Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 2001.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000.)

Fyrri hluti: Stefna og horfur

	Bls.
Inngangur	3
1. Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga	5
2. Helstu þættir ríkisfjármála	10
3. Framvinda og horfur í efnahagsmálum	18
Fylgiskjal: Töfluviðauki	47

Seinni hluti: Lagagreinar og athugasemdir

A-, B-, C-hluti og ýmis ákvæði 1. grein: Rekstraryfirlit ríkissjóðs, A-hluti, 2. grein: Sjóðstreymi ríkissjóðs, A-hluti, 3. grein: Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta, 4. grein: Fjárreiður lánastofnana í C-hluta, 5. grein: Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir, 6. grein: Skerðingarákvæði, 7. grein: Heimildir.

Sundurliðanir 1. Tekjur A-hluta, 2. Fjármál ríkisaðila í A-hluta, 3. Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta, 4. Fjármál lánastofnana í C-hluta.

Séryfirlit 1. Málaflokkar gjalda í A-hluta, 2. Hagræn skipting gjalda í A-hluta, 3. Markaðar tekjur, 4. Aðrar rekstrartekjur stofnana, 5. Lögbundin framlög.

Athugasemdir 1. Yfirlit ríkisfjármála, 2. Tekjur A-hluta, 3. Gjöld A-hluta, 4. Ríkisfyrirtæki í B-hluta, 5. Lánastofnanir í C-hluta, 6. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir, 7. Skerðingarákvæði, 8. Heimildir, 9. Yfirlit um lagabreytingar.

Vefsetur fjárlaga www.stjr.is/fjr/fjarlog

Inngangur

Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar ber að leggja fram frumvarp til fjárlaga fyrir Alþingi strax og það kemur saman að hausti. Í samræmi við þetta hefur frumvarpið jafnan verið lagt fram á fyrsta fundi þingsins. Um meginefni þess er fjallað í fjárlaganefnd Alþingis en aðrar nefndir fá þá efnisflokka til umsagnar sem að þeim snúa. Fjallað er um nauðsynlegar lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlaga og breytingar á almennum lögum sem tengjast fjárlagaafgreiðslu í öðrum nefndum. Fjárlagafrumvarp er jafnan afgreitt í desember.

Frumvarpið er sett fram í tveimur hlutum. Í fyrri hluta er fjallað um stefnu og horfur í efnahags- og ríkisfjármálum, auk töfluyfirlita um ríkisfjármálin yfir lengra tímabil. Í síðari hluta eru lagagreinarnar og athugasemdir við þær, auk sérstakra yfirlita.

Efnisskipan fyrri hluta

Í fyrsta kafla er fjallað um stefnuna í ríkisfjármálum og helstu áhersluatriði. Í öðrum kafla er að finna helstu niðurstöður frumvarpsins, mat á afkomuhorfum þessa árs og til lengri tíma litið. Í þriðja kafla er fjallað um framvindu efnahagsmála að undanförnu og horfur næstu ára. Í lok heftisins er töfluviðauki með ýmsum upplýsingum um efnahags- og ríkisfjármál.

Lagagreinar frumvarpsins - síðari hluti

1. gr. Rekstraryfirlit ríkissjóðs, A-hluti.
2. gr. Sjóðstreymi ríkissjóðs, A-hluti.
3. gr. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta.
4. gr. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
5. gr. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.
6. gr. Skerðingarákvæði.
7. gr. Heimildir.

Efnisskipan síðari hluta

Í síðari hluta er að finna ítarlegar upplýsingar um tekjur, gjöld og lánsfjármál. Í fyrsta lagi koma fram lagagreinar þar sem meginniðurstöður ríkisfjármála eru sýndar ásamt heimildarákvæðum. Í öðru lagi er sýnd sundurliðun á tekjum ríkissjóðs, fjárreiðum stofnana og framlögum til einstakra viðfangsefna. Þessar sundurliðanir eru fylgihluti lagagreinanna. Í þriðja lagi eru séryfirlit af ýmsu tagi til skýringar. Að lokum er greinargerð um lagagreinarnar og yfirlitin.

Fjárlögin á veraldarvefnum

Vakin er athygli á því að allt efni fjárlagafrumvarpsins, bæði talnayfirlit og greinargerðir, er birt á vef fjármálaráðuneytisins um leið og frumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi. Veffang fjármálaráðuneytisins er *www.stjr.is/fjr*.

1 Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga

Meiri afgangur á ríkissjóði en nokkru sinni fyrr...

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2001 gerir ráð fyrir meiri afgangi á ríkissjóði en nokkru sinni fyrr, eða um 30 milljörðum króna sem svarar til ríflega 4% af landsframleiðslu. Þetta er einsdæmi í íslenskri hagsögu. Samkvæmt þessu eru horfur á að þriðja árið í röð verði afgangur á ríkissjóði meiri en 20 milljarðar króna, eða samanlagt um 80 milljarðar króna frá árinu 1999. Samanlagður lánsfjárafgangur á þessu þriggja ára tímabili er enn meiri, eða um 90 milljarðar króna, og um 105 milljarðar frá árinu 1998. Þessi mikli afgangur hefur fyrst og fremst verið nýttur til þess að grynnka á skuldum með þeim árangri að hreinar skuldir ríkissjóðs munu lækka úr 170 milljörðum króna í árslok 1997 í 100 milljarða í lok ársins 2001. Hrein skuldastaða í hlutfalli við landsframleiðslu lækkar þannig úr 32½% í 14%, eða um meira en helming. Þetta er einstæður árangur sem hefur skipað Íslandi í fremstu röð í þessum efnum meðal sambærilegra ríkja.

Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs



...hamlar gegn eftirspurn og nýtist til lækkunar skulda

Sterk staða ríkisfjármála hefur hamlað gegn innlendri eftirspurn að undanförnu og þannig stuðlað að auknu jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Mikilvægt er að halda áfram á sömu braut og fylgja aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum á næstu árum. Ríkisstjórnin undirbýr nú næstu skref í sölu á eignarhlut ríkisins í ýmsum fyrirtækjum, einkum á fjármála- og fjarskiptamarkaði, sem mun skila umtalsverðum tekjum í

ríkissjóð. Þessar forsendur gefa færi á stórfelldri lækkun skulda ríkissjóðs á næstu árum.

Traust hagstjórn og víðtækar skipulagsbreytingar...

Staða efnahagsmála hér á landi er í grundvallaratriðum afar traust. Þetta má meðal annars rekja til aðhaldssamrar efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar undanfarin ár og margvíslegra aðgerða til þess í senn að styrkja undirstöður atvinnulífsins og treysta afkomu heimilanna enn frekar. Þannig hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir víðtækum skipulagsbreytingum á mörgum sviðum; í lífeyrismálum með það að markmiði að treysta stöðu lífeyrissjóða og þar með lífeyrisþega auk þess að stuðla að auknum þjóðhagslegum sparnaði; í skattamálum til þess að styrkja samkeppnisstöðu atvinnulífsins og lækka jaðarskatta; á fjármagnsmarkaði með það að markmiði að auka frjálsræði, inn á við sem út á við, og treysta stöðu innlends peningamarkaðar.

...hafa rennt styrkum stoðum undir íslenskt atvinnulíf og...

Allt þetta hefur orðið til þess að renna traustari stoðum undir íslenskt atvinnulíf og um leið skapað rekstrargrundvöll fyrir nýjar atvinnugreinar, á sviði upplýsingatækni, hugbúnaðargerðar, fjarskipta eða líftækni svo nokkur dæmi séu nefnd, en þessar greinar tilheyra allar hinu svokallaða nýja hagkerfi. Í kjölfarið hefur framleiðni í atvinnulífinu aukist meira á undanförnum árum en áður eru dæmi um og afkoma fyrirtækja í flestum greinum batnað verulega frá því sem áður var.

...stuðlað að miklum hagvexti og auknum kaupmætti heimilanna

Þessi þróun hefur átt sinn þátt í að tryggja meiri hagvöxt hér á landi á síðustu árum en í helstu nágrannaríkjum. Kaupmáttur heimilanna hefur einnig aukist hröðum skrefum og atvinnuleysi er ekki lengur fyrir hendi. Þá hefur tekist að skapa meiri stöðugleika á vinnumarkaði með kjarasamningum til næstu 3-4 ára sem stuðlar að traustara starfsumhverfi fyrir fyrirtæki og launafólk og efnahagslífið almennt.

Meiri verðhækkanir og viðskiptahalli hefur fylgt uppsveiflunni...

Á síðari hluta árs 1999 og fram á mitt þetta ár gætti vaxandi verðbólgu. Auk þess hefur viðskiptahalli aukist. Slík þróun er þó ekki einskorðuð við Ísland enda er vaxandi verðbólga og aukinn viðskiptahalli gjarnan fylgifiskur uppsveiflu í efnahagslífinu, ekki síst þegar hún er eins kröftug og hér hefur verið. Bandaríkin, Írland og Bretland eru nærtæk dæmi þar sem mikill hagvöxtur ár eftir ár hefur kynt undir verðbólgu og viðskiptahalla.

...en mikill og vaxandi afgangur á ríkissjóði vegur hér á móti...

Mikilvægt er að hafa í huga að viðskiptahallinn nú stafar ekki af skuldsetningu ríkissjóðs heldur annarra aðila í þjóðfélaginu. Þessi þróun endurspeglar trú þessara aðila á möguleikum sínum til endurgreiðslu þessara skulda og þar með traust þeirra á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og áframhaldandi stöðugleika í efnahagslífinu. Sterk staða ríkissjóðs verið mikilvægt mótvægi gegn áhrifum skuldasöfnunar annarra aðila á innlenda eftirspurn og viðskiptahalla.

...sem og ört vaxandi fjárfesting íslenskra aðila erlendis

Í þessu sambandi er einnig rétt að hafa í huga að erlendar eignir Íslendinga, einkum í hlutabréfum, hafa stóraukist á undanförnum árum. Árið 1994 var nálega engin fjárfesting í erlendum hlutabréfum en í lok ársins 1999 var hún komin í 124 milljarða og 155 milljarða um mitt ár 2000. Sú ávöxtun, sem þessi fjárfesting skilar þjóðarbúinu, kemur nú í vaxandi mæli fram á tekjuhlið viðskiptajafnaðar og vegur á móti vaxtakostnaði erlendra skulda. Loks má nefna að efnahagslífið er að færast af iðnaðar- og framleiðslustigi yfir á upplýsinga- og þjónustustig sem kallar á miklar fjárfestingar, ekki einungis í hinum nýju greinum heldur einnig hefðbundnum greinum sem tileinka sér nýja tækni. Þessar fjárfestingar munu í vaxandi mæli skila auknum tekjum í þjóðarbúið og þar með dregur úr viðskiptahalla.

Vísbendingar um minnkandi innlenda eftirspurn...

Upp á síðkastið hafa komið fram sífellt fleiri vísbendingar um að hægt hafi á innlendri eftirspurn. Innflutningsaukningin er í rénun og bílainnflutningur hefur beinlínis dregist saman frá síðasta ári. Einnig hefur fasteignaverð verið tiltölulega stöðugt síðustu mánuði og dregið hefur úr fjölda lánsumsókna í húsnæðiskerfinu. Allt eru þetta ótvíræðar vísbendingar um minnkandi innlenda eftirspurn og að fram undan sé tímabil meiri verðstöðugleika.

...og hjaðnandi verðbólgu

Síðustu verðmælingar benda til þess að verðbólga fari nú minnkandi. Tvöföldun olíuverðs og hækkun íbúðaverðs, eftir stöðnun mörg undanfarin ár, leiddi til þess að hækkun neysluverðsvísitölu fór úr um það bil 2% að jafnaði á árunum 1994-1998 í 5-6% á síðari helmingi ársins 1999 og fyrri helmingi ársins 2000. Margt bendir til þess að hækkun fasteignaverðs sé nú í rénun og að olíuverð hafi náð hámarki. Þessarar þróunar gætir nú þegar þar sem tólf mánaða hækkun verðlags hefur farið úr 5½-6% á fyrstu mánuðum ársins í 3-4% að undanförnu, eftir því við hvaða mælikvarða er miðað, og spáð er áframhaldandi hjöðnun verðbólgunnar á næstu misserum.

Samkeppnisstaða atvinnulífsins hefur styrkst...

Ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir margvíslegum aðgerðum í því skyni að styrkja samkeppnisstöðu atvinnulífsins og gera fyrirtækjum kleift að fóta sig í því alþjóðlega efnahagsumhverfi sem við búum við. Enn fremur hafa mikilvæg skref verið stigin í átt til einkavæðingar og minni ríkisumsvifa með sölu hlutabréfa í bönkunum þar sem einn ríkisbanki er nú alfarið kominn í einkaeign og undirbúningur að einkavæðingu hinna tveggja er kominn vel á veg. Sömu sögu er að segja af Landssímanum. Öll þessi atriði stuðla að því að bæta efnahagslega stöðu Íslands og gera atvinnulífið samkeppnishæfara á alþjóðamarkaði.

...en frekari aðgerða er þörf

Þróunin á alþjóðamarkaðnum er hins vegar hröð og nauðsynlegt að fylgjast grannt með og búa sig undir frekari breytingar á þessu sviði. Ýmsar skattalegar aðgerðir á undanförnum árum hafa styrkt samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og rennt stoðum undir vöxt fyrirtækja, ekki síst hvað varðar nýjar atvinnugreinar. Vegna vaxandi alþjóðlegrar samkeppni er mikilvægt að huga að frekari breytingum og lagfæringum á skattalegu umhverfi fyrirtækja og treysta þannig stöðu íslensks atvinnulífs. Í þessu skyni þarf í senn að skoða hugsanlega lækkun tekju- og eignarskatta, lagfæringar á stimpilgjaldi o.fl. Að þessu verki er nú unnið með það að markmiði að þessar breytingar komi til framkvæmda á árunum 2001-2003.

Næstu skref í sölu ríkisfyrirtækja stigin fljótlega...

Gert er ráð fyrir að næstu skref í sölu ríkisfyrirtækja verði stigin í haust, í samræmi við áform í fjárlögum yfirstandandi árs. Enn fremur er gengið út frá því í þessu fjárlagafrumvarpi að áfram verði haldið á sömu braut á næsta ári. Á þessari stundu liggur ekki fyrir endanleg ákvörðun í málinu og er því miðað við svipaðar fjárhæðir í söluverðmæti og á þessu ári. Líklegt er þó að þessar fjárhæðir verði fremur hærri en lægri þegar upp er staðið enda mikilvægt að hraða sölu ríkisfyrirtækja eins og kostur er.

Tekjunum fyrst og fremst varið til að lækka skuldir

Tekjur af sölu eigna hafa bæði gengið til þess að lækka almennar skuldir ríkisins og til þess að grynnka á lífeyrisskuldbindingum með því að styrkja eiginfjárstöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þessari stefnu verður fram haldið á næstu árum og stærstum hluta sölutekna varið til þess að greiða upp skuldir. Hluta teknanna verður varið til sérstakra verkefna í samgöngumálum og til að efla upplýsingasamfélagið í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Skuldir ríkissjóðs



Dregið verður úr tekjutengingu barnabóta...

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að breyta barnabótakerfinu með það að markmiði að draga úr tekjutengingu þess í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Jafnframt verða frítekjumörk hækkuð og eignatenging afnumin. Gert er ráð fyrir að fyrsti áfangi af þremur komi til framkvæmda á næsta ári. Þessar breytingar munu koma öllu barnafólki til góða, einkum þó fólki með miðlungstekjur eða lágar tekjur.

...og vaxtabótakerfið tekið til endurskoðunar

Núgildandi tilhögun vaxtabóta hefur sætt nokkurri gagnrýni að undanförnu og hún jafnvel verið talin hvetja til óeðlilegrar skuldasöfnunar. Jafnframt hefur vaxtabótakerfið þótt torskilið auk þess sem tekju- og eignatenging bótanna getur leitt til hárra jaðarskatta. Þessi atriði verða á næstunni tekin til nánari skoðunar.

Mikilvægasta verkefni hagstjórnar er að treysta stöðugleikann í efnahagsmálum

Mikilvægasta verkefni hagstjórnar er að varðveita þann árangur í efnahagsmálum sem náðst hefur á undanförnum árum og tryggja áframhaldandi stöðugleika í íslensku efnahagslífi. Staða ríkisfjármála er hér í lykilhlutverki þar sem brýnt er að móta stefnu, ekki einungis fyrir næsta ár, heldur til nokkurra næstu ára til þess að skapa aukna festu í hagstjórn. Það er raunhæft markmið að greiða niður skuldir ríkissjóðs þannig að peningalegar eignir ríkisins verði meiri en skuldir á árunum 2003-2004. Að þessu markmiði verður stefnt.

2 Helstu þættir ríkisfjármála

Þessi kafli er þrískiptur. Í fyrsta hluta er gerð grein fyrir horfum í ríkisfjármálum á yfirstandandi ári. Síðan eru dregnar saman helstu niðurstöður fjárlagafrumvarps fyrir árið 2001. Í síðasta hluta kaflans er fjallað um horfur og helstu markmið í ríkisfjármálum á árunum 2002-2004. Hér er aðeins stiklað á meginatriðum en nánar er fjallað um einstaka þætti síðar í greinargerðinni.

2.1 Horfur í ríkisfjármálum árið 2000

Fjárlög ársins 2000 voru afgreidd með 16,7 milljarða króna tekjuafgangi. Heildartekjur voru áætlaðar 209,9 milljarðar króna og útgjöldin 193,2 milljarðar. Lánsfjárafgangur var talinn verða rétt um 21 milljarður króna.

Vaxandi afgangur á ríkissjóði

Áætlanir um tekjur og gjöld hafa nú verið endurskoðaðar, meðal annars í ljósi afkomunnar fyrstu átta mánuði ársins, niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1999 og endurskoðunar á þjóðhagsspá. Niðurstaða þessarar endurskoðunar er að tekjuafgangur ríkissjóðs verði mun meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum, eða rúmlega 26 milljarðar króna sem svarar til tæplega 4% af landsframleiðslu. Lánsfjárafgangur hefur einnig aukist og er nú áætlaður 27½ milljarður króna. Minni hækkun lánsfjárafgangs skýrist af miklum vaxtagreiðslum vegna forinnlausnar spariskírteina fyrr á þessu ári en áhrifa þess mun gæta í vaxandi mæli á næstu árum í minni vaxtakostnaði ríkissjóðs.

Breyttar forsendur um þróun tekna árið 2000

Aukinn tekjuafgang má rekja til meiri tekna en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þessi hækkun skýrist annars vegar af nær helmingi meiri aukningu þjóðarútgjalda en fyrri spár gerðu ráð fyrir, eða 5½% í stað 2¾%. Hins vegar sýnir ríkisreikningur fyrir árið 1999 mun hagstæðari niðurstöðu en gengið var út frá við fjárlagagerðina. Heildartekjur ríkissjóðs árið 2000 eru nú taldar verða um 225 milljarðar króna og hækka um rúmlega 15 milljarða frá fyrri áætlun. Þar af hækka skatttekjur um 12 milljarða en aðrar tekjur um 3 milljarða, einkum vaxtatekjur. Hækkun skatttekna frá áætlun fjárlaga stafar í meginatriðum af auknum tekjum af tekjusköttum einstaklinga og fyrirtækja, virðisaukaskatti og fjármagnstekjuskatti. Hækkun skatttekna milli áranna 1999 og 2000 nemur, samkvæmt endurskoðaðri áætlun, 13½ milljarði króna, eða rúmlega 7%, sem endurspeglar fyrst og fremst

almenna hækkun á tekjum heimilanna og veltuaukningu í efnahagslífinu. Auk þess skilar batnandi afkoma fyrirtækja á síðasta ári sér í umtalsverðri hækkun tekjuskatts. Loks hafa aukin umsvif á fjármálamarkaði leitt til mikillar hækkunar fjármagnstekjuskatts. Hér á eftir er gerð grein fyrir breytingum á helstu tekjuliðum milli áranna 1999 og 2000.

Laun hafa hækkað meira en gert var ráð fyrir

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun hækkar tekjuskattur einstaklinga um rúmlega 3,1 milljarð króna frá árinu 1999, eða um 8%. Þessi hækkun endurspeglar fyrst og fremst hækkun á tekjum heimilanna sem talin er nema tæplega 7% að meðaltali. Enn fremur hefur atvinnuleysi verið minna en spáð var og atvinnuþátttaka meiri þannig að heildartekjuskattsstofninn hefur hækkað meira en svarar til beinna launabreytinga.

Bætt afkoma fyrirtækja skilar meiri tekjum...

Tekjuskattur fyrirtækja hefur skilað sífellt vaxandi tekjum í ríkissjóð að undanförnu. Þessi þróun endurspeglar í senn batnandi afkomu fyrirtækja og þann vöxt sem er í atvinnulífinu um þessar mundir. Gert er ráð fyrir að tekjuskattur fyrirtækja nemi 12,9 milljörðum króna árið 2000.

...sem og aukin umsvif á fjármagnsmarkaði...

Tekjur af fjármagnstekjuskatti hafa farið talsvert fram úr áætlun. Skýringin felst bæði í auknum umsvifum á markaðnum en einnig virðist tilkoma skattsins hafa haft meiri áhrif á ráðstöfun eignatekna en gert var ráð fyrir og losað um eignir sem áður voru bundnar.

...en veltuskattar hækka minna en áður

Mikil umsvif í efnahagslífinu að undanförnu skýra auknar tekjur ríkissjóðs af almennri veltu í þjóðfélaginu. Þar vegur virðisaukaskattur þyngst en hann skilar samkvæmt endurskoðaðri áætlun um 5 milljörðum króna meiri tekjum í ár en í fyrra. Tekjur af vörugjöldum standa hins vegar nánast í stað á milli ára sem fyrst og fremst má rekja til samdráttar í bílainnflutningi.

Útgjöld ríkissjóðs hækka en...

Áætlað er að útgjöld ríkissjóðs nemi 199 milljörðum króna árið 2000 en í fjárlögum var gert ráð fyrir 193 milljörðum. Að teknu tilliti til breytinga á framsetningu er frávikið 5,1 milljarðar eða 2,7%. Helstu frávikin eru umframútgjöld í almannatryggingum, áhrif kjarasamninga á almennum markaði, ný lagasetning og önnur bundin og ófyrirséð útgjöld.

...aðhald að rekstri stofnana er aukið

Áhersla hefur verið lögð á að halda aftur af umframútgjöldum í rekstri stofnana í kjölfar hertrar framkvæmdar á fjárlögum. Á árinu voru gefnar út reglur um framkvæmd fjárlaga og er nú ekki lagt til að hallarekstur stofnana verði bættur nema því fylgi endurskipulagning á rekstrinum. Rekstrargjöldin eru áætluð 2,6 milljarðar króna umfram áætlun, eða 3,1%. Óhjákvæmilegt er að bæta stofnunum um eins milljarðs króna kostnaðarauka af kjarasamningum á árinu. Þá er gert ráð fyrir kostnaði vegna ýmissa ófyrirséðra útgjalda.

Umframkostnaður sjúkratrygginga...

Tilfærsluútgjöld ríkissjóðs stefna rúmlega einn milljarð fram úr áætlunum, eða sem nemur 1,5%. Þar munar mest um útgjöld sjúkratrygginga sem stefna ríflega 15% fram úr áætlun. Helstu skýringarnar eru að ekki hefur orðið úr öllum áformum varðandi lyfjasparnað á árinu og útgjöld vegna lækniskostnaðar verða talsvert umfram áætlanir. Á móti kemur að atvinnuleysisbætur verða 600 m.kr. innan áætlunar vegna minna atvinnuleysis en spáð var.

...og aukin framlög til stofnkostnaðarverkefna

Áætlað er að stofnkostnaður verði 600-700 m.kr., eða 5%, umfram fjárlög árið 2000. Munar þar mestu um tæplega 900 m.kr. framlag til að kaupa húsnæði fyrir sendiráð í Tókíó og í Ottawa. Þá eru framlög til vegamála í nýrri vegáætlun 400 m.kr. umfram fyrri áætlun sem fjárlög byggðust á. Á móti kemur að fyrirséð er að stofnkostnaðarheimildir verða ekki að fullu nýttar á árinu.

Vaxtagjöld ríkisins endurmetin

Áætlað er að gjaldfærðir vextir ríkissjóðs verði 14,2 milljarðar á árinu 2000, eða 800 m.kr. umfram áætlun. Skýrist frávikið að stórum hluta af endurskoðun fyrri áætlana um vexti af erlendum lánum og að tekið er tillit til vaxta af kröfum markaðra tekna á ríkissjóð, einkum Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Aukinn lánsfjárafgangur

Betri afkoma ríkissjóðs árið 2000 skilar sér í auknum lánsfjárafgangi sem nú er áætlaður 27,6 milljarðar króna í stað 20,9 milljarða. Nokkrar breytingar verða á fjármögnun ríkissjóðs. Í fyrsta lagi er handbært fé frá rekstri 1,5 milljarði minna en áætlað var í fjárlögum vegna meiri innlausnar spariskírteina. Í öðru lagi verða veitt lán ríkissjóðs tæplega 900 m.kr. lægri en áætlað var og innheimtar afborganir af veittum lánum 1.300 m.kr. hærri og aðrar fjármunahreyfingar skila 400 m.kr. Loks nam greiðsla af söluandvirði bankanna 5,5 milljörðum í upphafi ársins, en hlutabréf í þeim voru seld undir lok árs 1999. Fjármunahreyfingar

verða því talsvert hagstæðari en áætlað var. Auknum lánsfjárafgangi er ráðstafað til að treysta stöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um 5 milljarða króna og handbært fé í árslok vex um 3,7 milljarða króna í stað þess að dragast saman um 1,5 milljarða eins og áætlað var. Á móti kemur að ekki var svigrúm til að lækka skuldir ríkissjóðs eins mikið og áformað var þrátt fyrir talsverða forinnlausn spariskírteina og munar þar um 3,6 milljörðum króna. Samtals styrkist þannig staða ríkissjóðs um 6,6 milljarða króna frá fjárlögum.

2.2 Helstu þættir fjárlagafrumvarps ársins 2001

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2001 er gert ráð fyrir að tekjuafgangur ríkissjóðs verði meiri en nokkru sinni fyrr, eða rúmlega 30 milljarðar króna. Þetta svarar til 4,2% af landsframleiðslu. Lánsfjárafgangur er talinn verða enn meiri, eða 34,7 milljarðar króna. Líkt og fyrri ár gengur þessi mikli afgangur á ríkissjóði að mestu til áframhaldandi lækkunar skulda og er áætlað að hrein skuldastaða ríkissjóðs nemi um 100 milljörðum króna í lok ársins 2001. Ef þessi áform ganga eftir munu hreinar skuldir lækka um 70 milljarða króna frá því í árslok 1997.

Afkoma ríkissjóðs 1999 - 2001

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Reikningur 1999	Fjárlög 2000	Áætlun 2000	Frumvarp 2001
Tekjur	222,6	209,9	225,1	240,3
Gjöld	199,0	193,2	199,0	210,0
Tekjujöfnuður	**23,6**	**16,7**	**26,1**	**30,3**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi [1]	-0,5	-2,7	-13,6	-15,8
Handbært fé frá rekstri	**23,1**	**14,0**	**12,5**	**14,5**
Fjármunahreyfingar [2]	3,7	6,9	15,1	20,2
Hreinn lánsfjárjöfnuður [3]	**26,8**	**20,9**	**27,6**	**34,7**

[1] Til þess að fá mat á sjóðstreymi þarf að draga frá tekjum á rekstrargrunni þann hluta þeirra sem ekki kemur til innheimtu á árinu. Þá þarf að lækka tekjurnar um andvirðið af sölu eigna þar sem það fellur ekki undir eiginlegan rekstur. Jafnframt þarf að lækka útgjöld á rekstrargrunni vegna þeirra gjalda sem ekki koma til greiðslu á árinu.

[2] Hér eru færðar lánveitingar ríkissjóðs, að frádregnum afborgunum fyrri lánveitinga. Undir þennan lið falla til dæmis lán sem ríkissjóður tekur vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna o.fl. Auk þess færast þar hreyfingar á viðskiptareikningum og stofnfjárframlög ríkisins. Loks er heildarandvirði seldra eigna sem *skilar sér í ríkissjóð á árinu fært undir þennan lið.*

[3] Án aukaframlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Minni hagvöxtur á næsta ári

Samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að verulega dragi úr vexti þjóðarútgjalda og hagvexti á næsta ári. Þannig er nú aðeins spáð liðlega 1½% hagvexti en hann er um 3½% í ár og 4½% að meðaltali síðustu fjögur ár. Einkaneysla er talin aukast mun minna á næsta ári en undanfarin ár, eða um 2½%, en hún jókst um 4% á þessu ári og 17% samanlagt á árunum 1998-1999. Fjárfesting er talin dragast saman á næsta ári um 1½% en í ár eykst hún um 11. Útflutningur vöru og þjónustu er talinn minnka um 1% á næsta ári sem alfarið má rekja til áætlaðs samdráttar í sjávarútvegi. Heildarinnflutningur vöru og þjónustu er einnig talinn minnka lítillega, eða um ½%. Vöruskiptahallinn mun samkvæmt þessu heldur minnka á næsta ári. Viðskiptahallinn í heild mun hins vegar lítið breytast og raunar heldur aukast vegna áhrifa aukinna vaxtagreiðslna af erlendum lánum. Spáð er minni verðhækkunum á næsta ári en verið hafa að undanförnu. Vísitala neysluverðs er talin hækka að meðaltali um 4% á næsta ári en í ár er hækkunin 5%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna er talinn aukast um liðlega 1½% á næsta ári, svipað og í ár.

Tekjur hækka minna

Heildartekjur ríkissjóðs á næsta ári eru áætlaðar 240,3 milljarðar króna, eða um 15 milljörðum hærri en í ár. Hækkun tekna skýrist að mestu af auknum skatttekjum en einnig er gert ráð fyrir auknum tekjum af sölu eigna. Af einstökum tekjuliðum má nefna að tekjur af virðisaukaskatti eru taldar hækka um 5 milljarða frá áætlun í ár. Tekjuskattar einstaklinga og fyrirtækja eru taldir skila 3½ milljarði króna meiri tekjum á næsta ári en í ár sem alfarið má rekja til tekjuskatts einstaklinga í takt við hækkun launa. Tekjuskattur fyrirtækja er hins vegar talinn skila minni tekjum á næsta ári en í ár vegna heldur lakari afkomuhorfa á árinu 2000. Tekjur af sölu eigna eru taldar hækka um 2½ milljarð króna á næsta ári. Þessi áætlun er þó óviss þar sem ákvarðanir um eignasölu á næsta ári hafa ekki verið teknar en líklegt má telja að hér sé fremur varlega áætlað.

Lítill vöxtur í útgjöldum

Heildargjöld ríkissjóðs eru áætluð 210 milljarðar króna árið 2001 og aukast um 11 milljarða frá áætlaðri útkomu þessa árs, eða um 1,5% umfram launa- og verðlagsbreytingar. Rekstrargjöld ríkissjóðs munu nánast standa í stað þar sem ríkisstjórnin setti sér það markmið að hagræða í rekstrargjöldum á móti nýjum verkefnum. Þá hafa tímabundin framlög, meðal annars vegna hátíðarhalda í tilefni af afmæli kristnitöku og landafundum, fallið niður. Helstu skýringar á aukningu

útgjalda umfram verðlag eru tekjutilfærslur til heimilanna og aukinn stofnkostnaður. Auknar tekjutilfærslur skýrast af stofnun Fæðingarorlofssjóðs í kjölfar nýrra laga um foreldra og fæðingarorlof og af áformum um að auka framlög til barnabóta um 600 m.kr. Þá eru framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna aukin og framlög til búvöruframleiðslu hækka tímabundið vegna uppkaupa á framleiðsluréttti sauðfjárbænda. Loks hækka framlög til stofnkostnaðar um tæplega 2,2 milljarða króna sem skýrist af auknum framlögum til vegamála í samræmi við nýsamþykkta vegáætlun og til hafnarmála. Við núverandi aðstæður er talið réttlætanlegt að auka vegaframkvæmdir þar sem tilboð í verkefni hjá Vegagerðinni hafa að undanförnu verið mjög hagstæð miðað við kostnaðaráætlanir og ljóst að ekki gætir þenslu við jarðvegsframkvæmdir í sama mæli og í almennri byggingarstarfsemi. Má raunar segja að það sé mjög hagstætt að færa sér í nyt aðstæður á þessum markaði. Breytist þessar aðstæður er auðvelt að draga úr framkvæmdum með tiltölulega skömmum fyrirvara. Engu að síður er gert ráð fyrir frestun framkvæmda á þessu sviði um 800-900 m.kr. Auk þess hefur verið dregið úr áformum um ýmis stofnkostnaðarverkefna um 1.200 m.kr. hjá flestum ráðuneytum.

Skuldir halda áfram að lækka.

Áætlað er að veitt löng lán ríkissjóðs lækki enn á næsta ári og munar þar mestu um að ekki verða veitt lán til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar en um hana hefur verið stofnað hlutafélag. Hið nýja hlutafélag mun gera upp allar skuldir sínar við ríkissjóð og því aukast innheimtar afborganir veittra lána um 7 milljarða króna og verða 15,6 milljarðar í stað 8,2 milljarða á þessu ári. Einnig er gert ráð fyrir auknum tekjum af eignasölu á næsta ári og áætlað að fjármunahreyfingar samtals skili ríkissjóði ríflega 20 milljörðum á næsta ári. Þar sem handbært fé frá rekstri er áætlað 14,5 milljarðar króna er lánsfjárjöfnuður hagstæður um 34,7 milljarða króna. Gert er ráð fyrir að nýta hann til að minnka skuldbindingar ríkissjóðs um 31,5 milljarða króna. Að óbreyttu batnar því staðan gagnvart Seðlabanka um 3,1 milljarð. Ákvörðun um ráðstöfun lánsfjárafgangs mun ráðast af stöðunni á peningamarkaði og stöðu efnahagsmála. Nánar er fjallað um lánsfjármál í seinni hluta frumvarpsins.

Hreinar lántökur ríkissjóðs



2.3 Horfur og markmið í ríkisfjármálum næstu ár

Nauðsyn áframhaldandi aðhalds í ríkisfjármálum

Mikilvægasta markmið hagstjórnar er að varðveita þann árangur sem náðst hefur í efnahagsmálum að undanförnu og tryggja áframhaldandi stöðugleika í íslensku efnahagslífi. Ríkisfjármál eru hér í lykilhlutverki. Áframhaldandi aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum á næstu árum stuðlar að stöðugu rekstrarumhverfi atvinnulífsins, skapar svigrúm til frekari niðurgreiðslu skulda og til að lækka skatta. Markviss stefnumótun til lengri tíma en eins árs eykur einnig trúverðugleika efnahagsstefnunnar til skemmri tíma og skapar aukna festu í hagstjórn. Í fjármálaráðuneytinu er nú unnið að slíkri stefnumótun sem verður lögð fyrir ríkisstjórn til frekari meðferðar og nánari útfærslu. Hér á eftir eru kynntar fyrstu niðurstöður þessara framreikninga.

Heldur dregur úr hagvexti á næstu árum

Efnahagslegar forsendur þessara útreikninga eru í meginatriðum þær að talsvert muni hægja á hagvexti á næstu árum og að hann verði nálægt 2½% á ári að jafnaði en hann hefur verið 4½% á síðustu fimm árum. Samkvæmt þessu verður meira jafnvægi í efnahagslífinu en verið hefur og um leið skapast forsendur fyrir stöðugleika til langs tíma. Jafnframt er gert ráð fyrir að hagvöxturinn verði í ríkara mæli borinn uppi af auknum útflutningi þar sem meðal annars mun í vaxandi mæli gæta áhrifa hinna fjölmörgu nýju atvinnugreina en vöxtur þeirra hefur verið afar mikill að undanförnu. Aftur á móti hægir verulega á vexti þjóðarútgjalda, meðal annars vegna minni launabreytinga en á undanförnum árum í samræmi við þá kjarasamninga sem gerðir hafa verið. Af þessu

leiðir að viðskiptahallinn minnkar og verðbólgan fer niður á svipað stig og í helstu nágrannaríkjum.

Tekjur og útgjöld ríkissjóðs vaxa einnig hægar

Hægari vöxtur þjóðarútgjalda og minni hagvöxtur felur í sér að tekjur ríkissjóðs munu vaxa hægar en á undanförnum árum. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu mun því heldur fara lækkandi á næstu árum. Þróun heildartekna mun hins vegar í ríkum mæli endurspegla áhrif sölu ríkiseigna sem gert er ráð fyrir að skili umtalsverðum fjárhæðum í ríkissjóð á þessu tímabili. Framreikningur útgjalda að gefnum þjóðhagslegum forsendum og að teknu tilliti til þegar þekktra áforma og forsendna um fjölgun lífeyrisþega, til samgönguáætlana o.fl. gefur þá niðurstöðu að útgjöld ríkissjóðs muni vaxa hægar en undanfarin ár, eða um 1½% að raungildi að jafnaði á ári. Hér gætir meðal annars áhrifa sífellt minnkandi vaxtakostnaðar ríkissjóðs vegna mikillar lækkunar skulda að undanförnu og að samkvæmt vegáætlun fara framkvæmdir heldur minnkandi þegar líður á tímabilið. Gert er ráð fyrir að almenn rekstrarútgjöld vaxi heldur minna en nemur vexti þjóðarútgjalda, eða innan við 2% á ári. Tilfærslur munu hins vegar aukast heldur meira, meðal annars vegna fjölgunar lífeyrisþega. Samkvæmt þessum framreikningum mun hlutfall útgjalda af landsframleiðslu fara lækkandi á tímabilinu.

Afkoma ríkissjóðs verður áfram traust

Niðurstaða þessara framreikninga er sú að afkoma ríkissjóðs verður áfram traust og kerfislægur afgangur verður um eða yfir 2% af landsframleiðslu að jafnaði á tímabilinu. Sú stærð, sem ræður mestu um niðurgreiðslu skulda, er hins vegar lánsfjárafgangurinn. Samkvæmt þessum framreikningum mun hann áfram verða mjög mikill, eða á bilinu 4-5% af landsframleiðslu að jafnaði, sem endurspeglar meðal annars áhrif af sölu ríkiseigna.

Stórfelld lækkun skulda ríkissjóðs á næstu árum

Samkvæmt þessum útreikningum mun áframhaldandi aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum geta leitt til stórfelldrar lækkunar skulda á árunum 2002-2004. Það er því raunhæft markmið að peningalegar eignir ríkisins nemi hærri fjárhæð en skuldir, þ.e. að hrein skuldastaða verði neikvæð fyrir lok ársins 2004. Það yrðu mikil tímamót.

3 Framvinda og horfur í efnahagsmálum

3.1 Alþjóðleg efnahagsþróun

Horfur um hagvöxt eru almennt bjartar í heiminum

Gott útlit er fyrir hagvöxt á næsta ári í flestum ríkjum heims. Samkvæmt nýjustu spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði um 4¾% á þessu ári en eilítið minni á næsta ári, eða um 4¼%. Efnahagsþróun í Bandaríkjunum er áfram talin verða öflug þótt aðeins kunni að draga úr hagvexti. Enn fremur er útlit fyrir áframhaldandi hagvöxt í Vestur-Evrópu. Þá hefur Rússland náð sér upp úr verstu kreppunni og virðist horfa vel um hagvöxt þar sem og í flestum ríkjum Austur-Evrópu. Austur-Asíulöndin eru einnig að ná sér eftir kreppu undanfarinna ára þótt hægt gangi í Japan. Nokkur óvissa ríkir um áhrif olíuverðs á heimsbúskapinn. Almennt er ekki talið að hátt olíuverð dragi að marki úr hagvexti í iðnríkjunum en fyrir þróunarlöndin kemur það sér illa.

Hagvöxtur í heiminum

Magnbreytingar á landsframleiðslu	1998	1999	Áætlun 2000	Spá 2001
Bandaríkin	4,3	4,2	4,9	3,1
Japan	-2,5	0,2	1,4	1,8
Þýskaland	2,2	1,5	2,8	3,3
Evrusvæðið	2,8	2,4	3,4	3,4
Rússland	-4,9	3,2	7,0	4,0
Öll Austur-Evrópa	2,0	1,3	3,1	4,2
Afríka	3,1	2,2	3,5	4,4
Asía	4,2	5,9	6,7	6,6
Allur heimurinn	2,6	3,4	4,7	4,2

Nýja hagkerfið heldur hagvexti í Bandaríkjunum gangandi

Fyrir um ári var í flestum spám gert ráð fyrir því að löngu hagvaxtarskeiði í Bandaríkjunum myndi brátt ljúka og það jafnvel harkalega. Af því hefur ekki orðið og núna eru litlar líkur taldar á því. Núverandi hagvaxtarskeið er orðið hið lengsta sem um getur og byggist annars vegar á agaðri hagstjórn, einkum í peningamálum, en hins vegar á sveigjanlegum vinnu- og vörumörkuðum. Atvinnuleysi er nú minna en það hefur verið um árabil. Þá hefur mikil fjárfesting í ýmsum hátæknigreinum, þ.e. þeim greinum sem tilheyra hinu svokallaða nýja hagkerfi, orðið til þess að lyfta framleiðni á hærra stig sem aftur hefur leitt til verulegs fjármagnsflæðis til Bandaríkjanna. Nokkur eftirspurnarþrýstingur er þó fyrir hendi en honum hefur á undanförnum mánuðum

verið mætt með hækkunum á grunnvöxtum bandaríska seðlabankans. Mikil bjartsýni var á bandaríska hlutabréfamarkaðnum fyrir nokkrum mánuðum en nú ríkir þar aukið raunsæi og meiri stöðugleiki. Þar sem atvinnuleysi er nú í lágmarki og framleiðslugeta þjóðarbúsins er talin vel nýtt er búist við að nokkuð hægi á hagvexti í Bandaríkjunum á næsta ári, niður í um 3%.

Aukinn hagvöxtur í Evrópu

Efnahagsþróun á evrusvæðinu[1] að undanförnu gefur tilefni til aukinnar bjartsýni. Hagvöxtur nálgast 3½% í ár og verður líklega svipaður á næsta ári. Þetta er meiri vöxtur en verið hefur á undanförnum árum og er hann byrjaður að draga úr atvinnuleysi sem verið hefur landlægt á þessu svæði um árabil. Lágt gengi evrunnar hefur ýtt undir útflutning ásamt auknum heimsviðskiptum. Þar sem framleiðslugeta er ekki fullnýtt eru ekki líkur á að áframhaldandi hagvöxtur valdi þenslu í evruríkjunum í heild þótt hennar gæti í einstökum ríkjum. Heldur virðist hafa losnað um þau höft á vinnumarkaði sem haldið hafa hagvexti niðri og atvinnuleysi miklu þótt vinnu- og vörumarkaðir séu enn langt frá því að vera eins sveigjanlegir og æskilegt er talið.

Blikur á lofti í Japan en betri horfur í Rússlandi og Austur-Evrópu

Enda þótt efnahagsstarfsemin í Japan hafi heldur tekið við sér upp á síðkastið er langur vegur frá því að þar ríki jafnvægi. Mikill halli er á ríkissjóði og skuldastaðan fer versnandi. Þá bólar enn lítið á nauðsynlegum skipulagsbreytingum, m.a. á fjármálamarkaði. Þróunin í Rússlandi gefur tilefni til hóflegrar bjartsýni. Landið virðist hafa náð sér eftir áföllin 1998 og hagvöxtur hefur braggast. Á þessu ári er hann talinn munu nema 7% og spáð er 4% hagvexti á næsta ári. Hækkandi olíuverð ásamt lágu gengi rúblunnar hefur orðið til að auka útflutningstekjur sem aftur hefur haft jákvæð áhrif á innlenda eftirspurn. Afgangur á viðskiptajöfnuði er verulegur, yfir 10% af landsframleiðslu. Spár um efnahagslega framvindu til lengri tíma velta mikið á árangri í opinberri stjórnun og betra skipulagi efnahagsmála en þar eru Rússland og sum ríki Austur-Evrópu eftirbátar vestrænna landa.

Ýmis óvissuatriði eru þó fyrir hendi...

Enda þótt ástæða sé til bjartsýni varðandi horfur í efnahagsmálum heimsins um þessar mundir eru, sem fyrr, nokkrar blikur á lofti. Fyrst ber að telja hátt olíuverð. Þær efnahagsspár, sem hér er stuðst við, koma frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og OECD og byggjast á þeirri forsendu

[1] Evrusvæðið nær til Austurríkis, Belgíu, Finnlands, Frakklands, Hollands, Írlands, Ítalíu, Lúxemborgar, Portúgals, Spánar og Þýskalands.

að olíuverð verði á bilinu 25-30 dalir fatið á þessu og næsta ári. Nýjustu fréttir virðast reyndar benda til þess að verðið kunni að verða nokkuð hærra sem aftur getur dregið úr hagvexti. Enn fremur hefur ríkt óvissa um hugsanleg áhrif viðskiptahalla í Bandaríkjunum á traust manna á Bandaríkjadal og á lakari skuldastöðu. Sömu sögu er að segja um þróun hlutabréfaverðs í Bandaríkjunum sem sumir telja að sé enn of hátt þrátt fyrir nokkra lækkun á þessu ári. Loks gætir nokkurrar óvissu um hugsanleg áhrif efnahagsuppsveiflunnar á innlenda eftirspurn í flestum ríkjum heims um þessar mundir og þar með á verðbólgu.

...en miklar vonir eru bundnar við áhrif nýja hagkerfisins

Á móti þessum óvissuatriðum nefna menn til sögunnar öran vöxt í hinu nýja hagkerfi svonefnda, þ.e. í nýjum framleiðslu- og þjónustugreinum á sviði upplýsingatækni, fjarskipta, hugbúnaðargerðar o.fl. Hér gætir bæði áhrifa þess að framleiðni í þessum greinum hefur aukist mjög mikið á undanförnum árum og þess að ört vaxandi notkun á framleiðslu og þjónustu þessara greina í öðrum atvinnugreinum hefur leitt til aukinnar framleiðni í síðartöldu greinunum. Þetta hefur stuðlað að auknum hagvexti án þess að verðbólga hafi aukist. Jafnframt hefur mikil gróska í þessum nýju greinum leitt til aukinnar bjartsýni á hlutabréfamörkuðum og mikillar hækkunar á hlutabréfaverði, í sumum tilvikum reyndar um of eins og komið hefur í ljós á síðustu mánuðum. Engu að síður er ljóst að áhrif nýja hagkerfisins á efnahagslífið eru hvergi nærri öll komin fram og því er ástæða til hóflegrar bjartsýni um horfurnar fram undan.

3.2 Framvinda efnahagsmála og horfur hér á landi

Hagvöxtur á traustum grunni

Íslenskt efnahagslíf hefur gengið í gegnum mikið breytingaskeið á undanförnum árum og hagkerfið færst af iðnaðar- og framleiðslustiginu yfir á upplýsinga- og tæknistigið. Þessu fylgir sú breyting að í stað starfa í hefðbundnum greinum landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar fjölgar störfum í þjónustu- og tæknigreinum. Þótt þessi þróun sé ekki ný af nálinni hefur hún verið afar ör allra síðustu ár og komið fram með mun meiri krafti en áður. Sé litið til skiptingar landsframleiðslunnar eftir atvinnugreinum kemur í ljós að hlutur hefðbundinna atvinnugreina eins og landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar minnkaði úr 31% árið 1996 í 27% árið 1999. Hagvöxt síðustu ára má því í ríkari mæli en áður rekja til þess að nýjar greinar hafa sótt fram og stuðlað að einu lengsta hagvaxtarskeiði í íslenskri hagsögu.

Áhrif nýja hagkerfisins

Á síðustu misserum hefur verið mikil umræða um stórfellda framleiðniaukningu í ýmsum hinna nýju hátæknigreina, þ.e. í hinu nýja hagkerfi. Fyrst um sinn sneri þessi umræða einkum að Bandaríkjunum þar sem þessara áhrifa gætti hvað mest og virtist ein meginskýringin á langvarandi hagvexti þar í landi. Síðan hefur umræðan einnig tekið til annarra landa, ekki síst Evrópuríkja. En í hverju er hið nýja hagkerfi fólgið og hver eru áhrif þess?

Nýja hagkerfið á í meginatriðum rætur að rekja til hinna gífurlegu tækniframfara á síðustu árum. Síaukin tölvu- og Netvæðing í efnahagslífinu hefur í vaxandi mæli haft áhrif á framleiðslu- og þjónustuhætti í atvinnulífinu í átt til aukinnar framleiðni og þar með aukins hagvaxtar í flestum iðnríkjum. Bæði í Bandaríkjunum og Evrópu eru þess skýr merki að hagvöxtur og framleiðni fari vaxandi sem sýnist mega rekja til aukinnar tölvu- og Netvæðingar. Í Bandaríkjunum óx framleiðni um 2½% á síðari hluta þessa áratugar, eða rúmlega 1% meira en á þeim fyrri, og er talið að 2/3 hluta aukningarinnar megi beint og óbeint rekja til meiri notkunar upplýsinga- og tölvutækni. Hagvöxtur virðist þar kominn á nýtt og hærra stig og niðursveifla í efnahagslífinu, sem áður varð með reglubundnu millibili, lætur á sér standa. Sömu þróunar gætir í Vestur-Evrópu þótt hún sé nokkuð á eftir Bandaríkjunum. Þar hefur hagvöxtur verið lítill, um 2% á ári undanfarin ár, en stefnir nú í að verða um 1% meiri.

Þótt ekki sé hægt að mæla áhrif tölvu- og Netvæðingar með óyggjandi hætti hér á landi sjást hennar nú þegar nokkur merki í innlendum hagstærðum. Þannig var hagvöxtur á árunum 1996-2000 um 26% fyrir tímabilið í heild. Í fyrri uppsveiflum tengdist vöxturinn velgengni sjávarútvegs að miklu leyti. Þessi uppsveifla á sér hins vegar stað að mestu án atbeina sjávarútvegs þar sem vöxtur í þeirri grein hefur verið lítill á þessu tímabili. Hér gætir að vísu áhrifa nokkurra stóriðjuframkvæmda en þær skýra aðeins hluta af heildarmyndinni. Mestur vöxtur hefur orðið í hinum nýju hátæknigreinum á sviði upplýsingatækni, fjarskipta, hugbúnaðar, líftækni o.fl.

Áhrifa þessara öru breytinga gætir víða. Mikil eftirspurn er eftir fólki með tölvukunnáttu og laun há. Flest fyrirtæki nota sér tölvutækni í einhverju formi og tölvuþjónusta og hugbúnaðargerð er orðin meiri háttar framleiðslugrein með nokkur þúsund störfum. Upplýsingar OECD sýna að Ísland er þriðji mesti notandi Netsins meðal OECD-ríkja, á eftir Bandaríkjunum og Finnlandi, og er í fyrsta sæti, ásamt Finnlandi, sem mesti notandi GSM-síma.

Minnkandi vægi sjávarútvegs...

Athygli vekur hver hlutur sjávarútvegs hefur verið í þessari þróun. Á árunum 1995-1999 dróst framleiðsla í sjávarútvegi saman um tæplega 6% eða sem svarar til rúmlega 1% samdráttar á ári að meðaltali. Raunar hefur sjávarútvegurinn í heild ekki skilað jákvæðu framlagi til hagvaxtar allan þennan áratug og hlutfallslegt vægi hans í landsframleiðslu hefur stöðugt farið minnkandi. Þetta kemur einnig skýrt fram í útflutningstölum. Árið 1991 nam útflutningur sjávarafurða 80% af vöruútflutningi. Síðan hefur þetta hlutfall lækkað jafnt og þétt, stefnir í 65% á þessu ári og fer væntanlega í um 62% á næsta ári gangi spár eftir. Sjávarútvegur hefur þó ekki farið varhluta af því mikla umróti sem átt hefur sér stað í atvinnulífinu á þessum tíma. Fyrirtæki í greininni eru færri og stærri en áður og betur í stakk búin til að takast á við þau náttúrulegu áföll sem ætíð fylgja auðlindagreinum eins og sjávarútvegi.

...en vægi nýrra greina vex

Framleiðsla í öðrum greinum en sjávarútvegi hefur hins vegar aukist um 5½% að meðaltali á ári á þessu tímabili. Vaxtarhraðinn í stóriðju, byggingariðnaði, þjónustu- og tæknigreinum hefur verið enn meiri, eða á bilinu 7-10% á ári. Í iðnaði, án stóriðju, hefur árlegur meðalvöxtur síðastliðinn áratug hins vegar einungis numið rúmlega 2%. Stóriðja hefur hins vegar skilað mikilvægu framlagi á þessu tímabili. Frá því að ráðist var í umfangsmiklar fjárfestingar í stóriðju um miðbik áratugarins hefur hlutur stóriðju í vöruútflutningi farið úr 10% árið 1995 í 16% 1999.

Hlutur sjávarútvegs í landsframleiðslu



Skipulagsbreytingar í atvinnulífinu...

Eftir langvarandi stöðnunarskeið á árunum 1988-1995 myndaðist mikill slaki í hagkerfinu, atvinnuleysi jókst og fjárfesting var í lágmarki. Til að snúa þessari þróun við gripu stjórnvöld til umfangsmikilla skipulags- og kerfisbreytinga í því skyni að greiða fyrir nýsköpun og endurreisn í atvinnulífinu. EES-samningurinn, breytingar á skattlagningu fyrirtækja og einstaklinga og breytingar á fjármálamarkaði, meðal annars vegna frjálsra fjármagnshreyfinga og hlutafélagavæðingar, eru til vitnis um þessa viðleitni.

...og alþjóðavæðing hafa skipt sköpum...

En ýmislegt fleira kemur hér við sögu. Á sama tíma og íslenskt atvinnulíf hefur kastað af sér fjötrum hafta og einhæfni hafa sterkir alþjóðlegir straumar auðveldað íslenskum fyrirtækjum að yfirvinna smæð heimamarkaðarins og fjarlægðir frá öðrum mörkuðum. Ör þróun fjarskipta- og flutningatækni hefur nánast gert heiminn allan að einu markaðssvæði þar sem fjarlægðir skipta sífellt minna máli. Að sama skapi hafa opnast ný tækifæri til beinna fjárfestinga íslenskra fyrirtækja út fyrir landsteinana sem hafa breikkað starfsgrundvöll þeirra og gjörbreytt rekstrarforsendum. Fjölmörg íslensk fyrirtæki í sjávarútvegi, iðnaði, tæknigreinum og þjónustu reka nú þegar umfangsmikla starfsemi erlendis og lítið lát virðist á þessari þróun.

...um stóraukna fjárfestingu og hagvöxt

Hagvöxt undanfarinna ára má að verulegu leyti rekja til aukinnar fjárfestingar í atvinnulífinu. Fram undir miðjan áratuginn dró mjög úr fjárfestingu hér á landi og hlutfall fjárfestingar af landsframleiðslu fór lægst í 16,7% árið 1995 þegar efnahagsástandið var hvað verst. Síðan hefur fjárfesting nær tvöfaldast en slíkt hefur ekki gerst frá því á fyrri hluta sjöunda áratugarins þegar mikil uppbygging átti sér stað í sjávarútvegi. Í fyrstu var aðallega um uppbyggingu í stóriðju að ræða en síðan hafa flestar aðrar greinar fylgt í kjölfarið. Sérstaka athygli vekur umtalsverð aukning fjárfestingar í ýmsum tæknigreinum á sviði fjarskipta, hugbúnaðar o.fl. Einnig hefur fjárfesting í samgöngum, byggingu verslunar- og skrifstofuhúsnæðis og byggingarstarfsemi almennt aukist mikið á síðustu árum. Loks má nefna miklar fjárfestingar í sjávarútvegi, einkum í fiskiskipum.

Fjárfesting, magnvístölur 1990=100



Framleiðni hefur einnig vaxið meira en dæmi eru um

Hagvöxt síðustu ára má ekki einungis rekja til aukins fjármagns og vaxandi vinnuaflsþátttöku. Ekki skiptir síður máli verulega aukin framleiðni í atvinnulífinu sem hefur numið um 2% að meðaltali á ári frá árinu 1996. Að vísu sýnir reynsla fyrri ára að mikil fylgni er á milli framleiðni og hagsveiflunnar þar sem framleiðnin fer ætíð vaxandi þegar hagvöxtur er yfir meðallagi og öfugt þegar samdrátt er. Það sem er nýtt við núverandi aðstæður er að sveiflur í hagkerfinu og þar með framleiðniþróun hafa yfirleitt tengst sjávarútvegi. Sjávarútvegur hefur frekar átt undir högg að sækja á sama tíma og mikill uppgangur hefur verið í flestum öðrum greinum. Þetta sýnir að efnahagsþróunin hér á landi er ekki jafn háð aðstæðum í sjávarútvegi og áður sem skapar forsendur fyrir auknum stöðugleika á breiðum grunni.

Gróskan í efnahagslífinu endurspeglast á hlutabréfamarkaðnum...

Hröð uppbygging hlutabréfamarkaðar er gleggsta dæmið um þær miklu breytingar sem orðið hafa í íslenskum þjóðarbúskap á síðustu árum. Á mjög skömmum tíma hefur vaxið fram hér á landi virkur markaður með hlutabréf sem er fyllilega sambærilegur við það sem gerist í helstu nágrannalöndunum. Frá því að fyrstu hlutafélögin voru skrásett á Verðbréfaþingi Íslands árið 1990 hefur fjöldi skráðra fyrirtækja vaxið jafnt og þétt og markaðsverðmæti aukist samhliða. Nú eru þar skráð tæplega 80 fyrirtæki og markaðsverðmæti þeirra nemur um 60% af landsframleiðslu. Þetta er svipað hlutfall og í Danmörku en hærra en í Noregi. Aftur á móti er markaðsverðmæti skráðra fyrirtækja í Bandaríkjunum, Bretlandi og Svíþjóð mun meira eða 150-200% af landsframleiðslu.

Markaðsverð og fjöldi hlutafélaga



...og tilkoma verðbréfa-markaðar hefur styrkt atvinnulífið

Með tilkomu verðbréfamarkaðar hefur aðgangur fyrirtækja að fjármagni gjörbreyst og aðhald að rekstri og skipulagningu aukist verulega. Íslensk fyrirtæki starfa nú ekki lengur í fjötrum hafta og ríkisafskipta og krafa markaðarins um arðsemi og trúverðuga stefnumótun hefur komið í stað fjármagnsskorts og taprekstrar. Í raun má segja að undrun veki hversu hratt þessar breytingar hafa átt sér stað og hversu víðtækar þær hafa verið. Einnig er eftirtektarvert hversu mikil breidd er á meðal þeirra fyrirtækja sem skráð eru á Verðbréfaþingi en segja má að þau fyrirtæki, sem þar eru skráð, gefi allgóða mynd af atvinnulífinu í heild.

Úrvalsvísitala hlutabréfa 1996-2000, 12 mánaða breyting



Sveiflur á hlutabréfa-markaði

Það sem af er þessu ári hefur gætt talsverðra sveiflna á hlutabréfamarkaðnum. Framan af ári fór verð hlutabréfa ört hækkandi en hefur síðan lækkað töluvert. Sérfræðingar á fjármálamarkaði virðast almennt vera sammála um að ekki sé að vænta hækkunar í bráð á verði hlutabréfa þar sem afkoma skráðra hlutafélaga á fyrri hluta ársins var greinilega undir væntingum markaðarins. Almennt er fremur talið að næsta ár verði mörgum fyrirtækjum erfitt, sérstaklega í sjávarútvegi og samgöngum.

Mikil eftirspurn eftir vinnuafli...

Nokkur spenna hefur ríkt á vinnumarkaði upp á síðkastið. Samkvæmt könnun, sem gerð var á vegum Þjóðhagsstofnunar fyrr á þessu ári, var skortur á fólki til vinnu sem svaraði til 0,7% af heildarvinnuframboði á sama tíma og skráð atvinnuleysi var um 1½%. Stöðugt hefur dregið úr atvinnuleysi frá árinu 1995 þannig að hlutfall atvinnulausra er komið í svipað horf og var fyrir efnahagslægðina á fyrri hluta áratugarins. Niðurstöður athugana á samhenginu milli atvinnuleysis og verðlags benda til þess að fari atvinnuleysi varanlega niður fyrir 2-4% sé viss hætta á því að aukin verðbólga fylgi í kjölfarið.

Atvinnuleysi og laus störf 1991-2000



...en sveigjanlegur vinnumarkaður hamlar gegn þenslu

Hugsanlegt er að í þessum athugunum hafi ekki verið að fullu tekið tillit til þess sveigjanleika sem einkennir íslenskan vinnumarkað umfram það sem gengur og gerist í helstu nágrannalöndum. Reynslan sýnir að fólksflutningar til og frá landinu skýrast að verulegu leyti af því atvinnuástandi sem ríkir hverju sinni. Þetta á bæði við um Íslendinga sem eru búsettir erlendis og erlent vinnuafl sem hingað leitar þegar

atvinnuástand er gott. Í því sambandi má nefna að fjöldi tímabundinna atvinnuleyfa hefur ekki verið meiri um langt skeið. Það sem af er þessu ári hefur leyfum fjölgað úr 1.450 á síðasta ári í 1.850. Greinilegt er að fólksflutningar innanlands fylgja svipuðu mynstri. Fjölgun aðfluttra til höfuðborgarsvæðisins á síðustu árum er í góðu samræmi við vaxandi spurn eftir vinnuafli í þeim greinum sem verið hafa í hvað örustum vexti. Eins og rakið var hér að framan eru það fyrst og fremst þjónustugreinar af ýmsu tagi, einkum á höfuðborgarsvæðinu, sem hafa leitt efnahagsuppsveifluna að þessu sinni. Þessar greinar eru í eðli sínu vinnuaflsfrekar og því ekki að undra að það umframframboð, sem myndaðist á samdráttarárunum, hafi fljótt gengið til þurrðar. En aðlögunarhæfni vinnumarkaðarins birtist einnig í því hversu hratt skólar og menntastofnanir laga sig að nýjum þörfum atvinnulífsins. Fjölbreytt framboð nýrra námsbrauta, námskeið af ýmsu tagi og endurmenntun hefur skapað möguleika á sérhæfingu á ýmsum sviðum sem var óþekkt hér á landi fyrir nokkrum árum. Nægir þar að nefna störf af ýmsu tagi innan fjármálageirans, á sviði fjarskiptatækni og nú síðast í líftæknigreinum.

Kjarasamningar á almenna markaðnum stuðla að stöðugleika

Þeir kjarasamningar, sem gerðir voru síðastliðið vor á almenna vinnumarkaðnum, marka með afgerandi hætti stefnuna í kjaramálum fram yfir mitt ár 2003. Samningunum er ætlað að tryggja viðunandi launaþróun, sérstaklega meðal þeirra lægst launuðu. Jafnframt virðast samningarnir skapa viðunandi kostnaðarramma fyrir atvinnulífið. Reynsla fyrri ára sýnir svo ekki verður um villst að hóflegir kjarasamningar skipta sköpum fyrir stöðugleika í atvinnulífinu og tryggja því best, þegar upp er staðið, hagsmuni launþega.

Kaupmáttur heimilanna hefur aukist verulega...

Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur vaxið hratt á síðustu árum. Hér gætir í senn áhrifa mikillar eftirspurnar á vinnumarkaði, umtalsverðra launahækkana og lækkunar tekjuskatts. Frá árinu 1995 hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist um rúm 30%, eða um 5-6% að jafnaði á ári. Svo mikil aukning kaupmáttar er sjaldgæf og nánast óþekkt í nágrannalöndunum. Eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu sker Ísland sig úr hvað varðar kaupmáttarþróun. Annars vegar minnkaði kaupmátturinn einungis á Íslandi á fyrri hluta áratugarins en hins vegar er aukning á síðari hlutanum hvergi meiri en á Íslandi.

Kaupmáttaraukning í nokkrum löndum

	1990-1995 %	1995-2000 %
Bandaríkin	0,5	7,8
Þýskaland	9,9	4,0
Bretland	4,5	14,6
Danmörk	9,2	9,0
Finnland	8,6	13,6
Ísland	**-4,0**	**31,0**
Noregur	7,0	12,1
Svíþjóð	0,2	16,5
OECD	4,4	6,1
ESB	7,6	5,1

Heimild: OECD og Þjóðhagsstofnun

Þrátt fyrir aukna verðbólgu á yfirstandandi ári er útlit fyrir að kaupmáttur haldi áfram að vaxa um 1½-2% sé miðað við hækkun launavísitölunnar frá áramótum. Á næsta ári má aftur á móti gera ráð fyrir að kaupmáttaraukningin verði heldur minni eða um 1%.

...og stuðlað að mikilli aukningu einkaneyslu

Reynslan sýnir að mjög sterk tengsl eru milli breytinga á kaupmætti heimilanna til skamms tíma og einkaneyslu. Kenningar hagfræðinnar gera yfirleitt ráð fyrir því að heimilin horfi langt fram á veginn og jafni neysluútgjöldin yfir hagsveifluna og jafnvel yfir ævina alla. Til þess að slík jöfnun neysluútgjalda sé möguleg er nauðsynlegt að heimilin eigi greiðan aðgang að virkum fjármagnsmarkaði þannig að hægt sé að brúa bil tekna og útgjalda þegar sveiflur eiga sér stað. Að líkindum er það einmitt skortur á slíkri fjármálaþjónustu í gegnum tíðina sem skýrir hversu erfiðlega hefur gengið fyrir íslensk heimili að jafna neysluútgjöldin yfir lengra tímabil. Á allra síðustu árum hefur mátt sjá skýra breytingu á sambandi neyslu og kaupmáttar þótt í fljótu bragði virðist sem þróunin sé frekar í öfuga átt við það sem vænta mætti. Þannig hefur aukning einkaneyslu frá árinu 1998 verið meiri en sem nemur auknum kaupmætti ráðstöfunartekna sem skýrist fyrst og fremst af aukinni skuldsetningu heimilanna.

Kaupmáttur og einkaneysla, breyting milli ára



Aukið framboð á lánsfé ýtir undir neyslu...

Aukið frjálsræði á fjármagnsmarkaði og vaxandi framboð á lánsfé á án efa þátt í örum vexti einkaneyslunnar upp á síðkastið. Þrátt fyrir hækkandi vexti og viðvörunarorð stjórnvalda hafa útlán til heimila aukist jafnt og þétt. Á síðasta ári jukust útlán banka og innlánsstofnana til heimila um rúm 20%. Fyrstu sjö mánuði yfirstandandi árs nam aukningin rúmum 26% þannig að vöxtur útlána er enn mikill.

Raunaukning heildarútlána til heimila



...sem og væntingar um áframhaldandi góðæri

Væntingar um áframhaldandi góðæri í efnahagslífinu skýra umtalsverðan hluta aukinnar neyslu á undanförnum árum. Hér á landi eru ekki gerðar viðhorfskannanir með skipulegum hætti um væntingar neytenda sem tengja má beint við þróun einkaneyslunnar eins og gert er víða erlendis. Hins vegar er mikill stuðningur við efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og jákvætt viðhorf til stöðu efnahagsmála, sem komið hefur fram í skoðanakönnunum, til marks um bjartsýni og tiltrú á áframhaldandi góðæri.

Skuldir heimila hafa því aukist...

Heimilin hafa þannig aukið skuldir sínar í uppsveiflunni í stað þess að byggja upp eignir til að mæta hugsanlegum áföllum síðar. Á þessu ári gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir því að aukning einkaneyslunnar verði 4% en á síðasta ári jókst neyslan um tæplega 7%. Á síðasta ári jukust heildarskuldir heimilanna um rúm 9% að raungildi og 13% árið þar á undan.

...en eignastaða þeirra hefur þó batnað

Mikilvægt er hins vegar að hafa í huga að eignir heimilanna hafa einnig vaxið umtalsvert á síðustu árum, jafnt fasteignir sem peningalegar eignir. Verulegur hluti af aukinni skuldsetningu heimilanna skýrist af mjög auknum útgjöldum til fasteignakaupa, viðhalds og endurbóta eins og umsvif á fasteignamarkaði og í byggingariðnaði bera vott um. Sem dæmi má nefna að framtaldar eignir heimilanna hækkuðu um nálægt 140 milljarða króna á milli áranna 1998-1999, þar af námu fasteignir um 100 milljörðum. Skuldir jukust á sama tíma um tæplega 50 milljarða þannig að hrein eignastaða heimilanna batnaði umtalsvert.

Nokkuð hefur dregið úr innlendri eftirspurn upp á síðkastið

Fyrstu sex mánuði ársins stóð eftirspurn eftir innfluttum neysluvörum því sem næst í stað sem aðallega skýrist af því að mjög hefur dregið úr kaupum á einkabílum á þessu ári. Nýskráningum bifreiða fækkaði um 20% á fyrri hluta ársins og greinilegt er að á fasteignamarkaði ríkir ekki jafn mikil spenna og á síðasta ári. Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir að einkaneyslan aukist um 4% á þessu ári en á næsta ári verði aukningin einungis 2½% sem þýðir í raun að reiknað er með því að neysluútgjöldin aukist í takt við kaupmáttinn.

Viðskiptahalli og minnkandi sparnaður

Aukinn viðskiptahalli í kjölfar aukinnar einkaneyslu og vaxandi fjárfestingar hefur verið mikið í efnahagsumræðunni að undanförnu. Í spá Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn verði um 54 milljarðar króna árið 2000, eða sem svarar til 8% af landsframleiðslu. Á næsta ári er spáð svipaðri niðurstöðu þegar á heildina er litið. Frekari greining á viðskiptahallanum eftir einstökum þáttum leiðir hins vegar í ljós hagstæðari niðurstöðu en ætla má við fyrstu sýn.

Vöruskiptahallinn er nú í hámarki

Þannig breytist samsetning viðskiptahallans nokkuð milli ára. Halli á vöruskiptajöfnuði eykst á þessu ári og stefnir í 32,6 milljarða miðað við 22,4 milljarða á síðasta ári. Þessi aukni halli á vöruviðskiptum tengist því að eftirspurn í hagkerfinu er í hámarki auk þess sem tekjur af vöruútflutningi aukast mjög lítið milli ára, aðallega vegna samdráttar í sjávarútvegi. Til viðbótar hefur hækkandi heimsmarkaðsverð á olíu mjög neikvæð áhrif á vöruskiptajöfnuðinn. Á síðasta ári voru fluttar inn olíuvörur fyrir um 8½ milljarð króna en á þessu ári er talið að olíuinnflutningur verði um 13½ milljarður. Að síðustu hafa kaup og sala á skipum og flugvélum veruleg áhrif á heildarniðurstöðuna en þessi liður hefur verið mjög hár á síðustu árum. Á næsta ári er hins vegar útlit fyrir því sem næst óbreyttan vöruskiptajöfnuð í fjárhæðum og hann lækkar nokkuð í hlutfalli við landsframleiðslu.

Halli á þjónustuviðskiptum eykst

Þjónustujöfnuður án vaxta hefur verið neikvæður síðastliðin þrjú ár sem skýrist aðallega af vaxandi útgjöldum Íslendinga erlendis. Á móti hafa tekjur af erlendum ferðamönnum farið vaxandi án þess að jöfnuður hafi náðst. Vöxtur ferðaþjónustunnar gefur þó fyrirheit um vaxandi gjaldeyristekjur umfram ferðaútgjöld Íslendinga. Auk þess má ætla að nýjar þjónustu- og hátæknigreinar fari smám saman að skila auknum gjaldeyristekjum til þjóðarbúsins eftir því sem umfang þeirra eykst. Samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar er þó ekki talið að þetta gerist á næsta ári og áætlað að þjónustujöfnuður án vaxta verði neikvæður um 8 milljarða hvort árið um sig.

Þjóðhagslegur sparnaður og sparnaður hins opinbera



Breytt uppgjör vaxtajafnaðar

Vaxtajöfnuður hefur lengst af verið neikvæður hér á landi sem endurspeglar fyrst og fremst vaxtagreiðslur af erlendum lánum á sama tíma og vaxtatekjur hafa verið litlar í gegnum tíðina enda erlendar eignir Íslendinga litlar sem engar. Þessi staða hefur heldur þokast í rétta átt á undanförnum árum í kjölfar vaxandi fjárfestinga í útlöndum. Í þessari spá er tekið tillit til áætlaðrar ávöxtunar af þessum eignum og vaxtajöfnuðurinn er því ekki eins óhagstæður og áður. Samkvæmt spánni er jöfnuður þáttatekna (þ.e. mismunur á tekjum og gjöldum af vöxtum og launagreiðslum) talinn verða neikvæður um tæpa 13 milljarða króna á yfirstandandi ári og 16 milljarða á árinu 2001. Skýringin á auknum halla á næsta ári felst í því að erlendar skuldir vaxa hraðar en eignir.

Auknar fjárfestingar erlendra aðila hér á landi vega á móti viðskipta-hallanum...

Þrátt fyrir mikinn og vaxandi viðskiptahalla hefur veruleg breyting orðið á eignamyndun Íslendinga erlendis. Hér áður fyrr, þegar stjórnvöld glímdu við viðvarandi viðskiptahalla, var hallinn því sem næst eingöngu fjármagnaður með beinum lántökum opinberra aðila á erlendum mörkuðum. Viðskiptahallinn var þannig í reynd með ríkisábyrgð. Nú horfir málið öðruvísi við. Í fyrsta lagi hafa beinar fjárfestingar erlendra aðila hér á landi aukist umtalsvert. Um síðustu áramót námu beinar fjárfestingar erlendra aðila rúmum 35 milljörðum króna og hafa nær þrefaldast á fjórum árum. Eignir útlendinga hér á landi hafa þannig aukist og fjárfesting í atvinnulífinu er í auknum mæli fjármögnuð með beinum hætti frá útlöndum.

...og sama gildir um auknar fjárfestingar Íslendinga í útlöndum

Íslendingar hafa einnig leitað í auknum mæli út fyrir landsteinana til fjárfestinga. Þetta á við um beinar fjárfestingar íslenskra fyrirtækja á erlendri grund en þær námu um 30 milljörðum króna í árslok 1999, auk þess sem eignir stofnanafjárfesta og einstaklinga í útlöndum hafa stóraukist, einkum í erlendum hlutabréfum. Um síðustu áramót var talið að heildareignir íslenskra aðila í útlöndum næmu um 242 milljörðum, eða um 40% af landsframleiðslu, og höfðu þær þá aukist um 90 milljarða milli ára. Þar af námu eignir lífeyrissjóða 97 milljörðum. Þannig hefur eignamyndun Íslendinga erlendis haldist nokkuð í takt við auknar erlendar skuldir.

Hreinar erlendar skuldir aukast minna

Vaxandi eignir Íslendinga í útlöndum valda því að hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins hafa ekki aukist sem nemur viðskiptahallanum eins og ætla mætti að öðru óbreyttu. Á síðasta ári jukust hreinar erlendar skuldir um 18,5 milljarða á sama tíma og viðskiptahallinn var 43,2 milljarðar.

Hrein skuldastaða gagnvart útlöndum



Verðbólga fór vaxandi fram á mitt ár 2000 ...

Með aukinni eftirspurn innanlands og spennu á vinnumarkaði hefur verðbólga heldur farið vaxandi frá síðari hluta árs 1999. Verðhækkanir virðast hafa náð hámarki í apríl síðastliðnum en þá nam tólf mánaða hækkun neysluvísitölu 6%. Síðan hefur hægt á verðhækkunum og í september var tólf mánaða hækkunin komin í 4% en hækkun vísitölunnar á þann mælikvarða hefur ekki verið minni síðan í júlí á síðasta ári.

...mest vegna bensín-hækkana og íbúðaverðs

Þótt innlent eftirspurnarástand eigi sinn þátt í aukinni verðbólgu er mikilvægt að greina á milli sérstakra þátta svo sem mikillar hækkunar olíuverðs og fasteignaverðs innanlands. Að þessum tveimur liðum undanskildum ásamt búvörum og grænmeti hefur neysluverðsvísitalan hækkað um 2,8% síðustu 12 mánuði. Segja má að þessir liðir vísitölunnar, sem ná til um ¾ hluta vísitölunnar í heild, segi allvel til um undirliggjandi verðbólgu í hagkerfinu. Frá áramótum hefur þannig smám saman verið að draga úr undirliggjandi verðbólgu sem var um 4% um síðustu áramót en er um 3% um þessar mundir. Sé litið til undirþátta vísitölunnar kemur nokkur munur í ljós. Langmest hækkun hefur verið á innlendum vörum, án búvöru og grænmetis, og þjónustuliðum sem hafa samtals um helmingsvægi í vísitölunni. Tólf mánaða hækkun þessara liða hefur verið um 6% allt þetta ár. Á sama tíma hafa innfluttar vörur, að bensíni undanskildu, einungis hækkað um og innan við 1%. Þannig virðist mega rekja meginhluta þeirra verðhækkana, sem orðið hafa á undanförnum mánuðum, til breytinga á verði vöru og þjónustu af innlendum toga eins og vænta mátti við núverandi aðstæður.

Verðbólga



Horfur á minnkandi verðbólgu

Gert er ráð fyrir áframhaldandi hjöðnun verðbólgunnar á næsta ári og er í forsendum fjárlaga reiknað með 4% verðbólgu milli ára og 3½% hækkun innan ársins. Til skamms tíma er áframhaldandi stöðugleiki í gengismálum mikilvægasti hlekkurinn til að halda verðhækkunum í skefjum. Þar hefur Seðlabankinn lagt sitt af mörkum með því að tryggja þann vaxtamun gagnvart útlöndum sem þarf til þess að halda jafnvægi á gjaldeyrismarkaði og þar með stöðugu gengi.

Áhlaup á krónuna mistókst

Reynslan frá því í sumar, þegar gert var áhlaup á krónuna, sýnir betur en nokkuð annað hversu mjög efnahagslegt umhverfi hér á landi hefur breyst. Allt frá því að hömlur á fjármagnsviðskipti voru afnumdar um miðjan þennan áratug hefur legið fyrir að fyrr eða síðar myndi íslenskur gjaldeyrismarkaður lenda í þeim hræringum sem einkenna sambærilega markaði í öðrum löndum. Ef til vill má segja að undrun sæti að slíkt hafi ekki gerst fyrr í ljósi þeirra hræringa sem orðið hafa á erlendum mörkuðum. Litlir og opnir gjaldeyrismarkaðir eins og sá íslenski eru viðkvæmir og lítið þarf út af að bera til að eitthvað fari úrskeiðis og þegar allt kemur til alls er það trúverðugleiki efnahagsstefnunnar sem á endanum ræður því hvernig kaupin gerast á eyrinni á þessu sviði eins og öðrum. Það er því sérstaklega mikilvægt að takast skyldi að verja krónuna fyrir áhlaupinu á liðnu sumri. Þar með sendu yfirvöld peningamála mikilvæg skilaboð til markaðsaðila um að stjórnvöld myndu ekki hvika frá þeirri stefnu að verja gengi krónunnar og þar með halda fast við þá stefnu að halda verðbólgu í skefjum og stuðla að jafnvægi í peningamálum.

Minnkandi hagvöxtur á næsta ári

Spá Þjóðhagsstofnunar fyrir næsta ár gerir ráð fyrir því að verulega dragi úr hagvexti. Minni hagvöxtur er fyrst og fremst rakinn til samdráttar í útflutningi og tengist minnkandi aflaheimildum á næsta fiskveiðiári. Auk minni útflutnings gerir stofnunin ráð fyrir að verulega dragi úr aukningu einkaneyslunnar og að fjármunamyndun dragist saman um 1½%. Aukning þjóðarútgjalda verði því einungis 1,7% sem verða að teljast talsverð umskipti frá því sem verið hefur undanfarin fimm ár. Gangi spáin eftir eru líkur á verulegum umskiptum á vinnumarkaði og að atvinnuleysi aukist frá því sem nú er.

Óvissa í efnahagsspám er meiri en oft áður

Meiri óvissa ríkir hins vegar um efnahagshorfurnar en oftast áður. Þetta á bæði við um áhrif niðurskurðar aflaheimilda á framleiðslu í sjávarútvegi og í öðrum greinum þar sem nokkur samdráttur í sjávarútvegi skiptir tæplega sköpum fyrir heildarþróun efnahagsmála á næsta ári.

Eins kann vöxtur ýmissa þeirra atvinnugreina, sem verið hafa í örum vexti á síðustu fjórum til fimm árum, að verða meiri en gert er ráð fyrir í þessari spá. Sama kann að gilda um aðrar greinar þótt líklegt sé að vöxturinn verði hægari en á allra síðustu árum. Þannig verður að telja að óvissan í spá Þjóðhagstofnunar sé fremur í áttina að betri hagvaxtarhorfum fyrir næsta ár.

Einkaneyslu, samneysla og fjárfesting, vísitölur



Sterk staða ríkisfjármála

Viðskiptahallinn endurspeglar minnkandi þjóðhagslegan sparnað vegna skuldasöfnunar heimila og fyrirtækja en á móti kemur jákvæð rekstrarafkoma og mikill lánsfjárafgangur ríkissjóðs síðustu fjögur árin. Þjóðhagslegur sparnaður, sem samanstendur af vergri þjóðarframleiðslu að frádreginni einka- og samneyslu, minnkaði úr 19,1% samkvæmt endurskoðuðu uppgjöri þjóðhagsreikninga í 16% á síðasta ári. Sé þjóðhagslegum sparnaði skipt milli einkaaðila og hins opinbera kemur í ljós að sparnaður hins opinbera hefur vaxið jafnt og þétt úr 2,1% árið 1995 í 7,8% á þessu ári og helst því sem næst óbreyttur samkvæmt forsendum fjárlagafrumvarpsins á næsta ári. Þannig mun þjóðhagslegur sparnaður skiptast nokkuð jafnt milli einkaaðila annars vegar, þ.e. heimila og fyrirtækja, og opinbera geirans hins vegar. Opinberi sparnaðurinn stafar eingöngu af sterkri stöðu ríkissjóðs en nokkur halli hefur verið á rekstri sveitarfélaga. Ríkissjóður hefur því spyrnt kröftuglega á móti minnkandi sparnaði í þjóðarbúskapnum.

Endurskoðaðir þjóðhagsreikningar

Þjóðhagsstofnun hefur birt endurskoðaða þjóðhagsreikninga fyrir tímabilið 1990-1999. Þessi endurskoðun er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða aðlögun íslenskra þjóðhagsreikninga að nýjum alþjóðastöðlum sem samþykktir hafa verið og aðrar þjóðir hafa margar hverjar tekið upp. Hér er um að ræða staðal Sameinuðu þjóðanna, SNA 93, og staðal Evrópusambandsins, ESA 95. Þessir staðlar eru í meginatriðum sambærilegir nema hvað ESA 95 er nákvæmari og gerir meiri kröfur til innbyrðis samræmingar. Með EES-samningnum hefur Ísland skuldbundið sig til að fylgja þeim staðli. Hinn megintilgangur endurskoðunarinnar er endurmat og umbætur á fyrri aðferðafræði við gerð þjóðhagsreikninga.

Heildaráhrif þessara breytinga eru til lækkunar á landsframleiðslu fyrir allra síðustu árin, mest fyrir árið 1999, en það ár minnkar landsframleiðslan á verðlagi ársins um 1,9%. Fyrir árin 1990-1994 eykst landsframleiðslan um ½-1% en árið 1995 er óbreytt. Veigamestu breytingarnar snúa að einkaneyslu, samneyslu og fjárfestingu. Í heild minnkar einkaneyslan um 2-8% og er mesta breytingin á árunum 1998-1999. Veigamesta breytingin snýr að lækkun á útgjöldum vegna bifreiða sem talin eru hafa verið ofmetin í fyrri uppgjörum. Önnur veigamikil lækkun snýr að útgjöldum vegna veitinga- og gistihúsa þar sem stærri hluti þeirra útgjalda er nú talinn tilheyra útgjöldum fyrirtækja en ekki einstaklinga. Á móti þessum lækkunum vegur hækkun á útgjöldum vegna ýmissa samtaka sem heimilin standa straum af. Minni einkaneysla er því sem næst vegin upp af meiri samneyslu og fjárfestingu. Hækkun í samneyslu má að mestu rekja til ESA 95 þar sem staðallinn gerir ráð fyrir því að afskriftir samgöngumannvirkja séu færðar til gjalda sem og endurgreiðslur á virðisaukaskatti til opinberra aðila sem fram að þessu hafa verið dregnar frá tekjum af virðisaukaskatti. Fjárfestingin eykst um 9-14%, mest vegna endurmats á fjárfestingum í fólksbílum til atvinnurekstrar, áhöldum og tækjum og hugbúnaði. Auk þess hefur fjárfesting í íbúðarhúsnæði verið endurmetin en sú breyting hefur ekki afgerandi áhrif á endurskoðunina.

Hvað varðar breytingar á hagvexti eru þær óverulegar enda þótt mat á hagvexti fyrir nokkur ár breytist ýmist til hækkunar eða lækkunar um ½-1 prósentustig.

Vaxandi kerfislægur afgangur á ríkissjóði

Ríkisfjármál hafa tekið stakkaskiptum á þessum áratug. Í stað viðvarandi hallareksturs skilar ríkissjóður nú umtalsverðum afgangi sem gerir að verkum að skuldir jafnt ríkissjóðs sem hins opinbera fara nú hratt minnkandi. En fjárhagsstaða opinberra aðila, eins og annarra, er háð efnahagsástandinu á hverjum tíma. Þegar vel árar aukast tekjurnar vegna vaxandi umsvifa í hagkerfinu jafnframt því sem ýmis útgjöld, svo sem atvinnuleysisbætur, dragast saman. Að sama skapi versnar fjárhagurinn þegar illa árar vegna minnkandi skatttekna og aukinna útgjalda. Mat á undirliggjandi stöðu ríkisfjármála byggist á því að aðgreina hagsveifluþáttinn frá kerfislæga þættinum sem segir til um tekjur og gjöld óháð efnahagsástandinu á hverjum tíma. Frá árinu 1997 hefur ríkissjóður skilað vaxandi afgangi. Mikill hagvöxtur og vaxandi umsvif í hagkerfinu eiga vissulega sinn þátt í þessari þróun en kerfisafgangurinn hefur einnig vaxið jafnt og þétt ár frá ári úr 1½% af landsframleiðslu í ár og í fyrra og stefnir í rétt um 2% á næsta ári samkvæmt fjárlagafrumvarpinu.

Afkoma ríkissjóðs



Minni afgangur hins opinbera í heild

Sé litið á fjármál hins opinbera í heild, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, leiðir halli á rekstri sveitarfélaganna til nokkru lakari afkomu hins opinbera en staða ríkissjóðs segir til um. Sé sambærilegum aðferðum beitt til að leiðrétta afkomu sveitarfélaganna fyrir áhrifum hagsveiflunnar kemur í ljós að frá árinu 1997 hefur kerfislægur halli á rekstri sveitarfélaganna verið á bilinu ½-1% af landsframleiðslu.

3.3 Horfur í ríkisfjármálum næstu ár

Hér er gerð grein fyrir niðurstöðum framreikninga á stöðu ríkisfjármála til ársins 2004. Þessir framreikningar eru ýmsum takmörkunum háðir og geta ekki nema að litlu leyti tekið tillit til þeirra fjölmörgu þátta sem stjórna framvindunni á sviði efnahags- og ríkisfjármála. Aðferðafræðin er þannig takmörkuð við að meta í grófum dráttum hvert stefnir miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja þegar spáin er gerð.

Horft til baka

Þegar hugað er að hagvexti til framtíðar er rétt að líta til reynslu fyrri ára og skoða hvert framlag einstakra framleiðsluþátta hefur verið. Hagvöxtur hér á landi hefur verið mikill á undanförnum árum og áratugum enda tilheyrir Ísland þeim ríkjum sem hafa hvað mesta landsframleiðslu á íbúa í heiminum. Meðalhagvöxtur áranna 1965-1999 var 3,6% sem sýnir vel hversu hratt íslenskt efnahagslíf hefur vaxið síðustu áratugina. En mikill hagvöxtur segir ekki alla söguna þar sem miklar sveiflur og óstöðugleiki hefur einnig einkennt íslenska hagsögu. Meðfylgjandi tafla sýnir meðalhagvöxt síðustu áratuga og framlag framleiðsluþáttanna, vinnuafls og fjármagns, frá einu tímabili til annars.

Hagvöxtur 1965-1999

Magnbreytingar á landsframleiðslu	Árlegur hagvöxtur	Hlutur vinnuafls	Hlutur fjármagns	Heildar-framleiðni
1965-1970	3,0	1,3	1,7	0,0
1970-1980	6,2	1,8	1,6	2,8
1980-1990	3,0	1,2	1,0	0,7
1990-1996	1,2	0,0	0,5	0,7
1996-1999	4,6	1,7	0,9	2,0

Framlag til hagvaxtar

Taflan sýnir að eina tímabilið þar sem hagvöxturinn er minni en 3% að meðaltali tekur til áranna 1990-1996 enda fór íslenskur þjóðarbúskapur þá í gegnum óvenjulangt og erfitt stöðnunarskeið. Síðan hefur ríkt mikill uppgangur sem hefur skilað miklum vexti yfir tiltölulega langt tímabil. Taflan gefur einnig til kynna hverjar rætur hagvaxtarins hafa verið á þessum tíma.[2] Í grófum dráttum hefur hlutur vinnuaflsins verið nokkuð stöðugur á bilinu 1-2% á ári, að árunum 1990-1996 undanskildum en þá skilaði vinnuaflið engu framlagi til hagvaxtar. Hlutur fjármagns hefur hins vegar farið minnkandi, úr tæpum 2% í upphafi

[2] Hlutur vinnuafls og fjármagns í hagvexti er metinn út frá aukningu ársverka og fjármagnsstofns með tilliti til hlutfallslegs vægis þáttatekna.

tímabilsins í 1% á síðustu árum og reyndar enn neðar á árunum 1990-1996. Hér gætir vafalítið áhrifa minnkandi fjárfestingar en einnig má túlka þessar tölur sem vísbendingu um að þjóðhagsleg arðsemi fjárfestingar hér á landi hafi ekki verið sem skyldi á tímabilinu. Þetta virðist þó vera að breytast þar sem hlutur fjármagns í hagvexti síðustu ára fer aftur vaxandi. Síðasti liðurinn í töflunni, heildarframleiðni, segir til um þann hluta hagvaxtarins sem ekki skýrist af framlagi vinnuafls og fjármagns. Yfirleitt er þessi hluti tengdur framleiðni- og tæknibreytingum en einnig geta komið til sérstakir þættir svo sem auðlindanotkun eða annað sem ekki er hægt að heimfæra upp á vinnuafl eða fjármagn með beinum hætti. Greinilegt er að sveiflurnar í hagvextinum eiga rætur að rekja til þessa liðar sem án efa tengist að verulegu leyti þeim óstöðugu ytri skilyrðum sem íslenskur þjóðarbúskapur hefur búið við í gegnum tíðina, sérstaklega í sjávarútvegi. Það er því afar uppörvandi að sjá hversu jákvæð þróun heildarframleiðni hefur verið í núverandi uppsveiflu í ljósi þess að aðstæður í sjávarútvegi hafa þegar á heildina er litið ekki skilað miklu til hagvaxtarins.

Aðlögunar er að vænta

Hagvöxtur af þeirri stærðargráðu, sem hér hefur verið síðastliðin fimm ár, getur ekki gengið til lengdar þar sem vexti framleiðslugetunnar eru takmörk sett. Í ljósi reynslunnar má gera ráð fyrir að hagvöxtur umfram 3-3½% á ári leiði fyrr eða síðar til þess að þrýstingur myndist á verðlag og óstöðugleika fari að gæta. Þannig virðist óhjákvæmilegt annað en að á næstu árum sé að vænta minni hagvaxtar á meðan hagkerfið lagar sig að nýju jafnvægi. Spurningin er hversu hratt slík aðlögun gerist og hvaða langtímavöxtur samrýmist henni.

Landsframleiðsla og leitni hagvaxtar



Umframeftirspurn hefur skapast í hagkerfinu...

Til einföldunar má skipta hagvexti í tvo þætti; annars vegar í langtímaleitni með aukinni notkun vinnuafls og fjármagns að viðbættri samfelldri framþróun tækni og framleiðni; hins vegar eru tímabundnar sveiflur sem ráðast af breytingum á ytri aðstæðum, væntingum, eftirspurn og hagstjórn. Samkvæmt þessu ríkir jafnvægi í hagkerfinu þegar hagvöxtur er jafn langtímaleitni. Þannig má færa rök fyrir því að á árunum 1997-1998 hafi ríkt jafnvægisástand í þessum skilningi. Síðan hefur verið að skapast umframeftirspurn í hagkerfinu sem er af stærðargráðunni 3-3½% af landsframleiðslu á þessu ári. Þessi umframeftirspurn er í rauninni ekki mikil í ljósi reynslunnar og þarf ekki að raska þeim stöðugleika sem þrátt fyrir allt ríkir í efnahagsmálunum.

...en ýmis teikn eru um viðsnúning

Nú þegar eru hins vegar augljós teikn um að ástandið sé að breytast. Hægt hefur á vexti innlendrar eftirspurnar og kostnaðarþrýstingur fer vaxandi í atvinnulífinu. Afkomuhorfur hafa því versnað sem leiðir til þess að fyrirtækin þurfa að endurmeta stöðu sína, draga úr fjárfestingum og leggja aukna áherslu á hagkvæmni í rekstri. Jafnframt eru vísbendingar um að heimilin séu að endurskoða neyslu- og fjárfestingaráform sín til lækkunar eftir mikla aukningu nokkur undanfarin ár.

Hægfara aðlögun

Það aðlögunarferli, sem hér er lýst, tekur nokkurn tíma. Þannig virðist raunhæft að reikna með því að á árunum 2002-2003 verði aftur komið á jafnvægi í þeirri merkingu að hagvöxtur verði jafn framleiðslugetu hagkerfisins. Miðað við stöðuna, eins og hún er metin á þessu ári, svarar þetta til þess að hagvöxtur á næstu árum verði um 2½% á ári að meðaltali. Jafnframt mun viðskiptahalli minnka.

Áframhaldandi sterk staða ríkisfjármála á næstu árum

Þessar langtímahorfur í efnahagsmálum breyta ekki núverandi stöðu ríkisfjármála. Staða þeirra verður áfram sterk og sá kerfislægi afgangur sem byggst hefur upp á síðustu árum verður áfram til staðar þótt áhrif uppsveiflunnar, þ.e. hagræni þátturinn, verði minni. Þannig má gera ráð fyrir að tekjuafgangur ríkissjóðs, án eignasölu, fari úr 3% af landsframleiðslu í 1½-2% sem skýrist alfarið af minnkandi hagsveifluáhrifum.

Frekari niðurgreiðsla skulda

Þær horfur í efnahags- og ríkisfjármálum, sem hér hefur verið lýst, gefa færi á að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið um að afgangur ríkissjóðs gangi fyrst og fremst til lækkunar skulda. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu nemur lánsfjárafgangur á næsta ári rúmlega 34½ milljarði króna. Enn fremur er talið að hrein skuldastaða ríkissjóðs muni batna um rúma 13 milljarða króna. Miðað við þær forsendur, sem hér hafa verið raktar, er svigrúm til enn frekari lækkunar skulda á næstu árum og horfur á að ná því markmiði að peningalegar eignir verði meiri en nemur skuldum. Hversu hratt þetta gerist ræðst ekki síst af áformum um sölu ríkiseigna.

Sterk staða lífeyrismála styrkir ríkisfjármálin

Hröð uppbygging lífeyrissjóðakerfisins hér á landi hefur jákvæð áhrif á langtímahorfur í ríkisfjármálum. Á síðustu árum hafa eignir sjóðanna vaxið hratt og er nú svo komið að Íslendingar geta státað af lífeyrissjóðakerfi sem er með þeim öflugustu í heimi. Í lok síðasta árs námu eignir lífeyrissjóðanna tæpum 520 milljörðum króna, eða sem svarar til 80% af landsframleiðslu. Hröð eignaaukning hefur einkennt lífeyrissjóðakerfið og fyrirsjáanlegt er að framhald verður á þessari þróun um nokkurt skeið. Ný athugun[3] á stöðu lífeyrismála á Norðurlöndum, sem gerð var, að frumkvæði fjármálaráðherra Íslands, á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, sýnir með skýrum hætti sterka stöðu þessara mála hér á landi í samanburði við hin norrænu löndin.

[3] Retirement in the Nordic Countries, Tryggvi Þór Herbertsson, J. Michael Orszag, Peter R. Orszag, TemaNord 2000:548.

Kynslóðareikningar fyrir hið opinbera

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur unnið svokallaða kynslóðareikninga fyrir Ísland. Þeir sýna hvernig skattgreiðslur og framlög frá hinu opinbera dreifast á einstaklinga eftir aldri þeirra og kyni og gefa vísbendingu um hvort efnahagsstefna stjórnvalda á viðkomandi ári ívilnar núlifandi kynslóðum eða kynslóðum framtíðarinnar. Útreikningarnir taka til þriggja mismunandi tímabila, áranna 1994-1996, 1997 og 1998. Niðurstöðunum ber þó að taka með nokkurri varúð enda varpa kynslóðareikningar ljósi á fjármálastefnu hins opinbera en nýtast síður til stefnumarkandi ákvarðana.

Á tímabilinu 1994-1996 var skattbyrði núlifandi kynslóða minni en hjá framtíðarkynslóðum. Þetta snerist hins vegar við árin 1997-1998 sem skýrist meðal annars af því að samhliða mikilli uppsveiflu í íslensku efnahagslífi batnaði afkoma ríkissjóðs sem var nýtt til að greiða niður skuldir í stórum stíl fremur en auka ríkisútgjöld eða lækka skatta. Lækkun skulda hefur þannig búið í haginn fyrir komandi kynslóðir.

Undanfarin ár hefur ríkt góðæri hér á landi. Ríkissjóður hefur verið rekinn með afgangi ár eftir ár sem hefur verið nýttur til að greiða niður skuldir. Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hefur því verið kynslóðavæn. Fremur en að nota tekjuafgang til að auka útgjöld til ýmissa málaflokka hafa skuldir verið greiddar niður en slík stefna gagnast ekki síst komandi kynslóðum.

Á Íslandi hefur í ríkari mæli en víðast annars staðar verið farin sú leið að byggja upp sterka sjóði til að standa undir lífeyrisskuldbindingum framtíðarinnar frekar en að greiða þær af skattpeningum á þeim tíma þegar þær falla til. Breytt aldurssamsetning og minnkandi atvinnuþátttaka í flestum löndum gerir það að verkum að þau lönd, sem ekki hafa búið í haginn á sama hátt og Íslendingar, standa frammi fyrir verulegum vanda á þessu sviði. Enn sem komið er eru lífeyrisgreiðslur til ellilífeyrisþega hér á landi einungis lítill hluti af því sem vænta má í framtíðinni og því ber ríkissjóður hita og þunga af þeim kostnaði sem nú fylgir almannatryggingakerfinu. Eftir því sem útgreiðslur lífeyrissjóðanna aukast í framtíðinni má því vænta þess að kostnaður ríkissjóðs minnki og þar með skapist fjárhagslegt svigrúm sem gefi færi á að breyta áherslum á tekna- eða gjaldahlið ríkissjóðs.

Búið í haginn fyrir komandi kynslóðir

En ríkisfjármálin eru ekki aðeins sterk þegar litið er til allra næstu ára. Niðurstöður kynslóðareikninga fyrir Ísland sýna að miðað við núverandi stöðu í ríkisfjármálum munu kynslóðir framtíðarinnar búa við minni skattbyrði en núlifandi kynslóðir. Þessar niðurstöður benda til þess að ríkisfjármálin hér á landi séu, ólíkt því sem gildir víða erlendis, í mjög góðu horfi hvort sem litið er til skamms tíma eða horft lengra fram í tímann.

Þjóðhagsforsendur frumvarps til fjárlaga

	Fjárlög 2000	Áætlun 2000	Frumvarp 2001
I. Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar - %			
Einkaneysla	3,0	4,0	2,6
Samneysla	2,5	3,5	3,0
Fjárfesting	2,7	11,1	-1,5
Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga	2,8	5,3	1,7
Útflutningur vöru og þjónustu	1,9	2,6	-0,9
Innflutningur vöru og þjónustu	1,9	7,0	-0,3
Almennur vöruinnflutningur án olíu	-1,2	3,2	0,7
Verg landsframleiðsla	2,9	3,6	1,6
Þjóðartekjur	2,9	3,6	1,6
II. Launa- og verðlagsforsendur, meðalbreytingar - %			
Ráðstöfunartekjur á mann	5,9	6,6	5,6
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	1,3	1,5	1,5
Þjóðartekjur á mann	1,9	2,2	0,1
Vísitala neysluverðs	4,5	5,0	4,0
Byggingarvísitala	2,7	3,2	4,2
Innflutningsverðlag	0,5	0,1	0,7
Verðvísitala samneyslu	4,8	6,6	5,6
Verðvísitala landsframleiðslu	4,6	4,9	4,7
Viðskiptakjör, vörur	0,6	-1,3	1,6
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	1,8	1,5	1,8

Töfluviðauki

		Bls.
1.	Rekstraryfirlit A-hluta	49
2.	Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs	50
3.	Skipting ríkissjóðstekna	51
4.	Hagræn skipting á útgjöldum ríkssjóðs	52
5.	Skipting útgjalda ríkissjóðs eftir málaflokkum	53
6.	Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta	54
7.	Fjárreiður lánastofnana í C-hluta	55
8.	Veitt og tekin lán ríkissjóðs	56
9.	Skuldir og kröfur opinberra aðila	57
10.	Verðlags og launaþróun	58
11.	Þjóðhagsyfirlit	59
12.	Greiðslujöfnuður við útlönd	60
13.	Útlánaþróun og vextir	61
14.	Fjármunamyndun	62
15.	Opinberar framkvæmdir	63

Tafla 1 **Rekstraryfirlit A-hluta**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1998	Reikningur 1999	Fjárlög 2000	Áætlun 2000	Frumvarp 2001
Skatttekjur	**161 218**	**187 796**	**189 200**	**202 322**	**214 555**
Skattar á tekjur einstaklinga	32 302	37 987	41 120	45 457	49 570
Skattar á tekjur lögaðila	7 155	9 126	10 140	13 400	12 440
Tryggingagjöld	16 088	17 787	18 221	18 784	19 734
Eignarskattar	7 788	8 450	9 320	9 660	10 686
Virðisaukaskattur	59 282	70 020	69 020	74 991	80 230
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	34 980	38 013	39 737	38 557	40 001
Skattar ótaldir annars staðar	3 623	6 413	1 642	1 473	1 895
Aðrar rekstrartekjur	**15 581**	**17 464**	**15 638**	**17 566**	**17 620**
Arðgreiðslur	2 406	2 733	2 948	2.788	1 978
Vaxtatekjur	8 381	9 269	7 995	10.110	10 445
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	4 794	5 462	4 695	4.668	5 197
Sala eigna	2 471	11 140	4 216	4.616	7 316
Fjármagnstilfærslur	340	0	50	0	0
Fjárframlög	1 235	1 294	796	796	809
Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja	0	4 938	0	0	0
Tekjur samtals	**180 845**	**222 632**	**209 900**	**225 300**	**240 300**
Æðsta stjórn ríkisins	1 475	1 876	1 997	2.033	1 963
Forsætisráðuneyti	1 133	1 689	1 223	1.297	1 023
Menntamálaráðuneyti	19 801	21 368	21 699	22.062	23 208
Utanríkisráðuneyti	3 295	3 635	3 778	4.678	4 060
Landbúnaðarráðuneyti	8 751	9 346	8 971	9.084	10 250
Sjávarútvegsráðuneyti	2 317	2 505	2 453	2.372	2 467
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	9 503	10 797	10 892	11.088	11 717
Félagsmálaráðuneyti	10 513	11 483	11 202	10.928	13 902
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	62 407	72 621	73 667	76.059	78 857
Fjármálaráðuneyti	38 890	30 431	24 533	25.124	27 024
Samgönguráðuneyti	10 151	11 908	12 513	12.465	15 208
Iðnaðarráðuneyti	1 524	1 853	2 466	2.638	2 585
Viðskiptaráðuneyti	1 136	1 278	1 260	1.283	1 319
Hagstofa Íslands	288	330	337	337	350
Umhverfisráðuneyti	2 488	2 550	2 768	2.884	3 038
Vaxtagjöld ríkissjóðs	15 964	15 332	13 400	14.200	13 000
Gjöld samtals	**189 636**	**199 002**	**193 159**	**198 532**	**209 970**
Tekjujöfnuður	**-8 791**	**23 630**	**16 741**	**26 769**	**30 330**

Tafla 2 **Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs**

Milljarðar króna á verðlagi hvers árs	1998	1999	Áætlun 2000	Frumvarp 2001
Handbært fé frá rekstri	**11,9**	**23,1**	**12,5**	**14,6**
Fjármunahreyfingar				
Lánahreyfingar, nettó	2,9	-2,5	8,3	11,2
Sala eigna og aðrar fjármunahreyfingar	2,0	6,3	6,9	9,0
Fjármunahreyfingar samtals	**5,0**	**3,8**	**15,1**	**20,2**
Hreinn lánsfjárjöfnuður (án LSR)	**16,8**	**26,9**	**27,6**	**34,7**
Framlag til LSR	**0**	**-7,8**	**-5,0**	**-**
Lánsfjárafgangur að frádregnu framlagi í LSR [1]	16,8	19,1	22,6	-
Breyting lánahreyfinga	**-9,5**	**-16,6**	**-18,9**	**-31,5**
Greiðsluafkoma	**7,3**	**2,5**	**3,7**	**3,2**
Hlutfall af VLF, %				
Handbært fé frá rekstri	2,1	3,7	1,8	2,0
Hreinn lánsfjárjöfnuður	2,9	4,3	4,1	4,8
Greiðsluafkoma	1,3	0,4	0,5	0,4

[1] Í fjárlagafrumvarpi er lánsfjárafgangi ráðstafað til niðurgreiðslu á skuldum eða til að styrkja stöðu ríkissjóðs með öðrum hætti. Því er hér sýndur lánsfjárafgangur áður en kemur til framlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR). Í ríkisreikningi er lánsfjárafgangur sýndur eftir framlög í LSR.

Tafla 3 **Skipting ríkissjóðstekna**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1998	Reikningur 1999	Fjárlög 2000	Áætlun 2000	Frumvarp 2001	Breyting milli ára 2000-2001
1. Skatttekjur	**161 219**	**187 796**	**189 080**	**202 322**	**214 555**	**12 233**
Skattar á tekjur og hagnað	42 744	53 030	52 428	59 993	63 340	3 347
Einstaklingar	34 410	42 102	41 120	45 457	49 570	4 113
Tekjuskattur einstaklinga	31 687	36 855	37 360	39 701	43 850	4 149
Sérstakur tekjuskattur einstaklinga	615	1 132	960	1 426	1 670	244
Fjármagnstekjuskattur	2 108	4 115	2 800	4 330	4 050	- 280
Lögaðilar	7 155	9 126	10 202	13 400	12 440	- 960
Annað	1 179	1 802	1 106	1 137	1 330	193
Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	644	1 232	550	550	750	200
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	535	570	556	587	580	- 7
Tryggingagjöld og launaskattar	16 088	17768	18 221	18 784	19 886	1 102
Eignarskattar	7 788	8450	9 320	9 660	10 686	1 026
Skattar á vörur og þjónustu	87 707	100 824	101 072	106 018	112 309	6 290
Virðisaukaskattur	59 282	70 020	69 020	74 991	80 230	5 239
Vörugjöld	10 080	10 900	11 412	11 043	11 907	865
Vörugjald af ökutækjum	4 970	5 896	5 745	5 321	5 150	- 171
Almennt vörugjald af bensíni	1 603	1 760	2 084	1 986	2 180	194
Sérstakt vörugjald af bensíni	5 089	5 398	5 655	5 877	6 026	149
Aðrir sértækir veltuskattar	6 683	6 850	7 276	6 800	6 816	15
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	6 556	7 209	7 565	7 530	7 922	392
Bifreiðagjald	2 261	2 341	2 639	2 547	2 650	103
Þungaskattur	3 515	4 050	3 945	4 002	4 227	225
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	780	818	981	981	1 045	64
Aðrir skattar	336	515	536	337	413	76
2. Aðrar rekstrartekjur	**15 581**	**17 464**	**15 638**	**17 566**	**17 620**	**53**
Arðgreiðslur og leigutekjur	2 406	2 733	2 948	2 788	1 978	- 810
Vaxtatekjur	8 381	9 269	8 022	10 110	10 482	372
Neyslu og leyfisgjöld	4 277	4 845	3 979	3 979	4 436	456
Annað	517	617	689	689	724	35
3. Sala eigna	**2 471**	**11 140**	**4 216**	**4 616**	**7 316**	**2 700**
4. Fjármagnstilfærslur	**340**	**-**	**50**	**-**	**-**	**-**
5. Fjárframlög	**1 235**	**1 294**	**796**	**796**	**809**	**14**
6. Breytingar á rekstrarformi fyrirtækja	**-**	**4 938**	**-**	**-**	**-**	**-**
Heildartekjur ríkissjóðs	**180 846**	**222 632**	**209 900**	**225 150**	**240 300**	**15 150**

Tafla 4 **Hagræn skipting á útgjöldum ríkissjóðs**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1999	Fjárlög 2000	Áætlun 2000	Frumvarp 2001	Breyting milli ára 2000-2001
Rekstrargjöld					
Laun	52 478	57 748	59 582	62 705	3 123
Lífeyrisskuldbindingar	11 445	6 055	6 265	6 535	270
Önnur gjöld	32 499	30 613	31 368	32 021	654
Þjónustutekjur	-12 337	-10 321	-10 321	-11 182	- 861
Rekstrargjöld samtals	**84 085**	**84 095**	**86 894**	**90 079**	**3 185**
Rekstrar- og neyslutilfærslur					
Lífeyristryggingar	17 534	18 780	19 016	19 220	204
Sjúkratryggingar	9 865	9 331	10 771	11 150	379
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	6 138	5 829	5 913	6 936	1 023
Bætur skv. lögum um fél aðst.	4 910	5 486	5 427	5 855	428
Vaxtabætur	3 950	4 180	4 180	4 285	105
Daggjaldastofnanir	3 432	3 870	3 733	4 055	322
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	4 074	3 755	3 856	3 964	108
Barnabætur	3 942	3 630	3 630	4 230	600
Fæðingarorlofssjóður	0	0	0	2 369	2 369
Atvinnuleysistryggingasjóður	1 860	2 370	1 770	2 180	410
Framlag til sókna og kirkjugarða	1 189	2 208	2 247	2 407	160
Lánasjóður Íslenskra námsmanna	1 780	1 910	1 910	2 150	240
Ríkisútvarpið	1 730	1 625	1 625	1 625	0
Aðrar- neyslu og rekstrartilf.	17 486	14 645	14 721	14 962	241
Neyslu og rekstrartilf. samtals	**77 890**	**77 619**	**78 799**	**85 387**	**6 588**
Fjármagnskostnaður	**15 332**	**13 400**	**14 200**	**13 000**	**-1 200**
Viðhald					
Vegagerðin	3 754	3 857	3 807	4 228	421
Annað	1 219	943	943	1 196	253
Viðhald samtals	**4 973**	**4 800**	**4 750**	**5 424**	**674**
Fjárfesting					
Vegagerðin	4 469	4 590	4 490	5 955	1 465
Heilbrigðisstofnanir	2 760	1 412	1 412	1 254	- 157
Háskólar og framhaldskólar	1 023	1 331	1 331	1 448	117
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	620	650	560	560	0
Flugvellir	457	583	583	613	30
Hafnarframkvæmdir	827	533	543	1 290	747
Ofanflóðasjóður	317	400	400	400	0
Annað	6 250	3 747	4 571	4 561	- 10
Fjárfesting samtals	**16 723**	**13 245**	**13 889**	**16 080**	**2 191**
Gjöld samtals	**199 003**	**193 159**	**198 532**	**209 970**	**11 439**

Tafla 5 **Skipting útgjalda ríkissjóðs eftir málaflokkum [1]**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1999	Fjárlög 2000	Áætlun 2000	Frumvarp 2001	Breyting milli ára 2000-2001
Almenn opinber þjónusta	11 233	11 071	12 127	11 548	- 579
Löggæsla og öryggismál	8 985	8 930	9 444	9 594	150
Fræðslumál	16 150	16 479	16 694	17 938	1 244
Heilbrigðismál	48 824	47 942	50 195	52 370	2 175
Almannatryggingar og velferðarmál	38 299	40 660	40 369	44 712	4 343
Húsnæðis-, skipulags- og hreinsunarmál	1 787	1 740	1 872	1 920	48
Menningar- og kirkjumál	7 638	7 828	8 096	8 308	212
Eldsneytis- og orkumál	1 619	1 764	1 780	1 824	44
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	11 510	11 081	11 111	12 373	1 262
Iðnaðarmál	714	578	674	599	- 76
Samgöngumál	11 924	12 547	12 499	15 181	2 682
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	3 284	3 360	3 527	3 505	- 22
Önnur útgjöld ríkissjóðs	37 036	29 179	30 144	30 100	- 45
Samtals	**199 003**	**193 159**	**198 532**	**209 970**	**11 439**

[1] Samkvæmt COFOG staðli, sem er alþjóðlegur staðall Sameinuðu þjóðanna (Classification of the Functions of Government).

Tafla 6 **Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta 2001**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Hagnaður Tap	Arður til ríkissjóðs	Fjárfesting	Lántökur
Happdrætti Háskóla Íslands	326,0	0,0	10,0	0,0
Ríkisútvarpið	0,0	0,0	200,0	0,0
Sinfóníuhljómsveit Íslands	- 30,0	0,0	0,0	0,0
Ratsjárstofnun	0,0	0,0	7,3	0,0
Umsýslustofnun varnarmála	6,0	5,0	0,0	0,0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	2 890,0	2 915,0	82,0	0,0
Alþjóðaflugþjónustan	0,0	0,0	108,0	150,0
Rafmagnsveitur ríkisins	- 157,0	212,0	850,0	0,0
Samtals	**3 035,0**	**3 132,0**	**1 257,3**	**150,0**

Tafla 7 **Fjárreiður lánastofnana í C-hluta 2001**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Hagnaður Tap	Arður til ríkissjóðs	Fjárfesting	Lántökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 031,0	3 540,0	16,0	2 900,0
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	- 31,0	0,0	0,0	0,0
Lánasjóður landbúnaðarins	- 8,5	1 800,0	0,0	1 800,0
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	448,0	0,0	0,0	850,0
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	1 234,0	31 875,0	5,0	31 500,0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúða	- 47,0	3 650,0	0,0	3 900,0
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	136,0	2 800,0	0,0	2 600,0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. -ríkis og -verkam.	- 793,0	0,0	5,0	7 500,0
Hafnabótasjóður	- 107,0	20,0	0,0	0,0
Ferðamálasjóður	5,5	190,0	0,0	100,0
Orkusjóður	- 50,5	45,0	0,0	0,0
Byggðastofnun	179,0	2 200,0	0,0	1 300,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	115,0	150,0	10,0	0,0
Samtals	**2 111,5**	**46 270,0**	**36,0**	**52 450,0**

Tafla 8 Veitt og tekin lán ríkissjóðs [1]

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	Áætlun 2000	Frumvarp 2001
Tekin lán	**137 530**	**166 116**	**195 569**	**213 924**	**232 585**	**239 246**	**241 566**	**237 764**	**225 968**	**214 058**	**190 976**
Seðlabanki Íslands	757	13	6	-	-	-	-	-	-	-	
Spariskírteini	46 175	51 793	60 796	69 008	74 140	73 889	84 424	82 865	82 618	70 187	69 097
Ríkisbréf	1 257	2 487	6 012	5 563	5 768	8 366	11 258	15 846	11 018	10 393	11 264
Ríkisvíxlar	8 244	12 545	13 742	14 630	16 406	15 811	12 296	15 209	9 899	12 000	12 000
Aðrir innlendir aðilar	13 144	12 005	12 709	11 090	9 010	8 962	6 960	6 526	4 297	2 738	2 710
Erlend lán	67 953	87 273	102 304	113 633	127 261	132 218	126 628	117 318	118 136	118 740	95 905
Lánveitingar	**63 091**	**67 700**	**64 968**	**69 066**	**77 266**	**71 023**	**69 309**	**86 496**	**107 152**	**97 700**	**88 000**
Veitt lán	37 902	41 654	46 875	55 469	64 134	63 663	65 278	64 739	69 347	68 700	60 000
Lán tengd innlendu verðlagi	22 071	22 644	26 405	36 965	45 176	50 565	52 885	53 215	57 699	-	-
Gengisbundin lán	15 831	19 010	20 470	18 504	18 958	13 098	12 393	11 524	11 648	-	-
Viðskiptareikningar, nettó	25 189	26 046	18 093	13 597	13 132	7 360	4 031	21 757	37 805	29 000	28 000
Nettó lántökur ríkissjóðs	**74 439**	**98 416**	**130 601**	**144 858**	**155 319**	**168 223**	**172 257**	**151 268**	**118 816**	**116 358**	**102 976**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	45,9	40,8	33,2	32,3	33,2	29,7	28,7	36,4	47,4	45,6	46,1
Hlutfall af VLF, % [2]											
Tekin lán	**33,9**	**41,4**	**47,1**	**48,6**	**51,3**	**49,2**	**45,8**	**41,1**	**35,7**	**31,4**	**26,4**
Þar af erlend lán	17,0	21,8	24,8	25,9	28,2	27,3	24,1	20,3	18,9	-	-
Veitt lán	**9,3**	**10,4**	**11,3**	**12,6**	**14,1**	**13,0**	**12,3**	**11,2**	**10,9**	**14,4**	**12,2**
Þar af gengisbundin lán	4,0	4,7	5,0	4,2	4,2	2,7	2,4	2,0	1,9	-	-
Viðskiptareikningar, nettó	6,1	6,5	4,3	3,1	2,9	1,5	0,8	3,7	5,9	-	-
Nettó lántökur ríkissjóðs	**18,5**	**24,5**	**31,5**	**32,9**	**34,3**	**34,6**	**32,7**	**26,2**	**19,0**	**17,1**	**14,3**

[1] Áfallnir ógreiddir vextir ríkissjóðs eru meðtaldir.

[2] Reiknað til meðalverðlags hvers árs með neysluverðsvísitölu og meðalgengi.

Tafla 9 **Skuldir og kröfur opinberra aðila [1]**

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	Áætlun 2000	Áætlun 2001
Heildarskuldir hins opinbera..	**154 183**	**185 639**	**220 084**	**245 071**	**267 611**	**274 447**	**279 351**	**280 460**	**272 123**	**263 698**	**244 131**
Innlendar skuldir	85 612	95 466	113 296	126 467	135 881	138 088	145 149	153 144	143 987	133 458	137 226
Erlendar skuldir	68 571	90 173	106 788	118 604	131 730	136 359	134 202	127 316	128 136	130 240	106 905
Kröfur hins opinbera	**74 931**	**79 127**	**76 905**	**79 577**	**88 313**	**82 925**	**82 820**	**99 746**	**121 987**	**113 166**	**103 226**
Veitt lán	44 546	48 346	54 091	61 559	70 760	71 249	74 449	74 482	79 682	79 666	70 726
Skatta- og viðskiptakröfur	30 385	30 781	22 814	18 018	17 553	11 676	8 371	25 264	42 305	33 500	32 500
Hreinar skuldir hins opinbera	**79 252**	**106 512**	**143 180**	**165 494**	**179 298**	**191 522**	**196 531**	**180 713**	**150 136**	**150 532**	**140 905**
Ríkissjóður	74 439	98 417	130 602	144 858	155 390	168 224	172 256	151 297	118 815	116 379	103 906
Bæjar- og sveitarfélög	7 288	10 194	14 552	22 185	25 130	24 190	25 038	30 089	31 926	34 697	37 489
Almannatryggingar	-2 475	-2 099	-1 974	-1 549	-1 222	- 892	- 763	- 672	- 605	- 544	- 490
Raunvirði opinberra skulda, verðlag 1998 [2]											
Heildarskuldir hins opinbera	198 058	232 987	246 543	261 883	279 595	280 731	282 828	280 460	263 949	249 898	222 105
Hreinar skuldir hins opinbera	102 839	134 047	160 515	176 805	187 289	195 893	198 944	180 713	145 656	142 704	128 702
Hlutfall af VLF, %											
Skuldir hins opinbera	**38,6**	**46,4**	**53,4**	**55,8**	**59,3**	**56,7**	**53,2**	**48,6**	**43,6**	**38,8**	**33,8**
Innlendar skuldir	21,4	23,8	27,5	28,8	30,1	28,5	27,7	26,5	23,1	19,7	19,0
Erlendar skuldir	17,2	22,5	25,9	27,0	29,2	28,2	25,6	22,0	20,5	19,2	14,8
Kröfur hins opinbera	**18,8**	**19,8**	**18,7**	**18,1**	**19,6**	**17,1**	**15,8**	**17,3**	**19,5**	**16,7**	**14,3**
Hreinar skuldir hins opinbera	**19,9**	**26,6**	**34,7**	**37,7**	**39,7**	**39,6**	**37,5**	**31,3**	**24,0**	**22,2**	**19,5**

[1] Skilgreining á opinberum aðilum tekur mið af alþjóðlegum stöðlum (SNA) og miðast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarfélög og almannatryggingar. Tekið hefur verið tillit til innbyrðis lánveitinga opinberra aðila.

[2] Innlendar skuldir eru færðar til fasts verðlags miðað við neysluverðsvísitölu, en erlendar skuldir miðað við erlent verðlag og meðalgengi.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 10 **Verðlags- og launaþróun**

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	Bráðab. 1999	Áætlun 2000	Spá 2001
Vísitölur (1990 = 100)											
Neysluverðsvísitala	106,8	110,8	115,3	117,0	119,0	121,7	123,9	126,0	130,2	136,8	142,2
Byggingarvísitala	107,9	110,9	113,3	116,2	119,8	125,3	131,2	135,9	139,0	143,5	149,5
Launavísitalan	108,3	111,5	113,1	114,4	119,6	127,2	134,2	146,8	156,7	167,2	178,1
Meðalverð erlendra gjaldmiðla [1]	100,0	100,5	108,9	114,5	113,6	113,9	112,4	110,6	111,1	108,9	110,5
Verðvísitala samneyslu	108,3	112,3	115,9	117,8	122,4	129,3	134,7	148,2	159,0	169,5	179,0
Verðvísitala einkaneyslu	106,9	111,9	117,1	118,9	121,1	123,9	126,1	128,2	132,3	139,0	144,7
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	107,8	111,7	114,5	116,8	120,5	122,8	127,0	133,7	138,2	145,0	151,8
Ráðstöfunartekjur á mann	109,5	110,9	108,6	110,2	115,5	121,6	130,0	141,7	153,2	163,3	172,5
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	102,5	100,2	94,2	94,2	97,0	99,9	104,9	112,5	117,5	119,3	121,1
Breyting milli ára, %											
Neysluverðsvísitala	6,8	3,7	4,1	1,5	1,7	2,3	1,8	1,7	3,4	5,0	4,0
Byggingarvísitala	7,9	2,8	2,1	2,6	3,1	4,6	4,7	3,6	2,3	3,2	4,2
Launavísitalan	8,3	2,9	1,4	1,2	4,5	6,4	5,4	9,4	6,8	6,7	6,5
Meðalverð erlendra gjaldmiðla [1]	-	0,5	8,3	5,2	-0,8	0,2	-1,3	-1,6	0,5	-2,0	1,5
Verðvísitala samneyslu	8,3	3,7	3,2	1,7	3,9	5,6	4,2	10,0	7,3	6,6	5,6
Verðvísitala einkaneyslu	6,9	4,7	4,6	1,6	1,8	2,3	1,8	1,7	3,2	5,0	4,1
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	7,8	3,6	2,5	2,0	3,2	1,9	3,4	5,3	3,4	4,9	4,7
Ráðstöfunartekjur á mann	9,5	1,3	-2,1	1,5	4,8	5,3	6,9	9,0	8,1	6,6	5,6
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	2,5	-2,3	-6,0	0,0	3,0	3,0	5,0	7,2	4,5	1,5	1,5

[1] Miðað við viðskiptavog

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 11 Þjóðhagsyfirlit

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	Áætlun 2000	Spá 2001
Einkaneysla	239 517	240 278	237 402	247 821	258 215	278 656	299 389	332 613	367 252	400 992	428 263
Samneysla	81 501	83 927	88 618	93 823	98 961	105 563	112 775	127 754	143 119	157 834	171 675
Fjárfesting	83 940	76 885	71 776	74 398	75 387	97 867	109 506	142 226	142 164	160 736	162 679
Neysla og fjárfesting alls	404 958	401 090	397 796	416 042	432 562	482 086	521 670	602 592	652 535	719 562	762 617
Birgðabreytingar	- 891	- 486	1 016	- 26	2 285	-1 202	- 222	1 143	139	-	-
Þjóðarútgjöld alls	**404 067**	**400 604**	**398 812**	**416 016**	**434 847**	**480 884**	**521 448**	**603 736**	**652 674**	**719 562**	**762 617**
Útflutningur vöru og þjónustu	125 671	121 597	135 694	157 436	161 250	176 836	190 948	203 726	214 363	221 062	227 262
Innflutningur vöru og þjónustu	130 491	121 784	122 466	134 631	144 725	173 755	187 717	230 055	242 432	261 565	267 669
Verg landsframleiðsla	**399 247**	**400 417**	**412 040**	**438 821**	**451 372**	**483 964**	**524 679**	**577 407**	**624 605**	**679 059**	**722 211**
Verg þjóðarframleiðsla	**388 593**	**391 465**	**402 149**	**425 187**	**438 882**	**473 237**	**512 787**	**566 282**	**612 961**	**666 131**	**706 292**
Magnbreytingar milli ára, %											
Einkaneysla	2,9	-3,1	-4,7	2,9	2,2	5,4	5,5	10,0	6,9	4,0	2,6
Samneysla	3,1	-0,7	2,3	4,0	1,8	1,2	2,5	3,4	4,9	3,5	3,0
Fjármunamyndun	3,3	-11,1	-10,7	0,6	-1,1	25,7	9,6	26,6	-0,8	11,1	-1,5
Þjóðarútgjöld alls	**4,5**	**-4,6**	**-4,2**	**2,5**	**2,2**	**7,2**	**5,7**	**12,3**	**4,7**	**5,3**	**1,7**
Útflutningur vöru og þjónustu	-5,9	-1,9	7,0	9,9	-2,1	9,9	5,7	2,2	5,5	2,6	-0,9
Innflutningur vöru og þjónustu	5,3	-5,9	-7,7	4,2	4,0	16,7	8,5	23,3	6,1	7,0	-0,3
Verg landsframleiðsla	**0,7**	**-3,3**	**0,6**	**4,5**	**0,1**	**5,2**	**4,8**	**4,5**	**4,4**	**3,6**	**1,6**
Verg þjóðarframleiðsla	**1,5**	**-3,3**	**0,9**	**3,0**	**1,5**	**6,4**	**5,2**	**4,7**	**4,4**	**3,5**	**1,3**
Vergar þjóðartekjur	**2,6**	**-3,0**	**-1,0**	**3,7**	**0,8**	**4,6**	**5,8**	**6,7**	**4,6**	**3,6**	**1,6**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 12 **Greiðslujöfnuður við útlönd**

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	Áætlun 2000	Spá 2001
Vöruskiptajöfnuður	**-3 079**	**- 76**	**12 268**	**19 661**	**13 356**	**1 201**	**254**	**-25 019**	**-22 374**	**-32 595**	**-32 310**
Útfluttar vörur	**91 560**	**87 833**	**94 658**	**112 654**	**116 607**	**125 690**	**131 213**	**136 592**	**144 957**	**146 109**	**146 761**
Sjávarafurðir	73 236	69 881	74 571	84 838	86 694	92 056	93 648	99 233	97 682	95 729	91 719
Ál og kísiljárn	9 841	9 710	10 619	13 523	15 746	16 468	18 906	22 347	25 807	29 235	33 397
Annað	8 483	8 242	9 468	14 293	14 167	17 165	18 659	15 012	21 468	21 145	21 646
Innfluttar vörur	**94 639**	**87 909**	**82 390**	**92 993**	**103 251**	**124 489**	**130 959**	**161 611**	**167 331**	**178 704**	**179 071**
Sérstakur vöruinnflutningur	13 107	12 237	7 086	9 441	9 536	12 628	15 392	24 543	23 893	28 566	25 135
Almennur innflutningur	81 532	75 672	75 304	83 552	93 715	111 861	115 567	137 068	143 438	150 138	153 935
Þar af olía	7 406	7 088	7 357	7 237	6 981	9 192	9 408	7 572	8 601	13 407	12 629
Þjónustujöfnuður	**-2 283**	**- 619**	**211**	**2 185**	**3 169**	**1 880**	**2 975**	**-1 310**	**-5 695**	**-7 908**	**-8 097**
Þjónustutekjur	33 383	33 415	40 314	43 824	44 643	51 146	59 732	67 134	69 406	74 953	80 502
Þjónustugjöld	35 666	34 034	40 103	41 639	41 474	49 266	56 757	68 444	75 101	82 861	88 598
Jöfnuður þáttatekna o.fl.	**-12 686**	**-11 305**	**-12 142**	**-13 462**	**-12 856**	**-11 191**	**-10 849**	**-12 128**	**-12 370**	**-13 532**	**-16 541**
Viðskiptajöfnuður	**-18 048**	**-12 000**	**337**	**8 384**	**3 669**	**-8 110**	**-7 620**	**-38 457**	**-40 439**	**-54 035**	**-56 948**
Sem hlutfall af landsframleiðslu, %	-4,6	-3,0	0,1	1,9	0,8	-1,7	-1,5	-6,7	-6,5	-8,0	-7,9

Heimild: Þjóðhagsstofnun og Seðlabanki Íslands.

Tafla 13 **Útlánaþróun og vextir**

Stöðutölur í milljónum króna	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	Jan.-júní 1999	Jan.-júní 2000
Útlánaflokkun lánakerfisins (eignir)											
Ríkissjóður og -stofnanir	83 518	94 123	118 487	129 488	151 462	155 704	156 923	154 588	148 726	142 121	113 884
Bæjar- og sveitarfélög	25 612	28 650	33 527	36 884	41 273	43 103	43 924	54 833	61 427	53 006	65 243
Atvinnufyrirtæki	285 168	313 747	334 652	329 743	327 160	361 410	423 169	514 423	647 596	573 359	735 503
Heimili	211 270	237 367	262 519	289 054	317 914	350 947	386 246	442 560	510 936	470 937	560 417
Alls	605 568	673 887	749 185	785 169	837 809	911 164	1010 262	1166 404	1368 685	1239 423	1475 047
Breyting milli ára (%)											
Ríkissjóður og -stofnanir	23,8	12,7	25,9	9,3	17,0	2,8	0,8	-1,5	-3,8	-4,4	-19,9
Bæjar- og sveitarfélög	12,9	11,9	17,0	10,0	11,9	4,4	1,9	24,8	12,0	-13,7	23,1
Atvinnufyrirtæki	8,0	10,0	6,7	-1,5	-0,8	10,5	17,1	21,6	25,9	-11,5	28,3
Heimili	23,7	12,4	10,6	10,1	10,0	10,4	10,1	14,6	15,5	-7,8	19,0
Alls	15,4	11,3	11,2	4,8	6,7	8,8	10,9	15,5	17,3	-9,4	19,0
Breytingar innan árs (%)											
M1 með vöxtum (M1=Peningamagn)	19,9	1,3	5,4	10,7	9,6	8,5	16,4	20,3	21,1	24,3	1,9
M3 með vöxtum (M3=Peningamagn og sparifé	14,4	3,8	6,5	2,3	2,2	6,8	8,7	15,2	17,3	15,2	5,1
Útlán og markaðsverðbréf lánakerfisins	11,5	11,3	11,2	4,8	5,9	8,3	11,3	15,1	17,4	8,1	7,2
Útlán innlánsstofnana	11,6	5,3	5,0	-1,3	0,0	11,8	12,7	30,5	23,5	11,9	15,1
Meðaltöl (%)											
Endurhverf verðbréfakaup	20,4	12,5	8,4	5,3	6,9	6,6	6,9	7,3	8,3	7,9	10,0
1-3 mán. ríkisvíxlar á Verðbréfaþingi	-	-	8,3	4,7	7,1	6,8	6,9	7,3	7,9	7,8	10,4
5 ára ríkisbréf á Verðbréfaþingi (óvtr)	-	-	-	-	-	9,2	8,7	7,7	8,4	[1] 7,9	10,6
Spariskírteini á Verðbréfaþingi (vtr)	8,1	7,4	6,7	5,0	5,6	5,5	5,3	4,7	4,4	4,3	4,9
Húsbréf á Verðbréfaþingi (vtr)	8,3	7,5	7,1	5,3	5,9	5,6	5,5	4,9	4,5	4,5	5,3
Munur á skammtímavöxtum á Íslandi og erlendis				-0,4	1,6	2,5	2,7	2,9	5,0	4,2	6,0

[1] Meðalkaupkrafa.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 14 **Fjármunamyndun**

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar [1] frá fyrra ári %			
	1998	Bráðab. 1999	Áætlun 2000	Spá 2001	1998	Bráðab. 1999	Áætlun 2000	Spá 2001
Fjárfesting alls	**142 225**	**142 163**	**160 736**	**162 679**	**26,6**	**-0,8**	**11,1**	**-1,5**
I Atvinnuvegir	**101 896**	**99 671**	**114 000**	**111 738**	**38,0**	**-2,5**	**13,1**	**-3,8**
Landbúnaður	3 425	3 400	3 700	3 700	15,9	-2,5	7,4	-3,4
Fiskveiðar	4 874	2 400	8 100	6 000	173,2	-50,9	234,9	-26,8
Vinnsla sjávarafurða	5 250	4 500	4 500	4 500	22,6	-15,8	-1,9	-3,7
Ál- og kísiljárnframleiðsla	10 831	5 000	6 000	4 000	-4,5	-54,6	18,6	-35,6
Annar iðnaður	10 658	10 450	11 000	11 100	21,5	-3,4	4,3	-2,4
Rafvirkjanir og rafveitur	14 430	13 000	8 500	8 000	81,6	-11,4	-36,1	-9,6
Hitaveitur	2 129	2 300	2 000	2 100	98,9	5,6	-16,8	0,0
Vatnsveitur	791	800	800	850	11,9	-1,2	-4,3	0,0
Byggingarstarfsemi o.fl.	4 368	3 500	4 100	3 800	34,5	-20,7	16,6	-6,8
Verslunar og skrifstofuhúsn. o.fl	7 500	12 000	13 500	15 300	1,5	60,7	7,7	7,9
Samgöngur	18 006	17 950	24 130	21 000	100,4	-4,8	35,7	-14,8
Póstur, sími, útvarp og sjónvarp	4 700	6 300	7 000	7 500	64,2	31,9	9,8	7,1
Tölvu- og skrifstofubúnaður	14 934	18 071	20 670	23 888	21,9	24,5	14,4	13,4
II Íbúðarhús	**21 768**	**22 327**	**24 266**	**26 496**	**1,1**	**0,3**	**5,0**	**4,5**
III Starfsemi hins opinbera	**18 561**	**20 165**	**22 470**	**24 445**	**8,3**	**7,2**	**7,7**	**4,1**
Vegir og brýr	3 675	4 065	4 940	5 870	1,2	10,6	17,4	13,7
Götur og holræsi	3 886	4 300	4 655	5 120	-0,6	10,7	4,6	5,3
Byggingar hins opinbera	11 000	11 800	12 875	13 455	14,5	4,9	5,4	0,0
Fjárfesting, sparnaður og viðskiptajöfnuður sem hlutfall af VLF, %								
Þjóðhagslegur sparnaður	18,1	16,2	15,7	14,6	-	-	-	-
Heildarfjárfesting	24,6	22,7	23,7	22,5	-	-	-	-
Birgðabreytingar	0,2	0,0	-	-	-	-	-	-
Mismunur=viðskiptajöfnuður	**-6,7**	**-6,5**	**-8,0**	**-7,9**	-	-	-	-

1) Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 15 **Opinberar framkvæmdir**

Milljónir króna	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	Bráðab. 1999	Áætlun 2000	Spá 2001
Verðlag hvers árs:											
Vegir og brýr	2 602	2 641	4 442	3 982	3 546	3 268	3 485	3 675	4 065	4 940	5 870
Götur og holræsi	3 373	3 156	3 290	3 548	2 690	2 887	3 752	3 886	4 300	4 655	5 120
Skólar og íþróttamannvirki	2 950	3 220	4 085	4 200	3 900	4 100	4 500	6 000	6 500	7 200	7 500
Sjúkrahús	1 920	1 680	1 559	1 540	1 450	1 250	1 200	1 250	1 500	2 000	2 200
Félagsheimili og kirkjur	280	720	668	460	715	685	780	700	800	800	800
Aðrar byggingar hins opinbera	3 650	3 150	2 988	2 900	2 735	2 700	2 800	3 050	3 000	2 875	2 955
Samtals	**14 775**	**14 567**	**17 032**	**16 630**	**15 036**	**14 890**	**16 517**	**18 561**	**20 165**	**22 470**	**24 445**
Verðlag 1998:											
Vegir og brýr	3 208	3 142	5 155	4 530	3 927	3 551	3 666	3 675	4 011	4 711	5 357
Götur og holræsi	4 158	3 755	3 818	4 037	2 979	3 137	3 947	3 886	4 243	4 439	4 672
Skólar og íþróttamannvirki	3 637	3 831	4 741	4 778	4 319	4 456	4 734	6 000	6 414	6 867	6 844
Sjúkrahús	2 367	1 999	1 809	1 752	1 606	1 358	1 262	1 250	1 480	1 907	2 008
Félagsheimili og kirkjur	345	857	775	523	792	744	821	700	789	763	730
Aðrar byggingar hins opinbera	4 500	3 748	3 468	3 299	3 029	2 934	2 946	3 050	2 960	2 742	2 697
Samtals	**18 215**	**17 331**	**19 767**	**18 920**	**16 650**	**16 181**	**17 376**	**18 561**	**19 897**	**21 429**	**22 308**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 2001.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000.)

Seinni hluti:
Lagagreinar og athugasemdir

STEINDÓRSPRENT GUTENBERG
ISSN 1607-8136

Efnisyfirlit fyrri og seinni hluta

Fyrri hluti: Stefna og horfur

	Bls.
Inngangur	3
1. Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga	5
2. Helstu þættir ríkisfjármála	10
3. Framvinda og horfur í efnahagsmálum	18
Fylgiskjal: Töfluviðauki	47

Seinni hluti: Lagagreinar og athugasemdir

	Bls.
Efnisyfirlit fyrri- og seinni hluta	67
A-hluti Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana	
1. gr. Rekstraryfirlit ríkissjóðs	69
2. gr. Sjóðstreymi ríkissjóðs	70
B-hluti Fjárreiður ríkisfyrirtækja	
3. gr. Fjárreiður ríkisfyrirtækja	71
C-hluti Fjárreiður lánastofnana	
4. gr. Fjárreiður lánastofnana	72
Ýmis ákvæði	
5. gr. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir	73
6. gr. Skerðingarákvæði	75
7. gr. Heimildir	76
Sundurliðanir	
1. Tekjur A-hluta	82
2. Fjármál ríkisaðila í A-hluta	87
3. Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta	251
4. Fjármál lánastofnana í C-hluta	259

Séryfirlit

1. Málaflokkar gjalda í A-hluta 272
2. Hagræn skipting gjalda í A-hluta 277
3. Markaðar tekjur 278
4. Aðrar rekstrartekjur stofnana 284
5. Lögbundin framlög 289

Athugasemdir

Inngangur 291
1. Yfirlit ríkisfjármála 293
2. Tekjur A-hluta 296
3. Gjöld A-hluta 306
4. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta 479
5. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta 484
6. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir 493
7. Skerðingarákvæði 500
8. Heimildir 501
9. Yfirlit yfir lagabreytingar 503

Atriðisorðaskrá 505

Vefsetur fjárlaga: www.stjr.is/fjr/fjarlog

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Árið 2001 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**214.555,0**	**201.999,0**
Skattar á tekjur einstaklinga	49.570,0	47.460,0
Skattar á tekjur lögaðila	12.440,0	11.230,0
Tryggingagjöld	19.734,0	19.133,0
Eignarskattar	10.686,0	10.456,0
Virðisaukaskattur	80.230,0	72.210,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	40.000,5	39.620,5
Skattar ótaldir annars staðar	1.894,5	1.889,5
Aðrar rekstrartekjur	**17.619,6**	**13.875,6**
Arðgreiðslur	1.978,0	1.898,0
Vaxtatekjur	10.445,0	6.787,0
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	5.196,6	5.190,6
Sala eigna	7.316,0	7.316,0
Fjárframlög	809,4	809,4
Tekjur samtals	**240.300,0**	**224.000,0**
Æðsta stjórn ríkisins	1.962,6	1.962,6
Forsætisráðuneyti	1.022,6	1.022,6
Menntamálaráðuneyti	23.208,2	23.204,3
Utanríkisráðuneyti	4.059,8	4.163,9
Landbúnaðarráðuneyti	10.249,7	10.249,7
Sjávarútvegsráðuneyti	2.467,2	2.467,2
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	11.716,9	11.716,9
Félagsmálaráðuneyti	13.902,1	13.902,1
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	78.857,0	78.832,0
Fjármálaráðuneyti	27.024,3	19.350,4
Samgönguráðuneyti	15.207,9	15.694,2
Iðnaðarráðuneyti	2.584,5	2.584,5
Viðskiptaráðuneyti	1.319,3	1.319,3
Hagstofa Íslands	349,5	349,5
Umhverfisráðuneyti	3.038,4	3.038,4
Vaxtagjöld ríkissjóðs	13.000,0	12.200,0
Gjöld samtals	**209.970,0**	**202.057,6**
Tekjujöfnuður	**30.330,0**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Árið 2001 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

m.kr.	
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	30.330,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-6.690,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-8.450,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-600,0
Handbært fé frá rekstri	**14.590,0**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-400,0
Veitt löng lán	-4.100,0
Afborganir veittra lána	15.650,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-300,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	9.300,0
Fjármunahreyfingar samtals	**20.150,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**34.740,0**
Fjármögnun	
Skammtímalán	0,0
Tekin löng lán	1.200,0
Afborganir lána	-32.730,0
Fjármögnun samtals	**-31.530,0**
Breyting á handbæru fé	**3.210,0**

B-hluti
Fjárreiður ríkisfyrirtækja

3. gr.

Árið 2001 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

m.kr.	Hagnaður tap	Arður til ríkissj.	Fjár-festing	Lán-tökur
Happdrætti Háskóla Íslands	326,0	0,0	10,0	0,0
Ríkisútvarpið	0,0	0,0	200,0	0,0
Sinfóníuhljómsveit Íslands	-30,0	0,0	0,0	0,0
Ratsjárstofnun	0,0	0,0	7,3	0,0
Umsýslustofnun varnarmála	6,0	5,0	0,0	0,0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	2.890,0	2.915,0	82,0	0,0
Alþjóðaflugþjónustan	0,0	0,0	108,0	150,0
Rafmagnsveitur ríkisins	-157,0	212,0	850,0	0
Samtals	**3.035,0**	**3.132,0**	**1.257,3**	**150,0**

C-hluti
Fjárreiður lánastofnana

4. gr.

Árið 2001 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

m.kr.	Hagnaður tap	Veitt lán	Fjár-festing	Lán-tökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.031,0	3.540,0	16,0	3.100,0
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	-31,0	0,0	0,0	0,0
Lánasjóður landbúnaðarins	-8,5	1.800,0	0,0	1.800,0
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	448,0	0,0	0,0	850,0
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	1.234,0	31.875,0	5,0	31.500,0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	-47,0	3.650,0	0,0	3.900,0
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	136,0	2.800,0	0,0	2.600,0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. -ríkis og -verkam.	-793,0	0,0	5,0	7.500,0
Hafnabótasjóður	-107,0	20,0	0,0	0,0
Ferðamálasjóður	5,5	190,0	0,0	100,0
Orkusjóður	-50,5	45,0	0,0	0,0
Byggðastofnun	179,0	2.200	0,0	1.300,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	115,0	150,0	10,0	0,0
Samtals	**2.111,5**	**46.270,0**	**36,0**	**52.650,0**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

5. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 1.200 m.kr. og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Að endurlána allt að 4.100 m.kr. til eftirtalinna aðila:
   - 2.1 Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 3.100 m.kr.
   - 2.2 Þróunarsjóðs sjávarútvegsins allt að 850 m.kr.
   - 2.3 Alþjóðaflugþjónustunnar allt að 150 m.kr.

3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 2001 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í liðum 3.1 til 3.8, sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins:
   - 3.1 Landsvirkjun, allt að 14.200 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
   - 3.2 Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs, allt að 31.500 m.kr., sbr. 10. og 17. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   - 3.3 Íbúðalánasjóði til lána vegna leiguíbúða, allt að 3.900 m.kr., sbr. 10. og 33. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál.
   - 3.4 Íbúðalánasjóði til endurfjármögnunar á skuldum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, allt að 7.500 m.kr., sbr. 10. og 53. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   - 3.5 Íbúðalánasjóði til viðbótarlána sem sjóðnum er ætlað að fjármagna, allt að 2.600 m.kr., sbr. 10. og 30. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál.
   - 3.6 Lánasjóði landbúnaðarins, allt að 1.800 m.kr., sbr. 2. gr. laga nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins.
   - 3.7 Byggðastofnun, allt að 1.300 m.kr., sbr. 27. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.
   - 3.8 Ferðamálasjóði, allt að 100 m.kr., sbr. 27. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, með áorðnum breytingum.

4. Ýmis ákvæði.

4.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.

4.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.

4.3 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:

a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;

b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;

c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

4.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 4.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Ýmis ákvæði

Skerðingarákvæði

6. gr.

Skerðingarákvæði í samræmi við ákvæði annarra greina.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. 3.-6. gr., laga nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum, skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 480 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 2001.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, skulu tekjur af erfðafjárskatti á árinu 2001 umfram 235 m.kr. renna í ríkissjóð.

3. Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, greiðist á árinu 2001 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu samkvæmt 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr.

Ýmis ákvæði

Heimildir

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

1.1 Að fella niður eða endurgreiða toll og vörugjald af sæsímastrengjum milli Íslands og annarra landa. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

1.2 Að fella niður eða endurgreiða tolla, vörugjald og virðisaukaskatt af byggingarefni, vélum, tækjum og búnaði sem keypt er í tengslum við stækkun og breytingar á Flugstöð Leifs Eiríkssonar, svo og að endurgreiða virðisaukaskatt af vinnu manna í tengslum við framkvæmdirnar.

Sala húsnæðis

2.1 Að selja fasteignina Blesugróf 27, Reykjavík, og nota andvirði hennar til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir fullorðinsfræðslu fatlaðra.

2.2 Að selja fasteignina Drekavog 16, Reykjavík, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.

2.3 Að selja fasteignina Sæbraut 2, Seltjarnarnesi, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.

2.4 Að selja skrifstofuhúsnæði embættis sýslumanns við Auðbrekku 10, Kópavogi.

2.5 Að selja húsnæði lögreglunnar í Keflavík, Hringbraut 130, Keflavík, og kaupa annað hentugra.

2.6 Að selja skrifstofuhúsnæði embættis sýslumanns við Aðalgötu 7, Stykkishólmi.

2.7 Að selja geymsluhúsnæði embættis sýslumanns við Skúlagötu 10, Stykkishólmi.

2.8 Að selja flugafgreiðslu á Holtsflugvelli, Önundarfirði.

2.9 Að selja húseignirnar Sundstræti 28 og Árholt 5, Ísafirði.

2.10 Að selja fasteignina að Urðarvegi 78, Ísafirði, og ráðstafa andvirði hennar á vegáætlun.

2.11 Að selja húsnæði lögreglunnar við Vesturgötu 17, Ólafsfirði, og kaupa annað hentugra.

2.12 Að selja húsnæði lögreglunnar á Þórshöfn og kaupa annað hentugra.

2.13 Að selja prestssetrið Ránarbraut 1, Grindavík.

2.14 Að selja fasteign Rafmagnsveitu ríkisins að Gunnarsbraut 4-6, Dalvík.

2.15 Að selja aðveitustöðvarhús Rafmagnsveitu ríkisins í Reykjahlíð við Mývatn.

2.16 Að selja íbúðarhús Rafmagnsveitu ríkisins að Koltröð 21, Egilsstöðum.

2.17 Að selja húsnæði heilsugæslulæknisins að Hrísbraut 11, Höfn í Hornafirði, og kaupa annað hentugra húsnæði.

2.18 Að selja tvær íbúðir hjúkrunarfræðinga að Garðsbrún 2, Höfn í Hornafirði, og kaupa annað hentugra húsnæði.

2.19 Að selja húsnæði heilsugæslunnar í Hveragerði að Breiðamörk 15 og nota andvirðið til kaupa á nýju húsnæði fyrir heilsugæsluna.

2.20 Að selja prestssetrið Bólstað, Bólstaðarhlíðarhreppi, Húnavatnsprófastsdæmi.

2.21 Að selja íbúðarhúsið Austurveg 8, Hrísey, Eyjafjarðarsýslu, og verja andvirðinu til uppbyggingar einangrunarstöðvar gæludýra í Hrísey.

2.22 Að selja íbúðarhús að Hálsi 2, Suður-Þingeyjarsýslu, Þingeyjarprófastsdæmi.

2.23 Að selja dýralæknisbústaði og verja hluta af andvirði þeirra til kaupa á húsnæði fyrir dýralæknamiðstöðvar í héruðum þar sem það er talið hagkvæmt.
2.24 Að selja fasteignirnar Tjarnarbraut 39a, 39b og 39c, Egilsstöðum, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.25 Að selja fasteignina Hrísalund 1b, Akureyri, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.26 Að selja eða semja við sveitarfélög eða ferðamálasamtök um yfirtöku á snyrtiaðstöðu fyrir ferðamenn.
2.27 Að selja flugafgreiðslu á Kópaskersflugvelli.
2.28 Að selja flugafgreiðslu á Breiðdalsvíkurflugvelli.
2.29 Að selja flugafgreiðslu á Raufarhöfn.
2.30 Að selja skrifstofuhúsnæði á Ólafsvíkurflugvelli.
2.31 Að selja eignir Flugmálastjórnar við Nauthólsvík, Reykjavík.
2.32 Að selja núverandi skrifstofuhúsnæði Ríkisspítalanna að Rauðarárstíg 31, Reykjavík.
2.33 Að selja þjónustuhús Ferðamálaráðs við Gullfoss, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.
2.34 Að selja fasteignina Skólabrú 2, Reykjavík.

Sala eignarhluta í húsnæði

3.1 Að selja eignarhlut Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðarinnar í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.
3.2 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í læknisbústað að Urðargötu 17, Patreksfirði.
3.3 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 41, Húsavík, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðisstofnuninni á Húsavík.
3.4 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 71, Húsavík, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðisstofnuninni á Húsavík.
3.5 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í gamla sjúkrahúsinu á Seyðisfirði eða semja um hugsanlega yfirtöku eignarinnar.
3.6 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fjölbýlishúsinu Miðgarður 4, Egilsstöðum.
3.7 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í læknisbústað að Þrúðvangi 22, Hellu, og verja andvirðinu til kaupa á hentugra húsnæði.
3.8 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Fossheiði 54, Selfossi.
3.9 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í starfsaðstöðu sýslumannsins á Akureyri í ráðhúsinu við Goðabraut, Dalvík, og kaupa annað hentugra húsnæði.
3.10 Að selja eignarhlut ríkisins í Heilsuverndarstöðinni í Reykjavík.
3.11 Að selja íbúðablokk við Kópavogsbraut, Kópavogi, sem nú er nýtt fyrir fatlaða.
3.12 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.13 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í félagsheimilum sem ekki eru lengur notuð sem slík og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.14 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólahalds og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.

Sala lóða og jarða

4.1 Að selja spildur úr landi Keldna og Keldnaholts og verja hluta andvirðisins til eflingar vísindarannsóknum.
4.2 Að selja spildur úr landi Útskála, Kjalarnesprófastsdæmi.
4.3 Að selja jörðina Hólsland, Eyja- og Miklaholtshreppi, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.
4.4 Að selja jörðina Framnes, Kaldrananeshreppi, Strandasýslu.
4.5 Að selja jörðina Lyngholt, Bæjarhreppi, Strandasýslu.
4.6 Að selja jörðina Geitafell, Húnaþingi vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.
4.7 Að selja jörðina Nýrækt, Skagafirði, Skagafjarðarsýslu.
4.8 Að selja jörðina Þverá, Ólafsfirði, Eyjafjarðarsýslu.
4.9 Að selja jörðina Blábjörg, Djúpavogshreppi, Suður-Múlasýslu.
4.10 Að selja jörðina Krók, Austur-Skaftafellssýslu.
4.11 Að selja jörðina Digurholt, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.
4.12 Að selja jörðina Ytri-Lynga II, Skaftárhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.
4.13 Að selja jörðina Kotmúla, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
4.14 Að selja hluta af jörðinni Björnskoti, Skeiðahreppi, Árnessýslu.
4.15 Að selja hluta af jörðinni Norðurgarði, Skeiðahreppi, Árnessýslu.
4.16 Að selja jörðina Gufudal, Ölfusi, Árnessýslu.
4.17 Að selja jörðina Gufudal II, Ölfusi, Árnessýslu.
4.18 Að selja jörðina Reykjakot, Ölfusi, Árnessýslu.
4.19 Að selja jörðina Minni-Ólafsvelli, Skeiðahreppi, Árnessýslu.
4.20 Að selja hluta af jörðinni Reykjum, Ölfusi, Árnessýslu.
4.21 Að selja jörðina Hjalla, Reykdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.22 Að selja jörðina Eyjar II, Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.
4.23 Að selja jörðina Gröf, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsýslu.
4.24 Að selja jörðina Kirkjubæ, Tunguhreppi, Norður-Múlasýslu.
4.25 Að selja jörðina Hrærekslæk, Tunguhreppi, Norður-Múlasýslu.
4.26 Að selja jörðina Hræringsstaði, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsýslu.
4.27 Að selja jörðina Iðunnarstaði, Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu.
4.28 Að selja jörðina Kvígsstaði, Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu, og verja andvirðinu í þágu landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.
4.29 Að selja jörðina Leiti, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.
4.30 Að selja jörðina Lynghaga, Hvolhreppi, Rangárvallasýslu.
4.31 Að selja jörðina Eystri-Torfastaði, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
4.32 Að selja jörðina Kvoslæk, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
4.33 Að selja jörðina Svínhaga, Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu.
4.34 Að selja hluta af jörðinni Hrólfsstaðahelli, Holta- og Landsveit, Rangárvallasýslu.
4.35 Að selja hluta af jörðinni Húsagarði, Holta- og Landsveit, Rangárvallasýslu.
4.36 Að selja hluta af jörðinni Kálfholti, Ásahreppi, Rangárvallasýslu.
4.37 Að selja jörðina Ása, Saurbæjarhreppi, Dalasýslu.
4.38 Að selja jörðina Bárustaði, Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu, og verja andvirðinu í þágu landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.
4.39 Að selja prestssetursjörðina Ása í Skaftártungu, Skaftafellsprófastsdæmi.
4.40 Að selja prestssetursjörðina Vatnsfjörð, Ísafjarðarprófastsdæmi.
4.41 Að selja landspildur úr jörðinni Mosfelli, Mosfellsdal, Kjalarnesprófastsdæmi.

4.42 Að semja um makaskipti á landspildum við Litla-Hraun, Eyrarbakka, Árnessýslu.
4.43 Að selja prestssetursjörðina Bergþórshvol í Vestur-Landeyjum, Rangárvallaprófastsdæmi.
4.44 Að selja jörðina Setberg, Dalabyggð, Dalasýslu.
4.45 Að selja jörðina Straum, Dalabyggð, Dalasýslu.

Sala hlutabréfa

5.1 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Íslenskum aðalverktökum hf.
5.2 Að selja allt að 25% af hlut ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf.
5.3 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Barra hf. og verja hluta af andvirðinu í þágu Skógræktar ríkisins og Héraðsskóga.
5.4 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Stofnfiski hf. og verja andvirðinu til greiðslu skulda Laxeldisstöðvar ríkisins við Endurlán ríkisins og til sérstakra rekstrarlána fiskeldisfyrirtækja.
5.5 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Endurvinnslunni hf.
5.6 Að selja hlutafé Hafrannsóknastofnunarinnar í Fiskeldi Eyjafjarðar og láta andvirðið renna í sjóð í vörslu sjávarútvegsráðuneytis sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, og skal því varið til eldis sjávardýra og hafrannsókna.
5.7 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Flugskóla Íslands hf.

Ráðstöfun annarra eigna

6.1 Að afhenda safnaðarstjórn Eiðasóknar Eiðakirkju.
6.2 Að selja r/s Árna Friðriksson RE 100 og ráðstafa andvirðinu til endurbóta á r/s Bjarna Sæmundssyni RE 30.
6.3 Að afhenda Þroskahjálp á Norðurlandi eystra eignir gjafasjóðs Sólborgar.

Kaup og leiga fasteigna

7.1 Að kaupa fasteignir í nágrenni Arnarhvols í Reykjavík fyrir Stjórnarráðið og taka til þess nauðsynleg lán.
7.2 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta og taka til þess nauðsynleg lán.
7.3 Að kaupa fasteignir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
7.4 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir heilsugæslustöð í Voga- og Heimahverfi í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
7.5 Að kaupa hentugt húsnæði fyrir Einkaleyfastofuna.
7.6 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir náttúrustofu í Sandgerði og taka til þess nauðsynleg lán.
7.7 Að kaupa jarðir og semja um makaskipti á nálægum jörðum vegna fyrirhugaðs þjóðgarðs á Snæfellsnesi og taka til þess nauðsynleg lán.
7.8 Að kaupa húsnæði eða viðbót við núverandi húsnæði fyrir héraðsdóm Vestfjarða og taka til þess nauðsynleg lán.
7.9 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal og taka til þess nauðsynleg lán.
7.10 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
7.11 Að kaupa sumarbústaði í þjóðgarðinum á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.

7.12 Að kaupa jörðina Vestaraland II í Öxarfirði vegna þjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum og taka til þess nauðsynleg lán.
7.13 Að kaupa húsnæði fyrir varamann sendiherra í Washington og taka til þess nauðsynleg lán.
7.14 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir skrifstofur sendiráðs Íslands í Moskvu og taka til þess nauðsynleg lán.
7.15 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir sendiherra Íslands í Moskvu og taka til þess nauðsynleg lán.
7.16 Að kaupa húsnæði fyrir varamann sendiherra Íslands í Moskvu og taka til þess nauðsynleg lán.
7.17 Að kaupa húsnæði fyrir sendiherra Íslands í Vín og taka til þess nauðsynleg lán.
7.18 Að kaupa eða leigja land fyrir Selfossflugvöll.
7.19 Að kaupa flugskýli númer 7 á Akureyrarflugvelli.
7.20 Að kaupa embættisbústað fyrir sýslumanninn í Vestmannaeyjum.
7.21 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir náttúrustofu á Sauðárkróki.
7.22 Að kaupa læknisbústað á Blönduósi og taka til þess nauðsynleg lán.
7.23 Að kaupa dýralæknisbústað á Egilsstöðum og taka til þess nauðsynleg lán.
7.24 Að kaupa húsnæði við Eiríksgötu fyrir starfsemi Ríkisspítala.

Ýmsar heimildir

8.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest frá Alþingi árið 2001 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.
8.2 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 2001, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.
8.3 Að heimila, með samþykki samgönguráðherra, þátttöku ríkissjóðs í hlutafélagi sem fyrirhugað er að stofna ásamt Hugrúnu ehf. og fleirum til að efla þróunarstarf og stuðla að útflutningi á íslenskri þekkingu á sviði upplýsingatækni um veður og sjólag til sjófarenda.
8.4 Að semja við einstaklinga um bætur, í samræmi við tillögur nefndar um ágreiningsmál skv. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og að höfðu samráði við ríkislögmann, vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við læknismeðferð.
8.5 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af lifrarbólgu C við blóðgjafir hér á landi fyrir október 1992. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
8.6 Að kaupa eignarhlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða og taka til þess nauðsynleg lán.
8.7 Að ráðstafa allt að 20% arðs af eign ríkissjóðs í Kísiliðjunni hf. til sjóðs sem ætlað er að kosta eflingu atvinnulífs í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta af starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn.
8.8 Að endurgreiða verðjöfnunargjöld við útflutning á unnum vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni, í samráði við landbúnaðarráðherra.

8.9 Að semja við Reykjavíkurborg um uppgjör skuldbindinga samkvæmt samningi ríkis og Reykjavíkurborgar frá 17. desember 1998 um Sjúkrahús Reykjavíkur.

8.10 Að semja við Reykjavíkurborg um makaskipti á byggingarrétti á lóð við Tunguháls og annarri hentugri fyrir fangelsi í borgarlandi Reykjavíkur.

8.11 Að semja við sveitarfélög eða samtök þeirra um uppgjör vegna innlausnar íbúða í félagslega íbúðakerfinu.

8.12 Að styrkja stjórnmálaflokka samkvæmt umsóknum, í hlutfalli við atkvæðamagn þeirra, enda hafi þeir hlotið a.m.k. 2,5% atkvæða í næstliðnum alþingiskosningum, sbr. fjárlagalið 09-999-1.18.

8.13 Að heimila sjúkrahúsum að taka þátt í eða eiga samstarf við fyrirtæki sem vinna að vísindarannsóknum og þróun nýjunga á sviði heilbrigðismála og læknisfræði. Samningar, sem fela í sér fjárskuldbindingar, skulu lagðir fyrir ráðherra heilbrigðismála og fjármála til staðfestingar.

8.14 Að semja við Reykhólahrepp um lokauppgjör skulda vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar í kjölfar sölu á hitaveitu Reykhólahrepps.

8.15 Að semja, með samþykki samgönguráðherra, við meðeigendur ríkissjóðs í ferjufélögum um ráðstöfun eigna og skulda félaganna.

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur

Sundurliðun 1

Tekjur A-hluta

I Skatttekjur

1 Skattar á tekjur og hagnað

1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	43.850,0	42.070,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	1.670,0	1.420,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur	4.050,0	3.970,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**49.570,0**	**47.460,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	12.440,0	11.230,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	750,0	750,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	580,0	575,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**1.330,0**	**1.325,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**63.340,0**	**60.015,0**

2 Tryggingagjöld

2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	160,0	160,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	16.527,0	15.987,0
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	3.047,0	2.986,0
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**19.734,0**	**19.133,0**
	Tryggingagjöld	**19.734,0**	**19.133,0**

3 Skattar á launagreiðslur

3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	152,0	152,0

4 Eignarskattar

4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	3.510,0	3.430,0
4.2.2.1	Eignarskattar, lögaðilar	2.380,0	2.230,0
	Skattar á hreina eign	**5.890,0**	**5.660,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	607,0	607,0
4.4.1	Stimpilgjöld	3.290,0	3.290,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	339,0	339,0
4.5.2.5	Sértækir eignarskattar á aðrar eignir	560,0	560,0
	Sértækir eignarskattar	**899,0**	**899,0**
	Eignarskattar	**10.686,0**	**10.456,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	80.230,0	72.210,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	2.350,0	2.305,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	800,0	800,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	5.150,0	4.990,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	2.180,0	2.180,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	6.026,0	6.026,0
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	35,0	35,0
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	641,0	641,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	6.448,5	6.315,9
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	1.632,7	1.632,7
5.1.2.5	Hagnaður af einkasölu	2.915,0	2.915,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	2.597,2	2.547,2
5.1.2.15	Útflutningsgjöld	17,0	17,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	1.285,1	1.285,1
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	1,3	1,3
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**112.308,8**	**103.901,2**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	2.650,0	2.650,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	4.227,0	4.227,0
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	149,7	149,7
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	70,3	70,3
5.2.2.15	Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra leyfa	2,5	2,5
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	340,8	346,1
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	464,4	466,7
5.2.2.35	Ýmislegt	17,0	17,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**7.921,7**	**7.929,3**
	Skattar á vörur og þjónustu	**120.230,5**	**111.830,5**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	136,7	136,7
6.1.15	Markaðsgjald	189,8	189,8
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	50,0	50,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**376,5**	**376,5**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	36,0	36,0
	Aðrir skattar	**412,5**	**412,5**
	Skatttekjur, samtals	**214.555,0**	**201.999,0**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	300,0	220,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	1.678,0	1.678,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**1.978,0**	**1.898,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	5.245,0	2.237,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	4.600,0	4.000,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	600,0	550,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	37,0	37,0
	Aðrar eignatekjur	**10.482,0**	**6.824,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**12.460,0**	**8.722,0**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld (1.-3.gr.) ofl.	525,0	525,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	110,0	110,0
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	1.625,0	1.625,0
9.1.3.5	Skólagjöld	223,6	223,6
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	100,0	100,0
9.1.3.15	Lendingargjöld o.fl.	563,5	563,5
9.1.3.17	Leiðaflugsgjöld vegna innanlandsflugs	45,0	45,0
9.1.3.20	Prófgjöld	47,4	47,4
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	99,0	99,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	544,6	544,6
9.1.3.35	Ýmislegt	250,1	244,1
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	248,8	248,8
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	53,6	53,6
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**4.435,6**	**4.429,6**
	Ýmsar tekjur	**4.435,6**	**4.429,6**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	400,0	400,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	110,0	110,0
10.3	Ýmsar sektir	45,0	45,0
	Sektir	**555,0**	**555,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	145,0	145,0
12.5.1	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	24,0	24,0
	Aðrar eigna- og aukatekjur	**169,0**	**169,0**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**17.619,6**	**13.875,6**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	7.300,0	7.300,0
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	16,0	16,0
	Sala eigna, samtals	**7.316,0**	**7.316,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	194,4	194,4
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	145,0	145,0
18.1.15	Hluti Seðlabanka Ísland í rekstri Vísindasjóðs	145,0	145,0
	Rekstrarframlög	**484,4**	**484,4**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	325,0	325,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**809,4**	**809,4**
	Fjárframlög, samtals	**809,4**	**809,4**
	Heildartekjur samtals	**240.300,0**	**224.000,0**

m.kr.

Sundurliðun 2

Fjármál ríkisaðila í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	55,6
1.30 Bessastaðir	35,9
1.50 Fálkaorðan	1,6
1.81 Opinberar heimsóknir	18,3
Almennur rekstur samtals	111,4
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Laufásvegur 72, viðhald	1,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,0
Gjöld samtals	**114,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	114,4

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	462,4
1.02 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	46,7
1.03 Fastanefndir	72,9
1.04 Alþjóðasamstarf	74,0
1.06 Almennur rekstur	398,2
1.07 Sérverkefni	20,4
1.10 Rekstur fasteigna	108,7
Almennur rekstur samtals	1.183,3
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	26,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	40,0

m.kr.

Gjöld samtals	**1.249,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,2
Gjöld umfram tekjur	**1.241,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.241,1

00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit

Stofnkostnaður:	
6.50 Nýbygging	100,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	100,0

00-301 Ríkisstjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisstjórn	129,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	129,6

00-401 Hæstiréttur

Almennur rekstur:	
1.01 Hæstiréttur	73,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	73,5

00-610 Umboðsmaður Alþingis

Almennur rekstur:	
1.01 Umboðsmaður Alþingis	71,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	71,0

m.kr.

00-620 Ríkisendurskoðun

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisendurskoðun 243,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -10,9

Gjöld umfram tekjur **233,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 233,0

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur **1.962,6**
Greitt úr ríkissjóði **1.962,6**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	122,5
1.20 Stjórnarráðshús	13,6
Almennur rekstur samtals	136,1
Gjöld samtals	**136,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	136,1

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag	4,0
1.12 Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar	6,5
1.13 Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag	6,0
1.14 Ritun sögu Stjórnarráðsins	10,0
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	15,4
1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	3,4
1.23 Hrafnseyri	4,0
1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi	12,0
1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	3,0
1.42 Grænlandssjóður	1,0
1.52 Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	26,3
1.53 Landafundanefnd	13,5
1.55 Íslenskt bókasafn við háskólann í Manitoba, Kanada	10,0
1.90 Ýmis verkefni	8,1
Almennur rekstur samtals	123,2
Gjöld samtals	**123,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**122,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	122,2

m.kr.

01-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis 20,9

Viðhaldsverkefni:
5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis 9,8

Gjöld samtals **30,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,7

01-211 Þjóðhagsstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðhagsstofnun 127,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,8

Gjöld umfram tekjur **123,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 61,7
Innheimt af ríkistekjum 61,7

01-231 Norræna ráðherranefndin

Almennur rekstur:
1.01 Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis 20,8
1.61 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar 77,2
Almennur rekstur samtals 98,0

Gjöld samtals **98,0**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,1

Gjöld umfram tekjur **96,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 96,9

01-241 Umboðsmaður barna

Almennur rekstur:
1.01 Umboðsmaður barna 16,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,9

01-251 Safnahús

Almennur rekstur:
1.01 Safnahús 51,7

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 3,9

Gjöld samtals **55,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,2

Gjöld umfram tekjur **52,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 52,4

01-253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn

Stofnkostnaður:
6.21 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn 160,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 160,0

m.kr.

01-261 Óbyggðanefnd

Almennur rekstur:
1.01 Óbyggðanefnd 21,0
1.11 Gjafsóknir 17,0
Almennur rekstur samtals 38,0

Gjöld samtals **38,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,0

01-271 Ríkislögmaður

Almennur rekstur:
1.01 Ríkislögmaður 43,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,1

Gjöld umfram tekjur **41,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 41,1

01-303 Kristnihátíðarsjóður

Almennur rekstur:
1.11 Kristnihátíðarsjóður 100,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 100,0

01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 42,2

Viðhaldsverkefni:
5.01 Fasteignir 2,0

Stofnkostnaður:
6.01 Nýframkvæmdir 29,5

Gjöld samtals **73,7**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -11,8

Gjöld umfram tekjur **61,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 61,9

01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 38,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,0

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **1.022,6**
Greitt úr ríkissjóði **960,9**
Innheimt af ríkistekjum **61,7**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	347,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,2
Gjöld umfram tekjur	**345,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	345,4

02-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	18,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,0

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	1.820,4
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	1.971,2
Almennur rekstur samtals	3.791,6
Viðhaldsverkefni:	
5.50 Fasteignir	120,0
Stofnkostnaður:	
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	205,0
Gjöld samtals	**4.116,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-872,0
Gjöld umfram tekjur	**3.244,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.834,9
Innheimt af ríkistekjum	409,7

m.kr.

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:	
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	161,6
1.10 Rannsóknadeild fisksjúkdóma	20,4
Almennur rekstur samtals	182,0
Gjöld samtals	**182,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-65,8
Gjöld umfram tekjur	**116,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	115,2
Innheimt af ríkistekjum	1,0

02-203 Raunvísindastofnun Háskólans

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	28,3
1.02 Rekstur fasteigna	15,0
1.03 Rannsóknastofur	237,1
Almennur rekstur samtals	280,4
Gjöld samtals	**280,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-104,6
Gjöld umfram tekjur	**175,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	175,8

02-204 Stofnun Sigurðar Nordals

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Sigurðar Nordals	10,4
1.11 Íslenskukennsla erlendis	3,7
Almennur rekstur samtals	14,1
Gjöld samtals	**14,1**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,0

Gjöld umfram tekjur **13,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,1

02-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi

Almennur rekstur:
1.01 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 69,0
1.20 Bókaútgáfa 10,4
Almennur rekstur samtals 79,4

Gjöld samtals **79,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,2

Gjöld umfram tekjur **74,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 74,2

02-206 Orðabók Háskólans

Almennur rekstur:
1.01 Orðabók Háskólans 26,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,5

Gjöld umfram tekjur **21,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 21,2

02-207 Íslensk málstöð

Almennur rekstur:
1.01 Íslensk málstöð 18,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,0

Gjöld umfram tekjur **14,4**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,4

02-208 Örnefnastofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Örnefnastofnun Íslands 12,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,6

Gjöld umfram tekjur **12,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,0

02-210 Háskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Háskólinn á Akureyri 383,2
1.02 Rannsóknastarfsemi 30,6
Almennur rekstur samtals 413,8

Gjöld samtals **413,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,5

Gjöld umfram tekjur **408,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 395,3
Innheimt af ríkistekjum 13,0

02-211 Tækniskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Tækniskóli Íslands 298,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 287,2
Innheimt af ríkistekjum 11,0

m.kr.

02-215 Kennaraháskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	485,5
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	229,3
Almennur rekstur samtals	714,8
Gjöld samtals	**714,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	693,0
Innheimt af ríkistekjum	21,8

02-223 Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	76,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-59,3
Gjöld umfram tekjur	**17,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,6

02-225 Viðskiptaháskólinn á Bifröst

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	40,4
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	20,3
Almennur rekstur samtals	60,7
Gjöld samtals	**60,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	60,7

02-227 Háskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	279,2

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 279,2

02-228 Listaháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Listaháskóli Íslands 287,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -12,2

Gjöld umfram tekjur **275,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 224,7
Innheimt af ríkistekjum 51,0

02-231 Rannsóknarráð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknarráð Íslands 81,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -23,1

Gjöld umfram tekjur **58,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 58,4

02-234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora

Almennur rekstur:
1.11 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora 93,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 93,7

02-235 Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum

Stofnkostnaður:
6.60 Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum 95,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 95,0

02-236 Vísindasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 8,5

Stofnkostnaður:
6.60 Vísindasjóður 161,5

Gjöld samtals **170,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,0
Innheimt af ríkistekjum 145,0

02-237 Tæknisjóður

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 13,4

Stofnkostnaður:
6.60 Tæknisjóður 187,5

Gjöld samtals **200,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 200,9

02-238 Bygginga- og tækjasjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Bygginga- og tækjasjóður 77,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 77,0

02-239 Rannsóknarnámssjóður

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknarnámssjóður 30,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,0

02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald 27,0

Stofnkostnaður:
6.21 Stofnkostnaður 263,0

Gjöld samtals **290,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 290,0

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:
1.15 Nýsköpunarsjóður 20,0
1.61 Norræna eldfjallastöðin 15,8
1.71 Rannsóknasetrið Vestmannaeyjum, humarrannsóknir 2,0
1.90 Háskóla- og rannsóknastarfsemi 42,4
1.91 Háskólar, óskipt 52,5
Almennur rekstur samtals 132,7

Gjöld samtals **132,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 132,7

02-301 Menntaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 240,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 236,3
Innheimt af ríkistekjum 4,6

m.kr.

02-302 Menntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	189,9
1.09 Önnur verkefni	11,7
Almennur rekstur samtals	201,6
Gjöld samtals	**201,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	198,1
Innheimt af ríkistekjum	3,5

02-303 Menntaskólinn á Laugarvatni

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	60,7
1.09 Önnur verkefni	10,3
Almennur rekstur samtals	71,0
Gjöld samtals	**71,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,3
Gjöld umfram tekjur	**70,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	69,9
Innheimt af ríkistekjum	0,8

02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	302,7
1.09 Önnur verkefni	45,1
Almennur rekstur samtals	347,8
Gjöld samtals	**347,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-13,4
Gjöld umfram tekjur	**334,4**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 328,7
Innheimt af ríkistekjum 5,7

02-305 Menntaskólinn við Sund

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 226,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 221,9
Innheimt af ríkistekjum 4,4

02-306 Framhaldsskóli Vestfjarða

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 102,7
1.09 Önnur verkefni 8,0
Almennur rekstur samtals 110,7

Gjöld samtals **110,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,6

Gjöld umfram tekjur **109,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 107,4
Innheimt af ríkistekjum 1,7

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 90,5
1.09 Önnur verkefni 10,7
Almennur rekstur samtals 101,2

Gjöld samtals **101,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,1

Gjöld umfram tekjur **100,1**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 98,5
Innheimt af ríkistekjum 1,6

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 311,0
1.09 Önnur verkefni 30,7
Almennur rekstur samtals 341,7

Gjöld samtals **341,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -9,0

Gjöld umfram tekjur **332,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 326,6
Innheimt af ríkistekjum 6,1

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 167,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,1

Gjöld umfram tekjur **167,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 164,3
Innheimt af ríkistekjum 3,0

02-316 Fasteignir framhaldsskóla

Almennur rekstur:
1.05 Fasteignir Héraðsskóla 18,0

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald 210,0

Gjöld samtals **228,0**

m.kr.

Sértekjur:	
Sértekjur	-200,0
Gjöld umfram tekjur	**28,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,0

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt	456,0
6.95 Tæki og búnaður, óskipt	3,0
Stofnkostnaður samtals	459,0
Gjöld samtals	**459,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	459,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.11 Sameiginleg þjónusta	19,1
1.12 Orlof kennara	49,2
1.13 Forfallakennsla	48,0
1.14 Sérkennsla	197,3
1.15 Prófkostnaður	48,7
1.16 Nýjungar í skólastarfi	36,7
1.17 Námsskrárgerð	31,4
1.18 Námsefnisgerð	17,1
1.19 Kennslueftirlit	5,4
1.20 Framhaldsdeildir	7,8
1.21 Nám tannsmiða	7,2
1.22 Námskeið skipstjórnarmanna	6,0
1.23 Ólympíuleikar í eðlisfræði	0,6
1.26 Þróunarsjóður	14,0
1.27 Íslenskukennsla	15,3
1.28 Mat á skólastarfi	30,7
1.30 Endurmenntun	22,7
1.33 Myndlistarskólinn Akureyri	9,5

	m.kr.
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík	6,0
1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi	0,5
1.36 Viðskipta- og tölvuskólinn	29,8
1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu	65,5
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	293,0
Almennur rekstur samtals	961,5
Gjöld samtals	**961,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	961,5

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	434,8
1.09 Önnur verkefni	56,3
Almennur rekstur samtals	491,1
Gjöld samtals	**491,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-27,8
Gjöld umfram tekjur	**463,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	455,6
Innheimt af ríkistekjum	7,7

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	216,7
1.09 Önnur verkefni	7,2
Almennur rekstur samtals	223,9
Gjöld samtals	**223,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,3
Gjöld umfram tekjur	**223,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	219,0
Innheimt af ríkistekjum	4,6

m.kr.

02-352 Flensborgarskóli

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	182,0
1.09 Önnur verkefni	10,4
Almennur rekstur samtals	192,4
Gjöld samtals	**192,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,5
Gjöld umfram tekjur	**191,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	188,5
Innheimt af ríkistekjum	3,4

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	221,3
1.09 Önnur verkefni	12,3
Almennur rekstur samtals	233,6
Gjöld samtals	**233,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,4
Gjöld umfram tekjur	**227,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	222,9
Innheimt af ríkistekjum	4,3

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	203,5
1.09 Önnur verkefni	7,7
Almennur rekstur samtals	211,2
Gjöld samtals	**211,2**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,5

Gjöld umfram tekjur **208,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 200,9
Innheimt af ríkistekjum 3,9
Viðskiptahreyfingar 3,9

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 87,5
1.09 Önnur verkefni 0,7
Almennur rekstur samtals 88,2

Gjöld samtals **88,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,5

Gjöld umfram tekjur **87,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 86,3
Innheimt af ríkistekjum 1,4

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 137,1
1.09 Önnur verkefni 12,8
Almennur rekstur samtals 149,9

Gjöld samtals **149,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,9

Gjöld umfram tekjur **149,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 146,4
Innheimt af ríkistekjum 2,6

m.kr.

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	260,6
1.09 Önnur verkefni	11,5
Almennur rekstur samtals	272,1
Gjöld samtals	**272,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,8
Gjöld umfram tekjur	**269,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	264,8
Innheimt af ríkistekjum	4,5

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	77,4
1.09 Önnur verkefni	9,2
Almennur rekstur samtals	86,6
Gjöld samtals	**86,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,3
Gjöld umfram tekjur	**85,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	84,3
Innheimt af ríkistekjum	1,0

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	358,0
1.09 Önnur verkefni	43,4
Almennur rekstur samtals	401,4
Gjöld samtals	**401,4**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -10,0

Gjöld umfram tekjur **391,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 385,5
Innheimt af ríkistekjum 5,9

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 181,1
1.09 Önnur verkefni 1,2
Almennur rekstur samtals 182,3

Gjöld samtals **182,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,2

Gjöld umfram tekjur **182,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 178,8
Innheimt af ríkistekjum 3,3

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 39,8
1.09 Önnur verkefni 2,5
Almennur rekstur samtals 42,3

Gjöld samtals **42,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,9

Gjöld umfram tekjur **41,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 40,8
Innheimt af ríkistekjum 0,6

m.kr.

02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	58,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**58,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	57,1
Innheimt af ríkistekjum	0,9

02-363 Framhaldsskólinn á Laugum

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	42,0
1.09 Önnur verkefni	8,0
Almennur rekstur samtals	50,0
Gjöld samtals	**50,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	49,5
Innheimt af ríkistekjum	0,5

02-365 Borgarholtsskóli

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	258,0
1.09 Önnur verkefni	7,0
Almennur rekstur samtals	265,0
Gjöld samtals	**265,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,6
Gjöld umfram tekjur	**258,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	254,3
Innheimt af ríkistekjum	4,1

m.kr.

02-430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Almennur rekstur:

1.01 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	20,0
1.02 Nám táknmálstúlka	3,1
Almennur rekstur samtals	23,1
Gjöld samtals	**23,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,9
Gjöld umfram tekjur	**21,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	21,2

02-441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra

Almennur rekstur:

1.01 Kennsla	97,2
1.02 Annað en kennsla	12,7
Almennur rekstur samtals	109,9
Gjöld samtals	**109,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,3
Gjöld umfram tekjur	**109,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	109,6

02-451 Símenntun og fjarvinnsluverkefni

Almennur rekstur:

1.11 Símenntun og fjarvinnsluverkefni	63,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	63,3

m.kr.

02-506 Vélskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	64,9
1.09 Önnur verkefni	9,3
Almennur rekstur samtals	74,2
Gjöld samtals	**74,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,2
Gjöld umfram tekjur	**73,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	72,1
Innheimt af ríkistekjum	0,9

02-507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	34,6
1.09 Önnur verkefni	9,4
Almennur rekstur samtals	44,0
Gjöld samtals	**44,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,3
Gjöld umfram tekjur	**42,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	42,2
Innheimt af ríkistekjum	0,5

02-514 Iðnskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	618,4
1.09 Önnur verkefni	49,9
Almennur rekstur samtals	668,3
Gjöld samtals	**668,3**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -27,9

Gjöld umfram tekjur **640,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 631,5
Innheimt af ríkistekjum 8,9

02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 175,5
1.09 Önnur verkefni 49,9
Almennur rekstur samtals 225,4

Gjöld samtals **225,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -20,2

Gjöld umfram tekjur **205,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 202,5
Innheimt af ríkistekjum 2,7

02-541 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla 10,2
1.02 Annað en kennsla 5,5
Almennur rekstur samtals 15,7

Gjöld samtals **15,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,7

02-551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla 12,2

	m.kr.
1.02 Annað en kennsla	1,0
Almennur rekstur samtals	13,2
Gjöld samtals	**13,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,2

02-563 Tónlistarskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.10 Tónlistarskólinn í Reykjavík	14,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,8

02-564 Listdansskólinn

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	22,9
1.02 Annað en kennsla	12,8
Almennur rekstur samtals	35,7
Gjöld samtals	**35,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,7
Gjöld umfram tekjur	**30,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,0

02-571 Sjómannaskólahúsið

Almennur rekstur:	
1.01 Sjómannaskólahúsið	34,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,6
Gjöld umfram tekjur	**33,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	33,9

m.kr.

02-581 Verslunarskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 371,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -6,0

Gjöld umfram tekjur **365,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 365,6

02-720 Grunnskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.31 Sérstök fræðsluverkefni 14,9
1.33 Þróunarsjóður leikskóla 3,0
1.35 Samræmd próf 52,7
1.37 Endurmenntun 18,4
1.70 Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi 31,2
1.82 Þróunarstarf í grunnskólum 10,9
Almennur rekstur samtals 131,1

Gjöld samtals **131,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,6

Gjöld umfram tekjur **127,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 127,5

02-725 Námsgagnastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Námsgagnastofnun 379,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -104,2

Gjöld umfram tekjur **275,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 275,7

m.kr.

02-804 Kvikmyndaskoðun

Almennur rekstur:
1.01 Kvikmyndaskoðun 7,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,2
Innheimt af ríkistekjum 5,0

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Almennur rekstur:
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna 2.150,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.150,0

02-884 Jöfnun á námskostnaði

Almennur rekstur:
1.01 Jöfnun á námskostnaði 403,9
1.10 Skólaakstur 39,0
Almennur rekstur samtals 442,9

Gjöld samtals **442,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 442,9

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðminjasafn Íslands 172,9
1.10 Byggða- og minjasöfn 24,4
1.11 Hönnunarsafn Íslands 4,1
Almennur rekstur samtals 201,4

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,0

Gjöld samtals **203,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -10,9

Gjöld umfram tekjur **192,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 192,5

02-903 Þjóðskjalasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðskjalasafn Íslands 92,8
1.11 Héraðsskjalasöfn 7,9
Almennur rekstur samtals 100,7

Gjöld samtals **100,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,9

Gjöld umfram tekjur **94,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 94,8

02-905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Almennur rekstur:
1.01 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn 350,9

Stofnkostnaður:
6.05 Bókakaup, Landsbókasafnsþáttur 23,5
6.06 Bókakaup, Ritakaupasjóður Háskóla Íslands 46,5
Stofnkostnaður samtals 70,0

Gjöld samtals **420,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -69,4

Gjöld umfram tekjur **351,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 351,5

02-906 Listasafn Einars Jónssonar

Almennur rekstur:
1.01 Listasafn Einars Jónssonar 9,8

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **9,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,4

02-907 Listasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Listasafn Íslands 77,7
1.02 Listasafn Ásgríms Jónssonar 4,1
Almennur rekstur samtals 81,8

Stofnkostnaður:
6.01 Listaverkakaup 12,0

Gjöld samtals **93,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -14,1

Gjöld umfram tekjur **79,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 79,7

02-909 Blindrabókasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Blindrabókasafn Íslands 45,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,1

Gjöld umfram tekjur **44,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 44,2

02-919 Söfn, ýmis framlög

Almennur rekstur:
1.10 Listasafn ASÍ 2,0

	m.kr.
1.11 Nýlistasafn	4,0
1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	5,0
1.90 Söfn	7,5
Almennur rekstur samtals	18,5
Stofnkostnaður:	
6.24 Tölvuvæðing bókasafna	4,0
Gjöld samtals	**22,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	22,5

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana	380,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	380,0

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:	
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld	1.625,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1.625,0

02-972 Íslenski dansflokkurinn

Almennur rekstur:	
1.01 Íslenski dansflokkurinn	63,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,3
Gjöld umfram tekjur	**58,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	58,8

m.kr.

02-973 Þjóðleikhús

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðleikhús	553,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-166,4
Gjöld umfram tekjur	**387,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	387,0

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	174,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	174,8

02-976 Menningarsjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993	13,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,0

02-977 Höfundarréttargjöld

Almennur rekstur:	
1.11 Höfundaréttarsjóður	62,0
1.13 Myndlistarsjóður Íslands, fylgiréttargjald	1,3
1.15 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við kirkjulegar athafnir	1,0
Almennur rekstur samtals	64,3
Gjöld samtals	**64,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	64,3

m.kr.

02-978 Listasjóðir

Almennur rekstur:
1.01 Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991 241,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 241,6

02-979 Húsafriðunarsjóður

Stofnkostnaður:
6.10 Húsafriðunarsjóður 25,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,5

02-980 Listskreytingasjóður

Stofnkostnaður:
6.01 Listskreytingasjóður 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

02-981 Kvikmyndasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Kvikmyndasjóður 249,9
1.02 Kvikmyndasafn Íslands 16,8
Almennur rekstur samtals 266,7

Gjöld samtals **266,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 266,7

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:
1.14 Bókasafnssjóður höfunda 19,3
1.15 Þýðingarsjóður 7,6
1.16 Bókmenntakynningarsjóður 6,5

	m.kr.
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga	17,2
1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga	5,5
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa	25,0
1.25 Starfsemi hljómsveita	5,5
1.27 Tónlist fyrir alla	4,5
1.28 Barnamenningarsjóður	2,5
1.29 Íslensk tónverkamiðsstöð	8,6
1.30 Íslenska óperan	65,1
1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi	53,7
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	15,6
1.76 Menningarsjóður félagsheimila	8,7
1.80 Listahátíð í Reykjavík	12,0
1.81 Kvikmyndahátíð í Reykjavík	1,5
1.82 Reykjavík, menningarborg Evrópu árið 2000	50,0
1.83 Menningarhátíð landsbyggðarinnar	5,0
1.90 Listir	42,4
Almennur rekstur samtals	356,2
Gjöld samtals	**356,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	356,2

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:	
1.10 Fræðistörf	4,3
1.11 Styrkir til útgáfumála	5,5
1.15 Sögufélagið	0,5
1.16 Hið íslenska fornritafélag	0,5
1.17 Launasjóður höfunda fræðirita	8,2
1.20 Iðnsaga Íslands	6,8
1.21 Tónlistarsaga Íslands	3,2
1.23 Hið íslenska bókmenntafélag	1,0
Almennur rekstur samtals	30,0
Gjöld samtals	**30,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,0

m.kr.

02-984 Norræn samvinna

Almennur rekstur:

1.90 Norræn samvinna	14,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	14,5

02-985 Alþjóðleg samskipti

Almennur rekstur:

1.90 Alþjóðleg samskipti	59,8
1.91 Aðildargjöld ESB	256,3
1.95 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	11,5
Almennur rekstur samtals	327,6
Gjöld samtals	**327,6**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	327,6

02-988 Æskulýðsmál

Almennur rekstur:

1.10 Æskulýðsráð ríkisins	2,0
1.12 Ungmennafélag Íslands	17,0
1.13 Bandalag íslenskra skáta	9,0
1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni	1,5
1.15 Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi	1,5
1.17 Landssamband KFUM og KFUK	7,0
1.18 Æskulýðsrannsóknir	1,5
1.90 Æskulýðsmál	3,0
Almennur rekstur samtals	42,5
Gjöld samtals	**42,5**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	42,5

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:

1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	41,7

	m.kr.
1.12 Ólympíunefnd fatlaðra	1,5
1.14 Íþróttasamband fatlaðra	12,5
1.15 Skólaíþróttir	3,0
1.16 Íþróttasjóður	18,3
1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	2,0
1.18 Íþróttamiðstöð Íslands	1,0
1.20 Glímusamband Íslands	3,5
1.21 Skáksamband Íslands	7,0
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák	7,0
1.25 Skákskóli Íslands	5,1
1.29 Afreksmannasjóður	10,0
1.30 Bridgesamband Íslands	3,0
1.90 Ýmis íþróttamál	13,3
Almennur rekstur samtals	128,9
Stofnkostnaður:	
6.53 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	10,0
Gjöld samtals	**138,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	138,9

02-995 Tungutækni

Almennur rekstur:	
1.01 Verkefnisstjórn	14,5
Stofnkostnaður:	
6.51 Verkefnissjóður tungutækni	50,0
Gjöld samtals	**64,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	64,5

02-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	141,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	141,0

m.kr.

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.11 Forvarnastarf í skólum	5,0
1.13 Útvarpsréttarnefnd	2,5
1.43 Skriðuklaustur	7,1
1.44 Snorrastofa	5,7
1.45 Eiríksstaðanefnd	20,0
1.46 Hestamiðstöð Íslands	5,0
1.90 Ýmis framlög	14,5
Almennur rekstur samtals	59,8
Stofnkostnaður:	
6.93 Snorrastofa	6,0
Gjöld samtals	**65,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	65,8

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**23.208,2**
Greitt úr ríkissjóði	**20.751,7**
Innheimt af ríkistekjum	**2.452,6**
Viðskiptahreyfingar	**3,9**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	493,0
1.02 Varnarmálaskrifstofa	62,0
1.53 Þýðingamiðstöð	47,7
Almennur rekstur samtals	602,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	9,2
Gjöld samtals	**611,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,1
Gjöld umfram tekjur	**606,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	586,8
Innheimt af ríkistekjum	20,0

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Samskipti við Vestur-Íslendinga	3,0
1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	2,5
1.19 Ráðstefnur	43,3
1.21 Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	0,9
1.22 American Scandinavian Foundation, styrkur til húsakaupa	1,6
1.23 Mannréttindaskrifstofa Íslands	2,0
1.24 Samningur um eftirlit með tæknilegum viðskiptahindrunum	5,2
1.90 Ýmis verkefni	5,1
Almennur rekstur samtals	63,6
Gjöld samtals	**63,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	63,6

m.kr.

03-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 42,0
1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli 204,0
1.20 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli 205,8
1.30 Fíkniefnaeftirlit 4,2
Almennur rekstur samtals 456,0

Viðhaldsverkefni:
5.20 Fasteignir 1,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 3,0

Gjöld samtals **460,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -22,0

Gjöld umfram tekjur **438,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 329,1
Innheimt af ríkistekjum 108,9

03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:
1.01 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli 348,6

Viðhaldsverkefni:
5.21 Fasteignir 15,7

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 26,6

Gjöld samtals **390,9**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -19,1

Gjöld umfram tekjur **371,8**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 475,9
Viðskiptahreyfingar ..... -104,1

03-301 Sendiráð Íslands í Berlín

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Berlín 60,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 60,5

03-302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn 37,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 37,9

03-303 Sendiráð Íslands í London

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í London 72,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 72,8

03-304 Sendiráð Íslands í Moskvu

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Moskvu 63,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 63,6

m.kr.

03-305 Sendiráð Íslands í Ósló

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Ósló 40,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 40,4

03-306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO 84,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 84,8

03-307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi 34,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 34,9

03-308 Sendiráð Íslands í Washington

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Washington 70,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 70,1

03-309 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York

Almennur rekstur:
1.01 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York 118,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 118,1

m.kr.

03-310 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu 83,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 83,2

03-311 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu

Almennur rekstur:
1.01 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu 63,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 63,0

03-312 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf

Almennur rekstur:
1.01 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf 61,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 61,8

03-313 Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastanefnd hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastanefnd hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu 38,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,3

03-314 Sendiráð Íslands í Peking

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Peking 66,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 66,7

m.kr.

03-315 Sendiráð Íslands í Ottawa

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Ottawa 39,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 39,7

03-316 Sendiráð Íslands í Tókíó

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Tókíó 91,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 91,9

03-317 Sendiráð Íslands í Helsinki

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Helsinki 40,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 40,5

03-318 Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu

Almennur rekstur:
1.01 Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu 22,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 22,5

03-320 Sendiráð, almennt

Almennur rekstur:
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld sendiráða og fastanefnda 77,7

Viðhaldsverkefni:
5.90 Viðhald 15,9

Stofnkostnaður:
6.26 Sendiráð Íslands í Ottawa 11,3

	m.kr.
6.27 Sendiráð Íslands í Tókíó	15,0
6.90 Tæki og búnaður	17,9
Stofnkostnaður samtals	44,2
Gjöld samtals	**137,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	137,8

03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	376,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	376,5

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	51,8
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	8,5
1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	18,3
1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	9,5
1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna	36,1
1.21 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM	2,5
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	17,0
Almennur rekstur samtals	143,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	4,0
Gjöld samtals	**147,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	147,7

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:	
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	31,4

	m.kr.
1.13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	9,6
1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	6,1
1.16 Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO	2,1
1.18 Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, lánveitingar til fátækra ríkja (ESAF)	22,3
1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið	7,8
1.39 Evrópuráðið	16,4
1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	12,9
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO	35,2
1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	37,2
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	50,7
1.72 EFTA-dómstóllinn	16,8
1.73 Þróunarsjóður EFTA	91,6
1.75 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	14,8
1.81 Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn	1,7
1.85 Friðargæsla	164,5
1.91 Átak í lækkun skulda þróunarríkja	67,0
Almennur rekstur samtals	588,1
Gjöld samtals	**588,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	588,1

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Útflutningsráð Íslands	189,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	189,8

03-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	44,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	44,0

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**4.059,8**
Greitt úr ríkissjóði	**3.559,1**
Innheimt af ríkistekjum	**604,8**
Viðskiptahreyfingar	**-104,1**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 140,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,2

Gjöld umfram tekjur **135,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 135,8

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.11 Framkvæmd búvörusamnings 12,6
1.12 Mat á búvörum 10,0
1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða 9,1
1.16 Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 4,7
1.21 Landþurrkun 0,6
1.31 Skógræktarfélag Íslands 14,0
1.40 Landgræðslu- og skógræktaráætlanir 4,0
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO 3,8
1.55 Tilraunastöðin Stóra-Ármóti 2,0
1.90 Ýmis verkefni 27,8
Almennur rekstur samtals 88,6

Gjöld samtals **88,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 78,6
Innheimt af ríkistekjum 10,0

04-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

m.kr.

04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	287,0
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald	4,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,7
6.20 Fasteignir	1,3
Stofnkostnaður samtals	5,0
Gjöld samtals	**296,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-102,1
Gjöld umfram tekjur	**193,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	193,9

04-221 Veiðimálastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðimálastofnun	75,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-42,2
Gjöld umfram tekjur	**33,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	33,2

04-222 Veiðimálastjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðimálastjóri	15,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,2
Gjöld umfram tekjur	**14,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,2

m.kr.

04-233 Yfirdýralæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirdýralæknir	164,1
1.25 Sauðfjárveikivarnir	38,0
1.52 Eftirlit og eftirlitsferðir	10,0
1.61 Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum	60,0
Almennur rekstur samtals	272,1
Viðhaldsverkefni:	
5.90 Dýralæknisbústaðir	4,0
Gjöld samtals	**276,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,0
Gjöld umfram tekjur	**271,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	211,1
Innheimt af ríkistekjum	60,0

04-236 Aðfangaeftirlit ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Aðfangaeftirlit ríkisins	13,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,5

04-261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði	190,7
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhaldsfé	4,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	7,0
6.20 Fasteignir og lóðir	7,0
Stofnkostnaður samtals	14,0
Gjöld samtals	**208,9**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -75,0

Gjöld umfram tekjur **133,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 133,9

04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal

Almennur rekstur:
1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal 158,5

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhaldsfé 4,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,0
6.20 Fasteignir og lóðir 21,0
Stofnkostnaður samtals 23,0

Gjöld samtals **185,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -61,8

Gjöld umfram tekjur **123,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 123,9

04-283 Garðyrkjuskóli ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Garðyrkjuskóli ríkisins 84,2

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald 5,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,2
6.21 Fasteignir 5,0
Stofnkostnaður samtals 7,2

Gjöld samtals **96,6**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -10,9

Gjöld umfram tekjur **85,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 85,7

04-293 Hagþjónusta landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Hagþjónusta landbúnaðarins 16,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,2

Gjöld umfram tekjur **15,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,6

04-311 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Landgræðsla ríkisins 284,6
1.90 Fyrirhleðslur 37,3
Almennur rekstur samtals 321,9

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhaldsfé 5,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 6,5

Gjöld samtals **333,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -80,0

Gjöld umfram tekjur **253,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 253,4

m.kr.

04-321 Skógrækt ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Skógrækt ríkisins	147,5
1.10 Rannsóknastöðin Mógilsá	59,7
1.90 Sérstök verkefni	62,6
Almennur rekstur samtals	269,8
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhaldsfé	6,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	6,2
6.20 Fasteignir, óskipt	9,1
Stofnkostnaður samtals	15,3
Gjöld samtals	**291,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-103,0
Gjöld umfram tekjur	**188,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	188,3

04-324 Landgræðslusjóður

Stofnkostnaður:	
6.60 Landgræðslusjóður	23,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-23,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

04-331 Héraðsskógar

Almennur rekstur:	
1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	88,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,0
Gjöld umfram tekjur	**86,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	86,2

m.kr.

04-341 Átak í landgræðslu og skógrækt

Almennur rekstur:
1.10 Átak í landgræðslu og skógrækt 86,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 86,7

04-343 Landshlutabundin skógrækt

Almennur rekstur:
1.10 Suðurlandsskógar 49,6
1.13 Vesturlandsskógar 21,0
1.15 Skjólskógar, Vestfjörðum 21,0
1.16 Norðurlandsskógar 31,0
Almennur rekstur samtals 122,6

Gjöld samtals **122,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 122,6

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:
1.01 Beinar greiðslur til bænda 3.377,0
1.02 Lífeyrissjóður bænda 135,0
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk 270,0
Almennur rekstur samtals 3.782,0

Gjöld samtals **3.782,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3.782,0

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:
1.01 Beinar greiðslur til bænda 1.663,0
1.02 Lífeyrissjóður bænda 74,0
1.03 Jöfnunargreiðslur 62,0
1.05 Niðurgreiðslur á ull 229,0

	m.kr.
1.06 Álag vegna uppkaupa á greiðslumarki	114,0
1.10 Þjónustu- og þróunarkostnaður	244,0
1.30 Uppkaup á greiðslumarki	732,0
1.35 Fagmennska í sauðfjárrækt	36,0
Almennur rekstur samtals	3.154,0
Gjöld samtals	**3.154,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.154,0

04-811 Bændasamtök Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Leiðbeiningastarfsemi, landsþjónusta	106,2
1.92 Leiðbeiningastarfsemi, héraðsþjónusta	64,6
Almennur rekstur samtals	170,8
Stofnkostnaður:	
6.95 Búfjárrækt	51,6
6.97 Jarðabætur á lögbýlum og ýmis þróunarverkefni	55,0
Stofnkostnaður samtals	106,6
Gjöld samtals	**277,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	277,4

04-818 Búnaðarsjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Búnaðarsjóður	183,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	183,0

04-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Framleiðnisjóður landbúnaðarins	170,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	170,0

m.kr.

04-823 Lánasjóður landbúnaðarins

Stofnkostnaður:
6.60 Lánasjóður landbúnaðarins 150,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 150,0

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Almennur rekstur:
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara 112,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 112,3

04-826 Stofnverndarsjóður búfjár

Almennur rekstur:
1.10 Stofnverndarsjóður búfjár 1,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,0

04-827 Fóðursjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fóðursjóður 340,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 340,0

04-828 Garðávaxtasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Garðávaxtasjóður 3,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,0

Gjöld umfram tekjur **0,0**

m.kr.

04-829 Útflutningsgjald á hross

Almennur rekstur:
1.10 Útflutningsgjald á hross 16,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,0

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 45,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,3

Gjöld umfram tekjur **43,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,5
Innheimt af ríkistekjum 33,0

04-841 Fiskeldisrannsóknir

Almennur rekstur:
1.01 Fiskeldisrannsóknir 22,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 22,9

04-843 Fiskræktarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fiskræktarsjóður 20,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,1

Gjöld umfram tekjur **17,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 17,0

m.kr.

04-851 Greiðslur vegna riðuveiki

Almennur rekstur:
1.90 Greiðslur vegna riðuveiki 52,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 52,0

04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði

Almennur rekstur:
1.11 Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða 25,0
1.14 Átak í hrossarækt 25,0
Almennur rekstur samtals 50,0

Gjöld samtals **50,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

04-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 26,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 26,0

04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur **10.249,7**
Greitt úr ríkissjóði **10.146,7**
Innheimt af ríkistekjum **103,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	125,2
1.11 Fiskveiðisamningar	6,9
Almennur rekstur samtals	132,1
Gjöld samtals	**132,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,1
Gjöld umfram tekjur	**126,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	126,0

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.20 Eldi sjávardýra	19,1
1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	11,0
1.23 Matvælasetur	5,3
1.25 Verðlagsráð sjávarútvegsins	1,1
1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	19,8
1.49 Úrskurðarnefndir	13,4
1.51 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	7,8
1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)	16,9
1.90 Ýmislegt	30,2
Almennur rekstur samtals	124,6
Gjöld samtals	**124,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	124,6

05-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,0

05-202 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Almenn starfsemi 709,7
1.30 Rannsóknaskip 338,7
Almennur rekstur samtals 1.048,4

Stofnkostnaður:
6.31 Tæki og búnaður í skip 18,0
6.90 Tæki og búnaður deilda og útibúa 15,0
Stofnkostnaður samtals 33,0

Gjöld samtals **1.081,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -186,6

Gjöld umfram tekjur **894,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 894,8

05-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Almenn starfsemi 254,8

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 15,1

Gjöld samtals **269,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -161,9

Gjöld umfram tekjur **108,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 108,0

m.kr.

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fiskistofa	386,1
1.10 Landamærastöðvar	36,7
1.11 Eftirlit með úthafsveiðum	34,9
Almennur rekstur samtals	457,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	4,0
Gjöld samtals	**461,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,7
Gjöld umfram tekjur	**449,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	449,0

05-207 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla

Almennur rekstur:	
1.10 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	46,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**45,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	45,0

05-210 Sjóður til síldarrannsókna

Almennur rekstur:	
1.10 Sjóður til síldarrannsókna	7,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	7,0

m.kr.

05-211 Kvótaþing

Almennur rekstur:
1.01 Kvótaþing 16,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,0

05-213 Verðlagsstofa skiptaverðs

Almennur rekstur:
1.01 Verðlagsstofa skiptaverðs 21,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 21,8

05-272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins

Almennur rekstur:
1.01 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins 17,3

Stofnkostnaður:
6.10 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins 26,7

Gjöld samtals **44,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -31,5

Gjöld umfram tekjur **12,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,5

05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Stofnkostnaður:
6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins 560,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 560,0

m.kr.

05-901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	44,6
1.30 Keldnaholt	41,2
Almennur rekstur samtals	85,8
Viðhaldsverkefni:	
5.30 Keldnaholt, viðhald	8,5
Gjöld samtals	**94,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,8
Gjöld umfram tekjur	**91,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	91,5

05-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0

05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**2.467,2**
Greitt úr ríkissjóði	**2.415,2**
Innheimt af ríkistekjum	**52,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	195,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,2
Gjöld umfram tekjur	**192,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	192,8

06-102 Stjórnartíðindi

Almennur rekstur:	
1.01 Stjórnartíðindi	28,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-24,3
Gjöld umfram tekjur	**3,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,8

06-103 Lagasafn

Almennur rekstur:	
1.10 Útgáfa lagasafns	11,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,5
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

06-105 Lögbirtingablað

Almennur rekstur:	
1.01 Lögbirtingablað	26,0

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 26,0

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:
1.10 Kosningar 1,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,6

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.10 Fastanefndir 38,2
1.11 Námsleyfi lögfræðinga 2,6
1.40 Alþjóðasamstarf 5,7
1.45 Mannréttindaskrifstofa Íslands 4,0
1.51 Innheimta meðlaga 3,3
1.53 Kostnaður vegna lögræðislaga 6,0
1.61 Orator, almenn lögfræðiaðstoð 0,3
1.82 Biblíuþýðingar 3,8
1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður 1,7
Almennur rekstur samtals 65,6

Gjöld samtals **65,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -17,4

Gjöld umfram tekjur **48,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,6
Innheimt af ríkistekjum 2,6

06-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

m.kr.

06-201 Hæstiréttur

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	50,4
1.02 Útgáfa hæstaréttardóma	12,3
Almennur rekstur samtals	62,7
Gjöld samtals	**62,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,9
Gjöld umfram tekjur	**54,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	54,8

06-210 Héraðsdómstólar

Almennur rekstur:	
1.01 Héraðsdómstólar	495,8
1.11 Meðdómsmenn	11,6
Almennur rekstur samtals	507,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	36,5
Gjöld samtals	**543,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	543,9

06-231 Málskostnaður í opinberum málum

Almennur rekstur:	
1.10 Málskostnaður í opinberum málum	103,4
1.20 Réttargæslumenn	6,4
Almennur rekstur samtals	109,8
Gjöld samtals	**109,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-13,8
Gjöld umfram tekjur	**96,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	96,0

m.kr.

06-232 Opinber réttaraðstoð

Almennur rekstur:	
1.10 Opinber réttaraðstoð	33,5
1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga	10,0
1.16 Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana	4,3
Almennur rekstur samtals	47,8
Gjöld samtals	**47,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,9
Gjöld umfram tekjur	**46,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	46,9

06-235 Bætur brotaþola

Almennur rekstur:	
1.10 Bætur brotaþola	40,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	40,0

06-251 Persónuvernd

Almennur rekstur:	
1.01 Persónuvernd	44,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,8
Gjöld umfram tekjur	**42,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	42,5

06-301 Ríkissaksóknari

Almennur rekstur:	
1.05 Ríkissaksóknari	65,9

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 65,9

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:
1.01 Ríkislögreglustjóri 446,6
1.05 Innheimta sekta 17,3
1.11 Rekstur lögreglubifreiða 112,0
Almennur rekstur samtals 575,9

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 18,0
6.11 Bifreiðar 91,0
Stofnkostnaður samtals 109,0

Gjöld samtals **684,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -197,0

Gjöld umfram tekjur **487,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 487,9

06-305 Lögregluskóli ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Lögregluskóli ríkisins 110,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 110,6

06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík 1.539,5

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 3,0

Gjöld samtals **1.542,5**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -9,4

Gjöld umfram tekjur **1.533,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.533,1

06-321 Almannavarnir ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Almannavarnir ríkisins 38,9
1.11 Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði 15,0
Almennur rekstur samtals 53,9

Gjöld samtals **53,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 53,9

06-325 Neyðarsímsvörun

Almennur rekstur:
1.10 Neyðarsímsvörun 61,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 61,3

06-331 Umferðarráð

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 68,2
1.10 Ökunám 32,2
1.11 Ökuhermar fyrir grunnskólabörn 3,3
Almennur rekstur samtals 103,7

Gjöld samtals **103,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -12,9

Gjöld umfram tekjur **90,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 54,8
Innheimt af ríkistekjum 36,0

m.kr.

06-341 Áfengis- og fíkniefnamál

Almennur rekstur:

1.20 Fíkniefnamál	1,5
1.25 Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála	36,9
Almennur rekstur samtals	38,4
Gjöld samtals	**38,4**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	38,4

06-390 Ýmis löggæslumál

Almennur rekstur:

1.10 Ýmis löggæslukostnaður	36,5
1.13 Undirbúningur að smíði varðskips	43,9
1.22 Löggæsla vegna skemmtanahalds	7,5
Almennur rekstur samtals	87,9
Gjöld samtals	**87,9**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	87,9

06-391 Húsnæði löggæslustofnana

Stofnkostnaður:

6.21 Fasteignir	10,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	10,0

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

Almennur rekstur:

1.90 Landhelgisgæsla Íslands	926,1

Viðhaldsverkefni:

5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta	60,3

Stofnkostnaður:

6.01 Tæki og búnaður	5,0
Gjöld samtals	**991,4**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -29,0

Gjöld umfram tekjur **962,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 962,4

06-396 Landhelgissjóður Íslands

Stofnkostnaður:
6.41 Landhelgissjóður Íslands 8,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,5

Gjöld umfram tekjur **0,0**

06-397 Schengen-samstarf

Almennur rekstur:
1.01 Schengen-samstarf 58,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 12,0

Gjöld samtals **70,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 70,0

06-398 Útlendingaeftirlitið

Almennur rekstur:
1.01 Útlendingaeftirlitið 104,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 104,6

06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 192,3

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,4

Gjöld umfram tekjur **184,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 184,9

06-412 Sýslumaðurinn á Akranesi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 46,6
1.20 Löggæsla 64,0
Almennur rekstur samtals 110,6

Gjöld samtals **110,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 110,6

06-413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 33,2
1.20 Löggæsla 49,6
Almennur rekstur samtals 82,8

Gjöld samtals **82,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,8

Gjöld umfram tekjur **81,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 81,0

06-414 Sýslumaðurinn í Stykkishólmi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 42,1
1.20 Löggæsla 61,7
Almennur rekstur samtals 103,8

Gjöld samtals **103,8**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 103,8

06-415 Sýslumaðurinn í Búðardal

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 15,7
1.20 Löggæsla 8,9
Almennur rekstur samtals 24,6

Gjöld samtals **24,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,6

06-416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 28,6
1.20 Löggæsla 28,8
Almennur rekstur samtals 57,4

Gjöld samtals **57,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,2

Gjöld umfram tekjur **55,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 55,2

06-417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 16,2
1.20 Löggæsla 14,1
Almennur rekstur samtals 30,3

Gjöld samtals **30,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,3

m.kr.

06-418 Sýslumaðurinn á Ísafirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	48,9
1.20 Löggæsla	68,6
1.40 Tollgæsla	3,9
Almennur rekstur samtals	121,4
Gjöld samtals	**121,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,3
Gjöld umfram tekjur	**121,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	121,1

06-419 Sýslumaðurinn á Hólmavík

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	19,3
1.20 Löggæsla	14,5
Almennur rekstur samtals	33,8
Gjöld samtals	**33,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**33,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	33,7

06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	33,3
1.20 Löggæsla	45,1
Almennur rekstur samtals	78,4
Gjöld samtals	**78,4**

m.kr.

Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**78,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	78,0

06-421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	36,0
1.20 Löggæsla	43,2
1.40 Tollgæsla	1,4
Almennur rekstur samtals	80,6
Gjöld samtals	**80,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,6
Gjöld umfram tekjur	**80,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	80,0

06-422 Sýslumaðurinn á Siglufirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	21,5
1.20 Löggæsla	27,8
Almennur rekstur samtals	49,3
Gjöld samtals	**49,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,5
Gjöld umfram tekjur	**44,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	44,8

m.kr.

06-423 Sýslumaðurinn á Ólafsfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	17,4
1.20 Löggæsla	13,7
Almennur rekstur samtals	31,1
Gjöld samtals	**31,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	31,1

06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	105,2
1.20 Löggæsla	151,4
1.40 Tollgæsla	9,0
Almennur rekstur samtals	265,6
Gjöld samtals	**265,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,4
Gjöld umfram tekjur	**262,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	262,2

06-425 Sýslumaðurinn á Húsavík

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	48,4
1.20 Löggæsla	64,1
Almennur rekstur samtals	112,5
Gjöld samtals	**112,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,7
Gjöld umfram tekjur	**111,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	111,8

m.kr.

06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	45,1
1.20 Löggæsla	59,0
1.40 Tollgæsla	8,3
Almennur rekstur samtals	112,4
Gjöld samtals	**112,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,1
Gjöld umfram tekjur	**110,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	110,3

06-428 Sýslumaðurinn á Eskifirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	50,1
1.20 Löggæsla	64,5
Almennur rekstur samtals	114,6
Gjöld samtals	**114,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**113,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	113,6

06-429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	22,3
1.20 Löggæsla	25,8
Almennur rekstur samtals	48,1
Gjöld samtals	**48,1**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,2
Gjöld umfram tekjur	**47,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	47,9

06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	18,5
1.20 Löggæsla	17,5
Almennur rekstur samtals	36,0
Gjöld samtals	**36,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,2
Gjöld umfram tekjur	**35,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	35,8

06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	29,5
1.20 Löggæsla	28,9
Almennur rekstur samtals	58,4
Gjöld samtals	**58,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**58,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	58,0

m.kr.

06-432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	41,3
1.20 Löggæsla	60,4
1.40 Tollgæsla	10,1
Almennur rekstur samtals	111,8
Gjöld samtals	**111,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,1
Gjöld umfram tekjur	**105,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	105,7

06-433 Sýslumaðurinn á Selfossi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	68,6
1.20 Löggæsla	142,5
1.40 Tollgæsla	4,9
Almennur rekstur samtals	216,0
Gjöld samtals	**216,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-20,0
Gjöld umfram tekjur	**196,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	196,0

06-434 Sýslumaðurinn í Keflavík

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	92,7
1.20 Löggæsla	194,5
1.40 Tollgæsla	11,9
Almennur rekstur samtals	299,1
Gjöld samtals	**299,1**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,6

Gjöld umfram tekjur **293,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 293,5

06-436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 122,9
1.20 Löggæsla 187,1
1.40 Tollgæsla 14,6
Almennur rekstur samtals 324,6

Gjöld samtals **324,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,6

Gjöld umfram tekjur **323,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 323,0

06-437 Sýslumaðurinn í Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 119,8
1.20 Löggæsla 129,1
Almennur rekstur samtals 248,9

Gjöld samtals **248,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,5

Gjöld umfram tekjur **248,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 248,4

m.kr.

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður	21,6
1.11 Útgáfa ökuskírteina	12,3
1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	95,3
1.60 Gagnalínukostnaður	23,6
1.63 Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins	38,1
1.65 Þjónusta við upplýsingakerfi sýslumanna	26,0
Almennur rekstur samtals	216,9
Gjöld samtals	**216,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	216,9

06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna

Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald húseigna	5,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	5,0
6.11 Húsnæði sýslumanns í Reykjavík	2,5
6.14 Húsnæði sýslumanns í Stykkishólmi	10,0
6.37 Húsnæði sýslumanns í Kópavogi	30,0
6.60 Upplýsingakerfi sýslumanna	25,0
Stofnkostnaður samtals	72,5
Gjöld samtals	**77,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	77,5

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins	554,7
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald fangelsisbygginga	10,0
Gjöld samtals	**564,7**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-59,4
Gjöld umfram tekjur	**505,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	505,3

06-591 Fangelsisbyggingar

Stofnkostnaður:	
6.10 Stofnframkvæmdir	60,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	60,0

06-701 Biskup Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðkirkja Íslands	759,7
1.15 Kirkjumiðstöð Austurlands	1,2
1.16 Langamýri í Skagafirði	1,2
1.91 Skálholtsskóli	7,2
Almennur rekstur samtals	769,3
Stofnkostnaður:	
6.21 Skálholtsstaður	6,0
6.22 Hallgrímskirkja	6,0
6.23 Hóladómkirkja	3,0
6.26 Auðunarstofa	12,0
Stofnkostnaður samtals	27,0
Gjöld samtals	**796,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-28,2
Gjöld umfram tekjur	**768,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	768,1

m.kr.

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Kirkjumálasjóður	140,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	140,9

06-707 Kristnisjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Kristnisjóður	44,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	44,6

06-733 Kirkjugarðsgjöld

Almennur rekstur:	
1.11 Kirkjugarðar	532,0
1.13 Kirkjugarðasjóður	46,0
Almennur rekstur samtals	578,0
Gjöld samtals	**578,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	578,0

06-735 Sóknargjöld

Almennur rekstur:	
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	1.248,0
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga	103,0
1.30 Sóknargjöld til Háskóla Íslands	61,0
Almennur rekstur samtals	1.412,0
Gjöld samtals	**1.412,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.412,0

m.kr.

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sókna 231,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 231,0

06-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 16,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,0

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur 11.716,9
Greitt úr ríkissjóði 11.652,3
Innheimt af ríkistekjum 64,6
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	133,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**132,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	132,9

07-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Fjölskylduráð	3,3
1.13 Úrskurðarnefnd félagsþjónustu	2,4
1.14 Kærunefndir fjöleignarhúsamála og húsaleigumála	3,3
1.15 Kærunefnd húsnæðismála	3,0
1.17 Kærunefnd jafnréttismála	4,6
1.18 Úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála	4,0
1.19 Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga	1,5
1.21 Reynslusveitarfélög	3,3
1.23 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	11,9
1.25 Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum	4,1
1.90 Ýmislegt	2,2
Almennur rekstur samtals	43,6
Gjöld samtals	**43,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	43,6

07-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

m.kr.

07-205 Leiguíbúðir

Stofnkostnaður:
6.21 Leiguíbúðir 50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

07-302 Ríkissáttasemjari

Almennur rekstur:
1.01 Ríkissáttasemjari 37,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 37,6

07-313 Jafnréttisstofa

Almennur rekstur:
1.01 Jafnréttisstofa 24,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,2

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Vinnueftirlit ríkisins 261,7

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 5,0

Gjöld samtals **266,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -36,1

Gjöld umfram tekjur **230,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 173,9
Innheimt af ríkistekjum 56,7

m.kr.

07-400 Barnaverndarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	50,2
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	343,3
1.50 Meðferðarstöð ríkisins	88,0
Almennur rekstur samtals	481,5
Gjöld samtals	**481,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	481,5

07-401 Barnaverndarráð

Almennur rekstur:	
1.01 Barnaverndarráð	14,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,8

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.50 Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	47,9
1.80 Starfsþjálfun	20,0
1.81 Tölvumiðstöð fatlaðra	5,0
1.90 Ýmis verkefni	111,9
1.91 Sambýli vegna útskrifta af Kópavogshæli	24,4
Almennur rekstur samtals	209,2
Gjöld samtals	**209,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	209,2

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	807,6
1.10 Svæðisráð	2,2
1.30 Verndaðir vinnustaðir	24,9
Almennur rekstur samtals	834,7
Gjöld samtals	**834,7**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 834,7

07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 593,9
1.10 Svæðisráð 1,6
1.30 Verndaðir vinnustaðir 26,0
1.61 Dagvistun Keflavík 12,1
1.89 Þjónusta á vegum félagasamtaka 7,3
Almennur rekstur samtals 640,9

Gjöld samtals **640,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,7

Gjöld umfram tekjur **633,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 633,2

07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 108,3
1.10 Svæðisráð 1,0
1.30 Dagvist og verndaðir vinnustaðir 30,5
Almennur rekstur samtals 139,8

Gjöld samtals **139,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -11,4

Gjöld umfram tekjur **128,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 128,4

m.kr.

07-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	85,5
1.10 Svæðisráð	1,0
Almennur rekstur samtals	86,5
Gjöld samtals	**86,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	86,5

07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Almennur rekstur:	
1.10 Svæðisráð	1,0
1.86 Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra	154,0
Almennur rekstur samtals	155,0
Gjöld samtals	**155,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	155,0

07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:	
1.10 Svæðisráð	1,0
1.85 Samningur við héraðsnefnd Þingeyinga um þjónustu við fatlaða	37,5
1.86 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	358,0
Almennur rekstur samtals	396,5
Gjöld samtals	**396,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	396,5

07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	111,4

	m.kr.
1.10 Svæðisráð	1,0
1.30 Verndaðir vinnustaðir	9,0
1.86 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um þjónustu við fatlaða	12,0
Almennur rekstur samtals	133,4
Gjöld samtals	**133,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,0
Gjöld umfram tekjur	**131,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	131,4

07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	143,0
1.10 Svæðisráð	1,0
1.30 Verndaðir vinnustaðir	13,1
1.72 Skaftholt	22,1
1.86 Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða	38,9
Almennur rekstur samtals	218,1
Gjöld samtals	**218,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,4
Gjöld umfram tekjur	**216,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	216,7

07-711 Styrktarfélag vangefinna

Almennur rekstur:	
1.01 Styrktarfélag vangefinna	358,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,1
Gjöld umfram tekjur	**343,1**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 343,1

07-720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.70 Vistheimilið Skálatúni 154,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,1

Gjöld umfram tekjur **152,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 152,9

07-722 Sólheimar Grímsnesi

Almennur rekstur:
1.70 Vistheimilið að Sólheimum, Grímsnesi 128,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 128,8

07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 127,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,7

Gjöld umfram tekjur **124,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 124,2

07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Stofnkostnaður:
6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra 235,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 235,0

m.kr.

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	3.393,0
1.12 Jöfnun húsaleigubóta	306,0
Almennur rekstur samtals	3.699,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Einsetning grunnskóla	265,0
Gjöld samtals	**3.964,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.964,0

07-950 Rekstrarhagræðing

Almennur rekstur:	
1.90 Rekstrarhagræðing	11,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,0

07-972 Bjargráðasjóður Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Bjargráðasjóður Íslands	30,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,0

07-980 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	307,3
1.11 Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit	10,3
Almennur rekstur samtals	317,6
Gjöld samtals	**317,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-181,8
Gjöld umfram tekjur	**135,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	135,8

m.kr.

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:	
1.10 Félagsdómur	7,0
1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	5,0
1.90 Ýmislegt	9,7
Almennur rekstur samtals	21,7
Gjöld samtals	**21,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	21,7

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:	
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	103,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	103,0

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	1.590,0
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	55,0
1.16 Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana Vinnumálastofnunar	110,0
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva	133,0
1.31 Kjararannsóknarnefnd	27,0
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	115,0
1.41 Framlög og styrkir	35,0
1.45 Starfsmenntasjóður	60,0
1.51 Rekstur úthlutunarnefnda	55,0
1.81 Vaxtatekjur	-0,3
Almennur rekstur samtals	2.179,7
Gjöld samtals	**2.179,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-43,7
Gjöld umfram tekjur	**2.136,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.136,0

m.kr.

07-985 Félagsmálaskóli alþýðu

Almennur rekstur:

1.10 Almennur rekstur	13,5
1.20 ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	4,3
1.30 Norræni verkalýðsskólinn í Genf	0,2
1.40 Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum	4,0
Almennur rekstur samtals	22,0
Gjöld samtals	**22,0**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	22,0

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:

1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	27,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	27,5

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:

1.11 Fæðingarorlofssjóður	1.957,0
1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar	412,0
Almennur rekstur samtals	2.369,0
Gjöld samtals	**2.369,0**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	2.369,0

07-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:

6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	8,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	8,0

m.kr.

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	32,0
1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992	118,1
1.30 Sjómannastofur	0,5
1.31 Félagasamtök, styrkir	39,6
1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	4,2
1.35 Félag heyrnarlausra	5,2
1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík	24,7
1.41 Stígamót	15,5
1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili	8,5
1.44 Byrgið, líknarfélag	2,2
1.47 Félagsþjónusta við nýbúa	1,4
1.60 Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna	12,9
1.90 Ýmis framlög	13,5
Almennur rekstur samtals	278,3
Gjöld samtals	**278,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	278,3

07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**13.902,1**
Greitt úr ríkissjóði	**13.845,4**
Innheimt af ríkistekjum	**56,7**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	252,8
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,0
Gjöld samtals	**255,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,3
Gjöld umfram tekjur	**253,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	253,5

08-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0

08-201 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	702,7
1.90 Rekstrarhagræðing	15,0
Almennur rekstur samtals	717,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	30,5
Gjöld samtals	**748,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-86,5
Gjöld umfram tekjur	**661,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	661,7

m.kr.

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.11 Mæðra - og feðralaun	240,0
1.15 Umönnunarbætur	760,0
1.21 Makabætur	30,0
1.25 Ekkju- og ekkilsbætur	70,0
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	235,0
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	70,0
1.41 Heimilisuppbót	1.820,0
1.45 Sérstök heimilisuppbót	160,0
1.51 Uppbætur	2.330,0
1.55 Bifreiðakaupastyrkir	140,0
Almennur rekstur samtals	5.855,0
Gjöld samtals	**5.855,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5.855,0

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	5.370,0
1.15 Örorkulífeyrir	2.130,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	7.090,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	2.840,0
1.31 Örorkustyrkur	160,0
1.35 Barnalífeyrir	1.160,0
1.41 Fæðingarorlof	410,0
1.91 Annað	60,0
Almennur rekstur samtals	19.220,0
Gjöld samtals	**19.220,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19.220,0

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	2.480,0

	m.kr.
1.15 Lyf	4.580,0
1.21 Hjálpartæki	900,0
1.25 Hjúkrun í heimahúsum	100,0
1.31 Þjálfun	930,0
1.35 Tannlækningar	1.070,0
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	140,0
1.45 Brýn meðferð erlendis	500,0
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	110,0
1.55 Sjúkradagpeningar	250,0
1.91 Annað	90,0
Almennur rekstur samtals	11.150,0
Gjöld samtals	**11.150,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11.150,0

08-207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva

Almennur rekstur:	
1.10 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva	744,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	744,0

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	130,0
1.15 Bætur til framfærslu	250,0
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	160,0
1.21 Stjórnunarkostnaður	40,0
Almennur rekstur samtals	580,0
Gjöld samtals	**580,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	580,0

08-209 Sjúklingatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúklingatryggingar	72,1

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 72,1

08-214 Eftirlaunasjóður aldraðra

Almennur rekstur:
1.10 Eftirlaunasjóður aldraðra 195,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 170,3
Viðskiptahreyfingar 25,0

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 120,7
1.10 Læknaráð 2,4
1.20 Sjúkraflutningaráð 0,7
1.30 Slysavarnaráð 11,3
1.40 Siðaráð 0,9
Almennur rekstur samtals 136,0

Gjöld samtals **136,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 136,0

08-311 Héraðslæknir í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Héraðslæknir í Reykjavík 22,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 22,3

08-315 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:
1.01 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra 12,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,9

m.kr.

08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands 128,9

Stofnkostnaður:
6.10 Fasteign 1,0

Gjöld samtals **129,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -31,2

Gjöld umfram tekjur **98,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 98,7

08-326 Sjónstöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sjónstöð Íslands 54,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,9

Gjöld umfram tekjur **53,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 53,4

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Geislavarnir ríkisins 44,3

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 1,5

Gjöld samtals **45,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,4

Gjöld umfram tekjur **40,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 33,2
Innheimt af ríkistekjum 7,2

m.kr.

08-330 Manneldisráð

Almennur rekstur:	
1.01 Manneldisráð	15,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**15,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,2

08-340 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.10 Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	30,5
1.20 Sjálfsbjörg Akureyri	5,1
1.30 Sumardvalarheimili í Reykjadal	12,1
1.40 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	15,8
1.50 Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	2,6
1.60 Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	5,6
1.70 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri	3,5
1.80 Gigtarráð	3,6
1.90 Ýmis starfsemi	1,7
Almennur rekstur samtals	80,5
Stofnkostnaður:	
6.90 Styrkir til ýmissa framkvæmda	9,0
Gjöld samtals	**89,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	89,5

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	2.206,6
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Fasteign	21,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	35,0

	m.kr.
6.50 Nýbygging	35,0
Stofnkostnaður samtals	70,0
Gjöld samtals	**2.297,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-116,6
Gjöld umfram tekjur	**2.181,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.181,0

08-368 Sólvangur, Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Sólvangur, Hafnarfirði	396,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,3
Gjöld umfram tekjur	**385,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	385,2

08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi

Almennur rekstur:	
1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	62,5
Stofnkostnaður:	
6.50 Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar	60,0
Gjöld samtals	**122,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	122,5

08-373 Landspítali, háskólasjúkrahús

Almennur rekstur:	
1.01 Landspítali, háskólasjúkrahús	19.205,7
Viðhaldsverkefni:	
5.60 Viðhald	248,0

m.kr.

Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	218,0
6.21 Barnaspítali	285,0
6.70 Nýframkvæmdir	39,0
Stofnkostnaður samtals	542,0
Gjöld samtals	**19.995,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1.785,7
Gjöld umfram tekjur	**18.210,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18.110,0
Innheimt af ríkistekjum	100,0

08-378 Læknishéraðasjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Læknishéraðasjóður	2,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,5

08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðhaldsverkefni:	
5.50 Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	80,0
Stofnkostnaður:	
6.60 Tækjakaup, óskipt	17,4
6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	210,0
Stofnkostnaður samtals	227,4
Gjöld samtals	**307,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	307,4

m.kr.

08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra

Almennur rekstur:	
1.01 Kostnaður skv. 3.- 5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra	312,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Stofnkostnaður og endurbætur	262,5
Gjöld samtals	**575,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	575,0

08-397 Lyfjastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Lyfjastofnun	108,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,3
Gjöld umfram tekjur	**103,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	89,4
Innheimt af ríkistekjum	14,0

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.13 Úrskurðarnefnd almannatrygginga	19,2
1.14 Lyfjaverðsnefnd	5,6
1.15 Nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði	42,2
1.17 Vísindasiðanefnd	9,3
1.30 Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	14,6
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	170,2
1.32 Krabbameinsfélag Íslands, styrkir	13,0
1.35 Hjartavernd, rannsóknarstöð	35,8
1.36 Stórstúka Íslands	1,5
1.38 Félagið Heyrnarhjálp	5,4

	m.kr.
1.40 Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	2,1
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	47,3
1.45 Útgáfa lyfjaskráa	3,0
1.50 Tannverndarsjóður	10,0
1.53 Tóbaksvarnir	38,4
1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	19,1
1.67 Verkefnisstjórn um slysavarnir fyrir börn og unglinga	7,0
1.71 Norræni heilsugæsluskólinn	7,2
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	9,1
1.90 Ýmis framlög	24,7
1.95 Kynsjúkdómar, alnæmi	5,7
Almennur rekstur samtals	490,4
Gjöld samtals	**490,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-43,8
Gjöld umfram tekjur	**446,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	446,6

08-400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	502,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-36,5
Gjöld umfram tekjur	**465,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	465,8

08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Sunnuhlíð, Kópavogi	225,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,4
Gjöld umfram tekjur	**218,6**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 218,6

08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Skjól 425,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -16,2

Gjöld umfram tekjur **408,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 408,9

08-410 Hjúkrunarheimilið Eir

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Eir 493,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -15,6

Gjöld umfram tekjur **477,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 477,8

08-411 Garðvangur, Garði

Almennur rekstur:
1.01 Garðvangur, Garði 156,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,6

Gjöld umfram tekjur **155,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 155,1

m.kr.

08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Skógarbær 321,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 321,9

08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum 257,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -9,8

Gjöld umfram tekjur **248,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 248,0

08-414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu 75,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 75,5

08-415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði 59,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 59,2

08-416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði 71,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 71,3

m.kr.

08-417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn 24,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,8

08-420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrastofnanir SÁÁ 339,5

Stofnkostnaður:
6.21 Sjúkrastofnanir SÁÁ, byggingastyrkur 15,0

Gjöld samtals **354,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,5

Gjöld umfram tekjur **346,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 346,0

08-421 Víðines

Almennur rekstur:
1.01 Víðines 146,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,4

Gjöld umfram tekjur **141,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 141,0

08-422 Hlaðgerðarkot

Almennur rekstur:
1.01 Hlaðgerðarkot 55,8

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 55,8

08-430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun 258,0

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald fasteignar 5,0

Gjöld samtals **263,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -6,8

Gjöld umfram tekjur **256,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 256,2

08-431 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Endurhæfingardeild 100,7
1.10 Almenn deild 185,0
Almennur rekstur samtals 285,7

Gjöld samtals **285,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 285,7

08-432 Vistheimilið Bjarg

Almennur rekstur:
1.01 Vistheimilið Bjarg 32,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 32,0

m.kr.

08-435 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða

Almennur rekstur:
1.01 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða 57,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 57,8

08-490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna

Almennur rekstur:
1.01 Vistun ósakhæfra afbrotamanna 114,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **114,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 114,4

08-495 Daggjaldastofnanir

Almennur rekstur:
1.11 Seljahlíð, Reykjavík 108,8
1.12 Sóltún, Reykjavík 65,0
1.15 Dalbær, Dalvík 76,0
1.19 Hjallatún, Vík 33,6
1.21 Höfði, Akranesi 138,1
1.23 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum 84,1
1.25 Barmahlíð, Reykhólum 32,0
1.27 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi 68,4
1.29 Fellaskjól, Grundarfirði 20,0
1.33 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi 33,5
1.35 Jaðar, Ólafsvík 16,6
1.37 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri 58,0
1.41 Hrafnista, Reykjavík 621,1
1.43 Hrafnista, Hafnarfirði 523,5
1.45 Grund, Reykjavík 566,9
1.47 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði 215,8
1.49 Kumbaravogur, Stokkseyri 146,0

	m.kr.
1.51 Fellsendi, Búðardal	38,9
1.53 Reykjalundur, Mosfellsbæ	751,5
1.55 D.a.h. Vesturhlíð, Reykjavík	8,7
1.57 Gistiheimili RKÍ, Reykjavík	43,0
1.63 Hlíðabær, Reykjavík	27,4
1.65 Lindargata, Reykjavík	26,7
1.67 MS-félag Íslands, Reykjavík	48,1
1.69 Múlabær, Reykjavík	39,6
1.71 Dagvistun aldraðra, aðrar	79,1
1.81 Holtsbúð, Garðabæ	101,8
1.83 Uppsalir, Fáskrúðsfirði	49,1
1.85 Fríðuhús, Reykjavík	17,9
1.97 Sjóður til aðstoðar minni daggjaldastofnunum	5,5
1.98 Óskipt framlag til breytinga á daggjöldum	10,0
Almennur rekstur samtals	4.054,7
Gjöld samtals	**4.054,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-333,7
Gjöld umfram tekjur	**3.721,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.721,0

08-496 Reynslusveitarfélagið Akureyri

Almennur rekstur:	
1.11 Hjúkrunarrými	319,2
1.21 Dagvistun aldraðra	13,8
Almennur rekstur samtals	333,0
Gjöld samtals	**333,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	333,0

08-497 Reynslusveitarfélagið Hornafjörður

Almennur rekstur:	
1.11 Hjúkrunarrými	122,0

	m.kr.
1.21 Dagvistun aldraðra	3,8
1.31 Fæðingar	4,2
Almennur rekstur samtals	130,0
Gjöld samtals	**130,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	130,0

08-499 Hjúkrunarheimili

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	105,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	105,2

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:	
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt	104,6
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald, óskipt	27,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	25,0
6.90 Tölvuvæðing	52,2
Stofnkostnaður samtals	77,2
Gjöld samtals	**208,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	208,8

08-501 Sjúkraflutningar

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúkraflutningar	247,3
1.12 Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða	50,2
1.15 Sjúkraflug	23,7
Almennur rekstur samtals	321,2
Gjöld samtals	**321,2**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 321,2

08-505 Heilsugæsla í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæsla í Reykjavík 741,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -61,3

Gjöld umfram tekjur **679,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 679,8

08-510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík 428,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -17,0

Gjöld umfram tekjur **411,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 411,3

08-515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Lágmúla 95,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -11,9

Gjöld umfram tekjur **83,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 83,2

m.kr.

08-517 Læknavaktin

Almennur rekstur:
1.01 Læknavaktin 169,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -25,8

Gjöld umfram tekjur **143,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 143,4

08-522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Borgarnesi 66,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -6,6

Gjöld umfram tekjur **60,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 60,1

08-524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsvík 47,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,4

Gjöld umfram tekjur **44,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 44,0

08-525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Grundarfirði 26,2

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,8

Gjöld umfram tekjur **24,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,4

08-526 Heilsugæslustöðin Búðardal

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Búðardal 44,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,0

Gjöld umfram tekjur **41,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 41,1

08-551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði 26,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,1

Gjöld umfram tekjur **25,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,3

08-552 Heilsugæslustöðin Dalvík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Dalvík 44,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,8

Gjöld umfram tekjur **40,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 40,0

m.kr.

08-553 Reynslusveitarfélagið Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Reynslusveitarfélagið Akureyri 225,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -17,6

Gjöld umfram tekjur **208,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 208,0

08-568 Reynslusveitarfélagið Hornafjörður

Almennur rekstur:
1.01 Reynslusveitarfélagið Hornafjörður 59,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,7

Gjöld umfram tekjur **54,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 54,7

08-571 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri 26,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,2

Gjöld umfram tekjur **24,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,9

08-572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal 26,2

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,5

Gjöld umfram tekjur **24,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,7

08-574 Heilsugæslustöðin Rangárþingi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Rangárþingi 61,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -6,7

Gjöld umfram tekjur **55,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 55,1

08-576 Heilsugæslustöðin Laugarási

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Laugarási 42,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,4

Gjöld umfram tekjur **37,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 37,0

08-578 Heilsugæslustöðin Hveragerði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Hveragerði 27,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,3

Gjöld umfram tekjur **26,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 26,5

m.kr.

08-579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn 24,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,9

Gjöld umfram tekjur **22,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 22,4

08-582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði 196,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -25,1

Gjöld umfram tekjur **171,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 171,4

08-583 Heilsugæslustöðin Garðabæ

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Garðabæ 85,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,9

Gjöld umfram tekjur **77,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 77,1

08-584 Heilsugæsla í Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæsla í Kópavogi 226,9

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -19,4

Gjöld umfram tekjur **207,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 207,5

08-585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi 131,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -15,1

Gjöld umfram tekjur **116,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 116,6

08-586 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ 79,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,6

Gjöld umfram tekjur **71,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 71,9

08-621 Forvarnasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Áfengis- og vímuvarnaráð 7,4
1.90 Forvarnasjóður 63,4
Almennur rekstur samtals 70,8

Gjöld samtals **70,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 70,8

m.kr.

08-711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	79,7
1.11 Sjúkrasvið	808,5
Almennur rekstur samtals	888,2
Gjöld samtals	**888,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-46,3
Gjöld umfram tekjur	**841,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	841,9

08-715 St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	36,8
1.11 Sjúkrasvið	188,5
Almennur rekstur samtals	225,3
Gjöld samtals	**225,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,4
Gjöld umfram tekjur	**213,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	213,9

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	37,1
1.11 Sjúkrasvið	111,9
Almennur rekstur samtals	149,0
Gjöld samtals	**149,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,8
Gjöld umfram tekjur	**143,2**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 143,2

08-725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 122,6
1.11 Sjúkrasvið 395,8
Almennur rekstur samtals 518,4

Gjöld samtals **518,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -41,5

Gjöld umfram tekjur **476,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 476,9

08-731 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 31,1
1.11 Sjúkrasvið 60,1
Almennur rekstur samtals 91,2

Gjöld samtals **91,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,1

Gjöld umfram tekjur **88,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 88,1

08-735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 32,6
1.11 Sjúkrasvið 46,5
Almennur rekstur samtals 79,1

Gjöld samtals **79,1**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,1

Gjöld umfram tekjur **77,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 77,0

08-741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 41,7
1.11 Sjúkrasvið 125,8
Almennur rekstur samtals 167,5

Gjöld samtals **167,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,3

Gjöld umfram tekjur **159,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 159,2

08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 44,8
1.11 Sjúkrasvið 196,0
Almennur rekstur samtals 240,8

Gjöld samtals **240,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,8

Gjöld umfram tekjur **232,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 232,0

m.kr.

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	54,5
1.11 Sjúkrasvið	438,3
Almennur rekstur samtals	492,8
Gjöld samtals	**492,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-21,8
Gjöld umfram tekjur	**471,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	471,0

08-755 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	31,6
1.11 Sjúkrasvið	213,2
Almennur rekstur samtals	244,8
Gjöld samtals	**244,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,3
Gjöld umfram tekjur	**233,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	233,5

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	140,7
1.11 Sjúkrasvið	364,6
Almennur rekstur samtals	505,3
Gjöld samtals	**505,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-38,4
Gjöld umfram tekjur	**466,9**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 466,9

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 309,5
1.11 Sjúkrasvið 648,8
Almennur rekstur samtals 958,3

Gjöld samtals **958,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -60,9

Gjöld umfram tekjur **897,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 897,4

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 64,4
1.11 Sjúkrasvið 320,8
Almennur rekstur samtals 385,2

Gjöld samtals **385,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -22,7

Gjöld umfram tekjur **362,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 362,5

08-785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 121,5
1.11 Sjúkrasvið 465,8
Almennur rekstur samtals 587,3

Gjöld samtals **587,3**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -28,9

Gjöld umfram tekjur **558,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 558,4

08-791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 208,5
1.11 Sjúkrasvið 528,4
Almennur rekstur samtals 736,9

Gjöld samtals **736,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -56,6

Gjöld umfram tekjur **680,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 680,3

08-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 57,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 57,0

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **78.857,0**
Greitt úr ríkissjóði **78.710,8**
Innheimt af ríkistekjum **121,2**
Viðskiptahreyfingar **25,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	387,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	6,0
6.21 Bifreiðar	4,0
Stofnkostnaður samtals	10,0
Gjöld samtals	**397,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,0
Gjöld umfram tekjur	**392,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	392,0

09-103 Ríkisbókhald

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisbókhald	226,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	5,0
Gjöld samtals	**231,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,1
Gjöld umfram tekjur	**230,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	230,4

09-104 Ríkisfjárhirsla

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisfjárhirsla	38,8

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 1,0

Gjöld samtals **39,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 39,8

09-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

09-201 Ríkisskattstjóri

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 333,8
1.10 Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa 80,6
1.20 Skatteftirlit 40,6
Almennur rekstur samtals 455,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 8,0

Gjöld samtals **463,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 463,0

09-202 Skattstofan í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofan í Reykjavík 283,5

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 4,0

Gjöld samtals **287,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 287,5

m.kr.

09-203 Skattstofa Vesturlands

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vesturlands 38,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,3

Gjöld umfram tekjur **38,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,6

09-204 Skattstofa Vestfjarða

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vestfjarða 26,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **26,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 26,4

09-205 Skattstofa Norðurlands vestra

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Norðurlands vestra 28,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,3

Gjöld umfram tekjur **27,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,9

09-206 Skattstofa Norðurlands eystra

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Norðurlands eystra 65,2

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,6

Gjöld umfram tekjur **64,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 64,6

09-207 Skattstofa Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Austurlands 32,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,3

Gjöld umfram tekjur **32,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 32,3

09-208 Skattstofa Suðurlands

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Suðurlands 42,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **42,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 42,5

09-209 Skattstofa Vestmannaeyja

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vestmannaeyja 16,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,1

Gjöld umfram tekjur **15,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,9

m.kr.

09-211 Skattstofa Reykjaness

Almennur rekstur:	
1.01 Skattstofa Reykjaness	169,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,9
Gjöld umfram tekjur	**167,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	167,0

09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld

Almennur rekstur:	
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld	10,8
1.02 Verðjöfnunargjöld og útflutningsskýrslur	1,0
1.03 Forúrskurðir í skattamálum	5,5
1.04 Útgáfa úrskurða í skattamálum	10,5
1.05 Gæða- og þjónustumál skattstofa	4,4
1.06 Rekstrarleiga tölvubúnaðar fyrir skattkerfið	24,6
1.10 Skatteftirlit	19,9
1.15 Átak í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli	25,0
1.30 Þungaskattur	17,5
1.40 Fjármagnstekjuskattur	1,6
Almennur rekstur samtals	120,8
Gjöld samtals	**120,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	120,8

09-214 Yfirskattanefnd

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirskattanefnd	82,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	1,0
Gjöld samtals	**83,4**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	83,4

09-215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins	89,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,0
Gjöld samtals	**91,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	91,2

09-250 Innheimtukostnaður

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis innheimtukostnaður	247,5
1.20 Kostnaður við sérstakar innheimtuaðgerðir	6,0
Almennur rekstur samtals	253,5
Gjöld samtals	**253,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-109,3
Gjöld umfram tekjur	**144,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	144,2

09-261 Ríkistollstjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkistollstjóri	138,8
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	7,0
Gjöld samtals	**145,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,4
Gjöld umfram tekjur	**144,4**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 144,4

09-262 Tollstjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Tollstjórinn í Reykjavík 608,5

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 8,0

Gjöld samtals **616,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,3

Gjöld umfram tekjur **613,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 603,2
Innheimt af ríkistekjum 10,0

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins 5.539,0
1.02 Lífeyrissjóður alþingismanna 63,0
1.03 Lífeyrissjóður ráðherra 23,0
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga 699,0
1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands 136,0
1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands 20,0
1.08 Eftirlaun hæstaréttardómara 45,0
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun 10,0
Almennur rekstur samtals 6.535,0

Gjöld samtals **6.535,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3.051,0
Viðskiptahreyfingar 3.484,0

m.kr.

09-385 Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna

Almennur rekstur:
1.01 Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna 443,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 443,0

09-402 Fasteignamat ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignamat ríkisins 293,4
1.05 Yfirfasteignamatsnefnd 2,6
Almennur rekstur samtals 296,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 15,5
6.02 Landskrá fasteigna 60,8
Stofnkostnaður samtals 76,3

Gjöld samtals **372,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,6

Gjöld umfram tekjur **370,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 270,5
Innheimt af ríkistekjum 100,2

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum 240,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 240,0

09-711 Afskriftir skattkrafna

Almennur rekstur:
1.11 Afskriftir skattkrafna 4.000,0

m.kr.

Fjármögnun:
Viðskiptahreyfingar 4.000,0

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:
1.11 Fjármagnstekjuskattur 750,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 750,0

09-811 Barnabætur

Almennur rekstur:
1.11 Barnabætur 4.230,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4.230,0

09-821 Vaxtabætur

Almennur rekstur:
1.11 Vaxtabætur 4.285,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4.285,0

09-901 Framkvæmdasýsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Framkvæmdasýsla ríkisins 109,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -107,1

Gjöld umfram tekjur **2,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,6

m.kr.

09-905 Ríkiskaup

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkiskaup	1.086,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-1.086,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

09-972 Lánasýsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Lánasýsla ríkisins	123,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-68,8
Gjöld umfram tekjur	**54,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	54,9

09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur

Stofnkostnaður:	
6.11 Tapaðar kröfur	190,0
6.15 Tjónabætur	20,0
Stofnkostnaður samtals	210,0
Gjöld samtals	**210,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0
Viðskiptahreyfingar	190,0

09-980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól

Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur húsnæðis	86,3
1.05 Rekstur tölvukerfis	7,7
Almennur rekstur samtals	94,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Húsnæði	21,0

	m.kr.
6.41 Tölvubúnaður	28,0
Stofnkostnaður samtals	49,0
Gjöld samtals	**143,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-107,2
Gjöld umfram tekjur	**35,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	35,7

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald stjórnarráðsbygginga	10,0
Stofnkostnaður:	
6.05 Stjórnarráðsbyggingar	208,0
6.25 Húsnæði ríkisskattstjóra, Laugavegi 164	26,5
Stofnkostnaður samtals	234,5
Gjöld samtals	**244,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	244,5

09-984 Fasteignir ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	33,3
1.11 Rekstur fasteigna	207,7
Almennur rekstur samtals	241,0
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteigna	434,5
Gjöld samtals	**675,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-676,0
Gjöld umfram tekjur	**-0,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,5

m.kr.

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:

1.90 Launa- og verðlagsmál	1.000,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	1.000,0

09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir

Almennur rekstur:

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar	200,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	200,0

09-995 Skýrsluvélakostnaður

Almennur rekstur:

1.01 Launagreiðslukerfi	63,8
1.02 Tekjubókhaldskerfi	193,6
1.03 Skattvinnslukerfi	157,2
1.04 Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	52,6
1.05 Innheimtuskilakerfi	15,4
1.06 Forsendukerfi innheimtugagna	15,2
1.09 Fjárlagakerfi	7,9
Almennur rekstur samtals	505,7

Stofnkostnaður:

6.01 Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi	22,0
6.02 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	25,0
6.03 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	24,4
6.04 Hugbúnaðargerð fyrir BÁR	10,0
6.08 Hugbúnaðargerð fyrir staðlað rekstrarframtal	12,6
6.09 Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi	2,0
6.11 Hugbúnaðargerð fyrir bókhalds- og starfsmannakerfi	160,0
6.90 Tölvukerfi, óskipt	82,0
Stofnkostnaður samtals	338,0
Gjöld samtals	**843,7**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	843,7

m.kr.

09-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:

6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 33,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 33,5

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:

1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið 37,8
1.11 Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir 25,6
1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni 6,6
1.13 Kjarasamningar 14,0
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum 33,2
1.15 Kjararannsóknir 6,2
1.17 Ýmis sameiginlegur kostnaður 18,6
1.18 Styrkur til stjórnmálaflokka í samræmi við heimild í 7. gr. 136,0
1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga 20,0
1.31 Lífeyrissjóður bænda 90,0
1.45 Ýmsar nefndir 3,6
1.50 Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB) 1,4
1.60 Dómkröfur 56,8
1.65 Kjaradómur og kjaranefnd 13,6
1.73 Vöktun á Eyjafjallajökli og Kötlu 23,8
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings 5,0
1.90 Óviss útgjöld 16,4
Almennur rekstur samtals 508,6

Stofnkostnaður:

6.91 Hagræðingarmál 6,5

Gjöld samtals **515,1**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 515,1

09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **27.024,3**
Greitt úr ríkissjóði **19.240,1**
Innheimt af ríkistekjum **110,2**
Viðskiptahreyfingar **7.674,0**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	178,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	177,2
Viðskiptahreyfingar	1,0

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	19,0
1.16 Landflutningasjóður	1,0
1.20 Rannsóknanefnd sjóslysa	18,1
1.21 Lög- og réttindaskráning sjómanna	1,4
1.22 Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	3,0
1.23 Slysavarnaskóli sjómanna	43,9
1.24 Tilkynningaskylda íslenskra skipa	21,8
1.25 GPS-staðsetningarkerfi	8,0
1.26 Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	1,1
1.28 Sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa	26,3
1.29 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	10,9
1.32 Slysavarnafélagið Landsbjörg	44,7
1.41 Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1,0
1.42 Ferðamál og markaðsstarf	10,0
1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	50,0
1.45 Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu	4,0
1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	49,0
1.48 Hestamiðstöð Íslands	5,0
1.51 Úrskurðarnefnd í póst- og fjarskiptamálum	5,2
1.90 Ýmislegt	3,6
Almennur rekstur samtals	327,0
Stofnkostnaður:	
6.41 Hlutur ríkisins í flughermi fyrir flugskóla	15,0
Gjöld samtals	**342,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 341,0
Viðskiptahreyfingar 1,0

10-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

10-211 Vegagerðin

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 441,0
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa 373,0
Almennur rekstur samtals 814,0

Viðhaldsverkefni:
5.05 Þjónusta 2.197,0
5.10 Viðhald 2.031,0
Viðhaldsverkefni samtals 4.228,0

Stofnkostnaður:
6.10 Nýframkvæmdir 5.374,0
6.21 Landsvegir 115,0
6.40 Tilraunir 101,0
6.43 Safnvegir 272,0
6.45 Styrkvegir 54,0
6.47 Reiðvegir 39,0
Stofnkostnaður samtals 5.955,0

Gjöld samtals **10.997,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11.291,0
Viðskiptahreyfingar ..... -294,0

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 418,7

m.kr.

Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	20,7
6.60 Vitabyggingar	11,5
6.70 Hafnamannvirki	1.157,2
6.74 Lendingabætur	2,8
6.76 Ferjubryggjur	5,7
6.80 Sjóvarnargarðar	73,8
6.90 Hafnabótasjóður, framlag	18,0
Stofnkostnaður samtals	1.289,7
Gjöld samtals	**1.708,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-118,2
Gjöld umfram tekjur	**1.590,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.783,2
Innheimt af ríkistekjum	1,3
Viðskiptahreyfingar	-194,3

10-471 Flugmálastjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn	645,0
1.70 Alþjóðaflugþjónusta	1.209,0
1.81 Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO	90,7
Almennur rekstur samtals	1.944,7
Gjöld samtals	**1.944,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1.395,0
Gjöld umfram tekjur	**549,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	470,5
Innheimt af ríkistekjum	79,2

m.kr.

10-472 Flugvellir

Almennur rekstur:
1.01 Rekstur flugvalla 409,0

Stofnkostnaður:
6.80 Flugvellir, framkvæmdir 613,0

Gjöld samtals **1.022,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -32,9

Gjöld umfram tekjur **989,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 901,5
Innheimt af ríkistekjum 87,6

10-481 Rannsóknanefnd flugslysa

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknanefnd flugslysa 24,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,0

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin 128,8
1.11 Rekstur strandarstöðva 184,0
Almennur rekstur samtals 312,8

Gjöld samtals **312,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 240,8
Innheimt af ríkistekjum 72,0

10-651 Ferðamálaráð

Almennur rekstur:
1.01 Ferðamálaráð 47,2

	m.kr.
1.11 Ferðamálasamtök landshluta	18,0
1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	10,2
1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir	47,6
1.81 Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994	72,0
Almennur rekstur samtals	195,0
Gjöld samtals	**195,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,1
Gjöld umfram tekjur	**191,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	191,9

10-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	28,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,0

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**15.207,9**
Greitt úr ríkissjóði	**15.454,1**
Innheimt af ríkistekjum	**240,1**
Viðskiptahreyfingar	**-486,3**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 74,6

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 1,1

Gjöld samtals **75,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 75,7

11-102 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:
1.01 Einkaleyfastofan 94,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 4,8

Gjöld samtals **99,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 99,0

11-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

11-201 Iðntæknistofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Iðntæknistofnun Íslands 368,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 9,4

Gjöld samtals **377,6**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -265,5

Gjöld umfram tekjur **112,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 112,1

11-203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 182,8

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 4,9

Gjöld samtals **187,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -128,1

Gjöld umfram tekjur **59,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 59,6

11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja 14,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,4

11-245 Samtök iðnaðarins

Almennur rekstur:
1.10 Samtök iðnaðarins 136,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 136,7

m.kr.

11-251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi

Almennur rekstur:
1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi 50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:
1.19 Staðlaráð 29,3
1.21 Kostnaður vegna samnings við ÍSAL 6,1
1.30 Alþjóðlegt samstarf 19,7
1.45 Sjóður til eflingar atvinnulífs í Mývatnssveit 5,0
1.46 Hestamiðstöð Íslands 5,0
1.48 Átak til atvinnusköpunar 80,0
1.50 Nýsköpun og markaðsmál 28,9
Almennur rekstur samtals 174,0

Gjöld samtals **174,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 174,0

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 6,2
1.02 Orkumálasvið 88,5
1.03 Orkurannsóknir 113,5
1.04 Sala rannsókna 192,5
Almennur rekstur samtals 400,7

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 12,1

Gjöld samtals **412,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -192,5

Gjöld umfram tekjur **220,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 220,3

m.kr.

11-371 Orkusjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur Orkusjóðs	2,5
1.11 Nýting innlendra orkulinda	16,8
1.13 Jarðhitaleit	12,0
1.23 Notendur utan samveitna	2,0
Almennur rekstur samtals	33,3
Stofnkostnaður:	
6.11 Virkjanarannsóknir	50,0
Gjöld samtals	**83,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	83,3

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:	
1.13 Hafsbotnsrannsóknir	17,0
1.15 Niðurgreiðsla á rafhitun	790,0
1.16 Styrking dreifikerfis í sveitum	138,0
1.17 Fjárfestingarstofan, orkusvið	10,0
1.18 Hitaveitur á köldum svæðum	45,0
1.21 Nýskipan orkumála	4,0
1.23 Þróunarverkefni o.fl.	31,0
Almennur rekstur samtals	1.035,0
Gjöld samtals	**1.035,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.035,0

11-411 Byggðastofnun

Almennur rekstur:	
1.10 Byggðastofnun	133,4
1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	65,0
Almennur rekstur samtals	198,4
Stofnkostnaður:	
6.41 Þátttaka í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni	300,0

	m.kr.
Gjöld samtals	**498,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	498,4

11-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	18,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,0

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**2.584,5**
Greitt úr ríkissjóði	**2.485,5**
Innheimt af ríkistekjum	**99,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	102,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,7
Gjöld umfram tekjur	**102,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	102,1

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Neytendasamtökin	8,5
1.15 Fastanefndir	2,0
1.20 Icepro-nefnd	4,0
1.41 Úttekt á stjórnunar- og eignatengslum fyrirtækja á íslenskum markaði að beiðni þingflokks Samfylkingarinnar	13,0
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál	20,4
Almennur rekstur samtals	47,9
Gjöld samtals	**47,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	47,9

12-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,0

12-302 Löggildingarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Löggildingarstofa	176,8

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,3

Gjöld samtals **179,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,6

Gjöld umfram tekjur **170,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 154,5
Innheimt af ríkistekjum 16,0

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:
1.01 Fjármálaeftirlitið 209,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 209,2

12-811 Flutningssjóður olíuvara

Almennur rekstur:
1.10 Flutningssjóður olíuvara 485,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 485,0

12-821 Flutningssjóður sements

Almennur rekstur:
1.10 Flutningssjóður sements 156,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 156,0

12-902 Samkeppnisstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Samkeppnisstofnun 128,7

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 1,9

Gjöld samtals **130,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 130,6

12-999 Ýmis viðskiptamál

Almennur rekstur:
1.10 Fjárfestingarstofan, almennt svið 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **1.319,3**
Greitt úr ríkissjóði **1.094,1**
Innheimt af ríkistekjum **225,2**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

13 Hagstofa Íslands

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	255,5
1.50 Þjóðskráin	75,5
Almennur rekstur samtals	331,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	14,6
Gjöld samtals	**345,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,1
Gjöld umfram tekjur	**337,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	229,5
Innheimt af ríkistekjum	108,0

13-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	12,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,0

13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur	**349,5**
Greitt úr ríkissjóði	**241,5**
Innheimt af ríkistekjum	**108,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 166,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 1,5

Gjöld samtals **167,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 167,5

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.23 Ýmis umhverfisverkefni 46,2
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum 12,7
1.35 Umhverfisvöktun 28,0
1.40 Alþjóðastofnanir 14,8
1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF 13,5
1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME 5,2
1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum 5,3
1.56 Vernd Breiðafjarðar 1,5
1.57 Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur 2,7
1.58 Náttúrugripasöfn 3,0
1.59 Náttúruverndarráð 8,0
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál 9,3
Almennur rekstur samtals 150,2

Gjöld samtals **150,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 150,2

14-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 5,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

14-202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Almennur rekstur:
1.01 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn 12,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,2

Gjöld umfram tekjur **7,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,8

14-205 Náttúruvernd ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 67,0
1.10 Þjóðgarðar og friðlýst svæði 51,9
Almennur rekstur samtals 118,9

Viðhaldsverkefni:
5.01 Þjóðgarðar og friðlýst svæði 25,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 5,0

Gjöld samtals **148,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -24,9

Gjöld umfram tekjur **124,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 124,0

14-210 Veiðistjóri

Almennur rekstur:
1.01 Veiðistjóri 23,2

m.kr.

1.11 Endurgreiddur kostnaður sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink 34,1
Almennur rekstur samtals 57,3

Gjöld samtals **57,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 57,3

14-213 Hreindýraráð

Almennur rekstur:
1.10 Hreindýraráð 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

14-215 Vistmenningarmiðstöð á Sólheimum í Grímsnesi

Stofnkostnaður:
6.21 Vistmenningarmiðstöð á Sólheimum í Grímsnesi 25,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,0

14-221 Hollustuvernd ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Hollustuvernd ríkisins 228,8

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 11,5

Gjöld samtals **240,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -24,2

Gjöld umfram tekjur **216,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 211,1
Innheimt af ríkistekjum 5,0

m.kr.

14-281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga

Stofnkostnaður:
6.51 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga 120,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 120,0

14-285 Spilliefnasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 11,1
1.10 Eyðing spilliefna 151,7
Almennur rekstur samtals 162,8

Gjöld samtals **162,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 162,8

14-289 Endurvinnslan hf., skilagjald

Almennur rekstur:
1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald 494,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 494,0

14-301 Skipulagsstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Skipulagsstofnun 114,5
1.11 Mat á umhverfisáhrifum 20,4
1.12 Skipulag miðhálendis 1,7
Almennur rekstur samtals 136,6

Gjöld samtals **136,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -21,5

Gjöld umfram tekjur **115,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 115,1

m.kr.

14-303 Skipulagsmál sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.11 Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sem annast sjálf skipulagsmál sín	42,0
1.13 Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulagsmál	68,0
Almennur rekstur samtals	110,0
Gjöld samtals	**110,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	110,0

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Landmælingar Íslands	217,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	8,0
Gjöld samtals	**225,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-48,1
Gjöld umfram tekjur	**177,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	177,5

14-321 Brunamálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Brunamálastofnun ríkisins	83,0
1.10 Námssjóður	3,5
1.20 Brunamálaskóli	17,0
Almennur rekstur samtals	103,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,5
Gjöld samtals	**107,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 107,0

14-381 Ofanflóðasjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Ofanflóðasjóður 400,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 400,0

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 45,4
1.02 Setur í Reykjavík 135,7
1.03 Setur á Akureyri 33,8
Almennur rekstur samtals 214,9

Viðhaldsverkefni:
5.21 Fasteignir 0,5

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 4,0

Gjöld samtals **219,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -74,7

Gjöld umfram tekjur **144,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 144,7

14-403 Náttúrustofur

Almennur rekstur:
1.10 Náttúrustofa Neskaupstað 5,2
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum 5,2
1.12 Náttúrustofa Bolungarvík 5,2
1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi 5,2

	m.kr.
1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki	5,2
1.15 Náttúrustofa Sandgerði	5,2
Almennur rekstur samtals	31,2
Gjöld samtals	**31,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	31,2

14-407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	15,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,0
Gjöld samtals	**17,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,1

14-410 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	380,7
1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	103,8
Almennur rekstur samtals	484,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	23,5
Gjöld samtals	**508,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-150,9
Gjöld umfram tekjur	**357,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	357,1

m.kr.

14-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 34,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 34,0

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur 3.038,4
Greitt úr ríkissjóði 3.033,4
Innheimt af ríkistekjum 5,0
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	13.000,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12.200,0
Viðskiptahreyfingar	800,0
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**13.000,0**
Greitt úr ríkissjóði	**12.200,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**800,0**

m.kr.

Sundurliðun 3

Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta

22 Menntamálaráðuneyti, B-hluti

22-201 Happdrætti Háskóla Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	2.080,0
Rekstrargjöld	1.770,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	15,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**325,0**
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	1,0
Hagnaður (-tap)	**326,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	326,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	25,0
Handbært fé frá rekstri	**351,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	10,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-10,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	20,0
Greitt til Háskóla Íslands	305,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-325,0**
Breyting á handbæru fé	**16,0**
Handbært fé í ársbyrjun	160,0
Handbært fé í árslok	176,0

m.kr.

22-971 Ríkisútvarpið

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	960,0
Rekstrargjöld	2.635,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	50,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-1.625,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	1.625,0

Sjóðstreymi:

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	250,0
Handbært fé frá rekstri	**250,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	200,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	200,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**0,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	100,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-100,0**
Breyting á handbæru fé	**150,0**
Handbært fé í ársbyrjun	100,0
Handbært fé í árslok	250,0

m.kr.

22-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	46,0
Rekstrargjöld	399,1
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	11,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-342,1**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	174,8
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	137,3
Hagnaður (-tap)	**-30,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-30,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	30,0
Handbært fé frá rekstri	**0,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	0,5
Handbært fé í árslok	0,5

m.kr.

23 Utanríkisráðuneyti, B-hluti

23-118 Ratsjárstofnun

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	1.011,6
Rekstrargjöld	1.011,6
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**0,0**

Sjóðstreymi:

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	26,6
Handbært fé frá rekstri	**26,6**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	7,3
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-7,3**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	19,3
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-19,3**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	84,0
Handbært fé í árslok	84,0

m.kr.

23-121 Umsýslustofnun varnarmála

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	80,0
Rekstrargjöld	75,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	1,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**6,0**
Hagnaður (-tap)	**6,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	6,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	3,5
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-3,0
Handbært fé frá rekstri	**6,5**
Fjármögnunarhreyfingar	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	5,0
Greidd Lífeyrisskuldbinding	0,5
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-5,5**
Breyting á handbæru fé	**1,0**
Handbært fé í ársbyrjun	2,2
Handbært fé í árslok	3,2

m.kr.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	12.238,0
Rekstrargjöld	9.323,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-25,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**2.890,0**
Hagnaður (-tap)	**2.890,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	2.890,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	91,0
Handbært fé frá rekstri	**2.981,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	82,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	3,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-79,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	115,0
Arðgreiðsla í ríkissjóð	2.915,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-3.030,0**
Breyting á handbæru fé	**-128,0**
Handbært fé í ársbyrjun	633,0
Handbært fé í árslok	505,0

m.kr.

30 Samgönguráðuneyti, B-hluti

30-471 Alþjóðaflugþjónustan

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	1.723,3
Rekstrargjöld	1.814,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-90,7**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	90,7

Sjóðstreymi:

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	160,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-80,0
Handbært fé frá rekstri	**80,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	108,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-108,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	150,0
Afborganir af teknum löngum lánum	120,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**30,0**
Breyting á handbæru fé	**2,0**
Handbært fé í ársbyrjun	2,0
Handbært fé í árslok	4,0

m.kr.

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

31-321 Rafmagnsveitur ríkisins

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	5.133,0
Rekstrargjöld	5.360,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-91,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-318,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	161,0
Hagnaður (-tap)	**-157,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-157,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	965,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	50,0
Handbært fé frá rekstri	**858,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	850,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	15,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-835,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	137,0
Arðgreiðsla í ríkissjóð	212,0
Skammtímalán	80,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-269,0**
Breyting á handbæru fé	**-246,0**
Handbært fé í ársbyrjun	103,0
Handbært fé í árslok	-143,0

m.kr.

Sundurliðun 4

Fjármál lánastofnana í C-hluta

42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti

42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	2.450,0
Fjármagnsgjöld	2.350,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	980,0
Hreinar fjármunatekjur	**-880,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	2.150,0
Aðrar rekstrartekjur	3,0
Önnur rekstrargjöld	242,0
Hagnaður (-tap)	**1.031,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	1.031,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	-150,0
Handbært fé frá rekstri	**881,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt stutt lán, nettó	95,0
Veitt löng lán	3.540,0
Afborganir af veittum löngum lánum	2.400,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	16,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.251,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	3.100,0
Afborganir af teknum löngum lánum	2.715,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**385,0**
Breyting á handbæru fé	**15,0**
Handbært fé í ársbyrjun	333,0
Handbært fé í árslok	348,0

m.kr.

44 Landbúnaðarráðuneyti, C-hluti

44-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	15,0
Fjármagnsgjöld	3,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	3,0
Hreinar fjármunatekjur	**9,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	170,0
Aðrar rekstrartekjur	40,0
Önnur rekstrargjöld	250,0
Hagnaður (-tap)	**-31,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-31,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	4,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	10,0
Handbært fé frá rekstri	**-17,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**5,0**
Breyting á handbæru fé	**-12,0**
Handbært fé í ársbyrjun	237,0
Handbært fé í árslok	225,0

m.kr.

44-823 Lánasjóður landbúnaðarins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.261,0
Fjármagnsgjöld	1.116,3
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	140,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	50,0
Hreinar fjármunatekjur	**-45,3**
Aðrar rekstrartekjur	150,0
Önnur rekstrargjöld	113,2
Hagnaður (-tap)	**-8,5**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-8,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	55,1
Handbært fé frá rekstri	**46,6**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	1.800,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.158,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-642,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	1.800,0
Afborganir af teknum löngum lánum	1.144,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**656,0**
Breyting á handbæru fé	**60,6**
Handbært fé í ársbyrjun	-3,7
Handbært fé í árslok	56,9

m.kr.

45 Sjávarútvegsráðuneyti, C-hluti

45-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	176,0
Fjármagnsgjöld	270,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	-37,0
Hreinar fjármunatekjur	**-57,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	560,0
Önnur rekstrargjöld	55,0
Hagnaður (-tap)	**448,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	448,0
Handbært fé frá rekstri	**448,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	469,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**469,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	850,0
Afborganir af teknum löngum lánum	1.806,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-956,0**
Breyting á handbæru fé	**-39,0**
Handbært fé í árslok	-39,0

m.kr.

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

47-201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	21.559,0
Fjármagnsgjöld	20.058,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-28,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	296,0
Hreinar fjármunatekjur	**1.233,0**
Aðrar rekstrartekjur	319,0
Önnur rekstrargjöld	318,0
Hagnaður (-tap)	**1.234,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	1.234,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	9.117,0
Handbært fé frá rekstri	**10.351,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	31.875,0
Afborganir af veittum löngum lánum	5.043,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-26.837,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	31.500,0
Afborganir af teknum löngum lánum	10.408,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**21.092,0**
Breyting á handbæru fé	**4.606,0**
Handbært fé í ársbyrjun	10.132,0
Handbært fé í árslok	14.738,0

m.kr.

47-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	351,0
Fjármagnsgjöld	430,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-32,0
Hreinar fjármunatekjur	**-47,0**
Hagnaður (-tap)	**-47,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-47,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	-201,0
Handbært fé frá rekstri	**-248,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	3.650,0
Afborganir af veittum löngum lánum	92,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-3.558,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	3.900,0
Afborganir af teknum löngum lánum	69,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**3.831,0**
Breyting á handbæru fé	**25,0**
Handbært fé í ársbyrjun	56,0
Handbært fé í árslok	81,0

m.kr.

47-211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	520,0
Fjármagnsgjöld	413,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-29,0
Hreinar fjármunatekjur	**136,0**
Hagnaður (-tap)	**136,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	136,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	152,0
Handbært fé frá rekstri	**288,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	2.800,0
Afborganir af veittum löngum lánum	18,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-2.782,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	2.600,0
Afborganir af teknum löngum lánum	75,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**2.525,0**
Breyting á handbæru fé	**31,0**
Handbært fé í ársbyrjun	73,0
Handbært fé í árslok	104,0

m.kr.

47-215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	9.792,0
Fjármagnsgjöld	10.008,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	282,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	296,0
Hreinar fjármunatekjur	**-794,0**
Aðrar rekstrartekjur	319,0
Önnur rekstrargjöld	318,0
Hagnaður (-tap)	**-793,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-793,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	-3.145,0
Handbært fé frá rekstri	**-3.938,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	4.805,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**4.800,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	7.500,0
Afborganir af teknum löngum lánum	8.216,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-716,0**
Breyting á handbæru fé	**146,0**
Handbært fé í ársbyrjun	17,0
Handbært fé í árslok	163,0

m.kr.

50 Samgönguráðuneyti, C-hluti

50-335 Hafnabótasjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	59,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	23,0
Hreinar fjármunatekjur	**36,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	18,0
Önnur rekstrargjöld	161,0
Hagnaður (-tap)	**-107,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-107,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	18,0
Handbært fé frá rekstri	**-89,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt stutt lán, nettó	20,0
Veitt löng lán	20,0
Afborganir af veittum löngum lánum	40,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**0,0**
Breyting á handbæru fé	**-89,0**
Handbært fé í ársbyrjun	203,5
Handbært fé í árslok	114,5

m.kr.

50-651 Ferðamálasjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	105,0
Fjármagnsgjöld	70,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	5,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	10,0
Hreinar fjármunatekjur	**20,0**
Aðrar rekstrartekjur	0,5
Önnur rekstrargjöld	15,0
Hagnaður (-tap)	**5,5**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	5,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	10,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-1,0
Handbært fé frá rekstri	**14,5**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	190,0
Afborganir af veittum löngum lánum	155,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-35,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	100,0
Afborganir af teknum löngum lánum	71,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**29,0**
Breyting á handbæru fé	**8,5**
Handbært fé í ársbyrjun	53,0
Handbært fé í árslok	61,5

m.kr.

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

51-371 Orkusjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	7,5
Fjármagnsgjöld	4,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	20,0
Hreinar fjármunatekjur	**-16,5**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	33,3
Aðrar rekstrartekjur	50,0
Önnur rekstrargjöld	117,3
Hagnaður (-tap)	**-50,5**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-50,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	20,0
Handbært fé frá rekstri	**-30,5**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	45,0
Afborganir af veittum löngum lánum	18,3
Áhættufjármunir	20,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-6,7**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	0,5
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-0,5**
Breyting á handbæru fé	**-37,7**
Handbært fé í ársbyrjun	101,0
Handbært fé í árslok	63,3

m.kr.

51-411 Byggðastofnun

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	800,0
Fjármagnsgjöld	450,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	60,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	180,0
Hreinar fjármunatekjur	**110,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	498,4
Aðrar rekstrartekjur	10,6
Önnur rekstrargjöld	440,0
Hagnaður (-tap)	**179,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	179,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	400,0
Handbært fé frá rekstri	**579,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	2.200,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.200,0
Áhættufjármunir	300,0
Leiðréttinga viðskiptakrafna	20,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.320,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	1.300,0
Afborganir af teknum löngum lánum	800,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**500,0**
Breyting á handbæru fé	**-241,0**
Handbært fé í ársbyrjun	250,0
Handbært fé í árslok	9,0

m.kr.

52 Viðskiptaráðuneyti, C-hluti

52-101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	540,0
Fjármagnsgjöld	25,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	150,0
Hreinar fjármunatekjur	**365,0**
Önnur rekstrargjöld	250,0
Hagnaður (-tap)	**115,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	115,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	-4,0
Handbært fé frá rekstri	**111,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	150,0
Afborganir af veittum löngum lánum	140,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	10,0
Áhættufjármunir	500,0
Sala áhættufjármuna	150,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-370,0**
Breyting á handbæru fé	**-259,0**
Handbært fé í ársbyrjun	4.534,0
Handbært fé í árslok	4.275,0

m.kr.

Séryfirlit 1

Málaflokkar gjalda í A-hluta

01.	**Almenn opinber þjónusta**	
01.1	Opinber þjónusta	
	01.1.1 Æðsta stjórnsýsla ríkisins	1.886,4
	01.1.2 Fjármálastjórnsýsla	4.639,4
	01.1.3 Utanríkisstjórnsýsla	2.975,0
	Samtals	**9.500,8**
01.2	Erlend efnahagsaðstoð	
	01.2.1 Efnahagsaðstoð við þróunarlönd	524,2
	Samtals	**524,2**
01.3	Opinberar frumrannsóknir	
	01.3.1 Frumrannsóknir í raunvísindum	193,0
	01.3.2 Frumrannsóknir í hugvísindum	134,9
	Samtals	**327,9**
01.4	Önnur almenn opinber þjónusta	
	01.4.2 Hagáætlanir og hagsýslugerð	472,9
	01.4.3 Önnur almenn opinber þjónusta óta	722,2
	Samtals	**1.195,1**
Almenn opinber þjónusta samtals		**11.548,0**
03.	**Löggæsla og öryggismál**	
03.1	Löggæsla og brunavarnir	
	03.1.1 Löggæsla	5.438,2
	03.1.2 Brunavarnir	107,0
	Samtals	**5.545,2**
03.2	Dómstólar	1.227,3
03.3	Fangelsi	565,3
03.4	Önnur réttar- og öryggismál	2.255,8
Löggæsla og öryggismál samtals		**9.593,6**

m.kr.

04.	**Fræðslumál**	
04.1	Grunnskólastig	686,2
04.2	Framhaldsskólastig	
	04.2.1 Almennt framhaldsskólastig	6.118,4
	04.2.2 Sérskólastig	1.823,8
	Samtals	**7.942,2**
04.3	Æðra skólastig	
	04.3.1 Háskólastig	8.117,9
	Samtals	**8.117,9**
04.4	Aðrir skólar, óta.	47,6
04.5	Námsaðstoð	442,9
04.6	Önnur fræðslumál, óta.	701,1
Fræðslumál samtals		**17.937,9**
05.	**Heilbrigðismál**	
05.1	Sjúkrahúsaþjónusta	
	05.1.1 Almenn sjúkrahúsaþjónusta	26.444,8
	05.1.2 Sérstæð sjúkrahúsaþjónusta	460,4
	05.1.4 Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir	8.328,5
	Samtals	**35.233,7**
05.2	Heilsugæsla	
	05.2.1 Almenn heilsugæsla	7.648,5
	05.2.2 Sérstæð heilsugæsla	207,7
	05.2.3 Tannlæknisþjónusta	1.070,0
	05.2.4 Sjúkraþjálfun og önnur heilsugæsla	930,0
	Samtals	**9.856,2**
05.4	Lyf og hjálpartæki	5.583,4
05.5	Heilbrigðisrannsóknir	216,1
05.6	Önnur heilbrigðismál	1.480,9
Heilbrigðismál samtals		**52.370,3**
06.	**Almannatryggingar og velferðarmál**	
06.1	Almannatryggingar	
	06.1.1 Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur	3.479,0
	06.1.3 Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir	23.750,3

	m.kr.
06.1.4 Atvinnuleysisbætur	2.163,5
06.1.5 Fjölskyldu- og barnabætur	5.380,1
06.1.6 Önnur félagsleg aðstoð	4.515,0
Samtals	**39.287,9**
06.2 Velferðarmál	
06.2.1 Barna- og unglingaheimili	496,3
06.2.3 Málefni fatlaðra	3.841,0
06.2.4 Önnur velferðarheimili	52,3
06.2.5 Velferðarþjónusta utan stofnana	109,2
06.2.6 Önnur velferðarþjónusta, óta.	925,2
Samtals	**5.424,0**
Almannatryggingar og velferðarmál samtals	**44.711,9**
07. Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál	
07.1 Húsnæðis- og skipulagsmál	
07.1.1 Húsnæðismál	62,9
07.1.2 Skipulagsmál	1.200,3
Samtals	**1.263,2**
07.3 Hreinsunarmál	
07.3.1 Almenn hreinsunarmál	494,0
07.3.2 Mengunarmál	162,8
Samtals	**656,8**
Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál samtals	**1.920,0**
08. Menningarmál	
08.0 Menningarmál	
08.0.1 Æskulýðs-, íþrótta- og útivistarmál	181,4
08.0.2 Söfn, listir ofl.	3.029,9
08.0.3 Fjölmiðlar	1.763,5
08.0.4 Kirkjumál	3.274,6
08.0.5 Önnur menningarmál	58,3
Samtals	**8.307,7**
Menningarmál samtals	**8.307,7**

		m.kr.
09.	**Eldsneytis- og orkumál**	
09.1	Eldsneytismál	485,0
09.2	Orkumál	
	09.2.1 Raforkumál	1.056,3
	09.2.3 Orkumál, óta.	282,3
	Samtals	**1.338,6**
Eldsneytis- og orkumál samtals		**1.823,6**
10.	**Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál**	
10.1	Landbúnaðarmál	
	10.1.1 Jarðræktarmál	382,6
	10.1.3 Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar	7.098,3
	10.1.4 Framleiðnistarfsemi	774,3
	10.1.5 Dýralæknisþjónusta	271,1
	10.1.6 Farsóttarvarnir	52,0
	10.1.7 Önnur landbúnaðarmál	973,3
	Samtals	**9.551,6**
10.2	Skógræktarmál	354,6
10.3	Sjávarútvegsmál	
	10.3.3 Tekju- og verðlagsmál sjávarafurða	44,8
	10.3.4 Rannsóknar- og þróunarstarfsemi	1.711,8
	10.3.7 Önnur sjávarútvegsmál	710,6
	Samtals	**2.467,2**
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals		**12.373,4**
11.	**Iðnaðarmál**	
11.2	Iðnaðarstarfsemi	538,9
11.3	Byggingarstarfsemi	59,6
Iðnaðarmál samtals		**598,5**
12.	**Samgöngumál**	
12.1	Landsamgöngur	
	12.1.1 Vega- og gatnagerð	10.624,0
	Samtals	**10.624,0**

	m.kr.
12.2 Sjó- og vatnasamgöngur	
12.2.2 Sjósamgöngur	1.590,2
Samtals	**1.590,2**
12.4 Loftsamgöngur	
12.4.2 Önnur loftsamgöngumál	1.925,6
Samtals	**1.925,6**
12.7 Önnur samgöngumál	1.040,8
Samgöngumál samtals	**15.180,6**
13. Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	
13.2 Ferðaþjónusta	191,9
13.4 Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins	2.085,5
13.5 Almenn launa- og atvinnumál	573,1
13.6 Önnur atvinnumál	654,4
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals	**3.504,9**
14. Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0 Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0.1 Vaxta- og lántökukostnaður	13.002,6
14.0.2 Tilfærslur til annarra opinbera aðila	3.719,0
14.0.3 Önnur þjónusta	13.378,0
Samtals	**30.099,6**
Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals	**30.099,6**
Heildargjöld samtals	**209.970,0**

Séryfirlit 2

Hagræn skipting gjalda í A-hluta 2001

m.kr.

Rekstrargjöld	
Laun	62.705,1
Lífeyrisskuldbindingar	6.535,0
Önnur gjöld	32.021,3
Sértekjur	-11.182,3
Rekstrargjöld samtals	**90.079,1**
Fjármagnskostnaður	**13.000,0**
Rekstrar- og neyslutilfærslur	
Lífeyristryggingar	19.220,0
Sjúkratryggingar	11.150,0
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	6.936,0
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	5.855,0
Vaxtabætur	4.285,0
Barnabætur	4.230,0
Daggjaldastofnanir	4.054,7
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	3.964,0
Fæðingarorlofssjóður	2.369,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	2.179,7
Framlag til sókna og kirkjugarða	2.406,5
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.150,0
Ríkisútvarpið	1.625,0
Aðrar neyslu- og rekstartilfærslur	14.961,7
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	**85.386,6**
Viðhald	
Vegagerðin	4.228,0
Annað	1.196,0
Viðhald samtals	5.424,0
Fjárfesting	
Vegagerðin	5.955,0
Háskólar og framhaldsskólar	1.448,0
Hafnaframkvæmdir	1.289,7
Heilbrigðisstofnanir	1.254,1
Flugvellir	613,0
Annað	5.520,5
Fjárfesting samtals	16.080,3
Gjöld samtals	209.970,0

Séryfirlit 3

Markaðar tekjur 2001

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Almanaksgjald	1,7
	Greitt úr ríkissjóði	1,7
02-319	**Framhaldsskólar, almennt**	
	Sveinsbréf	2,5
	Greitt úr ríkissjóði	2,5
02-969	**Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**	
	Sérstakur eignaskattur, einstaklingar	290,0
	Sérstakur eignarskattur, lögaðilar	340,0
	Skerðing markaðra tekna	150,0
	Greitt úr ríkissjóði	380,0
	Viðskiptahreyfing	100,0
02-977	**Listir, framlög**	
	Höfundarréttargjald	62,0
	Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við kirkjulegar athafnir	1,0
	Fylgiréttargjald í Myndlistarsjóð Íslands	1,3
	Greitt úr ríkissjóði	64,3
03-611	**Útflutningsráð Íslands**	
	Markaðsgjald	189,8
	Greitt úr ríkissjóði	189,8
04-211	**Rannsóknastofnun landbúnaðarins**	
	Eftirlitsgjald af innfluttum plöntum 1% á tollverð	3,6
	Eftirlitsgjald af innfluttum plöntum 2% á tollverð	3,6
	Greitt úr ríkissjóði	7,2
04-233	**Yfirdýralæknir**	
	Gjald vegna matvælaeftirlits Yfirdýralæknis	1,0
	Greitt úr ríkissjóði	1,0
04-236	**Aðfangaeftirlit ríkisins**	
	Eftirlitsgjöld með áburði og jarðvegsbætandi efnum	0,6
	Eftirlitsgjöld með innfluttri sáðvöru	1,0
	Fóðureftirlitsgjald af innlendri framleiðslu	2,6
	Fóðureftirlitsgjald af innflutningi	4,5
	Greitt úr ríkissjóði	8,7

04-801	**Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu**	
	Verðtilfærslugjald á innvegna mjólk	270,0
	Greitt úr ríkissjóði	270,0
04-818	**Búnaðarsjóður**	
	Hluti af búnaðargjaldi á búvöruframleiðslu	183,0
	Greitt úr ríkissjóði	183,0
04-823	**Lánasjóður landbúnaðarins**	
	Hluti af búnaðargjaldi á búvöruframleiðslu	150,0
	Greitt úr ríkissjóði	150,0
04-824	**Verðmiðlun landbúnaðarvara**	
	Verðmiðlunargjöld landbúnaðarins	112,3
	Greitt úr ríkissjóði	112,3
04-826	**Stofnverndarsjóður búfjár**	
	Stofnverndarsjóðsgjald búfjár	1,0
	Greitt úr ríkissjóði	1,0
04-827	**Fóðursjóður**	
	Aðflutningsgjöld af fóðri í Fóðursjóð	340,0
	Greitt úr ríkissjóði	340,0
04-829	**Útflutningsgjald á hross**	
	Útflutningsgjald á hross, brúttó	16,0
	Greitt úr ríkissjóði	16,0
04-843	**Fiskræktarsjóður**	
	Gjald af skírum veiðitekjum veiðifélaga	7,7
	Gjald af óskírum tekjum vatnsaflstöðva	9,3
	Greitt úr ríkissjóði	17,0
05-204	**Fiskistofa**	
	Vinnsluleyfi	2,0
	Veiðieftirlitsgjald	150,3
	Veiðieftirlitsgjald vegna veiða utan lögsögu	32,5
	Gjald vegna eftirlits um borð í fiskiskipum	45,0
	Greitt úr ríkissjóði	229,8
05-211	**Kvótaþing**	
	Þóknun Kvótaþings fyrir skráningu á kvótatilboðum	16,0
	Greitt úr ríkissjóði	16,0

05-811	**Þróunarsjóður sjávarútvegsins**	
	Þróunarsjóðsgjald á skip	91,0
	Þróunarsjóðsgjald á aflamark	469,0
	Greitt úr ríkissjóði	560,0
06-303	**Ríkislögreglustjóri**	
	Áfengiseftirlitsgjald til Ríkislögreglustjóra	5,9
	Greitt úr ríkissjóði	5,9
06-311	**Lögreglustjórinn í Reykjavík**	
	Áfengiseftirlitsgjald til Lögreglustjórans í Reykjavík	12,1
	Greitt úr ríkissjóði	12,1
06-331	**Umferðarráð**	
	Umferðaröryggiseftirlitsgjald	38,5
	Greitt úr ríkissjóði	38,5
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Vinnueftirlits ríkisins	173,0
	Skráning vinnuvéla	0,9
	Greitt úr ríkissjóði	173,9
07-795	**Framkvæmdasjóður fatlaðra**	
	Erfðafjárskattur	607,0
	Skerðing markaðra tekna	372,0
	Greitt úr ríkissjóði	235,0
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**	
	Ábyrgðargjald vegna launa	152,0
	Greitt úr ríkissjóði	103,0
	Viðskiptahreyfing	49,0
07-984	**Atvinnuleysistryggingasjóður**	
	Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi	2.918,0
	Greitt úr ríkissjóði	2.136,0
	Viðskiptahreyfing	782,0
07-987	**Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga**	
	Hluti Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga í atvinnutryggingargjaldi	68,0
	Greitt úr ríkissjóði	27,5
	Viðskiptahreyfing	40,5

07-989	**Fæðingarorlof**	
	Hluti Fæðingarorlofssjóðssjóðs í almennu tryggingargjaldi	3.237,0
	Greitt úr ríkissjóði	1.957,0
	Viðskiptahreyfing	1.280,0
08-204	**Lífeyristryggingar**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyristrygginga	12.546,0
	Greitt úr ríkissjóði	12.546,0
08-208	**Slysatryggingar**	
	Slysatryggingagjald á sjómannslaun	160,0
	Greitt úr ríkissjóði	160,0
08-385	**Framkvæmdasjóður aldraða**	
	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða	575,0
	Greitt úr ríkissjóði	575,0
08-397	**Lyfjastofnun**	
	Ýmis leyfi Lyfjastofnunar	16,7
	Lyfjaeftirlitsgjald	26,0
	Árgjald lyfja til Lyfjastofnunar	36,5
	Greitt úr ríkissjóði	79,2
08-621	**Forvarnasjóður**	
	Hlutdeild Forvarnasjóðs í áfengisgjaldi	57,9
	Greitt úr ríkissjóði	57,9
09-402	**Fasteignamat ríkisins**	
	Umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins	229,0
	Greitt úr ríkissjóði	229,0
10-101	**Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa**	
	Leyfi til rekstrar ferðaskrifstofu	1,0
	Greitt úr ríkissjóði	1,0
10-211	**Vegagerðin**	
	Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni	6.026,0
	Þungaskattur af díselbifreiðum, km-gjald	2.417,0
	Þungaskattur, fast árgjald	1.810,0
	Leyfis- og eftirlitsgjöld Vegagerðarinnar af flutningum á landi	3,0
	Greitt úr ríkissjóði	10.041,0
	Viðskiptahreyfing	215,0

10-335	**Siglingastofnun Íslands**	
	Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs	192,3
	Vitagjald	90,0
	Skipagjald	59,7
	Greitt úr ríkissjóði	342,0
10-471	**Flugmálastjórn**	
	Afgreiðslugjöld flugöryggissviðs Flugmálastjórnar	4,3
	Greitt úr ríkissjóði	4,3
10-472	**Flugvellir**	
	Flugvallargjald	687,1
	Greitt úr ríkissjóði	687,1
10-512	**Póst og fjarskiptastofnunin**	
	Jöfnunargjald til Póst- og fjarskiptastofnunar vegna alþjónustu	20,0
	Rekstrargjald vegna starfssemi á sviði póst- og fjarskipta	44,8
	Greitt úr ríkissjóði	64,8
11-245	**Samtök iðnaðarins**	
	Iðnaðarmálagjald	136,7
	Greitt úr ríkissjóði	136,7
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs	27,0
	Greitt úr ríkissjóði	27,0
12-190	**Ýmis verkefni**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Ice-Pro nefndar	4,0
	Greitt úr ríkissjóði	4,0
12-302	**Löggildingarstofa**	
	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	35,0
	Gjald vegna yfireftirlits og úrtaksskoðana Löggildingarstofu	85,0
	Greitt úr ríkissjóði	120,0
12-811	**Flutningssjóður olíuvara**	
	Flutningsjöfnunargjald á olíuvörur.	485,0
	Greitt úr ríkissjóði	485,0
12-821	**Flutningssjóður sements**	
	Flutningsjöfnunargjald af sementi	156,0
	Greitt úr ríkissjóði	156,0

14-210	**Veiðistjóri**	
	Gjald af veiðikorti	23,2
	Greitt úr ríkissjóði	23,2
14-213	**Hreindýraráð**	
	Leyfisgjald af veiðileyfi vegna hreindýraveiða	1,5
	Veiðileyfi hreindýraráðs	13,5
	Greitt úr ríkissjóði	15,0
14-221	**Hollustuvernd ríkisins**	
	Gjald fyrir vinnslu starfsleyfa vegna mengunar	0,5
	Greitt úr ríkissjóði	0,5
14-285	**Spilliefnasjóður**	
	Spilliefnagjald	162,8
	Greitt úr ríkissjóði	162,8
14-289	**Endurvinnslan hf., skilgjald**	
	Skilagjald á einnota umbúðir	494,0
	Greitt úr ríkissjóði	494,0
14-303	**Skipulagsmál sveitarfélaga**	
	Skipulagsgjald	110,0
	Greitt úr ríkissjóði	110,0
14-310	**Landmælingar Íslands**	
	Birtingarleyfi til Landmælinga Íslands	3,0
	Greitt úr ríkissjóði	3,0
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	
	Brunavarnargjald	107,0
	Greitt úr ríkissjóði	107,0
14-381	**Ofanflóðasjóður**	
	Ofanflóðasjóðsgjald	500,0
	Greitt úr ríkissjóði	400,0
	Viðskiptahreyfing	100,0
	Heildartekjur	**37.359,2**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**34.270,7**
	Mismunur	**3.088,5**
	Þar af skerðing	**522,0**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**2.566,5**

Séryfirlit 4

Aðrar rekstrartekjur stofnana 2001

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
01-211	**Þjóðhagsstofnun**	
	Hluti Seðlabanka Íslands í rekstri Þjóðhagsstofnunar	61,7
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Innritunargjöld, Háskóli Íslands	84,7
	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	325,0
02-202	**Tilraunastöð Háskólans að Keldum**	
	Fisksjúkdómagjald	1,0
02-210	**Háskólinn á Akureyri**	
	Innritunargjöld, Háskólinn á Akureyri	13,0
02-211	**Tækniskóli Íslands**	
	Innritunargjöld, Tækniskóli Íslands	11,0
02-215	**Kennaraháskóli Íslands**	
	Innritunargjöld, Kennaraháskóli Íslands	21,8
02-228	**Listaháskóli Íslands**	
	Hluti Reykjavíkurborgar í rekstri Myndlista- og handíðaskólans	51,0
02-236	**Vísindasjóður**	
	Hluti Seðlabanka Ísland í rekstri Vísindasjóðs	145,0
02-238	**Bygginga- og tækjasjóður**	
	Einkaleyfisgjald H.Í.	77,0
02-301	**Menntaskólinn í Reykjavík**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn í Reykjavík	4,6
02-302	**Menntaskólinn á Akureyri**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Akureyri	3,5
02-303	**Menntaskólinn á Laugarvatni**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Laugarvatni	0,8
02-304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn við Hamrahlíð	5,7

02-305 Menntaskólinn við Sund
Innritunargjöld, Menntaskólinn við Sund 4,4

02-306 Framhaldsskóli Vestfjarða
Innritunargjöld, Framhaldsskóli Vestfjarða 1,7

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum
Innritunargjöld, Menntaskólinn á Egilsstöðum 1,6

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi
Innritunargjöld, Menntaskólinn í Kópavogi 6,1

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík
Innritunargjöld, Kvennaskólinn í Reykjavík 3,0

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 7,7

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla
Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn Ármúla 4,6

02-352 Flensborgarskóli
Innritunargjöld, Flensborgarskóli 3,4

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Suðurnesja 4,3

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Vesturlands 3,9

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 1,4

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra 2,6

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Suðurlands 4,5

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands
Innritunargjöld, Verkmenntaskóli Austurlands 1,0

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri
Innritunargjöld, Verkmenntaskólinn á Akureyri 5,9

02-360	**Fjölbrautaskólinn í Garðabæ**	
	Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	3,3
02-361	**Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu**	
	Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	0,6
02-362	**Framhaldsskólinn á Húsavík**	
	Innritunargjöld, Framhaldsskólinn á Húsavík	0,9
02-363	**Framhaldsskólinn á Laugum**	
	Innritunargjöld, Framhaldsskólinn á Laugum	0,5
02-365	**Borgarholtsskóli**	
	Innritunargjöld, Borgarholtsskóli	4,1
02-506	**Vélskóli Íslands**	
	Innritunargjöld, Vélskóli Íslands	0,9
02-507	**Stýrimannaskólinn í Reykjavík**	
	Innritunargjöld, Stýrimannaskólinn í Reykjavík	0,5
02-514	**Iðnskólinn í Reykjavík**	
	Innritunargjöld, Iðnskólinn í Reykjavík	8,9
02-516	**Iðnskólinn í Hafnarfirði**	
	Innritunargjöld, Iðnskólinn í Hafnarfirði	2,7
02-804	**Kvikmyndaskoðun**	
	Skoðunargjald kvikmynda	5,0
02-971	**Ríkisútvarpið**	
	Afnotagjald RÚV, hljóðvarp	542,0
	Afnotagjald RÚV, sjónvarp	1083,0
03-101	**Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**	
	Lóðarleiga á varnarsvæðum	20,0
03-201	**Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli**	
	Vopnaleitargjald	67,6
	Tollafgreiðslugjöld til Sýslumannsins í Keflavík	17,6
	Framlag Bandaríkjanna til löggæslu	23,7
03-211	**Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli**	
	Lendingargjald vegna millilandaflugs	475,9

04-190	**Ýmis verkefni**	
	Gjald af sláturleyfishöfum fyrir yfirmat á kjöti, gærum og ull	10,0
04-233	**Yfirdýralæknir**	
	Gjald vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum	60,0
04-831	**Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins**	
	Afgjöld ríkisjarða	17,0
	Sala jarðeigna jarðasjóðs	16,0
05-207	**Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla**	
	Upptækur afli og veiðarfæri (landhelgisbrot og sekt)	45,0
05-210	**Sjóður til síldarrannsókna**	
	Vaxtatekjur sjóðs til síldarrannsókna	7,0
06-105	**Lögbirtingablað**	
	Auglýsingar í Lögbirtingablaði	26,0
06-190	**Ýmis verkefni**	
	Prófgjöld vegna prófa dómtúlka og skjalaþýðenda	1,0
	Prófgjöld vegna prófa fasteignasala	1,6
06-331	**Umferðarráð**	
	Prófgjöld bifreiðastjóra	36,0
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	
	Prófgjöld vegna verklegra prófa á vegum Vinnueftirlits ríkisins	6,4
	Skoðunargjöld til Vinnueftirlits ríkisins	46,5
	Útgáfa skírteina til að stjórna farandvinnuvélum (vinnueftirlit ríkisins)	3,8
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**	
	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	24,0
08-327	**Geislavarnir ríkisins**	
	Eftirlitsgjöld vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins	6,5
	Vottorð frá Geislavörnum ríkisins	0,7
08-373	**Landspítali, háskólasjúkrahús**	
	Slysastofugjöld Landspítalans	100,0
08-397	**Lyfjastofnun**	
	Markaðsleyfi Lyfjastofnunar	14,0
09-262	**Tollstjórinn í Reykjavík**	
	Tollafgreiðslugjöld til Tollstjórans í Reykjavík	10,0

09-402	**Fasteignamat ríkisins**	
	Aðgangur að fasteignamatsskrá	100,2
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	
	Vottorð frá Siglingamálastofnun	1,3
10-471	**Flugmálastjórn**	
	Flugleiðsöguþjónusta vegna innanlandsflugs	30,0
	Veðurþjónustugjald vegna innanlandsflugs	15,0
	Prófgjöld vegna þjónustu loftferðareftirlits Flugmálastjórnar	2,4
	Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara	23,5
	Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda	8,3
10-472	**Flugvellir**	
	Lendingargjöld vegna innanlandsflugs	87,6
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	
	Eftirlits- og starfrækslugjöld fyrir radíótæki	71,0
	Greiðslur fyrir þjónusta Póst- og fjarskiptastofnunar samkvæmt verðskrá	1,0
11-102	**Einkaleyfastofan**	
	Gjöld fyrir einkaleyfi	27,9
	Gjöld fyrir vörumerki	70,6
	Gjöld fyrir hönnunarvernd	0,5
12-302	**Löggildingarstofa**	
	Faggilding hjá Löggildingarstofunni	6,0
	Eftirlitsgjald til Löggildingarstofunnar	10,0
12-402	**Fjármálaeftirlitið**	
	Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins	209,2
13-101	**Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa**	
	Aðgangur að hlutafélagaskrá	10,0
	Aðgangur að fyrirtækjaskrá	15,0
	Íbúaskrá Hagstofu Íslands	3,0
	Aðgangur að skrám þjóðskrárinnar	75,0
	Vottorð Hagstofu Íslands	5,0
14-221	**Hollustuvernd ríkisins**	
	Mengunareftirlitgjald (árlegt gjald v. eftirlits)	3,5
	Gjald vegna sérstakrar þjónustu á sviði mengunarvarna	1,5
	Samtals	**4.266,4**

Séryfirlit 5

Lögbundin framlög 2001

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
01-303	**Kristnihátíðarsjóður**	
	Lögbundið framlag	100,0
	Greitt úr ríkissjóði	100,0
02-978	**Listasjóðir**	
	Listamannalaun	241,6
	Greitt úr ríkissjóði	241,6
04-891	**Sérstakar greiðslur í landbúnaði**	
	Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða	25,0
	Greitt úr ríkissjóði	25,0
06-705	**Kirkjumálasjóður**	
	Kirkjumálasjóður	140,9
	Greitt úr ríkissjóði	140,9
06-733	**Kirkjugarðsgjöld**	
	Kirkjugarðsgjöld	532,0
	Kirkjugarðssjóður	46,0
	Greitt úr ríkissjóði	578,0
06-735	**Sóknargjöld**	
	Sóknargjöld	1.412,0
	Greitt úr ríkissjóði	1.412,0
06-736	**Jöfnunarsjóður sókna**	
	Jöfnunarsjóður sókna	231,0
	Greitt úr ríkissjóði	231,0
07-801	**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**	
	Lögbundið framlag	3.393,0
	Greitt úr ríkissjóði	3.393,0
08-399	**Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**	
	Tóbaksvarnir, lögbundið framlag	38,4
	Tannverndarsjóður, lögbundið framlag	10,0
	Greitt úr ríkissjóði	48,4
	Lögbundin framlög alls	**6.169,9**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**6.169,9**
	Mismunur, skerðing	**0,0**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Fjárlagafrumvarpið er sett fram í tveimur hlutum. Í *fyrri hluta* er fjallað um stefnu og horfur í efnahags- og ríkisfjármálum, auk töfluyfirlita um ríkisfjármálin yfir lengra tímabil. Í *síðari hluta* eru sjö lagagreinar frumvarpsins ásamt fjórum nánari sundurliðunum, sem jafnframt hafa lagagildi, og fjórum séryfirlitum. Efni lagaákvæðanna er sem hér segir:

- Í 1. gr. er sýndur áætlaður rekstrarreikningur ríkissjóðs, þ.e. tekjur og gjöld, á rekstrargrunni en sjóðshreyfingar eru einnig sýndar. Tekjunum er skipt eftir meginflokkum og helstu skattstofnum. Frekari skiptingu teknanna er að finna í sundurliðun 1. Gjöldin eru flokkuð eftir ábyrgðarsviðum, þ.e. eftir ráðuneytum. Nánari skipting á fjárreiðum ríkisaðila í A-hluta er sýnd í sundurliðun 2.
- Í 2. gr. er yfirlit yfir sjóðstreymi ríkissjóðs. Niðurstaða rekstrar- og fjármunahreyfinga er hreinn lánsfjárjöfnuður en hann er ein af lykilstærðum í reikningsskilum ríkissjóðs og sá mælikvarði sem þykir gefa einna besta mynd af efnahagsáhrifum ríkisfjármálanna.
- Í 3. gr. eru sýndar lykiltölur úr starfsemi ríkisfyrirtækja í B-hluta sem skipta máli við afgreiðslu og ákvörðun Alþingis. Hér er um að ræða hagnað eða tap hlutaðeigandi fyrirtækis, arðgreiðslu til ríkissjóðs, fjárfestingu þess og lántöku ef um slíkt er að ræða.
- Í 4. gr. eru sýndar fjárreiður lánastofnana í C-hluta og er hún eins að uppbyggingu og 3. gr. Fjárreiður B-hluta fyrirtækja og lánastofnana í C-hluta koma nánar fram í sundurliðunum 3 og 4.
- Í 5. gr. eru ákvæði sem snúa að lántökuheimildum ríkisins, heimildum til endurlána til einstakra aðila utan A-hluta og um veitingu ríkisábyrgða og niðurfellingu skulda.
- Í 6. gr. eru sýndar ákvarðanir um skerðingu á mörkuðum tekjustofnum og á ýmsum framlögum sem háð eru ákvæðum annarra laga. Sú skerðing tekna og framlaga sem hér um ræðir er í samræmi við ákvæði annarra greina laganna.
- Í 7. gr. er kveðið á um heimildir fjármálaráðherra sem snerta framkvæmd fjárlaga, svo sem heimildir til eftirgjafar gjalda, ráðstöfunar eigna og fasteignakaupa.

Á eftir lagaákvæðum frumvarpsins eru nokkur séryfirlit sem veita nánari upplýsingar um ríkisfjármál. Þar kemur fyrst málaflokkaskipting gjalda í A-hluta í samræmi við alþjóðlega staðla og síðan hagræn skipting gjalda í rekstur, rekstrartilfærslur, fjármagnskostnað, viðhald og fjárfestingu. Enn fremur er eitt yfirlit yfir markaðar tekjur sem varið er til fjármögnunar á útgjöldum verkefna í A-hluta ríkissjóðs, annað yfir aðrar rekstrartekjur stofnana og það þriðja yfir lögbundin framlög.

Í athugasemdum á eftir lagagreinum er ítarleg umfjöllun sem skiptist þannig:

- Í fyrsta kafla er yfirlit yfir ríkisfjármálin.
- Í öðrum kafla er gerð grein fyrir tekjuhlið A-hluta frumvarpsins þar sem farið er yfir áætlun einstakra tekjustofna.
- Í þriðja kafla er að finna ítarlega umfjöllun um gjaldahlið A-hluta frumvarpsins í heild og eftir einstökum ráðuneytum, málefnaflokkum og stofnunum.
- Í fjórða kafla er gerð grein fyrir fjárreiðum fyrirtækja ríkisins í B-hluta.
- Í fimmta kafla er að finna umfjöllun um fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
- Í sjötta kafla er fjallað um lánsfjármál, þ.e. lántökur, endurlán og ábyrgðir.
- Í sjöunda kafla er gerð grein fyrir skerðingarákvæðum.
- Í áttunda kafla er fjallað um heimildir fjármálaráðherra.
- Í níunda kafla er birt yfirlit yfir lagabreytingar sem miðað er við í forsendum fjárlagafrumvarpsins.

Vakin er athygli á því að allt efni fjárlagafrumvarpsins, bæði talnayfirlit og greinargerðir, er birt á vef fjármálaráðuneytisins um leið og frumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi. Veffang fjármálaráðuneytisins er *www.stjr.is/fjr*.

1 Yfirlit ríkisfjármála

Hér á eftir eru dregnar saman helstu niðurstöður fjárlagafrumvarpsins. Einungis er tæpt á meginatriðum en nánar er fjallað um einstök atriði annars staðar í greinargerðinni, bæði í fyrri og síðari hluta frumvarpsins.

Afkoma ríkissjóðs. Tekjuafgangur ríkissjóðs árið 2001 er áætlaður 30,3 milljarðar króna. Til samanburðar er tekjuafgangur ríkissjóðs nú talinn verða 26,1 milljarður króna árið 2000 og 1999 nam hann 23,6 milljörðum. Lánsfjárafgangur ríkisins hefur aukist að sama skapi og er áætlaður 34,7 milljarðar króna árið 2001 en var 27,6 milljarðar árið 2000 og 26,9 milljarðar árið 1999. Eins og undanfarin tvö ár er eitt meginmarkmið frumvarpsins að nýta batnandi afkomu ríkissjóðs og vaxandi lánsfjárafgang til að greiða niður skuldir ríkissjóðs og draga úr innlendri eftirspurn.

Afkoma ríkissjóðs 1999-2001

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Reikningur 1999	Fjárlög 2000	Áætlun 2000	Frumvarp 2001
Tekjur	222,6	209,9	225,1	240,3
Gjöld	199,0	193,2	199,0	210,0
Rekstrarafkoma	**23,6**	**16,7**	**26,1**	**30,3**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi [1]	-0,5	-2,7	-13,6	-15,8
Handbært fé frá rekstri	**23,1**	**14,0**	**12,5**	**14,5**
Fjármunahreyfingar [2]	3,8	6,9	15,1	20,2
Hreinn lánsfjárjöfnuður [3]	**26,9**	**20,9**	**27,6**	**34,7**

[1] Til þess að fá mat á sjóðstreymi þarf að draga frá tekjum á rekstrargrunni þann hluta þeirra sem ekki kemur til innheimtu á árinu. Þá þarf að lækka tekjurnar um andvirðið af sölu eigna þar sem það fellur ekki undir eiginlegan rekstur. Jafnframt þarf að lækka útgjöld á rekstrargrunni vegna þeirra gjalda sem ekki koma til greiðslu á árinu.

[2] Hér eru færðar lánveitingar ríkissjóðs, að frádregnum afborgunum fyrri lánveitinga. Undir þennan lið falla til dæmis lán sem ríkissjóður tekur vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna o.fl. Auk þess færast þar hreyfingar á viðskiptareikningum og stofnfjárframlög ríkisins. Loks er heildarandvirði seldra eigna, sem skilar sér í ríkissjóð á árinu, fært undir þennan lið.

[3] Án aukaframlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Eins og fram hefur komið eykst lánsfjárafgangurinn verulega á milli ára en hann sýnir það fé sem er til ráðstöfunar til greiðslu skulda eða til að bæta stöðu ríkissjóðs að öðru leyti. Uppsafnaður lánsfjárafgangur árin 1998 til 2001 stefnir samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum í ríflega 100 milljarða króna. Miðað við áform í frumvarpinu og áætlanir yfirstandandi árs

stefnir í að heildarskuldir ríkissjóðs lækki úr 51% af landsframleiðslu í lok árs 1995 í 26,4% árið 2001. Um 2/3 af uppsöfnuðum lánsfjárafgangi er ráðstafað til að greiða niður skuldir og um 1/3 til að styrkja stöðu ríkissjóðs með öðrum hætti. Nánar er vikið að markmiðum um niðurgreiðslu skulda ríkissjóðs í fyrra hefti frumvarpsins.

Efnahagshorfur. Samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að verulega dragi úr vexti þjóðarútgjalda og hagvexti á næsta ári. Þannig er nú aðeins spáð liðlega 1½% hagvexti en hann er um 3½% í ár og 4½% að meðaltali síðustu fjögur ár. Einkaneysla er talin aukast mun minna á næsta ári en undanfarin ár, eða um 2½%, en hún jókst um 4% á þessu ári og 17% samanlagt á árunum 1998-1999. Fjárfesting er talin dragast saman á næsta ári um 1½% en hún eykst um 11% í ár. Útflutningur vöru og þjónustu er talinn minnka um 1% á næsta ári sem alfarið má rekja til áætlaðs samdráttar í sjávarútvegi. Heildarinnflutningur vöru og þjónustu er einnig talinn minnka lítillega, eða um ½%. Vöruskiptahallinn mun þó heldur minnka á næsta ári vegna áhrifa viðskiptakjara. Viðskiptahallinn í heild mun hins vegar lítið breytast og raunar heldur aukast vegna áhrifa aukinna vaxtagreiðslna af erlendum lánum. Spáð er minni verðhækkunum á næsta ári en verið hafa að undanförnu. Vísitala neysluverðs er talin hækka að meðaltali um 4% á næsta ári en hún hækkar um 5% á yfirstandandi ári. Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna er talinn aukast um liðlega 1½% á næsta ári, svipað og í ár.

Tekjuhlið. Heildartekjur ríkissjóðs á næsta ári eru áætlaðar 240,3 milljarðar króna, eða um 15 milljörðum hærri en í ár. Hækkun tekna skýrist að mestu af auknum skatttekjum en einnig er gert ráð fyrir auknum tekjum af sölu eigna. Af einstökum tekjuliðum má nefna að tekjur af virðisaukaskatti eru taldar hækka um 5 milljarða frá áætlun í ár. Tekjuskattar einstaklinga og fyrirtækja eru taldir skila 3½ milljarði króna meiri tekjum á næsta ári en í ár sem alfarið má rekja til tekjuskatts einstaklinga í takt við hækkun launa. Tekjuskattur fyrirtækja er hins vegar talinn skila minni tekjum á næsta ári en í ár vegna heldur lakari afkomuhorfa á árinu 2000. Tekjur af sölu eigna eru taldar hækka um 2½ milljarð króna á næsta ári. Þessi áætlun er þó óviss þar sem ákvarðanir um eignasölu á næsta ári hafa ekki verið teknar en líklegt má telja að hér sé fremur varlega áætlað. Nánar er fjallað um tekjur ríkissjóðs í næsta kafla.

Gjaldahlið. Heildargjöld ríkissjóðs eru áætluð 210 milljarðar króna árið 2001 og aukast um 11 milljarða frá áætlun yfirstandandi árs og um 16 milljarða frá fjárlögum 2000. Helsta skýringin á hækkun gjalda frá yfirstandandi ári er hækkun á tekjutilfærslum til einstaklinga og heimila og aukning stofnkostnaðar á milli ára. Af tekjutilfærslum munar mest um aukin framlög til Fæðingarorlofssjóðs eða um 630 m.kr. að frádregnu því sem flyst af almannatryggingum og minni greiðslum ríkisstofnana til starfsmanna í fæðingarorlofi. Þá hækka barnabætur um 600 m.kr. vegna fyrirhugaðra breytinga á barnabótakerfinu með það

að markmiði að draga úr tekjutengingu. Loks er um milljarðs króna hækkun á framlögum til búvörusamninga en þar er um að ræða tímabundin framlög til uppkaupa á framleiðslurétti á kindakjöti. Framlög til stofnkostnaðar vaxa nokkuð á milli ára eða um 2,2 milljarða króna. Þar vegur þyngst ný vegáætlun og framlög til hafnamála. Er þar aðallega um að ræða jarðvegsframkvæmdir þar sem ekki hefur gætt þenslu eins og á almennum byggingamarkaði og hafa nýleg tilboð verið það hagstæð að ekki er talið tilefni til að endurskoða áform um framkvæmdir á því sviði. Rekstrarútgjöld ríkisins vaxa um 3,2 milljarða króna og eru nær óbreytt að raungildi frá áætlun þessa árs. Helstu ný rekstrarverkefni á árinu eru aukin framlög til menntamála, áframhaldandi uppbygging stofnana fatlaðra og opnun sendiráða. Á móti kemur að framlög vegna hátíðarhalda í tilefni af landafundum og kristnitöku falla niður auk framlaga til heimssýningarinnar í Hannover og framlaga til Reykjavíkur, menningarborgar. Loks er áætlað að gjaldfærðir vextir ríkissjóðs lækki um 1.200 m.kr. á milli ára og gætir þar áhrifa lækkandi skulda. Nánar er fjallað um útgjöld ríkisins í 3. kafla frumvarpsins.

2 Tekjur A-hluta

Í þessum kafla er fjallað um tekjuhorfur ríkissjóðs árið 2001 samkvæmt forsendum fjárlagafrumvarps og gerð grein fyrir endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 2000.

2.1 Helstu niðurstöður

Tekjuhorfur 2000. Samkvæmt fjárlögum, sem afgreidd voru í lok síðasta árs, var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2000 gætu numið tæplega 210 milljörðum króna. Þessi áætlun var byggð á tveimur meginforsendum, annars vegar áætlaðri niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1999 og hins vegar spá Þjóðhagsstofnunar í desember síðastliðnum um þróun helstu hagstærða á árinu 2000.

Skemmst er frá því að segja að þessar tvær meginforsendur tekjuáætlunarinnar hafa breyst í grundvallaratriðum. Annars vegar sýnir ríkisreikningur fyrir árið 1999 mun hagstæðari niðurstöðu á tekjuhlið en gert var ráð fyrir um síðustu áramót. Hins vegar hafa helstu efnahagsforsendur breyst í veigamiklum atriðum þar sem meðal annars er nú spáð nær helmingi meiri vexti þjóðarútgjalda á árinu 2000 en áður en þessi stærð ræður miklu um niðurstöður tekjuáætlunar ríkissjóðs. Einnig hafa tekjubreytingar verið talsvert meiri en gert var ráð fyrir.

Af þessum ástæðum er í endurskoðaðri tekjuáætlun gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2000 nemi 225,3 milljörðum króna eða rúmlega 16 milljörðum umfram áætlun fjárlaga. Þessa hækkun má fyrst og fremst rekja til aukinnar innheimtu tekjuskatta einstaklinga og fyrirtækja og virðisaukaskatts.

Þjóðhagsforsendur tekjuáætlunar

Magnbreyting %	Fjárlög 2000	Áætlun 2000	Frumvarp 2001
Einkaneysla	3,0	4,0	2,6
Samneysla	2,5	3,5	3,0
Fjárfesting	2,7	10,5	-1,5
Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga	2,8	5,1	1,7
Útflutningur vöru og þjónustu	1,9	0,9	-0,9
Innflutningur vöru og þjónustu	1,9	4,7	-0,3
Landsframleiðsla	2,9	3,7	1,6
Vísitala neysluverðs	4,5	5,5	4,0
Ráðstöfunartekjur á mann	5,9	6,9	5,6
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	1,3	1,4	1,5

Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2001. Meginforsendur tekjuáætlunar fjárlagafrumvarps fyrir árið 2001 eru að nokkuð hægi á hagvexti og vexti þjóðarútgjalda, meðal annars vegna samdráttar í útflutningi og minni kaupmáttaraukningar en undanfarin ár. Á þessum forsendum eru skatttekjur taldar aukast um 12 milljarða króna frá áætlun í ár og nema 214½ milljarði króna. Þetta er um 6% hækkun frá í ár en hækkun milli áranna 1999 og 2000 var tæplega 8%. Heildartekjur ríkissjóðs eru hins vegar taldar hækka meira, eða um 15 milljarða, fyrst og fremst vegna aukinnar eignasölu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1998	Reikningur 1999	Fjárlög 2000	Áætlun 2000	Frumvarp 2001
1. Skatttekjur	**161.219**	**187.796**	**189.200**	**202.322**	**214.555**
Skattar á tekjur og hagnað	42.744	53.030	52.366	59.993	63.339
Einstaklingar	34.410	42.102	41.120	45.457	49.570
Tekjuskattur einstaklinga	31.687	36.855	37.360	39.701	43.850
Sérstakur tekjuskattur einstaklinga	615	1.132	960	1.426	1.670
Fjármagnstekjuskattur	2.108	4.115	2.800	4.330	4.050
Lögaðilar	7.155	9.126	10.140	13.400	12.440
Ótalið annars staðar	1.179	1.802	1.106	1.136	1.329
Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	644	1.232	550	550	750
Gjald í framkvæmdasjóð aldraða	535	570	556	586	579
Tryggingagjöld og launaskattar	16.088	17.768	18.221	18.641	19.734
Eignarskattar	7.788	8.450	9.320	9.660	10.686
Skattar á vörur og þjónustu	87.707	100.824	101.192	106.018	112.309
Virðisaukaskattur	59.282	70.020	69.020	74.991	80.230
Almenn vörugjöld	10.080	10.900	11.412	11.043	11.907
Vörugjald af ökutækjum	4.970	5.896	5.745	5.321	5.150
Almennt vörugjald af bensíni	1.603	1.760	2.084	1.986	2.180
Sérstakt vörugjald af bensíni	5.089	5.398	5.655	5.877	6.026
Aðrir sértækir veltuskattar	6.683	6.850	7.276	6.800	6.816
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	6.556	7.209	7.565	7.530	7.922
Bifreiðagjald	2.261	2.341	2.639	2.547	2.650
Þungaskattur	3.515	4.050	3.945	4.002	4.227
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	780	818	981	981	1.045
Aðrir skattar	336	515	536	480	565
2. Aðrar rekstrartekjur	**15.581**	**17.464**	**15.638**	**17.566**	**17.620**
Arðgreiðslur og leigutekjur	2.406	2.733	2.948	2.788	1.978
Vaxtatekjur	8.381	9.269	8.022	10.110	10.482
Neyslu- og leyfisgjöld	4.277	4.845	3.979	3.979	4.436
Annað	517	617	689	689	724
3. Sala eigna	**2.471**	**11.140**	**4.216**	**4.616**	**7.316**
4. Fjármagnstilfærslur	**340**		**50**		
5. Fjárframlög	**1.235**	**1.294**	**796**	**796**	**809**
6. Breytingar á rekstrarformi fyrirtækja		**4.938**			
Heildartekjur ríkissjóðs	**180.846**	**222.632**	**209.900**	**225.300**	**240.300**

2.2 Tekjuhorfur ríkissjóðs árið 2000

Sem fyrr segir hafa almenn umsvif í efnahagslífinu og tekjubreytingar verið meiri það sem af er ári en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga 2000. Þetta hefur skilað sér í auknum tekjum ríkissjóðs. Hér á eftir verður fjallað nánar um frávik einstakra liða frá áætlun fjárlaga.

Skattar á tekjur og hagnað. Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun er nú gert ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga skili rúmlega 45½ milljarði króna í tekjur á árinu 2000, eða 4,1 milljarði umfram fjárlög. Þessa hækkun má annars vegar rekja til meiri launabreytinga og hins vegar minna atvinnuleysis en gert var ráð fyrir. Jafnframt hafa tekjur af fjármagnstekjuskatti farið langt fram úr áætlunum og eru nú áætlaðar um 4,3 milljarðar króna, eða 1,5 milljarðar umfram fyrri áætlun. Ástæður þessa má rekja til mjög aukinna umsvifa og mikillar veltu á fjármagnsmarkaði. Loks er talið að tekjuskattur fyrirtækja skili mun meiri tekjum en áður var áætlað, eða um 13,4 milljörðum króna, rúmlega 3 milljörðum umfram fjárlög, vegna mun betri afkomu á síðasta ári en áður var reiknað með. Þessi áætlun er þó nokkuð óviss og kemur til endurskoðunar þegar álagning liggur fyrir í haust. Í heild er því reiknað með að skattar á tekjur og hagnað verði um 7½ milljarði króna hærri en í áætlun fjárlaga.

Tryggingagjöld. Reiknað er með að tryggingagjöld og launaskattar skili tæpum 19 milljörðum króna í ríkissjóð á árinu 2000, eða rúmlega 400 milljónum umfram áætlun fjárlaga. Þessa hækkun má alfarið rekja til meiri tekjubreytinga en gert var ráð fyrir.

Virðisaukaskattur. Virðisaukaskattur er langstærsti einstaki tekjuliður ríkissjóðs og skilar meira en þriðjungi allra skatttekna. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að hann skili um 75 milljarða króna tekjum á árinu 2000, eða 6 milljörðum króna meira en reiknað var með í fjárlögum. Þessa hækkun má annars vegar rekja til breyttra þjóðhagsforsendna á þessu ári en hins vegar reyndust tekjur af virðisaukaskatti samkvæmt ríkisreikningi mun meiri á síðasta ári en gengið var út frá í áætlun fjárlaga.

Aðrir skattar á vörur og þjónustu. Þegar á heildina er litið hafa tekjur af vörugjöldum ekki breyst umtalsvert frá fjárlögum. Vörugjald af bifreiðum hefur þó skilað heldur minni tekjum en gert var ráð fyrir vegna samdráttar í bílainnflutningi. Auk þess er talið að breyting á lögunum síðastliðið vor, sem fól í sér nokkra lækkun í tilteknum flokkum, hafi leitt til nokkurs tekjutaps. Almennar vörugjaldstekjur eru einnig heldur undir áætlun en það má rekja til breytinga á lögunum þar sem vörugjald af tilteknum vörum var ýmist lækkað eða fellt niður, t.d. af rafmagnsvörum o.fl. Tvenns konar vörugjöld eru lögð á bensín, almennt gjald og sérstakt gjald. Sérstaka gjaldið hefur verið lengi við lýði og rennur til fjármögnunar vegaframkvæmda. Þetta gjald er talið skila heldur meiri tekjum en áætlun

fjárlaga gerir ráð fyrir sem alfarið stafar af aukinni bensínsölu. Almenna gjaldið var til skamms tíma hlutfallslegt gjald sem reiknaðist beint á innflutningsverð bensíns. Þessu var breytt síðastliðið haust og í staðinn var tekið upp krónutölugjald til þess að draga úr áhrifum hækkandi bensínverðs á heimsmarkaði á bensínverð innanlands. Áhrif breyttrar álagningar bensíngjalds koma glöggt fram í því að tekjur ríkissjóðs af bensíngjaldi hefðu verið um 900 m.kr. meiri miðað við heilt ár samkvæmt eldri tilhögun. Almenna gjaldið er talið vera nokkurn veginn á áætlun.

Aðrar tekjur. Á heildina litið er reiknað með að aðrar rekstrartekjur fari 1,9 milljarða króna umfram áætlun fjárlaga. Þessa aukningu má fyrst og fremst rekja til hærri vaxtatekna en reiknað hafði verið með.

2.3 Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2001

Horfur fyrir árið í heild. Samkvæmt efnahagsforsendum fjárlagafrumvarps er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs nemi rúmum 240 milljörðum króna á árinu 2001 og hækki um 15 milljarða króna milli ára. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu tekjuliðum.

Skattar á tekjur og hagnað. Samanlagt er gert ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað einstaklinga og fyrirtækja verði 63,3 milljarðar króna á árinu 2001 en tæplega 60 milljarðar á yfirstandandi ári.

Skattar á tekjur og hagnað 1999-2001

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1999	Fjárlög 2000	Áætlun 2000	Frumvarp 2001
Einstaklingar	42.102	41.120	45.457	49.570
Tekjuskattur einstaklinga	36.855	37.360	39.701	43.850
Sérstakur tekjuskattur einstaklinga	1.132	960	1.426	1.670
Fjármagnstekjuskattur	4.115	2.800	4.330	4.050
Lögaðilar	9.126	10.140	13.400	12.440
Ótalið annars staðar	1.802	1.106	1.137	1.330
Samtals	**53.030**	**52.366**	**59.993**	**63.340**

Tekjuskattar einstaklinga. Áætlun um tekjuskatta einstaklinga tekur mið af áætluðum launahækkunum milli ára samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar en þar er gert ráð fyrir að laun hækki um tæplega 6% milli ára. Tekjuskattar einstaklinga eru samkvæmt þessu taldir verða 49,5 milljarðar króna á næsta ári, en eru áætlaðir 45,5 milljarðar á yfirstandandi ári. Þetta samsvarar um 9% hækkun milli ára sem endurspeglar meðal annars töluverða hækkun sérstaks tekjuskatts. Hins vegar er gert ráð fyrir nokkurri lækkun fjármagnstekjuskatts á næsta ári, meðal annars vegna lækkandi hlutabréfaverðs og heldur lakari horfa á fjármagnsmarkaði.

Tekjuskattar lögaðila. Gert er ráð fyrir að tekjuskattar lögaðila nemi 12,4 milljörðum króna á næsta ári, eða 1 milljarði króna minna en í áætlun fyrir yfirstandandi ár. Ástæðan er heldur lakari afkomuhorfur í atvinnulífinu í ár en í fyrra. Það er þó rétt að ítreka að álagningu á lögaðila á þessu ári er ekki lokið og því kann þessi áætlun að breytast fyrir afgreiðslu fjárlaga.

Tryggingagjöld og launaskattar. Heildartekjur ríkissjóðs af tryggingagjöldum og launasköttum eru áætlaðar tæplega 20 milljarðar króna árið 2001 sem er rúmlega 1 milljarði hærra en áætlað er fyrir árið 2000. Rétt er að vekja athygli á þeirri breytingu á tryggingagjaldslögunum sem fólst í stofnun fæðingarorlofssjóðs. Samkvæmt lögunum fær þessi sjóður í sinn hlut 0,85% af gjaldstofni tryggingagjalds.

Eignarskattar. Áætlanir gera ráð fyrir að álagðir eignarskattar á árinu verði rúmir 10,6 milljarðar króna sem er 1 milljarðs króna aukning frá í ár. Þessi hækkun stafar fyrst og fremst af áætlaðri hækkun fasteignamats. Hækkunin er þó mun minni en á síðasta ári en þá hækkaði eignarskattsstofninn um 17,6% og munaði þar mestu um miklar hækkanir á fasteignamarkaði sem námu 14,5%. Í áætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að heldur hægi á og að eignarskattsstofn einstaklinga hækki um 10%.

Eignarskattar 1999-2001

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1999	Fjárlög 2000	Áætlun 2000	Frumvarp 2001
Eignarskattur einstaklinga	2.003	2.378	2.812	3.510
Eignarskattar lögaðila	2.090	2.400	2.261	2.380
Erfðafjárskattur	597	575	597	607
Stimpilgjöld	2.961	3.149	3.172	3.290
Sértækir eignarskattar	668	818	818	899
Samtals	**8.319**	**9.320**	**9.660**	**10.686**

Skattar á vörur og þjónustu. Talið er að heildarskattar á vöru og þjónustu verði rúmlega 120 milljarðar króna á næsta ári sem svarar til tæplega 7 milljarða króna hækkunar milli ára.

Skattar á vörur og þjónustu 1999-2001

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1999	Fjárlög 2000	Áætlun 2000	Frumvarp 2001
Virðisaukaskattur	**70.020**	**69.020**	**74.991**	**80.230**
Vörugjöld	**24.001**	**24.896**	**24.227**	**25.264**
Almenn vörugjöld af innfluttum vörum	2.270	2.633	2.331	2.350
Almenn vörugjöld af innlendri framleiðslu	735	927	753	800
Vörugjald af ökutækjum	5.896	5.745	5.321	5.150
Vörugjald af bensíni	1.760	2.084	1.986	2.180
Sérstakt vörugjald af bensíni	5.398	5.655	5.877	6.026
Flutningsjöfnunargjöld	702	635	635	641
Áfengisgjald	5.529	5.620	5.727	6.449
Ýmis vörugjöld	1.711	1.597	1.597	1.668
Hagnaður af einkasölu ÁTVR	2.908	3.120	2.908	2.915
Tollar og aðflutningsgjöld	2.527	2.727	2.526	2.597
Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	1.467	1.429	1.366	1.303
Bifreiðaskattar	6.392	6.584	6.549	6.877
Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld	1.333	1.314	1.318	1.457
Samtals	**108.648**	**109.090**	**113.885**	**120.643**

Virðisaukaskattur. Aukin neysla og fjárfesting á síðustu árum hefur leitt til þess að tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti hafa vaxið jafnt og þétt en um þriðjungur af heildartekjum ríkissjóðs eru tekjur af virðisaukaskatti. Þróun þeirra hagstærða, sem skattstofninn samanstendur af, ræður mestu um breytingar á tekjum vegna virðisaukaskatts. Þar er einkaneyslan langmikilvægasti hlutinn en áætlað er að tveir þriðju hlutar skattstofnsins tengist henni. Samneysluútgjöldin eru einnig mikilvægur hluti af skattstofni virðisaukaskattsins en um 15% af stofninum tengjast þeim lið. Aðrir mikilvægir liðir eru íbúðarhúsafjárfesting, fjárfesting hins opinbera og aðföng í atvinnurekstri sem er undanþeginn skatti en fær ekki endurgreiddan virðisaukaskatt af rekstrarútgjöldum.

Stofn virðisaukaskatts



Spá um þróun einkaneyslu, samneyslu og fjárfestingar liggur til grundvallar áætlun um tekjur af virðisaukaskatti fyrir næsta ár. Einkaneyslan vex um 2½% yfir á næsta ár, samneyslan um 3% og fjárfestingarliðir, sem tengjast virðisaukaskattinum, aukast um 4% milli ára. Miðað við óbreytt innheimtuhlutfall og verðlagshorfur fela þessar forsendur í sér að tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti á næsta ári verði rúmir 80 milljarðar sem er um 7% hækkun milli ára.

Virðisaukaskattskerfið byggist á flóknu samspili inn- og útskatts og endurgreiðslna þar sem breytingar í innbyrðis hlutföllum atvinnugreina og innflutnings endurspeglast í þróun virðisaukaskattsins. Þannig fór sá hluti virðisaukaskattstekna, sem lagður er á innflutning, hlutfallslega vaxandi fram til ársins 1998 en sá hluti, sem lagður er á innlenda starfsemi, að innskatti frádregnum, fór lækkandi. Skýringa á þessari þróun er m.a. að leita í aukinni atvinnuvegafjárfestingu sem eykur vægi innskatts tímabundið og lækkar þar með virðisaukaskattstekjur sem innheimtar eru af innlendri starfsemi. Breytingin frá árinu 1998, þegar virðisaukaskattstekjur af innflutningi fara aftur lækkandi, skýrist af þeirri þróun sem þegar hefur orðið vart og spáð er að haldi áfram á næsta ári þegar hlutfallslegt vægi innlendrar starfsemi eykst á kostnað innflutnings og þar með innskattsgreiðslna.

Hlutfall endurgreiðslna í virðisaukaskattskerfinu hefur verið nokkuð stöðugt á síðustu árum, á bilinu 5-8% af heildartekjum. Á allra síðustu árum hafa endurgreiðslurnar þó heldur farið lækkandi, aðallega vegna breytinga frá árinu 1996 þegar endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskatts vegna vinnu á byggingarstað var lækkað í 60%.

Almenn vörugjöld. Gert er ráð fyrir að almenn vörugjöld, bæði af innfluttum vörum og innlendri framleiðslu, ásamt áfengisgjaldi skili 11,9 milljörðum króna til ríkissjóðs á árinu 2001. Þetta svarar til tæplega 900 milljóna króna aukningar milli ára.

Vörugjald af ökutækjum. Áætlað er að tekjur ríkissjóðs af innflutningi ökutækja verði tæplega 5,2 milljarðar króna og lækki um 170 milljónir króna frá áætlun þessa árs. Í forsendum er gert ráð fyrir að rúmlega 17.000 bifreiðar verði fluttar inn á næsta ári sem er 3% samdráttur ef miðað er við áætlun yfirstandandi árs.

Vörugjald af bensíni. Þetta gjald leggst á innflutningsverð á bensíni og hafa tekjur ríkissjóðs af gjaldinu fram að þessu að langmestu leyti verið háðar heimsmarkaðsverði á eldsneyti. Þessu var, sem fyrr segir, breytt síðastliðið haust og ákveðið að miða vörugjald af bensíni við fasta krónutölu af seldum bensínlítra fremur en við verðmæti innflutnings hverju sinni. Markmiðið var að draga úr sveiflum á bensínverði til neytenda. Reyndar má segja að þessi breyting hafi einnig stuðlað að því að færa skattlagningu á bensíni í umhverfisvænna form sem er í samræmi við aukna áherslu stjórnvalda almennt á beitingu hagrænna aðgerða í umhverfismálum. Í áætlunum er miðað við óbreytt gjald fyrir hvern lítra og að tekjur árið 2001 nemi tæplega 2,2 milljörðum króna. Til grundvallar þessari áætlun liggur auk þess spá um 1% aukningu í bensínsölu milli ára.

Sérstakt vörugjald af bensíni. Sérstakt vörugjald af bensíni er föst krónutala á hvern lítra af seldu bensíni og renna tekjur af þessu gjaldi til Vegagerðarinnar. Í áætlunum fyrir 2001 er miðað við forsendur vegáætlunar varðandi tekjur af sérstöku vörugjaldi af bensíni. Að þessu gefnu er reiknað með að gjaldið skili rúmum 6 milljörðum króna til ríkissjóðs árið 2001.

Aðrir sértækir veltuskattar. Undir þennan lið fellur hagnaður af einkasölu, tollar og aðflutningsgjöld og ýmsir þjónustuskattar. Í heild er gert ráð fyrir að tekjur af öðrum sértækum veltusköttum verði rúmir 6,8 milljarðar króna sem er sama krónutala og fyrir þetta ár.

Umhverfismál og ríkisfjármál

Umhverfismál eru orðin snar þáttur í stefnumótun stjórnvalda. Á undanförnum árum hefur hugmynd þjóðarinnar um umgengni við náttúruna tekið miklum breytingum. Þegar hafa verið gerðar víðtækar ráðstafanir til að vernda umhverfið og frekari aðgerðir eru í mótun hjá ríki, sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum.

Notkun umhverfisgjalda og skatta til að ná fram ákveðnum markmiðum í umhverfismálum er liður í þessari þróun. Til þessa hafa fyrirtæki og einstaklingar ekki nema að litlu leyti þurft að taka tillit til þess kostnaðar sem fellur á samfélagið við framleiðslu og neyslu á vöru og þjónustu. Mengun lofts, láðs og lagar hefur ýmist verið látin óátalin eða kostnaður af henni hefur ekki staðið í beinu sambandi við neyslu eða framleiðslu. Flest lönd búa við erfiðari umhverfisskilyrði en Ísland sökum þéttbýlis og erfiðleika við að koma úrgangi frá sér. Því hafa sum þeirra gert víðtækar ráðstafanir til að eyða úrgangi, verjast loftmengun og bæta umhverfisskilyrði.

Ein meginregla umhverfismála, mengunarbótareglan, segir að þeir sem menga skuli bæta fyrir þann skaða sem mengunin veldur. Reglan er tekin upp í Ríóyfirlýsinguna 1992 og er í lögum um Evrópska efnahagssvæðið frá 1993 svo og í Rómarsáttmálanum. Í Ríóyfirlýsingunni er lögð áhersla á að ríki beiti hagrænum stjórntækjum til að framfylgja mengunarbótareglunni. Þetta þýðir að höfuðáherslan á að vera á skatta og gjöld sem stýrt geta mengunarvörnum eða á styrki til að draga úr henni.

Hér á landi eru þegar lagðir á skattar sem hafa áhrif á umhverfi og mengun þótt þeir hafi í upphafi aðallega verið lagðir á til að afla ríkissjóði tekna. Helst eru þetta gjöld á bifreiðar og eldsneyti en á síðari árum hefur spilliefnagjald og gjald á einnota umbúðir bæst við. Samtals nema þessi gjöld um 8% af heildarskatttekjum ríkissjóðs.

m.kr.	1996	1997	1998	1999
Spilliefnagjald	-	41	77	126
Skilagjald á einnota umbúðir	-	-	412	451
Eldsneytisgjald	-	-	17	-
Þungaskattur, skv. mælum	1.876	2.139	2.298	2.041
Þungaskattur á fast árgjald	772	934	1.243	1.999
Þungaskattur, af erlendum ökutækjum	15	13	15	10
Bifreiðagjald	1.814	2.020	2.261	2.341
Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni	4.486	4.751	5.089	5.398
Almennt vörugjald af bensíni	1.934	1.945	1.603	1.760
Samtals	**10.897**	**11.843**	**13.014**	**14.127**
Umhverfisskattar og gjöld sem % af skatttekjum	8,1	8,4	8,1	8,1

Sérstakur starfshópur í fjármálaráðuneytinu vinnur nú að því að skoða núverandi skattkerfi m.t.t. umhverfismála. Til skoðunar er hvernig önnur lönd hafa notað skatta til að stýra umhverfismálum og hvernig yrði hugsanlega hægt að beita þeim hér á landi. Sömuleiðis er til skoðunar hvaða skatta unnt sé að lækka á móti hærri sköttum vegna umhverfismála þannig að skattlagning í heild yrði óbreytt.

Bifreiðagjald og þungaskattur. Áætlað að bifreiðagjald og þungaskattur skili 6,9 milljörðum króna á næsta ári sem samsvarar um 400 milljóna króna aukningu milli ára. Þungaskattur er markaður tekjustofn sem rennur til Vegagerðarinnar. Hann er innheimtur af dísilbifreiðum, bæði sem fast árgjald og sérstakt gjald á hvern ekinn kílómetra. Í heild er talið að þungaskattur geti skilað rúmum 4,2 milljörðum króna á næsta ári eða rúmum 200 milljónum meira en áætlað er fyrir árið 2000. Til grundvallar liggja forsendur um fjölgun dísilbíla og fleiri ekna kílómetra á milli ára. Bifreiðagjald er greitt af bifreiðum sem skráðar eru hér á landi og miðast gjaldið við eigin þyngd bifreiðar. Í áætlunum fyrir árið 2001 er gert ráð fyrir að gjaldið skili rúmum 2,6 milljörðum, sem erum rúmlega 100 m.kr. aukning.

Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld. Þessi liður nær yfir fjölmörg neyslu-, leyfis- og eftirlitsgjöld. Í heild er áætlað að þessi liður skili rétt rúmum milljarði króna í tekjur sem er eilítið hærri upphæð en í fyrra.

Aðrir skattar. Aðrir skattar ná meðal annars yfir ýmis gjöld af atvinnurekstri, svo sem iðnaðarmálagjald og framleiðslugjald af áli. Gert er ráð fyrir að heildartekjur vegna þessa liðar hækki lítillega á milli ára og fari úr 481 milljón í 565 milljónir.

Aðrar rekstrartekjur. Gert er ráð fyrir að aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs verði rúmir 17,6 milljarðar króna á árinu 2001. Þetta er svipuð upphæð og áætlað er fyrir yfirstandandi ár. Áætlað er að arðgreiðslur og leigutekjur lækki um rúmar 800 milljónir milli ára. Hefur þar töluverð áhrif að í tengslum við breytingu á rekstrarformi fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli var ákveðið að fríhöfnin greiði ekki arð til ríkissjóðs árið 2001 en síðan 250 milljónir króna á ári eftir það. Arðgreiðslur fríhafnarinnar á yfirstandandi ári voru áætlaðar 410 milljónir króna. Gert er ráð fyrir að vaxtatekjur ríkissjóðs hækki lítillega milli ára. Neyslu- og leyfisgjöld hækka um rúmar 450 milljónir milli ára. Neyslu- og leyfisgjöld ná yfir um 80 undirliði af ýmsum toga þar sem afnotagjöld Ríkisútvarpsins, sektir, dómsmálagjöld og lendingargjöld nema 2,5 milljörðum af þeim 4,4 milljörðum sem áætlaðir eru fyrir liðinn í heild. Í samræmi við úrskurð ríkisreikningsnefndar eru innritunargjöld í háskóla og framhaldsskóla nú færð til ríkistekna. Um er að ræða 32 nýja liði sem í heild skila 224 milljónum til ríkissjóðs. Liðurinn Annað nær yfir lögreglustjórasektir, dómsektir o.fl. og gert er ráð fyrir lítils háttar hækkun þess liðar á milli ára.

Sala eigna. Gert er ráð fyrir að hagnaður af sölu ríkiseigna nemi 7,3 milljörðum króna á næsta ári. Þar af er miðað við að hagnaður vegna sölu á eignarhlut ríkisins í ýmsum fyrirtækjum nemi 6,8 milljörðum króna.

Fjárframlög. Áætlað er að fjárframlög frá opinberum aðilum verði rúmar 800 milljónir á næsta ári sem er svipuð upphæð og áætlað er fyrir yfirstandandi ár.

3 Gjöld A-hluta

Í kaflanum er fjallað um áætluð heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs árið 2001 og skiptingu þeirra hagrænt og eftir málefnaflokkum. Gerð er grein fyrir meginbreytingum á yfirstandandi ári og helstu áherslum í frumvarpinu. Þá er sérstaklega fjallað um horfur í ríkisútgjöldum næstu fjögur árin og er það nýmæli. Sérstakur kafli er um rannsóknir og þróunarstarfsemi í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Loks er fjallað um fjárreiður einstakra ráðuneyta, málefnaflokka og verkefna.

Verðlagsforsendur. Frumvarpið er á áætluðu meðalverðlagi ársins 2001 í samræmi við forsendur þjóðhagsáætlunar. Tekið hefur verið tillit til kjarasamninga sem gerðir voru fyrri hluta ársins 2000 á almennum markaði og við starfsmenn sömu stéttarfélaga hjá ríkinu. Almennt er reiknað með að laun og bætur almannatrygginga hækki um 4% á milli áranna 2000 og 2001, þar af eru 3% færð á launaliði stofnana og verkefna og á tryggingabætur en áætlað er fyrir 1% af launum og bótum almannatrygginga á launa- og verðlagslið hjá fjármálaráðuneyti. Í samræmi við þjóðhagsforsendur er reiknað með 4% breytingu á almennu verðlagi á milli ára og hækka rekstrargjöld stofnana samkvæmt því. Sá fyrirvari er gerður við launaforsendur frumvarpsins að kjarasamningar flestra starfsmanna ríkisins losna í haust og verða forsendurnar því endurskoðaðar í ljósi nýrra samninga.

3.1 Heildaryfirlit útgjalda

Heildargjöld ríkissjóðs árið 2001 eru áætluð um 210 milljarðar króna og aukast um rúmlega 11 milljarða frá endurskoðaðri áætlun um útgjöld árið 2000 en um 16 milljarða króna frá fjárlögum 2000. Mismunurinn á fjárlögum og útkomu ársins 2000 skýrist að verulegu leyti af kjarasamningum og útgjöldum almannatrygginga umfram forsendur fjárlaga. En einnig er á árinu 2000 gert ráð fyrir hækkun á vegáætlun og kaupum á sendiráðsbyggingum erlendis. Heildarútgjöld ríkissjóðs hækka um 5,6% frá áætlun ársins eða um tæplega 1,5% að raungildi. Hefur þá verið tekið tillit til breytinga á framsetningu. Rekstrarútgjöld standa nánast í stað að raungildi, tilfærslur hækka um 6% að raunvirði. Stofnkostnaður eykst um 2,2 milljarða króna en gjaldfærðir vextir lækka um 1.200 m.kr. frá áætlaðri útkomu ársins 2000.

Heildargreiðslur úr ríkissjóði árið 2001 eru áætlaðar 202 milljarðar króna en heildarútgjöld 210 milljarðar króna. Mismunurinn á greiðslum og útgjöldum, eða 8 milljarðar króna, skýrist einkum af þrennu: Í fyrsta lagi eru áfallnar lífeyrisskuldbindingar starfsmanna ríkisins áætlaðar 3,5 milljarðar króna umfram það sem greitt er til lífeyrissjóðanna á árinu. Í öðru lagi er mismunur innheimtra og áfallinna vaxtagjalda 0,8 milljarðar króna. Loks er áætlað að afskrifaðar skattakröfur nemi 4 milljörðum króna.

Framsetning gjaldahliðar. Í frumvarpinu er útgjöldum skipt niður á almennan rekstur, viðhald og stofnkostnað. Til frádráttar kemur sá hluti útgjaldanna sem fjármagnaður er með sértekjum. Með sértekjum er átt við greiðslur notenda fyrir veitta þjónustu eða vörur sem opinberir aðilar í markaðstengdri starfsemi selja og eru ekki lögákveðnar. Þá eru innbyrðis viðskipti ríkisaðila sýnd sem sértekjur. Sú breyting er gerð á framsetningu frá gildandi fjárlögum að innritunargjöld í háskóla og framhaldsskóla eru talin til ríkistekna en ekki til sértekna eins og áður og er það í samræmi við ákvörðun ríkisreikningsnefndar um flokkun teknanna og framsetningu ríkisreiknings. Við breytinguna færast 224 m.kr. af sértekjum og verða ríkistekjur og hækkar tekju- og gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins samsvarandi.

Fjármögnun á útgjöldum verkefna er sýnd í frumvarpinu að frádregnum sértekjum. Sú fjármögnun er ýmist greiðsla úr ríkissjóði, hlutdeild í ríkistekjum eða breyting á viðskiptareikningi hjá ríkissjóði. Með greiðslu úr ríkissjóði er átt við ráðstöfun á almennum skatttekjum ríkissjóðs og mörkuðum tekjustofnum til verkefna. Hlutdeild í ríkistekjum er sá hluti ríkisútgjalda sem fjármagnaður er með lögákveðnum tekjum sem eru greiðsla fyrir tiltekna þjónustu eða verkefni ríkisins og koma á tekjuhlið frumvarpsins. Mörkin milli sértekna og innheimtra ríkistekna geta verið óljós og ráðast einkum af því hvort gjaldið tekur mið af kostnaði við þá þjónustu sem látin er í té gegn greiðslu þess. Viðskiptahreyfingar verða þegar mismunur er á lögbundnum útgjöldum ársins og ákvörðun um greiðslu úr ríkissjóði. Mismunurinn kemur þá ýmist fram sem skuld eða inneign á viðskiptareikningi.

Stefnt er að því að breyta framsetningu á upplýsingum um fjármögnun verkefna og draga sérstaklega fram hlutdeild í mörkuðum tekjustofnum en ríkisreikningsnefnd hefur gert tillögu um nýja framsetningu.

Í séryfirliti 3, bls. 278, er gerð grein fyrir mörkuðum tekjum árið 2001 og ráðstöfun þeirra til verkefna og stofnana. Markaðar tekjur vísa til þess að tilteknir aðilar eða verkefni eiga ákveðinn hlut í viðkomandi tekjustofni og geta myndað kröfu á hendur ríkissjóði. Samkvæmt yfirlitinu eru markaðar tekjur samtals 37.359 m.kr., þar af er lagt til að 522 m.kr. verði skertar með sérstakri heimild í 6. gr. frumvarpsins og 2.567 m.kr. færðar sem viðskiptahreyfing og sýndar sem krafa á ríkissjóð. Helstu kröfur á ríkissjóð eru vegna sjóðssöfnunar atvinnuleysistrygginga og Fæðingarorlofssjóðs. Ef útgjöld vegna atvinnuleysisbóta verða hærri en tekjur af mörkuðum tekjum af atvinnutryggingagjaldi gengur á inneign markaðra tekna sjóðsins. Í séryfirliti 4, bls. 284, er nýtt yfirlit yfir rekstrartekjur stofnana árið 2001. Þar er um að ræða tekjur sem færast sem ríkistekjur en er varið til að fjármagna verkefni í A-hluta ríkissjóðs. Samtals eru þar 66 fjárlagaliðir með heildartekjum er nema 4.266 m.kr. Í séryfirliti 5, bls. 289, eru sýnd lögbundin framlög, það eru framlög úr ríkissjóði sem ákvarðast af öðrum lögum en fjárlögum. Lögbundin framlög eru áætluð samtals 6.170 m.kr. á árinu 2001.

Horfur 2000. Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 2000 eru áætluð tæplega 199 milljarðar króna en voru 193 milljarðar króna í fjárlögum sem Alþingi samþykkti 16. desember 1999. Helstu frávik frá fjárlögum, sem hafa komið fram á árinu, eru vegna kjarasamninga og ófyrirséðra atvika, auk þess sem útgjöld sjúkratrygginga eru talsvert umfram áætlun. Þá hafa tekjur ríkissjóðs leitt til þess að markaðir tekjustofnar og lögbundin útgjöld hafa aukist. Loks hafa ný lög haft áhrif á útgjöldin auk þingsályktunar um vegáætlun. Á móti kemur að útgjöld til atvinnuleysisbóta verða minni en áætlað var og að fjárheimildir, einkum til stofnkostnaðar, verða ekki að fullu nýttar á árinu. Að öllu samanlögðu er áætlað að útgjöldin verði rúmlega 5 milljarðar króna umfram fjárlög þegar leiðrétt hefur verið fyrir breytingum á framsetningu. Verður sótt um nauðsynlegar viðbótarfjárheimildir í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2000 sem verður lagt fram innan skamms. Í því frumvarpi er að finna nánari greinargerð um frávik frá fjárlögum 2000 en hér verður aðeins getið helstu breytinga.

Samtals er áætlað að rekstrargjöld verði 2,6 milljarðar króna umfram fjárlög. Þar munar mestu um launabreytingar í kjarasamningum og úrskurðum sem verða tæplega 1 milljarður króna umfram forsendur fjárlaga. Þá er útlit fyrir að rekstur heilbrigðisstofnana verði 0,6 milljarðar króna umfram fjárlög. Aðrar breytingar á rekstrargjöldum eru minni en stærstu liðirnir eru 215 m.kr. vegna reksturs strandarstöðva og 100 m.kr. til að hefja hreinsun á olíu úr flaki El Grillo í Seyðisfjarðarhöfn.

Áætlað er að tilfærsluútgjöld verði ríflega 1 milljarður króna umfram áætlun og skýrist það nær alfarið af 1,6 milljarða króna umframútgjöldum sjúkra- og almannatrygginga en á móti lækka atvinnuleysisbætur um 0,6 milljarða króna. Loks hækka tilfærslur um 200 m.kr. vegna tjóns af völdum jarðskjálfta á Suðurlandi. Aðrar breytingar í tilfærsluútgjöldum eru minni.

Viðhald og stofnkostnaður stefnir í tæplega 1 milljarð króna umfram fjárlög. Þar vega þyngst kaup á sendiráðsbyggingum erlendis fyrir tæplega 800 m.kr. og hækkun til vegáætlunar í samræmi við nýja þingsályktun þar um. Loks má nefna 100 m.kr. framlag til Byggðastofnunar til að efla atvinnu á landsbyggðinni. Á móti kemur að stofnkostnaðarheimildir verða ekki nýttar að fullu á árinu eins og áður var getið.

Vaxtagjöld ríkissjóðs stefna 800 m.kr. fram úr áætlun fjárlaga á rekstrargrunni. Skýringarnar felast í endurskoðun á vöxtum erlendra lána og að ætlunin er að taka inn í fjáraukalagafrumvarpið vaxtagjöld af kröfum sem ríkisaðilar eiga á tekjur af mörkuðum tekjustofnum sem eru varðveittar í ríkissjóði.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1999	Fjárlög 2000	Áætlun 2000	Frumvarp 2001	Breyting milli ára 2000-2001
Rekstrargjöld					
Laun	52.478	57.748	59.582	62.705	3.123
Lífeyrisskuldbindingar	11.445	6.055	6.265	6.535	270
Önnur gjöld	32.499	30.613	31.368	32.021	654
Þjónustutekjur	-12.337	-10.321	-10.321	-11.182	-861
Rekstrargjöld samtals	**84.085**	**84.095**	**86.894**	**90.079**	**3.185**
Neyslu- og rekstrartilfærslur					
Lífeyristryggingar	17.534	18.780	19.016	19.220	204
Sjúkratryggingar	9.865	9.331	10.771	11.150	379
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	6.138	5.829	5.913	6.936	1.023
Bætur skv. lögum um fél aðst.	4.910	5.486	5.427	5.855	428
Vaxtabætur	3.950	4.180	4.180	4.285	105
Daggjaldastofnanir	3.432	3.870	3.733	4.055	322
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	4.074	3.755	3.856	3.964	108
Barnabætur	3.942	3.630	3.630	4.230	600
Fæðingarorlofssjóður	0	0	0	2.369	2.369
Atvinnuleysistryggingasjóður	1.860	2.370	1.770	2.180	410
Framlag til sókna og kirkjugarða	1.189	2.208	2.247	2.407	160
Lánasjóður Íslenskra námsmanna	1.780	1.910	1.910	2.150	240
Ríkisútvarpið	1.730	1.625	1.625	1.625	0
Aðrar- neyslu og rekstrartilf.	17.486	14.645	14.721	14.962	241
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	**77.890**	**77.619**	**78.799**	**85.387**	**6.588**
Fjármagnskostnaður	**15.332**	**13.400**	**14.200**	**13.000**	**-1.200**
Viðhald					
Vegagerðin	3.754	3.857	3.807	4.228	421
Annað	1.219	943	943	1.196	253
Viðhald samtals	**4.973**	**4.800**	**4.750**	**5.424**	**674**
Fjárfesting					
Vegagerðin	4.469	4.590	4.490	5.955	1.465
Heilbrigðisstofnanir	2.760	1.412	1.412	1.254	-157
Háskólar og framhaldskólar	1.023	1.331	1.331	1.448	117
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	620	650	560	560	0
Flugvellir	457	583	583	613	30
Hafnarframkvæmdir	827	533	543	1.290	747
Ofanflóðasjóður	317	400	400	400	0
Annað	6.250	3.747	4.571	4.561	-10
Fjárfesting samtals	**16.723**	**13.245**	**13.889**	**16.080**	**2.191**
Gjöld samtals	**199.003**	**193.159**	**198.532**	**209.970**	**11.439**

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2001. Ríkisstjórnin ákvað fyrir miðjan apríl sl. útgjaldaramma fyrir hvert ráðuneyti, að tillögu fjármálaráðherra. Jafnframt var ákveðið að ráðuneytin hagræddu í rekstri sínum fyrir nýjum verkefnum umfram samþykkta útgjaldaramma og sérstökum vinnuhópi var falið að gera tillögur um frestun stofnkostnaðarverkefna. Ráðuneytin skiluðu um miðjan ágúst tillögum um skiptingu á framlögum til einstakra verkefna og stofnana. Í kjölfarið voru útgjaldahorfur endurmetnar í ljósi breyttra þjóðhagsforsendna, breytinga á mörkuðum tekjum og endurmats á útgjöldum almannatrygginga, vaxtagjöldum o.fl. Þá voru teknar ákvarðanir um frestun framkvæmda í samræmi við stefnuna í ríkisfjármálum. Fjármálaráðherra gerði tillögur um gjaldahlið frumvarpsins sem þingflokkarnir samþykktu undir lok ágúst. Frá þeim tíma hefur farið fram nákvæmara mat á áhrifum kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu og framlög til lögbundinna útgjaldaliða samræmd tekjuáætlun ríkissjóðs.

Rekstrargjöld A-hluta ríkissjóðs, það er laun og önnur gjöld að frádregnum sértekjum, eru áætluð 90 milljarðar króna. Rekstrargjöldin aukast um tæplega 4% frá áætlaðri útkomu ársins 2000. Að teknu tilliti til launa- og verðlagsbreytinga standa rekstrargjöldin því nánast í stað.

Við vinnslu frumvarpsins var byggt á þeirri stefnumörkun ríkisstjórnarinnar að ráðuneytin hagræddu í rekstri á móti nýjum verkefnum umfram það sem bundið var með lögum eða ríkisstjórnarákvörðunum. Á móti bundnum verkefnum falla niður tímabundin framlög vegna hátíðarhalda í tilefni af kristnitöku og landafundum. Þá falla niður rekstrargjöld vegna heimssýningarinnar í Hannover og tímabundin framlög til Reykjavíkur, menningarborgar Evrópu. Helsta aukning rekstrarútgjalda er til menntamála og utanríkismála, auk heilbrigðis- og félagsmála. Aukning útgjalda skýrist af nemendafjölgun og eflingu menntunar á háskóla- og framhaldsskólastigi, opnun sendiráða í Ottawa og Tókíó og meiri þjónustu hjúkrunarheimila fyrir aldraða og auknum framlögum til stofnana fatlaðra í samræmi við stefnumörkun þar um.

Sértekjur eru áætlaðar 11 milljarðar króna en voru 10 milljarðar króna í fjárlögum 2000. Breyting á sértekjum stafar af veltubreytingu og leiðréttingu á sértekjum einstakra stofnana. Breytt framsetning á fjárlögum skýrir tæplega 60 m.kr lækkun sértekna. Í fyrsta lagi er rekstur Þjóðleikhússins fluttur úr B-hluta í A-hluta ríkissjóðs. Við það hækka sértekjur A-hluta um 166 m.kr. Í öðru lagi eru innritunargjöld háskóla og framhaldsskóla nú flokkuð sem ríkistekjur en ekki sértekjur og við það lækka sértekjur um 224 m.kr. Sértekjur Alþjóðaflugþjónustunnar af yfirflugsgjöldum hækka um 410 m.kr. Loks er í frumvarpinu gert ráð fyrir að um helmingur framhaldsskóla greiði húsaleigu til Fasteigna ríkissjóðs sem standi undir viðhaldi skólanna. Við þá breytingu hækka sértekjur Fasteignanna um 150 m.kr. Aðrar breytingar stafa af endurskoðun á sértekjum einstakra stofnana og verkefna auk verðlagsbreytinga.

Launagjöld A-hluta ríkissjóðs eru áætluð 62,7 milljarðar króna, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum sem eru áætlaðar 6,5 milljarðar. Eftir afgreiðslu fjárlaga voru gerðir kjarasamningar á almennum markaði og hefur verið samið við verkalýðsfélögin um sams konar launabreytingar til handa starfsmönnum ríkisstofnana þar sem það á við. Einnig hafa Kjaradómur og kjaranefnd fellt úrskurði um kjör ríkisstarfsmanna sem auka launakostnað ríkisins. Séð er fyrir framangreindum kostnaði í frumvarpinu. Í forsendum fjárlagafrumvarpsins er gert ráð fyrir að laun hækki almennt um 3% í samræmi við samninga á almennum markaði og auk þess er gert ráð fyrir launakostnaði er nemur 1% til að mæta ófyrirséðum breytingum. Þann fyrirvara verður að gera að kjarasamningar við félög opinberra starfsmanna verða lausir í haust og því ríkir nokkur óvissa um hver endanleg niðurstaða verður. Hækkun dagvinnulauna hefur einnig veruleg áhrif á lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs ef þau hækka meira en heildarlaun eins og gerðist í aðlögunarsamningum í kjölfar kjarasamninga árið 1997. Lífeyrisskuldbindingar eru af þessum sökum háðar nokkurri óvissu.

Árið 2001 tekur til starfa Fæðingarorlofssjóður og tekur hann yfir hlutverk almannatrygginga og launagreiðslur opinberra aðila vegna fæðingarorlofs launþega. Framvegis mun sjóðurinn greiða 80% af launum starfsmanna í fæðingarorlofi. Af þeirri ástæðu hefur launaliður allra stofnana verið lækkaður í frumvarpinu sem nemur 80% af bókfærðum launakostnaði starfsmanna í fæðingarorlofi.

Tryggingabætur, niðurgreiðslur og önnur framlög. Neyslu- og rekstrartilfærslur nema samtals 85,4 milljörðum króna í frumvarpinu og hækka um 4,2% að raungildi frá áætluðum útgjöldum í ár. Verða hér raktar helstu breytingar á neyslu- og rekstrartilfærslum:

Ný fjárlagaliður, Fæðingarorlofssjóður, er stofnaður með tæplega 2,4 milljarða króna framlagi. Þar af eru 1.200 m.kr. fluttar af fæðingarorlofi lífeyristrygginga Tryggingastofnunar og launagjöld stofnana í A-hluta lækkuð samtals um 540 m.kr. Fæðingarorlofssjóður er stofnaður með lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof. Með lögunum er gerð veruleg bót á rétti foreldra til fæðingarorlofs. Helstu breytingar eru að orlofsgreiðslur eru miðaðar við 80% af meðallaunum þess sem orlofið tekur og réttur karla og kvenna til fæðingarorlofs er jafnaður. Sjóðurinn er fjármagnaður með hlutdeild í tryggingagjaldi og verða lögin að fullu komin til framkvæmda árið 2003 þegar feður hafa öðlast 3 mánaða sjálfstæðan rétt til töku fæðingarorlofs.

Framlög til barnabóta hækka um 600 m.kr. þar sem áformað er að draga úr tekjutengingu þeirra. Einnig er ráðgert að hækka frítekjumark og afnema eignatengingu bótanna. Gert er ráð fyrir að fyrsti áfangi breytinganna komi til framkvæmda árið 2001.

Framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækka um 240 m.kr., mest vegna hækkunar á grunnframfærslu námsmanna og á frítekjumarki.

Loks hækka framlög til búvöruframleiðslu tímabundið um 1 milljarð króna. Samkvæmt nýlegum samningi um sauðfjárframleiðslu verður varið tæplega einum milljarði króna til uppkaupa á framleiðslurétti í sauðfjárframleiðslu.

Aðrar breytingar stafa af hagrænum og lýðfræðilegum forsendum auk þess sem áætlað er fyrir umframkostnaði sem er fyrirsjáanlegur hjá sjúkratryggingum á þessu ári.

Fjármagnskostnaður. Áfallnir gjaldfærðir vextir ríkissjóðs eru áætlaðir 13 milljarðar króna en áætlun var um 14,2 milljarða króna útgjöld árið 2000. Í fjárlögum fyrir árið 2000 voru áfallnir vextir áætlaðir 13,4 milljarðar króna. Frávik í ár stafa einkum af endurskoðun á gjaldfærðum vöxtum erlendra lána og að nú eru gjaldfærðir vextir af innstæðum Ábyrgðasjóðs launa og Atvinnuleysistryggingasjóðs af mörkuðum tekjum hjá ríkissjóði. Gert er ráð fyrir að greiddir vextir verði 12,2 milljarðar króna á næsta ári, eða 0,8 milljörðum króna minna en gjaldfærðir vextir. Til samanburðar var áætlað að greiddir vextir yrðu um 10 milljarðar króna í fjárlögum 2000. Stafar breytingin af mikilli innlausn spariskírteina á árinu 2001 þar sem stórir flokkar verða á gjalddaga. Samtals lækka gjaldfærð vaxtagjöld ríkissjóðs um 1,2 milljarða króna frá áætlun þessa árs vegna minnkandi skulda ríkisins.

Viðhaldsverkefni. Ráðgert er að verja 5,4 milljörðum króna til viðhalds á vegum og byggingum en 4,8 milljörðum króna á yfirstandandi ári. Annars vegar er hækkun á viðhaldi vega 400 m.kr. samkvæmt nýrri vegáætlun og hins vegar er gert ráð fyrir 150 m.kr. hækkun á viðhaldi framhaldsskólabygginga sem færast til Fasteigna ríkissjóðs. Áformað er að árið 2002 verði skrefið stigið til fulls og allt framhaldsskólahúsnæði færist yfir til Fasteigna ríkissjóðs. Aðrar breytingar eru minni.

Stofnkostnaður. Heildarfjárfesting A-hluta er áætluð 16 milljarðar króna en er tæplega 14 milljarðar króna samkvæmt áætlun þessa árs. Hækkun á milli ára skýrist að mestu leyti af hækkun vegáætlunar og af auknum framlögum til hafnaframkvæmda. Að hluta stafar hækkunin af því að frestun framkvæmda á yfirstandandi ári gengur til baka en á móti er ráðgert að falla frá tæplega 2 milljarða króna áformum um stofnkostnað á næsta ári. Samtals hækka framlög til nýframkvæmda í vegamálum um 1,5 milljarða, þar af eru 200 m.kr. til jarðgangaáætlunar, 200 m.kr. í sérstök verkefni og 585 m.kr. vegna frestaðra framkvæmda á þessu ári sem ganga til baka árið 2001. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir frestun framkvæmda í vegamálum er nemur 800 m.kr. frá því sem samþykkt var í vegáætlun fyrir árin 2000-2004. Framlög til hafnamála eru áætluð tæplega 1,3 milljarðar og hækka um 745 m.kr. á milli ára, þar af eru tæplega 300 m.kr. vegna framkvæmda sem frestað var á þessu ári. Aðrir helstu stofnkostnaðarliðir, sem hækka á milli ára, eru framlög til Barnaspítala, 200 m.kr., stofnkostnaður stjórnarráðsbygginga, 190 m.kr., framlag til menningarhúss í Kaupmannahöfn, 160 m.kr., og framlag til að endurnýja bókhaldskerfi ríkisins, 150 m.kr. Þá nema framlög til íslenska upplýsingasamfélagsins og tungutækniverkefna ríflega hálfum

milljarði króna og meira en tvöfaldast á milli ára. Loks falla niður ýmis tímabundin stofnkostnaðarverkefni sem lokið verður við á þessu ári. Í frumvarpinu er fallið frá áformum um framkvæmdir er nema tæplega 2 milljörðum króna. Þar af eru 800 m.kr. í vegamálum, 150 m.kr. við flugvelli og menningarbyggingar, stjórnarráðsbyggingar og snjóflóðavarnir 100 m.kr. á hvert verkefni.

Við ákvörðun um framkvæmdir var tekið mið af hinni almennu stöðu á verktakamarkaði. Tilboð, sem Vegagerðin hefur fengið að undanförnu í jarðvinnuverkefni, eru talin hagstæð, eða allt niður undir 60% af kostnaðaráætlun. Ekki virðist því gæta sömu þenslu á jarðvegsvinnumarkaði eins og í almennum byggingaframkvæmdum. Er því talið skynsamlegt að vinna að nauðsynlegri uppbyggingu á samgöngukerfinu samkvæmt þeim áherslum er fram koma í nýsamþykktri vegáætlun. Þessi áform geta komið til endurskoðunar síðar í ljósi efnahagsaðstæðna og hins almenna framkvæmdastigs í landinu. Sérstaklega er fjallað um nýframkvæmdir og tillögur um frestun framkvæmda í köflum um hvert ráðuneyti.

3.2 Útgjaldahorfur næstu fjögur árin

Fjármálaráðuneytið hefur á síðustu árum þróað reiknilíkan fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Í reiknilíkaninu er sett fram spá um útgjöld einstakra viðfangsefna fjárlaga fyrir næstu þrjú árin á eftir árinu sem hvert fjárlagafrumvarp tekur til, eða að þessu sinni fyrir árin 2002 til 2004. Útreikningarnir í líkaninu byggja á reiknireglum fyrir hvert viðfangsefni sem fela í sér forsendur um breytingar milli ára, ýmist í prósentum eða krónutölum. Leitað hefur verið til viðkomandi ráðuneyta um upplýsingar og ábendingar við mat á forsendum í reiknireglurnar. Útreikningarnir miðast við að niðurstöður séu ekki lagðar fram fyrir einstakar stofnanir heldur eru þær samandregnar eftir málflokkum ríkisstarfseminnar í heild eða eftir málaflokkum ráðuneyta.

Útgjaldaþróunin sem kemur fram í líkaninu sýnir horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknuð útgjöld, eða spá, fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Framreikningurinn í líkaninu tekur að hluta til mið af útgjaldaþróun undanfarinna ára á föstu verðlagi. Með hliðsjón af því er byggt á þeirri forsendu að rekstrarkostnaður og rekstrartilfærslur vegna almennra stjórnsýslustofnana og þjónustu vaxi að meðaltali um 1% að raungildi á ári. Þar sem það á við er hins vegar gert ráð fyrir annarri þróun, t.d. í málaflokkum sem hafa verið í örari vexti eða í verkefnum sem stjórnvöld leggja aukna áherslu á. Veigameiri tilfærsluframlög til einstaklinga úr ríkissjóði eru reiknuð í samræmi við viðeigandi samninga, lagaákvæði og reglugerðir og sértækar forsendur um hagrænan eða kerfislægan vöxt, sem í mörgum málaflokkum kann að vera áætlaður talsvert hærri en í rekstri almennrar stjórnsýslu. Minni tilfærsluframlög til félagasamtaka og verkefna eru í

mörgum tilvikum ákvörðuð af stjórnvöldum sem föst fjárhæð sem ekki tekur breytingu að raungildi. Viðhalds- og stofnkostnaður ráðuneyta er áætlaður í reiknilíkaninu miðað við fyrirliggjandi framkvæmdaáform og getur þróun þeirra útgjalda því verið talsvert breytileg eftir því hvaða málaflokkur á í hlut. Að samanlögðu eru flestir veigamestu málaflokkar ríkisútgjaldanna, t.d. heilbrigðismál og menntamál, reiknaðir í líkaninu miðað við sértækar forsendur, sem liggja þó yfirleitt á bilinu 2-5%. Í öllum útgjaldaþáttum, rekstri, tilfærslum, viðhaldi og stofnkostnaði, hefur verið tekið tillit til þess hvenær verkefnum lýkur á tímabilinu eða hvenær tímabundnar fjárveitingar falla niður af öðrum ástæðum.

Niðurstöður framreikninganna eru í eftirfarandi töflu yfir helstu málefnaflokka ríkissjóðs:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2001	Spá 2002	Spá 2003	Spá 2004	Árleg breyting
Almenn opinber þjónusta	11.547	11.364	11.415	11.429	-0,3
Löggæsla og öryggismál	9.593	9.644	9.756	9.793	0,7
Fræðslumál	17.938	18.555	19.108	19.715	3,2
Heilbrigðismál	52.371	54.277	55.575	56.809	2,7
Almannatryggingar og velferðarmál	44.711	46.924	49.034	50.136	3,9
Húsnæðis-, skipulags- og hreinsunarmál	1.920	1.950	1.955	1.987	1,1
Menningar- og kirkjumál	8.308	8.368	8.427	8.353	0,2
Eldsneytis- og orkumál	1.823	1.826	1.828	1.830	0,1
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	12.374	11.885	11.666	11.670	-1,9
Iðnaðarmál	599	603	608	613	0,8
Samgöngumál	15.181	16.958	16.744	16.705	3,2
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	3.505	3.546	3.576	3.607	1,0
Önnur útgjöld ríkissjóðs	30.100	29.696	28.400	26.314	-4,4
Samtals	**209.970**	**215.596**	**218.092**	**218.961**	**1,4**

Eins og fram kemur í töflunni sýnir framreikningurinn mestar hækkanir til almannatrygginga og velferðarmála auk heilbrigðis- og menntamála. Þá aukast framlög til samgöngumála í samræmi við þingsályktanir í samgöngumálum. Málaflokkurinn önnur útgjöld ríkissjóðs lækkar verulega vegna minnkandi vaxtagjalda ríkissjóðs þar sem framreikningar miða við að skuldir verði áfram greiddar niður. Að frátöldum vaxtagjöldum er árleg aukning útgjalda 2,3%. Miðað við árlegan 2,5% hagvöxt ættu heildarútgjöld ríkisins að fara lækkandi sem hlutfall af landsframleiðslu, en útgjöld til mennta-, heilbrigðis- og velferðarmála fara vaxandi.

Þegar litið er á útgjöldin eftir hagrænni skiptingu þá vaxa rekstrarútgjöldin árlega að jafnaði um 1-2%, tilfærsluútgjöld um tæplega 3% og viðhald og stofnkostnaður um 2%. Vaxtagjöld lækka hinsvegar um ríflega 10% að jafnaði.

Mikla fyrirvara verður að gera við slíka framreikninga þar sem oft er byggt á gefnum forsendum og aukning útgjalda kemur oftast fram í þrepum en ekki smám saman á tímabilinu. Þá hefur af varúðarsjónarmiðum verið reiknað með talsverðum vexti útgjalda til

velferðarmála og til fjölgunar rýma í hjúkrunarheimilum.

Niðurstaðan af framreikningunum er að styrk staða ríkisfjármála skapar svigrúm til að ríkisútgjöld lækki sem hlutfall af landsframleiðslu, en að nauðsynlegt sé að gæta fyllsta aðhalds í rekstrarkostnaði ríkisins og draga úr þeim mikla vexti tilfærsluútgjalda sem verið hefur undanfarin ár. Góður afgangur á ríkissjóði um stundarsakir gefur ekki tilefni til að auka ríkisútgjöldin í bráð eða lengd umfram það sem brýnustu verkefni kalla á. Til að mæta auknum kröfum um þjónustu er því nauðsynlegt að halda áfram að vinna að endurbótum í ríkisrekstrinum og nýskipan ríkisfjármála.

3.3 Rannsóknir og þróunarstarfsemi

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram vilji til að auka veg menntunar og rannsókna sem eru forsenda fyrir nýsköpun í atvinnulífinu. Af því tilefni var í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2000 fjallað sérstaklega um útgjöld ríkisins til rannsókna og þróunarstarfsemi og er til hans vísað varðandi skilgreiningar, fyrirvara og forsendur.

Áætlað er að heildarútgjöld ríkisins til rannsókna hafi numið 5,3 milljörðum króna árið 1997, 6,9 milljörðum árið 1998, 7,6 milljörðum árið 1999 og 6,3 milljörðum árið 2000. Á sömu forsendum er áætlað að útgjöld ríkisins til rannsóknarmála verði 6,7 milljarðar króna í fjárlagafrumvarpi 2001 sem er 6,5% aukning frá árinu í ár. Lækkun frá árinu 1999 til 2000 og áfram, skýrist að langmestu leyti af nýju hafrannsóknarskipi, en kostnaður við smíði þess féll að stærstum hluta á árið 1999. Hækkun frá frumvarpi 1999 til reiknings 1999 skýrist m.a. af launabreytingum, þ.á.m. breytingum eftir úrskurð kjaranefndar um laun prófessora og auknum fjárveitingum til ákveðinna verkefna, s.s. til hafrannsóknaskips, iðnaðarrannsókna, stóriðjurannsókna og jarðskjálftarannsókna.

Framlög ríkisins til rannsóknar- og þróunarmála aukast um nálægt 450 m.kr. milli áranna 2000 og 2001 samkvæmt frumvarpinu. Mestu munar um 267 m.kr. til verkefna á vegum Íslenska upplýsingasamfélagsins, tungutækni og sérstakrar áætlunar um rannsóknir og þróun í upplýsingatækni. Af þeirri fjárhæð eru mótframlög stofnana 93 m.kr. Einnig er 100 m.kr. veitt í Kristnihátíðarsjóð í samræmi við samþykkt Alþingis á Þingvöllum 2. júlí sl. Sjóðnum er annars vegar ætlað að efla fræðslu og rannsóknir á menningar- og trúararfi þjóðarinnar og stuðla að umræðum um lífsgildi hennar, siðferði og framtíðarsýn. Hins vegar að kosta fornleifarannsóknir á helstu sögustöðum þjóðarinnar, m.a. á Þingvöllum, í Skálholti og á Hólum í Hjaltadal.

Á vegum menntamálaráðuneytisins er unnið að gerð reglna um framlög til rannsókna í háskólum og í framhaldinu verður gengið til árangurssamninga við skólana um rannsóknir. Gerð er nánari grein fyrir áherslum ráðuneytisins á þessu sviði, í umfjöllun um málefnaflokk háskóla og rannsókna, síðar í þessum kafla.

Í skiptingu útgjalda til rannsóknar- og þróunarmála milli ráðuneyta kemur fram að menntamálaráðuneytið er þar umsvifamest, og er áætlað að útgjöld á þess vegum til rannsóknarmála verði um 4 milljarðar króna á árinu 2001 sem er 52% af útgjöldum ríkisins til þessara mála. Ætla má að þar af fari um 0,8 milljarðar króna í tilfærslur frá einum A-hluta aðila til annars. Næst umsvifamest er sjávarútvegsráðuneytið með 1,4 milljarða króna til rannsóknarmála á árinu 2001 sem er 19% útgjalda ríkisins til rannsóknarmála. Smíði hafrannsóknarskips er lokið og skýrir það rúmlega 900 m.kr. lækkun útgjalda frá árinu 1999 hjá sjávarútvegsráðuneyti. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þróun útgjalda til rannsóknarmála hjá ráðuneytunum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1997	Reikningur 1998	Reikningur 1999	Fjárlög 2000	Frumvarp 2001
Almenn þróun vísinda	1.891,0	2.348,0	2.643,0	2.548,0	2.599,0
Fiskveiðar	914,0	1.598,0	1.872,0	1.032,0	1.103,0
Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi	540,0	636,0	645,0	613,0	626,0
Félagsleg þjónusta	429,0	538,0	392,0	330,0	373,0
Sjóðir Rannís og Íslenska upplýsingasamfélagið	178,0	272,0	250,0	284,0	350,0
Iðnaður	454,0	510,0	563,0	460,0	467,0
Heilsuvernd	289,0	332,0	511,0	464,0	565,0
Umhverfismál	250,0	266,0	289,0	251,0	286,0
Orkumál	208,0	248,0	271,0	178,0	181,0
Annað	60,0	71,0	89,0	93,0	80,0
Samgöngur og skipulag	69,0	71,0	78,0	75,0	108,0
Samtals	**5.282,0**	**6.890,0**	**7.603,0**	**6.328,0**	**6.738,0**
Tilfærslur innan A-hluta ríkisins	298,0	681,0	836,0	797,0	831,0
Samtals	**5.580,0**	**7.571,0**	**8.439,0**	**7.125,0**	**7.569,0**

Útgjöld menntastofnana til rannsóknarmála eru áætluð 2,6 milljarðar króna í fjárlagafrumvarpinu sem er 38% heildarútgjalda ríkisins til rannsóknarmála eftir að leiðrétt hefur verið fyrir innbyrðis viðskiptum A-hluta aðila. Næst mest eru umsvif rannsóknastofnana atvinnuveganna, sem taldar eru verja um 2,1 milljarði króna til þessara mála, eða um 32%. Opinberar rannsóknarstofnanir eru svo þriðju í röðinni með 1,3 milljarða króna útgjöld til rannsóknarmála, eða um 19%. Engar stórvægilegar breytingar eru á fjárhæðum milli ára. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þróun útgjalda til rannsóknarmála eftir flokkum aðila sem fást við rannsóknir.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1997	Reikningur 1998	Reikningur 1999	Fjárlög 2000	Frumvarp 2001
Menntamálaráðuneyti	2.799,0	3.843,0	4.052,0	3.853,0	3.984,0
Sjávarútvegsráðuneyti	1.200,0	1.939,0	2.250,0	1.332,0	1.400,0
Landbúnaðarráðuneyti	422,0	501,0	522,0	492,0	500,0
Iðnaðarráðuneyti	474,0	524,0	618,0	478,0	486,0
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	279,0	319,0	503,0	477,0	579,0
Umhverfisráðuneyti	270,0	298,0	330,0	298,0	347,0
Samgönguráðuneyti	69,0	64,0	74,0	69,0	116,0
Forsætisráðuneyti	30,0	39,0	43,0	54,0	57,0
Viðskiptaráðuneyti	22,0	24,0	27,0	27,0	29,0
Utanríkisráðuneyti	2,0	2,0	2,0	15,0	24,0
Félagsmálaráðuneyti	8,0	11,0	10,0	10,0	10,0
Fjármálaráðuneyti	5,0	7,0	7,0	10,0	22,0
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	0,0	0,0	1,0	7,0	9,0
Hagstofa Íslands	0,0	0,0	0,0	3,0	6,0
Samtals	**5.580,0**	**7.571,0**	**8.439,0**	**7.125,0**	**7.569,0**

Flokkun rannsókna eftir því á hvaða sviði markmið þeirra liggur bendir til að á árinu 2001 verði 2,6 milljörðum króna varið til almennrar þróunar í vísindum, og eru það 38% af útgjöldum til rannsóknarmála eftir að leiðrétt hefur verið fyrir tvítalningu á tilfærslum innan A-hluta ríkisins. Næstar koma rannsóknir á sviði fiskveiða með um 1,1 milljarð króna sem er um 16% af útgjöldum til rannsóknarmála. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þróun útgjalda til rannsókna eftir því á hvaða sviðum markmiðin með þeim liggja.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1997	Reikningur 1998	Reikningur 1999	Fjárlög 2000	Frumvarp 2001
Menntastofnanir	1.987,0	2.458,0	2.603,0	2.535,0	2.589,0
Rannsóknastofnanir atvinnuveganna	1.904,0	2.569,0	3.017,0	2.058,0	2.146,0
Opinberar rannsóknastofnanir	839,0	945,0	1.211,0	1.086,0	1.294,0
Rannsóknaráð Íslands og sjóðir	197,0	470,0	325,0	162,0	164,0
Áætlanir og verkefni	85,0	121,0	186,0	261,0	310,0
Alþjóðlegar stofnanir og annað erlent	183,0	237,0	28,0	28,0	29,0
Sjálfseignarstofnanir	87,0	90,0	233,0	198,0	206,0
Samtals	**5.282,0**	**6.890,0**	**7.603,0**	**6.328,0**	**6.738,0**
Tilfærslur innan A-hluta ríkisins	298,0	681,0	836,0	797,0	831,0
Samtals	**5.580,0**	**7.571,0**	**8.439,0**	**7.125,0**	**7.569,0**

3.4 Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta greinargerðarinnar eru skýrðar breytingar á útgjöldum til einstakra ráðuneyta, málaflokka og verkefna. Frumvarpið er sett fram á rekstrargrunni og á því að ná yfir allar fjárskuldbindingar sem ríkissjóður áformar að stofna til á árinu. Helstu nýjungar í framsetningu á köflum hvers ráðuneytis eru að sýndur er framreikningur útgjalda næstu 3 ár

eftir fjárlagaárið og að umfjöllun um skuldbindandi samninga er bætt og samræmd frá því sem verið hefur. Er það liður í að mæta kröfum um að dregin séu fram með skýrari hætti langtímaáhrif ákvarðana um útgjöld ríkisins. Í framtíðinni er stefnt að því að slík umfjöllun fái stærri sess í fjárlagafrumvarpi.

Vakin er athygli á að stofnanir eða verkefni kunna á árinu 2001 að eiga inni ónýtta fjárheimild frá yfirstandandi ári eða skulda ríkissjóði eða öðrum aðilum vegna uppsafnaðs halla í árslok. Rekstrarumfang stofnana árið 2001 kann því að verða meira eða minna eftir því hver staða fjárheimilda þeirra verður í árslok 2000. Forstöðumenn stofnana bera ábyrgð á að rekstur stofnana sé innan fjárheimilda og er óheimilt að stofna til skulda án sérstakra heimilda.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld og fjármögnun æðstu stjórnar ríkisins breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.519,7	1.687,1	1.741,4	3	15
Neyslu- og rekstrartilfærslur	50,5	50,2	52,2	4	3
Stofnkostnaður og viðhald	304,9	259,5	169,0	-35	-45
Samtals	**1.875,1**	**1.996,8**	**1.962,6**	**-2**	**5**
Greitt úr ríkissjóði	1.860,5	1.996,8	1.962,6	-2	5
Innheimt af ríkistekjum	0,0	0,0	0,0	-	-
Viðskiptahreyfingar	14,6	0,0	0,0	-	-100
Samtals	**1.875,1**	**1.996,8**	**1.962,6**	**-2**	**5**

Heildargjöld æðstu stjórnar árið 2001 eru áætluð um 1.981,7 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 19,1 m.kr. en þær nema 1% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 1.962,6 m.kr. og eru þau öll fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Rekstrargjöld æðstu stjórnar að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.741,4 m.kr. og lækka um 34 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Munar þar mest um að tímabundið 36 m.kr. framlag vegna þings Norðurlandaráðs og 26 m.kr. framlag vegna hátíðarhalda í tilefni af afmæli kristnitöku fellur niður. Að auki mun breytt fyrirkomulag við fjármögnun á fæðingarorlofi starfsmanna leiða til um 11 m.kr. lækkunar á launafjárveitingum til stofnana æðstu stjórnar. Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna verður 52,2 m.kr. en var 50,2 m.kr. í fjárlögum ársins 2000. Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 169 m.kr. og er það 91 m.kr. lækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru að 113 m.kr. tímabundin fjárveiting vegna innréttinga leiguhúsnæðis við Austurvöll fellur niður. Framlag til Skála Alþingis hækkar um 40 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Skipting áætlaðra útgjalda æðstu stjórnar árið 2001 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér að neðan.

Útgjöld æðstu stjórnar eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér að neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka æðstu stjórnar næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2001 til 2004. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2001	Spá 2002	Spá 2003	Spá 2004
Embætti forseta Íslands	114	115	116	117
Alþingi og stofnanir þess	1.645	1.659	1.673	1.588
Ríkisstjórn	130	131	132	133
Hæstiréttur	74	75	76	77
Samtals	**1.963**	**1.980**	**1.997**	**1.915**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknuð útgjöld fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni. Helsta breytingin er að gert er ráð fyrir að framlag til að byggja þjónustuskála við Alþingishúsið falli niður árið 2004.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað um þær almennu forsendur sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Embætti forseta Íslands	110,6	119,4	114,4	-4,2	3,4
Alþingi	1.113,6	1.352,9	1.249,3	-7,7	12,2
Framkvæmdir á Alþingisreit	200,1	60,0	100,0	66,7	-50,0
Ríkisstjórn	123,6	109,1	129,6	18,8	4,9
Hæstiréttur	67,7	65,4	73,5	12,4	8,6
Umboðsmaður Alþingis	51,6	60,3	71,0	17,7	37,6
Ríkisendurskoðun	207,9	229,7	243,9	6,2	17,3
Samtals	**1.875,1**	**1.996,8**	**1.981,7**	**-0,8**	**5,7**

101 Embætti forseta Íslands. Útgjöld embættisins nema um 114,4 m.kr. og lækka um 5 m.kr. frá fjárlögum 2000. Fjárveitingar til embættisins hækka um 10,5 m.kr. í kjölfar nýlegs kjaradóms á grundvelli laga nr. 84/2000 þar sem skattfríðindi forseta eru afnumin, þar með talin eru launatengd gjöld þar sem sú undanþága var einnig afnumin. Af hækkuninni eru 8,5 m.kr. vegna launa forsetans og 2 m.kr. vegna launa handhafa forsetavalds í fjarveru hans. Í forsendum fjárlagafrumvarpsins er gert ráð fyrir að forsetinn verði fjarverandi um 60 daga á næsta ári. Gert er ráð fyrir 19,1 m.kr. niðurfellingu tímabundinna fjárheimilda. Í fyrsta lagi fellur niður 6,5 m.kr. fjárveiting vegna bifreiðakaupa, einnig fellur niður 8,1 m.kr. tímabundið framlag vegna aukinna opinberra heimsókna í kjölfar árþúsundamótanna. Loks fellur niður 4,5 m.kr. tímabundið framlag vegna viðgerða húsa á Bessastöðum, vegna gestahúss embættisins að Laufásvegi 72 og vegna endurnýjunar á tölvukosti embættisins. Aðrar breytingar skýrast af verðlagsbreytingum.

201 Alþingi. Heildargjöld nema 1.249,3 m.kr. og lækka um 103,6 m.kr. milli ára. Helstu breytingar eru að á viðfangsefninu *6.21 Fasteignir* fellur niður 113 m.kr. tímabundin fjárveiting til framkvæmda við leiguhúsnæði við Austurstræti 8-10 og 10A og annað húsnæði í eigu Alþingis í kjölfar uppstokkunar í húsnæðismálum. Einnig falla niður 62 m.kr. vegna tímabundinna framlaga til Alþingis, þar af eru 36 m.kr. vegna þings Norðurlandaráðs og 26 m.kr. vegna kristnitökuhátíðar. Loks fellur niður tímabundið 8 m.kr. framlag til tölvu- og hugbúnaðarkaupa. Gert er ráð fyrir 39,5 m.kr. hækkun á framlögum til Alþingis. Í fyrsta lagi er 10 m.kr. hækkun á launafjárveitingu til skrifstofu Alþingis til að mæta kostnaði við starfsaldurshækkanir. Í öðru lagi er lagt til að fjárveiting til alþjóðastarfs í umsjón forsætisnefndar hækki um 5 m.kr. til að mæta kostnaði við aukið samstarf við erlend þjóðþing. Í þriðja lagi er lögð til 5 m.kr. hækkun annarra rekstrargjalda vegna áskrifta að hugbúnaðarkerfum og tölvuleigu, auk síma- og póstkostnaðar. Í fjórða lagi hækkar framlag til rekstrar fasteigna um 17,5 m.kr. Stafa útgjöldin annars vegar af því að kostnaður við aukið leiguhúsnæði fellur nú á allt árið

2001 og að gert er ráð fyrir að hluti Skála Alþingis verði tekinn í notkun haustið 2001. Er um að ræða aukna húsaleigu, kostnað við ræstingu o.fl. Annar mismunur skýrist af launa og verðlagsbreytingum. Á síðasta vori voru afgreidd frá Alþingi ný kosningalög er endurspegla þá breytingu á kjördæmaskipan sem bundin var í stjórnarskrá árið 1999. Í aðdraganda þessarar lagasetningar var út frá því gengið að bæta þyrfti aðstöðu þingmanna og stjórnmálaflokka í hinum nýju, stóru kjördæmum úti á landi og verja til þess nokkrum fjármunum af fjárlögum. Gera verður ráð fyrir að til þurfi að koma fjárveiting í þessu skyni þegar á árinu 2001. Ekki er þó gert ráð fyrir slíkri fjárveitingu í frumvarpinu því eðlilegt er talið að fyrst liggi fyrir sameiginleg niðurstaða forystumanna flokkanna um þetta efni. Liggi slík niðurstaða fyrir á haustmánuðum, eins og vænta má, verður unnt að taka tillit til hennar við lokaafgreiðslu fjárlaga í þinginu.

205 ***Framkvæmdir á Alþingisreit.*** Tímabundin 100 m.kr. frestun framkvæmda til að mæta útgjaldamarkmiðum ársins 2000 gengur til baka en á móti fellur niður tímabundin 60 m.kr. fjárheimild. Alls er því gert ráð fyrir 100 m.kr. til framkvæmda á Alþingisreit á árinu 2001.

305 ***Ríkisstjórn.*** Farið er fram á 17,9 m.kr. hækkun á framlagi til liðarins. Af þessum lið er greiddur mismunur á ráðherralaunum og þingfararkaupi. Laun aðstoðarmanna ráðherra eru einnig greidd af liðnum og er hækkunin að mestu til komin vegna þeirra. Þeir njóta nú sömu kjara og skrifstofustjórar sem eru staðgenglar ráðuneytisstjóra en samkvæmt úrskurði kjaranefndar frá 17. desember 1999 hækkuðu laun skrifstofustjóra.

401 ***Hæstiréttur.*** Gert er ráð fyrir 6,7 m.kr. hækkun í samræmi við úrskurð Kjaradóms.

610 ***Umboðsmaður Alþingis.*** Farið er fram á alls 8,7 m.kr. í aukið framlag. Í fyrsta lagi flytur embættið í nýtt húsnæði að Álftamýri 7 og eykst húsnæðiskostnaður um 2,5 m.kr. vegna hærri leigu, rafmagns, hita og ræstingar. Í öðru lagi er óskað eftir sérstakri fjárveitingu á árinu 2001 að fjárhæð 1 m.kr. til að koma bókasafni embættisins fyrir í kjallara nýja húsnæðisins með tilheyrandi vinnuaðstöðu og lagfæringu á húsnæðinu. Í þriðja lagi er óskað eftir 2,0 m.kr. fjárveitingu vegna tímabundinnar stöðu lögfræðings til að sinna verkefnum sem lúta að kvörtunum vegna stjórnsýslu sveitafélaga. Loks er óskað eftir 3,2 m.kr. vegna launakostnaðar, vinnu við heimasíðu embættisins, til sérfræðivinnu vegna kvartana sem berast embættinu og til starfsþjálfunar.

620 ***Ríkisendurskoðun.*** Tímabundið 4,5 m.kr. framlag til tækjakaupa fellur niður. Aðrar breytingar skýrast af launa og verðlagsbreytingum.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun forsætisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	621,8	1.007,7	536,6	-47	-14
Neyslu- og rekstrartilfærslur	415,9	131,2	242,8	85	-42
Stofnkostnaður og viðhald	652,0	84,3	243,2	188	-63
Samtals	**1.689,7**	**1.223,2**	**1.022,6**	**-16**	**-39**
Greitt úr ríkissjóði	1.572,8	1.163,4	960,9	-17	-39
Innheimt af ríkistekjum	59,5	59,8	61,7	3	4
Viðskiptahreyfingar	57,3	0,0	0,0	-	-100
Samtals	**1.689,7**	**1.223,2**	**1.022,6**	**-16**	**-39**

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2001 eru áætluð um 1.045,6 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 23 m.kr. en þær nema 2% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 1.022,6 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 960,9 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 61,7 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 536,6 m.kr. og lækka um 471,1 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Munar þar mest um að 299,2 m.kr. framlag vegna kristnihátíðar og 204,5 m.kr. framlag vegna landafundanefndar fellur niður.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna verður 242,8 m.kr. en var 131,2 m.kr. í fjárlögum ársins 2000. Þyngst vegur 100 m.kr. framlag vegna Kristnihátíðarsjóðs.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 243,2 m.kr. og er það 158,9 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru 160 m.kr. framlag til vestnorræna menningarhússins í Kaupmannahöfn. Einnig fellur niður tæplega 30 m.kr. framlag til stafkirkju í Vestmannaeyjum, aðrar breytingar eru minni.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá fyrri áformum með frestun á fyrirhuguðum stofnkostnaði sem nemur 25 m.kr. Ráðuneytið hefur einnig gert ráð fyrir 8,6 m.kr. hagræðingu í starfsemi sinni, einkum í rekstrarkostnaði, til að mynda svigrúm fyrir framlögum til nýrra verkefna. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald með stofnkostnaði og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2001 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld forsætisráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér að neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2001 til 2004. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2001	Spá 2002	Spá 2003	Spá 2004
Ráðuneyti	263	225	227	219
Sjóðir til að styrkja menningararf og rannsóknir	100	100	100	100
Annað	659	663	667	511
Samtals	**1.022**	**988**	**994**	**830**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknuð útgjöld fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni. Lækkun milli áranna 2001 og 2002 á málefnaflokknum ráðuneyti skýrist af því að verkefnum á vegum landafundanefndar og kristnihátíðar verður þá lokið. Lækkunin milli áranna 2003 og 2004 er vegna þess að endurbótum við vestnorrænt menningarhús í Kaupmannahöfn verður lokið á árinu 2003.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni, sem eiga við um málaflokka forsætisráðuneytisins, byggjast á almennum forsendum um framlög til stjórnsýslunnar.

Skuldbindandi samningar

Forsætisráðuneytið hefur gert samning við Vesturfarasetrið á Hofsósi sem áætlað er að hafi í för með sér útgjöld er nemi samtals um 22 m.kr. á yfirstandandi ári. Framlög vegna samningsins eru tilgreind í töflunni hér fyrir neðan.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2000	2001	2002	2003	2004
Vesturfarasetrið á Hofsósi	B	22,0	12,0	12,0	12,0	12,0
Samtals		**22,0**	**12,0**	**12,0**	**12,0**	**12,0**

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	140,2	129,8	136,1	4,9	-2,9
Ýmis verkefni	413,6	660,3	122,2	-81,5	-70,5
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**553,8**	**795,1**	**263,3**	**-66,9**	**-52,5**

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að framlög til skrifstofunnar hækki um 1,5 m.kr. að raungildi. Þar vegur þyngst fjölgun um eitt stöðugildi og endurbætur í tölvumálum sem áætlað er að kosti samanlagt 7,5 m.kr. Á móti kemur að tímabundið 6 m.kr. framlag vegna verkefna í sambandi við árþúsundamótin er fellt niður.

190 Ýmis verkefni. Fjárheimildir á viðfanginu *1.52 Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku* lækka um rétt tæplega 300 m.kr. Kristnihátíðarnefnd miðar við að kristnihátíð standi yfir frá 25. apríl 1999 til páska árið 2001. Áætlað er fyrir starfsemi kristnihátíðarnefndar í 6 mánuði árið 2001 og gert ráð fyrir að heildarkostnaður verði 25,3 m.kr. á árinu. Þar vega þyngst listviðburðir sem felast í tónlistarflutningi, kyndilmessum og leiksýningum. Tengjast þessir viðburðir lokum kristnihátíðar í apríl og er gert ráð fyrir að þeir muni kosta samtals 15 m.kr. Annar rekstrarkostnaður í hálft ár, fjölmiðlakynning, auglýsingagerð, sýningarskrár og lokaskýrsla vegna kristnihátíðar sl. tvö ár nemur um 10,3 m.kr. Lagt er til að heimildir landafundanefndar lækki um rúm-

lega 200 m.kr. Á viðfangsefninu standa eftir 13 m.kr. sem eru ætlaðar til verkefna á árinu 2001 sem felast í sýningarhaldi og kynningum hér á landi og erlendis. Framkvæmdum við stafkirkju í Vestmannaeyjum er nú lokið og því fellur niður 29,5 m.kr. framlag. Einnig er lokið sýningu um Stephan G. Stephansson í Vesturfarasetri og falla því niður 10 m.kr. samkvæmt samningi þar um. Tímabundið 9,3 m.kr. framlag vegna ráðstefnu um samleið vísinda og trúar árið 2000 fellur niður. Tímabundið 7 m.kr. framlag vegna stuðnings ríkissjóðs við minningarkapellu á Ljósavatni fellur niður þar sem verkefninu er lokið. Loks er óskað eftir 10 m.kr. fjárheimild til að rita sögu stjórnarráðsins í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt.

Sjóðir til að styrkja menningararf og rannsóknir

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður: 303 Kristnihátíðarsjóður.

*303 **Kristnihátíðarsjóður.*** Lagt er til 100 m.kr. framlag á ári til fimm ára samkvæmt þingsályktun sem samþykkt var á hátíðarfundi Alþingis á Þingvöllum í tilefni þess að 1000 ár eru liðin frá því að kristinn siður var lögtekinn á Íslandi. Tilgangur sjóðsins er tvíþættur. Annars vegar að efla fræðslu og rannsóknir á menningar- og trúararfi þjóðarinnar og stuðla að umræðum um lífsgildi hennar, siðferði og framtíðarsýn. Hins vegar kostar sjóðurinn fornleifarannsóknir á ýmsum helstu sögustöðum þjóðarinnar.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Fasteignir forsætisráðuneytis; 211 Þjóðhagsstofnun; 231 Norræna ráðherranefndin; 241 Umboðsmaður barna; 251 Safnahús; 253 Vestnorrænt menningarhús í Kaupmannahöfn; 261 Óbyggðanefnd; 271 Ríkislögmaður; 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fasteignir forsætisráðuneytis	33,3	28,5	30,7	7,7	-7,8
Mannvirkjagerð á Bessastöðum	29,0	0,0	0,0		
Þjóðhagsstofnun	117,2	119,6	127,2	6,4	8,5
Norræna ráðherranefndin	91,7	91,9	98,0	6,6	6,9
Umboðsmaður barna	16,0	16,4	16,9	3,0	5,6
Safnahús	18,5	54,6	55,6	1,8	200,5
Vestnorrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	0,0	0,0	160,0	-	-
Óbyggðanefnd	18,3	20,4	38,0	86,3	107,7
Ríkislögmaður	40,1	31,6	43,2	36,7	7,7
Lýðveldissjóður	100,0			-	-100,0
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	109,8	40,1	73,7	83,8	-32,9
Íslenska upplýsingasamfélagið		25,0	38,0	52,0	-
Samtals	**573,9**	**428,1**	**681,3**	**59,1**	**18,7**

201 Fasteignir forsætisráðuneytis. Tímabundin 2 m.kr. frestun viðhaldskostnaðar til að mæta útgjaldamarkmiðum ársins 2000 gengur til baka, á móti kemur að framlagið lækkar um 500 þús.

231 Norræna ráðherranefndin. Farið er fram á að heildarframlag til fjárlagaliðarins hækki um 9,2 m.kr. vegna meiri kostnaðar Norrænu ráðherranefndarinnar sem ríkissjóður greiðir hlutdeild í.

251 Safnahús. Tímabundið 25 m.kr. framlag til að kaupa innanstokksmuni og tækjabúnað fellur niður. Hins vegar er farið fram á 17,7 m.kr. viðbótarframlag til reksturs sem er í fyrsta lagi 7 m.kr. vegna ræstingar, í öðru lagi 7,7 m.kr. vegna öryggismála og gæslu í sýningarsölum og í þriðja lagi 3 m.kr. vegna hærri sýningarkostnaðar. Þar af millifærast 1,5 m.kr. yfir á fjárlagaliðinn 996 Íslenska upplýsingasamfélagið vegna miðlunar efnis í Þjóðmenningarhúsi. Loks er farið fram á tímabundið 3,9 m.kr. framlag til kaupa á margmiðlunarbúnaði í sýningarsali sem verður einn af burðarásum í sýningarhaldi hússins.

253 Vestnorrænt menningarhús í Kaupmannahöfn. Farið er fram á 160 m.kr. tímabundið framlag til endurbóta á húsnæði í Kaupmannahöfn. Áformað er að menningarmiðstöð fyrir hin vestlægu Norðurlönd, það er Ísland, Færeyjar og Grænland, verði í fyrrverandi pakkhúsi gegnt Nýhöfn. Í byggingunni verður hverju landanna þriggja úthlutað sérstöku rými, auk rýmis til sameiginlegra nota, s.s. til sýninga- og tónleikahalds. Ísland fær í sinn hlut 1000 fermetra en þar af verða 750 fermetrar nýttir fyrir sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn en 250 fermetrar til annarra nota. Framlag danska ríkisins felst í byggingunni sjálfri en endurbætur á henni verða kostaðar af löndunum þremur og framlögum úr Velunnarasjóði A.P. Møller og frú Chastine Mc-Kinney Møller er nema 200 milljónum króna. Stefnt er að því að rekstur hússins verði fjármagnaður með leigutekjum og húsgjöldum.

261 Óbyggðanefnd. Gerð er tillaga um 17 m.kr. tímabundið viðbótarframlag til 7 ára. Samkvæmt breytingu á lögum nr. 58/1998 um þjóðlendur ber ríkissjóður nauðsynlegan kostnað af hagsmunagæslu landeigenda fyrir óbyggðanefnd. Stefnt að því að nefndin ljúki störfum á árinu 2007.

271 Ríkislögmaður. Farið er fram á 8,4 m.kr. hækkun vegna aukinna verkefna og umsvifa embættisins.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Liðurinn hækkar um 33,6 m.kr. Þar vega þyngst nýframkvæmdir á fræðslumiðstöðinni á Hakinu við brún Almannagjár. Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir 41 m.kr. til verksins á árinu en 25 m.kr. framkvæmdum var frestað til að mæta útgjaldamarkmiðum ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2001. Á móti kemur að 2 m.kr. tímabundin frestun framkvæmda fyrir árið 2000 gengur til baka. Í húsinu á að koma fyrir sýningum á sögu og náttúrufari Þingvalla í myndum og tali og aðstöðu til að miðla fróðleik með nýjustu upplýsingatækni. Gert er ráð fyrir að koma upp nauðsynlegum búnaði til sýningahalds og setja upp sýningu þannig að unnt verði að taka upplýsingamiðstöðina í notkun árið 2001. Ákveðið hefur verið að lengja afgreiðslutíma þjónustumiðstöðvar úr þremur í fimm mánuði vegna verulegrar fjölgunar ferðamanna. Áætlað er að það kosti 6,5 m.kr. en skili á móti 2 m.kr. í sértekjur. Loks lækkar framlagið um 2,5 m.kr. Þar af er 1 m.kr. vegna hagræðingar og hins vegar millifærast 1,5 m.kr. á liðinn 996 Íslenska upplýsingasamfélagið vegna miðlunar upplýsinga á Þingvöllum. Annað skýrist af launa- og verðlagsbreytingum.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Lögð er til 3 m.kr. hækkun á sérstöku framlagi til verkefna á vegum upplýsingasamfélagsins hjá ráðuneytinu þannig að það nemi 7 m.kr. samtals. Skilyrði fyrir framlaginu er að ráðuneytið afli a.m.k. jafnhás mótframlags til verkefnanna og er því áætlað fyrir alls 14 m.kr. útgjöldum á fjárlagaliðnum. Þar af eru 8 m.kr. ætlaðar til miðlunar menningarefnis í Þjóðmenningarhúsi, 4 m.kr. til miðlunar upplýsinga um Þingvelli og þjóðgarðinn og 2 m.kr. vegna unglingaþings umboðsmanns barna á Netinu. Einnig er lögð til 7 m.kr. hækkun á sérstöku framlagi til sameiginlegra verkefna ráðuneyta sem eru vistuð undir forsætisráðuneyti. Nemur það framlag alls 28 m.kr. Þar af eru 10 m.kr. ætlaðar í stjórnarráðsvefinn, 8 m.kr. í upplýsingaveitu fyrir almenning, 5 m.kr. í vef um Ísland á ensku og 5 m.kr. vegna verkefna samkvæmt áætlun um rafræn viðskipti og rafræna stjórnsýslu. Alls hækkar því liðurinn um 13 m.kr. og verður 38 m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun menntamálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	12.557,3	13.057,3	14.528,0	11	16
Neyslu- og rekstrartilfærslur	6.276,2	6.513,9	6.413,2	-2	2
Stofnkostnaður og viðhald	2.533,3	2.128,0	2.267,0	7	-11
Samtals	**21.366,8**	**21.699,2**	**23.208,2**	**7**	**9**
Greitt úr ríkissjóði	18.616,6	19.469,2	20.751,7	7	11
Innheimt af ríkistekjum	2.865,7	2.230,0	2.452,6	10	-14
Viðskiptahreyfingar	-115,5	0,0	3,9	-	-103
Samtals	**21.366,8**	**21.699,2**	**23.208,2**	**7**	**9**

Heildargjöld menntamálaráðuneytis árið 2001 eru áætluð um 25.100,9 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.892,7 m.kr. en þær nema 7,5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 23.208,2 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 20.751,7 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.452,6 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Sú breyting er gerð að tekjur af innritunargjöldum í skólum, samtals 223,6 m.kr, eru taldar með ríkistekjum í stað sértekna áður og hafa tölur í töflunni á undan verið gerðar sambærilegar hvað þær varðar.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 14.528 m.kr. og hækka um 1.471 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk hækkunar vegna almennra launa- og verðlagsbreytinga sem er 543 m.kr. munar mest um 245 m.kr. hækkun til náms á háskólastigi, 150 m.kr. til leigugreiðslna framhaldsskóla sem varið er til viðhalds skólahúsa og 107 m.kr. til náms í framhaldsskólum. Þá skýrist 378 m.kr. hækkun af því að útgjöld vegna Þjóðleikhússins eru sýnd sem rekstrargjöld en ekki sem rekstrartilfærsla eins og til þessa og 62 m.kr. af því að launagjöld eru lækkuð um nálægt 1% vegna breytinga á fjármögnun fæðingar- og feðraorlofs. Verðlagsforsendur frumvarpsins eru útskýrðar í upphafi 3. kafla hér að framan.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna verður 6.413 m.kr. en var 6.514 m.kr. í fjárlögum ársins 2000 og nemur lækkunin 101 m.kr. Mestu munar um 378 m.kr. lækkun vegna breyttrar framsetningar Þjóðleikhússins. Niðurfelling tímabundinna framlaga til menningarmála skýrir 130 m.kr. lækkun en þar munar mest um 50 m.kr. til Reykjavíkur, menningarborgar Evrópu árið 2000. Á móti kemur hækkun vegna launa- og verðlagsbreytinga, 167 m.kr. hækkun til námslána, 77 m.kr. til jöfnunar á námskostnaði, 70 m.kr. til listasjóða, 60 m.kr. til kvikmyndagerðar og ýmsar minni breytingar.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 2.267 m.kr. og er það 139 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru 61 m.kr. vegna framkvæmda við framhaldsskóla, 50 m.kr. til tungutækniverkefna og 36 m.kr. vegna framkvæmda við háskóla.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun stofnkostnaðar frá fyrri áformum með frestun á fyrirhuguðum framkvæmdum að fjárhæð 200 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2001 eftir málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld menntamálaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2001 til 2004. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2001	Spá 2002	Spá 2003	Spá 2004
Ráðuneyti	363	367	371	375
Háskólar og rannsóknir	7.201	7.396	7.632	7.880
Framhaldsskólar	7.726	8.091	8.339	8.629
Grunnskólar	403	407	411	415
Námsaðstoð	2.593	2.651	2.711	2.772
Söfn, listastofnanir o.fl.	4.396	4.400	4.402	4.430
Annað	526	527	528	529
Samtals	**23.208**	**23.839**	**24.394**	**25.030**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknuð útgjöld fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málefnaflokka menntamálaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar í samanburði við almennar forsendur reiknilíkansins. Í fyrsta lagi er reiknað með því að rekstrarumfang háskóla aukist um 4–5% á milli ára vegna fjölgunar nemenda. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að útgjöld vegna byggingar háskóla aukist um 5% milli ára til að mæta nemendafjölgun og breyttum þörfum. Í þriðja lagi er talið að sérkennsla framhaldsskólanemenda aukist um 15% milli ára m.a. vegna fjölgunar nemenda. Í fjórða lagi er því spáð að útgjöld til byggingar framhaldsskóla aukist um fjórðung á milli ára, einkum á höfuðborgarsvæðinu þar sem húsnæði er ófullnægjandi. Einnig er ráðgert að auka viðhald framhaldsskólahúsnæðis um 40% á árinu 2002. Í fimmta lagi er spáð 2,5% útgjaldaaukningu vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna milli ára á grundvelli spár um nemendafjölda í háskólum að teknu tilliti til áætlaðra tekna námsmanna. Í sjötta lagi er gert ráð fyrir 3% aukningu í starfsemi safna milli ára vegna aukins húsnæðis o.fl. Að lokum er tekið tillit til breytinga á tímabundnum framlögum og munar mestu um framlög til Reykjavíkur, menningarborgar 2000, áætlunar um rannsóknir í upplýsinga- og umhverfismálum og eflingar kvikmyndagerðar.

Skuldbindandi samningar

Menntamálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 1.025 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Að auki hefur menntamálaráðuneytið gert samninga við flest allar stofnanir sínar og gefið yfirlýsingar um að það muni beita sér fyrir framlögum til ákveðinna verkefna, svo sem til kvikmyndagerðar. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2001 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2000	2001	2002	2003	2004
Akureyrarbær, menningarmál í bænum	A	41,3	52,0	64,0	0,0	0,0
Háskólinn í Reykjavík, háskólanám	A	211,9	284,2	350,1	394,0	0,0
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað, framhsk.	A	13,0	5,6	0,0	0,0	0,0
Hússtjórnarsk. í Reykjavík, framhaldsskóli	A	15,0	6,6	0,0	0,0	0,0
Stoðþjónusta, viðh. og leiga lðnsk. í Hafnarf.	A	68,5	71,7	71,7	71,7	71,7
Verslunarskóli Íslands, framhaldsskólanám	A	345,0	357,0	360,0	363,0	0,0
Íslenska óperan	B	63,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Reykjavík, menningarborg Evrópu árið 2000	B	100,0	50,0	0,0	0,0	0,0
Vetraríþróttamiðstöð á Akureyri	B	11,5	11,5	11,5	0,0	0,0
Afreksmannasjóður ÍSÍ	C	10,0	10,0	10,0	10,0	0,0
Evrópuverkefni á sviði æskulýðsmála	C	1,8	4,7	4,7	4,7	4,7
Hafnarfjarðarleikhúsið, leikstarfsemi	C	10,0	10,0	10,0	0,0	0,0
Kammersveit Reykjavíkur, tónleikahald	C	3,5	3,5	3,5	0,0	0,0
Samvinnuháskólinn, háskólanám	C	58,9	0,0	0,0	0,0	0,0
Skrá um mat á námi kennara til stiga	C	1,8	1,8	0,0	0,0	0,0
Snorrastofa í Reykholti	C	13,0	11,6	11,6	11,6	11,6
Tónlistarhópurinn Caput, tónleikahald	C	2,0	2,0	2,0	0,0	0,0
Umsýsla sveinsprófa og samninga	C	30,4	30,4	30,4	30,4	30,4
Upplýsingamiðstöð myndlistar	C	4,0	4,0	3,5	0,0	0,0
Upplýsingaþjónusta iðn- og verknáms	C	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0
Viðskipta- og tölvuskólinn, framhaldssk.	C	16,6	28,5	22,0	0,0	0,0
Samtals		**1.025,2**	**949,2**	**959,0**	**889,4**	**122,4**

Samningar, sem menntamálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga, eru merktir með bókstafnum A í töflunni og kostnaður vegna þeirra áætlaður 694 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar, sem bæði ráðuneytin standa að, eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 175 m.kr. Að lokum eru 156 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem menntamálaráðuneytið sendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að samningar, sem renna út á tímabilinu, verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að til jafnaðar verði nálægt 1 milljarður króna bundinn árlega vegna framangreindra verkefna.

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga auk þess sem nokkrir nýir eru í undirbúningi. Þar skal fyrst nefna samning við Viðskiptaháskólann á Bifröst um háskólakennslu þar sem greiðslur munu fara eftir reglum um framlög til háskóla auk þess sem gert er ráð fyrir að tekið verði tillit til sérstaks kostnaðar sem helgast af staðsetningu hans. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að samið verði við Listaháskóla Íslands um aukin verkefni en í gildi er tímabundinn samningur sem rennur út á næsta ári um myndlistar- og leiklistarnám á háskólastigi. Í þriðja lagi er stefnt að því að ljúka endurnýjun samnings við Fjölís, samtök höfundarréttarhafa, vegna ljósritunar í skólum. Í fjórða lagi er unnið að samningi um rekstur Listahátíðar í Reykjavík og gert ráð fyrir 12-22 m.kr. framlagi, mismunandi eftir árum. Í fimmta lagi er áformaður samningur um verkefni Stofnunar Gunnars Gunnarssonar.

Í sjötta lagi er unnið að gerð samnings um framlög til Kvikmyndahátíðar í Reykjavík. Í sjöunda lagi er áætlað að semja við Íslensku Óperuna um óperusýningar en gildandi samningur rennur út í lok yfirstandandi árs. Í áttunda lagi er gert ráð fyrir að gerður verði samningur við Íslensku tónverkamiðstöðina og í níunda lagi er gert ráð fyrir samningi við Hraðbraut ehf. um rekstur framhaldsskóla. Að lokum skal getið könnunarviðræðna um að Samtök atvinnulífsins standi að rekstri tækniháskóla sem taki við námi sem er í Tækniskóla Íslands og þrói það áfram, gegn samningi við ríkið. Einnig hafa aðilar í atvinnulífinu sýnt áhuga á samningi um rekstur málmiðnaðarskóla sem yrði jafnframt kjarnaskóli í málmiðnaðargreinum.

Rétt er að vekja athygli á að í undirbúningi er samkomulag við Reykjavíkurborg um byggingu á tónlistarhúsi og ráðstefnumiðstöð í miðborginni. Gera má ráð fyrir að samkomulag um framgang verkefnisins náist fyrir áramót og í því verði ákveðið með hvaða hætti ráðist verður í frekari hönnun og undirbúning verksins. Ef af framkvæmdum verður hefjast þær í fyrsta lagi árið 2003. Á þessu stigi hafa ákvarðanir um framkvæmdina ekki verið teknar og verður málið kynnt fjárlaganefnd Alþingis þegar frekari niðurstöður úr viðræðum aðila málsins og nákvæmari kannanir á umfangi þess liggja fyrir en hugmyndir eru uppi um að bjóða verkið út sem einkaframkvæmd.

Á vegum menntamálaráðherra er starfandi nefnd til að undirbúa byggingu rannsóknahúss við Háskólann á Akureyri samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Gert er ráð fyrir að einkaaðilar reisi og eigi húsið en háskólinn og ýmsar rannsóknastofnanir leigi þar aðstöðu.

Hér á eftir verður fjallað um breytingar á fjárlagaliðum menntamálaráðuneytisins. Nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni stofnana eru í Verkefnavísum 2001.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 101 Aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé. Gjöld eru áætluð 365,6 m.kr. og hækka um 4,1 m.kr. umfram verðlagsbreytingu vegna úrskurðar kjaranefndar um laun starfsmanna.

Háskólar og rannsóknir

Til þessa málefnaflokks teljast eftirtaldir fjárlagaliðir: 201-208 Háskóli Íslands og stofnanir tengdar honum; 210 Háskólinn á Akureyri; 211 Tækniskóli Íslands; 215 Kennaraháskóli Íslands; 223 Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála; 225 Viðskiptaháskólinn á Bifröst; 227 Viðskiptaháskólinn í Reykjavík; 228 Listaháskóli Íslands; 231 Rannsóknarráð Íslands; 234–239 Rannsóknasjóðir; 269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður; 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi. Viðskiptaháskólinn á Bifröst hét áður Samvinnuháskólinn.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Háskóli Íslands	2.701,2	2.901,9	3.244,6	11,8	20,1
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	104,1	114,1	116,2	1,8	11,6
Raunvísindastofnun Háskólans	159,8	171,2	175,8	2,7	10,0
Stofnun Sigurðar Nordals	11,3	12,7	13,1	3,1	15,9
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	64,8	73,4	74,2	1,1	14,5
Orðabók Háskólans	19,1	20,7	21,2	2,4	11,0
Íslensk málstöð	13,9	14,6	14,4	-1,4	3,6
Örnefnastofnun Íslands	9,8	11,7	12,0	2,6	22,4
Háskólinn á Akureyri	316,9	385,5	408,3	5,9	28,8
Tækniskóli Íslands	255,3	252,3	298,2	18,2	16,8
Kennaraháskóli Íslands	603,4	613,5	714,8	16,5	18,5
Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	17,2	17,7	17,6	-0,6	2,3
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	57,1	58,9	60,7	3,1	6,3
Háskólinn í Reykjavík	155,7	211,9	279,2	31,8	79,3
Listaháskóli Íslands	185,7	201,6	275,7	36,8	48,5
Rannsóknarráð Íslands	50,9	56,7	58,4	3,0	14,7
Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	0,0	75,6	93,7	23,9	-
Ranns. og þróun í uppl.tækni og umhv.málum	65,0	85,0	95,0	11,8	-
Vísindasjóður	170,0	170,0	170,0	0,0	0,0
Tæknisjóður	200,0	200,4	200,9	0,2	0,4
Bygginga- og tækjasjóður	74,0	77,0	77,0	0,0	4,1
Rannsóknarnámssjóður	30,0	30,0	30,0	0,0	0,0
Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnk.	263,0	254,0	290,0	14,2	10,3
Háskóla- og rannsóknastarfsemi	104,1	310,8	132,7	-57,3	27,5
Alþjóðleg samskipti	316,5	313,1	327,6	4,6	3,5
Samtals	**5.948,8**	**6.634,3**	**7.201,3**	**8,5**	**21,1**

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 8.360 m.kr. sem er 384 m.kr. hækkun. Sé tekið tillit til flutnings leiklistarnáms af framhaldsskólastigi yfir á háskólastig er hækkunin hins vegar 339 m.kr. Gjöldin skiptast þannig að 6.661 m.kr. fara til almenns rekstrar, 564 m.kr. í rekstrartilfærslur og 1.136 m.kr. til viðhalds- og stofnkostnaðar. Áætlað er að sértekjur nemi 1.159 m.kr. sem eru um 13,9% af rekstrargjöldum og lækki um 124 m.kr. frá fjárlögum. Mestu munar að 130 m.kr. tekjur af innritunargjöldum, sem áður töldust til sértekna, eru nú flokkaðar sem ríkistekjur. Sértekjur málefnaflokksins voru 962 m.kr. á árinu 1999 samkvæmt ríkisreikningi. Gjöld umfram sértekjur, að fjárhæð 7.202 m.kr., eru fjármögnuð með 6.472 m.kr. greiðslum úr ríkissjóði og innheimtu 730 m.kr. ríkistekna.

Rekstrargjöld og rekstrartilfærslur að frádregnum sértekjum eru 6.066 m.kr. og hækka um 435 m.kr. Auk almennra launa- og verðlagsbreytinga hækka gjöldin um 245 m.kr. vegna fjölgunar nemenda og aukins náms en 32 m.kr. eru vegna rannsókna. Flutningur listnáms yfir á háskólastig skýrir 45 m.kr. til viðbótar og breytt flokkun innritunargjalda skýrir 131 m.kr. hækkun.

Stofnkostnaður og viðhald er áætlað 1.136 m.kr. og hækkar um 46 m.kr. frá fjárlögum. Annars vegar aukast framkvæmdir við háskólabyggingar um 36 m.kr. og hins vegar hækkar framlag til rannsóknar- og þróunarmála um 10 m.kr.

Menntamálaráðuneytið hefur gefið út reglur um fjárveitingar til kennslu í háskólum skv. 20. gr. laga nr. 136/1997. Í reglunum er námi skipt í sjö flokka og á grundvelli útreikninga fundið verð sem greitt er fyrir nemanda sem stundar fullt nám til viðurkennds lokaprófs í hverjum flokki. Reglurnar taka til alls kennslukostnaðar, stjórnunar, stoðþjónustu, almenns reksturs, búnaðarkaupa og húsnæðiskostnaðar. Áætlað er að greiða á árinu 2001 tæpar 330 þús. kr. fyrir hverjar 30 einingar sem hver nemandi í námi í lægsta verðflokki gengur til prófa í. Verðhlutföll fyrir annað nám eru sýnd í töflunni. Frá þannig reiknuðu verði dregst m.a. skrásetningargjald nemenda og fjárhæð vegna fjárbindingar í húsnæði sem þegar hefur verið byggt fyrir fé ríkisins og er umfram fermetraviðmiðun í hverjum flokki.

Verðflokkar	Verðhlutföll
Nám á sviði félags- og mannvísinda, guðfræði og lögfræði og annað sambærilegt.	1,00
Styttra nám á sviði tölvufræða og stærðfræði og annað sambærilegt.	1,57
Hjúkrunarnám og annað hliðstætt sem m.a. felst í þjálfun við meðhöndlun sjúklinga.	1,75
Kennaranám og annað hliðstætt nám sem m.a. felst í æfingakennslu.	1,67
Nám í raunvísindum, verk- og tæknifr. sem m.a. felst í verkl. æfingum og í notkun sérhæfðs búnaðar	2,26
Læknisnám sem felst m.a. í verklegum æfingum, notkun sérhæfðs búnaðar og þjálfun.	3,12
Nám í tannlækningum	5,24

Lokið er samningum við Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík um þjónustu skólanna og framlög til kennslu samkvæmt reglunum auk þess sem samningaviðræðum við Viðskiptaháskólann á Bifröst er að ljúka. Miðað er við að ljúka samningi við Háskólann á Akureyri á yfirstandandi ári. Þá er unnið að samningi við Listaháskóla Íslands og gert ráð fyrir að útfæra reglur um fjárframlög með tilliti til listnáms á háskólastigi.

Unnið er að gerð reglna um framlög til rannsókna í háskólum og í framhaldinu verður gengið til árangurssamninga við skólana á því sviði. Af hálfu menntamálaráðuneytisins hefur verið sett fram það markmið að ríkisvaldið leggi áherslu á að efla grunnrannsóknir og menntun ungra vísindamanna. Verði tekið mið af því í samningum við háskóla og við ákvörðun um fjárveitingar til sjóða Rannsóknarráðs Íslands. Gert er ráð fyrir að allir háskólar fái grunnframlag sem byggist á fjölda nemenda í fullu námi. Að öðru leyti ráðist framlagið af rannsóknarvirkni, fjölda nemenda sem útskrifast úr rannsóknarnámi og árangri skólanna í samkeppni um fé úr erlendum og innlendum rannsóknasjóðum. Miðað er við að skólarnir setji sér skýr markmið á sviði rannsókna, fylgist með eigin rannsóknastarfsemi með því að nota innra gæðamatskerfi og að menntamálaráðuneytið láti gera úttektir á starf-

seminni til að kanna m.a. hvort hún stenst alþjóðlegar kröfur. Ætla má að nálægt 10.300 nemendur verði skráðir í nám í háskólunum sem er 10% fjölgun frá haustinu 1999. Nemendur stunda mismikið nám og er áætlað að 5.968 nemendur verði í fullu námi á árinu 2001 í skólum sem menntamálaráðuneytið hefur samið við. Gert er ráð fyrir að nemendur skiptist þannig:

	HÍ	KHÍ	VHB	HR	Alls
Félags- og mannvísindi, guðfræði, lögfræði o.fl.	2.540	0	130	225	2.895
Tölvufræði og stærðfræði	129	0	0	425	554
Hjúkrunarfræði	450	0	0	0	450
Kennaranám og nám á sviði uppeldisfræða.	52	1.000	0	0	1.052
Verk-, tækni-, efna- og jarðfræði og lífvísindi	699	0	0	0	699
Læknisfræði	280	0	0	0	280
Tannlækningar	38	0	0	0	38
Samtals	**4.188**	**1.000**	**130**	**650**	**5.968**

Auk háskólanemenda í Viðskiptaháskólanum á Bifröst eru þar um 20 nemendur í undirbúningsnámi sem greitt er fyrir eins og framhaldsskólanám. Í háskólum, sem ekki hefur verið gengið frá samningum við, eru um 1.374 nemendur í fullu námi, þar af 150 á framhaldsskólastigi. Samtals er því áætlað að 7.172 nemendur verði í fullu námi á háskólastigi og 170 á framhaldsskólastigi. Nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni háskóla- og rannsóknastofnana eru í Verkefnavísum 2001 en helstu breytingar á fjárlagaliðum eru eftirfarandi:

201 Háskóli Íslands. Heildargjöld skólans eru áætluð 4.116,6 m.kr. og hækka um 206,8 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Þar af eru 2.834,9 m.kr. fjármagnaðar með framlagi úr ríkissjóði sem er 173,3 m.kr. hækkun, 872 m.kr. fjármagnaðar með sértekjum og 409,7 m.kr. með hlutdeild í ríkistekjum sem er hækkun um 84,7 m.kr. vegna breyttrar flokkunar tekna af innritunargjöldum. Rekstrargjöld eru áætluð 3.791,6 m.kr. og hækka auk verðlagshækkana um 80 m.kr. til að mæta um það bil 200 nemenda fjölgun og um 84,7 m.kr. á móti tekjum af innritunargjöldum. Að auki er áætlað fyrir um það bil 90 m.kr. launagjöldum skólans á lið 02-234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora. Framlag úr ríkissjóði til skólans nemur því alls um 2.924,9 m.kr. Í árangurssamningi við skólann er gert ráð fyrir að greitt sé fyrir allt að 4.300 nemendur í fullu námi á ári.

205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Rekstrargjöld eru áætluð 79,4 m.kr. og hækka um 1 m.kr. Niður fellur 1,4 m.kr. tímabundið framlag á árinu 2000 til að undirbúa handrit í eigu stofnunarinnar undir flutning og sýningu í Bandaríkjunum.

207 Íslensk málstöð. Rekstrarútgjöld eru áætluð 18,4 m.kr. Í fjárlögum yfirstandandi árs er áætlað fyrir 2,5 m.kr. tímabundnu framlagi vegna samnings um aðgang menntastofnana að orðabanka á Veraldarvefnum. Fyrirhugað er að framlengja samninginn og er áætlað fyrir 2 m.kr. til þess.

210 Háskólinn á Akureyri. Rekstrargjöld eru áætluð 413,8 m.kr. sem er 3 m.kr. lækkun frá fjárlögum. Framlag úr ríkissjóði er áætlað 395,3 m.kr. og lækkar að raungildi um 15 m.kr. þar sem tímabundið framlag, sem ætlað var að stytta biðlista við skólann eftir rannsóknarleyfum, fellur niður. Tekjur af innritunargjaldi, 13 m.kr., eru færðar sem ríkistekjur í stað sértekna áður. Að auki er áætlað fyrir um það bil 2 m.kr. launagjöldum skólans á lið 02-234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora. Framlag úr ríkissjóði til skólans nemur því væntanlega alls um 397,3 m.kr. Miðað er við að 520 nemendur gangi til prófa í fullu námi í skólanum skólaárið 2000-2001 sem er um 10% fjölgun milli ára.

211 Tækniskóli Íslands. Rekstrargjöld eru áætluð 298,2 m.kr. og hækka um 34,9 m.kr. Þar af eru 15 m.kr. ætlaðar til að mæta auknum kennslukostnaði vegna fjölgunar nemenda en gert er ráð fyrir um 650 nemendum í fullu námi skólaárið 2000-2001, þar af 150 í frumgreinadeild sem er á framhaldsskólastigi. Vegna breyttrar meðferðar tekna af innritunargjaldi lækka sértekjur um 11 m.kr. en ríkistekjur hækka um sömu fjárhæð.

215 Kennaraháskóli Íslands. Rekstrargjöld eru áætluð 714,8 m.kr. sem er 48,2 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Framlag úr ríkissjóði nemur 693 m.kr. Þar af eru 40 m.kr. ætlaðar til að mæta kostnaði við um það bil 100 nemenda fjölgun. Tekjur af innritunargjaldi, 21,8 m.kr., eru færðar sem ríkistekjur í stað sértekna áður. Samkvæmt árangurssamningi við skólann er fjárveiting á árinu 2001 miðuð við að 1.000 nemendur gangi til prófa í fullu námi en þó er gert ráð fyrir að greidd verði nemendaframlög fyrir allt að 70 nemendur til viðbótar reynist þeir fleiri. Á árinu 2001 er síðan miðað við að greiða að hámarki fyrir 1.200 nemendur í fullu námi. Rekstrargjöld skiptast þannig að 485,5 m.kr. eru ætlaðar til kennslu samkvæmt reglum um framlög til kennslu í háskólum, 183,3 m.kr. til rannsóknarstarfsemi og 46 m.kr. til að mæta kostnaði við rekstur á óhagkvæmu húsnæði sem skólinn fékk til afnota við stofnun. Stefnt er að bættri nýtingu húsnæðis m.a. með byggingu kennslumiðstöðvar við hús skólans við Stakkahlíð. Viðfangsefnaskiptingu skólans er breytt með tilliti til þessa. Að auki er áætlað fyrir um það bil 2 m.kr. launagjöldum skólans á lið 02-234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora. Framlag úr ríkissjóði til skólans nemur því alls um 695 m.kr.

227 ***Háskólinn í Reykjavík.*** Framlag til reksturs skólans, sem er sjálfseignarstofnun og hét áður Viðskiptaháskólinn í Reykjavík, er áætlað 279,2 m.kr. í samræmi við samning um þjónustu hans við menntamálaráðuneytið, sem gildir árin 2000-2003. Er það 60 m.kr. raunhækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs vegna nemendafjölgunar. Í samningnum er gert ráð fyrir allt að 650 nemendum í fullu námi árið 2001 sem fjölgi í 800 árið 2002 og síðan í 900 árið 2003. Ríkið greiðir ekki fyrir nemendur umfram þennan fjölda. Gangi nemendafjölgun eftir eykst framlag ríkisins aftur um nálægt 70 m.kr. árið 2002 og um 55 m.kr. árið 2003.

228 ***Listaháskóli Íslands.*** Framlag til reksturs skólans, sem er sjálfseignarstofnun, er áætlað 275,7 m.kr. og hækkar um 111,1 m.kr. umfram verðlagsbreytingar. Þar af skýrast 44,7 m.kr. með millifærslu á fjárveitingu frá Leiklistarskóla Íslands en Listaháskólinn tekur við leiklistarnáminu haustið 2000. Áætlun um framlag byggist á þeirri forsendu að Reykjavíkurborg taki þátt í fjármögnun skólans með því að greiða 51 m.kr. til ríkisins eins og gert er ráð fyrir í fjárlögum yfirstandandi árs. Þetta er í samræmi við nokkurra ára gamalt samkomulag um skiptingu kostnaðar vegna reksturs Myndlista- og handíðaskólans enda reiknað með að það gildi áfram þótt Listaháskólinn hafi tekið við myndlistarnáminu. Menntamálaráðuneytið hefur gert samning við skólann fyrir skólaárið 2000-2001 vegna myndlistar- og leiklistarmenntunar á háskólastigi. Miðað er við að 180 nemendur stundi myndlistarnám og 24 leiklistarnám á skólaárinu. Gert er ráð fyrir að gerður verði heildarsamningur við skólann um listmenntun á háskólastigi frá og með skólaárinu 2001-2002, þar á meðal um tónlistarnám.

234 ***Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora.*** Framlag á liðinn er áætlað 93,7 m.kr. og hækkar um 18,1 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um föst mánaðarlaun og einingar prófessora hjá Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Samkvæmt úrskurði kjaranefndar skal greiða 12,5% af þeim launum í sjóðinn og úthlutar nefndin úr honum í samræmi við mat á verkum prófessora. Helmingur hækkunarinnar er tímabundin leiðrétting á framlagi í sjóðinn. Úthlutun á árinu 1999 skiptist þannig að 96% komu í hlut prófessora hjá Háskóla Íslands, 2% hjá Kennaraháskólanum og 2% hjá Háskólanum á Akureyri.

235 ***Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum.*** Framlag á þennan lið er 95 m.kr. sem er 10 m.kr. hækkun í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að beita sér fyrir allt að 580 m.kr. til verkefnisins á sex árum. Á árunum 1999–2000 var 200 m.kr. veitt til þess og er gert ráð fyrir 95 m.kr. á ári árin 2001-2004.

269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Framlag á fjárlagaliðinn nemur 290 m.kr. sem er 36 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Framlagið skiptist þannig:

Rekstrargrunnur	Frumvarp 2001 m.kr.
Kennaraháskóli Íslands, nýbygging	100,0
Kennaraháskóli Íslands, viðhald Laugarvatni	15,0
Háskólinn á Akureyri, nýbygging	110,0
Háskóli Íslands, Atvinnudeildarhús afhent menntamálaráðuneytinu	30,0
Tækniskóli Íslands, viðhald og búnaður	15,0
Tilraunastöð Háskólans að Keldum, viðhald	10,0
Viðhald, óskipt	10,0
Samtals	**290,0**

Helstu breytingar eru þær að hafist verður handa við byggingu kennslumiðstöðvar Kennaraháskólans sem var ákveðið að fresta við gerð fjárlaga yfirstandandi árs. Húsið verður 3.400 fermetrar að stærð og kostar um 550 m.kr. Áætlað er fyrir 15 m.kr. sérstöku framlagi vegna viðhalds á húseignum Kennaraháskólans að Laugarvatni. Þar er aðallega um að ræða kostnað við hitaveitufram kvæmdir sem fram fóru í ár og á síðasta ári. Framlag til Háskólans á Akureyri er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða 100 m.kr. vegna annars áfanga framkvæmda við kennsluhúsnæði, vinnuaðstöðu kennara og skrifstofur. Gert er ráð fyrir að á árinu 2002 verði varið 76 m.kr. og á árinu 2003 um 56 m.kr. til að endurbæta eldra húsnæði og búnað. Í heild er gert ráð fyrir að þessar framkvæmdir kosti um 370 m.kr. Hins vegar er áætlað fyrir 10 m.kr. til undirbúnings að byggingu rannsóknahúss við skólann sem gert er ráð fyrir að einkaaðilar reisi og eigi en leigi skólanum og fleiri rannsóknastofnunum. Samkvæmt samkomulagi frá 22. desember 1997 milli menntamálaráðuneytis, Þjóðminjasafns Íslands og Háskóla Íslands verður Atvinnudeildarhús HÍ afhent Þjóðminjasafni Íslands þegar starfsemi sem þar er flyst í Náttúrufræðihús gegn því að veitt verði alls 80 m.kr. framlag úr ríkissjóði til framkvæmda við Náttúrufræðihús. Framlag úr ríkissjóði til framkvæmdanna nam alls 86 m.kr. árin 1999 og 2000 og er áætlað fyrir 30 m.kr. framlagi árið 2001, sem eftir er að ákveða hvernig skiptist.

Í reglum um framlög til háskóla er áætlað fyrir útgjöldum vegna reksturs, viðhalds og leigu á húsnæði miðað við mismarga fermetra á nemanda eftir því hvaða nám þeir stunda. Skólar, sem eru í húsnæði sem byggt hefur verið fyrir ríkisfé, þ.m.t. tekjur af happdrættisrekstri, fá þó aðeins framlag vegna leigu að því leyti sem húsnæði þeirra er minna en nemendafjöldi segir til um. Samkvæmt þessu er skólunum ætlað að standa undir kostnaði við viðhald húseigna sinna af rekstrarframlagi sínu.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi. Heildargjöld fjárlagaliðarins eru áætluð 137,2 m.kr. sem er 173,6 m.kr. lækkun frá fjárlögum. Mestu munar að 146,4 m.kr. eru færðar vegna nemendafjölgunar af liðnum á lið þriggja háskóla en þar af renna 80 m.kr. til Háskóla Íslands, 66,4 m.kr. til Listaháskólans og 10 m.kr. til Háskólans í Reykjavík. Á viðfangsefnalið *1.90 Háskóla- og rannsóknastarfsemi* er áætlað fyrir 42,4 m.kr. fjárveitingu til að fjármagna rannsóknarleyfi sérfræðinga á rannsóknarstofnunum, styrkja erlenda námsmenn í íslenskum skólum, til að gera úttektir á háskólum og rannsóknarstofnunum o.fl. Tímabundið 5 m.kr. framlag til reksturs Reykjavíkurakademíunnar fellur niður. Stofnað er nýtt viðfangsefni, *1.91 Háskólar*, óskipt með 52,5 m.kr. fjárveitingu sem flutt er af lið 1.90 Háskóla- og rannsóknastarfsemi til að mæta nemendafjölgun á háskólastigi, þar af eru um 29,5 m.kr. til að auka svigrúm vegna fjölgunar nemenda í Viðskiptaháskólanum á Bifröst og Háskólanum á Akureyri en samningum við þá skóla er ólokið.

985 Alþjóðleg samskipti. Framlag á þennan fjárlagalið er 327,6 m.kr. sem er 14,5 m.kr. hækkun frá fjárlögum og stafar af gengisbreytingu og hækkun aðildargjalda vegna samstarfs við Evrópusambandið á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Aðildargjöldin eru áætluð 256,3 m.kr. og eru 93,2% þeirra vegna menntamálaráðuneytisins og 2,7% vegna iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis en hlutur annarra ráðuneyta er minni.

Framhaldsskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301–309 Framhaldsskólar; 316 Fasteignir framhaldsskóla; 318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður; 319 Framhaldsskólar, almennt; 350–365 Framhaldsskólar; 441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra; 451 Símenntun og fjarvinnsluverkefni; 506–551 Framhaldsskólar; 563–564 Listaskólar; 571 Sjómannaskólahúsið; 581 Verslunarskóli Íslands og 610 Fasteignir héraðsskóla. Sú breyting er frá fjárlögum að liður 562 Leiklistarskóli Íslands fellur niður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Menntaskólinn í Reykjavík	241,2	240,4	240,9	0,2	-0,1
Menntaskólinn á Akureyri	183,1	190,9	201,6	5,6	10,1
Menntaskólinn að Laugarvatni	63,1	69,9	70,7	1,1	12,0
Menntaskólinn við Hamrahlíð	298,6	302,9	334,4	10,4	12,0
Menntaskólinn við Sund	223,8	221,3	226,3	2,3	1,1
Framhaldsskóli Vestfjarða	82,7	101,6	109,1	7,4	31,9
Menntaskólinn á Egilsstöðum	91,2	93,1	100,1	7,5	9,8
Menntaskólinn í Kópavogi	294,5	309,6	332,7	7,5	13,0
Kvennaskólinn í Reykjavík	144,6	154,7	167,3	8,1	15,7
Fasteignir framhaldsskóla	23,0	27,3	28,0	2,6	21,7
Framhaldsskólar, stofnkostnaður	478,0	398,0	459,0	15,3	-4,0
Framhaldsskólar, almennt	612,6	723,4	961,5	32,9	57,0
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	422,9	422,8	463,3	9,6	9,6
Fjölbrautaskólinn Ármúla	198,7	231,0	223,6	-3,2	12,5
Flensborgarskóli	182,7	189,2	191,9	1,4	5,0
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	246,9	214,0	227,2	6,2	-8,0
Fjölbrautaskóli Vesturlands	197,2	199,5	208,7	4,6	5,8
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	75,0	85,4	87,7	2,7	16,9
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	132,0	135,5	149,0	10,0	12,9
Fjölbrautaskóli Suðurlands	219,2	247,8	269,3	8,7	22,9
Verkmenntaskóli Austurlands	62,0	75,0	85,3	13,7	37,6
Verkmenntaskólinn á Akureyri	326,5	363,6	391,4	7,6	19,9
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	163,4	171,9	182,1	5,9	11,4
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	31,7	33,4	41,4	24,0	30,6
Framhaldsskólinn á Húsavík	54,5	58,2	58,0	-0,3	6,4
Framhaldsskólinn á Laugum	39,0	51,9	50,0	-3,7	28,2
Borgarholtsskóli	193,4	215,3	258,4	20,0	33,6
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	84,5	106,3	109,6	3,1	29,7
Símenntun og fjarvinnsluverkefni	-	76,0	63,3	-16,7	-
Vélskóli Íslands	85,4	96,7	73,0	-24,5	-14,5
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	43,6	34,5	42,7	23,8	-2,1
Iðnskólinn í Reykjavík	542,9	587,3	640,4	9,0	18,0
Iðnskólinn í Hafnarfirði	113,4	173,8	205,2	18,1	81,0
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	14,7	15,2	15,7	3,3	6,8
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	12,5	12,9	13,2	2,3	5,6
Tónlistarskólinn í Reykjavík	14,1	14,5	14,8	2,1	5,0
Listdansskólinn	22,5	28,3	30,0	6,0	33,3
Sjómannaskólahúsið	32,4	33,5	33,9	1,2	4,6
Verslunarskóli Íslands	249,4	288,5	365,6	26,7	46,6
Framhaldsskólinn Skógum	17,7	-	-	-	-
Samtals	**6.514,6**	**6.995,1**	**7.726,3**	**10,5**	**18,6**

Heildargjöld eru áætluð 8.075,8 m.kr. sem er 502,8 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Þar af skýrist 93,1 m.kr. hækkun með því að tekjur af innritunargjöldum eru flokkaðar sem ríkistekjur en ekki sértekjur en á móti kemur 44,7 m.kr. lækkun vegna tilfærslu leiklistarnáms yfir á háskólastig. Reikningstala 1999 og fjárlagatala 2000 í töflunni að framan hafa verið leiðréttar með tilliti til þessara breytinga. Gjöldin skiptast þannig að 7.406,8 m.kr. fara til almenns rekstrar og rekstrartilfærslna, 210 m.kr. til viðhaldsverkefna og 459 m.kr. til stofnkostnaðar. Áætlað er að sértekjur nemi 349,5 m.kr. og standi undir 4,3% gjalda, þar af eru 200 m.kr. vegna húsaleigu sem skólarnir greiða til fjárlagaliðar fasteigna framhaldsskóla og til Fasteigna ríkissjóðs. Tekjunum verður varið til viðhalds skólanna. Gjöld umfram sértekjur, sem fjármögnuð eru með greiðslum úr ríkissjóði, eru 7.629,3 m.kr. og hlutdeild í ríkistekjum er áætluð 97 m.kr. Þar af eru 93,1 m.kr. tekjur af innritunargjöldum sem áður töldust til sértekna.

Rekstrargjöld og rekstrartilfærslur hækka um 326,9 m.kr. auk almennra launa- og verðlagsbreytinga. Breytt flokkun innritunargjalda skýrir 93,1 m.kr. hækkun og kjarabundnar hækkanir eru 32,5 m.kr. en á móti kemur 34,2 m.kr. lækkun vegna breytingar á fjármögnun fæðingar- og feðraorlofs. Þá skýrir flutningur leiklistarnáms yfir á háskólastig 44,7 m.kr. lækkun. Niður fellur 3 m.kr. tímabundið framlag vegna ráðningar sameiginlegs starfsmanns fjármálaráðuneytis og menntamálaráðuneytisins og 14,6 m.kr. tímabundið framlag til kaupa á fjarnámsbúnaði á lið Símenntunar og fjarvinnsluverkefna.

Helstu hækkanir eru í fyrsta lagi 150 m.kr. vegna leigugreiðslna framhaldsskóla og er tekjunum varið til að viðhalda húsnæði þeirra. Í öðru lagi eru 90 m.kr. til að mæta kostnaði við breytingu á námsframboði og rekstur á verknámsaðstöðu. Í þriðja lagi eru 40 m.kr. vegna fjölgunar námsára í sérkennsludeildum úr tveimur í þrjú og fjölgun nemenda sem fá sérkennslu. Í fjórða lagi er áætlað fyrir 35 m.kr. til samninga við einkaskóla. Í fimmta lagi er gert ráð fyrir 11 m.kr. til kvöldskólakennslu og í sjötta og síðasta lagi eru 6,7 m.kr. til að hefja úttektir á sjálfsmati framhaldsskóla samkvæmt framhaldsskólalögum.

Áætlun um útgjöld til kennslu í dagskóla allra framhaldsskóla nema Fullorðinsfræðslu fatlaðra og listaskólanna er byggð á reiknilíkani framhaldsskóla. Ráðuneytið hefur jafnframt gert árangurssamninga við alla skóla, sem áætlað er fyrir með reiknilíkani, um verkefni þeirra og fjárframlög. Áætlað er fyrir kennslu í dagskóla og almennum rekstrarkostnaði framhaldsskóla sem falla undir reiknilíkan á viðfangsefnalið *1.01 Almennur rekstur*. Framlag til hvers skóla byggist á áætlun um nám, nemendafjölda og þátttöku nemenda í prófum. Menntamálaráðuneytið mun gera upp við skólana þegar prófþátttaka liggur fyrir og getur framlagið því tekið breytingum. Í samningi við skólana er gert ráð fyrir að þeir geti sótt um viðbótarframlag ef aðsókn bendir til að nemendur verði meira en 3-5% fleiri en áætlað er og jafnframt að þeir skili framlagi ef nemendur reynast vera meira en 3-5% færri.



Gert er ráð fyrir að um 16.900 nemendur verði skráðir í nám í dagskóla framhaldsskólanna á árinu 2001. Það er 2,5% fækkun frá fyrra ári og er gert ráð fyrir að nemendum haldi áfram að fækka til ársins 2004 er þeim fjölgar aftur.

Framlög til skóla eru að miklu leyti byggð á fjölda nemandaígilda. Nemandaígildi er mælikvarði á hversu mikið nám nemendur stunda og fæst með því að deila 17,5 námseiningum upp í samtölu námseininga í skólanum á einni önn en það er sá einingafjöldi sem nemandi í fullu námi gengur til prófa í á einni önn. Áætlað er, með hliðsjón af reynslutölum, að ígildi 90% skráðra nemenda séu í fullu námi eða 15.053 nemendaígildi sem er fækkun um 325 og ætti, ef allur kostnaður væri breytilegur, að geta gefið skólunum nálægt 120 m.kr. svigrúm í heild. Við fjárlagagerð síðustu ára hefur verið byggt á upplýsingum um þátttöku nemenda í sérhverjum áfanga sem er kenndur í framhaldsskólunum. Áfangar eru flokkaðir í bóklega og verklega áfanga og útbúin vísitala námsframboðs sem gefur til kynna samsetningu náms í skólunum og breytingar milli ára. Bóklegir áfangar fá vægistöluna 1,0 og er gert ráð fyrir að við góðar aðstæður megi kenna 25 nemendum saman. Hreinir verklegir áfangar fá töluna 2,08 og er gert ráð fyrir að við góðar aðstæður séu 12 nemendur saman í hóp. Við útreikninga á framlögum er miðað við að meðalstærð hópa sé 77,5% af framangreindri viðmiðun, þ.e. 19,4 í bóklegum hópum og 9,3 í verklegum hópum. Vísitala námsframboðs er áætluð 1,2 fyrir meðaltal allra framhaldsskóla eins og á undanförnum árum. Meðalkostnaður á nemandaígildi í dagskóla, án sérverkefna, er áætlaður um 405 þús. kr. samanborið við 365 þús. kr. í fjárlögum 2000. Hann er lægstur í fjölmennum bóknámsskólum en hæstur hjá fámennum skólum á landsbyggðinni. Kennsluhúsnæði framhaldsskóla er áætlað 169 þúsund fermetrar eða liðlega 11 fermetrar á hvert nemandaígildi. Meðfylgjandi tafla sýnir útgjöld vegna kennslu í dagskóla og almennan rekstrarkostnað allra framhaldsskólanna, ásamt fjölda nemandaígilda, vísitölu námsframboðs og stærð kennsluhúsnæðis sem lagt er til grundvallar áætlanagerð. Skólunum er raðað eftir vísitölu námsframboðs. Mismunandi meðalútgjöld á nemanda í skólum með sömu vísitölu skýrast meðal annars af meðallaunum kennara viðkomandi skóla, fámennari hópum í litlum skólum en almennt er gerð krafa um, viðbótarútgjöldum vegna nemenda með slakan undirbúning úr grunnskóla, húsnæðisstærð og kostnaði sem helgast af staðsetningu skóla á landinu.

	Nemanda-ígildi 2000	Nemanda-ígildi 2001	Vísitala náms-framboðs	Fermetrar kennslu-húsnæðis	Ferm. á nemanda-ígildi	Heildar-gjöld m.kr.	Þús. kr. á nemanda-ígildi
Menntaskólinn á Akureyri	571	561	1,05	7.334	12,8	201,6	353
Menntaskólinn í Reykjavík	820	750	1,06	5.730	7,0	240,9	294
Menntaskólinn við Hamrahlíð	891	924	1,07	7.194	8,1	347,8	390
Kvennaskólinn í Reykjavík	501	513	1,07	2.750	5,5	167,4	334
Menntaskólinn við Sund	738	701	1,07	6.590	8,9	226,3	307
Verslunarskóli Íslands	980	1.050	1,07	7.873	8,0	371,6	379
Menntaskólinn á Egilsstöðum	225	232	1,07	2.570	11,4	101,2	450
Framhaldsskólinn á Laugum	87	69	1,07	3.500	40,2	50,0	575
Framhaldsskólinn á Húsavík	143	136	1,07	1.700	11,9	58,1	406
Menntaskólinn á Laugarvatni	135	130	1,08	2.595	19,2	71,0	526
Fjölbrautaskólinn Ármúla	718	657	1,09	4.325	6,0	223,9	312
Flensborgarskóli	531	501	1,09	6.512	12,3	192,4	362
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	526	512	1,12	5.411	10,3	182,3	346
Framhaldssk. í A-Skaftafellssýslu	64	78	1,12	903	14,1	42,3	661
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	370	385	1,14	4.250	11,5	149,9	405
Framhaldssk. í Vestmannaeyjum	218	198	1,16	3.172	14,6	88,2	405
Menntaskólinn í Kópavogi	913	864	1,16	9.266	10,1	341,7	374
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	647	621	1,17	5.969	9,2	233,6	361
Fjölbrautaskóli Suðurlands	718	706	1,19	7.531	10,5	273,1	380
Framhaldsskóli Vestfjarða	235	227	1,19	3.915	16,7	110,7	471
Fjölbrautaskóli Vesturlands	564	525	1,22	6.686	11,9	211,2	374
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.185	1.131	1,23	10.450	8,8	491,1	414
Verkmenntaskólinn á Akureyri	951	905	1,25	11.328	11,9	401,4	422
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	60	80	1,26	2.015	33,6	55,2	920
Verkmenntaskóli Austurlands	112	122	1,29	3.495	31,2	86,6	773
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	24	24	1,30	801	33,4	15,7	654
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	24	24	1,30	840	35,0	13,2	550
Borgarholtsskóli	505	583	1,38	10.500	20,8	265,0	525
Vélskóli Íslands	228	150	1,42	4.720	20,7	96,9	425
Iðnskólinn í Reykjavík	1.322	1.322	1,57	14.575	11,0	668,3	506
Iðnskólinn í Hafnarfirði	326	372	1,59	4.450	13,7	225,4	691
Samtals	**15.332**	**15.053**	**1,20**	**168.950**	**11,0**	**6.204,0**	**405**

Á viðfangsefnalið *1.09 Önnur verkefni* hjá viðkomandi skólum er áætlað fyrir ýmsum sérverkefnum skóla. Rekstrarkostnaður ríkisins vegna heimavista er nálægt 74 m.kr. og eru umsvif óbreytt. Ríkið rekur heimavistir fyrir samtals u.þ.b. 890 nemendur í 17.100 fermetra húsnæði og er framlag ríkisins áætlað til jafnaðar 83 þús. kr. á nemanda án kostnaðar við fjárbindingu í húsnæði og búnaði en viðhald húsnæðisins er greitt af leigutekjum. Áætlað er að rekstur kvöldskóla breytist lítið þegar á heildina er litið enda þótt umsvif sumra aukist en annarra minnki vegna breytinga á eftirspurn eftir náminu. Á óskiptum lið er áætlað fyrir 11 m.kr. óskiptri fjárveitingu til reksturs kvöldskóla. Gert er ráð fyrir 10,4 m.kr. á lið

Flensborgarskólans vegna reksturs Fiskvinnsluskólans fyrri hluta næsta árs vegna kennslu nemenda sem eru að ljúka námi en nýr hópur var ekki tekinn inn í skólann í haust vegna dræmrar aðsóknar. Áætlað er fyrir 10,4 m.kr. hækkun til Menntaskólans í Kópavogi vegna reksturs á tækjabúnaði sem á sér ekki hliðstæðu í öðrum verkmenntaskólum.

Frekari upplýsingar um hlutverk og verkefni framhaldsskólanna eru í Verkefnavísum 2001.

316 Fasteignir framhaldsskóla. Á þessum fjárlagalið er áætlað fyrir 200 m.kr. leigutekjum og 210 m.kr. viðhaldskostnaði vegna húsnæðis sem Fasteignir framhaldsskóla hafa umsjón með. Þá er áætlað fyrir 18 m.kr. útgjöldum vegna reksturs húsnæðis fyrrverandi héraðsskóla sem ekki er notað til skólareksturs en útgjöldin voru áður færð á lið 02-610 Fasteignir héraðsskóla.

318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður. Heildargjöld á fjárlagaliðnum eru áætluð 459 m.kr. og hækka um 61 m.kr. frá fjárlögum. Áætlað er fyrir 80 m.kr. framkvæmdum sem var frestað í fjárlögum yfirstandandi árs en á móti verður dregið úr 19 m.kr. framkvæmdum sem höfðu verið á dagskrá. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir skiptist þannig:

Rekstrargrunnur	Frumvarp 2001 m.kr.
Framhaldsskólar í Reykjavík, óskipt	70,0
Menntaskólinn í Reykjavík, uppgjör og lok framkvæmda við tengibyggingu	30,0
Sjómannaskólahús	40,0
Menntaskólinn í Kópavogi, uppgjör skv. samningi	90,0
Fjölbrautaskóli Suðurnesja, undirbúningur fyrir viðbyggingu	15,0
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, uppgjör skv. samningi	43,0
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	5,0
Verkmenntaskólinn á Akureyri, heimilisfræði-, handavinnu- og rafiðngreinar	50,0
Menntaskólinn á Egilsstöðum, undirbúningur fyrir viðbyggingu	5,0
Framhaldsskólinn A-Skaftafellssýslu, samningur um nýtt húsnæði	38,0
Menntaskólinn að Laugarvatni	30,0
Fjölbrautaskóli Suðurlands, undirbúningur fyrir viðbyggingu	7,0
Til framkvæmda, óskipt	20,0
Tæki og búnaður, óskipt	16,0
Samtals	**459,0**

Gert er ráð fyrir 70 m.kr. til framhaldsskóla í Reykjavík og að fjárhæðinni verði skipt að loknum viðræðum við Reykjavíkurborg um forgangsröðun og skipulagningu framkvæmda.

319 Framhaldsskólar, almennt. Heildargjöld á þessum fjárlagalið eru 961,5 m.kr. og hækka um 238,1 m.kr. frá fjárlögum. Breytingar, aðrar en vegna verðlags, eru eftirfarandi: Framlag til *1.11 Sameiginleg þjónusta* lækkar um 3 m.kr. þar sem tímabundinni ráðningu sameiginlegs starfsmanns fjármálaráðuneytis og menntamálaráðuneytisins er lokið. Viðfangsefnið *1.14 Sérkennsla* hækkar um 40 m.kr. Unnið er að lengingu námsframboðs til nemenda í sérkennslu úr 2 árum í 3 ár. Nemendum, sem njóta sérkennslu, mun því fjölga á næsta ári auk þess sem hlutfall nemenda, sem þarfnast mikillar þjónustu, hefur aukist undanfarið. Kostnaður við sérkennslu hefur reynst mun meiri en fjárveitingar í fjárlögum. Unnið hefur verið að námskrá fyrir sérkennslu og er gert ráð fyrir að í framhaldi af því verði aðferðir við að áætla skólum fé teknar til gagngerrar endurskoðunar. *1.28 Mat á skólastarfi* hækkar um 6,7 m.kr. vegna reglubundinna úttekta á sjálfsmatsaðferðum skóla sem gert er ráð fyrir að hefjist á næsta ári. Á nýjum viðfangsefnalið, *136 Viðskipta- og tölvuskólinn*, er ætlað fyrir 29 m.kr. samningsbundnum styrk til skólans en á yfirstandandi ári verða honum greiddar 17 m.kr. af óskiptu framlagi framhaldsskóla. Samningurinn gerir ráð fyrir að styrkurinn hækki í þrem þrepum og nái hámarki á árinu 2002 og verði þá um 34 m.kr. á ári. Gert er ráð fyrir að greitt verði að hámarki fyrir 300 nemandaígildi á hverju ári og að styrkurinn fari hækkandi eins og framangreindar fjárhæðir bera með sér. Viðfangsefni *1.90 Framhaldsskólar, óskipt* hækkar um 151 m.kr. og verður 293 m.kr. Mestu munar um 150 m.kr. vegna leigugreiðslna framhaldsskóla. Ákveðið er að færa húsnæði flestra eða allra framhaldsskóla í umsjón Fasteigna ríkisins í tveimur áföngum. Skólar munu því annaðhvort greiða Fasteignum ríkisins eða Fasteignum framhaldsskóla leigu meðan verið er að koma þessum breytingum á. Stefnt er að því að gera tillögu um skiptingu fjárhæðarinnar á skóla við 2. umræðu fjárlaga. Þá er um að ræða 35 m.kr. hækkun vegna fyrirhugaðra samninga við einkaskóla um framhaldsskólakennslu. Fyrirhugað er að gera annars vegar samning um kennslu til stúdentsprófs á tveimur árum við Hraðbraut sem áformar að hefja kennsluna haustið 2001 með ígildi 150 nemenda í fullu námi og er gert ráð fyrir að greiða 650 þús. kr. á ári fyrir hvern nemanda sem stenst próf í öllum greinum. Þegar skólinn verður kominn í fullan rekstur er gert ráð fyrir að framlag ríkisins nemi tæpum 100 m.kr. á ári. Hins vegar er gert ráð fyrir samningi um verknám í málmiðnaði. Á sama viðfangsefnalið er áætlað fyrir 11 m.kr. hækkun á framlagi til kvöldskólakennslu sem gert er ráð fyrir að verði skipt milli skóla í samræmi við nemendafjölda. Á móti kemur að 53,2 m.kr. eru færðar af viðfangsefninu yfir á fjárlagaliði nokkurra framhaldsskóla vegna nemendafjölgunar. Áætlað er að 97 m.kr. séu til ráðstöfunar vegna ófyrirséðrar nemendafjölgunar og breytinga á námi.

Grunnskólar og leikskólar

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 720 Grunnskólar, almennt og 725 Námsgagnastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Grunnskólar, almennt	89,5	115,7	127,5	10,2	42,5
Námsgagnastofnun	258,5	266,2	275,7	3,6	6,7
Samtals	**348,0**	**381,9**	**403,2**	**5,6**	**15,9**

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 511 m.kr. og sértekjur 107,8 m.kr. Gjöldin hækka um 25,4 m.kr. sem er 8 m.kr. umfram verðlagsbreytingar til að mæta kostnaði við höfundarréttargreiðslur vegna ljósritunar í skólum landsins. Menntamálaráðuneytið hefur átt í samningaviðræðum við Fjölís, samtök rétthafa, um greiðslur fyrir heimild til ljósritunar í skólum á næstu árum.

Námsaðstoð

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna og 884 Jöfnun á námskostnaði.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.810,0	1.910,0	2.150,0	12,6	18,8
Jöfnun á námskostnaði	259,8	344,2	442,9	28,7	70,5
Samtals	**2.069,8**	**2.254,2**	**2.592,9**	**15,0**	**25,3**

Heildargjöld eru áætluð 2.592,6 m.kr. Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna er 2.150 m.kr. og hækkar auk verðlagsbreytinga um 167 m.kr. Þar af eru 55 m.kr. til að mæta fjölgun lánþega og leiðrétta verðlags- og gengisforsendur í fjárlögum yfirstandandi árs og 112 m.kr. til að hækka grunnframfærslu lántakenda og frítekjumark. Nánar er fjallað um fjárreiður sjóðsins í B-hluta frumvarpsins. Framlag til Jöfnunar á námskostnaði hækkar um 81,7 m.kr. umfram verðlag. Þar er annars vegar um að ræða 76,7 m.kr. hækkun í samræmi við ályktun Alþingis um aðgerðir í byggðamálum. Hins vegar er um að ræða 5 m.kr. vegna aukins aksturs á Suðurlandi, Austurlandi og Vestfjörðum.

Söfn, listastofnanir og fleira

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 902–919 Söfn; 969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður; 971 Ríkisútvarpið; 972 Íslenski dansflokkurinn; 973 Þjóðleikhús; 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands; 976 Menningarsjóður; 978 Listasjóðir; 979 Húsafriðunarsjóður; 980 Listskreytingasjóður; 981 Kvikmyndasjóður og 982 Listir, framlög. Fjárreiður vegna reksturs Þjóðleikhússins eru færðar úr B-hluta fjárlaga í A-hluta.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þjóðminjasafn Íslands	135,4	160,2	192,5	20,2	42,2
Þjóðskjalasafn Íslands	77,5	90,5	94,8	4,8	22,3
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	316,0	317,7	351,5	10,6	11,2
Listasafn Einars Jónssonar	6,8	9,1	9,4	3,3	38,2
Listasafn Íslands	74,5	77,4	79,7	3,0	7,0
Blindrabókasafn Íslands	38,8	41,6	44,2	6,3	13,9
Söfn, ýmis framlög	20,5	31,5	22,5	-28,6	9,8
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	535,0	388,0	380,0	-2,1	-29,0
Ríkisútvarpið	1.625,0	1.625,0	1.625,0	0,0	0,0
Íslenski dansflokkurinn	50,3	57,0	58,8	3,2	16,9
Þjóðleikhús	367,0	378,0	387,0	2,4	5,4
Sinfóníuhljómsveit Íslands	154,9	169,3	174,8	3,2	12,8
Menningarsjóður útvarpsstöðva	130,0	120,0	-	-	-
Menningarsjóður	13,0	13,0	13,0	0,0	0,0
Höfundarréttargjöld	52,0	52,0	64,3	23,7	23,7
Listasjóðir	159,7	164,5	241,6	46,9	51,3
Húsafriðunarsjóður	25,5	28,5	25,5	-10,5	0,0
Listskreytingasjóður	8,0	8,0	8,0	0,0	0,0
Kvikmyndasjóður	176,4	205,8	266,7	29,6	51,2
Listir, framlög	304,4	387,7	356,2	-8,1	17,0
Samtals	**4.270,7**	**4.324,8**	**4.395,5**	**1,6**	**2,9**

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 4.668 m.kr. sem er 239,3 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Gjöldin skiptast þannig að 4.178,5 m.kr. fara til almenns rekstrar og rekstrartilfærslna og 489,5 m.kr. til viðhalds- og stofnkostnaðar. Áætlað er að afla 226 m.kr. sértekna á móti rekstrargjöldum og að 46,5 m.kr. stofnkostnaður verði greiddur með sértekjum. Í fjárlögum 2000 eru sértekjur áætlaðar 103,9 m.kr. en þær reyndust vera 102,3 m.kr. á árinu 1999. Auknar tekjur skýrast af breyttri framsetningu Þjóðleikhússins.

Áætlað er að rekstrargjöld og rekstrartilfærslur hækki um 223,3 m.kr. Auk verðlagsbreytinga munar mestu um 70 m.kr. hækkun framlags til listasjóða vegna hækkunar á launaviðmiðun, 60 m.kr. til að efla kvikmyndagerð, 36 m.kr. til reksturs Þjóðminjasafns og 11 m.kr. til menningarmála á Akureyri. Á móti lækka ýmis tímabundin framlög samtals um 68 m.kr. og munar þar mestu um Reykjavík, menningarborg Evrópu árið 2000.

Stofnkostnaður lækkar um 16 m.kr. vegna ýmissa tímabundinna styrkja. Framkvæmdir, sem Endurbótasjóður menningarstofnana greiðir, aukast um 50 m.kr. en á móti kemur 50 m.kr. lækkun þar sem greiðslum af láni, sem tekið var vegna uppbyggingar langbylgjukerfisins, er lokið.

Upplýsingar um hlutverk og verkefni stofnana, sem tilheyra málefnaflokknum, eru í Verkefnavísum 2001 en breytingar á fjárlagaliðum eru eftirfarandi:

902 Þjóðminjasafn Íslands. Heildargjöld eru áætluð 203,4 m.kr. sem er 40 m.kr. hækkun að frátöldum verðlagsbreytingum og eru skýringar þessar: Í fyrsta lagi hækkar framlag um 35 m.kr. vegna aukins kostnaðar við rekstur safnsins. Í öðru lagi er veitt 5 m.kr. tímabundin fjárveiting vegna biðlauna. Í þriðja lagi falla niður nokkur tímabundin framlög, samtals að fjárhæð 14 m.kr. Þar er um að ræða 5 m.kr. til Reykholtsrannsókna, 1 m.kr. til rannsókna í Laxárdal, 5 m.kr. til viðgerða á Vatneyrarbúð í Vesturbyggð og 3 m.kr. til Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóti. Í fjórða og síðasta lagi er veitt 4 m.kr. fjárveiting til *1.11 Hönnunarsafns Íslands* á nýjum viðfangsefnalið en þar af eru 3 m.kr. millifærðar af lið 919-1.90 Söfn, ýmis framlög. Um stofnun og rekstur safnsins gildir sérstakur samningur milli menntamálaráðuneytisins, Garðabæjar og Þjóðminjasafnsins.

903 Þjóðskjalasafn Íslands. Rekstrargjöld safnsins eru áætluð 100,7 m.kr. sem er 1,4 m.kr. hækkun umfram verðlag vegna langtímavarðveislu tölvugagna. Gert er ráð fyrir að safnið fái framlag vegna verkefnisins af lið 02-996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn. Heildargjöld eru áætluð 420,9 m.kr. Framlag hækkar um 15 m.kr. vegna aukins rekstrarumfangs og að auki tímabundið um 10 m.kr. vegna flutnings og frágangs á varaeintökum safnsins að Reykholti í Borgarfirði.

909 Blindrabókasafn Íslands. Rekstrargjöld eru áætluð 45,3 m.kr. og hækka um 2,6 m.kr. Þar af eru 0,4 m.kr. vegna hækkaðrar gjaldskrár fyrir upplestur hljóðbóka og 2,2 m.kr. til framleiðslu námsgagna á blindraletri fyrir grunnskólanema, samkvæmt samningi sem Blindrabókasafn og Námsgagnastofnun hafa gert með sér.

919 Söfn, ýmis framlög. Heildargjöld eru áætluð 22,5 m.kr. sem er 12 m.kr. lækkun. Breytingar eru þær að niður falla tímabundin framlög að fjárhæð 9 m.kr. Annars vegar 5 m.kr. vegna uppbyggingar Sögusetursins á Hvolsvelli og hins vegar 4 m.kr. vegna uppbyggingar Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík vegna sýningaraðstöðu. Þá eru 3 m.kr. færðar yfir á nýtt viðfangsefni 902-1.11 Hönnunarsafn Íslands. Stofnað er nýtt viðfangsefni *6.24 Tölvuvæðing bókasafna* með 4 m.kr. framlagi sem áður var áætlað fyrir

undir 1.90 Söfn. Samkvæmt lögum nr. 36/1997 skal leggja fram 4 m.kr. á ári til tölvuvæðingar bókasafna árin 1999–2001.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Fjárveiting til viðhalds- og stofnkostnaðar menningarstofnana verður 380 m.kr. og lækkar um 8 m.kr. frá fjárlögum. Tímabundin framlög að fjárhæð 68 m.kr. falla niður. Þar er í fyrsta lagi um að ræða 50 m.kr. til framkvæmda Ríkisútvarpsins við langbylgjumöstur á Gufuskálum og á Eiðum. Samtals nam þátttaka ríkissjóðs í uppbyggingu langbylgjukerfisins 200 m.kr. Í öðru lagi 6 m.kr. til lista- og menningarmiðstöðvarinnar Skaftfelli. Í þriðja lagi 4 m.kr. til Brydebúðar. Í fjórða og síðasta lagi 8 m.kr. til Kaupvangs á Vopnafirði en samtals voru veittar 13 m.kr. til endurbóta á húsinu.

Innheimtar tekjur af sérstökum eignarskatti eru áætlaðar 630 m.kr. sem er 34 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Gert er ráð fyrir að þar af renni 380 m.kr. í Endurbótasjóð menningarbygginga, 100 m.kr. verði geymdar á viðskiptareikningi en 150 m.kr. og tekjur umfram áætlun renni í ríkissjóð. Framkvæmdum við ýmsar menningarstofnanir, að fjárhæð 150 m.kr., var frestað tímabundið í fjárlögum 2000 og er ætlunin að fresta áfram 100 m.kr. framkvæmdum og verður fé vegna þeirra framkvæmda geymt á viðskiptareikningi. Gert er ráð fyrir að framlagi í Endurbótasjóð, 380 m.kr., verði skipt á eftirfarandi hátt, en skv. lögum er það stjórn sjóðsins sem ákveður endanlega úthlutun:

Rekstrargrunnur	Frumvarp 2001 m.kr.
Þjóðminjasafn	200,0
Verndun gamalla húsa	60,0
Landsbókasafn-Háskólabókasafn, bókageymslur í Reykholti	25,0
Byggðasöfn	25,0
Þjóðleikhús	10,0
Þjóðskjalasafn	20,0
Listasafn Íslands	15,0
Óskipt	25,0
Samtals	**380,0**

977 Höfundarréttargjöld. Á þessum nýja lið er áætlað fyrir 64,3 m.kr. greiðslum sem er sama fjárhæð og talið er að innheimtist sem tekjur á grundvelli höfundalaga nr. 73/1972. Gjöld þessi og tekjur voru áður færðar á lið 02-989 Listir, framlög. Áætlað er að tekjur Höfundarréttarsjóðs af höfundarréttargjaldi aukist um 15 m.kr. og nemi 62 m.kr. og tekjur Myndlistarsjóðs Íslands af fylgiréttargjaldi lækki úr 4 m.kr. í 1,3 m.kr. en tekjur af höfundarréttargjaldi vegna flutnings tónverka við kirkjulegar athafnir verði 1 m.kr. eins og í fjárlögum yfirstandandi árs.

*978 **Listasjóðir.*** Heildarútgjöld eru áætluð 241,6 m.kr. sem er 77,1 m.kr. hækkun. Auk verðlagsþróunar er áætlað fyrir 42,1 m.kr. vegna hækkunar á starfslaunum listamanna sem samkvæmt lögum miðast við lektorslaun II við Háskóla Íslands. Þá er áætlað fyrir 28 m.kr. eins skiptis fjárveitingu til að mæta veikleika í rekstri Listasjóðsins á yfirstandandi ári.

*979 **Húsafriðunarsjóður.*** Framlag til sjóðsins nemur 25,5 m.kr. sem er 3 m.kr. lækkun frá fjárlögum þar sem tímabundið framlag til endurbóta á Syðstabæjarhúsi í Hrísey fellur niður.

*981 **Kvikmyndasjóður.*** Rekstrargjöld og rekstrartilfærslur eru áætlaðar 266,7 m.kr. Auk verðlagsbreytinga hækkar framlag um 60 m.kr. samkvæmt samkomulagi um stefnumörkun sem gert var í árslok 1998 um að efla kvikmyndagerð í áföngum. Í því er miðað við að framlag til að styrkja íslenska kvikmyndagerð nemi 176,4 m.kr. árið 1999, 205 m.kr. árið 2000, 240 m.kr. árið 2001 og 270 m.kr. árið 2002. Að auki er stefnt að því að efla aðrar greinar kvikmyndagerðar en framleiðslu leikinna kvikmynda í fullri lengd, s.s. gerð heimildarmynda og stuttmynda, með því að sjóðurinn geti varið 100 m.kr. til framleiðslustyrkja vegna slíkra verkefna. Þessi hluti samkomulagsins varð virkur við það að Menningarsjóður útvarpsstöðva var lagður niður og er áætlað fyrir 25 m.kr. framlagi í frumvarpinu sem fyrsta áfanga af fjórum jafnstórum.

*982 **Listir, framlög.*** Heildargjöld eru áætluð 356,2 m.kr. sem er 83,5 m.kr. lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Mestu munar að niður falla 52 m.kr. útgjöld á móti tekjum sem ríkissjóður innheimtir og skilar eigendum höfundarréttar á grundvelli höfundarréttarlaga þar sem áætlað er fyrir útgjöldunum á nýjum lið, 02-977 Höfundarréttargjöld. Framlag til *1.27 Tónlistar fyrir alla* hækkar um 1 m.kr. og verður 4,5 m.kr. *1.29 Íslensk tónverkamiðstöð* fær 8,6 m.kr. sem er 1 m.kr. hækkun og er ráðgert að gera samning um þjónustu miðstöðvarinnar. Framlag til *1.40 Samnings við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi* hækkar um 10,7 m.kr. og nemur 53,7 m.kr. Nýr samningur var undirritaður í ársbyrjun 2000 þar sem gert er ráð fyrir að framlag ríkisins nemi 52 m.kr. árið 2001 og 64 m.kr. árið 2002.

Framlag til *1.80 Listahátíðar í Reykjavík* nemur 12 m.kr. og lækkar um 4 m.kr. Listahátíð var síðast haldin í ár og verður næst haldin árið 2002. Að óbreyttu hefði framlag lækkað um 10,5 m.kr. milli áranna 2000 og 2001 en vegna áforma um breytingar á rekstrinum og ákvörðunar um að óska framvegis ekki eftir heimild í 7. gr. fjárlaga til að endurgreiða hátíðinni skatta og önnur opinber gjöld, er gert ráð fyrir minni lækkun.

Framlag til *1.82 Reykjavíkur, menningarborgar Evrópu árið 2000*, lækkar um 50 m.kr. samkvæmt samningi við Reykjavíkurborg um að framlag ríkisins til verkefnisins

nemi í heildina 235 m.kr. Síðasta greiðsla framlagsins, 50 m.kr., verður innt af hendi árið 2001. Á nýjum viðfangsefnalið, *1.83 Menningarhátíð landsbyggðarinnar*, er áætlað fyrir 5 m.kr. framlagi til að efla menningarstarfsemi á landsbyggðinni. Á óskiptum viðfangsefnalið, *1.90 Listir*, er áætlað fyrir 42,4 m.kr. framlagi til styrkveitinga. Hluti styrkjanna er bundinn samningum, t.d. 4 m.kr. til Upplýsingamiðstöðvar myndlistar, 4 m.kr. til Feneyjatvíæringsins og 1,2 m.kr. til Bandalags íslenskra listamanna en að öðru leyti auglýsir menntamálaráðuneytið árlega eftir umsóknum um styrki til menningarviðburða og heildarsamtaka listamanna.

Annað

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra; 804 Kvikmyndaskoðun; 983 Ýmis fræðistörf; 984 Norræn samvinna; 988 Æskulýðsmál; 989 Ýmis íþróttamál; 966 Íslenska upplýsingasamfélagið; 995 Tungutækni og 999 Ýmislegt. Liðurinn 995 Tungutækni er nýr.

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 527,5 m.kr. og skiptast þannig að 320,5 m.kr. eru vegna rekstrar og rekstrartilfærslna og 207 m.kr. vegna stofnkostnaðar. Sértekjur málefnaflokksins eru áætlaðar 1,9 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarsk.	20,1	20,7	21,2	2,4	5,5
Kvikmyndaskoðun	7,1	7,0	7,2	2,9	1,4
Ýmis fræðistörf	22,0	42,0	30,0	-28,6	36,4
Norræn samvinna	13,5	31,5	14,5	-54,0	7,4
Æskulýðsmál	45,0	47,5	42,5	-10,5	-5,6
Ýmis íþróttamál	143,1	173,9	138,9	-20,1	-2,9
Tungutækni	-	-	64,5	-	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	135,0	136,0	141,0	3,7	4,4
Ýmislegt	54,7	77,0	65,8	-14,5	20,3
Samtals	**440,5**	**535,6**	**525,6**	**-1,9**	**19,3**

983 Ýmis fræðistörf. Tímabundið framlag til Bókaútgáfu Leifs Eiríkssonar, 10 m.kr., fellur niður og sama er að segja um 2,5 m.kr. framlag til Hins íslenska bókmenntafélags.

984 Norræn samvinna. Tímabundið 17 m.kr. framlag til norræns ungmennamóts árið 2000 fellur niður.

988 Æskulýðsmál. Framlag er 42,5 m.kr. og lækkar um 5 m.kr. frá fjárlögum þar sem tímabundið 5 m.kr. framlag til Ungmennafélags Íslands vegna norræns menningarmóts árið 2000 fellur niður. Á nýjum lið, *1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni*, er áætlað fyrir

1,5 m.kr. framlagi sem áður var á lið 1.90 Æskulýðsmál og á nýju viðfangsefni, *1.15 Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi,* er áætlað fyrir 1,5 m.kr. framlagi sem einnig var á 1.90 Æskulýðsmál. Fyrirhugað er að gera samninga um framlögin.

989 Ýmis íþróttamál. Framlag er 138,9 m.kr. og lækkar um 35 m.kr. Felld eru niður tímabundin framlög að fjárhæð 37 m.kr. samtals. Þar er í fyrsta lagi um að ræða 8 m.kr. til Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands vegna Sumarólympíuleika í Sydney í Ástralíu. Í öðru lagi 6 m.kr. til Ólympíusambands fatlaðra vegna Ólympíuleika fatlaðra. Í þriðja lagi 1 m.kr. til Landssambands akstursíþróttafélaga. Í fjórða lagi 5 m.kr. til endurbóta á íþróttamannvirkjum í Vesturbyggð en alls lagði ríkissjóður 10 m.kr. til framkvæmdanna árin 1999 og 2000. Í fimmta og síðasta lagi lækkar framlag til endurbyggingar íþróttavallar á Egilsstöðum um 17 m.kr. og er áætlað fyrir 5 m.kr. lokaframlagi í frumvarpinu. Alls er áætlað að ríkissjóður leggi 35 m.kr. til framkvæmdanna árin 1999–2001. Á móti kemur að framlag til *1.22 Launasjóðs stórmeistara í skák* hækkar umfram verðlagsbreytingar um 1,6 m.kr. vegna hækkunar á viðmiðunarlaunum stórmeistara, þar af er helmingurinn tímabundin fjárveiting á árinu 2001. Þá er 10 m.kr. samningsbundið framlag til Afreksmannasjóðs millifært af viðfangsefnalið 1.90 Ýmis íþróttamál á nýtt viðfangsefni, *1.29 Afreksmannasjóður.* Af 13,3 m.kr. fjárveitingu, sem eftir stendur á *1.90 Ýmis íþróttamál,* hefur 5 m.kr. verið ráðstafað með samningi um uppbyggingu á íþróttaaðstöðu á Egilsstöðum og 2,4 m.kr. með samningi við Skíðaskólann í Kerlingarfjöllum en stuðningi ríkisins við þessa aðila lýkur á árinu 2001.

995 Tungutækni. Á þessum nýja lið er áætlað fyrir 64 m.kr. tímabundnum útgjöldum vegna tungutækniverkefna. Hér er um að ræða verkefni sem stofnað er til í því augnamiði að íslenskan verði áfram lifandi tungumál íslensku þjóðarinnar í upplýsinga- og þekkingarsamfélagi á nýrri öld og að til verði nauðsynleg verkfæri fyrir þann tæknibúnað sem notaður verður í daglegu lífi og starfi.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Lögð er til 2,5 m.kr. hækkun á sérstöku framlagi til verkefna á vegum upplýsingasamfélagsins hjá ráðuneytinu þannig að það nemi 70,5 m.kr. samtals. Skilyrði fyrir framlaginu er að ráðuneytið leggi fram a.m.k. jafnhátt mótframlag til verkefnanna og er því áætlað fyrir alls 141 m.kr. útgjöldum á fjárlagaliðnum. Þar af eru 40 m.kr. ætlaðar til uppbyggingar fjarkennslunets, 20 m.kr. til sameiginlegs aðgangs að gagnasöfnum, 20 m.kr. til endurmenntunar og þjálfunar vegna fartölvuvæðingar í framhaldsskólum, 16 m.kr. til uppbyggingar mennta- og námskrárvefja, 9 m.kr. til efnisorðaskrár fyrir bókasöfn, vef, kennsluefni o.fl., 8 m.kr. til uppbyggingar lýsigagna fyrir menntaefni á Veraldarvefnum, sem er stöðluð skráning til að gera leit markvissari, 8 m.kr. vegna rafrænnar skráningar skjala og

handrita, 6 m.kr. til uppbyggingar lýsigagna fyrir menningarefni, 6 m.kr. til varðveislu rafrænna gagna í Þjóðskjalasafni, 4 m.kr. til tilraunaverkefnis um þróunarskóla, 2 m.kr. vegna nýs bókasafnskerfis fyrir öll bókasöfn landsins og að lokum 2 m.kr. vegna upplýsingatækni í þágu blindra.

999 Ýmislegt. Framlagið verður 65,8 m.kr. og lækkar um 11,2 m.kr. Annars vegar fellur niður 10 m.kr. tímabundin hækkun í fjárlögum 2000 til *1.45 Eiríksstaðanefndar* vegna uppbyggingar safnahúss í Búðardal. Á árunum 1998-2000 voru veittar alls 72 m.kr. til framkvæmda á vegum nefndarinnar og lýkur þeim á árinu 2000. Framlag á árinu 2001 er vegna uppgjörs kostnaðar við endurbyggingu á bæ Eiríks rauða og verður fjárhæðin endurskoðuð fyrir afgreiðslu fjárlaga. Hins vegar fellur niður tímabundið 2 m.kr. stofnkostnaðarframlag til *6.93 Snorrastofu* í Reykholti. Á móti kemur 0,6 m.kr. hækkun á rekstrarframlagi til *1.44 Snorrastofu* í samræmi við samning þar að lútandi og nemur framlag ríkisins alls 11,7 m.kr. á árinu 2001.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun utanríkisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	2.497,2	2.371,4	2.606,2	10	4
Neyslu- og rekstrartilfærslur	710,1	1.230,6	1.290,0	5	82
Stofnkostnaður og viðhald	427,4	176,0	163,5	-7	-62
Samtals	**3.634,7**	**3.778,0**	**4.059,7**	**7**	**12**
Greitt úr ríkissjóði	3.119,9	3.229,8	3.559,1	10	14
Innheimt af ríkistekjum	525,8	548,2	604,8	10	15
Viðskiptahreyfingar	-10,9	0,0	-104,2	-	855
Samtals	**3.634,7**	**3.778,0**	**4.059,7**	**7**	**12**

Heildargjöld utanríkisráðuneytis árið 2001 eru áætluð um 4.106 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 46,2 m.kr. en þær nema 1% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 4.059,7 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 3.559,1 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 604,8 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 104,2 m.kr., færist sem breyting á viðskiptareikning hjá ríkissjóði.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.606,2 m.kr. og hækka um 234,8 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk almennra launa- og verðlagsbreytinga munar þar mest um 91,9 m.kr. fjárveitingu vegna opnunar sendiráðs í Tókýó og 20,1 m.kr.

vegna opnunar sendiráðs í Ottawa. Hins vegar er fellt niður 165 m.kr. framlag vegna þátttöku í heimssýningunni í Hannover, Expo 2000. Að auki mun breytt fyrirkomulag við fjármögnun á fæðingarorlofi starfsmanna leiða til um 2,4 m.kr. lækkunar á launafjárveitingum til stofnana ráðuneytisins.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna verður 1.290 m.kr. en var 1.230,6 m.kr. í fjárlögum ársins 2000. Þyngst vegur 67 m.kr. tímabundið framlag vegna HIPC verkefnis um niðurfellingu skulda fátækustu þróunarríkjanna og 65,5 m.kr. framlag til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands vegna ýmissa þróunarverkefna í Úganda, Malaví og Mósambík. Á móti lækka tilfærsluframlög um 112 m.kr. þar sem hluti áætlaðra lendingargjalda, sem hafa runnið til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar verða notuð til að greiða niður skuldir Flugmálastjórnar.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 163,6 m.kr. og lækkar um 12,4 m.kr. milli ára. Þar vegur þyngst að frestað er að veita 50 m.kr. framlag til byggingar sendiherrabústaðar í Berlín. Hins vegar er veitt tímabundin 15 m.kr. stofnkostnaðarfjárveiting vegna opnunar sendiráðs í Tókýó og 11,3 m.kr. tímabundin fjárveiting vegna sendiráðs í Ottawa.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá fyrri áformum með frestun eða lækkun á fyrirhuguðum framkvæmdum eða öðrum stofnkostnaði sem nemur 50 m.kr. sbr. hér að framan. Ráðuneytið hefur einnig gert ráð fyrir 37,1 m.kr. hagræðingu í starfsemi sinni, einkum í rekstrarkostnaði, til að mynda svigrúm fyrir framlögum til nýrra verkefna eða aukinna umsvifa á vissum sviðum. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald í stofnkostnaði og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2001 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld utanríkisráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málefnaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2001 til 2004. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2001	Spá 2002	Spá 2003	Spá 2004
Ráðuneyti	719,0	682,0	688,0	694,0
Keflavíkurflugvöllur	810,0	849,0	894,0	943,0
Sendiráð og fastanefndir	1.229,0	1.214,0	1.225,0	1.237,0
Þróunarmál og alþjóðastofnanir	1.112,0	1.143,0	1.109,0	1.143,0
Útflutningsmál	190,0	192,0	194,0	196,0
Samtals	**4.060,0**	**4.080,0**	**4.110,0**	**4.213,0**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða framreiknuð útgjöld fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka utanríkisráðuneytisins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til málefnaflokksins ráðuneyti lækki um 5,1% milli áranna 2001 og 2002. Skýrist það af því að framlög til tveggja ráðstefna, sem halda á árið 2001, falla niður 2002. Í öðru lagi er í spánni miðað við að útgjöld, sem falla undir málefnaflokkinn Keflavíkurflugvöllur, vaxi um ríflega 5% á ári. Skýringin er að almenn rekstrarútgjöld Flugmálastjórnar hækka í samræmi við aukinn farþegafjölda og tekjur af lendingargjöldum. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir lækkun í málefnaflokknum Þróunarmál og alþjóðastofnanir árið 2003 sem skýrist af því að tímabundið framlag vegna átaks í lækkun skulda þróunarríkja, HIPC-verkefnið, fellur niður það ár. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að framlag til þróunarmála aukist um 5% á milli ára.

Hér á eftir verður fjallað um breytingar á fjárlagaliðum utanríkisráðuneytisins. Nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni stofnana eru í Verkefnavísum 2000.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Heildargjöld þessa málefnaflokks nema 719,4 m.kr. og lækka um 69,5 m.kr. milli ára.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	573,6	575,9	606,8	5,4	5,8
Ýmis verkefni	91,5	184,0	63,6	-65,4	-30,5
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	24,0	44,0	83,3	-
Samtals	**665,1**	**788,9**	**719,4**	**-8,8**	**8,2**

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. Heildargjöld nema 606,8 m.kr. og hækka um 30,9 m.kr. frá fjárlögum 2000. Gjöld á viðfangsefninu *1.01 Yfirstjórn* hækka um 16,1 m.kr. og nema 489,5 m.kr. Tímabundnar fjárveitingar að fjárhæð 16,5 m.kr. falla niður. Í fyrsta lagi 7 m.kr. vegna NATO-ráðstefnu á Íslandi árið 2000. Í öðru lagi 5 m.kr. vegna landafundaafmælis. Í þriðja lagi 2,5 m.kr. til gerðar hugbúnaðar fyrir EES-gerðir. Að síðustu er 2 m.kr. framlag vegna 60 ára afmælis utanríkisþjónustunnar á árinu 2000 fellt niður. Gert er ráð fyrir að aðalskrifstofan fái framlag vegna málaskrár sendiráða og fastanefnda af lið 03-996 Íslenska upplýsingasamfélagið og skýrir mótframlag, sem leggja þarf fram, 3 m.kr. lækkun á liðnum. Nýjar fjárveitingar eru að fjárhæð 25,5 m.kr. Í fyrsta lagi 10 m.kr. til þess að leiðrétta rekstrargrunn aðalskrifstofu vegna aukins launakostnaðar. Í öðru lagi eru veittar 6 m.kr. til að efla viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins. Í þriðja lagi er 7,5 m.kr. fjárveiting vegna kjaranefndarúrskurðar um laun sendiherra og sendifulltrúa. Að síðustu er 2 m.kr. tímabundin fjárveiting til að mæta auknum ferðakostnaði vegna samningsbundinnar formennsku Íslands í undirnefnd I í EES. Aðalskrifstofunni er gert að lækka útgjöld um 6,1 m.kr. með því að hagræða í rekstri í samræmi við aðhaldsmarkmið. Það er gert annars vegar með því að lækka ferðakostnað aðalskrifstofu og sendiskrifstofa um 5 m.kr. og hins vegar með því að lækka risnu aðalskrifstofu um 1,1 m.kr. Útgjöld á *1.53 Þýðingamiðstöð* hækka um 11,8 m.kr. og verða 47,7 m.kr. Í fyrsta lagi er fellt niður 1 m.kr. framlag til breytinga á nýju húsnæði skrifstofunnar. Í öðru lagi eru veittar 15 m.kr. til þýðinga á EES-gerðum en ákvarðanir EES- nefndarinnar og tilheyrandi gerðir birtast nú ári of seint og hefur framkvæmdastjórn ESB gert athugasemdir við það. Í þriðja lagi eru veittar 3,5 m.kr. vegna hærri húsaleigu Þýðingamiðstöðvarinnar. Gert er ráð fyrir að Þýðingamiðstöðin fái framlag vegna vélrænna þýðinga af lið 03-996 Íslenska upplýsingasamfélagið og skýrir mótframlag, sem leggja þarf fram, 7 m.kr. lækkun á liðnum. Loks gengur til baka 1 m.kr. tímabundin frestun stofnkostnaðar til að

mæta útgjaldamarkmiðum ársins 2000 á viðfangsefni *6.01 Tæki og búnaður*. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa og verðlags.

190 Ýmis verkefni. Framlag til þessa liðar lækkar um 120,4 m.kr. Skýrist það að mestu með niðurfellingu á 165 m.kr. framlagi til heimssýningarinnar í Hannover. Á viðfangsefni *1.19 Ráðstefnur* er 20 m.kr. tímabundið framlag til að halda ráðstefnu fyrir kjörræðismenn Íslands erlendis. Ræðismenn Íslands eru 225 talsins og starfa í 64 ríkjum. Markmið ráðstefnunnar er að auka þekkingu og skilning ræðismanna á Íslandi og íslenskum hagsmunum og að efla tengsl þeirra við utanríkisráðuneytið og forráðamenn á sviði viðskipta og ferðaþjónustu. Jafnframt er veitt 21,6 m.kr. tímabundið framlag á árinu 2001 til að halda alþjóðlega ráðstefnu á Íslandi á vegum FAO um sjálfbærar fiskveiðar. Á viðfangsefni *1.22 American Scandinavia Foundation* fellur niður 5,6 m.kr. tímabundinn styrkur til byggingar Scandinavian House í New York. Á móti kemur 1,6 m.kr. lokaframlag til sama verkefnis vegna gengisþróunar. Að lokum er áætlað fyrir 5,2 m.kr. fjárveitingu á nýju viðfangsefni, *1.24 Samningur um eftirlit með tæknilegum viðskiptahindrunum*, vegna nýrra laga um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa og verðlags.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Gert er ráð fyrir 10 m.kr. hækkun á sérstöku framlagi til verkefna upplýsingasamfélagsins hjá ráðuneytinu þannig að það nemi samtals 22 m.kr. Skilyrði fyrir framlaginu er að ráðuneytið afli a.m.k. samsvarandi mótframlags til verkefna og er því áætlað fyrir alls 44 m.kr. útgjöldum á fjárlagaliðnum. Annars vegar er um að ræða 30 m.kr. til uppsetningar málaskrár í sendiráðum og fastanefndum erlendis í því skyni að koma á pappírslausum samskiptum. Hins vegar eru 14 m.kr. vegna vélrænna þýðinga í Þýðingamiðstöð aðalskrifstofu ráðuneytisins.

Keflavíkurflugvöllur

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli og 211 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli. Heildargjöld þessa málefnaflokks nema 809,8 m.kr. og lækka um 9,3 m.kr. milli ára.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	370,9	376,7	438,0	16,3	18,1
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	414,8	442,4	371,8	-16,0	-10,4
Samtals	**785,7**	**819,1**	**809,8**	**-1,1**	**3,1**

201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli. Heildargjöld verða 438 m.kr. og hækka um 61,3 m.kr. frá fjárlögum 2000. Á viðfangsefni *1.01 Yfirstjórn* er áætlað fyrir 1,5 m.kr. hækkun vegna úrskurðar kjaranefndar um laun sýslumanns. Á viðfangsefni *1.10 Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli* eru 14,7 m.kr. vegna úrskurðar um laun tollvarða og 13,1 m.kr. er til að mæta hærri launakostnaði sem stafar af síaukinni umferð um Keflavíkurflugvöll. Á móti kemur að embættið áætlar að afla 7,1 m.kr. meiri sértekna með því að selja út vinnu tollvarða til flugrekstraraðila. Einnig lækka gjöld um 7,1 m.kr. vegna fyrirhugaðrar niðurfellingar á leigu vegna aðstöðu fyrir tollgæslu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Að síðustu hækkar viðfangsefnið um 21 m.kr. vegna millifærslu frá viðfangsefni 1.20 Ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli vegna leiðréttingar á framsetningu. Á viðfangsefni *1.20 Ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli* hækka framlög um 22,1 m.kr. Í fyrsta lagi er lækkun um 21 m.kr. vegna millifærslu af viðfangsefninu á viðfangsefni *1.10 Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli.* Í öðru lagi eru veittar 26 m.kr. til að ráða tíu nýja starfsmenn til að efla landamæragæslu vegna aðildar Íslands að Schengen-samkomulaginu. Í fjárlögum 2000 er veitt 21,1 m.kr. af sömu ástæðu og var gert ráð fyrir að ráða starfsmenn smám saman í stöðurnar. Heildarkostnaður á einu ári er áætlaður 47,1 m.kr. og er hér veitt viðbótarfjármagn miðað við að allar stöðurnar verði mannaðar á árinu 2001. Í þriðja lagi eru veittar 11,3 m.kr. vegna úrskurðar um laun lögreglumanna. Aðrar hækkanir má rekja til launa- og verðlagsbreytinga. Viðfangsefni *6.01 Tæki og búnaður* lækkar um 3,2 m.kr. milli ára. Niður falla 3 m.kr. tímabundið framlag, til endurnýjunar bifreiðar fyrir tollgæslu og 3,2 m.kr. tímabundið framlag, til kaupa á fíkniefnahundi og bifreið fyrir fíkniefnaleitarvél. Á móti kemur 3 m.kr. hækkun stofnkostnaðar sem var frestað tímabundið í fjárlögum 2000.

211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli. Heildargjöld eru talin munu nema 371,8 m.kr. og lækka um 70,6 m.kr. eða 19% milli ára. Gjöldin eru alfarið fjármögnuð af lendingargjöldum og sértekjum. Áætlað er að 475,9 m.kr. tekjur verði innheimtar af lendingargjöldum og að mismuninum, 104,1 m.kr., verði varið til að greiða skuldir. Flugmálastjórn hefur til þessa tekið þátt í kostnaði við rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar með því að leggja fram 25% tekna af lendingargjöldum. Ákveðið er að við breytingu flugstöðvarinnar í hlutafélag falli þetta framlag niður, en það verði í staðinn notað til að greiða niður skuldir Flugmálastjórnar, sem teknar eru yfir vegna stofnunar hlutafélags um rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Framlagið á árinu 2000 nemur 112 m.kr. Lendingar flugvéla á Keflavíkurflugvelli og fjöldi farþega, sem fara um völlinn, hefur verið sem hér segir:

Fjöldi í þúsundum	Lendingar	Farþegar héðan	Farþegar hingað	Farþegar millilending	Farþegar samtals
1990	6,3	272,0	272,0	192,0	736,0
1991	6,4	278,0	279,0	184,0	741,0
1992	6,4	279,0	277,0	201,0	757,0
1993	6,4	284,0	284,0	193,0	761,0
1994	6,6	313,0	310,0	220,0	843,0
1995	7,3	345,0	343,0	242,0	930,0
1996	7,8	375,0	373,0	277,0	1.025,0
1997	8,4	391,0	390,0	317,0	1.098,0
1998	9,4	429,0	431,0	367,0	1.227,0
1999	10,0	476,0	481,0	358,0	1.315,0

Frá árinu 1990 hefur fjöldi lendinga og farþega um flugvöllinn tæplega tvöfaldast. Á síðustu fimm árum hefur umferð um flugvöllinn aukist að jafnaði um 10% milli ára.

Sendiráð og fastanefndir

Öll sendiráð og fastanefndir Íslands á erlendri grund tilheyra þessum málefnaflokki. Sendiráð og fastanefndir verða 18 talsins eða tveimur fleiri en í fjárlögum 2000. Eru það sendiráð Íslands í Tókýó og sendiráð Íslands í Ottawa. Þá verður fastanefnd Íslands hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu einnig breytt í sendiráð Íslands í Vínarborg á árinu 2001. Auk þess verður rekin áfram skrifstofa í Winnipeg með einum útsendum starfsmanni, en kostnaður er færður undir sendiráð Íslands í Ottawa. Loks er gert ráð fyrir rekstri skrifstofu fyrir útsendan starfsmann í Mapútó í Mósambík, en fjárveitingin er færð undir Þróunarsamvinnustofnun Íslands og er nánar gerð grein fyrir henni undir þeim lið.

Heildarframlag til málefnaflokksins nemur 1.228,5 m.kr. og hækkar um 169,8 m.kr. eða rúmlega 16%. Framlag til rekstrar eykst um 201,5 m.kr. en lækkar um 31,7 m.kr. til framkvæmda.

Helstu breytingar á framlögum til einstakra sendiráða og fastanefnda eru sem hér segir: Áætlað er 5 m.kr. framlag vegna launa staðarráðinna starfsmanna í kjölfar flutnings sendiráðs Íslands frá Bonn til Berlínar. Framlag til sendiráðsins í London hækkar um 7 m.kr. vegna húsaleigu en sendiráðið flytur í nýtt skrifstofuhúsnæði á árinu 2000. Fjárveiting til sendiráðsins í Moskvu hækkar um 3 m.kr. vegna launa staðarráðinna starfsmanna. Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York fá 31,7 m.kr. viðbótarframlag. Auk launabreytinga vegna kjaranefndarúrskurðar og lækkunar á risnu er veitt 14 m.kr. framlag vegna kostnaðar sem fylgir því að bæta við starfsmanni hjá fastanefndinni. Stefnt er á að Ísland taki sæti í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna árin 2009-2010 og þarf því að byggja upp starfsemi fastanefndarinnar jafnt og þétt á næstu árum. Loks eru veittar 2,5 m.kr. vegna hækkunar á leigu íbúðarhúsnæðis í New York. Tíma-

bundið 2,5 m.kr. framlag vegna tengingar fastanefndar Íslands hjá NATO við samskiptakerfi Vestur-Evrópusambandsins fellur niður. Áætlað er fyrir 2 m.kr. hækkun leigugjalda hjá fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf. Ríkisstjórnin ákvað þann 18. febrúar sl. að fastanefnd Íslands hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu verði einnig sendiráð Íslands í Vínarborg. Framlag hækkar um 9,7 m.kr. vegna þessa. Auk launabóta vegna kjaranefndarúrskurðar og lækkunar vegna risnu er áætlað fyrir 11 m.kr. útgjöldum vegna nýs stöðugildis við sendiráðið. Meginhluti stofnkostnaðar við opnun sendiráðs féll til, þegar fastanefndin var sett á laggirnar árið 1999. Á lið *315 Sendiráð Íslands í Ottawa*, sem hét áður Aðalræðismannsskrifstofan Íslands í Winnipeg, hækka útgjöld um 20,1 m.kr. Ríkisstjórnin ákvað þann 18. febrúar sl. að stofna sendiráð í Ottawa er sinni fyrirsvari gagnvart Kanada og nokkrum ríkjum í S-Ameríku og í Karíbahafi. Áætlaður kostnaður við rekstur sendiráðsins nemur samtals 29,4 m.kr. miðað við opnun 1. mars 2001. Áætlaður kostnaður við rekstur sendiráðsins á ársgrundvelli er 35,3 m.kr. Ákveðið hefur verið að fresta opnun sendiráðsins til 1. maí 2001 og með því lækka útgjöld um 6 m.kr. árið 2001. Í kjölfar fyrirhugaðrar stofnunar sendiráðsins er gert ráð fyrir að fækkað verði um einn starfsmann í Winnipeg og að viðskiptafulltrúi komi í stað útsends aðalræðismanns í Winnipeg sem heyri undir sendiráðið í Ottawa. Sparnaður af þessum breytingum er áætlaður 9 m.kr. Kostnaður við aðalræðismannsskrifstofuna var í fjárlögum 2000 19,6 m.kr. en mun nema 10,6 m.kr. eftir þessar breytingar. Áætlað er fyrir kostnaði við búnað og flutning starfsmanna á sameiginlegum lið sendiráða. Í fjáraukalögum 2000 er sótt um 90 m.kr. til kaupa á sendiherrabústað fyrir sendiráðið í Ottawa. Liður *316 Sendiráð Íslands í Tókýó* er nýr með 91,9 m.kr. útgjöldum. Ríkisstjórnin ákvað þann 18. febrúar sl. að stofna sendiráð í Tókýó árið 2001 er sinni fyrirsvari gagnvart Japan og nokkrum öðrum ríkjum í Asíu og Eyjaálfu og er áætlaður kostnaður við rekstur sendiráðsins samtals 94 m.kr. miðað við opnun 1. mars 2001. Gert er ráð fyrir fresta opnun sendiráðsins um tvo mánuði og við það sparast 14 m.kr. Gert er ráð fyrir að rekstur sendiráðsins kosti 112,8 m.kr. á heilu ári. Áætlað er fyrir kostnaði við búnað og flutning starfsmanna á sameiginlegum lið sendiráða. Sótt verður um 700 m.kr. aukafjárveitingu á yfirstandandi ári vegna kaupa á húseign undir sendiráðið í Tókyó. Útgjöld fastanefndar Íslands hjá Evrópuráðinu lækka um 7,2 m.kr. vegna niðurfellingar á tímabundnu framlagi vegna formennsku Íslands í Evrópuráðinu sem lauk á árinu 2000. Við það fækkar í fastanefndinni í Strassborg um einn útsendan starfsmann og einn staðarráðinn ritara.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sendiráð Íslands í Berlín	55,3	58,0	60,5	4,3	9,4
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	37,2	39,2	37,9	-3,3	1,9
Sendiráð Íslands í London	43,1	62,6	72,8	16,3	68,9
Sendiráð Íslands í Moskvu	49,3	52,5	63,6	21,1	29,0
Sendiráð Íslands í Ósló	38,7	39,7	40,4	1,8	4,4
Sendiráð Íslands í París og fastanefnd	71,0	88,7	84,8	-4,4	19,4
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	29,5	34,6	34,9	0,9	18,3
Sendiráð Íslands í Washington	39,6	60,6	70,1	15,7	77,0
Fastanefnd og aðalræðismaður í New York	79,0	86,4	118,1	36,7	49,5
Sendiráð Íslands í Brussel og hjá ESB	83,5	86,2	83,2	-3,5	-0,4
Fastanefnd hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	72,9	67,0	63,0	-6,0	-13,6
Fastanefnd hjá alþjóðast. og EFTA í Genf	60,7	59,8	61,8	3,3	1,8
Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastan. hjá ÖSE	20,5	28,6	38,3	33,9	86,8
Sendiráð Íslands í Peking	57,4	58,4	66,7	14,2	16,2
Sendiráð Íslands í Ottawa	1,2	19,6	39,7	102,6	-
Sendiráð Íslands í Tókíó	0,0	0,0	91,9	-	-
Sendiráð Íslands í Helsinki	27,5	41,4	40,5	-2,2	47,3
Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	41,8	30,8	22,5	-26,9	-46,2
Sendiráð, almennt	494,6	144,6	137,8	-4,7	-72,1
Samtals	**1.302,8**	**1.058,7**	**1.228,5**	**16,0**	**-5,7**

Sameiginleg útgjöld á lið *320 Sendiráð almennt* lækka um 6,8 m.kr. milli ára. Í fyrsta lagi er 50 m.kr. frestun á framkvæmdum vegna byggingar sendiherrabústaðar í Berlín í samræmi við hagræðingarmarkmið. Í öðru lagi eru 28,7 m.kr. vegna sendiráðsins í Japan til flutnings starfsmanna og kaupa á tölvubúnaði, húsgögnum og skrifstofubúnaði vegna opnunar sendiráðsins, þar af er 19 m.kr. tímabundin fjárveiting. Í þriðja lagi er 19,5 m.kr. fjárveiting vegna sendiráðsins í Ottawa til flutnings starfsmanna og kaupa á tölvubúnaði, húsgögnum og skrifstofubúnaði vegna opnunar sendiráðsins, þar af er 11,9 m.kr. tímabundin fjárveiting. Þá gengur til baka tímabundin 4 m.kr. frestun á viðhaldskostnaði til að mæta útgjaldamarkmiðum ársins 2000. Loks er fellt niður 12 m.kr. framlag vegna endurnýjunar á skrifstofuhúsnæði sendiráðanna í Kaupmannahöfn og London, 6 m.kr. á hvort sendiráð. Aðrar breytingar á liðum einstakra sendiráða má rekja til launa og verðlags.

Þróunarmál og alþjóðastofnanir

Þessi málefnaflokkur nær til eftirtalinna fjárlagaliða: 390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands; 391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi og 401 Alþjóðastofnanir.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þróunarsamvinnustofnun Íslands	228,3	294,0	376,5	28,1	64,9
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	173,5	163,7	147,7	-9,8	-14,9
Alþjóðastofnanir	315,8	477,6	588,1	23,1	86,2
Samtals	**717,6**	**935,3**	**1.112,3**	**18,9**	**55,0**

Fjárveiting til þessa málefnaflokks nemur 1.112,3 m.kr. og hækkar um 177 m.kr. Helstu breytingar eru 67 m.kr. tímabundið framlag vegna HIPC-verkefnis um niðurfellingu skulda fátækustu þróunarríkjanna og 65,5 m.kr. framlag til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands vegna ýmissa þróunarverkefna í Úganda, Malaví og Mósambík.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Framlag hækkar um 82,5 m.kr. milli ára. Er það annars vegar 65,5 m.kr. fjárveiting í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá árinu 1997 um aukin framlög til þróunarmála. Framlagið mun m.a. renna til þróunarverkefnis í nýju samstarfslandi, Úganda, til aðkallandi neyðarverkefna, til verkefnis í Malaví við kortlagningu siglinga á Malavívatni og til að leggja til annan sérfræðing í gæðaeftirlitsmálum sjávarafurða í Mósambík. Hins vegar eru 17 m.kr. til að kosta rekstur skrifstofu fyrir sendimann í Mapútó, Mósambík sem annist dagleg samskipti við nokkur ríki í sunnanverðri Afríku undir yfirstjórn sendiherra Ísland í þessum ríkjum sem hefur aðsetur í utanríkisráðuneytinu. Verið er að ganga frá samningi við utanríkisráðuneyti Danmerkur um aðstöðu fyrir starfsemina í húsnæði sendiráðs Danmerkur og Noregs í Mósambík. Er hér um heildarkostnað við verkefnið að ræða.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi. Framlag til þessa liðar nemur 147,7 m.kr. og lækkar um 16 m.kr. milli ára. Í fyrsta lagi fellur niður 27,9 m.kr. framlag til endurreisnarstarfs í Bosníu og Hersegóvínu en verkefni, sem ríkisstjórnin ákvað að ráðast í á árunum 1996-1999, er nú lokið. Í öðru lagi verður 4,8 m.kr. varið til að fjölga nemendum í sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna úr níu í tólf. Í þriðja lagi eru 2 m.kr. ætlaðar í tímabundinn stofnkostnað vegna fjölgunar nemenda í skólanum.

401 Alþjóðastofnanir. Framlag til alþjóðastofnana nemur 588,1 m.kr. og hækkar um 110,5 m.kr. milli ára. Munar þar mestu um 67 m.kr. til átaks á vegum Alþjóðabankans til niðurfellingar á skuldum fátækustu og vanþróuðustu ríkja heims, HIPC-verkefnisins. Ríkisstjórnin ákvað á árinu 1999 að veita alls 200 m.kr. til þátttöku Íslands í verk-

efninu. Gert er ráð fyrir að upphæðin verði greidd á þremur árum og að fyrsta greiðslan verði innt af hendi á árinu 2000. Ríkissjóður greiðir á árunum 1997 til 2002 svokölluð ESAF-framlög til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, 20 m.kr. á ári, en þeim er varið til að styðja fátæk ríki. Þau framlög voru áður færð um sjóðstreymi ríkissjóðs en til samræmis við ríkisreikning er þeirri framsetningu nú breytt og framlögin færð undir þennan lið. Af öðrum framlögum er 5 m.kr. hækkun til Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og nemur framlag Íslands til rekstur ÖSE þá 15,8 m.kr. Framlag Íslands til reksturs NATO og VES hækkar um 4 m.kr. og nemur um 37,6 m.kr. Viðfangsefni *1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið* fær 4,2 m.kr. hækkun sem skiptist á þrjú verkefni. Í fyrsta lagi er 2 m.kr. framlag í eitt ár til að fjármagna starf á skrifstofu Eystrasaltsráðsins. Í öðru lagi er 1,4 m.kr. til að standa straum af tímabundnum kostnaði í tengslum við formennsku Íslands í vinnuhóp á vegum Eystrasaltsráðsins. Loks er 1 m.kr. til að kosta þátttöku utanríkisráðuneytisins í samningsbundnu samstarfi sem fjallar um öryggismál vegna geisla- og kjarnorku og gerð samnings um mælingar á geislun og geislavirkni í andrúmslofti í ríkjum Eystrasaltsráðsins. Geislavarnir ríkisins taka þátt í þessu verkefni fyrir hönd utanríkisráðuneytisins og fellur kostnaður til vegna tæknibúnaðar innanlands og þátttöku í fundum. Vegna aukinna umsvifa er ætluð 1,5 m.kr. til Evrópuráðsins og 0,9 m.kr. vegna samnings um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn á árinu 2001 og verður framlag Íslands vegna samningsins 1,5 m.kr. á árinu 2001. Að síðustu er 1 m.kr. framlag til Sameinuðu þjóðanna til að mæta hækkun á samningsbundnu framlagi.

Útflutningsmál

Fjárlagaliðurinn 611 Útflutningsráð er eini liður þessa málefnaflokks. Framlag til þess nemur 189,8 m.kr. og er það jafnt tekjum sem markaðsgjald skilar. Framlagið hækkar um 13,8 m.kr. vegna aukinna tekna af markaðsgjaldi og vegna launa- og verðlagsbreytinga.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun landbúnaðarráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.458,0	1.325,8	1.389,0	5	-5
Neyslu- og rekstrartilfærslur	7.378,0	7.230,2	8.430,8	17	14
Stofnkostnaður og viðhald	509,8	415,4	429,9	3	-16
Samtals	**9.345,8**	**8.971,4**	**10.249,7**	**14**	**10**
Greitt úr ríkissjóði	9.054,2	8.868,4	10.146,7	14	12
Innheimt af ríkistekjum	197,1	103,0	103,0	0	-48
Viðskiptahreyfingar	94,4	0,0	0,0	-	-100
Samtals	**9.345,8**	**8.971,4**	**10.249,7**	**14**	**10**

Heildargjöld landbúnaðarráðuneytis árið 2001 eru áætluð um 10.769,7 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 520 m.kr. en þær nema 5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 10.249,7 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 10.146,7 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 103 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.389 m.kr. og hækka um 63,2 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Að auki mun breytt fyrirkomulag við fjármögnun á fæðingarorlofi starfsmanna leiða til um 11 m.kr. lækkunar á launafjárveitingum til stofnana ráðuneytisins. Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna verður 8.430,8 m.kr. en er 7.230,2 m.kr. í fjárlögum ársins 2000. Hækkun frá fjárlögum er því 1.200 m.kr., þyngst vegur nýr samningur um sauðfjárafurðir og aukin framlög til landshlutabundinnar skógræktar.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 429,9 m.kr. og er það 14,5 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru á liðnum Íslenska upplýsingasamfélagið.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2001 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld landbúnaðarráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2001 til 2004. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2001	Spá 2002	Spá 2003	Spá 2004
Ráðuneyti	230	232	234	236
Landbúnaðarstofnanir	885	892	899	907
Skógrækt og landgræðsla	737	741	745	749
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	6.936	6.419	6.172	6.172
Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðar	1.461	1.463	1.465	1.442
Samtals	**10.249**	**9.747**	**9.515**	**9.506**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknuð útgjöld fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Helsta forsendan í útgjaldaspánni sem á sérstaklega við um málaflokka landbúnaðarráðuneytisins er að gert er ráð fyrir að greiðslur vegna búvörusamninga lækki milli áranna 2001 og 2003. Skýrist það einkum af því að uppkaupum á greiðslumarki sauðfjár verður lokið árið 2003 en þau greiðast að mestu árið 2001.

Skuldbindandi samningar

Landbúnaðarráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 6.288,3 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2001 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2000	2001	2002	2003	2004
Samningur um mjólkurframleiðslu	B	3.558,0	3.782,0	3.782,0	0,0	0,0
Sauðfjársamningur	B	2.215,0	3.034,0	2.517,0	2.262,8	2.261,3
Samningur við Bændasamtök Íslands	B	424,2	424,2	439,2	474,2	0,0
Hestamiðstöð Íslands	B	25,0	25,0	25,0	25,0	25,0
Hrossaræktarfélög, átakverkefni	B	15,0	15,0	15,0	15,0	15,0
Landgræðsluskógar	B	12,0	14,0	16,0	16,0	0,0
Bleikjurækt við Hólaskóla	B	8,0	8,0	8,0	8,0	8,0
Stofnfiskur	B	22,9	22,9	22,9	22,9	22,9
Aksturskostnaður dýralækna	C	8,2	8,2	8,2	8,2	8,2
Samtals		**6.288,3**	**7.333,3**	**6.833,3**	**2.832,1**	**2.340,4**

Samningar, sem landbúnaðarráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu, eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 6.280,1 m.kr. Að lokum eru 8,2 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem landbúnaðarráðuneytið sendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar, sem renna út á tímabilinu, verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að til jafnaðar verði heildar fjárhæð þeirra nálægt 7 milljörðum króna. Endurskoðun á samningi við Bændasamtök Íslands stendur nú yfir.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	120,4	118,8	135,8	14,3	12,8
Ýmis verkefni	213,9	89,0	88,6	-0,4	-58,6
Ráðstöfunarfé	0,0	6,0	6,0	0,0	-
Samtals	**334,3**	**213,8**	**230,4**	**7,8**	**-31,1**

101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að framlög til skrifstofunnar hækki um 11,5 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar. Þar vegur þyngst 4,5 m.kr. tímabundið framlag vegna starfslokasamnings við fyrrverandi ráðuneytisstjóra. Samningurinn gildir frá 1. september 2000 og út árið 2001. Einnig er farið fram á 2 m.kr. tímabundið framlag vegna aukins aksturskostnaðar aðstoðarmanns ráðherra. Millifærðar hafa verið 5 m.kr. af óskiptu viðfangi 190 Ýmis verkefni yfir á aðalskrifstofuna. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

190 Ýmis verkefni. Samtals lækkar liðurinn um 400 þús. Helstu breytingar eru að gert er ráð fyrir að framlag til Skógræktarfélags Íslands hækki um 2 m.kr. í samræmi við samning frá 13. mars 1999. Lagt er til að veitt verði 2 m.kr. framlag til nefndar sem starfar að endurheimt votlendis. Einnig er lagt til að veitt verði 1,5 m.kr. framlag til verkefnisins Islandica 2001. Verkefnið er samstarfsverkefni iðnaðarráðuneytis, samgönguráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis og er alhliða kynning á íslenska hestinum, vörum og þjónustu sem tengjast hestamennsku. Lagt er til að samningsbundið framlag til Nasco hækki um 1,2 m.kr. Framlag til Nasco byggist á árlegri þróun laxveiði í aðildarlöndum samtakanna. Loks millifærist 2 m.kr. af viðfanginu *1.11 Framkvæmd búvörusamnings* á liðinn 996 Íslenska upplýsingasamfélagið vegna gagnagrunns um jarðir.

Landbúnaðarstofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins; 221 Veiðimálastofnun; 222 Veiðimálastjóri; 233 Yfirdýralæknir; 236 Aðfangaeftirlit ríkisins; 261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri; 271 Bændaskólinn á Hólum í Hjaltadal; 283 Garðyrkjuskóli ríkisins og 293 Hagþjónusta landbúnaðarins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	177,5	171,7	193,9	12,9	9,2
Veiðimálastofnun	30,9	35,9	33,2	-7,5	7,4
Veiðimálastjóri	13,5	13,9	14,2	2,2	5,2
Yfirdýralæknir	278,0	265,2	271,1	2,2	-2,5
Aðfangaeftirlit ríkisins	13,3	13,1	13,5	3,1	1,5
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði	141,8	132,6	133,9	1,0	-5,6
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	123,7	125,6	123,9	-1,4	0,2
Garðyrkjuskóli ríkisins	76,4	85,8	85,7	-0,1	12,2
Hagþjónusta landbúnaðarins	14,7	15,2	15,6	2,6	6,1
Samtals	**869,8**	**859,0**	**885,0**	**3,0**	**1,7**

Heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks hækkar um 2,8 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum.

*211 **Rannsóknastofnun landbúnaðarins.*** Lagt er til að veitt verði 20 m.kr. framlag vegna minni sértekna. Breyting á sértekjum stafar af samstarfi stofnunarinnar við Iðntæknistofnun Íslands en stofnanirnar hafa slegið saman rannsóknaeiningum sínum á sviði matvæla og efnagreininga. Starfsmenn eru þó eftir sem áður starfsmenn hvorrar stofnunar fyrir sig en tekjur, t.d. vegna rannsóknastyrkja og útseldrar þjónustu, færast nú á kennitölu Iðntæknistofnunar. Af þessum ástæðum eru áætlaðar tekjur lækkaðar um 20 milljónir. Sértekjukrafa Iðntæknistofnunar hækkar að sama skapi. Einnig millifærast 1,2 m.kr. á liðinn 996 Íslenska upplýsingasamfélagið vegna gagnagrunns um jarðir.

*221 **Veiðimálastofnun.*** Tímabundið 3 m.kr. framlag til tilraunastarfs í kræklingarækt fellur niður.

*261 **Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði.*** Tímabundið 4 m.kr. framlag til almenns rekstrar skólans fellur niður en á móti kemur að tímabundin 1 m.kr. frestun stofnkostnaðar gengur til baka.

*271 **Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal.*** Gert er ráð fyrir að framlög lækki um 5 m.kr. þar sem framlag vegna stækkunar reiðskemmu fellur niður.

*283 **Garðyrkjuskóli ríkisins.*** Framlög til skólans lækka um 5 m.kr. þar sem tímabundið framlag til að ljúka byggingu garðyrkjumiðstöðvar fellur niður.

Skógrækt og landgræðsla

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 311 Landgræðsla ríkisins; 321 Skógrækt ríkisins; 324 Landgræðslusjóður; 331 Héraðsskógar; 341 Átak í landgræðslu og skógrækt og 343 Landshlutabundin skógrækt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landgræðsla ríkisins	263,6	246,2	253,4	2,9	-3,9
Skógrækt ríkisins	196,0	177,4	188,3	6,1	-3,9
Héraðsskógar	63,6	77,9	86,2	10,7	35,5
Átak í landgræðslu og skógrækt	96,4	101,0	86,7	-14,2	-10,1
Landshlutabundin skógrækt	30,1	99,0	122,6	23,8	307,3
Samtals	**649,7**	**701,5**	**737,2**	**5,1**	**13,5**

Heildarútgjöld eru áætluð 737,2 m.kr. sem er 5% hækkun frá fyrra ári. Landshlutabundin skógrækt hækkar um 23,6 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs.

*311 **Landgræðsla ríkisins.*** Framlög lækka um 4,7 m.kr. að raungildi. Þar vegur þyngst 10 m.kr. hækkun vegna landsgræðslufulltrúa sem stofnunin greiðir allt að helmingi kostnaðar við á móti framlagi viðkomandi sveitarfélaga, ákveður Landgræðslan hlutfall greiðslunnar. Tímabundin 2 m.kr. frestun stofnkostnaðar frá árinu 2000 gengur til baka. Tímabundið 7,5 m.kr. framlag til lagningar á vatnsleiðslu yfir Markarfljót fellur niður. Loks millifærast 9,2 m.kr. á liðinn 996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Þar af eru 8 m.kr. vegna landupplýsingakerfis og 1,2 m.kr. vegna gagnagrunns um jarðir.

*331 **Héraðsskógar.*** Gert er ráð fyrir að liðurinn hækki um 6,4 m.kr. Í fyrsta lagi er farið fram á að fjárveitingin verði hækkuð um 16,4 m.kr. og í öðru lagi lækka fjárveitingar um 10 m.kr. samkvæmt ákvæði í samningi við ríkissjóð.

*341 **Átak í landgræðslu og skógrækt.*** Framlög til fjárlagaliðarins lækka um 16 m.kr. vegna millifærslu yfir á landshlutabundin skógræktarverkefni og Héraðsskóga sem hækka um sömu fjárhæð. Tilgangur átaksins er að auka bindingu koltvísýrings og var Landgræðslu ríkisins veitt hæst framlag eða alls 67 m.kr. af liðnum árið 2000, einnig fékk Skógrækt ríkisins 13 m.kr. af liðnum en annar kostnaður kom til vegna sérfræðivinnu, kynningar, útgáfustarfsemi og yfirstjórnar verkefnisins.

*343 **Landshlutabundin skógrækt.*** Alls hækkar liðurinn um 23,6 m.kr. Þar af hækka framlög til Suðurlandsskóga um 9,6 m.kr., Norðurlandsskóga um 6 m.kr., Vesturlandsskóga um 4 m.kr. og Skjólskóga á Vestfjörðum um 4 m.kr.

Greiðslur vegna búvöruframleiðslu

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu og 805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Heildarframlag nemur 6.936 m.kr. sem er 20% hækkun frá fjárlögum 2000.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu	3.464,1	3.558,0	3.782,0	6,3	9,2
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu	2.381,5	2.215,0	3.154,0	42,4	32,4
Samtals	**5.845,6**	**5.773,0**	**6.936,0**	**20,1**	**18,7**

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu. Lagt er til að beingreiðslur til bænda vegna mjólkurframleiðslu hækki um 85 m.kr. og greiðslur í lífeyrissjóð hækki sömuleiðis um 3,9 m.kr. þar sem þær ráðast af beingreiðslum. Í janúar sl. hækkaði grundvallarverð mjólkur um 5,77% en gert var ráð fyrir 3% hækkun í forsendum fjárlaga ársins 2000.

805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Gert er ráð fyrir að liðurinn hækki um alls 819 m.kr. að raungildi frá fyrra ári. Hækkunin stafar af gerð nýs sauðfjársamnings til sjö ára en heildarkostnaður vegna samningsins á verðlagi 2000 er áætlaður 16,9 milljarðar króna. Gert er ráð fyrir uppkaupum á greiðslumarki fyrir um einn milljarð króna eða sem svarar til 45.000 ærgilda. Áætlað er að kaupa upp 32.000 ærgildi á árinu 2001 og 13.000 á árinu 2002. Að þeim tíma liðnum er stefnt að því að gefa frjáls viðskipti með greiðslumark í sauðfjárframleiðslu og verð ráðist af samningum manna á milli. Áætlað er að uppkaup árið 2001 kosti samtals 732 m.kr. Nýmæli í þessum samningi er að eftir árið 2003 verður allt að einum fjórða af heildargreiðslum til bænda skilyrt í gæðastýringu í lok samningstímabilsins, þ.e.a.s. bændur verða af tekjum nema þeir sitji reglulega námskeið og skili inn skýrslum um landnot, merkingar sauðfjár, kynbætur, hirðingu búfénaðar, lyfjanotkun, áburð og uppskeru sem og fóðurnotkun. Helstu breytingar frá árinu 2000, aðrar en uppkaup á framleiðslurétti, eru að beingreiðslur hækka um 111 m.kr. en þær eru nú færðar á tvö viðföng, *1.01 Beingreiðslur* og *1.06 Álag vegna uppkaupa*. Lífeyrisgreiðslur lækka um 10 m.kr.. Þær miðast nú við 4% framlag af beingreiðslum til bænda. Samkvæmt lögum um lífeyrissjóð bænda nr. 12/1999, 5 gr., skal enginn greiða iðgjöld til sjóðsins lengur en til 70 ára aldurs. Á nýju viðfangi, *1.03 Jöfnunargreiðslur*, er áætlað fyrir 60 m.kr. en það eru aukalegar greiðslur til þeirra bænda sem skila til afurðastöðva að jafnaði meira en meðalframleiðslu fyrir hvert ærgildi. Samkvæmt samningi fá aðeins þeir jöfnunargreiðslur sem leggja inn árlega meira en 1.250 kg dilkakjöts eða sem jafngildir um 70 ærgildum. Á samningstímanum skal árlega verja 35 m.kr. á viðfanginu *1.35 Fagmennska í sauðfjárrækt* en það er ætlað til kennslu, rannsókna, leiðbeininga og þróunar í greininni og til

stuðnings átaksverkefnum á sauðfjárræktarsvæðum. Viðfangið *1.10 Þjónustu- og þróunarkostnaður*, sem hét áður vaxta- og geymslukostnaður, lækkar um 8 m.kr. Fjárheimildir falla niður vegna viðfanganna *1.33 Hagræðing og vöruþróun* og *1.34 Umhverfisverkefni*, samtals 66 m.kr.

Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðarins

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 811 Bændasamtök Íslands; 818 Búnaðarsjóður; 821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins; 823 Lánasjóður landbúnaðarins; 824 Verðmiðlun landbúnaðarvara; 826 Stofnverndarsjóður búfjár; 827 Fóðursjóður; 828 Garðávaxtasjóður; 829 Útflutningsgjald á hross; 831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins; 841 Fiskeldisrannsóknir; 843 Fiskræktarsjóður; 851 Greiðslur vegna riðuveiki, 891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bændasamtök Íslands	249,2	262,4	277,4	5,7	11,3
Búnaðarsjóður	252,4	183,0	183,0	0,0	-27,5
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	175,0	170,0	170,0	0,0	-2,9
Lánasjóður landbúnaðarins	169,2	150,0	150,0	0,0	-11,3
Verðmiðlun landbúnaðarvara	100,1	112,3	112,3	0,0	12,2
Stofnverndarsjóður búfjár	0,7	1,0	1,0	0,0	42,9
Fóðursjóður	309,9	340,0	340,0	0,0	9,7
Útflutningsgjald á hross	7,3	16,0	16,0	0,0	119,2
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	252,9	43,5	43,5	0,0	-82,8
Lán til fiskeldis	22,0				
Fiskeldisrannsóknir	22,9	22,9	22,9	0,0	0,0
Fiskræktarsjóður	14,2	15,0	17,0	13,3	19,7
Greiðslur vegna riðuveiki	44,5	52,0	52,0	0,0	16,9
Sérstakar greiðslur í landbúnaði	113,5	56,0	50,0	-10,7	-55,9
Íslenska upplýsingasamfélagið		0,0	26,0	-	-
Samtals	**1.733,8**	**1.424,1**	**1.461,1**	**2,6**	**-15,7**

Heildarútgjöld eru áætluð 1.461,1 m.kr. og er það 37 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2000. Mestu ræður samningsbundið 15 m.kr. framlag til Bændasamtaka Íslands og framlag til verkefna á liðnum Íslenska upplýsingasamfélagið. Mismunur á frumvarpstölum og rauntölum ársins 1999 skýrist að mestu á halla Jarðasjóðs og Jarðeigna ríkisins.

811 Bændasamtök Íslands. Farið er fram á 15 m.kr. hækkun á framlagi til jarðbóta í samræmi við samning sem gerður var við Bændasamtökin 1999. Til stendur að endurskoða samning ríkissjóðs við Bændasamtökin og að þeirri endurskoðun ljúki í október eða nóvember 2000.

843 Fiskræktarsjóður. Farið er fram á hækkun fjárheimildar þar sem markaðar tekjur hækka um 2 m.kr. en sjóðurinn fær hlutdeild í tekjum vatnsaflsstöðva og veiðifélaga.

891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði. Farið er fram á tímabundna 25 m.kr. fjárveitingu til ársins 2002 vegna framlengingar laga um markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða. Framlag til Einangrunarstöðvar gæludýra í Hrísey fellur niður, en ráðgert er að sækja um 6 m.kr. framlag til stækkunar stöðvarinnar í frumvarpi til fjáraukalaga ársins 2000.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Lagt er til að veitt verði sérstakt 13 m.kr. framlag til verkefna á vegum upplýsingasamfélagsins hjá ráðuneytinu. Skilyrði fyrir framlaginu er að ráðuneytið afli a.m.k. jafnhás mótframlags til verkefnanna og er því áætlað fyrir alls 26 m.kr. útgjöldum á fjárlagaliðnum. Annars vegar er um að ræða 10 m.kr. útgjöld til gagnagrunns um jarðir á Íslandi. Hins vegar eru 16 m.kr. vegna landupplýsingakerfis og gagnagrunns um áætlana- og skipulagsstarf Landgræðslunnar sem ætlað er almenningi.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun sjávarútvegsráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.459,8	1.584,8	1.701,3	7	17
Neyslu- og rekstrartilfærslur	177,4	138,3	124,8	-10	-30
Stofnkostnaður og viðhald	868,8	730,1	641,1	-12	-26
Samtals	**2.506,0**	**2.453,2**	**2.467,2**	**1**	**-2**
Greitt úr ríkissjóði	2.324,9	2.401,2	2.415,2	1	4
Innheimt af ríkistekjum	68,6	52,0	52,0	0	-24
Viðskiptahreyfingar	112,5	0,0	0,0	-	-100
Samtals	**2.506,0**	**2.453,2**	**2.467,2**	**1**	**-2**

Heildargjöld sjávarútvegsráðuneytis árið 2001 eru áætluð um 2.869,8 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 402,6 m.kr. en þær nema 14% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 2.467,2 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 2.415,2 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 52 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.701,3 m.kr. og hækka um 116,5 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Munar þar mestu um 66 m.kr. hækkun á

framlagi til Hafrannsóknastofnunarinnar og 52,4 m.kr. hækkun á framlagi til Fiskistofu.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna verður 124,8 m.kr. en var 138,3 m.kr. í fjárlögum ársins 2000. Lækkunin stafar af niðurfellingu á nokkrum tímabundnum fjárveitingum til ýmissa verkefna. Að auki mun breytt fyrirkomulag við fjármögnun á fæðingarorlofi starfsmanna leiða til um 12,5 m.kr. lækkunar á launafjárveitingum til stofnana ráðuneytisins.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 641,1 m.kr. og er það 89 m.kr. lækkun milli ára. Þyngst vegur 90 m.kr. lækkun á stofnkostnaðartilfærslum til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins vegna lækkunar á ríkistekjum af gjaldi á aflamark. Loks er gert ráð fyrir að 10 m.kr. stofnkostnaður til matvælaseturs Háskólans á Akureyri falli niður.

Ráðuneytið hefur einnig gert ráð fyrir 41 m.kr. hagræðingu í starfsemi sinni, einkum í rekstrarkostnaði, til að mynda svigrúm fyrir jafnháum framlögum til nýrra verkefna eða aukinna umsvifa á vissum sviðum.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2001 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2001 til 2004. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2001	Spá 2002	Spá 2003	Spá 2004
Ráðuneyti	254,0	256,0	258,0	260,0
Rannsóknir og eftirlit	1.646,0	1.661,0	1.676,0	1.691,0
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	560,0	560,0	560,0	560,0
Annað	8,0	8,0	8,0	8,0
Samtals	**2.468,0**	**2.485,0**	**2.502,0**	**2.519,0**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknuð útgjöld fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Gert er ráð fyrir að framlög til málefnaflokka sjávarútvegsráðuneytisins verði í samræmi við almennar forsendur reiknilíkansins.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Gjöld málefnaflokksins lækka um 27,8 m.kr. milli ára. Aðrar helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	133,5	127,1	126,0	-0,9	-5,6
Ýmis verkefni	133,7	151,3	124,6	-17,6	-6,8
Ráðstöfunarfé	0,0	3,0	3,0	0,0	-
Samtals	**267,2**	**281,4**	**253,6**	**-9,9**	**-5,1**

101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa. Útgjöld nema um 126 m.kr. og lækka um 1,1 m.kr. frá fjárlögum 2000. Tímabundnar fjárveitingar að fjárhæð 7 m.kr. falla niður. Annars vegar fellur niður 5 m.kr. vegna þróunar aðferða til að mæla klórlífræn sambönd o.fl. í sjó og hins vegar fellur niður 2 m.kr. tímabundið framlag vegna aukins umfangs á þýðingum á ESB-gerðum og birtingar þeirra í Stjórnartíðindum. Gert er ráð fyrir 1 m.kr. til aðalskrifstofu vegna ráðstefnu og kostnaðar vegna leyfisveitinga í samræmi við CITES-samning, um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu. Aðrar breytingar eru vegna launa og verðlags.

190 Ýmis verkefni. Heildargjöld nema 124,6 m.kr. og lækka um 26,7 m.kr. milli ára. Helstu breytingar eru að á viðfangsefninu *1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla* er fellt niður 3 m.kr. tímabundið framlag til styrktar sjóvinnukennslu unglinga um borð í skólaskipinu Haftindi. Á viðfangsefni *1.46 Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits* fellur niður 5 m.kr. tímabundið framlag vegna reksturs fjareftirlitskerfis með fiskveiðum. Á viðfangsefni *1.90 Ýmislegt* falla niður 9 m.kr. sem skiptast á þrjú verkefni. Í fyrsta lagi fellur niður 4 m.kr. fjárveiting vegna könnunar á hagkvæmni kalkþörungavinnslu í Arnarfirði og Húnaflóa. Í öðru lagi fellur niður 3 m.kr. styrkur vegna gerðar sjónvarpsþáttanna Aldahvörf og í þriðja lagi fellur niður 2 m.kr. styrkur til kynningarstarfs High North Alliance á sjálfbærri nýtingu auðlinda sjávar. Á viðfangsefni *6.05 Stofnkostnaður matvælaseturs* er fellt niður 10 m.kr. framlag vegna stofnkostnaðar við matvælasetur Háskólans á Akureyri.

Rannsóknir og eftirlit

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 202 Hafrannsóknastofnunin; 203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins; 204 Fiskistofa; 207 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla; 210 Sjóður til síldarrannsókna; 211 Kvótaþing; 213 Verðlagsstofa skiptaverðs; 272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins og 901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna. Gjöld þessa málefnaflokks hækka um 123,8 m.kr. milli ára.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hafrannsóknastofnunin	752,6	832,8	894,8	7,4	18,9
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	124,9	111,9	108,0	-3,5	-13,5
Fiskistofa	397,3	396,6	449,0	13,2	13,0
Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	25,9	45,0	45,0	0,0	73,7
Bygging hafrannsóknaskips	33,3	0,0	0,0	0,0	-
Byggingarsjóður hafrannsóknaskips	124,6	0,0	0,0	0,0	-
Sjóður til síldarrannsókna	0,0	7,0	7,0	0,0	-
Kvótaþing	12,5	16,0	16,0	0,0	28,0
Verðlagsstofa skiptaverðs	17,5	21,3	21,8	2,3	24,6
Gengismunasjóður	10,0	0,0	0,0	0,0	-
Ríkismat sjávarafurða	3,4	0,0	0,0	0,0	-
Veiðarfærarannsóknir	14,0	0,0	0,0	0,0	-
Tækjasjóður matvælarannsókna	4,0	0,0	0,0	0,0	-
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	14,7	5,6	12,5	123,2	-15,0
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	93,9	85,6	91,5	6,9	-2,6
Samtals	**1.628,6**	**1.521,8**	**1.645,6**	**8,1**	**1,0**

202 ***Hafrannsóknastofnunin.*** Gjöld umfram tekjur nema 894,8 m.kr. og hækka um 62 m.kr. Helstu breytingar eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er áformað að stofnunin hagræði í rekstri um 30 m.kr. sem er í samræmi við aðhaldsmarkmið á árinu 2001, um að kostnaður lækki á móti nýjum verkefnum. Í öðru lagi er lögð til 20,5 m.kr. fjárveiting til frekari rannsókna á stofnstærð helstu nytjastofna, auk þess sem öðrum líffræðilegum upplýsingum um fiskistofna er safnað í haustralli stofnunarinnar. Í þriðja lagi er 12,7 m.kr. fjárveiting til að mæta auknum kostnaði vegna nýrrar túlkunar á virðisaukaskatti af skipaleigu. Í fjórða lagi er 9 m.kr. tímabundið framlag til 2004 til að kanna skyldleika úthafs- og djúpkarfa með greiningu erfðaefna. Gert var ráð fyrir að verkefninu lyki árið 2000 og er 8 m.kr. framlag fellt niður vegna þessa. Nú er ráðgert að halda verkefninu áfram til ársins 2004 og er kostnaður við það áætlaður 17 m.kr. á ári. Verkefnið er styrkt frá ESB. Loks er 1,2 m.kr. fjárveiting vegna ráðstefnu og leyfisveitinga vegna CITES-samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu. Að lokum er fellt niður 4 m.kr. tímabundið framlag á viðfangsefni *6.90 Tæki og búnaður deilda og útibúa* vegna breytinga á leiguhúsnæði Sjávarútvegsháskóla Sameinuðu þjóðanna. Aðrar breytingar má rekja til launa og verðlags.

203 ***Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.*** Útgjöld stofnunarinnar umfram tekjur lækka um 3,9 m.kr. og verða 108 m.kr. Áformað er að stofnunin hagræði í rekstri er nemur 10 m.kr. í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2001 til að skapa svigrúm til nýrra verkefna. Á móti kemur tímabundin 10 m.kr. fjárveiting til 2003 til örveru- og efnarannsókna á nytjastofnum sjávar. Í þeim rannsóknum verður nýting á nytjastofnum sjávar metin út frá umhverfisstjórnun, öryggi neytenda, nýtingu næringarefna, vinnslueiginleikum og hámarksafrakstri. Einnig er gert ráð fyrir að stofnunin fái framlag vegna verkefnis um gerð gagnagrunns um vinnslu og eiginleika sjávarfangs af lið 05-996 Íslenska upplýsingasamfélagið og skýrir það lækkun á liðnum um 4 m.kr.

204 ***Fiskistofa.*** Útgjöld Fiskistofu umfram sértekjur nema 449 m.kr. og hækka um 52,4 m.kr. milli ára. Í fyrsta lagi er 25 m.kr. fjárveiting til að ráða 5 starfsmenn til eftirlits með brottkasti á afla en áformað er að leggja mat á raunverulegt brottkast og grípa til viðeigandi aðgerða til þess að koma í veg fyrir það. Í öðru lagi er 16,7 m.kr. hækkun á viðfangsefni *1.01 Landamærastöðvar.* Starfsmenn Fiskistofu hafa sinnt landamæraeftirliti ásamt öðrum verkefnum en vegna aukins umfangs sinna þeir eftirlitinu nær eingöngu. Kostnaður vegna eftirlitsins er því færður sérstaklega á viðfangsefnið.

272 ***Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins.*** Útgjöld til þessa liðar verða 12,5 m.kr. og hækka um 6,9 m.kr. milli ára. Skýringin er m.a. að tímabundin frestun stofnkostnaðar, til að mæta útgjaldamarkmiðum ársins 2000, gengur til baka.

901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna. Framlag til þessa liðar hækkar um 5,9 m.kr. milli ára og verður 94,3 m.kr. Í fyrsta lagi er áformað að hagræða í rekstri um 1 m.kr. Í öðru lagi er 3 m.kr. fjárveiting vegna lækkunar á sértekjum en vegna nýrra reglna um láns- og reikningsviðskipti ríkisstofnana frá janúar 2000 er stofnuninni gert að greiða af innstæðum sínum í ríkissjóð fyrr en áður og lækka vaxtatekjur stofnunarinnar við það.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður: 811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Sjóðurinn er stofnun í C-hluta sem hefur tekjur af þróunarsjóðsgjaldi á skip, 91 m.kr., og á aflamark, 469 m.kr., samtals 560 m.kr. sem er 90 m.kr. lækkun frá gildandi fjárlögum. Tekjur þessar eru skilgreindar sem ríkistekjur sem síðan eru veittar til sjóðsins í A-hluta fjárlaga. Nánari grein er gerð fyrir starfsemi sjóðsins í C-hluta.

Annað

Fjárlagaliðurinn 699 Íslenska upplýsingasamfélagið telst til þessa málefnaflokks. Lagt er til að veitt verði sérstakt 4 m.kr. framlag til verkefnis er felst í gerð gagnagrunns um vinnslu og eiginleika sjávarfangs. Skilyrði fyrir framlaginu er að ráðuneytið afli a.m.k. jafnhás mótframlags til verkefnisins og er því áætlað fyrir alls 8 m.kr. útgjöldum á fjárlagaliðnum.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun dóms- og kirkjumálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	8.164,2	8.071,0	8.783,4	9	8
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2.135,6	2.330,1	2.518,7	8	18
Stofnkostnaður og viðhald	497,8	490,4	414,8	-15	-17
Samtals	**10.797,6**	**10.891,5**	**11.716,9**	**8**	**9**
Greitt úr ríkissjóði	10.762,6	10.827,9	11.652,3	8	8
Innheimt af ríkistekjum	68,7	63,6	64,6	2	-6
Viðskiptahreyfingar	-33,7	0,0	0,0	-	-
Samtals	**10.797,6**	**10.891,5**	**11.716,9**	**8**	**9**

Heildargjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis árið 2001 eru áætluð um 12.200,2 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 483,3 m.kr. en þær nema tæplega 4% af

heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 11.716,5 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 11.652,3 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 64,6 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 8.783,4 m.kr. og hækka um 712,4 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Munar þar mest um 615 m.kr. hækkun á útgjaldaramma ráðuneytisins vegna launa- og verðlagsbreytinga milli ára. Fyrir utan verðlagshækkanir eru helstu breytingarnar þær, í fyrsta lagi, að gert er ráð fyrir 40 m.kr. fjárveitingu til Persónuverndar sem er ný ríkisstofnun á verksviði ráðuneytisins. Í öðru lagi hækkar framlag til að undirbúa smíði nýs varðskips um tæplega 40 m.kr. Í þriðja lagi er áætlað að kostnaður við rekstur Útlendingaeftirlitsins aukist um 34 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Í fjórða lagi er gert ráð 32 m.kr. viðbótarkostnaði hjá ríkislögreglustjóra vegna svokallaðrar SIRENE-skrifstofu sem annast upplýsingamiðlun á sviði Schengen-samstarfsins. Þá má nefna um 30 m.kr. hækkun á leigu- og rekstrargjöldum tveggja embætta sem flytjast í nýtt húsnæði á næsta ári. Þar er um að ræða héraðsdóm Reykjaness og sýslumannsembættið í Kópavogi. Á móti vegur að nokkrir liðir lækka frá gildandi fjárlögum. Munar þar mest um breytingu á framsetningu fjárreiðna í frumvarpinu sem felst í því að um 60 m.kr. fjárheimild á rekstrarviðfangsefni hjá Landhelgisgæslu Íslands er flutt yfir á viðfangsefni fyrir viðhald skipa og flugfarkosta. Að auki mun breytt fyrirkomulag við fjármögnun á fæðingarorlofi starfsmanna leiða til um 25 m.kr. lækkunar á launafjárveitingum til stofnana ráðuneytisins.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna verður 2.518,7 m.kr. en er 2.330,1 m.kr. í fjárlögum ársins 2000. Nær öll hækkunin, um 190 m.kr., stafar af auknum lögboðnum framlögum vegna sóknar- og kirkjugarðsgjalda en þau fylgja hækkun á meðaltekjuskattsstofni milli ára.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 414,8 m.kr. og er það um 76 m.kr. lækkun milli ára. Helstu breytingarnar eru um 124 m.kr. lækkun á tímabundnu framlagi til kaupa á tækjum og búnaði vegna Schengen-samstarfsins og um 75 m.kr. niðurfelling á fjárveitingu til framkvæmda við húsnæði sýslumannsins í Stykkishólmi en þeim lýkur að mestu á þessu ári. Á móti hækkar framlag, sem ætlað er til að byggja nýtt fangelsi á höfuðborgarsvæðinu, um 53 m.kr. Þá hækkar viðhaldskostnaður Landhelgisgæslu Íslands um 60 m.kr. vegna breyttrar framsetningar á fjárreiðum eins og áður er getið. Loks er lagt til í frumvarpinu að veitt verði tímabundið um 50 m.kr. framlag til að mæta kostnaði við flutning héraðsdóms Reykjaness og sýslumannsembættisins í Kópavogi í nýtt húsnæði.

Ráðuneytið hefur gert ráð fyrir 122 m.kr. hagræðingu í starfsemi sinni til að mynda svigrúm fyrir jafnháum framlögum til nýrra verkefna eða aukinna umsvifa á vissum sviðum. Til að standa straum af þessum nýju útgjöldum hefur fjárveiting allra stofnana ráðuneytisins verið lækkuð sem nemur 1,7% af rekstrarútgjöldum að frádregnum sértekjum. Í sumum tilvikum fá viðkomandi stofnanir hins vegar einnig úthlutað framlagi til nýrra verkefna. Vikið er nánar að þessum áformum um breytta forgangsröð útgjalda í greinargerð

um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2001 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2001 til 2004. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2001	Spá 2002	Spá 2003	Spá 2004
Ráðuneyti	296	309	349	302
Dómsmál	824	831	838	846
Löggæslustofnanir og öryggismál	3.677	3.711	3.745	3.779
Sýslumenn	3.180	3.168	3.199	3.230
Fangelsismál	565	570	575	580
Kirkjumál	3.175	3.230	3.286	3.343
Samtals	**11.717**	**11.819**	**11.992**	**12.080**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar í samanburði við almennar forsendur reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að áætlað er að framlög til málaflokksins *Ráðuneyti* verði fremur sveiflukennd á tímabilinu. Skýrist það af því að útgjöld í tengslum við kosningar tilheyra þessum málaflokki. Þar hefur því verið gert ráð fyrir sveitarstjórnarkosningum á árinu 2002 og alþingiskosningum á árinu 2003 en að engar kosningar verði á árinu 2004. Í öðru lagi er í spánni miðað við að útgjöld, sem tilheyra málaflokknum *Sýslumenn*, lækki nokkuð á árinu 2002 þar sem þá falla niður 10 m.kr. eftirstöðvar af framlagi til framkvæmda við húsnæði sýslumannsembættisins í Stykkishólmi og 30 m.kr. framlag til flutnings á sýslumannsembættinu í Kópavogi í nýtt húsnæði. Loks má nefna að í útgjaldaspánni er miðað við að útgjöld til *Kirkjumála* aukist heldur meira en reiknað er með almennt í rekstrarforsendum líkansins, eða um 1,7% árlega. Stafar það einkum af því að áætlað er að framlög vegna sóknargjalda og kirkjugarðsgjalds aukist í takt við lýðfræðilegar breytingar.

Skuldbindandi samningar

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 900 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir áranna 2001-2004 eru á áætluðu verðlagi ársins 2001 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2000	2001	2002	2003	2004
Rekstrarkostnaður þjóðkirkju Íslands	B	790,9	812,7	812,7	812,7	812,7
Skálholtsskóli	B	6,8	7,2	7,2	7,2	7,2
Skráningarstofan, Tölvumiðstöð dómsmálarn.	C	36,8	38,1	38,1	38,1	38,1
Neyðarlínan hf.	C	60,2	61,3	61,3	61,3	61,3
Hagstofa Íslands, aðgangur að þjóðskrá	C	3,2	4,2	5,0	5,0	5,0
Rauði kross Íslands v/flóttamanna (áætlun)	C	1,5	1,6	1,6	1,6	1,6
Alþjóðleg björgunarsveit	C	1,8	1,9	1,9	1,9	1,9
Samtals		**901,2**	**927,0**	**927,8**	**927,8**	**927,8**

Skuldbindandi samningar ráðuneyta eru flokkaðir í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar samkvæmt heimild í 30 gr. fjárreiðulaga eru auðkenndir með bókstafnum A en ekki er um neina slíka samninga að ræða hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Aðrir samningar, sem dómsmálaráðuneytið stendur að í samvinnu við fjármálaráðuneytið, eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar um 800 m.kr. Að lokum eru

100 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem dómsmálaráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar, sem renna út á tímabilinu, verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að að jafnaði verði nálægt 930 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Unnið er að endurskoðun samnings við Skráningarstofuna hf. í samvinnu við fjármálaráðuneytið. Að auki er unnið að nýjum samningi við Fasteignamat ríkisins um tölvufærslu þinglýsinga hjá sýslumannsembættum vegna Landskrár fasteigna.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 102 Stjórnartíðindi; 103 Lagasafn; 105 Lögbirtingablað; 111 Kosningar; 190 Ýmis verkefni; 199 Ráðstöfunarfé og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Heildarframlag til málefnaflokksins er áætlað 296,4 m.kr. á næsta ári og svarar það til tæplega 8 m.kr. hækkunar að raungildi. Framlag skiptist á fjárlagaliði sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Aðalskrifstofa	187,7	173,7	192,8	11,0	2,7
Stjórnartíðindi	-0,1	3,8	3,8	0,0	-
Lagasafn	3,4	0,0	0,0	0,0	-
Lögbirtingablað	23,6	26,0	26,0	0,0	10,2
Kosningar	34,1	1,6	1,6	0,0	-95,3
Ýmis verkefni	63,8	56,1	48,2	-14,1	-24,5
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	13,0	16,0	23,1	-
Samtals	**312,5**	**282,2**	**296,4**	**5,0**	**-5,2**

101 Dóms og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Rekstrargjöld nema 192,8 m.kr. á næsta ári og jafngildir það rúmlega 8 m.kr. hækkun frá fjárlögum þessa árs að frátöldum launa- og verðlagshækkunum og millifærslu framlaga frá öðrum fjárlagaliðum. Um 4,6 m.kr. af hækkuninni má rekja til samræmingar á launakjörum starfsmanna og aukinna verkefna. Í annan stað er fyrirhugað að efla fjármálaumsýslu ráðuneytisins með því að ráða starfsmann til að auka eftirlit með framkvæmd fjárlaga og eftirfylgni með árangursstjórnunarsamningum. Kostnaður við það starf er metinn á rúmar 4 m.kr. Í þriðja lagi hækka útgjöld um 2,6 m.kr. vegna aukins kostnaðar við fulltrúa ráðuneytisins í Brussel. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir hagræðingu í rekstri aðalskrifstofunnar, eins og annarra stofnana dómsmálaráðuneytisins, sem ætlað er að skila rúmlega 3 m.kr. sparnaði.

190 Ýmis verkefni. Heildarframlag að frádregnum sértekjum er áætlað 48,2 m.kr. á næsta ári en er 56,1 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Framlag til viðfangsefnisins *1.10 Fastanefndir* lækkar um 5,2 m.kr. Þar af eru um 7 m.kr. vegna tölvunefndar sem lögð verður niður um næstu áramót. Það framlag fellur þó ekki niður heldur færist til nýrrar stofnunar, Persónuverndar. Einnig eru millifærðar 0,6 m.kr. til aðalskrifstofu vegna ýmiss kostnaðar hennar við fastanefndir. Þá fellur niður tímabundið framlag að fjárhæð 1,4 m.kr. vegna prófa málflytjenda því framvegis verður kostnaði við þau próf mætt með námskeiðs- og prófgjöldum. Á móti framangreindum lækkunum vegur 3,3 m.kr. hækkun vegna tveggja nýrra nefnda. Annars vegar eru 2,8 m.kr. vegna útgjalda prófnefndar sem fjallar um umsóknir þeirra sem vilja þreyta prófraun til öflunar hæstaréttarlögmannsréttinda. Hins vegar eru 0,5 m.kr. til að standa straum af kostnaði við starf nefndar sem starfar á grundvelli nýsamþykktra ættleiðingarlaga. Í frumvarpinu er tekið inn nýtt viðfangsefni undir þessum fjárlagalið, *1.40 Alþjóðasamstarf*, og er framlag til þess 5,6 m.kr. Á móti eru felld niður fjögur viðfangsefni en framlag til þeirra nemur svipaðri fjárhæð í fjárlögum þessa árs. Er þar um að ræða *1.41 Útgáfa norræns dómasafns*, *1.42 Norræn samvinna á sviði sakfræði*, *1.43 Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL* og *1.44 Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB*. Þá eru felldar niður tímabundnar fjárveitingar að fjárhæð 4,4 m.kr. til tveggja viðfangsefna, *1.73 Rannsókn á viðurlögum við afbrotum* og *1.90 Ýmislegt* en 2 m.kr. á síðarnefnda viðfangsefninu voru ætlaðar til viðgerðar á kirkju kaþólska biskupsdæmisins í Reykjavík. Að lokum hækka áætluð útgjöld vegna ýmiss dómsmálakostnaðar um 0,6 m.kr. í tengslum við alþjóðasamskipti dómara.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur til ríkisstjórnarinnar frá sérstakri verkefnisstjórn átaksins. Ákvörðun um verkefni er miðuð við að þau verði fjármögnuð að hálfu með hlutdeild í sérstakri fjárveitingu sem er ráðstafað að tillögu verkefnisstjórnarinnar og að hálfu með mótframlögum frá fjárlagaliðum viðkomandi ráðuneytis. Fjárveiting til þessara verkefna dómsmálaráðuneytisins hækkar um 3 m.kr. og verður samtals 16 m.kr. Gert er ráð fyrir að stærsti hlutinn, eða um 12 m.kr., renni til áframhaldandi starfs að miðlun lagagagna og stjórnvaldsfyrirmæla á Veraldarvefnum. Þá eru 2 m.kr. ætlaðar til tilraunaverkefnis um rafrænar kosningar sem gangsett var á þessu ári og einnig eru veittar 2 m.kr. til nýs verkefnis sem snýr að skilum á umsögnum, leyfisveitingum, vottorðum o.fl. í tölvutækri mynd til ráðuneytisins.

Dómsmál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201 Hæstiréttur; 210 Héraðsdómstólar; 231 Málskostnaður í opinberum málum; 232 Opinber réttaraðstoð; 235 Bætur brotaþola og 251 Persónuvernd.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hæstiréttur	55,8	48,3	54,8	13,5	-1,8
Héraðsdómstólar	501,3	506,3	543,9	7,4	8,5
Málskostnaður í opinberum málum	88,2	92,3	96,0	4,0	8,8
Opinber réttaraðstoð	61,9	45,6	46,9	2,9	-24,2
Bætur brotaþola	17,8	40,0	40,0	0,0	124,7
Persónuvernd	0,0	0,0	42,5	-	-
Samtals	**725,0**	**732,5**	**824,1**	**12,5**	**13,7**

Gert er ráð fyrir að framlag til þessa málefnaflokks hækki um tæplega 70 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbótum og verði um 825 m.kr. á næsta ári. Hækkunina má að mestu leyti rekja til tveggja þátta. Annars vegar hefur tekið til starfa ný stofnun, Persónuvernd, og eykur það áætluð útgjöld um 35 m.kr. á næsta ári. Hins vegar er fyrirhugað að héraðsdómur Reykjaness flytji í nýtt húsnæði á næsta ári og hækkar framlag um 30 m.kr. af þeim sökum. Þar af eru 20 m.kr. tímabundið stofnkostnaðarframlag til eins árs.

201 Hæstiréttur. Útgjöld réttarins hækka um 4,7 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs og eru áætluð 54,8 m.kr. á næsta ári. Veitt er 3 m.kr. framlag vegna dómvarða og ritara sem nauðsynlegt reyndist að ráða vegna breyttra aðstæðna eftir flutning réttarins í nýtt hús fyrir nokkrum árum. Áætlað er að árleg launagjöld vegna þessa nemi um 4,6 m.kr. en staðið verður undir því sem á vantar með núverandi rekstrarfjárveitingu. Leigugreiðslur til Fasteigna ríkissjóðs hækka um 1,6 m.kr. þar sem leiga á húsnæði réttarins hækkar samkvæmt samningi í áföngum fram til ársins 2006. Er þá að fullu fallinn niður afsláttur sem veittur er af leigu nýrra bygginga. Að lokum hækkar rekstrarframlag um 1 m.kr. til að mæta útgjöldum við rekstrarleigu á tölvubúnaði. Endurnýjun og endurbætur á tölvubúnaði voru hluti af byggingarkostnaði nýja hæstaréttarhússins en nú þarfnast sá búnaður endurnýjunar.

210 Héraðsdómstólar. Rekstrargjöld héraðsdómstóla eru áætluð 543,9 m.kr. á næsta ári og hækka um 22 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar. Helsta breytingin tengist því að héraðsdómur Reykjaness hefur tekið nýtt húsnæði á leigu og er gert ráð fyrir að hann flytjist í það í byrjun næsta árs. Árleg leigugjöld nema um 13,1 m.kr. og rekstrarkostnaður er áætlaður um 3,1 m.kr. Á móti fellur niður kostnaður af núverandi húsnæði sem er um 6,2 m.kr. á ári. Þá er veitt tímabundið 20 m.kr. framlag á árinu 2001 til að

standa undir kostnaði við flutning í nýja húsnæðið. Um er að ræða ýmsar breytingar á húsnæðinu, öryggiskerfi, húsbúnað og annan stofnkostnað. Í öðru lagi hækkar framlag til viðfangsefnisins *6.01 Tæki og búnaður* um 5 m.kr. þar sem dregin er til baka tímabundin lækkun stofnkostnaðar sem gerð var í fjárlögum ársins 2000 til að mæta markmiðum um aðhald með útgjöldum. Í þriðja lagi er á þessu sama viðfangsefni fellt niður tímabundið framlag að fjárhæð 3 m.kr. en það var ætlað til að koma upp sérútbúinni aðstöðu til að taka skýrslur af börnum í kjölfar breytinga á lögum um meðferð opinberra mála sem tóku gildi 1. maí 1999. Loks er gert ráð fyrir að hagræðing í rekstri héraðsdómstóla leiði til 8,3 m.kr. lækkunar á útgjöldum þeirra.

*251 **Persónuvernd.*** Hinn 1. janúar 2001 tekur til starfa ný stofnun, Persónuvernd, í samræmi við lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, en starf til undirbúnings að rekstri stofnunarinnar hófst á miðju þessu ári. Samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins, er lýtur að vernd persónuupplýsinga, er aðildarríkjunum skylt að starfrækja stofnun til að fylgja eftir ákvæðum tilskipunarinnar og skal slík stofnun njóta sjálfstæðis í störfum sínum. Rekstrarframlag Persónuverndar verður 42,5 m.kr. á næsta ári. Í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins með frumvarpi til laganna var gert ráð fyrir að árlegur rekstrarkostnaður verði um 42 m.kr. Gert er ráð fyrir að við stofnunina starfi 8 starfsmenn. Á móti framangreindum kostnaði fellur niður 7 m.kr. fjárveiting til tölvunefndar í fjárlögum 2000 og er hún flutt á nýjan fjárlagalið Persónuverndar.

Löggæsla og öryggismál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 301 Ríkissaksóknari; 303 Ríkislögreglustjóri; 305 Lögregluskóli ríkisins; 311 Lögreglustjórinn í Reykjavík; 321 Almannavarnir ríkisins; 325 Neyðarsímsvörun; 331 Umferðarráð; 341 Áfengis- og fíkniefnamál; 390 Ýmis löggæslumál; 391 Húsnæði löggæslustofnana; 395 Landhelgisgæsla Íslands; 396 Landhelgissjóður Íslands; 397 Schengen-samstarf og 398 Útlendingaeftirlitið.

Útgjöld til stofnana og verkefna á sviði löggæslu og öryggismála aukast alls um tæplega 290 m.kr. en að frátöldum launa- og verðlagsbótum lækkar framlag um 30 m.kr. frá fjárlögum 2000. Nokkrar tilfærslur eru gerðar á framlögum innan málefnaflokksins og skýrir það m.a. hluta hækkunar hjá ríkislögreglustjóra.

Rekstrargjöld þessara stofnana hækka að raungildi um nærri 110 m.kr. Hækkunina má að mestu leyti rekja til rekstrarkostnaðar upplýsingakerfa fyrir Schengen-samstarfið, starfrækslu SIRENE-skrifstofu hjá embætti ríkislögreglustjóra og aukinna rekstrarumsvifa Útlendingaeftirlits.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkissaksóknari	60,3	65,0	65,9	1,4	9,3
Ríkislögreglustjóri	324,8	333,0	487,9	46,5	50,2
Lögregluskóli ríkisins	77,3	96,4	110,6	14,7	43,1
Lögreglustjórinn í Reykjavík	1.623,5	1.482,6	1.533,1	3,4	-5,6
Almannavarnir ríkisins	51,1	50,9	53,9	5,9	5,5
Neyðarsímsvörun	54,7	57,7	61,3	6,2	12,1
Umferðarráð	82,7	88,9	90,8	2,1	9,8
Áfengis- og fíkniefnamál	6,1	48,5	38,4	-20,8	529,5
Ýmis löggæslumál	173,3	49,5	87,9	77,6	-49,3
Húsnæði löggæslustofnana	6,2	10,0	10,0	0,0	61,3
Landhelgisgæsla Íslands	842,9	840,3	962,4	14,5	14,2
Landhelgissjóður Íslands	14,7	0,0	0,0	-	-
Schengen-samstarf	113,2	199,6	70,0	-64,9	-38,2
Útlendingaeftirlitið	45,2	67,0	104,6	56,1	131,4
Samtals	**3.476,0**	**3.389,4**	**3.676,8**	**8,5**	**5,8**

Tilfærsluframlög málefnaflokksins verða óbreytt fyrir utan 14 m.kr. tilfærsluframlag til SIRENE-skrifstofu sem flutt er á rekstrarlið ríkislögreglustjóra.

Fjárveiting til viðhalds og stofnkostnaðar lækkar um nærri 140 m.kr. milli ára. Það skýrist að verulegu leyti af niðurfelldum framlögum til kaupa á búnaði á fjárlagalið Schengen-samstarfs en einnig fellur niður tímabundið framlag til ríkislögreglustjóra vegna kaupa á tækjum fyrir TETRA-fjarskiptakerfið og framlag til kaupa á fíkniefnarannsóknartækjum. Að lokum eru millifærðar 58 m.kr. af rekstrarlið Landhelgisgæslu Íslands yfir á viðhaldslið og er það skýrt nánar í umfjöllun um stofnunina.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

303 Ríkislögreglustjóri. Heildarframlag til embættisins er áætlað 487,9 m.kr. á næsta ári en er 333 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Hækkun fjárveitingar að raungildi nemur um 128 m.kr. en þar af eru 93,5 m.kr. vegna tilflutnings á verkefnum og fjárveitingum frá öðrum fjárlagaliðum. Ríkislögreglustjóri mun hafa umsjón með rekstri sameiginlegrar fjarskiptamiðstöðvar TETRA-kerfisins og af þeim sökum eru 60 m.kr. millifærðar til embættisins frá lögreglunni í Reykjavík. Til að ná fram sem mestu hagræði við uppsetningu kerfisins og til að stuðla að skilvirkni lögregluliðanna er fyrirhugað að ríkislögreglustjóri starfræki eina fjarskiptamiðstöð sem verði í húsakynnum Neyðarlínunnar. Stjórnstöð lögreglunnar í Reykjavík verður þá lögð niður í núverandi mynd. Í annan stað eru alls 57 m.kr. ætlaðar til reksturs SIRENE-skrifstofu sem embætti ríkislögreglustjóra mun hafa á hendi vegna aðildar að Schengen-samstarfinu. Af þeirri fjárhæð eru 25 m.kr. millifærðar frá fjárlagalið Schengen-samstarfsins. Hér er um að ræða

skrifstofu sem annast samskipti og upplýsingamiðlun og ber meginábyrgð á íslenskum hluta Schengen-upplýsingakerfisins. Samkvæmt tillögum að skipulagi skrifstofunnar er gert ráð fyrir því að þar starfi tíu starfsmenn. Auk þeirra munu starfa þar einn starfsmaður við landamæraeftirlit sem tengist starfsemi SIRENE og einn túlkur og þýðandi. Þá er flutt til embættisins af safnlið löggæslukostnaðar 8,5 m.kr. framlag vegna ýmiss löggæslukostnaðar. Um er að ræða kostnað vegna fatnaðar lögreglumanna og auglýsinga um laus störf og ýmiss konar kostnað við að fylgja brottvísuðum útlendingum úr landi. Á miðju ári 2001 tekur Ísland við formennsku í samstarfi lögreglu og tollyfirvalda á Norðurlöndum og gegnir henni í eitt ár. Ríkislögreglustjóri mun hafa umsjón með formennskunni en í því felst m.a. skrifstofuhald og skjalavarsla, skipulagning átta árlegra norrænna funda, úrvinnsla úr innsendum skýrslum og gerð hættumats. Kostnaður vegna þessa starfs er áætlaður 5,8 m.kr. bæði árin 2001 og 2002. Þá er gert ráð fyrir 5 m.kr. fjárveitingu í frumvarpinu til að efla umferðardeild ríkislögreglustjóra í því skyni að auka vegaeftirlit og gera embættinu kleift að leggja meiri áherslu á að styrkja löggæsluembættin um land allt í tengslum við umferðareftirlit og viðbrögð við alvarlegum slysum. Að lokum hækka útgjöldin um 4,2 m.kr. vegna aukinna leigu- og rekstrargjalda embættisins í nýju húsnæði. Hækkunin í frumvarpinu samsvarar tveggja mánaða kostnaðarauka því í fjárlögum 2000 hefur rekstrarkostnaðurinn þegar verið hækkaður sem nemur tíu mánaða leigu. Framlag til viðfangsefnisins *6.01 Tæki og búnaður* lækkar um 11 m.kr. milli ára og verður 18 m.kr. á næsta ári. Felldar eru niður tímabundnar fjárveitingar að fjárhæð 14 m.kr., annars vegar 12 m.kr. framlag sem veitt var til kaupa á notendabúnaði TETRA-fjarskiptakerfis fyrir lögreglu en hins vegar 2 m.kr. framlag sem ætlað var til kaupa á fíkniefnaleitarhundi og þjálfunar hans. Á móti eru veittar 3 m.kr. tímabundið til að koma á fót SIRENE-skrifstofu en það framlag er ætlað til að kaupa húsgögn og tölvubúnað fyrir nýja starfsmenn skrifstofunnar. Þá hækkar viðfangsefnið *6.11 Bifreiðar* um 6 m.kr. þar sem dregin er til baka tímabundin lækkun stofnkostnaðar sem gerð var í fjárlögum ársins 2000 til að mæta markmiðum um aðhald með útgjöldum. Loks er gert ráð fyrir að hagræðing í rekstri embættisins leiði til 6,5 m.kr. lækkunar á útgjöldum.

305 ***Lögregluskóli ríkisins.*** Rekstrargjöld skólans eru áætluð 110,6 m.kr. en eru 96,4 m.kr. í gildandi fjárlögum. Hækkun að frátöldum launa- og verðlagsbótum nemur 7,8 m.kr. og er hana að rekja til tveggja tilefna. Annars vegar eru ætlaðar 5 m.kr. á ári til að standa undir sí- og endurmenntun lögreglumanna vegna Schengen-samstarfsins. Nauðsynlegt þykir að standa vel að símenntun fyrir þá sem sinna eftirliti með ferðum manna yfir landamæri, ekki síst þar sem umferð er lítil og menn ná ekki að halda sér í mikilli þjálfun að öðrum kosti. Uppfræðsla um reglur Schengen-samstarfsins þarf að ná til allra lögreglumanna, sem eru um 650 talsins, allra lögreglustjóra, löglærðra fulltrúa þeirra og ákærenda, tollvarða og starfsmanna landhelgisgæslu. Hins vegar er fram-

lag skólans aukið um 5 m.kr. til að mæta kostnaði við leigu viðbótarhúsnæðis, auk hækkunar á rekstrarkostnaði vegna þess. Húsnæðið verður nýtt til verklegra æfinga með lögreglunemum í grunn- og framhaldsnámi, undir skrifstofu, geymslu, tækjasal til líkamlegra æfinga, herbergi undir tölvubúnað og til kennslu og þjálfunar í notkun nýrra fjarskiptatækja. Þá hefur verið gert ráð fyrir að hagræðing í rekstri skólans leiði til tæplega 2 m.kr. lækkunar á útgjöldum.

311 Lögreglustjórinn í Reykjavík. Rekstrarframlag embættisins er áætlað 1.533,1 m.kr. á næsta ári og lækkar að raungildi um rúmar 82 m.kr. Eins og áður getur eru 60 m.kr. fluttar frá stofnuninni til fjárlagaliðar ríkislögreglustjóra vegna rekstrar sameiginlegrar fjarskiptamiðstöðvar TETRA-kerfisins. Til að ná fram sem mestu hagræði við uppsetningu kerfisins og til að stuðla að skilvirkni lögregluliðanna er fyrirhugað að ríkislögreglustjóri starfræki eina fjarskiptamiðstöð sem verði staðsett í húsakynnum Neyðarlínunnar. Þá hefur hefur verið reiknað með því að til falli kostnaður vegna frítökuréttar lögreglumanna á grundvelli nýrra reglna EES um hámark vinnutíma. Sá kostnaður er metinn á 8,3 m.kr. Að síðustu er áformað að lækka útgjöld um tæplega 26 m.kr. með hagræðingu í rekstri stofnunarinnar.

321 Almannavarnir ríkisins. Fjárveiting til stofnunarinnar er 53,9 m.kr. á næsta ári. Er þá miðað við að umfang starfseminnar verði óbreytt að undanskildu 1,8 m.kr. framlagi vegna stofnsetningar alþjóðlegrar björgunarsveitar. Utanríkisráðuneytið og dómsmálaráðuneytið undirrituðu í október árið 1999 ásamt Slysavarnafélaginu Landsbjörg samstarfsyfirlýsingu um þátttöku í alþjóðlegu björgunarstarfi. Í yfirlýsingunni felst að Slysavarnafélagið Landsbjörg muni koma á fót alþjóðlegri björgunarsveit sem á að vera til reiðu ef neyðarkall berst frá hamfarasvæðum, líkt og gerðist þegar mannskæðir jarðskjálftar riðu yfir Tyrkland á liðnu ári. Í samkomulagi milli áðurnefndra aðila, sem undirritað var í mars sl., kemur fram að ráðuneytin beri kostnað af hugsanlegu útkalli, allt að 3,6 m.kr., en að Landsbjörg greiði kostnað við þjálfun sveitarinnar og stofnsetningu.

325 Neyðarsímsvörun. Framlag til þessa liðar verður 61,3 m.kr. á næsta ári í samræmi við samning ríkisins við Neyðarlínuna hf. Með nýjum lögum um fjarskipti hefur Neyðarlínan fengið leyfi til að stunda alþjónustu á sviði neyðarþjónustu og á grundvelli þess leyfis er gert ráð fyrir að Neyðarlínan fái greiðslur úr nýjum jöfnunarsjóði rekstrarleyfishafa í fjarskiptum sem geti numið allt að 20 m.kr. til viðbótar við framangreint framlag ríkisins. Í dómsmálaráðuneytinu stendur nú yfir lokaundirbúningur að breytingu á verksamningi ráðuneytisins við Neyðarlínuna vegna aukinna verkefna og breytinga á tekjum fyrirtækisins.

341 Áfengis- og fíkniefnamál. Fjárveiting liðarins lækkar um 10 m.kr. þar sem fellt er niður tímabundið framlag í gildandi fjárlögum sem ætlað var til að bæta og auka við búnað til fíkniefnarannsókna hjá lögregluembættum.

390 Ýmis löggæslumál. Framlag til þessa safnliðar hækkar alls um 38,4 m.kr. og verður 87,9 m.kr. á næsta ári. Til viðfangsefnisins *1.10 Ýmis löggæslukostnaður* eru ætlaðar 36,5 m.kr. sem er nánast óbreytt að raungildi þótt nokkrar breytingar verði á fjárveitingunni, bæði til hækkunar og lækkunar. Annars vegar er viðfangsefnið lækkað um 8,5 m.kr. fjárheimild sem flutt er til embættis ríkislögreglustjóra. Hér er um að ræða kostnað vegna fatnaðar lögreglumanna og auglýsinga um laus störf og ýmiss konar kostnað við að fylgja brottvísuðum útlendingum úr landi sem embætti ríkislögreglustjóra hefur haft heimild til að bókfæra á þennan safnlið. Heppilegra þykir að kostnaðurinn verði færður á fjárlagaliðinn þar sem hann fellur til. Hins vegar hækkar fjárveiting viðfangsefnisins um samtals 7 m.kr. vegna fjögurra nýrra útgjaldatilefna. Í fyrsta lagi er veitt 3 m.kr. framlag í sérstakt þjálfunarátak fyrir lögreglumenn. Í kjölfar samstarfs íslenska og bandaríska dómsmálaráðuneytisins hafa Bandaríkjamenn boðið íslenskum lögreglumönnum að taka þátt í námskeiðum til þjálfunar í fíkniefnamálum, málum sem tengjast tölvuglæpum og á fleiri sviðum afbrota sem nú fara vaxandi. Þjálfunin er veitt án endurgjalds en viðkomandi lögregluembætti þurfa að greiða fyrir fargjöld, dagpeninga og afleysingar þeirra starfsmanna sem sækja námskeiðin. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 2 m.kr. til að efla leit og löggæslu með sporhundum. Í þriðja lagi hækkar framlagið um 1 m.kr. til að undirbúa P-merki, stæðiskort fyrir hreyfihamlaða. Lögreglustjórum er falið að gefa út kortin. Vegna þessara auknu verkefna lögreglustjóra þarf að hanna miðlægt tölvukerfi og leggja í kostnað við hönnun og útgáfu kortanna og eyðublaða. Að lokum er fjárheimild viðfangsefnisins aukin um 1 m.kr. vegna skráningar og útgáfu afbrotaupplýsinga. Nauðsynlegt er talið að bæta skráningu og flokkun afbrota hér á landi og er áformað að gera sérstakt átak í því skyni og koma útgáfumálum í varanlegt horf. Framlag til viðfangsefnisins *1.13 Undirbúningur að smíði varðskips* hækkar um 38,9 m.kr. og verður alls 43,9 m.kr. Annars vegar er um að ræða 13,9 m.kr. hækkun þar sem dregin er til baka tímabundin lækkun stofnkostnaðar sem gerð var í fjárlögum ársins 2000 til að mæta markmiðum um aðhald með útgjöldum. Hins vegar hækkar framlag um 25 m.kr. til að standa straum af ýmsum kostnaði við undirbúning að smíði skipsins. Upphafleg kostnaðaráætlun um smíði varðskips nam um 2,4 milljörðum króna en samkvæmt endurskoðaðri áætlun er nú reiknað með að fullbúið skip geti kostað allt að 3 milljörðum króna. Fyrir liggur ákvörðun ríkisstjórnar um smíði skipsins og hefur verið unnið að þarfagreiningu og undirbúningi útboðslýsingar fyrir skipið.

395 ***Landhelgisgæsla Íslands.*** Heildarframlag til Landhelgisgæslu Íslands er áætlað 962,4 m.kr. á næsta ári. Í fjárveitingu stofnunarinnar hefur verið gert ráð fyrir 2,6 m.kr. hækkun vegna nýs starfs bókara og gjaldkera en að öðru leyti er reksturinn óbreyttur. Þó er gerð sú breyting á framsetningu fjárreiðna stofnunarinnar að 60,3 m.kr. eru fluttar af rekstrarviðfangsefni á nýtt viðhaldsviðfangsefni. Í framsetningu fjárlaga hefur skipting milli rekstrar-, viðhalds- og stofnkostnaðar ekki komið nógu vel fram til þessa. Viðhaldskostnaður skipa og flugfarkosta stofnunarinnar er áætlaður rúmlega 60 m.kr. á verðlagi næsta árs. Til viðhaldsverkefna teljast öll stærri verkefni á borð við slipptökur varðskipa, stærri vélarupptektir á aðalvélum skipa og stærri skoðanir flugvéla og þyrlna o.fl. Misjafnt er frá ári til árs hvernig viðhaldskostnaðurinn fellur til og má því búast við að sum ár verði afgangur á viðfangsefninu í lok ársins en önnur ár verði halli sem í báðum tilvikum færist þá til næsta árs.

397 ***Schengen-samstarf.*** Áætluð útgjöld á næsta ári eru 70 m.kr. og þar af eru 12 m.kr. stofnkostnaður. Rekstrargjöld lækka um 6 m.kr. og verða 58 m.kr. Nokkrar innbyrðis breytingar verða innan liðarins. Þannig hækkar fjárveiting hans að raungildi um 43 m.kr. vegna aukins kostnaðar við rekstur og viðhald tölvu- og upplýsingakerfis fyrir Schengen-samstarfið. Í fyrsta lagi er þar um að ræða reglubundinn viðhaldskostnað vegna ýmissa kerfa, s.s. vegna kerfanna SIRENE og VISION (Visa Inquiry Open-Border Network). Þessi þáttur er talinn nema 18,2 m.kr. Í öðru lagi er gert ráð fyrir rekstrarkostnaði að fjárhæð 25 m.kr. vegna gagnalína, þjónustusamninga og aukins mannafla til að sinna framangreindum verkefnum. Í þriðja lagi er áætlað að ferðakostnaður muni aukast verulega vegna funda um tæknileg málefni sem nauðsynlegt og skylt er að sækja og er hann áætlaður 4,9 m.kr. Alls er þessi viðbótarkostnaður því metinn á rúmlega 48 m.kr. en þar af hefur þegar verið áætlað fyrir 5 m.kr. á fjárlagaliðnum í fjárlögum ársins 2000. Þá er einnig dregin til baka tímabundin lækkun stofnkostnaðar að fjárhæð 4 m.kr. sem gerð var í fjárlögum ársins 2000 til að mæta markmiðum um aðhald með útgjöldum. Framlag til samvinnu Norðurlanda um hugbúnaðargerð vegna upplýsingakerfa fyrir Schengen-samstarfið (NOCOP) og vegna kaupa á fartölvubúnaði fyrir landamærastöðvar hækkar um 2 m.kr. Heildarkostnaður nemur um 12 m.kr. en þegar er áætlað fyrir 10 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Á móti vegur að samtals falla niður um 180 m.kr. vegna verkefna á þessu sviði sem eru flutt annað eða er lokið. Fyrst má nefna að 25 m.kr. fjárheimild er flutt til embættis ríkislögreglustjóra sem mun hafa með höndum rekstur SIRENE-skrifstofu. Þá fellur niður 25 m.kr. framlag sem ætlað var til átaks í fræðslu og þjálfunar erlendis í tengslum við Schengen-samstarfið. Loks lækkar stofnkostnaðarframlag um 129,6 m.kr. vegna tímabundins kostnaðar við uppbyggingu upplýsingakerfa fyrir Schengen og fjárfestingar í tækjabúnaði fyrir landamærastöðvar.

398 Útlendingaeftirlitið. Fjárheimild stofnunarinnar á næsta ári er 104,6 m.kr. og hækkar að raungildi um 34,2 m.kr. Verkefni stofnunarinnar hafa breyst og aukist verulega á síðustu misserum. Er þar fyrst að nefna að afgreiddum umsóknum um dvalar- og atvinnuleyfi hefur fjölgað talsvert á undanförnum árum og er fyrirsjáanlegt að sú þróun muni halda áfram. Í annan stað hefur þeim sem leitað hafa hælis hér á landi sem pólitískir flóttamenn fjölgað mikið á allra síðustu árum. Þá hafa skyldur, sem lagðar eru á stofnunina í tengslum við aðild Íslands að Schengen-samstarfinu, leitt til aukins rekstrarkostnaðar. Alls eru þessi tilefni metin til 22,5 m.kr. hækkunar á útgjöldum. Þá er veitt tímabundið 6 m.kr. framlag á árinu 2001 til gerðar vegabréfaáritunarskrár sem verður hluti af VISION-tölvukerfinu (Visa Inquiry Open-Border Network) en einnig mun falla til kostnaður við að laga þessa skrá að núverandi tölvukerfi Útlendingaeftirlitsins. Því til viðbótar hækkar framlag um 3,5 m.kr. til kaupa á vegabréfabókum. Í fjárlögum 2000 voru áætluð útgjöld stofnunarinnar lækkuð um 7 m.kr. þar sem í samþykktu tilboði í vélrænt lesanleg vegabréf voru innifaldar 100 þúsund vegabréfabækur. Talið er að þær bækur muni endast fram á mitt ár 2001 og þarf því að gera ráð fyrir útgjöldum við kaup á vegabréfabókum í hálft ár, eða sem nemur 3,5 m.kr. Í frumvarpinu hefur einnig verið tekið mið af því að gerður hefur verið samningur milli Rauða kross Íslands og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um aðstoð Rauða krossins við að leysa vanda fólks sem leitar hælis á Íslandi sem flóttamenn. Samningur þessi gerir ráð fyrir að Rauði krossinn aðstoði flóttamenn með húsnæði, fatnað, lágmarkslæknisaðstoð o.fl. í allt að þrjá mánuði endurgjaldslaust. Dvelji flóttamaðurinn lengur en þrjá mánuði á Rauði krossinn endurkröfu á Útlendingaeftirlitið fyrir útlögðum kostnaði. Árlegur kostnaður stofnunarinnar af þessum samningi er áætlaður 1,5 m.kr. Aukin fundarsókn með erlendum samskiptaaðilum er einnig talin leiða til 1,5 m.kr. hækkunar rekstrarkostnaðar. Þá er gert ráð fyrir 1,2 m.kr. framlagi vegna þátttöku í vegabréfaáritunarútgáfu í samstarfi við Dani. Fyrirhugað er að Danmörk gefi út vegabréfaáritanir til Íslands en íslensk yfirvöld þurfa þá að leggja til áritunarmiða sem uppfylla öryggiskröfur ESB. Að síðustu er áformað að hagræðing í rekstri stofnunarinnar leiði til tæplega 2 m.kr. lækkunar á útgjöldum.

Sýslumenn

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 411-437 Sýslumenn; 490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta og 491 Húsnæði og búnaður sýslumanna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sýslumannsembætti, rekstur	2.778,6	2.676,4	2.885,3	7,8	3,8
Ýmis rekstrarkostnaður, safnliður	148,9	203,1	216,9	6,8	45,7
Húsnæði og búnaður	90,5	147,8	77,5	-47,6	-14,4
Samtals	**3.018,0**	**3.027,3**	**3.179,7**	**5,0**	**5,4**

Útgjöld málefnaflokksins hækka um 152,4 m.kr. frá fjárlögum 2000 en það samsvarar tæplega 30 m.kr. lækkun að frátöldum launa- og verðlagsbótum. Þar vegur þyngst að gert er ráð fyrir að hagræðing í rekstri allra embættanna skili um 48 m.kr. sparnaði. Aðrar breytingar eru þær helstar að fyrirhugað er að sýslumaðurinn í Kópavogi flytji í nýtt húsnæði fyrri hluta næsta árs og er árlegur viðbótarkostnaður vegna þess áætlaður 20 m.kr. Framlag til sýslumannsembættisins á Akranesi hækkar um 12 m.kr. að raungildi en á undanförnum árum hefur embættið átt í verulegum rekstrarerfiðleikum. Óhjákvæmilegt er talið að taka á þeim vanda þar sem sýnt þykir að ekki sé unnt að viðhalda núverandi þjónustustigi fyrir það rekstrarframlag sem embættinu er ætlað í fjárlögum yfirstandandi árs. Umdæmi sýslumannsins í Neskaupstað er sameinað Eskifirði og rennur framlag til embættisins í Neskaupstað, að fjárhæð 34,4 m.kr., að mestu til Eskifjarðar. Þó er gert ráð fyrir að 3,6 m.kr. af framlaginu verði varið til að styrkja rekstur þriggja sýslumannsembætta sem eiga við töluverðan rekstrarvanda að stríða og eru með minna en 50 m.kr. ársveltu en þar er um að ræða sýslumannsembættin í Vík í Mýrdal, á Hvolsvelli og í Búðardal.

Rekstrarkostnaður hækkar alls um tæplega 23 m.kr. hjá nokkrum sýslumannsembættum vegna leigugreiðslna til Fasteigna ríkissjóðs og annars húsnæðiskostnaðar. Framlag til safnliðar sýslumannsembætta lækkar á móti um 21 m.kr. og er þar með lokið að færa allar fasteignir sýslumannsembætta, sem eru í eigu ríkisins, til Fasteigna ríkissjóðs.

Ljóst er að mörg embætti eiga við erfiða rekstrarstöðu að etja og var rúmur þriðjungur þeirra með meiri en 4% halla í lok árs 1999. Þau embætti hafa, í samráði við dómsmálaráðuneytið, gert áætlun til nokkurra ára um hvernig unnt verði að draga úr rekstrarkostnaði og að eyða halla embættanna á þeim tíma. Mun það óhjákvæmilega leiða til minni þjónustu tímabundið en markmiðið er að koma rekstri þeirra sýslumannsembætta á réttan kjöl. Að lokum má geta þess að starfandi er nefnd á vegum dómsmálaráðuneytisins sem vinnur að smíði reiknilíkans með það fyrir augum að samræma fjárveitingar til embættanna, stuðla að sem bestri nýtingu fjármuna til rekstrar og þjónustu sýslumanna og auðvelda samanburð á kostnaði við einstök verkefni.

490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta. Fjárlagaliðurinn hækkar um 13,8 m.kr. frá fjárlögum 2000. Útgjöld liðarins skiptast sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ýmis sameiginlegur kostnaður	6,1	42,0	21,6	-48,6	254,1
Útgáfa ökuskírteina	21,3	11,8	12,3	4,2	-42,3
Kostnaður skv. lögum um aukatekjur ríkissjóðs	78,2	88,9	95,3	7,2	21,9
Gagnalínukostnaður	16,1	23,6	23,6	0,0	46,6
Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins	27,2	36,8	38,1	3,5	40,1
Þjónusta við upplýsingakerfi sýslumanna	0,0	0,0	26,0	-	-
Samtals	**148,9**	**203,1**	**216,9**	**6,8**	**45,7**

Viðfangsefnið *1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður* lækkar um 21 m.kr. en á móti hækkar rekstrarframlag nokkurra sýslumannsembætta um sömu fjárhæð. Um er að ræða leigugreiðslur til Fasteigna ríkissjóðs og annan húsnæðiskostnað sem tengist því að húsnæði sýslumannsembætta færist í umsjón Fasteigna ríkissjóðs. Framlag til viðfangsefnisins *1.60 Gagnalínukostnaður* breytist nokkuð þótt fjárhæðin standi að mestu í stað milli ára. Í fyrsta lagi eru veittar 5 m.kr. vegna aukins rekstrarkostnaðar við nýjar gagnalínur sýslumannsembættanna sem einnig þjóna verkefnum þeirra sem innheimtumanna ríkissjóðs. Sýslumannsembættin, lögreglustöðvar og fleiri undirstofnanir dómsmálaráðuneytisins eru tengdar saman með víðneti í eina miðstöð, Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins (TMD). Á þessu ári hafa komið fram vaxandi vandamál við notkun víðnetsins vegna of mikils álags. Gert er ráð fyrir að stofnkostnaður við að skipta um gagnaflutningsnetið verði 16,5 m.kr. og að rekstrarkostnaður aukist um 5 m.kr. á ári frá því sem nú er. Lögð er til viðbótarfjárveiting í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2000 til að mæta stofnkostnaðinum. Í öðru lagi eru millifærðar 2,7 m.kr. af viðfangsefninu *1.60 Gagnalínukostnaður* á viðfangsefnið *1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs* vegna kostnaðar sýslumannsembætta við öflun upplýsinga úr hlutafélagaskrá. Að lokum eru millifærðar 3,2 m.kr. af viðfangsefni gagnalínukostnaðar yfir á nýtt viðfangsefni, *1.65 Þjónusta við upplýsingakerfi sýslumanna*, vegna samkomulags dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og Hagstofu Íslands um aðgang embætta dómsmálaráðuneytisins að þjóðskránni og daglegri uppfærslu hennar hjá þeim embættum. Auk þess hækkar framlag vegna þessa samkomulags um 1 m.kr. en samkvæmt því ber dómsmálaráðuneytinu að greiða Hagstofunni 3,2 m.kr. árið 2000 fyrir aðganginn að þjóðskránni, 4,2 m.kr. á árinu 2001 og 5 m.kr. árið 2002 og svo framvegis. Þá er í frumvarpinu sett fram 19,8 m.kr. fjárveiting á viðfangsefninu *1.65 Þjónusta við upplýsingakerfi* en hún er flutt af stofnkostnaðarviðfangsefni fyrir upplýsingakerfi sýslumanna undir liðnum *491 Húsnæði og búnaðar sýslumannsembætta.* Allur kostnaður var áður færður þar en hluti hans er í raun rekstrarkostnaður. Er þar

um að ræða ýmsa sameiginlega liði, s.s. tengingu við Netið, hugbúnaðargerð o.fl. Að auki hækkar framlag til þessa nýja viðfangsefnis um 1 m.kr. til frekari þróunar og viðhalds á nýju hugbúnaðarkerfi sem annast vinnslu á ákærumálum hjá ríkissaksóknara, sýslumannsembættunum og lögreglustjóranum í Reykjavík. Alls eru því 26 m.kr. ætlaðar til viðfangsefnisins *1.65 Þjónusta við upplýsingakerfi sýslumanna* en þar af eru 23 m.kr. millifærðar af öðrum liðum.

491 Húsnæði og búnaður sýslumanna. Heildarframlag liðarins lækkar um 70,3 m.kr. og verður 77,5 m.kr. á næsta ári. Viðfangsefnið *6.14 Húsnæði sýslumanns í Stykkishólmi* lækkar um 75 m.kr. en framkvæmdum við byggingu lögreglu- og sýsluskrifstofu í Stykkishólmi lýkur á þessu ári. Þær 10 m.kr., sem eftir standa á þessu viðfangsefni, eru ætlaðar til viðhalds á húsnæði útibúa sýslumannsins í Stykkishólmi. Á þessu ári var fyrirhugað að endurbæta húsnæði í Ólafsvík en það er nú talið vera mun dýrara en gert hafði verið ráð fyrir og hefur því verið frestað um sinn. Þess í stað verður fjárveitingin nýtt til að flytja gömlu lögreglustöðina í Stykkishólmi til Grundarfjarðar. Framlag til viðfangsefnisins *6.60 Upplýsingakerfi sýslumanna* lækkar alls um 27,8 m.kr. Annars vegar eru millifærðar 19,8 m.kr. yfir á nýtt rekstrarviðfangsefni, *1.65 Þjónusta við upplýsingakerfi sýslumanna*, undir fjárlagaliðnum *490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta*, eins og áður er getið um. Hins vegar fellur niður framlag að fjárhæð 8 m.kr. sem veitt var í fjárlögum áranna 1999 og 2000 til uppbyggingar á nýju þinglýsingarkerfi í tengslum við nýja Landskrá fasteigna hjá nokkrum sýslumannsembættum. Með nýjum lögum á þessu ári breytast áform um uppbyggingu Landskrárinnar á þann veg að Fasteignamat ríkisins mun fjármagna þennan stofnkostnað sýslumannsembættanna. Gert hefur verið ráð fyrir þeim útgjöldum í fjárveitingu til Fasteignamats ríkisins og mun stofnunin greiða til einstakra sýslumannsembætta samkvæmt samkomulagi þar um og eftir því sem innsláttur í nýja þinglýsingakerfið gefur tilefni til. Embættin bera því ekki kostnað af þessari breytingu. Þá er í frumvarpinu sett fram tímabundin fjárveiting að fjárhæð 30 m.kr. á nýtt viðfangsefni, *6.37 Húsnæði sýslumanns í Kópavogi*, og er henni ætlað að standa undir kostnaði við flutning embættisins í nýtt húsnæði. Sú fjárheimild tekur til endurnýjunar á hluta húsbúnaðar, tækja og innréttinga, auk annars kostnaðar sem leiðir beint af flutningnum. Að lokum er tekið inn í frumvarpið annað nýtt viðfangsefni undir þessum fjárlagalið, *6.11 Húsnæði sýslumanns í Reykjavík*. Framlag til þess er 2,5 m.kr. og er það veitt til að endurbæta og fjölga bílastæðum hjá sýslumanninum í Reykjavík við Skógarhlíð. Heildarkostnaður við verkið er áætlaður um 22 m.kr. Af þeirri fjárhæð greiða Fasteignir ríkissjóðs 7,5 m.kr., Reykjavíkurborg 5,5 m.kr. og um 9 m.kr. falla á ríkissjóð. Gert er ráð fyrir að hefja verkið á þessu ári og að dómsmálaráðuneytið fjármagni hluta kostnaðar af safnlið á þessu og næsta ári.

Fangelsismál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 501 Fangelsismálastofnun ríkisins og 591 Fangelsisbyggingar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Yfirstjórn	58,7	56,0	58,6	4,6	-0,2
Rekstur fangelsa	360,9	416,3	423,9	1,8	17,5
Ýmis fangamál	12,2	12,8	12,8	0,0	4,9
Viðhald fangelsisbygginga	39,0	10,0	10,0	0,0	-74,4
Fangelsisbyggingar	32,1	7,0	60,0	757,1	86,9
Samtals	**502,9**	**502,1**	**565,3**	**12,6**	**12,4**

Rekstrarframlag Fangelsismálastofnunar er áætlað 565,3 m.kr. á næsta ári og lækkar um tæplega 6 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum milli ára. Skýrist það af því að gert er ráð fyrir að hagræðing í rekstri stofnunarinnar leiði til 8,3 m.kr. lækkunar á útgjöldum, auk þess sem launaliður lækkar um 1,4 m.kr. vegnar breytingar á fyrirkomulagi fjármögnunar á fæðingarorlofi starfsmanna. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir nýju 4 m.kr. framlagi til að bæta við starfsmanni í skilorðseftirliti.

Fjárveiting til fangelsisbygginga hækkar um 53 m.kr. og verður 60 m.kr. Fjárveitingin er ætluð til undirbúnings byggingu á nýju fangelsi á höfuðborgarsvæðinu. Í gildandi fjárlögum eru veittar 7 m.kr. til þess að undirbúa fangelsisbygginguna. Fyrirhugað er að nýtt fangelsi leysi hegningarhúsið við Skólavörðustíg af hólmi. Viðræður standa nú yfir við Reykjavíkurborg um nýja lóð fyrir fangelsið í stað áður úthlutaðrar lóðar við Tunguháls en hún þykir ekki lengur hentug til þeirra nota sökum nálægra stórbygginga.

Kirkjumál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 701 Biskup Íslands; 705 Kirkjumálasjóður; 707 Kristnisjóður; 733 Kirkjugarðsgjöld; 735 Sóknargjöld og 736 Jöfnunarsjóður sókna.

701 Biskup Íslands. Rekstrargjöld eru áætluð 731,5 m.kr. á næsta ári og eru óbreytt að raungildi og í samræmi við samning ríkis og kirkju sem gerður var á árinu 1998. Framlag að fjárhæð 5 m.kr., sem veitt var tímabundið í eitt ár til viðfangsefnisins *6.25 Dómkirkjan í Reykjavík*, fellur niður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Biskup Íslands	731,7	749,7	768,1	2,5	5,0
Kirkjumálasjóður	119,6	130,1	140,9	8,3	17,8
Kristnisjóður	40,0	41,2	44,6	8,3	11,5
Kirkjugarðsgjöld, hlutur kirkjugarða	467,8	488,0	532,0	9,0	13,7
Kirkjugarðasjóður	19,6	42,0	46,0	9,5	134,7
Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	1.058,4	1.152,0	1.248,0	8,3	17,9
Sóknargjöld til annarra trúfélaga	82,8	90,0	103,0	14,4	24,4
Sóknargjöld til Háskóla Íslands	47,5	52,0	61,0	17,3	28,4
Jöfnunarsjóður sókna	195,8	213,0	231,0	8,5	18,0
Samtals	**2.763,2**	**2.958,0**	**3.174,6**	**7,3**	**14,9**

733-736 Kirkjugarðsgjöld og sóknargjöld. Kirkjugarðsgjöld og sóknargjöld hækka alls um 195 m.kr. frá fjárlögum 2000, eða sem nemur um 9%. Þessi lögboðnu framlög aukast í samræmi við hækkun á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga 16 ára og eldri milli tekjuáranna 1998 og 1999. Framlög til Kirkjumálasjóðs og Jöfnunarsjóðs sókna taka einnig mið af heildarfjárhæð sóknargjalda. Áformað er að taka til skoðunar fyrirkomulag fjármögnunar kirkjugarða.

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun félagsmálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	3.142,5	3.231,8	3.480,4	8	11
Neyslu- og rekstrartilfærslur	7.571,0	7.363,0	9.858,7	34	30
Stofnkostnaður og viðhald	769,4	607,0	563,0	-7	-27
Samtals	**11.482,9**	**11.201,8**	**13.902,1**	**24**	**21**
Greitt úr ríkissjóði	10.916,0	11.145,1	13.845,4	24	27
Innheimt af ríkistekjum	70,9	80,7	56,7	-30	-20
Viðskiptahreyfingar	496,0	-24,0	0,0	-100	-100
Samtals	**11.482,9**	**11.201,8**	**13.902,1**	**24**	**21**

Heildargjöld félagsmálaráðuneytis árið 2001 eru áætluð um 14.206,2 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 304,1 m.kr. en þær nema 2,1% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 13.902,1 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 13.845,4 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 56,7 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 3.480,4 m.kr. og hækka um 248,6 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Munar þar mest um 287 m.kr. framlag til málefna fatlaðra. Þá lækka launagjöld stofnana í heild um 76 m.kr. vegna breytinga á fjármögnun fæðingar- og foreldraorlofs.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna verður 9.858,7 m.kr. en var 7.363,0 m.kr. í fjárlögum ársins 2000. Þyngst vegur 2.369 m.kr. framlag í fæðingarorlofssjóð og 209 m.kr. framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Þá lækka tilfærslur í atvinnuleysistryggingasjóð um 205 m.kr. vegna minnkandi atvinnuleysis. Loks lækka launagjöld stofnana, sem hér undir falla, um 26 m.kr. vegna breytinga á fjármögnun fæðingar- og foreldraorlofs.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 563,0 m.kr. og er það 44 m.kr. lækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru 50 m.kr. framlag til húsaleigubóta eða stofnkostnaðarstyrkja en á móti fellur niður 100 m.kr. tímabundið framlag til niðurgreiðslu vaxta til leiguíbúða. Þá er 8 m.kr. framlag til íslenska upplýsingasamfélagsins.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá fyrri áformum með frestun eða lækkun á stofnkostnaði sem nemur 50 m.kr. Ráðuneytið hefur einnig gert ráð fyrir 50 m.kr. lækkun útgjalda með hagræðingu í starfsemi sinni, einkum í rekstri, til að mynda svigrúm fyrir jafnháum framlögum til nýrra verkefna. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald með stofnkostnaði og forgangsröð útgjalda í greinargerð

um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2001 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld félagsmálaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2001 til 2004. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2001	Spá 2002	Spá 2003	Spá 2004
Ráðuneyti	182	183	180	181
Húsnæðismál	50	50	50	50
Stjórnsýslustofnanir	292	295	298	301
Málefni barna og ungmenna	496	501	511	516
Málefni fatlaðra	3.776	3.893	4.026	4.164
Sveitarfélög	3.964	4.035	4.107	4.181
Vinnumál og fæðingarorlof	4.845	5.577	6.129	6.131
Annað	297	265	268	271
Samtals	**13.902**	**14.799**	**15.569**	**15.795**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknuð útgjöld fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að verða aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka félagsmálaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar í samanburði við almennar forsendur reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til málefna fatlaðra aukist að jafnaði um 4% á ári. Skýrist það einkum af því að þjónusta við fatlaða hefur aukist verulega á síðustu árum og að nokkur tími líði þar til hún kemst í jafnvægi og unnt verði að mæta eftirspurn eftir núverandi þjónustu. Í öðru lagi er miðað við að framlög í málefnaflokkinn sveitarfélög fylgi almennri tekjuþróun enda er þar um að ræða framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem er fjármagnaður með hlutfalli af skatttekjum og útsvarsstofni. Í þriðja lagi er í spánni miðað við að útgjöld, sem falla undir málefnaflokkinn vinnumál, vaxi árlega um 9% að meðaltali næstu ár. Þar vega þyngst útgjöld fæðingarorlofssjóðs sem koma til með að vaxa ár frá ári til ársins 2003 en þá er talið að réttur til foreldraorlofs verði fullnýttur. Þá er gert ráð fyrir að greiðslur atvinnuleysisbóta miðist við 2% atvinnuleysi frá 2002 til 2004. Því er gert ráð fyrir að útgjöld til þessa málefnaflokks aukist ekki milli áranna 2003 og 2004.

Skuldbindandi samningar

Félagsmálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 828 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Að frátöldu yfirstandandi ári eru fjárhæðir í töflunni á áætluðu verðlagi ársins 2001 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Samningar, sem félagsmálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga, eru merktir með bókstafnum A í töflunni og kostnaður vegna þeirra áætlaður 763 m.kr. á yfirstandandi ári. Samningar, sem félagsmálaráðuneytið stendur eitt að, eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni en kostnaður vegna þeirra er áætlaður 65 m.kr. Samningar ráðuneytisins í heild er nema því 828 m.kr. Gera má ráð fyrir að þeir samningar, sem renna út á tímabilinu, verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að að óbreyttu verði að jafnaði nálægt 840 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2000	2001	2002	2003	2004
Akureyrarbær, þjónusta við fatlaða	A	335,0	348,4	0,0	0,0	0,0
Sveitarf. Hornafjörður, þjónusta við fatlaða	A	11,2	11,6	0,0	0,0	0,0
Héraðsnefnd Þingeyinga, þjónusta við fatlaða	A	37,0	38,5	0,0	0,0	0,0
Þjónusta við fatlaða á Norðurlandi vestra	A	145,2	151,0	0,0	0,0	0,0
Geðhjálp, þjónusta við fatlaða	A	28,5	29,6	0,0	0,0	0,0
Árbót, meðferð barna og unglinga	A	46,7	48,6	48,6	48,6	8,1
Geldingalækur, meðferð barna og unglinga	A	21,7	22,6	22,6	22,6	15,1
Háholt, meðferð barna og unglinga	A	42,9	44,6	44,6	44,6	0,0
Hvítárbakki, meðferð barna og unglinga	A	27,9	29,0	29,0	19,3	0,0
Torfastaðir, meðferð barna og unglinga	A	20,2	21,0	0,0	0,0	0,0
Varpholt, meðferð barna og unglinga	A	22,5	23,4	9,8	0,0	0,0
Skjöldólfsstaðir, meðferð barna og unglinga	A	23,3	26,4	26,4	26,4	24,2
Barnaheill, málefni barna og unglinga	A	0,7	0,7	0,7	0,7	0,4
Iðnþróunarf. Norðurl. vestra, jafnréttismál	C	4,4	1,6	0,0	0,0	0,0
Vímulaus æska, málefni barna og unglinga	C	4,0	1,7	0,0	0,0	0,0
Árvellir, meðferð barna og unglinga	C	24,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Landspítali, málefni barna og unglinga	C	32,5	41,8	17,5	0,0	0,0
Samtals		**827,7**	**840,6**	**199,2**	**162,2**	**47,8**

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga auk þess sem nokkrir nýir eru í undirbúningi. Þar skal fyrst nefna samning við Styrktarfélag vangefinna og Akraneskaupstað um þjónustu við fatlaða. Þá er einnig áformað að ná samningum um þjónustu við fatlaða við Félagsþjónustu Reykjavíkur, Reynslusveitarfélagið Vestmannaeyjar, Öryrkjabandalag Íslands, Múlalund og Blindrafélagið. Gangi þessir samningar eftir má áætla að kostnaður vegna samningsbundinna framlaga félagsmálaráðuneytis hækki um 500 m.kr. á ári en beinar fjárveitingar á fjárlögum til þessara aðila lækki að sama skapi.

Hér á eftir verður fjallað um breytingar á fjárlagaliðum félagsmálaráðuneytisins. Nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni stofnana eru í Verkefnavísum 2000.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Liðurinn 190 Ýmis verkefni er nýr og færast á hann verkefni sem áður var áætlað fyrir á öðrum liðum.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	144,0	145,6	132,9	-8,7	-7,7
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	-	-
Reynslusveitarfélög	4,3	0,0	0,0	-	-
Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	6,3	0,0	0,0	-	-
Ýmis verkefni	0,0	0,0	43,6	-	-
Samtals	**154,6**	**150,6**	**181,5**	**20,5**	**17,4**

Gjöld eru áætluð 181,5 m.kr. og hækka um 25,5 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af breyttri framsetningu eins og áður er getið.

101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir 16,9 m.kr. lækkun á framlagi til aðalskrifstofu umfram launa- og verðlagsbreytingar sem skýrist fyrst og fremst af flutningi verkefna á nýjan lið 190 Ýmis verkefni.

190 Ýmis verkefni. Á þennan nýja fjárlagalið eru færð nokkur verkefni sem voru áður á öðrum fjárlagaliðum svo sem 101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa, 311 Jafnréttisráð, sem hefur verið felldur niður, og 999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Heildargjöld á liðnum eru áætluð 43,6 m.kr. Þar af eru 4 m.kr. til *1.18 Úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála* sem er nýtt viðfangsefni. Niður fellur 0,8 m.kr. tímabundið framlag á *1.25 Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum.* Að frátöldum verðbreytingum er framlag til annarra viðfangsefna óbreytt.

Stjórnsýslustofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 302 Ríkissáttasemjari; 313 Jafnréttisstofa og 331 Vinnueftirlit ríkisins. Liðurinn 313 Jafnréttisstofa er nýr. Liðurinn 311 Jafnréttisráð fellur niður. Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 292,4 m.kr. sem er 11,1 m.kr. lækkun frá fyrra ári sem að mestu leyti má rekja til breyttrar framsetningar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkissáttasemjari	20,0	39,1	37,6	-3,8	88,0
Jafnréttisráð	36,6	37,9	0,0	-	-
Jafnréttisstofa	0,0	0,0	24,2	-	-
Vinnueftirlit ríkisins	238,2	226,5	230,6	1,8	-3,2
Samtals	**294,8**	**303,5**	**292,4**	**-3,7**	**-0,8**

302 Ríkissáttasemjari. Útgjöld embættisins samkvæmt frumvarpinu eru 37,6 m.kr. en eru 39,1 m.kr. í fjárlögum 2000. Efnislegar breytingar eru niðurfelling á 2 m.kr. tímabundnu framlagi til kaupa á búnaði og tækjum auk 0,6 m.kr. hagræðingarkröfu.

313 Jafnréttisstofa. Rekstur stofunnar hófst 1. september 2000 á Akureyri og starfar hún samkvæmt lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Með gildistöku laganna er skrifstofa Jafnréttisráðs lögð niður en Jafnréttisstofa tekur við verkefnum hennar auk þess sem hún fær skilgreint eftirlitshlutverk með framkvæmd laganna. Áætlað er fyrir útgjöldum kærunefndar jafnréttismála, framkvæmdaáætlunar um jafnréttismál og aðgerða til að auka hlut kvenna í stjórnmálum á fjárlagalið 190 Ýmis verkefni. Heildargjöld Jafnréttisstofu eru áætluð 24,2 m.kr. en útgjöld Jafnréttisráðs voru 37,9 m.kr. Auk launa- og verðlagsbreytinga skýrist mismunurinn fyrst og fremst af tilfærslu verkefna á aðra fjárlagaliði og 0,5 m.kr. lækkun vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.

331 Vinnueftirlit ríkisins. Framlag er áætlað 230,6 m.kr. en var 226,5 m.kr. í fjárlögum 2000 og er það fjármagnað með innheimtu lögboðinna gjalda og innheimtu ríkistekna. Þar vegur þyngst hlutdeild eftirlitsins í tryggingagjaldsstofni.

Málefni barna og ungmenna

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 400 Barnaverndarstofa og 401 Barnaverndarráð. Heildarútgjöld ársins 2001 eru áætluð 496,3 m.kr. en eru 487,2 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Barnaverndarstofa	364,1	472,5	481,5	1,9	32,2
Barnaverndarráð	12,5	14,7	14,8	0,7	18,4
Samtals	**376,6**	**487,2**	**496,3**	**1,9**	**31,8**

400 Barnaverndarstofa. Útgjöld verða 481,5 m.kr. samkvæmt frumvarpinu en eru 472,5 m.kr. í fjárlögum líðandi árs sem er 9 m.kr. hækkun. Launa- og verðlagsbætur nema 15 m.kr. og því lækka útgjöld Barnaverndarstofu í raun frá fyrra ári sem skýrist m.a. af breytingu á fjármögnun fæðingar- og foreldraorlofs. Gert er ráð fyrir 3 m.kr. hækkun leigugjalda vegna flutnings í nýtt húsnæði og 5 m.kr. tímabundnu framlagi á árinu 2001 vegna hærri stofnkostnaðar en áætlað var vegna flutninganna. Loks er ætlast til að stofnunin hagræði í rekstri sínum og lækki þannig útgjöld um 4 m.kr.

Málefni fatlaðra

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 700-722 Málefni fatlaðra og tengdar stofnanir; 750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
700 Málefni fatlaðra	138,1	181,4	209,2	15,3	51,5
701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	705,0	755,0	834,7	10,6	18,4
702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi	534,2	600,0	633,2	5,5	18,5
703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi	118,8	126,9	128,4	1,2	8,1
704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	77,7	85,4	86,5	1,3	11,3
705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	140,4	146,1	155,0	6,1	10,4
706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	338,0	345,2	396,5	14,9	17,3
707 Málefni fatlaðra, Austurlandi	102,3	119,4	131,4	10,1	28,4
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	190,9	203,9	216,7	6,3	13,5
711 Styrktarfélag vangefinna	273,7	312,9	343,1	9,7	25,4
720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	138,2	142,6	152,9	7,2	10,6
722 Sólheimar, Grímsnesi	117,8	121,3	128,8	6,2	9,3
750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	117,9	113,6	124,2	9,3	5,3
795 Framkvæmdasjóður fatlaðra	246,3	235,0	235,0	0,0	-4,6
Samtals	**3.239,3**	**3.488,7**	**3.775,6**	**8,2**	**16,6**

Útgjöld árið 2001 eru áætluð 3.775,6 m.kr. og hækka um 287 m.kr. frá fjárlögum 2000 með launa- og verðlagsbóta. Meðal nýrra útgjalda í þessum málefnaflokki er 65,4 m.kr. framlag til málefna fatlaðra sem er ráðstafað í samræmi við tillögu nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði til að fjalla um biðlista eftir þjónustu hjá svæðisskrifstofum málefna fatlaðra. Launagjöld stofnana í þessum málefnaflokki lækka í heild um 78 m.kr. vegna breytingar á fjármögnun fæðingar- og foreldraorlofs.

700 Málefni fatlaðra. Útgjöld fjárlagaliðarins hækka um 27,8 m.kr. og verða 209,2 m.kr. Útgjöldin aukast um 65,4 m.kr. vegna reksturs nýrra sambýla fatlaðra í samræmi við tillögur nefndar frá árinu 1998 eftir að tekið hefur verið tillit til hagræðingarkröfu. Á móti kemur í fyrsta lagi 23,1 m.kr. lækkun við það að framlag, sem var á viðfangsefni *1.20 Vistun geðfatlaðra*, er fært yfir á lið 701 Málefni fatlaðra, Reykjavík. Í öðru lagi er 13,7 m.kr. framlag fært af liðnum yfir til Héraðsnefndar Þingeyinga, Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Akureyrarbæjar vegna umsaminna verkefna. Loks fellur niður 4,6 m.kr. tímabundið framlag til handverkstæðisins Ásgarðs.

701-708 Málefni fatlaðra. Útgjöld á fjárlagaliðum svæðisskrifstofa eru áætluð 2.582,4 m.kr. en eru 2.381,9 m.kr. í fjárlögum 2000. Hækkunin nemur 125 m.kr. auk launa- og verðlagsbreytinga. Skýrist hún m.a. af 44 m.kr. framlagi til tveggja sambýla í Reykja-

vík og tveggja á Reykjanesi, endurmati á rekstrarkostnaði Svæðisskrifstofu fatlaðra í Reykjavík og á Suðurlandi, alls 41 m.kr., auk 33,7 m.kr. framlags samkvæmt samningum við Héraðsnefnd Þingeyinga, Sveitarfélagið Hornafjörð og Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða. Þar af er 10 m.kr. tímabundið framlag til Akureyrarbæjar á árinu 2001. Launagjöld stofnana á þessum liðum lækka í heild um 58 m.kr. vegna breytinga á fjármögnun fæðingar- og foreldraorlofs. Felld er niður 10,3 m.kr. fjárveiting til Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra þar sem áformum um opnun sambýlis er frestað. Loks er lögð til 0,8 m.kr. hækkun á framlagi til svæðisráða. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á framsetningu viðfangsefna svæðisskrifstofanna og þau sameinuð án þess að verkefni hafi verið felld niður.

*711 **Styrktarfélag vangefinna.*** Fjárveiting á þessum fjárlagalið nemur 343,1 m.kr. og hækkar um 25 m.kr. frá fyrra ári auk launa- og verðlagsbreytinga. Með þessari fjárveitingu er stefnt að gerð þjónustusamnings við félagið á grundvelli 13. gr. laga um málefni fatlaðra.

Sveitarfélög

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Heildargjöld eru áætluð 3.964 m.kr. en eru 3.755 m.kr. í fjárlögum 2000 og er hækkunin 209 m.kr.

*801 **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.*** Útgjöld til sjóðsins nema 3.964 m.kr. en eru 3.755 m.kr. í fjárlögum 2000 og nemur hækkunin 209 m.kr. Almennt rekstrarframlag til sjóðsins er áætlað 3.699 m.kr., þar af eru 3.393 m.kr. til viðfangsefnis *1.10 Jöfnunarsjóður*. Fellt er niður 25 m.kr. tímabundið framlag til jöfnunar skuldastöðu sveitarfélaga sem sameinast. Framlag til Jöfnunarsjóðs er ákvarðað með tvennum hætti samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Annars vegar er 2.391 m.kr. framlag úr ríkissjóði sem er 1,4% af innheimtum tekjum ríkisins af beinum og óbeinum sköttum. Hins vegar eru lagðar til sjóðsins 1.002 m.kr. sem er 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs. Lögbundin framlög til sjóðsins hækka því um 222 m.kr. frá fyrra ári. Þá er 306 m.kr. framlag til viðfangsefnis *1.12 Jöfnun húsaleigubóta* samkvæmt samkomulagi sem gert var við Samband íslenskra sveitarfélaga við breytingu á lögum um húsaleigubætur. Framlagið hækkar frá fyrra ári sem nemur verðlagsbreytingu. Loks er 265 m.kr. framlag á viðfangsefni *6.21 Einsetning grunnskóla* sem er óbreytt frá fyrra ári en samkomulag er um að ríkissjóður veiti árlega allt að 265 m.kr. fram til ársins 2001 til að styrkja sveitarfélög við að koma á einsetningu grunnskóla. Á móti skal Jöfnunarsjóður leggja fram 135 m.kr. á ári og skal fjármagninu varið til að greiða allt að 20% af normkostnaði grunnskólabygginga í sveitarfélögum með yfir 2000 íbúa.

Vinnumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 972 Bjargráðasjóður; 980 Vinnumálastofnun; 981 Vinnumál; 982 Ábyrgðasjóður launa; 984 Atvinnuleysistryggingasjóður; 985 Félagsmálaskóli alþýðu; 987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga og 989 Fæðingarorlofssjóður. Liðurinn 989 Fæðingarorlofssjóður er nýr. Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 4.845 m.kr. í frumvarpinu en eru 2.692 m.kr. í fjárlögum 2000 og nemur hækkunin 2.153 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bjargráðasjóður Íslands	35,0	30,0	30,0	0,0	-14,3
Vinnumálastofnun	143,6	137,9	135,8	-1,5	-5,4
Vinnumál	49,8	32,8	21,7	-33,8	-56,4
Ábyrgðasjóður launa	115,5	100,0	103,0	3,0	-10,8
Atvinnuleysistryggingasjóður	1.934,9	2.343,0	2.136,0	-8,8	10,4
Félagsmálaskóli alþýðu	23,2	21,6	22,0	1,9	-5,2
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	2,3	26,7	27,5	3,0	-
Fæðingarorlof	0,0	0,0	2.369,0	-	-
Samtals	**2.304,3**	**2.692,0**	**4.845,0**	**80,0**	**110,3**

980 Vinnumálastofnun. Heildargjöld stofnunarinnar eru áætluð 135,8 m.kr. en eru 137,8 m.kr. í fjárlögum 2000. Það er um 5 m.kr. lækkun á milli ára þegar tekið er tillit til launa- og verðlagsbreytinga. Lækkunin skýrist af breytingu á fjármögnun fæðingar- og foreldraorlofs.

981 Vinnumál. Heildargjöld eru áætluð 21,7 m.kr. og lækka um 11,1 m.kr. Viðfangsefni *1.90 Ýmislegt* er fært undir fjárlagaliðinn 190 Ýmis verkefni. Auk þess er fellt niður 7 m.kr. tímabundið framlag til vinnumála.

982 Ábyrgðasjóður launa. Áætlað er að framlag til sjóðsins nemi 103 m.kr. en það nam 100 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Sjóðurinn er fjármagnaður með tekjum af ábyrgðargjaldi og er gjaldstofn þess sá sami og stofn tryggingagjalds. Hlutfall ábyrgðargjalds af gjaldstofni skal ákveðið með reglugerð sem félagsmálaráðherra setur fyrir hvert ár í senn. Hlutfall ábyrgðargjalds af gjaldstofni var 0,04% árið 2000 og í frumvarpinu er gert ráð fyrir óbreyttu hlutfalli.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður. Framlag til sjóðsins er áætlað 2.136 m.kr. en það nam 2.343 m.kr. í fjárlögum 2000 og er það 207 m.kr. lækkun. Samkvæmt þjóðhagsspá var gert ráð fyrir 2,2% atvinnuleysi og eru forsendur fjárlaga 2000 hinar sömu en horfur eru á að atvinnuleysi í ár verði nokkru minna eða um 1,5%. Í þjóðhagsspá fyrir árið

2001 er gert ráð 1,8% atvinnuleysi og byggir frumvarpið á þeirri spá. Atvinnuleysisbætur lækka því um 218 m.kr. Í frumvarpinu eru 10 m.kr. færðar af viðfangsefni *1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva* og þar af eru 5 m.kr. færðar yfir á viðfangsefni *1.45 Starfsmenntasjóður* þar sem þörfin á aukinni starfsmenntun fer vaxandi og 5 m.kr. á viðfangsefni *1.31 Kjararannsóknarnefnd* vegna aukinna verkefna nefndarinnar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Atvinnuleysisbætur	1.602,0	1.808,0	1.590,0	-12,1	-0,7
Umsýslukostnaður Vinnumiðlunar	51,5	53,0	55,0	3,8	6,8
Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana	103,0	106,0	110,0	3,8	6,8
Styrkir til fiskvinnslustöðva	111,6	139,0	133,0	-4,3	19,2
Kjararannsóknarnefnd	24,7	21,0	27,0	28,6	9,3
Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	64,0	115,0	115,0	0,0	79,7
Framlög og styrkir	18,1	35,0	35,0	0,0	93,4
Starfsmenntasjóðir	58,5	55,0	60,0	9,1	2,6
Rekstur úthlutunarnefnda	40,5	53,0	55,0	3,8	35,8
Samtals	**2.073,9**	**2.385,0**	**2.180,0**	**-8,6**	**5,1**

989 Fæðingarorlofssjóður. Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 taka til réttar foreldra á innlendum vinnumarkaði til fæðingar- og foreldraorlofs svo og til réttar foreldra utan vinnumarkaðar og foreldra í námi til fæðingarstyrks. Með lögunum er gert ráð fyrir framlögum til að bæta rétt foreldra til fæðingarorlofs og tryggja jafnan rétt karla og kvenna til fæðingarorlofs í áföngum til ársins 2003. Lögin auka því verulega réttindi foreldra og eru þeim sem eru á vinnumarkaði tryggðar fæðingarorlofsgreiðslur sem nema 80% af launum. Samkvæmt lögunum skal Fæðingarorlofssjóður annast greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi sem eru á innlendum vinnumarkaði en greiðslur til foreldra utan vinnumarkaðar koma úr ríkissjóði. Fæðingarorlofssjóður skal fjármagnaður með 0,85% af gjaldstofni til tryggingagjalds, sbr. lög um tryggingagjald, auk vaxta af innstæðufé sjóðsins. Á viðfangsefni *1.11 Fæðingarorlofssjóður* eru færðar áætlaðar greiðslur vegna fæðingarorlofs fólks á vinnumarkaði og eru þær áætlaðar 1.957 m.kr. Á viðfangsefni *1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar* er áætlað fyrir greiðslum ríkisins til foreldra utan vinnumarkaðar og til námsmanna, alls 412 m.kr. Athygli er vakin á því að þar sem sjóðurinn tekur til starfa um næstu áramót munu almannatryggingar halda áfram að greiða til þeirra sem taka fæðingarorlof samkvæmt eldri lagaákvæðum og eiga ólokið orlofi um áramót. Áhrif þessara breytinga á Fæðingarorlofssjóð verða því ekki komin að fullu fram fyrr en um mitt næsta ár. Þá taka ákvæði um sjálfstæðan rétt feðra til fæðingarorlofs gildi í áföngum og verða að fullu komin til framkvæmda árið 2003. Af þessum sökum munu markaðar tekjur sjóðsins safnast upp árið 2001 en sjóðssöfnun hófst við gildistöku laganna í maí 2000.

Í lögum um fæðingar- og foreldraorlof er þó gert ráð fyrir að Fæðingarorlofssjóður verði í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins sem sjái um reikningshald og daglega afgreiðslu í umboði félagsmálaráðherra. Nokkur kostnaður mun falla til vegna umsýslu fæðingar- og foreldraorlofs en gerð er tillaga um að sá kostnaður verði borinn uppi af sjóðnum.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 950 Rekstrarhagræðing, 996 Íslenska upplýsingasamfélagið og 999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Af liðnum hafa verið færð nokkur viðfangsefni á lið 190 Ýmis verkefni. Liðurinn 996 Íslenska upplýsingasamfélagið er nýr. Útgjöld málaflokksins eru samkvæmt frumvarpinu 293 m.kr. og hækka um 68 m.kr. frá fjárlögum.

Áætlað er fyrir 8 m.kr. fjárveitingu til liðarins 996 Íslenska upplýsingasamfélagið sem er kostnaðarhluti ráðuneytisins í sameiginlegu verkefni ráðuneyta og fleiri aðila. Þar af eru 4 m.kr. ný fjárveiting en 4 m.kr. fluttar af öðrum liðum. Á lið 999 Félagsmál er gert ráð fyrir 53,4 m.kr. fjárveitingu á viðfangsefni *1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992* til að greiða skuld ráðuneytisins við Tryggingastofnun ríkisins vegna greiðslu meðlaga sbr. 25. gr. barnalaga nr. 20/1992 sem kveður á um að Tryggingastofnun ríkisins sé skylt að greiða foreldri barns, sem á framfærslurétt hér á landi, framfærslueyri með barni samkvæmt lögmætum úrskurði eða staðfestum samningi, þó innan þeirra marka um fjárhæð og aldur barns er greinir í almannatryggingalögum. Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir meðlög eftir því sem fært reynist fyrir hönd Tryggingastofnunar en félagsmálaráðuneyti greiðir mismuninn. Þá er gert ráð fyrir 13 m.kr. til endurgreiðslu á aðstoð sveitarfélaga við erlenda ríkisborgara á *1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.* Þessar endurgreiðslur hafa farið vaxandi á undanförnum árum, einkum vegna komu ættingja flóttamanna frá gömlu Júgóslavíu. Auk þess er 7,6 m.kr. tímabundin fjárveiting til að greiða uppsafnaðan halla á þessum lið. Loks er 50 m.kr. fjárveiting á lið *205 Leiguíbúðir* til húsaleigubóta eða til stofnkostnaðarstyrkja. Niður fellur af sama lið 100 m.kr. tímabundin fjárveiting samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í lögum um húsnæðismál um niðurgreiðslu vaxta til leiguíbúða fram til ársloka 2000.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	31.792,7	31.960,2	33.946,3	6	7
Neyslu- og rekstrartilfærslur	37.249,5	40.149,7	43.173,6	8	16
Stofnkostnaður og viðhald	3.579,1	1.557,2	1.737,1	12	-51
Samtals	**72.621,3**	**73.667,1**	**78.857,0**	**7**	**9**
Greitt úr ríkissjóði	72.767,1	73.535,2	78.710,8	7	8
Innheimt af ríkistekjum	139,8	106,9	121,2	13	-13
Viðskiptahreyfingar	-285,6	25,0	25,0	0	-109
Samtals	**72.621,3**	**73.667,1**	**78.857,0**	**7**	**9**

Heildargjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis árið 2001 eru áætluð um 82.007,0 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 3.150,0 m.kr. en þær nema 3,8% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 78.857,0 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 78.710,8 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 121,2 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 25 m.kr., færist til breytinga á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 33.946,3 m.kr. og hækka um 1.986,1 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Hækkunin skýrist að mestu leyti af launa- og verðlagsbreytingum. Launabætur til sjúkraliða og ófaglærðra starfsmanna heilbrigðisstofnana er um 630 m.kr. og um 40 m.kr. vegna framgangskerfis hjúkrunarfræðinga á hjúkrunarstofnunum. Launaliðir stofnana hafa jafnframt verið lækkaðir um 236 m.kr. vegna breytinga á fjármögnun fæðingar- og foreldraorlofs. Þá er um 240 m.kr. hækkun framlaga til hjúkrunarheimila og heilsugæslu vegna aukinnar þjónustu. Í fjáraukalögum 1999 og fjárlögum 2000 voru fjárveitingar til stofnana heilbrigðisráðuneytis lagaðar að rekstraráætlunum þeirra í samræmi við mat Ríkisendurskoðunar.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna verður 43.173,6 m.kr. en er 40.149,7 m.kr. í fjárlögum ársins 2000. Þyngst vegur um 2.701,5 m.kr. hækkun tilfærslna í almannatryggingum. Þar af hækka sjúkratryggingar um 1.819 m.kr., lífeyristryggingar um 440 m.kr. og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð um 369 m.kr. Þá er lagt til 72 m.kr. framlag til nýs bótaflokks sem stofnaður er með lögum um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000. Enn fremur er gert ráð fyrir um 170 m.kr. launabótum til framgangskerfis hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og ófaglærðra starfsmanna daggjaldastofnana. Launaliðir stofnana, sem

hér undir falla, hafa verið lækkaðir um 34 m.kr. vegna breytinga á fjármögnun fæðingar- og foreldraorlof. Þá er lagt er til að 1.204 m.kr. fjárveiting vegna fæðingarorlofs verði felld niður vegna nýrra laga um fæðingar- og foreldraorlof en hluti þeirra greiðslna, sem voru áður greiddar í gegnum almannatryggingar, færist nú til Fæðingarorlofssjóðs undir félagsmálaráðuneyti.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 1.737,1 m.kr. og er það 179,9 m.kr. hækkun milli ára. Helstu breytingarnar eru 200 m.kr. hækkun framlaga til byggingar barnaspítala og 60 m.kr. framlag til viðhalds sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda sem nemur alls 595 m.kr. Þar af eru 155 m.kr. í rekstri stofnana, 300 m.kr. til að sporna á móti hækkun útgjalda sjúkratrygginga og loks 140 m.kr. lækkun viðhalds- og stofnkostnaðar.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2001 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld heilbrigðisráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan á næstu síðu sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2001 til 2004. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2001	Spá 2002	Spá 2003	Spá 2004
Ráðuneyti	262	265	268	271
Tryggingamál	38.478	39.959	41.493	43.057
Sjúkrastofnanir	29.886	31.014	31.497	31.919
Heilbrigðisstofnanir	5.902	6.020	6.140	6.262
Heilsugæsla	3.183	3.241	3.300	3.360
Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	482	487	492	497
Annað	664	661	665	669
Samtals	**78.857**	**81.647**	**83.855**	**86.035**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknuð útgjöld fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar í samanburði við almennar forsendur reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til tryggingamála aukist að jafnaði um 3,8% á ári. Skýrist það einkum af því að reiknað er með að félagslegar bætur og lífeyristryggingar aukist um 3,5% að meðaltali á ári en slysatryggingar um 2%. Hins vegar er gert ráð fyrir að útgjöld sjúkratrygginga aukist á tímabilinu um 5% á ári og er það í samræmi við auknar komur til sérfræðilækna og aukna lyfjameðferð við lækningar. Í öðru lagi er í spánni miðað við að þjónusta sjúkrastofnana, heilbrigðisstofnana og heilsugæslustöðva aukist að meðaltali um 2% á milli ára en 2,2% ef litið er til málefnaflokksins í heild. Mismunurinn skýrist fyrst og fremst af fjölgun hjúkrunarrýma milli áranna 2001 og 2002 þegar Sóltún í Reykjavík tekur til starfa.

Skuldbindandi samningar

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 1.998 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Að frátöldu yfirstandandi ári eru fjárhæðir í töflunni á verðlagi ársins 2001 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2000	2001	2002	2003	2004
Akureyrarbær, rekstur heilsugæslu	A	633,7	659,0	0,0	0,0	0,0
Sveitarfélagið Hornafjörður, rekstur heilsugæslu	A	188,6	196,0	0,0	0,0	0,0
Læknavaktin ehf., rekstur heilsugæslu	A	138,0	144,0	144,0	144,0	0,0
Dvalar- og hjúkrunarh. Hulduhlíð, öldrunarþj.	A	54,3	56,0	56,0	56,0	0,0
Dvalar- og hjúkrunarh. Lundur, öldrunarþj.	A	69,2	72,0	72,0	72,0	0,0
Dvalar- og hjúkrunarh. Hornbrekka, öldrunarþj.	A	65,4	68,0	68,0	68,0	0,0
Dvalar- og hjúkrunarh. Naust, öldrunarþjónusta	A	22,8	24,0	24,0	24,0	0,0
Heilsugæslustöðin Lágmúla, rekstur heilsugæslu	A	60,4	63,0	63,0	0,0	0,0
Heilsustofn. N.L.F.Í. Hveragerði, endurhæfing	A	255,7	266,0	266,0	266,0	266,0
Leitarstöð Krabbameinsfélags Ísl., forvarnir	A	164,8	171,0	171,0	171,0	0,0
Heilbrigðisþjónusta í fangelsum í Reykjavík	A	7,1	7,1	7,1	7,1	7,1
Heilbrigðisþjónusta í fangelsum á Akureyri	A	0,9	0,9	0,9	0,9	0,9
R.K.Í., öflun bifreiða/búnaðar til sjúkraflutninga	A	33,2	35,0	35,0	35,0	35,0
Öldungur hf., öldrunarþjónusta	A	0,0	55,0	489,0	489,0	489,0
Sjúkraflutningar á Akureyri og nágrenni	A	33,6	34,9	34,9	34,9	0,0
Sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæði	A	144,1	0,0	0,0	0,0	0,0
Sjúkraflutningar í Reykjanesbæ	A	30,3	0,0	0,0	0,0	0,0
Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	A	14,0	15,0	0,0	0,0	0,0
Hjartavernd, hóprannsóknir	A	34,7	0,0	0,0	0,0	0,0
Heilbrigðisþjónusta við fanga á Litla-Hrauni	C	12,4	0,0	0,0	0,0	0,0
Samstarfssamningur um heilbrigðistækni	C	3,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Samningur um sjúkraskrárkerfi	C	32,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Samtals		**1.998,2**	**1.866,9**	**1.430,9**	**1.367,9**	**798,0**

Samningar, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga, eru merktir með bókstafnum A í töflunni og kostnaður vegna þeirra áætlaður 1.951 m.kr. á yfirstandandi ári. Samningar, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sendur eitt að, eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni en kostnaður vegna þeirra er áætlaður 47 m.kr. Ekki er gerð grein fyrir samningum sem ráðuneytið gerir við A-hluta stofnanir ríkisins. Gera má ráð fyrir að þeir samningar, sem renna út á tímabilinu, verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að að jafnaði verði að óbreyttu nálægt 2.000 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna. Auk þess má nefna að heilbrigðisráðuneyti hefur, að undangengnu útboði, gert samninga um rekstrarleigu á tölvubúnaði og bifreiðum fyrir heilsugæslustöðvar og heilbrigðisstofnanir.

Unnið er að endurnýjun eldri samninga auk þess sem nýir eru í undirbúningi. Áformað er að leita eftir samningum við Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og Reykjalund - endurhæfingarmiðstöð SÍBS. Enn fremur verður unnið að samningagerð um sjúkraflutninga, þ.m.t. samningar um sjúkraflug sem gerðir verða á grundvelli útboðs. Loks verður leitað eftir samningum við þjónustuaðila um endurbætur og þjónustu á sjúkraskrárkerfi.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilbr.- og tryggingamálarn., aðalskrifstofa	241,5	227,9	253,5	11,2	5,0
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	-
Samtals	**241,5**	**235,9**	**261,5**	**10,9**	**8,3**

Útgjöld til þessa málefnaflokks eru 261,5 m.kr. og hækka um 18 m.kr. auk launa- og verðlagsbreytinga frá fjárlögum 2000. Þar vegur þyngst 10 m.kr. framlag til aðalskrifstofu vegna aukins umfangs. Auk þess eru millifærðar til aðalskrifstofu 4,8 m.kr. af lið 08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi vegna starfsmanns sem tekur saman tölfræðilegar upplýsingar um starfsemi sjúkrahúsa. Enn fremur eru 3,4 m.kr. launabætur vegna kjaranefndarúrskurðar um laun skrifstofustjóra frá desember 1999. Þá er gert ráð fyrir 2,4 m.kr. fjárveitingu til að birta EES-gerðir um almannatryggingar og reglur um Lyfjastofnun Evrópu, þar af er 2,1 m.kr. tímabundin fjárveiting. Loks er fært til landlæknis 1,5 m.kr. tímabundið framlag til kynningar á gildistöku laga um lífsýnasöfn.

Tryggingamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Tryggingastofnun ríkisins; 203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð; 204 Lífeyristryggingar; 206 Sjúkratryggingar; 207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva; 208 Slysatryggingar; 209 Sjúklingatryggingar og 214 Eftirlaunasjóður aldraðra. Liðurinn 209 Sjúklingatryggingar er nýr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Yfirstjórn Tryggingastofnunar	644,0	644,2	661,7	2,7	2,7
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	4.909,8	5.486,3	5.855,0	6,7	19,3
Lífeyristryggingar	17.530,3	18.780,0	19.220,0	2,3	9,6
Sjúkratryggingar	9.865,5	9.331,1	11.150,0	19,5	13,0
Verkgreiðslur til sjúkrahúsa	0,0	720,0	744,0	3,3	-
Slysatryggingar	473,9	590,0	580,0	-1,7	22,4
Sjúklingatryggingar	0,0	0,0	72,1	-	-
Eftirlaunasjóður aldraðra	219,1	225,0	195,3	-13,2	-10,9
Samtals	**33.642,6**	**35.776,6**	**38.478,1**	**7,6**	**14,4**

Bætur almannatrygginga hækkuðu um 3,6% 1. janúar, 0,9% 1. apríl og 0,7% 1. september sl. Í september sl. ákvað ríkisstjórnin að hækka bensínstyrk um fjórðung í kjölfar hækkunar á verði bensíns. Þá var frítekjumark vegna tekna útivinnandi maka lífeyrisþega hækkað þannig að það verður jafnt tvöföldu frítekjumarki einhleypings í stað þess að vera helmingi hærra eins og það hefur verið frá árinu 1998. Í forsendum frumvarpsins er gert ráð fyrir að bætur almannatrygginga hækki um 4% í upphafi næsta árs, þar af er gert ráð fyrir kostnaði er nemur 1% á verðlagslið fjármálaráðuneytisins. Útgjöld tryggingamála eru áætluð 38.478,1 m.kr. en eru 35.776,6 m.kr. í fjárlögum 2000. Hækkun milli ára er því 2.702 m.kr. eða 7,6%.

201 Tryggingastofnun ríkisins. Útgjöld yfirstjórnar tryggingamála eru áætluð 748,2 m.kr. en frá dragast 86,5 m.kr. sértekjur stofnunarinnar. Framlög úr ríkissjóði nema því 661,7 m.kr. sem er 17,5 m.kr. hækkun frá fjárlögum og skýrist af launa- og verðlagsbreytingum. Í lögum um fæðingar- og foreldraorlof er gert ráð fyrir að Fæðingarorlofssjóður verði í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins sem sjái um reikningshald og daglega afgreiðslu í umboði félagsmálaráðherra. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn standi undir kostnaði við umsýsluna, en á móti mun kostnaður Tryggingastofnunar af rekstri núverandi fæðingarorlofskerfis fjara út á árinu 2001. Ekki liggja fyrir áætlanir um hvernig framangreindur kostnaður fellur til á árinu.

203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Útgjöld til bóta vegna félagslegrar aðstoðar eru áætluð 5.855 m.kr. en eru 5.486 m.kr. í fjárlögum 2000 sem er um 200 m.kr. hækkun á milli ára auk verðbreytinga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 125 m.kr. fjárveitingu til þessa liðar vegna ákvörðunar ríkisstjórnar um að hækka bætur um 2,2% umfram forsendur fjárlaga á árinu 2000. Þá hækka uppbætur um 80 m.kr. vegna hækkunar á bensínstyrk en 5.200 lífeyrisþegar njóta þessa styrks. Aðrar breytingar eru í samræmi við áætlum um fjölda bótaþega.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Mæðra- og feðralaun	203,8	230,0	240,0	4,3	17,8
Umönnunarbætur	612,0	660,0	760,0	15,2	24,2
Makabætur	30,1	30,0	30,0	0,0	-0,3
Ekkju- og ekklabætur	62,8	75,0	70,0	-6,7	11,5
Endurhæfingarlífeyrir	178,8	205,0	235,0	14,6	31,4
Barnalífeyrir vegna menntunar	56,9	65,0	70,0	7,7	23,0
Heimilisuppbót	1.556,6	1.700,0	1.820,0	7,1	16,9
Sérstök heimilisuppbót	139,0	155,0	160,0	3,2	15,1
Uppbætur	1.958,0	2.231,3	2.330,0	4,4	19,0
Bifreiðakaupastyrkir	111,8	135,0	140,0	3,7	25,2
Samtals	**4.909,8**	**5.486,3**	**5.855,0**	**6,7**	**19,3**

204 Lífeyristryggingar. Bætur lífeyristrygginga eru áætlaðar 19.220 m.kr. á árinu 2001 en eru 18.780 m.kr. í fjárlögum 2000. Hækkunin nemur 440 m.kr. en taka verður tillit til að 1.204 m.kr. eru fluttar á fæðingarorlofssjóð. Samkvæmt endurskoðaðri spá er gert ráð fyrir að greiðslur lífeyristrygginga á yfirstandandi ári verði 19.007 m.kr. eða 227 m.kr. umfram heimildir fjárlaga 2000. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hækka tekjutryggingu ellilífeyrisþega um 80 m.kr. og tekjutryggingu örorkulífeyrisþega um 100 m.kr. vegna rýmkunar á frítekjumörkum þeirra lífeyrisþega sem eiga útivinnandi maka í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar. Þá er lagt til að 1.204 m.kr. fjárveiting á *1.41 Fæðingarorlof* verði felld niður í kjölfar nýrra laga um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000. Lögin taka til réttinda foreldra á innlendum vinnumarkaði til fæðingar- og foreldraorlofs og foreldra utan vinnumarkaðar og í námi til fæðingarstyrks. Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn fæðingar- og foreldraorlofsmála og er fjárveiting til þessara mála færð undir félagsmálaráðuneyti á lið 07-989 Fæðingarorlofssjóður. Eftir stendur á viðfangsefninu 410 m.kr. fjárveiting sem er ætlað að standa undir greiðslu fæðingarorlofs til þeirra sem eiga ólokið fæðingarorlofi um næstu áramót. Aðrar breytingar á liðnum ráðast af framreikningi útgjalda og áætlunum um fjölda bótaþega.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ellilífeyrir	4.639,3	5.040,0	5.370,0	6,5	15,8
Örorkulífeyrir	1.694,2	1.800,0	2.130,0	18,3	25,7
Tekjutrygging ellilífeyrisþega	6.217,8	6.600,0	7.090,0	7,4	14,0
Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	2.311,0	2.480,0	2.840,0	14,5	22,9
Örorkustyrkir	215,3	280,0	160,0	-42,9	-25,7
Barnalífeyrir	920,0	980,0	1.160,0	18,4	26,1
Fæðingarorlof	1.478,0	1.560,0	410,0	-73,7	-72,3
Annað	54,7	40,0	60,0	50,0	9,7
Samtals	**17.530,3**	**18.780,0**	**19.220,0**	**2,3**	**9,6**

206 Sjúkratryggingar. Heildarútgjöld sjúkratrygginga eru áætluð 11.150 m.kr. en eru 9.331 m.kr. í fjárlögum 2000. Hækkunin nemur 1.819 m.kr. með launa- og verðlagsbótum. Samkvæmt endurskoðaðri spá er gert ráð fyrir að útgjöld sjúkratrygginga verði 10.770 m.kr. í árslok eða tæpum 1.440 m.kr. umfram heimildir fjárlaga 2000. Miðað við fjárlög 2000 hækka útgjöld sjúkratrygginga um 19,5% á milli ára en þó er gert er ráð fyrir 300 m.kr. lækkun sérfræðilækniskostnaðar sem heilbrigðisráðuneyti hyggst ná fram til að sporna á móti hækkun útgjalda sjúkratrygginga.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lækniskostnaður	2.046,9	2.011,1	2.480,0	23,3	21,2
Lyf	4.707,6	3.930,0	4.580,0	16,5	-2,7
Hjálpartæki	743,9	730,0	900,0	23,3	21,0
Hjúkrun í heimahúsum	73,8	95,0	100,0	5,3	35,5
Þjálfun	661,7	765,0	930,0	21,6	40,5
Tannlækningar	925,7	950,0	1.070,0	12,6	15,6
Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	87,1	130,0	140,0	7,7	60,7
Brýn meðferð erlendis	235,5	375,0	500,0	33,3	112,3
Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	47,7	50,0	110,0	120,0	130,6
Sjúkradagpeningar	226,4	245,0	250,0	2,0	10,4
Annað	109,2	50,0	90,0	80,0	-17,6
Samtals	**9.865,5**	**9.331,1**	**11.150,0**	**19,5**	**13,0**

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lækniskostnaður verði 2.480 m.kr. á árinu 2001 og hækki um 390 m.kr. auk launa- og verðbreytinga. Lækniskostnaður stefnir í 2.420 m.kr. á árinu 2000 miðað við endurskoðaða spá eða um 410 m.kr. umfram heimildir fjárlaga. Kostnaður vegna sérfræðilæknishjálpar jókst um 30% fyrstu fimm mánuði þessa árs miðað við árið 1999. Skýrist það af ýmsum atriðum. Í fyrsta lagi er talið að breytingar hafi orðið í starfsskipulagi sjúkrahúsa varðandi framkvæmd ferliverka og er talið að dýrar aðgerðir og rannsóknir hafi færst frá sjúkrahúsum út á stofur sérfræðilækna. Í öðru lagi hefur taxti fyrir sérfræðilæknishjálp hækkað um 3% í samræmi við forsendur fjárlaga. Í þriðja lagi hefur samningsbundnum heildareiningum fjölgað frá 1999 um 1,2% vegna fólksfjölgunar og um 3,7% vegna nýrra lækna sem óska eftir starfssamningi við Tryggingastofnun ríkisins. Í fjórða lagi eru áhrif af gildistöku reglugerðar nr. 239/1999 sem lækkaði verulega sjúklingahluta barna og unglinga yngri en 18 ára og takmarkaði hámarksgreiðslur allra notenda þjónustunnar við 5.000 kr. í hverri komu. Þá telur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti að úrskurður kjaranefndar frá mars 1998 og skipulagsbreytingar í heilsugæslu valdi því að einstaklingar leiti í auknum mæli til sérfræðinga. Í fjárlögum 2000 gerði heilbrigðisráðuneyti ráð fyrir 50 m.kr. lækkun lækniskostnaðar vegna útboðs á blóð- og meinefnafræðirannsóknum. Þessi áform gengu ekki eftir.

Lyfjakostnaður árið 2000 var áætlaður 4.930 m.kr. við undirbúning fjárlaga fyrir yfirstandandi ár. Var þá gert ráð fyrir 830 m.kr. hækkun lyfjakostnaðar vegna þróunar í lyfjanotkun og verðbreytinga. Til að sporna við vexti lyfjaútgjalda eru að tillögu heilbrigðisráðuneytis áform um að ná fram 1.000 m.kr. lækkun lyfjakostnaðar á árinu 2000 frá því sem þau hefðu orðið að óbreyttu. Samkvæmt fjárlögum á lyfjakostnaður að vera 3.930 m.kr. Ljóst er að áform ráðuneytisins um lækkun lyfjakostnaðar ganga ekki eftir

nema að hluta. Lyfjakostnaður stefnir í 4.590 m.kr. í árslok sem er 660 m.kr. umfram heimildir fjárlaga. Þar af er áætlað að um 570 m.kr. sé sparnaður sem ekki náðist á árinu. Með þeim aðgerðum sem þegar hefur verið gripið til munu, að mati heilbrigðisráðuneytis, sparast allt að 200 m.kr. á árinu 2001. Því til viðbótar áformar ráðuneytið að ná þeim sparnaði á næsta ári, sem á vantar, m.a. með endurskoðun á smásöluverði, útgáfu viðmiðunarverðskrár og endurskoðun á greiðsluþátttöku í nýjum lyfjum. Þá er enn áformað að taka upp nýtt greiðsluþátttökukerfi en markmið þess er að flytja greiðsluþátttöku almannatrygginga frá einstaklingum með lítinn lyfjakostnað yfir til þeirra sem nota mikið af lyfjum. Að teknu tilliti til 13% magn- og verðlagsbreytinga á lyfjakostnaði milli ára er gert ráð fyrir að lyfjakostnaður verði 4.580 m.kr. árið 2001.

Útgjöld til hjálpartækja eru áætluð 900 m.kr. og aukast um 140 m.kr. á milli ára auk verðbreytinga. Þar af eru 20 m.kr. færðar af Landspítala - háskólasjúkrahúsi sem annast hefur öflun og umsjón með öndunarvélum en mun halda áfram þeirri þjónustu fyrir hönd Tryggingastofnunar með samningi. Kostnaður við þjálfun hefur aukist mikið á milli ára en nýr samningur var gerður við sjúkraþjálfara á árinu 1998 þar sem mat á þörf fyrir fjölda sjúkraþjálfara var afnumið og frá þeim tíma hefur sjúkraþjálfurum á samningi við Tryggingastofnun fjölgað mikið. Þá var greiðsluþátttaka almannatrygginga aukin með breytingu á reglugerð. Samningar voru gerðir við endurhæfingarstofnanir á árinu um sérstaka endurhæfingu sem veldur um 8 m.kr. útgjaldaaukningu á árinu.

Tannlæknakostnaður stefnir í 1.000 m.kr. í árslok sem er 50 m.kr. yfir heimildum fjárlaga. Útgjaldaaukning skýrist að mestu af fjölgun aðgerða sem að verulegu leyti má rekja til þess að greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í tannlæknakostnaði var breytt í ársbyrjun 1999 sem færir m.a. ellilífeyrisþegum aukin réttindi auk þess sem greiðsluþátttaka vegna barna var miðuð við 18 ára aldur, í kjölfar þess að forræðisaldur hækkaði. Tannlæknakostnaður á árinu 2001 er samkvæmt frumvarpinu 1.070 m.kr. Útgjöld vegna brýnnar meðferðar erlendis hafa aukist síðari hluta ársins og stefna í 500 m.kr. sem er 125 m.kr. umfram fjárlög. Frumvarpið gerir ráð fyrir 500 m.kr. fjárveitingu til þessa viðfangsefnis en útgjöld vegna þessa er erfitt að meta. Lögð er til 30 m.kr. hækkun fjárveitingar til sjúkraflutninga og ferða innanlands til að taka aukinn þátt í dvalarkostnaði foreldra langveikra barna, sem liggja á sjúkrastofnun fjarri heimabyggð, í samræmi við áform ríkisstjórnar um að bæta þjónustu við sjúk börn og ungmenni. Á móti kemur lækkun kostnaðar á viðfangsefninu í samræmi við endurskoðaða spá. Annar kostnaður hækkar um 40 m.kr. sem skýrist m.a. af fjölgun fæðinga í heimahúsum og samningum um meðferð húðsjúkdóma. Aðrar breytingar ráðast af framreikningi útgjalda og áætlunum um fjölda bótaþega.

*207 **Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva.*** Áætlaðar greiðslur til þessa liðar verða 744 m.kr. sem er óbreytt framlag frá í ár að teknu tilliti til launa- og verðlagsbreytinga. Útgjöldin voru áður færð undir sjúkratryggingar og er ætlað að standa undir greiðslum vegna röntgen- og blóðmeinarannsókna sjúkrahúsanna í Reykjavík.

*208 **Slysatryggingar.*** Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að útgjöld slysatrygginga verði 580 m.kr. árið 2001 en þau eru 590 m.kr. í fjárlögum 2000. Áætlað er að bætur til framfærslu lækki um 35 m.kr. og bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar lækki um 5 m.kr. Á móti hækki hins vegar kaup og aflahlutur sjómanna um 15 m.kr. Þá er gert ráð fyrir að stjórnunarkostnaður hækki um 5 m.kr. og greiðslur úr ríkissjóði lækki því í heild um 10 m.kr.

*209 **Sjúklingatryggingar.*** Lagt er til 72 m.kr. framlag til þessa nýja bótaflokks sem stofnaður er með lögum um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Lögin kveða á um rétt þeirra sjúklinga til bóta sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni í tengslum við rannsókn og sjúkdómsmeðferð löggiltra heilbrigðisstarfsmanna á heilbrigðisstofnun eða í sjúkraflutningi. Lögin taka gildi í ársbyrjun 2001 og er gert ráð fyrir að árlegar bótagreiðslur geti numið 150-270 m.kr. eftir að bótakerfið er komið í jafnvægi en útgjöld ríkisins á undanförnum árum má áætla um 30 m.kr. á ári. Gert er ráð fyrir að nokkur tími líði þar til bótagreiðslur þessa tryggingaflokks nái jafnvægi. Í framangreindu framlagi er gert ráð fyrir 4 m.kr. umsýslukostnaði Tryggingastofnunar vegna þessa nýja bótaflokks.

*214 **Eftirlaunasjóður aldraða.*** Áætlað er að hlutur ríkissjóðs í eftirlaunum verði 195,3 m.kr. Þar af verði 170,3 m.kr. greiddar með framlagi úr ríkissjóði og 25 m.kr. með því að sjóðurinn gangi á eigið fé. Sjóðurinn starfar skv. lögum nr. 113/1994 og er lífeyrir greiddur til þeirra sem fæddir eru árið 1914 eða fyrr og njóta lítilla sem engra réttinda úr lífeyrissjóðum.

Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Landlæknir; 311 Héraðslæknir í Reykjavík; 315 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra; 324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands; 326 Sjónstöð Íslands; 327 Geislavarnir ríkisins; 330 Manneldisráð; 397 Lyfjastofnun.

Niður falla liðirnir 393 Lyfjamál; 395 Lyfjaeftirlit ríkisins og 396 Lyfjanefnd. Flytjast verkefni þessara liða á nýjan lið, 397 Lyfjastofnun. Þó eru nokkur viðfangsefni á lið 393 Lyfjamál flutt á lið 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi og er gerð grein fyrir þeirri breytingu síðar í greinargerðinni.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landlæknir	130,5	108,0	136,0	25,9	4,2
Héraðslæknir í Reykjavík	17,4	17,6	22,3	26,7	28,2
Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	10,4	9,4	12,9	37,2	24,0
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	80,9	102,6	98,7	-3,8	22,0
Sjónstöð Íslands	46,1	48,6	53,4	9,9	15,8
Geislavarnir ríkisins	30,4	32,0	40,4	26,3	32,9
Manneldisráð	11,0	11,8	15,2	28,8	38,2
Lyfjamál	5,1	7,6	0,0	-100,0	-100,0
Lyfjaeftirlit ríkisins	61,1	20,6	0,0	-100,0	-100,0
Lyfjanefnd	55,2	47,1	0,0	-100,0	-100,0
Lyfjastofnun	0,0	0,0	103,4	-	-
Samtals	**448,1**	**405,3**	**482,3**	**19,0**	**7,6**

Heildarútgjöld málefnaflokksins eru samkvæmt frumvarpinu 482,3 m.kr. en 405,3 m.kr. í fjárlögum 2000 sem er 62 m.kr. hækkun milli ára auk launa- og verðlagsbreytinga.

301 Landlæknir. Útgjöld embættisins eru áætluð í frumvarpinu 136 m.kr. en 108 m.kr. árið 2000 sem er um 24 m.kr. hækkun fjárveitingar umfram launa- og verðlagsbreytingar. Embættið hefur átt í viðvarandi rekstrarhalla undanfarin ár. Unnið er að endurskoðun á rekstrinum og er gert ráð fyrir að henni ljúki síðar í haust. Í frumvarpinu er lagt til 10 m.kr. framlag til að mæta rekstrarhalla. Þá er lagt til 4 m.kr. framlag til eftirlits með starfsemi lífsýnasafna en þar af er 1,5 m.kr. tímabundið framlag á árinu 2001 vegna sérstakrar kynningar meðal almennings á lífsýnasöfnum og reglum sem gilda um söfnun og notkun lífsýna. Loks er millifært 5,5 m.kr. framlag af sérstakri fjárveitingu til hjúkrunarheimila til að hafa eftirlit með áreiðanleika RAI-hjúkrunarþyngdarmælinga og gæðum þjónustu á hjúkrunarheimilum.

324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að útgjöld stöðvarinnar verði 98,7 m.kr. á næsta ári. Stofnunin hefur glímt við viðvarandi rekstrarhalla nokkur undanfarin ár og er lagt til að stöðin fái 6,7 m.kr. fjárveitingu til að laga launagreiðslur starfsmanna að nýju launakerfi. Þá er færð 5,2 m.kr. fjárveiting af stöðinni til Félagsins Heyrnarhjálpar á lið 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Félagið hefur um árabil fengið hlutfall af innflutningsverðmæti heyrnartækja til starfsemi sinnar en lagt er til að félaginu verði veittur styrkur til starfseminnar með sérstakri fjárveitingu líkt og gildir um önnur félög. Þá er niðurfellt 8 m.kr. tímabundið framlag til kaupa á heyrnartækjum í því skyni að stytta biðtíma. Unnið er að endurskoðun á starfsemi stöðvarinnar og er stefnt að því að þeirri endurskoðun ljúki síðar í haust.

327 ***Geislavarnir ríkisins.*** Framlag til stofnunarinnar verður samkvæmt frumvarpinu 40,4 m.kr. en er 32 m.kr. í fjárlögum 2000. Auk launa- og verðlagsbreytinga skýrist hækkunin fyrst og fremst af 7 m.kr. framlagi til vöktunar geislavirkra efna í umhverfi og matvælum.

397 ***Lyfjastofnun.*** Með lögum nr. 108/2000, um breytingu á lyfjalögum, tekur til starfa ný stofnun, Lyfjastofnun, og Lyfjanefnd og Lyfjaeftirlit ríkisins er lagt niður. Fjárveitingar á fjárlagaliðum 395 Lyfjaeftirlit ríkisins og 396 Lyfjanefnd eru færðar til stofnunarinnar auk viðfangsefnis *1.51 Evrópska lyfjaskráin* á lið 393 Lyfjamál. Útgjöld stofnunarinnar samkvæmt frumvarpinu nema 108,7 m.kr. að frádregnum 5,3 m.kr. sértekjum. Með samningi EFTA um þátttöku í starfi Lyfjamálastofnunar Evrópu, EMEA, fær Lyfjastofnun m.a. það hlutverk að taka þátt í útgáfu miðlægra markaðsleyfa fyrir lyf í Evrópu. Í þeim tilgangi þurfa sérfræðingar að sækja mánaðarlega fundi tveggja vinnunefnda hjá stofnuninni. Farið er fram á 9,3 m.kr. fjárveitingu til að ráða 3 starfsmenn, þar af tvo sérfræðinga til að vinna að veitingu miðlægra markaðsleyfa. Samkvæmt reglum ESB er ekki heimilt að innheimta gjöld vegna undirbúnings við útgáfu þessara leyfa. Að öðru leyti verður starfsemi Lyfjastofnunar borin uppi af ríkistekjum, svo sem markaðsleyfum og skráningar- og eftirlitsgjaldi lyfja.

Í frumvarpinu er enn fremur gert ráð fyrir 3,2 m.kr. fjárveitingu til 326 Sjónstöðvar Íslands til að koma á fastri skipan á ráðningu félagsráðgjafa sem starfað hefur við stöðina. Þá er 3 m.kr. tímabundið framlag til þriggja ára til 330 Manneldisráðs til að vinna að landskönnun á mataræði Íslendinga.

Sjúkrastofnanir og heilsugæsla

Undir málaefnaflokkinn falla sjúkrahús, heilsugæslustöðvar og hjúkrunarheimili og spannar hann því vítt svið. Útgjöld samkvæmt frumvarpinu eru 37.356 m.kr. en eru 35.206 m.kr. í fjárlögum 2000. Hækkun frá fjárlögum 2000 er 2.150 m.kr. og þar af eru um 2 milljarðar króna launa- og verðlagsbreytingar.

Umfjöllun kaflans er skipt í fimm hluta. Í fyrsta hluta er fjallað um sjúkrahús á Suðvesturlandi og deildarskipt sjúkrahús, í öðrum hluta um heilbrigðisstofnanir, í þeim þriðja um heilsugæslustöðvar sem reknar eru án starfstengsla við sjúkrastofnanir og í fjórða hluta er fjallað um aðrar sjúkrastofnanir, þ.e. hjúkrunarheimili og endurhæfingarstofnanir. Að lokum er fjallað um stofnkostnað og tækjakaup.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjúkrahús Suðvesturlandi - deildarskipt sjúkrahús ...	21.091,8	21.233,1	22.118,9	4,2	4,9
Heilbrigðisstofnanir ...	3.202,4	3.384,9	3.821,6	12,9	19,3
Heilsugæslustöðvar ...	2.901,3	2.946,4	3.078,7	4,5	6,1
Aðrar sjúkrastofnanir ...	7.027,1	7.641,6	8.336,9	9,1	18,6
Samtals ...	**34.222,6**	**35.206,0**	**37.356,1**	**6,1**	**9,2**

1. Sjúkrahús á Suðvesturlandi og deildarskipt sjúkrahús. Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri; 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi; 373 Landspítali - háskólasjúkrahús; 379 Sjúkrahús, óskipt; 400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði; 711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi; 785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi og 791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Liðurinn 373 Landspítali - háskólasjúkrahús er nýr en hann hét áður 373 Sjúkrahús í Reykjavík. Niður falla liðirnir 371 Ríkisspítalar og 375 Sjúkrahús Reykjavíkur.

Í eftirfarandi töflu eru sýnd heildargjöld þeirra stofnana sem undir kaflann falla og samanburður við reikning 1999 og fjárlög 2000. Samkvæmt frumvarpinu verða útgjöld þessara stofnana í heild 22.119 m.kr. en voru 21.233 m.kr. í fjárlögum 2000. Hækkunin nemur því 886 m.kr. eða 4,2%. Þar af eru launa- og verðlagsbreytingar um 680 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri ...	1.871,5	2.022,0	2.090,0	3,4	11,7
Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi, rekstur ...	17,3	22,6	62,5	176,5	261,3
Ríkisspítalar, rekstur ...	10.215,1	10.384,0	0,0	-	-
Sjúkrahús í Reykjavík ...	4,0	309,0	0,0	-	-
Sjúkrahús Reykjavíkur, rekstur ...	6.575,7	6.129,0	0,0	-	-
Landspítali - háskólasjúkrahús, rekstur ...	0,0	0,0	17.420,0	-	-
Sjúkrahús, óskipt ...	6,8	87,0	0,0	-	-
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði ...	441,0	431,8	465,8	7,9	5,6
Heilbrigðisstofnunin Akranesi ...	805,7	770,0	841,9	9,3	4,5
Heilbrigðisstofnunin Selfossi ...	513,8	486,8	558,4	14,7	8,7
Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum ...	640,9	590,9	680,3	15,1	6,1
Samtals ...	**21.091,8**	**21.233,1**	**22.118,9**	**4,2**	**4,9**

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Rekstrarútgjöld sjúkrahússins verða samkvæmt frumvarpinu 2.206 m.kr., þar af eru sértekjur 117 m.kr. og framlag ríkissjóðs 2.090 m.kr.. Auk launa- og verðlagsbreytinga hækkar fjárveiting um 1,6 m.kr. til að fjölga ferliverkum við sjúkrahúsið. Þá er lagt til að spítalinn hagræði í rekstri sínum og nái fram 15 m.kr. lækkun kostnaðar á árinu til að mæta útgjaldamarkmiðum.

370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Rekstrargjöld fjárlagaliðarins eru áætluð 62,5 m.kr. en voru 22,6 m.kr. í fjárlögum 2000 og er það 40 m.kr. hækkun á milli ára. Þar vegur þyngst að 50 m.kr. sértekjur í fjárlögum 2000, sem eiga að nást með því að sameina innkaup á aðföngum til heilbrigðisstofnana, hafa verið færðar á stofnanir en ekki er gerð grein fyrir þeim breytingum á einstakri stofnun. Auk þess eru felldar niður 2 m.kr. sértekjur þar sem uppsetning heilsuvefjar hefur verið frestað og kemur ekki til framkvæmda fyrr en í lok árs. Þá eru færðar 7 m.kr. af fjárlagaliðnum til Landspítala vegna beinþéttnimælinga en fjárveitingin var upphaflega ætluð Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Enn fremur eru færðar 4,8 m.kr. til aðalskrifstofu vegna starfsmanns sem tekur saman tölfræðilegar upplýsingar um starfsemi sjúkrahúsa.

373 Landspítali - háskólasjúkrahús. Með reglugerð um sameiningu heilbrigðisstofnana nr. 127/2000 frá 2. mars 2000, sem öðlaðist þegar gildi, ákvað heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að sameina Ríkisspítala og Sjúkrahús Reykjavíkur undir nafninu Landspítali - háskólasjúkrahús. Hafa því fjárveitingar spítalanna tveggja verið sameinaðar undir einum fjárlagalið. Rekstrarútgjöld Landspítala - háskólasjúkrahúss án stofnkostnaðar og viðhalds eru áætluð í frumvarpinu 19.205,7 m.kr. og þar af eru sértekjur 1.785,7 m.kr. Útgjöld ríkissjóðs nema því 17.420 m.kr. Lagt er til að veitt verði 66,6 m.kr. tímabundin fjárveiting á árinu 2001 til að starfrækja hjúkrunardeild og sjúkrahústengda heimaaðhlynningu fyrir aldraða til ársloka 2001 þar sem ljóst er að hjúkrunarheimilið Sóltún mun ekki hefja rekstur fyrr en síðla það ár. Starfsemin verður lögð niður í árslok 2001 samhliða því sem Sóltún tekur til starfa. Þá eru færðar 7 m.kr. af lið 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi vegna beinþéttnimælinga. Að ósk spítalans eru færðar 20 m.kr. af liðnum til Tryggingastofnunar en spítalinn hefur annast öflun og umsjón með öndunarvélum og mun halda áfram þeirri þjónustu fyrir hönd Tryggingastofnunar með samningi. Loks er lagt til að spítalinn hagræði í rekstri sínum og nái fram 140 m.kr. lækkun kostnaðar á árinu.

379 Sjúkrahús, óskipt. Í kjölfar úttektar Ríkisendurskoðunar á stöðu stofnana var í fjárlögum 2000 veitt 87 m.kr. óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa og sjálfseignarstofnana. Var framlaginu ætlað að auðvelda aðgerðir til að halda rekstri stofnananna innan fjárheimilda. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti lagði fram tillögu um skiptingu þessa framlagsins og er liðurinn felldur niður.

Útgjöld vegna annarra heilbrigðisstofnana á Suðvesturlandi verða samkvæmt frumvarpinu 2.714,7 m.kr. í stað 2.430 m.kr. í fjárlögum 2000, þar af eru 168 m.kr. greiddar með sértekjum. Auk almennra launa- og verðlagsbreytinga hækkar framlag ríkissjóðs um 187 m.kr. Þar af eru 32 m.kr. til að mæta rekstrarhalla þriggja heilbrigðisstofnana sem skiptist þannig að 16 m.kr. fara til heilsugæslusviðs Heilbrigðisstofnunarinnar Suður-

nesjum, 8 m.kr. til heilsugæslusviðs Heilbrigðisstofnunarinnar Akranesi og 8 m.kr. til sjúkrasviðs Heilbrigðisstofnunarinnar Selfossi. Þá er óskað eftir 17 m.kr. fjárveitingu til sjúkrasviðs Heilbrigðisstofnunarinnar Suðurnesjum til að hefja rekstur hluta af D-álmu í ársbyrjun 2001. Jafnframt er óskað eftir að 14 m.kr. fjárveiting verði færð af liðnum 500 Heilsugæslustöðvar, almennt til heilsugæslusviðs Heilbrigðisstofnunarinnar Selfossi vegna heilsugæslu við fanga. Enn fremur gerir frumvarpið ráð fyrir 1,4 m.kr. framlagi til að mæta kostnaði við ráðningu heilsugæslulæknis í 30% stöðu við Heilbrigðisstofnunina Selfossi og 5,5 m.kr. til að fjölga ferliverkum við sjúkrasvið stofnunarinnar.

2. Heilbrigðisstofnanir. Undir þennan kafla falla fjárlagaliðir 715 til 781, þ.e. sjúkrahús og heilsugæslustöðvar sem reknar eru sameiginlega, að frátöldum stofnunum á Suðvesturlandi sem fjallað er um hér að framan. Framlög til stofnana eru sýnd í meðfylgjandi töflu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
St. Fransiskusspítali	211,3	190,9	213,9	12,0	1,2
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	128,3	132,3	143,2	8,2	11,6
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	428,2	438,5	476,9	8,8	11,4
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	77,1	81,4	88,1	8,2	14,3
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	67,8	63,8	77,0	20,7	13,6
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	135,1	146,7	159,2	8,5	17,8
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	203,4	213,9	232,0	8,5	14,1
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	398,8	430,6	471,0	9,4	18,1
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	212,5	215,6	233,5	8,3	9,9
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	381,0	371,5	466,9	25,7	22,5
Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum	194,2	0,0	0,0	0,0	-
Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði	127,8	0,0	0,0	0,0	-
Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað	293,8	0,0	0,0	0,0	-
Heilbrigðisstofnun Austurlandi	9,4	765,0	897,4	17,3	-
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	333,7	334,7	362,5	8,3	8,6
Samtals	**3.202,4**	**3.384,9**	**3.821,6**	**12,9**	**19,3**

Á árinu sameinuðust 558 Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu og 761 Heilbrigðisstofnunin Húsavík. Nýtt heiti stofnunarinnar er 761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Þá er Sundabúð II, Vopnafirði, sameinuð 777 Heilbrigðisstofnun Austurlands.

Útgjöld stofnananna í heild nema 3.821,6 m.kr. en 3.384,9 m.kr. í fjárlögum 2000 og hækka á milli ára um 316 m.kr. umfram hækkun verðlags. Þar af skýrast 94 m.kr. af breyttri framsetningu en rekstur Heilsugæslustöðvarinnar Norður-Þingeyjarsýslu og Sundabúðar II hefur sameinast annars vegar Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og hins vegar Heilbrigðisstofnun Austurlands. Raunhækkun nemur því 222 m.kr. á milli ára. Hækkunin skýrist m.a. af 12,5 m.kr. fjárveitingu til að leiðrétta rekstrargrunn heilsugæslusviða tveggja heilbrigðis-

stofnana, annars vegar 6,5 m.kr. til Hólmavíkur og hins vegar 6 m.kr til St. Fransiskusspítala. Farið er fram á 4,6 m.kr. fjárveitingu til að auka ferliverk við Heilbrigðisstofnunina Sauðárkróki og að 3,4 m.kr. verði færðar af liðnum 500 Heilsugæslustöðvar, almennt til 761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga vegna staðarsamninga við hjúkrunarfræðinga. Frumvarpið gerir ráð fyrir að alls 45 m.kr. verði færðar af sjúkrasviðum þriggja heilbrigðisstofnana yfir á heilsugæslusvið þeirra til samræmis við rekstrarreikning stofnananna. Þá er gert ráð fyrir 13,3 m.kr. fjárveitingu vegna samninga við sjúkraflutningsmenn.

3. Heilsugæslustöðvar án tengsla við sjúkrahús. Undir þennan kafla falla stofnanir á fjárlagaliðum 500 til 586 og liðurinn 378 Læknishéraðasjóður. Þær breytingar eru gerðar á framsetningu að liðurinn 558 Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu er færður undir 761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga sem áður hét Heilbrigðisstofnunin Húsavík.

Rekstrarútgjöld til liðarins 500 Heilsugæslustöðvar, almennt eru áætluð 208 m.kr. Þar af eru 104,5 m.kr. til almenns rekstrar, 27 m.kr. til óskipts viðhalds og 77,2 m.kr. til tölvuvæðingar og kaupa á öðrum tækjum og búnaði. Lögð er til 7 m.kr. fjárveiting til eflingar skólaheilsugæslu til aukinnar umönnunar langveikra barna í skólum landsins í samræmi við áform ríkisstjórnar um að bæta þjónustu við sjúk börn og ungmenni. Áætlað er fyrir 6,6 m.kr. fjárveitingu vegna samninga við sjúkraflutningsmenn sem starfa við heilsugæslustöðvar. Af liðnum eru færðar alls 55 m.kr. til að leiðrétta rekstrargrunn Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík og 27,6 m.kr. til fjögurra heilsugæslustöðva. Lagt er til að framlagið skiptist þannig að 12,4 m.kr. fari til Heilsugæslustöðvarinnar Lágmúla, Reykjavík, 10,8 m.kr. til Reynslusveitarfélagsins Akureyrar, 2,3 m.kr. til Heilsugæslustöðvarinnar Búðardal og 2,1 m.kr. til Reynslusveitarfélagsins Hornafjarðar. Enn fremur er færð af liðnum 36 m.kr. fjárveiting vegna kostnaðar af tölvuvæðingu heilsugæslustöðva.

Á liðnum 501 Sjúkraflutningar eru 11 m.kr. áætlaðar til að mæta kröfum um hjartastuðtæki sem stefnt er að að verði staðalbúnaður í öllum sjúkrabifreiðum í B-flokki. Í Evrópustaðli er gert ráð fyrir að hjartastuðtæki sé staðalbúnaður í B-sjúkrabifreiðum sem eru hannaðar og búnar fyrir flutning sjúklinga og bráðasjúklinga. Þá er 4,4 m.kr. hækkun á framlagi til *1.12 Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða* til að auka öryggi í fámennari byggðarlögum við bráðasjúkraflutninga í neyðartilvikum.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Læknishéraðasjóður	0,4	2,5	2,5	0,0	525,0
Heilsugæslustöðvar, almennt	23,4	226,2	104,6	-53,8	347,0
Sjúkraflutningar	275,9	298,8	321,2	7,5	16,4
Heilsugæsla í Reykjavík	588,0	605,5	679,8	12,3	15,6
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	401,6	341,1	411,3	20,6	2,4
Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík	69,7	67,5	83,2	23,3	19,4
Læknavaktin	133,1	138,0	143,4	3,9	7,7
Heilsugæslustöðin Borgarnesi	59,3	57,5	60,1	4,5	1,3
Heilsugæslustöðin Ólafsvík	51,6	42,0	44,0	4,8	-14,7
Heilsugæslustöðin Grundarfirði	21,8	22,0	24,4	10,9	11,9
Heilsugæslustöðin Búðardal	41,5	36,8	41,1	11,7	-1,0
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	25,0	21,5	25,3	17,7	1,2
Heilsugæslustöðin Dalvík	40,7	37,1	40,0	7,8	-1,7
Reynslusveitarfélagið Akureyri	169,2	189,6	208,0	9,7	22,9
Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu	62,2	54,5	0,0	-	-
Heilsugæslustöðin Vopnafirði	32,9	0,0	0,0	-	-
Heilsugæslustöðin Eskifirði	48,2	0,0	0,0	-	-
Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	35,0	0,0	0,0	-	-
Heilsugæslustöðin Djúpavogi	27,9	0,0	0,0	-	-
Reynslusveitarfélagið Hornafjörður	49,3	49,6	54,7	10,3	11,0
Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	21,0	20,2	24,9	23,3	18,6
Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	23,1	22,6	24,7	9,3	6,9
Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	29,1	0,0	0,0	-	-
Heilsugæslustöðin Hellu	25,3	0,0	0,0	-	-
Heilsugæslustöðin Rangárþingi	0,0	51,3	55,1	7,4	-
Heilsugæslustöðin Laugarási	40,7	35,4	37,0	4,5	-9,1
Heilsugæslustöðin Hveragerði	23,0	18,0	26,5	47,2	15,2
Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	19,8	19,6	22,4	14,3	13,1
Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	159,4	159,1	171,4	7,7	7,5
Heilsugæslustöðin Garðabæ	58,6	67,8	77,1	13,7	31,6
Heilsugæsla í Kópavogi	170,6	182,5	207,5	13,7	21,6
Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	103,2	110,8	116,6	5,2	13,0
Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	70,8	68,9	71,9	4,4	1,6
Samtals	**2.901,3**	**2.946,4**	**3.078,7**	**4,5**	**6,1**

Heildarfjárveiting til heilsugæslustöðva alls 2.971,6 m.kr. Þar vegur þyngst 55 m.kr. fjárveiting sem er millifærð af lið 500 Heilsugæslustöðvar, almennt til að leiðrétta rekstrargrunn Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík. Óskað er eftir 40 m.kr. fjárveitingu vegna stækkunar heilsugæslustöðvar í Grafarvogi, Reykjavík, og 9 m.kr. fjárveitingu vegna stækkunar heilsugæslustöðvar í Hlíðum, Reykjavík. Þá er lögð til 16,4 m.kr. fjárveiting til að efla heimahjúkrun í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði um kvöld, nætur og helgar og 10,8 m.kr. fjárveitingu til að fjölga heilsugæslulæknum í Kópavogi. Loks er lagt til 7,4 m.kr. framlag til að fjölga stöðugildum lækna við Heilsugæslustöðina Hveragerði.

4. Aðrar sjúkrastofnanir. Hér undir falla hjúkrunarheimili, þ.m.t. daggjaldastofnanir, endurhæfingarstofnanir og áfengismeðferðarstofnanir. Á fjárlagalið 495 Daggjaldastofnanir er viðfangsefnið *1.85 Fríðuhús, Reykjavík* nýtt en jafnframt breytast heiti nokkurra viðfangsefna í *1.12 Sóltún, Reykjavík, 1.81 Holtsbúð, Garðabæ* og *1.83 Uppsalir, Fáskrúðsfirði.* Töluliðir viðfangsefnanna eru óbreyttir. Liðurinn 407 Sundabúð II, Vopnafirði fellur niður og er sameinaður 777 Heilbrigðisstofnun Austurlands. Hér undir fellur einnig nýr liður, 499 Hjúkrunarheimili.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Framkvæmdasjóður aldraðra, rekstur	289,0	300,0	312,5	4,2	8,1
Sólvangur, Hafnarfirði	334,4	348,5	385,2	10,5	15,2
Sundabúð II, Vopnafirði	39,9	35,7	0,0	-	-
Sunnuhlíð, Kópavogi	186,3	173,7	218,6	25,8	17,3
Hjúkrunarheimilið Skjól	362,3	371,7	408,9	10,0	12,9
Hjúkrunarheimilið Eir	380,5	400,0	477,8	19,5	25,6
Garðvangur, Garði	141,3	141,3	155,1	9,8	9,8
Hjúkrunarheimilið Skógarbær	305,5	293,7	321,9	9,6	5,4
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	222,8	225,7	248,0	9,9	11,3
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	66,6	69,2	75,5	9,1	13,4
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	55,8	54,3	59,2	9,0	6,1
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	63,0	65,4	71,3	9,0	13,2
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	26,0	22,8	24,8	8,8	-4,6
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	284,1	329,1	346,0	5,1	21,8
Víðines	123,9	129,3	141,0	9,0	13,8
Hlaðgerðarkot	47,9	48,3	55,8	15,5	16,5
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	224,9	233,3	256,2	9,8	13,9
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	251,2	255,7	285,7	11,7	13,7
Vistheimilið Bjarg	27,9	29,1	32,0	10,0	14,7
Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	55,0	53,3	57,8	8,4	5,1
Vistun ósakhæfra afbrotamanna	106,2	102,1	114,4	12,0	7,7
Daggjaldastofnanir	3.087,0	3.538,5	3.721,0	5,2	20,5
Reynslusveitarfélagið Akureyri	223,4	300,9	333,0	10,7	49,1
Reynslusveitarfélagið Hornafjörður	122,2	120,0	130,0	8,3	6,4
Hjúkrunarheimili	0,0	0,0	105,2	-	-
Samtals	**7.027,1**	**7.641,6**	**8.336,9**	**9,1**	**18,6**

Heildarútgjöld stofnana, sem falla undir þennan flokk, nema 8.336,9 m.kr. en námu 7.641,6 m.kr. í fjárlögum 2000 sem er 695 m.kr. hækkun á milli ára að meðtöldum launa- og verðbreytingum. Þar vega þyngst um 250 m.kr. launabætur til sjúkraliða og ófaglærðra starfsmanna á hjúkrunar- og daggjaldastofnunum og um 73 m.kr. fjárveiting til framgangskerfis hjúkrunarfræðinga við hjúkrunar- og daggjaldastofnanir. Þá er 105,2 m.kr framlag á nýjum lið, 499 Hjúkrunarheimili, en þar af eru 46,9 m.kr. tímabundin fjárveiting á árinu 2001. Fjárveitingin er til að laga greiðslur til hjúkrunarheimila, þ.m.t. daggjaldastofnana, að greiðslukerfi tengdu RAI-hjúkrunarþyngdarmælingum þegar það kemur til framkvæmda.

Ráðuneytið hefur um nokkurt skeið haft til athugunar breytingar á greiðslukerfi hjúkrunarheimila í því skyni að sameina greiðslur samkvæmt föstum fjárlögum og daggjöldum í eitt samræmt greiðslukerfi og er gert ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki fyrir afgreiðslu fjárlaga. Frumvarpið gerir ráð fyrir að af þessari fjárveitingu verði 5,5 m.kr. millifærðar á lið 301 Landlæknir til að hafa eftirlit með áreiðanleika RAI-hjúkrunarþyngdarmælinga og gæðum þjónustu á hjúkrunarheimilum. Lögð er til 37,4 m.kr. fjárveiting til liðar 410 Hjúkrunarheimilið Eir til reksturs 10 nýrra hjúkrunarrýma fyrir Alzheimer-sjúklinga. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir 26,7 m.kr. fjárveitingu til liðar 408 Sunnuhlíð, Kópavogi til reksturs 15 nýrra hjúkrunarrýma við heimilið og 17,9 m.kr. fjárveitingu til Fríðuhúss, Reykjavík en þar er gert ráð fyrir 10 dagvistarrýmum fyrir Alzheimer-sjúklinga. Framlagi til nokkurra daggjaldastofnana er breytt með millifærslu af viðfangsefni 1.98 Óskipt framlag til breytinga á daggjöldum vegna fjölgunar á hjúkrunarrýmum og breytinga á dvalarrýmum í hjúkrunarrými. Munar þar mest um 10,1 m.kr. framlag á viðfangsefni *1.81 Holtsbúð, Garðabæ* og 6,1 m.kr. á viðfangsefni *1.23 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum*. Loks er lagt til að fjárveiting til viðfangsefnis *1.12 Sóltún, Reykjavík* á lið 495 Daggjaldastofnanir lækki tímabundið á árinu 2001 um 153 m.kr. þar sem heimilið mun ekki taka til starfa fyrr en í nóvember 2001. Frumvarpið gerir ráð fyrir að 66,6 m.kr. af þeirri fjárhæð verði fluttar tímabundið til Landspítala - háskólasjúkrahúss til að annast aðkallandi hjúkrunardeildarþjónustu við aldraða þar til Sóltún tekur til starfa í lok árs 2001. Auk þess eru 86,4 m.kr. færðar tímabundið á árinu 2001 af þeim lið til annarra verkefna.

5. Stofnkostnaður og tækjakaup. Hér er fjallað á einum stað um framlög til stofnkostnaðar og tækjakaupa á fjárlagaliðum: 358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri; 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi; 373 Landspítali - háskólasjúkrahús; 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir; 385 Framkvæmdasjóður aldraðra og 500 Heilsugæslustöðvar, almennt. Niður falla liðir 371 Ríkisspítalar og 375 Sjúkrahús Reykjavíkur.

Útgjöld til stofnkostnaðar á þessum liðum eru alls 1.615 m.kr. en voru 1.444 m.kr. í fjárlögum 2000 og hækka því framlögin í heild um 171 m.kr. Við samanburð á milli ára verður að taka tillit til að í fjáraukalögum 1999 var fjárveiting hækkuð um 1.650 m.kr. á lið 379 Sjúkrahús, óskipt vegna skuldbindingar af samningi milli ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar um að ríkissjóður taki yfir rekstur og eignir Sjúkrahúss Reykjavíkur. Það ár voru einnig miklar viðhald- og stofnframkvæmdir við Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	199,6	91,0	91,0	0,0	-54,4
Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	0,0	50,0	60,0	20,0	-
Ríkisspítalar	711,4	370,0	0,0	-	-
Sjúkrahús Reykjavíkur	354,9	290,0	0,0	-	-
Landspítali - háskólasjúkrahús	0,0	0,0	790,0	-	-
Sjúkrahús, óskipt	1.615,4	0,0	0,0	-	-
Sjúkrahús og læknisbústaðir	271,0	253,4	307,4	21,3	13,4
Framkvæmdasjóður aldraðra	264,2	250,0	262,5	5,0	-0,6
Heilsugæslustöðvar, almennt	32,1	139,8	104,2	-25,5	224,6
Samtals	**3.448,6**	**1.444,2**	**1.615,1**	**11,8**	**-53,2**

Nokkur breyting hefur verið gerð á framsetningu á viðfangsefni fjárlagaliðar 373 Landspítali - háskólasjúkrahús vegna sameiningar Ríkisspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur. Viðfangsefni *5.60 Viðhald* sameinar fjárveitingar spítalanna í fjárlögum til þessara verkefna en auk þess er lögð til 50 m.kr. lækkun fjárveitingar til að mæta útgjaldamarkmiðum. Gert er því ráð fyrir 248 m.kr. til þessa viðfangsefnis. Á viðfangsefni *6.01 Tæki og búnaður* er auk þess færð fjárveiting Ríkisspítala af eldra viðfangsefni, 6.60 Stjórnarnefnd, stofnkostnaður, sem er fellt niður. Lögð er til 20 m.kr. lækkun fjárveitingar til þessa viðfangsefnis til að mæta útgjaldamarkmiðum. Alls gerir frumvarpið því ráð fyrir 218 m.kr. til þessa viðfangsefnis. Framlag til viðfangefnis *6.21 Barnaspítali* hækkar samkvæmt frumvarpinu um 200 m.kr.

Á lið 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir er gert ráð fyrir 210 m.kr. fjárveitingu á viðfangsefni *6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða*. Liðurinn hækkar tímabundið í eitt ár um 24 m.kr. til ýmissa verkefna en á móti fellur niður 10 m.kr. tímabundin fjárveiting til endurbóta á húsnæði Heilbrigðisstofnunarinnar Suðurlandi og Vestmannaeyjum. Þá er lögð til 20 m.kr. lækkun á þessu viðfangsefni til að mæta útgjaldamarkmiðum. Á viðfangsefni *5.50 Viðhald sjúkrahúsa, óskipt* er gert ráð fyrir 80 m.kr. fjárveitingu en þar af er 30 m.kr. tímabundið framlag á árinu 2000.

Gert er ráð fyrir að fjárveiting til viðfangsefnis *6.50 Stofnkostnaðarframkvæmdir vegna endurskipulagningar* á lið 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi verði 60 m.kr. og hækki um 10 m.kr. frá fjárlögum. Framlög til viðfangsefnisins eru hækkuð um 60 m.kr. en þar af eru 30 m.kr. tímabundið framlag á árinu 2001. Hins vegar leggur ráðuneyti til 50 m.kr. lækkun á þessu viðfangsefni til að mæta útgjaldamarkmiðum. Þá lækka framlög á lið 500 Heilsugæslustöðvar, almennt til tölvuvæðingar um 36. m.kr. sem skýrist af því að fjárveiting við tölvuvæðingu hefur verið millifærð á hlutaðeigandi heilbrigðisstofnanir.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 340 Málefni fatlaðra; 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi; 621 Forvarnasjóður og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Undir liðnum 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi eru þrjú ný viðfangsefni, *1.38 Félagið Heyrnarhjálp*, *1.14 Lyfjaverðsnefnd* og *1.45 Útgáfa lyfjaverðskráa*, sem áður voru færð undir 393 Lyfjamál. Undir síðastnefnda viðfangsefninu eru sameinuð viðfangsefnin *1.61 Norræn samvinna í lyfjamálum* og *1.71 Samheitaskrá lyfja*.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Málefni fatlaðra	74,4	68,8	89,5	30,1	20,3
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	464,7	407,7	446,6	9,5	-3,9
Forvarnasjóður	66,9	70,6	70,8	0,3	5,8
Íslenska upplýsingasamfélagið	11,9	52,0	57,0	9,6	379,0
Samtals	**617,9**	**599,1**	**663,9**	**10,8**	**7,4**

Heildarútgjöld málefnaflokksins hækka um 65 m.kr. frá fjárlögum þessa árs.

Af einstökum fjárlagaliðum hækkar liður 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi um 39 m.kr. Það skýrist m.a. af 7,3 m.kr. fjárveitingu til viðfangsefnis *1.13 Úrskurðarnefnd almannatrygginga* en kostnaður við nefndina hefur reynst mun meiri en ætlað var. Þá er gert ráð fyrir 6,3 m.kr. fjárveitingu til viðfangsefnisins *1.15 Vísindasiðanefnd* en kostnaður við nefndina hefur að sama skapi reynst meiri en fyrirhugað var. Útgjöld viðfangsefnis *1.14 Lyfjaverðsnefnd* verða samkvæmt frumvarpinu 5,6 m.kr. en viðfangsefnið er fært af fjárlagalið 393 Lyfjamál. Færð er af sama fjárlagalið 3,0 m.kr. fjárveiting á viðfangsefnið *1.45 Útgáfa lyfjaverðskráa*. Enn fremur er 5,4 m.kr. fjárveiting til viðfangsefnis *1.38 Félagið Heyrnarhjálp* en í frumvarpinu er lagt til að félagið fái styrk úr ríkissjóði til starfsemi sinnar í stað þess að fá hluta af innflutningsverðmæti heyrnartækja eins og verið hefur. Þá er viðfangsefni *1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi* hækkað um 2,4 m.kr. Óskað er eftir að framlengt verði tímabundið í eitt ár 7 m.kr. framlag til viðfangsefnis *1.67 Verkefnastjórn um slysavarnir fyrir börn og unglinga* en fjárveitingin fellur niður að óbreyttu. Á viðfangsefni *190 Ýmis framlög* gerir frumvarpið ráð fyrir 3,5 m.kr. styrk til reksturs Þjónustuseturs líknarfélaga og 3 m.kr. tímabundinni fjárveitingu vegna samstarfs heilbrigðisráðuneytis við nokkra aðila um stefnumótun á sviði heilbrigðistækni og 2 m.kr. tímabundinni fjárveitingu til rekstrar athvarfs fyrir geðsjúka á Akureyri. Þá fellur niður 5,5 m.kr. tímabundin fjárveiting til Krísuvíkurskóla, vist- og meðferðarheimilis sem veitt var á árinu 2000 til styrktar rekstri skólans og 2,5 m.kr. fjárveiting til rannsóknar á rauðum hundum.

Fjárlagaliðurinn 340 Málefni fatlaðra hækkar um 20,7 m.kr. en þar vegur þyngst 15 m.kr. fjárveiting til Endurhæfingarstöðvar Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra sem er

millifærð af lið 08-379 Sjúkrahús, óskipt sem fellur niður í frumvarpinu. Með fjárveitingu þessari er gert ráð fyrir að gerður verði þjónustusamningur við Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra um kaup á þjónustu frá endurhæfingarstöð þess. Þá er lögð til tímabundin 4 m.kr. fjárveiting í þrjú ár til kaupa á 110 tölvum fyrir heyrnarlausa.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Útgjöld liðarins Íslenska upplýsingasamfélagið verða 57 m.kr. en voru 52 m.kr. í fjárlögum fyrra árs. Lögð er til 2,5 m.kr. hækkun á sérstöku framlagi til þessara verkefna á vegum upplýsingasamfélagsins hjá ráðuneytinu þannig að það nemi 28,5 m.kr. samtals. Skilyrði fyrir framlaginu er að ráðuneytið afli a.m.k. jafnhás mótframlags til verkefnanna og er því áætlað fyrir alls 57 m.kr. útgjöldum á fjárlagaliðnum. Þar af eru 27 m.kr. vegna heilbrigðisnets, 14 m.kr. vegna kröfulýsingar á sjúkraskrárkerfi, 14 m.kr. vegna fjarlækninga og 2 m.kr. vegna heilsuvefjar sem er ætlað að vera miðstöð upplýsinga um heilbrigðismál fyrir almenning. Á síðari hluta árs 2001 er áformað að opna vefinn fyrir almenningi.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun fjármálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	16.395,5	14.969,1	15.992,6	7	-2
Neyslu- og rekstrartilfærslur	12.821,4	8.503,5	9.378,4	10	-27
Stofnkostnaður og viðhald	1.213,8	1.060,8	1.653,3	56	36
Samtals	**30.430,7**	**24.533,4**	**27.024,3**	**10**	**-11**
Greitt úr ríkissjóði	15.099,1	16.957,1	19.240,2	13	27
Innheimt af ríkistekjum	133,2	106,3	110,2	4	-17
Viðskiptahreyfingar	15.198,4	7.470,0	7.673,9	3	-50
Samtals	**30.430,7**	**24.533,4**	**27.024,3**	**10**	**-11**

Heildargjöld fjármálaráðuneytis árið 2001 eru áætluð 29.196,4 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 2.172,1 m.kr. en þær nema rúmlega 7% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 27.024,3 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 19.240,2 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 110,2 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 7.673,9 m.kr., færist til hækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Rekstrargjöld ráðuneytisins, að frádregnum sértekjum, eru áætluð 15.992,6 m.kr. og hækka um 1.023,5 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Þar vegast á breytingar sem eru bæði til lækkunar og hækkunar. Af hækkun rekstrargjalda vegur þyngst að í frumvarpinu er fram-

setningu fjárreiðna ríkissjóðs breytt á þann veg að um 430 m.kr. framlög á móti viðbótarlífeyrissparnaði launþega eru gjaldfærð á nýjan lið hjá fjármálaráðuneyti í stað þess að vera dregin frá tryggingagjaldi á tekjuhlið. Þá er áætlað að gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar í rekstri ríkissjóðs aukist um 480 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Reiknað er með að fjármagnstekjuskattur, sem lagður er á vaxtatekjur ríkissjóðs, verði um 200 m.kr. hærri en á þessu ári. Af öðrum stærri tilefnum til hækkunar á rekstrargjöldum má nefna að gert er ráð fyrir að útgjöld Fasteignamats ríkisins aukist um 53 m.kr. vegna reksturs Landskrár fasteigna og að veitt verði samtals 50 m.kr. framlag til að efla eftirlit með virðisaukaskattsskilum og er því framlagi skipt niður á stofnanir ráðuneytisins sem koma að eftirliti á því sviði. Af tilefnum til lækkunar rekstrargjalda er helst að nefna að fjárheimild til að mæta launa- og verðlagsfrávikum í ríkisrekstrinum lækkar um 240 m.kr. og að sértekjur Fasteigna ríkissjóðs aukast um 150 m.kr. við það að stofnunin tekur fasteignir framhaldsskóla í sína umsjón.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 874,9 m.kr. og verður 9.378,4 m.kr. en er 8.503,5 m.kr. í fjárlögum ársins 2000. Þar munar mest um áform um endurskoðun á barnabótakerfinu sem talin eru leiða til 600 m.kr. hækkunar. Þá hækkar fjárheimild til að mæta verðlagsfrávikum í neyslu- og rekstrartilfærslum um 130 m.kr. Einnig er gert ráð fyrir að fjárheimild ríkisstjórnarinnar til að mæta óvissum útgjöldum hækki um 100 m.kr. milli ára en sú heimild er sett fram sem tilfærslur hjá fjármálaráðuneyti.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 1.653,3 m.kr. og er það 592,5 m.kr. hækkun milli ára. Helstu breytingarnar eru í fyrsta lagi að gert er ráð fyrir 190 m.kr. fjárveitingu til uppbyggingar á húsnæði fyrir ráðuneyti á stjórnarráðsreit fyrir ráðuneyti sem nú eru í leiguhúsnæði annars staðar í Reykjavík. Í öðru lagi er ráðgert að verja 160 m.kr. til að kaupa nýtt bókhalds- og starfsmannakerfi sem komi í stað eldri kerfa hjá ráðuneytum og stofnunum. Í þriðja lagi eykst viðhaldskostnaður Fasteigna ríkissjóðs um 150 m.kr. þar sem stofnunin mun framvegis annast viðhald og umsýslu fasteigna framhaldsskóla. Loks má nefna að stofnkostnaður við uppbyggingu á Landskrá fasteigna eykur útgjöld Fasteignamats ríkisins um 60 m.kr. Á móti falla niður nokkur lægri framlög vegna verkefna sem lýkur á þessu ári.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir hagræðingu sem nemur um 105 m.kr. til að mynda svigrúm fyrir jafnhá framlög til nýrra verkefna eða aukinna umsvifa á vissum sviðum. Til að standa straum af þessum nýju útgjöldum hefur fjárveiting stofnana ráðuneytisins verið lækkuð sem nemur 1% af rekstrarútgjöldum að frádregnum sértekjum, auk þess sem framlög til nokkurra stofnkostnaðarverkefna hafa verið lækkuð. Í sumum tilvikum fá viðkomandi stofnanir hins vegar einnig úthlutað framlagi til nýrra verkefna. Vikið er nánar að þessum áformum um breytta forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2001 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld fjármálaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2001 til 2004. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2001	Spá 2002	Spá 2003	Spá 2004
Ráðuneyti o.fl.	668	674	681	688
Skatta- og tollamál	2.363	2.386	2.409	2.433
Lífeyrir og eftirlaun	6.978	7.153	7.335	7.525
Barnabætur og vaxtabætur	8.515	9.015	9.515	9.515
Afskrifaðar kröfur	4.960	4.960	4.960	4.960
Verðlagsmál	1.000	1.000	1.000	1.000
Annað	2.540	2.364	2.375	2.386
Samtals	**27.024**	**27.552**	**28.275**	**28.507**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka fjármálaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að fjárheimild vegna *Lífeyrisskuldbindinga og eftirlauna* aukist að jafnaði um 2,5% á ári. Skýrist það af því að reiknað er með að gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar vaxi um 2% árlega og að greiðslur á mótframlagi ríkissjóðs vegna viðbótarlífeyrisiðgjalda launþega hækki nokkuð ört, eða um 10% á ári, þar sem búist er við að fleiri nýti sér þennan hagstæða fjárfestingarkost á næstu árum. Í öðru lagi er í spánni miðað við að útgjöld vegna *Barnabóta og vaxtabóta* aukist um 1.500 m.kr. frá 2001 til 2003, í samræmi við áform um endurskoðun á barnabótakerfinu með tilliti til tekju- og eignatenginga. Gert er ráð fyrir að gjaldfærðar *Afskriftir skattkrafna* og fjárheimildir til að mæta frávikum í *Verðlagsmálum* verði óbreyttar frá árinu 2001 en erfitt er að segja fyrir um breytingar sem kunna að verða á þessum liðum. Loks má nefna að reiknað er með því að útgjöld, sem falla undir málaflokkinn *Annað,* lækki talsvert á árinu 2002. Það stafar af því að reiknað er með því að þá dragi úr stofnkostnaði á sviði ráðuneytisins, aðallega í tengslum við upplýsingavinnslukerfi ríkisins, ef ekki verða teknar ákvarðanir um frekari nýsmíði á því sviði.

Skuldbindandi samningar

Fjármálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við Skýrr hf. um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 264 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2001 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2000	2001	2002	2003	2004
Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	A	27,9	27,9	-	-	-
Launagreiðslukerfi	A	47,4	47,4	-	-	-
Tekjubókhaldskerfi	A	100,9	100,9	100,9	100,9	100,9
Innheimtuskilakerfi	A	14,1	14,1	14,1	14,1	14,1
Forsendukerfi innheimtugagna	A	6,3	6,3	6,3	6,3	6,3
Skattavinnslukerfi	A	67,2	67,2	67,2	67,2	67,2
Samtals		**263,8**	**263,8**	**188,5**	**188,5**	**188,5**

Allir slíkir þjónustusamningar á vegum fjármálaráðuneytisins eru gerðir samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga og eru þeir merktir með bókstafnum A í töflunni.

Nú er unnið að þarfagreiningu fyrir nýtt bókhalds- og starfsmannakerfi ríkisins og er gert ráð fyrir fjármunum til kaupa á nýju kerfi í frumvarpinu. Fyrirhugað er að taka nýtt kerfi í notkun í byrjun ársins 2002. Af þessari ástæðu er óljóst hvort í gildi verður þjónustu-

samningur við Skýrr hf. um rekstur bókhalds- og áætlunarkerfisins og launagreiðslukerfisins eftir 2001. Einnig er rétt að taka fram að aðrir þjónustusamningar við Skýrr hf. um rekstur upplýsingakerfa eru með uppsagnarákvæði og er áframhald þeirra háð því að þeir verði taldir hagkvæmir fyrir ríkið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa; 103 Ríkisbókhald; 104 Ríkisfjárhirsla og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	353,4	354,0	392,0	10,7	10,9
Ríkisbókhald	207,9	201,5	230,4	14,3	10,8
Ríkisfjárhirsla	35,4	41,8	39,8	-4,8	12,4
Ráðstöfunarfé	0,0	6,0	6,0	0,0	-
Samtals	**596,7**	**603,3**	**668,2**	**10,8**	**12,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um rúmlega 40 m.kr. frá fjárlögum ársins 2000 að frátöldum launa- og verðlagshækkunum.

101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að fjárveiting aðalskrifstofunnar hækki um 20 m.kr. til að standa straum af kostnaði við verkefni sem tengjast nýlegum verklagsreglum um framkvæmd fjárlaga og aukinni vinnu að stefnumótun í efnahagsmálum og að áætlanagerð í ríkisfjármálum til lengri tíma litið. Starf að túlkun tvísköttunarsamninga hefur verið fært til aðalskrifstofunnar, en það fór áður fram hjá embætti ríkisskattstjóra, og er gert ráð fyrir 5 m.kr. hækkun á framlagi aðalskrifstofunnar af því tilefni. Þá er veitt tímabundið 3 m.kr. framlag í frumvarpinu til endurnýjunar á bifreið Stjórnarráðsins. Einnig er gert ráð fyrir að hluta 50 m.kr. framlags til aukins eftirlits með virðisaukaskattskilum, eða 2 m.kr., verði varið til verkefna á því sviði hjá aðalskrifstofunni. Á móti vegur að fyrirhugað er að hagræðing í rekstri leiði til tæplega 2 m.kr. lækkunar á útgjöldum. Loks er fjárheimild að fjárhæð 4 m.kr. flutt frá aðalskrifstofunni á viðfangsefni 1.09 undir liðnum *995 Skýrsluvélakostnaður* þar sem þjónusta við rekstur Fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis og við Fjárlagavefinn verður framvegis keypt að í stað þess að fara fram innan aðalskrifstofunnar.

103 Ríkisbókhald. Rekstrarframlag stofnunarinnar hækkar um 25,5 m.kr. af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 20,5 m.kr. viðbótarframlagi vegna breyttra rekstrarforsendna eftir setningu nýlegra laga um fjárreiður ríkisins og mikla aukningu verkefna sem fylgt hefur í kjölfarið. Í öðru lagi er um að ræða tímabundið framlag á árinu 2001 að fjárhæð 5 m.kr. en það er ætlað til að mæta útgjöldum við útreikninga á

inneignarvöxtum vegna mála sem varða endurákvarðanir um oftekna skatta frá fyrri tíð í samræmi við álit umboðsmanns Alþingis þar um. Þá hefur í frumvarpinu verið gert ráð fyrir að hagræðing í rekstri stofnunarinnar leiði til 2,2 m.kr. lækkunar á útgjöldum.

Skatta- og tollamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Ríkisskattstjóri; 202-211 Skattstofur; 212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld; 214 Yfirskattanefnd; 215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins; 250 Innheimtukostnaður; 261 Ríkistollstjóri og 262 Tollstjórinn í Reykjavík.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkisskattstjóri	418,5	437,0	463,0	5,9	10,6
Skattstofan í Reykjavík	251,0	259,2	287,5	10,9	14,5
Skattstofa Vesturlands	40,1	37,9	38,6	1,8	-3,7
Skattstofa Vestfjarða	25,4	26,1	26,4	1,1	3,9
Skattstofa Norðurlands vestra	26,9	27,4	27,9	1,8	3,7
Skattstofa Norðurlands eystra	60,3	59,5	64,6	8,6	7,1
Skattstofa Austurlands	31,8	31,7	32,3	1,9	1,6
Skattstofa Suðurlands	44,1	39,8	42,5	6,8	-3,6
Skattstofa Vestmannaeyja	17,2	15,7	15,9	1,3	-7,6
Skattstofa Reykjaness	136,5	140,0	167,0	19,3	22,3
Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld	44,4	127,2	120,8	-5,0	172,1
Yfirskattanefnd	70,1	82,1	83,4	1,6	19,0
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	70,8	86,8	91,2	5,1	28,8
Innheimtukostnaður	166,0	147,3	144,2	-2,1	-13,1
Ríkistollstjóri	149,6	142,3	144,4	1,5	-3,5
Tollstjórinn í Reykjavík	576,4	565,0	613,2	8,5	6,4
Samtals	**2.129,1**	**2.225,0**	**2.362,9**	**6,2**	**11,0**

Útgjöld til stofnana og verkefna á sviði skatta- og tollamála aukast alls um 47,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Helstu tilefni til hækkunar á útgjöldum eru, í fyrsta lagi, að í frumvarpinu er gert ráð fyrir 48 m.kr. framlagi til stofnana sem tilheyra þessum málaflokki til að efla eftirlit með skilum á virðisaukaskatti en þau áform tengjast m.a. áliti nefndar sem fjallað hefur um úrbætur í þessum efnum. Í öðru lagi eykst rekstrarkostnaður skattyfirvalda um 35 m.kr. vegna ýmissa verkefna sem leiða af breytingum á skattalögum. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að húsnæðiskostnaður þessara stofnana, einkum leigugreiðslur, hækki um 25 m.kr. frá þessu ári. Á móti vegur að fyrirhugað er að hagræðing í rekstri leiði til tæplega 36 m.kr. lækkunar á útgjöldum og að felld eru niður ýmis framlög til tímabundinna verkefna sem alls nema 24 m.kr.

201 ***Ríkisskattstjóri.*** Framlag til starfsemi embættisins tekur nokkrum breytingum í frumvarpinu en þar vegast á nokkur tilefni til hækkunar og lækkunar á útgjöldum. Alls nema breytingarnar þó rúmlega 11 m.kr. umfram launa- og verðlagshækkanir milli ára. Fyrst má nefna að 10 m.kr. fjárheimild er flutt til stofnunarinnar af viðfangsefninu *1.30 Þungaskattur* undir liðnum *212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld.* Þar er um að ræða framlag sem hefur að stærstum hluta verið veitt til embættisins innan ársins vegna vinnu að verkefnum sem tengjast álagningu þungaskatts. Gert er ráð fyrir að hlutdeild stofnunarinnar í sérstöku framlagi til að efla eftirlit með virðisaukaskatti verði 5,5 m.kr. Þá er lagt til að veitt verði 4 m.kr. framlag til að mæta kostnaði vegna vinnu við skattlagningu tekna af kauprétti á hlutabréfum í samræmi við lög á því sviði sem afgreidd voru á sl. vorþingi. Embætti ríkisskattstjóra mun hafa yfirumsjón með vinnu skattstofa að þessum nýju verkefnum og þar á meðal uppbyggingu á tölvukerfi til að annast vinnslu á gögnum í sambandi við kaupréttarsamninga um hlutabréf. Einnig er gert ráð fyrir 3 m.kr. hækkun á rekstrarframlagi í kjölfar hækkunar sem orðið hefur á póstburðargjöldum, en þau eru umtalsverður kostnaðarliður starfseminni. Loks er áætlað fyrir 1,8 m.kr. aukningu í launakostnaði þar sem gert er ráð fyrir að ríkisskattstjóri taki að sér álagningu bifreiðagjalds. Á hinn bóginn lækkar fjárveiting til embættisins við það að fluttar eru tímabundið 4 m.kr. á liðinn *996 Íslenska upplýsingasamfélagið*, en þar er um að ræða hálft framlag á móti nýju framlagi til verkefnis sem snýr að rafrænum skilum á virðisaukaskatti. Í annan stað er fyrirhugað að hagræðing í rekstri leiði til rúmlega 4,4 m.kr. lækkunar á útgjöldum

202 ***Skattstofan í Reykjavík.*** Í frumvarpinu er gert ráð fyrir framlag til stofnunarinnar hækki um 16 m.kr. til að standa straum af kostnaði við ýmis ný verkefni í kjölfar breytinga á skattalögum undanfarin ár. Þar er einkum um að ræða breytta framkvæmd við álagningu vörugjalds, upptöku fjármagnstekjuskatts, fyrirframgreiðslur vaxtabóta vegna húsnæðiskaupa og skattlagning tekna af kauprétti á hlutbréfum. Að auki er gert ráð fyrir 15,5 framlagi til að efla eftirlit með skilum á virðisaukaskatti. Á móti kemur að fyrirhugað er að hagræðing í rekstri skattstofunnar í Reykjavík skili tæplega 10 m.kr. sparnaði í útgjöldum.

211 ***Skattstofa Reykjaness.*** Fjárveiting til skattstofunnar hækkar um 19,5 m.kr. til að efla eftirlit með skilum á virðisaukaskatti. Því til viðbótar er fjárveitingin aukin um 4 m.kr. þar sem gjaldendum í umdæminu hefur fjölgað verulega á síðustu árum og um 1 m.kr. vegna starfs að skattlagningu tekna af kauprétti á hlutbréfum. Eins og á við um aðrar skattstofur er hins vegar einnig fyrirhugað að hagræða í rekstrinum með það að markmiði að draga úr útgjöldum og nemur sú lækkun 1,5 m.kr. hjá skattstofu Reykjaness.

212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld. Fjárveiting þessa liðar lækkar um 10,3 m.kr. að raungildi. Þar munar mest um áform um að dregið verði úr útgjöldum við ýmis verkefni með hagræðingu sem nemi 7,6 m.kr. Þar við bætist að 10 m.kr. eru fluttar af viðfangsefninu *1.30 Þungaskattur* til embættis ríkisskattstjóra eins og greint er frá undir þeim fjárlagalið. Þá fellur niður tímabundið framlag að fjárhæð 2 m.kr. á viðfangsefninu *1.07 Athugun á virðisaukaskattskerfi* þar sem þeirri athugun er lokið. Að síðustu lækkar viðfangsefnið *1.05 Gæða- og þjónustumál skattstofa* tímabundið um 1 m.kr. sem flutt er tímabundið á liðinn *996 Íslenska upplýsingasamfélagið*, en þar er um að ræða hálft framlag á móti nýju framlagi til verkefnis um aukna rafræna þjónustu skattstofa. Á móti kemur að *1.06 Rekstrarleiga tölvubúnaðar fyrir skattkerfið* hækkar um 5,4 m.kr. þar sem þessi kostnaður var vanmetinn í fjárlögum. Einnig er gert ráð fyrir að sama viðfangsefni hækki um 5,1 m.kr. vegna endurnýjunar á einmenningstölvum, netþjónum og öðrum tölvubúnaði skattkerfisins.

250 Ýmis innheimtukostnaður. Fjárveiting til þessa fjárlagaliðar lækkar um 7 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Ríkissjóður hefur fram til þessa greitt Íslandspósti hf. fyrir tollafgreiðslu póstsendinga. Því fyrirkomulagi verður breytt á þann veg að tollstjórinn í Reykjavík mun framvegis hafa með höndum tollafgreiðslu póstsendinga og er því fjárveiting að fjárhæð 12 m.kr. flutt til embættisins. Í annan stað er gert ráð fyrir 5 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins vegna launakostnaðar starfsfólks hjá innheimtumönnum ríkisins á landsbyggðinni sem munu annast útreikninga á inneignarvöxtum af ofteknum sköttum, en umboðsmaður Alþingis hefur látið í ljós álit um að endurgreiða beri ofgreidda skatta með vöxtum.

261 Ríkistollstjóri. Fellt er niður tímabundið framlag til embættisins að fjárhæð 2 m.kr. sem veitt var vegna samtengingar tölvukerfa við gagnabanka EFTA og ESB. Rekstrargjöld eru óbreytt að öðru leyti fyrir utan áform um nokkra hagræðingu í rekstri og launa- og verðlagshækkanir.

262 Tollstjórinn í Reykjavík. Gert er ráð fyrir nokkrum breytingum á fjárveitingu stofnunarinnar, bæði til hækkunar og lækkunar, en alls hækkar hún um 15,1 m.kr. að raungildi. Í fyrsta lagi falla til auknar leigugreiðslur fyrir húsnæði. Annars vegar eru 15 m.kr. sem skýrast af því að embættið var áður með starfsemi í leigulausu húsnæði á Tryggvagötu 28 en þarf nú að greiða leigu fyrir húsnæði í Tollhúsinu þar sem þessi starfsemi hefur nú verið flutt þangað. Hins vegar hefur öll starfsemi tollstjóraembættisins sem fer fram á svæðinu í grennd við Sundahöfn verið sameinuð í einni þjónustumiðstöð. Í þessa nýju miðstöð er þá flutt starfsemi á vegum embættisins sem áður var í leiguhúsnæði að Vatnagörðum ásamt þeirri starfsemi sem var staðsett hjá Tollvörugeymslunni, Eimskip og Samskip. Þessar breytingar hafa í för með sér að

leigugreiðslur embættisins aukast um tæpar 8 m.kr. á ári. Eins og getið er um í skýringum við liðinn *250 Ýmis innheimtukostnaður* er flutt 12 m.kr. fjárheimild af þeim lið til tollstjórans í Reykjavík þar sem embættið mun framvegis sjá um tollafgreiðslu á póstsendingum. Þá er veitt 7,3 m.kr. viðbótarframlag til embættisins til að mæta launakostnaði við störf fjögurra starfsmanna sem annast útreikninga á inneignarvöxtum af ofteknum sköttum í samræmi við álit umboðsmanns Alþingis um að það sé skylt. Á hinn bóginn fellur niður tímabundin 18 m.kr. fjárveiting sem í gildandi fjárlögum er ætluð til kaupa á bifreið með gegnumlýsingarbúnaði til að varna fíkniefnasmygli. Loks er fyrirhugað að hagræðing í rekstri tollstjórans í Reykjavík skili tæplega 6 m.kr. sparnaði í útgjöldum.

Lífeyrir og eftirlaun

Til þessa málefnaflokks teljast tveir fjárlagaliðir: 381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun og 385 Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna.

Áætlaðar áfallnar lífeyrisskuldbindingar á árinu 2001 og greiddar verðlagsuppbætur á lífeyri sundurliðast þannig:

M.kr.	Lífeyris-skuldbind.	Greiddar uppbætur
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, B-deild	5.539	2.599
Lífeyrissjóður alþingismanna	63	62
Lífeyrissjóður ráðherra	23	9
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, B-deild	699	266
Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	136	52
Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	20	8
Eftirlaun hæstaréttardómara	45	45
Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	10	10
Samtals	**6.535**	**3.051**

381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun. Á þennan lið eru færðar til gjalda bæði greiddar verðlagsuppbætur á lífeyri og reiknaðar skuldbindingar ríkissjóðs gagnvart lífeyrissjóðum samkvæmt tryggingafræðilegu mati á nýjum áunnum lífeyrisréttindum ríkisstarfsmanna á árinu sem eru umfram eignir sjóðanna. Hér er einkum um að ræða skuldbindingar vegna B-deilda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga því A-deildir sjóðanna standa að fullu undir sínum lífeyrisskuldbindingum með iðgjöldum. Áætlað er að þessar lífeyrisskuldbindingar aukist um 13,9 milljarða króna á árinu 2001 og verði þar með orðnar nærri 160,6 milljarðar króna í lok ársins. Þar af er talið að 6 milljarða króna megi rekja til launa og verðlagsbreytinga. Sá hluti hækkunarinnar kemur ekki fram á gjaldahlið frumvarpsins heldur færist til skuldar um endurmatsreikning við uppgjör ríkisreiknings. Af því sem þá stendur eftir,

eða sem nemur um 7,9 milljörðum króna, eru 1,4 milljarðar króna vegna hækkunar á lífeyrisiðgjöldum atvinnuveitanda úr 6% í 11,5% sem gerð var í byrjun ársins 1998 og hefur verið færð á launalið einstakra stofnana. Sú hækkun á iðgjaldagreiðslum kemur til lækkunar á gjaldfærðum en óloknum skuldbindingum við lífeyrissjóðina. Nýjar skuldbindingar vegna lífeyrisréttinda, sem áætlað er að ríkisstarfsmenn ávinni sér á árinu og færðar eru á þennan lið í frumvarpinu, nema því 6,5 milljörðum króna en eru 6,1 milljarður króna samkvæmt áætlun fjárlaga fyrir árið 1999 og 11,4 milljarðar króna samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 1999. Lækkun á nýjum skuldbindingum miðað við árið 1999 stafar af því að á árinu 1999 höfði ekki ennþá fjarað út að fullu áhrif af nýju launakerfi sem samið var um í kjarasamningum ársins 1997. Sú kerfisbreyting leiddi til þess að stór hluti af föstum yfirvinnugreiðslum og aukagreiðslum ríkisstarfsmanna færðist inn í dagvinnulaun þeirra og hafði í för með sér stórauknar skuldbindingar hjá ríkissjóði þar sem lífeyrisgreiðslur taka mið af dagvinnulaunum.

Greiðslur úr ríkissjóði sem færast á þennan lið á árinu 2001 vegna verðlagsuppbóta á lífeyri eru áætlaðar 3,1 milljarður króna í samanburði við 2,8 milljarða króna samkvæmt áætlun fjárlaga fyrir árið 2000. Hefur þá verið miðað við að til að styrkja stöðu lífeyrissjóðs ríkisstarfsmanna verði ekki nýtt heimild í lögum til að draga framangreind viðbótarlífeyrisiðgjöld stofnana frá greiðslum verðlagsuppbóta til sjóðsins. Lífeyrisskuldbindingar starfsmanna ríkisfyrirtækja og lánastofnana í B- og C-hluta fjárlaga eru færðar til gjalda og skuldar í reikningum þeirra og er þeim ætlað að standa skil á greiðslunum þegar þær falla til eða gera þær upp með skuldabréfi til lengri tíma.

385 ***Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna.*** Þetta er nýr fjárlagaliður sem í frumvarpinu hefur fjárheimild að fjárhæð 430 m.kr. Launþegum hefur samkvæmt lögum verið gefinn kostur á að leggja tiltekinn hluta af launum sínum – áður allt að 2% en nú allt að 4% – í lífeyrissjóði sem viðbót við lögboðin lágmarkslífeyrisiðgjöld og að fresta því greiðslu tekjuskatts af þeim hluta teknanna. Launagreiðendum ber að leggja á móti framlag sem nemur 10% af viðbótarlífeyrissparnaðinum. Þá hefur launagreiðendum verið heimilt að draga mótframlagið frá við skil á tryggingagjaldi. Í framsetningu fjárlaga hefur mótframlagið verið fært til lækkunar á áætluðum tekjum ríkissjóðs af tryggingagjaldinu. Eftir nánari skoðun á reikningshaldi um þessar greiðsluhreyfingar er nú talið vera réttari framsetning að færa tekjur af tryggingagjaldi óskertar á tekjuhlið ríkissjóðs en færa þá mótframlagið samhliða til gjalda, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þessi valkostur fyrir launþega er ennþá fremur nýr af nálinni og má gera ráð fyrir að nokkur tími muni líða áður en allir sem kynnu að hafa ávinning af því fara að nýta sér þessa leið til sparnaðar. Áætlun um mótframlagið felur því í sér talsvert mikla óvissu um fjölgun þátttakenda í viðbótarlífeyrissparnaðinum.

Barnabætur og vaxtabætur

Til þessa málefnaflokks teljast tveir fjárlagaliðir: 811 Barnabætur og 821 Vaxtabætur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Barnabætur	3.942,4	3.630,0	4.230,0	16,5	7,3
Vaxtabætur	3.949,7	4.180,0	4.285,0	2,5	8,5
Samtals	**7.892,1**	**7.810,0**	**8.515,0**	**9,0**	**7,9**

811 Barnabætur. Áætlað er að greiddar barnabætur aukist um 600 m.kr. frá fjárlögum ársins 2000 og verði 4.230 m.kr. á árinu 2001. Aukninguna má rekja til þess að reiknað er með að bæturnar hækki um 1.500 m.kr. á tímabilinu frá 2001 til 2003 í samræmi við áform sem ríkisstjórnin kynnti í tengslum við gerð kjarasamninga snemma á þessu ári. Þau áform beinast að endurskoðun á bótagreiðslunum með tilliti til tekju- og eignatenginga.

821 Vaxtabætur. Áætlað er að á árinu 2001 verði greiddar 4.285 m.kr. í vaxtabætur vegna húsnæðiskaupa fjölskyldna og einstaklinga. Er það 105 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Í áætluninni er miðað við fjárheimild þessa árs að viðbættri 2,5% hækkun á árinu 2001 í samræmi við gildandi lög um tekju- og eignarskatt.

Fjármagnstekjuskattur og afskrifaðar kröfur

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 711 Afskriftir skattkrafna; 721 Fjármagnstekjuskattur og 973 Tapaðar kröfur og tjónabætur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Afskriftir skattkrafna	4.534,3	4.000,0	4.000,0	0,0	-11,8
Fjármagnstekjuskattur	1.451,5	550,0	750,0	36,4	-48,3
Tapaðar kröfur og tjónabætur	14,2	210,0	210,0	0,0	-
Samtals	**6.000,0**	**4.760,0**	**4.960,0**	**4,2**	**-17,3**

Fjárveiting til þessa málefnaflokks hækkar um 200 m.kr. frá gildandi fjárlögum og verður 4.960 m.kr. Hækkunin skýrist öll af því að áætlað er að fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af eigin vaxtatekjum aukist sem henni nemur milli ára. Er það í samræmi við áform í frumvarpinu um sölu eigna á næsta ári og áætlaðan söluhagnað.

Verðlagsmál

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður: 989 Launa- og verðlagsmál.

*989 **Launa- og verðlagsmál.*** Fjárlagafrumvarpið er sett fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 2001. Flestir kjarasamningar stéttarfélaga ríkisstarfsmanna renna út í lok október á þessu ári og ríkir því nokkur óvissa um hvenær þeir samningar takast og hver niðurstaða þeirra verður. Í launaforsendum frumvarpsins hefur hins vegar verið tekið tillit til kjarasamninga sem gerðir voru á almennum vinnumarkaði og við starfsmenn sömu stéttarfélaga hjá ríkinu á fyrri hluta þessa árs. Samkvæmt þeim samningum hækka laun um 3% þann 1. janúar 2001. Launaliðir stofnana í frumvarpinu hafa verið hækkaðir sem því nemur og er þá gert ráð fyrir að sú hækkun verði einnig úrskurðuð til þeirra ríkisstarfsmanna sem fá greidd laun samkvæmt ákvörðunum Kjaradóms og kjaranefndar, eins og raunin hefur orðið undanfarin ár. Sama á við um þann þátt rekstrartilfærslna viðeigandi fjárlagaliða sem svarar til launa. Þá er gert ráð fyrir að bætur á liðum almannatrygginga hækki jafn mikið, eða um 3%. Önnur rekstrargjöld stofnana en laun hafa verið hækkuð um 4% í samræmi við forsendur þjóðhagsáætlunar um almennar verðlagsbreytingar, eins og þær lágu fyrir við lokafrágang frumvarpsins, og einnig sértekjur stofnana þar sem það á við.

Á fjárlagaliðinn er færð 620 m.kr. launaheimild til þess að mæta óvissum launaútgjöldum sem kynnu að falla til á árinu 2001 en sú fjárhæð nemur um 1% af áætluðum heildarlaunagjöldum. Þá er gert ráð fyrir samsvarandi fjárheimild fyrir tilfærslur úr ríkissjóði að fjárhæð 380 m.kr. vegna hækkunar á bótum almannatrygginga sem ákveðið hefur verið að verði alls 4% og er því fyrirhugað að flytja af þeirri heimild út á viðeigandi fjárlagaliði innan ársins þegar nánari áætlanir liggja fyrir. Sú fjárheimild er að hluta einnig ætluð vegna hugsanlegra breytinga á launaþætti rekstrartilfærslna til sjálfseignarstofnana og annarra aðila sem fá rekstrarframlög úr ríkissjóði.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 402 Fasteignamat ríkisins; 481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum; 901 Framkvæmdasýslan; 905 Ríkiskaup; 972 Lánasýsla ríkisins; 980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól; 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs; 984 Fasteignir ríkissjóðs; 990 Ríkisstjórnarákvarðanir; 995 Skýrsluvélakostnaður; 996 Íslenska upplýsingasamfélagið og 999 Ýmislegt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fasteignamat ríkisins	214,0	258,5	370,7	43,4	73,2
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	-0,6	240,0	240,0	0,0	-
Framkvæmdasýsla ríkisins	-1,4	3,8	2,6	-	-
Ríkiskaup	9,2	0,0	0,0	0,0	-100,0
Lánasýsla ríkisins	89,0	54,6	54,9	0,5	-38,3
Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	19,6	15,6	35,7	128,8	82,1
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	539,7	18,0	244,5	-	-
Fasteignir ríkissjóðs	42,2	0,0	0,0	0,0	-100,0
Ríkisstjórnarákvarðanir	0,0	100,0	200,0	100,0	-
Skýrsluvélakostnaður	646,2	688,5	843,7	22,5	30,6
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	8,0	33,5	-	-
Ýmislegt	672,1	583,1	515,1	-11,7	-23,4
Samtals	**2.230,0**	**1.970,1**	**2.540,7**	**29,0**	**13,9**

Framlög til stofnana og verkefna sem tilheyra þessum málaflokki aukast um 532 m.kr. miðað við fjárlög þessa árs að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

402 Fasteignamat ríkisins. Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar um 102,4 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar. Skýrist það að mestu af fyrirhugaðri uppbyggingu og starfrækslu á Landskrá fasteigna í samræmi við lagasetningu á síðasta haustþingi. Í fyrsta lagi er um að ræða 60,8 m.kr. hækkun á stofnkostnaði, s.s. við hugbúnaðargerð, kaup á stýrikerfisbúnaði og miðtölvubúnaði. Fjárveiting vegna stofnkostnaðar tekur einnig til innslátts og yfirfærslu á eldri gögnum í nýtt þinglýsingarkerfi hjá embættum sýslumanna og mun stofnunin greiða embættunum fyrir það verk samkvæmt samkomulagi þar um og eftir því sem verkinu miðar. Fyrri áætlanir um Landskrána voru miðuð við hraðari uppbyggingu og að stofnkostnaðurinn yrði 110,8 m.kr. árinu 2001 miðað við að verkinu væri lokið á árinu 2004. Vegna áforma um aðhald með framkvæmdakostnaði ríkisins á næsta ári er verkáföngum sem nema 50 m.kr. hins vegar frestað þannig að lok verksins verða síðar. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 53 m.kr. hækkun til að standa straum af rekstrarkostnaði kerfisins. Viðbótarútgjöldin við smíði og rekstur Landskrárinnar eru fjármögnuð að fullu með hækkun á umsýslugjaldi sem rennur til stofnunarinnar. Loks má nefna að fellt er niður tímabundið framlag að fjárhæð 10 m.kr. sem veitt var í fjárlögum ársins 2000 til kaupa á ýmsum húsbúnaði vegna flutnings stofnunarinnar í nýtt húsnæði.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Á þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum sem leiða af heimildaákvæðum skv. 7. gr. frumvarpsins, svo og fyrir útgjöldum sem ríkissjóði kann að vera gert að inna af hendi samkvæmt sérlögum en ekki er hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Áætlun um ráðstöfun á fjárveitingu liðarins er jafnan háð nokkurri óvissu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði óbreytt frá gildandi fjárlögum. Sérstök umfjöllun er um 7. grein frumvarpsins í kafla 8 og vísast til hennar um skýringar að öðru leyti.

980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól. Fjárveiting til rekstrarfélagsins er hækkuð tímabundið í eitt ár í frumvarpinu um 25 m.kr. Framlagið er ætlað til að standa undir stofnkostnaði við gagngerar endurbætur á sameiginlegum tölvukosti ráðuneyta. Tekur það til kaupa á netþjónum og neteiningum til að auka flutningsgetu á staðarneti og til uppsetningar á sameiginlegu tölvurými sem uppfylli betur kröfur um aðgangsöryggi, eldvarnir og rafmagnsöryggi en unnt er að koma við í núverandi aðstöðu.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs. Á þennan fjárlagalið eru færðar fjárveitingar til ýmissa framkvæmda við húsbyggingar á vegum ríkisins. Heildarfjárheimild liðarins hækkar alls um 226,5 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Að stærstum hluta skýrist það af framlagi sem nemur 190 m.kr. og er ætlað til að koma húsnæðismálum ráðuneyta Stjórnarráðsins í betra horf. Stefnt er að uppbyggingu húsnæðis á Sölvhólsgötu 5 og viðbyggingu við Arnarhvol. Auknu húsrými er ætlað að hýsa bæði starfsemi ráðuneyta sem fyrir eru í Arnarhvoli og annarra ráðuneyta sem eru í húsnæðisvandræðum annars staðar í borginni. Talið er að heildarkostnaður við uppbyggingu húsnæðisins geti orðið nálægt 300 m.kr. Í annan stað er veitt tímabundið framlag í eitt ár að fjárhæð 26,5 m.kr. sem varið verður til að greiða hlut embættis ríkisskattstjóra í innréttingu á nýju mötuneyti fyrir stofnanir á Laugavegi 164 og í grennd og vegna breytinga sem tengjast flutningi á skjalasafni embættisins í nýja aðstöðu. Loks er dregin til baka tímabundin 10 m.kr. lækkun stofnkostnaðar sem gerð var í fjárlögum ársins 2000 til að mæta markmiðum um aðhald með útgjöldum

984 Fasteignir ríkissjóðs. Útgjöld þessa fjárlagaliðar eru fjármögnuð að fullu með sértekjum af húsaleigu frá ríkisstofnunum sem hafa aðsetur í húsnæði í umsjón Fasteigna ríkissjóðs. Útgjöldin felast einkum í yfirstjórn og rekstrar- og viðhaldskostnaði húsnæðisins. Gert er ráð fyrir að veltan í þessari starfsemi aukist verulega frá gildandi fjárlögum, eða sem nemur 150 m.kr. Veltubreytingin stafar af því að stefnt er að því að Fasteignir ríkissjóðs yfirtaki rekstur fasteigna framhaldsskóla í nokkrum áföngum á næstu árum. Eftir yfirtöku á fasteignum framhaldsskóla í fyrsta áfanga á árinu 2001 er áætlað að sértekjur af leigu á því húsnæði nemi 150 m.kr. Á móti er reiknað með að kostnaður við viðhald húsbygginganna hækki um sömu fjárhæð.

990 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Af þessum lið eru greidd ýmis mál ráðuneyta sem eðlilegt þykir að ríkisstjórnin taki sameiginlega ákvörðun um og ýmis tilfallandi útgjöld sem ekki hefur verið séð fyrir á öðrum fjárlagaliðum. Fjárheimild til að mæta þessum útgjöldum hækkar um 100 m.kr. frá gildandi fjárlögum og verður þá 200 m.kr.

995 Skýrsluvélakostnaður. Á þennan fjárlagalið eru færð framlög til reksturs, viðhalds og smíði á tölvukerfum fyrir fjármálakerfi ríkisins. Heildarfjárveiting liðarins hækkar um 135,8 m.kr. en nokkrar breytingar verða á framlögum til einstakra kerfa, bæði til hækkunar og lækkunar. Helsta breytingin frá fjárlögum þessa árs er sú, að gert er ráð fyrir 160 m.kr. framlagi til kaupa og aðlögunar á nýju bókhalds- og starfsmannakerfi fyrir ráðuneyti og stofnanir ríkisins. Núverandi fjárhagsbókhaldskerfi og launakerfi voru sérsmíðuð fyrir 15-20 árum og eru orðin tæknilega úrelt miðað við þá framþróun sem síðan hefur orðið í upplýsingatækni. Ekki er fyrirhugað að láta smíða nýtt bókhaldskerfi sérstaklega fyrir ríkisrekstur inn heldur verður leitað eftir stöðluðum kerfum sem þegar eru fyrir hendi, ásamt viðeigandi aðlögun, í útboði á verkefninu. Hækkanir á öðrum framlögum eru mun minni. Þar má nefna að veitt er tímabundið framlag að fjárhæð 5 m.kr. á árinu 2001 til að standa straum af kostnaði við smíði á tölvukerfi fyrir skattstofur til að annast vinnslu á gögnum í sambandi við kaupréttarsamninga um hlutabréf. Kerfið verður nýtt í tengslum við skattlagningu á tekjum launþega af kauprétti á hlutabréfum í samræmi við áform í lögum sem afgreidd voru á sl. vorþingi. Þá er gert ráð fyrir 4,6 m.kr. viðbótarframlagi til tekjubókhaldskerfis ríkisins vegna gjaldskrárbreytinga hjá þjónustuaðilum og auk þess 2 m.kr. viðbót við framlag til reksturs bókhalds- og áætlanakerfis ríkisins vegna hækkana á greiðslum samkvæmt þjónustusamningi. Á móti framangreindum hækkunum vegur að reiknað er með því að framlag til smíði á nýju tekjubókhaldskerfi ríkisins lækki um 26 m.kr. þar sem kerfið hefur nú verið tekið í notkun.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnar. Ákvörðun um verkefni var miðuð við að þau væru fjármögnuð að hálfu með hlutdeild í 250 m.kr. fjárveitingu sem er ráðstafað að tillögu verkefnisstjórnarinnar og að hálfu með mótframlagi frá fjárlagaliðum viðkomandi ráðuneytis. Framlag liðarins hækkar um 25,5 m.kr. frá fjárlögum ársins 2000 og verður 33,5 m.kr. auk þess sem Ríkiskaupum er ætlað að leggja út fyrir 4,5 m.kr. útgjöldum vegna þróunar á rafrænum opinberum innkaupum. Framlög verkefna eru áætluð sem hér segir: 13,5 m.kr. eru til að þróa rafræn opinber innkaup, auk 4,5 m.kr. frá Ríkiskaupum sem fyrr getur, 8 m.kr. eru vegna rafrænna skila á virðisaukaskatti, staðgreiðslu og tryggingagjaldi, 4 m.kr. eru vegna innra nets fyrir ríkisstofnanir, 4

m.kr. eru vegna öryggislykla og rafrænna undirskriftir fyrir opinbera kerfið og 4 m.kr. eru vegna rafrænnar þjónustu skattkerfisins við einstaklinga.

999 Ýmislegt. Á þennan fjárlagalið eru færðar fjárveitingar til ýmissa verkefna sem ekki verða heimfærðar á aðra fjárlagaliði ráðuneytisins. Yfirlit á hér fyrir neðan sýnir skiptingu gjalda á viðfangsefni undir þessum lið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	22,6	36,8	37,8	2,7	67,3
Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir	0,0	24,8	25,6	3,2	-
Greiðslur f. ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	6,2	6,3	6,6	4,8	6,5
Kjarasamningar	7,4	13,7	14,0	2,2	89,2
Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	61,6	32,2	33,2	3,1	-46,1
Kjararannsóknir	8,0	6,1	6,2	1,6	-22,5
Ýmis sameiginlegur kostnaður	16,5	17,3	18,6	7,5	12,7
Styrkur til stjórnmálaflokka abr. heimild í 7. gr.	141,0	136,0	136,0	0,0	-3,5
Ýmsar endurgreiðslur	44,2	50,0	0,0	-100,0	-100,0
Endurgreiðslur til sveitarfélaga	39,9	20,0	20,0	0,0	-49,9
Lífeyrissjóður bænda	91,1	100,0	90,0	-10,0	-1,2
Ýmsar nefndir	9,8	3,5	3,6	2,9	-63,3
Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	1,5	1,5	1,4	-6,7	-6,7
Dómkröfur	156,2	54,6	56,8	4,0	-63,6
Kjaradómur og kjaranefnd	25,7	13,3	13,6	2,3	-47,1
Aðstoð vegna snjóflóðs í Súðavík	12,5	0,0	0,0	0,0	-100,0
Vöktun á Eyjafjallajökli og Kötlu	0,0	24,0	23,8	-0,8	100,0
Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	1,7	5,0	5,0	0,0	194,1
Óviss útgjöld	20,6	16,0	16,4	2,5	-20,4
Rekstrarkostnaður biðreiknings Útvegsbanka Ísl.	5,6	0,0	0,0	0,0	-100,0
Hagræðingarmál	0,0	7,0	6,5	-7,1	100,0
Reiknilíkön og hagræðingarverkefni ráðuneyta	0,0	15,0	0,0	-100,0	0,0
Samtals	**672,1**	**583,1**	**515,1**	**-11,7**	**-23,4**

Að frátöldum launa- og verðlagshækkunum lækka fjárveitingar til viðfangsefna þessa fjárlagaliðar alls um 76,5 m.kr. Þar vegur þyngst að gert er ráð fyrir að 50 m.kr. fjárveiting viðfangefnisins *09-999-1.19 Ýmsar endurgreiðslur* falli niður. Skýrist það af því að samkvæmt lögum sem settu voru á sl. vorþingi falla niður skattar af búnaði björgunarsveita þannig að ekki þarf að koma til endurgreiðslna á þeim eins og hingað til. Tekjur ríkissjóðs lækka þá í sama mæli og verður afkoma ríkissjóðs því óbreytt eftir sem áður. Í annan stað fellur niður tímabundið framlag að fjárhæð 15 m.kr. sem veitt var í eitt ár til viðfangsefnisins *6.92 Reiknilíkön og hagræðingarverkefni í starfsemi ráðuneyta* í fjárlögum þessa árs. Loks er reiknað með að útgjöld viðfangsefnisins 1.31 Lífeyrissjóður bænda dragist saman um 10 m.kr. vegna fækkunar bótaþega.

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun samgönguráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.838,1	2.058,8	2.367,9	15	29
Neyslu- og rekstrartilfærslur	408,1	891,9	711,3	-20	74
Stofnkostnaður og viðhald	9.662,5	9.562,7	12.128,7	27	26
Samtals	**11.908,7**	**12.513,4**	**15.207,9**	**22**	**28**
Greitt úr ríkissjóði	12.281,9	12.518,5	15.454,1	23	26
Innheimt af ríkistekjum	240,7	225,1	240,1	7	0
Viðskiptahreyfingar	-613,9	-230,2	-486,3	111	-21
Samtals	**11.908,7**	**12.513,4**	**15.207,9**	**22**	**28**

Heildargjöld samgönguráðuneytis árið 2001 eru áætluð um 16.757,1 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.549,2 m.kr. en þær nema 9% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 15.207,9 m.kr. Greiðslur með beinu framlagi úr ríkissjóði eru 15.454,1 m.kr. og 240,1 m.kr. eru innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 486,3 m.kr., færist sem breyting á viðskiptareikning hjá ríkissjóði.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.367,9 m.kr. og hækka um 309,1 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Munar þar mest um 184 m.kr. framlag til Póst- og fjarskiptastofnunar. Framlag til yfirstjórnar Vegagerðarinnar hækkar um 81 m.kr. Jafnframt er gert ráð fyrir að framlag til aðalskrifstofu ráðuneytisins hækki um 26,5 m.kr. Að auki mun breytt fyrirkomulag við fjármögnun á fæðingarorlofi starfsmanna leiða til um 2,6 m.kr. lækkunar á launafjárveitingum til stofnana ráðuneytisins.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna verður 711,3 m.kr. en var 891,9 m.kr. í fjárlögum ársins 2000. Lækkunin skýrist m.a af því að styrkir til ferja og sérleyfishafa lækka um 254 m.kr. vegna breyttrar framsetningar á fjárreiðum í fjárlögum og vegáætlun.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 12.128,7 m.kr. og er það 2.566 m.kr. hækkun milli ára. Helstu breytingarnar eru 1.736 m.kr. hækkun til vegamála og 757 m.kr. hækkun á framlagi til Siglingastofnunar.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá fyrri áformum með frestun eða lækkun á fyrirhuguðum framkvæmdum eða öðrum stofnkostnaði sem nemur 950 m.kr. Einnig er gert ráð fyrir 19,5 m.kr. hagræðingu í starfsemi, einkum í rekstrarkostnaði, til að mynda svigrúm fyrir jafnháum framlögum til nýrra verkefna eða aukinna umsvifa á vissum sviðum. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald með stofnkostnaði og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2001 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld samgönguráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2001 til 2004. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2001	Spá 2002	Spá 2003	Spá 2004
Ráðuneyti	553	540	482	485
Vegamál	10.997	12.898	13.077	12.985
Siglingamál	1.590	1.298	1.301	1.304
Flugmál	1.563	1.705	1.313	1.313
Póst- og fjarskiptamál	313	316	319	322
Ferðamál	192	193	194	195
Samtals	**15.208**	**16.950**	**16.686**	**16.604**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknuð útgjöld fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið er byggt á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Gert er ráð fyrir að framlög til málefnaflokka samgönguráðuneytisins verði í samræmi við gildandi samgönguáætlanir, þ.e. vegáætlun, flugmálaáætlun og hafnaáætlun.

Skuldbindandi samningar

Samgönguráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 372,4 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Að frátöldu yfirstandandi ári eru fjárhæðir í töflunni á verðlagi ársins 2001 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2000	2001	2002	2003	2004
Þjálfunar- og fræðslumiðstöð að Gufuskálum	B	10,0	10,0	10,0	0,0	0,0
Markaðsráð ferðaþjónustunnar	B	50,0	50,0	50,0	0,0	0,0
Rekstur Grímseyjarferjunnar Sæfara	C	24,8	8,3	0,0	0,0	0,0
Mjóafjarðarferjan Anný	C	4,6	1,9	0,0	0,0	0,0
Flutningar til og frá Vigur í Ísafjarðardjúpi	C	3,1	4,1	4,1	1,0	0,0
Rekstur strandarstöðva	C	215,0	184,0	148,0	0,0	0,0
Hestamiðstöð Íslands	C	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0
Kynningarátak í N-Ameríku	C	60,0	60,0	60,0	60,0	60,0
Samtals		**372,4**	**323,3**	**277,1**	**66,0**	**65,0**

Samningar, sem bæði fjármála- og samgönguráðuneytið standa að, eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 60 m.kr. á yfirstandandi ári. Samningar, sem samgönguráðuneytið stendur eitt að, eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni og eru 287,7 m.kr. áætlaðar vegna þeirra á yfirstandandi ári. Ekki er gerð grein fyrir samningum ráðuneytisins við A-hluta stofnanir. Gera má ráð fyrir að samningar um ferjurekstur verði endurskoðaðir þegar að því kemur þannig að að jafnaði verði nálægt 400 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna. Lækkun fjárhæðar vegna reksturs Sæfara og ferjunnar Annýjar á árinu 2001 skýrist af því að samningarnir renna út um mitt ár. Sama gildir um samning vegna flutninga til og frá Vigur á árinu 2003. Útboð hefur farið fram vegna reksturs Herjólfs og Baldurs, en ekki hefur verið gengið frá samningum. Samningur um rekstur Hríseyjarferju rann út á árinu 1999, og með tilkomu nýrrar ferju má reikna með endurskoðun á samningnum.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni; 199 Ráðstöfunarfé og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 34,7 m.kr. frá fjárlögum 2000.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	160,6	151,7	178,2	17,5	11,0
Ýmis verkefni	353,1	361,8	342,0	-5,5	-3,1
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	4,0	0,0	28,0	-	-
Samtals	**517,7**	**518,5**	**553,2**	**6,7**	**6,9**

101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa. Útgjöld nema 178,2 m.kr. og hækka um 26,5 m.kr. Í fyrsta lagi er 9,2 m.kr. hækkun á framlagi vegna sendifulltrúa ráðuneytisins í Brussel. Samgönguráðuneytið og landbúnaðarráðuneytið hafa fram að þessu haft sameiginlegan fulltrúa og kostnaði vegna hans hefur verið skipt jafnt á milli ráðuneytanna. Nú er hins vegar gert ráð fyrir einum fulltrúa sem sinni eingöngu málum samgönguráðuneytisins. Í öðru lagi er 6 m.kr. tímabundið framlag til samræmingar á samgönguáætlunum. Í þriðja lagi er farið fram á 5 m.kr. vegna ráðningar nýs starfsmanns en vegna nýrra laga um fjarskipti er gert ráð fyrir auknum verkefnum á aðalskrifstofunni. Í fjórða lagi er tímabundið 1,5 m.kr. framlag til undirbúnings sýningarinnar Islandica, sem er fyrirhuguð sýning á íslenska hestinum og vörum tengdum honum á árinu 2001. Kostnaður er áætlaður 6 m.kr. og greiðir iðnaðarráðuneyti helming en landbúnaðarráðuneyti og samgönguráðuneyti fjórðung hvort. Í fimmta lagi er 1 m.kr. til að standa straum af kostnaði við eftirlit með starfsemi ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda. Samgönguráðuneytið innheimtir, á grundvelli reglna nr. 530/1998, um bókhald, reikningsskil og upplýsingagjöf ferðaskrifstofa, gjald af ferðaskrifstofum og ferðaskipuleggjendum til að standa straum af kostnaði við eftirlit með starfsemi þeirra. Gjaldið rennur í ríkissjóð og er farið fram á ráðstöfun þess á móti áföllnum kostnaði í samræmi við lög. Í sjötta lagi er 2 m.kr. fjárveiting vegna kjaranefndarúrskurðar um laun skrifstofustjóra. Í samræmi við hagræðingarmarkmið fyrir árið 2001 er aðalskrifstofunni gert að hagræða í rekstri fyrir 1,5 m.kr. á árinu og að síðustu er felld niður 1,8 m.kr. fjárveiting vegna skipulagsnefndar fólksflutninga. Aðrar breytingar má rekja til launa og verðlags.

190 Ýmis verkefni. Heildargjöld eru 342 m.kr. og lækka um 19,8 m.kr. milli ára. Útgjöldin skiptast á viðfangsefni eins og sýnt er í meðfylgjandi töflu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.
Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	22,5	19,0	19,0	0,0
Tækniþróunarverkefni í Namibíu á sviði flugmála	6,6	0,0	0,0	0,0
Landflutningasjóður	0,0	4,1	1,0	-3,1
Rannsóknanefnd sjóslysa	14,9	17,4	18,1	0,7
Lög- og réttindaskráning sjómanna	1,4	1,4	1,4	0,0
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	2,8	3,0	3,0	0,0
Slysavarnaskóli sjómanna	54,5	54,5	43,9	-10,6
Tilkynningaskylda íslenskra skipa	24,7	21,1	21,8	0,7
GPS-staðsetningarkerfi	0,0	7,7	8,0	0,3
Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	1,0	1,1	1,1	0,0
Slysavarnafélag Íslands	31,7	33,7	0,0	-33,7
Sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa	57,3	32,3	26,3	-6,0
Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	15,3	10,6	10,9	0,3
Landsbjörg	11,0	11,0	0,0	-11,0
Slysavarnafélagið Landsbjörg	0,0	0,0	44,7	44,7
Flugeftirlitsnefnd	3,3	0,0	0,0	0,0
Flugskóli Íslands	19,4	9,7	0,0	-9,7
Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1,0	1,0	1,0	0,0
Ferðamál og markaðsstarf	24,3	10,0	10,0	0,0
Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	30,0	50,0	50,0	0,0
Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu	9,0	4,0	4,0	0,0
Ferðamál í Scoresbysundi á Grænlandi	0,1	15,0	0,0	-15,0
Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	0,0	49,0	49,0	0,0
Hestamiðstöð Íslands	0,0	5,0	5,0	0,0
Úrskurðarnefnd í póst- og fjarskiptamálum	0,0	0,0	5,2	5,2
Ýmislegt	22,0	0,0	3,6	3,6
Athugun á öryggi fiskiskipa	0,3	1,2	0,0	-1,2
Hlutur ríkisins í flughermi fyrir flugskóla	0,0	0,0	15,0	15,0
Samtals	**353,1**	**361,8**	**342,0**	**-19,8**

Á viðfangsefni *1.16 Landflutningasjóður* fellur niður 3,1 m.kr. en sjóðurinn verður lagður niður á árinu 2001. Á viðfangsefni *1.23 Slysavarnaskóli sjómanna* fellur niður samtals 12 m.kr. framlag. Annars vegar er fellt niður 8 m.kr. tímabundið framlag vegna rekstrar skólans og hins vegar 4 m.kr. vegna notkunar á þyrlu Landhelgisgæslunnar við reglubundnar æfingar hjá skólanum á árabilinu 1994-1997. Tilfærsluframlög eru millifærð af viðfangsefni *1.27 Slysavarnafélag Íslands* og viðfangsefni *1.31 Landsbjörg* á nýtt viðfangsefni *1.32 Slysavarnafélagið Landsbjörg* vegna sameiningar þessara félaga í ein samtök björgunarsveita. Samtals er millifærsla á nýtt viðfangsefni 44,7 m.kr. Á viðfangsefni *1.28 Sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa* fellur niður 22 m.kr. fjárveiting þar sem styrkveitingum vegna tilkynningakerfisins til smábátasjómanna er lokið og stofngjald til Landssímans fellur niður. Í lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa nr. 40/1997 eru skip, sem stunda takmarkaða sjósókn, ekki

lengur undanskilin frá ákvæðum um sjálfvirka tilkynningarskyldu. Því eru veittar 6 m.kr. tímabundið árið 2001 í styrki til þessara skipa til kaupa á VHF-fjarskiptabúnaði. Að síðustu eru veittar 10 m.kr. tímabundið árið 2001 til reksturs sjálfvirka tilkynningakerfisins. Á viðfangsefni *1.34 Flugskóli Íslands* er felldur niður 9,7 m.kr. rekstrarstyrkur sem var veittur skólanum til að styrkja þann þátt skólastarfseminnar sem er bóklegt nám til atvinnuflugs. Nú hyggjast fleiri skólar veita kennslu til atvinnuflugs og þykir því ekki rétt að styrkja einn skóla umfram annan. Á viðfangsefni *1.46 Uppbygging ferðamála í Scoresbysundi á Grænlandi* fellur niður tímabundin 15 m.kr. fjárveiting vegna átaksverkefnis um ferðamál. Á viðfangsefni *1.51 Úrskurðarnefnd í póst- og fjarskiptamálum* eru 5,2 m.kr. Í nýjum lögum um Póst- og fjarskiptastofnun er gert ráð fyrir að ákvarðanir og úrskurði stofnunarinnar verði hægt að kæra til úrskurðarnefndarinnar. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna nefndarinnar falli niður þegar full samkeppni er komin á. Á viðfangsefni *1.90 Ýmislegt* er 3,6 m.kr. framlag til að undirbúa flutning á nýjum verkefnum út á land. Að síðustu er á viðfangsefni *1.91 Athugun á öryggi fiskiskipa* niðurfelld 1,2 m.kr. fjárveiting. Loks er á nýju viðfangsefni, *6.41 Hlutur ríkisins í flughermi* fyrir flugskóla, 15 m.kr. tímabundið framlag til 2003 til kaupa á flughermi til notkunar í flugkennslu. Áætlaður kostnaður við kaup á flugherminum er rúmlega 100 m.kr. og er ætlunin að semja við flugfélögin um þátttöku við kaupin. Kemur framlagið í stað rekstrarstyrkja til flugskóla.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Lagt er til að veittar verði 14 m.kr. sem sérstakt framlag til verkefna á vegum upplýsingasamfélagsins hjá ráðuneytinu. Skilyrði fyrir framlaginu er að ráðuneytið afli a.m.k. jafnhás mótframlags til verkefnanna og er áætlað fyrir alls 28 m.kr. útgjöldum vegna verkefnanna á þessum lið. Útgjöldin skiptast þannig að 16 m.kr. eru til könnunar á möguleikum gervitungla til nettenginga og 12 m.kr. eru vegna vefja Ferðamálaráðs.

Vegamál

Til þessa málefnaflokks telst 211 Vegagerðin. Útgjöld Vegagerðarinnar eru 10.997 m.kr. og skiptast sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Yfirstjórn	395,2	360,0	441,0	22,5	11,6
Styrkir til ferja og sérleyfishafa	48,0	542,0	373,0	-31,2	-
Þjónusta	1.810,9	2.068,0	2.197,0	6,2	21,3
Viðhald	1.624,5	1.789,0	2.031,0	13,5	25,0
Nýframkvæmdir	4.030,5	4.131,0	5.374,0	30,1	33,3
Landsvegir	81,5	78,0	115,0	47,4	41,1
Tilraunir	81,5	94,0	101,0	7,4	23,9
Safnvegir	204,1	223,0	272,0	22,0	33,3
Styrkvegir	33,7	32,0	54,0	68,8	60,2
Reiðvegir	-0,4	32,0	39,0	21,9	-
Ferjur og flóabátar	357,1	0,0	0,0	-	-100,0
Samtals	**8.666,6**	**9.349,0**	**10.997,0**	**17,6**	**26,9**

Samkvæmt nýsamþykktri þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 2000 til 2004 er gert ráð fyrir að heildargjöld til Vegagerðarinnar verði 11.746 m.kr. Vegna breyttrar framsetningar á fjárreiðum lækka styrkir til ferja og sérleyfishafa um 254 m.kr., eða sem nemur afborgun af lánum sem tekin voru til smíði á ferjum. Ríkissjóður greiðir af þessum lánum. Fjárheimild Vegagerðarinnar hefur verið lækkuð í lokafjárlögum sem nemur afborgununum en rétt þykir að sú lækkun komi fram í fjárlögum.

Gert er ráð fyrir að Vegagerðin dragi úr framkvæmdum fyrir 800 m.kr. á árinu frá því sem vegáætlun gerir ráð fyrir. Mun samgönguráðherra gera nánari grein fyrir þessum áformum. Framkvæmdir fyrir 585 m.kr., sem frestað var á árinu 2000, koma inn á ný.

Í samræmi við nýja þingsályktun um jarðgangaáætlun fyrir árin 2000-2004 er gert ráð fyrir að á árunum 2000 til 2004 skuli varið 4.650 m.kr. til að grafa jarðgöng sem hluta af vegakerfi landsins. Gert er ráð fyrir undirbúningi framkvæmda við jarðgöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar annars vegar og milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar hins vegar. Áætlað er að veita 200 m.kr. til undirbúnings þessara tveggja verkefna á árinu 2001; einnig er gert ráð fyrir 100 m.kr. framlagi til verkefnisins í fjáraukalögum 2000.

Til annarra nýframkvæmda er varið 5.174 m.kr. Þar vega þyngst tæplega 800 m.kr. framkvæmdir við Reykjanesbraut en einnig framkvæmdir við Álftanesveg, við Djúpveg við Ísafjarðardjúp, á hringvegi vestan Jökulsár á Fjöllum, við Vatnaheiði og við veginn um Tjörnes milli Húsavíkur og Þórshafnar.

Heildargjöld Vegagerðarinnar eru 10.997 m.kr. en voru 9.349 m.kr. á yfirstandandi ári og hækka um 1.648 m.kr. milli ára. Því til viðbótar greiðir Vegagerðin 294 m.kr. af lánum til ríkissjóðs sem er annars vegar 40 m.kr. afborgun af láni vegna vegtengingar við Hval-

fjarðargöng og hins vegar 254 m.kr. vegna afborgana af ferjulánum sem voru tekin til smíði á ferjum. Samtals eru greiðslur úr ríkissjóði 11.291 m.kr.

Skipting á heildarútgjöldum Vegagerðarinnar



Markaðar tekjur til vegamála eru áætlaðar 10.256 m.kr. Auk þess er 500 m.kr. viðbótarframlag vegna sérstakrar samþykktar ríkisstjórnarinnar um viðbótarfé til nýframkvæmda fyrir árin 1999 til 2002, eða alls 2.000 m.kr., sem verður endurgreitt af vegáætlun á árunum 2007 til 2010. Jafnframt eru 750 m.kr. vegna sérstakrar fjáröflunar. Er það í samræmi við þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 2000-2004. Nánar er gerð grein fyrir forsendum teknanna í 2. kafla um tekjur A-hluta. Vegna breyttrar framsetningar á fjárreiðum er 51 m.kr. umsýsluþóknun til ríkissjóðs vegna innheimtu á mörkuðum tekjum færð til gjalda hjá Vegagerðinni en var áður dregin frá mörkuðum tekjum á ríkistekjuhlið.

Siglingamál

Undir þennan málaflokk fellur ein stofnun, 335 Siglingastofnun Íslands. Heildargjöld eru 1.590,2 m.kr. umfram sértekjur og hækka um 752,5 m.kr. milli ára. Gert er ráð fyrir að 300,5 m.kr. renni til reksturs stofnunarinnar en 305 m.kr. runnu til hennar í fjárlögum yfirstandandi árs. Lækkun á rekstrargjöldum stofnunarinnar skýrist af niðurfellingu á nokkrum tímabundnum fjárveitingum fyrri ára. Í fyrsta lagi fellur niður 8 m.kr. fjárveiting vegna undirbúnings rannsókna á álvershöfn á Reyðarfirði. Í öðru lagi fellur niður 8 m.kr. framlag til endurbóta á hugbúnaði fyrir lögskráningarkerfi sjómanna. Í þriðja lagi er stofnuninni gert að hagræða í rekstri fyrir 6,5 m.kr. í samræmi við markmið fyrir árið 2001. Loks aukast útgjöld um 5 m.kr. vegna frumvarps til laga, sem áformað er að leggja fyrir Alþingi, um breytingu á nokkrum lögum um áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegabáta og skemmtibáta. Breytingin felur í sér að Siglingastofnun annist eftirlit með menntun sjómanna og taki þátt í gerð námskrár. Aðrar breytingar eru vegna launa og verðlags.

Gert er ráð fyrir að fjárveiting til viðfangsefnis *6.70 Hafnamannvirki* hækki um 744,8 m.kr. milli ára. Samkvæmt þingsályktun um hafnaáætlun fyrir árin 1999 til 2002 er gert ráð fyrir að að fjárveitingar til nýframkvæmda verði 783,3 m.kr. á næsta ári og hækki um 370,9 m.kr. milli ára. Einnig kemur 297 m.kr. frestun framkvæmda frá yfirstandandi ári inn á nýjan leik. Aðrar breytingar má rekja til launa og verðlags, samtals 76,9 m.kr. Á viðfangsefni *6.72 Hafnamannvirki Sandgerði* er niðurfelling á 6 m.kr. fjárveitingu þar sem lán vegna framkvæmdanna greiðist upp á árinu 2000.

Loks kemur inn aftur frá gildandi fjárlögum tímabundin 18 m.kr. niðurfelling á framlagi til Hafnabótasjóðs.

Í eftirfarandi töflu eru sýnd framlög til nýframkvæmda í höfnum og lækkun á skuldum ríkissjóðs vegna fyrri hafnaframkvæmda en þetta kemur fram sem viðskiptahreyfing í framsetningu fjárlaga.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Nýframkvæmdir í höfnum	412,4	1.157,2	180,6
Lækkun skulda ríkissjóðs vegna fyrri hafnaframkvæmda	194,3	194,3	0,0
Samtals, greiðslur úr ríkissjóði	**606,7**	**1.351,5**	**122,8**

Af 1.351,5 m.kr. útgjöldum ríkissjóðs vegna hafnamannvirkja á næsta ári eru 192,3 m.kr. fjármagnaðar með sérstöku vörugjaldi samkvæmt hafnalögum. Aðrir markaðir tekjustofnar Siglingastofnunar eru vitagjald, 90 m.kr., og skipagjald, 59,7 m.kr.

Í þessari töflu eru sýnd framlög til einstakra hafna samkvæmt tillögu samgönguráðuneytisins um skiptingu.

Sveitarfélag	Til nýfrkv.	Til uppgjörs	Fjárveiting alls
Snæfellsbær	30,4	4,7	35,1
Grundarfjörður	79,3	0,0	79,3
Stykkishólmur	1,3	7,4	8,7
Vesturbyggð	1,8	-0,4	1,4
Tálknafjörður	3,6	-2,3	1,3
Bolungarvík	19,9	-5,9	14,0
Ísafjarðarbær	41,9	-24,8	17,1
Súðavík	3,6	-0,6	3,0
Drangsnes	4,0	0,3	4,3
Hólmavík	4,0	-4,0	0,0
Hvammstangi	12,5	-12,5	0,0
Skagaströnd	1,3	0,1	1,4
Skagafjörður	39,4	-2,3	37,1
Siglufjörður	52,1	-4,6	47,5
Hafnasamlag Eyjafjarðar	0,0	18,3	18,3
Hafnasamlag Norðurlands	63,4	-2,2	61,2
Húsavík	183,9	32,4	216,3
Kópasker	3,6	-1,3	2,3
Raufarhöfn	7,6	-4,5	3,1
Þórshöfn	53,8	-1,0	52,8
Vopnafjörður	12,0	0,3	12,3
Borgarfjörður eystri	5,3	0,0	5,3
Seyðisfjörður	38,0	-1,9	36,1
Fjarðabyggð	74,4	11,8	86,2
Fáskrúðsfjörður	18,4	0,7	19,1
Breiðdalsvík	5,1	-5,1	0,0
Djúpivogur	79,6	-36,5	43,1
Hornafjörður	40,6	-5,7	34,9
Vestmannaeyjabær	88,0	25,0	113,0
Þorlákshöfn	17,2	1,5	18,7
Grindavík	47,8	90,7	138,5
Sandgerði	62,8	24,3	87,1
Hafnasamlag Suðurnesja	0,0	9,4	9,4
Hafnarfjörður	0,0	9,0	9,0
Óskipt	60,6	0,0	60,6
Samtals	**1.157,2**	**120,3**	**1.277,5**

Í eftirfarandi töflu eru sýndar fyrirhugaðar fjárveitingar til sjóvarna á árinu 2001 samkvæmt tillögu samgönguráðuneytisins um skiptingu.

Sveitarfélag	Fjárveiting alls
Snæfellsbær	1,0
Eyrarsveit	5,1
Vesturbyggð	6,0
Ísafjarðarbær	23,0
Árneshreppur	0,9
Blönduósbær	8,8
Dalvíkurbyggð	4,4
Hríseyjarhreppur	0,1
Árskógssandur	0,7
Grýtubakkahreppur	5,7
Sveitarfélagið Ölfus	10,2
Sandgerðisbær	0,6
Gerðahreppur	2,2
Reykjanesbær	0,1
Vatnsleysustrandarhreppur	5,0
Samtals	**73,8**

Flugmál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 471 Flugmálastjórn; 472 Flugvellir og 481 Rannsóknanefnd flugslysa. Heildargjöld eru áætluð 1.562,8 m.kr. en voru 1.500,3 m.kr. í fjárlögum 2000 og hækka um 62,5 m.kr.

*471 **Flugmálastjórn.*** Heildarframlag til Flugmálastjórnar verður 549,7 m.kr. og hækkar um 4,7 m.kr. milli ára. Skýrist hækkunin aðallega af eftirfarandi: Áætlað er að framlag Íslands, vegna ákvæða í samningi við Alþjóðaflugmálastofnunina um 5% kostnaðarhlutdeild í þjónustunni, aukist um 20% á milli ára eða um 15 m.kr., úr 75,7 m.kr. í 90,7 m.kr. Í þingsályktun um flugmálaáætlun árin 2000 til 2003 er gert ráð fyrir að gjöld vegna rekstrar Alþjóðaflugþjónustunnar aukist um 413 m.kr. Gert er ráð fyrir að tekjur Flugmálastjórnar af yfirflugsgjöldum muni einnig aukast að sama skapi. Alþjóðaflugþjónustan er færð í B-hluta í fjárlagafrumvarpinu en í A-hluta ríkisreiknings. Gert er ráð fyrir 5 m.kr. framlagi vegna kaupa á veðurupplýsingum frá Veðurstofu Íslands þar sem samsvarandi fjárhæð verður innheimt af flugleiðsögugjaldi. Þetta mun ekki hafa áhrif á greiðslur úr ríkissjóði. Loks eru felldar niður þrjár tímabundnar tillögur að fjárhæð samtals 17,7 m.kr. Er þar fyrst að telja niðurfellingu á 6,7 m.kr. framlagi vegna samnings við Ríkisspítala um læknisskoðun á flugliðum, 6 m.kr. niðurfellingu vegna launagreiðslna til nema í flugumferðarstjórn og loks 5 m.kr. niðurfellingu á framlagi vegna byggingar flugskýlis á flugminjasafninu á Hnjóti. Að síðustu er stofnuninni gert að hagræða í rekstri fyrir 10,5 m.kr.

*472 **Flugvellir.*** Áætlað er að heildarframlag til flugvalla verði 989,1 m.kr. sem er 52,2 m.kr. hækkun milli ára. Hækkun vegna framkvæmda á flugvöllum er 244 m.kr. á árinu 2001. Í þingsályktun um flugmálaáætlun árin 2000 til 2003, sem samþykkt var á Alþingi í vor, er gert ráð fyrir 763 m.kr. framkvæmdum á flugvöllum á árinu 2001, en þær námu 519 m.kr. í fjárlögum ársins 2000 en framkvæmdum að upphæð 100 m.kr. var frestað árið 2000 og kemur sú hækkun inn aftur í fjárlögum 2001. Til að mæta sparnaðarmarkmiðum í ramma er gert ráð fyrir að draga úr framkvæmdum fyrir 150 m.kr. Mun samgönguráðherra gera nánari grein fyrir þeim áformum. Samtals er því gert ráð fyrir framkvæmdum við flugvelli fyrir 613 m.kr. á árinu 2001. Gert er ráð fyrir að framlög til reksturs og viðhalds flugvalla verði 376,1 m.kr., sem er 22,2 m.kr. hækkun milli ára, þar af eru 10 m.kr. tilkomnar vegna vinnutímatilskipunar ESB. Af framangreindum ástæðum er nauðsynlegt að fjölga starfsmönnum á Egilsstaðaflugvelli, í Hornafirði og í Vestmannaeyjum. Aðrar breytingar má rekja til launa og verðlags. Vegna breytingar á rekstrarformi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar fellur niður 64 m.kr. framlag af flugmálaáætlun til framkvæmda við flugstöðina. Hlutur ríkissjóðs í fjármögnun flugvalla mun að sama skapi lækka.

Markaðar tekjur flugmálaáætlunar eru flugvallargjald sem talið er nema 687,1 m.kr. á næsta ári og hækkar um 33,1 m.kr. milli ára. Hækkunina má rekja til endurmats á tekjum af flugvallargjaldinu og til verðlagsbreytinga.

*481 **Rannsóknanefnd flugslysa.*** Áætlað framlag til rannsóknanefndarinnar er 24 m.kr. og hækkar um 5,6 m.kr. tímabundið milli ára vegna ráðningar nýs rannsóknarstjóra Rannsóknanefndar flugslysa.

Póst- og fjarskiptamál

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 512 Póst- og fjarskiptastofnun. Útgjöld eru áætluð 312,8 m.kr. og hækka um 196 m.kr. milli ára. Hækkunin skýrist aðallega af því að kostnaður við rekstur strandarstöðva greiðist úr ríkissjóði, en var áður greiddur af Landssíma Íslands. Gerður hefur verið skammtímasamningur til þriggja ára um að Landssíminn annist reksturinn. Áætlaður kostnaður vegna þessa er 184 m.kr. á þessu ári. Gert er ráð fyrir 215 m.kr. fjárveitingu í fjáraukalögum 2000 vegna þessa samnings. Á árinu 2002 er gert ráð fyrir að kostnaður af rekstrinum verði 148 m.kr. Ráðgert er að þjónustan verði boðin út að samningstímanum loknum. Í annan stað er 20 m.kr. hækkun vegna álagningar jöfnunargjalds sem innheimt er af fjarskiptafyrirtækjum, vegna alþjónustu fyrir 2001 sem gert er ráð fyrir að renni til reksturs Neyðarlínunnar samkvæmt lögum sem voru samþykkt á vorþingi 2000. Einnig er gert ráð fyrir að stofnunin fái framlag vegna verkefnis um könnun á möguleikum gervitungla til nettenginga af lið 10-996 Íslenska upplýsingasamfélagið og skýrir það lækkun á liðnum um 8 m.kr.

Ferðamál

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 651 Ferðamálaráð. Útgjöld ráðsins eru áætluð 191,9 m.kr. og hækka um 0,8 m.kr. milli ára. Í fyrsta lagi er 10 m.kr. hækkun á framlagi til viðfangsefnisins *1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir* og verður framlagið 47,6 m.kr. Vegna stöðugrar fjölgunar ferðamanna er talið nauðsynlegt að hraða enn endurbótum á fjölsóttustu stöðunum. Á viðfangsefni *1.81 Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994* er fellt niður 5 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna í ferðaþjónustu. Einnig er gert ráð fyrir framlagi vegna verkefnis um vefi Ferðamálaráðs af lið 10-996 Íslenska upplýsingasamfélagið og skýrir það lækkun á viðfangsefninu um 6 m.kr. Loks er Ferðamálaráði gert að hagræða um 1 m.kr. Aðrar breytingar má rekja til launa og verðlags.

11 Iðnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun iðnaðarráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	483,2	535,4	582,0	9	20
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.265,8	1.549,2	1.602,2	3	27
Stofnkostnaður og viðhald	103,8	381,3	400,3	5	286
Samtals	**1.852,8**	**2.465,9**	**2.584,5**	**5**	**39**
Greitt úr ríkissjóði	1.847,0	2.358,8	2.485,5	5	35
Innheimt af ríkistekjum	97,6	107,1	99,0	-8	1
Viðskiptahreyfingar	-91,8	0,0	0,0	-	-
Samtals	**1.852,8**	**2.465,9**	**2.584,5**	**5**	**39**

Heildargjöld iðnaðarráðuneytis árið 2001 eru áætluð um 3.170,6 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 586,1 m.kr. en þær nema 19% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 2.584,5 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 2.485,5 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 99 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 582 m.kr. og hækka um 46,6 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Munar þar mest um 41,5 m.kr. auknar ríkistekjur Einkaleyfastofunnar. Að auki mun breytt fyrirkomulag við fjármögnun á fæðingarorlofi starfsmanna leiða til um 3,3 m.kr. lækkunar á launafjárveitingum til stofnana ráðuneytisins.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna verður 1.602,2 m.kr. en er 1.549,2 m.kr. í fjárlögum ársins 2000. Þyngst vegur að 50 m.kr. frestun á stofnkostnaði á viðfanginu *1.16 Styrking dreifikerfis í sveitum* gengur til baka.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 400,3 m.kr. og er það 19 m.kr. hækkun milli ára. Helsta breytingin er 18 m.kr. framlag til Íslenska upplýsingasamfélagsins. Þar af er 9 m.kr. millifærsla frá öðrum verkefnum ráðuneytisins.

Ráðuneytið hefur gert ráð fyrir 14 m.kr. hagræðingu, einkum í rekstrarkostnaði, til að mynda svigrúm til nýrra verkefna. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald með stofnkostnaði og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2001 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld iðnaðarráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2001 til 2004. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2001	Spá 2002	Spá 2003	Spá 2004
Ráðuneyti	201	203	205	207
Iðnaðarmál	547	551	555	559
Orkumál	1.339	1.341	1.343	1.345
Byggðamál	498	508	518	529
Samtals	**2.585**	**2.603**	**2.621**	**2.640**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við

gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka iðnaðarráðuneytisins.

Skuldbindandi samningar

Samkvæmt samningi við ríkissjóð greiða Rafmagnsveitur ríkisins arð í ríkissjóð sem nemur 2% af bókfærðu fé við næstliðin áramót. Nemur arðgreiðslan 212 m.kr. árið 2001. Samkvæmt samningnum endurgreiðir ríkissjóður 138 m.kr. eða 65% af arðgreiðslum fyrirtækisins og ráðstafar fénu til endurnýjunar og styrkingar rafdreifikerfis til sveita og 5% af arðgreiðslunni, eða 11 m.kr., til rannsóknar- og þróunarverkefna. Við þá fjárhæð bætast 20 m.kr. til að mæta tjóni á raforkukerfi fyrirtækisins af völdum náttúruhamfara. Á árinu 2001 eru arðgreiðslur í ríkissjóð 43 m.kr. umfram það sem fyrirtækið fær til baka.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að ganga til viðræðna við sameigendur ríkisins í Orkubúi Vestfjarða um hugsanleg kaup ríkisins á 60% eignarhluta þeirra í Orkubúinu. Áformað er að niðurstöður þessara viðræðna liggi fyrir áður en fjárlög ársins 2001 verða afgreidd.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Aðalskrifstofa; 102 Einkaleyfastofan, 199 Ráðstöfunarfé og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið sem er nýr liður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	80,8	75,0	75,7	0,9	-6,3
Einkaleyfastofan	64,9	57,1	99,0	73,4	52,5
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	-	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	0,0	18,0	-	-
Samtals	**145,7**	**140,1**	**200,7**	**43,3**	**37,7**

101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. Rekstrargjöld eru 75,7 m.kr. sem er 0,7 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Áætlað er fyrir 5 m.kr. hækkun vegna ráðningar starfsmanns til að sinna byggðamálum og 1,9 m.kr. vegna kjaranefndarúrskurðar. Á móti kemur að tímabundið 5 m.kr. framlag vegna starfslokasamnings fellur niður, þá fellur niður 2 m.kr. tímabundin fjárveiting til endurnýjunar á ráðherrabifreið og gert er ráð fyrir að hagræðing í rekstri skili 1,4 m.kr. útgjaldalækkun.

102 Einkaleyfastofan. Útgjöld stofnunarinnar eru áætluð 99 m.kr. og hækka um 42 m.kr. vegna hærri tekna af mörkuðum ríkistekjum. Eru það tekjur af gjöldum fyrir einkaleyfi og vörumerki. Þar er að hluta til um að ræða leiðréttingu því ný áætlun sýnir að ríkistekjur ársins 2000 voru töluvert vanmetnar í fjárlögum. Loks gengur til baka tímabundin frestun á 0,4 m.kr. stofnkostnaði.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Lagt er til að veitt verði 9 m.kr. sérstakt framlag á þennan nýja lið til verkefna á vegum upplýsingasamfélagsins hjá ráðuneytinu. Skilyrði fyrir framlaginu er að ráðuneytið afli a.m.k. jafnhás mótframlags til verkefnanna og er áætlað fyrir alls 18 m.kr. útgjöldum vegna verkefnanna á þessum lið. Útgjöldin skiptast þannig að 10 m.kr. eru vegna opins gagnagrunns Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins en 8 m.kr. vegna gagna- og fjarvinnslu á landsbyggðinni.

Iðnaðarmál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201 Iðntæknistofnun Íslands; 203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins; 240 Iðnaðarrannsóknir; 245 Samtök iðnaðarins; 299 Iðja og iðnaður og 251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Iðntæknistofnun Íslands	132,7	115,9	112,1	-3,3	-15,5
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	63,8	62,8	59,6	-5,1	-6,6
Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	54,1	14,3	14,4	0,7	-73,4
Samtök iðnaðarins	166,3	125,0	136,7	9,4	-17,8
Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	0,0	50,0	50,0	0,0	-
Iðja og iðnaður, framlög	216,3	177,1	174,0	-1,8	-19,6
Samtals	**633,2**	**545,1**	**546,8**	**0,3**	**-13,6**

201 Iðntæknistofnun Íslands. Útgjöld eru áætluð 112,1 m.kr. Auk launa- og verðlagshækkunar lækkar framlagið um 2,2 m.kr. til að mæta útgjaldamarkmiðum ársins 2001 en á móti kemur 0,4 m.kr. hækkun stofnkostnaðar. Einnig er millifært 2,5 m.kr. mótframlag yfir á lið 996 Íslenska upplýsingasamfélagið vegna sameiginlegs gagnagrunns Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins.

203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Heildargjöld eru áætluð 59,6 m.kr. Breytingar, aðrar en vegna launa- og verðlagsbóta, eru að stofnkostnaður hækkar um 0,5 m.kr. en á móti er gert ráð fyrir 1,2 m.kr. lækkun rekstrarkostnaðar. Þá er 2,5 m.kr. mótframlag fært yfir á lið 996 Íslenska upplýsingasamfélagið vegna sameiginlegs gagnagrunns Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins.

245 Samtök iðnaðarins. Á þessum lið er áætlað fyrir 136,7 m.kr. tilfærsluframlagi til Samtaka iðnaðarins vegna tekna af 0,08% iðnaðarmálagjaldi sem lagt er á veltu alls iðnaðar í landinu. Tekjunum skal varið til þess að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu. Áætlað er að tekjur af gjaldinu aukist um 6 m.kr. frá áætlun fjárlaga yfirstandandi árs.

299 Iðja og iðnaður,framlög. Útgjöld á fjárlagaliðnum eru áætluð 174 m.kr. og lækka um 3,1 m.kr. Mestu munar að 4 m.kr. eru millifærðar af viðfanginu *1.50 Nýsköpun og markaðsmál* vegna gagna- og fjarvinnslu á landsbyggðinni yfir á lið 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Orkumál

Fjárlagaliðir 301 Orkustofnun; 371 Orkusjóður og 399 Ýmis orkumál falla undir þennan málefnaflokk. Útgjöld nema alls 1.338,6 m.kr. sem er 59,9 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs þar sem tímabundin frestun á 50 m.kr. framlagi til styrkingar á dreifikerfum í sveitum gengur til baka. Framlög til málefnaflokksins hafa hækkað um 264,7 m.kr. frá reikningi ársins 1999. Skýringin felst í framlögum til niðurgreiðslu á rafhitun sem hækkuðu um 260 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Orkustofnun	174,6	220,4	220,3	0,0	26,2
Orkusjóður	77,3	83,3	83,3	0,0	7,8
Ýmis orkumál	822,0	975,0	1.035,0	6,2	25,9
Samtals	**1.073,9**	**1.278,7**	**1.338,6**	**4,7**	**24,6**

301 Orkustofnun. Heildarframlag er áætlað 220,3 m.kr. sem er óbreytt frá fjárlögum. Auk launa- og verðlagsbreytinga eru helstu breytingar þær að tímabundin 3,5 m.kr. fjárveiting til orkurannsókna á Geysissvæðinu fellur niður. Þá lækkar rekstrarframlag um 4,4 m.kr. þar sem hagrætt verður í rekstri en á móti kemur að tímabundin 1,1 m.kr. frestun stofnkostnaðar gengur til baka.

371 Orkusjóður. Tilfærsluframlag á þennan lið er 83,3 m.kr. sem er óbreytt frá fjárlögum yfirstandandi árs. Framsetningu fjármögnunar á virkjunarrannsóknum er breytt þannig að endurgreiðslur Landsvirkjunar af skuldabréfi í eigu ríkissjóðs eru nú færðar sem framlag úr ríkissjóði en voru áður færðar sem ríkistekjur.

399 Ýmis orkumál. Heildarútgjöld eru áætluð 1.035 m.kr. sem er 60 m.kr. hækkun milli ára. Auk launa- og verðlagshækkunar vegur þyngst 15 m.kr. fjárveiting á viðfanginu *1.13 Hafsbotnsrannsóknir* í samræmi við tillögur samráðsnefndar um landgrunns- og olíuleitarmál. Áhugi erlendra olíufyrirtækja á olíu- og gasleit í íslenskri efnahagslögsögu fer vaxandi og er talið nauðsynlegt halda uppi lágmarksstarfsemi á þessu sviði, þar með talið rannsóknum, svo tryggja megi aðgang stjórnvalda að sérþekkingu og ráðgjöf. Iðnaðarráðherra mun við upphaf haustþings leggja fram frumvarp til laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Þegar liggja fyrir fyrirspurnir frá erlendum aðilum um leyfi til leitar. Einnig er gert ráð fyrir 16 m.kr. fjárheimild í fjáraukalagafrumvarpi vegna landgrunnsrannsókna og kröfugerðar Íslands í því sambandi. Í öðru lagi gengur til baka tímabundin 50 m.kr. frestun framkvæmda á viðfanginu *1.16 Styrking dreifikerfis í sveitum.* Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 7 m.kr. hækkun framlags til sama viðfangsefnis í samræmi við áætlaða arðgreiðslu Rafmagnsveitna ríkisins í ríkissjóð og 1 m.kr. hækkun og viðfangið *1.23 Þróunarverkefni o.fl.* Í fjórða lagi fellur niður tímabundið 40 m.kr. framlag til hitaveitna á köldum svæðum. Í fimmta lagi lækkar framlag til nýskipunar í orkumálum um 3 m.kr. Í fjárlögum yfirstandandi árs var veitt 7 m.kr. tímabundið framlag til að breyta skipulagi orkumála þannig að samkeppni verði innleidd til að auka hagkvæmni og lækka orkuverð. Í sjötta og síðasta lagi hækkar framlag til þróunarverkefna um 1 m.kr. í samræmi við áætlun um aukinn arð af rekstri Rafmagnsveitna ríkisins.

Byggðamál

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður, 221 Byggðastofnun, sem skiptist á þrjú viðföng: *110 Byggðastofnun; 111 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni* og *641 Þátttaka í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni.*

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Byggðastofnun	197,0	137,0	133,4	-2,6	-32,3
Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	65,0	65,0	65,0	0,0	0,0
Þátttaka í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni	300,0	300,0	300,0	0,0	0,0
Samtals	**562,0**	**502,0**	**498,4**	**-0,7**	**-11,3**

411 Byggðastofnun. Útgjöld stofnunarinnar eru áætluð 498,4 m.kr. sem er 3,6 m.kr. lækkun sem gert er ráð fyrir að ná með hagræðingu í rekstri. Þess skal getið að í fjáraukalagafrumvarpi ársins 2000 er áformað að sækja um 110 m.kr. framlag til stofnunarinnar og þar af renni 100 m.kr. í afskriftasjóð lána sem stofnunin veitir og 10 m.kr. til að styrkja vetrarsamgöngur á snjóþungum svæðum.

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun viðskiptaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	523,6	573,7	631,7	10	21
Neyslu- og rekstrartilfærslur	751,3	681,6	683,4	0	-9
Stofnkostnaður og viðhald	3,3	4,2	4,2	0	27
Samtals	**1.278,2**	**1.259,5**	**1.319,3**	**5**	**3**
Greitt úr ríkissjóði	1.167,5	1.041,8	1.094,1	5	-6
Innheimt af ríkistekjum	211,2	200,4	225,2	12	7
Viðskiptahreyfingar	-100,5	17,3	0,0	-100	-100
Samtals	**1.278,2**	**1.259,5**	**1.319,3**	**5**	**3**

Heildargjöld viðskiptaráðuneytis árið 2001 eru áætluð um 1.328,6 m.kr. á greiðslurekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 9,3 m.kr. en þær nema 1% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 1.319,3 m.kr. og af þeirri fjárhæð er 1.094,1 m.kr. fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði og 225,2 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 631,7 m.kr. og hækka um 58 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Munar þar mest um ný verkefni Samkeppnisstofnunar bæði á grundvelli nýrra laga og vegna beiðni þingflokks Samfylkingarinnar um úttekt á stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja á íslenskum markaði.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna verður 683,4 m.kr. en er 681,6 m.kr. í fjárlögum ársins 2000 sem er að meginhluta flutningsjöfnun olíu og sements.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 4,2 m.kr.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð 8 m.kr. hagræðingu. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2001 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld viðskiptaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2001 til 2004. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2001	Spá 2002	Spá 2003	Spá 2004
Ráðuneyti	153	154	155	156
Viðskiptamál	525	530	535	540
Flutningsjöfnun	641	641	641	641
Samtals	**1.319**	**1.325**	**1.331**	**1.337**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar.

Skuldbindandi samningar

Viðskiptaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við Verslunarráð Íslands og Fjárfestingarstofuna, um kynningu á alþjóðlegum viðskiptafélögum innanlands og erlendis, og þjónustusamning við Neytendasamtökin. Þeir samningar nema samtals um 22 m.kr. á yfirstandandi ári og eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2001 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2000	2001	2002	2003	2004
Kynning á alþjóðlegum viðskiptafélögum	C	15,0	15,0	0,0	0,0	0,0
Þjónustusamningur við Neytendasamtökin	C	6,8	6,8	6,8	6,8	6,8
Samtals		**21,8**	**21,8**	**6,8**	**6,8**	**6,8**

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Helstu breytingar að undanskildum launa- og verðlagsbreytingum eru eftirfarandi.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	100,0	98,6	102,1	3,5	2,1
Ýmis verkefni	40,3	34,7	47,9	38,0	18,9
Ráðstöfunarfé	0,0	3,0	3,0	0,0	-
Samtals	**140,3**	**136,3**	**153,0**	**12,3**	**9,1**

101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa. Útgjöld aðalskrifstofu nema 102,1 m.kr. og hækka um 3,5 m.kr. frá fjárlögum 2000. Gert er ráð fyrir að hagræðing í rekstri skili 2 m.kr. sparnaði. Loks er gert ráð fyrir að 6 m.kr. tímabundin fjárveiting vegna starfsmanns við alþjóðleg viðskiptafélög verði ótímabundin.

190 Ýmis verkefni. Útgjöld þessa fjárlagaliðar verða 47,9 m.kr. Helstu breytingar fyrir utan launa- og verðlagshækkanir eru í fyrsta lagi að á nýju viðfangsefni, *1.41 Úttekt á stjórnunar- og eignatengslum fyrirtækja að beiðni þingflokks Samfylkingarinnar*, er áætlað fyrir 13 m.kr. framlagi vegna beiðni þingflokks Samfylkingarinnar um skýrslu, sbr. þingskjal nr. 20, lagt fram á 125. löggjafarþingi. Í öðru lagi eru veittar 2,5 m.kr. til kærunefndar sem samkvæmt lögum um lausafjárkaup skal starfa út árið 2005 og til kynningar á fyrrgreindum lögum. Í þriðja lagi hækkar framlag til Neytendasamtakanna um 1,3 m.kr. vegna núgildandi samnings og að auki er gert ráð fyrir 1,7 m.kr. hækkun vegna verkefna sem fyrirhugað er að semja við Neytendasamtökin um. Í fjórða lagi

lækkar tímabundið framlag vegna kynningar á alþjóðlegum viðskiptafélögum úr 15 m.kr. í 9 m.kr. Framlaginu verður skipt á milli Verslunarráðs Íslands og Fjárfestingarstofunnar sem annast kynninguna samkvæmt samningi þar að lútandi.

Viðskiptamál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 302 Löggildingarstofa; 402 Fjármálaeftirlitið; 902 Samkeppnisstofnun og 999 Ýmis viðskiptamál.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Löggildingarstofa	158,1	165,1	170,5	3,3	7,8
Fjármálaeftirlitið	164,1	202,7	209,2	3,2	27,5
Samkeppnisstofnun	98,3	105,4	130,6	23,9	32,9
Ýmis viðskiptamál	15,0	15,0	15,0	0,0	0,0
Samtals	**435,5**	**488,2**	**525,3**	**7,6**	20,6

302 Löggildingarstofa. Útgjöld eru áætluð 170,5 m.kr. Gert er ráð fyrir 3 m.kr. hækkun til að mæta kostnaði við vottun raforkunotkunar raftækja samkvæmt lagafrumvarpi þar um. Á móti kemur að framlag lækkar um 3,3 m.kr. til að mæta útgjaldamarkmiðum.

902 Samkeppnisstofnun. Heildarútgjöld eru áætluð 130,6 m.kr. sem er 25,2 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Auk launa- og verðlagsbreytinga er framlag hækkað í fyrsta lagi um 22,3 m.kr. vegna aukinna verkefna samkvæmt nýjum samkeppnislögum. Þar af vegur þyngst ráðning sérfræðinga, m.a. til að svara ýmsum fyrirspurnum sem beint er til stofnunarinnar, en einnig aukin húsaleiga, tækja- og búnaðarkaup, kynningarstarfsemi og erlend samskipti. Farið er fram á 13,3 m.kr. í fjáraukalagafrumvarpi 2000 af sama tilefni. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 1,4 m.kr. tímabundnu framlagi til að kynna og fylgja eftir tilskipun ESB um upplýsingar til neytenda um þyngdar- og verðmerkingu á vörum. Í þriðja og síðasta lagi lækkar framlag um 2,7 m.kr. til að mæta útgjaldamarkmiðum.

Flutningsjöfnun

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 811 Flutningssjóður olíuvara og 821 Flutningssjóður sements.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Flutningssjóður olíuvara	545,2	485,0	485,0	0,0	-11,0
Flutningssjóður sements	157,2	150,0	156,0	4,0	-0,8
Samtals	**702,4**	**635,0**	**641,0**	**0,9**	**-8,7**

Tilgangur sjóðanna er að jafna vöruverð þannig að það verði hið sama hvar sem er á landinu. Gjöld, sem lögð eru á olíuvöru og sement í þessu skyni, eru talin til ríkistekna og endurdreifing þeirra til gjalda á móti. Heildarútgjöld flutningssjóðs olíuvara eru áætluð 485 m.kr. og eru óbreytt milli ára. Gjöld flutningssjóðs sements eru áætluð 150 m.kr. og hækka um 6 m.kr. frá fjárlögum.

13 Hagstofa Íslands

Útgjöld og fjármögnun Hagstofu Íslands breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	322,2	312,3	319,1	2	-1
Neyslu- og rekstrartilfærslur	0,0	3,8	3,8	0	-
Stofnkostnaður og viðhald	8,3	20,6	26,6	29	220
Samtals	**330,5**	**336,7**	**349,5**	**4**	**6**
Greitt úr ríkissjóði	272,3	233,7	241,5	3	-11
Innheimt af ríkistekjum	106,5	103,0	108,0	5	1
Viðskiptahreyfingar	-48,3	0,0	0,0	-	-
Samtals	**330,5**	**336,7**	**349,5**	**4**	**6**

Heildarútgjöld Hagstofu Íslands árið 2001 eru 357,6 m.kr. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 8,1 m.kr. en þær nema 2% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 349,5 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 241,5 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 180 m.kr. eru innheimtar af ríkistekjum.

Hækkun framlaga frá yfirstandandi ári er samtals 12,8 m.kr. sem skýrist af eftirfarandi: Í fyrsta lagi hækkar framlag um 6 m.kr. vegna kostnaðar við að reikna út verðvísitölu innlendrar framleiðslu. Slík vísitala er víða birt mánaðarlega og er m.a. talin gefa vísbendingar um hvers megi vænta um almenna verðþróun eins og hún birtist í neysluvöruverði. Í öðru lagi er 5 m.kr. hækkun vegna kostnaðar við að reikna út jafnvirðisgildi (PPP) sem nýtist í

alþjóðlegum verðsamanburði. Í þriðja lagi lækkar framlag um 2,5 m.kr. þar sem áformað er að neyslukönnun vegna neysluverðsvísitölunnar verði gerð árlega í stað þess að gera hana á fimm ára fresti, en að óbreyttu hefðu fallið niður 10 m.kr. Neysluvörukönnun sem þessi er grunnur að vísitölu neysluverðs og uppfærist miðað við breytt neyslumynstur. Í fjórða lagi hækkar framlag til verkefna á lið Íslenska upplýsingasamfélagsins um 3 m.kr. Jafnhátt mótframlag er millifært af viðfangsefni Þjóðskrárinnar yfir á lið upplýsingasamfélagsins. Alls er áætlað fyrir 12 m.kr. útgjöldum vegna verkefna á þeim lið. Þar af eru 6 m.kr. vegna gagnabanka Hagstofunnar og 6 m.kr. vegna rafrænna samskipta og þjónustu. Í fimmta lagi lækkar framlag um 6 m.kr. vegna hagræðingar í rekstri þar sem Veraldarvefurinn gegnir sífellt þýðingarmeira hlutverki í miðlun upplýsinga. Loks leiðir breytt fyrirkomulag við fjármögnun á fæðingarorlofi starfsmanna til 4,6 m.kr. lækkunar á launafjárveitingum Hagstofunnar. Aðrar breytingar, eða 11,9 m.kr., skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir framreiknaða útgjaldaþróun Hagstofunnar næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2001 til 2004. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2001	Spá 2002	Spá 2003	Spá 2004
Hagstofa Íslands	350	353	356	359
Samtals	**350**	**353**	**356**	**359**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Í kafla 3.3 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Miðað er við almennar forsendur við framreikning framlaga til Hagstofunnar.

14 Umhverfisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun umhverfisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.308,8	1.348,6	1.473,2	9	13
Neyslu- og rekstrartilfærslur	679,0	851,5	902,7	6	33
Stofnkostnaður og viðhald	562,2	567,5	662,5	17	18
Samtals	**2.550,0**	**2.767,6**	**3.038,4**	**10**	**19**
Greitt úr ríkissjóði	2.831,1	2.762,1	3.033,4	10	7
Innheimt af ríkistekjum	4,4	5,5	5,0	-9	14
Viðskiptahreyfingar	-285,5	0,0	0,0	-	-
Samtals	**2.550,0**	**2.767,6**	**3.038,4**	**10**	**19**

Heildargjöld umhverfisráðuneytis árið 2001 eru áætluð um 3.386,9 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 348,5 m.kr. en þær nema 10% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 3.038,4 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 3.033,4 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 5 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.473,2 m.kr. og hækka um 124,6 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Munar þar mest um 29 m.kr. framlag til Hollustuverndar ríkisins, 15,4 m.kr. til Skipulagsstofnunar og 8 m.kr. til Brunamálastofnunar ríkisins. Að auki mun breytt fyrirkomulag við fjármögnun á fæðingarorlofi starfsmanna leiða til um 11 m.kr. lækkunar á launafjárveitingum til stofnana ráðuneytisins.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna verður 902,7 m.kr. en er 851,5 m.kr. í fjárlögum ársins 2000. Þyngst vegur 44 m.kr. hækkun á skilagjaldi til Endurvinnslunnar hf.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 662,5 m.kr. og er það 95 m.kr. hækkun milli ára. Helstu skýringarnar eru: 25 m.kr. framlag til Vistmenningarmiðstöðvar á Sólheimum í Grímsnesi, 20 m.kr. framlagi til að styrkja fráveitur sveitarfélaga, 20 m.kr. framlagi til Íslenska upplýsingasamfélagsins og loks er 19 m.kr. framlag til uppbyggingar á fjölsóttum ferðamannastöðum.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá fyrri áformum með 100 m.kr. frestun á framlögum til fráveitna sveitarfélaga, en þau framlög hefðu að óbreyttu hækkað um 120 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2001 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld umhverfisráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2001 til 2004. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2001	Spá 2002	Spá 2003	Spá 2004
Ráðuneyti	357	359	361	363
Umhverfisvernd	1.222	1.252	1.257	1.288
Skipulagsmál	910	914	919	924
Rannsóknir	550	551	556	561
Samtals	**3.039**	**3.076**	**3.093**	**3.136**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknuð útgjöld fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða aðrar í reynd eftir því hvaða áherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka umhverfisráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar í samanburði við

almennar forsendur reiknilíkansins. Helstu breytingar milli ára umfram almennar forsendur eru í málefnaflokknum umhverfisvernd þar sem síðasta framlagið til byggingar Vistmenningarmiðstöðvar á Sólheimum í Grímsnesi fellur niður á árinu 2003. Að öðru leyti aukast framlög til stofnana sem falla undir málafkokkinn umhverfisvernd um 3% árlega, þannnig að árleg heildarauknig málaflokksins er 2,5%.

Skuldbindandi samningar

Umhverfisráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 117 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2001 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið á um í samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2000	2001	2002	2003	2004
Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins	C	35,0	35,0	0,0	0,0	0,0
Aðalskipulag smærri byggðarlaga	C	31,0	31,0	31,0	31,0	31,0
Aðalskipulag stærri byggðarlaga	C	40,0	42,0	42,0	40,0	40,0
Svæðisskipulag smærri byggðarlaga	C	11,0	11,0	20,0	20,0	20,0
Samtals		**117,0**	**119,0**	**93,0**	**91,0**	**91,0**

Samningar sem umhverfisráðuneytið stendur eitt að nema 117 m.kr. en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar, sem renna út á tímabilinu, verði flestir endurnýjaðir og að útgjöldin verði að jafnaði um 100 m.kr. á ári.

Ráðuneyti

Til þessa málaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni; 199 Ráðstöfunarfé og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	172,5	150,1	167,5	11,6	-2,9
Ýmis verkefni	108,6	132,6	150,2	13,3	38,3
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	4,0	14,0	34,0	142,9	750,0
Samtals	**285,1**	**301,7**	**356,7**	**18,2**	**25,1**

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa. Útgjöld aðalskrifstofu nema um 167,5 m.kr. og hækka að raungildi um 11,5 m.kr. frá fjárlögum 2000. Í fyrsta lagi er áætlað fyrir 4 m.kr. hækkun vegna sendifulltrúa ráðuneytisins í Brussel því framvegis verður umhverfisráðuneyti með fulltrúa í heilu starfi en ekki sameiginlegan fulltrúa með iðnaðar-

og viðskiptaráðuneyti. Í öðru lagi er 4 m.kr. hækkun vegna aukinnar þátttöku ráðuneytisins í alþjóðastarfi en þar vegur þyngst OSPAR-samningurinn og samningurinn um líffræðilega fjölbreytni og sjálfbæra þróun. Í þriðja lagi aukast útgjöld um 3,5 m.kr. vegna vinnu innan ráðuneytisins við mál sem falla undir EES-samninginn.

190 Ýmis verkefni. Útgjöld þessa fjárlagaliðar verða 150,2 m.kr. og hækka um 17,6 m.kr. frá fjárlögum. Helstu breytingar fyrir utan launa- og verðlagshækkanir eru þær að útgjöld vegna viðfangsefnisins *1.23 Ýmis umhverfisverkefni* hækka í fyrsta lagi um 6,5 m.kr. til að halda ráðstefnu um sjóveðurfræði á Akureyri. Í öðru lagi er áætlað fyrir 3,0 m.kr. útgjöldum vegna nýskipaðrar 16 manna nefndar sem á að fjalla um svæðis- og aðalskipulag miðhálendisins og í þriðja lagi er framlag hækkað um 1,5 m.kr. vegna CITES-samningsins um dýr í útrýmingarhættu. Í fjórða lagi fellur niður 2 m.kr. tímabundið framlag til umhverfisverkefna. Á viðfangsefni *1.59 Náttúruverndarráð* er áætlað fyrir 4 m.kr. hækkun vegna starfsmanns í hlutastarfi og reksturs skrifstofu.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Lögð er til 10 m.kr. hækkun á sérstöku framlagi til verkefna á vegum upplýsingasamfélagsins hjá ráðuneytinu þannig að það nemi 17 m.kr. samtals. Skilyrði fyrir framlaginu er að ráðuneytið leggi fram jafnhátt mótframlag til verkefnanna og er áætlað fyrir alls 34 m.kr. útgjöldum vegna verkefnanna á þessum lið. Framlaginu er ráðstafað þannig að 14 m.kr. eru vegna vinnu við stafræna kortagrunna af landinu, 16 m.kr. eru til bráðaviðvörunarkerfis fyrir náttúruhamfarir, 3 m.kr. eru til gagnasafns um landnýtingu og 1 m.kr. vegna rafrænnar miðlunar veiðikorta.

Umhverfisvernd

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn; 205 Náttúruvernd ríkisins; 210 Veiðistjóri; 213 Hreindýraráð; 215 Vistmenningarmiðstöðin á Sólheimum í Grímsnesi; 221 Hollustuvernd ríkisins; 281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga; 285 Spilliefnasjóður og 289 Endurvinnslan hf., skilagjald. Vistmenningarmiðstöðin á Sólheimum í Grímsnesi er nýr liður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	5,4	6,3	7,8	23,8	44,4
Náttúruvernd ríkisins	101,6	92,5	124,0	34,1	22,0
Veiðistjóri	55,1	55,9	57,3	2,5	4,0
Hreindýraráð	15,0	15,0	15,0	0,0	0,0
Vistmenningarmiðstöð á Sólheimum í Grímsnesi	0,0	0,0	25,0	-	-
Hollustuvernd ríkisins	193,5	181,4	216,1	19,1	11,7
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	108,4	100,0	120,0	20,0	10,7
Spilliefnasjóður	118,0	162,8	162,8	0,0	38,0
Endurvinnslan hf., skilagjald	451,1	450,0	494,0	9,8	9,5
Samtals	**1.048,1**	**1.063,9**	**1.222,0**	**14,9**	**16,6**

Rekstrargjöld málefnaflokksins hækka um 158,1 m.kr. frá fyrra ári en neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 93,2 m.kr. Viðhalds- og stofnkostnaður lækkar um 20,3 m.kr. á milli ára.

202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn. Útgjöld rannsóknastöðvarinnar eru áætluð 7,8 m.kr. Stofnunin fær 1,5 m.kr. fjárveitingu næstu þrjú ár vegna alþjóðlegs ráðstefnuhalds um Mývatn.

205 Náttúruvernd ríkisins. Útgjöld eru áætluð 124 m.kr. sem er hækkun að raungildi um um 29 m.kr. milli ára. Mestu munar um 19 m.kr. fjárveitingu til lagfæringar og uppbyggingar á fjölsóttum ferðamannastöðum. Þá hækkar framlagið um 5,5 m.kr. við það að stofnunin flytur í lok yfirstandandi árs í stærra húsnæði. Veitt er tímabundið 4 m.kr. framlag til tveggja ára til að mæta kostnaði við gerð náttúruverndaráætlunar. Loks er áætlað fyrir 0,5 m.kr. vegna aukins rekstrarkostnaðar vegna jarðarinnar Vestaraland sem verður hluti af þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum.

210 Veiðistjóri. Rekstrarútgjöld eru áætluð 57,3 m.kr. Gert er ráð fyrir 3 m.kr. hækkun á innheimtu gjaldi fyrir veiðikort og skal tekjuaukinn renna til rannsókna og stýringar á stofnum villtra dýra. Jafnframt fellur niður tímabundið 3 m.kr. framlag til hreindýrarannsókna. Framlag lækkar jafnframt um 0,5 m.kr. vegna hlutdeildar embættisins í kostnaði við að þróa og taka upp rafræn veiðikort sem er áætlað fyrir á liðnum 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

215 Vistmenningarmiðstöðin á Sólheimum í Grímsnesi. Samþykkt ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir að alls verði veitt 75 m.kr. framlag til Vistmenningarmiðstöðvar að Sólheimum í tilefni af 70 ára afmæli heimilisins. Farið er fram á 25 m.kr. aukafjárveitingu

árið 2000 vegna þessa máls. Framlaginu verður varið til að greiða hluta af byggingarkostnaði 800-900 fermetra húss sem áætlað er að kosti 110 m.kr. Vistheimilið ábyrgist mismuninn sem og allan rekstur hússins.

221 Hollustuvernd ríkisins. Útgjöld stofnunarinnar hækka að raungildi um 30,2 m.kr. frá fjárlögum. Framlag hækkar um 29 m.kr. vegna aukins rekstrarkostnaðar en umsvif stofnunarinnar hafa vaxið mikið á undanförnum árum vegna aðildar Íslendinga að ýmsu alþjóðasamstarfi og samningum. Starfshópur á vegum umhverfisráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins vinnur að gerð tillagna um verkefni stofnunarinnar og fjármögnun þeirra auk tillagna um lausn á húsnæðismálum hennar. Að auki hækkar framlag um 1,2 m.kr. vegna rannsókna og aðgerða samkvæmt OSPAR-samningnum um varnir gegn mengun sjávar.

281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga. Framlag á liðnum er áætlað 120 m.kr. sem er 20 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Framlag til framkvæmdanna var lækkað tímabundið um 100 m.kr. á árinu 2000 og gildir sú skerðing einnig á árinu 2001 til að mæta útgjaldamarkmiðum áranna 2000 og 2001 og á lækkunin að greiðast til baka árin 2001-2005, 20 m.kr. á ári, til að standa við skuldbindingar gagnvart sveitarfélögunum.

289 Endurvinnslan hf., skilagjald. Útgjöld fyrirtækisins, sem fjármögnuð eru með tekjum af skilagjaldi, eru áætluð 494 m.kr. en eru 450 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Skilagjald hækkar samkvæmt lögum sem samþykkt voru á síðasta vorþingi, enn fremur hækkar umsýsluþóknun á drykkjarumbúðir.

Skipulagsmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Skipulagsstofnun; 303 Skipulagsmál sveitarfélaga; 310 Landmælingar Íslands; 321 Brunamálastofnun ríkisins og 381 Ofanflóðasjóður. Skipulagsmál sveitarfélaga er nýr liður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Skipulagsstofnun	141,1	214,0	115,1	-46,2	-18,4
Skipulagsmál sveitarfélaga	0,0	0,0	110,0	-	-
Landmælingar Íslands	132,1	169,2	177,5	4,9	34,4
Brunamálastofnun ríkisins	85,6	87,0	107,0	23,0	25,0
Ofanflóðasjóður	343,2	400,0	400,0	0,0	16,6
Samtals	**358,8**	**470,2**	**509,6**	**8,4**	**42,0**

301 ***Skipulagsstofnun.*** Útgjöld stofnunarinnar eru áætluð 115,1 m.kr. sem er 98,9 m.kr. lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Útgjöldin lækka vegna þess að tilfærslaframlag til sveitarfélaga vegna tekna af skipulagsgjaldi færist nú á nýjan fjárlagalið, 303 Skipulagsmál sveitarfélaga. Umsýsla með tilfærslum til sveitarfélaga verður þó áfram hjá Skipulagsstofnun. Rekstur stofnunarinnar hefur verið fjármagnaður að hluta með skipulagsgjaldinu og er framlag til rekstrar hækkað um 11,4 m.kr. af þeim sökum. Útgjöld stofnunarinnar aukast um 5 m.kr. vegna kostnaðar við mat á framkvæmdum sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum sem tóku gildi á yfirstandandi ári. Á móti kemur að gerð er krafa um að stofnunin afli 3 m.kr. aukinna sértekna.

303 ***Skipulagsmál sveitarfélaga.*** Á þessum nýja fjárlagalið er áætlað fyrir 110 m.kr. tilfærsluútgjöldum til sveitarfélaga eða sömu fjárhæð og nemur innheimtu skipulagsgjalds. Á viðfangsefnalið *1.11 Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sem annast sjálf skipulagsmál sín* er áætlað fyrir 42 m.kr. og á viðfangið *1.13 Endurgreiðsla á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulagsmál* er áætlað fyrir 73 m.kr. sem er 4 m.kr. meira en áætlað er fyrir á yfirstandandi ári og skýrist af auknum tekjum af skipulagsgjaldi. Þar af er 35 m.kr. endurgreiðsla vegna svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins sem er seinni afborgun af alls 70 m.kr. samningsbundnu framlagi til verkefnisins. Einnig er áætlað fyrir 31 m.kr. vegna aðalskipulags minni sveitarfélaga og 11 m.kr. vegna svæðisskipulagsvinnu minni sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að innheimtar tekjur af skipulagsgjaldi verði 110 m.kr. en þær eru þrjú prómill af brunabótamati nýbygginga. Halli og afgangur af fjárlagaliðnum færist yfir á fjárheimildir næsta árs.

310 ***Landmælingar Íslands.*** Útgjöld stofnunarinnar hækka að raungildi um 3,2 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Helstu skýringar eru sem hér segir: Í fyrsta lagi hækkar framlag tímabundið um 6 m.kr. vegna kostnaðar við fjarkönnun. Veitt er 4,5 m.kr. framlag til verkefnisins í fjárlögum yfirstandandi árs og er miðað við að framlag til fjarkönnunar lækki um 3 m.kr. árið 2002. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að tekjur af birtingarleyfum aukist um 0,4 m.kr. og er áætlað að útgjöld aukist um sömu fjárhæð. Í þriðja lagi gengur tímabundin 2 m.kr. lækkun á tækjakaupalið stofnunarinnar til baka. Tímabundið 3,7 m.kr. framlag vegna kostnaðar við aðsetursskipti stofnunarinnar fellur niður. Loks millifærist 1,5 m.kr. á liðinn 996 Íslenska upplýsingasamfélagið vegna gagnagrunns um landnýtingu.

321 ***Brunamálastofnun.*** Framlag til stofnunarinnar hækkar sem nemur 20 m.kr. Í fyrsta lagi hækkar framlag tímabundið í fjögur ár um 10 m.kr. vegna stuðnings við brunavarnir í smærri sveitarfélögum. Í öðru lagi eru 8 m.kr. ætlaðar til að efla starfsemi Brunamálaskólans. Loks fellur niður 2 m.kr. tímabundin skerðing á framlagi til tækjakaupa.

Rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 401 Náttúrufræðistofnun Íslands; 403 Náttúrustofur; 407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og 410 Veðurstofa Íslands.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Náttúrufræðistofnun Íslands	116,0	133,3	144,7	8,6	24,7
Náttúrustofur	34,3	33,6	31,2	-7,1	-9,0
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	14,5	15,7	17,1	8,9	17,9
Veðurstofa Íslands	350,0	349,2	357,1	2,3	2,0
Samtals	**514,8**	**531,8**	**550,1**	**3,4**	**6,9**

401 Náttúrufræðistofnun Íslands. Útgjöld hækka að raungildi um 8,7 m.kr. Í fyrsta lagi er áætlað fyrir 5 m.kr. framlagi til reksturs á stærra skrifstofu- og geymsluhúsnæði. Í öðru lagi er veitt tímabundið 2,5 m.kr. framlag til þriggja ára til að þróa samræmdar aðferðir við öflun gagna um náttúrufar. Í þriðja lagi er 2,5 m.kr. tímabundin hækkun til fimm ára á framlagi til jarðkortagerðar, bæði jarð- og berggrunnskorta. Í fjórða lagi, hækkar framlagið um 1 m.kr. vegna tímabundins framlags til rannsókna á fuglum sem eru á válista. Loks er 1,2 m.kr. framlag vegna CITES-samningsins sem samþykktur var á Alþingi á síðasta vorþingi. Þar af eru 0,5 m.kr. til að standa undir ráðstefnukostnaði og 0,7 m.kr. til að veita leyfi fyrir innflutningi sjaldgæfra dýra. Á móti fellur niður 1 m.kr. framlag til rannsókna á áhrifum veiðiálags á rjúpustofninn og tímabundið 2,5 m.kr. framlag til bifreiðakaupa.

403 Náttúrustofur. Útgjöld lækka um 3,5 m.kr. þar sem tímabundið framlag til refa- og gróðurrannsókna á Hornströndum fellur niður.

410 Veðurstofa Íslands. Heildarútgjöld hækka um 7,9 m.kr. milli ára. Í fyrsta lagi eru 7 m.kr. til að ljúka framkvæmdum við húsbyggingu á lóð Veðurstofunnar. Veittar voru 20 m.kr. til framkvæmdanna í fjárlögum 1998 en kostnaður nam alls 27 m.kr. Í öðru lagi fellur niður 2,5 m.kr. framlag til endurnýjunar á einni af bifreiðum stofnunarinnar. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að sértekjur og gjöld aukist um 5 m.kr. vegna veðurþjónustu við innanlandsflug, en stofnunin selur veðurupplýsingar til Flugmálastjórnar. Loks er 8 m.kr. mótframlag stofnunarinnar til bráðaviðvörunarkerfis vegna náttúruhamfara fært yfir á lið 996 Íslenska upplýsingasamfélagið og er gert ráð fyrir að stofnunin fái 16 m.kr. af þeim lið vegna verkefnisins. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsuppfærslu.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Rekstrargrunnur	Reikningur 1999 m.kr.	Fjárlög 2000 m.kr.	Frumvarp 2001 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Spariskírteini	5.859,0	4.430,0	3.720,0	-16,0	-36,5
Ríkisbréf	1.069,0	750,0	860,0	14,7	-19,6
Önnur innlend lán	311,0	200,0	140,0	-30,0	-55,0
Skammtímalán	957,0	1.200,0	1.200,0	0,0	25,4
Erlend lán	6.548,0	6.640,0	6.600,0	-0,6	0,8
Innlendur lántökukostnaður	113,0	150,0	150,0	0,0	32,7
Erlendur lántökukostnaður	44,0	30,0	30,0	0,0	-31,8
Annað	431,0	0,0	300,0	-	-30,4
Samtals	**15.332,0**	**13.400,0**	**13.000,0**	**-3,0**	**-15,2**

Gjaldfærðir vextir af lánum ríkissjóðs eru ásamt lántökukostnaði áætlaðir 13 milljarðar króna á árinu 2001 og lækka um 400 milljónir króna frá fjárlögum 2000 og um 2,3 milljarða frá útkomu 1999. Áætlanir benda til þess að gjaldfærðir vextir árið 2000 verði 700 milljónir króna umfram áætlun fjárlaga. Gjaldfærðir vextir lækka því um 1,1 milljarð króna frá áætlun þessa árs. Vaxtahækkanir innanlands og erlendis auk gengisbreytinga, einkum hækkunar Bandaríkjadals, leiða óhjákvæmilega til hækkunar á vaxtagjöldum ríkissjóðs.

Gert er ráð fyrir að vaxtagjöld spariskírteina árið 2001 lækki um 710 milljónir frá fjárlögum og skýrist það einkum af uppkaupum ríkisins á spariskírteinum. Undanfarin tvö ár hefur ríkissjóður nær eingöngu selt spariskírteini í gegnum áskrift og við skiptiinnlausn og hafa því skuldir ríkissjóðs í spariskírteinum farið lækkandi. Vaxtagjöld ríkisbréfa hækka um 110 m.kr. frá fjárlögum 2000. Flokkur ríkisbréfa er á gjalddaga í október 2000 en á móti er áætlað að auka útgáfu þriggja ára ríkisbréfa á árinu 2000 til að stækka og styrkja stofn þeirra. Vextir ríkisvíxla eru áætlaðir 1.200 milljónir króna árið 2001 og er það sama fjárhæð og í ár. Vaxtagjöld annarra innlendra lána lækka á milli ára þar sem lán eru greidd upp án þess að ný séu tekin í staðinn.

Gjaldfærðir vextir erlendra lána eru svo til óbreyttir frá áætlun fjárlaga 2000 en sé litið til endurskoðaðrar áætlunar fyrir árið 2000 verður um 400 milljóna króna lækkun milli ára.

Gert er ráð fyrir að innlendur og erlendur lántökukostnaður verði óbreyttur á milli áranna 2000 og 2001.

Áætlað er fyrir reiknuðum vöxtum á inneign Ábyrgðasjóðs launa, Atvinnuleysistryggingasjóðs og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga af mörkuðum tekjum hjá ríkissjóði. Framangreindir sjóðir hafa ekki nýtt að fullu markaða tekjustofna sína þar sem gjaldþrot og atvinnuleysi hefur minnkað verulega í kjölfar almennrar uppsveiflu í efnahagslífinu. Samkvæmt samkomulagi við sjóðina eru reiknaðir vextir á inneign þeirra eða skuld við ríkissjóð. Vaxtakostnaður vegna annarra aðila, sem eiga inni fjárhæðir hjá ríkissjóði,

svo sem vextir á inneignir skattgreiðenda, er einnig færður hér undir. Samtals nema vaxtagjöld vegna þessa 300 milljónum króna á árinu 2001.

Greiddir vextir eru áætlaðir 12,2 milljarðar króna á árinu 2001. Þar af eru vaxtagjöld erlendra lána 6,6 milljarðar og vaxtagjöld spariskírteina 4 milljarðar en stór markflokkur spariskírteina kemur til innlausnar á árinu. Mismunur á greiddum og gjaldfærðum vöxtum, 800 m.kr., kemur fram sem viðskiptahreyfing.

4 Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta

Til B-hluta teljast ríkisfyrirtæki sem starfa á markaði og standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja. Sú breyting hefur orðið frá fjárlögum 2000 að áætlað er fyrir rekstri Þjóðleikhússins í A-hluta og rekstur Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar er kominn til hlutafélags í eigu ríkisins.

Framsetning áætlana í B-hluta er byggð á reikningsskilum fyrirtækja. Með rekstrartekjum er átt við heildartekjur af reglulegri starfsemi og til rekstrargjalda telst allur kostnaður sem efnt er til á árinu vegna öflunar teknanna. Þetta er óháð því hvort tekjur verða innheimtar eða gjöld greidd á árinu. Þannig eru áunnar lífeyrisskuldbindingar starfsfólks færðar til gjalda á viðkomandi ári, óháð því hve stór hluti verður greiddur á árinu. Sama er að segja um afskriftir. Til fjármunatekna og fjármagnsgjalda teljast meðal annars gjöld og tekjur vegna verðbreytingafærslu samkvæmt tekjuskattslögum. Séu óverðtryggðar eignir meiri en óverðtryggðar skuldir hækka gjöldin og öfugt. Í yfirliti um sjóðstreymi kemur fram uppruni fjármagns og ráðstöfun þess. Frá hagnaði eða tapi eru dregnar fjárhæðir sem ekki koma til greiðslu eða verða innheimtar á árinu. Hér er meðal annars um að ræða afskriftir, verðbreytingafærslu, reiknaða vexti, gengismun og nettóbreytingar á lífeyrisskuldbindingum.

Heildarrekstrartekjur fyrirtækja í B-hluta á árinu 2001 eru áætlaðar 23,3 milljarðar króna og rekstrargjöld 22,4 milljarðar króna. Velta B-hluta minnkar um 4,2 milljarða króna milli ára þar sem fjárreiður Þjóðleikhúss, Fríhafnar og Flugstöðvarinnar eru ekki lengur sýndar þar. Tekjur fyrirtækja, sem eru bæði árin í B-hluta, hækka um 6% milli ára en gjöldin um 7%. Mestar breytingar eru hjá Alþjóðaflugþjónustunni og Rafmagnsveitum ríkisins. Að teknu tilliti til 2,1 milljarðs króna framlags frá A-hluta ríkisins og óreglulegra liða er áætlað að hagnaður B-hluta nemi samtals 3 milljörðum króna sem er 82 m.kr. verri afkoma en gert er ráð fyrir í fjárlögum hjá sömu fyrirtækjum. Samkvæmt ríkisreikningi var framlag A-hluta 2 milljarðar króna árið 1999 og hagnaður 3,6 milljarðar króna. Áfengis- og tóbaksverslunin skilar mestum hagnaði, 2,9 milljörðum króna, sem er um 130 m.kr. verri afkoma en áætlað er í fjárlögum yfirstandandi árs en 300 m.kr. lakari afkoma en á árinu 1999. Greiðslur í ríkissjóð eru áætlaðar 3,1 milljarður króna á árinu 2001 sem er 200 m.kr. minna en áætlað er í fjárlögum yfirstandandi árs frá fyrirtækjum sem eru í B-hluta bæði árin. Fjárfesting er áætluð 1,2 milljarðar króna sem er sama fjárhæð og áætlað var fyrir í fjárlögum ef fjárfesting Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. er undanskilin. Lántökur eru áætlaðar 150 m.kr. en eru 0,6 milljarðar króna í fjárlögum.

Hér á eftir verður fjallað nánar um rekstur og fjárreiður þeirra fyrirtækja í B-hluta sem ástæða þykir til að gera sérstaklega grein fyrir.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2000	Frumvarp 2001
Rekstrartekjur	21.982,7	23.271,9
Rekstrargjöld	-20.947,5	-22.387,7
Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld	-29,0	-39,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**1.006,2**	**845,2**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	1.975,7	2.051,5
Önnur framlög og óreglulegar tekjur/gjöld	135,1	138,3
Hagnaður (-tap)	**3.117,0**	**3.035,0**
Sjóðstreymi:		
Hagnaður (-tap)	3.117,0	3.035,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	1.525,5	1.551,1
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	7,0	-33,0
Handbært fé frá rekstri	**4.649,5**	**4.553,1**
Varanlegir rekstrarfjármunir	-1.273,0	-1.257,3
Sala varanlegra rekstrarfjármuna og annað	213,0	218,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.060,0**	**-1.039,3**
Tekin löng lán	615,0	150,0
Afborganir af teknum löngum lánum	-560,0	-511,3
Arðgreiðsla í ríkissjóð	-3.323,0	-3.132,0
Annað	-345,0	-225,5
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-3.613,0**	**-3.718,8**
Breyting á handbæru fé	-23,5	-205,0
Handbært fé í ársbyrjun	1.202,5	1.084,7
Handbært fé í árslok	1.179,0	879,7

22 Menntamálaráðuneyti

201 Happdrætti Háskóla Íslands. Gert er ráð fyrir að umsvif og afkoma happdrættisins verði með svipuðum hætti og á yfirstandandi ári. Áætlað er að gjöld og tekjur breytist í takt við verðlagsþróun. Rekstrartekjur eru áætlaðar 2.080 m.kr. og rekstrargjöld 1.770 m.kr. Samkvæmt lögum nr. 13/1973 hefur fyrirtækið einkaleyfi til reksturs peningahappdrættis hér á landi til ársloka 2003 og greiðir 20% af hagnaði af reglulegri starfsemi vegna leyfisins. Einkaleyfisgjaldið er hluti rekstrargjalda og er áætlað 77 m.kr. eins og í fjárlögum. Rennur það samkvæmt lögum nr. 61/1994 í Bygginga- og tækjasjóð sem er í vörslu Rannsóknarráðs Íslands og áætlað er fyrir undir lið 02-238 Bygginga- og tækjasjóður. Hagnaður af rekstrinum, sem rennur til framkvæmda á vegum Háskóla Íslands, er áætlaður 305 m.kr. eins og í fjárlögum yfirstandandi árs en auk þess greiðir happdrættið 20 m.kr. af lánum sem tekin voru vegna framkvæmda á vegum Háskólans.

971 Ríkisútvarpið. Gert er ráð fyrir að áfram verði hagrætt í rekstri fyrirtækisins svo takast megi að ná jafnvægi í rekstrinum eins og miðað er við í fjárlögum yfirstandandi árs. Á árinu 1999 var fyrirtækið rekið með 62 m.kr. halla. Afnotagjöld hækkuðu síðast um 5% hinn 1. desember 1998 en höfðu þá ekki hækkað frá 1. febrúar 1993 en þá var hækkunin 4%. Miðað er við að rekstrarumfang dragist saman sem nemur verðlagsþróun og að niður falli 50 m.kr. framlag úr ríkissjóði vegna uppbyggingar langbylgjukerfisins. Þá hækka afborganir af langtímalánum um 50 m.kr. Með breytingu á útvarpslögum um mitt þetta ár hætti fyrirtækið að greiða 10% af auglýsingatekjum til Menningarsjóðs útvarpsstöðva en greiðir þess í stað framlag til Sinfóníuhljómsveitar Íslands samkvæmt lögum um hljómsveitina. Fjárhæðin er áætluð 78 m.kr. á árinu 2001 sem er álíka mikið og fyrirtækið hefði greitt til sjóðsins.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Gert er ráð fyrir að reglubundnar rekstrartekjur hækki um 4 m.kr. milli ára og nemi 46 m.kr. Miðað er við að tap á rekstri hljómsveitarinnar nemi ekki hærri fjárhæð en þeim hluta áfallinna lífeyrisskuldbindinga sem ekki þarf að greiða á árinu eða um 30 m.kr. og að framlag rekstraraðila nemi alls um 312 m.kr. Þar af eru 56% framlag ríkisins, 175 m.kr. á lið 02-974, 25% framlag Ríkisútvarpsins nemur 78 m.kr., 18% framlag Reykjavíkurborgar nemur 56 m.kr. og 1% framlag Seltjarnarnesbæjar um 3 m.kr. Rekstrargjöld eru áætluð 399 m.kr.

23 Utanríkisráðuneyti

118 Ratsjárstofnun. Sér um rekstur og viðhald á fjórum ratsjárstöðvum, á Bolafjalli, Gunnólfsvíkurfjalli, Miðnesheiði og á Stokksnesi. Þá rekur Ratsjárstofnun hugbúnaðarmiðstöð á Keflavíkurflugvelli þar sem rekstur og viðhald á hugbúnaði íslenska loftvarnakerfisins fer fram, sem og innkaup og birgðahald. Gert er ráð fyrir að rekstur stofnunarinnar verði með álíka hætti á árinu 2001 og í ár. Starfsmenn eru 74 talsins og eru heildarútgjöld áætluð 1.012 m.kr. á árinu 2001 en 910 m.kr. á árinu 2000 sem er um 11% hækkun á milli ára. Samkvæmt samningi milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda þá greiða Bandaríkjamenn allan kostnað við rekstur Ratsjárstofnunar.

121 Umsýslustofnun varnarmála. Nokkur samdráttur hefur orðið í veltu stofnunarinnar á síðustu tveimur árum og er gert ráð fyrir að umsvifin verði 20% minni á árinu 2001 en áætlað er í fjárlögum yfirstandandi árs. Ástæðan er lækkandi verð á notuðum bifreiðum og er ekki búist við að sú þróun gangi til baka á næstu misserum. Enn fremur er gert ráð fyrir að vörukaup frá varnarliðinu dragist saman. Til að mæta tekjulækkun hefur starfsmönnum verið fækkað og er gert ráð fyrir að með aðhaldi í rekstri og hagræðingu takist að skila 5 m.kr. rekstrarafgangi í ríkissjóð á næsta ári.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

*101 **Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.*** Rekstrartekjur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins eru áætlaðar 12.238 m.kr. á næsta ári en það er 506 m.kr. aukning frá fjárlögum fyrir árið 2000. Söluáætlun áfengis byggist á gildandi verðskrá og vörusamsetningu í sölu undanfarna tólf mánuði en miðast við að selt magn aukist um 4% á næsta ári. Allt bendir til þess að sala á tóbaki á árinu 2000 verði álíka mikil og á árinu 1999. Rekstrargjöld ársins 2001 eru áætluð 9.323 m.kr. og hækka um 615 m.kr. frá yfirstandandi ári. Skýrist það að hluta af auknu umfangi með fjölgun verslana og hærri launa- og húsnæðiskostnaði. Fjármunatekjur lækka þó nokkuð sem stafar að mestu leyti af lækkun á vaxtaberandi fé en gert er ráð fyrir lækkun á handbæru fé árið 2000. Gert er ráð fyrir að fyrirtækið greiði 2.915 m.kr. til ríkissjóðs á árinu 2001 en það er um 205 m.kr. lækkun frá gildandi fjárlögum. Skýrist þetta af því að gert er ráð fyrir að hagnaður fyrir árið 2001 minnki samfara fjölgun verslana og auknum rekstrarkostnaði. Mun sú fjárfesting skila sér í auknum hagnaði síðar.

30 Samgönguráðuneyti, B-hluti

*471 **Alþjóðaflugþjónustan.*** Ísland er aðili að samningi við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO, um þjónustu við alþjóðaflugumferð yfir Norður-Atlantshaf. Í samningnum felst að 95% af kostnaði Flugmálastjórnar, Landssíma Íslands hf. og Veðurstofu Íslands við rekstur alþjóðaflugþjónustunnar eru greidd af flugrekendum í formi yfirflugsgjalda og tekur samningurinn til þeirra flugvéla er fljúga yfir flugstjórnarsvæði Íslands. Yfirflugsgjöld eru ákvörðuð árlega og taka mið af raunkostnaði við rekstur alþjóðaflugþjónustunnar og af flugumferð á íslenska flugstjórnarsvæðinu. Heildarrekstrarkostnaður er áætlaður 1.814 m.kr. á næsta ári. Tekjur af yfirflugsgjöldum eru áætlaðar rúmlega 1.723 m.kr. en 90,7 m.kr. eru framlag íslenska ríkisins og koma sem tilfærsla úr A-hluta. Tekjur og gjöld hækka um tæplega 300 m.kr. Alþjóðaflugþjónustan áformar að fjárfesta fyrir rúmlega 100 m.kr. á árinu auk þess sem gert er ráð fyrir að afborganir af lánum verði um 120 m.kr. Tekið verður 150 m.kr. lán en áætlað er að handbært fé frá rekstri verði 80 m.kr.

31 Iðnaðarráðuneyti

*321 **Rafmagnsveitur ríkisins.*** Rekstrartekjurnar eru áætlaðar 5.133 m.kr. og rekstrargjöld, sem eru aðallega orkukaup, eru áætluð 5.360 m.kr. miðað við gjaldskrá frá miðju ári 2000. Rekstrarliðir, sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi, eru áætlaðir 965 m.kr. og breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum er 50 m.kr. Alls er því handbært fé frá rekstri áætlað 858 m.kr. Fjármagnsgjöld eru talin nema 91 m.kr. Fjárfesting að fjárhæð 850 m.kr. er í samræmi við framkvæmdaáætlun 2001-2002. Samkvæmt samningi milli fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og Rafmagnsveitna ríkisins frá janúar 1995 við yfirtöku lána skulu Rafmagnsveiturnar greiða arð í ríkissjóð sem nemur tveimur hundraðshlutum af bókfærðu eigin fé við næstliðin áramót. Vegna þessa ákvæðis nemur arðgreiðsla til ríkissjóðs 212 m.kr. fyrir árið 2001. Samkvæmt framangreindum samningi endurgreiðir ríkissjóður Rafmagnsveitunum 138 m.kr. eða 65% vegna endurnýjunar og styrkingar rafdreifikerfis til sveita og 5% eða 11 m.kr. til rannsóknar- og þróunarverkefna. Við þá fjárhæð bætast 20 m.kr. til að mæta tjóni á raforkukerfi fyrirtækisins. Þetta er síðasta greiðsla af fimm jafnháum og verða því alls greiddar 100 m.kr. úr ríkissjóði vegna tjóns sem rafmagnsveiturnar hafa orðið fyrir af völdum náttúruhamfara. Samkvæmt þessu verða greiðslur í ríkissjóð 43 m.kr. umfram það sem fyrirtækið fær til baka.

5 Fjárreiður lánastofnana í C-hluta

Í C-hluta fjárlaga eru lánastofnanir í eigu ríkisins aðrar en innlánsstofnanir enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög. Fjárreiður C-hluta eru byggðar á reikningsskilum fyrirtækja í sambærilegum rekstri. Vísað er til umfjöllunar í upphafi 4. kafla um skýringar við reikningsskilin. Sá munur er þó m.a. á áætlunum B- og C-hluta að reiknuð gjöld vegna verðbreytinga samkvæmt skattalögum eru sýnd sérstaklega hjá lánastofnunum í C-hluta.

Heildarfjármunatekjur lánastofnana í C-hluta eru áætlaðar 37,6 milljarðar króna en eru 28,6 milljarðar króna í fjárlögum sem er 31,6% hækkun. Heildarfjármagnsgjöld eru áætluð 35,2 milljarðar króna í stað 26 milljarða króna í fjárlögum og er hækkunin 35,3%. Í fjárlögum yfirstandandi árs var leiðrétt fyrir vanáætlun fjármunatekna og fjármagnsgjalda margra sjóða og þarf enn á ný að leiðrétta fjárhæðir því fjármunatekjur C-hluta reyndust 32,3 milljarðar króna á árinu 1999 en fjármagnsgjöld 29,2 milljarðar króna. Í þessu sambandi munar mestu um húsbréfadeild og byggingarsjóði Íbúðalánasjóðs. Framlög í afskriftasjóði útlána eru áætluð tæpur 1 milljarður króna sem er 0,6 milljarða króna hækkun frá áætlun fjárlaga en 0,6 milljarða króna lækkun frá reikningi 1999. Hreinar fjármunatekjur eru því taldar jákvæðar um 69 m.kr. en eru 455 m.kr. í fjárlögum 2000. Útkoman var neikvæð um 160 m.kr. á árinu 1999.

Framlag úr ríkissjóði hækkar um 65 m.kr. frá fjárlögum og nemur 3,4 milljörðum króna. Hæst ber 2,2 milljarða króna framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem hækkar um 240 m.kr. milli ára. Framlag til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins nemur 560 m.kr. og lækkar um 90 m.kr. en framlag til Byggðastofnunar er nánast óbreytt eða 0,5 milljarðar króna. Rekstrarafkoma C-hluta er talin nema 2,1 milljarði króna en nam 2,6 milljörðum króna í fjárlögum og 2,3 milljörðum króna á árinu 1999. Áætlað er að afkoma byggingasjóðanna batni um 550 m.kr. og afkoma Lánasjóðs íslenskra námsmanna batni um 300 m.kr. Á móti kemur að áætlað er að afkoma Nýsköpunarsjóðs versni um 520 m.kr., leiguíbúðasjóðs um 450 m.kr., húsbréfadeildar um 150 m.kr. og afkoma Byggðastofnunar um 110 m.kr.

Að teknu tilliti til rekstrarliða, sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi og breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum, er áætlað að handbært fé frá rekstri nemi 8,4 milljörðum króna og minnki um 1,9 milljarða króna milli ára. Áætlað er að veitt verði löng lán að fjárhæð 46,3 milljarðar króna sem er 11,6% hækkun frá fjárlögum. Innheimta af löngum veittum lánum er áætluð 15,5 milljarðar króna sem er 13,6% aukning og kemur fram hjá nær öllum sjóðum nema leiguíbúðasjóði þar sem innheimtan er talin munu minnka úr rúmlega 1 milljarði króna í tæpar 100 m.kr. Við undirbúning fjárlaga yfirstandandi árs var gert ráð fyrir að innheimtar afborganir leiguíbúða ykjust um 1,3 milljarða króna milli áranna 1999 og 2000. Tekin löng lán eru talin nema 52,7 milljörðum króna er eru 46

milljarðar króna í fjárlögum 2000. Lántökur aukast um 5,6 milljarða króna umfram afborganir af teknum löngum lánum. Samkvæmt þessu er áætlað að handbært fé lánastofnana aukist um 4,2 milljarða króna milli ára og nemi 20,2 milljörðum króna í árslok 2001.

Hér á eftir er fjallað nánar um fjárreiður lánastofnana í C-hluta en gert er ráð fyrir að endurskoða áætlanir þeirra fyrir afgreiðslu fjárlaga eftir því sem tilefni gefst til. Í Verkefnavísum 2001 eru einnig ýmsar tölulegar upplýsingar um rekstur flestra þeirra.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2000	Frumvarp 2001
Fjármunatekjur	28.597,4	37.635,5
Fjármagnsgjöld	-26.022,5	-35.197,3
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-1.537,5	-1.404,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	-592,0	-965,0
Hreinar fjármunatekjur	**445,4**	**69,2**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	3.365,3	3.429,7
Aðrar rekstrartekjur	611,0	892,1
Önnur rekstrargjöld	-1.859,7	-2.279,5
Hagnaður (-tap)	**2.562,0**	**2.111,5**
Sjóðstreymi:		
Hagnaður (-tap)	2.562,0	2.111,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	7.770,0	6.276,1
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-75,0	9,0
Handbært fé frá rekstri	**10.257,0**	**8.396,6**
Veitt löng lán	-41.456,0	-46.270,0
Afborganir af veittum löngum lánum	13.688,0	15.543,3
Varanlegir rekstrarfjármunir	63,0	36,0
Annað, nettó	-1.153,0	-62.218,4
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	**-28.858,0**	**-31.527,7**
Tekin löng lán	45.998,0	52.650,0
Afborganir af teknum löngum lánum	-26.399,5	-25.304,5
Annað, nettó	-150,0	0,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**19.448,5**	**27.345,5**
Breyting á handbæru fé	847,5	4.214,4
Handbært fé í ársbyrjun	14.811,5	15.985,8
Handbært fé í árslok	15.659,0	20.200,2

42 Menntamálaráðuneyti

872 ***Lánasjóður íslenskra námsmanna.*** Framlag úr ríkissjóði á lið 02-872 er áætlað 2.150 m.kr. sem er 240 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Framlagið nemur í fyrsta lagi 52% af útlánum ársins eða 1.895 m.kr. sem er í samræmi við útreikninga Ríkisendurskoðunar til að halda eiginfjárstöðu sjóðsins óbreyttri. Í öðru lagi eru veittar 242 m.kr. til reksturs sjóðsins og er þá með talinn 52 m.kr. vaxtastyrkur til námsmanna. Í þriðja lagi eru veittar 16 m.kr. til fjárfestinga. Á móti kemur að dregnar eru frá 3 m.kr. vegna sértekna. Fjármunatekjur eru áætlaðar 2.450 m.kr. sem er 14% hækkun, fjármagnsgjöld 2.350 m.kr. sem er 4,4% hækkun og reiknuð gjöld vegna verðbreytinga 980 m.kr. sem er 15% hækkun. Ekki er gert ráð fyrir framlagi í afskriftasjóð útlána þar sem tekjur þeirra sem endurgreiða námslán hafa farið hækkandi með árunum og þar með endurgreiða þeir námslán örar en áður. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn skili 1.031 m.kr. hagnaði sem er 302 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Ástæða þess að hagnaður fer vaxandi er einkum sú að heildarútlán og heildarskuldir sjóðsins fara vaxandi og að framlag ríkissjóðs fer m.a. til að mæta útgjöldum sem sjóðurinn mun verða fyrir í framtíðinni vegna þess munar sem er á vöxtum sem námslán bera og lánum sem sjóðurinn tekur. Útlán sjóðsins eru áætluð 3.540 m.kr. sem er 10% hækkun milli ára og skýrist af breyttum reglum um grunnframfærslu sem taldar eru auka útlán um 215 m.kr., 3% verðlags- og gengisbreytingu milli áranna 2000 og 2001, 1% verðlags- og gengisbreytingu á yfirstandandi námsári umfram áætlun sjóðsins og 2% fjölgun lánþega milli námsára. Lán til skólagjalda á markaðskjörum eru áætluð 95 m.kr. í stað 90 m.kr. áður. Talið er að innheimta námslána aukist um 250 m.kr. milli ára og nemi 2,4 milljörðum króna í samræmi við fjölgun greiðenda og tekjuaukningu í þjóðfélaginu. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn taki 3,1 milljarð króna að láni til að endurgreiða eldri lán sem er 100 m.kr. hækkun frá áætlun yfirstandandi árs. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn greiði 2,7 milljarða króna af lánum sínum en greiðir 2,4 milljarða króna árið 2000.

44 Landbúnaðarráðuneyti

821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 89/1966 með síðari breytingum og eru tekjur hans tvenns konar, starfsfé sem Alþingi ákveður í fjárlögum og tekjur af kjarnfóðurgjaldi skv. 33. gr. laga nr. 99/1993. Hlutverk sjóðsins er að hvetja til atvinnuuppbyggingar í sveitum og stuðla að hagræðingu og nýsköpun í búvöruframleiðslu. Framleiðnisjóður hefur veitt fé til eflingar nýrra búgreina á móti verulegu framlagi bænda. Sjóðurinn hefur að hámarki lagt hverri framkvæmd til 30% kostnaðar, allt að 1,5 m.kr. Þá hefur hann í vaxandi mæli stutt við rannsóknir og þekkingaröflun í samvinnu við rannsóknastofnanir og Rannsóknarráð Íslands.

Stuðningur við fræðslu og endurmenntun bænda hefur einnig verið ríkur þáttur í starfi sjóðsins. Gert er ráð fyrir 170 m.kr. framlagi ríkisins til sjóðsins á lið 04-821 á árinu 2001 sem er í samræmi við samning ríkisins og Bændasamtaka Íslands frá 5. mars 1999. Vegna minnkandi tekna er gert ráð fyrir 31 m.kr. tapi á árinu 2001 en hagnaður ársins 1999 var 30 m.kr.

823 Lánasjóður landbúnaðarins. Sjóðurinn hóf störf í ársbyrjun 1998 og tók þá við starfsemi Stofnlánadeildar landbúnaðarins, sbr. lög nr. 68/1997 með síðari breytingum. Lánasjóðurinn hefur tekjur af útlánsvöxtum auk þess að fá hlutdeild í búnaðargjaldi. Á árinu 2001 er gert ráð fyrir að vaxtatekjur sjóðsins nemi 1.261 m.kr. en vaxtagjöld 1.116 m.kr. og að búnaðargjald skili honum um 150 m.kr. Hrein fjármunagjöld eru áætluð 45,3 m.kr. en voru 79,3 m.kr. árið 1999. Gert er ráð fyrir 8,5 m.kr. tapi en hagnaður árið 1999 var 0,8 m.kr. Áætlað er að veita 1,8 milljarða króna í ný lán og endurgreiða 1,3 milljarða króna vegna tekinna lána. Áætlað er að sjóðurinn innheimti 1,2 milljarða króna í afborganir af veittum lánum. Þarf sjóðurinn því heimild til að taka 1,8 milljarða króna að láni.

45 Sjávarútvegsráðuneyti

811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Samkvæmt lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins er hlutverk hans að innheimta þróunarsjóðsgjöld af fiskiskipum, fara með og selja eignir og hlutabréf í eigu sjóðsins, innheimta skuldabréf og greiða skuldbindingar ásamt því að fjármagna smíði á rannsóknaskipi fyrir Hafrannsóknastofnunina. Á árinu 1998 var samið við skipasmíðastöðina Asmar í Chile um smíði á nýju hafrannsóknaskipi fyrir Hafrannsóknastofnunina. Gert var ráð fyrir að skipið yrði afhent á árinu 1999 en það tókst ekki. Skipið kom til landsins í apríl 2000 og hlaut nafnið r/s Árni Friðriksson RE 200. Hinn 1. september 2000 nam bókfærður kostnaður vegna skipakaupanna um 1.660 m.kr. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður verði um 1.700 m.kr. Heildarkostnaður er í samræmi við áætlanir sem lágu til grundvallar þegar ráðist var í skipasmíðina. Skipakaupin voru fjármögnuð annars vegar með 337 m.kr. framlagi frá byggingasjóði hafrannsóknaskips, en það er sjóður sem myndaðist við sölu á r/s Hafþóri, og hins vegar með um 1.363 m.kr. framlagi Þróunarsjóðs sjávarútvegsins. Fjármunatekjur eru áætlaðar 176 m.kr. á árinu 2001 sem er 39 m.kr. lækkun frá fjárlögum 2000. Fjármagnsgjöld eru áætluð 270 m.kr. og lækka um 62 m.kr. milli ára. Gert er ráð fyrir að framlög í afskriftasjóð útlána verði 37 m.kr. Hreinar fjármunatekjur sjóðsins eru því neikvæðar um 57 m.kr. árið 2001. Sjóðurinn fær annars vegar tekjur af þróunarsjóðsgjaldi á skip, 91 m.kr., og þróunarsjóðsgjaldi á aflamark 469 m.kr. Þessar tekjur eru færðar sem ríkistekjur og er áætlað fyrir 560 m.kr. framlagi til sjóðsins, á lið

05-811 í A-hluta frumvarpsins, sem er 90 m.kr. lækkun frá fjárlögum 2000. Við úthlutun aflaheimilda vegna fiskveiðiársins 2000/2001 hefur þorskígildum fækkað um 80 þúsund tonn frá fiskveiðiárinu 1999/2000 eða úr 460 þúsund tonnum í um 380 þúsund. Það þýðir að tekjur Þróunarsjóðs af gjaldi á aflamark lækka eins og fram hefur komið. Lokagjalddagi hlutdeildarskírteina hlutafjárdeildar sjóðsins er á árinu 2001. Uppgreiðsluverð A- og B-hlutdeildarskírteina er talið um 1.060 m.kr. Eignir deildarinnar eru hins vegar aðeins 41 m.kr. Þegar þeirri eign hefur verið skipt niður á A- og B-hlutdeildarskírteini verða eigendur B-hlutdeildarskírteina að taka á sig um 425 m.kr. Ríkisábyrgð er hins vegar á þeim hluta A-hlutdeildarskírteina sem þá verður ógreiddur og kemur á Þróunarsjóð að standa skil á þeirri ábyrgð. Gert er ráð fyrir að um 600 m.kr. muni falla á sjóðinn á árinu 2001 vegna A-skírteinanna. Lánsfjárþörf Þróunarsjóðs á árinu 2001 er áætluð um 850 m.kr. sem stafar m.a. af endurgreiðslum á A-hlutdeildarskírteinum og lægri tekjum af gjaldi á úthlutaðar aflaheimildir. Á árinu 2001 er gert ráð fyrir að afborganir af teknum lánum verði 1.806 m.kr. á móti 1.046 m.kr. á árinu 2000.

47 Félagsmálaráðuneyti

Íbúðalánasjóður

Hinn 1. janúar 1999 tóku gildi lög nr. 44/1998, um húsnæðismál, og fólu þau í sér veigamiklar breytingar á húsnæðislánakerfinu. Húsnæðisstofnun ríkisins var lögð niður og við hlutverki hennar tók Íbúðalánasjóður. Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna voru sameinaðir og hættu jafnframt að veita lán.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að heildarrekstrartekjur Íbúðalánasjóðs verði 638 m.kr. Þar af eru 341 m.kr. áætlaður mismunur lántökugjalda og lántökukostnaðar sem áður var færður með fjármagnstekjum og fjármagnsgjöldum. Samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 7/1999 eiga lántökugjöld m.a. að standa undir rekstrargjöldum sjóðsins. Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur án lántökugjalda verði um 297 m.kr. sem er 43 m.kr. lækkun frá fjárlögum sem skýrist fyrst og fremst af lægri tekjum sjóðsins vegna vanskila og innheimtu en áætlanir gerðu ráð fyrir. Bætt staða sjóðsins frá 252 m.kr. halla í fjárlögum skýrist því fyrst og fremst af breyttri framsetningu bókhalds sjóðsins. Rekstrarkostnaður sjóðsins er áætlaður 636 m.kr. eða 44 m.kr. hærri en fjárlög yfirstandandi árs gera ráð fyrir. Hækkunin skýrist af almennum launabreytingum skv. kjarasamningum og hækkunum á tölvukostnaði. Þá hækkar leigukostnaður sjóðsins með sölu Suðurlandsbrautar 24 og leigutekjur koma því ekki til lækkunar á leigukostnaði sjóðsins í nýju húsi að Borgartúni 21. Samkvæmt þessu munu rekstrartekjur sjóðsins standa að öllu leyti undir rekstrarkostnaði hans á árinu 2001.

201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild. Í lögum um húsnæðismál er kveðið á um að fjár hagur húsbréfadeildar skuli aðskilinn frá öðrum þáttum í starfsemi Íbúðalánasjóðs. Rekstrartekjur húsbréfadeildarinnar eru áætlaðar 319 m.kr. og rekstrargjöld 318 m.kr. Hreinar fjármunatekjur nema 1.233 m.kr. Aðrar rekstrartekjur eru áætlaðar 319 m.kr. og önnur rekstrargjöld 318 m.kr. Því er áætlað að deildin verði rekin með 1.234 m.kr. hagnaði á árinu 2001. Í fjárlögum ársins 2000 var gert ráð fyrir 1.383 m.kr. hagnaði á starfseminni. Handbært fé frá rekstri er áætlað 10.351 m.kr. Veitt lán eru áætluð 31.872 m.kr. Innheimtar afborganir af áður veittum lánum, fasteignaveðbréfum, nema 5.043 m.kr. Frumvarpið gerir ráð fyrir nokkurri aukningu í lánastarfsemi frá fjárlögum þótt vísbendingar séu í þá átt að draga kunni úr lánsfjáreftirspurninni á næstu mánuðum. Gert er ráð fyrir að húsbréfadeildin taki ný lán með því að gefa út húsbréf fyrir samtals 31.500 m.kr. á árinu 2001. Afborganir af áður teknum lánum eru áætlaðar 10.408 m.kr. Hrein lánsfjárþörf nemur því 21.146 m.kr.

205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir. Í bráðabirgðaákvæði nr. IX í lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 er heimilt til ársloka 2000 að veita lán til leiguíbúða með óbreyttum lánskjörum. Þar sem heimildin fellur niður um næstkomandi áramót er ekki gert ráð fyrir framlögum til að niðurgreiða þessi lán. Í samræmi við lög nr. 44/1998, um húsnæðismál, er því gert ráð fyrir að útlánsvextir taki mið af almennum lánskjörum frá upphafi árs 2001. Tillögur Íbúðalánasjóðs eru byggðar á upplýsingum þeirra sem byggja félagslegar íbúðir um umfang lánshæfra framkvæmda á árinu 2001 auk þarfa sveitarfélaga fyrir leiguíbúðir. Samtals er gert ráð fyrir að lána 3.650 m.kr. til leiguíbúða og annarra lánaflokka árið 2001 en í fjárlögum er gert ráð fyrir 2.364 m.kr.. Aukningin skýrist fyrst og fremst af áformum um að auka framboð leiguíbúða frá því sem verið hefur. Af þessari fjárhæð er áætlað að lán til nýrra leiguíbúða nemi 3.150 m.kr. á árinu 2001. Þá er miðað við að veitt verði 90% lán til kaupa á allt að 500 íbúðum sem kosta að meðaltali 7 m.kr. Niður fellur framlag úr ríkissjóði til niðurgreiðslu vaxta í þessum lánaflokki. Gert er ráð fyrir að vextir hækki á árinu 2001 og samkvæmt ákvæðum 36. gr. laga um húsnæðismál skulu vextir af leiguíbúðum vera breytilegir. Loks er gert ráð fyrir að lána um 300 m.kr. vegna greiðsluerfiðleikalána sem er svipað og verið hefur undanfarin ár.

211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán. Rétt til viðbótarlána eiga þeir sem hafa tekjur og eignir undir ákveðnum mörkum. Þau koma til viðbótar almennum húsbréfalánum og geta numið allt að 25% af matsverði íbúðar. Lánin eru veitt að beiðni húsnæðisnefndar sveitarfélags með hliðsjón af fjölskyldustærð, eignum, tekjum, íbúðastærð og gerð húsnæðis lánsumsækjanda. Lánin eru veitt á ábyrgð sveitarfélaga og er varasjóði ætlað að bæta útlánatap sem Íbúðalánasjóður kann að verða fyrir vegna viðbótarlána. Til að standa undir hugsanlegu tjóni Íbúðalánasjóðs greiða sveitarfélög a.m.k. 5% af við-

bótarláni í sérstakan varasjóð sem veitt er úr á hverja íbúð í sveitarfélaginu. Frumvarpið gerir ráð fyrir að veitt verði viðbótarlán að fjárhæð 2.800 m.kr. til kaupa á 2.000 íbúðum. Þar af er gert ráð fyrir 1.200 nýjum íbúðum með viðbótarláni sem er nokkur aukning frá fyrri árum en í samræmi við þær óskir sem Íbúðalánasjóði hafa borist frá sveitarfélögunum. Í samræmi við fyrri reynslu er áætlað að um 550 lántakendur færi sig úr eldra félagslega kerfi og taki viðbótarlán. Loks er talið að um 250 aðilar skipti um íbúð á árinu og fari úr húsnæði með áhvílandi lánum Byggingarsjóðs verkamanna og í íbúð með viðbótarláni. Samkvæmt ákvæðum 31. gr. laga um húsnæðismál skulu vextir af viðbótarlánum taka mið af þeim lánskjörum sem Íbúðalánasjóði bjóðast hverju sinni.

215 ***Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna.*** Áætlað er að tap af rekstrinum nemi 793 m.kr. en tap í fjárlögum er 1.348 m.kr.. Neikvæður vaxtamunur veittra og tekinna lána byggingarsjóðanna gömlu hefur minnkað frá 2001 þar sem eldri og óhagstæðari lán hafa verið greidd niður og endurfjármögnuð á verðbréfamarkaði þar sem markaðsvextir hafa til skamms tíma verið hagstæðari. Hins vegar er gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði neikvætt í árslok 2000 um 2.600 m.kr. og neikvætt í lok árs 2001 um 3.938 m.kr. vegna aukinna affalla bréfa á verðbréfamarkaði. Innheimtar afborgarnir af veittum lánum eru áætlaðar um 4.800 m.kr. Afborganir af teknum lánum eru rúmlega 8.216 m.kr. en áætluð fjárþörf byggingarsjóðanna, til að standa skil á teknum lánum, er 7.500 m.kr.

50 Samgönguráðuneyti

335 ***Hafnabótasjóður.*** Hlutverk Hafnabótasjóðs er að veita lán og styrki til hafnargerðar og bæta tjón á hafnarmannvirkjum. Áætlaðar fjármunatekjur sjóðsins 2001 eru 59 m.kr. Þær skiptast í vaxtatekjur af handbæru fé, vaxtatekjur af útlánum sjóðsins og reiknaðar tekjur vegna ógjaldfærðra vaxta og verðbóta útlána. Tekin lán sjóðsins eru uppgreidd og er ekki gert ráð fyrir að hann taki ný lán. Áætlunin gerir ráð fyrir lækkun útistandandi lána, áhrifum almennra vaxtalækkana og að gengið verði á höfuðstól sjóðsins. Þetta mun hafa í för með sér að vaxtatekjur 2001 lækka frá árinu á undan. Ekki er gert ráð fyrir fjármagnsgjöldum en að reiknuð gjöld vegna verðbreytinga verði 23 m.kr. og er þá miðað við 4,5% verðbólgu. Framlag úr ríkissjóði á fjárlagalið 10-335 í A-hluta frumvarpsins verður 18 m.kr. Gangi áætlanir um útgjöld eftir mun rekstrartap Hafnabótasjóðs verða 107 m.kr. á árinu og hann ganga verulega á eigið fé. Í öðrum rekstrargjöldum er gert ráð fyrir að 120 m.kr. muni renna sem styrkur á móti hlut hafnarsjóða í framkvæmdum, tjónastyrkir verði um 30 m.kr., eignarskattur 8,5 m.kr. og almenn rekstrargjöld 2,5 m.kr., samtals 161 m.kr. Styrkir á móti framlagi á fjárlögum eru

miðaðir við óbreyttar úthlutunarreglur, líklegar úthlutanir miðað við gildandi hafnaáætlun og að framkvæmdir, sem frestað var árið 2000, verði unnar 2001.

651 Ferðamálasjóður. Sjóðurinn stuðlar að þróun íslenskra ferðamála með lánum og styrkveitingum. Honum er ætlað að veita lán til framkvæmda við gisti- og veitingastaði og annars sem er talið að feli í sér þróun íslenskra ferðamála. Útlán eru á sömu kjörum og lán sem sjóðurinn tekur hverju sinni. Við afgreiðslu lána skal þess gætt að lánveiting skekki ekki samkeppnisstöðu sambærilegra fyrirtækja. Gert er ráð fyrir að á næsta ári verði veittar 190 m.kr. í ný lán og að innheimtar verði 155 m.kr. í afborganir af veittum lánum. Áætlað er að sjóðurinn taki 100 m.kr. að láni og greiði 71 m.kr. í afborganir. Reiknað er með svipaðri afkomu og í fjárlögum 2000, eða 5,5 m.kr. hagnaði. Framlög í afskriftasjóð útlána verða hækkuð í 10 m.kr. úr 5 m.kr.

51 Iðnaðarráðuneyti

371 Orkusjóður. Lög nr. 49/1999 gilda um Orkusjóð. Meginhlutverk sjóðsins er að fjármagna yfirlits- og undirbúningsrannsóknir á orkulindum landsins samkvæmt áætlun sem hann gerir til fimm ára á grunni rannsóknaráætlunar Orkustofnunar. Áætlunin skal endurskoðuð árlega og hljóta samþykki ráðherra. Fjárveiting til sjóðsins er óbreytt frá fjárlögum 2000 eða 33 m.kr. Áætlað er að tap nemi 50,5 m.kr. á árinu 2001 en tap 1999 var 0,5 m.kr. Handbært fé frá rekstri verður neikvætt um 30,5 m.kr. en var jákvætt um 22,7 m.kr. árið 1999. Loks er gert ráð fyrir að handbært fé í árslok 2001 verði 63 m.kr. í stað 118,3 m.kr. í árslok 1999.

411 Byggðastofnun. Framlög til stofnunarinnar á lið 11-411 eru 498,4 m.kr. sem er 3,6 m.kr. lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Framlög í afskriftasjóð útlána eru hins vegar 180 m.kr. sem er 30 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2000. Af framlagi ríkisins í A-hluta frumvarpsins eru 300 m.kr. áætlaðar til eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni, 65 m.kr. til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni og 133,4 m.kr. til almenns reksturs Byggðastofnunar. Hreinar fjármunatekjur eru áætlaðar 110 m.kr. en gjöld árið 1999 voru 11,5 m.kr.. Gert er ráð fyrir 178,4 m.kr. hagnaði en hann var 204 m.kr. fyrir árið 1999. Áætlað er að veita 2,2 milljarða króna í ný lán og endurgreiða 800 m.kr. vegna tekinna lána. Þarf stofnunin því að fá heimild til að taka 1,3 milljarða króna að láni. Áætlað er að innheimta 1,2 milljarða króna í afborganir af veittum lánum.

52 Viðskiptaráðuneyti

101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins. Sjóðurinn tók til starfa 1. janúar 1998 og stendur fyrir áhættulánum, hlutafjárkaupum og styrkjum til vöru- og markaðsþróunar. Tryggingadeild útflutningslána veitir ábyrgðir til verkefna er tengjast útflutningi. Framtakssjóður stuðlar að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu á sviði upplýsinga- og hátækni með áherslu á landsbyggðina. Einnig er sjóðnum ætlað að hafa frumkvæði að tveimur verkefnum en þau eru annars vegar „Auður í krafti kvenna“ sem stefnir að þátttöku kvenna í atvinnulífinu og hins vegar verkefnið „Nýsköpun“ en það er árleg samkeppni um gerð viðskiptaáætlana sem hefur nú þegar leitt til þess að ný og áhugaverð fyrirtæki hafa verið stofnuð víða um land. Sjóðurinn fjármagnar útgjöld sín með vaxtatekjum og gengishagnaði af hlutafjárkaupum. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn veiti 150 m.kr. í lán á árinu 2001 eins og í fjárlögum 2000 og að 140 m.kr. afborganir verði innheimtar af veittum lánum. Fjármunatekjur eru áætlaðar 540 m.kr. og minnka um 290 m.kr. frá fjárlögum en þær reyndust vera 1.522 m.kr. á árinu 1999. Gert er ráð fyrir að leggja 150 m.kr. í afskriftasjóð útlána. Áætlað er að rekstur sjóðsins kosti 250 m.kr. árið 2001 í stað 110 m.kr. í fjárlögum. Hagnaður ársins 2001 er áætlaður 115 m.kr. en 635 m.kr. í fjárlögum og 871 m.kr. árið 1999. Skýringin er lækkandi fjármagnstekjur.

6 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér verður gerð grein fyrir lánsfjárþörf, lántökum og afborgunum í A-hluta ríkissjóðs, hjá ríkisfyrirtækjum í B-hluta, sjóðum í C-hluta og aðilum sem taka lán á grundvelli sérlaga. Vísað er til 2. og 5. gr. frumvarpsins.

6.1 Horfur árið 2000.

Áætlað er að lánsfjárafgangur á árinu 2000 verði 27,5 milljarðar króna en hann var áætlaður 21 milljarður í fjárlögum. Staða ríkissjóðs batnar því frá fjárlögum um 6,5 milljarða króna. Um 5,5 milljarða króna tekjur af sölu bankanna á síðasta ári komu til greiðslu í byrjun árs en í fjárlögum var gert ráð fyrir að sú greiðsla færi fram á árinu 1999. Skýring á því að lánsfjárafgangur eykst að öðru leyti ekki í samræmi við bætta afkomu ríkissjóðs er að ákveðið var að innleysa spariskírteini fyrir gjalddaga sem hækkar vaxtagreiðslur ársins um 5,4 milljarða króna.

Gert er ráð fyrir að afborganir innlendra lána verði 15,8 milljarðar króna umfram nýjar lántökur og að erlendar skuldir verði greiddar niður um 3 milljarða króna. Þá verða 5 milljarðar greiddir inn á lífeyrisskuldbindingar ríkisins hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Lántökur á árinu 2000. Í mars 2000 gaf ríkissjóður út skuldabréf að fjárhæð 200 milljónir evra til 7 ára og er það í fyrsta sinn sem ríkissjóður gefur út skuldabréf í evrum á alþjóðlegum gjaldeyrismarkaði. Andvirði útgáfunnar var notað til greiðslu erlendra lána. Alls er áætlað að á árinu 2000 verði seld ríkisbréf í mánaðarlegum útboðum fyrir allt að 3 milljörðum króna í skiptum fyrir þá flokka sem eru til innlausnar fyrir gjalddaga auk sölu nýrra bréfa. Á árinu 2000 eru spariskírteini eingöngu seld í áskrift og við skiptiinnlausn og nemur salan 2,5 milljörðum króna.

Aðgerðir á lánamarkaði. Lánsfjárafgangur árið 2000 verður nýttur til að kaupa upp spariskírteini á markaði fyrir um alls 18 milljarða króna með vöxtum. Innlausninni var á fyrri hluta ársins aðallega beint að tveimur markflokkum spariskírteina sem sökum smæðar sinnar ná ekki nægjanlega miklum seljanleika á eftirmarkaði til virkrar verðmyndunar. Seinni hluta ársins beindist innlausnin að tveim markflokkum til viðbótar þar sem stutt er í gjalddaga þeirra. Innlausnin fer aðallega fram með uppboðsformi en kaup á eftirmarkaði beinast eingöngu að minni upphæðum.

Vextir hafa hækkað á undanförnum misserum, bæði innanlands og utan. Þessar vaxtahækkanir orsaka verðlækkanir á skuldabréfum og olli það erfiðleikum á íslenska skuldabréfamarkaðinum, m.a. þar sem væntingar markaðsaðila um vaxtaþróun virðast hafa verið

aðrar. Verulega dró úr viðskiptum á skuldabréfamarkaði í kjölfarið og sl. vor tilkynntu tveir viðskiptavakar með ríkistryggð verðbréf að þeir hygðust hætta viðskiptavakt með þau, ásamt því sem þeir og aðrir markaðsaðilar kölluðu eftir aukinni upplýsingagjöf frá stærstu útgefendum skuldabréfa á innlendum markaði og öðrum aðgerðum til að efla skuldabréfamarkaðinn. Ríkið, sem stærsti útgefandi skuldabréfa, lagði fram stefnu um birtingu áætlana um lánahreyfingar og afkomu ríkissjóðs og gerði samning um viðskiptavakt með spariskírteini og ríkisbréf. Þessar aðgerðir hafa borið árangur.

Gerður var samningur við fjórar lánastofnanir um viðskiptavakt á eftirmarkaði, með þrjá markflokka spariskírteina og einn markflokk ríkisbréfa, að undangengnu útboði. Markmið samningsins er að treysta verðmyndun á ríkisverðbréfum og stuðla að auknum seljanleika þeirra á eftirmarkaði. Þá var upplýsingagjöf um lánamál ríkissjóðs aukin á árinu og aðgengi að upplýsingum bætt. Gefnar eru mánaðarlega út upplýsingar um áætlaða lánsfjárþörf og lántökur ríkissjóðs á næstu fjórum mánuðum auk þess sem ársþriðjungslega eru gefnar út samanburðartölur um sama efni. Upplýsingarnar birtast á vefsíðum fjármálaráðuneytisins og Lánasýslu ríkisins.

Unnið er að undirbúningi þess að koma á fót aðalmiðlarakerfi ríkisvíxla. Stefnt er að því að kerfið verði tekið upp síðar á árinu. Kerfið felur í sér að gerður er samningur við nokkra markaðsaðila sem taka á sig ákveðnar skyldur um kaup á ríkisvíxlum í útboðum auk þess sem þeir tryggja ákveðið umfang viðskipta á eftirmarkaði. Kerfið mun tryggja verðmyndun og treysta eftirmarkað.

Á vormánuðum 2000 tók Verðbréfaskráning Íslands hf. formlega til starfa. Gerð var tilraun með rafskráningu þriggja mánaða ríkisvíxla í febrúar og tókst hún vel. Í kjölfarið fylgdi rafskráning markflokka spariskírteina og ríkisbréfa og er áætlað að yfirfærslu ríkisverðbréfa af pappírsformi verði lokið á haustmánuðum 2000. Seðlabanki Íslands mun annast varðveislu pappírsverðbréfa fyrir hönd ríkissjóðs en geyma þarf pappírsverðbréfin í 10 ár eftir gjalddaga eða lengst til ársins 2025. Með rafskráningu ríkisverðbréfa er stuðlað að aukinni hagræðingu í meðferð þeirra, lækkun kostnaðar og auknu öryggi í viðskiptum. Þá mun samkeppnisstaða íslenskra ríkisverðbréfa erlendis batna í kjölfarið.

6.2 Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða árið 2001.

Heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða í ríkiseigu eru alls áætlaðar 64,1 milljarður króna á árinu 2001. Heildarafborganir af teknum lánum eru áætlaðar 60,3 milljarðar króna þannig að hrein lánsfjáröflun allra þessara aðila er áætluð 3,8 milljarðar króna. Ríkissjóður, A-hluti, greiðir niður skuldir umfram nýjar lántökur um 26,5 milljarða króna en sjóðir í C-hluta og ríkisfyrirtæki taka lán umfram afborganir er nema 30,3 milljörðum króna. Hækkun á nýjum lánum frá fjárlögum skýrist einkum af auknum lántökum Íbúðalánasjóðs.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir lánsfjárþörf ríkissjóðs og þeirra aðila sem ríkissjóður ábyrgist lántökur fyrir:

	Áætlun 2000			Frumvarp 2001		
Í milljörðum króna	Innlent	Erlent	Samtals	Innlent	Erlent	Samtals
Lántökur	**49,8**	**25,6**	**75,4**	**-**	**-**	**64,1**
Ríki	49,8	12,4	**62,2**	-	-	**49,9**
A-hluti	5,6	10,5	**16,1**	-	-	**1,2**
C-hluti	44,2	1,9	**46,1**	-	-	**48,7**
Landsvirkjun	0,0	13,2	**13,2**	-	-	**14,2**
Afborganir	**40,7**	**26,7**	**67,4**	**25,5**	**34,8**	**60,3**
Ríki	40,4	14,4	**54,8**	25,2	23,3	**48,5**
A-hluti	21,4	13,5	**34,9**	4,9	22,8	**27,7**
C-hluti	19,0	0,9	**19,9**	20,3	0,5	**20,8**
Landsvirkjun	0,3	12,3	**12,6**	0,3	11,5	**11,8**
Hrein lánsfjárþörf	**9,1**	**-1,1**	**8,0**	**-**	**-**	**3,8**
Hlutfall af landsframleiðslu	**1,3%**	**-0,2%**	**1,1%**	**-**	**-**	**0,5%**

6.3 Sjóðstreymi og lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs

Lántökur A-hluta árið 2001 eru áætlaðar 1,2 milljarðar króna og eru eingöngu ætlaðar til sölu spariskírteina ríkissjóðs í áskrift. Til samanburðar eru lántökur árið 2000 áætlaðar 16 milljarðar króna. Handbært fé frá rekstri er áætlað 14,6 milljarðar króna og því til viðbótar er innstreymi fjár vegna fjármunahreyfinga áætlað 20,1 milljarður króna. Hreinn lánsfjárafgangur ríkissjóðs er því um 34,7 milljarðar króna og verður honum ráðstafað til niðurgreiðslu skulda eða til að styrkja stöðu ríkissjóðs með öðrum hætti og verða ákvarðanir um ráðstöfunina teknar með hliðsjón af stöðunni í efnahags- og peningamálum.

Handbært fé frá rekstri. Handbært fé frá rekstri sýnir það fé sem regluleg starfsemi ríkisins skilar þegar frá eru taldar rekstrarfærðar tekjur og gjöld sem ekki koma til innheimtu eða útgreiðslu á árinu, og að frátöldum hagnaði af sölu eigna. Áætlað er að handbært fé frá rekstri verði 14,6 milljarðar króna á næsta ári en tæpir 12,5 milljarðar króna á yfirstandandi ári. Hækkun milli ára skýrist að mestu leyti af meiri tekjuafgangi og því að ekki er gert ráð fyrir forinnlausn ríkisverðbréfa á næsta ári og því minnka greiddir vextir ríkissjóðs á milli ára.

Veitt stutt lán, nettó - viðskiptareikningar. Áætlað er að útstreymi af viðskiptareikningum ríkissjóðs verði 400 m.kr. en samkvæmt áætlun er 6,1 milljarðs króna innstreymi árið 2000. Mismunurinn skýrist alfarið af því að í ár falla til greiðslur í ríkissjóð af söluandvirði bankanna, en salan fór fram í árslok 1999, auk 1 milljarðs króna greiðslu vegna endurmats á eigin fé Landsíma Íslands hf. Er hér að öðru leyti um að ræða ýmsar

hreyfingar á viðskiptareikningum ríkissjóðs innan fjárlagaársins, m.a. vegna fyrirgreiðslu við stofnanir ríkisins, innflutnings á vörum í tolli og krafna á ríkissjóð vegna innheimtu tekna fyrir aðra aðila.

Eftirfarandi yfirlit sýnir sjóðstreymi og lánsfjárhreyfingar ríkissjóðs 2000 og 2001:

M.kr.	Áætlun 2000	Frumvarp 2001
Handbært fé frá rekstri	**12.450**	**14.590**
Fjármunahreyfingar:		
Veitt stutt lán, viðskiptareikningar	6.139	-400
Veitt löng lán	-5.128	-4.100
Afborganir veittra lána	7.240	15.650
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-250	-300
Sala hlutabréfa og eignarhluta	7.100	9.300
Fjármunahreyfingar samtals	**15.101**	**20.150**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**27.551**	**34.740**
Fjármögnun:		
Tekin löng lán	16.000	1.200
Afborganir	-34.900	-32.730
Fjármögnun samtals	**-18.900**	**-31.530**
Framlag til LSR	-5.000	
Breyting á handbæru fé	**3.651**	**3.210**

Veitt löng lán. Í 5. gr. frumvarpsins er sótt um heimildir til lánveitinga á árinu 2001 til lengri tíma en eins árs. Lánin eru samtals 4.100 m.kr.samanborið við 5.128 m.kr. á yfirstandandi ári og lækka því um 1.028 m.kr. milli ára. Breytingar milli ára eru þær að lánveitingar til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, sem í ár er áætlað að verði 2.063 m.kr., falla niður við stofnun hlutafélags um rekstur stöðvarinnar. Þá er ný lánveiting til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins að fjárhæð 850 m.kr. Lántökuheimild Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækkar um 100 m.kr. og lántökuheimild Alþjóðaflugþjónustunnar eykst um 85 m.kr. Helsta breyting frá áformuðum lántökum í fjárlögum 2000 er að Rafmagnsveitur ríkisins munu taka allt að 550 m.kr. lán á eigin vegum án milligöngu ríkissjóðs.

Hér á eftir fer yfirlit um áformaðar lánveitingar til aðila í B- og C-hluta en ítarlegri grein er gerð fyrir fjárreiðum aðilanna í 3. og 4. gr. frumvarpsins og athugasemdum þar um.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Áformað er að sjóðurinn taki 3.100 m.kr. lán hjá ríkissjóði og er það 100 m.kr. hækkun frá áætlun yfirstandandi árs. Skýringin felst í fjölgun lántakenda og breytingum á reglum sjóðsins um frítekjumörk.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Sjóðurinn sótti ekki um lánsfjárheimild fyrir árið 2000 en sækir um 850 m.kr. heimild árið 2001, m.a. til að greiða þær 600 m.kr. sem horfur eru á að hann þurfi að taka á sig við lokagjalddaga hlutdeildarskírteina hlutafjárdeildar sjóðsins.

Alþjóðaflugþjónustan. Sótt er um 150 m.kr. lánsfjárheimild og er það 85 m.kr. umfram áætlaðar lántökur í ár. Lánið er aðallega ætlað til fjárfestinga og afborgana eldri lána.

Innheimtar afborganir veittra lána. Áætlað er að á næsta ári verði innheimtar afborganir af eldri lánveitingum ríkissjóðs ríflega 15,6 milljarðar króna og er það rúmlega 11,5 milljörðum króna hærri fjárhæð en ríkið áformar að endurlána. Er þar um nokkra aukningu að ræða frá yfirstandandi ári og munar þar mestu um uppgreiðslu lána Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög. Hér undir falla stofnfjárframlög ríkissjóðs og kaup ríkissjóðs á hlutabréfum í innlendum fyrirtækjum sem færð eru í efnahagsreikning ríkissjóðs. Framlögin eru áætluð 300 m.kr. árið 2001 sem er óbreytt frá fjárlögum ársins 2000. Sú breyting er gerð á framsetningu að 20 m.kr. framlag til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins vegna ESAF-verkefnisins, sem felst í lánveitingum til fátækra ríkja, verður fært sem útgjöld hjá utanríkisráðuneytinu. Er það í samræmi við ákvæði laga um fjárreiður ríkisins um að gjaldfæra skuli þau stofnframlög til alþjóðastofnana sem ekki teljast raunveruleg eign.

M.kr.	Áætlun 2000	Frumvarp 2001
Alþjóðabankinn, IBRD, MIGA og IDA, Washington, DC	100,0	100,0
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, IMF, Washington, DC	20,0	30,0
Norræni þróunarsjóðurinn, NDF, Kaupmannahöfn	40,0	45,0
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið, NEFCO, Helsinki	10,0	10,0
Hluta- og stofnfjárframlög	80,0	115,0
Samtals	**250,0**	**300,0**

Sala hlutabréfa og eignarhluta. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir sölu eignarhluta ríkissjóðs í fyrirtækjum fyrir samtals 9.300 m.kr., samanborið við 7.100 m.kr. árið 2000. Líklegt er þó að söluverðmætið verði hærra en lægra þegar upp er staðið enda talið mikilvægt að hraða sölu ríkisfyrirtækja. Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er í frumvarpinu miðað við áframhaldandi sölu á eignarhlut ríkisins í ýmsum fyrirtækjum. Ýmist er leitað heimilda til sölunnar í 7. gr. fjárlaga eða í sérlögum.

Hreinn lánsfjárjöfnuður er áætlaður 34,7 milljarðar króna árið 2001 samanborið við 27,5 milljarða króna árið 2000. Lánsfjárjöfnuðurinn var áætlaður 21 milljarður króna í fjárlögum 2000 og hækkar því um 6,5 milljarða króna frá fjárlögum sem skýrist aðallega af bættri afkomu ríkissjóðs og auknum fjármunahreyfingum. Áformað er að mestum hluta

lánsfjárjafnaðarins verði varið til niðurgreiðslu á skuldum ríkissjóðs umfram nýjar lántökur. Gangi það eftir verða afborganir af teknum lánum ríkissjóðs umfram nýjar lántökur allt að 80 milljarðar króna árin 1998-2001.

Afborganir af teknum lánum. Áætlað er að greiddar afborganir af teknum lánum ríkissjóðs umfram ný lán nemi 25-30 milljörðum króna árið 2001 í stað 19 milljarða króna árið 2000. Eftirfarandi tafla sýnir áætlun um greiddar afborganir ríkissjóðs árin 1998-2001:

M.kr.	1998	1999	Áætlun 2000	Frumvarp 2001
Innlausn spariskírteina	13.060,0	9.003,0	15.300,0	4.730,0
Innlausn ríkisbréfa	4.177,0	5.943,0	4.375,0	0,0
Önnur innlend lán	1.489,0	2.557,0	1.700,0	150,0
Erlend lán	18.804,0	20.951,0	13.525,0	22.850,0
Aðrar ráðstafanir		7.754,0	5.000,0	-
Samtals	**37.530,0**	**46.208,0**	**39.900,0**	**-**

Á gjalddaga verða innlendar afborganir að fjárhæð 5 milljarðar króna og erlendar afborganir er nema 23 milljörðum að meðtöldum erlendum skuldum sem standa á móti lánum er veitt hafa verið til Flugstöðvarinnar. Eftir standa þá rúmlega 6 milljarðar króna sem nýttir verða til að bæta stöðu ríkissjóðs með öðrum hætti, svo sem til að greiða niður skuldbindingar ríkisins hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og til að bæta sjóðstöðu hjá Seðlabanka Íslands. Ríkissjóður greiddi 7,4 milljarða til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins árið 1999 og áformað er að greiða 5 milljarða í ár. Fyrirsjáanlegt var að innan 15 ára þyrfti að óbreyttu að greiða verulegar fjárhæðir, eða um 10 milljarða króna á ári, til sjóðsins sem hækkar jafnt og þétt næstu 15 árin þar á eftir og nær hámarki í 15 milljarða greiðslu um árið 2030 en fer lækkandi eftir það. Til að mæta þessum greiðslum er því talið skynsamlegt að greiða aukaframlög til sjóðsins og jafna þannig greiðslustreymi framtíðarinnar. Einnig er nauðsynlegt að greiða niður innlendar og erlendar skuldir ríkisins til að mynda svigrúm til að mæta auknum greiðslum til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

6.4 Lántökur og ábyrgðir

Í 3. tölulið 5. gr. frumvarpsins er sett hámark á nýtingu lántökuheimilda sem kveðið er á um í hlutaðeigandi sérlögum. Áformað er að heildarlántökur sjóða í C-hluta og ríkisfyrirtækja verði 62,9 milljarðar króna árið 2001 en horfur fyrir árið í ár eru 59,3 milljarðar króna og aukast heildarlántökur því um 3,6 milljarða króna milli ára. Afborganir eru áætlaðar 32,6 milljarðar króna árið 2001, samanborið við 32,5 milljarða króna árið 2000. Auknar lántökur stafa að mestu leyti af aukinni lántökuþörf Íbúðalánasjóðs.

1. Landsvirkjun. Áætlað er að Landsvirkjun taki 14,2 milljarða króna að láni en endurgreiði 11,8 milljarða króna af eldri lánum. Áætlaðar nettólántökur Landsvirkjunar eru því 2,4 milljarðar króna árið 2001 í stað 0,6 milljarða króna árið 2000.

2. Íbúðalánasjóður. Heildarlántökur sjóðsins eru áætlaðar 45,5 milljarðar króna árið 2001, en horfur ársins í ár eru 42,2 milljarðar króna. Fyrirhugaðar lántökur skiptast þannig að 31,5 milljarðar króna eru vegna húsbréfadeildar, 7,5 milljarðar króna vegna endurfjármögnunar eldri lána Byggingarsjóðs ríkisins og verkamanna, 3,9 milljarðar króna vegna leiguíbúða og 2,6 milljarðar króna vegna viðbótarlána. Afborganir af eldri lánum eru áætlaðar 18,8 milljarðar króna og eru nettólántökur Íbúðalánasjóðs því áætlaðar 26,7 milljarðar króna árið 2001, en horfur ársins í ár eru 24,7 milljarðar króna. Þessar áætlanir verða endurskoðaðar fyrir 2. umræðu fjárlaga. Nánar er fjallað um Íbúðalánasjóð í umfjöllun um C-hluta.

3. Lánasjóður landbúnaðarins. Lagt er til að Lánasjóður landbúnaðarins fái heimild til að taka 1,8 milljarða króna að láni árið 2001, sem er 300 m.kr. meira en árið 2000, aðallega til styrkingar lausafjárstöðu sjóðsins vegna aukinna lánveitinga hans umfram áætlanir þessa árs.

4. Byggðastofnun. Miðað er við að Byggðastofnun fái heimild til 1,3 milljarða króna lántöku árið 2001 og er það 1000 m.kr. lækkun frá því sem ráðgert er að stofnunin taki að láni í ár.

5. Ferðamálasjóður. Gert er ráð fyrir að Ferðamálasjóður fái 100 m.kr. lánsheimild á árinu 2001 og er það óbreytt fjárhæð frá árinu í ár.

Ábyrgðir. Umhugsunarvert er að ríkisábyrgðir umfram beinar skuldir ríkissjóðs hafa aukist talsvert undanfarin ár og námu um 230 milljörðum króna í ársbyrjun 2000. Áætlað er að veittar nýjar ríkisábyrgðir á næsta ári verði um 50-60 milljarðar króna og vegur húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs þar þyngst. Þegar tekið er tillit til afborgana af lánum með ríkisábyrgð má gera ráð fyrir að nettóaukningin verði um 30 milljarðar króna á næsta ári og er þá ekki tekið tillit til endurmats. Af þessum skuldbindingum er greitt ríkisábyrgðagjald sem stendur á móti hugsanlegum afföllum. Ríkisábyrgðir hafa farið lækkandi með sölu ríkisfyrirtækja og breytingu þeirra í hlutafélög. Mikil framþróun hefur orðið á íslenskum fjármálamarkaði undanfarin ár og opnar það möguleika á að færa enn stærri hluta lánsviðskipta fjárfestingarlánasjóða ríkisins á almennan markað.

7 Skerðingarákvæði

Í þessum kafla er gerð grein fyrir skerðingarákvæðum í 6. gr. frumvarpsins. Er heildarskerðing markaðra tekna 522 m.kr. á árinu 2001 en er 462 m.kr. í fjárlögum 2000.

Samkvæmt lögum nr. 83/1989 um Þjóðarbókhlöðu og endurbótasjóð menningarstofnana, rennur sérstakur eignarskattur í sjóð sem skal varið til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana. Á árinu 2001 er gert ráð fyrir að tekjur af sérstökum eignarskatti verði 630 m.kr. Lagt er til að tekjur umfram 480 m.kr. renni í ríkissjóð á árinu 2000 og er það óbreytt frá fjárlögum 2000. Miðað við áætlaðar tekjur af sérstökum eignarskatti renna 150 m.kr. af þessum tekjum í ríkissjóð en er 106 m.kr. í fjárlögum 2000.

Áætlað er að tekjur Framkvæmdasjóðs fatlaðra af erfðafjárskatti verði 607 m.kr. árið 2001. Lagt er til að tekjur umfram 235 m.kr. renni í ríkissjóð árið 2001 og er það óbreytt frá fjárlögum 2000. Samkvæmt því renna 372 m.kr. af skattinum í ríkissjóð árið 2001 en er 340 m.kr. í fjárlögum. Lagt er til að sjóðurinn standi undir kostnaði við félagslega endurhæfingu og stjórnarnefndir eins og undanfarin ár.

8 Heimildir

Í 40. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 segir að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Enn fremur segir í 29. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, að ríkisaðilar í A-hluta skuli hverju sinni afla heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma fasteignir, eignarhluta í félögum, skip og flugvélar, söfn og safnhluta sem hafa að geyma menningarverðmæti og aðrar eignir sem verulegt verðgildi hafa. Lagaheimilda til þessara aðgerða er aflað í 7. gr. fjárlaga. Tillögum að heimildum fjármálaráðherra er skipt í átta flokka og eru þær samtals 144 talsins. Heimildirnar skiptast þannig að heimildir til eftirgjafar gjalda eru 2, til sölu húsnæðis 34, til sölu eignarhluta á húsnæði 14, til sölu lóða og jarða 45, til sölu hlutabréfa 7, til ráðstöfunar annarra eigna 3, heimildir til kaupa og leigu á fasteignum eru 24 og ýmsar heimildir eru 15. Í fjárlagafrumvarpinu er lagt til að fjárveiting til útgjalda vegna heimildagreinar verði 240 m.kr. Ef nýta á allar eða flestar heimildanna er hins vegar ljóst að fjárveitingin dugar skammt.

Í fyrsta flokki eru flestar heimildir heföbundnar. Fjármálaráðherra er heimilað að fella niður toll og vörugjald af sæsímastrengjum milli Íslands og annarra landa og tolla, vörugjald og virðisaukaskatt af byggingarefni og búnaði sem keyptur er vegna stækkunar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Er gert ráð fyrir að heimildinni verði beitt þar til núverandi byggingaráfanga lýkur en flugstöðin var nýlega gerð að hlutafélagi. Í fjárlögum síðustu ára hefur verið heimild til að endurgreiða sveitarfélögum allt að 20 m.kr. vegna kaupa þeirra á slökkvibifreiðum og tækjabúnaði slökkviliða. Sú heimild hefur verið felld niður enda er nú sérliður á fjárlögum til endurgreiðslna til sveitarfélaga vegna slökkvibifreiða, sbr. lið 09-999 1.20.

Í öðrum og þriðja flokki eru heimildir til sölu húsnæðis og eignarhluta í húsnæði. Flestar heimildirnar eru til sölu fasteigna sem eru óhentugar eða nýtast ekki lengur í ríkisrekstrinum. Sem dæmi má nefna að heimildir 2.14-2.16 eru til sölu á eignum sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa ekki lengur þörf fyrir og heimildir 2.17-2.18 eru til sölu á bústöðum læknis og 2 hjúkrunarfræðinga á Höfn í Hornafirði en báðar eignirnar eru orðnar gamlar og þarfnast mikils viðhalds.

Fjórði flokkurinn eru heimildir til sölu lóða og jarða. Um er að ræða 45 heimildir til sölu jarða, hluta úr jörðum og landspildna auk einna makaskipta. Flestar eru þessar heimildir til komnar vegna jarðaumsýslu landbúnaðarráðuneytisins og nokkrar vegna umsýslu Prestssetrasjóðs. Ástæðan fyrir heimild 4.41 um makaskipti á landspildum við Litla-Hraun er sú að fangelsinu að Litla-Hrauni fylgja landspildur ofan Eyrarbakkavegar sem nýtast ekki fyrir fangelsið og er því fyrirhugað að hafa makaskipti við sveitarfélagið á spildum í nágrenni fangelsisins.

Í fimmta flokki er fjallað um heimildir til sölu hlutabréfa. Endurnýjaðar eru söluheimildir vegna Íslenskra aðalverktaka hf., Barra hf., Stofnfisks hf., Endurvinnslunnar hf. og Flugskóla Íslands hf. Einnig hefur heimild til sölu á allt að 25% af hlut ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf. verið endurnýjuð. Nýja heimild er að finna í lið 5.6 um sölu á hlutafé Hafrannsóknastofnunarinnar í Fiskeldi Eyjafjarðar og mun andvirðinu verða varið til eldis sjávardýra og hafrannsókna.

Í sjötta flokki eru heimildir til ráðstöfunar eigna. Heimildirnar eru að þessu sinni 3 og eru 2 þeirra nýjar. Þar er fyrst að nefna lið 6.2 um að selja rannsóknaskipið Árna Friðriksson RE 100 sem ákveðið hefur verið að taka úr rekstri eftir að nýtt rannsóknaskip kom til landsins síðastliðið sumar. Lagt er til að andvirði sölunnar verði ráðstafað til endurbóta á rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni RE 30 en það skip hefur verið 30 ár í þjónustu stofnunarinnar og þarfnast verulegra endurbóta og viðhalds. Í lið 6.3 er að finna heimild til að afhenda Þroskahjálp á Norðurlandi eystra eignir gjafasjóðs Sólborgar. Gjafasjóður Sólborgar varð til árið 1970 og hafa runnið í hann gjafir er gefnar voru vistheimilinu Sólborg. Vistheimilinu var lokað árið 1995 og skömmu síðar tók Akureyrarkaupstaður við þjónustu við fatlaða. Til að eyða þeirri óvissu sem verið hefur um eignir sjóðsins er farið fram á heimild til að afhenda Þroskahjálp á Norðurlandi eystra eignir hans en félagið var stofnað árið 1996 með samruna Styrktarfélags vangefinna á Norðurlandi og Foreldrafélags barna með sérþarfir.

Í sjöunda flokki eru heimildir til kaupa og leigu fasteigna. Heimildirnar eru 24 talsins og þarfnast fæstar sérstakra skýringa. Rétt er þó að fara nokkrum orðum um þrjár þeirra. Í lið 7.5 er heimild til að kaupa húsnæði fyrir Einkaleyfastofuna. Síðastliðið sumar var tekið á leigu húsnæði fyrir stofnunina að Skúlagötu 63. Við gerð leigusamningsins var samið um kaupréttarákvæði og er nú áhugi á að nýta það ákvæði. Í lið 7.18 er heimild til að kaupa húsnæði fyrir fastafulltrúa Íslands hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu í Vín. Einnig má nefna lið 7.24 um kaup á dýralæknisbústað á Egilsstöðum. Ástæðan fyrir heimildinni er að undanfarið hefur húsaleigumarkaður á Egilsstöðum verið með því móti að erfiðlega hefur gengið fyrir dýralækninn að leigja hentugt húsnæði.

Í áttunda flokki eru ýmsar heimildir sem flestar eru óbreyttar frá fyrra ári og skýra sig sjálfar. Þó hafa ekki verið endurnýjaðar heimildir fyrri ára varðandi greiðslu bóta til þeirra er sýkst hafa af alnæmi við blóðgjafir hér á landi fyrir 1986 og ábyrgð á mögulegum skaðabótaskyldum afleiðingum af töku lyfsins Thalidomide. Ekki er lengur talin þörf á þessum heimildum í fjárlögum. Nýja heimild er hins vegar að finna í lið 8.5 er mælir fyrir um heimild til greiðslu bóta vegna þeirra sem sýkst hafa af lifrarbólgu C við blóðgjafir hér á landi fyrir október 1992.

9 Yfirlit yfir lagabreytingar

Hér á eftir fer yfirlit yfir lagabreytingar sem miðað er við í forsendum fjárlagafrumvarpsins. Lagðar verða til eftirfarandi breytingar á lögum til að áform í frumvarpinu nái fram að ganga:

Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarpsins.

Lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Breytingar á ákvæðum um barna- og vaxtabætur. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að breyta barnabótakerfinu með það að markmiði að draga úr tekjutengingu þess. Einnig verður eignatenging afnumin og frítekjumörk hækkuð. Gert er ráð fyrir að fyrsti áfangi af þremur komi til framkvæmda árið 2001. Einnig er áformað að taka vaxtabótakerfið til endurskoðunar. Vaxtabótakerfið hefur þótt torskilið auk þess sem tekju- og eignatenging bótanna leiðir til hárra jaðarskatta. Þá hefur sætt gagnrýni að kerfið hefur verið talið hvetja til óeðlilegrar skuldasöfnunar.

Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarpsins:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lög nr. 117/1993, um almannatryggingar. Leitað verður heimildar til að breyta greiðsluþátttöku almannatrygginga í lyfjakaupum þannig að stuðningur almannatrygginga verði fluttur frá einstaklingum með lágan lyfjakostnað yfir til þeirra sem þurfa að nota meira af lyfjum.

Atriðisorðaskrá

A bls.

Aðalræðismannsskrifstofa Íslands í Winnipeg ... 361
Aðfangaeftirlit ríkisins ... 139, 278, 368
Aðflutningsgjöld af fóðri í Fóðursjóð ... 279
Aðgangur að fasteignamatsskrá ... 288
Aðgangur að fyrirtækjaskrá ... 288
Aðgangur að hlutafélagaskrá ... 288
Aðgangur að skrám þjóðskrárinnar ... 288
Aðgerðir á lánamarkaði ... 494
Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum ... 174, 401
Aðildargjöld ESB ... 125
Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun ... 221
Aðrar rekstrartekjur stofnana ... 284
Aðrar sjúkrastofnanir ... 425
Afborganir af teknum lánum ... 499
Afborganir lána ríkissjóðs ... 70
Afborganir veittra lána ríkissjóðs ... 70
Afgjöld ríkisjarða ... 287
Afgreiðslugjöld flugöryggissviðs Flugmálastjórnar ... 282
Afkoma ríkissjóðs ... 293
Afnotagjald RÚV ... 286
Afnotagjöld RÚV ... 84
Afreksmannasjóður ... 126, 353
Afskriftir skattkrafna ... 222, 432, 439
Almanaksgjald ... 278
Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum ... 228
Almannavarnir ríkisins ... 158, 385, 388
Almenn vörugjöld ... 303
Alþingi ... 80, 87, 292, 308, 321, 452, 456, 476, 487
Alþingiskostnaður ... 87
Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF ... 134
Alþjóðaflugþjónusta ... 230
Alþjóðaflugþjónustan ... 71, 257, 455, 483, 498
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, lánveitingar til fátækra ríkja (ESAF) ... 135
Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC) ... 148
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO ... 194
Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA ... 135
Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO ... 228
Alþjóðastofnanir ... 134, 363
Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB) ... 227
Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO ... 135
Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO ... 182

American Scandinavian Foundation, styrkur til húsakaupa ... 128
Arðgreiðslur ... 69, 84, 305
ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu ... 183
Atlantshafsbandalagið, NATO ... 135
Atvinnudeildarhús ... 339
Atvinnuleysisbætur ... 182, 406
Atvinnuleysistryggingasjóður ... 182, 277, 280, 405
Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni ... 236, 462
Atvinnutryggingargjald ... 82
Auðunarstofa ... 171
Auglýsingar í Lögbirtingablaði ... 287
Ábyrgðargjald vegna launa ... 82, 280
Ábyrgðasjóður launa ... 182, 280, 287, 405
Áfengis- og fíkniefnamál ... 159, 385, 389
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins ... 71, 256, 483
Áfengis- og vímuvarnaráð ... 208
Áfengiseftirlitsgjald til Lögreglustjórans í Reykjavík ... 280
Áfengiseftirlitsgjald til Ríkislögreglustjóra ... 280
Áfengisgjald ... 83
Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir ... 84
Álag vegna uppkaupa á greiðslumarki ... 144
Árgjald lyfja til Lyfjastofnunar ... 281
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði ... 199
Átak í hrossarækt ... 147
Átak í landgræðslu og skógrækt ... 143, 370
Átak í lækkun skulda þróunarríkja ... 135
Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála ... 159
Átak í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli ... 219
Átak til atvinnusköpunar ... 235

B

Bandalag íslenskra leikfélaga ... 124
Bandalag íslenskra skáta ... 125
Barmahlíð, Reykhólum ... 199
Barnabætur ... 223, 277, 439
Barnabætur og vaxtabætur ... 439
Barnalífeyrir ... 186
Barnalífeyrir vegna menntunar ... 186
Barnamenningarsjóður ... 124
Barnaspítali ... 192, 427
Barnaverndarráð ... 176, 402
Barnaverndarstofa ... 176, 402
Beinar greiðslur til bænda ... 143
Bessastaðir ... 87
Biblíuþýðingar ... 154

Bifreiðagjald og þungaskattur 305
Bifreiðagjöld 83
Bifreiðakaupastyrkir 186
Birtingarleyfi til Landmælinga Íslands 283
Biskup Íslands 171, 395
Bjargráðasjóður Íslands 181
Blindrabókasafn Íslands 120, 349
Borgarholtsskóli 112, 286
Bókakaup, Landsbókasafnsþáttur 119
Bókakaup, Ritakaupasjóður Háskóla Íslands 119
Bókasafnssjóður höfunda 123
Bókaútgáfu Leifs Eiríkssonar 352
Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins 226
Bókmenntakynningarsjóður 123
Bridgesamband Íslands 126
Brunamálaskóli 246
Brunamálastofnun ríkisins 246, 283, 474
Brunavarnargjald 283
Brýn meðferð erlendis 187
Búfjárrækt 144
Búnaðarsjóður 144, 279, 372
Byggða- og minjasöfn 118
Byggðamál 462
Byggðastofnun 72, 73, 236, 270, 462, 492, 500
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins 151, 376, 377
Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða 192, 427
Bygginga- og tækjasjóður 101, 284, 481
Byrgið, líknarfélag 184
Bændasamtök Íslands 144, 367, 372
Bætur brotaþola 156, 384
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð 186, 277, 412, 413
Bætur til framfærslu 187
Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar 187

C

CITES-samningur um alþjóðaverslun 377

D

D.a.h. Vesturhlíð, Reykjavík 200
Daggjaldastofnanir 199, 277, 425, 426
Dagvistun aldraða, aðrar 200
Dagvistun Keflavík 177
Dalbær, Dalvík 199
Dómkröfur 227

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti 69, 153, 378, 381
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa 153
Dómsektir og viðurlagaákvarðanir 85
Dómsmál 384
Dómsmálagjöld 84
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi 199
Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi 199
Dýralæknisbústaðir 139

E

Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD 135
EFTA-dómstóllinn 135
Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands 221
Eftirlaun hæstaréttardómara 221
Eftirlaunasjóður aldraðra 188, 412, 417
Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands 221
Eftirlit með úthafsveiðum 150
Eftirlits- og starfrækslugjöld fyrir radíótæki 288
Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir 417
Eftirlitsgjald af innfluttum plöntum 1% á tollverð 278
Eftirlitsgjald af innfluttum plöntum 2% á tollverð 278
Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitisins 288
Eftirlitsgjald til Löggildingarstofunnar 288
Eftirlitsgjöld með áburði og jarðvegsbætandi efnum 278
Eftirlitsgjöld með innfluttri sáðvöru 278
Eftirlitsgjöld vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins 287
Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga 174
Eftirlitsstofnun EFTA, ESA 135
Eignarskattar 69, 82, 300
Einkaleyfastofan 233, 288, 459, 460
Einkaleyfisgjald H.Í. 284
Einsetning grunnskóla 181, 404
Eiríksstaðanefnd 127, 354
Ekkju- og ekkilsbætur 186
Eldi sjávardýra 148
Ellilífeyrir 186
Embætti forseta Íslands 87, 321
Endurbótasjóður menningarstofnana 121, 349
Endurgreiddur kostnaður sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink 244
Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulagsmál 246
Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sem annast sjálf skipulagsmál sín ... 246, 475
Endurgreiðslur til sveitarfélaga 227
Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi 235, 460
Endurhæfingarlífeyrir 186
Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands 190

Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri 190
Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík 190
Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 190, 411
Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir 227
Endurvinnslan hf., skilagjald 245, 472, 474
Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé 83
Erfðafjárskattur 280
Evrópuráðið 135
Eyðing spilliefna 245

F

Faggilding hjá Löggildingarstofunni 288
Fagmennska í sauðfjárrækt 144, 371
Fangelsisbyggingar 171, 395
Fangelsismál 395
Fangelsismálastofnun ríkisins 169, 395
Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf 132
Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu 133
Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu 132
Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum
og aðalræðismaður Íslands í New York 131, 360
Fasteignamat ríkisins 222, 281, 288, 382, 394, 440, 441
Fasteignir forsætisráðuneytis 91, 326, 327
Fasteignir framhaldsskóla 105, 340, 345
Fasteignir Héraðsskóla 105, 340
Fasteignir ríkissjóðs 225, 394, 440, 442
Fálkaorðan 87
Fellaskjól, Grundarfirði 199
Fellsendi, Búðardal 200
Ferðamál 457
Ferðamál og markaðsstarf 228
Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994 ..... 232, 457
Ferðamálaráð 231, 457
Ferðamálasamtök landshluta 232
Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda 228
Ferðamálasjóður 72, 268, 492, 500
Ferjubryggjur 230
Félag heyrnarlausra 184
Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi 128
Félagasamtök, styrkir 184
Félagið Heyrnarhjálp 193, 428
Félagsdómur 182
Félagsmálaráðuneyti 69, 174, 397, 400, 401, 489
Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa 174, 400, 401
Félagsmálaráðuneyti, C-hluti 263

Félagsmálaskóli alþýðu 183, 405
Félagsþjónusta við nýbúa 184
Fiskeldisrannsóknir 146, 372
Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla 148, 376
Fiskistofa 150, 279, 376, 377
Fiskræktarsjóður 146, 279, 372, 373
Fisksjúkdómagjald 284
Fiskveiðisamningar 148
Fiskvinnsluskólinn 345
Fíkniefnaeftirlit 129
Fíkniefnamál 159
Fjárfestingarstofan, almennt svið 240
Fjárfestingarstofan, orkusvið 236
Fjárlagakerfi 226
Fjárlagavefur 68
Fjármagnskostnaður 312
Fjármagnstekjuskattur 219, 223, 439
Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði 82
Fjármagnstekjuskattur og afskrifaðar kröfur 439
Fjármálaeftirlitið 239, 288, 466
Fjármálaráðuneyti 69, 215, 429, 433, 483
Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa 215, 433
Fjármálaráðuneyti, B-hluti 256, 483
Fjárreiður lánastofnana í C-hluta 72
Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta 71
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri 190, 420, 426
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra 109, 285
Fjölbrautaskóli Suðurlands 110, 285
Fjölbrautaskóli Suðurnesja 108, 285
Fjölbrautaskóli Vesturlands 108, 285
Fjölbrautaskólinn Ármúla 107, 285
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 107, 285
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ 111, 286
Fjölskylduráð 174
Fjölsóttir ferðamannastaðir 232, 457
Flensborgarskóli 108, 285
Flugleiðsöguþjónusta vegna innanlandsflugs 288
Flugmál 455
Flugmálastjórn 230, 282, 286, 288, 358, 359, 455
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli 129, 286, 359
Flugstöð Leifs Eiríkssonar 355
Flugvallargjald 282
Flugvellir 231, 277, 282, 288, 455, 456
Flugvellir, framkvæmdir 231
Flutningsjöfnun 466
Flutningsjöfnunargjald af sementi 282

Flutningsjöfnunargjald á olíuvörur. 282
Flutningsjöfnunargjöld 83
Flutningssjóður olíuvara 239, 282, 466
Flutningssjóður sements 239, 282, 466
Foreldrar utan vinnumarkaðar 183, 406
Forfallakennsla 106
Forsendukerfi innheimtugagna 226
Forsætisráðuneyti 69, 90, 323, 325
Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa 90, 325
Forúrskurðir í skattamálum 219
Forvarnasjóður 208, 281, 428
Forvarnastarf í skólum 127
Fóðureftirlitsgjald af innflutningi 278
Fóðureftirlitsgjald af innlendri framleiðslu 278
Fóðursjóður 145, 279, 372
Framhaldsskólar 340
Framhaldsskólar, almennt 106, 278, 340, 346
Framhaldsskólar, óskipt 107, 346
Framhaldsskólar, stofnkostnaður 106, 340, 345
Framhaldsskóli Vestfjarða 104, 285
Framhaldsskólinn á Húsavík 112, 286
Framhaldsskólinn á Laugum 112, 286
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu 111, 286
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 109, 285
Framkvæmd búvörusamnings 137, 368
Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál 174
Framkvæmdasjóður aldraða 193, 281, 426
Framkvæmdasjóður fatlaðra 180, 280, 403
Framkvæmdasýsla ríkisins 223
Framkvæmdir á Alþingisreit 88, 322
Framlag Bandaríkjanna til löggæslu 286
Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands 86, 284
Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO 230
Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar 91
Framlag úr Framkvæmdasjóði aldraða 200
Framleiðnisjóður landbúnaðarins 72, 144, 260, 372, 487
Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða 147, 289
Framleiðslugjald af áli 84
Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðarins 372
Friðargæsla 135
Fríðuhús, Reykjavík 200, 425
Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA 135
Fræðistörf 124
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna 228
Fullorðinsfræðsla fatlaðra 113, 340
Fylgiréttargjald í Myndlistarsjóð Íslands 278

Fyrirhleðslur 141
Fæðingarorlof 183, 186, 281, 414
Fæðingarorlofssjóður 183, 277, 311, 405, 406, 413, 414

G

Gagnalínukostnaður 169, 393
Garðávaxtasjóður 145, 372
Garðvangur, Garði 195
Garðyrkjuskóli ríkisins 140, 368, 369
Geislavarnir ríkisins 189, 287, 364, 417, 419
Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða 184
Gigtarráð 190
Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands 190
Gistiheimili RKÍ, Reykjavík 200
Gjafsóknir 93
Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum 83, 282
Gjald af óskírum tekjum vatnsaflstöðva 279
Gjald af skírum veiðitekjum veiðifélaga 279
Gjald af sláturleyfishöfum fyrir yfirmat á kjöti, gærum og ull 287
Gjald af veiðikorti 283
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra 82, 281
Gjald vegna eftirlits um borð í fiskiskipum 279
Gjald vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum 287
Gjald vegna matvælaeftirlits Yfirdýralæknis 278
Gjald vegna sérstakrar þjónustu á sviði mengunarvarna 288
Gjald vegna yfireftirlits og úrtaksskoðana Löggildingarstofu 282
Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla 150, 287, 376
Gjöf Jóns Sigurðssonar 90
Gjöld fyrir einkaleyfi 288
Gjöld fyrir hönnunarvernd 288
Gjöld fyrir læknishjálp o.fl. 84
Gjöld fyrir vörumerki 288
Glímusamband Íslands 126
GPS-staðsetningarkerfi 228
Greiðslur fyrir þjónusta Póst- og fjarskiptastofnunar samkvæmt verðskrá 288
Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni 227
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu 371
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu 143, 279, 371
Greiðslur vegna riðuveiki 147, 372
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu 143, 371
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 180, 403
Grund, Reykjavík 199
Grunnskólar og leikskólar 347
Grunnskólar, almennt 117, 347
Grænlandssjóður 90

Gæða- og þjónustumál skattstofa 219, 436

H

Hafnabótasjóður 72, 267, 491
Hafnabótasjóður, framlag 230
Hafnamannvirki 230, 453
Hafrannsóknastofnunin 149, 376, 377
Hafsbotnsrannsóknir 236, 462
Hagnaður af einkasölu 83
Hagræn skipting gjalda í A-hluta 277
Hagstofa Íslands 69, 241, 288, 467
Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa 241, 288
Hagþjónusta landbúnaðarins 141, 368
Hallgrímskirkja 171
Handbært fé frá rekstri 496
Handbært fé frá rekstri A-hluta ríkissjóðs 70
Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar 90
Happdrætti Háskóla Íslands 71, 252, 480
Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður 102, 333, 339
Háskólar og rannsóknir 333
Háskóli Íslands 95, 278, 284, 333, 336
Háskólinn á Akureyri 98, 284, 333, 337
Háskólinn í Reykjavík 99, 338
Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis 124
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti 69, 185, 408, 410, 421, 504
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa 185
Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum 139
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi 193, 289, 417, 418, 428
Heilbrigðisstofnanir 422
Heilbrigðisstofnun Austurlands 213, 422, 425
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga 212, 422, 423
Heilbrigðisstofnunin Akranesi 209, 420
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi 211
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík 210
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík 210
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga 211
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ 210
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði 209
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki 212
Heilbrigðisstofnunin Selfossi 213, 420
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði 212
Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum 214
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum 213
Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða árið 2001 495
Heilsugæsla í Kópavogi 207

Heilsugæsla í Reykjavík 202
Heilsugæslustöðin Borgarnesi 203
Heilsugæslustöðin Búðardal 204
Heilsugæslustöðin Dalvík 204
Heilsugæslustöðin Garðabæ 207
Heilsugæslustöðin Grundarfirði 203
Heilsugæslustöðin Hafnarfirði 207
Heilsugæslustöðin Hveragerði 206
Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri 205
Heilsugæslustöðin Laugarási 206
Heilsugæslustöðin Lágmúla 202
Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík 202
Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ 208
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði 204
Heilsugæslustöðin Ólafsvík 203
Heilsugæslustöðin Rangárþingi 206
Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi 208
Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal 205
Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn 207
Heilsugæslustöðvar án tengsla við sjúkrahús 423
Heilsugæslustöðvar, almennt 201, 422, 423, 424, 426, 427
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands 198
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík 202
Heimildir 76
Heimili fyrir börn og unglinga 176
Heimilisuppbót 186
Hestamiðstöð Íslands 127, 228, 235
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands 189, 417, 418
Héraðsdómstólar 155, 384
Héraðslæknir á Norðurlandi eystra 188, 417
Héraðslæknir í Reykjavík 188, 417
Héraðsskjalasöfn 119
Héraðsskógar 142, 370
Hið íslenska bókmenntafélag 124
Hið íslenska fornritafélag 124
Hitaveitur á köldum svæðum 236
Hjallatún, Vík 199
Hjartavernd, rannsóknarstöð 193
Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM 134
Hjálpartæki 187
Hjúkrun í heimahúsum 187
Hjúkrunarheimili 200, 425
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum 196
Hjúkrunarheimilið Eir 195, 426
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði 196
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði 196

Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu 196
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn 197
Hjúkrunarheimilið Skjól 195
Hjúkrunarheimilið Skógarbær 196
Hlaðgerðarkot 197
Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða 199
Hlíðabær, Reykjavík 200
Hlutdeild Forvarnasjóðs í áfengisgjaldi 281
Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana Vinnumálastofnunar 182
Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi 280
Hluti Fæðingarorlofssjóðssjóðs í almennu tryggingargjaldi 281
Hluti Reykjavíkurborgar í rekstri Myndlista- og handíðaskólans 284
Hluti Seðlabanka Ísland í rekstri Vísindasjóðs 86, 284
Hluti Seðlabanka Íslands í rekstri Þjóðhagsstofnunar 284
Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði 86
Hlutur ríkisins í flughermi fyrir flugskóla 228, 450
Hollustuvernd ríkisins 244, 283, 288, 472, 474
Holtsbúð, Garðabæ 200, 425, 426
Hóladómkirkja 171
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal 140, 369
Hrafnista, Hafnarfirði 199
Hrafnista, Reykjavík 199
Hrafnseyri 90
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum 199, 426
Hreindýraráð 244, 283, 472
Hugbúnaðargerð fyrir BÁR 226
Hugbúnaðargerð fyrir bókhalds- og starfsmannakerfi 226
Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi 226
Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi 226
Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi 226
Hugbúnaðargerð fyrir staðlað rekstrarframtal 226
Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi 226
Húsafriðunarsjóður 123, 348, 351
Húsnæði löggæslustofnana 159, 385
Húsnæði og búnaður sýslumanna 169, 392, 394
Húsnæði ríkisskattstjóra, Laugavegi 164 225
Húsnæði sýslumanns í Kópavogi 169, 394
Húsnæði sýslumanns í Reykjavík 169, 394
Húsnæði sýslumanns í Stykkishólmi 169, 394
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað 115
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík 115
Hæstiréttur 88, 155, 322, 384
Höfði, Akranesi 199
Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi 117
Höfundaréttarsjóður 122
Höfundarréttargjald 278

Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við kirkjulegar athafnir 122, 278
Höfundarréttargjöld 122, 350, 351
Hönnunarsafn Íslands 118, 349

I

Icepro-nefnd 238
Iðja og iðnaður, framlög 235, 282
Iðnaðarmál 460
Iðnaðarmálagjald 84, 282
Iðnaðarrannsóknir og stóriðja 234
Iðnaðarráðuneyti 69, 233, 457, 459, 484, 492
Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa 233, 459
Iðnaðarráðuneyti, B-hluti 258
Iðnaðarráðuneyti, C-hluti 269
Iðnsaga Íslands 124
Iðnskólinn í Hafnarfirði 115, 286
Iðnskólinn í Reykjavík 114, 286
Iðntæknistofnun Íslands 233, 369, 460
Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum 287
Innheimta meðlaga 154
Innheimtar afborganir veittra lána 498
Innheimtukostnaður 220, 434
Innheimtuskilakerfi 226
Íbúaskrá Hagstofu Íslands 288
Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna 266, 491
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild 72, 263
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir 72, 264, 490
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán 72, 265, 490
Íslensk málstöð 97, 337
Íslensk tónverkamiðsstöð 124
Íslenska óperan 124
Íslenski dansflokkurinn 121, 348
Íslenskt bókasafn við háskólann í Manitoba, Kanada 90
Íslenskukennsla 106
Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands 125
Íþróttamiðstöð Íslands 126
Íþróttasamband fatlaðra 126
Íþróttasjóður 126

J

Jaðar, Ólafsvík 199
Jafnréttisstofa 175, 401, 402
Jarðabætur á lögbýlum og ýmis þróunarverkefni 144
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 146, 287, 372

Jarðhitaleit ... 236
Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna ... 134
Jöfnun á námskostnaði ... 118, 347
Jöfnun húsaleigubóta ... 181, 404
Jöfnunargjald til Póst- og fjarskiptastofnunar vegna alþjónustu ... 282
Jöfnunargreiðslur ... 143
Jöfnunarsjóður sókna ... 173, 289, 395
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ... 181, 289, 404

K

Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög ... 70, 498
Kaup og aflahlutur sjómanna ... 187
Keflavíkurflugvöllur ... 358
Keldnaholt ... 152
Kennaraháskóli Íslands ... 99, 284, 333, 337
Kennslueftirlit ... 106
Kirkjugarðar ... 172
Kirkjugarðasjóður ... 172
Kirkjugarðsgjöld ... 172, 289, 395, 396
Kirkjugarðssjóður ... 289
Kirkjumál ... 395
Kirkjumálasjóður ... 172, 289, 395
Kirkjumiðstöð Austurlands ... 171
Kjaradómur og kjaranefnd ... 227, 311
Kjararannsóknarnefnd ... 182, 406
Kjararannsóknir ... 227
Kjarasamningar ... 227
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri ... 199
Kosningar ... 154, 382
Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi ... 194, 428
Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga ... 184, 407
Kostnaður skv. 3.- 5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraða ... 193
Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975 ... 194
Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs ... 169, 393
Kostnaður vegna lögræðislaga ... 154
Kostnaður vegna samnings við ÍSAL ... 235
Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit ... 193
Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning ... 193
Krabbameinsfélag Íslands, styrkir ... 193
Kristnihátíðarsjóður ... 93, 289, 326
Kristnisjóður ... 172, 395
Krossgötur, endurhæfingarheimili ... 184
Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili ... 194
Kumbaravogur, Stokkseyri ... 199
Kvennaathvarf í Reykjavík ... 184

Kvennaskólinn í Reykjavík 105, 285
Kvikmyndahátíð í Reykjavík 124
Kvikmyndasafn Íslands 123
Kvikmyndasjóður 123, 348, 351
Kvikmyndaskoðun 118, 286, 352
Kvótaþing 151, 279, 376
Kynsjúkdómar, alnæmi 194
Kærunefnd húsnæðismála 174
Kærunefnd jafnréttismála 174
Kærunefndir fjöleignarhúsamála og húsaleigumála 174

L

Lagasafn 153, 382
Landafundanefnd 90
Landamærastöðvar 150, 377
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði 139, 369
Landbúnaðarráðuneyti 69, 137, 365, 368, 487
Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa 137, 368
Landbúnaðarráðuneyti, C-hluti 260
Landbúnaðarstofnanir 368
Landflutningasjóður 228, 449
Landgræðsla ríkisins 141, 370
Landgræðslu- og skógræktaráætlanir 137
Landgræðslusjóður 142, 370
Landhelgisgæsla Íslands 159, 385, 390
Landhelgissjóður Íslands 160, 385
Landlæknir 188, 417, 418, 426
Landmælingar Íslands 246, 283, 474, 475
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn 119, 349
Landshlutabundin skógrækt 143, 370
Landskrá fasteigna 222, 394, 430, 441
Landspítali, háskólasjúkrahús 191, 287
Landssamband KFUM og KFUK 125
Landsvegir 229
Landþurrkun 137
Langamýri í Skagafirði 171
Launa- og verðlagsmál 226, 440
Launagjöld A-hluta ríkissjóðs 311
Launagreiðslukerfi 226
Launasjóður höfunda fræðirita 124
Launasjóður stórmeistara í skák 126
Lánasjóður íslenskra námsmanna 72, 118, 259, 277, 347, 487, 497
Lánasjóður landbúnaðarins 72, 145, 261, 279, 372, 488, 500
Lánasýsla ríkisins 224, 440
Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs 70

Lántökur á árinu 2000 494
Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir 73
Leiðaflugsgjöld vegna innanlandsflugs 84
Leiga á lóðum og landréttindum 84
Leiguíbúðir 175, 407
Lendingabætur 230
Lendingargjald vegna millilandaflugs 286
Lendingargjöld o.fl. 84
Lendingargjöld vegna innanlandsflugs 288
Leyfi til rekstrar ferðaskrifstofu 281
Leyfis- og eftirlitsgjöld Vegagerðarinnar af flutningum á landi 281
Leyfisgjald af veiðileyfi vegna hreindýraveiða 283
Lindargata, Reykjavík 200
Listaháskóli Íslands 100, 284, 333, 338
Listahátíð í Reykjavík 124
Listamannalaun 289
Listasafn ASÍ 120
Listasafn Ásgríms Jónssonar 120
Listasafn Einars Jónssonar 119
Listasafn Íslands 120
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar 121
Listasjóðir 123, 289, 348, 351
Listdansskólinn 116
Listir, framlög 123, 278, 348, 350, 351
Listskreytingasjóður 123, 348
Lífeyrir og eftirlaun 437
Lífeyrissjóður alþingismanna 221
Lífeyrissjóður bænda 143, 227, 444
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga 221
Lífeyrissjóður ráðherra 221
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins 221
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun 221, 437
Lífeyristryggingar 186, 277, 281, 412, 414
Lóðarleiga á varnarsvæðum 286
Lyf 187
Lyfjaeftirlitsgjald 281
Lyfjastofnun 193, 281, 287, 412, 417, 419
Lyfjaverðsnefnd 193, 428
Læknaráð 188
Læknavaktin 203
Læknishéraðasjóður 192, 423
Lækniskostnaður 186, 415
Lög- og réttindaskráning sjómanna 228
Lögbirtingablað 153, 287, 382
Lögbundin framlög 289
Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana 156

Löggildingarstofa 238, 282, 288, 466
Löggæsla og öryggismál 385
Löggæsla vegna skemmtanahalds 159
Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir 85
Lögregluskóli ríkisins 157, 385, 387
Lögreglustjórinn í Reykjavík 157, 280, 385, 388

M

Makabætur 186
Manneldisráð 190, 417
Mannréttindaskrifstofa Íslands 128, 154
Mannúðarmál og neyðaraðstoð 134
Markaðar tekjur 278
Markaðsgjald 84, 278, 364
Markaðsleyfi Lyfjastofnunar 287
Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku 228
Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu 228
Mat á búvörum 137
Mat á skólastarfi 106, 346
Mat á umhverfisáhrifum 245
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO 134
Matvælasetur 148
Málefni barna og ungmenna 402
Málefni fatlaðra 176, 190, 403, 428
Málefni fatlaðra, Austurlandi 178
Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 178
Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra 178
Málefni fatlaðra, Reykjanesi 177
Málefni fatlaðra, Reykjavík 176, 403
Málefni fatlaðra, Suðurlandi 179
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum 178
Málefni fatlaðra, Vesturlandi 177
Málskostnaður í opinberum málum 155, 384
Meðdómsmenn 155
Meðferðarstöð ríkisins 176
Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992 ..... 184, 407
Mengunareftirlitgjald 288
Menningarhátíð landsbyggðarinnar 124, 352
Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO 135
Menningarsjóður 122, 348, 351
Menningarsjóður félagsheimila 124
Menningarsjóður útvarpsstöðva 351
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður 121, 278, 348, 350
Menntamálaráðuneyti 69, 95, 329, 480, 487
Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa 95

Menntamálaráðuneyti, B-hluti 251
Menntamálaráðuneyti, C-hluti 259
Menntaskólinn að Laugarvatni 103
Menntaskólinn á Akureyri 103, 284
Menntaskólinn á Egilsstöðum 104, 285
Menntaskólinn í Kópavogi 105, 285
Menntaskólinn í Reykjavík 102, 284
Menntaskólinn við Hamrahlíð 103, 284
Menntaskólinn við Sund 104, 285
Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna 125
Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna 222, 437, 438
MS-félag Íslands, Reykjavík 200
Múlabær, Reykjavík 200
Myndlistarsjóður Íslands, fylgiréttargjald 122
Myndlistarskólinn Akureyri 106
Myndlistarskólinn í Kópavogi 107
Myndlistarskólinn í Reykjavík 107
Mæðra - og feðralaun 186

N

Nám tannsmiða 106
Nám táknmálstúlka 113
Námsaðstoð 347
Námsefnisgerð 106
Námsgagnastofnun 117, 347, 349
Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum 183
Námskeið skipstjórnarmanna 106
Námsleyfi lögfræðinga 154
Námsskrárgerð 106
Náttúrufræðihús 339
Náttúrufræðistofnun Íslands 247, 476
Náttúrugripasöfn 242
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn 243, 472, 473
Náttúrustofa Bolungarvík 247
Náttúrustofa Neskaupstað 247
Náttúrustofa Sandgerði 248
Náttúrustofa Sauðárkróki 248
Náttúrustofa Stykkishólmi 247
Náttúrustofa Vestmannaeyjum 247
Náttúrustofur 247, 476
Náttúruvernd ríkisins 243, 472, 473
Náttúruverndarráð 242, 472
Nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði 193
Nemandaígildi 343
Neyðarsímsvörun 158, 385, 388

Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum 83
Neytendasamtökin 238, 465
Niðurgreiðsla á rafhitun 236
Niðurgreiðslur á ull 143
Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO 137
Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO 148
Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis 91
Norðurlandsskógar 143
Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið 135, 364
Norræn samvinna 125, 352, 383, 428
Norræna eldfjallastöðin 102
Norræna ráðherranefndin 91, 326, 327
Norræni heilsugæsluskólinn 194
Norræni verkalýðsskólinn í Genf 183
Notendur utan samveitna 236
Nýjungar í skólastarfi 106
Nýlistasafn 121
Nýskipan orkumála 236
Nýsköpun og markaðsmál 235, 461
Nýsköpunarsjóður 72, 102, 493
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins 72, 271, 493
Nýting innlendra orkulinda 236

O

Ofanflóðasjóðsgjald 283
Ofanflóðasjóður 247, 283, 474
Opinber réttaraðstoð 156, 384
Opinberar heimsóknir 87
Orator, almenn lögfræðiaðstoð 154
Orðabók Háskólans 97
Orkumál 461
Orkumálasvið 235
Orkurannsóknir 235
Orkusjóður 72, 236, 269, 461, 492
Orkustofnun 235, 461
Orlof kennara 106
Óbyggðanefnd 93, 326, 327
Ólympíuleikar í eðlisfræði 106
Ólympíunefnd fatlaðra 126
Ólympíusamband fatlaðra 353
Óskipt framlag til breytinga á daggjöldum 200, 426

P

Persónuvernd ... 156, 384, 385
Póst- og fjarskiptamál ... 456
Póst- og fjarskiptastofnunin ... 231, 288
Prófgjöld ... 84, 287, 288
Prófgjöld bifreiðastjóra ... 287
Prófgjöld vegna prófa dómtúlka og skjalaþýðenda ... 287
Prófgjöld vegna prófa fasteignasala ... 287
Prófgjöld vegna verklegra prófa á vegum Vinnueftirlits ríkisins ... 287
Prófgjöld vegna þjónustu loftferðareftirlits Flugmálastjórnar ... 288

R

Rafmagnsveitur ríkisins ... 71, 258, 459, 484, 497, 502
Rannsóknadeild fisksjúkdóma ... 96
Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði ... 158
Rannsóknanefnd flugslysa ... 231, 455, 456
Rannsóknanefnd sjóslysa ... 228
Rannsóknarnámssjóður ... 101
Rannsóknarráð Íslands ... 100, 333, 487
Rannsóknasetrið Vestmannaeyjum, humarrannsóknir ... 102
Rannsóknaskip ... 149
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ... 234, 460
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins ... 149, 376, 377
Rannsóknastofnun landbúnaðarins ... 138, 278, 368, 369
Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála ... 99, 333
Rannsóknastöð að Kvískerjum ... 242
Rannsóknastöðin Mógilsá ... 142
Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum ... 242
Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum ... 100, 338
Rannsóknir og þróunarstarfsemi ... 315
Ratsjárstofnun ... 71, 254, 482
Raunvísindastofnun Háskólans ... 96
Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna ... 184
Reiðvegir ... 229
Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól ... 225, 440, 442
Rekstrargjald vegna starfssemi á sviði póst- og fjarskipta ... 282
Rekstrargjöld A-hluta ríkissjóðs ... 310
Rekstrarleiga tölvubúnaðar fyrir skattkerfið ... 219, 436
Rekstrarreikningur ríkissjóðs ... 291
Rekstraryfirlit A-hluta ríkissjóðs ... 69
Rekstur flugvalla ... 231
Rekstur lögreglubifreiða ... 157
Rekstur strandarstöðva ... 231
Reykjalundur, Mosfellsbæ ... 200

Reykjavík, menningarborg Evrópu árið 2000 ..... 124, 348
Reykjavíkurakademían 340
Reynslusveitarfélagið Akureyri 200, 205
Reynslusveitarfélagið Hornafjörður 200, 205
Reynslusveitarfélög 174
Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga 156
Réttargæslumenn 155
Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora 100, 336, 337, 338
Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag 90
Ritun sögu Stjórnarráðsins 90
Ríkisábyrgðir 73
Ríkisbókhald 215, 433
Ríkisendurskoðun 89, 322
Ríkisfjárhirsla 215, 433
Ríkiskaup 224, 440
Ríkislögmaður 93, 326, 327
Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli 129
Ríkislögreglustjóri 157, 280, 385, 386
Ríkissaksóknari 156, 385
Ríkissáttasemjari 175, 401, 402
Ríkisskattstjóri 216, 434, 435
Ríkisstjórn 88, 322
Ríkisstjórnarákvarðanir 226, 440
Ríkistollstjóri 220, 434, 436
Ríkisútvarpið 71, 121, 252, 277, 286, 348, 482

S

Safnahús 92, 326, 327
Safnvegir 229
Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag 90
Sala á landi og jarðeignum 85
Sala eigna 305
Sala hlutabréfa og eignarhluta 70, 498
Sala jarðeigna jarðasjóðs 287
Sambýli vegna útskrifta af Kópavogshæli 176
Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa 216
Sameinuðu þjóðirnar, UN 134
Samgönguráðuneyti 69, 228, 281, 445, 448, 483, 491
Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa 228, 281, 448
Samgönguráðuneyti, B-hluti 257, 483
Samgönguráðuneyti, C-hluti 267
Samkeppnisstofnun 239, 466
Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn 135
Samningur um eftirlit með tæknilegum viðskiptahindrunum 128, 358
Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi 124

Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða ... 178
Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra ... 178
Samningur við héraðsnefnd Þingeyinga um þjónustu við fatlaða ... 178
Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um þjónustu við fatlaða ... 179
Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða ... 179
Samræmd próf ... 117
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra ... 113, 352
Samskipti við Vestur-Íslendinga ... 128
Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar ... 232
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið ... 197
Samtök iðnaðarins ... 234, 282, 460, 461
Sauðfjárveikivarnir ... 139
Schengen-samstarf ... 160, 385, 390
Sektir á skatttekjur ... 84
Seljahlíð, Reykjavík ... 199
Sendiráð Íslands í Berlín ... 130
Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu ... 132
Sendiráð Íslands í Helsinki ... 133
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn ... 130
Sendiráð Íslands í London ... 130
Sendiráð Íslands í Moskvu ... 130
Sendiráð Íslands í Ottawa ... 133, 361
Sendiráð Íslands í Ósló ... 131
Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO ... 131
Sendiráð Íslands í Peking ... 132
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi ... 131
Sendiráð Íslands í Tókíó ... 133
Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastanefnd hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu ... 132
Sendiráð Íslands í Washington ... 131
Sendiráð og fastanefndir ... 360
Sendiráð, almennt ... 133
Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka ... 87
Sérkennsla ... 106, 346
Sérstakar greiðslur í landbúnaði ... 147, 289, 372, 373
Sérstakt vörugjald af bensíni ... 83, 303
Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni ... 281
Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs ... 282
Sérstakur eignarskattur, lögaðilar ... 278
Sérstakur eignaskattur, einstaklingar ... 278
Sérstakur tekjuskattur ... 82
Sérstök heimilisuppbót ... 186
Sértekjur ... 310
Sértækir eignarskattar á aðrar eignir ... 83
Sértækir eignarskattar á fasteignir ... 83
Siðaráð ... 188
Siglingamál ... 452

Siglingastofnun Íslands 229, 282, 288, 452
Sinfóníuhljómsveit Íslands 71, 122, 253, 348, 482
SIRENE-skrifstofur 379
Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið 227
Símenntun og fjarvinnsluverkefni 113, 340
Sjálfsbjörg Akureyri 190
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun 198
Sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa 228, 449
Sjávarútvegsráðuneyti 69, 148, 373, 375, 488
Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa 148, 375
Sjávarútvegsráðuneyti, C-hluti 262
Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna 134
Sjóðir til að styrkja menningararf og rannsóknir 326
Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs 70
Sjóðstreymi ríkissjóðs 291
Sjóður til aðstoðar minni daggjaldastofnunum 200
Sjóður til eflingar atvinnulífs í Mývatnssveit 235
Sjóður til síldarrannsókna 150, 287, 376
Sjómannaskólahúsið 116, 340
Sjómannastofur 184
Sjónstöð Íslands 189, 417
Sjóvarnargarðar 230
Sjúklingatryggingar 187, 412, 417
Sjúkradagpeningar 187
Sjúkraflug 201
Sjúkraflutningar 201, 423
Sjúkraflutningar og ferðir innan lands 187
Sjúkraflutningaráð 188
Sjúkrahús á Suðvesturlandi og deildarskipt sjúkrahús 420
Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi 191, 412, 420, 421, 426, 427
Sjúkrahús og læknisbústaðir 192, 426, 427
Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis 187
Sjúkrastofnanir og heilsugæsla 419
Sjúkrastofnanir SÁÁ 197
Sjúkratryggingar 186, 277, 412, 414
Skaftholt 179
Skammtímalán ríkissjóðs 70
Skatta- og tollamál 434, 435, 436
Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld 219
Skattar á tekjur og hagnað 299
Skattar á vörur og þjónustu 301
Skatteftirlit 216, 219
Skattrannsóknarstjóri ríkisins 220, 434
Skattstofa Austurlands 218
Skattstofa Norðurlands eystra 217
Skattstofa Norðurlands vestra 217

Skattstofa Reykjaness 219, 435
Skattstofa Suðurlands 218
Skattstofa Vestfjarða 217
Skattstofa Vestmannaeyja 218
Skattstofa Vesturlands 217
Skattstofan í Reykjavík 216, 435
Skattur á fjármagnstekjur 82
Skattvinnslukerfi 226
Skáksamband Íslands 126
Skákskóli Íslands 126
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ 180
Skálholtsskóli 171
Skálholtsstaður 171
Skerðingarákvæði 75
Skilagjald á einnota umbúðir 283
Skipagjald 282
Skipulag miðhálendis 245
Skipulagsgjald 283
Skipulagsmál 474
Skipulagsmál sveitarfélaga 246, 283, 474, 475
Skipulagsstofnun 245, 474, 475
Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum 353
Skjólskógar, Vestfjörðum 143
Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda 288
Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara 288
Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld 85
Skoðunargjald kvikmynda 286
Skoðunargjöld til Vinnueftirlits ríkisins 287
Skógrækt og landgræðsla 370
Skógrækt ríkisins 142, 370
Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði 142
Skógræktarfélag Íslands 137
Skólaakstur 118
Skólagjöld 84
Skólaíþróttir 126
Skráning vinnuvéla 280
Skriðuklaustur 127
Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME 242
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna 152, 376, 378
Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF 242
Skýrsluvélakostnaður 226, 433, 440, 443
Slysastofugjöld Landspítalans 287
Slysatryggingar 187, 281, 412, 417
Slysavarnafélagið Landsbjörg 228, 388, 449
Slysavarnaráð 188
Slysavarnaskóli sjómanna 228, 449

Snorrastofa 127
Sóknargjöld 172, 289, 395
Sóknargjöld til annarra trúfélaga 172
Sóknargjöld til Háskóla Íslands 172
Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar 172
Sólheimar Grímsnesi 180
Sóltún, Reykjavík 199, 425, 426
Sólvangur, Hafnarfirði 191
Spilliefnagjald 283
Spilliefnasjóður 245, 283, 472
St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi 209
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði 194, 420
Staðlaráð 235
Starfsemi atvinnuleikhópa 124
Starfsemi áhugaleikfélaga 124
Starfsemi hljómsveita 124
Starfsmenntasjóður 182, 406
Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit 181
Stimpilgjöld 83
Stígamót 184
Stjórnarráðsbyggingar 225
Stjórnarráðshús 90
Stjórnartíðindi 153, 382
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 97, 336
Stofnun Sigurðar Nordals 96
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar 248, 476
Stofnverndarsjóðsgjald búfjár 279
Stofnverndarsjóður búfjár 145, 279, 372
Stórstúka Íslands 193
Styrking dreifikerfis í sveitum 236, 457, 462
Styrkir til ferja og sérleyfishafa 229
Styrkir til fiskvinnslustöðva 182, 406
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga 245, 472, 474
Styrkir til útgáfumála 124
Styrktarfélag vangefinna 179, 400, 404
Styrkur til stjórnmálaflokka í samræmi við heimild í 7. gr. 227
Styrkvegir 229
Stýrimannaskólinn í Reykjavík 114, 286
Suðurlandsskógar 143
Sumardvalarheimili í Reykjadal 190
Sumarólympíuleikar í Sydney 353
Sunnuhlíð, Kópavogi 194, 426
Sveinsbréf 278
Sveitarfélög 404
Sýslumaðurinn á Akranesi 161
Sýslumaðurinn á Akureyri 165

Sýslumaðurinn á Blönduósi ... 163
Sýslumaðurinn á Eskifirði ... 166
Sýslumaðurinn á Hólmavík ... 163
Sýslumaðurinn á Húsavík ... 165
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli ... 167
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði ... 166
Sýslumaðurinn á Ísafirði ... 163
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli ... 129, 286, 358, 359
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði ... 165
Sýslumaðurinn á Patreksfirði ... 162
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki ... 164
Sýslumaðurinn á Selfossi ... 168
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði ... 166
Sýslumaðurinn á Siglufirði ... 164
Sýslumaðurinn í Bolungarvík ... 162
Sýslumaðurinn í Borgarnesi ... 161
Sýslumaðurinn í Búðardal ... 162
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði ... 169
Sýslumaðurinn í Keflavík ... 168
Sýslumaðurinn í Kópavogi ... 169
Sýslumaðurinn í Reykjavík ... 160
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi ... 161
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum ... 168
Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal ... 167
Sýslumenn ... 392
Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu ... 228
Söfn, listastofnanir og fleira ... 348
Söfn, ýmis framlög ... 120, 349
Sögufélagið ... 124
Söluhagnaður hlutabréfa ... 85

T

Tannlækningar ... 187
Tannverndarsjóður ... 194, 289
Tapaðar kröfur og tjónabætur ... 224, 439
Tekin löng lán ríkissjóðs ... 70
Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2001 ... 297
Tekjubókhaldskerfi ... 226
Tekjuhorfur 2000 ... 296
Tekjujöfnuður ... 69
Tekjuskattar einstaklinga ... 299
Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla ... 82
Tekjuskattur lögaðila ... 82
Tekjutrygging ellilífeyrisþega ... 186
Tekjutrygging örorkulífeyrisþega ... 186

TETRA-fjarskiptakerfið 386
Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar 226, 443
Tilkynningaskylda íslenskra skipa 228
Tilraunastöð Háskólans að Keldum 96, 284
Tilraunastöðin Stóra-Ármóti 137
Tjónabætur 224
Tollafgreiðslugjöld til Sýslumannsins í Keflavík 286
Tollafgreiðslugjöld til Tollstjórans í Reykjavík 287
Tollar og aðflutningsgjöld 83
Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli 129
Tollstjórinn í Reykjavík 221, 287, 434, 436
Tóbaksvarnir 194, 289
Tónlist fyrir alla 124
Tónlistarsaga Íslands 124
Tónlistarskólinn í Reykjavík 116
Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum 227
Tryggingabætur, niðurgreiðslur og önnur framlög 311
Tryggingagjald 82, 280, 281, 282
Tryggingagjald, almennt, hluti Ice-Pro nefndar 282
Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyristrygginga 281
Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs 282
Tryggingagjald, almennt, hluti Vinnueftirlits ríkisins 280
Tryggingamál 412
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga 183, 280, 405
Tryggingastofnun ríkisins 185, 407, 412, 413, 415
Tungutækni 126, 352, 353
Tæknisjóður 101
Tækniskóli Íslands 98, 284, 333, 337
Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins 169, 393
Tölvumiðstöð fatlaðra 176
Tölvuvæðing bókasafna 121, 349

U

Umboðsmaður Alþingis 88, 322
Umboðsmaður barna 92, 326
Umferðarráð 158, 280, 287, 385
Umferðaröryggiseftirlitsgjald 280
Umhverfisgjald 304
Umhverfismál 304
Umhverfisráðuneyti 69, 242, 469, 471
Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa 242, 471
Umhverfisvernd 472
Umhverfisvöktun 242
Umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins 281
Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar 182

Umsýslustofnun varnarmála 71, 255, 482
Umönnunarbætur 186
Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku 90, 325
Undirbúningur að smíði varðskips 159, 389
Ungmennafélag Íslands 125
Uppkaup á greiðslumarki 144
Upplýsingakerfi sýslumanna 169, 394
Uppsalir, Fáskrúðsfirði 200, 425
Upptækur afli og veiðarfæri (landhelgisbrot og sekt) 287
Utanríkisráðuneyti 69, 128, 286, 354, 357, 482
Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa 128, 286, 357
Utanríkisráðuneyti, B-hluti 254
Úrskurðarnefnd almannatrygginga 193, 428
Úrskurðarnefnd félagsþjónustu 174
Úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála 174
Úrskurðarnefnd í póst- og fjarskiptamálum 228, 450
Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál 242
Úrskurðarnefnd upplýsingalaga 90
Útboðs- og einkavæðingarverkefni 90
Útflutningsgjald á hross 146, 279, 372
Útflutningsgjöld 83
Útflutningsmál 364
Útflutningsráð Íslands 135, 278
Útgáfa hæstaréttardóma 155
Útgáfa lyfjaskráa 194
Útgáfa skírteina og þinglýsingar 85
Útgáfa skírteina til að stjórna farandvinnuvélum 287
Útgáfa úrskurða í skattamálum 219
Útgáfa ökuskírteina 169
Útgjaldahorfur næstu fjögur árin 313
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum 222, 440, 442
Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni 125, 352
Útlendingaeftirlitið 160, 385, 391
Úttekt á stjórnunar- og eignatengslum fyrirtækja á íslenskum markaði
að beiðni þingflokks Samfylkingarinnar 238
Útvarpsréttarnefnd 127
Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða 201, 423

V

Varnarmálaskrifstofa 128
Vaxtabætur 223, 277, 439
Vaxtagjöld ríkissjóðs 69, 250, 308, 477
Vaxtatekjur 69, 84, 287
Vaxtatekjur sjóðs til síldarrannsókna 287
Veðurstofa Íslands 248, 476

Veðurþjónusta fyrir millilandaflug 248
Veðurþjónustugjald vegna innanlandsflugs 288
Vefsetur fjárlaga 68
Vegagerðin 229, 277, 281, 313, 451
Vegamál 451
Veiðieftirlitsgjald 279
Veiðileyfi hreindýraráðs 283
Veiðimálastjóri 138, 368
Veiðimálastofnun 138, 368, 369
Veiðistjóri 243, 283, 472, 473
Veitt löng lán 497
Veitt löng lán ríkissjóðs 70
Veitt stutt lán ríkissjóðs 70
Veitt stutt lán, nettó - viðskiptareikningar 496
Verðjöfnunargjöld og útflutningsskýrslur 219
Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings 227
Verðlagsforsendur 306
Verðlagsmál 440
Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða 137
Verðlagsráð sjávarútvegsins 148
Verðlagsstofa skiptaverðs 151, 376
Verðmiðlun landbúnaðarvara 145, 279, 372
Verðmiðlunargjöld landbúnaðarins 279
Verðtilfærslugjald á innvegna mjólk 279
Verðtilfærslugjald á mjólk 143
Verkefnissjóður tungutækni 126
Verkefnisstjórn um slysavarnir fyrir börn og unglinga 194
Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva 187, 412, 417
Verkmenntaskóli Austurlands 110, 285
Verkmenntaskólinn á Akureyri 110, 285
Vernd Breiðafjarðar 242
Verslunarskóli Íslands 117, 340
Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn 92
Vesturfarasetrið á Hofsósi 90, 325
Vesturlandsskógar 143
Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri 126
Vetrarsamgöngur og völuflutningar 228
Vélskóli Íslands 114, 286
Viðhald sjúkrahúsa, óskipt 192, 427
Viðhald stjórnarráðsbygginga 225
Viðskipta- og tölvuskólinn 107, 346
Viðskiptaháskólinn á Bifröst 99, 333
Viðskiptakröfur 70
Viðskiptamál 466
Viðskiptaráðuneyti 69, 238, 463, 465, 493
Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa 238, 465

Viðskiptaráðuneyti, C-hluti 271
Viðskiptaskuldir 70
Vinnueftirlit ríkisins 175, 280, 287, 401, 402
Vinnumál 182, 405
Vinnumálastofnun 181, 405
Virðisaukaskattur 69, 83, 298, 301
Virkjanarannsóknir 236
Vistheimilið að Sólheimum, Grímsnesi 180
Vistheimilið Bjarg 198
Vistheimilið Skálatúni 180
Vistmenningarmiðstöð á Sólheimum í Grímsnesi 244
Vistun ósakhæfra afbrotamanna 199
Vitabyggingar 230
Vitagjald 282
Víðines 197
Vísindasiðanefnd 193, 428
Vísindasjóður 101, 284
Vopnaleitargjald 286
Vottorð frá Geislavörnum ríkisins 287
Vottorð frá Siglingamálastofnun 288
Vottorð Hagstofu Íslands 288
Vöktun á Eyjafjallajökli og Kötlu 227
Vörugjald af bensíni 303
Vörugjald af ökutækjum 303
Vörugjöld 83

Y

Yfirdýralæknir 139, 278, 287, 368
Yfirfasteignamatsnefnd 222
Yfirskattanefnd 219, 434
Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi 83
Ýmis leyfi Lyfjastofnunar 281
Ýmis leyfis- og skráningargjöld 83
Ýmis orkumál 236, 461, 462
Ýmis sameiginleg útgjöld sendiráða og fastanefnda 133
Ýmis umhverfisverkefni 242, 472
Ýmis viðskipta- og bankamál 238
Ýmis viðskiptamál 240, 466
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs 225, 440, 442

Þ

Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi 128
Þátttaka í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni 236, 462
Þjóðgarðar og friðlýst svæði 243

Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur 242
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 93, 326, 328
Þjóðhagsforsendur tekjuáætlunar 296
Þjóðhagsstofnun 91, 284, 326
Þjóðkirkja Íslands 171
Þjóðleikhús 122, 348
Þjóðminjasafn Íslands 118, 349
Þjóðskjalasafn Íslands 119, 349
Þjóðskráin 241
Þjónusta við upplýsingakerfi sýslumanna 169, 393, 394
Þóknun Kvótaþings fyrir skráningu á kvótatilboðum 279
Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP 134
Þróunarmál og alþjóðastofnanir 363
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi 134, 363
Þróunarsamvinnustofnun Íslands 134, 360, 363
Þróunarsjóðsgjald á aflamark 280
Þróunarsjóðsgjald á skip 280
Þróunarsjóður EFTA 135
Þróunarsjóður leikskóla 117
Þróunarsjóður sjávarútvegsins 72, 151, 262, 280, 378, 488, 498
Þróunarstarf í grunnskólum 117
Þungaskattur 83, 219, 281, 305, 435, 436
Þungaskattur af díselbifreiðum, km-gjald 281
Þungaskattur, fast árgjald 281
Þýðingamiðstöð 128, 357, 358
Þýðingarsjóður 123

Æ

Æðsta stjórn ríkisins 69, 87, 319
Æskulýðsmál 125, 352
Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi 125, 353
Æskulýðsrannsóknir 125
Æskulýðsráð ríkisins 125

Ö

Ökuhermar fyrir grunnskólabörn 158
Ökunám 158
Örnefnastofnun Íslands 98
Örorkulífeyrir 186
Örorkustyrkur 186
Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE 135

2. Þjóðhagsáætlun [2. mál]

fyrir árið 2001.

(Lögð fram af forsætisráðherra 2. október 2000.)

I. Inngangur og yfirlit um helstu niðurstöður

Íslenskur þjóðarbúskapur er öflugri nú en nokkru sinni áður. Hagvöxtur hefur verið nær 5% að meðaltali frá miðjum síðasta áratug og kaupmáttur heimilanna hefur aukist til samræmis við hann. Á sama tíma hefur störfum fjölgað um 15.000 og atvinnuleysi minnkað úr 5% af vinnuaflinu niður í 1,5%. Verðbólga hefur verið lítil þótt um hríð hafi hún verið nokkru meiri en æskilegt er. Þá hafa umskipti í ríkisfjármálum snúið hallarekstri hins opinbera í umtalsverðan afgang. Á þessu ári stefnir í um 19 milljarða króna afgang borið saman við 13,4 milljarða króna halla árið 1995. Þann skugga ber þó á þessa hagstæðu mynd að viðskiptahalli hefur aukist. Það verður eitt helsta verkefni hagstjórnar á næstu missirum að leggja grunn að minnkun hallans.

Mynd 1. Fjölgun starfa og þróun atvinnuleysis 1995–2000



Þessi hagfellda þróun á sér rætur í traustu efnahagsumhverfi og stöðugleika sem hefur glætt vöxt í mörgum greinum atvinnulífsins. Markaðsumbætur, aukin samkeppni og skýrari leikreglur hafa leitt af sér aukna framleiðni og verðmætasköpun á breiðum grunni. Í þessu umhverfi hafa nýjar atvinnugreinar blómstrað; hátæknifyrirtæki í lífefnaiðnaði og hugbúnaðargerð hafa náð ótrúlegum árangri á fáum árum. Nýja hagkerfið („the New Economy") hefur því sett svip sinn á efnahagsþróunina og virðast Íslendingar standa framarlega á því sviði eins og tölur sýna um vöxt slíkra fyrirtækja og aðgang að Netinu. Einnig hefur verið mikill vöxtur í ýmsum „hefðbundnum" greinum á undanförnum árum, m.a. hefur framleiðsla áls stóraukist og ferðaþjónusta hefur eflst. Þá hafa Íslendingar verið að hasla sér völl erlendis í ríkari mæli en áður, ekki síst á sviði hátækniiðnaðar, sjávarútvegs og fjármála.

Kennileitin í íslensku efnahags- og atvinnulífi hafa því breyst mikið á tiltölulega skömmum tíma. Þjóðarbúskapurinn hefur nú á sér alþjóðlegan blæ þar sem í aðalatriðum gilda sömu leikreglur og meðal þeirra þjóða sem hafa náð lengst. Þetta er án efa besta leiðin til að tryggja efnahag landsmanna í framtíðinni. Ríkisstjórnin mun því byggja áfram á þeim grunni sem hér hefur verið lagður á undanförnum árum þar sem hornsteinarnir eru opinn markaðsbúskapur, stöðugleiki, skýrar leikreglur og öflugir innviðir til að búa í haginn fyrir framfarir í atvinnulífinu.

Hagvaxtarskeiðið hefur leitt til þess að kjör heimila hafa stórbatnað. Til marks um það stefnir í að kaupmáttur ráðstöfunartekna verði um 23% meiri á þessu ári en hann var 1995. Á sama tíma hefur einkaneysla aukist um 36%, eða um 110 milljarða króna sem samsvarar um 1,5 milljónum króna á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Við þetta má bæta að mörg heimili og einstaklingar hafa fært sér í nyt ný tækifæri til sparnaðar og fjárfestinga sem leitt hafa af opnun hagkerfisins, sölu ríkisfyrirtækja og eflingu innlends hlutabréfamarkaðar.

Því er ekki að leyna að mikill vöxtur í efnahagslífinu undanfarin ár hefur reynt verulega á hagkerfið. Þetta hefur birst í ýmsum myndum. Þar er tvennt mikilvægast. Annars vegar hefur verðbólga verið í efri mörkum þess sem viðunandi er og hins vegar hefur viðskiptahalli aukist mikið. Athuganir á þenslustiginu í hagkerfinu endurspegla þessa þróun en þær benda til að landsframleiðslan sé nú 2–3% umfram jafnvægisstig þegar til lengri tíma er litið. Í þessu felst mikið álag á hagkerfið og fyrir vikið er brýnt að vöxtur eftirspurnar og umsvifa verði undir jafnvægisvexti á næsta ári. Þannig má stuðla að því að það dragi úr þenslu og búa í haginn fyrir nýja framfarasókn sem þarf að byggja á jafnvægi og aukinni framleiðni og verðmætasköpun. Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar miðar að þessu markmiði. Af þessu leiðir að fylgt verður mjög aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum og peningamálum og við það miðað að þjóðarútgjöldin aukist ekki um meira en 1,5–2%. Þetta ætti að nægja til að slá verulega á þensluna.

Í ljósi þessarar stefnu eru horfur á að hagvöxtur verði mun minni á næsta ári en hann hefur verið undanfarin ár. Þannig er nú gert ráð fyrir að landsframleiðslan aukist um 1,6% samanborið við 3,6% á þessu ári og umrædd 5% að meðaltali frá miðjum tíunda áratugnum. Hagvaxtarhorfur fyrir næstu árin þar á eftir eru óljósari. Þegar litið er til áranna 2001–2005 má ætla að framan af tímabilinu verði hann fremur hægur en aukist eftir því sem á það líður. Í þessu efni skiptir hins vegar miklu máli hvernig til tekst með framþróun hátækniiðnaðar og hagnýtingu upplýsingatækninnar, þ.e. nýja hagkerfið gæti skilað meiru en hefðbundin spálíkön gera ráð fyrir. Jafnframt standa nú yfir viðræður um byggingu nýs álvers á Austurlandi. Ef af byggingu þess verður yrði hagvöxturinn auðvitað meiri en reiknað er með í þessari spá.

Mynd 2. Þróun þjóðartekna og þjóðarútgjalda 1990–2005



Á forsendum spárinnar um þróun einkaneyslu, samneyslu og fjárfestingar aukast þjóðarútgjöldin í heild um 1,7% milli áranna 2000 og 2001. Til samanburðar stefnir í rúmlega 5% aukningu þeirra á þessu ári. Þótt þannig hægi verulega á vexti þjóðarútgjalda samkvæmt spánni minnkar viðskiptahallinn ekki, einkum vegna minni fiskafla og hærri vaxtagreiðslna af erlendum lánum. Gert er ráð fyrir að verðbólgan á mælikvarða vísitölu neysluverðs minnki á næsta ári. Spáð er um 4% hækkun hennar í stað 5% á þessu ári. Talið er að kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist svipað og á þessu ári og að atvinna verði áfram mikil, þótt eitthvað slakni á spennu á vinnumarkaði.

Hér á eftir er lýst stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Í framhaldi er fjallað um ástand og horfur í þjóðarbúskapnum. Jafnframt fylgja rammagreinar um valin efni og töfluviðauki.

II. Efnahagsstefnan

Staða efnahagsmála hér á landi er í grundvallaratriðum traust. Þetta má meðal annars rekja til aðhaldssamrar efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar undanfarin ár og margvíslegra aðgerða til þess að styrkja undirstöður atvinnulífsins og treysta afkomu heimilanna. Ríkisstjórnin hefur í þessu skyni beitt sér fyrir víðtækum skipulagsbreytingum á mörgum sviðum, meðal annars í lífeyrismálum, skattamálum og á fjármagnsmarkaði. Einnig hefur verið unnið að undirbúningi frekari skipulagsbreytinga, m.a. einkavæðingar Landssímans og áframhaldandi sölu á hlutabréfum í ríkisbönkunum. Þetta er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar að halda áfram einkavæðingu ríkisfyrirtækja, einkum þeirra sem eru í samkeppni við fyrirtæki í eigu einkaaðila.

Ríkisfjármál

Mikilvægasta verkefni hagstjórnar er að varðveita þann árangur í efnahagsmálum sem náðst hefur á undanförnum árum og tryggja áframhaldandi stöðugleika í íslensku efnahagslífi. Staða ríkisfjármála er hér í lykilhlutverki þar sem brýnt er að móta stefnu, ekki einungis fyrir næsta ár, heldur til nokkurra næstu ára til þess að skapa aukna festu í hagstjórn. Það er

raunhæft markmið að greiða niður skuldir ríkissjóðs þannig að peningalegar eignir ríkisins verði meiri en skuldir á árunum 2003–2004. Að því markmiði verður stefnt.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2001 gerir ráð fyrir meiri afgangi á ríkissjóði en nokkru sinni fyrr, eða um 30 milljörðum króna sem svarar til ríflega 4% af landsframleiðslu. Þetta er einsdæmi í íslenskri hagsögu. Samkvæmt þessu eru horfur á að þriðja árið í röð verði afgangur á ríkissjóði meiri en 20 milljarðar króna, eða samanlagt um 80 milljarðar króna frá árinu 1999. Þessi mikli afgangur hefur fyrst og fremst verið nýttur til þess að grynnka á skuldum með þeim árangri að hreinar skuldir ríkissjóðs munu lækka úr 170 milljörðum króna í árslok 1997 í 100 milljarða í lok ársins 2001. Hrein skuldastaða í hlutfalli við landsframleiðslu lækkar þannig úr 32½% í 14%, eða um meira en helming. Þetta er einstæður árangur sem hefur skipað Íslandi í fremstu röð í þessum efnum meðal sambærilegra ríkja.

Sterk staða ríkisfjármála hefur hamlað gegn innlendri eftirspurn að undanförnu og þannig stuðlað að auknu jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Mikilvægt er að halda áfram á sömu braut og fylgja aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum á næstu árum, auk þess sem sala á eignahlut ríkisins í ýmsum fyrirtækjum, einkum á fjármála- og fjarskiptamarkaði, getur skilað umtalsverðum tekjum í ríkissjóð. Þessar forsendur gefa færi á stórfelldri lækkun skulda ríkissjóðs á næstu árum.

Þessi þróun hefur átt sinn þátt í að tryggja meiri hagvöxt hér á landi á síðustu árum en í helstu nágrannaríkjunum. Kaupmáttur heimilanna hefur einnig aukist hröðum skrefum og atvinnuleysi er ekki lengur fyrir hendi. Þá hefur tekist að skapa meiri stöðugleika á vinnumarkaði með kjarasamningum til næstu 3–4 ára sem stuðlar að traustara starfsumhverfi fyrir fyrirtæki og launafólk og efnahagslífið almennt.

Á síðari hluta árs 1999 og fram á mitt þetta ár gætti vaxandi verðbólgu. Auk þess hefur viðskiptahalli aukist. Slík þróun er þó ekki einskorðuð við Ísland enda eru vaxandi verðbólga og aukinn viðskiptahalli gjarnan fylgifiskar uppsveiflu í efnahagslífinu, ekki síst þegar hún er eins kröftug og hér hefur verið.

Þá er mikilvægt að hafa í huga að viðskiptahallinn nú stafar ekki af skuldsetningu ríkissjóðs heldur annarra aðila í þjóðfélaginu. Þessi þróun endurspeglar trú þessara aðila á möguleikum sínum til endurgreiðslu þessara skulda og þar með traust þeirra á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og áframhaldandi stöðugleika í íslensku efnahagslífi. Stefna ríkisstjórnarinnar að undanförnu hefur miðað að því að styrkja stöðu ríkissjóðs sem hefur skilað þeim árangri að afgangur á ríkissjóði hefur farið vaxandi ár frá ári sem hefur að stærstum hluta gengið til þess að lækka skuldir ríkisins. Jafnframt hefur sterk staða ríkissjóðs verið mikilvægt mótvægi gegn áhrifum aukinnar skuldasöfnunar annarra aðila á innlenda eftirspurn og viðskiptahalla.

Í þessu sambandi er einnig rétt að hafa í huga að erlendar eignir Íslendinga, einkum í hlutabréfum, hafa stóraukist á undanförnum árum. Árið 1994 var nálega engin fjárfesting í erlendum hlutabréfum, en í lok ársins 1999 var hún komin í 124 milljarða og 155 milljarða um mitt ár 2000. Sú ávöxtun sem þessi fjárfesting skilar þjóðarbúinu kemur nú í vaxandi mæli fram á tekjuhlið viðskiptajafnaðar og vegur á móti auknum vaxtakostnaði vegna erlendra skulda.

Upp á síðkastið hafa komið fram sífellt fleiri vísbendingar um að hægt hafi á innlendri eftirspurn. Vöxtur innflutnings er í rénun og bílainnflutningur hefur dregist saman frá síðasta ári. Einnig hefur fasteignaverð verið tiltölulega stöðugt síðustu mánuði og dregið hefur úr fjölda lánsumsókna í húsnæðiskerfinu. Allt eru þetta vísbendingar um minnkandi innlenda eftirspurn og að fram undan sé tímabil meiri verðstöðugleika. Engu að síður verður það brýnt verkefni á næstu árum að draga verulega úr viðskiptahalla.

Peningamál

Aðgerðir í peningamálum eru annar mikilvægur þáttur hagstjórnar en þær hafa að undanförnu beinst að því að hamla gegn ofþenslu og verðbólgu. Aðgerðir í peningamálum og stefnan í ríkisfjármálum hafa því beinst að sama markmiði stöðugleika í hagkerfinu.

Seðlabankinn brást við vaxandi verðbólgu með því að hækka vexti auk þess sem nýjar reglur um laust fé lánastofnana voru settar í lok síðasta árs. Þær stuðla að varkárni í rekstri lánastofnana og hóflegri notkun skammtímalána til fjármögnunar á umsvifum þeirra. Munur innlendra og erlendra skammtímavaxta jókst í ár og hefur ekki verið meiri frá því höft á fjármagnshreyfingum á milli Íslands og umheimsins voru að fullu afnumin árið 1995. Aðhald peningastefnunnar jókst þó ekki eins mikið og vaxtamunurinn gæti gefið til kynna þar sem verðbólguvæntingar almennings og aðila á fjármagnsmarkaði jukust.

Aðhaldssöm stefna Seðlabankans leiddi til þess að gengi krónunnar hækkaði á síðasta ári og fram eftir árinu 2000. Gengishækkunin var nauðsynleg í ljósi vaxandi verðbólgu. Til þess að skapa svigrúm fyrir frekari hækkun gengisins voru vikmörk þess víkkuð í febrúar úr 6% til beggja handa frá miðgengi í 9%. Um leið hækkaði Seðlabankinn vexti sína. Í kjölfarið hækkaði gengi krónunnar og náði hámarki í apríl og maí þegar það fór út fyrir eldri 6% vikmörkin. Í júní og júlí lækkaði gengi krónunnar, m.a. vegna verri horfa í sjávarútvegi. Seðlabankinn brást við þróuninni á gjaldeyrismarkaði í júní og júlí með því að selja erlendan gjaldeyri í talsverðum mæli og átti það sinn þátt í að gengi krónunnar lækkaði ekki meira en raun varð á. Gengislækkun krónunnar felur að jafnaði í sér slökun á aðhaldi peningastefnunnar en gengislækkunin er einnig vísbending um aukna óvissu á gjaldeyrismarkaði sem kann að draga úr erlendri lántöku.

Mikill viðskiptahalli setur peningastefnuna í nokkurn vanda. Hátt gengi krónunnar, sem er bæði fylgifiskur og ein af helstu miðlunarleiðum aðhaldssamrar peningastefnu, stuðlar að lægri verðbólgu en ella, bæði beint í gegnum innflutningsverð og óbeint vegna áhrifa hærra gengis á hagnað og fjárfestingu fyrirtækja. Óhjákvæmileg hliðaráhrif gengishækkunar eru að til skamms tíma eykur hún viðskiptahallann. Peningastefnan verður hins vegar að horfa lengra fram á veg og til lengdar mun aðhaldssöm stefna skila sér í hjöðnun eftirspurnar.

Þótt aðhald peningastefnunnar hafi vaxið jafnt og þétt allt frá árinu 1996 er tiltölulega stutt síðan áhrifanna tók að gæta með áþreifanlegum hætti og enn hefur ekki dregið nægilega úr vexti útlána. Á sama tíma og skammtímavextir hækkuðu lækkuðu vextir verðtryggðra langtímaskuldabréfa, einkum á árinu 1998. Einkaneysla og fjárfesting eru mun næmari fyrir breytingum á langtímaraunvöxtum en skammtímavöxtum.

Verðtryggðir langtímavextir tóku loks að hækka á ný í byrjun síðasta árs og undanfarið ár hafa þeir, þ.m.t. verðtryggðir bankavextir, hækkað umtalsvert. Því má ætla að peningastefnan hafi ekki haft veruleg áhrif til þess að draga úr umsvifum almennings og fyrirtækja fyrr en á þessu ári. Aðhaldið í peningamálum hefur hins vegar skilað sér í lægri verðbólgu en ella sakir hærra gengis. Auk þess dregur úr möguleikum fyrirtækja í erlendri samkeppni til að láta undan þrýstingi um launaskrið og vilji og geta til fjárfestingar verður minni.

Þótt nokkuð virðist hafa dregið úr verðbólgu er hún enn of mikil. Markmið peningastefnunnar verður að draga úr verðbólgu á næstu einu til tveimur árum þannig að hún verði svipuð og í helstu viðskiptalöndum þjóðarinnar. Þjóðhagsáætlun fyrir árið 2001 gerir ráð fyrir að verulega dragi úr vexti innlendrar eftirspurnar. Gangi það eftir gefst hugsanlega tilefni til að slaka á aðhaldi peningastefnunnar. Fyrr en þess sjást skýr merki að verðbólga sé tekin að hjaðna að marki og dregið hefur verulega úr vexti útlána verður þó ótímabært að slaka á aðhaldinu.

Orku- og iðnaðarmál

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að haldið verði áfram uppbyggingu orkufreks iðnaðar og leitað samstarfs við erlenda jafnt sem innlenda fjárfesta um fjármögnun.

Ný yfirlýsing stjórnvalda, Landsvirkjunar og íslenskra og norska fjárfesta um álvers- og orkuframkvæmdir á Austurlandi var undirrituð 24. maí sl. Eins og kunnugt er felur yfirlýsingin í sér verulegar breytingar frá fyrri áformum bæði að því er varðar áfangaskiptingu verkefnisins og tímasetningar. Nú er stefnt að mun stærri byrjunaráfanga en áður og Kárahnúkavirkjun með veitu úr Jökulsá í Fljótsdal í stað Fljótsdalsvirkjunar með lóni á Eyjabökkum. Þessi áfangaskipting og virkjunarútfærsla er talin hagkvæmari en fyrri hugmyndir. Yfirlýsingin felur í sér skuldbindingu þeirra er að henni standa um vinnuferli og samningagerð sem hefur það að markmiði að það liggi fyrir ekki seinna en 1. febrúar 2002 hvort ráðist verði í verkefnið. Þar að baki liggur að framkvæmdir við Kárahnúkavirkjun geti byrjað sumarið 2002 og álverið geti hafið framleiðslu árið 2006.

Viðamikil undirbúnings- og þróunarvinna er hafin í samræmi við yfirlýsinguna og miðar verkinu vel áfram. Þar er m. a. um að ræða vinnu við mat á umhverfisáhrifum fyrir virkjun við Kárahnúka og Fljótsdalsmiðlun, rafmagnslínur, álver og höfn í Reyðarfirði, rannsóknir á virkjunarsvæðum, arðsemisathuganir, undirbúning fjármögnunar og samningagerð af margvíslegu tagi. Við bætist vinna við að styrkja innri gerð byggðar á Austurlandi þannig að samfélagið verði betur í stakk búið til að taka á móti umræddum framkvæmdum og rekstri álvers. Þetta verkefni, ef af verður, er stærsta verkefni sem ráðist hefur verið í á Íslandi.

Upplýsingatækni

Upplýsinga- og fjarskiptatækni er nú orðin ómissandi hjálpartæki flestra atvinnugreina og rafræn viðskipti og rafræn stjórnsýsla eru í örri þróun.

Á síðustu árum hefur upplýsingatækniiðnaði vaxið fiskur um hrygg. Verðmæt störf hafa skapast og útflutningur er vaxandi. Mikilvægt er að hlúa að upplýsingatækniiðnaði og skapa honum þau skilyrði að hann geti vaxið enn frekar á næstu árum. Vinna þarf að endurskoðun laga og reglna og stuðla að auknu framboði menntunar á sviði upplýsingatækni.

Starfandi eru nefndir sem undirbúa innleiðingu tilskipana Evrópusambandsins á sviði rafrænna viðskipta og rafrænna undirskrifta í íslensk lög.

Opinberir aðilar leggja nú áherslu á að ganga á undan með góðu fordæmi og taka upp rafræn opinber viðskipti og rafræna stjórnsýslu.

Rannsóknir og þróun

Rannsóknir hagfræðinga á undanförnum árum hafa sýnt að veruleg fylgni er á milli árangurs í efnahagsmálum annars vegar og rannsókna og þróunarstarfs hins vegar. Þessa hefur vissulega gætt hér á landi. Þær atvinnugreinar sem nú eru í hvað mestri sókn eiga það sameiginlegt að drifkraftur þeirra er einmitt rannsóknir og þróun. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lögð veruleg áhersla á þátt rannsókna og þróunar í þágu nýsköpunar atvinnulífs. Atvinnustefna og stefna í mennta- og menningarmálum verða æ samofnari í því þekkingarþjóðfélagi sem einkennir íslenskt samfélag. Þannig hefur ríkisstjórnin lagt áherslu á atvinnugreinar sem byggja á þekkingu og menntun, svo sem listir og menning. Á því sviði hefur náðst meiri árangur en vænst var.

Frá 1995 til 1999 jukust opinber útgjöld til rannsókna og þróunarstarfs um tæplega 38% á föstu verðlagi. Starfsemi einkaaðila hefur stóreflst á þessu sviði. Skipulagsbreytingar í hagkerfinu, ekki síst opnun fjármagnsmarkaðar og efling hlutabréfamarkaðar, hafa gjörbreytt möguleikum framsækinna einkafyrirtækja til að stunda rannsóknir og þróun. Útgjöld til

málaflokksins í heild hafa vaxið hröðum skrefum á undanförnum árum. Útgjöldin eru þó ekki markmið í sjálfu sér heldur verður fyrst og fremst að huga að árangri starfseminnar. Í þeim efnum þarf að leggja áherslu á að tengja framlög við árangur í ríkari mæli en gert hefur verið. Menntamálaráðuneytið áformar að gera rannsóknasamninga við stofnanir á háskólastigi þar sem framlög verða að hluta tengd árangri. Einnig verður áfram stefnt að því að efla menntun á háskólastigi.

Íslenska rannsóknasamfélagið hefur notið umtalsverðs ávinnings af þátttöku í alþjóðlegu samstarfi, ekki síst í Rammaáætlun Evrópusambandsins, eins og ítarleg úttekt um þátttöku okkar í fjórðu áætluninni sýnir fram á. Við blasir að leggja grunn að efni sjöttu áætlunarinnar. Evrópusambandið undirbýr nú Evrópskt rannsóknasvæði í tengslum við nýju áætlunina, en með því yrði til í álfunni sameiginlegur markaður fyrir vísindi og þekkingu. Einnig liggja fyrir áform um að móta sameiginlega vísindastefnu fyrir Evrópu. Um leið og alþjóðavæðing rannsókna og þróunar verður æ mikilvægari er nauðsynlegt að styrkja innviði innlendrar starfsemi. Fyrir liggur að að efla samvinnu milli innlendra rannsóknastofnana.

III. Ástand og horfur
1. Staða og horfur í þjóðarbúskapnum

1.1 Helstu niðurstöður

Framvinda efnahagsmála á þessu ári hefur mótast af gagnverkandi kröftum. Annars vegar hefur eftirspurn haldið áfram að aukast eins og undanfarin ár en hins vegar hafa þjóðhagsleg skilyrði versnað. Þannig stefnir í 5,3% aukningu þjóðarútgjalda en hagvöxtur er talinn verða 3,6%. Þetta birtist enn skýrar í þróun útflutnings og innflutnings. Talið er að útflutningur í heild aukist nær helmingi minna en í fyrra en takturinn í innflutningi verði aftur á móti hinn sami. Fyrir vikið eykst viðskiptahallinn talsvert. Mikil spenna hefur verið á vinnumarkaði.

Reiknað er með að skilyrði útflutnings verði áfram erfið á næsta ári, m. a. vegna minni fiskafla og hás raungengis, en hins vegar er gert ráð fyrir að vöxtur innflutnings stöðvist. Hér að baki liggur að aðhaldssöm efnahagsstefna slái á þensluna og eftirspurnina í þjóðarbúskapnum. Á þessari forsendu aukast þjóðarútgjöld og landsframleiðsla svipað á næsta ári, en mun hægar en undanfarin ár. Óhjákvæmilegt er að hægja svona á efnahagsstarfseminni um tíma til að koma í veg fyrir að viðskiptahalli fari úr böndum. Að undanförnu hafa komið fram merki um að þenslan sé í rénun, m.a. hefur dregið úr verðbólgu. Spáð er að verðbólgan verði minni á næsta ári en á þessu ári. Viðskiptahallinn verður hins vegar áfram mikill þótt markmiðið um hægari vöxt þjóðarútgjalda náist. Af þessu má sjá að þjóðhagsspáin sem hér verður lýst hvílir á þeirri lykilforsendu að hagstjórnin verði nægilega aðhaldssöm til að tryggja verulega hægari vöxt þjóðarútgalda en undanfarin ár.

Aðrar helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

- Gert er ráð fyrir 3,8% hækkun vísitölu neysluverðs frá upphafi til loka árs 2000 og að hækkun á milli áranna 1999 og 2000 verði 5%. Í samræmi við horfur um minnkandi vöxt eftirspurnar er því nú spáð að heldur dragi úr verðbólgu á næsta ári. Reiknað er með að verðlag hækki um ríflega 3% frá upphafi til loka árs 2001 en 4% á milli áranna 2000 og 2001.
- Í ár er spáð 3,6% vexti landsframleiðslu og 5,3% vexti þjóðarútgjalda. Á árinu 2001 er búist við að hagvöxtur verði öllu minni eða 1,6% og að aukning þjóðarútgjalda verði 1,7%.

- Áætlað er að atvinnuleysi í ár verði um 1½% og hefur það ekki verið minna síðan í byrjun áratugarins. Þótt reiknað sé með að hægi á hagvexti á næsta ári er búist við að atvinnuleysi verði áfram innan við 2%.
- Útlit er fyrir um 1½% vöxt kaupmáttar ráðstöfunartekna á mann í ár og horfur eru á svipuðum vexti á næsta ári.
- Gert er ráð fyrir að aukning innflutnings verði heldur meiri í ár en á síðasta ári, eða 7%, en að vöxtur útflutnings verði nokkuð minni en á síðasta ári, eða um 2½%. Því er spáð að á næsta ári dragi lítillega úr bæði inn- og útflutningi. Gangi þetta eftir verður halli á viðskiptum með vöru og þjónustu í námunda við 40 milljarða króna bæði í ár og á næsta ári.
- Af þessum sökum og vaxandi vaxtagreiðslum af erlendum lánum er reiknað með auknum viðskiptahalla eða sem nemur um 8% af landsframleiðslu bæði á þessu ári og því næsta. Búist er við heldur minni halla á viðskiptajöfnuði á árunum 2002–2005 eða um 7–7½% af landsframleiðslu.
- Mikill viðskiptahalli og lántökur til fjárfestinga í erlendu áhættufjármagni birtast í hærri skuldastöðu þjóðarbúsins gagnvart útlöndum. Gert er ráð fyrir að hrein skuldastaða verði í lok árs um 78% af landsframleiðslu, eða 11½ prósentustigi hærri en um sl. áramót. Reiknað er með að hrein skuldastaða hækki í 85% af landsframleiðslu fyrir lok næsta árs.
- Vegna töluverðs vaxtar í erlendu áhættufjármagni versnar hrein erlend staða þjóðarbúsins hins vegar minna en skuldastaðan. Um síðastliðin áramót var hrein erlend staða neikvæð um 48½% af landsframleiðslu en reiknað er með að hlutfallið verði 55% í lok þessa árs og 59% árslok 2001.
- Horfur eru á að tekjuafgangur ríkis og sveitarfélaga nemi rúmum 19 milljörðum króna á þessu ári samkvæmt uppgjöri Þjóðhagsstofnunar eða 2,8% af landsframleiðslu. Gert er ráð fyrir tæplega 18½ milljarða króna afgangi árið 2001.
- Áætlað er að árlegur hagvöxtur tímabilsins 2002–2005 verði að jafnaði 2–2½%. Byggir sú áætlun meðal annars á því að hagkerfið leiti í framleiðslustig sem samræmist stöðugleika.

1.2 Yfirlit þjóðhagsspár

Hagvöxtur á árinu 2000 er áætlaður 3,6% sem er svipað og áður var gert ráð fyrir. Þetta er heldur minni hagvöxtur en á árinu 1999 þegar hann nam 4,4%. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að þjóðarútgjöld aukist um 5,3% á árinu 2000 samanborið við 4,7% á árinu 1999. Á móti vegur mun meiri halli á viðskiptum með vöru og þjónustu en var í fyrra.

Á árinu 2000 er gert ráð fyrir að einkaneysla aukist um 4% að magni sem er minni vöxtur en á undanförnum árum en þó umfram vöxt kaupmáttar ráðstöfunartekna. Þetta hefur í för með sér aukna skuldsetningu heimilanna. Þá hefur fjárfesting tekið við sér á ný eftir örlítinn samdrátt á síðasta ári og er gert ráð fyrir 11% aukningu á árinu. Vöxt fjárfestingar má aðallega rekja til aukinnar fjárfestingar í sjávarútvegi, og byggingarstarfsemi auk stækkunar Norðuráls og kaupa á hafrannsóknaskipi.

Búist er við að innflutningur vöru og þjónustu vaxi hraðar á þessu ári en útflutningur, eða um 7% á móti 2½% vexti útflutnings. Jöfnuður á viðskiptum með vöru og þjónustu versnar því enn og fer í 6% af landsframleiðslu samanborið við 4½% á árinu 1999. Af þessum sökum verður viðskiptajöfnuður óhagstæðari og er búist við að hallinn nemi 54 milljörðum króna samanborið við 40½ milljarð í fyrra.

Mynd 3. Hlutdeild einstakra liða ráðstöfunar í hagvexti 1998–2001



Búist er við að töluvert dragi úr umsvifum í efnahagslífi á árinu 2001, ekki síst vegna mikils samdráttar í aflaheimildum. Áætlað er að hagvöxtur nemi 1,6% sem er mun hægari vöxtur en síðustu fimm ár þegar hagvöxtur var á bilinu 3½-5%. Á árinu 2001 er gert ráð fyrir að einkaneysla vaxi um ríflega 2½% sem er í takt við aukningu í kaupmætti ráðstöfunartekna. Þá er gert ráð fyrir að samneysla aukist um 3% sem er heldur minna en áætlað er á árinu 2000. Á hinn bóginn er búist við að fjárfesting dragist saman um 1½%. Á þessum forsendum verður vöxtur þjóðarútgjalda í heild mun minni en á þessu ári, eða 1,7%. Vegna minni aflaheimilda er reiknað með töluverðum samdrætti í útflutningi sjávarafurða og útflutningi í heild. Vegna minni fjárfestingar og minni aukningar einkaneyslu er einnig gert ráð fyrir samdrætti í innflutningi, en þrátt fyrir það er útlit fyrir að viðskiptahalli minnki ekki á næsta ári, þ.e. verði áfram um 8% af landsframleiðslu.

Mynd 4. Einkaneysla, samneysla og fjárfesting 1990–2001



Tafla 1. Yfirlit þjóðhagsspár

	M.kr. 2000	Magnbreytingar frá fyrra ári, % 1998	1999	Áætlun 2000	Spá 2001
Einkaneysla	400.992	10,0	6,9	4,0	2,6
Samneysla	157.834	3,4	4,9	3,5	3,0
Fjármunamyndun	160.736	26,6	-0,8	11,1	-1,5
Þjóðarútgjöld alls	**719.562**	**12,3**	**4,7**	**5,3**	**1,7**
Útflutningur vöru og þjónustu	221.062	2,2	5,5	2,6	-0,9
Innflutningur vöru og þjónustu	261.565	23,3	6,1	7,0	-0,3
Landsframleiðsla	**679.059**	**4,5**	**4,4**	**3,6**	**1,6**
Þjóðarframleiðsla	**666.131**	**4,7**	**4,4**	**3,5**	**1,3**
Viðskiptakjaraáhrif	-	2,0	0,2	0,1	0,4
Þjóðartekjur	**666.131**	**6,7**	**4,6**	**3,6**	**1,6**
Viðskiptajöfnuður	**-54.035**	-	-	-	-
% af landsframleiðslu	-	-6,7	-6,5	-8,0	-7,9
Breyting kaupmáttar ráðstöfunartekna/mann (%)	-	7,2	4,5	1,5	1,5
Breyting neysluverðs (%)	-	1,7	3,4	5,0	4,0

1.3 Efnahagshorfur á næstu árum

Að jafnaði er mikil óvissa í spám um þróun efnahagsmála til lengri tíma en eins árs. Við núverandi efnahagsaðstæður er það um margt erfiðara þar sem þensla hefur verið mikil að undanförnu, verðbólga hærri en um margra ára skeið, skortur hefur verið á vinnuafli í sumum greinum og viðskiptahalli meiri en um árabil. Með því að gefa sér ákveðnar forsendur um ytri aðstæður þjóðarbúsins og stefnu í efnahagsmálum má gera sér í hugarlund hvert stefnir að óbreyttu. Hér er birtur framreikningur til áranna 2002–2005 sem ekki ber að líta á sem líklegustu niðurstöðuna heldur vísbendingu að gefnum ákveðnum forsendum.

Í þessum framreikningum er gert ráð fyrir að vöxtur landsframleiðslu í ríkjum OECD nemi um 2¾% að meðaltali og heldur hægi á vexti í viðskiptum landa á milli, en þetta er í samræmi við langtímaspá OECD. Þar er reiknað með að verðbólga í aðildarríkjunum verði stöðug, eða um 2% og atvinnuleysi haldist að meðaltali um 6%. Atvinnuleysi er talið aukast í Evrópu á meðan gert er ráð fyrir að það minnki í Bandaríkjunum.

Kjarasamningar á almenna markaðnum eru í gildi allt til ársins 2004 með grunnkaupshækkunum á bilinu 2¼–3% á ári. Í forsendum framreikninganna er gert ráð fyrir svipuðum grunnkaupshækkunum hjá hinu opinbera en samningar þeirra renna flestir út í október á þessu ári. Einnig er gert ráð fyrir svipaðri grunnkaupshækkun á árinu 2005.

Á árunum 2002–2005 er búist við að dragi úr vexti í efnahagslífi frá því sem nú er en hann verði þó meiri en gert er ráð fyrir á komandi ári. Þannig er reiknað með að hagvöxtur verði á bilinu 2–2½%. Við þennan hagvöxt má gera ráð fyrir að framleiðslan verði í samræmi við framleiðslugetu hagkerfisins og því ætti að slakna á þenslunni innan lands. En þrátt fyrir það verður áfram mikið ójafnvægi í viðskiptum við útlönd í þessum framreikningi. Samkvæmt honum verður viðskiptahalli verulegur allt tímabilið, þótt hann lækki nokkuð frá því sem nú er. Búist er við að hann verði á bilinu 7–7½% af landsframleiðslu. Það liggur því í augum uppi að helsta verkefni hagstjórnar verður að koma á betra jafnvægi í utanríkisviðskiptum landsins, þ.e. að koma á betra samræmi milli þjóðarútgjalda og þjóðartekna.

Reiknað er með að vöxtur einkaneyslu verði svipaður og á árinu 2001, eða 2½–3% á ári. Vöxtur samneyslu er áætlaður svipaður og hann var að meðaltali á árunum 1990-1999, eða 2½%. Í framreikningunum er gert ráð fyrir að fjárfesting dragist eilítið saman, eða um ½% að meðaltali á ári, en fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu haldist þó há, eða yfir 20%. Þá má búast við heldur meiri vexti útflutnings en innflutnings meðal annars vegna stækkunar Norðuráls og búast má við aukningu í útflutningi sjávarafurða eftir mikinn samdrátt á næsta ári. Þannig er gert ráð fyrir 3½% vexti útflutnings, en tæplega 3% vexti innflutnings. Jöfnuður á viðskiptum með vöru og þjónustu fer því úr halla sem nemur ríflega 5½% af landsframleiðslu árið 2001 í 4½% halla á árinu 2005. Hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins aukast hratt, fara úr 85% af landsframleiðslu á árinu 2001 í ríflega 100% á árinu 2005. Hrein staða þjóðarbúsins hækkar minna vegna fjárfestinga erlendis, eða úr 59% í 68% á þessum tíma.

Á tímabilinu 2002–2005 má búast við því að kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist um 1½–2% á ári, eða svipað og á árunum 2000 og 2001. Þá má búast við að atvinnuleysi aukist og fari yfir 2% á tímabilinu en á hinn bóginn lækki verðbólga og verði komin niður í 2–2½% í lok tímabilsins.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um stóriðjuframkvæmdir umfram stækkun Norðuráls sem lýkur á næsta ári. Ef ákvörðun verður tekin í samræmi við núverandi áætlun um byggingu álvers á Reyðarfirði mun stærstur hluti framkvæmdanna við byggingu álversins og byggingu Kárahnjúkavirkjunar verða á tímabilinu 2003–2005. Framkvæmdir munu hins vegar hefjast sumarið 2002 og álframleiðsla hefst árið 2006. Þessar framkvæmdir myndu hafa töluverð áhrif á framreikningana þar sem fjárfesting yrði mun hærri. Því yrði hagvöxtur hærri en hér er gert ráð fyrir en viðskiptajöfnuður myndi að sama skapi versna.

Rammi 1. Endurbætur á þjóðhagsreikningum

Þjóðhagsstofnun birti í ágúst síðastliðnum endurskoðaðar tölur um þjóðhagsreikninga fyrir tímabilið frá 1990 til 1999, sjá Frétt nr. 4/2000. Tilgangur endurskoðunarinnar var tvíþættur, annars vegar að færa íslenska þjóðhagsreikninga að nýjum erlendum staðli en hins vegar að endurbæta ýmsar fyrri matsaðferðir. Þegar á heildina er litið breytist fjárhæð landsframleiðslunnar óverulega við þessa endurskoðun og ýmist hækkar eða lækkar um ½ til 2%. Hún hækkar fyrri árin en lækkar síðari árin. Tilkoma nýja staðalsins ein og sér veldur hækkun öll árin um 1¼ til 1¾% en endurbætur vegna breyttra matsaðferða koma ójafnar niður einstök ár. Breyttar matsaðferðir tengjast nýlegum rannsóknum Þjóðhagsstofnunar við gerð uppruna- og ráðstöfunartaflna (e. supply and use tables) en með þeim er leitast við að tengja saman uppruna- og ráðstöfunarhlið þjóðhagsreikninga og eyða þeim mun sem verið hefur á milli uppgjörsaðferða. Sú vinna hefur staðfest fyrri vísbendingar um að nokkrir liðir á ráðstöfunarhlið væru ofmetnir og hefur verið tekið tillit til þessa nú.

Af einstökum liðum á útgjaldahlið landsframleiðslunnar tekur fjármunamyndunin mestum breytingum en hún hækkar um 9 til 14% einstök ár. Síðustu árin má rekja um fjórðung til þriðjung þessarar hækkunar til víðari skilgreiningar á fjármunamyndun samkvæmt nýja staðlinum en nú á meðal annars að telja hugbúnað til fjármunamyndunar. Þá hefur skipting kaupa á fólksbifreiðum milli einkaneyslu og fjármunamyndunar verið tekin til endurskoðunar og leiðir hún til hækkunar á fjármunamyndun en lækkunar á einkaneyslu. Ýmsir aðrir liðir einkaneyslunnar lækka. Má þar nefna rekstur bifreiða, útgjöld á veitinga- og gistihúsum og útgjöld til skemmtana. Þá hefur aðferðum við mat á leiguígildi íbúðarhúsnæðis verið breytt til samræmis við matsaðferðir annarra þjóða. Útgjöld velferðarstofnana og samtaka eru nú metin með formlegri hætti en áður og kemur að nokkru á móti lækkun á öðrum liðum einkaneyslunnar.

Samneyslan hækkar öll árin um 4 til 5% og má rekja megin hluta þeirrar breytingar til nýja staðalsins. Veldur þar mestu að nú á að færa til gjalda, þ.e. að meta sem samneyslu, afskrift samgöngumannvirkja en í eldri stöðlum voru slík mannvirki ekki afskrifuð.

Þegar á heildina er litið valda þessar breytingar allar nokkurri breytingu á innbyrðis vægi einkaneyslu, samneyslu og fjármunamyndunar í landsframleiðslu. Mest hækkar hlutfall fjármunamyndunar eða um 2 til 3% af landsframleiðslu síðustu árin og að sama skapi mælist sparnaður þjóðarbúsins meiri en fyrri niðurstöður gáfu til kynna.

Fjármunamyndun sem hlutfall af landsframleiðslu, %

	1990	1995	1996	1997	1998	1999
Eldri tölur	19,3	14,6	18,0	18,6	21,7	19,9
Nýjar tölur	20,8	16,7	20,2	20,9	24,6	22,8
Hækkun hlutfalls	1,5	2,1	2,3	2,2	2,9	2,9

Áhrifin á hagvöxt á tímabilinu eru hverfandi. Endurskoðaðar tölur sýna að landsframleiðsla hefur vaxið um 23,3% frá 1990 til og með 1999 en eldri tölur sýndu 24,2% vöxt. Einstök ár kemur þó fram nokkur munur, einkum árin 1992, 1994 og 1995.

2. Alþjóðleg efnahagsmál

Þróun efnahagsmála í heiminum hefur verið hagfelld á þessu ári. Hagvöxtur hefur nær hvarvetna færst í aukana. Þannig hefur verið mikill gangur í efnahagslífinu í Bandaríkjunum, eins og undanfarin ár, uppsveifla í Evrópu og Japan virðist vera að ná sér á strik, þótt meiri óvissa ríki um framvinduna þar. Annars staðar hefur efnahagur einnig styrkst þó finna megi undantekningar frá því, einkum í Afríku og Asíu. Engu að síður veldur áhyggjum hversu ójafn hagvöxtur hefur verið á helstu gjaldmiðlasvæðunum þremur. Þetta hefur leitt af sér fjárhagslegt ójafnvægi sem gæti valdið erfiðleikum síðar.

Tafla 2. Ástand og horfur í efnahagsmálum í heiminum
Hlutfallslegar breytingar (%) nema annað sé tekið fram.

	1998	1999	Áætlun 2000	Spá 2001
Hagvöxtur	**2,6**	**3,4**	**4,7**	**4,2**
Iðnríki	2,4	3,2	4,2	3,2
Bandaríkin	4,4	4,2	5,2	3,2
Evrusvæðið	2,7	2,4	3,5	3,4
Japan	-2,5	0,2	1,4	1,8
Þróunarríki	3,5	3,8	5,6	5,7
Nýmarkaðsríki	-0,8	2,4	4,9	4,1
Rússland	-4,9	3,2	7,0	4,0
Asía	4,1	5,9	6,7	6,6
Alþjóðaviðskipti	**4,3**	**5,1**	**10,0**	**7,8**
Hráolíuverð	**-32,1**	**37,5**	**47,5**	**-13,3**
Verðbólga				
Iðnríki	1,5	1,4	2,3	2,1
Þróunarríki	10,1	6,6	6,2	5,2
Nýmarkaðsríki	21,8	43,8	18,3	12,5
Vextir, LIBOR til 6 mánaða, % á ári				
Bandaríkjadollarar	5,6	5,5	6,8	7,4
Japönsk jen	0,7	0,2	0,3	0,5
Evra	3,7	3,0	4,6	5,1

Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, september 2000.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir því að heimsframleiðslan aukist um 4,7% á þessu ári samanborið við 3,4% í fyrra. Í iðnríkjunum er spáð 4,2% vexti, 5,6% í þróunarríkjum og 4,9% í nýmarkaðsríkjum. Þegar litið er til iðnríkjanna er einkennandi hversu ójafn hagvöxturinn hefur verið á þessu ári. Til marks um það er búist við að hagvöxturinn verði rúmlega 5% í Bandaríkjunum, 3½% á evrusvæðinu en aðeins 1,4% í Japan. Spár fyrir næsta ár gera ráð fyrir að hagvöxtur í helstu iðnríkjum verði mun jafnari en á þessu ári. Þannig er reiknað með svipuðum hagvexti í Bandaríkjunum og á evrusvæðinu, 3–3½%, og tæplega 2% í Japan. Spáð er að vöxturinn í iðnríkjunum í heild verði 3,2%. Þetta felur í sér mun hægari hagvöxt en á þessu ári, enda er vöxturinn í iðnríkjunum víða meiri um þessar mundir en talið er að fái staðist til lengdar.

Ör hagvöxtur í iðnríkjunum hefur víða leitt til þenslu og vaxandi verðbólgu. Við bætist að olíuverð hefur hækkað gríðarlega mikið. Fyrir vikið er útlit fyrir að verðbólga í iðnríkjunum verði að meðaltali 2,3% á þessu ári í stað 1,4% á því síðasta. Peningayfirvöld í flestum löndum hafa spornað við vaxandi verðbólgu með því að hækka vexti. Til að mynda hafa millibankavextir í dollurum og evrum (LIBOR) hækkað um 1,5 prósentustig milli áranna 1999 og 2000 og spáð er frekari hækkunum á næstu missirum. Þessi viðbrögð peningayfirvalda hafa tvímælalaust stuðlað að því að halda verðbólgu í skefjum. Miðað við að olíuverð lækki fremur en hækki á næstunni, eins og gert er ráð fyrir, og peningayfirvöld fylgi áfram aðhaldssamri stefnu er reiknað með ívið minni verðbólgu í iðnríkjunum á komandi ári, eða 2,1% í stað 2,3%.

Þegar á allt er litið eru því horfurnar í efnahagsmálum á alþjóðavettvangi uppörvandi. Það verður þó ekki litið fram hjá hættumerkjum á ýmsum sviðum. Fyrst er að nefna að hagvöxtur, vöxtur framleiðslu og eftirspurnar, hefur verið mjög ójafn í helstu iðnríkjum, eins og fram hefur komið hér á undan. Þetta hefur valdið vaxandi ójafnvægi í utanríkisviðskiptum þessara landa, m.a. methalla á viðskiptajöfnuði Bandaríkjanna og miklum afgangi í Japan og Evrópu. Þessu tengist jafnframt háu gengi á dollar, einkum gagnvart evru, og hátt verð á hlutabréfum í Bandaríkjunum. Við svona aðstæður geta breytingar í átt til langtímajafnvægis gerst hratt, eins og dæmin sanna, og ef svo fer gæti syrt í álinn.

Í öðru lagi ríkir mikil óvissa um olíuverð. Það sem af er árinu hefur olíuverð reynst hærra en væntingar stóðu til. Á fyrri hluta ársins lék hráolíuverðið á bilinu 25–30 dollarar á fatið en að undanförnu hefur það leitað upp fyrir þessi mörk. Þetta er töluvert hærra verð en samtök olíuframleiðsluríkja, OPEC, hafa opinberlega stefnt að. Stefnumörkun þeirra hefur miðað að því að halda hráolíuverðinu á bilinu 22–28 dollarar á fatið. Að baki hækkandi olíuverði liggja annars vegar framleiðslutakmarkanir og hins vegar ört vaxandi eftirspurn samfara miklum hagvexti í heiminum. Þótt framleiðslugeta sé næg til að mæta aukinni eftirspurn er hún bundin við fá lönd og fyrir bragðið er viðbúið að önnur olíuframleiðsluríki, sem þegar fullnýta framleiðslugetu sína, leggist gegn umtalsverðri rýmkun á þeim takmörkunum sem samið hefur verið um. Ef hráolíuverðið helst í 30 dollurum á fatið, eða verður það af hærra, má búast við að það smiti út í almennar verðlagsbreytingar með meira afgerandi hætti en fram að þessu.

Í þriðja lagi er rétt að vekja athygli á að þótt vel hafi tekist til um hagstjórn á undanförnum árum er óvíst að stefnan sem nú er fylgt í helstu iðnríkjum tryggi hnökralausa þróun í átt að jafnari hagvexti. Er þá einkum tvennt haft í huga. Annars vegar er hugsanlegt að aðhaldið í bandarískum efnahagsmálum sé ófullnægjandi til að stuðla að svonefndri mjúkri lendingu. Í því sambandi má m.a. benda á að nýja hagkerfið í Bandaríkjunum hefur laðað að mikla erlenda fjárfestingu sem leitt hefur til hækkunar á gengi dollars, viðskiptahalla og hás hlutabréfaverðs. Nýja hagkerfið hefur því borið uppi árangurinn í bandarískum efnahagsmálum undanfarin ár. Ef aftur á móti hægir verulega á framleiðniaukningu tengdri nýja hagkerfinu er líklegt að áhugi fjárfesta beinist í ríkari mæli til annarra landa og fyrir vikið gæti gengi dollars fallið og hlutabréfaverð lækkað. Áhrifin þyrftu þó ekki að vera afdrifarík fyrir önnur lönd nema þetta gerðist snögglega. Hins vegar kann að vera að Japanir hafi ekki gert nóg til að örva eftirspurn og sá bati sem þar örlar á nái sér ekki almennilega á strik.

3. Fjármálamarkaður

3.1 Vextir og gengi

Eftirspurnarspenna í hagkerfinu hefur gefið tilefni til aðhaldssamrar peningastefnu. Seðlabankinn hefur þrívegis gripið til vaxtahækkana á þessu ári og hækkað stýrivexti sína í endurhverfum viðskiptum um samtals 1,6 prósentustig. Eru þeir nú 10,6%. Aðhaldsstig peningastefnunnar er nú hátt hvort sem mælikvarðinn er vaxtamunur við útlönd eða raunvaxtastig. Vaxtamunurinn er um 6 prósentustig ef miðað er við vexti þriggja mánaða ríkisvíxla og hefur vart verið hærri ef undanskilið er nokkurra vikna tímabil í júní síðastliðnum. Raunvaxtastig stýrivaxta er nú í sögulegu hámarki eða ríflega 5½% ef miðað er við verðbólguvæntingar sem lesa má úr samanburði á óverðtryggðum og verðtryggðum skuldabréfavöxtum. Fyrstu tvær vaxtahækkanir ársins, í janúar og febrúar, voru studdar með vísan til minnkandi vaxtamunar við útlönd og hækkandi verðbólgu. Samfara vaxtahækkuninni í febrúar voru vikmörk gengisstefnunnar víkkuð í 9% úr 6% í hvora átt frá miðgildi. Hafði gengi krónunnar á þessum tíma farið hækkandi og óttaðist bankinn að án víkkunar gætu vikmörkin hamlað aðhaldi í peningamálum. Vaxtahækkunin í júní kom hins vegar í framhaldi af miklum óróa á gjaldeyrismarkaði og lækkunar krónunnar um rúmlega 2½% á tveimur vikum í júníbyrjun í kjölfar tillagna Hafrannsóknastofnunar um skerðingu aflaheimilda á fiskveiðiárinu 2000/2001.

Vaxtahækkun Seðlabankans í júní megnaði ekki að róa aðila á gjaldeyrismarkaði nema tímabundið. Gengið stóðst þó þrýsting til frekari lækkunar, m.a. vegna inngripa Seðlabankans, þar til um miðjan júlí að krónan lækkaði um næstum 3½% á tveimur dögum. Fór gengisskráningarvísitalan hæst í um 116 stig og hafði gengið þá lækkað um meira en 7% frá því það var hæst í lok apríl. Greip Seðlabankinn til þess ráðs að selja gjaldeyri til styrkingar krónunni, en inngrip hans á markaði í júní og júlí voru hin fyrstu frá því í júní á síðasta ári. Einnig hafa ýmsir markaðsaðilar séð kauptækifæri í krónunni með hliðsjón af gengislækkuninni og miklum vaxtamun við útlönd. Hækkaði krónan því nokkuð, eða um rúm 3%, seinni hluta júlímánaðar. Síðan hefur gengið veikst á ný. Síðari hluta septembermánaðar er gengi krónunnar um ½% hærra en það var sem lægst í júlí en um tæplega 5% lægra en um áramót.

Mynd 5. Aðhaldsstig peningastefnunnar — raunvaxtastig og vaxtamunur við útlönd



Heimild: Seðlabanki Íslands og Þjóðhagsstofnun.

Metviðskipti voru á millibankamarkaði með gjaldeyri í júní og júlí þegar sviptingar voru hvað mestar og viðskipti fyrstu sjö mánuði ársins eru meiri en allt síðasta ár. Daglegar sveiflur í gengi krónunnar voru einnig meiri en áður hafa þekkst frá því að gjaldeyrisviðskipti voru gefin frjáls. Fróðlegt er að bera saman daglegar sveiflur í gengi íslensku og norsku krónunnar undanfarin þrjú ár. Mynd 6 sýnir mánaðarleg gögn um staðalfrávik daglegra gengisbreytinga beggja myntanna. Þar sést vel hversu óvenjulegar svo miklar gengissveiflur eru á íslenska markaðinum. Einnig virðist skynsamlegt að draga þá ályktun að ekki beri að vænta svo mikilla sveiflna að jafnaði í framtíðinni. Á hinn bóginn geta viðbrögð markaðarins hér á landi í sumar ekki talist óeðlileg í ljósi óhagstæðra tíðinda af efnahagslífinu og þegar þess er gætt að viðskiptahalli hefur verið viðvarandi og fjármagnaður með auknum erlendum lántökum einkaaðila. Raunar blikna sveiflur á innlendum gjaldeyrismarkaði í sumar í samanburði við sveiflur í gengi norsku krónunnar seinni hluta árs 1998 en þær stöfuðu af lækkandi olíuverði og sviptingum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Mynd 6. Staðalfrávik daglegra breytinga í gengisvísitölum íslensku og norsku krónunnar



Heimild: Seðlabanki Íslands, Noregsbanki og Þjóðhagsstofnun.

Af vöxtum á millibankamarkaði má merkja að síður er búist við hækkun stýrivaxta Seðlabankans á allra næstu mánuðum. Markaðsaðilar virðast hins vegar gera ráð fyrir að til vaxtahækkunar gæti komið á næstu tólf mánuðum. Væntingar um að bið verði á vaxtahækkunum má rökstyðja með háu aðhaldsstigi peningastefnunnar, því að fyrri vaxtahækkanir eru líklega enn að koma fram í vöxtum á skuldabréfamarkaði og vísbendingum um að eitthvað sé farið að hægja á ferðinni í efnahagslífinu, þó þær vísbendingar séu ekki ótvíræðar. Á hinn bóginn virðist ekki ástæða til lækkunar stýrivaxta í bráð. Eftirspurnarspenna er töluverð og vöxtur peningastærða er enn nokkuð hraður, t.a.m. jókst peningamagn í víðum skilningi (M3) um 13% frá júlí í fyrra til jafnlengdar í ár.

Raunávöxtunarkrafa á skuldabréfamarkaði hefur hækkað nokkuð það sem af er árinu. Seint í september var t.d. ávöxtunarkrafa húsbréfaflokks 98-2 um 5,6% eða 1 prósentustigi hærri en um áramót. Hæst fóru raunvextir um miðjan maí þegar viðskiptavakar sögðu upp samningum um viðskiptavakt ríkistryggðra skuldabréfa. Voru viðskiptavakar óánægðir með upplýsingagjöf ríkissjóðs og Íbúðalánasjóðs um fyrirætlanir um uppkaup á markaði auk þess sem þeir sóttust eftir hvetjandi kerfi til viðskiptavaktar. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins hafði dregið um fimmtung úr viðskiptum með bæði húsbréf og spariskírteini og viðskipti með ríkisbréf lágu nánast niðri. Ríkissjóður og Íbúðalánasjóður brugðust skjótt við með bættri upplýsingagjöf og útboðum á viðskiptavakt. Í byrjun júní gekk ríkissjóður frá samningum við fjóra aðila um viðskiptavakt og í lok mánaðarins samdi Íbúðalánasjóður við tvo aðila. Fela samningarnir í sér ákvæði um hámarksbil kaup- og sölutilboða, um fjárhæð útistandandi tilboða þar til ákveðinni fjárhæð daglegra viðskipta er náð og um veltuþóknun til viðskiptavakanna. Þá skuldbundu Lánasýsla ríkisins og Íbúðalánasjóður sig til að kaupa ekki upp þau bréf sem viðskiptavaktin nær til. Í kjölfarið jukust viðskipti með ríkisskuldabréf. Hins vegar tók velta húsbréfa ekki við sér í kjölfar nýrrar viðskiptavaktar. Hugsanlega má að hluta rekja þetta til þess að einungis var samið við tvo viðskiptavaka til að byrja með. Einnig er mögulegt að hér gæti áhrifa hækkandi vaxtastigs í ríkara mæli en á markaði fyrir

ríkisskuldabréf. Sú breyting varð í byrjun september að viðurkenndum viðskiptavökum húsbréfa var fjölgað í fimm.

Vísbendingar um að þensla á húsnæðismarkaði kunni að vera í rénun hafa leitt til lækkana á skuldabréfavöxtum frá því í sumar. Líklegt er að hámarki raunvaxtastigs hafi verið náð. Ekki virðast þó forsendur til mikilla vaxtalækkana í bráð umfram það sem þegar er orðið. Líklegt er að hækkun raunvaxta endurspegli að hluta tafin áhrif aðgerða Seðlabankans en einnig kann hér að gæta áhrifa óvissu í gengismálum. Ef taldar eru líkur á varanlegri raungengisbreytingu þá veitir verðtrygging einungis takmarkaða vörn gegn gengissveiflum. Því gæti óvissa um gengi hækkað áhættuálag skuldabréfa, þ.m.t. verðtryggðra skuldabréfa. Þá virðist ekkert lát á fjárfestingum lífeyrissjóða erlendis. Áætlað er að hlutdeild erlendra verðbréfa í aukningu hreinnar eignar lífeyrissjóðanna á fyrstu sjö mánuðum ársins hafi verið rúmlega 50%.

3.2 Hlutabréfamarkaður

Eftir nær samfellda hækkun frá því snemma árs 1998 lækkaði hlutabréfaverð hratt frá því snemma í apríl og fram undir miðjan júní. Lækkun Úrvalsvísitölu Verðbréfaþings (VÞÍ) á þessu tímabili nam um 20% en lækkun Vísitölu Aðallista var heldur minni eða rúm 15%. Síðan hefur hlutabréfaverð þegar á heildina er litið haldist nokkuð stöðugt og er seint í september svipað og það var um miðjan júní. Frá áramótum hefur Úrvalsvísitalan lækkað um 6% en Vísitala Aðallista nánast staðið í stað. Mjög mikill munur er á þróun einstakra atvinnugreinavísitalna það sem af er ári en flestar hafa þær þó lækkað nokkuð frá því snemma í apríl.

Ýmsar ástæður hafa verið nefndar fyrir hinum snöggu umskiptum á hlutabréfamarkaði í vor. Hlutabréfaverð var að margra mati orðið mjög hátt eftir miklar hækkanir mánuðina á undan. Þannig hafði hlutabréfaverð hækkað um u.þ.b. 15% fyrstu þrjá mánuði ársins og meira en 50% undangengna tólf mánuði. Hagnaðaraukning félaga á VÞÍ hafði verið drifkraftur þessara hækkana en einnig var ljóst að mikil bjartsýni um framtíðarvöxt hagnaðar var byggð inn í hlutabréfaverð sérstaklega með tilliti til ytri aðstæðna, svo sem hás raungengis, óhagstæðrar olíuverðsþróunar og líkum á hægari hagvexti en undanfarin ár. Vaxtaþróun á skuldabréfamarkaði var fjármálastofnunum einnig óhagstæð í vor en frá því snemma í mars þar til síðla í maí hækkuðu húsbréfavextir um tæpt prósentustig. Þá ollu tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflaheimildir í byrjun júní nokkrum vonbrigðum. Spár sérfræðinga um afkomu á fyrri hluta árs 2000 endurspegluðu breyttar væntingar enda var þar reiknað með nokkru lægri hagnaði en fyrir sama tímabil árið 1999. Afkoma var engu að síður undir væntingum en það hefur ekki haft áhrif til frekari lækkunar á hlutabréfaverði frá því sem þegar var orðið.

Fleira mætti nefna sem áhrifaþætti til lækkunar hlutabréfaverðs. Fjárfestum hafa t.a.m. staðið til boða áhugaverðir kostir á frummarkaði sem hafa að einhverju marki beint sjónum þeirra frá kaupum á hlutabréfum á VÞÍ. Ekki er fjarri lagi að ætla að það sem af er ári hafi hátt í 30 milljörðum verið safnað í hlutafjárútboðum sem einkum beindust að innlendum fjárfestum. Einnig kann lækkunin á hlutabréfaverði að bera vott um aukna næmni fyrir verðsveiflum á erlendum hlutabréfamörkuðum. Einkum virðist sem veruleg verðlækkun á Nasdaq vísitölunni bandarísku hafi haft áhrif hér á landi (sjá mynd 7). Má sennilega rekja þau áhrif til þriggja aðskildra þátta. Í fyrsta lagi kann verðlækkun Nasdaq vísitölunnar að hafa hvatt innlenda fjárfesta til fjárfestinga í bandarískum hátæknifyrirtækjum á kostnað innlendra hlutafélaga. Í öðru lagi lækkuðu hlutabréf DeCode Genetics mikið samfara lækkuninni á Nasdaq vísitölunni sem kann að hafa þrengt að einhverjum innlendum fjárfestum. Í þriðja

lagi er ekki ólíklegt að um sálræn áhrif hafi verið að ræða að einhverju marki enda hafði hækkun hlutabréfaverðs hér á landi oft verið rædd með hliðsjón af þróun hlutabréfaverðs í Bandaríkjunum.

Fjöldi valkosta á frummarkaði og auknir möguleikar til útrásar lýsa harðri samkeppni um fjármagn til langtímafjárfestinga almennt og mætti þannig einnig nefna sem áhrifavalda til hækkunar ávöxtunarkröfu á innlendum skuldabréfamarkaði. Ef núverandi húsbréfavextir eru bornir saman við húsbréfavexti áður en vextir tóku að hækka í lok mars virðist hækkun langtímavaxta ein og sér réttlæta þá lækkun sem orðið hefur á hlutabréfaverði á síðastliðnum sex mánuðum. Með hliðsjón af verri afkomuhorfum virðist því áhættuálag það sem fjárfestar krefjast á innlenda hlutabréfafjárfestingu umfram innlenda skuldabréfafjárfestingu hafa farið lækkandi.

Mynd 7. Þróun Úrvalsvísitölu VÞÍ og Nasdaq vísitölunnar



Heimild: VÞÍ og Nasdaq.

Sjö hlutafélög hafa verið skráð á VÞÍ það sem af er ári. Átta félög hafa verið afskráð og fæst það að nokkru leyti skýrt með sameiningum félaga á VÞÍ. Hefur skráðum félögum því fækkað um eitt frá ársbyrjun og eru þau nú 74. Fyrstu átta mánuði ársins voru viðskipti með hlutabréf á VÞÍ um 44 milljarðar króna og utanþingsviðskipti 93 milljarðar króna. Stefnir í verulega aukningu frá árinu 1999 en þá voru viðskipti með hlutabréf á VÞÍ 40 milljarðar króna allt árið og utanþingsviðskipti 85 milljarðar króna. Veltan er mjög mismikil eftir félögum. Hlutdeild veltuhæstu félaga á hlutabréfamarkaði hér á landi í heildarveltu er þó töluvert lægri en víða annars staðar eins og sjá má á mynd 8. Það sem fyrst og fremst háir innlendum hlutabréfamarkaði í samanburði við þróaða hlutabréfamarkaði er því ekki ójöfn dreifing veltunnar heldur lítil velta almennt. Vonast er til að rafræn skráning og tenging VÞÍ við Norex verði til þess að auka áhuga erlendra fjárfesta á íslenska hlutabréfamarkaðnum. Áætlað er að hlutabréf allra félaga á VÞÍ verði komin á rafrænt form síðla næsta árs. SAXESS viðskiptakerfi Norex samstarfsins verður tekið í notkun hjá VÞÍ þann 23. október næstkomandi.

Mynd 8. Hlutdeild veltuhæstu félaga í heildarveltu*



* Félögum er raðað í tuttugu jafnstóra hópa frá þeim veltuhæstu til þeirra veltulægstu. Myndin sýnir hlutdeild efsta hópsins í heildarveltu.
Heimild: FIBV, International Federation of Stock Exchanges og VÞÍ.

4. Utanríkisviðskipti og greiðslujöfnuður

Nú er gert ráð fyrir að halli á viðskiptum við útlönd nemi 54 milljörðum króna á þessu ári, eða sem nemur 8% af landsframleiðslu. Þetta er mun meiri halli en á síðasta ári þegar hann nam 6,5% af landsframleiðslu. Stærsta hluta viðskiptahallans má rekja til halla á viðskiptum með vöru og þjónustu en hann er áætlaður 40½ milljarðar króna á þessu ári, samanborið við 28 milljarða króna á síðasta ári. Gert er ráð fyrir svipuðum halla á árinu 2001, en vegna skuldasöfnunar erlendis og vaxtahækkana eykst viðskiptahallinn í krónum talið úr 54 milljörðum í 57 milljarða á næsta ári.

4.1 Umhverfi utanríkisviðskipta

Hækkandi olíuverð á heimsmarkaði hefur sett svip sinn á alþjóðaviðskipti síðustu missirin. Olíuverð náði lágmarki í lok árs 1998 um 10 dollara á fat, en hækkaði mjög á árinu 1999 og var komið í 25 dollara fatið í lok ársins. Olíuverð hefur haldist hátt á árinu 2000 og fór yfir 34 dollara fatið í september. Fyrstu átta mánuði ársins var olíuverð að meðaltali 85% hærra en það var á sama tíma á árinu 1999. Þessi verðþróun hefur haft töluverð áhrif á þróun viðskiptakjara.

Fyrstu sjö mánuði ársins voru viðskiptakjör í vöruviðskiptum 2,8% lakari en á sama tíma í fyrra. Útflutningsverð hækkaði um 1½% á meðan innflutningsverð hækkaði um 4,4%. Hækkun innflutningsverðs má að fullu rekja til hækkunar olíuverðs því verð vöruinnflutnings án olíu stóð í stað fyrstu sjö mánuði ársins miðað við sama tíma í fyrra.

Fyrstu sjö mánuði ársins fékkst nálægt 25% hærra verð fyrir afurðir álvinnslu en á sama tíma í fyrra. Á hinn bóginn er verð á sjávarafurðum 2½% lægra fyrstu sjö mánuði þessa árs en var á árinu 1999.

Mynd 9. Olíuverð



Bandaríkjadollarar á fat.

Fyrir árið í heild er reiknað með að viðskiptakjör vöruviðskipta versni um 1,3% frá fyrra ári. Þetta eru verri horfur en í síðustu spá þegar gert var ráð fyrir að viðskiptakjör bötnuðu frá fyrra ári. Á árinu 2001 er hins vegar búist við að viðskiptakjör batni að nýju, eða um 1½%. Sú forsenda er lögð til grundvallar að verð á olíu lækki heldur frá því sem nú er og er það í samræmi við spár alþjóðastofnana.

Raungengi mælir hversu hátt verðlag er hér á landi miðað við helstu viðskiptalönd okkar og er mikilvægur mælikvarði á umhverfi utanríkisviðskipta. Raungengi hélst nokkuð stöðugt á árunum 1995–1996 en á árinu 1997 tók það að hækka og hefur hækkað stöðugt síðan. Raungengi miðað við neysluverð hækkaði um 1½% á árinu 1998 og 2% á árinu 1999 og í ár er búist við ríflega 4% hækkun. Raungengi miðað við launakostnað hefur hækkað enn meira, eða um 4½% á árinu 1998, 1½% á árinu 1999 og reiknað er með 3½% hækkun á árinu 2000. Stefnir því í að raungengi miðað við launakostnað verði 10% hærra í ár en árið 1997. Þar með er raungengi orðið jafnhátt og það var á árinu 1992. Á árunum 1992 og 1993 var gengið fellt tvisvar um samtals nálægt 14% og í kjölfarið lækkaði raungengið.

Mynd 10. Raungengi krónunnar miðað við hlutfallslegt neysluverð og launakostnað



Vísitölur, 1990=100.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

4.2 Vöruútflutningur

Fyrstu sjö mánuði ársins hefur vöruútflutningur í heild dregist saman um 3½% frá fyrra ári. Minna er flutt út af skipum og flugvélum en í fyrra og hefur almennur útflutningur því dregist minna saman, eða um ríflega ½%. Það sem af er ári hefur útflutningur sjávarafurða dregist saman um 3½% en búist er við að hann rétti úr kútnum þegar líða tekur á árið og í heild verði útflutningur óbreyttur frá fyrra ári. Útflutningur stóriðjuafurða hefur aukist um rúmlega 1½% það sem af er ári. Útflutningur annarrar iðnaðarvöru hefur aukist um 23% fyrstu sjö mánuði ársins. Þessa aukningu má rekja til margra smærri liða. Þar á meðal má nefna verulegan vöxt í útflutningi lyfja, véla til fiskverkunar, veiðarfæra, prentaðs efnis og lækningatækja.

Þótt þessi útflutningur hafi vaxið verulega hlutfallslega verður að hafa í huga að hér er um tiltölulega lágar fjárhæðir að tefla.

Fyrir árið í heild er því spáð að útflutningsframleiðsla aukist um 3% og útflutningur í heild aukist um 1%. Ekki eru horfur á aukinni framleiðslu sjávarafurða, en reiknað með að álframleiðsla aukist um 2%. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að framleiðsla kísiljárns aukist um 35%, en þriðji ofn verksmiðjunnar var tekinn í notkun síðari hluta árs 1999. Þá er reiknað með töluverðum vexti útflutnings iðnaðarvöru annarrar en stóriðju og landbúnaðarvöru, eða um 15%.

Búist er við að framleiðsla sjávarafurða dragist saman um 7% á næsta ári vegna minni aflaheimilda. Á hinn bóginn mun framleiðslugeta Norðuráls aukast og framleiðsla áls því aukast um 6½% á árinu. Áfram gætir áhrifa stækkunar Járnblendiverksmiðjunnar og er búist við að framleiðsla hennar aukist um 15% á árinu 2001. Þá er útlit fyrir að framleiðsla annarra iðnaðarvara og landbúnaðarvöru aukist um 7½% á árinu 2001. Í heild er því gert ráð fyrir að útflutningsframleiðsla dragist saman um ríflega 1½% á árinu 2001. Þar sem búist er við minni útflutningi skipa og flugvéla en á þessu ári er gert ráð fyrir að útflutningur í heild verði rúmlega 3% minni á árinu 2001 en á árinu 2000.

4.3 Vöruinnflutningur

Fyrstu sjö mánuði ársins jókst almennur innflutningur án eldsneytis um 3½% að magni sem er heldur meiri aukning en á sama tíma í fyrra. Innflutningur á neysluvörum öðrum en bifreiðum hélt áfram að aukast, eða um 6½% borið saman við 7½% í fyrra. Umskipti hafa hins vegar orðið í innflutningi bifreiða, en hann hefur dregist saman um ríflega 12% fyrstu sjö mánuði ársins borið saman við 30% aukningu á sama tíma á árinu 1999. Innflutningur fjárfestingarvara hefur aukist um 6¾% fyrstu sjö mánuði ársins og innflutningur á rekstrarvörum er um 2% meiri en í fyrra.

Spáð er að vöruinnflutningur í heild aukist um 5¾% á árinu 2000 og þar af aukist almennur innflutningur um 3¼%. Munurinn liggur í innflutningi skipa og flugvéla, innflutningi vegna stækkunar Norðuráls og innflutningi á olíu. Á árinu 2001 er gert ráð fyrir að almennur innflutningur aukist um 1% en vöruinnflutningur í heild dragist saman um 1¾%, bæði vegna þess að framkvæmdum við stækkun Norðuráls lýkur og vegna minni innflutnings á skipum.

Mynd 11. Innflutningur 1997–2000
Vísitölur, janúar 1997 = 100.



4.4 Þjónustujöfnuður

Frá 1990 fram til ársins 1998 stóð þjónustujöfnuður að jafnaði í járnum eða skilað nokkrum afgangi. Frá 1996 hefur vöxtur þjónustutekna og -gjalda aukist hröðum skrefum, en þar sem vöxtur gjalda hefur aukist hraðar en tekna hefur þjónustujöfnuður versnað töluvert og var hallinn 5,7 milljarðar króna á árinu 1999.

Á fyrri helmingi ársins 2000 voru þjónustutekjur 6 milljörðum króna hærri en á fyrri hluta árs 1999 og þjónustugjöld 9 milljörðum hærri. Þjónustujöfnuður versnaði þannig um 3 milljarða á þessum tíma og nam 6,3 milljörðum króna. Fyrir árið í heild eru horfur á að þjónustutekjur aukist um 6% frá fyrra ári. Þessi aukning stafar ekki síst af auknum tekjum af ferðamönnum, en einnig hafa tekjur af þjónustu annarri en ferðaþjónustu aukist hratt það sem af er ári. Þá er reiknað með að þjónustugjöld vaxi enn meira eða um 10½% á árinu 2000. Ferðaútgjöld Íslendinga erlendis vega þar þyngst, en einnig er mikill vöxtur í gjöldum vegna annarrar þjónustu en ferðaþjónustu.

Þannig er gert ráð fyrir að halli á þjónustujöfnuði á árinu 2000 versni um ríflega 2 milljarða frá fyrra ári og nemi 7,9 milljörðum króna sem er meiri halli en áður hefur þekkst á þjónustujöfnuði. Spáð er að þjónustutekjur og -gjöld vaxi um 3½% á næsta ári og halli á þjónustujöfnuði verði því svipaður og í ár, eða um 8 milljarðar króna.

4.5 Ferðaþjónusta

Erlendum ferðamönnum til Íslands heldur áfram að fjölga. Gera má ráð fyrir að ferðamenn verði um 307 þúsund á árinu 2000. Það er um 17% fjölgun frá fyrra ári en þá voru erlendir ferðamenn sem komu til Íslands 262 þúsund talsins. Á árinu 1999 voru heildartekjur af erlendum ferðamönnum 27,9 milljarðar króna. Það er 2,3% aukning á föstu verði á milli ára. Skiptast tekjurnar í dvalartekjur, 16,4 milljarðar, og fargjaldatekjur, 11,5 milljarðar. Gistinóttum fjölgaði um 9% á árinu en fjölgun ferðamanna var 13,1%

Erlendum ferðamönnum sem koma utan háannatíma hefur fjölgað verulega á undanförnum áratug og má gera ráð fyrir að svo verði áfram. Þrátt fyrir þetta komu 56% ferðamanna á tímabilinu maí til ágúst í fyrra. Það er vart hægt að reikna með jafn mikilli fjölgun ferðamanna á komandi árum og verið hefur. Afkastageta greinarinnar á háannatíma er sá flöskuháls sem takmarkar að óbreyttu fjölgun ferðamanna. Vandséð er að afkastagetan aukist til muna nema með betri nýtingu fjármuna í greininni utan háannatímans. Þá er því spáð að á næsta ári sé von á 335 þúsund erlendum ferðamönnum til landsins sem er 9% aukning frá fyrra ári.

Mynd 12. Meðalfjöldi erlendra ferðamanna á mánuði á árunum 1990–2000



Gera má ráð fyrir að á árinu 2000 komi 293 þúsund Íslendingar frá útlöndum. Það er 13,8% aukning frá fyrra ári. Áætluð útgjöld Íslendinga erlendis árið 2000 eru 35 milljarðar króna sem er rúmlega 13% aukning frá fyrra ári.

4.6 Jöfnuður þáttatekna

Stærsti liðurinn í jöfnuði þáttatekna er vaxtagreiðslur af erlendum skuldum þjóðarbúsins. Með viðvarandi halla á viðskiptum við útlönd aukast erlendar skuldir hröðum skrefum. Á árinu 1999 nam viðskiptahalli 40,4 milljörðum króna á meðan erlendar skuldir jukust um 83

milljarða króna frá árslokum 1998 til ársloka 1999. Vaxtagreiðslur fara þannig hækkandi vegna aukinna skulda, en einnig vegna vaxtahækkana erlendis.

Eins og vikið er að í kaflanum um fjármagnshreyfingar er aukning skulda þjóðarbúsins að hluta til vegna fjármögnunar viðskiptahallans en að hluta vegna fjárfestinga erlendis, sérstaklega í hlutabréfum. Nokkuð álitamál er hvernig reikna beri tekjur af erlendum hlutabréfum í þjóðhagsreikningum. Arðgreiðslur ná illa utan um raunverulega ávöxtun. Ekki er þó í samræmi við alþjóðlega staðla að ganga svo langt að „leiðrétta“ ávöxtunina með því að tekjufæra verðbreytingar hlutabréfanna. Á hinn bóginn kemur til álita að reikna eðlilega ávöxtun af því fjármagni sem bundið er í erlendum hlutabréfum.

Tafla 3. Jöfnuður þáttatekna

	2000	2001
Jöfnuður þáttatekna, milljarðar króna		
Með reikn. ávöxtun á erl. hlutabr.	-12,9	-15,9
Án reikn. ávöxtunar á erl. hlutabr.	-20,1	-25,1
Jöfnuður þáttatekna, hlutfall af VLF		
Með reikn. ávöxtun á erl. hlutabr.	-1,9%	-2,2%
Án reikn. ávöxtunar á erl. hlutabr.	-3,0%	-3,5%

Eðlileg ávöxtun hlutabréfa er háð mati en iðulega er miðað við ríkisskuldabréf að viðbættu áhættuálagi. Þjóðhagsstofnun hefur valið að fara fremur varlega við tekjufærslu af erlendum hlutabréfum og miða við meðalvexti á erlendum skuldum þjóðarbúsins. Þess ber að geta að hér víkur Þjóðhagsstofnun frá þeirri aðferðafræði sem Seðlabankinn hefur beitt við greiðslujafnaðaruppgjör sín en þar er litið fram hjá öllum tekjum af hlutabréfum utan arðgreiðslna. Er það álit Þjóðhagsstofnunar að með því að reikna ávöxtun af erlendri hlutabréfaeign fáist betri mynd af viðskiptajöfnuði og ekki síst þróun hans við hratt vaxandi erlenda hlutabréfaeign. Að öðrum kosti hafa lántökur þjóðarbúsins sem beint eða óbeint fjármagna fjárfestingar í hlutabréfum ávallt neikvæð áhrif á mældan viðskiptajöfnuð nema arðgreiðslur af hlutabréfum séu þeim mun hærri. Arðgreiðslur af erlendri hlutabréfaeign mælast nú sáralitlar í hlutfalli af markaðsvirði. Samanburð á spá um þáttatekjur í ár og á næsta ári samkvæmt þessum aðferðum er að finna í töflu 3. Eins og sjá má er jöfnuður þáttatekna, og þar með viðskiptajöfnuður, ríflega 1% af landsframleiðslu hagstæðari ef aðferð Þjóðhagsstofnunar er fylgt. Tekjufærsla af erlendri verðbréfaeign í viðskiptajöfnuði er sem áður segir nokkuð álitaefni og er málið áfram í skoðun hjá Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka.

Í heild er gert ráð fyrir að halli á jöfnuði þáttatekna fari úr 11,6 milljörðum króna á árinu 1999 í 12,9 milljarða á árinu 2000. Búist er við enn meiri halla á árinu 2001, eða sem nemur 15,9 milljörðum króna.

4.7 Viðskiptajöfnuður

Á undanförnum árum hafa þjóðarútgjöld vaxið mun meira en þjóðartekjur og halli á viðskiptajöfnuði því verið mikill. Á árinu 1999 nam viðskiptahallinn 40,4 milljörðum króna sem samsvarar 6,5% af landsframleiðslu. Á þessu ári er gert ráð fyrir að viðskiptahalli aukist enn og nemi 54 milljörðum króna, eða 8% af landsframleiðslu. Stærstan hluta aukins viðskiptahalla má rekja til verri vöruskiptajafnaðar, en jafnframt eykst halli bæði á þjónustujöfnuði og jöfnuði þáttatekna.

Mynd 13. Viðskiptajöfnuður
Hlutfall af landsframleiðslu.



Á árinu 2001 er spáð að viðskiptahalli aukist enn og nemi 56,9 milljörðum króna, eða sem svarar til 7,9% af landsframleiðslu. Búist er við svipuðum halla á vöruskiptum og á árinu 2000, eða um 32½ milljarði króna. Einnig er spáð svipuðum halla á þjónustuviðskiptum og á árinu 2000 eða um 8 milljörðum króna. Á hinn bóginn er reiknað með að jöfnuður þáttatekna versni um 3 milljarða króna, vegna aukinna erlendra skulda og hækkandi vaxta erlendis.

Gangi spá Þjóðhagsstofnunar eftir verður halli á viðskiptajöfnuði sem svarar til 6½–8% af landsframleiðslu í fjögur ár í röð. Ekki eru dæmi um svo mikinn halla í jafn langan tíma frá 1970.

4.8 Fjármagnshreyfingar

Halli á viðskiptajöfnuði endurspeglar að útgjöld þjóðarinnar eru meiri en tekjur hennar. Hin hliðin á viðskiptahalla eru fjármagnshreyfingar til landsins sem nauðsynlegar eru til að fjármagna útgjöld umfram tekjur. Nettó fjármagnshreyfingar til Íslands námu samkvæmt greiðslujafnaðaruppgjöri Seðlabankans um 25 milljörðum króna á fyrri hluta ársins. Að teknu tilliti til ávöxtunar sem Þjóðhagsstofnun kýs að reikna á erlenda hlutabréfaeign námu fjármagnshreyfingar hins vegar um 21 milljarði króna. Þetta er um 8½ milljarði króna lægri fjárhæð en nam mældum viðskiptahalla á sama tímabili, en samkvæmt skilgreiningu eiga þessar fjárhæðir að vera jafnar. Seðlabankinn bendir á í frétt með greiðslujafnaðaruppgjöri að líklega megi rekja skekkjuna að nokkru leyti til tímamunar í mælingu viðskipta annars vegar og fjármagnshreyfinga hins vegar.

Rammi 2. Viðskiptahalli og gengi

Síðastliðin ár hefur halli á viðskiptum við útlönd verið verulegur. Á sama tíma hefur gengi íslensku krónunnar haldist nokkuð stöðugt. Þessi þróun og horfur á áframhaldandi viðskiptahalla gefa tilefni til hugleiðinga um samband viðskiptahalla og gengis.

Viðskiptahallinn segir hversu mikið vantar upp á að sparnaður þjóðarinnar nægi til að fjármagna fjárfestingu hennar. Mismunurinn er brúaður með erlendu fjármagni. Nettó erlent fjármagnsflæði til landsins og viðskiptahalli eru því tvær hliðar á sama teningnum.

Viðskiptahalli leiðir til hækkunar erlendra skuldbindinga. Miðað við meðalhagvaxtarhorfur mætti viðskiptahalli nema um 2½% af landsframleiðslu án þess að nettó skuldbindingar þjóðarbúsins gagnvart útlöndum hækkuðu sem hlutfall af landsframleiðslu. Þrátt fyrir mun meiri viðskiptahalla undanfarin þrjú ár hefur þó erlend staða þjóðarbúsins versnað tiltölulega hægt sem hlutfall af landsframleiðslu. Má rekja það til óvenjumikils hagvaxtar og verðhækkunar á erlendri hlutabréfaeign Íslendinga. Ekki er hægt að búast við áframhaldandi verðhækkun á erlendri hlutabréfaeign ámóta við þá sem verið hefur. Þá er búist við að hægi á hagvexti. Áframhaldandi hár viðskiptahalli mundi því leiða til tiltölulega hratt versnandi erlendrar stöðu.

Sífelld aukning skulda fæst ekki staðist. Mikill og langvarandi viðskiptahalli þjóða hefur því stundum verið undanfari skarprar gengislækkunar. Þótt gengislækkun geri erlendu skuldastöðuna tímabundið verri þá megnar hún að hægja á eða stöðva uppsöfnun erlendra skulda vegna aukinna tekna af útflutningi og samdráttar í innflutningi.

Tímabundin aukning erlendra skulda gefur þó ekki út af fyrir sig áreiðanlegar vísbendingar um framtíðargengisþróun enda geta orsakir viðskiptahalla verið af mismunandi toga. Mörg góð fjárfestingartækifæri kunna að vera til staðar sem örðugt getur verið að fjármagna innan lands án mikils viðbótarsparnaðar. Ef erlendir aðilar eru áhugasamir um fjármögnun lýsir það sér í aukinni fjárfestingu, hærra raungengi og meiri viðskiptahalla en ella. Að nokkru leyti virðist þetta hafa átt við hér á landi undanfarin ár. Að loknu slíku fjárfestingartímabili er við því að búast að raungengi á mælikvarða verðlags lækki á nýjan leik. Raungengislækkun getur orðið með nafngengislækkun en svo þarf þó ekki að verða ef framleiðniaukning vegna fjárfestinganna er nægjanleg.

Viðskiptahalli getur einnig átt sér aðrar rætur. Aukin ásókn í erlendar neysluvörur og hægur vöxtur útflutnings geta hvort um sig valdið viðskiptahalla og lækkun gengis. Hækkun stýrivaxta Seðlabanka eða innlend verkefni sem vekja áhuga erlendra fjárfesta geta dregið úr gengisáhrifum til skemmri tíma en jafnframt magnað áhrif á viðskiptahalla. Í kjölfar endurskoðunar á hagvaxtarhorfum í júní sl. lækkaði gengi krónunnar nokkuð enda líklegt að endurmat hafi átt sér stað á innlendum fjárfestingartækifærum og getu þjóðarbúsins til að halda viðskiptum við útlönd í jafnvægi án gengisbreytingar. Gengi krónunnar er þó enn við miðbik þess bils sem gengisstefnan miðast við. Styrk krónunnar til skemmri tíma má rekja til væntinga um að erlent fjármagn haldi áfram streyma til landsins. Árangursríkt útboð DeCode Genetics á Nasdaq markaðinum sl. sumar hafði án efa nokkur áhrif. Væntingar um áframhaldandi einkavæðingu ríkisfyrirtækja hefur einnig líklega stutt við gengið enda er búist við að erlendir fjárfestar hafi áhuga á að koma að henni með beinum eða óbeinum hætti.

Þegar nánar er rýnt í greiðslujafnaðaruppgjör fyrir fyrri hluta ársins sést að Íslendingar eru ekki einungis að fá lán sem nemur viðskiptahallanum heldur er einnig töluverð skuldasöfnun vegna fjárfestinga í erlendu áhættufjármagni, en til þess teljast hlutabréf og beinar fjárfestingar. Eign Íslendinga í erlendu áhættufjármagni, og þá fyrst og fremst í erlendu hlutafé, hefur vaxið hröðum skrefum síðastliðin ár. Nettó eignastaða þjóðarinnar í erlendu áhættufjármagni var um mitt ár 151 milljarður króna, eða rúmlega 100 milljörðum króna hærri en í árslok 1998. Hrein erlend staða, sem mælir nettó eignastöðu þjóðarinnar gagnvart útlöndum, þ.m.t. áhættufjármagn, gefur því öllu jákvæðari mynd en hrein erlend skuldastaða sem einungis nær til nettó skulda Íslendinga gagnvart erlendum aðilum. Ólíkt mælingu tekna í viðskiptajöfnuði þá tekur hrein staða tillit til breytinga á markaðsverðmæti verðbréfaeigna hverju sinni. Hrein erlend staða mældist um mitt ár neikvæð um 52% af landsframleiðslu en hreinar skuldir voru hins vegar 75% af landsframleiðslu.

Tafla 4. Greiðslujöfnuður við útlönd
Milljarðar króna.

	1999	jan.-júní 2000
Viðskiptajöfnuður [1]	-40,4	-29,8
Fjármagnsjöfnuður	60,6	21,3
Áhættufjármagn, nettó	-23,0	-40,3
Skuldabréf, lán, o.fl.	83,6	62,0
Fjárframlög, nettó	-0,1	-0,3
Skekkja og vantalið	-20,1	8,4

[1] Að meðtaldri reiknaðri ávöxtun á hlutabréf.
Heimild: Seðlabanki Íslands og Þjóðhagsstofnun.

Hugsanlegt er að hækkun raunvaxta hér á landi það sem af er ári sé til merkis um að erfiðara sé orðið að fjármagna viðskiptahallann en undanfarin ár. Hagstæð kjör ríkis og sveitarfélaga á erlendum lánamörkuðum gefa þó bjartari mynd af ástandinu.

Tafla 5. Hrein staða við útlönd
Milljarðar króna í lok tímabils.

	1998	1999	júní 2000
Hrein staða [1]	-287,6	-306,1	-353,0
þ.a. áhættufjármagn, nettó	48,3	113,0	151,4
þ.a. skuldabréf, lán o.fl, nettó	-335,9	-419,1	-504,4
Í hlutfalli af VLF [2]			
Hrein staða	-49,5%	-48,6%	-52,2%
Hrein skuldastaða	57,8%	66,7%	74,6%

[1] Á gengi í lok tímabils.
[2] Skuldastaða reiknuð á meðalgengi tímabils til samræmis við landsframleiðslu.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

5. Atvinnuvegir

5.1 Framleiðsla og framleiðni

Í kafla 1.2 hér að framan er yfirlit þjóðhagsspár dregið saman. Þar kemur fram að landsframleiðsla er talin hafa aukist um 4,4% á árinu 1999 samanborið við fyrra ár. Þessi breyting er fengin með því að meta útgjaldahlið þjóðarbúsins, þ.e. neyslu og fjárfestingu að teknu tilliti til vöru- og þjónustuviðskipta við útlönd. Framleiðsluna er einnig unnt að meta með beinum hætti, þ.e. með því að líta á framleiðslubreytingar í einstökum atvinnugreinum því samtals eiga þær breytingar að skila sömu niðurstöðu. Gallinn við þessa beinu aðferð er hins

vegar sá að upplýsingar um einstakar atvinnugreinar liggja mun seinna fyrir en um útgjöldin. Miðað við núverandi tilhögun gagnaöflunar er það ekki fyrr en lokið er úrvinnslu úr ársreikningum fyrirtækja og uppgjöri þjóðhagsreikninga frá framleiðsluhlið að fá má mynd af framleiðslubreytingum eftir einstökum atvinnugreinum og framleiðslunni í heild. Á grundvelli ýmissa annarra vísbendinga, svo sem um útflutning og veltubreytingar samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum og almennar verðbreytingar, má þó fara nokkuð nærri um framleiðslubreytingar helstu atvinnuvega. Þessar breytingar eru síðan vegnar saman eftir hlutdeild einstakra atvinnuvega í landsframleiðslu. Í eftirfarandi töflu er leitast við að áætla framleiðsluna eftir atvinnugreinum og eru niðurstöður bornar saman við útgjaldahlið. Áhersla skal á það lögð að hér er einungis um að ræða lauslegar vísbendingar og tilraun til þess að meta hvort unnt sé með ásættanlegri nákvæmni að rekja til einstakra atvinnugreina þær framleiðslubreytingar sem útgjaldahliðin sýnir.

Tafla 6. Áætlaðar framleiðslubreytingar eftir atvinnugreinum
Frá fyrra ári, %.

	1998	1999	2000
Landbúnaður	3,5	4,0	2,0
Fiskveiðar og -vinnsla	-7,1	-1,4	0,5
Iðnaður án fiskvinnslu	7,3	6,9	4,5
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	11,0	12,0	3,0
Byggingarstarfsemi	12,0	6,5	8,0
Verslun, veitinga- og hótelrekstur	12,4	7,0	4,1
Samgöngur og önnur þjónusta	6,0	5,1	5,2
Starfsemi hins opinbera	3,4	4,9	3,5
Samtals	**5,5**	**5,2**	**4,2**
Til samanburðar:			
Breyting landsframleiðslu, skv. útgjaldauppgjöri	4,5	4,4	3,6
Aukning vinnuafls	3,4	2,7	2,0
Framleiðnibreyting	1,1	1,6	1,6

Niðurstöður þessa samanburðar sýna að undanfarin þrjú ár gefa framleiðslubreytingar eftir atvinnugreinum áþekka mynd af framleiðslunni í heild og útgjaldahliðin. Þessi ár er vöxturinn í heild samkvæmt framleiðsluuppgjöri á bilinu 4 til 5% en eins og vænta mátti er hann ærið misjafn eftir greinum. Áberandi mestur vöxtur er í byggingarstarfsemi, verslun og orkubúskap fyrstu tvö árin en samdráttur er áætlaður í sjávarútvegi sömu ár. Iðnaður og samgöngur lögðu einnig sitt af mörkum. Í ár er talið að vöxturinn verði jafnari milli greina en þó er áfram gert ráð fyrir umtalsverðum vexti í byggingarstarfsemi. Öll árin er vöxturinn talsvert meiri en aukning vinnuaflsins og því hefur framleiðnin aukist. Nú er talið að framleiðni vinnuafls aukist um 1½% í ár og er það svipað og á liðnu ári.

Á grundvelli þessara talna um framleiðslubreytingar í einstökum atvinnugreinum er unnt að meta hvern þátt einstakar atvinnugreinar eiga í myndun hagvaxtarins. Þá kemur fram að á árinu 1998 áttu byggingarstarfsemi, verslun, samgöngur og þjónusta drýgstan þátt í myndun hagvaxtarins en framlag sjávarútvegs var neikvætt. Þá var framlag orkubúskaparins umtalsvert með hliðsjón af stærð þeirrar atvinnugreinar. Á árunum 1999 og 2000 er talið að hlutdeild einstakra atvinnugreina hafi jafnast verulega.

Tafla 7. Áætluð hlutdeild einstakra atvinnugreina í hagvexti, %

	1998	1999	2000
Landbúnaður	0,1	0,1	0,0
Fiskveiðar og -vinnsla	-1,0	-0,2	0,1
Iðnaður án fiskvinnslu	0,9	0,8	0,6
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	0,5	0,5	0,1
Byggingarstarfsemi	0,9	0,5	0,7
Verslun, veitinga- og hótelrekstur	1,7	1,0	0,6
Samgöngur og önnur þjónusta	1,9	1,6	1,7
Starfsemi hins opinbera	0,5	0,7	0,5
Samtals	**5,5**	**5,2**	**4,2**

5.2 Afkoma

Til þess að fá nokkra mynd af afkomuþróun í atvinnurekstri á árinu 2000 hefur Þjóðhagsstofnun tekið saman yfirlit um afkomu 55 fyrirtækja, sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands, á fyrri hluta árs 2000 og til samanburðar sama tímabil og sömu fyrirtæki árið 1999. Yfirlitið nær til þeirra fyrirtækja sem skiluðu ársreikningum fyrir ágústlok 2000 og hafa almanaksárið að reikningsári.

Verðbréfasjóðum á Verðbréfaþingi er sleppt í þessari athugun. Yfirlitið er í samræmi við breyttar reglur Reikningsskilaráðs um framsetningu ársreikninga. Samkvæmt hinni nýju framsetningu er söluhagnaður fastafjármuna meðal reglulegra tekna og söluhagnaður hlutabréfa meðal fjármunatekna.

Yfirlitið er því ekki fyllilega sambærilegt við yfirlit frá fyrra ári en framsetningu fyrir árið 1999 er breytt til samræmis við uppgjör ársins 2000. Það raskar samanburði á veltubreytingu milli ára hjá þessum fyrirtækjum að fyrirtæki kunna að hafa sameinast skráðum fyrirtækjum á þessu ári en ekki er tekið tillit til þess í uppgjörum fyrra árs.

Hagnaður þessara fyrirtækja sem hlutfall af rekstrartekjum lækkaði úr 6,0% árið 1999 í 2,1% árið 2000. Afkoma einstakra fyrirtækja versnar mjög mikið á milli ára og hefur því mikil áhrif á heildarafkomuna. Um fjórðungur fyrirtækjanna er með betri afkomu á fyrri hluta þessa árs en á sama tímabili í fyrra en þrír fjórðu þeirra er með lakari afkomu.

Þrír flokkar í þessu yfirliti, sjávarútvegsfyrirtæki, fjármálafyrirtæki og samgöngufyrirtæki sýna lakari afkomu milli ára sem nemur 4,9 milljörðum króna.

Rammi 3. Nýja hagkerfið

„Það verða ekki sterkustu tegundirnar sem lifa af!
Það verða ekki gáfuðustu tegundirnar sem lifa af!
Tegundirnar, sem lifa af, eru þær sem geta aðlagast breyttum aðstæðum".
Charles Darwin

Efnahagssamfélög breytast. Fyrir 35-40 árum voru gerðir út 20 togarar frá Reykjavík og aflinn var unninn í fimm stórum frystihúsum. Nú eru gerðir út 5 togarar frá Reykjavík, afli tveggja er unninn í landi en afli þriggja er unninn um borð í skipunum. Ekki ber á atvinnuleysi í Reykjavík en samsetning vinnuafls hefur breyst.

Þessi einfalda mynd lýsir breytingu úr framleiðslusamfélagi í þjónustusamfélag. Hið „nýja hagkerfi" er hvorki stöðugt né fyrirsjáanlegt.

Hvað er nýtt í nýja hagkerfinu?

Nýja hagkerfið er ekki „hefðbundið". Nýjungar eru ekki viðburður. Aflvakinn er eins og áður ágóðavonin, sem leiðir til betri lífskjara í samfélaginu, ef vel tekst til. Í nýja hagkerfinu eru áhætta og óvissa regla fremur en undantekning og breytingar verða stöðugt.

Í framleiðslufyrirtæki var skipuritið með byggingarlag pyramida, en verður í lögun breiðast um miðjuna; það eru fleiri við vel launuð sérfræði- og þjónustustörf en við hina eiginlegu framleiðslu. Í stað framleiðslustarfa er vélbúnaður, sem þarfnast sérfræðiþekkingar.

Fyrirtæki störfuðu áður í stöðugu umhverfi og áttu sér þekkta keppninauta. Í nýja hagkerfinu verða stöðugt nýir keppinautar til og ný bandalög myndast, þar sem gömul fyrirtæki eru jafnframt þátttakendur. Hin nýju bandalög geta af sér ný afsprengi, sem kunna að rofna frá uppruna sínum og verða sjálfstæð fyrirtæki. Fjöldi fyrirtækja sem skráð eru á verðbréfamörkuðum fjölgar hratt. Vöruframboð vex hratt og þróunartími nýrrar vöru er stuttur. Þrátt fyrir fjöldaframleiðslu er vara og þjónusta sérsniðin að þörfum neytandans.

Það sem er nýtt í nýja hagkefinu er að nýjum aðferðum er beitt við lausnir gamalla vandamála í „gamla hagkerfinu".

Breytingaskeiðið

Í þjóðhagsreikningum mælast þessar breytingar annars vegar með beinum hætti sem vöxtur í einni grein og samdráttur í annarri en hins vegar með óbeinum hætti í formi aukinnar tæknivæðingar, sem hin síðari ár birtist einkum í tölvuvæðingu; lækkun kostnaður og auknum afköstum, og greiðari fjarskiptum og lækkun einingakostnaðar í fjarskiptum. Torvelt er að leggja tölulegt mat á þessi óbeinu áhrif en sem dæmi um mælikvarða á frammistöðu hins nýja hagkerfis má einkum nefna þrennt:

Mat á breytingum á grunnþáttum efnahagslífsins, sem greina má í fernt:
- Breyting á atvinnuháttum og samsetningu vinnuafls, menntun og kyni.
- Sókn til alþjóðavæðingar.
- Breyttar samkeppnisaðstæður og aukin sveigjanleiki hagkerfisins.
- Hagnýting upplýsingatækni.

Mat á áhrifum á vinnuafl; tekjur og starfstækifæri; hagvöxt og aðlögunarhæfni vinnuafls.

Mat á helstu vaxtarþáttum hins nýja hagkerfis.
- Hvernig miðar í átt að stafrænu umhverfi.
- Fjárfesting fyrirtæka og hins opinbera í nýrri tækni.
- Menntun fólks til starfa í nýju og breyttu umhverfi.

Drifkrafturinn er fjarskipti!

Að baki þessum atriðum eru breytingar á fjarskiptum og tölvusamskiptum. Með afnámi einokunar fjarskiptafyrirtækja í Bandaríkjunum á áttunda áratugnum fjölgaði símafyrirtækjum sem buðu fram þjónustu á sviði hefðbundina og óhefðbundina fjarskipta. Stöðugt kemur fram ný þjónusta, sem eykur framleiðni fyrirtækja í hefðbundnum atvinnugreinum. Árangurinn af frelsinu og lægri reglugerðarkostnaði er samkeppni og lækkað einingaverð í fjarskiptum.

Í verslun og þjónustu er afkoman svipuð á milli ára, en mun lakari afkoma SÍF hf. sem nemur 625 milljónum króna, breytir afkomu þessara 10 fyrirtækja til hins verra og minnkar hagnað greinarinnar úr 1.170 milljónum í 595 milljónir króna.

Ástæður verri afkomu í einstökum greinum eru mismunandi. Lakari afkoma fjármálafyrirtækja stafar einkum af gengislækkunum á markaðsverðbréfum vegna hærri ávöxtunarkröfu skuldabréfa. Lakari afkomu sjávarútvegsfyrirtækja má rekja til áhrifa gengisbreytinga á erlend lán fyrirtækjanna, hás olíuverðs og birgðasöfnunar. Lægra gengi íslensku krónunnar á að öllu jöfnu að skila hærri tekjum á síðari hluta ársins.

Tafla 8. Rekstraryfirlit 55 fyrirtækja á Verðbréfaþingi Íslands á fyrri hluta áranna 1999 og 2000

	Fjöldi fyrirtækja	Rekstrar-tekjur, m.kr.	Hagnaður m.kr.	Hagnaður % af tekjum	Veltufé frá reksri m.kr.	Veltufé frá reksri % af tekjum	Handb. fé frá reksri m.kr.	Handb. fé frá reksri % af tekjum
Sjávarútvegsfyrirtæki								
1999	15	22.795	1.945	8,5	3.297	14,5	417	1,8
2000	15	26.147	233	0,9	3.379	12,9	-3.172	-12,1
Iðnfyrirtæki								
1999	11	9.059	-159	-1,8	420	4,6	-247	-2,7
2000	11	12.513	142	1,1	828	6,6	-655	-5,2
Hátæknifyrirtæki								
1999	6	9.015	362	4,0	563	6,2	142	1,6
2000	6	11.271	718	6,4	833	7,4	72	0,6
Verslun og þjónusta								
1999	10	34.580	535	1,5	1.056	3,1	-1.344	-3,9
2000	10	54.141	595	1,1	1.470	2,7	1.056	2,0
Olíufélög								
1999	3	13.345	611	4,6	1.120	8,4	578	4,3
2000	3	18.526	651	3,5	1.101	5,9	1.419	7,7
Samgöngufyrirtæki....								
1999	3	22.099	1.196	5,4	1.113	5,0	2.443	11,1
2000	3	24.501	-771	-3,1	-268	-1,1	810	3,3
Fjármálafyrirtæki								
1999	6	16.869	3.169	18,8	1.849	11,0	5.405	32,0
2000	6	18.972	1.962	10,3	2.067	10,9	4.430	23,4
Samtals								
1999	**55**	**128.666**	**7.659**	**6,0**	**9.418**	**7,3**	**7.394**	**5,7**
2000	**55**	**166.071**	**3.530**	**2,1**	**9.410**	**5,7**	**3.960**	**2,4**

Í lakari afkomu samgöngufyrirtækja munar mest um mun verri afkomu Flugleiða hf. á árinu 2000 en á árinu 1999.

Alls eru skráð 6 fyrirtæki á Verðbréfaþingi sem skilgreina má sem hátæknifyrirtæki. Athygli vekur að afkoma þessara fyrirtækja samanlagt batnar umtalsvert milli ára gagnstætt því sem gerist í flestum öðrum greinum eins og fram hefur komið hér á undan. Afkoma 5 fyrirtækja batnar verulega á milli ára en afkoma eins fyrirtækis er lakari. Áhrifa þessara fyrirtækja á líklega eftir að gæta í mun ríkara mæli í atvinnulífi á komandi árum. Starfsemi þeirra

mun einnig hafa áhrif á afkomu annarra fyrirtækja og leiða til aukinnar framleiðni í hinum hefðbundnu greinum.

Aðrir mælikvarðar á afkomu atvinnurekstrar eru framlag rekstrar til greiðslu lána, fjárfestingar og til hagnaðar; veltufé frá rekstri og handbært fé frá rekstri. Samkvæmt yfirlitinu eru þessar stærðir mun jafnari á milli ára en hagnaðurinn í þeim greinum sem yfirlitið nær til. Ástæður þess eru einkum áhrif gengisbreytinga á fyrra árshelmingi ársins 2000. Meðalgengi íslensku krónunnar hækkaði á fyrstu mánuðum ársins en lækkaði um 3,7% í maí og júní. Meðalgengi krónunnar var um 1,6% lægra á fyrstu sex mánuðum ársins en á sama tímabili í fyrra. Þessar gengissveiflur leiða til hærri fjármagnskostnaðar og rýra þannig afkomu fyrirtækja en hafa ekki áhrif á tekjur af framleiðslu.

5.3 Laun og hagnaður

Hér að framan hefur hag atvinnurekstrarins verið lýst með hefðbundnum hætti, þ.e.a.s. líkt og fyrirtækin setja fram niðurstöður ársreikninga sinna og áætlanir um afkomuna fram í tímann. Afkomuna er einnig unnt að skoða í öðru ljósi og þá með því að líta á þann virðisauka sem verður til við atvinnustarfsemina og hvernig hann skiptist á milli framleiðsluþátttanna vinnuafls og fjármagns. Þetta verður best gert með því að líta á niðurstöður þjóðhagsreikninga.

Þegar landsframleiðslan hefur verið lækkuð um skatta á framleiðslu en framleiðslustyrkjum bætt við fæst hugtak sem nefnt er vergar þáttatekjur. Þessum tekjum er síðan skipt milli launþega og þess sem fjármagnið og einyrkjar bera úr býtum. Í hlut launþega koma laun og launatengd gjöld en það sem fjármagnið ber úr býtum er hagnaður atvinnurekstrarins og þá er átt við hagnað áður en afskriftir, vextir eða arður hafa verið dregin frá. Þetta hagnaðarhugtak er nefnt vergur rekstrarafgangur. Í þessari framsetningu eru beinir skattar hvorki dregnir frá launum né hagnaði.

Mynd 14. Vergur rekstrarafgangur



Tafla 9. Laun og hagnaður
Milljarðar króna.

	Áætlun 1997	Áætlun 1998	Áætlun 1999	Spá 2000	Breyting, % 1998	1999	2000
1. Verg landsframleiðsla	524,7	577,4	624,6	679,1	10,0	8,2	8,7
2. Frá dregst: Skattar á framleiðslu nettó og mismunur uppgjörs aðferða	99,8	109,9	118,9	129,2	10,0	8,2	8,7
3. Vergar innlendar þáttatekjur (3.= 1.-2.)	424,8	467,5	505,7	549,8	10,0	8,2	8,7
4. Laun og tengd gjöld	266,3	301,2	330,4	359,6	13,1	9,7	8,8
5. Vergur rekstrarafgangur	158,5	166,3	175,3	190,2	4,9	5,4	8,5

Landsframleiðslan nam 625 milljörðum króna árið 1999. Að frádregnum sköttum á framleiðslu og leiðréttingarliðum en að viðbættum framleiðslustyrkjum var þessi fjárhæð, þ.e. vergar þáttatekjur 506 milljarðar króna. Árið 1999 voru laun áætluð 330 milljarðar króna en hlutur fjármagnsins var 175 milljarðar, þar af var talið að 79 milljarðar króna færu í slit og úreldingu fjármuna. Skiptingin undanfarin ár og lausleg spá um skiptinguna í ár er eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu. Þar kemur fram að á árunum 1998 og 1999 hækkuðu launin talsvert umfram hækkun rekstrarafgangs. Þetta kemur fram í hækkandi launahlutfalli og lækkandi hagnaðarhlutfalli. Í ár er talið að þessi þróun stöðvist og laun og hagnaður hækki svipað. Hér er byggt á forsendum þjóðhagsspár um launaþróun, hagvöxt og verðlag.

5.4 Fjárfesting atvinnuveganna

Fjárfesting atvinnuveganna tók mikinn kipp á árunum 1996-1998 þegar framkvæmdir við stóriðjuver og virkjarnir stóðu sem hæst. Á þessu tímabili fór fjárfesting atvinnuveganna sem hlutfall af landsframleiðslu úr 9% í 17½%. Á árinu 1999 dróst fjárfesting atvinnuveganna saman um 2½%, en á þessu ári er gert ráð fyrir að hún aukist að nýju, eða um 13%.

Mynd 15. Fjárfesting atvinnuveganna
Vísitala, 1990 = 100.



Mestu munar um aukna fjárfestingu í fiskiskipum auk þess sem nýtt hafrannsóknaskip kom til landsins fyrr á þessu ári. Þá má nefna stækkun álvers Norðuráls úr 60 þúsund tonna framleiðslugetu í 90 þúsund tonn. Einnig er gert ráð fyrir vexti í byggingarstarfsemi almennt. Mikill vöxtur er í fjárfestingu í tæknibúnaði, bæði fjarskiptatækni og tölvubúnaði almennt, en á móti vegur samdráttur í fjárfestingu veitufyrirtækja í kjölfar mikillar uppbyggingar á undanförnum árum.

Á árinu 2001 er búist við að aftur dragi úr vexti fjárfestingar atvinnuveganna, eða um 3¾%. Þrátt fyrir að heldur hafi dregið úr fjárfestingu er gert ráð fyrir að hún nemi 15½% af landsframleiðslu á árinu 2001, samanborið við 9% á árinu 1995. Gert er ráð fyrir minni fjárfestingu í fiskiskipum en hún er óvenjumikil á þessu ári. Framkvæmdum við stækkun álvers Norðuráls lýkur á árinu en á móti er áfram gert ráð fyrir aukinni fjárfestingu í tölvu- og skrifstofubúnaði.

5.5 Afli og útflutningur

Á árinu 2000 er heildaraflinn áætlaður um 1.954 þúsund tonn samanborið við 1.733 þúsund tonn árið 1999. Aukningin liggur aðallega í meiri loðnuafla sem gert er ráð fyrir að aukist um tæplega 250 þúsund tonn, fari úr 704 þúsund tonnum í 950 þúsund tonn. Þá er horfur á að um 6 þúsund tonn af þorski og um 11 þúsund tonn af rækju veiðist utan Íslandsmiða. Á föstu verði er gert ráð fyrir að aflinn verði svipaður og árið 1999. Áætlað er að þorskafli dragist saman um 0,2% og annar botnfiskafli um 5,3%.

Gert er ráð fyrir að aukning í öðrum afla verði 6,8% á föstu verði. Þar af eykst loðnuafli um rúmlega 32% og síldarafli um 0,7% á meðan rækjuafli minnkar um 23%. Það sem af er þessu ári hafa veiðst um 870 þúsund tonn af loðnu og um 163 þúsund tonn af Íslandssíld sem er um 40 þúsund tonnum minna en á síðasta ári. Afli af fjarmiðum varð nokkru meiri árið 1999 en árið áður. Útflutningsverðmæti þessa afla nam tæplega 9 milljörðum króna sem er 1,5 milljarði meira en árið 1998.

Það sem af er þessu ári hafa íslensk skip veitt um 175 þúsund tonn af kolmunna, 30 þúsund tonna af úthafskarfa og um 163 þúsund tonn af 195 þúsund tonna kvóta af Íslandssíld. Samanlagt útflutningsverðmæti afla af fjarmiðum á árinu 2000 er áætlað um 9,3 milljarðar króna. Miðað við fyrstu átta mánuði ársins lítur út fyrir að hráefniskaup innlendrar fiskvinnslu af erlendum fiskiskipum muni verða meiri en í fyrra. Erlend fiskiskip hafa þegar landað um 8,5 þúsund tonnum af botnfiski, 85 þúsund tonnum af loðnu, um 23 þúsund tonnum af kolmunna og um 15 þúsund tonnum af rækju. Samanlagt er þetta um fjórðungi meira af erlendu hráefni en á sama tíma á síðasta ári.

Fyrstu sjö mánuðina í ár var verðmæti útfluttra sjávarafurða 55,7 milljarðar króna og hafði dregist saman um 5,9% frá sama tíma árið 1999. Verðlag sjávarafurða lækkaði minna eða sem nemur 2,5% og því telst magn útfluttra sjávarafurða hafa minnkað um 3,5%. Útflutningur landfrystra afurða minnkaði um 5,6% og útflutningur sjófrystra afurða minnkaði um 13,1%. Útflutningur afurða botnfisksöltunar jókst um 4,8% en útflutningur loðnuafurða dróst saman um 1% og verð þeirra lækkaði um 5%.

Engar upplýsingar eru til um útflutningsbirgðir í landinu, en vísbendingar í hálfsársuppgjöri nokkurra fyrirtækja benda til þess að birgðir hafi aukist verulega á fyrri hluta ársins. Það gæti skýrt samdrátt í útflutningi þótt afli sé ekki minni á þessu ári en í fyrra.

Tafla 10. Afli og aflaverðmæti 2000–2001

	Afli, þús. tonn		Breyting aflaverðmætis á föstu verði
	Áætlun 2000	Spá 2001	2000-2001, %
Þorskur	260	236	-9,2
Annar botnfiskur	240	239	1,6
Síld	100	110	4,5
Íslandssíld	166	117	-29,5
Loðna	950	790	-15,6
Humar	1	1	0
Rækja	33	31	-5,4
Hörpudiskur	10	9	-5,1
Kolmunni	190	100	-47,4
Annað	4	4	0
Botnfiskur	500	475	-4,6
Annar afli	1.454	1.162	-11,3
Samtals	**1.954**	**1.637**	**-7,2**

Að teknu tilliti til allra þessara þátta gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að útflutningsframleiðsla sjávarafurða á árinu 2000 verði svipuð og árið 1999.

Sjávarútvegsráðuneytið hefur úthlutað heimildum fyrir nýhafið fiskveiðiár að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar. Í þorskígildum talið minnkar sjávarútvegsráðuneytið nú heimildir um 10% frá síðasta fiskveiðiári. Í áætlunum sínum gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að afli kvótabundinna tegunda á Íslandsmiðum verði í samræmi við ákvarðanir sjávarútvegsráðuneytisins að teknu tilliti til ónýttra aflaheimilda sem flytjast á milli ára. Varðandi veiðar sem ekki eru háðar kvóta er byggt á reynslu undanfarandi ára. Samkvæmt þessu er útlit fyrir að þorskafli af Íslandsmiðum verði 230 þúsund tonn á fiskveiðiárinu 2000/2001, sem er um 9,5% samdráttur frá síðasta fiskveiðiári. Reiknað er með að annar botnfiskafli aukist um 1,6%. Þá er gert ráð fyrir að annar afli dragist saman um 11%, þar af er reiknað með að afli uppsjávarfiska, loðnu og síldar, dragist saman um 15% og rækjuafli um 5½%.

Að öllu samanlögðu gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að framleiðsla sjávarafurða á milli áranna 2000 og 2001 dragist saman um 7%.

6. Vinnumarkaður og byggðaþróun

Spenna á íslenskum vinnumarkaði hefur verið afar mikil á undanförnum missirum. Þetta kemur víða fram. Hin augljósu teikn eru veruleg minnkun atvinnuleysis og fjöldi lausra starfa. Framboð vinnuafls hefur einnig vaxið. Þá hefur vinnutími lengst og sýna tölur Hagstofunnar lengingu um 50 mínútur á viku frá apríl 1999 til jafnlengdar í ár. Ennfremur hefur framboð vinnuafls vaxið vegna innflutnings erlends vinnuafls.

6.1 Atvinnuþátttaka og atvinna

Í Vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar er fólk talið til vinnuafls ef það er annaðhvort starfandi eða atvinnulaust en að leita að vinnu. Starfandi eru þeir taldir sem unnið hafa a.m.k. eina vinnustund í þeirri viku sem könnun fer fram. Þetta er í samræmi við skilgreiningu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Atvinnuþátttaka er síðan reiknuð sem hlutfall mannafla af fólksfjölda á tilteknum aldri. Erlendur samanburður sýnir að atvinnuþátttaka er meiri á Íslandi en annars staðar þekkist meðal OECD ríkja. Árið 1999 töldust 85,9% Íslendinga á aldrinum 15–64 ára til vinnuaflsins, samanborið við 70,4% meðal OECD ríkja og 69% í Evrópusambandinu. Aðeins Norðurlöndin og Sviss eru með um eða yfir 80% atvinnuþátttöku. Vegna lítils atvinnuleysis á Íslandi er munur á Íslandi og öðrum OECD þjóðum enn meiri þegar litið er til hlutfalls starfandi af mannfjölda. Árið 1999 var hlutfall starfandi á Íslandi 81,5%, en 65,9% meðal OECD ríkja og 61,5% í Evrópusambandinu, en 78–80% í Noregi og Sviss.

Samkvæmt vinnumarkaðskönnunum hefur atvinnuþátttaka farið vaxandi hér á landi á undanförnum árum, sem er athyglisvert í ljósi þess hversu há hún er. Það þýðir að framboðshlið vinnumarkaðarins er mjög sveigjanleg og bregst vel við vaxandi eftirspurn. Þetta dregur úr ofþenslu á vinnumarkaði og þannig úr þrýstingi á laun og verðlag. Ríkur þáttur í vaxandi atvinnuþátttöku hefur verið stóraukin atvinnuþátttaka námsmanna, en samkvæmt vinnumarkaðskönnun voru ríflega 60% námsmanna í vinnu árið 1999 samanborið við 45% árið 1991 og 51,6% árið 1995. Þetta er fjölgun starfandi um 4.500 manns frá 1995 og um 5.400 frá 1991.

Líklegt má telja að atvinnuþátttaka hér á landi sé nú nálægt mögulegu hámarki. Í vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar frá apríl sl. kom þó fram að atvinnuþátttakan var 83,9% af öllum 16–74 ára sem er aukning um 1,3 prósentustig frá könnun í apríl 1999. Aukninguna má að mestu leyti rekja til 16-24 ára aldurshópsins þar sem námsmenn eru fjölmennir. Fólki á aldrinum 16–74 ára sem er utan vinnuaflsins fer fækkandi og taldi árið 1999 um 31.600 manns. Fjölmennastir í þeim hópi eru eftirlaunaþegar, tæpur helmingur og námsmenn eru um þriðjungur. Heimavinnandi fólki hefur fækkað mjög eða úr tæpum 9 þúsundum árið 1991 í 5 þúsund árið 1999.

Þjóðhagsstofnun hefur um langt skeið gert athuganir á vinnuaflsþörf fyrirtækja þar sem vilji forsvarsmanna þeirra til að fjölga eða fækka starfsfólki er kannaður. Í fyrra voru gerðar þrjár kannanir og gáfu þær til kynna mjög aukinn fjölda lausra starfa á landinu í heild. Könnun stofnunarinnar í apríl sl. sýndi meiri vinnuaflsskort á höfuðborgarsvæðinu en dæmi eru um, eða sem svarar 1,6% af vinnuafli á svæðinu. Áberandi mestur er skortur á starfsfólki í byggingarstarfsemi og þjónustu við atvinnurekstur. Annað er uppi á teningunum á landsbyggðinni en atvinnurekendur þar töldu að starfsmenn væru of margir miðað við rekstrarumsvif. Fram kom vilji til að fækka starfsmönnum um nálægt 1% af starfsmannafjölda. Fyrir landið í heild voru laus störf sem svarar til 0,7% af starfsmannafjölda. Í þessari könnun er

opinberri þjónustu sleppt, að sjúkrahúsum undanskildum, en mjög víða í opinberum rekstri hafa verið miklir erfiðleikar í mannaráðningum.

Mynd 16. Atvinnuleysi og laus störf
Hlutfall af mannafla.



Atvinnuhorfur eru bjartar það sem eftir er þessa árs og engin teikn eru á lofti um að spurn eftir vinnuafli eigi eftir að breytast mikið á næsta ári. Spá Þjóðhagsstofnunar gerir ráð fyrir að störfum muni fjölga um 2.700 ársverk á þessu ári eða sem nemur 2% af vinnuafli og að atvinnuþátttakan samkvæmt mati á ársverkum verði aðeins meiri en á árinu 1999, eða um 77,6%. Á árinu 2001 er áætlað að atvinnuþátttakan verði svipuð og á þessu ári, sem þýðir að störfum muni fjölga um 1.100 ársverk. Þróun ársverka á þessu og næsta ári mun ráðast annars vegar af miklum fjölda lausra starfa á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar af atvinnuþátttöku og flutningi fólks suður. Spá Þjóðhagsstofnunar gerir ráð fyrir að ársverkum fjölgi um 0,8% á næsta ári.

6.2 Atvinnuleysi

Skráð atvinnuleysi hefur minnkað mun hraðar undanfarin tvö ár en spár gáfu til kynna. Þetta skýrist annars vegar af meiri vinnuaflseftirspurn en ráð var fyrir gert og hins vegar er líklegt að harðari reglur um atvinnuleysisbætur hafi haft sitt að segja. Atvinnuleysi minnkaði um nálægt 1 prósentustig hvort áranna 1998 og 1999, er það var komið í 1,9% af vinnuafli. Þessi þróun hefur haldið áfram í ár og var árstíðaleiðrétt atvinnuleysi í ágúst komið niður í 1,3% af mannafla miðað við 1,7% í desember síðastliðnum. Atvinnulausir á fyrstu átta mánuðum ársins voru 800 færri en á sama tímabili í fyrra. Atvinnuleysi mældist að meðaltali 1,5% af vinnuafli en á sama tíma í fyrra var það 2,1%.

Mynd 17. Atvinnuleysi 1996–2000
Hlutfall af mannafla.



Heimild: Vinnumálastofnun og Þjóðhagsstofnun.

Sögulega hefur atvinnuleysi einatt verið meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Þannig var meðalatvinnuleysi áranna 1980–1989 ríflega tvöfalt hærra á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Aukning atvinnuleysis á árunum 1989 til 1995 var hins vegar mun meira á síðarnefnda svæðinu og 1994–1995 var atvinnuleysi jafnt. Atvinnuleysi minnkaði hraðar á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu fram til 1996/1997 en nú síðustu tvö árin hefur atvinnuleysið minnkað mun meira á höfuðborgarsvæðinu. Það er í hátt við aðrar vísbendingar um vinnumarkaðinn. Í júlí sl. var atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu 1,3% og hafði lækkað um 0,9 prósentustig frá sama mánuði í fyrra en á landsbyggðinni var atvinnuleysið 0,8% eða 0,3 prósentustigum minna en í júlí 1999. Þróunin á Vestfjörðum vekur sérstaka athygli, en þar hefur atvinnuleysi einatt verið hverfandi. Á síðustu tólf mánuðum hefur það hins vegar vaxið umtalsvert og eru Vestfirðir eini landshlutinn sem svo er ástatt um. Á tímabilinu frá janúar til ágúst í ár var atvinnuleysi vestra 1,5% að meðaltali (2,2% meðal kvenna) og hafði aukist um 0,8 prósentustig frá sama tíma í fyrra.

Atvinnuleysi er hvergi jafn lágt og hér á landi meðal OECD ríkja. Árið 1999 var atvinnuleysi að meðaltali 6,8% í þessum ríkjum og 9,2% meðal aðildarríkja Evrópusambandsins. Þriðjungur OECD ríkja eru með atvinnuleysi undir 5%. Holland, Lúxemborg og Noregur eru einu aðildarríkin auk Íslands sem eru með atvinnuleysi undir 3,5%.

Sýnt er að atvinnuleysi verði um 1½% af mannafla á þessu ári og Þjóðhagsstofnun spáir að á næsta ári muni atvinnuleysi aukist lítillega eða í 1,8%. Það er vafasamt að svo lágt atvinnuleysi sem nú er, fái staðist til lengdar án þess að tefla stöðugleika verðlags í tvísýnu.

6.3 Byggðaþróun

Undanfarin ár hefur þróun byggðarinnar einkennst af því að mikill fjöldi fólks hefur flutt til höfuðborgarsvæðisins umfram þá sem þaðan hafa flutt á landsbyggðina. Jafnframt hefur fleira fólk flutt til landsins en frá því. Í fyrstu var aðallega um erlenda ríkisborgara að ræða

en á árinu 1999 urðu íslenskir ríkisborgarar sem til landsins fluttu fleiri en þeir sem fluttust á brott í fyrsta skipti síðan 1992. Allir landshlutar hafa bætt við sig íbúum vegna aðflutnings frá útlöndum.

Búferlaflutningar milli landa

Á fyrri hluta ársins 2000 hefur brottfluttum til útlanda fjölgað um 5% frá sama tímabili í fyrra. Aðfluttum frá útlöndum hefur fækkað um 4% milli sömu viðmiðunartímabila. Á höfuðborgarsvæðinu eru 7% fleiri brottfluttir og 7% færri aðfluttir en í fyrra. Munurinn á landsbyggðinni er mun minni milli ára. Breytingin frá fyrra ári hefur gerst á öðrum ársfjórðungi. Hún hefur í för með sér að nú er reiknað með því að brottfluttir íslenskir ríkisborgarar verði á ný fleiri en aðfluttir á árinu 2000. Þá er nú reiknað með að brottflutningur erlendra ríkisborgara verði óbreyttur frá fyrra ári. Aðflutningur erlendra ríkisborgara er nú áætlaður minni en á árinu 1999 en fyrstu vísbendingar voru um að hann mundi aukast á árinu. Að samanlögðu er þó enn reiknað með því að aðfluttir til landsins verði fleiri en brottfluttir eða sem nemur um 700 manns. Allir landshlutar nema Vesturland bæta við sig fólki með búferlaflutningum milli landa.

Mynd 18. Búferlaflutningar milli landa

Heimild: Hagstofa Íslands.



Byggðaþróun innan lands

Hlutfallsleg fjölgun íbúa höfuðborgarsvæðisins óx ár frá ári frá 1996 en árið 1999 dró örlítið úr fjölguninni. Engu að síður fjölgaði íbúum svæðisins um meira en 3.500 manns það ár, annað árið í röð. Rúmlega þriðjung (38%) fjölgunarinnar má rekja til búferlaflutninga innan lands, 40% til fjölda fæddra umfram látna en um fimmtung vaxtarins til aðflutnings frá útlöndum. Árið 1999 var annað árið í röð þar sem aðfluttir frá útlöndum voru fleiri en brottfluttir á höfuðborgarsvæðinu. Þeir voru 762 árið 1999 en 423 árið áður. Árin 1994–1996 voru brottfluttir til útlanda af höfuðborgarsvæðinu samtals 1.937 fleiri en aðfluttir.

Mynd 19. Búferlaflutningar milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar



Heimild: Hagstofa Íslands.

Undanfarin ár hefur höfuðborgarsvæðið tekið á móti vel á annað þúsund manns á ári vegna búferlaflutnings fólks innan lands umfram þá sem flutt hafa á brott. Nú bendir þróun fyrri hluta ársins 2000 til þess að flutningar á landsbyggðina hafi aukist en dregið hafi úr flutningum til höfuðborgarsvæðisins. Til þess svæðis fluttu um 2% færri en á sama tíma í fyrra og frá svæðinu fluttu 12,5% fleiri. Niðurstaðan gæti orðið sú að búferlaflutningar innan lands færðu höfuðborgarsvæðinu íbúaaukningu sem næmi 900–1.000 manns á árinu öllu. Það er minni fjöldi en sést hefur frá 1993. Þessi þróun er á skjön við hina miklu eftirspurn eftir vinnuafli sem er á höfuðborgarsvæðinu. Hún kann að stafa af því að raunhækkun íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hafi gert íbúum landsbyggðarinnar erfiðara fyrir en áður að flytja sig um set.

Að því er varðar einstaka landshluta er fækkun vegna innanlandsflutninga mest á Vestfjörðum og Austurlandi og í þessum landshlutum fer þróunin versnandi. Svipaða sögu er einnig að segja um Norðurland eystra enda þótt árið 2000 virðist ætla að verða skárra en 1999. Fólki hefur fjölgað á Suðurnesjum en á Vestur- og Suðurlandi er jafnvægi í flutningum innan lands.

Ef litið er nánar á íbúaþróunina hafa orðið mikil umskipti á síðustu 3 árum í nágrannabyggðum höfuðborgarsvæðisins. Á Akranessvæðinu fjölgaði íbúum um 2,8% árið 1999 en þar fækkaði íbúum árið 1996. Í Árnessýslu er sömu sögu að segja en íbúum þar fjölgaði um 2,6% árið 1999. Íbúafjölgun á Suðurnesjum varð heldur minni árið 1999 (1,4%) en umskiptin eru sams konar. Nærsvæði höfuðborgarsvæðisins hafa því svipuð einkenni og höfuðborgarsvæðið að er íbúaþróun varðar en þau mynda landfræðilega nokkurs konar krans í kring um höfuðborgarsvæðið. Engin merki um slík umskipti er að sjá á Eyjafjarðarsvæðinu sem er þó helst talið hafa burði til mótvægis við Suðvesturhornið. Ef litið er til landsbyggðarinnar utan nærsvæða höfuðborgarinnar hefur íbúum fækkað um 1% á ári frá 1994 og samtals um nær 6.000 manns.

Á næsta ári má búast við því að áfram fjölgi á höfuðborgarsvæðinu vegna aðflutnings fólks af landsbyggðinni enda þótt örðugt sé að segja til um hversu miklir flutningar verða.

Ýmis teikn eru um að úr flutningum dragi. Sömuleiðis er reiknað með því að fólki, einkum erlendum ríkisborgurum, fjölgi vegna aðflutnings frá útlöndum.

7. Verðlag

Verðlagsþróun undanfarin missiri og mikill viðskiptahalli hafa verið til vitnis um að hinn hraði vöxtur eftirspurnar undanfarin ár hefur verið meiri en svo að vöxtur framleiðslugetu hagkerfisins hafi fylgt honum eftir. Vísbendingar eru þó um að verðbólguþrýstingur kunni að vera í rénun. Samkvæmt verðathugunum í september hefur neysluverð hækkað um 4% undanfarna tólf mánuði. Verðbólgan náði hámarki í aprílmánuði, en þá mældist tólf mánaða breyting neysluverðsvísitölunnar 6% og hafði ekki verið meiri síðan í apríl árið 1992.

Mynd 20. Breytingar á vísitölu neysluverðs 1998–2000 og verðbólguálag á ríkisbréf



Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.

Hækkun á vísitölu neysluverðs á undangengnum tólf mánuðum má rekja til verðhækkana á innlendum liðum vísitölunnar ef hækkun á bensínverði er undanskilin. Húsnæðisliður vísitölunnar hækkaði um 11½% frá september 1999 til jafnlengdar í ár. Einnig hefur verð á þjónustu hækkað áberandi mikið en hún er jafnan vinnuaflsfrek og því næm fyrir launahækkunum. Að meðaltali hafa innlendir liðir vísitölu neysluverðs hækkað um tæp 6% á þessu tímabili sem hefur haft áhrif til 3,8% hækkunar vísitölunnar. Bensínverð hefur hækkað um rúm 8% en erlendir liðir vísitölunnar án bensíns hafa hins vegar lækkað í verði um tæpt 1%.

Tafla 11. Verðbreyting í einstökum flokkum vísitölu neysluverðs og áhrif til hækkunar september 1999 til september 2000, %

	Tólf mánaða hækkun	Áhrif til hækkunar
Innlendar vörur	2,5	0,47
Opinber þjónusta	4,6	0,58
Önnur þjónusta	6,7	1,30
Innlendir liðir án húsnæðis	4,6	2,35
Húsnæði	11,5	1,50
Innlendir liðir alls	5,9	3,85
Innfluttar vörur án bensíns	-0,8	-0,24
Bensín	8,2	0,38
Alls	**4,0**	**4,02**

Heimild: Hagstofa Íslands.

Þegar litið er til ýmissa kennileita í efnahagslífinu til að fá vísbendingar um líklega verðbólguþróun á næstu mánuðum er ekki einsýnt hvert stefnir. Það sem einkum gefur tilefni til svartsýni er áframhaldandi mikil eftirspurn eftir vinnuafli. Samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar verður meðalatvinnuleysi á árinu 2000 um 1½%. Ólíklegt er að svo lágt atvinnuleysi samræmist stöðugu verðlagi til lengdar þrátt fyrir mikinn sveigjanleika vinnuframboðs. Vöxtur peningamagns bendir í sömu átt en peningamagn í víðum skilningi (M3) jókst um 13% frá því í júlí 1999 til jafnlengdar í ár.

Mynd 21. Atvinnuleysi og verðbólga 1980–2000



Heimild: Hagstofa Íslands og Þjóðhagsstofnun.

Aðrar vísbendingar gefa tilefni til meiri bjartsýni. Almennar verðlagshækkanir undanfarið hafa verið nokkuð minni en reiknað hafði verið með. Í kjölfarið hefur dregið nokkuð úr verðbólguvæntingum sé tekið mið af muni verðtryggðra og óverðtryggðra vaxta. Verðbólgu-

álag á óverðtryggð ríkisskuldabréf náði hámarki í júlí þegar það var rúmlega 5½ prósentustig og hafði þá hækkað um 1 prósentustig frá ársbyrjun. Seint í september nemur verðbólguálagið tæplega 5 prósentustigum. Þá eru ákveðin merki þess að þensla á fasteignamarkaði sé að minnka. Í þriðja lagi virðist nú að draga úr vexti einkaneyslu eins og kemur fram í kaflanum um heimilin. Þar eru jafnframt færð rök fyrir því að búast megi við nokkuð minni vexti einkaneyslu á árinu 2001 en undanfarin ár. Meðal annars vegna þessa eru horfur á að heldur hægi á vexti efnahagsstarfseminnar á næsta ári og að hagkerfið færist í átt að jafnvægi (sjá mynd 22) þó gert sé ráð fyrir að atvinnuleysi verði áfram minna en 2%.

Að öllu samanlögðu er það mat Þjóðhagsstofnunar að fyrrgreindar vísbendingar gefi fyrirheit um heldur hjaðnandi verðbólgu. Þjóðhagsstofnun spáir að verðlag hækki um 3,8% frá upphafi til loka árs 2000 og að hækkunin nemi 5,0% á milli áranna 1999 og 2000. Hækkunin sem spáð er á árinu 2000 er nokkuð minni en gert var ráð fyrir í síðustu spá Þjóðhagsstofnunar í júní síðastliðnum. Endurskoðunina má að mestu leyti rekja til hagstæðari verðlagsþróunar allra síðustu mánuði. Gert er ráð fyrir að úr verðbólgu dragi á næsta ári. Reiknað er með að hækkun verðlags frá upphafi til loka árs 2001 verði rúmlega 3% og 4% á milli áranna 2000 og 2001. Forsendur þessarar spár eru 0,1% mánaðarlegt launaskrið umfram samningsbundnar launahækkanir og stöðugt gengi frá því sem nú er. Eins og jafnan með verðbólguspár er nokkur óvissa í þessari spá sem m.a. má rekja til mögulegra frávika frá fyrrgreindum forsendum. Einnig koma ytri aðstæður, svo sem þróun bensínverðs á heimsmarkaði og verðbólga í viðskiptalöndunum, til með að hafa áhrif. Aðaláhrifavaldurinn verður þó án efa þróun innlendrar eftirspurnar.

Mynd 22. Hækkun neysluverðsvísitölu og frávik framleiðslu frá jafnvægi 1991–2001



Verð íbúða í fjölbýlishúsum á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað um 25% á undanförnum tuttugu mánuðum. Á tímabilinu frá 1984–1998 var íbúðaverð í fjölbýlishúsum að meðaltali um 80.000 kr. á fermetra á verðlagi ársins 1999, en er nú um 100.600 kr. Fermetraverð var mjög stöðugt á árunum 1990–1998 en óstöðugleikinn er meiri 1984–1989 án þess þó að meðaltalið breytist. Í ársbyrjun 1999 hóf verðið að hækka og er fermetraverð nú hærra en nokkru sinni fyrr. Byggingakostnaður hefur ekki hækkað umfram neysluverð á þessum tíma. Skýringa á þessari hækkun er einkum að leita til mikillar spurnar eftir íbúðum en fjöldi kaup-

samninga var í hámarki árið 1999. Nýjum fullbúnum íbúðum á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki fjölgað á tímabilinu þrátt fyrir aðflutning fólks.

Mynd 23. Raunverð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu, verðlag 1999
Fermetraverð þús. krónur.



Heimild: Fasteignamat ríkisins.

8. Heimilin

8.1 Kjaramál og launaþróun

Í vor var gengið frá kjarasamningum á almennum vinnumarkaði, enn er þó ósamið við sjómenn og nokkra smærri hópa. Kjarasamningar opinberra starfsmanna renna flestir út í lok október.

Kjarasamningarnir voru gerðir í vor til 3½ árs og leysa af hólmi samninga sem giltu í 3 ár. Á níunda áratugnum voru almennir kjarasamningar hins vegar að hámarki til eins árs og samningar voru uppsegjanlegir eða til endurmats skyldi koma ef ákveðnar forsendur brystu. Jafnframt því að samningstíminn hefur lengst hafa uppsagnarákvæði mildast mjög og þeim fækkað. Engum blöðum er um það að fletta að stuttur samningstími jók mjög á óvissu í efnahagslífinu. Traustari grundvöllur efnahagslífsins er vafalítið helsta ástæða þess að samningstíminn hefur lengst, en um leið treystir lengri samningstími rekstrargrundvöll heimila og fyrirtækja.

Markmið kjarasamninganna í vor voru að draga úr verðbólgu og bæta kjör hinna lægstlaunuðu. Lækkun verðbólgu er forsenda samninganna og eru launaliðir uppsegjanlegir í febrúar ár hvert verði misbrestur á. Þá kemur og til endurmats ef aðrir hópar fá umtalsvert meiri launahækkun en hinir almennu samningar gera ráð fyrir. Mat samningsaðila var að laun muni hækka um 18,6% á samningstímanum, um 5,7% í ár en um 4,1% í upphafi næsta árs. Í lok

október verða kjarasamningar flestra hópa opinberra starfsmanna lausir og eins og ætíð ríkir óvissa um niðurstöðu þeirra.

Mikil spenna hefur verið á íslenskum vinnumarkaði um langt skeið. Viðbúið er að við slíkar aðstæður verði launahækkanir umfram umsamda taxta. Launavísitala Hagstofu Íslands mælir breytingar dagvinnulauna. Frá árslokum til júlí hefur vísitalan hækkað um 6,7% og kaupmáttur vaxið um 3,5%. Á grundvelli kjarasamninga og áætluðu launaskriði er því spáð að launavísitalan hækki um 6½–7% milli ára 1999 til 2000 og um 6½% frá 2000 til 2001. Það þýðir að kaupmáttur launa muni batna um 1½–2% á þessu ári og um 2–2½% á því næsta.

Mynd 24. Kaupmáttur launa
Vísitala, 1990 = 100.
Heimild: Hagstofa Íslands og Þjóðhagsstofnun.



Staðgreiðsluskyldar tekjur hafa aukist verulega umfram almennar tekjubreytingar og kemur þar til fjölgun ársverka og lengri vinnutími. Þannig voru staðgreiðsluskyldar tekjur ríflega 10% hærri á fyrri helmingi ársins 2000 en á sama tímabili í fyrra.

Almennt tekjuskattshlutfall hefur verið lækkað verulega á undanförnum árum. Hæst komst tekjuskattshlutfall í staðgreiðslu árin 1995 og 1996 upp í um 41,9% en er nú 38,37%, sem er lækkun um 3,5 prósentustig. Þegar haft er í huga að lífeyrisiðgjald, allt að 6% af tekjum, er nú frádráttarbært frá skatti er lækkun skatthlutfalls enn meira. Skatthlutfall launþega sem greiðir lögbundið lífeyrisiðgjald (4%) og viðbótariðgjald (2%) er þannig í raun aðeins 36%. Á móti þessum breytingum hefur vegið að persónuafsláttur hefur ekki haldið í við almennar tekjubreytingar.

Nokkrar breytingar á lögum um tekjuskatt launþega komu til framkvæmda í ár. Þær helstu eru að færsla ónýtts persónuafsláttar milli hjóna hækkar úr 80% í 85%, og í 90% á næsta ári. Áætlað er að skattar lækki um 100 milljónir kr. í ár vegna þessarar breytingar. Frá 1. júní er heimild að draga viðbótarlífeyrisiðgjald allt að 4% frá tekjum til skatts í stað 2% áður.

Þrátt fyrir þessar breytingar hefur mikil kaupmáttaraukning leitt til vaxandi skattbyrði tekju- og eignarskatta. En stighækkun tekjuskatts er einmitt mikilvægt tæki til að jafna hagsveiflur. Samkvæmt ríkisreikningi jukust tekjur ríkissjóðs vegna tekjuskatta einstaklinga um tæp 20% frá 1998 til 1999 og skilaði ríkissjóði 38,6 milljarða króna tekjum. Þessar auknu skatttekjur má að talsverðu leyti rekja til hátekjuskattsins, en tekjur ríkissjóðs af honum jukust um 84%. Í ár er gert ráð fyrir að skatttekjur hækki nokkuð umfram hækkun tekna.

8.2 Ráðstöfunartekjur

Að öllu samanlögðu er hér gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um 1½% í ár og á því næsta. Þetta er til muna minni vöxtur en verið hefur undanfarin ár og ívið minni en meðal OECD ríkjanna er þar er reiknað með að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann vaxi um 2% á þessu ári og 2,4% á því næsta. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hefur vaxið samfleytt frá árinu 1994. Í þessum spám felst að kaupmátturinn á næsta ári verði tæpum 29% meiri en árið 1993.

Tafla 12. Áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar í viðskiptalöndunum 2000–2001, %
Heimild: OECD Economic Outlook, júní 2000.

	Gengisvog	Launa-breyting	Verð-bólga	Kaup-máttur
Bandaríkin	24,1	4,8	2,2	2,5
Bretland	13,4	5,8	2,8	2,9
Frakkland	4,6	2,2	1,5	0,7
Kanada	1,4	3,3	2,1	1,2
Ítalía	2,1	2,9	2,3	0,6
Japan	5,4	0,4	0,0	0,4
Þýskaland	13,8	2,3	1,5	0,8
Danmörk	9,2	3,4	2,5	0,9
Finnland	1,2	4,9	2,5	2,3
Noregur	8,3	4,8	2,6	2,1
Svíþjóð	3,9	4,9	2,2	2,6
Belgía	1,5	2,7	1,7	1,0
Sviss	2,4	2,9	1,8	1,1
Holland	4,5	3,7	3,4	0,3
Portúgal	1,4	5,0	2,6	2,3
Spánn	3,0	3,7	2,8	0,9
Meðaltal viðskiptalanda	**100**	**3,9**	**2,2**	**1,7**

8.3 Skuldir og sparnaður

Í lok árs 1999 námu skuldir heimilanna 510 milljörðum króna. Um mitt ár 2000 voru skuldir heimilanna samkvæmt uppgjöri Seðlabankans 560 milljarðar króna og aukningin frá áramótum er 50 milljarðar eða um 10%. Hlutfallslega er vöxturinn mestur á þessu tímabili í skuldum við innlánsstofnanir um 23 milljarðar króna, eða tæp 18%. Hægt hefur á skuldaaukningu við Íbúðalánasjóð á fyrri hluta þessa árs miðað við undanfarin ár og aukningin frá áramótum er um 6%. Ef skuldir hækka í sama takti á síðari helmingi ársins og þeim fyrri, munu skuldir í árslok verða yfir 600 milljarðar króna og vöxturinn yfir árið 15–20%. Gangi það eftir blasir við að hlutfall milli skulda og ráðstöfunartekna muni aukast verulega. Á móti þessum skuldum standa umtalsverðar eignir. Áætlanir Seðlabanka Íslands benda til að peningaeignir heimilanna hafi verið 334 milljarðar króna í árslok 1999 og nær 850 milljörðum ef lífeyrissjóðum er bætt við.

8.4 Einkaneysla

Ýmislegt bendir til þess að vöxtur einkaneyslu árið 2000 verði hægari en undanfarin ár. Í fyrsta lagi er talið að kaupmáttaraukning á þessu ári verði minni en undanfarin ár og af þeim sökum er ekki svigrúm til verulega aukinnar neyslu. Í öðru lagi er líklegt að lækkun hlutabréfaverðs dragi úr einkaneyslu þar sem eignastaða heimilanna rýrnar.

Í þriðja lagi má nefna að dregið hefur úr veltuaukningu hjá fyrirtækjum innan lands og innheimtur virðisaukaskattur hefur að sama skapi ekki aukist jafn mikið milli ára fyrstu sjö mánuði ársins og í fyrra. Tölur um veltu fyrstu sex mánuði ársins benda til 4% magnaukningar í atvinnugreinum sem tengjast einkaneyslu svo sem verslun, þjónustu og samgöngum. Innheimtur virðisaukaskattur er 9% meiri fyrstu sjö mánuði ársins, sem bendir til 4–5% veltuaukningar á föstu verðlagi. Í fjórða lagi jókst innflutningur á neysluvörum öðrum en bifreiðum um 6½% mánuðina janúar-júlí 2000 miðað við sama tíma í fyrra. Innflutningur á mat- og drykkjarvörum til heimilisnota jókst um rúmlega 2%, innflutningur varanlegra neysluvara, t.d. heimilistækja, jókst um 13% og innflutningur á hálfvaranlegum neysluvörum, t.d fatnaði, jókst um 15%. Hins vegar dróst innflutningur á óvaranlegum neysluvörum, svo sem lyfjum og tóbaki, saman um 1½% fyrstu sjö mánuði ársins 2000. Sömuleiðis dróst innflutningur einkabifreiða á föstu verðlagi saman um 12% fyrstu sjö mánuði ársins 2000. Enn meiri samdráttur kemur fram í fjölda innfluttra bifreiða en meðalverð þeirra fór hækkandi á sama tíma.

Mynd 25. Þróun helstu liða í einkaneyslu 1980–2000
Vísitölur, 1990 = 100.



Ferðalög landsmanna hafa haldið áfram að aukast á árinu en meðaleyðsla í hverri utanferð lækkar með fjölgun ferða. Samkvæmt greiðslujafnaðartölum fyrri árshelming 2000 aukast útgjöld Íslendinga í útlöndum um 14% frá sama tíma 1999. Miðað við þær tölur og spár fyrir seinni árshelming 2000 stefnir í að útgjöldin verði í ár rúmlega 13% hærri en í fyrra. Aukning á kreditkortanotkun heimila fyrstu sjö mánuði ársins er töluverð sem gefur til kynna aukna neyslu. Heildarveltan á þessum tíma jókst um 6% á föstu verði, þar af 7% innan lands. Færslufjöldinn jókst heldur meira þannig að meðalúttekt minnkar nokkuð. Debetkortanotkun jókst enn meir eða um rúmlega 9%. Debetkortum hefur fjölgaði töluvert það sem af er árinu og voru í lok júlí orðin 285 þúsund og fjölgaði um 9,1% frá sama tíma í fyrra en um 5,4% frá áramótum. Á sama tíma fjölgaði kreditkortum um 6,1% og voru þau í lok júlí orðin 189 þúsund sem er 3% fjölgun frá áramótum.

Að öllu samanlögðu er nú áætlað að einkaneyslan muni aukast um 4% milli áranna 1999 og 2000. Tafla 13 sýnir hlutfallslega skiptingu einkaneyslunnar á síðasta ári samanborið við árið 1990 ásamt magnbreytingu einstakra liða árin 1995–2000.

Undanfarin ár hafa kaup á varanlegum neysluvörum borið uppi aukningu einkaneyslunnar. Á þessu ári er gert ráð fyrir að umskipti verði og kaup á þessum vörum eru aðeins talin aukast um 2,7% og vegur þar samdráttur í bílakaupum hvað þyngst. Töluverð aukning er hins vegar talin verða í útgjöldum vegna kaupa á fatnaði, húsgögnum, heimilistækjum og sömuleiðis í ferðaútgjöldum og vegna menntunar og afþreyingar. Ferðaútgjöld Íslendinga erlendis eru áætluð aukast um rúmlega 13% á árinu 2000. Á undanförnum árum hefur vægi þessara þátta sömuleiðis farið vaxandi á sama tíma og vægi matvæla, drykkjarvara, og húsnæðiskostnaðar hefur farið hlutfallslega lækkandi.

Á næsta ári er því spáð að einkaneyslan aukist töluvert minna en í ár eða um 2,6%. Árið 2001 er einnig talið að enn hægi á innflutningi á bílum og varanlegum heimilistækjum. Kaup á þessum vörum hafa aukist mjög undanfarin ár og byrjaði sú aukning árið 1994 þegar núverandi hagvaxtartímabil hófst.

Tafla 13. Einkaneysla 1990–2000

	Hlutfallsleg skipting, %		Magnbreyting frá fyrra ári, %					
							Bráðab.	Áætlun
	1990	1999	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Matur, drykkjarvara og tóbak	25,7	21,9	-1,4	4,1	4,2	3,8	3,6	1,5
Fatnaður	8,2	6,5	4,9	0,3	5,4	16,7	5,8	13,8
Húsnæði, ljós og hiti	17,7	14,8	1,2	-2,7	0,3	3,4	1,2	1,4
Húsgögn, húsbúnaður, heimilishald og heimilistæki	7,7	7,8	7,3	9,8	1,1	14,7	10,3	7,9
Lyf og læknishjálp	1,8	2,4	1,2	8,4	5,4	6,0	2,7	4,7
Flutningatæki og samgöngur	11,7	15,1	9,7	13,8	14,5	15,1	10,7	-1,1
Tómstundaiðja, skemmtanir, menntun og menningarmál	10,0	11,6	2,8	6,2	5,9	16,2	11,5	6,7
Ýmsar vörur og þjónusta	10,5	12,4	4,9	6,9	6,2	12,1	10,2	6,6
Einkaneysla innanlands alls	**93,3**	**92,4**	**2,8**	**4,8**	**5,1**	**9,7**	**6,8**	**4,1**
Útgjöld Íslendinga erlendis	7,6	8,5	-0,8	10,5	9,9	20,6	9,9	13,1
Útgjöld útlendinga á Íslandi	4,0	4,5	11,3	-4,8	3,2	17,1	8,6	13,8
Einkaneysla heimila alls	**96,8**	**96,4**	**2,1**	**5,7**	**5,6**	**10,2**	**7,0**	**4,0**
Starfsemi samtaka	3,3	3,6	4,4	-2,1	3,1	3,6	4,7	3,5
Einkaneysla alls	**100,0**	**100,0**	**2,2**	**5,4**	**5,5**	**10,0**	**6,9**	**4,0**
Þar af:								
Óvaranlegar neysluvörur	37,5	32,6	-0,3	4,0	4,1	3,7	4,4	1,6
Hálfvaranlegar neysluvörur	13,3	11,8	5,4	1,4	3,7	15,9	8,0	11,0
Varanlegar neysluvörur	9,6	14,8	13,8	23,0	14,9	25,6	13,7	2,7
Þjónusta	39,6	40,8	1,0	3,4	4,4	8,8	6,1	5,3

8.5 Fasteignamarkaður

Nýjum fullgerðum íbúðum á landinu fækkaði úr 1.468 á árinu 1998 í 1.174 á árinu 1999. Er það minnsti fjöldi fullgerðra íbúða frá 1954. Íbúðum í smíðum fækkaði einnig á milli ára. Í árslok 1998 voru 2.042 íbúðir í smíðum á öllu landinu en þær voru 1.927 í árslok 1999. Er það minnsti fjöldi íbúða í smíðum í 45 ár eins og mynd 27 ber með sér.

Á höfuðborgarsvæðinu fækkaði fullgerðum íbúðum á milli ára, úr 1.143 á árinu 1998 í 1.093 árið 1999. Íbúðum í byggingu fækkaði einnig, úr 1.571 í árslok 1998 í 1.490 í árslok 1999.

Samþykkt skuldabréfaskipti hjá Íbúðalánasjóði voru samtals 10.283 á árinu 1999 en 8.292 á árinu 1998. Heildarfjárhæð útgefinna húsbréfa hækkaði úr 21,1 milljarði króna árið 1998 í 31,6 milljarða árið 1999.

Vísbendingar síðustu mánaða, eins og sjá má á mynd 26, benda til að samþykktum skuldabréfaskiptum fækki á síðari hluta þessa árs og nálgist svipaðan fjölda og heildarfjárhæð og á síðari hluta árs 1998. Í þessu felst að útgáfa húsbréfa verði umtalsvert minni en í fyrra.

Aukið framboð húsbréfa hefur leitt til hækkunar ávöxtunar á skuldabréfamarkaði. Ávöxtunarkrafa húsbréfa var að meðaltali 4,9% 1998, 4,5% 1999 en er nú um 5,6–5,9% eftir húsbréfaflokkum.

Mynd 26. Samþykkt skuldabréfaskipti Íbúðalánasjóðs



Heimild: Íbúðalánasjóður.

Mynd 27. Fjöldi íbúða í byggingu í árslok og fullgerðar íbúðir á ári 1954–1999



9. Hið opinbera

Afkoma hins opinbera var mjög góð á síðasta ári og allt bendir til þess að hún verði enn betri í ár. Áætlaður tekjuafgangur ársins 2000 nemur um 19 milljörðum króna samkvæmt uppgjöri Þjóðhagsstofnunar. Árið 1999 var tekjuafgangur af búskap hins opinbera sem nam 12,6 milljörðum króna. Hið opinbera skilaði afgangi upp á 2,8 milljarða króna árið 1998, en þá hafði hið opinbera ekki skilað afgangi síðan um miðjan níunda áratuginn. Á árinu 2001 er gert ráð fyrir svipuðum afgangi og árið 2000 eða tæpum 18½ milljarði króna.

Mynd 28. Tekjur, gjöld og skuldir hins opinbera 1980–2001
Hlutfall af landsframleiðslu.



Uppgjör Þjóðhagsstofnunar á búskap hins opinbera fylgir þjóðhagsreikningastaðli Sameinuðu þjóðanna. Veigamesti munurinn á því uppgjöri og ríkisreikningi er að hagnaður af sölu eignarhluta ríkisins í félögum er ekki færður til tekna í uppgjöri þjóðhagsreikninga heldur færður á endurmatsreikning. Þá eru afskrifaðar skattakröfur vegna gjaldþrota ekki færðar til gjalda heldur á endurmatsreikning og að hluta til lækkunar tekna. Að síðustu má nefna að einungis eru færðar til gjalda þær lífeyrisskuldbindingar sem tengjast launagreiðslum ársins.

9.1 Ríkisfjármál

Á fjárlögum þessa árs var stefnt að tekjuafgangi A-hluta ríkissjóðs upp á 16,7 milljarða króna á rekstrargrunni. Vegna meiri hagvaxtar og launahækkana en ráð var fyrir gert við afgreiðslu fjárlaga stefnir nú í að afkoman verði 9,4 milljörðum króna hagstæðari. Tekjur ríkissjóðs eru áætlaðar um 15,2 milljörðum króna hærri en í fjárlögum ársins, sem skýrist einkum af meiri tekjuskatti einstaklinga og lögaðila og einnig fjármagnstekjuskatti. Hækkunina má einnig rekja til aukinna tekna af virðisaukaskatti og vaxtatekjum. Á gjaldahlið er reiknað með að útgjöldin aukist um tæpa 6 milljarða króna umfram fjárlög meðal annars vegna aukinna launaútgjalda, rekstrar- og tekjutilfærslna og fjárfestinga.

Í uppgjöri Þjóðhagsstofnunar á fjármálum ríkissjóðs sem eins og áður sagði fylgir þjóðhagsreikingastaðli Sameinuðu þjóðanna er áætlað að tekjuafkoma ríkissjóðs verði jákvæð um 21,5 milljarða króna á árinu 2000 eða 3,2% af landsframleiðslu. Þetta er mun hagstæðari niðurstaða en árið á undan er tekjuafkoman nam 15,5 milljörðum króna. Þá er reiknað með að tekjur ríkissjóðs árið 2000 verði 31,4% af landsframleiðslu sem er um 0,3 prósentustigum lægra hlutfall en árið á undan. Ef litið er á útgjöldin þá er gert ráð fyrir að þau verði 28,3% af landsframleiðslu á árinu 2000 sem er 0,9 prósentustigi lægra hlutfall en árið 1999.

Mynd 29. Afkoma ríkissjóðs 1980–2001
Hlutfall af landsframleiðslu.



Með hliðsjón af frumvarpi til fjárlaga 2001 er gert ráð fyrir að tekjuafkoma ríkissjóðs verði svipuð og í ár eða 21 milljarður króna á árinu samkvæmt uppgjörsstaðli Þjóðhagsstofnunar. Þannig er gert ráð fyrir að heildartekjur og gjöld ríkissjóðs verði svipað hlutfall af landsframleiðslu árið 2001 og í ár.

9.2 Fjármál sveitarfélaga

Í áætlunum um fjármál sveitarfélaga er gert ráð fyrir að tekjuhalli þeirra verði nokkru minni í ár en í fyrra eða 2,4 milljarðar króna sem er um 3,6% af tekjum þeirra. Til samanburðar er áætlaður tekjuhalli ársins 1999 3 milljarðar króna eða 4,9% af tekjum. Talið er að heildartekjur sveitarfélaga muni nema um 66,7 milljörðum króna á þessu ári og útgjöld þeirra verði 69,1 milljarður króna í heild eða 10,2% af landsframleiðslu.

Samkvæmt lauslegum framreikningi má áætla að tekjuhalli sveitarfélaganna verði 2,8 milljarðar króna á næsta ári. Hlutfall tekna og útgjalda sveitarfélaga af landsframleiðslu yrði samkvæmt þessu svipað og í ár.

Tafla 14. Fjármál sveitarfélaga 1998–2001

	Milljarðar króna				Hlutfall af landsframleiðslu, %			
	1998	1999	2000	2001	1998	1999	2000	2001
Heildartekjur	54,4	60,9	66,7	71,7	9,4	9,7	9,8	9,9
Heildarútgjöld	58,6	63,9	69,1	74,5	10,2	10,2	10,2	10,3
Tekjuafgangur	-4,3	-3,0	-2,4	-2,8	-0,7	-0,5	-0,4	-0,4

Rammi 4. Sveifluleiðrétt afkoma hins opinbera

Rekstur hins opinbera er allnæmur fyrir hagsveiflunni. Í góðæri aukast skatttekjur vegna aukinna umsvifa, vaxtar í tekjum heimilanna og meiri hagnaðar fyrirtækja, en í niðursveiflu gerist hið gagnstæða. Gjöld hins opinbera breytast einnig með ástandi efnahagslífsins en almennt eru sjálfvirk áhrif hagsveiflunnar minni á gjöld en tekjur.

Til að meta árangur í fjármálastjórn hins opinbera er nærtækt að líta á tekjuafgang þess. Þetta er hins vegar mjög ófullkomin aðferð þegar afkoman er jafn háð efnahagssveiflunni og raun ber vitni. Til að fá betri mynd af fjármálastjórn er því oft metin svokölluð sveifluleiðrétt afkoma, en þar er tekið tillit til sjálfvirkra áhrifa hagsveiflunnar á tekjur og gjöld. Slík leiðrétting er gerð með það í huga að útkoman gefi til kynna hver afkoman yrði við jafnvægisástand í hagkerfinu að öðru óbreyttu. Með þessu fæst betri hugmynd um hvort stefnan í fjármálum hins opinbera stenst til lengdar, t.d. hvort skuldasöfnun er of hröð, og um framlag aðgerða hins opinbera til að auka eða draga úr eftirspurn.

Munur á tekjuafgangi og sveifluleiðréttum tekjuafgangi endurspeglar bæði frávik landsframleiðslunnar frá jafnvægi á hverjum tíma og næmni tekna og gjalda fyrir slíkum frávikum. Hvort tveggja er byggt á mati sem getur verið nokkurri óvissu háð. Mæling á fráviki frá jafnvægi, svokallaðri eftirspurnarspennu (e. output gap), er erfið enda er jafnvægisstig framleiðslunnar ekki sýnileg stærð. Mat á sjálfvirkum áhrifum hagsveiflunnar á tekjur krefst, ef vel á að vera, skoðunar á skattkerfinu í heild á hverjum tíma, en í þeim tölum sem vísað er til hér á eftir er einungis stuðst við lauslegt mat. Gjaldamegin nær sveifluleiðréttingin einungis til atvinnuleysisbóta.



Tekjuafgangur hins opinbera árið 1999 nam um 2% af landsframleiðslu, en á þessu og næsta ári er gert ráð fyrir að hann verði á milli 2½ og 3% af landsframleiðslu. Um þriðjung tekjuafgangs hins opinbera í fyrra og um helming í ár má rekja til árangurs í fjármálastjórn en annað til góðærisins. Spá um afgang næsta árs lýsir væntingum um frekari árangur við fjármálastjórn.

Sveifluleiðrétt afkoma hins opinbera hefur batnað mjög á undanförnum árum. Sem hlutfall af landsframleiðslu mælist hún nú 5 prósentustigum betri en árið 1994 og 1½ prósentustigi betri en árið 1997. Stundum er litið til afgangs að frátöldum vaxtatekjum og vaxtagjöldum til að fá betri hugmynd um aðgerðir til aðhalds á hverjum tíma. Samkvæmt þeim mælikvarða hefur aðhald einnig aukist verulega, en þó öllu minna.

Í hlutfalli af landsframleiðslu hefur afkoma án vaxtatekna og vaxtagjalda batnað um 4 prósentustig frá árinu 1994 og um ½ prósentustig frá árinu 1997. Mældur sveifluleiðréttur afgangur er nokkuð næmur fyrir mati á eftirspurnarspennu. Ef eftirspurnarspenna er vanmetin um 1% af landsframleiðslu þá er sveifluleiðréttur afgangur ofmetinn um ½% landsframleiðslu og öfugt ef eftirspurnarspenna er ofmetin.

Það aðhald sem felst í bættri afkomu hins opinbera veltur á viðbrögðum fyrirtækja og einstaklinga við afkomubatanum, en þau taka m.a. mið af væntingum um stefnu í opinberum fjármálum í framtíðinni. Þó sveifluleiðrétt afkoma sé ákveðin vísbending um aðhaldsstig í rekstri hins opinbera þá segir hún ekki til um hvort aðhald sé nægilegt með tilliti til hagstjórnar. Sveifluleiðrétta afkomu verður að skoða í samhengi við aðrar hagstærðir sem gefa upplýsingar um árangur við hagstjórn. Hér er einkum átt við verðbólgu, atvinnuleysi, viðskiptajöfnuð og raunvaxtastig.

9.3 Fjármál hins opinbera

Áætlanir benda til að tekjuafkoma hins opinbera verði jákvæð um 19 milljarða króna á þessu ári eða sem nemur 2,8% af landsframleiðslu. Til samanburðar var tekjuafkoma ársins 1999 12,6 milljarðar króna eða 2% af landsframleiðslu. Heildartekjur hins opinbera eru áætlaðar 275,8 milljarðar króna sem er um 3,2% hækkun að raungildi frá fyrra ári miðað við neysluverð. Áætluð heildarútgjöld eru 257 milljarðar króna sem er tæplega 1% raunaukning frá síðasta ári. Ef heildarútgjöldin er skoðuð í hlutfalli við landsframleiðslu þá eru þau áætluð 37,8% í ár miðað við 38,8% á árinu 1999. Hlutfall samneyslunnar mælist nú 23,2% en það er 0,3 prósentustigum hærra hlutfall en árið 1999. Gert er ráð fyrir að þetta hlutfall verði tæplega 24% á árinu 2001. Vaxtaútgjöld hafa hins vegar lækkað verulega sem hlutfall af landsframleiðslu vegna lækkunar á skuldum hins opinbera, en þau mælast í ár 2,9% af landsframleiðslu. Rekstrartilfærslur og útgjöld til fjárfestinga hafa sömuleiðis farið lækkandi mælt á þennan mælikvarða.

Lánsfjárþörf opinberra aðila nær til ríkissjóðs, lánasjóða hins opinbera og ríkisfyrirtækja. Á árinu 1999 var lánsfjárþörf þessara aðila 10,2 milljarðar króna eða 1,6% af landsframleiðslu. Lánsfjárafgangur A-hluta ríkissjóðs nam 26,9 milljörðum króna, lánsfjárþörf Íbúðalánasjóðs 31,2 milljörðum króna og annarra opinberra aðila 5,9 milljörðum króna. Á árinu 2000 er gert ráð fyrir að lánsfjárafgangur verði tæplega einn milljarður króna sem er 0,1% af landsframleiðslu. Horfur eru á að A-hluti ríkissjóðs skili 27,6 milljarða lánsfjárafgangi en að lánsfjárþörf Íbúðalánasjóðs og annarra aðila verði 26,8 milljarðar króna.

Tafla 15. Yfirlit um fjármál hins opinbera 1999–2001
Milljarðar króna

	Brb.	Áætlun	Spá	Hlutfall af VLF, %		
	1999	2000	2001	1999	2000	2001
Heildartekjur	254,6	275,8	289,7	40,8	40,6	40,1
1. Skatttekjur	240,1	259,4	275,1	38,4	38,2	38,1
2. Aðrar tekjur	14,5	16,4	14,6	2,4	2,4	2,0
Heildarútgjöld	242,0	256,6	271,4	38,8	37,8	37,6
1. Samneysla	143,1	157,8	171,7	22,9	23,2	23,7
- þar af afskriftir	12,8	13,6	14,6	2,0	2,0	2,0
2. Önnur útgjöld	111,7	112,4	114,3	15,9	14,6	13,9
Tekjuafgangur	**12,6**	**19,2**	**18,3**	**2,0**	**2,8**	**2,5**

Áætlað er að lánsfjárafgangur opinberra aðila verði um 4,4 milljarðar króna á árinu 2001 eða 0,6% af landsframleiðslu. Á móti umtalsverðum lánsfjárafgangi A-hluta ríkissjóðs upp á 34,7 milljarða króna vegur hrein lánsfjárþörf Íbúðalánasjóðs og opinberra fyrirtækja sem er áætluð 30,3 milljarðar króna. Í þessari umfjöllun um lánsfjárþörf er ekki tekið tillit til framlaga ríkissjóðs í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Á árinu 1999 var þetta framlag 7,8 milljarðar króna en er áætlað 5 milljarðar í ár.

Tafla 16. Hrein lánsfjárþörf opinberra aðila 1998–2001
Milljarðar króna.

	1998	1999	Áætlun 2000	Spá 2001
Hrein lánsfjárþörf				
- Ríkissjóður A-hluti [1]	-16,8	-26,9	-27,6	-34,7
- Húsnæðiskerfið	15,0	31,2	24,7	26,7
- Aðrir opinberir aðilar	7,1	5,9	2,1	3,6
Hrein lánsfjárþörf, alls	5,3	10,2	-0,8	-4,4
Hrein lánsfjárþörf % af VLF	0,9	1,6	-0,1	-0,6

[1] Hér er lánsfjárþörf sýnd áður en kemur til framlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins árin 1999 og 2000.

Heildarskuldir hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, eru áætlaðar tæpar 264 milljarðar króna í lok ársins 2000 sem er 38,8% af landsframleiðslu, eða 4,8 prósentustigum lægra hlutfall af landsframleiðslu en árið á undan. Þá er reiknað með að hreinar skuldir þess verði rúmlega 150 milljarðar króna eða 22,2% af landsframleiðslu. Erlendar skuldir eru tæplega helmingur af heildarskuldum hins opinbera. Áætlað er að heildarskuldir hins opinbera verði um þriðjungur af landsframleiðslu í lok ársins 2001 og lækki um 5 prósentustig frá yfirstandandi ári. Þá er gert ráð fyrir að nettóskuldir hins opinbera verði 19,5% af landsframleiðslu í árslok 2001 samanborið við 22,2% í árslok 2000.

Tafla 1. Þjóðhagsyfirlit 1998-2001

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
	1998	Bráðab. 1999	Áætl. 2000	Spá 2001	1998	Bráðab 1999	Áætl. 2000	Spá 2001
1. Einkaneysla	332.613	367.252	400.992	428.263	10,0	6,9	4,0	2,6
2. Samneysla	127.754	143.119	157.834	171.675	3,4	4,9	3,5	3,0
3. Fjármunamyndun	142.226	142.164	160.736	162.679	26,6	-0,8	11,1	-1,5
4. Neysla og fjárfesting alls	602.592	652.535	719.562	762.617	12,1	4,8	5,4	1,7
5. Birgðabreytingar [2]	1.143	139	0	0	0,1	-0,1	0,0	0,0
6. Þjóðarútgjöld, alls	603.736	652.674	719.562	762.617	12,3	4,7	5,3	1,7
7. Útflutningur vöru og þjónustu	203.726	214.363	221.062	227.262	2,2	5,5	2,6	-0,9
8. Innflutningur vöru og þjónustu	230.055	242.432	261.565	267.669	23,3	6,1	7,0	-0,3
9. Verg landsframleiðsla	**577.407**	**624.606**	**679.059**	**722.211**	**4,5**	**4,4**	**3,6**	**1,6**
10. Jöfnuður þáttatekna [3]	-11.125	-11.645	-12.928	-15.918	-	-	-	-
11. Rekstrarframlög	-1.003	-725	-604	-623	-	-	-	-
12. Viðskiptajöfnuður (7.–8.+10.+11.)	-38.457	-40.438	-54.035	-56.948	-	-	-	-
13. Verg þjóðarframleiðsla (9.+10.)	**566.282**	**612.961**	**666.131**	**706.292**	**4,7**	**4,4**	**3,5**	**1,3**
14. Viðskiptakjaraáhrif [4]	-	-	-	-	2,0	0,2	0,1	0,4
15. Vergar þjóðartekjur	-	-	-	-	6,7	4,6	3,6	1,6
16. Viðskiptajöfnuður sem % af VLF	-	-	-	-	-6,7	-6,5	-8,0	-7,9

Skýringar:

[1] Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

[2] Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

[3] Að meðtalinni reiknaðri ávöxtun á hreina hlutabréfaeign erlendis.

[4] Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

Tafla 2. Utanríkisviðskipti 1998-2001

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
	1998	Bráðab. 1999	Áætl. 2000	Spá 2001	1998	Bráðab. 1999	Áætl. 2000	Spá 2001
Útflutningsframleiðsla								
Sjávarafurðir	99.233	97.682	95.729	91.719	-5,3	-1,2	0,0	-7,0
Ál	19.586	22.572	25.383	28.811	38,3	20,8	2,0	6,5
Kísiljárn	2.761	3.235	3.852	4.586	-17,1	22,4	35,0	15,0
Annað	13.439	15.401	17.356	19.226	0,8	15,4	15,0	7,5
Samtals	**135.019**	**138.890**	**142.320**	**144.341**	**0,8**	**5,1**	**3,0**	**-1,6**
Útflutt skip og flugvélar	2.292	6.207	3.788	2.420	-	-	-	-
Breyting útflutningsvörubirgða	718	139	0	0	-	-	-	-
Vöruútflutningur alls	**136.592**	**144.957**	**146.109**	**146.761**	**-2,1**	**7,4**	**1,0**	**-3,1**
Vöruinnflutningur alls	**161.611**	**167.331**	**178.704**	**179.071**	**24,2**	**5,0**	**5,7**	**-1,8**
Almennur vöruinnflutningur	137.068	143.438	150.138	153.935	18,5	3,6	3,5	0,9
þ.a. olía	7.572	8.601	13.407	12.629	3,8	5,1	6,0	3,1
þ.a. annað	129.496	134.837	136.731	141.306	19,4	3,5	3,2	0,7
Sérstakur vöruinnflutningur	24.543	23.893	28.566	25.135	59,2	0,2	20,1	-20,3
Vöruskiptajöfnuður	**-25.019**	**-22.374**	**-32.595**	**-32.310**	-	-	-	-
Þjónustutekjur	67.134	69.406	74.953	80.502	12,1	1,5	6,0	3,6
Þjónustugjöld	68.444	75.101	82.861	88.598	21,1	8,8	10,5	3,4
Þjónustujöfnuður	-1.310	-5.695	-7.908	-8.097	-	-	-	-
Jöfnuður þáttatekna [2]	**-11.125**	**-11.645**	**-12.928**	**-15.918**	-	-	-	-
Rekstrarframlög [3]	-1.003	-725	-604	-623	-	-	-	-
Viðskiptajöfnuður	-38.457	-40.438	-54.035	-56.948	-	-	-	-

Skýringar:

[1] Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

[2] Að meðtalinni reiknaðri ávöxtun á hreina hlutabréfaeign erlendis.

[3] Tilfærslur nettó frá útlöndum aðrar en launa- og eignatekjur og fjármagnstilfærslur.

Tafla 3. Fjármunamyndun 1998-2001

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
	1998	Bráðab. 1999	Áætl. 2000	Spá 2001	1998	Bráðab. 1999	Áætl. 2000	Spá 2001
Fjármunamyndun alls	**142.226**	**142.164**	**160.736**	**162.679**	**26,6**	**-0,8**	**11,1**	**-1,5**
I Atvinnuvegir	**101.896**	**99.671**	**114.000**	**111.738**	**38,0**	**-2,5**	**13,1**	**-3,8**
1. Landbúnaður	3.425	3.400	3.700	3.700	15,9	-2,5	7,4	-3,4
2. Fiskveiðar	4.874	2.400	8.100	6.000	173,2	-50,9	234,9	-26,8
3. Vinnsla sjávarafurða	5.250	4.500	4.500	4.500	22,6	-15,8	-1,9	-3,7
4. Ál- og kísiljárnframleiðsla	10.831	5.000	6.000	4.000	-4,5	-54,6	18,6	-35,6
5. Annar iðnaður	10.658	10.450	11.000	11.100	21,5	-3,4	4,3	-2,4
6. Rafvirkjanir og rafveitur	14.430	13.000	8.500	8.000	81,6	-11,4	-36,1	-9,6
7. Hitaveitur	2.129	2.300	2.000	2.100	98,9	5,6	-16,8	0,0
8. Vatnsveitur	791	800	800	850	11,9	-1,2	-4,3	0,0
9. Byggingarstarfsemi o.fl.	4.368	3.500	4.100	3.800	34,5	-20,7	16,6	-6,8
10. Verslunarhúsnæði, skrifstofur o.fl.	7.500	12.000	13.500	15.300	1,5	60,7	7,7	7,9
11. Samgöngur	18.006	17.950	24.130	21.000	100,4	-4,8	35,7	-14,8
12. Póstur og sími, útvarp og sjónvarp	4.700	6.300	7.000	7.500	64,2	31,9	9,8	7,1
13. Tölvu- og skrifstofubúnaður	14.934	18.071	20.670	23.888	21,9	24,5	14,4	13,4
II Íbúðarhús	**21.768**	**22.327**	**24.266**	**26.496**	**1,1**	**0,3**	**5,0**	**4,5**
III Starfsemi hins opinbera	**18.561**	**20.165**	**22.470**	**24.445**	**8,3**	**7,2**	**7,7**	**4,1**
1. Vegir og brýr	3.675	4.065	4.940	5.870	1,2	10,6	17,4	13,7
2. Götur og holræsi	3.886	4.300	4.655	5.120	-0,6	10,7	4,6	5,3
3. Byggingar hins opinbera	11.000	11.800	12.875	13.455	14,5	4,9	5,4	0,0

Skýringar:

[1] Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

Tafla 4. Landsframleiðsla 1990 -1999

Milljónir króna, á verðlagi hvers árs ásamt magn- og verðvísitölum, 1990=100.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	Bráðab 1998	Áætlun 1999
1. Einkaneysla	218.091	239.517	240.278	237.402	247.821	258.215	278.656	299.389	332.613	367.252
2. Samneysla	73.055	81.501	83.927	88.618	93.823	98.961	105.563	112.775	127.754	143.119
3. Fjármunamyndun	76.596	83.940	76.885	71.776	74.398	75.386	97.868	109.506	142.226	142.164
4. Birgðabreytingar	-4.247	-891	-486	1.016	-26	2.285	-1.202	-222	1.143	139
5. Þjóðarútgjöld alls	363.496	404.067	400.604	398.812	416.017	434.847	480.885	521.448	603.735	652.674
6. Útflutningur alls	124.937	125.671	121.597	135.694	157.436	161.250	176.836	190.948	203.726	214.363
6.1 Vörur, fob	92.453	91.560	87.833	94.658	112.654	116.607	125.690	131.213	136.592	144.957
6.2 Þjónusta	32.484	34.111	33.764	41.036	44.782	44.643	51.146	59.735	67.134	69.406
7. Frádr.: Innflutningur alls	119.959	130.491	121.784	122.466	134.631	144.725	173.755	187.717	230.055	242.432
7.1 Vörur, fob	87.657	94.634	87.910	82.386	92.992	103.251	124.489	130.959	161.611	167.331
7.2 Þjónusta	32.302	35.857	33.874	40.080	41.639	41.474	49.266	56.758	68.444	75.101
8. Verg landsframleiðsla	**368.474**	**399.248**	**400.417**	**412.039**	**438.822**	**451.372**	**483.966**	**524.679**	**577.406**	**624.606**
9. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	-12.481	-10.655	-8.952	-9.890	-13.635	-12.550	-10.727	-11.137	-11.125	-11.645
10. Vergar þjóðartekjur	**355.993**	**388.593**	**391.465**	**402.149**	**425.187**	**438.822**	**473.239**	**513.542**	**566.281**	**612.961**
11. Viðskiptajöfnuður án rekstrarframlaga	-7.503	-15.474	-9.139	3.338	9.170	3.975	-7.646	-7.906	-37.454	-39.714
11.1 Vöruskiptajöfnuður fob/fob	4.796	-3.074	-77	12.272	19.662	13.356	1.201	254	-25.019	-22.374
11.2 Þjónustujöfnuður	182	-1.746	-110	956	3.143	3.169	1.880	2.977	-1.310	-5.695
11.3 Launa- og eignat. frá útl., nettó	-12.481	-10.655	-8.952	-9.890	-13.635	-12.550	-10.727	-11.137	-11.125	-11.645
12. Afskrift fjármunaeignar	46.898	53.308	56.875	61.028	63.429	64.960	67.526	70.907	75.376	81.970
13. Hreinar þjóðartekjur á markaðsvirði (13.=10.-12.)	309.095	335.285	334.590	341.122	361.758	373.862	405.713	442.635	490.906	530.990
14. Rekstrarframlög nettó frá útlöndum	-200	-510	-269	-211	-626	-306	-464	-238	-1.003	-725
15. Ráðstöfunartekjur nettó	308.895	334.774	334.321	340.911	361.132	373.556	405.249	442.397	489.903	530.265
Hlutfallsleg skipting										
1. Einkaneysla	59,2%	60,0%	60,0%	57,6%	56,5%	57,2%	57,6%	57,1%	57,6%	58,8%
2. Samneysla	19,8%	20,4%	21,0%	21,5%	21,4%	21,9%	21,8%	21,5%	22,1%	22,9%
3. Fjármunamyndun	20,8%	21,0%	19,2%	17,4%	17,0%	16,7%	20,2%	20,9%	24,6%	22,8%
4. Birgðabreytingar	-1,2%	-0,2%	-0,1%	0,2%	0,0%	0,5%	-0,2%	0,0%	0,2%	0,0%
5. Þjóðarútgjöld alls	98,6%	101,2%	100,0%	96,8%	94,8%	96,3%	99,4%	99,4%	104,6%	104,5%
6. Útflutningur alls	33,9%	31,5%	30,4%	32,9%	35,9%	35,7%	36,5%	36,4%	35,3%	34,3%
6.1 Vörur, fob	25,1%	22,9%	21,9%	23,0%	25,7%	25,8%	26,0%	25,0%	23,7%	23,2%
6.2 Þjónusta	8,8%	8,5%	8,4%	10,0%	10,2%	9,9%	10,6%	11,4%	11,6%	11,1%
7. Frádr.: Innflutningur alls	32,6%	32,7%	30,4%	29,7%	30,7%	32,1%	35,9%	35,8%	39,8%	38,8%
7.1 Vörur, fob	23,8%	23,7%	22,0%	20,0%	21,2%	22,9%	25,7%	25,0%	28,0%	26,8%
7.2 Þjónusta	8,8%	9,0%	8,5%	9,7%	9,5%	9,2%	10,2%	10,8%	11,9%	12,0%
8. Verg landsframleiðsla	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**
9. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	-3,4%	-2,7%	-2,2%	-2,4%	-3,1%	-2,8%	-2,2%	-2,1%	-1,9%	-1,9%
10. Vergar þjóðartekjur	**96,6%**	**97,3%**	**97,8%**	**97,6%**	**96,9%**	**97,2%**	**97,8%**	**97,9%**	**98,1%**	**98,1%**
11. Viðskiptajöfnuður án rekstrarframlaga	-2,0%	-3,9%	-2,3%	0,8%	2,1%	0,9%	-1,6%	-1,5%	-6,5%	-6,4%
11.1 Vöruskiptajöfnuður fob/fob	1,3%	-0,8%	0,0%	3,0%	4,5%	3,0%	0,2%	0,0%	-4,3%	-3,6%
11.2 Þjónustujöfnuður	0,0%	-0,4%	0,0%	0,2%	0,7%	0,7%	0,4%	0,6%	-0,2%	-0,9%
11.3 Launa- og eignat. frá útl., nettó	-3,4%	-2,7%	-2,2%	-2,4%	-3,1%	-2,8%	-2,2%	-2,1%	-1,9%	-1,9%
12. Afskrift fjármunaeignar	12,7%	13,4%	14,2%	14,8%	14,5%	14,4%	14,0%	13,5%	13,1%	13,1%
13. Hreinar þjóðartekjur á markaðsvirði (13.=10.-12.)	83,9%	84,0%	83,6%	82,8%	82,4%	82,8%	83,8%	84,4%	85,0%	85,0%
14. Rekstrarframlög nettó frá útlöndum	-0,1%	-0,1%	-0,1%	-0,1%	-0,1%	-0,1%	-0,1%	0,0%	-0,2%	-0,1%
15. Ráðstöfunartekjur nettó	83,8%	83,9%	83,5%	82,7%	82,3%	82,8%	83,7%	84,3%	84,8%	84,9%
Magnvísitölur 1990=100										
1. Einkaneysla	100,0	102,9	99,7	95,1	97,8	100,0	105,4	111,2	122,3	130,7
2. Samneysla	100,0	103,1	102,3	104,7	108,9	110,8	112,1	114,9	118,8	124,6
3. Fjármunamyndun	100,0	103,3	91,8	82,0	82,4	81,5	102,4	112,3	142,2	141,0
4. Þjóðarútgjöld alls	100,0	104,5	99,7	95,6	98,0	100,1	107,4	113,5	127,4	133,2
5. Útflutningur alls	100,0	94,1	92,3	98,7	108,4	106,2	116,6	123,3	126,0	132,9
5.1 Vörur	100,0	92,1	91,2	95,8	107,4	105,1	114,6	116,8	114,4	122,9
5.2 Þjónusta	100,0	99,8	95,4	106,9	111,2	109,3	122,4	141,9	159,1	161,4
6. Frádr.: Innflutningur alls	100,0	105,3	99,1	91,5	95,4	99,1	115,7	125,5	154,8	164,1
6.1 Vörur	100,0	104,9	99,8	87,2	93,7	99,7	116,3	123,1	152,9	160,5
6.2 Þjónusta	100,0	106,5	97,2	103,3	99,9	97,5	113,9	132,0	159,8	173,9
7. Verg landsframleiðsla	**100,0**	**100,7**	**97,4**	**98,0**	**102,4**	**102,5**	**107,8**	**112,9**	**118,0**	**123,1**
8. Vergar þjóðartekjur	**100,0**	**102,6**	**99,5**	**98,5**	**102,2**	**103,1**	**107,9**	**114,1**	**121,7**	127,2

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	Bráðab 1998	Áætlun 1999
Verðvísitölur 1990=100										
1. Einkaneysla	100,0	106,7	110,5	114,5	116,2	118,4	121,2	123,5	124,7	128,8
2. Samneysla	100,0	108,2	112,3	115,9	118,0	122,3	128,9	134,4	147,2	157,2
3. Fjármunamyndun	100,0	106,1	109,3	114,3	117,8	120,8	124,7	127,4	130,6	131,6
4. Þjóðarútgjöld alls	100,0	106,3	110,5	114,8	116,8	119,5	123,2	126,4	130,4	134,8
5. Útflutningur alls	100,0	106,9	105,5	110,1	116,2	121,6	121,3	123,9	129,4	129,1
5.1 Vörur	100,0	107,5	104,2	106,9	113,4	120,1	118,6	121,5	129,2	127,6
5.2 Þjónusta	100,0	105,3	109,0	118,2	123,9	125,7	128,7	129,6	129,9	132,3
6. Frádr.: Innflutningur alls	100,0	103,3	102,4	111,6	117,7	121,7	125,2	124,7	123,9	123,1
6.1 Vörur	100,0	102,9	100,5	107,8	113,2	118,1	122,1	121,4	120,6	118,9
6.2 Þjónusta	100,0	104,2	107,8	120,1	129,0	131,7	133,9	133,2	132,6	133,7
7. Verg landsframleiðsla	**100,0**	**107,6**	**111,6**	**114,1**	**116,3**	**119,5**	**121,9**	**126,1**	**132,8**	**137,7**
8. Vergar þjóðartekjur	**100,0**	**106,4**	**110,5**	**114,7**	**116,9**	**119,6**	**123,2**	**126,4**	**130,7**	**135,4**
%-breyting frá fyrra ári, magn										
1. Einkaneysla	0,5%	2,9%	-3,1%	-4,7%	2,9%	2,2%	5,4%	5,5%	10,0%	6,9%
2. Samneysla	4,4%	3,1%	-0,7%	2,3%	4,0%	1,8%	1,2%	2,5%	3,4%	4,9%
3. Fjármunamyndun	3,0%	3,3%	-11,1%	-10,7%	0,6%	-1,1%	25,7%	9,6%	26,6%	-0,8%
4. Þjóðarútgjöld alls	1,5%	4,5%	-4,6%	-4,2%	2,5%	2,2%	7,2%	5,7%	12,3%	4,6%
5. Útflutningur alls	0,0%	-5,9%	-1,9%	7,0%	9,9%	-2,1%	9,9%	5,7%	2,2%	5,5%
5.1 Vörur	-1,4%	-7,9%	-1,0%	5,1%	12,2%	-2,2%	9,1%	1,9%	-2,1%	7,4%
5.2 Þjónusta	4,5%	-0,2%	-4,4%	12,0%	4,1%	-1,7%	12,0%	16,0%	12,1%	1,5%
6. Frádr.: Innflutningur alls	1,0%	5,3%	-5,9%	-7,7%	4,2%	4,0%	16,7%	8,5%	23,3%	6,1%
6.1 Vörur	0,3%	4,9%	-4,9%	-12,7%	7,5%	6,5%	16,6%	5,8%	24,2%	5,0%
6.2 Þjónusta	3,0%	6,5%	-8,7%	6,2%	-3,3%	-2,5%	16,9%	15,8%	21,1%	8,8%
7. Verg landsframleiðsla	**1,2%**	**0,7%**	**-3,3%**	**0,6%**	**4,5%**	**0,1%**	**5,2%**	**4,8%**	**4,5%**	**4,3%**
8. Vergar þjóðartekjur	**0,6%**	**2,6%**	**-3,0%**	**-1,0%**	**3,7%**	**0,9%**	**4,6%**	**5,8%**	**6,7%**	**4,5%**
%-breyting frá fyrra ári, verð										
1. Einkaneysla	17,0%	6,7%	3,5%	3,6%	1,4%	1,9%	2,4%	1,9%	1,0%	3,3%
2. Samneysla	11,2%	8,2%	3,7%	3,2%	1,8%	3,6%	5,4%	4,2%	9,5%	6,8%
3. Fjármunamyndun	15,9%	6,1%	3,0%	4,6%	3,1%	2,5%	3,3%	2,1%	2,6%	0,8%
4. Þjóðarútgjöld alls	17,6%	6,3%	3,9%	3,9%	1,8%	2,3%	3,1%	2,6%	3,1%	3,4%
5. Útflutningur alls	16,9%	6,9%	-1,3%	4,3%	5,6%	4,6%	-0,2%	2,1%	4,4%	-0,2%
5.1 Vörur	17,1%	7,5%	-3,1%	2,6%	6,1%	5,9%	-1,2%	2,5%	6,3%	-1,2%
5.2 Þjónusta	16,1%	5,3%	3,5%	8,5%	4,9%	1,4%	2,3%	0,7%	0,3%	1,9%
6. Frádr.: Innflutningur alls	19,3%	3,3%	-0,8%	8,9%	5,5%	3,4%	2,9%	-0,4%	-0,6%	-0,6%
6.1 Vörur	20,4%	2,9%	-2,4%	7,3%	5,0%	4,3%	3,4%	-0,6%	-0,6%	-1,4%
6.2 Þjónusta	16,4%	4,2%	3,5%	11,4%	7,4%	2,1%	1,6%	-0,5%	-0,4%	0,9%
7. Verg landsframleiðsla	**16,8%**	**7,6%**	**3,7%**	**2,3%**	**1,9%**	**2,7%**	**2,0%**	**3,5%**	**5,3%**	**3,8%**
Meðalmannfjöldi ársins, þús.	254.788	257.965	261.103	263.783	266.006	267.380	268.927	270.915	273.794	277.184
Magnvísitala, 1990=100	100,0	101,2	102,5	103,5	104,4	104,9	105,5	106,3	107,5	108,8
Magnvísitölur á mann										
1. Einkaneysla	100,0	101,6	97,3	91,8	93,7	95,3	99,8	104,5	113,8	120,2
2. Samneysla	100,0	101,8	99,9	101,1	104,3	105,6	106,2	108,0	110,6	114,6
3. Fjármunamyndun	100,0	102,0	89,6	79,2	79,0	77,7	97,0	105,6	132,3	129,6
4. Þjóðarútgjöld alls	100,0	103,2	97,3	92,3	93,8	95,4	101,7	106,7	118,6	122,5
5. Útflutningur alls	100,0	92,9	90,0	95,3	103,8	101,2	110,5	116,0	117,3	122,2
5.1 Vörur	100,0	91,0	89,0	92,5	102,9	100,1	108,6	109,8	106,5	113,0
5.2 Þjónusta	100,0	98,5	93,1	103,2	106,5	104,2	115,9	133,5	148,0	148,4
6. Frádr.: Innflutningur alls	100,0	104,0	96,7	88,4	91,3	94,5	109,6	118,0	144,0	150,9
6.1 Vörur	100,0	103,6	97,4	84,2	89,7	95,1	110,2	115,8	142,3	147,6
6.2 Þjónusta	100,0	105,2	94,9	99,8	95,7	92,9	108,0	124,1	148,7	159,8
7. Verg landsframleiðsla	**100,0**	**99,5**	**95,1**	**94,6**	**98,0**	**97,7**	**102,1**	**106,2**	**109,8**	**113,1**
8. Vergar þjóðartekjur	**100,0**	**101,4**	**97,1**	**95,2**	**97,9**	**98,2**	**102,2**	**107,3**	**113,3**	**116,9**
Landsframleiðsla á mann í dollurum										
1. VLF á mann, skráð gengi dollars	24.813	26.234	26.649	23.106	23.586	26.095	27.062	27.285	29.655	31.118
2. VLF á mann, jafnvirðisgildi dollars	17.508	18.059	18.454	18.842	19.616	22.241	23.433	24.178	25.287	26.325

Tafla 5. Tekjur, verðlag, kaupmáttur og gengi 1992-2001

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	Áætlun 2000	Spá 2001
I Vísitölur 1990=100										
Tekjur										
Ráðstöfunartekjur á mann	110,9	108,5	110,2	115,4	121,5	129,9	141,6	153,0	163,1	172,2
Laun [1]	111,5	113,1	114,4	119,6	127,2	134,2	146,8	156,6	167,1	178,0
Verðlag										
Neysluverðsvísitala	110,8	115,3	117,0	119,0	121,7	123,9	126,0	130,3	136,8	142,3
Byggingarvísitala	110,9	113,3	116,2	119,8	125,3	131,2	135,9	139,0	143,5	149,5
Kaupmáttur [2]										
Ráðstöfunartekjur á mann	100,1	94,1	94,1	97,0	99,9	104,9	112,4	117,5	119,2	121,0
Laun [1]	100,7	98,1	97,8	100,5	104,6	108,3	116,5	120,2	122,1	125,1
Gengi										
Meðalverð erlendra gjaldmiðla [3]	100,5	108,8	114,5	113,6	113,8	112,3	110,5	111,1	108,9	110,5
Raungengi miðað við verð	102,5	97,0	91,7	91,8	92,0	92,8	94,3	96,1	100,1	100,0
Raungengi miðað við laun	106,2	96,6	89,0	92,9	93,9	96,8	101,2	102,7	106,2	109,3
II Breytingar frá fyrra ári, %										
Tekjur										
Ráðstöfunartekjur á mann	1,3	-2,1	1,5	4,8	5,3	6,9	9,0	8,1	6,6	5,6
Laun [1]	2,9	1,4	1,2	4,5	6,4	5,4	9,4	6,8	6,7	6,5
Verðlag										
Neysluverðsvísitala	3,7	4,1	1,5	1,7	2,3	1,8	1,7	3,4	5,0	4,0
Byggingarvísitala	2,8	2,1	2,6	3,1	4,6	4,7	3,6	2,3	3,2	4,2
Kaupmáttur [2]										
Ráðstöfunartekjur á mann	-2,3	-6,0	0,0	3,0	3,0	5,0	7,2	4,5	1,5	1,5
Laun [1]	-0,7	-2,6	-0,3	2,8	4,1	3,6	7,6	3,2	1,6	2,4
Gengi										
Meðalverð erlendra gjaldmiðla [3]	0,5	8,3	5,2	-0,8	0,2	-1,3	-1,6	0,5	-2,0	1,5
Raungengi miðað við verð	-0,1	-5,4	-5,4	0,1	0,2	0,9	1,6	1,9	4,2	-0,1
Raungengi miðað við laun	3,2	-9,0	-7,9	4,4	1,1	3,0	4,6	1,5	3,4	2,9

Skýringar:

[1] Miðað við launavísitölu Hagstofu Íslands.

[2] Miðað við neysluverðsvísitölu.

[3] Miðað við viðskiptavog.

Tafla 6. Afli og aflaverðmæti 1992-2001

Þúsund tonn	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	Bráðab. 2000	Spá 2001
Þorskur	267	261	215	203	204	209	243	261	260	236
Annar botnfiskur	318	324	343	308	298	268	257	253	240	239
Ýsa	46	47	58	60	56	43	41	45	40	34
Ufsi	78	70	63	47	39	37	31	31	30	30
Karfi	94	97	95	89	68	73	69	67	62	60
Úthafskarfi	14	20	47	29	53	39	47	43	43	43
Steinbítur	16	13	13	13	15	12	12	14	13	13
Grálúða	32	34	28	27	22	19	11	11	14	20
Skarkoli	11	13	12	11	11	11	7	7	4	4
Annað	28	32	27	31	34	34	40	35	35	35
Síld	123	117	130	110	100	71	77	95	100	110
Íslandssíld	-	-	21	174	165	220	200	203	166	117
Loðna	798	941	754	716	1.179	1.319	750	704	950	790
Kolmunni	-	-	-	-	-	11	69	160	190	100
Humar	2	2	2	1	2	1	1	1	1	1
Rækja	47	56	75	84	90	83	63	43	33	31
Hörpudiskur	12	12	8	8	9	10	10	9	10	9
Annað	7	4	6	5	12	7	9	4	4	4
Heildarafli	1.575	1.716	1.555	1.609	2.059	2.199	1.679	1.733	1.954	1.637
Breytingar heildaraflaverðmætis frá fyrra ári á föstu verði[1], %:										
Samtals	-1,4	3,0	-0,3	-0,6	8,1	-1,3	-7,9	-1,6	0,0	-7,2
Samtals án loðnu	-6,9	1,8	-0,8	-1,7	0,0	-5,1	-1,3	-1,3	-3,9	-4,8

Skýringar:

[1] Magnvísitölur eru fengnar með því að verðleggja aflamagnið á föstu verði. Afli áranna 1992-1993 er á verðlagi ársins 1990. Afli áranna 1994-1995 er á verðlagi ársins 1995, afli áranna 1996-1999 er á verðlagi ársins 1998 og afli áranna 2000 og 2001 er á verðlagi ársins 1999. Allur afli, heima og erlendis, er verðlagður á meðalverði útfluttra sjávarafurða. Meðalverðið er fundið með því að deila afla upp úr sjó upp í verðmæti útflutnings eftir fisktegund.

Tafla 7. Landsframleiðsla og þjóðartekjur 1960-2001 [1)]

	Verg landsframleiðsla		Vergar þjóðartekjur	
	Magn-vísitala 1990=100	Magn-breyting frá fyrra ári	Magn-vísitala 1990=100	Magn-breyting frá fyrra ári
1960	26,3	3,2%	25,1	1,3%
1961	26,3	-0,1%	25,9	3,3%
1962	28,5	8,3%	28,3	9,1%
1963	31,4	10,3%	31,2	10,4%
1964	34,5	9,9%	35,1	12,4%
1965	37,0	7,3%	38,8	10,6%
1966	40,2	8,7%	42,2	8,7%
1967	39,7	-1,3%	40,3	-4,5%
1968	37,6	-5,5%	37,8	-6,2%
1969	38,4	2,4%	38,8	2,7%
1970	41,3	7,5%	43,6	12,2%
1971	46,7	13,1%	50,3	15,5%
1972	49,6	6,2%	53,3	6,0%
1973	53,0	6,8%	59,5	11,6%
1974	56,0	5,7%	60,4	1,5%
1975	56,4	0,6%	57,3	-5,1%
1976	59,7	6,0%	62,5	9,0%
1977	65,0	8,8%	70,1	12,1%
1978	68,8	5,9%	74,4	6,1%
1979	72,2	4,9%	75,5	1,5%
1980	76,3	5,7%	78,8	4,4%
1981	79,6	4,3%	81,5	3,5%
1982	81,3	2,2%	82,6	1,3%
1983	79,5	-2,2%	79,6	-3,7%
1984	82,8	4,1%	82,3	3,4%
1985	85,6	3,3%	84,7	2,9%
1986	90,9	6,2%	92,2	8,9%
1987	98,7	8,6%	102,1	10,7%
1988	98,6	-0,1%	101,1	-1,0%
1989	98,8	0,3%	99,4	-1,6%
1990	100,0	1,2%	100,0	0,6%
1991	100,7	0,7%	102,6	2,6%
1992	97,4	-3,3%	99,5	3,0%
1993	98,0	0,6%	98,5	1,0%
1994	102,4	4,5%	102,2	3,7%
1995	102,5	0,1%	103,0	0,8%
1996	107,8	5,2%	107,7	4,6%
1997	112,9	4,8%	114,0	5,8%
1998	118,0	4,5%	121,6	6,7%
1999	123,3	4,4%	127,2	4,6%
2000	127,7	3,6%	131,8	3,6%
2001	129,7	1,6%	133,9	1,6%

Skýringar:

[1)] Bráðabirgðatölur fyrir 1999, áætlun fyrir 2000 og spá fyrir 2001.
Tölur frá 1990 eru í samræmi við þjóðhagsreikningsstaðal Evrópusambandsins ESA 95.

3. Tillaga til þingsályktunar [3. mál]

um aukaþing Alþingis um byggðamál sumarið 2001.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason,
Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að haldið verði aukaþing sumarið 2001 þar sem fjallað verði um framtíðarþróun byggðar í landinu og í framhaldi af því mótuð markviss byggðastefna til næstu tveggja áratuga. Í tengslum við þingið verði haldin almenn byggðaráðstefna með aðild sveitarstjórna, helstu stofnana sveitarfélaga og hins opinbera sem annast byggðamál, félagasamtaka og einstaklinga.

Greinargerð.

Mörg undanfarin ár hafa byggðamál og þróun byggðar í landinu verið talin með mikilvægustu úrlausnarefnum í íslensku samfélagi, ekki síst vegna þess að síðustu ár hefur fólk þyrpst á höfuðborgarsvæðið með þeim afleiðingum að dregið hefur úr þrótti landsbyggðarinnar til þess að viðhalda atvinnu, reka viðunandi þjónustu fyrir íbúana og hlúa að blómlegu mannlífi. Þetta hefur orðið þrátt fyrir að á sama tíma hafi veruleg uppbygging átt sér stað víða úti á landi. Þorp og bæir hafa tekið stakkaskiptum, breytingar hafa orðið í landbúnaði og ýmis sveitarfélög eru á margan hátt fullkomlega fær um að taka við mun meiri og fjölbreyttari atvinnu en þar er nú stunduð, en skortir mannafla til.

Landsmenn vakna sífellt betur til meðvitundar um hinar neikvæðu afleiðingar byggðaröskunar undanfarinna ára. Æ fleiri gera sér ljóst hvaða möguleikar eru í því fólgnir fyrir þjóðlífið að nýta kosti dreifðra byggða landsins, svo sem fengsæl fiskimið, búsældarlegar sveitir og fjölbreytta, einstæða náttúru. Jafnframt vex skilningur á því að til þess að svo megi verða í nútíð og framtíð þarf að efla byggðirnar og auka hlutverk þeirra í sameiginlegum rekstri þjóðarbúsins. Þetta er liður í ævarandi sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar.

Á undanförnum árum hefur mörgum aðgerðum stjórnvalda verið ætlað að efla og treysta byggð í landinu. Sumar þeirra hafa borið árangur, aðrar ekki. Helsta ástæða árangursleysis eru ómarkviss viðbrögð við tímabundnum vanda einstakra byggða. Oft er gripið til ráðstafana án þess að hagsmunir heildarinnar séu hafðir að leiðarljósi af því að á það hefur skort að vandinn á landsvísu hafi verið skilgreindur. Þingmenn sem þingflokkar hafa lagt fram margar, metnaðarfullar tillögur sem ekki hafa verið til lykta leiddar. Sveitarstjórnir, félagasamtök og einstaklingar hafa leitað nýrra leiða en ekki heldur haft erindi sem erfiði nema að takmörkuðu leyti.

Mikilvægt er að þjóðarsátt náist um leiðir til þess að leysa þann knýjandi vanda sem byggðaþróunin hefur skapað og skapar enn, enda er um að ræða hagsmuni þjóðarinnar allrar. Af þeim sökum er fyllsta ástæða fyrir stjórnvöld að fara skipulega yfir allar tillögur sem komið hafa fram á undanförnum þingum ásamt hugmyndum einstaklinga og sveitarfélaga um farsæla þróun byggðar í landinu, taka formlega afstöðu til þessa efnis, leita sameiginlegra lausna og setja fram markvissa áætlun um framtíðarþróun byggðar á Íslandi.

Þess vegna er lagt til að boðað verði til aukaþings sumarið 2001 þar sem eingöngu verði fjallað um byggðamál, aðgerðir hins opinbera í þeim efnum og tillögur og hugmyndir sem fram hafa komið á síðustu áratugum til lausnar vanda í byggðaþróun. Í tengslum við þingið verði haldin almenn byggðaráðstefna þar sem fulltrúar sveitarstjórna, stofnana sveitarfélaga og hins opinbera sem annast byggðamál, fulltrúar félagasamtaka og einstaklingar sem láta sig málið varða geta borið saman bækur sínar og veitt þinginu stuðning og aðhald í störfum.

4. Tillaga til þingsályktunar [4. mál]

um stefnu Íslands í alþjóðasamskiptum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að hagsmuna Íslands verði best gætt með því að landið standi utan efnahagsbandalaga og ríkjasambanda en hafi við þau sem besta samvinnu með sérsamningum án aðildar. Þannig verði sjálfstæð og óháð staða landsins nýtt til að treysta samskiptin við ríki og markaði beggja vegna Atlantshafsins og við aðra heimshluta.

Vegna EES-samningsins og annarra framtíðarsamskipta við Evrópusambandið verði af Íslands hálfu leitast við að þróa þau í átt til tvíhliða samninga um viðskipti og samvinnu.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka til að vinna með ríkisstjórninni að nánari útfærslu slíkrar stefnumótunar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en varð þá eigi útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt, en með aukinni og endurbættri greinargerð þar sem tekið er mið af þróun mála frá því að tillagan var lögð fram á síðasta þingi. Má t.d. nefna skýrslu utanríkisráðherra um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi sem lögð var fram og rædd eftir að tillagan var flutt. Einnig hefur verið rætt áfram um ýmsa þætti íslenskrar utanríkisstefnu.

Flutningsmenn leggja ríka áherslu á að íslensk utanríkisstefna eigi að byggjast á góðum samskiptum til allra átta og að forðast beri að loka landið af innan hvers konar ríkjabandalaga. Það er eindregin skoðun flutningsmanna að skynsamlegast sé fyrir Íslendinga að halda óháðri stöðu sinni gagnvart efnahagsbandalögum og leita eftir hagstæðum samningum við slík bandalög í Evrópu, Norður-Ameríku, Austur-Asíu og víðar. Þannig gætu Íslendingar fært sér legu landsins í nyt og átt farsæl samskipti við marga heimshluta án þess að afsala sér sjálfsákvörðunarrétti sínum eða forræði yfir náttúruauðlindum. Slíkt er hins vegar óhjákvæmileg afleiðing aðildar að Evrópusambandinu.

Hvað efnahagslífið snertir hefur Ísland alla burði til þess að farnast vel sem óháðu ríki í þjóðbraut milli meginlanda. Af sömu ástæðum yrði landið aldrei annað en jaðarsvæði í stórum efnahagsbandalögum á borð við Evrópusambandið. Náttúruauðlindir landsins eru miklar, bæði til lands og sjávar, og ef landsmönnum tekst að viðhalda yfirráðum yfir þeim og koma í veg fyrir mengun og ofnýtingu geta lífskjör hér á landi verið eins og þau gerast best í heiminum. Mörgum smærri þjóðum hefur tekist að nýta sér sérstöðu sína á grundvelli sjálfstæðis eða mikillar sjálfstjórnar. Þær gæta eigin hagsmuna á sjálfstæðum forsendum og gera smæð sína í hópi þjóðanna að styrkleika en ekki veikleika með sjálfstæðri rödd og sjálfstæðum vilja. Staðreyndin er sú að þessum þjóðum hefur vegnað mjög vel. Lífskjör eru til að mynda með því besta sem þekkist í flestum smáríkjum Evrópu og jafnvel Asíu.

Þróun alþjóðaviðskipta.

Þróun alþjóðaviðskipta er í raun nokkuð mótsagnakennd þar sem hún einkennist samtímis af vaxandi blokkamyndun og viðleitni til fríverslunar. Þannig eru nú þrjár meginviðskiptablokkir í heiminum: Evrópusambandið, Fríverslunarsamtök Norður-Ameríku (NAFTA) og hópur landa í Suðaustur-Asíu (ASEAN). Jafnframt er unnið að stórum fríverslunarsamningum á heimsvísu á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Eðli alþjóðavæðing-

arinnar er mál út af fyrir sig og fylgifiskar hennar mæta nú víða vaxandi gagnrýni og andstöðu. Umfjöllun um annmarka hennar og mögulegar hættur fellur hins vegar utan þessarar greinargerðar.

Íslendingar þurfa að laga utanríkisviðskipti sín að framangreindri þróun alþjóðaviðskipta sem fyrst. Það væri óráð að loka sig af innan eins efnahagssvæðis vegna þess hversu smátt íslenska hagkerfið er og atvinnuvegirnir tiltölulega einhæfir. Innan Evrópusambandsins ráða ferðinni hagsmunir gamalgróinna iðnríkja Vestur-Evrópu og áhrif Íslands á þeim vettvangi yrðu hverfandi. Þar er sjávarútvegi, sem er stærsta atvinnugrein Íslendinga, fyrst og fremst stjórnað með hafta- og styrkjafyrirkomulagi sem á að vernda sjávarútveg aðildarríkjanna.

Ísland og Evrópusambandið.

Allt frá mótun samningsins um Evrópskt efnahagssvæði (EES) á árunum um og eftir 1990 hefur framtíð samningsins þótt nokkuð óviss. Svokölluð EFTA-stoð hans varð fljótlega mun veikari en til stóð þar sem Svisslendingar höfnuðu aðild að samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu og bæði Svíar og Finnar gengu í Evrópusambandið. Norðmenn höfnuðu um sama leyti aðild að ESB í þjóðaratkvæðagreiðslu. Nú lætur umræða um þriðju aðildarumsóknina, en sú umræða hefur að mestu legið í láginni síðan, aðeins á sér kræla á nýjan leik í Noregi. Enginn vafi er þó á því að úrslit atkvæðagreiðslunnar í Danmörku 28. september sl. munu hafa mikil áhrif. Afdráttarlaus meiri hluti dönsku þjóðarinnar hafnaði evrunni og aðild að myntbandalagi og sendi um leið skýr skilaboð til ráðamanna bæði heima fyrir og í Brussel. Þrátt fyrir að allar helstu valdastofnanir í dönsku samfélagi, þ.e. stærstu stjórnmálaflokkarnir, atvinnurekendur, verkalýðshreyfing, flestir fjölmiðlar o.s.frv., með algera yfirburði fjármagns á bak við sig að auki, reyndu að þvinga fram samþykki kaus danska þjóðin að stíga ekki þetta skref í evrópska samrunaferlinu. Þessi niðurstaða er, fyrir utan að vera stóráfall fyrir dönsku kratastjórnina, áfall fyrir stjórnmálamenn og stjórnmálaöfl hér á landi sem hafa viljað keyra af stað umræðu um nánari tengsl eða aðild okkar að Evrópusambandinu. Þess vegna er líklegt að rólegra verði í þessum efnum en ella hefði orðið og bæði Danir og nágrannar þeirra, eins og Svíar og Bretar, fari sér hægt á næstunni og hugsi sig vel um áður en þeir aðhafast frekar. Því er síður en svo ástæða til óðagots hér á landi eða í Noregi og hyggilegt væri fyrir ráðamenn þessara landa sem annarra að láta sér lexíuna frá Danmörku að kenningu verða.

Vissulega er staða Íslands í samskiptum við Evrópusambandið á grundvelli EES-samningsins langt frá því að vera eins og tillögumenn teldu heppilegasta. Við Íslendingar höfum hins vegar aðlagað okkur að þeim aðstæðum sem EES-samningurinn skapar um nokkurt árabil. Tollalækkanir samkvæmt samningnum hafa auðvitað verið til bóta, enda höfum við borgað fyrir með veiðiheimildum og greiðslum í þróunarsjóð sem voru framlengdar með þvingunum. Þá höfum við líka þurft að bera okkar hlut af rekstrarkostnaði þunglamalegs stofnanakerfis o.s.frv. Deilur um hið liðna þjóna hins vegar litlum tilgangi, enda engan samanburð hægt að gera við það sem ella hefði orðið, t.d. samskipti á grundvelli einfaldari viðskipta- og samstarfssamninga í stað EES. Þá getur það tæpast þjónað hagsmunum Íslands að við veikjum tiltrú á eða gröfum með málflutningi undan samskiptum okkar við Evrópusambandið hvað sem um EES-samninginn má segja sem slíkan. Hlýtur málflutningur núverandi utanríkisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, að vekja furðu því að engu er líkara en að hann hafi tekið sér fyrir hendur að sannfæra alla sem málið varðar um bága og versnandi stöðu Íslands innan EES.

Óvissa skaðleg íslenskum hagsmunum.

Sú óvissa sem ríkir um það hvernig samskiptum Íslands við Evrópusambandið verði háttað í framtíðinni er óheppileg. Svo lengi sem vafi leikur á um hver framtíðarstefnan verður eru aðilar í hálfgerðri biðstöðu og Íslendingar geta ekki skipulagt samskipti sín við ýmsa aðila í löndum ESB eða einbeitt sér sem skyldi að samskiptum við aðra heimshluta. Það gildir jafnt um utanríkisþjónustuna, ráðuneyti og opinberar stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök. Því er nauðsynlegt að Alþingi taki af skarið og marki stefnuna í stórum dráttum svo að forsendur eða grundvöllur samskiptanna liggi fyrir. Þá verður hægt að byggja upp það fyrirkomulag sem best samrýmist hagsmunum Íslands til framtíðar litið. Við athugun þessara mála þarf þjóðin að líta til allra átta, óbundin af núverandi stöðu. Gera verður þá kröfu til stjórnmálamanna og stjórnmálaflokka að þeir reyni að tala skýrt í þessu afdrifaríka máli. Umræða um mikilsverð utanríkismál eins og framtíðarfyrirkomulag samskipta okkar við Evrópusambandið er mikilvæg og sjálfsögð og Vinstri hreyfingin – grænt framboð og þingmenn hennar eru hvar og hvenær sem er tilbúnir til slíkra umræðna. Einnig þurfum við sem þjóð, að sjálfsögðu hér eftir sem hingað til, að fylgjast með þróun mála í kringum okkur. Nauðsyn þessa er hins vegar ekki afsökun fyrir því að tala óljóst og dulbúa afstöðu, eða þá afstöðuleysi, í endalausum orðavaðli um að það þurfi að taka málið á dagskrá, ræða það og skoða, fylgjast með, tímarnir séu að breytast o.s.frv. Í öllum aðalatriðum liggur fyrir hvað fælist í aðild að Evrópusambandinu og skýrsla utanríkisráðherra frá sl. vori er gagnlegt innlegg í þá umræðu. Mönnum er því engin vorkunn að taka skýra afstöðu til mála í ljósi aðstæðna og þar sem ekki er líklegt að þær breytist í grundvallaratriðum í fyrirsjáanlegri framtíð ætti slík stefnumörkun að fá staðist.

Rök með og á móti aðild.

Skipta má helstu rökum stuðningsmanna aðildar að Evrópusambandinu í tvennt. Annars vegar eru það nauðhyggjuröksemdir og hins vegar rök sem ganga út á nauðsyn aðildar til að hafa áhrif.

Af fyrra taginu eru fullyrðingar eins og þær að EES-samningurinn sé á fallanda fæti, verði EES-samningurinn ónothæfur í núverandi mynd sé ekki um annað að ræða en að „stíga skrefið til fulls“, þ.e. að ganga í Evrópusambandið. Einnig er óspart látið að því liggja að Norðmenn kunni að ganga í Evrópusambandið einhvern tímann á komandi árum. Þá er sagt að allir aðrir séu að ganga í Evrópusambandið og er þá væntanlega verið að vísa til stækkunar þess til austurs og þannig mætti áfram telja. Í slíkum fullyrðingum eru ekki fólgnar efnislegar röksemdir heldur miklu fremur ákveðin tegund hræðsluáróðurs eða nauðhyggju eins og áður sagði. Hafa ber í huga að samskipti Íslands við aðrar þjóðir og heimshluta byggjast á tvíhliða samskiptum. Sá kostur er að sjálfsögðu einnig opinn að því er snertir samskipti við Evrópusambandið. Ekkert bendir til að við eigum ekki alla möguleika á að búa farsællega um samskipti okkar við Evrópusambandið án aðildar þó að samningurinn um EES breytist eða t.d. stofnanir hans hverfi. Slíkt gæti jafnvel einfaldað þau atriði sem mestu máli skipta, viðskiptaþættina, samstarf á sviði menntunar og rannsókna og, eftir atvikum, samræmingu löggjafar, sem við getum að sjálfsögðu framkvæmt að eigin frumkvæði, og fleira.

Sú röksemd að nauðsynlegt sé fyrir Íslendinga að ganga í Evrópusambandið til að hafa áhrif á stefnumótun og ákvarðanatöku sem þar fer fram virðist á yfirborðinu nokkuð gild, en dugir skammt þegar betur er að gáð. Fyrir það fyrsta verður að svara því hver líkleg áhrif smáríkis á borð við Ísland í stækkandi Evrópusambandi yrðu og hvaða verði yrðu þau „áhrif“ keypt? Hvað mundi það kosta smáríki eins og okkar að gæta hagsmuna okkar innan frá á öllum vígstöðvum þessa mikla bákns og hvað með okkar sérstöðu og áhrif annars staðar á al-

þjóðavettvangi? Færa má rök fyrir því að þessu með áhrifin sé einmitt öfugt varið því að með aðild missum við sjálfstæða rödd og sjálfstæða fulltrúa í öðrum alþjóðasamskiptum og færumst yfir í baksveitir sem minnsta þjóðin af 15 eða 25 á bak við fulltrúa framkvæmdastjórnar eða ráðherraráðs. Hefðu áhrif Íslands verið meiri eða minni, t.d. í hafréttarmálum, utan eða innan Evrópusambandsins sl. þrjátíu ár eða svo? Svarið liggur nokkuð í augum uppi. Það var vegna sjálfstæðis okkar og fullveldis að við gátum beitt okkur sem raun ber vitni, ekki síst í andstöðu við Evrópusambandsríkin.

Ókostir aðildar.

Ef farið er yfir helstu ókosti aðildar að Evrópusambandinu, kostnað og fórnir sem henni yrðu samfara, vegur eftirfarandi þyngst að mati flutningsmanna:

1. Afsal sjálfstæðis og fullveldis, glötuð sérstaða.

Framsal á fullveldi Íslands er veigamesta ástæðan fyrir því að aðild að Evrópusambandinu er ekki fýsilegur kostur að mati tillögumanna. Þar með væru Íslendingar skuldbundnir til að innleiða alla lagasetningu Evrópusambandsins hér á landi og Evrópudómstóllinn yrði æðsti dómstóll Íslendinga. Breytingin frá því sem við búum við nú yrði umtalsverð vegna þess að íslenskir dómstólar skýra innlendar réttarreglur til samræmis við EES-samninginn á grundvelli íslenskra lögskýringarreglna. Landsdómstólar í aðildarríkjum ESB framselja hins vegar þetta vald til Evrópudómstólsins.

Því er stundum haldið fram í umræðu um þessi mál að með aðild að ESB kæmu Íslendingar beint að lagasetningu ESB og gætu þannig haft mun meiri áhrif en nú. Einnig er sagt að þeir fengju neitunarvald í ráðherraráðinu sem mundi styrkja mjög stöðu Íslands á þessum vettvangi. Minnt skal á að það er engan veginn auðvelt að beita neitunarvaldi vegna fjölmargra samtengdra hagsmuna og samskipta. Jafnframt hafa leikreglur breyst hratt innan ESB með breytingum á stofnsamningi þar sem meirihlutaákvörðun gildir á æ fleiri sviðum. Á sinn hátt gildir svipað um þetta og „öryggisákvæðið" í EES-samningnum sem ekki hefur verið beitt fram að þessu.

Að öllu samanlögðu er það mat tillögumanna að langskynsamlegast sé að þróa samskipti Íslands við Evrópusambandið í átt til tvíhliða samninga um fríverslun, rannsóknir og vísindi og félagslegt og menningarlegt samstarf. Eðlilegt er að leita eftir slíkum samningum á grundvelli tiltekinna þátta í EES-samningnum og með hliðsjón af Lúxemborgaryfirlýsingunni frá 1984 en hún varðaði m.a. samstarf á sviði mennta- og menningarmála, umhverfismála og rannsókna- og þróunarstarfs.

2. Skertir möguleikar til sjálfstæðrar efnahagsstjórnar.

Ljóst er að aðild að Evrópusambandinu mundi skerða mjög möguleika íslenskra stjórnvalda til sjálfstæðrar efnahagsstjórnar frá því sem nú er. Sveiflur í efnahagslífinu hér á landi eiga sér aðrar rætur en gengur og gerist á meginlandi Evrópu. Þar af leiðandi er afar varhugavert fyrir Íslendinga að vera bundnir af sameiginlegri efnahagsstefnu ESB, enda hefðu íslensk stjórnvöld þá enga möguleika á að bregðast sjálfstætt við, t.d. til að koma í veg fyrir stórfellt atvinnuleysi. Endastöð slíkrar bindingar væri aðild að myntbandalagi Evrópusambandsins (EMU) sem flestöll ríki ESB verða aðilar að innan tíðar. Þar með væri sjálfstæð gengisskráning úr sögunni sem er afar óheillavænleg staða fyrir land sem treystir jafnmikið á útflutning og raun ber vitni. Sveiflur efnahagslífsins á Íslandi mundu eðlilega ekki hafa nokkur minnstu áhrif á sameiginlega gengisskráningu í Evrópusambandinu sem hefur innan sinna vébanda mörg stór hagkerfi, þar á meðal fjögur af sjö helstu iðnríkjum

heims. Tæpast þarf að fjölyrða um hversu alvarlegar afleiðingar aðild að efnahagsstefnu ESB, svo ekki sé talað um sameiginlegan gjaldmiðil, hefði haft fyrir íslenskt efnahagslíf við þær aðstæður sem hér hafa ríkt á allra síðustu árum.

3. Hagsmunum sjávarútvegsins fórnað.

Ljóst er að með inngöngu í Evrópusambandið mundu Íslendingar glata forræði yfir auðlindum hafsins við Ísland til framkvæmdastjórnar ESB. Að undanförnu hafa ýmsir haldið því fram að reglur Evrópusambandsins um stjórn fiskveiða mundu leiða til þess að Íslendingar sætu einir að veiðunum þar sem aðrar þjóðir hafi nánast enga veiðireynslu á Íslandsmiðum. Þar með er sú einkennilega staða komin upp að einhver mikilvægasti ávinningur sjálfstæðisbaráttunnar, útfærsla efnahagslögsögunnar og afleiðingar hennar, er notaður sem rök fyrir því að óhætt sé að afsala sér sjálfstæðinu í þessum efnum. Í þeim málflutningi er látið undir höfuð leggjast að fjalla um augljósar afleiðingar ESB-aðildar sem m.a. varða svokallað kvótahopp. Í því felst að fyrirtækjum í aðildarlöndum sambandsins væri í lófa lagið að skrá skip sín á Íslandi, fá veiðiheimildir hér en landa aflanum í heimalandinu. Þetta er vel þekkt innan ESB og hefur valdið mörgum sjávarbyggðum þar miklum vandræðum. Evrópudómstóllinn hefur svo ofan í kaupið dæmt í óhag ríkjum eins og Bretlandi, sem haft hafa uppi tilburði til að stöðva kvótahopp. Einnig er borðleggjandi að af hálfu þjóða eins og Spánverja yrði viðvarandi þrýstingur á að komast inn í íslensku landhelgina og gjarnan reynt að versla um slíka hluti í tengslum við lausn óskyldra deilumála eins og dæmin sanna. Slík hrossakaup eru venjulegur framgangsmáti innan Evrópusambandsins, eins og Íslendingar fengu meðal annars að kynnast í deilunum um áframhaldandi greiðslur í þróunarsjóðinn á grundvelli EES-samningsins.

Engar líkur eru á að í þessum efnum standi Íslandi annað til boða en í mesta lagi tímabundin aðlögun að sameiginlegri sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins. Eftir slíkan aðlögunartíma mundu ýmis málefni sem snerta þessa mikilvægu atvinnugrein flytjast til framkvæmdastjórnarinnar í Brussel. Þar má nefna ákvörðun um heildarveiðiheimildir, stjórn veiða úr deilistofnum og samskipti við önnur ríki, t.d. óútkljáð deilumál um skiptingu veiðiheimilda úr flökkustofnum. Það yrði óumdeilanlega mikil afturför ef sjálfstæð rödd Íslands í hafréttarmálum á alþjóðavettvangi hljóðnaði.

4. Áfall fyrir íslenskan landbúnað.

Eins og fram kemur í fyrrnefndri skýrslu utanríkisráðherra bendir allt til þess að aðild að Evrópusambandinu yrði áfall fyrir allar greinar landbúnaðarins hér á landi, nema helst sauðfjárræktina. Útkoma sauðfjárbænda yrði þó undir því komin að ná hingað sem mestu af þeim styrkjum sem Evrópusambandið veitir greininni á þeim forsendum að hún er algjör aukabúgrein í ESB.

Oft er látið að því liggja að ESB-aðild mundi koma neytendum mjög til góða í formi lægra verðs á matvælum. Þessu var mjög haldið á loft í Finnlandi og Svíþjóð á sínum tíma og um það snúast einmitt einhver mestu vonbrigði almennings í þessum löndum eftir inngönguna í ESB. Matvælaverð hefur ekki lækkað eins og stuðningsmenn aðildar fullyrtu að mundi gerast en inngangan hefur jafnframt reynst landbúnaðinum í þessum löndum þung í skauti, einkanlega í Finnlandi.

5. Hagsmunir ferðaþjónustunnar.

Mörg álitamál tengjast hagsmunum einnar helstu vaxtargreinar íslensks atvinnulífs um þessar mundir, þ.e. ferðaþjónustunnar, og mögulegri aðild að Evrópusambandinu. Flestir eru

sammála um að óumflýjanleg aðild að tollsamstarfinu, og þar með afnám tollfrjálsrar verslunar, kæmi sér illa fyrir ferðaþjónustuna, fyrir rekstur flug- og ferjuhafna, fríhafnarverslana og skattfrjálsrar ferðamannaverslunar. Einnig óttast margir að verr gengi að tefla fram og kynna sérstöðu landsins og gera það spennandi að ferðast hingað ef landið væri orðið hluti af Evrópusambandinu. Möguleikar Íslands til að setja sérreglur, t.d. á sviði umhverfismála vegna mikilla og sérstakra hagsmuna ferðaþjónustunnar, minnkuðu og fleira mætti nefna.

6. Fjarlægt og miðstýrt Brusselvald, ólýðræðisleg ákvarðanataka.

Miðstöð stjórnvalds í Evrópusambandinu er í Brussel. Þar situr framkvæmdastjórnin og Evrópudómstóllinn og Brussel er einn þriggja samkomustaða Evrópuþingsins. Sú skoðun er afar útbreidd í ESB-löndunum að stjórnkerfi sambandsins einkennist af óhóflegri miðstýringu og mikil fjarlægð sé á milli valdhafanna og þegnanna. Óhætt er að segja að þeir sem gagnrýna miðstýringuna hafi mikið til síns máls og má í því sambandi benda á að einstök ríki Bandaríkjanna hafa í sumum tilfellum mun meira sjálfstæði gagnvart alríkisstjórninni en ESB-ríki gagnvart æðstu stjórn Evrópusambandsins í Brussel.

Um fjarlægðina á milli valdhafanna í ESB og almennings í aðildarlöndunum má nefna tvö dæmi, hvort frá sinni hlið. Annars vegar er kjörsókn í kosningum til Evrópuþingsins yfirleitt mjög slök og hróplega léleg í samanburði við aðrar kosningar í ESB-löndunum, svo sem til þings og sveitarstjórna. Úrslitin gefa iðulega til kynna að kjörsókn í Evrópuþingskosningum sé mun meiri meðal andstæðinga ESB-aðildar en fylgismanna. Almenningur virðist því ekki hafa mikla trú á Evrópuþinginu sem slíku og þarf það ekki að koma á óvart þar sem það er aðeins ráðgefandi fyrir framkvæmdastjórnina en hefur ekki eiginlegt löggjafarvald.

Hins vegar má benda á hvernig samrunaferlið innan ESB hefur verið knúið áfram af valdhöfunum gagnvart almenningi í aðildarlöndunum. Skemmst er að minnast þess þegar Danir felldu Maastricht-samkomulagið í þjóðaratkvæðagreiðslu og stjórnvöld efndu til nýrra kosninga um málið eftir að hafa fengið undanþágur frá tilteknum ákvæðum samkomulagsins. Það hefur líka sýnt sig að þar sem á annað borð er efnt til kosninga um samrunaferlið er gríðarlegum fjármunum varið til að sannfæra almenning um ágæti þess. Nú síðast var þetta áberandi í þjóðaratkvæðagreiðslu Dana um þátttöku í myntbandalagi Evrópusambandsins og notkun evrunnar í stað dönsku krónunnar.

Í raun og veru eiga aðildarríkin lítið val þegar kemur að breytingum á Rómarsáttmálanum, stofnsáttmála sambandsins, á borð við Maastricht- og Amsterdam-samkomulagið. Að hafna slíkum gerðum jafngildir úrsögn úr Evrópusambandinu og það er viðurkennt að í stofnsáttmálanum er einfaldlega ekki gert ráð fyrir því að ríki geti gengið úr Evrópusambandinu þegar þau eru einu sinni komin þangað inn.

Þessu til viðbótar má nefna að langur vegur er frá því að lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð þegar ákvarðanir eru teknar af framkvæmdastjórn og ráðherraráði ESB. Ráðherrar einstakra ríkja geta beitt neitunarvaldi en til þess hefur enn ekki komið, enda væri sambandið þá í uppnámi. Af þeim sökum fer iðulega fram mikill kaupskapur til að tryggja stuðning fulltrúa allra ríkja við nýjar ákvarðanir. Þetta leiðir af sér óeðlilega mikið vægi sérhagsmuna við afgreiðslu margra mála enda þarf þá að launa einstökum fulltrúum fyrir stuðning við fyrri ákvarðanir.

7. Varhugaverðir tollmúrar.

Íslendingar eiga afar mikið undir útflutningi, einkum á sjávarafurðum. Með inngöngu í Evrópusambandið yrðu Íslendingar að taka upp sömu tollastefnu og önnur lönd bandalagsins

gagnvart ríkjum utan ESB. Þar með væri forræði landsins á sviði viðskiptasamninga úr sögunni og samningsumboðið á hendi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Þetta mundi augljóslega hefta möguleika Íslendinga á að sækja fram og leita nýrra markaða í öðrum heimshlutum. Það kæmi sér sérstaklega illa ef markaðurinn í ESB-löndum brygðist af einhverjum ástæðum. Nauðsynlegur sveigjanleiki í þessum efnum er best tryggður með samningum við efnahagsbandalög og einstök ríki um fríverslun og félagsleg og menningarleg samskipti.

Rétt er að benda á að tveir mikilvægustu útflutningsmarkaðir Íslendinga utan Evrópu, Norður-Ameríka og Suðaustur-Asía, hafa myndað viðskiptablokkir sem keppa við Evrópusambandið og standa í illdeilum við það á mörgum sviðum, m.a. varðandi tollamál og viðskiptakjör. Hagsmunir Íslands mundu af augljósum ástæðum ekki vega þungt í samskiptum ESB við þessar viðskiptablokkir og því er varhugavert fyrir Íslendinga að lenda innan tollmúra Evrópusambandsins.

8. Mikill kostnaður.

Það liggur fyrir að aðild að Evrópusambandinu yrði Íslendingum dýr. Að óbreyttu er hún talin kosta í kringum 8 milljarða kr. en líklegt er að með stækkun sambandsins yrði þessi upphæð á bilinu 10–12 milljarðar. Í besta falli væri mögulegt að fá helming þeirra fjármuna til baka í formi styrkja. Rétt er þó að hafa í huga að slíkir styrkir koma sjaldnast fyrirhafnarlaust. Því fylgir mikil vinna að krækja í þá, oftar en ekki er krafa um mótframlag af hálfu heimalandsins og upphæðinni að endingu skipt milli fleiri aðila. Þess vegna gætir oft þess misskilnings í umfjöllun um styrkupphæðir og sameiginleg verkefni að heildarfjárhæðin renni til viðkomandi aðila sem nettóframlag frá Evrópusambandinu, sem sjaldnast er tilfellið. Allir slíkir útreikningar eru auðvitað háðir mörgum óvissuþáttum, enda eiga þeir ekki að vera neitt aðalatriði í málinu. Ísland er vissulega eitt af ríkustu löndum heims og mætti gjarnan leggja meira af mörkum til aðstoðar þeim löndum sem verr standa. Það geta Íslendingar hins vegar hæglega gert á eigin forsendum ef viljinn er fyrir hendi og ráðstafað þeim fjármunum eins og þeir sjálfir telja skynsamlegast. Ekki má heldur gleyma því að það er dýrt að halda uppi velferðarsamfélagi í fámennu og strjálbýlu landi. Engin trygging er fyrir því að þær sérstöku aðstæður, sem við búum við á Íslandi, mundu alltaf mæta skilningi hjá framkvæmdarvaldinu í Brussel.

Loks er rétt að taka fram að flutningsmenn hafa allan fyrirvara á gagnvart þeirri hugmyndafræði sem mestu ræður bak við tjöldin um þróun mála hjá Evrópusambandinu. Hagsmunir fjármagnseigenda og stórfyrirtækja hafa verið drifkrafturinn á bak við markaðsvæðingu og afnám allra hindrana í vegi fjármagnsflutninga, fjárfestinga milli landa o.s.frv. Almenningur aðildarlandanna gerir sér æ betur grein fyrir því að þrátt fyrir tal um Evrópu fólksins og ýmis ágæt markmið og reglur á sviði t.d. félagsmála og umhverfismála er það samt fyrst og fremst Evrópusamband fjármagnsins og Evrópusamband stórfyrirtækjanna sem verið er að skapa. Þetta er án efa ein skýringin á þeirri miklu og breikkandi gjá sem hefur verið að skapast á milli almennings og þeirra sem ráða ferðinni og reka Evrópusamrunann áfram.

Samningar Svisslendinga.

Á síðasta ári gerðu Svisslendingar tvíhliða samning við Evrópusambandið um samskipti á sjö sviðum. Þau eru afnám tæknilegra viðskiptahindrana, frjálsar ferðir fólks, rannsóknir, opinber innkaup, samgöngur á landi, farþegaflug og viðskipti með landbúnaðarafurðir. Gert er ráð fyrir að samningurinn gangi í gildi árið 2001 og verði þá hluti af löggjöf beggja samn-

ingsaðila. Samningurinn felur ekki að neinu leyti í sér framsal löggjafarvalds til yfirþjóðlegra stofnana. Meiri hluti samningsákvæðanna felur í sér gagnkvæma viðurkenningu á löggjöf beggja samningsaðila. Hins vegar er kveðið á um upplýsingaskyldu og sérstakt viðræðuferli ef annar samningsaðili hyggst breyta sinni löggjöf á sviðum samningsins. Ekki er vafi á því að vænlegt gæti verið fyrir Íslendinga að fylgja fordæmi Svisslendinga í þessum efnum og leita eftir tvíhliða samningum um samskipti við Evrópusambandið á afmörkuðum sviðum.

Aðrir heimshlutar.

Eðlilegt er að líta á vaxandi samskipti við Norður-Ameríku sem rök fyrir því að halda óháðri stöðu gagnvart efnahagsbandalögum á borð við Evrópusambandið. Ísland hefur um langt skeið átt mikil samskipti við Bandaríkin, m.a. á sviði viðskipta og mennta- og menningarmála. Þessi samskipti munu áfram hafa mikla þýðingu fyrir Íslendinga en aðild Íslands að Evrópusambandinu mundi fljótlega hafa veruleg áhrif á þróun þeirra. Þarf raunar ekki beina aðild til, eins og glöggt má sjá af Schengen-samningnum sem nú er að verða að veruleika. Undanfarin ár hafa samskipti Íslands og Kanada einnig aukist verulega, ekki síst í tengslum við afmæli landafunda norrænna manna í Vesturheimi og vaxandi áhuga Íslendinga og Kanadamanna af íslenskum ættum á sögu íslensku vesturfaranna. Á síðasta ári var opnuð aðalræðisskrifstofa í Winnipeg og Ísland hefur ákveðið að opna sendiráð í Kanada þegar á næsta ári.

Fleira bendir til vaxandi samskipta og viðskipta við Norður-Ameríku í náinni framtíð. Gert er ráð fyrir að viðræðum EFTA-ríkjanna og Kanada um fríverslunarsamning ljúki innan tíðar og að hann verði undirritaður áður en langt um líður. Þetta er stærsti fríverslunarsamningur sem EFTA-ríkin hafa gert frá því að EES-samningurinn var undirritaður. Með honum verður útflytjendum í EFTA-löndunum tryggður tollfrjáls aðgangur að Kanadamarkaði og jafngóð útflutningsskilyrði og útflytjendur búa við í hinum NAFTA-ríkjunum, Bandaríkjunum og Mexíkó. Samningurinn gerir samkeppnisaðstöðu EFTA-landanna betri en ESB-landa hvað snertir vöruútflutning til Kanada. Landfræðilega markar samningurinn ákveðin tímamót því að hingað til hefur EFTA einkum beint sjónum sínum að Mið-Evrópu og löndum við Miðjarðarhaf. Þá eru samningaviðræður EFTA og Mexíkós um fríverslun hafnar og ráðgerðar eru viðræður við Chile.

Þótt afturkippur hafi komið í efnahagslíf margra Asíulanda fyrir nokkru og þess gæti enn að nokkru leyti í utanríkisviðskiptum þeirra er eftir sem áður vænlegur markaður þar. Vissar afurðir hafa fyrst og fremst farið héðan til Asíu, einkum Japans sem er efnahagslegt stórveldi og stendur utan ASEAN-hópsins. Mögulegt er að viðskiptin verði ekki síður mikil við Kína í framtíðinni en margir telja að þar sé álitlegur markaður fyrir sjávarafurðir. Slík viðskipti gætu haft í för með sér stóraukna vinnslu á uppsjávarfiski til manneldis. Loks má nefna að Íslendingar hyggjast opna sendiráð í Japan árið 2001 og japönsk stjórnvöld hafa lýst yfir að þau muni opna sendiráð hér á landi sama ár.

Niðurstaða.

Það er sannfæring flutningsmanna þessarar tillögu að Íslendingar geti skapað sér sterka stöðu utan stórra efnahags- og ríkjasambanda og nýtt með því þá kosti sem felast í legu landsins. Treysta á möguleika á alhliða samskiptum við umheiminn en forðast að lokast af innan einstakra viðskiptablokka eða ríkjasambanda. Stefnumörkun í þessum efnum varðar miklu um framtíð lands og þjóðar. Það er staðreynd sem ekki verður hrakin að Íslendingum hefur vegnað vel sem sjálfstæðri þjóð og aldrei betur en síðustu fimmtíu ár. Á þeim tíma höfum við nær alfarið haft forræði eigin mála. Á grundvelli fullveldis gátum við stigið mikil-

vægustu skrefin til að tryggja afkomu og velferð þjóðarinnar. Nærtækasta og skýrasta dæmið er útfærsla landhelginnar og þau áhrif sem Íslendingar, sem fullvalda þjóð með sjálfstæða rödd á alþjóðavettvangi, höfðu á þróun hafréttarins. Sama gildir um sjálfstæða stöðu okkar í samningum um fiskveiðiréttindi og skylda hluti. Við höfum sjálf getað gætt auðlinda okkar og nýtt þær eða virkjað í eigin þágu og í samræmi við eigin hagsmuni. Sjálfstæðið hefur sem slíkt reynst okkur verðmæt auðlind. Tillagan sem hér er flutt snýst um að marka grundvallarstefnu og meginlínur í alþjóðasamskiptum Íslendinga. Vegna mikilvægis málsins og þess hversu gæfuríkt það væri ef landsmönnum tækist að sameinast um megináherslur í þessu afdrifaríka máli er lagt til að skipuð verði þverpólitísk nefnd allra stjórnmálaflokka til að vinna að því með stjórnvöldum. Á það má minna að á árunum 1988–90 starfaði nefnd níu alþingismanna, svonefnd Evrópustefnunefnd, um stefnu Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu kosin hlutbundinni kosningu á Alþingi og því skipuð fulltrúum allra þingflokka.

Fylgiskjal.

Kafli úr stefnuyfirlýsingu stofnfundar
Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs.

Sjálfstæð utanríkisstefna.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að móta sjálfstæða íslenska utanríkis- og friðarstefnu. Hreyfingin vill binda enda á aðild Íslands að hernaðarbandalögum og veru erlends hers í landinu. Brýnt er að friðlýsa landið og lögsögu þess fyrir kjarnorkuvopnum og banna umferð kjarnorkuknúinna farartækja.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafnar aðild Íslands að Evrópusambandinu þar eð slík aðild mundi skerða fullveldi Íslands og forræði þjóðarinnar yfir auðlindum lands og sjávar. Í stað hægfara innlimunar í Evrópusambandið ber að þróa samskiptin í átt til einfaldari tvíhliða samninga um viðskipti og samvinnu.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill efla samstarf allra þjóða heims á grundvelli jafnréttis og gagnkvæmrar virðingar fyrir ólíkum skoðunum og menningu. Við vörum við aðgerðum sem beint er gegn velferð þjóða og þjóðarbrota. Nauðsynlegt er að leggja hömlur á spákaupmennsku með fjármagn heimshorna á milli með sérstakri skattlagningu eða alþjóðlegum reglum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill efla þátttöku Íslands í stofnunum Sameinuðu þjóðanna þar sem öll ríki eiga aðild, svo og í svæðisbundnum samtökum, svo sem Norðurlandaráði, Evrópuráði og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu. Við viljum efla starfsemi Sameinuðu þjóðanna og styrkja lýðræðislega starfshætti á vettvangi þeirra. Treysta ber stoðir þjóðaréttar í þágu friðar og mannréttinda og stuðla að aukinni þátttöku almennra félagasamtaka í stefnumörkun alþjóðamála.

Ísland á að styðja eindregið markmið Sameinuðu þjóðanna og ákvæði mannréttindayfirlýsingarinnar með því að leggja sitt af mörkum til útrýmingar fátæktar, hungurs, félagslegs ranglætis, misskiptingar auðs, kynþáttamismununar, mannréttindabrota og hernaðarhyggju.

5. Tillaga til þingsályktunar [5. mál]

um stofnun Snæfellsþjóðgarðs.

Flm.: Þuríður Backman, Kolbrún Halldórsdóttir, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að beita sér fyrir stofnun Snæfellsþjóðgarðs sem taki til Snæfells og öræfanna umhverfis að meðtöldum Eyjabökkum og Jökulsá í Fljótsdal að mörkum heimalanda jarða í Norðurdal.

Ráðherra gefi Alþingi skýrslu um stöðu undirbúnings að stofnun þjóðgarðsins á haustþingi árið 2001.

Greinargerð.

Snæfell með Eyjabökkum og Vesturöræfum myndar afar svipmikla landslagsheild sem er einstæð hérlendis. Þar er afar fjölbreytt og sérstætt lífríki og jarðmyndanir sem sýna samspil jökla og umhverfis þeirra í fortíð og nútíð. Við vesturmörk Snæfellsöræfa rennur Jökla, korgugasta jökulfljót hérlendis, sem hefur grafið vestan undir Kárahnjúkum einhver hrikalegustu gljúfur landsins, kennd við Hafrahvamma.

Stórbrotin náttúra þessa svæðis með víðernum sem ekki eiga sinn líka í Evrópu hefur að undanförnu dregið að sér athygli fólks hérlendis og erlendis. Meðferð þessa mikla hálendissvæðis er stórmál sem varðar íslensku þjóðina alla og alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland gengst undir í samfélagi þjóðanna.

Verndargildi Snæfellsöræfa, og Eyjabakka sem hluta af þeim, er að verða mönnum æ ljósara eftir því sem óröskuð og lítt snortin landsvæði af þessum toga verða fágætari. Í núverandi mynd, óraskað um alla framtíð, er þetta óbyggðasvæði auðlind sem vaxa mun að gildi jafnt huglægt sem í hagrænu samhengi. Mörkin á milli þessa, hins huglæga og hagræna, eru samslungnari en áður í samfélagi þar sem hughrif, upplýsingar og þjónusta eru hagnýt viðfangsefni frá degi til dags.

Það sem skiptir sköpum um Snæfellsöræfi er að takast megi að vernda náttúru þeirra og svipmót í heild um langa framtíð. Byrji menn á að búta þau í skákir sem verða vettvangur stórtækra framkvæmda í þágu mannvirkjagerðar hríðfellur gildi þeirra í því samhengi sem hér um ræðir. Því er brýnt að Alþingi og þjóðin öll líti þann kost með opnum huga og af framsýni að vernda náttúru svæðisins svo sem kostur er í heild í stað þess að leggja það stig af stigi undir mannvirkjagerð og umsvifin sem henni fylgja.

Náttúruverndarsamtök Austurlands – NAUST – samþykktu á aðalfundi sínum 29. ágúst 1999 áskorun til stjórnvalda um stofnun þjóðgarðs á Snæfellsöræfum sem taki til Snæfells og öræfanna umhverfis að meðtöldum Eyjabökkum og Jökulsá í Fljótsdal að mörkum heimalanda jarða í Norðurdal. Með þingsályktunartillögunni vilja flutningsmenn taka undir áskorun þessara austfirsku samtaka og leggja hana fyrir þingið til umræðu og afgreiðslu. Þá ályktaði 10. náttúruverndarþing, sem haldið var 28.–29. janúar 2000, um málið og það ekki í fyrsta sinn. Ályktun þingsins var svohljóðandi:

„Tíunda náttúruverndarþing haldið í Reykjavík 28.–29. janúar 2000 skorar á umhverfisráðherra og Alþingi að hefja strax undirbúning að stofnun Snæfellsþjóðgarðs og að tilnefna Eyjabakka sem Ramsarsvæði innan hans. Mörk þjóðgarðsins eru skilgreind nánar í greinargerð. Snæfellsþjóðgarður hefði ómetanlegt gildi fyrir landið í heild auk þess að hafa alþjóðlega þýðingu. Tilkoma þjóðgarðsins yrði og mikil lyftistöng fyrir náttúruvernd og atvinnuþróun á Austurlandi.“

Með stofnun Snæfellsþjóðgarðs skapast möguleikar á að nýta Snæfellsöræfi og Eyjabakka á allt annan hátt en þann sem mest hefur verið til umræðu á liðnum áratugum. Slík friðlýsing gerir svæðið að vettvangi náttúruskoðunar og vísindarannsókna innan þeirra marka sem þolmörk þess leyfa. Verndun náttúrunnar verður að hafa forgang því að annars nýtist svæðið ekki á sjálfbæran hátt til ferðaþjónustu og lífsfyllingar í óspilltri náttúru, sem verður æ eftirsóttari í hugum almennings. Ekki er seinna vænna að gripið verði til verndaraðgerða vegna álags á svæðið sökum hömlulítillar umferðar.

Friðlýsing Snæfellsöræfa í einhverri mynd hefur verið rædd lengi en ekki náð fram að ganga. Allt frá árinu 1990 hefur Náttúruvernd ríkisins unnið að friðlýsingu svæðisins og eru bæði Vesturöræfi og Eyjabakkar á náttúruminjaskrá. Þessi þingsályktunartillaga var áður flutt á síðasta löggjafarþingi og henni vísað til umhverfisnefndar, sem sendi tillöguna út til umsagnar. Sjö umsagnir bárust nefndinni og voru þær í meginatriðum samþykkar tillögunni utan ein, sem hafnaði henni. Þær sex umsagnir sem voru jákvæðar gagnvart tillögunni komu frá eftirtöldum aðilum: Náttúruvernd ríkisins, Félagi leiðsögumanna, Landvernd, Fuglaverndarfélagi Íslands, Náttúruverndarsamtökum Austurlands og Félagi um verndun hálendis Austurlands. Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi hafnaði tillögunni. Þrátt fyrir jákvæðar undirtektir umsagnaraðila fékkst tillagan aldrei rædd í nefndinni og kom því ekki til afgreiðslu Alþingis.

Snæfellssvæðið hefur allt til að bera sem þarf til að verða í fremstu röð þjóðgarða á alþjóðamælikvarða. Flutningsmönnum er ljóst að vanda þarf undirbúning að stofnun slíks þjóðgarðs og leggja áherslu á samráð og góða samvinnu við það fólk og sveitarfélög sem hlut eiga að máli. Tillaga NAUST gerir ráð fyrir að hefðbundnar nytjar haldist á svæðinu og er tekið undir þá stefnu. Þá er bent á að Snæfellsþjóðgarður kæmi til með að liggja að væntanlegum Vatnajökulsþjóðgarði og kæmi það að mati flutningsmanna til með að auka enn frekar gildi hvors um sig.

Tillagan gerir ráð fyrir að umhverfisráðherra gefi Alþingi skýrslu um stöðu undirbúnings að stofnun þjóðgarðsins fyrir lok aldamótaársins, 2001.

Með tillögunni var fylgiskjal, ályktun aðalfundar Náttúruverndarsamtaka Austurlands – NAUST um stofnun Snæfellsþjóðgarðs (29. ágúst 1999). Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 11 (11. mál 125. löggjafarþings) í A-deild Alþt., bls. 546–549.

6. Tillaga til þingsályktunar [6. mál]

um afnám skattleysissvæða.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér á alþjóðavettvangi fyrir afnámi skattleysissvæða.

Greinargerð.

Víðs vegar um heim fer nú fram umræða um hvernig unnt sé að stemma stigu við því að fjármagnseigendur og fyrirtæki komi sér hjá því að greiða skatta til samfélagsins. Svokallaðar skattaparadísir eða aflandsumdæmi eins og slík svæði eru stundum nefnd hafa víða sprottið upp og hefur þeim fjölgað á undanförnum árum. Vegna þrýstings frá almenningi hefur málið verið tekið upp í ýmsum alþjóðastofnunum. Á ráðherrafundi OECD árið 1998 var ákveðið að láta fara fram á því könnun hvernig hægt væri að hamla gegn því að skattleysissvæði græfu undan skattkerfum þjóða. Um það var síðan gert samkomulag að beina því til skattleysissvæðanna að þau störfuðu samkvæmt tilteknum lágmarksreglum. Ýmsum þykja þær reglur ganga allt of skammt en engu að síður gengu þær það langt að Sviss og Lúxemborg neituðu að undirrita samkomulagið. Í kjölfarið lýstu fulltrúar sex þessara skattleysissvæða því yfir að brugðist yrði jákvætt við tilmælum frá OECD. Á fundi OECD í júní árið 2000 var lýst ánægju með þær jákvæður undirtektir sem borist höfðu og í skýrslu, sem birt var í tengslum við fundinn, voru þau svæði undanskilin sem heitið höfðu því að gera lágmarksúrbætur.

Enn eru 35 skattleysissvæði á lista OECD yfir svæði sem neita að verða við tilmælum OECD. Þau eru: Andorra, Angvilla, Antígva og Barbúda, Bahamaeyjar, Barein, Barbadoseyjar, Belís, Bresku Jómfrúaeyjar, Cookseyjar, Dóminíska lýðveldið, Gíbraltar, Ermarsundseyjarnar Guernsey, Sark og Alderney, Hollensku Antillur, Jersey, Líbería, Liechtenstein, Maldíveyjar, Marshalleyjar, Mónakó, Montserrat, Mön, Nieul, Nárú, Panama, Samóa, Seychelleseyjar, Sankti Lúsía, Sankti Vinsent og Grenadíneyjar, Sankti Kristófer og Nevis, Tonga, Turk- og Caicoseyjar, Vanúatú og Bandarísku Jómfrúaeyjar.

Íslensk fyrirtæki hafa á síðustu árum í vaxandi mæli sýnt á því áhuga að nýta sér skattleysissvæði og í fylgiskjali með þessari tillögu er grein sem birtist í Viðskiptablaði Morgunblaðsins 6. janúar 2000 þar sem fjallað er um dótturfélag Landsbanka Íslands á eynni Guernsey á Ermarsundi. Eins og fram kemur á framangreindum lista er Guernsey eitt þeirra svæða sem neita að verða við tilmælum OECD. Í greininni kemur ekki fram sú aukna gagnrýni á fyrirtæki og fjármagnseigendur sem reyna að skjóta sér undan samfélagslegri ábyrgð með því að greiða ekki til samfélagsins eins og aðrir gera. Hins vegar er því lýst á opinskáan hátt hvert sé aðdráttarafl skattleysissvæða á borð við Guernsey.

Með tillögunni var eftirfarandi fylgiskjal: Starfsemi Landsbankans á Guernsey í samstarfi við HSBC-bankasamstæðuna. Vaxandi eftirspurn eftir aflandsþjónustu. (Viðskiptablað Morgunblaðsins 6. janúar 2000.)

7. Tillaga til þingsályktunar [7. mál]

um endurskoðun viðskiptabanns á Írak.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón A. Kristjánsson,
Össur Skarphéðinsson, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að viðskiptabannið á Írak verði tafarlaust tekið til endurskoðunar. Einnig verði mótuð sú stefna að viðskiptahindrunum verði aldrei beitt við þær aðstæður að almenningur, ekki síst börn, líði beinan skort af þeim sökum.

Greinargerð.

Tillaga þessi er nú flutt í sjötta sinn á Alþingi. Hún hefur aldrei orðið útrædd og reyndar aldrei verið afgreidd frá nefnd. Á 125. löggjafarþingi felldi meiri hluti utanríkismálanefndar tillögu um að þingsályktunartillaga þessi kæmi til atkvæðagreiðslu á Alþingi. Vilji Alþingis í málinu hefur því aldrei fengið að koma í ljós í atkvæðagreiðslu þrátt fyrir margendurtekinn flutning tillögunnar á þremur kjörtímabilum.

Viðskiptabannið á Írak hefur nú staðið í heilan áratug. Það var upphaflega sett á landið árið 1990 vegna innrásar Írakshers í nágrannaríkið Kúveit. Í ársbyrjun 1991 voru Írakar reknir út úr Kúveit af herliði undir merkjum Sameinuðu þjóðanna. Viðskiptabannið hefur hins vegar staðið æ síðan og raunar verið hert á refsiaðgerðunum.

Afleiðingar þessa viðskiptabanns eru skelfilegar svo ekki sé meira sagt. Meira en ein og hálf milljón Íraka hefur látið lífið vegna skorts á nauðþurftum sem rekja má til bannsins. Þetta mannfall er með því mesta sem orðið hefur meðal einnar þjóðar frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Margvíslegar skýrslur og úttektir á ástandinu í Írak hafa birst á síðustu missirum og stöðugt fleiri mannréttindasamtök hafa hvatt til þess að refsiaðgerðirnar verði teknar til endurskoðunar.

Í skýrslu Kofi Annan, aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, til 51. fundar allsherjarþings samtakanna kom fram að um 4 milljónir Íraka, að stórum hluta börn undir fimm ára aldri, væru hrjáðar af vannæringu. Samkvæmt upplýsingum sem fram komu í Morgunblaðsgrein eftir framkvæmdastjóra Rauða kross Íslands 19. mars 1998 var þá áætlað að um 80% þjóðarinnar hefðu litlar sem engar tekjur. Læknisþjónusta og starfsemi sjúkrahúsa er í lágmarki og heilsufari þjóðarinnar hrakar að sama skapi.

Hinn 21. júní sl. birtist skýrsla um lögfræðileg álitamál varðandi efnahagslegar refsiaðgerðir en hún var unnin á vegum mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna (UN Commission on Human Rights). Samkvæmt þeirri skýrslu samrýmist viðskiptabannið á Írak hvorki Mannréttindayfirlýsingu né Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og sama gildir um Genfarsáttmálana frá 1949 og viðauka þeirra frá 1977. Meðal þeirra skilyrða sem skýrsluhöfundur telur að viðskiptabönn verði að uppfylla er að þau bitni á réttum aðilum, hindri ekki dreifingu lífsnauðsynja og geti náð yfirlýstu markmiði sínu.

Ljóst er af tíu ára reynslu að viðskiptabannið á Írak uppfyllir engan veginn þessi skilyrði. Því er beint gegn einræðisstjórn Saddams Hussein en á henni er ekki að sjá neitt fararsnið nema síður sé. Viðskiptaþvingunum þessum var einnig ætlað að knýja Íraksstjórn til að gefa upplýsingar um framleiðslu gereyðingarvopna og birgðir af slíkum vopnum í landinu. Á því sviði hafa þvinganirnar ekki heldur borið tilætlaðan árangur.

Það er fyrst og fremst almenningur í landinu sem líður fyrir refsiaðgerðirnar eins og sést á því alvarlega ástandi sem þar ríkir. Samkomulag um takmarkaða olíusölu til kaupa á matvælum og lyfjum breytir litlu um hörmulegar aðstæður alls almennings enda er um mjög takmarkað magn að ræða og verulegur hluti tekna af olíusölunni er gerður upptækur í stríðsskaðabætur. Tveir yfirmenn hjálparstarfs Sameinuðu þjóðanna í Írak hafa sagt af sér þar sem þeir hafa ekki treyst sér til að bera ábyrgð á afleiðingum viðskiptabannsins, fyrst Denis Haliday og síðan eftirmaður hans, Hans von Sponeck, sem sagði ljóst að tekjur Íraka af hinni takmörkuðu olíusölu dygðu alls ekki fyrir nauðþurftum landsmanna. Þá sagði Jutta Burghart, yfirmaður matvæladreifingar Sameinuðu þjóðanna í landinu, einnig af sér af sömu ástæðum.

Ekki þarf að deila um að stjórn Saddams Hussein ber sína ábyrgð á þeim hörmungum sem dunið hafa yfir írösku þjóðina á undanförnum árum. Það er hins vegar óverjandi að örlög 22 milljóna manna skuli alfarið sett í hendur einræðisstjórnarinnar í Baghdad með þeirri víðtæku einangrun sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur ákveðið. Sú ákvörðun var fullgilt á Íslandi með auglýsingu frá utanríkisráðuneytinu. Sú sem nú er í gildi er dagsett 28. apríl 1992. Við Íslendingar berum því ábyrgð á þessu ástandi til jafns við aðra.

Með tillöguflutningi þessum er ekki verið að taka afstöðu gegn viðskiptaþvingunum enda geta slíkar tímabundnar aðgerðir leitt til árangurs eins og t.d. varð raunin í baráttunni fyrir jafnrétti kynþátta í Suður-Afríku. Hins vegar verður að gera þá grundvallarkröfu til alþjóðlegra refsiaðgerða, bæði efnahagslegra og stjórnmálalegra, að þær samrýmist almennum mannúðarsjónarmiðum og alþjóðlegum sáttmálum í þeim efnum.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Auglýsing nr. 160 1992, um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661 (1990) vegna innrásar Íraka í Kúvæt (Lögbirtingablaðið, 29. júní 1994).
II. Ósýnilega stríðið. Þórdís B. Sigurþórsdóttir (Morgunblaðið, 7. júlí 1999).
III. Hjálparstarf Rauða krossins í Írak. Sigrún Árnadóttir (Morgunblaðið, 19. mars 1998).

8. Frumvarp til laga [8. mál]

um dreifða eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað 3.–6. mgr. 10. gr. og 11. og 12. gr. kemur ný grein, er verður 11. gr., sem orðast svo:

Einstökum aðilum, öðrum en ríkissjóði, og skyldum og/eða fjárhagslega tengdum aðilum er óheimilt að eiga meira en 8% hlutafjár í viðskiptabanka. Viðskiptabanki skal reglulega tilkynna Fjármálaeftirlitinu um samsetningu hluthafa og án tafar ef eignarhlutur einstaks aðila fer yfir fyrrgreind mörk. Hluthafi í viðskiptabanka skal tafarlaust gera Fjármálaeftirlitinu við-

vart hafi hann ástæðu til að ætla að eign hans í viðskiptabanka kunni að yfirstíga fyrrgreind mörk.

Skyldir aðilar og/eða fjárhagslega tengdir skulu teljast:

1. Hjón eða sambýlisaðilar.
2. Skyldmenni í beinan legg, bræður eða systur, systkinabörn, systkini föður eða móður eða tengdir aðilar með sama hætti vegna ættleiðingar. Foreldrar, börn, bræður og/eða systur maka eða sambýlisaðila.
3. Samstæða félaga, móðurfélög og dótturfélög.
4. Ef einstakur aðili (einstaklingur eða lögaðili) á meira en 35% eignarhlut eða atkvæðisrétt í lögaðila eða ef einstakur aðili eða skyldir aðilar eiga samanlagt meira en 35% eignarhlut eða atkvæðisrétt í tveimur lögaðilum eða fleiri skulu þeir aðilar teljast fjárhagslega tengdir.

Nú fer eignarhlutur einstaks aðila eða skyldra og/eða fjárhagslega tengdra aðila yfir þau mörk sem tilgreind eru í 1. mgr. vegna atvika sem hlutaðeigandi fær ekki við ráðið og skal viðkomandi aðili eða aðilar þá svo fljótt sem við verður komið, og eigi síðar en innan sex mánaða, gera ráðstafanir til að samræma eignarhlut sinn nefndum ákvæðum 1. mgr. Ráðherra getur að fenginni tillögu Fjármálaeftirlitsins ákveðið að eignarhlut sem svo er til kominn og er umfram mörk 1. mgr. fylgi eigi atkvæðisréttur svo lengi sem það ástand varir.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr., sem orðast svo:

Um hámarkshlutafjáreign einstakra aðila og skyldra og/eða fjárhagslega tengdra aðila í lánastofnun skulu gilda ákvæði 11. gr. laga nr. 113/1996.

III. KAFLI
Gildistaka o.fl.

3. gr.

Ráðherra skal að fengnum tillögum Fjármálaeftirlitsins setja nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sé eignarhlutur einstakra aðila eða skyldra og/eða fjárhagslega tengdra aðila í viðskiptabanka eða lánastofnun fyrir ofan mörk 1. efnismgr. 1. gr. laga þessara við gildistöku þeirra er ráðherra heimilt að veita hlutaðeigandi allt að tveggja ára aðlögunartíma til að gera fullnægjandi ráðstafanir til að samræma eignarhlut sinn áðurnefndum ákvæðum. Ráðherra getur við slíkar aðstæður beitt ákvæðum 3. efnismgr. 1. gr. laga þessara um takmörkun atkvæðisréttar.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en varð þá eigi útrætt. Það er nú endurflutt óbreytt. Aðstæður í fjármálaheiminum eru í aðalatriðum óbreyttar að því undanskildu að samruni stofnana og samþjöppun hefur haldið áfram og ber þar auðvitað hæst sameiningu Íslandsbanka og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Ekki er síður ástæða til að skoða breyt-

ingar af því tagi sem frumvarpið gerir ráð fyrir í ljósi aukinnar samþjöppunar eða fákeppni á þessum markaði. Óhóflega sterk ítök eða ráðandi staða einstakra aðila í mikilvægustu fjármálastofnunum landsins yrði að sama skapi varasamari sem samkeppni er takmarkaðri. Frumvarpinu fylgdi svohljóðandi greinargerð þegar það var áður flutt:

„Óþarfi er að fara mörgum orðum um tilefni þessa frumvarps. Mikil umræða hefur verið um sölu á eignarhlut ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og reyndar einnig áður um stofnun þess banka og breytingu ríkisviðskiptabankanna í hlutafélög. Mikið vantar á að vandað hafi verið til vinnubragða í þessu sambandi þó svo að horft sé fram hjá pólitískum ágreiningi um þessar breytingar sem slíkar. Leikreglur og nauðsynlegar lagabreytingar voru ekki undirbúnar og gerðar fyrir fram. Nú, þegar fyrstu skref í einkavæðingu ríkisviðskiptabankanna með hlutafjárútboðum hafa verið stigin, tæpur helmingur af eignarhlut ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hefur verið seldur og sala á hinum helmingnum er í fullum gangi, blossar upp síðbúin umræða um nauðsyn þess að tryggja dreifða eignaraðild að bönkunum.

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar til breytinga á lögum um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., þar sem leitað var eftir heimild til að selja allt hlutafé ríkissjóðs í bankanum, var reyndar fjallað um þetta mál, sjá þskj. 256, 229. mál 123. löggjafarþings. Þar sagði í greinargerð eftirfarandi: „Hefur ríkisstjórnin í því efni haft að leiðarljósi nauðsyn þess að hámarka verðmæti hlutafjár ríkissjóðs í bönkunum, tryggja ódýra, heilsteypta og örugga þjónustu á fjármagnsmarkaði með aukinni samkeppni, og þar af leiðandi hagkvæmari rekstri bankanna, og *að tryggja dreifða eignaraðild*, en um leið að fá til samstarfs innlenda og erlenda kjölfestufjárfesta sem hraðað geta framþróun fjármagnsmarkaðarins."

Ljóst er að þessi orð og önnur sem fallið hafa um nauðsyn þess að dreifa eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum duga skammt ef vilji er ekki fyrir hendi til að tryggja til frambúðar dreifða eignaraðild. Reglur um hámarkskaup hvers einstaks aðila í frumsölu bréfa eru gagnslitlar ef engar takmarkanir gilda síðan í viðskiptum með sömu bréf á eftirmarkaði. Augljóst er að til þurfa að koma lagaákvæði sem takmarka varanlega hámarkseign einstakra aðila, sambærileg þeim sem þekkt eru víða erlendis og þekkt eru bæði í innlendum og erlendum lögum í ýmsum annars konar tilvikum. Má þar sem dæmi nefna þær takmarkanir sem eru á hámarkseign erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi, sérstaklega í sjávarútvegi. Einnig mætti nefna þær breytingar sem gerðar voru nýlega á lögum um stjórn fiskveiða til að sporna við samþjöppun á eignarhaldi veiðiheimilda. Þau lög fela í sér takmörkun á hámarkseign einstakra fyrirtækja eða tengdra aðila í veiðiheimildum í einstökum tegundum og í heild. Í ýmsum nálægum löndum sem við berum okkur gjarnan saman við eru takmarkanir hvað varðar hámarkseign einstakra aðila í fjármálastofnunum og reyndar ýmsum öðrum greinum, svo sem í fjölmiðlum, vel þekktar.

Óhjákvæmilegt er að Alþingi taki af skarið í þessu máli og láti á það reyna hvaða innstæður eru fyrir fullyrðingum um nauðsyn þess að dreifa eignaraðild og sporna við samþjöppun á eignarhaldi í mikilvægum innlendum fjármálastofnunum. Viðbúið er að um setningu slíkra reglna geti orðið pólitískar deilur en því verður varla á móti mælt að skynsamlegt sé fyrir okkur Íslendinga að fara varlega í þessum efnum. Slíkar takmarkanir eða reglur er alltaf hægt að rýmka síðar meir ef áhyggjur af samþjöppun og fákeppni reynast ástæðulausar. Varla getur sakað að hafa vaðið fyrir neðan sig. Eins kæmi til greina að skoða rýmri mörk hvað hámarkseign í fjármálastofnun snertir þegar í hlut eiga viðskiptabankar, sparisjóðir eða aðrar lánastofnanir. Gæti það einkum átt við ef bankar eða aðrar lánastofnanir vildu starfrækja þjónustufyrirtæki á fjármálasviði sem hefði starfsleyfi sem lánastofnun. Þær reglur sem frumvarpið gerir ráð fyrir eru einfaldar en að mati flutningsmanna fullnægjandi til að setja

hámarkshlutafjáreign og ítökum einstakra aðila í viðskiptabönkum og öðrum mikilvægum lánastofnunum takmörk.“

9. Tillaga til þingsályktunar [9. mál]

um tilnefningu Eyjabakka sem votlendissvæðis á skrá Ramsar-samningsins.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Katrín Fjeldsted, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að tilnefna Eyjabakka á skrá Ramsar-samningsins yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði.

Greinargerð.

Ramsar-samningurinn sem Ísland á aðild að hefur það að markmiði að vernda votlendissvæði sem talist geta mikilvæg á alþjóðlegan mælikvarða, einkum með tilliti til fuglalífs. Ísland gerðist aðili að samningnum árið 1978 og skuldbatt sig þar með til að lúta meginákvæðum hans sem eru þau að tilnefna votlendissvæði á lista samningsins, stuðla að skynsamlegri nýtingu votlendissvæða, stofna friðlönd á votlendissvæðum og þjálfa starfsmenn þeirra, auk þess að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um votlendisvernd.

Til að uppfylla ákvæði samningsins hefur Ísland tilnefnt þrjú svæði á skrá hans um alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði: Mývatn og Laxársvæðið (1978), Þjórsárver (1990) og Grunnafjörð í Borgarfirði (1996). Í fylgiskjali með þingsályktunartillögu þessari kemur nánar fram hvað íslensk stjórnvöld hafa gert til að standa við skuldbindingar sínar. Ísland hefur ekki alltaf verið til fyrirmyndar að áliti eftirlitsnefndar samningsins; þannig hafa bæði Mývatn og Þjórsárver verið sett á sérstakan lista yfir svæði sem talin eru í hættu vegna nýtingar sem ekki getur talist sjálfbær. Þau hafa að vísu verið tekin af þeim lista aftur en eftirlitsnefndin mun hafa á þeim sérstakar gætur.

Eitt af mikilvægum ákvæðum samningsins hefur ekki verið uppfyllt af Íslands hálfu en það er kvöð sú sem hvílir á aðildarríkjunum að gera skrá um votlendissvæði innan sinnar lögsögu sem talist geta mikilvæg á alþjóðlega vísu. Komið hefur fram í máli umhverfisráðherra að skrá af þessu tagi komi til með að heyra undir gerð náttúruverndaráætlunar sem er í undirbúningi samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, og mun þar með væntanlega verða lögð fyrir Alþingi eigi síðar en árið 2002.

Um mikilvægi votlendis í íslenskri náttúru er hægt að hafa mörg orð enda hafa verið ritaðar um það lærðar ritgerðir og bækur sem hafa að geyma mikinn fróðleik og hafa vakið verðskuldaða athygli. Það hefur líka verið í brennidepli hversu kappsamir Íslendingar voru á árum áður við að ræsa fram mýrar, þurrka upp votlendissvæði og vinna þau til ræktunar. Hin seinni ár hefur hins vegar verið meira lagt upp úr því að endurheimta það votlendi sem einu sinni var. Þær tilraunir benda til að slíkt sé framkvæmanlegt í einhverjum mæli en ekki liggja fyrir nægar rannsóknir til að hægt sé að fullyrða nokkuð um möguleika okkar í þeim efnum. Hitt er ekki heldur ljóst hversu mikill hluti votlendis í náttúru Íslands hefur verið ræstur fram, en talið er að a.m.k. helmingur votlendis í byggð hafi beðið tjón af framræslu.

Hvað varðar mikilvægi votlendis út frá alþjóðlegum sjónarhóli nægir að vitna í bókun við Ramsar-samninginn sem gerð var 1990 þar sem fram kemur að votlendi sé talið mikilvægt á alþjóðlegan mælikvarða þegar það fóstrar reglulega plöntu- og dýrategundir á viðkvæmu stigi lífsferils eða veitir þeim athvarf við erfið skilyrði (criterion 4), þegar það fóstrar reglu-

lega 20.000 votlendisfugla (criterion 5) og þegar það fóstrar reglulega 1% af einstaklingum stofns einnar tegundar eða deilitegundar (criterion 6). Á aðildarríkjafundi vorið 1999 var samþykkt rammaáætlun um þróun Ramsar-skrárinnar. Í þeirri samþykkt er m.a. sett fram það markmið að árið 2005 verði Ramsar-svæðin orðin 2000, en þau eru nýlega orðin 1000. Í þessari samþykkt eru aðildarþjóðirnar einnig hvattar til að nota rammaáætlunina til að þróa kerfisbundnar aðferðir til þess að ákvarða svæði á skrána.

Á þessum fundi vorið 1999 var einnig samþykkt ályktun þar sem aðildarríkin eru hvött til þess að styrkja viðleitni sína til þess að allar framkvæmdir og áætlanir sem áhrif geta haft á vistfræðilega eiginleika votlendissvæða á Ramsar-skránni, eða á önnur votlendissvæði viðkomandi lands, verði háð ítarlegu mati á umhverfisáhrifum.

Af þessum inngangi má ljóst vera að skyldur íslenskra stjórnvalda gagnvart Ramsar-samningnum eru miklar og ekki allar uppfylltar. Því er full þörf á því fyrir íslensk stjórnvöld að efla meðvitund um mikilvæg votlendissvæði og er þá komið að kjarna þessarar tillögu. Með nokkrum sanni má segja að votlendissvæði sem kjörið er á Ramsar-skrána hafi hreinlega stokkið upp í fangið á íslenskum stjórnvöldum fyrr á árinu þegar horfið var frá hugmyndum um Fljótsdalsvirkjun með miðlunarlóni á Eyjabökkum. Eyjabakkar uppfylla öll skilyrði þess að vera tilnefndir sem Ramsar-svæði. Svæðið hefur verið á náttúruminjaskrá síðan 1978 og unnið hefur verið að friðlýsingu þess síðan 1991. Í 7. útgáfu skrárinnar segir eftirfarandi um svæðið (616): Eyjabakkar, Fljótsdalshreppi, N-Múlasýslu. (1) Svæðið afmarkast að vestan af 700 m hæðarlínu í Snæfellshálsi, frá Eyjabakkajökli að Eyjabakkafossi og þaðan í suðvesturenda Folavatns. Frá Folavatni beina línu um Háöldur að mörkum friðlands í Lónsöræfum suður í jökul. (2) Óvenju grösugt votlendi í um 650 m h.y.s. með fjölda tjarna. Svipmikið landslag við rætur Snæfells, jökulgarðar með hraukum við Eyjafell. Beitiland hreindýra, heiðagæsa og álfta.

Í allri þeirri vinnu sem fram fór við þingsályktunartillögu iðnaðarráðherra um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun á 125. löggjafarþingi var mikilvægi Eyjabakkasvæðisins staðfest af ótal vísinda- og fræðimönnum. Óhætt er að fullyrða að svæðið sé einstakt í náttúru Íslands því hvergi annars staðar er að finna samfellt gróðurlendi frá sjó að jökli sem liggur í 650 m hæð yfir sjávarmáli. Einu staðirnir sem mögulega er hægt að bera saman við Eyjabakka eru Þjórsárver og Hvítanes. Hvað fuglalífið varðar þá verpa 13 fuglategundir á svæðinu, sem er mikið miðað við önnur afmörkuð svæði á hálendi Íslands, auk þess sem talið er að 4–5% af íslensk/grænlenska heiðagæsastofninum og 2% af íslenska álftastofninum nýti sér svæðið. Þá munu 50–70% geldra heiðagæsa fella fjaðrir á Eyjabökkum. Þessar staðreyndir sýna svo ekki verður um villst að hér er um mikilvægt svæði að ræða sem sjálfsagt er að fái sess á Ramsar-skránni yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði.

Nú liggur það fyrir að ríkisstjórn Íslands stefnir að því að stofna Vatnajökulsþjóðgarð árið 2002 á alþjóðlegu ári fjalla. Þegar þau áform eru skoðuð ofan í kjölinn er eðlilegt að allt svæðið umhverfis jökulinn sé skoðað og skilgreint. Það má ljóst vera af núgildandi náttúruminjaskrá að þar leynast gífurleg náttúruverðmæti. Ef farið er um svæðið umhverfis jökulinn frá þjóðgarðinum í Skaftafelli til austurs taka við Esjufjöll sem eru friðland, síðan koma náttúruminjar (638) Stóralda, (637) Svínafellslögin, þá Háalda í Hofshreppi sem er friðlýst sem náttúruvætti, (635) Breiðamerkursandur, Jökulsárlón á Breiðamerkursandi, jökulöldur við Kvíárjökul og Eystrihvammur, (633) Steinadalur og Staðarfjall, (632) Skálafellsjökull og fjalllendi í Suðursveit, (654) Heinabergsfjöll, (631) umhverfi Hoffellsjökuls, (627) Þórisdalur, Díma í Lóni sem er friðuð sem náttúruvætti, Lónsöræfi sem eru friðland, þá (616) Eyjabakkar, (615) Snæfell, Vesturöræfi og Hafrahvammagljúfur, Kringilsárrani sem er friðland, Hvannalindir sem eru friðland, (614) Fagridalur og Grágæsasdalur á Brúaröræfum,

(613) Kverkfjöll og Krepputunga, þá kemur land er heyrir til friðuðu landi Mývatns og Laxár, (517) Hengifossárgljúfur, (516/702) Tungnafellsjökull og Nýidalur (Jökuldalur), þá koma Lakagígar sem eru friðlýstir sem náttúruvætti og loks (701) Núpsstaður, Núpsstaðaskógar og Grænalón. Upptalning þessi og númer eru samkvæmt náttúruminjaskrá 7. útg. 1996. Þessi upptalning sýnir hversu mikil náttúruverðmæti eru fólgin í landi því er umlykur Vatnajökul.

Hinn 29. september sl. var haldin ráðstefna á Kirkjubæjarklaustri sem fjallaði um Vatnajökulsþjóðgarð. Á ráðstefnunni var það mál manna að Vatnajökull og svæðið umhverfis hann hefði alþjóðlegt verndargildi og því afar mikilvægt að efla náttúruvernd á svæðinu. Tilnefning Eyjabakka á lista Ramsar-samningsins um alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði væri veigamikið skref í þá átt.

Með tillögunni var fylgiskjal, fyrsti kafli skýrslu umhverfisráðherra um framkvæmd alþjóðlegra samninga á sviði náttúruverndar, Ramsar-samþykktin. Sjá þskj. 1376 (124. mál 125. löggjafarþings) í A-deild. Alþt. 1999–2000, bls. 5949–5951.

10. Tillaga til þingsályktunar [10. mál]

um aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað.

Flm.: Þuríður Backman, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir aðgerðum til að veita bændum sérstakan aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað sambærilegan þeim sem veittur er annars staðar á Norðurlöndum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en varð þá eigi útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt, en með aukinni og endurbættri greinargerð.

Í þingsályktun um aðlögun að lífrænum landbúnaði, sem samþykkt var á Alþingi 4. júní 1998, skoraði Alþingi á ríkisstjórnina að undirbúa viðeigandi breytingar á landbúnaðarlöggjöfinni til þess að unnt yrði að veita bændum stuðning við aðlögun búskapar að lífrænum búskaparháttum. Í 6. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, sem einnig voru samþykkt á Alþingi 4. júní 1998, er m.a. lýst því markmiði að stuðla beri að framþróun lífrænna búskaparhátta. Landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, og Bændasamtök Íslands gerðu samning 5. mars 1999 um verkefni samkvæmt búnaðarlögum og framlög ríkisins til þeirra. Í samningnum er Bændasamtökum Íslands heimilað með tilvísun í 6. gr. búnaðarlaga að veita stuðning til lífrænnar ræktunar árin 1999–2003, nánar tiltekið til endurræktunar lands. Stuðningur mætti vera að hámarki 25.000 kr. á ha lands og 250 kr. á fermetra í gróðurhúsi. Um eingreiðslur er að ræða. Þá veitir ÁFORM – átaksverkefni, sem unnið er samkvæmt lögum nr. 27/1995, sauðfjárbændum stuðning til lífrænnar dilkakjötsframleiðslu, þ.e. 25.000 kr. til greiðslu kostnaðar við eftirlit og vottun á fyrsta ári aðlögunar (eingreiðsla). Auk þess eru greiddar 25 kr. á kg dilkakjöts sem er flutt út samkvæmt staðfestingu vottunarstofu. Þessi stuðningur var veittur haustin 1998 og 1999 og árið 1999 var farið að veita stuðning samkvæmt áðurnefndum búnaðarsamningi frá 5. mars 1999. Þótt þessar greiðslur stuðli að líf-

rænni ræktun og búskap eru þær ekki sambærilegar þeim stuðningi sem bændur sem eru að laga búskap sinn að lífrænum landbúnaði njóta annars staðar á Norðurlöndum. Hér er einkum um eingreiðslur að ræða en þar eru greiddir styrkir um nokkurra ára skeið. Hér á landi er eðlilegt að reikna með fimm til tíu ára aðlögunartíma og væri æskilegt að miða greiðslurnar við það.

Samkvæmt ályktun búnaðarþings frá 1996 starfaði vinnuhópur með fulltrúum frá VOR, – verndun og ræktun – félagi framleiðenda í lífrænum búskap, og Bændasamtökum Íslands. Hann skilaði áliti til Bændasamtaka Íslands í nóvember það ár. Þar voru gerðar tillögur um stuðning við aðlögun að lífrænum búskap og tilgreint hvernig það yrði best gert að teknu tilliti til aðstæðna hérlendis. Þetta álit var haft til hliðsjónar við gerð áðurnefnds búnaðarsamnings og er birt í fylgiskjali með þingsályktunartillögu þessari þótt það sé orðið fjögurra ára gamalt.

Búnaðarþing ályktaði aftur um stuðning við lífrænan búskap árið 1999 og taldi að stefna bæri að því að stærri hluti landbúnaðarframleiðslunnar yrði vottaður lífrænn, m.a. vegna möguleika á útflutningi lífræns dilkakjöts. Svipaðar skoðanir komu fram í skýrslu nefndar um útflutning dilkakjöts sem landbúnaðarráðherra skipaði sumarið 1999. Í skýrslunni, sem er frá 8. nóvember 1999, er greint frá því að náðst hafi allt að 25% hærra skilaverð til bænda fyrir lífrænt vottaða framleiðslu í útflutningi árin 1998 og 1999. Leggur nefndin til að í sjö ár verði veittar allt að 20 millj. kr. í fjárlögum hvers árs til þróunar og aðlögunarverkefna hjá bændum sem hefja lífræna framleiðslu dilkakjöts, einkum til útflutnings.

Ljóst er að markaður fyrir lífrænt vottaðar vörur eykst stöðugt. Í fyrstu var einkum um að ræða grænmeti, ávexti og kornmeti en á seinni árum búfjárafurðir á borð við mjólk, egg og kjöt af ýmsum skepnum. Þessi áhugi er enn meiri erlendis en hér á landi. Stóraukinn innflutningur á lífrænt vottuðum matvælum auk ýmissa vörutegunda sem flokkast undir heilsuvörur ber vott um breytt viðhorf. Heilsubylgja hefur gengið yfir Vesturlönd síðustu áratugi og algengast er að fólk kaupi þessar vörur fyrst og fremst af hollustuástæðum. Samhliða heilsubylgjunni hefur orðið umhverfisvakning í heiminum. Nú er alls staðar lögð stóraukin áhersla á bætta umgengni, verndun umhverfisins og náttúru. Þetta tvennt stuðlar að neyslu lífrænt ræktaðrar matvöru, þ.e. matvöru, sem framleidd er með aðferðum sem uppfylla ströngustu kröfur um umhverfisvernd og er jafnframt líkleg til að stuðla að betri heilsu fólks. Matarsýkingum af ýmsum uppruna hefur fjölgað á undanförnum árum, svo sem af völdum kampýlóbakter og salmonellu. Fjölónæmar bakteríur hafa valdið alvarlegum veikindum hjá fjölda manns, fleira fólk sýkist en áður og alvarlegir faraldrar hafa orðið. Bakteríustofnar eru fjölbreyttari og sumir ónæmir fyrir hefðbundnum sýklalyfjum. Þetta breytta umhverfi hefur leitt til þess að fleiri eru meðvitaðir um hollustu þess sem þeir neyta og áhugi á lífrænt ræktuðum matvælum hefur aukist að sama skapi. Líklegt er að umhverfis- og náttúruvernd, stóraukin áhersla á heilbrigt líferni og neysla lífrænt ræktaðrar matvöru verði það sem einkenni samfélagsþróunina á Vesturlöndum næstu árin.

Danir hafa tekið þessi mál föstum tökum og stefnir í að Danmörk verði fyrirmyndarland á sviði lífrænna landbúnaðarafurða. Danskar matvörur þykja ekki aðeins góðar heldur hafa danskir neytendur breytt matarvenjum sínum og kaupa lífrænar landbúnaðarvörur í stóraukn-um mæli. Í Danmörku er markaðshlutdeild lífrænnar mjólkur rúmlega 20%, egg, ýmsar kornvörur og gulrætur hafa yfir 10% af markaðnum en kjötvörur hafa minni hlutdeild. Í sumar hefur verið talað um „lífræna bylgju“ í Bretlandi. Lífrænt ræktaðar matvörur hafa náð fótfestu á breskum matvörumarkaði og taka undir sig æ meira pláss í hillum stórmarkaða.

Á Íslandi eru lífrænt vottaðar afurðir tæplega 1% af allri landbúnaðarframleiðslu og eru langt frá því að fullnægja þörfum markaðarins. Sterkar líkur má leiða að því að sama þróun

verði á neysluvenjum fólks hér á landi og erlendis. Þess vegna er mikilvægt að nú þegar verði bændur hvattir og studdir til að breyta búskaparháttum svo að íslenskar lífrænt vottaðar afurðir verði á boðstólum til að mæta vaxandi eftirspurn. Í þessu sambandi er rétt að fram komi að í nýgerðum sauðfjársamningi voru engin ákvæði um stuðning við lífræna framleiðslu sauðfjárafurða. Sá samningur hefði verið tilvalinn til að stuðla að eflingu lífrænnar framleiðslu og búa sauðfjárbændur undir að verða við kröfum ört vaxandi eftirspurnar eftir lífrænt vottuðum vörum. Verð á matvöru, ásamt trausti á vörunni, hefur hvað mest áhrif á val neytenda og því skiptir máli að bændur sem stunda lífræna ræktun séu samkeppnisfærir á matvörumarkaðnum við bændur sem stunda hefðbundinn búskap.

Framleiðslukostnaður við lífræna ræktun er nokkuð meiri en við hefðbundna framleiðslu en á móti vegur hæsta afurðaverð. Lífrænn landbúnaður er vaxtarbroddur nýsköpunar sem hefur mjög jákvæða ímynd enda slíkir búskaparhættir í góðu samræmi við sjálfbæra þróun og virðingu fyrir jarðvegi, gróðri og búfé. Með meiri hvatningu og stuðningi gæti lífrænn landbúnaður jafnframt stuðlað að eflingu byggðar í sveitum landsins og úrvinnsluiðnaði. Þessi valkostur getur hentað sumum bændum. Nú vantar meira lífrænt dilkakjöt til útflutnings og innan lands er markaður fyrir grænmeti og fleiri lífrænar vörur. Því verður að teljast eðlilegt að aðlögunarstuðningur við þessa grein landbúnaðar verði a.m.k. jafnmikill og í öðrum norrænum ríkjum.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Ályktun um stuðning við lífrænan búskap á búnaðarþingi 1999.
II. Stuðningur við aðlögun að lífrænum búskap. — Áliti skilað til Bændasamtaka Íslands í nóvember 1996.

Sjá samhljóða fylgiskjöl í þskj. 678 (417. mál 125. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1999–2000, bls. 3710–3717.

11. Tillaga til þingsályktunar [11. mál]

um undirbúning upptöku Tobin-skatts á fjármagnsflutninga milli landa.

Flm.: Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að komið verði á viðræðum til að undirbúa upptöku svonefnds Tobin-skatts á fjármagnsflutninga milli landa.

Greinargerð.

Hugmyndin um alþjóðlegan skatt á fjármagnsflutninga milli landa var sett fram í byrjun áttunda áratugarins af Nóbelsverðlaunahafanum James Tobin, prófessor í hagfræði við Yale-háskóla í Bandaríkjunum. Upphaflega markmiðið með slíkum skatti var að renna stoðum undir sjálfstæða efnahagsstefnu ríkja heims og draga úr gengissveiflum einstakra gjaldmiðla. Á síðari árum hefur Tobin-skatturinn einnig verið nefndur sem leið til að verja gjaldmiðla fyrir árásum spákaupmanna og til að fjármagna aðkallandi alþjóðaverkefni. Í stuttu máli má segja að útgangspunkturinn með slíkri skattheimtu sé að treysta efnahagslegt öryggi hvarvetna í heiminum.

Talið er að nú fari jafnvirði allt að 144.000 milljarða króna milli landa á degi hverjum og þar af eru yfir 80% hrein spákaupmennska. Umfang þessarar verslunar hefur aukist gríðarlega á síðustu árum og nífaldaðist á árunum 1986–98. Um 40% fjármagnsins fara hringinn í viðskiptaheiminum á þremur dögum og 80% komast aftur á byrjunarreit á aðeins einni viku.

Hér á landi hefur heildarvelta viðskipta með gjaldeyri aukist hröðum skrefum, sbr. meðfylgjandi töflu. Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands nemur heildarvelta þeirra sem mynda millibankamarkað með gjaldeyri hér á landi nú að jafnaði mun hærri upphæð mánaðarlega en allt árið 1994 og var heildarveltan á árinu 1999 níföld velta ársins 1994. Aðilar að millibankamarkaði eru Íslandsbanki — FBA, Landsbanki Íslands hf., Búnaðarbanki Íslands hf., og Kaupþing hf. en Sparisjóðabanki Íslands hætti þátttöku á millibankamarkaði 8.ágúst sl.

Tafla 1. Heildarvelta á millibankamarkaði í milljónum króna.

Ár	Samtals	1999		2000	
1994	53.130	Janúar	32.931	Janúar	56.042
1995	54.384	Febrúar	32.046	Febrúar	82.569
1996	80.821	Mars	25.245	Mars	61.060
1997	162.249	Apríl	37.285	Apríl	39.481
1998	401.719	Maí	38.001	Maí	38.660
1999	467.972	Júní	48.704	Júní	99.446
		Júlí	43.541	Júlí	94.671
		Ágúst	43.836	Ágúst	52.193
		September	38.017		
		Október	41.306		
		Nóvember	39.448		
		Desember	47.614		

Heimild: Tölfræðisvið Seðlabanka Íslands.

Segja má að áhugi á hugmynd James Tobins hafi vaxið mjög eftir fjármálakreppuna í Suðaustur-Asíu haustið 1997. Þá átti spákaupmennska drjúgan þátt í því að gjaldmiðlar Malasíu, Filippseyja og Indónesíu hrundu en kreppan teygði anga sína mun víðar, þar á meðal til Taílands, Suður-Kóreu og Japans. Í framhaldinu neyddust mörg ríkjanna til að taka gríðarlega fjármuni að láni til að fleyta sér yfir erfiðustu hjallana.

Í umræðu um Tobin-skatt hefur verið miðað við 0,1–0,25% skatt eftir því hve upphæðin er há í hverju tilviki. Afraksturinn á heimsvísu gæti því orðið á bilinu 8–24 milljarðar króna á ári. Svo lág skattprósenta tryggir að skatturinn hefði ekki áhrif á langtímafjárfestingar en hamlaði samt sem áður gegn spákaupmennsku. Höfuðstóll spákaupmanna mundi rýrna hratt við að vera fluttur oft á dag og skattlagður í hvert skipti.

Nú þegar hafa bæði kanadíska þingið og ríkisstjórn Finnlands lýst yfir stuðningi sínum við hugmyndina. Einnig hefur Tobin-skatturinn komið til umræðu á löggjafarþingum Bretlands, Frakklands og Bandaríkjanna, svo að dæmi séu tekin.

Það skal tekið fram að þegar skattlagning af þessu tagi er annars vegar er að ýmsu að hyggja. Ýmsum spurningum er ósvarað, m.a. um hvernig innheimta beri skattinn, hver eigi að vera vörsluaðili teknanna og hversu langt sé hægt að ganga í samræmingu laga og reglna um slíkan skatt án þess að ganga á fullveldi ríkja. Flestir eru hins vegar sammála um að Tobin-skatturinn komi ekki að gagni nema um hann náist alþjóðleg samstaða. Ef ríki neita að leggja slíkan skatt á mun gjaldeyrisverslunin einfaldlega flytjast þangað. Hvað ráðstöfun

teknanna af slíkum skatti snertir hafa málaflokkar á borð við hungur, ólæsi, friðargæslu, hreinsun jarðsprengjusvæða og brýn verkefni í umhverfismálum verið nefndir til sögunnar.

Ljóst er af framansögðu að nauðsynlegt er að fulltrúar allra ríkja heims komi saman til að ræða málið enda snertir það alla jarðarbúa með einum eða öðrum hætti. Því er hér skorað á ríkisstjórn Íslands að beita sér fyrir upptöku málsins á alþjóðavettvangi.

12. Tillaga til þingsályktunar [12. mál]

um að komið verði í veg fyrir uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs.

Flm.: Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning að lagasetningu með það að markmiði að fólk verði ekki látið gjalda aldurs á vinnustað, hvort heldur er með uppsögnum eða mismunun í starfi.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga sama efnis og sú sem hér liggur fyrir var lögð fram á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Tillagan er því endurflutt nú enda er um að ræða alvarlegt misrétti sem virðist aukast í þjóðfélaginu og því full ástæða til að bregðast við.

Margt bendir til að það færist í aukana að stjórnendur á vinnustöðum leggi áherslu á það við mannaráðningar að ráða fremur ungt fólk til starfa en eldra fólk, jafnvel þótt síðarnefndi hópurinn búi að lengri starfsreynslu. Sums staðar er jafnvel gengið lengra, eldra fólki sagt upp störfum til að rýma fyrir þeim sem yngri eru.

Jafnhliða þessari þróun hefur verið losað um ráðningarfestu þar sem hún hefur verið hvað traustust, þ.e. hjá opinberum starfsmönnum. Sumar stofnanir og fyrirtæki hafa jafnvel gengið svo langt að taka þá stefnu upp að segja fólki upp störfum þegar það hefur náð tilteknum aldri, langt innan við þau aldursmörk sem lög og samningar kveða á um. Í þessu sambandi er rétt að benda á að þegar lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna var breytt árið 1996 var tekin upp sú nýbreytni að ráða embættismenn aðeins til fimm ára í senn. Þetta á einnig við um heilar starfsstéttir og má þar nefna lögreglumenn, tollverði og fangaverði.

Þetta hefur valdið óöryggi hjá eldra fólki og ekki að ástæðulausu. Mikilvægt er að fram fari endurskoðun á lögum með það fyrir augum að tryggja stöðu einstaklinga þannig að þeir verði ekki látnir gjalda aldurs síns á vinnustað. Þannig yrðu til dæmis mjög veigamikil rök að liggja fyrir fengju þeir launamenn sem starfa samkvæmt framangreindri fimm ára reglu ekki endurráðningu. Mikilvægt er að endurskoðun laganna fari fram í nánu samstarfi við samtök launafólks.

13. Tillaga til þingsályktunar [13. mál]

um endurskoðun á fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Gísli S. Einarsson.

Alþingi ályktar að fram fari endurskoðun á fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála í landinu. Nefnd sem í eigi sæti fulltrúar allra þingflokka meti reynslu af núverandi fyrirkomulagi og geri tillögur til Alþingis um nýskipan á þessu sviði.

Greinargerð.

Staðhæft hefur verið að rafmagnseftirliti sé mjög ábótavant í landinu í kjölfar þess að horfið var frá opinberu eftirliti með háspennu- og lágspennuvirkjum, þ.e. dreifikerfum rafveitna og neysluveitum til hins almenna notanda. Þess í stað var tekin upp takmörkuð úrtaksskoðun á vegum einkaaðila undir umsjón Löggildingarstofu.

Þessar breytingar hafa verið gagnrýndar á ýmsum forsendum og vegur þar þyngst að dregið hafi úr eftirliti og þar með öryggi. Þá hefur verið bent á byggðasjónarmið og því haldið fram að starfsemi sem áður fór fram utan höfuðborgarsvæðisins hafi verið flutt á suðvesturhornið þar sem skoðunarstofurnar eru.

Þriggja manna nefnd sem þáverandi iðnaðarráðherra skipaði var falið það verkefni sumarið 1999 að kanna þessa gagnrýni. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni m.a. vegna þess að ekki var samstaða um að leita upplýsinga sem allir nefndarmenn teldu fullnægjandi.

Í ljósi þessa ákváðu flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu að gangast fyrir könnun á viðhorfum til rafmagnsöryggismála í landinu. Send voru bréf til löggiltra rafverktaka, rafveitna, tryggingarfyrirtækja og aðila sem sinna brunavörnum. Um 600 aðilar voru spurðir álits og fengust svör frá 200 eða um það bil þriðjungi þeirra sem spurðir voru.

Helstu niðurstöður könnunarinnar voru:

— Aðeins einn af hverjum fimm sem svöruðu telur núverandi ástand rafmagnsöryggismála viðunandi. Rúmlega þrír fjórðu, 76,5%, telja hins vegar núverandi ástand rafmagnsöryggismála óviðunandi.
— 78% telja að af hálfu opinberra aðila hafi ekki nægilega verið kannað ástand rafmagnsöryggismála eftir að breytingar voru gerðar á eftirlitskerfinu.
— 82,5% þeirra sem svara telja að eftirlitskerfinu beri að breyta þar af vilja 38% hverfa til fyrra fyrirkomulags en 44,5% vilja nýtt eftirlitskerfi þar sem til greina kæmi nýtt fyrirtæki á vegum hins opinbera með dreifingu starfsmanna um land allt.
— Í könnuninni var spurt um markaðseftirlit raffanga og töldu 59% svarenda því vera ábótavant. Aðeins 7,5% töldu að einkareknar skoðunarstofur ættu að annast þetta eftirlit. Hins vegar vildi um helmingur að sömu aðilar og sjá um eftirlit raforkuvirkja sinni eftirliti raffanga.

Flutningsmenn telja afar mikilvægt að sátt náist um rafmagnseftirlit í landinu og að ýtrustu kröfur verði gerðar um öryggi. Þess vegna er lagt til að Alþingi skipi nefnd með fulltrúum allra þingflokka til þess að safna fullnægjandi uppýsingum um stöðu þessara mála, kanna þá gagnrýni sem fram hefur komið á núverandi skipan mála og gera tillögur til Alþingis um nýskipan sem sátt getur orðið um.

14. Tillaga til þingsályktunar [14. mál]

um að smásala á tóbaki verði háð leyfisveitingu.

Flm.: Þuríður Backman, Sigríður Jóhannesdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Drífa Hjartardóttir, Katrín Fjeldsted.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar sem gera smásölu á tóbaki háða leyfisveitingu.

Greinargerð.

Þingsályktunartillögur um sama efni hafa verið fluttar á undanförnum þingum en ekki náð fram að ganga.

Skaðsemi tóbaks er óumdeild. Þrátt fyrir að þónokkuð hafi dregið úr tóbaksnotkun á undanförnum áratugum, ekki síst vegna mikils og markviss áróðurs, eru reykingar engu síður algengar eins og fram hefur komið í fjölda kannana. Kannanir hafa einnig sýnt að dregið hefur úr reykingum barna og unglinga síðustu tvö árin. Þannig má nefna að hlutfall þeirra sem einhvern tíma hafa reykt lækkar úr 59% árið 1998 í 52% árið 2000 og hlutfall þeirra sem reykja daglega lækkar úr 24% árið 1998 í 16% árið 2000.

Þessum árangri verður að fylgja eftir með þeim aðferðum sem talið er að best gagnist í tóbaksvörnum, svo sem með takmörkuðu aðgengi að tóbaki.

Samkvæmt upplýsingum Tóbaksvarnanefndar má ætla að íslenskir grunnskólanemendur hafi varið liðlega 110 millj. kr. til tóbakskaupa árið 1999. Öll sú tóbakssala er ólögleg, enda er bannað samkvæmt lögum nr. 74/1984, sbr. 8. gr. laga nr. 101/1996, að selja fólki undir 18 ára aldri tóbak. Af þessum 110 millj. kr. má ætla að nemendur í 8. bekk, 13 ára, hafi keypt sígarettur fyrir rúmlega 12 millj. kr. Því yngri sem unglingar byrja að reykja, þeim mun háðari verða þeir tóbaki og því líklegra er að þeir reyki sem fullorðnir. Því yngri sem einstaklingur er þegar hann byrjar að reykja, þeim mun líklegra er einnig að hann hljóti af alvarlegan heilsufarslegan skaða. Yfir 80% allra reykingamanna byrja að reykja áður en þeir ná 18 ára aldri.

Þá er þess einnig að geta að talin er sterk fylgni milli tóbaksreykinga ungmenna og hættu á að þeir leiðist út í neyslu annarra og enn hættulegri vímuefna. Því hefur verið haldið fram að takist að koma í veg fyrir að unglingar reyki eða neyti áfengis eru nánast engar líkur til þess að þeir ánetjist sterkari fíkniefnum. Samkvæmt ársskýrslu frá SÁÁ reykja yfir 95% þeirra sem leita sér aðstoðar vegna áfengisvandamála og er næsta fátítt að sá sem verður eiturlyfjum að bráð reyki ekki. Því er ljóst að mikils er um vert að allra leiða sé leitað til þess að draga úr reykingum almennt og þó sérstaklega reykingum barna og unglinga.

Í upplýsingum frá Tóbaksvarnanefnd, sem birtar voru í janúar árið 2000, kemur fram að u.þ.b. 26,6% Íslendinga á aldrinum 18–69 ára reyktu daglega árið 1999, en það er um fjórðungur Íslendinga á þessum aldri. Kannanir á þessu ári hafa sýnt lægri tölur og má leiða líkur að því að sú verði niðurstaðan eftir árið. Notkun vindlinga er langalgengust, eða 74,6% í hópi þeirra karla sem reykja og 96,6% í hópi kvenna sem reykja.

Af því sem hér hefur verið rakið má ráða að með því að draga úr möguleikum — einkum unglinga — til að nálgast tóbak væri stórt skref stigið í þá átt að draga úr reykingum barna og unglinga. Af könnunum sem gerðar hafa verið m.a. í Reykjavík og nágrenni má ráða að í u.þ.b. 70% tilvika geti unglingar undir 18 ára aldri keypt sígarettur í verslunum og söluturnum. Víða vantar því mikið á að verslanir sem selja tóbak framfylgi lagaákvæðum um bann

við sölu þess til þeirra sem eru yngri en 18 ára. Leiða má líkur að því að ef sölustöðum tóbaks fækkaði yrði mikilvægt skref stigið til þess að draga úr reykingum unglinga. Samhliða leyfisskyldu á smásölu tóbaks þyrfti að auka eftirlit til muna, en það er tæplega nokkurt eins og málum er háttað nú.

Í skoðanakönnun sem Hagvangur gerði fyrir Tóbaksvarnanefnd árið 1999 kom fram að meiri hluti fólks (56%) er mjög hlynntur eða frekar hlynntur því að fækka sölustöðum tóbaks. Athyglisvert er að sjá að rúmlega 43% þeirra sem reykja daglega eru hlynntir því að sölustöðum verði fækkað.

Mikil þörf er á róttækum úrræðum til að stuðla að því að lagaákvæðum um sölu tóbaks verði framfylgt. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur sett tóbaksvarnir sem eitt af forgangsverkefnum stofnunarinnar og er þar fremst á lista að hefta sölu tóbaks til barna og unglinga.

Hér er farin sú leið að leggja til að í lögum um tóbaksvarnir og í heilbrigðisreglugerð verði sett ákvæði um að til þess að selja tóbak þurfi sérstakt leyfi. Lagt er til að leyfi til tóbakssölu verði tímabundið, t.d. til þriggja ára í senn, en skilgreind ákveðin viðurlög ef um brot á reglunum er að ræða. Þá sé einnig skýrt að leyfi til tóbakssölu verði ekki endurnýjað ef sannað er að brotið hafi verið verulega eða ítrekað gegn lagaákvæðum um sölu tóbaks.

15. Frumvarp til laga [15. mál]

um breytingu á lögum nr. 49/1999, um Orkusjóð.

Flm.: Árni Steinar Jóhannsson.

Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: að veita hitaveitum styrk til stækkunar á dreifikerfi í þeim tilfellum þegar notendur eru of fáir til þess að bera stofnkostnað, enda megi ætla að slík framkvæmd styrki atvinnulíf, þjónustu við ferðamenn og uppbyggingu sumarbústaðalanda til lengri tíma litið.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrætt. Frumvarpið miðar að því að Orkusjóði verði gert kleift að styrkja hitaveitur til þess að stækka dreifikerfi sín. Víða um landið háttar þannig til að hitaveitur geta með tiltölulega litlum tilkostnaði stækkað dreifikerfi sín en í mörgum tilfellum eru notendur of fáir til þess að bera stofnkostnað við veitu. Með því að gera Orkusjóði kleift að veita framlög til stofnkostnaðar má ætla að víða um land skapist möguleikar á uppbyggingu í atvinnulífi, svo sem þjónustu við ferðamenn og uppbyggingu sumarbústaðalanda.

16. Tillaga til þingsályktunar [16. mál]

um tóbaksverð og vísitölu.

Flm.: Þuríður Backman, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að semja frumvarp til laga sem miði að því að slitin verði tengsl tóbaksverðs og vísitölu sem notuð er um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

Stefnt skal að því að leggja slíkt frumvarp fram hið allra fyrsta og verði gildistaka miðuð við 1. janúar 2001.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi hefur þrívegis áður verið flutt en ekki orðið útrædd. Hún er endurflutt hér óbreytt, en greinargerð hefur verið aukin og nýjum upplýsingum bætt þar inn auk þess sem nýjar upplýsingar koma fram í fylgiskjölum.

Á 122. löggjafarþingi voru samþykktar allveigamiklar breytingar á lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, ekki síst í því skyni að hamla gegn tóbaksneyslu barna og unglinga. Breytingar þessar voru vissulega til bóta þótt ekki hafi þar verið gripið til þess úrræðis sem telja má hvað áhrifaríkast til þess að minnka tóbaksneyslu, þ.e. raunhækkunar á tóbaksverði. Þótt tóbaksverð hafi vissulega hækkað á þeim árum sem liðin eru síðan lögunum var breytt hefur ekki verið gripið til þess ráðs að hækka verð á tóbaki verulega umfram aðrar verðbreytingar í forvarnarskyni.

Almennt er viðurkennt — og styðst við fjölda athugana — að sterk tengsl séu milli tóbaksverðs og tóbaksneyslu. Sé tóbaksverð hækkað er reglan sú að það leiðir til minni tóbaksneyslu og hækkun á tóbaksverði er talin ein einfaldasta og áhrifaríkasta leiðin til að draga úr reykingum. Svonefnd verðteygni, þ.e. þau áhrif sem ætla má að hækkun umfram almennar verðbreytingar hafi á neyslu, virðist hvað tóbak snertir vera á bilinu -0,3 til -0,6, en það merkir að hækki tóbaksverð um 10% verður neyslan frá 3% og allt að 6% minni en ella hefði orðið.

Ítarleg bresk rannsókn sem gerð var fyrir nokkrum árum sýndi að tóbaksverð hafði áhrif á tóbaksneyslu í öllum tekjuhópum þjóðfélagsins en hlutfallslega meiri sem tekjurnar voru lægri. Einnig hefur verið sýnt fram á að eftirspurn eftir tóbaki er í öllum aldursflokkum háð tóbaksverði. Mest eru áhrifin á tóbakskaup unglinga og ungs fólks, svo sem fram hefur komið í rannsóknum í Bandaríkjunum og Kanada. Athyglisvert er að verðið hefur ekki síður áhrif á það hve *margir* reykja en hitt hve *mikið* er reykt.

Ljóst er því að veruleg hækkun tóbaksverðs umfram almennar verðhækkanir getur verið áhrifamikið tæki til að draga úr tóbaksneyslu almennt og ekki síst til að koma í veg fyrir að ungt fólk byrji að reykja. Á alþjóðlegri ráðstefnu um tóbaksvarnir sem haldin var í Chicago í Bandaríkjunum í byrjun ágúst sl. kom fram að kunn og árangursrík ráð til að draga úr tóbaksnotkun væru fyrst og fremst að hækka verð á tóbaki, leggja bann við tóbaksauglýsingum, birta áhrifaríkar auglýsingar gegn reykingum, auðvelda aðgang að aðferðum til að hætta að reykja og berjast ötullega gegn smygli á tóbaki. Á ráðstefnunni kom einnig fram að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin undirbýr nú fyrsta alþjóðlega tóbaksvarnasáttmálann. Tvær blaðagreinar sem birtust í kjölfar ráðstefnunnar eru birtar sem fylgiskjöl með þingsályktunartillögu þessari.

Í íslenskri heilbrigðisáætlun frá 1991 er mælt með hækkunum á verði tóbaks og áfengis í því skyni að draga úr neyslunni. Þar sem heildarneysla minnkar hlutfallslega minna en verð hækkar mundi verðhækkun auk þess ekki leiða til tekjutaps fyrir ríkissjóð heldur tekjuaukningar.

Í nefndaráliti heilbrigðis- og tryggingarnefndar Alþingis um frumvarp til áðurnefndra breytinga á lögum um tóbaksvarnir segir að rætt hafi verið um það í nefndinni „hvort æskilegt væri að hækka verð á tóbaki í forvarnaskyni“ en það sé „tæknilega erfitt vegna tengsla tóbaks við vísitölu neysluverðs“ og sé engin tillaga flutt af nefndinni um það.

Þingsályktunartillaga þessi miðar að því að rjúfa tengsl tóbaks við vísitölu neysluverðs. Lagt er til að jafnhliða útreikningi hefðbundinnar vísitölu neysluverðs verði reiknuð sérstök vísitala án tóbaks til að nota við ákvarðanir um lánskjör. Þess má geta að þrjú Evrópulönd, Belgía, Frakkland og Lúxemborg, hafa þegar farið þessa leið, í samræmi við tilmæli frá Evrópusambandinu og Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni.

Getið skal að lokum könnunar sem Hagvangur gerði fyrir tóbaksvarnanefnd árið 1991. Meiri hluti þeirra sem afstöðu tóku lýsti sig fylgjandi því að tóbaksverð hefði ekki áhrif á framfærsluvísitölu. Jafnvel í hópi þeirra sem reyktu var meiri hlutinn þessu fylgjandi.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin undirbýr fyrsta alþjóða tóbaksvarnasáttmálann. Spjótum beint gegn auglýsingum og smygli. (Morgunblaðið 22. ágúst 2000.)

II. Verðhækkanir árangursríkastar til að draga úr reykingum. Fulltrúar tóbaksvarnanefndar og Krabbameinsfélags Reykjavíkur telja verðhækkanir nauðsynlegar hérlendis. (Morgunblaðið 15. ágúst 2000.)

17. Tillaga til þingsályktunar [17. mál]

um atvinnuuppbyggingu og þróun sjálfbærs samfélags í Hrísey.

Flm.: Árni Steinar Jóhannsson, Kolbrún Halldórsdóttir,
Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samvinnu við Hríseyjarhrepp að efla atvinnuuppbyggingu í Hrísey og þróa þar sjálfbært samfélag í anda Staðardagskrár 21.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 125. löggjafarþingi en varð þá eigi útrædd. Hún er nú endurflutt nær óbreytt með lítils háttar breytingum á greinargerð.

Ráðamenn í Hrísey á Eyjafirði hafa lýst yfir miklum áhuga á að kanna möguleika á að fá eyjuna viðurkennda sem vistvænt samfélag. Eyjan er um margt sérstök hvað varðar náttúrufar og miklir möguleikar eru taldir á að nýta sérstöðu hennar og sögu ásamt kyrrlátum lífsstíl íbúanna til atvinnusköpunar. Árið 1998 sneri sveitarstjórn Hríseyjarhrepps sér til stjórnar *Áforms – átaksverkefnis*. Stjórn Áforms fór síðan til Hríseyjar í september 1999 og kynnti sér aðstæður.

Á seinni hluta ársins 1999 urðu straumhvörf í atvinnumálum í Hrísey. Langstærsti atvinnurekandinn í eyjunni, Snæfell hf., ákvað að hætta allri starfsemi þar snemma árs 2000. Má segja að þá hafi nánast allur fiskveiðikvóti horfið frá Hrísey.

M.a. vegna sérstaks áhuga Hríseyinga á að þróa vistvænt samfélag er hér lagt til að ríkisvaldið komi myndarlega að slíku verkefni og styðji sveitarstjórnina við framkvæmd þess og að öll ráðuneyti veiti stuðning við starf að því markmiði að gera samfélagið vistvænt. Líta ber á verkefnið sem tilraunaverkefni, t.d. til fimm ára. Hér að neðan eru talin upp helstu verkefni sem æskilegt væri að vinna í þessu sambandi:

1. Að þróa og gera tilraun með vistvænar fiskveiðar frá Hrísey sem fengið gætu lífræna vottun. Æskilegast væri að Hríseyingar sem hafa átt lögheimili í eyjunni sl. 12 mánuði gætu stundað slíkar veiðar á fiski. Hér yrði um fullkomlega frjálsar veiðar að ræða en með kröfu um vistvæn veiðarfæri. Samkvæmt upplýsingum frá Hrísey má áætla að að á bilinu 8–15 eigendur smábáta væru í stakk búnir til þess að taka þátt í tilrauninni. Gæti því verið um að ræða veiðar á 800–1.200 tonnum en þá yrði sú kvöð á veiðunum að aflanum yrði landað í Hrísey og hann unninn og markaðssettur sem lífrænt vottaður fiskur.
2. Að Hríseyjarhreppi verði gert kleift að koma vistheimilinu Hlein í notkun. Hlein er dvalarheimili fyrir aldraða sem stendur að mestu leyti autt og ónotað. Á Hlein er aðstaða til þess að vista sex manns við fullkomnustu aðstæður og gæti húsnæðið nýst skjólstæðingum innan heilbrigðis- eða félagsþjónustugeirans.
3. Að einangrunarstöðin í Hrísey verði efld þannig að hún megi með góðu móti þjóna öllu landinu um fyrirsjáanlega framtíð.
4. Að aðstoða Hríseyjarhrepp við að styrkja grundvöll sjálfbærrar ferðaþjónustu í eynni og kanna möguleikann á að fá alþjóðlega vottun fyrir þjónustuna. Fyrir liggur að ráðast verður í miklar framkvæmdir til að styrkja ferðaþjónustuna. Má þar nefna vegagerð frá þorpinu norður að vita, en það er um 7 km leið, áframhaldandi merkingar á gönguleiðum um eyjuna, uppbyggingu safns sem tileinkað er Hákarla-Jörundi og hafnarmannvirki fyrir Hríseyjarferju, bæði í Hrísey sjálfri og á Árskógssandi. Einnig að náttúrufarsrannsóknir í eyjunni verði efldar og þannig lagður grunnur að kortlagningu og kynningu á því sviði.
5. Að aðstoða Hríseyjarhrepp til þess að verða til fyrirmyndar hvað varðar fráveitu- og sorphirðumál. Í anda Staðardagskrár 21 verði þetta gert með markvissri fræðslu eyjarskeggja og framkvæmdum sem nauðsynlegar eru.
6. Að stofnaður verði nýsköpunarsjóður fyrir Hrísey. Sjóðurinn hafi það að markmiði að veita aðstoð þeim fyrirtækjum sem hugsanlega vildu setja niður starfsemi í Hrísey og vinna að framleiðslu sinni með vistvænum eða lífrænum aðferðum. Þegar hafa borist fyrirspurnir til sveitarstjórnarinnar í Hrísey um uppsetningu á slíku fyrirtæki og hvað þau áform snertir hefur ímynd eyjarinnar sem náttúruperlu verið helsta aðdráttaraflið.

Hér eru einungis taldir upp helstu möguleikar á þróun sjálfbærs samfélags í Hrísey. Gert er ráð fyrir að um verði að ræða samstarfsverkefni heimamanna og allra ráðuneyta, enda tekur þróun samfélags í anda Staðardagskrár 21 til allra þátta samfélagsins. Það er von flutningsmanna að þessi tilraun í Hrísey geti orðið til fyrirmyndar við þróun annarra sveitarfélaga landsins í átt til sjálfbærrar þróunar samfélagsins.

18. Fyrirspurn [18. mál]

til viðskiptaráðherra um samkeppni olíufélaganna.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hvernig er háttað eftirliti samkeppnisyfirvalda með verðlagningu olíufélaganna á eldsneyti?
2. Hafa samkeppnisyfirvöld haft einhver afskipti af verðlagningu olíufélaganna á olíu og bensín á bifreiðar og skip?
3. Hvaða skýring er á því að verð á olíu og bensíni er nánast það sama hjá öllum olíufélögunum?

19. Tillaga til þingsályktunar [19. mál]

um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Drífa Hjartardóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Ólafur Örn Haraldsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa heildstæða og samræmda opinbera stefnu í málefnum barna og unglinga. Markmið stefnumótunar verði að tryggja hag og velferð barna og unglinga á öllum sviðum þjóðlífsins og búa þeim sem best og jöfnust skilyrði til uppvaxtar og þroska. Í því skyni verði skipuð nefnd með aðild forsætisráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, umhverfisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Á grundvelli stefnumótunar framangreindra aðila verði gerð fimm ára framkvæmdaáætlun í samráði við opinberar stofnanir og félagasamtök sem vinna að málefnum barna og unglinga, þ.m.t. félagasamtök unglinga.

Framkvæmdaáætlunin verði lögð fyrir Alþingi til staðfestingar eigi síðar en á haustþingi árið 2001.

Greinargerð.

Allt frá stofnun embættis umboðsmanns barna árið 1995 hefur umboðsmaður vakið athygli stjórnvalda á því hve brýnt sé að mótuð verði skýr opinber heildarstefna í málefnum barna og unglinga og aðgerðir samræmdar af hálfu stjórnvalda á ýmsum sviðum er snerta hagi þeirra.

Í skýrslu umboðsmanns barna árið 1996 kemur m.a. fram eftirfarandi:

„Það ætti að vera aðalsmerki hverrar ríkisstjórnar og hverrar sveitarstjórnar að tryggja öllum börnum sem best og jöfnust skilyrði til uppvaxtar og þroska, en að mínu mati verður því markmiði einungis náð með því að mótuð verði skýr opinber heildarstefna í málefnum þeirra og aðgerðir samræmdar af hálfu stjórnvalda, ríkis og sveitarfélaga, á hinum ýmsu sviðum er varða börn og ungmenni, hvort sem er á sviði barnaverndarmála, skólamála, heilbrigðismála, menningarmála og öryggismála almennt, svo að mikilvægir málaflokkar séu nefndir. Með þessu móti tel ég að velferð umbjóðenda minna, fjölmennasta aldurshópsins í íslensku samfélagi, verði best borgið þegar til lengri tíma er litið.“

Í ljósi þessa telja flutningsmenn afar brýnt að Alþingi sýni vilja sinn til heildstæðrar stefnumótunar í málefnum barna og því er þessi þingsályktunartillaga flutt.

Hin norrænu ríkin hafa öll mótað heildstæða stefnu í málefnum barna og unglinga. Má t.d. nefna að árið 1986 var lögð fyrir danska þingið af hálfu þáverandi félagsmálaráðherra tillaga um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, en á grundvelli þeirrar tillögu, sem samþykkt var í janúar 1987, var skipuð nefnd með aðild þeirra ráðuneyta sem málefni barna og unglinga heyra til. Á grundvelli stefnumótunar var síðan unnin ítarleg framkvæmdaáætlun sem tók einnig mjög mikið tillit til sjónarmiða unglinga sem að stefnumótuninni komu. Þá var og komið á reynslusveitarfélögum sem sérstaklega tóku þátt í að þróa ýmsar nýjungar í stefnumótun og framkvæmdaáætlun um málefni unglinga.

Flutningsmenn hafa einnig kynnt sér ítarlega og heildstæða stefnumótun í málefnum barna og unglinga í Noregi sem tekur á öllum þáttum þjóðlífsins sem snúa að málefnum barna og unglinga, en í þeirri stefnu er þungamiðjan að öryggi, umönnun og góð uppvaxtarskilyrði barna og unglinga séu meðal mikilvægustu verkefna stjórnvalda. Þar er lögð megináhersla á þátttöku og ábyrgð barna og unglinga í stefnumótuninni þannig að þarfir og áhugamál þeirra eru tekin alvarlega í stefnu og framkvæmdaáformum stjórnvalda. Í allri löggjöf er einnig litið til áhrifa hennar á málefni barna og unglinga. Mikil áhersla er einnig lögð á samvinnu og samráð opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, í þessum málum með því að leggja á þau ábyrgð og skyldur í heildstæðri og samfelldri stefnumörkun á öllum sviðum sem lúta að málefnum barna og unglinga.

Ljóst er að hér á landi er ekki síður þörf fyrir heildstæða stefnumótun í málefnum barna og unglinga en annars staðar á Norðurlöndum. Á margan hátt er umhverfi barna á Íslandi frábrugðið því sem þar er. Má t.d. nefna að þar hefja börn skólagöngu fyrr en hér og skólaárið er styttra hér á landi. Þá er vinna barna og unglinga yfir sumartímann mun algengari hér auk þess sem vinnutími foreldra er mun lengri og laun og lífskjör almennt lélegri. Þekkt er einnig tvöfalt vinnuálag kvenna, en atvinnuþátttaka kvenna er miklu meiri en t.d. annars staðar á Norðurlöndum. Nefna má einnig að fæðingarorlof er mun styttra hér á landi, sem og réttur foreldra vegna veikinda barna, auk þess sem slysatíðni barna er mun hærri en í nágrannalöndunum.

Hinn 20. nóvember nk. eru liðin 11 ár frá gildistöku barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en á Íslandi öðlaðist hann gildi 27. nóvember 1992. Í tillögu til þingsályktunar um bætta réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem flutt var á 122. löggjafarþingi undir forustu Rannveigar Guðmundsdóttur, er þess m.a. getið að þótt barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hafi lýst yfir ánægju með ýmsa þætti í framkvæmd barnasáttmálans hér á landi hafi verið gerðar alvarlegar athugasemdir við aðra þætti framkvæmdarinnar. Einnig kom fram í greinargerð með þeirri þingsályktunartillögu að enn skorti á að íslenskur réttur uppfylli ákvæði barnasáttmálans og að langt sé í land með að lagaframkvæmd sé í samræmi við anda sáttmálans, þ.e. að börn og ungmenni innan 18 ára aldurs njóti þeirrar verndar sem sáttmálanum er ætlað að veita.

Ýmsar samnorrænar kannanir sem gerðar hafa verið sýna líka að framlög til málefna barna og fjölskyldna þeirra eru langminnst á Íslandi. Í úttekt og skýrslu sem gerð var af landsnefnd um Ár fjölskyldunnar 1994 kom fram að börn og málsvarar þeirra munu halda áfram að gera kröfur um bætta réttarstöðu þeirra, uppeldisskilyrði og tilfinningatengsl við báða foreldra. Orðrétt segir í skýrslunni: „Í samfélagi okkar er nú brýnna en áður að búa börnum traust og stöðug uppvaxtarskilyrði eins og margsinnis hefur verið sýnt fram á í þessari skýrslu.

Það þarf að skapa foreldrum forsendur og aðstöðu til að mynda stöðug tengsl við börn sín, hvernig sem formgerð samskiptanna er. Þannig tryggjum við börnum innri ró og stöðugleika

er skapar kjölfestu sem er nauðsynleg til að geta mætt ólgunni sem bíður þeirra í nútímasamfélagi fjölhyggju, hraða og breytileika.“ Síðan segir að fjölskyldan hafi sem samfélagsstofnun á Íslandi allt annað en viðurkenndan sess. Hún sé eins konar afgangsstærð og réttur hennar sífellt fyrir borð borinn.

Umboðsmaður barna gaf á árinu 1998 út ítarlega samantekt um stöðu og hagi barna í íslensku samfélagi sem nefnist „Mannabörn eru merkileg – staðreyndir um börn og unglinga“. Þar er fjallað um stöðu fjölskyldunnar, efnahag barnafjölskyldna, fötluð börn, heilbrigðsmál og heilsufarsvandamál, slys á börnum, barnaverndarstarf, félagsleg vandamál barna og unglinga, skólakerfið, tómstundamál barna og menningu og lífssýn unglinga. Í formála að þessari bók sem umboðsmaður barna, Þórhildur Líndal, ritar kemur fram eftirfarandi: „Í starfi mínu sem umboðsmaður barna hef ég komist að raun um, að á Íslandi eigum við eftir að vinna mikið grundvallarstarf í málefnum barna og ungmenna og sömuleiðis eigum við margt ólært í þeim efnum. Að mínu mati erum við almennt séð komin mun styttra á veg en aðrar Norðurlandaþjóðir, sem við að öðru jöfnu berum okkur saman við. Almenn stefnumörkun og áætlanagerð af hálfu stjórnvalda í málefnum barna og ungmenna er ekki til staðar og sú hugsun um að slíks sé þörf, virðist mörgum vera fjarlæg.“ Umboðsmaður barna ítrekar síðan í þessum formála nauðsyn þess að ráðist verið í það brýna verk sem mótun opinberrar stefnu í málefnum barna og ungmenna er og telur að bókin geti verið gagnlegur grunnur til að byggja slíka stefnumótun á. Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu taka undir þessa skoðun og telja eðlilegt að þessi bók verði m.a. lögð til grundvallar við stefnumótun þá sem þingsályktunin kveður á um.

Það er grundvallaratriði hjá þjóðum sem kenna sig við velferðarsamfélög að búa vel að börnum og unglingum og tryggja þeim sem jöfnust skilyrði til uppvaxtar og þroska. Heildstæð og samræmd opinber stefnumótun í málefnum barna og unglinga, sem framkvæmdaáætlun til nokkurra ára byggist síðan á, er forsendan fyrir skipulögðu og markvissu starfi í því efni. Að flutningi þessarar tillögu standa þingmenn úr öllum stjórnmálaflokkum sem sæti eiga á Alþingi. Þeir leggja áherslu á að í öllu starfi og stefnumótun sem þingsályktunartillagan kveður á um verði eins og kostur er tekið tillit til sjónarmiða og viðhorfa barna og unglinga.

Tillaga þessi var lögð fram á síðasta löggjafarþingi og hlaut þá einstaklega góðar viðtökur umsagnaraðila. Má þar nefna Barnaheill, Barnaverndarstofu, umboðsmann barna, BUGL, Félag íslenskra uppeldis- og meðferðarstofnana fyrir börn og unglinga og Barnaverndarráð.

20. Frumvarp til laga [20. mál]

um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir,
Guðmundur Árni Stefánsson.

1. gr.

Lokamálsliður 2. mgr. 48. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. mgr. 74. gr. a laganna:

a. A-liður fellur brott.
b. Orðin „a- og“ í c-lið falla brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mikil óvissa hefur ríkt um starfsemi Barnahúss frá því að ákvæði laga um meðferð opinberra mála tóku gildi 1. maí á síðasta ári. Þar er kveðið á um breytta tilhögun við skýrslutöku barna sem grunur leikur á að hafi sætt kynferðisofbeldi. Meginbreytingin er sú að skýrslutakan er á vegum dómara en ekki lögreglu eins og áður var.

Fullyrða má að þingmenn hafi talið að með umræddri lagabreytingu væru þeir að treysta réttarstöðu barna en ekki veikja hana. Reynslan hefur því miður orðið önnur. Í kjölfar lagabreytingarinnar var komið upp aðstöðu í héraðsdómi Reykjavíkur. Stærsti hluti skýrslutöku barna hefur síðan farið fram þar. Einungis héraðsdómstólarnir á Reykjanesi, Norðurlandi eystra og Vesturlandi hafa notað Barnahúsið í verulegum mæli. Á döfinni er að koma á fót slíkri aðstöðu við héraðsdóm Norðurlands eystra og héraðsdóm Reykjaness og má búast við að málum sem tekin eru fyrir í Barnahúsi fækki þá enn þannig að ekki verði unnt að starfrækja það áfram. Lokun Barnahúss væri stórslys og afturhvarf til fortíðar.

Barnahúsi var komið á laggirnar í kjölfar upplýsinga sem komu fram á Alþingi um að barnaverndarnefndir hefðu fengið til meðferðar 465 mál vegna meintrar kynferðislegrar áreitni eða ofbeldis á árunum 1992–96, en aðeins var birt ákæra í 45 þeirra. Því má segja að Barnahúsið sé svar við eindregnum óskum þingmanna sem fram komu í umræðum á þingi um þessar skelfilegu tölur. Brugðist var við með ábyrgum hætti, bestu úrlausna leitað og þeim hrint í framkvæmd. Meginmarkmið með starfsemi Barnahúss er að veita börnum sem þolað hafa kynferðisofbeldi alla nauðsynlega þjónustu á einum stað. Þannig er unnt að forða börnunum frá því að endurtaka frásagnir af viðkvæmum atvikum fyrir ólíka viðmælendur á mörgum stöðum. Rannsóknir hafa einmitt sýnt að slíkt er líklegt til að auka enn á þjáningar þeirra. Að auki getur slíkt spillt rannsókn málanna þar sem hætta er á að saga barnsins brenglist eftir því sem viðmælendurnir eru fleiri.

Barnahús var í upphafi samstarfsvettvangur allra sem koma að rannsókn og vinnslu kynferðisafbrota gegn börnum, en þátt í undirbúningi Barnahúss tóku fulltrúar ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara, félagsmálastjóra, Barnaspítala Hringsins og barna- og unglingageðdeildar Landspítalans ásamt sérfræðingum frá barnaverndarnefndum og Barnaverndarstofu. Þessir aðilar, sem hafa þýðingamiklu hlutverki að gegna við rannsókn og meðferð þessara mála, vildu allir leggja sitt af mörkum til að tryggja velferð barnanna jafnframt því að auka öryggi og gæði málsmeðferðar með samvinnu ólíkra sérfræðinga. Með þessu næst mikilvæg heildarsýn ásamt því að þekking og reynsla skapast í þessum erfiðu og viðkvæmu málum.

Starfsemi Barnahúss má greina í þrennt: skýrslutöku af börnum, læknisskoðun og greiningu og meðferð. Skýrslutöku af börnum annast sérfræðingar sem hlotið hafa sérstaka þjálfun til þess erlendis. Á stuttum starfstíma Barnahúss hefur fengist meiri reynsla við framkvæmd slíkrar skýrslutöku en áður hefur þekkst hérlendis þar sem tekin hafa verið viðtöl við hátt á þriðja hundrað börn. Þá er Barnahúsið sérstaklega hannað með það fyrir augum að börnunum líði vel í viðtölunum en það er forsenda þess að þau geti tjáð sig greiðlega um viðkvæm mál.

Í Barnahúsinu er fullkomin aðstaða til læknisskoðunar þar sem reyndir læknar, sem annast hafa þessar rannsóknir á Barnaspítala Hringsins í áratugi, sjá um skoðunina. Keyptur var dýr búnaður erlendis frá til að nota við þessar rannsóknir. Læknarnir hafa lýst því að læknisskoðanir í Barnahúsinu hafi markað þáttaskil í þessum efnum því að nú sé í fæstum tilvikum nauðsynlegt að svæfa börnin en það var mjög algengt þegar skoðunin fór fram á sjúkrahúsi.

Í Barnahúsi er börnum sem þolað hafa kynferðisofbeldi veitt sérhæfð greining og meðferð. Mikilvægt er að greina áhrif ofbeldisins á sálarlíf og líðan barnanna til að ákveða viðeigandi hjálp og meðferð. Mörg börn fá meðferð í Barnahúsi og foreldrar þeirra ráðgjöf og áfallahjálp. Þolendur af landsbyggðinni fá meðferð í sínu heimahéraði ef þess er óskað og fara starfsmenn Barnahúss þá á staðinn. Á vegum Barnahúss hafa vel á annað hundrað börnum fengið meðferð frá upphafi.

Fyrirmyndin að starfsemi Barnahúss var sótt til Bandaríkjanna og aðlöguð íslensku réttarfari og velferðarkerfi. Það er fyrsta stofnun sinnar tegundar á Norðurlöndum og hefur vakið mikla athygli. Fjallað hefur verið um það í fagtímaritum og á ráðstefnum á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum. Hópar sérfræðinga hafa komið í heimsókn til að kynna sér starfsemi Barnahúss og starfsmenn þess hafa m.a. verið beðnir um að halda námskeið um framkvæmd rannsóknarviðtala. Því er ljóst að Íslendingar mega vera stoltir af því hvernig til hefur tekist.

Málefni Barnahúss hafa verið til opinberrar umfjöllunar í langan tíma. Í ljós hefur komið gríðarlegur stuðningur almennings jafnt sem fagfólks við starfsemi hússins, svo sem blaðagreinar og umfjöllun fjölmiðla hafa sýnt. Aðstandendur barna hafa lýst gæðum þjónustunnar sem veitt er í Barnahúsi. Tugir félagasamtaka hafa lýst yfir stuðningi við húsið og skorað á yfirvöld að tryggja áframhaldandi starfsemi þess.

Gerðar hafa verið tilraunir til að skapa Barnahúsi starfsgrundvöll með því að kanna hvort vilji sé til þess meðal dómara að fallast á starfsreglur sem feli í sér að málum yngri barna verði vísað til meðferðar í Barnahúsi. Segja má að þær tilraunir hafi beðið skipbrot með útgáfu verklagsreglna um skýrslutöku af börnum sem dómstólaráð gaf nýlega út. Í þeim er ekki að finna nein tilmæli til dómara um slíkt heldur er Barnahússins einungis getið sem valkosts við framkvæmd skýrslutöku. Með hliðsjón af því að unnið er að uppbyggingu aðstöðu til skýrslutöku í fleiri dómstólum, svo sem fyrr er vikið að, má búast við að málum sem vísað er til Barnahúss fækki enn. Við blasir að ekki verður unnt að starfrækja það áfram að óbreyttum lögum.

Frumvarp þetta felur í sér að horfið verði frá þeirri tilhögun sem komið var á með breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, að því er varðar skýrslutöku af börnum fyrir dómi, og að fyrri tilhögun verði lögfest að nýju. Eldri lagaákvæði tryggðu augljóslega betur velferð barna sem sætt hafa kynferðisofbeldi. Hin nýju lagaákvæði hafa að auki skapað glundroða við framkvæmd þessara mála, óvissu og ósætti sem ekki verður við unað. Á það skal minnt að m.a. Dómarafélag Íslands og ríkissaksóknari gerðu alvarlegar athugasemdir við lagabreytinguna á sínum tíma og lögðust gegn því að dómurum væri falin ábyrgð á skýrslutöku af börnum við frumrannsókn mála eins og lögin gera ráð fyrir. Þá hefur ítrekað komið fram af hálfu Barnaverndarstofu það mat að lagabreytingin hafi falið í sér afturför í þessum málum. M.a. hefur verið bent á að einungis lítið brot mála þar sem grunur vaknar um kynferðisofbeldi gegn börnum komi til meðferðar dómstóla. Í því ljósi verður ekki séð hver tilgangurinn með skýrslutöku fyrir dómi er, sérstaklega þegar fórnarkostnaðurinn er hafður í huga. Loks hefur verið bent á að skýrslutaka fyrir dómi við frumrannsókn slíkra mála þekkist hvergi annars staðar í nágrannalöndum okkar en í Noregi, en þar byggist hún á áratugalangri hefð. Engin áform eru t.d. í Danmörku, Svíþjóð eða Finnlandi um að taka slíkt fyrirkomulag upp svo vitað sé.

Afar brýnt er að Alþingi nái viðunandi niðurstöðu í þessu máli og komi í veg fyrir að leggja þurfi niður Barnahús, sem hefur svo mikilvægu hlutverki að gegna fyrir velferð barna í þjóðfélaginu, en það er megintilgangur þessa frumvarps.

Í frumvarpinu er lagt til að a-liður 1. mgr. 74. gr. a falli brott, en þar er kveðið á um að ef rannsókn beinist að broti á XXII. kafla almennra hegningarlaga (kynferðisbrot) og brotaþoli hefur ekki náð 18 ára aldri þegar rannsókn máls hefst beri lögreglu að leita atbeina dómara sem sér um að taka skýrslu af honum. Með frumvarpinu er því lagt til að skýrslutaka af vitnum verði í höndum lögreglu eins og var áður en lög nr. 36/1999, sem breyttu lögum um meðferð opinberra mála, voru samþykkt. Markmið frumvarpsins er að skýrslutökur af brotaþolum fari fram í Barnahúsi eins og nánar er lýst hér á undan. Jafnframt er lagt til að lokamálsliður 2. mgr. 48. gr. verði felldur brott en samkvæmt honum er gert ráð fyrir að brotaþoli hafi komið fyrir dóm meðan málið var á rannsóknarstigi. Ákvæðið er óþarft því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tekin hafi verið skýrsla af brotaþola í Barnahúsi á vegum lögreglu við rannsókn málsins og hann hafi því ekki komið fyrir dóm áður. Brotaþoli mundi því aðeins koma einu sinni fyrir dóm til að gefa skýrslu og ef um er að ræða kynferðisbrotamál og hann er undir 18 ára aldri verður ýmist hægt að taka hana í sérútbúnu húsnæði viðkomandi dómstóls með aðstoð kunnáttumanns eða í Barnahúsi, sbr. 7. mgr. 59. gr. laganna.

21. Frumvarp til laga [21. mál]

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Árni Steinar Jóhannsson.

1. gr.

Við 6. gr. a laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ráðherra er heimilt að úthluta aflahlutdeild til skipa, allt að 500 þorskígildistonnum árlega, sem gerð eru út sem skóla- eða starfsþjálfunarskip fyrir ungt fólk. Þessa aflahlutdeild má ekki framselja til annarra skipa. Ráðherra setur nánari reglur um úthlutunina.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í rúma tvo áratugi hefur Unglingaheimili ríkisins ásamt fleirum leitast við að kenna ungu fólki sjómennsku. Það hefur fengið tækifæri til að reyna sig á sjó við handbæra-, línu- og netaveiðar og fengið faglega þjálfun í sjómennsku.

Verkefninu hefur Karel Karelsson á bátnum Haftindi stýrt frá upphafi. Það hefur hlotið heitið Sjóliðaverkefni og er ætlað fólki á aldrinum 16–20 ára sem átt hefur erfitt uppdráttar félagslega og vill læra sjómennsku.

Á þeim tíma sem liðinn er frá því að verkefnið hófst hefur þessi aðferð við að aðstoða unglingana í vanda þeirra reynst vel. Reksturinn hefur þó alltaf verið erfiður og stundum hefur orðið að gera hlé á verkefninu. Það sem stendur því fyrir þrifum nú er fyrst og fremst skortur á aflaheimildum. Eigi skólaskipið að koma að notum sem úrræði fyrir ungmenni í vanda verður að tryggja að það hafi heimildir til veiða svo að það geti þjónað hlutverki sínu.

Verkefnið hefur verið rekið í samstarfi við ýmsa aðila og ber þar helst að nefna Reykjavíkurborg, Hitt húsið (ÍTR), Hafnarfjarðarbæ, Reykjanesbæ, félagsþjónustuna í Reykjavík og jafnframt Stýrimannaskólann og Vélskóla Íslands.

Gert er ráð fyrir að allir nemendur útskrifist með réttindi til að stjórna 30 tonna bát og vélavarðarréttindi.

Mikilvægt er að halda úti slíku úrræði fyrir ungt fólk sem vill vinna við sjávarútveg og getur á þennan hátt aflað sér verkþekkingar.

Takist ekki að leysa vandann sem skortur á veiðiheimildum skapar gæti þetta ágæta verkefni lagst af og reynslan og þekkingin sem er til staðar glatast.

Hafrannsóknaskipið Dröfn hefur á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar sinnt veigamiklu hlutverki sem skólaskip á undanförnum tveimur árum. Skipið hefur verið gert út frá Reykjavík á vorin en á haustin hefur verið farið umhverfis landið og hafa nemendur 9. og 10. bekkjar grunnskóla fengið nasasjón af sjómennskunni og algengum vinnubrögðum á sjó.

Um 2000 grunnskólanemar hafa tekið þátt í þessu verkefni. Í venjulegri veiðiferð er veitt með botnvörpu, oft eru lagðar krabbagildrur og einnig eru handfærarúllur um borð. Nokkuð er breytilegt eftir veðri og sjólagi hvað tekið er fyrir hverju sinni, en að auki er nemendum sýnd fræðslumynd um sjómennsku. Að loknu tveggja ára tilraunatímabili verða skoðaðar leiðir til breyttra hátta og hefur m.a. verið rætt um að sveitarfélög taki við þessu verkefni.

Ljóst er að verði frumvarp þetta samþykkt þarf jafnframt að setja mjög skýrar reglur um úthlutun heimildanna til að koma í veg fyrir misnotkun.

22. Frumvarp til laga [22. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Árni Steinar Jóhannsson.

1. gr.

Í stað 1. og 2. málsl. 4. mgr. 6. gr. laganna koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Hver sóknardagur telst 24 klst. Hvern sóknardag má taka út í tveimur 12 klst. veiðiferðum talið frá upphafi veiðiferðar. Veiðiferð sem er lengri en 12 klst. telst heill sóknardagur.

2. gr.

Við 23. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lög þessi falla úr gildi 1. september 2001.

3. gr.

Við 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIII við lögin bætast fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sóknardag má taka út í tveimur 12 klst. veiðiferðum. Ákvæðið gildir einnig um 14. mgr. Fjöldi sóknardaga skal aukinn í hlutfalli við aukinn heildarafla þorsks sem og þorskaflahámark þessara báta. Ákvæðið á einnig við um 8. mgr.

4. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a.

Frá gildistöku þessa ákvæðis 1. september 2001 fellur niður úthlutun aflahlutdeildar til einstakra fiskiskipa í steinbít og ufsa.

b.

Á fiskveiðiárinu 2000/2001 skal auka úthlutun aflaheimilda um allt að 1,5% af heildaraflamarki þorsks og ýsu og því úthlutað sérstaklega til aflamarksskipa sem voru minni en 200 brúttórúmlestir 1. september 2000. Skilyrði þess að aflamarksskip fái úthlutun er að skipið hafi hinn 1. september 2000 haft minna aflamark en 80 þorskígildistonn. Úthlutunarréttur hækkar með fækkandi þorskígildistonnum aflamarks vikomandi fiskiskips niður í 20 þorskígildistonn eða minna miðað við 1. september 2000. Jafnframt er skilyrði að fiskiskipið hafi leigt til sín á Kvótaþingi 40 þorskígildistonn eða meira fiskveiðiárið 1999/2000. Þá þarf aflamarksskip að hafa veitt 75% af aflamarki sínu í botnfiski fiskveiðiárið 1999/2000.

Aflaheimildir þessar verða ekki framseldar til annarra fiskiskipa og teljast ekki með þegar veiðiskip uppfyllir 50% veiðiskyldu hvers árs, sbr. ákvæði 12. gr. laga þessara. Heimildum þessum verður aðeins úthlutað til dagróðrabáta.

Hámarksúthlutun eftir stærðarflokkum fiskiskipa í brúttórúmlestum annars vegar og þorskígildishámarki hins vegar er sem hér segir:

Stærð skipa	Hámark þorskígildistonna			
	minna en 20 tonn	**20,1–40 tonn**	**40,1–60 tonn**	**60,1–80 tonn**
0–20 brl.	30 tonn	20 tonn	15 tonn	10 tonn
20,1–40 brl.	40 tonn	30 tonn	20 tonn	15 tonn
40,1–60 brl.	50 tonn	40 tonn	30 tonn	20 tonn
60,1–100 brl.	60 tonn	50 tonn	40 tonn	30 tonn
100,1–150 brl.	70 tonn	55 tonn	40 tonn	35 tonn
150,1–200 brl.	80 tonn	65 tonn	45 tonn	35 tonn

Fiskiskip sem er með meira en 80 þorskígildistonn fær ekki úthlutun.

Einnig skal þeim útgerðaraðilum, sem gera út fiskiskip minni en 20 brl. að stærð, uppfylla ekki skilyrði 1. mgr. um að hafa leigt til sín 40 þorskígildistonn eða meira á fiskveiðiárinu 1999/2000 og höfðu minna aflamark 1. september 2000 en 15 þorskígildistonn, úthlutað allt að 15 tonnum í þorskígildum þorsks og ýsu. Þó skal þeim aldrei úthlutað meira en þeim afla sem þau veiddu og lönduðu á fiskveiðiárinu 1999/2000.

Ekki er gert að skilyrði að þessi skip hafi leigt til sín viðbótaraflaheimildir.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á núgildandi lögum um stjórn fiskveiða sem flutningsmenn telja mjög brýnar. Markmið þeirra er m.a. að auðvelda útgerðinni, einkum kvótalitlum einyrkjum og útgerðarmönnum smærri fiskiskipa, að brúa bilið þar til heildarendurskoðun laganna um stjórn fiskveiða er lokið. Þær aðgerðir sem gripið var til á síðasta

þingi og ná til þessa fiskveiðiárs sneru m.a. að því að fresta kvótasetningu ýsu, ufsa og steinbíts í smábátaveiðikerfinu. Lagt er til að ákvæði sóknardagatalningar verði lagfærð þannig að veiðitími úr höfn í höfn megi teljast í 12 klst. tímabilum. Með því er verið að gera vinnutíma við þessar veiðar þannig að verjandi sé og samboðið þeim almennu reglum að hvíldartími verði eigi minni en 8 klst. á sólarhring. Kjósi sjómenn að veiðiferð þeirra sé lengri en 12 klst. samfellt verður það þeirra eigin ákvörðun sem ekki er knúin fram með lögum og reglum stjórnvalda.

Lagt er til að sólarlagsákvæði komi inn í lögin um stjórn fiskveiða sem felli lögin úr gildi eins og þau eru nú og verða vonandi eftir þessar bráðnauðsynlegu lagfæringar sem hér eru lagðar til. Ákvæðum til bráðabirgða sem snertu veiðar smábáta var einnig breytt á síðasta þingi með frestun ýmissa ákvæða til ársins 2001. Hins vegar var því ekki breytt að sóknardag megi nýta í tveimur 12 klst. tímabilum. Einnig er nú lagt til að sóknardögum fjölgi hlutfallslega ef heildarþorskafli verður aukinn frá því sem nú er.

Lagt er til að við lögin bætist tvö ný ákvæði til bráðabirgða. Í hinu fyrra er lagt til að steinbítur og ufsi verði á næsta fiskveiðiári teknir út úr kvótasetningu á hvert fiskiskip. Til þess hníga fjölmörg rök.

Í hinu síðara er lagt til að á meðan heildarendurskoðun laganna um stjórn fiskveiða stendur yfir verði til viðbótar 1,5% af heildaraflamarki þorsks og ýsu úthlutað sérstaklega til báta sem litlar heimildir hafa til þess að stunda fiskveiðar en hafa samt sem áður verið gerðir út. Hér er um að ræða fiskiskip sem raunverulega eru í útgerð en hafa orðið að leigja til sín að stærstum hluta veiðiheimildir sínar af Kvótaþingi. Heimildin nær aðeins til fiskiskipa minni en 200 brúttórúmlestir sem stunda dagróðra og uppfyllt hafa veiðiskyldu sína samkvæmt núgildandi lögum.

Að lokum er, þrátt fyrir ákvæði 1.–5. mgr. 5. gr., lagt til að bátar undir 20 brl. að stærð sem eru með minna aflamark en 15 þorskígildistonn geti fengið eitt tonn á móti hverju einu tonni þorskígildis sem skipið veiðir af þorskígildum sínum. Hámarksúthlutun er 15 þorskígildistonn. Hér er um fá fiskiskip að ræða með mjög lítið aflamark. Heildarúthlutun til þessara skipa verður innan við 500 þorskígildistonn.

Framangreindar ráðstafanir eru að mati flutningsmanna nauðsynlegar til að sporna við því að enn frekar verði gengið á hlut strandveiðiflotans en orðið er á meðan endurskoðun laganna stendur yfir, sem lýkur vonandi á þessu þingi. Fari svo að málið frestist enn þarf að flytja nýtt mál í þessa veru fyrir þinglok í vor sem tæki þá til næsta fiskveiðiárs.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að lagfært verði það stífa sóknarákvæði að hver af fáum veiðidögum krókabáta í dagakerfi skuli aðeins tekinn og talinn með samfelldri 24 klst. veiðiferð. Þarna er í raun verið að pína sjómenn, unga sem aldna, til þess að vinna óhóflega langan vinnudag sem fær ekki staðist lög og reglur um almenn hvíldarákvæði. Hér er því um þarfa leiðréttingu að ræða. Auk þess geta ákvæði eins og þessi stangast á við öryggissjónarmið. Sjómenn freistast til þess að fullnýta sóknardagana ef á annað borð róður er hafinn þegar þeir eru jafnfáir og raun ber vitni, jafnvel þótt veður versni, og getur slíkt skapað slysahættu.

Um 2. gr.

Hér er sett inn ákvæði um að lögin falli úr gildi, svonefnt sólarlagsákvæði. Með því er verið að leggja áherslu á að núverandi fyrirkomulag er tímabundið. Í því að takmarka gildistíma

laganna felst í senn ákveðin yfirlýsing um að lögin muni breytast, auk þess sem fiskveiðistjórnkerfið er í annarri réttarfarslegri stöðu sé löggjöfin tímabundin.

Um 3. gr.

Lögð er til sams konar breyting um heimild til 12 klst. veiðiferðar þeirra sóknardagabáta sem veiðar stunda eftir ákvæði til bráðabirgða XXIII við lögin og lögð er til í 1. gr. frumvarpsins. Einnig er lagt til að sóknardögum þeirra báta sem starfa eftir 6. og 14. mgr. ákvæðisins, sem og 8. mgr., verði fjölgað í hlutfalli við meiri heildarafla þorsks á næsta fiskveiðiári, ef heildarþorskaflinn verður aukinn frá því sem nú er.

Um 4. gr.

Um a-lið.

Hér er lagt til að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða um að kvótasetning á sérhvert fiskiskip verði afnumin í tveimur fisktegundum, steinbít og ufsa. Fjölmörg rök eru fyrir því að standa þannig að málum. Benda má á þá staðreynd að áðurnefndar fisktegundir hafa ekki veiðst á undanförnum árum að því marki sem leyft hefur verið án þess að um nokkurn viðkomubrest sé að ræða. Nýliðun í steinbít virðist góð og viðurkennt er að ufsi er flökkufiskur sem ferðast eftir árferði um lögsögur ríkja í Norður-Atlantshafi. Fá rök hníga því til þess að kvótasetja tegundina sérstaklega í íslenskri fiskveiðilögsögu. Einnig skal vakin athygli á því að í fylgiskjali frá Fiskistofu með frumvarpi til laga um breytingu á svokallaðri tegundatilfærslu (229. mál, þskj. 275) á síðasta þingi sem efnislega var samþykkt samhljóða með sérstakri þingsályktun, kemur skýrt fram að áðurnefndar fisktegundir voru mjög notaðar í þeim óeðlilega tilgangi að búa til millifærslu og auka þannig veiðar á karfa og grálúðustofnum sem taldir voru fullnýttir. Því ber ekki nauðsyn til kvótasetningar þessara botnfisktegunda og að taka þær út úr kvóta getur beinlínis komið öðrum tegundum til góða.

Um b-lið.

Sá mikli niðurskurður sem ár eftir ár varð á þorskveiðiheimildum bitnaði harkalega á þeim bátum sem stundað hafa þorskveiðar á grunnslóð og flokkast flestallir samkvæmt stærð sem heföbundnir vertíðarbátar. Bátar þessir eru yfirleitt í góðu ásigkomulagi og engin skynsamleg rök til þess að þeir hverfi úr rekstri nú, allra síst þar sem vel horfir með þorskstofninn og allar líkur eru til þess að hann muni stækka ört á næstu árum.

Í þeirri grimmu samkeppni sem ríkti, aðallega á fyrstu árunum eftir 1990, um kaup á „varanlegum veiðiheimildum“ átti þessi útgerðarflokkur mjög litla möguleika á móti stórum útgerðarfélögum sem öfluðu sér að stærstum hluta fjármagns til slíkra fjárfestinga með útgáfu nýrra hlutabréfa sem oft seldust á margföldu nafnverði.

Þvert á móti hafa margar útgerðir þessara báta, vegna vanskila sem þær hafa lent í, séð sig tilneyddar til að selja frá sér hluta af því litla sem til umráða er í veiðiheimildum. Niðurstaðan samkvæmt því sem að framan er rakið er sú að um langt árabil hefur ríkt algjör einstefna í tilflutningi varanlegra þorskveiðiheimilda. Veiðiheimildir sem upphaflega urðu til vegna veiðireynslu í strandveiðum eru nú í verulegum mæli nýttar af frystitogurum í úthafsveiðum. Slíkur stórfelldur tilflutningur hlýtur að teljast óæskilegur út frá sjónarmiðum um skynsamlega nýtingu auðlindarinnar.

Afleiðingar þessarar þróunar eru margþættar. Þær koma fram í vaxandi skorti á hráefni til fiskvinnslufyrirtækja víða um land. Þetta leiðir einnig til þess að ekki er hægt að anna eftirspurn á verðmætum afurðamörkuðum, svo sem í stórum saltfiski á Spánarmörkuðum, þannig að skaði hlýst af.

Þá er einnig ástæða til þess að benda á að bátar í þessari aðstöðu hafa ár eftir ár orðið að leigja til sín veiðiheimildir á okurverði sem myndast aðallega með samráði nokkurra ráðandi stórfyrirtækja á þessum markaði. Slík verðmyndun er með öllu óforsvaranleg og óviðunandi að kvótinn sé misnotaður á þennan hátt. Að öllu samanlögðu ber því brýna nauðsyn til að löggjafinn bregðist við á þann hátt sem hér er lagt til.

Loks er lagt til að bátur undir 20 brl. að stærð með minna aflamark en 15 þorskígildistonn geti fengið í úthlutun eitt tonn á móti hverju veiddu tonni að hámarki 15 þorskígildistonn. Ekki er gert að skilyrði að þessi skip hafi leigt sér kvóta af Kvótaþingi. Þessi úthlutun er á milli 400 og 500 þorskígildistonn. Rétt er að þeir sem lítið hafa og reyna að lifa við það fái einnig nokkra leiðréttingu meðan á endurskoðun laganna stendur.

23. Tillaga til þingsályktunar [23. mál]

um grundvöll nýrrar fiskveiðistjórnar.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Sverrir Hermannsson, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra í samráði við sjávarútvegsnefnd Alþingis að grípa þegar í stað til eftirfarandi ráðstafana:

1. Afla gagna og undirbúa tillögur um skiptingu fiskiskipaflotans í útgerðarflokka. Dagróðra- og strandveiðiflotinn verði sérstakur útgerðarflokkur með tiltekna hlutdeild í veiðum helstu nytjastofna.
2. Afla gagna og undirbúa tillögur um mögulega byggða- eða svæðatengingu veiðiréttinda með sérstakri hliðsjón af hlutdeild smábáta og strandveiðiflotans.
3. Afla gagna og móta reglur um skilyrði sem leggja eigi til grundvallar því að einstakar tegundir séu kvótasettar, svo og reglur um hvernig tegundir skulu teknar út úr kvóta þegar forsendur kvótasetningar eru brostnar.
4. Skipa starfshóp um umhverfismál og sjávarútveg sem móti stefnu um hvernig stuðla megi að þróun íslensks sjávarútvegs í átt til vistvænna veiða og sjálfbærrar þróunar, m.a. með sérstakri hliðsjón af skuldbindingum Íslands samkvæmt Ríó-sáttmálanum.
5. Skipa 17 manna ráðgjafarnefnd samkvæmt tilnefningum með fulltrúum allra þingflokka, fulltrúum heildarsamtaka sjómanna, Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands og Vélstjórafélags Íslands, fulltrúa frá Verkamannasambandi Íslands fyrir hönd fiskverkafólks, fulltrúa frá Landssambandi íslenskra útgerðarmanna, fulltrúa frá Landssambandi smábátaeigenda, fulltrúa frá Samtökum fiskvinnslustöðva, fulltrúa frá Samtökum fiskvinnslu án útgerðar, fulltrúa frá Landssambandi íslenskra fiskimanna, tveimur fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, auk formanns sem sjávarútvegsráðherra skipar án tilnefningar. Hlutverk ráðgjafarnefndarinnar verði að vera samráðsvettvangur allra helstu hagsmunaaðila og vera Alþingi og ríkisstjórn til aðstoðar og ráðgjafar um vinnu og stefnumótun á þessu sviði. Ráðgjafarnefndin skal vera sjávarútvegsnefnd Alþingis og stjórnskipuðum nefndum, auðlindanefnd og nefnd um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða til aðstoðar og samráðs, með reglubundnum hætti.

Greinargerð.

Mikið óvissuástand ríkir nú í málefnum íslensks sjávarútvegs. Til viðbótar langvinnum deilum um stjórnkerfi fiskveiða og mikilli óánægju með ýmsa þætti þess hafa nú komið málaferli og dómar sem valda því að sjálfur grundvöllur fiskveiðistjórnunarkerfisins er í uppnámi. Nauðsynlegt er að Alþingi og ríkisstjórn bregðist þegar við þessu ástandi og því er tillaga þessi flutt. Hún felur í sér að Alþingi hlutist til um verkefni sem lúta að gagnasöfnun, tillögugerð og undirbúningi fyrir framtíðarstefnumótun sem sátt geti orðið um. Jafnframt þarf að tryggja að löggjöfin sé í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar. Fimmti töluliður tillögunnar kveður á um skipun 17 manna ráðgjafarnefndar. Eins og málin standa eiga margir mikilvægir hagsmunaaðilar enga aðild að þeirri vinnu sem fram fer. Nauðsynlegt er að aðilar eins og sjómannasamtökin, fulltrúar fiskvinnslufólks og sveitarfélaganna séu með í ráðum. Því er lagt til að slík breið ráðgjafarnefnd verði skipuð.

Að tillögunni standa þingflokkar Frjálslynda flokksins og Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs. Markmið flokkanna fara saman í ýmsum veigamiklum atriðum hvað varðar sjávarútvegsmál en að öðru leyti er um mismunandi áherslur að ræða. Í fylgiskjölum eru því greinargerðir fyrir áherslum flokkanna hvors fyrir sig í sjávarútvegsmálum. Einnig verður lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða sem felur í sér aðgerðir sem þingmenn flokkanna telja nauðsynlegt að grípa til tafarlaust.

Fylgiskjal I.

Greinargerð um stefnu þingflokks Frjálslynda flokksins.

Tilgangur með flutningi þingsályktunartillögu.

Þingsályktunartillaga um nýjan grundvöll fiskveiðistjórnar á miðunum við Ísland, sem lögð er fram, hefur þann tilgang að koma á nýrri skipan fiskveiðistjórnar.

Brugðist er við þeirri réttaróvissu sem hæstaréttardómur í máli Valdimars Jóhannessonar í árslok 1998 og svo nýgenginn héraðsdómur í svonefndu Vatneyrarmáli hafa skapað. Telja þingmenn Frjálslynda flokksins það algert ábyrgðarleysi af hálfu Alþingis og raunar brot á þeim eiðstaf eða drengskaparheiti um verndun stjórnarskrárinnar sem hver þingmaður undirritar að láta eins og ekkert sé þegar veigamiklar efasemdir eru risnar um að lög, sem þingið hefur sett, fái staðist mikilvæg ákvæði stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi og jafnræði þegna lýðveldisins.

Jafnframt er gerð tillaga um skipulegt vinnuferli sem er tilraun til sáttagerðar um hvernig mætti feta sig út úr þeim ógöngum sem núgildandi fiskveiðistjórnarkerfi með óheftum heimildum til framsals og leigu veiðiheimilda hefur leitt yfir þjóðina.

Hér fylgir greinargerð sem þingflokkur Frjálslynda flokksins hefur unnið að undanförnu og er sett fram sem lýsing á því hvernig semja mætti nýja löggjöf um stjórn fiskveiða þannig að lögin uppfylltu jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar og léttu oki misréttis af þjóðinni.

Jafnframt skal tryggja í nýrri löggjöf forgang og hagsmuni fólks í sjávarbyggðunum og strandveiðiflotans til atvinnuréttar og fiskveiða á heimamiðum.

Upphafleg stefna Frjálslynda flokksins.

Í stefnumörkun sinni fyrir síðustu kosningar og síðan hefur Frjálslyndi flokkurinn viljað hverfa frá núgildandi úthlutun kvóta í einni svipan með því að hverfa aftur til þess tíma sem

ríkti fyrir upphaf núgildandi fiskveiðistjórnar 1984, þ.e. með því að gefa allar veiðar eins frjálsar og kostur telst vera um tveggja eða þriggja ára skeið, með sóknarstýringu og árlegu hámarksaflamagni í mikilvægustu fisktegundum. Til að milda slíka ráðstöfun hefur Frjálslyndi flokkurinn lagt til að auka verulega veiði á þorski, m.a. með tilliti til mikils brottkasts af fiski í hafi sem núverandi kerfi hefur í för með sér, en hvergi sér stað í aflaskýrslum.

Um afleiðingar slíkrar stefnubreytingar.

Frjálslynda flokknum hefur frá upphafi verið ljóst að svo hratt fráhvarf frá gildandi braskkerfi muni valda ýmsum útgerðum erfiðleikum og hefur í því sambandi haft mestar áhyggjur af minni útgerðum sem hafa freistað þess að kaupa sér aflaheimildir á háu verði sem eru stórt hlutfall af því sem þær hafa fengið úthlutað gefins. Flokkurinn hefur haft minni áhyggjur af hinum stóru sem hafa keypt til sín aflaheimildir á háu verði, sem ræðst af því að þetta eru jaðarviðskipti, eða búið sér til stórfelldar pappírseignauppfærslur á kvótum með sameiningum fyrirtækja og öðrum slíkum ráðum. Þessa skilsmunar sér stað í greinargerð þessari.

Ljóst er að hvers konar skerðing, að ekki sé talað um afnám núgildandi kvótaúthlutunar, hefur áhrif til lækkunar á skráðri eign útgerða og þeim mun meiri sem þær hafa gengið harðar fram í kaupum á kvóta og eignauppfærslum í tengslum við sameiningar fyrirtækja. Sú breyting kann að leiða af sér lækkun markaðsverðs hlutabréfa í einstökum fyrirtækjum að því leyti sem það hefur endurspeglað hið óraunhæfa verðlag sem útgerðirnar hafa búið til í samkeppninni sín í milli. Breytingin ætti hins vegar ekki að hafa áhrif á rekstur og rekstrarafkomu fyrirtækja nema helst þeirra sem hafa byggt afkomu sína á leigutekjum fyrir kvóta. Skerðing á afkomu þeirra fyrirtækja og bætt kjör annarra verður að teljast sanngjörn leiðrétting á misnotkun gildandi kerfis.

Greining gildandi kerfis.

Það er grundvallaratriði til skilnings á vandanum sem hér er fengist við að menn hætti að tala um kvótakerfi sem er svo stórkostlegt að fram er haldið að heimsathygli veki. Þetta kerfi er samsett úr tvennu sem skoða verður hvort í sínu lagi ef menn eiga að geta rætt fyrirbærið með þeim skilningi á eðli þess sem nauðsynlegur er.

Annars vegar er kvótasetning, þ.e. ákvörðunin um það hversu mikið á að veiða af hverri fisktegund til að sú nýting stofnsins þyki innan öryggismarka fyrir viðgang hans og líkleg er til að gefa hámarksafrakstur af honum. Þessi hluti íslenska kvótakerfisins þykir hafa tekist nokkuð vel í samanburði við önnur lönd þótt um ýmis atriði í því efni megi deila.

Hins vegar er úthlutun hins leyfða kvóta sem er allt annað mál og höfuðatriði hins pólitíska ágreinings í þessu mikla deilumáli meðal þjóðarinnar. Fyrirsvarsmenn núgildandi úthlutunar, þ.e. gjafar veiðiréttarins til þeirra sem skip áttu á tilteknu tímabili endur fyrir löngu og afkomenda þeirra, telja þetta hina einu leið til hagfelldrar útgerðar á Íslandsmið. Er þá með öllu litið fram hjá ágöllum úthlutunarinnar, svo sem hróplegu samkeppnisforskoti stóru útgerðanna gagnvart hinum smærri, lokun kerfisins á nýliðun í útgerð, óöryggið sem aðferðin býr sjávarbyggðum, flæði fjármagns út úr greininni þegar útgerðarmenn eða erfingjar þeirra selja hlut „sinn“ í „sameign þjóðarinnar“, skefjalausu brottkasti fisks sem kerfið leiðir af sér og síðast en ekki síst þeirri taumlausu skuldsetningu sem útgerðin tekur á sig þegar sægreifarnir eru keyptir út úr greininni. Eru þá ótalin stjórnarskrárákvæðin sem fyrr var vitnað til.

Hin pólitíska varðstaða um kerfið.

Gríðarlegum fjármunum hefur verið varið til áróðurs fyrir þessum málstað undir stjórn öflugustu auglýsingamanna landsins. Sérhagsmunirnir, sem verið er að verja, eru líka gríðar-

legir. Þjóðin hefur þó ekki látið blekkjast, en of stór hluti hennar hefur látið stjórnarflokkana komast upp með grímulausa varðstöðu um sérhagsmuni þá sem Alþingi hefur búið til með óskynsamlegri löggjöf sem ekki fær staðist neinar réttlætiskröfur og eykur stórlega á vanda sjávarbyggðanna.

Þeir sem best þekkja til erlendis vilja ekki svona kerfi.

Íbúum Nýfundnalands, Færeyingum eða Norðmönnum, sem allir þekkja til þess hvernig Íslendingar fóru að í þessu efni, kemur ekki til hugar að innleiða sömu aðferð. Þeir sjá hvernig hún drepur niður smærri rekstur og eyðir byggðum. Verið getur að einhverjar þjóðir, sem eru nógu langt í burtu og hafa fengið til sín trúboða íslenska sjávarútvegsráðuneytisins, láti sér koma til hugar að apa þetta eftir, enda eiga í hlut þjóðir sem hafa langa hefð fyrir að hygla gæðingum. Það kunna Íslendingar hins vegar ekki að meta.

Grunnvandinn.

Misræmið milli núgildandi kvótaúthlutunar og reglna stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi og jafnræði er vandinn sem við er að fást. Hann snýst þess vegna ekki um kvótakerfið í heild sinni, heldur einungis um úthlutun kvótans að því leyti sem til kvótasetningar þarf að koma.

Hvenær þarf kvótasetningu?

Hér er að sjálfsögðu um að ræða grundvallaratriði, hvenær nauðsynlegt er að setja fisktegund undir aflatakmarkanir. Þegar sagan er skoðuð kemur í ljós að það er regla, fremur en undantekning, að útgerðin nái ekki að veiða að fullu þann afla sem sjávarútvegsráðuneytið hefur leyft og oftast er í námunda við þá ramma sem Hafrannsóknastofnunin hefur lagt til.

Hin eðlilegu viðbrögð við þessari stöðu ættu að vera að taka þá tegund, sem ekki tekst að veiða, út úr kvótasetningu þar til ætla mætti að henni sé ofboðið. Svo mikil hefur verið þjónkun sjávarútvegsráðherra við hagsmuni einstakra útgerðarmanna að þetta hefur ekki verið gert. Þess í stað hefur verið leidd í lög röklaus og fáránleg heimild fyrir útgerðarmenn að breyta tegund sem ekki veiðist í aðra sem veiðist, þó ekki þorsk.

Undir þessum formerkjum hafa stofnarnir af karfa og grálúðu verið stórlega veiddir umfram tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar sem nemur þúsundum tonna um ótalin ár. Umhyggja LÍÚ og stjórnvalda fyrir fiskstofnunum nær ekki lengra en þetta þegar hún telst rekast á hagsmuni útgerðarmanna.

Meginefni tillagna um nýja fiskveiðistjórn.

Sú viðleitni Frjálslynda flokksins til sátta um fiskveiðistjórn við Ísland, sem í þingsályktunartillögunni og meðfylgjandi greinargerð er að finna, felur í sér fáein meginmarkmið og leiðir, auk hinnar almennu viðleitni til að láta löggjöf landsins ríma við stjórnarskrá lýðveldisins.

Nauðsynlegur undirbúningur.

Fiskiskipaflotanum verði skipt upp í þrjá útgerðarflokka:

Nauðsyn ber til að skilgreina aðgreinda útgerðarflokka fiskiskipa með sambærilega möguleika til fiskveiða og nálgast þannig jafnræði milli þeirra sem gera út álíka kraftmikil veiðiskip sem hafa mismunandi áhrif á náttúrulega viðkomu í lífríki sjávar.

Þar ber fyrst að nefna flokk frystitogara og nóta- og togveiðiskipa sem veiða nú þegar innan og utan 200 mílna fiskveiðilögsögunnar, bæði botnfisktegundir og uppsjávarfisk eins og loðnu, síld, kolmunna og makríl. Þessi flokkur frysti- og nótaskipa verði sérgreindur frá öðr-

um hluta flotans og mörkuð afla- og veiðistýring sem hentar þeim í því alþjóðlega uppboðs- og samkeppniskerfi kvótaveiði, sóknar og alþjóða- eða milliríkjasamninga sem stórútgerðin starfar í.

Annar sérgreindur útgerðarflokkur væri stærri togveiðiskip sem landa ísvörðum fiski til landvinnslu. Þar þarf að taka tillit til eðlilegrar nýtingar á veiðislóð og fiskistofnum samfara takmörkuðum möguleikum til sóknar út fyrir lögsögu og eðlilegs aðgangs að öllum fisktegundum þar sem í togveiðarfæri kemur afli af mörgum fisktegundum. Tæknivædd línuveiðiskip með beitningarvélar veiða einnig fjölmargar fisktegundir, oftast innan 200 mílna fiskveiðilögsögu, og stórir netabátar geta einnig átt heima í þessum útgerðarflokki. Fyrir fram, að lítt rannsökuðu máli, er næsta víst að útfærslan hjá þessum þremur gerðum ísfisktogara, beitningarvélbátum og stórum netabátum þarf ekki að vera eins þrátt fyrir það að vegna stærðar, afkasta, útiverutíma og veiðisvæða falli þessi fiskiskip saman í útgerðarflokk.

Þriðji flokkurinn yrði síðan strandveiðiflotinn, skiptur í fyrstu í báta undir 6 tonnum (smábáta) og önnur dagróðraskip, t.d. undir 120–140 brúttótonnum. Minnstu bátum strandveiðiflotans yrði gefið eins mikið frelsi til fiskveiða og frekast er kostur. Eins og málum er nú komið víða í kvótalausum sjávarbyggðum verður að opna möguleika strandveiðanna til aukins frjálsræðis. Afgjald af veiðifrelsi strandveiðiflotans renni til útgerðarstaðanna til eflingar landsbyggðinni á nýjan leik.

1. Gera skal umhverfismat fyrir hvern flokk veiðarfæra. Tilgangur væri að láta meta faglega helstu áhættuþætti sem fylgja veiðum með tilteknum veiðarfærum við fiskveiðar.
2. Strandveiðiflotanum, sem enn er til í sjávarbyggðunum umhverfis landið, verði gert mögulegt að sækja sjóinn sinn með lágmarkshömlum og afla þannig bæði sjómönnunum og landverkafólki sjávarbyggðanna lífsviðurværis.
3. Kvótasetning verði afnumin af þeim tegundum nytjafiska sem ekki hefur tekist að veiða upp tvö fiskveiðiár í röð. Af slíkum afla verði greitt gjald, sem Alþingi ákveður með lögum, af hverju kílói eftir landaðri vigt.
4. Framsal og framleiga á veiðiheimildum verði þegar í stað bannað.
5. Hinum smærri, sem tilheyra munu strandveiðiflotanum og hafa tekið þátt í því fjárhættuspili sem framsalsheimildirnar frá 1990 hafa búið til, verði forðað frá stóráföllum með skattalegri afskrift kvótaandvirðis, sbr. 8. lið hér á eftir.
6. Úthlutun kvóta eftir núgildandi reglum á þeim fisktegundum, sem eftir væru undir kvótasetningu, verði fryst að því er tekur til magns, en jafnframt afnumin í fimm jafnstórum skrefum á næstu fimm árum þannig að fyrsti fimmtungurinn verði felldur niður við upphaf næsta fiskveiðiárs og síðan árlega koll af kolli.
7. Veiðiheimildum, sem losna undan kvótaúthlutun samkvæmt ofanrituðu, aukningu á leyfilegu veiðimagni samkvæmt nýrri kvótasetningu og nýjum tegundum, sem teknar yrðu undir kvótasetningu, yrði annars vegar úthlutað með því að bjóða veiðiheimildir upp á opnum tilboðsmarkaði á vegum ríkisins og hæstu boð látin ráða og hins vegar með greiðslu aflagjalds hjá strandveiðiflotanum. Fyrstu tvö ár hins nýja kerfis skal leyfilegt heildarmagn þorsks aukið um 100.000 tonn hvort ár umfram það sem nú gildir.
8. Öll framkvæmd umskiptanna frá gömlu kerfi yfir í hið nýja væri í höndum sjálfstæðrar þriggja manna stjórnarnefndar óvilhallra manna sem Hæstiréttur tilnefndi en sækti umboð sitt beint til Alþingis. Stjórnarnefndin hefði bæði víðtækt úrskurðarvald um ágreiningsefni og lagaskyldu til að ráðleggja sjávarútvegsráðherra og eftir atvikum Alþingi um vandamál, sem ráðherra eða Alþingi þyrfti að taka á, í framkvæmd hinnar nýju stefnu. Stjórnarnefndin hefði enn fremur víðtækt ákvörðunarvald um ýmis atriði framkvæmdar hinnar nýju stefnu, sbr. það sem hér fer á eftir. Þá skal nefndin gera tillögu um hvernig

þeim útgerðum, sem mestu hafa varið hlutfallslega til kaupa veiðiheimilda á undanförnum árum, verði forðað frá áföllum þegar kerfið er afnumið.

9. Uppboð á veiðiheimildum fer ekki einungis fram undir stjórn stjórnarnefndar hinnar nýju fiskveiðistjórnarstefnu, heldur hefði hún til þess heimildir að koma í veg fyrir að hóflausum yfirboðum stórútgerða yrði tekið, sem og heimildir til þess að einstakar sjávarbyggðir yrðu ekki útundan í slíkum útboðum þótt raunverulegt markaðsverð yrði að ráða í slíkum viðskiptum. Komi til þess í uppboðum á veiðiheimildum og í hinum frjálsu veiðum strandveiðiflotans að ójafnvægi myndist milli hinna þriggja hluta flotans verði heimild til að skipta aflamagninu milli strandveiðiflotans og hinna hlutanna tveggja. Æskileg skipting aflamagns verði í samræmi við þá fisktegund, sem mest er veidd hverju sinni af viðkomandi útgerðarflokki, eftir veiðarfærum, t.d. karfi og grálúða í troll.
10. Í mótun hins nýja fiskveiðistjórnkerfis verði hverjum áðurnefndra útgerðarflokka afmörkuð veiðislóð í sem bestu samræmi við það hverjum hluta flotans hentar best að nýta veiðislóðina með hagkvæmum og vistvænum hætti.

    Við endanlega röðun í strandveiðiflota dagróðrarbáta með kyrrstæð veiðarfæri, línu, handfæri og net, þarf að skilgreina hvar sá floti hefur forgang. Strandveiðiflotanum sem stundar veiðar með togveiðarfærum á grunnslóð, dragnót og botnvörpu (rækjuvörpu), þarf einnig að marka ramma líkt og gert er í dag með veiðisvæðaskiptingu.
11. Til að tryggja hagsmuni strandveiðiflotans og hinna dreifðu sjávarbyggða, sem og til að gera útboð veiðiheimilda viðráðanlegri með fækkun bjóðenda, er lagt til að strandveiðiflotinn taki ekki þátt í uppboðum veiðiheimilda, heldur hafi frjálsa sókn á þeim svæðum sem honum eru mörkuð, en greiði við löndun hverju sinni fjárhæð á hvert kíló kvótasetts fisks, að hámarki 15% af mánaðarlegu meðalverði á fiskmörkuðum. Stjórnarnefndinni væri þó heimilt að lækka þessa prósentu með hliðsjón af markaðsverði í útboði aflaheimilda. Aflagjald strandveiðiflotans renni til uppbyggingar í viðkomandi byggðarlögum. Landað magn strandveiðiflotans með þessum hætti drægist jafnharðan frá hinu leyfða aflamagni eins og það hafi verið selt á markaðnum.
12. Útboð fari fram á opnum tilboðsmarkaði allt árið og heimildir leigðar til eins árs í senn. Ef heimildir fiskveiðiárs samkvæmt kvótasetningu þess þrýtur geta fiskiskip einungis einbeitt sér að veiðum tegunda sem eru utan kvótasetningar. Kvótasettur afli, sem skip hefur ekki leigt rétt fyrir, skal fluttur að landi, seldur fyrir hæsta fáanlegt verð og aflaverðmætinu skipt eftir reglum um lágverðsafla, sbr. næstu málsgrein.
13. Gert er ráð fyrir skyldu til að allur afli, sem á skip kemur, verði fluttur í land. Til að tryggja þetta og búa til hvata fyrir sjómenn og útgerðir til að sinna þessari lagaskyldu, þvert ofan í það sem núgildandi kerfi gerir, er gert ráð fyrir að slíkur lágverðsafli verði seldur á hæsta fáanlegu verði og andvirðinu skipt til helminga milli sérstaks brottkastsjóðs annars vegar en skips og áhafnar hins vegar. Reglunni er ætlað að ná því jafnvægi í þessum skiptum að hvatningin sé næg til að komið sé með fiskinn í land, en ekki svo mikil að slíkur veiðiskapur verði stundaður sem viðvarandi útgerð.
14. Veiðar má hver sá stunda sem fullnægir skilyrðum til að veiða innan íslenskrar fiskveiðilögsögu og leyst hefur til sín skriflegt veiðileyfi fyrir tiltekið fiskiskip gegn árlegu gjaldi sem ákveðið er með lögunum.
15. Til framkvæmdar slíkrar fiskveiðistjórnar þyrfti að þróa gátkerfi Fiskistofu til að áreiðanleg sískráning náist á öllum þeim upplýsingum sem halda þarf utan um til reikningshalds og reikningagerðar. Lög þyrftu enn fremur að fela í sér hvöss ákvæði um viðurlög við brotum, hvort heldur er af hálfu áhafna, útgerða eða eftirlitsmanna. Þetta er því

brýnna nú sem hið nýja fiskveiðistjórnarkerfi felur í sér sanngjarnt fyrirkomulag, en knýr menn ekki til að brjóta lögin eins og gildandi kerfi sannarlega gerir.

Við í Frjálslynda flokknum teljum að vænlegt sé að nálgast það vandasama verk að búa hér til nýtt og betra fiskveiðistjórnarkerfi, sem uppfylli jafnræðisákvæði stjórnarskrár og tryggi jafnan atvinnurétt fólksins í þessu landi, eftir þeirri leiðarlýsingu sem við höfum gefið í þessari greinargerð. Það skal líka tekið fram að okkur er það kappsmál að vinna málið með öðrum stjórnmála- og hagsmunaaðilum, hafi þeir vilja til verksins. Við álítum sem sagt ekki að það sem við setjum fram sé heilagt og fáist ekki breytt í samstarfi við aðra. Öllum hlýtur hins vegar að vera orðið ljóst að núverandi braskkerfi sem grefur undan byggð í landinu og flýtir fyrir flótta fólks af landsbyggðinni er ekki leið sem við viljum byggja á, enda brýtur kvótabraskkerfið öll gildi sem Frjálslyndi flokkurinn heldur í heiðri. Við viljum að sátt ríki í landinu og að réttur fólksins sé í öndvegi.

Fylgiskjal II.

Kafli úr málefnabók Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs um áherslur í sjávarútvegsmálum.

Vinstri hreyfingin — grænt framboð telur brýnt að gera grundvallarbreytingar á fyrirkomulagi fiskveiðistjórnunar og móta heildstæða sjávarútvegsstefnu. Í því samhengi er mikilvægt að aðgreina í umræðunni fyrirkomulagsatriði eins og leigu og sölu aflaheimilda í kvótakerfi annars vegar og hins vegar verndunaraðgerðir og fiskveiðistjórnarmarkmið byggð á áliti vísindamanna auk upplýsinga frá atvinnugreininni sjálfri. Mikilvægt er að landsmenn nái að sameinast um farsæl markmið í sjávarútvegsmálum og meginlínur sem þróun greinarinnar fylgi á komandi árum. Setja á tímamörk inn í gildistíma laga um stjórn fiskveiða og ljúka heildarendurskoðun þeirra innan tveggja ára. Meðal mikilvægustu markmiða í þessum efnum eru:

- Auðlindir sjávar verði raunveruleg sameign þjóðarinnar og einstökum byggðarlögum tryggður réttlátur skerfur veiðiheimilda og viðunandi öryggi.
- Sjávarútvegurinn aðlagi sig markmiðum sjálfbærrar þróunar og vinni markvisst að því að bæta umgengni um náttúruna og lífríkið, þ.e. einstaka nytjastofna, vistkerfi hafsbotnsins og hafsbotninn sjálfan.
- Sjávarútvegsstefnan treysti byggð og efli atvinnu í landinu öllu ásamt því að stuðla að aukinni fullvinnslu framleiðslunnar og þar með aukinni verðmætasköpun og hámarksafrakstri auðlindanna innanlands.
- Sjávarútvegsstefnan stuðli að réttlátri og jafnri skiptingu gæðanna ásamt jöfnum og góðum lífskjörum þeirra sem við greinina starfa og veita henni þjónustu. Markmiðið er að afraksturinn af nýtingu sameiginlegra auðlinda dreifist með réttlátum hætti til landsmanna allra.
- Sjávarútvegurinn, ekki síst fiskvinnslan, þróist og verði fær um að bjóða vel launuð og eftirsóknarverð störf og standa sig í samkeppni við aðrar atvinnugreinar hvað launakjör, starfsaðstæður, vinnuumhverfi og aðra slíka þætti snertir.

Til að ná fram markmiðum farsællar og réttlátrar sjávarútvegsstefnu telur Vinstri hreyfingin — grænt framboð að grípa þurfi m.a. til eftirfarandi aðgerða:

1. Efla smábáta- og bátaútgerð á nýjan leik. Láta slíka útgerð njóta aukins forgangs á grunnmiðum næst landinu og hvetja um leið til notkunar vistvænna veiðiaðferða, orku-

sparnaðar og umhverfisvænnar þróunar greinarinnar. Kostir þessarar útgerðar eru einnig þeir að oft er um að ræða einyrkja og fjölskyldufyrirtæki og þannig viðhelst fjölbreytni í greininni, nýliðun á sér frekar stað o.s.frv. Gera á tilraun með fyrirkomulag þar sem mönnum gefst kostur á að sanna getu sína sem dugandi veiðimenn á smábátum yfir sumartímann og öðlast þannig smátt og smátt tiltekna reynslu innan fiskveiðistjórnunarkerfisins.

Til að ná fram slíkri þróun er nauðsynlegt að skilgreina báta- og smábátaútgerðina og þann hluta flotans sem stundar dagróðra á grunnslóðinni sem sérstakan aðskilinn hluta innan sjávarútvegsins. Til álita kemur að setja girðingar inn í kerfið sem hindra eftirleiðis að veiðiréttur færist af smábátum og meðalstórum bátum upp á stærri skip. Tímabundið kæmi til greina að um væri að ræða eins konar einstefnuloka sem þýddi að minni bátar gætu fengið til sín veiðiheimildir af stærri skipum en þær gætu ekki færst í gagnstæða átt. Samhliða þessu þarf að stokka algerlega upp veiðistjórn þessa hluta flotans og koma á einföldum samræmdum reglum.

2. Til að ná fram markmiðum um að sjávarútvegsstefnan styrki byggð við sjávarsíðuna hringinn í kringum landið kemur til álita að byggðatengja að einhverju leyti réttindi til veiða a.m.k. rétt til nýtingar grunnmiðanna næst landinu. Byggð við sjávarsíðuna í sveitum landsins á að treysta með því að tengja við búsetu á jörðunum tiltekinn nýtingarrétt í samræmi við sögulegar nytjar af sjávarfangi. Efling bátaútgerðar almennt, sbr. tölul. 1 og efling fiskvinnslunnar væru jafnframt liður í að treysta stöðu byggðarlaganna.
3. Stórauka rannsóknir á staðbundnum stofnum og deilistofnum. Eðlilegt er að nýtingarréttur staðbundinna stofna sé, þegar eða ef forsendur hafa skapast til slíkrar aðgreiningar, tengdur viðkomandi byggðarlögum eins og fordæmi eru fyrir.
4. Þegar í stað verði tekið á öðrum þáttum sjávarútvegsmálanna sem óréttlæti valda. Má þar einkum nefna samþjöppun veiðiheimilda og auðsöfnun einstakra aðila:
   a. Veiðiréttirinn verði hreinn afnotaréttur, háður m.a. þeim byggðapólitísku og umhverfislegu skilyrðum og takmörkunum sem stjórnvöld kjósa að setja.
   b. Meðan framseljanleg veiðiréttindi eru hluti af fyrirkomulagi fiskveiðistjórnunar, verði söluhagnaður veiðiheimilda gerður upptækur gegnum skattkerfið.
   c. Leiga veiðiheimilda eða fénýting án þess að viðkomandi nýti þær sjálfur verði bönnuð, en leyfð jöfn skipti, geymsla á ónýttum rétti innan vissra marka og undanþágur veittar fyrir leigu, ef um meiri háttar frátafir er að ræða vegna bilana eða endurnýjunar skipa.
   d. Reglur um frádrátt frá skattgreiðslum vegna taprekstrar frá liðinni tíð verði hertar og stuðlað að eðlilegum skattgreiðslum sjávarútvegsfyrirtækja af hagnaði.
   e. Settar verði reglur um að heimilt verði að landa tilteknum meðafla utan kvóta samfara því að stórhert verði viðurlög við því að henda fiski. Brýna nauðsyn ber til að grípa til slíkra aðgerða til að bæta umgengni um auðlindina og fyrirbyggja að fiski sé í miklum mæli hent í sjóinn.
   f. Vinnsluskip verði skylduð til að koma með allan nýtanlegan úrgang að landi.
5. Staða fiskvinnslunnar verði treyst og stuðlað að aukinni úrvinnslu og fullvinnslu sjávarafurða með markvissum aðgerðum. Skoðaður verði aðstöðumunur landvinnslu og sjóvinnslu og hann jafnaður. Einnig verði sett sú regla að allur fiskur, sem ekki er veiddur og unninn í beinu framhaldi af sama aðila, skuli settur á markað. Verð á þeim fiski sem landað er beint í hús skal taka mið af markaðsverði. Með því móti hafa allir fiskverkendur jafnari aðgang að hráefni og kaup og kjör sjómanna taka mið af raunverulegu markaðsverði.

6. Teknar verði til hliðar veiðiheimildir í sérstakan viðlagasjóð til að mæta áföllum í einstökum byggðarlögum og jafna út sveiflur.
7. Efla þarf samvinnu vísindamanna og annarra sem koma að fiskveiðum og vinnslu þegar kemur að ákvörðunum sem varða hámarksafla einstakra fisktegunda.
8. Efla þarf alhliða menntun sem snýr að sjósókn og fiskvinnslu og færa þá fræðslu meira inn í skólakerfið. Fagmenntun verði viðurkennd í ráðningarsamningum sem liður í að efla framleiðni og vöruvöndun og auka gæði, sem aftur leiðir til bættra kjara sjómanna og landverkafólks.

24. Tillaga til þingsályktunar [24. mál]

um þátttöku Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Sighvatur Björgvinsson,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Gísli S. Einarsson, Rannveig Guðmundsdóttir,
Sigríður Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að Ísland verði aftur aðili að Alþjóðahvalveiðiráðinu. Mótmæli Alþingis við hvalveiðibanni yrðu hluti þeirra ráðstafana.

Greinargerð.

Ísland gerðist aðili að alþjóðasáttmálanum um skipan hvalveiða árið 1948 en sagði aðildinni upp, sem jafngilti úrsögn úr Alþjóðahvalveiðiráðinu, árið 1991 á þeim forsendum að ráðið starfaði ekki í samræmi við sáttmálann.

Árið 1982 samþykkti Alþjóðahvalveiðiráðið tímabundna stöðvun hvalveiða í atvinnuskyni frá ársbyrjun 1986. Það bann skyldi síðan endurskoðað í ljósi þess mats sem lægi fyrir á ástandi hvalastofna árið 1990. Vísindaveiðar Íslendinga voru í raun framlag til þess að slíkt mat gæti orðið sem áreiðanlegast og lauk þeim árið 1989. Síðan þá hefur ekki verið veiddur hvalur við Ísland því að þrátt fyrir að vísindanefnd ráðsins samþykkti á grundvelli rannsóknanna að tilteknir hvalastofnar þyldu takmarkaðar veiðar ákvað meiri hluti ráðsins að endurskoða ekki veiðibannið. Alþingi samþykkti með naumum meiri hluta árið 1983 að nýta ekki rétt landsins til að gera fyrirvara við samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um tímabundna stöðvun veiða í atvinnuskyni.

Þótt Ísland hafi sagt sig úr ráðinu á þeim forsendum að vera þess í ráðinu kæmi í veg fyrir sjálfbæra nýtingu hvalastofna og þrátt fyrir tilraun til að skapa möguleika á að hefja að nýju hvalveiðar í samtökum með Norðmönnum, Grænlendingum og Færeyingum, NAMMCO, hafa hvalveiðar ekki hafist enn. Íslenskir vísindamenn telja þó að hvalastofnar við Ísland séu í vexti, enginn þeirra sé í útrýmingarhættu og einhverjir þoli í raun sambærilegar veiðar og voru stundaðar fram að gildistöku hvalveiðibannsins.

Í greinargerð með þingsályktunartillögu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar frá 1994 um hvalveiðar kom fram að ef Íslendingar hæfu aftur hvalveiðar tækju eftirlitsreglur óhjákvæmilega mið af umfjöllun hvalveiðiráðsins og þeim ákvörðunum sem þar væru teknar. Í hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna og einnig í framkvæmdaáætlun Ríó-ráðstefnunnar er mælt fyrir um skyldu ríkja til samstarfs í þessum efnum og 65. gr. hafréttarsamningsins fjallar sérstaklega um þessar skyldur hvað varðar sjávarspendýr. Þar segir að ríki „skuli starfa saman

með verndun sjávarspendýra í huga og skuli hvað hvali snertir einkum starfa á vettvangi viðeigandi alþjóðastofnana að verndun og stjórnun þeirra og rannsóknum á þeim".

Þegar Ísland sagði sig úr ráðinu á sínum tíma var álitið að fleiri ríki fylgdu því fordæmi. Það gerðist ekki. Noregur sem er eina fullvalda ríkið ásamt okkur í NAMMCO hefur haldið áfram að starfa innan Alþjóðahvalveiðiráðsins og stundar hrefnuveiðar í skjóli þess. Ekki eru líkur á að Norðmenn yfirgefi Alþjóðahvalveiðiráðið, enda virðast þeir telja að staða þeirra væri mun verri utan ráðsins. Þeir hafa m.a. bent á það sem merki um viðhorfsbreytingar í ráðinu að þeir skuli komast upp með að hefja hvalveiðar að nýju. Sé litið til stöðu Norðmanna virðist einsýnt að hagsmunum okkar væri betur borgið með því að vera einnig í ráðinu. Japanir stunda einnig veiðar í vísindaskyni. Þær veiðar fara fram þrátt fyrir veru þeirra í Alþjóðahvalveiðiráðinu og eru löglegar samkvæmt sáttmálanum rétt eins og vísindaveiðar okkar á sínum tíma.

Ekki er nóg að veiða, það þarf líka að selja, en allt er óljóst um sölu hvalaafurða. Í utandagskrárumræðu vorið 1996 kom fram í máli sjávarútvegsráðherra að því miður væri það staðreynd að eins og sakir stæðu væri ekki kostur á að flytja hvalaafurðir úr landi en lengi hefði legið fyrir að við gætum ekki selt Japönum hvalaafurðir þó að við hæfum veiðar á meðan við stæðum utan ráðsins. Samþykkt ráðsins frá áttunda áratugnum bannar að lönd innan ráðsins kaupi hvalaafurðir af ríkjum utan þess. Einnig hafa verið gerðar samþykktir sem lúta að verslun með skotfæri til hvalveiða.

Þrátt fyrir að við stöndum nú utan ráðsins og séum þar með ekki formlega bundin af ákvörðunum þess um veiðibann, þrátt fyrir að vísindamenn, bæði á Hafrannsóknastofnun og á vegum NAMMCO, telji að líffræðilegar forsendur séu ákjósanlegar varðandi veiðar og sjálfbæra nýtingu hvalastofnanna og þess vegna hægt að hrinda stefnu Íslands í framkvæmd, þrátt fyrir skýrslur á skýrslur ofan með fyrirheitum um hvalveiðar, ef ekki í ár þá á næsta ári, og þrátt fyrir umræður og heitingar á Alþingi og þrátt fyrir ályktun Alþingis frá mars 1999 þar sem segir að „hefja skuli hið fyrsta hvalveiðar hér við land", en sú tillaga gerði upphaflega ráð fyrir því að hvalveiðar yrðu hafnar árið 1999, þá veiðum við ekki hval. Augljóst er því að þrátt fyrir meinta ástæðu úrsagnar okkar úr Alþjóðahvalveiðiráðinu, sem var sú að afstaða ráðsins til hvalveiða byggðist ekki á vísindalegum forsendum heldur pólitískum, ræður pólitísk afstaða ráðsins einnig ákvörðunum og gerðum okkar utan ráðsins. Annað er ekki hægt að álykta af aðgerðaleysi íslenskra stjórnvalda í öll þessi ár.

Rökin fyrir því að standa utan ráðsins eru harla léttvæg í ljósi þess að við allar ákvarðanir verður að taka tillit til stefnumótunar ráðsins, hversu óvísindaleg sem hún kann að vera. Hvort sem við stöndum utan ráðsins eða innan virðumst við bundin af ákvörðunum þess. Möguleikar til að hafa áhrif á stefnu þess eru mestir ef við eigum þar sæti því að ráðið er og verður um fyrirsjáanlega framtíð helsti vettvangur umræðu um hvalveiðar, og baráttu fyrir því að hvalveiðar verði hafnar á ný. Þar sitja enn fulltrúar helstu hvalveiðiþjóðanna og einnig þeirra þjóða sem hafna hvalveiðum í atvinnuskyni og þar er barátttan háð um þessi mál.

Alþingi samþykkti með naumum meiri hluta árið 1983 að nýta ekki rétt landsins til að gera fyrirvara við samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um tímabundna stöðvun veiða í atvinnuskyni, svokallaðan núllkvóta, en slíkur fyrirvari hefði þýtt að Ísland hefði ekki verið bundið af samþykktum ráðsins. Sem lið í þeirri ákvörðun að ganga aftur í ráðið yrði Alþingi að samþykkja að gera slíkan fyrirvara, þ.e. að mótmæla banni við hvalveiðum, og yrði það liður í þeim ráðstöfunum sem samþykkt þessarar ályktunar felur í sér. Ekki liggur óyggjandi fyrir hvort unnt er að ganga í alþjóðasamtök með fyrirvara en á það yrði að reyna sem og á velvilja þeirra þjóða sem vilja fá okkur aftur í ráðið eða hafa skilning á stöðu okkar.

Það hefði verið eðlilegt að í tengslum við afgreiðslu þeirrar þingsályktunatillögu um hvalveiðar sem afgreidd var í mars 1999 að jafnframt væri fjallað um tengsl Íslands við Alþjóðahvalveiðiráðið. Til stuðnings þeirri skoðun má nefna að í bréfi starfshóps sem skipaður var 1996 til að undirbúa tillögu til þingsályktunar um hvalveiðar Íslendinga kemur fram að Alþjóðahvalveiðiráðið (IWC) sé helsti vettvangur umræðu um hvalveiðar og baráttu fyrir endurupptöku þeirra. Jafnframt taldi starfshópurinn rétt að kanna hvaða möguleika endurnýjuð aðild Íslands að Alþjóðahvalveiðiráðinu kynni að hafa í för með sér.

Alþingi þarf að gera þessi mál upp við sig. Því er þessi tillaga nú flutt á nýjan leik en tillaga sama efnis var fyrst flutt á 121. þingi og síðan á 123. þingi en varð í hvorugt skiptið útrædd.

25. Frumvarp til laga [25. mál]

um breyting á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Jóhann Ársælsson, Lúðvík Bergvinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Orðin „eða eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi“ í 1. tölul. 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. 1. tölul. fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir því að um fiskiðnað gildi almennt sömu reglur og annan iðnað hvað varðar fjárfestingar erlendra aðila. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á gildandi lögum um útgerð.

Samkvæmt gildandi lögum um fjárfestingar erlendra aðila er þeim heimilt að eiga óbeinan hlut í íslenskum sjávarútvegi og ekki er gerður greinarmunur á veiðum og vinnslu nema að því er varðar tiltekna vinnsluþætti. Heimild til óbeinnar eignaraðildar var lögfest til að laga lögin að veruleikanum, en vitað var um óbeina eignaraðild erlendra fyrirtækja í sjávarútvegsfyrirtækjum og ekki var talið ráðlegt að fylgja fortakslausu banni eftir, eins og þágildandi lög gerðu ráð fyrir. Með því að heimila einungis óbeina eignaraðild voru því engir nýir möguleikar opnaðir.

Með heimild til beinna fjárfestinga erlendra aðila í íslenskum fiskiðnaði, eins og í öðrum matvælaiðnaði, geta skapast ýmsir nýir möguleikar og sóknarfæri fyrir fiskvinnsluna. Jafnframt má ætla að ný sóknarfæri kynnu að skapast fyrir annan matvælaiðnað þar sem mjög er nú sóst eftir samstarfi við erlend fyrirtæki. Þekking erlendra aðila á Íslandi er lítil, hvort sem um er að ræða aðila í matvælaframleiðslu eða fjárfesta, en mestar líkur eru á að þekking þeirra tengist sjávarútvegi í einhverri mynd. Heimild til beinnar þátttöku í fiskiðnaði gæti því laðað að aðila sem síðar, eða jafnframt, vildu gerast þátttakendur í öðrum matvælaiðnaði.

Erlendir aðilar geta keypt fisk á innlendum mörkuðum en mega ekki taka þátt í vinnslu hans nema að mjög takmörkuðu leyti. Breyting í þá veru að heimilt yrði að fjárfesta beint í fiskvinnslu þýddi því ekki útflutning hráefnis miðað við reynslu okkar heldur gæti sú skipan mála eflt frekari vinnslu hérlendis.

Fjölmörg veigamikil rök eru fyrir því að gera þessa breytingu á lögunum:

— Óeðlilegt er að mismuna fyrirtækjum í matvælaiðnaði eftir því í hvaða grein þau eru.
— Mörg dæmi eru um fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum atvinnurekstri og slík eignaraðild hefur styrkt íslenskt atvinnulíf.
— Lengi hefur verið stefna stjórnvalda að fá erlenda aðila til að fjárfesta meira í íslensku atvinnulífi. Það hefur helst gengið í stóriðju hingað til en lítið verið um fjárfestingar í öðrum greinum.
— Eignatengsl Íslendinga og útlendinga í fiskvinnslufyrirtækjum geta örvað markaðsstarf og leitt til nýsköpunar.
— Fiskiðnaðurinn gæti sótt sér áhættufé og yrði þá ekki eins háður erlendu lánsfé.
— Samstarf við erlenda aðila með þátttöku þeirra í uppbyggingu fiskiðnaðar á Íslandi færi fram fyrir opnum tjöldum og samkvæmt eðlilegum leikreglum.
— Íslendingar hafa fjárfest mikið í sjávarútvegi erlendis. Þróunin hefur verið sú að fyrirtæki verði til þvert á landamæri ef atvinnurekstur og þjóðfélag hefur hag af.
— Heimild til beinna fjárfestinga og þátttöku í fiskiðnaði getur verið lykill að frekari fjárfestingum í öðrum greinum. Þá geta orðið til hliðarfyrirtæki með nýjum umsvifum.
— Lagabreyting sem þessi mundi styrkja samkeppnisstöðu Íslands.

Ekki er um það að ræða að verið sé að skylda aðila til að aðskilja veiðar og vinnslu þótt óbreytt lög mundu gilda um útgerðarþáttinn. Ætlunin er eingöngu að bjóða upp á þann valkost að ef fyrirtækin vilja efna til samstarfs við erlenda aðila um fiskvinnslu þá sé það heimilt og að ekki þurfi að fara kringum lögin. Þau fyrirtæki sem reka útgerð mundu þá stofna sérstakt fyrirtæki um þann vinnsluþátt sem þau hyggjast efna til samstarfs um.

Í núgildandi lögum eru eftirtaldar vinnsluaðferðir þegar undanþegnar sérstökum takmörkunum: reyking, súrsun, niðursuða, niðurlagning og umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu. Ef frumvarp þetta yrði að lögum yrði jafnframt heimilt að erlendir aðilar fjárfestu í frystingu, söltun, herslu, bræðslu og mjölvinnslu.

Þar sem sumar vinnsluaðferðir eru nú þegar undanþegnar lögunum um fjárfestingu erlendra aðila en í öðrum má eignaraðild einungis vera óbein verður framkvæmd laganna bæði flókin og erfið. Aðilar beina jafnvel samstarfinu í allt annan farveg en æskilegt væri þar sem erfitt getur verið að skipta vinnslunni upp eftir einstökum þáttum.

Íslendingar hafa undanfarin ár afnumið sérstakar hömlur fyrir erlenda fjárfesta hérlendis á flestum sviðum. Afnám sérstakra takmarkana í fiskvinnslu er eðlilegt framhald þeirrar stefnu.

Í frumvarpinu er lagt til að orðin „eða eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi“ í 4. gr. laganna falli brott en með því ná takmarkanir við fjárfestingu erlendra aðila aðeins til útgerðar. Enn fremur er felld niður skilgreining á vinnslu sjávarafurða sem lýtur sérstökum takmörkunum.

Frumvarp sama efnis var flutt á 121. og 125. þingi en varð ekki útrætt og er því endurflutt nú.

26. Frumvarp til laga [26. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Einar Már Sigurðarson, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Ef aðrar tekjur ellilífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga fara ekki fram úr 402.852 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að upphæð 375.756 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar aðrar tekjur umfram 402.852 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna hans sem umfram eru.

Ef aðrar tekjur örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga fara ekki fram úr 402.852 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að upphæð 375.756 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar aðrar tekjur umfram 402.852 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Um tekjutryggingu samkvæmt þessari grein gilda ákvæði 11. gr. eftir því sem við á.

Tekjur maka hafa ekki áhrif á tekjutryggingu lífeyrisþega. Hjónum sem bæði eru lífeyrisþegar er heimilt að nýta ónýtt frítekjumark hvort annars.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að tekjutenging tekjutryggingar lífeyrisþega við tekjur maka hans verði afnumin. Tekjutenging er því aðeins við hans eigin tekjur. Gert er ráð fyrir að millifæra megi frítekjumark hjóna sem bæði eru lífeyrisþegar, þ.e. að þau geti nýtt frítekjumark hvort annars, nýti annað þeirra það ekki að fullu. Fjárhæðir í frumvarpinu eru fengnar frá Tryggingastofnun ríkisins og miðast við 1. september 2000.

Það er réttlætismál að sá sem ekki getur séð sér farborða með því að vinna fyrir sér fái lágmarksframfærslu úr sameiginlegum sjóðum velferðarkerfisins. Þeir sem missa atvinnuna fá greiddar atvinnuleysisbætur óháð tekjum maka. Sama gildir ekki um lífeyrisþega. Eins og málum er nú háttað skerða tekjur maka lífeyrisgreiðslur. Heimild fyrir þessari skerðingu var sett inn í almannatryggingalögin 1998 um leið og skerðingarmörk gagnvart tekjum maka voru hækkuð. Þau voru aftur hækkuð í september 2000. Áður var skerðingarreglan í reglugerð. Öryrkjabandalag Íslands höfðaði mál gegn Tryggingastofnun ríkisins þar sem það taldi að Tryggingastofnun hefði verið óheimilt að skerða tekjutryggingu öryrkja vegna tekna maka frá 1995. Niðurstaða héraðsdóms Reykjavíkur lá fyrir í lok síðasta árs en um það hvort Tryggingastofnun hafi verið heimilt að skerða tekjutrygginguna vegna tekna maka eftir laga-

breytinguna á 17. gr. laganna frá 1998 ríkir aftur á móti réttaróvissa þar sem dómarar í málinu voru ekki á einu máli þar um.

Ákvæði þessarar skerðingarreglu hafa í för með sér að fjölskyldur lífeyrisþega lenda í fátæktargildru jaðarskattanna þar sem tekjur maka, auk tekna lífeyrisþegans sjálfs, geta skert tekjutryggingu hans. Ekki er nóg með að tekjutenging þessi sé andstæð eðli almannatrygginga heldur virðist einnig um að ræða brot á 65. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir í 1. mgr.: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti."

Lífeyrisþegum er með þessari skerðingarreglu mismunað eftir hjúskaparstöðu. Fólki á vinnualdri er einnig mismunað eftir því hvort það á við atvinnuleysi eða heilsubrest að stríða. Slík mismunun hlýtur að teljast andstæð anda stjórnarskrárinnar.

Tekjutengingin virðist einnig brjóta gegn 11. gr. stjórnsýslulaganna, nr. 37/1993, þar sem segir að stjórnvöld skuli gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti og að þeim sé beinlínis óheimilt að mismuna aðilum á grundvelli þjóðfélagsstöðu eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Hér virðast lög vera brotin, ekki ein heldur fleiri, á þeim sem síst skyldi og geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér.

Við meðferð frumvarps til laga um almannatryggingar árið 1935, þeirra fyrstu sem sett voru, kom fram í nefndaráliti að gert væri ráð fyrir að í þeim fælist hrein persónutrygging. Samkvæmt því er það andstætt tilgangi og markmiði laganna að færa tryggingarskylduna yfir á maka og að hið opinbera firri sig ábyrgð ef lífeyrisþeginn er í hjónabandi eða sambúð.

Þá stríðir þetta gegn mannréttindasáttmálum og alþjóðasamningum sem Íslendingar hafa skuldbundið sig til að virða. Í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, sem samþykkt var á allsherjarþinginu 10. desember 1948, segir í inngangsorðum: „Það ber að viðurkenna að hver maður sé jafnborinn til virðingar og réttinda, er eigi verði af honum tekin, og er þetta undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum." Í 2. gr. sáttmálans segir einnig: „Hver maður skal eiga kröfu á réttindum þeim og því frjálsræði, sem fólgin eru í yfirlýsingu þessari, og skal þar engan greinarmun gera vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna." Í 16. gr. er fjallað um jafnrétti til hjúskapar og stofnunar fjölskyldu og er þar sérstaklega kveðið á um hlutverk fjölskyldunnar og skyldur ríkisins gagnvart henni. Þar segir m.a.: „Fjölskyldan er í eðli sínu frumeining þjóðfélagsins og ber þjóðfélagi og ríki að vernda hana." Í 25. gr. sáttmálans segir enn fremur: „Hver maður á kröfu til lífskjara, sem nauðsynleg eru til verndar heilsu og vellíðan hans sjálfs og fjölskyldu hans. Telst þar til matur, klæðnaður, húsnæði, læknishjálp og nauðsynleg félagshjálp, svo og réttindi til öryggis gegn atvinnuleysi, veikindum, örorku, fyrirvinnumissi, elli eða öðrum áföllum sem skorti valda og að fötluðum sé ekki mismunað með lögum hvað varðar kynferðissambönd, hjónaband og barneignir." Núgildandi lagagrein, sem kveður á um að tekjur maka skerði tekjutryggingu lífeyrisþega, grefur undan hjónabandinu og möguleikum lífeyrisþega til að hefja sambúð og stofna fjölskyldu. Unnt er að leiðrétta þetta með samþykkt þessa frumvarps.

Í bók Stefáns Ólafssonar prófessors, Íslenska leiðin, um íslenska velferðarkerfið, segir um þessa tekjutengingu (bls. 273): „Þá er önnur beiting skerðingarreglna í almannatryggingakerfinu á Íslandi einnig fátíð, en það er skerðing lífeyris öryrkja vegna tekna maka þeirra. Sú regla er arfleifð gömlu fátækraaðstoðarinnar frá fyrri öldum, þar sem framfærsluskylda var lögð á fjölskylduna eða ættingja í heild, áður en til fátækraaðstoðar gæti komið, með tilheyrandi athugun á þörf og því hvort hinn fátæki verðskuldaði aðstoðina.

Hugmyndafræði almannatrygginga, sem leysti gömlu fátækraaðstoðina að mestu af hólmi á 20. öldinni, gengur gegn þessari hugsun að örorkulífeyrisþegi hafi ekki fullan borgararétt og beri skarðan framfærslurétt ef maki hans hefur einhverjar tekjur, eins og fram kom í fyrstu tveimur köflunum í þessari bók. Þess vegna hafa vestrænar þjóðir horfið frá slíkri framkvæmd almannatrygginga nú á dögum. Framkvæmd þessarar reglu á Íslandi rýrir mjög kjör þeirra öryrkja sem fyrir verða, samkvæmt mati OECD á kjarastöðu lífeyrisþega í aðildarríkjunum, og það kemur einnig fram í skýrslu forsætisráðherra vorið 1999 um stöðu öryrkja. En félagsleg og sálræn áhrif slíks fyrirkomulags eru þó enn alvarlegri því öryrki í slíkri stöðu er að hluta rændur sjálfstæði sínu og mannlegri reisn."

Greiðslur til lífeyrisþega, ekki síst öryrkja, skulu vera óháðar tekjum maka þeirra. Þannig styðjum við best við bakið á því fólki sem verst er statt í samfélaginu og einnig við grunneiningu þjóðfélagsins, fjölskylduna. Einnig er ástæða til að benda á að lífeyrisþegi í hjónabandi eða sambúð á ekki rétt á heimilisuppbótum allt að 21.688 kr. á mánuði, sem hann ætti rétt á byggi hann einn. Þannig er lífeyrisþegi í hjónabandi eða sambúð með lægri almannatryggingagreiðslur, eða þriðjungi lægri en einhleypingur, auk þess sem tekjur maka skerða tekjutryggingu hans. Hér er því lagt til að sett verði í almannatryggingalögin ákvæði sem felur í sér að tekjur maka skuli ekki hafa áhrif á tekjutryggingu lífeyrisþega.

Einnig er lagt til í frumvarpi þessu að upphæð tekjutryggingar og frítekjumark verði það sama fyrir aldraða og öryrkja og eru upphæðir miðaðar við tekjutryggingu öryrkja í dag sem er heldur hærri en hjá öldruðum. Flutningsmenn telja það óeðlilegt að almannatryggingagreiðslur öryrkja lækki við það eitt að hann verður 67 ára og hefur töku ellilífeyris. Fyrsti flutningsmaður þessa frumvarps flutti um það sérstakt frumvarp á 122. löggjafarþingi en það náði ekki fram að ganga. Breyting á lögunum til að afnema tekjutengingu við tekjur maka var lögð fram nokkrum sinnum á síðasta kjörtímabili en náði ekki fram að ganga. Þingmenn Samfylkingarinnar lögðu frumvarp þetta fram á 125. þingi en það kom ekki til umræðu.

27. Frumvarp til laga [27. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Jóhann Ársælsson, Bryndís Hlöðversdóttir.

1. gr.

6. og 8. mgr. 17. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þeir aðilar sem selt hafa hlutabréf fyrir gildistöku laga þessara geta farið fram á frestun tekjufærslu söluhagnaðar svo sem hér segir:

a. Lögaðilar, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna, geta farið fram á að fresta tekjufærslu söluhagnaðar af sölu hlutabréfa sem seld eru fyrir gildistöku laga þessara, þar á meðal skiptum á hlutabréfum, annarra en eigin bréfa, um tvenn áramót frá söludegi. Sama gildir um einstaklinga í atvinnurekstri enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum. Kaupi slíkur aðili önnur hlutabréf í stað hinna seldu innan þess tíma færist söluhagnaðurinn til

lækkunar kaupverði þeirra bréfa. Nemi kaupverð hinna keyptu hlutabréfa lægri fjárhæð en söluhagnaðurinn telst mismunurinn til skattskyldra tekna. Ef hlutabréf eru ekki keypt innan tilskilins tíma telst söluhagnaðurinn til skattskyldra tekna á öðru ári frá því að hann myndaðist. Þegar skattskyldur söluhagnaður er ekki tekjufærður á söluáári samkvæmt heimild í þessu ákvæði skal hann hækkaður eða lækkaður samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr. laganna fram til þess árs þegar hann er tekjufærður.

b. Maður sem selt hefur hlutabréf fyrir gildistöku laga þessara getur farið fram á frestun á tekjufærslu söluhagnaðar þeirra um tvenn áramót frá söludegi að svo miklu leyti sem fjárhæð hans er umfram 3.000.000 kr. hjá einstaklingum og 6.000.000 kr. hjá hjónum. Kaupi hann önnur hlutabréf í stað hinna seldu innan þess tíma færist söluhagnaðurinn til lækkunar á því kaupverði hinna nýju bréfa sem ákvörðun söluhagnaðar samkvæmt þessari grein miðast við. Nemi kaupverð hinna keyptu hlutabréfa lægri fjárhæð en söluhagnaðurinn telst mismunurinn til skattskyldra tekna á kaupári hinna keyptu bréfa. Ef hlutabréf eru ekki keypt innan tilskilins tíma telst hagnaðurinn með skattskyldum tekjum á því ári þegar hann myndast. Ákvæði þetta tekur ekki til söluhagnaðar sem myndaðist í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur þeirrar breytingar sem hér er lögð til er að fella brott þau ákvæði skattalaga sem heimila frestun á greiðslu skatts af söluhagnaði hlutabréfa og að hægt sé að komast hjá skattgreiðslu af slíkum söluhagnaði með því að kaupa ný hlutabréf.

Þegar fjármagnstekjuskattur var settur á árið 1996 varð jafnframt sú breyting á lögunum um tekjuskatt og eignarskatt að lögaðilar geta farið fram á að fresta tekjufærslu söluhagnaðar af sölu hlutabréfa um tvenn áramót frá söludegi. Sama gildir um einstaklinga í atvinnurekstri enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum. Kaupi slíkur aðili önnur hlutabréf í stað hinna seldu innan þess tíma færist söluhagnaðurinn til lækkunar kaupverði þeirra bréfa. Nemi kaupverð hinna keyptu hlutabréfa lægri fjárhæð en söluhagnaðurinn telst mismunurinn til skattskyldra tekna. Ef hlutabréf eru ekki keypt innan tilskilins tíma telst söluhagnaðurinn til tekna á öðru ári frá því að hann myndaðist.

Afleiðingar þessara breytinga hafa e.t.v. orðið aðrar og víðtækari en reiknað var með. Alvarlegast fyrir íslenskt efnahags- og atvinnulíf er að mikið fjármagn hefur verið losað úr íslensku atvinnulífi með sölu hlutabréfa og verið flutt úr landi. Ef marka má þá litlu umræðu sem fram fór um breytinguna þegar hún var gerð á Alþingi vorið 1996 var tilgangurinn sá að stuðla að sparnaði og því að fjármagnið héldist áfram í íslenskum atvinnufyrirtækjum. Þó að upplýsingar um hlutabréfaeign Íslendinga erlendis séu ónákvæmar sýna tölur Seðlabankans að gríðarlega mikið fjármagn hefur flust frá landinu á allra síðustu árum. Frá árslokum 1996 hefur hlutabréfaeign Íslendinga erlendis vaxið úr rúmum 12 milljörðum kr. í 155 milljarða. Umræddar skattbreytingar og sá möguleiki að fresta skattgreiðslum með því að fjárfesta áfram í hlutafélögum, ásamt hagstæðu skattumhverfi erlends, hefur haft það í för með sér að margir fara þá leið að stofna eigin eignarhaldsfélög erlendis og fjárfesta síðan í þeim.

Uppbygging íslenskra fjármálafyrirtækja erlendis hefur auðveldað mönnum að nýta sér þessa möguleika og e.t.v. hefur þessi breyting einnig hraðað stofnun og vexti dótturfyritækjanna. Dótturfyrirtæki Kaupþings í Lúxemborg hefur vaxið hratt á þessum árum. Um síðustu áramót var það með sem samsvarar 35 milljörðum íslenskra króna í fjárvörslu. Aðrar fjár-

málastofnanir hafa einnig stofnað dótturfyrirtæki erlendis. Landsbankinn er með starfsemi á eyjunni Guernsey á Ermasundi og í London. Íslandsbanki er einnig með starfsemi í London og Búnaðarbankinn er að undirbúa stofnun dótturfyrirtækis í Lúxemborg. Þótt fleira en þessi eina skattbreyting hafi áhrif á það að íslenskar fjármálastofnanir eru með starfsstöðvar erlendis er almennt talið að breytingin hafi haft veruleg áhrif á þessa þróun. Menn geta líka velt fyrir sér áhrifum þessa á vaxandi viðskiptahalla á sömu árum.

Á undanförnum árum hefur það sætt sérstakri gagnrýni hve mikinn söluhagnað einstaklingar hafa fengið af sölu hlutabréfa í sjávarútvegsfyrirtækjum.

Markaðsverð aflahlutdeilda hefur farið hækkandi allt frá því að gildandi lög um stjórn fiskveiða voru sett. Einstaklingar sem hafa selt aflahlutdeildir en hafa ekki keypt aðrar í staðinn hafa því oft hagnast verulega, jafnvel þótt þeir hafi greitt fullan tekjuskatt af ágóðanum. Þeir sem eru óbeint handhafar aflahlutdeilda með því að eiga hlutabréf í útgerðarfyrirtækjum hafa hins vegar getað komist hjá þessari skattlagningu vegna þessarar lagabreytingar. Þegar þeir selja hlutabréf með hagnaði, sem að einhverju leyti stafar af hækkuðu verði á aflahlutdeildum félagsins, geta þeir frestað skattlagningu og þar með komist hjá henni með því að kaupa hlutabréf í öðrum hlutafélögum sem ekki þurfa að vera tengd útgerð eða skrásett hér á landi. Noti þeir sér ekki þann kost greiða þeir fjármagnstekjuskatt af hagnaðnum nema hann fari fram úr rúmum 3 millj. kr. á ári hjá einstaklingi. Þetta hefur eðlilega sætt margvíslegri gagnrýni. Skuldir sjávarútvegsins eru nú í kringum 175 milljarða kr. og hafa aukist um 70 milljarða á síðustu fjórum árum. Nýfjárfestingar í sjávarútvegi á sama tíma eru ekki miklar og afkoma í greininni hefur verið viðunandi. Ástæður hinnar miklu skuldaaukingar eru því að stórum hluta taldar stafa af því að kvóti og fyrirtæki hafa verið seld fyrir fé sem ekki hefur verið varið til endurfjárfestingar í greininni.

Reglan um frestun skattlagningar nær auðvitað til hlutabréfaeigenda í öllum atvinnugreinum en hagnaður af viðskiptum með hluti í sjávarútvegsfyrirtækjum hafa stungið almenning mest í augu, e.t.v. af því að margir þeirra sem hafa farið með mikla peninga út úr greininni og komist hjá skattlagningu vegna framangreindra ákvæða hafa heldur ekki greitt fyrir þau afnot sem þeir fengu af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar.

Í vor lagði þingflokkur Samfylkingarinnar fram frumvarp til laga um breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða. Þá var jafnframt tilkynnt að á haustþingi yrði lögð fram tillaga um breytingu á 17. grein laga um tekjuskatt og eignarskatt til að afnema ákvæði um frestun á tekjufærslu söluhagnaðar af sölu hlutabréfa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði um frestun á tekjufærslu söluhagnaðar af sölu hlutabréfa eru í 6. og 8. mgr. 17. greinar. Því er lagt til að þær málsgreinar falli brott.

Um 2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða er sett vegna þeirra ákvæða stjórnarskrár að skattalög megi ekki vera afturvirk.

Fylgiskjal.

Hvaða reglur gilda í þeim löndum sem við berum okkur oftast saman við?

Það er fróðlegt að bera íslensku skattaákvæðin varðandi meðferð söluhagnaðar af hlutabréfum saman við hvernig gert er hjá þeim þjóðum sem við berum okkur helst saman við. Eftirfarandi upplýsingar um það efni voru teknar saman af Árna Harðarsyni, forstöðumanni skatta- og lögfræðisviðs Deloitte &Touche.

Danmörk.

Ef eignarhald varir skemur en þrjú ár: Söluhagnaður af hlutabréfum sem einstaklingur hefur átt skemur en þrjú ár er skattlagður sem tekjur. Hægt er að draga frá söluhagnaði, sem skapast hefur á þessum stutta tíma, tap sem orðið hefur á sama tíma, þ.e. innan þriggja ára, og skammtímatap má draga frá söluhagnaði næstu fimm ár á eftir.

Eignarhald varir lengur en þrjú ár: Söluhagnaður er skattlagður með mismunandi hætti eftir því hvort um skráð eða óskráð hlutabréf er að ræða. Ef einstaklingur á hlutabréf í skráðum hlutafélögum, innlendum eða erlendum, í þrjú ár er söluhagnaður ekki skattskyldur svo lengi sem hann fer ekki fram úr 110.200 dönskum krónum. Eftir það er hagnaðurinn skattlagður upp að næstu 35.000 DKR með 25% skatti og þegar því marki er náð er skatturinn 40%. Tap má draga frá með sömu skilyrðum og gilda um skammtímaeignarhald.

Allur söluhagnaður af óskráðum hlutabréfum er skattlagður annað hvort með 25% eða 40% skatti á sama hátt og skráð hlutabréf en þar er engin undanþága, þ.e. ekkert mark við 110.200 DKR eins og þegar um skráð hlutabréf er að ræða.

Tap af sölu hlutabréfa þar sem eignarhald hefur varað lengur en í þrjú ár má draga frá söluhagnaði af sams konar eignarhaldi, en ef það er ekki til staðar má draga það tap frá tekjuskatti viðkomandi aðila.

Noregur.

Söluhagnaður er skattlagður sem tekjur. Söluhagnaður er fundinn út frá uppreiknuðu kaupverði. Heimildir eru til að færa tap á móti söluhagnaði.

Svíþjóð.

Einstaklingar skulu greiða 30% skatt af söluhagnaði. Heimildir eru til að færa tap á móti söluhagnaði.

Bandaríkin.

Meginreglan er að söluhagnaður er skattlagður með 20% fjármagnstekjuskatti. Tekjulágir einstaklingar, samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda, borga hins vegar 10% fjármagnstekjuskatt.

Einstaklingar sem kaupa hlutabréf samkvæmt gildum kaupréttarsamningi greiða fullan tekjuskatt ef sala á sér stað innan 12 mánaða frá kaupum. Ef sala á sér stað á bilinu 12–18 mánuðum eftir kaup skattleggst hagnaðurinn með 28% fjármagnstekjuskatti. Að 18 mánuðum liðnum skattleggst þessi sala á sama hátt og almennur söluhagnaður, þ.e. með 20% fjármagnstekjuskatti.

Einstaklingur sem ekki er í fyrirtækjarekstri og á hlut í skráðum hlutafélögum að ákveðinni stærð, miðað út frá veltu félagsins, getur eftir fimm ár selt þann hlut og þá á hann rétt á að draga helminginn af söluhagnaðinum frá, upp að vissu hámarki, og greiða 20% fjár

magnstekjuskatt af þeim hagnaði sem eftir stendur. Aðilar hafa þó þann möguleika að láta tap af sölu á hlutabréfum jafnast á móti hagnaði af sölu annarra hlutabréfa.

Kanada.

Meginreglan er sú að einstaklingar telja 75% af söluhagnaði fram sem tekjur og skattleggst því söluhagnaðurinn sem slíkur.

Einstaklingar sem fjárfest hafa í skráðum félögum að ákveðinni stærð, miðað við veltu, hafa þó rétt á „persónuafslætti“ á æviskeiði sínu sem nemur 500.000 kanadadölum af þessum söluhagnaði. (Gæti hugsanlega verið til þess að örva fjárfestingu í litum og meðalstórum fyrirtækjum.)

Þýskaland.

Meginreglan er sú að söluhagnaður af hlutabréfum er ekki skattlagður.

Einstaklingur sem á meira en 10% í því félagi sem hann selur í, beint eða óbeint, borgar tekjuskatt af þeirri sölu. Þó hefur hann heimild til að draga 20.000 mörk frá fyrstu 80.000 mörkunum og borgar hann engan skatt af söluhagnaði á bilinu 80.000–100.000 mörk. Eftir það er hagnaður skattlagður að fullu sem tekjur. Nýtt ákvæði sem ekki hefur tekið gildi.

Bretland.

Meginreglan er sú að söluhagnaður er skattlagður sem tekjur ef hagnaðurinn er umfram 7.100 pund. Er söluhagnaður því skattfrjáls ef hann er undir frítekjumarkinu. Söluhagnaður er fundinn út frá uppreiknuðu kaupverði samkvæmt stöðlum skattyfirvalda.

28. Beiðni um skýrslu [28. mál]

frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um meðferðarstofnanir.

Frá Einari K. Guðfinnssyni, Gunnari Birgissyni, Lúðvík Bergvinssyni, Hjálmari Árnasyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur, Þuríði Backman, Kristjáni Pálssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur, Pétri H. Blöndal og Jóni Bjarnasyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um meðferðarstofnanir. Í skýrslunni komi meðal annars fram upplýsingar um eftirfarandi atriði:

Yfirlit yfir stofnanir.

1. Hvaða stofnanir, þ.m.t. sjúkrahús, njóta framlaga frá hinu opinbera til vímuvarna og bráða- og eftirmeðferðar vímuefnasjúklinga? Hvaða aðrar stofnanir sinna sambærilegum verkefnum án stuðnings hins opinbera?
2. Hvar eru þessar stofnanir, skipt eftir kjördæmum?
3. Hverjir eru eigendur eða rekstraraðilar þeirra og hvenær hófst starfsemi hverrar um sig?
4. Í hvaða tilfellum hefur ríkissjóður verið þátttakandi í rekstri frá upphafi?
5. Í hvaða tilfellum kom ríkissjóður inn í reksturinn síðar og hvaða röksemdir lágu að baki slíkri þátttöku?

Fjármál.

1. Hver voru rekstrarútgjöld einstakra stofnana frá árinu 1990, framreiknuð til núvirðis, skipt eftir:
   a. launum,
   b. öðrum rekstrargjöldum,
   c. stofnkostnaði?
2. Hverjar voru fjárveitingar hins opinbera til einstakra stofnana á þessu tímabili, framreiknaðar til núvirðis, skipt eftir:
   a. launum,
   b. öðrum rekstrargjöldum,
   c. stofnkostnaði?
3. Hvernig skiptast, á sama tímabili, tekjur einstakra stofnana eftir:
   a. föstum fjárveitingum,
   b. daggjöldum,
   c. framlögum vistmanna,
   d. öðru?
4. Hver ákveður að einstakar stofnanir skuli teknar á fjárlög og hvaða reglur gilda þar um?
5. Hvernig er staðið að ákvörðunum um aukin umsvif þessara stofnana sem leiða til hærri fjárveitinga af fjárlögum?
6. Hver er fjöldi stöðugilda hjá einstökum stofnunum?
7. Hefur Tryggingastofnun ríkisins greitt kostnað við vímuefnameðferð erlendis síðustu fimm ár? Ef svo er:
   a. hvaða stofnanir er um að ræða og hvar eru þær,
   b. hversu margir hafa notið þessarar þjónustu, skipt eftir stofnunum,
   c. hve mikið hefur verið greitt til einstakra stofnana?

Meðferð.

1. Er um að ræða sérhæfingu einstakra stofnana, þ.e. sinna þær aðeins tilteknum aldurshópum, vímuefnaflokkum, meðferðastigi, t.d. eftirmeðferð, eða bjóða upp á mismunandi meðferðarúrræði?
2. Hvaða greining á sér stað áður en sjúklingur er lagður inn á stofnun og hver er verkferillinn innan heilbrigðiskerfisins og félagslega kerfisins, þ.e. hvaða aðilar koma við sögu?
3. Hver er meðalmeðferðartími sjúklings, skipt eftir helstu vímuefnaflokkum og stofnunum?
4. Hver hefur árangur af meðferð verið síðustu fimm ár, skipt eftir helstu vímuefnaflokkum og stofnunum?

Beiðni þessi var lögð fram á 125. löggjafarþingi en var þá eigi svarað og er hún því lögð fram að nýju.

29. Tillaga til þingsályktunar [29. mál]

um endurskoðun mælistuðla í fiskveiðum og vinnslu sjávarafla.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Svanfríður Jónasdóttir,
Sighvatur Björgvinsson, Lúðvík Bergvinsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að láta Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins endurskoða mælistuðla sem nú eru notaðir við mat á þyngd sjávarafla og ígildi fiska af einni tegund í annarri í fiskveiðum íslenskra skipa og slægingu og vinnslu sjávarafla.

Greinargerð.

Mælistuðlar sem notaðir hafa verið við mat á þyngd sjávarafla og þorskígildisstuðlar sem notaðir eru við mat á gildi þorsks og annarra tegunda vegna meðferðar kvóta hafa oft verið gagnrýndir harkalega á opinberum vettvangi. Þessar viðmiðanir eru afar mikilvægar fyrir útgerðarmenn og fiskverkendur og mælistuðlarnir geta skipt sköpum hvað varðar samkeppni milli fiskvinnslu í landi og fiskvinnslu í fullvinnsluskipum. Þeir ráða miklu um það hvort afla er landað slægðum eða óslægðum og skipta miklu þegar útgerðaraðilar og fiskverkendur taka ákvarðanir um í hvaða vinnslu eða sölumeðferð fiskurinn fer hverju sinni. Þeir ákvarða gildi aflaheimilda sem útgerðir skiptast á.

Það gefur auga leið að þegar reglur af þessu tagi eru settar er mjög mikilvægt að besta fáanleg þekking á áhrifum mismunandi meðferðar aflans sé til staðar. Slík þekking er ótvírætt til staðar hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Þess vegna er hér lagt til að stofnuninni verði falið þetta mikilvæga verkefni.

Komi í ljós að núgildandi reglur hafi mismunað aðilum í útgerð og fiskvinnslu skapast þannig tækifæri til að leiðrétta mismunun. Verði það hins vegar niðurstaðan að núgildandi stuðlar séu réttir ætti endurskoðunin að draga verulega úr tortryggni gagnvart gildandi reglum.

30. Fyrirspurn [30. mál]

til fjármálaráðherra um fyrirkomulag viðskipta og samninga um gagnaflutninga og önnur tölvusamskipti.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver voru heildarviðskipti fjármálaráðuneytisins fyrir hönd ráðuneyta við Landssímann og dótturfyrirtæki hans árin 1998–2000, sundurliðað eftir árum og ráðuneytum, svo og eftir stofnkostnaði annars vegar og rekstrarkostnaði hins vegar?
2. Hver voru heildarviðskipti stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins við sömu aðila árin 1998–2000, sundurliðað eftir árum og stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stofnkostnaði annars vegar og rekstrarkostnaði hins vegar?
3. Hver voru heildarviðskipti ráðuneytisins/ríkisins við önnur fyrirtæki á markaði sem veita þjónustu á þessu sviði árin 1998–2000, sundurliðað á sama hátt?

4. Grundvallast viðskipti ríkisins við Landssímann á skriflegum samningum og útboðum eða eru þau byggð á gjaldskrá? Ef viðskiptin byggjast á skriflegum samningum eða útboðum óskast upplýsingar um dagsetningar og framkvæmd þeirra.

Skriflegt svar óskast.

31. Fyrirspurn [31. mál]

til fjármálaráðherra um skattgreiðslur útgerðarfyrirtækja.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve mörg af 20 kvótahæstu útgerðarfyrirtækjunum greiddu skatt á síðasta ári, sundurliðað eftir tekju-, eigna- og fjármagnstekjuskatti vegna áranna 1998 og 1999?
2. Hver var hagnaður eða tap þessara fyrirtækja á þessum árum, sundurliðað eftir árum, og hve háar voru bókfærðar eignir þeirra?

Skriflegt svar óskast.

32. Fyrirspurn [32. mál]

til dómsmálaráðherra um skipun hæstaréttardómara.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig rökstyður ráðherra það að nýleg skipun í starf hæstaréttardómara sé ekki brot á jafnréttislögum?
2. Hvaða ástæður lágu til grundvallar ákvörðun um skipunina, með vísan í 4. mgr. 24. gr. jafnréttislaga?
3. Hafa ráðuneytið og undirstofnanir þess, og þá hvaða, sett sér jafnréttisáætlanir til að vinna eftir?
4. Hvernig hljóða ákvæði jafnréttisáætlunar ráðuneytisins að því er varðar jafnan hlut kvenna og karla á vinnumarkaði?
5. Hver er ástæða þess að auglýsing um umrætt starf hæstaréttardómara var ekki í samræmi við verkefnaáætlun ráðuneytisins sem kemur fram í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, þess efnis að í auglýsingu um starf skuli koma fram hvatning um að konur jafnt sem karlar sæki um starfið?

33. Fyrirspurn [33. mál]

til félagsmálaráðherra um túlkun jafnréttislaga og skipun í embætti hæstaréttardómara.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Er ráðherra sammála framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu, sem látið hefur þá skoðun opinberlega í ljós að skipun hæstaréttardómara nýlega hafi verið brot á jafnréttislögum og farið í bága við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum?
2. Gerði jafnréttisráðherra athugasemd á ríkisstjórnarfundi þegar dómsmálaráðherra kynnti áform sín um skipun hæstaréttardómara?
3. Er jafnréttisráðherra sammála þeirri túlkun á jafnréttislögunum að sæki karl og kona með sömu hæfileika og menntun um starf í starfsgrein þar sem annað kynið er allsráðandi skuli það hljóta starfið sem er af því kyni sem er í minni hluta í starfsgreininni?

34. Fyrirspurn [34. mál]

til umhverfisráðherra um þátttöku Íslendinga í 6. þingi aðildarríkja rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hver verður tillaga íslensku sendinefndarinnar á 6. þingi aðildarríkja rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (COP6) sem haldið verður í Haag í nóvember? Hefur tillaga að hinu svokallaða „íslenska ákvæði“ breyst frá því að hún var lögð fram á 5. þinginu?
2. Hyggjast íslensk stjórnvöld taka boði hollensku ríkisstjórnarinnar, sem boðar til sérstakrar ráðstefnu ungs fólks í tengslum við aðildarríkjaþingið, og senda fólk á aldrinum 12–18 ára til Haag?

35. Fyrirspurn [35. mál]

til umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum þjóðgarðs á svæðinu norðan Vatnajökuls.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að fram fari sjálfstætt mat á umhverfisáhrifum þjóðgarðs á svæðinu norðan Vatnajökuls, þ.e. svæðinu kringum Snæfell með Eyjabökkum og Vesturöræfum, í þeim tilgangi að geta borið saman áhrif ólíkra nýtingarmöguleika svæðisins?

36. Fyrirspurn [36. mál]

til fjármálaráðherra um frestun á skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hvernig metur ráðherra fengna reynslu af breytingunni sem gerð var á skattalögum árið 1996 og heimilar frestun á skattlagningu söluhagnaðar hlutabréfa, einkum með tilliti til fjármagnsflutninga úr landi?
2. Hversu miklum skattgreiðslum hefur verið frestað þannig og hversu stór hluti þeirra er vegna kaupa á erlendum hlutabréfum?

37. Fyrirspurn [37. mál]

til viðskiptaráðherra um alþjóðleg viðskiptafélög.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hver er staða samstarfsverkefnis ráðuneytisins og Verslunarráðs Íslands sem miðar að því að skapa svokölluðum alþjóðlegum viðskiptafélögum starfsumhverfi með sérstökum skattaívilnunum?
2. Hversu miklu fé hefur verið varið til þessa verkefnis og hvernig hefur því verið ráðstafað?
3. Hvernig samrýmist þessi vinna ákvæðum EES-samningsins um samkeppnismál?
4. Er þetta verkefni í samræmi við vinnu á vegum OECD sem miðar að því að uppræta sérstakar skattaívilnanir bæði innan OECD og utan?

38. Fyrirspurn [38. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um átak gegn fíkniefnaneyslu.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hvað líður efndum á loforði Framsóknarflokksins frá því fyrir síðustu alþingiskosningar að verja eitt þúsund milljónum króna viðbótarfjármagni í baráttu gegn fíkniefnum?

39. Fyrirspurn [39. mál]

til dómsmálaráðherra um umferðaröryggisáætlun og umferðaröryggismál.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hyggst ráðherra hraða endurskoðun umferðaröryggisáætlunar eða breyta vinnubrögðum að öðru leyti í ljósi mikillar fjölgunar alvarlegra umferðarslysa að undanförnu?
2. Er að vænta sérstakra aðgerða og aukinna fjárveitinga til umferðaröryggismála í ljósi þess að markmið um fækkun alvarlegra umferðarslysa samkvæmt gildandi umferðaröryggisáætlun nást ekki?

40. Fyrirspurn [40. mál]

til félagsmálaráðherra um búsetuúrræði fyrir fatlaða.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hverjar voru áætlanir biðlistanefndar um ný búsetuúrræði á höfuðborgarsvæðinu og hvernig hefur gengið að fylgja þeim eftir?

41. Fyrirspurn [41. mál]

til menntamálaráðherra um fullorðinsfræðslu fatlaðra.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hverju sætir það að menntamálaráðuneytið kostar ekki fullorðinsfræðslu fatlaðra á öðrum stöðum á landinu en í Reykjavík og á Akureyri?

42. Fyrirspurn [42. mál]

til iðnaðarráðherra um rekstur skipasmíðastöðva.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Hve margar skipasmíðastöðvar voru í rekstri á landinu árið 1990?
2. Hve margar skipasmíðastöðvar eru í rekstri á landinu árið 2000?
3. Hversu margar hafa hafið rekstur að nýju eftir gjaldþrot eða verið stofnaðar á tímabilinu 1990–2000?

4. Hvernig er skipting skipasmíðastöðva eftir kjördæmum, miðað við þá kjördæmaskipan sem í gildi var fram í maí á þessu ári?
5. Hvaða styrkir eða niðurgreiðslur hafa verið sl. áratug, til hvaða verkefna og frá hverjum komu styrkir, víkjandi lán eða niðurgreiðslur, t.d. í formi byggingarstyrkja ef um það hefur verið að ræða, sundurliðað eftir árum?
6. Hversu mörg ársverk voru við skipasmíði og viðhald skipa á árunum 1990–2000, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

43. Fyrirspurn [43. mál]

til landbúnaðarráðherra um slátrun og vinnslu landbúnaðarafurða.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Hversu mörg fyrirtæki starfa nú við slátrun og úrvinnslu á landbúnaðarafurðum, þ.e. starfa í slátrun, kjötvinnslu og mjólkuriðnaði?
2. Hvernig skiptist landsframleiðsla landbúnaðarafurða á þau fyrirtæki sem nú starfa? Óskað er eftir sundurliðun á kjötmagni eftir flokkum hjá hverju fyrirtæki fyrir sig, þ.e. kindakjöt (dilkakjöt), nautgripakjöt, svínakjöt, hrossakjöt og alifuglar, bæði í kílóum talið og hlutfallslega.
3. Hvernig skiptist kjötframleiðsla og mjólkurframleiðsla eftir núverandi kjördæmum, sundurliðað eftir áðurnefndum kjötflokkum í kíló og mjólk í lítrum?
4. Hversu mikið hefur sláturhúsum í rekstri fækkað á tímabilinu 1990–2000, sundurliðað eftir árum?
5. Hversu mikið hefur mjólkurbúum í rekstri fækkað á tímabilinu 1990–2000, sundurliðað eftir árum?
6. Hversu mörgum dilkum er slátrað án þess að um beingreiðslur sé að ræða, sundurliðað eftir kjördæmum, miðað við þá kjördæmaskipan sem í gildi var fram í maí á þessu ári?

Skriflegt svar óskast.

44. Fyrirspurn [44. mál]

til iðnaðarráðherra um húshitunarkostnað.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hver hefur verið kostnaður við húshitun hjá einstökum orkufyrirtækjum á árunum 1996–2000, á núverandi verðlagi:

a. mælt í kr. á kWst.,
b. miðað við kaup á 30.000 kWst., 40.000 kWst. og 50.000 kWst. á ári?

Skriflegt svar óskast.

45. Fyrirspurn [45. mál]

til landbúnaðarráðherra um einangrunarstöð gæludýra í Hrísey.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

1. Hversu margir af höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum hafa nýtt sér þjónustu eingangrunarstöðvar gæludýra í Hrísey sl. fimm ár?
2. Hvert er hlutfall íbúa þessara svæða af þeim sem hafa nýtt sér þjónustu einangrunarstöðvarinnar sl. fimm ár?
3. Hyggst ráðherra koma fleiri slíkum einangrunarstöðvum á fót og ef svo er, hvar þá?

46. Tillaga til þingsályktunar [46. mál]

um samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök.

Flm.: Katrín Fjeldsted, Ólafur Örn Haraldsson, Kristján Pálsson,
Ásta Möller, Ísólfur Gylfi Pálmason, Gunnar Birgisson,
Drífa Hjartardóttir, Árni R. Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er geri úttekt á stöðu frjálsra félagasamtaka á Íslandi og hvernig samskiptum stjórnvalda og sveitarstjórna við þau er háttað. Jafnframt skili nefndin tillögum til ríkisstjórnarinnar um hvernig samráði stjórnvalda við frjáls félagasamtök á sviði umhverfismála verði hagað með vísan til skuldbindinga Íslands samkvæmt alþjóðasamningi um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum sem undirritaður var í Árósum 23.–25. júní 1998.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 125. löggjafarþingi og hlaut þá ekki afgreiðslu. Er hún nú endurflutt án breytinga.

Í lýðræðisríkjum hafa frjáls félagasamtök (Non-Governmental Organisations, NGOs) gegnt sífellt mikilvægara hlutverki undanfarna áratugi. Á þetta ekki síst við á sviði umhverfismála. Þau veita stjórnvöldum og atvinnurekendum mikilvægt aðhald og sinna bæði fræðslu- og eftirlitshlutverki. Einkenni frjálsra félagasamtaka er að þau eru óháð ríkisvaldinu, hafa sjálfstæðan fjárhag, eru rekin án gróðasjónarmiða og hafa fagleg vinnubrögð að leiðarljósi. Æ fleiri viðurkenna nauðsyn þess að virkja mannauð og þekkingu frjálsra félagasamtaka.

Stjórnvöld í ríkjum heims hafa gengið einna lengst í að viðurkenna nauðsyn þess að almenningur og frjáls félagasamtök séu höfð með í ráðum þegar umhverfismálum er skipað. Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin var í Ríó 1992 var í samningi um Dagskrá 21, 27. kafla, fjallað um nauðsyn þess að styrkja stöðu frjálsra félagasamtaka og mikilvægt hlutverk þeirra í umfjöllun um sjálfbæra þróun.

Sameinuðu þjóðirnar hafa einnig haldið svæðisbundnar ráðstefnur um umhverfismál. Á fjórða ráðherrafundi umhverfisráðherra um umhverfismál í Evrópu, sem haldinn var í Árósum í Danmörku 23.–25. júní 1998, var gengið skrefi lengra og undirritaður alþjóðasamningur um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Samningurinn felur í sér viðurkenningu á réttindum borgaranna að því er varðar umhverfismál og er, eins og fram kom í yfirlýsingu umhverfisráðherranna, mikilsvert framfaraskerf bæði fyrir umhverfið og lýðræðið. Með samningnum er staðfest mikilvægi þess að einstaklingar og frjáls félagasamtök taki þátt í mótun umhverfisreglna og viðurkennt að stjórnvöldum beri að hafa eðlilegt samráð við almenning við mótun umhverfisstefnu.

Flutningsmenn tillögunnar telja eðlilegt að skipuð verði nefnd er geri annars vegar úttekt á stöðu frjálsra félagasamtaka á Íslandi og samskiptum stjórnvalda við þau og hins vegar tillögur byggðar á Árósa-samningnum um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.

Flutningsmenn gera hvorki tillögu um fjölda nefndarmanna né hvernig þeir verða skipaðir. Eðlilegt er að nefndin verði skipuð á breiðum grunni, þ.e. með þátttöku hins opinbera, atvinnulífsins, launþegasamtaka og frjálsra félagasamtaka.

47. Tillaga til þingsályktunar [47. mál]

um varanlegar samgöngubætur á Vestfjörðum.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta kanna hagkvæmni þess að gera jarðgöng úr botni Ísafjarðar, innst í Ísafjarðardjúpi, undir Kollafjarðarheiði. Að sunnanverðu, á Barðaströnd, yrðu þau tveggja arma og kæmu annars vegar út í Skálmardal, sem gengur inn úr Skálmarfirði, og hins vegar í Fjarðarhornsdal, innst í Kollafirði. Einnig verði könnuð hagkvæmni þess að gera jarðgöng undir Eyrarfjall, sem gengju úr Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi yfir í Ísafjarðarbotn, og að þvera Þorskafjörð, Djúpafjörð og Gufufjörð á Barðaströnd.

Greinargerð.

Ljóst er að samgöngur á Vestfjörðum standa mjög í vegi fyrir frekari framþróun á svæðinu. Á það sérstaklega við á vetrum þegar vegir eru iðulega ófærir eða illfærir um langan tíma vegna snjóþyngsla og óveðra. Flutningsmaður þessarar tillögu telur að gerð jarðganga sé í raun eina leiðin til að tryggja vetrarsamgöngur til og frá Vestfjörðum og innan svæðisins. Í tillögunni er gengið út frá því að vegur verði lagður um Arnkötludal og tekinn í notkun, hvort sem unnið verður eftir hugmyndum tillögunnar eða núgildandi vegáætlun.

Lagt er til að borin verði saman hagkvæmni þess að bæta samgöngur innan svæðisins með framkvæmd þessarar tillögu annars vegar og með því að fylgja núverandi vegáætlun hins

vegar en þar er ekki gert ráð fyrir jarðgöngum á þessum slóðum. Þá verði borin saman hagkvæmni styttingar vegalengdar og aukins öryggis á leiðunum milli Patreksfjarðar og Gilsfjarðar og Ísafjarðarbæjar og Gilsfjarðar, verði hugmyndir þessarar tillögu að veruleika, og þeirrar hagkvæmni sem næst á sömu leiðum verði núgildandi vegáætlun fylgt. Einnig verði kostir og gallar núgildandi vegáætlunar næstu 10–15 árin bornir saman við kostnað við þessa hugmynd sem kæmi á heilsársvegasambandi milli sunnan- og norðanverðra Vestfjarða og við þjóðveg eitt og suðvesturhorn landsins.

Flutningsmaður er eindregið þeirrar skoðunar að jarðgöng sem stytta vegalengdir milli staða og leysa okkur undan snjómokstri á erfiðum fjallvegum sé sú lausn sem stefna beri að þegar leita skal leiða sem talist geta varanlegar samgöngubætur. Þetta á auðvitað best við á snjóþyngstu fjallvegum landsins, t.d. á Vestfjörðum. Það hefur einnig sýnt sig að þverun fjarða bæði styttir vegalengdir og færir vegastæði af snjóþungum hættusvæðum. Þverun Þorskafjarðar, Djúpafjarðar og Gufufjarðar á Barðaströnd yrði sams konar samgöngubót og þverun Gilsfjarðar og Dýrafjarðar.

Með varanlegum samgöngubótum eins og hér er lýst má reikna með að gríðarstórum áfanga megi ná í samgöngumálum. Með þessum breytingum væri ekki lengur yfir neina fjallvegi að fara, utan Kleifaheiðar og Hálfdáns, sem talist geta farartálmi að vetri til.

48. Frumvarp til laga [48. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994, með síðari breytingum.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Sigríður Jóhannesdóttir,
Svanfríður Jónasdóttir, Jóhann Ársælsson.

1. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 4. mgr. og orðast svo:

Veita ber útlendingi, sem er maki íslensks ríkisborgara, atvinnuleyfi samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Síðari málsliður a-liðar 13. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á 125. löggjafarþingi voru samþykkt lög nr. 41/2000, um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Með 1. gr. þeirra laga var mökum Íslendinga veitt undanþága frá því að þurfa að sækja um atvinnuleyfi. Þrátt fyrir þá réttarbót sem í þessu fólst er staða erlendra maka íslenskra ríkisborgara eftir sem áður sú að ef hjúskap lýkur af einhverjum orsökum stendur erlendi makinn eftir án atvinnuleyfis. Þar sem atvinnuleyfið er háð hjúskap útlendingsins með Íslendingi þarf hann að sækja um atvinnuleyfi eins og hver annar erlendur starfskraftur sem sækir um slíkt leyfi í fyrsta sinn ef hjúskapnum lýkur. Hér er því um nokkurs

konar þvingun að ræða sem hefur þau áhrif að útlendingur stendur ekki jafnfætis íslenskum maka sínum og leggur jafnvel ekki út í skilnað af hættu við að missa atvinnuleyfið og verða hugsanlega vísað úr landi. Einnig setur þetta ákvæði útlending í mjög erfiða stöðu við fráfall íslensks maka.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að veita erlendum mökum íslenskra ríkisborgara óbundið atvinnuleyfi í stað þess að þeim verði veitt undanþága sem félli niður við lok hjúskapar. Þannig þarf erlendur maki ekki að uppfylla skilyrðin í 1. og 2. mgr. 8. gr. laganna um að hafa átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár, að áður hafi verið veitt tímabundið atvinnuleyfi til að ráða hann til vinnu og að hann hafi öðlast ótímabundið dvalarleyfi á Íslandi. Atvinnuleyfið verður óbundið og ekki háð hjúskap útlendingsins með Íslendingi til frambúðar.

Jafnframt er lagt til að ákvæðið sem sett var inn í lögin á 125. löggjafarþingi um undanþágu frá því að sækja um atvinnuleyfi verði fellt brott þar sem það verður óþarft nái frumvarpið fram að ganga.

49. Tillaga til þingsályktunar [49. mál]

um könnun á umfangi vændis.

Flm.: Guðrún Ögmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Össur Skarphéðinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa vinnuhóp sem kanni umfang vændis á Íslandi. Í vinnuhópnum verði m.a. fulltrúar frá dómsmálaráðuneyti, Háskóla Íslands, Stígamótum og embætti ríkislögreglustjóra og landlæknis.

Vinnuhópurinn skili niðurstöðum fyrir árslok 2001.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á síðasta löggjafarþingi og er nú endurflutt nær óbreytt.

Mikil umræða hefur farið fram á síðustu mánuðum um það hvort vændi sé stundað á Íslandi og þá hvert sé eðli þess og umfang. Ekki hafa nýlega verið gerðar rannsóknir sem hægt væri að nýta í þeim tilgangi að skoða þessi mál.

Vændi er alþjóðlegt vandamál sem spyr ekki um landamæri og það er ekkert sem segir að það sé ekki hér á landi eins og annars staðar. Sifjaspell og kynferðisafbrot, t.d. gagnvart börnum, reyndust hlutfallslega engu færri hérlendis en í nágrannalöndunum þegar farið var að ræða þessi viðkvæmu mál.

Mikilvægt er að skoða eðli vændis, þ.e. fylgdarþjónustu, símaþjónustu, netið, dansstaði o.fl., og hvort það er frábrugðið því sem gerist annars staðar, t.d. í öðrum norrænum ríkjum. Áríðandi er að athuga hvaða hópar stunda vændi hér á landi. Hér er ekki einungis átt við konur því einnig er vitað um vændi meðal karlmanna í öðrum löndum og nauðsynlegt að skoða hvort um slíkt er að ræða hér, enn fremur í hvaða mæli yngri aldurshópar eiga í hlut. Jafnframt er mikilvægt að reyna að komast að því hverjir það eru sem nýta sér vændi. Margar slíkar rannsóknir hafa verið gerðar erlendis, t.d. í Finnlandi, Þýskalandi og víðar. Einnig þarf að kanna sérstaklega vændi sem fram fer á netinu og gera úttekt á því en vitað er að þar eiga sér stað kaup á margs konar kynlífsþjónustu. Í Svíþjóð hafa verið gerðar ýmsar rannsóknir

á þessu sviði, bæði á umfangi og eðli þess sem er í boði og hvernig hægt er að stemma stigu við því.

Til þess að koma með lausnir og viðbrögð við því sem virðist vera að gerast í samfélaginu er nauðsynlegt að skoða þessi mál frá sem flestum hliðum til að koma með raunhæfar tillögur og lausnir á vandanum eins og aðrar þjóðir hafa gert. Unnt verði að skoða hvaða lagabreytingar þarf að gera til að stemma stigu við vændi og hvort og þá hvaða samfélagslegar lausnir eru til staðar sem eru nothæfar til þess að leysa vandamál þeirra sem ratað hafa í slíka ógæfu. Slík könnun gerir kleift að áætla hvernig á að bregðast við vandamálum sem upp koma, svo sem varðandi forvarnir og kynsjúkdóma, en slíkt er mikið vandamál, t.d. í Eystrasaltslöndunum og í Rússlandi. Þar er glímt við kynsjúkdóma sem fyrir löngu hefur verið útrýmt á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu.

Flutningsmenn telja mikilvægt að vinnuhópur af þessu tagi sé samsettur þverfaglega. Þannig sé tryggt að fram komi sem flestar hliðar á málinu og þar af leiðandi fjölbreyttar lausnir.

50. Frumvarp til laga [50. mál]

um breyting á skaðabótalögum, nr. 50 19. maí 1993, með síðari breytingum.

Flm.: Bryndís Hlöðversdóttir, Margrét Frímannsdóttir,
Rannveig Guðmundsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Jóhann Ársælsson,
Össur Skarphéðinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

Orðin „60% af greiðslu frá lífeyrissjóði, greiðslur frá sjúkrasjóði“ í 2. mgr. 2. gr. laganna falla brott.

2. gr.

4. málsl. 4. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við breytingu á lögum nr. 50/1993 voru til umfjöllunar á Alþingi tillögur um að til frádráttar skaðabótum fyrir tímabundið atvinnutjón kæmu 60% af bótum lífeyrissjóðanna og bætur sjúkrasjóða verkalýðshreyfingarinnar. Jafnframt var gerð tillaga um að 40% af eingreiðsluverðmæti bóta lífeyrissjóðanna kæmu til frádráttar bótum fyrir varanlega örorku. Tillögur þessar voru byggðar á niðurstöðum lögfræðinganna Gests Jónssonar og Guðmundar Jónssonar en í áliti þeirra segir: „Í frumvarpinu er fylgt þeirri stefnu, sem lengi hefur verið ríkjandi í íslenskum skaðabótarétti, að bætur sem falla tjónþola í skaut frá tryggingum sem hann hefur kostað sjálfur með greiðslu iðgjalds eigi ekki að hafa áhrif á skaðabótakröfu. Hins vegar telja frumvarpshöfundar rétt að til frádráttar komi bótagreiðslur sem telja má að séu af félagslegum toga. Í samræmi við þetta er gerð tillaga um ... að 40% af eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði verði dregin frá bótum.“ Nokkurrar ónákvæmni gætir í þessum ummælum. Í fyrsta lagi eru bætur lífeyrissjóðanna skilgreindar sem „bætur af félags-

legum toga“ sem jafnað verði til bóta almannatrygginga. Í öðru lagi eru iðgjöld til lífeyrissjóðanna skilgreind þannig að einungis 40% af heildariðgjaldinu teljast greidd af launamanni en 60% (40% að teknu tilliti til skatta) teljast framlag þriðja aðila (launagreiðanda). Þessi hugtakasmíð er ekki í samræmi við íslenska dómaframkvæmd og skýringar fræðimanna.

Fyrir gildistöku skaðabótalaga árið 1993 tók Hæstiréttur Íslands stundum tillit til örorkulífeyris lífeyrissjóðanna þegar bætur voru ákveðnar. Þetta var ekki gert eftir ákveðinni reglu og stundum var ekkert tillit tekið til þessa lífeyrisréttar. Sú skoðun var talin staðfest af fræðimönnum og Hæstarétti að örorkulífeyri lífeyrissjóðanna bæri að jafnaði að meðhöndla eins og tryggingabætur úr vátryggingum sem tjónþoli hefði keypt sér sjálfur. Þetta þýddi að bætur lífeyrissjóðanna skyldu ekki koma til frádráttar skaðabótum. Um þetta segir Arnljótur Björnsson, hæstaréttardómari og lagaprófessor, í bók sinni Kaflar úr skaðabótarétti (Bókaútgáfa Orators, Reykjavík 1990, bls. 367): „Réttur til bóta úr lífeyrissjóði er almennt óháður bótum úr öðrum bótakerfum. Lífeyririnn kemur oft til viðbótar skaðabótum og bætist yfirleitt við aðrar fébætur, sem lífeyrisþeginn kann að eiga rétt á vegna sama tjóns eða sömu aðstæðna.“ Síðar í sama riti segir (bls. 385): „Bætur úr lífeyrissjóði eða hliðstæður lífeyrir kemur almennt ekki til frádráttar skaðabótakröfu. Ef lífeyrisgreiðslur eru verulegar geta þær þó haft áhrif til lækkunar skaðabóta, þegar dómari í skaðabótamáli metur fjártjón vegna missis framfæranda.“

Árið 1993 tóku gildi ný skaðabótalög sem fólu í sér staðfestingu framangreindra frádráttarreglna. Á árinu 1998 var tekist á um túlkun laganna og þá skýrt kveðið á um frádrátt vegna örorkulífeyris lífeyrissjóðanna og um eðli lífeyrissjóðsiðgjalda launafólks. Hér fer á eftir tilvitnun úr dómi Hæstaréttar frá 7. maí 1998 í máli nr. 281/1997. „Í málinu liggja fyrir reglugerðir fyrir þá lífeyrissjóði og þann sjúkrasjóð sem áfrýjandi naut greiðslna frá á meðan hann var óvinnufær af völdum fyrrnefnds slyss. Af reglugerðum þessum er ótvírætt að réttur áfrýjanda til greiðslna réðst af framlögum í þágu hans til hlutaðeigandi sjóða. Þótt slík framlög hafi að nokkru verið greidd af vinnuveitendum áfrýjanda breytir það ekki því að þau voru hluti af þeim heildarlaunakjörum sem hann naut eftir lögum og kjarasamningum. Svarar þetta því til þess að áfrýjandi hafi unnið rétt til umræddra greiðslna með endurgjaldi úr eigin hendi.“

Þrátt fyrir framangreinda ályktun Hæstaréttar Íslands um eðli, innihald og meðferð á bótum lífeyrissjóðanna og um meðferð á bótum úr sjóðum verkalýðshreyfingarinnar segir í greinargerð allsherjarnefndar Alþingis með frumvarpi til breytinga á skaðabótalögum fjórum mánuðum síðar: „Ekki er lagt til að bætur skerðist vegna slysatrygginga eða annarra bótaúrræða sem tjónþoli hefur sjálfur kostað með greiðslu iðgjalds. ... er gerð tillaga um að frá bótum dragist 40% af verðmæti örorkulífeyris. Lengi hefur verið álitamál hvernig fara beri með örorkulífeyri við uppgjör slysabóta. ... Í eðli sínu er örorkulífeyrir samsettur annars vegar sem tryggingabætur sem tjónþoli hefur sjálfur greitt iðgjald af og hins vegar sem tryggingabætur þar sem vinnuveitandi greiðir iðgjaldið samkvæmt lagaskyldu.“

Ljóst er að Alþingi hefur með þessari breytingu skilgreint upp á nýtt viðkvæm hugtök á sviði vinnuréttar og almennra kjarasamninga og um leið vegið að réttindum launafólks sem hefur um árabil verið skylt að spara í eigin þágu 10% af launum sínum til lífeyrissjóðs síns.

Jafnframt er rétt að benda á að framlög launafólks til lífeyrissjóðs hafa að hluta verið skattlögð með öðrum launum. Lífeyrir lífeyrissjóðanna hefur síðan verið skattlagður að fullu við töku og komið til skerðingar á greiðslum almannatrygginga. Alþingi hefur margoft fjallað um óréttlætið sem í fyrrgreindri tvísköttun og jaðaráhrifum felst og það var ekki tilgangur þess að auka neikvæð áhrif lög- og skyldubundins lífeyrissparnaðar með breytingum á skaðabótalögum á síðasta þingi.

51. Beiðni um skýrslu [51. mál]

frá dómsmálaráðherra um samanburð á lagaumhverfi á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum varðandi löggjöf og eftirlit með klámi, vændi o.fl.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur, Þórunni Sveinbjarnardóttur, Jóhanni Ársælssyni, Rannveigu Guðmundsdóttur, Kristjáni L. Möller, Guðmundi Árna Stefánssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur og Ástu R. Jóhannesdóttur.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að dómsmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um samanburð á lagaumhverfi á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum varðandi löggjöf og eftirlit með:

1. klámi,
2. vændi,
3. fylgdarþjónustu,
4. símavændi,
5. klámi á netinu.

Greinargerð.

Beiðni þessi var lögð fram á síðasta löggjafarþingi og er nú endurflutt.

Mikilvægt er að skoða hvernig þau lönd sem næst okkur standa haga löggjöf sinni á þessu sviði, hvernig hún hefur reynst og hvaða breytingum hún hefur tekið á síðustu árum. Við búum að mörgu leyti við gamla löggjöf og getur verið nauðsynlegt að taka hana til endurskoðunar þannig að hún verði í samræmi við þróun þessara mála hér á landi.

Hliðstæð skýrsla var gerð á vegum umboðsmanns barna, „Heggur sá er hlífa skyldi“, um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum (1997). Þar er gerður samanburður á ýmsum lagabálkum á Norðurlöndum og gerð grein fyrir hvaða breytinga er þörf í íslenskri löggjöf í þeim málum. Skýrsla þessi hefur verið ómetanleg í allri vinnu barnaverndarnefnda og þeirra sem sinna málefnum barna á einhvern hátt.

Með því að taka saman skýrslu af þeim toga sem hér er farið fram á er hægt að nýta þá þróun sem orðið hefur annars staðar á Norðurlöndum og vinna að endurskoðun og stefnumörkun í þessum málum hér á landi.

52. Tillaga til þingsályktunar [52. mál]

um framtíðarskipulag og uppbyggingu landsvega á hálendi Íslands.

Flm.: Drífa Hjartardóttir, Árni Johnsen, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðjón Guðmundsson, Ásta Möller, Hjálmar Jónsson, Ísólfur Gylfi Pálmason.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd sem geri tillögur um framtíðarskipulag og uppbyggingu landsvega á hálendi Íslands.

Nefndin skal skipuð fimm mönnum, einum tilnefndum af ráðherra, tveimur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum af Náttúruvernd ríkisins og einum af Vegagerðinni.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 125. löggjafarþingi en var ekki útrædd. Tillagan er nú endurflutt nánast óbreytt.

Umferð á hálendi Íslands fer sívaxandi. Samkvæmt tillögunni skal skipuð nefnd sem semji drög að framtíðarskipulagi og uppbyggingu landsvega á hálendinu þannig að komast megi um það án mikilla svaðilfara, en með nokkrum takmörkunum þó.

Aðalleiðir, þ.e. Kjölur, Sprengisandur, Kaldidalur/Uxahryggir og Fjallabaksleið nyrðri, þurfa að vera færar dugmiklum fólksbílum, venjulegum jeppum og fólksflutningabílum yfir helsta ferðamannatímann, þ.e. frá júní til september.

Vinsælar leiðir á borð við leiðirnar að Öskju, Gæsavötnum, Herðubreið og Snæfelli, Fjallabaksleið syðri, hringleið um Heklu, Emstruleið, inn í Þórsmörk, Dómadalsleið í Landmannalaugar, um Haukadalsheiði, Eyfirðingabraut, yfir Öxi, að Lakagígum og fleiri vinsælar ferðaleiðir á hálendinu þurfa að vera færar öllum venjulegum jeppum og fólksflutningabílum yfir sumartímann.

Til að þetta geti orðið til frambúðar þarf að veita fé til uppbyggingar og viðhalds þessara vega á hverju ári. Í flokkun veganna þarf að koma fram tilgangur þeirra, þ.e. hverjir fara um þá og hvert. Setja þarf viðmiðunarreglur um hvar á að brúa og hvar ekki. Rétt er að fjármagnið skiptist eftir þessari flokkun og ástandi og mikilvægi hvers vegar eins og reynt er að gera í byggð.

Með góðum og greiðfærum vegum á hálendinu er hægt að draga úr utanvegaakstri og stuðla þar með að verndun gróðurs og ósnortinna svæða, auka öryggi ferðamanna á ferðum um hálendið og tryggja að ekki verði „óvart“ til nýjar slóðir hér og þar.

Með efldu vegakerfi á hálendinu er auðveldara að stýra umgengni ferðamanna og náttúruunnenda. Almenningi er þannig gefinn kostur á að njóta stórkostlegrar náttúru, nokkuð sem ekki hefur hingað til verið mögulegt á venjulegum farartækjum.

Nauðsynlegt er að taka mið af skipulagi miðhálendis Íslands við skipulagningu vegakerfis um hálendið. Það ætti að einhverju leyti að taka mið af hugmyndafræðinni um að ferðamenn fari um hálendið og njóti náttúrunnar að degi til en dveljist eins og við verður komið við jaðar þess eða á skipulögðum svæðum yfir nætur.

53. Fyrirspurn [53. mál]

til fjármálaráðherra um hlutabréfaeign einstaklinga.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hversu margir einstaklingar töldu fram hlutabréfaeign á skattframtali, árlega á tímabilinu 1990–99?
2. Hvað er það hátt hlutfall þeirra sem greiddu tekjuskatt á þessum árum?

Skriflegt svar óskast.

54. Frumvarp til laga [54. mál]

um breytingu á lögum um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954, með síðari breytingum, og lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Ólafur Örn Haraldsson, Kristján L. Möller.

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga.

1. gr.

3. mgr. 37. gr. laganna orðast svo:

Sé hús sem skaðast hefur byggt að nýju eða við það gert skal vátryggingarfjárhæð miðuð við endurstofnverð eignarinnar samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins á hverjum tíma.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands.

2. gr.

Við 9. gr. laganna bætist nýr töluliður sem verður 2. tölul., svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. skulu húseignir viðlagatryggðar fyrir sömu fjárhæð og endurstofnverð þeirra nemur samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins á hverjum tíma.

3. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 15. gr., svohljóðandi:

Upplýsingaskylda.

Viðlagatrygging Íslands skal láta vátryggðum í té allar þær upplýsingar í tengslum við vátryggingaratburð og meðferð og afgreiðslu bótamáls sem hann óskar eftir í samræmi við ákvæði stjórnsýslu- og upplýsingalaga.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Lög þessi skulu endurskoðuð fyrir 1. janúar 2002.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Öllum eru ofarlega í minni jarðskjálftarnir sem urðu á Suðurlandi 17. og 21. júní á liðnu sumri þar sem fjöldi fólks varð fyrir verulegu eignatjóni.

Fljótlega eftir að farið var að meta tjónið kom í ljós að verulegur munur er á brunabótamati sambærilegra eigna milli svæða eða sveitarfélaga og jafnvel sambærilegra eigna innan sama svæðis. Bætur vegna náttúruhamfara eins og jarðskjálfta eru greiddar af Viðlagatryggingu Íslands. Við ákvörðun bóta vegna tjóna sem Viðlagatrygging bætir er farið eftir meginreglum vátryggingaréttar, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 83/1993, um Viðlagatryggingu Íslands.

Gildandi brunabótamat eignar er lögákveðin vátryggingarfjárhæð við upphaf vátryggingarinnar en ekki ákvarðandi varðandi tjónabótafjárhæð. Þannig getur bótafjárhæð verið

lægri en brunabótamat, en það er þó alltaf hámark bótafjárhæðar skv. 12. gr. áðurnefndrar reglugerðar um Viðlagatryggingu Íslands.

Tilkvaddir matsmenn eiga því samkvæmt reglugerð að ákveða verðmæti vátryggðrar eignar með hliðsjón af því hvert var raunverulegt verðmæti hennar þegar tjón varð. Við þetta mat skal samkvæmt upplýsingum frá Viðlagatryggingu Íslands tekið tillit til verðrýrunar vegna aldurs, notkunar, minnkandi notagildis eða annarra ástæðna.

Við ákvörðun um hvernig staðið skuli að mati er vísað í 37. gr. laga um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954, en þar segir í 1. mgr.: „Með undantekningum þeim, sem um getur í 38. og 75. gr., skal verð hlutarins talið nema þeirri upphæð, er þurft hefði til kaupa á hlut þeim, er fórst eða skemmdist, með því verðlagi, er síðast var á slíkum hlut áður en vátryggingaratburðurinn gerðist, að frádreginni hæfilegri verðrýrnun hans vegna aldurs, brúkunar, minnkaðs notagildis og annarra atvika."

Í 2. mgr. 37. gr. segir: „Þegar um búsgögn er að ræða eða hluti til persónulegra nota og þess háttar, er verðrýrnun vegna aldurs og brúkunar því aðeins dregin frá verðinu, að telja megi að notagildi hlutanna fyrir vátryggðan hafi minnkað svo verulegu nemi."

Þá segir í 3. mgr. 37. gr: „Sé hús, sem skaðast hefur, byggt að nýju eða við það gert, skal aðeins dreginn frá mismunur milli gamals og nýs."

Svo virðist af skriflegum svörum sem borist hafa við erindum til Viðlagatryggingar að allar málsgreinar 37. gr. laga um vátryggingarsamninga séu notaðar til hliðsjónar við mat á tjóni á húseign. Brunabótamatið er þó eftir sem áður sá grunnur sem matsmönnum er ætlað að byggja á ásamt settum vinnureglum Viðlagatryggingar Íslands.

Öllum var ljóst áður en jarðskjálftarnir urðu að mikið ósamræmi ríkti á þessu svæði hvað varðar brunabótamat eigna. Fáir áttuðu sig þó á að til væru sérstakar fyrningarreglur sem nýttar væru í tilvikum sem þessum. Þetta hefur komið mjög illa við þá sem urðu fyrir altjóni í jarðskjálftunum, ásamt því að brunabótamatið reyndist í nokkrum tilvikum óraunhæf viðmiðun.

Það hlýtur einnig að teljast óeðlilegt að iðgjald sé greitt af brunabótamati sem þegar á reynir er ekki marktæk viðmiðun. Það á eingöngu við ef eignin skemmist af völdum náttúruhamfara og bætur greiðast af Viðlagatryggingu Íslands því sömu reglur eru að því best verður séð ekki notaðar, t.d. ef hús eyðilegst í bruna.

Þeir sem starfað hafa við að meta tjón einstaklinga og fyrirtækja eftir jarðskjálftana á Suðurlandi hafa unnið gott starf en reglur og lagaákvæði sem þeim er ætlað að starfa eftir verður að endurskoða í ljósi fenginnar reynslu.

Ljóst er að brunabótamat eigna er ekki grunnur sem hægt er að byggja á við mat á tjóni af völdum náttúruhamfara. Þar er mun eðlilegra að byggja á endurstofnverði eignar samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins. Þá er einnig ljóst að þær vinnureglur sem settar hafa verið um mat á fyrningum húseigna og byggðar eru á ákvæðum 37. gr. laga um vátryggingarsamninga þurfa endurskoðunar við og eðlilegra væri að tekið væri tillit til aldurs og ástands tryggðra mannvirkja í endurstofnverði þeirra þannig að eigendur viti hver staðan er hverju sinni.

Frumvarp þetta er flutt til þess að skýra réttarstöðu þeirra sem verða fyrir tjóni af völdum jarðskjálfta eins og þeirra sem urðu í sumar, en einnig tjóna sem kunna að verða af völdum annarra náttúruhamfara eins og við þekkjum frá liðnum árum. Valin var sú leið að flytja í einu frumvarpi breytingu á tvennum lögum þar sem verið er að fjalla um sambærileg ákvæði.

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingu á 3. mgr. 37. gr. laga um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954, þar sem tekinn er af allur vafi um við hvað skal miðað þegar bætur fyrir tjón á hús-

eignum eru ákvarðaðar, þ.e. endurstofnverð eignarinnar samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins á hverjum tíma.

Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á lögum nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands, þar sem um er að ræða sambærilegt ákvæði, þ.e. að miðað skuli við endurstofnverð húseigna þegar þær eru viðlagatryggðar. Einnig er lagt til að lögtekið verði ákvæði um upplýsingaskyldu þar sem kveðið er á um að tjónþoli skuli eiga rétt á öllum upplýsingum um meðferð og afgreiðslu eigin bótamáls í samræmi við ákvæði stjórnsýslu- og upplýsingalaga. Að lokum er lagt til að við lögin verði bætt ákvæði til bráðabirgða þess efnis að lögin skuli endurskoða fyrir 1. janúar árið 2002. Nauðsynlegt er að endurskoðun þessara laga fari nú þegar af stað og að í henni taki þátt t.d. fulltrúar frá þeim sveitarfélögum þar sem tjón hefur orðið verulegt vegna náttúruhamfara.

Ljóst er af þeirri sáru reynslu sem margir hafa orðið fyrir vegna tjóns af völdum náttúruhamfara að nauðsynlegt er fyrir okkur að búa við trausta löggjöf sem dregur sem mest úr þeim skaða sem einstaklingar, fjölskyldur, fyrirtæki, sveitarfélög og þjóðfélagið allt geta orðið fyrir og umfram allt að reglur séu skýrar og almenningi sé fullljós réttarstaða sín þegar áföll verða.

55. Tillaga til þingsályktunar [55. mál]

um rannsóknir á ferjuaðstöðu við Bakkafjöru undan Vestmannaeyjum.

Flm.: Árni Johnsen, Drífa Hjartardóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir,
Hjálmar Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Ísólfur Gylfi Pálmason,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Kristján L. Möller, Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að hlutast til um við Siglingastofnun Íslands að hún hefji sem fyrst rannsóknir á ferjuaðstöðu við Bakkafjöru og öðrum aðstæðum í tengslum við ferjuleið frá Vestmannaeyjum að Bakkafjöru.

Greinargerð.

Inngangur.

Um 150 þúsund manns ferðast árlega til Vestmannaeyja, en þær eru meðal þriggja fjölsóttustu ferðamannastaða á Íslandi. Hugmyndin að ferjusiglingu stystu leið milli lands og Eyja miðast við að flytja fólk, bíla og gáma. Slík framkvæmd mundi gjörbylta samgöngum milli lands og Eyja og aðstöðu allri á Suðurlandsundirlendinu því þá yrðu farnar ferðir á 30–60 mínútna fresti og siglingartími yrði ekki fjarri þeim tíma sem tæki að aka göng til Eyja.

Möguleiki er á að stytta verulega ferjusiglingu milli lands og Eyja með ferjuaðstöðu á Bakkafjöru, sem er stysta sjóleiðin, allt niður í 20 mínútna siglingartíma.

Rannsóknir.

Hafnleysi einkennir suðurströnd landsins. Af þeim sökum hafa rannsóknir á sjólagi og efnisflutningum þar ekki verið ofarlega á baugi. Áhuginn hefur hingað til einkum beinst að Þorlákshöfn í vestri og Hornafirði í austri, en þar á milli eru um 350 km. Við uppbyggingu landshafnarinnar í Þorlákshöfn um miðjan áttunda áratuginn og eftir að Ósinn við Hornafjörð lokaðist fyrir tíu árum fóru fram umfangsmiklar rannsóknir og athuganir við þessar hafnir.

Þann grunn má nýta til að skilgreina hvaða upplýsinga þarf að afla til að svara spurningum um hafnargerð á Bakkafjöru.

Aðstæður til siglinga upp að Bakkafjöru eru um margt svipaðar og á grynnslunum utan Hornafjarðaróss. Þar er dýpið um 7 m og munur á flóði og fjöru um 0,5 m minni en við Bakkafjöru. Í rauninni er siglt inn um mjög vítt og stöðugt hlið á Hornafirði þar sem Hvanney og sjávarföllin í Ósnum halda aðstæðum stöðugum.

Með þekkingu á hegðun sandrifjanna og hliðanna við Bakkafjöru er talið að finna megi aðstæður sem hægt væri að nýta fyrir sérbúið ferjuskip til að sigla að ferjuaðstöðu þar sem leitast væri við að finna sem haganlegastar aðstæður.

Lítið er vitað um sjólag og breytingar á sandrifjunum við Bakkafjöru. Til að afla gagna um fjöruna, botninn úti fyrir og sjólag þar þarf að sigla um svæðið og mæla dýpið reglulega. Skip eins og Lóðsinn í Vestmannaeyjum hentar mjög vel til þessara rannsókna, m.a. vegna þess að hann er búinn tveimur aflmiklum vélum og hefur góða stjórnhæfni. Siglt yrði upp að Bakkafjöru þegar aldan gengi niður eftir brim og svæðið mælt bæði innan og utan sandrifjanna til að fylgjast með hliðum. Þetta þyrfti að gera 5–10 sinnum í 3–4 ár. Á sama tíma væri fjaran mæld reglulega. Ölduspá fyrir Bakkafjöru gæti verið aðgengileg á heimasíðu Siglingastofnunar Íslands og á grundvelli gagna væri hægt að reikna efnisflutninga með ströndinni.

Gert er ráð fyrir að a.m.k. þrjú ár þurfi til að meta hvort aðstæður eru þannig að ferja gæti haldið uppi reglulegum siglingum upp að Bakkafjöru og þá væru frátafir vegna brima þekktar eins og á Hornafirði.

Hönnun og þróun aðstöðu fyrir ferju tæki einkum mið af að halda í lágmarki stofnkostnaði og rekstrarkostnaði vegna dælingar á sandi og möl og frátafa vegna brima. Þessi aðstaða verður að uppfylla allar öryggiskröfur sem gerðar eru fyrir farþega á ferjum.

Eftirfarandi er áætlun um undirbúningsrannsóknir:

	Kostnaður (millj. kr.)
Búnaður um borð á Lóðsinum: DGPS-staðsetningartæki og mælingabúnaður líkur búnaði SÍ ásamt Doppler-straummæli og búnaði til að taka botnsýni. Stofnkostnaður og leiga á Lóðsinum: 5 millj. kr. + 2 millj. kr.	7
Búnaður til að sniðmæla fjörur á landi	3
Sjálfvirk veðurathugunarstöð á Bakkafjöru	2
Ölduduflí úti fyrir ströndinni og ölduspár við Bakkafjöru á heimasíðu SÍ	3
Hugbúnaður til að reikna efnisflutninga með ströndinni. Stofnkostnaður 2 millj. kr. og vinna 2 millj. kr.	4
Grjótnámsrannsóknir vegna brimvarna	5
Jarðvegsathuganir á hafnarstæði	3
Úrvinnsla mælinga og vinna við skýrslugerð	3
Samtals	**30**

Kostnaður er áætlaður um 10 millj. kr. á ári miðað við þriggja ára tímabil.

56. Frumvarp til laga [56. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1998, um loftferðir, með síðari breytingum.

Flm.: Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Einar Már Sigurðarson, Svanfríður Jónasdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

4. mgr. 71. gr. a laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi voru með lögum nr. 74/2000 tekin upp svokölluð leiðarflugsgjöld á flugleiðum innan lands. Þessi gjöld eru nýmæli hér á landi. Samkvæmt greinargerð með frumvarpi til framangreindra laga er þessu gjaldi ætlað að standa straum af kostnaði vegna flugleiðsöguþjónustu við flugrekendur.

Á fundi samgöngunefndar kom fram hjá fulltrúum samgönguráðuneytis og Flugmálastjórnar að þessi kostnaður væri tæpar 200 millj. kr. á árinu 2000 og gert var ráð fyrir að innheimta 30 millj. kr. fyrir árið 2000 (júní–desember) og tæpar 50 millj. kr. á árinu 2001. Var á þeim að heyra að stefnt væri að því að gjaldið stæði straum af öllum kostnaðinum í framtíðinni.

Frumvarpið var sent nokkrum aðilum til umsagnar sem allir mótmæltu þessu nýja gjaldi á innanlandsflugið. Þeir bentu á að ný gjaldheimta mundi fara beint út í verðlagið, með öðrum orðum yrði tekinn upp *flugmiðaskattur*.

Í umsögn Flugleiða og dótturfélagsins, Flugfélags Íslands hf., sagði m.a.:

„Öðru máli gegnir um nýmæli í síðari hluta 2. gr. þar sem ætlunin er að lögfesta álagningu nýrra leiðarflugsgjalda í innanlandsflugi, og innheimta á „fyrir hvert flug með blindflugsheimild eða á blindflugsleiðum". Samkvæmt formúlu, sem gilda á um þessi nýju gjöld, þýðir að greiða þarf t.d. 10,65 kr. fyrir hvern floginn kílómetra Fokker 50 flugvélar í innanlandsflugi. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að þessu nýja gjaldi sé ætlað að skila Flugmálastjórn um 30 millj. kr. viðbótartekjum í ár."

Aðdragandi þessarar nýju gjaldtöku af innanlandsfluginu kom fram á fundi sem samgönguráðuneytið hélt 19. ágúst 1999 með fulltrúum sex íslenskra flugrekenda. Á þeim fundi kom m.a. fram að hér væri *„aðeins um fyrsta stig slíkrar innheimtu"* að ræða. Á þeim fundi mótmæltu flugrekendurnir harðlega slíkum viðbótarálögum og vitnuðu í því sambandi til þeirrar staðreyndar að íslenskt innanlandsflug hefur um árabil verið rekið með töluverðu tapi.

Í kjölfar þessa fundar sendu Samtök ferðaþjónustunnar bréf til samgönguráðherra, með afriti til forsætisráðherra, fjármálaráðherra, flugráðs, flugmálastjóra og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þar var m.a. vísað til eftirfarandi tveggja þátta í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar, dags. 28. maí 1999:

— „Að treysta undirstöður byggðar í landinu í samræmi við nýsamþykkta þingsályktun um það efni. Kraftmikið og fjölbreytt atvinnu- og menningarlíf, aðgangur að góðri menntun og velferðarþjónustu ásamt lægri orkukostnaði og góðum samgöngum eru forsendur blómlegs atvinnulífs í landinu öllu."

— „Að auka veg ferðaþjónustunnar með öflugu kynningarátaki á helstu mörkuðum. Þannig verði nýtt þau sóknarfæri sem gefast í þeirri grein, ekki síst á sviði menningar- og

heilsutengdrar ferðaþjónustu. Unnið verði að lengingu ferðamannatímans um land allt og betri nýtingu fjárfestingar í greininni."

Framangreind markmið voru síðar áréttuð í þjóðhagsáætlun sem forsætisráðherra lagði fram 1. október sl., sbr. II. gr. um efnahagsstefnuna. Að mati íslenskra flugrekenda er augljóst að álagning nýrra og aukinna opinberra gjalda á íslenskt innanlandsflug, sem nú þegar er rekið með halla, er ekki til þess fallin að þessum markmiðum verði náð.

Í framangreindu bréfi Samtaka ferðaþjónustunnar, fyrir hönd flugrekendanna, var jafnframt minnt á þær grunnreglur um gjaldtöku af flugrekstri sem birtar hafa verið af Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) sem Ísland hefur verið fullgildur aðili að frá 1947. Þar er um að ræða yfirlýsingar fastaráðsins (*Statements by the Council to Contracting States on Charges for Airports and Air Navigation Services)*, svo og þær alþjóðlegu leiðbeiningar sem er að finna í hlutaðeigandi handbók (ICAO Manual on Route Air Navigation Facility Economics).

Í yfirlýsingu fastaráðsins eru aðildarríkin sérstaklega hvött til varkárni í stefnumörkun sinni við álagningu leiðarflugsgjalda og að þau taki tillit til þeirra áhrifa sem slík gjaldtaka hafi á notendur, sérstaklega flugrekendur sem gætu þurft að hækka gjaldskrár með hliðsjón af auknum kostnaði við ný og hærri gjöld.

Bæði Flugleiðir hf. og dótturfélagið Flugfélag Íslands hf. mæltu eindregið gegn lögfestingu nýrrar opinberrar gjaldtöku af íslensku innanlandsflugi og lögðu því til að 4. mgr. a-liðar 2. gr. frumvarpsins yrði felld niður.

Í umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar segir m.a.:

„Boðuð aukin gjöld ríkisins af íslensku innanlandsflugi, sem hefur ekki notið opinberra styrkja, eru ekki til þess fallin að ofangreindum markmiðum ríkisstjórnarinnar verði náð. Kunnugt er að hliðstæð flugstarfsemi í nágrannalöndunum er víðast hvar verulega ríkisstyrkt. Við samanburð á álagningu ýmissa tegunda gjalda hérlendis og hjá öðrum ríkjum er því nauðsynlegt að taka fullt tillit til þessarar staðreyndar."

Íslandsflug mótmælti einnig þessu nýja gjaldi:

„Í öðru lagi vill félagið mótmæla upptöku á leiðarflugsgjöldum. Rekstur innanlandsflugs hefur verið erfiður og þolir engar frekari álögur. Ekki eru fordæmi um að aðrar greinar greiði sambærileg gjöld. Ef þetta gjald verður hins vegar tekið upp leggjum við til að þjálfunarflug verði undanþegið þessu gjaldi."

Flugráð fjallaði um frumvarpið á 32. fundi sínum 23. mars 2000. Í b-kafla umsagnar þess segir svo um leiðarflugsgjöldin:

„Í ljósi þeirrar erfiðu afkomu á innanlandsflugi sem raun ber vitni, þar sem sífellt fækkar flugrekendum og áfangastöðum er nauðsynlegt að sýna varkárni við ný gjöld og skoða þarf vel hvaða áhrif þau hafa á notendur. Flugráð er því mótfallið því að setja leiðarflugsgjöld á við núverandi aðstæður og án samhengis við aðra gjaldtöku Flugmálastjórnar."

Fram kemur í bréfi flugráðs að umsögnin hafi verið samþykkt með fjórum atkvæðum, en einn flugráðsmaður sat hjá. Í flugráði sitja eftirtaldir aðilar: Hilmar Baldursson, Óli J. Gunnarsson, Gunnar Hilmarsson, Karvel Pálmason og Árni Johnsen sem reyndar var fjarstaddur þennan fund, en varamaður hans Guðmundur Hallvarðsson sat fundinn.

Þessi nýju leiðarflugsgjöld valda íslenskum flugrekendum enn meiri vandræðum og bætast við þann mikla kostnaðarauka sem orðið hefur vegna olíuverðshækkana undanfarið. Þessi gjaldtaka leggst hlutfallslega þyngst á rekstur smærri flugvéla og gerir rekstur þeirra enn erfiðari en ella. Með þessum flugvélartegundum hefur flugi til ýmissa staða á landsbyggðinni verið þjónað, og veldur þetta nýja gjald því m.a. að flugfélög eru að gefast upp á flugi til minni staða sem eru mjög háðir góðum og öruggum flugsamgöngum.

Upptaka leiðarflugsgjaldanna mun því auka álögur á íbúa landsbyggðarinnar sem nota flug mikið, svo og höfuðborgarbúa og síðast en ekki síst ferðamenn sem fljúga mikið innan lands. Má með sanni segja að þessi flugmiðaskattur sé enn einn *landsbyggðarskatturinn.*

Nefna má nokkur dæmi um flugfargjöld innan lands (fram og til baka) eins og þau voru þegar frumvarpið var lagt fram:

Flugleið:

Reykjavík – Akureyri	16.530 kr.
Reykjavík – Ísafjörður	16.530 kr.
Reykjavík – Egilsstaðir	18.730 kr.
Reykjavík – Vestmannaeyjar	12.330 kr.
Reykjavík – Vopnafjörður	24.730 kr.
Reykjavík – Bíldudalur	12.930 kr.
Reykjavík – Sauðárkrókur	12.930 kr.

Eins og sjá má er verð á farmiðum í innanlandsflugi mjög hátt og hefur hækkað mikið að undanförnu. Til samanburðar má nefna nokkur dæmi um flugfargjöld til útlanda, með sköttum:

Flugleið:

Til Amsterdam	17.795 kr.
Til Barcelona	17.185 kr.
Til Glasgow	15.295 kr.
Til Kaupmannahafnar	18.355 kr.
Til London	15.905 kr.
Til Mílanó	17.465 kr.
Til Óslóar	19.675 kr.
Til Parísar	17.975 kr.
Til Stokkhólms	17.585 kr.

Auknar gjaldtökur leiða til hærra verðlags og gjald þetta hefur nú þegar átt sinn þátt í þeim miklu verðhækkunum sem orðið hafa í innanlandsflugi, og frekari hækkanir eru fram undan.

Hátt verð á farmiðum í innanlandsflugi mun einnig fækka flugfarþegum á mörgum innanlandsflugleiðum sem aftur leiðir til þess að flugfélög sjá sér ekki fært að stunda slíkan rekstur og gefast upp á starfseminni.

Af þessum sökum leggja flutningsmenn þessa frumvarps til að gjaldtökuákvæði þetta verði fellt úr gildi.

57. Fyrirspurn [57. mál]

til forsætisráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf voru flutt út á land á árinu 1999 á vegum ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins? Svarið óskast sundurliðað eftir ráðuneytum, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til.

Skriflegt svar óskast.

58. Fyrirspurn [58. mál]

til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um búsetuþróun.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hefur kostnaður samfélagsins af búsetuþróuninni sem hefur orðið frá árinu 1986 verið metinn og hefur Byggðastofnun metið áhrif lagasetningar, fjárlagagerðar og einstakra stjórnvaldsaðgerða á byggðaþróunina í landinu, í samræmi við 16. tölul. þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 sem samþykkt var á Alþingi 3. mars 1999?

59. Fyrirspurn [59. mál]

til viðskiptaráðherra um greiðslur vegna tjóna er urðu í jarðskjálftunum á Suðurlandi í sumar.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Í hve mörgum tilvikum varð altjón á húseignum í jarðskjálftunum á Suðurlandi 17. og 21. júní sl.?
2. Hverjar eru ákvarðaðar bótafjárhæðir viðlagatryggingar vegna
   a. íbúðarhúsnæðis,
   b. útihúsa,
   c. annarra eigna,
   sundurliðað eftir eignum og borið saman við brunabótamat og endurstofnverð viðkomandi eigna samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins?

Skriflegt svar óskast.

60. Fyrirspurn [60. mál]

til viðskiptaráðherra um tjónagreiðslur vegna jarðskjálftanna á Suðurlandi í sumar.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu margir einstaklingar, fyrirtæki og sveitarfélög urðu fyrir verulegu tjóni á eignum, sem ekki eru tryggingaskyldar, eða öðru verulegu fjárhagstjóni, sem rekja má til jarðskjálftanna á Suðurlandi 17. og 21. júní sl. og ekki fellur undir tryggingakerfið? Átt er við tjón á vörum, rekstrarstöðvun fyrirtækja, tjón á lögnum, vatnsbólum og fráveitukerfum til sveita, vinnutap og ýmislegt fleira.
2. Hefur verið reynt að meta umfang tjónsins og hversu háar fjárhæðir er um að ræða?

3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að þetta tjón verði bætt og ef svo er, hvernig verður staðið að því?

Skriflegt svar óskast.

61. Fyrirspurn [61. mál]

til heilbrigðisráðherra um könnun á áhættuhegðun karla.

Frá Svanfríði Jónasdóttur og Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Hefur ráðherra látið „kanna sérstaklega þátt karlmennskuímyndar í þeirri hegðun karla sem orsakar slys, sjálfsvíg og eitranir“, sbr. lið 6.10 í þingsályktun um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998?
2. Hverjar eru niðurstöður könnunarinnar og ef þær liggja ekki fyrir, á hvaða stigi er könnunin?

62. Fyrirspurn [62. mál]

til menntamálaráðherra um rannsókn á stöðu kynjanna í skólakerfinu.

Frá Svanfríði Jónasdóttur og Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Hefur ráðherra látið fara fram rannsókn á stöðu kynjanna í skólakerfinu og látið kanna hvort tímabundin aðgreining kynjanna í námi tryggi betri námsárangur eða líðan þeirra, sbr. lið 9.4 í þingsályktun um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998?

63. Fyrirspurn [63. mál]

til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um verkefni sem unnt er að sinna á landsbyggðinni.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hafa þau verkefni iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta, undirstofnana þeirra eða fyrirtækja sem unnt er að sinna á landsbyggðinni verið skilgreind, sbr. 6. tölul. í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 sem samþykkt var á Alþingi 3. mars 1999?
2. Hvenær er gert ráð fyrir að „tillögur þar að lútandi sem meðal annars geri ráð fyrir að möguleikar upplýsingatækninnar verði nýttir til hins ítrasta“ verði lagðar fram?

64. Fyrirspurn [64. mál]

til sjávarútvegsráðherra um atvinnumöguleika kvenna í fiskvinnslu.

Frá Svanfríði Jónasdóttur og Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Hefur ráðherra skipað nefnd „til að safna upplýsingum um stöðu fiskvinnslunnar að því er varðar atvinnumöguleika kvenna og áhrif nýrrar tækni á atvinnugreinina og þá atvinnumöguleika“, sbr. lið 11.1 í þingsályktun um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998?
2. Liggur eitthvað fyrir af þeim upplýsingum sem nefndin átti að afla svo hægt væri að meta möguleika kvenna í fiskvinnslu til starfsþjálfunar og endurmenntunar?

65. Fyrirspurn [65. mál]

til sjávarútvegsráðherra um hrefnuveiðar.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvaða fimm ár voru flestar hrefnur veiddar hér við land og hversu margar voru þær hvert ár?
2. Hve margar hrefnur er talið að veiða þyrfti árlega til að um það munaði í lífríkinu vegna fæðunáms þeirra?

66. Fyrirspurn [66. mál]

til sjávarútvegsráðherra um kynningu á þingsályktun um hvalveiðar.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvernig og fyrir hverjum hefur þingsályktun um hvalveiðar, sem samþykkt var á Alþingi 10. mars 1999, verið kynnt?
2. Hvað liggur fyrir um frekari kynningu og hvenær er áætlað að henni ljúki?
3. Hversu mikið hefur kynningin kostað og hvað er fyrirhugað að hún muni kosta?

Skriflegt svar óskast.

67. Fyrirspurn [67. mál]

til forsætisráðherra um nýjar ríkisstofnanir.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hvaða nýjar ríkisstofnanir hafa orðið til frá og með árinu 1995, sundurliðað eftir árum og ráðuneytum?

Skriflegt svar óskast.

68. Fyrirspurn [68. mál]

til fjármálaráðherra um skattafrádrátt og fríðindi starfsmanna ríkisins.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hver var heildarupphæð frádráttarbærra greiðslna, sbr. 30. gr. laga nr. 75/1981, til starfsmanna ríkisins, innan lands og utan, á árunum 1998 og 1999 og hver er áætluð heildarupphæð slíkra greiðslna árið 2000? Óskað er eftir sundurliðun eftir því undir hvaða ákvæði 30. gr. laganna greiðslurnar falla.
2. Hvert var heildarverðmæti fríðinda sem starfsmenn ríkisins nutu og ekki teljast til endurgjalds fyrir vinnu, starf eða þjónustu í þágu ríkisins árið 1999 og hvert er heildarverðmæti þessara fríðinda það sem af er árinu 2000?

Skriflegt svar óskast.

69. Fyrirspurn [69. mál]

til iðnaðarráðherra um „Átak til atvinnusköpunar".

Frá Svanfríði Jónasdóttur og Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Hvaða verkefni hafa verið studd af „Átaki til atvinnusköpunar" frá 1996 til og með 1999, sundurliðað eftir tegund verkefna og þeim aðilum sem fyrir verkefnunum standa?

Skriflegt svar óskast.

70. Fyrirspurn [70. mál]

til viðskiptaráðherra um hlutafélög og einkahlutafélög.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve mörg hlutafélög annars vegar og einkahlutafélög hins vegar voru skráð á árunum 1998, 1999 og 2000 (til 1. október), sundurliðað eftir árum og starfsgreinum?
2. Hver var fjölgun hlutafélaga annars vegar og einkahlutafélaga hins vegar á þessum árum sem hlutfall af heildarfjölda þeirra, sundurliðað eftir árum og starfsgreinum?
3. Hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að geta stofnað einkahlutafélög hér á landi og annars staðar á Norðurlöndunum?
4. Telur ráðherra rétt með tilliti til reynslunnar af einkahlutafélögum að breyta skilyrðum til stofnunar einkahlutafélaga og ef svo er, hvaða leið telur ráðherra rétt að fara í því efni?

Skriflegt svar óskast.

71. Fyrirspurn [71. mál]

til fjármálaráðherra um arðgreiðslur og einkahlutafélög.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve mörg einkahlutafélög greiddu arð og þá hve mikinn á árunum 1996, 1997, 1998 og 1999?
2. Hve miklar voru skattgreiðslur af arði þessi ár, sundurliðað eftir starfsgreinum og fjölda skattgreiðenda?
3. Hver voru laun og arðgreiðslur eigenda einkahlutafélaga og hver var fjöldi þeirra sem jafnframt eru framkvæmdastjórar eða starfsmenn hlutafélaganna, flokkað eftir fjárhæðum launa annars vegar og arðgreiðslna hins vegar, hvert áranna 1996–99?
4. Er ástæða til að ætla að eigendur einkahlutafélaga taki verulegan hluta launa sinna út í arði og skrái að einhverju leyti einkaneyslu á rekstur fyrirtækisins? Hefur slík athugun farið fram á vegum skattyfirvalda? Ef ekki, mun ráðherra beita sér fyrir slíkri athugun?

Skriflegt svar óskast.

72. Fyrirspurn [72. mál]

til iðnaðarráðherra um þriggja fasa rafmagn.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hversu margir hafa fengið aðgang að þriggja fasa rafmagni undanfarin þrjú ár, greint eftir kjördæmum?
2. Var þeim sem fengið hafa slíkan aðgang á þessum tíma forgangsraðað á einhvern hátt?
3. Hver hefur verið kostnaður við að tryggja núverandi aðgang að þriggja fasa rafmagni?
4. Hvernig er gert ráð fyrir að aðgangur landsmanna að þriggja fasa rafmagni þróist á næstu árum?

Skriflegt svar óskast.

73. Frumvarp til laga [73. mál]

um breytingu á jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976, með síðari breytingum.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Svanfríður Jónasdóttir, Jóhann Ársælsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir.

1. gr.

Á eftir 72. gr. laganna kemur ný grein er verður 73. gr. og orðast svo:
Lög þessi falla úr gildi eigi síðar en 1. janúar árið 2002.

2. gr.

Á eftir síðustu grein laganna kemur svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Fyrir 1. október árið 2001 skal ráðherra hafa lokið við að endurskoða ákvæði jarðalaga og skal hann leggja frumvarp að nýjum jarðalögum fyrir þingið sem þá hefst. Markmið endurskoðunarinnar skal vera að tryggja eigendum bújarða sambærileg réttindi til ráðstöfunar á jörðum sínum og fasteignum, sem á þeim kunna að vera, og gilda almennt um ráðstöfunarrétt einstaklinga og lögaðila á fasteignum, þar á meðal rétt til að nýta þær eins og þeir sjálfir kjósa, selja þær eða leigja, ráðstafa þeim til erfingja eða nýta til annars en hefðbundinna búskaparnota, enda gangi það ekki gegn ákvæðum annarra laga, svo sem skipulagslaga og laga um náttúruvernd. Eigi þurfi að afla leyfis viðkomandi sveitarstjórnar né annarra opinberra aðila um slíka ráðstöfun á bújörðum eða fasteignum á þeim né til annarra nytja en hefðbundinna búskaparnota, enda séu ákvæði skipulagslaga og náttúruverndarlaga virt, en telji viðkomandi sveitarstjórn að fyrirhuguð ráðstöfun á bújörðinni eða fasteignum á henni við eigendaskipti gangi gegn hagsmunum sveitarfélagsins geti sveitarstjórn öðlast forkaupsrétt á jörðinni innan tiltekinna tímamarka, sem lögin ákveði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Núgildandi jarðalög leggja óeðlilegar kvaðir á eigendur bújarða um ráðstöfun á þeim með leigu, sölu eða til erfingja svo og um nýtingu á bújörðum til annars en hefðbundins búskapar. Með þessum takmörkunum er eignarréttur bænda stórlega skertur og verðmæti bújarða þeirra og fasteigna á þeim rýrð umtalsvert. Völd jarðanefnda og sveitarstjórna til afskipta af réttindum eigenda bújarða til nýtingar og ráðstöfunar á eignum sínum er bæði óeðlilegur og óæskilegur þar sem umræddir aðilar geta bæði í senn neitað eiganda bújarðar um þau not á eignum sínum, sem viðkomandi telur hagfelldust, jafnframt því að neita honum um að selja eða leigja þeim aðila, er hann kýs. Eru jafnvel dæmi þess, að umræddir opinberir aðilar hafi nánast þvingað bónda til að selja bújörð sína öðrum aðila en hann sjálfur kaus og við mun lægra verði en hann hefði getað fengið. Þá hafa umræddir aðilar einnig heimildir til afskipta af því hvernig bóndi hyggst ráðstafa eignum sínum til erfingja. Slík afskipti af hálfu opinberra aðila eru fortakslaust óeðlileg og víðs fjarri þeim reglum sem gilda um ráðstöfun eigenda á öðrum fasteignum.

Gildandi jarðalög eiga rætur sínar að rekja til allt annarra aðstæðna í landbúnaði en nú eru. Tilgangur þeirra var m.a. að tryggja eftir föngum að bújarðir, þar sem hefðbundinn búskapur var stundaður við setningu laganna, yrðu ekki teknar til annarra nota nema þá að fengnu sérstöku leyfi opinberra aðila. Við síðustu endurskoðun laganna var þessu markmiði áfram viðhaldið, jafnvel þótt aðstæður bænda til hefðbundins búskapar hefðu stórlega breyst, en þeim ákvæðum auk þess bætt við að binda samþykki fyrir jarðasölu þeim skilyrðum að væntanlegur kaupandi hafi í allt að tvö ár samfellt haft fasta búsetu á jörðinni eða í næsta nágrenni hennar og skuldbindi sig auk þess til þess að eignin verði áfram nýtt til hefðbundins landbúnaðar. Með öllum þessum kvöðum og takmörkunum á ráðstöfunarrétti bænda á eignum sínum hafa þær ótvírætt verið stórlega verðfelldar og því er viðhaldið á sama tíma og ríkisvaldið hefur lagt miklar takmarkanir við hefðbundin búskaparafnot af bújörðum og lagt fram mikið fé til uppkaupa á rétti bænda til hefðbundinna landbúnaðarnytja svo sem vegna sauðfjárræktar.

Löngu er því tímabært að endurskoða gildandi jarðalög með það að markmiði að tryggja bændum sömu réttindi til afnota, leigu og sölu á eignum sínum og heimiluð eru öðrum eigendum fasteigna.

Fyrsti flutningsmaður þessa frumvarps flutti ásamt öðrum þáverandi alþingismönnum frumvarp þess efnis á Alþingi veturinn 1995–96.

Frumvarpið gerði ráð fyrir umtalsverðri breytingu á skipan og stöðu jarðanefnda og mikið rýmkuðum heimildum til bænda til að gera þá ráðstöfun á eignum sínum, sem þeir teldu sjálfir hagkvæmasta. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu en því var þá lýst yfir af þáverandi landbúnaðarráðherra og margsinnis ítrekað af eftirmönnum hans að málið væri í skoðun í landbúnaðarráðuneytinu og vænta mætti þess innan skamms að frumvarp um ný jarðalög yrði lagt fram. Það hefur þó enn ekki verið gert þrátt fyrir að með hverju árinu sem liðið hefur þá verður augljósari nauðsyn þess að slíta hlekkina sem gildandi jarðalög eru og hafa verið á rétti bænda til að ráðstafa eignum sínum. Er því sú leið valin hér að leggja til að samþykkt verði „sólarlagsákvæði“ í gildandi jarðalög, þ.e. að þau falli úr gildi eigi síðar en 1. janúar árið 2002, en landbúnaðarráðherra verði jafnframt falið að leggja nýtt frumvarp að jarðalögum fyrir Alþingi haustið 2001, sem muni þá væntanlega leysa gildandi lög af hólmi. Flutningsmönnum þótti rétt að taka af öll tvímæli um í hvaða anda endurskoðun laganna

þyrfti að vera, þ.e. að tryggja ætti bændum sambærileg réttindi til ráðstöfunar og nytja á eignum sínum og öðrum eigendum fasteigna, enda bryti sú ráðstöfun ekki í bága við önnur lög, svo sem skipulagslög eða lög um náttúruvernd.

74. Frumvarp til laga [74. mál]

um breytingu á lögum nr. 93/1995, um matvæli.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Hlutaðeigandi ráðherra er heimilt að setja reglur um að þeir sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla skuli sækja námskeið um meðferð matvæla þar sem sérstök áhersla er lögð á innra eftirlit og öryggi matvæla.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Eftirlitsaðilar skulu einnig með öðrum hætti vinna að því að fyrirbyggja að matvæli geti valdið heilsutjóni og skulu grípa til viðeigandi ráðstafana ef vart verður við matarsjúkdóma eða smithættu.

2. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Eftirlitsaðilar og matvælafyrirtæki skulu tilkynna til hlutaðeigandi stofnana, sem eru ráðuneytum til ráðgjafar samkvæmt ákvæðum III. kafla laganna, ef gögn sem þessir aðilar hafa undir höndum eða aðrar ástæður benda til hættu á heilsutjóni vegna neyslu matvæla. Sama tilkynningarskylda á við um þá sem starfa við rannsóknir og greiningu á matvælum ef þeir greina í matvælum örverur sem geta valdið sjúkdómum í mönnum sem eru tilkynningarskyldir samkvæmt ákvæðum sóttvarnalaga, nr. 19/1997, eða reglna settra með stoð í þeim lögum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Gjaldtaka Hollustuverndar ríkisins, Fiskistofu og yfirdýralæknis skal taka mið af kostnaði við undirbúning, ferð, skoðun, frágang, sýnatöku og rannsókn sýna vegna matvælaeftirlits.
b. Í stað orðsins „heilbrigðiseftirlit“ í 2. mgr. kemur: mengunarvarnir.

4. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Hlutaðeigandi ráðherra skal setja gjaldskrá vegna útgáfu starfsleyfa og vottorða skv. VIII. og IX. kafla laganna, svo og vegna skráningar og móttöku umsókna um heimild til notkunar aukefna og annarra slíkra leyfisveitinga. Gjaldskrá skal taka mið af kostnaði sem hlýst af útgáfu starfsleyfa og vottorða, skráningu og móttöku umsókna og leyfisveitingum og má ákvörðun gjalds ekki vera hærri en sá kostnaður.

5. gr.

Við 27. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Gjaldtaka skal taka mið af kostnaði við rannsókn og má ákvörðun gjalds ekki vera hærri en sá kostnaður.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sem kunnugt er komu upp alvarleg tilvik kampýlóbakter-sýkinga árið 1999 sem rakin voru til neyslu matvæla. Í framhaldi af þessu var gerð úttekt á stöðu mála á vegum umhverfisráðuneytis í samvinnu við landbúnaðarráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti og stofnanir þessara ráðuneyta, þ.e. Hollustuvernd ríkisins, embætti yfirdýralæknis og landlæknisembættið. Var verkefninu skipt í tvennt. Annars vegar var tekin saman skýrsla um útbreiðslu kampýlóbakter í umhverfi, húsdýrum og matvælum og orsakir sýkinga í mönnum ásamt tillögum til aðgerða sem skilað var til ráðuneytisins í nóvember sl. Hins vegar voru settar fram tillögur um hvernig bregðast skyldi við og voru þær unnar á vegum nefndar umhverfisráðuneytisins sem starfaði í desember sl. Í tillögum nefndarinnar er farið yfir nauðsynlegar aðgerðir sem grípa þarf til á vegum umhverfisráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis. Þar koma fram tillögur sem miða að því að draga úr sýkingum í mönnum af völdum kampýlóbakter með hliðsjón af raunhæfum og tímasettum aðgerðum. Aðgerðirnar beinast einkum að því að draga úr tíðni kampýlóbakter í afurðum alifugla, með því m.a. að fækka menguðum eldishópum alifugla, fyrirbyggja krosssmit eins og hægt er og auka eftirlit og vöktun, en einnig að auka fræðslu til almennings og matvælafyrirtækja um smitleiðir og rétta meðferð matvæla.

Meðal tillagna nefndarinnar eru breytingar sem hér eru lagðar til á lögum nr. 93/1995, um matvæli. Ráðuneytið telur að ef tryggja á framgang þeirra meginmarkmiða sem fram koma í tillögum nefndarinnar, að ná niður kampýlóbakter-mengun í matvælum og sýkingum af völdum kampýlóbakter í mönnum, með því m.a. að auka fræðslu, eftirlit og vöktun, sé nauðsynlegt að breytingar á lögum um matvæli nái fram að ganga. Mikilvægt er að hægt sé að grípa til þess ráðs að setja reglur um að starfsfólk sem starfar við framleiðslu og dreifingu matvæla skuli hafa til að bera grundvallarþekkingu á meðferð matvæla, ekki síst með hliðsjón af öryggi þeirra og innra eftirliti fyrirtækjanna. Slík ákvæði er t.d. að finna í nýlegum matvælalögum í Danmörku og hefur verið fylgt þar eftir með námskeiðum fyrir starfsfólk matvælafyrirtækja. Enn fremur er brýnt að sú ótvíræða skylda verði lögð á eftirlitsaðila að þeir reyni að fyrirbyggja að matvæli geti valdið heilsutjóni og grípi til viðeigandi ráðstafana ef vart verður við matarsjúkdóma eða smithættu. Þetta dregur á engan hátt úr skyldum þeirra sem eru ábyrgir fyrir framleiðslu og dreifingu matvæla, en þeim ber að tryggja eins og unnt er að matvæli valdi ekki heilsutjóni. Í þeim lögum sem eftirlitsaðilar starfa eftir, þ.e. heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna, héraðsdýralæknar og Fiskistofa, er að finna ýmiss konar þvingunarúrræði sem hlutaðeigandi eftirlitsaðila er ætlað að beita í slíkum tilvikum. Hins vegar hefur skort ákvæði sem kveða afdráttarlaust á um skyldur eftirlitsaðila til að sinna forvörnum og rannsókn mála sem upp kunna að koma vegna matarsjúkdóma. Enn fremur er nauðsynlegt að koma á tilkynningarskyldu þeirra aðila sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla, eftirlit og rannsóknir og greiningu á matvælum þannig að hlutaðeigandi stofnanir fái nauðsynlegar upplýsingar í tíma og geti þannig unnið að forvörnum. Mikilvægt er líka að tengja ákvæði um tilkynningarskyldu við framkvæmd sóttvarnalaga, nr. 19/1997,

enda er eftirlitsaðilum enn fremur ætlað hlutverk samkvæmt þeim lögum, með tilliti til tilkynningarskyldra sjúkdóma í mönnum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að hlutaðeigandi ráðherra, sem getur verið umhverfisráðherra, landbúnaðarráðherra eða sjávarútvegsráðherra eftir því um hvers konar eftirlit er að ræða, geti sett reglur þess efnis að þeir sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla sæki námskeið um meðferð matvæla. Á slíkum námskeiðum verður lögð sérstök áhersla á innra eftirlit og öryggi matvæla. Námskeið geta verið á vegum opinberra aðila, en einnig kemur vel til greina að aðrir sjái um framkvæmd þeirra. Mikið skortir á að þeir sem starfa við matvælaframleiðslu hér á landi hafi til þess nægjanlega þekkingu eða hljóti fullnægjandi fræðslu áður en þeir taka til starfa. Ekki er óalgengt að starfsfólk sé ráðið og sett í störf við matvælavinnslu án nokkurs undirbúnings. Með hliðsjón af þessu er nauðsynlegt að hlutaðeigandi ráðherra geti sett reglur til þess að tryggja þekkingu starfsfólks með hliðsjón af öryggi matvæla, reynist slíkt nauðsynlegt, þ.e. ef matvælafyrirtæki gera það ekki sjálf.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því að eftirlitsaðilar geti að höfðu samráði við landlækni gert kröfu um reglubundna heilsufarsskoðun starfsfólks. Lagt er til að eftirlitsaðilar skuli einnig með öðrum hætti vinna að því að fyrirbyggja að matvæli geti valdið heilsutjóni og skuli grípa til viðeigandi ráðstafana ef vart verður við matarsjúkdóma eða smithættu. Í þessu tilviki er rétt að benda á að eftirlitsaðilar geta með stoð í matvælalögum og öðrum lögum sem þeir starfa samkvæmt gripið til ýmiss konar þvingunaraðgerða. Með þeim viðbótarákvæðum sem hér eru lögð til er hins vegar tekinn af allur vafi um skyldu þessara aðila til að vinna að forvörnum og að því að upplýsa mál sem upp kunna að koma þannig að gripið verði til viðeigandi ráðstafana eins fljótt og kostur er og áður en í óefni er komið.

Um 2. gr.

Nokkuð hefur þótt skorta á að ljóst væri hvaða skyldur þeir sem annast rannsóknir og greiningu á matvælum hafi til að tilkynna til hlutaðeigandi stofnana ef hætta getur stafað af neyslu matvæla. Slík tilkynningarskylda er nauðsynleg ef niðurstöður greininga eða rannsókna gefa til kynna að hætta sé á heilsutjóni. Enn fremur er nauðsynlegt að takmarka tilkynningarskyldu rannsóknar- og greiningaraðila við þær örverur sem geta valdið sjúkdómum í mönnum sem eru tilkynningarskyldir samkvæmt ákvæðum sóttvarnalaga, nr. 19/1997. Mjög mikilvægt er að framangreindir aðilar hafi slíka tilkynningarskyldu enda er um að ræða sjúkdóma sem ógnað geta almannaheill. Um leið er eðlilegt að þeim sem sinna opinberu eftirliti og þeim sem eiga að sinna innra eftirliti í matvælafyrirtækjum beri skylda til að upplýsa um gögn sem þeir hafa undir höndum eða aðrar ástæður sem geta bent til hættu á heilsutjóni vegna neyslu matvæla. Með því að taka af allan vafa um skyldu til að skila gögnum eða veita upplýsingar, sé talin hætta á heilsutjóni, á að vera hægt að grípa fyrr til ráðstafana á vegum hlutaðeigandi eftirlitsaðila og stofnana. Ákvæði þessi munu gilda jafnt um allar rannsóknastofur, óháð því hvort þær eru reknar á vegum hins opinbera eða eru í einkaeign og hvort rannsókn eða greining sýna er gerð fyrir matvælafyrirtæki, aðra einkaaðila eða opinbera aðila. Með sama hætti á tilkynningarskylda jafnt við um opinberan eftirlitsaðila og sjálfstætt starfandi skoðunarstofu.

Um 3. gr.

Í a-lið er lagt til að kveðið verði á um þann kostnað sem gjaldtöku vegna opinbers eftirlits með matvælum er ætlað að mæta. Sú breyting sem hér er lögð til er gerð til samræmis við kröfur sem gerðar eru til lagaheimilda fyrir þjónustugjöldum.

Í 2. gr. reglugerðar nr. 522/1994, um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, er opinbert eftirlit skilgreint sem eftirlit á vegum stjórnvalda í þeim tilgangi að tryggja að framfylgt sé ákvæðum laga og reglna um matvæli og stuðla að fræðslu og upplýsingamiðlun. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, opinbert eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla, að svo miklu leyti sem það er ekki falið öðrum aðilum lögum samkvæmt, sbr. 22. gr. laga um matvæli. Eftirlit Hollustuverndar ríkisins felst m.a. í skoðun umbúðamerkinga og efnainnihalds innfluttra matvæla. Yfirdýralæknir hefur eftirlit með inn- og útflutningi búfjárafurða, smitsjúkdómum búfjár, meðferð, skoðun og mati á sláturafurðum og heilbrigðisskoðun eldisfisks, sbr. 6. gr. laga um matvæli. Nánar er kveðið á um eftirlitið í lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, og í lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum. Fiskistofa hefur eftirlit með framleiðslu og dreifingu sjávarafurða, sbr. 7. gr. laga um matvæli, en í lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998, er kveðið nánar á um eftirlitið og hvernig því skuli háttað.

Á grundvelli 25. gr. gildandi laga hefur landbúnaðarráðuneytið sett gjaldskrá fyrir eftirlit og þjónustuverkefni dýralækna sem annast opinber eftirlitsstörf, nr. 140/2000.

Í b-lið er lagt til að gerð verði breyting á tilvísun til laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, þar sem þau lög voru felld úr gildi með lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Um 4. og 5. gr.

Í greinunum er lagt til að kveðið verði á um þann kostnað sem gjaldtaka samkvæmt greinunum er ætlað að mæta. Þau gjöld sem hér er mælt fyrir um eru þjónustugjöld og er sú breyting sem hér er lögð til í samræmi við kröfur sem gerðar eru til heimilda til töku þjónustugjalda.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um breytingu á lögum nr. 93/1995, um matvæli.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að tryggja gæði matvæla og samhæfa aðgerðir stjórnvalda sem sjá um matvælaeftirlit. Frumvarpið kveður á um auknar rannsóknir, greiningar, námskeið, þjálfun og sértækar ráðstafanir. Gert er ráð fyrir að aukinn kostnaður verði greiddur af framleiðendum.

Verði frumvarpið að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

75. Frumvarp til laga [75. mál]

um breyting á lögum um landmælingar og kortagerð, nr. 95/1997, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

3. gr. laganna fellur brott og breytist greinatala samkvæmt því.

2. gr.

4. gr. laganna, er verður 3. gr., orðast svo:

Ráðherra skipar forstjóra Landmælinga Íslands til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa þekkingu á starfssviði stofnunarinnar og reynslu af stjórnun.

Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri hennar. Forstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna, er verður 4. gr.:

1. 4. tölul. orðast svo: Fjarkönnun. Í því felst öflun, úrvinnsla og miðlun gagna á sviði loft- og gervitunglamynda.
2. 6. tölul. orðast svo: Kortlagning og miðlun upplýsinga um örnefni í samráði við Örnefnastofnun Íslands.
3. 7. tölul. orðast svo: Skráning og miðlun upplýsinga um landfræðileg gagnasöfn af Íslandi sem eru í eigu íslenska ríkisins, þ.m.t. mælingar, punktalýsingar, prentuð kort, stafræn kort, hæðarlíkön, loftmyndir og gervitunglamyndir.
4. 8. tölul. orðast svo: Önnur verkefni sem tengjast landmælingum og kortagerð eftir því sem ráðherra ákveður í reglugerð.

4. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Ráðherra setur að fengnum tillögum Landmælinga Íslands og að höfðu samráði við Fasteignamat ríkisins reglugerð um vottun mælingamanna sem sjá um að mæla eignamörk landa og lóða. Til að öðlast vottun sem mælingamaður skal viðkomandi hafa mælingafræðilega menntun eða reynslu af störfum við landmælingar. Í reglugerðinni skal kveðið á um menntun, réttindi og skyldur mælingamanna og um eftirlit Landmælinga Íslands með vottun þeirra og störfum.

5. gr.

Í stað tilvísunarinnar „5. gr.“ í 6. gr. laganna kemur: 4. gr.

6. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Landmælingar Íslands afla sér tekna á eftirfarandi hátt:

1. Með sölu á afnotum af efni í vörslu stofnunarinnar og framleiðslu sem nýtur höfundaréttar ríkisins.
2. Með sölu á sérhæfðri þjónustu á sviði landupplýsinga, loftmynda og fjarkönnunar, landmælinga og kortagerðar sem viðskiptavinir stofnunarinnar óska sérstaklega eftir.
3. Með þjónustugjöldum vegna afgreiðslu gagna, svo sem ljósritunar.

Gjöld skulu ákvörðuð í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir og skal birta hana í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldskrá skv. 2. og 3. tölul. skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal ákvörðun gjalds ekki vera hærri en sem nemur þeim kostnaði. Sé um að ræða gjaldtöku þar sem Landmælingar Íslands eru í samkeppnisrekstri skal stofnunin setja gjaldskrána og gefa hana út.

Kostnaður við starfrækslu Landmælinga Íslands skal að öðru leyti greiðast af framlögum sem ákvörðuð eru í fjárlögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 95/1997, um landmælingar og kortagerð, var í fyrsta skipti í íslenskum lögum tekið á málaflokknum í heild. Áður höfðu verið sett lög um starfsemi Landmælinga Íslands og verkefni stofnunarinnar en að öðru leyti var ekki að finna löggjöf um efnið. Í lögunum eru m.a. ákvæði um starfsemi Landmælinga Íslands, um hlutverk stofnunarinnar í tengslum við höfunda- og afnotarétt, miðlun upplýsinga og aðgang að gögnum í vörslu stofnunarinnar og um fjármögnun starfseminnar. Frá því að lögin öðluðust gildi 1. júlí 1997 hefur mikið vatn runnið til sjávar í tengslum við starfsemi Landmælinga Íslands. Stofnunin hefur verið flutt um set og henni verið sett sérstök stefnuskrá sem stjórn stofnunarinnar samþykkti 1998 og hefur uppbygging stofnunarinnar verið hröð. Helstu verkefni stofnunarinnar á næstu árum tengjast landmælingum og stafrænni kortagerð í mælikvarðanum 1:50.000 auk þess sem stofnuninni hefur verið falið að byggja upp fjarkönnunarstarfsemi.

Landmælingar á vegum stofnunarinnar höfðu legið niðri um árabil, enda starfaði þar enginn með menntun á því sviði. Til stofnunarinnar hafa verið ráðnir landmælingaverkfræðingar til að sinna landmælingum. Ríkisstjórnin ákvað árið 1999 að á næstu fjórum árum yrði unninn stafrænn kortagrunnur af Íslandi í mælikvarðanum 1:50.000 sem er viðamikið og fjárfrekt verkefni. Auk þess var ákveðið í tengslum við samþykkt fjárlaga fyrir árið 2000 að stofnunin byggði upp þjónustu á sviði fjarkönnunar í samráði við hlutaðeigandi stofnanir og samtök. Með fjarkönnun er átt við mælingar á rafgeislun frá lofthjúpi og yfirborði jarðar, annaðhvort úr flugvélum eða gervitunglum, úrvinnslu mæligagna og myndræna framsetningu þeirra.

Verkefni sem tengjast fyrirhugaðri Landskrá fasteigna hafa verið til umfjöllunar hjá hlutaðeigandi ráðuneytum en henni er ætlað að vera samhæft gagna- og upplýsingakerfi um fasteignir og réttindi sem þeim tengjast. Með endurskoðun á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, og lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, var lagður grunnur að Landskrá fasteigna. Tilgangur laga um skráningu og mat fasteigna er m.a. að leggja fyrsta grunn að skráningu eignamarka lands á tölvutæku formi sem nýtist t.d. til rekstrar landupplýsingakerfa.

Komið hefur fram að nauðsynlegt sé að fagaðili hafi umsjón með vottun mælingamanna sem sjái um að mæla eignamörk landa og lóða. Landmælingar Íslands eru best til þess fallnar að sinna þessu verkefni vegna þess hlutverks sem stofnuninni hefur verið falið lögum samkvæmt en stofnuninni er ætlað að sjá um gerð leiðbeininga um landmælingar og kortagerð og notkun staðla á því sviði.

Lagt er til að stjórn Landmælinga Íslands verði lögð niður og að forstjóri stofnunarinnar fari með stjórn hennar og beri þær skyldur sem stjórn stofnunarinnar hefur haft samkvæmt gildandi lögum. Forstjóri ber eftir sem áður ábyrgð gagnvart ráðherra.

Að lokum þarf að gera fjármögnunarleiðir stofnunarinnar skýrari og eru lagðar til nokkrar breytingar sem ætlað er að styrkja starfsemi Landmælinga Íslands til að takast á við þau verkefni sem stofnuninni er falið að sinna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með gildistöku laga nr. 95/1997 var sett þriggja manna stjórn yfir Landmælingar Íslands sem skipuð var af ráðherra. Í 3. gr. gildandi laga segir að hlutverk stjórnarinnar sé að móta stefnu stofnunarinnar og hafa eftirlit með því að hún gegni hlutverki sínu í samræmi við markmið laganna. Jafnframt ber stjórninni skv. 4. gr. laganna að gera tillögu til ráðherra um forstjóra Landmælinga Íslands.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til á stjórn stofnunarinnar eru í samræmi við stefnu umhverfisráðuneytisins varðandi rekstur stofnana þess. Af hálfu ráðuneytisins hefur verið unnið markvisst að því að undirstrika ábyrgð forstöðumanna gagnvart ráðherra þannig að forstjórum stofnana sem heyra undir ráðuneytið hefur verið falin sú ábyrgð sem stjórnir viðkomandi stofnana höfðu áður. Sem dæmi má nefna að með lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, var stjórn Hollustuverndar ríkisins lögð niður en hún hafði æðsta vald í málefnum stofnunarinnar og var forstjóra falið það vald sem stjórnin hafði haft og með lögum nr. 169/1998, um breytingu á lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, var stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands lögð niður og forstjóra fengin þau verkefni sem henni höfðu verið falin.

Um 2. gr.

Þar sem í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að ekki verði starfandi stjórn yfir stofnuninni er það hlutverk hennar að gera tillögur til ráðherra um skipan forstjóra ekki lengur fyrir hendi. Lagðar eru til breytingar á greininni til samræmis við þetta.

Um 3. gr.

Í 5. gr. laganna er fjallað um verkefni Landmælinga Íslands og er gerð tillaga um breytingar á henni sem hér segir:

Í a-lið er að finna nýmæli en lagt er til að eitt af verkefnum Landmælinga Íslands verði fjarkönnun og skilgreint hvað felst í því, þ.e. öflun, úrvinnsla og miðlun gagna á sviði loft- og gervitunglamynda af landinu. Með fjarkönnun er átt við mælingu á rafsegulgeislun frá lofthjúpi og yfirborði jarðar annaðhvort úr flugvélum eða gervitunglum, úrvinnslu mæligagna og myndræna framsetningu þeirra. Í fjárlögum fyrir árið 2000 var samþykkt að veita 4,5 millj. kr. til Landmælinga Íslands vegna fjarkönnunar og hefur nú þegar verið ráðið í eina stöðu hjá stofnuninni til að sinna þessu verkefni. Við starf Landmælinga Íslands sem tengist fjarkönnun ber stofnuninni að hafa samráð við hlutaðeigandi opinbera aðila sem að þessum málum koma í samræmi við tillögur stjórnskipaðrar nefndar um framkvæmd fjarkönnunar sem skilað var til umhverfisráðherra 1997. Stofnunin mundi fyrst og fremst sinna því hlutverki að vera sameiginlegur vettvangur ríkisstofnana og sveitarfélaga sem nota eða hyggjast nota fjarkönnunargögn og hefði að leiðarljósi að stuðla að umhverfisvöktun með reglubundinni loftmyndatöku og notkun gervitunglagagna.

Í b-lið er lagt til að það sé ekki eingöngu hlutverk Landmælinga Íslands að annast kortlagningu örnefna heldur og að miðla upplýsingum um þau og að það sé gert í samráði við Örnefnastofnun Íslands sem starfar á vegum menntamálaráðuneytisins í samræmi við lög nr. 14/1998, um Örnefnastofnun Íslands.

Í c-lið er að finna það nýmæli að skráning og miðlun upplýsinga um landfræðileg gagnasöfn af Íslandi sem eru í eigu íslenska ríksins verði eitt af verkefnum Landmælinga Íslands. Hér er fyrst og fremst átt við mælingar, punktlýsingar, prentuð kort, stafræn kort, hæðarlíkön, loftmyndir og gervitunglamyndir. Mikilvægt er að skráning og miðlun þessara upplýsinga sé á einni hendi svo að þær séu aðgengilegri fyrir notendur og fer vel á því að Landmælingum Íslands verði falið það hlutverk. Þau gögn sem hér um ræðir er að finna hjá mörgum aðilum, svo sem Landsvirkjun, Náttúrurfræðistofnun Íslands og Vegagerðinni, og hafa Landmælingar Íslands, í samvinnu við LÍSU — Samtök um samræmd landfræðileg upplýsingakerfi á Íslandi, þegar hafið slíka skráningu og miðlun upplýsinga á vefnum. Hlutverk Landmælinga Íslands er því að veita upplýsingar um hvar framangreind gögn er að finna og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um þau. Slíkar upplýsingar eru veittar án gjalds enda eingöngu um miðlun upplýsinga að ræða.

Um 4. gr.

Í tengslum við rekstur Landskrár fasteigna er lagt til að mælingamenn sem sjá eiga um mælingar eignamarka landa og lóða fái vottun til að starfa sem mælingamenn. Landmælingamenn skulu hnitasetja eignamörk landa og lóða en fyrirhugað er að allt landið verði hnitasett. Þetta er mjög mikilvægt starf og á að tryggja að upplýsingar um eignamörk landa og lóða sem skráðar verða í Landskrá fasteigna verði réttar. Þetta er nýmæli þar sem engin slík vottun fer fram en mikilvægt er að mælingamenn uppfylli ákveðnar hæfniskröfur.

Í reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Landmælinga Íslands og að höfðu samráði við Fasteignamat ríkisins skal setja ákvæði um menntun, réttindi og skyldur mælingamanna og um eftirlit Landmælinga Íslands með vottun þeirra og störfum. Þar sem lagt er til að Landmælingar Íslands hafi eftirlit með starfsemi mælingamanna og vottun þeirra geta starfsmenn stofnunarinnar ekki tekið að sér störf vegna mælingar eignamarka landa og lóða.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði um fjármögnun Landmælinga Íslands verði gerð skýrari þannig að ekki leiki vafi á því fyrir hvaða efni og þjónustu stofnunin hafi heimild til að taka gjald. Undir efni falla allar upplýsingar, þ.m.t. öll gögn og annað efni frá Landmælingum Íslands sem nýtur höfundaréttar ríkisins, sbr. skilgreiningu í 2. gr. gjaldskrár Landmælinga Íslands nr. 323/1999. Heimilt er að taka gjald fyrir afnot af gögnum í vörslu stofnunarinnar og framleiðslu sem nýtur höfundaréttar ríkisins, svo sem kortum og stafrænum upplýsingum sem unnar eru úr upplýsingagrunni stofnunarinnar. Einnig er heimilt að taka gjald fyrir sölu á sérhæfðri þjónustu á sviði landupplýsinga, loftmynda og fjarkönnunar, landmælinga og kortagerðar sem viðskiptavinir óska sérstaklega eftir að fá að nota. Undir slíka þjónustu mundu falla landmælingar, kortagerð og vinnsla gervitunglamynda. Undir gjöld vegna afgreiðslu gagna fellur kostnaður við ljósritun og afritun á segulmiðla, svo og annar sambærilegur kostnaður. Gjöld skv. 2. og 3. tölul. eru svokölluð þjónustugjöld og taka því mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og mega gjöld ekki vera hærri en sem nemur þeim kostnaði. Gjald skv. 1. tölul. er hins vegar ekki þjónustugjald heldur gjald fyrir höfundarétt sem Landmælingum Íslands hefur verið falið að gæta fyrir hönd ríkisins, sbr. 8. gr. gildandi laga. Við slíka gjaldtöku ber að taka mið af því sem greitt er fyrir sam-

bærileg réttindi á almennum markaði. Lagt er til að stofnunin setji sér sjálf gjaldskrá um efni og þjónustu þar sem hún er í samkeppnisrekstri. Ekki er gerð krafa um að ráðherra staðfesti viðkomandi gjaldskrá heldur kæmi það í hlut Landmælinga Íslands gefa hana út. Ekki þykir viðeigandi að samþykki ráðherra þurfi fyrir slíkri gjaldskrá, enda mundi það teljast samkeppnishamlandi. Slíkar gjaldskrár mundu lúta eftirliti samkvæmt samkeppnislögum og lýtur gjaldtaka fyrir samkeppnisrekstur stofnunarinnar sömu lögmálum og tíðkast vegna sambærilegar starfsemi á markaði. Þær gjaldskrár sem Landmælingar Íslands gefa út þarf ekki að birta í B-deild Stjórnartíðinda, enda tíðkast það ekki hjá samkeppnisaðilum stofnunarinnar.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um landmælingar og kortagerð, nr. 95/1997, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að skilgreina betur starfssvið Landmælinga Íslands og kveða á um ný verkefni sem stofnuninni verða falin varðandi fjarkönnun og skráningu og miðlun upplýsinga um landafræðileg gagnasöfn.

Ef frumvarpið verður óbreytt að lögum er áætlað að fyrstu tvö árin muni kostnaður ríkissjóðs nema 6 m.kr., en eftir það muni framkvæmdin kosta 3 m.kr. Kostnaður af uppbyggingu fjarkönnunar er áætlaður 3 m.kr. í tvö ár og af auknu vinnuframlagi við skráningu og miðlun upplýsinga sem er talið hálft stöðugildi. Einnig munu Landmælingar Íslands hafa eftirlit með vottun mælingamanna og starfsemi þeirra, og er sá kostnaður um 1 m.kr. á ári. Á móti kemur að stjórn stofnunarinnar er lögð niður og sparast því árlega um 0,5 m.kr.

76. Frumvarp til laga [76. mál]

um lagaráð.

Flm.: Bryndís Hlöðversdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson.

1. gr.

Á vegum Alþingis starfar lagaráð sem hefur það hlutverk að setja samræmdar reglur um samningu lagafrumvarpa og annan undirbúning löggjafarmála. Lagaráð er Alþingi og stjórnarráðinu til ráðgjafar um undirbúning löggjafar, um það hvort frumvörp standast stjórnarskrá eða alþjóðasamninga sem íslenska ríkið er bundið af eða hvort á frumvörpum eru lagatæknilegir ágallar.

2. gr.

Lagaráð er skipað þremur mönnum til fjögurra ára í senn. Þeir skulu hafa embættispróf í lögfræði. Forseti Alþingis skipar lagaráð, einn nefndarmann að tillögu forsætisnefndar Alþingis og skal hann jafnframt vera formaður, annan að tillögu lagadeildar Háskóla Íslands og þann þriðja að tillögu Lögmannafélags Íslands. Forsætisnefnd Alþingis setur ráðinu starfsreglur og kveður nánar á um starfssvið þess og starfsskilyrði.

3. gr.

Starfsemi lagaráðs skal tryggð með framlögum úr ríkissjóði á fjárlögum hvers árs.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 48/1929, um laganefnd.

Greinargerð.

Árið 1998 samþykkti Alþingi tillögu sem Jóhanna Sigurðardóttir flutti ásamt nokkrum þingmönnum Samfylkingarinnar um að skipuð yrði nefnd til að kanna starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslunni. Nefndin, sem laut forystu Páls Hreinssonar, dósents við Háskóla Íslands, skilaði skýrslu á síðasta þingi þar sem fram komu margar tillögur til úrbóta varðandi starfshætti í stjórnsýslunni. Í skýrslunni kemur m.a. fram að annars staðar á Norðurlöndum sé það liður í starfsemi ráðuneyta að starfrækja sérstakar lagaskrifstofur sem hafa það hlutverk að fara yfir stjórnarfrumvörp og kanna m.a. hvort á þeim séu lagatæknilegir ágallar eða hvort þau samræmist stjórnarskrá. Þetta er ekki reyndin hér á landi og ekki er hér heldur starfandi lagaráð á vegum Alþingis sem hefði þetta hlutverk með höndum. Í skýrslunni um starfsskilyrði stjórnvalda kemur hins vegar fram að miklu fleiri hnökrar eru á íslenskri löggjöf en á löggjöf annarra norrænna ríkja og hefur umboðsmaður Alþingis m.a. séð ástæðu til að vekja athygli þingsins á meinbugum á lögum í 45 af fyrstu 2.000 málum sem hann hefur fengið til afgreiðslu, sbr. SUA 1197:34. Sem dæmi má nefna misræmi eða árekstra milli lagaákvæða, prentvillur, óskýran texta, að gerður sé að lögum mismunur á milli manna án þess að til þess hafi staðið viðhlítandi rök og að ákvæði laga séu ekki í samræmi við stjórnarskrá eða þær skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist samkvæmt alþjóðasáttmálum til verndar mannréttindum. Rétt er að vekja athygli á því hér að á síðustu árum hefur verið unnin mikil samræmingarvinna af hálfu skrifstofu Alþingis hvað varðar löggjafarundirbúning og sérfræðiaðstoð á vegum þingsins hefur stórlega aukist. Eigi að síður er þörf á enn markvissari úrbótum á þessu sviði og því er frumvarp þetta lagt fram.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði á stofn sérstakt lagaráð á vegum Alþingis, skipað af forseta Alþingis til fjögurra ára í senn. Ráðið skuli skipað mönnum er hafi embættispróf í lögfræði og skuli forsætisnefnd Alþingis sjálf velja einn sem jafnframt sé formaður ráðsins, annar skuli tilnefndur af lagadeild Háskóla Íslands og sá þriðji af Lögmannafélagi Íslands. Hlutverk ráðsins er að setja samræmdar reglur um samningu lagafrumvarpa og annan undirbúning löggjafarmála. Lagaráð skal jafnframt vera Alþingi og stjórnarráðinu til ráðgjafar um undirbúning löggjafar, um það hvort frumvörp standast stjórnarskrá eða alþjóðasamninga sem Ísland er bundið af eða hvort á frumvörpum eru lagatæknilegir ágallar. Starfsemi ráðsins skal tryggð með framlögum úr ríkissjóði ár hvert.

Ástæðan fyrir því að sú leið er farin hér að stofna lagaráð en ekki lagaskrifstofu við Stjórnarráð Íslands sem hefði sama hlutverk með höndum, er fyrst og fremst sú að með þessu fyrirkomulagi er verið að styrkja þátt Alþingis í lagasetningunni. Sú stjórnskipan sem við

búum við og byggist á þrígreiningu ríkisvaldsins í löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdarvald hefur réttilega verið gagnrýnd fyrir það hversu sterkt framkvæmdavaldið hefur verið á kostnað hinna þáttanna tveggja og úr því þarf að bæta til þess að efla og bæta lýðræðið hér á landi. Þá er tillagan um lagaráð í anda þess sem lög nr. 48/1929, um laganefnd, gera ráð fyrir en sú nefnd hefur aldrei verið skipuð. Með frumvarpi þessu er því lagt til að samhliða samþykkt þessa frumvarps verði lögin um laganefnd felld úr gildi.

77. Frumvarp til laga [77. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson, Svanfríður Jónasdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Á eftir 2. tölul. 31. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi, og breytist röð annarra tölulíða samkvæmt því: Tvöfalda fjárhæð einstakra gjafa og framlaga til menningarmála, kvikmyndagerðar og vísindalegra rannsóknarstarfa. Gjafir og framlög skv. 2. og 3. tölul. mega þó ekki vera yfir 0,5% af tekjum skv. B-lið 7. gr. á því ári sem gjöf er afhent. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar falla undir þennan tölulið.

Úr 2. tölul. sömu greinar falla orðin „menningarmála“ og „og vísindalegra rannsóknarstarfa“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur frumvarpsins er að efla menningu, kvikmyndagerð og vísindi með tilteknum skattalegum aðgerðum. Nú er í lögum að fyrirtæki og aðrir lögaðilar mega draga ýmis framlög frá tekjum, m.a. framlög til menningarmála og vísindalegra rannsóknarstarfa. Ekki liggur fyrir af hálfu skattyfirvalda í hve miklum mæli þessi framlög hafa verið. Frumvarpið hefur áður verið lagt fram á þingi en varð ekki útrætt og er nú endurflutt.

Í 2. tölul. 31. gr. núgildandi laga er kveðið á um heimild fyrirtækja til að draga framlög, m.a. til menningarmála og vísindalegra rannsóknarstarfa, allt að 0,5% frá tekjum. Í 1. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um lögfestingu þess að lögaðilar megi draga tvöfalda þá fjárhæð frá tekjum sem þeir verja til menningarmála, kvikmyndagerðar og vísindastarfsemi. Þetta hvetur fyrirtæki til að auka framlög sín, enda lækka skattskyldar tekjur þeirra þar með.

Ef fyrirtæki gefur 100 þús. kr. til menningar- og vísindastarfsemi má það samkvæmt frumvarpinu draga 200 þús. kr. frá útgjöldum en einungis 100 þús. kr. samkvæmt núgildandi lögum. Þetta hvetur fyrirtæki til að styðja við menningu og vísindi.

Í lögum er kveðið á um að slíkar gjafir og framlög megi ekki nema meira en 0,5% af tekjum og er hér ekki lögð til breyting á því. Í eldra frumvarpi sama efnis var lögð til hækkun á þessu hámarki. Frá því var fallið vegna þess að flutningsmenn telja brýnt að sú aðferðafræði að heimila aukinn frádrátt verði reynd hérlendis. Frumvarpið felur þannig ekki í sér neina hættu á tekjutapi fyrir ríkissjóð umfram það sem er í gildandi lögum.

Í reglugerð settri samkvæmt núgildandi lögum segir m.a. að undir menningarstarfsemi falli hvers konar menningarstarfsemi fyrir almenning, svo sem fræðiritaútgáfa, fræðslumyndagerð, bóka-, skjala-, lista- og minjasöfn, bókmennta- og listastarfsemi, verndun fornra mannvirkja og sérstæðra náttúrufyrirbrigða o.fl. Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra setji reglugerð um nánari framkvæmd þessa frumvarps en mikilvægt er að um hana gildi skýrar reglur.

Framangreind reglugerð kveður á um að undir vísindalega rannsóknarstarfsemi falli hvort tveggja, hugvísindi og raunvísindi. Hér er um að ræða víðtæka skilgreiningu í samræmi við sjónarmið flutningsmanna en undir vísindastarfsemi falla einnig félagsvísindi og heilbrigðisvísindi enda er vísindastarfsemi í háskólum gjarnan skipt í þessi fjögur meginfræðasvið. Með vísindastarfsemi er þannig m.a. átt við starfsemi innan æðri menntastofnana. Framlög fyrirtækja til eflingar rannsóknum og kennslu innan háskóla falla þannig undir þetta frumvarp.

Flutningsmenn telja að um framlög til kvikmyndagerðar eigi að gilda sömu ákvæði og um framlög til annarrar menningarmálastarfsemi, en fræðslumyndagerð er beinlínis talin upp í reglugerð með núgildandi lögum. Almenn kvikmyndagerð, þ.e. gerð lengri leikinna kvikmynda og heimildamynda en ekki t.d. gerð auglýsingakvikmynda, á því að falla undir lögin. Í kvikmyndaiðnaði felast mikilvæg sóknarfæri og það er réttur kvikmyndagerðarmanna að nýta þessa frádráttarmöguleika.

Þess má geta að fjármögnun kvikmynda er oft með þeim hætti að nái innlend fjármögnun tiltekinni upphæð kemur mun hærra mótframlag frá erlendum aðilum. Þannig geta fjárhæðir margfaldast. Þetta er afar mikilvægt, en oft hefur ónóg tekjuöflun innan lands staðið í vegi fyrir því að fá fé erlendis frá. Samþykkt þessa frumvarps ætti að bæta úr því.

Ríkisvaldið fær einnig til baka vegna aukinna umsvifa allt það fjármagn sem það veitir í gegnum Kvikmyndasjóð. Þá er ótalinn sá ávinningur sem kvikmyndagerð hefur í ferðaþjónustu. Tekjur ríkissjóðs vegna ferðamanna sem ákváðu Íslandsferð eftir að hafa séð íslenska kvikmynd eða þátt í sjónvarpi eru taldar vera um 400 millj. kr. á ári.

Kvikmyndagerð hérlendis getur orðið umfangsmikill og arðbær atvinnuvegur. Íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafa oft sýnt að starf þeirra jafnast á við það besta sem gert er í heiminum. Því er skynsamlegt þegar horft er til framtíðar að stuðla að eflingu þessarar atvinnu- og listgreinar, eins og samþykkt frumvarpsins mundi leiða til. Árið 1998 kom út mjög athyglisverð skýrsla á vegum Aflvaka hf. þar sem í fyrsta skipti hérlendis er gerð vönduð úttekt á kvikmyndaiðnaðinum. Skýrslan sýnir glöggt að hér eru mjög mikil sóknarfæri í kvikmyndaiðnaði.

Sérstök athygli er vakin á því að samþykkt frumvarpsins mun efla bókmenntir og ýmiss konar annað liststarf, svo sem leiklist, tónlist og myndlist, svo og starfsemi safna. Allir þessir málaflokkar falla undir hin ívilnandi ákvæði frumvarpsins.

Frumvarpinu er ætlað að leiða til aukinna framlaga til menningarmála, kvikmyndagerðar og vísindalegra rannsókna og auðvelda aðilum sem að þeim starfa að afla fjár, einfaldlega vegna þess að það er hagkvæmt fyrir viðkomandi fyrirtæki.

Svipuð ákvæði þekkjast víða erlendis og þá einnig í tengslum við rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Stuðningur fyrirtækja við menningu og vísindi hefur aukist undanfarin ár hérlendis eins og annars staðar. Sjálfsagt er að hlúa m.a. að frjálsum félagasamtökum á þessu sviði með þeirri útfærslu sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Á 121. löggjafarþingi var eldri útgáfa frumvarpsins send til umsagnaraðila og fékk hún þá mjög jákvæðar umsagnir frá aðilum sem þekkja vel til mála. Meðal aðila sem studdu frumvarpið voru Bandalag íslenskra leikara, Bandalag íslenskra listamanna, Félag íslenskra hljómlistarmanna, Félag íslenskra leikara, Háskóli Íslands, Listasafn Íslands, Rannsóknarráð Ís-

lands, Rithöfundasamband Íslands, Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda og Vísindafélag Íslands.

Aukin framlög til þessara málaflokka, þ.e. til menningar, kvikmynda og vísinda, leiða til aukinna umsvifa sem síðar skila tekjum í ríkissjóð, m.a. í formi virðisaukaskatts eða tekjuskatts einstaklinga. Þannig er líklegt að ívilnun á þessu sviði, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, leiði til aukningar á tekjum ríkisins, auk þess að auðga menningarlíf og vísindastarf.

78. Frumvarp til laga [78. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir,
Össur Skarphéðinsson, Guðrún Ögmundsdóttir.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Landssamband eldri borgara tilnefnir til tveggja ára einn aðalmann í tryggingaráð og annan til vara. Öryrkjabandalag Íslands tilnefnir til tveggja ára einn aðalmann í tryggingaráð og annan til vara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 122. og 123. þingi. Það var ekki útrætt og er nú endurflutt.

Með samþykkt þessa frumvarps er tryggð aðild eldri borgara og öryrkja að tryggingaráði Tryggingastofnunar ríkisins. Þessir hópar eru meðal helstu lífeyris- og bótaþega Tryggingastofnunar og eðlilegt að þeir fái beina aðild að stjórn hennar.

Nú er tryggingaráð skipað þannig að Alþingi kýs á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm menn í tryggingaráð og aðra fimm til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann tryggingaráðs úr hópi hinna kjörnu aðalmanna.

Verkefni Tryggingastofnunar og tryggingaráðs.

Verkefni Tryggingastofnunar samkvæmt lögum eru þrenns konar, þ.e. að annast lífeyristryggingar, sem skiptast í ellilífeyri, örorkulífeyri, tekjutryggingu, örorkustyrki, barnalífeyri og bætur í fæðingarorlofi, og sjá um slysa- og sjúkratryggingar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur umsjón með allri starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins. Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins að fengnum tillögum tryggingaráðs. Forstjóri annast stjórn stofnunarinnar samkvæmt lögum og reglugerðum.

Tryggingaráð skal hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og gæta þess að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Endurskoðunardeild skal starfa við stofnunina undir eftirliti þess. Leita skal samþykkis tryggingaráðs á:

a. hinni árlegu fjárhagsáætlun stofnunarinnar,
b. ársreikningum stofnunarinnar,
c. ákvörðunum um iðgjaldaupphæðir,

d. öllum heimildarsamningum við heilbrigðisstéttir og heilbrigðisstofnanir,
e. meginreglum um notkun heimildarákvæða,
f. öllum lánveitingum og verðbréfakaupum og -sölum,
g. öðrum þeim atriðum sem lög um almannatryggingar ákveða.

Önnur mál skulu borin undir tryggingaráð ef ráðið óskar þess eða forstjóra finnst ástæða til. Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta leggur tryggingaráð úrskurð á málið. Máli skal skjóta til úrskurðar tryggingaráðs eigi síðar en þremur mánuðum eftir að ákvörðun liggur fyrir í málinu. Tryggingaráði er þó heimilt, ef sérstaklega stendur á, að víkja frá þriggja mánaða frestinum.

Í framangreindri lýsingu á verksviði tryggingaráðs og Tryggingastofnunar er skýrt að valdsvið tryggingaráðs er verulegt og það starfar í nánu samstarfi við forstjóra. Að mati flutningsmanna er brýnt að tryggja betur hagsmuni eldri borgara og öryrkja í Tryggingastofnun. Þessir hópar eiga flest sitt undir þessari stofnun og margir allt fjárhagslega. Því er nauðsynlegt að sjónarmið þeirra komist skýrt til skila í starfi stofnunarinnar.

Sjónarmið eldri borgara og öryrkja.

Undanfarin ár hefur þess ekki verið gætt að hlusta af nægri athygli á skoðanir eldri borgara og öryrkja. Þessir hópar hafa reynt að sækja rétt sinn með miðlun upplýsinga til samfélagsins og þrýst á stjórnmálamenn að breyta um stefnu. Þessi barátta hefur oft borið nokkurn árangur en er þó langt frá því að vera fullnægjandi. Eldri borgarar starfa í fjölmörgum samtökum. Til að mynda eru starfandi 45 félög eldri borgara víða um landið. Stærst þeirra er Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni. Þessi félög starfa innan heildarsamtakanna Landssamband eldri borgara. Einnig er starfandi mjög virkur hópur eldri borgara, Aðgerðahópur aldraðra.

Í hugum jafnaðarmanna er grundvallaratriði að samfélagið búi vel að öldruðum og öryrkjum. Margir þeirra eiga ekki í önnur hús að venda. Það er algerlega óviðunandi að eldri borgarar og öryrkjar verði að sætta sig við geðþóttaákvarðanir ríkisstjórnar hvers tíma og vera í óvissu um kjör sín. Núverandi ríkisstjórn hefur tekið minna tillit til hagsmuna þessa fólks en áður hefur þekkst. Þess vegna er mjög mikilvægt að formleg þátttaka eldri borgara og öryrkja sé tryggð í stjórn þessara mála eins og lagt er til í frumvarpinu. Þess má geta að áður hafa verið fluttar tillögur á Alþingi af þingmönnum Alþýðuflokks og Alþýðubandalags um að fjölga í tryggingaráði á svipaðan hátt og hér er lagt til.

Ef frumvarpið verður að lögum verður tryggingaráð skipað sjö mönnum. Í frumvarpinu er lagt til að heildarsamtök aldraðra, Landssamband eldri borgara, tilnefni einn fulltrúa í tryggingaráð og annan til vara. Gert er ráð fyrir að tilnefningin gildi til tveggja ára. Jafnframt er lagt til að Öryrkjabandalag Íslands, sem er heildarsamtök öryrkja hérlendis, tilnefni einn fulltrúa í tryggingaráð og annan til vara, sömuleiðis til tveggja ára. Flutningsmenn telja að hæfilegt sé að tilnefnt sé til tveggja ára í senn þótt hinir fulltrúarnir séu kosnir af Alþingi til fjögurra ára.

Umsagnir um frumvarpið.

Eins og fyrr er getið var frumvarpið lagt fram á 122. þingi (271. mál, þskj. 341). Það var sent ýmsum aðilum til umsagnar og flutningsmönnum þykir rétt að fella inn í þessa greinargerð tilvitnanir í umsagnir þeirra helstu.

Landssamband eldri borgara sem eru heildarsamtök eldri borgara hérlendis segja m.a. í umsögn sinni: „Um frumvarpið á þingskjali 341, um breytingar á skipan tryggingaráðs, vill landssambandið upplýsa og árétta, að sú tillaga sem þarna er til umfjöllunar samræmist mjög

vel áður kynntum samþykktum Landssambands eldri borgara um, að umboðsaðilar hinna tryggðu hefðu nokkurn umfjöllunarrétt um málefni þeirra í tryggingakerfinu. Þessi skoðun og krafa landssambandsins hefur áður verið kynnt bæði forsætis- og heilbrigðis- og tryggingaráðherra. Landssambandið hefur auk þess bent þessum ráðherrum og fleirum í stjórnkerfinu á að brýna nauðsyn beri til að koma hið fyrsta á fastri samráðsnefnd samtaka aldraðra og stjórnvalda. Í grannlöndum okkar hafa slíkar samráðsnefndir verið starfandi í mörg ár og starf þeirra þótt gefa góða raun, ekki bara fyrir hina öldruðu, heldur ekki síður fyrir stjórn og samskiptakerfið í heild. Landssambandið hefur einnig bent á að vegna þess hve mikil skörun er orðin á kerfi almannatrygginga og bótakerfis lífeyrissjóðanna og væntanlega vaxandi í framtíðinni, þá væri einnig æskilegt að lífeyrissjóðasamböndin, sameiginlega, tilnefndu einnig mann í tryggingaráð. Um það hefur að undanförnu verið mikil umræða, m.a. af hálfu fjármála- og tryggingaráðherra, svo og af hálfu forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins á ársfundi stofnunarinnar sl. sumar, að nánara samstarf lífeyrissjóðanna og almannatrygginga þyrfti að verða. Lífeyrissjóðirnir jafnvel að taka við einhverjum hluta verkefna almannatrygginga. En landssambandið leggur til að frumvarp þetta verði samþykkt hið fyrsta."

Í umsögn Aðgerðahóps aldraðra segir m.a.: „Aðgerðahópur aldraðra fagnar þessu frumvarpi sem tekur undir ósk sem lengi hefur verið baráttumál samtaka aldraðra og felur í sér tvímælalausa réttarbót fyrir þennan aldurshóp."

Félag aldraðra á Akureyri leggur sérstaka áherslu á að frumvarp þetta nái fram að ganga. Félag eldri borgara í Borgarnesi og nágrenni vill vekja sérstaka athygli á þingskjali 341, 271. máli, um tilnefningu Landssambands eldri borgara á einum aðalfulltrúa og öðrum vara í tryggingaráð. Það telur „til stórbóta ef sú breyting næði fram að ganga".

Á fundi stjórnar Félags aldraðra á Höfn, sem haldinn var 27. febrúar 1998, var tekið til afgreiðslu frumvarp til laga um almannatryggingar, 271. mál, tryggingaráð. Eftirfarandi var bókað: „Stjórnin fagnar framkomnu frumvarpi og skorar á hæstv. alþingismenn að samþykkja það."

Félag eldri borgara Álftanesi mælir sérstaklega með frumvarpinu og vísar til samþykktar Landssambands eldri borgara.

Stjórn Félags aldraðra í Eyjafirði segir m.a. í umsögn sinni: „Sérstaklega er mikils virði að tillaga um að Landssamband eldri borgara og Öryrkjabandalagið fái fulltrúa í tryggingaráði. Það er í hæsta máta undarlegt að aldraðir og öryrkjar hafi ekki átt aðild að stjórn Tryggingastofnunar hingað til. Það er því von okkar að þessi tillaga verði samþykkt."

Félag eldri borgara á Akranesi og nágrenni segir m.a. í umsögn sinni: „Með bréfi þessu viljum við þakka heilbrigðis- og trygginganefnd fyrir að senda okkur til umsagnar frumvörp til laga um almannatryggingar. Það er mikil nýbreytni að leita álits okkar um þau mál sem varða lífsafkomu okkar.

Við tökum undir með þeim þingmönnum sem hafa lagt fram þessar breytingar á lögum um almannatryggingar og munum fylgjast með framgangi þeirra á þingi."

Félag eldri borgara í Vestur-Húnavatnssýslu „fagnar frumvarpi um að eldri borgarar eigi fulltrúa í tryggingaráði. Slíkur fulltrúi ætti að geta gætt hagsmuna aldraðra og komið sjónarmiðum þeirra á framfæri í tryggingaráði."

Stjórn Félags aldraðra í Borgarfjarðardölum mælir sérstaklega með frumvarpi um skipan tryggingaráðs.

Félag aldraðra Dalvík og nágrenni „lýsir sérstakri ánægju með þskj. 341, 271. mál, nái það fram að ganga".

Stjórnarfundur Félags eldri borgara á Egilsstöðum 6. mars 1998 leggur „sérstaka áherslu á það baráttumál Landssambands aldraðra að eiga fulltrúa í tryggingaráði".

Félag eldri borgara á Norðfirði tekur undir þær samþykktir sem Landssamband eldri borgara hefur sent frá sér um frumvarp til laga um almannatryggingar, 271. mál.

Félag aldraða á Djúpavogi lýsir sig samþykkt frumvarpinu.

Í umsögn Félags eldri borgara á Eskifirði segir m.a.: „Með því að tryggja eldri borgurum og öryrkjum sæti í tryggingaráði Tryggingastofnunar ríkisins, er stigið ákjósanlegt og kærkomið skref í þá átt að þessir hópar, með aðild sinni að ráðinu, geti fylgst með málum sem þá varðar og haft áhrif þar á, en þeir eru meðal helstu lífeyris- og bótaþega Tryggingastofnunar. Þarna er tekin stefna sem Félag eldri borgara á Eskifirði telur rétta og bindur vonir við að verði að lögum."

Í umsögn Öryrkjabandalags Íslands segir m.a.: „Öryrkjabandalag Íslands hefur á aðalfundum sínum ályktað eindregið í þá veru að eðlilegt og raunar sjálfsagt sé að fulltrúi þess sitji í tryggingaráði með fullum réttindum. Þessar ályktanir hafa verið sendar til allra þingflokka. Öryrkjabandalag Íslands á virka aðild að stjórnarnefnd um málefni fatlaðra á vegum félagsmálaráðuneytis og ekki síður er því réttlætanleg aðild þess að tryggingaráði."

Landssamtökin Þroskahjálp „þakka fyrir að fá til umsagnar frumvarp til laga um almannatryggingar, 271. mál, tryggingaráð, og lýsa sig sammála þeirri meginhugsun sem fram kemur í frumvarpinu, þ.e. að hagsmunasamtökum bótaþega sé tryggð bein aðild að tryggingaráði. Landssamtökin Þroskahjálp, sem önnur af tveimur heildarsamtökum fatlaðra á Íslandi, geta hins vegar ekki fallist á frumvarpið óbreytt. Samtökin leggja til að síðasta setning 1. greinar orðist svo: Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálp tilnefna sameiginlega til tveggja ára einn aðalmann og annan til vara.

Landssamtökin Þroskahjálp eru samtök 27 félaga sem flest eru foreldrafélög fatlaðra barna með mismunandi fatlanir, eða fullorðinna þroskaheftra auk Átaks félags þroskaheftra. Þroskahjálp telur að nauðsyn beri til að í tryggingaráði sé einnig að finna fulltrúa sem þekkir vel til aðstæðna og gætir hagsmuna fjölskyldna fatlaðra barna. Landssamtökin Þroskahjálp álíta að ekki þurfi að vera nein vandkvæði á að tilnefna einn fulltrúa og annan til vara sameiginlega með Öryrkjabandalagi Íslands, enda hafa þessi samtök margoft áður skipt með sér verkum með hliðstæðum hætti."

Félag heyrnarlausra „fagnar nýju lagafrumvarpi um breytingu á lögum um almannatryggingar þar sem lagt er til að fulltrúar eldri borgara og öryrkja fái sæti í tryggingaráði. Lífskjör öryrkja á Íslandi hafa farið versnandi á sl. árum og hafa þeir orðið fyrir mikilli tekjuskerðingu. Ein af mörgum ástæðum fyrir þessari staðreynd er að öryrkjar hafa ekki haft tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum áleiðis. Þeir sem taka ákvarðanir um kjör öryrkja eru háttsettir menn innan stjórnkerfisins sem oftar en ekki eru í engum tengslum við öryrkja og þeirra lífskjör. Með því að tryggja öryrkjum sæti í tryggingaráði er þeim gert kleift að koma hagsmunamálum sínum á framfæri og hafa áhrif á lífskjör öryrkja."

Í umsögn Öldrunarfræðafélags Íslands segir m.a.: „Samþykkt er að styðja erindið. Eðlilegt er að stærstu hópar bótaþega eigi fulltrúa í tryggingaráði, enda er um að ræða „regnhlífarsamtök"."

Stjórn Alnæmissamtakanna á Íslandi lýsir ánægju sinni með frumvarpið.

Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, „tekur undir nauðsyn þess að helstu hagsmunaaðilar eigi sæti í tryggingaráði og telur að málinu væri vel fyrir komið ef Öryrkjabandalag Íslands og Landssamband eldri borgara fengju fulltrúa í ráðinu".

Eins og sést á framangreindum umsögnum fær málið mjög góðar undirtektir. Flutningsmenn eru þess fullvissir að lögfesting þessa frumvarps yrði mikilvæg réttarbót fyrir eldra fólk og öryrkja.

79. Tillaga til þingsályktunar [79. mál]

um viðræður við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins og yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka undir forustu formanns, sem utanríkisráðherra skipar án tilnefningar, til að ganga til viðræðna við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins og yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar. Stefnt skal að niðurstöðu áður en gildandi samkomulag við bandarísk stjórnvöld um umfang starfseminnar á Keflavíkurflugvelli rennur út. Nefndin skal að undangenginni athugun og könnunarviðræðum við bandarísk stjórnvöld skila áfangaskýrslu til Alþingis eigi síðar en í febrúarlok árið 2001 þannig að tími gefist til samninga um málið áður en núgildandi bókun um umfang starfseminnar á Keflavíkurflugvelli rennur út.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 125. löggjafarþingi en varð þá ekki útrædd. Tillaga sama efnis var flutt á síðasta kjörtímabili en var felld í atkvæðagreiðslu að lokinni síðari umræðu með 47 atkvæðum gegn 7. Rétt þykir að sitjandi þing fái einnig að fjalla um málið.

Á undanförnum árum hafa bandarísk stjórnvöld ítrekað látið í ljósi áhuga sinn á að draga úr umsvifum í rekstri herstöðvarinnar á Miðnesheiði. Nú síðast kom þetta fram í heimsókn Madeleine Albright, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hingað til lands 30. september sl. Í máli hennar kom skýrt fram að bandarísk stjórnvöld vilja minnka kostnað sinn við rekstur herstöðvarinnar og draga úr svokölluðum „varnarviðbúnaði".

Þessi áform þurfa ekki að koma neinum á óvart í ljósi þess hve mikið hefur dregið úr spennu í okkar heimshluta síðastliðinn áratug. Í seinni tíð hafa það verið íslensk yfirvöld utanríkismála frekar en bandarísk sem hafa þrýst á um að viðbúnaðurinn yrði meiri en minni. Við gerð núgildandi bókunar um umsvif Bandaríkjahers hér á landi voru það Íslendingar sem fóru fram á áframhaldandi staðsetningu orrustuflugvéla hér, en björgunarsveitin o.fl. tengist veru þeirra á Keflavíkurflugvelli.

Eins og sjá má af fylgiskjali IV hefur dregið mjög úr umsvifum bandaríska hersins á Keflavíkurflugvelli frá 1990. Þannig hefur hermönnum fækkað um 42% eða úr tæplega 3.300 í 1.900 og flugvélum fækkað úr 37 í 18. Þessari þróun ber að fagna og eðlileg viðbrögð íslenskra ráðamanna væru að ganga tafarlaust til viðræðna við Bandaríkjastjórn um hvernig staðið verði að því að binda enda á hersetuna.

Hins vegar verður að nefna að nýlegar deilur stórvelda um kjarnorkuvígbúnað hafa varpað nokkrum skugga á þessa gleðilegu þróun. Áform Bandaríkjastjórnar um gagneldflaugakerfi hafa sett ABM-samninginn frá 1972 í uppnám og stefna nú allri kjarnorkuafvopnun í voða. Einnig höfum við nýlega verið minnt á fylgifiska hernaðarbrölts í anda kalda stríðsins þegar rússneski kjarnorkukafbáturinn Kursk fórst við heræfingar í Barentshafi.

Rétt er að minna á að herstöðin á Miðnesheiði er hluti af heildarvígbúnaðarkerfi Bandaríkjamanna og NATO. Kjarnorkuvopnastefna Bandaríkjamanna og NATO er óbreytt, þ.e. Bandaríkin einhliða og NATO áskilja sér rétt til að beita kjarnorkuvopnum að fyrra bragði (First use policy). Það er einnig óbreytt að tilvist kjarnorkuvopna er hvorki játað né neitað, t.d. er ekki uppgefið hvort skip eða flugvélar sem tilheyra kjarnorkuheraflanum eru vopnuð þá og þá stundina. Svo hefur t.d. verið þegar NATO-herskip hafa heimsótt íslenskar hafnir.

Um áratugaskeið hefur afstaðan til veru bandaríska hersins í Keflavík verið deilumál hér á landi og lengst af hefur þjóðin skipst í tvær fylkingar, löngum svipaðar að stærð, í afstöðu sinni til þess hvort rétt sé, skylt eða nauðsynlegt að hafa hér erlendan her. Í þeim deilum var það a.m.k. í orði kveðnu yfirlýst afstaða helstu stjórnmálasamtaka að hér skyldi ekki vera erlendur her á friðartímum. Þeir friðartímar létu á sér standa og voru jafnvel styrjaldir í fjarlægum heimsálfum notaðar til að réttlæta veru hersins hér. Á kaldastríðstímanum var spenna milli risaveldanna tveggja að sjálfsögðu notuð, hér eins og annars staðar, til að réttlæta aukinn vígbúnað.

Nú er vígbúnaðinum hins vegar ekki beint gegn neinum óvini og því eru uppi nánast sögulegar aðstæður til að sætta þjóðina í þessu deilumáli með því að herinn hverfi af landi brott. Hin langa herseta hefur markað sín spor og þær tekjur, atvinna og umsvif sem leiddi af veru hersins voru lengi vel mjög þýðingarmikill og drjúgur hluti af gjaldeyristekjum þjóðarbúsins hvort sem mönnum er ljúft eða leitt að viðurkenna það. Verulega hefur dregið úr efnahagslegu mikilvægi hersetunnar og hafa gjaldeyristekjur sem leitt hefur af henni minnkað að raungildi á undanförnum árum og hlutfallslega töluvert ef miðað er við auknar útflutningstekjur af annarri starfsemi.

Núgildandi samkomulag milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda rennur út í apríl árið 2001 og hefur verið uppsegjanlegt frá því í apríl sl. Það er því tímabært að hefja nú þegar viðræður við bandarísk stjórnvöld um með hvaða hætti erlendur her og eiginlegur vígbúnaður geti horfið úr landi. Enginn vafi er á að húsnæði og aðstaða við flugvöllinn gæti nýst til margvíslegrar atvinnustarfsemi og aukinna umsvifa sem kæmu í stað þess sem nú er. Atvinnuástand hefur batnað á Suðurnesjum og skortur er á vinnuafli í landinu þannig að aðstæður eru að ýmsu leyti hagstæðar. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að gera áætlun um sérstakt átak til atvinnuuppbyggingar og þróunar fyrir svæðið samhliða því að unnið er að samkomulagi við Bandaríkjamenn um hvernig að þessum breytingum verði staðið. Með í þær viðræður þarf að sjálfsögðu að taka þátttöku Bandaríkjamanna í að bæta fyrir þá röskun sem hersetan hefur valdið í íslenskum þjóðarbúskap og ekki síður spjöll á íslenskri náttúru og kostnað við hreinsun mengaðra svæða.

Í ljósi mikilvægis málsins og með hliðsjón af því hve gæfuríkt væri ef þjóðinni auðnaðist að sameinast á ný um áherslur í þessu viðkvæma máli, sem valdið hefur deilum um hálfrar aldar skeið, er lagt til að fulltrúar allra þingflokka eigi aðild að þeim viðræðum sem hefjast í framhaldi af samþykkt tillögunnar.

Samhliða niðurstöðu í þessu máli og samkomulagi um brottför erlends hers úr landinu skapast gerbreyttar aðstæður til að móta sjálfstæða íslenska utanríkis- og friðarstefnu. Stefnu sem grundvallaðist á vopnleysi, friðlýsingu og sjálfstæðri óháðri stöðu landsins utan hernaðarbandalaga, sem aflað yrði alþjóðlegrar viðurkenningar.

Fordæmið frá sjálfstjórnarsvæðinu Álandseyjum og sú samstaða sem þar ríkir um vopnleysi og friðarstefnu, ásamt með uppbyggingu friðarstofnunar Álandseyja er áhugavert í þessu sambandi.

Með tillögunni voru þrjú fylgiskjöl sem eru samhljóða fylgiskjölum í þskj. 9 (9. mál 123. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1998–99, bls. 488–492:

I. Varnarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins.
II. Bókun 1994. (Þýdd að beiðni flutningsmanna.)
III. Bókun 1996. (Þýdd að beiðni flutningsmanna.)

Fylgiskjal IV.

Upplýsingaskrifstofa varnarliðsins:

Mannafli og verktaka á vegum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.
(Október 2000.)

Hermenn í varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli voru um 1.900 í júlímánuði síðastliðnum, en ásamt fjölskyldum þeirra og 100 bandarískum borgaralegum starfsmönnum sem annast sérhæfð störf eru um 4.000 íbúar á Keflavíkurflugvelli.

Fjöldi varnarliðsmanna hefur breyst eins og hér segir á undanförnum árum:

		Hermenn	Þar af flugher	Með fjölskyldum	Íslenskir starfsmenn
1. mars	1990	3.294	1.335	4.987	1.086
1. janúar	1994	2.877	1.160	5.709	910
1. júlí	1995	2.280	796	4.742	951
1. janúar	1996	2.149	687	4.440	882
1. júlí	1997	2.019	699	4.265	883
1. júlí	2000	1.900	642	4.000	916

Hafa ber í huga að fjöldi hermanna er nokkuð breytilegur eftir því hvort allar stöður eru mannaðar. Mannafli er jafnan í lágmarki í árslok og fjöldi íslenskra starfsmanna í hámarki á sumrin.

Fækkun hermanna á árunum 1990–1994 stafaði m.a. af fækkun í flughernum, þar á meðal með brottför ratsjárflugvéla og fækkun orrustuþotna, svo og fækkun eftirlitsflugvéla flotans. Flugvélum varnarliðsins hefur fækkað um rúmlega helming og hermönnum um 42% frá árinu 1990. (Flugvélum úr 37 í 18 og hermönnum úr 3.294 í 1.900.) Samt sem áður jókst heildarfólksfjöldi á Keflavíkurflugvelli í fyrstu sökum 40% aukningar íbúðarhúsnæðis fyrir fjölskyldur og gátu þá allir varnarliðsmenn sem vildu haft fjölskyldur sínar hjá sér. Fækkun frá janúar 1994 stafar af frekari fækkun í flughernum í framhaldi af samkomulagi þar um og fækkun í eftirlitsflugsveit flotans og lokun fjarskiptastöðva. Íslenskum starfsmönnum fækkaði á fyrri helmingi þessa tímabils vegna strangra aðhaldsaðgerða Bandaríkjastjórnar við ráðningar í störf er losnuðu og lítið eitt vegna færslu þjónustustarfa til verktaka.

Samtals störfuðu um 1.520 Íslendingar hjá varnarliðinu og verktökum og stofnunum sem annast þjónustu við varnarliðið um síðustu áramót. Starfsmenn varnarliðinu sjálfs voru þá 851 (916 í júlí með sumarstörfum) en aðrir störfuðu hjá verktakafyrirtækjum og Ratsjárstofnun. Stærstu verktakafyrirtækin á Keflavíkurflugvelli eru Íslenskir aðalverktakar, Keflavíkur-

verktakar og Ístak og annast þau fyrst og fremst verklegar framkvæmdir. Þá má telja Kögun og Olíufélagið auk annarra þjónustuverktaka. Ríkisstofnanir, aðrar en Ratsjárstofnun, sem annast starfsemi vegna varnarliðsins eru Sýslumannsembættið, flugvallarstjóri og Veðurstofa Íslands með samtals rúmlega 120 starfsmenn sem ekki eru taldir með í framangreindri samantekt. Engir íslenskir starfsmenn búa á varnarsvæðinu og laun þeirra og önnur kjör eru samkvæmt samningum á íslenskum vinnumarkaði.

Varnarliðið samanstendur af deildum úr bandaríska flughernum sem annast loftvarnir og flotanum sem annast eftirlit með skipa- og kafbátaferðum. Flotastöð varnarliðsins rekur öll mannvirki og þjónustu á varnarsvæðinu sem gerir þessum deildum kleift að sinna störfum sínum. Má þar nefna rekstur flugvallarins, húsnæðis, veitukerfa, mötuneyta, verslana og skóla auk tómstundastarfsemi af ýmsu tagi sem gerir varnarliðsmönnum og fjölskyldum þeirra kleift að lifa sem eðlilegustu lífi.

Flestir íslenskir starfsmenn varnarliðsins starfa hjá flotastöðinni. Má þar nefna stofnun verklegra framkvæmda sem annast m.a. viðhald og rekstur mannvirkja og veitukerfa; tómstundadeild sem rekur íþrótta- og tómstundastofnanir auk veitingahúsa, skemmtistaða og ferðaskrifstofu; verslun flotans, Navy Exchange, sem býður upp á flest annað en matvöru; matvöruverslun; birgðadeild er annast innkaup, geymslu og dreifingu á hvers kyns vörum og eldsneyti, svo og fjármáladeild að ógleymdu slökkviliðinu sem, auk þess að annast brunavarnir í mannvirkjum og flugvélum, sér um hálkuvarnir og snjóruðning á flugbrautum, afgreiðslu herflutningaflugvéla og ýmsa aðra þjónustu við flugvélar. Eru þá ótaldar margar smærri deildir flotastöðvarinnar og annarra deilda varnarliðsins sem hafa færri íslenskum starfsmönnum á að skipa. Áætlað er að árlegur rekstrarkostnaður varnarliðsins sé um 10 milljarðar króna og eru þá ótalin laun hermannanna og nýbyggingar. Tekjur íslenska þjóðarbúsins af varnarliðinu námu 1,6% af vergri þjóðarframleiðslu á síðasta ári samkvæmt upplýsingum Seðlabankans.

Verklegar framkvæmdir á vegum varnarliðsins eru fjármagnaðar með bandarísku fjárlagafé eða af Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Smæstu viðhaldsverkefnin eru framkvæmd af iðnaðarmönnum varnarliðsins sjálfs, en verktakar annast stærri viðhaldsverkefni og nýbyggingar. Um verkefni sem fjármögnuð eru af Bandaríkjamönnum er samið við verktaka sem íslensk stjórnvöld tilnefna, en séu þau fjármögnuð af Atlantshafsbandalaginu fer fram samkeppnisútboð, innan lands eða í öllum ríkjum bandalagsins eftir stærð verksins.

Samráð er haft um umfang verkefna á vegum varnarliðinu og greinir það utanríkisráðuneytinu frá þeim verklegu framkvæmdum sem það hyggst ráðast í. Tilnefnir utanríkisráðuneytið þá verktaka sem varnarliðið skuli semja við eftir því sem við á. Í samkomulagi Íslands og Bandaríkjanna frá árinu 1996 er gert ráð fyrir að byggingarverkefni þau sem fjármögnuð eru af Bandaríkjamönnum fari einnig í samkeppnisútboð og þannig gildi hið sama um öll slík verkefni að loknum aðlögunar- og reynslutíma í ársbyrjun 2004.

Þá varð sú breyting árið 1995 að samningar varnarliðsins um kaup á vörum og þjónustu voru gefnir frjálsir og annast Umsýslustofnun varnarmála – Sala varnarliðseigna forval fyrirtækja sem sækjast eftir slíkum viðskiptum samkvæmt ákveðnum hæfniskröfum.

Fylgiskjal V.

	Varnarliðsviðskipti í millj. kr.						Nettótekjur af varnarliðinu.				
	Verk-takar	Olíu-félög	Skipa-félög	Aðrar tekjur	Tekjur samtals	Útgjöld	Nettó-tekjur	Gengi USD	Í millj. USD	% af útflutn.	% af VLF
1970	6	0	1	5	12	1	11	0,88	12.9	5,4	2,6
1971	5	1	1	7	14	1	13	0,88	14,8	5,8	2,3
1972	6	1	1	8	16	2	14	0.87	16,5	5.5	2,1
1973	9	1	2	8	20	2	18	0,90	20,5	4,9	1,9
1974	7	3	2	12	24	2	22	1,00	22,1	4,6	1,6
1975	19	4	5	20	48	6	42	1,54	27,3	5,8	2,1
1976	29	5	9	27	70	8	62	1,82	34,0	5,9	2,2
1977	38	8	10	40	96	7	89	1,99	44,8	6,1	2,2
1978	62	10	15	67	155	8	146	2,71	53,9	5.9	2,3
1979	59	15	16	96	187	20	167	3,52	47,4	4,3	1,8
1980	103	20	26	206	355	23	332	4,79	69,3	5.7	2,1
1981	187	35	19	302	543	46	497	7,24	68.6	5,6	2
1982	559	57	97	456	1169	80	1089	12,52	87,0	8,3	2,8
1983	1303	95	176	869	2443	287	2156	25,00	86,2	7,9	3,3
1984	1600	113	139	1137	2989	223	2766	31.66	87,4	8	3,1
1985	1307	185	66	1831	3389	267	3122	41,47	75,3	6,2	2,6
1986	2356	234	60	2193	4843	415	4428	41.04	107,9	7	2,8
1987	2291	260	82	2664	5297	507	4790	38,60	124,1	6.5	2,3
1988	3029	323	132	2289	5773	663	5110	43,09	118,6	6	2
1989	4060	352	252	3529	8193	885	7308	57,14	127,9	6,6	2,4
1990	4875	315	268	4577	10035	801	9234	58,23	158,6	7,2	2.6
1991	4416	294	397	5401	10508	1069	9439	59,04	159,9	7.3	2,5
1992	4190	245	252	5541	10228	471	9757	57,52	169,6	7.7	2,5
1993	3171	224	482	5526	9403	342	9061	67,74	133,8	6,4	2,3
1994	2924	-	-	-	-	-	9546	-	136,9	5.9	2,2
1995	3262	-	-	-	-	-	8983	-	138.9	5,4	2
1996	3945	-	-	-	-	-	9902	-	148,9	5,4	2
1997	4703	-	-	-	-	-	10943	-	154,6	5,5	2,1
1998	4046	-	-	-	-	-	10344	-	145,8	4,9	1,8
1999	3684	-	-	-	-	-	10411	-	144,2	4,7	1,6

80. Frumvarp til laga [80. mál]

um dómtúlka og skjalaþýðendur.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Með dómtúlki og skjalaþýðanda er í lögum þessum átt við þann sem öðlast hefur löggildingu til að annast túlkun fyrir dómi og þýðingu skjala sem hafa réttarlegt gildi.

Dómtúlkar og skjalaþýðendur eru opinberir sýslunarmenn. Njóta þeir réttinda og bera skyldur samkvæmt því.

2. gr.

Löggildingu sem dómtúlk eða skjalaþýðandi má veita þeim sem:

1. er lögráða og svo á sig kominn andlega að hann sé fær um að annast túlkun og þýðingar,
2. hefur staðist próf skv. 3. gr.

Heimilt er að synja manni um löggildingu ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

3. gr.

Sá sem óskar eftir að öðlast löggildingu sem dómtúlkur eða skjalaþýðandi skal standast próf sem sýni að hann hafi þá þekkingu og færni sem nauðsynleg er til að gegna starfinu.

Til að annast framkvæmd prófs skipar dómsmálaráðherra þriggja manna prófstjórn til fjögurra ára í senn. Til að meta úrlausnir í einstökum tungumálum skipar ráðherra þriggja manna prófnefnd fyrir hvert tungumál. Skipun prófnefndar gildir fyrir hvert próf sem haldið er.

Í reglugerð sem dómsmálaráðherra setur að fengnum tillögum prófstjórnar skal kveðið nánar á um framkvæmd prófs og mat prófúrlausna. Efnt skal til prófraunar að jafnaði annað hvert ár.

Sé óskað réttinda í tungumáli sem ekki er unnt að efna til prófs í sökum þess að ekki er fyrir hendi viðhlítandi þekking á því tungumáli hér á landi er dómsmálaráðherra heimilt að veita löggildingu samkvæmt tillögu prófstjórnar, enda hafi umsækjandi sýnt fram á kunnáttu sína í íslensku sem og í hinu erlenda tungumáli á þann hátt sem prófstjórn metur gildan. Einnig er ráðherra heimilt að veita löggildingu til skjalaþýðingar á grundvelli erlendrar löggildingar, enda taki sú löggilding til íslensku.

Að fenginni tillögu prófstjórnar ákveður dómsmálaráðherra gjald sem umsækjendum ber að greiða fyrir að þreyta prófraun. Skal upphæð þess miðuð við kostnað við prófraunina. Gjaldið er óendurkræft þótt umsækjandi hverfi frá prófi eða standist það ekki.

4. gr.

Umsókn um löggildingu skal beint til dómsmálaráðherra. Umsækjandi skal leggja fram gögn til stuðnings því að hann fullnægi skilyrðum 2. gr. Hann skal vinna að því skriflegt heit að viðlögðum drengskap að hann muni rækja af trúmennsku og samviskusemi öll þau störf sem honum kunna að verða falin sem dómtúlki eða skjalaþýðanda og gæta fyllsta trúnaðar gagnvart viðskiptamönnum sínum. Fyrir útgáfu löggildingar skal greiða gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Dómsmálaráðherra gefur út löggildingarskírteini fyrir dómtúlka og skjalaþýðendur. Sá einn getur hlotið löggildingu sem dómtúlkur sem jafnframt er löggiltur sem skjalaþýðandi.

Heimilt er að veita löggildingu til að þýða af erlendu máli á íslensku án þess að veitt sé löggilding til að þýða af íslensku á erlenda málið og öfugt.

Skjalaþýðendur skulu auðkenna og undirrita skjöl þau er þeir þýða eftir því sem nánar er mælt fyrir um í reglugerð sem dómsmálaráðherra setur.

Dómsmálaráðherra skal halda skrá um þá sem hafa löggildingu sem dómtúlkar og skjalaþýðendur. Þeir skulu tilkynna ráðuneytinu hvar starfsstöð þeirra er og breytingar á henni.

5. gr.

Nú fullnægir skjalaþýðandi eða dómtúlkur ekki skilyrðum a-liðar 1. mgr. 2. gr. til að fá löggildingu og skal dómsmálaráðherra þá fella löggildingu hans úr gildi.

Hafi löggilding verið felld úr gildi skal hún veitt að nýju eftir umsókn án endurgjalds eða prófraunar ef fullnægt er öllum skilyrðum til að öðlast löggildingu.

6. gr.

Sá einn má nefna sig dómtúlk eða skjalaþýðanda sem hefur til þess löggildingu. Öðrum er óheimilt að nota íslensk eða erlend heiti sem til þess eru fallin að villast megi á þeim og þessum heitum hvort sem um er að ræða starfsheiti einstakra manna eða firmaheiti. Brot gegn þessu varða sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2001. Falla þá úr gildi lög um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur, nr. 32 2. nóvember 1914, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér heildarendurskoðun á gildandi lögum um dómtúlka og skjalaþýðendur frá árinu 1914, en þau lög eru nefnd lög um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur, nr. 32/1914. Frumvarpið var lagt fram á 125. löggjafarþingi en hlaut eigi afgreiðslu. Það er nú lagt fram á ný með nokkrum breytingum á ákvæðum þess um skilyrði til að hljóta löggildingu sem dómtúlkur eða skjalaþýðandi.

Í gildandi lögum um dómtúlka og skjalaþýðendur er mælt fyrir um heimild til að veita mönnum rétt til að annast þjónustu á þessu sviði og heimila lögin Stjórnarráðinu að setja reglur um próf fyrir þá sem vilja öðlast réttindi til að annast dómtúlkun og þýðingu skjala. Í 3. gr. laganna er kveðið á um að þeir sem öðlast hafa þennan rétt skuli skyldir til að vera túlkar á dómþingum og þýða skjöl fyrir menn og stofnanir. Á grundvelli laganna er í gildi reglugerð um próf og löggildingu fyrir dómtúlka og skjalþýðendur, nr. 26/1989, en þar eru ákvæði um hvernig staðið skuli að prófi fyrir þá sem vilja öðlast þessi réttindi.

Frumvarpið er byggt á tillögum nefndar sem dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði 24. september 1998 til að endurskoða fyrirkomulag prófa til löggildingar dómtúlka og skjalaþýðenda. Í nefndinni áttu sæti Jón Thors skrifstofustjóri, sem var formaður nefndarinnar, Guðný Jónsdóttir deildarstjóri, Jón Skaptason, löggiltur dómtúlkur og skjalaþýðandi, og Torfi Tulinius, löggiltur dómtúlkur og skjalaþýðandi. Nefndin taldi nauðsynlegt að endurskoða gildandi lög, meðal annars til að lögfesta ýmis atriði varðandi öflun löggildingar sem dómtúlkur eða skjalaþýðandi. Nefndin hefur einnig samið drög að reglugerð um próf og löggildingu fyrir dómtúlka og skjalaþýðendur til nánari útfærslu á ákvæðum frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er afmarkað hvað felist í löggildingu sem dómtúlkur og skjalaþýðandi. Hlutverk dómtúlka er að veita dómstólum þjónustu við túlkun í dómsmálum og lögreglu við rannsókn á lögreglustigi. Hlutverk skjalaþýðanda er að þýða skjöl sem lögð eru fyrir dómstóla og önnur skjöl sem hafa réttarlegt gildi, svo sem opinber vottorð og skjöl sem menn þurfa að leggja fram til að afla réttinda eða heimilda hjá hinu opinbera.

Í 2. mgr. er lagt til að dómtúlkar og skjalaþýðendur verði opinberir sýslunarmenn og njóti réttinda og beri skyldur samkvæmt því. Hliðstætt ákvæði er í 4. gr. gildandi laga.

Um 2. gr.

Hér eru talin þau skilyrði sem þarf að fullnægja til að fá löggildingu sem dómtúlkur eða skjalaþýðandi. Skv. 2. gr. gildandi laga þarf umsækjandi um slík réttindi að sanna kunnáttu sína í tungumálinu til að öðlast löggildingu.

Í 1. mgr. eru rakin þau skilyrði sem fullnægja þarf til að fá löggildingu sem dómtúlkur eða skjalaþýðandi. Skv. a-lið er lagt til að umsækjandi þurfi að vera lögráða og svo á sig kominn andlega að hann sé fær um að annast túlkun og þýðingar. Í b-lið er lagt til að umsækjandi þurfi að standast próf skv. 3. gr.

Samkvæmt 2. mgr. er veitt heimild til að synja umsækjanda um löggildingu ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans. Slík ákvörðun verður borin undir dóm skv. 68. gr. a sömu laga.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um próf fyrir þá sem vilja öðlast réttindi sem dómtúlkar eða skjalaþýðendur. Fyrirkomulag það sem lagt er til er í meginatriðum það sama og samkvæmt gildandi reglugerð um próf og löggildingu fyrir dómtúlka og skjalþýðendur, nr. 26/1989.

Samkvæmt 2. mgr. skipar ráðherra þriggja manna prófstjórn til að annast framkvæmd prófraunar. Einnig er lagt til að skipuð verði þriggja manna prófnefnd í hverju tungumáli til að meta prófúrlausnir í viðkomandi máli.

Í 3. mgr. er gert er ráð fyrir að nánari ákvæði verði sett í reglugerð um framkvæmd prófs og mat prófúrlausna. Lagt er til að efnt skuli til prófs að jafnaði annað hvert ár.

Í 4. mgr. er lagt til að unnt verði að veita löggildingu á grundvelli mats prófstjórnar þegar um er að ræða tungumál sem ekki eru tiltækir löggiltir skjalaþýðendur í og því ekki unnt að skipa formlega prófnefnd. Prófstjórn yrði þá að leita álits einhverra sem kunna tungumálið hér á landi eða erlendis.

Samkvæmt 5. mgr. er gert ráð fyrir að gjald verði innheimt hjá þeim sem þreyta próf og að fjárhæð þess takmarkist við kostnað af prófrauninni. Í gildandi lögum er ekki heimild fyrir slíkri gjaldtöku, en rétt þykir að þeir sem þreyti próf greiði þann kostnað sem því er samfara.

Um 4. gr.

Í greininni er lýst í meginatriðum hvernig staðið skal að veitingu löggildingar.

Samkvæmt 1. mgr. skal umsókn um löggildingu beint til dómsmálaráðherra og henni skulu fylgja öll nauðsynleg gögn. Einnig skal umsækjandi vinna drengskaparheit um að hann muni rækja starf sitt af trúmennsku og samviskusemi.

Í 2. mgr. er tekið fram að til þess að fá löggildingu sem dómtúlkur sé einnig nauðsynlegt að viðkomandi hafi löggildingu sem skjalaþýðandi. Hins vegar er ekki skilyrði að hafa réttindi sem dómtúlkur til að fá löggildingu sem skjalaþýðandi. Heimilt er að veita löggildingu

til þess að þýða af erlendu máli á íslensku án þess að veitt sé löggilding til að þýða af íslensku á erlenda málið og öfugt.

Samkvæmt 3. mgr. skulu skjalaþýðendur auðkenna og undirrita sköl sem þeir þýða eftir því sem nánar er mælt fyrir um í reglugerð.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um að dómsmálaráðherra haldi skrá um þá sem hafi löggildingu sem dómtúlkar og skjalaþýðendur og að þeir skuli ávallt tilkynna um starfsstöð sína til ráðuneytisins. Með þessu verður unnt að veita upplýsingar fyrir þá sem þurfa á þessari þjónustu að halda og er fyrirhugað að veita aðgang að skránni á heimasíðu ráðuneytisins.

Um 5. gr.

Samkvæmt 1. mgr. ber ráðherra að fella úr gildi löggildingu ef dómtúlkur eða skjalaþýðandi fullnægir ekki lengur þeim skilyrðum sem tilgreind eru í a-lið 1. mgr. 2. gr.

Í 2. mgr. er að finna heimild til að veita löggildingu að nýju án prófs eða leyfisgjalds ef viðkomandi fullnægir öðrum skilyrðum til að hljóta slík réttindi. Ef dómtúlkur eða skjalaþýðandi óskar ekki eftir að hagnýta sér réttindi sín samkvæmt löggildingarbréfi sínu er honum ávallt heimilt að leggja bréfið inn til vörslu í ráðuneytinu og fellur þá löggildingin niður meðan bréfið liggur inni.

Um 6. gr.

Lagt er til að þeir einir megi nefna sig dómtúlka eða skjalaþýðendur sem hafi til þess löggildingu. Öðrum verði óheimilt að nota íslensk eða erlend heiti sem til þess eru fallin að villast megi á þeim og þessum heitum. Einnig er lagt til að brot gegn þessu ákvæði varði sektum.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um dómtúlka og skjalaþýðendur.

Frumvarp þetta felur í sér ítarlegri reglur og nokkrar breytingar frá ákvæðum í gildandi lögum, um dómtúlka og skjalaþýðendur, nr. 32/1914. Ákvæði frumvarpsins miða að því að lögfesta það fyrirkomulag sem hefur þróast á þessu sviði og er að hluta til ákveðið með reglugerð nr. 26/1989, um próf og löggildingu fyrir dómtúlka og skjalþýðendur. Í frumvarpinu er þó gert ráð fyrir þeirri nýlundu að lögfest yrði heimild til að standa straum af kostnaði við prófanir á þekkingu og færni þeirra sem óska eftir löggildingu sem dómtúlkar eða skjalaþýðendur með prófgjaldi, líkt og á við um próf til löggildingar á ýmsum öðrum starfsréttindum, t.d. próf fasteignasala. Gjald var áður innheimt vegna þessara prófa en horfið var frá því á árinu 1999 þar sem lagaheimildir voru ekki taldar vera fullnægjandi.

Áætlað er að árlegur kostnaður við prófanir umsækjenda geti numið um 1 m.kr. sem er svipuð fjárhæð og gert er ráð fyrir í fjárlögum ársins 2000. Samkvæmt frumvarpinu yrðu þau

útgjöld fjármögnuð að fullu með jafnháum rekstrartekjum ríkissjóðs af prófgjöldum frá umsækjendum. Almenn greiðsla úr ríkissjóði til þessa viðfangsefnis mun því lækka um tæplega 1 m.kr. miðað við gildandi fjárlög.

81. Frumvarp til laga [81. mál]

um breytingar á Norðurlandasamningum um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð og um innheimtu meðlaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Heimilt er að fullgilda fyrir Íslands hönd eftirgreinda Norðurlandasamninga sem undirritaðir voru í Ósló 25. febrúar 2000 og prentaðir eru sem fylgiskjöl með lögum þessum:

1. Samkomulag milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á samningi sömu ríkja frá 6. febrúar 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, sem staðfestur var með lögum nr. 29 8. september 1931.
2. Samkomulag milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á samningi sömu ríkja frá 23. mars 1962 sem staðfestur var með lögum nr. 93 29. desember 1962.

2. gr.

Þegar samningar þeir sem um ræðir í 1. gr. hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði þeirra hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal I.

Samkomulag milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð er undirritaður var í Stokkhólmi 6. febrúar 1931.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

I.

Á 8. gr. samningsins milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, sem undirritaður var í Stokkhólmi 6. febrúar 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, eru gerðar eftirfarandi breytingar:

Í 1. mgr. falli brott orðið „framfærsluskyldu“. Í 1. málsl. 2. mgr. falli brott orðin „framfærsluskyldu og“ og 3. málsl. falli brott.

II.

Varðandi beitingu samkomulagsins í Færeyjum og á Grænlandi getur danska dómsmálaráðuneytið, að undangengnum samningaviðræðum við dómsmálaráðuneyti hinna samningsríkjanna, ákveðið þau frávik sem sérstakar færeyskar eða grænlenskar aðstæður krefjast.

III.

Samningsríkin geta gerst aðilar að samkomulagi þessu með

a. undirritun án fyrirvara um fullgildingu, eða
b. undirritun með fyrirvara um fullgildingu, ásamt eftirfarandi fullgildingu.

Fullgildingarskjölin skulu varðveitt í sænska utanríkisráðuneytinu.

Samkomulagið öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar er hefst tveimur mánuðum eftir að öll samningsríkin hafa gerst aðilar að samkomulaginu. Sænska utanríkisráðuneytið tilkynnir hinum samningsríkjunum um móttöku fullgildingarskjalanna til vörslu og hvenær samkomulagið öðlast gildi.

IV.

Frumrit þessa samkomulags skal varðveitt í sænska utanríkisráðuneytinu er lætur öðrum samningsríkjum í té staðfest endurrit.

Þessu til staðfestu hafa neðangreindir fulltrúar með fullgilt umboð undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Ósló hinn 25. febrúar 2000 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og að því er sænskuna varðar í tveimur textum, öðrum fyrir Finnland og hinum fyrir Svíþjóð.

Fylgiskjal II.

Samkomulag milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um innheimtu meðlaga er undirritaður var í Ósló 23. mars 1962.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

I.

Á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um innheimtu meðlaga, sem undirritaður var í Ósló hinn 23. mars 1962, eru gerðar eftirfarandi breytingar:

1. gr. hljóði svo:

Aðfararhæfur dómur, úrskurður stjórnvalds eða samningur, staðfestur af opinberu stjórnvaldi, sem hefur lagt einhverjum á herðar í einu samningsríkjanna að greiða meðlag til maka, fyrrverandi maka, barns, stjúpbarns eða móður barns, skal viðurkenndur í öðrum samningsríkjum án sérstakrar staðfestingar.

Aðfararhæfum dómi, úrskurði stjórnvalds, samningi staðfestum af opinberu stjórnvaldi, eða öðrum skriflegum samningi, sem hefur lagt einhverjum á herðar í einu samningsríkjanna

að greiða slíkt meðlag og sem unnt er að fullnusta í því ríki, skal þegar í stað fullnægt í öðru samningsríki, sé þess farið á leit. Hið sama gildir um dóm sem ekki er orðinn aðfararhæfur, svo og úrskurð eða ákvörðun dómara eða dómstóls, sem fullnægja má samkvæmt reglum um aðfararhæfa dóma.

2. mgr. 2. gr. hljóði svo:

Eigi fullnusta að fara fram í öðru samningsríki en því þar sem beiðni kemur fram samkvæmt 1. mgr. skal senda beiðnina til fyrrnefnds ríkis. Í því tilviki er beiðnin send til og móttekin af:

í *Danmörku* hlutaðeigandi stjórnvaldi (statsamtet, í Kaupmannahöfn Overpræsidiet) eða, ef óvíst er hvaða stjórnvald sé til þess bært að fjalla um málið, dómsmálaráðuneytinu;

í *Finnlandi* hlutaðeigandi stjórnvaldi (utmätningsman) eða, ef óvíst er hvaða stjórnvald sé til þess bært að fjalla um málið, dómsmálaráðuneytinu;

á *Íslandi* dómsmálaráðuneytinu;

í *Noregi* utanríkismálaskrifstofu almannatrygginga (folketrygdkontoret for utenlandssaker);

í *Svíþjóð* hlutaðeigandi stjórnvaldi (kronofogdemyndighet) eða, ef óvíst er hvaða stjórnvald sé til þess bært að fjalla um málið, ríkisskattstjóra (Riksskatteverket).

1. mgr. 3. gr. hljóði svo:

Stjórnvaldið sem á að framkvæma innheimtuna getur, ef nauðsynlegt þykir, krafist vottorðs um að dómurinn, úrskurðurinn, ákvörðunin eða samningurinn fullnægi þeim skilyrðum sem sett eru í 2. mgr. 1. gr. fyrir fullnustu. Vottorðið skal gefið út af því stjórnvaldi sem kveðið er á um í 2. mgr. 2. gr. í ríki því þar sem dómurinn eða úrskurðurinn er kveðinn upp, ákvörðunin er tekin eða samningurinn gerður.

Ný 6. gr. a hljóði svo:

Samningur þessi kemur ekki í veg fyrir að unnt sé að viðurkenna eða leita fullnustu á grundvelli heimilda í öðrum alþjóðasamningum sem gilda milli hlutaðeigandi ríkja eða samkvæmt lögum þess ríkis þar sem álitaefnið um viðurkenningu eða fullnustu kemur upp.

II.

Varðandi beitingu samkomulagsins í Færeyjum og á Grænlandi getur danska dómsmálaráðuneytið, að undangengnum samningaviðræðum við dómsmálaráðuneyti hinna samningsríkjanna, ákveðið þau frávik sem sérstakar færeyskar eða grænlenskar aðstæður krefjast.

III.

Samningsríkin geta gerst aðilar að samkomulagi þessu með

a. undirritun án fyrirvara um fullgildingu, eða
b. undirritun með fyrirvara um fullgildingu, ásamt eftirfarandi fullgildingu.

Fullgildingarskjölin skulu varðveitt í norska utanríkisráðuneytinu.

Samkomulagið öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar er hefst tveimur mánuðum eftir að öll samningsríkin hafa gerst aðilar að samkomulaginu. Norska utanríkisráðuneytið tilkynnir hinum samningsríkjunum um móttöku fullgildingarskjalanna til vörslu og hvenær samkomulagið öðlast gildi.

IV.

Samkomulag þetta gildir einnig um ákvarðanir eða samninga sem getið er í 1. gr. þótt þær hafi verið teknar eða þeir gerðir fyrir gildistöku samkomulagsins.

V.

Frumrit þessa samkomulags skal varðveitt í norska utanríkisráðuneytinu er lætur öðrum samningsríkjum í té staðfest endurrit.

Þessu til staðfestu hafa neðangreindir fulltrúar með fullgilt umboð undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Ósló hinn 25. febrúar 2000 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og að því er sænskuna varðar í tveimur textum, öðrum fyrir Finnland og hinum fyrir Svíþjóð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu. Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að fullgilda tvo Norðurlandasamninga á sviði sifjaréttar sem undirritaðir voru í Ósló 25. febrúar 2000. Annars vegar er um að ræða samkomulag um breytingar á Norðurlandasamningi um alþjóðleg einkamálaréttarfarsákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð og hins vegar samkomulag um breytingar á Norðurlandasamningi um innheimtu meðlaga. Einnig er lagt til að samningar þessir öðlist lagagildi hér á landi á sama veg og á við um fyrri samninga á þessu sviði.

Hinn 6. febrúar 1931 var undirritaður í Stokkhólmi af hálfu allra Norðurlandanna samningur um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð. Samningurinn öðlaðist síðan gildi hér á landi samkvæmt lögum nr. 29/1931. Samningi þessum hefur þrisvar verið breytt og hafa þær breytingar öðlast gildi hér á landi. Þeir samningar eru frá 26. mars 1953, sbr. lög nr. 62/1954, frá 3. nóvember 1969, sbr. lög nr. 98/1969, og frá 20. nóvember 1973, sbr. lög nr. 95/1973.

Norðurlandasamningur um innheimtu meðlaga var undirritaður í Ósló 23. mars 1962 af hálfu allra Norðurlandanna og öðlaðist samningurinn gildi hér á landi samkvæmt lögum nr. 93/1962. Sá samningur fól í sér endurskoðun á fyrri samningi ríkjanna um sama efni frá 10. febrúar 1931, sbr. lög nr. 30/1931.

II.

Samkomulagið frá 25. febrúar 2000 um breytingar á samningnum um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð felur í sér breytingu á 8. gr. samningsins.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. getur yfirvald meðal annars tekið ákvarðanir um framfærsluskyldu með barni og maka í sambandi við kröfu um skilnað að borði og sæng eða lögskilnað. Í 2. mgr. er síðan mælt fyrir um meðferð mála þegar ágreiningur rís eftir að skilnaður að borði eða sæng eða lögskilnaður hefur verið veittur. Slíkt mál skal úrskurðað í því ríki er það hjónanna sem kröfunni er beint gegn á heimilisfesti í. Þetta gildir einnig að því er tekur til breytinga á ákvörðun sem gerð hefur verið í einhverju hinna ríkjanna. Ekki má ákveða eða hækka framfærslueyri ef það væri andstætt lögum þess ríkis þar sem skilnaður að borði og sæng eða lögskilnaður var veittur. Ákvæði 2. mgr. 8. gr. samningsins hafa þótt þung í vöfum fyrir þá sem gera kröfu um framfærslueyri eða hækkun hans. Auk þess gildir ákvæðið

einungis að því er varðar meðlag með barni þegar foreldrar þess hafa verið í hjúskap og því gilda ekki sömu reglur um börn foreldra utan hjónabands. Af þessum ástæðum eru ákvæði 8. gr. samningsins sem lúta að málum um framfærsluskyldu felld úr gildi með samkomulagi ríkjanna.

Öll norrænu ríkin hafa gerst aðilar að samningnum um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum, samþykktum í Lugano 16. september 1988, sbr. lög nr. 68/1995. Norrænu ríkin innan ESB hafa enn fremur gerst aðilar að samningnum um dómsvald og fullnustu réttarákvarðana í einkamálum, þar á meðal viðskiptamálum, sem gerður var í Brussel 27. september 1968. Af þessu leiðir að lögsaga í málum um framfærslueyri milli norrænu ESB-ríkjanna ræðst af ákvæðum Brussel-samningsins. Hins vegar fer um lögsöguna milli ríkja utan ESB og milli ríkja utan og innan ESB eftir ákvæðum Lugano-samningsins. Reglurnar eru þær sömu í báðum samningunum og samkvæmt þeim má höfða mál um framfærslueyri í búseturíki stefnda, sbr. 2. gr., og þar sem sá sem á rétt til framfærslueyris býr eða dvelur að staðaldri, sbr. 2. tölul. 5. gr.

III.

Sú breyting á samningnum um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð að 8. gr. taki ekki til mála um framfærsluskyldu leiðir einnig til þess að 22. gr. um viðurkenningu á úrskurðum milli ríkjanna gildir ekki um ákvarðanir um framfærsluskyldu. Í 26. gr. fyrrgreindra Brussel- og Lugano-samninga er regla um viðurkenningu dóma og í 27. gr. samninganna eru reglur um undanþágu frá slíkri viðurkenningu. Rétt þykir að víðtækari reglur gildi milli Norðurlanda um viðurkenningu ákvarðana um framfærsluskyldu með maka, barni eða móður barns en leiðir af reglum þessara samninga.

Með samkomulagi frá 25. febrúar 2000 um breytingar á samningnum um innheimtu meðlaga er í 1. gr. kveðið á um viðurkenningu ákvarðana um framfærsluskyldu með maka, barni eða móður barns. Norrænu ríkin verða þar með skuldbundin til að viðurkenna ákvörðun um framfærsluskyldu sem tekin hefur verið á Norðurlöndum. Slík viðurkenning tekur þá einnig til ákvarðana varðandi börn foreldra utan hjónabands en þær ákvarðanir eru ekki viðurkenndar á milli ríkjanna á grundvelli 22. gr. samningsins um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Í samkomulaginu er einnig gerð sú breyting á 1. gr. að felld er brott 2. mgr. Þar segir að ekki sé unnt að krefjast fullnustu meðlagsákvörðunar ef meðlag hefur verið ákveðið lægra eða meðlagsskylda hefur ekki verið talin fyrir hendi í því ríki þar sem leitað er fullnustu. Þetta felur í sér víðtæka undanþágu frá skyldu til að fullnusta ákvörðun sem tekin er í öðru ríki og felur í sér breytingu á ákvörðun þess ríkis þar sem leitað er fullnustu. Af þeim sökum er þessi undanþága felld úr gildi. Sú breyting leiðir þó ekki til þess að ákvörðun verði viðurkennd eða henni fullnægt ef slíkt væri andstætt síðari ákvörðun í sama máli milli sömu aðila og er gild í því ríki sem viðurkenningar eða fullnustu er leitað.

Þá er í samkomulaginu bætt við samninginn nýrri reglu, 6. gr. a. Þar er tekið fram að samningurinn komi ekki í veg fyrir viðurkenningu eða fullnustu samkvæmt heimild í öðrum alþjóðasamningum sem gilda milli hlutaðeigandi ríkja eða í lögum þess ríkis þar sem álitaefnið um viðurkenningu eða fullustu kemur upp. Þetta ákvæði á sér fyrirmynd í 23. gr. Haagsamningsins um viðurkenningu og fullnustu meðlagsákvarðana frá 2. október 1973, svo og 57. gr. Brussel- og Lugano-samninganna.

Í samningnum um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð er regla í 9. gr. um lagaskil. Sú regla tekur ekki til mála um framfærsluskyldu þegar ákvæði sem lúta að þeim málum hafa verið felld úr 8. gr. þess samnings. Þá hafa Brussel- og Lugano-

samningarnir ekki að geyma lagaskilareglur á þessu sviði. Þar af leiðandi ráðast lagaskil í þessum málum af reglum hvers ríkis.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á Norðurlandasamningum um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð og um innheimtu meðlaga.

Frumvarp þetta er ekki talið hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

82. Fyrirspurn [82. mál]

til forsætisráðherra um niðurgreiðslur erlendra skulda þjóðarinnar fyrir árið 2015.

Frá Pétri H. Blöndal.

Hvað líður athugun á grundvelli ályktunar Alþingis frá 13. maí 1997 um áætlun um niðurgreiðslur erlendra skulda þjóðarinnar fyrir árið 2015?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Á 122. löggjafarþingi var skriflegri fyrirspurn beint til forsætisráðherra um hvað liði gerð áætlunar um hvernig yrði náð niður erlendum skuldum þjóðarinnar í samræmi við þingsályktunina frá 13. maí 1997. Skriflegt svar forsætisráðherra barst á þingskjali 1223. Hafði fyrirspurninni verið vísað til fjármálaráðuneytis og í niðurlagi svars þess kom eftirfarandi fram: „Ráðuneytið hefur ákveðið að hefja athugun á grundvelli ályktunarinnar. Athugun sem þessi tekur óhjákvæmilega nokkurn tíma og hefur vinna ráðuneytisins miðað að því að ljúka fyrri áfanga verksins á þessu ári. Jafnframt er undirbúningur að síðari áfanganum hafinn.“

Vegna þessa er spurningin nú ítrekuð í von um að nú liggi fyrir áætlun um niðurgreiðslur erlendra skulda þjóðarinnar fyrir árið 2015. Um mögulegar aðgerðir ríkisvaldsins til að ná þessu markmiði Alþingis vísast til greinargerðar með þingsályktunartillögunni sem birtist á þingskjali 735 á 121. löggjafarþingi.

83. Fyrirspurn [83. mál]

til sjávarútvegsráðherra um framkvæmd laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hve margir skipstjórnarmenn og útgerðir hafa verið ákærð fyrir brot á 2. gr. laga nr. 57/1996?
2. Hve margir skipstjórnarmenn og útgerðir hafa verið dæmd til refsingar fyrir brot á 2. gr. þeirra laga?
3. Hve oft hefur Fiskistofa beitt úrræðum 2. mgr. 4. gr. laganna?
4. Hve oft hefur ákvæðum 3. mgr. 4. gr. laga þessara verið beitt til að krefja eigendur veiðarfæra um greiðslu kostnaðar?
5. Telur sjávarútvegsráðherra að markmið I. kafla laganna hafi náðst með framkvæmd Fiskistofu á II. kafla þeirra?

84. Fyrirspurn [84. mál]

til dómsmálaráðherra um umferðaröryggismál.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvað líður eftirtöldum þáttum í umferðaröryggisátaki því sem ráðherra kynnti á blaðamannafundi nú í júlí:

a. að fjórir lögreglumenn verði ráðnir til umferðardeildar ríkislögreglustjóra,
b. að fjórir vegaeftirlitsbílar sinni eftirliti á þjóðvegunum?

85. Fyrirspurn [85. mál]

til dómsmálaráðherra um vegagerðarmenn í umferðareftirliti.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hver er réttarstaða þeirra vegagerðarmanna sem áformað er að sinni umferðareftirliti, samkvæmt umferðarátaki því sem ráðherra kynnti í júlí sl., ef til átaka kemur?
2. Eru þeir tryggðir til jafns við lögreglumenn?
3. Verða þeir bundnir þagnarskyldu til jafns við lögreglumenn?
4. Hvaða þjálfun fá þeir í að sinna þessum störfum?

86. Fyrirspurn [86. mál]

til dómsmálaráðherra um hlutverk ríkislögreglustjóra.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

1. Hefur ráðherra fallið frá þeim markmiðum sem að var stefnt við setningu lögreglulaga um hlutverk ríkislögreglustjóra?
2. Hvernig sér ráðherra fyrir sér þróun embættisins í framtíðinni?

87. Fyrirspurn [87. mál]

til samgönguráðherra um samræmda samgönguáætlun.

Frá Magnúsi Stefánssyni.

Hvað líður framgangi ályktunar Alþingis frá 9. mars 1998, um samræmda samgönguáætlun?

Skriflegt svar óskast.

88. Beiðni um skýrslu [88. mál]

frá dómsmálaráðherra um réttarstöðu sambúðarfólks.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur, Lúðvík Bergvinssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur, Jóhanni Ársælssyni, Sigríði Jóhannesdóttur, Einari Má Sigurðarsyni, Þórunni Sveinbjarnardóttur, Kristjáni L. Möller og Svanfríði Jónasdóttur.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að dómsmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um réttarstöðu sambúðarfólks. Þá er þess óskað að í skýrslunni verði gerður samanburður á réttarstöðu sambúðarfólks á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum.

Greinargerð.

Mikilvægt er að fá yfirlit yfir lög og reglugerðir sem gefa fólki í sambúð sambærilegan rétt og ef um hjónaband er að ræða. Þróun síðustu ára hér á landi hefur verið sú að telja sambúð ígildi hjónabands.

Hér er m.a. um að ræða löggjöf eins og skattalög, lögheimilislög, lög um almannatryggingar, erfðafjárlög, lög um lífeyrissjóði og lög um útlendinga.

Jafnframt þarf að skoða hvort sambærileg þróun hefur orðið annars staðar á Norðurlöndum.

89. Fyrirspurn [89. mál]

til umhverfisráðherra um stofnun þjóðgarðs á Snæfellsnesi.

Frá Magnúsi Stefánssyni.

Hvað líður stofnun þjóðgarðs á Snæfellsnesi?

90. Frumvarp til laga [90. mál]

um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fyrri málsgrein 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sbr. lög nr. 19/1989“ í d-lið kemur: sbr. lög nr. 123/1993.
b. Orðin „eða hærri fjárhæð en 1.500.000 kr.“ í e-lið falla brott.
c. F-liður orðast svo: Lánssamningar sem Íbúðalánasjóður gerir eða aðrir sambærilegir fasteignaveðlánasamningar sem gerðir eru vegna öflunar íbúðarhúsnæðis.
d. G- og h-liður falla brott.

2. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Á starfsstöð lánveitanda, svo og í auglýsingum og tilboðum, er skylt að upplýsa um árlega hlutfallstölu kostnaðar við lánssamninga sem lög þessi taka til. Ef lánveitandi er jafnframt seljandi vöru eða þjónustu skal einnig gefa upp staðgreiðsluverð hins selda. Um framkvæmd upplýsingaskyldu samkvæmt þessari grein skal nánar mælt fyrir í reglugerð er ráðherra setur.

3. gr.

Við lögin bætist ný grein, 28. gr., svohljóðandi:

Lög þessi eru sett í samræmi við ákvæði í XIX. viðauka EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, og til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar ráðsins nr. 102 frá 22. desember 1986, um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán, ásamt síðari breytingum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í viðskiptaráðuneytinu og miðar að því að gera nokkrar breytingar á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, á grundvelli fenginnar reynslu af lögunum. Frá því að lögin voru sett fyrir sex árum hefur framboð á lánum til neytenda farið vaxandi. Jafnframt hefur heildarfjárhæð einstakra lána til neytenda hækkað. Af þeirri ástæðu þykir nú nauðsynlegt að fella brott það ákvæði laganna sem kveður á um að ekki sé skylt að veita þær upplýs-

ingar sem lögin kveða á um fari lánsfjárhæð yfir 1.500.000 kr., sbr. e-lið 2. gr. laganna. Með aukinni tölvuvæðingu hefur einnig orðið einfaldara og aðgengilegra fyrir alla seljendur vöru og þjónustu að veita nákvæmar upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar sem kveðið er á um í lögunum. Auk þess eru í frumvarpinu lagðar til ýmsar smávægilegar breytingar sem eru til þess fallnar að styrkja framkvæmd laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, felldu úr gildi lög nr. 19/1989, um eignarleigustarfsemi. Í a-lið greinarinnar er því lagt til að tilvísunum verði breytt til samræmis við það. Í b-lið greinarinnar er lagt til að fellt verði á brott ákvæði sem undanþiggur lánveitanda frá upplýsingaskyldu þeirri sem í lögunum felst ef lánsfjárhæðin er hærri en 1.500.000 kr. Ljóst er að lánsfjárhæðir til neytenda yfir þessum mörkum eru orðnar mjög algengar og mikilvægt að þau atriði sem lögin kveða á um taki jafnt til lána óháð fjárhæð þeirra. Í dönskum lögum um sama efni eru ekki sett nein hámörk hvað þetta varðar og hefur það reynst vel. Í Svíþjóð er ekki heldur nein hámörk að finna í lögum um þetta efni. Í d-lið er lagt til að fellt verði brott ákvæði sem undanþiggur ákvæðum laganna lánssamninga í formi yfirdráttarheimildar af tékkareikningum. Ljóst er að slíkir samningar eru nú orðnir mun algengari en áður og mikilvægt að neytendur fái upplýsingar í samræmi við lögin um hlutfallslegan kostnað við slíkar lántökur. Jafnframt er í 2. gr. frumvarpsins að finna heimild til þess að setja nánari reglur með reglugerð um framkvæmd upplýsingaskyldu samkvæmt lögunum. Í þeirri reglugerð verði að finna ákvæði sem kveða nánar á um framkvæmd við veitingu upplýsinga samkvæmt lögunum en að öðru leyti vísast til athugasemda við þá grein um það efni.

Um 2. gr.

Hér eru lagðar til lagfæringar á orðalagi 13. gr. laganna og auk þess er bætt við heimild til ráðherra að setja nánari reglur í reglugerð um upplýsingaskyldu þeirra sem veita neytendalán og falla undir ákvæði laganna. Í Danmörku hefur verið farin sú leið að setja skýrar reglur um hvernig upplýsingaskyldu samkvæmt lögunum sé fullnægt, t.d. á starfsstöð seljenda vöru eða þjónustu. Í reglugerð sem sett yrði á grundvelli ákvæðisins væru því settar nánari reglur um framkvæmdaatriði við veitingu upplýsinga til neytenda um árlega hlutfallstölu kostnaðar. Þannig yrði t.d. seljendum vöru ekki gert skylt að setja upp skilti við hverja vörutegund sem þeir bjóða til sölu. Skyldan tæki aðeins til þess að þeim bæri að gefa upp dæmi um lán sem neytendum stæðu til boða við kaup á vörum eða þjónustu í viðkomandi verslun. Í auglýsingum eða sölubæklingum þar sem auglýst eru ákveðin tilboð er hins vegar ekkert því til fyrirstöðu að taka fram hina árlegu hlutfallstölu kostnaðar. Framangreindar breytingar miða því að því að gera ákvæði laganna virkari í reynd þannig að neytendur hafi ávallt aðgang að þeim upplýsingum sem kveðið er á um í lögunum. Við kaup á vörum og þjónustu leggja neytendur ávallt mat á verð og gæði þess sem keypt er. Auk þess er mikilvægt við það mat að þeir hafi greinargóðar upplýsingar um allan kostnað við lántöku þegar um er að ræða kaup með greiðslufresti og ákvæði þessara laga eiga við. Ráðuneytið telur að með framangreindum breytingum kunni samkeppni auk þess að verða virkari en verið hefur þegar veitt eru lán er lög þessi taka til og notkun hinnar árlegu hlutfallstölu kostnaðar í viðskiptalífinu muni aukast.

Um 3. gr.

Þegar innleidd eru í íslenskan rétt ákvæði tilskipana skal koma fram í lögunum tilvísun til þeirrar tilskipunar sem lagasetningin tekur mið af. Rétt þykir nú þegar frumvarp er flutt um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, að bæta slíkri tilvísun í lögin, enda er það afar gagnlegt fyrir almenning, svo og aðra sem þurfa að vinna eftir lögunum, að hafa slíkar upplýsingar í texta laganna. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 4. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán.

Frumvarpið er sett fram í þeim tilgangi að auðvelda framkvæmd laganna og auka upplýsingaskyldu seljenda um neytendalán í því skyni að auka samkeppni á þessum sviði. Frumvarpið er ekki talið hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

91. Tillaga til þingsályktunar [91. mál]

um heilsuvernd í framhaldsskólum.

Flm.: Ásta Möller, Drífa Hjartardóttir, Katrín Fjeldsted, Ásta R. Jóhannesdóttir, Hjálmar Árnason, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Þuríður Backman, Arnbjörg Sveinsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera tillögur um hvernig skipulagðri heilsuvernd fyrir ungt fólk verði háttað.

Greinargerð.

Eitt mesta mótunarskeið í lífi hvers manns eru árin frá 16 ára til tvítugs. Ákvarðanir sem ungmenni taka geta haft mikil áhrif á lífsskeið þeirra til góðs eða ills. Það er sameiginlegt með ungu fólki hvarvetna í heiminum að það gengur í gegnum ákveðið ferli á leið sinni til vits og þroska, sálrænt, félagslega, líkamlega og tilfinningalega. Ungmenni mynda sér skoðanir um eigin heilbrigði og viðhorf til lífsins um leið og þau leita eigin sjálfsmyndar innan fjölskyldu, hóps, skóla, vinnustaðar og í þjóðfélaginu.

Á þessum aldri getur komið upp margvíslegur vandi sem varðar heilbrigði og þroska þar sem faglegrar aðstoðar er þörf. Á þessum árum byrjar fólk að stunda kynlíf og felur það í sér hættu á ótímabærum þungunum, kynsjúkdómum og öðrum alvarlegum smitsjúkdómum, svo sem HIV-smiti. Unglingar stunda áhættuhegðun í meira mæli en fólk á öðrum aldursskeiðum,

sem kemur m.a. fram í virðingarleysi fyrir ýmsum reglum samfélagsins. Til dæmis má rekja fjölda umferðarslysa þar sem ungmenni eiga í hlut til áhættuhegðunar þótt reynsluleysi megi þar einnig kenna um. Ungt fólk tekur einnig þá áhættu að prófa að neyta tóbaks, áfengis og eiturlyfja sem því er vel kunnugt um að felur í sér hættu á heilsuskaða. Þá eiga ungmenni á hættu að koma sér upp átröskun, svo sem lotugræðgi og lystarstoli. Vel þekkt er einnig að svörun ungmenna við álagi getur verið öfgakennd sem lýsir sér m.a. í hárri tíðni þunglyndis og kvíða. Einnig má benda á að sjálfsvíg eru alvarlegt vandamál hér á landi, sérstaklega hjá ungum karlmönnum. Hvernig heilbrigðisþörfum ungmenna er sinnt getur markað framtíð þeirra alla og vellíðan.

Heilsufar ungmenna fær gjarnan litla athygli þar sem almennt viðhorf er að ungt fólk sé heilbrigt og þurfi ekki sérstaka heilbrigðisþjónustu. Á hinn bóginn má fullyrða að með því að sinna heilbrigðis- og þroskaþörfum ungs fólks sé verið að fjárfesta til framtíðar og kemur sú fjárfesting til með að skila arði til lengri tíma.

Skólaheilsugæsla.

Skipulögð heilsugæsla fyrir ungmenni í framhaldsskólum er ekki til staðar hér á landi og ekki er gert sérstaklega ráð fyrir slíkri þjónustu í fjárveitingum til heilsugæslunnar eða til framhaldsskólanna sjálfra. Í 13. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996, er kveðið á um að allir framhaldsskólar skuli ræka heilsuvernd. Samkvæmt þessum lögum er heilsugæslustöð í nágrenni skólans falið að annast heilsuverndina undir umsjón héraðslækna í umboði heilbrigðisstjórnar. Ber héraðslækni að líta eftir að aðbúnaður og aðstaða nemenda og starfsmanna sé viðhlítandi. Starfsfólki við heilsuvernd í skólum er gert skylt að hafa náið samstarf við skólameistara um framkvæmdina.

Heilsugæsla í grunnskóla er skipulögð í beinu framhaldi af heilsugæslu ungbarna. Henni sinna hjúkrunarfræðingar og læknar á heilsugæslustöð í nágrenni skólans. Þannig njóta börn og unglingar þjónustu skipulagðrar skólaheilsugæslu þar til þau ljúka grunnskólanámi árið sem þau verða 16 ára gömul.

Í nokkrum tilvikum hefur heilsugæslustöð í nágrenni framhaldsskóla eða aðrir aðilar annast takmarkaða heilsugæslu nemenda, t.d. hefur heilsugæslan á Egilsstöðum sérstaklega sinnt heilsugæslu ungmenna sem þurfa á henni að halda. Það er mat þeirra sem hafa sinnt þessu starfi að það hafi skipt sköpum varðandi námsframvindu og líðan margra nemenda. Í Fjölbrautaskólanum við Ármúla bjóða hjúkrunarfræðingar sem eru kennarar í heilbrigðisfræðum nemendum reglulega viðtalstíma og eru þeir nú þrisvar í viku. Nemendur hafa nýtt sér þjónustuna og er talin vera full þörf á henni. Meginástæður fyrir komu nemenda í viðtal eru kvíði og þunglyndi, en einnig líkamlegir kvillar.

Ungt fólk í framhaldsskólum.

Samkvæmt íbúaskrá Hagstofu Íslands frá 1. desember 1999 voru Íslendingar á aldrinum 16–20 ára 22.199 talsins. Samkvæmt upplýsingum sömu stofnunar var 19.871 nemandi skráður í nám á framhaldsskólastigi haustið 1999. Því má fullyrða að stór hluti íslenskra ungmenna stundi nám í framhaldsskólum landsins. Hins vegar er það áhyggjuefni hve brottfall nemenda á þessu námsstigi er hátt. Nýleg rannsókn, sem Björg Jóna Birgisdóttir, náms- og starfsráðgjafi, vann, bendir t.d. til þess að brottfallið sé 33%. Mörgum sem hætta námi líður illa og standa þeir oft frammi fyrir ýmsum erfiðleikum. Talið er að stuðningur foreldra og stuðningur við nemendur innan veggja skóla skipti mestu um hvort ungmenni nái að ljúka framhaldsskóla. Þá er það sérstakt íhugunarefni að brottfall tvítyngdra unglinga sem notið hafa aðstoðar nýbúafræðslu er á bilinu 90–100%. Taka þarf sérstaklega á því máli.

Aðgengi ungs fólks að heilbrigðisþjónustu.

Ungt fólk nýtir sér síður heilbrigðisþjónustu en fólk í öðrum aldurshópum. Í rannsókn um „aðgang að heilbrigðisþjónustu á Íslandi“ frá árinu 1999 komust Rúnar Vilhjálmsson o.fl. að þeirri niðurstöðu að verulegur munur væri á aðgengi einstakra hópa að heilbrigðisþjónustu hér á landi. Samkvæmt erlendum stöðlum um áætlaða þjónustuþörf er íslensk læknisþjónusta vannýtt, sérstaklega af yngstu aldurshópunum. Í umfjöllun um niðurstöður rannsóknarinnar kemur fram að miklu hærra hlutfall nemenda er í þessum hópi en öðrum aldurshópum, bæði framhaldsskólanemendur og háskólanemendur, en hins vegar er ekki boðið upp á hjúkrunarþjónustu eða aðra heilsugæslu fyrir þennan hóp í skólum.

Ástæður þess að ungt fólk nýtir sér ekki skipulagða þjónustu heilbrigðisstofnana eru taldar vera eftirfarandi:

- Ungt fólk áttar sig ekki á eigin þörf fyrir heilbrigðisþjónustu.
- Ungt fólk veit ekki hvaða aðstoð heilbrigðisþjónustan veitir eða hvaða gagn hún gerir.
- Ungt fólk veit ekki hvernig maður nýtir sér heilbrigðisþjónustu.
- Heilsugæslan er opin á óhagkvæmum tíma.
- Ungt fólk er hrætt við að ræða trúnaðarupplýsingar við heilbrigðisstarfsmenn.
- Ungt fólk óttast fordæmingu eða refsingu fyrir tiltekna hegðun sem hefur leitt til heilbrigðisvandamáls.
- Kostnaður við heilbrigðisþjónustu
- Ungt fólk er tregt til að ræða ákveðna hluti, t.d. tengda kynlífi og kynheilbrigði.

Nýleg rannsókn við námsbraut í hjúkrunarfræði sem Bára H. Jóhannsdóttir og fleiri unnu og fjallar um þjónustu um kynheilbrigði fyrir ungt fólk bendir til að ungu fólki þyki erfitt að leita til heilsugæslustöðva og nefna þau viðmót starfsfólks og opnunartíma í því sambandi.

Í rannsókn Sóleyjar Bender um viðhorf íslenskra ungmenna gagnvart kynheilbrigðisþjónustu kom fram að helmingur þeirra sem tóku þátt í rannsókninni vildu nýta sér þjónustu á sérstakri móttöku utan hefðbundinna heilbrigðisstofnana, þ.e. utan sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Einungis þriðjungur vildi leita slíkrar þjónustu á heilsugæslustöðvum. Jafnframt kom fram að ungmennin vildu hafa aðgang að þessari þjónustu alla daga vikunnar, sérstaklega síðdegis, og að þau vildu að ungt fólk veitti þjónustuna. Einnig kom fram að þau vildu geta leitað til sálfræðinga og félagsráðgjafa.

Ljóst virðist að ungt fólk vill geta leitað til fagfólks um heilbrigði og þroskaviðfangsefni á skólatíma og á svæði sem er kunnuglegt og vinsamlegt.

Í fyrrgreindri rannsókn Rúnars Vilhjálmssonar o.fl. um aðgang að heilbrigðisþjónustu á Íslandi segir „að mikilvæg leið fyrir heilsugæsluna til að nálgast ungmennin sé í gegnum skólana. Hér hefur Ísland þá sérstöðu í samanburði við mörg nágrannalönd, að ekki er boðið upp á nemendaheilsugæslu á framhaldsskóla- eða háskólastigi ... Eðlilegt er að hérlendis fari fram skipuleg athugun á því hvort og með hvaða hætti reglubundin heilsugæsla í framhaldsskólum og háskólum landsins geti verið fýsilegur kostur“.

Heilbrigðishegðun íslenskra ungmenna.

Ýmsar rannsóknir hér á landi gefa vísbendingar um heilbrigði íslenskra ungmenna og þætti sem geta haft áhrif á heilsu og möguleika þeirra til aukins þroska. Til að glöggva sig á þessu eru hér teknar saman upplýsingar og gerð grein fyrir nokkrum rannsóknum sem gerðar hafa verið á síðustu árum. Upptalningin er engan veginn tæmandi en er vísbending um hvar skórinn kreppir.

a. Næring.

Ekki liggja fyrir rannsóknir hér á landi þar sem næring ungmenna á aldrinum 16–20 er sérstaklega skoðuð, svo vitað sé. Hins vegar benda íslenskar rannsóknir á næringu aldurshópsins 10–15 ára til að hlutfall sykurs í mataræði sé of hátt og mun hærra en hjá sama aldurshópi annars staðar á Norðurlöndunum og að sama skapi er neysla grænmetis og ávaxta of lítil. Rannsóknir benda til þess að allir aldurshópar hér á landi séu að þyngjast og að þeim sem teljast vera of feitir hafi fjölgað verulega. Í nýlegri rannsókn Helgu Hannesdóttur, barna- og unglingageðlæknis, koma fram ákveðnar vísbendingar um að átröskun sé algeng í íslensku þjóðfélagi, bæði hjá unglingum og fullorðnum. Niðurstöður athugana hennar, sem náðu til um 600 unglinga, eru að tæp 40% unglingsstúlkna og tæp 30% unglingspilta á aldrinum 13–18 ára töldu sig borða of mikið. 22% stúlkna og 18% pilta álitu sig vera of feit. Ýmsar vísbendingar eru einnig um að konur þjáist af lystarstoli og lotugræðgi og er það algengast meðal unglingsstúlkna.

b. Ótímabærar þunganir unglingsstúlkna.

Á hverju ári verða um 500 unglingstúlkur á aldrinum 15–19 ára ófrískar, eða 4–5%. Helmingur þeirra lætur eyða fóstri, en hinn helmingurinn, um 250 stúlkur, kýs að ganga með og eiga börnin.

Það er 2–3 sinnum algengara að íslenskar unglingsstúlkur eigi börn en samaldrar þeirra annars staðar á Norðurlöndunum og um 5–6 sinnum algengara en t.d. í Hollandi. Fóstureyðingum hefur fjölgað hér á landi á síðustu árum, sérstaklega hjá ungum stúlkum. Nýbirt rannsókn Sóleyjar Bender hjúkrunarfræðings um viðhorf íslenskra ungmenna til skipulags fræðslu og þjónustu í tengslum við kynlíf og barneignir bendir til að meðalaldur íslenskra ungmenna við fyrstu kynmök sé 15,4 ár og sama rannsókn leiddi í ljós að einungis 60% þeirra notuðu getnaðarvörn við fyrstu kynmök.

Ýmsar skýringar má finna á þessu. Í íslensku samfélagi ríkir umburðarlyndi gagnvart barneignum utan hjónabands og aðgengi að getnaðarvörnum virðist ekki vera nógu gott. Þá er ljóst að kynfræðslu í skólum er ábótavant og má velta fyrir sér hvort heilbrigðis- og skólakerfinu hafi mistekist að samhæfa aðgerðir sínar til að takast á við þennan vanda. Í rannsókn Sóleyjar Bender kemur fram að stór hluti ungmenna telur að ráðgjöf og fræðsla um kynlíf og barneignir sé ekki nægilega góð.

Ýmsar rannsóknir benda til þess að hagur ungra mæðra sé fremur bágborinn. Samkvæmt nýlegum rannsóknum lenda ungar mæður oftar í erfiðri félagslegri og fjárhagslegri stöðu, þær verða oftar einstæðar mæður, hafa minni menntun, eiga að jafnaði fleiri börn og eru háðari félagslegri og fjárhagslegri aðstoð.

Reynsla annarra þjóða sýnir að besta leiðin til að draga úr óæskilegum þungunum er að auka fræðsluna og auðvelda aðgang að getnaðarvörnum. Nýverið var tekin ákvörðun í ríkisstjórn um sérstakar aðgerðir til að sporna við fóstureyðingum og ótímabærum þungunum ungra stúlkna með það að markmiði að fækka þeim um 50% á næstu 10 árum. Aðgerðirnar lúta að ýmsu, t.d. aukinni fræðslu og ráðgjöf, sem og lækkun verðs á getnaðarvörnum og heilbrigðisþjónustu. M.a. er lagt til að bæta aðgengi að neyðargetnaðarvörn með því að hafa hana ólyfseðilsskylda. Sérstaklega er gert ráð fyrir að skólahjúkrunarfræðingar axli ábyrgð á fræðslu og dreifingu á slíkri getnaðarvörn.

c. Slys.

Slys eru algengasta dánarorsök og helsta orsök örorku ungmenna. Samkvæmt nýrri skýrslu um kostnað af slysum á börnum á Íslandi, sem unnin var af Hagfræðistofnun HÍ fyrir

slysavarnaráð, létust að meðaltali fjögur ungmenni á aldrinum 15–18 ára á ári af völdum slysa á árunum 1990–1995. Þegar slys eru skoðuð almennt kemur í ljós að algengast er að ungmenni í þessum aldurshópi slasist í íþróttum, eða yfir 500, rúmlega 400 slasast í umferðarslysum, um 300 í heimaslysum og um 150 í skólaslysum. Alls leita því 1350–1400 ungmenni árlega til slysa- og bráðamóttöku SHR (nú Landspítala, Fossvogi) vegna slysa. Ekki liggja fyrir tölur um slys ungmenna hjá öðrum heilbrigðisstofnunum landsins.

d. Ofbeldi.

Í skýrslu dómsmálaráðuneytis og Rauða kross Íslands um ofbeldi meðal íslenskra unglinga sem kynnt var í byrjun árs 2000 kom fram að fjórði hver unglingur óttast að verða beittur ofbeldi, sem er mun hærra hlutfall en annars staðar á Norðurlöndunum. Rannsóknin náði til efri bekkja grunnskóla.

e. Reykingar.

Verulega hefur dregið úr reykingum unglinga á undanförnum áratugum. Árið 1974 reyktu um 42% 16 ára unglinga daglega en þá dró verulega úr daglegum reykingum sem náðu lágmarki um 1990 þegar um 14% unglinga í þessum aldurshópi reyktu daglega. Upp úr því fjölgaði þeim 16 ára unglingum sem reyktu daglega aftur þar til hámarki var náð um 1998, 24%. Samkvæmt nýjum könnunum reykja nú um 16% 16 ára unglinga daglega. Sams konar þróun hefur orðið meðal ungmenna í framhaldsskólum og reykti fimmtungur framhaldsskólanema daglega árið 1994. Samkvæmt upplýsingum frá Tóbaksvarnarnefnd hefur heldur dregið úr reykingum ungmenna í framhaldsskólum síðan, t.d. reyktu um 9,4% nemenda í MR og 7,7% nemenda í Verslunaskóla Íslands í byrjun þessa árs en árið áður höfðu um 11,5% nemenda beggja skóla reykt daglega. Að jafnaði reykja fleiri stúlkur en piltar í hverjum árgangi.

Ekki þarf að fjölyrða um hættuna af reykingum þótt þekking á skaðsemi þeirra virðist ekki hafa áhrif á ákvarðanir sumra ungmenna um tóbaksneyslu. Rannsóknir benda til þess að hafi unglingur ekki byrjað að reykja fyrir 18 ára aldur séu litlar líkur á að hann taki upp á því eftir það. Einnig hafa rannsóknir sýnt fram á mjög hátt hlutfall reykinga meðal ungmenna sem leiðast út í neyslu áfengis og ólöglegra vímuefna. Því er haldið fram að börn og ungmenni sem leiðast út í neyslu byrji yfirleitt á að fikta við tóbak. Því er fræðsla og stuðningur við ungmenni til að forðast tóbak forvörn sem skiptir máli fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið í heild.

f. Áfengi og önnur vímuefni.

Áfengisneysla meðal íslenskra ungmenna er algeng. Í könnun Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála um vímuefnaneyslu ungs fólk frá 1997 kemur fram að ríflega 81% nemenda í 10. bekk hefur einhvern tíma á ævinni drukkið áfengi og hátt í 62% segjast hafa orðið drukkin a.m.k. einu sinni. Í samanburði 20 Evrópulanda frá árinu 1995 kemur í ljós að þarna eru íslenskir unglingar í 6. sæti. Talið er líklegt að áfengisneysla sé fyrsta skrefið á leið sem liggur til neyslu ólöglegra efna, enda hafa rannsóknir sýnt að 99% þeirra sem leita sér meðferðar vegna misnotkunar annarra vímuefna misnota einnig áfengi.

Sé litið á aðrar rannsóknir á neyslu framhaldsskólanema á ólöglegum vímuefnum má sjá að neysla þeirra hefur farið vaxandi á síðustu árum. Árið 1994 höfðu um 23,2% nemenda í 4. bekk framhaldsskóla neytt hass en fimm árum fyrr höfðu 15,7% neytt þess. Neysla sterkari vímuefna á sér einnig stað meðal ungmenna á framhaldsskólaaldri og benda tölur, m.a. frá SÁÁ, til mikillar neysluaukningar. Rannsóknir benda til að fleiri piltar en stúlkur neyti ólöglegra efna.

Fyrir utan áhrif neyslunnar sjálfrar á heilsu og velferð ungmenna sýndi framangreind rannsókn á vímuefnaneyslu ungs fólks fram á þá óhuggulegu staðreynd að um 15% ungmenna í 10. bekk hafa orðið fyrir óæskilegri kynlífsreynslu vegna eigin áfengisneyslu, um 16% þeirra hafa lent í slagsmálum, 14% hafa orðið fyrir meiðslum eða lent í slysi og frá 9% þeirra hefur verið stolið eða þau verið rænd vegna eigin áfengisneyslu. Athygli vekur að íslensk ungmenni lenda í meira klandri vegna áfengisneyslu en jafnaldrar þeirra í Evrópu, en í flestum tilvikum voru þau í efsta eða efri sætum í því sem að framan greinir.

g. Geðheilsa.

Streita er eðlilegur þáttur daglegs lífs. Á vegi sínum til aukins þroska lenda ungmenni í ýmsum aðstæðum sem leiða til streituviðbragða. Sé ekki brugðist við þeim á heilbrigðan máta er hætta á óæskilegum afleiðingum bæði líkamlega og andlega.

Í nýrri kandídatsritgerð í lyfjafræði um algengi þunglyndis meðal ungs fólks á aldrinum 18–25 ára, sem unnin er af Tinnu Traustadóttur, kom fram að algengi þunglyndis og kvíðaröskunar hjá þessum aldurshópi er 37,8%. Með frekari nálgun var fundið út að 17,2% ungs fólks þjást af þunglyndi og notuðu 4% þunglyndislyf á árinu 1999. Rannsóknin benti til sambands milli þunglyndisraskana og áfengis- og vímuefnaneyslu, en samkvæmt niðurstöðum hennar hafði helmingur þátttakenda neytt ólöglegra vímuefna og 17% ungs fólks á Íslandi hneigðust til að misnota áfengi.

Mikilvægt er að vinnustaðir ungmenna, sem í flestum tilvikum eru skólar, séu vakandi fyrir merkjum um vanlíðan þeirra sem geta haft áhrif á geðheilsu þeirra. Einnig er nauðsynlegt að skólakerfið veiti ungmennum möguleika á að þroska félagslega hæfni og samskiptahæfni og veiti ráð um hvernig takast á við streituvaldandi aðstæður.

h. Sjálfsvíg.

Í skýrslu um könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga á Íslandi og tillögur til úrbóta, sem gefin var úr í október 1996 og er unnin samkvæmt þingsályktun frá árinu 1992, kemur fram að sjálfsvíg voru næstalgengasta dánarorsök karlmanna á aldrinum 15–24 ára á árunum 1990–94. Sams konar þróun hefur einnig átt sér stað annars staðar á Vesturlöndum. Í fyrrgreindri kandídatsritgerð Tinnu Traustadóttur lyfjafræðings kemur fram að stór hluti þátttakenda, eða um 43%, sagðist hafa hugleitt að taka líf sitt en mundu ekki gera það. Af þeim sem tóku þátt í rannsókninni höfðu 5,4% reynt að fyrirfara sér. Þekkt er að þunglyndi, misnotkun áfengis og fíkniefna, auk tilfinningalegra vandamála, eins og vonleysis, svo og tengsl við foreldra og jafnaldra hefur áhrif á sjálfsvígshugleiðingar og sjálfsvígstilraunir. Í skýrslu um könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga á Íslandi er lögð áhersla á að bæta úrræði innan skólakerfisins fyrir nemendur sem þurfa á stuðningi og aðstoð að halda vegna félagslegra og persónulegra vandamála. Áhersla verði lögð á að greina áhættuhegðun barna og unglinga í skólum og aðstoða þá sem þess þurfa. Auk þess er markviss fræðsla og almennt forvarnarstarf gegn sjálfsvígum mikilvægt. Enn fremur er nauðsynlegt að sinna áfallahjálp vegna sjálfsvíga ungmenna.

i. Afbrot.

Í skýrslu nefndar um málefni ungra afbrotamanna, sem dómsmálaráðherra kynnti í júlí 1999, kom fram að á árinu 1998 hafði lögreglan afskipti af um 1.000 einstaklingum undir 18 ára aldri vegna afbrota í 2.500 tilvikum. Í 40% tilvika var um umferðalagabrot að ræða en annars þjófnað, ofbeldisbrot og fíkniefnabrot. Athygli vakti að fólk í aldurshópnum undir 18 ára á þátt í 30–40% allra afbrota þegar afbrot allra aldurshópa eru skoðuð. Erlendar rann-

sóknir benda til þess að mestar líkur séu á að hægt sé að breyta hegðun fólks til hins betra við byrjun brotaferils.

Að lokum.

Rannsóknir hafa sýnt að skipulag og aðgerðir samfélagsins hafa áhrif á tíðni þunglyndis, sjálfsvígshugleiðinga, eineltis, hollustu mataræðis, slysatíðni, notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna, þátttöku í íþróttum og öðru samfélagslegu starfi, svo fátt eitt sé nefnt. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur hvatt ríki heims til að leggja áherslu á að skólastarf verði skipulagt með hliðsjón af hvatningu til heilsueflandi hegðunar (Health promoting school). Heilsugæsla nemenda er mikilvægur þáttur þess.

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla skal veita heilsuvernd í framhaldsskólum. Skipulögð heilsugæsla er hins vegar ekki í framhaldsskólum hér á landi og leiðbeiningar um slíkt fyrirfinnast ekki. Hins vegar hafa verið gerðar tilraunir með heilsugæslu í framhaldsskólum, ýmist að frumkvæði heilsugæslunnar á viðkomandi svæði eða skólastjórnenda, og gefist vel. Ungmenni glíma við ýmsan heilsufarsvanda og þurfa stuðning fagfólks í heilbrigðisþjónustu til að leysa hann. Margt bendir til þess að æskilegt sé að nálgast ungt fólk á þeirra vettvangi, þ.e. í framhaldsskólum. Því er þessi þingsályktunartillaga lögð fram.

92. Tillaga til þingsályktunar [92. mál]

um samkeppnishæfa menntun og nýja stefnu í kjaramálum kennara.

Flm.: Ágúst Einarsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Einar Már Sigurðarson, Svanfríður Jónasdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd til að vinna að tillögum um menntamál og efla þannig menntun og skólastarf hérlendis til að standast alþjóðlegan samanburð með eftirfarandi markmið að leiðarljósi:

a. auka fjármagn til menntamála til samræmis við nágrannalöndin, einkum norrænu löndin,
b. fjölga þeim sem ljúka framhaldsskólaprófi,
c. lækka útskriftaraldur úr framhaldsskólum um eitt til tvö ár,
d. gera fjölþjóðlegan samanburð á kjörum og vinnutíma kennara,
e. bæta kjör kennara samhliða bættu skólakerfi á alþjóðlegum mælikvarða,
f. verja álíka fjármagni til háskólastigsins og nágrannalöndin,
g. tengja öll heimili og skólastofur netinu og efla rafræn bókasöfn.

Í nefndinni sitji fulltrúar stjórnmálaflokka og helstu samtaka á sviði skólamála, svo sem frá félögum kennara, nemenda og skólastjórnenda, fulltrúar einstakra skólastiga, helstu skóla, sveitarfélaga, bókasafna og samtaka foreldra, svo og fulltrúar samtaka á vinnumarkaði.

Í tillögum nefndarinnar komi fram hvort og hversu mikið auka eigi fjárframlög til menntamála á næstu árum til að aðrar tillögur nefndarinnar nái fram að ganga.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Flutningsmenn telja eitt brýnasta verkefni samtímans í íslenskum þjóðmálum að hefja stórsókn í menntamálum. Sú leið sem er farin með þessari þingsályktun er að Alþingi skipi nefnd sem vinni að tillögum í menntamálum sem hafa það að markmiði að bæta stöðu okkar í alþjóðlegum samanburði. Eins og sýnt er síðar fram á í greinargerðinni vantar mikið á í mörgum atriðum að við séum með sambærilega stöðu og aðrar þjóðir.

Flutningsmenn telja það skynsamlega aðferðafræði að setja sem viðmið í menntamálum það sem best gerist erlendis og því er tillögunni ætlað að taka fyrst og fremst mið af samanburði við útlönd. Nefndina munu skipa fulltrúar stjórnmálaflokka og frá samtökum og stofnum sem þekkja vel til menntamála og þannig er leitað eftir þjóðarátaki á þessu sviði. Flutningsmenn telja að ná eigi þjóðarsátt um að efla menntakerfið og gera það samkeppnishæft við nágrannalöndin.

Flutningsmenn sem eru allir í þingflokki Samfylkingarinnar byggja á stefnumótun Samfylkingarinnar frá stofnfundi hennar síðastliðið vor. Jafnaðarmenn telja að í menntun og menningu felist uppspretta framfara í efnahags-, atvinnu- og velferðarmálum á nýrri öld. Uppbygging þekkingarumhverfis er forsenda þess að Ísland skapi ungu fólki vænleg lífsskilyrði. Samfylkingin vill því stórauka fjárfestingu í menntun til að auka samkeppnishæfni þjóðarinnar á alþjóðamarkaði og bæta lífskjör og mannlíf á Íslandi. Hún vill hindra að stéttaskipting verði milli þeirra sem fá tækifæri til að afla sér menntunar og hinna sem ekki fá slíkt tækifæri. Þess vegna leggur Samfylkingin höfuðáherslu á að tryggja aðgang allra að þeirri þekkingu sem nú byltir fyrri atvinnuháttum. Flutningsmenn leggja áherslu á að bæta menntakerfið í þeim skilningi að byggt sé á því sem fyrir er og stofnanir og innviðir styrktir verulega frá því sem nú er.

Samfylkingin vill aukið frumkvæði og sköpunargleði inn í skólana í stað miðstýringar, stöðlunar og samkeppnisnáms að hætti núverandi stjórnvalda. Það eru sameiginlegir hagsmunir hins opinbera, samtaka launafólks og atvinnufyrirtækja að veita fólki möguleika á símenntun og starfsmenntun. Flutningsmenn telja að efling starfsmenntunar í atvinnulífinu stuðli að bættum hag starfsfólks og fyrirtækja og sé ein meginleið þeirra sem ekki finna að öðru leyti úrlausn í almennu skólakerfi. Fólk í atvinnulífinu verður að eiga kost á símenntun, ekki hvað síst ófaglært starfsfólk, enda verður menntakerfið að ná til allra.

Samfylkingin leggur mikla áherslu á menntun kennara því hún er lykill að breyttu menntakerfi, ekki hvað síst á sviði fjarkennslu. Samfylkingin vill treysta innviði upplýsingasamfélagsins. Flutningsnetin eru mikilvægir innviðir upplýsingasamfélagsins sem tryggja verður að þjóni almannahagsmunum; einstaklingum, menntastofnunum og atvinnulífinu til frambúðar.

Menntamál eru hið nýja almannatryggingakerfi jafnaðarmanna. Í tillögugreininni er vakin athygli á fjölmörgum þáttum sem flutningsmenn telja að eigi að verða hluti af tillögum nefndarinnar.

2. Gagnaöflun nefndarinnar.

Starf nefndarinnar krefst margvíslegrar gagnaöflunar og er bent á að byggja á svörum við eftirfarandi spurningum við mótun tillagnanna:

1. Hverjar eru ástæður þess að Íslendingar verja mun minna fjármagni til menntamála en margar nágrannaþjóðir og langtum minna en aðrar Norðurlandaþjóðir?
2. Hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar til að hækka hlutfall þeirra sem ljúka framhaldsskólaprófi?

3. Hver er kostnaður á hvern nemanda á einstökum skólastigum í samanburði við önnur lönd?
4. Hverjar eru ástæður þess að meðalaldur nemenda sem ljúka framhaldsskólaprófi innan ríkja OECD er langhæstur á Íslandi og hvaða aðgerðir þarf til að nemendur ljúki framhaldsskólaprófi einu til tveimur árum fyrr en nú er?
5. Hverjar eru helstu leiðir til að efla háskólamenntun hérlendis?
6. Hvernig er hægt að auka hlut rannsókna og þróunar í íslensku hagkerfi?
7. Hvaða ráðstafanir eru nauðsynlegar til að íslensk stjórnvöld vinni og skili sambærilegum gögnum til erlendra hagstofnana í sama mæli og aðrar þjóðir?
8. Hvernig er vinnutími og launakjör kennara á einstökum skólastigum í samanburði við erlenda starfsbræður og -systur og hversu algengt er að kennarar hérlendis stundi störf samhliða kennslu í samanburði við önnur lönd?
9. Hvernig er hægt að bæta kunnáttu íslenskra nemenda á grunn- og framhaldsskólastigi þannig að þeir komi betur út í alþjóðlegum námssamanburði?
10. Hvaða ráðstafanir eru nauðsynlegar til að gera Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni kleift að komast í hóp vel útbúinna bóksafna og vera í fremstu röð á sviði rafrænna bóka og tímarita?
11. Hvernig er hægt að stuðla að því að innan fárra ára verði allar skólastofur á Íslandi og öll heimili komin með nettengingu?
12. Hvernig er háttað umfangi kennslugagna á móðurmálinu á einstökum skólastigum í samanburði við önnur lönd og hvaða ráðstafanir eru nauðsynlegar til auka námsefni á íslensku í skólakerfinu?

3. Framlög Íslands til menntamála miðað við önnur lönd.

Alþjóðlegur samanburður er sífellt að verða betri og meira lagt upp úr honum í þjóðmálaumræðu erlendis. Það er einkennandi hvað hér er skilað litlu af upplýsingum til alþjóðlegra stofnana eins og Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) en menntamálaráðuneyti, Hagstofa og Þjóðhagsstofnun eru þeir opinberu aðilar sem eru ábyrgir fyrir slíkri gagnasöfnun. Eitt af þeim atriðum sem nefndinni er ætlað að kanna er hvaða ástæður eru fyrir því að svo slælega sé að verki staðið og á hvaða hátt úrbætur verði gerðar.

Helsti mælikvarði í alþjóðlegum samanburði á stöðu menntamála er hve miklum fjármunum er varið til þeirra sem hlutfall af landsframleiðslu. Landsframleiðslan hérlendis á þessu ári er áætluð um 680 milljarðar. Eitt prósentustig er því 6,8 milljarðar. Í samræmi við alþjóðlega staðla og vinnubrögð eru allar fjárhæðir sem eru sýndar eða vísað er til í samanburði í þessari þingsályktun í Bandaríkjadölum og á mælikvarða kaupmáttarvirðis (PPP) þannig að um sambærilega hluti er að ræða.

Mynd 1 sýnir opinber útgjöld ríkja OECD til menntamála sem hlutfall af landsframleiðslu fyrir árið 1997. Upplýsingar þessar eru fengnar úr riti OECD, Education at a Glance – Indicators 2000, en OECD gaf það út á þessu ári. Þessar tölur eru því þær nýjustu í alþjóðlegum samanburði. Fleiri upplýsingar úr þessu riti, sem er það helsta í heiminum á þessu sviði, eru í þessari greinargerð.

Eins og sést á myndinni vörðum við 5,1% af landsframleiðslunni til menntamála á viðmiðunarárinu. Við erum í 13. sæti af 28 ríkjum. Meðaltalið er 5,1% en aðrar Norðurlandaþjóðir eru langt fyrir ofan og þau raða sér í efstu sætin. Svíþjóð ver 6,8% af landsframleiðslunni til menntamála, Noregur 6,6%, Danmörk 6,5% og Finnland 6,3%.

Það eru umtalsverðar fjárhæðir sem þarf til ef við viljum bæta okkur í þessum málum og eitt helsta viðfangsefni nefndarinnar verður að gera tillögur um hvernig það verði gert.

4. Fjöldi þeirra sem ljúka framhaldsskólaprófi hérlendis.

Eitt helsta vandamálið í íslensku menntakerfi er hve fáir hafa lokið framhaldsskólaprófi í samanburði við önnur lönd. Framhaldsskólastigið hefur lengi verið hornreka í íslensku skólakerfi. Það markast einkum annars vegar af lítilli áherslu á margvíslegt verknám, en slíkt skólastarf er dýrara en bóknámsbrautir, og hins vegar er fall og brotthvarf nemenda í framhaldsskólum mjög mikið.

Í meira en áratug hefur það legið ljóst fyrir að allt að þriðjungur þeirra sem hefja nám í framhaldsskóla hverfur frá því án formlegra námsloka, en aðgerðir til að bæta úr þessu hafa verið fálmkenndar og borið afar lítinn árangur. Samtenging starfsmenntunar í atvinnulífi og skólakerfis er mikilvægasta leiðin til að gera þessum hópi kleift að ljúka prófi. Hún getur enn fremur náð til margra úr eldri kynslóð því reynslan sýnir að það skortir ekkert á vilja fullorðinna Íslendinga til að afla sér menntunar.

Mynd 1: Opinber útgjöld ríkja OECD til menntamála sem hlutfall af landsframleiðslu (1997)



Mynd 2 sýnir hlutfall af íbúum þjóða innan OECD á aldrinum 25 til 64 ára sem hafa lokið framhaldsskólaprófi.

Eins og sést á mynd 2 hafa einungis 55% landsmanna í þessum aldursflokki lokið framhaldsskólaprófi og erum við í 21. sæti af 29 þjóðum OECD. Meðaltal allra þjóðanna er 61% og erum við langt fyrir neðan það. Meðaltalið fyrir aðrar Norðurlandaþjóðir er 76%. Þarna höfum við dregist verulega aftur úr og mun það hafa veruleg áhrif á lífskjör okkar í framtíðinni og rýra samkeppnisstöðu okkar í samfélagi þjóðanna ef þessu er ekki snúið við. Það liggur fyrir að verulegt vinnuafl vantar á næstu árum og áratugum og besta leiðin til að mæta þeirri þörf er með bættri menntun sem eykur framleiðni í hagkerfinu.

Mynd 2: Hlutfall íbúa þjóða innan OECD á aldrinum 25 til 64 ára sem hefur lokið framhaldsskólaprófi (1998)



Sýnt hefur verið fram á að beint samband er milli hagvaxtar og fjölda þeirra sem sækja framhaldsskóla í einstökum löndum. Við getum því auðveldlega aukið hagvöxt og bætt lífskjör ef fleiri stunda nám í framhaldsskólum og ljúka því. Brýnt er að auka náms- og starfsfræðslu innan og utan skólakerfisins og vera með öfluga ráðgjöf handa öllum ungmennum til 18 ára aldurs. Flutningsmenn leggja því til að í tillögum nefndarinnar verði sérstaklega mótuð stefna í því hvernig auka á hækka hlutfall þeirra sem ljúka framhaldsskólaprófi.

5. Ný stefna í kjaramálum kennara.

Flutningsmenn leggja til að aflað verði gagna um kostnað á hvern nemanda á einstökum skólastigum. Slíkri tölfræði er safnað af OECD en Ísland skilar ekki inn gögnum fyrir þennan þátt nema fyrir leikskólastigið. Útgjöld á hvern nemanda á leikskólastiginu er álíka og meðaltal OECD-ríkja. Reyndar er til eldri alþjóðlegur samanburður um kostnað á nemanda á grunnskólastiginu og þá vorum við mjög neðarlega eða í 16. sæti af 24 þjóðum.

Eitt af því sem vekur sérstaka athygli í alþjóðlegum samanburði er hversu seint íslenskir nemendur ljúka framhaldsskólaprófi. Mynd 3 sýnir slíkan samanburð.

Mynd 3 ætti að vekja okkur til umhugsunar. Þar erum við á toppnum en mjög vafasamt er að það sé okkur til framdráttar. Meðalaldur hér er 20 ár við lok framhaldsskóla en meðaltalið innan OECD er 18 ár. Þótt ekki sé rétt að alhæfa um kosti lágs útskriftaraldurs, enda oft um erfiðan samanburð að ræða og mismunandi skóla, bendir margt til þess að skynsamlegt sé að lækka útskriftaraldur úr framhaldsskóla til samræmis við það sem er algengt erlendis. Ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að lækka hann í 19 ár eða 18 ár. Það krefst uppstokkunar í framhaldsskólum og grunnskólum en slík uppstokkun er einmitt nauðsynleg að mati flutningsmanna.

Uppstokkunin tengist einnig starfi og starfskjörum kennara og er mikilvægur liður í því að meta kennarastarfið betur til launa en nú er gert og tengist breytingum á námskrám og menntun kennara. Þannig sýndi könnun Félags grunnskólakennara á þessu ári að tæpur fjórðungur kennara í grunnskólum er í annarri launaðri vinnu á veturna samhliða skólastarfinu.

Lækkun útskriftaraldurs úr framhaldsskólum sem snertir skipulag á grunnskóla- og framhaldsskólastiginu hefur í för með sér umtalsverðan sparnað sem m.a. er hægt að nýta til að bæta skólastarf og starfskjör kennarastéttarinnar.

Ef launakjör kennara eru borin saman á alþjóðlegum vettvangi kemur í ljós að Íslendingar hafa ekki skilað inn gögnum í alþjóðlegan samanburð. Flutningsmenn hafa þó skoðað laun íslenskra grunnskólakennara í alþjóðlegu samhengi. Miðað við að heildarlaun grunnskólakennara eftir 15 ára starf séu 180.000 og þau borin saman við laun kennara annars staðar á PPP-mælikvarða kemur í ljós að íslenski kennarinn er í 14. sæti af 26. Lagt er til í tillögugreininni að ítarlegur samanburður verði gerður á launakjörum og vinnutíma kennara hérlendis og erlendis.

Á næstunni fara fram kjaraviðræður opinberra aðila við samtök kennara. Flutningsmenn leggja til að í þeim viðræðum verði m.a. höfð til hliðsjónar sú stefnumótun sem kemur fram í þessari tillögu, þ.e. efla íslenska menntakerfið í samanburði við önnur lönd. Slík aðferðafræði felur m.a. í sér uppstokkun á náms- og kennslutíma og skipulagi skóla og hefur í för með sér bætt skólastarf sem samhliða ætti að launa á svipaðan hátt og er algengast í nágrannalöndunum. Ef skólakerfi okkar á að standast samanburð á alþjóðavísu verða starfsskilyrði kennara einnig að standast slíkar kröfu.

Með þessum hætti er brotið blað í kjarabaráttu hérlendis þar sem í fyrsta lagi er gert átak til að bæta þá mikilvægu opinberu þjónustu sem skólstarfið er, í öðru lagi er sú endurbót

tengd góðum árangri á heimsmælikvarða og í þriðja lagi taki launakjör starfsmanna mið af slíku. Jafnaðarmenn telja þetta farsæla leið til eflingar skólastarfs sem stuðli að bættum kjörum með endurskipulagningu og er í fullu samræmi við markmið jafnaðarmanna um stöðugleika í efnahagslífinu og ábyrga hagstjórn.

Mynd 3: Meðalaldur nemanda sem ljúka framhaldsskólaprófi innan ríkja OECD (1998)



6. TIMSS-rannsóknin.

Ýmis samanburður hefur verið gerður á undanförnum árum á námsgetu nemenda í grunn- og framhaldsskólum. Árið 1995 var birt niðurstaða úr alþjóðlegum samanburði í náttúrufræði og stærðfræði, svokölluð TIMSS-rannsókn. Íslenskir nemendur komu ekki vel út úr þeim samanburði en mynd 4 sýnir niðurstöðuna fyrir 8. bekk í náttúrufræði og stærðfræði.

Mynd 4: TIMSS-rannsóknin 1995 í 8. bekk í náttúrufræði og stærðfræði



Í TIMSS-rannsókninni, sbr. mynd 4, lentum við í 26. sæti af 29 og erum töluvert fyrir neðan meðaltal. Meðaltal þjóðanna fyrir stærðfræði var 520 stig en okkar skor var 487 stig. Í náttúrufræði var meðaltal þjóðanna 527 stig en okkar skor 494 stig. Svipuð niðurstaða fékkst við samanburð í 4. bekk.

Sambærileg könnun var gerð fyrir framhaldsskólstigið og var staða okkar þar betri en á grunnskólastiginu. Niðurstaðan sýnir þó ótvírætt að nemendur í þessum námsgreinum hérlendis standa sig ekki eins vel og nemendur í mörgum öðrum löndum. Þótt ekki eigi að ofmeta þessar niðurstöður, enda er slíkur samanburður ekki einfaldur, telja flutningsmenn þetta þó enn eina vísbendinguna um að mikilla endurbóta sé þörf í menntamálum Íslendinga.

7. Mjög slök staða á háskólastiginu.

Háskólaskýrslan frá árinu 1997 er ein fyrsta alvöruskýrslan um samanburð á skólum hér og erlendis. Hún var lögð fram á Alþingi að beiðni þingmanna jafnaðarmanna. Þar kom m.a. fram að við stöndum öðrum þjóðum langt að baki. Síðari rannsóknir hafa staðfest það en mynd 5 sýnir framlög einstakra þjóða til háskólastigisins sem hlutfall af landsframleiðslu.

Framlög til háskólastigsins eru mjög lág hérlendis miðað við aðrar þjóðir. Við erum í 23. sæti af 28 þjóðum á viðmiðunarárinu og verjum við þá 0,7% af landsframleiðslunni til háskólastigsins en meðaltalið er 1%. Aðrar Norðurlandaþjóðir eru langt fyrir ofan okkur. Að mati flutningsmanna er forgangsverkefnið í uppstokkun menntamála að efla háskólastigið og gera það sem fyrst sambærilegt því og er í nágrannalöndunum.

Mynd 5: Opinber útgjöld OECD-ríkja til háskólastigsins sem hlutfall af landsframleiðslu (1997)



Í hinu nýja þekkingarsamfélagi og nýja hagkerfi ræður menntun mestu um hvernig lífskjör verða í framtíðinni. Þar verðum við að standa öðrum þjóðum vel á sporði ef ekki á að fara illa en slíkt gæti m.a. leitt til þess að ungt fólk kysi frekar að setjast að erlendis en á Íslandi. Mynd 6 sýnir fjölda íbúa á aldrinum 25 til 64 ára sem hefur lokið háskólaprófi hérlendis. Staða okkar er vel viðunandi í þeim samanburði en lítið má út af bregða.

Hér erum við í 8. sæti af 27 þjóðum. Það er ljóst af þessu að Háskóli Íslands og aðrir skólar á háskólastigi skila mörgum til prófs fyrir litlar fjárveitingar en rannsóknartengt framhaldsnám er mun minna. Þetta veldur gæðarýrnun til lengri tíma. Það er því mjög brýnt að fylgja eftir auknum áhuga á háskólanámi með því að gera þeim skólum sem bjóða slíkt nám hér vel kleift að mæta slíkri þörf auk þess að efla rannsóknarþáttinn, einkum innan Háskóla

Mynd 6: Hlutfall íbúa þjóða innan OECD á aldrinum 25 til 64 ára sem hafa lokið háskólaprófi (1998)



Íslands. Nefndin mun fjalla ítarlega um þetta og leggja fram tillögur um það hvernig best sé að efla háskólamenntun hérlendis.

Mikilvægi háskólastigsins kemur m.a. fram í því að án öflugra rannsókna og þróunarvinnu mætum við ekki breyttum atvinnuháttum. Við erum mjög slök í rannsóknum og þróunarvinnu sem eiga að standa undir lífskjörum framtíðarinnar. Það vantar tæpan þriðjung að við náum meðaltali OECD-ríkja í þeim málaflokki. Þótt rannsóknir og þróunarvinna hafi aukist síðustu árin stöndum við enn langt að baki öðrum þjóðum.

Þetta endurspeglast í öðrum könnunum. Í nýrri svissneskri samkeppnisskýrslu fór Ísland úr 18. í 24. sæti milli ára, m.a. vegna þess hversu slök við erum í rannsóknum og þróun. Hér vantar fyrst og fremst starfsemi fyrirtækjanna sjálfra en rannsóknir og þróun eru langtímaverkefni og lykillinn að árangri er gott skólakerfi. Í tillögugreininni er lagt til að nefndin leggi fram tillögur um hvernig sé hægt að auka hlut rannsókna og þróunar í íslensku hagkerfi.

8. Áherslur jafnaðarmanna í menntamálum.

Jafnaðarmenn telja að menntun og menning séu ekki einungis forsendur fyrir betri lífskjörum framtíðarinnar heldur séu þau lífsgæði í sjálfu sér, gefi lífinu innihald, takmark og fullnægingu. Jafnaðarmenn líta á það sem hlutverk sitt að móta stefnu á sviði menningar og menntunar sem svarar til breyttra aðstæðna í heiminum.

Hinar öru tæknilegu, stjórnmálalegu, efnahagslegu og félagslegu breytingar undanfarinna ára þýða að samfélag okkar stendur frammi fyrir nýjum ákvörðunum um framtíðina. Þessar ákvarðanir varða einkum æskuna. Jafnaðarmenn vilja gera kynslóðasamning við æsku þessa lands um framtíðina. Menntun hennar er ekki einungis mikilvægasta fjárfestingin heldur er hún samfélagsleg skylda og forsenda þess að takist að leysa þau vandamál sem blasa við jarðarbúum á sviði umhverfismála, misskiptingar og fólksfjölgunar. Hinn nýi kynslóðasamningur við æskuna nær til menntunar, vinnu, umhverfis og félagslegs jafnréttis.

Það er markmið jafnaðarmanna í Evrópu að skila álfunni til komandi kynslóða þannig að hún einkennist af menningu og nýrri tækni. Markmið okkar jafnaðarmanna hafa ekki breyst, þau eru bræðralag, jafnrétti, velmegun, friður, lýðræði, sjálfbærni og víðsýni gagnvart öðrum þjóðum. Við erum samfélag og tengjumst saman í frelsi, umburðarlyndi og samstöðu í opnu lýðræðislegu þjóðfélagi. Jafnaðarmenn telja að betri menntun og aukin samskipti auki líkur á friði í heiminum og meiri samstöðu milli þjóða og skapi þannig skilyrði fyrir réttlátari heimi. Engin þjóð getur skilið sig frá þeirri ábyrgð sem hún ber gagnvart samborgurum sínum þótt í öðrum löndum séu.

Jafnrétti kvenna og karla í menntun, starfi og samfélagi er rauði þráðurinn í stefnu jafnaðarmanna í mennta- og menningarmálum. Menntun er samfelld frá leikskóla til háskóla og tengsl milli skólastiga þarf að styrkja. Menntun er ekki bundin við eina kynslóð heldur allar. Endurskoðun Lánasjóðs íslenskra námsmanna verður að vera gerð í tengslum við önnur kerfi sem hafa áhrif á lífsafkomu ungs fólks, t.d. húsnæðis- og skattakerfi. Við erum langt á eftir öðrum Norðurlandaþjóðum í stuðningi við námsmenn, m.a. vegna þess að við höfum enga námsstyrki. Í tillögunni er lagt til að kanna hvort blandað kerfi lána og styrkja, eins og er víðast, sé ekki heppilegri leið.

Eitt helsta markmið jafnaðarmanna er að tryggja að menntun Íslendinga sé með því besta sem gerist í heiminum. Það er grundvallaratriði að við tryggjum af opinberri hálfu góða menntun fyrir alla. Menntun undirbýr börn okkar að lifa hamingjusömu lífi, taka þátt í lýðræðislegu skipulagi okkar, njóta menningar og lista og samvista við aðra. Mennta- og menningarstefna jafnaðarmanna er ekki eingöngu fyrir suma heldur fyrir alla. Félagslegt réttlæti

verður að ríkja í menntakerfinu. Það þýðir að ekki skal mismuna fólki eftir fjárhagslegri stöðu, kyni, uppruna né öðrum þáttum sem marka fjölbreytni einstaklinga í þjóðfélagi okkar.

Með menntun fyrir alla er átt við að allir eigi sömu möguleika til sambærilegrar menntunar hvort sem um leikskóla eða háskóla er að ræða. Við viljum ekki samfélag þar sem menntun barna ræðst af efnahag foreldra. Jafnaðarmenn hafna skólagjöldum sem er mismunun einstaklinga í samfélaginu á sviði þar sem jafnræði er hornsteinn. Skólagjöld tryggja forgang hinna ríku að góðri kennslu, en aðrir sitja eftir. Slíkt kerfi útilokar marga frá menntun eins og reynslan sýnir víða erlendis og er aldrei ásættanlegt fyrir jafnaðarmenn. Menntun er verkefni opinberra aðila til að tryggja jafnræði. Hægri menn hérlendis og erlendis vilja nýta markaðslögmálin í menntakerfinu og fjárhagslega yfirburði sem tæki til að velja þá sem halda til mennta eða hafna þeim. Jafnaðarmenn berjast gegn þeirri stefnu.

Menntun lýkur aldrei. Endurmenntun og símenntun skipta miklu meira máli nú en fyrir nokkrum árum og á að vera hluti skólaskyldu. Helmingur tækniþekkingar úreldist á hverjum tíu árum og helmingur tölvuþekkingar á hverjum tveimur árum. Á starfsferli sérhvers einstaklings eru fundin upp 80–90% af þeirri vísinda- og tækniþekkingu sem hann notar. Þessar staðreyndir krefjast þess að samfélagið allt sé skipulagt sem ein menntastofnun.

9. Lokaorð.

Við breytingu samfélagsins í þekkingar- og upplýsingasamfélag verða til nýjar kröfur. Ef ekki er brugðist fljótt við eru líkur á því að Íslendingar dragist enn frekar aftur úr nágrönnum sínum. Það er markmið í menntastefnu jafnaðarmanna að innan örfárra ára verði öll heimili með tölvur og nettengingu. Sérhver skólastofa á Íslandi skal hafa möguleika á nettengingu. Í tillögugreininni er lagt til að mótaðar verði tillögur til útfærslu þessara hugmynda.

Jafnaðarmenn telja að menntastefna sé eitt mikilvægasta verkfærið í byggðastefnu framtíðarinnar. Fjarnám, tenging skólastarfs í dreifbýli við skóla í þéttbýli og tengsl skóla og atvinnulífs er forsenda fyrir því að möguleikar til menntunar séu sambærilegir um land allt. Aðgangur að menntastofnunum á að vera óháður búsetu og efnahag.

Mikilvægur hluti af menntastefnu jafnaðarmanna er að gefa landsmönnum annað tækifæri á sviði menntunar. Um helmingur landsmanna lýkur ekki námi eftir grunnskóla og margir hafa hrökklast frá námi. Þennan hóp þyrstir í menntun en hann hefur nú einungis tækifæri til að ljúka framhaldsskólaprófi með námi í öldungadeildum. Þessu fólki þarf að veita betra tækifæri, m.a. með samstilltu átaki aðila vinnumarkaðarins, sveitarfélaga og ríkisvalds. Sérhver einstaklingur á rétt á að koma aftur inn í skipulagt skólastarf ef hugur hans stendur til þess.

Jafnaðarmenn vilja sátt milli opinberra aðila og kennarastéttarinnar, sátt sem tekur mið af því að kennarastarfið sé metið til launa eins og eðlilegt er, samráð sé virt og samvinna og samskipti skipulögð þannig að kennarar líti á opinbera aðila, hvort sem er ríki eða sveitarfélög, sem samstarfsaðila við útfærslu nútímalegrar menntastefnu. Við þurfum vel menntaða kennara sem eru ánægðir með starfsskilyrði sín, laun og aðstöðu. Í þessari tillögu er lögð til ný stefna í þessum efnum.

Einn veikasti þáttur í íslensku skólastarfi er skortur á námsefni og námsgögnum. Jafnaðarmenn telja það brýnt í nýrri menntastefnu að efla námsgagnagerð með auknum fjárframlögum, fleira starfsfólki og nýtingu nútímalegrar tækni þannig að íslenskir nemendur hafi sambærilegan aðgang að góðum námsgögnum eins og gerist best í öðrum löndum. Í tillögunni er lagt til að mótaðar verði tillögur til að bæta stöðuna á þessu sviði og gera m.a. Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni kleift að komast í hóp vel útbúinna bókasafna og verða í fremstu röð á sviði rafrænna bóka og tímarita.

Jafnaðarmenn telja að menntakerfið sé mikilvægasti þátturinn í að tryggja samkeppnishæfni landsins, einstaklinga og fyrirtækja. Samkeppni hefur aukist á alþjóðlegum mörkuðum og betri menntun verður sífellt mikilvægara tæki fyrir einstök fyrirtæki til að skapa sér samkeppnisforskot.

Nýir möguleikar blasa við í menntamálum, hagnýting upplýsingasamfélagsins, aukin endurmenntun, fjarnám og aukin alþjóðavæðing í hinu nýja hagkerfi. Þessi tækifæri er ekki hægt að nýta nema til komi ný menntastefna og snúið sé af braut metnaðarleysisins sem einkennt hefur menntamál á Íslandi í tæpa tvo áratugi. Jafnaðarmenn eru reiðubúnir að leiða þá stefnubreytingu.

93. Tillaga til þingsályktunar [93. mál]

um flutning eldfimra efna um jarðgöng.

Flm.: Guðjón Guðmundsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir,
Guðmundur Hallvarðsson, Drífa Hjartardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja reglur um flutning á eldfimum efnum (eldsneyti og própangasi) um jarðgöng.

Í reglunum verði m.a. kveðið á um hvort slíkir flutningar skuli leyfðir og þá með hvaða skilyrðum, þ.e. flutningstækjum, ökuhraða, eftirliti og hvort loka skal göngum fyrir annarri umferð meðan flutningurinn fer fram.

Greinargerð.

Umferð um jarðgöng hefur margfaldast hérlendis með tilkomu Hvalfjarðarganga sem voru tekin í notkun í júlí 1998, en 1.031.000 bílar fóru um Hvalfjarðargöngin árið 1999 og mesta mánaðarumferð var 145.000 bílar. Þessi mikla umferð hefur vakið marga til umhugsunar um flutning eldfimra efna um göngin á sama tíma og almenn umferð er veruleg. Fram kom í fréttum sjónvarps fyrir nokkrum mánuðum að árlega eru flutt 180 tonn af própangasi frá Straumsvík til Grundartanga um Hvalfjarðargöng. Farið er vikulega og talsmaður gasfélagsins sagði í þessum fréttatíma að farið væri á morgnana og þeir væru búnir með báðar ferðir fyrir hádegi, eins og hann orðaði það. Á morgnana er mikil umferð um göngin og fjöldi manns sem fer þar um daglega til vinnu eða í skóla og fráleitt að leyfa gas- og bensínflutninga um göngin á þessum tíma sólarhrings. Í gildi eru reglur sem lögreglustjórinn í Reykjavík setti 19. júní 1998 um flutning á hættulegum farmi um Hvalfjarðargöng. Þær reglur ganga allt of skammt (sjá fylgiskjal).

Vinnueftirlit ríkisins hefur bent á þá hættu sem stafar af flutningi hættulegra efna um Hvalfjarðargöng, einkum eldsneytisflutningum og flutningi á própangasi til stóriðjufyrirtækja á Grundartanga. Í bréfi stofnunarinnar til dóms- og kirkjumálaráðherra, dags. 8. maí sl., segir:

„Ljóst er að verði alvarlegt óhapp við eldsneytisflutning um göngin þannig að eldur komist í farm flutningabifreiðar mun mikil hætta stafa af fyrir alla sem í göngunum kynnu að vera. Flutningur própangass um göngin skapar enn meiri hættu ef slys ber að höndum. Reynsla erlendis sýnir að ef farartæki með slíkan farm lendir í óhappi getur hlotist af sprenging sem veldur gríðarlegu tjóni. Hættan eykst enn frekar ef óhapp á sér stað í lokuðu rými

eins og göngin eru. Því ætti að koma til álita að heimila ekki slíkan flutning um göngin, a.m.k. á meðan þau eru opin fyrir annarri umferð."

Hvað varðar Hvalfjarðargöng mundi það ekki valda erfiðleikum að fara að þeirri ábendingu Vinnueftirlits ríkisins að heimila ekki flutning hættulegra efna um göngin, a.m.k. á meðan þau eru opin fyrir annarri umferð, þar sem aðrir kostir eru til staðar. Það er ágætur vegur fyrir Hvalfjörð með lítilli umferð og því upplagt að flytja gas og eldsneyti landveginn. Þá má minna á að áður en göngin urðu til fluttu olíufélögin bensín sjóleiðina til Akraness og dreifðu því þaðan um allt Vesturland og jafnvel víðar. Olíufélögin eiga enn aðstöðu til þessarar dreifingar á Akranesi. Þar sem umferð um Hvalfjarðargöng er jafnmikil og raun ber vitni getur það ekki talist góður kostur að loka þeim fyrir annarri umferð og hlýtur því að koma til álita að banna flutning á gasi og eldsneyti um göngin.

Ljóst er að sömu reglur mundu ekki gilda fyrir öll jarðgöng. Taka þarf m.a. tillit til umferðarþunga og þess hvort aðrar flutningsleiðir eru fyrir hendi.

Fylgiskjal.

Auglýsing um umferð í Reykjavík.
(Nr. 373.)

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu vegamálastjóra hefur verið ákveðið að gera eftirtaldar takmarkanir á umferð um Hvalfjarðargöng:

1. Hámarkshraði verði 70 km/klst.
2. Flutningur á hættulegum farmi eins og hann er skilgreindur í 3. gr. reglugerðar nr. 192/1998 verði bannaður á eftirgreindum tíma:
   a. Frá kl. 10.00 á föstudögum til kl. 24.00 á sunnudögum allt árið.
   b. Frá kl. 10.00 fimmtudaginn fyrir verslunarmannahelgi til kl. 24.00 að kvöldi þriðjudags eftir verslunarmannahelgi.
   c. Frá kl. 10.00 miðvikudaginn fyrir páska til kl. 24.00 að kvöldi þriðjudags eftir páska.
   d. Frá kl. 10.00 föstudaginn fyrir hvítasunnu til kl. 24.00 að kvöldi þriðjudags eftir hvítasunnu.
3. Akstur dráttarvéla og vinnuvéla verði bannaður á eftirgreindum tíma:
   a. Frá kl. 10.00 á föstudögum til kl. 24.00 á sunnudögum allt árið.
   b. Frá kl. 16.00–19.00 mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga, allt árið.
   c. Frá kl. 10.00 fimmtudaginn fyrir verslunarmannahelgi til kl. 24.00 að kvöldi þriðjudags eftir verslunarmannahelgi.
   d. Frá kl. 10.00 miðvikudaginn fyrir páska til kl. 24.00 að kvöldi þriðjudags eftir páska.
   e. Frá kl. 10.00 föstudaginn fyrir hvítasunnu til kl. 24.00 að kvöldi þriðjudags eftir hvítasunnu.
4. Bönnuð verði öll umferð gangandi og hjólandi vegfarenda og umferð reiðmanna og rekstur búfjár nema með sérstöku leyfi lögreglustjóra.

Ákvörðun þessi tekur gildi 11. júlí 1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 19. júní 1998.
Georg Kr. Lárusson.

94. Fyrirspurn [94. mál]

til landbúnaðarráðherra um fjárveitingar til mennta- og þróunarstofnana landbúnaðarins á landsbyggðinni.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Er niðurskurður fjárveitinga til menntastofnana landbúnaðarins á Hvanneyri, Hólum og Reykjum og til Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti og Skógræktar ríkisins á Egilsstöðum til marks um stefnubreytingu af hálfu ríkisstjórnarinnar?
2. Hvernig samræmist það áherslum ríkisstjórnarinnar í byggðamálum og markmiðum nýrra búnaðarlaga að skerða fjármagn til þessara stofnana landbúnaðarins sem allar starfa á landsbyggðinni?

95. Fyrirspurn [95. mál]

til iðnaðarráðherra um fyrirhuguð kaup ríkisins á eignarhlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvernig standa viðræður um kaup ríkisins á 60% hlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða?
2. Hyggst ríkisstjórnin knýja sveitarfélögin á Vestfjörðum til að selja hlut sinn í Orkubúinu til að greiða skuldir vegna félagslegra íbúða?

96. Fyrirspurn [96. mál]

til samgönguráðherra um konur í ferðaþjónustu.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur og Svanfríði Jónasdóttur.

Hefur ráðherra látið meta framlag kvenna til ferðaþjónustunnar, sbr. lið 10.1 í þingsályktun um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998, og ef svo er, hverjar eru niðurstöður matsins? Liggi niðurstöður ekki fyrir, á hvaða stigi er vinna við matið?

97. Fyrirspurn [97. mál]

til heilbrigðisráðherra um sjálfsvígstilraunir.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hversu margir hafa komið inn á bráðamóttöku og/eða slysadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss (Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur) vegna sjálfsvígstilrauna, árlega undanfarin tíu ár og það sem af er þessu ári, sundurliðað eftir aldri og kyni?
2. Hverjar eru sambærilegar tölur fyrir sjúkrahús annars staðar á landinu?
3. Hversu algengt er að sami aðili komi oftar en einu sinni eftir slíka tilraun?

Skriflegt svar óskast.

98. Fyrirspurn [98. mál]

til dómsmálaráðherra um ólaunaða samfélagsþjónustu í tengslum við dóma og refsingar.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Er fullnusta refsingar með ólaunaðri samfélagsþjónustu takmörkuð við ákveðna brotaflokka?
2. Hafa umsóknir um samfélagsþjónustu borist frá kynferðisafbrotamönnum, og ef svo er, hafa þær verið samþykktar?
3. Hvers eðlis er sú samfélagsþjónusta sem umsækjendum stendur til boða að inna af hendi?
4. Hversu margir hafa nýtt sér samfélagsþjónustuna?
5. Hefur Fangelsismálastofnun verið í samstarfi við einhverja aðila vegna samfélagsþjónustunnar, og ef svo er, við hverja?
6. Hefur verið lagt mat á hvernig úrræðið hefur nýst frá tilkomu þess?

Skriflegt svar óskast.

99. Fyrirspurn [99. mál]

til dómsmálaráðherra um fangelsismál.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Hvað líður áformum um byggingu fangelsis á höfuðborgarsvæðinu?

2. Er fyrirhugað að opna sérstaka meðferðardeild á Litla-Hrauni fyrir þá fanga sem þurfa á áfengis- og/eða fíkniefnameðferð að halda?
3. Er kynferðisafbrotamönnum boðið upp á sértæka meðferð innan fangelsanna?
4. Hvaða verkefni standa föngum til boða meðan á afplánun stendur?
5. Geta afplánunarfangar sótt námskeið, og ef svo er, eru þau sértæk fyrir konur, ungt fólk, síbrotamenn, fíkla o.s.frv.?

100. Fyrirspurn [100. mál]

til umhverfisráðherra um jarðskjálftarannsóknir.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Hvernig hyggst ráðherra nýta skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi, um áhrif jarðskjálftanna á Suðurlandi 17. og 21. júní sl., sem kynnt var 10. október?
2. Mun ráðherra láta gera áhættugreiningu sem nær til allra jarðskjálftasvæða landsins?

101. Frumvarp til laga [101. mál]

um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller, Gísli S. Einarsson.

1. gr.

2. mgr. 42. gr. laganna orðast svo:

Endurgreiða skal byggjendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað. Endurgreiðslan skal gerð á grundvelli framlagðra reikninga eigi sjaldnar en mánaðarlega og vera verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu. Jafnframt skal endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur og viðhald þess. Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara endurgreiðslna. Á sama hátt skal í reglugerð kveðið á um sambærilega endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna vegna verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að færa til fyrra horfs endurgreiðslur á virðisaukaskatti sem greiddur hefur verið vegna vinnu manna á byggingarstað við byggingu íbúðarhúsnæðis og vegna vinnu manna við endurbætur og viðgerðir á íbúðarhúsnæði, en með breytingu á virðisaukaskattslögunum, sem gildi tóku á árunum 1996 og 1997, var endurgreiðsluhlutfallið

lækkað úr 100% í 60%. Jafnframt er lagt til að bið eftir að endurgreiðsla fari fram verði stytt úr tveimur mánuðum í einn mánuð. Ástæðan er m.a. sú að breytingin virðist hafa leitt til þess að þrátt fyrir stóraukin umsvif í íbúðarhúsabyggingum og lánveitingum á árunum síðan breytingin tók gildi hefur umsóknum um endurgreiðslur farið stórfækkandi og upphæð endurgreiðslunnar stórum lækkandi. Af því má m.a. draga þá ályktun að breytingin hafi stuðlað að því að „svört atvinnustarfsemi" í greininni hafi aukist umtalsvert, en upphaflegt markmið endurgreiðsluheimildarinnar var m.a. að hún ynni gegn „svartri atvinnustarfsemi" í byggingariðnaði. Má því ætla að breyting til hins fyrra horfs stuðli að betri skilum til skattyfirvalda á útgjöldum húsbyggjenda og íbúðareigenda vegna vinnu iðnaðarmanna og leiði þannig til aukinna skatttekna þegar á heildina er litið þó endurgreiðslubeiðnum fjölgi og endurgreiðslur hækki til samræmis við raunveruleg umsvif við húsbyggingar og viðhald íbúðarhúsnæðis.

Í athyglisverðri grein í ágústhefti tímarits embættis ríkisskattstjóra, Tíund, rekur Guðlaug M. Valdemarsdóttir áhrif umræddra breytinga á fjölda umsókna og fjárhæðir um endurgreiðslur virðisaukaskatts vegna vinnu iðnaðarmanna við byggingu, viðhald og viðgerðir íbúðarhúsnæðis. Bendir hún á að með fyrstu lögum um virðisaukaskatt, sem komu til framkvæmda 1. janúar 1990 og leystu þá söluskatt af hólmi, hefðu þær breytingar á orðið, ef ekkert hefði verið að gert, að vinna manna við húsbyggingar, viðhald og viðgerðir, sem undanþegin hafði verið söluskatti, hefði sjálfkrafa orðið skattskyld í virðisaukaskattskerfinu. „Ljóst var," segir hún, „að full skattskylda á þessu sviði hefði í för með sér hækkun á byggingarkostnaði og þar með á byggingarvísitölu. Til að koma í veg fyrir það og til að halda verðbólgudraugnum í skefjum var brugðið á það ráð að setja endurgreiðsluákvæði inn í lögin". Auk þess má bæta við, þótt ekki sé það sagt með beinum orðum í grein Guðlaugar, að önnur ástæða endurgreiðsluheimildarinnar var að vinna gegn „svartri atvinnustarfsemi" í byggingariðnaði, sem oft hefur verið talin til vandamála.

Eins og rakið er í greininni var endurgreiðsluhlutfallið lækkað úr 100% í 60% með lögum frá Alþingi og kom sú breyting til framkvæmda á árunum 1996 og 1997. Frá því að það var gert hefur orðið veruleg breyting á endurgreiðslum til lækkunar og á fjölda umsókna til fækkunar. Samkvæmt grein Guðlaugar nam slík endurgreiðsla virðisaukaskatts 560 milljónum króna árið 1996, lækkaði niður í 226 milljónir króna eða um 59,6% strax árið 1997, hækkaði örlítið árið 1998 en lækkaði um 47,7 milljónir króna árið 1999. Ef litið er til fjölda umsókna um endurgreiðslur námu þær árið 1996 samtals 10.768 beiðnum, 6.890 beiðnum ári síðar sem er 41,7% fækkun á einu ári og hefur farið fækkandi síðan, námu 3.630 árið 1999 eða röskum þriðjungi af því sem þær voru árið 1996 áður en breytingin á endurgreiðslunum tók gildi.

Til samanburðar nefnir Guðlaug í grein sinni að aukning á útlánum húsbréfakerfisins til nýbygginga og endurbóta nam 17,6% milli áranna 1996 og 1997, 18,4% milli áranna 1997 og 1998 og 20,4% á milli áranna 1998 og 1999. Þar sem margir íbúðareigendur fjármagna framkvæmdir sínar með öðrum hætti en töku húsbréfalána er líklegt að aukning framkvæmda hafi verið mun meiri en þessar húsbréfatölur gefa til kynna enda almennt vitað að miklar framkvæmdir hafa verið í byggingariðnaði, vinnuaflsskortur og þensla. „Ljóst er," segir Guðlaug, „að endurgreiðsluheimildin hefur haft mikið að segja í baráttunni gegn svartri atvinnustarfsemi en viðbúið er að þau áhrif hafi eitthvað minnkað við lækkun endurgreiðsluhlutfallsins." Er hér varlega að orði komist.

Með því að hverfa til fyrri framkvæmdar eins og hún var ákveðin þegar virðisaukaskattur leysti söluskatt af hólmi, þ.e. að heimila að endurgreiða allan virðisaukaskatt af vinnu manna á byggingarstað við byggingu íbúðarhúsnæðis, viðhald þess og viðgerðir í stað aðeins 60%

þar af, auk þess að stytta umtalsvert biðtíma eftir endurgreiðslum er ekki aðeins verið að koma til móts við húsbyggjendur, sem m.a. hafa þurft að una í flestum tilfellum stórhækkuðum vaxtagreiðslum af lánum vegna framkvæmda og miklum kostnaðarhækkunum þar á ofan, heldur er einnig verið að stuðla að aðgerðum til þess að draga úr „svartri atvinnustarfsemi“ í byggingariðnaði. Það eru því ekki aðeins húsbyggjendur, sem hafa munu hag af breytingunni, heldur einnig að öllum líkindum ríkissjóður sjálfur þegar á heildina er litið þannig að ávinningur hans af breytingunum muni verða meiri en nemur líklegum útgjaldaauka. Þá eru ekki síður í gildi nú en árið 1990 þegar lögin um virðisaukaskatt komu til framkvæmda þau viðhorf að nauðsynlegt sé að leita leiða til þess að draga úr byggingarkostnaði og þar með lækka byggingarvísitölu og þannig „að halda verðbólgudraugnum í skefjum“, eins og Guðlaug nefnir í grein sinni að hafi verið ein af ástæðunum fyrir fullri endurgreiðsluheimild á sínum tíma.

Er því allt sem mælir með því að sú breyting verði gerð sem í frumvarpi þessu felst.

Eftirtaldar breytingar eru lagðar til á gildandi lögum:

a. Að hlutfall endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna vinnu manna á byggingarstað vegna byggingar íbúðarhúsnæðis, viðhalds á því og endurbóta verði hækkað til fyrra horfs, þ.e. úr 60% í 100%.
b. Að sambærileg ákvæði verði látin gilda er varðar framleiðslu á verksmiðjuframleiddum íbúðarhúsum.
c. Að endurgreiðslur fari fram mánaðarlega í stað á tveggja mánaða fresti, eins og nú er.

102. Frumvarp til laga [102. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Ásta Möller, Drífa Hjartardóttir, Einar K. Guðfinnsson,
Guðmundur Hallvarðsson, Katrín Fjeldsted.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. A-liður 1. mgr. orðast svo: hafa verið búsettir á Íslandi í a.m.k. þrjú almanaksár eftir 16 ára aldur, þar af a.m.k. síðustu sex mánuðina áður en umsókn er lögð fram.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo: Þeir sem eru á aldrinum 16–18 ára og uppfylla því ekki skilyrði a-liðar 1. mgr. eiga rétt til örorkulífeyris hafi þeir verið búsettir á Íslandi a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 12. gr. laga um almannatryggingar kemur fram að rétt til örorkulífeyris hafi þeir sem hafa verið búsettir á Íslandi og eru á aldrinum 16 til 67 ára. Jafnframt er gert að skilyrði að viðkomandi hafi verið búsettur á Íslandi a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram eða í sex mánuði ef starfsorka var óskert er þeir settust hér að. Þá verður viðkomandi að vera

metinn til a.m.k. 75% örorku til langframa vegna læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar.

Þeir sem hafa búið í löndum Evrópska efnahagssvæðisins flytja réttindi sín milli landa í samræmi við milliríkjasamninga. Skilyrðið um þriggja ára búsetu á Íslandi á því við um þá sem hafa verið búsettir í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins og eru öryrkjar þegar þeir flytjast til landsins, en miðað er við sex mánuði ef starfsorka þeirra er óskert er þeir tóku sér búsetu hér á landi.

Til samanburðar má nefna að skv. 11. gr. laganna, sbr. I. kafla A laganna, hafa rétt til ellilífeyris þeir sem eru 67 ára eða eldri og hafa verið búsettir hér á landi a.m.k. í þrjú almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Fullur réttur miðast við 40 ára búsetu hér á landi á þessu aldursbili en skerðist í hlutfalli við skemmra búsetutímabil.

Samkvæmt lögum nr. 40/1963, um almannatryggingar, var það skilyrði fyrir rétti til örorkubóta að viðkomandi væri íslenskur ríkisborgari og hefði haft hér lögheimili í a.m.k. tíu ár eftir 16 ára aldur eða fimm síðustu árin áður en umsókn var lögð fram. Lögheimilisreglan gilti þó ekki ef viðkomandi hafði óskerta starfsorku þegar hann eignaðist hér lögheimili. Jafnframt var tryggingaráði heimilt að að víkja frá tímaákvæðunum ef sérstaklega stóð á. Með lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sem tóku við af lögum nr. 40/1963, var skilyrðið um íslenskan ríkisborgararétt fellt brott en í stað þess gerð krafa um að viðkomandi hefði átt lögheimili á Íslandi a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn var lögð fram eða haft óskerta starfsorku er hann eignaðist hér lögheimili. Í greinargerð með frumvarpinu segir það eitt um breytinguna að hún sé æskileg vegna þess að hún auðveldi Íslendingum samskipti við aðrar þjóðir í tryggingamálum. Í frumvarpi til gildandi laga um almannatryggingar var ákvæðið tekið óbreytt upp að því undanskildu að lagt var til að sett yrði skilyrði um eins árs lögheimili hér á landi með óskerta starfsorku. Heilbrigðis- og tryggingaefnd Alþingis lagði til breytingu á biðtímanum úr einu ári í sex mánuði á grundvelli sanngirnissjónarmiða og var greinin samþykkt þannig. Í nefndaráliti kemur fram sú skoðun að nefndin telji eins árs biðtíma of langan, t.d. þegar Íslendingur sem lengi hefur verið búsettur erlendis ákveður að flytjast á ný til landsins. Nefndin taldi að sex mánaða biðtími teldist nægjanlega langur til að girða fyrir hugsanlega misnotkun. Með lögum nr. 60/1999, sem breyttu almannatryggingalögum og lögum um félagslega aðstoð, var ákvæðinu breytt og í stað lögheimilis er nú miðað við búsetu. Var talið að ekki síst yrði að gera þá breytingu til að tryggja nauðsynlegan sveigjanleika í þeim margvíslegu tilvikum sem upp geta komið vegna aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Almannatryggingalöggjöf annars staðar á Norðurlöndum er mismunandi milli landa varðandi rétt til örorkulífeyris.

Í Danmörku er krafist þriggja ára búsetu milli 15 og 67 ára aldurs, sbr. skilyrði til réttar til ellilífeyris hér á landi. Hins vegar setja Danir sem skilyrði fyrir örorkulífeyri að erlendir ríkisborgarar hafi búið í tíu ár samtals í landinu, þar af fimm síðustu árin áður en umsókn er lögð fram. Taka verður þó tillit til réttar ESB-borgara og EES-samningsins í þessu sambandi.

Í Finnlandi er skilyrði um þriggja ára búsetu eftir 16 ára aldur.

Búsetuskilyrði eru einnig í sænskum lögum og er miðað við þriggja ára búsetu í landinu milli 16 og 64 ára aldurs og að viðkomandi sé í launaðri vinnu sem gefur lífeyrisrétt í sænska tryggingakerfinu.

Í Noregi er lágmarksskilyrði laganna búseta þrjú síðustu árin áður en til örorku kom. Þó getur viðkomandi öðlast rétt til örorkulífeyris eftir ár hafi hann ekki verið lengur en fimm ár utan norska tryggingakerfisins eftir 16 ára aldur. Skilyrðið um þriggja ára búsetu á þó ekki

við um þá sem verða öryrkjar fyrir 26 ára aldur, né tekur það til réttar til grunntryggingar o.fl.

Af framangreindu má sjá að öryrki sem flyst til landsins frá ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins hefur í ýmsu lakari rétt hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum. Í Noregi eru skilyrði einna líkust ákvæðum í íslenskri löggjöf, en þó er réttur viðkomandi betri, því að sá sem hefur verið utan norska tryggingakerfisins skemur en fimm ár eða verður öryrki fyrir 26 ára aldur hefur óskertan rétt. Þá hafa öryrkjar sem uppfylla ekki þriggja ára skilyrðið ákveðinn grunnrétt sem tryggir þeim tiltekinn fjárhagslegan stuðning þar til fullum rétti er náð.

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins hefur einungis í örfá skipti reynt á ákvæði 12. gr. laga um almannatryggingar um búsetutíma þeirra sem eru öryrkjar þegar þeir flytjast til landsins. Hins vegar eru mjög erfið þau tilvik þegar viðkomandi þarf að bíða í þrjú ár eftir að öðlast rétt til örorkulífeyris. Eðli málsins samkvæmt getur viðkomandi ekki framfleytt sér með launaðri vinnu og þarf því fjárhagslega hjálp frá samfélaginu á þessu tímabili. Ákvæðið um að öryrki þurfi að eiga búsetu hér í þrjú ár eftir heimkomu frá ríki utan EES áður en hann öðlast rétt til örorkulífeyris er nú orðið um þriggja áratuga gamalt. Áður var ríkisborgararéttur skilyrði fyrir slíkum rétti. Þegar ákvæðið var sett var það til samræmis við reglur þeirra þjóða sem Íslendingar hafa mest samskipti við en slíkt samræmi er ekki lengur til staðar. Einnig er líklegt að hugsanleg misnotkun á almannatryggingakerfinu hafi haft áhrif á breytinguna. Reynslan sýnir að tilvik sem ákvæðið tekur til eru ekki þess eðlis eða í þeim mæli að hætta sé á misnotkun. Hið sama á við þó að til framkvæmda komi breytingin sem hér er lögð til, þ.e. að viðkomandi hafi verið búsettur á Íslandi í a.m.k. þrjú almanaksár eftir 16 ára aldur og að tilskilin verði sex mánaða búseta áður en umsókn er lögð fram í stað þriggja ára eins og nú er. Ljóst er að þessi breyting mun ekki varða marga einstaklinga en hún getur hins vegar stytt biðtíma viðkomandi til réttar til örorkulífeyris frá því sem nú er.

Þegar hugað var að breytingu á þessu ákvæði almannatryggingalaga var ákveðið að fara þá leið sem farin er annars staðar á Norðurlöndum og setja skilyrði um þriggja ára búsetu í landinu á tímabilinu frá 15/16 ára aldri til 64/67 ára aldurs, sbr. skilyrði fyrir ellilífeyri og skilyrði laganna fyrir örorkulífeyri eins og þau eru núna. Ætla má að flestir Íslendingar sem á annað borð kjósa að snúa aftur til landsins og njóta réttinda sem fullgildir borgarar þess á ný uppfylli það skilyrði. Telja má einnig að það sé nægilega langur tími til koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun annarra er vildu nýta sér þetta ákvæði. Þá þykir flutningsmönnum rétt að miða við að viðkomandi hafi búið a.m.k. sex mánuði hér á landi áður en umsókn er lögð fram og er það í samræmi við önnur ákvæði í lögum, sbr. rétt til sjúkratrygginga sem fæst eftir sex mánaða búsetu, sbr. 32. gr. laga um almannatryggingar. Í núgildandi lögum hafa þeir sem eru á aldrinum 16–18 ára fullan rétt til örorkulífeyris. Til að tryggja rétt þeirra til lífeyris er lagt til að um þessa einstaklinga gildi sú regla að þeir hafi búið á Íslandi a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn um örorkulífeyri er lögð fram.

Grundvallarhugmynd almannatryggingalaga er samhjálp og aðstoð við þá sem hafa farið halloka í lífinu og hafa ekki tækifæri til að nýta hæfileika sína til fullnustu sökum heilsubrests, skertrar hæfni til að ná fullum þroska eða vegna fátæktar. Verði þessi breyting á 12. gr. laga um almannatryggingar samþykkt er þeim sem ákvæðið nær til gefnir auknir möguleikar á að spjara sig þrátt fyrir fötlun sína.

103. Tillaga til þingsályktunar [103. mál]

um mat á áhrifum lögfestingar stjórnarfrumvarpa á byggða- og atvinnuþróun.

Flm.: Magnús Stefánsson, Einar K. Guðfinnsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristinn H. Gunnarsson, Hjálmar Árnason, Gísli S. Einarsson, Árni Steinar Jóhannsson.

Alþingi ályktar að með stjórnarfrumvörpum sem lögð eru fyrir Alþingi fylgi mat á því hvaða áhrif lögfesting frumvarpanna kann að hafa á byggða- og atvinnuþróun í landinu.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur byggðaþróun í landinu verið sú að þúsundum fleiri Íslendingar hafa flust búferlum af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins en til landsbyggðarinnar. Ljóst má vera að lögfesting einstakra lagafrumvarpa getur haft bein áhrif á þróun byggða og atvinnulífs í landinu. Sem dæmi má nefna að fjárlög hvers árs eru stefnumótandi um það hvernig fjármagn ríkissjóðs er nýtt. Ákvæði fjárlaga um útgjöld í einstökum málaflokkum geta haft einföld og bein áhrif á byggðaþróun, jafnt til lengri sem skemmri tíma. Þannig geta fjárlög stuðlað að sterkari stöðu landsbyggðarinnar og jafnframt veikt stöðu hennar. Lögfesting stjórnarfrumvarpa í ýmsum málaflokkum hefur einnig bein áhrif á þróun byggðar. Því er afar mikilvægt að áhrif lagasetningar á byggðaþróun liggi fyrir, bæði þegar frumvörp eru unnin og eins við umfjöllun Alþingis um þau.

Þegar stjórnarfrumvörp eru í smíðum eru þau unnin að frumkvæði ráðuneyta. Oftast vinna hagsmunaaðilar að málinu, pólitískir samherjar hafa samráð og í einstaka tilfellum vinna þingmenn að málum. Áður en lokið er við að semja stjórnarfrumvarp gefur fjármálaráðuneytið umsögn um áhrif þess á tekjur og gjöld ríkissjóðs. Á sama hátt hlýtur að vera nauðsynlegt að skoða hvaða áhrif lögfesting frumvarpa getur haft á byggða- og atvinnuþróun, ekki síst í ljósi þess hve alvarleg sú þróun hefur verið undanfarin ár.

Þegar lagafrumvörp eru samin er mörkuð stefna um það á hverju þau skuli taka. Á því stigi er mikilvægt að þeir sem semja lagafrumvörp geri sér sem besta grein fyrir áhrifum þeirra eftir að þau verða að lögum. Því er nauðsynlegt fyrir framkvæmdarvaldið og stjórnsýsluna að leitast við að gera sér grein fyrir áhrifum lögfestingar á byggða- og atvinnuþróun. Færa má rök fyrir því að hagsmunir íbúa á landsbyggðinni hafi verið látnir víkja fyrir öðrum hagsmunum. Í því sambandi má nefna fjárhagslega hagsmuni í tengslum við útgjöld ríkissjóðs sem lúta tölulegum lögmálum en í slíkum tilfellum skortir oft á að hugað sé að heildarhagsmunum þjóðarinnar. Oft má finna dæmi um að fremur sé litið til þrengri hagsmuna í því sambandi. Líklegt er að í slíkum tilfellum hafi lagasetning stuðlað að þeirri byggða- og atvinnuþróun sem orðið hefur undanfarin ár. Einnig má nefna sem dæmi að þegar unnið er að smíði frumvarpa sem fela í sér nýjar stofnanir eða ný störf, er mikilvægt að hugað sé að staðsetningu. Leiða má líkur að því að til skamms tíma hafi nánast verið litið á það sem sjálfgefið að slík starfsemi væri á höfuðborgarsvæðinu eftir lögfestingu frumvarpanna.

Stjórnsýslan og framkvæmdarvaldið hefur að langmestu leyti aðsetur á höfuðborgarsvæðinu. Starfsmenn þess og embættismenn eru langflestir búsettir þar og hafa takmarkaðan skilning á aðstæðum og hagsmunum landsbyggðarmanna. Þessir aðilar, sem ráða miklu um útfærslu lagafrumvarpa, hafa hagsmuni landsbyggðarinnar eðlilega ekki efst í huga við frumvarpsgerðina eða þegar þeir fjalla um ýmis atriði á sviði framkvæmdarvaldsins. Ekki skal fullyrt að þetta sé algilt en líklegt er að svona hafi málum oft verið háttað.

Þegar meta á afleiðingar lögfestingar lagafrumvarpa á byggða- og atvinnuþróun í landinu má telja eðlilegt að Byggðastofnun sé falin sú vinna. Starfsmenn stofnunarinnar búa yfir alhliða þekkingu á málefnum og hagsmunum landsbyggðarinnar og því væri það rökrétt ákvörðun.

104. Fyrirspurn [104. mál]

til forsætisráðherra um rannsókn á efnahagslegum völdum kvenna.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur og Svanfríði Jónasdóttur.

Hefur ríkisstjórnin látið rannsaka hvar efnahagsleg völd kvenna og karla liggja í íslensku samfélagi, sbr. þingsályktun um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998, og ef svo er, hverjar eru niðurstöður rannsóknarinnar? Liggi þær ekki fyrir, á hvaða stigi er rannsóknin?

105. Tillaga til þingsályktunar [105. mál]

um endurgreiðslu sjónglerja og linsa fyrir börn og unglinga.

Flm.: Páll Magnússon.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir endurskoðun reglna um endurgreiðslu sjónglerja og linsa fyrir börn þannig að öll börn undir sjálfræðisaldri fái endurgreiddan hluta kostnaðar sjónglerja og linsa.

Greinargerð.

Í reglum um endurgreiðslu sjónglerja og linsa er kveðið á um styrk til gleraugnakaupa í lækningaskyni. Þannig er ekki um almennan fjárhagsstuðning að ræða heldur lið í meðferð til að koma í veg fyrir að börn hljóti starfræna sjóndepru á auga. 16–17 ára börn njóta þó ekki endurgreiðslna þrátt fyrir hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár. Það er rökstutt með því að sjón sé aðeins í mótun til 12 ára aldurs og eins og að framan greinir er styrkurinn veittur í lækningaskyni en ekki sem fjárhagsaðstoð.

Að hámarki er hverju barni veittur einn styrkur á tólf mánaða tímabili. Í flestum tilfellum dugir það, nema hjá yngstu börnunum þar sem vöxtur er hraðari en svo að ein gleraugu dugi þann tíma. Um 50–60% kostnaðar við kaup á sjónglerjum og linsum eru endurgreidd. Um fastar upphæðir er að ræða sem taka mið af eðli og gerð glerjanna.

Það er réttlætismál að börnum sé ekki mismunað þannig að sum þeirra njóti stuðnings við kaup á sjónhjálpartækjum en önnur ekki. Þannig fá nærsýn börn enga styrki. Það gengur ekkert barn með sjóngler nema af illri nauðsyn, hvort sem sjónglerið er liður í læknismeðferð eða ekki. Kostnaður foreldra getur verið umtalsverður. Ætla má að sjóngler barna endist mun skemur en fullorðinna, bæði vegna meira álags í leik þeirra og ekki síður vegna uppvaxtar. Með hliðsjón af þátttöku ríkisins í tannlækningum barna og stuðningi þess við kaup á

heyrnartækjum byggist sú hugmynd á sanngirni að aðstoð við kaup á sjónglerjum og linsum fyrir börn verði aukin og að öll börn njóti hennar án tillits til eðlis sjóngalla.

106. Tillaga til þingsályktunar [106. mál]

um þjóðarleikvanga.

Flm.: Páll Magnússon.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir setningu laga um byggingu þjóðarleikvanga.

Greinargerð.

Í desember árið 1997 skilaði nefnd, sem menntamálaráðherra hafði skipað, af sér tillögum. Nefnd þessi var skipuð á grundvelli samþykktar Alþingis þess efnis að ríkisstjórnin skipaði sjö manna nefnd sem m.a. hefði það hlutverk að gera tillögur um að efla íþróttahreyfinguna og efla árangur íslensks afreksfólks á alþjóðavettvangi. Ein helsta niðurstaða nefndarinnar varð þessi: „Í öðru lagi þarf að vera til staðar öflug afreksmannastefna með þátttöku ríkisins til að skapa þá umgjörð sem þarf fyrir afreksíþróttafólk í landinu. Mikilvægt er að ríkið komi aftur inn í mannvirkjaþáttinn með því að styrkja sveitarfélög og sérsambönd í byggingu þjóðarleikvanga. Skilgreining nefndar á orðinu þjóðarleikvangur er eftirfarandi: „Þjóðarleikvangur er íþróttaaðstaða sem tengist sérstaklega ákveðinni íþróttagrein. Hér er um íþróttamannvirki að ræða, sem þegar er til staðar eða á eftir að reisa. Hver íþróttagrein sem hér á landi er stunduð fær því „fastan samastað“ eða þjóðarleikvang. Einkenni þessa staðar væri, að þar væru fullkomnar aðstæður til keppni og æfinga viðkomandi greinar. Hér er því um löglegar aðstæður að ræða sem nota má til keppni á landsmótum eða mótum landa á milli, Evrópukeppni, heimsmeistarakeppni o.s.frv.““

Nefndin gerir því tillögu um að ríkið taki þátt í byggingu þjóðarleikvanga í ýmsum íþróttagreinum. Um yrði að ræða samstarfsverkefni íþróttahreyfingarinnar, sveitarfélaga og ríkissjóðs. Markmiðið væri að hver íþróttagrein eignaðist a.m.k. einn þjóðarleikvang með fullkominni aðstöðu. Þessi tillaga nefndarinnar er ein af nokkrum sem nefndin setur fram til eflingar árangurs íslensks afreksfólks á alþjóðavettvangi.

Í svari menntamálaráðherra við fyrirspurn um þetta efni á 125. löggjafarþingi 1999–2000 (þskj. 294–154. mál) kom fram að tillögur nefndarinnar um þjóðarleikvanga hafa fengið umsögn íþróttanefndar ríkisins, sem ekki virðist gera beinar tillögur um útfærslu þeirra. Í svari menntamálaráðherra kemur einnig fram að ekki hefur verið tekin ákvörðun um sérstakar fjárveitingar til nýrra þjóðarleikvanga.

Það yrði íþróttastarfi í landinu mikil lyftistöng ef tillögur nefndar um eflingu íþróttastarfs er varða byggingu þjóðarleikvanga næðu fram að ganga. Víst má telja að þátttaka ríkisins í byggingu þeirra mannvirkja myndi ráða miklu um það hvort sveitarfélög treystu sér til að reisa mannvirki, sem uppfylltu alþjóðakröfur einstakra og ólíkra íþróttagreina. Því er lagt til með þessari þingsályktun að menntamálaráðherra verði falið að hrinda í framkvæmd hugmyndum nefndar um eflingu íþróttastarfs, frá árinu 1997, er varða byggingu þjóðarleikvanga.

107. Frumvarp til laga [107. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum, og lögum nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands, með síðari breytingum.

Flm.: Páll Magnússon.

Breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 31. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Fjárhæð sem svarar til 50% af frádráttarbærum kostnaði (útgjöldum eða afskriftum) í tengslum við rannsókna- eða þróunarverkefni. Það er skilyrði þessa frádráttar að rannsókna- eða þróunarverkefni hafi fyrir fram verið samþykkt af Rannsóknarráði Íslands, sbr. 2. gr. laga nr. 61/1994.

Breytingar á lögum nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Meta hvort rannsókna- og þróunarverkefni sem fyrirtæki hyggst eiga aðild að teljist þess eðlis að þau geti notið sérstaks frádráttar, sbr. 31. gr. laga nr. 75/1981. Fyrir hvert starfsár ákveður ríkisstjórnin hámarksupphæð til rannsókna- og þróunarverkefna sem má samþykkja.

Gildistaka.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001. Ákvæði laganna koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2003 vegna tekna á árinu 2002.

Greinargerð.

Þekking er undirstaða hins nýja hagkerfis. Til þess að afla þeirrar þekkingar þarf að efla fyrirtæki til aukinnar þátttöku í rannsóknum og þróun, enda er nýsköpun í atvinnulífi forsenda efnahagslegra og félagslegra framfara. Í frumvarpi þessu er lögð til breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og lögum um Rannsóknarráð Íslands. Tilgangur frumvarpsins er að hvetja fyrirtæki til nýrrar sóknar á sviði nýsköpunar- og þróunarverkefna. Íslensku atvinnulífi er nauðsynlegt að auka framleiðni en nauðsynleg forsenda þess að framleiðsla verði verðmætari er að fyrirtæki stórauki rannsókna- og þróunarstarf. Með því styrkist staða á heimamarkaði, innflutningur minnkar og útflutningur eykst. Það hefur í för með sér bætta afkomu fyrirtækjanna og hærri laun starfsmanna. Til þess að fyrirtæki treysti sér í slíka vinnu er nauðsynlegt að veita þeim skattalegt hagræði vegna rannsókna og þróunar. Verði frumvarp þetta samþykkt er líklegt að skatttekjur muni aukast þegar horft er til lengri tíma þó þær muni ef til vill dragast saman í byrjun.

Með frumvarpinu, sem samið er að danskri fyrirmynd, er lagt til að bætt verði við ákvæði 31. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nýjum tölulið þess efnis að fyrirtækjum verði heimilaður sérstakur frádráttur sem numið geti allt að helmingi kostnaðar sem þau hafa haft af rannsókna- og þróunarstarfi. Til þess að fyrirtækjum verði veitt aðhald verði þó sett það skilyrði að Rannsóknarráð Íslands, RANNÍS, hafi fyrir fram viðurkennt verkefnið sem raunverulegt rannsókna- og þróunarverkefni og að frádrátturinn geti aldrei orðið meiri en helm-

ingurinn af þeirri kostnaðaráætlun sem lá til grundvallar samþykktinni. Ekki er skilyrði að verkefnið hafi notið styrks úr sjóðum RANNÍS. Í tengslum við þessa breytingu á tekju- og eignarskattslögum er lagt til að nýr töluliður bætist við 2. gr. laga um Rannsóknarráð Íslands, þar sem Rannsóknarráði er falið að meta hvort rannsókna- og þróunarverkefni sem fyrirtæki hyggst eiga aðild að teljist þess eðlis að þau geti notið frádráttar skv. 31. gr. tekju- og eignarskattslaganna. Jafnframt segir í ákvæðinu að ríkisstjórnin ákveði á ári hverju hámarksupphæð sem samþykkja megi. Hámark þetta er samanlagður heildarkostnaður við þau verkefni sem samþykkt eru.

Útgjöld til rannsókna og þróunar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hafa aukist nokkuð á liðnum árum. Það var um 0,8% árið 1987 en fór í um 1,8% árið 1997. Framlag hins opinbera hefur verið stöðugt síðustu ár, en framlag fyrirtækja aukist. Heildarútgjöld til þessara mála námu innan við fjórum milljörðum króna árið 1987, en voru um tíu milljarðar árið 1997. Enda þótt Íslendingar sé meðal þjóða, sem hvað mest hafa aukið útgjöld til rannsókna og þróunar á liðnum árum, er Ísland enn undir meðaltali OECD-landa. Því frumvarpi, sem hér er lagt fram, er ætlað að auka enn hlutfall rannsókna og þróunar af vergri landsframleiðslu Íslendinga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

1. gr.

Lögð er til breyting á lögum um tekju- og eignarskatt sem veiti fyrirtækjum heimild til sérstaks frádráttar af álögðum sköttum sem numið geti allt að helmingi kostnaðar þeirra af rannsókna- og þróunarstarfi.

2. gr.

Sett er sem skilyrði að Rannsóknarráð Íslands, RANNÍS, hafi fyrir fram viðurkennt verkefnið sem raunverulegt rannsókna- og þróunarverkefni og að frádrátturinn geti aldrei orðið meiri en helmingurinn af þeirri kostnaðaráætlun sem liggur til grundvallar samþykktinni.

3. gr.

Til að rannsókna- og þróunarkostnaður geti komið til álagningar árið 2003 er nauðsynlegt að fyrir liggi árið 2001 að ríkisstjórn beiti sér fyrir fjárveitingu á árinu 2002. Þannig getur RANNÍS metið verkefni sem unnin væru árið 2002 og kæmu til álagningar árið 2003.

108. Fyrirspurn [108. mál]

til fjármálaráðherra um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði.

Frá Katrínu Fjeldsted.

1. Hve mikill virðisaukaskattur var endurgreiddur árlega af vinnu manna við íbúðarhúsnæði á árunum 1990–99? Óskað er eftir að svarið taki mið af breytingum sem gerðar voru á reglum um endurgreiðslu virðisaukaskatts árin 1996 og 1997, þ.e. að 60% eru nú endurgreidd í stað 100% áður.
2. Hve margar endurgreiðslubeiðnir bárust á árunum 1990–99?

3. Hve háar fjárhæðir fengu einstaklingar lánaðar í húsbréfakerfinu til nýbygginga og endurbóta á árunum 1990–99?

Skriflegt svar óskast.

109. Fyrirspurn [109. mál]

til umhverfisráðherra um störf nefndar um jarðskjálftavá.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hvað líður störfum þeirrar nefndar sem ríkisstjórnin skipaði til að leggja mat á tillögur og móta nýjar á grundvelli starfs nefndar sem skipuð var af fyrrverandi umhverfisráðherra, Guðmundi Bjarnasyni, til þess að fjalla um jarðskjálftavá og gera tillögur um aðgerðir til að draga úr hættu af völdum jarðskjálfta og skilaði af sér í september 1996?

110. Fyrirspurn [110. mál]

til samgönguráðherra um fjölda skipstjórnarmanna og vélstjóra á fiskiskipum og kaupskipum.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hve margar stöður yfirmanna eru nú við skipastól Íslendinga og hvernig skiptast þær milli skipstjórnarmanna og vélstjóra
   a. á fiskiskipum,
   b. á kaupskipum?
2. Hve margir skipstjórnarmenn og vélstjórar þurfa að útskrifast á ári hverju svo ekki verði skortur á fólki með slíka menntun?

111. Fyrirspurn [111. mál]

til iðnaðarráðherra um fyrirhugað framtíðarskipulag raforkuframleiðslu og flutnings.

Frá Kjartani Ólafssyni.

1. Hvaða áhrif munu þær breytingar á skipulagi raforkuframleiðslu og flutnings, sem fyrirhugaðar eru fyrir ársbyrjun 2002, hafa á markaðinn?
2. Hvenær verða tillögur að framtíðarskipulagi raforkumála lagðar fyrir Alþingi?

Skriflegt svar óskast.

112. Fyrirspurn [112. mál]

til félagsmálaráðherra um móttöku flóttamanna frá Júgóslavíu.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hve margir flóttamenn hafa sl. fimm ár komið til landsins frá ríkjum sem áður heyrðu til Júgóslavíu?
2. Hvaða sveitarfélög hafa tekið á móti flóttafólkinu og hve margir fóru á hvern stað?
3. Hve margir hafa flutt frá upphaflegu aðsetri til höfuðborgarsvæðisins?
4. Hve margir hafa flust búferlum frá Íslandi?

113. Fyrirspurn [113. mál]

til forsætisráðherra um áhrif atvinnu- og þjóðfélagsbreytinga á stöðu kvenna á landsbyggðinni.

Frá Ragnheiði Hákonardóttur.

1. Hvernig var staðið að könnun á vegum forsætisráðuneytisins á áhrifum atvinnu- og þjóðfélagsbreytinga á stöðu kvenna á landsbyggðinni, sbr. lið 1.3 í þingsályktun um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998?
2. Hverjar voru meginniðurstöður þeirrar könnunar?
3. Hvernig hefur verið unnið að því að hrinda þeim í framkvæmd?

Skriflegt svar óskast.

114. Fyrirspurn [114. mál]

til forsætisráðherra um nefndir og ráð á vegum ríkisins.

Frá Árna Steinari Jóhannssyni.

1. Hversu margar nefndir og ráð starfa nú á vegum ríkisins?
2. Hversu margir eru í þeim, sundurliðað eftir kjördæmum?
3. Hver er heildarkostnaður ríkisins við nefndir og ráð það sem af er þessu ári?

Skriflegt svar óskast.

115. Tillaga til þingsályktunar [115. mál]

um bætta réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir,
Bryndís Hlöðversdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til að gera úttekt á lögum sem varða réttarstöðu barna með það að markmiði að uppfylla skilyrði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem staðfestur hefur verið af hálfu Íslands. Þá geri nefndin í sama tilgangi úttekt á framkvæmd laga sem snúa að börnum. Einnig verði metið hvort rétt sé að lögleiða sáttmálann í heild sinni eins og mannréttindasáttmála Evrópu. Nefndin verði m.a. skipuð fulltrúa Barnaverndarstofu, Barnaheilla og Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Nefndin skili tillögum um úrbætur fyrir 1. maí 2002.

Greinargerð.

Tillaga þessi var fyrst lögð fram á 121. löggjafarþingi og er nú flutt í þriðja sinn.

Tímabært er að fjalla um barnasáttmálann í heild sinni, um forsendur hans og áhrif á íslenska löggjöf frá gildistöku hans og meta hvort setja þurfi lög, breyta lögum eða bæta réttarframkvæmd svo að réttindi barna sem viðurkennd eru í sáttmálanum verði tryggð í íslenskum rétti. Samningurinn sem tók gildi 20. nóvember 1989 öðlaðist gildi er Ísland varðar 27. nóvember 1992.

Stuðningur við barnafjölskyldur á Íslandi er minni en almennt gerist í nálægum löndum sem við miðum okkur oft við. Margir telja að fjölskyldan hafi setið á hakanum í íslensku samfélagi. Laun hér á landi eru lág og húsnæðiskostnaður mikill. Fyrstu búskaparárin fara oft í öflun húsnæðis og krefst það langs vinnutíma beggja foreldra. Foreldrar eru því oft langdvölum frá heimilinu meðan börnin eru enn ung. Gæsluúrræði skólabarna eru ekki viðunandi svo að hópur barna á aldrinum 6–16 ára býr við skert öryggi þar sem mörg þeirra sjá um sig sjálf meðan foreldrar vinna langan vinnudag. Fram hefur komið í umfjöllun sálfræðinga og uppeldisfræðinga að íslensk börn njóti almennt minni verndar og handleiðslu fullorðinna en tíðkast annars staðar á Norðurlöndum.

Fljótlega eftir undirritun samningsins af hálfu Íslands var hafist handa við að laga íslenskan rétt að ákvæðum barnasáttmálans og voru gerðar ýmsar réttarbætur í því sambandi. Í VI. kafla stjórnarskrárinnar var lögfest ákvæði þar sem segir að börnum skuli í lögum tryggð vernd og umönnun. Með lögum nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, fluttist yfirstjórn barnaverndarmála úr höndum menntamálaráðuneytis til félagsmálaráðuneytis, starfsháttum barnaverndarráðs var breytt og lögfestar voru reglur um starfshætti og málsmeðferð barnaverndarnefnda. Lögfestur var réttur barns til að tjá sig um málið við úrlausn barnaverndarmáls. Skylt var að veita barni þessa heimild og heimilt að skipa barni eða ungmenni sérstakan talsmann þegar sérstaklega stæði á. Árið 1995 var lögunum breytt og sett á laggirnar Barnaverndarstofa sem annast daglega stjórn barnaverndarmála. Hlutverk hennar er að veita barnaverndarnefndum leiðbeiningar og ráðgjöf, hafa eftirlit með störfum þeirra og með öðrum stofnunum fyrir börn, hafa umsjón með vistun barna o.fl. Barnaverndarlögum var breytt á ný í lok árs 1997 í samræmi við hækkun lögræðislaga á sjálfræðisaldri í 18 ár. Ein rökin fyrir breytingunni voru að rétt þótti að fylgja meginreglu barnasáttmálans um að skilgreina alla einstaklinga undir 18 ára aldri sem börn. Við breytinguna á barnaverndarlögum var einnig sett sérstakt ákvæði þar sem kveðið er á um rétt barns til að tjá sig við málsmeðferð í máli

þess hjá barnaverndarnefnd og um skipun talsmann þess ef þörf krefur. Barnalög, nr. 20/1992, voru endurbætt þar sem afnumin voru hugtökin skilgetið barn og óskilgetið, kveðið var á um sameiginlega forsjá og lögfest heimild til að skipa barni talsmann við úrlausn forsjármáls á kostnað hins opinbera. Ný grunnskólalög voru sett árið 1991 og með breytingu á þeim lögum, með lögum nr. 66/1995, hefur rekstur grunnskóla verið færður til sveitarfélaganna. Árið 1994 var stofnað embætti umboðsmanns barna.

Í byrjun árs 1996 bárust athugasemdir barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna þar sem lýst var yfir ánægju með ýmislegt en gerðar alvarlegar athugasemdir við aðra þætti framkvæmda.

Flutningsmenn telja að enn þá skorti á að íslenskur réttur uppfylli ákvæði barnasáttmálans og að langt sé í land með að lagaframkvæmd sé í samræmi við anda sáttmálans, þ.e. að börn og ungmenni innan 18 ára aldurs njóti þeirrar verndar sem sáttmálanum er ætlað að veita en öðlist smám saman stöðu fullorðinna með tilheyrandi ábyrgð og skyldum. Því telja flutningsmenn að sú vinna sem mælt er fyrir um í þingsályktunartillögu þessari sé nauðsynleg. Þessi greinargerð er m.a. byggð á athugasemdum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna og samtakanna Barnaheilla.

Nefndin sem lagt er til að verði skipuð skal m.a. skoða eftirtalin lög og framkvæmd þeirra þar sem vafi leikur á að réttindi barns séu tryggð í samræmi við ákvæði barnasáttmálans.

Í 5. mgr. 34. gr. barnalaga, nr. 20/1992, er kveðið á um heimild til að skipa barni talsmann til að gæta hagsmuna þess við úrlausn forsjármáls ef sérstök þörf er á því. Flutningsmenn telja að skylt eigi að vera að skipa talsmann en ekki aðeins heimilt. Í sömu lögum er barni tryggður réttur til umgengni við foreldri sem fer ekki með forsjá þess. Þrátt fyrir ákvæði í lögunum sem mælir fyrir um heimild til að beita sektum þegar forsjárforeldri tálmar hinu foreldrinu umgengni við barnið eru tilvikin allt of mörg þar sem barni er meinuð umgengni við báða foreldra sína. Þessi mál eru oft mjög erfið barninu því að í mörgum tilvikum leiða reiði og óuppgerðar tilfinningar milli foreldra til þess að hagsmunir þess eru fyrir borð bornir. Því þarf að endurskoða barnalögin með það fyrir augum að tryggja barni enn frekar en nú er umgengni við báða foreldra sína. Flutningsmenn telja að við þessar aðstæður eigi að vera lagaheimild til að skipa barni talsmann. Talsmaður sem barninu er skipaður geti sem milligöngumaður gætt hagsmuna þess mun betur en sektarákvæði 38. gr. sem hefur í reynd reynst máttlaust. Þegar staðan er sú að forsjárlaust foreldri sinnir ekki umgengnisskyldu sinni er ekkert úrræði fyrir hendi sem tryggir rétt barnsins til umgengni við það. Vel mætti hugsa sér að talsmanni sem hefur aðeins það hlutverk að gæta hagsmuna barnsins tækist að koma á sambandi milli foreldris og barns þegar foreldrar eru ófærir um að standa vörð um hagsmuni þess sjálfir.

Heimilt er að skilja barn frá foreldrum sínum þegar velferð þess verður ekki tryggð með öðru móti. Í 8. kafla barnaverndarlaga, nr. 58/1992, er mælt fyrir um málsmeðferð við forsjársviptingu og gert ráð fyrir að barnaverndarnefndir fari með slíkt vald. Samkvæmt lögunum er hlutverk barnaverndarnefnda í málum þessum margþætt. Þær eiga að hafa eftirlit með aðbúnaði barna, taka á móti ábendingum um slæman aðbúnað þeirra, sjá um skráningu barna sem eru í áhættuhópum, kanna mál þegar rökstuddur grunur liggur fyrir um vanrækslu eða vanhæfni foreldra, gera áætlanir um meðferð mála og úrskurða um forræðissviptingu foreldra þegar það á við. Úrskurðum barnaverndarnefndar er síðan hægt að skjóta til barnaverndarráðs til fullnaðarúrskurðar. Þannig er fullnaðarákvörðun tekin á stjórnsýslustigi og barnaverndarnefnd fer bæði með rannsóknarvald og úrskurðarvald. Hér er um alvarleg inngrip í einkahagi manna að ræða og hagsmunirnir eru mjög ríkir. Því þarf að vanda vel til málsmeðferðar. Tímabært er orðið að málsmeðferðin verði endurskoðuð og færð í betra horf, sérstaklega

hvað varðar frumúrskurðarvald í barnaverndarmálum. Í lögunum er að finna heimild til að skipa barni talsmann þegar barn er vistað á stofnun gegn vilja þess eða þegar foreldrar eru sviptir forsjá barns. Þessari heimild er sjaldan beitt þrátt fyrir að slíkar aðgerðir hafi í för með sér alvarlega röskun á stöðu og högum barnsins. Flutningsmenn telja að við þessar aðstæður ætti alltaf að skipa barni talsmann sem gætir hagsmuna þess.

Samkvæmt almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, er heimilt að svipta 15 ára ungmenni frelsi með fangelsun eða varðhaldi. Í 37. gr. barnasáttmálans er fjallað um réttindi frelsissviptra barna og ungmenna. Þar er mælt fyrir um mannúðlega meðferð og að tekið skuli tillit til þarfa einstaklinga á þeim aldri sem um ræðir. Einkum er lögð áhersla á að barni sem svipt er frelsi sínu skuli haldið aðskildu frá fullorðnum föngum, nema ef það er talið því fyrir bestu að gera það ekki. Í íslenskum lögum er hins vegar ekkert ákvæði sem verndar börn gegn því að verða vistuð með síbrotamönnum sem gætu haft afar óheppileg áhrif á þroska svo ungra fanga. Því ætti að kveða í lögum á um að ungum föngum skuli haldið aðskildum frá eldri föngum. Íslendingar lögðu fram sérstaka yfirlýsingu varðandi þennan þátt, en telja má að óbreytt fyrirkomulag sé slíkt brot á mannréttindum barna að ekki verði við unað.

Í 39. gr. sáttmálans er mælt fyrir um að börn sem hafa orðið fórnarlömb ofbeldis og misnotkunar skuli eiga rétt á líkamlegri og andlegri umönnun og félagslegri endurhæfingu. Á Íslandi er börnum sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi ekki tryggður nægjanlegur stuðningur og meðferð af hálfu opinberra aðila. Engar sérhæfðar aðgerðir standa þessum börnum til boða og langtímameðferð með eða án fjölskyldu hafa ekki verið skipulagðar af barnaverndarnefndum, enda eru lagaskyldur á því sviði óljósar. Í nýju barnahúsi sem opnað var í október 1998 er að finna móttöku fyrir börn sem eru þolendur kynferðislegs ofbeldis. Þar fer fram læknisskoðun, ráðgjöf og stuðningur við börnin. Nauðsynlegt er að bæta við þjónustu stofnunarinnar sértækum meðferðarúrræðum sem börn ættu kost á eftir komu í barnahúsið og það á að vera skylda að skipa barni talsmann við þessar aðstæður.

Með barnasáttmálanum er börnum veittur réttur til að láta í ljós skoðun sína um öll mál sem snerta þau sjálf. Í grunnskólalögunum frá 1991 var þessi réttur tryggður með því að nemendur höfðu fulltrúa í skólaráði þar sem m.a. var fjallað um kennsluskipan, skólatíma, félagslíf o.fl. og rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs og á kennarafundum með málfrelsi og tillögurétti um málefni sem þá varða. Í nýjum grunnskólalögum sem tóku gildi eftir fullgildingu sáttmálans var þessi réttur afnuminn og er enginn formlegur vettvangur fyrir nemendur að láta í ljós skoðun sína á málefnum innan skólans sem snerta þá sjálfa. Hér er því beinlínis um afturför að ræða og því þarf að breyta. Opna þarf aftur formlegan vettvang fyrir nemendur grunnskólanna til að láta í ljós skoðun sína á málefnum innan skólans sem snerta þá sjálfa. Með því er breytt í anda ákvæða 12.–14. gr. barnasáttmálans og börnin þjálfast í því að taka afstöðu til mála sem snúa að þeim sjálfum.

Þrátt fyrir bann við allri mismunun barna eru börnum af erlendum uppruna ekki tryggð sömu réttindi og íslenskum börnum. Innflytjendabörn eiga hvorki tungumál né menningararf sameiginleg með innfæddum börnum, þó er ekki til lögbundin heimild fyrir þau til að njóta eigin menningar eða tungumáls. Það er eðlilegt og rétt að tryggja börnum flóttamanna, sem óska eftir pólitísku hæli, vernd og mannúðlega aðstoð. Reyndar er það svo að löggjöf sem snýr að útlendingum á Íslandi er í molum.

Þau atriði sem hér hafa verið nefnd eru aðeins dæmi. Hlutverk nefndarinnar verður að gera úttekt á réttarstöðu barna á Íslandi almennt og væri m.a. vert að skoða hvort ákvæði sáttmálans um trúfrelsi barna sé haldið, hvort brottrekstur barna úr grunnskólum og vinnufyrirkomulag barna og ungmenna á Íslandi sé í samræmi við anda sáttmálans.

Spyrja mætti hvort sú kynning sem barnasáttmálinn hefur fengið sé fullnægjandi, hvort ekki væri rétt að barnasáttmálinn væri kennsluefni í grunnskólum og framhaldsskólum sem liður í námskeiði um mannréttindi, hvort ekki væri rétt að þýða sáttmálann á tungumál sem innflytjendabörn skilja og dreifa til þeirra o.s.frv. Hefur verið leitað til frjálsra félagasamtaka eins og Barnaheilla með samvinnu um kynningu á barnasáttmálanum? Samtökin Barnaheill hafa lýst yfir vilja til samvinnu við stjórnvöld og innan samtakanna hefur safnast sérþekking á málefninu sem vert væri að nýta. Þá þyrfti að skoða mismunandi stöðu barna sem eiga undir högg að sækja, barna einstæðra foreldra, barna tekjulítilla foreldra, fatlaðra barna, barna sem búa í dreifbýli o.s.frv. Ljóst er að tekjulítið fólk hefur ekki ráð á að veita börnum sínum þá menntun sem aðeins er í boði utan skóla, svo sem tónlist, dans o.fl. Tekjulítið fólk hefur ekki efni á að greiða fyrir gæslu sem skólarnir bjóða nú fyrir börn utan skólatíma og því gengur stór hópur barna sjálfala hluta úr degi meðan foreldrar eru í vinnu. Við flutning málefna fatlaðra til sveitarfélaganna er æskilegt að komið verði á stofnun jafnréttismála fatlaðra til að koma í veg fyrir að fötluðum börnum verði mismunað eftir búsetu. Yfirvöld hér veita miklu minna fjármagn til barnaverndarmála en gert er annars staðar á Norðurlöndum þrátt fyrir að Íslendingar eigi hlutfallslega fleiri börn ef miðað er við sömu lönd.

Með fullgildingu barnasáttmálans skuldbinda íslensk yfirvöld sig til að tryggja íslenskum börnum öll réttindi samkvæmt sáttmálanum. Eins og fram hefur komið hafa verið stigin ákveðin skref í átt til réttarbótar. Tekið skal fram að samkvæmt íslenskum rétti fá alþjóðlegir samningar ekki sjálfkrafa lagagildi að landsrétti þótt þeir hafi verið fullgiltir, heldur eru þeir skuldbindandi að þjóðarétti. Sáttmálinn hefur ekki verið lögfestur á Íslandi og því er ekki hægt að beita honum beint fyrir íslenskum dómstólum. Samkvæmt almennum lögskýringarsjónarmiðum verða íslensk lög skýrð með hliðsjón af alþjóðalögum en íslensk lög ganga ávallt fyrir alþjóðalögum séu þau ósamrýmanleg. Því er mikilvægt að lögleiða sáttmálann í heild sinni og gera með því réttindum barna hér á landi hærra undir höfði en nú.

Fylgiskjal I.

Upplýsingar frá Hagstofu Íslands og úr bæklingunum Social tryghed i de nordiske lande. - 1993; 1994; 1995; 1996; 1997;1998. NOSOSKO, Nordisk Social-Statistisk Komité. Útg. 1995, 1996, 1997, 1998, 1999 og 2000.

Hlutfall íbúa 0–17 ára á Norðurlöndum af heildaríbúafjölda 1993–98.

Land	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Danmörk	21	21	21	21	21	21
Finnland	23	23	23	23	23	23
Ísland	29	29	29	29	30	28
Noregur	23	23	23	23	23	24
Svíþjóð	22	22	22	22	22	22
Þar af hlutfall 0–15 ára á Íslandi	26	26	26	26	26	25

Útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum sem renna til fjölskyldna og barna árin 1993–98 (hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu).

Land	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Danmörk	4	4	4	4	4	4
Finnland	5	5	4	4	4	3
Ísland	2	2	2	2	2	2
Noregur	4	4	4	4	3	4
Svíþjóð	6	6	4	4	4	4

Útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum sem renna til fjölskyldna og barna í jafnvirðisgildum á íbúa árin 1995–98.

Land (upphæðir í eku)	1995	1996	1997	1998
Danmörk	768	832	866	835
Finnland	651	638	687	636
Ísland	431	462	506	480
Noregur	747	740	861	800
Svíþjóð	708	662	732	688

Útgjöld til dagvistarmála á Norðurlöndum (leikskólar, skóladagheimili og dagmæðragæsla) í jafnvirðisgildum á íbúa árin 1995–98.

Land (upphæðir í eku)	1995	1996	1997	1998
Danmörk	296	338	367	383
Finnland	166	187	209	204
Ísland	120	138	159	171
Noregur	175	183	209	171
Svíþjóð	250	255	293	282

Útgjöld til barnaverndarmála á Norðurlöndum (hluti af útgjöldum til félags- og heilbrigðismála) í jafnvirðisgildum á íbúa árin 1995–98.

Land (upphæðir í eku)	1995	1996	1997	1998
Danmörk	79	90	101	107
Finnland	17	20	22	22
Ísland	21	26	33	38
Noregur	19	20	25	22
Svíþjóð	42	41	56	56

Fylgiskjal II.

Íbúar 0–17 ára á Norðurlöndum 1993–98.



Útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum 1993–98.



116. Tillaga til þingsályktunar [116. mál]

um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Ólafur Örn Haraldsson, Drífa Hjartardóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Magnús Stefánsson, Kjartan Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram rannsókn og úttekt á ástandi eigna á öllum helstu jarðskjálftasvæðum á Íslandi. Rannsóknin fari fram á næstu tíu árum og markmið hennar verði að efla varnir og viðbúnað gegn jarðskjálftum þar sem meginähersla verði lögð á að fyrirbyggja manntjón og draga úr slysum, sem og að lágmarka skemmdir á byggingum, tæknikerfum og innanstokksmunum. Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi hafi yfirumsjón með verkinu. Strax að lokinni úttekt á fyrsta svæði sem rannsakað verður skulu niðurstöður birtar og ákveðið hvernig staðið verði að því að bæta eða kaupa þær eignir sem teljast varhugaverðar með tilliti til mögulegs tjóns af völdum jarðskjálfta. Kostnaður við verkið greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þann 17. og 21. júní síðastliðið sumar urðu tveir öflugir jarðskjálftar á Suðurlandi með tilheyrandi eftirskjálftum. Fyrri jarðskjálftinn sem átti upptök sín í Holtum var um 6,6 á Richter, en sá síðari með upptök nálægt Hestfjalli var af stærðinni 6,5 á Richter.

Báðir þessir jarðskjálftar ollu töluverðu tjóni á íbúðarhúsnæði og öðrum mannvirkjum. Nú þegar hefur verið tilkynnt um 1.800 tjón. Tjón þessi eru að sjálfsögðu mismunandi mikil. Nokkur hús sem skemmdust mjög mikið hafa verið dæmd ónýt, en önnur sem einnig eru mikið skemmd hafa verið dæmd viðgerðarhæf. Þá var einnig um að ræða verulegt tjón á innbúi, vöru og framleiðslu fyrirtækja ásamt óbeinu tjóni sem ekki fellur beint undir tryggingar. Telja verður einstakt lán að ekki urðu umtalsverð slys á fólki í þessum öflugu jarðskjálftum.

Í flestum tilvikum voru það eldri hús og byggingar sem fóru illa, en einnig hús sem staðsett voru nálægt upptökum skjálftanna. Vegna fjarlægðar frá upptökum sluppu ýmsir stórir þéttbýliskjarnar á vestanverðu Suðurlandi við verulegar skemmdir á húsnæði. Öflugir jarðskjálftar hafa orðið á Suðurlandi á undanförnum árum þótt þeir næðu ekki sömu stærð og skjálftarnir í sumar. Sagan og staðfestar mælingar sýna að jarðskjálftar geta orðið enn stærri en þeir sem urðu í júní sl. og verulegar líkur eru taldar á því að þessari skjálftahrinu á Suðurlandi sé ekki lokið. Búast má við stórum skjálfta í Flóa eða Ölfusi innan skamms tíma og þá við eða nálægt stórum þéttbýlissvæðum.

Suðurland er ekki eina virka jarðskjálftasvæðið. Nægir að minna á Norðurland þar sem stórir skjálftar gætu ógnað byggð á stórum svæðum.

Það er eðlilegt í kjölfar þeirra jarðskjálfta sem urðu í sumar og þeirra jarðskjálfta sem þekktir eru að menn leiði hugann að því hvernig efla má varnir og viðbúnað gegn jarðskjálftum.

Tillaga þessi gerir ráð fyrir að gerð verði heildarúttekt á mannvirkjum á öllum þekktum jarðskjálftasvæðum á landinu þar sem búast má við stökum jarðskjálftum, með það að markmiði að niðurstöður slíkrar úttektar yrðu nýttar til þess að fyrirbyggja manntjón, draga úr slysum og lágmarka skemmdir á byggingum, innanstokksmunum og tæknikerfum. Tillagan gerir ráð fyrir að Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi hafi yfirumsjón með verkefninu og að kostnaður vegna þess verði greiddur úr ríkissjóði. Í fram-

haldi af þessari vinnu verði einnig tekin ákvörðun um hvernig staðið verði að því að kaupa eða bæta þær eignir sem teljast varhugaverðar með tilliti til tjóns af völdum jarðskjálfta.

Mikil vinna hefur verið lögð í að meta það tjón sem varð í jarðskjálftunum 17. og 21. júní sl. og er sú vinna vel á veg komin. Þar er um að ræða mat á tjóni í samræmi við þau lög og reglugerðir sem gilda um Viðlagatryggingu Íslands. Í þessari vinnu hefur berlega komið í ljós að nauðsynlegt er fyrir Alþingi að taka til endurskoðunar lög um Viðlagatryggingu og aðra löggjöf sem málið varðar og einnig þær viðmiðanir sem hafðar eru að leiðarljósi, svo sem gildandi brunabótamat sem reynst hefur mjög ótryggur grunnur til að byggja matsniðurstöður á. Þá er langt í frá að Viðlagatryggingu Íslands sé ætlað að standa undir öllu því tjóni sem varð og því má reikna með að enn sé um óleystan vanda að ræða hjá mörgum þeim sem urðu fyrir tjóni í Suðurlandsskjálftunum. Þann vanda þarf að leysa og einnig að koma til móts við þau sveitarfélög þar sem tjónin urðu hvað mest. Þau hafa óhjákvæmilega borið mikinn kostnað vegna þessara náttúruhamfara. Margir urðu fyrir óbætanlegu tjóni, en það er mjög mikilvægt að allir þeir aðilar sem urðu fyrir fjárhagslegu tjóni fái það bætt með þeim hætti að enginn verði verr settur fjárhagslega en fyrir skjálftana.

Það má draga mikinn lærdóm af jarðskjálftunum sem urðu í sumar og þegar hefur Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi tekið saman skýrslu um skjálftana og afleiðingar þeirra. Einnig býr mikil vitneskja hjá sveitarfélögum, matsmönnum Rauða krossins, Slysavarnafélaginu Landsbjörg og fleiri aðilum. Þessari vitneskju þarf að sjálfsögðu að safna saman.

Mjög mismunandi er hvernig húsum og innbúi reiddi af í jarðskjálftunum. Nokkur hús skemmdust mikið og hafa verið dæmd ónýt, önnur hús í næsta nágrenni við mesta skjálftasvæðið virðast vera lítið sem ekkert skemmd. Sama máli gegnir um innbú í húsum; víða varð stórtjón en á öðrum stöðum var komið í veg fyrir verulegt tjón með fyrirbyggjandi ráðstöfunum. Þessi lýsing á við þekkt tjón en einnig má reikna með að í nokkrum tilvikum sé líklegt að skemmdir hafi orðið á innviðum húsa án þess að þær hafi enn komið í ljós eða að mannvirki eigi eftir að skemmast vegna ýmiss konar röskunar sem varð í skjálftunum. Sem dæmi má nefna að vitað er að víða varð sig á jarðvegi við hús og líkur eru á að einnig geti hafa orðið sig á fyllingum undir gólfplötum og jafnvel undir sökklum húsa. Við slíkar aðstæður verða gjarnan skemmdir á lögnum undir húsum og við þau, auk þess sem sökklar og gólfplötur geta farið að síga og brotna á næstu mánuðum eða árum. Í timburhúsum gætu þéttingar hafa rofnað þannig að þau verði óþétt í vindi og kaldari, eða að raki fari að safnast í grindur og húsin að fúna. Nauðsynlegt er að ganga úr skugga um hvort slíkar duldar skemmdir hafa orðið, bæði til að unnt verði að gera við húsin ef þess er kostur og einnig til að eyða röngum grunsemdum ef ekkert er að.

Mikilvægt er að á næstu árum verði unnið rétt og skipulega að undirbúningi jarðskjálftavarna. Liður í því er að nýta þá vitneskju sem fékkst í sumar um eðli og afleiðingar jarðskjálfta. Þar verður að forðast allar öfgar og má hvorki stinga höfðinu í sandinn og vona að nú sé þetta búið í bili og ekkert þurfi að gera né ganga of langt í varkárni og öryggiskröfum. Jarðskjálftar á Íslandi eru staðreynd sem nauðsynlegt er að búa sig undir af skynsemi og af varkárni. Til þess þarf að draga almennan lærdóm af nýliðnum skjálftum og koma þeim upplýsingum á skipulegan hátt til almennings. Þar sem enn eru taldar verulegar líkur á að stórir jarðskjálftar verði innan tíðar á Suðurlandi þarf að hefjast handa strax.

Gera þarf með skipulegum hætti úttekt á því svæði þar sem skjálftarnir urðu í sumar og nýta þá þekkingu til forvarna. Þá þarf einnig að gera úttekt á öllum byggingum á Suðurlandi þar sem búast má við að stórir skjálftar verði þannig að hægt verði að grípa til ráðstafana sem mögulegar eru til að lágmarka það tjón sem kann að verða.

Í framhaldi þarf síðan að fara í skipulega úttekt á öllum þekktum jarðskjálftasvæðum á landinu og gera áhættugreiningu. Á grundvelli slíkrar áhættugreiningar mætti síðan flokka byggingar í áhættuflokka.

Þær upplýsingar væri síðan hægt að nota til að forgangsraða endurnýjun eða endurbótum á byggingum, setja fram hönnunarreglu og leiðbeiningar um forvarnir. Í þessari könnun verði sérstök áhersla lögð á t.d. íbúðarhúsnæði, skóla, leikskóla, sjúkrahús, dvalarheimili og annað húsnæði sem daglega hýsir margt fólk.

Af fenginni reynslu er augljóst að á þekktum jarðskjálftasvæðum er húsnæði sem þarf að afskrifa eða styrkja. Slíkt hefur að sjálfsögðu í för með sér kostnað sem ekki er hægt að velta alfarið yfir á eigendur þess.

Eðlilegt er að strax að lokinni ítarlegri úttekt á fyrsta hluta þess landsvæðis sem gerð yrði úttekt á verði ákveðið hver beri kostnað af niðurrifi eða endurbótum á hættulegu húsnæði. Þar má t.d. hugsanlega víkka hlutverk ofanflóðasjóðs og styrkja þannig að um verði að ræða sjóð vegna allra náttúruhamfara og hann eigi að bera kostnað af verkefnum eins og þessum.

Þá má nýta úttekt eins og þá sem tillagan gerir ráð fyrir til vinnu við leiðbeiningar um hvernig ganga þarf frá innanstokksmunum svo að öryggi íbúa sé sem best tryggt.

Þá er ekki síður mikilvægt að nota þá þekkingu sem fæst til að setja reglur hvað varðar hönnun bygginga.

Af framansögðu má ljóst vera að verkefnið sem tillaga þessi felur í sér er viðamikið og tímafrekt. Það krefst einnig sérþekkingar á mörgum sviðum, en þó ekki síst á sviði jarðskjálftaverkfræði. Slík sérfræðiþekking er til staðar í Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands á Selfossi, en starfsmenn miðstöðvarinnar hafa sýnt og sannað hæfni sína við að takast á við verkefni eins og þau sem hér um ræðir og nægir í þeim efnum að benda á þær skýrslur sem frá Rannsóknarmiðstöðinni hafa komið. Markmið Rannsóknarmiðstöðvarinnar er að sinna rannsóknum, þróunarverkefnum og ráðgjöf á sviði jarðskjálftaverkfræði og skyldra greina.

Með því að fela Rannsóknarmiðstöðinni leiðandi hlutverk í þeim verkefnum sem tillagan gerir ráð fyrir mun verða stigið stórt skref til að efla varnir og viðbúnað gegn jarðskjálftum og til að bæta öryggi íbúa landsins.

Fylgiskjal I.

Ragnar Sigbjörnsson:

Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði.

(3. október 2000.)

Inngangur.

Jarðskjálftaverkfræði (*earthquake engineering*) er ört vaxandi fræðigrein. Meginástæðu þess má rekja til þess tjóns sem jarðskjálftar valda á ári hverju um heim allan svo og viðleitni manna til þess að draga úr því. Þrátt fyrir síauknar rannsóknir á alþjóðavettvangi virðist enn nokkuð langt í land með að ásættanlegur árangur hafi náðst varðandi skilning á eðli og eiginleikum jarðskjálfta og áhrifum þeirra. Árlega er þó varið miklum fjármunum til rannsókna á sviði jarðskjálftaverkfræði í helstu jarðskjálftalöndum heims.

Rannsóknir á sviði jarðeðlisfræði, hér með talin jarðskjálftafræði (*seismology*), hafa verið stundaðar hérlendis um langt árabil og ber rannsóknir á Raunvísindastofnun Háskólans þar hæst, svo og mælingar Veðurstofu Íslands hin síðari ár. Í jarðskjálftafræðinni er aflað upplýs-

inga um innri gerð jarðarinnar og eðli jarðskjálfta með túlkun og greiningu jarðskjálftarita.[1] Jarðskjálftaverkfræði fjallar hins vegar um eðli og áhrif jarðskjálfta á mannlegt samfélag í víðum skilningi. Í grófum drættum má skipta áhrifunum í þrennt:

- *félagsleg áhrif* (social effects),
- *eðlislæg áhrif* (physical effects) og
- *efnahagsleg áhrif* (economical effects).

Enn fremur er venja að skipta hverjum þessara þátta í tvennt, þ.e. *bein áhrif*, sem eru samfara því að jarðskjálftar ríða yfir, og *afleidd áhrif*, sem fylgja í kjölfar þeirra. Einfaldað yfirlit yfir þessa áhrifaþætti er sett fram í töflu 1. Hversu mikil og varanleg áhrifin á samfélagið verða tengist því hversu *auðsært* (vulnerable) samfélagið er og hversu vel eða illa það er búið undir að mæta afleiðingum jarðskjálfta. Í þessu sambandi vegur þungt skipulag, hönnun og rekstur mannvirkja og tæknikerfa á jarðskjálftasvæðum, áhættugreining og áhættustjórnun. Rannsóknum á þessu fræðasviði hefur hins vegar lítið verið sinnt hérlendis ef undan eru skildar þær rannsóknir sem stundaðar hafa verið við verkfræðideild Háskóla Íslands og nú hin síðari ár á Verkfræðistofnun Háskóla Íslands, Aflfræðistofu. Sú starfsemi hefur nú verið flutt í Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi. Hornsteinn þessara rannsókna eru mælingar Rannsóknarmiðstöðvarinnar á hröðun yfirborðs jarðar og hreyfingum mannvirkja í jarðskjálftum. Þessar mælingar eru einu mælingar af þessari tegund hérlendis. Meðal mannvirkja má nefna byggingar, brýr og orkuver.

Á seinni árum hefur verið lögð mikil áhersla erlendis á söfnun upplýsinga um hreyfingar yfirborðs jarðar í stórum jarðskjálftum. Mælingar á hröðun hafa að sjálfsögðu sérstaka þýðingu fyrir hvers konar verkfræðilegar þarfir. Slíkar upplýsingar eru núorðið geymdar í gagnabönkum þar sem þær eru aðgengilegar fyrir notendur. Mælingar Rannsóknarmiðstöðvarinnar eru hluti slíks gagnabanka sem er *Database of European Strong Ground-Motion Recordings*.[2]

[1] Aki & Richards: *Quantitative Seismology – Theory and Methods*, Freeman and Co., San Fransico, 1980.
[2] N. N. Ambraseys: EAEE Working Group on Strong Motion Records and Data Analysis, *The Bulletin of the European Association for Earthquake Engineering*, Vol. 15, No. 2, 1996.

Tafla 1. Einfaldað yfirlit yfir helstu áhrif jarðskjálfta.

	Félagsleg áhrif	Eðlislæg áhrif	Efnahagsleg áhrif
Bein áhrif	• dauðsföll • meiðsl • tekjutap, glötuð atvinnutækifæri • fólk verður heimilislaust	• skemmdir á landi og undirstöðum mannvirkja • skemmdir og hrun burðarvirkja bygginga og kerfa • skemmdir á búnaði bygginga og kerfa	• truflun viðskipta vegna skemmdra bygginga og þjónustukerfa • tap virks vinnuafls vegna dauðsfalla, meiðsla og hjálparstarfs • fjárútlát vegna viðbragða og hjálparstarfs
Afleidd áhrif	• sjúkdómar og varanleg örorka • sálræn áhrif vegna meiðsla, ástvinamissis og losts • röskun félagslegra tengsla vegna samfélagslegrar upplausnar • stjórnmálalegur óróleiki þar sem viðbrögð yfirvalda eru talin vera ófullnægjandi	• stigvaxandi skemmdir laskaðra bygginga og kerfa sem ekki er gert við á fullnægjandi hátt	• skaði sem lendir á tryggingafélögum veikir tryggingamarkaðinn og hækkar iðgjöld • tap markaða og viðskiptamöguleika vegna skammtímaviðskiptatruflana • fjárútlát vegna viðgerða, endurhæfingar, læknishjálpar og félagslegrar aðstoðar

Markmið þeirra rannsókna á sviði jarðskjálftaverkfræði sem stundaðar eru á vegum Rannsóknarmiðstöðvar í jarðskjálftaverkfræði er öflun nýrrar þekkingar til þess að auka skilning á eðli jarðskjálfta og áhrifum þeirra á byggingar og tæknikerfi, svo og íslenskt samfélag. Markmiðið er öðru fremur að bæta verkfræðilegar hönnunarforsendur mannvirkja hérlendis og að skapa raunhæfan grundvöll fyrir áhættugreiningu og áhættustjórnun. Til þess að ná þessu markmiði er unnið kerfisbundið að því að þróa tölvulíkön sem lýsa áhrifum jarðskjálfta á mannvirki og samræmast niðurstöðum áðurnefndra mælinga. Síðast en ekki síst er rétt að undirstrika þýðingu þessara rannsókna sem grundvöll bættrar verkfræðikennslu við Háskóla Íslands.

Þess ber að geta að þessar rannsóknir hafa vakið athygli erlendis og hafa leitt til aukins samstarfs við erlenda háskóla. Hérlendis hafa niðurstöður þessara rannsókna einkum verið hagnýttar við hönnun stærri mannvirkja og við varnir og viðbúnað gegn jarðskjálftum.

Yfirlit yfir helstu rannsóknir.

Eins og áður er vikið að hafa rannsóknir á sviði jarðskjálftaverkfræði verið stundaðar á Aflfræðistofu Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands um árabil. Nú hefur þessi rannsóknarstarfsemi verið flutt á Selfoss í Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði. Þýðing þess að

staðsetja miðstöð slíkra rannsókna í bæ á virku jarðskjálftasvæði er ótvíræð. Gerð hefur verið grein fyrir framvindu þessara rannsókna í tímaritsgreinum og bókum sem birst hafa reglulega hin síðari ár (sjá ritaskrá á heimasíðu[3]). Yfirlit yfir helstu viðfangsefni er að finna í greininni *An overview on strong motion research in Iceland.*[4] Til þess að gera rannsóknirnar markvissari var sett fram aukin og endurbætt rannsóknaráætlun fyrir tímabilið 1998–2000. Unnið hefur verið eftir þessari áætlun og framvinda verið ásættanleg. Þessi áætlun fylgir hér á eftir í styttri útgáfu. Hún skiptist í þrjá meginhluta:

- *Gagnaöflun.* – Lögð er áhersla á mælingar á hreyfingum (svörun) jarðar og mannvirkja í jarðskjálftum, enn fremur úrvinnslu og túlkun mælinganna sem og þróun og endurbætur á sviði mælitækni.
- *Líkanagerð og greining óvissu.* – Lögð er áhersla á gerð stærðfræðilegra líkana sem lýsa eðli og eiginleikum jarðskjálfta og áhrifum þeirra á mannvirki og tæknikerfi. Líkanagerðin byggist á áðurnefndum mælingum Rannsóknarmiðstöðvarinnar og mælingum erlendis frá sem notaðar eru til samanburðar. Greining óvissu fær sífellt aukið vægi þar sem fyrri rannsóknir hafa leitt í ljós að óvissu verður ekki eytt þrátt fyrir bætt gögn og betri stærðfræðilíkön. Unnið er að þróun aðferða sem gera það mögulegt að taka tillit til óvissunnar á raunhæfan hátt og meta áreiðanleika og öryggi mannvirkja og tæknikerfa á jarðskjálftasvæðum.
- *Áhættugreining, hönnun og forvarnir.* – Lögð er áhersla á að hagnýta þær niðurstöður sem hinn fræðilegi hluti gefur af sér til þess að þróa nýjar aðferðir sem miða að því að bæta hönnun mannvirkja og tæknikerfa, styrkja og treysta þau mannvirki sem þegar hafa verið byggð eftir því sem við á og síðast en ekki síst efla varnir og viðbúnað sem grundvallaður er á áhættugreiningu.

Hér á eftir er áætlunin sett fram í meginatriðum þannig að hægt er að sjá hverjir helstu verkþættirnir eru. Enn fremur fylgja stuttar útskýringar á því sem felst í hverjum þessara þátta.

Eðli og áhrif jarðskjálfta – rannsóknaráætlun 1998–2000.

1. **Gagnaöflun.**
   1.1 *Mælingar.* – Eins og áður er vikið að eru mælingar á yfirborðshröðun svo og hreyfingum mannvirkja í „stórum" jarðskjálftum hornsteinn jarðskjálftaverkfræðirannsókna. Á rannsóknartímabilinu hafa þessar mælingar verið efldar. Einnig er reynt að efla mælingar sem snúa að öflun gagna til kerfisgreiningar mannvirkja svo og könnun á staðbundnum áhrifum jarðskjálfta.[5]
   1.2 *Rekstur mælakerfa.* – Þessi verkþáttur skiptast í tvennt: (a) Rekstur landsnets (mælakerfis sem spannar helstu jarðskjálftasvæði Íslands og er einkum lögð áhersla á þéttbýlissvæði og þýðingarmikil mannvirki), sem er langtímaverkefni, og (b) rekstur staðbundinna mælinga, sem er skammtímaverkefni.

---

[3] http://www.afl.hi.is.

[4] Ragnar Sigbjörnsson, Gunnar I. Baldvinsson, Símon Ólafsson, Óðinn Þórarinsson, Bjarni Bessason: An overview on strong motion research in Iceland, *Polytechnica – Earthquake Engineering*, **1**, 1998.

[5] Í jarðskjálftunum 17. og 21. júní 2000 náðust einstæðar mælingar sem nálega tvöfalda gögn um hröðun í jarðskjálftum hérlendis. Ekki er búið að vinna úr þessum gögnum enn þannig að fullnægjandi sé. Gerð hefur verið grein fyrir helstu niðurstöðum í skýrslu: Ragnar Sigbjörnsson o.fl.: *Jarðskjálftar á Suðurlandi 17. og 21. júní 2000*, Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði, Háskóli Íslands, skýrsla nr. 00001, Selfoss 2000.

1.3 *Endurnýjun og þróun.* – Nauðsynlegt er að standa vel að endurnýjun og þróun þeirra mælikerfa sem Rannsóknarmiðstöðin rekur og á það bæði við um nema, vélbúnað og hugbúnað. Aukin áhersla er lögð á sjálfvirkni og hugbúnaðargerð, ásamt endurnýjun á eldri vélbúnaði.

1.4 *Sögueg gögn.* – Aukin áhersla er lögð á úrvinnslu gagna um sögulega jarðskjálfta og þá sérstaklega til að meta það tjón sem þeir hafa valdið. Sérstök áhersla hefur verið lögð á mælda jarðskjálfta á tímabilinu 1896–1995.[6]

1.5 *Úrvinnsla gagna.* – Unnið er úr nýjum mælingum ásamt því að úrvinnsla eldri mælinga er endurskoðuð eftir því sem nauðsyn krefur. Við úrvinnslu nýrra gagna er reynt að auka alla sjálfvirkni þannig að upplýsingar um jarðskjálfta liggi fyrir sem fyrst. Brýnt er að samræma mat á stærð jarðskjálfta og er því verki nú að mestu lokið.[7]

1.6 *Gagnasafnskerfi.* – Lögð verður aukin áhersla á að bæta og þróa gagnasafnskerfi Rannsóknarmiðstöðvarinnar fyrir hvers konar jarðskjálftagögn.

1.7 *Miðlun og alþjóðleg samskipti.* – Rannsóknarmiðstöðin tekur virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi um miðlun og úrvinnslu gagna.[8]

2. **Líkanagerð og greining óvissu.**

2.1 *Kerfisgreining.* – Áhersla er lögð á kerfisgreiningu (*system identification*) sem lið í líkanasmíði. Bæði er fjallað um burðarkerfi mannvirkja en einnig búnaði (*secondary systems*).[9]

2.2 *Mat á kennistærðum.* – Nauðsynlegt er að skilgreina betur hvaða breytur er heppilegt að líta á sem grunnbreytur (*basic variables*) við líkanasmíði, ákvarða hvaða (líkindafræðilegu) eiginleikar tengjast þeim og hverjar eru kennistærðir þeirra.

2.3 *Jarðskjálftalíkön.* – Sérstök áhersla er lögð á að ganga frá upptakalíkani (*source model*) fyrir íslenska jarðskjálfta.[10]

2.4 *Greining staðbundinna áhrifa.* – Rannsókn sem lokið var á þessu ári leiddi í ljós að staðbundin áhrif móta svörun yfirborðs á afgerandi hátt á vissum stöðum. Nauðsynlegt er að efla rannsóknir á slíkum áhrifum þar sem um umtalsverða mögnun hreyfingar getur verið að ræða, jafnvel fyrir staði þar sem undirstaðan er flokkuð sem

---

[6] N. Ambraseys, R. Sigbjörnsson: *Re-appraisal of the seismicity of Iceland*, Earthquake Engineering Research Centre, Selfoss 2000 (í prentun).

[7] N. Ambraseys, R. Sigbjörnsson (sjá nmgr. 6).

[8] Rannsóknarmiðstöðin er þátttakandi í Evrópuverkefni á þessu sviði. Samstarfsaðilar eru auk hennar Imperial College í London, Háskólinn í Trieste á Ítalíu og grísk stofnun í Þessaloníki sem hefur umsjón með hröðunarmælingum þar í landi. Af hálfu Rannsóknarmiðstöðvarinnar er rannsóknunum stjórnað af Ragnari Sigbjörnssyni.

[9] Rannsóknarmiðstöðin er þátttakandi í Evrópuverkefni á þessu svið og er rannsóknunum stjórnað af Jónasi Þór Snæbjörnssyni.

[10] Hér ber sérstaklega að nefna doktorsrit Símonar Ólafssonar, en þar er meðal annar fjallað um slík líkön og hagnýtingu þeirra: Símon Ólafsson: *Estimation of Earthquake-Induced Response*, (doktorsrit), Norwegian University of Science and Technology, Trondheim 1999. Sjá einnig: Símon Ólafsson, Ragnar Sigbjörnsson: A theoretical attenuation model for earthquake-induced ground motion, *Journal of Earthquake Engineering*, Vol. 3, No. 3, 1999.

klöpp. Mælingar hafa einnig leitt í ljós að nálægt upptökum geta áhrif verið mun meiri en almennt er gert ráð fyrir.[11] Þetta kallar einnig á nánari rannsóknir og líkanasmíð.

2.5 *Mannvirkjalíkön.* – Nauðsynlegt er að vinna áfram að þróun stærðfræðilegra líkana fyrir byggingar og tæknikerfi. Áhersla er lögð á ólínuleg líkön svo og líkön sem lýst geta hruni bygginga, enn fremur líkön sem lýsa samspili undirstöðu og mannvirkis.[12]

2.6 *Jarðskjálftasvörun.* – Áhersla er lögð á svörunarróf og aðferðir til þess að taka tillit til óvissu.

2.7 *Greining öryggis og áreiðanleika.* – Unnið er að þróun heildstæðrar aðferðar til þess að meta öryggi bygginga og tæknikerfa, þ.m.t. hvers konar húsbúnaður og innanstokksmunir, á jarðskjálftasvæðum.

3. **Áhættugreining, hönnun og forvarnir.**

3.1 *Greining jarðskjálftavár.* – Unnið er að gerð válíkans fyrir Ísland.

3.2 *Greining á skemmdum og þoli mannvirkja.* – Unnið er áfram að því að setja fram vísitölur til þess að meta skemmdarstig bygginga sem mælikvarða á nerti (*vulnerability*).[13] Unnið verður frekar úr tiltækum gögnum.[14]

3.3 *Tjóna- og áhættumat.* – Settar verða fram hagnýtar leiðbeiningar um hvernig hægt er að framkvæma tjónamat. Unnið verður áfram að hugbúnaði til þess að gera áhættu- og tjónamat og stefnt að því að hann verði aðgengilegur verkfræðingum, almannavarnafólki og öðrum þeim sem koma að jarðskjálftamálum.

3.4 *Hönnunaraðferðir.* – Settar verða fram hagnýtar leiðbeiningar fyrir hönnuði og skipulagsfræðinga.[15]

3.5 *Styrking mannvirkja og einangrun gegn jarðskjálftum.* – Settar verða fram hagnýtar ábendingar um hvernig hægt er að styrkja mannvirki á jarðskjálftasvæðum,[16] enn fremur hvernig hægt er að auka þol mannvirkja með þar til gerðri „jarðskjálftaeinangrun“ (*seismic base isolation*).[17]

3.6 *Fræðsla og fyrirbyggjandi aðgerðir.* – Lögð er áhersla á kynningu og fræðslu um fyrirbyggjandi aðgerðir fyrir almannavarnafólk, sveitarstjórnarmenn, skipulagsfræðinga, hönnuði og almenning.[18]

---

[11] Þetta var staðfest á mjög afgerandi hátt í jarðskjálftunum 17. og 21. júní 2000: Ragnar Sigbjörnsson o.fl.: *Jarðskjálftar á Suðurlandi 17. og 21. júní 2000*, Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði, Háskóli Íslands, skýrsla nr. 00001, Selfoss 2000.

[12] Reynsla frá jarðskjálftunum 17. og 21. júní 2000 sýnir ótvírætt að þetta er mjög brýnt verkefni. Rannsóknarmiðstöðin er aðili að Evrópuverkefni á þessu sviði sem miðar meðal annars að því að gera tilraunir í rannsóknarstofu.

[13] Ragnar Sigbjörnsson, Sólveig Ragnarsdóttir: *Varnir og viðbúnaður gegn jarðskjálftum – Úrvinnsla gagna*, Verkfræðistofnun Háskóla Íslands, skýrsla nr. 99005, Reykjavík 1999.

[14] Þau gögn sem aflað var í jarðskjálftunum 17. og 21. júní 2000 og í kjölfar þeirra skapa mikla möguleika á því að tengja saman skemmdarstig og mælda áraun á raunhæfari hátt en áður hefur verið mögulegt.

[15] Reynsla frá jarðskjálftunum 17. og 21. júní 2000 sýnir ótvírætt að þetta er mjög brýnt verkefni.

[16] Reynsla frá jarðskjálftunum 17. og 21. júní 2000 sýnir ótvírætt að þetta er mjög brýnt verkefni.

[17] Fjallað er um þetta viðfangsefni í doktorsriti Bjarna Bessasonar. Þar er gerð ítarleg grein fyrir notkun slíkra aðferða til þess að auka þol brúa: Bjarni Bessason: *Assessment of earthquake loading and response of seismically isolated bridges*, (doktorsrit), The Norwegian Institute of Technology, Trondheim 1992.

[18] Reynsla frá jarðskjálftunum 17. og 21. júní 2000 sýnir ótvírætt að þetta er mjög brýnt verkefni.

3.7 *Viðbúnaður og viðbrögð.* – Settar verða fram leiðbeiningar um viðbúnað og viðbrögð gegn jarðskjálftum.[19,20]

Jarðskjálftar 17. og 21. júní 2000 – ný viðfangsefni.

Þann 17. og 21. júní 2000 urðu tveir miklir jarðskjálftar á Suðurlandi.[21] Fyrri jarðskjálftinn átti upptök í Holtum og var af stærðinni 6,6 en síðari jarðskjálftinn var 6,5 að stærð og voru upptök hans nálægt Hestfjalli. Engin lést í jarðskjálftunum og fólk varð ekki fyrir umtalsverðum meiðslum nema í fáum tilvikum. Jarðskjálftarnir ollu hins vegar miklu andlegu álagi og áföllum hjá ungum sem öldruðum. Tjón á mannvirkjum var mikið þótt íbúðarhús hryndu ekki til grunna eða legðust saman. Þó fóru mörg hús illa og urðu óíbúðarhæf, einkum eldri byggingar og illa byggð hús sem voru nálægt upptökunum. Ljóst er að þessi hús eru nú verr búin en áður til þess að standast nýja jarðskjálfta. Sömuleiðis er ljóst að ef jarðskjálftarnir hefðu verið stærri eða staðið lengur yfir hefði mátt búast við því að mörg þessara húsa hefðu hrunið og skapað aukna hættu á manntjóni. Ýmsir stórir þéttbýliskjarnar á vestanverðu Suðurlandi sluppu þó býsna vel í þessum jarðskjálftum og þá fyrst og fremst vegna fjarlægðar frá upptökum þeirra. Mælingar sýna að jarðskjálftar á Suðurlandi geti orðið enn stærri en skjálftarnir í sumar. Jarðskjálftar geta einnig átt upptök vestar á Suðurlandsundirlendinu, nær ýmsum stórum þéttbýliskjörnum. Þá má benda á að þótt þessir jarðskjálftar hafi orðið á Suðurlandi má ekki gleyma því að annað virkt jarðskjálftasvæði er á Norðurlandi. Þar geta stórir jarðskjálftar ógnað byggð á stórum svæðum. Hér má nefna bæina Kópasker, Húsavík, Hvammstanga, Dalvík, Ólafsfjörð og jafnvel Sauðárkrók.

Í kjölfar slíkra hamfara er rétt að endurskoða rannsóknaráætlanir og huga að nýjum viðfangsefnum þar sem varnir og viðbúnaður gegn jarðskjálftum er hafður í fyrirrúmi. Hér er lagt til að eftirfarandi markmið verði höfð að leiðarljósi:

Að efla varnir og viðbúnaði gegn jarðskjálftum þar sem meginhersla er lögð á að fyrirbyggja manntjón, draga úr slysum og lágmarka skemmdir á byggingum, tæknikerfum og innanstokksmunum. Með þessu er stefnt að því að auka andlega vellíðan fólks á jarðskjálftasvæðum og bæta lífsgæði, þó þannig að þjóðhagsleg hagkvæmni sitji í fyrirrúmi.

Til að ná þessum markmiðum er nauðsynlegt að fram fari nákvæm greining á því tjóni sem varð í jarðskjálftunum nú í sumar. Jafnframt verði unnið nánar úr þeim einstæðu mælingum sem náðust á mælakerfi Rannsóknarmiðstöðvar Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi og mæld áhrif og tjón (skemmdarstig) tengd saman. Gerð verði áhættugreining sem nær til allra jarðskjálftasvæða landsins. Á grundvelli hennar verða byggingar síðan flokkaðar í áhættuflokka. Þessar upplýsingar verða síðan nýttar til þess að forgangsraða endurnýjun bygginga og setja fram hönnunarreglur og leiðbeiningar til stjórnvalda og almennings. Leggja ber áherslu á íbúðarhúsnæði, skóla og dvalarheimili.

Reynslan af jarðskjálftunum í sumar sýnir að það eru eldri hús, ákveðnar byggingargerðir og illa byggð hús sem eru líklegust til þess að valda slysum og manntjóni á jarðskjálftasvæð-

---

[19] Reynsla frá jarðskjálftunum 17. og 21. júní 2000 sýnir ótvírætt að þetta er mjög brýnt verkefni.

[20] Ragnar Sigbjörnsson, Bjarni Bessason, Þorsteinn Ingi Sigfússon, Þórður Sigfússon: Earthquake risk mitigation in South Iceland, *Proceedings of the Eleventh European Conference on Earthquake Engineering*, Editors: P. Bisch, P. Labbé, A. Pecker, Balkema, Rotterdam, 1998. Í þessari grein er fjallað um SEISMIS-verkefnið og niðurstöður þess.

[21] Ragnar Sigbjörnsson o.fl.: *Jarðskjálftar á Suðurlandi 17. og 21. júní 2000*, Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði, Háskóli Íslands, skýrsla nr. 00001, Selfoss 2000.

um. Þá hefur einnig verið bent á að slíkar byggingar eru þjóðhagslega óhagkvæmar. Til þess að bæta ástandið hvað þetta varðar þarf hugsanlega að farga eða afskrifa sum þessara húsa og styrkja önnur. Reynslan sýnir einnig að traustur frágangur innanstokksmuna er lykilatriði til að draga úr slysum og manntjóni. Þetta á einkum við um þær vistarverur þar sem fólk dvelur mest, t.d. svefnherbergi, sjónvarpskróka og borðkróka, svo og rými í skólum og á dvalarheimilum þar sem margir safnast saman. Í flestum tilfellum er hægt að ganga tryggilega frá innanstokksmunum án mikils tilkostnaðar. Hér skiptir mestu máli fræðsla og áróðursherferðir en einnig úttekt á húsnæði, t.d. úrtakskannanir. Myndrænar leiðbeiningar um frágang á innanstokksmunum eru gagnlegar í þessu sambandi. Slíkum leiðbeiningum er hagkvæmt að miðla með nýjustu upplýsinga- og tölvutækni. Mikilvægt er að allar nýbyggingar á jarðskjálftasvæðum séu hannaðar með tilliti til jarðskjálfta. Hægt er að bæta hönnun án þess að það hafi umtalsverð áhrif á byggingarkostnað. Jarðskjálftarnir í sumar gefa enn fremur ótvírætt tilefni til þess að endurskoða og bæta hönnunar- og álagsforsendur. Leggja ber áherslu á að miðla upplýsingum um hvernig æskilegt er að standa að frágangi og hönnun húsnæðis á jarðskjálftasvæðum þar sem nýtt er reynsla af jarðskjálftunum frá því í sumar, ásamt annarri reynslu af jarðskjálftum hérlendis sem erlendis. Hönnunarleiðbeiningar fyrir mannvirki á jarðskjálftasvæðum samdar fyrir íslenskar aðstæður bæta úr brynni þörf. Í þessu tilviki er einnig hægt að beita nýjustu upplýsinga- og tölvutækni til þess að ná fram skilvirkri miðlun.

Ljóst er að hér er á ferðinni umfangsmikið viðfangsefni sem krefst sérþekkingar á sviði jarðskjálftaverkfræði. Slík sérfræðiþekking er til staðar á Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi en starfsmenn miðstöðvarinnar hafa sýnt og sannað hæfni sína við að takast á við stór og flókin viðfangsefni á svið verkfræði. Starfsmarkmið miðstöðvarinnar er að sinna rannsóknum, þróunarverkefnum og ráðgjöf á sviði jarðskjálftaverkfræði og skyldra greina. Með því að fela Rannsóknarmiðstöðinni leiðandi hlutverk við að sinna framangreindum verkefnum er stigið stórt skref til eflingar vörnum og viðbúnaði gegn jarðskjálftum sem bætir lífsgæði fólksins í byggðum landsins og eflir þjóðarhag.

Fylgiskjal II.

Bréf Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga til ríkisstjórnar Íslands.

(Selfossi, 9. október 2000.)

Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 4. október sl., var eftirfarandi samþykkt gerð:

„Stjórn SASS skorar á stjórnvöld að fela Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi, á grundvelli greiningar á því tjóni sem varð í jarðskjálftunum í sumar, að gera áhættugreiningu sem nær til allra jarðskjálftasvæða landsins. A grundvelli hennar verði síðan svæði og byggingar flokkaðar í áhættuflokka. Þessar upplýsingar verði nýttar til þess að forgangsraða endurnýjun bygginga og setja fram hönnunarreglur og leiðbeiningar til stjórnar og almennings. Leggja ber áherslu á íbúðarhúsnæði, skóla og dvalarheimili. Jafnframt verði Rannsóknarmiðstöðinni falið að rannsaka eldri hús, ákveðnar byggingagerðir og illa byggð hús sem eru líkleg til að valda slysum og manntjóni á jarðskjálftasvæðum með það að markmiði að farga eða afskrifa sum þessara húsa og styrkja önnur.“

Á fundinum kom einnig fram sú eindregna skoðun að í kjölfar jarðskjálftanna þurfi að fara fram endurskoðun á ýmsum lögum og reglugerðum sem varða starfssvið Viðlagatryggingar og ofanflóðasjóðs með það að markmiði að útvíkka hlutverk þessara stofnana.

Samþykktinni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS

Þorvarður Hjaltason,
framkvæmdastjóri.

117. Tillaga til þingsályktunar [117. mál]

um umboðsmann aldraða.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Guðmundsson, Árni R. Árnason,
Katrín Fjeldsted, Drífa Hjartardóttir, Stefanía Óskarsdóttir,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stofna embætti umboðsmanns aldraðra sem sinni gæslu hagsmuna og réttinda aldraðra.

Greinargerð.

Með hliðsjón af þeim staðreyndum að Íslendingar verða elstir allra þjóða, að um 28.700 Íslendingar eru 67 ára og eldri og að hlutfall aldraðra af heildaríbúafjölda fer vaxandi er mikil nauðsyn á að stjórnvöld taki tillit til hagsmuna aldraðra þegar teknar eru ákvarðanir sem þá varða.

Mikinn hluta starfsævi sinnar eru einstaklingar að búa sig undir áhyggjulaust ævikvöld og taka þá mið af gildandi lögum og reglum um aldraða þegar lagt er í sameiginlega sjóði almannatrygginga og séreignarsjóði lífeyrissjóðanna. Því er nauðsynlegt að stöðugleika sé gætt í hvívetna hvað varðar fjárhagslega afkomu aldraðra. Í vaxandi mæli eru byggðar fyrir aldraða sérstakar íbúðir sem verða að fullnægja ákveðnum skilyrðum. Á því hefur því miður orðið misbrestur enda þótt löggjafinn hafi reynt að hafa þar nokkur áhrif á.

Fjöldi aldraðra á lögheimili sitt á dvalar- og hjúkrunarheimilum þar sem félagsleg og persónuleg vandamál geta skapast, jafnvel deilumál milli nánustu ættingja um fjármál og eignir. Oft þurfa forstöðumenn og starfsfólk að blanda sér í slík mál til að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna og því væri augljóslega léttir fyrir starfsfólk vist- og hjúkrunarheimila að geta vísað þeim til umboðsmanns.

Eftir því sem þeim fjölgar sem komast á eftirlaunaaldur vex þörfin fyrir sérhæfðari öldrunarþjónustu og allar líkur eru á að sama þróun verði hér og í öðrum löndum, að upp vaxi ný atvinnugrein sem leitast við að sinna þeim óskum aldraðra sem ekki er komið til móts við af hálfu hins opinbera. Löggjafanum ber að setja lagaramma um slíka starfsemi þar sem kveðið verði á um þau skilyrði sem einkaaðilum og opinberum aðilum, sem starfa að þessum málum, ber að uppfylla. Með heildarlöggjöf um umönnun aldraðra væri lagður grunnur að því að þeir sem kaupa öldrunarþjónustu fái þá þjónustu sem þeir vænta.

Umboðsmanni aldraðra væri einnig ætlað að vinna að málum sem snerta sérstaklega hagsmuni aldraðra, fylgjast með því að stjórnvöld og einkaaðilar tækju fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna aldraðra og setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur í málum er snerta hag aldraðra á öllum sviðum samfélagsins.

Einnig væri umboðsmanni aldraðra ætlað að hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu í samfélaginu um málefni aldraðra og stuðla að úrbótum á réttarreglum og stjórnsýslufyrirmælum sem snerta aldraða.

118. Frumvarp til laga [118. mál]

um breytingu á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Heimilt er að skrá kaupskip þurrleiguskráningu þegar aðilar skv. 1. mgr. hafa aðeins umráð skipsins með samningi og skilyrðum 1. mgr. um eignarhald er ekki fullnægt. Heimilt er að skrá skip með slíkum hætti til allt að fimm ára og framlengja skráningu í framhaldi af því um eitt ár í senn. Áður en óskað er slíkrar skráningar skal leggja fram upplýsingar um skipið, skráðan eiganda í frumskráningarríki og fulltrúa hans, leigutaka og leigutíma, ásamt upplýsingum um hvar skipið er frumskráð og kenninúmer skipsins (IMO-númer). Með umsókn um þurrleiguskráningu skal fylgja afrit þurrleigusamnings á íslensku eða ensku, staðfesting frá skipaskrá frumskráningarríkis um að skipið megi sigla undir fána annars ríkis á leigutímanum og útskrift úr skipaskrá frumskráningarríkis sem sýnir hver er skráður eigandi skipsins. Skip sem skráð er þurrleiguskráningu skal sigla undir íslenskum fána og skal uppfylla ákvæði íslenskra laga og reglna um eftirlit með skipum, þ.m.t. ákvæði um búnað skipa og mönnun þeirra. Veðbönd skips sem skráð er með þessum hætti skulu skráð í frumskráningarríki. Skip skráð þurrleiguskráningu skal afmáð af skipaskrá þegar:

a. þurrleigusamningur fellur úr gildi;
b. skilyrðum skráningar er ekki lengur fullnægt;
c. leigutaki óskar afskráningar;
d. skip hefur ekki lengur heimild frumskráningarríkis til að sigla undir fána annars ríkis og
e. 2.–5. tölul. 15. gr. á við um skipið.

Heimilt er að skrá kaupskip sem frumskráð er á íslenska skipaskrá þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá þegar skilyrðum 1. mgr. um eignarhald er fullnægt. Siglingastofnun er þó heimilt að ákveða að heimild þessi sé bundin við skipaskrár tiltekinna ríkja. Heimilt er að skrá skip með slíkum hætti til allt að fimm ára og framlengja skráningu í framhaldi af því um eitt ár í senn. Áður en óskað er slíkrar skráningar skal leggja fram upplýsingar um leigutaka og fulltrúa hans, ásamt upplýsingum um hvar eigi að skrá skipið þurrleiguskráningu. Með umsókn um slíka skráningu skal fylgja afrit þurrleigusamnings á íslensku eða ensku, staðfesting frá erlendri skipaskrá um að heimilt sé að skrá skipið þar þurrleiguskráningu og skriflegt samþykki frá veðhöfum um að skipið megi sigla undir erlendum fána. Skip, sem frumskráð er á íslenska skipaskrá og þurrleiguskráð á erlenda skipaskrá, siglir undir fána erlenda ríkisins og skal fylgja ákvæðum laga og reglna þess ríkis um eftirlit með skipum, þ.m.t.

ákvæðum um búnað skipa og mönnun þeirra. Veðbönd skips sem skráð er með þessum hætti skulu skráð hjá þinglýsingarstjórum hér á landi.

2. gr.

1. málsl. 10. tölul. 2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Fullt nafn og heimilisfang eigenda eða leigutaka samkvæmt 1. gr.

3. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Heimahöfn skráðs skips skal vera þar sem eigandi eða leigutaki samkvæmt 1. gr. ætlar því heimilisfang.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu. Tilgangur þess er að rýmka heimildir til að skrá kaupskip á íslenska skipaskrá. Þegar lög um skráningu skipa voru sett árið 1985 var ákvæði í 2. mgr. 1. gr. laganna sem heimilaði nokkurs konar þurrleiguskráningu. Þetta ákvæði var fellt brott með 24. gr. laga nr. 23/1991, um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl. Í lögskýringargögnum verður hins vegar ekki á nokkurn hátt séð að það hafi verið vilji löggjafans eða að þar væri greint á nokkurn hátt frá því hver tilgangur þess væri. Því verður að ætla að mistök hafi orðið við framlagningu frumvarps sem varð að lögum nr. 23/1991 þegar litið er til þess að óbreytt standa ákvæði í 10. tölul. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. laga um skráningu skipa, nr. 115/1985, sem vísa til „leigutaka samkvæmt 2. mgr. 1. gr.“. 2. og 3. mgr. 1. gr. laga um skráningu skipa, nr. 115/1985, voru svohljóðandi:

„Samgönguráðherra er heimilt að leyfa þegar sérstakar ástæður mæla með því að kaupskip, sem íslensk útgerð rekur samkvæmt samningi, megi skrá hér á landi, enda þótt skilyrðum þeim um eignarhald, sem um getur í 1. mgr., sé ekki fullnægt.

Skilyrði leyfisveitingar eru:

a. Að útgerð skips hafi lögheimili og varnarþing hér á landi.
b. Að skip uppfylli ákvæði íslenskra laga og reglna um eftirlit með skipum.
c. Að áhöfn skips sé íslensk. Veita má undanþágu frá skilyrði þessa stafliðar enda liggi fyrir samþykki viðkomandi samtaka sjómanna.
d. Að skip hafi verið fellt af skipaskrá fyrra skráningarlands.
e. Að veðbönd, sem hvíla á skipi þegar skráning þess fer fram hérlendis eða stofnast í því eftir að það er skráð, séu skráð hjá viðkomandi þinglýsingarstjórum hér á landi.“

Samkvæmt 1. gr. gildandi laga um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum, er það skilyrði skráningar skips á íslenska skipaskrá að það sé í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi eða íslenskra lögaðila sem eiga heimili hér á landi. Ríkisborgarar á Evrópska efnahagssvæðinu hafa sama rétt að þessu leyti.

Með frumvarpi þessu er lagt til að heimilt verði að skrá kaupskip á íslenska skipaskrá þegar skilyrðum 1. mgr. um eignarhald er ekki fullnægt og aðilar skv. 1. mgr. hafa aðeins umráð skipsins með þurrleigusamningi, þ.e. þegar gerður er samningur um leigu á skipi milli ríkisborgara eða lögaðila tveggja ríkja. Tekið hefur verið mið af ákvæðum danskra laga sem fjalla um skráningu kaupskipa.

Annars vegar er um að ræða þurrleiguskráningu á íslenska skipaskrá og skipið er þá frumskráð erlendis, sbr. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins, og hins vegar að skip sé frumskráð á íslenska skipaskrá og þurrleiguskráð á erlenda skipaskrá, sbr. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Í fyrra tilvikinu er skipið áfram skráð á erlenda skipaskrá, þ.e. í heimalandi eiganda skipsins eða leigusalans. Hafi eigandinn veðsett skipið með samningsveðum er haldið utan um þau í landi eigandans. Leigutaki tekur þá við skipinu og þurrleiguskráir það á íslenska skipaskrá. Við það færist skipið undir íslenska lögsögu og íslensk lög gilda um allan rekstur skipsins, þ.m.t. um öryggismál, kjaramál, tryggingamál og atvinnuréttindi, og það siglir undir íslenskum fána. Farið er með skipið eins og það sé eign leigutaka að því er sjóveð varðar. Leigusali og samningsveðhafar taka því nokkra áhættu varðandi sjóveð. Safni skipið t.d. hafnagjöldum á Íslandi er sú hætta ávallt fyrir hendi fyrir leigusala og samningsveðhafa að skipið verði boðið upp til fullnustu sjóveðskrafna. Leigutaki hefur hins vegar hagsmuni af því að gæta þess að ekki hvíli sjóveðskrafa á skipinu áður en hann tekur við því til þurrleiguskráningar á Íslandi.

Í seinna tilvikinu er skipið áfram frumskráð hér á landi og eigendum þess gefinn kostur á að leigja skipið til erlendra aðila og að það verði þurrleiguskráð erlendis. Þá gilda lög hins erlenda ríkis um allan rekstur skipsins og það siglir undir fána þess ríkis. Hins vegar verða veðbönd skips sem skráð er með þessum hætti áfram skráð hjá þinglýsingarstjórum hér á landi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

Tilgangur með frumvarpinu er að rýmka heimildir til að skrá kaupskip á íslenska skipaskrá. Samkvæmt núgildandi lögum er það skilyrði fyrir skráningu skips að það sé í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi eða íslenskra lögaðila sem eiga hér heimili. Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að skrá kaupskip á íslenska skipaskrá þegar aðilar hafa skipið aðeins á leigu, þ.e. þegar gerður er samningur um leigu á kaupskipi milli ríkisborgara eða lögaðila tveggja ríkja. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð.

119. Frumvarp til laga [119. mál]

um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 13. gr. laganna kemur ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Telji Fiskistofa að afli tiltekins skips sé að stærðarsamsetningu, aflasamsetningu eða gæðum frábrugðinn afla annarra skipa sem stunda sambærilegar veiðar skal Fiskistofa setja veiðieftirlitsmann um borð í skipið til að fylgjast sérstaklega með veiðum þess. Þegar veiðieftirlitsmaður hefur verið um borð í skipi í sjö daga skal Fiskistofa ákveða hvort veiðieftirlitsmaður verði áfram um borð í því. Skal útgerð skipsins tilkynnt ákvörðun Fiskistofu. Verði eftirlitsmaður áfram um borð í skipinu skal útgerð skipsins greiða allan kostnað, þar með talinn launakostnað, af veru hans um borð frá og með áttunda degi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er leitað nýrra leiða til að kanna brottkast á afla og jafnframt til að koma í veg fyrir það. Er lagt til að Fiskistofa nýti upplýsingar um landaðan afla til að hafa eftirlit með ákveðnum fiskiskipum og jafnframt er lagt til að útgerð skips standi straum af kostnaði við eftirlit í ákveðnum tilvikum. Í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, segir að skylt sé að hirða og koma með allan afla að landi. Fiskistofa hefur eftirlit með því að þessu ákvæði sé fylgt og hefur í sinni þjónustu veiðieftirlitsmenn sem m.a. fara í veiðiferðir með fiskiskipum. Slíku veiðieftirliti verður ekki við komið nema í litlum hluta fiskiskipaflotans hverju sinni. Nauðsynlegt er að unnt sé að beina eftirlitinu þangað sem mest þörf er fyrir það hverju sinni. Ástæðan fyrir brottkasti er sú að fyrirtæki eða áhöfn telja ekki fjárhagslega hagkvæmt að koma með tiltekinn afla að landi. Hér getur verið um að ræða verðlítinn fisk eða fisk sem hlutaðeigandi telur óhagkvæmt að hirða vegna aflaheimildastöðu skipsins. Samkvæmt gildandi reglum er allur afli sundurgreindur og veginn eftir tegundum við löndun. Í undirbúningi eru nú reglur sem eiga að tryggja að upplýsingar liggi fyrir um stærðardreifingu fisks við löndun. Liggi fyrir að afli skips sé frábrugðinn afla annarra skipa sem stunda sambærilegar veiðar setur Fiskistofa eftirlitsmann um borð í skipið. Fyrstu sjö dagana er hann um borð í skipinu á kostnað Fiskistofu og að jafnaði ætti sá tími að duga til að fá skýringu á því hvers vegna afli skipsins var frábrugðinn afla annarra skipa. Telji Fiskistofa hins vegar ástæðu til að fylgjast með veiðum báts lengur greiðir útgerð skipsins allan kostnað við veru eftirlitsmannsins um borð í skipinu frá þeim tíma.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að heimila Fiskistofu í ákveðnum tilvikum að setja eftirlitsmenn um borð í skip á kostnað útgerðar. Er miðað við að afli tiltekins skips skeri sig að einhverju leyti úr afla annarra skipa sem stunda sambærilegar veiðar og því sé ástæða til að ætla að fiski hafi verið hent fyrir borð. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þegar veiðieftirlitsmaður hafi verið um borð í skipi í sjö daga skuli Fiskistofa ákveða hvort eftirlitsmaðurinn verði áfram um borð í skipinu og skal þá útgerð greiða kostnað af veru hans frá áttunda degi. Samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald, nr. 33/2000, rennur veiðieftirlitsgjald til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu og verður kostnaður vegna fyrstu sjö daganna áfram greiddur af veiðieftirlitsgjaldinu.

Verði frumvarpið að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

120. Frumvarp til laga [120. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að veiða umfram aflamark í einstökum botnfisktegundum, enda skerðist aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega í samræmi við verðmætahlutföll einstakra tegunda samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald. Heimild þessi takmarkast við 5% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks en umframafli í hverri botnfisktegund má þó ekki vera meiri en sem nemur 2% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks. Heimild þessarar málsgreinar nær þó ekki til veiða umfram aflamark í þorski.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hér er lagt til að þrengd verði nokkuð heimild sú er nefnd hefur verið tegundartilfærsla. Tegundartilfærsla felst í því að heimilt er að veiða yfir aflamarki í tiltekinni tegund botnfisks, enda skerðist aflamark í öðrum tegundum botnfisks hlutfallslega miðað við reiknað verðmæti tegundanna (þorskígildisstuðla). Heimild þessi til tegundartilfærslu hefur verið óbreytt allt frá 1. janúar 1991 er lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, tóku gildi og miðast við 5% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks. Tilgangurinn með þessu ákvæði var fyrst og fremst að

skapa sveigjanleika í kerfinu þannig að síður kæmi til brottkasts þegar fisktegund fengist sem viðkomandi bátur hefði ekki aflamark í. Niðurstaðan hefur hins vegar orðið sú að þessi heimild hefur fyrst og fremst verið nýtt til þess að auka afla í eftirsóknarverðari tegundum og draga úr veiði á öðrum. Ef litið er til sex síðustu fiskveiðiára sést að tegundartilfærsla hefur aukið karfaveiðina samtals um tæplega fimmtíu þúsund lestir. Til samanburðar skal nefnt að karfakvóti á yfirstandandi fiskveiðiári er 57 þús. lestir. Hér er því lagt til að sú takmörkun verði sett á heimildina að aldrei verði heimilt að breyta meira en sem nemur 2% af heildarbotnfiskkvótanum í hverri tegund. Með þessu móti væri komið í veg fyrir tegundarbreytingar í þeim mæli sem verið hafa án þess að horfið væri frá upphaflegum tilgangi ákvæðisins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

Tilgangur frumvarpsins er að þrengja heimild til tegundartilfærslu. Tegundartilfærsla felst í að heimilt er að veiða yfir aflamarki í tiltekinni tegund botnfisks enda skerðist aflamark í öðrum tegundum hlutfallslega miðað við þorskígildisstuðla. Heimild þessi hefur verið 5% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks, en nú er lagt til að aldrei verði heimilt að breyta meira en sem nemur 2% af heildarbotnfiskkvótanum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

121. Skýrsla [121. mál]

viðskiptaráðherra um siðareglur í viðskiptum á fjármagnsmarkaði.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Inngangur.

Þann 9. maí 2000 var samþykkt á Alþingi svohljóðandi þingsályktun: „Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að kanna hvort stofnanir og fyrirtæki á fjármálamarkaði hafi sett sér siðareglur í samræmi við tilmæli framkvæmdastjórnar ESB frá 25. júlí 1977 um siðareglur Evrópubandalaganna um viðskipti með framseljanleg verðbréf (77/534/EBE) og almennt viðurkenndar meginreglur FIBV (Alþjóðasambands kauphalla) um viðskiptahætti í verðbréfaviðskiptum frá 1992. Ráðherra skili Alþingi skýrslu um niðurstöðu könnunarinnar í upphafi haustþings.

Niðurstöður.

Fjármálafyrirtæki telja almennt að þau uppfylli þær reglur um heiðarlega og eðlilega viðskiptahætti sem kveðið er á um í tilmælum framkvæmdastjórnar ESB frá 25. júlí 1977 og í almennt viðurkenndum meginreglum FIBV frá 1992. Þau telja að siðareglur Verðbréfaþings Íslands nr. 5 frá 1. júlí 1999 og verklagsreglur á grunni 15. og 21. gr. laga um verðbréfaviðskipti taki með fullnægjandi hætti mið af ofangreindum tilmælum ESB og meginreglum FIBV, en hafa fæst sett sér sérstakar siðareglur aðrar en þær sem af leiða af reglum VÞÍ og verðbréfaviðskiptalögum. Gerð er grein fyrir svörum fjármálafyrirtækja í viðauka 1.

Tilmæli ESB og meginreglur FIBV.

Tilmæli ESB um siðareglur Evrópubandalaganna um viðskipti með framseljanleg verðbréf eru frá árinu 1977. Reglurnar voru settar á þeim tíma þegar reglur um fjármagnsmarkaðinn voru fábrotnari en nú er. Síðan reglurnar voru settar hafa viðskipti með verðbréf aukist mikið og lagaumgjörð um verðbréfamarkaðinn sömuleiðis. Mörg þau ákvæði um heiðarlega og eðlilega viðskiptahætti sem kveðið er á um í tilmælum ESB hafa síðan verið tekin upp með einum eða öðrum hætti í regluverki ESB um verðbréfamarkaðinn, sér í lagi í tilskipun 93/22 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta og í vinnu FESCO, samtaka evrópskra fjármálaeftirlita.

Markmið tilmæla ESB er að gefa viðmið fyrir siðlegt athæfi innan sambandsins og greiða með því fyrir virkri starfsemi verðbréfamarkaða og gæta almannahagsmuna. Helstu ákvæði tilmælanna eru:

- Haga ber öllum viðskiptum á verðbréfaþingum í samræmi við bæði anda og bókstaf laga og reglugerða sem í gildi eru en einnig í samræmi við almennar reglur um góðar starfsvenjur.
- Upplýsingar veittar almenningi skulu vera sanngjarnar, réttar, skýrar og nægilegar og skulu bjóðast með góðum fyrirvara.
- Tryggja ber að allir eigendur sams konar verðbréfa sitji við sama borð.
- Stjórnendum fyrirtækja ber að forðast allar athafnir sem gætu torveldað réttmæt viðskipti með bréf félagsins eða skert rétt minnihlutaeigenda.
- Aðilum ber að haga gerðum sínum heiðarlega og í samræmi við markmið siðareglnanna, jafnvel þótt slíkt gæti leitt til þess að þeir verði af skammtímahagnaði.
- Fyrirtækjum ber að forðast eftir megni alla hagsmunaárekstra.

Í almennt viðurkenndum meginreglum FIBV um viðskiptahætti í verðbréfaviðskiptum eru kaflar um heiðarleika og sanngirni, kostgæfni, hæfni, upplýsingar um viðskiptavini, upplýsingar til viðskiptavina, hagsmunaárekstra og löghlýðni.

Ákvæði um heiðarlega og eðlilega viðskiptahætti í íslenskum lögum.

III. kafli laga um verðbréfaviðskipti nr. 13/1996 fjallar um réttindi og skyldur fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Kaflinn miðar að því að tryggja trúverðugleika fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og aðskilnað í rekstri einstakra starfssviða. Í þessu skyni skulu sérstaklega nefndar 15. og 21. gr. laganna.

15. gr. laganna er svohljóðandi: „Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart viðskiptamönnum sínum í starfsemi sinni og ber þeim ávallt að haga störfum sínum þannig að viðskiptamenn njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör í verðbréfaviðskiptum. Skulu viðskiptamönnum, að teknu tilliti til þekkingar þeirra, veittar greinargóðar upplýsingar um þá kosti sem þeim standa til boða.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu sýna fram á að 1. mgr. sé fylgt og að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra með skýrum aðskilnaði einstakra starfssviða þeirra. Fjármálaeftirlitið skal staðfesta reglur fyrirtækjanna sem miða að þessu. Í reglunum skal gera sérstaka grein fyrir eftirliti innan fyrirtækisins með því að þeim sé fylgt. Þessar upplýsingar skulu vera aðgengilegar viðskiptamönnum.

Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi fyrirtækja í verðbréfaþjónustu skal þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi og þjónustu fyrirtækjanna."

21. gr. laganna er svohljóðandi: „Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skal vegna eigin viðskipta með verðbréf og vegna viðskipta eigenda virkra eignarhluta skv. 12. gr., stjórnenda, starfsmanna og maka framangreindra aðila meðal annars gæta eftirtalinna atriða:

a. að fyllsta trúverðugleika fyrirtækisins sé gætt,
b. að ýtrustu hagsmuna ótengdra viðskiptavina sé gætt,
c. að fullur trúnaður ríki gagnvart ótengdum viðskiptavinum,
d. að tryggt sé að viðskiptin stangist ekki á við IV. kafla þessara laga,
e. að viðskiptin séu sérstaklega skráð,
f. að stjórn fyrirtækisins fái kerfisbundnar upplýsingar um viðskiptin og hafi eftirlit með þeim.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu setja sér reglur um viðskipti skv. 1. mgr. og skulu þær staðfestar af Fjármálaeftirlitinu. Fyrirtæki ber að gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir frávikum frá ákvæðum reglnanna. Þær skulu vera aðgengilegar viðskiptamönnum.

Fjármálaeftirlitið hefur sent frá sér umræðuskjal um leiðbeiningar um efni reglna fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti. Umræðuskjalið, sem birt er í viðauka 2, er nú til umsagnar.

Í 11. gr. laga um kauphallir og skipulega tilboðsmarkaði kemur fram að eitt af fimm hlutverkum kauphallar sé að setja siðareglur. Siðareglur fyrir aðila að Verðbréfaþingi Íslands hf. eru nr. 5 frá 1. júlí 1999. Þar eru kaflar um heiðarleika og sanngirni, bestu framkvæmd, upplýsingar, hagsmunaárekstra og misnotkun aðstöðu, viðskiptahætti og sýnileika, hæfni, þagnarskyldu og opinbera umfjöllun og að síðustu löghlýðni og eftirlit. Skv. 16. gr. reglnanna má ekki skoða þær sem tæmandi efni um góða starfshætti. Þingaðila ber að samræma sínar eigin siða- og starfsreglur við efni þessara reglna og láta þær reglur gilda gagnvart starfsmönnum sínum.

Viðauki 1.

Svör fjármálafyrirtækja við fyrirspurn viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið sendi meðfylgjandi bréf til fjármálafyrirtækja þann 7. júlí síðastliðinn:

„Á vorþingi samþykkti Alþingi meðfylgjandi þingsályktun um setningu siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði. Samkvæmt ályktuninni skal viðskiptaráðherra kanna hvort stofnanir og fyrirtæki á fjármálamarkaði hafi sett sér siðareglur í samræmi við tilmæli framkvæmdastjórnar ESB frá 25. júlí 1977 um siðareglur um viðskipti með framseljanleg verðbréf og almennt viðurkenndar meginreglur FIBV um viðskiptahætti í verðbréfaviðskiptum frá 1992. Ráðherra skal skila Alþingi skýrslu um niðurstöðu könnunarinnar í upphafi haustþings.

Markmið tilmæla ESB er að gefa viðmið fyrir siðlegt athæfi innan sambandsins og greiða með því fyrir virkri starfsemi verðbréfamarkaða og gæta almannahagsmuna. Helstu ákvæði tilmælanna eru:

- Haga ber öllum viðskiptum á verðbréfaþingum í samræmi við bæði anda og bókstaf laga og reglugerða sem í gildi eru en einnig í samræmi við almennar reglur um góðar starfsvenjur.
- Upplýsingar veittar almenningi skulu vera sanngjarnar, réttar, skýrar og nægilegar og skulu bjóðast með góðum fyrirvara.
- Tryggja ber að allir eigendur sams konar verðbréfa sitji við sama borð.
- Stjórnendum fyrirtækja ber að forðast allar athafnir sem gætu torveldað réttmæt viðskipti með bréf félagsins eða skert rétt minnihlutaeigenda.
- Aðilum bera að haga gerðum sínum heiðarlega og í samræmi við markmið siðareglnanna, jafnvel þótt slíkt gæti leitt til þess að þeir verði af skammtímahagnaði.
- Fyrirtækjum ber að forðast eftir megni alla hagsmunaárekstra.

Í almennt viðurkenndum meginreglum FIBV um viðskiptahætti í verðbréfaviðskiptum eru kaflar um heiðarleika og sanngirni, kostgæfni, hæfni, upplýsingar um viðskiptavini, upplýsingar til viðskiptavina, hagsmunaárekstra og löghlýðni.

Viðskiptaráðuneytið óskar hér með eftir upplýsingum frá fjármálafyrirtækjum í skýrslu þessa. Fram skal koma hvort fjármálafyrirtæki hafi sett sér siðareglur, eða aðrar reglur um heiðarlega og eðlilega viðskiptahætti, aðrar en þær siðareglur sem gilda fyrir þingaðila, sbr. reglur VÞÍ nr. 5 frá 1. júlí 1999 og verklagsreglur skv. 15., 21. og 24. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 13/1996. Hafi fjármálafyrirtæki sett sér siðareglur, hvert er þá megininntak þeirra reglna?

Óskað er eftir svörum fyrir 25. ágúst næstkomandi."

Búnaðarbanki Íslands hf. svaraði með bréfi 23. ágúst. Í bréfi bankans segir að hann hafi ekki sett sér sérstakar siðareglur eða aðrar reglur um heiðarlega og eðlilega viðskiptahætti, en hafi á hinn bóginn haft að leiðarljósi að starfa í samræmi við þær siðareglur er Verðbréfaþing Íslands hefur sett þingaðilum.

Í bréfi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis frá 23. ágúst segir að það sé mat sparisjóðsins að reglur VÞÍ, verklagsreglur skv. lögum um verðbréfaviðskipti auk sérstakra verklagsreglna Spron 8. febrúar 2000 og aðrar starfs- og áhættureglur Spron nái yfir það efni tilmæla ESB og meginreglna FIBV.

Í bréfi Landsbréfa hf. frá 24. ágúst segir að fyrirtækið hafi ekki sérstakar siðareglur en að í verklagsreglum fyrirtækisins og starfssamningum sem allir starfsmenn undirriti séu ákvæði sem falli undir siðareglur, m.a. upplýsingar um viðskiptavini, trúnað, heiðarleika og hagsmunaárekstra. Með bréfi Landsbréfa fylgdu verklagsreglur fyrirtækisins.

Í bréfi Landsbanka Íslands hf. frá 1. september segir að hjá Landsbankanum hafi siðareglur gilt fyrir allt starfsfólk um langt skeið en síðasta endurskoðun þeirra átti sér stað um mitt ár 1999. Megininntak þessara reglna er að brýna fyrir starfsfólki að fara að lögum og reglum og bera hag viðskiptavinarins ávallt fyrir brjósti. Áminning er þar um þagnarskyldu, meðferð trúnaðarupplýsinga og almennt um hvernig starfsfólk skuli hegða sér gagnvart viðskiptavinum, samkeppnisaðilum og hvert gagnvart öðru innan Landsbankans.

Fram kemur einnig í svari Landsbankans að siðareglur hans séu ekki samdar beinlínis með tilmæli framkvæmdastjórnar ESB eða meginreglur FIBV í huga. Við yfirlestur á þeim tveimur skjölum sem fylgdu bréfi ráðuneytisins og ef bornar eru saman þær reglur sem þar koma fram við þær siðareglur sem bankinn hefur sett sérstaklega auk þeirra verklagsreglna sem settar eru í samræmi við lög um verðbréfaviðskipti og siðareglur VÞÍ verður ekki annað séð en að innan Landsbankans séu í gildi siðareglur sem taka á öllum þeim atriðum sem tilmæli framkvæmdastjórnarinnar og meginreglur FIBV hafa að geyma.

Þann 4. september sendi viðskiptaráðuneytið meðfylgjandi símbréf til þeirra fjármálafyrirtækja sem ekki höfðu þá svarað bréfi ráðuneytisins: „Vísað er til meðfylgjandi erindis frá 7. júlí 2000 um þingsályktun um setningu siðareglna í viðskiptum. Óskað var eftir svörum fyrir 25. ágúst. Þar sem svör hafa enn ekki borist frá mörgum fjármálafyrirtækjum óskar ráðuneytið eftir því að úr verði bætt fyrir lok föstudags 8. september."

Í bréfi Sparisjóðs Hafnarfjarðar frá 5. september kemur fram að þann 9. febrúar 2000 voru samþykktar hjá stjórn sparisjóðsins siðareglur sem ná til allra starfsmanna hans. Tilgangur siðareglna sparisjóðsins er að byggja upp og varðveita traust fyrirtækisins, orðspor hans í viðskiptum og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem geta valdið tortryggni viðskiptavina. Reglunum er ætlað að styðja hugmyndafræði sparisjóðsins um velferð viðskiptavina hans í fjármálum.

Meginkaflar í siðareglum Sparisjóðs Hafnarfjarðar fjalla um meðferð upplýsinga, innherjaviðskipti, eigin viðskipti, vinnu og/eða stjórnaraðild utan sparisjóðsins, félagsmál og stjórnmál, gjafir, boðsferðir og samskipti gagnvart viðskiptavinum. Í siðareglunum er lögð áhersla á vandaða meðferð upplýsinga til að tryggja að núverandi og væntanlegir viðskiptavinir geti verið þess fullvissir að trúnaðarupplýsingar sem þeir treysta sparisjóðnum fyrir verði meðhöndlaðar af ýtrustu varúð og heiðarleika. Með bréfi Sparisjóðs Hafnarfjarðar fylgdi eintak af siðareglum hans.

Í bréfi Íslandsbanka-FBA hf. frá 6. september kemur fram að siðareglur Íslandsbanka hf. voru samþykktar af bankaráði bankans þann 19. september 1990 og endurskoðaðar í september 1999. Í reglum þessum er fjallað um samskipti starfsmanna bankans við viðskiptamenn almennt, meðferð trúnaðarupplýsinga, gjafir til starfsmanna, boðsferðir, vinnu utan bankans o.fl. þess háttar.

Innan FBA hf. voru í gildi ýmsar innri starfsreglur þar sem vikið var að atriðum sem eru efnislega sambærileg við siðareglur Íslandsbanka hf. Eftir sameiningu bankanna sl. vor hefur verið unnið að samræmingu á ofangreindum siðareglum fyrir Íslandsbanka-FBA hf. og er sú vinna langt á veg komin.

Í bréfi Sparisjóðabanka Íslands hf. frá 8. september kemur fram að Sparisjóðabankinn hafi engin viðskipti við almenning. Bankinn hafi þó sett sér ítarlegar verklagsreglur um viðskipti með verðbréf til að tryggja öryggi í viðskiptum og forðast hagsmunaárekstra sem og til að takmarka áhættu af verðbréfaviðskiptum. Um bankann gilda reglur VÞÍ sem og lagareglur á grundvelli laga um verðbréfaviðskipti. Beðið er endanlegra reglna Fjármálaeftirlitsins um verklagsreglur. Bankinn telur framangreindar reglur fullnægjandi og ekki þörf sérstakra annarra reglna.

Í bréfi MP-Verðbréfa hf. frá 8. september kemur fram að fyrirtækið telji sig uppfylla tilmæli framkvæmdastjórnarinnar og meginreglur FIBV með því að fara eftir lögum um verðbréfaviðskipti, verklagsreglum fjármálafyrirtækja og siðareglum VÞÍ.

Í bréfi Burnham International hf. frá 8. september kemur fram að endurnýjun siðareglna fyrirtækisins sé í vinnslu og verði þær endurútgefnar og undirritaðar af starfsmönnum á sama tíma og nýjar verklagsreglur verði kynntar. Með bréfi Burnham fylgdu siðareglur fyrirtækisins.

Í bréfi Kaupþings hf. frá 15. september kemur fram að í þeim vinnureglum, starfsreglum og verklagsreglum sem fyrirtækið hefur sett sér sé vikið að ýmsum siðferðislegum markmiðum, þar sem leitast sé við að tryggja jafnræði, góða viðskiptahætti, upplýsingagjöf, viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning, viðskipti starfsmanna o.fl. Þá eru í lögum, reglugerðum og reglum sem gilda um verðbréfaviðskipti ýmis ákvæði sem fela í sér siðareglur eða vísa til siðferðislegra mælikvarða.

Svör bárust ekki frá Sparisjóði vélstjóra, Frjálsa fjárfestingarbankanum, Íslenskum verðbréfum og Verðbréfastofunni.

Viðauki 2.

Leiðbeiningar Fjármálaeftirlitsins um efni reglna fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti. (Umræðuskjal sent til umsagnar í júlí 2000.)

1. Inngangur.

1. Samkvæmt lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum, skulu fyrirtæki í verðbréfaþjónustu[1] setja sér eftirfarandi reglur:
   - Reglur um eigin viðskipti með verðbréf og vegna viðskipta eigenda virkra eignarhluta, starfsmanna og maka framangreindra aðila, sbr. 21. gr. (kafli 3-4).
   - Reglur um aðskilnað einstakra starfssviða fjármálafyrirtækja, sbr. 15. gr. (kafli 2).
   - Reglur um heimildir starfsmanna til setu í stjórn atvinnufyrirtækja eða aðra þátttöku í atvinnurekstri, sbr. 24. gr. (kafli 5).

   Reglurnar eru háðar staðfestingu Fjármálaeftirlitsins (FME).
2. Tilgangur reglnanna samkvæmt framangreindu er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi fjármálafyrirtækja og draga úr hættu á hlutdrægni við meðferð og afgreiðslu mála. Fyrirtæki þurfa að kappkosta að ýtrustu hagsmuna ótengdra viðskiptamanna sé gætt í verðbréfaviðskiptum og að fullur trúnaður ríki gagnvart þeim. Reglurnar eiga að vera aðgengilegar viðskiptamönnum.
3. FME leggur á það áherslu að þessar leiðbeiningar fela í sér lágmarkskröfur og því þarf e.t.v. að gera strangari kröfur í einstökum tilfellum til að markmið þeirra náist. Hér er gerð grein fyrir helstu atriðum sem kveða þarf á um í reglunum til að þær hljóti staðfestingu FME. Gert er ráð fyrir að fjármálafyrirtæki setji sér nýjar reglur á næstu mánuðum, í stað fyrri verklagsreglna um verðbréfaviðskipti, sem taki mið af þeim skilyrðum sem hér eru sett fram.
4. Í þessum leiðbeiningum er gert ráð fyrir að reglurnar taki einnig til viðskipta með gjaldmiðla og afleiðusamninga með gjaldmiðla. Ekki er átt við kaup á gjaldeyri til greiðslu fyrir vörur eða þjónustu eða vegna ferðalaga erlendis.
5. Skáletraður texti er ætlaður til frekari útskýringar á þeim atriðum sem fjallað er um. Í umfjöllun hér á eftir er gert ráð fyrir að fjármálafyrirtæki nýti til fulls starfsheimildir sem verðbréfafyrirtæki hafa, þar á meðal heimildir til viðskipta fyrir eigin reikning.

2. Kínamúrar.

6. Gerð er krafa um að fjármálafyrirtæki gæti fyllstu óhlutdrægni gagnvart viðskiptamönnum sínum. Fyrirtækjum ber því að sýna fram á að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra með skýrum aðskilnaði einstakra starfssviða þeirra („Kínamúrar").
   Styrkleiki Kínamúra hefur áhrif á hvort fjármálafyrirtækjum er unnt að nýta starfsheimildir sínar til fulls. Kínamúrar eru mikilvægt tæki til að viðhalda trúverðugleika fjármálafyrirtækja og því er nauðsynlegt að vandað sé til þeirra og þeim fylgt eftir með öflugri kynningu og eftirliti.

---

[1] Lögin taka einnig til viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana, sbr. 2. mgr. 44. gr. laga nr. 113/1996 og 5. mgr. 8. gr. laga nr. 123/1993. Hér á eftir er samheitið fjármálafyrirtæki notað.

7. Fyrirtækjum ber að aðgreina fjárstýringu (þar á meðal viðskipti fyrir eigin reikning), miðlun, sjóðastýringu, fyrirtækjaráðgjöf og önnur svið eftir því sem starfsemi fyrirtækisins og skipulag gefur tilefni til. Gerð er krafa um að aðskilnaður starfssviða sé efnislegur og aðgangur takmarkaður milli sviða.
Fjármálafyrirtæki þurfa sjálf að móta þennan hluta reglnanna í samræmi við starfsemi fyrirtækisins og áherslur, uppbyggingu skipurits og húsnæði. Í reglunum þarf að gera grein fyrir skipulagi á verðbréfasviði og hvaða svið eða starfsemi sé aðgreind með Kínamúrum. Jafnframt þarf að gera grein fyrir því hvernig sviðin eru aðgreind í húsnæði og upplýsingakerfum.
8. Tryggja þarf sérstaklega að viðkvæmar upplýsingar berist ekki milli starfssviða og að starfsmenn gefi ekki með neinum hætti upplýsingar um verkefni og gagnabrunna utan viðkomandi starfssviðs. Eðlilegt er að líta svo á að þagnarskylda starfsmanna hindri ekki einungis miðlun upplýsinga út úr fyrirtækinu, heldur einnig milli sviða.
Reglurnar þurfa að taka til þess hvernig samskiptum milli starfssviða er háttað. Til fyllingar reglunum þurfa fjármálafyrirtæki að setja sér viðtækar öryggis- og samskiptareglur sem sniðnar eru eftir eðli starfseminnar og skipulagi. Í þessu skyni þarf að setja öryggisreglur um vörslu gagna innan sviða, svo sem að læsa gögn í hirslum, meðferð tölvulykilorða o.s.frv.
9. Mikilvægt er að starfsmenn starfi innan skilgreindra starfssviða. Sé óhjákvæmilegt að nýta starfsmann utan skilgreinds starfssviðs viðkomandi þarf að koma í veg fyrir hættu á hagsmunaárekstrum og misnotkun trúnaðarupplýsinga. Halda þarf skrá yfir þá starfsmenn sem vinna verkefni utan síns starfssviðs. Í skránni skal gera grein fyrir viðkomandi verkefnum og hvenær þau eru unnin.
Í reglunum þarf sérstaklega að gera grein fyrir aðgangstakmörkunum starfsmanna. Upp geta komið tilvik þar sem nauðsynlegt er að nýta starfsmann utan sviðs. Slíkt er afar vandmeðfarið og ber að beita slíkri heimild af mikilli varfærni. Skráning á slíkum undantekningartilvikum er mikilvæg til að tryggja eftirlit regluvarðar, sbr. kafla 6.

3. Verðbréfaviðskipti fjármálafyrirtækja fyrir eigin reikning.

10. Viðskipti fjármálafyrirtækis með verðbréf fyrir eigin reikning mega á engan hátt rekast á við eða gefa tilefni til að ætla að þau rekist á við hagsmuni viðskiptamanna. Því er lögð áhersla á eftirfarandi:
11. Aðgreina þarf með skýrum hætti viðskipti fjármálafyrirtækis fyrir eigin reikning frá miðlun, sbr. umfjöllun í 2. kafla. Tryggja þarf að sá sem annast viðskipti fyrir fyrirtækið hafi ekki aðgang að upplýsingum um tilboð eða viðskipti annarra viðskiptamanna eða ráðgjöf til þeirra og að starfsmenn miðlunar búi ekki yfir neinum upplýsingum um fjárfestingaráform fyrirtækisins umfram aðra.
Trúverðugleiki fjármálafyrirtækis í eigin viðskiptum ræðst af því hversu vel tekst til um aðskilnað starfssviða. Takist ekki að tryggja slíkan aðskilnað kemur til athugunar hvort fyrirtækinu eigi að vera heimilt að eiga viðskipti fyrir eigin reikning. Í aðskilnaðinum felst að skilja þarf á milli veltubókar og miðlunarbókar.
12. Kveða þarf á um að viðskipti fjármálafyrirtækisins eða tilboð um viðskipti skuli á engan hátt hafa forgang og fari í röð á eftir beiðnum sem áður hafa borist. Á viðskiptanótu skuli greina frá því, í hverju einstöku tilfelli, ef mótaðili í viðskiptum er fjármálafyrirtækið sjálft.
Eðlilegt er að viðskiptamaður sé upplýstur um það ef hann hefur átt viðskipti við fjármálafyrirtækið sjálft svo hann geti betur lagt mat á stöðu sína gagnvart fyrirtækinu. Hér

er ekki átt við öll viðskipti sem fara í gegnum reikning fyrirtækisins, heldur stöðutöku þess í verðbréfum. Mikilvægt er að greina þar á milli.

13. Ráðleggi starfsmenn fjármálafyrirtækis viðskiptamönnum að eiga viðskipti með verðbréf, ber þeim að greina frá því ef fjármálafyrirtækið sjálft hefur hagsmuna að gæta í viðkomandi fyrirtæki, enda séu upplýsingar um það aðgengilegar starfsmanninum.
Eðlilegt er að gera kröfu til þess að viðskiptamaður sé upplýstur um eigendahagsmuni fjármálafyrirtækisins þegar ráðlagt er um viðskipti með verðbréf. Á þetta einnig við um þær greiningar á fyrirtækjum sem fjármálafyrirtækið birtir. Ekki er gert ráð fyrir að viðskiptamönnum sé gerð grein fyrir eignarhlut ef hann er óverulegur og hefur ekki fjárhagslega þýðingu fyrir fjármálafyrirtækið.

14. Þegar eigin hagsmunir fjármálafyrirtækis (eða félags/sjóðs í vörslu þess) af viðskiptum við fjárvörsluaðila eru fyrirfram til þess fallnir að valda vafa um óhlutdrægni fyrirtækisins, eða vafa á að hagsmunir fjárvörsluaðilans séu í fyrirrúmi, skal fyrirtækið veita fjárvörsluaðila nauðsynlegar upplýsingar um hagsmuni fyrirtækisins áður en viðskiptin eru framkvæmd. Telji fyrirtækið að slíkir hagsmunir séu ekki til staðar og viðskipti fara fram án fyrirfram samþykkis, ber fyrirtækinu að greina fjárvörsluaðilum frá viðskiptunum þegar að þeim loknum. Eiga þeir rétt á að fá skriflegan rökstuðning fyrirtækisins fyrir slíkum viðskiptum. Framangreint gildir einnig um aðra aðila með sambærilegt réttarsamband við fjármálafyrirtækið, þ.e. einhliða og ótakmarkað umboð fyrirtækisins til viðskipta fyrir hönd aðila. Miðlarar skulu greina þeim sem fara með fjárvörslu frá því ef tilboð stafar frá fjármálafyrirtækinu sjálfu og ef fyrirtækið hefur hagsmuni af viðskiptunum.
Sérstakrar varúðar er þörf í viðskiptum fjármálafyrirtækis við fjárvörsluaðila þegar fyrirtækið sjálft hefur samningsbundið umboð til að fara með fjármuni hans. Fjárvörslusamningar fela alla jafnan í sér opið umboð til viðskipta fyrir hönd viðskiptamanns. Til að tryggja trúnaðartraust þarna á milli er nauðsynlegt að tryggja að viðskipti eigi sér ekki stað ef vafi er um óhlutdrægni fyrirtækisins, eða að hagsmunir fjárvörsluaðilans séu í fyrirrúmi. Í þeim tilvikum er nauðsynlegt að gera fjárvörsluaðila grein fyrir þeim hagsmunum og leita fyrirfram samþykkis hans. Gera verður ríka kröfu til fjármálafyrirtækis um mat á þessum hagsmunum. Þá verður að gera kröfu til þess að fjárvörsluaðilanum sé gerð grein fyrir viðskiptum hans við fyrirtækið sjálft og gefinn kostur á skriflegum rökstuðningi, hafi honum ekki verið gefinn kostur á að samþykkja viðskiptin fyrirfram. Stærri aðilar, svo sem lífeyrissjóðir í vörslu fjármálafyrirtækis, ættu að njóta sama réttar.

4. Verðbréfaviðskipti starfsmanna fjármálafyrirtækja og fjölskyldna.[2]

15. Í kafla 4.1 hér á eftir er gerð grein fyrir þeim skilyrðum um viðskipti starfsmanna sem reglurnar verða a.m.k. að uppfylla að mati FME. Ljóst er að eðli starfa er mismunandi eftir deildum og aðgangur að trúnaðarupplýsingum mismunandi. Því kemur til greina að fyrirtæki skilgreini þá starfsmenn eða þau starfssvið sem unnt er að gera vægari kröfu til eða önnur störf þar sem lítill aðgangur er að upplýsingum sem nýst geta í verðbréfaviðskiptum. Fjallað er um þann hóp í kafla 4.2. Slíkar mismunandi kröfur ráðast m.a. af því hvernig skipulagi, þar á meðal Kínamúrum, er háttað. Í stærstu fyrirtækjum kann að

[2]Með fjölskyldu er átt við maka starfsmanns, sambúðaraðila eða samvistarmaka og ófjárráða börn.

koma til greina að tilteknir hópar starfsmanna falli ekki undir reglur um verðbréfaviðskipti, en undirriti einungis trúnaðaryfirlýsingu.

16. Gert er ráð fyrir að starfsmenn og makar undirriti sérstaka yfirlýsingu þar sem fram kemur að þeir hafi kynnt sér efni reglnanna og skuldbindi sig til að lúta þeim.

4.1 Almennar kröfur til verðbréfaviðskipta starfsmanna fyrir eigin reikning.

4.1.1 Gildissvið.

17. Reglurnar taka til starfsmanna fjármálafyrirtækja og fjölskyldna þeirra. Undanþágur er heimilt að veita vegna viðskipta sem tengjast atvinnurekstri fjölskyldumeðlima, verðbréfa sem þeir fá afhent sem hluta af starfskjörum þeirra hjá vinnuveitanda og viðskipta þeirra sem falla undir hliðstæðar reglur hjá öðru fjármálafyrirtæki. Halda skal skrá yfir undanþágur.
Með starfsmönnum er átt við almenna starfsmenn og stjórnendur. Ekki er gerð krafa um að reglurnar taki til stjórnarmanna að öðru leyti en greint er frá í kafla 4.3.

4.1.2 Aðgætni.

18. Í reglunum þarf að kveða almennt á um aðgætni starfsmanna í verðbréfaviðskiptum fyrir eigin reikning. Í allri túlkun á reglunum þarf að gæta þess að viðskipti starfsmanna rekist á engan hátt á við hagsmuni viðskiptamanna.
Regluverði ber í eftirfylgni sinni að leggja áherslu á rétt hugarfar starfsmanna að þessu leyti.

4.1.3 Ferill viðskipta.

19. Í reglunum þarf að tryggja að viðskipti starfsmanna uppfylli annað af tveimur eftirfarandi skilyrðum um feril viðskipta:
    1. Starfsmenn hafi fengið leyfi hjá regluverði áður en þeir eiga viðskipti. Senda þarf skriflega beiðni til regluvarðar, t.d. tölvupóst, sem síðan gefur heimild til viðskiptanna og tilnefnir miðlara til að annast viðskiptin. Viðskiptaheimildin gildir í einn dag. Ef viðskipti fara ekki fram innan þess tíma þarf starfsmaður nýja heimild.
    2. Starfsmenn hafi tilkynnt regluverði skriflega, áður en viðskiptadagur hefst, að hann hyggist eiga viðskipti með tiltekin verðbréf á ákveðnu verðbili. Slík tilkynning gildir í einn dag. Miðlari, sem útnefndur hefur verið sérstaklega, annast viðskiptin. Regluvörður getur gert athugasemd við viðskiptin, m.a. það verðbil sem tilgreint er, lagt bann við viðskiptunum (sbr. 6. kafla) eða látið þau ganga til baka.

    Starfsmönnum er alltaf óheimilt að eiga viðskipti á undan viðskiptamanni ef áður hefur legið fyrir beiðni um viðskipti af hálfu viðskiptamanns.
    Skilyrði um feril viðskipta, þ.e. að fá þurfi leyfi regluvarðar eða tilkynna fyrirhuguð viðskipti áður en viðskiptadagur hefst, eru nauðsynleg vegna þess að grundvöllur verðbréfaviðskipta getur verið fljótur að breytast innan dags og einstakir starfsmenn geta verið í góðri aðstöðu til þess að nýta sér upplýsingar sem fram koma á viðskiptadegi og hafa áhrif á röð viðskipta innan dagsins, sér eða samstarfsmönnum í hag. Í leið a) er gert ráð fyrir að regluvörður hafi forsendur til að fylgjast með þessu.

4.1.4 Milliganga.

20. Tryggja þarf að verðbréfaviðskipti starfsmanna fjármálafyrirtækis fari fram fyrir milligöngu þess og séu sérstaklega skráð. Heimilt er að kveða á um afmarkaðar undanþágur frá þessu skilyrði vegna viðskipta með erlend verðbréf sem viðkomandi fjármálafyrir-

tæki getur ekki haft milligöngu um án verulegs viðbótarkostnaðar, netviðskipta og áskrifta spariskírteina. Ef undanþágur eru heimilaðar skal tilkynna mánaðarlega um slík viðskipti til regluvarðar.
Skilyrði um milligöngu fjármálafyrirtækis er nauðsynlegt til að tryggja yfirsýn og eftirlit regluvarðar. Allar undanþágur þarf að afmarka með skýrum hætti. Alla jafna yrði regluverði kunnugt um viðskipti samkvæmt undanþágum vegna ákvæða um feril viðskipta, sbr. kafla 4.1.3, en engu að síður er nauðsynlegt að tilkynna honum mánaðarlega um viðskipti sem orðið hafa.

21. Ef fjármálafyrirtæki fær beiðni um að kaupa/selja verðbréf yfir ákveðið tímabil geta þeir starfsmenn sem hafa upplýsingar um þetta ekki átt viðskipti fyrir eigin reikning með viðkomandi verðbréf fyrr en eftir að viðskipti þessi hafa átt sér stað.
Með þessu eru hagsmunir viðskiptamanns sem setur fram slíka beiðni tryggðir og meginreglu um röð viðskipta fylgt. Regluvörður gegnir eftirlitshlutverki í þessu sambandi. Hér er ekki átt við viðskiptavakt fjármálafyrirtækis sem tilkynnt er á VÞÍ.

4.1.5 Skráð/óskráð verðbréf.

22. Viðskipti starfsmanna með óskráð verðbréf eru óheimil. Unnt er að heimila undantekningu vegna þátttöku í útboði þar sem stjórn VÞÍ hefur samþykkt að hlutafélagið fái skráningu að útboði loknu. Þá kemur til greina að kveða á um undanþágur vegna eignarhalds á óskráðum hlutabréfum í félögum sem engin virk viðskipti eru um og ekki hafa fjárfestingar að markmiði (dæmi: Félag um góðgerðarstarfsemi eða félag um atvinnurekstur fjölskyldumeðlima). Kveða þarf skýrt á um slíkar undanþágur.
Nefnd á vegum viðskiptaráðuneytisins vinnur nú að mótun reglna um útboð verðbréfa. FME hefur lýst þeirri skoðun sinni að koma þurfi í veg fyrir að verðbréf sem ekki hafa verið boðin til sölu í almennu útboði gangi kaupum og sölum meðal almennings. Þannig þurfi að kveða á um hverjir megi eiga viðskipti með verðbréf sem ekki hafa verið boðin til sölu í almennu útboði. Ákvörðun um að heimila starfsmönnum að eiga viðskipti með óskráð verðbréf ræðst að mati FME af niðurstöðu framangreindrar vinnu. Stefnt er að því að vinnu nefndarinnar ljúki síðsumars og að frumvarp verði lagt fram snemma á haustþingi.

4.1.6 Lágmarkseignarhaldstími.

23. Gerð er krafa um að starfsmenn eigi verðbréf sem þeir kaupa í 3 mánuði að lágmarki. Gert er ráð fyrir að starfsmenn geti selt verðbréf sín áður en lágmarkseignarhaldstími er liðinn ef markaðsverð þeirra fer niður fyrir upphaflegt kaupverð.
Með þessu skilyrði er ætlunin að koma í veg fyrir spákaupmennsku. Lengd binditíma ræðst m.a. af öðrum skilyrðum reglnanna og leggur FME á þessu stigi til þriggja mánaða binditíma, með hliðsjón af skýrum skilyrðum um feril viðskipta og eftirlit með þeim. Ástæða kann að vera til að lengja þennan binditíma breytist aðrar forsendur.

24. Unnt er að kveða á um að lágmarkseignarhaldstími eigi ekki við um kaup starfsmanna á hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóðum samkvæmt lögum um verðbréfasjóði, kaup á hlutabréfum í skráðum hlutabréfasjóðum, skuldabréf sem starfsmenn fá sem greiðslu við sölu fastafjármuna sinna og verðbréf sem starfsmenn hafa eignast áður en reglurnar taka gildi gagnvart þeim. Þá kemur til greina að heimila regluverði að veita undanþágur frá lágmarkseignarhaldstíma vegna sérstakra aðstæðna. Þær aðstæður sem hér um ræðir eru fyrst og fremst vegna óvæntra breytinga á aðstæðum starfsmanns eftir að verðbréfin voru keypt, svo sem veikinda, slyss eða andláts í fjölskyldu hans eða hjónaskilnaðar

hans, eða hann hefur eignast þau óvænt með öðrum hætti en kaupum, svo sem við arf eða gjöf.
Útfæra verður undantekningar frá lágmarkseignarhaldstíma í reglunum. Einnig verður að fela regluverði afmarkað mat á einstökum tilvikum.

4.1.7 Þátttaka í útboðum.

25. Tryggja verður í reglunum að starfsmönnum sé óheimilt að taka þátt í útboðum á verðbréfum sem fjármálafyrirtækið gefur út eða útboðum sem fjármálafyrirtækið annast fyrir aðra útgefendur nema því aðeins að í útboðunum sé óskað eftir tilboðum um hlut á föstu gengi en ekki tilboðum um verð einstakra bréfa, gengi eða vaxtakjör og að þeir gangi ekki fyrir sem fyrstir skrá sig. Í slíkum útboðum verða tilboð starfsmanna að berast við upphaf fyrsta tilboðsdags. Í útboðslýsingu skal greina frá því hvort starfsmönnum sé heimilt að taka þátt í útboðum og eftir hvaða skilmálum.
Þessu ákvæði er ætlað að gæta hagsmuna ótengdra viðskiptamanna og styrkja trúverðugleika viðkomandi fjármálafyrirtækis. Innan fyrirtækisins liggja fyrir upplýsingar um útboðið, m.a. verð og eftirspurn sem starfsmenn gætu nýtt sér.

4.1.8 Ráðgjöf og greining.

26. Kveða skal á um að starfsmenn sem í störfum sínum eru faglegir ráðgjafar eða trúnaðarmenn útgefenda verðbréfa, eða starfa á sviðum sem annast slíka ráðgjöf, sé óheimilt að eiga viðskipti með verðbréf viðkomandi útgefanda frá því að störfin hefjast og næstu þrjá mánuði eftir að störfum þeirra fyrir viðkomandi lýkur, nema þeirra vinnu ljúki fyrr með opinberri útgáfu á upplýsingum, svo sem útboðslýsingu. Slíkir ráðgjafar skulu teljast fruminnherjar og lúta þeim reglum sem gilda um viðskipti þeirra. Þetta á meðal annars við um umsjón með hlutafjárútboði og nýskráningu hlutabréfa á markaði.
Þessi regla dregur úr hættu á misnotkun upplýsinga og stuðlar að trúverðugleika fjármálafyrirtækisins. Um fruminnherja gilda m.a. þær reglur að hlutafélaginu ber að tilkynna þá til VÞÍ og viðskipti þeirra skulu tilkynnt sérstaklega til VÞÍ sem birtir þau undir nafni. Reglan tekur til ráðgjafar sem byggist alfarið á opinberum upplýsingum, enda félli ráðgjöf sem byggðist á trúnaðarupplýsingum undir ákvæði IV. kafla laga um verðbréfaviðskipti.
27. Starfsmönnum er óheimilt að nýta sér innri greiningu fyrirtækis til að hagnast persónulega í verðbréfaviðskiptum ef niðurstöður greiningar eru öðrum viðskiptamönnum ekki aðgengilegar.
Þessu ákvæði er ætlað að gæta hagsmuna ótengdra viðskiptamanna með því að koma í veg fyrir að starfsmenn nýti sér innri upplýsingar á undan viðskiptamönnum. Reglan tekur til greininga þó þær byggist alfarið á opinberum upplýsingum, enda falla greiningar sem byggjast á trúnaðarupplýsingum undir ákvæði IV. kafla laga um verðbréfaviðskipti.

4.1.9 Sérkjör.

28. Fjármálafyrirtæki mega ekki bjóða starfsmönnum sínum sérkjör í verðbréfaviðskiptum.
Með sérkjörum er átt við kjör sem líkleg eru til að hvetja starfsmenn til verðbréfaviðskipta fyrir eigin reikning eða veita þeim sérstöðu umfram aðra. Þannig skulu starfsmönnum ekki standa til boða sérstök lánakjör eða afsláttur á þóknunum fram yfir aðra viðskiptamenn.

4.1.10 Fjárfestingarfélög.

29. Starfsmönnum er óheimilt að taka þátt í fjárfestingarhópum (-klúbbum) eða öðrum hliðstæðum félagsskap sem hefur þann tilgang að þátttakendur standi sameiginlega að kaupum á verðbréfum. Hér er ekki átt við sjóði um sameiginlega fjárfestingu í verðbréfum þar sem skírteinishafar hafa engin bein áhrif á fjárfestingarnar, svo sem hlutabréfasjóði eða verðbréfasjóði.
Þetta skilyrði er sett til að koma í veg fyrir að starfsmenn fjármálafyrirtækja geti komist hjá reglunum með stofnun félags um fjárfestingar sínar. Mikilvægt er að tryggja að öll viðskipti starfsmanna séu sýnileg og rekjanleg. Erfitt er að tryggja þetta þegar fjárfestingarhópar eiga í hlut auk þess sem þátttaka í fjárfestingarhópum eykur hættu á trúnaðarbresti og getur dregið úr trúverðugleika fyrirtækisins.

4.1.11 Verðbréfaeign við upphaf starfs.

30. Starfsmenn skulu greina regluverði frá allri verðbréfaeign sinni þegar þeir hefja störf hjá fjármálafyrirtæki. Starfsmenn fjármálafyrirtækis þurfa einnig að greina fyrirtækinu frá verðbréfaeign sinni þegar nýju reglurnar um eigin verðbréfaviðskipti taka gildi.
Þetta er nauðsynlegt til að tryggja yfirsýn og eftirlit regluvarðar.

4.2 Sérstakar undanþágur.

31. FME telur koma til greina að tilteknar deildir, starfssvið eða hópar starfsmanna fjármálafyrirtækja lúti ekki að öllu leyti framangreindum skilyrðum um viðskipti. Í hefðbundnum fjármálafyrirtækjum kann að vera tilefni til að vægari reglur gildi um starfsfólk mötuneytis, starfsmannahalds og annarra sviða sem ekki hafa aðgang að upplýsingum um verðbréf.
Þau skilyrði viðskipta sem til greina kemur að taki ekki til þessara hópa starfsmanna eru eftirfarandi:
    - Skilyrði í kafla 4.1.3 um feril viðskipta. Almennar reglur um viðskiptaröð gildi um viðskipti þeirra.
    - Skilyrði í kafla 4.1.7 um þátttöku í útboðum. Starfsmönnum sé heimilt að taka þátt í útboðum sé óskað eftir tilboðum um hlut á föstu gengi, þó aðeins samkvæmt sérstakri skriflegri heimild regluvarðar að undangenginni athugun á því hvort þeir kunni að búa yfir trúnaðarupplýsingum um viðkomandi verðbréf.

Undanþágur ráðast af starfsháttum viðkomandi fyrirtækis og hvernig meðferð upplýsinga og skipulagi (Kínamúrum) er háttað. Undanþágurnar geta aldrei tekið til starfsmanna sem koma með einhverjum hætti að undirbúningi útboða, miðlun, ráðgjöf eða annarri sambærilegri starfsemi.

4.3 Viðskipti aðila sem eiga virkan eignarhlut, stjórnarmanna og endurskoðenda.

32. Í viðskiptum sínum við aðila sem eiga virkan eignarhlut í fjármálafyrirtækinu, stjórnarmenn og endurskoðendur þess skal fyrirtækið gæta þess að þau séu ekki á nokkurn hátt tortryggileg eða til þess fallin að kasta rýrð á trúverðugleika og orðstír þeirra og fyrirtækisins. Óskir þessara aðila um að fyrirtækið annist kaup eða sölu verðbréfa fyrir þá skulu afgreiddar með sama hætti og óskir annarra viðskiptamanna og ekki fá forgang á nokkurn hátt. Viðskiptin skulu skráð sérstaklega og eftirlit haft með þeim með sama hætti og viðskiptum starfsmanna.

Ekki þykir framkvæmanlegt að gera eigendum, stjórnarmönnum og endurskoðendum að fylgja sömu reglum um viðskipti og starfsmenn, m.a. um feril viðskipta, lágmarkseignarhaldstíma og milligöngu fjármálafyrirtækis.

33. Kveða þarf á um takmarkanir á viðskiptum fruminnherja samkvæmt þessum kafla. Þannig má kveða á um að þeim sé óheimilt að eiga viðskipti með eignarhlut í fyrirtækinu á ákveðnu tímabili áður en uppgjör eru birt, eða einungis heimilt að eiga viðskipti í ákveðinn tíma eftir að uppgjör eru birt.
Nauðsynlegt er að skýrt sé kveðið á um hvenær fruminnherjar samkvæmt kaflanum mega eiga viðskipti með eignarhlut í fyrirtækinu til þess að takmarka hættu á að viðskiptin verði metin tortryggileg.
34. Stjórnir fjármálafyrirtækja skulu í tengslum við reglur þessar setja sér innri starfsreglur þar sem m.a. skal kveðið á um aðgang þeirra að trúnaðarupplýsingum og hæfi þeirra til meðferðar einstakra mála.
Slíkar innri reglur stjórnar stuðla að auknum trúverðugleika fjármálafyrirtækis við meðferð mála.

5. Þátttaka í stjórnum og atvinnurekstri.

35. Í reglunum skal kveðið á um að starfsmönnum fjármálafyrirtækja sé óheimilt að sitja í stjórn fyrirtækja eða taka laun frá öðru fyrirtæki eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema að fengnu leyfi stjórnar. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri ef um er að ræða virkan eignarhlut. Þá skal kveðið á um upplýsingaskyldu starfsmanna um aukastörf sem þeir hafa með höndum eða hyggjast taka að sér. Kveðið skal skýrt á um að stjórnendum fjármálafyrirtækja sé heimilt að banna aukastarf, þ.m.t. stjórnarsetu, sem talið er ósamrýmanlegt hagsmunum fyrirtækisins.
36. Þegar meiri hluti stjórnar er kjörinn með fulltingi framkvæmdastjóra eða aðila sem er tengdur honum, skal í reglunum kveðið sérstaklega á um hvar honum er heimilt að sitja í stjórn eða hvernig þátttöku hans í atvinnurekstri er háttað.
Nauðsynlegt er að FME staðfesti stjórnarsetu framkvæmdastjóra í þessu tilviki, enda ætti hann í raun annars sjálfdæmi um mat á þessu.

6. Regluvörður og eftirlit með framkvæmd reglnanna.

6.1 Staða og hlutverk.

37. Gert er ráð fyrir að sérstakur regluvörður verði tilnefndur innan fjármálafyrirtækis til að tryggja eftirfylgni við reglurnar. Regluverði er ætlað að hafa eftirlit með því að ákvæðum reglnanna sé fylgt, hafa forgöngu um túlkun á reglunum og taka ákvarðanir í samræmi við reglurnar. Þá er honum ætlað að sinna kynningu og endurmenntun innan húss vegna reglnanna. Eftirlit regluvarðarins lýtur ekki einvörðungu að viðskiptum starfsmanna heldur einnig að virkni Kínamúra og viðskiptum fyrirtækisins sjálfs.
FME gerir ríkar kröfur til þess að framkvæmd reglnanna og eftirlit með þeim sé í góðu horfi. Til að stuðla að þessu telur FME að tilnefna þurfi ákveðinn starfsmann sem umsjónaraðila með framkvæmd þeirra. Lagt er til að starfsmaður þessi hafi starfsheitið regluvörður. Á þetta sér fyrirmyndir erlendis, m.a. í Bretlandi (compliance officer). Áfram er lögð áhersla á að stjórnendur og stjórn fjármálafyrirtækis beri ábyrgð á að farið sé að reglunum og hafi eftirlit með þeim. Innri endurskoðun hefur og eftirlitshlutverk með framkvæmd reglnanna eins og annarra reglna sem gilda um starfsemi fjármálafyrirtækja. Þá er mikilvægt að undirstrika að hlutaðeigandi starfsmaður ber ábyrgð

á viðskiptum sínum þó hann hafi fengið leyfi regluvarðar, t.d. ef í ljós kemur að hann hafi búið yfir trúnaðarupplýsingum.

38. Regluvörður þarf að hafa hæfileika til að sinna starfi sínu af kostgæfni. Æskilegt er að hann hafi sótt nám og staðist próf í verðbréfaviðskiptum. Til þess að tryggja hlutleysi og sjálfstæði regluvarðar þarf staða hans í stjórnskipuriti fjármálafyrirtækis að vera skýr. M.a. má hann ekki heyra undir yfirmenn þeirra sviða innan fyrirtækisins þar sem verðbréfaviðskipti og ráðgjöf vegna þeirra fer fram.
Ekki er gerð krafa um að regluvörður sé ráðinn af stjórn með svipuðum hætti og innri endurskoðandi. Hins vegar verður að koma skýrt fram í reglunum og starfslýsingum hans að hann sé sjálfstæður í störfum sínum og hvernig það er tryggt. Ljóst er að starfsmaður kann að hafa þetta verkefni að hlutastarfi, einkum í minni fyrirtækjum. Tryggja verður þá að önnur störf hans samræmist vel þessu verkefni. Æskilegt er að innri endurskoðandi hafi eftirlit með starfsemi regluvarðar og hafi því ekki sjálfur verkefnið með höndum. Ekki er þó hægt að gera það að skilyrði. Þá ræðst það af aðstæðum hverju sinni hvort eðlilegt sé að einn regluvörður hafi með höndum eftirlit í samstæðu eða hvort nauðsynlegt sé að skilgreina regluvörð í hverju fyrirtæki innan samstæðu.

6.2 Verksvið.

39. Skilgreina þarf upplýsingagjöf til regluvarðar í hverju fjármálafyrirtæki. Þannig skal tryggt að regluvörður hafi aðgang að öllum upplýsingum sem máli geta skipt í starfi hans sem regluvörður. Sú skylda hvílir á starfsmönnum sem verða þess áskynja að reglurnar séu brotnar að greina regluverði frá því.

40. Regluvörður veitir starfsmönnum heimild til verðbréfaviðskipta eða tekur við tilkynningu um fyrirhuguð viðskipti, sbr. kafla 4.1.3. Hann gengur úr skugga um að öll skilyrði reglnanna séu uppfyllt. Þegar ekki er krafist sérstakrar heimildar eða tilkynningar um fyrirhuguð viðskipti, sbr. kafla 4.2, er regluverði ætlað að hafa eftirlit á grundvelli mánaðarlegra viðskiptayfirlita.
Eftirlit regluvarðar með einstökum viðskiptum ræðst af því hvert ferli viðskipta í viðkomandi fyrirtæki er og því hvort viðkomandi starfsmenn falla að öllu leyti eða hluta undir reglurnar.

41. Viðskiptayfirlit skulu gerð mánaðarlega og innihalda upplýsingar um kaup og sölu verðbréfa, kaupverð eða söluverð, hvenær viðskiptin fóru fram, hver annaðist viðskiptin og hver sé gagnaðilinn í viðskiptunum.
Þessi viðskiptayfirlit ber að gera óháð því hvert ferli viðskiptanna er, sbr. kafla 4.1.3 og 4.2.

42. Regluverði er ætlað að hafa sérstakt eftirlit með viðskiptum starfsmanna með verðbréf sem viðkomandi fjármálafyrirtæki eða aðilar því tengdir eiga hagsmuna að gæta í.
Mikilvægt er að regluvörður hafi yfirsýn yfir stöðutöku fyrirtækisins sjálfs þannig að hann geti lagt mat á hvort viðskipti starfsmanna með sömu verðbréf séu tortryggileg. Ekki er átt við hagsmuni sem eru óverulegir og hafa ekki fjárhagslega þýðingu fyrir fjármálafyrirtækið.

43. Regluvörður hefur vald til að banna viðskipti starfsmanna með ákveðin verðbréf án skýringa eða tímamarka á banninu. Þá er regluverði heimilt að banna tímabundið viðskipti sem tengjast innri greiningu fyrirtækis sem ekki er aðgengileg öðrum viðskiptamönnum.
Ástæða kann að vera til að banna viðskipti með tiltekin verðbréf, t.d. vegna þess að fjármálafyrirtækið sjálft hefur hagsmuna að gæta eða býr yfir trúnaðarupplýsingum og

viðskipti starfsmanna því tortryggileg á þeim tíma. Rökstuðningur fyrir synjun kann jafnframt að fela í sér upplýsingar um viðkomandi verðbréf. Heimild til banns á viðskiptum vegna innri greiningar er ætlað að gæta hagsmuna ótengdra viðskiptamanna með því að koma í veg fyrir að starfsmenn nýti sér innri upplýsingar á undan viðskiptamönnum.

44. Regluvörður veitir undanþágur sem heimilt er að veita samkvæmt reglunum og heldur skrá yfir þær.
45. Regluvörður skal halda skrá yfir þá starfsmenn sem fluttir eru yfir Kínamúra og hafa hana til hliðsjónar í eftirliti sínu, sbr. umfjöllun í 2. kafla.
46. Regluvörður skal hafa það verkefni með höndum að taka við kvörtunum frá viðskiptamönnum sem varða meint brot á reglunum, beina þeim í réttan farveg og halda sérstaka kvartanaskrá.
47. Umfjöllun í þessum kafla um verkefni regluvarðar er ekki tæmandi.

7. Viðurlög.

48. Að öðru leyti en greinir í reglunum gilda ákvæði laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, um viðskipti þeirra sem reglurnar taka til.
49. Brot á reglunum um verðbréfaviðskipti geta varðað áminningu eða brottrekstri. Regluvörður skal tilkynna brot til stjórnar sem síðar tilkynnir þau til FME.
50. Ef upp kemst um brot á reglunum, sbr. 4. kafla, skulu viðskiptin ganga til baka. Sé það ekki unnt skal hagnaður af viðskiptunum renna til viðkomandi fjármálafyrirtækis. Viðskipti fjármálafyrirtækisins sem fela í sér brot, sbr. 5. kafla, skulu jafnframt ganga til baka. Sé það ekki unnt skal ráðstafa hagnaðinum í samráði við Fjármálaeftirlitið. *Fjármálafyrirtæki skulu gæta þess að starfsmenn skrifi undir yfirlýsingu þar sem fram kemur að þeir felli sig við viðurlög af þessu tagi.*

122. Frumvarp til laga [122. mál]

um breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson, Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Á eftir 63. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Starfsmenn hlutafélags sem hefur að meðaltali haft 35 starfsmenn eða fleiri síðustu þrjú ár hafa rétt til að kjósa ákveðinn fjölda stjórnarmanna sem svarar til helmings þess fjölda stjórnarmanna sem valdir eru á annan hátt. Svo fremi sem fjöldi stjórnarmanna, sem er heimilt að kjósa af hálfu starfsmanna skv. 1. málsl., er ekki heil tala skal hækkað upp í næstu heila tölu.

Kosning fulltrúa starfsmanna í stjórn félags skv. 1 mgr. fer fram á almennum fundi starfsmanna félagsins sem skal haldinn a.m.k. einni viku fyrir aðalfund félagsins, sbr. 84. gr. Allir starfsmenn hlutafélagsins, sem eru fastráðnir á fundardegi, eru kjörgengir og eiga rétt til setu á þessum almenna fundi starfsmanna. Við kosningu stjórnarmanna og varamanna á slíkum fundi ræður afl atkvæða og hefur hver fastráðinn starfsmaður eitt atkvæði eða hlut úr atkvæði, sé um hlutastarf að ræða.

Um stjórnarmann sem kosinn er skv. 1. og 2. mgr. gilda ákvæði þessara laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Kosnir starfsmenn skulu þegar taka sæti í stjórn viðkomandi félags en það skal í síðasta lagi á næsta aðalfundi eftir gildistöku laganna aðlaga samþykktir sínar lögunum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta fjallar um atvinnulýðræði en með því er átt við leiðir til að auka áhrif starfsmanna innan fyrirtækja. Frumvarpið var fyrst flutt á 121. þingi og með öðrum efnistökum á 122. þingi, en það varð ekki útrætt og er því endurflutt.

Um atvinnulýðræði.

Oft er rætt um tvær meginleiðir til að auka áhrif starfsmanna innan fyrirtækja. Annars vegar er gert ráð fyrir að starfsmenn komi að málum sem snerta vinnutilhögun, svo sem vinnutíma, aðbúnað, kaup og kjör. Hins vegar er sú leið að auka áhrif starfsmanna á stjórnun fyrirtækja. Hvorugt er útbreitt hérlendis og eru Íslendingar langt á eftir nágrannaþjóðunum hvað varðar þessa þætti í skipulagi atvinnulífsins.

Í mjög langan tíma hefur samband fjármagns og vinnu verið einn af meginþáttum í fræðilegri umfjöllun innan hagfræði og þjóðfélagsvísinda. Áður fyrr var meginreglan varðandi fyrirtækjarekstur sú að eigendur fjármagnsins, þ.e. eigendur viðkomandi fyrirtækis, höfðu allt ákvörðunarvald og alla ábyrgð í fyrirtækinu en launafólk var því samningsbundið. Þetta skipulag í atvinnulífinu hefur breyst mikið á undanförnum áratugum.

Í nútímafyrirtækjum eru þrír ráðandi hópar, þ.e. eigendur, æðstu stjórnendur og starfsmenn. Æðstu stjórnendur, þ.e. framkvæmdastjórar, eru oft meðal eigenda en það er síður en svo algilt. Eigendur og æðstu stjórnendur starfa hins vegar náið saman og koma oftast fram sem ein heild gagnvart starfsmönnum við samninga um kaup og kjör. Þótt eigendur fyrirtækja fari með hið formlega vald hafa áhrif og völd æðstu stjórnenda aukist verulega um hinn vestræna heim undanfarna áratugi.

Hægt er að skipta atvinnulýðræði í nokkur stig þar sem fyrsta stigið er óformleg upplýsingagjöf frá æðstu stjórnendum og eigendum til starfsmanna. Næsta stig er samráð um starfsumhverfi eða afmarkaða þætti í stjórnun fyrirtækisins. Þriðja stigið er að ráðandi hópar fyrirtækisins, þ.e. eigendur, æðstu stjórnendur og starfsmenn, taka sameiginlega ákvarðanir um stjórnun þess.

Rökin fyrir auknum áhrifum starfsmanna eru m.a. þau að með auknu samstarfi og upplýsingastreymi er hægt að ná fram hagkvæmum áhrifum á rekstur fyrirtækis og stöðu starfsmanna. Aukið atvinnulýðræði bætir starfsanda í fyrirtæki, veitir stjórnendum aðhald, bætir kjör og eykur lýðræðislega stjórnunarhætti. Atvinnulýðræði vinnur gegn óeðlilegri valdasamþjöppun og er hluti af fyrirtækjamenningu sem er félagsleg umgjörð um starfsemi fyrirtækis. Það er sífellt mikilvægari þáttur í nútímastjórnun.

Fleiri rök fyrir aðild starfsfólks að stjórnun fyrirtækja eru m.a. að tekið er tillit til hagsmuna starfsmanna með því að veittur er betri aðgangur að reynslu og upplýsingum starfsmanna, að ráðstöfunarfrelsi stjórna sé takmarkað þegar um er að ræða aðgerðir sem eru mjög óvinsælar meðal starfsmanna og að tekið er meira tillit til þjóðfélagslegra afleiðinga af stefnu fyrirtækisins, svo sem hvað varðar staðsetningu, líðan starfsmanna á vinnustað, tryggingu atvinnu og mengun.

Fyrirtæki hafa í auknum mæli fært sig frá miðstýringu yfir til dreifstýringar þar sem einstakir starfsmenn taka sífellt meiri þátt í ákvörðunum sem tengjast vinnu þeirra. Þannig er talið að gott samband milli stjórnenda og starfsmanna sé í þágu beggja og hafi í för með sér bættan hag fyrirtækis, svo og betri starfsanda, ánægðari starfsmenn og betri launakjör. Atvinnulýðræði er þannig góð aðferð til að styrkja fyrirtæki, bæta framleiðni og hækka laun, auk þess sem þessi leið eykur eftirlit sem er nauðsynlegt í heimi vaxandi samkeppni.

Atvinnulýðræði í Evrópu.

Atvinnulýðræði hefur verið útfært víða erlendis. Hlutabréfaeign starfsmanna hefur t.d. verið komið á sums staðar með skipulögðum hætti. Það þekkist að launþegasjóðir séu starfandi innan fyrirtækja og í þá sjóði renni hluti af hagnaði fyrirtækisins. Slíkt fyrirkomulag er t.d. í Svíþjóð og í Þýskalandi en er óþekkt hérlendis.

Í löggjöf Evrópusambandsins eru ákvæði um atvinnulýðræði og er vikið að því í kafla um félagaréttarákvæði EES-samningsins. Búast má við að slík ákvæði verði tekin upp í íslenskan rétt vegna þess að tillögur eru til skoðunar um þetta efni hjá Evrópusambandinu. Þessar tillögur ná bæði yfir hlutafélög og samvinnufélög og fjalla m.a. um atvinnulýðræði. Löggjöf í Evrópu hefur hins vegar ekki enn verið samræmd á þessu sviði. Þessir þættir voru kynntir hér á landi, m.a. í frumvörpum til laga um hlutafélög og einkahlutafélög sem voru lögð fram á Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94 og aftur á 118. löggjafarþingi 1994. Þá var lýst stöðu mála í Evrópu og greint frá því að innan Evrópusambandsins er einkum til umræðu þrenns konar útfærsla á atvinnulýðræði:

1. Að starfsmenn eigi frá þriðjungi til helmings fulltrúa í stjórn eða yfirstjórn. Þessi regla er kölluð þýska reglan vegna þess að ákvæði um þetta efni hafa verið mjög lengi í þýskri löggjöf en fyrstu ákvæði um atvinnulýðræði voru tekin þar upp fyrir mörgum áratugum.
2. Sérstakt starfsmannaráð og að hvert félag hafi reglur um slíkt starfsmannaráð í samþykktum sínum. Fulltrúar starfsmanna koma að útfærslu þessara hugmynda.
3. Samkomulag milli stjórnar fyrirtækis, stjórnar eða æðstu stjórnenda og starfsmanna eða fulltrúa þeirra, um samstarf.

Þessi umræða innan Evrópusambandsins er í samræmi við hina fræðilegu uppbyggingu á atvinnulýðræði sem fyrr var greint frá þar sem fyrsta stig atvinnulýðræðis er óformleg upplýsingagjöf, næsta stig samráð og þriðja stig sameiginleg ákvarðanataka.

Hafa ber í huga að samkvæmt EES-samningnum gæti komið til þess að Íslendingar yrðu að lögfesta ákvæði um atvinnulýðræði án þess að hafa mikið um útfærslu þess að segja. Sú staðreynd felur í sér sterk rök um að við innleiðum atvinnulýðræði á okkar forsendum þannig að reynsla fáist af slíku kerfi hérlendis.

Stjórnarfyrirkomulag í íslenskum hlutafélögum er hins vegar ekki eins og tíðkast annars staðar í Evrópu. Þar er oft gert ráð fyrir framkvæmdastjórn auk hefðbundinnar stjórnar. Þótt hægt væri að útfæra slíkt hérlendis samkvæmt íslenskri hlutafélagalöggjöf hefur það almennt ekki verið gert.

Atvinnulýðræði hérlendis.

Þótt hagsmunir starfsmanna og vinnuveitenda geti oft farið saman innan fyrirtækis takast þessir aðilar einnig á, einkum um kaup og kjör. Þróunin hérlendis virðist sú að fyrirtækjasamningar verði gerðir í ríkari mæli en áður. Líklegt er að slíkir samningar þróist innan fyrirtækja með samvinnu og ráðgjöf frá heildarsamtökum vinnuveitenda og verkalýðsfélaga. Síðustu kjarasamningar mörkuðu spor í þessa átt. Slíkt fyrirkomulag þekkist mjög víða erlendis og hefur verið lengi í föstum skorðum í nágrannalöndunum. Verkalýðsfélög og vinnuveit-

endur standa að hagsmunagæslu gagnvart stjórnvöldum og koma í mörgum tilfellum fram sameiginlega gagnvart ríkisstjórn.

Samstarf launafólks og vinnuveitenda hefur verið mjög mikið innan lífeyrissjóðanna en þeim er stjórnað í sameiningu af samtökum launafólks og vinnuveitenda. Sá þáttur er mikilvægur í ljósi þessa frumvarps vegna þess að lífeyrissjóðirnir eru hluthafar í fjölmörgum fyrirtækjum. Á næstu árum má búast við að hlutdeild lífeyrissjóða í atvinnulífinu aukist verulega en fjárfestingar lífeyrissjóða hérlendis í hlutabréfum eru enn þá hlutfallslega langt á eftir því sem algengast er í nágrannalöndunum. Nú eru yfir 500 milljarðar kr. bundnir í eignum lífeyrissjóðanna. Það er fyrirsjáanlegt að innan nokkurra ára munu lífeyrissjóðir verða mjög stórir eignaraðilar í fjölmörgum íslenskum fyrirtækjum.

Ekki fer fram mikil umræða hérlendis um með hvaða hætti lífeyrissjóðirnir eigi að koma að stjórnun í einstökum fyrirtækjum. Venjan hefur verið sú að þeir hafa ekki skipt sér af stjórnun fyrirtækja og í mörgum tilfellum ekki sóst eftir stjórnarsæti þótt þeir gætu það. Þetta er hins vegar ekki einhlít regla. Lífeyrissjóðirnir hafa litið á fjárfestingar í hlutabréfum sem afmarkaðan þátt í dreifingu á fjármagni sínu en meginskylda þeirra er að tryggja góða ávöxtun á því fjármagni sem bundið er í sjóðunum til þess að geta staðið undir lífeyrisskuldbindingum.

Hér á landi hefur hlutabréfamarkaður rutt sér til rúms og eignaraðild dreifst í fjölmörgum fyrirtækjum. Það ýtir enn frekar undir þátttöku starfsmanna í ákvörðunum innan einstakra fyrirtækja eins og þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Í núgildandi lögum um hlutafélög og einkahlutafélög er heimild um að veita megi stjórnvöldum eða öðrum rétt til að nefna einn eða fleiri stjórnendur. Þannig gætu hlutafélög, miðað við núverandi löggjöf, ákveðið að starfsmenn tilnefndu aðila í stjórn. Hins vegar er ekki vitað til þess að svo sé gert í nokkru íslensku hlutafélagi. Meginefni þessa frumvarps er hins vegar að kveða ótvírætt á um rétt starfsmanna til að kjósa fulltrúa í stjórn hlutafélags af tiltekinni stærð. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að atvinnulýðræði er tiltölulega vanþróað hér á landi og erum við áratugum á eftir nágrannaþjóðunum hvað varðar áhrif starfsmanna á stjórnun fyrirtækja.

Hjá Alþýðusambandi Íslands hefur verið undirbúið átak í menntun trúnaðarmanna til að starfa á jafnréttisgrundvelli sem fulltrúar starfsmanna gagnvart eigendum og æðstu stjórnendum. Aukin menntun trúnaðarmanna, m.a. með auknu námskeiðshaldi, er mjög mikilvæg og slík áhersla sýnir að innan verkalýðshreyfingarinnar er í vaxandi mæli verið að bregðast við nýjum aðstæðum. Starfsemi trúnaðarmanna er einn samstarfsvettvangur í atvinnulýðræði og ekki er að efa að sá vettvangur á eftir að þróast mun hraðar á næstu árum. Þannig stefnir starf stéttarfélaga meira inn á vinnustaðina, bæði hvað varðar kjarasamninga, starf trúnaðarmanna og, ef frumvarp þetta verður að lögum, með formlegri aðild starfsmanna að stjórnun fyrirtækja. Þannig er þetta frumvarp mikilvægur þáttur í stefnu sem unnið er að á öðrum vígstöðvum.

Fjölmargar stjórnunaraðferðir ganga beinlínis út frá þátttöku starfsmanna og má þar nefna gæðastjórnun sem er útbreitt stjórnunarform hérlendis og erlendis. Í gæðastjórnun er hagur viðskiptavinarins í fyrirrúmi. Þessi stjórnunaraðferð hefur reynst vel við að útrýma sóun í rekstri og bæta framleiðslu og hefur leitt til vöru- og þjónustuvöndunar. Þannig hafa fjölmörg fyrirtæki skipulagt gæðaátak í fyrirtækjum sínum, sett á stofn gæðalið og unnið í minni hópum með starfsmönnum á tilteknum starfssvæðum til að bæta rekstur fyrirtækisins. Þetta hefur einnig endurspeglast í bættum launakjörum viðkomandi starfsmanna. Þessi aðferðafræði mælir með því að náið samstarf sé haft við starfsmenn um ýmsa stjórnunarþætti í fyrirtækjum.

Ekki hefur verið fjallað mikið um atvinnulýðræði hérlendis en vert er að vekja athygli á greinargerð sem Hilmar Gunnlaugsson, stud. jur., vann fyrir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið haustið 1995.

Meginþættir frumvarpsins.

Meginatriði frumvarpsins eru sótt í danska löggjöf en íslensk hlutafélagalöggjöf tekur mjög mið af þeirri dönsku. Útfærsla frumvarpsins, að starfsmenn kjósi stjórnarmenn, er hluti af hugmyndafræðinni um atvinnulýðræði. Það að auka áhrif starfsmanna innan fyrirtækja er hins vegar leið sem búast má við að skili mestum árangri á tiltölulega skömmum tíma. Eins og að framan greinir voru ákvæði sett í þýsk lög upp úr 1950 um að starfsmenn kæmu að stjórnun fyrirtækja. Í Noregi var starfsmönnum ríkisfyrirtækja veittur réttur til þess að velja sér fulltrúa í stjórn þegar árið 1947.

Ákvæðin í dönsku hlutafélagalöggjöfinni um kosningu starfsmanna í stjórn félaga eru frá árinu 1973 og hafa reynst vel. Í frumvarpinu er lagt til, eins og er í danskri löggjöf, að í félögum þar sem 35 manns eða fleiri hafi starfað síðustu þrjú ár kjósi starfsmenn fulltrúa í stjórn sem svarar til helmings þeirra stjórnarmanna sem eru kosnir af öðrum, þ.e. af eigendum á aðalfundi. Hækkað er upp ef ekki stendur á heilli tölu. Lágmarksfjöldi stjórnarmanna samkvæmt íslenskum hlutafélagalögum er þrír. Fulltrúar starfsmanna í stjórn verða þannig a.m.k. tveir talsins. Ef fimm eða sex menn eru í stjórn nú kæmu þrír fulltrúar frá starfsmönnum skv. 1. gr. frumvarpsins og stjórnin yrði þá skipuð átta eða níu mönnum.

Í 71. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, er kveðið á um að á stjórnarfundum ráði einfaldur meiri hluti atkvæða úrslitum nema samþykktir kveði á um annað. Í samþykktum má kveða svo á að atkvæði formanns ráði úrslitum þegar atkvæði eru jöfn. Framkvæmd ákvæða frumvarpsins er þannig vandalaus.

Frumvarpið felur í sér að ný fyrirtæki, jafnvel þótt þau séu með fleiri en 35 starfsmenn, þurfa ekki að taka starfsmenn inn í stjórn fyrr en að loknum þremur árum. Félög, sem hafa orðið til við samruna, ættu hins vegar að hlíta því að sá tími sé reiknaður með sem forverar þeirra uppfylltu skilyrðin.

Gert er ráð fyrir að stjórnarmenn sem sækja umboð sitt til starfsmanna fyrirtækis hafi sama rétt á stjórnarfundum og aðrir stjórnarmenn. Hlutverk þeirra er m.a. að taka þátt í stjórnun fyrirtækisins, koma fram með skoðanir starfsmanna, m.a. í tillöguformi, og ræða stefnu og stjórnun fyrirtækisins út frá öðru sjónarhorni en aðrir stjórnarmenn. Um þessa stjórnarmenn gilda öll ákvæði laga um stjórnarmenn, þar með talið um hæfi og trúnað um málefni sem rædd eru á stjórnarfundum.

Lagt er til að haldinn sé almennur starfsmannafundur a.m.k. viku fyrir aðalfund félagsins þar sem fulltrúar starfsmanna eru kosnir í stjórn félagsins. Allir fastráðnir starfsmenn eiga seturétt á þeim fundi og eru kjörgengir í stjórnina. Sérhver fastráðinn starfsmaður fer með eitt atkvæði eða hluta úr atkvæði sé um hlutastarf að ræða.

Tilgangur frumvarpsins er fyrst og fremst að opna fyrir atvinnulýðræði í íslenskum fyrirtækjum og nýta hina vel heppnuðu dönsku löggjöf í því skyni. Norðurlöndin hafa náð langt á þessu sviði, svo og Þýskaland og reyndar mörg lönd innan Evrópusambandsins. Náið samstarf fyrirtækis og starfsmanna þekkist einnig annars staðar. Samband Japana við fyrirtæki sín er mjög mikið og þar er algengt að starfsmenn vinni allan starfstíma sinn hjá sama fyrirtæki. Annars staðar er meira um breytingar á starfsvettvangi að ræða, t.d. í Bandaríkjunum.

Mikilvægt er að hafa í huga að hér er gert ráð fyrir að fulltrúi í stjórn félagsins komi úr hópi starfsmanna. Í Svíþjóð er gert ráð fyrir að fulltrúar starfsmanna komi frá stéttarfélögunum en séu ekki nauðsynlega starfsmenn viðkomandi fyrirtækis. Í þessu frumvarpi er fylgt

stefnu dönsku laganna um að fulltrúar starfsmanna í stjórn séu starfsmenn viðkomandi fyrirtækis. Þetta getur vitaskuld verið matsatriði en flutningsmenn telja rétt að stjórnarmaðurinn sé starfsmaður fyrirtækisins þótt vitaskuld eigi hann aðild að stéttarfélagi eins og aðrir starfsmenn. Hugmyndin á bak við frumvarpið miðar að því meðal annars að efla tengsl starfsmanna fyrirtækisins við stjórn, eigendur og æðstu stjórnendur þess. Búast má við að með áframhaldandi útfærslu á vinnustaðasamningum í samvinnu við stéttarfélögin verði tengsl starfsmanna og stéttarfélaga og heildarsamtaka þeirra enn nánari en verið hefur og telja flutningsmenn að þetta frumvarp stuðli að því.

Þetta form atvinnulýðræðis þekkist víða og sums staðar eru einnig starfandi sérstök ráð sem gæta hagsmuna starfsmanna á vinnustað. Annars staðar er þátttaka starfsmanna í stjórnum fyrirtækja tryggð með víðtækari hætti en þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Mjög mikilvægt er að samstarf æðstu stjórnenda, starfsmanna og eigenda eigi sér stað innan einstakra fyrirtækja til að tryggja samkeppnisstöðu þeirra og gefa starfsmönnum raunhæfan möguleika á þátttöku í stjórnun fyrirtækja. Þetta getur bæði haft áhrif á starfsumhverfi þeirra og launakjör í framtíðinni.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi og að kosnir starfsmenn skuli þegar taka sæti í stjórn fyrirtækja. Síðan skuli fyrirtæki laga samþykktir sínar að lögunum í síðasta lagi á næsta aðalfundi eftir gildistöku þeirra. Með þessari útfærslu er félögum veittur ákveðinn frestur til breytinga á samþykktum sínum og þurfa þau ekki að kalla saman hluthafafund sérstaklega í því skyni. Breytingarnar á samþykktum félaga eru hins vegar einfaldar.

Fyrirtæki sem falla undir frumvarpið.

Ef miðað er við fyrirtæki með 35 starfsmenn eða fleiri er ljóst að einungis stærri fyrirtæki hérlendis falla undir þetta nýja ákvæði.

Meðal þeirra fyrirtækja sem falla undir ákvæði frumvarpsins eru langflest fyrirtæki sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands en góðar tölulegar upplýsingar eru til um þau fyrirtæki. Það eru flest stærstu og öflugustu fyrirtæki landsins. Þau þurfa að sinna tilteknum skyldum gagnvart samfélaginu hvað varðar upplýsingagjöf og lúta eftirliti, m.a. af hálfu stjórnar Verðbréfaþings. Þessi fyrirtæki starfa fyrir opnum tjöldum og eru mörg ráðandi á sínu sviði. Ákvarðanir í þessum fyrirtækjum hafa mjög mikil áhrif á starfsmenn og aðra í atvinnulífinu.

Ljóst er, ef einungis eru skoðuð þau fyrirtæki á Verðbréfaþingi sem falla undir frumvarpið, að um mörg stór og öflug fyrirtæki er að ræða þar sem aukin þátttaka starfsmanna við stjórnun væri mjög til bóta að mati flutningsmanna. Í frumvarpinu er farin sú leið að miða einungis við breytingar á hlutafélagalöggjöf. Vitaskuld er hægt að útfæra stefnu frumvarpsins gagnvart einkahlutafélögum og samvinnufélögum og mikilvægt er að halda áfram á þessari braut.

Lokaorð.

Brýnt er að Íslendingar marki sér sjálfstæða stefnu á þessu sviði. Búast má við að innan Evrópusambandsins verði þetta form eitt af mörgum sem verða lögfest á næstu missirum og þar með hérlendis. Þá er skynsamlegra að Íslendingar hafi þegar sett lög um slíkt kerfi í atvinnulífinu og unnið með það um nokkurn tíma og þannig öðlast reynslu á nýju og mikilvægu sviði. Með frumvarpinu er stigið markvisst skref í átt að atvinnulýðræði þar sem með því yrði lögfest aðild starfsmanna að stjórnum fyrirtækja og byggt á danskri löggjöf sem hefur reynst vel á þessu sviði.

Frumvarpið tekur á einum þætti í atvinnulýðræði, þ.e. þátttöku starfsmanna í stjórnun fyrirtækja sem hafa ákveðinn fjölda starfsmanna. Með samþykkt þessa frumvarps væri eðli-

legt að útfæra sambærilega aðild starfsmanna að stjórnun stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins sem ekki eru í hlutafélagsformi. Flutningsmenn eru þess fullvissir að samþykkt þessa frumvarps muni styrkja íslenskt atvinnulíf, leiða til bættra kjara launafólks, jafnframt því að bæta möguleika á aukinni framleiðni fyrirtækja og þar með bæta samkeppnisstöðu þeirra á alþjóðamarkaði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að nýrri grein verði bætt við núverandi hlutafélagalög þannig að starfsmenn hlutafélags sem hefur náð tiltekinni stærð, þ.e. haft 35 starfsmenn eða fleiri síðastliðin þrjú ár, geti kosið starfsmenn til setu í stjórn félagsins. Starfsmenn kjósi helming af þeim fjölda stjórnarmanna sem er almennt kosinn á aðalfundi af eigendum. Ef sex manns eru í stjórn félags koma þrír fulltrúar frá starfsmönnum og stjórnin verður samtals skipuð níu manns. Ef sjö manns eru í stjórn er helmingur 3,5 en hækkað er upp í fjóra sem er þá fjöldi fulltrúa starfsmanna í stjórn. Samtals væru þá 11 manns í þeirri stjórn.

Halda skal starfsmannafund þar sem allir fastráðnir starfsmenn eiga seturétt, hafa atkvæðisrétt og eru kjörgengir. Hver fastráðinn starfsmaður hefur eitt atkvæði eða hluta úr atkvæði sé um hlutastarf að ræða. Kjósa skal úr þeirra hópi til setu í stjórn fyrirtækisins og ná þeir kjöri sem fá flest atkvæði. Einnig er gert ráð fyrir að kjósa varamenn.

Stjórnarmenn kosnir af starfsmönnum hafa öll sömu réttindi og skyldur og aðrir stjórnarmenn.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

123. Tillaga til þingsályktunar [123. mál]

um aðgerðir til þess að draga úr kynbundnum mun í upplýsingatækni.

Flm.: Hólmfríður Sveinsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Guðmundur Árni Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa vinnuhóp sem geri tillögur um hvernig auka megi áhuga og þekkingu stúlkna á upplýsingatækni. Hópurinn hafi eftirfarandi hlutverk:

a. að safna fyrirliggjandi upplýsingum um kynbundinn mun á tölvunotkun íslenskra leik- og grunnskólanemenda,
b. að gera ítarlega könnun á orsökum minni áhuga stúlkna en drengja á upplýsingatækni og tölvum almennt,
c. að gera tillögur um aðgerðir sem hvetja stúlkur til að nýta upplýsingatækni, einkum tillögur að námsefni.

Vinnuhópurinn skili tillögum sínum fyrir árslok 2001.

Greinargerð.

Upplýsingatækni og þekkingariðnaður eru þær greinar atvinnulífsins sem hraðast vaxa um þessar mundir um heim allan og er oft talað um hið nýja hagkerfi í þessu samhengi. Hér á landi hefur þróunin verið afar hröð og nú er mikill skortur á starfsfólki með þekkingu og menntun á þessu sviði. Mikið fjármagn streymir inn í þessar nýju greinar atvinnulífsins og laun í þessum geira eru með því hæsta sem þekkist hér á landi.

Í ljósi þessa er það mjög mikið áhyggjuefni að konur í þessum atvinnugreinum eru aðeins lítill hluti þeirra sem þar vinna og ekkert bendir til þess að það sé að breytast. Þetta þýðir að fáar konur eru í þessum hálaunastörfum en ekki síður hefur þetta þær afleiðingar að konur taka ekki virkan þátt í að móta þær afurðir og umhverfi sem þessar atvinnugreinar skapa. Tölvur, og þá sérstaklega netið, skipa æ ríkari sess í lífi karla og kvenna og því er mikilvægt að sjónarmið, gildi og viðhorf beggja kynja komi við sögu við mótun þessarar nýju tækni. Hlutfall kvenna í tölvunarfræðum á háskólastigi hér á landi er aðeins um fimmtungur og virðist ekki vera að aukast. Sett hefur verið af stað átaksverkefni jafnréttisnefndar Háskóla Íslands og Jafnréttisráðs sem hefur það m.a. að markmiði að laða konur að námi í þessum greinum og er það vel. Enn mikilvægara er þó að leita orsaka og grípa fyrr inn í.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að mótun lífsviðhorfa og starfsvals hefst strax á barnsaldri og því er nauðsynlegt að bregðast við þá þegar. Í þessu samhengi er eðlilegt að horft sé til menntakerfisins og möguleika sem það býður upp á, t.d. með gerð námsefnis sem laðar stúlkur að tölvum. Innlendar og erlendar rannsóknir staðfesta að verulegur munur er á því hvernig stúlkur og piltar nota upplýsingatækni. Hér á landi hefur Sólveig Jakobsdóttir hjá Kennaraháskóla Íslands verið í fararbroddi á þessu sviði og hafa rannsóknir hennar sýnt að stúlkur nota tölvur helst til rit- og gagnavinnslu en piltar vinna með tölvugrafík, vefnað, forritun og þess háttar. Það er líka staðreynd að mismunandi kynni kynjanna af tölvum og ólík viðhorf þeirra til upplýsingatækni í skólum hafa áhrif á náms- og starfsval.

Vafalítið er hér um samspil margra þátta að ræða, bæði einstaklingseiginleika svo og umhverfisáhrif. Í því ljósi er mjög mikilvægt að kanna ítarlega orsakir þess að stúlkur sýna tölvum minni áhuga en strákar áður en reynt verður að bregðast við þessu. Erlendar rannsóknir sýna að færni stúlkna á þessu sviði er alls ekki minni en pilta og standa þær þeim jafnvel framar ef þær gefa sig að tölvum. Vandinn er hins vegar sá að stúlkur sýna tölvum einfaldlega minni áhuga en strákar. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að hve miklu leyti það er vegna þess efnis sem boðið er upp á í tölvum og á netinu. Strákar eyða miklum tíma í tölvuleikjum og fikra sig síðan yfir í annað, svo sem netið. Stúlkur sýna tölvuleikjum almennt minni áhuga en drengir, hvort sem það er vegna lítils áhuga á leikjum almennt eða á þeim tegundum leikja sem helst er boðið upp á í tölvum. Í erlendum rannsóknum er því haldið fram að tölvur og tækni höfði einfaldlega ekki til stúlkna vegna þess að þar ríki „karllæg viðhorf“. Lítið tillit sé tekið til þarfa stúlkna, enda vita markaðsmenn tölvufyrirtækja að markhópur þeirra er fremur drengir en stúlkur. Þannig hefur myndast ákveðinn vítahringur sem erfitt er að losna út úr án þess að gera sér vel grein fyrir orsökum og afleiðingum í þessu samhengi. Markmiðið hlýtur því að vera að skapa aðstæður þar sem tölvur og tækni vekja áhuga stúlkna svo að þær hasli sér völl á þessu sviði. Langtímamarkmiðið er svo að jafna hlut kynja í hópi þeirra sem móta þessa tækni og skapa til langframa þær aðstæður að tölvur og tækni uppfylli þarfir beggja kynja og allra aldurshópa.

Tölvunotkun og netið fela í sér ákveðinn lífsstíl og hugsunarhátt sem líklegur er til þess að auðga líf manna. Tölvukunnátta gerir fólki kleift að nýta tækifæri í hinu nýja hagkerfi þar sem tölvulæsi er algjört grundvallaratriði til að vera gjaldgengur á vinnumarkaði. Nái stór hópur kvenna ekki tökum á tölvutækninni skapast ójöfnuður kynjanna á vinnumarkaði. Þessi

þekking á erindi við alla aldurshópa og bæði kynin, enda er markmiðið með tölvum og netinu að gera líf okkar þægilegra. Því er mikilvægt að berjast gegn því að viðhorf og gildi annars kynsins ráði ríkjum í þróun og uppbyggingu nýja hagkerfisins.

124. Frumvarp til laga [124. mál]

um tímareikning á Íslandi.

Flm.: Vilhjálmur Egilsson, Kristján L. Möller, Jón Kristjánsson,
Arnbjörg Sveinsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Drífa Hjartardóttir,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Margrét Frímannsdóttir, Gunnar Birgisson,
Guðrún Ögmundsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason.

1. gr.

Í lögum þessum merkir sumartími það tímabil ársins þegar klukkan er færð fram um 60 mínútur frá miðtíma Greenwich.

2. gr.

Sumartími skal hvarvetna á Íslandi hefjast kl. 01.00 að miðtíma Greenwich síðasta sunnudag í mars og ljúka kl. 01.00 að miðtíma Greenwich síðasta sunnudag í október.

3. gr.

Utan sumartíma skal hvarvetna á Íslandi telja stundir eftir miðtíma Greenwich.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 6/1968, um tímareikning á Íslandi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á þremur löggjafarþingum, 120., 122. og 125., en varð ekki útrætt.

Evrópusambandið hefur gefið út tilskipun um samræmdan sumartíma í aðildarríkjunum. Er þar miðað við að sumartími hefjist klukkan eitt eftir miðnætti síðasta sunnudag í marsmánuði og er klukkan þá færð fram um eina klukkustund. Honum ljúki síðan klukkan eitt eftir miðnætti síðasta sunnudag í október þegar klukkan er færð til baka um eina klukkustund.

Í skýrslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til Evrópuþingsins og ráðherraráðsins frá 25. apríl 1996 er fjallað um áhrif sumartíma, meðal annars á orkunotkun, heilbrigði, vinnuaðstæður og lífsstíl, landbúnað, umhverfisvernd, umferðaröryggi, ferðamennsku og afþreyingariðnað. Athuganir framkvæmdastjórnarinnar leiddu í ljós að engin meiri háttar vandamál væru því samfara að viðhalda sumartíma í Evrópusambandinu þó að til séu þeir sem telja breytingar hafa óþægindi í för með sér.

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru í fyrsta lagi hvað snertir orkunotkun að sumartíminn leiðir almennt til nokkurs sparnaðar, í öðru lagi að sumartími og tímabreytingar honum tengdar hafa engin varanleg eða alvarleg áhrif á heilsu manna, í þriðja lagi hefur sumartíminn engin neikvæð áhrif á vinnuaðstæður, í fjórða lagi hvað varðar lífsstíl þá hafa betri birtuskil-

yrði áhrif á möguleika fólks til að stunda útivist, í fimmta lagi hefur sumartíminn engin neikvæð áhrif á flesta þætti landbúnaðar og í sjötta lagi lagi leiddi rannsókn á umferðaröryggi, sem gerð var í Bretlandi, í ljós að á sumartíma er slysatíðni almennt lægri en á vetrartíma og er það fyrst og fremst rakið til aukinnar birtu á kvöldin. Þá kom og í ljós að aukin birta síðla dags hefur jákvæð áhrif á ferðamannaþjónustu. Þá er í skýrslunni lögð áhersla á samræmingu sumartíma í Evrópusambandinu og bent á að hún sé sérstaklega brýn varðandi samgöngur, fjarskipti og ferðamennsku.

Allar ályktanir sem dregnar verða af skýrslunni benda til þess að kostir þess að viðhalda sumartíma í Evrópusambandinu og nágrannalöndum þess séu yfirgnæfandi.

Algengt er að forráðamenn íslenskra fyrirtækja og aðrir sem þurfa að hafa samskipti við Vestur-Evrópu yfir sumartímann kvarti undan því að samskiptatíminn styttist mjög verulega við að tímamismunurinn eykst úr einni klukkustund í tvær. Mjög erfitt getur verið fyrir fólk að ná saman í síma á þessum tíma. Fullyrða má að mikill tími og fyrirhöfn mundi sparast í viðskiptum við helstu viðskiptalöndin, eins og Danmörku, Noreg, Svíþjóð, Þýskaland, Belgíu, Holland og Frakkland, ef tímamismunurinn væri ávallt ein klukkustund. Tveir þriðju hlutar vöruútflutnings fara til ríkja ESB og EFTA og þaðan koma um þrír fjórðu af öllum vöruinnflutningi. Jafnframt koma um þrír fjórðu erlendra ferðamanna til Íslands frá þessum ríkjum. Til viðbótar öllum þeim samskiptum sem fylgja viðskiptum með vörur og þjónustu við þessi helstu viðskiptalönd okkar eru margvísleg önnur samskipti við þau, m.a. á sviði menningarmála. Eins tíma munur allt árið milli Íslands og meginlands Evrópu gerir samskiptin auðveldari og markvissari sem hefur afar mikla þýðingu fyrir alla sem að þeim koma.

Einnig er mikilvægt fyrir flugsamgöngur milli Íslands og Evrópu að hér á landi verði tekinn upp sumartími til samræmis við önnur Evrópulönd. Þá þarf ekki að breyta flugáætlunum þegar tímabreytingar verða en því fylgir jafnan töluverð fyrirhöfn og kostnaður. Enn fremur leiðir sumartími til þess að flug til Evrópu frá Keflavíkurflugvelli klukkan sjö á morgnana yrði einum tíma síðar eins og á vetrum. Þetta kemur sér vel fyrir farþega í morgunflugi til Evrópu en nú er algengt umkvörtunarefni hversu snemma brottfarir eru enda skapar það oft óþægindi fyrir farþega. Ekki er óeðlilegt að ætla að farþegar í Reykjavík þurfi að fara á fætur tveimur og hálfum til þremur tímum fyrir brottför frá Keflavík.

Upptaka sumartíma með þeim hætti sem hér er lýst leiðir til þess að á sumrin verður sólin hæst á lofti um klukkan hálfþrjú á daginn á vesturhluta landsins. Þetta þýðir að dagurinn er tekinn fyrr og vinnutíma lýkur fyrr en á vetrum. Með þessu móti hefur almenningur meiri möguleika á að njóta sólar og góðviðrisdaga á sumrin. Þannig eru líkur til þess að hér gæti skapast sérstök sumarstemning eins og gerist í nágrannalöndum í Evrópu. Fólk hefði mun betri tækifæri til þess að njóta útiveru eftir að vinnudegi lýkur og þannig yrðu lífnaðarhættir almennings heilbrigðari. Þetta hefur tvímælalaust hvetjandi áhrif á viðskiptalíf, götulíf og allt mannlíf á Íslandi á sumrin og ferðaþjónustan nyti góðs af. Íþróttafólk hefði einnig hag af sumartíma, jafnt keppnisfólk sem áhugamenn, þar sem birtu nyti lengur fram á kvöld síðsumars og snemma hausts. Sumartíminn kæmi sér t.d. vel fyrir skipulagningu knattspyrnuleikja og golfáhugamenn gætu betur stundað íþrótt sína. Ekki síst hefði sumartími góð áhrif á mannlífið á hinum fjölmörgu stöðum á landsbyggðinni sem eru undir eða milli hárra fjalla. Þar hafa margir takmarkaða möguleika til að njóta sumarsins því að sólin hefur horfið af sjóndeildarhringnum þegar vinnudeginum lýkur.

Því hefur stundum verið haldið fram að fólk ætti sjálft að geta skipulagt vinnu sína, hafið vinnu fyrr á morgnana og hætt fyrr á daginn, til þess að bæta samskiptin við Evrópu eða til þess að njóta sumarblíðunnar að loknum vinnudegi. Þetta er hins vegar ekki svo einfalt þar sem atvinnulífið er allt samtengt og hvert fyrirtæki miðar opnunartíma sinn við önnur fyrir-

tæki. Enn fremur er margvísleg þjónusta veitt á þeim tíma sem miðast við almennan vinnudag, svo sem á dagheimilum og leikskólum. Grunnskóli hefst líka víðast hvar um áttaleytið á morgnana. Það kostar því í flestum tilvikum of mikla röskun að breyta vinnutíma einstaklinga, svo ekki sé talað um heilla fyrirtækja.

Sumartími tíðkast eins og fyrr sagði í öllum helstu viðskiptalöndum okkar í austri og vestri. Ísland er sér á báti hvað þetta varðar og því hlýtur sú spurning að vakna af hverju Íslendingar vilja skera sig úr einmitt að þessu leyti. Rökin sem færð hafa verið gegn sumartímanum hafa fyrst og fremst falist í að draga fram kostnaðinn og fyrirhöfnina við að breyta klukkunni tvisvar á ári. Vissulega kostar það ákveðna fyrirhöfn en nágrannar okkar hafa talið hana léttvæga miðað við ávinninginn af sumartímanum. Því er einkennilegt að Íslendingar skuli búa við þessa sérstöðu og mál hlýtur að vera að linni í því efni.

Eins og að framan er greint var samhljóða frumvarp lagt fram á 120. löggjafarþingi. Frumvarpið var sent fjölmörgum aðilum til umsagnar, m.a. einstökum sveitarfélögum og samböndum sveitarfélaga sem öll lýstu yfir eindregnum stuðningi við frumvarpið eða gerðu engar athugasemdir við efni þess. Í umsögn frá Íslenskri verslun kemur fram að það væri til mikilla hagsbóta fyrir þann mikla fjölda inn- og útflytjenda sem á dagleg viðskipti við helstu viðskiptalönd okkar á meginlandi Evrópu ef klukkan yrði færð fram um eina klukkustund eins og lagt er til í frumvarpinu. Þá segir í umsögn Samskipa að meginhluti viðskipta fyrirtækisins sé tengdur löndum innan EES og því væri það fyrirtækinu til mikils hagræðis ef tímamismunur milli Íslands og EES yrði sá sami allt árið um kring. Sömu sjónarmið koma fram í umsögnum Eimskipafélagsins og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og í umsögn Verslunarráðs segir að með þeirri breytingu sem frumvarpið felur í sér megi með lítilli fyrirhöfn bæta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á alþjóðavettvangi. Samband íslenskra veitingahúsa og Flugleiðir lýsa einnig yfir stuðningi við frumvarpið og vísa til þeirra röksemda sem fram koma í greinargerð. Þá koma loks fram þær röksemdir frá Knattspyrnusambandi Íslands að í fyrsta lagi sé keppnistímabil íslenskra knattspyrnumanna það stutt að það verði æ erfiðara að koma fyrir öllum þeim leikjum sem þarf í öllum aldursflokkum frá kl. 17–19, en tíminn takmarkist við lok vinnudags annars vegar og hins vegar við birtuskilyrði, í öðru lagi væri það tvímælalaust til bóta ef beinar sjónvarpsútsendingar frá knattspyrnuleikjum gætu hafist klukkustund síðar á deginum, í þriðja lagi væri til bóta, vegna fjölda ferðalaga íslenskra knattspyrnuliða, ef flug frá Íslandi væri klukkustund síðar á morgnana og í fjórða lagi væri sambandið í miklum samskiptum við önnur knattspyrnusambönd í Evrópu, sem og UEFA og FIFA sem eru í Sviss, og væri það til mikilla hagsbóta ef tími til samskipta við þessa aðila ykist. Sambærileg sjónarmið varðandi skipulag móta og æfinga koma fram í umsögn Íþróttasambands Íslands.

Þegar samhljóða frumvarp var lagt fram á 122. löggjafarþingi barst afar neikvæð afstaða með bréfi frá geðdeild Landspítalans, undirrituð af Júlíusi K. Björnssyni sálfræðingi en meðfylgjandi var enn fremur umsögn sem hann hafði unnið ásamt Björgu Þorleifsdóttur líffræðingi og Helga Kristbjarnarsyni lækni. Er í umsögn þessari mælt gegn frumvarpinu fyrst og fremst af þeim ástæðum að það hafi slæm áhrif á svefn fólks og enn fremur er í ítarlegu máli andmælt þeim rökum sem sett eru fram í greinargerð frumvarpsins. Niðurstaða umsagnarinnar er sú að það væri mikið glapræði ef þessi breyting yrði samþykkt og að það gæti verið heilsufarslegt stórslys þegar til langs tíma er litið. Nú er það svo að ekki fylgja þessari umsögn sérfræðinga á geðdeild Landspítalans neinar samanburðarrannsóknir sem sýna að geðheilsa þeirra sem búa við sumartíma sé almennt lakari en Íslendinga sem búa ekki við sumartíma. Enda hefur ekki frést af því að sú sé reyndin. Þvert á móti má halda því fram að auknir möguleikar almennings til að nýta sér betur birtuna um vor og fram á haust séu til þess

fallnir að skapa betra mótvægi gegn áhrifum skammdegisins sem ríkir hér á norðurslóðum. Í þessu sambandi er rétt að huga að því að vesturströnd Írlands liggur á milli 9. og 11. gráðu vestlægrar lengdar en austurströnd Íslands er á 14. lengdargráðu. Írar hafa sumartíma og þeir sem búa á vesturströndinni eru því í mjög svipaðri stöðu gagnvart nýtingu birtunnar og Austfirðingar væru ef Ísland fylgdi sama tímareikningi og Írland. Ekki hafa borist neinar spurnir af því að geðheilsa íbúa vesturstrandar Írlands sé sérstaklega slæm eða að þar séu svefntruflanir meðal almennings meiri eða heilsufar almennt verra en gengur og gerist. Þvert á móti er mikill efnahagslegur uppgangur á vesturströnd Írlands og þar hefur tekist mun betur að skapa ný störf og laða að fólk en á Austurlandi, þrátt fyrir sumartímann. Umsögn sérfræðinga geðdeildar Landspítalans uppfyllir ekki þær kröfur sem gera verður til þess sem sagt er í nafni vísindalegrar þekkingar.

Upptaka sumartíma með þeim hætti sem lýst er í frumvarpinu er því mikið hagsmunamál almennings í landinu. Málið hefur víðtækan stuðning meðal félagasamtaka og sveitarfélaga og víst að mannlífið á Íslandi yrði stórum betra ef það nær fram að ganga.

125. Frumvarp til laga [125. mál]

um breytingu á lögum nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

1. málsl. 1. gr. laganna orðast svo: Ríkið starfræki stofnun, þjónustu- og endurhæfingarstöð fyrir sjónskerta, sem nefnist Sjónstöð Íslands.

2. gr.

Á eftir 5. gr. laganna koma tvær nýjar greinar er orðast svo:

a. (6. gr.)

Auk þjónustu við sjónskerta skal stofnunin annast þjónustu við börn yngri en 18 ára sem þurfa á gleraugum að halda. Skal stofnunin í samráði við landlækni og augnlækni viðkomandi barns halda skrá yfir öll þau börn yngri en 18 ára sem þurfa á gleraugum að halda. Sjónmælingar og augnskoðun þessa hóps skal alla jafna ekki vera á verksviði stofnunarinnar heldur hjá augnlækni viðkomandi barns.

b. (7. gr.)

Sérhver sjónskertur einstaklingur yngri en 18 ára skal eiga rétt á sjónglerjum án tillits til orsaka sjónskerðingar. Þá skulu allir einstaklingar sem þurfa á gleraugum að halda í læknisfræðingaskyni eiga rétt á sjónglerjum. Umsókn frá augnlækni er skilyrði fyrir endurgreiðslu.

Ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar reglur um þátttöku ríkisins í kostnaði skv. 1. mgr. Greiðslur skulu aldrei vera lægri en sem nemur tveimur þriðju hlutum kostnaðar við kaup nauðsynlegra sjónglerja. Stjórn Sjónstöðvar Íslands ákveður hvað skuli teljast nauðsynleg sjóngler í hverju og einu tilfelli. Hver einstaklingur á ekki rétt á endur-

greiðslu vegna sjónglerja oftar en einu sinni á hverju tveggja ára tímabili nema læknisfræðilegar ástæður liggi að baki að mati yfirlæknis stofnunarinnar. Ríkið skal ekki taka þátt í kostnaði vegna kaupa á gleraugnaumgjörðum.

3. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um Sjónstöð Íslands.**

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 122. og 125. löggjafarþingi en fékk ekki afgreiðslu og er nú flutt aftur nær óbreytt.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að auka þátttöku ríkisins í gleraugnakostnaði einstaklinga yngri en 18 ára. Stefnt er að því að stíga skref í átt til jöfnunar á réttindum þeirra sem eiga við sjónvandamál að stríða gagnvart öðrum hópum samfélagsins sem þurfa á sjúkrahjálp að halda. Einnig er lagt til í frumvarpinu að nafn Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra, sem komið var á fót með lögum nr. 18/1984, verði fært til samræmis við það nafn sem stofnunin hefur sjálf tekið sér. Undanfarin ár hefur stofnunin notað nafnið Sjónstöð Íslands.

Staðan nú.

Hér á landi hafa verið sett lög til að koma þeim þegnum þjóðfélagsins til hjálpar sem á sjúkrahjálp þurfa að halda. Má í þessu sambandi nefna lög nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, og lög nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra. Í þessum lögum er á ýmsan hátt vikið að því hvernig haga megi þátttöku ríkisins í kostnaði sem af slíkri fötlun hlýst.

Einn hópur hefur fram til þessa verið nokkuð afskiptur við þessa lagasetningu. Það eru þeir sem þurfa á gleraugum að halda en falla ekki í flokk sjónskertra samkvæmt lögum nr. 18/1984. Þau lög taka einungis til þeirra sem hafa verri sjón en sem nemur ⅓ af venjulegri sjón með aðstoð bestu mögulegra hjálpartækja, sbr. greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 18/1984. Er viðmiðun þessi fengin úr skilgreiningum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, á því hverjir teljist sjónskertir. Aðrir sem við sjónvandamál eiga að stríða hafa ekki átt þess kost samkvæmt lögum að ríkið tæki þátt í kostnaðinum sem hlýst af þeim, þar með talið gleraugnakaupum.

Frá því er reyndar ein undantekning. Sjónstöð Íslands hefur á fjárlögum ár hvert fengið fjárveitingu til þess að taka þátt í kostnaði ákveðinna einstaklinga sem hafa þurft á gleraugum að halda í lækningaskyni. Í lækningaskyni hefur í þessum skilningi verið túlkað mjög þröngt og hafa nærsýnir til dæmis algjörlega fallið utan þess flokks. Vakin skal athygli á því að þessi undantekning er án lagaheimildar og byggist eingöngu á samstarfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Sjónstöðvar Íslands. Í lögum er einungis kveðið á um að Sjónstöðin sinni sjónskertum samkvæmt framangreindri skilgreiningu WHO, sbr. lög nr. 18/1984 og reglur nr. 59/1987. Ekki er því nein hlutlæg regla til um það hver geti átt rétt á slíkum greiðslum og hver ekki. Sjónstöð Íslands er í raun falið ákveðið sjálfdæmi innan mjög þröngs fjárlagaramma að ákveða hvernig staðið skuli að endurgreiðslum vegna sjónglerja í lækningaskyni.

Með núverandi fyrirkomulagi er gert upp á milli gleraugnanotenda eftir því af hvaða völdum sjónskerðingin er. Nærsýnir einstaklingar hafa ekki fengið aðstoð þar sem nærsýni er venjulega ekki orsök starfrænnar sjóndepru (varanleg sjóndepra vegna vanþroska sjónar) en fjarsýnir hafa fengið aðstoð þar sem fjarsýni kann í sumum tilfellum að leiða til þess að sjón þroskist ekki eðlilega. Bent skal á að nærsýni getur í sumum tilfellum talist félagslegur sjúkdómur, þ.e. valdið viðkomandi ýmiss konar félagslegum óþægindum.

Einnig má benda á þann mun sem er á þátttöku ríkisins í sjúkrahjálp heyrnarskertra og tannsjúkra annars vegar og hins vegar sjónskertra sem þurfa á sjónglerjum að halda.

Allir heyrnarskertir einstaklingar á skólaskyldualdri eiga rétt á nauðsynlegum heyrnartækjum sér að kostnaðarlausu, sbr. reglur nr. 160/1986, með síðari breytingum. Auk þess eiga allir heyrnarskertir 18 ára og eldri rétt á því að ríkið greiði 60% af kostnaði þeirra við nauðsynleg heyrnartæki. Vakin skal athygli á því að ekki er gerður neinn greinarmunur á því af hvaða orsökum heyrnaskerðing stafar, eins og gert er varðandi sjónvandamál.

Sama á við um þátttöku ríkisins í tannlækniskostnaði. Fyrir öll börn og unglinga, 15 ára og yngri, greiðir ríkið 75% af tannlækniskostnaði, öðrum en gullfyllingum, krónu- og brúargerð. Fyrir 16 ára unglinga eru greidd 50% og 75% kostnaðar fyrir elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta fullrar tekjutryggingar. Ekki fer fram nein flokkun á því til hvers rekja megi tannskemmdirnar. Tannskemmdir má oft rekja til hirðuleysis barna og/eða foreldra, en vandamál tengd sjón barna verða ekki tengd slíku hirðuleysi.

Af þessu má sjá að misræmið er mikið milli þessara tegunda heilbrigðisvandamála og sjúkrahjálpar, þrátt fyrir að mismunur þeirra frá læknisfræðilegu sjónarhorni sé enginn.

Markmið frumvarpsins.

Meginmarkmið frumvarpsins er að bæta réttarstöðu barna yngri en 18 ára sem þurfa nauðsynlega á gleraugum að halda. Auk þess er það markmið frumvarpsins að skjóta stoðum undir endurgreiðslur til þeirra sem eiga rétt á sjónglerjum í lækningaskyni.

Allir geta verið sammála um óréttlætið sem felst í mismun milli heyrnarskertra og sjónskertra hvað varðar þátttöku ríkisins í sjúkrahjálp þeirra. Samkvæmt upplýsingum Augnlæknafélags Íslands eru vandamál tengd sjón, heyrn og tönnum jafnmikilvæg í læknisfræðilegum skilningi. Öll heilsuskerðing sem þeim tengist er jafnlíkleg til þess að valda þeim einstaklingum sem eiga í hlut erfiðleikum, óþægindum og kostnaði.

Í frumvarpinu er ekki lagt til að teknar verði upp sambærilegar reglur um sjónskerta og heyrnarskerta heldur er hér einungis um að ræða fyrsta skrefið í þá átt. Reynslan verður að skera úr um hvort þörf verður á því að ganga lengra. Frumvarpið tekur einungis til aukinna réttinda sjónskertra einstaklinga yngri en 18 ára. Ríkið mun taka þátt í greiðslu sjónglerja að tveimur þriðju hlutum að lágmarki hjá sérhverjum þeim sem þarf á gleraugum að halda innan þess hóps.

Sjón barna breytist mjög ört og þau þurfa því að skipta oft um gleraugu, ólíkt því sem gildir um fullorðna. Þá hvílir skólaskylda á börnum og þeim börnum, sem er nauðsyn á gleraugum en fá þau ekki, er hættara en öðrum til að verða fyrir erfiðleikum í námi og jafnvel einelti. Þá má benda á að það er þung byrði á barnmörgum fjölskyldum ef kaupa þarf tvenn eða þrenn gleraugu á hverju ári. Samkvæmt upplýsingum frá Augnlæknafélagi Íslands er sjónlag ættarfylgja og því algengt að systkin noti bæði eða öll gleraugu. Börn ráða ekki hvernig foreldrar ráðstafa heimilistekjunum og geta því ekki tekið ákvörðun um það sjálf að kaupa sér gleraugu og skera niður annars staðar. Samkvæmt upplýsingum Augnlæknafélags Íslands koma foreldrar sjaldnar en ella með börn sín í augnskoðun vegna þess hversu dýrt er að kaupa gleraugu fyrir börnin komi í ljós að þau þurfi á þeim að halda. Í ljósi þessara rök-

semda nær frumvarpið einungis til einstaklinga yngri en 18 ára. Það nær hins vegar til allra barna og í því eru engar takmarkanir sem gætu leitt til mismununar. Þannig verða lögin og þær heimildir sem þau veita bæði skýrari og einfaldari í framkvæmd og eftirliti.

Það er fyrst og fremst pólitísk ákvörðun hversu langt á að ganga og hvað er raunhæft í fyrstu atrennu, hvernig verja skal fjármunum sem ríkið hefur úr að spila á hverjum tíma. Með frumvarpinu er að mati Sjónstöðvar Íslands og Augnlæknafélags Íslands stigið fyrsta skrefið í þá átt að jafna rétt sjónskertra við rétt annarra.

Þá skal þess getið varðandi þann þátt frumvarpsins sem lýtur að endurgreiðslum sjónglerja í lækningaskyni að gert er ráð fyrir því að sömu reglur gildi áfram og gilt hafi en þeim verði nú í fyrsta skipti veitt lagastoð.

Að lokum skal bent á að samkvæmt upplýsingum frá Augnlæknafélagi Íslands hefur sjón ungra Íslendinga hrakað mjög undanfarin ár, nærsýnum hefur fjölgað umtalsvert, sérstaklega í grunn- og framhaldsskólum. Mikilvægt er að bregðast við breyttri þjóðfélagsmynd og gera börnum yngri en 18 ára kleift að eignast gleraugu, óháð efnahag. Þá er ekki síður mikilvæg sú breyting sem lögð er til að Sjónstöð Íslands muni í samráði við landlækni og sjálfstætt starfandi augnlækna koma upp virku eftirliti og skráningu á sjón þessa hóps. Slíkt er brýnt þegar horft er til framtíðar, bæði fyrir rannsóknir og forvarnir á þessu sviði.

Kostnaður af framkvæmd frumvarpsins.

Að mati yfirlæknis Sjónstöðvar Íslands mun kostnaðarauki fyrir ríkissjóð vegna lögfestingar þessa frumvarps verða um 50 millj. kr. árlega, miðað við þær forsendur sem þekktar eru um sjón þessa hóps og meðalkostnað sem hlotist hefur af endurgreiðslu sjónglerja í lækningaskyni hjá Sjónstöð Íslands. Reikna má með að 12–15% af heildarfjölda barna yngri en 18 ára þurfi að nota gleraugu og meðalkostnaður við endurgreiðslu sjónglerja hefur verið um 9.750 kr. á hvert par sjónglerja og tveir þriðju hlutar þess eru 7.300 kr. Börn undir 18 ára aldri eru 80 þús. Samtals nota því um 12 þús. börn gleraugu (15% af 80 þús. börnum). Af þeim fá nú þegar um 1.300 endurgreiðslur af læknisfræðilegum orsökum. Kostnaður eykst því um 80 millj. kr. árlega, miðað við að allir þyrftu ný gleraugu á hverju ári (10.700 börn sinnum 7.300 kr.). Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir því að meginreglan sé sú að börn fái ný gleraugu á tveggja ára fresti nema í undantekningartilfellum sem þar eru greind. Að teknu tilliti til þess má gera ráð fyrir að kostnaðaraukinn yrði um 50 millj. kr. árlega, þar af 10 millj. kr. vegna barna sem þurfa gleraugu á hverju ári af læknisfræðilegum ástæðum. Yfirlæknir Sjónstöðvar Íslands telur að þessar forsendur séu í rýmra lagi og fullyrðir að reglur þær sem fram koma í frumvarpinu muni ekki leiða til þess að börn fari að nota gleraugu að óþörfu. Þvert á móti megi fullyrða að enginn gangi með gleraugu ótilneyddur.

Ekki er gert ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna lögfestingar heimildar til að endurgreiða sjóngler í lækningaskyni. Gert er ráð fyrir því að sömu endurgreiðslureglur gildi áfram.

Viðbótarkostnað ríkissjóðs af lögfestingu frumvarpsins má bera saman við kostnað sem ríkissjóður ber nú vegna tannviðgerða og hjálpartækja fyrir heyrnaskerta. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1998 var gert ráð fyrir því að 760 millj. kr. yrði varið í tannlækniskostnað sjúkratrygginga, 10 millj. kr. í Tannverndarsjóð og rúmum 104 millj. kr. í rekstur Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands. Þá má einnig benda á að framlög til Sjónstöðvar Íslands hafa staðið í stað mörg undanfarin ár.

Samkvæmt upplýsingum yfirlæknis Sjónstöðvar Íslands mun viðbótarþjónusta á vegum stofnunarinnar skv. a-lið 2. gr. frumvarpsins ekki hafa í för með sér aukinn kostnað.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lögð til breyting á nafni stofnunarinnar eins og vikið var að í upphafi greinargerðarinnar. Samkvæmt lögunum skyldi stofnunin heita Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra. Það nafn hefur hins vegar ekki verið notað síðari ár heldur nafnið Sjónstöð Íslands.

Um 2. gr.

Hér er mælt fyrir um breiðara verksvið Sjónstöðvar Íslands og aukna þátttöku ríkisins í kostnaði þeirra einstaklinga, yngri en 18 ára, sem þurfa á gleraugum að halda.

Um a-lið (6. gr.).

Hér er mælt fyrir um að Sjónstöð Íslands skuli hafa ákveðna eftirlitsskyldu með sjón einstaklinga yngri en 18 ára. Meðal annars skal Sjónstöð Íslands halda skrá yfir sjón þeirra þannig að í framtíðinni verði auðveldara að stunda rannsóknir og stuðla að forvörnum. Með breytingunni er þó ekki ætlast til þess að Sjónstöð Íslands sjái um sjónmælingar eða aðra þætti þeim tengda. Eðlilegt er að allt eftirlit, bæði með sjón og endurgreiðslum vegna sjónglerja, verði á vegum Sjónstöðvar Íslands, þar er fyrir hendi sérfræðiþekking.

Um b-lið (7. gr.).

Hér er mælt fyrir um skyldu ríkisins til þátttöku í kostnaði við sjónglerjakaup einstaklinga yngri en 18 ára. Með sjónglerjum er átt við gleraugnagler, þar með talið plast, ásamt snertilinsum. Lagt er til að greiddur verði kostnaður hvers einstaklings sem þarf á gleraugum að halda að tveimur þriðju hlutum að lágmarki vegna ódýrustu sjónglerja sem telja verður nauðsynleg. Þó skal í hverju tilfelli stefna að þeirri lausn sem miðar að þörfum hins sjónskerta. Stjórn stofnunarinnar skal að höfðu samráði við yfirlækni hennar setja viðmið um það hvað teljist nauðsynleg sjóngler. Í vafatilvikum er það stjórn Sjónstöðvar Íslands sem tekur ákvörðun. Í því sambandi má vekja athygli á því að til eru margar tegundir sjónglerja og er verðlag þeirra mjög mismunandi. Einstaklingum verður að sjálfsögðu boðið að greiða mismuninn sjálfir kjósi þeir dýrari sjóngler. Þá er tiltekið að umsókn frá augnlækni er skilyrði fyrir endurgreiðslu sjónglerja.

Um 3. gr.

Sjá athugasemdir við 1. gr.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

126. Fyrirspurn [126. mál]

til félagsmálaráðherra um „nýja stétt vinnukvenna“.

Frá Svanfríði Jónasdóttur og Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Hefur ráðherra látið kanna „aðstöðu, réttindi og skyldur aðfluttra kvenna sem koma hingað til lands til að vinna inni á einkaheimilum“ eins og tiltekið er að ráðuneytið muni gera, sbr. lið 3.11 í þingsályktun um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998?

2. Hverjar eru niðurstöður þeirrar könnunar ef henni er lokið?
3. Hvaða tillögur sér ráðherra til úrbóta á stöðu og réttindum þessara kvenna, bæði með tilliti til niðurstaðna áðurnefndrar könnunar og þess sem fram hefur komið opinberlega um stöðu þeirra?

127. Fyrirspurn [127. mál]

til félagsmálaráðherra um uppbyggingu þjónustu við börn með einhverfu og skyldar raskanir.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvernig var gengið frá flutningi málefna barna með einhverfu og skyldar raskanir milli félagsmálaráðuneytis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis annars vegar og hins vegar milli Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans og Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins?
2. Hvernig hefur félagsmálaráðuneytið brugðist við því að nú er áætlað að í hverjum árgangi séu 9–10 einhverf börn í stað 1–2 áður?
3. Á hvern hátt hefur þessi þáttur verið „efldur verulega“, sbr. svarbréf ráðherra til umboðsmanns barna 6. júní 1997, og við hvað er þar miðað?
4. Hver er framtíðarsýn ráðuneytisins í málum einhverfra og hvert er framtíðarhlutverk Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins í þeim efnum?

128. Fyrirspurn [128. mál]

til heilbrigðisráðherra um skerta þjónustu Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvað veldur því að ákveðið hefur verið að draga stórlega úr starfsemi Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað á síðasta ársfjórðungi þessa árs, þar á meðal sérfræðiþjónustu í formi ferilverka?
2. Hvaða sparnaður felst í því fyrir heilbrigðiskerfið í heild þegar ljóst er að viðkomandi sjúklingar verða í staðinn að leita sér læknisþjónustu út fyrir fjórðunginn?
3. Mun ráðuneytið á næstunni leita til Alþingis eftir aukafjárveitingu fyrir Heilbrigðisstofnun Austurlands til að sjúkrahúsið í Neskaupstað geti sinnt nauðsynlegri starfsemi eins og hér um ræðir?

129. Fyrirspurn [129. mál]

til dómsmálaráðherra um undirbúning gildistöku Schengen-samkomulagsins.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Er sérstakur undirbúningur hafinn af hálfu ráðuneytisins og undirstofnana þess vegna væntanlegrar gildistöku Schengen-samkomulagsins á næsta ári með tilliti til baráttunnar gegn innflutningi fíkniefna?
2. Er enn áætlað að fyrirhuguð tímasetning gildistöku Schengen-samkomulagsins hér á landi standist?

130. Fyrirspurn [130. mál]

til menntamálaráðherra um byggingu menningarhúsa.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvað líður undirbúningi að byggingu menningarhúsa í öllum kjördæmum landsins sem lofað var fyrir síðustu kosningar?
2. Hefur ríkisstjórnin tekið afstöðu til tilboðs Akureyrarbæjar um að ganga til samstarfs við ríkisvaldið um byggingu menningar- og ráðstefnumiðstöðvar þar?

131. Fyrirspurn [131. mál]

til fjármálaráðherra um flutning Landskrár fasteigna til Akureyrar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hvenær er áætlað að Landskrá fasteigna taki til starfa á Akureyri?

132. Fyrirspurn [132. mál]

til félagsmálaráðherra um kostnað sveitarfélaga vegna EES.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvaða kostnaður hefur lagst á sveitarfélögin vegna ákvæða í EES-samningnum?
2. Hvaða tekjustofna hafa sveitarfélögin fengið til að mæta þessum kostnaði? Svar óskast sundurliðað eftir verkefnum.

Skriflegt svar óskast.

133. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [133. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Jóhann Ársælsson, Svanfríður Jónasdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við 26. gr. stjórnarskrárinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fimmtungur kosningarbærra manna í landinu getur krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt. Krafan, studd undirskriftum fimmtungs kosningarbærra manna, skal berast forseta lýðveldisins eigi síðar en 30 dögum eftir samþykkt lagafrumvarps á Alþingi. Undirskriftasöfnun og krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu frestar ekki gildistöku laga. Efnt skal til þjóðaratkvæðagreiðslu eigi síðar en 45 dögum eftir að forseti hefur úrskurðað um lögmæti kröfunnar. Til að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar séu bindandi þarf meira en helmingur þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslu að greiða atkvæði gegn gildi laganna, þó þannig að ávallt greiði fimmtungur kosningarbærra manna atkvæði gegn gildi laganna. Nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu, m.a. um kynningu á lögunum sem greiða skal atkvæði um, skulu settar í lög.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á 120., 121., 122., 123. og 125. löggjafarþingi og hlaut þá ekki afgreiðslu.

Með frumvarpinu er kveðið á um rétt kjósenda til að fara fram á að lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt verði borið undir þjóðaratkvæði.

Aðeins er mælt fyrir um þjóðaratkvæðagreiðslu á þremur stöðum í stjórnarskránni, þ.e. í 11. gr. (ef ¾ hlutar alþingismanna greiða atkvæði með tillögu um að forseti lýðveldisins verði leystur frá embætti), í 26. gr. (ef forsetinn synjar um staðfestingu á lagafrumvörpum) og í 79. gr. (ef með lögum eru gerðar breytingar á kirkjuskipaninni). Ekki er að finna þar neitt ákvæði sem gerir þegnum landsins kleift að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál sem Alþingi hefur til umfjöllunar.

Þótt oft hafi komið fram krafa um að auka rétt fólks til þjóðaratkvæðagreiðslu hefur ekkert orðið úr því. Réttur fólks til að hafa áhrif á framgang einstakra mála er bundinn við atkvæðagreiðslur um minni háttar mál, svo sem opnun á áfengisútsölum og hvort leyfa skuli hundahald í einstökum sveitarfélögum.

Víða í grannlöndum okkar hefur verið farin sú leið að heimila þjóðaratkvæðagreiðslu og auka þannig lýðræðislegan rétt fólksins. Samkvæmt stjórnskipan okkar getur fólk einungis haft áhrif með atkvæði sínu í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, svo og við kjör forseta lýðveldisins. Telja verður að lýðræðinu séu þannig nokkur takmörk sett, ekki síst þar sem samsteypustjórnir virðast mun algengari hér en t.d. annars staðar á Norðurlöndum. Þannig veit fólk hér á landi sjaldnast hvaða ríkisstjórnir það er að kjósa yfir sig með atkvæði sínu, auk þess sem auðveldara er fyrir samsteypustjórnir að semja sig frá loforðum og kosningastefnuskrám.

Með síauknu alþjóðasamstarfi er enn brýnna að fólk hafi möguleika á þjóðaratkvæðagreiðslu, ekki síst þar sem mikilvægir alþjóðlegir samningar geta haft úrslitaáhrif á framtíð þjóðarinnar. Þannig var hávær krafa uppi hjá stórum hluta þjóðarinnar um að efnt skyldi til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Í stórum málum sem snerta verulega hag þegnanna og afkomu þjóðarinnar er mikilvægt að þessi leið sé fyrir hendi. Það treystir lýðræðið í landinu og veitir stjórnmálaflokkum meira aðhald en þeir hafa nú.

Forsetinn hefur aldrei frá stofnun lýðveldisins beitt heimild 26. gr. stjórnarskrárinnar um að synja staðfestingar lagafrumvarpi sem Alþingi hefur samþykkt. Ákvæðið felur aðeins í sér frestandi neitunarvald því að synji forsetinn um staðfestingu verður að bera lagafrumvarpið undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Af framkvæmdinni má því ráða að þetta vald forsetans til að færa valdið frá þinginu til þjóðarinnar sé í raun nánast marklaust. Færa má að því gild rök, eins og að framan segir, að frumvarp til laga um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu sé einmitt mál sem rétt hefði verið að bera undir þjóðina með þessum hætti. Þegnar landsins geta átt réttmæta kröfu á því að fá að taka á beinan hátt þátt í ákvörðun um mikilvæg atriði, eins og að framan greinir. Því er nauðsynlegt að inn í stjórnarskrána verði tekið ákvæði sem veitir þeim þennan rétt án þess að til atbeina forseta lýðveldisins þurfi að koma.

Í frumvarpi þessu til stjórnarskipunarlaga er því lagt til að fimmtungur kosningarbærra manna í landinu geti krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um lagafrumvörp sem Alþingi hefur samþykkt. Til greina kemur í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu að undanskilja ákveðna málaflokka líkt og gert er í Danmörku. Krafa um að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt frestar ekki gildistöku laga.

Í frumvarpinu eru settir fram tímafrestir varðandi undirskriftasöfnunina og atkvæðagreiðsluna. Þannig er gert ráð fyrir því að krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu studd undirskriftum berist forseta eigi síðar en 30 dögum eftir samþykkt lagafrumvarps á Alþingi. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal síðan fara fram eigi síðar en 45 dögum eftir að forseti hefur úrskurðað um lögmæti kröfu um atkvæðagreiðsluna. Er þá miðað við reglu þá sem fram kemur í 24. gr. stjórnarskrárinnar um að boðað skuli til alþingiskosninga eigi síðar en 45 dögum eftir að gert var kunnugt um þingrof.

Til að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu séu bindandi þarf meira en helmingur þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni að greiða atkvæði gegn gildi laganna, þó þannig að fimmtungur kosningarbærra manna þarf alltaf að greiða atkvæði gegn gildi laganna. Þannig er um tvö sjálfstæð skilyrði að ræða. Þykir eðlilegt að gera kröfur um þátttöku ákveðins hluta kjósenda í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu og er það gert að danskri fyrirmynd. Því er í raun miðað við að sá fimmtungur kosningarbærra manna sem knýr á um atkvæðagreiðslu fylgi kröfunni eftir með því að mæta á kjörstað og greiða atkvæði. Til skýringar er eftirfarandi dæmi: Í maí 1998 voru 193.632 manns á kjörskrá. Ef þá hefðu verið í gildi reglur þær sem lagðar eru til í frumvarpi þessu hefði þurft fimmtung kosningarbærra manna í landinu, eða u.þ.b. 38.700 manns, til að knýja á um að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um gildi laga. Í atkvæðagreiðslunni sjálfri hefði að lágmarki sami fjöldi þurft að greiða atkvæði gegn gildi laganna ef þátttaka hefði verið 40% eða minni. Ef hins vegar t.d. 80% þeirra sem á kjörskrá eru, eða 154.905, hefðu tekið þátt í atkvæðagreiðslunni hefði helmingur þeirra þurft að greiða atkvæði gegn gildi laganna eða 77.452 manns. Þannig þarf alltaf helmingur þeirra sem þátt tekur í atkvæðagreiðslu að greiða atkvæði gegn gildi laganna, en ef þátttaka er undir 40% dugir ekki helmingur heldur kemur þá til kasta fimmtungsreglunnar þannig að a.m.k. 20% kosningarbærra manna þurfa að greiða atkvæði gegn gildi laga.

Loks er mælt fyrir um það í ákvæðinu að nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu verði settar í lög. Meðal annars verður að telja nauðsynlegt að setja nánari reglur um kynningu á lögunum sem þjóðaratkvæðagreiðsla á að fara fram um, en nútímalöggjöf er iðulega þess eðlis að til þess að unnt sé að taka afstöðu til hennar þarf hvort tveggja þekkingu og lögskýringargögn. Einnig er þörf á því að setja nánari reglur um ýmis framkvæmdaratriði þjóðaratkvæðagreiðslu.

134. Fyrirspurn [134. mál]

til dómsmálaráðherra um launagreiðslur fanga.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Eru greidd laun fyrir alla vinnu sem fangar inna af hendi á meðan á fangelsisvist stendur?
2. Ef svo er, um hversu háar greiðslur er að ræða og eru greidd opinber gjöld af þeim launagreiðslum?

135. Frumvarp til laga [135. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað tölunnar „50“ í 1. og 2. mgr. kemur: 1000.
b. Á eftir orðinu „samfleytt“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: eftir gildistöku laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Efling sveitarfélaga er afar mikilvægur þáttur í því að tryggja íbúum landsins góð lífsskilyrði. Mikið var fjallað um hlutverk sveitarfélaganna og möguleika þeirra á að sinna því fyrir tæpum áratug. Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra skipaði „sveitarfélaganefnd“ í febrúar 1992. Nefndin skilað lokaskýrslu í mars 1993. Í kjölfar aðgerða sem ákveðnar voru af stjórnvöldum í framhaldi af starfi nefndarinnar urðu verulegar breytingar á stærð og fjölda sveitarfélaganna.

Sveitarfélög sameinuðust víða og sums staðar urðu þau afar víðáttumikil. Fyrir 10 árum voru sveitarfélögin 204 en þau eru nú 124. Þrátt fyrir að mikið hafi áunnist sitja þó víða eftir örsmá sveitarfélög sem geta illa sinnt því sem þeim er ætlað af hinu opinbera.

Pólitískur vilji til þess að færa til sveitarfélaganna fleiri verkefni frá hinu opinbera virðist vera almennur. Ástæða er þó til að ætla að sá vilji byggist á þeirri forsendu að flest og helst öll sveitarfélög geti veitt svipaða þjónustu og tekið að sér sambærileg verkefni frá hinu opinbera. Þess vegna er verulegur annmarki á slíkum flutningi verkefna nema þau smáu sameinist og myndi þannig nægilega öflug samfélög til að standa jafnfætis öðrum. Enginn vafi er á því að efling sveitarfélaganna, skilgreining á þeim búsetuskilyrðum sem þau verða að geta boðið og flutningur verkefna til þeirra er forsenda fyrir því að byggð geti haldist víða um land. Því er eitt brýnasta verkefni byggðamálanna að styrkja sveitarfélögin á landsbyggðinni.

Ástæðurnar fyrir því að sums staðar hefur sameining sveitarfélaga gengið hægar eru margvíslegar. Gamlar hefðir og áhrif ráðamanna í héraði valda því að hluta til. En mikil breyting hefur orðið á afstöðu manna til sameiningarmála á þeim árum sem liðin eru frá því að lokaskýrsla sveitarfélaganefndarinnar kom út og almennt er sú afstaða miklu jákvæðari en áður. Þó er ekki líklegt að árangur náist í eflingu sveitarfélaga á sumum svæðum. Til eru dæmi um að fámenn sveitarfélög á litlum landsvæðum, sem eru óumdeilanlega eitt atvinnusvæði, hafi ítrekað hafnað sameiningu við nágranna sína vegna mismunandi aðstöðu til tekjuöflunar. Þannig hefur misvægi í tekjuöflunarmöguleikum sem ríkið hefur tryggt sveitarfélögunum komið í veg fyrir eðlilega sameiningu sveitarfélaga. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að lágmarksstærð sveitarfélaga verði 1000 manns. Flutningsmenn telja þó að í raun sé 1000 manna samfélag lítið og vanmegnugt til þess að tryggja íbúunum það búsetuumhverfi sem nú er nauðsynlegt til að treysta byggðina til framtíðar. Samþykkt þessarar tillögu yrði þó mikilvægt skref til að flýta þróuninni til öflugri sveitarfélaga. Ástæða er til að hafa í huga að í sveitarfélögum sem hafa orðið til við sameiningu undanfarin ár er víða góður jarðvegur fyrir umræðu um að mynda enn stærri og öflugri sveitarfélög. Þannig virðist sameining smæstu sveitarfélaganna við önnur geta rutt úr vegi fyrirstöðum sem nú tefja þróunina í átt til öflugri sveitarfélaga.

136. Tillaga til þingsályktunar [136. mál]

um jafnt aðgengi og jöfnun kostnaðar við gagnaflutninga.

Flm.: Árni Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til þess að gera tillögur um jafnt aðgengi og jöfnun kostnaðar við gagnaflutninga. Nefndinni verði m.a. falið að kanna flutningsgetu fjarskiptakerfa á landinu öllu, opinberra sem einkarekinna, og gera tillögur um það hvernig ná megi fram jöfnun kostnaðar við gagnaflutninga innan lands. Nefndin hafi í störfum sínum hliðsjón af stefnumörkun er fram kemur í tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum er samþykkt var á 123. löggjafarþingi.

Greinargerð.

Alþingi samþykkti metnaðarfulla stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 á 123. löggjafarþingi. Þar er m.a. kveðið á um að unnið skuli markvisst að því að auka fjölbreytni atvinnulífs á landsbyggðinni, menntun á landsbyggðinni verði stórefld og möguleikar upplýsingatækninnar til fjölgunar starfa verði nýttir til hins ýtrasta.

Tillaga þessi er samin af mikilli framsýni og skilningi á þeim vanda sem við er að etja í byggðamálum. Til þess að markmið hennar nái fram að ganga þarf hins vegar að tryggja samkeppnisstöðu fyrirtækja og stofnana á landsbyggðinni. Eitt af því sem þar skiptir meginmáli eru gagnaflutningar. Bent skal á að nú þegar starfrækja bæði opinberar stofnanir og einkafyrirtæki fjarvinnslustöðvar á landsbyggðinni og nokkur ný mál af því tagi eru í undirbúningi. Sem dæmi um fjarvinnslu á vegum einkaaðila má nefna hátæknifyrirtæki eins og Element hf. á Sauðárkróki, Snerpu ehf. á Ísafirði og starfsstöð Kaupþings hf. á Siglufirði. Þá má nefna starfsstöð Íbúðalánasjóðs á Sauðárkróki sem dæmi um vel heppnaða og hagkvæma fjarvinnslu á vegum hins opinbera. Einnig skal minnt á að þess eru dæmi að íbúar á lögbýlum til sveita hafi framfærslu sína að hluta eða öllu leyti af sérhæfðum fjarvinnslustörfum eins og forritun, þýðingum og hönnun. Ekki þarf að taka fram hversu mikilvægur greiður aðgangur að gagnaflutningsnetum er fyrir það fólk.

Hér er lagt til að skipuð verði nefnd til þess að kanna flutningsgetu fjarskiptakerfa, bæði í eigu Landssímans hf. og einkarekinna aðila. Hlutverk þeirrar nefndar væri einnig að gera tillögur til samgönguráðherra um það með hvaða hætti væri unnt að jafna til frambúðar kostnað vegna gagnaflutninga á landinu. Hér er um mjög mikilvægt byggðamál að ræða en öruggir gagnaflutningar á samkeppnishæfu verði eru grundvöllur þess að unnt sé að skapa ný störf á landsbyggðinni og viðhalda þeim sem fyrir eru.

137. Frumvarp til laga [137. mál]

um breyting á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996, með síðari breytingum.

Flm.: Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Ragnheiður Hákonardóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Í stað 1. og 2. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Í stjórn sparisjóðs skulu sitja fimm menn kosnir af stofnfjáreigendum samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins.
b. 3. mgr. fellur brott.

2. gr.

2. mgr. 37. gr. laganna orðast svo:

Fulltrúaráð skal skipað stofnfjáreigendum hlutaðeigandi sparisjóða samkvæmt samningi þeirra þar um.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu lögin ekki koma til framkvæmda gagnvart einstökum sparisjóðum fyrr en kjörtímabili núverandi stjórna hvers um sig rennur út.

Greinargerð.

Markmið frumvarps þessa er að afnema þátttöku sveitarfélaga í stjórnum sparisjóða að því leyti sem þátttakan á ekki rætur að rekja til stofnfjár. Gildandi lög gera ráð fyrir að sveitar-

félög eigi a.m.k. tvo stjórnarmenn af fimm í öllum sparisjóðum landsins algerlega óháð því hvort viðkomandi sveitarfélög eigi nokkra aðild að stofnun sparisjóðsins eða leggi fram fjármuni þar að lútandi. Margt hefur breyst á undanförnum árum hvað varðar rekstur sparisjóðanna og bankanna almennt. Sparisjóðirnir hafa vaxið hratt að undanförnu og eru í mikilli samkeppni við aðrar bankastofnanir. Í slíku umhverfi og nútímarekstrarumhverfi er afar mikilvægt að stjórnendur fyrirtækja séu fulltrúar þeirra sem mestra hagsmuna eiga að gæta, þ.e. stofnfjáreigenda í þessu tilviki. Því skýtur afar skökku við að í stjórn sparisjóða skuli sitja fulltrúar aðila sem oft eiga engra hagsmuna að gæta við rekstur þeirra. Tengsl sveitarfélaga við sparisjóði eru mjög mismunandi og tilviljanakennd og réttlæta á engan hátt 40% stjórnarsetu. Skipan stjórna sparisjóðanna samkvæmt gildandi lögum er óeðlileg og óholl bæði fyrir sveitarfélögin og sparisjóðina.

Í 1. mgr. 1. gr. er gert ráð fyrir að allir stjórnarmenn séu kosnir af stofnfjáreigendum en ekki að hluta af sveitarfélögum.

Í 2. mgr. 1. gr. er lagt til að 3. mgr. 36. gr. laganna verði felld brott, enda ekki þörf fyrir ákvæðið þar sem allir stjórnarmenn verða kosnir af stofnfjáreigendum.

Í gildistökuákvæði 3. gr er gert er ráð fyrir að fulltrúar sveitarfélaganna í stjórnum sparisjóðanna ljúki sínu kjörtímabili og kosið verði í samræmi við nýjar reglur við næstu stjórnarskipti.

138. Fyrirspurn [138. mál]

til sjávarútvegsráðherra um fyrirtæki í útgerð.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

1. Hvaða viðhorf hefur ráðherra til þeirrar þróunar að litlum og millistórum fyrirtækjum fækkar í útgerð?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að jafna samkeppnisstöðu þeirra sem stunda „aðeins“ útgerð gagnvart þeim sem stunda bæði veiðar og vinnslu?

139. Fyrirspurn [139. mál]

til forsætisráðherra um störf nefndar um flutning á félagslegum verkefnum.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Lítur ráðherra svo á að nefnd sem hann skipaði samkvæmt þingsályktun um úttekt og flutning á félagslegum verkefnum frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis sé enn ætlað að skila tillögum til hans?

140. Fyrirspurn [140. mál]

til forsætisráðherra um meðferð ályktana Alþingis.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hyggst ráðherra leggja fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmd ályktana Alþingis á síðustu löggjafarþingum líkt og gert var í skýrslum sem lagðar voru fram á 112. löggjafarþingi um framkvæmd ályktana á tímabilinu 1. janúar 1985 til 20. maí 1989 og á 113., 117. og 118. löggjafarþingi þar sem gerð var grein fyrir framkvæmdum ályktana næstliðinna löggjafarþinga?

141. Fyrirspurn [141. mál]

til viðskiptaráðherra um félög og fyrirtæki sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Hvaða félög og fyrirtæki hafa hlotið skráningu á Verðbréfaþingi Íslands?
2. Í hverjum þeirra er erlendum aðilum ekki heimilt að fjárfesta?

142. Fyrirspurn [142. mál]

til forsætisráðherra um hlutfall kynjanna í nefndum og ráðum á vegum ríkisins.

Frá Hólmfríði Sveinsdóttur og Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvernig er kynjahlutfallið í nefndum og ráðum sem nú starfa á vegum ríkisins?
2. Hvernig er kynjahlutfallið sundurliðað eftir ráðuneytum?
3. Hvernig er kynjahlutfallið sundurliðað eftir kjördæmum?
4. Hvernig skiptist launakostnaður ríkisins vegna nefnda og ráða á milli kynjanna?
5. Hve margar konur eru formenn nefnda og ráða sem nú starfa á vegum ríkisins?

Skriflegt svar óskast.

143. Fyrirspurn [143. mál]

til fjármálaráðherra um endurskoðun á lögum um fjáröflun til vegagerðar og álögur á landflutninga.

Frá Árna Gunnarssyni.

1. Hvenær var skipuð sú nefnd sem meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar lagði til að ráðherra skipaði til að taka lögin um fjáröflun til vegagerðar til heildarendurskoðunar, sbr. þskj. 973, 223. mál á 125. löggjafarþingi? Hvað líður störfum nefndarinnar?
2. Hver er skýringin á því að áætlað er að tekjur af þungaskatti aukist á árinu 2001 þrátt fyrir að ekki hafi verið gert ráð fyrir auknum álögum á landflutninga við síðustu breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir því að við endurskoðun á lögunum verði dregið úr áhrifum stórfelldra olíuverðshækkana á flutningskostnað með því að lækka álögur á landflutninga?

Skriflegt svar óskast.

144. Fyrirspurn [144. mál]

til landbúnaðarráðherra um þróun kornræktar á Íslandi.

Frá Árna Gunnarssyni.

1. Hver hefur verið þróunin í framleiðslu og verkun korns undanfarinn áratug?
2. Hver er skipting kornframleiðslunnar eftir landshlutum?
3. Hefur verið gerð úttekt á hagkvæmni þess að framleiða korn á Íslandi með tilliti til samkeppni við innflutt korn og aðra fóðurframleiðslu?
4. Hafa verið gerðar tilraunir með frekari vinnslu korns og nýtingu á hálmi sem til fellur við kornræktina?
5. Hefur verið lögð vinna í þróunar- og kynbótastarf í kornrækt undanfarin ár?

Skriflegt svar óskast.

145. Fyrirspurn [145. mál]

til félagsmálaráðherra um stofnun landsmiðstöðvar fyrir útlendinga búsetta á Íslandi.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Hvers vegna hefur starfshópur ráðuneytisins, sem ætlað var að kanna grundvöll fyrir stofnun landsmiðstöðvar um málefni útlendinga, verið leystur frá störfum?
2. Mun ráðherra tryggja þátttöku ríkisins í stofnun landsmiðstöðvar, Alþjóðahúss, á höfuðborgarsvæðinu, sem veita skal útlendingum búsettum hér á landi upplýsingar og þjónustu?

146. Frumvarp til laga [146. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller, Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Svanfríður Jónasdóttir.

1. gr.

Við fyrri málslið 5. mgr. 61. gr. laganna bætist: þ.m.t. fjárhagslegar skuldbindingar vegna einkafjármögnunar og rekstrarleigu.

2. gr.

Við 1. málsl. 3. mgr. 67. gr. laganna bætist: þ.m.t. fjárhagslegar skuldbindingar vegna einkafjármögnunar og rekstrarleigu.

Greinargerð.

Í seinni tíð hafa sumar sveitarstjórnir í auknum mæli „fjármagnað“ byggingarframkvæmdir og raunar einnig rekstur húsnæðis með samningum við einkaaðila sem byggja, eiga og reka viðkomandi húsnæði, en sveitarfélögin greiða fyrir afnotaréttinn með langtímasamkomulagi. Þessi leið hefur verið farin hvort heldur um er að ræða lögbundin verkefni sveitarfélaga eða ekki. Um þessa leið hafa verið pólitísk átök og sýnist sitt hverjum um fjárhagslegan ávinning sveitarfélaga af slíkum lántökum þegar ráðast þarf í brýnar fjárfestingar. Fleiri álitamál hafa vaknað í þessu sambandi.

Um það er þó ekki deilt að ákvörðunarvald af þessum toga liggur hjá hverri sveitarstjórn, svo fremi sem fjárhagsleg geta sveitarfélagsins leyfir slíkar skuldbindingar, auk þess að slíkir samningar við einkaaðila gangi að öðru leyti ekki gegn gildandi lögum og reglum.

Á hinn bóginn hefur verið óvissa um hvernig slíkar skuldbindingar skuli færa í ársreikninga sveitarfélaga, sbr. 67. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Hliðstæð álitamál hafa einnig verið uppi varðandi einkaframkvæmdir og rekstrarleigu við gerð og afgreiðslu fjárhagsáætlana, hvort heldur er til eins eða þriggja ára, sbr. 61. og 63. gr. sveitarstjórnarlaga, enda einkaframkvæmdarsamningar þess eðlis að hverfandi eða enginn kostnaður fellur á sveitarfélög fyrr en framkvæmdum er lokið.

Á því hefur borið að einstök sveitarfélög hafi reynt að komast hjá því að gera fullnægjandi grein fyrir slíkum fjárhagsskuldbindingum í fjárhagsáætlunum og ársreikningum. Það er með öllu óviðunandi að sveitarfélög geti skuldbundið skattgreiðendur jafnvel um milljarða króna til langs tíma án þess að sérstaklega sé gerð grein fyrir þeim í fjárhagsáætlunum, né heldur að þær séu færðar nákvæmlega til bókar í efnahagsreikningi ársreiknings.

Sem dæmi um þetta hefur Hafnarfjarðarbær ekki alls fyrir löngu gert samninga af þessum toga, annars vegar um leigu grunnskóla og rekstur húsnæðisins til 25 ára upp á samtals 2.500 millj. kr. og hins vegar leigu leikskóla og rekstur húsnæðisins upp á 500 millj. kr. Fyrir þessum skuldbindingum er alls ekki gerð fullnægjandi grein í fjárhagsáætlunum Hafnarfjarðarbæjar og alls óljóst hvort og hvernig þessar gríðarlegu fjárskuldbindingar munu verða færðar í bókhald bæjarins og síðar ársreikninga hans.

Félagsmálaráðuneytið hefur reynst ófært um að veita fullnægjandi svör við fyrirspurnum sveitarstjórnarmanna um þessi álitaefni og hefur m.a. vísað til þess að hér sé um nýmæli að ræða hjá sveitarfélögum hérlendis og að ekkert sé sérstaklega um þau atriði fjallað í sveitarstjórnarlögum. Ekki nægir að taka á þessum veigaþungu álitamálum í reglugerð ráðherra sem honum ber að setja um nánari ákvæði varðandi bókhald og ársreikninga sveitarfélaga að höfðu samráði við Hagstofu Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga. Alþingi verður að setja lög um hvernig með skuli fara, þannig að allri óvissu sé eytt.

Til að taka af öll tvímæli í þessum efnum er þetta frumvarp flutt. Í því er gerð ljós sú skylda sveitarfélaga að upplýsa nákvæmlega um fjárhagsskuldbindingar vegna einkafjármögnunar og rekstrarleigu í fjárhagsáætlunum og ársreikningum.

147. Frumvarp til laga [147. mál]

um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Gísli S. Einarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Einar Már Sigurðarson.

1. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 46. gr. laganna bætist: þar með talið málefni sameignar- eða hlutafélaga sem gerð er grein fyrir í E-hluta ríkisreiknings og ríkið á að hálfu eða meira.

2. gr.

1. málsl. 1. mgr. 49. gr. laganna orðast svo: Óski alþingismaður upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess, sbr. ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 46. gr., gerir hann það með fyrirspurn er afhent skal forseta.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 122. löggjafarþingi og einnig á 125. löggjafarþingi en hefur ekki fengið fullnaðarafgreiðslu og er því endurflutt nú. Umræða liðinna missira hefur enn

frekar undirstrikað mikilvægi þess að tekin séu af öll tvímæli í þeim efnum sem hér um ræðir, þar sem kveðið er á um rétt alþingismanna til upplýsinga varðandi málefni fyrirtækja sem ríkissjóður á að hálfu eða meira.

Nýverið var skilað ítarlegri skýrslu nefndar sem fjallaði um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu. Um skýrslu þessa var fjallað í umræðum á Alþingi 21. febrúar sl. Þar er m.a. kveðið á um rétt alþingismanna til upplýsinga og segir um þau efni í kafla 3.9.7: „Til þess að rækja eftirlitshlutverk sitt og veita ríkisstjórn aðhald hefur Alþingi stjórnarskrárvarinn rétt til að afla upplýsinga frá ráðherra.“ Síðar í sama kafla segir: „Leggja verður til grundvallar að fyrrnefndur réttur alþingismanna til aðgangs að upplýsingum um opinber málefni ráðist ekki af upplýsingalögum heldur byggist hann á sjálfstæðri heimild sem er að finna í 54. gr. stjórnarskrárinnar. Annað mál er að hægt er að hafa hliðsjón af ákvæðum upplýsingalaga við túlkun 54. gr. stjórnarskrárinnar. Æskilegt er að tekið verði til athugunar hvort ástæða þykir til að setja nánari ákvæði í þingskapalög um slíkar fyrirspurnir.“

Á 121. löggjafarþingi fór fram umræða utan dagskrár um rétt alþingismanna til aðgangs að upplýsingum um stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins. Í kjölfar hennar lét forsætisráðuneytið vinna sérstaka óháða lögfræðilega álitsgerð um þetta efni sem lögð var fram í skýrsluformi á 122. löggjafarþingi (þskj. 25, 25. mál). Niðurstaða hennar var m.a. sú að réttur einstakra alþingismanna með leyfi Alþingis til að krefja ráðherra upplýsinga skv. 54. gr. stjórnarskrárinnar og 49. gr. þingskapalaga nái aðeins til þeirra málefna sem talist geta opinber, en það sé síðan löggjöfin sem kveður nánar á um hvaða málefni eru opinber. Þá kemur fram í niðurstöðum að ríkishlutafélög teljist aðilar að einkarétti og um þau gildi sömu eða svipaðar reglur og um hlutafélög almennt. Um þessa niðurstöðu er þó ekki samstaða meðal fræðimanna.

Með breytingu á 54. gr. stjórnarskrárinnar á 113. löggjafarþingi, sem staðfest var á 114. löggjafarþingi, var kveðið á um að alþingismönnum væri heimilt, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast skýrslu um það. Var hér um að ræða orðalagsbreytingu frá eldra ákvæði þar sem sagði að heimilt væri hverjum alþingismanni að bera upp sérhvert almennt mál í þeirri þingdeild sem hann ætti sæti í ef hún leyfði það og beiðast um það skýrslu ráðherra. Í greinargerð með framangreindri breytingu sagði einungis að með greininni væri verið að staðfesta framkvæmd á meðferð fyrirspurna og skýrslna á Alþingi. Í þingsköpum frá árinu 1874 er hins vegar að finna ákvæði um heimild þingmanna til að bera upp í annarri hvorri þingdeildinni opinbert málefni og beiðast skýrslu landshöfðingja en án frekari skýringa. Ákvæði þingskapa um fyrirspurnir tók síðan breytingum í tímans rás og í þingskapalögum frá 1915 er að finna ákvæði um fyrirspurnir um alþjóðleg málefni sem breyttist árið 1936 í fyrirspurnir um landsmál. Enn tók ákvæðið breytingum árið 1946 og var þá skilgreiningin miðuð við fyrirspurnir í sameinuðu þingi um einstök atriði eða mál. Það var hins vegar með lögum nr. 54/1972, sem breyttu þágildandi þingskapalögum frá 1936, að skilgreiningin miðaðist að nýju við opinbert málefni. Í greinargerð með síðastgreindum lögum var kveðið á um að fyrirspurn skyldi fjalla um opinber málefni sem ráðherra bæri ábyrgð á. Það væri gert til að leggja áherslu á að einungis ætti að spyrja um slík málefni. Ekki er í framangreindum lögum eða lögskýringargögnum að finna nánari skilgreiningu á því hvað telst opinbert málefni, enda er það í samræmi við niðurstöðu í framangreindri álitsgerð um að það sé löggjöfin sem ákveði hvaða málefni teljist opinber.

Með frumvarpi þessu er því lagt til að upplýsingar um sameignar- og hlutafélög sem gerð er grein fyrir í E-hluta ríkisreiknings og ríkið á að hálfu eða meira teljist upplýsingar um

opinbert málefni og því eigi þingmenn sama rétt til slíkra upplýsinga og um þau fyrirtæki sem gerð er grein fyrir t.d. í B-hluta ríkisreiknings. Frumvarpið er lagt fram þar sem komið hefur í ljós að það orkar tvímælis hvernig túlka skal stjórnarskrárvarinn rétt alþingismanna til að óska skýrslu eða upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni, en eins og að framan greinir er sá réttur nánar útfærður í lögum um þingsköp Alþingis.

Þá er þess að geta að í 6. gr. laga um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, er gert ráð fyrir að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga stofnana sem reknar eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira. Þar segir m.a. að eigi ríkissjóður helmings hlut eða meira í hlutafélagi eða sameignarfélagi, þar sem endurskoðandi er kosinn á aðalfundi, skuli gera tillögu um að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga þess aðila. Í 9. gr. er tekið fram að Ríkisendurskoðun geti framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá þeim stofnunum, sjóðum, félögum og fyrirtækjum sem ríkið á að hálfu eða meira, þótt öðrum sé að lögum falin fjárhagsendurskoðun þeirra. Þá má enn fremur geta þess að samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, er ráð fyrir því gert að í D- og E-hluta ríkisreiknings verði fjárreiður fjármálastofnana og hlutafélaga með meiri hluta eignaraðild ríkisins skýrðar, en fram að þeim tíma er þau lög tóku gildi var ekki gerð grein fyrir þessum aðilum í ríkisreikningi. Það er því augljós vilji löggjafans að farið sé með málefni er lúta að hlutafélögum í meirihlutaeigu ríkisins sem opinber málefni. Tilgreind dæmi af ríkisreikningi og hlutverki Ríkisendurskoðunar í þessu efni kveða skýrt á um þetta. Því er álitamál hvort niðurstaða hinnar lögfræðilegu úttektar af hálfu forsætisráðherra standist þegar grannt er skoðað. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að úr því fáist skorið með skýlausum hætti hvaða málefni teljast „opinber málefni“ og hver ekki og þar með hver sé réttur þingmanna þegar kemur að eftirlitsskyldu þings með framkvæmdarvaldinu. Í frumvarpinu er reynt að bæta úr einu tilteknu atriði í þessum efnum, en ekki gerð tilraun til altækrar skilgreiningar á hugtakinu „opinbert málefni“.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að Alþingi Íslendinga hafi skýrar heimildir í lögum, sbr. ákvæði stjórnarskrárinnar, til að hafa eftirlit með því að farið sé að settum lögum af hálfu framkvæmdarvaldsins og meðferð fjármuna og aðrir rekstrarþættir í opinberri stjórnsýslu séu þannig að eðlilegt geti talist. Stjórnarskráin kveður á um þetta og nægir að vísa til 39. gr. hennar þar sem segir að Alþingi geti skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál er varða almenning og geti veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, af embættismönnum og einstökum mönnum. Þá má enn fremur vísa til 43. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á um að endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja skuli fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess eftir nánari fyrirmælum í lögum.

Hlutafélög í eigu ríkisins, stórfyrirtæki á borð við Íslandspóst hf. og Landssíma Íslands hf. og viðskiptabankar í eigu ríkisins eiga ekki að vera undanþegin slíku eftirliti af hálfu Alþingis. Þar er sannanlega um að ræða fyrirtæki í eigu ríkisins þar sem miklu skiptir fyrir almannahag hvernig opinberri stjórnsýslu vindur fram. Gildir einu hvort fyrirtækin eru hlutafélög að meiri hluta í eigu ríkissjóðs eða hefðbundin ríkisfyrirtæki.

Til að taka af öll tvímæli í þeim efnum er frumvarp þetta lagt fram.

148. Frumvarp til laga [148. mál]

um breyting á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Gísli S. Einarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Einar Már Sigurðarson.

1. gr.

Við 91. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hlutafélögum, sem teljast til E-hluta ríkisreiknings og ríkið á að hálfu eða meira, er skylt að veita Alþingi sömu upplýsingar um opinbert málefni og ríkisfyrirtækjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 122. löggjafarþingi en varð þá ekki útrætt. Var það síðan endurflutt á 125. löggjafarþingi en hefur þó ekki hlotið fullnaðarafgreiðslu. Það er flutt samhliða frumvarpi til laga um breytingu á þingsköpum Alþingis, þskj. 147, 147. mál, og er í greinargerð með því að finna skýringar á tilurð þessa máls.

Allt frá 1874 hafa alþingismenn átt rétt til að beiðast svara um opinber mál og er þessi réttur varinn af 54. gr. stjórnarskrárinnar. Þannig hafa alþingismenn í gegnum tíðina fengið þær upplýsingar um rekstur ríkisfyrirtækja sem teljast vera opinber málefni. Því er fullkomlega óeðlilegt að með því einu að breyta rekstrarformi ríkisfyrirtækis í hlutafélag sem að meiri hluta er í eigu ríkisins sé girt fyrir stjórnarskrárvarinn rétt alþingismanna til að hafa eftirlit með opinberri stjórnsýslu og fjárreiðum ríkisins.

Í skýrslu forsætisráðherra á 122. löggjafarþingi um aðgang að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins, þskj. 25, 25. mál, er komist að þeirri niðurstöðu að ráðherra sé skylt að gefa alþingismönnum upplýsingar um það sem fram kemur í ársreikningi og helgast sú niðurstaða af því að þær upplýsingar teljast opinberar samkvæmt fyrirmælum ársreikningslaganna. Því má draga þá ályktun að aðgangur alþingismanna að upplýsingum um hlutafélög sé ekki meiri en sá réttur sem almenningi er tryggður lögum samkvæmt. Sú niðurstaða er viðunandi þegar um er að ræða hlutafélög sem ekki eru í eigu hins opinbera en að sama skapi óviðunandi þegar um er að ræða hlutafélög sem ríkið á að stærstum hluta. Frumvarpi þessu er ætlað að tryggja að þingmenn hafi sama rétt til upplýsinga um málefni hlutafélaga í meirihlutaeigu ríkisins og ef um væri að ræða ríkisfyrirtæki sem falla undir B-hluta ríkisreiknings. Ekki er nokkur vafi á að sá réttur er rýmri en réttur almennings samkvæmt upplýsingalögum, sbr. nýlegt álit nefndar um „starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu“ um þau efni.

149. Fyrirspurn [149. mál]

til menntamálaráðherra um víkingaskipið Íslending.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að Íslendingur, skip Gunnars Marels Eggertssonar, sem gert hefur fræga ferð vestur um haf í kjölfar Leifs Eiríkssonar, verði varðveitt á Íslandi?
2. Telur ráðherra að til greina komi að stofna sérstakt safn um siglingar Íslendinga á víkingatímanum eða að fela einhverjum tilteknum aðila (safni eða stofnun) varðveislu skipsins og ef svo er, hvaða aðilar koma þá helst til greina?

150. Fyrirspurn [150. mál]

til félagsmálaráðherra um atvinnuleyfi útlendinga.

Frá Stefaníu Óskarsdóttur.

1. Í hve mörgum tilvikum hafa atvinnurekendur á hendi atvinnuleyfi erlendra starfsmanna?
2. Hvert er árlegt hlutfall þeirra af heildarfjölda útlendinga sem fengið hafa atvinnuleyfi frá 1994?
3. Hver eru rökin fyrir því að atvinnurekandi hafi atvinnuleyfi útlendinga á sinni hendi?
4. Eftir hve langan tíma geta útlendingar í vinnu hér á landi sótt um óskorað atvinnuleyfi?

Skriflegt svar óskast.

151. Fyrirspurn [151. mál]

til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um frumkvöðlafræðslu á landsbyggðinni.

Frá Stefaníu Óskarsdóttur.

Hafa stjórnvöld staðið fyrir frumkvöðlafræðslu fyrir fólk á landsbyggðinni? Ef svo er, hvernig hefur verið staðið að henni? Ef svo er ekki, hyggjast stjórnvöld beita sér fyrir henni?

Skriflegt svar óskast.

152. Fyrirspurn [152. mál]

til dómsmálaráðherra um konur í lögreglunni.

Frá Stefaníu Óskarsdóttur.

1. Hvert er hlutfall kvenna í lögreglunni?
2. Hvert hefur það verið síðustu fimm ár og hvernig hefur það verið í öðrum ríkjum Norðurlanda á sama tíma?
3. Hvert er hlutfall kvenna meðal yfirmanna í lögreglunni og hvert hefur það verið síðustu fimm ár?
4. Hvernig standa núverandi stjórnvöld að því að fjölga konum í lögreglunni?

Skriflegt svar óskast.

153. Fyrirspurn [153. mál]

til landbúnaðarráðherra um gagnagrunn um jarðir á Íslandi.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Telur ráðherra fýsilegt að gagnagrunnur um jarðir á Íslandi, sem fyrirhugað er að gera á vegum landbúnaðarráðuneytisins, verði staðsettur og unninn við búnaðarskólann á Hólum í Hjaltadal?

154. Frumvarp til laga [154. mál]

um breytingu á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað liðarins „Búfjárræktarnefnd“ kemur í réttri stafrófsröð nýr liður er orðast svo: *Fagráð:* Nefnd sem mótar stefnu í kynbótum, rannsóknum, fræðslumálum og þróunarstarfi búgreinar samkvæmt ákvæðum búnaðarlaga, nr. 70/1998.
b. Liðurinn „Einangrunarstöð“ orðast svo: Sóttvarnaraðstaða fyrir loðdýr, gæludýr, fugla og fiska.
c. Liðurinn „Sóttvarnardýralæknir“ orðast svo: Faglegur opinber eftirlitsaðili sóttvarnastöðvar þar sem dýr hafa verið flutt inn samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „búfjárræktarnefndar“ og „hún“ í 1. málsl. kemur: fagráðs, og: það.
b. Í stað orðsins „nefndin“ í 2. málsl. kemur: fagráð.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skal annast og bera ábyrgð á“ í 1. málsl. kemur: hefur eftirlit með og ber ábyrgð á.
b. Í stað orðanna „Á sama hátt annast það“ í upphafi 2. málsl. kemur: Á sama hátt hefur það eftirlit með.
c. Í stað orðsins „búgreinasamtökum“ í 2. málsl. kemur: búgreinasamböndum.
d. Í stað orðsins „búfjárræktarnefnd“ í 2. málsl. kemur: fagráð.

5. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Vegna innflutnings á dýrum og erfðaefni samkvæmt lögum þessum skal starfrækja sóttvarna- og einangrunarstöðvar. Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvaða kröfur eru gerðar um útbúnað sóttvarna- og einangrunarstöðva. Ráðherra getur falið einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum rekstur stöðvanna.

6. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Sóttvarnardýralæknir sóttvarnastöðvar getur verið viðkomandi héraðsdýralæknir eða dýralæknir sem yfirdýralæknir ræður sérstaklega til þeirra verka. Yfirdýralæknir setur sóttvarnardýralækni erindisbréf með ákvæðum um skyldur hans varðandi smitgát vegna starfa við sóttvarnastöðina.

7. gr.

Í stað orðanna „búfjárræktarnefnda sem starfa“ í 11. gr. laganna kemur: fagráðs sem starfar.

8. gr.

Í stað orðsins „búfjárræktarnefnd“ í 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: fagráð.

9. gr.

Í stað orðsins „búfjárræktarnefndar“ í 13., 16. og 18. gr. laganna kemur: fagráðs.

10. gr.

17. gr. laganna fellur brott og breytist greinatala samkvæmt því.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, er kveðið á um að landbúnaðarráðuneytið annist og beri ábyrgð á innflutningi búfjár sem heimilaður kann að verða samkvæmt lögunum. Einnig kveða lögin á um að vegna innflutnings á dýrum og erfðaefni samkvæmt lögunum skuli vera til staðar eða byggð sóttvarnastöð. Í samræmi við ákvæði þessi hafa verið reistar sóttvarnastöðvar fyrir nautgripi og svín og einangrunarstöð fyrir gæludýr í Hrísey. Hvað varðar innflutning annarra búfjárkynja, loðdýra og alifugla, er innflutningi þannig háttað að dýrunum er komið fyrir á völdum einangrunarbúum í eigu einstaklinga eða viðkomandi búgreinafélaga þar sem þau eru höfð í sóttkví tilskilinn tíma samkvæmt ákvörðun yfirdýralæknis og undir eftirliti sérfræðinga á vegum embættisins.

Landbúnaðarráðuneytið stofnsetti sóttvarnastöð fyrir nautgripi í Hrísey árið 1973 og sá embætti yfirdýralæknis um rekstur hennar í umboði ráðuneytisins. Sóttvarnastöðin var leigð Landssambandi kúabænda 1. janúar 1994 sem síðan hefur annast rekstur hennar undir eftirliti yfirdýralæknis. Árið 1993 var Svínaræktarfélagi Íslands heimilað að reisa sóttvarnastöð fyrir svín í Hrísey og hefur félagið sjálft annast rekstur stöðvarinnar undir eftirliti yfirdýralæknis. Árið 1990 stofnsetti landbúnaðarráðuneytið einangrunarstöð fyrir gæludýr, hunda og ketti, í Hrísey. Fyrstu árin annaðist embætti yfirdýralæknis rekstur stöðvarinnar í umboði ráðuneytisins en hin síðari ár hefur reksturinn verið í höndum einkaaðila undir eftirliti yfirdýralæknis samkvæmt sérstökum samningi.

Á undanförnum árum hefur verið heimilaður umtalsverður innflutningur á lifandi dýrum og erfðaefni þeirra. Fluttir hafa verið til landsins nýir stofnar alifugla og endurnýjun þeirra tryggð með reglubundnum innflutningi erfðaefnis. Nýir stofnar svína og holdanauta hafa verið fluttir inn, svo og loðdýr til kynbóta á þeim stofnum sem fyrir eru í landinu. Þá fer innflutningur á gæludýrum vaxandi. Þessi innflutningur hefur í meginatriðum gengið áfallalaust. Ekki hafa komið upp sjúkdómar sem tengja má innflutningnum enda eru mjög strangar kröfur gerðar um heilbrigði innfluttra dýra og erfðaefnis og sóttvarnir þegar til landsins kemur. Þung áhersla er lögð á það af hálfu landbúnaðarráðuneytisins að tryggja heilbrigði dýrastofna sem fyrir eru í landinu og viðhalda þeirri gæðaímynd sem Ísland og íslensk matvælaframleiðsla hefur. Því er með frumvarpi þessu ekki lagt til að breyta núverandi skipan sóttvarna og einangrunar vegna innflutnings dýra. Hins vegar er lagt til að ákvæði laganna verði aðlöguð þeirri framkvæmd á rekstri sóttvarna- og einangrunarstöðva sem þróast hefur og að landbúnaðarráðherra geti falið einstaklingum, fyrirtækjum eða félagasamtökum rekstur þeirra undir eftirliti yfirdýralæknis. Áhersla er lögð á að með þeirri breytingu er á engan hátt slakað á kröfum um sóttvarnir sem gildandi lög kveða á um.

Að öðru leyti fela ákvæði frumvarpsins í sér aðlögun laganna um innflutning dýra að þeirri þróun löggjafar á þessu sviði sem orðið hefur frá því að lögin voru sett árið 1990.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Í 2. mgr. 3. gr. laganna er kveðið á um að ráðherra skuli skipa nefnd þriggja dýralækna yfirdýralækni til ráðuneytis þegar óskað er heimildar til innflutnings á búfé. Í 4. gr. laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, eru ákvæði um að landbúnaðarráðherra skipi dýralæknaráð til fimm ára í senn er sé yfirdýralækni til ráðuneytis. Skal ráðið ávallt fjalla um innflutning búfjár og erfðaefnis þess, berist umsóknir þar um. Litið er svo á

að hið nýja dýralæknaráð leysi af hólmi ráðgjafarnefnd þá sem kveðið er á um í 2. mgr. 3. gr. laga um innflutning dýra og er því lagt til að ákvæðið falli brott.

Um 3. gr.

Í júní 1998 voru samþykkt á Alþingi búnaðarlög, nr. 70/1998, og koma þau í stað jarðræktarlaga, nr. 56/1987, og laga um búfjárrækt, nr. 48/1989.

Með búnaðarlögum er kveðið á um að fagráð leysi búfjárræktarnefndir af hólmi og er eðlilegt að tilvísanir til þeirra nefnda séu lagaðar að breyttu umhverfi.

Um 4. gr.

Ákvæði greinarinnar fela í sér að ekki verði lengur skylda landbúnaðarráðuneytisins að annast sjálft innflutning búfjár sem heimilaður kann að verða og framræktun kynja sem inn verða flutt heldur verði hlutverk þess fyrst og fremst fólgið í eftirliti með framkvæmdinni. Er það í samræmi við það verklag sem þróast hefur á undanförnum árum, að viðkomandi búgreinasambönd annist framkvæmdina.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um að starfrækja skuli sóttvarna- og einangrunarstöðvar vegna innflutnings á dýrum og erfðaefni úr þeim og að landbúnaðarráðherra setji reglugerð um útbúnað slíkra stöðva að fengnum tillögum yfirdýralæknis. Þá er kveðið á um að landbúnaðarráðherra geti falið einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðvanna. Er það í samræmi við þá framkvæmd sem þróast hefur.

Um 6. gr.

Með nýjum lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, er gert ráð fyrir að á þremur stöðum á landinu, þ.e. á Reykjavíkursvæði, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsvæði og Suðurlandssvæði, verði héraðsdýralæknar sem eingöngu sinni embættisstörfum. Verkefni sóttvarnardýralæknis mun falla vel að starfsemi slíks héraðsdýralæknis. Ákvæði laganna þurfa hins vegar að vera sveigjanleg þannig að hægt sé að ráða sérstakan dýralækni sem sóttvarnardýralækni ef hentugt þykir. Til að gæta fyllsta öryggis varðandi hugsanlega smitdreifingu frá sóttvarnastöð er gert ráð fyrir að settar verði reglur um smitgát þeirra dýralækna sem fara inn á sóttvarnastöðvar. Mun erindisbréf sóttvarnardýralækna taka mið af þeim reglum.

Um 7.–9. gr,

Sjá athugasemdir um 3. gr.

Um 10. gr.

Innflutningi á Galloway-kyninu er lokið og hefur flutningur á erfðaefni úr Hrísey til lands fyrir löngu verið heimilaður. 17. gr. laganna er því óþörf.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er aðlögun gildandi laga um innflutning dýra þar sem hlutverk landbúnaðarráðuneytis verður eftirlit með innflutningi í stað þess að það sjái um innflutninginn sjálft.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

155. Beiðni um skýrslu [155. mál]

frá viðskiptaráðherra um iðgjaldahækkanir tryggingafélaganna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Margréti Frímannsdóttur, Ögmundi Jónassyni, Guðjóni A. Kristjánssyni, Rannveigu Guðmundsdóttur, Jóni Bjarnasyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur, Guðmundi Árna Stefánssyni, Kristjáni L. Möller.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að viðskiptaráðherra flytji Alþingi skýrslu um iðgjaldahækkanir tryggingafélaganna árin 1999 og 2000, helstu ástæður þeirra og áhrif á efnahagsumhverfi og neytendur. Þess er jafnframt óskað að í skýrslunni komi fram svör við eftirfarandi spurningum:

1. Hafa tryggingafélögin gert úttektir á áhrifum skaðabótalaga og sé svo, hverjar eru niðurstöður þeirra?
2. Er í skaðabótalögum gengið of langt á einhverjum sviðum miðað við tilefni í að bæta tjónþola tjón sem hefur haft veruleg áhrif á iðgjaldahækkun?
3. Hvernig hefur skattgreiðslum af hagnaði tryggingafélaganna verið háttað árlega á undanförnum árum með tilliti til framlaga í bótasjóðina?
4. Hvernig eru bótasjóðir tryggingafélaganna ávaxtaðir og með hvaða kjörum og hve stór hluti fjármagnstekna af framlögum í bótasjóðina rennur í sjóðina til að mæta tjónaskuld? Hvernig hefur þessi þróun verið árlega frá 1995?
5. Er þörf á að breyta reglum um mat á tjónaskuld?
6. Gáfu breytingar á mati á tjónaskuld tilefni til breytinga á iðgjöldum bifreiðatrygginga á árunum 1999 og 2000?
7. Hvernig hefur eigið fé, hagnaður, sjóðir og bankainnstæður tryggingafélaganna vaxið samanborið við vátryggingarskuld?
8. Hvaða áhrif hafa afkoma og afkomuhorfur á iðgjaldaákvarðanir tryggingafélaganna?
9. Nota tryggingafélögin góða afkomu í einni grein trygginga til að halda niðri iðgjöldum í annarri grein?
10. Nota tryggingafélögin slaka afkomu í einni grein trygginga til að halda iðgjöldum of háum í annarri grein?

11. Var ekki eðlilegt að líta til bæði heildarafkomu tryggingafélaganna við iðgjaldaákvörðun á þessu og síðasta ári, sem og mats á tjónaskuld í bílatryggingum? Voru 2 milljarðar króna sem losnuðu úr tjónaskuld áranna 1991–1996 dregnir frá og höfðu þar með áhrif til lækkunar á iðgjaldaþörf þessa og síðasta árs?
12. Hafði slakur kaupmáttur á fyrri hluta síðasta áratugar áhrif á iðgjaldaákvarðanir tryggingafélaganna og hefur vaxandi kaupmáttur á undanförnum árum haft áhrif?
13. Hver hefur árleg aukning tekna af iðgjöldum bifreiðatrygginga með vaxandi bílaflota landsmanna verið frá árinu 1995?
14. Hver hefur orðið aukning á iðgjaldatekjum vegna fjölgunar bíla samanborið við aukningu á bótagreiðslum?
15. Hvernig sundurliðast iðgjaldaþörf þessa og síðasta árs hjá tryggingafélögunum eftir einstökum áhættuþáttum?
16. Hvernig hafa iðgjöld vegna bifhjólatrygginga þróast síðastliðin fimm ár og hvernig hefur slysatíðni og tjónaútgjöldum vegna þeirra verið háttað á sama tíma?
17. Hve mikla afslætti veita tryggingafélögin af öðrum tryggingum en bílatryggingum þegar allar tryggingar viðskiptavinanna falla til eins og sama tryggingafélags?
18. Hve mikla afslætti veita tryggingafélögin af bílatryggingum og hvert er hlutfall viðskiptavina í hverjum afsláttarflokki fyrir sig, skipt eftir aldri og kyni?
19. Hvert er hlutfall 17–18 ára ökumanna í bifreiðatryggingum hjá tryggingafélögunum?
20. Hver hefur verið þróun í bílalánum tryggingafélaganna síðustu 10 árin í upphæðum, fjölda og hlutfalli af heildareignum?
21. Hafa tryggingafélögin markaða stefnu um bílalán til ungra ökumanna eða þeirra sem ítrekað hafa valdið miklum tjónum í umferðinni og hvernig skiptast bílalán milli aldurshópa?
22. Hvert er hlutfall 17–20 ára í bílalánum og hvert er hlutfall þess aldurshóps í tjónum og slysabótum? Eiga tjónvaldar kost á nýjum lánum til endurnýjaðra bifreiðakaupa?
23. Hve hátt er hlutfall til hvers lántakanda miðað við heildarverðmæti bíls?
24. Eru 17–20 ára lántakendur bílalána hjá tryggingafélögunum frekar í vanskilum en aðrir lántakendur?
25. Hvernig stóðu tryggingafélögin að útreikningum við skiptingu í áhættusvæði? Óskað er eftir dæmum um útreikninga áhættusvæðaskiptingar tryggingafélaganna úr hverju kjördæmi fyrir sig.
26. Hvaða aðgerðir hafa tryggingafélögin gert eða tekið þátt í til að fyrirbyggja tjón í umferðinni?

Óskað er eftir að svör við framangreindum spurningum verði sundurliðuð eftir tryggingafélögum.

Óskað er eftir að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi eins fljótt og auðið er eftir að henni hefur verið dreift meðal þingmanna.

Greinargerð.

Á undanförnum tveimur árum hafa orðið gífurlegar hækkanir á bifreiðatryggingum eða um 70–80%. Ekki eru nein augljós rök fyrir þessum miklu hækkunum sem eru úr samhengi við allar aðrar verðlagshækkanir í þjóðfélaginu og hafa haft í för með sér verulega útgjaldaaukningu fyrir bifreiðaeigendur.

Tryggingafélögin hafa m.a. teflt fram sem rökum áhrifum breytinga á skaðabótalögum og auknum tjónum og slysatíðni. Mikilvægt er að málið komi til kasta Alþingis, enda er hér um gífurlega hækkun á lögboðinni skyldutryggingu bifreiða að ræða og jafnframt beita trygg-

ingafélögin fyrir sig lögum sem Alþingi hefur sett sem rökum fyrir mikilli þörf á iðgjaldahækkunum.

Þegar Alþingi fjallaði um skaðabótalögin á sínum tíma fengust engar haldbærar upplýsingar frá tryggingafélögunum um hvaða áhrif breytingar á skaðabótalögunum gætu haft á iðgjöld bifreiðatrygginga. Með sama hætti reynist nú erfiðleikum bundið fyrir alþingismenn að fá nauðsynlegar upplýsingar frá tryggingafélögunum til að geta skoðað ítarlega áhrif gífurlegra iðgjaldahækkana síðastliðin tvö ár og meta réttmæti þeirra.

Í ljósi framangreinds og þess að hér er verið að fjalla um hækkanir á lögboðnum skyldutryggingum er óskað eftir að viðskiptaráðherra flytji Alþingi skýrslu um málið og afli nauðsynlegra upplýsinga hjá hverju tryggingafélagi um iðgjaldahækkanirnar í samræmi við efni skýrslubeiðninnar til að Alþingi geti fjallað eðlilega um málið.

156. Frumvarp til fjáraukalaga [156. mál]

fyrir árið 2000.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs
1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2000, sbr. sundurliðun 1 og 2:

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Skatttekjur	**13.204,1**	**12.662,1**
Skattar á tekjur og hagnað	7.535,0	7.198,0
Tryggingagjöld	392,0	321,0
Eignarskattar	250,0	246,0
Skattar á vörur og þjónustu	4.958,1	4.828,1
Aðrir skattar	69,0	69,0
Aðrar rekstrartekjur	1.872,0	1.577,0
Sala eigna	400,0	400,0
Fjármagnstilfærslur	-50,0	-50,0
Tekjur samtals	**15.426,1**	**14.589,1**
Æðsta stjórn ríkisins	0,0	0,0
Forsætisráðuneyti	100,2	100,2
Menntamálaráðuneyti	282,5	282,5
Utanríkisráðuneyti	1.115,0	1.115,0
Landbúnaðarráðuneyti	162,2	162,2
Sjávarútvegsráðuneyti	-81,7	-81,7
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	262,5	262,5
Félagsmálaráðuneyti	-413,2	-421,2

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.586,3	1.586,3
Fjármálaráðuneyti	1.058,0	1.058,0
Samgönguráðuneyti	561,8	738,0
Iðnaðarráðuneyti	192,0	192,0
Viðskiptaráðuneyti	23,3	23,3
Hagstofa Íslands	0,0	0,0
Umhverfisráðuneyti	174,0	174,0
Vaxtagjöld ríkissjóðs	700,0	6.240,0
Gjöld samtals	**5.722,9**	**11.431,1**
Tekjujöfnuður	**9.703,2**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs
2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2000:

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	9.703,2
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-6.280,0
Fjárheimildir sem ekki leiða til gjaldfærslu í reikninga ársins	-144,5
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-4.940,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	61,9
Handbært fé frá rekstri	**-1.599,4**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	6.524,0
Veitt löng lán	887,0
Afborganir veittra lána	340,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	50,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	350,0
Fjármunahreyfingar samtals	**8.151,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**6.551,6**
Fjármögnun	
Tekin löng lán	11.000,0
Afborganir lána	-7.400,0
Fjármögnun samtals	**3.600,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	-5.000,0
Breyting á handbæru fé	**5.151,6**

Ýmis ákvæði
Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir
3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2000:

1. Í stað orðanna „allt að 5.000 m.kr.“ í 1. tölul. kemur: allt að 16.000 m.kr.
2. Á 2. tölul. verða eftirtaldar breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 6.015 m.kr.“ í inngangsmálslið kemur: allt að 5.128 m.kr.
   b. Liður 2.2 fellur niður.
3. Á 3. tölul. verða eftirtaldar breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 11.800 m.kr.“ í lið 3.1 kemur: allt að 13.200 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 1.800 m.kr.“ í lið 3.7 kemur: allt að 2.300 m.kr.
   c. Við 3. tölul. bætist nýr liður, svohljóðandi:
      3.9 Rafmagnsveitum ríkisins, allt að 550 m.kr., sbr. 62. gr. Orkulaga, nr. 58/1967, með áorðnum breytingum.

Ýmis ákvæði
Heimildir
4. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2000:
Við bætist nýir liðir:

1.8 Að fella niður eða endurgreiða toll og tengd gjöld af farþegaferjunni Lagarfljótsorminum.
2.44 Að selja fasteignina að Aragötu 3 í Reykjavík og verja andvirðinu í þágu Háskólabókasafns í samræmi við erfðaskrá dr. Jóns Steffensens.
3.25 Að selja hlut ríkissjóðs í Laugardalshöllinni.
3.26 Að selja 15% af eignarhlut ríkissjóðs í sundlaug Grensásdeildar.
4.31 Að selja jörðina Hól, Hjaltastaðaþinghá, Suður-Múlasýslu.
4.32 Að selja jörðina Hólshjáleigu, Hjaltastaðaþinghá, Suður-Múlasýslu.
4.33 Að selja jörðina Ormsstaði í Eiðaþinghá, Suður-Múlasýslu.
4.34 Að selja jörðina Gröf í Eiðaþinghá, Suður-Múlasýslu.
4.35 Að selja jörðina Þuríðarstaði, í Eyvindarárdal, Suður-Múlasýslu.
4.36 Að selja eignarhluta Skógræktar ríkisins í jörðinni Straumi í Hafnarfirði.
4.37 Að selja eignarhluta Skógræktar ríkisins í jörðinni Hvítsstöðum, Álftaneshreppi, Mýrasýslu.
7.38 Að kaupa húsnæði fyrir Vinnueftirlits ríkisins á Akranesi.
7.39 Að kaupa húsnæði fyrir Svæðisvinnumiðlun Vesturlands á Akranesi.
8.18 Að taka við fasteigninni Bygggörðum 7 á Seltjarnarnesi að gjöf frá Læknafélagi Íslands vegna Nesstofusafns.

Sundurliðun 1
Tekjur A-hluta

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	2.341,0	2.247,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	466,0	440,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur	1.530,0	1.530,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**4.337,0**	**4.217,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	3.198,0	2.981,0
	Skattar á tekjur og hagnað	**7.535,0**	**7.198,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	1.037,0	965,0
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	-645,0	-644,0
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**392,0**	**321,0**
	Tryggingagjöld	**392,0**	**321,0**
3	**Skattar á launagreiðslur**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	3,0	3,0
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	434,0	428,0
4.2.2.1	Eignarskattar, lögaðilar	-139,0	-136,0
	Skattar á hreina eign	**295,0**	**292,0**
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	22,0	22,0
4.4.1	Stimpilgjöld	23,0	22,0
4.5.2.5	Sértækir eignarskattar á aðrar eignir	-90,0	-90,0
	Eignarskattar	**250,0**	**246,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	5.971,0	5.769,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	-302,0	-248,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	-174,0	-183,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	-424,0	-406,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	-98,0	-98,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	222,0	222,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	107,0	103,0
5.1.2.5	Hagnaður af einkasölu	-212,0	-212,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	-176,0	-165,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	67,0	67,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**4.981,0**	**4.849,0**

5.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld á bifreiðar	-36,0	-34,0
5.2.2	Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld	13,1	13,1
	Neyslu- og leyfisgjöld	**-22,9**	**-20,9**
	Skattar á vörur og þjónustu	**4.958,1**	**4.828,1**
6	**Aðrir skattar**		
6.1	Aðrir skattar á atvinnurekstur	66,0	66,0
	Skatttekjur, samtals	**13.204,1**	**12.662,1**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	-183,0	-183,0
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	470,0	175,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	1.140,0	1.140,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	445,0	445,0
	Aðrar eignatekjur	**2.055,0**	**1.760,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**1.872,0**	**1.577,0**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**1.872,0**	**1.577,0**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna, þ.m.t. söluhagnaður**		
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	400,0	400,0
	Sala eigna, samtals	**400,0**	**400,0**
IV	**Fjármagnstilfærslur**		
16	**Fjármagnstilfærslur frá öðrum en opinberum aðilum**		
16.1.1.10	Endurgreiddur kostnaður við virkjanarannsóknir frá Landsvirkjun	-50,0	-50,0
	Fjármagnstilfærslur, samtals	**-50,0**	**-50,0**
	Heildartekjur samtals	**15.426,1**	**14.589,1**

Sundurliðun 2
Fjármál ríkisaðila í A-hluta

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	12,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,0

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.23 Hrafnseyri	6,0
1.52 Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	3,2
1.53 Landafundanefnd	12,0
1.55 Íslenskt bókasafn við háskólann í Manitoba, Kanada	10,0
1.90 Ýmis verkefni	8,0
Almennur rekstur samtals	39,2
Gjöld samtals	**39,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	39,2

01-251 Safnahús

Almennur rekstur:	
1.01 Safnahús	12,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	37,0
Gjöld samtals	**49,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	49,0

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**100,2**
Greitt úr ríkissjóði	**100,2**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

02 Menntamálaráðuneyti

m.kr.

02-211 Tækniskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Tækniskóli Íslands 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.14 Sérkennsla 21,0
1.90 Framhaldsskólar, óskipt 30,5
Almennur rekstur samtals 51,5

Gjöld samtals **51,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 51,5

02-562 Leiklistarskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla í dagskóla 14,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,0

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðminjasafn Íslands 69,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 69,0

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana 63,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 63,0

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:
1.90 Listir 15,0

Stofnkostnaður:
6.21 Ýmir, tónlistarhús Karlakórs Reykjavíkur 20,0

Gjöld samtals **35,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 35,0

02-995 Tungutækni

Almennur rekstur:
1.01 Verkefnisstjórn 40,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 40,0

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **282,5**
Greitt úr ríkissjóði **282,5**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

03 Utanríkisráðuneyti

m.kr.

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 35,0
1.53 Þýðingamiðstöð 15,0
Almennur rekstur samtals 50,0

Gjöld samtals **50,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.14 Heimssýning í Hannover	20,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0

03-320 Sendiráð, almennt

Stofnkostnaður:	
6.26 Sendiráð Íslands í Ottawa	110,0
6.27 Sendiráð Íslands í Tókió	800,0
6.90 Tæki og búnaður	48,0
Stofnkostnaður samtals	958,0
Gjöld samtals	**958,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	958,0

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:	
1.18 Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, lánveitingar til fátækra ríkja (ESAF)	20,0
1.91 Átak í lækkun skulda þróunarríkja	67,0
Almennur rekstur samtals	87,0
Gjöld samtals	**87,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	87,0

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**1.115,0**
Greitt úr ríkissjóði	**1.115,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

04 Landbúnaðarráðuneyti

m.kr.

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis verkefni 23,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 23,8

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:
1.01 Beinar greiðslur til bænda 84,0
1.02 Lífeyrissjóður bænda 3,4
Almennur rekstur samtals 87,4

Gjöld samtals **87,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 87,4

04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði

Almennur rekstur:
1.91 Loðdýrafóður 45,0

Stofnkostnaður:
6.91 Ýmis stofnkostnaður 6,0

Gjöld samtals **51,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 51,0

04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur **162,2**
Greitt úr ríkissjóði **162,2**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

05 Sjávarútvegsráðuneyti

m.kr.

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:
1.01 Fiskistofa 8,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,3

05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Stofnkostnaður:
6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins ..... -90,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -90,0

05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur **-81,7**
Greitt úr ríkissjóði ..... **-81,7**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

m.kr.

06-101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 2,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,6

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.10 Fastanefndir 2,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,8

06-231 Málskostnaður í opinberum málum

Almennur rekstur:
1.10 Málskostnaður í opinberum málum 40,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 40,0

06-232 Opinber réttaraðstoð

Almennur rekstur:
1.10 Opinber réttaraðstoð 64,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 64,0

06-251 Persónuvernd

Almennur rekstur:
1.01 Persónuvernd 17,6

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 12,0

Gjöld samtals **29,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 29,6

06-291 Húsnæði og búnaður dómstóla

Stofnkostnaður:
6.01 Húsnæði Hæstaréttar 3,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,8

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:
1.01 Ríkislögreglustjóri 14,0

Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	7,0
6.11 Bifreiðar	3,5
Stofnkostnaður samtals	10,5
Gjöld samtals	**24,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	24,5

06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík	16,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,6

06-390 Ýmis löggæslumál

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis löggæslukostnaður	3,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,2

06-412 Sýslumaðurinn á Akranesi

Almennur rekstur:	
1.20 Löggæsla	4,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,5

06-427 Sýslumaðurinn í Neskaupstað

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	-18,9
1.20 Löggæsla	-15,6
Almennur rekstur samtals	-34,5
Gjöld samtals	**-34,5**

Sértekjur:
Sértekjur 0,1

Gjöld umfram tekjur ..... **-34,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -34,4

06-428 Sýslumaðurinn á Eskifirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 12,3
1.20 Löggæsla 18,6
Almennur rekstur samtals 30,9

Gjöld samtals **30,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,1

Gjöld umfram tekjur **30,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,8

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður 3,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,6

06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna

Stofnkostnaður:
6.19 Húsnæði sýslumannsins á Hólmavík 13,0
6.60 Upplýsingakerfi sýslumanna 19,2
Stofnkostnaður samtals 32,2

Gjöld samtals **32,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 32,2

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Kirkjumálasjóður	1,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,5

06-733 Kirkjugarðsgjöld

Almennur rekstur:	
1.11 Kirkjugarðar	9,3
1.13 Kirkjugarðasjóður	0,8
Almennur rekstur samtals	10,1
Gjöld samtals	**10,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,1

06-735 Sóknargjöld

Almennur rekstur:	
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	13,5
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga	6,2
1.30 Sóknargjöld til Háskóla Íslands	4,9
Almennur rekstur samtals	24,6
Gjöld samtals	**24,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	24,6

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sókna	2,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,5

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**262,5**
Greitt úr ríkissjóði	**262,5**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

07 Félagsmálaráðuneyti

m.kr.

07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Stofnkostnaður:	
6.21 Bifreiðar	4,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,0

07-302 Ríkissáttasemjari

Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	17,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,0

07-311 Jafnréttisráð

Almennur rekstur:	
1.01 Jafnréttisráð	9,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,1

07-313 Jafnréttisstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Jafnréttisstofa	4,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,3

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	8,0
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	8,0

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.50 Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	15,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,0

07-711 Styrktarfélag vangefinna

Almennur rekstur:	
1.20 Sambýli	25,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,0

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	101,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	101,4

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	-600,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-600,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.90 Ýmis framlög	3,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,0

07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-413,2**
Greitt úr ríkissjóði	**-421,2**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**8,0**

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

m.kr.

08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	11,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,8

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.11 Mæðra - og feðralaun	3,0
1.15 Umönnunarbætur	45,0
1.21 Makabætur	1,0
1.25 Ekkju- og ekkilsbætur	-16,0
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	3,0
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	-8,0
1.41 Heimilisuppbót	-17,0
1.45 Sérstök heimilisuppbót	11,0
1.51 Uppbætur	-81,0
Almennur rekstur samtals	-59,0
Gjöld samtals	**-59,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-59,0

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	-16,0
1.15 Örorkulífeyrir	174,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	-7,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	87,0
1.31 Örorkustyrkur	-131,0
1.35 Barnalífeyrir	87,0
1.41 Fæðingarorlof	41,0
1.91 Annað	1,0
Almennur rekstur samtals	236,0
Gjöld samtals	**236,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	236,0

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	410,0
1.15 Lyf	660,0
1.21 Hjálpartæki	97,3
1.31 Þjálfun	85,0
1.35 Tannlækningar	50,0
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	-30,0
1.45 Brýn meðferð erlendis	125,0
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	50,0
1.55 Sjúkradagpeningar	-15,0
1.91 Annað	25,0
Almennur rekstur samtals	1.457,3
Gjöld samtals	**1.457,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.457,3

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	8,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,8

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	3,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,5

08-371 Ríkisspítalar

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisspítalar	56,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	56,9

08-373 Sjúkrahús í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Ýmis skipulags- og rekstrarverkefni	39,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	39,6

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.13 Úrskurðarnefnd almannatrygginga	11,4
1.17 Vísindasiðanefnd	7,4
1.53 Tóbaksvarnir	3,7
1.90 Ýmis framlög	1,0
Almennur rekstur samtals	23,5
Gjöld samtals	**23,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23,5

08-495 Daggjaldastofnanir

Almennur rekstur:	
1.12 Nýtt hjúkrunarheimili í Reykjavík	-206,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -206,0

08-517 Læknavaktin

Almennur rekstur:
1.01 Læknavaktin 20,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -6,2

Gjöld umfram tekjur **13,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,9

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **1.586,3**
Greitt úr ríkissjóði **1.586,3**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

09 Fjármálaráðuneyti

m.kr.

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 2,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,5

09-214 Yfirskattanefnd

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 14,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,5

09-262 Tollstjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Tollstjórinn í Reykjavík	2,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,0

09-385 Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna

Almennur rekstur:	
1.01 Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna	230,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	230,0

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:	
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	70,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	70,0

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:	
1.90 Launa- og verðlagsmál	489,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	489,0

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.60 Dómkröfur	50,0
1.75 Aðstoð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi	200,0
Almennur rekstur samtals	250,0
Gjöld samtals	**250,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	250,0

09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**1.058,0**
Greitt úr ríkissjóði	**1.058,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

10 Samgönguráðuneyti

m.kr.

10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	1,8
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	1,8

10-211 Vegagerðin

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	3,0
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	-128,0
Almennur rekstur samtals	-125,0
Stofnkostnaður:	
6.10 Nýframkvæmdir	400,0
Gjöld samtals	**275,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	453,0
Viðskiptahreyfingar	-178,0

10-335 Siglingastofnun Íslands

Stofnkostnaður:	
6.70 Hafnamannvirki	60,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	60,0

10-471 Flugmálastjórn

Almennur rekstur:	
1.70 Alþjóðaflugþjónusta	211,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -211,0

Gjöld umfram tekjur **0,0**

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin 10,0
1.11 Rekstur strandarstöðva 215,0
Almennur rekstur samtals 225,0

Gjöld samtals **225,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 225,0

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur **561,8**
Greitt úr ríkissjóði **738,0**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar ..... **-176,2**

11 Iðnaðarráðuneyti

m.kr.

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja 56,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 56,0

11-371 Orkusjóður

Almennur rekstur:

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0
Innheimt af ríkistekjum ..... -50,0

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:
1.13 Hafsbotnsrannsóknir 16,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,0

11-411 Byggðastofnun

Almennur rekstur:
1.10 Byggðastofnun 110,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 110,0

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur 192,0
Greitt úr ríkissjóði 242,0
Innheimt af ríkistekjum ..... -50,0
Viðskiptahreyfingar 0,0

12 Viðskiptaráðuneyti

m.kr.

12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

12-902 Samkeppnisstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Samkeppnisstofnun 13,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,3

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **23,3**
Greitt úr ríkissjóði **23,3**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

14 Umhverfisráðuneyti

m.kr.

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.59 Náttúruverndarráð 2,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,0

14-205 Náttúruvernd ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 1,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,0

14-210 Veiðistjóri

Almennur rekstur:
1.01 Veiðistjóri 1,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,5

14-215 Vistmenningarmiðstöð á Sólheimum í Grímsnesi

Stofnkostnaður:
6.21 Vistmenningarmiðstöð á Sólheimum í Grímsnesi 25,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,0

14-221 Hollustuvernd ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Hollustuvernd ríkisins 34,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 34,0

14-283 Hreinsun umhverfis

Almennur rekstur:
1.11 Hreinsun olíu úr flaki skipsins El Grillo á botni Seyðisfjarðar . 102,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 102,0

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 3,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,5

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **174,0**
Greitt úr ríkissjóði **174,0**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

m.kr.

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs 700,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6.240,0
Viðskiptahreyfingar ..... -5.540,0

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur **700,0**
Greitt úr ríkissjóði **6.240,0**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar ..... **-5.540,0**

Séryfirlit 1
Málaflokkar gjalda í A-hluta

m.kr.

01. Almenn opinber þjónusta
01.1 Opinber þjónusta
01.1.1 Æðsta stjórnsýsla ríkisins 51,2
01.1.2 Fjármálastjórnsýsla 69,0
01.1.3 Utanríkisstjórnsýsla 1.115,0
Samtals **1.235,2**

01.3 Opinberar frumrannsóknir
01.3.1 Frumrannsóknir í raunvísindum 3,5
Samtals **3,5**

Almenn opinber þjónusta samtals **1.238,7**

03. Löggæsla og öryggismál
03.1 Löggæsla og brunavarnir
03.1.1 Löggæsla 87,6
Samtals **87,6**

03.2 Dómstólar 140,0
03.4 Önnur réttar- og öryggismál 196,2
Löggæsla og öryggismál samtals **423,8**

04.	**Fræðslumál**	
04.2	Framhaldsskólastig	
	04.2.1 Almennt framhaldsskólastig	51,5
	04.2.2 Sérskólastig	14,0
	Samtals	**65,5**
04.3	Æðra skólastig	
	04.3.1 Háskólastig	10,0
	Samtals	**10,0**
04.6	Önnur fræðslumál, óta.	40,0
Fræðslumál samtals		**115,5**
05.	**Heilbrigðismál**	
05.1	Sjúkrahúsaþjónusta	
	05.1.1 Almenn sjúkrahúsaþjónusta	225,0
	05.1.4 Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir	-206,0
	Samtals	**19,0**
05.2	Heilsugæsla	
	05.2.1 Almenn heilsugæsla	423,9
	05.2.3 Tannlæknisþjónusta	50,0
	05.2.4 Sjúkraþjálfun og önnur heilsugæsla	85,0
	Samtals	**558,9**
05.4	Lyf og hjálpartæki	757,3
05.5	Heilbrigðisrannsóknir	34,0
05.6	Önnur heilbrigðismál	89,1
Heilbrigðismál samtals		**1.458,3**
06.	**Almannatryggingar og velferðarmál**	
06.1	Almannatryggingar	
	06.1.1 Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur	26,0
	06.1.3 Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir	87,0
	06.1.4 Atvinnuleysisbætur	-600,0
	06.1.5 Fjölskyldu- og barnabætur	48,0
	06.1.6 Önnur félagsleg aðstoð	1,0
	Samtals	**-438,0**
06.2	Velferðarmál	
	06.2.3 Málefni fatlaðra	40,0
	06.2.6 Önnur velferðarþjónusta, óta.	7,0
	Samtals	**47,0**
Almannatryggingar og velferðarmál samtals		**-391,0**

07.	**Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál**	
07.1	Húsnæðis- og skipulagsmál	
	07.1.2 Skipulagsmál	34,5
	Samtals	**34,5**
07.3	Hreinsunarmál	
	07.3 Almennn hreinsunarmál	102,0
	Samtals	**102,0**
Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál samtals		**136,5**
08.	**Menningarmál**	
08.0	Menningarmál	
	08.0.2 Söfn, listir o.fl.	216,0
	08.0.4 Kirkjumál	38,7
	Samtals	**254,7**
Menningarmál samtals		**254,7**
09.	**Eldsneytis- og orkumál**	
09.2	Orkumál	
	09.2.1 Raforkumál	0,0
	09.2.3 Orkumál, óta.	16,0
	Samtals	**16,0**
Eldsneytis- og orkumál samtals		**16,0**
10.	**Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál**	
10.1	Landbúnaðarmál	
	10.1.3 Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar	138,4
	10.1.7 Önnur landbúnaðarmál	23,8
	Samtals	**162,2**
10.3	Sjávarútvegsmál	
	10.3.4 Rannsóknar- og þróunarstarfsemi	-90,0
	10.3.7 Önnur sjávarútvegsmál	8,3
	Samtals	**-81,7**
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals		**80,5**
11.	**Iðnaðarmál**	
11.2	Iðnaðarstarfsemi	66,0
Iðnaðarmál samtals		**66,0**

12.	**Samgöngumál**	
12.1	Landsamgöngur	
	12.1.1 Vega- og gatnagerð	403,0
	Samtals	**403,0**
12.2	Sjó- og vatnasamgöngur	
	12.2.2 Sjósamgöngur	60,0
	Samtals	**60,0**
12.4	Loftsamgöngur	
	12.4.2 Önnur loftsamgöngumál	0,0
	Samtals	**0,0**
12.7	Önnur samgöngumál	98,8
Samgöngumál samtals		**561,8**
13.	**Önnur útgjöld vegna atvinnuvega**	
13.4	Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins	23,3
13.5	Almenn launa- og atvinnumál	38,4
13.6	Önnur atvinnumál	110,0
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals		**171,7**
14.	**Önnur útgjöld ríkissjóðs**	
14.0	Önnur útgjöld ríkissjóðs	
	14.0.1 Vaxta- og lántökukostnaður	700,0
	14.0.2 Tilfærslur til annarra opinbera aðila	101,4
	14.0.3 Önnur þjónusta	789,0
	Samtals	**1.590,4**
Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals		**1.590,4**
Heildargjöld samtals		**5.722,9**

Séryfirlit 2

Hagræn skipting gjalda í A-hluta 2000

	m.kr.
Rekstrargjöld	
Laun	1.450,3
Lífeyrisskuldbindingar	0,0
Önnur gjöld	956,0
Sértekjur	-217,2

Rekstrargjöld samtals	**2.189,1**
Fjármagnskostnaður	**700,0**
Rekstrar- og neyslutilfærslur	
Sjúkratryggingar	1.457,3
Lífeyristryggingar	236,0
Aðstoð vegna jarðskjálfta	200,0
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	132,4
Byggðastofnun	110,0
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	101,4
Alþjóðastofnanir	87,0
Virkjana- og stóriðjurannsóknir	56,0
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	-59,0
Daggjaldastofnanir	-206,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	-600,0
Aðrar neyslu- og rekstartilfærslur	-332,3
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	**1.182,8**
Viðhald	**0,0**
Fjárfesting	
Sendiráð	958,0
Samgöngumál	400,0
Fasteignakaup og framkvæmdir í samræmi við ákvæði 7. gr. fjárlaga	70,0
Endurbótasjóður menningarbygginga	63,0
Hafnaframkvæmdir	60,0
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	-90,0
Annað	190,0
Fjárfesting samtals	**1.651,0**
Gjöld samtals	**5.722,9**

Séryfirlit 3

Markaðar tekjur 2000

		Sjóðs-hreyfingar m.kr.
02-969	**Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**	
	Sérstakur eignaskattur, einstaklingar	63,0
	Sérstakur eignarskattur, lögaðilar	-87,0
	Skerðing markaðra tekna	-24,0
	Greitt úr ríkissjóði	63,0
	Viðskiptahreyfing	-63,0

05-204 Fiskistofa

Veiðieftirlitsgjald	8,3
Greitt úr ríkissjóði	8,3

05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Þróunarsjóðsgjald á skip	1,0
Þróunarsjóðsgjald á aflamark	-91,0
Greitt úr ríkissjóði	-90,0

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Tryggingagjald, almennt, hluti Vinnueftirlits ríkisins	4,0
Greitt úr ríkissjóði	8,0
Viðskiptahreyfing	-4,0

07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Erfðafjárskattur	22,0
Skerðing markaðra tekna	22,0

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Ábyrgðargjald vegna launa	3,0
Viðskiptahreyfing	3,0

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi	-668,0
Greitt úr ríkissjóði	-600,0
Viðskiptahreyfing	-68,0

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Hluti Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga í atvinnutryggingargjaldi	24,0
Viðskiptahreyfing	24,0

07-989 Fæðingarorlofssjóður

Hluti Fæðingarorlofssjóðssjóðs í almennu tryggingargjaldi	1.729,0
Viðskiptahreyfing	1.729,0

10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Leyfi til rekstrar ferðaskrifstofu	1,8
Greitt úr ríkissjóði	1,8

10-211 Vegagerðin

Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni (tollak. c1)	222,0
Þungaskattur af díselbifreiðum, km-gjald	18,0
Þungaskattur, fast árgjald	38,0
Leyfis- og eftirlitsgjöld Vegagerðarinnar af flutningum á landi	3,0
Greitt úr ríkissjóði	453,0
Leiðrétting á framsetningu vegna sérstakrar fjármögnunar	824,0
Viðskiptahreyfing	652,0

10-472	**Flugvellir**	
	Flugvallargjald	57,0
	Viðskiptahreyfing	57,0
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	
	Jöfnunargjald til Póst- og fjarskiptastofnunar vegna alþjónustu	10,0
	Greitt úr ríkissjóði	10,0
	Heildartekjur	**1.358,1**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**-145,9**
	Mismunur	**1.504,0**
	Þar af skerðing	**-2,0**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**2.330,0**

Séryfirlit 4

Lögbundin framlög 2000

		Sjóðs-hreyfingar m.kr.
06-705	**Kirkjumálasjóður**	
	Kirkjumálasjóður	1,5
	Greitt úr ríkissjóði	1,5
06-733	**Kirkjugarðsgjöld**	
	Kirkjugarðsgjöld	9,3
	Kirkjugarðssjóður	0,8
	Greitt úr ríkissjóði	10,1
06-735	**Sóknargjöld**	
	Sóknargjöld	24,6
	Greitt úr ríkissjóði	24,6
06-736	**Jöfnunarsjóður sókna**	
	Jöfnunarsjóður sókna	2,5
	Greitt úr ríkissjóði	2,5
07-801	**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**	
	Lögbundið framlag	101,4
	Greitt úr ríkissjóði	101,4
08-399	**Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**	
	Tóbaksvarnir, lögbundið framlag	3,7
	Greitt úr ríkissjóði	3,7
	Lögbundin framlög alls	**143,8**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**143,8**
	Mismunur, skerðing	**0,0**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Með frumvarpi þessu er lögð fyrir Alþingi endurskoðuð tekjuáætlun og tillögur um breytingar á fjárheimildum ýmissa fjárlagaliða ársins 2000. Tillögurnar eru í samræmi við framvindu ríkisfjármála það sem af er árinu. Tekið er tillit til nýrrar lagasetningar, ófyrirséðra útgjalda og ákvarðana ríkisstjórnarinnar um ný útgjöld.

Endurskoðaðar afkomuhorfur 2000. Fjárlög ársins 2000 voru afgreidd með 16,7 milljarða króna tekjuafgangi. Heildartekjur voru áætlaðar 209,9 milljarðar króna og heildargjöld 193,2 milljarðar króna. Gert var ráð fyrir að lánsfjárafgangur ríkissjóðs yrði um 21 milljarður og skuldir ríkissjóðs yrðu greiddar niður eða staða ríkissjóðs bætt á annan hátt sem því næmi.

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Fjárlög 2000	Áætlun 2000	Breyting frá fjárlögum
Tekjur	209,9	225,3	15,4
Gjöld	193,2	199,0	5,8
Rekstrarafkoma	**16,7**	**26,3**	**9,6**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-2,7	-13,9	-11,2
Handbært fé frá rekstri	**14,0**	**12,4**	**-1,6**
Fjármunahreyfingar	6,9	15,1	8,2
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**20,9**	**27,5**	**6,6**

Fjármálaráðuneytið hefur endurskoðað áætlanir um afkomu ríkissjóðs í ljósi upplýsinga sem liggja fyrir um framvindu ríkisfjármálanna það sem af er árinu og miðað við horfur til ársloka. Endurskoðunin bendir til að tekjuafgangur ríkissjóðs verði 26,3 milljarðar króna og lánsfjárafgangurinn 27,5 milljarðar. Er það talsvert betri afkoma en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Fyrirhugað er að bætt afkoma verði notuð til að greiða niður skuldir og til að styrkja stöðu ríkissjóðs með öðrum hætti, svo sem með greiðslum í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Athygli er vakin á því að ekki er beint samband á milli þeirra fjárheimilda sem sótt er um og áætlaðrar afkomu ríkissjóðs á árinu. Stafar það af því að bæði eru ónýttar fjárheimildir fluttar til næsta árs og umframgjöld ýmissa stofnana verða dregin frá fjárheimildum ársins. Gert er ráð fyrir að nokkuð af stofnkostnaðarheimildum til vegagerðar verði ekki nýtt á árinu 2000. Á móti koma ónýttar fjárheimildir og skuldir stofnana frá árinu 1999. Nánari grein er gerð fyrir þeim breytingum í frumvarpi til lokafjárlaga fyrir árið 1999 sem lagt verður fram innan skamms.

Hér á eftir verður fjallað um helstu breytingar á tekjum, gjöldum og lánsfjármálum ríkissjóðs miðað við fjárlög ársins 2000.

1 Tekjur A-hluta

Í þessum kafla er fjallað um tekjur ríkissjóðs á árinu 2000. Fyrst er farið yfir helstu niðurstöður samkvæmt endurskoðaðri áætlun fyrir árið og þar á eftir er fjallað stuttlega um helstu frávik frá fjárlögum 2000. Umfjöllun þessi miðast við rekstrargrunn sem sýnir álagðar tekjur á viðkomandi ári án tillits til þess hvenær þær innheimtast.

Tekjuhorfur 2000. Samkvæmt fjárlögum, sem afgreidd voru í lok síðasta árs, var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2000 gætu numið tæplega 210 milljörðum króna.

Þessi áætlun var byggð á tveimur meginforsendum, annars vegar áætlaðri niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1999 og hins vegar spá Þjóðhagsstofnunar í desember síðastliðnum um þróun helstu hagstærða á árinu 2000.

Magnbreyting %	Fjárlög 2000	Áætlun 2000	Frávik frá fjárlögum
Einkaneysla	3,0	4,0	1,0
Samneysla	2,5	3,5	1,0
Fjárfesting	2,7	10,5	7,8
Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga	2,8	5,1	2,3
Útflutningur vöru og þjónustu	1,9	0,9	-1,0
Innflutningur vöru og þjónustu	1,9	4,7	2,8
Landsframleiðsla	2,9	3,7	0,8
Vísitala neysluverðs	4,5	5,5	1,0
Ráðstöfunartekjur á mann	5,9	6,9	1,0
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	1,3	1,4	0,1

Skemmst er frá því að segja að þessar tvær meginforsendur tekjuáætlunarinnar hafa breyst í grundvallaratriðum. Annars vegar sýnir ríkisreikningur fyrir árið 1999 mun hagstæðari niðurstöðu á tekjuhlið en gert var ráð fyrir um síðustu áramót. Hins vegar hafa helstu efnahagsforsendur breyst í veigamiklum atriðum þar sem meðal annars er nú spáð nær helmingi meiri vexti þjóðarútgjalda á árinu 2000 en áður – en þessi stærð ræður miklu um niðurstöður tekjuáætlunar ríkissjóðs. Einnig hafa tekjubreytingar verið talsvert meiri en gert var ráð fyrir.

Af þessum ástæðum er í endurskoðaðri tekjuáætlun gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2000 nemi 225,3 milljörðum króna eða rúmlega 15 milljörðum umfram áætlun fjárlaga. Þessa hækkun má fyrst og fremst rekja til aukinnar innheimtu tekjuskatts einstaklinga og fyrirtækja og virðisaukaskatts.

Sem fyrr segir hafa almenn umsvif í efnahagslífinu og tekjubreytingar verið meiri það sem af er ári en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga 2000. Þetta hefur skilað sér í auknum tekjum ríkissjóðs. Hér á eftir verður fjallað nánar um frávik einstakra liða frá áætlun fjárlaga.

Rekstrargrunnur	Fjárlög 2000 m.kr.	Áætlun 2000 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Frávik frá fjárlögum %
1. Skatttekjur	**189.200**	**202.404**	**13.204**	**7,0**
Skattar á tekjur og hagnað	52.366	59.901	7.535	14,4
Einstaklingar	41.120	45.457	4.337	10,5
Lögaðilar	10.140	13.338	3.198	31,5
Ríkissjóður	1.106	1.106	0	0,0
Tryggingagjöld og launaskattar	18.221	18.616	395	2,2
Eignarskattar	9.320	9.570	250	2,7
Skattar á vörur og þjónustu	108.757	113.715	4.958	4,6
Virðisaukaskattur	69.020	74.991	5.971	8,7
Vörugjöld	24.896	24.120	-776	-3,1
Aðrir sértækir veltuskattar	7.276	7.062	-214	-2,9
Bifreiðaskattar	6.584	6.548	-36	-0,5
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	981	994	13	1,3

Rekstrargrunnur	Fjárlög 2000 m.kr.	Áætlun 2000 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Frávik frá fjárlögum %
Aðrir skattar	536	602	66	12,3
2. Aðrar rekstrartekjur	**15.638**	**17.510**	**1.872**	**12,0**
Arðgreiðslur og leigutekjur	2.948	2.765	-183	-6,2
Vaxtatekjur	8.022	10.077	2.055	25,6
Neyslu- og leyfisgjöld	3.979	3.979	0	0,0
Annað	689	689	0	0,0
3. Sala eigna	**4.216**	**4.616**	**400**	**9,5**
4. Fjármagnstilfærslur	**50**	**0**	**-50**	**-100,0**
5. Fjárframlög	**796**	**796**	**0**	**0,0**
Heildartekjur ríkissjóðs.	**209.900**	**225.326**	**15.426**	**7,3**

Skattar á tekjur og hagnað. Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun er nú gert ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga skili rúmlega 45,5 milljarði króna í tekjur á árinu 2000, eða 4,3 milljarði umfram fjárlög. Þessa hækkun má annars vegar rekja til meiri launabreytinga og hins vegar minna atvinnuleysis en gert var ráð fyrir. Jafnframt hafa tekjur af fjármagnstekjuskatti farið langt fram úr áætlunum og eru nú áætlaðar um 4,3 milljarðar króna, eða 1,5 milljarðar umfram fyrri áætlun. Ástæður þessa má rekja til mjög aukinna umsvifa og mikillar veltu á fjármagnsmarkaði. Loks er talið að tekjuskattur fyrirtækja skili mun meiri tekjum en áður var áætlað, eða um 13,3 milljörðum króna, rúmlega 3 milljörðum umfram fjárlög, vegna mun betri afkomu á síðasta ári en áður var reiknað með. Þessi áætlun er þó nokkuð óviss og kemur til endurskoðunar þegar álagning liggur fyrir í haust. Í heild er því reiknað með að skattar á tekjur og hagnað verði um 7,5 milljarði króna hærri en í áætlun fjárlaga.

Tryggingagjöld. Reiknað er með að tryggingagjöld og launaskattar skili tæpum 19 milljörðum króna í ríkissjóð á árinu 2000, eða rúmlega 400 milljónum umfram áætlun fjárlaga. Þessa hækkun má alfarið rekja til meiri tekjubreytinga en gert var ráð fyrir. Þess má geta að í maí síðastliðnum voru samþykkt á Alþingi lög nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, og í því sambandi var stofnaður Fæðingarorlofssjóður í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins. Sjóðurinn er fjármagnaður með tryggingagjaldi og er áætlað að í sjóðinn renni um 1.780 milljónir króna á þessu ári.

Virðisaukaskattur. Virðisaukaskattur er langstærsti einstaki tekjuliður ríkissjóðs og skilar meira en þriðjungi allra skatttekna. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að hann skili um 75 milljarða króna tekjum á árinu 2000, eða 6 milljörðum króna meira en reiknað var með í fjárlögum. Þessa hækkun má annars vegar rekja til breyttra þjóðhagsforsendna á þessu ári en hins vegar reyndust tekjur af virðisaukaskatti samkvæmt ríkisreikningi mun meiri á síðasta ári en gengið var út frá í áætlun fjárlaga.

Aðrir skattar á vörur og þjónustu. Þegar á heildina er litið hafa tekjur af vörugjöldum ekki breyst umtalsvert frá fjárlögum. Vörugjald af bifreiðum hefur þó skilað heldur minni tekjum en gert var ráð fyrir vegna samdráttar í bílainnflutningi. Auk þess er talið að breyting á lögunum síðastliðið vor, sem fól í sér nokkra lækkun í tilteknum flokkum, hafi leitt til nokkurs tekjutaps. Almennar vörugjaldstekjur eru einnig heldur undir áætlun en það má rekja til breytinga á lögunum þar sem vörugjald af tilteknum vörum var ýmist lækkað eða fellt nið-

ur, t.d. af rafmagnsvörum o.fl. Tvenns konar vörugjöld eru lögð á bensín, almennt gjald og sérstakt gjald. Sérstaka gjaldið hefur verið lengi við lýði og rennur til fjármögnunar vegaframkvæmda. Þetta gjald er talið skila heldur meiri tekjum en áætlun fjárlaga gerir ráð fyrir sem alfarið stafar af aukinni bensínsölu. Almenna gjaldið var til skamms tíma hlutfallslegt gjald sem reiknaðist beint á innflutningsverð bensíns. Þessu var breytt síðastliðið haust og í staðinn var tekið upp krónutölugjald til þess að draga úr áhrifum hækkandi bensínverðs á heimsmarkaði á bensínverð innanlands. Áhrif breyttrar álagningar bensíngjalds koma glöggt fram í því að tekjur ríkissjóðs af bensíngjaldi hefðu verið um 900 m.kr. meiri miðað við heilt ár samkvæmt eldri tilhögun. Almenna gjaldið er talið vera nokkurn veginn á áætlun.

Aðrar tekjur. Á heildina litið er reiknað með að aðrar rekstrartekjur fari 1,9 milljarða króna umfram áætlun fjárlaga. Þessa aukningu má fyrst og fremst rekja til hærri vaxtatekna en reiknað hafði verið með.

2 Gjöld A-hluta

Fjármálaráðuneytið hefur í samvinnu við önnur ráðuneyti lagt mat á fjárvöntun til einstakra verkefna og stofnana og farið yfir tilefni til aukinna fjárveitinga í fjáraukalögum. Við þá yfirferð var tekið tillit til átaks sem hefur staðið yfir við að bæta framkvæmd fjárlaga þannig að staðið verði við útgjaldaramma. Niðurstaðan er að ekki er gerður upp halli á rekstri stofnana nema í sérstökum tilfellum og í staðinn er stofnunum gert að grípa til viðeigandi ráðstafana í samræmi við nýjar verklagsreglur um framkvæmd fjárlaga og fjárreiðulög. Með rammafjárlögum ber hvert ráðuneyti ábyrgð á fjárreiðum sínum og forgangsraðar verkefnum innan rammans.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimildir verði hækkaðar um 5,7 milljarða króna, eða sem nemur tæplega 3% af útgjöldum fjárlaga. Helstu útgjaldatilefnin eru ýmis ófyrirséð atvik, kjarasamningar, útgjöld almannatrygginga og ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um ný útgjöld. Útgjaldatilefnin skiptast þannig að um 1.200 m.kr. eru vegna almannatrygginga, 900 m.kr. til kaupa á sendiráðsbyggingum, 800 m.kr. vegna kjarasamninga, 700 m.kr. vegna endurskoðaðrar áætlunar um vaxtagjöld, 450 m.kr. aukning til vegagerðar í samræmi við ályktun Alþingis, 250 m.kr. vegna breytinga á framsetningu, 215 m.kr. til reksturs strandarstöðva og 200 m.kr. vegna jarðskjálfta á Suðurlandi. Þá hækka framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, Byggðastofnunar og til hreinsunar olíu úr flaki El Grillo um 100 m.kr. á hvert verkefni. Önnur verkefni nema um 700 m.kr. nettó.

Rekstrarkostnaður er talinn verða um 2,8 milljörðum króna hærri en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Þar af eru útgjöld í tengslum við kjarasamninga um 800 m.kr. og útlit er fyrir að rekstur ýmissa stofnana verði 600–700 m.kr. umfram heimildir fjárlaga og verður stærsti hluti þess færður yfir áramót og stofnunum gert að ná jafnvægi í rekstrinum á lengri tíma en einu ári. Vegna breytinga á framsetningu eru færðar 230 m.kr. til gjalda, að stærstum hluta vegna 10% mótframlags á lífeyrissparnað. Um 100 m.kr. eru til að stöðva olíumengun úr flaki El Grillo og rúmlega 100 m.kr. eru til aukins gjafsóknarkostnaðar og málskostnaðar í opinberum málum. Loks er rekstur strandarstöðva færður frá Landssímanum hf. til Póst- og fjarskiptastofnunarinnar, samtals 215 m.kr. Aðrar breytingar eru minni og eru nánar skýrðar síðar í kaflanum.

Rekstrargrunnur	Fjárlög 2000 m.kr.	Áætlun 2000 m.kr.	Breyt. frá fjárlögum m.kr.	Breyt. frá fjárlögum %
Rekstrargjöld				
Laun	57.748	59.792	2.044	3,5
Lífeyrisskuldbindingar	6.055	6.055	0	0,0
Önnur gjöld	30.613	31.368	755	2,5
Þjónustutekjur	-10.321	-10.321	0	0,0
Rekstrargjöld samtals	**84.095**	**86.894**	**2.799**	**3,3**
Neyslu- og rekstrartilfærslur				
Lífeyristryggingar	18.780	19.016	236	1,3
Sjúkratryggingar	9.331	10.771	1.440	15,4
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.829	5.913	84	1,4
Bætur skv. lögum um fél. aðst.	5.486	5.427	-59	-1,1
Vaxtabætur	4.180	4.180	0	0,0
Daggjaldastofnanir	3.870	3.733	-137	-3,5
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	3.755	3.856	101	2,7
Barnabætur	3.630	3.630	0	0,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	2.370	1.770	-600	-25,3
Framlag til sókna og kirkjugarða	2.208	2.247	39	1,8
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.910	1.910	0	0,0
Ríkisútvarpið	1.625	1.625	0	0,0
Aðrar neyslu- og rekstrartilf.	14.645	14.721	76	0,5
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	**77.619**	**78.799**	**1.180**	**1,5**
Fjármagnskostnaður	**13.400**	**14.100**	**700**	**5,2**
Viðhald				
Vegagerðin	3.857	3.807	-50	-1,3
Annað	943	943	0	0,0
Viðhald samtals	**4.800**	**4.750**	**-50**	**-1,0**
Fjárfesting				
Vegagerðin	4.590	4.700	110	2,4
Heilbrigðisstofnanir	1.412	1.412	0	0,0
Háskólar og framhaldsskólar	1.331	1.331	0	0,0
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	650	560	-90	-13,8
Flugvellir	583	583	0	0,0
Hafnarframkvæmdir	533	543	10	1,9
Ofanflóðasjóður	400	400	0	0,0
Annað	3.747	4.800	1.053	28,1
Fjárfesting samtals	**13.245**	**14.328**	**1.083**	**8,2**
Gjöld samtals	**193.159**	**198.871**	**5.712**	**3,0**

Neyslu- og rekstrartilfærslur eru áætlaðar um 1.200 m.kr. umfram áætlun fjárlaga. Þar munar mest um 1.200 m.kr. umframútgjöld almannatrygginga en á móti vegur að atvinnuleysisbætur verða um 600 m.kr. innan áætlunar. Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar er sótt um 200 m.kr. vegna jarðskjálfta á Suðurlandi. Sótt er um 100 m.kr. í afskriftasjóð Byggðastofnunar til að auka lánsfjárheimildir stofnunarinnar. Um 100 m.kr. eru til aukinna lögbundinna framlaga í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og tæplega 90 m.kr. vegna búvörusamninga. Loks má nefna 67 m.kr. framlag til að lækka skuldir þróunarríkja. Aðrar breytingar eru minni.

Fjármagnskostnaður er áætlaður 700 m.kr. hærri en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir. Þar er um að ræða endurmat á erlendum vöxtum og gjaldfærslu vaxta sem ríkissjóður greiðir af inneign sjóða af mörkuðum tekjustofnum.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður tæplega 1.100 m.kr. umfram fjárlög 2000 en sótt er um 1.700 m.kr. viðbótarheimildir. Mismunurinn stafar af því að ekki er gert ráð fyrir að fjárheimildir verði nýttar að fullu á þessu ári og flytjist yfir á næsta ár. Á það einkum við um vegagerð. Af stofnkostnaði munar mest um 900 m.kr. fjárheimild til að kaupa húsnæði fyrir sendiráð og viðbótarfjárheimildir til vegagerðar eru 400 m.kr. Loks er sótt um 70 m.kr. til ýmissa útgjalda vegna heimildargreinar fjárlaga.

Markaðar tekjur. Rétt er að vekja athygli á séryfirliti 3 í frumvarpinu. Í yfirlitinu kemur fram breytt fjármögnun nokkurra liða frá því sem áformað var í fjárlögum ársins. Breytingin stafar af því að um mitt ár tóku gildi nokkur ákvæði í lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof. Með lögunum er hlutur atvinnuleysistryggingasjóða í tryggingagjaldi lækkaður en fjármögnunin færð í Fæðingarorlofssjóð sem hefur ekki starfsemi að öðru leyti fyrr en í ársbyrjun 2001. Með því er staða sjóðsins styrkt um 1.730 m.kr. í þeim tilgangi að sjóðurinn hafi svigrúm til að mæta hugsanlegri óvissu í spám um útgjöld árið 2001 sem er fyrsta starfsár hans og til að staða hans verði styrk til að mæta auknum útgjöldum næstu tvö ár þegar réttur feðra til fæðingarorlofs eykst í áföngum. Fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs og hluti lífeyristrygginga í tryggingagjaldi lækkar á móti. Einnig er bent á breytta fjármögnun vegáætlunar í samræmi við nýja þingsályktun en samkvæmt henni eru 76 m.kr. af sérstakri 400 m.kr. fjármögnun til nýrra verkefna fjármagnaðar af vegafé. Þá er gerð leiðréttíng á viðskiptahreyfingu markaðra tekna vegagerðar frá því sem er í fjárlögum en þar láðist að taka tillit til 500 m.kr. til sérstaks átaks í vegagerð sem er fjármagnað utan markaðra tekjustofna.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar var gerð að hlutafélagi á árinu. Samkvæmt lögum um hlutafélagið miðast stofnefnahagsreikningur við 30. júní 2000 en nýr aðili tekur við rekstrinum 1. október. Rekstri ríkisfyrirtækjanna lýkur því 30. september og þarf að gera upp reksturinn frá 30. júní til septemberloka til að meta endanlegar fjárráðstafanir á árinu. Gert er ráð fyrir að því uppgjöri verði lokið fyrir 2. umræðu frumvarpsins og verður þá sótt um nauðsynlegar breytingar. Bent er á að í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2001 eru metin áhrif breytinganna á því ári.

Nánar er fjallað um hvern fjárlagalið, skipt í kafla eftir ráðuneytum, í athugasemdum síðar í greinargerðinni.

3 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér verður gerð grein fyrir breytingum á lánsfjármálum ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða sem fram koma í 2. og 3. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt endurskoðuðum áætlunum er nú gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði 12,4 milljarðar króna í stað 14 milljarða í fjárlögum 2000. Lækkun frá fjárlögum, þrátt fyrir aukinn tekjuafgang, skýrist nær alfarið af innlausn spariskírteina umfram forsendur fjárlaga 2000 sem leiðir til þess að greiddir vextir verða 6 milljörðum króna hærri en áætlað var.

Fjármunahreyfingar eru taldar skila ríflega 8 milljörðum meira en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir, eða 15 milljörðum í stað tæplega 7 milljarða króna í fjárlögum. Breytingin skýrist af því að 5,5 milljarða króna tekjur af sölu hlutar í viðskiptabönkunum í árslok 1999 komu til greiðslu í ríkissjóð í upphafi árs 2000. Þá kemur til greiðslu á árinu 2000 einn milljarður króna vegna hækkunar á eiginfé Landssímans hf. og veitt lán ríkissjóðs lækka um tæplega 900 m.kr. Aðrar breytingar eru minni.

Samkvæmt framangreindu er hreinn lánsfjárjöfnuður áætlaður 27,5 milljarðar króna, en er tæplega 21 milljarður í fjárlögum. Bætt staða ríkissjóðs verður notuð til að greiða niður skuldir, til greiðslu viðbótarframlaga til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og til að bæta sjóðstöðu ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands.

Í milljónum króna	Fjárlög 2000	Áætlun 2000	Breyting frá fjárl. m.kr.
Handbært fé frá rekstri	**14.033**	**12.434**	**-1.599**
Fjármunahreyfingar:			
Veitt stutt lán, viðskiptareikningar	-385	6.139	6.524
Veitt löng lán	-6.015	-5.128	887
Afborganir veittra lána	6.900	7.240	340
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-300	-250	50
Sala hlutabréfa og eignarhluta	6.750	7.100	350
Fjármunahreyfingar samtals	**6.950**	**15.101**	**8.151**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**20.983**	**27.535**	**6.552**
Fjármögnun:			
Tekin löng lán	5.000	16.000	11.000
Afborganir af teknum lánum	-27.500	-34.900	-7.400
Fjármögnun samtals	**-22.500**	**-18.900**	**3.600**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins		-5.000	-5.000
Breyting á handbæru fé	**-1.517**	**3.635**	**5.152**

Í 3. gr. frumvarpsins er farið fram á nokkrar breytingar á lánsfjármálum ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða.

Í 1. tölulið er farið fram á heimild til aukinnar lántöku A-hluta ríkissjóðs í samræmi við endurskoðaðar áætlanir um sjóðstreymi í 2. gr. frumvarpsins. Lántökur ríkissjóðs verða mun meiri en ráð var fyrir gert og eru horfur á að þær verði 16 milljarðar króna í stað 5 milljarða í fjárlögum. Auknar lántökur skýrast alfarið af meiri forinnlausn spariskírteina en ráðgert var í fjárlögum og endurfjármögnun erlendra lána. Á móti auknum lántökum hefur ríkissjóður þannig greitt 7,4 milljarða króna í auknar afborganir af eldri lánum auk þess að ráðgert er 5 milljarða króna framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Undir 2. tölulið er lagt til að endurlán ríkissjóðs lækki úr 6.015 m.kr. í 5.128 m.kr. sem skýrist af því að Rafmagnsveitur ríkisins tóku sín lán beint án milligöngu ríkissjóðs, ásamt því að Flugstöð Leifs Eiríkssonar mun á árinu ekki nýta lántökuheimild sína til fulls.

Í 3. tölulið er farið fram á auknar lántökuheimildir þriggja ríkisfyrirtækja og sjóða.

a. Farið er fram á að lántökuheimild Landsvirkjunar aukist úr 11.800 m.kr. í 13.200 m.kr. og gengur sú aukning að öllu leyti til afborgana á eldri lánum fyrirtækisins.

b. Ríkisstjórnin ákvað að veita Byggðastofnun 100 m.kr. fjárveitingu í afskriftasjóð útlána og er sótt um þá fjárveitingu í frumvarpinu. Aukin framlög í afskriftasjóð gera stofnuninni kleift að auka útlán sín um 500 m.kr. og er hér sótt um samsvarandi lánsfjárheimild. Áformað er að lánin verði nýtt til eflingar atvinnulífs á landsbyggðinni.

c. Farið fram á að Rafmagnsveitur ríkisins fái heimild til allt að 550 m.kr. beinnar lántöku en á móti fellur niður samsvarandi heimild ríkissjóðs til að endurlána fyrirtækinu.

Í frumvarpinu er ekki farið fram á breytingar á lánsfjárheimildum Íbúðalánasjóðs. Eins og staðan er í dag eru allar horfur á að sjóðurinn muni ekki nýta að fullu þær lánsfjárheimildir sem hann hefur í fjárlögum. Nú stendur yfir endurskoðun á útlánum sjóðsins í ljósi þróunarinnar það sem af er árinu. Nokkuð hefur dregið úr þeirri aukningu sem var á útlánum Íbúðalánasjóðs og eru horfur á að lántökur vegna húsbréfadeildar lækki um 2–3 milljarða króna, lántökur vegna leiguíbúða lækki um 350 m.kr. og lán til endurfjármögnunar Byggingasjóðs ríkisins og verkamanna lækki um 2 milljarða króna. Hins vegar benda áætlanir til að lántökur til viðbótarlána aukist um 350 m.kr. Þegar nánari áætlanir liggja fyrir verða tillögur um lánsfjárheimildir fyrir yfirstandandi ár og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2001 teknar til endurskoðunar.

4 Heimildir

Sótt er um 14 nýjar heimildir í 4. gr. frumvarpsins. Heimildirnar skiptast þannig að ein heimild er til eftirgjafar gjalda, ein til sölu húsnæðis, tvær til sölu eignarhluta í húsnæði, sjö til sölu á lóðum og jörðum, tvær til kaupa á fasteignum og ein til að taka á móti gjöf til ríkissjóðs.

Sótt er um heimild til að endurgreiða toll og tengd gjöld af farþegaferjunni Lagarfljótsorminum sem undanfarin tvö ár hefur siglt milli Egilsstaða og Atlavíkur. Heimildin er tilkomin vegna þess að þrátt fyrir að skipið hafi verið keypt innan Evrópska efnahagssvæðisins var lagður 10% tollur á innkaupsverð þess þar sem það reyndist að hluta smíðað í Rússlandi.

Heimild 2.44 skýrir sig að mestu sjálf, en um er að ræða húsið Aragötu 3 í Reykjavík, en dr. Jón Steffensen arfleiddi Háskólabókasafn að eigninni.

Heimildir 3.25 og 3.26 varða eignarhlut ríkissjóðs í Laugardalshöll og í sundlaug Grensásdeildar og tengjast viðræðum milli ríkis og Reykjavíkurborgar um ýmis uppgjörsmál í framhaldi af samningi aðila frá 17. desember 1998 um Sjúkrahús Reykjavíkur. Hefur ríkið óskað eftir því í viðræðunum að Reykjavíkurborg yfirtaki eignarhlut ríkisins í Laugardalshöll enda eðlilegt að Reykjavíkurborg verði eigandi þess mannvirkis að fullu. Þá hefur ríkið óskað eftir því að borgin eignist 15% hlut í sundlaug við Grensásdeild þannig að samræmi verði á eignarhlut borgarinnar í þeim fasteignum er tilheyrðu Sjúkrahúsi Reykjavíkur.

Heimildir 4.31–4.35 eru vegna þeirra jarða sem fylgt hafa Eiðastóli og eru hluti þeirra eigna sem leigðar voru Austur-Héraði með kaupréttí hinn 7. maí 1999. Austur-Hérað hefur nú tilkynnt formlega að það hyggist nýta kaupréttinn. Heimildir 4.36 og 4.37 eru jarðir á forræði Skógræktar ríkisins og er fyrirhugað að selja þær eða hluta þeirra.

Heimildir 7.38 og 7.39 eru vegna Vinnueftirlits ríkisins og Svæðisvinnumiðlunar Vesturlands á Akranesi. Þessar stofnanir eru í sama húsi og er leigusamningur Vinnueftirlitsins að

renna út og húsnæðisvandi yfirvofandi. Eðlilegt þykir að tryggja húsnæði Svæðisvinnumiðlunarinnar á sama stað til framtíðar, enda skammt eftir af leigusamningi hennar.

Heimild 8.18 er til að taka við Bygggörðum 7 á Seltjarnarnesi að gjöf frá Læknafélagi Íslands til geymslu muna í eigu Nesstofusafns. Munir safnsins eru nú í bráðabirgðahúsnæði. Nánar er fjallað um safnið undir fjárlagaliðnum 02-902 Þjóðminjasafn Íslands, í kaflanum að framan.

Athugasemdir við einstaka fjárlagaliði.

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 100,2 m.kr.

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. Farið er fram á 12 m.kr. viðbótarframlag til aðalskrifstofu forsætisráðuneytisins vegna aukinna verkefna og fjölgunar starfsmanna. Þar af er hækkun launakostnaðar vaktmanna 2,8 m.kr. og kostnaður vegna erlendra heimsókna 9 m.kr.

190 Ýmis verkefni. Lögð er til 39,2 m.kr. aukafjárheimild og skýrist það af sex neðangreindum tillögum. Í fyrsta lagi er óskað eftir 12 m.kr. til að greiða kostnað landafundanefndar umfram áætlun við hátíðarhöld í tengslum við fund Vesturheims. Viðtökur við dagskrá og viðburðum landafundanefndar í Kanada og Bandaríkjunum hafa verið miklu betri en gert var ráð fyrir og hefur það leitt til aukins kostnaðar. Sérstaklega hefur sigling víkingaskipsins Íslendings vakið mikla athygli. Nauðsynlegt var talið að mæta því með viðameiri dagskrá í höfnum en áður var ráðgert auk þess sem mikill áhugi fjölmiðla hefur kostað meira en áætlanir gerðu ráð fyrir. Í öðru lagi er 10 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár til styrktar íslenskum fræðum og íslensku bókasafni við Manitoba-háskóla í Kanada. Framlagið er í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt frá 26. nóvember 1999. Gert er ráð fyrir framlaginu í frumvarpi til fjárlaga 2001. Í þriðja lagi er 6 m.kr. framlag til að standa straum af viðhaldskostnaði húsa á Hrafnseyri við Arnarfjörð en nauðsynlegt er talið að utanhússviðgerðir fari fram. Hrafnseyrarnefnd hefur undanfarið unnið að verkefninu í samvinnu við forsætisráðuneytið. Í fjórða lagi er 5 m.kr. framlag til stuðnings við landnemasafn í Gimli. Undanfarin misseri hafa staðið yfir framkvæmdir við stækkun á Betel, dvalarheimili aldraða í Gimli. Hluti húsnæðisins verður notaður til að koma upp varanlegri sögusýningu um landnámið sem leiddi til stofnunar Nýja Íslands og þess samfélags sem þar hefur þróast. Ríkissjóður hefur áður styrkt framkvæmdirnar með framlagi að fjárhæð 4,5 m.kr. Í fimmta lagi er 3,2 m.kr. framlag til að vinna glerlistaverk í Grafarvogskirkju. Leifur Breiðfjörð tók að sér að gera glerlistaverk sem sett var upp í glugga í aðalsal kirkjunnar. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að styrkja þessa framkvæmd sem gjöf í tilefni af 1000 ára afmæli kristnitöku á Íslandi og árþúsundamótunum. Er gjöfin til æskunnar og unga fólksins í landinu og afhent yngsta söfnuðinum en fleiri börn tilheyra söfnuðinum en nokkrum öðrum á landinu. Verkefnið kostar alls 18,2 m.kr. og eru 15 m.kr. á fjárlögum ársins 2000. Í sjötta lagi er viðbótarframlag til byggingar á kirkju við Þjóðveldisbæinn í Þjórsárdal. Landsvirkjun greiðir stærstan hluta byggingarkostnaðar. Hlutur ríkissjóðs við framkvæmdirnar er 3 m.kr.

251 Safnahús. Óskað er eftir 49 m.kr. aukafjárheimild. Í fyrsta lagi er 37 m.kr. framlag til kaupa á ýmsum húsbúnaði í Safnahús en Endurbótasjóður, sem fjármagnar endurbyggingu hússins, greiðir ekki slíkan búnað. Í forsendum fjárlaga er gert ráð fyrir að sjóðurinn greiddi búnaðinn og því var ekki gert ráð fyrir þessum útgjöldum. Framkvæmdir við Safnahúsið við Hverfisgötu hafa staðið yfir um þriggja ára skeið og er endurbótunum nú lokið. Í öðru lagi er 12 m.kr. framlag vegna umframgjalda í rekstri hússins, einkum vegna landafundasýningar. Frá miðju ári, þegar ljóst varð að kostnaður stefndi fram úr áætlun, hefur staðið yfir átak til að lækka rekstrargjöld hússins meðal annars með fækkun starfsmanna og frestun ýmissa verkefna. Umframkostnaður stafar af því að kostnaður við sýningar varð talsvert meiri en áætlun gerði ráð fyrir. Þá hefur ýmis rekstrarkostnaður hússins, svo sem rafmagn, hiti og ræstingar, verið umfram áætlanir. Launakostnaður og önnur rekstrargjöld vegna almenns rekstrar hafa hins vegar verið í samræmi við áætlun.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 282,5 m.kr.

211 Tækniskóli Íslands. Óskað er eftir 10 m.kr. til þess að mæta hluta af brýnum fjárhagsvanda skólans. Að óbreyttu mun uppsafnaður rekstrarhalli nema 75 m.kr. í lok yfirstandandi árs. Viðræður hafa staðið yfir við samtök í atvinnulífinu um að taka við hluta námsins eða öllu náminu í skólanum.

319 Framhaldsskólar, almennt. Sótt er um 51,5 m.kr. aukafjárveitingu á þennan lið. Annars vegar er um að ræða 30,5 m.kr. til að gera upp uppsafnaðan rekstrarhalla Myndlista- og handíðaskólans í árslok 1999 ásamt því að greiða biðlaun og annan kostnað við að leggja skólann niður. Listaháskóli Íslands tók við náminu haustið 1999. Hins vegar er um að ræða 21 m.kr. til að mæta meiri kostnaði við sérkennslu í framhaldsskólum en séð var fyrir. Umfang sérkennslu fer ört vaxandi bæði vegna fjölgunar einstaklinga og einstaklinga sem þarfnast verulega mikillar og kostnaðarsamrar þjónustu. Í fjárlögum yfirstandandi árs er miðað við að meðalkostnaður á einstakling nemi um 500 þús. kr. sem reynist vera of lág viðmiðun. Á síðustu árum hafa fjárveitingar til sérkennslu hækkað verulega. Í fjárlögum yfirstandandi árs nam hækkunin 25 m.kr. og í fjárlagafrumvarpi 2001 er áætlað fyrir 40 m.kr. hækkun.

562 Leiklistarskóli Íslands. Farið er fram á 14 m.kr. framlag vegna uppgjörs á skuldum Leiklistarskóla Íslands sem lagður var niður þann 1. ágúst sl. er Listaháskóli Íslands tók við starfsemi hans. Uppsafnaður rekstrarhalli Leiklistarskólans var um 9,5 m.kr. í árslok 1999 auk þess sem 4,5 m.kr. útgjöld falla til við að leggja skólann niður, m.a. vegna biðlauna.

902 Þjóðminjasafn Íslands. Lagt er til að fjárheimild safnsins verði aukin um 69 m.kr. Annars vegar er um að ræða 65 m.kr. til þess að mæta uppsöfnuðum rekstrarvanda Þjóðminjasafnsins. Halli safnsins nam 67 m.kr. um síðustu áramót og gera áætlanir ráð fyrir að hann aukist um 30 m.kr. á árinu 2000, að miklu leyti vegna ákvarðana sem teknar voru á árinu 1999, svo og vegna biðlauna og uppgjörs kostnaðar. Gert er ráð fyrir að byggingarnefnd Þjóðminjasafnshúss greiði hluta af þeim 22 m.kr. sem talið er að á

vanti. Hins vegar er um að ræða 4 m.kr. til viðgerða á Bygggörðum 7 á Seltjarnarnesi sem ríkisstjórnin samþykkti að þiggja að gjöf frá Læknafélagi Íslands undir lækningaminjasafn. Auk fasteignagjafar félagsins er um 11 m.kr. peningagjöf að ræða til endurbóta á fasteigninni sem talið er að kosti alls 20–25 m.kr. Ætlunin er að skipta eftirstöðvum áætlaðs endurbótakostnaðar, um 10 m.kr., á 4–5 ár frá og með árinu 2002.

969 **Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.** Farið er fram á 63 m.kr. aukafjárveitingu vegna endurbóta á Safnahúsinu við Hverfisgötu. Endurbótum á húsinu, sem staðið hafa yfir um þriggja ára skeið, er lokið. Í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir 95 m.kr. til framkvæmdanna en útgjöldin urðu 63 m.kr. meiri og er sótt um þá fjárhæð. Heildarkostnaður við endurbætur á húsinu er áætlaður 360 m.kr., án kostnaðar við búnað.

982 **Listir, framlög.** Farið er fram á 35 m.kr. aukafjárveitingu á þennan lið. Þar af eru 20 m.kr. ætlaðar til þess að veita Karlakór Reykjavíkur styrk vegna byggingar tónleikahússins Ýmis. Húsið, sem er um 1.100 fm að flatarmáli og kostar um 120 m.kr., nýtist bæði sem tónlistarhús og til annarrar menningarstarfsemi. Hins vegar eru 15 m.kr. ætlaðar, í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar, til að standa straum af kynningu á íslenskri list og menningu á sérstökum þjóðardegi Íslands á heimssýningunni í Hannover.

995 **Tungutækni.** Farið er fram á 40 m.kr. aukafjárveitingu í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að styðja við tungutækniverkefni. Hér er um að ræða verkefni sem hefur það að markmiði að íslenska verði áfram lifandi tungumál í upplýsinga- og þekkingarsamfélagi á nýrri öld og að til verði nauðsynleg verkfæri fyrir þann tæknibúnað sem notaður verður í daglegu lífi og starfi. Í fjárlagafrumvarpi 2001 er gert ráð fyrir 64 m.kr. útgjöldum vegna tungutækniverkefna.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 1.115 m.kr.

101 **Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.** Farið er fram á 50 m.kr. hækkun á viðfangsefninu. Í fyrsta lagi er sótt um 30 m.kr. til að mæta uppsöfnuðum kostnaði, m.a. vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, ráðgjafar og annarra útgjalda á árunum 1998–2000. Um er að ræða ófyrirséðan kostnað vegna varnarsamstarfs Íslands og Bandaríkjanna. Í öðru lagi er farið fram á 15 m.kr. aukafjárveitingu til Þýðingamiðstöðvarinnar. Í fjárlögum ársins 2000 fékkst fjárveiting til að ráða tvo nýja þýðendur til Þýðingamiðstöðvar til að mæta uppsöfnuðum vanda við þýðingu EES-gerða. Það reyndist hins vegar ekki fullnægjandi svo alls hafa verið ráðnir 5 starfsmenn á árinu til að takast á við þann brýna vanda sem blasir við en tafir valda því að Ísland stendur ekki við samningsskuldbindingar sínar. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2001 er lögð til 15 m.kr. hækkun fjárveitingar til Þýðingamiðstöðvar. Í þriðja lagi er sótt um 5 m.kr. fjárveitingu vegna kynningar á íslensku Kyoto-tillögunni. Markmið kynningarinnar er að afla stuðnings til að tryggja að ásættanleg lausn finnist um íslenska ákvæðið í heildarniðurstöðu 6. aðildarríkjaþings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

190 **Ýmis verkefni.** Óskað er eftir 20 m.kr. fjárveitingu vegna umframkostnaðar við þátttöku í heimssýningunni í Hannover. Ekki er ljóst hve hár kostnaðurinn verður endanlega fyrr en sýningarskálinn hefur verið seldur.

320 **Sendiráð, almennt.** Óskað er eftir 958 m.kr. aukafjárveitingu sem skiptist á þrjú verkefni. Í fyrsta lagi er óskað er eftir 800 m.kr. fjárveitingu til kaupa á lóð og húsnæði fyrir sendiráð í Tókýó. Ríkisstjórnin ákvað í febrúar 2000 að opna sendiráð í Japan á næsta ári. Upphaflega var ráðgert að leigja húsnæði undir starfsemina. Nánari athugun utanríkisráðuneytisins og samráð við utanríkisráðuneyti annarra norrænna ríkja hefur leitt í ljós að hagkvæmara sé að kaupa eign í Tókýó sem rúmi bæði skrifstofu og sendiherrabústað. Stofnkostnaður af þessum sökum er áætlaður um 800 milljónir króna. Er þá miðað við að keypt verði 800–1000 fermetra bygging á eignarlóð og hún endurbætt með þarfir sendiherrabústaðar og skrifstofu í huga. Í greinargerð með fjárlagafrumvarpi 2001 er áætlaður kostnaður við kaup á húsnæði fyrir sendiráðið 700 m.kr. en endurskoðuð áætlun gerir nú ráð fyrir 800 m.kr. til kaupanna. Rétt er að hafa í huga að Tókýó er almennt talin dýrasti fasteignamarkaður í heimi. Í öðru lagi er farið fram á 110 m.kr. fjárveitingu til kaupa á lóð og húsnæði fyrir sendiráð í Ottawa. Ríkisstjórnin ákvað í febrúar 2000 að opna sendiráð í Kanada á næsta ári. Í upphaflegum áætlunum var ráðgert að leigja húsnæði. Athugun utanríkisráðuneytisins hefur leitt í ljós að hagkvæmara er að kaupa eign fyrir sendiherrabústað í Ottawa. Gera má ráð fyrir að góð húseign geti kostað um 95 m.kr. og nauðsynlegar endurbætur um 15 m.kr. Meginrökin fyrir því að kaupa fremur en leigja eru að leigumarkaður fyrir eignir af þessu tagi er afar takmarkaður í Ottawa, leigusamningar jafnan stuttir og kaupverð eigna hóflegt miðað við leiguverð. Í greinargerð með fjárlagafrumvarpi 2001 er áætlaður kostnaður við kaup á húsnæði fyrir sendiráðið 90 m.kr. en endurskoðuð áætlun gerir nú ráð fyrir 110 m.kr. til kaupanna. Í þriðja lagi er óskað eftir 48 m.kr. fjárveitingu vegna umframkostnaðar við endurbætur á húsnæði sendiráða sem skiptist þannig: 9 m.kr. í sendiherrabústað í Washington, 6 m.kr. í sendiherrabústað og skrifstofu í París og 5 m.kr. í sendiherrabústað í London. Þá er fyrirséður um 10 m.kr. kostnaður vegna bráðaviðgerða á húsnæði í New York. Loks er gert ráð fyrir 18 m.kr. kostnaði vegna endurbóta og breytinga á nýrri skrifstofuaðstöðu sendiráðs Íslands í London en sendiráðið hefur gert samning við sendiráð Danmerkur um leigu á aðstöðu í byggingu þess. Á móti vegur að tekist hefur að selja afganginn af lóðarleigusamningi núverandi sendiráðsskrifstofu í London og fást fyrir hann um 29 m.kr. sem renna í ríkissjóð.

401 **Alþjóðastofnanir.** Gerð er tillaga um 87 m.kr. aukafjárveitingu sem fari til tveggja verkefna. Í fyrsta lagi er farið fram á 67 m.kr. vegna þátttöku Íslands í sameiginlegu átaki á vegum Alþjóðabankans um niðurfellingu skulda fátækustu og vanþróuðustu ríkja heims, HIPC-verkefnið. Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum 12. október 1999 að veita alls 200 m.kr. til þátttöku Íslands í verkefninu. Gert er ráð fyrir að upphæðin verði greidd á þremur árum og er ráðgert að fyrsta greiðsla komi til á árinu 2000 og nemi 67 m.kr. og að samsvarandi greiðsla verði innt af hendi árin 2001 og 2002. Ísland verður samstiga öðrum norrænum löndum í greiðslum til þessa verkefnis. Í öðru lagi er farið fram á 20 m.kr. sem verði varið til lánveitinga til fátækra ríkja. Er þar um breytingu á framsetningu að ræða sem ekki hefur áhrif á lánsfjárafkomu ríkissjóðs. Í tengslum við gildistöku laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, var ákveðið að gjaldfæra skyldi framlög til alþjóðastofnana sem teldust ekki raunveruleg eign. Ríkissjóður greiðir á ár-

unum 1997–2002 svokölluð ESAF-framlög til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins en þeim er varið til að styðja fátæk ríki. Gert er ráð fyrir samsvarandi tillögu í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2001.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 162,2 m.kr.

190 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um 23,8 m.kr. aukafjárveitingu. Í fyrsta lagi er 13 m.kr. framlag til lokauppgjörs á stuðningi ríkissjóðs við innlenda grasköglaframleiðslu. Gert er ráð fyrir að afskiptum ríkissjóðs af greininni sé þar með lokið. Hér er um að ræða niðurfellingu skulda við ríkissjóð. Í öðru lagi er 5 m.kr. framlag til verkefnisins Fegurri sveitir. Verkefnið er fegrunarátak og er meðal annars ætlað að stuðla að hreinsun á brotajárni í sveitum landsins. Í þriðja lagi er 4 m.kr. framlag til skrifstofu eyðimerkursáttmálans vegna ráðstefnuhalds hér á landi í september sl. Ráðstefna þessi fjallaði meðal annars um kolefnisbindingu á gróðurlitlum svæðum. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 21. janúar sl. tillögu um að fundurinn yrði haldinn hér á landi og er skuldbinding Íslands vegna fundarins 50 þús. Bandaríkjadalir. Í fjórða lagi er 1,8 m.kr. framlag til athugana á gerðum ESB á dýralæknasviði í viðauka I við EES-samninginn sem er um heilbrigði dýra og plantna. Ísland hefur nú undanþágu frá þessu ákvæði í samningnum. Ákveðið var að reglur um viðaukann og undanþágur kæmu til endurskoðunar árið 2000. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 28. september 1999 að gerð yrði sérstök úttekt á málinu.

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu. Lagt er til að fjárheimild hækki um 87,4 m.kr. Annars vegar hækka beingreiðslur til bænda um 84 m.kr. vegna 5,77% hækkunar sem varð á grundvallarverði mjólkur 1. janúar sl. en gert er ráð fyrir 3% hækkun í forsendum fjárlaga fyrir árið 2000. Framlag ríkisins í formi beingreiðslna reiknast sem 47,1% af grundvallarverði mjólkur. Hins vegar hækka greiðslur í Lífeyrissjóð bænda um 3,4 m.kr. Framlag ríkissjóðs miðast við 4% af beingreiðslum til bænda.

891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði. Gerð er tillaga um 51 m.kr. aukafjárveitingu. Þar af er 45 m.kr. framlag til að niðurgreiða loðdýrafóður. Tillagan er í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 3. mars og 19. september sl. og er í samræmi við álit nefndar sem var skipuð af landbúnaðarráðherra. Um er að ræða að meðaltali um 4,50 kr. niðurgreiðslu fyrir hvert kíló fóðurs. Markmiðið með niðurgreiðslunum er að styðja tímabundið við greinina vegna verðfalls á mörkuðum erlendis. Einnig er óskað eftir 6 m.kr. framlagi til stækkunar einangrunarstöðvar gæludýra í Hrísey í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 30. mars 2000. Heildarkostnaður við stækkun stöðvarinnar er áætlaður um 18 m.kr. Á fjárlögum ársins 2000 eru veittar 6 m.kr. til verksins. Það sem á vantar verður fjármagnað með þjónustugjöldum.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis lækki um 81,7 m.kr.

204 Fiskistofa. Sótt er um 8,3 m.kr. til fjölgunar veiðieftirlitsmanna um fimm frá 1. september 2000. Kostnaður vegna fjölgunarinnar er áætlaður 25 m.kr. á ári og er sótt um þá fjárhæð í frumvarpi til fjárlaga 2001. Veiðieftirlitsgjald, sem stendur undir rekstri veiðieftirlits, verður hækkað um sömu fjárhæð. Fimm til sex starfsmenn starfa við sjóeftirlit Fiskistofu en vegna mikillar umræðu um brottkast afla er ætlunin að fjölga veiðieftirlitsmönnum um fimm frá 1. september 2000.

811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Fyrirséð er að 90 m.kr. lækkun verður á tekjum sjóðsins frá því sem áætlun gerði ráð fyrir. Eigendur fiskiskipa, sem stunda veiðar úr íslenskum nytjastofnum, greiða gjald í Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Annars vegar er lagt gjald á skip er miðast við rúmlestir þess og hins vegar á úthlutaðar aflaheimildir. Í fjárlögum ársins 2000 er gert ráð fyrir að tekjur Þróunarsjóðs sjávarútvegsins vegna gjalds á rúmlestir fiskiskipa nemi 90 m.kr. og tekjur vegna gjalds á aflaheimildir nemi um 560 m.kr. Samtals verði tekjur sjóðsins því 650 m.kr. Gjaldið á aflaheimildir er reiknað þannig að eigandi skips greiðir 1.20 kr. á hvert úthlutað þorskígildistonn. Við úthlutun aflaheimilda vegna fiskveiðiársins 2000/2001 hefur þorskígildum fækkað frá fiskveiðiári 1999/2000 um 80 þúsund tonn eða úr 460 þúsund tonnum í um 380 þúsund. Þetta þýðir að tekjur Þróunarsjóðs af gjaldi á aflaheimildir verða um 470 m.kr. í stað 560 m.kr. eins og áætlað er í fjárlögum 2000. Samtals verður gjaldið sem rennur í Þróunarsjóð 560 m.kr. að meðtöldu gjaldi á rúmlestir.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 262,5 m.kr.

101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Farið er fram á 2,6 m.kr. hækkun til að standa undir auknum kostnaði við fulltrúa dóms- og kirkjumálaráðuneytis í Brussel. Útgjöld vegna starfsmanns ráðuneytisins í Brussel eru mismunandi eftir fjölskylduaðstæðum viðkomandi þar sem starfsmenn í Brussel fá staðaruppbætur í samræmi við reglur utanríkisráðuneytisins. Um sl. áramót tók við nýr starfsmaður og leiðir breytingin til hækkunar útgjalda. Gerð er tillaga um samsvarandi hækkun í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2001.

190 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um 2,8 m.kr. framlag til prófnefndar vegna öflunar hæstaréttarlögmannsréttinda. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga um lögmenn, nr. 77/1998, skal skipa þriggja manna prófnefnd til að fjalla um umsóknir þeirra sem vilja þreyta prófraun til að öðlast réttindi til að verða hæstaréttarlögmenn. Ákvæði um nefndina var bætt við í meðförum Alþingis og var því ekki gert ráð fyrir henni í lagafrumvarpinu sem kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytis byggðist á og sem fjárveiting fjárlaga miðast við. Nefndin tók til starfa í nóvember 1998 og miðað við reynslu af starfinu fram til loka sl. árs má búast við að henni berist að jafnaði 5 umsóknir um prófmál á mánuði. Gerð er tillaga um samsvarandi hækkun í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2001.

231 **Málskostnaður í opinberum málum.** Lagt er til að framlag til málskostnaðar í opinberum málum hækki um 40 m.kr. Hér er um að ræða sakarkostnað sem að hluta er endurkræfur hjá brotamanni en til sakarkostnaðar teljast óhjákvæmileg útgjöld vegna rannsóknar og meðferðar sakamála, s.s. þóknun verjanda sakbornings og réttargæslumanns brotaþola, kostnaður við sérfræðilegar álitsgerðir, birtingagjöld og kostnaður af fullnustu refsingar. Halli á þessum fjárlagalið nam um 44 m.kr. á miðju þessu ári og ef fer fram sem horfir má ætla að hann verði allt að 90 m.kr. í lok árs. Á móti koma, eins og áður getur, tekjur af innheimtu sakarkostnaðar og sé miðað við útgjöld síðasta árs og það sem af er þessu ári er áætlað að hallinn í lok ársins geti orðið um 40 m.kr. Á vegum dómsmálaráðuneytisins er starfandi nefnd sem falið hefur verið að skoða ýmsa þætti er varða sakarkostnað, s.s. hvað er greitt af þessum fjárlagalið og hvernig kostnaðurinn skiptist á meginflokka, hvaða leiðir eru færar til að stýra útgjöldunum innan ramma fjárlaga og lagafyrirmæla, hvaða reglur gilda og ættu að gilda um hverjir mega heimfæra kostnað á þennan lið o.fl.

232 **Opinber réttaraðstoð.** Óskað er eftir 64 m.kr. aukafjárveitingu til að standa straum af opinberri réttaraðstoð en á þann fjárlagalið er færður kostnaður vegna gjafsókna. Hann hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár og var halli á liðnum í lok síðasta árs rúmar 24 m.kr. Á þessu ári er áætlað að umframgjöldin geti orðið allt að 40 m.kr. og er því óskað eftir framlagi til að standa undir halla beggja áranna.

251 **Persónuvernd.** Lagt er til að veitt verði samtals 29,6 m.kr. aukafjárveiting til að setja á fót nýja stofnun, Persónuvernd, í samræmi við ný lög. Samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins um vernd persónuupplýsinga, sem fellur undir aðild Íslands að EES-samningnum, er aðildarríkjunum skylt að starfrækja stofnun til að fylgja eftir ákvæðum tilskipunarinnar og skal slík stofnun njóta sjálfstæðis í störfum sínum. Í kostnaðarumsögn með frumvarpinu er gert ráð fyrir að árlegur rekstrarkostnaður verði um 42 m.kr. Rekstrarkostnaður á þessu ári er áætlaður 17,6 m.kr. og miðast við að forstöðumaður og sjö aðrir starfsmenn verði ráðnir í áföngum fram til áramóta. Tölvunefnd mun starfa samhliða hinni nýju stofnun fram til áramóta. Þá er í kostnaðarumsögn með frumvarpinu gert ráð fyrir 12 m.kr. stofnkostnaði vegna kaupa á búnaði og tækjum fyrir stofnunina á fyrsta ári eftir gildistöku laganna. Gerð er tillaga um 42 m.kr. framlag til stofnunarinnar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2001 en á móti fellur niður 7 m.kr. framlag til tölvunefndar.

291 **Húsnæði og búnaður dómstóla.** Lagt er til að veitt verði 3,8 m.kr. viðbótarframlag til að ljúka endanlega við húsnæði Hæstaréttar. Beiðnin er tvíþætt. Annars vegar kom í ljós 2,8 m.kr. halli á framkvæmdum við hið nýja hús Hæstaréttar við uppgjör á árinu 1998. Fjárhæðin var færð á fjárlagalið héraðsdómstóla á árinu 1999 þar sem ekki var lengur til stofnbúnaðarsafnliður í fjárlögum fyrir dómstóla almennt né Hæstarétt en þessi útgjöld varða í rauninni ekki starfsemi héraðsdómstóla. Hins vegar var við hönnun dómhússins gert ráð fyrir að öryggismyndavélakerfi yrði sett upp á jarðhæð hússins en ekki varð úr því við lokafrágang. Nauðsynlegt þykir að tryggja lágmarksöryggisgæslu í húsinu með þessum hætti og er kostnaður við það talinn nema um 1 m.kr.

303 **Ríkislögreglustjóri.** Farið er fram á 24,5 m.kr. hækkun á fjárveitingu stofnunarinnar af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að veita 14 m.kr. framlag til rekstrar sameiginlegrar fjarskiptamiðstöðvar vegna TETRA-kerfisins. Til að ná fram sem mestu hagræði við uppsetningu kerfisins og skilvirkni lögregluliðanna er gert ráð fyrir einni miðstöð sem verði í húsakynnum Neyðarlínunnar. Við það er miðað að stjórnstöð lögreglunnar í Reykjavík verði lögð niður í núverandi mynd og að um 11 störf flytjist til hinnar nýju miðstöðvar, eða sem nemur 21 m.kr. á þessu ári. Alls hefur stöðin þá 35 m.kr. til rekstrar á þessu ári. Einnig er gert ráð fyrir 7 m.kr. aukafjárveitingu vegna kostnaðar við húsbúnað og hugbúnað fyrir fjarskiptamiðstöðina. Í annan stað er lagt til að veitt verði 3,5 m.kr. aukaframlag til kaupa á tveimur bifreiðum til tollgæslu hjá sýslumannsembættunum á Akureyri og í Keflavík. Núverandi bifreiðar eru báðar komnar til ára sinna og er rekstrarkostnaður þeirra hár og bilanir tíðar.

311 **Lögreglustjórinn í Reykjavík.** Lagt er til að framlag til lögreglunnar í Reykjavík hækki um 16,6 m.kr. til að standa undir kostnaði við frítökurétt lögreglumanna. Lögreglumenn vinna sér inn frítökurétt á grundvelli reglna um vinnutímatilskipun EES. Frítökuréttur ávinnst einkum í fíkniefnadeild, vegna verkefna sérsveitar og við opinberar heimsóknir. Í flestum tilfellum þarf að kalla út lögreglumenn á aukavaktir á meðan aðrir eru í fríi vegna frítökuréttar. Ekki var gert ráð fyrir kostnaðinum í fjárlögum 2000 því að við afgreiðslu þeirra var ekki komin nægileg reynsla á breytt fyrirkomulag til að forsendur væru til þess að áætla viðbótarkostnaðinn. Gerð er tillaga um samsvarandi hækkun í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2001.

390 **Ýmis löggæslumál.** Farið er fram á 3,2 m.kr. aukafjárveitingu vegna fundar Evrópudeildar Interpol hér á landi í maí á þessu ári. Í fjárlögum 1999 féllst ríkisstjórnin á að hækka framlag til dómsmálaráðuneytisins tímabundið um 4,5 m.kr. vegna þessa fundar og byggðist það framlag á þeirri áætlun sem þá lá fyrir. Fundinn átti að halda 1999 en hann frestaðist fram á þetta ár. Áfallinn kostnaður er um 9,2 m.kr. og er það sambærilegt við kostnað Norðmanna sem héldu síðasta fund. Útgjöld samanstanda af kostnaði við fundarsali, tæknilegum kostnaði og launakostnaði vegna túlka, prentun, fjölritun, akstri, greiðslum til gestafyrirlesara o.fl. Óskað er eftir framlagi fyrir því sem á vantar til að mæta áföllnum kostnaði við fundinn.

412 **Sýslumaðurinn á Akranesi.** Lagt er til að framlag til sýslumannsembættisins á Akranesi hækki alls um 4,5 m.kr. vegna kostnaðar við löggæslu. Á undanförnum árum hefur embættið átt við verulega rekstrarörðugleika að stríða. Óhjákvæmilegt er talið að taka á þessum vanda.

427–428 **Sýslumaðurinn í Neskaupstað og á Eskifirði.** Gerð er tillaga um að millifæra alls 30,3 m.kr. frá sýslumannsembættinu í Neskaupstað til sýslumannsembættisins á Eskifirði og 3,6 m.kr. til safnliðar sýslumannsembætta. Á síðasta ári varð að lögum frumvarp um breytingu á lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði sem fól í sér að stjórnsýsluumdæmi sýslumannanna í Neskaupstað og á Eskifirði sameinuðust og að einn sýslumaður situr fyrir umdæmið allt á Eskifirði. Við þá breytingu sparast laun og annar kostnaður vegna sýslumanns. Gert er ráð fyrir að allur annar rekstrarkostnaður vegna sýsluskrifstofu og löggæslu verði færður af fjárlagalið sýslumannsembættisins í Neskaupstað yfir á fjárlagalið embættisins á Eskifirði. Sparnaður vegna sýslumanns

er um 6,6 m.kr. Af þeirri fjárhæð er lagt til að 3 m.kr. renni til löggæslu á Eskifirði til að ráða í nýja stöðu yfirlögregluþjóns. Árlegur kostnaður við starf yfirlögregluþjóns er um 4,6 m.kr. en gert er ráð fyrir að með fjölgun starfa lækki yfirvinna á móti og að hagræðing hljótist af. Þær 3,6 m.kr., sem eftir standa, eru færðar til hækkunar á safnlið sýslumannsembætta. Það framlag er ætlað til að styrkja rekstur embætta sem eru með ársveltu innan við 50 m.kr. og hafa átt við nokkurn rekstrarvanda að stríða. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir því að færa allt fjármagn, sem áður rann til löggæslu í Neskaupstað, til embættisins á Eskifirði. Talið er að hægt verði að ná fram hagræðingu með sameiningu lögregluliða, m.a. með fækkun lögreglubifreiða en þar sem halli hefur verið á rekstri löggæslunnar í Neskaupstað undanfarin ár þykir ekki ráðlegt að leggja til lægra framlag. Verður sýslumannsembættinu á Eskifirði ætlað að ná niður halla og koma löggæslukostnaði í jafnvægi á næstu 2–3 árum. Áfram verður varðstofa í Neskaupstað. Að mati ríkislögreglustjóra leiðir sameining til þess að löggæsla á svæðinu mun eflast, verða markvissari og faglegri með stærra lögregluliði og samkeyrslu vakta.

490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta. Gerð er tillaga um að hækka framlag til safnliðar sýslumannsembætta um 3,6 m.kr. og að lækka framlag til sýslumannsembættisins í Neskaupstað um sömu fjárhæð. Samkvæmt lögum um breytingu á lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, er embætti sýslumannsins í Neskaupstað lagt niður en framlag til embættisins er 34,4 m.kr. í fjárlögum 2000. Stærsti hluti fjárveitingarinnar rennur til sýslumannsembættisins á Eskifirði en gert er ráð fyrir að 3,6 m.kr. færist til safnliðar sýslumannsembætta og að framlaginu verði varið til að styrkja rekstur embætta sem eru með ársveltu innan við 50 m.kr. og hafa átt við nokkurn rekstrarvanda að stríða.

491 Húsnæði og búnaður sýslumanna. Lagt er til að fjárheimild fjárlagaliðarins verði hækkuð um 16,5 m.kr. til að skipta um gagnaflutningsnet sýslumannsembætta á þessu ári. Í lok síðasta árs og byrjun þessa árs fór að bera á vaxandi vandamálum við notkun tölvunets sem tengir sýslumannsembættin, lögreglustöðvar o.fl. undirstofnanir dómsmálaráðuneytisins saman í eina miðstöð. Á þessu viðneti eru keyrð ýmis forrit sem tengjast viðfangsefnum embættanna, svo sem nauðungarsölukerfi, aðfararkerfi o.fl. en einnig innheimtukerfið sem embættin nota við móttöku á greiðslum virðisaukaskatts og annarra opinberra gjalda. Brýna nauðsyn þykir bera til þess að bæta úr þessum tæknilegu vandamálum og er áætlað að það muni kosta 16,5 m.kr. Einnig er reiknað með að rekstrarkostnaður við netið hækki um 5 m.kr. á ári frá því sem nú er og er gerð tillaga um það í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2001. Í öðru lagi er gerð tillaga á þessum lið um 13 m.kr. viðbótarframlag til að ljúka framkvæmdum við byggingu lögreglustöðvar á Hólmavík. Upphafleg kostnaðaráætlun var 30 m.kr. en kostnaður hefur reynst vera töluvert meiri, m.a. vegna fárra tilboða sem bárust í verkið og fjarvistarálags sem greiða þarf til verktaka. Loks er gerð tillaga um að veita 2,7 m.kr. aukafjárveitingu til uppbyggingar á málaskrá ákæruvaldsins. Í fjáraukalögum 1999 voru veittar 2 m.kr. vegna vandamála við ártalið 2000 en kostnaður hefur reynst mun hærri. Framlagið verður notað til að ljúka þessum áfanga vinnslunnar en í frumvarpi til fjárlaga 2001 er gert ráð fyrir 1 m.kr. framlagi til frekari þróunar og viðhalds á kerfinu.

705 Kirkjumálasjóður. Gerð er tillaga um að hækka lögboðið framlag til Kirkjumálasjóðs um 1,5 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Framlagið er reiknað

sem 11,3% af sóknargjöldum en þau hækka í samræmi við hækkun á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára. Hækkunin milli tekjuáranna 1998 og 1999 var nálægt 9,2%.

733 **Kirkjugarðsgjöld.** Lagt er til að lögboðið framlag til kirkjugarða vegna kirkjugarðsgjalds verði hækkað um 9,3 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 2000. Kirkjugarðsgjald hækkar í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára. Hækkunin milli tekjuáranna 1998 og 1999 var 6,1%. Undir þessum lið er einnig gerð tillaga um að hækka lögboðið framlag til Kirkjugarðasjóðs um 0,8 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Framlagið er reiknað sem 8% hlutdeild í kirkjugarðsgjaldi.

735 **Sóknargjöld.** Lagt er til að lögboðið framlag til þjóðkirkjunnar vegna sóknargjalda verði hækkað um 13,5 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 2000. Sóknargjöld hækka í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára. Hækkunin milli tekjuáranna 1998 og 1999 var 9,2%. Þá er lagt til að lögboðið framlag til annarra trúfélaga en þjóðkirkjunnar vegna sóknargjalda verði hækkað um 6,2 m.kr. af sömu ástæðu. Loks nemur hækkun á lögboðnu framlagi til Háskóla Íslands vegna sóknargjalda 4,9 m.kr.

736 **Jöfnunarsjóður sókna.** Gerð er tillaga um að hækka lögboðið framlag til Jöfnunarsjóðs sókna um 2,5 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Framlagið er reiknað sem 18,5% af sóknargjöldum en þau hækka í samræmi við hækkun á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára. Hækkunin milli tekjuáranna 1998 og 1999 var 9,2%.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis lækki um 413,2 m.kr.

101 **Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa.** Óskað er eftir 4 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna endurnýjunar á bifreið.

302 **Ríkissáttasemjari.** Farið er fram á 17 m.kr. fjárveitingu til stofnbúnaðar og innréttinga í nýju húsnæði ríkissáttasemjara við Borgartún. Upphafleg húslýsing embættisins var miðuð við tiltölulega opið vinnusvæði. Í ljósi sérstöðu embættisins við sáttastörf í vinnudeilum voru gerðar auknar kröfur um góðan búnað fundarherbergja, svo sem hljóðeinangrun og sérhæfðar innréttingar. Enn fremur hefur kostnaður við sameign reynst meiri en gert var ráð fyrir í upphaflegri húslýsingu.

311 **Jafnréttisráð.** Farið er fram á 9,1 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna biðlauna tveggja fyrrverandi starfsmanna á Skrifstofu jafnréttismála sem eiga rétt á biðlaunagreiðslum í 6 mánuði auk fyrrverandi forstöðumanns sem á biðlaunarétt í 12 mánuði frá október 2000. Skrifstofan var lögð niður í samræmi við lög nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

313 **Jafnréttisstofa.** Farið er fram á 4,3 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna ýmiss kostnaðar sem stofnast til í kjölfar þess að Skrifstofa jafnréttismála hefur verið lögð niður og ný stofnun, Jafnréttisstofa, hefur tekið til starfa á Akureyri. Auk flutningskostnaðar kemur til kostnaður vegna breytinga á húsnæði og kaupa á skrifstofubúnaði en hluti eldri búnaðar á Skrifstofu jafnréttismála var talinn ónothæfur.

331 **Vinnueftirlit ríkisins.** Farið er fram á 8 m.kr. heimild til kaupa á húsnæði fyrir starfsemi á Akranesi en eftirlitið er fjármagnað með innheimtu lögboðinna gjalda og innheimtu ríkistekna.

700 **Málefni fatlaðra.** Óskað er eftir 15 m.kr. hækkun fjárveitingar til að mæta kostnaði vegna barnsburðarleyfa starfsmanna á heimilum fyrir fatlaða. Á árinu 1999 voru greiðslur umfram heimildir fjárlaga 12,5 m.kr. og stefnir í að greiðslur umfram heimildir fjárlaga verði um 15 m.kr. á árinu 2000. Með nýjum lögum um fæðingar- og foreldraorlof á framangreindur vandi að heyra sögunni til.

711 **Styrktarfélag vangefinna.** Lögð er til 25 m.kr. viðbótarfjárveiting til að leita eftir samningum við Styrktarfélag vangefinna um þjónustu félagsins við fatlaða. Í fjárlögum eru ætlaðar 10 m.kr. til þessa verkefnis en þörf er talin á viðbótarfjármagni eigi samningar að nást. Hækkun frá fyrri áætlun skýrist fyrst og fremst af reiknuðum kostnaði af húsnæði og búnaði sem samtökin leggja til.

801 **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.** Lögð er til 101,4 m.kr. fjárveiting til greiðslu á viðskiptaskuld ríkissjóðs við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í árslok 1999. Í árslok 1998 átti sjóðurinn 112 m.kr. kröfu á ríkissjóð en hreyfingar á árinu 1999 sýna tæplega 11 m.kr. greiðslur til sjóðsins umfram lögbundið framlag ársins og skuld ríkissjóðs við sjóðinn nemur því 101,4 m.kr. í árslok 1999.

984 **Atvinnuleysistryggingasjóður.** Í nýrri þjóðhagsspá er gert ráð fyrir 1,5% atvinnuleysi árið 2000 en í forsendum fjárlaga 2000 var gert ráð fyrir 2,2% atvinnuleysi á árinu. Framlag til atvinnuleysisbóta er því lækkað um 600 m.kr. Samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar er kostnaður á hvert atvinnuleysisstig fyrstu 7 mánuði ársins um 856 m.kr.

999 **Félagsmál, ýmis starfsemi.** Lögð er til 3 m.kr. fjárveiting til að greiða fyrir túlkaþjónustu fyrir heyrnarlausa. Ríkisstjórnin hefur á sl. árum veitt framlag til þessarar þjónustu af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar. Á árunum 1995 og 1996 ákvað félagsmálaráðuneyti að verja 2 m.kr. hvort ár úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til táknmálstúlkunar fyrir heyrnarlausa, skv. reglum sem ráðuneytið setti. Árið 1997 voru heimildir sjóðsins þrengdar til slíkra greiðslna og þeim því hætt. Frá þeim tíma hefur fjármagni verið varið til þessarar þjónustu af sameiginlegum lið ríkisstjórnarinnar. Er nú farið fram á að mál þessi verði sett í fastan farveg og veitt verði 3 m.kr. framlag til Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra í þetta verkefni. Félagsmálaráðuneyti mun leysa þessi mál innan síns útgjaldaramma í frumvarpi til fjárlaga ársins 2001.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 1.586,3 m.kr.

101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Farið er fram á að 11,8 m.kr. verði færðar af lið 08-495 Nýtt hjúkrunarheimili í Reykjavík til aðalskrifstofu ráðuneytisins til að mæta áföllnum kostnaði vegna undirbúnings fyrir rekstur hjúkrunarheimilisins. Kostnaður vegna þessa var 8,2 m.kr. á árinu 1999 og er áætlaður 3,6 m.kr. á árinu 2000. Vegna lengri undirbúningstíma en fyrirhugaður var mun heimilið ekki taka til starfa fyrr en í lok árs 2001.

203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Lögð er til 59 m.kr. lækkun fjárveitingar til bóta vegna félagslegrar aðstoðar. Í fyrsta lagi er farið fram á 68 m.kr. aukið framlag til þessa liðar vegna ákvörðunar ríkisstjórnar um hækkun bóta um 1,5% umfram forsendur fjárlaga 2000. Í öðru lagi er lögð til 20 m.kr. hækkun uppbóta í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar um hækkun bensínstyrks en um 5.200 lífeyrisþegar njóta þessa styrks. Á heilu ári nemur kostnaðurinn 80 m.kr. Loks er lagt til að bætur lækki um 147 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um félagslega aðstoð árið 2000. Er þar aðallega um að ræða endurskoðun á liðnum uppbætur.

204 Lífeyristryggingar. Lagt er til að framlag til lífeyristrygginga verði hækkað um 236 m.kr. Í fyrsta lagi er farið fram á 243 m.kr. aukið framlag til lífeyristrygginga vegna ákvörðunar ríkisstjórnar um hækkun bóta um 1,5% umfram forsendur fjárlaga 2000.

Í öðru lagi er lögð til 45 m.kr. fjárveiting til að hækka frítekjumark ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega með útivinnandi maka í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar. Á heilu ári nemur kostnaðurinn 180 m.kr.

Í þriðja lagi er lagt til að framlög lækki um 52 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld lífeyristrygginga árið 2000. Nokkrar breytingar hafa orðið milli viðfangsefna innan þessa fjárlagaliðar sem að miklu leyti má rekja til breytinga í kjölfar nýrra laga um örorkumat sem tóku gildi 1. september 1999. Samkvæmt þeim skal örorkumat aðeins byggt á læknisfræðilegum forsendum án þess að taka mið af félagslegum aðstæðum einstaklinga. Rekja má lækkun örorkustyrks og hækkun örorkulífeyris, hækkun tekjutryggingar örorkulífeyris og hækkun barnalífeyris til framangreindra laga.

206 Sjúkratryggingar. Farið er fram á 1.457,3 m.kr. aukaframlag til sjúkratrygginga. Þar vegur þyngst 660 m.kr. aukafjárveiting vegna aukins lyfjakostnaðar. Þar af eru 570 m.kr. vegna sparnaðar sem ekki hefur náðst á árinu en áform heilbrigðisráðuneytis voru að ná fram 1.000 m.kr. sparnaði á þessu ári til að vinna á móti sífellt hækkandi lyfjakostnaði. Endanlegar tölur um lyfjaútgjöld og sparnað munu liggja fyrir í árslok.

Í öðru lagi er farið fram á 410 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna aukins lækniskostnaðar. Þar vegur þyngst 390 m.kr. framlag í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld vegna sérfræðilækniskostnaðar árið 2000. Kostnaður vegna sérfræðilæknishjálpar hefur aukist verulega á árinu 2000. Enn fremur er lögð til 20 m.kr. hækkun framlags til lækniskostnaðar vegna úrskurðar kjaranefndar 30. ágúst 2000 um launakjör heilsugæslulækna við læknisstörf önnur en viðtöl í heilsugæslustöð.

Í þriðja lagi er óskað eftir 125 m.kr. hækkun til brýnnar meðferðar erlendis á árinu 2000 í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld. Miklar sveiflur hafa verið í útgjöldum þessa viðfangsefnis á milli ára.

Í fjórða lagi er farið fram á 97,3 m.kr. aukaframlag til hjálpartækja sem skýrist af tveimur tilefnum. Annars vegar er farið fram á 80 m.kr. hækkun á framlagi til hjálpartækja á árinu 2000 vegna aukinnar notkunar og dýrari búnaðar. Miklar tækniframfarir hafa orðið í gerð hjálpartækja og hefur eftirspurn aukist verulega. Á þetta bæði við um hjálpartæki fyrir hreyfihamlaða og um einnota hjálpartæki. Sem dæmi má nefna rafknúna stóla, gervibrjóst, næringu og sérfæði. Einnig hafa reglur um greiðslur vegna notkunar hjálpartækja verið rýmkaðar á síðustu árum. Hins vegar er farið fram á 17,3 m.kr. framlag vegna öndunargrímna. Gerður hefur verið þjónustusamningur milli Tryggingastofnunar og Landspítalans um öflun, umsjón og rekstur öndunargrímna fyrir sjúkratryggða einstaklinga í heimahúsum og mun Tryggingastofnun greiða Landspítalanum fyrir þá þjónustu. Heildarkostnaður vegna þessa samnings er áætlaður 37,3 m.kr. á ári.

Í fimmta lagi er lagt til 85 m.kr. aukaframlag til þjálfunar í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld til þjálfunar árið 2000. Í febrúar 1999 var ákveðið með reglugerð að greiðslur fyrir 16–17 ára unglinga yrðu settar undir sömu reglur og gilda um börn og elli- og örorkulífeyrisþega. Fyrstu fimm mánuði ársins hefur komum barna undir 18 ára aldri og elli- og örorkulífeyrisþegum fjölgað um 14–15% miðað við sama tíma síðasta árs en komum almennings á aldrinum 18–67 ára hefur fjölgað um 1,8%.

Í sjötta og sjöunda lagi er óskað eftir 50 m.kr. hækkun á framlagi til tannlækninga og 50 m.kr. vegna veikinda og slysa erlendis í samræmi við endurskoðaða áætlun. Þá er óskað eftir 25 m.kr. fjárveitingu í viðfangsefnið Annað en þann kostnaðarauka má fyrst og fremst rekja til aukinnar aðstoðar ljósmæðra í heimahúsum og af samningi um leysigeislameðferð húðlækna.

Þá er lagt til að útgjöld til sjúkraflutninga og ferða innanlands lækki um 30 m.kr. og sjúkradagpeningar lækki um 15 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun.

301 Landlæknir. Lögð er til 8,8 m.kr. aukafjárveiting til embættis landlæknis vegna tveggja tilefna. Annars vegar er óskað eftir 7 m.kr. aukafjárveitingu til embættisins til að vinna að klínískum leiðbeiningum en með þeim skapast tækifæri til skilvirkari læknismeðferðar með hóflegum kostnaði. Við þetta starf er m.a. stuðst við vandaðar erlendar leiðbeiningar sem verður að laga að íslenskum aðstæðum. Hins vegar er farið fram á 1,8 m.kr. framlag til að ráða lækni til starfa hjá sóttvarnalækni í samræmi við lög nr. 90, 22. maí 2000. Verið er að auka starfsemi sóttvarnalæknis og tóku lögin gildi 1. september 2000. Framlagið tekur mið af kostnaðarumsögn með frumvarpinu. Gert er ráð fyrir 5 m.kr. fjárveitingu vegna þessa í fjárlagafrumvarpi 2001.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Farið er fram á aukafjárveitingu að fjárhæð 3,5 m.kr. til að mæta viðbótarkostnaði við alvarleg slys sem orðið hafa á árinu. Fjöldi starfsmanna hefur verið kallaður út vegna alvarlegra slysa samkvæmt hópslysaáætlun sjúkrahússins. Því hefur verið óvenjumikið álag á áfallateymi sjúkrahússins.

371 Ríkisspítalar. Lagt er til að 56,7 m.kr. fjárveiting, sem ætluð var til reksturs Sóltúns árið 2000, verði færð á Landspítala – háskólasjúkrahús til reksturs tímabundinnar hjúkrunardeildar og sjúkrahússtengdrar heimahlynningar fyrir aldraða. Starfsemi hjúkrunar-

heimilisins mun ekki hefjast fyrr en í lok árs 2001 og því er lagt til að fjárveiting til heimilisins árið 2000 verði að hluta veitt til þessa verkefnis. Starfsemin verður lögð niður í árslok 2001 samhliða því sem Sóltún tekur til starfa.

373 **Sjúkrahús í Reykjavík.** Farið er fram á aukafjárveitingu sem nemur 39,6 m.kr. til að mæta viðbótarkostnaði við óvenjutíð og alvarleg slys sem orðið hafa fyrstu átta mánuði ársins. Margir einstaklingar hafa fengið aðhlynningu á slysadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss og á gjörgæsludeildum þar eftir að hafa orðið fyrir alvarlegum slysum. Í rekstri spítalans er þessari starfsemi áætlað tiltekið fé ár hvert en í ár hafa slysin verið óvenjumörg og alvarleg. Útköll vegna hópslysaviðbúnaðar eru orðin fjögur það sem af er árinu eða fleiri en nokkru sinni fyrr. Lagt hefur verið mat á kostnað spítalans vegna þessarar slysaöldu með því að taka saman útlagðan viðbótarkostnað, þ.e. útköll á aukavaktir, innlagnir á gjörgæslu- og legudeildir, auk annars kostnaðar, s.s. við hjúkrunarvörur, flutninga og fleira. Skipting þessa kostnaðar er að 11,8 m.kr. eru vegna slysadeilda, 12,1 m.kr. vegna gjörgæsludeilda og 15,7 m.kr. vegna legudeilda.

399 **Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.** Óskað er eftir 23,5 m.kr. aukafjárveitingu til þessa liðar vegna fjögurra tilefna.

Farið er fram á 11,4 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna rekstrar úrskurðarnefndar almannatrygginga á árinu 2000. Þar af eru 8 m.kr. til að mæta árlegum rekstrarkostnaði nefndarinnar og 3,4 m.kr. áfallinn launakostnaður í ár vegna ársins 1999. Í fjárlögum 2000 er 10,7 m.kr. framlag til nefndarinnar. Úrskurðarnefnd almannatrygginga var stofnuð með lögum nr. 60/1999, um breytingu á lögum um almannatryggingar, sem tóku gildi 1. júlí 1999, en ljóst er að kostnaður við nefndina hefur verið langt umfram áætlanir. Kostnaður árið 2000 stefnir í 18,7 m.kr. að óbreyttu. Laun til nefndarmanna eru tæplega 5 m.kr. en þóknunarnefnd hefur úrskurðað þóknun til nefndarinnar sem nemur tæplega 3 m.kr. Laun starfsmanna nema 10 m.kr. og annar kostnaður 1,5 m.kr.

Þá er lagt til að veitt verði 7,3 m.kr. viðbótarfjárveiting vegna rekstrar Vísindasiðanefndar í ár. Fjárveiting samkvæmt fjárlögum ársins er 3 m.kr. Ákveðið var að bæta kjör nefndarmanna umtalsvert og tók sú breyting gildi 1. janúar sl. og nemur um 3,3 m.kr. á ári. Nefndarmenn höfðu ekki fengið greitt fyrir störf sín í þágu nefndarinnar frá nóvember 1997 til og með desember 1999 og hefur þessi áfallni kostnaður verið gerður upp og er færður til gjalda í ár. Þá var talið óhjákvæmilegt að ráða ritara til nefndarinnar vegna mikils og vaxandi umfangs og fjölda erinda sem fyrir nefndina fer. Gert er ráð fyrir kostnaði vegna ritarans í tillögum þessum.

Enn fremur er sótt um 3,7 m.kr. hækkun framlags til tóbaksvarna. Tekjur af brúttósölu tóbaks reyndust hærri en áætlað var í fjárlögum 1999. Samkvæmt lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, skal verja 0,7% af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs. Loks er lagt til að veitt verði 1 m.kr. til Þjónustuseturs líknarfélaga. Sjö líknarfélög fluttu í sama húsnæði í byrjun árs 1999 og stofnuðu með sér Þjónustusetur líknarfélaga. Samtökin hafa verið studd í þessum húsnæðisrekstri með framlagi af safnlið. Samtökunum hefur nú verið sagt upp húsnæðinu og þurfa að koma sér fyrir á nýjum stað. Aukinn kostnaður hlýst af þessum flutningum og er gert ráð fyrir að heildarkostnaður nemi um 2,5 m.kr. Lagt er til að veittur verði 1 m.kr. styrkur til að auðvelda framgang málsins.

495 **Daggjaldastofnanir.** Lagt er til að 206 m.kr. framlag til reksturs nýs hjúkrunarheimilis í Reykjavík, Sóltúns, verði fellt niður. Starfsemi hjúkrunarheimilisins mun ekki hefjast fyrr en í lok árs 2001 og því er lagt til að fjárveiting til heimilisins árið 2000 verði felld niður að undanskilinni 68,7 m.kr. fjárveitingu sem lagt er til að verði færð til annarra verkefna. Annars vegar er lagt til að 56,7 m.kr. verði færðar til Landspítala – háskólasjúkrahúss til reksturs tímabundinnar hjúkrunardeildar og sjúkrahústengdrar heimahlynningar fyrir aldraða til að mæta brýnni þörf á hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu. Opnuð hefur verið hjúkrunardeild á Landspítala – háskólasjúkrahúsi auk þess sem spítalinn fyrirhugar að auka framboð á heimaþjónustu fyrir aldraða í Reykjavík. Starfsemin verður lögð niður í árslok 2001 samhliða því sem Sóltún tekur til starfa. Hins vegar er farið fram á að 11,8 m.kr. fjárveiting verði færð til aðalskrifstofu ráðuneytisins til að mæta áföllnum kostnaði vegna undirbúnings fyrir rekstur hjúkrunarheimilisins. Kostnaður vegna þessa var 8,2 m.kr. á árinu 1999 og er áætlaður 3,6 m.kr. á árinu 2000. Loks er lagt til að eftirstöðvar fjárveitingarinnar, eða 137,3 m.kr., verði felldar niður.

517 **Læknavaktin.** Lagt er til að fjárveiting til Læknavaktarinnar verði hækkuð um 13,9 m.kr. Samkvæmt þjónustusamningi er gert ráð fyrir 17.000 vitjunum á ári en mikil fjölgun hefur verið á þeim árin 1999 og 2000. Samkvæmt upplýsingum Læknavaktarinnar er nú áætlað að vitjanir verði um 45.000 árið 2000. Kostnaðarauki vegna þessa er samtals 13,9 m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 1.058 m.kr.

101 **Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa.** Farið er fram á 2,5 m.kr. aukaframlag til aðalskrifstofu ráðuneytisins vegna breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Aðalskrifstofunni hefur verið falið að fara með túlkun á ákvæðum tvísköttunarsamninga við önnur lönd og er kostnaður við það áætlaður 5 m.kr. á heilu ári. Verkefnið færðist frá embætti ríkisskattstjóra til aðalskrifstofunnar um mitt árið 2000. Gert er ráð fyrir fjárveitingu til að mæta kostnaði við þetta verkefni í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2001.

214 **Yfirskattanefnd.** Farið er fram á 14,5 m.kr. aukafjárveitingu vegna stofnbúnaðar og innréttinga í nýju húsnæði yfirskattanefndar. Í fjáraukalögum fyrir árið 1999 var veitt 21 m.kr. framlag til að mæta útgjöldum við breytingar á húsnæðinu sem framkvæmdar eru á vegum Fasteigna ríkissjóðs.

262 **Tollstjórinn í Reykjavík.** Óskað er eftir 2 m.kr. hækkun á fjárveitingu embættisins. Með lögum, sem samþykkt voru á Alþingi í vor, voru gerðar breytingar á eftirgjöf vörugjalds af bifreiðum, þar á meðal af bílaleigubifreiðum. Ákveðið var með reglugerð sem fjármálaráðuneytið gaf út 15. maí á þessu ári að öll framkvæmd varðandi eftirgjöf vörugjaldsins og eftirlit með henni verði hjá tollstjóranum í Reykjavík.

385 **Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna.** Gerð er tillaga um 230 m.kr. fjárveitingu á nýjum lið fyrir mótframlag vegna lífeyrissparnaðar launamanna. Samkvæmt lögum hefur atvinnurekendum verið heimilt að draga 10% mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar starfsmanna sinna frá skilum á tryggingagjaldi til ríkis-

sjóðs. Í fjárlögum hefur verið gert ráð fyrir þessu með því að lækka áætlaðar tekjur af tryggingagjaldinu sem nemur frádrættinum. Eftir nánari skoðun er nú talin vera réttari framsetning að færa tekjur af tryggingagjaldi óskertar á tekjuhlið ríkissjóðs en færa mótframlagið samhliða til gjalda, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Afkoma ríkissjóðs verður sú sama og áður þrátt fyrir þessa breytingu á framsetningu fjárlaganna.

481 **Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.** Gerð er tillaga um 70 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa liðar til að standa straum af útgjöldum vegna kaupa á fasteignum og framkvæmdum við húsbyggingar umfram það sem áætlað var í fjárlögum. Við afgreiðslu fjárlaganna er jafnan talsverð óvissa um nýtingu þessara heimilda.

989 **Launa- og verðlagsmál.** Farið er fram á 800 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins til að mæta kostnaði við breytingar á kjörum ýmissa starfshópa umfram forsendur fjárlaga. Í fjárlögum var gert ráð fyrir rúmlega 1.100 m.kr. á þessum lið til að mæta frávikum í verðlagsforsendum. Þar af er í frumvarpinu reiknað með að rúmlega 300 m.kr. verði varið til að mæta hækkunum á bótum almannatrygginga um 1,5% umfram áætlun fjárlaga. Er þá 800 m.kr. af fjárheimild liðarins óráðstafað. Heildarkostnaður við úrskurði Kjaradóms og kjaranefndar, kjarasamninga og aðrar kjarabreytingar á árinu er hins vegar áætlaður um 1.600 m.kr. Unnt verður að fjármagna helminginn með eftirstöðvum heimilda á liðnum og er því leitað eftir heimild fyrir afganginum í frumvarpinu. Í sumum tilvikum eru fjárheimildir, sem leitað er eftir og getið er um hér fyrir neðan, ætlaðar til að mæta eingreiðslum til starfshópa sem fengið hafa afturvirka launabreytingu frá ársbyrjun 1999. Í þeim tilvikum er fjárveiting á ársgrundvelli í fjárlagafrumvarpi 2001 lægri fyrir vikið.

Af launabreytingum umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum vegur þyngst um 710 m.kr. kostnaður stofnana vegna kjarasamninga við verkalýðsfélög, félög iðnaðarmanna og félög áhafna skipa og flugfarkosta sem gerðir voru fyrr á árinu og tóku gildi 1. maí sl. Þá eru um 300 m.kr. vegna úrskurða um breytingar á launum lögreglumanna og tollvarða sem byggja á samanburði við viðmiðunarhópa. Um 200 m.kr. fjárheimild er ætluð til að mæta áhrifum af samkomulagi um kjör sjúkraliða á launalið heilbrigðisstofnana. Fjárheimild að fjárhæð 125 m.kr. verður varið til að standa straum af launakostnaði vegna sérstaks álags hjá framhaldsskólakennurum við gerð nýrrar námskrár. Einnig er gert ráð fyrir nálægt 75 m.kr. framlagi vegna aukins launakostnaðar heilbrigðisstofnana sem tekið hafa upp sérstakt framgangskerfi fyrir hjúkrunarfræðinga. Þá má nefna að úrskurður kjaranefndar um laun sendiherra og sendifulltrúa leiðir til um 50 m.kr. hækkunar á launagjöldum aðalskrifstofu og sendiráða utanríkisráðuneytisins. Tæplega 25 m.kr. eru til að mæta hækkun á launum aðstoðarmanna ráðherra sem fylgja breytingum á kjörum skrifstofustjóra Stjórnarráðsins samkvæmt úrskurði kjaranefndar. Loks má nefna að 10 m.kr. af heildarfjárheimildinni eru vegna úrskurðar um laun skólameistara framhaldsskóla og 8,7 m.kr. eru vegna samkomulags um breytingar á kjörum sjúkraflutningsmanna hjá heilbrigðisstofnunum. Kostnaður við kjarabreytingar annarra starfshópa er minni.

999 **Ýmislegt.** Gerð er tillaga um 250 m.kr. aukafjárveitingu til fjárlagaliðarins af tveimur tilefnum. Ríkisstjórnin ákvað fyrr á árinu að leita eftir heimild í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir 200 m.kr. aukaframlagi vegna tjóna á Suðurlandi sem þar urðu í jarðskjálfta. Meginhluti framlagsins er ætlaður til að útvega þeim bráðabirgðahúsnæði sem misstu

hús sín í jarðskjálftunum. Þá hefur fallið til ýmis kostnaður hjá rannsóknastofnunum og öðrum opinberum aðilum sem að einhverju leyti þarf að bæta þeim, auk þess sem huga þarf að aukinni vöktun á svæðinu. Í annan stað er gert ráð fyrir 50 m.kr. hækkun á fjárheimild viðfangsefnisins 1.60 Dómkröfur undir þessum lið. Mikil fjölgun hefur orðið á undanförnum árum á málsóknum á hendur ríkinu og hafa dómkröfur og málskostnaður að þessum sökum farið fram úr áætlun fjárlaga ársins 2000.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 561,8 m.kr.

101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa. Farið er fram á 1,8 m.kr. til að standa straum af kostnaði við eftirlit með starfsemi ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda. Samgönguráðuneytið innheimtir, á grundvelli reglna um bókhald, reikningsskil og upplýsingagjöf ferðaskrifstofa, nr. 530/1998, gjald að upphæð 30 þús. kr. af ferðaskrifstofum og ferðaskipuleggjendum. Gjaldið rennur í ríkissjóð og er farið fram á ráðstöfun þess á móti áföllnum kostnaði í samræmi við lög. Í frumvarpi til fjárlaga 2001 er samsvarandi tillaga að fjárhæð 1 m.kr.

211 Vegagerðin. Lagt er til að fjárveiting til Vegagerðarinnar verði hækkuð um 275 m.kr. Samkvæmt nýrri vegáætlun fyrir árin 2000 til 2004, sem samþykkt var á vorþingi 2000, er gert ráð fyrir 453 m.kr. hækkun frá fyrri þingsályktun sem skiptist á fjögur verkefni. Í fyrsta lagi er lagt til að 300 m.kr. fari til orku- og iðjuvega á Austurlandi á árinu 2000. Einnig er gert ráð fyrir að 4.650 m.kr. fari til jarðgangaáætlunar en á árinu 2000 er um 100 m.kr. að ræða. Í þriðja lagi er lagt til að 592 m.kr. fari til að styrkja ferjur og sérleyfishafa og er það 50 m.kr. hækkun frá fjárlögum og fyrri þingsályktun. Í fjórða lagi er lögð til 3 m.kr. hækkun vegna útgáfu á sérleyfum vegna fólksflutninga og eftirlits og er kostnaður fjármagnaður með ríkistekjum. Loks er gert er ráð fyrir að styrkir til ferja og sérleyfishafa lækki um 178 m.kr. vegna breyttrar framsetningar á fjárreiðum í fjárlögum og vegáætlun. Ríkissjóður greiðir þessa fjárhæð í afborganir af lánum sem tekin voru til smíði á ferjum. Fjárheimild Vegagerðarinnar hefur verið lækkuð í lokafjárlögum sem nemur afborgununum en rétt þykir að sú lækkun komi fram í fjárlögum.

335 Siglingastofnun Íslands. Óskað er eftir 60 m.kr. aukaframlagi til stofnunarinnar. Í fyrsta lagi er óskað eftir 30 m.kr. framlagi til endurbóta á hafnarmannvirkjum á Árskógssandi. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi í mars sl. fjárveitingu til endurbóta á hafnarmannvirkjunum. Gert er ráð fyrir lengingu á hafnargarði og skjólgarði fyrir ferjubryggju og er áætlaður kostnaður um 40 m.kr. Þar af greiðir Vegagerðin fjórðung og er því farið fram á 30 m.kr. fjárveitingu til verksins. Talið var óhjákvæmilegt að ráðast í framkvæmdir fyrir veturinn. Í öðru lagi er óskað eftir 30 m.kr. til skuldauppgjörs við Hafnasamlag Eyjafjarðar vegna Norðurgarðs í Ólafsfirði. Í gildandi hafnaáætlun er gert ráð fyrir að ráðast í endurbyggingu Norðurgarðs í Ólafsfirði árið 2002. Garðurinn stórskemmdist í óveðri í janúar 1999 og því óhjákvæmilegt að flýta framkvæmdum.

471 Flugmálastjórn. Í A-hluta fjárlaga kemur fram hlutur Flugmálastjórnar í rekstri Alþjóðaflugþjónustunnar sem er í B-hluta. Við fjárlagagerð ársins 2000 voru tölur í A-

hluta ekki hækkaðar til samræmis við B-hluta og er gerð tillaga um leiðréttingu á því, samtals um 211 m.kr. Breytingin hefur ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs.

512 **Póst- og fjarskiptastofnunin.** Farið er fram á 225 m.kr. aukafjárveitingu sem skiptist á tvö verkefni. Annars vegar er óskað eftir 215 m.kr. til reksturs á strandarstöðvum. Gerður hefur verið skammtímasamningur til þriggja ára um að Landssíminn annist reksturinn og eftir það er ráðgert að bjóða þjónustuna út. Í frumvarpi til fjárlaga 2001 er gert ráð fyrir 184 m.kr. fjárveitingu vegna samningsins. Hins vegar er óskað eftir 10 m.kr. sem er áætluð álagning á jöfnunargjaldi vegna alþjónustu fyrir árið 2000, samkvæmt lögum sem samþykkt voru á vorþingi 2000. Samkvæmt lögum um fjarskipti, nr. 107/1999, er gert ráð fyrir að hægt sé að skylda fjarskiptafyrirtæki til þess að veita svokallaða alþjónustu.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 192 m.kr.

101 **Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.** Farið er fram á 10 m.kr. aukaframlag til aðalskrifstofu iðnaðarráðuneytisins. Á undanförnum árum hafa iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti verið rekin sem ein skrifstofa. Ráðuneytið hefur unnið að mörgum viðamiklum verkefnum án þess að sérstakar fjárveitingar hafi komið til. Má þar nefna undirbúning stóriðju og virkjunarmála. Þá hefur ráðuneytið tekið við stjórn byggðamála. Hefur þetta leitt til þess að myndast hefur umtalsverður halli á rekstri ráðuneytisins sem um síðastliðin áramót nam um 10 m.kr.

240 **Iðnaðarrannsóknir og stóriðja.** Sótt er um 56 m.kr. aukafjárveitingu vegna undirbúningsvinnu orkusviðs Fjárfestingarstofu við uppbyggingu stóriðju á Austurlandi. Tengist vinnan fyrst og fremst samningaviðræðum íslenskra stjórnvalda við Reyðarál hf. Stærsti kostnaðarliðurinn er sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum álvers og iðnaðarhafnar. Stór hluti af fyrirframgreiddum kostnaði fæst endurgreiddur ef af framkvæmdum við álver verður.

399 **Ýmis orkumál.** Farið er fram á 16 m.kr. vegna landgrunnsrannsókna til undirbúnings á kröfugerð Íslendinga um landgrunn milli Íslands og Noregs. Talið er að olíu geti verið að finna á þessu svæði. Ef landgrunn liggur frá fastalandi getur þjóðríki gert kröfu um nýtingu þess landgrunns. Tillagan er í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt frá 5. maí 2000. Talið var óhjákvæmilegt að leggja út í þessar framkvæmdir í sumar þar sem iðnaðarráðuneytinu bauðst að ganga inn í norskan leiðangur á þessum slóðum. Íslendingar greiða aðeins þann kostnað sem fellur til vegna viðbótarverkefna leiðangursins.

411 **Byggðastofnun.** Lagt er til að veittar verði 110 m.kr. til Byggðastofnunar. Annars vegar renni 100 m.kr. í afskriftarsjóð lána sem stofnunin veitir til eflingar atvinnulífs á landsbyggðinni. Samkvæmt reglum um lán stofnunarinnar er ekki heimilt að veita lán án þess að tryggja vissa upphæð í afskriftarsjóði. Alls er áætlað að útlán stofnunarinnar aukist við af þessum ástæðum um 500 m.kr. Einnig er farið er fram á 10 m.kr. framlag til Byggðastofnunar sem renni til að styrkja vetrarsamgöngur á snjóþungum svæðum utan höfuðborgarsvæðisins.

12 Viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði aukin um 23,3 m.kr.

101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa. Óskað er eftir 10 m.kr. framlagi til aðalskrifstofu viðskiptaráðuneytisins. Ráðuneytið hefur unnið að mörgum viðamiklum verkefnum án þess að sérstakar fjárveitingar hafi komið til. Má þar nefna endurskipulagningu fjármagnsmarkaðar og einkavæðingu ríkisbanka og ríkisfyrirtækja. Hefur þetta leitt til þess að myndast hefur umtalsverður halli á rekstri ráðuneytisins sem um síðastliðin áramót nam um 10 m.kr.

902 Samkeppnisstofnun. Farið er fram á 13,3 m.kr. aukaframlag til Samkeppnisstofnunar vegna nýrra verkefna sem stofnuninni er ætlað að sinna samkvæmt lögum sem samþykkt voru á vorþingi 2000. Lögin kveða á um að samkeppnisreglur hér á landi verði samrýmdar þeim reglum sem almennt gilda í samkeppnislöndunum. Kostnaður á hverju ári er áætlaður 22,3 m.kr. Gert hefur verið ráð fyrir þeim kostnaði í frumvarpi til fjárlaga 2001. Af áætluðum kostnaði vegur þyngst ráðning fjögurra sérfræðinga. Einnig er kostnaðaraukning vegna húsaleigu, tækja og búnaðar, útgáfu og kynningarstarfsemi, sem og samskipta við erlend samkeppnisyfirvöld.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 174 m.kr.

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa. Óskað er eftir 5 m.kr. fjárveitingu til að efla starf umhverfisráðuneytis í Brussel. Fram að þessu hefur fulltrúinn verið sameiginlegur með iðnaðarráðuneytinu. Gilti sá samningur fram á mitt ár 2000. Vegna aukinna umsvifa telur ráðuneytið þörf á að hafa sendifulltrúa í Brussel sem eingöngu sinnir umhverfismálum. Gert er ráð fyrir þessum kostnaði í fjárlögum árið 2001.

190 Ýmis verkefni. Lagt er til að framlag til Náttúruverndarráðs verði aukið um 2 m.kr. til að standa undir kostnaði við ráðningu starfsmanns samkvæmt lögum nr. 44/1999. Ákvæði um starfsmann kom inn í meðförum Alþingis en útgjöld vegna þessa voru ekki fyrirséð þegar kostnaðarmat með frumvarpinu var unnið. Gert er ráð fyrir þessum kostnaði í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2001.

205 Náttúruvernd ríkisins. Leitað er eftir 1 m.kr. aukafjárveitingu vegna leigu á nýju húsnæði stofnunarinnar að Skúlagötu 21 sem tekið var í notkun í október á þessu ári. Aukinn leigukostnaður stofnunarinnar nemur 5,5 m.kr. á ársgrundvelli.

210 Veiðistjóri. Farið er fram á 1,5 m.kr. fjárveitingu til endurgreiðslu til sveitarfélaga. Þar af eru 1,2 m.kr. vegna refaveiða og 0,3 m.kr. vegna minkaveiða. Frestur til að skila inn skýrslum vegna refa- og minkaveiða er 15. október ár hvert. Nokkur sveitarfélög skiluðu inn skýrslum vegna refa- og minkaveiða þegar skilafrestur var útrunninn 1999. Þess vegna var ekki gert ráð fyrir þessari fjárhæð í áætlunum stofnunarinnar.

215 **Vistmenningarmiðstöð á Sólheimum í Grímsnesi.** Sótt er um 25 m.kr. aukafjárheimild í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt frá 28. júní 2000 en þar var lagt til að á árunum 2000, 2001 og 2002 yrðu veittar ár hvert 25 m.kr. eða alls 75 m.kr. til vistmenningarmiðstöðvar að Sólheimum í tilefni af 70 ára afmæli heimilisins. Áætluð stærð hússins er 800–900 fermetrar og heildarkostnaður við byggingu þess er áætlaður 110 m.kr. Sólheimar munu bera ábyrgð á byggingu og rekstri hússins en umhverfisráðherra mun hins vegar skipa sérstakt fagráð sem verði stjórnendum Sólheima til ráðgjafar um faglegar áherslur í rekstri.

221 **Hollustuvernd ríkisins.** Óskað er eftir 34 m.kr. fjárveitingu til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla stofnunarinnar. Unnið er að tillögum um endurskipulagningu á rekstri stofnunarinnar og verksviði hennar.

283 **Hreinsun umhverfis.** Farið er fram á 102 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar við hreinsun á olíu úr flaki El Grillo. Í fyrsta lagi er fyrirhugað að bjóða út hreinsunina á olíunni en flakið er illa farið og talið er óhjákvæmilegt að grípa til aðgerða. Einnig er farið fram á 2 m.kr. fjárveitingu til að útbúa ytri flotgirðingu yfir flakið. Gert er ráð fyrir að þessi flotgirðing nýtist áfram á staðnum eða við svipaðar aðstæður ef upp koma annars staðar.

401 **Náttúrufræðistofnun Íslands.** Leitað er eftir 3,5 m.kr. fjárveitingu vegna viðbótarkostnaðar Náttúrufræðistofnunar. Þar af er 1 m.kr. fyrir geymsluhúsnæði undir borkjarna í Reykjavík og 2 m.kr. fyrir geymsluhúsnæði fyrir stofnunina á Akureyri. Einnig er farið fram á 0,5 m.kr. vegna flutnings stofnunarinnar í nýtt skrifstofuhúsnæði í Reykjavík.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Lagt er til að fjárheimild til greiðslu vaxtagjalda verði aukin um 700 m.kr.

801 **Vaxtagjöld ríkissjóðs.** Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimild vegna gjaldfærðra vaxta ríkissjóðs hækki um 700 m.kr. frá áætlun gildandi fjárlaga en að vextir sem koma til greiðslu á árinu hækki um 6,2 milljarða króna. Í fjárlögum fyrir árið 2000 var gert ráð fyrir að gjaldfærðir vextir yrðu 13,4 milljarðar króna og að vaxtagreiðslur yrðu 10 milljarðar króna. Endurskoðuð áætlun um þessi útgjöld ríkissjóðs bendir til þess að gjaldfallnir vextir ársins 2000 verði um 14,1 milljarður króna og greiddir vextir 16,2 milljarðar króna. Samkvæmt þessu eykst viðskiptahreyfing á liðnum um liðlega 5,5 milljarða króna og verður um 8,9 milljarðar króna.

Áætlað er að vaxtagjöld af spariskírteinum ríkissjóðs lækki um tæplega 150 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Skýrist það einkum af því að við endurmat hefur verið unnt að ákvarða með meiri nákvæmni áhrif forinnlausna á vaxtagjöldin. Í fyrri áætlun var miðað við að forinnlausnir næmu um 9 milljörðum króna og féllu allar á bréf með 6% vöxtum en eins og nú horfir verða forinnlausnir um 18,2 milljarðar króna og dreifast á bréf með 4,5%, 5% og 6% vöxtum. Á móti vegur að reiknað er með að gjaldfærð afföll og gengismunur ríkisbréfa aukist um 130 m.kr. miðað við forsendur fjárlaga þar sem útgáfa á bréfunum verður aukin nokkuð á seinni hluta þessa árs. Nettólántaka mun þó ekki aukast þar sem aðrar skuldir munu lækka í svipuðum mæli. Þá eru horfur

á að vextir af ríkisvíxlum verði 100 m.kr. umfram fyrri áætlun þar sem markaðsvextir á þessum bréfum hafa reynst vera um 11% á árinu en reiknað var með 9,5% vöxtum í fjárlögum.

Gjaldfærðir vextir af erlendum lánum eru taldir verða um 350 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þar gætir að nokkru leyti áhrifa af þróun gengis íslensku krónunnar. Að stærstum hluta skýrist hækkunin þó af skuldabréfi til sjö ára sem ríkissjóður gaf út í mars sl. og nam um 200 milljónum evra. Hluta af andvirði skuldabréfsins var varið til að greiða upp erlent lán að fjárhæð 5,6 milljarðar króna en afgangurinn var nýttur til að lækka stöðu á erlendum veltilánum. Skuldabréfið er með fjóra gjalddaga á ári og falla þrír fyrstu gjalddagarnir á yfirstandandi ár en ekki var gert ráð fyrir þeim vaxtagjöldum í fjárlögum.

Í forsendum fjárlaga um vaxtagjöld ríkissjóðs var ekki reiknað með vöxtum af ýmsum öðrum lántökum sem samtals nema um 300 m.kr. Þar munar mest um að nú er miðað við að gjaldfæra þurfi 160 m.kr. vaxtagjöld hjá ríkissjóði vegna ríkistekna sem samkvæmt lögum eru markaðar Atvinnuleysistryggingasjóði, Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga og Ábyrgðasjóði launa en koma ekki til greiðslu úr ríkissjóði fyrr en síðar. Þegar nýting á mörkuðum tekjum er minni en sem nemur innheimtu ársins, t.d. hjá Atvinnuleysistryggingasjóði vegna góðs atvinnuástands, myndast inneign hjá ríkissjóði sem er þá vaxtareiknuð á hverjum tíma. Í öðru lagi eru ýmsir inneignavextir að fjárhæð 100 m.kr. til aðila sem eiga inni fjárhæðir hjá ríkissjóði og fá greidda vexti á inneign sína. Loks hefur áætlun um vaxtagjöldin hækkað um 40 m.kr. vegna vaxtagreiðslna til tiltekinna annarra aðila sem vantaði í fyrri áætlun, s.s. til Póstgíróstofu vegna orlofs og til Seðlabanka Íslands samkvæmt samningi.

Hækkun á greiddum vöxtum um 6,2 milljarða króna frá áætlun fjárlaga skýrist að mestu af því að í fjárlögum var miðað við að forinnlausnir spariskírteina yrðu um helmingi minni en raunin hefur orðið.

157. Frumvarp til laga [157. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman.

1. gr.

Í stað 1.–2. mgr. 51. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar er orðast svo:

Ökuskírteini eru þrenns konar: Reynsluskírteini, bráðabirgðaskírteini og fullnaðarskírteini.

Reynsluskírteini er gefið út til byrjenda og gildir í sex mánuði. Brjóti handhafi reynsluskírteinis af sér á reynslutímanum er heimilt að framlengja gildistíma skírteinis hans um allt að sex mánuði í senn. Handhafa reynsluskírteinis er óheimilt að stjórna bifreið nema í fylgd með honum sé einstaklingur, handhafi fullnaðarskírteinis og a.m.k. 21 árs að aldri. Stjórnandi bifhjóls með reynsluskírteini skal vera í fylgd annars sem fullnægi fyrrgreindum skilyrðum.

Bráðabirgðaskírteini er gefið út að loknum gildistíma reynsluskírteinis og gildir í tvö ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur einu sinni verið flutt áður, á 116. löggjafarþingi, en varð þá ekki útrætt. Því miður er ekki síður tilefni nú, samanber mikla slysaöldu að undanförnu og hátt hlutfall ungra ökumanna sem lenda í slysum og óhöppum, að taka þessi mál til skoðunar. Síðan frumvarpið var flutt á árinu 1992 hefur sú breyting orðið á umferðarlögum að svonefndur æfingaakstur er nú heimill samkvæmt heimildarákvæði í 57 gr. laganna. Sú heimild tekur hins vegar til tímabils áður en ökuréttindin eru veitt, en frumvarpið gerir ráð fyrir reynslutímabili fyrsta hálfa árið eftir að ökuréttindum er náð. Vissulega kemur einnig til álita, sem liður í aðgerðum til að bregðast við tíðum umferðarslysum þar sem ungir ökumenn koma við sögu, að hækka einfaldlega aldursmörkin í t.d. átján ár með hæfilegum aðlögunartíma að slíkri breytingu. Slíkt er þó ekki lagt til hér, þó að segja megi að óbeint séu aldursmörkin færð upp um hálft ár. Að sjálfsögðu þarf fleira að koma til í baráttunni við hin tíðu slys sem einkenna umferð á Íslandi. Sú staðreynd að markmið gildandi umferðaröryggisáætlunar nást ekki, þvert á móti fjölgar slysum og alda dauðaslysa hefur riðið yfir á þessu ári, kallar á stórátak á þessu sviði. Frumvarpið sem hér er flutt ber því aðeins að skoða sem lítið innlegg í stóreflda baráttu sem vonandi er framundan gegn umferðarslysum.

Frumvarpið gengur út á að gera eina einfalda breytingu á þeim kafla umferðarlaga sem fjallar um ökupróf og ökuskírteini, breytingu sem felur það í sér að við upphaf ökumannsferils ungmenna, sem lokið hafa prófi til að stjórna bifreið eða bifhjóli, komi sérstakt reynslutímabil, sex mánuðir, þar sem þeir skuli njóta fylgdar reyndari ökumanns eða stjórnanda. Sambærilegt fyrirkomulag eða svipað er þekkt frá mörgum löndum og hér á landi hefur oft komið til umræðu að innleiða reynslu- eða æfingatímabil sem hluta af þjálfun ungra ökumanna.

Horfast verður í augu við þá staðreynd að tíðni óhappa og slysa er óheyrilega mikil meðal yngstu ökumannanna og þar af verða sorglega mörg alvarleg slys á fyrstu vikum og mánuðum sem menn stjórna ökutækjum. Eins og reglur eru núna eru því engin sérstök takmörk sett hvar, hvenær eða hverju nýir og óreyndir stjórnendur ökutækja geta ekið. Slíkt er þó vel þekkt af öðrum sviðum og nægir að nefna áfanga á réttindabraut flugmanna og aðgreiningu í sólópróf (án farþega) og einkaflugmannspróf í því sambandi.

Hér er valin sú leið að gera það að skilyrði á reynslutíma ökumanns (gildistíma reynsluskírteinis) að í fylgd með honum sé a.m.k. einn reyndari stjórnandi.

Ekkert er því til fyrirstöðu núna að nýútskrifaður stjórnandi ökutækis réttra 17 ára og með mjög takmarkaða reynslu fylli bifreið af jafnöldrum sínum og leggi út í umferðina, þess vegna í langferð við hvaða skilyrði sem er. Þannig getur líf 4–5 ungmenna á aldrinum 15–17 ára hvílt á herðum eins óreynds bílstjóra og enginn er með í för sem neina umtalsverða reynslu hefur af stjórn ökutækis. Allt mat á aðstæðum og þar með því hvenær akstur er orðinn varhugaverður við tilteknar aðstæður byggist á takmarkaðri reynslu bílstjórans.

Með viðveru reyndari stjórnenda og reynsluskírteini byrjandans vinnst a.m.k. tvennt, til staðar er meiri reynsla og þjálfun í mati á aðstæðum og akstri sem þeim hæfir og með *reynslutímabili* og *reynsluskírteini* er byrjandinn minntur á stöðu sína.

Með tillögu þessari er á engan hátt verið að varpa rýrð á ökukennslu í landinu eða þær kröfur sem gerðar eru til nemenda á ökuprófi og niðurstaða flutningsmanna var að gera ekki að svo stöddu neinar tillögur um breytingar á því fyrirkomulagi sem þar er. Vissulega hafa á undanförnum árum komið fram hugmyndir og tillögur um breytingar á tilhögun ökukennslu

og ökuprófa sem eru allrar athygli verðar en hér er lögð til einföld, en að mati flutningsmanna árangursrík, aðferð við að draga úr þeim hlutfallslega mikla háska sem fylgir fyrstu mánuðum bílstjóraferilsins og dapurlegar staðreyndir úr skýrslum um slys og óhöpp í umferðinni tala skýru máli um.

Upplýsingar úr gagnabanka Umferðarráðs, sem fylgja tillögunni og taka til áranna 1995–99 að báðum árum meðtöldum, sýna að tíðni óhappa og slysa er mest í hópi yngstu ökumannanna þegar bifreiðar eru annars vegar. Slysum á ökumönnum bifhjóla hefur hins vegar sem betur fer fækkað og ekki er lengur marktækur munur á fjölda eftir aldurshópum.

Ef árið 1999 er skoðað sérstaklega og tekið fyrir aldursbilið 17–64 ára, flokkað eins og gert er á skráningarblöðum Umferðarráðs, kemur eftirfarandi í ljós:

Fjöldi slasaðra og látinna.

Bifreiðar:	17–20 ára	211	=	53	að meðaltali úr árgangi
	21–24 ára	96	=	24	að meðaltali úr árgangi
	25–64 ára	421	=	11	að meðaltali úr árgangi
Bifhjól:	17–20 ára	4	=	1	að meðaltali úr árgangi
	21–24 ára	3	=	<1	að meðaltali úr árgangi
	25–64 ára	18	=	<1	að meðaltali úr árgangi

Ef aldur ökumanna, sem áttu aðild að slysum, er skoðaður nánar kemur í ljós að á árinu 1999 voru

17 ára ökumenn	154
18 ára ökumenn	103
19–24 ára ökumenn	392 eða 78 að meðaltali úr árgangi
25–60 ára ökumenn	1009 eða 25 að meðaltali úr árgangi

(Meðaltöl hækkuð eða lækkuð í næstu heila tölu.)

Önnur ár segja svipaða sögu. Ef tekið er meðaltal yfir árabilið 1995–99 að báðum árum meðtöldum er útkoman eins og sjá má í töflunni hér á eftir. Rétt er að hafa í huga að hér eru einungis skoðaðir aldurshóparnir 17–64 ára og ekki er leiðrétt fyrir mismunandi fjölda í árgangi eða því um líku. Engu að síður segja þessar tölur mikið um hina háu slysatíðni í hópi yngstu ökumanna og í því sambandi er sláandi að í öllum tilvikum er fjöldi 17 ára ökumanna, sem tengjast óhöppum, mun meiri en þeirra sem eru ári eldri.

Fjöldi slasaðra og látinna meðal ökumanna árin 1995–1999.

		1995		1996		1997		1998		1999				
	Aldur, ár	*Fjöldi*	*Meðaltal í árgangi*	*Fjöldi*	*Meðaltal í árgangi*	*Fjöldi*	*Meðaltal í árgangi*	*Fjöldi*	*Meðaltal í árgangi*	*Fjöldi*	*Meðaltal í árgangi*	*Samtals*	*Meðaltal á tímabili*	*Meðaltal í árgangi, allt tímabilið*
	17–20	176	44	195	49	159	40	204	51	211	53	945	189	236
Bifreiðar	21–24	96	24	92	23	105	26	89	22	96	24	478	96	120
	25–64	417	10	439	11	390	10	395	10	421	11	2.062	412	52
	17–20	7		6		13		4		4		34		
Bifhjól	21–24	15		8		11		4		3		41		
	25–64	10		16		16		13		18		73		
	Aldur ökumanna sem átt hafa aðild að slysum.													
	17	130	130	154	154	122	122	146	146	154	154	706	141	141
	18	108	108	93	93	87	87	96	96	103	103	487	97	97
	19–24	375	75	364	73	342	68	320	64	392	78	1.793	359	60
	25–60	956	27	1.021	26	941	24	932	23	1.009	25	4.859	972	27

158. Svar [43. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Guðjóns A. Kristjánssonar um slátrun og vinnslu landbúnaðarafurða.

1. *Hversu mörg fyrirtæki starfa nú við slátrun og úrvinnslu á landbúnaðarafurðum, þ.e. starfa í slátrun, kjötvinnslu og mjólkuriðnaði?*

Í dag eru 16 fyrirtæki starfandi í slátrun, þ.m.t. öll alifugla-, svína-, stórgripa- og sauðfjársláturhús. Sum þeirra reka síðan fleiri en eitt sláturhús. Í mjólkurvinnslu starfa 8 fyrirtæki, sum reka fleiri en eitt mjólkursamlag. Að auki má síðan telja Osta- og smjörsöluna. Engar upplýsingar eru fyrirliggjandi hjá Bændasamtökunum um fjölda kjötvinnsla.

2. *Hvernig skiptist landsframleiðsla landbúnaðarafurða á þau fyrirtæki sem nú starfa? Óskað er eftir sundurliðun á kjötmagni eftir flokkum hjá hverju fyrirtæki fyrir sig, þ.e. kindakjöt (dilkakjöt), nautgripakjöt, svínakjöt, hrossakjöt og alifuglar, bæði í kílóum talið og hlutfallslega.*

Skipting framleiðslunnar á síðasta ári milli þessara fyrirtækja er sýnd í meðfylgjandi töflum. Þá er búið að leggja saman framleiðslu þeirra fyrirtækja sem hafa sameinast á þessu ári.

Slátrun eftir sláturleyfishöfum 1999, magn og hlutfall.

	Hross		Nautgripir		Sauðfé		Svín		Alifuglar	
Sláturleyfishafi	**kg**	**%**	**kg**	**%**	**kg**	**%**	**kg**	**%**	**kg**	**%**
Goði hf.	588.245	54,98	1.181.373	32,24	3.248.222	37,58	335.613	7,13		
Sláturfélag Suðurlands	239.050	22,34	896.859	24,48	1.543.245	17,85	1.166.144	24,78	643.292	21,40
Kaupfélag Króksfjarðar			31.461	0,86	185.184	2,14	22.435	0,48		
Kaupfélag Bitrufjarðar					83.119	0,96				
Sölufélag A-Húnvetninga	111.570	10,43	222.167	6,06	594.814	6,88	58.347	1,24		
Kaupfélag Skagfirðinga	46.965	4,39	285.609	7,79	557.768	6,45	45.914	0,98		
Norðlenska matborðið ehf.	10.364	0,97	661.550	18,05	1.043.703	12,07	429.979	9,14		
B. Jensen ehf.	49.703	4,65	97.876	2,67			212.146	4,51		
Grísabær							1.356	28,81		
Síld og fiskur							642.949	13,66		
Stjörnugrís							136.299	2,90		
Sláturfélag Vopnfirðinga	601	0,06	33.832	0,92	196.259	2,27				
Sláturfélag Vesturlands hf.	19.393	1,81	222.496	6,07	594.609	6,88	300.418	6,38		
Ferskar afurðir ehf.	3.945	0,37	31.037	0,85	211.942	2,45				
Fjallalamb					384.756	4,45				
Reykjagarður									2.328.428	77,45
Örn Stefánsson									34.629	1,15
	1.069.836	100	3.664.260	100	8.643.621	100	4.706.279	100	3.006.349	100

Mjólkurinnlegg eftir samlögum 1999, magn og hlutfall.

	Lítrar	%
Mjólkursamsalan	24.046.441	22,43
Mjólkursamlag Ísfirðinga	1.304.360	1,22
Mjólkursamlag Skagfirðinga	9.554.868	8,91
MSKEA ehf.	20.974.353	19,57
MSKÞ ehf.	6.822.473	6,36
Mjólkursamlag Vopnfirðinga	752.078	0,70
Ms. Kaupf. Héraðsbúa	3.338.823	3,11
Mjólkursamlag Norðfirðinga	496.319	0,46
Mjólkurbú Flóamanna	39.906.214	37,23
	107.195.929	100

3. *Hvernig skiptist kjötframleiðsla og mjólkurframleiðsla eftir núverandi kjördæmum, sundurliðað eftir áðurnefndum kjötflokkum í kíló og mjólk í lítrum?*

Sjá meðfylgjandi töflur úr Búnaðarriti, 113. árg. Framleiðsla annarra kjöttegunda er ekki skráð á innleggjendur heldur berast einungis skýrslur um heildarslátrun hvers fyrirtækis um sig.

Innlagt kindakjöt og greiðslumark 1999 eftir kjördæmum.

	Innl. kindakjöt, kg	Virkt greiðslumark, ærgildi
Reykjanessvæði	67.469	2.677
Vesturland	1.449.034	60.827
Vestfirðir	932.070	44.832
Norðurland vestra	1.721.941	79.896
Norðurland eystra	1.421.847	65.589
Austurland	1.509.391	68.119
Suðurland	1.541.788	70.203
Samtals allt landið	8.643.539	392.142

Innlögð mjólk og greiðslumark 1999 eftir kjördæmum.

	Innlögð mjólk, lítrar	Greiðslumark, þús. lítrar
Reykjanessvæði	1.224.723	1.162.048
Vesturland	14.375.322	13.294.704
Vestfirðir	2.979.244	2.939.501
Norðurland vestra	16.326.380	15.849.366
Norðurland eystra	27.804.037	26.170.512
Austurland	6.202.055	5.893.246
Suðurland	38.284.168	36.690.603
Samtals allt landið	107.195.929	102.000.000

4. *Hversu mikið hefur sláturhúsum í rekstri fækkað á tímabilinu 1990–2000, sundurliðað eftir árum?*

Fækkun sláturhúsa á landinu hefur verið sem hér segir:

Ár	Fækkun
1990	2
1991	3
1993	1
1994	1
1996	1
1997	2
1998	1
1999	1

5. *Hversu mikið hefur mjólkurbúum í rekstri fækkað á tímabilinu 1990–2000, sundurliðað eftir árum?*

Fækkun mjólkurbúa á landinu hefur verið sem hér segir:

Ár	Fækkun
1990	1
1993	1
1995	1
1996	1

6. *Hversu mörgum dilkum er slátrað án þess að um beingreiðslur sé að ræða, sundurliðað eftir kjördæmum, miðað við þá kjördæmaskipan sem í gildi var fram í maí á þessu ári?*

Árið 1999 komu 290 tonn af kindakjöti frá alls 300 lögbýlum án greiðslumarks og 29 tonn frá framleiðendum utan lögbýla. Að öðru leyti vísast í töflu um framleiðslu kindakjöts eftir kjördæmum þar sem til samanburðar kemur fram greiðslumark í ærgildum eftir kjördæmum.

159. Svar [70. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um hlutafélög og einkahlutafélög.

1. *Hve mörg hlutafélög annars vegar og einkahlutafélög hins vegar voru skráð á árunum 1998, 1999 og 2000 (til 1. október), sundurliðað eftir árum og starfsgreinum?*
2. *Hver var fjölgun hlutafélaga annars vegar og einkahlutafélaga hins vegar á þessum árum sem hlutfall af heildarfjölda þeirra, sundurliðað eftir árum og starfsgreinum?*

Tölfræðilegar upplýsingar um skráningu hlutafélaga og einkahlutafélaga eftir árum og starfsgreinum, svo og um árlega fjölgun hlutafélaga og einkahlutafélaga eftir atvinnugreinum er að finna í töflum 1–5. Upplýsingarnar eru nokkru ítarlegri en um var beðið, þ.e. fyrir fleiri ár, fyrirtæki er flokkuð eftir rekstrarformi og íslenskri atvinnugreinaflokkun og gjaldþrot hlutafélaga og einkahlutafélaga svo og nýskráningar félaganna eru flokkuð eftir landsvæðum. Tekið skal fram að viðbótarupplýsingarnar um fyrirtækin og nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga eftir landsvæðum er nú að finna á heimasíðu Hagstofu Íslands sem starfrækir m.a. fyrirtækjaskrá og hlutafélagaskrá. Hlutafélög og einkahlutafélög eru talin saman en áætla má að einkahlutafélög séu um 90% af heildarfjöldanum.

Tafla 1. Fyrirtæki skráð hjá Hagstofu Íslands eftir rekstrarformi 1994–2000.

Tölur í árslok	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000 1.okt.
Fyrirtæki og félög alls	**26.987**	**28.119**	**29.542**	**31.079**	**33.060**	**35.076**	**36.940**
Einstaklingsfyrirtæki	2.143	1.858	1.825	1.771	1.797	1.559	1.576
Sameignarfélög	2.607	2.637	2.635	2.581	2.568	2.464	2.449
Hlutafélög/einkahlutafélög	8.387	8.865	9.614	**10.601**	**11.843**	**13.366**	**14.649**
Samvinnufélög	117	113	109	103	103	97	98
Stofnanir og fyrirtæki ríkisins	1.181	1.235	1.241	1.260	1.234	1.244	1.253
Stofnanir og fyrirtæki sveitarfélaga	930	1.023	1.033	1.009	977	992	1.005
Stofnanir, sameign ríkis og sveitarfélaga	4	4	5	6	5	6	6
Félagasamtök/sjálfseignarstofnanir	11.269	12.040	12.715	13.386	14.153	14.950	15.493
Önnur fyrirtæki og félög	349	344	365	362	380	398	411
Nýskráð fyrirtæki og félög	**1.978**	**1.984**	**2.142**	**2.379**	**2.598**	**2.953**	**2.301**
Einstaklingsfyrirtæki	37	37	33	19	38	26	33
Sameignarfélög	101	124	83	55	65	63	60
Hlutafélög/einkahlutafélög	1.001	821	1.173	**1.468**	**1.505**	**1.879**	**1.570**
Samvinnufélög	1	–	1	–	–	1	2
Stofnanir og fyrirtæki ríkisins	20	63	26	34	46	19	22
Stofnanir og fyrirtæki sveitarfélaga	18	95	28	12	37	27	16
Stofnanir, sameign ríkis og sveitarfélaga	–	–	1	1	–	1	0
Félagasamtök/sjálfseignarstofnanir	791	838	773	778	867	899	576
Önnur fyrirtæki og félög	9	6	24	12	40	38	22
Afskráð fyrirtæki og félög	**618**	**852**	**719**	**842**	**617**	**937**	**407**
Einstaklingsfyrirtæki	82	262	66	73	12	264	23
Sameignarfélög	89	94	85	109	78	167	49
Hlutafélög/einkahlutafélög	371	403	424	**481**	**263**	**356**	**287**
Samvinnufélög	2	4	5	6	–	7	1
Stofnanir og fyrirtæki ríkisins	4	9	20	15	72	9	14
Stofnanir og fyrirtæki sveitarfélaga	31	2	18	36	32	12	2
Stofnanir, sameign ríkis og sveitarfélaga	–	–	–	–	–	–	0
Félagasamtök/sjálfseignarstofnanir	36	67	98	107	138	102	28
Önnur fyrirtæki og félög	3	11	3	15	22	20	3

Tafla 2. Heildarfjöldi hlutafélaga (hf.) og einkahlutafélaga (ehf.) eftir atvinnugreinum 1997–2000.

		31.12 1997		31.12 1998		31.12.1999		1.10.2000	
Atvinnugreinar	**Deildir**	**hf.**	**ehf.**	**hf.**	**ehf.**	**hf.**	**ehf.**	**hf.**	**ehf.**
Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	**01–02**	8	131	8	152	9	164	10	195
Fiskveiðar	**05**	54	458	53	480	52	526	54	575
Námuvinnsla, vinnsla hráefna úr jörðu	**10–14**	4	20	4	20	5	17	5	12
Iðnaður	**15–37**	226	1.337	219	1.423	224	1.562	219	1.611
Veitur	**40–41**	1	8	1	9	1	16	1	16
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	**45**	30	911	30	1.026	30	1.227	28	1.378
Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	**50–52**	160	2.121	159	2.285	160	2.486	164	2.639
Hótel- og veitingahúsarekstur	**55**	24	381	25	432	22	499	28	556
Samgöngur og flutningar	**60–64**	51	300	52	334	50	401	55	448
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir, vátryggingar	**65–67**	55	72	59	86	65	105	68	115

Atvinnugreinar	Deildir	31.12 1997 hf.	31.12 1997 ehf.	31.12 1998 hf.	31.12 1998 ehf.	31.12.1999 hf.	31.12.1999 ehf.	1.10.2000 hf.	1.10.2000 ehf.
Fasteignastarfsemi, leiguþjónusta og ýmis sérhæfð þjónusta	**70–74**	144	2.068	165	2.330	200	2.800	230	3.183
Opinber stjórnsýsla; almannatryggingar	**75**	0	2	0	2	0	2	0	2
Fræðslustarfsemi	**80**	0	36	1	45	2	53	2	64
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	**85**	5	101	5	128	5	170	6	208
Önnur samfélagsþjónusta, félagastarfsemi, menningarstarfsemi	**90–93**	20	344	21	402	24	474	27	540
Engin starfsemi	**97**	71	944	70	1.210	70	1.315	75	1.438
Ótilgreind starfsemi	**98**	16	498	17	590	19	611	21	676
		869	**9.732**	**889**	**10.954**	**938**	**12.428**	**993**	**13.656**

Tafla 3. Árleg fjölgun hlutafélaga eftir atvinnugreinum 1998–2000.

Atvinnugreinar	Deildir	Fjölgun 1998	Breyt. í % 1998	Fjölgun 1999	Breyt. í % 1999	Fjölgun 1.10.2000	Breyt. í % 1.10.2000
Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	**01–02**	**0**	0,00%	**1**	12,50%	**1**	11,11%
Fiskveiðar	**5**	**-1**	-1,85%	**-1**	-1,89%	**2**	3,85%
Námuvinnsla, vinnsla hráefna úr jörðu	**10–14**	**0**	0,00%	**1**	25,00%	**0**	0,00%
Iðnaður	**15–37**	**-7**	-3,10%	**5**	2,28%	**-5**	-2,23%
Veitur	**40–41**	**0**	0,00%	**0**	0,00%	**0**	0,00%
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	**45**	**0**	0,00%	**0**	0,00%	**-2**	-6,67%
Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	**50–52**	**-1**	-0,63%	**1**	0,63%	**4**	2,50%
Hótel- og veitingahúsarekstur	**55**	**1**	4,17%	**-3**	-12,00%	**6**	27,27%
Samgöngur og flutningar	**60–64**	**1**	1,96%	**-2**	-3,85%	**5**	10,00%
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir, vátryggingar	**65–67**	**4**	7,27%	**6**	10,17%	**3**	4,62%
Fasteignastarfsemi, leiguþjónusta og ýmis sérhæfð þjónusta	**70–74**	**21**	14,58%	**35**	21,21%	**30**	15,00%
Opinber stjórnsýsla; almannatryggingar	**75**						
Fræðslustarfsemi	**80**	**1**	-	**1**	100,00%	**0**	0,00%
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	**85**	**0**	0,00%	**0**	0,00%	**1**	20,00%
Önnur samfélagsþjónusta félagastarfsemi, menningarstarfsemi	**90–93**	**1**	5,00%	**3**	14,29%	**3**	12,50%
Engin starfsemi	**97**	**-1**	-1,41%	**0**	0,00%	**5**	7,14%
Ótilgreind starfsemi	**98**	**1**	6,25%	**2**	11,76%	**2**	10,53%
		20	2,30%	**49**	5,51%	**55**	5,86%

Tafla 4. Árleg fjölgun einkahlutafélaga eftir atvinnugreinum 1998–2000.

Atvinnugreinar	Deildir	Fjölgun 1998	Breyt. í % 1998	Fjölgun 1999	Breyt. í % 1999	Fjölgun 1.10.2000	Breyt. í % 1.10.2000
Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	**01–02**	**21**	16,03%	**12**	7,89%	**31**	18,90%
Fiskveiðar	**05**	**22**	4,80%	**46**	9,58%	**49**	9,32%
Námuvinnsla, vinnsla hráefna úr jörðu	**10–14**	**0**	0,00%	**-3**	-15,00%	**-5**	-29,41%
Iðnaður	**15–37**	**86**	6,43%	**139**	9,77%	**49**	3,14%
Veitur	**40–41**	**1**	12,50%	**7**	77,78%	**0**	0,00%
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	**45**	**115**	12,62%	**201**	19,59%	**151**	12,31%
Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	**50–52**	**164**	7,73%	**201**	8,80%	**153**	6,15%
Hótel- og veitingahúsarekstur	**55**	**51**	13,39%	**67**	15,51%	**57**	11,42%
Samgöngur og flutningar	**60–64**	**34**	11,33%	**67**	20,06%	**47**	11,72%
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir, vátryggingar	**65–67**	**14**	19,44%	**19**	22,09%	**10**	9,52%
Fasteignastarfsemi, leiguþjónusta og ýmis sérhæfð þjónusta	**70–74**	**262**	12,67%	**470**	20,17%	**383**	13,68%
Opinber stjórnsýsla; almannatryggingar	**75**	**0**	0,00%	**0**	0,00%	**0**	0,00%
Fræðslustarfsemi	**80**	**9**	25,00%	**8**	17,78%	**11**	20,75%
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	**85**	**27**	26,73%	**42**	32,81%	**38**	22,35%
Önnur samfélagsþjónusta félagastarfsemi, menningarstarfsemi	**90–93**	**58**	16,86%	**72**	17,91%	**66**	13,92%
Engin starfsemi	**97**	**266**	28,18%	**105**	8,68%	**123**	9,35%
Ótilgreind starfsemi	**98**	**92**	18,47%	**21**	3,56%	**65**	10,64%
		1.222	12,56%	**1.474**	13,46%	**1.228**	9,88%

Tafla 5. Gjaldþrot hlutafélaga og einkahlutafélaga eftir atvinnugreinum 1997–1999.

Atvinnugreinar	Deildir	1997 hf.	1997 ehf.	1998 hf.	1998 ehf.	1999 hf.	1999 ehf.
Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	**01–02**	0	0	0	0	0	0
Fiskveiðar	**5**	0	1	0	2	0	13
Námuvinnsla, vinnsla hráefna úr jörðu	**10–14**	0	2	0	0	0	0
Iðnaður	**15–37**	6	54	4	38	4	37
Veitur	**40–41**	0	0	0	0	0	0
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	**45**	1	28	0	26	0	25
Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	**50–52**	2	63	3	80	0	77
Hótel- og veitingahúsarekstur	**55**	0	23	0	20	1	31
Samgöngur og flutningar	**60–64**	1	11	0	10	0	3
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir, vátryggingar	**65–67**	0	2	0	0	0	2
Fasteignastarfsemi, leiguþjónusta og ýmis sérhæfð þjónusta	**70–74**	1	32	1	31	0	36
Opinber stjórnsýsla; almannatryggingar	**75**	0	0	0	0	0	0
Fræðslustarfsemi	**80**	0	1	0	1	0	2
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	**85**	0	0	0	2	0	0
Önnur samfélagsþjónusta félagastarfsemi, menningarstarfsemi	**90–93**	0	5	0	4	0	10
Ótilgreind starfsemi	**98**	0	3	1	8	0	2
		11	**225**	**9**	**222**	**5**	**238**

Tafla 6. Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga eftir landsvæðum 1995–1999.

	1995		1996		1997		1998		1999	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Allir landshlutar	**820**	**100,0**	**1.175**	**100,0**	**1.467**	**100,0**	**1.505**	**100,0**	**1.865**	**100,0**
Höfuðborgarsvæðið	550	67,1	765	65,1	981	66	1.060	70,4	1.296	69,5
Suðurnes	25	3,0	50	4,3	76	5,2	66	4,4	80	4,3
Vesturland	26	3,2	70	6,0	55	3,7	58	3,9	85	4,6
Vestfirðir	32	3,9	35	3,0	47	3,2	53	3,5	62	3,3
Norðurland vestra	26	3,2	29	2,5	33	2,2	27	1,8	53	2,8
Norðurland eystra	68	8,3	102	8,7	119	8,1	109	7,2	116	6,2
Austurland	40	4,9	44	3,7	58	4,0	48	3,2	72	3,9
Suðurland	53	6,5	80	6,8	98	6,7	84	5,6	101	5,4

Tafla 7. Fyrirtæki flokkuð eftir íslenskri atvinnugreinaflokkun 1995–99.

Ísat	Skipting Ísat-númera í deildir
01...	Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt
05...	Fiskveiðar
10...	Námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu
15...	Matvæla- og drykkjavöruiðnaður
20...	Efnaiðnaður og málmiðnaður
30...	Framleiðsla á tækjum og munum - endurvinnsla
40...	Veitu- og byggingarstarfsemi
50...	Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta
55...	Hótel- og veitingahúsarekstur
60...	Samgöngur og flutningar
65...	Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og vátryggingar
70...	Fasteignaviðskipti, ýmis þjónusta og opinber stjórnsýsla
80...	Fræðsla, heilbrigðis- og félagsþjónusta
90...	Hreinsunarstarfsemi, menningar- og íþróttastarfsemi

Ísat	Skammstafað heiti atvinnugreinar	1999	1998	1997	1996	1995
	Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt					
1111	Kornrækt, grasrækt, þó ekki kartöflur	6	7	6	6	5
1112	Kartöfluræk	4	5	5	5	3
1121	Ræktun grænm. og garðplöntuframleiðsla	38	38	32	27	26
1122	Blómarækt	10	11	9	10	11
1210	Nautgriparækt	65	53	51	45	39
1221	Sauðfjárrækt	23	23	22	22	20
1222	Hrossarækt	18	19	17	15	13
1230	Svínarækt	14	13	11	12	8
1240	Alifuglarækt	24	22	23	21	20
1251	Blönduð búfjárrækt	92	95	96	95	88
1252	Loðdýrabú	19	19	18	18	13
1259	Önnur búfjárrækt ót.a.	9	11	11	7	6
1300	Bl.búsk. jarðyrkju og búfjárr.	18	18	18	15	15
1411	Þjónusta við jarðyrkju	21	16	16	15	13
1412	Skrúðgarðyrkja	29	26	20	20	20
1420	Þjón. v búfjárr., ekki dýralækn.	5	3	3	3	4
1500	Dýraveiðar og tengd þjónusta	1	1	0	0	0
2010	Skógrækt og skógarhögg	18	14	14	12	10

Ísat	Skammstafað heiti atvinnugreinar	1999	1998	1997	1996	1995
	Fiskveiðar					
5011	Togaraútgerð	23	24	24	28	22
5012	Útgerð vinnsluskipa	25	28	29	34	38
5013	Útgerð fiskisk. yfir 10 brl.	265	237	236	220	216
5014	Smábátaútgerð	287	244	215	180	148
5021	Seiðaeldi	9	10	12	11	10
5022	Land- og kvíaeldi	29	22	27	27	26
5023	Hafbeitarstöðvar	2	2	4	4	4
5024	Eldi sjávardýra	8	9	9	9	9
5025	Ræktun og veiði í ám og vötnum	4	4	5	6	6
5030	Þjónusta við fiskveiðar	21	21	20	18	15
	Námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu					
13200	Nám annarra málma en járns	1	1	1	1	0
14110	Grjótnám til mannvirkjagerðar	1	1	2	2	1
14210	Malar- og sandnám	23	23	23	22	26
14400	Saltvinnsla	1	1	1	1	1
14500	Nám annarra ót. hráefna	1	2	2	2	2
	Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður					
15110	Slátrun, vinnsla, geymsla kjöts	20	21	19	18	18
15120	Slátrun, vinnsla alifuglakjöts	1	1	1	1	1
15130	Kjötiðnaður	26	26	29	26	26
15201	Frysting	91	86	93	97	100
15202	Saltfisksverkun	87	75	74	74	70
15203	Síldarsöltun	4	4	5	5	5
15204	Hersla	18	17	18	21	17
15205	Harðfiskverkun	13	12	11	9	6
15206	Vinnsla á fersku sjávarfangi	62	53	43	36	29
15207	Mjöl- og lýsisvinnsla	18	19	19	19	18
15208	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarr.	15	13	14	15	16
15209	Önnur ótalin fiskvinnsla	21	22	23	29	34
15310	Vinnsla á kartöflum	3	3	3	2	2
15320	Framleiðsla ávaxta- og grænmetissafa	2	2	2	2	1
15330	Önnur ót. vinnsla áv. og grænm.	6	7	7	7	6
15410	Framleiðsla óhreins. olíu og feiti	3	3	1	1	1
15420	Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti	5	5	5	4	4
15430	Framleiðsla smjörlíkis o.þ.h.	2	2	2	2	2
15510	Mjólkurbú og ostagerð	15	12	12	12	12
15520	Ísgerð	2	2	2	2	2
15610	Framleiðsla á kornvöru	4	5	5	5	5
15711	Framleiðsla húsdýrafóðurs	13	12	12	10	10
15712	Framleiðsla fiskeldisfóðurs	2	1	1	1	1
15713	Framleiðsla þörungamjöls	1	1	1	1	1
15720	Framleiðsla gæludýrafóðurs	2	2	2	2	2
15810	Brauðgerðir og bakarí	75	70	72	71	65
15820	Kex- og kökuframleiðsla	3	3	3	3	2
15840	Súkkulaði- og sælgætisgerð	15	15	16	16	16
15850	Framleiðsla á pastavörum o.þ.h.	1	1	1	2	2
15860	Te- og kaffiframleiðsla	5	4	4	4	2
15870	Krydd- og bragðefnaframleiðsla	8	5	6	6	7
15890	Annar ótalinn matvælaiðnaður	29	26	27	26	26
15910	Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	2	2	2	3	2

Ísat	Skammstafað heiti atvinnugreinar	1999	1998	1997	1996	1995
15960	Bjórgerð	0	0	0	1	2
15980	Framleiðsla gosdrykkja o.þ.h.	8	8	8	8	8
	Textíl- og fataiðnaður					
17100	Vinnsla og spuni textíltrefja	3	3	3	3	3
17200	Vefnaður	1	0	0	0	0
17401	Seglagerðir	2	2	2	2	2
17402	Framleiðsla textílvöru til heimila	12	10	10	10	10
17409	Önnur framleiðsla á tilb. textílvöru	4	3	2	2	2
17521	Framleiðsla á köðlum, garni og netum	1	1	1	1	1
17522	Veiðarfæragerð	28	24	24	22	21
17540	Framleiðsla annarrar ót. textílvöru	2	2	2	2	2
17600	Framleiðsla á hekl- og prjónvoð	8	8	8	8	5
17710	Sokkaframleiðsla	3	3	4	4	4
17720	Peysuframleiðsla	8	8	8	9	10
18100	Framleiðsla á leðurfatnaði	3	2	2	2	1
18210	Framleiðsla á vinnufatnaði	6	5	5	5	7
18220	Framleiðsla á öðrum yfirfatnaði	17	15	13	14	12
18230	Framleiðsla á undirfatnaði	0	0	1	1	1
18240	Framleiðsla á öðr. fatn. og fylgihl.	17	17	16	17	14
18300	Sútun og framleiðsla úr loðskinnum	6	5	5	5	5
19100	Sútun á leðri	1	1	1	1	1
19200	Framl á ferða-, handtöskum o.þ.h.	10	10	9	8	9
19300	Framleiðsla á skófatnaði	1	1	1	1	1
	Trjáiðnaður					
20100	Sögun, heflun og fúavörn á viði	6	5	4	2	3
20301	Framleiðsla einingahúsa og eininga	10	10	12	13	12
20309	Framleiðsla a. efnis til húsasmíða	56	46	45	36	28
20400	Framleiðsla á umbúðum úr viði	7	7	6	5	4
20510	Framleiðsla annarrar viðarvöru	27	25	25	26	26
	Pappírsiðnaður og útgáfustarfsemi					
21210	Framleiðsla á pappaumbúðum	4	4	5	5	4
21220	Framleiðsla pappírsvöru til heimila	3	4	4	4	4
21230	Framleiðsla á skrifpappír o.þ.h.	6	6	6	6	6
21250	Framleiðsla pappírs- og pappavöru ót. a.	1	1	1	1	1
22111	Bókaútgáfa í eigin prentsmiðju	7	6	6	3	2
22112	Bókaútgáfa utan eigin prentsmiðju	112	105	100	102	89
22121	Dagblaðaútgáfa í eigin prentsm.	3	3	3	2	4
22122	Dagblaðaútgáfa utan eigin prentsm.	3	2	3	3	3
22130	Tímaritaútgáfa	63	61	59	55	60
22140	Útgáfa á hljóðrituðu efni	25	19	14	10	6
22150	Önnur útgáfustarfsemi	58	54	54	50	48
22210	Prentun dagblaða	2	2	2	2	1
22221	Offset- og hæðarprentun	77	80	78	81	77
22222	Sáldprentun	8	7	7	6	5
22229	Önnur prentun	24	27	26	22	21
22230	Bókband og frágangur	12	13	10	10	10
22240	Prentsmíð	14	13	13	11	11
22250	Önnur starfsemi í prentiðnaði	12	13	14	13	14
22310	Fjölföldun hljóðritaðs efnis	1	1	1	1	0
22320	Fjölföldun myndefnis	1	1	1	1	1

Ísat	Skammstafað heiti atvinnugreinar	1999	1998	1997	1996	1995
	Framleiðsla á olíuvörum					
23200	Framleiðsla á hreinsuðum olíuvörum	1	1	0	0	0
	Efnaiðnaður					
24110	Framleiðsla á iðnaðargasi	2	1	1	1	1
24140	Framleiðsla á öðrum lífr. grunnefnum	2	1	1	0	0
24150	Framleiðsla á tilbúnum áburði o.fl.	2	1	1	1	1
24160	Framleiðsla á plasthráefnum	1	1	2	0	0
24300	Framleiðsla á máln., fylliefnum o.þ.h.	4	4	4	4	4
24420	Lyfjagerð	3	5	4	4	5
24510	Framleiðsla á sápuefnum o.þ.h.	11	10	9	9	10
24520	Ilmvatns- og snyrtivöruframleiðsla	7	6	6	7	4
24610	Framleiðsla á sprengiefnum	2	2	2	2	2
24660	Annar ótalinn efnaiðnaður	6	6	6	7	7
	Gúmmí- og plastvöruframleiðsla					
25110	Framleiðsla á gúmmíhjólbörðum og hjólbarðaslöngum	1	0	0	0	0
25120	Sólun notaðra hjólbarða	3	3	3	3	3
25130	Önnur gúmmívöruframleiðsla	3	3	3	3	3
25210	Framleiðsla á plötum, rörum úr plasti	10	11	9	9	9
25220	Framleiðsla á umbúðaplasti	13	14	14	14	12
25230	Framleiðsla á byggingarv. úr plasti	11	10	11	11	10
25241	Framleiðsla plastvöru fyrir sjávarútveg	15	13	10	5	4
25249	Önnur ót. plastvöruframleiðsla	27	27	25	21	19
	Gler-, leir- og steinefnaiðnaður					
26120	Skurður og vinnsla á glerplötum	14	12	11	11	11
26130	Framleiðsla gleríláta	1		2	0	0
26150	Annar gleriðnaður	2	2	0	2	2
26210	Framleiðsla á munum úr leir	6	7	7	6	6
26250	Önnur leirmuna- og postulínsgerð	2		0	0	0
26510	Sementsframleiðsla	1	1	1	1	1
26610	Framleiðsla byggingarefnis úr steypu	21	21	21	19	17
26630	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	23	23	22	21	21
26650	Framleiðsla úr trefjasementi	1	1	0	0	0
26660	Önnur framleiðsla úr steypu o.þ.h.	2	2	2	2	2
26700	Steinsmíði	12	10	11	8	7
26821	Steinullarframleiðsla	1	1	1	1	1
26822	Þakpappaframleiðsla	1	1	1	1	1
26829	Annar ót. steinefnaiðn.	8	8	8	9	7
	Málmiðnaður					
27330	Kaldmótun	1	1	1	1	1
27350	Járn-stálframleiðsla ót.a. járnblendi	1	1	1	1	1
27420	Álframleiðsla	3	3	2	1	1
27510	Járnsteypa	1	1	1	1	2
27530	Málmsteypa úr léttmálmum	3	3	3	4	3
28110	Framleiðsla málmbyggingareininga o.þ.h.	2	3	4	4	4
28120	Framleiðsla málmbyggingarvöru	8	8	11	12	11
28210	Framleiðsla málmgeyma, -kera o.þ.h.	4	4	4	4	4
28220	Framleiðsla miðstöðvarkatla o.þ.h.	6	4	5	5	4
28400	Eldsmíði, málmsmíði, sindurmótun	1	1	1	1	0
28510	Meðferð og húðun málma	15	12	12	9	8
28520	Alm. málmsmiðjuþjónusta, blikksmíði	209	188	169	148	132
28610	Framleiðsla hnífapara, hnífa, skæra o.þ.h.	2	2	2	2	2

Ísat	Skammstafað heiti atvinnugreinar	1999	1998	1997	1996	1995
28620	Framleiðsla á verkfærum	1	1	1	1	1
28630	Framleiðsla á lásum og lömum	3	3	3	2	2
28720	Framleiðsla umbúða úr léttmálmum	0	1	1	1	1
28730	Framleiðsla á vörum úr vír	2	2	2	2	2
28740	Framleiðsla á boltum, skrúfum, keðjum og fjöðrum	1	0	0	0	0
28750	Önnur ótalin málmsmíði	31	33	33	31	26
	Vélsmíði og vélaviðgerðir					
29110	Framleiðsla hreyfla og hverfla	7	5	3	3	3
29120	Framleiðsla á dælum og þjöppum	4	3	4	3	2
29140	Framleiðsla á legum, tannhjólum o.þ.h.	2	2	2	2	2
29210	Framleiðsla og viðhald á bræðsluofnum og brennurum	1		0	0	0
29220	Framleiðsla lyftitækja og færslubún.	12	9	9	9	9
29230	Framleiðsla kæli- og loftræstitækja	25	23	20	20	17
29240	Framleiðsla annarra véla til almennra nota	9	8	8	7	6
29310	Dráttarvélasmíði	2	2	2	1	1
29320	Framleiðsla annarra landbún.véla	2	2	2	1	1
29400	Framleiðsla smíðavéla	1	1	0	0	0
29510	Framleiðsla véla til málmvinnslu	1	1	1	1	1
29520	Framleiðsla véla f. námuvinnslu o.fl.	1	1	1	1	0
29531	Framleiðsla vélvirkra fiskvinnsluvéla	33	27	25	22	16
29532	Framleiðsla tölvust. fiskvinnsluvéla	11	10	9	5	3
29539	Framleiðsla og viðhald véla f. drykkjarvöru- og tóbaksiðnað	0	0	0	0	1
29540	Framleiðsla véla fyrir fataiðnað o.þ.h.	1	1	1	1	0
29550	Framleiðsla véla fyrir pappírsiðnað	1	1	1	1	1
29560	Framleiðsla sérhæfðra véla ót.a.	19	20	18	20	21
29600	Vopna- og skotfæraframleiðsla	1	2	2	2	2
29710	Framleiðsla rafmagnstækja fyrir heimili	1	1	1	1	2
29720	Framleiðsla heimilistækja, ekki rafmagns	1	1	1	1	1
	Rafmagns- og rafeindaiðnaður					
30020	Framleiðsla á tölvum o.þ.h.	3	3	3	2	2
31100	Framleiðsla rafhreyfla, rafala o.þ.h.	8	8	8	7	6
31200	Framleiðsla á búnaði f. dreifingu rafmagns	8	9	9	7	7
31400	Framleiðsla rafgeyma og rafhlaðna	3	3	3	3	3
31500	Framleiðsla ljósabún. og lampa	6	7	6	7	6
31620	Framleiðsla rafmagnstækja ót.a.	40	41	41	43	42
32100	Framleiðsla rafeindalampa o.þ.h.	1	1	1	1	1
32200	Framleiðsla senda og símtæknitækja	5	5	5	5	4
32300	Framleiðsla sjónvarpstækja o.þ.h. vöru	2	2	1	1	1
33100	Framleiðsla lækningatækja o.þ.h.	11	10	10	8	8
33200	Framleiðsla leiðsögutækja o.þ.h.	14	14	15	15	14
33300	Framleiðsla stjórnbúnaðar fyrir iðnað	6	5	5	4	4
	Framleiðsla samgöngutækja					
34200	Smíði yfirbygginga/tengivagna	14	13	11	11	12
34300	Framleiðsla íhluta/aukahluta í bíla	3	2	2	2	1
35110	Skipasmíði og skipaviðgerðir	56	47	46	44	44
35120	Smíði og viðg. skemmtibáta o.þ.h.	2	2	3	1	1
35300	Smíði og viðg. loftfara	7	4	3	3	2
35500	Framleiðsla farartækja ót.a.	3	3	3	3	2

Ísat	Skammstafað heiti atvinnugreinar	1999	1998	1997	1996	1995
	Húsgagnaiðnaður og annar ótalinn iðnaður					
36110	Sófa- og stólaframleiðsla, bólstrun	22	21	20	21	20
36120	Framleiðsla skrifstofuhúsgagna, ekki stóla	1	1	1	1	1
36130	Innréttingasmíði	57	61	62	63	62
36140	Annar húsgagnaiðnaður	25	25	25	24	28
36150	Dýnuframleiðsla	1	1	1	0	0
36220	Gull- og silfursmíði	23	19	18	17	18
36300	Hljóðfærasmíði	1	1	1	1	1
36400	Sportvörugerð	0	0	1	1	1
36500	Leikfangagerð	5	4	4	3	3
36620	Burstagerð	5	5	4	4	4
36630	Annar ótalinn iðnaður	37	31	30	29	30
37100	Endurv. málma og brotajárns	4	4	3	3	2
37200	Endurvinnsla á öðru en málmum	7	7	6	4	4
	Veitur					
40100	Rafmagnsveitur	24	23	22	19	19
40300	Hitaveitur	60	55	55	53	48
41000	Vatnsveitur	7	8	8	8	8
	Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð					
45110	Niðurrif bygginga, jarðvegsvinna	47	49	45	38	35
45120	Boranir v. bygginga/mannvirkja	3	2	2	2	2
45200	Húsbyggingar, önnur mannvirkjagerð	859	709	638	572	548
45310	Boðlagnir, starfsemi rafverktaka	239	214	198	176	168
45330	Pípulagnir	1	80	0	0	0
45320	Einangrun	88		77	67	63
45410	Múrverk	52	44	39	39	37
45420	Húsasm. og upps. innréttinga	54	49	47	43	46
45430	Lagning gólf- og veggefna, ekki viðar	19	12	10	7	6
45441	Málningarvinna	98	83	78	72	65
45442	Glerjun	5	5	4	3	2
45450	Annar frágangur bygginga	13	11	10	9	10
45500	Leiga vinnuvéla með stjórnanda	186	158	147	137	125
	Sala, viðhald og verslun á bílum o.fl., bensínstöðvar					
50101	Bílasala með nýja bíla	28	23	23	21	19
50102	Bílasala með notaða bíla	78	75	75	67	55
50200	Bíla- og hjólbarðaviðgerðir	362	331	315	294	281
50300	Sala vara- og fylgihluta í bíla	69	68	68	65	60
50400	Vélhjólasala og viðgerðir, varahlutir	7	7	7	7	7
50500	Bensínstöðvar	22	16	15	12	7
	Umboðs- og heildverslun með annað en bíla og vélhjól					
51110	Umboðsverslun m. efni úr landbúnaði	5	4	4	5	6
51120	Umboðsverslun m. eldsn., málma o.þ.h.	6	5	5	6	7
51130	Umboðsverslun m. timbur og byggingarefni	18	17	18	16	18
51140	Umboðsverslun m. vélar, skip og flugvélar	17	15	13	11	10
51150	Umboðsverslun m. húsg., járnvöru o.þ.h.	4	4	4	3	3
51160	Umboðsverslun m. fatnað, skó og leðurv.	6	5	3	2	2
51171	Umboðsverslun m. fisk	57	51	59	60	55
51172	Fiskmarkaðir	22	20	18	16	15
51179	Umboðsverslun m. aðra matvöru o.þ.h.	14	17	18	16	15
51180	Umboðsverslun m. aðra vöruflokka	29	31	35	34	36
51190	Umboðsverslun m. margs konar vöru	29	34	35	28	28

Ísat	Skammstafað heiti atvinnugreinar	1999	1998	1997	1996	1995
51210	Heildverslun m. korn, fræ og fóður	5	5	5	5	5
51220	Heildverslun m. blóm og plöntur	5	4	4	4	3
51240	Heildverslun m. skinn og leður	3	3	3	3	2
51310	Heildverslun m. ávexti og grænmeti	11	9	7	7	8
51320	Heildverslun m. kjöt og kjötvöru	3	3	3	2	1
51340	Heildverslun m. áfengi og aðra drykki	30	27	21	20	11
51360	Heildverslun m. sykur, súkkul. og sælg.	15	12	12	15	16
51370	Heildverslun m. kaffi, te, kakó o.þ.h.	6	5	5	4	5
51380	Heildverslun m. fisk og fiskafurðir	60	61	51	33	34
51390	Heildverslun m. annan mat, drykk o.þ.h.	74	60	52	49	45
51410	Heildverslun m. vefnaðarvöru	22	22	22	21	20
51421	Heildverslun m. föt	87	74	61	53	49
51422	Heildverslun m. skó	9	11	10	11	12
51430	Heildverslun m. heimilistæki o.þ.h.	23	20	22	21	20
51441	Heildverslun m. postulín og gler	2	2	4	3	2
51442	Heildverslun m. hreingerningarefni	9	10	6	7	7
51450	Heildverslun m. ilmvatn og snyrtiv.	68	61	55	48	43
51460	Heildverslun m. lyf og lækningavörur	37	32	32	29	28
51471	Heildverslun m. húsgögn	14	11	9	9	7
51472	Heildverslun með teppi og gólfefni	9	8	7	7	5
51473	Heildverslun m. úr, ljósmyndavörur o.þ.h.	9	9	11	10	10
51474	Heildverslun m. leikföng	11	13	10	10	10
51475	Heildverslun m. bækur, blöð og ritf.	13	13	12	14	11
51479	Heildverslun m. heimilisvöru ót.a.	79	72	63	62	54
51510	Heildverslun m. eldsneyti o.þ.h. vörur	10	11	11	10	9
51520	Heildverslun m. hrámálma og -grýti	5	6	6	5	5
51530	Heildverslun m. timbur, byggingarefni, málningu	54	46	49	44	40
51540	Heildverslun m. járnvörur, lagnaefni o.þ.h.	22	25	25	22	21
51550	Heildverslun m. efnavöru	26	25	24	21	21
51560	Heildverslun m. önnur hráefni	13	16	16	18	16
51570	Heildverslun m. úrgangsefni og brotajárn	1	1	1	1	0
51610	Heildverslun m. smíðav. f. málm og tré	3	3	2	2	2
51620	Heildverslun m. vélar til mannvirkjagerðar	8	7	5	4	4
51630	Heildverslun m. vélar f. vefjariðnað	1	1	1	1	1
51641	Heildverslun m. tölvur, ritvélar o.þ.h.	30	26	27	25	22
51642	Heildverslun m. skrifstofubúnað	4	5	6	5	5
51651	Heildverslun m. veiðarfæri	25	22	23	22	19
51659	Heildverslun m. vélbúnað f. iðn., versl., sigl.	118	114	105	97	91
51660	Heildverslun m. landbúnaðarvélar o.þ.h.	14	12	13	11	11
51700	Önnur heildverslun	389	365	355	347	334
	Önnur smásala; viðgerðir á hlutum til einka- og heimilisnota					
52111	Stórmarkaðir	18	17	10	11	14
52112	Matvöruverslanir undir 400 m²	94	99	101	103	107
52113	Söluturnar	132	131	125	134	120
52120	Önnur blönduð smásala	28	29	29	30	31
52220	Kjötbúðir	2	1	1	1	1
52230	Fiskbúðir	21	19	18	16	17
52250	Áfengisverslun	1	1	1	1	1
52260	Tóbaksverslun	2	2	1	2	2
52270	Önnur smásala á mat o.þ.h. í sérv.	43	43	42	44	41
52310	Apótek	63	72	70	67	49

Ísat	Skammstafað heiti atvinnugreinar	1999	1998	1997	1996	1995
52320	Smás. lækninga- og hjúkr.vöru	3	3	3	2	1
52330	Snyrtivöru- og sápuverslun	33	33	33	37	42
52410	Vefnaðarvöruverslun	56	56	58	54	56
52421	Kvenfataverslun	86	77	79	78	85
52422	Herrafataverslun	15	15	16	12	12
52423	Barnafataverslun	30	22	25	22	21
52424	Blönduð fataverslun	82	72	68	70	64
52431	Skóverslun	23	22	21	22	26
52432	Leðurvöruverslun	2	3	3	2	3
52441	Húsgagnaverslun	47	45	40	40	39
52442	Teppaverslun	5	6	6	4	4
52443	Gluggatjaldaverslun	8	8	8	6	3
52444	Lampa- og ljósaverslun	16	11	10	11	12
52445	Búsáhaldaverslun	7	9	9	8	8
52451	Smásala á heimilistækjum	10	11	10	8	9
52452	Smásala á útvörpum og sjónvörpum	10	8	10	10	10
52453	Smásala á hljómpl., geislad. o.þ.h.	7	7	5	7	6
52454	Hljóðfæraverslun	10	10	10	10	10
52459	Smásala heimilistækjum, útvarpstækjum o.þ.h.	10	12	12	10	10
52461	Byggingar- og járnvöruverslun	61	60	64	60	53
52462	Málningar- og veggfóðursverslun	10	12	12	13	13
52470	Bóka- og ritfangaverslun	47	43	47	49	49
52481	Gleraugna- og sjóntækjaversl.	27	26	26	25	24
52482	Ljósmyndavöruverslun	9	11	11	9	9
52483	Skartgripaverslun	16	15	14	14	13
52484	Úraverslun	9	8	8	7	6
52485	Gjafavöruverslun	61	58	43	38	38
52486	Sportvöruverslun	63	52	48	40	37
52487	Leikfangaverslun	13	14	12	10	7
52488	Blómaverslun	70	60	57	55	57
52489	Garðplöntu- og túnþökusala	6	6	6	4	3
52491	Gæludýraverslun	6	7	6	4	4
52492	Listmunaverslun, gallerí	15	15	11	10	11
52493	Smásala á tölvum, símum o.þ.h.	37	34	38	29	31
52495	Smásala á reiðhjólum	8	7	7	7	6
52496	Smásala á barnavögnum o.þ.h.	3	3	3	3	5
52499	Smásala í sérverslunum ót.a.	50	43	35	35	34
52500	Smásala með notaða muni	12	9	9	8	7
52610	Póstverslun og önnur fjarverslun	28	18	14	11	14
52620	Markaðir	1	1	1	1	1
52630	Önnur smásala utan verslana	12	4	3	4	3
52710	Viðgerðir á skóm o.þ.h.	9	8	8	8	6
52720	Viðgerðir á rafmagnsheimilistækjum	42	45	44	44	44
52740	Aðrar ótaldar viðgerðir	16	13	12	13	13
	Hótel- og veitingahúsarekstur					
55110	Hótel með veitingasölu	92	76	67	56	50
55120	Hótel án veitingasölu	63	61	51	44	42
55210	Farfuglaheimili og fjallaskálar	5	5	4	3	3
55220	Tjaldstæði, þ.á m. hjólhýsastæði	3	3	3	4	3
55230	Bændagisting, orlofshús o.þ.h.	16	16	14	7	5
55301	Matsölustaðir	324	263	243	211	196

Ísat	Skammstafað heiti atvinnugreinar	1999	1998	1997	1996	1995
55302	Skemmtistaðir með matsölu	17	12	13	14	17
55400	Krár, kaffihús, dansstaðir o.fl.	91	79	77	75	61
55510	Mötuneyti	15	14	16	15	8
55520	Sala á tilbúnum mat	23	21	20	19	14
	Samgöngur og flutningar					
60210	Akstur strætisvagna og áætlunarbíla	15	15	15	15	14
60220	Akstur leigubíla	5	3	2	1	1
60230	Aðrir farþegaflutningar á vegum	50	43	40	40	33
60241	Akstur sendibíla	35	29	21	16	11
60242	Akstur vörubíla	27	20	17	10	10
60243	Akstur flutningabíla	70	61	62	62	63
61100	Millilanda- og strandsiglingar	28	25	22	22	18
61200	Samgöngur á vatnaleiðum	6	5	4	2	1
62100	Áætlunarflug	6	6	7	7	7
62200	Leiguflug og þjónustuflug	17	17	16	13	13
63110	Vöruafgreiðsla	2	2	2	1	2
63120	Vörugeymslur	10	10	10	12	12
63210	Önnur þjónusta v. flutninga á landi	47	38	36	31	27
63220	Önnur þjónusta v. flutninga m. skipum	94	96	95	92	95
63230	Önnur þjónusta v. flutninga í lofti	6	7	8	7	7
63300	Ferðaskrifstofur og ferðaþjón. ót.a.	130	104	91	74	64
63400	Önnur flutningamiðlun	24	18	18	16	14
64110	Almenn póstþjónusta	90	90	90	23	22
64120	Boðberaþjónusta	6	6	7	5	5
64200	Síma- og fjarskiptaþjónusta	49	42	30	111	108
	Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og vátryggingar					
65110	Rekstur seðlabanka	1	1	1	1	1
65120	Rekstur banka og sparisjóða	167	165	160	161	134
65210	Eignarleiga	5	5	6	7	7
65221	Fjárfestingarlánasjóðir	30	32	34	32	31
65222	Greiðslukortafyrirtæki	3	3	3	2	2
65231	Verðbréfasjóðir	31	27	26	24	20
65239	Fjármálastarfsemi ót.a.	68	63	59	55	52
66010	Líftryggingar	5	4	4	3	4
66021	Sameignarsjóðir	9	9	8	6	5
66022	Séreignarsjóðir	0	1	1	0	0
66029	Aðrar lífeyristryggingar	1	1	1	1	1
66030	Skaðatryggingar	8	8	8	10	10
67110	Kauphallarstarfsemi	1	1	0	0	0
67120	Verðbréfamiðlun	21	15	15	14	13
67130	Starfsemi v. fjármálaþjónustu ót.a.	8	5	3	2	3
67200	Starfsemi v. vátryggingafélaga og lífeyrissjóða	58	46	37	27	22
	Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta					
70110	Lóða- og byggingaumsýsla, sala o.þ.h.	6	3	2	3	3
70120	Kaup og sala á eigin fasteignum	41	20	14	4	4
70201	Leiga íbúðarhúsnæðis	52	43	33	14	13
70202	Leiga atvinnuhúsnæðis	873	760	668	612	564
70203	Leiga á landi og landréttindum	26	24	23	23	20
70310	Fasteignamiðlun	104	92	83	74	62
70321	Starfsemi húsfélaga íbúðareig.	20	22	22	23	22
70329	Annar fasteignarekstur	314	311	309	313	304

Ísat	Skammstafað heiti atvinnugreinar	1999	1998	1997	1996	1995
71100	Bílaleiga	52	40	33	34	31
71210	Leiga annarra landflutn.tækja	3	2	2	1	1
71220	Báta- og skipaleiga	5	6	5	4	4
71230	Leiga á loftförum	13	11	7	4	3
71310	Leiga landbúnaðarvéla og -tækja	1	1	1	0	0
71320	Leiga vinnuvéla o.þ.h.	28	26	25	20	25
71330	Leiga skrifstofuvéla og tölva	3	4	4	3	4
71340	Véla- og tækjaleiga ót.a.	34	36	32	27	21
71401	Myndbandaleiga	26	26	29	31	33
71409	Leiga einka- og heim.muna ót.a.	9	6	7	6	6
72100	Ráðgjöf varðandi vélbúnað	8	6	5	5	2
72200	Hugbúnaðargerð og ráðgjöf	302	221	207	162	134
72300	Gagnavinnsla	16	14	16	19	19
72400	Rekstur gagnabanka	4	6	5	5	5
72500	Viðgerðir skrifstofuvéla, tölva o.þ.h.	12	10	9	8	7
72600	Önnur starfsemi tengd tölvum	43	32	25	22	17
73100	R&þ í raun- og tæknivísindum	80	58	45	42	40
73200	R&þ í félags- og hugvísindum	13	13	13	12	11
74110	Lögfræðiþjónusta	162	137	129	123	108
74120	Bókhald, endursk.og skattaráðgj.	206	193	185	177	165
74130	Markaðsrannsóknir, skoðanakannanir	17	14	15	12	6
74141	Rekstrarráðgjöf í landbúnaði	0	0	1	1	1
74149	Önnur rekstrarráðgjöf	206	163	146	133	114
74150	Rekstur eignarhaldsfélaga	412	255	208	176	152
74201	Verkfr.- og tækniráðgj. v. bygg.	144	138	129	116	110
74202	Verkfræðiráðgj. v. framltækni	41	36	31	29	28
74203	Arktitektar og byggingaráðgjöf	107	93	84	75	66
74204	Jarðfræðiranns. og könnun jarðefna	8	8	9	9	7
74205	Könnun lands	10	10	10	9	8
74206	Einkaleyfisskrifstofur	7	6	5	5	4
74209	Önnur tæknileg ráðgjöf	37	39	37	38	39
74300	Tæknilegar prófanir og greining	12	10	13	12	12
74401	Starfsemi auglýsingastofa	101	89	86	73	63
74409	Önnur auglýsingastarfsemi	57	50	48	34	29
74500	Vinnumiðlun og ráðn.þjón.	17	17	13	7	6
74600	Öryggisþjónusta	23	21	16	15	12
74700	Ræstingar, sótthreinsun o.þ.h.	76	63	62	53	43
74810	Ljósmyndaþjónusta	65	57	59	57	53
74820	Pökkunarstarfsemi	2	2	1	3	3
74831	Þýðingar og túlkun	12	9	8	8	8
74832	Skrifstofuþjónusta	21	19	24	20	18
74840	Viðsk. og sérhæfð þjónusta ót.a.	209	157	134	93	88
	Opinber stjórnsýsla; almannatryggingar					
75110	Almenn stjórnsýsla og löggjöf	193	193	237	259	264
75120	Heilbr.-, mennta- og félagsmál	134	125	118	118	118
75130	Stjórns. í þágu atvinnuveganna	87	88	84	86	87
75140	Þjónusta fyrir hið opinbera	93	93	93	93	94
75210	Utanríkisþjónusta	6	6	6	6	6
75230	Dómstólar og fangelsi	18	18	18	19	19
75240	Löggæsla	32	32	32	31	31
75250	Slökkviliðs- og björgunarstarfs.	24	24	23	23	22

Ísat	Skammstafað heiti atvinnugreinar	1999	1998	1997	1996	1995
75300	Almannatryggingar	11	11	43	33	33
	Fræðslustarfsemi					
80100	Fræðslustarfs. í grunnskóla	223	220	220	223	227
80210	Fræðslustarfs. framhsk., bóknám	27	26	25	25	23
80220	Fræðsla framhsk., iðn- og verknám	28	29	30	31	30
80300	Fræðslustarfs. á æðra námsstigi	9	7	6	6	5
80410	Ökuskólar, flugskólar o.fl.	28	25	20	20	17
80422	Tónlistarskólar	14	14	13	13	10
80429	Önnur fullorðinsfr., fræðsla ót.a	88	74	65	59	49
	Heilbrigðis- og félagsþjónusta					
85111	Deildskipt sjúkrahús	13	13	13	13	12
85112	Sjúkrahús m. takmarkaða sérfræðiþjónustu	18	17	32	18	18
85113	Endurhæfing	6	5	4	5	1
85114	Hjúkrunarvistun	8	7	7	6	3
85115	Áfengismeðferð	1	1	1	2	2
85121	Heilsugæsla	37	38	57	56	55
85122	Sérfræðiþjónusta lækna	69	48	40	32	30
85131	Tannlækningar	84	66	61	50	41
85132	Tannsmíðar	24	20	16	15	12
85141	Starfsemi sjúkraþjálfara	29	24	19	17	15
85142	Starfsemi sálfræðinga	10	5	4	4	4
85143	Rannsóknarstofur í læknisfræði	4	4	4	4	4
85149	Önnur heilbrigðisþjónusta	31	30	28	27	26
85200	Dýralækningar	13	10	9	5	1
85311	Heimili fyrir börn og unglinga	8	7	7	7	2
85313	Dvalarheimili fyrir aldraða	46	45	44	44	41
85314	Heimili fyrir fatlaða	96	88	84	81	70
85315	Stofnanir fyrir fikniefnaneyt. og áfengissjúklinga	0	0	0	0	1
85319	Aðrar stofnanir	1	1	0	0	0
85322	Leikskólar og dagvistun barna	95	94	87	84	78
85323	Skóladagheimili	6	6	6	6	6
85324	Félagsmiðst. og æskulýðsstarf	15	12	12	11	10
85326	Dagvistun fyrir fullorðna	8	7	7	8	8
85327	Þjálfunarst., verndaðir vinnustaðir o.þ.h.	4	4	4	4	4
85328	Líknarfélög o.þ.h.	10	10	10	9	3
85329	Félagsráðgjöf og félagsleg aðstoð	3	1	1	0	0
85331	Minningar- og styrktarsjóðir	137	129	117	102	15
	Önnur samfélagsþjónusta					
90000	Skólpveitur, sorphreinsun o.þ.h.	42	42	42	37	37
91110	Félög atv.vega og vinnuveit.	3	3	3	2	2
91120	Starfsemi fagfélaga	1	1	1	1	0
91200	Starfsemi stéttarfélaga	3	1	1	1	1
91311	Þjóðkirkjan	476	473	468	466	459
91319	Önnur trúfélög	1	2	2	2	0
91320	Starfsemi stjórnmálasamtaka	0	1	0	0	0
91330	Önnur ótalin félagastarfsemi	22	14	15	14	11
92110	Framleiðsla kvikmynda og myndbanda	110	94	90	80	68
92120	Dreifing kvikmynda og myndbanda	8	8	7	6	7
92130	Rekstur kvikmyndahúsa	15	15	14	14	13
92200	Starfsemi útvarps- og sjónvarpsst.	30	27	26	17	17
92310	Starfsemi listamanna	79	63	55	44	38

Ísat	Skammstafað heiti atvinnugreinar	1999	1998	1997	1996	1995
92320	Rekstur húsn. f. menningarstarfsemi	42	41	38	29	26
92330	Rekstur skemmtigarða	2	2	1	2	2
92340	Menningar- og afþreyingarstarfsemi ót.a	23	23	24	24	22
92400	Starfsemi sjálfstæðra fréttastofa	3	3	1	1	1
92511	Almenningsbókasöfn	45	44	44	45	44
92512	Þjóð- og háskólabókasöfn o.þ.h.	2	2	2	3	3
92513	Skjalasöfn	15	14	13	13	13
92520	Starfsemi annarra safna o.þ.h. starfsemi	57	53	50	48	42
92530	Rekstur dýragarða, þjóðgarða o.þ.h.	1	1	0	0	0
92610	Rekstur íþróttamannvirkja	42	43	44	41	39
92620	Önnur íþróttastarfsemi	29	21	12	9	8
92710	Happdrætti og veðmálastarfsemi	5	5	5	5	4
92720	Tómstundastarfsemi ót.a.	35	33	28	28	24
93010	Þvottahús og efnalaugar	62	62	59	52	52
93020	Hárgreiðslu- og snyrtistofur	208	186	181	184	165
93030	Útfararþjónusta	8	8	8	6	2
93040	Heilsuræktarst., sólbaðst. o.þ.h.	86	79	67	51	50
93050	Persónuleg þjónusta ót.a.	10	8	8	6	6
97000	Engin starfsemi	1437	1265	1578	1739	1785
98000	Ótilgreind starfsemi	786	773	640	641	605
99001	Starfsemi varnarliðsins	1	1	1	1	1

3. *Hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að geta stofnað einkahlutafélög hér á landi og annars staðar á Norðurlöndunum?*

Skilyrðin sem þarf að fullnægja til að geta stofnað einkahlutafélög hér á landi er aðallega að finna í II. kafla laga nr. 38/1994, um einkahlutafélög, einkum þó 3. gr. Þar kemur m.a. fram að einstaklingur skuli vera lögráða og að stofnandi megi hvorki hafa farið fram á eða vera í greiðslustöðvun né megi bú hans vera undir gjaldþrotaskiptum. Skrifað er undir yfirlýsingu þess efnis á tilkynningu um stofnun félagsins. Að minnsta kosti einn stofnandi skal hafa heimilisfesti hér á landi eða vera ríkisborgari þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og búsettur í EES-ríki. Viðskiptaráðherra getur þó veitt undanþágu frá búsetuskilyrðinu og hefur hann veitt einstaklingum frá aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) almenna undanþágu frá skilyrðinu. Þá hefur viðskiptaráðherra veitt sérstakar undanþágur til þess að vissir lögaðilar, t.d. verkalýðsfélög, geti verið stofnendur einkahlutafélaga. Í 1. gr. laganna er ákvæði um 500.000 kr. lágmarkshlutafé.

Nefna má að skv. 9. gr. laga um einkahlutafélög má eigi skrá einkahlutafélag nema heildarhlutafé hafi verið greitt. Á grundvelli 122. gr. krefst hlutafélagaskrá yfirlýsingar kjörinna endurskoðenda eða skoðunarmanna um að upplýsingar í tilkynningu um stofnun einkahlutafélags varðandi greiðslu hlutafjár séu réttar.

Ákvæði laga um einkahlutafélög varðandi stofnun einkahlutafélaga eru byggð á dönskum lögum um sama efni og svipar þeim til ákvæða laga um þessi félög annars staðar á Norðurlöndum. Eru reglurnar í samræmi við skilyrði EES-samningsins. Af samningnum leiðir að ekki er lengur unnt að krefjast þess að minnst tvo aðila þurfi til að stofna einkahlutafélag heldur nægir að stofnandi sé einn. EES-samningurinn samræmir þó ekki löggjöf um einkahlutafélög nema að litlu leyti og tekur t.d. ekki á því hvert skuli vera lágmark hlutafjár. Fjárhæðin hér á landi, 500.000 kr., miðaðist við að lágmarksfjárhæðin hafði verið 400.000 kr. frá 1990. Annars staðar á Norðurlöndum hefur fjárhæðin þó almennt verið nokkru hærri, þ.e. 200.000 danskar krónur í Danmörku (um 2 millj. ísl. kr.), 50.000 norskar krónur í Noregi

(um 450.000 ísl. kr.), 100.000 sænskar krónur í Svíþjóð (um 850.000 ísl. kr.) og 8.000 evrur í Finnlandi (600.000 ísl. kr.). Til samanburðar má hins vegar nefna að í Bretlandi var ekkert lágmark er lögin voru sett.

4. *Telur ráðherra rétt með tilliti til reynslunnar af einkahlutafélögum að breyta skilyrðum til stofnunar einkahlutafélaga og ef svo er, hvaða leið telur ráðherra rétt að fara í því efni?*

Eigi verður séð að nú sé sérstök þörf á að breyta ákvæðum laga um einkahlutafélög um stofnun þessara félaga, enda stutt síðan lögin voru sett. Unnt er samkvæmt lögunum að hækka lágmarkshlutafé með hliðsjón af verðbólgu. Veitt hefur verið almenn undanþága frá skilyrði um heimilisfesti til að draga úr fyrirhöfn við stofnun þessara félaga. Þó má búast við því að einhverjar breytingar þurfi að gera í tímans rás. Til dæmis er nú unnið að endurskoðun á vissum félagaréttartilskipunum Evrópusambandsins og snýst hún m.a. um rafræna framlagningu gagna við stofnun félaga, svo og rafræna upplýsingagjöf úr félagaskrám sem tíðkast nú þegar í nokkrum mæli varðandi vottorð frá hlutafélagaskrá.

160. Tillaga til þingsályktunar [158. mál]

um endurskoðun á greiðslum hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að láta fara fram heildarendurskoðun á greiðslum hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu með það að markmiði að jafnræðis sé gætt í slíkum greiðslum milli kynja og að virt séu ákvæði jafnréttislaga í því efni.

Heildarendurskoðun skal liggja fyrir á haustmánuðum 2001 og skal ráðherra gefa Alþingi skýrslu um niðurstöðu hennar.

Greinargerð.

Í svari viðskiptaráðherra við fyrirspurn í febrúar 1998 um bifreiðastyrki og stöður í bankakerfinu kom fram að mjög hallaði á konur í yfirmannastöðum innan bankakerfisins. Af svarinu mátti líka draga þá ályktun að kerfi fastra bifreiðastyrkja væri notað til að hygla körlum á kostnað kvenna í sambærilegum stöðum, sérstaklega innan Landsbankans og Búnaðarbankans. Bæði þingflokkur jafnaðarmanna og Samband íslenskra bankamanna fóru þess á leit við Jafnréttisráð í kjölfar þessarar niðurstöðu að kannað yrði hvort um væri að ræða brot á jafnréttislögum.

Niðurstaða kærunefndar jafnréttismála var að afgerandi munur væri á bifreiðastyrkjum til kynjanna innan Landsbankans og Búnaðarbankans sem bryti í bága við jafnréttislög. Ætla má að þessi úrskurður geti haft fordæmisgildi fyrir aðrar ríkisstofnanir. Full ástæða er til þess að í kjölfar hans fari á vegum fjármálaráðuneytis fram gagnger endurskoðun innan alls ríkiskerfisins á bifreiðastyrkjum og nefndarþóknunum hjá B-hluta ríkisstofnunum.

Fram kemur að greiðslur á bifreiðastyrkjum innan B-hluta ríkisstofnana, sem eru 20–30, runnu til 829 starfsmanna, en um var að ræða greiðslu vegna aksturs (bifreiðastyrki og lokaða

aksturssamninga). Þar af fengu 555 karlar greiðslur og 274 konur. Samtals námu þessar greiðslur tæpum 80 millj. kr. Karlar fengu tæpa 71 millj. kr. en konur rúmar 9 millj. kr.

Þegar litið er til bifreiðastyrkja, en lokaðir aksturssamningar undanskildir, vekur sérstaka athygli að af um 74 millj. kr. greiðslum fengu 487 karlar tæplega 66 millj. kr. en 265 konur rúmar 8 millj. kr. Meðalbifreiðastyrkur til karla var því rúmlega 135 þús. kr. á árinu 1996 en meðalstyrkur til kvenna rúmlega 30 þús. kr. Einnig kom fram mikill og afgerandi munur á greiðslum til kynjanna vegna fastra nefndarlauna og þóknana en 83% þessara greiðslna runnu til karla, 17% til kvenna. Þessar tölur kalla á skýringar. Margt bendir til að hér sé einnig um brot á jafnréttislögum að ræða.

Úrskurður kærunefndar jafnréttismála gefur tilefni til að ítarleg endurskoðun fari fram á hlunnindagreiðslum og bifreiðastyrkjum hjá hinu opinbera til að koma í veg fyrir að slíkar greiðslur viðhaldi launamisrétti kynjanna.

Líta verður svo á að um tímamótaúrskurð kærunefndar jafnréttismála sé að ræða sem styðji það sem lengi hefur verið haldið fram að hið opinbera noti duldar greiðslur og fríðindi til að viðhalda launamisrétti kynjanna. Við slíku verður að sporna því að ríkisvaldið hefur fyrst og fremst þær skyldur í jafnréttismálum að stuðla að því að jafnréttislög séu ekki brotin og sýna þar með gott fordæmi fyrir almenna vinnumarkaðinn.

Jafnréttisráð telur brýnt að endurskoða greiðslur hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu, eins og þessi þingsályktunartillaga kveður á um, og að skýrar reglur verði settar um þessar greiðslur.

161. Frumvarp til laga [159. mál]

um breytingu á fjarskiptalögum, nr. 107 28. desember 1999.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Kristján L. Möller,
Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

3. mgr. 44. gr. laganna orðast svo:

Sá aðili símtals, sem vill hljóðrita samtalið, skal í upphafi þess tilkynna viðmælanda sínum um þá fyrirætlan sína. Slíkt á þó ekki við um:

a. Hljóðritun í þágu lögmætra viðskiptahagsmuna, til sönnunar á inntaki samningssambands, eða ef ótvírætt má ætla að viðmælanda sé kunnugt eða megi vera kunnugt um hljóðritunina, eins og t.d. vegna fréttaöflunar fjölmiðla.
b. Hljóðritun af hálfu stjórnvalds, enda sé hún eðlilegur þáttur í starfsemi þess og nauðsynleg vegna almannahagsmuna eða allsherjarreglu og ótvírætt megi ætla að viðmælanda sé kunnugt um hljóðritunina.
c. Hljóðritun sem er einstaklingi nauðsynleg til að verjast meiðandi hótunum eða áreiti, svo sem af kynferðislegum toga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Heildarlög um fjarskipti voru samþykkt rétt fyrir sl. áramót. Í þeim lögum var að finna ákvæði sem kvað á um skilyrðislaust bann við upptöku samtals. Eftir frekari skoðun virðist ljóst að löggjafinn gekk of langt í lagasetningu sinni með því að setja skýlaust bann við upptöku, þegar mið er tekið af 5. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 97/66/EB frá 15. desember 1997, um úrvinnslu persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífsins á sviði fjarskipta, sem er fyrirmynd 3. mgr. 44. gr. núgildandi fjarskiptalaga.

Meginreglan í tilskipun nr. 97/66, sem fjallar um persónuvernd á sviði fjarskipta, er tvímælalaust sú að óheimilt sé að hljóðrita símtal nema hinn aðili samtals samþykki upptökuna.

Tillagan sem hér er lögð fram felur í sér að meginreglan verði bann við upptöku samtala án vitundar viðmælanda, en eðlilegar undanþágur verði heimilaðar sem er sú leið sem önnur lönd á Evrópska efnahagssvæðinu hafa farið. Í ákveðnum tilvikum er þá heimilt að taka upp samtöl. Þau sjónarmið sem liggja að baki undanþágunni eru einkum nauðsyn samfélagsins á því að halda uppi allsherjarreglu og tryggja sönnun. Þá er enn fremur hnykkt á mikilvægi hlutverks fjölmiðla við að tryggja aðhald og upplýsingaöflun og gengið út frá því að viðmælendum fjölmiðlamanna megi vera ljóst að líkur standa til þess að samtalið sé tekið upp.

162. Frumvarp til laga [160. mál]

um ábyrgðarmenn.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Pétur H. Blöndal, Einar Oddur Kristjánsson, Kristinn H. Gunnarsson, Jón Kristjánsson, Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson, Sverrir Hermannsson.

I. KAFLI
Gildissvið, skilgreiningar og framsal.

1. gr.

Lög þessi gilda um:

a. samninga og viðskiptabréf, þar með talda tékka og víxla, þar sem einstaklingur hefur skuldbundið sig persónulega til að tryggja efndir peningakröfu á hendur aðalskuldara,
b. samninga og viðskiptabréf þar sem einstaklingar hafa veðsett eigur sínar til tryggingar efndum aðalskuldara.

Lög þessi ganga framar ákvæðum annarra laga sem kveða á um ábyrgðarmenn eins og þeir eru skilgreindir í lögum þessum.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð undanþegið samninga og viðskiptabréf ef nafnvirði fjárhæðar þeirra nær ekki 300.000 kr., auk þess sem lögin gilda ekki um framsal tékka við innlausn hans í fjármálastofnun.

2. gr.

Í lögum þessum hafa eftirtalin orð merkingu sem hér segir:

Ábyrgðarmaður: Einstaklingur sem skuldbindur sig persónulega eða með eigum sínum gagnvart öðrum til tryggingar efndum fjárskuldbindinga þriðja aðila.

Aðalskuldari: Sá sem gengist er í ábyrgð fyrir.

Kröfuhafi: Eigandi eða handhafi kröfu sem ábyrgðarmaður hefur ábyrgst.
Framsalshafi: Sá er fær kröfu framselda til sín.

3. gr.

Við framsal kröfu sem ábyrgðarmaður er í ábyrgð fyrir eða hefur veðsett eigur sínar til tryggingar efndum á gilda ákvæði þessara laga um samband framsalshafa og ábyrgðarmanns. Framsalshafi skal án tafar tilkynna ábyrgðarmanni um framsalið. Framsalshafi ber ábyrgð á því tjóni sem af því kann að hljótast að tilkynningarskyldu er ekki sinnt.

II. KAFLI
Stofnun, efni og form ábyrgðarsamninga.

4. gr.

Ábyrgðarsamningur skal vera skriflegur.

Ábyrgðarsamningur sem ekki kveður skýrt á um höfuðstól kröfu á hendur aðalskuldara er ógildur. Enn fremur er ábyrgðarsamningur ógildur ef hann kveður á um afhendingu viðskiptabréfs með ábyrgðarmönnum í því skyni að tryggja kröfu sem kann að stofnast í framtíðinni.

Skilyrði sem ekki kemur fram í ábyrgðarsamningi er ekki bindandi fyrir ábyrgðarmann nema lög kveði á um annað.

5. gr.

Áður en ábyrgðarmaður undirritar ábyrgðarsamning skal kröfuhafi upplýsa hann skriflega um hvers konar ábyrgð er að ræða og hversu víðtæk hún er. Kröfuhafi skal enn fremur upplýsa ábyrgðarmann um hverju það geti varðað falli ábyrgðin að öllu leyti eða að hluta á hann með tilliti til fjárhags ábyrgðarmanns.

Auk þess skal kröfuhafi upplýsa ábyrgðarmann um:

a. kröfu þá sem ábyrgðarmaður vill ábyrgjast, auk upplýsinga um þann tíma sem ábyrgðinni er ætlað að gilda, fjárhæð kröfu, fyrningarreglur, hlutfall ábyrgðar eða hæstu fjárhæð sem ábyrgðarmanni er ætlað að ábyrgjast og kostnað sem ábyrgðarmanni er ætlað að ábyrgjast vegna vanefnda aðalskuldara,
b. veð og tryggingar sem auk ábyrgðarloforðs er ætlað að standa til tryggingar efndum kröfu, þar með talið virði eigna sem aðalskuldari hefur sett til tryggingar efndum,
c. aðrar skuldir aðalskuldara hjá viðkomandi lánveitanda og hvort þær eru í vanskilum enda liggi samþykki aðalskuldara fyrir um veitingu slíkra upplýsinga; hafni aðalskuldari því að ábyrgðarmanni verði veittar þessar upplýsingar skal ábyrgðarmanni tilkynnt um það áður en hann undirritar ábyrgðarsamning.

Ábyrgðarmanni skal afhent eintak af lánssamningi og ábyrgðarsamningi auk annarra skriflegra upplýsinga sem skylt er að veita honum.

III. KAFLI
Réttarsamband kröfuhafa og ábyrgðarmanns.

6. gr.

Kröfuhafi skal tilkynna ábyrgðarmanni skriflega um vanefndir aðalskuldara. Ábyrgðarmaður verður ekki krafinn um greiðslur á dráttarvöxtum eða öðrum kostnaði sem fellur til eftir gjalddaga nema liðnar séu tvær vikur frá því að ábyrgðarmanni var send tilkynning um vanefndir aðalskuldara. Þá skal kröfuhafi tilkynna ábyrgðarmanni ef veð eða aðrar trygginga-

ráðstafanir eru ekki lengur tiltækar. Jafnframt skal kröfuhafi tilkynna ábyrgðarmanni um lát aðalskuldara eða að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Kröfuhafi skal, fyrir hver áramót, tilkynna ábyrgðarmanni skriflega um hvaða kröfum hann er í ábyrgðum fyrir, hverjar eftirstöðvar þeirra eru, hvort þær eru í vanskilum og hversu mikil vanskil eru, ef um þau er að ræða.

Vanefni kröfuhafi tilkynningarskyldu sína ber hann ábyrgð á því tjóni sem ábyrgðarmaður kann að verða fyrir vegna þess.

7. gr.

Kröfuhafi getur ekki gert fyrirvara um það í ábyrgðarsamningi að hann geti einhliða breytt skilmálum samnings í óhag fyrir ábyrgðarmann. Breyting á upphaflegum lánssamningi kröfuhafa og aðalskuldara hefur engin áhrif á ábyrgðarsamning nema samhliða sé gerð á honum sams konar breyting. Ákvæði þetta gildir þó ekki um breytingar á vöxtum eða kostnaðarliðum sem lánveitandi hefur rétt til að breyta samkvæmt samningi við aðalskuldara.

Ákvæði í samningi um að ábyrgðarmaður afsali sér rétti til að gera kröfur á hendur lánveitanda vegna vanefnda á skyldum hans gagnvart ábyrgðarmanni eru ógild.

8. gr.

Vanefni aðalskuldari skyldur sínar þannig að kröfuhafi gjaldfellir kröfu ásamt vöxtum og kostnaði gildir sú gjaldfelling ekki gagnvart ábyrgðarmanni nema honum hafi áður verið tilkynnt um vanefnd aðalskuldara og jafnframt gefinn kostur á að greiða kröfuna. Ábyrgðarmaður verður ekki krafinn um dráttarvexti eða kostnað vegna innheimtu eða annarra fullnustuaðgerða nema honum hafi áður verið gefinn kostur á að greiða kröfuna. Ef ábyrgðarmaður ákveður að greiða kröfuna eða koma henni í skil skal hann tilkynna kröfuhafa og aðalskuldara um það um leið og greiðsla hefur átt sér stað.

9. gr.

Ekki verður gerð aðför í fasteign þar sem ábyrgðarmaður býr eða fjölskylda hans ef krafa á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs enda hafi ábyrgðarmaður ekki haft hag af lánveitingunni eða stofnun kröfunnar.

Kröfuhafi getur ekki krafist gjaldþrotaskipta á búi ábyrgðarmanns ef krafa hans á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs nema hann geri sennilegt að um sviksamlegt undanskot eigna ábyrgðarmanns hafi verið að ræða eða ábyrgðarmaður hafi haft ávinning af lánveitingunni eða stofnun kröfunnar.

IV. KAFLI
Takmarkanir á ábyrgð.

10. gr.

Hafi kröfuhafi keypt tryggingu vegna hugsanlegs greiðslufalls aðalskuldara og greiðsluskylda fellur til samkvæmt skilmálum tryggingar takmarkar sú greiðsla ábyrgð ábyrgðarmanns sem nemur þeirri fjárhæð sem greidd er inn á kröfuna.

Ef kröfuhafi vanrækir að lýsa kröfu í gjaldþrota- eða dánarbú aðalskuldara lækkar krafa á hendur ábyrgðarmanni sem nemur þeirri fjárhæð sem ella hefði fengist greidd úr þrota- eða dánarbúi aðalskuldara.

Nauðasamningur eða önnur eftirgjöf sem kveður á um lækkun kröfu á hendur aðalskuldara hefur sömu áhrif til lækkunar kröfu á hendur ábyrgðarmanni.

V. KAFLI
Brottfall ábyrgðar eða annarra tryggingaráðstafana.
11. gr.

Ábyrgðarmaður verður ekki skuldbundinn af ábyrgðaryfirlýsingu hafi aðalskuldari aldrei orðið skuldbundinn til að inna greiðslu af hendi samkvæmt samningi.

Ef lánveitandi samþykkir að veð eða aðrar tryggingaráðstafanir sem gerðar voru til að tryggja efndir samnings skuli ekki lengur standa til tryggingar, og breytingin hefur í för með sér að staða ábyrgðarmanns er þá mun verri en hún var, er ábyrgðarmaður ekki lengur bundinn af samningi sínum.

Ef kröfuhafi veitir aðalskuldara greiðslufrest er ábyrgðarmaður ekki bundinn af samningi sínum hvað varðar ábyrgð á efndum þeirrar greiðslu nema kröfuhafi geti sýnt fram á að gjaldfresturinn hafi ekki haft áhrif á greiðslugetu aðalskuldara.

VI. KAFLI
Reglugerðarheimild.
12. gr.

Viðskiptaráðherra skal setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd I. og II. kafla laga þessara.

VII. KAFLI
Gildistaka.
13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er nú flutt í fjórða sinn með nokkrum breytingum. Veigamest þeirra breytinga er að í 9. gr. frumvarpsins er kveðið á um að heimilt sé að gera fjárnám í fasteign sem ábyrgðarmaður á og býr í hafi hann haft persónulegan hag af lánveitingunni.

Í núgildandi lögum er hvergi að finna almennar reglur um ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga eða hvernig staðið skuli að slíkri samningsgerð. Bankar og aðrar fjármálastofnanir hafa því að mestu mótað eigin reglur um samskipti sín og ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga. Í skýrslu nefndar frá því í nóvember 1996, sem viðskiptaráðherra skipaði til að fara yfir framkvæmd ábyrgðarveitinga, kemur fram að gera má ráð fyrir að um 90.000 einstaklingar yfir 18 ára aldri séu í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum þriðja aðila. Það eru um 47% allra Íslendinga á þessum aldri. Ekki hefur tekist að finna nýrri upplýsingar um stöðu þessara mála hér en fátt bendir til þess að verulegar breytingar hafi orðið á þessu sviði þrátt fyrir vilja fjármálastofnana til þess. Því bendir flest til þess að ábyrgðarskuldbindingar séu mun algengari hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum eða í Vestur-Evrópu. Þannig kemur fram í áðurnefndri skýrslu viðskiptaráðuneytisins, *Ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga,* að höfundur norrænnar skýrslu um ábyrgðarveitingar telur að á 10% heimila á Norðurlöndum megi finna einstaklinga sem eru í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum annarra. Ef aðeins er tekið mið af upplýsingum sem fram koma í skýrslunni er ekki óvarlegt að ætla að á 60–80% heimila hér á landi megi finna einstaklinga yfir 18 ára aldri sem eru í persónulegri ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum annarra. Því má fullyrða að þróun ábyrgðarskuldbindinga hér á landi hefur orðið önnur en annars staðar á Norðurlöndum.

Markmiðið með framlagningu þessa frumvarps er að lögfesta almennar reglur um stofnun, form og efni ábyrgðarsamninga, samskipti ábyrgðarmanna og kröfuhafa, upplýsingaskyldu

kröfuhafa og ógildingarástæður, auk samskiptareglna milli ábyrgðarmanna og lánveitanda. Reglunum er því ætlað að gilda um samninga þar sem einstaklingar takast á hendur persónulega ábyrgð eða ábyrgð fyrir hönd einkafirma síns og aðalskylda skuldara er greiðsla peninga.

Frumvarpið byggist að miklu leyti á sjónarmiðum um neytendavernd. Nauðsyn hennar birtist m.a. í aðstöðumun sem jafnan er á stöðu ábyrgðarmanna annars vegar og viðsemjenda þeirra (lánastofnana) hins vegar. Í flestum tilvikum er öll sérfræðiþekking í lánsviðskiptum hjá lánveitanda (kröfuhafa), auk þess sem ábyrgðarmaður sjálfur hefur sjaldnast nokkurn hag af samningnum. Þá er þess að geta að ástæður einstaklinga fyrir því að gangast í ábyrgð eru oftar en ekki krafa lánastofnana eða annarra stórfyrirtækja um auknar tryggingar, auk þrýstings frá fjölskyldumeðlimum, vinum og kunningjum sem erfitt getur verið að standast þar sem afkoma og afdrif einstaklinga geta verið undir því komin að umbeðin fyrirgreiðsla fáist.

Hér á landi virðist hafa verið lögð ríkari áhersla á að þriðji maður ábyrgist efndir aðalskuldara en þekkist í nágrannalöndunum. Minni áhersla hefur verið lögð á að lánveitandi láti fara fram faglegt mat á greiðslugetu lántakenda eins og skýrslan sem vitnað er til hér að framan ber með sér. Lánastofnanir virðast hafa lagt mun meiri áherslu á að reyna þess í stað að tryggja sér ábyrgð þriðja manns í því skyni að takmarka sína áhættu. Þessu er frumvarpinu, verði það að lögum, ætlað að breyta.

Þá er það eitt af markmiðum frumvarpsins að tryggja að upplýsingar um áhættu ábyrgðarmanns liggi fyrir þegar ábyrgðarsamningur er undirritaður. Þessi upplýsingagjöf kröfuhafa er forsenda samningsins og liggi upplýsingar ekki nægjanlega skýrt fyrir við samningsgerð getur það leitt til þess að samning megi ógilda á grundvelli reglna frumvarpsins og almennra reglna um brostnar forsendur í samningum, sbr. III. kafla laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Finna má þess mörg dæmi úr íslensku viðskiptalífi að forsenda þess að samningar tókust var að þriðji aðili, einstaklingur, tókst á herðar ábyrgð á efndum. Mýmörg dæmi eru um tilvik þar sem samningsaðilum sjálfum hefur verið ljóst að aðalskuldari gæti aldrei efnt samning, en hann komist á þrátt fyrir það, án þess að ábyrgðarmanni væri þessi vitneskja tiltæk. Þetta hefur oft og tíðum leitt til þess að ábyrgðarmenn hafa misst heimili sín og þannig hefur verið kippt stoðum undan fjárhagslegu og félagslegu öryggi heilu fjölskyldnanna án þess að ábyrgðarmenn hafi nokkurn tíma haft af því hagsmuni að samningi væri komið á. Afleiðingarnar hafa oft verið mjög alvarlegar fyrir einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið í heild.

Róttækustu breytingarnar sem frumvarpið felur í sér er að finna í 4. gr. Þar er í fyrsta lagi kveðið á um að ábyrgðarsamningar skuli vera skriflegir. Það er formskilyrði fyrir gildi þeirra. Rökin fyrir þessari breytingu eru þau að sönnunaraðstaða um efni ábyrgðarsamnings væri annars mjög erfið. Í reynd eru flestir ábyrgðarsamningar skriflegir og því mun þetta ákvæði ekki hafa mikla praktíska breytingu í för með sér frá því sem nú er. Í 2. mgr. er kveðið á um að ábyrgðarsamningar þar sem ekki er kveðið skýrt á um höfuðstól kröfu á hendur aðalskuldara séu ógildir. Þá er þar kveðið á um að óheimilt sé að afhenda viðskiptabréf með ábyrgðarmönnum til að tryggja kröfu sem kann að stofnast síðar. Sú regla leiddi meðal annars til þess að afhending svokallaðra tryggingarvíxla, sem er séríslenskt fyrirbæri, yrði ekki lengur heimil.

Enn fremur er að finna róttækar breytingar í 9. gr. frumvarpsins en þar er efni ábyrgðarloforðs þrengt frá því sem nú er. Finna má mörg dæmi úr íslensku viðskiptalífi um að forsenda þess að samningar tókust hafi verið að þriðji aðili, einstaklingur, gekkst í ábyrgð á efndum. Dæmi eru að samningur hafi komist á þrátt fyrir að samningsaðilum hafi verið ljóst að aðalskuldari gæti aldrei efnt samninginn. Þetta hefur leitt til þess að ábyrgðarmenn hafa misst

heimili sín og þannig hefur verið kippt stoðum undan fjárhagslegu og félagslegu öryggi heilu fjölskyldnanna, án þess að ábyrgðarmenn hafi nokkurn tíma haft af því hagsmuni að samningi væri komið á. Afleiðingarnar hafa oft verið mjög alvarlegar fyrir einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið í heild.

Því er í 9. gr. kveðið á um að ekki verði gerð aðför í fasteign ábyrgðarmanns, sem hann býr í, ef krafa á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs, auk þess sem þar er að finna ákvæði þess efnis að krafa um gjaldþrotaskipti verði ekki höfð uppi vegna kröfu sem á rót sína að rekja til ábyrgðarsamnings. 9. gr. á sér sumpart fyrirmynd í reglu sem hefur verið lögfest víða í Bandaríkjunum, svokallaðri „Homestead exemption"-reglu (Homestead exemption for the house in which the debtor lives, þ.e. „homestead" merkir heimili skuldara). Í öllum samanburði við þessa reglu er rétt að hafa í huga að bandaríska reglan á við um gjaldþrotaskipti, en hér er ætlunin að setja almennar reglur um ábyrgðarmenn. „Homestead exemption"-reglan kveður á um að heimili skuldara renni ekki inn í gjaldþrotabú við skipti. Rökin fyrir henni eru þau að það þjóni ekki hagsmunum samfélagsins að reka einstaklinga og fjölskyldur á dyr í kjölfar gjaldþrots heldur auki það aðeins á vandann í stað þess að leysa hann. Þá er og sagt að samfélagsleg vandamál vegna sundraðra heimila vegi þyngra en hagsmunir einstakra kröfuhafa af því að geta leitað efnda kröfu með því að selja hús ofan af skuldaranum. Tilvist reglunnar leiðir sjálfkrafa af sér að ríkar kröfur eru gerðar til samningsaðilanna sjálfra um fagleg vinnubrögð við samningsgerð. Sú staðreynd að gagnaðili eigi fasteign undanþiggur ekki viðsemjanda hans frá því að sýna ýtrustu aðgæslu við samningsgerð. Reglan sem er almenn tekur jafnt til aðalskuldara og ábyrgðarmanna og gengur því mjög langt í því að vernda fjölskylduna, mun lengra en hér er gert, enda gildir þetta frumvarp aðeins um ábyrgðarmenn. Þessa hugsun er ætlunin að færa inn í íslenskan rétt með lögfestingu frumvarpsins.

Það er mat flutningsmanna að með framlagningu frumvarpsins, einkanlega 9. gr., sé á engan hátt vegið að eðlilegu samningsfrelsi í landinu enda er hér aðeins verið að standa gegn því að gert verði fjárnám í heimilum þeirra sem gangast í persónulega ábyrgð fyrir þriðja aðila, án þess að þeir hafi persónulegan hag af lánveitingunni. Eftir sem áður geta einstaklingar í frjálsum samningum veðsett eigur sínar að vild. Flutningsmenn telja að samningsfrelsi sé og verði ein af grundvallarreglum samfélagsins þótt eðlilegar undantekningar geti verið á þeirri reglu sem finna má ýmis dæmi um í löggjöfinni. Í frumvarpinu eru skýrar reglur um hvernig standa skuli að samningsgerð þegar þriðji maður gengst í ábyrgð á efndum aðalskuldara vegna fjárskuldbindinga, auk þess sem ábyrgðarkrafa er færð skör neðar, án þess að lagt sé bann við nokkru sem nú er heimilt.

Rökin fyrir þeim reglum sem hér er lagt til að verði lögfestar eru markmiðið um vernd einstaklingsins sökum þeirrar yfirburðastöðu sem lánveitendur hafa jafnan við samningsgerð. Það er einnig mat flutningsmanna að sú þróun sem átt hefur sér stað hér á landi á fjölda ábyrgðarmanna sé óviðunandi, eins og áðurnefnd skýrsla viðskiptaráðherra ber með sér. Enn fremur er í frumvarpinu gerð sú krafa til kröfuhafa að þeir sendi um hver áramót tilkynningu til ábyrgðarmanna með upplýsingum um ábyrgðir sem þeir hafa gengist í og hvort þær séu í vanskilum og þá hversu mikil þau vanskil eru. Flutningsmenn telja nauðsynlegt að haldið sé vel utan um þetta því að eins og ábyrgðarmannakerfið hefur þróast hér á landi er óvíst að allir hafi nákvæmt yfirlit yfir það í hvaða ábyrgðum þeir eru. Má sem dæmi benda á Lánasjóð íslenskra námsmanna, en löngum hefur tíðkast að samstúdentar skrifi upp á lán hver fyrir annan án þess oft og tíðum að hafa nægа yfirsýn yfir hvaða ábyrgðir þeir hafa skrifað upp á.

Eins og áður hefur komið fram er frumvarp þetta lagt fram fjórða sinni þar sem það varð ekki útrætt á síðasta þingi.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Samkvæmt greininni munu lögin gilda um samninga og skuldabréf þar sem einstaklingur hefur skuldbundið sig persónulega eða fyrir hönd einkafirma til að tryggja efndir peningakröfu. Enn fremur er þeim ætlað að gilda um sams konar samninga þar sem einstaklingar hafa veðsett eigur sínar til tryggingar efndum peningakröfu á hendur aðalskuldara. Lögin munu gilda um alla samninga einstaklinga þar sem þeir hafa ákveðið að gangast í ábyrgð gagnvart þriðja aðila og breytir engu hvort ábyrgðin er in solidum, pro rata, einföld eða annars konar ábyrgð. Aðalatriðið við mat á því hvort lögin taka til gerningsins er hvort einstaklingur gengst í ábyrgð þar sem aðalskylda aðalskuldara er greiðsla peninga. Lögin munu einnig taka til tilvika þegar einstaklingar taka á sig persónulega ábyrgð í gegnum einkafirma sitt. Aðalatriðið við mat á því hvort lögin eigi við er hvort einstaklingur verði persónulega ábyrgur falli niður greiðsla af hálfu aðalskuldara.

Lögin munu taka til allra einstaklinga í tilvikum þar sem fleiri en einn hefur undirritað ábyrgðarsamning. Réttarsamband hvers og eins er því sjálfstætt gagnvart kröfuhafa.

Ætlunin er að lögin gangi framar gildandi lögum sem fjalla um ábyrgðarmenn, þ.e. þeim er ætlað að taka til allra samskipta kröfuhafa og ábyrgðarmanna.

Lögunum er ekki ætlað að gilda um ábyrgðir sem ekki ná tiltekinni fjárhæð. Viðskiptaráðherra setur nánari reglur um þá fjárhæð en hún má ekki vera hærri en 300.000 kr. Viðmiðunin er heildarfjárhæð sem ábyrgst er gagnvart ákveðnum kröfuhafa. Því verður ekki komist fram hjá þessum reglum með því að gera fleiri samninga en einn við sama lánveitanda. Meginástæða þess að flutningsmenn vilja takmarka ábyrgðir við ákveðna fjárhæð er að reglunum er ekki ætlað að hefta viðskipti. Það væri þó hugsanleg niðurstaða ef reglunum væri ætlað að taka til allra viðskipta, hversu smávægileg sem þau kynnu að vera.

Lögunum er ekki ætlað að gilda um ábyrgðaryfirlýsingar vegna verk- og/eða vinnusamninga eða aðra samninga þar sem kveðið er á um aðra aðalskyldu aðalskuldara en greiðslu peninga. Aðalskuldari getur verið hvort heldur sem er einstaklingur eða lögaðili.

Lögin munu taka til allra réttarsambanda þar sem þriðji maður hefur gengist í persónulega ábyrgð fyrir greiðslu peningakröfu. Þeim er ekki ætlað að vera afturvirk, en á hinn bóginn munu þau gilda um réttarsambönd sem þegar hefur verið komið á og hefur ekki verið lokið. Má þar nefna upplýsingaskyldu kröfuhafa gagnvart ábyrgðarmanni, réttarstöðu við lýsingu krafna í þrotabú og annað þótt lögin taki ekki til stofnunar ábyrgðarsamnings sem þegar hefur verið stofnað til.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um að við framsal kröfu taki framsalshafi við réttindum og skyldum hins upphaflega kröfuhafa eins og þær eru. Framsalshafi ber ábyrgð á því tjóni sem kann að hljótast af því eða verður rekið til þess að ábyrgðarmanni var ekki tilkynnt um framsalið og gat því ekki af þeim sökum tryggt hagsmuni sína.

Um 4. gr.

Í þessari grein kemur fram það formskilyrði fyrir gildi ábyrgðarsamnings að hann sé skriflegur. Í ábyrgðarsamningi á að koma fram hvaða upplýsingar lágu fyrir við samningsgerðina. Enn fremur skal koma fram hvaða réttindi kröfuhafi áskilur sér gagnvart ábyrgðarmanni um-

fram það sem leiðir af lögum og venjum, ef einhver eru, því að ábyrgðarmaður er ekki bundinn af öðrum skilyrðum en þeim sem fram koma í samningum nema lög eða venjur kveði á um annað. Ákvæðið nær einnig til handhafabréfa.

Í 2. mgr. kemur fram að ábyrgðarsamningur er ógildur ef ekki kemur skýrt fram hver er höfuðstóll kröfu á hendur aðalskuldara. Jafnframt er óheimilt að kveða á um afhendingu viðskiptabréfs með ábyrgðarmönnum til tryggingar óákveðinni kröfu. Þetta ákvæði hefur í för með sér að óheimilt er að afhenda viðskiptabréf með ábyrgðarmönnum í því skyni að tryggja kröfu sem kann að stofnast á hendur aðalskuldara í óskilgreindri framtíð. Sem dæmi má nefna að bankar, lánastofnanir eða greiðslukortafyrirtæki gætu ekki lengur krafist þess að einstaklingur legði fram viðskiptabréf, t.d. tryggingarvíxil, með ábyrgðarmönnum áður en umbeðin fyrirgreiðsla fengist. Slíkur samningur væri ógildur.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um upplýsingaskyldu kröfuhafa við samningsgerð. Vanræksla kröfuhafa á því að upplýsa ábyrgðarmann um atriði sem talin eru upp í greininni geta leitt til þess að ábyrgðarmaður sé ekki bundinn við samning sinn, a.m.k. ekki ef vitneskja um atriði hefði getað haft áhrif á ákvörðun ábyrgðarmanns um að takast á hendur ábyrgð samkvæmt samningi. Í vafatilvikum hvílir sönnunarbyrðin um vanrækslu kröfuhafa á upplýsingagjöf á honum sjálfum. Markmiðið með þessu ákvæði er að ábyrgðarmanni sé ljós sú fjárhagslega áhætta sem hann tekur með undirritun ábyrgðarsamnings. Upptalningin er ekki tæmandi um hvaða upplýsingar þurfa að liggja fyrir við gerð ábyrgðarsamnings. Aðalatriðið við skýringu á því hvort kröfuhafi hafi uppfyllt upplýsingaskyldu sína lýtur að því hvort öll atriði sem gátu varpað ljósi á áhættu ábyrgðarmanns hafi legið fyrir við undirritun. Vanræksla kröfuhafa við samningsgerð getur leitt til þess að ábyrgðarloforðið sé ógildanlegt, sbr. III. kafla laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. skal upplýsa ábyrgðarmann um kröfu sem hann ábyrgist, hvort tímamörk eru á ábyrgðinni, fyrningarreglur og hvernig henni verði slitið, höfuðstól kröfu, greiðslubyrði aðalskuldara, hlutfall ábyrgðar, kostnað sem ábyrgðarmanni er ætlað að ábyrgjast vegna innheimtu og fullnustugerða o.s.frv.

Í b-lið 2. mgr. kemur fram að upplýsa skuli ábyrgðarmann um hvaða tryggingar hafa verið settar til að tryggja efndir aðalskuldara og hvers virði þær séu. Þar þarf að liggja til grundvallar mat á markaðsvirði eigna.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að í c-lið 2. mgr. kemur fram að ábyrgðarmaður eigi rétt á því að fá að vita um aðrar skuldbindingar aðalskuldara hjá viðkomandi lánveitanda og stöðu þeirra. Þessar upplýsingar verða þó ekki veittar nema að fengnu samþykki aðalskuldara. Ef hann veitir ekki samþykki sitt á ábyrgðarmaður á hinn bóginn rétt á því að fá að vita um það áður en hann undirritar ábyrgðarsamning.

Að lokum er kveðið á um að ábyrgðarmaður eigi rétt á því að fá afhent eintök af láns- og ábyrgðarsamningum sínum.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um upplýsingaskyldu kröfuhafa vegna vanefnda aðalskuldara auk þess sem kveðið er á um skyldu kröfuhafa til að tilkynna ábyrgðarmanni sérstaklega ef veð eða aðrar tryggingar sem kunna að hafa áhrif á réttarstöðu hans eru ekki lengur tiltækar eða líklegt er að þær fari forgörðum á einhvern hátt. Þá skal kröfuhafi tilkynna ábyrgðarmanni um gjaldþrot eða andlát aðalskuldara verði hann þess vís.

Hér er sú kvöð lögð á kröfuhafa að hann verði að tilkynna ábyrgðarmanni um vanefndir aðalskuldara ætli hann að innheimta dráttarvexti hjá ábyrgðarmanni eða annan kostnað vegna vanefndanna. Hér liggur að baki sú hugsun að ábyrgðarmaður geti alltaf gripið inn í og greitt gjaldfallna afborgun/greiðslu eins og hún var á gjalddaga.

Í 2. mgr. er kröfuhafa gert skylt að tilkynna ábyrgðarmönnum um hver áramót um stöðu þeirra krafna sem þeir eru í ábyrgðum fyrir og ef vanskil eru, hversu mikil þau séu. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum telja flutningsmenn nauðsynlegt vegna þeirrar þróunar sem orðið hefur hér á landi að ábyrgðarmenn fái a.m.k. einu sinni á ári yfirlit yfir ábyrgðir sem þeir hafa gengist í. Vanræki kröfuhafi að sinna þessari tilkynningarskyldu ber hann ábyrgð á því tjóni sem ábyrgðarmaður kann að verða fyrir vegna þess. Kröfuhafi skal tryggja sér sönnur á því að hann hafi uppfyllt þessa tilkynningarskyldu. Þetta á, að breyttu breytanda, við um aðrar greinar frumvarpsins þar sem kveðið er á um tilkynningarskyldu kröfuhafa.

Um 7. gr.

Í greininni kemur fram að kröfuhafi geti ekki svo gilt sé áskilið sér rétt til einhliða breytinga á ábyrgðarsamningi ef þær breytingar leiða til tjóns fyrir ábyrgðarmann. Þetta á þó ekki við um eðlilegar breytingar sem leiðir af upphaflega samningnum milli aðalskuldara og kröfuhafa, eins og breytingar á vöxtum, vísitölu eða öðrum kostnaði sem kröfuhafi hafði í upphaflegum samningi við aðalskuldara áskilið sér rétt til að breyta. Hér er enn fremur hnykkt á sjálfstæði réttarsambands ábyrgðarmanns og kröfuhafa og tekið fram að breyting á upphaflegum samningi kröfuhafa og aðalskuldara hefur ekki sjálfkrafa áhrif á ábyrgðarsamning. Þá er kröfuhafa óheimilt að fara fram á yfirlýsingu þess efnis að ábyrgðarmaður afsali sér til frambúðar rétti á því að krefjast bóta vegna vanrækslu kröfuhafa á að uppfylla kröfur sem ákvæði laga þessa gera til hans. Slík ákvæði eru ógild.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um réttarstöðu ábyrgðarmanns þegar kröfuhafi hefur gjaldfellt kröfu. Gjaldfelling kröfunnar hefur ekki áhrif gagnvart ábyrgðarmanni nema honum hafi áður verið gefinn kostur á því að koma kröfunni í skil eða greiða hana upp. Í tilkynningunni skal greina skilmerkilega frá fjárhæðum sem ábyrgðarmaður þarf að greiða hyggist hann koma kröfunni í skil eða greiða hana upp. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 9. gr.

Í þessari grein er að finna reglur sem þrengja efni ábyrgðarloforðs frá því sem nú er. Í fyrsta lagi verður ekki gerð aðför í fasteign ábyrgðarmanns sem hann býr í eða fjölskylda hans ef krafa á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs. Undantekning er þó frá þessari reglu í þeim tilvikum þegar ábyrgðarmaður hefur haft persónulegan hag af lánveitingunni.

Markmiðið með þessu ákvæði er að undanskilja heimili ábyrgðarmanns aðför vegna krafna sem eiga rætur að rekja til ábyrgðarsamnings. Engu breytir hvort einn eða fleiri eru í ábyrgð, reglan gildir um alla.

Heimili ábyrgðarmanns og fjölskyldu hans telst sá staður þar sem fjölskyldan hefur að jafnaði bækistöð. Í því felst að heimilið er sá staður þar sem viðkomandi einstaklingur geymir þá hluti sem honum eru nauðsynlegir í dagsins önn og eru til þess fallnir að halda eðlilegt heimili. Það má orða þessa skilgreiningu svo að heimili manns sé sá staður hvaðan viðkomandi gerir út sína tilveru. Við skilgreiningu á orðinu heimili þarf að sjálfsögðu að athuga hvar viðkomandi einstaklingur hefur skráð lögheimili, en það þarf þó ekki að vera úrslitaatriði.

Á hinn bóginn takmarkar reglan ekki að aðför verði gerð í öðrum fasteignum eða eignum ábyrgðarmanns sem ekki eru undanskildar aðför, sbr. lög nr. 90/1989, þó svo að aðfararheimild eigi rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs. Ef ábyrgðarmaður heldur tvö heimili skal ekki gerð aðför í þeirri fasteign sem vegur þyngra í heimilishaldi fjölskyldunnar.

Til að því markmiði verði náð að undanþiggja heimili aðför telja flutningsmenn nauðsynlegt að lögfesta reglu um að gjaldþrotaskipta verði ekki krafist á búi ábyrgðarmanns vegna kröfu sem á rót að rekja til ábyrgðarsamnings. Hins vegar, ef til gjaldþrotaskipta kemur á búi ábyrgðarmanns, njóta ábyrgðarkröfur stöðu samkvæmt ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti. Reglan takmarkar ekki möguleika kröfuhafa á að ganga að veði ef ábyrgðarsamningur er í formi veðsetningar á eign ábyrgðarmanns.

Markmiðið með þessari reglu er að sporna gegn þeirri þróun að einstaklingar missi algerlega fótanna í sinni efnahagslegu tilveru vegna þess eins að þeir hafi ábyrgst skuldbindingar annarra sem síðar hafi fallið á þá.

Hér er ekki að mati flutningsmanna verið að vega að meginreglunni um samningsfrelsi enda geta einstaklingar áfram sem hingað til veðsett eigur sínar eins og samningar takast um. Kjarninn í þessari grein er sá að ekki verður gert fjárnám í fasteign þar sem ábyrgðarmaður býr ef krafa á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs. Í núgildandi aðfararlögum, nr. 90/1989, er víða að finna ákvæði sama efnis, þ.e. að tiltekin verðmæti skuli undanþegin aðför, m.a. í VI. kafla. Þar kemur m.a. fram í 43. gr. að ekki skuli gert fjárnám í hlutum sem nauðsynlegir eru til að halda látlaust heimili.

Um 10. gr.

Hér er skýrt kveðið á um að kröfuhafi eigi ekki að geta fengið kröfu sína tvígreidda vegna tilvistar ábyrgðarmanns. Hér er skírskotað til þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað annars staðar að kröfuhafar geta keypt sér greiðslufallstryggingu vegna hugsanlegra vanefnda aðalskuldara.

Ábyrgð á því að kröfu sé lýst í bú þrotamanns er alfarið á herðum kröfuhafa og hann ber hallann af því vanræki hann að lýsa kröfu sinni í búið.

Geri kröfuhafi samning við aðalskuldara um að hann greiði aðeins hluta kröfu hefur slíkur samningur sams konar áhrif gagnvart ábyrgðarmanni. Ábyrgðarmaður ábyrgist aðeins skuld aðalskuldara eins og hún er hverju sinni gagnvart kröfuhafa þannig að ábyrgðarmaður verður ekki sóttur sérstaklega vegna greiðslna sem felldar eru niður í samningi kröfuhafa og aðalskuldara.

Um 11. gr.

Ljóst er að ábyrgðarmaður getur aldrei orðið ábyrgur hafi aðalskuldari aldrei orðið skuldbundinn samkvæmt samningnum. Sem dæmi um slíkt má nefna að geti aðalskuldari ekki skuldbundið sjálfan sig vegna lögræðisskorts verður ábyrgðarmaður ekki bundinn við efndir samningsins. Með öðrum orðum felst í yfirlýsingu ábyrgðarmanns að hann ábyrgist efndir aðalskuldara gagnvart kröfuhafa en ekki gildi samningsins sjálfs.

Ef kröfuhafi samþykkir einhliða breytingar á öðrum tryggingaráðstöfunum sem gera stöðu ábyrgðarmanns verri en ella er hann ekki lengur bundinn af ábyrgðarsamningi. Við skýringu á þessu ákvæði verður þó að hafa til hliðsjónar reglur kröfuréttarins um brostnar forsendur.

Veiti kröfuhafi aðalskuldara einhliða greiðslufrest á gjalddaga og hann reynist ógjaldfær þegar kemur að nýjum gjalddaga er ábyrgðarmaður ekki bundinn af ábyrgðarsamningi vegna þeirrar greiðslu nema kröfuhafi geti sýnt fram á að gjaldfresturinn hafi ekki haft áhrif á greiðslugetu aðalskuldara á upphaflegum gjalddaga.

Um 12. og 13. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að reglugerðarheimild viðskiptaráðherra nær aðeins til setningar nánari ákvæða og reglna að því er varðar I. og II. kafla laganna. Heimildin nær ekki til setningar reglna eða nánari ákvæða að því er varðar aðra kafla.

163. Fyrirspurn [161. mál]

til menntamálaráðherra um umsvif Ríkisútvarpsins á netinu.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hvaða fyrirætlanir hefur Ríkisútvarpið um rekstur á netinu? Hvaða áform eru uppi sem lúta að auknum umsvifum Ríkisútvarpsins á netinu og hvers eðlis eru þeir netmiðlar? Ætlar Ríkisútvarpið út í samkeppnisrekstur á netinu líkt og í útvarpi og sjónvarpi?

Skriflegt svar óskast.

164. Fyrirspurn [162. mál]

til viðskiptaráðherra um sjálfsábyrgð á fasteignum vegna tjóns af völdum náttúruhamfara.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Telur ráðherra eðlilegt að sjálfsábyrgð sé á fasteignum vegna tjóns af völdum náttúruhamfara? Mun ráðherra beita sér fyrir breytingu á lögum?

Skriflegt svar óskast.

165. Fyrirspurn [163. mál]

til viðskiptaráðherra um bótagreiðslur vegna rekstrarstöðvana fyrirtækja af völdum náttúruhamfara.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Mun ráðherra beita sér fyrir breytingum á tryggingalöggjöfinni svo að hægt sé að tryggja fyrirtæki fyrir rekstrarstöðvunum af völdum náttúruhamfara?

Skriflegt svar óskast.

166. Fyrirspurn [164. mál]

til fjármálaráðherra um bifreiða-, ferða- og risnukostnað.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við tilmælum efnahags- og viðskiptanefndar í nefndaráliti um frumvarp til laga um fjárreiður ríkisins á 125. löggjafarþingi (þskj. 1283, 243. mál) þess efnis að ráðherra hlutist til um að unnið verði að samningu reglugerðar þar sem kveðið verði á um að með ríkisreikningi fylgi sundurliðað yfirlit um bifreiða-, ferða- og risnukostnað?
2. Hver var bifreiða-, ferða- og risnukostnaður ríkisins árin 1998 og 1999, sundurliðaður eftir ráðuneytum og stofnunum?

Skriflegt svar óskast.

167. Frumvarp til laga [165. mál]

um breyting á lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Ábyrgðargjald skv. 1. mgr. nemur 0,0625% á ársfjórðungi af höfuðstól gjaldskyldra skuldbindinga eins og hann er að meðaltali á hverju gjaldtímabili, sbr. 8. gr. Gjaldið rennur í ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 6. gr. laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, segir að ábyrgðargjald nemi 0,0625% á ársfjórðungi af höfuðstól gjaldskyldra erlendra skuldbindinga og 0,0375% á ársfjórðungi af höfuðstól gjaldskyldra innlendra skuldbindinga eins og hann er að meðaltali á hverju gjaldtímabili. Í dómsmáli sem Lánasýsla ríkisins höfðaði á síðasta ári til innheimtu ríkisábyrgðagjalds var EFTA-dómstóllinn beðinn um ráðgefandi álit. Spurt var um það hvort það samræmdist samningnum um Evrópska efnahagssvæðið að lántakandi sem nýtur ábyrgðar ríkissjóðs skuli greiða hærra ábyrgðargjald af lánum sem hann tekur hjá aðilum í öðrum aðildarríkjum samningsins en af lánum sem hann tekur hjá innlendum aðilum. Í áliti EFTA-dómstólsins frá 14. júlí 2000 kemur fram að ákvæði í landsrétti eins ríkis EES um að lántakandi, sem nýtur ríkisábyrgðar skuli greiða hærra ábyrgðargjald af lánum frá aðilum í öðrum EES-ríkjum en af lánum frá innlendum aðilum séu ósamrýmanleg ákvæðum EES-samningsins um frjálsa fjármagnsflutninga.

Með hliðsjón af niðurstöðu EFTA-dómstólsins um að framangreind ákvæði í 6. gr. gildandi laga séu andstæð ákvæðum samningsins og ekki í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands er lagt til að ábyrgðargjald vegna ríkisábyrgðar verði hið sama fyrir innlendar og erlendar skuldbindingar, eða 0,0625% á ársfjórðungi af höfuðstól gjaldskyldra skuldbindinga eins og hann er að meðaltali á hverju gjaldtímabili.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir.

Frumvarp þetta miðar að því að laga álagningu ríkisábyrgðagjalds betur að reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Ekki er talið að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

168. Tillaga til þingsályktunar [166. mál]

um tólf ára samfellt grunnnám.

Flm.: Jón Bjarnason, Árni Steinar Jóhannsson,
Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja nú þegar undirbúning þess að tryggja um allt land framboð á samfelldu námi til átján ára aldurs. Námið verði skipulagt þannig að ungt fólk innan sjálfræðisaldurs alls staðar á landinu geti stundað nám daglega frá heimili sínu. Hluti þess verði starfstengdur og þá jafnframt höfð hliðsjón af umhverfi, atvinnu- og

menningarlífi viðkomandi byggðarlags. Náminu ljúki formlega með námsgráðu. Endurskoðað verði skipulag annars framhaldsnáms, tæknináms, sérnáms og háskólanáms með tilliti til þessara breytinga grunnnámsins þannig að tryggð verði eðlileg samfella og tenging við alla framhaldsmenntun í landinu.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga sama efnis var lögð fram á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Tillagan er því lögð fram aftur lítillega breytt. Einnig hefur greinargerð verið aukin með nýjum upplýsingum.

Megintilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að auka almenna grunnmenntun í landinu og laga skólakerfið að nútímakröfum um rétt til fjölskyldulífs og fjölskylduábyrgðar. Fólk lítur í auknum mæli og með réttu á samverumöguleika fjölskyldna sem hluta af lífskjörum sínum og þar af leiðandi væri breytt fyrirkomulag þessara mála beint innlegg í jöfnun lífskjara. Viðurkennt er að á aldrinum 15–18 ára taka unglingar út mikinn þroska. Ytra álag er töluvert á þessu aldursskeiði og þá ræðst mjög framtíðargengi unglinga í námi og starfi. Því er mikilvægt að fjölskyldan geti verið sem mest samvistum þennan tíma og unglingarnir þannig fengið nauðsynlegan stuðning. Þessar staðreyndir eru í raun áréttaðar með nýjum sjálfræðislögum, en með þeim hefur heimili og fjölskylda axlað ábyrgð á unglingum að átján ára aldri og því er eðlilegt að skipulag menntunar í landinu taki mið af því.

Jafnframt er ljóst að mikill námskostnaður þeirra sem þurfa að sækja framhaldsnám út fyrir heimabyggð sína er vaxandi vandamál á landsbyggðinni. Þegar einn vetur í framhaldsskóla kostar á bilinu 300–500 þús. kr. fyrir einstakling sem verður að kaupa fæði og húsnæði fullu verði hlýtur það að leiða til þess að unglingar sem koma frá tekjulágum heimilum lendi í verulegum vandræðum með að kosta nám sitt. Slíkt ástand skerðir augljóslega jafnrétti til náms.

Í nokkrum byggðarlögum hafa verið gerðar tilraunir til að koma á framhaldsdeildum, sem hafa verið útibú frá næsta framhaldsskóla, þar sem nemendum hefur gefist kostur á að taka eitt til tvö ár af námi til stúdentsprófs í heimabyggð. Því miður hafa slíkar framhaldsdeildir átt erfitt uppdráttar og ekki notið nægjanlegs stuðnings stjórnvalda eða næsta móðurskóla, sbr. ákvarðanir sem teknar voru síðastliðið sumar en þá var framhaldsnám á Dalvík lagt niður og menntamálaráðherra hafnaði því að starfræktur yrði 2. bekkur framhaldsdeildar í Stykkishólmi.

Af svari menntamálaráðherra á þskj. 237 á síðasta löggjafarþingi er ljóst að hlutfall nemenda í hverjum árgangi sem hefur framhaldsnám er talsvert misjafnt eftir landshlutum. Fyrir því eru vafalaust nokkrar samverkandi ástæður en telja verður líklegt að áðurnefndur kostnaður og leyst fjölskyldubönd eigi þar hlut að máli. Samkvæmt nýrri skýrslu Rauða kross Íslands um fátækt á Íslandi er talið að um 45% íslenskra framhaldsskólanema ljúki ekki skilgreindu framhaldsskólanámi.

Því er ljóst að ýmislegt bendir til þess að brýnt sé að endurskoða skipulag og framkvæmd menntamála í landinu í nýju ljósi. Að því miðar þessi þingsályktunartillaga. Hér er lagt til að boðið verði upp á tólf ára samfellt nám í öllum byggðarlögum landsins, þ.e. tveimur árum lengra nám en nú er. Jafnframt gerir tillagan ráð fyrir að þau tvö ár sem þar með bætast við byggist að hluta á starfstengdu námi með öflugri tengingu við atvinnulíf, sögu, menningu og náttúrufar viðkomandi byggðarlags. Með því að auka vægi þessara þátta í námi má efla sjálfsvitund unglinga og samábyrgð þeirra gagnvart fólki og umhverfi. Rannsóknir benda til að góð þekking nemenda á heimabyggð sinni auki líkurnar á því að þeir kjósi að búa þar á fullorðinsárunum.

Á þennan hátt eykst jöfnuður í aðgengi til náms óháð búsetu. Ungu fólki er auðveldað að sækja sér meiri almenna menntun jafnframt því sem verkmenntun er efld í landinu, en það er ekki síður brýnt. Þessar breytingar þurfa ekki sjálfkrafa að kalla á breytingar á skólaskyldualdri þótt ýmislegt gefi tilefni til að ætla að hann beri að endurskoða. Fyrst og fremst er verið að skylda stjórnvöld til að sjá til þess að slíkt nám standi til boða. Hér er því um fræðsluskyldu að ræða en ekki endilega skólaskyldu. Að sjálfsögðu munu núverandi framhaldsskólar að stærstum hluta geta séð fyrir námsframboði á tveimur síðustu árum í samfelldu tólf ára námi, en þar sem framhaldsskólar eru ekki til staðar er eðlilegt að þetta nám verði byggt upp í þeim grunnskólum sem fyrir eru. Þá er rétt að minna á þá miklu möguleika sem eru til að styrkja nám á heimaslóðum með fjarnámi. Má nefna Grundarfjörð í því sambandi þar sem komið er á námi að loknum grunnskóla með öflugum stuðningi fjarnáms.

Í framhaldi af þessu endurskipulagða samfellda grunnnámi kæmi skemmra eða lengra starfsnám, tækninám og annað sérnám, auk frekari undirbúnings fyrir almennt háskólanám sem gæti hafist fyrr en nú er. Mikilvægt er að koma á slíku framhaldsnámi sem víðast á landinu og að atvinnulífið á hverjum stað taki virkan þátt í menntuninni.

Undirbúningsvinnan mun taka nokkurn tíma, svo og að koma nýju skipulagi til framkvæmdar, hugsanlega í áföngum. Því er lögð áhersla á að nú þegar verði leitað allra leiða til að koma á víðtækara framhaldsskólanámi heima í byggðunum svo víða sem þess er nokkur kostur.

Annar megintilgangur þess fyrirkomulags náms sem hér er lagt til er að efla og styrkja almenna menntun í landinu öllu og hækka þar með grunnmenntunarstig þjóðarinnar og aðlaga allt skipulag grunnnámsins breyttum þjóðfélagsaðstæðum og auknum framtíðarkröfum sem gerðar eru til starfsmenntunar og tækni- og háskólanáms. Aukið almennt menntunarstig þjóðar er ein af grunnforsendum framfara og aukinnar hagsældar. Jafnframt er hér áréttað að gott aðgengi ungs fólks að menntun sem það getur sótt frá heimili sínu er grundvallaratriði við mat á lífsgæðum og lífskjörum. Þá verður að telja líklegt að með þeirri skipan náms sem hér er lögð til hækki hlutfall þeirra sem á þessum aldri ljúka skilgreindu námi. Það unga fólk mun fá sterkari sjálfsmynd og aukið sjálfstraust og vera þá betur í stakk búið til frekara náms og starfa í síbreytilegu þjóðfélagi.

169. Fyrirspurn [167. mál]

til viðskiptaráðherra um hagræðingu í viðskiptabönkunum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hverju hefur fækkun viðskiptabanka frá 1990 skilað í minni vaxtamun og þjónustugjöldum, sundurliðað eftir bönkum? Óskað er að fram komi einnig hvernig vaxtakjör til einstaklinga hafi þróast á tímabilinu eftir áhættumati sem bankarnir fylgja.
2. Hvernig hafa vaxtamunur og þjónustugjöld þróast sem hlutfall af efnahagsreikningi árlega frá 1995 í Íslandsbanka, Búnaðarbanka, Landsbanka og hjá sparisjóðunum?
3. Hvað hefur fólki í hefðbundnum bankastörfum fækkað mikið árlega frá 1990, sundurliðað eftir kynjum?

4. Hafa stærri einingar í bankakerfinu annars staðar á Norðurlöndunum skilað sér í hagstæðari lánskjörum til viðskiptabanka og hefur sameining banka þar leitt til lægri útlánavaxta og þjónustugjalda til neytenda?

Skriflegt svar óskast.

170. Fyrirspurn [168. mál]

til félagsmálaráðherra um Jafnréttisráð.

Frá Hólmfríði Sveinsdóttur.

1. Stendur til að setja reglugerð um störf Jafnréttisráðs og skrifstofuhald? Ef svo er, hvenær má vænta hennar?
2. Eru Jafnréttisráði ætluð önnur verkefni en kveðið er á um í lögum, þ.e. að vera ráðgefandi og gera tillögur um aðgerðir á sviði jafnréttismála?
3. Mun Jafnréttisráð geta staðið að sjálfstæðum rannsóknum á jafnréttismálum?
4. Munu félög, samtök og/eða einstaklingar geta sótt um styrk hjá Jafnréttisráði eða Jafnréttisstofu til verkefna á sviði jafnréttismála?
5. Hver er fjárhagsrammi Jafnréttisráðs?
6. Hver er fyrirsjáanlegur kostnaður á ári við hið nýja Jafnréttisráð borið saman við Jafnréttisráð sem lauk störfum nú í haust?
7. Er í fjárhagsáætlun ráðuneytisins gert ráð fyrir auknum útgjöldum vegna óhjákvæmilegs ferðakostnaðar Jafnréttisráðs?

Skriflegt svar óskast.

171. Svar [44. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um húshitunarkostnað.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver hefur verið kostnaður við húshitun hjá einstökum orkufyrirtækjum á árunum 1996–2000, á núverandi verðlagi:

a. mælt í kr. á kWst.,

b. miðað við kaup á 30.000 kWst., 40.000 kWst. og 50.000 kWst. á ári?

Bein rafhitun húsnæðis er að stærstum hluta á veitusvæðum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða þar sem tæp 90% notkunarinnar eru á þessum svæðum. Bein rafhitun er niðurgreidd hjá þessum veitum auk Rafveitu Reyðarfjarðar og Bæjarveitna Vestmannaeyja.

Annars staðar eiga notendur kost á hitaveitu og er notkunin því ekki niðurgreidd. Niðurgreiðslur ná einungis til íbúðarhúsnæðis.

Kostnaður á orkueiningu.

Kostnaður notenda við rafhitun hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða undanfarin ár er eins og sýnt er í töflum 1–3 fyrir notendur sem nota 30.000 kWst., 40.000 kWst. og 50.000 kWst. Í niðurgreiðslur og afslátt reiknast niðurgreiðslur ríkisins, afsláttur Landsvirkjunar og veitnanna, endurgreiddur og lækkaður virðisaukaskattur (lækkaður virðisaukaskattur er skattur sem hefði komið til ef ekki væri um niðurgreiðslur og afslátt að ræða). Í dálkinum „Greiðsla notanda“ er orkuverðið sem notandinn greiðir og er 5,18% virðisaukaskattur innifalinn í því verði. Í töflunum hafa upphæðir verið framreiknaðar til verðlags í september 2000 með vísitölu neysluverðs. Kostnaður á orkueiningu lækkar heldur þegar notkunin vex þar sem fastagjald í gjaldskránni dreifist þá á fleiri kWst.

Tafla 1. Kostnaður við rafhitun íbúðarhúsnæðis ef notaðar eru 30.000 kWst. hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða á verðlagi í september 2000.

	Rafmagnsveitur ríkisins			Orkubú Vestfjarða		
Dagsetning	Greiðsla notanda kr./kWst.	Niðurgreiðslur og afsláttur kr./kWst.	Samtals kr./kWst.	Greiðsla notanda kr./kWst.	Niðurgreiðslur og afsláttur kr./kWst.	Samtals kr./kWst.
1.1.1996	2,74	2,57	5,31	2,40	2,54	4,94
1.1.1997	2,77	2,60	5,37	2,43	2,56	4,99
1.1.1998	2,85	2,66	5,52	2,50	2,62	5,12
1.1.1999	2,48	2,97	5,45	2,12	2,93	5,05
1.1.2000	2,29	3,01	5,31	2,15	2,91	5,06

Tafla 2. Kostnaður við rafhitun íbúðarhúsnæðis ef notaðar eru 40.000 kWst. hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða á verðlagi í september 2000.

	Rafmagnsveitur ríkisins			Orkubú Vestfjarða		
Dagsetning	Greiðsla notanda kr./kWst.	Niðurgreiðslur og afsláttur kr./kWst.	Samtals kr./kWst.	Greiðsla notanda kr./kWst.	Niðurgreiðslur og afsláttur kr./kWst.	Samtals kr./kWst.
1.1.1996	3,14	2,02	5,31	2,81	1,99	4,80
1.1.1997	3,17	2,04	5,21	2,84	2,01	4,85
1.1.1998	3,27	2,09	5,36	2,92	2,05	4,97
1.1.1999	2,97	2,32	5,29	2,62	2,29	4,91
1.1.2000	2,26	2,89	5,16	2,11	2,81	4,92

Tafla 3. Kostnaður við rafhitun íbúðarhúsnæðis ef notaðar eru 50.000 kWst. hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða á verðlagi í september 2000.

	Rafmagnsveitur ríkisins			Orkubú Vestfjarða		
Dagsetning	Greiðsla notanda kr./kWst.	Niðurgreiðslur og afsláttur kr./kWst.	Samtals kr./kWst.	Greiðsla notanda kr./kWst.	Niðurgreiðslur og afsláttur kr./kWst.	Samtals kr./kWst.
1.1.1996	3,38	1,69	5,07	3,06	1,66	4,72
1.1.1997	3,42	1,71	5,12	3,09	1,67	4,76
1.1.1998	3,52	1,75	5,27	3,18	1,71	4,89
1.1.1999	3,27	1,93	5,20	2,92	1,90	4,82
1.1.2000	2,25	2,82	5,06	2,08	2,75	4,83

Heildarkostnaður.

Í töflunum hér að framan er sýnt það orkuverð sem notendur hafa greitt miðað við fyrrnefnda orkunotkun en í töflum 4–6 er sýndur árlegur kostnaður miðað við þessar gjaldskrár. Bæði kemur fram kostnaður sem notendur greiða og upphæð niðurgreiðslna og afsláttar. Á mynd 1 sést einnig hvernig greiðslur notenda hafa breyst fyrir notendur sem kaupa 30.000 kWst. á ári, 40.000 kWst. á ári og 50.000 kWst. á ári til hitunar íbúðarhúsa. Gjöldin hafa þá verið framreiknuð til verðlags í september árið 2000. Eins og þar kemur fram hefur kostnaðurinn lækkað mest hjá þeim sem kaupa 50.000 kWst. á ári vegna þess að í upphafi árs 2000 var þak á orkukaupum sem eru niðurgreidd hækkað úr 30.000 kWst. í 50.000 kWst. Slíkur notandi greiðir 44% af heildarkostnaðinum í upphafi árs 2000 en niðurgreiðslur og afsláttur nema 56% eins og fram kemur á mynd 2.

Tafla 4. Heildarkostnaður við rafhitun íbúðarhúsnæðis ef notaðar eru 30.000 kWst. hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða á verðlagi í september 2000.

	Rafmagnsveitur ríkisins			Orkubú Vestfjarða		
Dagsetning	Greiðsla notanda kr. á ári	Niðurgreiðslur og afsláttur kr. á ári	Samtals kr. á ári	Greiðsla notanda kr. á ári	Niðurgreiðslur og afsláttur kr. á ári	Samtals kr. á ári
1.1.1996	82.301	77.121	159.422	71.991	76.256	148.247
1.1.1997	83.099	77.912	161.011	72.800	76.858	149.658
1.1.1998	85.648	79.937	165.585	75.036	78.486	153.523
1.1.1999	74.316	89.119	163.435	63.502	88.027	151.529
1.1.2000	68.778	90.434	159.213	64.466	87.420	151.886

Tafla 5. Heildarkostnaður við rafhitun íbúðarhúsnæðis ef notaðar eru 40.000 kWst. hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða á verðlagi í september 2000.

	Rafmagnsveitur ríkisins			Orkubú Vestfjarða		
Dagsetning	Greiðsla notanda kr. á ári	Niðurgreiðslur og afsláttur kr. á ári	Samtals kr. á ári	Greiðsla notanda kr. á ári	Niðurgreiðslur og afsláttur kr. á ári	Samtals kr. á ári
1.1.1996	125.733	80.762	206.494	112.422	79.646	192.068
1.1.1997	126.971	81.591	208.562	113.613	80.281	193.894
1.1.1998	130.744	83.719	214.463	116.912	81.997	198.909
1.1.1999	118.827	92.851	211.677	104.833	91.493	196.326
1.1.2000	90.566	115.645	206.211	84.322	112.468	196.790

Tafla 6. Heildarkostnaður við rafhitun íbúðarhúsnæðis ef notaðar eru 50.000 kWst. hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða á verðlagi í september 2000.

	Rafmagnsveitur ríkisins			Orkubú Vestfjarða		
Dagsetning	Greiðsla notanda kr. á ári	Niðurgreiðslur og afsláttur kr. á ári	Samtals kr. á ári	Greiðsla notanda kr. á ári	Niðurgreiðslur og afsláttur kr. á ári	Samtals kr. á ári
1.1.1996	169.163	84.404	253.567	152854	83.036	235.890
1.1.1997	170.843	85.271	256.114	154.428	83.703	238.131
1.1.1998	175.840	87.500	263.340	158.786	85.509	244.295
1.1.1999	163.336	96.584	259.920	146.164	94.959	241.123
1.1.2000	112.355	140.854	253.209	104.178	137.516	241.695

Mynd 1. Árlegur kostnaður þriggja misstórra notenda hjá Rafmagnsveitum ríkisins við rafhitun íbúðarhúsnæðis miðað við gjaldskrá í upphafi árs og á verðlagi í september 2000.



Mynd 2. Skipting kostnaðar við kaup á 50.000 kWst. á ári til hitunar íbúðarhúsa milli niðurgreiðslna/afsláttar og greiðslu notanda miðað við gjaldskrá í upphafi árs.



172. Fyrirspurn [169. mál]

til forsætisráðherra um Þingvallabæinn.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hver fer með eignar- og yfirráð yfir Þingvallabæ?
2. Hvaða áform hefur ríkisstjórnin um nýtingu Þingvallabæjar í framtíðinni?

173. Frumvarp til laga [170. mál]

um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, með síðari breytingum.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Össur Skarphéðinsson, Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

1. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

Þurfi sjúklingur að bíða eftir meðferð skal læknir, sem hann leitar til, gefa skýringar á biðinni ásamt upplýsingum um áætlaðan biðtíma og jafnframt gefa sjúklingi kost á bókun aðgerðar. Miða skal við að biðtími eftir aðgerð sé að jafnaði ekki lengri en þrír til sex mánuðir eftir eðli sjúkdóms.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við umfjöllun um frumvarp það sem varð að lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, lögðu flutningsmenn þessa frumvarps fram breytingartillögu sama efnis og hér gefur að líta. Breytingartillagan hlaut ekki samþykki.

Ýmis rök mæla með því að kveðið sé á um það í lögum hvað skuli teljast hámarksbiðtími eftir aðgerð að öllu jöfnu. Engar reglur eru til um þetta aðrar en verklagsreglur sjúkrahúsa og annarra heilsustofnana. Á einstaka sviðum eru alls engar reglur til. Þetta fyrirkomulag verður að teljast ófullnægjandi þegar svo mikilvægt málefni er annars vegar.

Langur biðtími eftir aðgerð hefur í för með sér mikil óþægindi fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra. Vanlíðan, streita, kvíði og óvissa eru algeng einkenni þeirra sjúklinga sem lengi þurfa að bíða eftir aðgerð. Þá upplifir fólk langa bið sem virðingarleysi við líf sitt og heilsu ef það á annað borð stendur í þeirri trú að aðgerð geti læknað mein þess og linað þjáningar þess.

Langur biðtími hefur ekki einungis slæm áhrif á tilfinningalegt og líkamlegt ástand sjúklings, heldur er það viðurkennt að biðlistar eru kostnaðarsamir bæði fyrir sjúklingana sjálfa og þjóðfélagið í heild. Hér er fyrst að nefna að sjúklingar eru oft frá vinnu vegna veikinda sinna. Löng bið eftir aðgerð hefur þau áhrif að vinnutap verður meira en ella hefði orðið sem oft hefur alvarleg áhrif á fjárhag sjúklinga og fjölskyldna þeirra. Vinnutapið leiðir síðan til minni skatttekna ríkissjóðs og lyfjakostnaður Tryggingastofnunar eykst í hlutfalli við lengd veikindanna. Auk þessa má nefna aukinn kostnað ríkis og sveitarfélaga vegna heimaþjónustu, heimahjúkrunar, annarra læknismeðferða og vistunarplássa. Gera má ráð fyrir að aðgerð verði umfangsmeiri og erfiðari og þar með kostnaðarsamari eftir því sem hún dregst lengur. Í lokin má benda á að aukið álag og fjölgun innlagna á bráðadeildir sjúkrahúsanna má að hluta til rekja til biðlistanna.

Af þessu má sjá að langur biðtími er bæði þjóðhagslega og heilsuhagfræðilega óhagkvæmur.

Flutningsmenn þessa frumvarps gera sér grein fyrir því að ekki er unnt að setja einhlítar reglur sem gilda skuli við allar aðstæður. Ýmsar ástæður geta valdið því að biðtími eftir aðgerð verði langur, til dæmis skortur á læknum með næga sérþekkingu, skortur á nauðsynlegum áhöldum og tækjum o.fl. Í aðstæðum sem þessum getur langur biðtími oft reynst óhjákvæmilegur. Af þessum sökum er aðeins gerð tillaga um viðmiðunarákvæði um hámarksbiðtíma að öllu jöfnu. Að mati flutningsmanna er þó ein sú ástæða sem aldrei ætti að réttlæta langan biðtíma, en það er fjárskortur, þar sem ljóst er að biðlistar spara enga peninga heldur er einungis verið að kasta peningum á glæ með myndun þeirra.

Víða erlendis hafa verið settar reglur um hámarksbið eftir aðgerðum og heilbrigðisþjónustu. Má nefna að í Svíþjóð voru settar reglur um þriggja mánaða hámarksbiðtíma eftir aðgerðum á sjúklingum með tiltekna sjúkdóma. Svipaðar reglur voru settar í Danmörku. Í Noregi var miðað við að sjúklingar með alvarlega sjúkdóma ættu rétt á nauðsynlegri meðferð eða aðgerð innan sex mánaða.

Flutningsmenn leggja áherslu á að viðmiðunarregla af þeirri tegund sem hér er lögð til er fallin til þess að skapa samræmi og eyða óvissu við meðferð þessara mála.

174. Frumvarp til laga [171. mál]

um breytingu á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Flm.: Pétur H. Blöndal.

1. gr.

Í stað 2. mgr. 3. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Skipstjóri skal við löndun ákveða hvaða hluti af afla skips skuli telja til kvóta sem skipið ræður yfir.

Afli skips annar en sá sem tilgreindur er í 2. mgr. telst eign Hafrannsóknastofnunarinnar. Útgerð skipsins skal sjá um að selja afla Hafrannsóknastofnunarinnar og greiða henni söluverðmætið að frádregnu gjaldi vegna kostnaðar við flutning í land, geymslu, löndun og sölumeðferð aflans.

Gjald skv. 3. mgr. skal lægst vera 5% og hæst 15% af vergu söluandvirði aflans. Það skal ákveðið í reglugerð með hliðsjón af tegund og gerð afla, veiðum og framboði slíks afla og renna til útgerðar skips. Skal það koma til hlutaskipta eins og annað aflaverðmæti.

2. gr.

Á eftir 4. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna bætist við nýr málsliður, svohljóðandi: Afla Hafrannsóknastofnunarinnar skal halda aðgreindum frá afla útgerðar og vega sérstaklega.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á 120. löggjafarþingi voru fluttar breytingartillögur á þskj. nr. 1004 við frumvarp til laga um umgengni um nytjastofna sjávar (249. mál). Flutningsmaður var Sighvatur Björgvinsson og voru breytingartillögurnar sama efnis og meðfylgjandi frumvarp. Á 121. löggjafarþingi var flutt þingsályktunartillaga þess efnis að Alþingi ályktí að fela sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd eða fá nefnd á vegum sjávarútvegsráðuneytisins, sem þegar hafði verið skipuð, til að endurskoða ákvæði laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996. Sérstaklega yrðu skoðuð ákvæði 3. gr. með það í huga hvort ekki væri rétt að skipstjóri gæti ákveðið við löndun hve mikinn hluta afla skips skuli telja til kvóta þess og að allur annar afli skipsins teljist eign rannsóknastofnana sjávarútvegsins. Útgerðin sjái þá um að selja afla rannsóknastofnana og greiða þeim söluverðmætið að frádregnu gjaldi vegna kostnaðar við flutning í land, geymslu, löndun og sölumeðferð aflans. Tillagan varð ekki útrædd í sjávarútvegsnefnd. Á 122. löggjafarþingi var tillagan endurflutt og var hún send til umsagnar og bárust nokkrar umsagnir. Verður hér á eftir vikið nánar að þeim umsögnum sem bárust.

Í umsögn Fiskistofu, dags. 7. nóvember 1997, kemur fram að brottkast er til staðar jafnvel þar sem engar takmarkanir eru á veiðum. Breytingin mundi þó áreiðanlega draga úr brottkasti sem stafar af því að skip á ekki veiðiheimildir. Brottkast af öðrum ástæðum hyrfi ekki. Þá bendir Fiskistofa á vandkvæði við framkvæmd og að samanburður á framleiðslu og hráefniskaupum fiskvinnslu yrði erfiðari. Þessu er í fyrsta lagi til að svara að almennt er talið að veigamikil ástæða brottkasts sé mjög hátt verð á aflaheimildum. Ljóst er að útgerðin tapar á því að koma með afla að landi sem ekki skilar minnst 50% hærra verði en aflaheimildir

kosta og skiptir þá engu hvort útgerðin þarf að greiða fyrir þær eða gæti selt þær. Þessi veigamikla ástæða félli burt ef frumvarp þetta yrði samþykkt. Í öðru lagi er nú þegar er fengin mikil reynsla af framkvæmd núverandi kerfis og þó að þessi viðbót kalli á einhverja vinnu þá er greitt fyrir hana og sjómenn þurfa ekki að henda verðmætum og brjóta lög. Að lokum má nefna að samanburður á framleiðslu og hráefniskaupum fiskvinnslu ætti jafnvel að verða öruggari því að aflinn sem Hafrannsóknastofnun eignast liggur opinberlega fyrir.

Í umsögn Sjómannasambands Íslands, dags. 11. nóvember 1997, eru almennar hugleiðingar um tilgang fiskveiðistjórnunar. Þeirri hugsun er hafnað að sjómenn almennt virði ekki lög og gerð krafa um að eftirlit verði hert þannig að reglum sé framfylgt undantekningarlaust. Sjómannasambandið hafnar tillögunni en styður að henni sé vísað til nefndar.

Í umsögn Vélstjórafélags Íslands, dags. 12. nóvember 1997, segir að sjómenn muni ekki fá greitt fyrir vinnu sína. Þá sé það mat félagsins að ekki sé líkt því eins miklum fiski hent í sjóinn og kemur fram í kjaftasögum. Verið sé að vinna að þróun skilja til að hindra meðafla og rétt sé að halda áfram á þeirri braut. Mat félagsins er að ekki sé tilefni til breytinga. Þessu er til að svara að í frumvarpinu er að sjálfsögðu gert ráð fyrir að sjómenn fái hlut í (lágum) tekjum af þessum afla eins og tekjum af öðrum afla skips. Þá ber einnig að hafa í huga að í fjölmiðlum að undanförnu hafa menn innan sjómannastéttarinnar komið fram og viðurkennt að brottkast afla eigi sér stað.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, dags. 21. nóvember 1997, styður stofnunin að tillögunni verði vísað til nefndar en tekur ekki að öðru leyti efnislega afstöðu til hennar.

Í umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna, dags. 11. desember 1997, segir að slíkar hugmyndir hafi verið til umræðu lengi en ekki hlotið hljómgrunn og er bent á eftirfarandi galla á tillögunni: 1. Aukin flokkun fisks kalli á stóraukið eftirlit. 2. Aukin vinna sjómanna fyrir (nauðsynlega) litla umbun. 3. Fiskmarkaðir geti ekki annað þessu fyrirkomulagi og veiðiaðili geti einn boðið í aflann. 4. Hagnaður vinnslu geti skapað hvata til veiða þótt útgerðin fái lágt verð. Fyrri liðunum tveimur hefur verið svarað hér á undan en seinni liðirnir tveir eru angar af stærra vandamáli, þ.e. verðlagningu afla til skipa sem eru í eigu fiskvinnsluhúsa. Verðlagning afla til skipa sem eru í eigu fiskvinnsluhúsa hefur verið baráttumál sjómanna um langan tíma og fengju þeir Hafrannsóknastofnunina í lið með sér til að meta hvort verðið sé rétt, ef þessi lausn yrði ofan á, þar sem Hafrannsóknastofnunin hefði jafnframt hagsmuni af því að verðið væri rétt.

Í umsögn Samtaka fiskvinnslustöðva, dags. 10. desember 1997, er talið sjálfsagt að tillögunni verði vísað til nefndar.

Þingsályktunartillögunni var vísað úr sjávarútvegsnefnd til ríkisstjórnar þar sem hún hlaut ekki afgreiðslu.

Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 57/1996 kemur fram að nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða til þess að koma í veg fyrir að fiski sé varpað fyrir borð og að fiski sé landað fram hjá vigt. Nauðsynlegt sé að aflaheimildir byggist á vísindalegri ráðgjöf og að afli fari ekki fram úr heimildum auk þess sem samræmi þurfi að vera í aflaheimildum milli tegunda. Bent er á að reglur um veiðar og umgengni um auðlindina þurfi að vera einfaldar og skýrar og veiðieftirlitið markvisst og það skuli beinast að þeim vandamálum sem við er að glíma hverju sinni.

Að mati flutningsmanns er ljóst að markmið laga nr. 57/1996 hafa ekki náðst að öllu leyti og töluvert er um að afla sé hent frá borði. Í ljósi þess og mikillar umfjöllunar í fjölmiðlum að undanförnu um brottkast afla, og til að sporna við þeirri þróun sem hefur orðið, þykir nauðsynlegt að leggja til framangreinda lagabreytingu.

Eins og lög nr. 57/1996 eru úr garði gerð verður að telja að rökfræðileg mótsögn sé á milli 1. mgr. 2. gr. sem segir: „Skylt er að hirða og koma með að landi allan afla," og 2. mgr. 3. gr. sem segir: „Óheimilt er að hefja veiðiferð skips sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni nema skipið hafi aflaheimildir sem telja má líklegt að dugi fyrir afla í ferðinni með hliðsjón af þeim veiðarfærum sem notuð eru." Ekki er mögulegt að sjá fyrir hvaða afli muni berast upp með veiðarfærum og í hvaða magni. Þannig yrði sérhvert skipa að eiga veiðiheimildir í öllum tegundum sem ekki er raunhæft. Þessi lagaákvæði koma fólki oft í þá aðstöðu að verða að brjóta lög.

Í frumvarpinu er því lagt til að 2. mgr. 3. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, verði felld brott og í hennar stað komi þrjár nýjar málsgreinar sem fela í sér að skipstjóra sé heimilt að ákvarða hve mikill hluti afla skips teljist til kvóta þess en allur annar afli teljist eign Hafrannsóknastofnunarinnar. Þetta yrði þá í samræmi við ákvæði 1. mgr. 2. gr. laganna þar sem segir að skylt sé að hirða og koma með allan afla að landi án þess að tekið sé fram hvað um allan þann afla verður.

Í frumvarpinu er enn fremur gert ráð fyrir að útgerðinni verði greitt upp í kostnað við að flytja aflann, landa honum, geyma hann og sjá um sölu hans. Með þessu fyrirkomulagi yrðu minni líkur á að afla yrði hent. Að mati flutningsmanns er slæmt að henda góðum fiski sem slæðist eðlilega með í mismiklu magni. Sá fiskur, sem núna er veiddur og hent, mun skila sér í land, ef frumvarpið verður að lögum, þar sem nú er beinlínis refsivert að koma með afla umfram aflaheimildir að landi, sbr. 14. og 23. gr. laganna.

Gjaldið, sem útgerðin fengi fyrir að flytja aflann í land, landa honum, geyma hann og sjá um sölu hans, yrði á bilinu 5–15% af vergu söluandvirði aflans og yrði ákveðið af sjávarútvegsráðherra með hliðsjón af tegund afla, gerð hans, veiðum og framboði slíks afla. Þannig gæti verið annað gjald fyrir þorsk en síld, smáfisk og stóran fisk, gamlan fisk og skemmdan og nýjan fisk, sumarveiðar og vetrarveiðar. Þá mætti enn fremur greiða lægri prósentutölu eftir því sem verðmæti fisksins er meira og öfugt. Eins og annað aflaverðmæti kæmi gjaldið til hlutaskipta. Mikilvægt er að gjaldið verði nægilega hátt til þess að hvetja sjómenn til þess að koma með aflann að landi en þó ekki svo hátt að sjómenn fari að gera út á þann afla.

Fernt mun hvetja sjómenn til þess að koma með utankvótaafla að landi. Í fyrsta lagi færu þeir með því að lögum, í öðru lagi fengju þeir nokkurt verð fyrir aflann, í þriðja lagi þykir flestum leitt að henda verðmætum og að síðustu rynni verðmæti aflans til rannsókna fyrir sjávarútveginn. Þessi aðferð hefur kosti og galla. Búast má við að miklu meiri afli bærist að landi. Bæði mundi allur sá afli sem nú er hent berast að landi, sem að sjálfsögðu er mikill kostur því að þessi fiskur er deyddur hvort sem er, en jafnframt mundu útgerðir ekki forðast, eins og núna, þau mið sem mest gefa af bönnuðum meðafla, t.d. af þorski. Þannig mundu utankvótaveiðar aukast eitthvað. Að sjálfsögðu er það galli en á móti kemur að allur þessi afli kæmi þjóðfélaginu í heild til góða. Auk þess verður vitað með meiri vissu hve mikið er veitt en það liggur ekki fyrir núna. Verðmæti utankvótaaflans yrði auk þess lyftistöng fyrir sjávarrannsóknir og létti byrðum af ríkissjóði.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að afla Hafrannsóknastofnunarinnar skuli halda aðgreindum frá afla útgerðar og vega sérstaklega. Ljóst er að til að frumvarpið nái markmiði sínu verður framangreind aðgreining að vera fyrir hendi.

175. Fyrirspurn [172. mál]

til umhverfisráðherra um úrgang frá verksmiðjubúum.

Frá Árna Gunnarssyni.

1. Hversu mikið fellur til árlega af úrgangi frá verksmiðjubúum í svína- og kjúklingarækt?
2. Hefur úrgangur frá verksmiðjubúum að einhverju leyti verið nýttur til landgræðslu og eru áform um frekari nýtingu en nú er?
3. Með hvaða hætti er úrgangi sem ekki er unnt að nýta fargað?
4. Kemur til greina að setja reglur á grundvelli umhverfissjónarmiða sem takmarka stærð verksmiðjubúa?

Skriflegt svar óskast.

176. Tillaga til þingsályktunar [173. mál]

um stöðu óhefðbundinna lækninga.

Flm.: Lára Margrét Ragnarsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Einar Oddur Kristjánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Hjálmar Jónsson, Páll Magnússon, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa nefnd er geri úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga hér á landi og beri hana saman við stöðu mála annars staðar á Norðurlöndunum, í Evrópusambandinu og í Bandaríkjunum. Með óhefðbundunum lækningum er hér átt við nálarstungumeðferð (acupuncture), smáskammtalækningar (homeopathy), lið- og beinskekkjulækningar (osteopathy), hnykklækningar (chiropractic), nudd o.fl.

Atriði sem nefndinni ber að kanna sérstaklega:

1. Hvaða menntun er í boði á þessu sviði og hver er menntun leiðbeinenda sem þar starfa.
2. Hvaða reglur gilda um viðurkenningu náms og starfsréttindi á þessu sviði.
3. Að hvaða marki samvinna og samstarf eigi sér stað á milli þeirra sem stunda óhefðbundnar lækningar og hefðbundinna heilbrigðisstétta. Jafnframt að kanna hvort og þá að hvaða marki læknar og aðrar heilbrigðisstéttir nýti sér aðferðir óhefðbundinna lækninga í störfum sínum.
4. Hver staða óhefðbundinna lækninga er með tilliti til skatta og þá einkum virðisaukaskatts.

Enn fremur skal nefndin safna saman aðgengilegum niðurstöðum úr rannsóknum sem gerðar hafa verið á áhrifum og virkni þessara aðferða og á þeirri áhættu sem þeim fylgir.

Nefndin skal sjá til þess að gerð verði könnun á viðhorfi almennings til óhefðbundinna lækninga og hversu algengt það er að fólk leiti til þeirra sem bjóða slíka þjónustu.

Þá skal nefndin skila tillögum til heilbrigðisráðherra um hvernig best sé að koma til móts við vaxandi umsvif á sviði óhefðbundinna lækninga hér landi og meta hvort rétt kunni að vera að viðurkenna í aukum mæli nám í þessum greinum með veitingu starfsréttinda.

Nefndin skal skila skýrslu til Alþingis um framvindu mála 1. maí 2001 og endanlegum niðurstöðum 1. október 2001.

Greinargerð.

Forsaga þessarar tillögu er sú að fyrsti flutningsmaður hennar á sæti í félags-, heilbrigðis- og fjölskyldumálanefnd Evrópuráðsins (Social, Health and Family Affairs Committee) og lagði árið 1999 þar fram skýrslu um óhefðbundnar lækningaaðferðir sem ber heitið „A European approach to non-conventional medicines". Skýrsla þessi var síðan samþykkt sem ályktun (resolution) til ríkisstjórna aðildarlanda Evrópuráðsins.

Samkvæmt tillögu þeirri sem hér er lögð fram er heilbrigðisráðherra falið að skipa nefnd til að gera úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga hér á landi. Í tillögunni eru taldar upp nokkrar lækningaaðferðir sem taldar eru óhefðbundnar á mælikvarða vestrænna læknavísinda en sú upptalning er engan veginn tæmandi. Að auki má nefna jóga, heilun og náttúrulækningar ýmiss konar og er gert ráð fyrir að nefndin kanni einnig stöðu þessara aðferða eftir því sem tök eru á. Í 2. mgr. tillögugreinarinnar eru talin upp nokkur atriði sem gert er ráð fyrir að nefndin kanni sérstaklega. Þar er ekki heldur um tæmandi upptalningu að ræða en gert er ráð fyrir að nefndin kanni að eigin frumkvæði fleiri atriði sem málinu tengjast.

Þá er í 3. mgr. lagt til að nefndin hafi forgöngu um að gerð verði könnun á viðhorfi almennings til óhefðbundinna lækningaaðferða og hversu algengt er að menn nýti sér þær. Fleiri atriði mætti athuga í könnun sem þessari og er gert ráð fyrir að nefndarmenn meti hvort gagnlegt er að gera það.

Þegar nefndin hefur lokið þeirri vinnu sem að framan greinir er lagt til að hún móti og skili til heilbrigðisráðherra tillögum, byggðum á fengum niðurstöðum, um það hvernig best sé að koma til móts við vaxandi umsvif á sviði óhefðbundinna lækninga.

Mikilvægt er að sem flestir hagsmunaaðilar eigi fulltrúa í nefndinni. Eðlilegt er að læknar og hjúkrunarfræðingar eigi sinn fulltrúa hvor, þá er nauðsynlegt að hafa a.m.k. tvo aðila með sérþekkingu á óhefðbundnum lækningum og loks væri eðlilegt að formaður nefndarinnar og varaformaður verði lögfræðingar. Annars er heilbrigðisráðherra frjálst að skipa nefndina eins og hann telur best, sbr. orð ályktunarinnar. Flutningsmenn vilja þó leggja áherslu á að nefndin verði skipuð víðsýnum mönnum með góða sérþekkingu á sínu sviði.

Óhefðbundnar lækningar hafa orðið sífellt meira áberandi á undanförnum árum og ljóst að sjúklingar reyna í auknum mæli ný meðferðarúrræði. Tekið skal fram og lögð á það áhersla að ekki eru dregnir í efa yfirburðir hefðbundinna lækninga. Hins vegar verður telja að ólík form lækninga eigi að geta dafnað hlið við hlið án þess að til beinna hagsmunaárekstra þurfi að koma.

Frelsi sjúklings til að velja sér meðferð á að vera meginregla sem ganga skal út frá við setningu laga og reglna um þessi efni. Fara verður varlega í að takmarka þetta frelsi og sterk rök verða að vera fyrir slíkum takmörkunum. Gild rök gætu verið að tiltekin meðferð sé beinlínis hættuleg heilsu og lífi manna. Ekki er nægjanlegt að yfirvöld láti málin afskiptalaus. Í afskiptaleysi felast takmarkanir sem nauðsynlegt er að afnema. Þær koma meðal annars fram í því að notendur óhefðbundinna lækninga njóta ekki sama bótaréttar og notendur almennrar heilbrigðisþjónustu ef þeir verða fyrir tjóni. Þá felst veigamikil takmörkun í því að þeir sem stunda óhefðbundnar lækningar eiga ekki möguleika á að fá nám sitt viðurkennt og fá starfsréttindi en það gerir notendum þjónustunnar erfitt um vik við að meta hvort bjóðandi hennar er í raun hæfur til að veita hana. Óhefðbundnar lækningar hafa ekki verið taldar falla undir skilgreiningu á hugtakinu „eiginleg heilbrigðisþjónusta", sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Því eru óhefðbundnar lækningar ekki undanþegnar virðisaukaskatti eins

og önnur heilbrigðisþjónusta. Þetta gerir það að verkum að þjónustan verður oft dýrari en góðu hófi gegnir, sem hlýtur að takmarka möguleika fólks á að nýta sér hana.

Það skal tekið skýrt fram að flutningsmenn telja ekki að óhefðbundnar lækningar eigi að njóta niðurgreiðslna af hálfu hins opinbera með sama hætti og hefðbundin heilbrigðisþjónusta að svo stöddu. Meta verður það í hverju tilviki fyrir sig hvort tiltekið meðferðarform hafi gefið það góða raun að réttlætanlegt sé að verja almannafé til eflingar þess.

Til að unnt sé að afnema takmarkanir sem þessar er nauðsynlegt að skapa lagaramma um starfsemina. Hér er fyrst og fremst átt við reglur um viðurkenningu náms og veitingu starfsréttinda. Slíkar reglur eru forsenda þess að yfirvöldum sé unnt að skilja á milli þeirra sem eru hæfir til að stunda mismunandi greinar óhefðbundinna lækninga og þeirra sem í almennu tali eru kallaðir fúskarar eða skottulæknar, en það vill loða við að allir sem leggja stund á óhefðbundnar aðferðir séu settir undir sama hatt að þessu leyti, oft óverðskuldað.

Áhrif og ávinningur af setningu reglna um þetta efni eru margvísleg og að ýmsu leyti ótvíræð. Í fyrsta lagi má gera ráð fyrir að starfsemi þessi yrði sýnileg en ekki er óvarlegt að fullyrða að núna séu þessar lækningar að miklu leyti stundaðar sem svokölluð svört atvinnustarfsemi. Með setningu reglna er kominn grundvöllur fyrir eftirlit yfirvalda, sem ásamt stofnun hagsmunasamtaka þeirra sem stunda óhefðbundnar lækningar ætti að leiða til aukinna gæða þjónustunnar og um leið aukins öryggis þeirra sem nýta sér hana. Hagsmunum sjúklinga er best borgið með vel menntuðum og hæfum sérfræðingum sem eru meðvitaðir um eigin takmarkanir og starfa í samræmi við siðareglur og aðrar reglur sem settar kunna að vera af samtökum þeirra, ásamt því að njóta aðhalds frá hinu opinbera.

Lögð er áhersla á mikilvægi þess að vandað sé til verka við setningu umræddra reglna. Nauðsynlegt er, sérstaklega á tilteknum sviðum óhefðbundinna lækninga, að greina á milli vandaðra og óvandaðra vinnubragða og ávallt verður að setja kröfuna um öryggi sjúklinga í öndvegi.

Óraunhæft er að ætla sér að hindra tilkomu nýrra meðferðarúrræða í heilbrigðisgeiranum. Nær er að setja reglur um starfsemi á því sviði til hagsbóta þeim sem veita þjónustuna og neytendum hennar til hagsbóta.

Í framtíðinni ættu mismunandi form lækninga að geta farið saman og læknar sem stunda hefðbundnar lækningar ættu að geta stundað það sem hér er kallað óhefðbundnar lækningar samhliða hinum hefðbundnu á sama hátt og vel þjálfaðir sérfræðingar á því sviði. Til að þetta megi verða þyrfti að koma til kennsla í háskólum í meðferðarúrræðum sem hingað til hafa ekki verið talin eiga heima þar.

Mikilvægt er að efla rannsóknir á virkni og áhrifum hinna margvíslegu óhefðbundnu lækninga þar sem þekking, og þá sérstaklega það sem við köllum vísindaleg þekking, er að ýmsu leyti takmörkuð.

Á undanförnum árum hefur fjölgað mjög nýjum meðferðarúrræðum í Evrópu og jafnvel enn meira í Bandaríkjunum. Í Frakklandi hefur verið áætlað að a.m.k. 35–50% landsmanna sæki sér reglulega lækningar eða meðferð hjá aðilum sem stunda óhefðbundnar lækningar. Þá hefur verið talið að 20–50% manna í löndum Evrópu noti óhefðbundin lyf, þ.e. náttúrulyf ýmiss konar o.fl.

Það sem hefur háð þessum meðferðarúrræðum er að þau eru yfirleitt ekki viðurkennd í vestrænum læknavísindum og þeim er að mestu eða öllu leyti úthýst úr læknaskólum. Þeir sem ekki hafa hlotið lækningaleyfi en stunda óhefðbundnar lækningar geta átt von á því að vera ákærðir og saksóttir fyrir störf sín. Læknum með tilskilin réttindi er hins vegar frjálst að nýta sér óhefðbundnar lækningar í starfi, svo fremi sem öryggi sjúklings er ekki teflt í tvísýnu.

Óhefðbundnar lækningar hafa þó á síðustu árum hlotið aukna viðurkenningu og þá einkum í Bandaríkjunum. Árið 1992 setti ríkisstjórn Bandaríkjanna upp sérstaka skrifstofu (Office of Alternative Medicine) sem á að standa fyrir rannsóknum á óhefðbundnum læknislyfjum (hressingarlyfjum) og kynna niðurstöður þeirra. Einnig skal bent á nýútkomna skýrslu landlæknisembættisins þessu tengda og nýlega norska skýrslu um óhefðbundnar lækningar. Gert er ráð fyrir að nefndin muni, ef hún verður skipuð, kynna sér þessar rannsóknir. Árið 1997 var bandarísku skrifstofunni, sem gengur undir skamstöfuninni OAM, úthlutað 12 billjónum Bandaríkjadala til verkefnisins. Þá var sérstakur einkarekinn háskóli stofnaður árið 1978 í Bandaríkjunum til að bjóða upp á nám í óhefðbundnum lækningum (Alternative Medicine) og nú hefur einn stærsti læknaskóli Bandaríkjanna tekið upp námskeið í þessum fræðum. Að lokum má nefna að Heilbrigðisstofnun Bandaríkjanna (National Institutes of Health) hefur opinberlega viðurkennt að nálarstungumeðferð sé gagnleg í baráttunni við tiltekna sjúkdóma.

Þróunin í Evrópu hefur verið í sömu átt þótt aðstæður þar séu talsvert öðruvísi. Útbreiddust þessara meðferðarforma eru nálarstungur og smáskammtalækningar. Í Bretlandi og Írlandi eru smáskammtalækningar stundaðar bæði af læknum og öðrum sem aflað hafa sér þekkingar á þeim og má í raun segja að hverjum sem er sé frjálst að stunda þessa tegund lækninga. Í Bretlandi er starfræktur sérstakur skóli í smáskammtalækningum og er hann opinberlega viðurkenndur sem miðstöð fyrir lækna í framhaldsnámi á þessu sviði og lækningaaðferðin er jafnframt viðurkennd af heilbrigðisstofnun landsins. Í Austurríki og Þýskalandi þurfa læknar að ljúka sérstökum námskeiðum til að öðlast opinbera viðurkenningu til að stunda smáskammtalækningar.

Í Þýskalandi hefur svokölluð antrópósófísk læknisfræði (anthroposophical medicine) verið viðurkennd og er þessi grein kennd sem hluti af framhaldsnámi í lyflækningum. Í þessari grein er litið á sjúkdóma sem afleiðingu af ójafnvægi á milli líkamlegra, geðrænna og andlegra þátta mannsins. Þar í landi, sem og í Hollandi og Sviþjóð, eru starfrækt sérstök sjúkrahús sem vinna samkvæmt þessari hugmyndafræði, en rétt er að taka fram að aðferðum hefðbundinna læknavísinda er engan veginn hafnað heldur er reynt að sameina þetta tvennt í sterka heild.

Lið- og beinskekkjulækningar eru viðurkenndar á Bretlandseyjum, Sviss og að einhverju leyti á Norðurlöndunum. Á Spáni, Ítalíu og Portúgal geta menn starfað án þess að eiga það á hættu að verða saksóttir en aðferðin er hins vegar ekki viðurkennd opinberlega.

Náttúrulækningar eru látnar afskiptalausar í löndum eins og Noregi og Sviþjóð, en í öðrum löndum, til dæmis Ítalíu, Grikklandi og Portúgal hafa menn verið saksóttir fyrir að leggja stund á þær.

Á Íslandi er engum heimilt að stunda lækningar nema hann hafi til þess leyfi frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og í raun eru það einungis hefðbundnir læknar sem fá slík leyfi. Þrátt fyrir þetta hafa ýmsar óhefðbundnar lækningar verið stundaðar hér á landi óáreittar. Félag íslenskra nuddara (FÍN) hefur öðrum fremur barist fyrir aukinni viðurkenningu óhefðbundinna meðferðarforma. Hér má skjóta inn í að nú er unnt að stunda nám í nuddi við Fjölbrautaskólann í Ármúla, en hins vegar öðlast þeir sem þaðan útskrifast ekki starfsréttindi í grein sinni. Þann 13. og 14. mars sl. voru stofnuð norræn samtök fólks sem vinnur við óhefðbundin meðferðarform og hlutu samtökin nafnið Nordisk samarbejds komite for ikkekonventionell medisin/terapy (NSK). FÍN var stofnaðili að þessum samtökum en ætlunin er að stofna regnhlífasamtök fagfélaga á þessu sviði sem síðan eiga að taka við af FÍN sem fulltrúi Íslands í NSK. Helstu markmið NSK eru að vinna að því að komið verði á fót góðri samnorrænni grunnmenntun í óhefðbundnum meðferðarformum, að starfsréttindi verði

viðurkennd og að vinna að samstöðu og samvinnu meðal þeirra sem leggja stund á óhefðbundnar lækningar og annarra heilbrigðisstétta.

Þótt mikilvægi hefðbundinna læknavísinda sé ekki dregið í efa á nokkurn hátt er mikilvægt að hafa ávallt í huga að aðferðir hinna óhefðbundnu lækninga eiga sér oftar en ekki langa sögu og sumar hafa verið reyndar og prófaðar í þúsundir ára og sjúklingar sækjast eftir því í auknum mæli að fá aðgang að þessum meðferðarúrræðum.

Það er von flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu að hún fái góðan stuðning meðal þingmanna og geti þar með orðið upphafið að heildarstefnumörkun og setningu laga og reglna um þetta efni. Þá vilja flutningsmenn varpa þeirri hugmynd fram hvort ekki sé rétt að leita samstarfs við hin Norðurlöndin um grundvöll samnorrænna reglna á þessu sviði.

177. Svar [60. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um tjónagreiðslur vegna jarðskjálftanna á Suðurlandi í sumar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir einstaklingar, fyrirtæki og sveitarfélög urðu fyrir verulegu tjóni á eignum, sem ekki eru tryggingaskyldar, eða öðru verulegu fjárhagstjóni, sem rekja má til jarðskjálftanna á Suðurlandi 17. og 21. júní sl. og ekki fellur undir tryggingakerfið? Átt er við tjón á vörum, rekstrarstöðvun fyrirtækja, tjón á lögnum, vatnsbólum og fráveitukerfum til sveita, vinnutap og ýmislegt fleira.*
2. *Hefur verið reynt að meta umfang tjónsins og hversu háar fjárhæðir er um að ræða?*
3. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að þetta tjón verði bætt og ef svo er, hvernig verður staðið að því?*

Hvað varðar fyrstu tvo liði fyrirspurnarinnar vill ráðuneytið taka eftirfarandi fram. Upplýsingar um tjón á eignum einstaklinga, fyrirtækja og sveitarfélaga vegna jarðskjálftanna á Suðurlandi í júní sl. sem ekki eru vátryggingarskyldar og ekki falla undir tryggingakerfið liggja ekki fyrir í ráðuneytinu. Engin skráning er á vegum ráðuneytisins á þeim tjónum er einstaklingar eða aðrir kunna að verða fyrir og ekki eru vátryggingartæk eða vátryggingarskyld.

Í von um að upplýsingar kynnu að liggja fyrir hjá þeim aðilum sem nær eru vettvangi en ráðuneytið var leitað til Viðlagatryggingar Íslands og Guðmundar Inga Gunnlaugssonar, sveitarstjóra á Hellu, um upplýsingar vegna fyrirspurnar þessarar. Viðlagatrygging Íslands hefur ekki undir höndum upplýsingar sem varða tjón sem ekki er tryggingaskylt og spurt er um. Þær upplýsingar bárust frá Guðmundi Inga Gunnlaugssyni að sveitarfélögin tíu á meginjarðskjálftasvæðinu virtust flest hafa orðið fyrir mismiklum kostnaði vegna jarðskjálftanna og sum hafi einnig orðið fyrir tjónum sem ekki eru vátryggingartæk. Upplýsingar um slík tjón og kostnað liggi ekki fyrir í dag þar sem enn vanti töluvert á að allt sé fram komið og uppgjör margra mála sé ólokið; atriði er valda kostnaði séu enn að koma fram nánast daglega. Samkvæmt upplýsingum Guðmundar Inga er ljóst að kostnaður sveitarfélaganna muni þegar upp verður staðið nema nokkrum tugum milljóna, en a.m.k. séu enn nokkrar vikur í að allt liggi fyrir.

Samkvæmt upplýsingum frá Guðmundi Inga er vitað til að einstaklingar á jarðskjálftasvæðinu hafi orðið fyrir tjóni sem ekki eru vátryggingartæk, en upphæðir eru enn óljósar.

Megi þar einkum nefna afleidd tjón, svo sem vegna vinnutaps og kostnaðar við ferðir til opinberra aðila til að reka erindi tengd niðurrifi, viðgerðum og uppbyggingu húsa. Til sveita hefur samkvæmt sömu upplýsingum orðið tjón á t.d. vatnsbólum, lagnakerfum, afurðum og mörgu fleiru sem líklega verði aldrei upplýst til fulls. Enginn möguleiki sé á þessu stigi að áætla einhverjar fjárhæðir í þessu sambandi, til þess séu upplýsingar of litlar. Enn fremur sé vitað til að fyrirtæki á jarðskjálftasvæðinu hafi orðið fyrir margvíslegu tjóni sem ekki sé vátryggingartækt, svo sem vegna rekstrarstöðvunar, en ekki liggi fyrir upplýsingar um upphæð tjóna.

Forsætisráðherra setti í kjölfar skjálftanna á stofn nefnd þriggja ráðuneytisstjóra sem skyldu safna saman ýmsum upplýsingum um tjón vegna skjálftanna. Nefndin, sem starfar undir forsæti Ólafs Davíðssonar, ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins, hefur safnað saman ýmsum gögnum og hafa sveitarfélögin á svæðinu m.a. kvatt fyrirtæki og einstaklinga til að koma upplýsingum um ótryggingartæk tjón til nefndarinnar. Jafnframt hefur Búnaðarsamband Suðurlands gengist fyrir því að bændur taki saman upplýsingar um tjón á býlum sem verði komið til nefndarinnar.

Hvað varðar þriðja lið fyrirspurnarinnar er rétt að benda á að áhersla hefur verið lögð á það af hálfu stjórnvalda að leyst yrði úr bráðum vanda þeirra sem misstu íbúðarhúsnæði sitt í jarðskjálftunum. Hefur því minni tími unnist til þess að sinna öðrum verkefnum en þeim sem beint hafa tengst tjónum á tryggingarskyldum eignum. Í ljósi þess að litlar sem engar upplýsingar liggja á þessari stundu fyrir um önnur bein tjón, eða afleidd tjón, í kjölfar jarðskjálftanna telur ráðherra ekki tímabært að fullyrða hvort eða hvernig unnt verði að greiða götu þeirra sem urðu fyrir slíkum tjónum. Þó er rétt að benda á að ríkisstjórnin veitti 6 milljónum króna til viðgerða á veitukerfi Sólheima í Grímsnesi.

Þegar öll kurl verða komin til grafar og tími hefur unnist til þess að leggja heildarmat á virkni viðlagatryggingakerfisins mun ráðherra beita sér fyrir athugun á því hvort unnt sé að breyta kerfinu til hagsbóta fyrir þá sem tryggja hjá Viðlagatryggingu Íslands.

178. Svar [59. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um greiðslur vegna tjóna er urðu í jarðskjálftunum á Suðurlandi í sumar.

1. Í hve mörgum tilvikum varð altjón á húseignum í jarðskjálftunum á Suðurlandi 17. og 21. júní sl.?

Samkvæmt upplýsingum frá Viðlagatryggingu Íslands urðu 34 altjón á íbúðarhúsum í jarðskjálftunum og enn kunna fáein hús að bætast við þar sem skemmdir eru enn að koma í ljós. Altjón varð jafnframt á fjölmörgum útihúsum. Viðlagatryggingu Íslands var ekki unnt á þeim stutta tíma sem gafst til vinnslu fyrirspurnarinnar að tilgreina nákvæmlega fjölda altjónaðra útihúsa eða birta sundurliðaðan lista. Ljóst er þó að altjón á útihúsum eru á annað hundrað. Í skráningu Viðlagatryggingar á tjónamati og tjónsuppgjörum er skráð heildartjón á húseignum á bújörðum en ekki sundurliðuð tala vegna hverrar húseignar. Til að vinna skrá yfir altjón á útihúsum þarf að fara í gegnum matsgögn vegna hverrar bújarðar og afla upplýsinga frá matsmönnum. Þetta er viðamikið verkefni sem stofnunin hyggst ráðast í þegar um hægist í tjónamati og þá í því skyni að upplýsa byggingaryfirvöld um útihús er þarf að rífa.

Viðlagatrygging hyggst ráðast í þetta verkefni á næstunni og verða ráðuneytinu sendar viðkomandi upplýsingar.

2. *Hverjar eru ákvarðaðar bótafjárhæðir viðlagatryggingar vegna*
   a. íbúðarhúsnæðis,
   b. útihúsa,
   c. annarra eigna,
   sundurliðað eftir eignum og borið saman við brunabótamat og endurstofnverð viðkomandi eigna samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins?

Eftirfarandi er sundurliðaður listi yfir íbúðarhús sem altjón hefur orðið á. Tilgreind er bótafjárhæð og brunabótamat og auk þess endurstofnverð samkvæmt upplýsingum Fasteignamats ríkisins sem Viðlagatrygging Íslands tók saman. Um er að ræða samþykktar bótafjárhæðir nema í tveimur tilfellum. Eins og að framan greindi reyndist Viðlagatryggingu ekki unnt með svo skömmum fyrirvara að láta í té sundurliðað yfirlit yfir altjón á útihúsum. Samkvæmt upplýsingum Viðlagatryggingar urðu ekki altjón á öðrum eignum.

Yfirlit yfir fjölda altjóna á íbúðarhúsnæði í Árnes- og Rangárvallasýslu í kjölfar jarðskjálftanna 17. og 21. júní 2000.

Árnessýsla			
Nr.	**Bótafjárhæð**	**Brunabótamat**	**Endurstofnverð**
1	5.282.000	12.726.000	4.651.000
2	9.846.000	9.846.000	20.544.000
3	12.944.000	15.530.000	13.275.000
4	14.677.000	18.471.000	17.119.000
5	18.243.000	24.595.000	20.893.000
6	6.522.000	6.522.000	10.244.000
7	6.406.000	6.406.000	7.997.000
8	7.051.000	12.516.000	10.620.000
9	10.223.000	14.761.000	14.296.000
10	5.007.000	10.121.000	8.584.000
11	3.283.000	3.283.000	2.878.000
12	7.228.000	7.228.000	7.094.000
13	10.024.000	19.521.000	18.906.000
14	5.398.000	10.270.000	9.947.000
15	6.957.000	14.139.000	12.013.000
16	5.747.000	5.747.000	12.351.000
	134.838.000	191.682.000	191.412.000

Rangárvallasýsla			
1	6.048.000	6.048.000	11.389.000
2	10.674.000	14.144.000	13.693.000
3	14.931.000	14.931.000	14.849.000
4	10.608.400	13.852.000	12.199.000
5	10.550.000	10.550.000	12.305.000
6	9.806.000	9.806.000	13.785.000
7	10.270.000	10.270.000	11.783.000
8	12.624.000	12.624.000	12.236.000
9	6.777.000	6.777.000	11.549.000
10	7.762.000	7.762.000	14.254.000
11	5.535.400	7.116.000	8.809.000
12	5.124.000	5.124.000	5.862.000
13	5.514.000	5.514.000	8.637.000
14	6.669.000	14.775.000	13.938.000
15	7.968.000	10.781.000	10.429.000
16	8.828.000	8.828.000	11.994.000
17	9.740.000	9.740.000	8.271.000
18	10.543.000	10.543.000	12.713.000
	159.971.800	179.185.000	208.695.000
Samtals	**294.809.800**	**370.867.000**	**400.107.000**

179. Svar [42. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Guðjóns A. Kristjánssonar um rekstur skipasmíðastöðva.

Ráðuneytið leitaði til Samtaka iðnaðarins um svör við 1.–4. lið fyrirspurnarinnar og enn fremur hjá Hagstofunni við 3. lið. Svör við 5. lið fengust í skjölum ráðuneytisins, hjá fjármálaráðuneyti, hjá starfsmönnum fyrrverandi Iðnlánasjóðs og hjá Byggðastofnun en um svör við 6. lið fyrirspurnarinnar var leitað til Þjóðhagsstofnunar.

Til að forðast misskilning kaus ráðuneytið að fara að fordæmi iðnaðarins og skilgreina skipasmíðastöð sem skipaiðnað. Í skipaiðnaði fara annars vegar fram nýsmíðar skipa og hins vegar eru skip tekin í slipp til viðgerða og viðhalds. Þessi skilgreining er notuð til að skilja þá sem stunda raunverulega skipasmíði frá almennum vélsmiðjurekstri sem hefur mun víðtækara starfssvið.

1. *Hve margar skipasmíðastöðvar voru í rekstri á landinu árið 1990?*
Árið 1990 voru átján skipaiðnaðarfyrirtæki starfandi á landinu.

2. *Hve margar skipasmíðastöðvar eru í rekstri á landinu árið 2000?*
Nú eru alls ellefu skipaiðnaðarfyrirtæki starfandi á landinu.

3. *Hversu margar hafa hafið rekstur að nýju eftir gjaldþrot eða verið stofnaðar á tímabilinu 1990–2000?*

Samtök iðnaðarins upplýsa að eftir því sem næst verður komist eru sjö þeirra fyrirtækja sem starfandi voru árið 1990 enn í rekstri, þar af hafa tvö sameinast í eitt. Þrjú ný fyrirtæki hafa bæst í þennan hóp og eitt hafið rekstur eftir gjaldþrot. Eitt hinna nýju fyrirtækja yfirtók rekstur annars frá 1990. Níu fyrirtæki sem voru starfandi árið 1990 starfa ekki nú.

Skýrslur Hagstofu Íslands eru ekki nægilega sundurgreindar til að unnt sé að fylgja skilgreiningu ráðuneytisins á skipaiðnaði. Skipasmíðastöðvar eru skráðar hjá Hagstofu Íslands undir atvinnugreinanúmeri 35.11.0 (ÍSAT 35.11.0): Skipasmíði og skipaviðgerðir. Undir þetta númer flokkast einnig annar skyldur rekstur, svo sem framleiðsla skipshluta, framleiðsla flotkvía, landgöngubrúa, flotgeyma, pramma og viðgerðir á þessum hlutum. Einnig framleiðsla á uppblásanlegum bátum og flekum, skipabreytingar, niðurrif skipa og skipamálun. Samt sem áður gefa tölur Hagstofu Íslands hugmynd um hvernig þróun í málmiðnaði hefur verið. Upplýsingar hennar eru eftirfarandi:

a. Fyrirtæki skráð í árslok í fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands með ÍSAT-númer 35.11.0 frá 1993–2000 (tölur frá því fyrir 1993 eru ekki til á tölvutæku formi hjá Hagstofu Íslands):

1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
38	46	44	44	46	47	55	54

b. Fyrirtæki skráð með ÍSAT-númer 35.11.0 sem hafa verið úrskurðuð gjaldþrota frá 1993:

1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
2	6	4	3	1	0	0	2

c. Fyrirtæki skráð árlega með ÍSAT-númer 35.11.0 frá 1993–2000 (tölur frá því fyrir 1993 eru ekki til á tölvutæku formi hjá Hagstofu Íslands):

1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
5	4	2	2	1	2	8	5

Athugasemd Hagstofu Íslands:

Þegar ný fyrirtæki eru skráð þarf ekki að tilkynna hvort um nýjan rekstur sé að ræða eða hvort félagið ætli sér að kaupa eða taka við rekstri annars fyrirtækis sem hefur hætt starfsemi eða orðið gjaldþrota.

4. *Hvernig er skipting skipasmíðastöðva eftir kjördæmum, miðað við þá kjördæmaskipan sem í gildi var fram í maí á þessu ári?*

Samkvæmt upplýsingum frá Samtökum iðnaðarins skiptast þau ellefu fyrirtæki sem nú eru starfandi í skipaiðnaði (þ.e. á árinu 2000) þannig eftir kjördæmum:

Reykjavík	Reykjanes	Vesturland	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
2	3	2	1	2	1

Hagstofa Íslands upplýsir að 55 fyrirtæki hafi verið starfandi í málmiðnaði árið 1999, þ.e. með ÍSAT-númer 35.11.0. (sbr. hér að framan). Skipting þeirra eftir kjördæmum samkvæmt síðustu Landshögum (1999) var eftirfarandi:

Reykjavík	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
10	26	10	1	3	3	2

5. *Hvaða styrkir eða niðurgreiðslur hafa verið sl. áratug, til hvaða verkefna og frá hverjum komu styrkir, vikjandi lán eða niðurgreiðslur, t.d. í formi byggingarstyrkja ef um það hefur verið að ræða, sundurliðað eftir árum?*

Stuðningur hins opinbera við skipaiðnaðinn á þessum áratug var fyrst og fremst þrenns konar, þ.e. ríkisstyrkir samkvæmt heimild í 7. tilskipun ESB árin 1994 og 1995, heimild til endurgreiðslu tolla vegna skipasmíða og skipaviðgerða samkvæmt reglugerð nr. 172/1985 og í þriðja lagi tvö verkefni sem rekin voru árin 1994 og 1995 og tengdust nýsköpun í skipa-, málm- og mjöliðnaði. Þessi verkefni beindust að öllum málmiðnaðinum fremur en að skipaiðnaði sérstaklega.

a. Ríkisstyrkir á árunum 1994 og 1995.

Í janúar 1994 samþykkti ríkisstjórnin tímabundna jöfnunaraðstoð í skipaiðnaði vegna endurbóta- og viðhaldsverkefna á fiskiskipum. Styrkupphæðin var upphaflega 40 millj. kr. en vegna mikillar eftirspurnar ákvað ríkisstjórnin í júní sama ár að hækka fjárhæðina um 20 millj. kr. í 60 millj. kr. Þessi ráðstöfun var í samræmi við svokallaða 7. tilskipun ESB.

Á árinu 1995 veittu íslensk stjórnvöld 17 millj. kr. til skipaiðnaðarins og var markmiðið sem fyrr að skapa aukið jafnræði í samkeppnisskilyrðum fyrirtækja í skipaiðnaði og endurbótum með hliðsjón af 7. tilskipun ESB vegna erlendra ríkisstyrkja í þeim greinum og stuðla að aukinni atvinnu hér á landi.

Eftirfarandi fyrirtæki fengu jöfnunaraðstoð á árinu 1994 vegna tilgreindra útgerðarfyrirtækja (upphæðir í kr.):

Umsækjandi	Útgerð	Samþykktur styrkur
Ósey hf.	Enni hf.	1.560.000
Ósey hf.	Sigurður Jónsson	1.469.000
Ósey hf.	Smári Einarsson	819.000
Landssmiðjan hf.	Hrönn hf.	4.732.000
Stálsmiðjan hf.	Karelryflot	2.753.057
Stálsmiðjan hf.	Vinnslustöðin hf.	1.265.459
Stálsmiðjan hf.	Ísfhaf hf.	5.795.951
Skipalyftan hf.	Ufsaberg hf.	10.152.740
Klaki sf.	Stálskip hf.	5.005.000
Þorgeir og Ellert hf.	Sigurður Kristjónsson	1.307.020
Þorgeir og Ellert hf.	Stálskip hf.	1.381.380
Þorgeir og Ellert hf.	Eysteinn Yngvarsson	1.547.000
Gjörvi hf.	Kögurfell hf.	2.098.448
Gjörvi hf.	Njáll hf.	299.780
Slippstöðin Oddi hf.	Útgerðarfélag Dalvíkinga hf.	2.131.740
Slippstöðin Oddi hf.	Siglfirðingur hf.	5.221.073
Slippstöðin Oddi hf.	Icetrawl. Greenland AS.	2.028.281
Marel hf.	Hrönn hf.	1.775.813
Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf.	Miðnes hf.	879.320
Vélsmiðjan Sig. Sveinbjörnsson hf.	Fiskiðjan Skagfirðingur hf.	417.621
Daníel Þorsteinsson & co.	Aðalbjörg sf.	760.267

Jöfnunaraðstoð á árinu 1995 var veitt eftirfarandi fyrirtækjum vegna tilgreindra útgerðarfyrirtækja (upphæðir í kr.):

Umsækjandi	Útgerð	Samþykktur styrkur
Skipalyftan hf.	Hafnarsjóður Vestmannaeyja	3.179.250
Þorgeir og Ellert hf.	Melur hf.	2.192.867
Þorgeir og Ellert hf.	Marel hf.	1.140.280
Þorgeir og Ellert hf.	Haraldur Böðvarsson hf.	139.500
Marel hf.	Hvalur hf.	1.448.587
Skipasmíðastöðin hf.	Norðurtangi hf.	824.929
Kælismiðjan Frost hf.	Grandi hf.	623.340
Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf.	Þorbjörn hf.	2.025.000
Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf.	D. & W. Skotlandi	1.502.523
Stálsmiðjan hf.	Miðnes hf.	1.007.777
Stálsmiðjan hf.	Gunnvör hf.	1.255.500
Klaki hf.	Magnar Managem. s.a.	315.000
Klaki hf.	Ingimundur hf.	404.550
Klaki hf.	Miðnes hf.	562.500

b. Endurgreiðsla tolla.

Um allmargra ára skeið hefur fjármálaráðherra haft heimild í lögum til að endurgreiða að hluta áætlaða tolla vegna skipasmíða. Núgildandi reglur eru frá 1985 (nr. 172/1985) en þær byggjast á eldri reglum sem eiga rót sína að rekja til ársins 1968. Reglurnar frá 1985 voru upphaflega settar með stoð í 28. tölul. 3. gr. tollskrárlaga, nr. 120/1976, en nú er niðurfellingarheimild fjármálaráðherra að finna í 7. tölul. 6. gr. tollalaga, nr. 104/2000.

Siglingastofnun hefur annast þessar endurgreiðslur. Endurgreiðslufjárhæðir lækkuðu talsvert frá 1992–1996 en Siglingastofnun gat ekki gefið nýrri eða frekari upplýsingar um endurgreiðslurnar innan tilsetts tíma. Endurgreiðslufjárhæðirnar voru sem hér segir í millj. kr.:

1992	1993	1994	1995	1996
39	27	18	14	13

c. Sérstakar aðgerðir til handa skipaiðnaði á árunum 1994 og 1995.

Á árunum 1994 og 1995 beitti ríkisstjórnin sér fyrir sérstökum stuðningi við skipa- og málmiðnaðinn. Tvö veigamestu verkefnin sem þá var ráðist í báru heitið *Skipaiðnaður 94* og *Nýsköpun í mjöl- og málmiðnaði.*

Eftirtalin fyrirtæki tóku þátt í verkefninu *Skipaiðnaður 94*:

Héðinn hf., Klaki hf., Samstarfshópur í málmiðnaði við Djúp, Skipalyftan hf., Skipasmíðastöðin hf., Skipasmíðastöðin Dröfn hf., Skipavík hf., Slippstöðin Oddi hf., Stálsmiðjan hf., Vélsmiðja Jóns Sigurðssonar, Vélsmiðjan Stál hf. og Þorgeir og Ellert hf.

Eftirtalin fyrirtæki tóku þátt í verkefninu *Nýsköpun í mjöl- og málmiðnaði*:

D.E.B.-þjónustan, Héðinn-Smiðjan hf. (tvö verkefni), Hraðfrystistöð Þórshafnar hf., Kælismiðjan Frost hf. (tvö verkefni), Vélaverkstæði SR-Mjöls hf., Vélsmiðjan Stál hf. og VJS-Tækni ehf.

Heildarupphæð styrkja sem rann til þátttökufyrirtækjanna í báðum þessu verkefnum var 10.566.000 kr.

d. Annar stuðningur.

Ráðuneytið hefur reynt að afla upplýsinga um aðra styrki til skipaiðnaðarins á þessu tímabili og hefur leitað til þeirra sem helst ættu að hafa upplýsingar um málefni skipaiðnaðarins. Byggðastofnun upplýsir að engir styrkir eða víkjandi lán hafi verið veitt af hálfu stofnunarinnar til skipaiðnaðar. Starfsmenn fyrrverandi Iðnlánasjóðs svara á sama veg og er ráðuneytinu ekki kunnugt um að aðrar fjármálastofnanir hafi veitt skipaiðnaðinum fyrirgreiðslur nema með almennri lánafyrirgreiðslu.

Iðnaðarráðuneytið gekkst fyrir því að árið 1994 var stutt sérstaklega við ráðgjafarvinnu í skipaiðnaði. Í þessu fólst að ráðuneytið tók þátt í kostnaði af ráðgjafarvinnu í skipaiðnaði vegna hagræðingar og endurskipulagningar hjá einstökum fyrirtækjum og innan greinarinnar í heild.

Auk þess stóðu iðnaðarráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið fyrir því ásamt hagsmunaaðilum í iðnaði og sjávarútvegi að stofnaður var svokallaður *samstarfsvettvangur sjávarútvegs og iðnaðar* sem enn er starfandi. Þá má einnig nefna að í einstaka tilfellum hefur iðnaðarráðuneytið veitt einstökum fyrirtækjum í skipa- og málmiðnaði aðstoð við tiltekin mál eins og t.d. vöruþróun.

6. *Hversu mörg ársverk voru við skipasmíði og viðhald skipa á árunum 1990–2000, sundurliðað eftir árum?*

Atvinnuvegaskýrslur Þjóðhagsstofnunar veita margvíslegar upplýsingar um atvinnustarfsemina í landinu. Í atvinnugreinatöflum er að finna skiptingu vinnuafls eftir atvinnugreinum og hafa verið gefnar út tölur fyrir árin 1990–1996 auk þess sem Þjóðhagsstofnun hefur reiknað vinnuaflstölur fyrir 1997. Unnt er að áætla vinnuaflstölur fyrir árin 1998 og 1999 en það er með umtalsverðri óvissu.

Atvinnugreinaflokkur 38 er fyrir málmsmíði, vélaviðgerðir, skipasmíði og skipaviðgerðir. Undirflokkar eru tveir, annars vegar flokkur 350, fyrir málmsmíði og vélaviðgerðir, og hins vegar flokkur 381, fyrir skipasmíði og skipaviðgerðir.

Stofnunin hefur reiknað ársverk í þessum flokkum þannig:

	1990	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**
flokkur 38	*3007*	*2826*	*2672*	*2540*	*2356*	*2513*	*2787*	*3031*
flokkur 350	2348	2196	2097	1978	1974	2095	2264	2474
flokkur 381	659	630	575	562	382	418	523	557

Stofnunin hefur góðfúslega gefið eftirfarandi spátölur fyrir ársverk í flokki 38 fyrir árin 1998–2000:

	1998	**1999**	**2000**
flokkur 38	*3247*	*3433*	*3651*

Ekki liggur fyrir hvernig þessar tölur skiptast niður á flokka 350 og 381 en benda má á að hlutur skipasmíða og skipaviðgerða hefur verið á bilinu 16–18,8% árin 1994–1997 og árið 1993 var hlutfallið 22%. Miðað við verkefnastöðu síðustu ára er líklegt að hlutur skipaiðnaðarins í flokki 38 hafi ekki aukist.

180. Svar [69. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur og Þórunnar Sveinbjarnardóttur um „Átak til atvinnusköpunar“.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða verkefni hafa verið studd af „Átaki til atvinnusköpunar“ frá 1996 til og með 1999, sundurliðað eftir tegund verkefna og þeim aðilum sem fyrir verkefnunum standa?

Átaki til atvinnusköpunar var hleypt af stokkunum í janúar 1996 sem samvinnuverkefni iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, Iðnlánasjóðs, Iðnþróunarsjóðs og Iðntæknistofnunar Íslands. Með því sameinuðu þessir aðilar stuðningsaðgerðir sínar við atvinnulífið og gerðu þær markvissari.

Eftir að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins tók til starfa í ársbyrjun 1998 hefur Átak til atvinnusköpunar verið samstarfsverkefni iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og Iðntæknistofnunar. Við það breyttust áherslur Átaks til atvinnusköpunar talsvert, þar sem ákveðið var að Nýsköpunarsjóðurinn tæki við flestum þeim verkefnum sem þróuð höfðu verið í vel skilgreindar áætlanir. Átak til atvinnusköpunar myndi aftur á móti beina sjónum fyrst og fremst að verkefnum sem féllu ekki að annarri skilgreindri starfsemi, t.d. þeim sem féllu utan verksviðs Nýsköpunarsjóðs.

Til að gefa sem gleggsta mynd af starfsemi Átaks til atvinnusköpunar fyrstu tvö árin fylgja svari þessu greinargerðir endurskoðunarfyrirtækisins Deloitte & Touche um þau verkefni sem Átak til atvinnusköpunar kom að á árunum 1996 (fylgiskjal I) og 1997 (fylgiskjal II). Þar sem verkefni Átaks til atvinnusköpunar ná oft yfir fleiri en eitt ár kemur í greinargerðinni fram ráðstöfun fjárins á hverju ári fyrir sig enda hefur fjármögnunin verið bundin við framvindu og árangur.

Stuðningsaðgerðum Átaks til atvinnusköpunar á árunum 1996 og 1997 var skipt í eftirfarandi verkefnaflokka eins og lesa má úr skýrslum endurskoðandans:

Verkefnaflokkar árið 1996 voru:

— Innflutningur fyrirtækja.
— Evrópumiðstöð lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
— Vöruþróun 1996.
— Snjallræði 1996.
— Frumkvæði – framkvæmd.
— Frumkvöðlastuðningur.
— Sókn á erlenda markaði.
— Stjórnun umhverfismála í matvæla- og fiskiðnaði.

Verkefnaflokkar árið 1997 voru:

— Vöruþróun 1997.
— Snjallræði 1997.
— Frumkvæði – framkvæmd.
— Frumkvöðlastuðningur.
— Sókn á erlenda markaði.
— Atvinnugreinastuðningur II.
— Atvinnugreinastuðningur III.
— Atvinnugreinastuðningur IV.
— Atvinnugreinastuðningur V.

— Ráðgjöf við stofnun fyrirtækja.
— Önnur verkefni.

Verkefnaflokkarnir „Atvinnugreinastuðningur IV og V“ voru verkefni sem Átak til atvinnusköpunar annaðist og voru fjármögnuð með sérstakri fjárveitingu ríkisstjórnarinnar til atvinnuuppbyggingar á svæðum sem nutu ekki góðs af framkvæmdum í tengslum við orku- og stóriðjuframkvæmdir. Auk þess sá Átak til atvinnusköpunar um tvö verkefni til viðbótar fyrir iðnaðarráðuneytið sem var samkeppni um gerð minjagripa og samstarfsverkefni í húsgagnaiðnaði.

Þegar Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins tók til starfa árið 1998 varð að samkomulagi milli hans og ráðuneytisins að verkefnin Vöruþróun, Snjallræði, Frumkvæði – framkvæmd og Sókn á erlenda markaði flyttust yfir til sjóðsins, enda féllu þau vel að starfsemi hans. Aftur á móti myndi ráðuneytið fyrst og fremst beina Átaki til atvinnusköpunar að stuðningi við frumstig nýsköpunar og grasrótarstarfi. Í þessu felst að Átak til atvinnusköpunar myndi leggja áherslu á að styðja við frumkvöðla sem ekki höfðu annað að leita með hugmyndir um nýsköpun í atvinnulífinu.

Árin 1998 og 1999 naut fjárstuðnings og samstarfs Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs ekki lengur við og hafa aðgerðir Átaks til atvinnusköpunar því stuðst við sérstakar fjárveitingar sem Alþingi hefur veitt til starfseminnar. Í fjárlögum beggja áranna var fjármálaráðherra heimilt að ráðstafa, að fengnum tillögum iðnaðarráðherra, allt að 80 m.kr. til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu. Sérstaklega skyldi huga að atvinnusköpun á þeim landsvæðum sem njóta ekki góðs af atvinnustarfsemi sem tengist uppbyggingu á orku- og stóriðjusviði. Starfsemi Átaks til atvinnusköpunar hefur fyrst og fremst byggst á þessum fjárveitingum Alþingis en auk þess hefur iðnaðar- og viðskiptaráðherra nýtt sér störf þeirra sérfræðinga sem komið hafa að Átaki til atvinnusköpunar til að meta og fylgja eftir styrkumsóknum sem ráðherra eða ráðuneytinu hafa borist sérstaklega. Verkefni sem unnin hafa verið fyrir iðnaðar- og viðskiptaráðherra hafa verið talin með verkefnum Átaks til atvinnusköpunar og eru þau því talin fram í fylgiskjali.

Gerð er grein fyrir verkefnum Átaks til atvinnusköpunar á árunum 1998 og 1999 í þremur fylgiskjölum. Í fylgiskjali III er skrá fyrir árið 1998 en þá fengu 60 verkefni stuðning. Í fylgiskjali IV er skrá fyrir árið 1999 en þá voru verkefnin 90 á vegum 61 aðila. Í fylgiskjali V er listi yfir verkefni sem unnin hafa verið fyrir iðnaðar- og viðskiptaráðherra og verkefni sem unnt hefur verið að styðja vegna þess að eldri verkefni sem heitið hafði verið stuðningi gengu ekki eftir eins og áætlað var í upphafi. Verkefnum Átaks til atvinnusköpunar var ekki skipt í ákveðna verkefnaflokka þessi ár eins og var fyrri tvö árin.

Fylgiskjal I.

Átak 1996. Yfirlit yfir styrki og ráðstöfun fyrir árin 1996–1998.

1. Átak 1996. Yfirlit yfir styrki og ráðstöfun 1996.

Yfirlit yfir styrki og ráðstöfun 1996.

	Skýr.	1996
Styrkir		
Fjármunir til ráðstöfunar 1/1		0
Innborgað á árinu		67.710.000
Vaxtatekjur		0
Samtals til ráðstöfunar		67.710.000
Ráðstöfun		
Styrkir:		
Innflutningur fyrirtækja	1	583.000
Evrópumiðstöð LMF 1996	2	950.000
Vöruþróun 1996	3	3.754.063
Snjallræði 1996	4	4.507.561
Frumkvæði – framkvæmd	5	2.961.020
Frumkvöðlasamningur	6	9.240.000
Sókn á erlenda markaði	7	10.363.000
Stjórnun umhverfismála í matvæla- og fiskiðnaði	8	1.000.000
		33.358.644
Annar kostnaður:		
Rekstrarkostnaður	9	11.437.098
Verkefnisstjórnun	10	22.566.781
Samtals ráðstafað á árinu		67.362.523
Bankainnistæða í árslok		347.477

Samþykktar skuldbindingar vegna styrkja.

	Áætlun 1996	Niðurfelldir styrkir	Greitt á árinu	Ógreitt til næsta árs
Innflutningur fyrirtækja	583.000		583.000	0
Evrópumiðstöð LMF	1.450.000		950.000	500.000
Vöruþróun 1996	11.368.000		3.754.063	7.613.937
Snjallræði 1996	10.800.000		4.507.561	6.292.439
Frumkvæði – framkvæmd	7.820.000		2.961.020	4.858.980
Frumkvöðlastuðningur	10.940.000		9.240.000	1.700.000
Sókn á erlenda markaði	12.000.000		10.363.000	1.637.000
Stjórnun umhverfismála	1.000.000		1.000.000	0
Atvinnugreinastuðningur	1.000.000		0	1.000.000
Önnur verkefni og ófyrirséður kostnaður	1.300.000		0	1.300.000
	58.261.000		33.358.644	24.902.356

Greiddir styrkir á árinu.

		1996
1.	**Innflutningur fyrirtækja**	
	Kartöfluverksmiðja	400.000
	Stansvél	108.000
	Skóverksmiðja	75.000
		583.000
2.	**Evrópumiðstöð LMF 1996**	
	RKS Skynjaratækni, Sauðárkróki (Luleå)	50.000
	Afurðastöðin Búðardal hf. (Luleå)	50.000
	Eðalfiskur hf. (Genóa)	50.000
	Brunnar hf. (Genóa)	50.000
	Atvinnuþróunarfélag Austurlands (Genóa)	50.000
	Pétur B. Lúthersson (EuroFurn)	100.000
	Þórdís Zoëga (EuroFurn)	100.000
	Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	180.000
	Fiskverkun Friðbjörns Björnssonar (Toledo)	80.000
	Samnátt (fyrirtækjanet) (Toledo)	80.000
	Textílkjallarinn (Totedo)	80.000
	Verðandi (fyrirtækjanet) (Toledo)	80.000
		950.000
3.	**Vöruþróun 1996**	
	Drífa	939.114
	Hópvinnukerfi	317.500
	Ískrem	719.451
	ÍMÚR	118.125
	Margmiðlun	578.273
	Ofnasmiðjan	81.600
	Plastprent	500.000
	Ískrem	500.000
		3.754.063
4.	**Snjallræði 1996**	
	Arinbjörn Clausen – Beitupulsa	600.000
	Ásgeir Sverrisson – Barnapía	649.179
	Guðlaug K. Birgisdóttir – Barnaöryggi	339.500
	Hákon Óli Guðmundsson – Málmleitartæki	582.000
	Jón S. Möller – Umhverfisklefinn	600.000
	Sigurjón Pálsson – Varði	600.000
	Svavar Guðni Gunnarsson – Mark	547.314
	Vignir Elvar Vignisson – Léttfeti	589.568
		4.507.561
5.	**Frumkvæði – framkvæmd**	
	Borgey	179.045
	Sól hf.	169.700
	Lyfjaverslun Íslands	230.000
	Íslensk matvæli	176.700
	Tandur	181.125
	Ágæti	230.000
	Gúmmívinnslan	115.200
	Umslag	138.250
	Frón	460.000
	RKS skynjaratæki	230.000

Islandia Bolur	121.500
Brunnar	279.500
Ferðamiðstöð Austurlands	230.000
Stjömusteinn	220.000
	2.961.020

6. Frumkvöðlastuðningur

Einar Harðarson	250.000
Steinn Sigurðsson	500.000
Stefán Ingi Hermannsson	100.000
Vindorka	500.000
Sigurður Ingólfsson	300.000
Ólafur H. Ólafsson	340.000
SD sjávar- og jurtasmyrsl	315.000
Íslensk lyfjagrös	315.000
Sunna Emanúelsdóttir	200.000
Tara umbúðir	330.000
Gunnar Bjarnason	500.000
Einar Þorsteinn Ásgeirsson	130.000
Ragnheiður Ólafsdóttir	300.000
Friðrik G. Friðriksson	250.000
Arnór Hannesson	250.000
Kristján B. Larsen	250.000
Rósa Ingólfsdóttir	300.000
Arkitektafélag Íslands	50.000
Netverk	300.000
Gunnar L. Björnsson	200.000
Kristján B. Ómarsson	500.000
Okkar markmið	80.000
Guðjón Ormsson	140.000
Andrés Jóhannesson	500.000
Guðmundur Davíðsson	330.000
Jóhannes Pálsson	150.000
Ísnor	500.000
Júlíus Júlíusson	140.000
Skóverksmiðjan Táp	200.000
Vindorka hf.	500.000
K.K. Blikk ehf.	500.000
	9.240.000

7. Sókn á erlenda markaði

Rafhönnun	500.000
Snorri Þorfinnsson	500.000
Chamella	250.000
Ísnor	500.000
Naustin	500.000
Flaga	200.000
Skeljahöllin	500.000
Steyputækni	134.000
P.H. snyrtivörur	300.000
J.G. matvæli	150.000
Fjölprent	300.000
Pottagaldrar	250.000
Bólstrun Kjartans	250.000
Sæhrímnir	300.000

Sunneva Design	300.000
Söðlasmiðurinn	500.000
LÍA	500.000
Hafsýn hf.	200.000
Bláa lónið & Íslensk fjallagrös	400.000
Ullarvinnsla Láru	500.000
Greifinn	304.400
Helgi Baldursson	150.000
Samnátt	300.000
Netverk	200.000
Brunnar	134.000
Hugvit	200.000
ISIS	170.000
Oktavía	350.000
Þorsteinn H. Ingason	300.000
Víkurprjón	500.000
Galdraveskið á erlendri grund	200.000
Suðurflug	100.000
Kynningarstandurinn	150.000
Kjól & Anderson	125.000
Töfluorðabókin	150.000
	10.363.000

8. Stjórnun umhverfismála í matvæla- og fiskiðnaði á Íslandi

Bakki	100.000
Bakkavör	100.000
Borgey	100.000
Faxamjöl	100.000
Fiskiðjusamlag Húsavíkur	100.000
Íslenskt franskt	100.000
Íslensk matvæli	100.000
Lýsi	100.000
Miðnes	100.000
Tros	100.000
	1.000.000

9. Annar rekstrarkostnaður

Innflutningur fyrirtækja	449.103
Evrópumiðstöð LMF 1996	2.077.739
Vöruþróun 1996	1.058.410
Snjallræði 1996	852.205
Frumkvæði – framkvæmd	1.475.656
Frumkvöðlastuðningur	181.830
Atvinnugreinastuðningur	4.700.000
Samningsstjórn	244.000
Ófyrirséður kostnaður	398.155
	11.437.098

10. Verkefnisstjórnun

Rauði þráðurinn	2.563.257
Samningsstjórn	1.755.180
Rekstur Átaksins	18.248.344
	22.566.781

11. Stofnframlag

Inneign á bankareikningi	347.477
Samtals óráðstafað til næsta árs	347.477
Ráðstöfun ársins 1996	67.362.523
Stofnframlag 1996	(67.710.000)
	0

2. Átak 1996. Yfirlit yfir styrki og ráðstöfun 1997.

Yfirlit yfir styrki og ráðstöfun 1997.

	Skýr.	1997
Styrkir		
Fjármunir til ráðstöfunar 1/7		347.477
Innborgað á tímabilinu 1/7 til 31/12		13.586.911
Vaxtatekjur		73.377
Samtals til ráðstöfunar		14.007.765
Ráðstöfun		
Styrkir:		
Vöruþróun 1996	1	1.405.731
Snjallræði 1996	2	1.500.000
Frumkvæði – framkvæmd	3	1.341.200
Frumkvöðlasamningur	4	160.000
Sókn á erlenda markaði	5	1.046.000
CE-verkefni	6	800.000
Samtals ráðstafað á árinu		6.252.931
Bankainnistæða í árslok		7.407.357
Sjóður v/1996		347.477

Samþykktar skuldbindingar vegna styrkja.

	Ógreitt frá fyrra ári	Niðurfelldir styrkir	Greitt á árinu	Ógreitt til næsta árs
Innflutningur fyrirtækja	0		0	0
Evrópumiðstöð LMF	500.000		0	500.000
Vöruþróun 1996	7.613.937		1.405.731	6.208.206
Snjallræði 1996	6.292.439		1.500.000	4.792.439
Frumkvæði – framkvæmd	4.858.980		1.341.200	3.517.780
Frumkvöðlastuðningur	1.700.000		160.000	1.540.000
Sókn á erlenda markaði	1.637.000		1.046.000	591.000
Stjórnun umhverfismála	0		0	0
Atvinnugreinastuðningur	1.000.000		0	1.000.000
Önnur verkefni (CE-verkefni)	1.300.000		800.000	500.000
	24.902.356	0	6.252.931	18.649.425

Greiddir styrkir á árinu.

	1997
1. Vöruþróun 1996	
Hópvinnukerfi	486.530
Ofnasmiðjan	400.000
Sól	124.450
Tölvuþekking	394.751
	1.405.731
2. Snjallræði 1996	
Sigurjón Pálsson – Varði	1.500.000
	1.500.000
3. Frumkvæði – framkvæmd	
Borgey	50.955
Tandur	22.500
Gúmmívinnslan	21.600
Mjólkursamlag Skagfirðinga	195.000
Vífilfell	230.000
Islandia Bolur	149.095
Vörumerking	229.425
Íslandsflug	230.000
Kaupfélag Austur-Skaftfellinga	212.625
	1.341.200
4. Frumkvöðlastuðningur	
Ólafur H. Ólafsson	160.000
	160.000
5. Sókn á erlenda markaði	
Steyputækni	266.000
Bláa lónið & Íslensk fjallagrös	200.000
ISIS	330.000
Spor	250.000
	1.046.000
6. Ófyrirséður kostnaður	
CE-verkefni	800.000
	800.000
7. Stofnframlag	
Inneign á bankareikningi	7.407.357
Vaxtatekjur af bankareikningi	(73.377)
Inneign á bankareikningi frá 1996	347.477
Samtals óráðstafað til næsta árs	7.681.457
Ráðstöfun ársins 1996	67.352.523
Ráðstöfun ársins 1997	6.252.931
Stofnframlag 1996	(81.296.911)
	0

3. Átak 1996. Yfirlit yfir styrki og ráðstöfun 1998.

Yfirlit yfir styrki og ráðstöfun 1998.

	Skýr.	1998
Styrkir		
Fjármunir til ráðstöfunar 1/1		7.754.834
Innborgað á árinu		0
Vaxtatekjur		173.559
Samtals til ráðstöfunar		7.928.393
Ráðstöfun		
Styrkir:		
Vöruþróun 1996	1	2.192.315
Snjallræði 1996	2	1.020.000
Frumkvæði – framkvæmd	3	1.094.099
Frumkvöðlasamningur	4	530.000
Sókn á erlenda markaði	5	125.000
Samtals ráðstafað á árinu		4.961.414
Bankainnistæða í árslok		2.619.502
Sjóður v/1996		347.477

Samþykktar skuldbindingar vegna styrkja.

	Ógreitt frá fyrra ári	Niðurfelldir styrkir	Greitt á árinu	Ógreitt til næsta árs
Evrópumiðstöð LMF	500.000		0	500.000
Vöruþróun 1996	6.208.206		2.192.315	4.015.891
Snjallræði 1996	4.792.439		1.020.000	3.772.439
Frumkvæði – framkvæmd	3.517.780		1.094.099	2.423.681
Frumkvöðlastuðningur	1.540.000		530.000	1.010.000
Sókn á erlenda markaði	591.000		125.000	466.000
Stjórnun umhverfismála	0		0	0
Atvinnugreinastuðningur	1.000.000		0	1.000.000
Önnur verkefni (CE-verkefni)	500.000		0	500.000
	18.649.425	0	4.961.414	13.688.011

Greiddir styrkir á árinu.

	1998
1. Vöruþróun 1996	
Borgey hf.	305.188
Hópvinnukerfi ehf.	204.737
Ímúr ehf.	105.204
Íslenskt franskt eldhús	245.207
Miðnes	147.444
Ofnasmiðjan	518.400
Drífa hf.	60.886
Tölvuþekking	605.249
	2.192.315

2. Snjallræði 1996	
Arinbjörn Clausen	250.000
Ásgeir Sverrisson	250.000
Hákon Óli Guðmundsson	520.000
	1.020.000
3. Frumkvæði – Framkvæmd	
Nýja Bautabúrið	121.070
Hópvinnukerfi ehf.	119.404
Umslag hf.	163.625
Ofnasmiðjan hf.	230.000
Plastprent hf.	230.000
Skinnaiðnaður	230.000
	1.094.099
4. Frumkvöðlastuðningur	
Iðntæknistofnun – Frá hugmynd að vöru	530.000
	530.000
5. Sókn á erlenda markaði	
Kjól & Anderson	125.000
	125.000
6. Stofnframlag	
Inneign á bankareikningi	2.619.502
Vaxtatekjur af bankareikningi 1996 og 1997	(246.936)
Inneign á bankareikningi frá 1996	347.477
Samtals óráðstafað stofnframlag til næsta árs	2.720.043
Ráðstöfun ársins 1996	67.362.523
Ráðstöfun ársins 1997	6.252.931
Ráðstöfun ársins 1998	4.961.414
Stofnframlag 1996	(81.296.911)
	0

Fylgiskjal II.

Átak 1997. Yfirlit yfir styrki og ráðstöfun 1997-1998.

1. Átak 1997. Yfirlit yfir styrki og ráðstöfun 1997.

Yfirlit yfir styrki og ráðstöfun 1997.

	Skýr.	1997
Styrkir		
Fjármunir til ráðstöfunar 1/1		0
Innborgað á árinu		80.900.000
Vaxtatekjur		145.841
Samtals til ráðstöfunar		81.045.841

Ráðstöfun

Styrkir:

Snjallræði 1997	**1**	540.000
Frumkvæði – framkvæmd	**2**	1.288.150
Vöruþróun 1997	**3**	1.002.587
Frumkvöðlastuðningur	**4**	6.481.308
Sókn á erlenda markaði	**5**	9.325.000
Atvinnugreinastuðningur II	**6**	300.000
Atvinnugreinastuðningur III	**7**	360.000
Atvinnugreinastuðningur IV	**8**	16.350.000
Atvinnugreinastuðningur V	**9**	6.000.000
Ráðgjöf við stofnun fyrirtækja	**10**	1.000.000
Önnur verkefni og ófyrirséður kostnaður	**11**	4.097.818
		46.744.863
Annar kostnaður:		
Rekstrarkostnaður	**12**	5.381.464
Samtals ráðstafað á árinu		52.126.327
Bankainnistæða í árslok		28.919.514

Samþykktar skuldbindingar vegna styrkja.

	Áætlun 1997	Niðurfelldir styrkir	Greitt á árinu	Ógreitt til næsta árs
Snjallræði 1997	10.800.000		540.000	10.260.000
Frumkvæði – framkvæmd	5.000.000		1.288.150	3.711.850
Vöruþróun 1997	10.346.000		1.002.587	9.343.413
Frumkvöðlastuðningur	8.700.000		6.481.308	2.218.692
Ráðgjöf við stofnun fyrirtækja	1.000.000		1.000.000	0
Eureka	1.000.000		0	1.000.000
Sókn á erlenda markaði	13.200.000		9.325.000	3.875.000
Atvinnugreinastuðningur I	500.000		0	500.000
Atvinnugreinastuðningur II	300.000		300.000	0
Atvinnugreinastuðningur III	700.000		360.000	340.000
Atvinnugreinastuðningur IV	25.400.000		16.350.000	9.050.000
Atvinnugreinastuðningur V	7.500.000		6.000.000	1.500.000
Skuldbinding '96 umfram framlög	5.000.000		0	5.000.000
Önnur verkefni og ófyrirséður kostnaður	7.954.000		4.097.818	3.856.182
	97.400.000	0	46.744.863	50.655.137

Greiddir styrkir á árinu.

	1997
1. Snjallræði 1997	
Skafti Elíasson	100.000
Lárus Jón Guðmundsson	100.000
Gunnar Tryggvason	100.000
Hákon Óli Guðmundsson	240.000
	540.000

2. Frumkvæði – framkvæmd

Byggðaverk sf.	185.000
Tandur hf.	28.375
Kornax hf.	77.625
Júmbó hf.	183.000
Eldsmiðurinn o.fl.	218.400
Austurströnd	137.750
Iceland Review	228.000
Póllinn hf.	230.000
	1.288.150

3. Vöruþróun 1997

Omega – Farma hf.	315.532
Menn og mýs ehf.	112.517
Glófi ehf.	574.538
	1.002.587

4. Frumkvöðlastuðningur

Páll Eydal Reynisson	200.000
Harald Pétur Brynjarsson	40.436
Jóhannes Pálsson	340.000
Guðjón Halldórsson	340.000
Inga Stefánsdóttir	380.000
Kristján Magnússon	50.000
Hafþór Bjarnason	200.000
Vélmar ehf.	500.000
Hilmar Hilmarsson	200.000
Útgerðarfélagið Óðinn ehf.	500.000
Allison pearson	300.000
Plast og trefjar	500.000
Sæver ehf.	200.000
Magnús Kristinn Jónsson	150.000
Matthildur Jóhannsdóttir	100.000
Kjartan Ólafsson	340.436
Örn Þórðarson og Garðarsson	40.436
Grétar Frankson	350.000
Arnar Ö. Christensen	500.000
Móðir jörð ehf.	150.000
Jón Skúli Þórðarson	250.000
Formex ehf.	400.000
Jóhannes Kristjánsson	150.000
Björn Emilsson	100.000
Norðuráll ehf.	200.000
	6.481.308

5. Sókn á erlenda markaði

Miðlun hf.	142.500
Baldur film	500.000
Sýning í Kalmar c/o Atv.þr.fél.	150.000
Nordic Comic	500.000
Hugfang hf.	500.000
Forritun og ráðgjöf hf.	100.000
Hönnun og ráðgjöf	250.000
Gullsmiðja Óla	150.000
Víkurdrangar hf.	165.000
Pólhestar hf.	350.000

Veiðiþjónustan Strengir	250.000
Netagerð Vestfjarða hf.	250.000
Starlux International	300.000
Alkul	500.000
Latibær	300.000
Artic Truck	150.000
Jökull	400.000
Location Greenland/Iceland	250.000
Saga Film	250.000
Móðir jörð	100.000
Ísnor	100.000
Ostahúsið	150.000
Rafhönnun	300.000
Desform	75.000
Gautur Gunnarsson	280.000
Laki ehf.	125.000
The Icelandic Take Away Theater	300.000
TransSoft	380.000
Spakmannsspjarir	150.000
Erla Alexandersdóttir	150.000
Purity Herbs	250.000
Eyrað hf.	75.000
Pottagaldrar	137.500
Þór hf.	200.000
Guðrún – útgáfufélag	250.000
Hljómsmiðjan	75.000
Ester Ásgeirsdóttir	75.000
Landssmiðjan hf.	250.000
Pétur S. Jóhannsson	100.000
Formax hf.	145.000
	9.325.000
6. Atvinnugreinastuðningur II	
Hönnunarstöð, verðlaun	300.000
	300.000
7. Atvinnugreinastuðningur III	
Pottagaldrar	60.000
Fjölprent ehf.	60.000
Valur Bergsveinsson	60.000
Juventus	60.000
Reynir Sæmundsson	60.000
Borgarplast hf.	60.000
	360.000
8. Atvinnugreinastuðningur IV	
Sauðárkrókur v/endurnýt.ker.fisk.	500.000
Dalabyggð v/leirverksmiðju	700.000
Flateyri – vöruþróun Vestf.skelf.	1.800.004
Sauðárkrókur – Element skynjarat.	1.100.000
Sauðárkrókur – vöruþr. á steinull	1.250.000
Eyjafjörður – Vindorka í Edinborg	1.000.000
Ólafsfjörður – þurrkaðferð fyrir fisk	1.000.000
Húsavík – þróun fatn. úr líni	500.000
Egilsstaðir – vöruþróun á sótthreinsibúnaði	700.000
Höfn – markaðssetning tæknigarða	400.004

Fjölblendir – frumgerð nýs blönd.	1.000.000
Samvinnuverkefni í textíliðnaði	2.500.000
Atvinnuþróun með aðstoð námsmanna	750.000
Tilraunav. á hör með líftæknil. aðferð	1.150.000
Markaðssetning akstursíþrótta erlendis	1.500.000
Atvinnusköpun í Snæfellsbæ	250.000
Styrkleikagreining á Vestfjörðum	250.000
	16.350.000
9. Atvinnugreinastuðningur V	
Vistvæn ferðaþjónusta	1.004.000
Byggðasafn að Hnjótum	250.000
Skipulagning ferðaþjónustu í Hrísey	500.000
Strandmenningarsetur á Húsavík	1.000.000
Sögusetur um Brydebúð í Vík	250.000
Sögusetur „á Njáluslóð“	2.500.000
	500.000
	6.000.000
10. Ráðgjöf við stofnun fyrirtækja	
Kostnaður	1.000.000
	1.000.000
11. Önnur verkefni og ófyrirséður kostnaður	
Extreamer	200.000
Íslenska saltfélagið hf.	500.000
Gerð vöruþróunarsamninga	1.500.000
Sýning Átaksins	1.647.818
Kirkjubæjarstofa	250.000
	4.097.818
12. Annar rekstrarkostnaður	
Laun stjórnarmanna	1.608.915
Tryggingagjald	101.045
Rekstur og kynning	970.689
Kynning ITÍ	700.000
Annað ITÍ	2.000.000
Þjónustugjöld banka	815
	5.381.464
13. Stofnframlag	
Inneign hjá Iðnlánasjóði	25.000.000
Inneign hjá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti	12.500.000
Inneign á bankareikningi	28.919.514
Vaxtatekjur af bankareikningi	(145.841)
Samtals óráðstafað til næsta árs	66.273.673
Ráðstöfun ársins 1997	52.126.327
Stofnframlag 1997	(118.400.000)
	0

2. Átak 1997. Yfirlit yfir styrki og ráðstöfun 1998.

Yfirlit yfir styrki og ráðstöfun 1998.

	Skýr.	1998
Styrkir		
Fjármunir til ráðstöfunar 1/1		28.919.514
Innborgað á árinu		0
Vaxtatekjur		373.475
Samtals til ráðstöfunar		29.292.989
Ráðstöfun		
Styrkir:		
Snjallræði 1997	1	2.796.875
Frumkvæði – framkvæmd	2	1.532.139
Vöruþróun 1997	3	3.667.286
Frumkvöðlastuðningur	4	2.370.000
Sókn á erlenda markaði	5	1.722.500
Atvinnugreinastuðningur I	6	500.000
Atvinnugreinastuðningur III	7	60.000
Atvinnugreinastuðningur IV	8	7.896.430
Atvinnugreinastuðningur V	9	1.000.000
Önnur verkefni og ófyrirséður kostnaður	10	1.640.303
		23.185.533
Annar kostnaður:		
Rekstrarkostnaður	11	6.317.119
Samtals		29.502.652
Ógreitt í lok árs	12	695.575
Samtals ráðstafað á árinu		28.807.077
Bankainnistæða í árslok		485.912

Samþykktar skuldbindingar vegna styrkja.

	Ógreitt frá fyrra ári	Niðurfelldir styrkir	Greitt á árinu	Ógreitt til næsta árs
Snjallræði 1997	10.260.000		2.796.875	7.463.125
Frumkvæði – framkvæmd	3.711.850		1.532.139	2.179.711
Vöruþróun 1997	9.343.413		3.667.286	5.676.127
Frumkvöðlastuðningur	2.218.692		2.370.000	(151.308)
Eureka	1.000.000		0	1.040.000
Sókn á erlenda markaði	3.875.000	1.465.000	1.722.500	687.500
Atvinnugreinastuðningur I	500.000		500.000	0
Atvinnugreinastuðningur III	340.000		60.000	280.000
Atvinnugreinastuðningur IV	9.050.000		7.896.430	1.153.570
Atvinnugreinastuðningur V	1.500.000		1.000.000	500.000
Skuldbinding '96 umfram framlög	5.000.000		0	5.000.000
Önnur verkefni og ófyrirséður kostnaður	3.856.182		1.640.303	2.215.879
	50.655.137	1.465.000	23.185.533	26.004.604

Greiddir styrkir á árinu.

	1998
1. Snjallræði 1997	
Skafti Elíasson	199.250
Lárus Jón Guðmundsson	385.125
Gunnar Tryggvason	100.000
Nils Gíslason	485.000
Ólafur Haraldsson	600.000
Hákon Óli Guðmundsson	637.500
Guðmundur Ragnar Ólafsson	390.000
	2.796.875
2. Frumkvæði – Framkvæmd	
Sæplast hf.	77.625
GKS hf.	64.800
Lystadún Snæland	122.750
Fasa ehf.	104.964
Akoplast hf.	230.000
Austurströnd	271.500
Á. Guðmundsson ehf.	202.500
Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf.	230.000
ISACO	228.000
	1.532.139
3. Vöruþróun 1997	
Omega – Farma hf.	684.468
Menn og mýs ehf.	887.483
Engjaás hf.	328.928
Glófi ehf.	276.587
Pottagaldrar	225.000
Myllan – Brauð hf.	264.820
Kaupfélag Þingeyinga	1.000.000
	3.667.286
4. Frumkvöðlastuðningur	
Páli Eydal Reynisson	150.000
Inga Stefánsdóttir	120.000
Kristján Magnússon	100.000
Garðar Benediktsson	100.000
Sæver ehf.	50.000
Magnús Kristinn Jónsson	50.000
Grétar Frankson	50.000
Móðir jörð ehf.	150.000
Sigurður Ævar Harðarson	200.000
AREF ehf.	200.000
Guðbrandur Gíslason	200.000
Birgir Sævar Pétursson	100.000
Birgir Kristmannsson	200.000
Jóhannes Kristjánsson	150.000
Björn Emilsson	200.000
Guðný Hafsteinsdóttir	350.000
	2.370.000
5. Sókn á erlenda markaði	
Artic Truck	150.000
Location Greenland/Iceland	250.000
Móðir jörð	100.000

Ísnor	100.000
Laki ehf.	125.000
Ari Már Lúðvíksson	35.000
Purity Herbs	250.000
Pottagaldrar	137.500
Hljómsmiðjan	75.000
Samband hljómplötuútgefenda	300.000
Pétur S. Jóhannsson	100.000
Smekkleysa	100.000
	1.722.500
6. Atvinnugreinastuðningur I	
Samstarfsverkefni sjávarútv. og iðnaðar	500.000
	500.000
7. Atvinnugreinastuðningur III	
Steiniðja Borgarfjarðar (Álfasteinn)	60.000
	60.000
8. Atvinnugreinastuðningur IV	
Sauðárkrókur v/endurnýt.ker.fisk. (Máki)	500.000
Sauðárkrókur – vöruþr. á steinull	1.250.000
Akureyri – vöruþróun á fjarðarbátum	300.000
Samvinnuverkefni í textíliðnaði	2.500.000
Samkeppni um gerð minjagripa	1.996.430
Atvinnuþróun með aðstoð námsmanna	750.000
Tilraunav. á hör með líftæknil. aðferð	350.000
Atvinnusköpun í Snæfellsbæ	250.000
	7.896.430
9. Atvinnugreinastuðningur V	
Skipulagning ferðaþjónustu í Hrísey	500.000
Náttúruböð við Mývatn	250.000
Sögusetur um Brydebúð í Vík	250.000
	1.000.000
10. Önnur verkefni og ófyrirséður kostnaður	
Extreamer	550.000
Sýning Átaksins	90.303
Kirkjubæjarstofa	250.000
Mótorsendill – Götusmiðjan	200.000
Sögusetrið	300.000
Örn Jóhannsson	50.000
Hugfang hf.	200.000
	1.640.303
11. Annar rekstrarkostnaður	
Laun stjórnarmanna	2.098.572
Launatengd gjöld	62.957
Tryggingagjald	126.017
Rekstur og kynning	592.829
Kynning ITÍ	1.536.150
Annað ITÍ	1.900.000
Þjónustugjöld banka	594
	6.317.119

12. Skuldir í lok árs

Ógreiddur lífeyrissjóður	104.929
Ógreidd staðgreiðsla skatts	508.851
Ógreitt tryggingagjald	81.795
	695.575

13. Stofnframlag

Inneign hjá Iðnlánasjóði	25.000.000
Inneign hjá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti	12.500.000
Inneign á bankareikningi	485.912
Vaxtatekjur af bankareikningi 1997 og 1998	(519.316)
Samtals óráðstafað til næsta árs	37.466.596
Ráðstöfun ársins 1997	52.126.327
Ráðstöfun ársins 1998	28.807.077
Stofnframlag 1997	(118.400.000)
	0

Fylgiskjal III.

Verkefni á vegum „Átaks til atvinnusköpunar" 1998.

1. Almennar stuðningsaðgerðir við iðngreinar og einstök svæði.

Verkefni	Lýsing	Styrkur
Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar, Akureyri	Athugun á hagkvæmni þess að reisa fiskgaletínverksmiðju á Norðurlandi. Galetín er prótein sem notað er við matvæla- og lyfjaframleiðslu og m.fl. Það er unnið úr fiskúrgangi, einkum roði og beinum.	750.000
Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar, Akureyri	Stefnumótun í skinna- og fataiðnaði þar sem kannað verður hvort möguleiki er á aukinni verðmætasköpun úr íslenskum skinnum með því að auka hlutdeild útflutts fatnaðar á kostnað útflutnings á skinnum sem hráefnis til iðnaðar. Samvinnuverkefni Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar og fyrirtækja í greininni.	500.000
Sögusetrið á Hvolsvelli	Áframhald uppbyggingar verkefnisins „á Njáluslóð" á Sögusetrinu á Hvolsvelli í tengslum við nýtt og stærra húsnæði.	2.200.000
Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar, Akureyri	Samstarfsverkefni Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar og heimamanna í Hrísey um stefnumótun um samræmingu ferðaþjónustu í Hrísey í þeim tilgangi að vinna markvisst að heildstæðri og fjölbreyttri ferðaþjónustu.	300.000
Æðardúnsframleiðslan Skarði, Búðardal	Endurbætur á framleiðslustýringu við hreinsun æðardúns til að uppfylla alþjóðlegar kröfur og hagræðing í rekstri með endurbótum á vélakosti.	500.000
Ölfushreppur, Árnessýslu	Úttekt á mögulegri iðnaðaruppbyggingu í Þorlákshöfn í tengslum við betri nýtingu á góðri hafnaraðstöðu og nægu landrými auk nálægðar við orkuvirki og jarðefnaauðlindir. Auk þess kynning fyrir erlendum fjárfestum sem vilja fjárfesta í meðalstórum iðnaði.	500.000
Samstarfsvettvangur um Málmgarð	„Málmgarður". Samstarfsverkefni fyrirtækja og stofnana um eflingu úrvinnsluiðnaðar úr léttmálmum. Því tengist samræming rannsóknar- og þróunarstarfs, þekkingarmiðlun og kynning á möguleikum á nýsköpun í tengslum við léttmálma. Áhersla verður lögð á málmsteypur og málmvinnslu í fyrirtækjum á landsbyggðinni. Mótframlag frá ýmsum aðilum, m.a. framleiðendum.	1.500.000

Verkefni	Lýsing	Styrkur
Iðntæknistofnun og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Ísafirði	Kynning á möguleikum til eflingar atvinnuþróun á Vestfjörðum. Leiðsögn og fagleg aðstoð m.a. um rekstrar- og framleiðsluþætti sem bætt geti afkomu fyrirtækja á svæðinu og ábendingar um möguleika nýsköpunar sem skotið gæti nýjum stoðum undir atvinnulíf á Vestfjörðum. Einnig að leiðbeina áhugasömu fólki á Vestfjörðum við að gera viðskiptahugmyndir að veruleika og þjálfa leiðbeinendur til að sinna slíku starfi. Unnið í samvinnu atvinnuráðgjafa og Iðntæknistofnunar.	1.000.000
Snorri Þorfinnsson ehf., Hofsósi	Áframhaldandi vinna við gagnagrunn um ættir Vestur-Íslendinga vestanheims og tengja hann innlendum ættfræðiskrám. Einnig til áframhaldandi uppbyggingar Vesturfarasetursins á Hofsósi.	1.000.000
Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra og Iðntæknistofnun, Blönduósi	Kynning á möguleikum til eflingar atvinnuþróun í Vestur-Húnavatnssýslu. Leiðsögn og fagleg aðstoð m.a. um rekstrar- og framleiðsluþætti sem bætt geti afkomu fyrirtækja á svæðum og ábendingar um möguleika nýsköpunar sem skotið gæti nýjum stoðum undir atvinnulíf svæðisins. Einnig að leiðbeina áhugasömu fólki í Vestur-Húnavatnssýslu að gera viðskiptahugmyndir að veruleika og þjálfa leiðbeinendur til að sinna slíku starfi. Unnið í samvinnu atvinnuráðgjafa og Iðntæknistofnunar.	1.000.000
Efling Stykkishólms	Atvinnuvegasýning í Stykkishólmi. Kynning á atvinnulífi í Stykkishólmi allt frá sjávarútvegi og iðnaði til ferðaþjónustu og handverks.	500.000
Átak til atvinnusköpunar	Ráðstefna og greining á stöðu líftækniiðnaðar á Íslandi. Markmiðið er að fá yfirlit yfir þá möguleika sem eru til eflingar nýjum hátækniiðnaði tengdum líftækni. Mótframlag frá ýmsum aðilum, s.s. Íslenskri erfðagreiningu.	400.000
Iðntæknistofnun, Byggðastofnun o.fl.	Fjarfundakerfi, nettenging og samþætting á starfsemi þeirra sem stunda leiðsögn og þekkingarmiðlun til fyrirtækja um land allt. Samstarfsverkefni ITÍ, Byggðastofnunar, atvinnuráðgjafa og iðnþróunarfélaga í öllum landsfjórðungum.	1.200.000
Eyjaferðir ehf., Stykkishólmi	Samræming og markaðssetning skoðunarferða um lífríki Breiðafjarðar, t.d. ferðir til hvalaskoðunar, m.a. til að fullnýta aukinn skipakost.	500.000
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Ísafirði	Úttekt á styrkleika og veikleika Vestur-Barðastrandarsýslu og mögulegri eflingu atvinnulífsins þar. Unnið í samvinnu við Byggðastofnun.	300.000
Hvalamiðstöðin á Húsavík	Uppbygging á safni og fræðslusetri á Húsavík um hvali. Stefnumótun og gerð viðskiptaáætlunar.	500.000
Menningarfélag um Brydesbúð, Vík í Mýrdal	Brydesverslun í Vík. Áframhaldandi uppbygging verslunarminjasafns og söguseturs er tengist Brydebúð og þeirri fjölbreytilegu starfsemi sem þar hefur farið fram.	500.000
Víkurplast ehf.	Stuðningur við endurnýtingu aðfluttrar plastverksmiðju sem fær nýtt hlutverk við framleiðslu ýmiss konar umbúða, skápa o.fl.	500.000
Útflutningsráð Íslands	Gerð vefsíðu á Interneti, svokallað Hestanet, til að markaðssetja erlendis vörur og þjónustu er tengist íslenska hestinum. Hestanetið á að nýtast öllum þeim framleiðendum og þjónustuaðilum sem tengjast íslenska hestinum. Unnið í samstarfi við framleiðendur og Útflutningsráð Íslands sem kostar það að hluta.	1.000.000
Söðlasmiðurinn ehf., Helluskeifur ehf., Sólberg Sigurðsson	Bæta framleiðslutækni við framleiðslu á hnökkum, beislum og skeifum og samræming og efling markaðsaðgerða erlendis. Verkefnið er samstarfsverkefni Helluskeifna ehf., Söðlasmiðsins ehf. og Sólbergs Sigurbergssonar söðlasmiðs.	2.000.000
Atvinnuráðgjöf Vesturlands, Ólafsvík, Stykkishólmur, Dalasýsla	Samræming á markaðssetningu á ferðaþjónustu og tengdri atvinnustarfsemi á Snæfellsnesi.	500.000

Verkefni	Lýsing	Styrkur
Iðnminjasafn á Akureyri	Iðnminjasafn á Akureyri. Safnið er í gömlu Hekluhúsunum á Gleráreyrum. Þar eru kynntar helstu iðngreinar sem við lýði hafa verið á Akureyri um áratuga skeið.	400.000
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Húsavík og nágrenni	Verslun í Þingeyjarsýslum. Úttekt á styrkleika og veikleika verslunar í sýslunni og leit að nýjum sóknarfærum.	500.000
Dalaleir, Dalabyggð	Rannsóknir á mögulegri framleiðslu á iðnaðarvöru úr leir sem finnst í Dalabyggð. Framleiðsluprófanir í verksmiðju í Frakklandi.	400.000
Saumastofan, Grenivík	Hönnunar- og vöruþróunarverkefni um nýjar vörur og markaðssetningu þeirra.	300.000
Átak um jarðhitaleit á köldum svæðum	Jarðhitaleitarátak á köldum svæðum. Framlag til samstarfsverkefna iðnaðarráðuneytisins, Orkuráðs og Byggðastofnunar um átak til leitar að jarðhita til húshitunar á þeim svæðum þar sem ekki eru hitaveitur nú en talið er að þjóðhagslega hagkvæmt kunni að vera að leggja hitaveitu. Átakið beinist einkum að frumstigum leitar en heimaaðilum og orkufyrirtækjum er ætlað að taka við framkvæmdum þegar vísbending er fengin um jarðhita sem hagkvæmt væri að nýta.	10.000.000
Átak um orkusparnað á köldum svæðum	Kynning á aðferðum til orkusparnaðar vegna rafhitunar, gerð fræðsluefnis og fagleg ráðgjöf til almennings. 50% kostnaður við framkvæmd á móti Orkustofnun.	2.000.000
ERGO, Reykjavík	Úttekt á ástandi efnistöku og efnisvinnslu á Íslandi og gerð tillagna um bætt framtíðarskipulag og betri nýtingu á þessum óendurnýtanlegu auðlindum landsins.	200.000
Heiðdís Jónsdóttir, Sauðárkróki	„Á roði í reiðtúr" – útivistarfatnaður. Þróunarvinna og undirbúningur að framleiðslu að nýrri línu íslensks tískufatnaðar fyrir hestamenn og annað útivistarfólk þar sem fiskroð verður ríkur þáttur í hönnuninni. Mótframlag frá ýmsum aðilum.	400.000
Iðntæknistofnun Íslands, Nýsköpunarsvið	„Stofnun og rekstur fyrirtækja." Leiðbeinandi þjónusta um almennan undirbúning að stofnun fyrirtækja, gerð viðskiptaáætlana ásamt námskeiðahaldi um stofnun og rekstur fyrirtækja. Verkefnið hefur einkum nýst fólki á landsbyggðinni. Mótframlag frá Nýsköpunarsjóði.	100.000
Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra, Blönduósi	Handverkshús á Blönduósi. Stofnun handverkshúss sem nýtist sem starfsstöð stofnaðila, aðstaða fyrir handverksfólk, aðstaða fyrir námskeið, samskiptamiðstöð handverksfólks og verslun.	500.000
Höfðaver, Húsavík	Endurgerð seglbáts frá síðustu aldamótum í upprunalega mynd. Báturinn fær síðan hlutverk tengt ferðaþjónustu og hvalaskoðun frá Húsavík.	500.000
Jóhann Gíslason, Akureyri	Hönnun og þróun á fjaðrandi báti sem er byggð á hugmynd umsækjanda. Stefnt er að því að frumgerð verði fljótlega tilbúin.	500.000
Samstarfsverkefni um hörvinnslu	Áframhaldandi þróun á hörvinnslu. Í verkefninu felast hagkvæmnisathuganir á ræktun og framleiðslu hörs, feygingartilraunir og athuganir á líklegum mörkuðum. Mótframlag frá Framleiðnisjóði.	1.500.000
Gunnar Jóhannesson, Húsavík	Hálendisvefur. Gerð stafræns kortagrunns um hálendi Íslands sem verður aðgengilegur á interneti og nýst getur t.d. skólum, ferðaþjónustu og minni byggðarlögum í einfaldari verkefnum.	750.000
Íslenskt sjávarsilfur ehf., Þorlákshöfn	Áframhald þróunar á paté úr laxaafurðum bæði fyrir innanlandsmarkað og til útflutnings.	500.000
Samstarfsverkefni um Icelandica 2001	Icelandica 2001. Undirbúningur og markaðssetning alþjóðlegrar sýningar á íslenska hestinum og vörum tengdum honum. Mótframlag frá ýmsum aðilum.	2.000.000

Verkefni	Lýsing	Styrkur
Iceland Complete ehf.	Margmiðlun, hönnun og framleiðsla á margmiðlunardiski þar sem er að finna allt það helsta um ferðaþjónustu á Íslandi. Nýtist vel smærri aðilum á landsbyggðinni sem hafa takmarkað auglýsingafé.	500.000
Framfarafélag Bolungarvíkur	Framfarafélag og fulltrúar fyrirtækja í Bolungarvík. Kostaður verði ráðgjafi sem fer á milli fyrirtækja og veik- og styrkleikagreinir þau, kemur með tillögur um úrbætur og hugsanlega nýjar framleiðslulínur. Einnig verði möguleikar á nýjum atvinnutækifærum kannaðir í tengslum við nýsköpun, vöruþróun og nýja atvinnustarfsemi.	500.000
Kirkjubæjarstofa	Uppbygging, rekstur og kynning á Kirkjubæjarstofu sem er upplýsinga- og fræðasetur með áherslu á náttúruvísindi, landmótun og ferðaþjónustu.	1.000.000
Fagráð textíliðnaðarins, Iðntæknistofnun	Samvinnuverkefni prjónastofanna í landinu. Samræming aðgerða við endurbætur á framleiðsluaðferðum, þróun nýrra textílafurða fyrir erlendan markað, og markaðsátak til að endurheimta fyrri stöðu á álitlegum markaðssvæðum, t.d. í Ameríku.	6.000.000
Trévík, Vík í Mýrdal	Þróun og markaðssetning á húsgagni fyrir börn, svokallaðri ferðaskrifstofu. Verðlaunaverkefni frá Hönnunardögum.	400.000
Ferðaþjónustan Bjarnargili, Fljótum	Hagkvæmnisathuganir og viðskiptaáætlun vegna ferðaþjónustu á Bjarnargili í Fljótum. Undirbúningur að stofnun alhliða ferðaþjónustufyrirtækis.	300.000
Bioprocess Ísland hf., Keflavík	Vöruþróun og markaðssetning á afurðum unnum úr smáþörungum.	800.000
Iðntæknistofnun Íslands, Nýsköpunarsvið	Kynningarmiðstöð um Evrópuverkefni þar sem fyrirtækjum eru veittar upplýsingar um evrópskt samstarfsverkefni og þau aðstoðuð við að koma á vísinda- og tæknisamstarfi við erlend fyrirtæki.	3.000.000
Iðntæknistofnun Íslands, Nýsköpunarsvið	„Reynslunni ríkari." Leiðbeiningar og aðstoð við konur til að taka fyrstu skref við mótun viðskiptahugmynda, viðskiptasambanda og til undirbúnings að stofnun fyrirtækis. Þetta verkefni ætti að henta konum á landsbyggðinni einkar vel. Mótframlag frá Nýsköpunarsjóði.	1.500.000
Iðntæknistofnun Íslands, Nýsköpunarsvið	Tæknivöktun: Að safna upplýsingum og nýjungum um tækni- og rekstrarleg málefni og miðla þeim til fyrirtækja sem greiða áskriftargjald fyrir þjónustuna. Mótframlag frá Nýsköpunarsjóði.	1.100.000
Iðntæknistofnun Íslands, Nýsköpunarsvið	„Uppeldissetur." Stofnun uppeldisseturs sem miðast við íslenskar aðstæður í líkingu við það sem gerist t.d. í Nova Scotia. Takmarkið er að þróa tækninýjungar í fullmótaða framleiðslu og koma framleiðslunni af stað, t.d. í nýju fyrirtæki. Mótframlag frá Nýsköpunarsjóði.	2.000.000
Átak til atvinnusköpunar	Rekstur verkefna um atvinnuþróun á svæðum sem ekki njóta stóriðjuuppbyggingar. Leiðsögn og miðlun þekkingar til þeirra sem eru að stíga sín fyrstu skref í nýsköpun. Mótframlag frá fleiri aðilum, m.a. IVR.	4.000.000
Víkurlax ehf., Grýtubakkahreppi, Akureyri	Efling nýsköpunar í fiskeldi, einkum lúðueldi, en tilraunaræktun á lúðu lofar góðu. Talið er að með vísindalegri þróun fiskeldis megi vænta mikils af þessari grein í framleiðni.	900.000
Iðntæknistofnun	„Eldisbóndinn" er Evrópuverkefni sem að meginstofni er kostað af ESB. Samstarfsaðilar eru frá Írlandi og Hollandi. Um er að ræða þróun námsefnis fyrir bændur og aðra sem vilja hefja fiskeldi í smáum stíl.	800.000
Iðntæknistofnun	„Ferðaþjónusta til framtíðar" er verkefni sem að meginstofni fjallar um umbætur á sviði umhverfismála hjá fyrirtækjum í ferðaþjónustu. Tilgangurinn er að hjálpa fyrirtækjum í ferðaþjónustu í dreifbýli við að bæta stöðu sína í umhverfismálum og tengja starfsemina við þjóðmenningu. Samstarfsverkefni ITÍ, atvinnu- og ferðaráðgjafa, fyrirtækja í ferðaþjónustu og tækniskólans í Þórshöfn í Færeyjum.	500.000

Verkefni	Lýsing	Styrkur
Skelfiskur hf., Flateyri	Þróun og markaðssetning á kúffisksþykkni sem framleiðsla er að hefjast á á Vestfjörðum. Kúffisksþykkni er unnið úr kúskel með suðu og notað til súpugerðar og sem bragðefni í sjávarrétti.	1.600.000
Ístoppur Kópavogi	Kynning á íslenska hestinum á nýjum erlendum mörkuðum. Talið er að hefðbundnir markaðir séu u.þ.b. að mettast og til þess að geta viðhaldið svipuðum útflutningi og undanfarin ár þurfi markaðsátak á nýjum mörkuðum.	400.000

2. Erlend fjárfesting utan stóriðju.

Fjárfestingastofa Íslands	Forhagkvæmnisathugun á möguleikum framtíðaruppbyggingar orkufreks iðnaðar í Norðurlandskjördæmi vestra. Styrkleika- og veikleikagreining landsvæðisins. Í fyrsta áfanga verði lokið við slíka vinnu í Skagafirði.	6.500.000
Fjárfestingastofa Íslands	Endurnýjun kynningarefnis um Ísland sem fjárfestingarkost. Gerð kynningarbæklings og heimasíðu á internetinu.	3.000.000
Fjárfestingastofa Íslands	Útgáfa bókar á ensku um íslenskt rekstrarumhverfi „Doing Business in Iceland“, útgáfa og dreifing.	1.000.000
Fjárfestingastofa Íslands	Fjárhagsleg úttekt á rekstrargrundvelli saltverksmiðju á Reykjanesi og kynning á niðurstöðum fyrir fjárfestum.	500.000
Fjárfestingastofa Íslands	Margvíslegar úttektir á hagkvæmni og markaðsforsendum erlendra fyrirtækja sem flytja mætti til Íslands. Áhersla á landsbyggðina. M.a. efling viðskipta við austurströnd Kanada og Bandaríkjanna er nýst gæti íslenskum jaðarsvæðum.	3.000.000
Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar	Lok forhagkvæmnisathugana, gerð kynningarefnis fyrir erlenda fjárfesta og kynningarfundir með þeim. Hugsanlegir staðir eru Þorlákshöfn, Húsavík, Mývatnssveit og Suðurnesin.	3.000.000

Fylgiskjal IV.

Verkefni á vegum „Átaks til atvinnusköpunar“ 1999.

1. Almennar stuðningsaðgerðir við iðngreinar og einstök svæði.

Verkefni	Lýsing	Styrkur
Átak til jarðhitaleitar á köldum svæðum	Jarðhitaleitarátak á köldum svæðum. Framlag til samstarfsverkefna iðnaðarráðuneytisins, Orkuráðs og Byggðastofnunar um átak til leitar að jarðhita til húshitunar á þeim svæðum þar sem ekki eru hitaveitur nú en talið er að þjóðhagslega hagkvæmt kunni að vera að leggja hitaveitu. Átakið beinist einkum að frumstigum leitar en heimaaðilum og orkufyrirtækjum er ætlað að taka við framkvæmdum þegar vísbending er fengin um jarðhita sem hagkvæmt væri að nýta.	1.0000.000
Atvinnuráðgjöf Vesturlands, Borgarnesi	Atvinnuráðgjöf Vesturlands: a) Könnun á hagkvæmni þess að ráðast í kræklingaeldi með samanburðarrannsóknum á allt að níu völdum stöðum. Samstarfsverkefni Nýsis hf., Búnaðarsamtaka Vesturlands, Hafrannsóknastofnunar og Veiðimálastofnunar. b) Símenntunarmiðstöð Vesturlands. Stuðningur við að koma upp starfsstöðum fyrir fjarkennslu á helstu þéttbýlisstöðum á Vesturlandi. c) Könnun á atvinnu- og búsetumálum í Borgarfjarðarsveit.	1.800.000

Verkefni	Lýsing	Styrkur
	d) Athugun á styrk Borgarbyggðar sem vænlegs valkosts fyrir nýja atvinnustarfsemi, einkum eftir tilkomu Hvalfjarðarganga. e) Stuðningur við merkingu gönguleiða og sögufrægra staða í Eyrarsveit, en söguminjar og sérstök náttúra gefur sóknarfæri í ferðaþjónustu. f) Námskeið til að auka þekkingu leiðsögumanna á náttúru og sögulegum sérkennum.	
Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Keflavík	Undirbúningsvinna og þróun á kennsluefni í Fjölbrautaskóla Suðurnesja um veiðarfæragerð vegna fjarkennslu, unnið í samvinnu við Háskóla Sameinuðu þjóðanna.	500.000
Dalabyggð, Búðardal	Mat á sóknarfærum til að styrkja atvinnulíf í Dalasýslu, m.a. í tengslum við rekstur hótels að Laugum.	700.000
Fagráð textíliðnaðarins	Yfirfærsla þekkingar til fyrirtækja sem starfa í textíliðnaði. Vöruþróun, gerð kynningarefnis og markaðssetning nýjunga í textíliðnaði á erlendum mörkuðum.	6.000.000
Grundarfjörður	Framleiðsla á íslenskum minjagripum sem skírskota til sögu og menningar. Um er að ræða líkön af gömlum íslenskum torfbæjum, þurrabúðum og hjöllum.	250.000
Efling Stykkishólms	Stuðningur við atvinnuvegasýningu í Stykkishólmi á framleiðslu og þjónustu frá Vesturlandi.	400.000
Víkurlax, Akureyri	Efling nýsköpunar í fiskeldi og tenging þess við uppbyggingu á ferðaþjónustu í Eyjafirði. Talið er að með vísindalegri þróun fiskeldis megi vænta mikils af þessari grein í framleiðni.	900.000
Samvinnuverkefni Máka, H.A. o.fl., Sauðárkróki	Samvinnuverkefni Máka, Element HÍ og Bændaskólans að Hólum um að þróa endurnýtingarkerfi vatns og varma í fjölþjóðlegu verkefni.	750.000
Kötluvikur, Vík í Mýrdal	Rannsóknir á möguleikum á að hagnýta Kötluvikur til margvíslegra nota, m.a. til byggingarvöruframleiðslu og sem óvirkt ræktunarefni í gróðurhúsaræktun.	500.000
Flugsafnið á Akureyri	Söfnun muna og uppbygging á flugsafni á Akureyri.	1.500.000
Þróunarfélag Austurlands, Egilsstöðum	Þróunarstofa Austurlands: a) Rannsóknir á meðferð og meðhöndlun hráefnis með s.k. Sous Vide-aðferð. Um er að ræða fullvinnslu kjöts, fisks og grænmetisafurða fyrir útflutning. b) Þróun á framleiðslu KK-matvæla á Reyðarfirði fyrir erlenda markaði. Þróunin beinist m.a. að ýmsum fiskréttum og markaðskönnunum í Þýskalandi og Færeyjum. c) Mat á stöðu eldis hlýra, sandhvelju og skelfisks og möguleikum þess að hefja eldi þessara tegunda á Íslandi. d) Rafrænn gagnabanki um rannsókna- og upplýsingatækni ætlaður frumkvöðlum, fyrirtækjum og stofnunum. e) Framhaldsrannsóknir á möguleikum þess að hagnýta zeolíta (geislasteina) á Haukastaða- og Vopnafjarðarheiðum. Samvinnuverkefni Þróunarstofu Austurlands og Vopnafjarðarhrepps í samstarfi við jarðfræðistofuna Ekru. f) Framhald á hagkvæmnisathugunum um byggingu og rekstur fristundagarðs á Austurlandi. Samvinnuverkefni Þróunarstofu Austurlands og Fjárfestingaskrifst. Íslands. g) Þróunarverkefni um fyrirtækjanet milli norskra og íslenskra fyrirtækja. Samstarfsverkefni Þróunarstofu Austurlands og Rogaland Næringstjeneste AS.	4.500.000

Verkefni	Lýsing	Styrkur
Frumkvöðlasetur IMPRU	Iðntæknistofnun Íslands – frumkvöðlasetur: Skapa aðstæður og umhverfi fyrir íslenska frumkvöðla til að þróa nýjar hugmyndir er leitt geti til söluhæfra afurða eða stofnunar nýrra fyrirtækja um hugmyndirnar.	6.000.000
Háskóli Íslands, verkfræðideild	Ráðstefna um nýsköpun, vöruþróun og hönnun í iðnaði. Samstarfsverkefni aðila sem vinna að framgangi nýsköpunar á Íslandi.	250.000
Garðyrkjustöðin Sunna, Selfossi	Vöruþróun og nýsköpun á niðursuðu á lífrænt ræktuðu grænmeti í garðyrkjustöð í Sólheimum í Grímsnesi.	200.000
Hólmar Bragi Pálsson, Grímsnesi	Markaðssókn á nýjan útflutningsmarkað í Finnlandi fyrir íslenska hestinn ásamt hestanámskeiði. Einni markaðskynning á hestaferðum í íslenskri náttúru.	400.000
Saumastofan Eva, Blönduósi	Þróun og markaðssókn á nýjum ullarvörum framleiddum af saumastofunni Evu á Blönduósi fyrir erlenda markaði.	600.000
Félag áhugamanna um minjasafn, Siglufirði	Stuðningur við að koma á fót síldarminjasafni á Siglufirði sem ætlað er til fræðslu og afþreyingar og byggir á þýðingarmiklum þætti í atvinnusögu Íslands.	300.000
Eyjaberg ehf., Mosfellsbæ	Undirbúningur að stofnun landbúnaðar- og fræðsluseturs að Eyjum í Kjós með sérstaka áherslu á lífríki Hvalfjarðar.	400.000
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða: a) Kynning á fjárfestingarkostum á Vestfjörðum fyrir íslenska og erlenda fjárfesta. b) Stuðningur við að koma á laggirnar þróunarsetri á Vestfjörðum með tengslum við þær stofnanir sem vinna að rannsóknum og þróun á svæðinu. c) Samræmd markaðssetning, innan lands og utan, á Vestfjörðum sem vistvænu ferðamannasvæði. Samstarfsverkefni ferðaþjónustuaðila á Vestfjörðum. d) Vestfjarðavefur þar sem finna má upplýsingar um öll ferðaþjónustufyrirtæki á svæðinu. e) Notkun upplýsingatækni við verkefnastjórnun flóknari verkefna. Þróa tækni og vinnuferla til að auka skilvirkni. f) Hagkvæmnisathuganir á því að hefja vinnslu á rekaviði og innfluttum bolviði á Flateyri. g) Kynning á Vestur-Barðastrandarsýslu sem ferðamannasvæði. h) Hagkvæmnisathugun á rekstri hótels á Tálknafirði. i) Vöruþróun og vinnsla á heilsuvörum úr vestfirskum fjallagrösum. j) Markaðs- og vöruþróun á nýjum ullarvörum til útflutnings frá saumastofunni Strönd. k) Tímabundið starf ráðgjafa í atvinnuþróunarverkefnum. Svokallað Strandaátak. l) Menningartengd ferðaþjónusta. Þróun sýningarefnis og fræðirannsóknir í tengslum við meinta galdraiðkun fyrr á öldum. Samstarfsverkefni sveitarfélaga í Strandasýslu.	3.700.000
Oddi, Patreksfirði	Könnun á hagkvæmni nýrrar aðferðar við útvötnun á saltfiski er miðast við fullvinnslu í neytendapakkningar fyrir Suður-Evrópu.	400.000
Íslensk miðlun Vesturbyggð, Patreksfirði	Könnun á möguleikum á stofnsetningu fyrirtækja á Patreksfirði er tengjast upplýsinga- og fjarskiptatækni.	450.000
Gunnar Sigurðsson, Þingeyri	Styrkja verslunarrekstur í sessi og tryggja atvinnustörf á Þingeyri.	400.000
Fyrir vestan ehf., Ísafirði	Endurútgáfa á bók um gönguleiðir á Hornströndum.	200.000

Verkefni	Lýsing	Styrkur
Ragnar Guðmunds., Brjánslæk	Undirbúningur félags um úrvinnslu fiskafurða á Barðaströnd.	250.000
Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra, Blönduósi	Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra: a) Úrvinnsla verkefnahugmynda er tengjast upplýsingatækni, einkum fjarvinnslu og undirbúningur að stofnun félags og rekstur þess. b) Léttitækni. Þróun á margvíslegum léttitækjum og trillum sem tengjast einkum iðnaðar- og verslunarstarfsemi. c) Söðlasmíði. Þróun á ýmsum reiðtygjum og fylgihlutum þeirra sem sérstaklega eru sniðin að þörfum erlendra markaða. d) Námskeið: „Á traustum grunni – frá hugmynd til framkvæmda". Unnið í samvinnu við Iðntæknistofnun. e) Merkingar og kortlagning á gönguleiðum, sögustöðum og örnefnum í Austur-Húnavatnssýslu (gönguleiðabæklingur). f) Bjartar nætur, Hvammstangi. Kynning og efling á afþreyingarþjónustu fyrir ferðafólk í Húnaþingi vestra. g) Gerð stefnumótandi áætlana um ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra sem byggjast á könnunum á viðhorfi þeirra sem sótt hafa héraðið heim.	4.500.000
Plastform – Plastbönd ehf., Sauðárkróki	Frumgerð nýrrar sérhannaðrar vafningsvélar fyrir plastborða vegna þarfa byggingariðnaðarins og markaðsrannsóknir.	300.000
Snorri Þorfinnsson ehf., Hofsósi	Athugun á hagkvæmni þess að reisa og reka hótel á Hofsósi í ljósi aukinna umsvifa sem tengjast Vesturfarasetrinu.	600.000
Trausti Sveinsson, Bjarnargili, Fljótum	Hagkvæmnis- og viðskiptaáætlanir um gerð og rekstur skíðagöngusvæðis, m.a. fyrir alþjóðleg mót í Fljótum.	200.000
Strandbær ehf., Hvammstanga	Hönnun, teiknivinna og rekstrarráðgjöf vegna fyrirhugaðrar byggingar á iðngörðum á Hvammstanga.	1.000.000
Íshákarl hf., Stykkishólmi	Markaðssetning á ígulkerum frá Íshákarli í Asíu.	500.000
Sjávarleður, Sauðárkróki	Markaðssetning erlendis á vörum hönnuðum úr fiskroði framleiddum af Sjávarleðri á Sauðárkróki.	800.000
Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra, Blönduósi	Þróun á fatnaði frá saumastofunni Rebekku á Hvammstanga fyrir verslanir á höfuðborgarsvæðinu. Framleiðslunni hefur verið vel tekið og þarf að fylgja því eftir með þróun nýrrar heildstæðrar vörulínu.	500.000
Flísar ehf., Siglufirði	Pökkun á kökugerðarefnum, vöruþróun og markaðssetning.	500.000
Tilda ehf., Sauðárkróki	Þróun og fullvinnsla á niðursoðinni loðnu í fyrirtækinu Tildu á Sauðárkróki í samvinnu við DIFTA (Dansk Institut for Fiskeri Teknologi og Akvakultur).	850.000
Atvinnuþróunarfélag Skagafjarðar, Sauðárkróki	Undirbúningur að stofnun atvinnuþróunarfélags í Skagafirði sem ætlað er að vinna að atvinnuuppbyggingu héraðsins.	400.000
Mývatn hf., Reykjahlíð	Lokaþróun og markaðssetning á ráðstefnum og ýmiss konar afþreyingu við og út frá Mývatni, sem stunda má utan hefðbundins ferðamannatíma.	900.000
Sverrir Ingólfsson, Húsavík	Varðveisla muna og athugun á hagkvæmni þess að setja á fót og reka safn um bíla og önnur samgöngutæki í Þingeyjarsýslu.	500.000
Lagarfljótsormurinn ehf., Egilsstöðum	Lokaþróun áætlana og markaðssetning siglinga á Lagarfljóti fyrir erlenda ferðamenn og Íslendinga.	400.000
Rekstrarfélag Jöklaferða, Höfn í Hornafirði	Hagkvæmnisathugun vegna fyrirhugaðrar stofnunar jöklamiðstöðvar við Breiðamerkurjökul.	400.000
Markús Runólfsson, Hvolsvelli	Lokaþróun Skógræktarfélags Rangæinga á tæki til vélrænnar gróðursetningar á bakkaplöntum til skógræktar og skömmtunar á tilbúnum áburði.	600.000

Verkefni	Lýsing	Styrkur
Góðhestar ehf., Selfossi	Gerð viðskiptaáætlunar og markaðsathugun vegna tamninga- og reiðkennslumiðstöðvar í Árnessýslu jafnt fyrir Íslendinga sem útlendinga.	1.000.000
Básinn, Selfossi	Fullþróun hugmyndar um víkingastofu í Ölfusi og markaðssetning hennar innan lands og utan.	300.000
Tómas Ísleifsson, Vík	Lúpínuræktun á Sólheimasandi til iðnaðarnotkunar.	250.000
Sigurður Ævar Harðarson, Vík í Mýrdal	Aðstoð við prófun og gæðamerkingu barnahúsgagna sem fengið hafa góðar móttökur á sýningum erlendis og við markaðssetningu þeirra.	400.000
Íshestar, Hafnarfirði	Markaðssetning nýrrar hestamiðstöðvar sem mun gjörbreyta möguleikum fyrir móttöku og afþreyingu fyrir erlenda ferðamenn á öllum árstímum, einkum þó utan hefðbundins ferðamannatíma.	1.000.000
Íslenska lífmassafélagið, Hafnarfirði	Könnun á hagkvæmni þess að rækta lúpínu á Suðurlandi og að reisa og reka verksmiðju til að vinna afurðir úr henni.	300.000
Drífa ehf., Reykjavík	Endurskipulagning og endurreisn fataverksmiðju á Hvammstanga sem flutt hefur verið frá Akureyri.	1.200.000
Íslensk sjóefni, Höfnum	Lokaendurskipulagning saltverksmiðju á Reykjanesi, gerð markaðsáætlunar og kynning fyrir nýja erlenda fjárfesta, sem er forsenda þess að skjóta nýjum stoðum undir rekstur fyrirtækisins til framtíðar.	1.000.000
Latibær ehf., Seltjarnarnesi	Gerð kynningarefnis og markaðssetning á söngleiknum Latabæ fyrir erlendar sjónvarpsstöðvar og fjárfesta.	800.000
Auglýsingastofa Ernst Backman, Garðabæ	Þróun, hönnun og gerð leikmyndar í tengslum við Sögusafnið sem styrkir innihald og eðli safnsins m.a. fyrir fjárfestum.	800.000
Kort og kynning, Kópavogi	Gerð gagnagrunns um hálendi Íslands, m.a. um náttúrufar og samgöngur, handa skólafólki, ferðamönnum og fleirum.	750.000
Plús-Film ehf., Reykjavík	Gerð heimildarkvikmyndar um eiginleika og kosti heita vatnsins. Einkum ætlað fyrir erlenda ferðamenn til að auðga skilning þeirra á sérkennum vatnsins.	500.000
Landssamband hestamanna, Reykjavík	Kynning á íslenska hestinum og Íslandi í tengslum við heimsmeistaramót íslenska hestsins í Þýskalandi.	800.000
Skóverksmiðjan Táp, Garðabæ	Frumgerð og hönnun nýs skófatnaðar, er auka mun fjölbreytni í vöruvali verksmiðjunnar.	400.000
Reykjavíkur Akademían	Undirbúningur að þverfaglegum rannsóknum á búsetu, byggðaþróun, menningu og menningarminjum tengdum byggðum landsins.	1.000.000
Hummerumboðið, Reykjavík	Lokaþróun á fjallarútu sem þykir sérstaklega hentug fyrir íslenskar aðstæður og er einnig ætluð til útflutnings. Hönnun yfirbyggingar og ýmsar tæknilegar yfirfærslur sem byggjast á langri reynslu íslenskra fjallamanna.	2.000.000
Gæðastjórnunarfélag Íslands, Reykjavík	Þróun samanburðarmælikvarða til að efla framleiðni íslenskra fyrirtækja og bæta samkeppnisstöðu þeirra í alþjóðlegum samanburði.	1.000.000
MIDAS NET, Reykjavík	Aðgerðir til eflingar skilningi á mikilvægi margmiðlunar sem öflugs nýs miðils, m.a. könnun á þeim þáttum sem áhrif hafa á eða kunna að hamla þróun margmiðlunar hér á Íslandi. Einnig aðgerðir til að efla starfsemi íslenskra margmiðlunarfyrirtækja.	1.000.000
Vegvísar ehf., Hofsósi	Hönnun upplýsinga- og þjónustuskilta með áherslu á gönguleiðir. Skiltin munu sýna þéttbýliskjarna, svæðakort hreppa, staðsetningu menja, gönguleiða og örnefna.	400.000
Þjónustumiðstöðin IMPRA	Iðntæknistofnun Íslands: Þjónustumiðstöðin IMPRA. Efling nýsköpunar og atvinnuþróunar með viðamikilli miðlun þekkingar til atvinnufyrirtækja frá háskólum og erlendum samstarfsaðilum sem Ísland á aðgang að. Markmiðið er að stórefla hagnýtingu vísindalegrar og tæknilegrar þekkingar í þágu íslenskrar nýsköpunar.	10.800.000

Fylgiskjal V.

Önnur verkefni á vegum Átaks til atvinnusköpunar á árunum 1998 og 1999.

Stuðningur við fyrirtæki til að leita samstarfsaðila erlendis, 1999	
Málmtækni sf.	50.000
Óli Jóhann Ásmundsson	50.000
Púlsinn ehf.	50.000
Sökkull ehf.	50.000
Þorbjörn Ásgeirsson	50.000
Stuðningur við framsæknar hljómsveitir sem eru í markaðssetningu erlendis, 1999	
Emiliana Torrini	300.000
Dead Sea Apple	150.000
Jóhann Helgason	250.000
Botnleðja	400.000
Lhooq	250.000
Móeiður Júníusdóttir	400.000
Plötur ehf.	250.000
Önnur iðnaðarverkefni: Vöruþróun og endurskipulagning	
Eggert M. Marinósson, vöruþróun – hljóðfærasmíði	350.000
Guðrún Sæmundsdóttir, vöruþróun – náttúrulyf	300.000
Hugall ehf., vöruþróun – axlarsæti	500.000
Kexverksmiðjan Frón, vöruþróun	432.371
Nói Síríus, vöruþróun	390.000
Sero ehf., vöruþróun og markaðssetning í Bandaríkjunum	500.000
Víkurplast ehf., vöruþróun og endurskipulagning	500.000
Hummer – bílasmiðja, vöruþróun – hálendisrúta	1.800.000
Önnur atvinnuþróunarverkefni	
Heimilisiðnaðarfélag Íslands	500.000
Sögusetrið á Hvolsvelli	1.100.000
Landvist ehf., Húsavík	800.000
Landssamband hugvitsmanna	110.000
Landssamband íslenskra akstursíþróttamanna	400.000
Íslenska Polyolfélagið	300.000

181. Tillaga til þingsályktunar [174. mál]

um Suðurnesjaskóga, landshlutabundið verkefni um landgræðslu og skógrækt á Suðurnesjum.

Flm.: Kristján Pálsson, Drífa Hjartardóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason,
Lúðvík Bergvinsson, Kjartan Ólafsson.

Alþingi ályktar að beina því til landbúnaðarráðherra að skipa starfshóp til að undirbúa landshlutabundið verkefni um landgræðslu og skógrækt á Suðurnesjum.

Starfshópurinn skili tillögum sínum nógu tímanlega til að verkefnið geti hafist eigi síðar en árið 2002.

Greinargerð.

Endurheimt gróðurs sem þakti Ísland við landnám er markmið sem stefnt hefur verið að síðustu áratugi. Ráðist hefur verið í mörg verkefni til að ná því og er árangur víða góður. Þekktust þeirra eru Hallormsstaðarskógur og nú á síðari árum landshlutabundin skógræktarverkefni eins og Suðurlandsskógar, Norðurlandsskógar, Vesturlandsskógar, Skjólskógar o.fl. Uppgræðsla Landgræðslu ríkisins hefur einnig verið mjög árangursrík eins og sést á Suðurlandi og víðar. Með öflugu starfi stofnana og einstakra skógræktarfélaga víðs vegar um landið hefur verið sýnt fram á að mögulegt er að græða landið og rækta skóga við mjög erfiðar aðstæður nánast hvar sem er.

Vantrú á möguleika okkar að þessu leyti heyrir því sögunni til, enda er ekki aðeins stefnt að ræktun hávaxinna trjáa heldur miðað við aðstæður á hverjum stað. Á Suðurnesjum hefur gróðureyðing verið mjög mikil frá landnámi. Heimildir segja frá því að kotbændur á Suðurnesjum voru látnir greiða hrístoll til Bessastaða. Eflaust hefur sú iðja að rífa hrís verið stunduð frá landnámi. Þegar binding jarðvegsins er horfin er auðvelt fyrir sterka vinda, sem oft blása um Suðurnesin, að feykja jarðveginum burt. Fá láglendissvæði á landinu eru því jafnilla leikin og Suðurnesin og Reykjanesið, þrátt fyrir friðun síðustu ár. Þetta háir mjög allri landgræðslu og skógrækt sem gengur hægt þrátt fyrir öflugt starf Suðurnesjamanna og Reyknesinga allra. Aðstæðurnar kalla því á sérstakt átak ef skila á landinu í líkingu við það sem var þegar landnámsmenn settust hér að. Margar sagnir eru um hvernig landið hafi verið gróið á þessum tíma. Sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar Íslands, þeir Eyþór Einarsson og Einar Gíslason, hafa tekið saman gróðurkort þar sem fram kemur hvernig þeim sýnist heimildir lýsa gróðri á Íslandi við landnám. Útdráttur af Reykjaneshluta þess er útbýtt með tillögunni með góðfúslegu leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Samkvæmt kortinu hafa landnámsmenn á Reykjanesi og Suðurnesjum numið eitt gróðursælasta svæði landsins með kjarri og skógi frá ystu nesjum upp á fjallsbrúnir. Veðurfarið hefur því ekki hamlað því að kjarr og skógur næði að vaxa á Suðurnesjum.

Drög að áætlun fyrir Suðurnesjaskóga unnin af Landgræðslu ríkisins o.fl. eru birt í fylgiskjali. Tveimur gróðurkortum af Reykjanesi frá Náttúrufræðistofnun Íslands er útbýtt með tillögunni. Þau sýna gróðurfar á svæðinu við landnám, svo sem fyrr er getið, og gróðurinn eins og hann er nú. Öllum þessum aðilum eru færðar sérstakar þakkir fyrir hjálpina.

Þessi þingsályktunartillaga er endurflutt frá síðasta þingi aðeins breytt, m.a. eru fyrrnefnd gróðurkort önnur en þá og nú birt í fyrsta sinn opinberlega. Þess ber að geta að landbúnaðarnefnd bárust margar mjög gagnlegar umsagnir um málið frá fagaðilum. Landvernd skilaði ítarlegu áliti þar sem bent var á ýmislegt athyglisvert. Meðal annars telur Landvernd eðlilegt

að fjölga mönnum í stjórn verkefnisins og bæta við fulltrúum framkvæmdaraðila á svæðinu og fulltrúum landverndarsamtaka á landsvísu. Landvernd bendir einnig á mikilvægi vatnsverndar á svæðinu og að skýra þurfi hver hafi með höndum ábyrgð á framkvæmd verkefnisins. Skógræktarfélag Íslands var einnig með ábendingar um faglega ráðgjöf og skipulagsvinnu.

Lagt er til að skipuð verði nefnd sem undirbúi verkefnið Suðurnesjaskóga. Meðal þess sem slík nefnd þarf að gera er að fara yfir meðfylgjandi áætlun fyrir Suðurnesjaskóga og gera sér grein fyrir framkvæmd verkefnisins. Þar ber m.a. að huga að fjölda stjórnarmanna, hvernig eign á landinu er háttað og hverjir á svæðinu væru best fallnir til að sjá um framkvæmd Suðurnesjaskógaverkefnisins. Framkvæmdaraðilar gætu orðið margir og má þar nefna Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs, sveitarfélög á svæðinu, skógræktarfélög, bændur, félagasamtök og fyrirtæki. Gróðursetning og landgræðsla á vatnsverndarsvæðum verði samkvæmt vatnsverndarskipulagi fyrir Suðurnesin.

Fylgiskjal.

Drög að áætlun fyrir Suðurnesjaskóga. Landshlutaverkefni í landgræðslu og skógrækt.

Skýringar á hugtökum.

Þar sem enn hefur ekki skapast skýr hefð í íslenskri tungu fyrir hugtakanotkun í skógrækt þykir rétt að skýra þau hugtök sem hér eru notuð:

— *Landgræðsla.* Samheiti yfir aðgerðir til að vernda og bæta gróður og jarðveg, svo sem dreifingu lífræns og ólífræns áburðar, sáningu, gróðursetningu og stjórnun á beit.

— *Nytjaskógrækt. Timburskógrækt.* Þetta mega teljast samheiti. Öll skógrækt hefur notagildi. Því hefur í þessari skýrslu verið gripið til orðsins timburskógrækt fyrir þá ræktun sem hefur hvers kyns viðarframleiðslu að höfuðmarkmiði.

— *Landbótaskógrækt.* Skógrækt sem hefur ekki timburframleiðslu að höfuðmarkmiði heldur landbætur af ýmsu tagi, svo sem jarðvegsvernd, aukið beitarþol lands og skjól fyrir búpening, sem og aukið útivistargildi (m.a. vegna betra skjóls). Skógrækt til landbóta getur einnig gefið af sér viðarnytjar. Landbótaskógur getur verið hvort tveggja, ræktaður eða sjálfsprottinn skógur sem stuðlað er að með beitarstjórnun.

— *Skjólbeltarækt.* Ræktun tiltölulega mjórra trjábelta, þar sem leitast er við að skapa skjól á skemmri tíma en gert er með hefðbundinni skógrækt. Í þessu skyni er jörðin að jafnaði þaulunnin, leitast við að halda illgresi í skefjum og valdar hraðvaxta tegundir.

— *Sjálfbær nýting.* Nýting sem hagað er á þann veg að ekki gangi á auðlindina til lengri tíma litið.

— *Algjör friðun.* Friðun gagnvart hvers kyns inngripi manna og húsdýra, nema hugsanlegri stígagerð.

— *Skógræktaráætlun. Ræktunaráætlun.* Um er að ræða samheiti, sé átt við áætlun, sem tekur til einnar eða fárra jarða. Hún felur í sér kort af áætluðu ræktunarsvæði þar sem sýndir eru fyrirhugaðir vegarslóðar, girðingar o.fl. þess háttar, auk þess sem landinu er skipt upp í reiti á grundvelli gróðurfars, jarðvegsskilyrða, landhalla o.fl. þátta í náttúrufari sem fagmenn telja skipta máli við ákvarðanir um skógræktarframkvæmdir. Einnig geta fylgt kort af fyrirhugaðri tegundasamsetningu skógarins, jarðvinnsluaðferðum o.fl. sem

tengist sjálfum framkvæmdunum. Kortunum fylgja ítarlegar skýringar og aðrar nauðsynlegar leiðbeiningar fyrir bóndann. Við gerð skógræktaráætlana er leitast við að laga skóginn að landinu, tekið tillit til þjóðminja og lagt mat á verndargildi sérkenna í náttúrufari.

— *Landgræðsluáætlun.* Felur í megindráttum í sér það sama og skógræktaráætlun, þ.e. að skilgreina markmið, leiðir og vinnubrögð við áformuð verkefni.

— *Héraðsáætlun. Landshlutaáætlun.* Áætlun um umfang ríkisstyrktrar landgræðslu og skógræktar í heilum landshluta. Þar eru settar reglur um tilhögun við ólíkar aðstæður.

Tilgangur og markmið.

Í skýrslu þessari er lagt til að á grundvelli laga nr. 56/1999, um landshlutabundin skógræktarverkefni, og fyrirhugaða landgræðsluáætlun fyrir árin 2000–2012, verði stofnað til landshlutaverkefnis í skógrækt á Suðurnesjum. Verkefnið hljóti heitið *Suðurnesjaskógar.*

Megintilgangur Suðurnesjaskóga verður að stuðla að aukinni landgræðslu og skóg- og skjólbeltarækt á Suðurnesjum. Gert er ráð fyrir að flestir sem umráð hafa yfir landi, og hafa áhuga, geti orðið þátttakendur í verkefninu.

Stóraukin landgræðsla og skógrækt í landshlutanum mun stuðla að betra umhverfi fyrir alla íbúa svæðisins.

Suðurnesjaskógar munu hafa jákvæð áhrif á

— umhverfisskilyrði fyrir alla íbúa Suðurnesja,
— byggðaþróun,
— auðlindasköpun,
— bindingu kolefnis,
— landgæði,
— landnýtingu,
— atvinnulíf,
— veðurfar,
— ferðaþjónustu.

Undirbúningur Suðurnesjaskóga.

Hugmyndin að Suðurnesjaskógum hefur þróast að undanförnu í kjölfar landshlutabundinna skógræktarverkefna í flestum kjördæmum landsins. Þekkingu á leiðum til að bæta landkosti á þessum slóðum hefur einnig fleygt fram. Umræða um mikilvægi landgræðslu og skógræktar við bindingu koltvísýrings hefur vakið vonir um að unnt verði að fá fjármagn til slíks átaks á Suðurnesjum. En málið á sér lengri aðdraganda.

Núverandi staða.

Á síðustu tíu árum hefur skógrækt aukist hraðar á Íslandi en áður eru dæmi um. Sama gildir um landgræðslustarfið. Sú aukning hefur ekki orðið sem skyldi á Suðurnesjum. Árið 1991 voru lög um Héraðsskóga samþykkt. Héraðsskógaverkefnið er gott dæmi um vel heppnað skógræktar- og byggðaþróunarverkefni. Með setningu laga um Suðurlandsskóga, nr. 93/1997, opnuðust nýjar leiðir þar sem viðurkennt var að skógrækt mætti stunda í fleiri en einum tilgangi, þ.e. með fleira en timburframleiðslu að markmiði. Því munu fleiri fá aðgang að verkefninu en þeir einir sem búa á allra bestu skógræktarsvæðunum.

Landgræðsla á sér langa sögu á Suðurnesjum og reynslan sýnir að skilyrði til uppgræðslu eru þar víða góð.

Starfshópur til að vinna að undirbúningi Suðurnesjaskóga.

Æskilegt er að skipaður verði starfshópur til að vinna að undirbúningi Suðurnesjaskóga og við skipan hans veiti landbúnaðarráðherra 1 millj. kr. til þessarar vinnu. Sú upphæð er ætluð til að kosta störf nefndarinnar og dugar ekki til að gera fullburða áætlun um Suðurnesjaskóga heldur skýrslu sem verði minni í sniðum. Henni væri ætlað að koma verkefninu af stað og er hugmyndin sú að hluti þess fjár sem veitt verður til verkefnisins fyrstu árin verði notaður til að fullgera áætlun um Suðurnesjaskóga.

Stjórnskipulag.

Suðurnesjaskógar verða sjálfstætt landgræðslu- og skógræktarverkefni með eigin stjórn, sem landbúnaðarráðherra mun skipa til tveggja ára í senn. Skipurit fyrir Suðurnesjaskóga er sýnt hér á eftir. Stjórnin verður fimm manna, einn tilnefndur af Landgræðslu ríkisins, einn af Skógrækt ríkisins, einn af Samtökum sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS), einn af skógræktarfélögum á verkefnissvæðinu og einn án tilnefningar. Tímasetning ráðningar starfsmanna og skipulag starfseminnar fer eftir því hver framvinda verkefnisins verður. Æskilegt er að gerðir verði þjónustusamningar við Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins eða aðra



sem sérhæft hafa sig í verkefnum um faglega ráðgjöf og skipulagsvinnu. Gera þarf ráð fyrir framkvæmdastjóra og hugsanlega svæðisstjórum vegna verkefnisins, með aðsetur á Suðurnesjum.

Flokkun lands á Suðurnesjum.

Land á Suðurnesjum verður flokkað eftir loftmyndum eins og lagt er til hér á eftir. Land verður einnig flokkað eftir skilyrðum til uppgræðslu og fyrir ýmsar tegundir runna og trjáa sem helst kemur til greina að rækta á Suðurnesjum.

Láglendi á Suðurnesjum skiptist þannig eftir landflokkum:

— Mólendi, graslendi og ræktað land.
— Votlendi.
— Bersvæðisgróður, hálfgróið eða minna.
— Birkiskógur og kjarr.
— Mosagróður.
— Vötn.
— Ár.

Framkvæmdaþættir.

Verkefni Suðurnesjaskóga er skipt í fimm meginflokka. Flokkunum og helstu hugtökum tengdum þeim er lýst stuttlega. Í héraðsáætlunum verða hugtökin og aðferðafræðin skýrð betur, en byggt verður á sama grunni og gert er í áætlunum um Héraðsskóga, Norðurlandsskóga, Skjólskóga og Vesturlandsskóga.

Verkefni Suðurnesjaskóga.



Ræktun nýrra skóga.

Í 3. gr. laga nr. 56/1999, um landshlutabundin skógræktarverkefni, er fjölnytjaskógrækt skipt í tvo flokka eftir markmiðum skógræktarinnar. Hér er þeirri skiptingu haldið. Í lögunum er héraðsáætlunum sett það markmið að rækta skóg á að minnsta kosti 5% láglendis undir 400 metra hæð yfir sjávarmáli.

Landbótaskógrækt hefur viðarframleiðslu ekki að meginmarkmiði heldur aðrar skógarnytjar, svo sem skjól, jarðvegsvernd, útivist og yndi. Þó mun skógurinn í flestum tilvikum bjóða upp á einhverjar viðarnytjar í framtíðinni.

Landbótaskógræktinni er skipt í tvo meginþætti:

Sjálfgræðsluskógur er land sem friðað er fyrir beit a.m.k. uns nýliðun birkis og annarra tegunda hefur átt sér stað. Þetta tekur vitaskuld langan tíma, en mögulegt er að flýta þróuninni með takmörkuðum aðgerðum.

Ræktaður landbótaskógur er skógur sem ræktaður er með önnur meginmarkmið en timburframleiðslu. Ræktunaraðferðir, og þar af leiðandi kostnaður, ráðast af markmiðum.

Skjólbeltarækt.

Skjólbeltarækt verður eitt af verkefnum Suðurnesjaskóga.

Í lögunum er skjólbeltum skipt í tvo flokka. Annars vegar belti sem ræktuð eru í því skyni að skýla ræktun, búfé og mannvirkjum. Hins vegar belti sem eru undanfari skógræktar. Stefnt er að verulegri ræktun skjólbelta á fyrstu 25 árum verkefnisins.

Önnur verkefni.

Undir þessum lið eru þau verkefni Suðurnesjaskóga sem ekki miða beinlínis að aukinni skógarþekju. Meðal markmiða laga um landshlutabundin skógræktarverkefni er að stuðla að „verndun og umhirðu þess skóglendis sem fyrir er" (1. gr.). Þessum markmiðum á að ná ýmist með stýrðri sjálfbærri nýtingu náttúrulegra skóga eða með algjörri friðun þeirra.

Mikilvægt er að það sé ljóst að þótt talsverð reynsla sé komin á ræktun skóga við margvíslegar aðstæður vantar enn mikið á að bestu aðferðir og réttur efniviður séu fundin. Hér er því lagt til að Suðurnesjaskógar hafi fjárhagslegt svigrúm til að styrkja rannsóknir á því sviði eða kaupa þær af hæfum aðilum.

Sjálfbær nýting birkiskóga.

Birkiskógar eru auðlind. Ágóði af hvers konar nýtingu, sem ekki gengur á gæði skógarins, er besta trygging þess að skógurinn verði ekki eyðilagður.

Þróun nýrra aðferða við ræktun.

Suðurnesjaskógar munu leggja fjármuni í þróun aðferða við landgræðslu og ræktun og nýtingu skóga og skjólbelta sem sérstaklega henta aðstæðum á svæðinu. Þeir peningar verða aðallega notaðir til að styrkja eða kaupa hagnýtar rannsóknir sem líklegt er að nýtist verkefninu.

Fræðsla.

Suðurnesjaskógar munu, ásamt skógræktarfélögum og fleiri aðilum á svæðinu, standa fyrir námskeiðum og fræðslu um ýmislegt tengt skógrækt og landgræðslu. Þessi námskeið verða haldin í samvinnu við þá aðila sem hafa kunnáttu að miðla á þessu sviði, svo sem Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins o.fl.

Girðingar.

Á nokkrum svæðum, sem fjölnytjaskógrækt verður stunduð á, er jafnframt einhver búfjárrækt. Er því nauðsynlegt að friða verðandi skógarsvæði fyrir beit. Reynt verði að haga girðingaframkvæmdum þannig að af hljótist sem minnstur kostnaður.

Áætlanagerð.

Vanda skal áætlanagerð fyrir allar framkvæmdir á vegum Suðurnesjaskóga. Ef rétt er á málum haldið mun landgræðsla, skógrækt og skjólbeltarækt bæta umhverfisskilyrði fyrir íbúa svæðisins og auka verðgildi lands.

Skógræktaráætlanir.

Fyrir aðila sem þátt tekur í verkefninu verður gerð skógræktaráætlun (ræktunaráætlun) áður en framkvæmdir hefjast. Markmið hennar er að tryggja að ræktunin sé hagkvæm og í sátt við umhverfið.

Skjólbeltaáætlanir.

Markmið skjólbeltaáætlana er að tryggja að skjólbelti falli vel að umhverfinu og geri fullt gagn með sem minnstum tilkostnaði. Gera skal skjólbeltaáætlun fyrir allt land þar sem Suðurnesjaskógar styrkja skjólbeltarækt.

Auðlindasköpun og kolefnisbinding.

Þegar ógrónu landi er breytt í frjósamt vistkerfi eða skóglaust land breytist í skóg myndast ný auðlind. Hún mun leggja grunn að fjölbreyttara mannlífi, bæði í sveitum og í þéttbýli. Eins er víst að skógi vaxið land eykur tækifæri til útivistar og lengir verulega þann tíma sem hægt er að stunda útivist án óþæginda vegna veðurfars.

Ljóst er að binding CO_2 með ræktun skóga er viðurkennd leið til að standa við skuldbindingar sem felast í undirritun Kyoto-bókunarinnar. Þótt Íslendingar hafi ekki undirritað og staðfest Kyoto-bókunina enn þá hefur ríkisstjórnin kynnt þá stefnu sína að slíkt verði gert. Því er ljóst að öll landgræðsla og skógrækt eftir 1990 verður síðar meir talin okkur til tekna í þessu sambandi. Binding CO_2 er því raunveruleg verðmæti. Það er svo ríkisvaldsins að ákveða hvort, og þá hvernig, innheimt verði losunargjald af jarðefnaeldsneyti og annarri losun gróðurhúsalofttegunda. Búast má við um 7,9 tonna bindingu CO_2 á hektara á ári í íslenskum timburskógi (Arnór Snorrason, munnleg heimild). Samsvarandi tala fyrir uppgræðslu er um 4,5 tonn CO_2 á hektara. Ljóst má vera að hér er á ferðinni afar hagkvæmur kostur fyrir ríkisvaldið þegar ákvörðun er tekin um fjárframlög í því skyni að draga úr búferlaflutningum úr dreifbýli.

Framkvæmdaáætlun.

Gerð er tillaga um eftirfarandi framkvæmdaáætlun landshlutaverkefnis í landgræðslu og skógrækt á Suðurnesjum:

1. Suðurnesjaskógar verði formlega stofnaðir haustið 2001. Stjórn verkefnisins taki þá til starfa og annist nauðsynlegan undirbúning, svo sem að tryggja fjármagn og ráða framkvæmdastjóra.
2. Unnið verði að áætlun í þremur áföngum.
3. Samhliða gerð áætlana verði hafist handa við landgræðslu og skógrækt og skjólbeltagerð, jafnóðum og áætlanirnar verða tilbúnar. Stefnt verði að því að verkefnið verði komið á fullan skrið árið 2009 og verður fjárþörf þess þá um 34 millj. kr. á ári.

Röð framkvæmda.

Árið 2002.

— Verkefnið hefst.
— Unnið að gerð áætlana.
— Landgræðsla, skógrækt og skjólbeltagerð hafin.

Árið 2003.

— Áætlanagerð haldið áfram.
— Verkefnum fram haldið og unnið að fjölgun þátttakenda.

Árin 2003 og 2004.
— Starfið enn aukið.
— Mikil áhersla á gerð áætlana.

Árið 2005.
— Áætlun um Suðurnesjaskóga endurskoðuð.
— Ræktunin aukin.

Árin 2006–2008.
— Unnið eftir endurskoðaðri áætlun.

Árin 2008–2039.
— Verkefnið er að fullu komið til framkvæmda.
— Áætlanir endurskoðaðar reglulega.

Sundurliðuð fjárþörf 2002–2006.

Árið 2002

Framkvæmdastjórn	3.500.000 kr.
Aðrir starfsmenn ($^1/_3$)	750.000 kr.
Rekstur og fjárfestingar	2.400.000 kr.
Þróun og fræðsla	500.000 kr.
Hönnun framkvæmda	1.850.000 kr.
Framkvæmdir	8.000.000 kr.
Samtals:	**17.000.000 kr.**

Árið 2003

Framkvæmdastjórn	3.500.000 kr.
Aðrir starfsmenn	1.000.000 kr.
Rekstur og fjárfestingar	4.000.000 kr.
Þróun og fræðsla	2.000.000 kr.
Framkvæmdir	10.000.000 kr.
Samtals:	**20.500.000 kr.**

Árið 2004

Framkvæmdastjórn	3.500.000 kr.
Aðrir starfsmenn	2.700.000 kr.
Rekstur og fjárfestingar	3.000.000 kr.
Þróun og fræðsla	2.000.000 kr.
Framkvæmdir	14.900.000 kr.
Samtals:	**26.100.000 kr.**

Árið 2005

Framkvæmdastjórn	3.500.000 kr.
Aðrir starfsmenn	3.900.000 kr.
Rekstur og fjárfestingar	3.000.000 kr.
Þróun og fræðsla	3.000.000 kr.
Framkvæmdir	20.500.000 kr.
Samtals:	**33.900.000 kr.**
Árið 2006 og áfram:	**35.000.000 kr.**

Aths. ritstj. Gróðurkorti af Suðurnesjum frá Náttúrufræðistofnun Íslands var útbýtt með tillögunni.

182. Frumvarp til laga [175. mál]

um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis og flutnings þess eftir leiðslukerfi í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands. Lögin taka einnig til hafstöðva nema annað sé ákveðið í lögum eða reglum settum með stoð í lögum þessum.

2. gr.

Skilgreiningar.

Kolvetni merkir í lögum þessum jarðolía, jarðgas eða annars konar kolvetni sem er til staðar í jarðlögum undir hafsbotni frá náttúrunnar hendi og nýtanlegt er í loftkenndu eða fljótandi formi.

Hafstöð merkir í lögum þessum:

1. Búnaður, svo sem pallar, leiðslukerfi og önnur mannvirki í efnahagslögsögu og landgrunni Íslands sem notuð eru í kolvetnisstarfsemi.
2. Hvers konar flutningstæki sem nýtt eru til kolvetnisstarfsemi.

Leit merkir í lögum þessum könnun á almennum skilyrðum til myndunar og varðveislu kolvetnis, afmörkun svæða þar sem slík skilyrði eru hagstæð og leit að kolvetnisauðlindum með mælingum úr lofti, á láði eða hafsbotni eða með sýnatöku úr efstu jarðlögum hafsbotnsins, t.d. með grunnum borunum eða töku kjarna.

Rannsóknir merkja í lögum þessum:

1. Leit að kolvetni.
2. Mat á stærð, legu og vinnslueiginleikum kolvetnisgeymis með borun leitarholna og borholumælingum.

Vinnsla merkir í lögum þessum vinnsla kolvetnis úr kolvetnisgeymi, þ.m.t. borun vinnsluholna, dæling eða leiðsla kolvetnis til yfirborðs, niðurdæling kolvetnis og annarra efna, meðhöndlun og geymsla kolvetnis fyrir flutning, útskipun kolvetnis ásamt byggingu, uppsetningu, starfrækslu og lokun hafstöðvar ætlaðrar til slíkrar vinnslu.

II. KAFLI
Eignarréttur að kolvetni.

3. gr.

Íslenska ríkið er eigandi kolvetnis skv. 1. gr. Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis eru háðar leyfi iðnaðarráðherra í samræmi við ákvæði laga þessara.

III. KAFLI
Leit.

4. gr.

Leyfi til leitar.

Iðnaðarráðherra veitir leyfi til leitar að kolvetni með rannsóknir og vinnslu að markmiði.

5. gr.

Umsókn.

Í umsóknum um leyfi til leitar að kolvetni skal koma skýrt fram hver tilgangur sé með öflun leyfis ásamt ítarlegum upplýsingum um fyrirhugaða starfsemi umsækjanda eftir nánari ákvörðun iðnaðarráðherra.

6. gr.

Tímalengd og skilyrði leyfis.

Leyfi til leitar að kolvetni skal veitt til þriggja ára í senn nema styttri leyfistími sé nefndur í leyfinu.

Leyfi til leitar að kolvetni veitir leyfishafa ekki rétt til borunar eftir kolvetni, vinnslu kolvetnis eða forgangsrétt til að fá slíkt leyfi síðar. Þó getur slíkt leyfi falið í sér heimild til borunar í þeim tilgangi að afla upplýsinga um almenn skilyrði til myndunar og varðveislu kolvetnis.

Iðnaðarráðherra setur reglur um skilyrði fyrir veitingu leyfis til leitar að kolvetni, m.a. ákvæði um greiðslu kostnaðar af mati á umsækjendum og veitingu leyfis, upplýsinga- og tilkynningarskyldu um framkvæmd og niðurstöður leitar, afhendingu gagna og þagnarskyldu.

IV. KAFLI
Rannsóknir og vinnsla.

7. gr.

Rannsóknar- og vinnsluleyfi.

Iðnaðarráðherra veitir leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis á tilteknum svæðum sem felur í sér einkarétt leyfishafa til rannsókna og vinnslu. Einungis má veita slíkt leyfi aðilum sem að mati iðnaðarráðherra hafa nægilega sérþekkingu, reynslu og fjárhagslegt bolmagn til að annast þessa starfsemi.

8. gr.

Auglýsing.

Að jafnaði skal auglýsa eftir umsækjendum áður en leyfi til rannsókna og vinnslu á kolvetni er veitt.

Auglýsing skal birt í Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins. Í auglýsingunni skal tilgreina umsóknarfrest sem skal ekki vera skemmri en 90 dagar. Þá skal í auglýsingunni m.a. taka fram til hvaða svæðis leyfið tekur og skilyrði fyrir veitingu leyfisins að öðru leyti.

Við veitingu leyfis skal umsækjendum ekki mismunað og skal jafnræðis gætt. Leyfi skulu veitt á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem gerðar hafa verið opinberar. Iðnaðarráðherra er heimilt að hafna öllum umsóknum um leyfi sem berast í kjölfar auglýsingar.

Iðnaðarráðherra er heimilt að veita leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis án auglýsingar. Áður en slíkt leyfi er veitt skal gefa leyfishöfum á aðlægum svæðum tækifæri til að sækja um rannsóknar- og vinnsluleyfi á viðkomandi svæði. Tilkynna skal um ákvörðun þessa í Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Iðnaðarráðherra er heimilt að krefjast greiðslu kostnaðar af mati á umsækjendum og veitingu leyfis skv. 7. gr.

9. gr.

Umsókn.

Í umsóknum um rannsóknar- og vinnsluleyfi skal koma skýrt fram hver tilgangur sé með öflun leyfis ásamt ítarlegum upplýsingum um fyrirhugaða starfsemi umsækjanda eftir nánari ákvörðun iðnaðarráðherra.

10. gr.

Tímalengd og skilyrði leyfis.

Leyfi til rannsókna skal veitt til allt að 12 ára og er heimilt að framlengja það til allt að tveggja ára í senn. Hámarkstími leyfis til rannsókna skal þó ekki vera lengri en 16 ár.

Að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fyrir rannsóknum á leyfishafi forgangsrétt á framlengingu leyfisins til vinnslu kolvetnis í allt að 30 ár.

Leyfi til vinnslu skv. 2. mgr. skal a.m.k. taka til þess hluta svæðisins þar sem leyfishafi hyggst hefja vinnslu kolvetnis og hagkvæmur er til vinnslu að mati iðnaðarráðherra.

11. gr.

Efni rannsóknar- og vinnsluleyfis.

Í rannsóknar- og vinnsluleyfi skal m.a. tilgreina:

1. Að samþykktir leyfishafa, ef um félag er að ræða, séu viðurkenndar af ráðherra.
2. Starfsstöð leyfishafa.
3. Tímalengd leyfisins. Sérstaklega skal kveðið á um hvenær starfsemi skuli í síðasta lagi hefjast og hvenær henni skuli lokið.
4. Staðarmörk þess svæðis sem leyfið nær til.
5. Skyldur er hvíla á leyfishafa varðandi rannsóknir.
6. Skyldu leyfishafa til að leggja fram framkvæmda- og vinnsluáætlun.
7. Til hvaða kolvetnisauðlinda leyfið tekur, ákvæði um magn og vinnsluhraða kolvetnis.
8. Upplýsinga- og tilkynningarskyldu leyfishafa um rannsóknir og vinnslu, þ.m.t. skyldu til afhendingar á sýnum og gögnum og hvernig hún skuli innt af hendi.
9. Aðgang stjórnvalda að reikningum leyfishafa.

10. Þagnarskyldu leyfishafa að því er varðar upplýsingar skv. 8. og 9. tölul.
11. Öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir.
12. Kaup vátrygginga vegna hugsanlegrar skaðabótaskyldu leyfishafa.
13. Greiðslu kostnaðar við mat á umsækjanda og veitingu leyfis.
14. Eftirlit og greiðslu kostnaðar af eftirliti.
15. Önnur gjöld, t.d. gjald í samræmi við stærð svæðisins sem leyfið nær til eða í samræmi við verðmæti þess kolvetnis sem unnið er.
16. Hvernig skuli ganga frá vinnslusvæði, mannvirkjum og búnaði að leyfistíma loknum.

12. gr.

Skyldur leyfishafa að loknum leyfistíma.

Iðnaðarráðherra er heimilt að kveða á um að skyldur samkvæmt rannsóknar- og vinnsluleyfi haldist eftir að gildistíma leyfisins lýkur, afsal eða afturköllun leyfisins. Uppfylli leyfishafi ekki skyldur samkvæmt rannsóknar- og vinnsluleyfi er iðnaðarráðherra heimilt að krefjast þess að leyfishafi greiði þann kostnað sem þarf til að inna skyldurnar af hendi, að hluta eða að fullu.

13. gr.

Aðgæsluskylda.

Við rannsóknir og vinnslu kolvetnis skal gæta fyllsta öryggis og þess að starfsemin sé í samræmi við góða alþjóðlega venju við svipaðar aðstæður. Starfsemin skal ekki leggja ónauðsynlega hættu eða tálmanir á samgöngur, fiskveiðar eða aðra starfsemi.

14. gr.

Boranir.

Boranir í jarðlög undir hafsbotni mega einungis hefjast að fengnu samþykki iðnaðarráðherra á búnaði, áætlun um borun og starfsfyrirkomulagi.

15. gr.

Hafstöðvar.

Byggingu og uppsetningu hafstöðvar og vinnslu kolvetnis má einungis hefja að fengnu samþykki iðnaðarráðherra.

Vilji leyfishafi hefja slíka starfsemi skal hann leggja framkvæmda- og vinnsluáætlun fyrir iðnaðarráðherra til samþykktar.

Iðnaðarráðherra er heimilt að gera breytingar á áður samþykktri framkvæmda- og vinnsluáætlun til þess að tryggja að starfsemin sé örugg og hagkvæm eða ef hagsmunir hins opinbera krefjast þess.

16. gr.

Lokun hafstöðvar.

Lokun hafstöðvar, þ.m.t. stöðvun á viðhaldi, er háð samþykki iðnaðarráðherra. Leyfishafi skal leggja áætlun um lokun hafstöðvar fyrir iðnaðarráðherra til samþykktar þar sem m.a. skulu vera upplýsingar um hvernig staðið verði að lokun.

Við lokun hafstöðvarinnar skal hún að jafnaði fjarlægð í heild eða að hluta. Iðnaðarráðherra getur þó samþykkt áframhaldandi notkun hennar til rannsókna og vinnslu kolvetnis eða annars konar notkun.

Ef ástæða er til að ætla að leyfishafi hafi ekki fjárhagslegt bolmagn til að greiða kostnað vegna lokunar hafstöðvar getur iðnaðarráðherra hvenær sem er farið fram á það við leyfishafa að hann sanni greiðslugetu sína eða leggi fram nauðsynlegar tryggingar.

17. gr.

Leiðslubúnaður.

Bygging og starfræksla leiðslubúnaðar til vinnslu og flutnings kolvetnis er háð leyfi iðnaðarráðherra. Í leyfi skal m.a. setja skilyrði um skipulag búnaðarins, afnot annarra af honum og greiðslur fyrir afnotin.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um staðbundinn leiðslubúnað sem tilheyrir hafstöð og einungis er notaður til vinnslu úr einni kolvetnisauðlind.

Nái leiðslubúnaður leyfishafa til landsvæðis eða landgrunns annars ríkis og samstarfssamningur um byggingu og starfrækslu leiðslukerfisins hefur verið gerður milli þess ríkis og íslenska ríkisins getur iðnaðarráðherra lagt þá skyldu á leyfishafa íslensks hluta leiðslubúnaðarins að taka þátt í samstarfinu og sett nánari skilyrði um þátttökuna.

18. gr.

Leiðslubúnaður erlends ríkis.

Bygging og starfræksla leiðslubúnaðar á vegum annars ríkis til flutnings á kolvetni milli landa um landgrunn Íslands er háð leyfi iðnaðarráðherra.

19. gr.

Skipting kolvetnisauðlindar.

Nái kolvetnisauðlind inn á svæði þar sem tveir eða fleiri hafa rannsóknar- og vinnsluleyfi er leyfishöfum skylt að gera með sér samstarfssamning um framkvæmd rannsókna og vinnslu úr auðlindinni. Samstarfssamningurinn er háður samþykki iðnaðarráðherra. Náist ekki samkomulag milli leyfishafanna innan hæfilegs tíma er iðnaðarráðherra heimilt að kveða á um innihald hans.

Nái kolvetnisauðlind yfir í landgrunn annars ríkis og samstarfssamningur um framkvæmd rannsókna og vinnslu úr kolvetnisauðlindinni hefur verið gerður milli þess ríkis og íslenska ríkisins getur iðnaðarráðherra lagt þá skyldu á leyfishafa á landgrunni Íslands að taka þátt í samstarfinu og sett nánari skilyrði um þátttökuna.

20. gr.

Samnýting kolvetnisauðlinda.

Telji iðnaðarráðherra skynsamlegt að samnýta tvær eða fleiri kolvetnisauðlindir af hagkvæmnisástæðum getur hann, að höfðu samráði við leyfishafa, krafist þess að svo verði gert.

Iðnaðarráðherra er heimilt að skylda leyfishafa til að veita gegn endurgjaldi öðrum leyfishöfum aðgang að búnaði og flutningstækjum með slíka samnýtingu í huga. Nái leyfishafar ekki samkomulagi um endurgjald fyrir afnotin skal það ákveðið af iðnaðarráðherra.

21. gr.

Mat á umhverfisáhrifum.

Við veitingu leyfis eða samþykkis fyrir starfsemi samkvæmt þessum kafla skal gætt ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifum.

V. KAFLI
Vinnuumhverfi og öryggisráðstafanir.

22. gr.
Öryggisráðstafanir.

Við kolvetnisstarfsemi skal gæta fyllsta öryggis og þess að starfsemin uppfylli þær kröfur sem almennt eru gerðar til kolvetnisstarfsemi á hverjum tíma, m.a. hvað varðar tæknibúnað og vinnuferli.

Leyfishafi og aðrir sem stunda kolvetnisstarfsemi skulu stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöð og að virkt eftirlit sé með því að vinnuumhverfi fullnægi gildandi lögum.

Leyfishafi skal sjá til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja tjón eða draga úr afleiðingum tjóns sem orðið hefur, þar á meðal ráðstafanir sem miða að því að færa umhverfið í sitt fyrra horf.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja nánari reglur um hafstöðvar.

23. gr.
Sérstök öryggisbelti.

Sérstöku öryggisbelti skal komið á fót umhverfis hafstöðvar. Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um öryggisbelti í samræmi við alþjóðlegar venjur, þar á meðal um samgöngur og fiskveiðar á svæðinu, og getur hann lagt bann við umferð óviðkomandi skipa og loftfara um svæðið. Þá getur iðnaðarráðherra af öryggisástæðum sett reglur sem takmarka rétt skipa til að festa akkeri og stunda veiðar í nágrenni við leiðslubúnað.

VI. KAFLI
Eftirlit og upplýsingagjöf.

24. gr.
Eftirlit.

Orkustofnun annast eftirlit með leitar-, rannsókna- og vinnslusvæðum kolvetnis þar sem leyfi hefur verið veitt. Orkustofnun gefur iðnaðarráðherra skýrslu um framkvæmd leitar, rannsókna og vinnslu samkvæmt nánari fyrirmælum ráðherra.

Iðnaðarráðherra er heimilt að krefjast greiðslu kostnaðar við eftirlit með leitar-, rannsókna- og vinnslusvæðum kolvetnis þar sem leyfi hefur verið veitt.

25. gr.
Upplýsingasöfnun.

Orkustofnun skal safna öllum upplýsingum um landgrunnið sem til verða við starfsemi samkvæmt lögum þessum.

26. gr.
Skýrsla leyfishafa.

Handhafi leitarleyfis eða rannsóknar- og vinnsluleyfis skal eigi sjaldnar en árlega og við lok leyfistíma senda Orkustofnun skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður leitar, rannsókna og vinnslu, upplýsingar um eðli og umfang kolvetnisauðlindar, heildarmagn og mat á verðmæti þess kolvetnis sem hefur verið unnið og fleiri atriði samkvæmt ákvæðum í viðkomandi leyfi. Þá skal leyfishafi afhenda gögn og senda sýni af efnum óski Orkustofnun þess.

VII. KAFLI
Eignarnáms- og bótaákvæði.

27. gr.
Eignarnám.

Iðnaðarráðherra er heimilt að taka eignarnámi fasteignir til að starfsemi geti farið fram samkvæmt lögum þessum. Við framkvæmd eignarnámsins og ákvörðun bóta skal farið eftir ákvæðum laga um framkvæmd eignarnáms.

28. gr.
Skaðabætur.

Leyfishafar samkvæmt lögum þessum eru skaðabótaskyldir fyrir hvers konar tjón sem stafar af kolvetnisstarfsemi, þar á meðal umhverfispjöll, án tillits til þess hvort tjónið verður rakið til sakar.

Skaðabótaskyldan fellur niður ef sannað er að sá sem fyrir tjóni verður hefur valdið tjóninu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Bætur fyrir umhverfisspjöll má lækka eða fella niður þegar sannað þykir að tjónið stafaði af náttúruhamförum eða öðrum óviðráðanlegum atvikum sem leyfishafa verður ekki kennt um.

29. gr.
Almennar reglur skaðabótaréttar.

Ákvæði 28. gr. takmarka að engu þann rétt til skaðabóta sem leiðir af almennum reglum.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

30. gr.
Framsal leyfis.

Leyfi samkvæmt lögum þessum eru ekki framseljanleg né má setja þau til tryggingar fjárskuldbindingum nema að fengnu samþykki ráðherra.

31. gr.
Reglugerð.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

32. gr.
Refsingar.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Gera má lögaðila sekt fyrir brot á lögum þessum án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans.

33. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Inngangur.

Aðdragandi þessa frumvarps er sá að 13. maí 1997 samþykkti Alþingi svohljóðandi ályktun um olíuleit við Ísland:

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að skipa starfshóp með þátttöku vísindamanna er meti hvort rétt sé að hefja markvissar rannsóknir á því hvort olía eða gas finnst á landgrunni Íslands. Hópurinn meti sérstaklega þau svæði á landgrunninu sem fyrirliggjandi rannsóknir benda til að líklegust séu til að geyma olíu eða gas.

Iðnaðarráðherra skipaði 29. september 1997 starfshóp um olíuleit á landgrunni Íslands. Viðfangsefni starfshópsins var nánar skilgreint svo í bréfi ráðuneytisins:

Hlutverk hópsins er í fyrsta lagi að yfirfara niðurstöður rannsókna á landgrunninu og meta á grundvelli þeirra hvort og þá hvaða svæði landgrunnsins kunni að geyma olíu og/eða jarðgas og gefa ráðuneytinu skýrslu um það. Ef líklegt er talið að einhver svæði landgrunnsins kunni að geyma olíu og/eða jarðgas er honum enn fremur falið:

1. *Að meta hvort ætla megi að tæknilegar og fjárhagslegar forsendur séu til olíuvinnslu á þessum svæðum.*
2. *Að gera tillögur um með hvaða hætti má efla rannsóknir á svæðum.*
3. *Að gera tillögur um kynningu á þessum svæðum til að efla áhuga innlendra og erlendra aðila á svæðunum.*

Starfshópurinn skilaði áliti sínu 17. ágúst 1998 og var það birt í skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins „Leit að olíu við Ísland og á nálægum hafsbotni“ sem út kom í október 1998. Í álitinu fjallaði starfshópurinn sérstaklega um líkur á að olíu eða gas væri að finna á landgrunni Íslands í setlögum fyrir Norðurlandi, en tók einnig fyrir tvö önnur svæði þar sem Íslendingar kunna að eiga rétt til slíkra auðlinda, Jan Mayen svæðið og Hatton-Rockall svæðið. Meginniðurstöður starfshópsins voru í stuttu máli þessar:

Í fyrsta lagi virðast engir tæknilegir þættir vera til staðar sem komið gætu í veg fyrir olíuvinnslu á landgrunni Íslands ef slíkar lindir fyndust í nægjanlegum mæli. Lauslegt mat bendir til að hagkvæmt yrði að vinna lindir stærri en 100–200 milljónir fata, magn sem rúmast gæti í einum rúmkílómetra af bergi. Gaslindir eru síður líklegar til að vera hagkvæmar.

Í öðru lagi eru nokkrar líkur á að almenn skilyrði fyrir olíu- eða gasmyndun séu fyrir hendi í setlögum undan ströndum Norðurlands, eða 1 á móti 10 fyrir gas, en 1 á móti 40 fyrir olíu. Þessar líkur eru hins vegar minni en svo að þær freisti olíufyrirtækja að svo stöddu. Frekari rannsóknir gætu þó hugsanlega bætt þetta mat.

Í þriðja lagi er frumrannsóknum á Jan Mayen hrygg lokið, en þær voru framkvæmdar í samvinnu við norsk stjórnvöld. Svæðið er álitlegt til frekari olíuleitar en framhaldið mun ráðast af áhuga olíufyrirtækja. Jarðfræðilegar aðstæður gætu verið svipaðar og á vinnslusvæðum á landgrunni Noregs, en svæðið er afskekkt miðað við þau svæði sem nú eru í vinnslu. Þess vegna er ekki búist við því að olíufyrirtæki muni hefja leit á Jan Mayen hrygg fyrr en í fyrsta lagi eftir rúman áratug.

Í fjórða lagi er Hatton-Rockall svæðið einnig vænlegt til olíuleitar, einkum austurjaðar þess. Bretar og Írar hafa þegar veitt olíufyrirtækjum leyfi á þessu svæði innan 200 sjómílna efnahagslögsögu sinnar. Auk Íslands hafa Danmörk, f.h. Færeyja, Bretland og Írland gert kröfu til svæðisins og er réttarstaða á svæðinu því óljós. Nauðsynlegt er að fylgjast vel með framþróun olíuleitar og hafréttarmála á þessu svæði og gæta íslenskra hagsmuna.

Ljóst er af framangreindum niðurstöðum að leynast kunna verðmæt olíuefni undir hafsbotni einhvers staðar á þeim víðáttumiklu hafsvæðum þar sem Ísland á landgrunnsréttindi.

Iðnaðarráðherra skipaði hinn 17. febrúar 1999 samráðsnefnd um landgrunns- og olíuleitarmál með fulltrúum frá Orkustofnun, iðnaðarráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Hlutverk nefndarinnar er einkum að gæta íslenskra hagsmuna á sviði olíu- og landgrunnsmála, m.a. að gera tillögu um stefnu sem skuli fylgt við veitingu rannsóknar- og vinnsluleyfa á landgrunninu og taka þátt í mótun reglna um það efni. Auk þess skal samráðsnefndin samhæfa vinnubrögð íslenskra stjórnvalda vegna fyrirspurna olíuleitarfyrirtækja og annarra aðila um rannsóknar- og nýtingarleyfi innan efnahagslögsögunnar.

Erlend olíufyrirtæki hafa sýnt áhuga á olíuleit innan íslenskrar lögsögu. Viðræður samráðsnefndarinnar við þessa aðila og aðra tengda olíuleit hafa hins vegar leitt í ljós að forsenda þess að erlend fyrirtæki fáist til að fjármagna leit að olíu og gasi í íslenskri lögsögu er að hér verði sett lög um þessa starfsemi. Slík lög hafa verið sett í öllum nágrannaríkjum okkar.

Í ljósi fyrrgreindra atriða ákvað ráðuneytið að hefja smíði frumvarps til laga um leit og vinnslu á olíu og gasi. Við samningu frumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af norrænni löggjöf sem gildir um hliðstætt efni, þ.e. í Færeyjum, Grænlandi og Noregi. Þá hefur verið nauðsynlegt vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu að samræma ákvæði frumvarps þessa löggjöf Evrópusambandsins, en tilskipanir sem hliðsjón var höfð af eru tilskipun 90/531/EBE frá 17. september 1990 um reglur um innkaup fyrirtækja sem sinna vatnsveitu, orkuveitu, flutningum og fjarskiptum, tilskipun 93/38/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um innkaup fyrirtækja sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti og loks tilskipun 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni.

II.

Þörfin á löggjöf um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

Ekki er til sérstök löggjöf á Íslandi er tekur til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis. Þörf á slíkri löggjöf er þó fyrir hendi, enda sýnir reynslan að erlend olíufyrirtæki veigra sér við að hefja leit, rannsóknir og vinnslu á kolvetni nema til sé slík löggjöf. Samkvæmt lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, hefur iðnaðarráðherra að vísu almenna heimild til að veita leyfi til hagnýtingar á auðlindum hafsbotnsins. Á grundvelli þeirra laga er ráðherra heimilt að veita leyfi til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis utan netlaga, en að öðru leyti hafa lögin ekki að geyma nein fyrirmæli um veitingu leyfa eða tímalengd þeirra. Þess vegna verður að telja brýnt að réttarstaða leyfishafa sé skýr áður en þeir leggja í fjárfestingar á þessu sviði. Horfa ákvæði frumvarps þess, sem hér liggur fyrir, mjög í þá átt að skýra réttarstöðu þeirra sem sækja um leyfi til leitar, rannsókna eða vinnslu kolvetnis á landgrunni Íslands.

Meginmarkmið frumvarpsins er að koma til móts við þessa þörf með því að setja rammalöggjöf um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Við samningu frumvarpsins þurfti að taka afstöðu til þess hvernig standa ætti að veitingu leyfa til leitar, rannsóknar og vinnslu kolvetnis. Löggjöf nágrannaríkjanna er að ýmsu leyti heppileg fyrirmynd eins og rakið er nánar hér á eftir. Þó verður að gera þann fyrirvara að aðstæður í þessum ríkjum eru að ýmsu leyti frábrugðnar aðstæðum á Íslandi. Þannig eru líkur á því að á landgrunni Íslands finnist kolvetni í nægjanlegu magni til að vinnsla þess sé efnahagslega hagkvæm minni en í nágrannaríkjunum. Þess vegna er ekki ástæða til að hafa eins ítarlega löggjöf og þar er að finna. Markmiðið með frumvarpinu er því fyrst og fremst að setja rammalöggjöf um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis til þess að skýra réttarstöðu þeirra sem hyggjast stunda þessa starfsemi.

III.
Almennt um kolvetnisstarfsemi.

1. Almennt.

Mismunandi er hvernig einstök ríki haga kolvetnisstarfsemi sinni. Ástæður þessa eru margvíslegar. Í fyrsta lagi hafa fyrirmyndir að stjórn olíuvinnslu verið sóttar til vinnslu annarra náttúruauðlinda. Í öðru lagi má nefna að stjórn olíuvinnslu hefur í tímans rás orðið fyrir áhrifum af nýrri tækni, ólíkum hagkerfum og breytilegum stjórnarháttum. Í þriðja lagi skal það nefnt að mismunandi er frá einu ríki til annars hvernig landfræðilegri legu, þróunarstigi, stjórnmálahefð og hagkerfi er háttað. Loks má nefna að náttúruauðindir eru ólíkar hvað varðar staðsetningu, stærð o.fl.

Almennt má skipta fyrirkomulagi kolvetnisstarfsemi í tvo flokka. Annars vegar hlutdeildar- eða verktökufyrirkomulag (e. production sharing contract eða service contract) og hins vegar sérleyfisfyrirkomulag (e. concession model eða tax/royalty model). Að auki má nefna að í sumum ríkjum er olíuvinnsla eingöngu í höndum ríkisins, að jafnaði í formi olíufyrirtækis í eigu þess. Á Vesturlöndum er algengast að ríkið veiti sérleyfi til olíuvinnslu, en í nokkrum ríkjum Evrópu er þó einnig um að ræða þátttöku ríkisins í gegnum olíufyrirtæki í ríkiseigu, sbr. t.d. Grænland, Danmörk og Noreg. Hér á eftir verður nánar gerð grein fyrir flokkun kolvetnisstarfsemi, en hafa ber í huga að flokkunin er engan veginn einhlít og mörkin milli einstakra flokka geta verið óljós.

2. Sérleyfi.

Með sérleyfi er átt við það að yfirvöld veita fyrirtæki leyfi til að nýta landsvæði í því augnamiði að leita að, rannsaka eða vinna kolvetni. Sögulega er sérleyfi hið upprunalega fyrirkomulag olíuvinnslu. Þegar um er að ræða sérleyfi eru yfirráð kolvetnisauðlinda í höndum ríkisins sem veitir olíufyrirtækjum leyfi til ákveðins tíma og með ákveðnum skilyrðum til þess að framleiða kolvetni á eigin kostnað og áhættu gegn greiðslu skatta og gjalda. Þegar þetta fyrirkomulag er viðhaft á fyrirtækið kolvetnið sem er framleitt. Á hinn bóginn geta stjórnvöld krafist þess að skattar og gjöld séu greidd að öllu leyti eða hluta í formi kolvetnis. Ríkið, sem eigandi auðlindanna, fær arð aðallega í formi skatta og gjalda, en einnig í vissum tilvikum sem hagnað af starfsemi olíufyrirtækis í ríkiseign. Sérleyfisfyrirkomulag kemur ekki í veg fyrir að rekin séu olíufyrirtæki í ríkiseigu sem geta tekið þátt í olíustarfsemi sem leyfishafar. Í þeim tilvikum þegar olíufyrirtæki í ríkiseigu gegnir verulegu hlutverki í samvinnu við olíufyrirtæki í einkaeigu er um að ræða nokkurs konar sameiginlegt áhættuverkefni ríkisins og olíufyrirtækis.

3. Hlutdeildar- og verktökufyrirkomulag.

Þegar um er að ræða hlutdeildarfyrirkomulag er kolvetnisauðlindin, sem er eign ríkisins, hagnýtt undir eftirliti stjórnvalda en í samvinnu við olíufyrirtækin. Stjórnvöld verða eigendur þess kolvetnis sem unnið er, en olíufyrirtækin fá hluta þess í staðinn fyrir að leggja til áhættufjármagn, sérfræðiþekkingu og vinnu. Það eru svo olíufyrirtækin sem sjá um sölu kolvetnisins. Þetta fyrirkomulag hefur einkum þróast í ríkjum þriðja heimsins. Að baki fyrirkomulaginu liggur sú hugmynd að ríkið hafi sem mesta stjórn á auðlindunum og efnahagslegri þróun. Fyrirkomulagið þykir eðlilegt í þeim ríkjum sem hafa áætlunarbúskap, en þar eru ein helstu rökin fyrir þessu fyrirkomulagi þau að tryggja að kolvetnis sé aflað fyrir heimamarkað, einkum iðnað og e.t.v. á lægra verði en á heimsmarkaði.

Með verktökufyrirkomulagi er alþjóðlegt olíufyrirtæki að öllu leyti verktaki hjá stjórnvöldum. Taki olíufyrirtækið á sig jarðfræðilega eða fjárhagslega áhættu fær það sérstaka

þóknun fyrir þá áhættu sem það tekur. Þóknunin er jafnan greidd sem hluti af því kolvetni sem unnið er. Verktökufyrirkomulag er algengt í ríkjum sem leggja áherslu á að stjórnvöld eða olíufyrirtæki í ríkiseigu beri ábyrgð á allri leit, rannsókn og vinnslu. Þegar svo stendur á eru alþjóðleg olíufyrirtæki undirverktakar olíufyrirtækis í ríkiseigu.

4. Ríkisrekstur.

Þegar um er að ræða óskoraðan ríkisrekstur sér ríkið alfarið um það að leita að, rannsaka, vinna og eftir atvikum dreifa kolvetni. Frávik frá ríkisrekstri er sameiginlegt áhættuverkefni ríksins og einkaaðila (e. joint-venture model). Þar gerir ríkisfyrirtæki samning um samvinnu við eitt eða fleiri olíufyrirtæki í einkaeign um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

5. Lokaorð.

Almennt er litið svo á að alþjóðleg olíufyrirtæki kjósi fremur að starfa samkvæmt sérleyfisfyrirkomulagi en hlutdeildarfyrirkomulagi. Á hinn bóginn kjósa sum ríki fremur að hafa framleiðsluna algerlega í eigin höndum, undir stjórn ríkisrekins olíufélags eða í samvinnu við alþjóðleg olíufyrirtæki með hlutdeildar- eða verktökufyrirkomulagi.

Í vissum tilvikum kann olíufyrirtæki fremur að kjósa samvinnu á grundvelli hlutdeildarfyrirkomulags í stað þess að fá sérleyfi. Ástæðan getur t.d. verið sú að olíufyrirtækið ber ekki nægilegt traust til réttarkerfis viðkomandi ríkis. Þegar svo stendur á er algengt að olíufyrirtæki kjósi fremur að semja við yfirvöld um að sérstakur óháður gerðardómur leysi úr ágreiningi sem upp kann að koma.

IV.
Hvaða fyrirkomulag hentar best á Íslandi?

Við mat á því hvaða fyrirkomulag geti hentað best á Íslandi er í fyrsta lagi til þess að líta að öll ríki við Norður-Atlantshaf styðjast á einn eða annan hátt við sérleyfisveitingar. Er því ekki óeðlilegt að miða við að sérleyfi verði veitt nema sérstök rök mæli gegn því.

Í öðru lagi má benda á að á Íslandi skortir sérþekkingu á leit, rannsóknum og vinnslu á kolvetni, bæði hjá einkaaðilum og hinu opinbera. Þá er ólíklegt að stjórnvöld muni hafa sérstakt frumkvæði að leit eða rannsókn kolvetnis nema á allra fyrstu stigum. Olíu- og gasleit er ákaflega kostnaðarsöm og fer kostnaður hraðvaxandi eftir því sem nær dregur vinnslu. Á hverju stigi leitarinnar verður að vega hugsanlegan ávinning á móti þeirri fjárhagslegu áhættu sem felst í því að vinnanleg olía eða gas reynist ekki vera fyrir hendi. Olíufyrirtæki búa yfir nægjanlegri þekkingu og reynslu til að framkvæma þetta mat og hafa fjárhagslegt bolmagn til að stunda olíu- og gasleit fyrir eigin reikning, enda er það kjarninn í starfsemi þeirra. Séu fyrirtæki í olíuiðnaði reiðubúin að kosta slíka leit er eðlilegt að íslensk stjórnvöld komi til móts við þau með því að búa þeim góð starfsskilyrði og tryggja að starfsemi þeirra samrýmist efnahagslegum markmiðum og nútímakröfum um umhverfisvernd og starfsöryggi. Eins og að framan er rakið er það markmið frumvarpsins að skýra réttarstöðu þeirra sem sækja um leyfi til leitar, rannsókna eða vinnslu kolvetnis á landgrunni Íslands.

Í þriðja lagi er nauðsynlegt að fyrirkomulagið sem valið er tryggi að erlend olíufyrirtæki telji það raunhæfan kost að hefja kolvetnisleit á landgrunni Íslands. Eins og áður er rakið er almennt talið að olíufyrirtæki vilji fremur starfa á grundvelli sérleyfis en annars fyrirkomulags, enda byggist löggjöf nágrannaríkja Íslands á sérleyfisfyrirkomulagi.

Í fjórða lagi felur sérleyfisfyrirkomulag í sér að íslenska ríkið heldur eftir sem áður hefðbundnum eignarráðum yfir kolvetnisauðlindum á landgrunninu og getur því tryggt að greitt verði hæfilegt endurgjald fyrir afnotin.

V.
Erlend löggjöf.

1. Almennt.

Eins og áður er rakið hefur við samningu frumvarpsins verið höfð hliðsjón af norrænni löggjöf um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Einkum hefur verið höfð hliðsjón af færeyskum, grænlenskum og norskum lögum. Í megindráttum er löggjöf þessara ríkja mjög svipuð, en sammerkt með þessum lögum er að lagt er til grundvallar að sérleyfi séu veitt til rannsókna og vinnslu kolvetnis. Hér á eftir fer stutt yfirlit um efni framangreindra laga.

2. Færeyjar.

Um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis í Færeyjum gilda lög nr. 31 frá 16. mars 1998, um kolvetnisstarfsemi. Efnisskipan laganna er þannig að í 1. kafla eru almenn ákvæði, í 2. kafla eru reglur um kolvetnisleit o.fl. og í 3. kafla eru ítarleg ákvæði um rannsóknir og vinnslu. Þá er fjallað um mat á umhverfisáhrifum í 4. kaflanum og 5. kafli fjallar um starfsumhverfi, öryggi og öryggisráðstafanir o.s.frv. í hafstöðvum. Í 6. kafla er fjallað um stjórnsýslu, eftirlit o.s.frv. af hálfu opinberra aðila og í 7. kafla eru reglur um skaðabætur og sérstakar reglur um bætur til sjómanna. Þá eru ýmis ákvæði í 8. kafla og loks eru í 9. kafla reglur um refsingar, gildistöku o.fl. Í færeysku lögunum kemur fram í 4. gr. að stjórnvöld geti veitt leyfi til leitar að kolvetnum með rannsóknir og vinnslu í huga, en leyfið er veitt til þriggja ára í senn, nema styttri leyfistími sé nefndur í leyfinu. Þá er sú meginregla lögð til grundvallar í 6. gr. laganna að stjórnvöldum er heimilt að veita einkarétt til rannsókna og vinnslu á kolvetni, en það skilyrði er sett að einungis megi veita slíkt leyfi aðilum sem teljast hafa nægilega sérþekkingu, reynslu og fjárhagslegt bolmagn til að stunda slíka starfsemi.

3. Grænland.

Á Grænlandi gilda auðlindalög, nr. 335 frá 6. júní 1991, með síðari breytingum, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Lögin taka til hvers kyns auðlinda í jörðu en í lögunum eru einnig sérstök ákvæði um rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Í 1. kafla laganna eru ýmis almenn ákvæði. Í 2. kafla eru ákvæði um leit, en skv. 6. gr. er heimastjórninni heimilt að veita leyfi til leitar að náttúruauðlindum til allt að fimm ára. Í 3. kafla eru ákvæði um rannsóknir og vinnslu náttúruauðlinda. Í 7. gr. kemur m.a. fram að heimastjórnin geti á tilteknum svæðum veitt sérleyfi til rannsókna og vinnslu náttúruauðlinda. Í 4. kafla eru sérstök ákvæði um rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Þar segir m.a. í 11. gr. að leyfi til rannsókna skuli veitt til allt að tíu ára en þegar sérstaklega stendur á megi veita leyfi til allt að 16 ára. Hafi skilyrði leyfisins verið uppfyllt eigi leyfishafi rétt á framlengingu leyfisins til vinnslu kolvetnis í 30 ár. Leyfið gildir á þeim svæðum þar sem hagkvæmt er að vinna kolvetni og leyfishafi hyggst hefja vinnslu.

4. Noregur.

Lög nr. 72 frá 29. nóvember 1996, um kolvetnisstarfsemi, (lov om petroleumsvirksomhet) mynda ramma um leyfisveitingar til kolvetnisstarfsemi í Noregi. Á grundvelli laganna voru settar reglugerðir með konunglegri tilskipun frá 27. júní 1997. Í lögunum er mælt fyrir um leyfi til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis o.fl. Lögin samrýmast tilskipun 94/22/EB, enda er Noregur aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Meginatriði þess kerfis sem gildir um leyfisveitingar eru helst þessi:

Í 1. mgr. 1. gr. laga um kolvetnisstarfsemi er kveðið á um eignarrétt norska ríkisins að kolvetnisauðlindum neðan sjávar. Samkvæmt þessu ákvæði stjórnar norska ríkið einnig nýtingu kolvetnisauðlinda.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. er fyrirtækjum heimilt að sækja um leyfi til leitar að kolvetni. Leyfið veitir hvorki einkarétt til leitar né forgangsrétt til frekari rannsókna eða vinnslu. Á tilteknum svæðum er stjórnvöldum skylt að opna fyrir aðgang að leit með því að veita leitarleyfi áður en til veitingar rannsóknar- og vinnsluleyfa getur komið. Áður en leitin hefst þarf að hafa farið fram mat á umhverfisáhrifum auk mats á efnahagslegum og félagslegum áhrifum starfseminnar.

Að jafnaði eru rannsóknar- og vinnsluleyfi veitt í kjölfar auglýsingar eftir umsóknum um leyfi. Leyfi skal einungis veita á grundvelli viðmiðana sem hafa verið gerðar opinberar. Þá skal við veitinguna gæta jafnræðis. Í auglýsingunni eru tiltekin skilyrði fyrir veitingu leyfis. Rannsóknar- og vinnsluleyfi kveður ítarlega á um réttindi og skyldur olíufyrirtækisins gagnvart ríkinu og skilyrði fyrir leyfinu. Skv. 3. mgr. 3. gr. felur rannsóknar- og vinnsluleyfi í sér einkarétt til þess að rannsaka og vinna kolvetni á tilteknu svæði.

Samkvæmt 9. mgr. 3. gr. eru rannsóknar- og vinnsluleyfi í upphafi veitt til rannsókna í allt að tíu ár og verður skv. 8. mgr. 3. gr. að uppfylla sérstaka rannsóknarskyldu á þessu tímabili. Uppfylli leyfishafi þessa rannsóknarskyldu er meginreglan sú að honum er heimilt að stunda vinnslu kolvetnis í allt að 30 ár, að jafnaði á helmingi þess svæðis sem leyfið tekur til, en sérstakt svæðisgjald er innheimt fyrir hvern ferkílómetra.

Nái kolvetnisauðlind inn á svæði þar sem tveir eða fleiri hafa rannsóknar- og vinnsluleyfi skal leita samkomulags um skynsamlega nýtingu auðlindarinnar og hvernig henni skuli skipt milli leyfishafa, sbr. 7. mgr. 4. gr.

VI.
Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið.

Með aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) var tekin ákvörðun um að lögleiða í íslenskan rétt hluta af rétti Evrópusambandsins. Hér á eftir er yfirlit um helstu reglur EES sem varða leyfisveitingar í tengslum við leit, rannsóknir og vinnslu kolvetna. Þær tilskipanir sem leiðir af aðild Íslands að EES-samningnum og höfð var hliðsjón af við samningu frumvarpsins eru þessar helstar:

1. *Tilskipun 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni.*

Tilskipunin tók gildi 1. júlí 1995 og fjallar um leyfisveitingar, en hún hefur það að markmiði að koma á fót sameiginlegum innri markaði fyrir orku. Í inngangsorðum tilskipunarinnar er að því vikið að ríki Evrópusambandsins treysti að miklu leyti á innflutning til að anna eftirspurn eftir kolvetni. Er því talið ráðlegt að hvetja til leitar, rannsókna og vinnslu á þeim auðlindum sem til eru innan Evrópusambandsins. Meginefni tilskipunarinnar er í stuttu máli þetta:

Fjallað er um veitingu og notkun leyfa til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis. Megintilgangur hennar er að tryggja aðgang að þessari starfsemi án mismununar og með gagnsæjum hætti. Þá er reynt að tryggja að ekki séu sett önnur skilyrði fyrir aðgangi að kolvetnisstarfsemi en þau er varða tæknilegt eða fjárhagslegt bolmagn fyrirtækja og hvernig þau hyggjast standa að leit, rannsóknum og/eða vinnslu á því svæði sem um ræðir. Fram kemur í tilskipuninni að aðildarríkin hafi yfirráðarétt yfir kolvetnisauðlindum á sínu yfirráðasvæði,

þar á meðal rétt til þess að ákveða hvaða svæði verði gerð aðgengileg til að stunda á þeim leit, rannsóknir eða vinnslu kolvetnis.

Tilskipunin hefur að geyma ákvæði um þær aðferðir sem beita skal við veitingu leyfa og kveður á um það hvaða viðmiðanir ríki skuli leggja til grundvallar því að leyfi sé veitt. Markmið með þessu er að tryggja aðgang að kolvetnisstarfsemi við aðstæður sem hvetja til aukinnar samkeppni á þessu sviði. Þetta er talið stuðla að því að leit að, rannsóknir á og vinnsla úr kolvetnisauðlindum í aðildarríkjunum fari fram með sem hagkvæmustum hætti og flýta fyrir samruna hins innri orkumarkaðar. Þessi starfsemi á að vera opin öllum þeim sem hafa fullnægjandi tæknilega og fjárhagslega getu til að stunda hana. Þá er byggt á því í tilskipuninni að takmarka skuli það svæði sem leyfi nær til og gildistíma þess í því skyni að koma í veg fyrir að eitt fyrirtæki geti áskilið sér einkarétt á svæði þar sem hægt væri að stunda leit, rannsóknir og vinnslu með hagkvæmari hætti ef mörg fyrirtæki ættu þess kost að stunda kolvetnisstarfsemi á svæðinu.

Í 3. gr. eru ítarleg fyrirmæli um það hvernig veita skal leyfi til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis. Almennt skal veita leyfi annaðhvort í kjölfar opinberrar auglýsingar eftir umsóknum (e. public invitation) eða án undangenginnar auglýsingar eftir því sem þær berast (e. open door policy). Í sérstökum tilvikum er leyfishöfum á aðlægum svæðum veittur forgangsréttur til kolvetnisstarfsemi (e. neighbouring block). Loks er fyrirvari í ákvæðinu um að aðildarríkin eigi rétt á að hafna öllum umsóknum um leyfi svo fremi þau tryggi að þessi valkostur valdi því ekki að fyrirtækjum sé mismunað.

Í tilskipuninni eru ákvæði um þátttöku ríkisins í kolvetnisstarfsemi, hvort sem það er með beinum hætti eða í gegnum olíufyrirtæki í ríkiseigu. Ef stjórnvöld eða olíufyrirtæki í eigu ríkisins fara í samstarf við einkaaðila verður þátttakan að byggjast á meginreglum sem eru gagnsæjar, hlutlægar og mismuna ekki aðilum.

Loks skal þess getið að sá mikilvægi fyrirvari er gerður í 2. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar að aðildarríki má setja skilyrði og gera kröfur um hvernig starfsemin er stunduð ef unnt er að rökstyðja það með tilliti til þjóðaröryggis, almannaöryggis, almannaheilbrigðis, samgönguöryggis, umhverfisverndar, verndar lífrænna auðlinda og þjóðargersema sem hafa listrænt, sögulegt og fornleifafræðilegt gildi, öryggis mannvirkja og starfsmanna, skipulagðrar stjórnunar kolvetnisauðlinda, t.d. hversu hratt kolvetni er nýtt, eða þarfar á að tryggja skattatekjur.

2. *Tilskipun 93/38/EBE um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti.*

Þessi tilskipun hefur sérstaka þýðingu fyrir olíuleit þar sem hún tekur til stjórnvalda jafnt sem opinberra fyrirtækja og fyrirtækja sem hafa sérstök réttindi eða einkarétt á því að rannsaka og vinna olíu og gas á ákveðnum svæðum.

VII.
Yfirlit um efni einstakra kafla frumvarpsins.

Í I. kafla frumvarpsins (1.–2. gr.) eru ákvæði um gildissvið og skilgreiningar, en lögin gilda í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands utan netlaga.

Í II. kafla frumvarpsins (3. gr.) er ákvæði um eignarrétt íslenska ríkisins að kolvetni í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands. Ákvæði þetta er í samræmi við gildandi rétt og sett til áréttingar reglu sem fram kemur í lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

Í III. kafla (4.–6. gr.) er fjallað um umsókn um leyfi til kolvetnisleitar, leyfið sjálft og tímalengd þess.

Reglur IV. kafla frumvarpsins (7.–21. gr.) geyma ákvæði um rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Fjallað er um leyfi og skilyrði leyfisveitingar, auglýsingu, umsókn um leyfi, tímalengd og skilyrði leyfis, efni leyfisins og skyldur leyfishafa að loknum leyfistíma, aðgæsluskyldu, boranir, hafstöðvar, leiðslubúnað, skiptingu og samnýtingu kolvetnisauðlinda. Loks er ákvæði sem áréttar að ávallt sé gætt laga um mat á umhverfisáhrifum áður en leyfi eða samþykki til framkvæmda er veitt.

Í V. kafla (22.–23. gr.) er fjallað um vinnuumhverfi og öryggisráðstafanir við kolvetnisstarfsemi. Í VI. kafla (24.–26. gr.) eru fyrirmæli um eftirlit með leitar-, rannsókna- og vinnslusvæðum, upplýsingagjöf, meðferð upplýsinga o.fl. Þá eru í VII. kafla (27.–29. gr.) eignarnáms- og bótaákvæði. Loks eru í VIII. kafla (30.–33. gr.) ýmis ákvæði, þ.e. meginregla um bann við framsali á leyfi samkvæmt lögunum, reglugerðarheimild til handa iðnaðarráðherra, refsiákvæði og gildistökuákvæði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Ákveðin tengsl eru milli ákvæða I. kafla frumvarps þessa og ákvæða ýmissa annarra laga í íslenskum rétti. Í 1. gr. er mælt fyrir um landfræðilegt gildissvið laganna, en þar segir að lögin gildi í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands. Lögin gilda utan netlaga en innan netlaga gilda lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Þá skal áréttað að ákvæði frumvarpsins ganga fyrir lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, sem nú taka til þeirrar starfsemi er frumvarpið varðar.

Það ræðst af ákvæðum annarra laga á hverjum tíma hver sé landhelgi, efnahagslögsaga og landgrunn Íslands, en núgildandi lög um þetta eru lög nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Á grundvelli þeirra laga hefur svo verið sett reglugerð nr. 196/1985, um afmörkun landgrunnsins í vestur, í suður og til austurs. Í 3. gr. frumvarpsins kemur fram að íslenska ríkið sé eigandi kolvetnis og einungis geti komið til leitar, rannsóknar og vinnslu þess með leyfi ráðherra í samræmi við ákvæði laganna. Hér er um að ræða efnislega sambærilega reglu og fram kemur í lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Er nauðsynlegt að gera í stuttu máli grein fyrir ákvæðum framangreindra laga en segja má að þessir lagabálkar séu í raun rammalöggjöf á þessu sviði.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, er landhelgi Íslands afmörkuð af línu sem alls staðar er 12 sjómílur frá grunnlínu sem dregin er milli nánar tiltekinna staða á ströndinni. Þau réttindi sem íslenska ríkið fer með í 12 sjómílna landhelgi eru fullveldisréttur, en í því felst að ríkið fer með fullan og óskoraðan ríkisyfirráðarétt. Nær fullveldisréttur Íslands til landhelginnar, hafsbotnsins innan hennar og loftrýmisins yfir henni og fer framkvæmd hans eftir íslenskum lögum og ákvæðum alþjóðalaga, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Fullveldisréttur Íslands nær ekki eingöngu til landhelginnar heldur einnig til hafsbotnsins innan hennar, sbr. lög nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Þar er svo fyrir mælt í 1. gr. að íslenska ríkið sé eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki. Þá segir að hugtakið auðlind taki samkvæmt lögunum til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotnsins annarra en lifandi vera.

Í II. kafla laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, eru ákvæði um efnahagslögsöguna. Þar segir í 3. gr. að efnahagslögsaga Íslands sé svæði utan landhelgi sem

afmarkast af línu sem alls staðar er 200 sjómílur frá grunnlínu landhelginnar, sbr. þó 7. gr. sem varðar afmörkun svæða milli landa. Samkvæmt 4. gr. hefur Ísland innan efnahagslögsögunnar:

a. fullveldisrétt að því er varðar rannsóknir, hagnýtingu, verndun og stjórnun auðlinda, lífrænna og ólífrænna, á hafsbotni og í honum, í hafinu yfir honum svo og aðrar athafnir varðandi efnahagslega nýtingu og rannsóknir innan svæðisins, svo sem framleiðslu orku frá sjávarföllum, straumum og vindi,
b. lögsögu að því er varðar: i) byggingu mannvirkja og afnot af þeim, ii) vísindalegar rannsóknir og iii) verndun hafsins,
c. önnur réttindi og skyldur samkvæmt alþjóðalögum.

Þá segir að framkvæmd réttinda og skyldna innan efnahagslögsögunnar skuli vera samkvæmt sérstökum lögum og í samræmi við milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að. Er hér einkum átt við hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 1982, en Ísland fullgilti sáttmálann 1985, sbr. augl. nr. 7/1985 í C-deild Stjórnartíðinda. Sáttmálinn öðlaðist gildi 16. nóvember 1994.

Í III. kafla laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, eru reglur um landgrunnið. Skv. 5. gr. nær landgrunn Íslands til hafsbotnsins og neðansjávarsvæða utan landhelgi sem eru framlenging landsvæðisins, allt að ytri mörkum landgrunnssvæðisins, þó að 200 sjómílna fjarlægð frá grunnlínum landhelginnar þar sem ytri mörk landgrunnssvæðisins ná ekki þeirri fjarlægð, sbr. þó 7. gr. sem áður er getið. Skv. 6. gr. tekur fullveldisréttur Íslands yfir landgrunnið til rannsóknar og hagnýtingar á ólífrænum auðlindum, sem þar eru, svo og á lífverum, sem á nýtingarstigi eru annaðhvort hreyfingarlausar á hafsbotni eða í honum eða geta ekki hreyft sig án snertingar við hafsbotninn. Þá segir að stjórnvöld setji reglur um rannsóknir og hagnýtingu auðlinda landgrunnsins. Á grundvelli þessa ákvæðis hefur verið sett reglugerð nr. 196/1985, um afmörkun landgrunnsins, sem áður er getið. Með henni voru landgrunnsmörkin ákveðin til vesturs, í suður og til austurs langt út fyrir 200 sjómílna línuna en þetta er gert með hliðsjón af 76. gr. hafréttarsáttmálans. Þá eru í IV. kafla laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, ákvæði um afmörkun svæða milli landa.

V. kafli laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, hefur að geyma sérstök ákvæði um ráðstafanir gegn mengun. Eins og að framan er rakið segir í b-lið 4. gr. þeirra laga að Ísland fari innan efnahagslögsögunnar með lögsögu að því er varðar verndun hafsins en hér er átt við svokallaða mengunarlögsögu sem nánari ákvæði eru um í V. kafla. Þar segir í 8. gr. að skylt sé að forðast allt sem mengað getur eða á annan hátt spillt hafinu. Íslensk stjórnvöld skuli samkvæmt sérstökum lögum og í samræmi við milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að gera ráðstafanir til að vernda hafið gegn mengun og öðrum spjöllum. Á grundvelli þessa ákvæðis voru sett sérstök lög um varnir gegn mengun sjávar, þ.e. lög nr. 32/1986. Þar er mengunarlögsaga Íslands nánar skilgreind í 7. tölul. 3. gr. sem það hafsvæði sem nær yfir innsævi, landhelgi og efnahagslögsögu Íslands og landgrunn Íslands. Í þessu felst það að mengunarlögsagan getur tekið til landgrunnssvæða sem liggja utan við 200 sjómílna efnahagslögsöguna. Lögin, sem eru meginréttarheimildin á þessu sviði, fjalla um varnir gegn mengun hafsins sem stafar af losun olíu, sorps og annarra skaðlegra efna, úrkast (varp) efna í hafið, ábyrgð á mengun, íhlutun og framkvæmd laganna.

Loks eru í VI. kafla eru mikilvæg ákvæði um vísindalegar rannsóknir, en þess er áður getið að skv. b-lið 4. gr. fer Ísland með lögsögu varðandi vísindalegar rannsóknir. Í 9. og 10. gr. eru ákvæði sem mæla nánar fyrir um það að vísindalegar rannsóknir í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands skuli háðar samþykki íslenskra stjórnvalda.

Af lagaákvæðum þeim sem að framan eru rakin er ljóst að íslenska ríkið er eigandi að og hefur fullan og óskoraðan rétt yfir öllum lífrænum og ólífrænum auðlindum á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga svo langt sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki. Á þeim grundvelli er frumvarp þetta til laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis lagt fram.

Um 1. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði um gildissvið laganna. Annars vegar er mælt fyrir um efnislegt gildissvið laganna, þ.e. til hvaða starfsemi þau taka, en hins vegar er kveðið á um landfræðilegt gildissvið þeirra.

Í 1. málsl. ákvæðisins er mælt fyrir um það til hvaða starfsemi lögin taka. Þar kemur fram að lögin gildi um leit að kolvetni, rannsóknir og vinnslu og flutning þess eftir leiðslukerfi. Jafnframt gilda lögin um svokallaðar hafstöðvar sem skilgreindar eru í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Í frumvarpinu er greint á milli leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis eins og fram kemur í greininni.

Nauðsyn leitar að kolvetni er mest á svæðum sem hafa ekki verið könnuð ítarlega og á það sérstaklega við um Ísland. Leit felur í sér það sem kalla mætti forkannanir (e. preliminary surveys), en markmið þeirra er að öðlast skilning á svæðisbundnum jarðfræðilegum aðstæðum, t.d. með jarðeðlisfræðilegum könnunum. Eins og að framan greinir í athugasemdum við I. kafla taka nú lög nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, til þess háttar kannana. Ef frumvarp þetta verður að lögum ganga reglur þess framar þeirra laga að því er varðar sérstaklega leit, rannsóknir og vinnslu kolvetna.

Með rannsóknum, eins og það hugtak er notað í III. kafla frumvarpsins, er átt við það þegar rannsakað er hvort olíu og/eða gas er að finna og ef svo er hvort vinna megi nægilegt magn til þess að nýting sé efnahagslega skynsamleg. Almennt eru jarðeðlisfræðilegar rannsóknir sem fram fara á þessu stigi mun ítarlegri, auk þess sem boraðar eru ein eða fleiri djúpar holur. Að jafnaði er rannsóknartímabil u.þ.b. fimm til tíu ár eða jafnvel lengra þegar ekki liggja fyrir miklar jarðfræðilegar upplýsingar.

Í 2. málsl. greinarinnar er kveðið á um landfræðilegt gildissvið laganna, en þau taka til landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunns. Eins og áður er rakið í athugasemdum við I. kafla tekur hið landfræðilega gildissvið frumvarpsins ávallt mið af þeim ákvæðum annarra laga sem skilgreina landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn Íslands, sbr. nú lög nr. 41/1979. Utan gildissviðs frumvarpsins falla leit, rannsóknir og vinnsla á kolvetni sem finnst í jörðu í landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga, enda taka lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, til þeirrar starfsemi.

Um 2. gr.

Í greininni er að finna skilgreiningu á nokkrum grundvallarhugtökum sem fyrir koma í frumvarpinu.

Í 1. mgr. er skilgreining á hugtakinu kolvetni. Miðað er við að um sé að ræða kolvetni sem finnst í jarðlögum undir hafsbotni, enda taka lögin einungis til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis á hafsbotni.

Í 2. mgr. er skilgreining á hugtakinu hafstöð. Miða verður við að hér sé m.a. um að ræða flutningstæki, svo sem bora, borpalla, vinnslu- og geymsluskip, íbúðarskip og annars konar skip á meðan þau eru ófæranleg og nýtt til kolvetnisstarfsemi. Þannig fellur utan ákvæðisins flutningur kolvetnis með skipi, sem og mælingar rannsóknarskips á siglingu.

Í 3. mgr. er skilgreining á hugtakinu leit (e. prospecting). Rétt er að taka fram að þetta felur einnig í sér frekari úrvinnslu og túlkun gagna sem aflað er við leitina. Þá skal þess getið að leit getur einnig verið hluti af rannsóknum eins og hugtakið er skilgreint í lögunum. Meginmarkmiðið með leit er að afmarka þau svæði þar sem hagstætt getur talist að hefja ítarlegri leit á síðari stigum.

Í 4. mgr. er fjallað um hugtakið rannsóknir (e. exploration). Skv. 1. tölul. felur rannsókn í sér leit að kolvetni en hér er átt við þá ítarlegu leit sem fram fer á þeim svæðum sem afmörkuð hafa verið með leit skv. 3. mgr. þessarar greinar. Skv. 2. tölul. felur rannsókn í sér mat á stærð, legu og vinnslueiginleikum kolvetnisgeymis með borun leitarholna og borholumælingum. Hér er það sjálfur kolvetnisgeymirinn sem er kannaður, en þetta er miklu viðameiri framkvæmd en felst í leitinni.

Í 5. mgr. er ítarleg skilgreining á hugtakinu vinnsla (e. production). Hér er um að ræða vinnslustig sem tekur við af rannsóknum og felur í sér að kolvetni er leitt eða því dælt upp á yfirborðið.

Um II. kafla.

Kaflinn hefur að geyma ákvæði um eignarrétt íslenska ríkisins að kolvetni.

Um 3. gr.

Efni greinarinnar er í samræmi við gildandi rétt. Sjálfstæð þýðing hennar er því takmörkuð, en hún er sett til áréttingar gildandi lögum. Er hér annars vegar mælt fyrir um að íslenska ríkið sé eigandi kolvetnis skv. 1. gr. og hins vegar að einungis geti komið til leitar, rannsókna og vinnslu að fengnu leyfi iðnaðarráðherra. Fyrri málsliður er því í samræmi við 1. gr. laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Eins og áður er rakið segir þar að íslenska ríkið sé eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki, en hugtakið auðlind samkvæmt lögunum tekur til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotnsins annarra en lifandi vera. Þau lög taka því við þar sem lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, sleppir, en samkvæmt þeim lögum eru auðlindir í sjávarbotni innan netlaga háðar einkaeignarrétti landeiganda.

Síðari málsliður greinarinnar er áréttíng á 2. gr. laga nr. 73/1990 sem mælir fyrir um það að enginn megi leita að efnum til hagnýtingar á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga, sbr. 1. gr. laganna, nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra. Þessa meginreglu, sem fram kemur í þessum fyrirmælum frumvarpsins, er einnig að finna í VI. kafla laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, sem hefur að geyma almenn fyrirmæli um það með hvaða hætti leyfi til vísindalegra rannsókna í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands verður veitt. Sérstaka þýðingu hefur ákvæði 2. mgr. 9. gr. þeirra laga sem mælir fyrir um það að hafna megi m.a. beiðni um rannsóknir innan efnahagslögsögunnar eða á landgrunninu ef hún: a) stendur í beinu sambandi við rannsókn eða hagnýtingu á lífrænum eða ólífrænum auðlindum, b) hefur í för með sér boranir á landgrunninu, notkun sprengiefna eða skaðlegra efna fyrir umhverfið eða c) leiðir til byggingar, starfrækslu eða notkunar mannvirkja.

Í III. og IV. kafla frumvarpsins eru nánari ákvæði um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Þetta eru sérákvæði um leit, rannsóknir og nýtingu tiltekinna ólífrænna auðlinda hafsbotnsins, þ.e. kolvetnis, og ganga þau fyrir framangreindum ákvæðum laga nr. 41/1979 að svo miklu leyti sem ákvæði þessi kunna að stangast á.

Um III. kafla.

Kaflinn hefur að geyma reglur um kolvetnisleit o.fl.

Um 4. gr.

Samkvæmt 4. gr. veitir ráðherra leyfi til leitar að kolvetni með rannsóknir og vinnslu í huga. Þetta ákvæði er í samræmi við ákvæði laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, og laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, sem áður er getið, en þar er við það miðað að leyfisveitingar séu í höndum iðnaðarráðherra.

Markmiðið með því að veita leyfi til kolvetnisleitar er það að gefa fyrirtækjum, sem áhuga hafa á kolvetnisstarfsemi, kost á að gera forkannanir til þess að meta hvort grundvöllur sé fyrir því að hefja rannsóknastarfsemi. Auk þess er tilgangur kolvetnisleitar að afla upplýsinga um ástand tiltekinna svæða til þess að geta lagt mat á það hvort kolvetni sé að finna í vinnanlegum mæli.

Kolvetnisleit felur í sér rannsóknarvinnu í formi jarðfræðilegra, jarðeðlisfræðilegra og jarðefnafræðilegra rannsókna. Að jafnaði felur leyfi til leitar einungis í sér heimild til handa leyfishafa að framkvæma grunnar boranir, þ.e. með sýnatöku úr efstu jarðlögum hafsbotnsins, t.d. með grunnum borunum eða töku kjarna, sbr. 3. mgr. 2. gr. Eftir atvikum geta slík leyfi þó einnig falið í sér rétt til dýpri borana í þeim tilgangi að afla upplýsinga um skilyrði til myndunar og varðveislu kolvetnis.

Um 5. gr.

Hér kemur fram sú skylda sem hvílir á umsækjanda um leyfi til kolvetnisleitar að leggja fram upplýsingar um fyrirhugaðar rannsóknir. Eins og að framan er rakið hefur Ísland innan efnahagslögsögunnar lögsögu að því er varðar vísindalegar rannsóknir. Fram kemur í 10. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, að umsókn um leyfi til rannsókna í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands skuli fylgja nákvæmar upplýsingar um eðli og markmið rannsóknar og tiltekin önnur atriði varðandi rannsóknina. Er þetta áréttting á þeirri skyldu. Þá er rétt að minnast á að sams konar ákvæði er að finna í 16. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Um 6. gr.

Við það er miðað í 1. mgr. að leyfi til kolvetnisleitar verði veitt til allt að þriggja ára í senn. Ráðherra er þó heimilt að kveða á um styttri leyfistíma enda verður að telja að í mörgum tilfellum sé nægilegt fyrir leyfishafa að fá styttri tíma til leitar.

Það er meginregla skv. 2. mgr. að leyfi til kolvetnisleitar felur ekki í sér forgangsrétt til handa leyfishafa til rannsókna eða vinnslu að lokinni leit. Slíkan rétt geta þeir aðilar einir öðlast sem fengið hafa rannsóknar- og vinnsluleyfi skv. IV. kafla frumvarpsins. Helstu rökin fyrir þessu ákvæði eru þau að væri forgangsréttur tryggður þeim sem fá leyfi til kolvetnisleitar gæti það dregið úr áhuga olíufyrirtækja á að sækja um rannsóknar- og vinnsluleyfi sem íslensk stjórnvöld kynnu síðar að auglýsa til umsóknar. Eins og greinir í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins felur leyfi til leitar að jafnaði einungis í sér heimild til handa leyfishafa til að framkvæma grunnar boranir, þ.e. með sýnatöku úr efstu jarðlögum hafsbotnins, t.d. með grunnum borunum eða töku kjarna. Þó getur hugsast að svo ólíklegt sé að kolvetni finnist á ákveðnum svæðum að stjórnvöld semji svo um við aðila, sem fær leyfi til þess að leita að kolvetni, að hann njóti forgangsréttar þegar kemur að því að rannsaka og vinna kolvetni.

Í 3. mgr. er ráðherra tryggð heimild til þess að setja nánari reglur um veitingu leyfis til leitar að kolvetni. Í reglum þessum er m.a. gert ráð fyrir ákvæðum um greiðslu kostnaðar

vegna mats á umsækjendum og veitingar leyfa, upplýsinga- og tilkynningaskyldu um framkvæmd og niðurstöður leitar, afhendingu gagna og þagnarskyldu. Ljóst þykir að nokkuð mikill kostnaður kann að hljótast af því að meta umsækjanda um leyfi. Þykir því rétt að stjórnvöld hafi heimild til þess að endurkrefja umsækjanda um þann kostnað sem hlýst af útgáfu leyfisins.

Um IV. kafla.

Hér er að finna ákvæði um rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Fjallað er um leyfi og skilyrði leyfisveitingar, rannsóknir og vinnslu, leiðslukerfi og lokun hafstöðvar að lokinni rannsókn og vinnslu.

Um 7. gr.

Ákvæði 1. mgr. felur í sér heimild ráðherra til að veita einkarétt til rannsókna og vinnslu á tilteknum svæðum. Eins og áður er rakið í almennum athugasemdum felst í þessu að fyrirtæki er veitt sérleyfi til þess að rannsaka og vinna kolvetni á tilteknum svæðum. Þessum einkarétti er svo hægt að skipta á milli fleiri umsækjenda samkvæmt nánara samkomulagi milli fyrirtækjanna og ráðherra. Þó er miðað við það að einn aðili beri ábyrgð á rekstrinum og starfseminni út á við gagnvart íslenska ríkinu. Þá er tekið fram að einungis megi veita slíkt leyfi aðilum sem að mati ráðherra hafa nægilega sérþekkingu og reynslu og fjárhagslegt bolmagn. Í þessu efni skal á það bent að í 5. gr. tilskipunar 94/22/EB er m.a. við það miðað að aðildarríkin geri nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að leyfi séu einungis veitt á grundvelli viðmiðana sem varða a) tæknilegt og fjárhagslegt bolmagn fyrirtækja og b) hvernig þau hyggjast standa að leit, rannsóknum og/eða vinnslu á svæðinu sem um ræðir.

Greinin gerir ráð fyrir því að rannsóknar- og vinnsluleyfi skiptist í tvo hluta. Er annars vegar um að ræða réttinn til að rannsaka hvort kolvetni eru á tilteknum svæðum og hins vegar réttinn til þess að vinna kolvetni að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett verða fyrir rannsóknarleyfi með stoð í 11. gr. frumvarpsins. Helstu rökin fyrir því að veita sameiginlegt leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetna eru þau að ólíklegt má telja að olíufyrirtæki leggi í kostnaðarsamar rannsóknir, sem m.a. fela í sér djúpar rannsóknarborholur, nema þeim verði fyrir fram tryggður réttur til þess að framleiða og verða eigendur að því kolvetni sem er framleitt.

Um 8. gr.

Í þessari grein eru reglur um það að auglýsa skuli eftir umsóknum um leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis á tilteknum svæðum. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er í 3. gr. tilskipunar 94/22/EB ákvæði um það hvernig auglýsa beri eftir umsóknum um rannsóknar- og vinnsluleyfi.

Í 1. mgr. er við það miðað að tekið sé tillit til skuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningnum eins og að framan greinir. Með orðalaginu „að jafnaði“ er tekið tillit til þess að vera kann að ráðherra veiti leyfi án þess að til sérstakrar auglýsingar komi eins og greinir í 4. mgr. þessarar greinar. Meginreglan er því sú að auglýst er eftir umsækjendum um leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis, en hugmyndin að baki þessari aðferð er sú að fá sem flest félög til þess að sækja um rannsóknar- og vinnsluleyfi.

Samkvæmt 2. mgr. verður kveðið á um það í auglýsingu til hvaða svæða rannsóknar- og vinnsluleyfi tekur. Við það er miðað að í auglýsingu verði gerð grein fyrir helstu skilmálum og skilyrðum fyrir veitingu leyfis. Einungis er unnt að geta skilmála almenns eðlis í auglýsingu. Ekki verður gengið frá endanlegum skilmálum leyfis fyrr en að loknum samningaviðræðum við þann sem fær rannsóknar- og vinnsluleyfi á viðkomandi svæði.

Í 3. mgr. er ráðherra veitt heimild til að hafna öllum umsóknum um leyfi sem borist hafa í kjölfar auglýsingar. Sambærilegt ákvæði er í 6. mgr. 3. gr. tilskipunar 94/22/EB. Þar er þó sérstaklega áréttað að slík ákvörðun megi ekki fela í sér að fyrirtækjum sé mismunað.

Samkvæmt 4. mgr. er ráðherra heimilt, þrátt fyrir meginreglu 1. mgr., að veita leyfi án þess að auglýsa það þegar sérstaklega stendur á. Þannig er ráðherra heimilt að birta tilkynningu um að leyfi verði veitt öllum umsækjendum sem uppfylla þau skilyrði sem sett eru fyrir veitingu leyfis án undangenginnar auglýsingar (e. open door policy). Eru þá leyfi veitt eftir því sem þau berast. Þegar svo stendur á þurfa umsækjendur ekki að bíða þess að tilkynnt verði um að leyfi verið veitt. Þetta gæti t.d. verið skynsamlegt þegar um er að ræða svæði þar sem ekki er talið líklegt að kolvetni finnist í vinnanlegu magni. Í þessu sambandi skal þess einnig getið að skv. 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 94/22/EB mega aðildarríki veita leyfi án auglýsingar ef svæðið sem leitað er leyfis fyrir: a) er aðgengilegt til langs tíma; eða b) hefur áður sætt málsmeðferð þar sem auglýst hefur verið en hefur ekki leitt til þess að leyfi hafi verið veitt; eða c) hefur verið gefið eftir af fyrirtæki og fellur ekki sjálfkrafa undir a-lið. Þá þarf ekki að auglýsa eftir umsóknum um leyfi ef landfræðilegar ástæður eða framleiðsluástæður réttlæta veitingu leyfis fyrir svæði til leyfishafa aðlægs svæðis, en ákvæðið tryggir að leyfishafar annarra aðlægra svæða geti lagt inn umsóknir í þessum tilvikum innan hæfilegs tíma. Regla þessi er efnislega sambærileg 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 94/22/EB (e. neighbouring block policy).

Í 5. mgr. er kveðið á um heimild ráðherra til að krefjast greiðslu kostnaðar vegna mats á umsækjendum og veitingar leyfa. Eins og rakið er í athugasemdum við 6. gr. frumvarpsins þykir ljóst að nokkuð mikill kostnaður kann að hljótast af því að meta umsækjendur. Sömu rök búa að baki þessu ákvæði um heimild stjórnvalda til þess að endurkrefja umsækjanda um kostnað sem hlýst af útgáfu leyfis til rannsókna og vinnslu kolvetnis.

Um 9. gr.

Þessi grein er sambærileg 5. gr. frumvarpsins. Um skýringar á ákvæðinu vísast til athugasemda sem fram koma í skýringum við þá grein.

Um 10. gr.

Samkvæmt 7. gr. fær leyfishafi einkarétt til að rannsaka og vinna kolvetni á tilteknu svæði. Eins og vikið er að í athugasemdum við þá grein er nauðsynlegt að veita sameiginlegt rannsóknar- og vinnsluleyfi til þess að olíufyrirtæki leggi til það fé sem nauðsynlegt er til þess að rannsaka kolvetni á ákveðnum svæðum. Það skal hins vegar áréttað að rétturinn til þess að vinna kolvetni er að sjálfsögðu bundinn því skilyrði að það finnist í vinnanlegu magni á rannsóknartímanum. Við það er miðað að leyfið skiptist í tvo hluta skv. 1. og 2. mgr. Samkvæmt fyrri hluta leyfisins hefur leyfishafi heimild til þess að rannsaka kolvetni, en samkvæmt síðari hluta leyfisins hefur hann heimild til vinnslu kolvetnis. Síðari hluti leyfisins verður einungis virkur ef kolvetni finnst í vinnanlegu magni á því tímabili sem fyrri hluti leyfisins tekur til.

Í 1. mgr. er fjallað um fyrri hluta rannsóknar- og vinnsluleyfis, þ.e. rannsóknirnar. Fram kemur að leyfi til rannsókna skuli veitt til allt að 12 ára og er heimilt að framlengja það um tvö ár í senn en þó ekki lengur en til 16 ára. Ætla má að ekki verði algengt að leyfi verði veitt til rannsókna til 12 ára í upphafi, en þó verður að hafa í huga að aðstæður til olíuleitar geta verið erfiðar hér við land vegna veðurfars. Framlenging á leyfi kemur til greina þegar sérstaklega stendur á, t.d. ef leyfishafi sýnir með fullnægjandi hætti fram á að ókleift hafi verið að rannsaka til hlítar hvort kolvetni sé í vinnanlegu magni á því svæði sem leyfið tekur til.

Í 2. mgr. er kveðið á um síðari hluta rannsóknar- og vinnsluleyfis, þ.e. vinnslu kolvetnis. Eins og áður er rakið á leyfishafi forgangsrétt til vinnslu kolvetnis að loknu rannsóknartímabilinu. Sá forgangsréttur er þó undir því kominn að leyfishafi hafi uppfyllt þau skilyrði sem sett eru fyrir rannsóknum skv. 1. mgr. þessarar greinar. Eins og fram kemur í greininni er þó ekki heimilt að veita vinnsluleyfi til lengri tíma en 30 ára.

Samkvæmt 3. mgr. verður að miða við það að rétturinn til vinnslu kolvetnis nái a.m.k. til þess svæðis sem leyfishafi hefur rannsakað og hyggst hefja vinnslu á kolvetni. Í nágrannalöndunum hefur þó tíðkast að leyfishafa sé veittur réttur til þess að vinna kolvetni á stærra svæði en rannsóknarleyfið tók til. Þetta fer þó eftir orðalagi rannsóknar- og vinnsluleyfisins. Það er þó lagt í vald ráðherra að leggja endanlegt mat á það hvort svæði sem leyfishafi hyggst hefja vinnslu kolvetnis á sé hagkvæmur kostur.

Um 11. gr.

Hér eru tilgreind þau efnisatriði sem ávallt þarf að taka afstöðu til í rannsóknar- og vinnsluleyfi. Upptalningin er ekki tæmandi heldur tekur hún mið af helstu atriðum sem ávallt þurfa að vera til staðar í slíku leyfi. Að öðru leyti verður að meta það í hverju tilviki fyrir sig hvað eigi að koma fram í rannsóknar- og vinnsluleyfi.

Um 12. gr.

Markmið 1. málsl. ákvæðisins er að tryggja að áður en gildistími leyfis lýkur, án tillits til þess hvaða ástæður liggja því til grundvallar, sé endanlega gengið frá fjárhagslegum skuldbindingum leyfishafa, t.d. greiðslu gjalda og skaðabóta vegna tjóns sem leyfishafi kann að vera ábyrgur fyrir.

Í 2. málsl. er svo mælt fyrir að sé starfsskyldum eða annars konar skyldum leyfishafa áfátt sé ráðherra heimilt að krefjast þess af leyfishafa að hann greiði þann kostnað, að hluta eða að fullu, sem þarf til að inna þá skyldu af hendi. Hafi stjórnvöld afturkallað leyfi er ástæðan oft sú að leyfishafi hefur vanrækt þær skyldur sem á hann hafa verið lagðar. Við þær aðstæður kann því að reynast erfitt að fá leyfishafa til þess að fullnægja þeim skyldum sem stjórnvöld telja nauðsynlegar. Þykir því hagkvæmast að stjórnvöld geti innt þessar skyldur af hendi og krafið leyfishafa um þann kostnað sem af þessu hefur hlotist.

Um 13. gr.

Í greininni segir að við rannsóknir og vinnslu skuli gæta fyllsta öryggis og þess að framkvæmdir séu í samræmi við góða alþjóðlega venju við svipaðar aðstæður. Rétt þykir að leggja sérstaka áherslu á að gæta skuli fyllsta öryggis við rannsóknir og vinnslu. Þá er miðað við að framkvæmdirnar samrýmist góðum alþjóðlegum venjum. Ástæðan er sú að við mat á því hvað telst fyllsta öryggi verður að miða við þau sjónarmið sem oftast eru lögð til grundvallar í olíuiðnaðinum varðandi öryggismálefni, tæknileg atriði o.fl.

Greinin leggur jafnframt þá skyldu á leyfishafa að hann stofni ekki til ónauðsynlegrar hættu eða leggi tálmanir á flutninga, flug, fiskveiðar eða aðra starfsemi. Meginmarkmiðið með þessu er að koma í veg fyrir að fiskveiðum verði raskað. Leggja verður sjálfstætt mat á það í hverju tilviki hvort líta megi svo á að starfsemi tálmi flutningum, flugi, fiskveiðum eða annarri starfsemi.

Ákvæðið felur í sér meginreglu og er fyrst og fremst beint að leyfishafa og eftir atvikum öðrum samningsaðilum. Ráðherra verður því ávallt að hafa í huga þau sjónarmið sem lögð eru til grundvallar í ákvæðinu þegar leyfi er veitt samkvæmt reglum frumvarpsins. Hér má

nefna að þegar ráðherra tekur ákvörðun um hvort samþykkja skuli framkvæmda- og vinnsluáætlun, sbr. 2. mgr. 15. gr., verður hann að líta til fyrirmæla þessarar greinar.

Um 14. gr.

Boranir eru í eðli sínu hættulegar og geta stofnað öryggi manna í hættu og valdið tjóni á búnaði og mengun sjávar. Þykir því rétt að áskilja samþykki ráðherra fyrir hverri einstakri borun sem er framkvæmd.

Um 15. gr.

Einungis kemur til beitingar þessa ákvæðis ef leyfishafi hefur fundið nýtanlegar kolvetnisauðlindir og hyggst hefja vinnslu.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um skyldu leyfishafa til þess að leita samþykkis ráðherra áður en bygging hafstöðvar og vinnsla kolvetnis hefjast. Þegar metið er hvort samþykkja skuli byggingu hafstöðvar skal taka tillit til þess hvort búnaður og starfshættir hæfa aðstæðum. Þá verður einnig að taka tillit til þeirra atriða sem kveðið er á um í 13. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu leyfishafa til þess að leggja fram framkvæmda- og vinnsluáætlun varðandi þær kolvetnisauðlindir sem leyfishafi hyggst hefja vinnslu á, en áætlunin er háð samþykki ráðherra. Ekki er sérstaklega vikið að því hvað eigi að koma fram í framkvæmda- og vinnsluáætlun heldur ræðst það af aðstæðum hverju sinni.

Í 3. mgr. er að finna ákvæði sem sett er til öryggis þegar ný vitneskja fæst um kolvetnisauðlindir sem leiðir til þess að breyta verður framkvæmda- og vinnsluáætlun til að koma í veg fyrir varanlegt tjón á kolvetnisauðlindinni.

Um 16. gr.

Hér er kveðið á um lokun hafstöðvar. Með lokun er átt við stöðvun á starfrækslu hafstöðvar, þ.m.t. stöðvun á viðhaldi, brottflutning hennar og niðurrif í heild eða að hluta og hreinsun vinnslusvæðisins að niðurrifi loknu. Lokun getur einnig falið í sér áframhaldandi starfrækslu hafstöðvar samkvæmt nýju leyfi eða að hafin sé annars konar starfsemi í stöðinni. Markmiðið með greininni er að tryggja að leyfishafi hugi að lokun hafstöðvar þegar í upphafi er hann leggur fram framkvæmda- og vinnsluáætlun. Þessu til stuðnings má nefna að fyrirmæli eru um það í ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (IMO) frá 19. október 1989 að hafstöðvar eigi að vera hannaðar og byggðar með hliðsjón af niðurrifi síðar.

Um 17. gr.

Í greininni er fjallað um leiðslukerfi til vinnslu og flutnings kolvetnis en gera má ráð fyrir að kolvetni verði flutt þannig af vinnslusvæðum. Talið er að leiðslukerfi séu öruggur kostur í umhverfislegu tilliti miðað við að dæla kolvetni í olíuskip.

Í 1. málsl. 1. mgr. er kveðið á um það að leyfi ráðherra þurfi til byggingar og rekstrar leiðslukerfa til vinnslu og flutnings kolvetnis. Eðlilegt þykir að leyfi ráðherra þurfi fyrir þessum framkvæmdum þar sem þær geta raskað annars konar starfsemi, t.d. togveiðum eða lagningu sæstrengja. Á það skal bent að leiðslukerfi eru hafstöðvar í skilningi 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Skv. 2. málsl. 1. mgr. skal í leyfinu m.a. setja skilyrði um skipulag leiðslubúnaðarins, þar á meðal legu og stærð lagna, eignarhald á kerfinu, afnot annarra af því, greiðslur fyrir afnotin og greiðslur til ríkisins. Telja verður nauðsynlegt að sett verði skilyrði fyrir skipulagi leiðslubúnaðarins vegna þeirra ástæðna sem að framan eru raktar.

Ákvæði 2. mgr. undanþiggur staðbundinn leiðslubúnað sem er hluti hafstöðvar og notaður er til vinnslu úr einstakri kolvetnisauðlind. Hafstöðvum fylgir leiðslubúnaður sem nauðsyn-

legur er fyrir starfsemina en er ekki ætlaður til flutnings kolvetna af vinnslusvæðum til lands. Þykir því nauðsynlegt að undanskilja þennan búnað þeirri reglu 1. mgr. að leyfi ráðherra þurfi sérstaklega fyrir honum, enda verður tekið á þessu atriði í leyfi fyrir hafstöð.

Ákvæði 3. mgr. varðar þá stöðu þegar leiðslubúnaður leyfishafa nær til landsvæðis eða landgrunns annars ríkis og samstarfssamningur um byggingu og starfrækslu leiðslukerfisins er milli þess ríkis og íslenska ríkisins. Hér getur ráðherra lagt þá skyldu á leyfishafa íslensks hluta leiðslubúnaðarins að taka þátt í samstarfinu og sett nánari skilyrði um þátttökuna. Það eru fyrst og fremst hagkvæmnisrök sem búa að baki þessari reglu.

Um 18. gr.

Í greininni kemur fram að bygging og starfræksla leiðslubúnaðar á vegum annars ríkis til flutnings á kolvetni milli landa um landgrunn Íslands sé háð leyfi iðnaðarráðherra. Erfitt er að ímynda sér að til beitingar reglunnar geti komið á næstu árum. Engu að síður þykir rétt að kveða sérstaklega á um þetta atriði, en reglan á sér fyrirmynd í 79. gr. hafréttarsáttmálans. Þar kemur fram í 1. mgr. 79. gr. að öll ríki hafi rétt til þess að leggja rör og leiðslur á landgrunninu. Þessi réttur takmarkast þó af hagsmunum strandríkisins, sbr. einkum 2.–5. mgr. 79. gr. sáttmálans. Þannig hefur strandríkið rétt til þess að gera sanngjarnar ráðstafanir vegna rannsókna á landgrunninu, hagnýtingar náttúruauðlinda þess, eftirlits og varna gegn mengun úr leiðslum. Afmörkun leiðar til að leggja þessar leiðslur á landgrunninu er háð samþykki strandríkisins. Þá hefur strandríki lögsögu yfir leiðslum sem notaðar eru við rannsóknir eða nýtingu auðlinda landgrunns þess og við rekstur mannvirkja sem eru undir lögsögu þess. Loks kemur fram að ríki skuli jafnan taka tilhlýðilegt tillit til leiðslna sem þegar hafa verið lagðar þegar lagðar eru nýjar leiðslur á landgrunni strandríkis.

Um 19. gr.

Ákvæði 1. mgr. er ætlað að tryggja að kolvetnisauðlindir sem ná inn á svæði sem tveir eða fleiri leyfishafar hafa vinnsluleyfi á verði nýttar eins og um eitt svæði væri að ræða. Telja verður að samvinna sem þessi sé til þess fallin að lækka byggingar- og vinnslukostnað.

Almennt má gera ráð fyrir því að samstarfssamningar um rannsóknir og vinnslu séu mjög ítarlegir og hafi að geyma reglur um skiptingu kolvetnis milli aðila. Ákvæðið gerir ráð fyrir því að slíkir samningar hafi hlotið samþykki ráðherra enda verður að telja nauðsynlegt að samningar sem þessir stangist ekki á við opinbera hagsmuni. Þá er ráðherra heimilt að kveða á um innihald samstarfssamnings ef aðilar komast ekki sjálfir að samkomulagi innan hæfilegs tíma. Veita verður aðilum sanngjarnt svigrúm til þess að komast sjálfir að samkomulagi um samstarfssamning. Það fer eftir eðli máls hverju sinni hvað er hæfilegur tími, en hér verður að miða við hagsmuni allra þeirra sem koma að máli, þ.e. hagsmuni aðilanna og hins opinbera. Hér verður að líta til þess að samkomulag verður að nást nægilega fljótt svo að hanna megi framleiðslutæki með tilliti til þess að samhæfa kolvetnisvinnslunna.

Ákvæði 2. mgr. tekur til þess tilviks þegar kolvetnisauðlind nær yfir í landgrunn annars ríkis og samstarfssamningur milli þess ríkis og íslenska ríkisins hefur verið gerður. Þegar svo háttar til krefst staðan einnig samhæfingar á rannsóknum og vinnslu kolvetnisauðlindarinnar svo að nýta megi hana með hagkvæmum hætti. Þykir rétt að ráðherra sé hér einnig veitt heimild til þess að samhæfa nýtingu auðlindarinnar og setja leyfishafa nánari skilyrði fyrir þátttöku.

Um 20. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er ráðherra veitt heimild til þess að krefjast þess að tvær eða fleiri kolvetnisauðlindir verði samnýttar af hagkvæmnisástæðum. Þetta ákvæði er til fyllingar reglu 19. gr. sem kveður á um skiptingu kolvetnisauðlindar af landfræðilegum ástæðum.

Samkvæmt 2. mgr. getur ráðherra skyldað leyfishafa til að veita öðrum leyfishöfum aðgang að búnaði í því skyni að samnýta kolvetnisauðlindir. Verður að sjálfsögðu að miða við að þessi ráðstöfun valdi leyfishafa ekki verulegum óþægindum eða raski.

Um 21. gr.

Frumvarpsgreinin felur fyrst og fremst í sér áréttingu á þeirri lagaskyldu sem felst í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Þannig er ljóst að leyfi eða samþykki iðnaðarráðherra fyrir starfsemi samkvæmt lögunum er ávallt háð því að fram hafi farið mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þar að lútandi þegar við á.

Um V. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði um vinnuumhverfi og öryggisráðstafanir við kolvetnisstarfsemi. Er í 22. gr. kveðið á um að gæta skuli fyllsta öryggis við kolvetnisstarfsemi, öryggis á vinnustað og að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón eða draga úr afleiðingum þess. Þá kveður 23. gr. á um sérstök öryggissvæði umhverfis hafstöðvar.

Um 22. gr.

Í greininni er almennt kveðið á um skyldur leyfishafa í tengslum við vinnuumhverfi og öryggisráðstafanir. Miða verður við að vinnuumhverfi þar sem kolvetnisstarfsemi fer fram taki ávallt mið af gildandi lögum.

Í 1. mgr. segir að við kolvetnisstarfsemi skuli gæta fyllsta öryggis. Þá skuli þess gætt að starfsemin uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til kolvetnisstarfsemi á hverjum tíma, m.a. hvað varðar tæknibúnað og vinnuferli.

Samkvæmt 2. mgr. skulu leyfishafi og aðrir þeir sem taka þátt í kolvetnisstarfsemi stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöð og að virkt eftirlit sé með því að vinnuumhverfi þar fullnægi gildandi lögum. Þannig er í þessari grein vísað til gildandi laga um efnið á hverjum tíma, sbr. nú lög um hollustuhætti og mengunareftirlit og lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í fyrrgreindu lögunum er m.a. að því vikið í 2. gr. að lögin taki til hvers konar starfsemi og framkvæmda í efnahagslögsögunni.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því að leyfishafi geri nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja eða draga úr afleiðingum tjóns, þar á meðal ráðstafanir sem miða að því að færa umhverfið í sitt fyrra horf.

Loks kemur fram í 3. mgr. heimild til handa iðnaðarráðherra til að setja nánari reglur um hafstöðvar. Hér má nefna reglur sem settar eru til þess að tryggja öruggt og heilsusamlegt umhverfi við kolvetnisstarfsemi. Ástæða þykir til að hafa heimild til handa ráðherra til að setja sérreglur um vinnuaðstöðu á hafstöðvum þar sem gerðar eru strangari kröfur en almennt gilda um vinnuaðstöðu samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma.

Um 23. gr.

Í 23. gr. koma fram reglur um sérstök öryggisbelti umhverfis hafstöðvar. Ákvæðið veitir iðnaðarráðherra heimild til þess að setja nánari reglur um þessi svæði í samræmi við alþjóðlegar venjur. Enn fremur getur ráðherra sett nánari reglur um takmarkanir á rétti skipa til að festa akkeri og stunda veiðar í nágrenni við leiðslubúnað.

Yfirleitt er talið nauðsynlegt að setja sérstök öryggisbelti umhverfis mannvirki og útbúnað sem notaður er til kolvetnisvinnslu vegna slysa- og mengunarhættu. Strandríkjum er heimilt að þjóðarétti að koma á fót sérstökum öryggisbeltum umhverfis tilbúnar eyjar, útbúnað og mannvirki. Þannig kemur fram í 4. mgr. 60. gr. hafréttarsáttmálans að í sérefnahagslögsögunni geti strandríki ef nauðsyn krefur ákveðið hæfilega stór öryggisbelti umhverfis þessar tilbúnu eyjar, útbúnað og mannvirki þar sem það getur gert viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi siglinga, útbúnaðarins og mannvirkjanna. Þá segir í 80. gr. sáttmálans að 60. gr. gildi um þessi mannvirki og útbúnað að breyttu breytanda á landgrunninu. Ekki er vafa undirorpið að hafstöðvar í skilningi hugtaksins í frumvarpi þessu falla undir tilvitnuð ákvæði hafréttarsáttmálans.

Í 5. mgr. 60. gr. hafréttarsáttmálans segir að strandríki skuli ákveða víðáttu öryggisbeltanna með hliðsjón af viðeigandi alþjóðareglum og skuli þau ekki ná lengra út en 500 metra þar í kring nema annað sé heimilað í almennt viðurkenndum alþjóðareglum eða felist í tillögu þar til bærrar alþjóðastofnunar. Í ljósi þess að víðátta öryggisbeltisins kann að taka breytingum samkvæmt alþjóðalögum er eðlilegt að ráðherra setji á hverjum tíma nánari reglur um beltið.

Í lokamálslið 23. gr. kemur fram sú regla að ráðherra geti sett reglur sem takmarka rétt skipa til að festa akkeri og stunda veiðar í nágrenni við leiðslubúnað. Hér er gengið skemur en í fyrri hluta ákvæðisins þar sem í þjóðaétti er almennt litið svo á að strandríki hafi ekki eins ríkar heimildir til þess að koma á fót öryggisbeltum í nágrenni við leiðslubúnað. Hins vegar verður að líta svo á að heimilt sé að setja reglur af öryggisástæðum.

Um VI. kafla.

Hér eru fyrirmæli um eftirlit með leitar-, rannsókna- og vinnslusvæðum, upplýsingagjöf, meðferð upplýsinga o.fl. Hér er miðað við að Orkustofnun hafi stjórnsýsluverkefnum að gegna við framkvæmd laganna. Ákvæði þessi eiga sér að nokkru fyrirmynd í IX. kafla laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Um 24. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er lagt til að Orkustofnun verði fengið það hlutverk að hafa eftirlit með leitar-, rannsókna- og vinnslusvæðum samkvæmt þeim leyfum sem iðnaðarráðherra veitir.

Í 2. mgr. er heimild til að krefjast greiðslu kostnaðar við eftirlit með leitar-, rannsókna- og vinnslusvæðum kolvetnis þar sem leyfi hefur verið veitt. Ljóst má vera að þetta eftirlit Orkustofnunar getur falið í sér verulega útgjaldaaukningu. Til þess að mæta þessum kostnaði er sett heimild til handa ráðherra til að krefja leyfishafa um þann aukna kostnað sem leiðir af eftirliti þessu, sbr. 14. tölul. 11. gr.

Um 25. gr.

Rétt þykir að Orkustofnun viði að sér þekkingu og gögnum sem verða til um landgrunnið við kolvetnisstarfsemi. Telja verður að það sé lykilatriði við skynsamlega stjórnun kolvetnisstarfsemi að stjórnvöld hafi yfirsýn yfir starfsemina.

Um 26. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um upplýsingaskyldu handhafa leitar-, rannsóknar- eða vinnsluleyfis. Er gert ráð fyrir almennri upplýsingaskyldu leyfishafa gagnvart Orkustofnun. Telja má eðlilegt að upplýsingar þessar verði sendar stofnuninni eigi sjaldnar en árlega. Þá

er kveðið á um heimild Orkustofnunar til þess að óska eftir gögnum og sýnum af efnum. Þessi frumvarpsgrein tengist því hlutverki Orkustofnunar að viða að sér upplýsingum sem til verða við kolvetnisstarfsemi og nýst gætu stjórnsvöldum við skynsamlega stjórnun hennar.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla eru eignarnáms- og bótaákvæði. Í 27. gr. er almenn eignarnámsheimild til handa ráðherra. Þá er í 28. gr. að finna ákvæði um skaðabótaábyrgð vegna kolvetnisstarfsemi. Í 29. gr. er mælt fyrir um að réttur tjónþola til skaðabóta samkvæmt almennum reglum sé að engu leyti takmarkaður.

Um 27. gr.

Í ákvæði þessu kemur fram að iðnaðarráðherra sé heimilt að taka eignarnámi fasteignir til þess að kolvetnisstarfsemi geti farið fram. Bætur til handa eignarnámsþola verða ákveðnar með eignarnámsmati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

Um 28. gr.

Þessi grein fjallar um skaðabótaábyrgð leyfishafa á tjóni sem rekja má til kolvetnisstarfsemi. Í greininni er aðeins fjallað um skilyrði fyrir skaðabótum, en um ákvörðun bótafjárhæðar fer eftir almennum reglum skaðabótaréttar.

Í 1. mgr. kemur fram meginregla um skaðabótaábyrgð leyfishafa á tjóni sem rekja má til kolvetnisstarfsemi og er þar um hlutlæga reglu að ræða. Þannig þarf sá sem verður fyrir tjóni sem stafar að kolvetnisstarfsemi ekki að sanna að tjónið sé afleiðing saknæmrar háttsemi, en tjónþoli verður að sjálfsögðu að sýna fram á að almenn skilyrði hlutlægrar ábyrgðar séu fyrir hendi. Séu þessi skilyrði skaðabótaábyrgðar uppfyllt getur tjónþoli krafið leyfishafa um bætur, enda ber leyfishafi ábyrgðina út á við gagnvart tjónþola. Þannig skiptir t.d. ekki máli þótt verktaki sem starfar á vegum leyfishafa hafi valdið tjóninu. Leyfishafi getur aftur átt kröfu á hendur verktaka samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar. Helstu rökin sem búa að baki reglunni um hlutlæga ábyrgð eru þau að um er að ræða starfsemi sem almennt má telja hættulega.

Meginregla 1. mgr. sætir sérstökum takmörkunum sem fram koma í 2. og 3. mgr. varðandi eigin sök tjónþola og óviðráðanleg atvik (vis major). Í 2. mgr. kemur fram að skaðabótaskylda falli niður ef sannað er að tjónþoli hefur valdið tjóninu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Í 3. mgr. er ákvæði um að lækka megi eða fella niður bætur ef umhverfistjón má rekja til óviðráðanlegra atvika sem leyfishafa verður ekki kennt um, t.d. náttúruhamfara. Sambærileg ákvæði tíðkast í löggjöf nágrannaríkjanna um sama efni og byggist á því að skaðabótagreiðslur vegna tjóns sem verður af kolvetnisstarfsemi geta verið verulega háar. Í þessu sambandi má einnig minnast á alþjóðasamning frá 29. nóvember 1969 um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 14/1979. Þar er gert ráð fyrir að óviðráðanleg atvik eins og t.d. styrjöld eða náttúruhamfarir leysi rekstraraðila undan ábyrgð.

Um 29. gr.

Rétt þykir að árétta að ákvæði 28. gr. takmarkar að engu leyti rétt til skaðabóta sem tjónþoli kann að eiga samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar.

Um VIII. kafla.

Svo sem heiti kaflans ber með sér geymir hann ákvæði af ýmsum toga, þ.m.t. refsi- og viðurlagaákvæði. Í 30. gr. er meginregla um bann við framsali á leyfi samkvæmt lögunum. Þá er í 31. gr. reglugerðarheimild til handa iðnaðarráðherra. Í 32. gr. eru refsiákvæði. Loks er gildistökuákvæði í 33. gr.

Um 30. gr.

Óeðlilegt þykir að leyfi sem hér eru til umfjöllunar geti gengið kaupum og sölum eða að þau sé hægt að setja til tryggingar fjárskuldbindingum. Tilgangurinn með því að áskilja leyfi ráðherra til þess að framselja leyfi er sá að fyrirtæki sem fær leyfið framselt fullnægi þeim skilyrðum sem sett eru að öðru leyti fyrir veitingu leyfis í frumvarpinu. Þetta ákvæði tekur ekki einungis til beins framsals á leyfi heldur einnig til framsals með óbeinum hætti, t.d. breytinga á eignarhaldi fyrirtækis sem fengið hefur leyfi til leitar, rannsókna eða vinnslu kolvetnis.

Um 31. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Í 1. málsl. kemur fram að brot gegn ákvæðum frumvarpsins varði sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Þá er heimild í 2. málsl. til að dæma jafnt lögaðila sem einstaklinga til greiðslu sekta vegna brota á ákvæðum frumvarpsins. Ákvæði 3. málsl. felur í sér hlutræna refsiábyrgð lögaðila þar sem það á við. Rökin fyrir þessum reglum eru einkum þau að ekki þykir eðlilegt að lögaðili sleppi þótt hinn brotlegi finnist ekki. Ýmis dæmi eru um ákvæði um refsiábyrgð án persónulegrar sakar í íslenskum rétti, en sem dæmi má nefna 35. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og 28. gr. laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar.

Um 33. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

Með frumvarpinu er settur rammi um leit, rannsóknir og vinnslu á kolvetni auk flutnings þess í landhelgi, efnahagslögsögu og á landgrunni Íslands. Einnig er kveðið á um eign íslenska ríkisins á kolvetni.

Gera má ráð fyrir einhverjum kostnaði iðnaðarráðuneytisins við leyfisveitingar til leitar að kolvetni og við mat á umsækjendum, sbr. 6. og 7. gr. frumvarpsins. Í 8. gr. er kveðið á um heimild ráðuneytisins til að krefjast greiðslu kostnaðar af slíkum leyfisveitingum. Þá má gera ráð fyrir nokkrum kostnaði Orkustofnunar við eftirlit með leit og vinnslu kolvetnis og vegna öflunar sérþekkingar á því sviði. Í frumvarpinu er í 24. gr. gert ráð fyrir að heimilt verði að

krefjast greiðslu kostnaðar við eftirlitið. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2001 undir liðnum ýmis orkumál er gert ráð fyrir 17 m.kr. til hafsbotnsrannsókna sem er 15 m.kr. hækkun frá yfirstandandi ári. Áætlað er að sú fjárveiting auk notendagjalda komi til með að standa undir kostnaði við eftirlit, sérfræðiþekkingu og stjórnsýslu málaflokksins. Ekki er reiknað með kostnaði vegna ákvæðis í 27. gr. frumvarpsins um eignarmám.

Samtals er því áætlað að frumvarpið kosti ríkissjóð 15 m.kr. á ári og að kostnaður við leyfisveitingarnar og eftirlit verði borinn af þjónustugjöldum.

183. Frumvarp til laga [176. mál]

um Námsmatsstofnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Námsmatsstofnun er sjálfstæð stofnun sem heyrir stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

Hlutverk stofnunarinnar er að annast framkvæmd samræmdra prófa á grunn- og framhaldsskólastigi, svo sem mælt er fyrir um í lögum, reglugerðum og aðalnámskrám, auk annarra verkefna á sviði námsmats og rannsókna sem tengjast því svo sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

2. gr.

Helstu verkefni Námsmatsstofnunar eru að:

a. sjá um samningu, framkvæmd og úrvinnslu samræmdra prófa og könnunarprófa í grunn- og framhaldsskólum,
b. sjá um birtingu niðurstaðna samræmdra prófa gagnvart nemendum, skólum og fræðsluyfirvöldum, útgáfu heildaryfirlits með niðurstöðum í hverju prófi og prófþáttum eftir skólum og á landsvísu og öðrum upplýsingum sem skýra niðurstöður samræmdra prófa,
c. miðla upplýsingum til skóla um nýtingu og túlkun á niðurstöðum prófa í einstökum skólum þannig að þau nýtist til þróunar skólastarfs þar og
d. vinna að námsmatsrannsóknum og samanburðarrannsóknum við árangur skólastarfs í öðrum löndum.

Stofnunin getur unnið að öðrum verkefnum á sviði námsmats og prófagerðar á grundvelli sérstakra samninga við menntamálaráðuneytið og aðra aðila.

3. gr.

Forstöðumaður Námsmatsstofnunar er skipaður af menntamálaráðherra til fimm ára að fenginni umsögn stjórnar stofnunarinnar. Forstöðumaðurinn annast yfirstjórn stofnunarinnar og daglegan rekstur, ber ábyrgð á fjárreiðum hennar og ræður aðra starfsmenn. Forstöðumaðurinn kemur fram fyrir hönd stofnunarinnar út á við.

4. gr.

Forstöðumanni er heimilt að semja við aðra aðila um að sinna þjónustu sem stofnuninni er að lögum falið að annast.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar þrjá menn í stjórn stofnunarinnar til fjögurra ára í senn svo sem hér segir: einn samkvæmt tilnefningu Samstarfsnefndar háskólastigsins, einn samkvæmt tilnefningu Kennarasambands Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórnin staðfestir starfsáætlanir stofnunarinnar og fylgist með framkvæmd þeirra. Stjórnin veitir menntamálaráðherra umsögn um ráðningu forstöðumanns.

6. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þessara laga.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 76/1993, um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umboð núverandi ráðgjafarnefndar Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála fellur niður við gildistöku laga þessara.

Núverandi forstöðumaður Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála gegnir embætti sínu út yfirstandandi skipunartímabil sitt. Að því loknu skal skipa forstöðumann Námsmatsstofnunar í samræmi við ákvæði laga þessara.

Starfsmenn Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála við gildistöku laga þessara skulu halda óbreyttum starfskjörum.

Námsmatsstofnun tekur við skuldbindingum sem gerðar hafa verið í nafni Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála við gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum menntamálaráðuneytisins. Þótti nauðsynlegt að endurskoða lög nr. 76/1993, um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, með það fyrir augum að skipulag stofnunarinnar taki mið af nútímastjórnsýslu. Þá þótti enn fremur rétt að endurskoða hlutverk stofnunarinnar í samræmi við lagaþróun undanfarinna ára. Þá hefur við samningu þessa frumvarps verið höfð hliðsjón af álitsgerð, „Mat á starfsemi Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála“, sem stýrihópur skipaður af menntamálaráðherra skilaði til ráðherra í febrúarmánuði 1999. Er niðurstaða álitsgerðarinnar fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Skipta má verkefnum sem Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála hefur haft með höndum í tvennt: annars vegar rannsóknir á sviði uppeldis- og menntamála og hins vegar námsmat, þ.e. prófagerð og framkvæmd samræmdra prófa. Undanfarin ár hafa átt sér stað veigamiklar breytingar á löggjöf um menntamál. Sett hafa verið ný heildarlög um háskóla, nr. 136/1997. Innan Kennaraháskóla Íslands hefur menntun grunnskólakennara, leikskólakennara, íþróttakennara og þroskaþjálfa verið efld og aukin áhersla er lögð á meistaranám, rannsóknir og þjónustu við skólakerfið. Síðan Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála tók til starfa hefur auk þess verið stofnað til kennaramenntunar og rannsókna á því sviði við Háskólann á Akureyri. Rannsóknastarfsemi í uppeldis- og kennslufræðum hefur jafnframt aukist í Háskóla Íslands, einkum á vegum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Í lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, er gert ráð fyrir að lokapróf í framhaldsskólum verði samræmd í tilteknum greinum og er miðað við að þau verði lögð fyrir í fyrsta skipti árið 2003. Nauðsynlegt er að tryggja að til sé stofnun sem getur sinnt verkefninu með viðhlítandi hætti.

Óhjákvæmilegt er að taka mið af framangreindri þróun við endurskoðun á lögum um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru:

1. Lagt er til að heiti og hlutverki Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála verði breytt í Námsmatsstofnun og að stofnunin annist hluta þeirra verkefna sem hafa verið unnin á vegum Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála samkvæmt lögum nr. 76/1993.
2. Lagt er til að lögbundið hlutverk Námsmatsstofnunar verði að annast prófagerð og prófaframkvæmd og rannsóknir tengdar námsmati, þar með taldar samanburðarrannsóknir við skólastarf í öðrum löndum. Ekki er gert ráð fyrir að stofnunin annist aðrar rannsóknir innan lands á sviði uppeldis- og menntamála en námsmatsrannsóknir. Við alla helstu háskóla landsins starfa rannsóknastofnanir sem m.a. sinna rannsóknum á sviði uppeldis- og menntamála og því óþarfi að á vegum ríkisins sé rekin sérstök rannsóknastofnun á því sviði.

Með þessari breytingu er stefnt að því að efla prófagerð og prófaframkvæmd og jafnframt styrkja rannsóknir innan sjálfstæðra vísindalegra rannsóknastofnana á sviði mennta- og uppeldismála, þ.e. Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um sjálfstæði Námsmatsstofnunar og að hún heyri undir menntamálaráðherra. Þykir rétt að gera í upphafsgrein laganna grein fyrir hlutverki stofnunarinnar en gert er ráð fyrir því að Námsmatsstofnun sinni einkum prófagerð og prófaframkvæmd. Stofnunin sinni einvörðungu námsmatsrannsóknum innan lands og erlendum samanburðarrannsóknum.

Um 2. gr.

Í grein þessari er nánar vikið að helstu verkefnum Námsmatsstofnunar. Samkvæmt lögum um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála var það m.a. hlutverk prófa- og matsdeildar stofnunarinnar að sjá um samningu og úrvinnslu samræmdra prófa og könnunarprófa, hafa umsjón með mati á úrlausnum slíkra prófa, sjá um mat á skólastarfi og veita menntamálaráðherra ráðgjöf um námskrárgerð. Megináherslur í starfi Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála hafa einkum falist í starfi að prófagerð og námsmati. Á stofnuninni hefur því skapast sérþekking sem gerir stofnuninni vel kleift að mæta þörfum menntakerfisins á þessu sviði. Á hinn bóginn er ljóst að eftirlit með skólastarfi er á ábyrgð menntamálaráðuneytisins sem hefur komið á laggirnar sérstakri mats- og eftirlitsdeild, auk þess sem ráðuneytið hefur staðið að útgáfu námskráa án beinnar aðildar Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála.

Samningsbundin verkefni Námsmatsstofnunar skv. 2. mgr. þessarar greinar geta m.a. verið eftirfarandi:

— Að rannsaka og nýta niðurstöður samræmdra prófa í því skyni að bæta prófagerð og þróa skólastarf.
— Að veita skólum ráðgjöf um prófagerð og notkun tiltækra prófa og fylgjast með þróun námsmats í grunn- og framhaldsskólum, enda greiði sveitarfélög og framhaldsskólar fyrir slíka ráðgjöf.

— Að reka rafrænan prófabanka til notkunar í grunn- og framhaldsskólum í samræmi við markmið aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla.
— Að annast samningu, framkvæmd og úrvinnslu annarra prófa í grunn- og framhaldsskólum samkvæmt nánara samkomulagi við menntamálaráðuneytið.

Um 3. gr.

Í grein þessari er kveðið á um skipun forstöðumanns stofnunarinnar. Þá eru ákvæði um hlutverk og ábyrgð forstöðumanns í samræmi við ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

Um 4. gr.

Til þess að stuðla að hagkvæmni í rekstri Námsmatsstofnunar er veitt sérstök heimild til að bjóða út vissa þætti í starfi stofnunarinnar. Þá er stofnuninni einnig veitt heimild til að semja við aðrar stofnanir um að annast ákveðna þjónustu fyrir sig.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um skipan og hlutverk stjórnar stofnunarinnar. Stjórninni er fyrst og fremst ætlað að hafa eftirlit með starfsemi stofnunarinnar, þ.e. að yfirfara og staðfesta starfsáætlanir hennar og fylgjast með framkvæmd þeirra. Stjórnin ber ekki ábyrgð á rekstri stofnunarinnar heldur hvílir sú ábyrgð á forstöðumanni. Í núgildandi lögum um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála starfar sérstök ráðgjafarnefnd við stofnunina en gert er ráð fyrir að stjórn Námsmatsstofnunar taki við störfum hennar.

Um 6. og 7. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er kveðið skýrt á um að verði frumvarp þetta að lögum skuli það ekki hafa nein áhrif á starfskjör forstöðumanns eða annarra starfsmanna og enn fremur ekki á þær skuldbindingar sem Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála hefur gengist undir við gildistökuna. Ætlunin er að Námsmatsstofnun yfirtaki þær skuldbindingar.

Fylgiskjal I.

Niðurstaða álitsgerðar stýrihóps menntamálaráðherra um mat á starfsemi Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála.

Samantekt á tillögum stýrihópsins:

1. Sett verði ný lög um stofnunina sem taki mið af nýjum viðhorfum í stjórnsýslu og breyttu hlutverki stofnunarinnar innan nýrra laga um grunnskóla og framhaldsskóla. Treysta ber sjálfstæði stofnunarinnar og skipa henni stjórn.
2. Stofnunin ætti að leggja megináherslu á hagnýtar rannsóknir og þróunarstarf í próffræði, samræmd próf, mat á námsárangri og rannsóknir sem bera árangur skólastarfs hér saman við árangur í öðrum löndum. Til að nýta gögn, yfirsýn og reynslu stofnunarinnar og viðhalda færni sérfræðinga hennar gæti stofnunin stundað alhliða rannsóknir á sviði upp-

eldis- og menntamála í samvinnu við háskólastofnanir hér á landi og erlendar rannsóknastofnanir og tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi um þær.
3. Stofnunin ætti að aðstoða fræðsluyfirvöld í heildarmati á skólastarfi í samvinnu við háskóla og aðrar stofnanir sem sinna uppeldis- og menntamálum.
4. Ráðgjafarnefnd samkvæmt gildandi lögum verði lögð niður en í stað hennar skipi menntamálaráðherra þriggja til fimm manna stjórn til að styrkja sjálfstæði stofnunarinnar.
5. Endurskoða þarf skipurit stofnunarinnar, hlutverk deildarstjóra fagdeildanna og hlutverk fjármálastjóra sem yfirmanns annarra þátta í starfseminni.
6. Gera ætti samning um árangursstjórnun til lengri tíma milli stofnunarinnar og menntamálaráðuneytisins þar sem m.a. yrði tryggilega samið um kostnað við samræmd próf og þess gætt að sá kostnaður fari ekki svo úr böndum að hann skerði ráðstöfunarfé stofnunarinnar til eigin rannsókna.
7. Leitað verði að hentugra húsnæði fyrir stofnunina sem hefði nauðsynlegan sveigjanleika til að taka við álagssveiflum sem fylgja samræmdum prófum og tryggði það öryggi sem krefjast verður við samræmt prófahald.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Námsmatsstofnun.

Með frumvarpinu er lagt til að með nýjum lögum verði Rannóknastofnun uppeldis- og menntamála breytt í Námsmatsstofnun. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála hefur annars vegar annast framkvæmd samræmdra prófa í grunnskólum og hins vegar sinnt hagnýtum og fræðilegum rannsóknum á sviði uppeldis- og menntamála. Ekki er gert ráð fyrir að sú áherslu- og nafnbreyting sem felst í frumvarpinu hafi áhrif á útgjöld ríkisins. Útgjöldin ráðast af fjölda samræmdra prófa og um fjölda þeirra fer eftir grunnskólalögum og framhaldsskólalögum.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði þriggja manna stjórn yfir stofnunina til að hafa eftirlit með starfseminni. Jafnframt er lögð niður sex manna ráðgjafarnefnd samkvæmt gildandi lögum. Að mati fjármálaráðuneytisins á þessi breyting ekki að hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Samkvæmt framansögðu er talið að frumvarpið hafi ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það að lögum.

184. Frumvarp til laga [177. mál]

um breyting á lögum um Blindrabókasafn Íslands, nr. 35/1982, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

2. gr. laganna hljóðar svo:

Blindrabókasafn Íslands miðlar skáldverkum, fræðiritum og öðru efni, þar á meðal námsgögnum, til blindra og til þeirra sem eiga við lestrarörðugleika að etja í sem bestu samræmi við óskir og þarfir lesandans.

Blindrabókasafn fylgist með nýjungum á sínu sviði og kynnir þær. Safnið skal hafa samstarf við aðila sem standa að skipulagningu bókasafnsmála, þá sem vinna að framleiðslu og dreifingu námsefnis og þá sem starfa að málefnum blindra og sjónskertra og annarra hópa fatlaðra sem njóta þjónustu safnsins.

2. gr.

5. gr. laganna hljóðar svo:

Blindrabókasafn skiptist í þrjár deildir, útláns- og upplýsingadeild, námsbókadeild og tæknideild. Að öðru leyti skal starfsskipting stofnunarinnar ákveðin í reglugerð, sbr. 10. gr. Verkefni deilda eru í megindráttum þessi:

a. Útláns- og upplýsingadeild. Þar fer fram flokkun og skráning safnkosts, upplýsingaþjónusta, útlán og kynning á þjónustu Blindrabókasafnsins í heild.
b. Námsbókadeild. Aflar og gefur út námsefni við hæfi blindra, sjónskertra og annarra sem ekki geta fært sér venjulegt prentað letur í nyt.
c. Tæknideild: Sér um framleiðslu útlánsefnis, varðveislu frumgagna og viðhald safnkosts.

3. gr.

6. gr. laganna hljóðar svo:

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Blindrabókasafns Íslands til fimm ára að fenginni umsögn stjórnar safnsins. Forstöðumaðurinn annast yfirstjórn safnsins, er í fyrirsvari fyrir safnið út á við, ber ábyrgð á rekstri þess og stjórnar daglegum rekstri. Jafnframt annast hann ráðningar annarra starfsmanna.

4. gr.

7. gr. laganna hljóðar svo:

Stjórn Blindrabókasafns skipar þriggja manna bókvalsnefnd til tveggja ára í senn. Hlutverk hennar er að móta stefnu í bókvali og gæta jafnvægis milli fræðslu- og skemmtiefnis. Í henni skulu sitja einn bókmenntafræðingur, einn sérkennari og einn fulltrúi Blindrafélagsins.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við samþykkt stjórnar Blindrabókasafns Íslands frá því í febrúar 2000. Byggjast tillögur stjórnarinnar á þeirri reynslu sem fengist hefur af lögum, nr. 35/1982, um Blindrabókasafn Íslands, og breytingum sem óhjákvæmilega hafa orðið á starfsumhverfi safnsins.

Samkvæmt gildandi lögum er hlutverk Blindrabókasafns Íslands að sjá blindum, sjónskertum og öðrum þeim sem ekki geta fært sér venjulegt prentað letur í nyt fyrir alhliða bókasafnsþjónustu. Samkvæmt lögunum skiptist starfsemi Blindrabókasafns Íslands í þrjár deildir: Útláns- og upplýsingadeild annast útlán hljóðbóka, í tæknideild er hljóðbókakostur safnsins hljóðritaður og í námsbókadeild er nemendum framhaldsskóla og háskóla þjónað. Þykir rétt að gera grein fyrir starfsemi einstakra deilda.

Útláns- og upplýsingadeild sér um útlán almenns efnis, þ.e. bókmennta og almenns fræðsluefnis. Hér hefur eingöngu verið um hljóðbækur að ræða. Deildin þjónar beint rúmlega 1.300 einstaklingum á ári og óþekktum fjölda óbeint í gegnum 130 stofnanir, svo sem bókasöfn og sjúkrastofnanir. Lánþegar sem koma á safnið fyrir milligöngu Sjónstöðvar Íslands eða Blindrafélagsins og aldraðir, 80 ára og eldri, þurfa ekki að framvísa vottorði. Aðrir sem eiga við lestrarörðugleika að stríða þurfa að hafa í höndunum skriflega staðfestingu frá læknum eða öðrum meðferðaraðilum en lestrarörðugleikar geta orsakast af fjölmörgu öðru en blindu.

Á fyrsta starfsári safnsins, 1984, voru útlán rúmlega 23 þúsund en 1998 voru þau 46 þúsund. Stöðum í safninu hefur fjölgað frá sjö í tíu.

Námsbókadeild sér um þjónustu við nemendur framhaldsskóla og háskóla sem fá námsefni sitt ýmist á hljóðbók eða blindraletri. Deildin þjónar aðallega tveimur hópum, þ.e. blindum og sjónskertum annars vegar og hins vegar nemendum með sértæka lestrarörðugleika, þ.e. lesblindu. Blindir og sjónskertir eru forgangshópur í deildinni að því leyti að námsgagnagerð fyrir þá er látin ganga fyrir öðrum verkefnum. Starfsmaður safnsins sérfróður um blindraletur annast þann þátt ásamt öðru starfsfólki deildarinnar. Lesblindir nemendur þurfa að framvísa vottorði. Fram til skólaársins 1998–99 var námsefni fyrir blinda grunnskólanemendur búið til í blindradeild Álftamýrarskóla. Samkvæmt ákvæðum grunnskólalaga stunda blindir nemendur í auknum mæli nám í heimaskóla sínum. Það hefur í för með sér að þeir þurfa sama námsefni og aðrir nemendur og að efnið verður að vera til á blindraletri. Nýtt námsefni er myndrænna og flóknara í umbroti en áður tíðkaðist og meiri tækni þarf við vinnslu þess. Undanfarin tvö skólaár hefur Blindrabókasafnið séð um að færa á blindraletur efni frá Námsgagnastofnun gegn greiðslu frá stofnuninni. Eins og framan greinir hefur útlit og framsetning námsefnis grunnskóla breyst mikið og færsla þess á blindraletur krefst nú bæði sérþekkingar og sérhæfðs tækjabúnaðar. Ekki þykir hæfa að blindir grunnskólanemendur fái ekki bestu fáanlegu þjónustu.

Tæknideild er stoðdeild hinna deildanna tveggja. Í hljóðverum hennar eru hljóðbækur framleiddar. Til þessa hafa þær verið teknar upp á stór segulbönd og afritaðar á hljóðsnældur fyrir notandann. Framtíðarmiðill hljóðbóka hefur verið til umfjöllunar víða um lönd og hefur Blindrabókasafnið fylgst grannt með þeirri umræðu. Svokallaðar rafbækur geta hentað tölvunotendum vel. Hér er um að ræða texta í tölvutæku formi sem ætlaður er til lestrar með tölvu. Textinn er ýmist lesinn í ritvinnsluforriti í tölvunni eða sérhönnuðu lestrarforriti með hjálp talgervils eða af blindraletursskjá sem tengdur er tölvunni. Rafbækur búa yfir miklum uppfletti- og leitarmöguleikum og eiga hugsanlega eftir að verða vinsælasta bókarformið fyrir blinda námsmenn enda hefur eftirspurn eftir námsbókum í tölvutæku formi aukist síðustu ár. Í Blindrabókasafninu hafa verið gerðar tilraunir með tölvuvæddar hljóðritanir í svokölluðu Daisy-kerfi en það er sænskt að uppruna. Er þá hljóðið tekið beint inn á tölvu, bútað niður í setningar og kafla og tengt við efnisyfirlit sem hefur verið skrifað inn í tölvuna. Upptakan er svo skrifuð á geisladisk og lesandinn les bókina af diskinum með hjálp tölvu eða með hjálp sérstaks afspilunartækis. Daisy-kerfið hentar því sérstaklega vel þegar um námsefni er að ræða og er mikil framför frá hljóðsnældunni en enn sem komið er hentar það tæpast almennum notendum safnsins. Hugsanlega verður Daisy-kerfið síðar miðill safnsins fyrir almennt útlánsefni en margt annað kemur líka til greina og þróunin er ör á þessu sviði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með breytingunni sem hér er lögð til er miðað við að starfsemi Blindrabókasafnsins taki til miðlunar hugverka til tiltekinna hópa án tillits til þeirrar tækni sem notuð er til að koma verkunum á framfæri. Með því er verið að laga starfsemi safnsins að nútímanum og raunverulegu umhverfi. Enn fremur er opnað fyrir möguleika á samstarfi við aðra hópa en Blindrafélagið, en Blindrabókasafnið þjónar líka fötluðum, veikum og öldruðum sem ekki geta fært sér venjulegt prentað letur í nyt.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að starfsemi námsbókadeildar geti einnig þjónað grunnskólanemendum og setningarhlutinn „einkum fyrir nemendur utan grunnskólastigs“ felldur brott úr lögunum. Reynsla, tækni og kunnátta eru til staðar á Blindrabókasafni til þess að framleiða efni fyrir blinda og sjónskerta. Þar af leiðandi hefur safnið tekið að sér að framleiða einnig efni fyrir grunnskólanemendur að beiðni Námsgagnastofnunar enda hafa kröfur um gæði námsefnis aukist og verða þeir að fá jafngóða þjónustu og aðrir.

Ný tækni gerir kleift að veita fjölbreyttari þjónustu en áður og þykir því ekki rétt að geta sérstaklega um hljóðbækur og blindraletursbækur. Vegna mikillar tölvuvæðingar allra þátta starfseminnar hefur viðhald tækjakosts færst út úr safninu.

Um 3. gr.

Stjórn Blindrabókasafns Íslands telur að ákvæði núgildandi laga um að ráðherra skipi einn deildarstjóranna forstöðumann stofnunarinnar sé úrelt. Starfsemi Blindrabókasafns Íslands hefur eflst og er stjórnun stofnunarinnar orðið nóg verkefni fyrir forstöðumanninn. Ákvæðið er orðið úrelt með tilliti til stjórnunar.

Um 4. gr.

Í daglegu starfi velja starfsmenn safnsins bækur, t.d. í nóvember og desember. Eðlilega sitja þeir sem velja bækurnar fundi bókvalsnefndar. Starfsemi nefndarinnar hefur þróast þannig að hún heldur fundi einu sinni til tvisvar á ári.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 35/1982, um Blindrabókasafn Íslands, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á verkefnum og stjórn Blindrabókasafns Íslands. Í gildandi lögum er safninu ætlað að annast framleiðslu, útgáfu og miðlun hljóðbóka og blindraletursbóka með áherslu á blinda og sjónskerta sem ekki stunda nám í grunnskólum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að safnið þjóni öllum sem eru lesfatlaðir og noti þá tækni sem er til á hverjum tíma til að koma hugverkum á framfæri við þá. Verði frumvarpið samþykkt mun safnið væntanlega leggja aukna áherslu á þjónustu við grunnskóla, fólk með sértæka lestrarörðugleika og aðra sem eiga erfitt með lestur.

Samkvæmt grunnskólalögum, nr. 66/1995, er ríkinu skylt að leggja til og kosta kennslu- og námsgögn er fullnægja ákvæðum aðalnámskrár. Frumvarpið breytir ekki þeirri lagaskyldu Námsgagnastofnunar að tryggja að í grunnskólum sé ætíð völ á námsbókum og öðrum námsgögnum sem standast kröfur gildandi laga og aðalnámskrár. Að mati fjármálaráðuneytisins hafa breytingar á verkefnum Blindrabókasafnsins því ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Blindrabókasafninu er skipt í þrjár deildir og samkvæmt núgildandi lögum skipar ráðherra einn deildarstjóranna forstöðumann til fimm ára í senn. Í frumvarpinu er lagt til að forstöðumaður komi ekki úr hópi deildarstjóranna og má ætla að það auki kostnað safnsins um 4 m.kr. á ári.

Að öllu samanlögðu er áætlað að útgjöld Blindrabókasafnsins aukist um 4 m.kr. á ári verði frumvarpið að lögum.

185. Svar [53. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um hlutabréfaeign einstaklinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir einstaklingar töldu fram hlutabréfaeign á skattframtali, árlega á tímabilinu 1990–99?*
2. *Hvað er það hátt hlutfall þeirra sem greiddu tekjuskatt á þessum árum?*

Álagningarár	Fjöldi framteljenda á grunnskrá	Hjón og aðrir samskattaðir, fjöldi einstaklinga	Einhleypir	Eigendur hlutabréfa samtals	Eigendur hlutabréfa sem hlutfall framteljenda
1990	188.729	32.176	7.669	39.845	21,1%
1991	191.306	38.948	10.203	49.151	25,7%
1992	202.416	38.802	10.163	48.965	24,2%
1993	204.788	40.298	10.200	50.498	24,7%
1994	202.416	42.090	10.480	52.570	26,0%
1995	204.788	44.304	11.058	55.362	27,0%
1996	207.606	46.708	11.806	58.514	28,2%
1997	210.167	52.794	13.994	66.788	31,8%
1998	213.610	56.162	15.643	71.805	33,6%
1999	217.326	60.788	18.633	79.421	36,5%

Taflan er byggð á skattframtölum og álagningarskrá áranna 1990–1999.

186. Frumvarp til laga [178. mál]

um breytingu á lögum nr. 61/1992, um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

1., 2., 3. og 4. gr. laganna falla brott og breytist greinatala samkvæmt því.

2. gr.

Orðin „sinubrennur eða“ í 6. gr. laganna, er verður 2. gr., falla brott.

3. gr.

Orðin „sinubrennur og“ í fyrirsögn laganna falla brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ár hvert verður verulegt tjón á gróðri og mannvirkjum af völdum elda sem kveiktir hafa verið til að brenna sinu. Hætta á óbætanlegum umhverfisspjöllum hefur oft vofað yfir vegna elda sem hafa verið kveiktir til að eyða sinu.

Hætta á umhverfistjóni eykst ár frá ári vegna stækkandi skógarreita. Einnig hefur hætta á skemmdum á mannvirkjum aukist mikið vegna fjölgunar sumarhúsa og mannvirkja sem tengd eru notkun þeirra og útivist. Menn hefur nokkuð greint á um nytsemi þess að brenna sinu. Rannsóknir á áhrifum sinubruna á gróðurfar hafa ekki verið miklar en þó eru til rannsóknir sem gefa vísbendingar um að einhver jákvæð áhrif verði af sinubruna. Fækkun sauðfjár og þar af leiðandi minna beitarálag á högum hefur dregið úr þörf bænda fyrir því að flýta grassprettu og engin þörf er fyrir sinubrennur á löndum sem notuð eru til hrossabeitar.

Hagur bænda af sinubrennslu virðist ekki vera augljós en hætta sú sem stafar af þeim eldum sem loga víðs vegar um sveitir landsins á hverju vori er afar mikil og vaxandi. Þess vegna er lagt til að sinubrennur verði bannaðar.

Fylgiskjal I.

Sturla Friðriksson,
Rannsóknastofnun landbúnaðarins:

Sinubruni og rannsóknir á áhrifum hans.

INNGANGUR

Snemma á þróunarskeiði manna er farið að taka eftir því, að nýgræðingur sprettur ört og verður aðgengilegur á svæðum, þar sem eldur hefur eytt gömlum, uppsöfnuðum afrakstri gróðurlenda. Þá þekkingu er unnt að nýta og svíða gróður til þess að auka frjósemi jarðvegs og rýma fyrir nýjum eða nytsamari ársvexti. Með því má bæta beitiland fyrir veiðidýr og síð-

ar búpening. Og þannig má brenna rjóður í skóginum og planta eða sá til korns og grænmetis í frjósaman öskuborinn jarðveg. Akurinn mátti hafa til ræktunar í nokkur ár, en síðan var unnt að beita í rjóðrið, þar til það huldist að nýju. Mátti þá enn sviða og svo endurtaka ræktunina.

Landnámsmenn fluttu þessa kunnáttu með sér til Íslands og fóru eldi um það land sem þeir vildu nema og nýta til ræktunar og beitar fyrir innfluttan búpening. Í Landnámu stendur:

„Menn skyldu eld gera, þá er sól var í austri, skyldu brenna til nætur. Síðan skyldu þeir ganga til þess, er sól væri í vestri, og gera þar aðra elda", bls. 14.

Sæmundur hét maður suðureyskur er nam land undir Vatnsskarði og Sæmundarhlíð. Hann „fór eldi um landnám sitt", bls. 207.

Ketill blundur bjó í Örnólfsdal. „Hann lét ryðja víða í skógum og byggja þar". En þar var áður þétt kjarr, „svo að þar mátti eigi byggja", bls. 87–88. (Landnáma, 1948)

Landnámsmenn sviðu víði- og birkikjarr kringum fyrstu bæjarstæðin. Til þessa bendir fjöldi örnefna, svo sem Sviðugarður, Brennigerði, Váli og Vælugerði. Brenndur skógur var nefndur sviðningur, en orðið váli þýðir „bolir og rætur brenndra trjáa eða trjástubbar á sviðinni jörð" (Björn M. Ólsen 1910). Sviðningar þessir voru ekki alltaf gerðir af ásettu ráði, en urðu stöku sinnum vegna óhappa, ef óvarlega var farið með eld, eins og sagt er í frásögn af Ölkofra, sem gerði til kola í Þingvallahrauni skömmu eftir aldamótin 1000:

„Eldurinn hljóp í skóginn. Brann sá skógur fyrst allur, er Ölkofri átti, en síðan hljóp eldur í þá skóga, er þar voru næstir, og brunnu skógar víða um hraunið. Er þar nú kallað á Sviðningi". (Ölkofra saga 1953).

Fundist hafa viðarkolalög í jarðvegi frá landnámsöld í kringum bæjarstæði, sem benda til sviðnings á skógi (Sigurður Þórarinsson, 1944, 1948; Grétar Guðbergsson, 1975). Sviðningur á skógum mun ekki hafa staðið lengi hér á landi, þar sem endurvöxtur var mjög hægur og skóga í byggð tók að þverra fljótt eftir landnám. Sviðningsræktunin gat hins vegar haldið áfram, enda þótt hún væri á nokkurn annan hátt en áður. Hefur sinubrenna í mýrum og móum að vorlagi, til þess að bæta beitiland, sennilega verið stunduð jafnframt sviðningsræktun eða komið í kjölfar hennar og hún verið viðhöfð, þar sem víðlendar mýrar og flóar voru í sveitum.

Í lagabókum okkar er gert ráð fyrir því, að sina sé brennd og þar eru ákvæði fyrir því, að sá biðji um leyfi hjá nágrönnum sínum, sem ætlar sér að brenna sinu (Grágás). Valdi sinubruninn tjóni, er þess jafnvel krafist að greitt sé fyrir það, ef ekki hefur áður fengist leyfi nágranna (Jónsbók).

Ekki virðast vera til miklar heimildir um sinubrennur fyrr á tímum og sést ekki hvort hér er um að ræða fastan lið í búskap landsmanna eða hvort sina var aðeins brennd í ákveðnum byggðarlögum. Annálar geta þess aðeins, sé um óvenjulega atburði að ræða samfara þeirri athöfn. Skal hér vitnað til tveggja frásagna.

Í *Skarðsárannál* stendur þetta við árið 1632:

„Sinubruni um vorið og brunnu löndin víða mjög til skemmda og skaða, skógar og hrifhrís (svo), því það bar svo við, eldurinn varð óvíða stilltur. Þessir brunar urðu og af eldi þeim, sem með var farið milli bæja, og óvarlega niðurfelldur". (Annálar 1400–1800, I, 1922, Jón Espólín 1827).

Í *Sjávarborgarannál* stendur þetta við árið 1639:

„Í Majo vildi bóndinn á Langholti í Flóa, Hallur Jónsson að nafni, brenna sinu af þeirri jörð, og sem hann lagði eldinn í, læsti hann sig víðara út á annarra manna jarðir, svo hann brenndi lönd á næstu 13 jörðum, er lágu til útsuðurs, því vindur stóð af landnorðri etc., og sem hann var átalinn hér fyrir af þeim, er skaðann fengu, þá féll honum það svo þungt, að hann hljóp út í Hvítá og vildi fyrirfara sér. Það sá einn maður. Sá reið á sund eftir honum og gat náð honum, en nokkrum dögum síðar, þá hljóp hann sjálfkrafa ofan í einn djúpan hylpytt, drekkti sér svo þar og fannst dauður". (Annálar 1400–1800, IV, Reykjavík 1940).

Sina hefur helst verið brennd að vorlagi um sunnan- og suðvestanvert landið. Hefur gildi sinubrennu verið nokkuð til umræðu á seinni tímum og virðist ekki vanþörf á að rannsaka, hvort raunverulega sé hagur af sinubrennu, eða hvaða áhrif hún hefur á þann gróður sem sviðinn er.

RANNSÓKNIR

Til þess að kanna áhrif sinubrennu hafa tvívegis verið gerðar athuganir á sviðnu landi á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Árið 1962 var brennd sina í mýri við Gufuá í Mýrasýslu og síðan kannað ástand gróðurs á brenndum og óbrenndum svæðum. Niðurstöður sjást í eftirfarandi línuritum (1.–3. mynd).

Á fyrstu mynd sést að meira ber að grösum og ógrónu landi á brennda svæðinu. Elfting hefur aukist, en mosinn er nær horfinn miðað við óbrennda svæðið.



1. mynd. Þekja (%) einstakra plöntuhópa. Gufuá 1962.

Einnig sést af annarri mynd að nýgræðingurinn á brenndu svæðunum er auðugri af eggjahvítu en á óbrenndu landi og helst þetta háa hlutfall eggjahvítu nokkuð fram eftir sumrinu, en trénið er eðlilega meira í óbrennda landinu.



2. mynd. Tréni og eggjahvíta (% af þurrefni). Gufuá 1962.

Athugun var síðar gerð á brenndu og óbrenndu landi hjá Engi í Mosfellssveit árið 1980. Var þar gerð könnun á gróðurfari og smádýralífi brenndra og óbrenndra reita.

Sést á þriðju mynd sem áður, að grös og ógróið land virðist aukast við brunann, en eðlilega minnkar hlutdeild sinu í þekju og uppskeru og mosinn hverfur úr brennda landinu. Um áhrif brunans á smádýralíf verður fjallað í annarri grein í þessu riti (Guðmundur Halldórsson, 1992).



3. mynd. Þekja (%) einstakra plöntuhópa. Engi 1980.

LOKAORÐ

Augljóst er að við sviðninguna brennur sinan og mosinn og jarðvegurinn verður opnari og vaxtarrýmið meira fyrir nýjan gróður. Geta því skriðul grös og fræplöntur aukist og fjölgar þeim á kostnað mosans. Sinan og mosinn einangra svörðinn á óbrenndu landi, en við brunann opnast svörðurinn og ljós fær greiðan aðgang að vaxtarsprotanum. Þar fer klaki fyrr úr jörð á vorin en úr óbrenndu landi. Við brunann eru steinefni sinunnar leyst úr læðingi og verður jarðvegur því frjórri en áður. Er eftirtektarvert, að á brenndu landi er nýgræðingur dökkgrænn og auðugur af eggjahvítu.

Fé sækir mikið í gróður sviðins lands. Var talið að fráfærufé héldist kyrrt í högum á sviðnum blettum, þar sem sina hafði verið brennd um vorið.

Enda þótt sinubrenna geti verið til bóta þarf að gæta þess að brenna ekki skóglendi. Eins væri nær að nýta afrakstur mýranna betur með beit að sumri svo ekki þurfi að brenna þar sinu vorið eftir.

HEIMILDIR

Annálar 1400–1800, Reykjavík:
1922: Skarðsárannáll I, 1: 236,
1940: Sjávarborgarannáll IV, 1: 275.
Björn M. Ólsen, 1910. Um kornyrkju á Íslandi að fornu. Búnaðarritið: 81–67.
Grágás 1852. I.b. 94.
Grétar Guðbergsson, 1975. Myndun móajarðvegs í Skagafirði. Ísl. landbún. 7, 1–2: 20–45.
Guðmundur Halldórsson, 1992. Áhrif sinubruna á smádýralíf. Ráðunautafundur 1992.
Jón Espólín, 1827:
Íslands Árbækur, 6. deild.
Jónsbók, 1904: 158.
Landnáma, 1948. Bls. 14, 87–88 og 207.
Sigurður Þórarinsson, 1944. Tefrokronologiska Studier på Island: 173–203 og 213–215.
Sigurður Þórarinsson, 1948. Sviðningar á Íslandi til forna. Skrafað og skrifað. Helgafell, Reykjavík: 41–54.
Sturla Friðriksson, 1963. Áhrif sinubruna á gróðurfar mýra. Freyr 59: 78–82.
Ölkofra saga, 1953. Íslendinga sögur XII: 92.

Fylgiskjal II.

Árni Snæbjörnsson,
Búnaðarfélagi Íslands:

Áhrif sinubruna á gróður og jarðvegshita, tilraun á Hvanneyri árin 1965–1969.

INNGANGUR

Erindi það sem hér birtist er byggt á aðalritgerð höfundar til kandidatsprófs við framhaldsdeildina á Hvanneyri 1970. Að beiðni undirbúningsnefndar ráðunautafundar verða hér endursagðar helstu niðurstöður þeirra rannsókna sem aðalritgerðin byggir á. Tekið skal fram að í engu er breytt út frá þeim niðurstöðum sem fyrir lágu í lok tilraunarinnar, né síðari upplýsingar teknar inn, heldur er hér um styttan texta að ræða ásamt því að færa ýmsar niðurstöður úr töflum og skýringarmyndum inn í texta.

UM TILRAUNINA

Tilraun sú sem hér er sagt frá hófst árið 1965 og lauk 1969. Tilraunin var gerð á framræstri mýri á Hvanneyri og var tilgangur hennar að kanna hvaða áhrif sinubruni hefði á gróður og hita á jarðvegi. Þá var búfé beitt á tilraunina á sumrin. Sumurin 1968 og 1969 var hiti mældur í brenndum og óbrenndum reitum, bæði jarðvegshiti og lofthiti í lítilli hæð. Þá var gerð pottatilraun til að reyna að kanna áburðaráhrif ösku af brenndu landi. Auk uppskerumælinga og efnagreininga á uppskeru var fylgst með því hversu stór hluti uppskerunnar var nýttur með beit. Í lok tímabilsins fór fram ítarleg gróðurgreining á tilraunasvæðinu eftir svokallaðri „Tuxen aðferð". Sina var brennd í apríl og var landinu skipt í fjóra tilraunaliði; a) ekki brennt, b) brennt 1965, c) brennt 1965 og 1967, d) brennt 1965, 1967 og 1969.

FYRRI RANNSÓKNIR – INNLENDAR

Þó að fullvíst megi telja að sinubrennsla hafi tíðkast allt frá landnámi, hefur heldur fátt verið ritað um þessa fornu ræktunaraðferð. Hér á landi er aðeins vitað um eina tilraun á undan þeirri sem hér verður rædd, tilraun sem dr. Sturla Friðriksson gerði árið 1962 á mýrlendi norðan Gufuár í Borgarfirði og greint er frá í Frey nr. 5, 1963. Þar kom m.a. eftirfarandi í ljós: Nýgræðingur tók fyrr við sér um vorið, þar sem brennt var, og klaki fór fyrr úr jörðu. Sauðfé sótti mun meira í brennt land en óbrennt. Samkvæmt efnagreiningu kom í ljós, að prótein er mun meira í gróðri á brennda landinu, sérstaklega framan af sumri, en er á leið minnkaði sá munur nokkuð. Uppskera var hins vegar meiri af óbrenndu landi, en stærri hluti hennar var tréni. Sina og mosi hurfu að mestu og meiri möguleikar sköpuðust fyrir skriðul grös, sem fjölgaði á kostnað mosans.

Lokaorð dr. Sturlu eru þessi:

„Enda þótt sinubrennsla geti verið til bóta er hins vegar illt að eyða lífrænum efnum á þennan hátt. Væri nær að nýta betur afrakstur mýranna, t.d. með hrossabeit, holdanautum eða skipulagðri beit sauðfjár."

ERLENDAR RANNSÓKNIR

Víða erlendis hefur brennsla lands tíðkast um aldir. Skógar voru ruddir og brenndir til að opna rjóður og rækta korntegundir í frjósömum öskubornum jarðveginum. Steppubúar halda við þeirri ræktunaraðferð að brenna þurran og visinn gróður frá fyrra ári til þess að búa í hag-

inn fyrir nýja sprettu og bæta þar með beitiland fyrir búsmala eða veiðidýr. Brasilíumenn o.fl. brenna oft runna á kaffiökrum í stað plægingar, og gefst það vel. Eins er það alþekkt að brenna hálm á ökrum þar sem kornyrkja er stunduð. Þó að erfitt sé að heimfæra niðurstöður erlendra rannsókna að íslenskum aðstæðum er hér birt stutt yfirlit um helstu niðurstöður sem tiltækar voru.

- Jarðvegsraki minnkar nokkuð við brennslu.
- Próteinmagn í þeim gróðri sem vex af brenndu landi er hærra en af óbrenndu.
- Víða er brennt í þeim tilgangi að drepa lirfur og skorkvikindi og koma í veg fyrir sýkingarhættu. Brennsla getur aukið hreysti plantna, frjómyndun og fræmyndun.
- Við brennslu tapast alltaf eitthvað af köfnunarefni út í loftið. Jarðvegshiti er meiri framan af sumri í brenndu landi og gróður tekur fyrr við sér á vorin og myndar meiri vöxt í blómstilkum.
- Brennsla hefur lítil áhrif á tegundafjölda, en eykur þurrefni jurtanna. Þau áburðarefni, sem losna við brennslu, nýtast jarðveginum vel.

NIÐURSTÖÐUR TILRAUNAR Á HVANNEYRI

Efnainnihald og uppskera

Við efnagreiningu kom í ljós að uppskera af brenndu landi var próteinauðugri en af óbrenndu. Munurinn er mestur þar sem oftast var brennt. Erlendar heimildir greinir á um það atriði og benda sumar þeirra á að sú hætta sé fyrir hendi að köfnunarefnið tapist út í loftið við brennsluna en kunni þó að skila sér fljótt aftur með úrkomu og nýtast til próteinmyndunar. Í uppskeru af brenndu landi var einnig meira af fosfór og kalí en af óbrenndu og er það í samræmi við erlendar niðurstöður. Á brenndu landi var munur á efnainnihaldi uppskerunnar mestur í fyrri slætti. Það bendir til þess að eftir brennslu verði efnaupptaka plöntunum auðveldari. Auk þess getur verið um samverkandi áhrif næringarefnanna að ræða, þannig að aukning á fosfór og kalí, sem var í fyrri slætti, hafi leitt til betri nýtingar á köfnunarefninu og valdið aukningu á próteini við brennsluna. Þótt heildaruppskera væri að jafnaði mest þar sem aldrei var brennt er það fyrst og fremst vegna uppsafnaðrar sinu. Hins vegar sótti sauðfé heldur meira í brennda landið. Tilraun var gerð til þess að kanna, hvort askan hefði eitthvert áburðargildi. Var hún gerð með ræktun hafra í litlum pottum. Tilraunin stóð aðeins í eitt sumar, en niðurstöður hennar bentu til þess að áburðargildi öskunnar væri lítið sem ekkert.

Gróðurfarsbreytingar

Gróðurfarsbreytingar urðu dálitlar við brennslu og þær helstar að við brennslu tilraunalandsins komu inn tegundir eins og vallarsveifgras, lógresi, háleggjastör, mýrafjóla og sýkigras, en tegundir eins og smjörgras, bláberjalyng, vetrarkvíðastör og gullmura hurfu. Tegundum sem fækkar við brennslu, eru m.a. klófífa, blávingull, skriðlíngresi og kornsúra. Hins vegar fjölgaði tegundum eins og túnvingli, belgjastör og brjóstagrasi.

Þá kom einnig fram að gróður er fjölþættari og öðruvísi á þúfum en milli þúfna. Þó að örlítið vottaði fyrir fjölgun tegunda þar sem brennt var þá var sú fjölgun mjög lítil. Alls fundust 25 tegundir á öllu tilraunasvæðinu. Þær gróðurfarsbreytingar sem komu fram við þessa athugun voru ekki miklar, en geta verið vísbending um þær gróðurfarsbreytingar sem átt geta sér stað við sinubrennslu.

Hafa skal í huga að tilraunin stóð aðeins í 4 ár og aðeins var brennt annað hvert ár þar sem oftast var brennt.

Loft- og jarðvegshiti

Lofthiti í 30–50 cm hæð yfir jörðu reyndist svo til nákvæmlega sá sami á brenndu landi og óbrenndu. Sá litli munur sem kom fram var í þá átt að hitastigið var örlítið hærra yfir brenndum reit. Þessi munur varð mestur 0,4°C og það ekki nema örsjaldan á mælingartímanum og helzt þegar um mikinn hitamun var að ræða milli athugunartíma. Nákvæmni við slíkar mælingar er ekki svo mikil að hægt sé að meta þetta sem raunhæfan mun.

Víkjum þá að jarðvegshitanum í 5 cm dýpt. Meðaljarðvegshitinn hefur verið teiknaður upp í línurit til frekari glöggvunar (sjá 1. mynd). Þar fer ekki á milli mála að hitastig í brenndum reitum fer 0,5–1,0°C upp fyrir hita í óbrenndum reitum að degi til, mest í júlí og síðari hluta maí 1968, en 1969 mest í maí og júlí til 10. ágúst, en minna í júní bæði árin. Að næturlagi eða réttara sagt snemma morguns, þegar hiti er lægstur, virðist lítill sem enginn munur á reitunum. Ástæðan til þess að tímabilið 16.–31. maí 1968 er tekið sérstaklega með er sú, að fram til 15. maí er hiti í 5 cm dýpt mjög nálægt frostmarki og fór ekki að stíga að ráði fyrr en um miðjan mánuðinn. Frost var því ekki horfið fyrr úr jörðu í þessum efstu lögum. Fyrri hluta mánaðarins var því hitastig mjög svipað í báðum reitum, jafnvel svolítið hærra í óbrenndum reit, en á þessu varð mikil breyting þegar hiti fór að aukast. Þótti því rétt að gera þessu tímabili sérstaklega skil. Þess má geta að 15. maí var meðalhiti 2,2°C í óbrenndum reit en 1,9°C í brenndum reit. Þá er tekið sérstaklega tímabilið 1.–10. ágúst 1969, vegna þess að mælingar stóðu 10 dögum lengur það ár. Ef tekinn er meðalhiti hvers mánaðar bæði árin, kemur ekki fram mjög mikill munur. Þó má álíta að um raunverulegan mun sé að ræða seinni hluta maí 1968 (4,9 og 5,4°C) og í júlí bæði árin (12,1 og 12,5°C 1968, 10,3 og 10,8°C 1969), einnig 1.–10. ágúst 1969 (12,0 og 12,4°C). Hámarks- og lágmarksmælingar styðja þetta enn frekar. Hámarks- og lágmarkstölur sýna að í maí, júlí og byrjun ágúst var hámarkshitinn 1,0–1,4°C hærri í brenndum reit en í óbrenndum, en í júní var munurinn 0,5–1,0°C. Er þessi munur því ótvíræður.



1. mynd. Jarðvegshiti í 5 cm dýpt 1968 og 1969. Tilraun 182-'65.

Tilraun þessi sýnir að hitastig við yfirborð (þar sem dægursveifla er að jafnaði stærst) og í efsta lagi jarðvegsins er greinilega hærra að degi til, þar sem sina hefur verið brennd. Virðist þessi hitamunur nema 1,0°C og er það nægilegt til að það komi fram í meðalhita sólarhringsins, enda þótt lítill sem enginn munur virðist á hita á reitum að næturlagi þegar hiti er lægstur.

Líklegasta skýringin á þessum mun er sú, að brenndi reiturinn er dekkri fram eftir sumri og nýtir þess vegna sólarorkuna betur. Einnig er sá reitur laus við gamla sinu, sem væntanlega getur hindrað varma í að ná til jarðvegsins. Til stuðnings þessum skýringum má til dæmis nefna að dagana 3.–6. júlí og 8. júlí 1968 var léttskýjað eða heiðríkt. Reyndist hámarkshiti dagsins í 5 cm dýpt að meðaltali 1,8°C hærri í brenndum reit þá daga. Þess má einnig geta að meðalskýjahula var mun meiri í júní 1968 en í maí og júlí, þar er ef til vill fundin skýring á því að hitamunur var minnstur í þeim mánuði.

SAMANDREGIÐ YFIRLIT

Eftirfarandi ályktanir virðist mega draga af tilraun þessari:

1. Sina og uppskera innihalda meira af köfnunarefni, fosfór og kalí þar sem brennt er og mest þar sem oftast hefur verið brennt. Í uppskeru var efnaaukning mest í fyrra slætti.
2. Sauðfé virðist sækja heldur meira í brennt en óbrennt land.
3. Tegundafjöldi plantna er eitthvað meiri þar sem brennt var og virðist brennslan hafa haft mismunandi áhrif á plöntutegundirnar, því að sumum fjölgaði en öðrum fækkaði. Örfáar tegundir hurfu við brennsluna og nýjar komu inn. Hér er þó um smávægilegar breytingar að ræða.
4. Sinuaska hafði ekki áburðargildi á hafra.
5. Enginn munur er á lofthita í 30–50 cm hæð yfir brenndu landi og óbrenndu.
6. Jarðvegshiti í 5 cm dýpi er um 1,0°C HÆRRI í brenndu landi en óbrenndu að degi til en lítill munur er að næturlagi.
7. Hámarkshiti í 5 cm dýpi er 1,0–1,4°C HÆRRI í brenndu landi en óbrenndu að degi til.

Niðurstöður þær sem hér hafa fengist virðast sýna, að sinnubrennsla getur átt fullan rétt á sér þar sem sina er mikil og ef eðlilegrar varúðar er gætt. Hins vegar ber að hafa í huga að tilraunin stóð ekki í mjög langan tíma og það sem að framan er sagt á eingöngu við um þær aðstæður sem þarna voru. Frekari rannsóknir þyrfti að gera áður en endanlega er fullyrt um áhrif sinubrennslu.

HELSTU HEIMILDIR

Anderson, K.L. Tame of burning as it effect to soil moisture in an ordinary upland blusteam prairie in the Flint Hill (Kansas). J. Range. Mgmt. 1965, 18, No. 6, 311–316.

Baldanzi, G. Fire as a tool in subtropical agriculture. World Congr. Agric. Res. Rome., May 1959, 1189–1193.

Ehrenreich, J.H. Aikmen, J.M. Ecol. Monogr. 1963, 33, No, 2, 113–130.

Ehrenreich, J.H. Effect of burning and clipping on growth of natives prairie in Iowa. J. Range. Mgmt. 1959, No. 3, 133–137.

Herbage Abstract. Samantekið efni.

Grelen, H.E., Eggs, E.A. Season of burning effects herbage quality and yield on pine bluesteam range. J. Range. Mgmt. 1967, No. 1, 31–3.

Kelting, R.W. Winter burning in central Oklahoma grasland. Ecology, 1967, No. 3, 520–522.

Koelling, M.R. Diss. Abstr. 1965, 25, No. 7, 3811–3812.

Lay, D.W. Browse quality and the effects of prescribed burning in southern pine forest. J. For. 1957, 55,. No. 5, 342–347.

Lilly, C.E., Hoobs, G.A. Canad. J. Pl. Sci. 1962, No. 1, 53–61.

Nature Conserwancy. Rapport of the year ended 30. sept. 1964. London, H.M.S.O., 1964, pp. 173, illus 13s.
Norman, M.J.T. and Wetselaar R. Losses of nitrogen on burning native pasture at Katharine. *J.Aust.* Inst. Agric. Sci. 1960, No. 3, 272–273.
Rapport for the year ended 30. sept. 1963. London. H.M.S.O. 1962. pp. 164, illus 6d.
Smith, E.F. and Young, V.A. The effect of burning on the chemical composition of little blusteam. J. Range. Mgmt., No. 3, 139–140.
Stefán Stefánsson. Flóra Íslands.
Steindór Steindórsson. Gróður á Íslandi. Bls. 76.
Sturla Friðriksson. Áhrif sinubruna á gróðurfar mýra. Freyr, 1963, Nr. 5, 78–82.
Veðurstofa Íslands

Fylgiskjal III.

Guðmundur Halldórsson,
Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins, Mógilsá:

Áhrif sinubruna á smádýralíf.

Árið 1980 var gerð rannsókn á áhrifum sinubruna á vistkerfi valllendis. Þessi rannsókn var unnin af vistfræðideild Rala og var tilrauninni valinn staður í landi Engis milli Vesturlandsvegar og Úlfarsár. Svæðið var 20 x 40 m að stærð og var því skipt í 8 reiti. Voru fjórir þeirra brenndir þann 8. maí en skildir eftir ómeðhöndlaðir. Unnið var að margvíslegum rannsóknum á vistkerfi þessara reita um sumarið. Mældur var jarðvegshiti, gróðurfar greint og uppskera mæld, auk þessa var gerð rannsókn á smádýralífi í reitunum. Var komið fyrir tveimur fallgildrum í hverjum reit þann 1. apríl og þær tæmdar vikulega allt til loka október. Auk þessa voru tekin jarðvegssýni úr reitum og jarðvegsdýr flæmd út. Af sérstökum ástæðum hefur ekki verið unnt að hefja vinnslu þessara gagna fyrr en nú. Er nú lokið greiningu á hluta sýna úr fallgildrum og því eru þær niðurstöður sem hér er unnt að kynna aðeins bráðabirgðaniðurstöður.

1. Nokkur breyting á gróðurfari varð í reitunum við brunann og er um það fjallað í öðru erindi, sem birtist í þessu riti (Sturla Friðriksson, 1992).
2. Þau gögn sem búið er að vinna benda einnig til verulegs munar á smádýralífi milli brenndra reita og óbrenndra. Virðist mestur munur vera á fjölda stökkmors, en í þeim sýnum sem nú er búið að vinna (fyrsti mánuður eftir bruna) hefur fjöldi þess í brenndum reitum aðeins verið brot af því sem veiðst hefur í gildrur í óbrenndum reitum.

Fylgiskjal IV.

Þóra Ellen Þórhallsdóttir og
Magnús H. Jóhannsson,
Líffræðistofnun Háskólans:

Athugun á vistfræðilegum áhrifum sinubruna.

INNGANGUR

Á Íslandi hefur sina verið brennd frá ómunatíð í þeim tilgangi að fá betra beitiland fyrir búfé. Á síðastliðnum árum hafa mönnum orðið ljós hin víðtæku áhrif sem eldurinn hefur á gróður, jarðveg og dýralíf og sumir hafa jafnvel dregið í efa að sinubrunar geri það gagn sem ætlað hefur verið (sjá t.d. Andrés Arnalds og Ólaf Dýrmundsson 1981 og Helgu Edwald o.fl. 1989). Bent hefur verið á að sinubrunar geti haft mikil áhrif á fuglalíf með því að eyðileggja hreiður eða skemma varpstæði auk þess sem bruninn geti skaðað líf í jarðvegi. Þegar til lengri tíma er litið, gætu tíðir sinubrunar einnig leitt til næringarsnauðari jarðvegs þar sem hluti steinefnanna getur fokið burt í léttri öskunni (Christensen 1987). Erlendis hefur uppblástur einnig verið tengdur sinubrunum (Imeson 1971, Kinako & Gimingham 1980, Andrés Arnalds, munnl. uppl.). Bruni hefur líklega alltaf einhver og oftast veruleg áhrif á tegundasamsetningu gróðurs (Gimingham 1972). Vitað er að plöntutegundir þola eld misvel (Trabaud 1987) og ræðst þol þeirra m.a. af því hvar vaxtarbroddarnir eru staðsettir á plöntunni (ofanjarðar, í sverði eða neðanjarðar) og hvernig þeir eru varðir (Hobbs & Gimingham 1984, Mallik & Gimingham 1985). Áhrif sinubruna á tegundasamsetningu geta líka falist í breyttri samkeppnisaðstöðu tegunda. Þannig getur bruni komið mishart niður á tegundum eftir því hvenær þær hefja vöxt að vori.

Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum sinubruna á næringargildi og meltanleika gróðurs (t.d. Sturla Friðriksson 1963, Árni Snæbjörnsson 1973). Ekki er mér kunnugt um að framleiðni hafi verið borin saman á brenndu landi og óbrenndu (sjá samt Sturlu Friðriksson 1963). Val á samanburðarsvæði við brennda landið er þó ekki einhlítt. Auðveldast er að brenna helminginn af t.d. framræstum mýrarfláka, en óbrennda svæðið hefur þá verið brennt áður og tegundasamsetning þess, og þar með uppskera, væri líklega önnur hefði það aldrei verið brennt. Hinn kosturinn er að bera saman tvö svæði sem eru sem líkust að öllu öðru leyti en því að annað hefur verið brennt en hitt ekki. Það gefur auga leið að slík svæði er erfitt að finna en það er þó e.t.v. hægt.

Sáralítið hefur birst á prenti um rannsóknir á vistfræðilegum áhrifum sinubruna. Ekki er vitað hversu heitur eldurinn verður hérlendis, né hversu mikið eða langt niður jarðvegurinn hitnar sem ræður augljóslega miklu um áhrif á jarðvegsfánuna. Ekkert er vitað um áhrif á næringarbúskap jarðvegs, t.d. um hversu mikið af steinefnum glatast þegar aska fýkur burt og sest fjarri brunastað, né heldur um áhrif þess að t.d. nítröt brenna. Nær ekkert er vitað um áhrif á gróðurfar, hvorki þegar til skamms eða langs tíma er litið.

Hér er greint frá frumathugun á vistfræðilegum áhrifum sinubruna á framræsta mýri í Gaulverjabæ í Flóa sumarið 1989. Rannsóknirnar tóku til hitastigs í brunanum ofanjarðar, í sverði og neðanjarðar og til áhrifa á frost í jörðu. Skammtímaáhrif á gróður voru könnuð með því að bera saman hlutdeild tegunda í þekju á brenndu og óbrenndu landi. Einnig var gerð skoðanakönnun meðal bænda í Árnessýslu þar sem leitað var eftir upplýsingum um sinubruna, m.a. hvers vegna menn vildu brenna land, hvers konar land væri brennt og hversu

oft. Verkefnið var að mestu unnið fyrir styrk úr Pokasjóði Landverndar en Háskóli Íslands stóð straum af öðrum kostnaði.

SKOÐANAKÖNNUN

1. Framkvæmd

Könnunin var gerð meðal bænda í Árnessýslu. Sent var bréf með spurningalista til 50 bænda, sem valdir voru af handahófi úr símaskrá. Spurt var hvort viðkomandi brenndi sinu og þá hversu oft, hvers konar landi væri brennt og hversu langur tími liði milli þess að sama landið væri brennt. Þá var spurt hvernig brennda landið væri nýtt og hvaða kosti viðkomandi teldi helsta við sinubruna. Skrifleg svör bárust frá 11 bændum. Hringt var í hina og fengust þannig svör frá alls 35.

2. Niðurstöður og umræða

Af þeim sem svöruðu, voru aðeins tveir sem ekki brenndu sinu. Var annar eingöngu með hross en hinn svínabóndi. Hinir 33 sögðust allir brenna sinu og voru svör þeirra nánast á einn veg.



1. mynd. Tíðni sinubruna á einstökum jörðum í Árnessýslu, skv. skoðanakönnun meðal 35

Allir sem í úrtakinu lentu, brenndu einungis óáborið beitiland. Flestir (26) sögðust brenna framræst mýrlendi, en 17 sögðust einnig brenna þurrara land (valllendi, graslendi, mólendi eða tún). Landið virtist notað nokkuð jafnt til beitar fyrir sauðfé (24), nautgripi (26) og hross (26). Ekki fengust óyggjandi upplýsingar um tíðni bruna. Af þeim sem gáfu svar, brenndu flestir árlega (1. mynd) og fáir sögðust brenna sjaldnar en þriðja hvert ár. Margir töldu sig ekki geta svarað því hversu langur tími liði milli þess að sama landið væri brennt en þó er greinilegt að sá tími er oft mjög skammur og sumir brenna sama landið annað hvert ár (2. mynd). Menn voru almennt sammála um gagnsemi sinubruna þótt sumir létu í ljós efasemdir um ágæti þeirra er til lengri tíma væri litið. Nokkrir nefndu einnig að til skaða væri að brenna land með stuttu millibili. Athyglisvert var að flestir töldu að áhrifin fælust ekki síst í því að búfé næði betur til nýgræðings og tóku sumir fram að þeir teldu áhrifin ekki felast í öðru. Margir töldu að skepnur sæktu frekar í brennt land en aðrir kostir við að brenna sinu voru helstir taldir vera þeir að gróður yrði aðgengilegri, lostætari og kjarnmeiri og tæki fyrr við sér á vorin (3. mynd).



2. mynd. Tíðni sinubruna, tími milli þess að sama landið er brennt, skv. skoðanakönnun meðal 35 bænda í Árnessýslu.



3. mynd. Helstu ástæður þess að bændur brenna sinu, skv. skoðanakönnun meðal 35 bænda í Árnessýslu.

ÁHRIF SINUBRUNA

1. Framkvæmd

Svæði var valið í landi Gaulverjabæjar í Gaulverjabæjarhreppi í Árnessýslu. Landið er framræst mýri, rakt og þýft og eingöngu notað til hrossa- og fjárbeitar. Hólfið er stórt og sáust lítil merki beitar en í byrjun maí voru í því nokkur hross. Landið hafði ekki verið brennt í 2 ár (síðast 1987). Ríkjandi tegundir á athugunarsvæðinu voru snarrót, vinglar og língresi en auk þeirra fundust 4 aðrar grastegundir, 7 tegundir hálfgrasa (einkum starir og hrossanál), 14 tegundir tvíkímblaða jurta og 3 tegundir elftinga. Talsverð sina var í sverði og mældist sinuþykkt 10–15 cm. Reynt var að velja stórt einsleitt svæði. Helmingur þess var brenndur en skipting milli brennda svæðisins og viðmiðunarreits réðst af vindátt daginn sem brennt var. Innan hvors svæðis var settur upp 50 x 50 m athugunarreitur.

Sina brennd. Árið 1989 var vorkoma óvenju sein og síðast í apríl var úthagi í lágsveitum Árnessýslu enn að mestu undir snjó. Var að lokum afráðið að sækja um undanþágu til að brenna ef til þess gæfist færi í fyrstu viku af maí. Var það gert og var brennt 7. maí. Gengið var úr skugga um að engin hreiður væru á svæðinu sem átti að brenna. Lofthiti og vindátt voru skráð og vindstyrkur metinn (sunnan 3 vindstig, léttskýjað, 9°C). Brennt var á móti vindi til að bruninn yrði eins fullkominn og hægt væri.

Hitamælingar voru gerðar á brennda svæðinu meðan eldurinn fór yfir. Notaðir voru tveir „Thermocouple" hitamælar frá íslensku fyrirtæki, Hugrúnu, sem sérhæfir sig í tölvumælum. Mælt var á 4 hæðarbilum sem hér segir: á 0,5 cm dýpi, í yfirborði, í 2 cm hæð og í 5 cm hæð frá jörðu. Tveir mælar voru notaðir þannig að á hverjum stað var hægt að mæla á tveimur hæðarbilum. Alls var mælt á 10 stöðum en ekki reyndist unnt að fá hitamælana til að virka fullkomlega sökum einhverra galla í tölvu eða forriti. Því eru til fleiri mælingar í 2 cm hæð en í 5 cm hæð og fleiri mælingar á 0,5 cm dýpi en yfirborðsmælingar.

Ísmælingar. Þykkt jarðvegs niður á klaka var mæld 20 sinnum á hvoru svæði með álstöng sem stungið var lóðrétt í jarðveginn þar til hún komst ekki lengra. Þykktin var síðan mæld með málbandi á álstönginni eftir að hún hafði verið dregin upp. Þessar mælingar voru gerðar áður en brennt var og síðan með viku millibili meðan enn fannst klaki.

Gróðurmælingar. Innan hvors 50x50 m athugunarreits voru valdir 20 smáreitir (50x50cm) af handahófi. Hver reitur var merktur og í honum mæld þekja allra háplöntutegunda, fyrst einni viku eftir brunann og svo með 1–2 vikna millibili eftir það, alls 5 sinnum. Notaðar voru sk. oddamælingar í 50x50 cm ramma en þær byggjast á því að skrá snertingar plantna við mjóan prjón sem rekinn er lóðrétt í gegnum gróðurþekjuna. Skráðar voru snertingar við 100 prjóna í hverjum ramma. Háplöntur voru greindar til tegunda, en hópaðar saman í grös, hálfgrös og tvíkímblöðunga fyrir frumúrvinnslu. Áhrif brunans voru könnuð með HSD prófi Tukeys.

2. Niðurstöður og umræða

Hitamælingar. Hitastig í brennandi gróðri er mjög breytilegt, og hefur hámarkshiti mælst allt frá 200–1000°C (Gimingham 1972, Iwanami 1973, Christensen 1985). Hér mældist hiti mestur 374°C í 5 cm hæð frá jörðu en hæstur 230°C í 2 cm hæð. Það kom hins vegar á óvart að jarðvegur hitnaði lítið og áhrif brunans voru nær alveg bundin við yfirborð. Hiti mældist hæstur 44°C í yfirborði. Sums staðar mældust engin áhrif niður í jarðveginn en hæstur fór hitinn í 12–19°C á 0,5 cm dýpi. Líklegt má telja að rakastig sinu og yfirborðs skipti miklu máli um það hvað hitastigið fór hátt. Úrkoma hafði verið talsverð, jafnvel snjókoma nokkrum dögum fyrir brunann, en nokkurra daga þurrt hlé fékkst í 3–4 daga áður en vinna hófst. Æskilegt hefði verið að bíða enn um sinn með að brenna, en það var ekki hægt.

Jarðklaki. Daginn sem brennt var, mældist meðalþykkt niður á klaka 10,7 cm á brennda svæðinu en 13,7 cm á því óbrennda. Viku seinna var þykkt niður á klaka komin í 20,8 cm á því brennda og 22,2 cm á því óbrennda. Í annarri viku eftir brunann var jarðvegur alls staðar þíður. Það virðist því ljóst að sinubruninn flýtti ekki, a.m.k. ekki þetta vorið, fyrir því að frost færi úr jörðu en ekki reyndist marktækur munur á meðalþykkt niður á klaka viku eftir brunann. Þetta stangast bæði á við hald manna um að klaki fari mun fyrr úr brenndu landi og einnig við niðurstöður Sturlu Friðrikssonar (1963) en í hans rannsókn sem gerð var í Borgarfirði vorið 1962, fór frost fyrr úr brenndri en óbrenndri mýri. Fram kemur að þetta ár (1962) var óvenju mikið frost í jörðu.

Hitamælingar í jarðvegi þremur vikum eftir brunann sýndu heldur engan mun á hitastigi milli brenndu og óbrenndu svæðanna.

Gróðurmælingar. Brennda svæðið grænkaði fyrr en það óbrennda (4. mynd) og þremur vikum eftir brunann var nýgræðingur marktækt meiri á brennda svæðinu en því óbrennda ($p<0,001$). Eftir það minnkaði munurinn og var ekki tölfræðilega marktækur. Eins og sjá má á 5. mynd, voru grös ríkjandi gróður. Þekja grasa var meiri á brennda svæðinu þremur vikum eftir að brennt var ($p<0,001$). Munurinn var tæplega tölfræðilega marktækur eftir 4 vikur ($p=0,06$) en rúmum fimm vikum eftir brunann var enginn munur á svæðunum. Hálfgrösin voru fyrst og fremst ýmsar tegundir stara en einnig var dálítið af vallhæru og hrossanál en enginn marktækur munur var á þekju þeirra á brennda og óbrennda svæðinu (6. mynd). Nokkuð margar tvíkímblaða jurtir fundust en samanlögð þekja þeirra var samt mjög lítil (7. mynd). Miðað við grösin, virtist vöxtur þeirra fara heldur hægar af stað. Þær sýndu einnig aðra svörun við brunanum; þeim virtist hafa fækkað á brennda svæðinu og er munur á þekju hámarktækur ($p<0,001$) 5 vikum eftir að brennt var.



4. mynd. Breytingar á heildarþekju háplantna á brenndri (▪) og óbrenndri (▫) framræstri mýri hjá Gaulverjabæ frá 14. maí (7 dögum eftir bruna) til 16. júlí 1990. Tölurnar eru meðalþekja í 20 50x50 cm römmum, +/- staðalfrávik meðaltals.



5. mynd. Breytingar á heildarþekju grasa á brenndri (▪) og óbrenndri (▫) framræstri mýri hjá Gaulverjabæ frá 14. maí (7 dögum eftir bruna) til 16. júlí 1990. Tölurnar eru meðalþekja í 20 50x50 cm römmum, +/- staðalfrávik meðaltals.



6. mynd. Breytingar á heildarþekju hálfgrasa (aðallega hrossnálar og ýmissa stara) á brenndri (▪) og óbrenndri (▫) framræstri mýri hjá Gaulverjabæ frá 14. maí (7 dögum eftir bruna) til 16. júlí 1990.



7. mynd. Breytingar á heildarþekju tvíkímblaða jurta á brenndri (▪) og óbrenndri (▫) framræstri mýri hjá Gaulverjabæ frá 14. maí (7 dögum eftir bruna) til 16. júlí 1990. Tölurnar eru meðalþekja í 20 50x50 cm römmum, +/-

Túlkun niðurstaðna gróðurmælinganna er því miður erfið fyrir þá sök að í annarri viku eftir brunann var hleypt fé inn á svæðið og greinilegt var að það sótti á brennda svæðið. Munurinn milli brennda og óbrennda svæðisins gæti því virst minni en skyldi. Upphaflega stóð til að gera einnig uppskerumælingar á gróðri en hætta varð við þá fyrirætlan vegna þessarar beitar. Fyrirhugað er nú að endurtaka þessar athuganir og kanna þá við vonandi dæmigerðari skilyrði (þurrari sinu og jörð) hversu mikið jarðvegurinn hitnar og hver áhrif sinubrunans eru á uppskeru helstu tegunda.

ÞAKKARORÐ

Magnús Jóhannsson vann stærsta hluta þessa verkefnis og sá að mestu um framkvæmd þess.

Stjórn Landverndar þökkum við fyrir fjárstuðning og skilning á þörf þessa verkefnis. Auk þess þökkum við tækjakaupasjóði Háskólans fyrir fjárstuðning. Líffræðistofnun lánaði tæki og aðstöðu til úrvinnslu gagna. Árni Davíðsson, Jóhann Þórsson, Kristín Svavarsdóttir og Svafa Sigurðardóttir aðstoðuðu við gróðurmælingar og fleira og er þeim þakkað fyrir góð störf.

HEIMILDIR

Andrés Arnalds & Ólafur R. Dýrmundsson 1981. Sinubrunar. Freyr, 77, 8, 314.

Árni Snæbjörnsson 1973. Sinubrennur. Áhrif þeirra á jarðveg og gróður. Búnaðarritið, 3, 79–82.

Christensen, N.L. 1985. Shrubland fire regimes and their evolutionary consequences. Bls. 86–100 í: The Ecology og Natural Disturbance and Patch Dynamics (ritstj. S.T.A. Pickett & P.S. White). Academic Press, Inc.

Christensen, N.L. 1987. The biochemical consequences of fire and their effects on the vegetation of the coastal plain of the southeastern United States. Bls. 1–21 í The Role of Fire in Ecological Systems (ritstj. L. Trabaud), SPB Academic Publishing.

Gimingham, C.H. 1972. Ecology of Heathlands. Chapman and Hall.

Helga Edwald, Sigurður Á. Þráinsson og Ólafur Dýrmundsson, 1989. Landbúnaður í sátt við náttúruna. Útgefendur eru Náttúruverndarráð og Búnaðarfélag Íslands.

Hobbs, R.J. & Gimingham, C.H. 1984. Studies on fire in the Scottish heathland communities II. Postfire vegetation development. Journal of Ecology 72, 585–610.

Imeson, A.C. 1971. Heather burning and soil erosion on the north Yorkshire moores. Journal of Applied Ecology, 8, 537–42.

Iwanami, Y. 1973. Studies on burning temperature of grasslands. Reports of the Institute of Agricultural Research, Tohoku University 24:59–105.

Kinako, P.D.S. & Gimingham, C.H. 1980. Heather burning and soil erosion on upland heaths in Scotland. Journal of Environmental Management, 10, 277–84.

Mallik, A.U. & Gimingham, C.H. 1985. Ecological effects of heather burning II. Effects on seed germination and vegetative generation. J. Ecol. 73:633–644.

Sturla Friðriksson 1963. Áhrif sinubruna á gróðurfar mýra. Freyr, 59, 78–82.

Trabaud, L. 1987. Fire and survival traits of plants. Bls. 65–89 í The Role of Fire in Ecological Systems (ritstj. L. Trabaud), SPB Academic Publishing.

187. Tillaga til þingsályktunar [179. mál]

um ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort færa skuli undir eitt ráðuneyti málefni lífeyrissjóða og lífeyrissparnaðar, almannatrygginga, félagslegrar framfærslu og vinnumarkaðsmála, a.m.k. það sem lýtur að atvinnuleysisbótum og málefnum atvinnulausra. Sér-

staklega verði hugað að kostum þess og göllum að gera slíka breytingu á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins með hliðsjón af þörfum fyrir samræmingu á þessu sviði.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur verið flutt þrívegis áður en aldrei orðið útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt ásamt greinargerð sem henni fylgdi.

„Ljóst er að veruleg skörun er á verksviði ráðuneyta í málum er snerta lífeyristryggingar, almannatryggingar, stuðning við atvinnulausa, framfærslustuðning sveitarfélaga o.fl. Samspil þessara þátta við skattkerfið og tekjutenging bótaliða innan og utan skattkerfisins er margþætt og flókið mál. Það er skoðun flutningsmanns að eitt af því sem hefur staðið löngu tímabærri endurskoðun og samræmingu á þessu sviði fyrir þrifum sé óheppileg verkaskipting eða öllu heldur dreifing þessa málaflokks innan Stjórnarráðsins.

Til greina kemur að stofna nýtt ráðuneyti sem tæki við verkefnum á þessu sviði frá fjármálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti eða að færa þessi mál öll saman til eins af ráðuneytunum, t.d. félagsmálaráðuneytisins. Heilbrigðisráðuneytið er þegar fyrirferðarmikið og ekki er að öllu leyti heppilegt að almannatryggingar séu jafnframt vistaðar þar. Sama gildir um fjármálaráðuneytið.

Sameining þessa mikilvæga en um leið vandasama málaflokks í eitt ráðuneyti ætti að auðvelda samræmingu löggjafar og stjórnsýslu á þessu sviði en á því er mikil þörf, ekki síst með tilliti til sívaxandi umfangs málaflokksins.“

188. Tillaga til þingsályktunar [180. mál]

um lagabreytingar til að fullnægja ákvæðum Genfarsáttmálans um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lagasetningu um viðurlög við stríðsglæpum í samræmi við ákvæði Genfarsáttmálans frá 1949 um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum og viðauka við hann frá árinu 1977.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en varð þá eigi útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt.

Genfarsáttmálarnir frá árinu 1949 um vernd óbreyttra borgara, sjúkra og fanga við hernaðarátök og hernám eru meðal mikilvægustu alþjóðasáttmála sem gerðir hafa verið um mannréttindi. Í sáttmála um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum er kveðið skýrt á um það í 146. gr. að aðildarríki hans skuldbindi sig til að lögleiða viðeigandi refsingar við alvarlegum brotum gegn ákvæðum sáttmálans. Sáttmálinn var undirritaður 12. ágúst 1949 og tók gildi 21. október 1950, fyrir hálfri öld. Ísland fullgilti sáttmálann 1965 og tók hann gildi hvað Ísland snertir ári síðar. Með þingsályktunartillögu þessari er skorað á ríkisstjórnina að beita sér fyrir lagasetningu sem fullnægi ákvæðum 146. gr. sáttmálans.

189. Svar [108. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Katrínar Fjeldsted um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði.

1. *Hve mikill virðisaukaskattur var endurgreiddur árlega af vinnu manna við íbúðarhúsnæði á árunum 1990–99? Óskað er eftir að svarið taki mið af breytingum sem gerðar voru á reglum um endurgreiðslu virðisaukaskatts árin 1996 og 1997, þ.e. að 60% eru nú endurgreidd í stað 100% áður.*

Á meðfylgjandi yfirliti er endurgreiðslum á virðisaukaskatti vegna vinnu við íbúðarhúsnæði og fjölda afgreiddra endurgreiðslubeiðna skipt í eftirtalda þrjá þætti:

RSK 10.18 E, sem tekur til endurgreiðslna vegna endurbóta og viðhalds íbúðarhúsnæðis.

RSK 10.18 N, sem tekur til endurgreiðslna vegna nýbyggingar íbúðarhúsnæðis til eigin nota húsbyggjanda.

RSK 10.17, sem tekur til endurgreiðslna vegna nýbyggingar íbúðarhúsnæðis til sölu eða leigu.

Endurgreiddur virðisaukaskattur af vinnu manna við íbúðarhúsnæði árin 1990–99:

Í eftirfarandi töflu kemur fram hve mikill virðisaukaskattur var endurgreiddur árlega af vinnu manna við íbúðarhúsnæði á árunum 1990–99. Allar tölur eru í krónum.

Ár	RSK 10.18 E endurbætur viðhald	RSK 10.18 N nýbyggingar til eigin nota	RSK 10.17 nýbyggingar til sölu / leigu	Samtals
1990	175.629.862	180.018.611	765.796.251	1.121.444.724
1991	235.187.977	229.368.654	766.848.008	1.231.404.639
1992	268.738.142	255.585.192	673.229.277	1.197.552.611
1993	263.276.320	169.327.516	622.093.082	1.054.696.918
1994	291.880.503	138.627.516	610.262.846	1.040.770.865
1995	293.661.442	131.345.135	612.795.073	1.037.801.650
1996	443.401.595	116.829.462	500.052.248	1.060.283.305
1997	169.214.699	57.059.619	375.139.315	601.413.633
1998	177.102.133	69.489.497	451.677.214	698.268.844
1999	181.292.262	75.813.608	493.388.691	750.494.561
Alls	**2.499.384.935**	**1.423.464.810**	**5.871.282.005**	**9.794.131.750**

Greining fjárhæða og fjölda beiðna niður á ár ræðst af því hvenær krafa stofnaðist til endurgreiðslu, þ.e. hvenær verk var unnið, en ekki af því hvenær endurgreiðslubeiðni var afgreidd og endurgreiðsla fór fram.

Síðbúin endurgreiðslubeiðni er afgreidd með beiðnum fyrir það tímabil sem er til meðferðar þegar hin síðbúna beiðni kemur fram. Þær upplýsingar um fjárhæðir endurgreiðslna og fjölda þeirra, sem fram koma í töflunni, eru því ekki endanlegar þar sem enn geta komið fram endurgreiðslubeiðnir vegna framkvæmda á umræddum árum.

Á árinu 1996 var sú breyting gerð á endurgreiðslureglum að í stað þess að allur virðisaukaskatturinn væri endurgreiddur urðu aðeins 60% hans endurgreiðslukræf. Að því er endurgreiðslur vegna nýbygginga varðar tók breytingin gildi frá og með endurgreiðslutímabilinu júlí–ágúst 1996, en frá og með endurgreiðslutímabilinu janúar–febrúar 1997 að því er varðar endurbætur og viðhald. Til frekari glöggvunar á áhrifum breytinganna eru á meðfylgjandi yfirliti endurgreiðslufjárhæðir vegna áranna 1996 og 1997 sundurliðaðar á endurgreiðslutímabil.

Endurgreiðslur sundurliðaðar á uppgjörstímabil:

Ár 1996	**RSK 10.18 E**	**RSK 10.18 N**	**RSK 10.17**	**Samtals**
jan.–feb.	33.263.906	17.012.743	87.249.827	137.526.476
mar.–apr.	31.227.956	22.034.515	88.834.756	142.097.227
maí–jún.	57.364.319	47.080.229	160.721.142	265.165.690
júl.–ágú.*	165.794.829	6.202.049	45.867.552	217.864.430
sep.–okt.	76.895.065	7.986.046	57.015.113	141.896.224
nóv.–des.	78.855.520	16.513.880	60.363.858	155.733.258

* Endurgr. af nýbyggingum lækkuð í 60%.

Ár 1997	**RSK 10.18 E**	**RSK 10.18 N**	**RSK 10.17**	**Samtals**
jan.–feb.*	9.685.161	5.398.624	48.401.961	63.485.746
mar.–apr.	12.830.503	5.924.746	48.899.359	67.654.608
maí–jún.	22.596.933	5.752.750	60.970.850	89.320.533
júl.–ágú.	36.081.691	7.397.293	61.113.791	104.592.775
sep.–okt.	43.513.929	11.613.478	74.701.962	129.829.369
nóv.–des.	44.506.482	20.972.728	81.051.392	146.530.602

* Endurgr. af endurbótum lækkuð í 60%.

2. Hve margar endurgreiðslubeiðnir bárust á árunum 1990–99?

Í eftirfarandi töflu kemur fram hve margar endurgreiðslubeiðnir bárust á árunum 1990–99.

Samtals skráðar endurgreiðslubeiðnir:

Ár	**RSK 10.18 E endurbætur viðhald**	**RSK 10.18 N nýbyggingar til eigin nota**	**RSK 10.17 nýbyggingar til sölu / leigu**	**Samtals**
1990	3.612	1.934	1.256	6.802
1991	5.463	2.136	1.307	8.906
1992	6.023	1.785	1.241	9.049
1993	6.847	1.410	1.130	9.387
1994	8.321	1.289	1.169	10.779
1995	8.503	1.324	1.239	11.066
1996	9.430	1.340	1.313	12.083
1997	6.142	758	1.220	8.120
1998	5.942	740	1.359	8.041
1999	4.372	818	1.429	6.619
Alls	**64.655**	**13.534**	**12.663**	**90.852**

3. Hve háar fjárhæðir fengu einstaklingar lánaðar í húsbréfakerfinu til nýbygginga og endurbóta á árunum 1990–99?

Lán til nýbygginga er skipt í tvo hluta; annars vegar lán sem veitt eru beint til einstaklinga og hins vegar lán sem upphaflega eru veitt framkvæmdaaðilum (byggingafyrirtækjum) sem svo einstaklingar yfirtaka við sölu til þeirra.

Ár	Lánaflokkar	Einstaklingar	Framkvæmdaaðilar	Samtals
1990	Nýbyggingar	65.528.664	10.000.000	75.528.664
1991	Nýbyggingar	2.823.377.071	181.158.804	3.004.535.875
1992	Nýbyggingar	2.957.994.495	374.550.542	3.332.545.037
1992	Viðb./Endurb.	91.164.083		91.164.083
1993	Nýbyggingar	2.475.528.655	740.024.657	3.215.553.312
1993	Viðb./Endurb.	283.439.164		283.439.164
1994	Nýbyggingar	3.352.290.075	969.794.478	4.322.084.553
1994	Viðb./Endurb.	329.473.638		329.473.638
1995	Nýbyggingar	2.973.174.890	1.089.811.224	4.062.986.114
1995	Viðb./Endurb.	234.160.971		234.160.971
1996	Nýbyggingar	3.168.503.786	1.137.400.191	4.305.903.977
1996	Viðb./Endurb.	248.941.194		248.941.194
1997	Nýbyggingar	3.870.640.639	1.217.084.307	5.087.724.946
1997	Viðb./Endurb.	312.542.712		312.542.712
1998	Nýbyggingar	4.836.419.862	1.064.577.789	5.900.997.651
1998	Viðb./Endurb.	363.815.828		363.815.828
1999	Nýbyggingar	6.205.850.736	1.113.372.460	7.319.223.196
1999	Viðb./Endurb.	437.660.640		437.660.640
Samtals frá 1990–99		**35.030.507.105**	**7.897.774.452**	**42.928.281.557**

(Viðb./Endurb. = Viðbyggingar og endurbætur.)

Upphæðir eru í krónum. Listinn greinir raunverulegar lánveitingar eins og þær voru á hverjum tíma og má því segja að upphæðir séu tilgreindar á því verðlagi sem þá gilti.

190. Frumvarp til laga [181. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir,
Guðrún Ögmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir,
Björgvin G. Sigurðsson, Lúðvík Bergvinsson.

1. gr.

Á eftir orðinu „vaxtabætur“ í 7. tölul. 28. gr. laganna, sbr. lög nr. 49/1987, sbr. lög nr. 122/1993, kemur: húsaleigubætur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 123. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fékk þá 14 umsagnir um málið. Einn aðili, Vinnumálasambandið, mælti gegn samþykkt frumvarpsins. Þeir sem eindregið studdu það voru eftirfarandi aðilar: BSRB, Öryrkjabandalag Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Akureyrarbær, Leigjendasamtökin, Neytendasamtökin, Sjálfsbjörg, Þroskahjálp, ASÍ, Reykjavíkurborg og Bandalag háskólamanna. Frumvarpið var síðan endurflutt á 125. löggjafarþingi en náði þá ekki heldur fram að ganga.

Frumvarpið er flutt til að tryggja að markmiðum laga nr. 138/1997, um húsaleigubætur, um lækkun húsnæðiskostnaðar tekjulágra leigjenda verði náð og dregið úr aðstöðumun á húsnæðismarkaðnum.

Samkvæmt A-lið 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eru húsaleigubætur skattskyldar sem hverjar aðrar tekjur. Þá ber að staðgreiða skatt af húsaleigubótum skv. A-lið 2. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum. Skv. 28. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt eru vaxtabætur með öllu undanþegnar skattskyldu. Svo húsaleigubætur nái tilgangi sínum að lækka húsnæðiskostnað leigjenda er nauðsynlegt að farið verði með slíkar greiðslur eins og vaxtabætur þeirra sem búa í eigin húsnæði.

Mikið óréttlæti felst í því að skattleggja húsaleigubætur meðan vaxtabætur eru skattfrjálsar. Nálægt 60% þeirra sem nú fá húsaleigubætur eru atvinnulausir, ellilífeyrisþegar, örorkulífeyrisþegar, námsmenn eða einstæðir foreldrar. Hér er því um að ræða tekjulægstu hópa þjóðfélagsins. Húsaleigubætur og vaxtabætur eru hvorar tveggja aðstoð samfélagsins til að auðvelda fólki að standa straum af húsnæðiskostnaði. Því má líkja við brot á jafnræðisreglunni þegar bætur sem komið er á í nánast sama tilgangi, þ.e. að auðvelda fólki að fá húsaskjól, hljóta mismunandi meðferð í skattkerfinu.

Engin sanngirni er í því að þeir sem eiga íbúðir fái 3.300 millj. kr. skattfrjálsar í vaxtabætur, en af 200–300 millj. kr. húsaleigubótum, sem þeir verst settu fá, þurfi að greiða skatt. Einnig má benda á þá framkvæmd sem víða hefur verið komið á að húsaleigubætur koma í stað niðurgreiðslna á leiguíbúðum sveitarfélaga. Þótt tilgangurinn með því sé fyrst og fremst að koma á samræmdu húsaleigubótakerfi fyrir allan leigumarkaðinn, hvort sem um er að ræða félagslegar leiguíbúðir eða íbúðir á almenna markaðnum, getur þessi breyting í mörgum tilvikum þýtt að stærri hluti framfærslunnar hjá lægst launuðu hópunum fari í húsnæðiskostnað. Þannig getur húsaleigan við þá breytingu að færa húsaleigu í leiguíbúðum sveitarfélaga upp í raunkostnað en greiða þess í stað húsaleigubætur þýtt mun hærri mánaðarleigu hjá stórum hópi lágtekjufólks, nema sveitarfélögin bæti þeim sérstaklega mismuninn. Auk þess þarf nú láglaunafólk sem áður fékk mikið niðurgreidda íbúð en engar húsaleigubætur að greiða skatt af breyttu formi hins opinbera á niðurgreiðslu húsnæðiskostnaðar, þ.e. af húsaleigubótunum. Skattur af húsaleigubótum bætist því ofan á minni niðurgreiðslu frá hinu opinbera í húsnæðisaðstoð til lágtekjufólks en áður var. Því til viðbótar bætast nú húsaleigubætur ofan á tekjur viðkomandi og hafa því áhrif til lækkunar á barnabótum, en skerðingarhlutfall barnabóta vegna tekna nemur 5% fyrir eitt barn, 9% fyrir tvö börn og 11% ef börnin eru þrjú eða fleiri.

Af framangreindu má vera ljóst að öll rök hníga í þá átt að jafnræði sé í skattalegri meðferð á húsaleigubótum og vaxtabótum. Það er tilgangur frumvarpsins. Nái það fram að ganga mun það bæta verulega afkomu tekjulægstu hópanna í þjóðfélaginu. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra námu greiðslur húsaleigubóta árið 1997 321 millj. kr. Að teknu tilliti til

þess að margir geta nýtt persónuafslátt sinn til greiðslu á skatti af húsaleigubótum má ætla að tekjutap ríkissjóðs verði um 100 millj. kr. á ári, nái frumvarpið fram að ganga.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði ákvæði um húsaleigubætur í 7. tölul. 28. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, en með þeirri breytingu verða húsaleigubætur skattfrjálsar. Samhliða frumvarpinu er flutt frumvarp til laga um breytingu á ákvæðum ýmissa laga er varða húsaleigubætur.

191. Fyrirspurn [182. mál]

til landbúnaðarráðherra um stangveiði í ám.

Frá Hjálmari Árnasyni.

1. Hversu oft á sl. 20 árum hefur veiðimálastjóri heimilað:
   a. fjölgun stanga í íslenskum laxveiðiám, sundurliðað eftir ám og árum,
   b. lengingu veiðitíma fram yfir 90 daga, sundurliðað eftir ám og vötnum?
2. Hversu oft á sl. 20 árum hefur veiðimálastjóri mælt fyrir um fækkun leyfilegra stanga í íslenskum laxveiðiám, sundurliðað eftir ám og árum?

Skriflegt svar óskast.

192. Fyrirspurn [183. mál]

til menntamálaráðherra um útgjöld sveitarfélaga samfara nýrri námskrá.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hversu mikill kostnaður er því samfara fyrir sveitarfélögin
   a. að bjóða upp á aukið val í 9. bekk grunnskóla, þ.m.t. í tungumálum,
   b. að útbúa náttúrufræðistofur í samræmi við kröfur námskrár?
2. Hvaða tekjustofnar hafa sveitarfélögunum verið tryggðir á móti þessum útgjöldum?

193. Fyrirspurn [184. mál]

til menntamálaráðherra um málefni barna og unglinga í hópi nýbúa.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hverjir eru fimm stærstu málhóparnir á Íslandi nú, auk þess íslenska, og hve margir eru í hverjum þeirra?

2. Hve stór hluti þessara hópa eru börn og unglingar á grunn- eða framhaldsskólaaldri?
3. Í hvaða sveitarfélögum eiga þessi börn og unglingar heima?
4. Hvaða lögboðnu þjónustu eiga grunnskólanemendur í þessum hópi rétt á varðandi
   a. íslenskunám,
   b. móðurmálsnám,
   c. almenna aðlögun að því samfélagi sem þeir búa í?
5. Eru gerðar sömu kröfur til þessara nemenda á samræmdum íslenskuprófum og þeirra sem eiga íslensku að móðurmáli?
6. Hvaða lögboðnu þjónustu eiga framhaldsskólanemar í þessum hópi rétt á varðandi
   a. íslenskunám,
   b. móðurmálsnám,
   c. almenna aðlögun að því samfélagi sem þeir búa í?
7. Eru gerðar sömu inntökukröfur í framhaldsskólum til þessara nemenda og þeirra sem eiga íslensku að móðurmáli?
8. Eru gerðar sömu kröfur til þessara nemenda á íslenskuprófum í framhaldsskólum og þeirra sem eiga íslensku að móðurmáli?
9. Hvert er brottfall þessara nemenda úr framhaldsskólum samanborið við brottfall íslenskra nemenda?

Skriflegt svar óskast.

194. Fyrirspurn [185. mál]

til umhverfisráðherra um sokkin skip og aðra mengunarhættu í sjó umhverfis landið.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Frá hve mörgum skipsflökum sem vitað er um í sjó umhverfis landið er talið að stafi hætta á mengun?
2. Eru að mati umhverfisráðherra nægilega nákvæmar upplýsingar fyrir hendi um mengunarhættu frá skipsflökum eða öðrum mengunarvöldum í sjó í kringum landið og ef svo er ekki, hvað hyggst ráðherra þá fyrir til úrbóta?
3. Er þörf bráðra aðgerða vegna mengunarvalda í sjó og ef svo er, hver eru þá brýnustu verkefnin?

195. Fyrirspurn [186. mál]

til umhverfisráðherra um ákvæði skipulagsreglugerðar um nálægð byggðar við vötn, ár eða sjó.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Telur ráðherra þörf á að endurskoða ákvæði skipulagsreglugerðar, einkum grein 4.15.2, um nálægð byggðar við vötn, ár eða sjó, í ljósi byggingaráforma í Vatnsendalandi við Elliðavatn?
2. Telur ráðherra að setja þurfi sérstök ákvæði um nálægð byggðar við vatnasvæði sem eru hluti vatnsverndarsvæðis eða hafa mikið verndargildi af öðrum ástæðum?
3. Hver er afstaða ráðherra til aukinnar íbúðabyggðar á bökkum Elliðavatns?

196. Fyrirspurn [187. mál]

til menntamálaráðherra um ráðningar í stöður minjavarða.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra framfylgja ákvæði til bráðabirgða í þjóðminjalögum um að ráðið skuli í allar stöður minjavarða fyrir árslok 2000?

197. Fyrirspurn [188. mál]

til dómsmálaráðherra um fjölda afbrota og fjölgun lögreglumanna.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hvað hefur afbrotum fækkað mikið undanfarin tvö ár, sbr. tilmæli ríkislögreglustjóra í bréfi til lögreglustjóra landsins 9. ágúst 1998 um 20% fækkun afbrota, sundurgreint eftir flokkum: umferðarlagabrot, fíkniefnalagabrot, skattsvik, morð, innbrot, þjófnaðir, rán, líkamsárásir, innherjasvik og eignaspjöll?
2. Hver er fjöldi afbrota í ofantöldum flokkum síðastliðin 30 ár, sundurgreint eftir árum?
3. Hver hefur fjölgun einkennisbúinna lögreglumanna við eftirlitsstörf orðið síðan 9. ágúst 1998, sbr. ábendingu ríkislögreglustjóra þess efnis?
4. Hvað hefur lögreglumönnum fjölgað mikið í allt undanfarin tvö ár?
5. Hver er fjölgun lögreglumanna í einstökum deildum lögreglunnar undanfarin tvö ár?
6. Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa til að ná fram frekari fækkun afbrota?

Skriflegt svar óskast.

198. Tillaga til þingsályktunar [189. mál]

um bætta stöðu námsmanna.

Flm.: Björgvin G. Sigurðsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að bæta stöðu námsmanna. Sérstaklega verði hugað að hækkun á grunnframfærslu LÍN, afnámi skattlagningar á húsaleigubætur, að húsaleigubætur skerði ekki námslán og barnabætur og að hámark húsaleigubóta verði hækkað. Á meðan skattlagning á húsaleigubætur hefur ekki verið afnumin verði því jafnframt beint til stjórnar LÍN að bæturnar skerði ekki námslán. Einnig verði tryggt að byggingaraðilar félagslegs húsnæðis, á borð við Félagsstofnun stúdenta, þurfi ekki að fjármagna uppbyggingu félagslegs húsnæðis fyrir námsmenn með lántökum á almennum markaði.

Greinargerð.

Brýnt er að bæta stöðu námsmanna verulega. Mikið óréttlæti felst í því að skattleggja húsaleigubætur á meðan vaxtabætur eru skattfrjálsar og hefur Jóhanna Sigurðardóttir lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þar sem skattlagning húsaleigubóta er afnumin. Ástandið á húsaleigumarkaði snertir fjölmarga námsmenn, hvort heldur er skortur á félagslegu húsnæði, húsnæðisekla á almennum leigumarkaði eða skattlagning húsaleigubóta og skerðing þeirra á námslánum og barnabótum. Námsmenn eru fjórðungur þeirra sem fá húsaleigubætur og ljóst er að enn fleiri fengju bætur ef þeir sem leigja herbergi ættu rétt á húsaleigubótum. Margir námsmenn líða fyrir að húsaleigubætur skerða námslán og barnabætur og torveldar þeim að stunda nám.

Flutningsmenn telja afar brýnt að breyta þessu þar sem núverandi fyrirkomulag bitnar mjög harkalega á námsmönnum utan af landi, einstæðum foreldrum, námsmönnum með börn og efnaminni námsmönnum sem eiga ekki annarra kosta völ en leigja og framfleyta sér á námslánum.

Íbúðir á stúdentagörðum og námsmannaíbúðir eru ákjósanlegur kostur fyrir námsmenn, enda er hér um ódýrt húsnæði að ræða í nágrenni við Háskólann. Því er mikilvægt að Garðahverfið við Háskóla Íslands haldi áfram að vaxa, ekki síst í ljósi mjög erfiðs ástands á almennum leigumarkaði sem gerir það að verkum að námsmenn utan af landi og þeir efnaminni hrekjast frá námi. Einnig er mikill sparnaður fólginn í því fyrir námsmenn og samfélagið allt að námsmenn eigi heima í nágrenni við skóla sína og þurfi ekki að nota ökutæki til að sækja skóla.

Í ágúst 1998 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að vinna að úttekt á leigumarkaði og kanna þörf fyrir leiguíbúðir. Nefndin skilaði skýrslu snemma á þessu ári og er hún nú til athugunar innan ráðuneytisins og í viðræðum ríkis og sveitarfélaga. Í skýrslunni er m.a. lagt til að hætta beri vaxtaniðurgreiðslum til byggingaraðila, en í staðinn komi stofnstyrkir til þessara aðila, hækkun húsaleigubóta eða hugsanlega hvort tveggja. Hinn neikvæði hluti þessara tillagna hefur þegar komið til framkvæmda, þ.e. vextir hafa hækkað og er áhrifa þess þegar farið að gæta hjá Félagsstofnun stúdenta. Hins vegar hefur því fjármagni sem hið opinbera sparar með þessu ekki verið komið aftur til byggingaraðila félagslegs húsnæðis þar sem enn er verið að ræða þessi mál. Þetta kemur byggingaraðilum félagslegs húsnæðis auðvitað afar illa, enda er þeim með þessu gert mjög erfitt fyrir á meðan þörf fyrir húsnæði eykst stöðugt.

Flutningsmenn telja það aðför að þeim námsmönnum sem þurfa að vera á leigumarkaði að hækka vexti af lánum til leiguíbúða. Árum saman hafa þeir verið 1% og stuðlað að uppbyggingu námsmannaíbúða og hóflegri leigu námsmanna. Ljóst er að ef hækka á vextina hækkar annaðhvort leigan hjá námsmönnum eða dregur verulega úr uppbyggingu leiguíbúða. Flutningsmenn leggja því áherslu á að vextir af leiguíbúðum hækki ekki. Verði hins vegar um hækkun að ræða er brýnt að mæta henni með sambærilegri hækkun húsaleigubóta og byggingarstyrks til félagasamtaka sem standa að byggingu leiguíbúða. Ástandið var slæmt í fyrra og mörgum nemendum tókst ekki að finna sér fast húsnæði áður en skóli hófst. Allt bendir til þess að ástandið verði enn verra í ár. Ljóst er að Alþingi verður að grípa til markvissra aðgerða til að snúa við þessari þróun sem stefnir í óefni.

Aldrei hafa jafnmargir stúdentar sótt um vist á stúdentagörðum og í ár, en alls bárust 835 umsóknir. Aðeins verður mögulegt að úthluta um 60% þeirra sem sóttu um íbúðum. Talið er að helstu ástæður fyrir fjölgun umsókna um vist á Görðum í ár sé lítið framboð og hátt leiguverð á almennum markaði. Leiguverð á stúdentagörðum virðist mun lægra en á almennum markaði og því eru Garðarnir góður kostur fyrir stúdenta. Til að þessi góði kostur dafni áfram er mikilvægt að markviss uppbygging stúdentagarða haldi áfram, en til þess þarf að skapa Félagsstofnun stúdenta skilyrði til að svo megi verða.

Stúdentar hafa oft lýst áhyggjum af því að leiga á stúdentagörðum hækki vegna aukins fjármögnunarkostnaðar. Það er því mikilvægt að eigið fé Félagsstofnunar stúdenta til uppbyggingar byggist ekki á lántöku á almennum markaði. Ef Félagsstofnun þarf að leita fjármögnunarleiða með lántöku á almennum markaðsvöxtum mun það óhjákvæmilega leiða til verulegrar hækkunar húsaleigu á stúdentagörðum.

Öflugir stúdentagarðar og uppbygging námsmannaíbúða eru ein af forsendum þess að allir hafi jafnan aðgang að námi. Landsbyggðarfólk, fjölskyldufólk og fólk sem býr við bágan fjárhag á æ erfiðara með að stunda nám vegna hækkandi framfærslukostnaðar.

Flutningsmenn telja brýnt að tekið sé á þessum málum hið fyrsta til að tryggja jafnan aðgang allra að námi. Núverandi ástand mismunar fólki eftir efnahag og búsetu og við það verður ekki unað. Framfærslugrunnur námslána er úreltur og endurspeglar ekki raunverulega þörf námsmanna til framfærslu. Flutningsmenn telja nauðsynlegt að reglulega séu gerðar kannanir á framfærsluþörf námsmanna og námslán taki mið af því. Námslán sem duga til framfærslu námsmanna eru lykilatriði til að tryggja og koma á jafnrétti til náms.

199. Frumvarp til laga [190. mál]

um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Skilgreining á nýtingarhlutfalli í 2. gr. laganna orðast svo: Hlutfall milli brúttóflatarmáls bygginga á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Kostnaður við rekstur Skipulagsstofnunar greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar veitt undanþágu frá einstökum greinum skipulagsreglugerðar.

4. gr.

1. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo: Heimilt er að beita sérstakri svæðisskipulagsmeðferð vegna mannvirkja og áætlana sem ná til fleiri en eins sveitarfélags, svo sem þjóðvega, orkumannvirkja, fjarskiptalína og áætlana um framkvæmdir eða aðra ráðstöfun lands til nýtingar eða verndar.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein, 1. mgr., svohljóðandi:
   Sveitarstjórn ber ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags. Landeiganda eða framkvæmdaraðila er þó heimilt að gera tillögu til sveitarstjórnar að deiliskipulagi á sinn kostnað.
b. Við 1. mgr., sem verður 2. mgr., bætist nýr málsliður, 2. málsl., svohljóðandi: Sveitarstjórn getur þó auglýst tillögu að deiliskipulagi samhliða auglýsingu tillögu að samsvarandi breytingu á aðalskipulagi.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 34. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Skipulagsstofnun“ í 2. tölul. kemur: Skipulagssjóði.
b. 3. tölul. orðast svo: Þar sem sveitarstjórn annast reglulega gerð aðalskipulags og endurskoðun þess án sérstaks samnings skal helmingur innheimtra skipulagsgjalda í sveitarfélaginu yfirfærður árlega til sveitarsjóðs úr Skipulagssjóði.
c. Í stað orðanna „gert sérstakan samning við Skipulagsstofnun og getur hún tekið þátt í kostnaði við gerð eða endurskoðun aðalskipulags sem nemur allt að helmingi kostnaðar“ í 1. málsl. 4. tölul. kemur: fengið greiddan allt að helmingi kostnaðar við gerð eða endurskoðun aðalskipulags úr Skipulagssjóði.
d. Orðið „Skipulagsstofnunar“ í 2. málsl. 4. tölul. fellur brott.
e. Við 5. tölul. bætist: sbr. þó 1. mgr. 23. gr.
f. Í stað orðsins „Skipulagsstofnunar“ í 6. tölul. kemur: Skipulagssjóðs.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Til að standa straum af kostnaði við gerð skipulagsáætlana skal innheimt í ríkissjóð sérstakt gjald af mannvirkjum er nefnist skipulagsgjald. Skipulagsgjald rennur í gegnumstreymissjóð, Skipulagssjóð. Skipulagsstofnun annast vörslu sjóðsins og greiðslur úr honum. Sjóðurinn skal vera óháður fjárhagslegum rekstri stofnunarinnar.
b. 3. og 4. málsl. 2. mgr. orðast svo: Af mannvirkjum sem ekki eru háð byggingarleyfi er greitt skipulagsgjald af aðal- og dreifiæðum vatnsveitna auk mannvirkja sem þeim tengjast, flutningskerfum fyrir fjarskipti milli þéttbýlisstaða auk mannvirkja sem þeim tengjast, loftlínum til flutnings á raforku með 66 kV spennu eða hærri og mannvirkjum þeim tengdum og stofnkerfum hitaveitna utan þéttbýlis. Skipulagsgjald af mannvirkjum sem

ekki eru virt til brunabóta skal nema 0,3% af heildarkostnaði við gerð mannvirkis og skal framkvæmdaraðili tilkynna Fasteignamati ríkisins um lok framkvæmda og heildarkostnað við gerð þess.

c. Við 3. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sýslumaður skal innheimta skipulagsgjald af húsbyggingum í lögsagnarumdæmi sínu og af öðrum gjaldskyldum mannvirkjum, sbr. 3. málsl. 2. mgr., í eigu lögaðila sem hafa lögheimili í umdæminu. Í Reykjavík skal tollstjóri annast innheimtuna. Skipulagsgjald innheimtist samkvæmt fyrirmælum frá Fasteignamati ríkisins.

d. 4. mgr. fellur brott.

8. gr.

Á eftir 4. mgr. 37. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar veitt undanþágu frá einstökum greinum byggingarreglugerðar.

9. gr.

2. mgr. 42. gr. laganna orðast svo:

Byggingarvörur á markaði, þ.m.t. byggingarefni, raðframleiddar byggingareiningar og raðframleidd hús, skulu uppfylla ákvæði reglugerða um viðskipti með byggingarvörur.

10. gr.

Við 7. mgr. 43. gr. laganna bætist: Heimilt er skipulagsnefnd að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafa lýst skriflega yfir því með áritun á uppdrátt að þeir geri ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd eða breytingu á deiliskipulagi, áður en fjórar vikur eru liðnar.

11. gr.

Í stað orðsins „byggingarnefnd“ í 2. mgr. 45. gr. laganna kemur: sveitarstjórn.

12. gr.

3. mgr. 47. gr. laganna orðast svo:

Hönnuður, einstaklingur eða fyrirtæki þar sem löggiltur hönnuður starfar sem leggur uppdrætti fyrir byggingarnefnd eða byggingarfulltrúa skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:

a. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Arkitektar, byggingarfræðingar, verkfræðingar, tæknifræðingar, innanhússarkitektar, landslagsarkitektar og rafiðnfræðingar er sækja um löggildingu skulu standast próf sem þriggja manna prófnefnd sérfróðra aðila annast.

b. Í stað 4. og 5. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Umsækjendur skulu hafa sérhæft sig á viðkomandi löggildingarsviði og öðlast starfsreynslu hjá löggiltum aðila á sviðinu. Starfsreynslutíminn er tvö ár, sbr. þó 3. mgr. 49. gr. Í vottorði um starfsreynslu skal gerð grein fyrir helstu verkefnum sem umsækjandi hefur unnið að á starfsreynslutímanum. Að starfsreynslutíma loknum skulu umsækjendur sækja námskeið og standast próf það sem mælt er fyrir um í 3. mgr. Ráðherra leitar umsagnar viðkomandi fagfélags áður en löggilding er veitt.

14. gr.

Við 50. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að ákveða gjald sem umsækjendur greiða fyrir að þreyta próf. Gjöld skulu aldrei vera hærri en sem nemur kostnaði við framkvæmd prófs.

15. gr.

Í stað 1. og 2. tölul. 2. mgr. 51. gr. laganna koma þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:

1. Húsasmíðameistarar, múrarameistarar, pípulagningarmeistarar, vélvirkjameistarar, stálvirkjameistarar, rafvirkjameistarar, blikksmíðameistarar, málarameistarar og veggfóðrarameistarar sem hlotið hafa löggildingu samkvæmt lögum þessum og byggingariðnfræðingar.
2. Arkitektar, byggingarverkfræðingar, byggingartæknifræðingar, byggingarfræðingar og aðrir verkfræðingar og tæknifræðingar með hliðstæða menntun á byggingarsviði.
3. Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfar aðili sem uppfyllir skilyrði 1. eða 2. tölul., enda annist hann störf byggingarstjóra.

16. gr.

2. málsl. 2. mgr. 52. gr. laganna orðast svo: Iðnmeistarar, sem hafa meistarabréf og hafa lokið prófi frá meistaraskóla eða hafa a.m.k. sambærilega menntun á hlutaðeigandi sviði, geta hlotið slíka löggildingu, enda séu þeir starfandi sem meistarar í iðn sinni.

17. gr.

2. og 3. málsl. 53. gr. laganna orðast svo: Jafnframt er þeim heimilt að innheimta gjöld fyrir útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té. Gjöld þessi mega ekki nema hærri upphæð en sem nemur kostnaði við útgáfu leyfa, útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té og skulu vera í samræmi við gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

18. gr.

3. málsl. 1. mgr. 54. gr. laganna orðast svo: Sveitarstjórn getur sett sérstaka gjaldskrá um bílastæðagjöld í sveitarfélaginu sem sveitarfélagið birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða í lögunum:

a. 3. tölul. orðast svo: Sveitarstjórn getur án þess að fyrir liggi staðfest aðal- eða svæðisskipulag eða samþykkt deiliskipulag og að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar leyft einstakar framkvæmdir sem um kann að verða sótt og er unnt að binda slíkt leyfi tilteknum skilyrðum. Sveitarstjórn getur einnig án þess að fyrir liggi staðfest aðal- eða svæðisskipulag auglýst tillögu að deiliskipulagi að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar. Heimilt er að vísa niðurstöðu Skipulagsstofnunar varðandi slíkt erindi til úrskurðarnefndar, sbr. 8. gr.
b. Við bætast tveir nýir töluliðir sem orðast svo:
   13. Þar sem ekki er fyrir hendi aðalskipulag er heimilt að gera deiliskipulag á grundvelli svæðisskipulags fyrir einstök svæði eða reiti þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, ef í svæðisskipulagi er mörkuð stefna um viðkomandi málaflokka.

14. Á meðan ekki eru til samhæfðir staðlar og/eða tæknisamþykki til þess að ákvæði 2. mgr. 42. gr. verði virk skulu byggingarvörur á markaði hafa vottun eða umsögn um að þær uppfylli kröfur byggingarreglugerðar, standist staðla og falli að verklagi og sérístenskum aðstæðum. Hliðsjón skal höfð af kröfum sem settar eru fram í ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins varðandi hlutverk framleiðanda og tilnefnds aðila við staðfestingu á samræmi við kröfur. Ef ekki liggja fyrir samþykktir frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins varðandi einstaka vöruflokka skal höfð hliðsjón af ákvörðunum um hliðstæðar vörur. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Brunamálastofnun eða aðrir þar til bærir aðilar sem umhverfisráðuneytið viðurkennir skulu gegna samsvarandi hlutverki og tilnefndur aðili vegna ákvæða þessarar greinar. Þessir aðilar annast staðfestingu á samræmi og gefa út vottorð eða umsögn þar að lútandi.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta Alþingi var lagt fram frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum. Þar var gerð tillaga um fjölmargar breytingar á skipulags- og byggingarlögum í ljósi fenginnar reynslu af framkvæmd laganna og voru breytingarnar unnar í samráði við fjölda aðila. Frumvarpið náði ekki fram að ganga. Nú hefur verið ákveðið með hliðsjón af umfangi þeirra athugasemda er fram komu við frumvarpið þegar það var til meðferðar á Alþingi að taka út úr því það sem kallar á nauðsynlegar breytingar og leiðréttingar en jafnframt að hafin verði endurskoðun á lögunum í heild í ljósi fenginnar reynslu og að frumvarp til heildarlaga verði lagt fram eigi síðar en á löggjafarþingi 2002–2003.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru unnar í samvinnu við Skipulagsstofnun og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök iðnaðarins.

Ný skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, öðluðust gildi 1. janúar 1998 og var þar um tímamótalög að ræða en í þeim voru sameinaðir tveir lagabálkar, skipulagslög og byggingarlög og forræði í málaflokknum fært í ríkari mæli til sveitarfélaganna en verið hafði. Framkvæmd laganna byggist að verulegu leyti á setningu reglugerða og eru þær einkum tvær í þessu tilviki, þ.e. annars vegar skipulagsreglugerð og hins vegar byggingarreglugerð en þær tóku gildi júlí 1998. Við gerð þessara reglugerða, sérstaklega byggingarreglugerðar, komu í ljós ýmsir agnúar á lögunum sem nauðsynlegt er að sníða af; auk þess hefur nær þriggja ára reynsla af framkvæmd laganna leitt í ljós ýmsa vankanta sem nauðsynlegt er að taka á.

Þau atriði sem hér koma til endurskoðunar og teljast til efnisatriða eru:

Lagt er til að kostnaður við rekstur Skipulagsstofnunar greiðist að öllu leyti úr ríkissjóði en ekki að hluta til af svokölluðu skipulagsgjaldi. Á móti er lagt til að stofnaður verði sérstakur gegnumstreymissjóður, Skipulagssjóður, sem standi undir fjárframlögum ríkisins til skipulagsgerðar á vegum sveitarfélaganna.

Lagt er til að heimilt verði að beita sérstakri svæðisskipulagsmeðferð, þ.e. skipulagsmeðferð sem nær til fleiri en eins sveitarfélags, vegna mannvirkja og áætlana, svo sem vegna þjóðvega, orkumannvirkja, fjarskiptalína og áætlana um framkvæmdir eða aðra ráðstöfun lands til nýtingar og verndar.

Lagt er til að sveitarstjórn sé heimilt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi samhliða auglýsingu tillögu að samsvarandi breytingu á aðalskipulagi.

Lagt er til að umhverfisráðherra geti að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar veitt undanþágu frá einstökum greinum byggingarreglugerðar og skipulagsreglugerðar.

Lagt er til að skipulagsnefnd sé heimilt að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafa lýst því skriflega yfir með áritun á uppdrátt að þeir geri ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd eða breytingu á deiliskipulagi áður en fjórar vikur eru liðnar.

Lagt er til að fyrirtækjum þar sem starfa löggiltir hönnuðir verði veitt heimild til að leggja inn teikningar fyrir byggingarnefnd og lögð er til sams konar breyting varðandi byggingarstjóra, þ.e. að fyrirtæki og stofnanir þar sem starfar byggingarstjóri geti tekið á sig skyldur byggingarstjóra.

Lagt er til í ákvæði til bráðabirgða að sveitarstjórn geti án þess að fyrir liggi aðal- eða svæðisskipulag auglýst tillögu að deiliskipulagi að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar.

Í ákvæði til bráðabirgða er enn fremur lagt til að á meðan ekki eru fyrir hendi samhæfðir staðlar og/eða tæknisamþykktir til þess að uppfylla ákvæði 2. mgr. 42. gr. skuli byggingarvörur á markaði hafa vottun eða umsögn um að þær uppfylli kröfur byggingarreglugerðar, standist staðla og falli að verklagi og sérislenskum aðstæðum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lögð er til breytt skilgreining hugtaksins nýtingarhlutfall í 2. gr. laganna og það látið tákna hlutfall milli brúttóflatarmáls bygginga á lóð eða reit og flatarmáls á lóð eða reit. Nokkur óvissa hefur verið um hvernig skilgreina á hugtakið „brúttógólfflöt“ og er því lagt til að í staðinn komi hugtakið „brúttóflatarmál“. Hugtakið brúttóflatarmál er skilgreint í staðlinum ÍST 50:1998 sem samanlagt brúttóflatarmál allra hæða byggingar. Brúttóflatarmáli byggingar samkvæmt staðlinum er skipt eftir lokunarflokkum A, B og C. Lokunarflokkur A er bygging eða hluti hennar sem er lokuð á alla vegu, lokunarflokkur B er bygging eða hluti hennar sem er lokuð að ofan en opin á hliðum að hluta eða öllu leyti, lokunarflokkur C er bygging eða hluti hennar sem er afmörkuð á hliðum (þarf ekki að vera lokuð) en opin að ofan. Rétt þykir að við útreikning brúttóflatarmáls byggingar samkvæmt frumvarpi þessu verði svalir og C-rými undanskilin, þ.e. brúttóflatarmál bygginga sé reiknað af A- og B-rými að undanskildum svölum, sem geta ýmist verið B- eða C-rými, enda er nýttingarhlutfalli ætlað að segja til um heildarbyggingarmagn á lóð eða reit. Hversu hátt nýtingarhlutfall má vera á lóð eða reit er ákveðið í skipulagi og þykir því rétt að láta það eftir sveitarstjórnum á hverjum stað að ákveða hvort t.d. heimilt sé að hafa hærra nýtingarhlutfall á þeim lóðum þar sem bílageymsla í byggingu er undir jarðvegsyfirborði.

Með framangreindri breytingu er í reynd verið að lögfesta þá framkvæmd sem tíðkast hefur á undanförnum misserum sem byggist á skipulagsreglugerð. Rétt þykir hins vegar að taka af allan vafa um skýringuna í lögum.

Um 2. gr.

Lagt er til að við greinina bætist að kostnaður við rekstur Skipulagsstofnunar greiðist úr ríkissjóði. Breytingin tengist breytingum sem lagðar eru til í 6. og 7. gr. þessa frumvarps á 34. og 35. gr. laganna varðandi stofnun sérstaks Skipulagssjóðs.

Um 3. gr.

Lagt er til að ráðherra geti að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar veitt undanþágu frá einstökum ákvæðum skipulagsreglugerðar, en slíkt ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum. Í vissum tilvikum kann að vera réttlætanlegt að veita undanþágu frá ákvæðum skipulagsreglugerðar og er eðlilegt að ráðherra, sem setur reglugerðina, hafi slíka undanþáguheimild. Þetta er í samræmi við aðra löggjöf á sviði umhverfismála, svo sem lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um 4. gr.

Lagt er til að við 1. málsl. 1. mgr. 15. gr. verði bætt að heimilt sé að beita sérstakri svæðisskipulagsmeðferð vegna mannvirkja og áætlana sem ná til fleiri en eins sveitarfélags, svo sem þjóðvega, orkumannvirkja og fjarskiptalína og áætlana um framkvæmdir eða aðra ráðstöfun lands til nýtingar eða verndar, t.d. skógræktaráætlana.

Um 5. gr.

Í a-lið er lagt til að framan við greinina bætist ný mgr. þar sem fram komi að sveitarstjórn beri ábyrgð á gerð deiliskipulags. Þetta er til samræmis við framsetningu 16. gr. laganna um aðalskipulag. Einnig verði sérstaklega kveðið á um að landeigendum eða framkvæmdaraðilum sé þó heimilt að vinna deiliskipulagstillögur á sinn kostnað. Slíkar tillögur geta viðkomandi aðilar lagt fram til sveitarstjórnar, sem tekur þá afstöðu til þess hvort hún geri tillöguna að sinni og auglýsi hana skv. 25. gr., eða eftir atvikum 26. gr., laganna.

Gagnrýnt hefur verið að landeigendum eða framkvæmdaraðilum sé ekki heimilt að hafa frumkvæði að deiliskipulagi á eigin kostnað en ákvæði þar að lútandi var sett inn í skipulagsreglugerð. Til að tryggja lagalegan grundvöll þessa ákvæðis er lagt til að við 5. tölul. 34. gr. bætist nýr málsliður sem heimilar landeigendum og framkvæmdaaðilum að hafa frumkvæði að deiliskipulagi á eigin kostnað. Sveitarfélög leggja oft meiri áherslu á deiliskipulag annarra reita en landeigendur sem vilja t.d. ráðstafa landi sínu undir sumarbústaði. Því er ekkert óeðlilegt að þeir hafi slíka heimild og kosti þá gerð deiliskipulagsins sjálfir, þar á meðal grenndarkynningu. Kostnaður við auglýsingar yrði hins vegar sveitarfélagsins, sbr. athugasemdir hér að ofan.

Í b-lið er lagt til að núverandi 1. mgr. verði 2. mgr. og við hana bætist ákvæði um að unnt sé að auglýsa deiliskipulagstillögur, skv. 25. og 26. gr. laganna, samtímis auglýsingu skv. 21. gr. á tillögu að samsvarandi breytingu á aðalskipulagi. Þessi háttur hefur verið hafður á við auglýsingu skipulagstillagna, þ.e. að þrátt fyrir að gildandi deiliskipulag skuli vera í samræmi við gildandi aðalskipulag, hefur verið unnt að kynna tillögur að deiliskipulagi samhliða kynningu á tillögu að samsvarandi breytingu á aðalskipulagi. Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála hefur nýlega kveðið upp úrskurð um að 1. mgr. 23. gr. laganna gefi ekki kost á slíku, heldur beri að ganga frá aðalskipulagsbreytingu að fullu áður en deiliskipulagstillaga er kynnt. Ljóst þykir að það sé framkvæmd skipulagsmála til framdráttar að lögin gefi kost á því að þessar tillögur sé kynntar samtímis. Bæði liggi þá fyrir ítarlegri gögn við kynningu aðalskipulagstillögunnar sem gefi hagsmunaaðilum betri kost á að taka afstöðu til þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru og sé þannig betur fallið til að ná markmiði skipulags- og byggingarlaga um réttaröryggi í skipulags- og byggingarmálum heldur en ef tillögurnar væru kynntar hvor í sínu lagi, jafnvel með margra mánaða millibili. Kynning tillagnanna hvorrar í sínu lagi geti jafnvel valdið misskilningi, þannig að hagsmunaaðilar telji sig þegar hafa komið að sínum athugasemdum við kynningu tillögu að breytingu á aðalskipulagi, og séu því andvaralausir gagnvart síðari auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi. Einnig komi það í veg

fyrir að aðalskipulagsbreyting, sem hagsmunaaðilar hafa e.t.v. haft takmarkaðar forsendur til að taka afstöðu til, liggi fyrir staðfest og bindi þannig forsendur fyrir deiliskipulagstillögunni þegar hún er kynnt. Auk þessa hefur sá háttur að ganga frá aðalskipulagsbreytingunni að fullu áður en deiliskipulagstillaga er auglýst í för með sér að málsmeðferð slíkra breytingartillagna lengist um u.þ.b. þrjá mánuði. Eftir sem áður verði þó óheimilt að auglýsa gildistöku deiliskipulags í Stjórnartíðindum fyrr en auglýst hefur verið í Stjórnartíðindum gildistaka samsvarandi breytingar á aðalskipulagi.

Um 6. gr.

Lagt er til að komið verði á fót sérstökum Skipulagssjóði sem innheimt skipulagsgjöld renni til. Hlutverk sjóðsins verði að standa straum af hlut ríkisins í kostnaði sveitarfélaga við gerð skipulagsáætlana, sbr. 2., 3., 4. og 6. tölul. 34. gr. laganna. Lagt er til að Skipulagsstofnun sjái um umsýslu sjóðsins og fari með ákvarðanir um framlag ríkisins til gerðar einstakra skipulagsáætlana sveitarfélaga, sbr. 2., 4. og 6. tölul. 34. gr. laganna. Með þessu er skilið á milli þátttöku ríkisins í skipulagsgerð sveitarfélaga og fjárhagslegs rekstrar Skipulagsstofnunar og talið að skýrara verði að innheimtum skipulagsgjöldum er ekki ætlað að standa undir rekstri Skipulagsstofnunar.

Um 7. gr.

Lögð er til breyting í a-lið til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til í 6. gr. frumvarpsins.

Í b-lið er lagt til að 4. málsl. 2. mgr. 35. gr. falli brott, en þar segir að ekki skuli greitt skipulagsgjald af mannvirki sem ekki er háð byggingarleyfi að undanskildum stofnkerfum rafveitna, vatnsveitna, hitaveitna og fjarskipta utan þéttbýlis. Hér er ekki um að ræða efnisbreytingu heldur er lögð til nánari útfærsla á þeim hugtökum sem marka þann gjaldstofn sem fyrir er í lögunum. Lagt er til að í staðinn fyrir hugtakið stofnkostnaður verði notað hugtakið heildarkostnaður en með því er átt við allan kostnað við gerð mannvirkis, þar á meðal við verkframkvæmd, hönnun og eftirlit. Ekki þykir rétt að kostnaður við rannsóknir komi inn í gjaldtöku skipulagsgjalds, enda framkvæmdaraðili oft að vinna grunnrannsóknir sem nýtast einnig öðrum, t.d. skipulagsyfirvöldum.

Í c-lið er lagt til að það séu sýslumenn sem innheimta skipulagsgjald samkvæmt fyrirmælum frá Fasteignamati ríkisins, nema hvað í Reykjavík er það tollstjóri. Sýslumaður skal innheimta í lögsagnarumdæmi sínu skipulagsgjald af þeim húsbyggingum sem byggðar eru í umdæmi hans enda er í 3. tölul. 34. gr. laganna gert ráð fyrir að þær sveitarstjórnir sem annast reglulega gerð aðalskipulags fái helming innheimts skipulagsgjalds í sveitarfélaginu. Hins vegar ber að innheimta skipulagsgjald af öðrum gjaldskyldum mannvirkjum í því umdæmi þar sem framkvæmandi á lögheimili. Önnur gjaldskyld mannvirki eru, sbr. b-lið þessarar greinar frumvarpsins aðal- og dreifiæðar vatnsveitna auk mannvirkja sem þeim tengjast, flutningskerfi fyrir fjarskipti milli þéttbýlisstaða auk mannvirkja sem þeim tengjast, loftlínur til flutnings á raforku með 66 kV spennu eða hærri og mannvirki sem þeim tengjast og stofnkerfi hitaveitna utan þéttbýlis. Þar sem þessi mannvirki eru þess eðlis að þau ná oft yfir fleiri en eitt sveitarfélag, verður ekki fylgt sömu reglu um innheimtu og fyrir húsbyggingar.

Í d-lið er lagt til að fellt sé niður árlegt gjald sem greiðist úr ríkissjóði en breytingum sem lagðar eru til í b-lið á gjaldstofni skipulagsgjalds er ætlað að koma í stað 4. mgr. 35. gr.

Um 8. gr.

Greinin er hliðstæð 6. gr. nema hér er fjallað um undanþágu frá byggingarreglugerð og vísast til þess sem segir í athugasemdum um 6. gr.

Um 9. gr.

Lagt er til að byggingarvörur á markaði skuli uppfylla ákvæði reglugerða um viðskipti með byggingarvörur. Reglugerð um viðskipti með byggingarvörur nr. 431/1994 var sett til að uppfylla skyldur sem Ísland undirgekkst með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Tilskipun sambandsins um byggingarvörur hefur að mestu verið óvirk fram að þessu á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem ekki hefur verið unnt að ljúka gerð samhæfðra staðla og tæknisamþykkta því að ákvarðanir lágu ekki fyrir um hvernig standa skyldi að staðfestingu á samræmi við kröfur fyrir ýmsar byggingarvörur. Þessar ákvarðanir hafa nú flestar verið teknar af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins á grundvelli samþykkta í fastanefnd Evrópusambandsins um byggingarmál. Hins vegar mun vinna við útgáfu samhæfðra staðla og tæknisamþykkta taka nokkurn tíma. Því verður enn bið á að ákvæði reglugerðarinnar um viðskipti með byggingarvörur verði að fullu virk varðandi allar byggingarvörur.

Um 10. gr.

Lagt er til það nýmæli að skipulagsnefnd sé heimilt að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafa lýst skriflega yfir því með áritun á uppdrátt að þeir geri ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd eða breytingu á deiliskipulagi, áður en fjórar vikur eru liðnar. Með uppdrætti í þessari grein er átt við aðaluppdrátt vegna byggingarleyfisumsókna en deiliskipulagsuppdrátt vegna óverulegra breytinga á deiliskipulagi. Mjög mikilvægt er að áritunin sé á framangreinda uppdrætti þar sem þá á að vera tryggt að hlutaðeigandi geri sér alveg ljóst hvað hann er að samþykkja.

Um 11. gr.

Í 2. mgr. 45. gr. á að standa „sveitarstjórn“ en ekki „byggingarnefnd“ og er lagt til að greinin verði leiðrétt af því.

Um 12. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 47. gr. laganna geta eingöngu einstaklingar orðið hönnuðir og lagt fram uppdrætti fyrir byggingarnefnd. Lagt er til að fyrirtæki þar sem starfa löggiltir hönnuðir geti lagt uppdrætti fyrir byggingarnefnd, sem og einstaklingar sem eru löggiltir hönnuðir, að því tilskildu að fyrirtækið hafi fullnægjandi ábyrgðartryggingu. Eðlilegt þykir að fyrirtækjum þar sem löggiltur hönnuður starfar verði heimilt að leggja inn uppdrætti fyrir byggingarnefnd, þ.e. löggiltur hönnuður skrifar undir fyrir hönd fyrirtækisins. Það sé síðan fyrirtækisins að taka ábyrgðartryggingu fyrir verkum sem unnin eru í nafni þess og bera almenna ábyrgð á þeim. Algengt er að í fyrirtækjum sem sérhæfa sig í hönnun mannvirkja starfi eigendur þess og eignaraðild að þeim sé dreifð. Rétt þykir því að heimila þeim að bera sameiginlega ábyrgð á verkefnum fyrirtækisins en ekki að ábyrgðin lendi á nokkrum einstaklingum innan þess.

Í lögunum kemur einungis fram að hönnuðir leggi uppdrætti fyrir byggingarnefnd en ekki byggingarfulltrúa og hefur það valdið ágreiningi. Til að ekkert fari milli mála er lagt til að kveðið sé á um að hönnuðir leggi uppdrætti fyrir byggingarnefnd og byggingarfulltrúa.

Um 13. gr.

Í a-lið er lögð til sú breyting á 1. málsl. 3. mgr. að allar stéttir sem hljóta löggildingu ráðherra samkvæmt greininni eru taldar upp en áður voru einungis taldir upp arkitektar og byggingarfræðingar. Hér er þó ekki um efnislega breytingu að ræða.

Í b-lið er lagt til að allar stéttir sem hljóta löggildingu samkvæmt þessari grein þurfi tveggja ára starfsreynslu áður en þeim er heimilt að fara í próf hjá prófnefnd mannvirkjahönnuða. Er það sami reynslutími og í eldri byggingarlögum. Í 48. gr. laganna eru kröfur um starfsreynslu mismunandi eftir stéttum. Arkitektar þurfa enga starfsreynslu til að fá að fara í próf, byggingarfræðingar þurfa 20 mánaða starfsreynslu en aðrar stéttir þriggja ára starfsreynslu til að hljóta löggildingu á sínu sérsviði. Mikillar óánægju hefur gætt hjá Verkfræðingafélaginu, Tæknifræðingafélaginu o.fl. með að mismikillar starfsreynslu sé krafist eftir stéttum. Hér er lagt til að allir hönnuðir standi jafnt að vígi hvað varðar kröfur um starfsreynslu og að þeir verði að loknu starfsreynslutímabili að taka próf og standast það.

C-liður þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Lagt er til að veitt verði heimild til gjaldtöku vegna kostnaðar við að halda próf til að hljóta löggildingu sem prófhönnuður.

Um 15. gr.

Í 1. tölul. er lögð til lagfæring á 1. tölul. 2. mgr. 51. gr. en af honum mætti ráða að byggingariðnfræðingar þyrftu að hafa hlotið löggildingu skv. 2. mgr. 52. gr., en svo er ekki. Einnig er lagt til samkvæmt eindreginni beiðni Samtaka iðnaðarins að blikksmíðameisturum, málarameisturum, stálvirkjameisturum og veggfóðrarameisturum verði einnig heimilt að vera byggingarstjórar. Með þessari tillögu er öllum iðnmeisturum sem hafa heimild til að bera ábyrgð á verkþáttum iðnmeistara fyrir byggingarnefnd og hlotið hafa löggildingu ráðherra heimilt að starfa sem byggingarstjórar.

Í 2. tölul. er lögð til sú breyting að arkitektar, byggingarfræðingar, byggingartæknifræðingar og byggingarfræðingar, svo og aðrir verkfræðingar og tæknifræðingar með hliðstæða menntun á byggingarsviði, geti orðið byggingarstjórar. Í 2. tölul. 2. mgr. 51. gr. gildandi laga er kveðið á um að arkitektar, verkfræðingar, tæknifræðingar og byggingarfræðingar með þriggja ára starfsreynslu af verk- og byggingarstjórn eða byggingareftirliti geti orðið byggingarstjórar. Rétt þykir að krefjast ekki starfsreynslu af þeim frekar en iðnmeisturum skv. 1. tölul., auk þess sem erfitt er fyrir menn að sýna fram á reynslu af verk- og byggingarstjórn eða byggingareftirliti.

Í 3. tölul. er lagt til að fyrirtækjum og stofnunum verði heimilt að vera byggingarstjórar. Skv. 51. gr. geta fyrirtæki ekki orðið byggingarstjórar heldur eingöngu einstaklingar. Þetta er bagalegt og hefur komið sér illa, enda taka fyrirtæki oft að sér byggingarstjórn og er því eðlilegt að breyta greininni þannig að fyrirtæki þar sem starfar aðili sem uppfyllir skilyrði til þess að vera byggingarstjóri geti tekið að sér skyldur byggingarstjóra og þar með þá ábyrgðartryggingu sem lögboðin er.

Um 16. gr.

Lagt er til að iðnmeistarar sem hafa meistarabréf og hafa lokið prófi frá meistaraskóla eða hafa a.m.k. sambærilega menntun geti hlotið löggildingu sem iðnmeistarar, enda séu þeir starfandi þeir sem meistarar í iðn sinni. Skv. 2. mgr. 52. gr. gildandi laga eru það iðnmeistarar sem hafa meistarapróf og lokið hafa prófi frá meistaraskóla sem geta hlotið slíka löggild-

ingu en ákvæðið hefur verið framkvæmt á þann veg að hafi iðnmeistari meistarabréf og sambærilega menntun við meistaraskóla að mati menntamálaráðuneytisins hefur ráðuneytið veitt þeim iðnmeisturum landslöggildingu. Rétt þykir að taka af allan vafa um heimild til slíkrar málsmeðferðar. Engin ástæða er til þess að útiloka aðra aðila með sambærilega eða meiri menntun á hlutaðeigandi sviði, t.d. verkfræðinga, tæknifræðinga eða iðnfræðinga, frá því að hljóta löggildingu ráðherra.

Um 17. gr.

Lögð er til sú breyting á 2. og 3. málsl. 53. gr. að sveitarstjórnum verði heimilt að taka gjald fyrir yfirferð hönnunargagna, sbr. 46. gr. laganna. Í 6. mgr. 42. gr. laganna er heimild til handa byggingarfulltrúa að fengnu samþykki sveitarstjórnar að fela prófhönnuði eða faggiltri skoðunarstofu yfirferð og samþykki séruppdrátta og að taka gjald fyrir sem nemi þeim útgjöldum sem yfirferðin hefur í för með sér. Rétt þykir að mismuna ekki þeim sem sækja um byggingarleyfi eftir því hvort byggingarfulltrúi, prófhönnuður eða faggilt skoðunarstofa sér um yfirferðina.

Um 18. gr.

Lagt er til að sveitarfélögin láti birta í B-deild Stjórnartíðinda sérstaka gjaldskrá um bílastæðagjöld í sveitarfélaginu en að það sé ekki hlutverk umhverfisráðuneytisins eins og samkvæmt gildandi ákvæði. Er það í samræmi við breytingar á öðrum lögum, svo sem lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr.7/1998. Eðlilegt er að sveitarfélög sjái sjálf um birtingu á gjaldskrám sem þau setja sér, enda ber sveitarfélagið alla ábyrgð á gjaldtökunni og tekur sjálft ákvörðun um hana á grundvelli laga.

Um 19. gr.

Lagt er til í a-lið að við 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum bætist heimild til sveitarstjórna til að auglýsa deiliskipulagstillögur skv. 25. gr. laganna þar sem ekki er fyrir hendi aðal- eða svæðisskipulag, að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar. Þetta er í samræmi við framkvæmd 3. tölul. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga og áður 2. mgr. 5. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964, en rétt þykir að taka af allan vafa um heimild til slíkrar málsmeðferðar. Þar til fyrir liggur aðalskipulag af öllu landi sveitarfélaga, er nauðsynlegt að unnt sé að ganga frá deiliskipulagi af afmörkuðum svæðum í dreifbýli með þessum hætti.

Samkvæmt b-lið er lagt til að við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist tveir nýir töluliðir. Í þeim fyrri er lagt til að unnt verði að vinna deiliskipulag á grundvelli svæðisskipulags, þar sem ekki liggur fyrir aðalskipulag. Víða í dreifbýli háttar þannig til að fyrir liggur svæðisskipulag, en ekki aðalskipulag. Á þessum svæðum hefur verið litið svo á að unnt sé að vinna deiliskipulag á grundvelli svæðisskipulags, en beina lagaheimild fyrir slíku hefur skort. Eingöngu verði unnt að vinna deiliskipulag á grundvelli svæðisskipulags í þeim tilvikum þar sem viðkomandi svæðisskipulagsáætlun markar stefnu um þá landnotkun sem deiliskipulagið fjallar um. Þannig sé eingöngu unnt að vinna deiliskipulag frístundabyggðar á grundvelli svæðisskipulags, ef viðkomandi svæðisskipulagsáætlun markar stefnu um svæði fyrir frístundabyggð. Öll sveitarfélög skulu hafa lokið gerð aðalskipulags 1. janúar 2008, sbr. 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða, og miðast því þessi heimild einnig við það tímamark.

Í síðari töluliðnum er lögð til ákveðin málsmeðferð varðandi byggingarvörur þar sem enn hefur ekki verið lokið við gerð samhæfðra staðla og tæknisamþykkta sem reglugerð um viðskipti með byggingarvörur vísar í, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Markmiðið er að leitast við, þar til reglugerð um viðskipti með byggingarvörur nær til allra byggingarvara, að vísa framleið-

endum og innflytjendum byggingarvara á þá málsmeðferð sem mun gilda um byggingarvörur á Evrópska efnahagssvæðinu í nánustu framtíð. Bráðabirgðaákvæðið tekur mið af kröfum sem gerðar eru í 2. mgr. 42. gr. laganna en jafnframt er kveðið á um að taka skuli mið af kröfum sem settar hafa verið um hlutverk framleiðanda og tilnefnds aðila í tengslum við reglugerð um viðskipti með byggingarvörur varðandi staðfestingu á samræmi við kröfur. Þeir þættir sem tilteknir eru fyrir staðfestingarferlið eru innra eftirlit, prófanir á sýnum á vegum framleiðanda, upphafsprófanir framleiðanda, upphafsprófanir tilnefnds aðila, viðurkenning á innra eftirliti, ytra eftirlit tilnefnds aðila og sýnataka á markaði eða á byggingarstað. Þessum þáttum er síðan raðað saman á sex mismunandi vegu og eru því sex staðfestingarkerfi í notkun fyrir byggingarvörur. Hvorki tilnefndi aðilinn né framleiðandinn ákveður hvaða kerfi skuli valið fyrir hverja einstaka tegund byggingarvöru. Sú ákvörðun er tekin af stjórnvöldum. Lagt er til að aðili sem annast staðfestingu á samræmi annist flokkun byggingarvara í staðfestingarkerfi varðandi þær vörur sem bráðabirgðaákvæðið gildir um, með hliðsjón af þeim leiðbeiningum sem lagðar eru til í ákvæðinu. Sömu staðfestingarkröfur gildi þannig fyrir sambærilega flokka byggingarvara, t.d. skal beita sömu staðfestingarkröfum á öll raðframleidd hús.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Megintilgangur frumvarpsins er að sníða af vankanta sem tveggja ára reynsla af framkvæmd laganna hefur leitt í ljós. Stefnt er að einfaldari innheimtu og skýrari gjaldstofni skipulagsgjalda.

Einnig er rekstur Skipulagsstofnunar aðskilinn frá endurúthlutun skipulagsgjalds til sveitarfélaga sem hefur verið fært á nýjan fjárlagalið í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2001. Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að kostnaður við rekstur Skipulagsstofnunar greiðist úr ríkissjóði en ekki að hluta til af skipulagsgjaldi eins og nú. Áætlað er að kostnaður ríkissjóðs aukist um 11,4 m.kr. af þessum sökum og er gert ráð fyrir þeim kostnaði í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2001.

200. Frumvarp til laga [191. mál]

um breytingu á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Kristján L. Möller, Sigríður Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 33. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að fresta því að veita manni lausn frá embætti allt þar til hann hefur náð 74 ára aldri ef hann óskar þess sérstaklega og almenn skilyrði laga þessara eru því ekki til fyrirstöðu. Mat um það hvort almenn skilyrði laganna séu uppfyllt er í höndum hlutaðeigandi ráðherra. Ákvæði þetta á ekki við um þá sem skipaðir eru tímabundið, sbr. 2. mgr. og 23. gr.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 43. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef starfsmaður óskar þess sérstaklega og almenn skilyrði laga þessara eru því ekki til fyrirstöðu, er heimilt að fresta uppsögn hans allt þar til hann hefur náð 74 ára aldri. Mat um það hvort almenn skilyrði laganna séu uppfyllt er í höndum viðkomandi forstöðumanns.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Næstu ár og áratugi mun hlutfall fólks sem komið er á eftirlaunaaldur hækka. Á sama tíma má gera ráð fyrir því að meðalaldur manna hækki og heilbrigði aukist, ekki síst hjá þeim sem eldri eru. Í núgildandi lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er mönnum gert að hætta störfum í síðasta lagi þegar þeir ná 70 ára aldri. Rökin fyrir þessum reglum voru einkum þau að skapa svigrúm fyrir yngra fólk á vinnumarkaði og draga úr atvinnuleysi. Þessi rök eiga síður við nú og munu missa gildi sitt enn frekar þegar hlutfall eldra fólks í þjóðfélaginu vex. Þetta mun leiða til þess að meiri þörf verður fyrir starfskrafta þessa fólks. Heilsufar þjóðarinnar hefur farið stigbatnandi undanfarin ár og má ætla að sú þróun haldi áfram. Margir eru við fulla heilsu og með óskerta starfsorku þegar áttræðisaldri er náð og kysu að vinna áfram ef þeir hefðu færi á, en eins og reglurnar eru nú er þessu fólki oft nauðugur einn kostur að setjast í helgan stein, þvert gegn vilja sínum. Engin haldbær rök eru fyrir svo stífum reglum. Af þessum sökum er lagt til í þessu frumvarpi að aldursmörk þau sem í lögunum greinir verði rýmkuð á þann hátt að ef starfsmaður óskar þess sérstaklega og almenn skilyrði laganna, t.d. skilyrði 3. tölul. 6. gr. um nauðsynlega heilbrigði, andlega og líkamlega, standa því ekki í vegi skuli heimilt að fresta því að segja starfsmanni upp störfum allt þar til hann hefur náð 74 ára aldri.

Hugsanlega mætti rýmka aldursmörkin enn frekar, en áður en það er gert er heppilegt og gagnlegt að sjá hvernig þeirri rýmkun á aldursmörkum sem hér er lögð til verður tekið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lögð til sú breyting að heimilt verði að fresta því að veita embættismönnum lausn frá starfi þegar þeir hafa náð 70 ára aldri. Ákvæði þetta gildir aðeins um þá embættismenn sem ráðnir eru ótímabundið. Þetta ákvæði felur ekki í sér að heimilt sé að skipa mann í embætti eftir að hann hefur náð 70 ára aldri, enda er hér einungis um að ræða heimild til að fresta því að veita embættismanni sem þegar hefur verið skipaður lausn frá starfi. Ef vafi leikur á um hvort almenn skilyrði laganna séu uppfyllt er gert ráð fyrir að mat um það efni verði í höndum viðkomandi ráðherra.

Um 2. gr.

Hér er lögð til sú breyting að heimilt verði að fresta uppsögn starfsmanns allt þar til hann hefur náð 74 ára aldri ef hann óskar þess sérstaklega og almenn skilyrði laganna eru því ekki til fyrirstöðu. Ef vafi leikur á um hvort almenn skilyrði laganna séu uppfyllt er gert ráð fyrir því að mat um það efni verði í höndum forstöðumanns viðkomandi stofnunar.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

201. Frumvarp til laga [192. mál]

um breytingu á lögum nr. 55 31. maí 1991, um þingsköp Alþingis, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson,
Lúðvík Bergvinsson.

1. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er nefnd að eigin frumkvæði að fjalla um og rannsaka önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar, svo sem um framkvæmd laga, meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varða. Um slík mál getur nefnd gefið þinginu skýrslu, sbr. 31. gr.

Telji nefnd ríkar ástæður til er henni heimilt að eigin frumkvæði að efna til sérstakrar rannsóknar um mál, sbr. 1. mgr., sem fram fari fyrir opnum tjöldum, nema nefndin ákveði annað. Hún hefur þá rétt til að krefjast nauðsynlegra gagna um málið og heimta skýrslur, munnlegar og skriflegar, af embættismönnum, einstökum mönnum eða lögaðilum. Nefnd skal gefa þinginu skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 121., 122., 123. og 125. löggjafarþingi, en náði ekki fram að ganga.

Í íslenskum stjórnskipunarrétti er því haldið fram að Alþingi fari með veigamesta þátt ríkisvaldsins, sé valdamesta stofnun þjóðfélagsins og meginstoð stjórnskipunarinnar. Alþingi

ber skylda til að standa vörð um það hlutverk sitt að vera meginstoð stjórnskipunar landsins. Á undanförnum árum hafa hins vegar komið berlega í ljós veikleikar löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu þar sem Alþingi er að verða æ meira framkvæmdarvaldsþing. Þessi staðreynd er alvarleg fyrir lýðræðið í landinu og telja má að þingræðið sé í hættu vegna þessa.

Stjórnarfrumvörp eru að stærstum hluta samin af embættismönnum ráðuneytanna eða sérfræðingum sem framkvæmdarvaldið kallar til. Þessir sömu embættismenn eru síðan iðulega ráðgjafar þingnefndar sem fjallar um málið sem þeir hafa samið og sitja gjarnan yfir nefndinni við meðferð málsins. Frumkvæði í lagasetningu hefur þannig smátt og smátt færst frá löggjafarvaldi til framkvæmdarvaldsins því að stærstum hluta eru það einungis frumvörp ríkisstjórna sem ná fram að ganga. Allt of mikið er líka um að löggjafarvaldið framselji vald sitt til framkvæmdarvaldsins með heimild til setningar reglugerðar án þess að Alþingi eða þingnefndir hafi nægjanlegt eftirlit með framkvæmdinni.

Frumvarpi því sem hér er lagt fram er ætlað, ef að lögum verður, að skerpa á eftirlits- og aðhaldshlutverki Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu og fela fastanefndum þingsins víðtækt umboð og rannsóknarvald í einstökum málum, umfram það sem þær hafa nú þegar skv. 26. gr., sbr. 28. gr. þingskapalaga. Árið 1981 hafði Vilmundur Gylfason frumkvæði að því að flytja á Alþingi frumvarp svipaðs efnis, en það náði ekki fram að ganga.

Í 39. gr. stjórnarskrárinnar er ákvæði þess efnis að Alþingi geti skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Þetta ákvæði hefur reynst mjög þungt í vöfum. Nokkrum sinnum hafa komið fram á Alþingi tillögur er varða þetta ákvæði stjórnarskrárinnar og á miðjum 6. áratugnum náði ein fram að ganga þegar samþykkt var skipan nefndar til að rannsaka okur. Nefnd þingmanna rannsakaði málið og skilaði um það skýrslu til Alþingis.

Alþingi hefur óumdeilt eftirlitshlutverk með framkvæmdarvaldinu og stjórnsýslu ríkisins, sbr. t.d. 2. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Að mati flutningsmanna ber þinginu því skylda til þess að fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða, þ.e. að rétt sé farið með það vald sem Alþingi framselur til framkvæmdarvaldsins. Ef eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu á að vera virkt er ákvæði stjórnarskrárinnar ekki nægjanlegt. Frumvarpið byggist á þessu ákvæði stjórnarskrárinnar en með flutningi þess er stefnt að því að koma á virku aðhaldi og eftirliti fastanefnda Alþingis með framkvæmdarvaldinu, um framkvæmd laga og reglugerða og meðferð opinberra fjármuna. Þannig getur þingnefnd hvenær sem henni þykir ástæða til haft frumkvæði að því að taka upp mál og rannsaka án þess að heimild þurfi að fást fyrir því frá Alþingi. Í lögum nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, er kveðið á um að stofnunin skuli vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins en jafnframt er skýrt tekið fram í lögunum að ríkisendurskoðandi njóti sjálfstæðis í starfi sínu. Fumvarpinu er að sjálfsögðu ekki ætlað að breyta neinu varðandi stöðu Ríkisendurskoðunar.

Ef frumvarpið nær fram að ganga má búast við að þingnefndir kalli í auknum mæli eftir upplýsingum um setningu reglugerða áður en þær eru gefnar út, sérstaklega stærri reglugerða sem ekki lúta einungis að tæknilegum útfærslum. Frumvarpið er þó einungis flutt til að taka af allan vafa um þessi atriði þar sem unnt væri að binda lagaheimild til setningar reglugerðar því skilyrði að samráð yrði haft við þingnefnd áður en reglugerð er gefin út. Í nefndaráliti gæti einnig komið fram ósk nefndar um sama atriði. Þótt fjárlög séu ekki almenn lög og hafi því e.t.v. takmarkað fordæmisgildi á þessu sviði má þó benda á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1996, en í greininni eru nokkrar heimildir til fjármálaráðherra m.a. bundnar samþykki fjárlaganefndar. Í Danmörku er reglugerðarheimild stundum bundin samráði við hlutaðeigandi þing-

nefnd en einnig eru dæmi þess að nefnd óski eftir því að sjá drög að reglugerð eða viðkomandi ráðherra óski eftir því að bera reglugerð undir þingnefnd.

Helsta nýmæli þessa frumvarps er tillaga um að þingnefnd geti tekið mál er varða framkvæmd laga og meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varða til sérstakrar rannsóknar er að öllu jöfnu fari fram fyrir opnum tjöldum. Slíkt fyrirkomulag þekkist víða erlendis. Munur á rannsókn samkvæmt fyrri málsgrein 1. gr. frumvarpsins og þeirri seinni er að mun meiri þungi er í rannsókn samkvæmt seinni málsgreininni og er embættismönnum, einstökum mönnum í þjóðfélaginu og lögaðilum beinlínis skylt að afhenda gögn og gefa skýrslur. Því er það gert að skilyrði að nefnd telji ríka ástæðu til þeirrar málsmeðferðar sem mælt er fyrir um í síðari málsgreininni og ber að beita ákvæðinu af varúð. Þannig mundi þingnefnd ekki geta tekið til umfjöllunar þá þætti máls sem eru til úrlausnar hjá dómstólum.

202. Svar [143. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Árna Gunnarssonar um endurskoðun á lögum um fjáröflun til vegagerðar og álögur á landflutninga.

1. *Hvenær var skipuð sú nefnd sem meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar lagði til að ráðherra skipaði til að taka lögin um fjáröflun til vegagerðar til heildarendurskoðunar, sbr. þskj. 973, 223. mál á 125. löggjafarþingi? Hvað líður störfum nefndarinnar?*

Með erindisbréfi, dags. 28. ágúst 2000, skipaði fjármálaráðherra nefnd til að endurskoða lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, einkum þau ákvæði þeirra er varða álagningu þungaskatts. Er nefndinni sérstaklega ætlað að kanna möguleika á upptöku olíugjalds í stað þungaskatts. Samkvæmt erindisbréfinu skulu tillögur nefndarinnar liggja fyrir í lok mars 2001. Vegna ófyrirséðra breytinga í starfsmannamálum innan fjármálaráðuneytisins hefur dregist að nefndin hefji störf en hún mun formlega taka til starfa í byrjun desember 2000.

2. *Hver er skýringin á því að áætlað er að tekjur af þungaskatti aukist á árinu 2001 þrátt fyrir að ekki hafi verið gert ráð fyrir auknum álögum á landflutninga við síðustu breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar?*

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2001 er talið að þungaskattur geti skilað 4.227 millj. kr. á árinu 2001. Það er 282 millj. kr. meira en áætlað er fyrir árið 2000, sbr. eftirfarandi töflu. Til grundvallar þessum tölum liggja forsendur um fjölgun dísilbíla milli ára og fleiri ekna kílómetra.

Eftirfarandi er nánari sundurgreining vegna tekna af þungaskatti samkvæmt fjárlögum 2000 og frumvarpi til fjárlaga 2001:

Í millj. kr.	**Fjárlög 2000**	**Frumvarp 2001**	**Aukning**
Fast árgjald	1.698	1.810	112
Kílómetragjald	2.247	2.417	170
Samtals:	3.945	4.227	282

Helstu ástæður aukinna tekna af þungaskatti er að finna í fjölgun dísilbíla. Í ársbyrjun 1999 var greitt fast árgjald þungaskatts af 10.472 bílum. Við álagningu í júní 2000 voru bílarnir orðnir 14.572, tæpum 40% fleiri. Mest var fjölgun bíla á bilinu 2–3 tonn, rúm 60%.

3. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að við endurskoðun á lögunum verði dregið úr áhrifum stórfelldra olíuverðshækkana á flutningskostnað með því að lækka álögur á landflutninga?*

Engar ákvarðanir hafa verið teknar varðandi breytingar á heildarskattheimtu af landflutningum en málið verður m.a. skoðað í framangreindri nefnd.

203. Frumvarp til laga [193. mál]

um breytingar á lögum nr. 107/1999, um fjarskipti.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 44. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Aðili þarf þó ekki að tilkynna sérstaklega um upptöku samtals þegar ótvírætt má ætla að viðmælanda sé kunnugt um hljóðritunina.

Þrátt fyrir 3. mgr. er opinberum stofnunum heimilt að hljóðrita samtöl er þeim berast þegar slík hljóðritun er eðlilegur þáttur í starfsemi stjórnvalds og nauðsynleg vegna þjóðar- og almannaöryggis. Um fyrirkomulag hljóðritunar og kynningu hennar fyrir almenningi og starfsmönnum stofnunar skal fara eftir skilyrðum sem Persónuvernd kann að setja.

Úrvinnsla hljóðritana samkvæmt grein þessari skal vera í samræmi við lagaákvæði um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Skömmu fyrir jólahlé þingsins voru samþykkt ný fjarskiptalög, sbr. lög nr. 107/1999, um fjarskipti. Fljótlega eftir að lögin tóku gildi hófst umræða um 3. mgr. 44. gr. þar sem segir að sá aðili að símtali sem vill hljóðrita símtalið skuli í upphafi þess tilkynna viðmælanda sínum fyrirætlun sína. Töldu sumir þessa reglu of víðtæka með tilliti til hljóðritunar t.d. lögreglu, blaðamanna, fórnarlamba persónuofsókna og fjármálastofnana. Í kjölfar þessarar umræðu tók samgönguráðuneytið ákvæðið til endurskoðunar. Jafnframt hefur samgöngunefnd Alþingis haft ákvæðið til skoðunar. Niðurstaða ráðuneytisins er að rétt sé að hafa að meginreglu að sá sem vill hljóðrita símtal skuli í upphafi þess tilkynna það viðmælanda sínum.

Um árabil hafa verið sérstök ákvæði í fjarskiptalögum um leynd og vernd fjarskipta, þar sem sjónarmið um friðhelgi einkalífsins hafa þótt mikilvæg í starfsemi sem er undirstaða samskipta manna á milli. Með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83 og 84 frá 25. júní 1999 urðu tilskipun 95/46/EB um friðhelgi einkalífsins og úrvinnslu persónuupplýsinga og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/66/EB frá 15. desember 1997 um friðhelgi

einkalífsins í fjarskiptum hluti af EES-samningnum. Þessar nýju þjóðréttarskuldbindingar Íslands gerðu það að verkum að við undirbúning frumvarps til laga um fjarskipti þurfti að taka ákvæði um leynd og vernd fjarskipta til endurskoðunar.

Markmiðið með þessu ákvæði er að hljóðritun fari ekki fram án vitneskju hlutaðeigandi aðila. Ákvæðið felur ekki í sér að sá sem vill hljóðrita samtal þurfi að fá samþykki til hljóðritunar. Það felur hins vegar í sér að ætlast er til þess að gagnaðili fái vitneskju um að hljóðritun eigi sér stað. Verndarhagsmunir ákvæðisins eru þeir að ekki verði brotið gegn friðhelgi einkalífs manna með hljóðritun símtala og þim hljóðritunum sem fara fram án vitneskju verði síðar safnað í persónugreinanlega gagnagrunna eða notaðar gegn viðkomandi.

Með frumvarpi þessu er lagt til að undanþágur verði veittar frá áskilnaði 3. mgr. 44. gr. um að sá aðili að símtali sem vill hljóðrita símtalið skuli í upphafi þess tilkynna viðmælanda sínum um fyrirætlun sína.

Ákvæði 1. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins er í samræmi við 5. gr. tilskipunar 97/66/EB um friðhelgi einkalífsins í fjarskiptum. Í tilskipuninni er aðildarríkjum ESB falið að setja reglur til varnar friðhelgi einkalífsins en vegna aðildar að EES-samningnum nær sú skylda einnig til Íslands. Ein meginregla mannréttindaákvæða, þar á meðal stjórnarskrár Íslands, mannréttindasáttmála Evrópu og tilskipana ESB um vernd friðhelgi einkalífsins á sviði fjarskipta, er að persónuupplýsinga verði ekki aflað án vitneskju viðkomandi einstaklings. Af ákvæðum tilskipunar 97/66/EB leiðir að þrátt fyrir að aðildarríkjum sé skylt að vernda friðhelgi einkalífsins í fjarskiptalögum er heimilt að kveða á um heimild fyrirtækja til að hljóðrita samtöl þegar það er eðlilegur þáttur í rekstri þeirra. Með þessu ákvæði er komið til móts við þarfir atvinnulífsins sem í vaxandi mæli byggir samband sitt við viðskiptavini á samningum í gegnum síma.

Íslensk fjármálafyrirtæki hljóðrita símtöl undir ýmsum kringumstæðum. Þetta er talið nauðsynlegt vegna þess að í sívaxandi mæli er stofnað til viðskipta símleiðis og hljóðritun símtals er eina leiðin til að sanna hvað fram fór. Þetta gildir um viðskipti á millibankamarkaði hér á landi, í viðskiptum milli íslenskra fjármálafyrirtækja og erlendra, í viðskiptum með verðbréf og gjaldeyri og um hvers konar bankaviðskipti sem framkvæmd eru að beiðni viðskiptamanns í símtali við þjónustuver eða þjónustufulltrúa svo nokkur dæmi séu nefnd. Í þessum tilvikum eru samtöl grundvöllur samnings aðila, enda eru munnlegir samningar almennt jafngildir skriflegum samningum. Fyrirtæki verður þó að kynna viðskiptavinum sínum umfang hljóðritunarinnar til að þær teljist lögmætar.

Gildissvið tilskipunar 97/66/EB er takmarkað þannig að ýmis opinber starfsemi fellur utan hennar. Til samræmis við það segir í 2. mgr. að opinberum stofnunum geti verið heimilt að hljóðrita samtöl er þeim berast þegar slík hljóðritun er eðlilegur þáttur í starfsemi stjórnvalds og nauðsynleg vegna þjóðar- og almannaöryggis. Hér er því lagt til að upptaka geti verið heimil án sérstakrar tilkynningar í vissum tilvikum. Skilyrði þess að hljóðritun sé heimil er að það sé í þágu þjóðar- og almannaöryggis, enda gæti hljóðritun opinberra stofnana á samtölum sem stofnun berast brotið gegn 71. gr. stjórnarskrárinnar.

Nokkur dæmi eru um að aðilar sem starfa í þágu þjóðar- og almannaöryggis hafi tekið upp samtöl sem þeim berast. Þar má nefna lögregluna og Neyðarlínuna ehf. Í lögum um samræmda neyðarsímsvörun, nr. 25/1995, er að finna sérstakt ákvæði sem heimilar slíka upptöku Neyðarlínunnar en hljóðritanir lögreglunnar eru hins vegar framkvæmdar án sérstakrar heimildar. Slík hljóðritun er þó mikilvæg til þess að almannaöryggis verði gætt. Hljóðritanir geta í senn bætt greiningu á aðstæðum við einstök útköll, auðveldað gagnaöflun í þágu gæðastjórnunar og þær má nota sem sönnunargögn, t.d. ef maður gabbar lögreglu eða hjálparlið í skilningi 120. gr. almennra hegningarlaga eða ef önnur afbrot eru framin. Eðlilegt er þó að

hljóðritun símtala sé markaður rammi af til þess bærum yfirvöldum, enda kunna slíkar hljóðritanir að brjóta gegn friðhelgi einkalífs og tjáningarfrelsi manna í skilningi stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu.

Í 2. málsl. 2. mgr. segir að um fyrirkomulag hljóðritunar og kynningu hennar fyrir almenningi og starfsmönnum stofnunar skuli fara eftir skilyrðum sem Persónuvernd kunni að setja. Með þessu er tryggt að ekki verði gengið nær friðhelgi en nauðsynlegt er í þágu lögmætra hagsmuna.

Í 3. mgr. segir að úrvinnsla hljóðritana skuli vera í samræmi við lagaákvæði um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Ákvæði 71. gr. stjórnarskrár, nr. 33/1944, sbr. stjórnskipunarlög, nr. 97/1995, og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu mæla fyrir um friðhelgi einkalífsins. Þessi ákvæði hafa verið útfærð nánar í almennri löggjöf um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Túlkun fjarskiptalaga verður að sjálfsögðu að vera þannig að ekki sé brotið gegn stjórnarskrárvörðum réttindum manna. Tilskipun 97/66/EB fellur undir yfirvöld fjarskiptamála samkvæmt EES-samningnum en aðrar stofnanir hafa það hlutverk að ekki verði gengið óhæfilega nærri einkalífi fólks. Það er því ekkert því til fyrirstöðu að Persónuvernd samkvæmt frumvarpi um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga verði falið að setja hljóðupptökum og úrvinnslu þeirra skilyrði. Þeir sem hyggjast hljóðrita samtöl í síma ættu því að hafa hliðsjón af almennum lögum sem gilda á hverjum tíma um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga auk sérlagaákvæða fjarskiptalaga. Með því er unnt að ná samræmdri réttarframkvæmd um skilmála lögmætrar hljóðritunar og úrvinnslu þeirra.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 107/1999, um fjarskipti.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að rýmka heimildir fyrirtækja og opinberra stofnana til að hljóðrita samtöl sem þeim berast að því marki sem slík hljóðritun brýtur ekki gegn friðhelgi einkalífs hlutaðeigandi einstaklinga.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

204. Frumvarp til laga [194. mál]

um breytingu á lögum nr. 110/1999, um Póst- og fjarskiptastofnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Vegna úthlutunar tíðni til starfrækslu þriðja rekstrarleyfishafans á GSM 900 MHz þjónustu skal heimil taka 16.600.000 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Markmið þessarar lagabreytingar er að afla lagaheimildar til gjaldtöku vegna þriðja GSM 900 leyfisins.

Á farsímamarkaði eru nú tveir aðilar sem starfrækja farsímanet fyrir GSM 900 MHz þjónustu. Hvor þessara aðila greiddi 15 millj. kr. fyrir rásirnar. Sú fjárhæð uppfærð miðað við vísitölu neysluverðs er 16.600.000 kr. á núvirði. Með því að innheimta það gjald af handhafa þriðja GSM 900 leyfisins eru skilmálar þess leyfis sambærilegir þeim sem Landssímanum og Tal voru settir.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur samið útboðslýsingu vegna GSM 900 MHz útboðs sem fylgir frumvarpi þessu. Í I. kafla eru skilgreindar upplýsingar um ákvæði sem leyfið mun innihalda og í III. kafla er skýrt hvaða sjónarmið muni ráða úthlutun. Stofnunin hefur haft til hliðsjónar fyrirmæli fjarskiptalaga um að tryggja skuli eðlilegt samkeppnisumhverfi. Í því sambandi er vakin athygli á 3. gr. II. kafla en þar er gert ráð fyrir því að kröfur um útbreiðslu og þjónustusvæði verði settar í leyfið eins og gert var við útboðið á GSM 900 MHz árið 1996. Með tilkomu ákvæðis um innlenda reikisamninga í lögum nr. 107/1999, um fjarskipti, verður að telja eðlilegt að gera þessa kröfu um útbreiðslu.

Rétt er að taka fram að ákvörðun um þessa tilhögun á gjaldtöku fyrir þriðja GSM-leyfið er alveg óháð umræðu um þriðju kynslóðar farsíma og verðmæti tíðnirása.

Fylgiskjal I.

Póst- og fjarskiptastofnun:

Upplýsingar um GSM 900 farsímakerfi og þjónustu
í sambandi við auglýsingu um umsóknir um leyfi.
(Útgefnar í ágúst 2000.)

GSM 900 LEYFISVEITING

I. kafli.
UPPLÝSINGAR SEM VEITA SKAL Í UMSÓKNUM

1. gr.
Almennar upplýsingar.

Umsækjendur skulu skýra frá nafni, heimilisfangi, kennitölu, síma- og faxnúmeri. Ef um er að ræða fyrirtæki skal upplýst um eigendur þess. Fyrir hlutafélög skal fylgja með listi yfir alla hluthafa sem eiga 5% hlut eða hærri. Ef um er að ræða fyrirtæki í eigu annars fyrirtækis skal upplýst um eigendur hins síðara á sama hátt.

Upplýsa skal hvert sé hlutafé og hversu mikið af því hafi verið greitt.

2. gr.
Starfsemi umsækjanda.

Umsækjandi skal gera grein fyrir núverandi starfsemi sinni; á hvaða sviði hún er og hvaða þjónusta er veitt ef einhver. Ef umsækjandi stundar nú þegar fjarskiptastarfsemi skal hann lýsa henni í smáatriðum og taka fram hvaða þjónusta er veitt og hverjir séu viðskiptamennirnir. Skipurit fyrirtækis skal fylgja með umsókninni ásamt upplýsingum um hvaða deild eða deildir bera ábyrgð á umsókninni.

3. gr.
Tengsl við önnur fjarskiptafyrirtæki.

Umsækjanda ber að upplýsa um tengsl sín við önnur fjarskiptafyrirtæki. Upplýsa skal um beina og óbeina eignaraðild í öðrum fjarskiptafyrirtækjum, um sameiginlegan rekstur eða samstarf að öðru leyti.

4. gr.
Reynsla á fjarskiptasviði.

Hér skal fyrst telja fram reynslu umsækjanda af fjarskiptarekstri áður en núverandi rekstur sem lýsa á skv. 2. gr. kom til sögunnar. Einnig skal telja fram starfsreynslu þeirra sem verða lykilmenn í fyrirhuguðum farsímarekstri umsækjanda.

5. gr.
Fjárhagsstaða umsækjanda.

Með umsókn skulu fylgja rekstraruppgjör umsækjanda fyrir árið 1999 og efnahagsreikningur pr. 31.12.1999. Umsækjandi skal gera grein fyrir bráðabirgðaniðurstöðum reksturs á fyrri helmingi ársins 2000.

6. gr.
Upphaf þjónustu.

Umsækjandi skal upplýsa hvenær ráðgert er að hefja uppbyggingu GSM 900 farsímanetsins og þjónustu og hvenær áætlað er að þjónusta við notendur geti hafist.

7. gr.
Umfang þjónustu.

Gera skal grein fyrir ráðgerðu umfangi þjónustu umsækjanda í farsímakerfinu, að lágmarki að því er varðar eftirfarandi atriði:

1. Hvaða tegundir þjónustu verða veittar í farsímakerfinu.
2. Landsvæði þar sem þjónusta verður veitt í upphafi og hvaða svæði munu bætast við árlega. Telja skal fram fjölda íbúa á hverju svæði. Lýsa skal stærð svæðis af nokkurri nákvæmni en ekki nefna einungis ákveðna staði. Ef fyrirsjáanlegt er að þjónusta verði ekki fyrir hendi á hluta svæðis skal taka það fram. Athygli er vakin á kröfum um lágmarksþjónustu sem er að finna í 4. gr. II. kafla. Umsækjendur verða að gera grein fyrir því með hvaða hætti lágmarkskröfurnar verða uppfylltar.
3. Tilgreina skal hversu góð þjónusta er fyrirhuguð á þjóðvegum landsins. Taka skal fram hvort þjónusta muni ná úti á sjó.
4. Ef gert er ráð fyrir tengslum þjónustu við aðra þjónustu umsækjanda eða samstarfsaðila skal þess getið hér.
5. Áætlað álag á annatíma á hvern notanda (í Erlang).

8. gr.

Markaðshlutdeild og spá um fjölda notenda.

Umsækjendur skulu upplýsa um mat sitt á stærð GSM farsímamarkaðarins, þ.e. fjölda notenda og mínútna. Síðan skal gerð grein fyrir markmiðum umsækjenda um markaðshlutdeild og út frá henni áætla fjölda notenda ár fyrir ár fyrstu 10 ár eftir að þjónusta hefst.

9. gr.

Framkvæmdaáætlun.

Með umsókn skal fylgja ítarleg, tímasett framkvæmdaáætlun um uppbyggingu farsímakerfisins og þjónustu. Áætlunin verður að ná til allra þátta og skal vera sundurliðuð í fjölda skiptistöðva, radíóstöðvar, tengingar milli skiptistöðva og radíóstöðva, reikningakerfi og þjónustuver eftir árum.

Útlista skal hvernig framkvæmdaáætlunin tengist áætlun um markaðshlutdeild.

10. gr.

Áætluð fjárfesting.

Krafa er gerð um sundurliðaða fjárfestingaráætlun vegna fyrirhugaðs farsímakerfis og þjónustu. Áætlunin skal vera sundurliðuð í samræmi við framkvæmdaáætlun, sbr. 9. gr. Gefa skal upp fjárfestingartölur skiptistöðva, radíóstöðva og tenginga milli þeirra, fjölda borða í þjónustuveri o.s.frv. svo að hægt verði að gera sér grein fyrir umfangi rekstursins og því verðmati sem lagt er til grundvallar.

11. gr.

Fjármögnun.

Umsækjendur verða að gera grein fyrir því hvernig starfsemi þeirra á því sviði sem sótt er um leyfi fyrir verði fjármögnuð. Greinargerðin skal ná yfir fjárfestingu skv. 10. gr. Í greinargerðinni skal koma fram hversu miklu af eigin fé verði varið til fjárfestinga og hversu mikið fé verði tekið að láni. Sé gert ráð fyrir hlutafjáraukningu á framkvæmdatímanum skal koma fram hversu mikil hún er áætluð. Umsækjendur skulu tilgreina lánastofnanir sem veita munu fé til starfseminnar og skila yfirlýsingum frá þeim um fyrirheit um lánsfyrirgreiðslu, kjör og endurgreiðslutíma.

12. gr.

Rekstrar- og sjóðstreymisáætlun.

Með umsókn skal fylgja sundurliðuð rekstrar- og sjóðstreymisáætlun fyrir fyrstu 10 ár þjónustunnar. Áætlunin skal skiptast í beinan rekstrarkostnað nets og þjónustu, launakostnað, markaðskostnað, afskriftir, fjármagnskostnað og skatta. Skýringar skulu fylgja hverjum lið fyrir sig. Áætlun um tekjur af þjónustu og öðru skulu fylgja með sundurliðaðar eftir tegundum og þjónustu. Út frá sjóðstreymisáætlun skal gera áætlaðan efnahagsreikning fyrir sama tímabil. Uppsetning á rekstrar- og sjóðstreymisáætlunum skal vera í samræmi við eyðublað Póst- og fjarskiptastofnunar.

Umsækjendur skulu sérstaklega gera grein fyrir áætlaðri arðsemi farsímaþjónustunnar.

13. gr.

Kerfisbygging.

Umsækjendur skulu lýsa fyrirhuguðu fyrirkomulagi farsímanetsins. Sýna skal samspil mismunandi hluta netsins, skiptistöðva, radíóstöðva og tengingu milli þeirra. Gera skal grein

fyrir því hvort umsækjendur munu leigja hjá öðrum línur til að tengja stöðvarnar eða setja sjálfir upp línur og þá hvers konar línur.

14. gr.
Þörf fyrir tíðnir.

Takmarkað tíðnisvið er til úthlutunar í GSM 900 MHz tíðnisviðinu. Umsækjendur skulu gera grein fyrir þörf sinni fyrir tíðnir á öllu fyrirhuguðu þjónustusvæði sínu. Miða skal við ráðgerða kerfisbyggingu, sbr. 13. gr., spá um notendafjölda, sbr. 8. gr., og áætlað álag fyrir hvern notanda mælt í Erlang.

15. gr.
Þjónustustig.

Umsækjendur skulu taka fram hvaða skuldbindingar um þjónustustig hann er tilbúinn að gangast undir á þjónustusvæði sínu, sbr. 7. gr. Sérstaklega skal taka fram eftirfarandi atriði:

1. Hámarksfrávísun á háannatíma.
2. Útfallstíðni sem kerfið verður hannað fyrir. Með útfallstíðni er átt við líkur þess að símtal slitni vegna breytinga á sviðsstyrk frá radíósendistöð í kerfinu.
3. Áreiðanleiki kerfisins, þ.e. hversu mikinn hluta tímans verður farsímakerfið í starfhæfu lagi.

16. gr.
Staða notenda utan þjónustusvæðis.

Umsækjendur skulu gefa til kynna hvaða þjónusta standi notendum til boða þegar þeir fara út fyrir áætlað þjónustusvæði umsækjanda. Annars vegar hvort gerðir verða reikisamningar við erlenda farsímaþjónustu á sama tíðnisviði og hins vegar hvort umsækjandi muni leita eftir innlendum reikisamningum.

17. gr.
Samtengingar við önnur net.

Umsækjendur skulu gera grein fyrir fyrirætlunum um að tengja saman notendur sína við notendur annarra fjarskiptaneta með samtengingu.

18. gr.
Mæling á símtölum.

Hér ber að upplýsa hvernig símtöl verða mæld vegna reikningagerðar, þ.e. hvaða tímaeining verður notuð, hvort tilgreindur verði lágmarkstími í hverju símtali o.s.frv. Einnig skal skýra frá því hver sé nákvæmni fyrirhugaðrar mæliaðferðar.

19. gr.
Reikningagerð.

Upplýsa skal hvort umsækjendur hyggjast setja upp eigið reikningakerfi eða fá aðgang að kerfum annarra. Ef notað verður eigið kerfi skal gefa stutta lýsingu á möguleikum þess.

20. gr.
Símaskrá og upplýsingar um símanúmer.

Umsækjendur skulu upplýsa hvernig þeir hyggjast standa að gerð símaskrár yfir notendur í þjónustu þeirra. Sömuleiðis skulu þeir upplýsa hvernig komið verði á upplýsingaþjónustu í síma um símanúmer.

21. gr.
Kostnaðarbókhald.

Umsækjendur skulu skýra frá því hvernig þeir munu haga kostnaðarbókhaldi sínu sérstaklega með tilliti til þess að geta haldið öllum kostnaði af farsímarekstri sínum aðgreindum frá öðrum kostnaði.

GSM 900 LEYFISVEITING

II. kafli.
KRÖFUR SEM GERÐAR VERÐA TIL LEYFISHAFA.

Leyfishafa verður gert að standa við loforð um þjónustu og þjónustusvæði sem hann hefur gefið í umsókn sinni og liggja til grundvallar úthlutun. Þessu til viðbótar skulu umsækjendur reikna með að eftirfarandi ákvæði verði sett í leyfið. Póst- og fjarskiptastofnun áskilur sér rétt til að breyta ákvæðunum áður en að leyfisveitingu kemur eða bæta við ákvæðum ef nauðsyn þykir.

1. gr.
Eftirlit með starfsemi leyfishafa.

Leyfishöfum er gert að sæta eftirliti með starfsemi sinni eins og kveðið er á um í lögum um fjarskipti, nr. 107/1999, og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 110/1999. Skv. 4. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun er rekstrarleyfishöfum gert að sæta eftirliti með fjárhag sínum af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar og stofnunin getur skv. 5. gr. sömu laga krafist upplýsinga um alla þætti reksturs leyfishafa, sem fellur undir sviðið sem leyfið tekur til. Upplýsingar skulu veittar munnlega eða skriflega eins og beðið er um hverju sinni og innan þeirra tímamarka sem Póst- og fjarskiptastofnun setur.

Sem hluta af eftirliti með fjárhagsstöðu leyfishafa getur Póst- og fjarskiptastofnun krafist að hann afhendi henni ársreikninga, milliuppgjör, greinargerðir endurskoðenda og aðrar sambærilegar upplýsingar. Ef fjárhagsstaða leyfishafa er slík að honum kunni hugsanlega að vera ókleift að fullnægja ákvæðum leyfisins getur stofnunin krafist umbóta á henni innan tiltekins frests. Póst- og fjarskiptastofnun getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað rekstrarleyfishafa og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum um fjarskipti eða um Póst- og fjarskiptastofnun.

Bregðist leyfishafi skyldu sinni til að fullnægja ákvæðum leyfisins eða ef ekki er orðið við kröfum Póst- og fjarskiptastofnunar um umbætur getur stofnunin afturkallað leyfið að undangengnum hæfilegum viðvörunarfresti.

Allar stöðvar leyfishafa verða háðar tæknilegu eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar að því er varðar samtengingu við önnur net og útgeislun.

2. gr.
Takmörkun á eignaraðild.

Í leyfinu verður kvöð um takmörkun á eignaraðild leyfishafa í öðrum félögum sem fengið hafa og munu fá leyfi til að reka farsímanet og/eða þjónustu. Takmörkunin gildir einnig um óbeina eignaraðild. Leyfishafa verður óheimilt að eiga meira en 10% í öðrum farsímafélögum eða fara með meira en 10% atkvæða.

3. gr.

Bókhaldslegur aðskilnaður.

Gerð verður krafa um að sá þáttur starfsemi leyfishafa sem leyfið nær yfir skuli vera bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi leyfishafa.

4. gr.

Breytingar á ákvæðum leyfis.

Póst- og fjarskiptastofnun mun áskilja sér rétt til að breyta ákvæðum leyfisins undir ákveðnum kringumstæðum. Nýtt leyfisgjald verður ekki tekið vegna slíkra breytinga. Leyfishafi öðlast ekki rétt til skaðabóta vegna skerðinga sem kunna að verða gerðar á heimildum leyfisins.

5. gr.

Starfsstöð á Íslandi.

Gerð verður krafa til þess að leyfishafi reki starfsstöð á Íslandi sem stjórnvöld og neytendur geta snúið sér til í sambandi við rekstur farsímanets og farsímaþjónustu.

6. gr.

Skuldbindingar um þjónustusvæði.

Krafa er gerð um lágmarksþjónustusvæði sem hér segir:

1. Innan fjögurra ára frá útgáfu leyfis skal leyfishafi hafa byggt dreifikerfi sem gerir honum kleift að þjóna a.m.k. 80% þjóðarinnar miðað við fastan búsetustað.
2. Til þjónustusvæðis leyfishafa verða innan fjögurra ára frá útgáfu leyfis að teljast a.m.k. 15 sveitarfélög utan Reykjavíkur sem hafa 1.000 íbúa eða fleiri. Innan hvers sveitarfélags sem leyfishafi þjónar samkvæmt þessu ákvæði má ekki vera merkjanlegur munur á þjónustugæðum.
3. Ekki er gerð krafa um þjónustu á vegum og svæðum milli byggðakjarna en taka skal fram í umsóknum, sbr. 7. gr. I. kafla, að hversu miklu leyti umsækjandi mun þjóna vegum og svæðum umhverfis byggðakjarna. Slík þjónusta verður talin umsækjendum til tekna við mat á umsóknum.

7. gr.

Skráning áskrifenda.

Leyfishafa verður heimilt að skrá upplýsingar um notendur að því marki sem nauðsynlegt telst til þess að geta veitt þeim þjónustu og reikningsfært viðskipti. Óheimilt er að dreifa upplýsingum um áskrifendur nema til þess að hægt sé að gefa út símaskrár og veita upplýsingar um símanúmer.

8. gr.

Skilmálar notenda.

Leyfishafa verður gert að senda Póst- og fjarskiptastofnun eigi síðar en mánuði fyrir opnun þjónustu skriflega skilmála, sem gilda eiga um aðgang og notkun þjónustu leyfishafa. Í skilmálunum skulu koma fram allar kvaðir, sem rekstrarleyfishafi mun leggja á notendur, reikningstímabil, greiðslufrestur, greiðslustaður (ir), ákvæði um lokun, bilanatilkynningar, hver tekur við almennum kvörtunum og uppsagnarfrestur.

Skilmálar skulu ekki mismuna notendum og ekki verður heimilt að synja notendum um aðgang, nema hægt sé að sýna fram á að þeir uppfylli ekki setta skilmála.

9. gr.
Gjaldskrá.

Leyfishafa verður gert að senda Póst- og fjarskiptastofnun eigi síðar en mánuði fyrir opnun þjónustugjaldskrá fyrir hina nýju farsímaþjónustu sína. Gjaldskrána skal leyfishafi birta opinberlega áður en þjónusta hefst. Gjaldskrá með áorðnum breytingum skal ávallt vera aðgengileg opinberlega og skal Póst- og fjarskiptastofnun sent eintak af henni áður en hún tekur gildi. Leyfishafi með umtalsverða markaðshlutdeild á farsímamarkaðinum skal ávallt senda Póst- og fjarskiptastofnun endurskoðaða gjaldskrá a.m.k. fjórum dögum áður en hún tekur gildi.

10. gr.
Sundurliðun reikninga.

Leyfishafa verður skylt að afhenda áskrifendum sem þess óska sundurliðaða símareikninga í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

11. gr.
Úthlutun símanúmera.

Leyfishafa verður úthlutað númeraröðum í samræmi við reglur Póst- og fjarskiptastofnunar um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga, og skal sjálfur annast úthlutun einstakra númera úr þessum röðum til notenda. Sömuleiðis getur leyfishafi sótt um þjónustunúmer fyrir sérstaka þjónustu, sem hann vill bjóða notendum. Gjald verður innheimt fyrir úthlutuð símanúmer í samræmi við lög um Póst- og fjarskiptastofnun og gjaldskrá Póst- og fjarskiptastofnunar.

12. gr.
Upplýsingar um símanúmer.

Leyfishafi verður skyldaður til að tryggja notendum sínum aðgang að upplýsingaþjónustu um símanúmer allan sólarhringinn og gildir það jafnt fyrir símanúmer hjá notendum hans og annarra. Upplýsingar um símanúmer má þó ekki veita ef áskrifandi hefur óskað þess að vera óskráður.

13. gr.
Tækni og staðlar.

Allur net- og kerfisbúnaður farsímakerfisins skal vera í fullu samræmi við evrópska staðla um GSM farsíma sem gerðir eru af ETSI, fjarskiptastaðlastofnun Evrópu. Farsímakerfið skal geta þjónað notendum sem hafa farsíma og búnað í samræmi við fyrrnefnda staðla. Um samþykki á GSM 900 farsímum og búnaði gilda almennar reglur Póst- og fjarskiptastofnunar. Leyfishafa verður ekki heimilað að gera kröfur um notendabúnað sem er frábrugðinn stöðlum.

14. gr.
Gæðakröfur.

Leyfinu munu fylgja kröfur um lágmarksgæði þjónustu, sbr. 15. gr. I. kafla.

15. gr.
Úthlutun tíðna.

Póst- og fjarskiptastofnun mun úthluta leyfishöfum tíðnisviði í samræmi við rökstuddar þarfir þeirra og með hliðsjón af því tíðnisviði, sem til ráðstöfunar er. Áskilinn er réttur til að

afhenda tíðnir til notkunar í áföngum eftir þörfum. Leyfishafar geta síðar sótt um viðbótartíðnir, þegar fjöldi notenda og notkun þeirra réttlætir aukningu með fyrirvara um að tíðnir séu fyrir hendi. Sömuleiðis gerir Póst- og fjarskiptastofnun fyrirvara um að tíðniúthlutun verði dregin til baka að einhverju eða öllu leyti, ef í ljós kemur að þörfin hefur verið ofmetin eða leyfishafi hefur ekki hafið þjónustu innan eins árs frá veitingu leyfis. Athygli er vakin á því að tíðniúthlutun táknar rétt til notkunar en er ekki eign og er bundin nafni leyfishafa og ekki framseljanleg.

Leyfishafa verður heimilt að nota fyrir radíóstöðvar sínar einstakar tíðnir innan þess tíðnisviðs sem honum hefur verið úthlutað. Þessi notkun er háð undangengnu samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar fyrir hverja stöð til þess að hægt sé fyrirfram að gera ráðstafanir til að forðast truflanir frá stöðinni á öðrum stöðvum eða annarri fjarskiptastarfsemi.

16. gr.
Truflanir.

Leyfishafi verður ábyrgur vegna radíóstöðva í farsímakerfi sínu, sem kunna að valda truflunum og hafa áhrif á rekstur annarra aðila. Póst- og fjarskiptastofnun getur látið innsigla fjarskiptavirki, sem valda alvarlegum truflunum eða bannað notkun þeirra sbr. 50. gr. laga um fjarskipti, nr. 107/1999. Rekstrarleyfishafi skal bera ábyrgð gagnvart notendum sínum að því er varðar truflanir innan farsímakerfisins.

17. gr.
Neyðarhringingar og fjarskipti.

Leyfishafa verður gert að flytja í farsímaneti sínu án endurgjalds upphringingar í neyðarnúmerið 112 eða önnur sambærileg númer. Farsímaþjónusta leyfishafa skal geta tekið við neyðarhringingu frá farsíma án tillits til þess hvort áskriftarkort er í farsímanum og án tillits til gjaldstöðu áskrifanda.

Við sérstakar aðstæður getur Póst- og fjarskiptastofnun eða samgönguráðherra skyldað leyfishafa til að tryggja og viðhalda nauðsynlegum fjarskiptum íslenska ríkinu að kostnaðarlausu.

18. gr.
Leynd fjarskipta.

Leyfishafi skal tryggja að leyndar sé gætt í fjarskiptum í samræmi við ákvæði laga um fjarskipti, nr. 107/1999. Á hinn bóginn skal leyfishafi stjórnvöldum að kostnaðarlausu koma fyrir nauðsynlegum tækjabúnaði til að gefa möguleika á löglegri hlerun símtala í farsímakerfinu.

19. gr.
Alþjóðlegar skyldur.

Leyfishafa verður gert að fullnægja ávallt þeim ákvörðunum sem alþjóðlegar stofnanir um samstarf á sviði fjarskipta hafa gert með sér og bindandi eru fyrir íslenska ríkið. Leyfishafa verður heimilt að eiga aðild að hlutaðeigandi íslenskum sendinefndum hjá alþjóðlegum samtökum og stofnunum að svo miklu leyti sem reglur leyfa á hverjum vettvangi. Slík þátttaka skal vera á eigin kostnað.

20. gr.
Leyfisgjald.

Fyrir leyfi til að reka farsímanet og þjónustu verður innheimt gjald kr. 80.000 fyrir þjónustuleyfi og kr. 20.000 fyrir netleyfi. Þessu til viðbótar verður innheimt sérstakt leyfisgjald fyrir GSM 900 leyfið sem nemur kr. 16.500.000.

Fyrir radíóstöðvar sem leyfishafi tekur í notkun verður innheimt leyfisgjald fyrir hverja stöð í samræmi við gjaldskrá Póst- og fjarskiptastofnunar.

21. gr.
Árleg gjöld.

Leyfishafa verður gert að greiða árleg gjöld til Póst- og fjarskiptastofnunar vegna þjónustu sinnar í samræmi við lög um stofnunina, nr. 110/1999.

Starfrækslugjald verður innheimt fyrir einstakar radíóstöðvar og sambönd í samræmi við gjaldskrá Póst- og fjarskiptastofnunar. Starfrækslugjald fyrir radíóstöðvar miðast við hverja talrás í stöðinni.

22. gr.
Framsal, afturköllun, brot og gildistími.

Leyfi fyrir GSM 900 verður ekki framseljanlegt frekar en önnur leyfi. Póst- og fjarskiptastofnun getur afturkallað leyfi, ef leyfishafi stendur ekki í skilum með greiðslur gagnvart stofnuninni, er veitt greiðslustöðvun eða verður gjaldþrota. Ef um alvarleg brot á skilmálum leyfisins er að ræða getur Póst- og fjarskiptastofnun afturkallað það eftir hæfilega viðvörun til leyfishafa um úrbætur. Að öðru leyti getur Póst- og fjarskiptastofnun við brot á skilmálum leyfisins sektað leyfishafa í samræmi við gildandi löggjöf.

Hámarksgildistími leyfa fyrir GSM 900 verður 10 ár. Heimilt er að sækja um endurnýjun leyfisins til 5 ára í senn og skal framlengja leyfið, ef rekstur leyfishafa hefur verið án vandræða að dómi Póst- og fjarskiptastofnunar og framlenging samræmist almannahag enda komi ákvæði laga ekki í veg fyrir slíka endurnýjun.

Hafi leyfishafi ekki hafið starfsemi sína innan 15 mánuða frá dagsetningu leyfis skal leyfið ógildast. Verði farsímaþjónusta samkvæmt þessu leyfi lögð niður lengur en í 6 mánuði samfellt fellur rekstrarleyfið ásamt tíðniúthlutun niður.

23. gr.
Dómþing.

Í sambandi við leyfisveitingu skal dómþing vera í Reykjavík.

GSM 900 LEYFISVEITING

III. kafli.
MAT UMSÓKNA FYRIR GSM 900 LEYFI

Skilyrði þess að umsóknir verði teknar til greina er í fyrsta lagi að fullnægjandi upplýsingar séu veittar í samræmi við I. kafla. Í öðru lagi skal fjárhagsstaða umsækjanda og fyrirhuguð fjármögnun GSM 900 netsins og þjónustunnar vera fullnægjandi að dómi Póst- og fjarskiptastofnunar.

Við val á leyfishafa úr hópi umsækjenda munu eftirfarandi atriði ráða úthlutun.

1. Hvort lágmarkskröfum um útbreiðslu þjónustu verði mætt.

2. Þjónustusvæði umfram lágmark sem umsækjandi hyggst þjóna.
3. Áætlanir um framtíðarstækkanir þjónustusvæðis.
4. Markmið um fjölda notenda og hlutdeild í GSM 900 markaði.
5. Góð nýting tíðnisviðs.
6. Þjónustustig.
7. Fjárfestingarmöguleikar umsækjenda.
8. Fjárhagsleg staða umsækjenda.
9. Reynsla umsækjenda á fjarskiptasviði.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 110/1999, um Póst- og fjarskiptastofnun.

Tilgangur frumvarpsins er að afla lagaheimildar til gjaldtöku vegna þriðja GSM 900 rekstrarleyfisins. Á farsímamarkaði eru nú tveir aðilar sem starfrækja farsímanet fyrir GSM 900 MHz þjónustu. Gert er ráð fyrir að veita þriðja aðilanum tíðni til starfrækslu á farsímaneti. Einnig er gert ráð fyrir að rekstrarleyfishafinn greiði 16 m.kr. fyrir leyfið sem renni í ríkissjóð sem skatttekjur, sbr. lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

205. Frumvarp til laga [195. mál]

um breytingar á lagaákvæðum er varða húsaleigubætur.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir.

I. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 117 20. desember 1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

1. gr.

3. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Til tekna í þessu sambandi teljast ekki bætur almannatrygginga, tekjur úr lífeyrissjóðum eða bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

2. gr.

3. málsl. 5. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Til tekna í þessu sambandi teljast ekki bætur almannatrygginga, tekjur úr lífeyrissjóðum eða bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ef aðrar tekjur ellilífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð fara ekki fram úr 217.319 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 272.208 kr. á ári.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Ef aðrar tekjur örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð fara ekki fram úr 217.319 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 279.840 kr. á ári.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 118 23. desember 1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

4. gr.

Orðin „aðrar en húsaleigubætur, eftir því sem við á“ í 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna falla brott.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 138 23. desember 1997, um húsaleigubætur.

5. gr.

Orðin „og húsaleigubætur fyrra árs“ í 2. mgr. 9. gr. laganna falla brott.

IV. KAFLI
Gildistaka.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt en þar er lagt til að húsaleigubætur verði undanþegnar skattskyldu líkt og vaxtabætur. Verði það frumvarp að lögum er nauðsynlegt að gera lagfæringar á öðrum lögum þar sem vísað er til húsaleigubóta.

Í lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, og lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, hafa húsaleigubætur verið teknar út úr tekjustofni til viðmiðunar, en þess gerist ekki lengur þörf ef húsaleigubætur teljast ekki til tekna í skilningi skattalaga, verði fyrrnefnt frumvarp að lögum. Sama gildir um lög um húsaleigubætur, nr. 138/1997, en þar er að finna sérákvæði um að húsaleigubætur fyrra árs myndi ekki tekjustofn til skerðingar á bótum.

206. Frumvarp til laga [196. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „26,41%“ í 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna kemur: 26,08%.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2002 vegna tekna ársins 2001 og við staðgreiðslu á því ári.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á skatthlutfalli tekjuskatts einstaklinga. Efni frumvarpsins er í samræmi við tillögur nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði í júní 1999 til að endurskoða ákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995. Megintillaga nefndarinnar laut að því að hækka heimild sveitarfélaga til útsvarsálagningar. Til að milda áhrif framangreindrar heimildar sveitarfélaga til hækkunar á útsvari er lagt til að skatthlutfall tekjuskatts einstaklinga lækki um 0,33%. Áhrif þessarar breytingar eru metin 1.250 m.kr. til lækkunar á tekjum ríkissjóðs.

Lagt er til að skatthlutfall tekjuskatts einstaklinga lækki úr 26,41% í 26,08%. Þessi breyting kemur til framkvæmda 1. janúar 2001 vegna staðgreiðslu á árinu 2001 og við álagningu tekjuskatts á árinu 2002.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að skatthlutfall tekjuskatts einstaklinga lækki um 0,33% þann 1. janúar 2001. Áhrif þessarar breytingar eru metin 1.250 m.kr. til lækkunar á tekjum ríkissjóðs.

207. Frumvarp til laga [197. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 69. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skv. 3. mgr.“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: skv. 3. og 4. mgr.

b. Í stað 3. og 4. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Barnabætur skulu árlega nema 33.470 kr. með öllum börnum yngri en sjö ára á tekjuárinu.

Til viðbótar barnabótum skv. 3. mgr. skal greiðar tekjutengdar barnabætur með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem árlega skulu nema 113.622 kr. með fyrsta barni en 135.247 kr. með hverju barni umfram eitt. Tekjutengdar barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu vera 189.244 kr. með fyrsta barni, en 194.125 kr. með hverju barni umfram eitt. Barnabætur samkvæmt þessari málsgrein skerðast í jöfnu hlutfalli við tekjuskattsstofn umfram 1.290.216 kr. hjá hjónum og umfram 645.109 kr. hjá einstæðu foreldri. Með tekjuskattsstofni í þessu sambandi er átt við tekjur skv. II. kafla laganna, þó ekki tekjur skv. 3. tölul. C-liðar 7. gr., að teknu tilliti til frádráttar skv. 1., 3., 5. og 6. tölul. A-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 30. gr. og frádráttar skv. 31. gr. Skerðingarhlutfallið skal vera 5% með einu barni, 9% með tveimur börnum og 11% með þremur börnum eða fleiri.

c. 5. mgr. fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001 og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2001 og fyrirframgreiðslu á því ári.

Hækka skal fjárhæðir barnabóta sem um ræðir í 3. mgr. og 1. og 2. málsl. 4. mgr. A-liðar 69. gr. laganna sem hér segir:

a. 1. janúar 2002 skulu fjárhæðirnar hækka um 3% og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2002 og fyrirframgreiðslu barnabóta á því ári.

b. 1. janúar 2003 skulu fjárhæðirnar hækka um 2,75% og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2003 og fyrirframgreiðslu barnabóta á því ári.

Hækka skal fjárhæðir sem um ræðir í 3. málsl. 4. mgr. A-liðar 69. gr. laganna sem hér segir:

a. 1. janúar 2002 skulu umræddar fjárhæðir hækka um 5% og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2002 og fyrirframgreiðslu barnabóta á því ári.

b. 1. janúar 2003 skulu umræddar fjárhæðir hækka um 4% og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2003 og við fyrirframgreiðslu barnabóta á því ári.

Skerðingarhlutföll í 5. málsl. 4. mgr. A-liðar 69. gr. laganna lækka sem hér segir:

a. 1. janúar 2002 skal skerðingarhlutfallið vera 4% með einu barni, 8% með tveimur börnum og 10% með þremur börnum eða fleiri og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu 2002 og við fyrirframgreiðslu barnabóta á því ári.
b. Frá 1. janúar 2003 skal skerðingarhlutfallið vera 3% með einu barni, 7% með tveimur börnum og 9% með þremur börnum eða fleiri og kemur breytingin fyrst til framkvæmda við álagningu 2003 og við fyrirframgreiðslu barnabóta á því ári.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í þessu frumvarpi eru lagðar til breytingar á barnabótakerfinu í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og yfirlýsingu hennar frá 10. mars 2000 í tengslum við gerð kjarasamninga sl. vor. Meginmarkmið þessara breytinga er að draga úr tekjutengingu barnabótakerfisins með upptöku ótekjutengdra barnabóta og með nálægt þriðjungs lækkun á tekjuskerðingarhlutföllum. Enn fremur er eignaskerðing barnabóta afnumin. Þá hækka bótafjárhæðir í takt við umsamdar, almennar launahækkanir á árunum 2001–2003. Skerðingarmörk tekna hækka hins vegar nokkru meira. Miðað er við að þessar breytingar komi til framkvæmda í þremur áföngum á árunum 2001, 2002 og 2003.

Nánar tiltekið felast breytingarnar í eftirfarandi:

Bótafjárhæðir hækka í takt við persónuafslátt á tímabilinu 2001–2003, þ.e. um 3% árið 2001, 3% árið 2002 og 2,75% árið 2003. Auk þess hækka fjárhæðir barnabóta um 2,5% við álagningu næsta árs samkvæmt ákvæði VI til bráðabirgða í lögum nr. 65/1997. Heildarhækkun á næstu þremur árum nemur því 11,7%.

Skerðingarmörk tekna hækka um 5% árið 2001, 5% árið 2002 og um 4% árið 2003. Auk þess hækka skerðingarmörkin um 2,5% við álagningu næsta árs samkvæmt gildandi lögum. Heildarhækkun á skerðingarmörkum barnabóta á næstu þremur árum nemur því 17,5%.

Þegar á næsta ári verða teknar upp ótekjutengdar barnabætur fyrir börn undir 7 ára aldri, að fjárhæð 33.470 krónur á ári.

Skerðingarhlutföll tekna lækka um tvö prósentustig, eða um 1% hvort ár 2002 og 2003, þ.e. úr 5% í 3% með einu barni, úr 9% í 7% með tveimur börnum og úr 11% í 9% með þremur börnum eða fleiri. Þetta jafngildir um þriðjungs lækkun á skerðingarhlutföllum tekna.

Eignatenging barnabótakerfisins verður afnumin í ársbyrjun 2001.

Áætlað er að kostnaðarauki ríkissjóðs vegna þessara breytinga nemi rúmlega 2 milljörðum króna árlega þegar breytingarnar verða að fullu komnar til framkvæmda á árinu 2003.

Í fyrstu grein frumvarpsins er lagt til að tvær nýjar málsgreinar komi í stað 3. og 4. mgr. núgildandi laga. Í 3. mgr. er lagt til að með hverju barni innan sjö ára aldurs á tekjuárinu skuli greiða 33.470 kr. í ótekjutengdar barnabætur. Lagt er til að öll ákvæði stafliðarins gildi um ótekjutengdar barnabætur, þ.á m. reglur um fyrirframgreiðslu barnabóta og skerðingar vegna dvalartíma, sbr. 2. mgr. Í 4. mgr. er fjallað um tekjutengdar barnabætur vegna barna sem eru yngri en 16 ára á tekjuárinu og fjárhæðir barnabóta hækkaðar til samræmis við það sem segir hér að ofan.

Samanlögð hækkun ráðstöfunartekna vegna hækkunar barnabóta til ársins 2003
– Fjölda foreldra skipt á tekjubil eftir hæð tekna





Breytingar fjárhæða barnabótaákvæðis tekjuskattslaganna:

Álagningarár	2000	**2001**	2002	2003
Hjón og barnafólk				
Barnabætur með fyrsta barni	107.622	**113.622**	x 3.0%	x 2.75%
Barnabætur með börnum umfr. eitt	128.105	**135.247**	x 3.0%	x 2.75%
Viðbót vegna barna yngri en 7 ára	31.703	**fellur út**	fellur út	fellur út
Ótekjut. barnab. m. b. yngri en 7 ára	á ekki við	**33.470**	x 3.0%	x 2.75%
Skerðingarmörk tekna	1.198.807	**1.290.216**	5%	4%
Skerðingarmörk eigna	8,771.598	**fellur út**	fellur út	fellur út
Skerðingarhlutf. eigna	1.50%	**fellur út**	fellur út	fellur út
Einstæðir foreldrar				
Barnabætur með fyrsta barni	179.251	**189.244**	x 3.0%	x 2.75%
Barnabætur með börnum umfr. eitt	183.874	**194.125**	x 3.0%	x 2.75%
Viðbót vegna barna yngri en 7 ára	31.703	**fellur út**	fellur út	fellur út
Ótekjut. barnab. m. b. yngri en 7 ára	á ekki við	**33.470**	x 3.0%	x 2.75%
Skerðingarmörk tekna	599.404	**645.109**	5%	4%
Skerðingarmörk eigna	6.579.243	**fellur út**	fellur út	fellur út
Skerðingarhlutfall eigna	3.00%	**fellur út**	fellur út	fellur út
Skerðingarhlutfall tekna				
Með einu barni	5%	**5%**	4%	3%
Með tveimur börnum	9%	**9%**	8%	7%
Með þremur börnum og fleiri	11%	**11%**	10%	9%

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fjárhæðir barnabóta hækki um 3% árið 2001, 3% árið 2002 og 2,75% árið 2003. Auk þess hækkar fjárhæð barnabóta um 2,5% við álagningu næsta árs samkvæmt ákvæði til bráðabirgða VI í lögum nr. 65/1997. Heildarhækkun fjárhæða barnabóta á næstu þremur árum nemur því 11,7%.

Þá er lagt til að skerðingarmörk tekna hækki um 5% árið 2001, 5% árið 2002 og 4% árið 2003. Auk þess hækka skerðingarmörkin um 2,5% við álagningu næsta árs samkvæmt gildandi lögum. Heildarhækkun skerðingarmarka tekna á næstu þremur árum nemur því 17,5%.

Enn fremur er lagt til í frumvarpi þessu að þegar á næsta ári verði teknar upp ótekjutengdar barnabætur fyrir börn undir 7 ára aldri, að fjárhæð 33.470 kr. á ári.

Jafnframt er með frumvarpi þessu lagt til að skerðingarhlutföll tekna lækki um tvö prósentustig, eða um 1% hvort ár 2002 og 2003, þ.e. úr 5% í 3% með einu barni, úr 9% í 7% með tveimur börnum og úr 11% í 9% með þremur börnum eða fleiri. Þetta jafngildir um þriðjungs lækkun.

Að lokum er lagt til að eignatenging barnabótakerfisins verði afnumin í ársbyrjun 2001.

Áætlað er að kostnaðarauki ríkissjóðs af framangreindum breytingum geti numið um 2 milljörðum kr. á ári þegar þær verða að fullu komnar til framkvæmda árið 2003. Reiknað er með að sá útgjaldaauki dreifist nokkuð jafnt niður á tímabilið og að aukningin verði um 700 m.kr. á árinu 2001. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2001 hefur þegar verið gert ráð fyrir 600 m.kr. hækkun á fjárveitingu til greiðslu barnabóta í samræmi við áform um að draga úr skerðingum vegna tekna og eigna bótaþega sem sett voru fram í tengslum við kjarasamninga sl. vor. Er því gert ráð fyrir að gerð verði tillaga um hækkun á fjárveitingunni sem nemi um 100 m.kr. við 2. umræðu um frumvarpið. Sú fjárhæð verður þó endurskoðuð í ljósi nánari útreikninga sem Þjóðhagsstofnun mun framkvæma á næstunni til að meta áætlaða hækkun bótagreiðslnanna á hverju ári fyrir sig á tímabilinu 2001–2003.

208. Tillaga til þingsályktunar [198. mál]

um þjóðfána Íslendinga í þingsal Alþingis.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson.

Alþingi ályktar að í þingsal Alþingis skuli vera þjóðfáni Íslendinga.

Greinargerð.

Við setningu Alþingis, 126. löggjafarþings, sagði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, m.a. í ávarpi sínu að það væri sér gleðiefni hve hinum erlendu þjóðhöfðingjum sem hefðu heimsótt landið á sl. fjórum árum hefði þótt mikilsvert að heimsækja með formlegum hætti elsta þjóðþing veraldar:

„Alþingi ætti að hugleiða þær breytingar á þingsköpum sem opnuðu leiðir til að bjóða erlendum þjóðarleiðtogum að ávarpa Alþingi. Sú skipan gæti gert heimsókn í Alþingi að hápunkti Íslandsdvalar og veitt hinum erlendu áhrifamönnum tækifæri til að lýsa stefnu sinni og viðhorfum á vettvangi sem hefði einstæðan sess í lýðræðissögu veraldarinnar."

Flutningsmaður tekur undir orð forseta Íslands að Alþingi hafi einstæðan sess í lýðræðissögu veraldarinnar. En hvernig má það vera að innan veggja Alþingis, hvar rætt er um eflingu, vegsemd og gildi þingsins sjálfs, skuli þjóðfáni vor ekki hafinn til vegs og virðingar?

Í tengslum við heimsóknir þjóðhöfðingja hingað til lands hafa birst fréttamyndir í sjónvarpi frá viðkomandi landi og þingi þar sem að öllu jöfnu er áberandi þjóðfáni landsins við forsæti eða ræðustól.

Með lögum nr. 67/1998, um breyting á lögum nr. 34 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga, voru heimildir til að nýta þjóðfánann rýmkaðar. Var það m.a. gert til að aflétta ofverndun íslenska þjóðfánans og stuðla að því að gera hann sýnilegri.

Alla daga þá Alþingi starfar eru beinar útsendingar sjónvarps frá þingsal og verður ekki annað sagt en að mikil blæbrigði yrðu á sjónvarpsmynd og ásýnd önnur ef þjóðfáni Íslendinga væri sýnilegur við eða nærri forsetastól.

Flutningsmaður telur það mjög við hæfi að þjóðfáni Íslendinga skipi veglegan sess í þingsal Alþingis. Það yrði hinu háa Alþingi til sóma, sem og þjóðfána vorum til vegs og virðingar.

209. Frumvarp til laga [199. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
Stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á a-lið 3. mgr. 3. gr. laganna:

a. Orðin „sem ekki eru nytjaðar til annars en landbúnaðar" falla brott.
b. Á eftir orðunum „sem tengd eru landbúnaði" kemur: öll hlunnindi.

3. gr.

B-liður 3. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Allt að 1,32% af álagningarstofni:
Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

4. gr.

Við 8. gr. laganna bætist nýr stafliður er orðast svo: Framlag úr ríkissjóði er nemi 0,64% af skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum sem innheimtir eru í ríkissjóð. Skal því varið til að jafna tekjutap einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna í

kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja. Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessa ákvæðis í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

5. gr.

Í stað „12,04%“ í 1. mgr. 23. gr. laganna kemur: 13,03%.

6. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. skal hámark útsvars skv. 1. mgr. 23. gr. tekjuárið 2001 vera 12,70%.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið byggir á tillögum nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði 2. júní 1999 til að endurskoða ákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995. Nefndina skipuðu eftirtaldir: Arnbjörg Sveinsdóttir alþingismaður, Bolli Þór Bollason skrifstofustjóri, Eggert Jónsson hagfræðingur, Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri, Guðmundur Árni Stefánsson alþingismaður, Hermann Sæmundsson deildarstjóri, Ingimundur Sigurpálsson bæjarstjóri og Jón Kristjánsson alþingismaður sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar.

Megintillaga nefndarinnar var þess efnis að heimild sveitarfélaga til útsvarsálagningar yrði hækkuð í tveimur áföngum um samtals 0,99% til að bæta fjárhagsstöðu sveitarfélaga um allt land. Ljóst er að skuldastaða sveitarfélaganna hefur versnað sl. áratug og telur nefndin að það stafi af samspili ýmissa þátta. Er hækkunin hugsuð til að gera sveitarfélögum kleift að mæta aukinni fjárþörf.

Einnig miðaði vinna nefndarinnar að því að hrinda í framkvæmd ákvæði stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar um að endurskoðað yrði fyrirkomulag fasteignagjalda íbúðar- og atvinnuhúsnæðis á landsbyggðinni þannig að skattstofninn endurspegli betur raunverðmæti fasteigna. Þá skoðaði nefndin önnur ákvæði II. kafla laganna sem fjallar um fasteignaskatt og lagði til breytingar sem miða að því að jafna samkeppnisstöðu í ferðaþjónustu og eyða réttaróvissu vegna álagningar fasteignaskatts á hlunnindi og á jarðeignir sem ekki eru nýttar til landbúnaðar.

Þar sem sú lækkun sem lögð er til á skattstofni fasteignaskatts leiðir til tekjutaps fyrir sveitarfélög utan Reykjavíkur sem áætlað er að nemi um 1.100 millj. kr. á ári lagði nefndin einnig til að breyting yrði gerð á 8. gr. laganna er miðaði að því að sérstakt framlag rynni til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Frumvarpið er samið í félagsmálaráðuneytinu en er í öllum meginatriðum í samræmi við tillögur nefndarinnar sem eru birtar sem fylgiskjal I með frumvarpinu. Bókanir fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og Guðmundur Árna Stefánssonar eru birtar sem fylgiskjöl II–III.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að horfið verði frá núverandi fyrirkomulagi sem tíðkað hefur verið frá gildistöku eldri laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 91/1989, þ.e. að miða álagningarstofn fasteignaskatts við afskrifað endurstofnverð fasteigna, annarra en sumarhúsa og

útihúsa í sveitum, margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík. Í stað þess er lagt til að miðað verði við fasteignamat þeirra. Með þessu móti á að vera tryggt að fasteignaskattur reiknist af því sem næst raunvirði fasteignar. Hefur verið bent á að núverandi fyrirkomulag feli í sér ójöfnuð gagnvart fasteignareigendum á landsbyggðinni sem oft á tíðum sé gert að greiða fasteignaskatt sem sé úr öllu samhengi við raunverulegt verðmæti fasteigna. Fasteignareigendur í Reykjavík og á stærstum hluta höfuðborgarsvæðisins munu á hinn bóginn verða jafnsettir og áður.

Tekið skal fram að breytingin sem hér er lögð til er í samræmi við nýgerða breytingu á 2. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, sbr. lög nr. 47/2000.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að allar jarðeignir og hlunnindi verði skattlagðar á sama hátt, óháð því hvort þær eru nytjaðar til landbúnaðar. Núverandi framkvæmd hefur reynst vandkvæðum bundin sökum þess að erfitt getur reynst að ákvarða hvort jörð er í reynd nytjuð til landbúnaðar. Þá hafa dómar Hæstaréttar Íslands frá 18. júní 1999, í málum nr. 450 og 451/1998, orðið til að vekja vafa um hvort mismunandi álagningarprósenta fasteignaskatts á jarðeignir og hlunnindi eftir notum stríði gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar. Þar sem mikill meiri hluti jarða og hlunninda er nú skattlagður skv. a-lið 3. mgr. 3. gr. þótti rétt að taka af öll tvímæli og mæla fyrir um að öll slík fasteignaréttindi falli undir það ákvæði. Á hinn bóginn þótti ekki ástæða til að gera sömu breytingu varðandi mannvirki á bújörðum þar sem sönnun á því á hvern hátt mannvirki eru nýtt þykir mun einfaldari. Vísast enn fremur til athugasemda við 3. gr. hvað þetta varðar.

Um 3. gr.

Ákvæðinu er ætlað að skýra hvaða mannvirki sæta hærri álagningarprósentu en þau mannvirki sem falla undir undantekningarákvæði a-liðar 3. mgr. 3. gr. laganna. Eru því sérstaklega talin upp mannvirki sem valdið hafa vafa við framkvæmd núgildandi ákvæða, svo sem fiskeldismannvirki, mannvirki tengd ferðaþjónustu, veiðihús o.s.frv. Talsverður styr hefur staðið um mismunandi álagningu sem víða hefur verið tíðkuð á annars vegar bændagistingu og sumarhús tengd ferðaþjónustu og hins vegar hótel og veitingahús. Skal í því sambandi bent á úrskurð yfirfasteignamatsnefndar frá 9. maí 1997, í máli nr. 8/1996. Þar varð niðurstaðan sú að bændagisting, þar sem ákveðinn hluti húss hafði verið innréttaður gagngert í því augnamiði að leigja til gistingar, félli utan ramma venjulegs landbúnaðar. Gat sá hluti húss sem þetta átti við um því ekki fallið undir undantekningarákvæði a-liðar.

Enn fremur ber að geta álits samkeppnisráðs frá 8. júlí 1998, í máli nr. 8/1998. Þar taldi ráðið að það stríddi gegn markmiði samkeppnislaga að húseignir sem nýttar eru í samkeppnisrekstri á gistimarkaðnum beri mismunandi hlutfall af álagningarstofni fasteignaskatts þar sem í því felist mismunun í kostnaði við öflun tekna af starfsemi þessara aðila. Samkeppnisráð beindi því þeim tilmælum til félagsmálaráðherra að hann hlutaðist til um að framkvæmd laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, verði á þann veg að fullvíst sé að smáhýsi/sumarhús, bændagisting, rekstur gistihúsa í skólum, heimavistum og félagsheimilum eða annar rekstur gistihúsa, sem rekinn er í hagnaðarskyni, falli ekki undir undantekningarákvæði um greiðslu fasteignaskatta samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Með þeirri breytingu sem hér er gerð er komið til móts við þessi tilmæli ráðsins. Er ótvírætt að bæði smáhýsi sem nýtt eru til ferðaþjónustu og bændagisting falla framvegis undir b-lið 3. mgr. 3. gr. Hvað varðar félagsheimili, heimavistir og skólahúsnæði sem nýtt eru hluta úr ári til ferðaþjónustu er hins vegar ekki talið að lagabreytinga sé þörf. Kemur fram í ákvæði 3.

mgr. 5. gr. tekjustofnalaganna að húsnæði sem nýtt er að hluta undir aðra starfsemi en þá sem undanþegin er fasteignaskatti, sbr. 1. og 2. mgr. sömu greinar, skuli skattleggja hlutfallslega miðað við slík afnot.

Um 4. gr.

Greininni er ætlað að tryggja að þau sveitarfélög sem verða fyrir tekjutapi vegna breytingar þeirrar sem lögð er til í 1. gr. frumvarpsins verði jafnsett og áður. Í greininni er gert ráð fyrir að framlag úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þessa nemi 0,64% af skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum, eða 1,1 milljarði kr. á núvirði til að jafna stöðu sveitarfélaga. Með þessum hætti er tryggt að lækkunin mun skila sér beint til þeirra gjaldenda sem góðs njóta af breytingunni. Kemur framlagið til viðbótar þeim 1,4% af skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum, sem innheimtir eru í ríkissjóð, er Jöfnunarsjóður fær skv. a-lið 1. mgr. 8. gr. tekjustofnalaganna.

Um 5. gr.

Ákvæðið felur í sér aukið svigrúm sveitarfélaga til útsvarsálagningar. Með ákvæðinu er komið til móts við aukna fjárþörf einstakra sveitarfélaga. Ekki er lagt til að lágmarksprósenta útsvars hækki samsvarandi, enda ljóst að ekki munu öll sveitarfélög hafa þörf fyrir að nýta hækkunarheimildina. Með þessu er komið til móts við kröfur sveitarfélaga um aukna sjálfsstjórn og fjárhagslega ábyrgð. Miðað við áætlaðan útsvarsstofn tekjuárið 2000 þýðir ákvæðið tekjutilfærslu til sveitarfélaga upp á 3,7 til 3,8 milljarða kr. miðað við fullnýtingu álagningarheimilda.

Gert er ráð fyrir að á móti auknum álögum á skattgreiðendur vegna hækkunar útsvars komi lækkun fasteignagjalda, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Enn fremur er gert ráð fyrir því í tillögum nefndar um endurskoðun tekjustofnalaga að tekjuskattur muni lækka um 0,33% til að milda áhrif útsvarshækkunarinnar. Þar sem um heimildarákvæði er að ræða er ekki ljóst hver heildaráhrif breytingarinnar verða á einstaklinga.

Um 6. gr.

Eins og fram kemur í ákvæði til bráðabirgða gildir það einungis um útsvarsálagningu tekjuárið 2001. Er hér um það að ræða að heildarhækkun útsvarsprósentu er frestað að hluta og kemur því breyting sú sem gerð er á 23. gr. laganna ekki að fullu til framkvæmda fyrr en tekjuárið 2002.

Um 7. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að gert ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins komi til framkvæmda við innheimtu útsvars í staðgreiðslu tekjuárið 2001 og við álagningu fasteignaskatts árið 2001.

Fylgiskjal I.

Helstu niðurstöður og tillögur nefndar um endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Hér eru kynntar helstu niðurstöður úr greiningu nefndarinnar á þróun í fjármálum sveitarfélaga frá 1990 til 1999.

- Frá 1990 til 1999 hafa bókfærðar skatttekjur sveitarsjóðanna aukist að raungildi um 69% meðan rekstrargjöld að meðtöldum fjármagnsgjöldum hafa aukist um 97,4%.
- Því hefur hlutfall rekstrargjalda af skatttekjum aukist úr 78,4% árið 1990 í 91,5% árið 1999.
- Allan síðasta áratug voru sveitarsjóðirnir reknir með halla. Mestur var hallinn 8,6 milljarðar árið 1994 en árið 1999 var hallinn 2,7 milljarðar. Miðað við fjárhagsáætlanir ársins 2000 verður um áframhaldandi hallarekstur að ræða.
- Heildarskuldir sveitarsjóða voru í árslok 1999 51,8 milljarðar og hafa þar með rúmlega tvöfaldast síðan 1990. Peningalegar eignir þeirra hafa einnig aukist en þó ekki í takt við skuldirnar og því hefur peningaleg staða sveitarsjóðanna versnað um nærri 21 milljarð síðan 1990, eða um liðlega 72 þúsund kr. að meðaltali á íbúa.
- Rekstrarafkoma sveitarsjóða á Vesturlandi, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi hefur versnað mun meira en í Reykjavík og á Reykjanesi.
- Þrátt fyrir að rekstrarafkoma sveitarsjóða í Reykjavík og á Reykjanesi hafi almennt verið betri en sveitarsjóða í öðrum landshlutum hefur fjárhagsstaða þeirra versnað talsvert meira en annarra þegar horft er á peningalega stöðu. Þá þróun má m.a. rekja til meiri fjárfestinga á suðvesturhorninu er námu að meðaltali um 22 þúsund kr. á íbúa á ári á tímabilinu meðan fjárfestingar í sveitarsjóðum í öðrum landshlutum voru um 20 þúsund kr. á íbúa.

Nefndin telur að ástæður fyrir ofangreindri þróun og versnandi fjárhag sveitarfélaga síðasta áratug liggi einkum í samspili eftirfarandi þátta:

1. Mikil búseturöskun síðustu ára hefur leitt til þess að sveitarfélög þar sem fólki fækkar lenda í rekstrarörðugleikum þegar færri íbúar standa undir fjármögnun þeirrar þjónustu sem nauðsynlegt er að veita. Á hinn bóginn þurfa þau sveitarfélög þar sem fólksfjölgun á sér stað að ráðst í kostnaðarsamar stofnframkvæmdir til að mæta ófyrirséðri fjölgun íbúa.
2. Áhrif ýmissa laga- og reglugerðabreytinga hafa leitt til aukinna útgjalda sveitarfélaga án þess að í öllum tilvikum hafi verið tryggt að nægjanlegir tekjustofnar hafi fylgt í kjölfarið.
3. Skattalagabreytingar undanfarinna ára hafa skert útsvarstekjur sveitarfélaga og þannig skapað ákveðið ósamræmi á milli þróunar útgjalda og tekna.
4. Mörg sveitarfélög hafa séð sig knúin til að mæta kröfum íbúanna um aukið þjónustustig umfram fjárhagslega getu þeirra.

TILLÖGUR NEFNDARINNAR

Hér eru kynntar heildartillögur nefndarinnar sem eru byggðar á fyrirliggjandi upplýsingum um fjárhagsstöðu sveitarsjóðanna.

1. Hámarksútsvar verði hækkað í áföngum um 0,99 prósentustig.

Nefndin leggur til að hámarksútsvarsprósenta sveitarfélaga verði hækkuð í tveimur áföngum og hækkunin nemi samtals 0,99 prósentustigum.

Í fyrri áfanga er lagt er til að frá 1. janúar 2001 hækki hámaksheimild til útsvarsálagningar um 0,66 prósentustig og verði því 12,7% í stað 12,04% eins og nú er. Á móti lækki tekjuskattsprósenta ríkisins um 0,33 prósentustig. Lágmarksútsvarsprósenta verður óbreytt 11,24%.

Í seinni áfanga er lagt til að frá 1. janúar 2002 hækki hámarksheimild til útsvarsálagningar um 0,33 prósentustig og verði því 13,03% í stað 12,7% miðað við fyrri áfanga. Lágmarksútsvar verði áfram óbreytt.

2. Stofn til álagningar fasteignaskatts verði fasteignamat.

Nefndin leggur til að álagningarstofn fasteignaskatts verði fasteignamat. Breytingin hefur í för með sér verulega lækkaðar álögur fyrir einstaklinga og fyrirtæki utan höfuðborgarsvæðis, en með þessari breytingu er skatturinn lagður á raunverulegt verðmæti fasteigna.

Gangi framangreind breytingartillaga eftir er ljóst að sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðis munu verða af skatttekjum sem nema um 1,1 milljarði. Þessu þarf að mæta með auknu framlagi ríkisins í Jöfnunarsjóð þannig að framlag ríkisins sem nú nemur 1,4% af skatttekjum ríkissjóðs til sjóðsins af beinum og óbeinum sköttum hækki sem nemur þessari fjárþörf. Nefndin leggur áherslu á að markmið slíkrar jöfnunar sé að hvert einstakt sveitarfélag verði framvegis jafnsett miðað við núverandi stöðu og fyrir breytingu.

Nefndin leggur til að skipaður verði starfshópur fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisins sem leggi fram tillögu um ráðstöfun framlaga til sveitarfélaga vegna breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts.

Nefndin leggur enn fremur til að lögum nr. 81/1991, um vatnsveitur sveitarfélaga, verði breytt með hliðsjón af því að vatnsgjald tekur nú mið af sambærilegum stofni og fasteignaskatturinn.

3. Unnið verði að því að fækka undanþágum frá fasteignaskatti eins og kostur er.

Undanþáguákvæði frá skattinum er bæði að finna í tekjustofnalögunum og í sérlögum, t.d. orkulögum. Nefndin leggur til að undanþágum verði fækkað og að þegar verði hafin vinna við að endurskoða ákvæði þar að lútandi í lögum um tekjustofna sveitarfélaga og öðrum lögum. Slíkt mundi bæði einfalda álagninguna og auka skatttekjur sveitarfélaga.

4. Sérstakt framlag ríkisins í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að fjárhæð 700 millj. kr. verði veitt í ár og næsta ár.

Á árinu 2000 komi 700 m.kr. framlag til sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem ráðstafað verði með líkum hætti og sambærilegu framlagi árið 1999.

Á árinu 2001 renni sama fjárhæð til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem ráðstafað verði til sveitarfélaga í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

5. Lagðar eru til breytingar á kafla tekjustofnalaganna um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Ýmsar breytingar eru lagðar til á kafla laganna um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Ekki er þó um að ræða neinar grundvallarbreytingar á starfsemi sjóðsins eða framlögum hans.

6. Kostnaðarmat og samráð.

Lagafrumvörp og stjórnvaldsákvarðanir sem hafa áhrif á fjárhag sveitarfélaga verði kostnaðarmetin gagnvart sveitarfélögum. Ríki og sveitarfélög skulu hafa samráð um fyrirkomulag kostnaðarmatsins, svo og hvernig skuli fara með ágreiningsmál.

Fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga skulu rædd á samráðsfundum aðilanna í tengslum við gerð fjárlaga hverju sinni.

7. Breytt verkaskipting.

Nefndin telur æskilegt að verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga verði breytt og að eftirtalin verkefni verði færð til ríkisins:

- Stofnkostnaður sjúkrastofnana og heilsugæslustöðva.
- Stofnkostnaður framhaldsskóla, þ.m.t. heimavistir.
- Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Í tengslum við þetta þarf enn fremur að taka kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga til endurskoðunar.

Nefndin leggur til að þegar í stað verði hafin vinna við að yfirfara verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og það skoðað sérstaklega hvar ástæða er til að draga úr sameiginlegum verkefnum. Nefndir bendir í því sambandi sérstaklega á verkefni á sviði öldrunarmála.

8. Þjónustugjöld.

Nefndinni vannst ekki tími til að yfirfara gjaldtökuheimildir sveitarfélaga þar sem um umfangsmikið verkefni er að ræða. Því leggur nefndin til að heildarúttekt fari fram á gjaldheimtu sveitarfélaga og bendir í því sambandi á að slík úttekt hefur þegar farið fram varðandi gjaldtökuheimildir ríkisstofnana.

Fjárhagsleg áhrif tillagna nefndarinnar.

Tafla 1. Breytingar á heimildum sveitarfélaga til útsvarsálagningar.

	2000	2001	2002
Hækkun útsvarsprósentu:		0,66%	0,33%
Samtals hækkun útsvarsprósentu		0,66%	0,99%
Hámarksútsvar verður:	**12,04%**	**12,70%**	**13,03%**
Lækkun á tekjuskattsprósentu ríkisins		0,33%	0%
Samtals lækkun tekjuskattsprósentu		0,33%	0,33%

Tafla 2. Fjárhagsleg áhrif tillagnanna á sveitarfélögin miðað við fullnýtingu álagningarheimilda og ríkissjóð.

	2000	2001	2002
Sveitarfélög			
Hækkun útsvars		2.500	3.750
Sérstakt framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	700	700	
Lækkun fasteignaskatts		-1.100	-1.100
Framlag ríkis í Jöfnunarsjóð vegna lækkunar fasteignaskatts		1.100	1.100
Samtals tekjuaukning sveitarfélaga m.v. fullnýtta heimild	**700**	**3.200**	**3.750**
Ríkissjóður			
Lækkun tekjuskattsprósentu		1.250	1.250
Framlag í Jöfnunarsjóð			
- Sérstakt framlag	700	700	
- Framlag vegna lækkunar fasteignaskatts		1.100	1.100
Samtals útgjöld ríkissjóðs	**700**	**3.050**	**2.350**

Allar tölur eru á verðlagi ársins 2000.

Tillögurnar fela í sér aukið svigrúm sveitarfélaga til útsvarsálagningar. Ekki er ljóst í hve miklu mæli sveitarfélögin munu nýta sér þessar auknu heimildir sem ræðst af ákvörðunum viðkomandi sveitarstjórna í ljósi fjárhagslegrar stöðu.

Því er ekki hægt að segja um það hversu mikil hækkun verður á tekjusköttum einstaklinga. Á móti slíkum hækkunum vegur lækkun fasteignaskatts.

Haldi sveitarfélög útsvarshlutföllum sínum óbreyttum munu heildaráhrif skattalagabreytinganna leiða til 2.350 millj. kr. minni heildarskattbyrði. Nýti sveitarfélögin sér á hinn bóginn þessar auknu heimildir að fullu mun heildarskattbyrðin aukast um 1.400 millj. kr. Í ljósi mismunandi fjárhagsstöðu sveitarfélaga er ekki búist við að sveitarfélög nýti sér að fullu þær auknu heimildir til útsvarsálagningar sem hér eru lagðar til og því gert ráð fyrir óverulegri aukningu á skattbyrði. Í þessu sambandi skal bent á að núverandi heimildir sveitarfélaga til útsvarsálagningar eru ekki nýttar að fullu og að ónýtt heimild þeirra nemur u.þ.b. 400 millj. kr. miðað við álagningu vegna ársins 1999.

Fylgiskjal II.

Bókun fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga í tekjustofnanefnd.

Tekjustofnanefnd hefur frá upphafi lagt áherslu á vandaða öflun og úrvinnslu gagna um fjárhagslega stöðu og afkomu sveitarfélaganna. Tölulegar niðurstöður eru allar á einn veg og leiða ótvírætt í ljós að mjög hefur hallað á sveitarfélögin í fjármálalegum samskiptum þeirra við ríkið allt frá árinu 1991.

Öll rök benda til þess að auka þurfi árlegar tekjur sveitarfélaganna í heild um 6–7 milljarða króna. Við teljum að nú séu forsendur fyrir því að ríkið geti að sama skapi dregið úr skattheimtu sinni og höfum við bent á ýmsar leiðir til útfærslu í því sambandi. Harmað er að

fulltrúar ríkisvaldsins í nefndinni hafa ekki fallist á að koma nægjanlega til móts við tillögur okkar um að rétta hlut sveitarfélaganna til samræmis við það sem á þau hefur hallað á undanförnum árum þrátt fyrir ítarlegan rökstuðning og kröfur okkar þar að lútandi.

Við leggjum áherslu á að fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga séu stöðugt til umfjöllunar milli fulltrúa þeirra. Við treystum því að viðvarandi formlegt samstarf ríkis og sveitarfélaga verði um efnahagsmál þar sem fjallað er um þróun í fjármálum og kjaramálum, sbr. yfirlýsingu aðila frá 16. desember 1999. Með slíkum vinnubrögðum ættu ávallt að liggja fyrir faglegar niðurstöður um þróun fjármálalegra samskipta ríkis og sveitarfélaga.

Við teljum að sameiginlegar tillögur nefndarinnar séu fyrsta skrefið í áttina til frekari eflingar tekjustofna sveitarfélaganna. Í trausti þess að framvegis verði kostnaðarmetin öll lagafrumvörp og stjórnvaldsákvarðanir er sveitarfélögin varða, eins og gert er ráð fyrir í tillögu nefndarinnar, undirritum við tillögur hennar.

Fylgiskjal III.

Bókun Guðmundar Árna Stefánssonar alþingismanns um tillögur og skýrslu tekjustofnanefndar.

Langvarandi hallarekstur hefur verið á sveitarfélögum út um allt land – bæði í þéttbýli og dreifbýli. Sífellt hefur sigið á ógæfuhliðina. Öllum er það ljóst og er óumdeilanlegt að stórfelld skuldasöfnun sveitarfélaga hin síðari ár, nettóskuldaaukning síðustu 10 ár er 21 milljarður króna, stafar einfaldlega af því að tekjur sveitarfélaga eru of lágar til að standa undir lögbundnum og eðlilegum verkefnum þeirra. Við svo búið má ekki standa.

Undirritaður telur ítarlega skýrslu tekjustofnanefndar leiða í ljós mikilvægi þess að stórauka hlutdeild sveitarfélaga í tekjum hins opinbera. Leiða má rök að því, og er það í samræmi við niðurstöður nefnda sem áður hafa fjallað um þau mál, að almenn viðbótartekjuþörf sveitarfélaga sé á bilinu fimm til sjö milljarðar króna á ári hverju, ekki síst í ljósi langvarandi hallareksturs þeirra og stóraukinnar skuldasöfnunar sem leiðir til aukinnar vaxtabyrði þeirra árlega í kringum 2,5 milljarða króna. Þar fyrir utan þurfi einnig að grípa til sértækra aðgerða vegna byggðaröskunar og fleiri þátta.

Í skýrslu tekjustofnanefndar segir m.a.: „Frá og með árinu 1991 er á hinn bóginn ljóst að útgjöld sveitarsjóðanna hafi ekki verið í takt við bókfærðar tekjur þeirra og má segja að allan síðasta áratug hafi sveitarsjóðirnir ár hvert verið reknir með halla."

Enn fremur segir í skýrslunni: „Bókfærðar tekjur sveitarsjóðanna hafa aukist um 69% að raungildi frá árinu 1990. Á sama tíma hafa rekstrargjöld I (rekstur málaflokka ásamt gjaldfærðri fjárfestingu) aukist um 97%. Rekstrargjöld II (rekstrargjöld I að meðtöldum fjármagnsgjöldum) hafa á hinn bóginn aukist ívið meira eða um 97,4% að raungildi á tímabilinu."

Þessi viðvarandi hallarekstur hefur leitt til stóraukinnar skuldasöfnunar, enda ljóst að nýframkvæmdir hafa að stærstum hluta verið fjármagnaðar með lánsfé. Um þetta segir m.a. í skýrslu tekjustofnanefndar: „Aukin vaxtabyrði sveitarsjóðanna er bein afleiðing af verulegri skuldaaukningu þeirra í kjölfar hallareksturs á tímabilinu (1990–1999). Heildarskuldir þeirra hafa aukist um tæplega 28,3 milljarða að raungildi, úr 23,5 milljörðum í 51,8 milljarða króna eða um ríflega 94 þúsund á hvern íbúa á tímabilinu. Peningalegar eignir þeirra hafa á hinn bóginn aukist um tæplega 7,6 milljarða á sama tíma, úr tæplega 17 milljörðum í 24,6 milljarða króna eða um tæplega 22 þúsund króna á hvern íbúa. Þannig hefur peningaleg staða

þeirra versnað um nærri 21 milljarða á tímabilinu eða um liðlega 72 þúsund krónur að meðaltali á hvern íbúa."

Um ástæður þessarar öfugþróunar í afkomu sveitarfélaga er nefndin að flestu leyti sammála. Skattalagabreytingar síðustu ára hafa þar vegið þungt. Sameiginleg niðurstaða sérstaks starfshóps félagsmálaráðherra komst að þeirri niðurstöðu að þessar breytingar á skattalögum hafi leitt til tekjurýrnunar sveitarfélaga upp á milljarða króna á ári hverju. Fleira má nefna til sögunnar, svo sem nýleg lög og nýjar reglugerðir ríkisvaldsins sem hafa leitt til verulegrar útgjaldaaukningar fyrir sveitarfélög, án þess að tekjur hafi komið á móti. Má þar nefna aukin framlög í Atvinnutryggingarsjóð, Innheimtustofnun sveitarfélaga, framlög til húsnæðismála og húsaleigubótakerfis, þéttbýlisvegafé.

Fjárhagsvanda sveitarfélaga er að finna í smærri sem stærri sveitarfélögum, jafnt á höfuðborgarsvæðinu sem á landsbyggðinni. Búferlaflutningar hafa haft íþyngjandi áhrif, bæði hjá þeim sveitarfélögum þar sem fólksfækkun hefur orðið og eðlilega leitt til tekjulækkunar, en þeim sveitarfélögum þar sem fólksfjölgun hefur átt sér stað og hefur orðið umtalsverð útgjaldaaukning, án þess að nægar tekjur hafi komið á móti.

Undirritaður hefur verið þeirrar skoðunar að gera þurfi ýmsar grundvallarbreytingar á tekjustofnum sveitarfélaga og breikka þá. Hefur undirritaður hreyft ýmsum hugmyndum í þá veru í nefndinni, en þær ekki fengið undirtektir meiri hluta hennar. Má þar nefna hlutdeild sveitarfélaga í virðisaukaskatti, í tekjuskatti fyrirtækja til að tengja betur atvinnurekstur og rekstur sveitarfélaga í viðkomandi byggðarlögum en á þá tengingu var slitið með afnámi aðstöðugjaldsins á sínum tíma. Enn fremur kemur til álita hlutdeild í umferðarsköttum. Samfara slíkum breytingum, þar sem fleiri stoðum er skotið undir tekjuöflun sveitarfélaga og tekjustofnum þeirra fjölgað, kæmi einnig til álita að fasteignaskattur yrði aflagður sem tekjustofn fyrir sveitarfélögin, ekki síst í ljósi þeirrar breytingar sem fram undan er, þ.e. að hann muni skila mjög mismunandi tekjum til einstakra sveitarfélaga, og þarf af þeim ástæðum að bæta þeim tekjutap í gegnum jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem fjármagnað verður með framlagi frá ríkisvaldinu.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er mikilvægur fyrir byggð í landinu. Hins vegar er það umhugsunarefni að tekjur og gjöld hans hafa stóraukist á síðustu fimm árum, farið úr rúmum 2 milljörðum á árinu 1995 í meira en 7 milljarða á síðasta ári. Og nú stefnir í að heildarvelta sjóðsins verði um 9 milljarðar á næsta ári vegna fólksfækkunarframlaga og framlaga vegna breytinga á fasteignaskatti. Í þessu samhengi er einnig ástæða til að vekja á því athygli að sveitarfélögin sjálf leggja sjóðnum til 2,8 milljarða króna. Sterklega kæmi til álita að ríkissjóður stæði að öllu leyti undir fjármögnun sjóðsins en sveitarfélögin hefðu sitt tæplega 3 milljarða framlag til ráðstöfunar í önnur verkefni.

Sú tillaga sem formaður nefndarinnar hefur mætir ekki þeirri fjármagnsþörf sem til staðar er. 1.250 milljóna króna tilfærsla frá ríki til sveitarfélaga á næsta ári mun ekki leysa þann vanda sem sveitarfélögin standa frammi fyrir. Á næsta ári stefnir í að sveitarfélögin verði rekin með meira en 3 milljarða króna halla samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar. Fyrirliggjandi tillaga formanns nefndarinnar, sem eykur tekjur sveitarfélaga almennt um 1.250 milljónir á ári hverju, mun því ekki taka á viðvarandi rekstrarvanda sveitarfélaga í landinu og enn síður leysa þann uppsafnaða fjárhagsvanda, hina stórauknu skuldasöfnun sveitarfélaga, sem þrengir æ frekar að svigrúmi sveitarfélaga til að halda úti lögbundinni þjónustu.

Undirritaður lýsir stuðningi við þá tillögu formanns nefndarinnar að álagningarstofn fasteignaskatts verði fasteignamat. Það þýðir lækkaðar álögur í fasteignaskatti utan suðvesturhorns landsins en hefur engin áhrif á heildarafkomu sveitarfélaga í ljósi þess að ríkissjóður mun greiða þeim sveitarfélögum sem verða fyrir tekjulækkun það sem á vantar, 1,1 milljarð

króna, í gegnum jöfnunarsjóð. Þá liggja fyrir áform um áframhaldandi 700 milljóna króna greiðslu ríkissjóðs næstu tvö árin vegna búferlaflutninga og fólksfækkunar á landsbyggðinni. Langstærsti hlutur þeirrar upphæðar fer til sveitarfélaga á landsbyggðinni.

Megintillaga formannsins snýr þó að breytingum á útsvari. Þar er gert ráð fyrir auknum heimildum sveitarfélaga á næstu tveimur árum sem gætu aukið tekjur þeirra um 3.750 milljónir króna ef auknar heimildir yrðu nýttar til fullnustu. Ríkissjóður mun að sama skapi aðeins lækka tekjuskatt um næstu áramót um 1.250 milljónir króna.

Veikleiki þessara tillagna er ljós. Þær eru ávísun á skattahækkanir, fyrst og fremst á suðvesturhorni landsins. Nefndin viðurkennir umtalsverða viðbótarfjárþörf sveitarfélaga, en meiri hluti hennar leggur þá ábyrgð á hendur sveitarfélögum að hækka skatta á gjaldendur í stað þess að ríkissjóður, sem er aflögufær, mundi lækka sína skatta á móti. Ef heimildir eru nýttar hjá sveitarfélögum hér á suðvesturhorni landsins, sem sum hafa safnað miklum skuldum, þá gæti það þýtt skattahækkanir á íbúa á þessu svæði í kringum 1,6 milljarða króna. Það jafngildir nærri 50 þúsunda króna hækkun á hverja fimm manna fjölskyldu á höfuðborgarsvæðinu að meðaltali miðað við höfðatölu. Það er óásættanlegt. Eins má gera ráð fyrir að lækkun fasteignaskatts á íbúa landsbyggðarinnar jafnist út í útsvarshækkun á landsbyggðinni – þannig að íbúar landsbyggðarinnar verði jafnsettir á eftir.

Undirritaður telur nauðsynlegt að ríkissjóður lækki álögur í tekjuskatti samsvarandi auknum heimildum til hækkunar útsvars. Það var hans tillaga í nefndinni, en hún hlaut ekki samþykki meiri hluta nefndarmanna, enda þótt fulltrúar sveitarfélaga í nefndinni hafi tekið undir efnisatriði tillögunnar í sérstakri bókun sem þeir lögðu fram.

Skýrslan varpar að öðru leyti skýru ljósi á stöðu sveitarfélaga í landinu og er gott gagn til áframhaldandi vinnu á þessum vettvangi.

Í ljósi þess sem að ofan greinir skrifar undirritaður undir nefndarálitið með fyrirvara og áskilur sér rétt til flutnings annarra tillagna og betri þegar málið kemur til umfjöllunar á hinu háa Alþingi.

Guðmundur Árni Stefánsson
alþingismaður.

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta byggir á tillögu nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði 2. júní 1999 til að endurskoða ákvæði laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Nefndin leggur til að heimild sveitarfélaga til útsvarsálagningar verði hækkuð í tveimur áföngum úr 12,04% í 13,03%, eða um 0,99 prósentustig. Í bráðabirgðaákvæði er lagt til að hámarksútsvar verði ekki hærra en 12,70% á árinu 2001. Í greinargerð segir að gert sé ráð fyrir að tekjuskattur muni lækka um 0,33 prósentustig til að milda áhrif útsvarshækkunar. Í öðru lagi leggur nefndin til að horfið verði frá því að miða álagningarstofn fasteignaskatts við afskrifað endurstofnverð fasteigna, annarra en sumarhúsa og útihúsa í sveitum, margfaldað með mark-

aðsstuðli fasteigna í Reykjavík. Þess í stað leggur nefndin til að stofn álagningar fasteignaskatts skuli vera fasteignamat þeirra. Í þriðja lagi er gerð tillaga um að allar jarðeignir verði skattlagðar á sama hátt óháð því hvort þær eru nytjaðar til landbúnaðar. Í fjórða lagi gerir frumvarpið ráð fyrir að kveðið verði skýrar á um fasteignir og hlunnindi sem falla undir b-lið 3. gr. laganna. Í fimmta lagi er lagt til árlegt framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem verður varið til að jafna tekjutap einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskatts í kjölfar breytinga á álagningarstofni mannvirkja. Framlagið skal vera ákveðið hlutfall af beinum og óbeinum sköttum ríkisins og nema sem jafngildir 1.100 m.kr. á árinu 2001. Verði frumvarpið að lögum mun það kosta ríkissjóð 2.350 m.kr. á ári. Er þá miðað við að tekjuskattur ríkissjóðs lækki um 0,33%. Þar af eru 1.250 m.kr. minni tekjur ríkisins af tekjusköttum og 1.100 m.kr. aukin framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

210. Frumvarp til laga [200. mál]

um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Sveitarstjórn er heimilt að heimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatnsins geta notið og skal við það miðað að gjaldið ásamt öðrum tekjum standi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Stofn til álagningar vatnsgjalds á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.
b. Í stað orðanna „hver verður líklegur álagningarstofn“ í 2. mgr. kemur: hvert verður líklegt fasteignamat.
c. Í stað orðanna „0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni“ í 4. mgr. kemur: 0,4 hundraðshlutum af fasteignamati.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram að tillögu nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði til að fjalla um endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Er tilgangur þess að samræma þau ákvæði laga nr. 81/1991 er lúta að innheimtu vatnsgjalds að þeirri breytingu sem lögð er til í 1. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995. Í því ákvæði er horfið frá þeirri skipan mála að miða álagningarstofn fasteignaskatts við afskrifað endurstofnverð húss og mannvirkis margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík, samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins. Í stað þess er gert ráð fyrir að framvegis verði við álagningu fasteignaskatts miðað við fasteignamat húsa og mannvirkja. Er gert ráð fyrir því í a-lið 1. gr. frumvarpsins að 1. mgr. 7. gr. laga nr. 81/1991 verði breytt á sama veg.

Til að koma í veg fyrir tekjutap vatnsveitna utan höfuðborgarsvæðisins vegna verulegrar lækkunar álagningarstofns vatnsgjalds, er lagt til í c-lið 1. gr. frumvarpsins að hámarksálagning vatnsgjalds verði framvegis 0,4% af fasteignamati. Þar sem um er að ræða þjónustugjald, sem eingöngu er ætlað að standa straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu, á breytingin ekki að fela í sér auknar álögur á gjaldendur. Er í því sambandi bent á að langflest sveitarfélög nýta einungis að hluta álagningarheimild sína vegna vatnsgjalds.

Eins og fram kemur hér að framan er í fyrsta lagi um að ræða breytingu sem gerð er til að samræma ákvæði laga um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, að ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995. Breytingin er einnig í samræmi við ákvæði laga nr. 47/2000, um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976.

Breytingunni sem lögð er til í c-lið 1. gr. er ætlað að vega á móti þeirri lækkun álagningarstofns vatnsgjalds sem lögð er til í a-lið greinarinnar. Nái lækkunin fram að ganga mun hún að óbreyttum lögum leiða til tekjutaps fyrir sveitarfélög utan Reykjavíkur sem nemur u.þ.b. 150 milljónum króna á ári. Þar sem um er að ræða þjónustugjöld en ekki skatt eru sveitarfélög bundin af því að innheimta ekki hærra vatnsgjald en sem svarar stofnkostnaði og rekstri

vatnsveitu. Í reynd þýðir það að í flestum sveitarfélögum er álagningarprósenta vatnsgjalds mun lægri en það hámark sem er tilgreint í núgildandi ákvæði 4. mgr. 7. gr. laga nr. 81/1991. Engu að síður eru til sveitarfélög með dýrari vatnsveitur og þeirra vegna þykir óhjákvæmilegt að hækka álagningarprósentu nokkuð.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta byggir á tillögu nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði 2. júní 1999 til að endurskoða ákvæði laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Tilgangur frumvarpsins er að samræma ákvæði laga nr. 81/1991 er lúta að innheimtu vatnsgjalds þeirri breytingu sem lögð er til í 1. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem er flutt samhliða. Í því ákvæði er gert ráð fyrir að framvegis verði álagning fasteignaskatts miðuð við fasteignamat húsa og mannvirkja. Í frumvarpi þessu er því gert ráð fyrir að stofn til álagningar vatnsgjalds skuli vera fasteignamat. Frumvarpið hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það að lögum.

211. Frumvarp til laga [201. mál]

um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

5. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað orðanna „fleiri en tvö stéttarfélög“ í fyrri málslið 4. mgr. kemur: tvö eða fleiri stéttarfélög.
b. Í stað „2. mgr.“ í síðari málslið 4. mgr. kemur: 3. mgr.

2. gr.

Í stað orðanna „Vinnuveitendasambandi Íslands“ í 1. og 2. málsl. 1. mgr. 39. gr. laganna og sömu orða í 3. mgr. kemur: Samtökum atvinnulífsins.

3. gr.

67. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað orðanna „Frávísunardómi eða úrskurði“ í 1. tölul. kemur: Frávísunardóm eða úrskurð.
b. Í stað orðsins „Dómi“ í 2. tölul. kemur: Dóm.
c. 3. tölul. orðast svo: Úrskurð um skyldu til að bera vitni, um eiðvinning og réttarfarssektir skv. 60. og 63. gr.

d. Við greinina bætist nýr töluliður sem orðast svo: Ákvörðun um að gera aðila að greiða sektir skv. 65. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem lagt var fram á 125. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga, er nú lagt fram að nýju með smávægilegum breytingum. Er þar annars vegar um að ræða lagfæringar á texta laganna og hins vegar breytingar á 39. gr. þannig að þar sem fjallað er um skipan félagsdóms verði vísað til Samtaka atvinnulífsins í stað Vinnuveitendasambands Íslands. Frumvarpið er þó einkum lagt fram með hliðsjón af ákvæði 1. tölul. 2. gr. 7. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu sem hefur lagagildi hér á landi, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu. Samkvæmt ákvæðinu skal sérhver sem dómstóll finnur sekan um afbrot eiga rétt á að láta æðri dóm endurskoða sakfellinguna eða refsinguna.

Í 1. mgr. 65. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur kemur fram að Félagsdómur geti dæmt aðila til að greiða sektir. Þetta er síðan áréttað í 70. gr. þar sem segir að brot á lögunum varði sektum. Samkvæmt 67. gr. laganna eru dómar Félagsdóms endanlegir og verður ekki áfrýjað.

Hinn 7. september 1999 tók Mannréttindadómstóll Evrópu þá ákvörðun að kærumál Siglfirðings ehf. gegn íslenska ríkinu væri tækt til efnismeðferðar fyrir dómstólnum. Mannréttindadómstóllinn lagði jafnframt til að aðilar leituðu sátta í málinu. Kæruefnið í máli þessu laut að því að samkvæmt íslenskum lögum er ekki unnt að áfrýja dómi Félagsdóms frá 10. júní 1996 þar sem kærandi í málinu var dæmdur til að greiða 500 þús. kr. sekt í ríkissjóð á grundvelli 65. og 70. gr. laga nr. 80/1938. Í ljósi þessa óskaði dómsmálaráðuneytið eftir áliti réttarfarsnefndar og refsiréttarnefndar um hvort nauðsynlegt væri að gera breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur til samræmis við ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu. Í niðurstöðum beggja nefndanna kemur fram að þær telja vafasamt að núverandi skipan, þ.e. að Félagsdómur ákvarði sektir sem lúta ekki meðferð refsimála og ekki er unnt að áfrýja, standist ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu og lögðu þær til breytingar á ákvæðum laganna.

Eins og fyrr greinir náði frumvarp þessa efnis ekki fram á 125. löggjafarþingi. Þann 30. maí 2000 samþykkti Mannréttindadómstóll Evrópu að fella niður mál Siglfirðings ehf. fyrir dómstólnum á grundvelli sáttar aðila í málinu. Í sáttinni er m.a. vísað til að frumvarp til breytinga á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, sem feli í sér að sektarákvarðanir félagsdóms verði kærðar til Hæstaréttar, hafi verið lagt fram á Alþingi vorið 2000 og verði lagt fram að nýju að hausti. Er því ljóst að frumvarp þetta var ein þeirra forsendna er Mannréttindadómstóllinn byggði á er hann samþykkti framangreinda sátt í máli Siglfirðings ehf. gegn íslenska ríkinu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að málsaðila verði heimilt að kæra sektarákvörðun Félagsdóms til Hæstaréttar. Samkvæmt ákvæði 1. tölul. 2. gr. 7. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu sem hefur lagagildi hér á landi, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu, skal sérhver sem dómstóll finnur sekan um afbrot eiga rétt á að láta æðri dóm endurskoða sakfellinguna eða refsingu. Í frumvarpinu eru auk þess lagðar til minni háttar breytingar á lögunum til samræmis við rétta framkvæmd þeirra.

Ekki verður séð að frumvarpið muni hafa teljandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

212. Fyrirspurn [202. mál]

til iðnaðarráðherra um orkukostnað.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hve mörg lögbýli eiga þess ekki kost að kaupa orku frá veitukerfum orkufyrirtækjanna í landinu og hvernig skiptast þau eftir sýslum?
2. Hvað er áætlað að heildarorkuþörf þessara býla sé mikil og hvernig skiptist hún á milli húshitunar og annarrar notkunar?
3. Hversu mikið má áætla að húshitunarkostnaður þessara býla breyttist ef þau gætu keypt orku frá veitukerfum orkufyrirtækjanna?
4. Hafa eigendur þessara lögbýla notið opinberrar fyrirgreiðslu, svo sem niðurgreiðslna á olíu, í ljósi þess að þeir geta ekki nýtt orku sem er framleidd af opinberum fyrirtækjum?
5. Er fyrirhugaður frekari opinber stuðningur við eigendur framangreindra lögbýla?

213. Fyrirspurn [203. mál]

til samgönguráðherra um vegasamband á Breiðamerkursandi.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvaða breytingar hafa orðið á strandlínu við Jökulsá á Breiðamerkursandi undanfarin 10 ár?
2. Til hvaða aðgerða hefur Vegagerðin gripið á þessu tímabili til að hamla gegn eyðingu lands við brúna yfir Jökulsá?

3. Hverjar eru horfur fyrir Jökulsárbrú að mati ráðherra og Vegagerðarinnar?
4. Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar til að tryggja vegasamband á Breiðamerkursandi til frambúðar í ljósi aðstæðna?

Skriflegt svar óskast.

214. Fyrirspurn [204. mál]

til dómsmálaráðherra um fíkniefnanotkun í fangelsum.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Eru þess nýleg dæmi að fangar í afplánun í íslenskum fangelsum hafi orðið uppvísir að notkun ólöglegra fíkniefna? Ef svo er, hvernig má það vera?
2. Hefur ráðherra áform um að rannsaka hvort fíkniefnanotkun viðgengst í íslenskum fangelsum, í ljósi fullyrðinga sem hafa heyrst hvað eftir annað um slíkt, og þá hugsanlegar ástæður hennar og um aðgerðir til að fyrirbyggja hana?

215. Fyrirspurn [205. mál]

til dómsmálaráðherra um starfsmenn Landhelgisgæslunnar.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hve margir störfuðu hjá Landhelgisgæslunni á tímabilinu 1. janúar 1998 til 1. september 2000 og hver var launakostnaður þeirra, sundurliðað eftir störfum við:
   a. þyrlur,
   b. gæsluflugvél,
   c. varðskip,
   d. annað?
2. Hver var kostnaður Landhelgisgæslunnar á fyrrgreindu tímabili af endurmenntun:
   a. flugmanna,
   b. flugvirkja,
   c. skipstjórnarmanna,
   d. vélfræðinga,
   e. annarra starfsmanna (sundurgreint)?

Skriflegt svar óskast.

216. Fyrirspurn [206. mál]

til dómsmálaráðherra um störf flugflota og varðskipa Landhelgisgæslunnar.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hve oft og í hve margar klukkustundir á tímabilinu 1. janúar 1998 til 1. september 2000 voru björgunarþyrlur Landhelgisgæslunnar annars vegar og gæsluflugvélin hins vegar kallaðar út vegna:
   a. sjóslysa, sundurliðað eftir því hvort í hlut áttu íslenskir sjómenn eða erlendir,
   b. slysa á landi, sundurliðað eftir umferðarslysum annars vegar og öðrum flokkum slysa hins vegar,
   c. æfingaflugs í tengslum við Slysavarnaskóla sjómanna,
   d. annars, og þá hvers?
2. Hvaða greiðslur hefur Landhelgisgæslan fengið fyrir notkun flugflotans til annarra starfa en gæslustarfa, sundurliðað eftir tegundum starfa?
3. Hve margir voru úthaldsdagar varðskipanna á sjó á fyrrnefndu tímabili, sundurliðað eftir skipum við gæslu og við önnur tilgreind störf?

Skriflegt svar óskast.

217. Tillaga til þingsályktunar [207. mál]

um afkomutryggingu aldraða og öryrkja.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Jóhann Ársælsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller, Bryndís Hlöðversdóttir, Gísli S. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samráði við samtök aldraða og öryrkja að koma á afkomutryggingu fyrir lífeyrisþega svo að enginn þurfi að una fátækt eða óvissu um kjör sín. Þá skal sérstaklega taka tillit til sérstöðu ungra öryrkja sem verða fyrir varanlegri örorku á æskuárum. Samningur um afkomutryggingu taki gildi frá og með 1. janúar 2001 og verði undirstaða nýrra laga um almannatryggingar.

Greinargerð.

Alltof margir þjóðfélagsþegnar búa við kjör sem duga ekki fyrir nauðþurftum eða brýnustu framfærslu. Á það ekki síst við ýmsa aldraða, öryrkja og einstæða foreldra, atvinnulausa og þá sem búa við langvarandi sjúkdóma.

Samfylkingin hefur það stefnumál að komið verði á afkomutryggingu svo að enginn þurfi að una fátækt og óvissu um kjör sín. Með þeirri tillögu sem hér er flutt er stigið fyrsta skrefið í þessa átt og lýtur hún að afkomutryggingu aldraðra og öryrkja.

Í næsta áfanga mun þingflokkur Samfylkingarinnar beita sér fyrir því að teknar verði upp

viðræður milli ríkisvaldsins, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins um afkomutryggingu þeirra sem af félags-, heilsufars- eða öðrum óviðráðanlegum ástæðum hafa ekki sér til framfærslu það sem samsvarar lágmarkslaunum í þjóðfélaginu hverju sinni. Í því sambandi þarf m.a. að huga að afnámi skattlagningar á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og skattlagningar húsaleigubóta og tryggja að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga sé á hverjum tíma með þeim hætti að enginn þurfi að una því að eiga ekki fyrir nauðþurftum.

Til að ná því markmiði sem að er stefnt með þessari þingsályktunartillögu verði teknar upp viðræður milli stjórnvalda og samtaka lífeyrisþega um nýjan samning um afkomutryggingu sem komi til framkvæmda um næstu áramót og verði síðan undirstaða nýrra laga um almannatryggingar.

Þjóðfélag getur ekki talist velferðarþjóðfélag nema vel sé búið að öldruðum og öryrkjum og þeim tryggð sómasamleg kjör. Margt hefur verið vel gert í málefnum þessa fólks á umliðnum áratugum. Samt býr allt of stór hópur aldraðra og öryrkja við bágborið ástand og í heild hefur þessi hópur ekki fengið sanngjarnan eða eðlilegan hlut í góðæri liðinna ára. Í því efni hefur verulega dregið sundur með lífeyrisþegum og þeim sem verst hafa kjörin á vinnumarkaðnum. Sama gildir um bilið milli meðallauna verkamanna og lífeyrisgreiðslna. Þegar á allt er litið fer því fjarri að afkoma og aðbúnaður margra aldraðra hér á landi sé mannsæmandi.

Sú staðreynd að meira en helmingur aldraðra er með framfærslueyri undir lágmarkslaunum staðfestir bág kjör allt of stórs hóps aldraðra í íslensku þjóðfélagi. Það segir líka sína sögu að 40% lífeyrisþega hafa óskerta tekjutryggingu. Í skýrslu um kjör öryrkja sem Samfylkingin óskaði eftir frá forsætisráðherra og lögð var fram á Alþingi á síðasta ári kom fram að 43% allra öryrkja fá engar greiðslur úr lífeyrissjóði. Athyglisvert er einnig að 22% ellilífeyrisþega, 5.855 manns, voru með tekjur undir 70 þús. kr. á mánuði á árinu 1999.

Frá 1995 til 1. október 2000 hefur grunnlífeyrir og tekjutrygging hækkað um nálægt 25% en launavísitala hins vegar hækkað frá sama tíma um 41,5%. Þegar litið er á kaupmátt lífeyrisgreiðslna samanborið við lágmarkslaun liggur fyrir að kaupmáttur lífeyrisgreiðslna er langt undir kaupmætti lágmarkslauna verkafólks og hefur munurinn aukist jafnt og þétt, ekki síst eftir að slitið var á tengsl launa og lífeyrisgreiðslna árið 1995.

Fram hefur komið að grunnlífeyrir og tekjutrygging voru samtals 51,7% af meðaldagvinnulaunum verkamanna á árinu 1991 en 1999 var hlutfallið komið niður í 43,8%. Grunnlífeyrir og tekjutrygging þarf þannig að hækka um 18% til að aldraðir haldi stöðu sinni gagnvart verkafólki. Það þyrfti því að auka lífeyrisgreiðslur um 3–4 milljarða kr. til að hlutfallið milli dagvinnulauna verkamanna og lífeyrisgreiðslna, þ.e. grunnlífeyris og tekjutryggingar, sé það sama nú og var árið 1991.

Ef miðað er við nýlega kjarasamninga stefnir í að grunnlífeyrir og tekjutrygging haldi áfram að lækka sem hlutfall af launum verkamanna og verður hlutfallið að óbreyttu komið niður í 42,4% árið 2003. Árið 1989 námu lífeyrisgreiðslur 80,2% af lágmarkslaunum verkakarla. Þetta hlutfall var 60,5% árið 1998 og 64% á sl. ári. Þau viðmið sem hér hafa verið nefnd ætti m.a. að hafa í huga þegar metnar eru leiðir til að koma á afkomutryggingu fyrir lífeyrisþega.

Staða flestra lífeyrissjóða er sem betur fer traust og því munu aukin lífeyrisréttindi bæta kjör eldri borgara á komandi árum. Hlutur almannatrygginga í eftirlaunum mun minnka og lífeyrissjóðanna aukast. Þó ber að hafa í huga að þeir sem nú þegar eru komnir á eftirlaun munu ekki njóta þess, heldur aðeins þeir sem hefja töku lífeyris á komandi árum.

Eignastaða aldraðra hér á landi er yfirleitt góð og ber að fagna því. Þó er allt of algengt að tekjustaða þeirra sé slæm og þeim reynist erfitt að greiða skatta og skyldur af eignum

sínum sem oftast eru fólgnar í íbúðum sem fólkið býr sjálft í og hefur mikinn kostnað af.

Húsnæðisaðstaða of margra er þó afar bágborin. 15% þeirra sem eru í 700 leiguíbúðum á vegum Reykjavíkurborgar eru aldraðir eða vel á annað hundrað, og aldraðir á biðlista eftir leiguíbúðum hjá borginni eru 126. Á biðlistum eftir þjónustuíbúðum í Reykjavík eru 250 aldraðir og eftir hjúkrunarheimilum um 230.

Þannig bíða um 600 aldraðir eftir hjúkrunar- eða þjónustuíbúðum auk leiguíbúða, en stærsti hluti þessa hóps er í mjög brýnni þörf fyrir húsnæði, aðhlynningu eða þjónustu.

Sama gildir um öryrkja en stór hópur öryrkja er á leigumarkaði og langur biðlisti er eftir íbúðum hjá Öryrkjabandalaginu, en á fimmta hundrað bíða þar eftir húsnæði.

Lífeyrisþegar voru ekkert of sælir af kjörum sínum á árum niðursveiflu í efnahagslífinu 1988–1993, en þá var þó miklu betur reynt að tryggja að lífeyrir öryrkja og aldraðra fylgdi lágmarkslaunum, þrátt fyrir það að raunhækkun á tekjum hins opinbera hafi aðeins verið rúmir 4 milljarðar kr. á þessu sex ára tímabili.

Á sl. sex árum hefur aftur á móti orðið 64 milljarða kr. raunhækkun á tekjum hins opinbera. Þrátt fyrir þennan gífurlega tekjuauka hafa lífeyrisgreiðslur aldrei verið lægra hlutfall af þjóðarframleiðslu, hvort sem miðað er við lágmarkslaun í þjóðfélaginu eða meðallaun verkamanna. Lífeyrisgreiðslur með fullri tekjutryggingu eru innan við 50 þús. kr. en lágmarkslaunin rúmlega 76 þús. kr.

Það er því deginum ljósara að lífeyrisþegar hafa ekki fengið sinn hlut í góðærinu og eiga raunar rétt og kröfu til þess að fá eðlilega og sanngjarna leiðréttingu á kjörum sínum. Ljóst er einnig að mikill tekjuafgangur á ríkissjóði, sem var á síðasta ári 26 milljarðar kr., er m.a. fenginn með því að taka af öldruðum og öryrkjum eðlilegan hlut þeirra í góðærinu.

Ákveðið var með lögum sem tóku gildi í byrjun árs 1998 að bætur almannatrygginga ættu að breytast í samræmi við þróun launa en hækka þó aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs. Á þessu tímabili hafa lífeyrisgreiðslurnar nær undantekningarlaust verið miðaðar við það sem lægst hefur gefið lífeyrisþegum, þ.e. vísitölu neysluverðs í stað launavísitölu. Þannig hafa lífeyrisgreiðslurnar einungis hækkað um 11% á þessu tímabili en launavísitala hækkað mun meira, um 17%.

Á þessu ári hafa lífeyrisgreiðslur, þ.e. tekjutrygging og grunnlífeyrir, einungis hækkað um rúm 5% og það í áföngum á árinu, sem gerir um 1.500 kr. eftir skatt á lífeyri og fulla tekjutryggingu, en láglaunafólk, sem er með um 76 þús. kr. á mánuði, á að fá 8,9%.

Á undanförnum missirum hafa þær litlu hækkanir sem runnið hafa til lífeyrisþega iðulega verið teknar aftur með ýmsum hætti. Hér skal minnt á nokkur veigamikil atriði sem hafa skert kjör lífeyrisþega til viðbótar skerðingu á lífeyrisgreiðslum.

Skemmst er að minnast mikillar hækkunar á lyfjakostnaði um mitt þetta ár, um allt að 37% á algengum lyfjum. Nú er svo komið að sumir lífeyrisþegar og láglaunafólk geta ekki leyst út nauðsynleg lyf.

Húsnæðiskostnaður öryrkja og aldraðra hefur líka hækkað gífurlega á síðustu árum, ekki síst þeirra sem eru á leigumarkaði. Styrkir til bifreiðakaupa öryrkja eru líka færri og að raungildi lægri en þeir voru árið 1995. Auk þess hefur ríkisstjórnin afnumið þau hagstæðu bifreiðakaupalán sem öryrkjum stóðu áður til boða og vísar þeim nú á almennar lánastofnanir.

Benda má einnig á að skattleysismörk eru u.þ.b. þau sömu og í byrjun tíunda áratugarins. Þau hafa ekki aðeins dregist aftur úr launaþróun, heldur einnig vísitölu neysluverðs. Þessi raunlækkun vegur afar þungt fyrir lífeyrisþega og hefur veruleg áhrif á kaupmátt þeirra.

Frítekjumörk þeirra lífeyrisþega, sem ná því að fá rúmar 9 þús. kr. úr lífeyrissjóði og eiga ekki útivinnandi maka, hafa einnig dregist mun meira aftur úr launavísitölu en sjálfar bótaupphæðirnar.

Notkun síma er lífeyrisþegum mjög mikilvæg, ekki aðeins til að draga úr einangrun sem oft er að finna í þessum hópi, heldur er hér einnig um mikið öryggistæki að ræða. Verulega hefur dregið úr þeirri aðstoð sem öryrkjar og aldraðir hafa fengið til að standa undir afnotagjöldum.

Afar brýnt er orðið að móta heildarstefnu í málefnum aldraðra, m.a. út frá breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar á næstu árum, en öldruðum mun fjölga mjög hratt og mun meira hlutfallslega en þeim sem eru á vinnumarkaði.

Heildarstefnumótun í málefnum lífeyrisþega þarf auk tryggingagreiðslna að taka til heilbrigðis-, húsnæðis- og atvinnumála þeirra. Sérstaklega þarf að skoða markvissa stefnumótun í uppbyggingu dvalar- og hjúkrunarheimila og sveigjanleg starfslok aldraðra.

Velferðarkerfið á Íslandi er miklu veikara en annars staðar á Norðurlöndum og útgjöld ríkissjóðs hér mun minni en annars staðar gerist. Opinber útgjöld til elli- og örorkulífeyrisþega eru t.d. miklu lægri hér á landi en í flestum OECD-löndunum. Í samantekt, sem Kristinn Karlsson tók saman í október 1999 um útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum árið 1997, kemur fram að útgjöld til félags- og heilbrigðismála aldraðra og öryrkja, sem hlutfall af landsframleiðslu, eru langlægst hér á landi. Á Íslandi er hlutfallið 7,7% af landsframleiðslu en allt upp í 17,3% af landsframleiðslu í Svíþjóð, 14,6% í Danmörku, 13,9% í Finnlandi og 12,4% í Noregi.

Í því efnahagsumhverfi sem við búum við nú er mjög brýnt að hafa öflugt velferðarkerfi sem tryggir að enginn þurfi að þola fátækt eða öryggisleysi. Í löndum þar sem óheft frjálshyggja og markaðshyggja er allsráðandi í stefnu stjórnvalda hefur bilið milli ríkra og fátækra breikkað. Þetta hefur líka gerst á Íslandi. Atvinnu- og ráðstöfunartekjur þeirra tekjuhærri í þjóðfélaginu hafa á undanförnum árum aukist mun meira en þeirra tekjulægri, þannig að misskiptingin hefur vaxið.

Þegar litið er til þess misréttis sem við blasir í tekjuskiptingunni er ljóst að öflugt markaðskerfi sem tryggir heilbrigða samkeppni kallar líka á styrkar stoðir velferðarkerfisins, annars breikkar bilið milli ríkra og fátækra eins og dæmin sanna. Þannig þarf samhliða öflugu markaðskerfi að tryggja öflugt og skilvirkt velferðarkerfi sem m.a. tryggir örugga afkomu þeirra sem höllum fæti standa og að allir geti lifað með fullri reisn.

Mikilvægt er að stjórnvöld líti til þess að hér er ekki aðeins um útgjöld að ræða heldur skilar hluti kostnaðarins sér til baka í formi beinna og óbeinna skatta, auk þess sem markmið tillögunnar er að vinna gegn félagslegri misskiptingu.

Árið 1998 voru lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum til aldraðra samtals 9 milljarðar kr. og 2,5 milljarðar kr. til öryrkja. Úr almannatryggingakerfinu voru hins vegar greiddir 10 milljarðar kr. í lífeyrisgreiðslur (grunnlífeyri og tekjutryggingu) til aldraðra og 3,5 milljarðar kr. til öryrkja.

Á næstu árum munu lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðunum enn aukast og má ætla að á síðasta ári hafi hlutur almannatryggingakerfisins og lífeyrissjóðanna í lífeyrisgreiðslum verið svo til jafn, en að strax á þessu ári verði hlutur lífeyrissjóðanna meiri en almannatryggingakerfisins og fari upp úr því vaxandi. Hlutur lífeyrissjóðanna mun þannig jafnt og þétt stækka með auknum lífeyrisréttindum og hærra hlutfalli aldraðra af heildarfjölda þjóðarinnar.

Rétt og eðlilegt er því að horfa á lífeyrisgreiðslur til aldraðra og öryrkja í þessu samhengi um leið og þjóðarsátt verði um það markmið að koma á afkomutryggingu fyrir lífeyrisþega sem tryggi að enginn þurfi að una fátækt eða óvissu um kjör sín.

Tillagan gerir ráð fyrir því að kjör ungra öryrkja verði sérstaklega bætt og að með því verði viðurkennd sérstaða þeirra. Framfærslubyrði ungra öryrkja er oft mjög mikil, ekki síst ef þeir hafa fyrir fjölskyldu að sjá. Í því sambandi skal minnt á ályktun Öryrkjabandalagsins

frá 1998. Þar var skorað á Alþingi að hækka grunnlífeyri sérstaklega og mest hjá þeim sem verða fyrir varanlegri örorku á æskuárum. Tillaga bandalagsins var sú að verði einstaklingur fyrir varanlegri örorku 20 ára eða yngri skuli grunnlífeyrir hans nema ekki lægri upphæð en 51.000 kr. á mánuði og fylgi sú upphæð þróun launavísitölu. Verði einstaklingur fyrir örorku síðar á starfsævinni skal grunnlífeyrir hans nema hlutfallslega lægri upphæð eða sem svarar 1,4% fyrir hvert ár umfram tvítugt uns ellilífeyrisaldri er náð. Flutningsmenn leggja til að þessi tillaga Öryrkjabandalagsins komi til skoðunar verði þessi þingsályktunartillaga samþykkt.

Ætla má að það kosti a.m.k. 3–5 milljarða kr. að gera sérstakt átak í málefnum lífeyrisþega og ungra öryrkja eins og tillaga þessi gerir ráð fyrir. Til álita kæmi að skipta þessum útgjöldum á tvö ár. Fyrri áfangi yrði um næstu áramót, 1. janúar 2001, með samningi um afkomutryggingu sem gerður yrði við samtök öryrkja og aldraða. Síðari áfangi yrði 1. janúar 2002 og yrði þá lokið endurskoðun almannatryggingakerfisins, en tillaga þessi gerir ráð fyrir að samningur um afkomutryggingu verði undirstaða nýrra laga um lífeyristryggingar almannatrygginga. Í undirbúningi eru tillögur til að mæta þessum útgjöldum, þar á meðal tilfærslur í skattkerfinu sem kynntar verða síðar.

218. Frumvarp til laga [208. mál]

um lyfjatjónstryggingu.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir,
Jóhanna Sigurðardóttir, Gísli S. Einarsson.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Rétt til bóta samkvæmt lögum þessum eiga allir þeir sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi af völdum skaðlegra eiginleika lyfja að uppfylltum nánari skilyrðum laga þessara. Sama á við um þá sem missa framfæranda vegna andláts af þessum sökum.

Sjúklingar, sem brýn nauðsyn er að vista á erlendu sjúkrahúsi eða á annarri heilbrigðisstofnun erlendis, sbr. 35. gr. almannatryggingalaga, og verða fyrir líkamlegu tjóni af völdum skaðlegra eiginleika lyfja í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á viðkomandi stofnun, eiga rétt á bótum samkvæmt lögum þessum, að frádregnum bótum sem þeir kunna að eiga rétt á í hinu erlenda ríki.

Sama rétt hafa þeir sem taka þátt í klínískum lyfjaprófunum sem ekki eru liður í sjúkdómsgreiningu eða meðhöndlun sjúkdóms sem viðkomandi er haldinn. Sama gildir um þá sem gefa líkamsvef, líffæri, blóð eða annan líkamsvökva.

Þeir sem hafa með höndum umönnun eða hjúkrun sjúklinga eiga rétt til bóta samkvæmt lögunum ef þeir verða fyrir tjóni af völdum skaðlegra eiginleika lyfja sem þeir meðhöndla í starfi sínu.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um í reglugerð til hvaða tjónsatvika lögin skuli ná.

2. gr.

Takmörkun bótaréttar.

Bætur eru einungis greiddar ef lyfi hefur verið dreift hér á landi í atvinnuskyni til notkunar eða til klínískra lyfjarannsókna. Bótaréttur er einungis til staðar ef lyf hefur verið afhent í apóteki eða sjúkrahúsi, af lækni eða stjórnanda rannsóknar, sbr. 3. mgr. 1. gr.

Lyfjatjón sem lyfseðilsskylt lyf hefur valdið er því aðeins bætt að sá sem varð fyrir tjóninu hafi fengið lyfið samkvæmt fyrirmælum læknis.

3. gr.

Hugtakið lyf.

Með lyfjum er í lögum þessum átt við vörur sem ætlað er að fyrirbyggja, lina, meðhöndla eða lækna sjúkdóma eða sjúkdómseinkenni og sársauka eða hafa áhrif á líkamsstarfsemi. Við mat á því hvort vara teljist lyf í skilningi laga þessara skal taka mið af ákvæði 5. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994.

Lög þessi taka til lyfja sem Lyfjastofnun hefur veitt leyfi til að markaðssetja og selja gegn lyfseðli hér á landi, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. lyfjalaga. Ef um er að ræða lyf sem unnið er að rannsóknum á, sbr. 3. mgr. 1. gr., verður að liggja fyrir sérstakt leyfi Lyfjastofnunar til þeirrar rannsóknar, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. lyfjalaga.

Lögin taka einnig til forskriftarlyfja, sbr. 4. og 5. tölul. 1. mgr. 5. gr. lyfjalaga, og óskráðra lyfja sem Lyfjastofnun hefur leyft innflutning á til nota fyrir einstaklinga.

Náttúrulyf, efni til smáskammtalækninga (hómópatalyf), vítamín og steinefni falla ekki undir gildissvið laganna. Lögin gilda þó um slík efni sem rannsökuð eru í klínískum rannsóknum með það fyrir augum að leyfi fáist til að markaðssetja þau sem lyf.

Lögin taka einnig til bólusetningarlyfja.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um í reglugerð hvaða lyf falla undir lögin.

4. gr.

Til lyfjatjóns teljast ekki sjúkdómar og eða annars konar tjón sem rekja má til:

a. þess að lyf hefur ekki tilætluð áhrif á viðkomandi sjúkling,
b. mistaka eða vanrækslu í tengslum við ávísun lyfs eða afhendingu þess,
c. þess að lyf hefur verið innbyrt á rangan hátt.

5. gr.

Lyfjatjón sem rekja má til aukaverkana lyfja fellur undir lögin að því marki sem tjónið telst umfram það sem sennilegt og fyrirsjáanlegt gat talist. Þetta á við hvort sem um er að ræða þekktar eða óþekktar aukaverkanir eða hvort aukaverkun telst líkleg eða ekki.

Við ákvörðun um hvort bótaábyrgð hafi stofnast skv. 1. mgr. skal taka mið af eftirfarandi atriðum:

a. eðli sjúkdómsins sem meðferðinni var beint gegn og á hvaða stigi hann var,
b. heilsufari sjúklingsins,
c. umfangi tjónsins og
d. þeim möguleikum sem fyrir hendi voru á að meta hvort tjón yrði.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um það hvers konar tjón af völdum lyfja, sbr. 4. gr. og 1. og 2. mgr. þessarar greinar, falli undir lögin.

6. gr.

Tjón er því aðeins bætt að líklegt teljist að það megi rekja til lyfjanotkunar.

II. KAFLI
Bótaábyrgð. Bótafjárhæðir o.fl.

7. gr.

Ákvörðun bótafjárhæðar fer eftir ákvæðum skaðabótalaga og ákvæðum þessa kafla.

Bætur greiðast aðeins ef virt tjón nemur 50 þús. kr. eða hærri upphæð.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við þegar tjón er að rekja til atvika sem getur í 3. mgr. 1. gr.

Ekki skal greiða bætur eftir lögum þessum til að fullnægja endurkröfum.

8. gr.

Endurkröfuréttur.

Beri bótaskyldur aðili skv. 10. gr. bótaábyrgð gagnvart sjúklingi samkvæmt reglum skaðabótaréttar verður endurkrafa ekki gerð á hendur hinum skaðabótaskylda nema hann hafi valdið tjóni af ásetningi.

9. gr.

Eigin sök.

Heimilt er að lækka eða fella niður bætur ef tjónþoli er meðvaldur að tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

10. gr.

Bótaskyldir aðilar.

Bótaábyrgð samkvæmt lögum þessum bera framleiðendur og dreifingaraðilar lyfja sem tjóni valda, sbr. 4. gr. laga um skaðsemisábyrgð.

11. gr.

Vátryggingarskylda.

Bótaskyldir aðilar skv. 10. gr. skulu tryggðir með vátryggingu (lyfjatjónstryggingu) hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi, sbr. þó 12. gr.

Ráðherra setur reglugerð m.a. um lágmark vátryggingarfjárhæðar innan hvers vátryggingarárs og framkvæmd vátryggingarskyldu. Ráðherra er heimilt að binda starfsleyfi framleiðenda og dreifingaraðila sem ekki falla undir 12. gr. því skilyrði að vátryggingarskyldu samkvæmt lögum þessum sé fullnægt.

12. gr.

Eigin áhætta.

Framleiðendur og dreifingaraðilar sem ríkið á í heild eða að hluta eru undanþegnir vátryggingarskyldu skv. 11. gr. Þeim er þó heimilt að kaupa vátryggingu skv. 11. gr.

13. gr.

Hóptjón.

Með hugtakinu hóptjón er átt við lyfjatjón sem fleiri en einn verða fyrir og orsakast af sama eiginleika sama efnis í einu eða fleiri lyfjum og

a. stafar af aukaverkunum sem voru á þeim tíma þegar lyfið var afhent ekki skráðar í samræmi við 19. gr. lyfjalaga né í lyfjaskrá og valda tjóni sem er þess eðlis að ósanngjarnt er að ætla að fagmaður hefði á þeim tíma getað séð það fyrir, eða

b. stafar af galla á lyfinu sem rekja má til galla eða mistaka í leiðbeiningum, framleiðslu eða dreifingu þess.

Hóptjón telst til þess árs þegar fyrsta bótakrafan kemur fram við vátryggingafélag eða Tryggingastofnun, án tillits til þess hvenær seinni tjón eru tilkynnt.

14. gr.

Hámark bótafjárhæða.

Samanlögð bótafjárhæð vegna tjóna sem falla undir lögin skal vera að hámarki 750 millj. kr. fyrir hvert almanaksár.

Samanlögð bótafjárhæð fyrir hvert hóptjón, sbr. 13. gr., skal þó vera að hámarki 500 millj. kr.

Samanlögð bótafjárhæð vegna tjóns af völdum lyfja við vísindarannsóknir skal vera að hámarki 130 millj. kr. fyrir hverja rannsókn.

Hámark bótafjárhæðar fyrir einstakt tjónsatvik skal vera 5 millj. kr.

15. gr.

Skerðing bóta.

Ef þær upphæðir sem tilgreindar eru í 14. gr. nægja ekki til að fullnægja öllum kröfum skerðast bætur vegna einstakra krafna hlutfallslega, þó einungis ógreiddar bætur, að því marki er hámarksupphæð næst. Ef í ljós kemur eftir að tjón hefur orðið að slík skerðing sé nauðsynleg er hægt að ákveða að greiða einungis hluta bótafjárhæðarinnar fyrst um sinn.

16. gr.

Forgangsáhrif laganna.

Að svo miklu leyti sem tjónþoli eða eftirlifandi aðstandendur hans hafa fengið bætur eða eiga rétt á þeim samkvæmt lögunum er ekki hægt að hafa uppi kröfu á hendur öðrum sem hugsanlega bera skaðabótaábyrgð á tjóninu.

Regla 1. mgr. á ekki við í þeim tilvikum þar sem skaðabótaábyrgð er til staðar samkvæmt lögum um skaðsemisábyrgð.

17. gr.

Framkröfur.

Að svo miklu leyti sem ríkið greiðir bætur í samræmi við ákvæði laga þessara öðlast það framkröfu á hendur framleiðanda eða dreifingaraðila viðkomandi lyfs í samræmi við ákvæði 3. mgr. 11. gr. laga um skaðsemisábyrgð.

III. KAFLI

Málsmeðferð.

18. gr.

Meðferð bótamála hjá vátryggingafélögum.

Kröfu um bætur samkvæmt lögum þessum vegna tjóns hjá öðrum en þeim sem 12. gr. tekur til skal beina til vátryggingafélags hins bótaskylda.

Starfsmenn vátryggingafélaga sem fjalla um málefni tjónþola skulu gæta fyllstu þagmælsku um allar persónuupplýsingar sem þeir komast að í starfi eða í tengslum við það.

19. gr.

Meðferð bótamála þegar hinn bótaskyldi er undanþeginn vátryggingarskyldu.

Kröfu um bætur samkvæmt lögum þessum vegna tjóns hjá þeim sem hafa nýtt sér heimild til að kaupa ekki vátryggingu, sbr. 12. gr., skal beina til Tryggingastofnunar ríkisins.

20. gr.

Lyfjatjónstrygging Tryggingastofnunar ríkisins.

Tryggingastofnun ríkisins skal annast lyfjatjónstryggingu vegna þeirra sem hafa nýtt sér heimild til að kaupa ekki vátryggingu, sbr. 12. gr.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi og málsmeðferð lyfjatjónstryggingar hjá Tryggingastofnun ríkisins.

21. gr.

Málsmeðferð hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Tryggingastofnun ríkisins aflar gagna eftir því sem þurfa þykir og getur m.a. aflað skýrslna fyrir héraðsdómi þar sem skýrslugjafi býr. Stofnunin getur krafið heilsugæslustöðvar, sjúkrahús, aðrar heilbrigðisstofnanir, heilbrigðisstarfsmenn sem starfa sjálfstætt og hlotið hafa löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, svo og þá sem annast sjúkraflutninga, um hvers konar gögn, þar á meðal sjúkraskýrslur sem hún telur máli skipta um meðferð máls samkvæmt lögunum.

Að gagnaöflun lokinni tekur Tryggingastofnun ríkisins afstöðu til bótaskyldu og ákveður fjárhæð bóta.

Starfsmenn stofnunarinnar sem fjalla um málefni sjúklinga eða annarra tjónþola skulu gæta fyllstu þagmælsku um allar persónuupplýsingar sem þeir komast að í starfi eða í tengslum við það.

22. gr.

Tilkynning um niðurstöðu máls.

Tryggingastofnun ríkisins tilkynnir öllum hlutaðeigandi niðurstöðu sína í hverju máli. Niðurstöðu má skjóta til úrskurðarnefndar almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

23. gr.

Ársskýrsla Tryggingastofnunar ríkisins.

Tryggingastofnun ríkisins skal árlega taka saman skýrslu til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um störf vegna lyfjatjónstryggingarinnar og þau mál sem hún afgreiðir. Jafnframt skal upplýsa í ársskýrslu stofnunarinnar, eftir því sem kostur er, um meðferð vátryggingafélaga á bótakröfum vegna lyfjatjónstryggingar. Skýrslan skal vera aðgengileg almenningi.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

24. gr.

Fyrning krafna.

Kröfur um bætur samkvæmt lögum þessum fyrnast þegar þrjú ár eru liðin frá því að tjónþoli fékk eða mátti fá vitneskju um tjón sitt.

Krafan fyrnist þó eigi síðar en þegar tíu ár eru liðin frá atvikinu sem hafði tjón í för með sér.

25. gr.

Viðurlög.

Brot gegn 1. mgr. 11. gr., sbr. þó 12. gr., varða sektum.

Brot gegn 2. mgr. 18. gr. og 3. mgr. 21. gr. varða sektum eða fangelsi, sbr. V. kafla almennra hegningarlaga.

Sé refsivert brot framið í starfi hjá lögaðila, sbr. II. kafla A almennra hegningarlaga, er hann ábyrgur fyrir greiðslu sektar.

26. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002 og taka til tjónsatvika sem verða eftir þann tíma.

Við gildistöku laganna verður eftirfarandi breyting á skaðabótalögum, nr. 50 19. maí 1993:

Á eftir orðunum „lögum um sjúklingatryggingu“ í 3. málsl. 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: og lögum um lyfjatjónstryggingu.

Greinargerð.

Frumvarpið sem hér er lagt fram sækir fyrirmynd sína til Danmerkur, en þar hafa frá árinu 1995 verið í gildi sérstök lög um tjón af völdum lyfja. Á 125. löggjafarþingi voru samþykkt lög um sjúklingatryggingu. Tilgangur þeirra laga var að tryggja sjúklingum sem bíða heilsutjón vegna áfalla í tengslum við læknismeðferð o.fl. viðtækari rétt á bótum en þeir eiga samkvæmt almennum skaðabótareglum og jafnframt að gera þeim auðveldara að ná rétti sínum. Lög um sjúklingatryggingu taka hins vegar ekki til tjóns af völdum skaðlegra eiginleika lyfja sem notuð eru við rannsóknir eða við sjúkdómum, sbr. 1. gr., sbr. 3. mgr. 3. gr. Slíkt tjón fellur almennt undir lög um skaðsemisábyrgð. Þrátt fyrir að lög um sjúklingatryggingu taki almennt ekki til lyfjatjóns hindrar það ekki bótarétt þótt lyf sé meðorsök tjóns ef skilyrði bótaskyldu samkvæmt lögunum eru á annað borð fyrir hendi. Þrátt fyrir þetta geta komið upp þau atvik þar sem lyfjatjón verður hvorki talið falla undir lögin um skaðsemisábyrgð né lögin um sjúklingatryggingu. Af þessari ástæðu og þeirri að tryggja sjúklingum sem verða fyrir tjóni vegna skaðlegra eiginleika lyfja viðtækari rétt á bótum, með sama hætti og lögin um sjúklingatryggingu gera, er þetta frumvarp lagt fram.

Lagt er til að lögin nái til allra sem verða fyrir tjóni af völdum skaðlegra eiginleika lyfja hér á landi að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Lögin taka jafnt til líkamlegs sem geðræns tjóns. Þeir eiga einnig bótarétt sem vistast á erlendu sjúkrahúsi á vegum Tryggingastofnunar ríkisins og verða fyrir tjóni vegna skaðlegra eiginleika lyfja. Þeir sem taka þátt í klínískum lyfjaprófunum eiga rétt á bótum samkvæmt lögunum ef þeir verða fyrir tjóni og eins þeir sem gefa líkamsvef, líffæri, blóð eða annan líkamsvökva og verða fyrir tjóni af völdum skaðlegra eiginleika lyfja í tengslum við þá meðferð. Þá er gert ráð fyrir að þeir sem hafa með höndum umönnun eða hjúkrun sjúklinga og verða fyrir tjóni af völdum skaðlegra eiginleika lyfja njóti bótaréttar.

Bótaábyrgð samkvæmt frumvarpinu er í eðli sínu skaðsemisábyrgð með sama hætti og lög um skaðsemisábyrgð, nr. 25/1991. Frumvarpið gerir þó ráð fyrir viðtækari bótarétti að því leyti að tjón af völdum aukaverkana er bótaskylt að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Það leiðir af því að hér er um skaðsemisábyrgð að ræða að tjón sem rekja má til mistaka eða vanrækslu í tengslum við ávísun lyfs eða afhendingu eða að lyf hefur ekki tilætluð áhrif á sjúkling eða lyf er tekið inn á rangan hátt fellur ekki undir lögin, sbr. 4. gr.

Bótaskyldir aðilar samkvæmt frumvarpinu eru framleiðendur og dreifingaraðilar lyfja sem

tjóni valda. Þetta er í samræmi við lögin um skaðsemisábyrgð þar sem framleiðendur og dreifingaraðilar vöru sem tjóni veldur bera ábyrgðina. Til nánari skilgreiningar á því hver teljist framleiðandi og hver dreifingaraðili er vísað til 4. gr. laga um skaðsemisábyrgð.

Í frumvarpinu er lagt til að öllum sem framleiða lyf hér á landi eða dreifa þeim verði gert skylt að kaupa vátryggingu (lyfjatjónstryggingu) hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi. Undantekning er gerð frá þessu þegar um er að ræða framleiðendur eða dreifingaraðila sem ríkið á í heild eða hluta. Gert er ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins annist lyfjatjónstryggingu vegna þessara aðila, sbr. 20. gr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni koma fram meginreglur um það til hverra lögin taka. Samkvæmt frumvarpinu nær tryggingin til allra sem verða fyrir tjóni vegna skaðlegra eiginleika lyfja að uppfylltum nánari skilyrðum laganna. Nefnd skilyrði koma einkum fram í 2.–6. gr.

Fóstur fellur undir gildissvið frumvarpsins og á því rétt til bóta svo framarlega sem það fæðist lifandi og önnur skilyrði bótaréttar eru fyrir hendi.

Frumvarpið tekur til líkamlegs og geðræns tjóns. Með því síðarnefnda er bæði átt við geðrænar afleiðingar líkamstjóns og hreint geðrænt tjón.

Þá falla þeir sem taka þátt í klínískum lyfjaprófunum sem ekki eru liður í sjúkdómsgreiningu eða meðhöndlun sjúkdóms undir gildissvið frumvarpsins. Sama á við um þá sem gefa líkamsvef, líffæri, blóð eða annan líkamsvökva og verða fyrir tjóni vegna skaðlegra eiginleika lyfja í tengslum við þá aðgerð.

Þá geta þeir sem hafa með höndum umönnun eða hjúkrun sjúklinga öðlast bótarétt samkvæmt frumvarpinu ef þeir verða fyrir tjóni af völdum skaðlegra eiginleika lyfja sem þeir meðhöndla í starfi sínu.

Um 2. gr.

Í greininni kemur fram takmörkun á bótarétti samkvæmt frumvarpinu. Samkvæmt henni taka lögin aðeins til lyfja sem dreift er hér á landi í atvinnuskyni til notkunar eða til klínískra lyfjarannsókna.

Tjón af völdum lyfja sem keypt eru erlendis falla ekki undir lögin jafnvel þótt þeim hafi verið ávísað af lækni, þau gefin á sjúkrahúsi eða keypt í apóteki. Það er jafnframt skilyrði fyrir bótaskyldu að lyf hafi verið afhent í apóteki eða sjúkrahúsi eða af lækni eða stjórnanda rannsóknar, sbr. 3. mgr. 1. gr. Ekki er gerð krafa um að lyf sé afhent af lækni eða stjórnanda í orðsins fyllstu merkingu, heldur er gert ráð fyrir að nóg sé að það sé gert í umboði hans.

Um 3. gr.

Í greininni er skilgreint hvað teljist lyf samkvæmt frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að lyf teljist vörur sem ætlað er að fyrirbyggja, lina, meðhöndla eða lækna sjúkdóma eða sjúkdómseinkenni og sársauka eða hafa áhrif á líkamsstarfsemi. Um nánari skilgreiningu er vísað til 5. gr. lyfjalaga þegar meta skal hvort vara teljist lyf í skilningi laganna eða ekki.

Í 2.–5. mgr. koma fram nánari útlistanir á því hvaða lyf muni falla undir lögin. Í fyrsta lagi taka lögin til lyfja sem lyfjastofnun hefur veitt leyfi til að markaðssetja og selja gegn lyfseðli hér á landi. Ef um er að ræða lyf sem unnið er að rannsóknum á verður að liggja fyrir sérstakt leyfi Lyfjastofnunar til þeirrar rannsóknar, samkvæmt ákvæðum lyfjalaga. Í öðru lagi taka lögin til svokallaðra forskriftarlyfja og óskráðra lyfja sem Lyfjastofnun hefur leyft innflutning á. Í þriðja lagi er sérstaklega tekið fram að náttúrulyf, efni til smáskammtalækninga, víta-

mín o.fl. falli ekki undir lögin. Loks er sérstaklega tekið fram að bólusetningarlyf falli undir lögin til að taka af allan vafa en þess má geta að í Danmörku falla þessi lyf ekki undir þarlend lög um lyfjatjónstryggingu. Rétt er að geta þess að þetta er ekki tæmandi upptalning, heldur geta fleiri lyf fallið undir lögin ef þau á annað borð uppfylla skilyrði 1. mgr. greinarinnar.

Í 6. mgr. er gert ráð fyrir að ráðherra geti kveðið nánar á um það í reglugerð hvaða lyf falli undir lögin.

Um 4. gr.

Í greininni er tekið af skarið um það að tjón sem á óbeinan hátt má rekja til notkunar lyfs falli ekki innan gildissviðs frumvarpsins.

Samkvæmt a-lið fellur það utan gildissviðs frumvarpsins ef tjón verður af þeim sökum að lyf hefur ekki tilætluð áhrif á sjúkling. Lyf skila í fæstum tilvikum 100% árangri, heldur er það iðulega svo að þótt lyf virki vel á flesta sjúklinga þá er oftast ákveðið prósentuhlutfall sem lyfið virkar verr á eða alls ekki. Ekki er eðlilegt að varpa ábyrgð á framleiðendur eða dreifingaraðila vegna þessa.

Samkvæmt b-lið fellur það utan gildissviðs frumvarpsins ef tjón má rekja til vanrækslu eða mistaka í tengslum við ávísun lyfs eða afhendingu. Sem dæmi um þetta má nefna að læknir ávísar röngu lyfi eða rangt lyf er afgreitt í apóteki. Lögum þessum er ekki ætlað að taka á atvikum sem þessum.

Samkvæmt c-lið fellur það utan gildissviðs frumvarpsins ef tjón má rekja til þess að lyf er innbyrt á rangan hátt. Hér er einkum átt við að lyf sé notað í of stórum eða of litlum skömmtum. Slíkt hlýtur að vera á ábyrgð einstaklinganna og fellur því utan gildissviðs frumvarpsins.

Ofangreindar takmarkanir leiðir af því að frumvarpið kveður fyrst og fremst á um skaðsemisábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila lyfja eins og hún hefur verið skilgreind.

Um 5. gr.

Í greininni kemur fram að tjón af völdum aukaverkana lyfja falla undir gildissvið frumvarpsins ef þær eru umfram það sem sennilegt og fyrirsjáanlegt gat talist. Samkvæmt greininni á þetta við hvort sem um er að ræða þekktar eða óþekktar aukaverkanir eða hvort aukaverkun telst líkleg eða ekki. Í 2. mgr. eru síðan sett fram viðmiðunarsjónarmið sem nota skal við mat á því hvort aukaverkun teljist það alvarleg að hún sé umfram það sem sennilegt og fyrirsjáanlegt gat talist.

Flest lyf hafa í för með sér einhverjar aukaverkanir og almenna reglan er sú að tjón af völdum þeirra falli ekki undir gildissvið frumvarpsins. Rétt þykir hins vegar að fella undir frumvarpið tjón af völdum aukaverkana sem er umfram það sem sennilegt og fyrirsjáanlegt getur talist með tilliti til allra aðstæðna.

Í 3. mgr. er ráðherra síðan veitt heimild til að útfæra nánar hvaða tjón af völdum lyfja falla undir lögin.

Um 6. gr.

Í greininni kemur fram að tjón sé aðeins bætt að það teljist líklegt að tjón megi rekja til lyfjanotkunar. Með þessu ákvæði er verið að árétta að hin almennu skilyrði skaðabótaréttar um orsakatengsl og sennilega afleiðingu verði að vera til staðar til að bótaréttur stofnist.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að um ákvörðun bótafjárhæðar skuli fara eftir skaðabótalögunum og ákvæðum II. kafla frumvarpsins.

Í 2. mgr. kemur fram takmörkun á rétti til bóta, en samkvæmt greininni fá þeir engar bætur sem verða fyrir minna tjóni en nemur 50 þús. kr. Þykir eðlilegt að tjónþolar beri einhverja eigin áhættu í þessum efnum. Þá aukast erfiðleikar við að meta tjón og skilja á milli bótaskyldra tjóna og annarra þegar um mjög smávægileg tjón er að ræða og því liggja hér ákveðin hagkvæmnisrök að baki. Fari tjón fram úr lágmarkinu skal bæta það upp að 5 millj. kr. án þess að draga lágmarkið frá.

Í 3. mgr. er lagt til að heilbrigðir menn sem bíða heilsutjón af læknisfræðilegum tilraunum eða við það að gefa vefi, líffæri eða líkamsvökva njóti sérstöðu þannig að bótaréttur þeirra sé ekki háður skerðingarákvæðum 2. mgr.

Af 4. mgr. leiðir að einungis þeir sem verða fyrir tjóni eða bíða tjón við andlát framfæranda geta átt rétt á bótum samkvæmt lögunum. Lyfjatjónstrygging greiðir ekki endurkröfu af hálfu aðila sem innt hefur af hendi bætur vegna tjónsatviks sem lögin taka til. Þetta hefur m.a. þau áhrif að vinnuveitandi sem hefur greitt tjónþola lög- og samningsbundið kaup í veikinda- eða slysaforföllum getur ekki krafist greiðslu úr lyfjatjónstryggingu vegna þeirra útgjalda.

Um 8. gr.

Í greininni er lagt til að girt verði fyrir að vátryggingafélög, eða eftir atvikum Tryggingastofnun, geti endurkrafið lækni eða annan sem kann að valda tjóni af gáleysi, jafnvel þótt stórfellt sé. Með þessu er vikið frá almennum réttarreglum. Rökin að baki reglu sem þessari er að hugsanlega gæti ótti heilbrigðisstarfsmanna við skaðabótakröfur í einhverjum tilvikum spillt eða tafið fyrir rannsókn á orsökum tjóns. Þykir nauðsynlegt að tryggja sem best að hlutaðeigandi veiti fúslega upplýsingar og aðstoð við rannsókn málsatvika.

Fullur endurkröfuréttur er jafnan fyrir hendi ef leitt er í ljós að tjóni hafi verið valdið af ásetningi.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild til að lækka eða fella niður bætur ef tjónþoli er meðvaldur að tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Venjulegt eða einfalt gáleysi hefur engin áhrif á bótarétt tjónþola, en það er í samræmi við almennar reglur laga um vátryggingarsamninga og laga um almannatryggingar. Almennar reglur skaðabótaréttar um eigin sök tjónþola eru hins vegar strangari í garð tjónþola því að eftir þeim getur einfalt gáleysi hans oft leitt til skerðingar bótaréttar.

Um 10. gr.

Í greininni kemur fram að það séu framleiðendur og dreifingaraðilar þeirra lyfja sem tjóni valda sem bera ábyrgðina samkvæmt frumvarpinu. Ábyrgð þessara aðila er óskipt. Vísað er til 4. gr. laga um skaðsemisábyrgð um skilgreiningu á hugtökunum framleiðandi og dreifingaraðili.

Um 11. og 12. gr.

Í 11. gr. er mælt fyrir um skyldu bótaskyldra, sbr. 10. gr., til að kaupa vátryggingu (lyfjatjónstryggingu) hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi. Gert er ráð fyrir að heilbrigðisráðherra setji með reglugerð ákvæði um lágmark vátryggingarfjárhæðar innan hvers vátryggingarárs og framkvæmd vátryggingarskyldunnar.

Í 12. gr. er síðan gert ráð fyrir því að framleiðendur og dreifingaraðilar sem ríkið á í heild eða að hluta séu undanþegnir vátryggingarskyldu skv. 12. gr., þótt þeim sé heimilt að kaupa vátryggingu ef þeir kjósa að gera slíkt.

Um 13. gr.

Í greininni kemur fram nýyrði í íslensku lagamáli, „hóptjón“. Með hóptjóni er átt við lyfjatjón sem fleiri en einn verða fyrir og orsakast af sama eiginleika sama efnis í einu eða fleiri lyfjum og stafar af aukaverkunum sem ekki voru þekktar eða galla, sbr. a- og b-lið 1. mgr.

Í 2. mgr. er tekið fram að hóptjón telst til þess árs þegar fyrsta bótakrafan kemur fram við vátryggingafélag eða Tryggingastofnun. Þetta skiptir máli þegar litið er til 1. mgr. 14. gr. frumvarpsins.

Um 14. gr.

Í greininni er kveðið á um hámark bótafjárhæða samkvæmt lögunum. Nauðsynlegt er talið að setja eitthvert hámark á bætur vegna skaðsemistjóna. Slík tjón geta í eðli sínu orðið mjög stór og umfangsmikil. Skaðlegur eiginleiki í einhverju tilteknu lyfi getur bitnað á fjölda manns og reiknað tjón getur numið háum upphæðum. Þetta gæti orðið til þess að iðgjöld trygginga yrðu óeðlilega há og illviðráðanleg fyrir bóta- og vátryggingarskylda aðila. Rétt er að taka það fram að þessar hámarksbætur takmarka ekki rétt til bóta úr hendi framleiðenda og dreifingaraðila eftir almennum reglum skaðabótaréttar og lögum um skaðsemisábyrgð, en þess má geta að þar er einnig að finna ákvæði um hámarksbætur vegna tjóna sem verða vegna sama galla í sömu vöru.

Um 15. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að ef þær upphæðir sem tilgreindar eru í 14. gr. nægja ekki til að fullnægja öllum kröfum skuli skerða þær hlutfallslega. Þetta á þó einungis við um ógreiddar bætur og því ljóst að þeir sem fengið hafa bætur greiddar verða ekki endurkrafnir um þær. Rétt er taka fram að bætur falla ekki niður þótt þær skerðist niður fyrir 50 þús. kr. markið skv. 2. mgr. 7. gr. enda er virt tjón 50 þús. kr. eða hærri upphæð. Til að minnka líkur á ósanngjarnri niðurstöðu er vátryggingafélagi eða Tryggingastofnun ríkisins heimilt að fresta greiðslu bóta að hluta ef sýnt þykir að skerðing sé nauðsynleg. Það er ljóst að ákvæði 14. og 15. gr. geta leitt til ósanngjarnar niðurstöðu en rétt er að ítreka að aðrar bótaleiðir standa eftir sem áður opnar fyrir þá sem ekki fá fullar bætur.

Um 16. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að að svo miklu leyti sem tjónþoli eða eftirlifandi aðstandendur hans hafa fengið bætur eða eiga rétt á þeim samkvæmt lögunum þá sé ekki hægt að krefja aðra um bætur sem hugsanlega bera ábyrgð á tjóninu. Ákvæði þetta felur í sér að ef menn eiga á annað borð rétt á bótum samkvæmt lögunum beri þeim að sækja þær bætur áður en krafa er höfð upp á hendur öðrum sem hugsanlega bera skaðabótaábyrgð á tjóninu. Fáist ekki fullar bætur með þeim hætti er að sjálfsögðu heimilt að sækja þær til annarra skaðabótaskyldra aðila.

Í 2. mgr. kemur fram að regla 1. mgr. eigi ekki við þegar skaðabótaábyrgð er til staðar samkvæmt lögum um skaðsemisábyrgð. Þetta þýðir í raun að ef ábyrgð er til staðar bæði samkvæmt þessum lögum og lögum um skaðsemisábyrgð þá hafi tjónþoli val um það á hvorum lögunum hann byggir bótakröfu sína. Mun auðveldara og ódýrara mun verða að

sækja bætur á grundvelli lyfjatjónstryggingar ef frumvarp þetta verður að lögum og má því gera ráð fyrir að menn muni almennt velja þann kostinn ef báðir standa til boða.

Um 17. gr.

Í greininni kemur fram að að svo miklu leyti sem ríkið greiðir bætur í samræmi við ákvæði frumvarpsins öðlist það framkröfu á hendur framleiðanda eða dreifingaraðila viðkomandi lyfs, í samræmi við ákvæði 3. mgr. 11. gr. laga um skaðsemisábyrgð. Framkröfurétturinn er bundinn við þau atvik sem koma fram í 3. mgr. 11. gr. laga um skaðsemisábyrgð.

Um 18. og 19. gr.

Í 18. og 19. gr. er fjallað um meðferð bótakrafna vegna lyfjatjónstryggingar. Meðferðin er mismunandi eftir því hvort bótaskyldur aðili hefur keypt vátryggingu eða ekki.

Bótakröfu vegna tjóns hjá aðila sem keypt hefur vátryggingu skal beina til vátryggingafélags viðkomandi sem afgreiðir kröfuna í samræmi við ákvæði laganna og reglugerða og skilmála sem settir verða á grundvelli þeirra.

Starfsmenn vátryggingafélaga sem fjalla um málefni tjónþola skulu gæta fyllstu þagmælsku um allar persónuupplýsingar sem þeir komast að í starfi eða í tengslum við það.

Bótakröfu vegna tjóns hjá bótaskyldum aðila sem undanþeginn er vátryggingarskyldu skal beina til Tryggingastofnunar ríkisins.

Um 20. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu Tryggingastofnunar ríkisins til að annast lyfjatjónstryggingu vegna þeirra sem bera tjón í eigin áhættu.

Kostnaður af framkvæmd Tryggingastofnunar skal greiðast úr ríkissjóði. Þá skal ráðherra setja reglugerð um starfsemi og málsmeðferð lyfjatjónstryggingar hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Um 21. og 22. gr.

Í 21. gr. er fjallað um málsmeðferð Tryggingastofnunar ríkisins en stofnunin skal afla gagna eftir því sem þurfa þykir og getur m.a. aflað þeirra fyrir dómi. Þá getur stofnunin krafið heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstarfsmenn um gögn, m.a. sjúkraskýrslur.

Að gagnaöflun lokinni tekur Tryggingastofnun ríkisins afstöðu til bótaskyldunnar og ákveður fjárhæð bóta.

Samkvæmt 22. gr. ber Tryggingastofnun ríkisins síðan að tilkynna öllum hlutaðeigandi um niðurstöðu sína og má skjóta niðurstöðunni til úrskurðarnefndar almannatrygginga.

Um 23. gr.

Í greininni er lögð sú skylda á Tryggingastofnun ríkisins að taka árlega saman skýrslu til ráðherra um störf vegna lyfjatjónstryggingarinnar og geta þar eftir því sem kostur er starfsemi vátryggingafélaga vegna lyfjatjónstryggingar.

Um 24. gr.

Í greininni er kveðið á um sérstakan fyrningarfrest á bótakröfum, m.a. vegna þess hversu erfitt er að ganga úr skugga um hvort skilyrði bóta er fyrir hendi löngu eftir að málsatvik gerðust.

Miðað er við sama fyrningarfrest og í lögum um skaðsemisábyrgð enda um eðlislíka bótaábyrgð að ræða.

Ákvæðið um upphaf þriggja ára fyrningarfrestsins getur leitt til þess að tjónþoli haldi kröfu sinni miklu lengur en í þrjú ár frá því tjónsatvik bar að höndum. Þessi tími getur þó aldrei orðið lengri en tíu ár, sbr. 2. mgr. ákvæðisins.

Almennur fyrningarfrestur skaðabótakrafna samkvæmt fyrningarlögum er fjögur ár en eins og áður hefur verið minnst á er fyrningarfrestur hér miðaður við þrjú ár til samræmis við lög um skaðsemisábyrgð. Um slit fyrningar fer eftir almennum réttarreglum um fyrningu.

Um 25. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 26. gr.

Rétt þykir að miða gildistöku laganna við 1. janúar 2002 og að þau taki til tjónsatvika sem verða eftir þann tíma. Gera verður ráð fyrir að það taki nokkurn tíma fyrir vátryggingafélög og Tryggingastofnun að undirbúa nýja skyldutryggingu eins og þá sem hér um ræðir. Eins er nauðsynlegt að ráðherra gefist tími til að setja reglugerðir um þau atriði sem honum er skylt samkvæmt frumvarpinu.

2. mgr. breytir 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga þannig að bætur samkvæmt lögum um lyfjatjónstryggingu skulu dragast frá skaðabótakröfu.

219. Svar [151. mál]

iðnaðar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Stefaníu Óskarsdóttur um frumkvöðlafræðslu á landsbyggðinni.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hafa stjórnvöld staðið fyrir frumkvöðlafræðslu fyrir fólk á landsbyggðinni? Ef svo er, hvernig hefur verið staðið að henni? Ef svo er ekki, hyggjast stjórnvöld beita sér fyrir henni?

Stjórnvöld hafa með ýmsum hætti beitt sér fyrir frumkvöðlafræðslu á landsbyggðinni á undanförnum árum. Á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis hefur frumkvöðlafræðsla einkum verið á vegum þriggja stofnana þess, þ.e. Iðntæknistofnunar, Byggðastofnunar og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, sem starfar samkvæmt lögum er heyra undir iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Mörg verkefnanna hafa verið samstarfsverkefni á milli þessara aðila eða með öðrum aðilum sem vinna að nýsköpun í atvinnulífinu. Hér á eftir er gerð grein fyrir verkefnum er snerta frumkvöðlafræðslu fyrir fólk á landsbyggðinni og hafa verið unnin á vegum framangreindra aðila.

Frumkvöðlafræðsla er svo yfirgripsmikið hugtak að erfitt getur verið að greina hana sérstaklega frá öðrum stuðningsaðgerðum fyrir frumkvöðla og fyrirtæki. Hér er frumkvöðlafræðsla miðuð við frumstig nýsköpunar, þ.e. fræðslu um stofnun og rekstur fyrirtækja, gerð viðskiptaáætlana og og ýmiss konar endurbætur í rekstri smáfyrirtækja.

I. Verkefni á vegum Iðntæknistofnunar.

Veigamesta frumkvöðlafræðslan, og sú sem lengst hefur verið starfrækt, er á vegum Iðntæknistofnunar. Hún er í meginatriðum tvenns konar:

Annars vegar er starfrækt sérstök þjónustumiðstöð fyrir frumkvöðla og smærri fyrirtæki

sem ber nafnið *Impra*. *Impra* rekur bæði fræðsluverkefni og stuðningsverkefni fyrir frumkvöðla. Í sumum þeirra fer saman fjárhagslegur stuðningur og þekkingarveita til þeirra sem njóta stuðnings.

Hins vegar er á Iðntæknistofnun starfrækt fræðslu- og ráðgjafadeild sem einkum beinir kröftum sínum að frumkvöðlum með fræðslu og ráðgjöf sem ekki er unnt að sækja annað.

Iðntæknistofnun starfar að fjölmörgum verkefnum sem nýtast frumkvöðlum og fyrirtækjum um allt land án þess að þau séu sérstaklega ætluð landsbyggðinni umfram aðra. Starfsemi *Impru* var sett á fót í þeim tilgangi að sinna á einum stað þörfum frumkvöðla og sprotafyrirtækja og þjónustar *Impra* allar atvinnugreinar í landinu. Þangað geta allir leitað með fyrirspurnir er tengjast stofnun og rekstri fyrirtækja. Hjá *Impru* eru veittar upplýsingar um gerð viðskiptaáætlana og aðstoðað við undirbúning að stofnun fyrirtækja, veitt leiðsögn um rekstur þeirra og hjálp við að komast í erlend viðskiptasambönd. *Impra* fer með fyrirtækjum á fundi erlendis þar sem unnt er að komast í tengsl við mögulega viðskiptavini og samstarfsaðila. *Impra* aðstoðar fyrirtæki og einstaklinga við að afla nýrrar tækniþekkingar frá útlöndum, einkum í tengslum við evrópskt samstarf. Hjá *Impru* er lögð sérstök áhersla á að þjónusta athafnakonur og stuðla að þekkingaruppbyggingu þeirra. *Impra* rekur einnig Frumkvöðlasetur fyrir sprotafyrirtæki.

Impra tók til starfa vorið 1999. Sé mið tekið af starfseminni fyrsta hálfa árið skiptust fyrirspurnir þannig að 40% fyrirspurna komu frá konum en 60% frá körlum. Hlutfall fyrirspurna eftir búsetu viðskiptavina var þannig að um 60 % komu frá höfuðborgarsvæðinu en 40% frá landsbyggðinni.

Af sérverkefnum sem unnin hafa verið hjá Iðntæknistofnun og einskorðast við frumkvöðla á landsbyggðinni má nefna eftirfarandi verkefni:

Námskeið um stofnun og rekstur smáfyrirtækja.

Þessum námskeiðum er ætlað að bæta úr brýnni þörf fyrir almenna fræðslu um stofnun fyrirtækja og helstu atriði um rekstur þeirra. Á námskeiðunum eru viðskiptahugmyndir þátttakenda yfirfarnar og þróaðar til enda og á grundvelli þeirra á þátttakendum að vera unnt að stofnsetja fyrirtæki. Námskeiðin hafa verið haldin sem hér segir: Þorlákshöfn 1999, Kirkjubæjarklaustri 1999 (á vegum Atvinnuþróunarfélags Suðurlands), Vesturlandi 1998 og Árnessýslu 1998.

FEED, fræðsla og stuðningur við frumkvöðla, verkefni styrkt af Leonardo da Vinci-áætluninni.

Markmið námskeiðsins var einkum að kenna ungu og atvinnulausu fólki að setja saman viðskiptaáætlanir og fylgja þeim eftir. Auk þess var það tilgangur verkefnisins að þjálfa leiðbeinendur til að kenna gerð viðskiptaáætlana. Verkefnið var í samvinnu við Markaðs- og atvinnumálaskrifstofu Reykjanesbæjar 1997 og 1999 og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða 1998 og 1999.

Ferðaþjónusta til framtíðar, fræðsluverkefni um vistvæna og menningartengda ferðaþjónustu.

Verkefnið hófst 1997 og því lauk haustið 1999. Kenndar voru aðferðir til að lágmarka sóun og meta umhverfisáhrif í ferðaþjónustu. Þá voru einnig kennd og unnin verkefni um hagnýtingu þjóðmenningar í ferðaþjónustu. Um tuttugu fyrirtæki tóku þátt í verkefninu.

Bættur rekstur.

Verkefnið er námskeið og ráðgjafaverkefni. Markmið þess er að gefa heildarsýn yfir helstu svið rekstrar ásamt því að veita ráðgjöf um einstök atriði sem fram koma í verkefninu og vekja sérstakan áhuga þátttakenda. Verkefnið hefur á seinustu árum verið á Höfn, Akureyri, Ísafirði, Egilsstöðum, Mosfellsbæ, Hafnarfirði og Selfossi.

Reynslunni ríkari.

Verkefnið er samvinnuverkefni Iðntæknistofnunar og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Það hefur verið í gangi frá árinu 1999 og er eingöngu ætlað konum á landsbyggðinni sem hyggjast hefja atvinnurekstur eða hafa nýlega hafið rekstur fyrirtækis. Markmið námskeiðanna er að þátttakendur kynnist gerð viðskiptaáætlana og mikilvægi þeirra í fyrirtækjarekstri. Námskeiðið hefur verið haldið á fimm stöðum á landinu, þ.e. Vestfjörðum, Austurlandi, Vesturlandi, Norðurlandi eystra og Suðurlandi.

II. Verkefni á vegum Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur starfað frá ársbyrjun 1998. Nýsköpunarsjóður hefur staðið á bak við fjölmörg verkefni sem tengjast frumstigi nýsköpunar. Fæst þeirra eru bundin við búsetu, en þau verkefni sem einkum hafa nýst eða verið ætluð fólki á landsbyggðinni eru:

Verkefnin Nýsköpun 1999 og Nýsköpun 2000.

Þessi verkefni eru fræðslunámskeið og um leið samkeppni um gerð viðskiptaáætlana, þar sem bestu viðskiptaáætlanirnar eru verðlaunaðar. Verkefnin eru samstarfsverkefni Nýsköpunarsjóðs, KPMG Endurskoðunar hf., Morgunblaðsins og Háskóla Íslands. Árið 1999 voru námskeið haldin í samstarfi við atvinnuþróunarfélögin og Byggðastofnun með hjálp „Byggðabrúarinnar". Það ár barst 81 fullbúin viðskiptaáætlun, þar af voru 23 af landsbyggðinni eða tæplega 30% af heildinni.

Á þessu ári voru átta námskeið haldin víðs vegar um landið. Þátttaka var mjög góð og er talið að allt að 350 til 400 hafi sótt námskeiðin. Í samkeppnina í ár bárust 32 fullbúnar viðskiptaáætlanir, þar af 17 af landsbyggðinni eða 53% af heildinni.

Nýsköpunarstjórnun fyrirtækja.

Námskeið um nýsköpunarstjórnun er nýlega hafið. Um er að ræða námskeið sem er samstarfsverkefni með Byggðastofnun og atvinnuþróunarfélögunum á landsbyggðinni. Meginmarkmið námskeiðanna er að efla nýsköpunarstarfið á landsbyggðinni, bæta stefnumótun fyrirtækja og skipulag breytinga svo og vöktun nýjunga. Samtals verða haldin sjö námskeið á þessu ári, þ.e. á Ísafirði, Blönduósi, Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi, í Reykjanesbæ og Stykkishólmi.

Önnur verkefni um frumkvöðlafræðslu sem Nýsköpunarsjóður kemur að með öðrum.

Auður í krafti kvenna er verkefnaflokkur sem Nýsköpunarsjóður vinnur að í samvinnu við Háskólann í Reykjavík og fleiri. Verkefnin eru:

- *FrumkvöðlaAuður,*
- *LeiðtogaAuður,*
- *FjármálaAuður* og
- *Auðarverðlaunin.*

Þessi verkefni hverfast öll um að efla þekkingu og vitund kvenna um frumkvöðlastarf og rekstur fyrirtækja. Verkefnin eru ætluð fyrir konur af öllu landinu.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins kemur að fimm verkefnum í samvinnu við Iðntæknistofnun. Verkefnin eru ætluð frumkvöðlum og fyrirtækjum af öllu landinu og eru sambland af faglegri og fjárhagslegri aðstoð. Verkefnin taka til mismunandi stiga nýsköpunarstarfsins frá almennri handleiðslu fyrir þá sem minnsta þekkingu hafa og til þess að veita ráð um þróun og vöxt starfandi fyrirtækja. Þessi verkefni eru:

- Almenn þjónusta og handleiðsla við uppfinningarmenn og frumkvöðla,
- *Frumkvöðlastuðningur,*
- *Snjallræði* – hugmyndasamkeppni fyrir frumkvöðla,
- *Skref fram á við,*
- *Vöruþróun.*

Þessi verkefni hafa staðið yfir um nokkurra ára skeið.

Nýjasta samstarfsverkefni Nýsköpunarsjóðs, Iðntæknistofnunar og fleiri aðila til að styðja við frumkvöðlastarfið í landinu er opnun íslenskrar vefsíðu fyrir konur í atvinnurekstri. Um er að ræða gagnvirka vefsíðu um viðskiptaefni sem tileinkuð er frumkvöðla-konum.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins vinnur að þremur verkefnum með Útflutningsráði Íslands þar sem frumkvöðlum og fyrirtækjum er leiðbeint um aðgerðir er leitt geti til aukins útflutnings. Þessi verkefni eru:

- *Útflutningsaukning og hagvöxtur* þar sem fyrirtækjum og einstaklingum er veitt leiðsögn í gerð viðskiptaáætlana um hugmyndir sem leitt geta til útflutnings á nýjum afurðum.
- *Markaðsstjóri til leigu* er verkefni þar sem fyrirtækjum er veittur stuðningur við að ráða til sín markaðsráðgjafa til að hrinda í framkvæmd hugmyndum um fyrirhugaðan útflutning.
- *Venture Iceland* beinist einkum að fyrirtækjum í hugbúnaðargerð sem þurfa að setja upp viðskiptaáætlanir sem fyrst og fremst beinast að erlendum fjárfestum.

III. Verkefni á vegum Byggðastofnunar.

Byggðastofnun hefur á undanförnum árum aukið fjárhagslegan og faglegan stuðning sinn við atvinnuþróunarfélög á landsbyggðinni. Atvinnuþróunarfélögin hafa hvert á sínu starfssvæði staðið fyrir frumkvöðlafræðslu, t.d. með námskeiðahaldi, þróunarverkefnum og ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga.

Mörg námskeiðanna hafa verið haldin í samvinnu atvinnuþróunarfélaganna og Iðntæknistofnunar annars vegar og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hins vegar, sbr. verkefni þessara aðila sem talin hafa verið upp hér að framan. Með þessu samstarfi hefur markaðssetning námskeiðanna verið markvissari en ella og betur náðst til helstu frumkvöðla í hverju héraði. Þá hefur Byggðastofnun staðið fyrir rekstri svokallaðrar Byggðabrúar, sem gegnt hefur margvíslegu hlutverki, t.d. fjarkennslu og þekkingarmiðlun sem nýtt hefur verið til frumkvöðlafræðslu ásamt fleiru.

Byggðastofnun hefur unnið sambærileg verkefni með öðrum, m.a. Rannís. Fyrr á þessu ári voru haldnir kynningarfundir um verkefni ESB er varða lítil og meðalstór fyrirtæki. Kynningarfundir voru haldnir á Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi, í Reykjanesbæ, í Borgarnesi og á Ísafirði. Tilgangur kynningarfundanna var að gera fyrirtækjum og frumkvöðlum á landsbyggðinni grein fyrir þeim sóknarmöguleikum sem þeir hafa varðandi kostun samstarfsverkefna um rannsóknir og þróun innan vébanda Evrópusambandsins.

Þá hafa flest atvinnuþróunarfélögin unnið að stefnumótunarverkefnum sem notið hafa stuðnings frá Byggðastofnun og fleiri, t.d. Átaki til atvinnusköpunar sem iðnaðarráðuneytið

hefur staðið fyrir. Stefnumótun atvinnuþróunarfélaganna er mikilvæg forsenda fyrir markvissum stuðningi við frumkvöðla, m.a. hvað varðar frumkvöðlafræðslu.

220. Frumvarp til laga [209. mál]

um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Flm.: Pétur H. Blöndal.

1. gr.

7. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú lagagrein sem hér er lagt til að felld verði brott er í tveimur málsgreinum og á rætur sínar að rekja til laga nr. 29/1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og laga nr. 62/1985, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Í 1. mgr. segir:

„Starfsmaður, sem lög þessi taka til, á rétt til þátttöku í stéttarfélagi sem fer með samningsumboð samkvæmt lögum þessum eftir því sem samþykktir viðkomandi félags segja. Aðeins eitt félag fer með umboð til samninga fyrir hann.“

Þetta ákvæði er óþarft þar sem engin löggjöf bannar opinberum starfsmanni þátttöku í stéttarfélagi, enda félagafrelsi tryggt í stjórnarskrá. Ákvæðið segir aðeins það sem augljóst er og er því óþarft og getur jafnvel leitt til gagnályktana. Af þeim sökum er lagt til að það verði fellt úr lögunum.

Í 2. mgr. 7. gr. segir svo:

„Starfsmaður, sem lög þessi taka til og eigi er innan stéttarfélags samkvæmt lögum þessum, greiði til þess stéttarfélags, sem hann ætti að tilheyra, gjald jafnt því sem honum bæri að greiða væri hann í því, enda fari um laun hans og önnur starfskjör samkvæmt samningum þess samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra eða sveitarstjórnar. Þá ákvörðun skal tilkynna viðkomandi sveitarfélagi.“

Þetta er í raun dulbúin skylda til aðildar að stéttarfélagi. Það væri mjög óskynsamlegt fyrir starfsmann að njóta ekki allrar þjónustu stéttarfélags með því að gerast félagi, þótt honum væri það þvert um geð. Þannig brýtur þetta ákvæði hugsanlega gegn ákvæði 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, um félagafrelsi, sbr. 12. gr. laga nr. 97/1995.

Skilyrði þess að skylda starfsmann til að greiða félagsgjald til stéttarfélags án þess að skylda hann formlega til þátttöku er að um laun hans og önnur starfskjör fari samkvæmt samningum viðkomandi stéttarfélags. Eini ágóði starfsmanns af því að greiða til stéttarfélags sem hann er ekki félagi í er sá að hann nýtur þeirra kjarasamninga sem félagið hefur gert. Þar sem starfsmaðurinn er ekki félagi í stéttarfélaginu nýtur hann ekki annarrar þjónustu félagsins, þótt hann greiði félagsgjald. Því er ekki hægt að líta svo á að hér sé um þjónustugjald að ræða.

Í þessu sambandi verður að hafa í huga að aðalefni kjarasamninga opinberra starfsmanna eru laun þeirra. Um réttindi þeirra og skyldur, svo sem rétt til orlofs og launa í veikindaforföllum, er að öðru leyti kveðið á í sérlögum sem taka að sjálfsögðu til allra opinberra starfsmanna, hvort sem þeir standa innan eða utan stéttarfélaga. Enn fremur má benda á að með þeirri stefnu að heimila forstöðumönnum ríkisstofnana að gera persónulega samninga við starfsmenn um launakjör njóti starfsmaður utan stéttarfélags ekki þjónustu stéttarfélagsins nema í samningum um lágmarkslaun. Sjálfur þarf hann að semja um hærri laun. Eðlilegra er því að telja gjaldtökuna skattlagningu, en skv. 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar er framsal skattlagningarvalds óheimilt, sbr. 15. gr. laga nr. 97/1995. Í því ákvæði sem hér er lagt til að fellt verði brott er skattlagningarvaldið framselt til stéttarfélags sem getur breytt gjaldi sem starfsmanni er skylt að inna af hendi fyrirvaralaust án þess að hann fái rönd við reist eða haft nokkur áhrif á þá ákvörðun. Þar sem ákvæðið um bann við framsali skattlagningarvalds kom ekki inn í stjórnarskrána fyrr en árið 1995 virðist hafa láðst að aðlaga lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, að því. Frumvarpinu er ætlað að lagfæra þessa annmarka á löggjöfinni svo að hún samræmist stjórnarskránni. Því er lagt til að ákvæðið verði fellt brott úr lögunum.

221. Fyrirspurn [210. mál]

til félagsmálaráðherra um málefni innflytjenda.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hvað líður stefnumótun ríkisstjórnarinnar í málefnum innflytjenda?
2. Hvaða kvaðir eru lagðar á atvinnurekendur til að tryggja réttindi innflytjenda sem þeir ráða til starfa og á hvern hátt er fylgst með því að þeir fari að lögum og settum reglum?
3. Er innflytjendum sem ekki hafa vald á íslensku tryggð túlkaþjónusta til að leita réttar síns og nýta þjónustu sem þeim ber innan velferðarþjónustunnar og réttarkerfisins eða annars staðar þar sem á þarf að halda?

222. Fyrirspurn [211. mál]

til menntamálaráðherra um málefni innflytjenda.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hvað hefur menntamálaráðuneytið gert og hvað er á döfinni til að tryggja að innflytjendur, bæði fullorðnir og börn, fái lögbundna kennslu í íslensku?
2. Á hvern hátt eru kennarar búnir undir að mennta börn og unglinga sem hafa annað móðurmál en íslensku?

223. Fyrirspurn [212. mál]

til dómsmálaráðherra um reglur um flutning eldfimra efna um þjóðvegi landsins.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

Hyggst ráðherra setja reglur um flutning eldfimra efna (eldsneytis og própangass) um þjóðvegi landsins?

224. Fyrirspurn [213. mál]

til samgönguráðherra um kostnað við lýsingu vega á Reykjanesi.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hver er kostnaður við að raflýsa
a. Grindavíkurveg, frá Reykjanesbraut til Grindavíkur,
b. Garðskagaveg, frá Reykjanesbraut að Garði,
c. Garðskagaveg, frá Garði að Sandgerði,
d. Sandgerðisveg, frá Reykjanesbraut að Sandgerði?

Skriflegt svar óskast.

225. Frumvarp til laga [214. mál]

um breytingu á lögum um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, nr. 62 30. apríl 1973, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Flutningsjöfnunargjaldið skal reikna og greiða á hvert selt tonn af sementi. Skulu innlendir framleiðendur og innflytjendur sem stunda endursölu á sementi á minnst tveimur verslunarstöðum sem jafnframt eru aðaltollhafnir greiða gjaldið til flutningsjöfnunarsjóðs sements af sölu í hverjum mánuði eigi síðar en á síðasta virka degi að tveimur mánuðum liðnum frá lokum sölumánaðar. Flutningsjöfnunargjald af öðru innfluttu sementi skal innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórar innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til flutningsjöfnunarsjóðs sements.

2. gr.

1. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Viðskiptaráðherra skipar til fjögurra ára í senn flutningsjöfnunarsjóði þriggja manna stjórn án tilnefningar og skipar viðskiptaráðherra formann sjóðstjórnar.

3. gr.

2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Er stjórninni meðal annars heimilt að ákveða að jöfnun flutningskostnaðar milli tiltekinna verslunarstaða, þar á meðal framleiðslustaðar eða aðaltollhafnar og annarra verslunarstaða, skuli takmörkuð við kostnað af þeim flutningsháttum sem ódýrastir eru á hverjum tíma og skemmstu flutningsleið.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lögin um jöfnun flutningskostnaðar á sementi eru að stofni til frá árinu 1973. Þegar lögin voru sett voru í gildi lög nr. 35 frá 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju, en Sementsverksmiðja ríkisins starfaði á grundvelli þeirra laga. Með lögum nr. 28 frá 13. apríl 1993 yfirtók hlutafélagið Sementsverksmiðjan hf. Sementsverksmiðju ríkisins 1. janúar 1994, sbr. 11. gr. laganna. Þegar lög nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, voru sett var einungis einn starfandi seljandi á sementi á markaðinum, þ.e. Sementsverksmiðja ríkisins. Þótti því eðlilegt að mæla svo fyrir í 5. gr. laganna að Sementsverksmiðja ríkisins tilnefndi einn mann í flutningsjöfnunarsjóð sements. Eftir að Sementsverksmiðja ríkisins var gerð að hlutafélagi 1. janúar 1994 og fleiri en einn aðili starfar nú á sementsmarkaðnum er ekki eðlilegt að Sementsverksmiðjan hf. tilnefni mann í stjórn flutningsjöfnunarsjóðs sements.

Í ljósi þess sem að framan er rakið samþykkti stjórn flutningsjöfnunarsjóðs sements á fundi sínum 30. maí 2000 að koma með eftirfarandi ábendingu um stjórnarsetu í sjóðnum til viðskiptaráðherra og var hún samþykkt samhljóða: „Stjórn Flutningsjöfnunarsjóðs sements beinir því til viðskiptaráðherra að kannað verði hvort nauðsynlegt sé að endurskoða lög um jöfnun flutningskostnaðar á sementi þar með talið skipun stjórnar sjóðsins í ljósi þess að fleiri en einn söluaðili er nú starfandi á sementsmarkaðnum.“

Í frumvarpi því sem hér liggur fyrir er lagt til að viðskiptaráðherra skipi stjórn flutningsjöfnunarsjóðs sements án tilnefningar, þar með talið formann stjórnar. Að öðru leyti er gert ráð fyrir því að stjórnin skipti sjálf með sér verkum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lögum samkvæmt er gert ráð fyrir því að Sementsverksmiðjan hf. greiði flutningsjöfnunargjald af sölu sements til viðskiptaráðuneytisins sem sér um endurgreiðslu á flutningskostnaði sements. Í greininni er lagt til að greiðslan fari nú beint til flutningsjöfnunarsjóðs sements sem sér um endurgreiðslu á flutningskostnaði.

Þá er nauðsynlegt vegna tilkomu innflutnings á sementi til endursölu að jafna samkeppnisstöðu innlendra framleiðenda og þeirra sem flytja inn sement. Með þessari frumvarpsgrein er greiðslufrestur á flutningsjöfnunargjaldi með lögum færður til þess horfs sem hann hefur verið í framkvæmd.

Um 2. gr.

Í ljósi þess að fleiri en einn aðili eru nú virkir á sementsmarkaðnum þykir eðlilegt að ráðherra skipi án tilnefningar stjórn flutningsjöfnunarsjóðs sements. Um ákvæði þessarar greinar vísast að öðru leyti til almennra athugasemda hér að framan.

Um 3. gr.

Með tilkomu innflutnings á sementi er nauðsynlegt að jafna flutningskostnað ekki eingöngu frá framleiðslustað sements hér innan lands heldur einnig frá aðaltollhöfn til tiltekinna verslunarstaða.

Um 4. gr.

Í þessari grein er gildistökuákvæði og þarfnast hún ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 62/1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að laga gildandi lög að samkeppni á sementsmarkaði. Í ljósi þess að fleiri en einn aðili eru virkir á markaðnum þykir nú eðlilegt að viðskiptaráðherra skipi stjórn flutningsjöfnunarsjóðs sements án tilnefningar framleiðenda.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

226. Frumvarp til laga [215. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Í stað orðanna „og 2000“ í 1. málsl. 2. gr. laganna kemur: 2000 og 2001.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gildistími laga nr. 38 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, verði framlengdur um eitt ár þannig að þau gildi fyrir árið 2001. Ráðgert er að sú efnislega endurskoðun sem mælt er fyrir um í 3. gr. laganna verði framkvæmd samhliða heildstæðri endurskoðun sem nú er unnið að á lögum um stjórn fisk-

veiða á vegum nefndar sem sjávarútvegsráðherra skipaði á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða XXVII í lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum

Tilgangurinn með frumvarpinu er að framlengja gildistíma laga um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum um eitt ár þannig að þau gildi áfram fyrir árið 2001. Verði frumvarpið óbreytt að lögum veður ekki séð að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

227. Frumvarp til laga [216. mál]

um breytingu á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Eigendur skipa skulu greiða 424 kr. fyrir hvert þorskígildistonn úthlutaðs eða landaðs afla, sbr. 3 mgr.
b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Þegar um er að ræða tegundir sem úthlutað er til einstakra skipa á grundvelli hlutdeilda skal gjaldið miðast við hlutdeildir viðkomandi skips í þeim tegundum og úthlutað heildaraflamark þegar gjaldið er lagt á, en miðist úthlutun ekki við hlutdeild skal miða gjaldið við úthlutað aflamagn.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað tölunnar „14.200“ í 3. mgr. kemur: 16.500.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Sama gildir sé veiðieftirlitsmaður Fiskistofu um borð í fiskiskipi á kostnað útgerðar samkvæmt sérstakri heimild í lögum.
c. Í stað tölunnar „15.000“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: 19.500.

3. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um veiðieftirlitsgjald. Í fyrsta lagi er lagt til að fjárhæð gjalds vegna veiðiheimilda innan og utan lögsögu verði breytt til samræmis við áætlaðan kostnað Fiskistofu af veiðieftirliti. Í öðru lagi er lagt til að þegar skipi er úthlutað tilteknu aflamagni sem byggist ekki á hlutdeild taki gjaldið mið af úthlutuðu

aflamagni en ekki lönduðum afla eins og núgildandi lög gera ráð fyrir. Þá er lagt til að gjald fyrir veru eftirlitsmanna um borð í veiðiskipum verði hækkað og að það verði einnig innheimt fyrir veru veiðieftirlitsmanns um borð í fiskiskipi samkvæmt sérstakri heimild í lögum.

Veiðieftirlitsgjald sem lagt verður á 1. desember nk. á að standa undir kostnaði af hefðbundnu veiðieftirliti Fiskistofu fiskveiðiárið 1. september 2000 til 31. ágúst 2001. Í fjárlögum ársins 2000 er gert ráð fyrir að innheimtan nemi 150,3 millj. kr. Gjaldið skiptist þannig að vegna veiðileyfa eru innheimtar um 38,8 millj. kr. og með gjaldi á aflaheimildir um 111,5 millj. kr. Sjávarútvegsráðherra ákvað sl. sumar að bregðast við mikilli umræðu um brottkast afla um borð í fiskiskipum og styrkja eftirlit með því. Af þeim sökum hefur Fiskistofa fengið heimild til að ráða nú þegar fimm veiðieftirlitsmenn. Jafnframt ákvað ráðherra að aðrir fimm yrðu ráðnir frá og með næstu áramótum. Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður Fiskistofu hækki um 50 millj. kr. á ári við þetta. Í frumvarpi til fjáraukalaga ársins 2000, sem og frumvarpi til fjárlaga ársins 2001, er áætluð hækkun á veiðieftirlitsgjaldi vegna ráðningar fimm eftirlitsmanna. Til að standa undir kostnaði Fiskistofu af veiðieftirliti þarf innheimta vegna gjalds á aflaheimildir að nema samtals 161,5 millj. kr. Á nýhöfnu fiskveiðiári er gert ráð fyrir að úthluta 381.577 þorskígildistonnum til útgerða fiskiskipa og hefur þeim fækkað um 78.600 þorskígildistonn frá síðasta fiskveiðiári. Kemur þar tvennt til, annars vegar hefur orðið hlutfallslega meiri hækkun á verði þorsks en annarra tegunda og hins vegar var leyfilegur heildarafli þorsks minnkaður um 30 þús. tonn. Gjald á aflaheimildir er miðað við þorskígildistonn og er hér lagt til að það verði 424 kr. á hvert þorskígildistonn. Þá er lagt til að gjald vegna tegunda sem veiðast alfarið utan lögsögu Íslands verði samræmt almennu gjaldi á aflaheimildir og hækki úr 300 kr. í 424 kr. á hvert þorskígildistonn. Með því er enginn greinarmunur gerður á gjaldtöku eftir fiskstofnum eða veiðislóð þeirra.

Breyting sú sem lögð er til á orðalagi 1. málsl. 3. mgr. 2. gr. laga um veiðieftirlitsgjald felur í sér að þegar úthlutað er tilgreindu magni sem ekki miðast við fasta aflahlutdeild skuli gjaldið miðast við úthlutað magn en ekki landaðan afla. Þetta þykir heppilegra með tilliti til úthlutunar aflaheimilda sem ekki byggist á hlutdeild skips heldur öðrum forsendum eins og t.d. úthlutun norsk-íslensku síldarinnar og sérstakra uppbóta. Orðið hlutdeild í málsgreininni tekur einnig til krókaaflahlutdeildar.

Gjald fyrir veru eftirlitsmanna um borð í fullvinnsluskipum hefur ekki staðið undir kostnaði. Til að mæta því er hér lagt til að gjaldið hækki úr 14.200 kr. á sólarhring í 16.500 kr. Gjaldið hefur verið óbreytt síðan 1996. Frumvarp hefur komið fram þar sem gert er ráð fyrir að í ákveðnum tilfellum sé Fiskistofu heimilt að setja eftirlitsmenn um borð í fiskiskip á kostnað útgerðar í því skyni að koma í veg fyrir brottkast. Nauðsynlegt þykir að kveða á um hvaða upphæð útgerð beri að greiða í þessum tilvikum. Er lagt til að sama gjald verði greitt fyrir það og fyrir veru eftirlitsmanna um borð í frystiskipum. Þá er lagt til að gjald vegna veru eftirlitsmanna um borð í veiðiskipum sem stunda veiðar á grundvelli milliríkjasamnings úr stofni sem alfarið veiðist utan lögsögu Íslands hækki úr 15.000 kr. í 19.500 kr. Gjaldið hefur ekki breyst síðan 1996 og hefur ekki staðið undir kostnaði af veru eftirlitsmanna um borð.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald.

Með frumvarpinu eru gerðar fimm breytingar á gjaldtöku vegna veiðieftirlits. Í fyrsta lagi er lagt til að fjárhæð gjalds vegna veiðiheimilda innan lögsögu Íslands, og vegna deilistofna, verði breytt úr 242 kr. í 424 kr. fyrir hvert þorskígildistonn. Í öðru lagi er lagt til að gjald vegna veru eftirlitsmanna um borð í fullvinnsluskipum verði hækkað. Í þriðja lagi er lagt til að gjald verði innheimt beint af útgerðum vegna veru veiðieftirlitsmanns um borð í fiskiskipum samkvæmt sérstökum skilyrðum. Í fjórða lagi eru lagðar til breytingar á gjaldtöku vegna veiða utan lögsögu. Loks er lagt til að þegar skipi er úthlutað tilteknu aflamagni sem byggist ekki á hlutdeild taki gjaldið mið af því en ekki lönduðum afla.

1. Gjald á aflaheimildir, sem lagt verður á 1. desember nk., stendur ásamt gjaldi fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni undir kostnaði af hefðbundnu veiðieftirliti Fiskistofu fiskveiðiárið 1. september 2000 til 31. ágúst 2001. Samkvæmt upplýsingum frá sjávarútvegsráðuneytinu er áætlað að innheimta gjalds á aflaheimildir þurfi að vera 161,5 m.kr. á ári til þess að standa undir kostnaði Fiskistofu af veiðieftirliti. Í frumvarpi til fjáraukalaga er gert ráð fyrir að veiðieftirlitsmönnum um borð í fiskiskipum verði fjölgað um fimm frá 1. september sl. Í frumvarpi til fjárlaga 2001 er einnig gert ráð fyrir þessari fjölgun og er áætlaður kostnaður 25 m.kr. á ári. Hér er hins vegar gert ráð fyrir að gjaldtakan miðist við að ráðnir verið tíu nýir eftirlitsmenn og miðað við að gjaldið skili 50 m.kr. á ári.

2. Lagt er til að gjald vegna veru eftirlitsmanna um borð í fullvinnsluskipum verði hækkað úr 14.200 kr. á sólarhring í 16.500 kr. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2001 er áætlað að gjaldið skili 20 m.kr. en hér er gert ráð fyrir að gjaldið skili samtals 22 m.kr. á ári.

3. Einnig er lagt til að sama gjald verði greitt vegna veru eftirlitsmanna um borð í fiskiskipum á kostnað útgerðar samkvæmt sérstökum skilyrðum. Ekki er forsenda til að áætla tekjur vegna þessa gjalds þar sem óvíst er hvort og/eða í hve miklum mæli gjaldtökuheimildin verður nýtt.

4. Loks er lagt til að gjald vegna veru eftirlitsmanna um borð í veiðiskipum sem stunda veiðar alfarið utan lögsögu Íslands hækki úr 15.000 kr. í 19.500 kr. á sólarhring. Einnig er lagt til að gjald fyrir hvert þorskígildistonn úthlutaðs eða landaðs afla vegna tegunda sem veiðast utan lögsögu verði hækkað úr 300 kr. í 424 kr. fyrir hvert þorskígildistonn. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2001 er áætlað að þetta gjald skili 32,5 m.kr. í tekjur, en nú er gert ráð fyrir að gjaldið skili 38,8 m.kr. í tekjur.

5. Ekki er gert ráð fyrir auknum tekjum við breytingu sem felur í sér að þegar úthlutað er tilteknu aflamagni sem ekki miðast við fasta aflahlutdeild skuli gjaldið miðast við úthlutað magn, en ekki landaðan afla.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs vegna þess hækki um 32,5 m.kr. á ári, úr 229,8 m.kr. í 260,3 m.kr., og fjárhæðin renni til Fiskistofu.

228. Svar [113. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Ragnheiðar Hákonardóttur um áhrif atvinnu- og þjóðfélagsbreytinga á stöðu kvenna á landsbyggðinni.

1. *Hvernig var staðið að könnun á vegum forsætisráðuneytisins á áhrifum atvinnu- og þjóðfélagsbreytinga á stöðu kvenna á landsbyggðinni, sbr. lið 1.3 í þingsályktun um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998?*
2. *Hverjar voru meginniðurstöður þeirrar könnunar?*
3. *Hvernig hefur verið unnið að því að hrinda þeim í framkvæmd?*

Til að svara þeim atriðum sem spurt er um í fyrsta og öðrum tölulið er birtur í svari þessu inngangskafli ásamt samandregnum niðurstöðum úr skýrslu um könnun á áhrifum atvinnu- og þjóðfélagsbreytinga á stöðu kvenna á landsbyggðinni. Skýrslan var unnin af Þjóðhagsstofnun fyrir beiðni forsætisráðuneytis og var hún gefin út á prenti af félagsmálaráðuneytinu. Athygli er vakin á að skýrsluna er að finna í heild sinni á vefsíðum Stjórnarráðsins (sjá félagsmálaráðuneyti, útgefið efni, jafnréttismál). Hvað varðar þriðja tölulið er því til að svara að í skýrslunni eru ekki gerðar beinar tillögur sem hrinda mætti í framkvæmd sem slíkum. Þó er ljóst að skýrslan og þær athyglisverðu niðurstöður sem hún hefur að geyma eru ágætt innlegg í umræðu um jafnréttis- og byggðamál.

Inngangur og helstu niðurstöður skýrslunnar fara hér á eftir:

„Með bréfi dagsettu 3. ágúst 1999 fór forsætisráðuneytið þess á leit við Þjóðhagsstofnun að hún tæki að sér að gera athugun á stöðu kvenna á landsbyggðinni í samræmi við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Þessi skýrsla er greinargerð stofnunarinnar um þetta mál. Athugunin er byggð á gögnum stofnunarinnar, ásamt gögnum Vinnumálastofnunar og Hagstofu Íslands. Þess vegna er hún einskorðuð við þætti sem snúa að lýðfræði, atvinnu, atvinnuleysi, tekjum, atvinnuskiptingu og menntun. Í sumum tilvikum hafa gögn þessara aðila verið notuð eins og þau eru sett fram í Byggðabrunni Byggðastofnunar.

Staða kvenna á landsbyggðinni er borin saman við stöðu kynsystra þeirra á höfuðborgarsvæðinu annars vegar. Hins vegar er staða karla og kvenna á landsbyggðinni borin saman. Fyrirliggjandi gögn takmarka slíka greiningu í sumum tilvikum.

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru eftirfarandi:

- Búferlaflutningar á tíunda áratugi aldarinnar eru álíka algengir hjá konum og körlum. Búferlaflutningar milli sveitarfélaga eru meiri hér á landi en í Noregi. Tíðni búferlaflutninga er mest hjá konum á þrítugsaldri. Sjöunda hver kona á þeim aldri flytur milli sveitarfélaga á ári. Í tímans rás hafa mismunandi flutningar kynjanna leitt af sér misvægi í fjölda milli þeirra.
- Mun algengara er að börn innan 15 ára aldurs búi með einum fullorðnum (sem oftast er kona) á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni.
- Tíðni fæðinga er heldur meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Börnum sem fæðast á landsbyggðinni hefur fækkað.
- Atvinnuþátttaka kvenna hefur verið að aukast á yfirstandandi hagvaxtarskeiði. Hún er nú meiri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni og árið 1999 dró úr henni þar. Atvinnuþátttaka kvenna á landsbyggðinni var minni en á höfuðborgarsvæðinu árið 1999 í öllum aldursflokkum nema þeim elsta (65–74 ára). Þetta er breyting frá því sem áður var.

- Atvinnuleysi kvenna á landsbyggðinni yfir vetrarmánuðina var meira en á höfuðborgarsvæðinu í upphafi tíunda áratugarins. Það jókst verulega eftir 1993 en hefur síðan farið hægt minnkandi. Á höfuðborgarsvæðinu jókst atvinnuleysi kvenna hægar, varð aldrei eins mikið en hefur minnkað hægar en á landsbyggðinni.
- Samkvæmt ársverkamælingum fjölgaði störfum á höfuðborgarsvæðinu um 6.000 á tímabilinu 1992–97 á meðan fjöldi starfa á landsbyggðinni stóð því sem næst í stað. Störfum kvenna fjölgaði meira en störfum karla á höfuðborgarsvæðinu. Á landsbyggðinni fjölgaði störfum kvenna um 500 en störfum karla fækkaði nokkuð meira en sem nam fjölguninni hjá konum. Störfum kvenna fjölgaði annars staðar en á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Á landsbyggðinni hurfu 0,8 störf fyrir hvert eitt sem varð til en á höfuðborgarsvæðinu var þetta hlutfall 0,3.
- Árið 1997 voru 43% allra ársverka unnin af konum. Á landsbyggðinni var þetta hlutfall 40% en 44% á höfuðborgarsvæðinu. Hlutur kvenna í einstökum atvinnugreinum er mismikill, frá því að vera 4% ársverka í fiskveiðum í yfir 80% í velferðarstofnunum. Enginn áberandi munur er á hlut kvenna í einstökum atvinnugreinum eftir því hvort þær búa á landsbyggðinni eða höfuðborgarsvæðinu.
- Samkvæmt niðurstöðum vinnumarkaðskannana Hagstofu Íslands hefur mikil fjölgun starfa átt sér stað hjá konum á höfuðborgarsvæðinu miðað við það sem gerst hefur á landsbyggðinni, einkum á árinu 1999. Frá 1991 til 1999 fjölgaði konum á höfuðborgarsvæðinu sem gegndu fullu starfi um 6.500 eða um réttan þriðjung. Á sama tíma fækkaði konum í fullu starfi á landsbyggðinni um 100.
- Umtalsverður munur er á því hlutfalli kvenna á vinnumarkaðinum sem er í fullu starfi eftir búsetu. Þannig eru um 49% starfandi kvenna á landsbyggðinni í fullu starfi árið 1999 en 57% á höfuðborgarsvæðinu. Þetta hlutfall er mun hærra hjá körlum en konum.
- Mismunur á þátttöku kvenna á vinnumarkaðinum eftir atvinnugreinum er mikill milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. Hlutur kvenna á landsbyggðinni er mun meiri í landbúnaði og sjávarútvegi en á höfuðborgarsvæðinu einkennist atvinnuskipting kvenna af þátttöku í fjölbreyttum þjónustugreinum. Munurinn á atvinnugreinunum er mestur í heilbrigðisþjónustu. Á höfuðborgarsvæðinu vinna 23% kvenna í fullu starfi í heilbrigðisþjónustu en á landsbyggðinni er þetta hlutfall 18%.
- Atvinnutekjur kvenna eru 53% af launatekjum karla að meðaltali. Einungis á höfuðborgarsvæðinu eru tekjur kvenna hærri en landsmeðaltal kvenna og munar rúmlega 6%. Alls staðar annars staðar eru þær lægri. Lægstar eru meðaltekjurnar á Norðurlandi, tæplega 14% fyrir neðan meðaltalið í austurkjördæminu og rúmlega 12% fyrir neðan í vesturkjördæminu. Suðurnes eru næst því að ná landsmeðaltali og síðan Vestfirðir. Allt annað landfræðilegt mynstur er á meðaltekjum karla eftir landshlutum þar sem þær eru einungis lægri en landsmeðaltal á Norðurlandi og Suðurlandi. Þær eru hæstar á Suðurnesjum.
- Skólasókn kvenna er meiri en karla í nær öllum aldursflokkum. Skólasókn er minni á landsbyggðinni en á suðvesturhorninu í flestum aldursflokkum en ekki er hægt að greina umtalsverðan mun á milli kynja í þessum efnum. Skólaþátttakan er minnst á Vestfjörðum. Þrátt fyrir meiri skólasókn kvenna útskrifast fleiri karlar.
- Verulega hærra hlutfall kvenna á landsbyggðinni hefur einungis grunnskólamenntun en á höfuðborgarsvæðinu. Konur með framhaldsskólamenntun og þaðan af meiri menntun eru hlutfallslega fleiri á höfuðborgarsvæðinu. Eftir því sem menntunin er meiri verður hlutfallslegi munurinn meiri.
- Konur með háskólapróf eru verulega færri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu

en þeim hefur fjölgað örar þar en á höfuðborgarsvæðinu sé litið á allt tímabilið 1991–99. Á allra seinustu árum er fjölgunin meiri á höfuðborgarsvæðinu. Á báðum svæðum hefur fjöldi kvenna með háskólapróf þó nær tvöfaldast.“

229. Svar [67. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um nýjar ríkisstofnanir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða nýjar ríkisstofnanir hafa orðið til frá og með árinu 1995, sundurliðað eftir árum og ráðuneytum?

Hér á eftir eru taldar þær stofnanir sem settar hafa verið á fót frá og með árinu 1995 og er svari þessu skipt eftir ráðuneytum sem stofnanirnar heyra undir. Rétt er að taka fram að allmargar hinna nýju stofnana hafa orðið til við sameiningu stofnana eða tilfærslu verkefna milli stofnana. Til frekari glöggvunar fór forsætisráðuneytið þess því á leit við önnur ráðuneyti að þau gerðu grein fyrir því hvaða stofnanir hefðu verið lagðar niður á sama tímabili, þ.e. frá árinu 1995.

Forsætisráðuneyti.

Forsætisráðuneytið tók við eigandaforræði yfir Safnahúsinu við Hverfisgötu árið 1997, en húsið fékk nýtt hlutverk er rekstur Þjóðmenningarhúss hófst þar fyrr á yfirstandandi ári.

Embætti húsameistara ríkisins var lagt niður frá og með 31. desember 1996.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Embætti ríkislögreglustjóra var stofnað árið 1997.

Dómstólaráð var stofnað árið 1998.

Útlendingaeftirlit var flutt frá ríkislögreglustjóra og varð sérstök stofnun árið 1999.

Tölvunefnd varð að Persónuvernd árið 2000.

Félagsmálaráðuneyti.

Barnaverndarstofa tók til starfa á árinu 1995. Hún tók m.a. við verkefnum Unglingaheimilis ríkisins.

Vinnumálastofnun var stofnuð á árinu 1997. Hún sér m.a. um verkefni sem áður voru unnin hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytis og ábyrgðasjóði launa.

Jafnréttisstofa tók til starfa í september 2000, en hún tók m.a. við verkefnum sem Skrifstofa jafnréttismála annaðist áður.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Árið 1995: Sjúkrahús Reykjavíkur.

Árið 1996: Hjúkrunarheimilið Droplaugarstaðir, Hlein, heimili Reykjalundi.

Árið 1997: Vistheimilið Bjarg.

Á árinu 1998 voru sameinuð sjúkrahús og heilsugæslustöðvar á landsbyggðinni og urðu til eftirfarandi stofnanir:

Heilbrigðisstofnunin Akranesi,

Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði,
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ,
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík,
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík,
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga,
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi,
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki,
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði,
Heilbrigðisstofnunin Húsavík,
Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum,
Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði og
Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað.

Á árinu 1999 héldu sameiningarnar áfram og urðu þá til Heilbrigðisstofnun Austurlands og Heilsugæslustöðin Rangárþingi.

Á yfirstandandi ári runnu saman Sjúkrahús Reykjavíkur og Landspítali í Landspítala – háskólasjúkrahús. Einnig var Lyfjastofnun sett á fót.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Löggildingarstofa var stofnuð með lögum nr. 155/1996, um Löggildingarstofu. Löggildingarstofan og Rafmagnseftirlit ríkisins voru um leið lögð niður.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins var stofnaður með lögum nr. 61/1997 og var ásamt Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., sbr. lög nr. 60/1997, reistur á grunni Fiskveiðasjóðs Íslands, iðnlánasjóðs, útflutningslánasjóðs og iðnþróunarsjóðs.

Fjármálaeftirlitið var sett á stofn, sbr. lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Það kom í stað bankaeftirlits og vátryggingaeftirlits.

Byggðastofnun fluttist frá forsætisráðuneyti, sbr. lög nr. 106/1999, um Byggðastofnun.

Seðlabanki Íslands var með lögum nr. 103/1999 fluttur frá viðskiptaráðuneytinu til forsætisráðuneytisins.

Taka má fram að Samábyrgð Íslands á fiskiskipum var breytt í Samábyrgðina hf. með lögum nr. 98/2000, um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Landbúnaðarráðuneyti.

Með lögum nr. 57/1999 var Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri stofnaður í stað Bændaskólans á Hvanneyri.

Með lögum nr. 68/1997 var Lánasjóður landbúnaðarins stofnaður í stað Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Með lögum nr. 24/1997 var Veiðimálastofnun stofnuð til að aðskilja framkvæmda- og rannsóknaverkefni frá embætti veiðimálastjóra sem sinnir áfram stjórnsýslu samkvæmt lax- og silungsveiðilögum sem Veiðimálastofnun hafði áður á hendi.

Menntamálaráðuneyti.

Ein ríkisstofnun hefur verið sett á laggirnar, þ.e. Borgarholtsskóli sem telst stofnaður haustið 1996.

Á umræddu tímabili hafa fjölmargar stofnanir hins vegar verið lagðar niður, t.d. með sameiningu stofnana (sbr. Kennaraháskóla), öðrum hefur verið breytt í sjálfseignarstofnanir (svo sem skólum er veittu kennslu á sviði lista og hússtjórnarfræðslu), að ógleymdri tilfærslu grunnskóla til sveitarfélaga.

Samgönguráðuneyti.

Tvær nýjar ríkisstofnanir hafa orðið til frá 1. janúar 1995 sem heyra undir samgönguráðuneytið:

Annars vegar er um að ræða Siglingastofnun Íslands, sem stofnuð var með lögum nr. 6/1996, og hins vegar Póst- og fjarskiptastofnun, sem stofnuð var með lögum nr. 147/1996. Siglingastofnun Íslands tók til starfa 1. október 1996 og voru við það sameinaðar þrjár stofnanir í eina, þ.e. Vitastofnun Íslands, Hafnamálastofnun ríkisins og Siglingamálastofnun ríkisins. Póst- og fjarskiptastofnun tók til starfa 1. apríl 1997 og á sama tíma var Fjarskiptaeftirlit ríkisins lagt niður.

Sjávarútvegsráðuneyti.

Verðlagsstofa skiptaverðs var stofnuð samkvæmt lögum nr. 13/1998 og tók til starfa þann 1. júní 1998. Stofan hefur aðsetur á Akureyri.

Umhverfisráðuneyti.

Á vegum umhverfisráðuneytisins hefur ein stofnun verið sett á laggirnar á umræddu tímabili en það er Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri sem var stofnuð árið 1998.

Utanríkisráðuneyti.

Engar nýjar stofnanir hafa verið settar á fót sem heyra undir utanríkisráðuneyti. Þó skal bent á að ákveðið hefur verið að opna sendiráð í Tokyo og Ottawa á næsta ári auk sendiskrifstofu í Mósambik.

Tvær stofnanir voru lagðar niður á þessu ári (2000), þ.e. Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli með sameiningu þeirra og breytingu í hlutafélag, Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.

Engar stofnanir voru settar á fót á vegum fjármálaráðuneytis og Hagstofu Íslands á umræddu tímabili.

230. Svar [87. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Magnúsar Stefánssonar um samræmda samgönguáætlun.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað líður framgangi ályktunar Alþingis frá 9. mars 1998, um samræmda samgönguáætlun?

Víða hafa komið fram þau sjónarmið að samræma áætlun um uppbyggingu samgöngumannvirkja í eina samgönguáætlun. Á 110. löggjafarþingi árið 1987 var lögð fram þingsályktunartillaga um að skipuð yrði nefnd sem ynni að samræmingu áætlana á sviði samgöngumála. Málinu var vísað til ríkisstjórnar og var unnið nokkuð að því en síðan gerðist fátt.

Hinn 9. mars 1998 var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga um samræmda samgönguáætlun. Var hún svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til að kanna hvort samræma megi gerð áætlana um uppbyggingu samgöngumannvirkja í eina samræmda samgönguáætlun

og gera í framhaldi af því tillögur um nauðsynlegar breytingar á lögum og reglum. Nefndin skili niðurstöðu fyrir árslok 1998.“

Ekki fór það svo að framangreind nefnd yrði skipuð fyrir árslok 1998.

Þegar núverandi samgönguráðherra tók við embætti á árinu 1999 ákvað hann að unnið skyldi að gerð samgönguáætlunar. Kom þessi áhersla m.a. fram í stefnuræðu forsætisráðherra 4. október 1999. Var undirbúningur þegar settur af stað í ráðuneytinu en ekki var talin ástæða til þess að leggja í sérstaka vinnu við könnun á því „hvort samræma megi gerð áætlana“.

Allmargir fundir voru haldnir um þetta efni í samgönguráðuneytinu þá um sumarið, haustið og veturinn 1999–2000. Vitað var að Norðmenn hefðu unnið að þessum málum lengi og væru langt komnir með samgönguáætlun fyrir Noreg. Samgönguráðherra kynnti sér m.a. starf þeirra í ferð sinni til Noregs á síðasta ári og heimsótti þá bæði norska samgönguráðuneytið og norsku vegagerðina.

Að þessum undirbúningstíma loknum ákvað samgönguráðherra að skipa stýrihóp til að sjá um gerð samgönguáætlunar fyrir Ísland. Með bréfi dagsettu 8. maí á þessu ári var Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, lögfræðingur og borgarfulltrúi, skipaður formaður þessa hóps. Með honum í stýrihópnum eru Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri, Hermann Guðjónsson, forstjóri Siglingastofnunar Íslands og Þorgeir Pálsson flugmálastjóri.

Gert er ráð fyrir að stýrihópurinn ljúki vinnu sinni og skili drögum að samgönguáætlun til samgönguráðherra sumarið 2002 og að hann leggi sína tillögu að samgönguáætlun fyrir Alþingi haustið 2002.

Hlutverk stýrihópsins sem nú vinnur að gerð samgönguáætlunar er miklu víðtækara en gert var ráð fyrir í fyrrnefndri þingsályktun. Auk þess að ná til framkvæmdaáætlana tekur hún m.a. á öryggismálum, umhverfismálum, almenningssamgöngum, fjármögnun samgöngukerfisins og styrkleikum og veikleikum samgöngugreina, svo eitthvað sé nefnt. Verið er að vinna áætlun sem mun taka til allra þátta samgöngukerfisins, þ.m.t. samgangna á landi, lofti og sjó, til útlanda og samspils milli þeirra og mikilvægra þjóðfélagsþátta.

Í samgönguáætluninni skal gert ráð fyrir eftirfarandi skilyrðum:

a. að ná fram samræmdri forgangsröðun og stefnumótun,
b. að ná fram hagkvæmari notkun fjármagns og mannafla,
c. að ná fram meiri áherslu á samstarf og samspil milli samgöngumáta og stofnana samgönguráðuneytisins.

Stýrihópnum er ætlað að vinna áætlunina þríþætt. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir ítarlegri úttekt á núverandi ástandi og setningu markmiða. Í öðru lagi er gert ráð fyrir gerð áætlunar til ársins 2014 og að lokum er kafli um framtíðarsýn eða leiðarljós til ársins 2030.

231. Tillaga til þingsályktunar [217. mál]

um kosningar til Alþingis.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Pétur Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa fulltrúa allra þingflokka, er sæti eiga á Alþingi, í nefnd sem endurskoði kjördæmaskipan og tilhögun kosninga til Alþingis. Nefndin skal hafa að markmiði að jafna atkvæðisrétt landsmanna þar sem landið verði allt eitt kjördæmi og þingmenn 52 talsins. Skal helmingur alþingismanna kosinn af landslista og hinn

helmingur kosinn persónubundinni kosningu, þar sem 200 manna listi liggi til grundvallar. Þá skal nefndin sérstaklega huga að því hvort ekki eigi að leggja bann við tíðkuðum prófkjörum. Enn fremur skal leggja bann við birtingu skoðanakannana viku fyrir kosningar. Þá skal upp tekið ákvæði um að taki þingmaður sæti ráðherra skuli hann víkja úr þingsæti fyrir varamanni sínum.

Greinargerð.

Við afgreiðslu allsherjarnefndar á síðasta þingi um frumvarp til laga um kosningar til Alþingis skilaði Sverrir Hermannsson svohljóðandi nefndaráliti:

„Mál þetta gefur vissulega tilefni til að rifjuð væri upp saga kjördæmaskipunar og kosningaréttar á Íslandi á þeirri öld sem senn er á enda runnin. Það verður þó látið hjá líða. Aðeins minnt á sleitulausa baráttu lýðræðisflokkanna fyrir réttlátara kerfi og jöfnun kosningaréttar allar götur frá því að sérgæsluflokkur Framsóknar nam hér land.

Í skjóli hróplegs ranglætis í þeim efnum deildi sá flokkur og drottnaði áratugum saman til óheilla fyrir land og lýð, þar sem flokkslegir sérhagsmunir sátu ávallt í fyrirrúmi, að ekki sé minnst á Hriflungaöld.

Sjálfstæðisflokkur og Alþýðuflokkur hófu í öndverðu atlögu að hinu rangláta kerfi og seinna bættust sósíalistar í þann hóp.

Á árum áður þótti mönnum sem rök lægju til þess að strjálar byggðir ættu meira afl í atkvæði sínu en þéttbýlisfólk og þó einkum íbúar höfuðborgarinnar. Auðvitað reyndust þetta falsrök ein, enda verður í engu séð að misvægi atkvæða hafi nokkurs manns hagsmuni varið né byggðarlaga. Heldur þvert á móti, þar sem fulltrúar þéttbýlisins hafa hrammsað til sín að kalla allt framkvæmdarvaldið með beinni vísan til þess að með því móti væri verið að jafna atkvæðisréttinn. Á því lagi hefur a.m.k. flokksstjórn Sjálfstæðisflokksins legið. Til þess að geta skotið þeim skildi fyrir sig hefur enginn áhugi verið hjá forystu þess flokks á jöfnun atkvæðisréttar hina síðari áratugina, svo sem staðfest er rækilega með þeim óbermilega málatilbúnaði sem hér liggur fyrir afgreiðslu.

Árið 2000 liggur fyrir tillaga á Alþingi Íslendinga, og virðist njóta mikils meirihlutafylgis, um að misvægi atkvæða skuli vera allt að einn á móti tveimur, sem gerir hinn helga undirstöðurétt í lýðræðisríki að skrípi. Og örþjóðinni, sem er ekki fjölmennari en meðalþorp á öðrum löndum, skal skipt upp í kjördæmi, sem eiga sér enga stoð aðra en að innan þeirra búi sem jafnastur fjöldi fólks. Sem leiðir til þess að höfuðborginni þarf að skipta þvers og kruss eða hvorutveggja og hallvika kjördæmamörkum þar eftir stærð fjölbýlishúsa og fjölda íbúa þeirra.

Þetta illa strokkaða tilberasmjör úr strokki þingflokka síðasta kjörtímabils hlýtur, ef að lögum verður, að opna augu þings og þjóðar fljótlega fyrir þeirri nauðsyn að landið verði allt eitt kjördæmi og hinn dýrmæti lýðræðislegi frumburðarréttur einstaklinganna, atkvæðisrétturinn, jafn og óskertur. Það má heita með ólíkindum ákvæðið, sem kveður svo á að skilyrði til að fá úthlutað jöfnunarþingsæti sé að framboð fái á landsvísu 5% atkvæða, enda þótt slíkt framboð hafi fengið kjördæmakjörinn mann.

Af sjálfu leiðir að Frjálslyndi flokkurinn á enga aðild að málatilbúnaði þessum og ætlar sér ekki að hafa, enda sýnist siglt fyrir öll sker um framgang málsins. Þingmenn flokksins áskilja sér rétt til að fylgja breytingartillögum ef fram koma. Þeir munu sitja hjá við lokaafgreiðslu þess og vísa með því frá sér allri ábyrgð á því. Þeir munu hins vegar beita sér fyrir endurupptöku málsins þegar á næsta þingi."

Það er augljóst mál að ekki verður búið við hina nýju kjördæmaskipan. Þess vegna er fyrsti tíminn bestur til að breyta um skipan þessa undirstöðumáls lýðræðisins.

232. Fyrirspurn [218. mál]

til landbúnaðarráðherra um framleiðslu og sölu áburðar.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hve mikill áburður var framleiddur innan lands árin 1998, 1999 og 2000?
2. Hve mikið af framleiðslunni var selt á hverju ári?
3. Hve mikið af áburði var flutt inn til landsins sömu ár?
4. Hverjir fluttu áburðinn inn?
5. Hver var verðmismunur innlends og innflutts áburðar?

233. Fyrirspurn [219. mál]

til forsætisráðherra um flutning byggðamála frá forsætisráðuneyti til iðnaðarráðuneytis.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hvað er áætlað að útgjöld forsætisráðuneytisins lækki mikið á árunum 2000 og 2001 eftir flutning byggðamála frá ráðuneytinu til iðnaðarráðuneytis um síðustu áramót?
2. Hverjar eru ástæður þess að iðnaðarráðuneytið fær ekki aukið fjármagn samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2001 eftir að byggðamál voru flutt undir ráðuneytið?

Skriflegt svar óskast.

234. Fyrirspurn [220. mál]

til samgönguráðherra um útselda þjónustu Siglingastofnunar við hafnir.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hver er gjaldskrá útseldrar þjónustu Siglingastofnunar við hafnir, sundurgreind eftir tegund þjónustu á klukkustund?
2. Hvert er einingarverð á klukkustund fyrir framangreinda þjónustu ef reiknaðir eru eftirtaldir gjaldaliðir:
   a. stjórnunarkostnaður stofnunarinnar,
   b. skrifstofukostnaður,
   c. laun,
   d. launatengd gjöld,
   e. lífeyrissjóðsgjöld,
   f. húsnæðiskostnaður,

g. bifreiða- og ferðakostnaður,
h. tölvukostnaður (afskriftir og rekstur),
i. kostnaður við yfirvinnu,
j. símakostnaður,
k. tryggingar?

Skriflegt svar óskast.

235. Fyrirspurn [221. mál]

til heilbrigðisráðherra um miðlægan gagnagrunn lyfjanotkunar.

Frá Þuríði Backman.

1. Verður komið upp miðlægum gagnagrunni sem hafi að geyma upplýsingar um lyfjanotkun einstaklinga?
2. Munu lyfjaverslanir hafa aðgang að þeim gagnagrunni ef hann verður settur upp?

236. Fyrirspurn [222. mál]

til fjármálaráðherra um tíðni fjarvista opinberra starfsmanna.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

1. Hefur fjármálaráðuneytið látið kanna tíðni fjarvista opinberra starfsmanna síðustu tíu ár og ástæður þeirra?
2. Ef svo er ekki, hyggst ráðuneytið standa fyrir slíkri könnun?

Skriflegt svar óskast.

237. Frumvarp til þjóðminjalaga. [223. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI
Markmið, yfirstjórn og skipulag.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Lögin eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarsögulegra minja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarsögulegum minjum landsins og greiða fyrir rannsóknum á þeim.

Til menningarsögulegra minja teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornleifar og gömul mannvirki, kirkjugripir og minningarmörk, forngripir, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir, skráðar heimildir um þjóðhætti og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Til slíkra minja geta einnig talist staðir sem tengjast menningarsögu.

Þjóðminjar teljast þær minjar er varða menningarsögu Íslendinga sem ákveðið hefur verið að varðveita í Þjóðminjasafni Íslands, í byggðasöfnum eða með friðlýsingu.

Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar fornleifar og hins vegar forngripir.

2. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þjóðminjavörslu í landinu. Þjóðminjavörður og fornleifanefnd annast framkvæmd þjóðminjavörslunnar svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

II. KAFLI
Embætti þjóðminjavarðar.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar þjóðminjavörð til fimm ára í senn. Þá eina má ráða í embætti þjóðminjavarðar sem hafa sérfræðimenntun í fornleifafræði og hafa reynslu af stjórnunarstörfum.

Þjóðminjavörður er forstöðumaður embættis þjóðminjavarðar. Hann markar stefnu og gerir langtímaáætlun um þjóðminjavörsluna í heild. Þjóðminjavörður fjallar um og veitir leyfi til allra staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsókna. Hann er söfnum og öðrum hlutaðeigandi aðilum til ráðgjafar um varðveislu og kynningu menningarsögulegra minja. Þjóðminjavörður hefur eftirlit með öllum fornleifarannsóknum og er hlutaðeigandi aðilum til ráðgjafar um skráningu, rannsóknir og varðveislu fornleifa.

4. gr.

Heimilt er að skjóta ákvörðunum þjóðminjavarðar er varða rétt eða skyldu manna, svo sem ákvörðunum er varða leyfisveitingar og rannsóknir, sbr. 10. gr., stöðvun framkvæmda, sbr. 13. og 14. gr., og leyfisveitingar, sbr. 15. gr., til úrskurðar fornleifanefndar.

Ákvarðanir fornleifanefndar eru fullnaðarúrlausnir og sæta ekki stjórnsýslukæru.

Menntamálaráðherra skipar fornleifanefnd til fjögurra ára í senn. Félag íslenskra fornleifafræðinga tilnefnir tvo fulltrúa og þrír fulltrúar skulu skipaðir án tilnefningar. Skal a.m.k. einn þeirra vera með próf í fornleifafræði og annar með embættispróf í lögfræði. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

Fornleifanefnd fjallar eingöngu um mál sem skotið er til hennar á grundvelli 1. mgr. Menntamálaráðherra skal í reglugerð setja nánari reglur um starfsemi nefndarinnar.

III. KAFLI
Þjóðminjasafn Íslands og byggðasöfn.

5. gr.

Þjóðminjasafn Íslands heyrir undir embætti þjóðminjavarðar. Þjóðminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslunnar. Það annast söfnun, skrásetningu, varðveislu og rannsóknir á minjum um menningarsögu þjóðarinnar og kynningar þeirra, innan lands og utan. Þjóðminjasafn Íslands er byggðasöfnum og öðrum minjasöfnum til ráðgjafar og stuðlar að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu á sviði þjóðminjavörslunnar.

Þjóðminjavörður ræður safnstjóra Þjóðminjasafns Íslands. Ráðinn skal maður með sérfræðimenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði safnsins og stjórnunarreynslu. Safnstjóri Þjóðminjasafns Íslands ber fjárhagslega ábyrgð á rekstri safnsins gagnvart þjóðminjaverði.

Þjóðminjasafn Íslands hefur sérgreinda fjárveitingu á fjárlögum.

6. gr.

Til byggðasafna teljast samkvæmt lögum þessum önnur söfn en Þjóðminjasafn Íslands sem sett hafa verið á stofn í þeim tilgangi sem segir í 7. gr., hlotið hafa viðurkenningu þjóðminjavarðar að fengnum tillögum forstöðumanns Þjóðminjasafns Íslands og uppfylla skilyrði um rekstrarstyrki safna.

7. gr.

Hlutverk Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar, svo sem forngripi, kirkjugripi, listmuni, nytjahluti, svo og myndir, hljóðritanir og skráðar heimildir um þjóðhætti og kynna þær almenningi, innan lands og utan. Til slíkra minja geta einnig talist hús sem hafa sérstakt gildi og hafa verið tekin á skrá húsasafns Þjóðminjasafns Íslands.

Hverju byggðasafni ber að leggja áherslu á söfnun og sýningu muna sem telja má einkennandi eða hafa sögulegt gildi fyrir hlutaðeigandi byggðarlag eða landsfjórðung.

Þjóðminjasafn Íslands skal stuðla að rannsóknum á minjum um menningarsögu Íslendinga og útgáfu fræðilegra rita um þær.

Í Þjóðminjasafni Íslands skulu varðveittir aflagðir kirkjugripir og þeir gripir sem þjóðminjavörður og forráðamenn kirkna eru sammála um að eigi sé ástæða til að hafa í kirkju lengur. Þó getur safnstjóri Þjóðminjasafns Íslands í samráði við þjóðminjavörð falið viðkomandi byggðasafni varðveislu gripanna.

IV. KAFLI
Minjasvæði, fornleifar og forngripir.

8. gr.

Landinu er skipt í minjasvæði eftir ákvæðum í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum þjóðminjavarðar. Þjóðminjavörður ræður minjaverði er hafa umsjón með minjasvæðum samkvæmt nánari ákvörðun þjóðminjavarðar.

Minjaverðir skulu vera menntaðir fornleifafræðingar eða hafa menntun í menningarsögu. Þjóðminjaverði er heimilt að fela forstöðumanni byggðasafns að gegna hlutverki minjavarðar á viðkomandi minjasvæði samkvæmt sérstökum starfssamningi.

Þjóðminjaverði er heimilt að stofna minjaráð á hverju minjasvæði. Minjaráð skulu skipuð

forstöðumönnum allra viðurkenndra byggðasafna á svæðinu ásamt minjaverði. Hlutverk þess er að fjalla um fornminjar og varðveislu þeirra í samráði við þjóðminjavörð.

9. gr.

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.

10. gr.

Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi þjóðminjavarðar.

Þjóðminjavörður hefur rétt til að láta rannsaka fornleifar með greftri eða á annan hátt og gera það sem þarf til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en gera skal landeiganda eða ábúanda viðvart um það áður.

Þjóðminjavörður veitir leyfi til allra staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsókna og er Þjóðminjasafni Íslands og byggðasöfnum til ráðgjafar um fornleifavörslu.

Með fornleifarannsókn er átt við hvers kyns jarðrask, sem fram fer í vísindalegum tilgangi og með það að markmiði að rannsaka jarðfastar fornleifar, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á rannsóknarsvæðinu.

Þjóðminjavörður skal taka afstöðu til fram kominna umsókna um rannsóknarleyfi svo fljótt sem við verður komið.

Þjóðminjavörður skal leitast við að bjóða út þær fornleifarannsóknir sem hann telur nauðsynlegar á hverjum tíma.

11. gr.

Þjóðminjavörður lætur, eftir föngum, skrá allar þekktar fornleifar og gefur út skrá um friðlýstar fornleifar og skal hún endurskoðuð á þriggja ára fresti. Þjóðminjavörður lætur skrár þessar í té Þjóðminjasafni Íslands.

Skylt er að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem fyrir skipulagsvinnu stendur bera straum af kostnaði við skráninguna.

Þjóðminjavörður ákveður hvaða fornleifar skulu friðlýstar. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar. Friðlýsa má samfelld svæði, minjasvæði, þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn og ytri mörk hans tilgreind svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt. Þjóðminjavörður skal sjá til þess að friðlýstar fornleifar eða minjasvæði séu merkt með sérstökum merkjum. Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðlýsinguna. Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort. Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðlýsingar áfram.

Þjóðminjavörður getur afturkallað friðlýsingu og skal afturköllunin auglýst með sama hætti og friðlýsingin.

12. gr.

Skylt er landeiganda og ábúanda að gera þjóðminjaverði viðvart ef fornleifar liggja undir spjöllum af völdum náttúru eða þeim er spillt af manna völdum. Þjóðminjavörður ákveður hvaða ráðstafanir skuli gerðar til verndar fornleifunum.

13. gr.

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra þjóðminjaverði frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun þjóðminjavarðar um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

14. gr.

Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggað geti við fornleifum og skal hann þá skýra þjóðminjaverði frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Þjóðminjavörður ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð og veitulagnir, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.

Kostnaður þjóðminjavarðar vegna athugunar á fornleifafundi sem gerð er í því augnamiði að staðfesta eðli og umfang fundarins skal greiddur af embættinu.

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað vegna þeirra rannsókna á fornleifum sem þjóðminjavörður úrskurðar að séu nauðsynlegar vegna athafna hans.

Þjóðminjaverði er heimilt að leiðbeina framkvæmdaraðilum um kostnaðaráætlun, útboð og framkvæmd rannsóknarverkefna.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um efni þessarar greinar.

15. gr.

Þjóðminjavörður annast eftirlit með rannsóknum á fornleifum í landinu. Þegar þjóðminjavörður veitir leyfi til stað- og tímabundinna fornleifarannsókna, sbr. 2. mgr. 3. gr., skal þess gætt að stjórnandi þeirra hafi tilskilda menntun í fornleifafræði. Skal leyfi vera skriflegt hverju sinni og sá sem slíkt leyfi fær hlíta þeim reglum sem þjóðminjavörður setur þar að lútandi, svo sem um skil á rannsóknarskýrslum og birtingu þeirra og um skil á gripum sem finnast við rannsóknina.

16. gr.

Óheimil er notkun málmleitartækja eða annars tækjabúnaðar við leit að forngripum í jörðu nema með sérstöku leyfi þjóðminjavarðar.

17. gr.

Skylt er að viðhalda á kostnað ríkissjóðs friðlýstum fornleifum.

18. gr.

Forngripir eru lausar fornminjar, einstakir hlutir, 100 ára og eldri. Þegar forngripir finnast sem liggja eða legið hafa í jörðu skal finnandi tilkynna þjóðminjaverði fundinn svo fljótt sem við verður komið.

Finnandi skal ekki hagga við fundinum nema nauðsynlegt sé að taka hann eða hluta hans þegar til umhirðu með því að ella væri hætta á að munir spilltust eða færu forgörðum. Ákvæði 1. mgr. taka til allra muna sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og einnig til leifa af líkömum manna og dýra sem finnast í fornum haugum, dysjum eða leiðum. Allir munir, sem grein þessi fjallar um, eru eign ríkisins. Skulu þeir varðveittir í Þjóðminjasafni Íslands eða í hlutaðeigandi byggða- eða minjasafni. Ef upp kemur ágreiningur um hvar varðveita skuli forngripi sker þjóðminjavörður úr.

19. gr.

Finnandi forngrips á rétt á greiðslu að mati þjóðminjavarðar vegna útgjalda sem hann hefur haft vegna fundarins. Nú finnst forngripur úr gulli eða silfri, þar á meðal gullpeningar eða silfurpeningar, og skal þá þjóðminjavörður meta málmverð hlutarins og leggja ofan á tíu af hundraði. Skal annar helmingur fjárhæðarinnar greiddur finnanda en hinn landeiganda. Útgjöld samkvæmt grein þessari skulu greidd úr ríkissjóði að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

V. KAFLI
Kirkjugripir og minningarmörk.

20. gr.

Þjóðminjavörður ákveður friðlýsingu og varðveislu kirkjugripa sem varðveittir eru í kirkjum landsins og hann telur friðunarverða vegna sögulegs eða listræns gildis þeirra. Gripir hverrar kirkju sem friðlýstir eru skulu skráðir sérstaklega.

Munir, sem á friðlýsingarskrá eru teknir skv. 1. mgr., eru friðhelgir. Óheimilt er að raska þeim eða spilla. Ekki má heldur farga þeim né flytja þá burtu nema með leyfi þjóðminjavarðar. Forráðamönnum kirkna ber að vernda skráða kirkjugripi.

21. gr.

Þjóðminjavörður friðlýsir þá legsteina eða önnur minningarmörk í kirkjugörðum sem hann telur rétt að vernda vegna sögulegs eða listræns gildis þeirra.

Halda skal nákvæmar skrár yfir minningarmörk og skulu minningarmörk í hverjum kirkjugarði skráð sérstaklega. Minningarmörk sem tekin eru á friðlýsingarskrá eru friðhelg. Óheimilt er að raska þeim eða spilla. Kirkjugarðsstjórnir annast vernd skráðra minningarmarka svo sem segir í lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993.

22. gr.

Þjóðminjavörður heldur skrár skv. 22. og 23. gr. og lætur þær í té sóknarprestum, prófastum og sóknarnefndum sem hlut eiga að máli.

23. gr.

Sé kirkja lögð niður skulu gripir hennar renna til Þjóðminjasafns Íslands eða til annarra kirkna að höfðu samráði milli þjóðminjavarðar, forstöðumanns Þjóðminjasafns Íslands og biskups eða prófasts. Gildir þetta jafnt um bændakirkjur sem safnaðarkirkjur. Þjóðminjasafn Íslands skal eiga forkaupsrétt að kirkjugripum í einkaeign ef seldir verða.

VI. KAFLI
Fornleifasjóður.

24. gr.

Stofna skal fornleifasjóð er hafi það hlutverk að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornleifum og forngripum. Menntamálaráðherra skipar þriggja manna stjórn fornleifasjóðs sem úthlutar úr sjóðnum styrkjum til rannsóknar- og varðveisluverkefna samkvæmt sérstökum úthlutunarreglum, sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum þjóðminjavarðar og ber ábyrgð á umsýslu sjóðsins. Stjórn fornleifasjóðs skal þannig skipuð: Einn samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra fornleifafræðinga, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn án tilnefningar sem jafnframt er formaður stjórnar.

Tekjur sjóðsins eru:

1. framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum,
2. frjáls framlög.

VII. KAFLI
Almenn ákvæði.

25. gr.

Hver sá sem fyrir fjártjóni verður vegna framkvæmda á ákvæðum IV. kafla laga þessara á rétt á skaðabótum úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

26. gr.

Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum sem út eru gefin vegna framkvæmda á lögum þessum.

27. gr.

Brot gegn ákvæðum 10.–14. gr., 18. gr., 20. gr. og 21. gr. varða sektum til ríkissjóðs nema þyngri refsing liggi við broti skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

28. gr.

Þjóðminjavörður skal a.m.k. árlega birta skrár þær sem honum ber að færa samkvæmt lögum þessum.

29. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra. Hann setur m.a. reglugerð um starfsemi embættis þjóðminjavarðar. Í reglugerðinni skal m.a. kveða nánar á um samstarf þjóðminjavarðar og húsafriðunarnefndar, eftirlit þjóðminjavarðar með fornleifarannsóknum, leyfisveitingar til fornleifarannsókna og forvörslu.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma að fullu til framkvæmda innan þriggja mánaða frá gildistöku þeirra. Með lögum þessum falla úr gildi ákvæði I., II., III., IV. og VII. kafla laga nr. 88/1989, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umboð þjóðminjaráðs og fornleifanefndar samkvæmt lögum nr. 88/1989, með síðari breytingum, fellur niður við gildistöku laganna. Ný fornleifanefnd skal skipuð innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna.

Leyfi til fornleifarannsókna sem veitt hafa verið fyrir gildistöku laga þessara halda gildi sínu.

Starfandi þjóðminjavörður gegnir embætti sínu til loka yfirstandandi skipunartímabils.

Þeir starfsmenn sem eru fastráðnir hjá Þjóðminjasafni Íslands við gildistöku laga þessara skulu halda öllum starfsréttindum sínum óbreyttum hjá embætti þjóðminjavarðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er samið á vegum menntamálaráðherra. Samhliða þessu frumvarpi eru lögð fram þrjú frumvörp: frumvarp til safnalaga, frumvarp til húsafriðunarlaga og frumvarp til laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði breytingar á skipulagi þjóðminjavörslunnar. Ekki eru lagðar til efnislegar breytingar á inntaki þjóðminjavörslunnar sem að miklu leyti má rekja til lagasetningar um verndun fornmenja frá árinu 1907, laga nr. 8/1947, um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn, að ógleymdum þjóðminjalögum, nr. 52/ 1969.

Megintilgangur frumvarpsins er að einfalda stjórnkerfi þjóðminjavörslunnar og styrkja embætti þjóðminjavarðar. Á vegum Þjóðminjasafns Íslands fer fram fjölþætt starfsemi á sviði minjavörslunnar og er safnastarfsemi á vegum Þjóðminjasafns einungis einn af mikilvægum þáttum þeirrar starfsemi sem fer fram á vegum stofnunarinnar. Þykir því rétt að breyta heiti stofnunarinnar í embætti þjóðminjavarðar um leið og safnastarfsemi á vegum embættisins er gefið sérstakt vægi. Enn fremur er með frumvarpi þessu leitast við að efla safnastarfsemi á þessu sviði og lagt til að Þjóðminjasafni Íslands verði gefið aukið vægi. Lagt er til að það hafi sérgreindan fjárhag og að ráðinn verði sérstakur safnstjóri er beri fjárhagslega ábyrgð á rekstri safnsins gagnvart þjóðminjaverði. Auk þess er lagt til að safnið hafi ráðgefandi hlutverk gagnvart öðrum byggða- og minjasöfnum og hafi forgöngu um samræmda safnastefnu á sviði þjóðminjavörslunnar.

Ný lög voru sett um þjóðminjavörsluna árið 1989. Þeim lögum var breytt með lögum nr. 98/1994 og með lögum nr. 94/1997. Á grundvelli þessara laga var sett reglugerð fyrir safnið og stefna þess mörkuð. Með þessu var gerð tilraun til þess að laga safnið að breyttum tímum

og setja stjórn þess í fastari skorður. Þessar breytingar hafa ekki skilað tilætluðum árangri. Stjórnkerfi safnsins er of flókið og margar nefndir og ráð koma að stjórnun málaflokksins með einum eða öðrum hætti. Með frumvarpi þessu eru lagðar til róttækar breytingar á stjórn þjóðminjavörslunnar með það fyrir augum að einfalda og styrkja stjórnkerfi hennar, stytta boðleiðir og skilgreina betur ábyrgð og starfssvið hverrar stofnunar. Í lögum nr. 88/1989 er kveðið á um að lögin eigi að endurskoða innan fimm ára frá setningu þeirra. Er frumvarp þetta ásamt frumvarpi um húsafriðun og ólögmætan útflutning menningarminja fyrsta heildarendurskoðunin á þjóðminjalögunum frá setningu þeirra 1989.

Við endurskoðun laganna hefur verið tekið mið af eftirfarandi meginþáttum: Safnastarfsemi í landinu hefur breyst mikið og ört á undanförnum árum. Skilgreina þarf hlut ríkisins með skýrari hætti en áður og hlutverk Þjóðminjasafns Íslands gagnvart öðrum söfnum er starfa á sviði þjóðminjavörslunnar. Húsafriðun hefur vaxið fiskur um hrygg og virðing fyrir byggingararfleifð vex ár frá ári. Sjálfstæði húsafriðunarnefndar er til þess fallið að árétta mikilvægi málaflokksins innan stjórnsýslunnar og út á við með sérstökum lögum. Um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa er fjallað í sérstökum lögum er taka mið af tilskipunum ESB nr. 93/7 og nr. 96/100 um skil á menningarminjum.

Mikilvæg þróun hefur orðið í fornleifarannsóknum á undanförnum árum. Fleiri fræðimenn á þessu sviði hafa haslað sér völl og fundið sér starfsvettvang. Fornleifarannsóknir eru í auknum mæli gerðar af einkaaðilum. Tryggja þarf eftirlit með þessum rannsóknum og jafnframt að stjórnkerfi minjavörslunnar verði ekki of þungt í vöfum.

Helstu nýmæli þessa frumvarps eru eftirfarandi:

1. Samkvæmt núgildandi lögum nr. 88/1989 er þjóðminjavörður forstöðumaður Þjóðminjasafns Íslands. Í lagafrumvarpi þessu er lagt til að heiti stofnunarinnar verði breytt þannig að stofnunin beri heitið embætti þjóðminjavarðar og innan þeirrar stofnunar sé rekið safn sem heiti Þjóðminjasafn Íslands.
2. Lagt er til að þjóðminjaráð og fornleifanefnd í núverandi mynd verði lögð niður. Lagt er til að þjóðminjavörður taki við meginhlutverki þessara aðila en að jafnframt verði sett á laggirnar úrskurðarnefnd er beri heitið fornleifanefnd og verði skipuð aðilum með fræðilega þekkingu á málaflokknum, og þangað verði hægt að skjóta tilteknum ákvörðunum þjóðminjavarðar. Jafnframt fær Þjóðminjasafn Íslands nú sjálfstæðara hlutverk en áður.
3. Lagt er til að þjóðminjavörður hafi forustu um mótun heildarstefnu fyrir þjóðminjavörsluna. Þjóðminjavörður hafi eftirlit með fornleifarannsóknum, veiti leyfi til fornleifarannsókna, beri ábyrgð á fornleifaskráningu og friðlýsingarskrá og fari með yfirstjórn fornleifasjóðs. Nánar verði kveðið á um starfsemi embættis þjóðminjavarðar í reglugerð og að þar verði m.a. kveðið á um starfslið stofnunarinnar.
4. Lagt er til að settur verði á laggirnar sérstakur fornleifasjóður sem hafi það hlutverk að úthluta styrkjum til rannsóknarverkefna. Í úthlutunarreglum sjóðsins sé tryggt að styrkir séu veittir á faglegum grunni og að lagt sé hlutlægt mat á umsóknir.
5. Lagt er til að þjóðminjavörður bjóði út fornleifarannsóknir. Jafnframt er gert ráð fyrir því að starfsmenn þjóðminjavarðar sinni rannsóknum að einhverju leyti, ekki síst svonefndum neyðarrannsóknum, sem erfitt kann að vera að bjóða út. Neyðarrannsóknir eru einfaldar, skjótunnar rannsóknir, sem einkum tengjast björgun minja við jarðrask, t.d. vegna mannvirkjagerðar.
6. Lagt er til að ríkissjóði sé skylt að viðhalda friðlýstum fornleifum. Samkvæmt núgildandi lögum er ríkissjóði skylt að viðhalda friðuðum fornleifum en slíkt er ekki raunhæft.

Eðlilegra er að takmarka skyldu ríkissjóðs við að viðhalda þeim fornleifum sem hlotið hafa friðlýsingu og er að finna á friðlýsingarskrá.

7. Lagt er til að hugtakið fornleifarannsókn sé skilgreint í lögum en ekki í reglugerð eins og nú er.

Í tengslum við undirbúning lagafrumvarps þessa hafa komið fram þau sjónarmið að brýnt sé að efla forvörslu og í því sambandi hafa komið fram hugmyndir um að setja á laggirnar sérstaka stofnun sem sinnt geti forvörslu fyrir öll söfn í landinu. Ekkert er talið vera því til fyrirstöðu að Þjóðminjasafn Íslands eigi aðild að slíkri stofnun eða að slík stofnun sé sett á laggirnar í samvinnu við þjóðminjavörð. Þar af leiðandi var ekki talið nauðsynlegt að í lagatexta kæmi fram heimild fyrir þjóðminjavörð til þess að taka þátt í samvinnu af þessu tagi.

Við undirbúning frumvarps þessa var leitað umsagnar eftirtalinna aðila: Félags íslenskra fornleifafræðinga, Félags íslenskra safnamanna, fornleifanefndar, Fornleifastofnunar Íslands, húsafriðunarnefndar ríkisins, Kvikmyndasafns Íslands, Listasafns Íslands, safnráðs Listasafns Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, stjórnar Kvikmyndasjóðs Íslands, þjóðminjaráðs og þjóðminjavarðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari er meginmarkmið laganna skilgreint í stað þess að gefa yfirlit yfir inntak laganna eins og gert er í 1. gr. núgildandi þjóðminjalaga, nr. 88/1989. Hugtökin menningarsögulegar minjar og þjóðminjar eru skilgreind með sama hætti og í núgildandi lögum, þó þannig að hugtakið menningarsögulegar minjar er látið ná til hvers kyns heimilda sem til eru um menningarsögu þjóðarinnar, annarra en ritheimilda. Jafnframt kemur fram að hugtakið fornminjar skiptist í forngripi og fornleifar.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um skipulag og yfirstjórn þjóðminjavörslunnar.

Hlutverki fornleifanefndar er gjörbreytt frá því sem nú er. Lagt er til að fornleifanefnd starfi sem úrskurðaraðili á sviði þjóðminjavörslunnar, sbr. aths. við 4. gr. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 3. gr.

Í þessari grein er fjallað um verkefni þjóðminjavarðar sem í núgildandi lögum er að mestu leyti í höndum þjóðminjaráðs, fornleifanefndar og þjóðminjavarðar. Þjóðminjavörður ber ábyrgð á rekstri og stefnumörkun embættis þjóðminjavarðar. Hér er til muna verið að einfalda stjórnsýslu á sviði minjavörslu.

Um 4. gr.

Í þessari grein er kveðið á um hlutverk fornleifanefndar. Frumvarpið felur í sér að þjóðminjaráð og fornleifanefnd verði lögð niður, sbr. ákvæði til bráðabirgða. Hér er hins vegar fjallað um úrskurðarnefnd sem hefur skýrt og afmarkað hlutverk. Hlutverk nefndarinnar er að úrskurða í málum er varða tilteknar ákvarðanir þjóðminjavarðar og eru þær helstu taldar í lagagreininni sjálfri. Um er að ræða stjórnsýsluákvarðanir í skilningi stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sbr. 1. gr. þeirra laga.

Til þess að treysta sérfræðilegan grundvöll nefndarinnar er miðað við það að fagfélag fornleifafræðinga, Félag íslenskra fornleifafræðinga, tilnefni tvo fulltrúa og þrír skulu skipaðir án tilnefningar, þar af einn með próf í fornleifafræði.

Um 5. gr.

Hér er meginhlutverki Þjóðminjasafns Íslands lýst. Lagt er til að sjálfstæði Þjóðminjasafns Íslands verði skilgreint með skýrari hætti, safnið hafi sérgreindan fjárhag á fjárlögum og forstöðumaður safnsins beri fjárhagslega ábyrgð á rekstri safnsins gagnvart þjóðminjaverði.

Um 6. gr.

Sambærilegt ákvæði er að finna í 6. gr. laga nr. 88/1989. Í greininni er jafnframt kveðið á um hvaða skilyrði safn þarf að uppfylla til þess að teljast byggðasafn. Safnið þarf að hafa verið stofnað til þess að sinna þeim verkefnum sem lýst er í 7. gr. Jafnframt þarf safnið að öðlast viðurkenningu þjóðminjavarðar og uppfylla skilyrði um rekstrarstyrki. Þjóðminjasafni Íslands er ætlað að stuðla að samræmdri safnastefnu á sínu sviði. Því er eðlilegt að þjóðminjavörður meti starfsemi viðkomandi safna og taki ákvörðun um viðurkenningu þeirra að fengnum tillögum forstöðumanns Þjóðminjasafns Íslands.

Um 7. gr.

Hlutverk Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna er óbreytt frá því sem kveðið er um í 7. gr. og 32. gr. laga nr. 88/1989.

Um 8. gr.

Greinin er nánast óbreytt frá ákvæðum núgildandi þjóðminjalaga og fjallar um skiptingu landsins í minjasvæði, um minjaverði, tengsl þeirra við þjóðminjavörð að teknu tilliti til skipulagsbreytinga þeirra sem kveðið er á um í frumvarpi þessu. Vakin er athygli á því að gert er ráð fyrir því að minjaverðir verði starfsmenn þjóðminjavarðar og að forstöðumenn byggðasafna geti gegnt starfi minjavarða þótt þeir uppfylli ekki menntunarskilyrði samkvæmt greininni. Markmið greinarinnar er óbreytt, þ.e. að tryggja markvisst starf að minjavörslu á landsbyggðinni.

Um 9. gr.

Hér er fjallað um jarðfastar fornleifar og er greinin nánast óbreytt frá núgildandi lögum. Þó er talin ástæða til þess að bæta öskuhaugum við skilgreininguna, enda eru þeir meðal mikilvægustu rannsóknarstaða fornleifa. Jafnframt eru minningarmörk í kirkjugörðum talin heyra undir þessa skilgreiningu þótt um þau séu að hluta sérstök ákvæði í lögunum og er það nýmæli.

Þá skal vakin athygli á því að í skilgreiningunni er gert ráð fyrir að búsetulandslag geti talist til jarðfastra fornleifa en með orðinu búsetulandslag er átt við landslag sem mótað er af búsetu eða starfsemi manna.

Um 10. gr.

Greinin er að stofni til óbreytt frá núgildandi lögum að teknu tilliti til skipulagsbreytinga þeirra sem kveðið er á um í frumvarpi þessu og breyttu hlutverk þjóðminjavarðar.

Fornleifarannsóknir eru fjármagnaðar með ýmsum hætti en þó eru allar rannsóknar á þessu sviði að meira eða minna leyti háðar opinberum styrkjum. Einkaaðilar hafa verið að hasla sér völl á þessu sviði. Hér er lagt til að þjóðminjavörður bjóði út eða leitist við að bjóða út rannsóknarverkefni embættisins. Þessi leið hefur nánast ekki verið farin. Útboðsleiðin kallar á skýra markmiðssetningu til þess að tryggt sé að rannsóknarverkefnum verði forgangsraðað með eðlilegum hætti og þekkingaröflun á þessu sviði verði markviss.

Um 11. gr.

Greinin fjallar um skráningu og meðferð fornleifa. Svo sem kveðið er á um í núgildandi lögum skal fornleifaskráning fara fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Í greininni er skýrt kveðið á um hver eigi að bera kostnað af fornleifaskráningu. Er þetta ákvæði í samræmi við þróun undanfarinna ára þar sem sveitarfélög hafa borið þennan kostnað. Hér er skilgreint hvernig fornleifar eru friðlýstar en hugtökin friðun og friðlýsing hafa verið notuð jöfnum höndum hingað til án nákvæmra skilgreininga. Jafnframt er heimild til friðlýsingar minjasvæðis nýmæli en á sér fordæmi í eldri friðlýsingum. Þá er enn fremur nýmæli að þjóðminjavörður geti afturkallað friðlýsingu fornleifa. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 12.–16. gr.

Greinar þessar eru efnislega óbreyttar frá núgildandi lögum. Þó er að finna nýmæli í 16. gr. en þar er kveðið á um skyldu framkvæmdaraðila sem þurfa að framkvæma jarðrask að skýra þjóðminjaverði frá fyrirhuguðum framkvæmdum. Lagt er til að sama skylda hvíli á þeim sem stunda skógrækt sem hefur jarðrask í för með sér og öðrum framkvæmdaraðilum. Rætur trjáa og ýmis efni sem þær gefa frá sér geta skaðað fornleifar. Þess vegna þarf að tryggja samstarf skógræktarfélaga og annarra áhugamanna um skógrækt og embættis þjóðminjavarðar þannig að ekki sé hætta á að gróðursett sé í eða nálægt fornminjum. Jafnframt er í 16. gr. kveðið á um með hvaða hætti kostnaður við rannsóknir á fornleifum sem finnast við jarðrask skuli skiptast á milli þjóðminjavarðar og framkvæmdaraðila.

Um 17. gr.

Hér er lagt til að skylda ríkisjóðs taki til viðhalds á friðlýstum fornleifum en ekki friðuðum fornleifum svo sem nú er kveðið á um.

Um 18.–19. gr.

Greinar þessar eru nánast óbreyttar frá ákvæðum núgildandi laga.

Um 20.–23. gr.

Ákvæði V. kafla fjalla um kirkjugripi og minningarmörk og er þau efnislega óbreytt frá ákvæðum IV. kafla núgildandi laga að teknu tilliti til skipulagsbreytinga þeirra sem kveðið er á um í frumvarpi þessu.

Um 24. gr.

Lagt er til að settur verði á laggirnar fornleifasjóður, er hafi þann tilgang að stuðla að rannsóknum á fornleifum og forngripum. Með þessu móti eru sköpuð skilyrði til þess að styrkja rannsóknir á þessu sviði. Lagt er til að menntamálaráðherra setji úthlutunarreglur fyrir sjóðinn samkvæmt tillögum þjóðminjavarðar. Úthlutunarreglurnar þurfa að tryggja að styrkir séu veittir á grundvelli hlutlægs mats á umsóknum. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 25.–27. gr.

Greinar þessar eru efnislega samhljóða ákvæðum núgildandi laga.

Um 28.–30. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa. Nýmæli er að kveðið sé á um birtingu friðlýsingaskráa í lögum. Þá er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra setji reglugerð þar sem nánar er kveðið

á um starfsemi og samstarf þeirra aðila sem ætlað er að sinna þjóðminjavörslu, eftirlit með fornleifarannsóknum, leyfisveitingu til fornleifarannsókna, forvörslu, úthlutun styrkja til fornleifarannsókna og um sérhæft starfsfólk til þess að sinna þessum verkefnum.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Verði frumvarp þetta að lögum fellur niður umboð þjóðminjaráðs og fornleifanefndar samkvæmt núgildandi lögum. Einnig er áréttað að þeir starfsmenn sem fastráðnir eru hjá Þjóðminjasafni Íslands haldi starfsréttindum sínum óbreyttum og er með því átt við að breyting á heiti stofnunarinnar og innra stjórnskipulagi hafi ekki áhrif á starfsréttindi starfsmanna. Jafnframt er tekið fram að veitt leyfi til fornleifarannsókna við gildistöku laganna haldi gildi sínu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til þjóðminjalaga.

Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á skipulagi þjóðminjavörslunnar. Samhliða því eru lögð fram frumvörp til safnalaga, húsafriðunarlaga og um skil menningarverðmæta til annarra landa. Megintilgangur frumvarpsins er að einfalda stjórnkerfi þjóðminjavörslunnar og styrkja embætti þjóðminjavarðar.

Helstu skipulagsbreytingarnar eru þær að þjóðminjaráð er lagt niður, hlutverki fornleifanefndar breytt og verkefni sem áður voru hjá þessum aðilum færð til þjóðminjavarðar með breyttum áherslum. Einnig er gert ráð fyrir í frumvarpinu að minjaverðir verði starfsmenn þjóðminjavarðar. Að lokum er gert ráð fyrir að stofnaður verði sérstakur fornleifasjóður sem fái framlög samkvæmt ákvörðun Alþingis. Að mati fjármálaráðuneytisins munu skipulagsbreytingarnar ekki hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs þegar á heildina er litið, en ákvörðun um stofnun fornleifasjóðs gefur tilefni til þess að útgjöld ríkisins til fornleifarannsókna verði aukin. Ákvörðun þess efnis er háð afgreiðslu fjárlaga eins og önnur ný útgjöld.

238. Frumvarp til safnalaga. [224. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI
Yfirstjórn og skipulag.

1. gr.

Í lögum þessum er kveðið á um skipulag lista- og minjasafna í þeim tilgangi að varðveita menningarsögu íslensku þjóðarinnar.

2. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn minja- og listasafna. Til minjasafna teljast menningarminjasöfn og náttúrugripasöfn.

Menntamálaráðherra skipar safnaráð til fjögurra ára í senn. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn fulltrúa, Félag íslenskra safnamanna einn og þrír skulu skipaðir án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi ráðsmanna.

3. gr.

Hlutverk safnaráðs er að vinna að mörkun stefnu og gera langtímaáætlun um starfsemi lista- og minjasafna. Safnaráð hefur eftirlit með söfnum í eigu ríkisins og söfnum sem hljóta ríkisstyrki. Safnaráð úthlutar úr safnasjóði, sbr. 10. gr.

II. KAFLI
Safnastarfsemi.

4. gr.

Safn samkvæmt lögum þessum er stofnun, opin almenningi, sem hefur það hlutverk að safna heimildum sem snerta manninn, sögu hans og umhverfi, standa vörð um þær, rannsaka, miðla upplýsingum og hafa þær til sýnis svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar.

5. gr.

Höfuðsöfn eru í eigu íslenska ríkisins og eru miðstöð safnastarfsemi hvert á sínu verksviði. Höfuðsöfn skal stofna með lögum þar sem nánar er kveðið á um starfsemi þeirra. Höfuðsöfn eru öðrum söfnum til ráðgjafar og stuðla þau að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu hvert á sínu sviði.

Höfuðsöfn kalla eftir safnastefnu þeirra safna sem starfa á þeirra sviði. Á fjögurra ára fresti skulu höfuðsöfn semja sameiginlega stefnuyfirlýsingu fyrir það safnasvið sem þau veita forstöðu og skal stefnuyfirlýsingin ásamt verkáætlun send safnaráði til staðfestingar.

Þjóðminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu. Þjóðminjasafn Íslands annast söfnun, skrásetningu, varðveislu og rannsóknir á minjum um menningarsögu þjóðarinnar og kynningu þeirra, innan lands og utan.

Listasafn Íslands er höfuðsafn á sviði myndlistar. Listasafn Íslands annast heimildasöfnun, kynningu og rannsóknir á íslenskri myndlist.

Náttúruminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Náttúruminjasafn Íslands annast heimildasöfnun, kynningu og rannsóknir á íslenskri náttúru.

6. gr.

Höfuðsöfn mega ekki taka við gjöfum sem kvaðir fylgja, en þó getur menntamálaráðherra veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstök rök mæla með því. Gjafir og fjárframlög til safna eru frádráttarbær til skatts, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með áorðnum breytingum.

7. gr.

Heimilt er að lána gripi eða verk úr söfnum til sýningar, en þó eigi til útlanda nema með samþykki menntamálaráðherra að fenginni umsögn safnaráðs og þjóðminjavarðar ef um er að ræða gripi sem falla undir ákvæði laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa. Höfuðsöfnum er heimilt að lána um lengri eða skemmri tíma einstaka gripi eða verk til annarra safna eða opinberra stofnana, en tryggilega skal gengið frá varðveislu þeirra og þeir tryggðir eftir því sem forstöðumaður ákveður. Sama regla gildir um söfn sem hljóta styrki á grundvelli laga þessara. Nánari reglur um útlán muna og verka skal setja í reglugerð.

8. gr.

Ekki má nota myndir af gripum eða verkum höfuðsafna sem vörumerki eða í auglýsingaskyni og ekki heldur gera af þeim myndir eða eftirlíkingar nema með leyfi viðkomandi forstöðumanns enda sé gætt réttar rétthafa samkvæmt höfundalögum. Sama regla gildir um söfn sem hljóta styrki á grundvelli laga þessara.

9. gr.

Hvert höfuðsafn hefur sjálfstæða fjárveitingu í fjárlögum. Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingar á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar hvers höfuðsafns til fimm ára.

III. KAFLI

10. gr.

Hlutverk safnasjóðs er að styrkja starfsemi safna sem heyra undir lög þessi. Safnaráð úthlutar úr sjóðnum styrkjum til safna samkvæmt sérstökum úthlutunarreglum sem ráðið setur og menntamálaráðherra staðfestir.

Tekjur sjóðsins eru:

a. framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum,
b. frjáls framlög.

Öll söfn sem undir lög þessi falla geta sótt um verkefnatengda styrki til safnasjóðs. Til þess að geta sótt um rekstrarstyrki þarf safn að uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Safnið skal hafa sjálfstæðan fjárhag og vera stjórnað af forstöðumanni í a.m.k. hálfu starfi.
2. Safnið skal starfa eftir stofnskrá sem hlotið hefur staðfestingu safnaráðs og skal starfa eftir stefnu sem endurskoðuð er á fjögurra ára fresti.
3. Safnið skal rekið óaðfinnanlega að mati safnaráðs og fjárhagsgrundvöllur þess skal vera tryggður.
4. Safnið skal vera opið almenningi daglega á auglýstum tíma a.m.k. þrjá mánuði á ári.
5. Safnið skal bjóða upp á safnfræðslu eftir því sem við verður komið.
6. Safnið skal skrá safngripi eftir viðurkenndu skráningarkerfi.
7. Safnið skal fylgja viðurkenndum alþjóðlegum siðareglum safna.

11. gr.

Nú vilja stjórnendur safns sem uppfyllir skilyrði laga þessara um rekstrarstyrk, sbr. 10. gr., afla sér húsnæðis fyrir safnið, hvort heldur með kaupum eða nýsmíði, og eiga þeir þá kost á að fá styrk til þess úr ríkissjóði, allt að einum þriðja hluta kostnaðar, eftir því sem fé kann að vera veitt til þess í fjárlögum enda samþykki safnaráð húsnæðið og stofnkostnað. Framlag ríkissjóðs skal innt af hendi samkvæmt sérstökum samningi og greiðsluáætlun sem stjórnendur safns gera við menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti áður en framkvæmdir hefjast.

12. gr.

Nú telur safnaráð að safni sem hlýtur ríkisstyrk sé hætta búin sökum vanhirðu eða af öðrum orsökum og ekki hefur fengist úr bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir og getur þá menntamálaráðherra svipt safnið ríkisstyrk.

IV. KAFLI
Almenn ákvæði.

13. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið eru numin úr gildi ákvæði II. kafla þjóðminjalaga, nr. 88/1989, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Söfn sem nú starfa samkvæmt sérstökum lögum skulu laga starfsemi sína að lögum þessum innan tveggja ára frá gildistökudegi þeirra. Á þeim tíma skal lokið við að endurskoða löggjöf um starfsemi þeirra.

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 5. gr. þar sem lagt er til að sett verði á laggirnar Náttúruminjasafn Íslands er hafi stöðu höfuðsafns kemur það ekki til framkvæmda fyrr en endurskoðun er lokið á lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, er miðar að því að aðgreina safnastarfsemi Náttúrufræðistofnunar frá öðrum skilgreindum verkefnum stofnunarinnar. Sett verði sérlög um Náttúruminjasafn Íslands í samræmi við lög þessi. Endurskoðun laga nr. 60/1992 ber að ljúka innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara. Náttúruminjasöfn eiga eftir sem áður rétt á styrkjum úr safnasjóði á grundvelli 10. gr. með sama hætti og önnur minjasöfn.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er samið af nefnd er Björn Bjarnason menntamálaráðherra skipaði 10. mars 1999. Hlutverk nefndarinnar var samkvæmt skipunarbréfi að undirbúa rammalöggjöf um safnamál. Í nefndinni sátu Gunnar Jóhann Birgisson hrl., formaður, Inga Lára Baldvinsdóttir, deildarstjóri á Þjóðminjasafni Íslands, Jósef H. Þorgeirsson lögfræðingur, Sigurður Á. Þráinsson, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, og Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. Samkvæmt skipunarbréfi voru verkefni nefndarinnar þessi: 1. Að skilgreina þá safnastarfsemi sem nú er rekin. 2. Að skilgreina hlut ríkis, sveitarfélaga og stofnana að því er varðar stofnun og rekstur safna af mismunandi tegundum. 3. Að gera tillögur um breytingar á gildandi löggjöf. Fljótlega eftir að nefndin hóf störf var tekin ákvörðun um að

hún ætti fyrst og fremst að fjalla um starfsemi minja- og listasafna en ekki um starfsemi skjala- og bókasafna enda er starfsemi slíkra safna nokkuð frábrugðin starfsemi annarra safna og um skjalasöfn gilda sérstakar reglur. Hugtakið minjasafn tekur bæði til menningarminjasafna og náttúruminjasafna. Víða um land starfa slík söfn hlið við hlið í sama safnahúsi. Í báðum þessum flokkum safna eru gerðar sömu faglegu kröfur til skráningar, varðveislu og sýningarhalds. Á Norðurlöndunum er farið að nota hugtakið „kulturmiljö" sem samheiti yfir alla þætti sem snerta búsetu fólks á tilteknu svæði og vinna þannig heildstætt að minjavörslu, menningarmálum o.s.frv. Slíkar hugmyndir renna enn frekari stoðum undir þá skoðun að náttúruminjasöfn séu felld undir þessa löggjöf með sama hætti og önnur minjasöfn.

Safnastarfsemi í nágrannalöndum okkar hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum og víða hefur verið sett rammalöggjöf um safnastarfsemi. Í Finnlandi voru sett slík lög árið 1992 og í Noregi hefur safnalöggjöf verið til endurskoðunar. Í Danmörku voru sett lög um söfn árið 1984 og hefur þeim lögum nokkrum sinnum verið breytt á undanförnum árum. Dönsku lögin eru rammalög. Nefndin hefur í störfum sínum um margt haft hliðsjón af þeirri löggjöf. Jafnframt hefur verið tekið tillit til siðareglna ICOM, Alþjóðaráðs safna.

Megintilgangur frumvarpsins er að styrkja og efla almenna safnastarfsemi. Jafnframt því er nauðsynlegt að tryggja að opinberum fjármunum sem veittir eru til safnamála sé vel varið og að fjárveitingar til safna grundvallist á rökstuddu mati og heildstæðri stefnu í safnamálum. Til þess að ná fram þessum markmiðum er í frumvarpi þessu lagt til:

1. Að hugtakið safn sé skilgreint í lögunum.
2. Að sett verði á laggirnar safnaráð er hafi það hlutverk að marka heildarstefnu um safnastarfsemi.
3. Að stofnaður verði sérstakur safnasjóður er sjái um styrkveitingar til safna. Safnaráð fari með stjórn sjóðsins og umsækjendur verði að uppfylla ákveðin lögbundin skilyrði til þess að fá rekstrarstyrk.
4. Að stefnt sé að því á hverju safnasviði að koma á fót höfuðsafni sem sé miðstöð safnastarfsemi á sínu sviði með ákveðnar lögbundnar skyldur gagnvart öðrum söfnum.
5. Að Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Íslands verði skilgreind sem höfuðsöfn.
6. Að menntamálaráðherra skipi forstöðumenn höfuðsafna.

Við undirbúning frumvarps þessa var leitað umsagnar eftirtalinna aðila: Félags íslenskra fornleifafræðinga, Félags íslenskra safnamanna, fornleifanefndar, Fornleifastofnunar Íslands, Húsafriðunarnefndar ríkisins, Kvikmyndasafns Íslands, Listasafns Íslands, safnaráðs Listasafns Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, stjórnar Kvikmyndasjóðs Íslands, þjóðminjaráðs og þjóðminjavarðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í þessum kafla er lýst skipulagi og yfirstjórn safnastarfseminnar.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um tilgang laganna og starfsemi lista- og minjasafna. Lögin taka til allra listasafna og allra minjasafna hvort sem um er að ræða menningarminjasöfn eða náttúruminjasöfn. Þau taka því til byggðasafna og allra safna sem varðveita menningarsögulegar minjar þjóðarinnar og náttúruminjar. Lögin taka ekki til bóka- og skjalasafna.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að menntamálaráðherra fari með yfirstjórn samkvæmt lögum þessum, sbr. auglýsingu nr. 96/1969, um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Jafnframt er kveðið á um skipun safnaráðs og tilnefningaraðila.

Um 3. gr.

Hér er greint frá hlutverki safnaráðs en ráðinu er ætlað að vinna að mörkun stefnu og gera langtímaáætlun um safnastarfsemi í heild. Jafnframt skal safnaráð hafa eftirlit með safnastarfseminni og fara með yfirstjórn safnasjóðs.

Safnaráð er fimm manna nefnd, en ekki stofnun, sem hefur afmörkuð verkefni. Ekki er ætlast til umfangsmikillar starfsemi af hálfu ráðsins. Þannig er miðað við að eftirlit ráðsins með söfnum í eigu ríkisins felist í því að meta skýrslur sem söfnum er gert að senda ráðinu og styrkhæfni safna vegna úthlutana úr safnasjóði. Eingöngu er miðað við að fjárveitingar til ráðsins miðist við funda- og þóknunarkostnað.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um helstu þætti í starfsemi safna. Hugtakið safn er skilgreint og fjallað er um hlutverk höfuðsafna og skipulag þeirra. Jafnframt er fjallað um ýmis önnur atriði er varða safnastarfsemina og nauðsynlegt er talið að lögbinda.

Um 4. gr.

Í greininni er hugtakið safn skilgreint. Skilgreiningin er m.a. byggð á þeirri skilgreiningu sem fram kemur í siðareglum ICOM, Alþjóðaráðs safna.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að á hverju safnasviði skuli stefnt að því að koma á fót höfuðsafni er sé miðstöð safnastarfsemi á sínu sviði og hafi tilgreindar skyldur gagnvart öðrum söfnum. Jafnframt er lagt til að Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Íslands verði höfuðsöfn enda miðast starfsemi þeirra við það nú og því er ekki um efnislega breytingu að ræða. Í greininni er fjallað um stjórnskipulag höfuðsafna og helstu skyldur forstöðumanna.

Lagt er til að höfuðsöfn móti stefnu á því sviði sem þau starfa. Þannig mun Þjóðminjasafn Íslands móta stefnu fyrir minjasöfn og Listasafn Íslands fyrir listasöfn.

Í 5. mgr. er lagt til að sett verði á laggirnar höfuðsafn er beri heitið Náttúruminjasafn Íslands. Þessi skipan krefst þess að gerðar verði breytingar á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands, nr. 60/1992, en í þeim lögum er safnastarfsemi skilgreind sem hluti af verkefnum Náttúrufræðistofnunar. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skal endurskoðun laga nr. 60/1992 lokið á næstu tveimur árum frá gildistöku þessara laga verði frumvarp þetta að lögum og kemur þetta ákvæði þá fyrst til framkvæmda að þeirri endurskoðun lokinni. Hér er því fyrst og fremst um mikilvæga stefnumörkun að ræða. Við gerð sérlaga um Náttúruminjasafn Íslands er nauðsynlegt að tryggja aðild fulltrúa umhverfisráðuneytis eða stofnana á þess vegum að starfi safnsins.

Um 6.–8. gr.

Sambærileg ákvæði er að finna í lögum nr. 88/1989, um Þjóðminjasafn Íslands, og þarfnast ekki frekari skýringar.

Um 9. gr.

Hér er fjallað um fjárveitingar til höfuðsafna.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um safnasjóð, hlutverk hans og skipulag.

Um 10. gr.

Lagt er til að stofnaður verði sérstakur sjóður er beri heitið safnasjóður sem hafi það hlutverk að sjá um styrkveitingar til safna. Með stofnun slíks sjóðs er tryggð aukin samkvæmni í styrkveitingum og aukið eftirlit með þeim söfnum sem fá styrki. Vakin er athygli á því að lagt er til að safn geti ekki fengið rekstrarstyrk nema stofnskrá þess hafi verið samþykkt af safnaráði. Hér er um mikilvæga nýbreytni að ræða. Jafnframt er gerður skýr greinarmunur á rekstrarstyrkjum annars vegar og verkefnatengdum styrkjum hins vegar.

Safnasjóður skal m.a. hafa til ráðstöfunar þá fjármuni sem hingað til hafa verið veittir til byggða- og minjasafna af fjárlagalið Þjóðminjasafns Íslands og af fjárlagaliðnum söfn, ýmis framlög, sbr. fjárlagalið 02-919-1.90.

Að meginstefnu til er ekki gert ráð fyrir að höfuðsöfn geti sótt um verkefnatengda styrki úr sjóðnum. Höfuðsöfn geta alls ekki sótt um rekstrarstyrki úr sjóðnum enda hafi þau sérgreinda fjárveitingu í fjárlögum.

Um 11.–12. gr.

Sambærileg ákvæði um byggðasöfn er að finna í lögum nr. 88/1989 og þarfnast þau ekki frekari skýringa.

Um 13.–14. gr.

Hér er finna ákvæði sem ekki þarfnast sérstakra skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Sjá athugasemdir við 5. gr.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til safnalaga.

Tilgangur frumvarpsins er að kveða á um skipulag lista- og minjasafna. Í því er í fyrsta lagi lagt til að skipað verði fimm manna safnaráð til þess að vinna að stefnumótun og langtímaáætlun fyrir safnastarfsemi, úthluta úr safnasjóði og hafa eftirlit með söfnum í eigu ríkisins og söfnum sem hljóta ríkisstyrki. Af frumvarpinu má ráða að stefnumótun og eftirlit safnaráðs muni í reynd beinast mest að úthlutun úr safnasjóði og eftirliti með notkun þess fjár. Safnaráð mun að einhverju leyti fást við hluti sem menntamálaráðuneytið hefur sinnt hingað til. Að þessu virtu áætlar fjármálaráðuneytið að útgjöld ríkisins aukist um 1 m.kr. vegna stofnunar safnaráðs. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að ákveðin söfn í landinu verði gerð að miðstöðvum safnastarfsemi, hvert á sínu sviði. Lagt er til að Þjóðminjasafn Íslands og

Listasafn Íslands verði slíkar miðstöðvar og telur fjármálaráðuneytið að það hafi óverulegar breytingar á útgjöldum í för með sér. Þá er gert ráð fyrir að stofnað verði Náttúruminjasafn Íslands og mun stofnun slíks safns hafa í för með sér töluverð útgjöld, sem of snemmt er að áætla. Setja þarf sérstök lög um Náttúruminjasafn Íslands þegar þar að kemur. Í þriðja og síðasta lagi er gert ráð fyrir að stofnaður verði safnasjóður með því að sameina fjármuni sem veitt hefur verið til byggða- og minjasafna af fjárlagalið Þjóðminjasafns Íslands, 24,4 m.kr. í fjárlagafrumvarpi 2001, og af óskiptu viðfangsefni á fjárlagaliðnum söfn, ýmis framlög, 7,5 m.kr. í fjárlagafrumvarpinu. Að mati fjármálaráðuneytisins hefur þessi breyting ekki í för með sér aukin útgjöld ríkissjóðs.

Samkvæmt framangreindu telur fjármálaráðuneytið að frumvarpið leiði til 1 m.kr. útgjaldaauka verði það að lögum.

239. Frumvarp til laga [225. mál]

um húsafriðun.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI

Yfirstjórn og skipulag.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að varðveita íslenska byggingararfleifð sem hefur menningarsögulegt gildi.

Lögin kveða á um friðun húsa og annarra mannvirkja og skipulag húsafriðunar.

2. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn húsafriðunar í landinu.

Menntamálaráðherra skipar húsafriðunarnefnd til fjögurra ára í senn. Arkitektafélag Íslands tilnefnir einn fulltrúa, Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn og þrír fulltrúar skulu skipaðir án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

3. gr.

Húsafriðunarnefnd stuðlar að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar og metur hvaða hús er rétt að friða hverju sinni og gerir um það tillögur til menntamálaráðherra. Nefndin hefur samráð við embætti þjóðminjavarðar og minjavörð þess landsvæðis sem hús tilheyrir þegar fjallað er um friðun húss. Húsafriðunarnefnd fer með yfirstjórn og veitir styrki úr húsafriðunarsjóði. Jafnframt er húsafriðunarnefnd umsagnaraðili fyrir ráðherra í málum er snerta húsafriðun.

Þjóðminjavörður eða fulltrúi hans hefur seturétt á fundum húsafriðunarnefndar.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann húsafriðunarnefndar til fimm ára í senn. Kveða skal á um störf hans að öðru leyti í reglugerð.

II. KAFLI
Friðun húsa og annarra mannvirkja.

4. gr.

Friða má mannvirki, hús eða húshluta, sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Friðun getur náð til nánasta umhverfis friðaðs mannvirkis. Friða má samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðunar um hvert einstakt þeirra. Tilgangur friðunarinnar er að tryggja sem besta varðveislu friðaða mannvirkisins.

5. gr.

Menntamálaráðherra ákveður friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar. Ráðherra getur að tillögu húsafriðunarnefndar ákveðið að afnema friðun sem byggist á aldursákvæðum 6. gr.

Friðun sem ákveðin var í tíð eldri laga heldur gildi sínu.

6. gr.

Öll hús, sem reist eru fyrir 1850, eru friðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918.

Eigendum húsa, sem reist eru fyrir árið 1918, er skylt að leita álits hjá minjavörðum og húsafriðunarnefnd með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.

Húsafriðunarnefnd skal innan fjögurra vikna tilkynna viðkomandi aðilum að höfðu samráði við minjavörð hvort hún telur ástæðu til friðunar.

Byggingarfulltrúum ber að fylgjast með því að eigendur húsa, sem fjallað er um í þessari grein, leiti eftir áliti húsafriðunarnefndar og minjavarða áður en leyfi er veitt til framkvæmda.

7. gr.

Ákvörðun um friðlýsingu skal tilkynna húseiganda, öðrum þeim sem eiga þinglesin réttindi yfir eigninni, hlutaðeigandi lögreglustjóra, bæjar- eða sveitarstjórn og byggingarnefnd. Greina skal í tilkynningu til hvers friðunin nær.

Þinglýsa skal friðun sem kvöð á fasteign sem í hlut á og auglýsa friðunina í Stjórnartíðindum. Þinglýsingarstjóri skal tilkynna húsafriðunarnefnd ef þinglesin eru eigendaskipti að friðaðri húseign.

Heimilt er að fella niður fasteignagjöld af friðuðum húsum.

8. gr.

Telji húsafriðunarnefnd hættu á að hús, sem hefur menningarsögulegt eða listrænt gildi en hefur þó ekki verið friðað, verði rifið eða gildi þess rýrt á nokkurn hátt getur hún ákveðið skyndifriðun viðkomandi húss.

Skyndifriðun tekur gildi þegar húsafriðunarnefnd hefur tilkynnt með tryggilegum hætti öllum hlutaðeigandi aðilum, sbr. 7. gr., ákvörðun sína og gildir hún í tvær vikur. Skyndifriðun þarf ekki að þinglýsa.

Meðan á skyndifriðun stendur gilda að öðru leyti allar reglur um friðun.

Menntamálaráðherra ákveður að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar hvort friða skuli viðkomandi hús áður en skyndifriðun lýkur.

9. gr.

Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðaðri húseign án leyfis húsafriðunarnefndar.

Við endurbætur og viðhald friðaðra fasteigna skal leitað álits og samþykkis húsafriðunarnefndar. Leyfi nefndarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðuð hús.

Vilji eigandi friðaðrar eignar ráðast í framkvæmd, sem leyfi þarf til skv. 1. mgr., skal hann í umsókn sinni til húsafriðunarnefndar lýsa nákvæmlega fyrirhuguðum framkvæmdum og láta uppdrátt fylgja. Nefndin skal svo fljótt sem við verður komið, og í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst, gera eiganda grein fyrir afstöðu sinni. Setji nefndin það skilyrði fyrir samþykki sínu að verk sé framkvæmt á tiltekinn annan hátt en tilgreindur er í umsókn er eiganda skylt að hlíta því. Skal eigandi fá greiddan aukakostnað sem leiðir af fyrirmælum nefndarinnar.

10. gr.

Ef breytingar hafa verið gerðar á friðuðu húsi án leyfis húsafriðunarnefndar getur nefndin lagt fyrir eiganda að færa húsið í fyrra horf innan hæfilegs frests. Nú sinnir eigandi ekki fyrirmælum nefndarinnar og getur hún þá að fengnu samþykki menntamálaráðherra látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

11. gr.

Ef vanrækt er viðhald friðlýsts húss getur húsafriðunarnefnd lagt fyrir eiganda að gera umbætur innan hæfilegs frests. Nú líður frestur án þess að úr sé bætt og getur þá húsafriðunarnefnd að fengnu samþykki menntamálaráðherra látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

12. gr.

Nú verður friðuð eign fyrir spjöllum af eldi eða öðrum ástæðum og skal eigandi eða sá er afnot hefur af eigninni þá gera húsafriðunarnefnd viðvart um það þegar í stað. Lætur nefndin þá fara fram skoðunargerð og mat á spjöllum. Ef ráðist verður í endurbyggingu gilda ákvæði 9. gr.

13. gr.

Nú vill eigandi friðaðs húss rífa húsið eða flytja það af stað sínum og skal hann þá sækja um leyfi til þess til húsafriðunarnefndar. Nefndin skal svo fljótt sem við verður komið, og í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst, senda menntamálaráðherra umsóknina með tillögum sínum um hvort fella skuli niður friðun og aflýsa friðunarkvöðinni eða skilgreina að nýju til hvaða þátta friðun hússins nær.

14. gr.

Ef byggingarnefnd verður vör við að friðuð eign hefur orðið fyrir spjöllum eða að henni er ekki vel við haldið skal hún gera húsafriðunarnefnd viðvart.

15. gr.

Húsafriðunarnefnd hefur rétt til að framkvæma eiganda að kostnaðarlausu hvers konar eftirlit með friðaðri eða friðlýstri eign og skoðanir sem gera þarf vegna ákvæða þessa kafla.

III. KAFLI
Um húsafriðunarsjóð.

16. gr.

Starfrækja skal húsafriðunarsjóð til að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðaðra húsa. Tekjur sjóðsins eru:

a. framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum,
b. framlag sveitarfélaga,

c. frjáls framlög.

Framlag sveitarfélaga skal miðað við að það nemi 150 kr. á hvern íbúa hlutaðeigandi sveitarfélags.

Framlög sveitarfélaga greiðast úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Varsla og reikningshald sjóðsins skal falið bankastofnun nema húsafriðunarnefnd ákveði aðra tilhögun að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

17. gr.

Hlutverk húsafriðunarsjóðs er að veita styrki til viðhalds og endurbóta á friðuðum húsum og mannvirkjum. Heimilt er að veita styrki til viðhalds annarra húsa en friðaðra sem að dómi húsafriðunarnefndar hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Sjóðnum ber að stuðla að byggingarsögulegum rannsóknum og útgáfu rita um þær.

18. gr.

Húsafriðunarnefnd stjórnar húsafriðunarsjóði og ákveður styrki úr honum samkvæmt sérstökum úthlutunarreglum sem menntamálaráðherra staðfestir. Skal þar m.a. kveðið á um skyldur þeirra sem fjárframlög fá úr sjóðnum. Slík framlög eru undanþegin tekjuskatti.

Húsafriðunarnefnd ber ábyrgð á fjárreiðum húsafriðunarsjóðs.

IV. KAFLI
Almenn ákvæði.

19. gr.

Hver sá sem verður fyrir fjártjóni vegna framkvæmda húsafriðunarnefndar, sbr. II. kafla, á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

20. gr.

Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum sem út eru gefin vegna framkvæmda á lögum þessum.

21. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. mgr. 6. gr., 9. gr., 12. gr. og 14. gr. varða sektum til ríkissjóðs nema þyngri refsing liggi við broti skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

22. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi ákvæði V. kafla þjóðminjalaga, nr. 88/1989, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfandi húsafriðunarnefnd við gildistöku laga þessara skal sitja áfram eftir gildistöku þeirra þar til ný húsafriðunarnefnd hefur verið skipuð í samræmi við ákvæði þessara laga, þó ekki lengur en til 31. desember 2000. Hlutverk hennar skal þá einvörðungu vera að hafa eftirlit með framvindu þegar styrktra verkefna, að framvinda þeirra og framkvæmd séu í samræmi við umsóknir og forsendur styrkveitinga.

Við gildistöku laga þessara skal þegar hafinn undirbúningur að skipan húsafriðunarnefndar í samræmi við ákvæði þeirra og skipunartími nefndarinnar hefjast eigi síðar en 1. janúar 2001.

Þeir starfsmenn sem eru fastráðnir hjá Þjóðminjasafni Íslands og starfa á vegum húsafriðunarnefndar við gildistöku laga þessara skulu halda öllum starfsréttindum sínum óbreyttum, þar með töldum réttindum sem byggjast á starfs- og þjónustualdri. Breyting á stöðu starfsmanns sem lög þessi hafa í för með sér felur því ekki í sér að staða sé lögð niður í skilningi starfsmannalaga, nr. 70/1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um þjóðminjar og frumvarpi til laga um skil á menningarminjum. Ákvæði frumvarpsins eru sambærileg ákvæðum V. kafla þjóðminjalaga, nr. 88/1989.

Megintilgangur frumvarpsins er að gefa húsafriðun sérstöðu innan þjóðminjavörslunnar. Jafnframt er sjálfstæði yfirstjórnar þessa málaflokks aukið með því að gera húsafriðunarnefnd, sem nú er undirnefnd þjóðminjaráðs, að sjálfstæðri ríkisstofnun. Þannig eru boðleiðir gerðar skýrari og stjórnsýsla málaflokksins treyst. Í frumvarpinu eru ekki lagðar til stórvægilegar efnisbreytingar á lagareglum sem gilda um húsafriðun enda álíta sérfræðingar að gildandi lagareglur hafi í stórum dráttum staðist tímans tönn.

Verði frumvarp þetta að lögum mun húsafriðunarnefnd heyra beint undir menntamálaráðherra. Gert er ráð fyrir því að menntamálaráðherra skipi forstöðumann húsafriðunarnefndar til fimm ára.

Að öðru leyti eru meginröksemdirnar fyrir því að auka sérstöðu húsafriðunar með því að setja sérlög um málaflokkinn þessar:

1. Samkvæmt gildandi lögum nær friðun húsa og annarra mannvirkja til mun fleiri bygginga en mundu teljast minjar eða fornleifar samkvæmt II. og III. kafla laga nr. 88/1989, en skv. 34. gr. þeirra má friða mannvirki, hús eða húshluta sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Friðun húsa og annarra mannvirkja nær samkvæmt framangreindu til mun fleiri bygginga en heyra undir eiginlega þjóðminjavernd og mælir það með því að kveðið sé á um málaflokkinn í sérstökum lögum.
2. Friðun húsa og annarra mannvirkja tengist mjög löggjöf um skipulags- og byggingarmál, sbr. sérstaklega ýmis ákvæði skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Er meðal annars heimilt að friða umhverfi friðaðs mannvirkis eða samstæður húsa með menningarsögulegt eða listrænt gildi, sbr. áðurnefnda 34. gr. laga nr. 88/1989. Með sérstökum lögum um friðun húsa og annarra mannvirkja væri húsafriðun skapaður einn heildarrammi og gildandi reglur að því leyti gerðar aðgengilegri.
3. Að settum sérlögum um húsafriðun væri hægara að láta fara fram sérstaka stefnumótun og endurskoðun laga um húsafriðun, enda þyrfti þá ekki að hreyfa við gildandi fyrirkomulagi laga um þjóðminjar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að samsetning húsafriðunarnefndar verði önnur en hún er nú.

Vakin er athygli á þeirri nýbreytni að tekinn er af allur vafi um að menntamálaráðherra geti fellt niður friðun án tillits til þess hvort hún er vegna aldurs eða sérstakra friðunaraðgerða. Nokkur vafi hefur þótt leika á þessu í gildandi lögum.

Verði frumvarp þetta að lögum falla niður ákvæði V. kafla þjóðminjalaga, nr. 88/1989.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Hér er fjallað um tilgang laganna, yfirstjórn og skipulag málaflokksins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. kemur fram að tilgangur laganna sé að standa vörð um menningarsögu þjóðarinnar og byggingararfleifð hennar. Þannig er lögð áhersla á byggingararfleifðina jafnframt því sem staðfest er að húsafriðun sé mikilvægur þáttur í varðveislu menningarsögu þjóðarinnar.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að menntamálaráðherra skipi fimm manna húsafriðunarnefnd til fjögurra ára í senn. Tillaga um val á fulltrúum í nefndina tekur mið af þróun stjórnsýslu undanfarin ár, ráðherra skipar meiri hluta nefndarmanna án tilnefningar en viðurkenndir hagsmunaaðilar, Arkitektafélag Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga, sinn fulltrúann hvor. Í greininni er tekið fram að menntamálaráðherra skipi forstöðumann húsafriðunarnefndar til fimm ára en að um störf hans skuli kveða á í reglugerð.

Um 3. gr.

Hér er hlutverki húsafriðunarnefndar lýst. Nefndin meti hvaða hús er rétt að friða hverju sinni og stuðli með öðrum hætti að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar. Ákvæði þetta er sambærilegt 3. mgr. 35. gr. laga nr. 88/1989. Hér er lagt til að þjóðminjavörður hafi seturétt á fundum nefndarinnar. Er það gert til að tryggja eðlilegt samráð þessara aðila en ýmsar ákvarðanir sem þjóðminjavörður þarf að taka varðandi húsasafn Þjóðminjasafns Íslands kallar á samráð þeirra.

Um II. kafla.

Hér er kveðið á um helstu reglur húsafriðunar. Ákvæði þessa kafla eru efnislega sambærileg ákvæðum 34. gr. og 36.–45. gr. laga nr. 88/1989.

Um 4. gr.

Greinin er sambærileg 34. gr. laga nr. 88/1989 en þó hefur orðalagi verið breytt lítillega.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um að menntamálaráðherra tekur ákvörðun um friðun að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar. Vakin er athygli á því að lagt er til að ráðherra geti ákveðið að tillögu nefndarinnar að afnema friðun sem byggð er á aldursákvæðum 6. gr. Hér er um nýmæli að ræða. Nokkur óvissa hefur verið um hvort ráðherra hafi þessa heimild. Hér er tekinn af allur vafi um þetta atriði.

Um 6.–15. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því hvað varðar orðin „hæfilegur frestur“ í 10. og 11. gr. Þetta eru sams konar ákvæði og í gildandi þjóðminjalögum. Erfitt er að tiltaka nákvæmlega frest þann sem eigandi húss fær til að bregðast við tilmælum húsafriðunarnefndar. Meta verður hvert tilvik út frá aðstæðum öllum, þ.m.t. ástandi húss, veðurskilyrðum til framkvæmda, menningarlegu gildi húss og umfangi framkvæmda.

Um III. kafla.

Í III. kafla er fjallað um húsafriðunarsjóð og eru ákvæði þessa kafla að öllu leyti sambærileg ákvæðum 16.–19. gr. laga nr. 88/1989.

Um 16.–18. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um IV. kafla.

Hér er að finna almenn ákvæði er lúta að gildistöku, stimpilgjöldum og refsiviðurlögum. Um er að ræða ákvæði sem eru sambærileg ákvæðum VII. kafla laga nr. 88/1989.

Um 19.–23. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Til þess að tryggja skýra stjórnsýsluframkvæmd er hér fjallað um lok skipunartíma starfandi húsafriðunarnefndar við gildistöku laganna og upphaf skipunartíma nýrrar nefndar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um húsafriðun.

Megintilgangur frumvarpsins er að gefa húsafriðun sérstöðu innan þjóðminjavörslunnar og gera húsafriðunarnefnd að sérstakri ríkisstofnun með stjórnsýsluvald og forstöðumanni sem ráðherra skipar í stað þess að vera undirnefnd þjóðminjaráðs. Ákvæði frumvarpsins eru um flest sambærileg ákvæðum V. kafla þjóðminjalaga, nr. 88/1989.

Í fjárlagafrumvarpi 2001 er áætlað 25,5 m.kr. ríkisframlag til húsafriðunarsjóðs sem húsafriðunarnefnd úthlutar úr. Að auki er gert ráð fyrir að sjóðurinn fái 150 kr. á hvern í búa í landinu eða um 42 m.kr. úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Samkvæmt ríkisreikningi 1999 námu útgjöld sjóðsins alls 103 m.kr. og þar af námu rekstrargjöld rúmum 29 m.kr. Að mati fjármálaráðuneytisins gefa þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu ekki tilefni til aukinna útgjalda ríkissjóðs.

240. Frumvarp til laga [226. mál]

um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að varðveita menningarsögu íslensku þjóðarinnar, standa vörð um menningarsögulegar minjar hennar og tryggja skil á menningarverðmætum til annarra landa.

2. gr.

Eigi má flytja úr landi muni og gripi sem hér eru taldir, nema formlegt leyfi þjóðminjavarðar komi til, sjá þó 3. gr.:

1. Forngripi, eldri en 100 ára, hvort sem eru í eigu opinberra stofnana, fyrirtækja, félagasamtaka eða einstaklinga.
2. Hluta úr listrænum, sögulegum eða trúarlegum minjum er losaðir hafa verið frá þeim og eldri eru en 100 ára.
3. Málverk og handgerðar myndir úr hvaða efni sem er ef eldri eru en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
4. Mósaíkverk sem ekki falla undir 1. eða 2. tölul. og teikningar úr hvaða efni sem er séu myndverkin að öllu leyti handunnin, eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
5. Frumeintök af stungum, þrykki, silkiprenti og steinprenti, ásamt tilheyrandi plötum og frumgerð veggspjalda, séu verkin eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
6. Frumeintök höggmynda eða myndastyttna og eftirmyndir þeirra sem eru gerðar með sömu aðferð og frumeintökin séu verkin eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra, enda falli þau ekki undir 1. tölul.
7. Ljósmyndir og kvikmyndir og filmur eða glerplötur af þeim, enda séu þær eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda myndanna.
8. Bækur, prentaðar fyrir 1500 (vögguprent), svo og handrit, þar með talin landabréf og raddskrár, stakar eða sem safn, sem eldri eru en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
9. Aðrar bækur, eldri en 100 ára, stakar eða sem safn.
10. Prentuð landabréf, eldri en 200 ára.
11. Skjalasöfn hvers konar og hluta þeirra, úr hvaða efni sem er, eldri en 50 ára.
12. Dýrafræðileg, grasafræðileg, bergfræðileg eða líffræðileg söfn og safneintök og sömuleiðis söfn sem gildi hafa fyrir sagnfræði, steingervingafræði, þjóðflokkafræði eða myntfræði.
13. Samgöngutæki, eldri en 75 ára.
14. Aðrar menningarminjar, eldri en 50 ára.

Leiki vafi á um aldur minja sem taldar eru í 1.–14. tölul. 1. mgr. þessarar greinar sker þjóðminjavörður úr.

3. gr.

Ákvæði 2. gr. taka til menningarminja er falla undir 1., 2., 8. og 11. tölul. þeirrar greinar án tillits til verðgildis þeirra.

Ákvæði 2. gr. taka til menningarminja er falla undir 4., 5., 7. og 10. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 1.100.000 kr. eða meira.

Ákvæði 2. gr. taka til menningarminja er falla undir 6., 9., 12., 13. og 14. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 3.800.000 kr. eða meira.

Ákvæði 2. gr. taka til menningarminja er falla undir 3. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 11.500.000 kr. eða meira.

Við verðgildismat skal miðað við ætlað markaðsverð hlutaðeigandi menningarminja hér á landi á þeim degi er umsókn um útflutningsleyfi berst þjóðminjaverði.

4. gr.

Þjóðminjaverði er heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis, að koma í veg fyrir útflutning menningarminja, jafnt þeirra sem taldar eru í 2. gr. sem annarra, án tillits til aldurs þeirra og verðgildis, ef minjarnar teljast til þjóðardýrgripa eða þær hafa að öðru leyti sérstakt gildi fyrir íslenska þjóðmenningu. Getur þá þjóðminjavörður stöðvað útflutning

þeirra um stundarsakir meðan leitað er umsagna sérfróðra manna og þar til formleg afstaða ráðuneytisins er fengin. Fallist ráðuneytið eigi á beiðni um útflutningsleyfi er sú niðurstaða bindandi fyrir alla aðila og hið sama gildir um samþykki ráðuneytisins við útflutningi.

5. gr.

Óheimilt er að flytja til Íslands menningarminjar ef flutningurinn brýtur gegn:

a. reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um skil á menningarminjum sem fluttar hafa verið ólöglega frá ríki á svæðinu eða
b. löggjöf þess ríkis sem menningarminjar eru fluttar frá.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til þess ef menningarminjar eru fluttar löglega til landsins en er ekki skilað á umsömdum tíma.

Menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins skal skilað í samræmi við reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um skil á menningarminjum sem fluttar hafa verið ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis. Finnist menningarminjar hér á landi sem þjóðminjavörður telur að rökstuddur grunur leiki á að fluttar hafi verið til landsins með ólögmætum hætti skal hann með sannanlegum hætti tilkynna hlutaðeigandi ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins um fundinn. Telji valdbær stjórnvöld einhvers ríkjanna að minjarnar hafi verið fluttar frá yfirráðasvæði þess með ólögmætum hætti skal krafa þeirra um skil hafa borist þjóðminjaverði innan tveggja mánaða frá því að hann tilkynnti um fundinn. Berist krafa um skil ekki innan þess frests falla skyldur þjóðminjavarðar til varðveislu minjanna niður.

Ákvæði 3. og 4. mgr. þessarar greinar og ákvæði 6. gr., svo og ákvæði 7. gr. að því er varðar skil menningarverðmæta til annarra ríkja, gilda einvörðungu um kröfur um skil frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í aðildarríkjum samnings um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993. Íslensk stjórnvöld skulu þó jafnframt leitast við eftir föngum að aðstoða við réttmæt skil menningarminja til ríkja er ekki eiga aðild að nefndum samningi hafi minjarnar verið fluttar þaðan í andstöðu við þarlend lög. Skil á menningarminjum samkvæmt ákvæði þessu hafa farið fram þegar menningarminjar hafa verið afhentar stjórnvöldum þess ríkis sem leggur fram beiðni um skil.

Íslenskum stjórnvöldum er skylt að sjá til þess að menningarminjum, sem fluttar hafa verið til Íslands með ólögmætum hætti, án tillits til núverandi eignaraðildar eða vörslu á þeim, verði skilað til réttra eigenda eða umsjármanna þeirra erlendis, enda sé skilyrðum 3. gr. um verðmæti þeirra fullnægt. Umsókn þar að lútandi skal borin upp formlega af valdbæru stjórnvaldi í hlutaðeigandi ríki og skal henni beint til þjóðminjavarðar sem gerir síðan viðeigandi ráðstafanir, eftir atvikum í samvinnu við hlutaðeigandi stjórnvöld hér á landi, sbr. nánar 6. gr.

Við verðgildismat menningarminja skv. 4. mgr., sbr. og 3. gr., skal miða við þann dag er íslenskum stjórnvöldum berst krafa um skil á minjum frá valdbærum stjórnvöldum í öðru ríki. Við ákvörðun verðgildis skal haft mið af ætluðu markaðsverði hér á landi.

6. gr.

Séu menningarminjar sem fjallað er um í 4. og 5. mgr. 5. gr. í eigu eða vörslu manna hérlendis er eigi vilja láta þær af hendi þegar þjóðminjavörður krefst þess, sbr. 5. og 7. gr., geta hlutaðeigandi stjórnvöld í öðru ríki, sem bera fram lögformlega kröfu um skil menningarminja, krafist þess fyrir dómi hér á landi, hvort heldur sem er í einkamáli eða opinberu dómsmáli, að eigendum eða vörslumönnum minjanna verði gert að láta þær af hendi og að mælt verði fyrir um að þeim skuli skilað með lögmæltum hætti til þess ríkis er skila krefst. Sé um

einkamál að ræða skal það höfðað gegn eiganda minjanna, hvernig sem hann er að minjunum kominn, og jafnframt gegn vörslumanni þeirra sé hann annar en eigandinn. Dómur um skil menningarverðmæta er grundvöllur innsetningargerðar, ef á reynir, en dómi má síðan jafnframt framfylgja með aðstoð sýslumanna, lögreglu og annarra þar til bærra yfirvalda, eftir því sem þörf krefur, fyrir atbeina þjóðminjavarðar.

Í kröfu um skil menningarminja, sem hér um ræðir og borin er upp fyrir íslenskum stjórnvöldum og dómstóli, ef á reynir, skal minjunum m.a. lýst svo nákvæmlega sem frekast er kostur, svo og menningarlegu gildi þeirra og verðmæti. Þá skal fylgja kröfu skýr yfirlýsing frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í því ríki er skila krefst um að munirnir hafi verið fluttir úr því ríki með ólögmætum hætti.

Krafa um skil menningarminja skv. 1. mgr. þessarar greinar verður eigi höfð uppi fyrir dómi eftir að eitt ár er liðið frá því að hlutaðeigandi stjórnvöld í því ríki er skila krefst fengu vitneskju um hvar menningarminjarnar eru niðurkomnar og hver sé núverandi eigandi eða vörslumaður þeirra hér á landi. Kröfu um skil verður heldur ekki komið að fyrir dómi þegar liðin eru meira en 30 ár frá því að minjarnar voru fluttar ólöglega frá því ríki er skila krefst. Sé um að ræða minjar sem eru hluti af opinberum söfnum í því ríki er skila krefst eða þær heyra til kirkjulegra minja þar er lúta sérstökum verndarráðstöfunum samkvæmt lögum þess ríkis skal þó kröfufresturinn miðast við 75 ár, nema íslenska ríkið hafi skuldbundið sig til þess, gagnvart hlutaðeigandi ríki, að virða lengri frest.

Það ríki, er krafist hefur skila á menningarverðmætum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal bera kostnað af þeim skilum, þar með talið kostnað af málsmeðferð.

Þeir er komist hafa yfir menningarminjar sem þessi grein tekur til án þess að flutningur minjanna til Íslands hafi verið þeim saknæmur eða þeir hafi að öðru leyti öðlast þær með ólögmætum hætti geta krafist hæfilegra bóta frá því ríki er skila krefst vegna þess að þeim er gert að skila minjunum. Verður kröfu um bætur af þessum sökum m.a. komið að í dómsmáli sem höfðað er til skila minjanna eða þar sem krafa um skil er borin upp með öðrum hætti, en jafnframt getur grandlaus eigandi minja, sem skilakrafa beinist að, samið við hlutaðeigandi stjórnvöld í því ríki, er skila krefst, um bætur af þessum sökum. Hefur þjóðminjavörður milligöngu um þá samningsgerð eftir því sem þörf gerist. Hafi bótakrafa, sem hér um ræðir, verið viðurkennd með dómi eða liggi fyrir formlegur samningur um bætur, þar á meðal dómsátt, getur þjóðminjavörður gert það að skilyrði fyrir afhendingu minjanna til hlutaðeigandi erlendra stjórnvalda að bætur verði greiddar.

7. gr.

Þjóðminjavörður annast framkvæmd ákvæða þessara laga fyrir hönd íslenska ríkisins. Hann veitir formleg leyfi til útflutnings menningarminja skv. 2. gr. og jafnframt skv. 4. gr. að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis. Um framkvæmd leyfisveitinga, m.a. um form leyfisskjala, skal farið að nánari reglum er menntamálaráðherra setur. Þjóðminjavörður leggur mat á verðgildi menningarminja skv. 3. gr., sbr. og 5. gr., og annast um framkvæmd skila á menningarminjum til annarra ríkja skv. 5. gr.

Ágreiningi um leyfisveitingar eða synjanir útflutnings á þessu sviði má skjóta til menntamálaráðuneytis, sbr. nánar ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Verður þá ekki af útflutningi fyrr en ráðuneytið hefur heimilað hann og lagt fyrir þjóðminjavörð að gefa út leyfisbréf þar að lútandi. Til menntamálaráðuneytis má og skjóta ágreiningi um önnur atriði er lúta að framkvæmd ákvæða laga þessara.

Við mat á gildi menningarminja, er hér um ræðir, svo og um meiri háttar álitaefni, skal þjóðminjavörður hafa samráð við safnstjóra Þjóðminjasafns og forstöðumenn þeirra stofnana

hér á landi er einkum varðveita þess konar muni sem mál snýst um hverju sinni. Þar skal m.a. kalla til forstöðumann Listasafns Íslands um myndlistarverk, Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi um handrit, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns um bækur og handrit og Þjóðskjalasafns Íslands um skjöl. Ef þörf gerist skal og leitað álits sérfróðra manna er eigi starfa við stofnanir þær er hér um ræðir.

Þjóðminjavörður tekur við kröfum um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í öðrum ríkjum og sömuleiðis ber hann fram kröfur til hlutaðeigandi stjórnvalda erlendis um skil menningarminja frá þeim ríkjum hafi þær verið fluttar frá Íslandi með ólögmætum hætti, sbr. 2., 3. og 4. gr., og veitir þeim viðtöku fyrir hönd réttra eigenda eða vörslumanna hérlendis.

Þjóðminjavörður skal hafa náið samstarf og samráð við þau stjórnvöld í öðrum ríkjum er fjalla þar um leyfi til útflutnings menningarminja og um skil þeirra, svo og við fjölþjóðlegar stofnanir er láta sig þau mál varða. Þá skal þjóðminjavörður leitast við að upplýsa um vörslustaði menningarminja sem fluttar hafa verið til landsins með óheimilum hætti. Skulu lögregluyfirvöld aðstoða við þá leit ef þörf gerist.

Tollayfirvöld skulu tafarlaust tilkynna þjóðminjaverði um menningarminjar sem reynt hefur verið að flytja ólöglega til landsins og hið sama gildir um ólögmætan útflutning.

Þjóðminjaverði til ráðuneytis um allt það er snertir framkvæmd ákvæða þessa kafla starfar þriggja manna nefnd kunnáttumanna er menntamálaráðherra skipar til þriggja ára í senn. Skal ráðherra skipa formann nefndarinnar sérstaklega en nefndin skiptir að öðru leyti með sér störfum. Þrír varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Við val aðalmanna og varamanna, annarra en formanns og varaformanns, skal þess gætt að einn þeirra hafi sérkunnáttu á sviði listfræði, annar á sviði menningarsögu eða fornminjafræði, þriðji á sviði bókfræði og hinn fjórði á sviði skjalfræði. Varði mál, sem undir nefndina er borið, sérsvið varamanns skal hann fjalla um það mál jafnhliða aðalmönnum. Menntamálaráðherra ákveður þóknun nefndarinnar og greiðist hún af rekstrarfé þjóðminjavarðar.

8. gr.

Hvað varðar kröfur um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í aðildarríkjum að samningi um Evrópska efnahagssvæðið gilda ákvæði laga þessara um skil á minjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá þeim ríkjum hingað til lands 1. janúar 1995 og síðar. Hið sama tímamark gildir um kröfur íslenskra stjórnvalda um skil menningarminja frá öðrum aðildarríkjum að nefndum samningi.

9. gr.

Hver sá sem fyrir fjártjóni verður vegna framkvæmda á ákvæðum laga þessara á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

10. gr.

Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum sem út eru gefin vegna framkvæmda á lögum þessum.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum 2.–5. gr. laga þessara varða sektum til ríkissjóðs nema þyngri refsing liggi við broti skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

12. gr

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi ákvæði VI. kafla þjóðminjalaga, nr. 88/1989, sbr. lög nr. 60/1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 60/1996 var þjóðminjalögum, nr. 88/1989, breytt, m.a. til samræmis við tilskipun ráðs Evrópusambandsins 93/7/EBE frá 15. mars 1993 um skil menningarminja sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis. Íslenska ríkið er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið frá 2. maí 1992 ásamt ýmsum viðbótum, breytingum og bókunum við hann, sbr. lög nr. 2 frá 13. janúar 1993, og því skuldbundið til að lögleiða þessi ákvæði. Þá var einnig tekið mið af samsvarandi reglum um útflutning menningarminja. Þrátt fyrir þessar lagabreytingar gerði Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) athugasemdir við framkvæmd tilskipunarinnar hér á landi og fór fram á að gerðar yrðu breytingar til samræmis við ákvæði hennar.

Þar sem þessi málaflokkur er nokkuð sérhæfður þykir rétt að setja þessar reglur í sérstakan lagabálk og aðgreina þær þannig frá öðrum reglum er gilda um vörslu þjóðminja hér á landi. Þjóðminjalögin eru jafnframt til endurskoðunar og er fyrirsjáanlegt að gerðar verði veigamiklar breytingar á þeim lögum án þess að þær varði sérstaklega skil á menningarminjum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Tilgangur laga þessara er sami og annarra laga er gilda um vörslu þjóðminja hér á landi. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 2. gr.

Ákvæði 2. gr. frumvarpsins eru sambærileg ákvæðum 50. gr. þjóðminjalaga, nr. 88/1989, eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 60/1996. Þó er sú breyting gerð að þjóðminjaverði er ætlað að taka við hlutverki Þjóðminjasafns Íslands samkvæmt frumvarpinu og fara, fyrir hönd íslenska ríkisins, með daglega og almenna framkvæmd ákvæða þess verði það að lögum. Ágreiningi um ákvarðanir má skjóta til menntamálaráðuneytis sem æðsta stjórnvalds á þessu sviði.

Um 3. gr.

Ákvæði 3. gr. frumvarpsins eru sambærileg ákvæðum 51. gr. þjóðminjalaga, nr. 88/1989, eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 60/1996, þó með þeirri breytingu að verðgildismörkum er breytt í samræmi við athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Í núgildandi þjóðminjalögum eru verðgildismörkin umreiknuð í íslenskar krónur miðað við opinbert gengi ECU í ársbyrjun 1995 en samkvæmt viðauka við tilskipun 93/7/EBE ber að miða við opinbert gengi ECU 1. janúar 1993. Verðgildismörkin samkvæmt ákvæði þessu eru umreiknuð til samræmis við þetta en sem fyrr eru fjárhæðirnar látnar standa á heilu hundraði þúsunda króna, til lækkunar frá nákvæmri niðurstöðu gengisreiknings.

Um 4. gr.

Ákvæði lagagreinarinnar eru óbreytt ákvæði 52. gr. þjóðminjalaga, nr. 88/1989, eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 60/1996.

Um 5. gr.

Ákvæði 5. gr. er að meginstofni til sambærilegt ákvæði 53. gr. þjóðminjalaga, nr. 88/1989, eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 60/1996, að teknu tillti til athugasemda ESA. Ákvæðið er þó í meira samræmi við tilskipun 93/7/EBE frá 15. mars 1993 um skil menningarminja sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis.

Um 6. gr.

Ákvæði 6. gr. er að meginstofni óbreytt frá gildandi lögum.

Um 7. gr.

Í greininni kemur fram að þjóðminjavörður annist framkvæmd laga þessara fyrir hönd íslenska ríkisins en ekki Þjóðminjasafn Íslands eins og í núgildandi lögum. Að öðru leyti eru ákvæði greinarinnar sambærileg ákvæðum gildandi laga.

Um 8. gr.

Ákvæði 8. gr. er óbreytt frá gildandi lögum. Dagsetningin sem er nefnd í greininni vísar til þess frests sem íslensk stjórnvöld fengu til að lögleiða ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins 93/7/EBE en samræmist að öðru leyti ákvæðum þeirrar tilskipunar.

Um 9.–13. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa.

Með frumvarpinu er brugðist við athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA við gildandi lagaákvæði um flutning menningarminja yfir landamæri og skil menningarminja sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis. Ekki er að sjá að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það að lögum.

241. Svar [163. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um bótagreiðslur vegna rekstrarstöðvana fyrirtækja af völdum náttúruhamfara.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Mun ráðherra beita sér fyrir breytingum á tryggingalöggjöfinni svo að hægt sé að tryggja fyrirtæki fyrir rekstrarstöðvunum af völdum náttúruhamfara?

Í svari þessu er við það miðað að með breytingu á „tryggingalöggjöfinni“ sé átt við lög um Viðlagatryggingu Íslands.

Sem kunnugt er hefur hlutverk Viðlagatryggingar Íslands verið lögum samkvæmt að vátryggja fyrst og fremst eignir gegn beinu tjóni af völdum náttúruhamfara. Hér er því um hreina eignatryggingu að ræða, þannig að tjón vegna tapaðra leigutekna almennra húseigenda eða tjón vegna rekstrarstöðvunar fyrirtækja er ekki bætt.

Í svari viðskiptaráðherra við fyrirspurn á þingskjali 164 (162. mál) er gerð grein fyrir því að ráðherra hefur í hyggju að setja á laggirnar nefnd sem geri tillögur um það sem betur megi fara í framkvæmd og rekstri viðlagatryggingarinnar þegar lokið verður uppgjöri þeirra tjóna sem urðu á Suðurlandi síðastliðið sumar og þegar fyrir liggja upplýsingar um allar afleiðingar jarðskjálftanna. Meðal þeirra atriða sem þá kunna að koma til athugunar er hvort rétt kunni að vera að skylda atvinnurekendur til að kaupa rekstrarstöðvunartryggingu vegna náttúruhamfara. Mun þá væntanlega verða tekin afstaða til þess hvort rekstrarstöðvunartryggingar henti sem skyldutryggingar.

Hvað varðar vátryggingarskylduna er meginreglan í íslenskum vátryggingarétti sú að vátryggingar eru frjálsar. Með öðrum orðum, einstaklingum og fyrirtækjum á að vera í sjálfsvald sett hvort og þá að hversu miklu leyti þessir aðilar vátryggja hagsmuni sína. Skyldutryggingum er fyrst og fremst til að dreifa þegar hagsmunir annarra aðila gera slíkt nauðsynlegt, sbr. lögboðnar ábyrgðartryggingar ökutækja sem bæta ætíð tjón sem ökumaður bifreiðar veldur. Á vissan hátt má segja að lögboðnar vátryggingar eins og ökutækjatryggingar, brunatryggingar húseigna og viðlagatrygging eigna séu að nokkru liður í því að viðhalda allsherjarreglu. Almennt hefur þó það viðhorf verið uppi að vátryggingarskylda eigi að vera undantekning en ekki regla. Sérstaklega eigi þetta við um atvinnurekstur þar sem ætla verði að rekstraraðilar sjálfir eigi að geta metið vátryggingarþörf sína eða eftir atvikum borið áhættuna sjálfir.

Rekstrarstöðvunartrygging er fremur flókin vátryggingargrein og er eins og nafnið ber með sér fyrst og fremst ætluð atvinnurekendum og fyrirtækjum. Umfang vátryggingarinnar, bótasvið, bótatími, vátryggingarfjárhæðir o.s.frv., er á hinn bóginn afar mismunandi og ræðst m.a. af stærð fyrirtækis og eðli rekstrar. Vátryggingin tekur til tjóns sem vátryggingartaki verður fyrir vegna samdráttar í vörusölu eða þjónustu af völdum tjóns sem orðið hefur á lausafé eða á þeim húsum sem lausafé er varðveitt í. Að auki bætir vátryggingin þann nauðsynlega og sannanlega aukakostnað sem er bein afleiðing af því að húsnæði vátryggingartaka er að nokkru eða öllu leyti ónothæft af völdum tjóns. Rekstrarstöðvunartryggingu er þannig almennt ætlað að bæta vátryggingartaka það rekstrartjón sem hann verður fyrir á þeim tíma sem rekstur hans stöðvast. Bótatíminn er oft 12 mánuðir en getur þó verið 6, 18 eða 24 mánuðir. Fer það eftir aðstæðum og eðli fyrirtækisins. Vátryggingarfjárhæðin er grundvölluð á framlegðarútreikningum. Það er álitamál hvort sértæk og breytileg vátrygging eins og

rekstrarstöðvunartrygging er, sem eingöngu er til hagsbóta rekstraraðilanum sjálfum, henti sem skylduvátrygging.

242. Svar [162. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um sjálfsábyrgð á fasteignum vegna tjóns af völdum náttúruhamfara.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Telur ráðherra eðlilegt að sjálfsábyrgð sé á fasteignum vegna tjóns af völdum náttúruhamfara? Mun ráðherra beita sér fyrir breytingu á lögum?

Nokkrar ástæður liggja að baki sjálfsábyrgð í vátryggingum. Má þar fyrst telja samhengi sjálfsábyrgðar og iðgjalda. Ljóst er að yfirgnæfandi fjöldi vátryggingartaka kýs að bera hluta áhættu sjálfur gegn lægra iðgjaldi viðkomandi vátryggingar. Má t.d. benda á að samkvæmt upplýsingum frá samtökum vátryggingafélaganna hafa tiltölulega fáir vátryggingartakar keypt húftryggingu ökutækja, kaskó, án sjálfsábyrgðar.

Þá má nefna að ef ekki er gert ráð fyrir sjálfsábyrgð í viðlagatryggingu mun rekstur vátryggingarinnar aukast verulega vegna þess mikla fjölda smátjóna sem búast má við að verði, komi til náttúruhamfara í líkingu við þær hamfarir sem urðu nú í sumar á Suðurlandi. Með rekstri er bæði átt við tjónabætur og ekki síður þann kostnað sem yrði því samfara að meta öll þessi smátjón. Í dag er Viðlagatrygging Íslands rekin með eins fáum starfsmönnum og hægt er.

Alltaf má deila um það hvort sjálfsábyrgð sé of há eða of lág. Samkvæmt lögum um Viðlagatryggingu Íslands nemur sjálfsábyrgð nú 5% af þeim verðmætum sem er verið að vátryggja, en þó að lágmarki um 52 þús. kr. sé um að ræða brunatryggðar húseignir og um 520 þús. kr. þegar um er að ræða veitumannvirki og þess háttar eignir. Má telja fullvíst að sem hlutfall þeirra verðmæta sem verið er að tryggja þá sé sjálfsábyrgðin ekki óhófleg.

Annað atriði sem mælir með að vátryggingartakar beri hluta áhættu sjálfir snýr að endurtryggingarvernd. Ef sjálfsábyrgð er ekki fyrir hendi má gera ráð fyrir að endurtryggingarvernd Viðlagatryggingar verði til muna kostnaðarsamari. Slíkur kostnaðarauki myndi skerða möguleika Viðlagatryggingar til þess að geta staðið við lögboðið hlutverk sitt, nema til kæmi veruleg hækkun iðgjalda.

Ákvæði um eigin áhættu vátryggingartaka hafa verið í lögum um Viðlagatryggingu Íslands frá upphafi. Góð og gild vátryggingatæknileg rök liggja til grundvallar þeirri sjálfsábyrgð sem lögð er á vátryggingartaka.

Þegar búið verður að gera upp þau tjón sem urðu á Suðurlandi síðastliðið sumar og fyrir liggja upplýsingar um allar afleiðingar jarðskjálftanna hefur viðskiptaráðherra í hyggju að setja á laggirnar nefnd sem mun gera tillögur um það sem betur megi fara í framkvæmd og rekstri viðlagatryggingarinnar. Má ætla að nefndin taki í starfi sínu m.a. til athugunar samhengi sjálfsábyrgðar og iðgjalda.

243. Breytingartillögur [196. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni, Össuri Skarphéðinssyni, Rannveigu Guðmundsdóttur, Margréti Frímannsdóttur, Sighvati Björgvinssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Gísla S. Einarssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur, Lúðvík Bergvinssyni, Sigríði Jóhannesdóttur, Svanfríði Jónasdóttur, Einari Má Sigurðarsyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur, Jóhanni Ársælssyni, Kristjáni L. Möller og Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað hlutfallstölunnar „26,41%“ í 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna kemur: 25,42%.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna skal hlutfallstalan vegna tekna ársins 2001 og við staðgreiðslu á því ári vera 25,75% og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2002.

Greinargerð.

Af hálfu þingmanna og ráðherra ríkisstjórnarinnar, sem og fulltrúa sveitarfélaga, er yfirlýst og óumdeilt að stóraukin tekjuþörf sveitarfélaga er til staðar vegna langvarandi hallareksturs þeirra. Þá liggur það fyrir að erfið fjárhagsstaða sveitarfélaga er að stórum hluta vegna skattalagabreytinga sem hafa orðið að frumkvæði ríkisvaldsins og vegna nýrra verkefna sveitarfélaga sem nægir tekjustofnar hafa ekki fylgt. Af þessum sökum er fjárþörf sveitarfélaganna viðurkennd. Ríkisstjórnin leggur til að þessari auknu fjárþörf sveitarfélaganna verði mætt að talsverðu leyti með almennri skattahækkun á gjaldendur. Eðlilegt er hins vegar að hér sé fyrst og síðast um tekjutilfærslu að ræða milli þessara opinberu aðila, ríkisvalds og sveitarfélaga.

Hér eru gerðar breytingartillögur við frumvarp ríkisstjórnarinnar, 196. mál, þskj. 206, en þar er gert ráð fyrir lækkun skatthlutfalls tekjuskatts einstaklinga um 0,33 prósentustig sem er helmingur af auknum heimildum sveitarfélaga til hækkunar útsvars fyrir árið 2001 um 0,66 prósentustig. Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, 199. máli á þskj. 209, er einnig gert ráð fyrir heimildum til frekari hækkunar útsvars, um 0,33 prósentustig, á árinu 2002 án þess að ríkissjóður hyggist lækka skatthlutfall tekjuskatts á móti. Í breytingartillögunum er hins vegar lagt til að skatthlutfall tekjuskatts verði lækkað jafnmikið og heimildir til hækkunar útsvars gera ráð fyrir eða um samtals 0,99 prósentustig, þ.e. 0,66 prósentustig árið 2001 og 0,33 prósentustig árið 2002.

Fjölmargar samþykktir sveitarstjórna og samtaka þeirra hafa verið gerðar þar sem áformum ríkisstjórnarinnar er mótmælt og þess farið á leit að álögur verði lækkaðar til jafns við auknar heimildir sveitarsjóða. Með þessum breytingartillögum er komið til móts við þau sjónarmið, enda eru þau eðlileg og sanngjörn. Vísast hér til fylgiskjals III, bókunar fyrsta flutningsmanns, Guðmundar Árna Stefánssonar, í 199. máli, þskj. 209, um tillögur og skýrslu tekjustofnanefndar.

244. Fyrirspurn [227. mál]

til landbúnaðarráðherra um sjókvíaeldi.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvaða reglur telur ráðherra að ætti að viðhafa við úthlutun leyfa til sjókvíaeldis?
2. Hvaða gjald hefur verið greitt fyrir leyfi til sjókvíaeldis?
3. Hvaða gjald telur ráðherra að ætti að greiða fyrir slíkt leyfi?
4. Lítur ráðherra svo á að í leyfi til sjókvíaeldis felist leyfi til að nýta sameiginlega auðlind?

245. Fyrirspurn [228. mál]

til landbúnaðarráðherra um leyfi til sjókvíaeldis.

Frá Svanfríði Jónasdóttur og Jóhanni Ársælssyni.

1. Hvernig hefur leyfum til sjókvíaeldis verið úthlutað?
2. Hverjir hafa slík leyfi nú?
3. Hvaða stöðum á landinu eru þau leyfi bundin?
4. Hvaða laxastofn er alinn í þessum stöðvum?
5. Hvaða aðrar eldisstöðvar eru starfandi eða hafa leyfi til eldis?

Skriflegt svar óskast.

246. Fyrirspurn [229. mál]

til sjávarútvegsráðherra um kostnað við hafrannsóknarskip.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hversu mikið hækkaði hafrannsóknarskipið Árni Friðriksson í verði á meðan það var í smíðum í Chile?
2. Hvað dróst afhending skipsins mikið miðað við upphaflegt tilboð og hve háar dagsektir greiddi skipasmíðastöðin vegna þessa?
3. Hvaða vandkvæði hafa komið upp og hvaða lagfæringar hefur þurft að gera á skipinu eftir að það kom heim og hvað hafa þær kostað?
4. Hversu mikill er heildarkostnaður orðinn við skipið sjálft?
5. Eru fyrirsjáanlegar frekari breytingar eða viðgerðir á skipinu og ef svo er, er þá til áætlun um kostnað við þau verk?

6. Hvernig var það tilboð sem Slippstöðin gerði í skipið?

Skriflegt svar óskast.

247. Fyrirspurn [230. mál]

til sjávarútvegsráðherra um eftirlitsmenn Fiskistofu.

Frá Árna Johnsen.

1. Hvað eru eftirlitsmenn Fiskistofu margir, hvar eiga þeir lögheimili og á hvaða aldri eru þeir?
2. Hvenær voru eftirlitsmenn ráðnir síðast? Hve margir sóttu þá um, hvar áttu þeir heima og hvað voru þeir gamlir?
3. Hverjir voru ráðnir, hvar áttu þeir heima og hvað voru þeir gamlir?
4. Leggur Fiskistofa kapp á að velja menn sem eiga heima í Reykjavík eða nærri borginni?
5. Er það stefna Fiskistofu að ráða ekki menn yfir fertugsaldri í störf eftirlitsmanna?
6. Er það rétt að umsækjendum utan af landi hafi verið sagt að þeir eigi litla von um ráðningu vegna fjarlægðar frá Reykjavík?

Skriflegt svar óskast.

248. Fyrirspurn [231. mál]

til utanríkisráðherra um samninga um gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana við Evrópuríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Er í undirbúningi í utanríkisráðuneytinu að gera samninga um gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana, miðað við 2–3 mánaða dvöl, við eitthvert þeirra fjórtán ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins sem slíkir samningar hafa ekki verið gerðir við, þ.e. Albaníu, Armeníu, Aserbaídsjan, Bosníu og Hersegóvínu, Búlgaríu, Georgíu, Hvíta-Rússland, Króatíu, Makedóníu, Moldóvu, Rúmeníu, Rússland, Serbíu og Svartfjallaland og Úkraínu?
2. Ef svo er ekki, hver er ástæða þess?
3. Telja íslensk stjórnvöld mikilvægt að ná samningum við eitthvert þessara ríkja um gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana?
4. Hafa ríkin á Balkanskaga einhverja sérstöðu í þessu sambandi?

Skriflegt svar óskast.

249. Svar [144. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Árna Gunnarssonar um þróun kornræktar hér á landi.

1. Hver hefur verið þróunin í framleiðslu og verkun korns undanfarinn áratug?

Árin 1965 til 1980 var korn einungis ræktað á tveimur bæjum á landinu, það er á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum og tilraunastöðinni á Sámsstöðum í Fljótshlíð. Laust eftir 1980 hófust Landeyingar handa og allan þann áratug mátti heita að Rangæingar væru einir um kornræktina. Í upphafi tíunda áratugarins var auk þess byrjað að fást við kornrækt í Eyjafirði, á Fljótsdalshéraði og í Kjós. Árnesingar hófust svo handa 1992, Skagfirðingar 1994 og Borgfirðingar og Hornfirðingar 1996.

Framan af þessu tímabili var korn súrsað að langstærstum hluta. Menn hafa þó lagt kapp á að þurrka uppskeruna nú hin síðari ár, enda er þurrt korn hentugt í fóðurblöndur. Að mati fróðustu manna munu um 70% uppskerunnar hafa verið þurrkuð nú í haust.

Beinar tölur um uppskeru liggja ekki fyrir á Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Hér fylgir þó tafla um heildaruppskeru áætlaða eftir innflutningi sáðkorns annars vegar og meðaluppskeru úr tilraunareitum hins vegar. Líkur eru á að tölurnar séu heldur í hærra lagi. Bæði er uppskera úr ökrum oft heldur minni en úr tilraunum og eins er erfitt að áætla hve stór hluti kornakra er sleginn til grænfóðurs hvert ár.

Samkvæmt þessum tölum mun kornrækt á landinu í ár nema 10–15% af kjarnfóðursnotkun landsmanna.

Ár	**Uppskera úr tilraunum, korn, tonn/ha**	**Kornakrar skv. notuðu sáðkorni, ha**	**Skorið sem korn, *áætlun*, ha**	**Kornuppskera á landsvísu, *áætlun*, tonn**
1991	3,5	200	150	525
1992	1,2	400	200	240
1993	2,2	400	200	440
1994	3,4	600	500	1700
1995	2,4	500	400	960
1996	3,7	900	900	3330
1997	3,8	1500	1200	4560
1998	3,9	1800	1200	4680
1999	3,3	1800	1500	4950
2000	4,2	1800	1500	6300

2. Hver er skipting kornframleiðslunnar eftir landshlutum?

Gróflega má áætla skiptingu kornakra eftir landshlutum síðustu tvö ár (1999–2000) þannig:

Norðurland (Skag., Eyf., S-Þing.,)	30%
Austurland (Hérað, Hornafjörður)	5%
Suðurland (V-Skaft., Rang., Árn.)	50%
Vesturland (Kjós, Borgarfjörður)	15%

Þessi tvö ár hefur uppskera verið meiri norðanlands en sunnan. Því má ætla að fullur þriðjungur kornuppskerunnar (a.m.k. 35%) hafi fengist norðanlands.

3. Hefur verið gerð úttekt á hagkvæmni þess að framleiða korn á Íslandi með tilliti til samkeppni við innflutt korn og aðra fóðurframleiðslu?

Hagþjónusta landbúnaðarins gerði úttekt á hagkvæmni kornræktar árið 1998 og niðurstöður birtust í fjölriti Hagþjónustunnar í desember það ár. Niðurstöður leiddu í ljós að framleiðslukostnaður á íslensku framleiddu byggi er mun hærri en innflutningsverð (cif) á því byggi sem flutt er til landsins. Niðurstöður leiddu einnig í ljós að íslensk byggrækt er ekki óhagkvæm fyrir íslenska bændur þegar tekið hefur verið tillit til kostnaðar heildsala, álagningar og flutningskostnaðar. Þannig var íslenskt votverkað bygg um 12,8% ódýrara árið 1998 en innflutta byggið, að teknu tilliti til álagningar og flutningskostnaðar. Þurrkaða íslenska kornið var hins vegar 9,5% dýrara en það innflutta miðað við að hvort tveggja sé komið heim til bóndans.

4. Hafa verið gerðar tilraunir með frekari vinnslu korns og nýtingu á hálmi sem til fellur við kornræktina?

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins hafa staðið fyrir verkunar- og nýtingartilraunum síðustu ár. Augljóst er að súrsað korn nýtist fyllilega til jafns við þurrkað korn til fóðurs. Hagræðing við vinnu og gjafir gerir það aftur á móti æskilegt að kornið sé þurrkað.

Hálmur er að langmestu leyti nýttur, víða sem hrossafóður og sunnanlands hefur verið markaður fyrir mestan hluta hans til svepparæktar.

5. Hefur verið lögð vinna í þróunar- og kynbótastarf í kornrækt undanfarin ár?

Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur unnið að rannsóknum og þróun í kornrækt síðustu tvo áratugi, frá 1994 með stuðningi fyrst Rannís og síðar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins.

Fyrri hluta síðastliðins áratugar fór fram viðamikil könnun á kornræktarskilyrðum um land allt. Víða var það svo að kornrækt hófst í héruðum beint í framhaldi af þeirri könnun.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur fylgst náið með kornræktinni og jafnan tekið til umfjöllunar þau vandamál sem upp hafa komið og kannað leiðir til lausnar. Ræktunartilraunir hafa verið gerðar um fjölmörg atriði bæði úti um land svo og á tilraunastöðinni á Korpu. Á liðnu sumri voru gerðar 10 tilraunir úti um land og einar 15 á Korpu.

Erlend byggafbrigði henta ekki í öllum landshlutum, síst sunnanlands og vestan. Til að leysa þann vanda hafa verið kynbætt ný byggyrki á Rannsóknastofnun landbúnaðarins, fljótþroska og stormþolin. Það fyrsta þeirra er þegar komið í almenna notkun og að minnsta kosti tvö önnur eru á leiðinni.

250. Frumvarp til laga [232. mál]

breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

5. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Gjaldskyldir aðilar, álagningarstofn og álagt gjald.

Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarstofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir skulu greiða 0,01156% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 350.000 kr.
2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,26596% af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum og 0,04873% af bókfærðum fengnum endurtryggingaiðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 350.000 kr. Vegna söfnunarlíftrygginga greiðist þó eftirlitsgjald sem nemur 0,00615% af nettómismun iðgjaldaskuldar að frádregnum hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuldinni.
3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,04581% af því iðgjaldamagni sem miðlað er á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 200.000 kr.
4. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu greiða 0,07826% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr. Verðbréfasjóðir skulu greiða 0,01039% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr. Rekstrarfélög verðbréfasjóða skulu greiða 0,08031% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 150.000 kr.
5. Kauphallir og aðrir skipulegir tilboðsmarkaðir skulu greiða 0,76297% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr.
6. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða 0,00596% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 150.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 300.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna og 600.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við fjölda virkra sjóðfélaga.
7. Verðbréfamiðstöðvar skulu greiða 0,76297% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 250.000 kr.
8. Innlánsdeildir samvinnufélaga og Póstgíróstofa Íslandspósts hf. skulu greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.
9. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins skal greiða 0,01156% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 250.000 kr. Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs skal greiða 0,00031% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 250.000 kr. Kvótaþing skal greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.
10. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta skal greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr.

Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, segir: „Fyrir 15. september ár hvert skal Fjármálaeftirlitið gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfsem-

innar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila skv. 5. gr.

Skýrslu Fjármálaeftirlitsins skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs ásamt afgreiðslu stjórnar stofnunarinnar á því áliti. Til að samráðsnefndin geti gefið álit sitt skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 15. ágúst ár hvert senda henni upplýsingar um áætlað rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum.

Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta eftirlitsgjalds skal viðskiptaráðherra leggja frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi."

Meðfylgjandi er skýrsla Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. 2. gr. laganna ásamt áliti samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila. Niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta eftirlitsgjalds og er því, í samræmi við 3. mgr., lagt fram frumvarp um breytingu á álagningarhlutföllum 5. gr. laganna.

Fylgiskjal I.

Skýrsla til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2001, skv. 2. gr. l. nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Í 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er kveðið á um málsmeðferð að því er varðar áætlun á rekstrarumfangi Fjármálaeftirlitsins og álagningu eftirlitsgjalds næsta árs:

„Fyrir 15. september ár hvert skal Fjármálaeftirlitið gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila skv. 5. gr.

Skýrslu Fjármálaeftirlitsins skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs ásamt afgreiðslu stjórnar stofnunarinnar á því áliti. Til að samráðsnefndin geti gefið álit sitt skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 15. ágúst ár hvert senda henni upplýsingar um áætlað rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum.

Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta eftirlitsgjalds skal viðskiptaráðherra leggja frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi."

Í samræmi við framangreint er viðskiptaráðherra hér með send skýrsla um áætlaðan rekstrarkostnað ársins 2001. Skýrslunni fylgir rekstraráætlun brotin niður á einstaka kostnaðarliði (tafla 1) og yfirlit yfir áætlaða álagningu eftirlitsgjalds fyrir árið 2001, miðað við álagningarþörf samkvæmt rekstraráætlun (tafla 2).

Í samræmi við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999 hefur Fjármálaeftirlitið leitað álits samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi stofnunarinnar. Sendi Fjármálaeftirlitið nefndinni hinn 15. ágúst drög að rekstraráætlun fyrir stofnunina ásamt skýringum, drög að skiptingu eftirlitsgjaldsins við álagningu og ársreikning Fjármálaeftirlitsins vegna ársins 1999. Fjármálaeftirlitið átti fund með nefndinni hinn 29. ágúst sl. þar sem áætlunin var rædd og skilaði samráðsnefndin óformlegum ábendingum til Fjármálaeftirlitsins hinn 1. september sl. Stjórn Fjármálaeftirlitsins fjallaði um ábendingar nefndarinnar á stjórnarfundi 12. september og í kjölfarið var samráðsnefndinni gefið tækifæri til að koma endanlegu áliti sínu

á framfæri. Fylgir það hjálagt. Í skýrslu þessari felast sjónarmið stjórnar Fjármálaeftirlitsins varðandi álit samráðsnefndarinnar.

1. Rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 1999, álagning vegna ársins 2000.

Rekstur á árinu 1999.

Tekjuafgangur af rekstri Fjármálaeftirlitsins á árinu 1999 nam samtals 35,6 m.kr. Ástæður þessa voru m.a. að stofnkostnaður við kaup á tölvubúnaði var lægri en áætlað var í upphafi, þar sem ákveðið var að taka búnaðinn á leigu. Einnig var farið hægar í nýráðningar en áætlað var.

Tekjuafgangurinn á árinu reyndist 17,9 m.kr. hærri en endurskoðuð áætlun á miðju ári 1999 gerði ráð fyrir, en í endurskoðaðri áætlun sem samráðsnefnd var kynnt þá var gert ráð fyrir að tekjuafgangur næmi 17,7 m.kr.

Rétt er að taka fram að Fjármálaeftirlitið nýtur ekki vaxtatekna af viðskiptareikningi sínum en allar A-hluta stofnanir ríkissjóðs eiga bankaviðskipti sín við Seðlabanka Íslands samkvæmt samningi sem Fjármálaráðuneytið og bankinn hafa gert sín á milli. Samkvæmt samningnum greiða stofnanirnar ekki dráttarvexti ef staða reiknings er neikvæð og fá ekki vexti af inneign.

Ljóst er að Fjármálaeftirlitið hefur nokkra sérstöðu hvað varðar öflun rekstrarfjár. Þannig innheimtir stofnunin sjálf eftirlitsgjald ársþriðjungslega hjá eftirlitsskyldum aðilum og leiðir sú skipan til þess að staða viðskiptareiknings hennar er sjaldnast neikvæð. Því telur Fjármálaeftirlitið eðlilegt að hugað sé að endurskoðun á fyrrgreindri skipan hvað varðar stofnunina.

Um rekstur FME á árinu 1999 er að öðru leyti vísað til ársreiknings og skýringa með honum.

Álagning vegna ársins 2000.

Álagning eftirlitsgjalds á árinu 2000 var byggð á álagningarhlutföllum, skv. 5. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Við ákvörðun þeirra álagningarhlutfalla var gert ráð fyrir að innheimtar yrðu 185.197 þús. kr. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að álagningin nemi 7,1 m.kr. hærri fjárhæð, eða 192.300 þús. kr. Ástæður þessa eru tvíþættar. Annars vegar áhrif vegna hækkunar lágmarksgjalda og hins vegar vegna nýrra eftirlitsskyldra aðila.

2. Endurskoðuð rekstraráætlun vegna ársins 2000.

Við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 2001 hefur FME endurskoðað rekstraráætlun þessa árs. Samkvæmt þeirri áætlun er gert ráð fyrir að rekstur stofnunarinnar verði innan áætlunar og að heildarrekstrarkostnaður stofnunarinnar muni nema 195.268 m.kr. eða 7,6 m.kr. minna en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir.

Helstu frávik frá upphaflegri áætlun eru að launakostnaður er áætlaður lægri en upphaflega var gert ráð fyrir. Ástæða þess er að farið hefur verið hægar í nýráðningar. Þá er áætlað að ferðakostnaður innan lands, eignakaup og óvissuútgjöld verði lægri en gert var ráð fyrir. Hins vegar er rekstur tölvubúnaðar og aðkeypt sérfræðiþjónusta hærri en gert var ráð fyrir, en það stafar einkum af kaupum á hugbúnaði, m.a. vegna gagnagrunna. Þá er viðbótarkostnaður vegna styrkja til starfsmannafélags, einkum vegna gististyrks, sem kemur í stað sumarbústaðarkostnaðar.

Gert er ráð fyrir að heildarrekstrarafgangur sem komi til frádráttar álagningu næsta árs nemi 32,6 m.kr., sem borið saman við upphaflega áætlun vegna ársins 2000 má sundurgreina þannig: 17,9 m.kr. vegna hækkunar á yfirfærðri fjárhæð frá árinu 1999 (sbr. umfjöllun um

rekstur á árinu 1999 í tölul. 1 hér á undan), 7,1 m.kr. vegna aukningar á álögðum eftirlitsgjöldum (sbr. umfjöllun um álagningu vegna ársins 2000 í tölul. 1 hér á undan) og 7,6 m.kr. vegna lægri rekstrarkostnaðar (sbr. umfjöllun hér á undan um endurskoðaða rekstraráætlun vegna ársins 2000).

3. Rekstraráætlun fyrir árið 2001.

Í töflu 1 er birt rekstraráætlun fyrir árið 2001 í samanburði við upphaflega rekstraráætlun og endurskoðaða áætlun fyrir þetta ár. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu forsendum hennar.

Launakostnaður.

Nú starfa í Fjármálaeftirlitinu 25 starfsmenn í um rúmlega 23 stöðugildum, að forstjóra meðtöldum. Þá hafa þrír starfsmenn að auki verið ráðnir yfir sumartímann. Starfsmenn í upphafi árs 1999 voru 23 í tæplega 22 stöðugildum, en til fróðleiks má nefna að í bankaeftirliti Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitinu störfuðu 27 starfsmenn í tæplega 26 stöðugildum þegar mest lét.

Launabreytingar hafa fylgt kjarasamningum, en starfsmenn FME þiggja laun samkvæmt kjarasamningum bankamanna og kjarasamningum opinberra starfsmanna. Auk þess hafa laun að nokkru verið samræmd og leiðrétt til að mæta aukinni samkeppni um starfsfólk á fjármagnsmarkaði. Þá hefur yfirvinna aukist nokkuð vegna aukins vinnuálags. Í áætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að launahækkanir samkvæmt kjarasamningum bankamanna og samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna sem lausir eru á næstu mánuðum verði í takt við samninga sem gerðir hafa verið. Jafnframt er í áætluninni gert ráð fyrir öðrum samningsbundnum starfsaldurstengdum breytingum á launum. Framangreindir þættir leiða samtals til 7,0% hækkunar á launum milli áranna 2000 og 2001.

Ekki hefur enn verið ráðist í nýráðningar í þeim mæli sem gert var ráð fyrir í upphaflegri áætlun fyrir þetta ár. Leitast hefur verið við að ná fram hagræðingu innan stofnunarinnar með því að nýta eins og kostur er þá þekkingu sem fyrir er. Nú er hins vegar brýnt að mæta auknu álagi og nýjum verkefnum með fjölgun starfsfólks. Með auknu umfangi og fjölbreyttari starfsemi fjármálafyrirtækja hefur afgreiðslu- og eftirlitsverkefnum Fjármálaeftirlitsins fjölgað. Þá er fyrirsjáanlegt að auka þurfi enn eftirlit á ýmsum sviðum á næstu árum, svo sem á sviði verðbréfamarkaðar. Jafnframt verður Fjármálaeftirlitið að geta mætt auknum kröfum um málshraða í starfsemi sinni. Því er í áætlun fyrir næsta ár gert ráð fyrir 3 sérfræðingum og einum almennum starfsmanni, til viðbótar við núverandi starfsmenn.

Að teknu tilliti til framangreindra forsendna er gert ráð fyrir að laun og launatengd gjöld á árinu 2001 nemi 162.187 þús. kr.

Sundurliðun á þessum forsendum er að finna í töflu 1.

Laun stjórnarmanna og varastjórnarmanna eru ákveðin af ráðherra, en varastjórnarmenn sitja einnig stjórnarfundi. Laun stjórnarmanna voru í upphafi í samræmi við laun bankaráðsmanna í Seðlabanka Íslands og þeim viðskiptabönkum þar sem viðskiptaráðherra hefur farið með meiri hluta atkvæða á hluthafafundi, en eru nú lægri en í fyrrgreindum viðskiptabönkum.

Kostnaður við endurmenntun, námskeið, starfsmannafélag o.fl.

Í stefnu stjórnar Fjármálaeftirlitsins er m.a. lögð áhersla á að auka hæfni og þekkingu starfsmanna. Einn liður í framkvæmd þeirrar stefnu er að kosta þátttöku starfsmanna í áhuga-

verðum námskeiðum. Gert er ráð fyrir að haldið verði áfram á sömu braut. Varðandi kostnað vegna starfsmannafélags er þar um að ræða íþróttastyrki og gististyrki/sumarhúsastyrki.

Rekstur á húsnæði.

Á síðasta ári tók Fjármálaeftirlitið á leigu húsnæði að Suðurlandsbraut 32. Leiga húsnæðisins nam í upphafi um 8,5 m.kr. á ársgrundvelli. Leigusamningurinn er bundinn vísitölu neysluverðs og er reiknað með 4,5% hækkun hennar milli ára.

Áætlun vegna rafmagns, hita og húsfélags er byggður á reynslu og er ekki gert ráð fyrir breytingum á kostnaði vegna þessa. Vegna ræstingar og ræstingarvara hefur FME gert samning við ISS Íslandi ehf. um ræstingu húsnæðisins. Öryggisgæslu er sinnt af Securitas og byggist kostnaður vegna hennar á samningi.

Rekstur tölvubúnaðar.

Rekstur tölvubúnaðar og aðkeypt sérfræðiþjónusta hafa hingað til verið tekin saman í einn lið í rekstraráætlun. Í áætlun fyrir næsta ár er þessum lið skipt upp. Gert er ráð fyrir auknum kostnaði á næsta ári vegna reksturs tölvubúnaðar. Þannig verði kostnaður vegna ársins 2001 10.244 þús. kr., en í endurskoðaðri áætlun fyrir þetta ár er gert ráð fyrir 8.686 þús. kr. vegna þessa. Ástæður þessa eru einkum tvær. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að leigja þurfi nýjan búnað vegna fjölgunar starfsfólks, auk þess sem hafist verði handa við endurnýjun þess búnaðar sem elstur er. Í öðru lagi er gert ráð fyrir aukinni vinnu þjónustumanna í réttu hlutfalli við fjölþættari kerfi. Á næsta ári er gert ráð fyrir uppfærslum á hugbúnaði og kostnaði vegna mótunar gagnagrunna vegna úrvinnslu á upplýsingum frá eftirlitsskyldum aðilum.

Eins og áður hefur komið fram ákvað Fjármálaeftirlitið í upphafi að taka nær allan tölvubúnað á leigu í stað þess að kaupa hann. Reglulegur rekstrarkostnaður búnaðarins er því nokkuð hár, en stofnkostnaður að sama skapi þeim mun minni.

Ferðakostnaður og kostnaður vegna funda.

Eins og kunnugt er tekur Fjármálaeftirlitið þátt í fjölþættu alþjóðlegu samstarfi systurstofnana. Þetta samstarf skapar möguleika á því að veita aðgang að fjölþjóðlegri reynslu og þekkingu annarra þjóða, sem nýtist á innlendum fjármagnsmarkaði. Samstarfið er í meginatriðum þríþætt, samstarf á sviði bankaeftirlits, verðbréfaeftirlits og vátryggingaeftirlits. Fjármálaeftirlit á Norðurlöndum hafa með sér náið samstarf en einnig tekur Fjármálaeftirlitið þátt í samstarfi Evrópuþjóða sem tengist aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Þá er Fjármálaeftirlitið beinn aðili að alþjóðasamtökum vátryggingaeftirlita (IAIS).

Fjármálaeftirlitið sækir nær einvörðungu kjarnafundi í viðkomandi samstarfi, en sækir almennt ekki vinnufundi eða fundi sérfræðinganefnda, nema talin sé brýn nauðsyn á því með hliðsjón af þeim verkefnum sem unnið er að hér á landi. Fjármálaeftirlitið tekur því ekki þátt í nema hluta þess samstarfs sem erlendar systurstofnanir hafa með sér. Ferðir vegna þessa samstarfs á síðasta ári voru 47 talsins og nam kostnaður vegna þeirra 7,4 m.kr. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun vegna ársins 2000 er nú gert ráð fyrir 60 ferðum og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 8.958 þús. kr., sem er nokkuð hærra en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir en í henni var miðað við 55 ferðir. Kostnaður vegna ferða á árinu 2001 er hins vegar áætlaður nokkuð lægri, eða 8.250 þús. kr., en það stafar fyrst og fremst af því að nokkrir af reglulegum samstarfsfundum verða haldnir hér á landi.

Á næsta ári er röðin komin að Fjármálaeftirlitinu að halda 8 fundi hér á landi, einkum í norrænu samstarfi. Hefð hefur skapast um að samstarfsaðilar skiptist á að halda þessa fundi

og er nú komið að Fjármálaeftirlitinu hvað þetta varðar. Enginn slíkur fundur var haldinn á síðasta ári. Gerir áætlun ráð fyrir að kostnaður vegna þessa nemi 3,1 m.kr.

Ljóst er að Fjármálaeftirlitið muni verða fyrir auknum kostnaði vegna þátttökugjalda í erlendu samstarfi. Aðilar að alþjóðasamtökum vátryggingaeftirlita (IAIS), samtökum evrópskra bankaeftirlita (Groupe de Contact) og samtökum evrópskra verðbréfaeftirlita (FESCO) skipta með sér kostnaði af rekstri samstarfsins og ekki verður hjá þessum kostnaði komist eigi að taka þátt í þessu samstarfi. Með þátttöku skuldbinda aðilar sig til þess að fylgja þeim grunnreglum um árangursríkt eftirlit og öryggi á fjármagnsmarkaði sem mótaðar eru í viðkomandi samstarfi og stuðla um leið að því að fjármagnsmarkaður viðkomandi lands sé talinn samkeppnishæfur af öðrum þjóðum og erlendum fjármálafyrirtækjum. Í áætluninni er gert ráð fyrir auknum kostnaði vegna þessa, m.a. vegna þess að þátttökugjöld vegna aðildar að FESCO verða ákveðin í fyrsta sinn síðar á þessu ári.

Annar kostnaður.

Aðrir kostnaðarliðir eru símakostnaður, útgáfa, auglýsingar o.fl., bækur og ritföng og póstkostnaður samtals 5.860 þús. kr. og sérfræðikostnaður 3.000 þús. kr. og eru þessar fjárhæðir áætlaðar út frá reynslutölum og endurskoðaðri rekstraráætlun fyrir árið 2000, sem gerir ráð fyrir samtals 5.352 þús. kr. og 2.814 þús. kr. vegna framangreindra kostnaðarliða á því ári. Þá eru ótalin ýmis gjöld og þjónusta annars vegar og óvissuútgjöld hins vegar. Gert er ráð fyrir nokkurri hækkun, eða um 700 þús. kr., á fyrrnefnda liðnum, fyrst og fremst vegna hugsanlegrar aðildar að alþjóðasamtökum verðbréfaeftirlita (IOSCO). Óvissuútgjöld eru síðan áætluð sem 1,3% af heildargjöldum.

4. Álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2001.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999 skal FME leggja mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Við undirbúning rekstraráætlunar FME fyrir yfirstandandi ár var tekið til athugunar hvort ástæða væri til að gera breytingar á skiptingu eftirlitsgjalds milli flokka eftirlitsskyldra aðila. Niðurstaðan var sú að skiptingin í heild væri í samræmi við skiptingu eftirlitsstarfseminnar á sömu flokka. Þó var ljóst að álagning á verðbréfasjóði væri ekki í fullu samræmi við umfang eftirlits með þeim sérstaklega. Var álagning á þá lækkuð hlutfallslega. Einnig voru gerðar breytingar á lágmarksgjöldum.

Fjármálaeftirlitið hefur við undirbúning rekstraráætlunar nú áætlað hvernig vinna starfsmanna stofnunarinnar hefur skipst á síðustu mánuðum á mismunandi flokka fjármálastarfsemi eins og þeir eru tilgreindir í 5. gr. laga nr. 99/1999. Þær upplýsingar gefa að mati stofnunarinnar ekki tilefni til breytinga á innbyrðis skiptingu álagningar milli einstakra flokka eftirlitsskyldra aðila. Rétt er að taka fram að nokkur sveifla er frá einu tímabili til annars í vægi einstakra flokka eftirlitsskyldra aðila í eftirlitinu. Breytingar á innbyrðis skiptingu verða þó að byggjast á reynslu lengri tímabila, nema um augljóst ósamræmi sé að ræða.

Tafla 1.

Rekstraráætlun FME

Í þús. kr.	Áætlun vegna 2000 Upphafleg áætlun	Endursk. áætlun	Áætlun vegna 2001	Mism. 2 og 3
Rekstrarkostnaður:	**1**	**2**	**3**	
Laun og launatengd gjöld	149.500	138.780	162.187	23.407
Starfsmþ., námskeið, starfsm.fél.	3.400	4.495	4.800	0
Starfsmannaþj., námskeið			2.500	
Framlag til starfsmannafélags			1.400	
Endurm.kostnaður og skólakostnaður			900	
Stjórnarlaun	4.600	4.615	4.820	205
Húsaleiga	8.500	8.572	8.962	390
Rafmagn, hiti, húsfélag	1.600	1.642	1.670	28
Símakostnaður	1.560	1.203	1.510	307
Útgáfa, auglýsingar o.fl.	2.000	1.717	1.500	-217
Bækur og ritföng	2.100	1.894	2.100	206
Póstkostnaður	900	538	750	212
Rekstur tölvub. og aðk. sérfræðiþjónusta	6.500	11.500	13.250	1.750
Rekstur tölvubúnaðar		8.686	10.250	1.564
Sérfræðikostnaður		2.814	3.000	186
Ferðakostnaður erlendis	8.280	8.958	8.250	-708
Ferðakostnaður innanlands	2.200	1.581	1.620	39
Þátttökugj. vegna funda og erl. samstarfs	900	893	2.150	1.257
Kostnaður vegna funda innanlands	0	0	3.150	3.150
Eignakaup	3.000	2.115	2.000	-115
Öryggisgæsla	200	185	300	115
Ræsting, ræstingarvörur	1.620	1.822	1.900	78
Ýmis gjöld og þjónusta	3.000	3.394	4.100	706
Óvissuútgjöld	3.000	1.364	3.000	1.636
Gjöld alls	202.860	195.268	228.019	32.751
Yfirfært frá fyrra ári, áætlað	17.663	35.598	32.630	
Álagt eftirlitsgjald 2000	185.197	192.300	195.389	
Tekjur mínus gjöld	0	32.630	0	
Launakostnaður vegna úrskurðarnefndar	3.000	3.000	3.000	
Aðrar tekjur	3.000	3.000	3.000	

Sundurliðun útreiknings á launum og launatengdum gjöldum vegna ársins 2001.

	Endursk. áætlun 2000	Áætlun 2001	Hækkun milli ára
Greidd laun		138.780	
Hækkun v. kjarasamninga og aðrar samningsb. greiðslur		9.727	
	138.780	148.507	7,0%
3 sérfræðingar		11.700	
Almennur starfsmaður		1.980	
		162.187	

Tafla 2.

Áætluð álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2001, sbr. l. nr. 99/1999

Miðað er við álagningarþörf 195.389 þús. kr. í rekstraráætlun vegna 2001 og að hlutfallsleg skipting milli helstu stofnanaflokka haldist í meginatriðum óbreytt

Í þús. kr.	5. gr. l. nr. 99/'99 Liður nr.	e *) t i f	Álagt eftirlits-gjald alls 2000	Hlutfl. skipting milli stofn. flokka mv. álagn. v/ 2000	Lág-marks-gjald	Álagningar-stofnar samkv. ársreikningum ársins 1999	Áætlað álagningar hlutfall m.v. óbr. innb. skipt. frá líð. ári.	Gildandi álagningar-hlutföll / fastagjald	Áætluð álagning vegna ársins 2001 **)	Hlutfl. skipting milli stofn. flokka m.v. álagn. v/ 2001
Lánastofnanir - *töluliður 1. samtals*			*94.735*	*49,26*		*790.081.806*	0,01156	0,01445	*96.561*	*4,42*
Viðskiptabankar	1	e	55.602	28,91	350	577.363.926	0,01156	0,01445	66.743	34,16
Sparisjóðir	1	e	15.191	7,90	350	116.429.969	0,01156	0,01445	17.107	8,76
Eignarleigufyritæki	1	e	4.039	2,10	350	36.041.024	0,01156	0,01445	4.166	2,13
Aðrar lánastofnanir ***)	1	e	19.903	10,35	350	73.910.521	0,01156	0,01445	8.544	4,37
Vátryggingafélög: - *töluliður 2. samtals*			*42.338*	*22,02*	350				*43.470*	*22,25*
Af bókfærðum frumtryggingariðgjöldum	*2*	i	41.825	21,75		16.148.120	0,26596	0,28524	42.948	21,98
Af bókf. fengnum endurtryggingariðgj.	*2*	i	507	0,26		1.060.742	0,04873	0,03573	517	0,26
Vegna söfnunarlíftrygginga	*2*	i	*6*	*0,00*		94.098	0,00615	0,00779	6	0,00
Vátryggingamiðlarar	*3*	i	2.550	*1,33*	200	946.219	0,04581	0,04581	3.600	*1,84*
Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu	*4*	e	5.908	*3,07*	250	7.741.964	0,07826	0,08031	6.059	*3,10*
Verðbréfasjóðir	*4*	e	9.418	*4,90*	250	91.582.782	0,01039	0,01129	9.515	*4,87*
Rekstrarfélög	*4*	e	900	*0,47*	150	76.734	0,08031	0,08031	1.050	*0,54*
Lífeyrissjóðir	*6*	el	31.730	*16,50*	150–600	513.194.928	0,00596	0,00779	30.586	*15,65*
Kauphallir (Verðbréfaþing. Ísl. hf.)	*5*	t	950	*0,49*	250	128.050	0,76297	0,92353	977	*0,50*
Verðbréfamiðstöðvar (Verðbrskrán. Ísl. hf.)	*7*	t	250	*0,13*	250		0,76297	0,92353	250	*0,13*
Aðrar eftirlitsskyldar stofnanir:										
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	*9*	e	908	*0,47*	250	7.300.346	0,01156	0,01445	844	*0,43*
Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs	*9*	e	513	*0,27*	250	169.744.276	0,00031	0,00040	526	*0,27*
Innlánsdeildir samvinnufélaga	*8*	f	1.650	*0,86*	150		150	150	1.500	*0,77*
Póstgíróstofa Íslandspósts hf.	*8*	f	150	*0,08*	150		150	150	150	*0,08*
Kvótaþing	*9*	f	150	*0,08*	150		150	150	150	*0,08*
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárf.	*10*	f	150	*0,08*	150		150	150	150	*0,08*
Samtals			192.300	100,00					195.389	100,00

*) *e=eignir samtals; t=rekstrartekjur; el= hrein eign til greiðslu lífeyris; i=tryggingariðgjöld; f=fastagjald.*

**) Áætlað 3,6 m.kr. umfram hlutfallstölufjárhæð á sparisjóði vegna lágmarksgjalda.

***) FBA er talin með viðskiptabönkum í álagningu fyrir árið 2001.

Hins vegar er jafnframt ljóst að skipting eftirlitsgjalds milli smærri og stærri aðila innan hvers flokks er ekki í samræmi við þann tíma sem varið er í eftirlit með smærri aðilum annars vegar og stærri hins vegar. Þannig er varið meiri tíma í eftirlit með starfsemi minni aðila en stærri, þó lagt hafi verið aukið vægi á eftirlit með starfsemi þeirra aðila sem fela í sér kerfisáhættu fyrir fjármagnsmarkaðinn. FME leitaði sjónarmiða samráðsnefndar um það hvort hún teldi koma til greina að hækka lágmarksgjöld og hækka þannig eftirlitsgjöld smærri aðila en lækka gjöld þeirra stærri. Taldi samráðsnefndin eðlilegt að jafnræði yrði tryggt með hækkun lágmarksgjalds í einstökum flokkum, enda teldi FME ekki að unnt væri að beita sérstakri gjaldtökuheimild 7. gr. laga nr. 99/1999 í þessu skyni. Gæta yrði þó þess að lágmarksgjaldið yrði ekki ákveðið svo hátt að það íþyngdi minni aðilum úr hófi eða kæmi í veg fyrir að nýjir aðilar gætu haslað sér völl í einstökum greinum fjármálaþjónustu.

Með hliðsjón af framangreindu leggur Fjármálaeftirlitið til að hlutfallslegu vægi flokka eftirlitsskyldra aðila verði ekki breytt við álagningu næsta árs. Þó verði lágmarksgjald vegna lánastofnana og vátryggingafélaga hækkað úr 250 þús. kr. í 350 þús. kr. og lágmarksgjald vegna vátryggingarmiðlara verði hækkað úr 150 þús. kr. í 200 þús. kr. FME gerir tillögu um þessa hækkun með hliðsjón af reynslu fyrri ára og fyrirsjáanlegu vægi þeirra í eftirliti stofnunarinnar.

Í töflu 2 með skýrslu þessari er skipting eftirlitsgjalds á flokka fjármálastarfsemi áætluð með hliðsjón af meðfylgjandi rekstraráætlun og fyrrgreindri tillögu um álagningu eftirlitsgjaldsins.

Álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á rekstraráætlun FME fyrir árið 2001.
(15. september 2000.)

Með bréfi Fjármálaeftirlitsins (FME), dags. 15. ágúst sl., voru samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila um starfrækslu FME send drög að rekstraráætlun FME fyrir árið 2001 ásamt skýringum og upplýsingum um hugsanlega skiptingu eftirlitsgjalds. Fundur fulltrúa samráðsnefndar og FME um málefnið var haldinn 29. ágúst sl., og á þeim fundi og með skriflegum, óformlegum ábendingum samráðsnefndar, dags. 1. september sl., setti nefndin fram sjónarmið sín um áætlað rekstrarumfang FME árið 2001. Með bréfi, dags. 12. september sl., voru samráðsnefndinni send endurskoðuð drög stjórnar FME að rekstraráætlun stofnunarinnar. Hefur þar lítillega verið tekið tillit til ábendinga samráðsnefndar. Hér á eftir verður enn vikið að nokkrum atriðum í hinni endurskoðuðu fjárhagsáætlun FME, sem samráðsnefndin telur ástæðu til að huga betur að. Er við það miðað, að bréf þetta fylgi áætlun stjórnar FME til ráðherra og eftir atvikum til Alþingis.

1. Samráðsnefndin þakkar FME upplýsingar varðandi áætlun um rekstur stofnunarinnar á árinu 2001 og áætlaða álagningu eftirlitsgjalds fyrir árið 2001. Upplýsingagjöfin nú er miklu ítarlegri en var í upphafi í fyrra, þegar viðræður hófust um áætlað rekstrarumfang FME fyrir yfirstandandi ár. Ber að þakka þetta sérstaklega.
2. Lýst er ánægju yfir því að tekist hefur að halda starfsemi stofnunarinnar á árinu 2000 vel innan áætlunar. Raunar stefnir í, að tekjur umfram gjöld á þessu ári verði um 32,6 millj. króna. Samráðsnefndin lét í ljós þá skoðun í fyrra, að kostnaðaráætlun FME fyrir yfirstandandi ár væri of há, og álagt eftirlitsgjald á fjármálafyrirtækin að sama skapi einnig of hátt. Verður ekki betur séð en sjónarmið samráðsnefndar hafi átt við full rök að styðjast. Þessi tekjuafgangur kemur svo til lækkunar eftirlitsgjalds á árinu 2001. Athyglisvert er, að stofnunin nýtur engra vaxtatekna af þessum umframfjármunum sín-

um eða af innheimtu eftirlitsgjaldi almennt. Samráðsnefndin hefur áður látið í ljós þá skoðun, að slíkt er afar óeðlilegt. Skal því enn ítrekað við stjórnendur FME að leita leiða til að bæta úr þessu.

3. Starfsmannafjöldi FME hlýtur að taka mið af raunverulegri þörf stofnunarinnar, að teknu tilliti til bæði hámarksafkastagetu starfsmanna og kröfu um vönduð vinnubrögð. Hæpið er að rökstyðja frekari mannaráðningar með vísan til þess, að samanlagður starfsmannafjöldi forvera FME, þ.e. Vátryggingaeftirlitsins og bankaeftirlits Seðlabankans, hafi verið 26 stöðugildi, og þeim fjölda hafi FME enn ekki náð. Hefði raunar mátt ætla, að hagræðing mundi fylgja hinni nýju stofnun, þannig að starfsmannafjöldinn ætti að verða minni en samanlagður fjöldi starfsmanna hjá forverum FME.

   Launakostnaður FME vegur langsamlega þyngst í rekstri stofnunarinnar. Er afar mikilvægt að þar sé gætt fyllsta aðhalds. Eftirlitsskyldir aðilar hljóta að krefjast þess, að eftirlitskostnaður þeirra sé ekki hærri en erlendum keppinautum er gert að greiða í heimaríkjum sínum. Ástæða er til að ætla að eftirlitsgjaldið hér á landi sé nú þegar hærra en almennt tíðkast í nágrannalöndum okkar. Æskilegt er að slíkur samanburður verði gerður. Í áætluninni er gert ráð fyrir að laun og launatengd gjöld hækki úr 138,8 millj. kr. í 162,2 millj. kr., eða um 17% milli ára, og er þá tekið tillit til ráðningar fjögurra viðbótarstarfsmanna. Launakostnaður miðað við óbreyttan fjölda er hins vegar áætlaður 148,5 millj. kr. Er það 7% hækkun milli áranna 2000 og 2001. Í fyrstu áætlunum FME var miðað við 8,7% launahækkun milli ára, en nú virðist sem tekið hafi verið nokkurt tillit til ábendinga samráðsnefndar í þessu efni, og er það vel. Starfsmenn FME taka laun ýmist skv. kjarasamningum bankamanna eða opinberra starfsmanna. Kjarasamningar bankamanna munu renna út í lok þessa árs, en opinberra starfsmanna (BHM) í október nk. Miðað við það, að í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði var yfirleitt samið um 3,9% hækkun frá 1. maí sl. og 3,0% 1. jan. 2001 (og ekki frekari launahækkanir á því ári), og þess að þann 1. jan. 2000 fengu bankamenn 3,5% hækkun og opinberir starfsmenn 3,0% var 8,7% áætluð hækkun FME milli ára of há. Má raunar færa rök að því, að þessi áætlaða 7% hækkun milli ára sé einnig í hærra lagi.

   Áætlað framlag FME til starfsmannafélags virðist ríflegt á árinu 2001, eða 1,4 millj. kr. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að í starfsmannafélaginu eru væntanlega aðeins um 25 manns, þannig að hér er um að ræða greiðslur sem nema um 50 til 60 þús. kr. á hvern starfsmann á árinu.

   Að endingu varðandi starfsmannamálin: Áður en ráðist er í boðaða ráðningu fleiri sérfræðinga til FME, hvetur samráðsnefndin stjórnendur stofnunarinnar að kanna rækilega, hvort ekki gæti verið hagfelldara að vissum verkefnum verði sinnt með tímabundnum ráðningum starfsfólks, aðkeyptri þjónustu sérfræðinga eða jafnvel að endurskoðendur hinna eftirlitsskyldu aðila verði „nýttir“ betur til upplýsingaöflunar fyrir FME og skýrslugjafar.

4. Stjórnarlaun eru ákvörðuð af ráðherra, en í stjórn FME sitja lögum samkvæmt þrír menn. Stjórnarlaun stofnunarinnar á þessu ári stefna í rúml. 4,6 millj. kr., og áætlanir gera ráð fyrir að stjórnarlaun verði ríflega 4,8 millj. kr. á árinu 2001. Ekki verður betur séð en laun stjórnarmanna FME séu hærri en almennt tíðkast hjá opinberum stofnunum og flestum þeim aðilum, sem falla undir eftirlit FME. Samráðsnefnd er þeirrar skoðunar, að ástæða sé til að endurskoða þennan kostnaðarlið áætlunarinnar og lækka. Í þessu sambandi má benda á að það mun hafa skapast sú venja að bæði aðalmenn og varamenn sitji stjórnarfundi FME. Samráðsnefnd telur engin rök fyrir þessari tilhögun og mun eðlilegra að varamaður sitji eingöngu stjórnarfund í forföllum aðalmanns.

5. Samráðsnefndinni er ljóst, að FME hlýtur að hafa allnokkur erlend samskipti, og að kostnaður er því samfara. Afar brýnt er þó að hér sé gætt aðhalds. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun FME fyrir þetta ár verður fjöldi utanlandsferða FME 60 að tölu, og kostnaður vegna þeirra tæpar 9 millj. kr. Er þetta umfram upphaflegar áætlanir. Í áætlun fyrir árið 2001 er þó gert ráð fyrir að kostnaður vegna ferða erlendis lækki nokkuð, og mun ástæðan sú, að FME mun sjálft halda 8 fundi hér á landi, sem eru liður í norrænu samstarfi. Kostnaður við þau fundahöld er áætlaður rífl. 3,1 millj. kr. Kostnaður vegna erlendra samskipta á árinu 2000 stefnir í alls ríflega 9,8 millj. kr., og er áætlaður enn hærri 2001, eða alls um 13,5 millj. kr. (þ.e. ferðakostn. erlendis, þátttökugjald v. funda erlendis og fjölþjóðlegir samstarfsfundir hér á landi). Hér er um að ræða verulegan útgjaldalið í starfsemi FME. Sú spurning hlýtur að vakna, hvort þessi mikli fjöldi utanlandsferða og umfangið almennt vegna erlendra samskipta geti talist bráðnauðsynlegur liður í starfrækslu stofnunarinnar. Eðlilegt er að FME yfirfari hvort nauðsyn sé á að sækja þann fjölda funda sem hingað til hefur verið gert, enda hljóta tíðar fjarvistir að bitna á starfseminni hér heima.
6. Í skýringum FME varðandi áætlaða álagningu eftirlitsgjalds fyrir árið 2001 kemur fram, að FME hefur áætlað hvernig vinna starfsmanna hefur skipst á mismunandi flokka fjármálastarfseminnar eins og þeir eru tilgreindir í 5. gr. laga nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þær áætlanir gefa að mati stofnunarinnar ekki tilefni til breytinga á skiptingu álagningar milli einstakra flokka eftirlitsskyldra aðila. Samráðsnefndin gerir út af fyrir sig ekki athugasemdir við þetta mat FME, enda hefur hún ekki forsendur til þess. Á hinn bóginn bendir FME á, að skipting eftirlitsgjalds milli smærri og stærri aðila innan hverrar greinar/flokks eftirlitsskyldra aðila sé ekki í samræmi við þann tíma sem varið er í eftirlit með smærri aðilum annars vegar og stærri aðilum hins vegar. Af hálfu FME er spurst fyrir um sjónarmið samráðsnefndar um það, hvort hún telji koma til greina að hækka lágmarksgjöld og á þann veg hækka eftirlitsgjöld smærri aðila en lækka gjöld þeirra stærri á móti.

   Almennt er samráðsnefndin þeirrar skoðunar, að álagt eftirlitsgjald skuli sem framast er kostur vera í samræmi við þann tíma og kostnað sem ætla má að fari í eftirlitið, jafnt með hlutaðeigandi flokki eftirlitsskyldra aðila og einstakra aðila innan hvers flokks. Í 8. gr. laga um greiðslu kostnaðar við FME segir efnislega, að telji FME að eftirlit með einstökum eftirlitsskyldum aðila sé umtalsvert kostnaðarsamara og krefjist meiri mannafla en áætlun um reglubundið eftirlit geri ráð fyrir, geti stjórn FME ákveðið að viðkomandi aðila verði gert að greiða fyrir frekara eftirlit skv. reikningi. Sé það álit stjórnenda FME, að þetta ákvæði laga geti ekki nýst til að ná fram æskilegri og sanngjarnri skiptingu eftirlitsgjalds milli stærri og smærri aðila innan hvers flokks eftirlitsskyldra aðila, telur samráðsnefndin eðlilegt, að jafnræði verði tryggt með hækkun lágmarksgjalds í einstökum flokkum. Lágmarksgjaldið má þó ekki ákveða svo hátt, að það íþyngi minni aðilum úr hófi eða komi í veg fyrir að nýir aðilar geti haslað sér völl í einstökum greinum fjármálaþjónustu.

   Af hálfu FME hefur nú verið gerð tillaga um nokkra hækkun lágmarkseftirlitsgjalds í þremur flokkum eftirlitsskyldra aðila fyrir árið 2001. Þessar tillögur FME sýnast í samræmi við áðurnefnd sjónarmið samráðsnefndar um þetta efni, og eru ekki gerðar athugasemdir við þessa tillögu.
7. Í reglugerð nr. 777/1998, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, hefur verið að finna ákvæði um skipan og starfshætti samráðsnefndarinnar. Var sú reglugerð sett m.a. með vísan til 16. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með

fjármálastarfsemi. Með lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, var 16. gr. laga nr. 87/1998 beinlínis úr gildi felld. Af því leiðir að sem fyrst þarf að huga að því að setja reglugerð á nýjan leik, sem skýtur styrkari stoðum undir skipan og hlutverk samráðsnefndar.

Samráðsnefndin er hvenær sem er reiðubúin að skýra sjónarmið sín varðandi áætlað rekstrarumfang Fjármálaeftirlitsins ítarlegar, verði þess óskað.

Fylgiskjal II.

Fjármálaeftirlitið:

Skýrsla til viðskiptaráðherra um starfsemi Fjármálaeftirlitsins, sbr. 16. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

(Október 2000.)

1. Inngangur.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. lög nr. 11/2000, um breytingu á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit, skal Fjármálaeftirlitið gefa viðskiptaráðherra skýrslu um starfsemi sína ár hvert. Ákvæði þetta tók breytingum með fyrrgreindum lögum nr. 11/2000, en með þeim var jafnframt kveðið á um skyldu viðskiptaráðherra til að gera Alþingi grein fyrir starfsemi stofnunarinnar.

Eins og kunnugt er tók Fjármálaeftirlitið til starfa 1. janúar 1999. Því er í þessari skýrslu gerð grein fyrir helstu þáttum í rekstri og starfsemi Fjármálaeftirlitsins fyrsta eina og hálfa starfsárið. Á næstu vikum mun Fjármálaeftirlitið gefa út ársskýrslu sína, þar sem nánar verður fjallað um fjármálamarkaðinn og áherslur í eftirliti með honum.

2. Starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

2.1 Stefnumótun og skipulag stofnunarinnar.

Á fyrri hluta árs 1999 staðfesti stjórn Fjármálaeftirlitsins stefnumótun fyrir stofnunina. Sú stefnumótun var staðfest að nýju lítið breytt í júní á þessu ári, í kjölfar ítarlegrar yfirferðar.

Í stefnumótuninni koma fram grundvallarsjónarmið sem frekari stefnumörkun í starfi stofnunarinnar er byggð á. Hlutverk stofnunarinnar er skilgreint nánar, einkum að því er varðar starfsmenn og rekstur, tengsl við eftirlitsskylda aðila og samstarfsaðila og þátt stofnunarinnar í mótun fjármálamarkaðar. Þá er leitast við að skilgreina viðmið í starfsemi stofnunarinnar.

Í stefnumótuninni segir að Fjármálaeftirlitið veiti eftirlitsskyldum aðilum uppbyggilegt og markvisst aðhald og styðji við mótun á skilvirkri og traustri fjármálastarfsemi, þar sem áhersla er lögð á faglegt innra skipulag fjármálafyrirtækja.

Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að stjórnun eftirlitsskyldra aðila, skipulag, innri starfsreglur, upplýsingakerfi og innri endurskoðun sé þannig að stjórnendum sé kleift að gera sér grein fyrir þeirri áhættu sem í starfsemi þeirra felst og stýra henni og að þeir séu undirbúnir að mæta áföllum í framtíðinni. Jafnframt er lögð áhersla á að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé hagað þannig að viðskiptamenn og almenningur geti treyst því að í allri fjármálaþjónustu séu hagsmunir viðskiptamanna hafðir að leiðarljósi og lögum, reglum og eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum fylgt.

Fjármálaeftirlitið leitast í starfsemi sinni við að veita stjórnendum eftirlitsskyldra aðila aðhald í samræmi við framangreint, gera þeim grein fyrir ábyrgð sinni, fylgjast með að umrædd meginsjónarmið séu í heiðri höfð og að stofna til samstarfs við þá um öryggi og trúverðugleika í viðkomandi starfsemi.

Skipurit stofnunarinnar er byggt á sömu meginsjónarmiðum og stefnumótunin. Í skipulaginu er lögð áhersla á að nýta sem best þá þekkingu og reynslu sem starfsmenn búa yfir. Eftirlitinu er ekki skipt í hefðbundnar deildir fjármálamarkaðar heldur reynt að virkja þekkingu á einu sviði fjármálamarkaðar í eftirliti á öðru sviði og þannig að nýta fyrirliggjandi sérfræðiþekkingu þar sem hennar er mest þörf í verkefnum stofnunarinnar hverju sinni. Stuðlað er að því að vinnubrögð og viðhorf í eftirliti séu sem líkust á öllum sviðum fjármálamarkaðar. Skipulagið byggist á öflugu samstarfi starfsmanna, þar sem þekking hvers og eins fær að njóta sín.

Fjármálaeftirlitið hefur sett á heimasíðu sína (www.fme.is) stefnumótunarskjal sitt, ásamt skipuriti og lýsingu á því. Þar er einnig að finna reglur um ákvarðanir og undirritun skjala í Fjármálaeftirlitinu og reglur um störf stjórnar, þar sem hlutverk hennar er skilgreint og kveðið á um hæfi stjórnarmanna og aðgang þeirra að gögnum.

2.2 Þróun fjármálamarkaðar – eftirlitsstarfsemi Fjármálaeftirlitsins.

Segja má að Fjármálaeftirlitið hafi hafið starfsemi sína á miklum tímamótum á íslenskum fjármálamarkaði. Gott efnahagsástand, bjartsýni því samfara og samkeppni á fjármálamarkaði féll saman við breyttar áherslur stjórnvalda að því varðar hlutverk ríkisins á fjármálamarkaði.

Íslenskur fjármálamarkaður hefur einkennst af miklum vexti síðustu misseri, ekki síst í útlánastarfsemi og verðbréfaviðskiptum. Þessi þættir hafa öðru fremur mótað og munu áfram móta eftirlitsstarfsemi Fjármálaeftirlitsins.

Efling eftirlits.

Við þessar aðstæður er mikilvægt að Fjármálaeftirlitið hafi skýr markmið og fylgi eftir nýjungum og breytingum. Í því sambandi er nauðsynlegt að hafa hliðsjón af þróun opinbers eftirlits erlendis, en efling opinbers eftirlits og möguleikar til að bregðast við síbreytilegum aðstæðum eru mjög í brennidepli nú um stundir á alþjóðavettvangi. Nægir að nefna tillögur Basel-nefndar um bankaeftirlit að nýjum eiginfjárreglum fjármálastofnana, sem kynntar voru á síðasta ári og eru nú til frekari vinnslu.

Mikilvægar breytingar voru gerðar til eflingar á starfsheimildum og úrræðum Fjármálaeftirlitsins á síðasta vori, með setningu laga nr. 11/2000. Reynslan leiðir í ljós hvernig breytingarnar reynast í framkvæmd, en þróun fjármálamarkaðar mun án efa kalla á frekari þróun lagaákvæða um starfsemi Fjármálaeftirlitsins á næstu árum.

Eftirlitsskyldir aðilar.

Eftirlitsskyldir aðilar voru flestir 180 á tímabilinu. Sameining fyrirtækja á fjármálamarkaði hefur leitt til nokkurrar fækkunar og voru eftirlitsskyldir aðilar 175 hinn 30. júní sl. Þeir skiptast með eftirfarandi hætti:

Lánastofnanir	40
Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu	11
Verðbréfasjóðir	11
Rekstrarfélög	7
Vátryggingafélög	14
Vátryggingarmiðlarar	18
Lífeyrissjóðir	57
Innlánsdeildir samvinnufélaga	10
Aðrir aðilar	7
Eftirlitsskyldir aðilar alls	**175**

Tilhögun og framkvæmd eftirlits.

Í Fjármálaeftirlitinu hefur verið mótuð sú stefna að leggja meiri áherslu en áður á eftirlit með stærri fjármálafyrirtækjum enda geta erfiðleikar í starfsemi þeirra haft alvarlegar afleiðingar fyrir fjármálakerfið í heild. Þrátt fyrir þetta mun eftirlit með smærri aðilum enn taka mikinn tíma, enda er starfsemi margra smærri eftirlitsskyldra aðila viðkvæm.

Eftirlit stofnunarinnar fer í meginatriðum fram með þrennum hætti. Í fyrsta lagi með margháttaðri reglubundinni upplýsingasöfnun um rekstur og efnahag eftirlitsskyldra aðila. Kallað er eftir upplýsingum sem sýna hvort tiltekin grundvallarskilyrði í starfsemi fyrirtækjanna séu uppfyllt. Þessi upplýsingasöfnun veitir yfirsýn yfir stöðu og þróun á einstökum sviðum fjármálamarkaðarins auk vísbendinga um hvert stefnir í rekstri einstakra fjármálafyrirtækja. Í öðru lagi fer eftirlit Fjármálaeftirlitsins fram með ýmsum sértækum eftirlitsaðgerðum. Sérstakar heildarathuganir eða skoðanir eru gerðar á starfsemi einstakra aðila á starfsstöðvum þeirra. Þá fara einnig fram sérstakar athuganir á einstökum þáttum í starfsemi eins eða fleiri eftirlitsskyldra aðila í senn. Í þriðja lagi fer eftirlitið einnig fram með skriflegum fyrirspurnum til eftirlitsskyldra aðila um ákveðna þætti í starfsemi þeirra.

Dæmi um almenn eftirlitsverkefni á síðasta ári er eftirlit með viðbúnaði eftirlitsskyldra aðila vegna svokallaðs 2000-vanda. Haldnir voru fundir með flestum stærri og meðalstórum fjármálafyrirtækjum og reiknistofum þeirra á öllum sviðum fjármálamarkaðar. Þá beindi Fjármálaeftirlitið margháttuðum tilmælum til eftirlitsskyldra aðila, hafði frumkvæði að samráði þeirra í milli, tók þátt í og skipulagði vöktun um áramótin og annaðist upplýsingamiðlun um ástand á fjármálamarkaði.

Önnur verkefni.

Þessu til viðbótar sinnir Fjármálaeftirlitið margvíslegum fyrirspurnum og erindum frá eftirlitsskyldum aðilum og veitir umsagnir um starfsleyfi, samruna og fleiri atriði. Einnig svarar Fjármálaeftirlitið fyrirspurnum og erindum frá viðskiptamönnum eftirlitsskyldra aðila.

Fjármálaeftirlitið hefur tekið virkan þátt í mótun laga og reglna á fjármálamarkaði, en eðlilegt er að þekking og reynsla eftirlitsaðila sé nýtt við þá vinnu. Með þátttöku sinni leitast Fjármálaeftirlitið við að koma á framfæri sjónarmiðum um öryggi í starfsemi og starfsháttum á fjármálamarkaði.

Fjármálaeftirlitið á gott samstarf við stofnanir, ráðuneyti og aðra aðila sem tengjast málefnum fjármálamarkaðar og eftirliti með honum. Áhersla er lögð á að skýra verkaskiptingu milli þessara aðila. Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands hafa gert með sér samstarfssamning sem tryggja á greið upplýsingaskipti og skýra verkaskiptingu.

Fjármálaeftirlitið tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi systurstofnana. Þetta samstarf skapar möguleika á því að nýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á íslenskum fjármálamarkaði.

Samstarfið er í meginatriðum þríþætt, á sviði bankaeftirlits, verðbréfaeftirlits og vátryggingaeftirlits. Fjármálaeftirlit á Norðurlöndum hafa með sér náið samstarf. Þá tekur Fjármálaeftirlitið þátt í samstarfi Evrópuþjóða sem tengist aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Einnig er Fjármálaeftirlitið beinn aðili að alþjóðasamtökum vátryggingaeftirlita.

Þá birtir Fjármálaeftirlitið skýrslur sem unnar eru upp úr ársreikningum og öðrum upplýsingum um starfsemi fjármálafyrirtækja. Fjármálaeftirlitið hefur birt skýrslur með samantekt ársreikninga og upplýsinga sem eru unnar upp úr ársreikningum lánastofnana, fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og verðbréfasjóða, annars vegar fyrir árið 1998 og hins vegar fyrir árið 1999. Einnig hefur stofnunin birt samantekt ársreikninga vátryggingafélaga fyrir árið 1998 og 1999 og sundurliðun vátryggingagreina vátryggingafélaga fyrir árið 1998. Þá hefur Fjármálaeftirlitið birt skýrslur um lífeyrissjóðina en í þeim er að finna upplýsingar um efnahag, yfirlit yfir breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, sjóðstreymi, kennitölur og sundurliðanir auk annarra upplýsinga, annars vegar m.v. árslok 1998 og hins vegar árslok 1999.

Hér á eftir verður greint sérstaklega frá tveimur eftirlitsverkefnum Fjármálaeftirlitsins sem varða allan fjármálamarkaðinn. Þá verður fjallað sérstaklega um helstu flokka fjármálastarfseminnar.

2.3 Könnun á innra eftirliti og áhættustýringu.

Í stefnumótun Fjármálaeftirlitsins kemur fram að stofnunin leggi áherslu á að faglegt innra skipulag fjármálafyrirtækja sé til staðar og kappkostað sé að fylgjast með áhættu í starfsemi þeirra og að þau hafi fullnægjandi yfirsýn yfir hana.

Í samræmi við þessar áherslur hefur Fjármálaeftirlitið athugað sérstaklega ástand innra eftirlits og áhættustýringar í mörgum fyrirtækjum á öllum sviðum fjármálamarkaðar. Áhersla hefur verið lögð á að fá yfirlit yfir ástand mála hjá stærri fjármálafyrirtækjum. Ástæður verkefnisins eru einkum þrjár: Í fyrsta lagi er með því lögð áhersla á ábyrgð eftirlitsskyldra aðila sjálfra á eigin starfsemi og eftirliti með henni. Í öðru lagi er sérstaklega brýnt að þessir þættir í starfi þeirra séu í góðu horfi við þær aðstæður sem verið hafa á fjármálamarkaði, þ.e. mikill vöxtur og þar með aukin hætta á mistökum við ákvarðanir og síðar erfiðleikum þegar undan hallar. Í þriðja lagi er verkefni af þessu tagi vel til þess fallið að fylgjast enn frekar með fjármálamarkaðnum í heild og ástandi einstakra aðila. Þá þekkingu er síðan hægt að nota til að gera störf Fjármálaeftirlitsins markvissari og til að byggja upp styrkara eftirlitskerfi. Með athuguninni hefur og skapast tækifæri til umræðna og skoðanaskipta við stjórnendur eftirlitsskyldra aðila um þessi efni.

Athuganir Fjármálaeftirlitsins hafa einkum beinst að stjórnunarlegri uppbyggingu stofnana, markmiðssetningu í starfseminni, tilvist og eftirfylgni áhættustýringarreglna í víðtækri merkingu, innra eftirliti í þessu sambandi og virkni innri endurskoðenda. Til dæmis hefur verið hugað að innra eftirliti með útlánum lánastofnana og eftirliti með markaðsáhættu í starfseminni og áhættustýringu á þessum þáttum. Í þessu efni brýnir Fjármálaeftirlitið fyrir stjórnum fyrirtækja að vera vakandi fyrir ábyrgð sinni og undir það búnar að axla hana. Hér er um viðamikið svið að ræða sem krefst sjálfstæðra kannana á hverjum aðila fyrir sig.

Ástand innra eftirlits og áhættustýringar er afar mismunandi frá einu fyrirtæki til annars. Eins og vænta má er áhættustýring og eftirlit með rótgrónari þáttum í starfsemi fjármálafyrirtækja almennt í betra horfi en þegar nýrri eða ört vaxandi fjármálaþjónusta á í hlut.

Áhyggjur Fjármálaeftirlitsins í þessu efni hafa ekki síst beinst að útlánavexti og þróun eiginfjárhlutfalls lánastofnana. Hefur stofnunin gert margvíslegar athugasemdir og varað við lágu eiginfjárhlutfalli hér á landi, bæði í samskiptum sínum við einstakar lánastofnanir og

í almennri umræðu. Einnig hefur stofnunin beint sjónum sínum að fjármögnun lána, en erlendar lántökur lánastofnana, þ.á m. skammtímalán, hafa verið miklar.

Þá hefur Fjármálaeftirlitið haft áhyggjur af skipulagi og utanumhaldi er varðar markaðsáhættu fjármálafyrirtækja, en þessi áhætta hefur vaxið hratt og innra eftirlit setið á hakanum í ýmsum tilvikum. Í þessum efnum hefur Fjármálaeftirlitið lagt áherslu á að til staðar séu reglur sem takmarka áhættu og að þeim sé fylgt.

Almennt hefur Fjármálaeftirlitið beint því til eftirlitsskyldra aðila að skerpa á öllu innra eftirliti.

2.4 Eftirlit á einstökum sviðum fjármálamarkaðar.

2.4.1 Almennt.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir starfsemi Fjármálaeftirlitsins á einstökum sviðum fjármálamarkaðar. Leitast verður við að fjalla um þá málaflokka sem Fjármálaeftirlitið hefur einkum beint sjónum sínum að. Rétt er að taka fram að aðeins er skýrt frá helstu verkefnum. Gerð verður nánari grein fyrir starfsemi og áherslum Fjármálaeftirlitsins í ársskýrslu sem birt verður á næstu vikum.

2.4.2 Lánastofnanir.

Eins og áður er fram komið hefur Fjármálaeftirlitið lagt áherslu á athugun á innra eftirliti og áhættustýringu.

Í tengslum við þessa athugun og reglubundnar skoðanir á sparisjóðum hefur Fjármálaeftirlitið beint sérstaklega sjónum sínum að eiginfjárhlutfalli lánastofnana og tengdum málefnum. Hefur Fjármálaeftirlitið lýst áhyggjum sínum af þróun eiginfjárhlutfalls og útlánaaukningu síðustu misseri, bæði gagnvart einstökum lánastofnunum og á opinberum vettvangi. Gerir Fjármálaeftirlitið auknar kröfur til þess að lánastofnanir geri grein fyrir markmiðum sínum í þessu efni og fylgi þeim eftir. Jafnframt leggur Fjármálaeftirlitið mat á þau markmið. Með þessu er Fjármálaeftirlitið að leggja áherslu á að lánastofnanir eigi ekki að líta svo á að lögbundið skilyrði um 8% eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum dugi í hverju tilviki. Fjármálaeftirlitið er að þróa aðferðir sem styrkja enn frekar eftirlit með þessu.

Jafnframt hefur Fjármálaeftirlitið haft frumkvæði að umfjöllun um nýjar tillögur að eiginfjárreglum (BIS- reglum) frá Baselnefnd um bankaeftirlit, sem fram komu í byrjun júní 1999. Einnig hefur stofnunin fylgst með viðbrögðum Evrópusambandsins og vinnu við skýrslu á þeim vettvangi.

2.4.3 Verðbréfamarkaður.

Verkefni Fjármálaeftirlitsins í eftirliti með verðbréfamarkaðnum hafa einkum verið af þrennum toga.

Í fyrsta lagi hefur starfsemi á verðbréfamarkaði verið þáttur í athugunum á innra eftirliti og áhættustýringu, sbr. umfjöllun hér að framan, en eins og þar kemur fram hefur Fjármálaeftirlitið haft áhyggjur af skipulagi og utanumhaldi er varðar markaðsáhættur fjármálafyrirtækja, en þessar áhættur hafa vaxið hratt og innra eftirlit setið á hakanum í ýmsum tilvikum. Hefur athugasemdum varðandi þetta verið beint að fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu og öðrum fjármálafyrirtækjum.

Í öðru lagi hefur Fjármálaeftirlitið tekið til athugunar allnokkrar vísbendingar um brot á IV. kafla laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, einkum meint brot á ákvæðum um innherjaviðskipti. Fjármálaeftirlitið hefur vísað einu máli til ríkislögreglustjóra.

Í þriðja lagi hefur Fjármálaeftirlitið tekið til skoðunar ýmis mál sem varða starfshætti fjár-

málafyrirtækja á verðbréfamarkaði. Niðurstaða slíkra mála snýst alla jafna um túlkun á eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum. Veigamesta reglan í þessu sambandi er að viðskiptamaður geti treyst því að hagsmunir hans séu hafðir í fyrirrúmi. Hlutverk Fjármálaeftirlitsins í þessu efni er að stuðla að betra skipulagi og vandaðri starfsháttum fjármálafyrirtækja. Hefur Fjármálaeftirlitið lagt á það áherslu að ná yfirsýn yfir þennan málaflokk til þess að geta gripið inn í mál af festu þegar ástæða er til.

Fjármálaeftirlitið hefur unnið að mótun nýrra reglna um verðbréfaviðskipti, sem fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu ber að setja sér: Reglna um Kínamúra í starfsemi sinni, reglna um viðskipti fyrirtækisins sjálfs, starfsmanna og stjórnenda með verðbréf og reglna um atvinnuþátttöku stjórnarmanna og starfsmanna. Fjármálaeftirlitið birti í júlí sl. leiðbeiningar um efni þessara reglna á heimasíðu sinni og gaf fjármálafyrirtækjum og viðskiptamönnum þeirra frest fram í september síðastliðinn til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Fjármálaeftirlitið er nú með framkomin sjónarmið til athugunar og mun í framhaldi þess beina því til fjármálafyrirtækja að setja sér nýjar reglur. Hverju fyrirtæki fyrir sig ber að leita staðfestingar Fjármálaeftirlitsins á reglunum sem það setur sér.

Fjármálaeftirlitið er aðili að samtökum evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði, FESCO (Forum of European Securities Commissions), og hefur kynnt opinberlega ýmsar nýjar grunnreglur og skýrslur sem samtökin standa að. Fjármálaeftirlitið hefur skuldbundið sig til að beita sér fyrir samræmingu reglna á verðbréfamarkaði á grundvelli þeirra grunnreglna og viðmiðana sem FESCO gefur út.

2.4.4 Vátryggingamarkaður.

Hækkanir á iðgjöldum í lögboðnum ökutækjatryggingum hafa sett mark sitt á verkefni Fjármálaeftirlitsins á þessu sviði. Í tvígang hafa iðgjöld innlendu vátryggingafélaganna hækkað verulega, í fyrra skiptið vorið 1999 og aftur nú í vor. Í bæði skiptin tók Fjármálaeftirlitið iðgjaldabreytingarnar til athugunar og kynnti niðurstöður sínar opinberlega.

Athuganir Fjármálaeftirlitsins á iðgjöldum beinast einkum að tvennu, annars vegar að ganga úr skugga um að þau séu nægilega há eða í samræmi við áhættu sem tekin er og hins vegar að þau séu sanngjörn í garð vátryggingartaka. Umræða um iðgjöld í lögboðnum ökutækjatryggingum hér á landi hefur sem kunnugt er beinst að síðara atriðinu.

Í kjölfar athugunar Fjármálaeftirlitsins á iðgjaldahækkunum á árinu 1999 hefur verið unnið að endurskoðun reglugerðar um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga, nr. 613/1996. Skipuð hefur verið nefnd um verkefnið og er hún að störfum. Eitt meginverkefni hennar er að finna leiðir til að gera rekstur vátryggingafélaga og forsendur í starfsemi þeirra sýnilegri og beita þannig markaðsaga. Auk þessa er Fjármálaeftirlitið að huga að setningu reglna um mat á tjónaskuld vátryggingafélaga, sem því er heimilt að setja.

Fjármálaeftirlitið hefur tekið starfshætti vátryggingarmiðlara til sérstakrar skoðunar og gert athugasemdir við starfsemi einstakra miðlara. Þá hefur Fjármálaeftirlitið hugað sérstaklega að málefnum bátaábyrgðarfélaga.

2.4.5 Lífeyrissjóðir.

Meginþungi í eftirliti með lífeyrissjóðum hefur tengst umsóknum þeirra um starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þessi aðlögun lífeyrissjóða að nýjum lögum reyndist tímafrekari en áætlað var í upphafi og hefur aðlögunin verið mörgum lífeyrissjóðum erfið í framkvæmd. Engin umsókn um starfsleyfi hefur verið afgreidd án athugasemda.

Þróunin er sú að lífeyrissjóðir eru að tengjast öðrum þáttum fjármálamarkaðarins sterkari böndum en áður. Sjóðirnir verða sífellt meira áberandi í viðskiptum á verðbréfamarkaði auk þess sem samstarf lífeyrissjóða við verðbréfafyrirtæki og lánastofnanir er mjög að aukast, m.a. með samningum um vörslu verðbréfafyrirtækja og lánastofnana á fjármunum lífeyrissjóða. Mörg verkefni Fjármálaeftirlitsins hafa tengst þessari þróun.

Álitaefni sem tengjast viðbótarlífeyrissparnaði, sem lífeyrissjóðum, lánastofnunum, verðbréfafyrirtækjum og líftryggingafélögum er heimilt að veita viðtöku, hafa verið til athugunar af hálfu Fjármálaeftirlitsins.

Þá stendur yfir athugun á tryggingafræðilegum úttektum nokkurra lífeyrissjóða í því skyni að leggja mat á forsendur og aðferðafræði sem þessar athuganir byggjast á. Eitt mikilvægasta atriði lífeyrissjóðalaganna er að eign lífeyrissjóðs ásamt núvirði framtíðariðgjalda skuli vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris. Eina undantekningin eru lífeyrissjóðir sem njóta bakábyrgðar ríkis, sveitarfélags eða banka því þar á ábyrgðin að brúa það sem á vantar. Verulegur halli er á flestum þeirra lífeyrissjóða sem eru með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga.

3. Rekstur Fjármálaeftirlitsins.

Tekjur Fjármálaeftirlitsins á árinu 1999 námu alls 210,0 m.kr. en þar af voru tekjur af eftirlitsgjaldi samtals 199,6 m.kr. Ýmsar tekjur sem til féllu á árinu alls 10,4 m.kr. tengjast annars vegar endurgreiðslu vegna stofnunar Fjármálaeftirlitsins á árinu 1998 og hins vegar úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sem vistuð er hjá stofnuninni, eða 2,9 m.kr. Gjöld samtals námu 174,6 m.kr. og fjármunatekjur voru alls 0,2 m.kr. Tekjuafgangur varð því af rekstrinum á árinu sem nam 35,6 m.kr. Þrjár meginástæður voru fyrir því. Í fyrsta lagi varð stofnkostnaður við kaup á tölvubúnaði lægri en áætlað var þar sem gerður var rekstrarleigusamningur um búnaðinn í stað þess að kaupa hann eins og gert hafði verið ráð fyrir í rekstraráætlun stofnunarinnar fyrir árið. Önnur ástæða var sú að frestað var að ráða í stöður sem gert hafði verið ráð fyrir í rekstraráætlun og í þriðja lagi urðu tekjur stofnunarinnar nokkru hærri en áætlað hafði verið. Tekjuafgangur af starfsemi Fjármálaeftirlitsins gengur upp í álagt eftirlitsgjalds næsta árs.

Heildareignir stofnunarinnar í árslok 1999 námu samtals 37,2 m.kr. sem allt voru veltufjármunir, þ.e. innstæða á bankareikningi og skammtímakröfur.

Fjármálaeftirlitið hefur sent viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs, skv. 2. gr. laga nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Um rekstur Fjármálaeftirlitsins er að öðru leyti vísað til þeirrar skýrslu.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Tilgangur með frumvarpinu er að kveða á um álagningastofna eftirlitsskyldra fjármálastofnana. Ár hvert skal Fjármálaeftirlitið og samráðsnefnd eftirlitskyldra aðila skila viðskiptaráðherra skýrslu um umfang og útgjöld eftirlitsins. Frumvarp þetta er lagt fram þar sem um er að ræða breytingu á stofni eftirlitsgjalds. Áætlað er að álagt eftirlitsgjald verði 3 m.kr.

hærra en árið áður eða samtals 195 m.kr. Hins vegar aukast útgjöld Fjármálaeftirlitsins um 33 m.kr. og eru áætluð 228 m.kr. Mismunurinn greiðist af uppsöfnuðum tekjuafgangi stofnunarinnar. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

251. Frumvarp til laga [233. mál]

um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Í stað „IV. kafla“ og „V. kafla“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: V. kafla, og: VI. kafla.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Á eftir 3. tölul. koma þrír nýir töluliðir, 4., 5. og 6. tölul., svohljóðandi:

4. *Trúnaðarupplýsingar:* Upplýsingar um útgefanda verðbréfa, verðbréfin sjálf eða önnur atriði sem ekki hafa verið gerð opinber en eru líkleg til að hafa áhrif á markaðsverð verðbréfanna ef opinber væru. Upplýsingar teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað á verðbréfamarkaðinum með opinberum og viðurkenndum hætti. Tilkynningar til kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan, sbr. lög um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

5. *Innherjar:*

a. Fruminnherjar:

Aðilar sem búa yfir eða hafa að jafnaði aðgang að trúnaðarupplýsingum vegna eignaraðildar, aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti eða vegna annarra starfa á vegum útgefanda verðbréfa sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið eftir að verði skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi.

Einstaklingar eða lögaðilar sem eiga beinan eða óbeinan eignarhlut í útgefanda verðbréfa, sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið eftir skráningu á í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi, og eiga fulltrúa í stjórn viðkomandi útgefanda á grundvelli eignarhlutarins.

b. Aðrir innherjar:

Aðili sem ekki telst fruminnherji skv. a-lið en hefur vegna starfs síns, stöðu eða skyldna tímabundinn aðgang að trúnaðarupplýsingum.

Aðili sem ekki telst fruminnherji skv. a-lið en hefur fengið vitneskju um trúnaðarupplýsingar, enda hafi viðkomandi vitað eða mátt vita hvers eðlis upplýsingarnar voru.

6. *Viðskiptalota:* Fjöldi verðbréfa í sama flokki, eða lágmarksmarkaðsverðmæti sem þarf til þess að geta átt samfelld viðskipti í viðskiptakerfi kauphallar eða skipulegs

tilboðsmarkaðar, samkvæmt reglum sem stjórn kauphallar eða skipulegs tilboðsmarkaðar setur.

b. 4. tölul., sem verður 7. tölul., orðast svo: *Almennt útboð:* Sala verðbréfa í sama verðbréfaflokki sem boðin eru almenningi til kaups með kynningu eða með öðrum hætti.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilvísunum í III. kafla laganna:

a. Í stað „45. gr.“ í 7. gr. kemur: 55. gr.
b. Í stað „43. gr.“ í 10. gr. kemur: 53. gr.
c. Í stað „IV. kafla“ í 1. mgr. 21. gr., sem verður 20. gr., kemur: V. kafla.

4. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu er óheimilt að annast milligöngu um verðbréfaviðskipti hafi starfsmenn þeirra vitneskju um eða ástæðu til að ætla að viðskiptin brjóti í bága við ákvæði V. kafla.

5. gr.

20. gr. laganna fellur brott og breytist greinatala samkvæmt því.

6. gr.

Á eftir III. kafla laganna kemur nýr kafli, IV. kafli, **Útboð verðbréfa**, með fimm nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (25. gr.)

Almennt útboð verðbréfa, hvort heldur í upphaflegri sölu eða síðari sölu, er háð því að útboðslýsing hafi verið gefin út í samræmi við ákvæði laga þessara, sbr. þó 29. gr.

b. (26. gr.)

Hafi útboðslýsing verið birt í samræmi við 25. gr. er ekki þörf á að birta nýja útboðslýsingu í tengslum við almennt útboð nema liðnir séu meira en 12 mánuðir frá birtingu útboðslýsingar til fyrsta söludags í nýju útboði eða ef orðið hafa breytingar á högum útgefanda sem ætla má að hafi veruleg áhrif á markaðsverð verðbréfanna.

c. (27. gr.)

Sala eða milliganga fyrirtækis í verðbréfaþjónustu á verðbréfum til annarra en fagfjárfesta, sem ekki fellur undir reglur um almennt útboð, er háð því að lagt hafi verið mat á faglega þekkingu, fjárhag og reynslu viðskiptavinar. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu er heimilt að synja um milligöngu með verðbréf sem ekki falla undir almennt útboð ef það telur viðskiptavini ekki búa yfir nægjanlegri þekkingu, reynslu eða fjárhagslegum styrk.

d. (28. gr.)

Almennt útboð verðbréfa skal fara fram fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækja skv. 8. gr. eða annarra aðila sem til þess hafa heimild í lögum.

Fjármálaeftirlitið skal hafa umsjón með athugun á útboðslýsingum. Þó skulu kauphallir annast athugun á skráningarlýsingum samkvæmt lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða þegar óskað er eftir skráningu í viðkomandi kauphöll, enda sé hún tekin

sem gild útboðslýsing. Fjármálaeftirlitið getur falið skipulegum verðbréfamörkuðum að annast athugun á útboðslýsingum öðrum en þeim sem kveðið er á um í 2. málsl.

Þóknun fyrir athugun á útboðslýsingum er ákveðin af Fjármálaeftirlitinu eða skipulegum verðbréfamarkaði skv. 2. mgr.

Ráðherra skal setja reglugerð um útboð verðbréfa þar sem m.a. verði kveðið á um aðdraganda að útboðslýsingu og útboðstímabil, efni og tilhögun við dreifingu útboðslýsingar, heimildir Fjármálaeftirlitsins til að veita undanþágur frá birtingu útboðslýsingar að hluta eða öllu leyti, viðvarandi upplýsingaskyldu og skilgreiningu á fagfjárfestum.

e. (29. gr.)

Undanþegin ákvæðum 25. gr. eru:

1. Útboð þar sem eitt eða fleiri eftirtalinna tilvika eiga við:
   a. Hlutabréf eða samvinnuhlutabréf eru einungis boðin forgangsréttarhöfum í félagi og hömlur eru lagðar á viðskipti með bréfin.
   b. Verðbréf eru boðin tilgreindum afmörkuðum hópi aðila án auglýsingar eða kynningar, enda séu ekki fleiri en 25 aðilar í hópnum.
   c. Áætlað heildarsöluverð verðbréfanna nemur ekki meira en fimm milljónum króna, sbr. þó 2. mgr.
   d. Hver fjárfestir þarf að reiða af hendi a.m.k. fimm milljónir króna til kaupa á verðbréfunum, sbr. þó 2. mgr.
   e. Verðbréf eru boðin fagfjárfestum.
2. Verðbréf af eftirfarandi gerðum:
   a. Verðbréf sem gefin eru út að áætluðu markaðsverði a.m.k. fimm milljónir króna hvert, sbr. þó 2. mgr.
   b. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða með starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu.
   c. Verðbréf sem gefin eru út í tengslum við yfirtökutilboð.
   d. Verðbréf sem gefin eru út í tengslum við samruna fyrirtækja.
   e. Jöfnunarhlutabréf og önnur hlutabréf sem hluthafar fá afhent án endurgjalds.
   f. Hlutabréf eða verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa ef þau eru boðin í skiptum fyrir hlutabréf í sama félagi, hafi boðið á hinum nýju verðbréfum ekki í för með sér hækkun á hlutafé í félaginu.
   g. Verðbréf sem vinnuveitandi eða fyrirtæki tengt honum býður eingöngu núverandi eða fyrrverandi fastráðnum starfsmönnum sínum eða verðbréf sem boðin eru fram í þágu þeirra.
   h. Verðbréf sem til eru komin vegna breytinga á breytanlegum skuldabréfum eða vegna þess að neytt er réttinda sem kaupréttur að hlut veitir, svo og hlutabréf sem boðin eru í skiptum fyrir skiptanleg skuldabréf, enda hafi útboðslýsing á hinum breytanlegu eða skiptanlegu skuldabréfum, eða þeim skuldabréfum sem kaupréttur að hlut fylgir, verið gefin út á Íslandi.
   i. Verðbréf sem gefin eru út af lögaðilum, sem ekki eru reknir í hagnaðarskyni í þeim tilgangi að afla fjár til framdráttar markmiðum sínum, og lúta ekki að hag sjálfra lögaðilanna.
   j. Framseljanleg verðbréf sem gefin eru út af ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu eða eru með ríkisábyrgð.

Fjárhæðir í 1. mgr. skulu aldrei vera lægri en 40 þúsund evrur miðað við opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands eins og það er skráð á hverjum tíma.

7. gr.

Í stað IV. kafla laganna kemur nýr kafli, V. kafli, **Meðferð trúnaðarupplýsinga, viðskipti innherja og markaðsmisnotkun**, með níu nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (30. gr.)

Ákvæði þessa kafla taka til viðskipta með verðbréf sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið eftir að verði skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi.

b. (31. gr.)

Innherjum er óheimilt að:

1. nýta trúnaðarupplýsingar, beint eða óbeint, til öflunar eða ráðstöfunar verðbréfa sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta,
2. láta þriðja aðila trúnaðarupplýsingar í té, nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir,
3. ráðleggja þriðja aðila á grundvelli trúnaðarupplýsinga að afla verðbréfa eða ráðstafa þeim eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með verðbréfin.

Ákvæði 1. mgr. nær einnig til lögaðila og einstaklinga sem taka þátt í ákvörðun um viðskipti með verðbréf fyrir reikning lögaðilans.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um viðskipti ríkisins, Seðlabanka Íslands eða aðila sem annast viðskipti fyrir þeirra hönd, enda séu viðskiptin liður í stefnu ríkisins í peningamálum, gengismálum eða lánasýslu.

c. (32. gr.)

Fruminnherjar skulu forðast að eiga viðskipti með verðbréf félagsins þegar ætla má að fyrir liggi trúnaðarupplýsingar hjá útgefanda, svo sem skömmu fyrir birtingu ársreiknings eða milliuppgjörs eða skömmu fyrir tilkynningu um mikilvægar ákvarðanir eða atvik sem varða útgefanda verðbréfanna.

d. (33. gr.)

Fruminnherjar skulu tilkynna aðila sem útnefndur hefur verið í samræmi við reglur skv. 37. gr. fyrir fram um fyrirhuguð viðskipti sín eða aðila sem eru fjárhagslega tengdir honum með verðbréf félagsins og jafnóðum og viðskiptin hafa farið fram. Viðkomandi félag skal samdægurs tilkynna um viðskiptin til kauphallar eða skipulegs tilboðsmarkaðar þar sem viðkomandi verðbréf eru skráð eða óskað hefur verið eftir skráningu á þeim.

e. (34. gr.)

Kauphöll eða skipulegur tilboðsmarkaður skal birta opinberlega með viðurkenndum hætti upplýsingar um viðskipti fruminnherja sem eru tilkynningarskyld skv. 33. gr., enda uppfylli viðskiptin eftirtalin skilyrði:

1. Markaðsvirði viðskiptanna nemur a.m.k. einni viðskiptalotu, sbr. 6. tölul. 2. gr.
2. Markaðsvirði eignarhlutar eftir viðskipti samsvari tíu viðskiptalotum.
3. Markaðsvirði eignarhlutar eftir viðskipti fer niður fyrir tíu viðskiptalotur.

Í tilkynningu skv. 1. mgr. skal tilgreina:

1. nafn útgefanda verðbréfa,
2. dagsetningu tilkynningar,
3. nafn fruminnherja,

4. tengsl fruminnherja við útgefanda verðbréfa,
5. dagsetningu og stund viðskipta,
6. tegund verðbréfa,
7. hvort um var að ræða kaup eða sölu,
8. nafnverð og gengi í viðskiptum,
9. nafnverð eignarhlutar fruminnherja og fjárhagslega tengdra aðila eftir viðskipti,
10. dagsetningu lokauppgjörs viðskiptanna.

f. (35. gr.)

Fjármálaeftirlitið skal halda skrá yfir innherja skv. a-lið og 1. mgr. b-liðar 5. tölul. 2. gr. í félögum sem skráð eru eða hafa óskað skráningar í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði. Félögin skulu senda Fjármálaeftirlitinu, á því formi sem það ákveður, eftirfarandi upplýsingar:

1. heiti félags,
2. kauphöll eða skipulegan tilboðsmarkað sem félag er skráð á eða hefur óskað skráningar á,
3. nafn, kennitölu og heimilisfang innherja,
4. tengsl innherja við félag,
5. ástæðu skráningar innherja,
6. nöfn aðila sem eru fjárhagslega tengdir innherja.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að kveða nánar á um upplýsingar sem veittar skulu skv. 1. mgr. Allar breytingar á upplýsingum skv. 1. mgr. skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu samdægurs. Endurskoðaðan lista yfir innherja skal senda Fjármálaeftirlitinu eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

Upplýsingar skv. 1. og 2. mgr. skulu einnig sendar kauphöll eða skipulegum tilboðsmarkaði þar sem verðbréf félags eru skráð eða óskað hefur verið eftir skráningu þeirra á.

Upplýsingar um fruminnherja í innherjaskrá Fjármálaeftirlitsins skulu gerðar opinberar með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

g. (36. gr.)

Félög sem tilgreint hafa innherja til Fjármálaeftirlitsins skv. 35. gr. skulu tilkynna viðkomandi innherja um það skriflega. Jafnframt skal tilkynna innherja skriflega þegar hann hefur verið tekinn af skránni.

Félög skulu greina innherjum frá þeim réttarreglum sem gilda um innherja og meðferð trúnaðarupplýsinga.

h. (37. gr.)

Stjórn félags sem skráð er í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði, eða félags sem óskað hefur eftir skráningu í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði, skal setja reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga og viðskipti innherja. Í reglunum skal m.a. kveðið á um með hvaða hætti skuli komið í veg fyrir að trúnaðarupplýsingar berist til annarra en þarfnast þeirra vegna starfa sinna, hvernig viðskiptum innherja skuli háttað, hver beri ábyrgð innan félagsins á að reglunum sé framfylgt og skráningu samskipta sem fram fara á grundvelli reglnanna.

Reglur skv. 1. mgr. skulu staðfestar af stjórn viðkomandi félags og sendar Fjármálaeftirlitinu og kauphöll eða skipulegum tilboðsmarkaði þar sem verðbréf félagsins eru skráð eða óskað hefur verið skráningar þeirra.

Stjórnvöld og aðrir aðilar sem fá reglulega trúnaðarupplýsingar í starfsemi sinni skulu setja sér reglur samkvæmt þessari grein.

i. (38. gr.)

Óheimilt er einstaklingum eða lögaðilum að taka þátt í, stuðla að eða hvetja til viðskipta með verðbréf eða annarra aðgerða í því skyni að gefa ranga mynd af umfangi viðskipta með tiltekin verðbréf eða hafa óeðlileg eða óhæfileg áhrif á verðmyndun í verðbréfaviðskiptum.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilvísunum í V., VI., VII., VIII., X., XI., XII., XIII. og XVI. kafla laganna:

a. Í stað „32. gr.“ í 33. gr., sem verður 40. gr., kemur: 39. gr.
b. Í stað „32. gr.“ í 34. gr., sem verður 41. gr., kemur: 39. gr.
c. Í stað „33. gr.“ hvarvetna í 35. gr., sem verður 42. gr., kemur: 43. gr.
d. Í stað „32. gr.“ og „23. gr.“ hvarvetna í 36. gr., sem verður 43. gr., kemur: 42. gr., og: 22. gr.
e. Í stað „56. gr.“ í 3. mgr. 38. gr., sem verður 45. gr., kemur: 66. gr.
f. Í stað „32. gr.“ hvarvetna í 40. gr., sem verður 47. gr., kemur: 42. gr.
g. Í stað „39. gr.“ og „40. gr.“ hvarvetna í 44. gr., sem verður 51. gr., kemur: 49. gr., og: 50. gr.
h. Í stað „XI. kafla“ og „X. kafla“ í 51. gr., sem verður 58. gr., kemur: XIII. kafla, og: XII. kafla.
i. Í stað „37. gr.“ og „32. gr.“ í 2. mgr. 52. gr., sem verður 59. gr., kemur: 47. gr., og: 42. gr.
j. Í stað „32. gr.“ og „37. gr.“ í 53. gr., sem verður 60. gr., kemur: 42. gr., og: 47. gr.
k. Í stað „VII. kafla“ í 55. gr., sem verður 62. gr., kemur: IX. kafla.
l. Í stað „IV. kafla“ í 5. mgr. 56. gr., sem verður 63. gr., kemur: V. kafla.
m. Í stað „IV. kafla“ hvarvetna í 62. gr., sem verður 69. gr., kemur: V. kafla.

9. gr.

Á eftir 4. mgr. 56. gr. laganna, sem verður 63. gr., kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið getur aflað upplýsinga um framkvæmd útboðs hjá aðila sem býður fram verðbréf í útboði. Telji Fjármálaeftirlitið að ekki hafi verið farið að reglum um almennt útboð verðbréfa getur það stöðvað útboðið og veitt frest til úrbóta, sé þess kostur. Fjármálaeftirlitið getur birt opinberlega yfirlýsingu um umrætt mál og lagt á aðila dagsektir samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum verðbréfaviðskiptalaga um útboð verðbréfa og innherjaviðskipti. Á 125. löggjafarþingi vorið 2000 lagði viðskiptaráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Í frumvarpinu voru meðal annars lagðar til breytingar á 20. gr. laganna um almennt útboð verðbréfa. Þar var lagt til að almennt útboð verðbréfa skyldi fara fram fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækja eða annarra aðila sem til þess hefðu heimild í lögum en að öðru leyti skyldi

kveðið á um útboð verðbréfa í reglugerð. Alþingi taldi óeðlilegt að ráðherra fengi svo víðtæka heimild til reglugerðarsetningar og beindi því þeim tilmælum til viðskiptaráðherra að hann hlutaðist til um að samið yrði frumvarp sem fæli í sér helstu efnisreglur um útboð verðbréfa og innherjaviðskipti. Viðskiptaráðherra skipaði í framhaldinu tvær nefndir sem gera skyldu tillögu um breytingu á ákvæðum verðbréfaviðskiptalaga um útboð verðbréfa og innherjaviðskipti.

Helstu breytingar sem frumvarpið felur í sér eru eftirfarandi:

Útboð verðbréfa:

1. Stuðlað er að því að verðbréf sem seld hafa verið á grundvelli undanþágu frá almennu útboði séu ekki seld til almennings á eftirmarkaði.
2. Sala eða milliganga fyrirtækis í verðbréfaþjónustu á verðbréfum til annarra en fagfjárfesta, sem ekki fellur undir reglur um almennt útboð, er háð því að lagt hafi verið mat á faglega þekkingu, fjárhag og reynslu viðskiptavinar.
3. Fjármálaeftirlitið skal hafa umsjón með athugun á útboðslýsingum. Nú er athugun á útboðslýsingum hjá Verðbréfaþingi Íslands hf. Kauphallir skulu þó áfram annast athugun á skráningarlýsingum samkvæmt lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.
4. Undanþágur frá almennu útboði eru settar inn í verðbréfaviðskiptalögin. Undanþágur þessar eru nú í reglugerð nr. 505/1993. Bætt er við þeirri undanþágu að séu verðbréf einungis boðin fagfjárfestum, þ.e. þeim sem hafa faglega þekkingu og reynslu til að meta fjárfestingarkosti með tilliti til áhættu, þurfi ekki að gefa út útboðslýsingu.
5. Ráðherra er skylt að kveða á um viðvarandi upplýsingaskyldu og skilgreiningu á fagfjárfestum í reglugerð en slík ákvæði eru ekki til staðar í gildandi lögum og reglum um útboð verðbréfa. Telja verður óeðlilegt að engin ákvæði gildi um viðvarandi upplýsingaskyldu þeirra félaga sem farið hafa í almennt útboð án skráningar í kauphöll og ganga kaupum og sölum á almennum markaði. Skilgreining á fagfjárfestum er til að kveða skýrar á um hvaða fjárfestar geti keypt bréf í lokuðu útboði á grunni undanþágu frá almennu útboði.

Innherjaviðskipti:

1. Hugtakið innherji er nú skilgreint sérstaklega í lögunum og greint á milli einstakra flokka innherja sem ekki hefur verið gert í lögum fram að þessu.
2. Gert er ráð fyrir að ákvæði laganna um innherjaviðskipti taki einungis til viðskipta með skráð verðbréf.
3. Gert er ráð fyrir sérstakri rannsóknarskyldu innherja í tengslum við viðskipti með verðbréf.
4. Komið verður á fót sérstakri innherjaskrá og verða upplýsingar úr henni opinberar að einhverju leyti.
5. Skerpt er á kröfum gagnvart útgefendum verðbréfa, stjórnvöldum og öðrum aðilum sem fá reglulega trúnaðarupplýsingar í starfsemi sinni varðandi setningu reglna um meðferð trúnaðarupplýsinga og viðskipti innherja.

Nái frumvarpið fram að ganga munu verkefni Fjármálaeftirlitsins aukast frá því sem nú er. Þannig er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi umsjón með athugun á útboðslýsingum og haldi sérstaka skrá yfir innherja. Erfitt er að áætla hvað þessi nýju verkefni verða umfangsmikil en líklegt má telja að aukin verkefni á sviði útboðsmála og innherjaviðskipta muni fjölga stöðugildum í Fjármálaeftirlitinu um eitt til tvö.

Nánar um útboð verðbréfa.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum verðbréfaviðskiptalaga um útboð verðbréfa. Lagt er til að í stað 20. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, komi nýr IV. kafli sem beri heitið Útboð verðbréfa. Í kaflanum er kveðið á um almennt útboð verðbréfa, opinbera athugun á útboðslýsingum, undanþágur frá almennu útboði og takmarkanir á endursölu bréfa sem gefin hafa verið út á grundvelli undanþágna frá almennu útboði. Jafnframt er kveðið á um að ráðherra skuli setja nánari ákvæði í reglugerð um útboð verðbréfa.

Með almennu útboði verðbréfa er í gildandi lögum átt við sölu samkynja verðbréfa sem boðin eru almenningi til kaups í fyrsta sinn með almennri og opinberri auglýsingu eða kynningu sem jafna má til opinberrar auglýsingar. Algengt er að fjár sé aflað hjá almenningi með því að bjóða verðbréf til sölu, en fjárfesting í verðbréfum hefur jafnan í för með sér þá áhættu að fjárfestar tapi peningum. Af þessum sökum eru í flestum ríkjum lagafyrirmæli um það hvernig standa beri að almennu útboði verðbréfa. Segja má að reglum um eftirlit með útboðum sem beint er að almenningi sé ætlað að vernda fjárfesta þannig að þeir geti metið þá áhættu sem felst í fjárfestingunni út frá þekkingu á staðreyndum. Almennt er litið svo á að þessar reglur hafi þau áhrif að auka trú manna á verðbréfamörkuðum og stuðla að eðlilegri starfsemi og uppbyggingu þeirra. Í íslenskum rétti hafa um nokkurra ára skeið verið reglur um almennt útboð verðbréfa. Eftir að Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) hafa þessar reglur tekið mið af skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Tilgangur frumvarps þessa er meðal annars að einfalda reglur þær sem um almennt útboð gilda. Í íslenskum rétti er reglur þessar nú að finna í lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, reglugerð nr. 505/1993, um almennt útboð verðbréfa, reglum Seðlabanka Íslands, nr. 253/1996, um fyrsta söludag almennra útboða verðbréfa, og reglum Verðbréfaþings Íslands, nr. 6/1999, um gerð útboðsgagna og aðdraganda almenns útboðs verðbréfa. Verði frumvarpið að lögum verða reglurnar um almennt útboð verðbréfa í lögum um verðbréfaviðskipti og reglugerð sem sett verður með stoð í lögunum. Horfa ákvæði frumvarpsins því mjög til einföldunar á gildandi rétti um almenn útboð verðbréfa.

Við framkvæmd útboða er stundum gerður greinarmunur á almennum og lokuðum útboðum. Skilgreiningu á lokuðum útboðum er hvergi að finna í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum. Er það í samræmi við lög og reglur um útboð á Norðurlöndum. Með lokuðu útboði er almennt átt við útboð verðbréfa til takmarkaðs hóps manna.

Vakin skal athygli á því að tvö ákvæði 20. gr. laga um verðbréfaviðskipti falla brott verði frumvarp þetta að lögum. Í fyrsta lagi falla brott ákvæði greinarinnar um að Seðlabanki Íslands setji reglur um fyrsta söludag almennra útboða. Ákvæðið var sett inn í verðbréfaviðskiptalögin til þess að Seðlabankinn gæti dregið úr sveiflum í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðinum. Þetta ákvæði hefur ekki haft neina þýðingu fyrir framkvæmd reglna um almennt útboð og ekki er talið að það þjóni neinum tilgangi lengur. Í öðru lagi er lagt til að 3. mgr. 20. gr. falli brott en þar er kveðið á um skil verðbréfafyrirtækja og annarra sem hafa milligöngu um almennt útboð á upplýsingum um sölu verðbréfa í útboði til Verðbréfaþings Íslands. Þetta ákvæði hefur reynst erfitt í framkvæmd og ekki hefur reynst unnt að birta upplýsingar samkvæmt þessari grein. Hins vegar hefur Seðlabanki Íslands birt ýmsar upplýsingar um almenn og lokuð útboð en bankinn hefur víðtækar heimildir til upplýsingaöflunar samkvæmt lögum um Seðlabankann. Ekki er því talið nauðsynlegt að kveða sérstaklega á um upplýsingagjöf af þessu tagi í verðbréfaviðskiptalögum.

Frumvarp þetta tekur mið af tilskipun ráðsins 89/298, um samræmingu á kröfum við gerð, athugun og dreifingu á útboðslýsingu sem birta skal við almennt útboð framseljanlegra verðbréfa.

Vísað er til fylgiskjals I með frumvarpi þessu en þar er fjallað um gildandi íslenskan rétt um útboð verðbréfa og sögulega þróun, EES-rétt, norrænan rétt og bandarískan rétt og nánari umfjöllun um endursölu verðbréfa og fagfjárfesta. Í fylgiskjali II eru drög að reglugerð um útboð verðbréfa. Vakin skal athygli á að hér er um drög að ræða en ekki fullmótaða reglugerð. Drögin kunna að taka breytingum í meðförum ráðuneytis.

Nánar um innherjaviðskipti.

Með hugtakinu innherjaviðskipti er átt við viðskipti aðila sem búa yfir trúnaðarupplýsingum um útgefanda verðbréfa eða verðbréf hans. Hérlendis hefur hugtakið verið notað sem yfirhugtak yfir tvenns konar innherjaviðskipti, lögleg og ólögleg innherjaviðskipti sem stundum eru kölluð innherjasvik. Víða í löndunum í kringum okkur er hugtakið hins vegar aðeins notað um ólögleg innherjaviðskipti, þ.e. viðskipti á grundvelli trúnaðarupplýsinga. Lögleg innherjaviðskipti eru þá oftlega kölluð tilkynningarskyld viðskipti eða „meldepliktig handel".

Orðið innherjaviðskipti hefur á sér frekar neikvæðan blæ samkvæmt íslenskri tungu, enda hefur umræða um þau verið á margan hátt neikvæð. Vafalaust er því um að kenna að innherjaviðskipti ber helst á góma í tengslum við ólögleg viðskipti. En hafa verður í huga að innherjaviðskipti geta verið fullkomlega lögleg, eðlileg og jafnvel nauðsynleg.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á efni og framsetningu ákvæða IV. kafla laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, að því er varðar meðferð trúnaðarupplýsinga og viðskipti innherja. Markmiðið með þeim breytingum sem lagt er til að gerðar verði á kaflanum er að skýra skilgreiningu laganna á hugtakinu innherji og auka aðhald með innherjum og kröfur til þeirra aðila um að þeir gæti öðrum fremur að stöðu sinni í verðbréfaviðskiptum hverju sinni. Jafnframt má ætla að breytingarnar séu til þess fallnar að auka traust á fjármálamarkaði og trúverðugleika markaðarins almennt.

Vísað er til fylgiskjals III með frumvarpi þessu þar sem fjallað er um hugtakið innherjaviðskipti, tilgang reglna um innherjaviðskipti, íslenskan rétt og erlendan. Í fylgiskjali IV er sýnishorn um reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga skv. 2. gr. reglna um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa á Verðbréfaþingi Íslands hf.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 2. gr.

Um a-lið.

Í greininni eru hugtökin trúnaðarupplýsingar, innherjar og viðskiptalota skilgreind.

Hugtakið trúnaðarupplýsingar er skilgreint í 4. tölul. og er ákvæðið samhljóða ákvæði 2. mgr. 26. gr. laga nr. 13/1996. Hugtakið þarfnast ekki skýringar.

Í 5. tölul. er hugtakið innherji skilgreint. Hugtakið er ekki sérstaklega skilgreint í núgildandi lögum, en er í íslenskum rétti notað um þann aðila sem býr yfir trúnaðarupplýsingum. Í erlendum rétti er oftlega tíðkað að flokka innherja í þrennt, í fruminnherja, aðra innherja og lögaðila, og sér þeirrar flokkunar nokkuð stað í ákvæðum 27.–29. gr. laga nr. 13/1996, þ.e. greint er á milli hvernig aðilar fá trúnaðarupplýsingar. Fruminnherjar eru þeir

gjarnan nefndir sem búa yfir trúnaðarupplýsingum vegna starfs síns, stöðu eða skyldna. Aðrir innherjar eru þeir sem fá aðgang að trúnaðarupplýsingum með öðrum hætti. Lögaðilar geta verið innherjar sem og þeir einstaklingar sem taka ákvörðun um viðskipti fyrir hönd lögaðila. Þessi flokkun er notuð af fræðimönnum í umfjöllun t.d. um innherjatilskipun ESB. Ýmsir, þar á meðal Danir og Norðmenn, hafa forðast að flokka innherja í löggjöf með þessum hætti af ótta við vanda við afmörkun. Þessi ótti virðist þó vera á undanhaldi ef marka má fyrirliggjandi lagafrumvörp til breytinga á ákvæðum um innherjaviðskipti, þar á meðal í Noregi.

Lagt er til að gerður verði greinarmunur á *fruminnherjum*, sbr. a-lið, annars vegar og *öðrum innherjum*, sbr. b-lið, hins vegar.

Fruminnherjar.

Í a-lið 5. tölul. er hugtakið fruminnherjar skilgreint. Þar segir í 1. mgr. að til fruminnherja tejist þeir aðilar sem búi yfir eða hafi að jafnaði aðgang að trúnaðarupplýsingum vegna eignaraðildar, aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti eða vegna annarra starfa á vegum útgefenda verðbréfa sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið skráningar á í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði.

Samkvæmt ákvæðinu teljast til fruminnherja í fyrsta lagi þeir sem hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum vegna eignaraðildar að félagi. Hvorki í núgildandi ákvæði né í athugasemdum með því er að finna leiðbeiningu um það við hvaða eignarhlutdeild eigandi fær stöðu innherja. Ekki er átt við að allir hluthafar í félagi séu innherjar. Hugtakið almennur fjárfestir er skilgreint í reglugerð nr. 433/1999 um opinbera skráningu í kauphöll. Þar segir að almennir fjárfestar séu þeir sem eigi minna en 10% hlutafjár eða atkvæðisréttar í viðkomandi félagi. Við sömu prósentutölu er miðað í öðrum ákvæðum, m.a. í 2. og 12. gr. verðbréfaviðskiptalaganna, þegar talað er um virkan eignarhlut. Það þarf hins vegar að meta í hverju tilviki fyrir sig hverjir eru innherjar en við matið er hægt að hafa þessi ákvæði til hliðsjónar þegar metið er hvort eignarhald eitt og sér hafi þau áhrif að viðkomandi teljist vera innherji.

Í ákvæðinu eru einnig taldir til þeir aðilar sem búa yfir trúnaðarupplýsingum vegna aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti á vegum útgefanda, þ.e. stjórnarmenn, framkvæmdastjórar, endurskoðendur o.fl. eftir eðli og stjórnskipulagi útgefanda. Þessir aðilar teljast undantekningarlaust fruminnherjar. Staða þeirra er þess eðlis að þeir búa alltaf yfir eða hafa alltaf aðgang að trúnaðarupplýsingum.

Aðrir aðilar geta verið innherjar starfs síns vegna. Algengast er að innherjar í þessum hópi séu starfsmenn útgefenda eða aðilar í viðvarandi samningssambandi við hann. Ákvæði þetta leiðir þó ekki til þess að allir starfsmenn eða viðsemjendur útgefanda fái stöðu fruminnherja. Úrslitum ræður hver aðgangur viðkomandi er að trúnaðarupplýsingum. Sá sem starfs síns vegna hefur að *jafnaði* aðgang að trúnaðarupplýsingum er fruminnherji. Aðilar sem fá tímabundinn aðgang að trúnaðarupplýsingum í tengslum við einstök verkefni teljast ekki vera fruminnherjar.

Í 2. mgr. a-liðar segir að til fruminnherja teljist aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, sem eigi beinan eða óbeinan eignarhlut í útgefanda verðbréfa og sem á grundvelli eignarhlutarins eigi fulltrúa í stjórn viðkomandi útgefanda. Það sem hér er átt við verður best skýrt með dæmi. Fyrirtækið B hf. telst vera fruminnherji í A hf. ef stjórnarmaður í A hf. er fulltrúi B hf. og situr í stjórn A hf. á grundvelli eignarhlutar B hf. Við mat á því hvort þetta ákvæði á við verður að líta til þess hve stór umræddur eignarhlutur er.

Aðrir innherjar.

Í b-lið 5. tölul. er hugtakið aðrir innherjar skilgreint. Í 1. mgr. er fjallað um þá aðila sem ekki teljast fruminnherjar skv. a-lið en hafa vegna starfs síns, stöðu eða skyldna *tímabundinn* aðgang að trúnaðarupplýsingum. Hér getur t.d. verið um að ræða viðsemjendur útgefanda

sem fá aðgang að trúnaðarupplýsingum, t.d. í tengslum við gerð einstakra samninga, eða ráðgjafa sem koma að einstökum málum hjá útgefanda, t.d. starfsmenn fjármálafyrirtækja, lögfræðinga o.s.frv.

Í 2. mgr. er fjallað um þá aðila sem hafa öðlast vitneskju um trúnaðarupplýsingar með öðrum hætti en vegna starfs síns, stöðu eða skyldna. Engu skiptir hvernig þessir aðilar komast yfir upplýsingarnar. Þó verður innherji að hafa vitað eða mátt vita að um trúnaðarupplýsingar var að ræða. Einfalt gáleysi, t.d. vanþekking á lögum og reglum, yrði því ekki tekið gilt sem afsökunarástæða gerist aðili sekur um innherjasvik. Algengast hlýtur að vera að þeir fái upplýsingar frá innherja sem hefur þar með brotið ákvæði 2. tölul. b-liðar (31. gr.) 7. gr. frumvarps þessa. Það getur t.d. gerst með því að stjórnarmaður greini nágranna sínum frá fyrirhuguðum samruna útgefanda við annað félag. Nágranninn hefur með þessu öðlast trúnaðarupplýsingar og er þar með orðinn innherji. Sígilt er dæmið um leigubílstjórann sem ók með stjórnarformann og framkvæmdastjóra útgefenda og verður vitni að samtali þeirra um niðurstöður óbirts ársreiknings. Leigubílstjórinn býr þar með yfir trúnaðarupplýsingum og er orðinn innherji svo lengi sem upplýsingarnar eru óbirtar og hann gerir sér grein fyrir eðli þeirra. Það yrði seint tæmandi talið með hvaða hætti menn geta fengið stöðu innherja samkvæmt þessu ákvæði.

Viðskiptalota.

Hugtakið viðskiptalota er skilgreint í 6. tölul. Með því er átt við ákveðna staðlaða viðskiptastærð sem gildir fyrir hvert skráð verðbréf. Fer það eftir reglum kauphallar hver stærð viðskiptalotu er. Á Verðbréfaþingi Íslands hf. er hver lota að jafnaði um 100 þús. kr. að markaðsvirði fyrir þau hlutabréf sem mest viðskipti eru með, en um 50 þús. kr. fyrir þau sem minni viðskipti eru með. Viðskipti með minni fjárhæðir en sem nemur einni viðskiptalotu munu aðallega fara þannig fram að fyrirliggjandi kaup- og sölutilboð eru pöruð saman á nýjasta viðskiptaverði úr kerfinu, þ.e. verði sem myndast í viðskiptum með viðskiptalotur. Það eru því einungis viðskipti með viðskiptalotur sem geta breytt síðasta viðskiptaverði úr kerfinu.

Um b-lið.

Í lögunum er almennt útboð verðbréfa skilgreint sem sala samkynja verðbréfa sem boðin eru almenningi til kaups í fyrsta sinn með almennri og opinberri auglýsingu eða kynningu með öðrum hætti sem jafna má til opinberrar auglýsingar. Í þessari grein frumvarpsins eru lagðar til nokkrar breytingar á skilgreiningu á almennu útboði. Lagt er til að almennt útboð verðbréfa verði skilgreint sem sala verðbréfa í sama verðbréfaflokki sem boðin eru almenningi til kaups með kynningu eða með öðrum hætti. Þessari skilgreiningu er ætlað að tryggja betur en nú er gert að verðbréf fari ekki í almenna dreifingu nema útboðslýsing hafi verið gefin út.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til þrjár meginbreytingar á 4. tölul. 2. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti. Í fyrsta lagi er lögð til sú breyting að í stað orðanna „samkynja verðbréf“ komi orðin „verðbréf í sama verðbréfaflokki“. Þetta er ekki efnisbreyting. Með verðbréfaflokki er átt við einsleit verðbréf þar sem réttindi og skyldur bréfanna eru að öllu leyti hin sömu. Þessi orðnotkun er í samræmi við reglur Verðbréfaþings Íslands hf. um skráningu verðbréfa í kauphöll.

Í öðru lagi er lagt til að orðalagi á kynningu sem hugtaksatriði skilgreiningar á almennu útboði verði breytt á þann veg að verðbréfin séu boðin með kynningu eða með öðrum hætti. Túlkun á gildandi skilgreiningu um hvað felist í kynningu með öðrum hætti sem jafna megi til opinberrar auglýsingar hefur reynst erfið. Hér er lagt til að kynningarhugtakið verði víkkað út og vísun til almennrar og opinberrar auglýsingar falli brott. Í boði til almennings

með kynningu eða á annan hátt felast meðal annars kerfisbundnar símhringingar, tölvupóstsendingar og bréfasendingar svo dæmi séu tekin. Jafnframt verður að telja að hafi verðbréfin verið kynnt fyrir almenningi með umfangsmiklum hætti af hálfu útgefanda eða annarra seljenda verðbréfa, t.d. með viðamikilli fjölmiðlaumfjöllun um útgefandann og lýsingu á starfsemi hans og tækifærum, skuli reglur um almennt útboð verðbréfa gilda. Telja verður óeðlilegt og andstætt markmiði tilskipunar um almennt útboð að bréf dreifist til almennings í kjölfar ítarlegrar fjölmiðlaumfjöllunar án þess að útboðslýsing hafi verið gefin út.

Í þriðja lagi eru orðin „í fyrsta sinn“ tekin út. Telja verður að þessi orð hafi ekki sjálfstæða þýðingu fyrir almennt útboð og hér er því ekki um efnisbreytingu að ræða. Hins vegar er hætta á að þetta orðalag valdi misskilningi. Í þessu sambandi skal bent á að skv. b-lið 6. gr. frumvarpsins (26. gr.) er ekki loku fyrir það skotið að útbúa verði nýja útboðslýsingu ef ákvæði greinarinnar eru ekki uppfyllt. Í dag er sömu reglu og fram kemur í b-lið 6. gr. frumvarpsins að finna í 3. mgr. 2. gr. reglna Verðbréfaþings Íslands nr. 6/1999. Með því að taka orðin „í fyrsta sinn“ út úr skilgreiningunni á almennu útboði og setja regluna í b-lið 6. gr. frumvarpsins er komið í veg fyrir misskilning.

Í frumvarpinu er, eins og í gildandi rétti, miðað við að „almenningi“ séu boðin verðbréfin til kaups. Hugtakið almenningur er hvorki sérstaklega skilgreint í lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, né í tilskipun 89/298/EBE, um samræmingu á kröfum við gerð, athugun og dreifingu á útboðslýsingu sem birta skal við almennt útboð framseljanlegra verðbréfa. Ef litið er til annarra ákvæða tilskipunarinnar sést að skv. b-lið 1. tölul. 2. gr. er gerð undantekning frá ákvæðum tilskipunarinnar þegar framseljanleg verðbréf eru boðin „takmörkuðum hópi manna“. Af þessu leiðir að draga má þá ályktun að með almenningi sé átt við aðra en þá sem tilheyra takmörkuðum hópi manna. Það er svo matsatriði hvað átt er við með „takmörkuðum hópi manna“, enda er ekki að finna nánari afmörkun á því í tilskipuninni hvað átt sé við með tilvitnuðum orðum. Í mörgum ríkjum sem innleitt hafa tilskipunina er miðað við ákveðinn fjölda manna til afmörkunar á því hvað sé „takmarkaður hópur manna“. Hér á landi hefur verið miðað við 25 manns, sbr. b-lið 1. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993, og er lagt til að sú viðmiðun verði notuð áfram. Þessi viðmiðun var upphaflega fengin með skírskotun til laga nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Ákvæði þessarar greinar er samhljóða 18. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að í stað þess að vísa til einstakra ákvæða í IV. kafla er vísað til V. kafla í heild.

Um 5. gr.

Í stað 20. gr. laganna kemur nýr IV. kafli, sbr. 6. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Lagt er til að nýr IV. kafli, Útboð verðbréfa, bætist við lögin.

Um a-lið (25. gr.).

Í þessari grein er kveðið á um að útboð á verðbréfum til almennings, hvort heldur í upphaflegri sölu eða í síðari sölu, sé háð því að útboðslýsing hafi verið gefin út. Undantekningar frá þessari reglu er að finna í e-lið greinarinnar (29. gr.).

Það leiðir af undantekningarákvæðum 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993 að heimilt er að uppfylltum vissum skilyrðum að bjóða verðbréf til sölu án þess að gætt sé reglna um almennt útboð, m.a. um útboðslýsingu.

Á íslenskum verðbréfamarkaði hefur borið við að verðbréf sem við frumsölu voru seld fjárfestum, án þess að útboðslýsing væri gefin út vegna undantekninga 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993, hafi farið í almenna dreifingu til almennings. Af þessu leiðir að almenningi hafa verið seld verðbréf þar sem menn hefðu talið sér skylt að útbúa útboðslýsingu ef um frumsölu hefði verið að ræða.

Við framangreinda túlkun á reglum um almennt útboð verðbréfa verður að gera ýmsar athugasemdir. Í 4. tölul. 2. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, er almennt útboð skilgreint sem „sala samkynja verðbréfa sem boðin eru almenningi til kaups í fyrsta sinn með almennri og opinberri auglýsingu eða kynningu með öðrum hætti sem jafna má til opinberrar auglýsingar". Í 1. málsl. 1. gr. reglugerðar nr. 505/1993 er almennt útboð skilgreint með svipuðum hætti. Eini munurinn er sá að ekki er miðað við í reglugerðarákvæðinu að verðbréfin séu boðin almenningi til kaups „í fyrsta sinn". Vafasamt er að draga þá ályktun af ákvæðum þessum að verðbréf sem seld hafa verið á grundvelli undantekninganna í 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993 séu undanþegin reglum um almennt útboð við endursölu. Ef þeir sem hafa t.d. keypt bréfin á grundvelli b-liðar 1. tölul. 2. gr. reglugerðarinnar endurselja bréfin til *almennings* verður að ætla að um endursöluna gildi reglur um almennt útboð verðbréfa, enda er þá verið að selja *almenningi* bréfin í fyrsta sinn. Þetta er sá skilningur sem lagður hefur verið í lagafyrirmæli um almennt útboð í rétti ýmissa erlendra ríkja, t.d. Danmerkur og Noregs. Telja verður að þessi skilningur sé eðlilegur, sérstaklega í ljósi þess að tilskipun 89/298/EBE miðar að því að vernda fjárfesta og gera þeim kleift að meta áhættuna rétt og taka ákvarðanir í fjárfestingarmálum út frá þekkingu á staðreyndum. Fullyrða má að erfitt sé að ná þeim tilgangi að vernda fjárfesta ef lagt er til grundvallar að heimilt sé að endurselja verðbréf til almennings þegar frumsala hefur farið fram á grundvelli undantekningarreglna. Þörfin fyrir vernd fjárfesta er eftir sem áður fyrir hendi.

Tilskipun 89/298/EBE miðar fyrst og fremst að því að vernda almenning í verðbréfakaupum. Augljóst er að sama vernd er nauðsynleg fyrir almenning hvort sem um er að ræða frumsölu verðbréfa eða endursölu þeirra. Þegar litið er til þeirra sjónarmiða sem liggja að baki undantekningum frá skyldu til að gera útboðslýsingu sést að við það er miðað að þessi takmarkaði hópur manna þekki oft til rekstursins, annaðhvort tengist honum eða séu fagfjárfestar sem telja má að geti metið áhættuna sem felst í fjárfestingunni. Þrátt fyrir það sem hér segir er ljóst að b-liður 1. tölul. 2. gr. reglugerðar 505/1993 bannar ekki að aðilum sem ekkert þekkja til rekstursins eða hafa sérstaka þekkingu á fjárfestingum verði seld verðbréf, enda er um hlutlægt skilyrði að ræða fyrir slíkri sölu, þ.e. 25 aðilar. Þó verður að telja að það sé almennt ólíklegt að leitað sé til annarra við frumsölu verðbréfa en þeirra sem telja má að hafi þekkingu og fjárhagslega getu til að fjárfesta í slíkum verðbréfum.

Þegar það er haft í huga sem hér hefur verið rakið er ljóst að það er forsenda þess að verðbréf séu seld í lokuðu útboði að þau fari ekki í almenna dreifingu. Að öðrum kosti er ljóst að markmiðinu um að vernda almenning í verðbréfakaupum verður ekki náð. Ástæðan er sú að undantekningar 1. tölul. 1. mgr. e-liðar 6. gr. frumvarpsins (29. gr.) byggjast á sérstökum sjónarmiðum sem eiga ekki við þegar verðbréf eru boðin almenningi til kaups. Almenningur er að jafnaði ekki í aðstöðu til þess að leggja mat á fjárfestingarkostinn með sama hætti og fagfjárfestar og þeir sem þekkja til útgefandans, t.d. starfsmenn. Þess vegna er nauðsynlegt að gera þá kröfu að útboðslýsing hafi verið gefin út áður en verðbréf eru boðin almenningi. Þessari grein frumvarpsins er ætlað að stuðla að þessu. Þá er tekið fram í frumvarpsgreininni

að ekki skiptir máli hvort um upphaflega sölu bréfanna eða endursölu þeirra er að ræða. Er þetta gert til áréttingar á því að ætlunin er að breyta framkvæmdinni á reglum um almennt útboð.

Þessi grein frumvarpsins leggur einnig þá ótvíræðu skyldu á útgefendur að þeir hegði sér í samræmi við undirliggjandi markmið greinarinnar. Það er í fullu samræmi við túlkun á tilskipun um almennt útboð og á sambærilegum ákvæðum í erlendum rétti. Ekki er hægt að sjá öll tilvik fyrir sem upp geta komið. Af þeim sökum er víðast hvar tekið á reglum um útboð með almennum hætti í löggjöf en framkvæmd reglnanna mótast síðan af þeim tilvikum sem upp koma. Eftirlitsaðilinn hefur víðast hvar mest að segja um mótun framkvæmdarinnar. Sú skylda hvílir á útgefendum að gæta þess eftir því sem kostur er að verðbréf fari ekki í almenna dreifingu án þess að útboðslýsing hafi verið gefin út. Sem leiðbeiningu um þetta efni má nefna að ekki er heimilt að bjóða fleirum en 25 aðilum verðbréf til kaups á grundvelli b-liðar 1. tölul. 1. mgr. e-liðar 6. gr. (29. gr.) í þeirri trú að ekki fleiri en 25 muni þekkjast boðið.

Um b-lið (26. gr.).

Í þessari grein er að finna undanþágu frá reglu um almennt útboð. Greinin er í samræmi við 6. gr. tilskipunar 89/298/EBE, um samræmingu á kröfum við gerð, athugun og dreifingu á útboðslýsingu sem birta skal við almennt útboð framseljanlegra verðbréfa. Hana er einnig að finna í 2. gr. reglna Verðbréfaþings Íslands nr. 6/1999, um gerð útboðsgagna og aðdraganda almenns útboðs verðbréfa.

Um c-lið (27. gr.).

Í þessari grein, sem er nýmæli, kemur fram að sala eða milliganga fyrirtækis í verðbréfaþjónustu á verðbréfum til almennings, sem fellur ekki undir reglur um almennt útboð, er háð því að lagt hafi verið mat á faglega þekkingu, fjárhag og reynslu viðskiptavinar. Tilgangurinn er sá að tryggja að viðskiptavinum sé gerð grein fyrir þeim mun sem er á skráðum og óskráðum verðbréfum og lagt sé mat á einstaklingsbundnar forsendur þeirra til að taka þátt í slíkum verðbréfaviðskiptum. Eftir atvikum er fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu rétt að synja um slík viðskipti ef niðurstaða af slíku mati er á þá leið að viðskiptavinurinn hafi hvorki faglega þekkingu, reynslu eða fjárhagslegan styrk til þess að eiga viðskipti með óskráð verðbréf.

Hér er um að ræða vísireglu sem felur í sér viðmiðun er fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu ber að leggja til grundvallar þegar verðbréf eru seld til almennings. Reglunni er m.a. ætlað að vera til leiðbeiningar um hvort fyrirtæki í verðbréfaþjónustu hefur gætt fyllstu varúðar við ráðgjöf sína og milligöngu í verðbréfaviðskiptum með verðbréf til annarra en fagfjárfesta sem ekki falla undir reglur um almennt útboð. Frumvarpsgreinin tekur mið af 11. gr. tilskipunar 93/22/EBE, um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta, sem mælir fyrir um að tekið skuli mið af faglegri þekkingu viðskiptavinar. Reglan getur verið til leiðbeiningar við mat á ábyrgð fyrirtækis í verðbréfaþjónustu vegna tjóns sem starfsmenn fyrirtækisins kunna að valda viðskiptamönnum með því að hafa milligöngu um viðskipti með verðbréf sem ekki falla undir almennt útboð án þess að lagt hafi verið mat á faglega þekkingu og reynslu viðskiptavinar, ekki hafi verið staðið að slíku mati á forsvaranlegan hátt eða félagið hafi milligöngu um viðskipti í þeim tilvikum sem rétt hefði verið að synja um slíka milligöngu. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu geta uppfyllt skyldu sína meðal annars með því að afla sér upplýsinga um menntun, atvinnu og reynslu viðskiptavinar á sviði verðbréfaviðskipta, með afriti af skattframtali og yfirliti frá fjármálafyrirtæki yfir verðbréfaeign og verðbréfaviðskipti. Ef þessi gögn gefa til kynna að viðskiptavinur hafi til að bera þekkingu, reynslu og fjárhagslegan styrk er fyrirtækinu heimilt að hafa milligöngu um viðskiptin. Reglan gildir ekki um

fagfjárfesta, enda hafa þeir til að bera faglega þekkingu og reynslu til að meta fjárfestingarkosti með tilliti til áhættu. Vísast í því sambandi til umræðu um fagfjárfesta í fylgiskjali I.

Eins og áður segir í almennum athugasemdum við frumvarpið er einn megintilgangur þess að stuðla að því að verðbréf sem seld hafa verið á grundvelli undanþágu frá almennu útboði séu ekki seld til almennings á eftirmarkaði og er það ástæðan fyrir því að reglan er sett í IV. kafla laganna um útboð verðbréfa. Í 15. gr. laganna segir að viðskiptavinum skuli, að teknu tilliti til þekkingar þeirra, veittar greinargóðar upplýsingar um þá kosti sem þeim standa til boða.

Ekki er lagt til að lögfest verði sérstök sönnunarregla í þeim tilvikum þar sem deilt er um hvort fyrirtæki í verðbréfaþjónustu hafi lagt faglegt mat á þekkingu og reynslu viðskiptavinar. Um ábyrgðina fer því samkvæmt almennum reglum um skaðabótaábyrgð sérfræðinga, en við mat á skaðabótaskyldu hefur almennt verið beitt ströngu sakamati. Lögfesting sérstakrar vísireglu, sem fyrirtækjum í veðbréfaþjónustu ber að leggja til grundvallar þegar verðbréf eru seld til annarra en fagfjárfesta, felur þó í sér ákveðna vísbendingu þess að beita skuli ströngu sakarmati. Er það í samræmi við það sem áður segir um strangt sakarmat í málum um bótaábyrgð sérfræðinga. Hins vegar verður að hafa í huga að ef rétt er staðið að slíku mati af hálfu fyrirtækis í verðbréfaþjónustu ber viðskiptavinurinn sjálfur fulla ábyrgð á ákvörðun sem hann tekur um að eiga viðskipti með verðbréf, eftir að slíkt mat fyrirtækisins liggur fyrir. Þá getur bótaskylda fyrirtækis í verðbréfaþjónustu fallið niður vegna eigin sakar viðskiptavinar, svo sem ef hann hefur gefið villandi upplýsingar um hæfi til að eiga viðskipti o.fl.

Um d-lið (28. gr.).

1. mgr. er að finna í 1. málsl. 20. gr. gildandi laga. Ákvæði gildandi laga um undanþágu ríkisskuldabréfa, skuldabréfa með ríkisábyrgð og ríkisvíxla frá almennu útboði hefur í frumvarpi þessu verið flutt yfir í e-lið 6. gr. (29. gr.) en í þeirri grein er kveðið á um undanþágur frá skyldu til almenns útboðs.

2. mgr. kemur ekki fyrir í gildandi lögum. Í 20. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, segir að almennt útboð verðbréfa skuli tilkynna til Verðbréfaþings Íslands eigi síðar en viku fyrir upphaf sölu ásamt upplýsingum um öll helstu einkenni útboðsins í samræmi við reglur sem stjórn Verðbréfaþingsins setur um gerð útboðsgagna og aðdraganda útboðs. Reglur þingsins um gerð útboðsgagna og aðdraganda almenns útboðs verðbréfa eru nr. 6/1999. Þar segir m.a. að Verðbréfaþingið skuli gera forathugun á útboðslýsingum jafnvel þótt ekki sé óskað eftir opinberri skráningu á þinginu. Reglur þingsins taka mið af tilskipun ráðsins 89/298/EBE. Með lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, var einkaleyfi Verðbréfaþings Íslands til kauphallarstarfsemi afnumið. Hinn 1. janúar 1999 var rekstri þingsins breytt í hlutafélag.

Með hliðsjón af framangreindri breytingu er óeðlilegt að Verðbréfaþing Íslands hf. hafi áfram með höndum athugun á útboðum annarra útgefenda en þeirra sem sækja um skráningu á þinginu. Því er lagt til í þessari grein að Fjármálaeftirlitið hafi umsjón með athugunum á almennum útboðum. Kauphallir skulu þó annast athugun á skráningarlýsingum samkvæmt lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða þegar óskað er eftir skráningu í viðkomandi kauphöll. Fjármálaeftirlitið getur falið skipulegum verðbréfamörkuðum að annast athugun á öðrum útboðslýsingum.

Í athugun á útboðslýsingum felst að Fjármálaeftirlitið skal ganga úr skugga um að útboðslýsingin feli í sér þau efnisatriði sem kveðið er á um í reglugerð. Athugun Fjármálaeftirlitsins er formkönnun en ekki efniskönnun.

Í 3. mgr. er ákvæði um þóknun fyrir athuganir á útboðslýsingum.

Í 4. mgr. er kveðið á um skyldu ráðherra til að setja reglugerð um útboð verðbréfa. Í reglugerðinni skal kveðið á um ýmis atriði sem nú er að finna í reglum Verðbréfaþings Íslands hf. um gerð útboðsgagna og aðdraganda útboðs. Reglur þingsins taka mið af tilskipun ráðsins 89/298/EBE, um samræmingu á kröfum við gerð, athugun og dreifingu á útboðslýsingu sem birta skal við almennt útboð framseljanlegra verðbréfa. Í þessari málsgrein er einnig mælt fyrir um að ráðherra setji reglugerð um viðvarandi upplýsingaskyldu félaga sem farið hafa í almennt útboð og um skilgreiningu á fagfjárfestum. Ekki eru neinar reglur í gildandi rétti um viðvarandi upplýsingaskyldu félaga eða skilgreining á fagfjárfestum. Eins og segir í almennum athugasemdum við frumvarp þetta verður að telja óeðlilegt að engin ákvæði gildi um viðvarandi upplýsingaskyldu þeirra félaga sem farið hafa í almennt útboð án skráningar í kauphöll og ganga kaupum og sölu á almennum markaði. Skilgreining á fagfjárfestum er til að kveða skýrar á um hvaða fjárfestar geti keypt verðbréf á grunni undanþágu frá skyldu til almenns útboðs.

Um e-lið (29. gr.).

Í greininni eru undanþágur frá skyldu til almenns útboðs. Tekið er mið af 2. gr. tilskipunar ráðsins 89/298/EBE, um samræmingu á kröfum við gerð, athugun og dreifingu á útboðslýsingu sem birta skal við almennt útboð framseljanlegra verðbréfa. Vísast til fylgiskjals I um nánari útlistun á undanþágum frá almennu útboði í tilskipuninni og samsvarandi ákvæða í gildandi íslenskum rétti.

Undanþágur frá almennu útboði í þessari frumvarpsgrein eru hinar sömu og í reglugerð nr. 505/1993, um almennt útboð verðbréfa, með tveimur undantekningum. Í fyrsta lagi er nýr e-liður í 1. tölul. Þar er kveðið á um undanþágu frá almennu útboði í þeim tilvikum þegar verðbréf eru boðin fagfjárfestum. Telja verður að þeir fjárfestar sem hafa faglega þekkingu og reynslu til að meta fjárfestingarkosti með tilliti til áhættu geti tekið þátt í útboðum án þess að útboðslýsing liggi fyrir. Gera má ráð fyrir að þessi undanþága geri kleift að mynda skilvirkan markað fagfjárfesta með bréf sem ekki hafa verið gefin út í almennu útboði.

Samkvæmt gildandi íslenskum rétti geta fagfjárfestar tekið þátt í lokuðu útboði svo framarlega sem hópurinn er ekki stærri en 25 aðilar, sbr. b-lið 1. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993, eða hver fjárfestir reiðir af hendi að minnsta kosti fimm milljónir króna til kaupa á verðbréfunum skv. d-lið 1. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993. Segja má að hér sé að nokkru leyti komið til móts við þá þörf að leita til fagfjárfesta á einfaldan hátt. Til dæmis er félögum gefinn kostur á að fá fjármagn inn í reksturinn með því að leita til takmarkaðs hóps manna án þess gera útboðslýsingu. Almennt er gert ráð fyrir að í slíkum tilvikum þekki menn oft til rekstursins, séu annaðhvort tengdir inn í rekstur félagsins eða séu fagfjárfestar sem ættu að geta metið þá áhættu sem felst í fjárfestingunni. Leggja verður áherslu á að það á eftir að koma í ljós hversu raunhæfa þýðingu ákvæðið um fagfjárfesta á eftir að hafa þegar hafðar eru í huga framannefndar undanþágur í b- og d-lið 1. tölul.

Í öðru lagi er j-lið bætt við 2. tölul. Þar er undanþága frá almennu útboði fyrir framseljanleg verðbréf sem gefin eru út af ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu eða eru með ríkisábyrgð.

Í 2. mgr. greinarinnar er svo fyrir mælt að fjárhæðir í 1. mgr. skuli aldrei vera lægri en 40 þús. evrur miðað við opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands eins og það er skráð á hverjum tíma. Þetta er sú viðmiðun sem lögð er til grundvallar í 2. gr. tilskipunar 89/298/EBE, um samræmingu á kröfum við gerð, athugun og dreifingu á útboðslýsingu sem birta skal við almennt útboð framseljanlegra verðbréfa, og Ísland hefur skuldbundið sig til að uppfylla samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Um 7. gr.

Lagt er til í upphafi þessarar greinar að kaflaheiti breytist. Með hliðsjón af þeim efnislegu breytingum sem lagðar eru til á núgildandi ákvæðum kaflans þykir það kaflaheiti sem hér er lagt til vera skýrara og lýsa betur efni kaflans að því er varðar innherja og viðskipti þeirra auk þess sem í heitið kemur sérstök tilvísun til markaðsmisnotkunar (*market manipulation*) sem fjallað er um í 30. gr. núgildandi laga og i-lið 7. gr. frumvarpsins (38. gr.).

Um a-lið (30. gr.).

Með lögum nr. 35/1998 var gildissvið IV. kafla laga um verðbréfaviðskipti útvíkkað og látið ná til viðskipta með verðbréf í kauphöll og á tilboðsmarkaði sem hlotið hefur starfsleyfi hér á landi. Jafnframt skyldi hann taka til viðskipta með verðbréf utan skipulegra verðbréfamarkaða. Í athugasemdum með framangreindu ákvæði sagði að lagt væri til að ákvæði IV. kafla laganna tækju til viðskipta sem fram færu á verðbréfamarkaðinum. Gilti þá einu hvort viðskiptin væru gerð í kauphöll, innan skipulegs tilboðsmarkaðar eða utan hans. Mikilvægt væri að ákvæði um meðferð trúnaðarupplýsinga tækju almennt til viðskipta á verðbréfamarkaðinum og væri þessi breyting því þýðingarmikill liður í því að viðskipti þar nytu þess trausts sem talið var nauðsynlegt að tryggt væri í lögum.

Ákvæði gildandi réttar um gildissvið IV. kafla er mun víðtækara en tilskipun ESB um innherjaviðskipti og sambærileg löggjöf í nágrannalöndum mælir fyrir um. Lagt er til að gildissvið IV. kafla laga um verðbréfaviðskipti verði þrengt og látið ná til viðskipta með verðbréf sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið eftir skráningu á í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi. Með því eru ákvæði laganna samræmd tilskipun ESB á þessu sviði sem og löggjöf nágrannalandanna. Á það skal minnt að ákvæðum um innherjaviðskipti er fyrst og fremst ætlað að vernda fjárfesta á skipulegum verðbréfamörkuðum og skapa þeim mörkuðum nauðsynlegt traust og gagnsæi í viðskiptum. Misnotkun á trúnaðarupplýsingum er varða verðbréf sem skráð eru í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði beinist ekki eingöngu að einstökum kaupendum eða seljendum verðbréfa heldur að fjárfestum almennt og skipulegum verðbréfamarkaði í heild og eru það hagsmunir markaðarins í heild sem ætlunin er að vernda. Í eðlilegu samhengi við þessi sjónarmið er lagt til að ákvæðin taki einnig til viðskipta með verðbréf sem óskað hefur verið eftir skráningu á í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði.

Eðli máls samkvæmt eiga framangreind sjónarmið því ekki við um viðskipti utan skipulegra verðbréfamarkaða. Í viðskiptum með óskráð verðbréf er ógjörningur að framfylgja eftirliti með viðskiptum með sambærilegum hætti og gerist með skráð verðbréf, m.a. vegna þess að ekki er hægt að opinbera upplýsingar á einfaldan hátt eins og þegar um skráð verðbréf er að ræða. Rétt er að benda á að í viðskiptum með óskráð verðbréf geta þeir sem telja sig hafa verið hlunnfarnir borið fyrir sig ákvæði 248. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1040, eða ákvæði III. kafla samningalaga, nr. 7/1936.

Um b-lið (31. gr.).

Ákvæði 1. mgr. er óbreytt frá 1. mgr. 27. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að hugtakið innherji kemur fyrir í upphafi greinarinnar sem leiðir af breyttri framsetningu þar sem gert er ráð fyrir að innherjar verði sérstaklega skilgreindir í 2. gr. laganna, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega óbreytt frá 29. gr. núgildandi laga.

Ákvæði 3. mgr. er efnislega óbreytt frá 2. mgr. 27. gr. núgildandi laga.

Um c-lið (32. gr.).

Nokkuð hefur verið um það rætt að undanförnu hvort ekki væri rétt að taka upp ákvæði sem bannaði innherjum að eiga viðskipti á ákveðnum tímabilum þegar líklegt væri að trún-

aðarupplýsingar væru fyrirliggjandi hjá útgefendum verðbréfa. Einkum hefur í þessu sambandi verið horft til tímabilanna í kringum birtingu ársuppgjöra og milliuppgjöra. Í nágrannalöndunum hafa verið í gildi reglur þar sem kveðið er á um það að innherjar skuli ekki eiga viðskipti á ákveðnum tímabilum fyrir birtingu eða þá að þeir skuli aðeins eiga viðskipti á ákveðnum tímabilum eftir birtingu. Í Noregi er í núgildandi lögum um verðbréfaviðskipti kveðið á um að fruminnherjum sé óheimilt að eiga viðskipti tveimur mánuðum fyrir birtingu ársuppgjörs og einum mánuði fyrir birtingu milliuppgjörs. Á það skal bent að í Noregi eru reglur um innherjaviðskipti til endurskoðunar og þar er lagt til að fallið verði frá þessum banntímabilum. Í staðinn er lagt til að tekin verði upp sérstök rannsóknarskylda. Í reglum kauphallarinnar í Kaupmannahöfn er kveðið á um að skráð félög skuli hafa ákvæði í innri reglum sínum þar sem innherjum sé gert að eiga aðeins viðskipti á sex vikna tímabili frá birtingu uppgjöra. Verðbréfaþing Íslands hf. hefur í tilmælum til skráðra félaga, m.a. í leiðbeiningarbæklingi um innherjaviðskipti, hvatt þau til að setja innherjum sínum þá reglu að eiga ekki viðskipti nema þá helst á tímabili í sex vikur frá birtingu uppgjöra. Þessi tilmæli eru þó ekki bindandi og misbrestur hefur verið á að farið hafi verið eftir þeim.

Ekki er lagt til í frumvarpinu að tekið verði upp ákvæði þess efnis að banna innherjum að eiga viðskipti á tilteknum tímabilum. Á verðbréfamarkaði hafa margs konar fréttir aðrar en afkomufréttir mikilvæga þýðingu fyrir verðmyndun á markaði, t.d. fréttir um samruna, yfirtökur, mikilvæga samninga. Því er jafnnauðsynlegt að fruminnherjar eigi ekki viðskipti skömmu fyrir birtingu slíkra frétta. Lagt er til að fruminnherjar, sem skráðir hafa verið á innherjaskrá félags skv. f-lið 7. gr. frumvarpsins (35. gr.), skuli forðast að eiga viðskipti með verðbréf félagsins á tímabilum þegar ætla má að fyrir liggi trúnaðarupplýsingar, svo sem skömmu fyrir birtingu ársreiknings eða milliuppgjörs eða skömmu fyrir tilkynningu um mikilvægar ákvarðanir eða atvik sem varða útgefanda verðbréfanna. Með ákvæðinu er lögð á fruminnherja rannsóknarskylda, þ.e. skylda til þess að ganga úr skugga um það með tilteknum hætti í samræmi við reglur sem settar eru af stjórn útgefanda að ekki sé óheimilt eða óheppilegt að hann eigi viðskiptin. Við mótun þessa ákvæðis var nokkuð litið til draga að nýjum reglum í Noregi. Fruminnherjar skulu því ganga úr skugga um það áður en þeir eiga viðskipti hvort líklegt sé að fyrir hendi séu trúnaðarupplýsingar sem gættu leitt til þess að viðskipti þeirra yrðu talin ólögmæt eða tortryggileg. Með þessu er útgefendum verðbréfa og fruminnherjum veitt ákveðin vernd í viðskiptum.

Um d-lið (33. gr.).

Lagt er til að fruminnherjar skuli í samræmi við reglur, sem settar eru af stjórn félags skv. h-lið 7. gr. frumvarpsins (37. gr.), tilkynna aðila, sem útnefndur hefur verið samkvæmt reglunum, fyrir fram um fyrirhuguð viðskipti sín eða aðila sem eru fjárhagslega tengdir honum með verðbréf félagsins jafnóðum og viðskiptin hafa farið fram. Eðli málsins samkvæmt nær tilkynningarskyldan einnig til viðskipta fruminnherja með afleiðusamninga sem taka mið af verðþróun verðbréfs sem hefur verið skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði.

Um e-lið (34. gr.).

Í 1. mgr. er kveðið á um að tilkynningarskyld viðskipti fruminnherja skuli birt opinberlega. Hér er um að ræða nýmæli í lögum en ákvæði um birtingu viðskipta innherja hafa verið í reglugerð nr. 433/1999 um upplýsingaskyldu útgefenda, kauphallaraðila og eigenda verðbréfa sem skráð eru í kauphöll og reglum nr. 3. um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa á Verðbréfaþingi Íslands hf. Samkvæmt reglugerðinni og reglum Verðbréfaþings hafa öll tilkynnt viðskipti verið birt í viðskiptakerfi Verðbréfaþings. Tilgangur birtingar upplýsinga um viðskipti innherja er að veita markaðinum upplýsingar sem geta skipt máli við mat á útgefanda og verðbréfum hans. Hér er lögð til sú breyting frá gildandi reglum að ein-

ungis viðskipti sem ná þeirri stærð að geta breytt lokaverði verði birtingarskyld. Til þess verða þau að nema a.m.k. einni viðskiptalotu samkvæmt reglum viðkomandi kauphallar eða skipulegs tilboðsmarkaðar. Hugtakið viðskiptalota er skilgreint í 2. gr. frumvarpsins. Varðandi stærð viðskiptalotna hjá Verðbréfaþingi Íslands hf., sem er eina kauphöllin sem starfrækt er hér á landi, er um að ræða viðskipti sem nema a.m.k. 100.000 kr. að markaðsverði í félögum sem falla undir það að vera með mikla veltu. Í félögum sem falla undir það að vera með minni veltu er viðskiptalota 50.000 kr. Þá er lagt til að öll viðskipti fruminnherja sem eiga meira en sem svarar tíu viðskiptalotum að markaðsverði séu tilkynningarskyld. Ástæður þess að lagt er til að horfið verði frá því að birta upplýsingar um öll viðskipti er sú að smáviðskipti hafa minni áhrif á verðmyndun í verðbréfaviðskiptum og eru til þess fallin að valda misskilningi á fjármálamarkaði.

Í 2. mgr. koma fram þær upplýsingar sem tilgreina skal í tilkynningu um viðskipti innherja. Ákvæðið er í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 433/1999 um upplýsingaskyldu útgefenda, kauphallaraðila og eigenda verðbréfa sem skráð eru í kauphöll.

Um f-lið (35. gr).

Í þessu ákvæði er kveðið á um það að Fjármálaeftirlitið haldi innherjaskrár útgefenda verðbréfa sem fengið hafa verðbréf sín skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði. Hingað til hefur Verðbréfaþing Íslands hf. haldið utan um innherjalista skráðra félaga. Hér er lagt til að Fjármálaeftirlitið haldi innherjaskrána og er það í samræmi við þá framkvæmd sem er í mörgum nágrannalandanna. Breytingin er meðal annars eðlileg vegna nýrra laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, og breyttrar stöðu Verðbréfaþings í kjölfar þeirra.

Ákvæði 2. mgr. og 3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 4. mgr. er kveðið á um það að upplýsingar varðandi fruminnherja úr innherjaskrá Fjármálaeftirlitsins verði gerðar opinberar. Er hér um nýmæli að ræða. Segja má að ekki sé síður mikilvægt að fjárfestar og fjármálafyrirtæki geti áttað sig á því hverjir séu fruminnherjar í félagi á hverjum tíma og fái ekki einungis upplýsingar um stöðu þeirra sem innherja þegar upplýsingar eru birtar um viðskipti þeirra. Ákvæðið hefur í för með sér aukið aðhald, bætir upplýsingaflæði á fjármálamarkaði og stuðlar að gagnsæi í verðbréfaviðskiptum. Auk þess má ætla að þessi breyting hafa áhrif á framkvæmd 18. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti og auðveldi fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu að sinna eðlilegri leiðbeiningarskyldu gagnvart viðskiptavinum.

Um g-lið (36. gr.).

Samkvæmt ákvæðinu er lögð sú skylda á félög að tilkynna þeim sem félagið hefur tilkynnt sem innherja til Fjármálaeftirlitsins. Mikilvægt er fyrir viðkomandi að fá formlega vitneskju um stöðu sína og réttaráhrif hennar.

Um h-lið (37. gr.).

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti skulu útgefendur verðbréfa setja sér reglur í því skyni að hindra að trúnaðarupplýsingar berist til annarra en þeirra sem þarfnast þeirra vegna starfa sinna. Hér er lagt til að kröfur til félaga verði auknar þannig að reglurnar eigi, auk þess að taka til meðferðar trúnaðarupplýsinga, einnig að taka til viðskipta fruminnherja með verðbréf félagsins. Þá er sérstaklega kveðið á um að félög skuli tilnefna aðila innan sinna fyrirtækja sem ber ábyrgð á að reglunum sé framfylgt. Það sem hér býr að baki er að félög hugi vel að framkvæmd reglna um meðferð trúnaðarupplýsinga sem varða félögin í því skyni að auka traust á fjármagnsmarkaði.

Í 2. mgr. er lagt til það nýmæli að reglurnar skuli staðfestar af stjórn félagsins og sendar til þeirra aðila sem tilgreindir eru í ákvæðinu.

Í 3. mgr. eru gerðar sambærilegar kröfur til stjórnvalda og annarra aðila og lagt er til að gerðar verði gagnvart félögum skv. 1. mgr.

Um i-lið (38. gr.).

Ákvæði 38. gr. fjallar um svonefnda markaðsmisnotkun (market manipulation á ensku) og er óbreytt frá 31. gr. núgildandi laga.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um úrræði sem Fjármálaeftirlitið hefur ef aðili sem býður fram verðbréf í útboði virðir ekki reglur um útboð.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Skýrsla nefndar um útboð verðbréfa.

INNGANGUR

Skipun nefndarinnar.

Með bréfi, dags. 28. apríl 2000, skipaði viðskiptaráðherra nefnd um útboðsmál verðbréfa. Nefndinni var ætlað að gera tillögu um breytingu á ákvæðum verðbréfaviðskiptalaga um útboð verðbréfa og leggja drög að reglugerð eða reglugerðum um það efni. Nefndin var þannig skipuð:

Benedikt Árnason, viðskiptaráðuneyti, formaður,
Björgvin Sighvatsson, Seðlabanka Íslands,
Finnur Sveinbjörnsson, Sambandi íslenskra viðskiptabanka,
Friðrik Halldórsson, Sparisjóðabanka Íslands,
Helgi Sigurðsson, Kaupþingi,
Ólöf Nordal, Verðbréfaþingi Íslands,
Páll Gunnar Pálsson, Fjármálaeftirliti.

Starfsmaður nefndarinnar var Eyvindur G. Gunnarsson, viðskiptaráðuneyti.

Helga Hlín Hákonardóttir, Íslandsbanka-FBA, var skipuð í nefndina með bréfi, dags. 7. júlí 2000, í stað Finns Sveinbjörnssonar sem baðst lausnar frá nefndarstörfum. Nefndin naut einnig í störfum sínum aðstoðar Jóhönnu Bryndísar Bjarnadóttur laganema.

Tilgangur með skipun nefndarinnar.

Í skipunarbréfi nefndarinnar var bent á að um almennt útboð verðbréfa gildi 20. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, og reglugerð nr. 505/1993, almennt útboð verðbréfa. Engin ákvæði væru hins vegar í lögum um lokuð útboð verðbréfa. Ráðuneytið taldi því að ákvæði laga og reglna um almennt útboð væru ekki fullnægjandi miðað við stöðu verðbréfamarkaðar í dag. Jafnframt taldi ráðuneytið að æskilegt væri að kveðið væri á um framkvæmd lokaðra útboða verðbréfa í lögum og reglugerð.

Nánar um starfssvið nefndarinnar.

Af framangreindu er ljóst að starfsumboð nefndarinnar er mjög víðtækt samkvæmt skipunarbréfi. Vinna nefndarinnar leiddi þó fljótlega í ljós að markmið hennar lyti að þremur meginatriðum. Í fyrsta lagi að takmarka endursölu verðbréfa, sem undanþegin hafa verið reglum um almennt útboð, til almennings. Í öðru lagi að setja viðmiðanir um það hverjir teljist fagfjárfestar og séu þar með undanþegnir ákvæðum um almennt útboð. Í þriðja lagi að fela Fjármálaeftirlitinu að gera forathugun á útboðslýsingum á verðbréfum sem ekki er óskað eftir skráningu á á Verðbréfaþingi Íslands hf. enda hefur þingið verið gert að hlutafélagi í eigu einkaaðila.

Greinargerð sú sem hér fylgir er afraksturinn af starfi nefndarinnar. Í henni er gerð grein fyrir ákvæðum gildandi laga og reglugerða um þessi málefni, ummælum í athugasemdum með lagafrumvörpum og erlendum rétti. Þetta er þó aðeins stutt ágrip til yfirlits.

GREINARGERÐ MEÐ TILLÖGU UM BREYTINGU Á ÁKVÆÐUM LAGA NR. 13/1996, UM VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI, OG REGLUGERÐ NR. 505/1993

1.0 ALMENNT

Með almennu útboði verðbréfa er átt við sölu samkynja verðbréfa sem boðin eru almenningi til kaups í fyrsta sinn með almennri og opinberri auglýsingu eða kynningu með öðrum hætti sem jafna má til opinberrar auglýsingar. Algengt er að fjár sé aflað hjá almenningi með því að bjóða verðbréf til sölu, en fjárfesting í verðbréfum hefur jafnan í för með sér þá áhættu að fjárfestar tapi peningum. Af þessum sökum eru í flestum ríkjum lagafyrirmæli um það hvernig standa ber að almennu útboði verðbréfa. Hér á landi eru ákvæði um almenn útboð í lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, reglugerð nr. 505/1993, um almennt útboð verðbréfa, reglum nr. 253/1996, um fyrsta söludag almennra útboða verðbréfa, og reglum Verðbréfaþings Íslands nr. 6/1999, um gerð útboðsgagna og aðdraganda almenns útboðs verðbréfa. Sjá nánari umfjöllun í kafla 2.0.

Segja má að reglum um eftirlit með útboðum sem beint er að almenningi sé ætlað að vernda fjárfesta, þannig að þeir geti metið þá áhættu sem felst í fjárfestingunni út frá þekkingu á staðreyndum. Almennt er litið svo á að þessar reglur hafi þau áhrif að auka trú manna á verðbréfamörkuðum og stuðla að eðlilegri starfsemi og uppbyggingu þeirra. Í íslenskum rétti hafa um nokkurra ára skeið verið reglur um almennt útboð verðbréfa. Eftir að Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) hafa þessar reglur tekið mið af skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum.

Í framkvæmd hefur stundum verið gerður greinarmunur á almennu og lokuðu útboði. Skilgreiningu á lokuðu útboði er hvergi að finna í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum, en þó er greinilega gert ráð fyrir lokuðum útboðum, t.d. þegar fámennur hópur fjárfesta er sérstaklega undanþeginn reglum um almenn útboð. Í íslenskum rétti er því ekki að finna sérstakar reglur sem mæla fyrir um framkvæmd lokaðra útboða.

Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir verður stuttlega gerð grein fyrir gildandi íslenskum rétti á þessu sviði (kafli 2.0). Þá er stutt umfjöllun um þau ákvæði EES-réttar sem íslenskur réttur tekur mið af samkvæmt EES-samningnum (kafli 3.0). Því næst er gerð grein fyrir því hvernig réttarstaðan er að þessu leyti í nokkrum erlendum ríkjum, annars vegar á Norðurlöndum, þ.e. Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, og hins vegar í Bandaríkjunum (kafli 4.0). Loks verður gerð grein fyrir hugleiðingum nefndarmanna, einkum um það hverra breytinga sé þörf í íslenskum rétti (kafli 5.0).

2.0 ÍSLENSKUR RÉTTUR

2.1 Þróun lagareglna um almennt útboð verðbréfa

2.1.1 Almennt

Lög um verðbréfamarkað og skipuleg verðbréfaviðskipti eiga sér stutta sögu hér á landi. Lög um verðbréfaviðskipti hafa verið sett fjórum sinnum á síðasta hálfum öðrum áratug, eða árin 1986, 1989, 1993 og nú síðast 1996, og hefur síðastgreindum lögum verið breytt fjórum sinnum frá því þau voru sett. Með reglulegri endurskoðun laganna hefur verið leitast við að setja ramma um íslenskan verðbréfamarkað sem verið hefur í hröðum vexti og örri þróun frá því er fyrstu lögin um verðbréfaviðskipti voru sett. Lögin frá 1993 og 1996 voru hluti af aðlögun íslensks réttar að tilskipun EB á sviði verðbréfamarkaðar vegna aðildar Íslands að EES.[1]

Skilgreiningin á almennu útboði hefur breyst töluvert frá því að ákvæðið var fyrst sett í lög og á það sér að hluta til eðlilegar skýringar þar sem íslensk löggjöf á þessu sviði er tiltölulega nýleg og í mikilli þróun. Þá hefur reynst nauðsynlegt að laga íslenska löggjöf að EES-rétti vegna aðildar að EES.

Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir verður gerð grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á skilgreiningu og lagaákvæðum um almenn útboð frá því að reglur um útboð verðbréfa voru fyrst settar í lög.

2.1.2 Lög nr. 27/1986, um verðbréfamiðlun

Fyrstu íslensku lögin á sviði verðbréfaviðskipta voru lög nr. 27/1986, um verðbréfamiðlun, og öðluðust þau gildi 1. mars 1986. Þar var ekkert minnst á almenn eða lokuð útboð verðbréfa í lögunum eða greinargerð með frumvarpi til laganna.

2.1.3 Lög nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti

Í frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, sem varð að lögum nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti, var ekki að finna skilgreiningu á almennu útboði, en í 1. mgr. 15. gr. laganna kom fram að almennt útboð markaðsverðbréfa annarra en ríkisskuldabréfa, skuldabréfa með ríkisábyrgð og ríkisvíxla skyldu ætíð fara fram með milligöngu verðbréfafyrirtækja. Þó væri hlutafélögum, er til þess hefðu heimild Verðbréfaþings Íslands, heimilt að annast sjálf útboð markaðsverðbréfa sinna. Markaðsútgáfur verðbréfa skyldi tilkynna til Seðlabanka Íslands eigi síðar en viku fyrir upphaf sölu ásamt upplýsingum um öll helstu einkenni útgáfunnar svo sem fjárhæð, fyrirhugað sölutímabil, sölustaði og sameiginleg einkenni bréfanna. Seðlabanki Íslands gæti sett nánari reglur um gerð útboðsgagna og hann gæti sett reglur um fyrsta söludag einstakra verðbréfaflokka í því skyni að koma í veg fyrir sveiflur í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðinum.

Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. skyldi verðbréfafyrirtæki, við lok sölu eða í lok hvers ársfjórðungs, væru þau fyrr, tilkynna Seðlabankanum um heildarsölu bréfa í flokknum á nafnverði og markaðsverði samkvæmt bestu fáanlegum upplýsingum og í lok hvers árs skyldi enn fremur tilkynna um útistandandi eftirstöðvar í flokknum. Sama gilti um almennt útboð markaðsverðbréfa á vegum annarra aðila eftir því sem við átti. Seðlabanki Íslands skyldi birta reglulega upplýsingar um markaðsverðbréf samkvæmt þessari grein.

Í athugasemdum við 1. mgr. 15. gr. frumvarps þess, er varð að lögum nr. 20/1989, kom fram að þar væri mælt fyrir um að útboð markaðsverðbréfa annarra en ríkisskuldabréfa, ríkis-

---

[1] Alþt. 1999–2000, A-deild, 125. löggjafarþing, 420. mál, þskj. 683.

víxla eða skuldabréfaflokka með ríkisábyrgð, eins og t.d. skuldabréfaflokka sem gefnir yrðu út af Byggingarsjóði ríkisins, skyldu ætíð fara fram með milligöngu verðbréfafyrirtækja. Væri um mikilvægt ákvæði að ræða sem ætlað væri að tryggja vandaðan undirbúning á útgáfu og sölu slíkra verðbréfa. Hér væri um sérhæfða þjónustu að ræða sem væri veruleg trygging fyrir aðila að Verðbréfaþingi Íslands og almenna kaupendur markaðsverðbréfa og að bréfin væru gallalaus. Gert væri ráð fyrir því að Seðlabanki Íslands gæti sett nánari reglur um gerð útboðsgagna markaðsverðbréfa umfram þær meginreglur sem settar væru í greininni. Seðlabankinn gæti einnig ákveðið fyrsta söludag einstakra flokka markaðsverðbréfa (emission control) í því skyni að koma í veg fyrir óeðlilegar sveiflur í framboði nýrra verðbréfa á markaðinum. Reglur um slíkt tíðkuðust víða, en óheppilegt gæti verið að láta útgáfu fleiri en eins flokks markaðsverðbréfa bera að á sama tíma. Ákvæði þetta girti ekki fyrir sölu einstakra verðbréfa sem fram færu án þess að um almennt söluútboð væri að ræða, svo sem sölu fyrirtækja á eigin hlutabréfum eða verðbréfum. Gert væri ráð fyrir að ríkissjóður og stofnanir, sem gæfu út verðbréf með ríkisábyrgð, önnuðust útboð markaðsverðbréfa sem þessir aðilar gæfu út, en þar væri um mjög stóran hluta af heildarframboði verðbréfa að ræða.[2]

Í athugasemdum við 2. mgr. 15. gr. sagði að það væri ákvæði um tilkynningarskyldu verðbréfafyrirtækis til Seðlabanka Íslands um sölu einstakra flokka markaðsverðbréfa. Sama gilti um önnur útboð markaðsverðbréfa svo sem útboð ríkissjóðs eftir því sem við ætti, þ.e. í tilvikum þar sem Seðlabankinn sjái ekki um útboð ríkisskuldabréfa. Sú skylda væri lögð á Seðlabankann að birta reglulega þær upplýsingar sem hann fengi samkvæmt þessari grein.[3]

2.1.4 Lög nr. 9/1993, um verðbréfaviðskipti

Lög nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti, voru felld úr gildi með lögum nr. 9/1993 um sama efni. Í hinum nýju lögum kom inn svohljóðandi skilgreining á hugtakinu almennt útboð í 1. gr. laganna: „... útboð samkynja verðbréfa sem boðin eru almenningi til kaups með almennri og opinberri auglýsingu eða kynningu með öðrum hætti sem jafna má til opinberrar auglýsingar."

Í athugasemdum við frumvarp það, sem varð að lögum nr. 9/1993, kom fram að skilgreining á hugtakinu væri ný í lögum hér á landi en hugtakið hafi verið skilgreint í reglum Seðlabanka Íslands frá 1990 um gerð útboðsgagna vegna almennra útboða markaðsverðbréfa og um fyrsta söludag einstakra verðbréfaflokka skv. 15. gr. laga nr. 20/1989. Í þeim reglum væri almennt útboð skilgreint sem útboð markaðsverðbréfa sem beint væri til almennings og einnig öll útboð nýs hlutafjár í hlutafélagi þar sem hluthafar væru 50 eða fleiri. Í frumvarpi þessu hafi verið fallið frá að nota hugtakið „markaðsverðbréf" líkt og gert hafi verið í fyrri lögum. Þrátt fyrir það væri gert ráð fyrir því að við almenn útboð verði fleiri en eitt samkynja verðbréf boðin almenningi með þeim hætti sem lýst væri í þessum tölulið. Nánari ákvæði um framkvæmd almennra útboða væri að finna í 17. gr. frumvarpsins.[4]

Ákvæðið sem fjallaði um almennt útboð verðbréfa breyttist nokkuð frá 15. gr. laga nr. 20/1989, en það mátti að hluta rekja til frumvarps til laga um Verðbréfaþing Íslands sem lagt var fram samhliða þessu frumvarpi. Í hinu nýja frumvarpi, sem varð að lögum nr. 9/1993, var fjallað um almenn útboð í 17. gr.

---

[2] Alþt. 1988–1989, A-deild, bls. 19.
[3] Alþt. 1988–1989, A-deild, bls. 19.
[4] Alþt. 1992–1993, A-deild, bls. 411.

Breytingar sem gerðar voru á 1. mgr. voru þær að fallið var frá notkun hugtaksins „markaðsverðbréf“ og tók ákvæðið nú til allra verðbréfa sem boðin voru almenningi með almennu útboði. Þá var felld brott heimild hlutafélaga til að annast sjálf útboð. Að fenginni reynslu þótti rétt að sú heimild félli brott og í stað hennar kæmu skýrar reglur sem giltu um öll almenn útboð. Meginreglan samkvæmt ákvæðinu varð því sú að almenn útboð færu fram fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækja nema lög kvæðu á um annað, sbr. einnig 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins. Loks var tilkynningarskylda um fyrirhuguð útboð verðbréfa færð frá Seðlabanka Íslands til Verðbréfaþings Íslands sem setja skyldi nánari reglur í þessu sambandi. Var þessi breyting í samræmi við ákvæði frumvarps til laga um Verðbréfaþing Íslands sem gerði ráð fyrir auknu vægi og sjálfstæði þingsins.[5]

Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. fékk Seðlabanki Íslands heimild til að setja nánari reglur um fyrsta söludag einstakra útboða í því skyni að koma í veg fyrir sveiflur í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðinum, sem var sambærilegt heimild bankans skv. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 20/1989. Þó var ekki gert ráð fyrir því að bankinn setti með þessum reglum ákvæði um gerð útboðsgagna en slík heimild fælist efnislega í 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins og var flutt til viðkomandi verðbréfamarkaðar samkvæmt því ákvæði. Þessi breyting var í samræmi við það sem sagði um Verðbréfaþing Íslands í athugasemdum við 1. mgr. 17. gr.[6]

Miklar breytingar voru lagðar til í 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins og hefðu þær breytingar haft mikil áhrif, hefðu þær náð fram að ganga. Svo varð þó ekki og var ákvæðið tekið út í meðförum efnahags- og viðskiptanefndar á frumvarpinu.[7] Skv. 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins skyldu verðbréf í almennu útboði skráð á opinberum verðbréfamarkaði samkvæmt reglum sem þar gilda um skráningu verðbréfa. Þetta var grundvallarbreyting frá fyrri lögum um sama efni þar sem ekkert var mælt fyrir um slíka skyldu.

Í athugasemdum við frumvarpið sagði að ákvæði 3. mgr. 17. gr. væri m.a. ætlað að stuðla að virkari viðskiptum á opinberum verðbréfamarkaði hér á landi en þróun þeirra hefði verið hægari en vonast hefði verið til. Þessi skipan væri í samræmi við tillögur ráðgjafarfyrirtækisins Enskilda Securities sem tvívegis hefði unnið að úttekt á verðbréfamarkaði hérlendis. Þá væri ákvæðinu einnig ætlað að auka öryggi einstakra fjárfesta. Væri talið eðlilegt að aðilar, sem veittur væri aðgangur að almenningi til að fjármagna starfsemi sína, virtu jafnframt þann rétt almennings að eiga greiðan aðgang að ítarlegum upplýsingum um viðkomandi verðbréf og útgefendur þeirra. Slík skipan væri ein af frumforsendum virks verðbréfamarkaðar. Ekki væri um skyldu til skráningar allra verðbréfa að ræða samkvæmt ákvæðinu heldur einungis þeirra sem boðin væru almenningi með almennu útboði. Eftir sem áður gætu útgefendur verðbréfa leitað fjármögnunar hjá þrengri hópi aðila án þess að um almennt útboð væri að ræða. Ekki væri skylt að skrá slík verðbréf á opinberum verðbréfamarkaði. Um nánari útfærslu á skráningu verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði færi eftir reglum sem settar yrðu af viðkomandi verðbréfamarkaði. Þar á meðal væru reglur um gerð útboðsgagna sem settar yrðu af stjórn Verðbréfaþings Íslands, en frumvarp til laga um starfsemi þess væri lagt fram samhliða þessu frumvarpi.[8] Þessi tillaga náði ekki fram að ganga þar sem efnahags- og viðskiptanefnd lagði til að gerðar yrðu þær breytingar á 17. gr. frumvarpsins að 3. mgr. félli brott. Nefndin taldi að með því væri verið að skerða verulega það valfrelsi sem útgefendur

[5] Alþt. 1992–1993, A-deild, bls. 418.
[6] Alþt. 1992–1993, A-deild, bls. 418.
[7] Alþt. 1992–1993, A-deild, bls. 2678.
[8] Alþt. 1992–1993, A-deild, bls. 418–419.

hefðu nú, auk þess sem heppilegra væri að skráning verðbréfa á opinberum verðbréfamarkaði mundi aukast samkvæmt þróun en ekki lögboði.[9]

Þess skal getið að einn nefndarmanna skilaði séráliti um 17. gr. í tillögum vinnuhóps að frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti og lagði til þá breytingu á tillögu vinnuhópsins að 3. mgr. 17. gr. yrði felld niður. Í sérálitinu segir m.a. að verði lögfest sú tillaga að bréf, sem boðin séu til sölu í almennu útboði, skuli skráð á opinberum verðbréfamarkaði, þ.e. Verðbréfaþinginu, megi segja að valfrelsi það sem útgefendur hafi nú væri skert verulega. Slík skráningarkvöð væri ekki fólgin í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið heldur sé þar þvert á móti gert ráð fyrir að unnt sé að gefa út bréf í almennu útboði án þess að þau séu tekin til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi, sjá III. þátt tilskipunar 89/298/EBE. Í sérálitinu kemur fram að vel sé hægt að fallast á það sjónarmið að æskilegt væri að sem flestir verðbréfaflokkar, sem boðnir væru almenningi til kaups, séu skráðir á opinberu verðbréfaþingi. En þróun í þá átt eigi að eiga sér stað ef og þegar aðilar á markaðinum sjái sér hag í því en ekki með lögboði. Ef kaupendur verðbréfa leggja mikið upp úr opinberri skráningu vegna reglulegra upplýsinga um markaðsverð og um hag útgefanda sem hún tryggir þeim munu þeir einkum kaupa skráð bréf og útgefendur þá sækjast eftir skráningu. Enn fremur kemur fram að frá sjónarhóli Verðbréfaþings sé æskilegt að fá sem flesta verðbréfaflokka á skrá en þingið eigi ekki að þurfa að fá bréfin á silfurfati frá löggjafanum heldur sé því hollt að þurfa að sýna fram á ágæti skráningar. Það sé rétt sem komi fram í greinargerð um 17. gr. að skýrsla Enskilda um verðbréfamarkaðinn á Íslandi, sem birt var árinu áður, hafi falið í sér tillögu um skráningarskyldu allra verðbréfa sem boðin væru í almennu útboði. Í viðræðum við sérfræðinga Enskilda sem sömdu skýrsluna hafi hins vegar komið fram að þeir vissu ekki um neitt land þar sem slíkt væri boðið með lögum.[10]

Ákvæði 4. mgr. 17. gr. eins og það leit út í frumvarpinu var efnislega óbreytt frá 2. mgr. 15. gr. gildandi laga, um tilkynningarskyldu við lok sölu eða í lok hvers ársfjórðungs væri hann fyrr, að öðru leyti en því að tilkynningarskyldan fluttist frá Seðlabanka Íslands til Verðbréfaþingsins.[11]

2.2 Gildandi réttur

2.2.1 Almennt

Í gildandi íslenskum rétti er vikið að almennum útboðum í lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, og reglugerð nr. 505/1993, um almennt útboð verðbréfa, og reglum Seðlabanka Íslands nr. 253/1996, um fyrsta söludag almennra útboða. Einnig hefur Verðbréfaþing Íslands hf. sett reglur með stoð í 20. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, þ.e. reglur VÞÍ nr. 6/1999, um gerð útboðsgagna og aðdraganda almenns útboðs verðbréfa. Hér á eftir verður stuttlega gerð grein fyrir meginatriðum framangreindra laga og reglna.

2.2.2 Lög nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti

Um aðdraganda laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, er það að segja að í mars 1994 skipaði viðskiptaráðherra fastan vinnuhóp vegna málefna verðbréfamarkaðarins og Evrópska efnahagssvæðisins og skilaði sá vinnuhópur af sér frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti, sem síðar varð að lögum nr. 13/1996. Frumvarpið var þáttur í aðlögun íslensks réttar að

---

[9] Alþt. 1992–1993, A-deild, bls. 2678 og 2680.
[10] Alþt. 1992–1993, A-deild, bls. 426.
[11] Alþt. 1992–1993, A-deild, bls. 419.

ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með því að lögfesta efni tilskipana ráðsins 93/6/EBE frá 15. mars 1993, um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana, og 93/22/EBE frá 10. maí 1993, um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta.[12]

Í lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, eru ekki ítarleg ákvæði um almennt útboð verðbréfa en að því er vikið í tveimur greinum, þ.e. 4. tölul. 2. gr. og 20. gr. laganna.

Í 4. tölul. 2. gr. er svohljóðandi skilgreining á hugtakinu almennt útboð verðbréfa:

> Sala samkynja verðbréfa sem boðin eru almenningi til kaups í fyrsta sinn með almennri og opinberri auglýsingu eða kynningu með öðrum hætti sem jafna má til opinberrar auglýsingar.

Almennt útboð verðbréfa var skilgreint í upphaflega frumvarpinu sem „sala *nýrra* samkynja verðbréfa sem boðin eru almenningi til kaups með almennri og opinberri auglýsingu eða kynningu með öðrum hætti sem jafna má til opinberrar auglýsingar".

Í athugasemdum við frumvarp það, sem varð að lögum nr. 13/1996, kemur fram að skilgreiningin sé nokkuð breytt frá því sem verið hafi samkvæmt fyrri lögum. Breytingin felist í því að hér sé gert ráð fyrir að almennt útboð eigi einungis við um sölu nýrra verðbréfa, svonefnda frumsölu, í stað þess sem verið hafi, að öll verðbréf sem boðin hafa verið almenningi *til kaups með opinberri auglýsingu eða annarri sambærilegri kynningu hafa verið talin* almenn útboð. Reynslan hafi sýnt að núverandi framkvæmd og skilgreining hafi í fjölda tilvika reynst óþarflega íþyngjandi fyrir seljendur áður útgefinna verðbréfa auk þess sem deilt hafi verið um hvort hagsmunir verðbréfamarkaðarins í heild krefðust svo víðtækrar skilgreiningar á almennum útboðum. Í greinargerð með frumvarpinu er lagt til að megináherslan verði lögð á að þeir sem hyggist afla sér nýs fjármagns með sölu verðbréfa til almennings fullnægi tilteknum lágmarkskröfum um upplýsingar til almennings líkt og verið hafi. Þá er lagt til að nánar verði kveðið á um framkvæmd almennra útboða með reglugerð.

Skilgreiningunni var breytt í meðförum Alþingis við meðferð frumvarpsins 1996 á þá leið að bæta því inn að almennt útboð væri sala samkynja verðbréfa sem boðin væru almenningi til kaups *í fyrsta sinn* með almennri opinberri auglýsingu eða kynningu með öðrum hætti sem jafna má til opinberrar auglýsingar. Auk var bætt aftan við skilgreininguna *enda séu verðbréf í sama flokki ekki skráð á skipulegum verðbréfamarkaði*. Voru breytingarnar útskýrðar svo í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar að þær væru gerðar til að utan slíks útboðs mundu falla verðbréf í sama flokki sem þegar væru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.[13]

Skilgreiningunni var breytt á ný vorið 2000, þar sem lagt var til að almennt útboð yrði skilgreint sem „sala samkynja verðbréfa sem boðin eru almenningi til kaups í fyrsta sinn með almennri og opinberri auglýsingu eða kynningu með öðrum hætti sem jafna má til opinberrar auglýsingar" þannig að felldur var brott síðasti liður skilgreiningarinnar „enda séu verðbréf í sama flokki ekki skráð á skipulegum verðbréfamarkaði". Í athugasemdum við lagafrumvarpið segir að í núgildandi skilgreiningu sé gengið skrefi lengra en í þeim reglum er varði opinbera skráningu verðbréfa og séu grunnur reglna Verðbréfaþings Íslands hf. í þessu efni. Skilgreiningin gefi til kynna að þau verðbréf sem þegar séu skráð í kauphöll skuli undanþegin útboðsreglunum. Ef aðrar reglur séu skoðaðar sem um þessi mál fjalla komi í ljós að það sé ekki ætlunin að skráð verðbréf verði undanþegin reglunni um almennt útboð. Því sé ljóst að núgildandi lagagrein sé til þess fallin að ýta undir misskilning í þessu efni og þyki

---

[12] Alþt. 1995–1996, A-deild, bls. 903.
[13] Alþt. 1995–1996, A-deild, bls. 3055 og 3058.

því rétt að henni sé breytt í samræmi við þær reglur sem almennt gilda á þessu sviði.[14]

Í 20. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, segir orðrétt svo:

> Almennt útboð verðbréfa, annarra en ríkisskuldabréfa, skuldabréfa með ríkisábyrgð og ríkisvíxla, skal fara fram fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækja skv. 8. gr. eða annarra aðila sem til þess hafa heimild í lögum. Almennt útboð verðbréfa skal tilkynna til Verðbréfaþings Íslands eigi síðar en viku fyrir upphaf sölu ásamt upplýsingum um öll helstu einkenni útboðsins í samræmi við reglur sem stjórn Verðbréfaþingsins setur um gerð útboðsgagna og aðdraganda útboðs.
>
> Seðlabanki Íslands getur sett nánari reglur[1)] um fyrsta söludag einstakra almennra útboða í því skyni að draga úr sveiflum í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðinum.
>
> Við lok sölu eða í lok hvers ársfjórðungs, sé hann fyrr, skal verðbréfafyrirtæki eða annar aðili, sem hefur milligöngu um almennt útboð, tilkynna Verðbréfaþinginu um heildarsölu verðbréfa í almennu útboði á nafnverði og markaðsverði samkvæmt bestu fáanlegum upplýsingum og í lok hvers árs skal enn fremur tilkynna um útistandandi eftirstöðvar almenns útboðs. Verðbréfaþingið skal birta reglulega upplýsingar um verðbréf samkvæmt þessari grein.
>
> [1)] *Rg. 253/1996.*

Í athugasemdum við 20. gr. frumvarps þess, er varð að lögum nr. 13/1996, er greint frá því að áfram sé gert ráð fyrir þeirri meginreglu sem gilt hafi að almennt útboð fari fram fyrir milligöngu fjárfestingarfyrirtækja skv. 8. gr. frumvarpsins, þ.e. verðbréfafyrirtækja.[15] Hins vegar sé nú sérstaklega tekið fram að almennt útboð geti einnig farið fram fyrir milligöngu annarra aðila sem til þess hafi heimild í lögum. Sé þessi breyting fyrst og fremst tilkomin vegna þeirra breytinga á starfsheimildum viðskiptabanka og sparisjóða sem orðið hafi með gildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Einnig er bent á að heimildir til að annast almennt útboð verðbréfa eru ekki bundnar við þá innlendu aðila sem um ræðir heldur hafi erlendir aðilar sem heimild hafi til að stunda starfsemi hér á landi samkvæmt frumvarpinu eða lögum um viðskiptabanka og sparisjóði einnig heimild til að annast almennt útboð hér á landi, enda sé þeim heimilt að annast slíka þjónustu í heimaríki sínu.[16] Ákvæði 2. og 3. mgr. eru óbreytt frá gildandi lögum.

2.2.3 Reglugerð nr. 505/1993, um almennt útboð verðbréfa

Reglugerð nr. 505/1993, um almennt útboð verðbréfa, var sett með stoð í 38. gr. laga nr. 9/1993, um verðbréfaviðskipti (nú 58. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, sem felur í sér reglugerðarheimild til handa ráðherra). Með reglugerðinni hafa m.a. nokkur ákvæði tilskipunar 89/298/EBE verið innleidd í íslenskan rétt. Af reglugerðinni má ráða að almennt er litið svo á að útboð verðbréfa af hálfu útgefenda til almennings þarfnist ítarlegri reglna um upplýsingaskyldu og útboðsferli í ljósi þess um hversu breiðan hóp mögulegra fjárfesta er að ræða og aukinnar þarfar á vernd.

Samkvæmt 1. málsl. 1. gr. reglugerðarinnar er almennt útboð skilgreint sem útboð samkynja verðbréfa sem boðin eru almenningi til kaups með almennri og opinberri auglýsingu

---

[14] Alþt. 1999–2000, A-deild, 125. löggjafarþing, 420. mál, þskj. 683.

[15] „Fjárfestingarfyrirtæki" var breytt í meðförum Alþingis í „fyrirtæki í verðbréfaþjónustu". Sjá Alþt. 1995–1996, A-deild, bls. 3055.

[16] Alþt. 1999–2000, A-deild, 120. löggjafarþing, 97. mál, þskj. 102.

eða kynningu með öðrum hætti sem jafna má til opinberrar auglýsingar.

Í 2. málsl. 1. gr. segir að með samkynja verðbréfum sé átt við fleiri en eitt bréf í flokki bréfa, þar með talinna hlutabréfa, þar sem öll helstu einkenni flokksins eru hin sömu, þar á meðal nafn útgefanda (skuldara), fyrsti vaxtadagur og endurgreiðslu-, vaxta- og uppsagnarákvæði, eftir því sem við getur átt.

Í 2. gr. reglugerðarinnar kemur fram um hvaða tilvik reglugerðin gildi ekki. Er þar gerður greinarmunur annars vegar á undantekningum sem varða þá aðila sem útboð beinist að (1. tölul. 2. gr.) og hins vegar undantekningar sem varða eðli þeirra verðbréfa sem útboðið tekur til (2. tölul. 2. gr.). Undantekningar þessar taka mið af þeim sömu og eru í 2. gr. tilskipunar ráðsins 89/298/EBE, um samræmingu á kröfum við gerð, athugun og dreifingu á útboðslýsingu sem birta skal við almennt útboð framseljanlegra verðbréfa. Sjá nánar kafla 3.0 um rökin að baki undantekningum 2. gr. tilskipunarinnar, en þau rök eiga að sjálfsögðu einnig við um 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993.

Samkvæmt 2. gr. gildir reglugerðin ekki um:

1. Útboð þar sem eitt eða fleiri eftirtalinna tilvika eiga við:
   Hlutabréf eða samvinnuhlutabréf eru einungis boðin forgangsréttarhöfum í félagi og hömlur eru lagðar á viðskipti með bréfin.
   a. Verðbréf eru boðin tilgreindum afmörkuðum hópi aðila, án auglýsingar eða kynningar, sbr. 1. gr., enda sé hópurinn ekki stærri en 25 aðilar.
   b. Áætlað heildarsöluverð verðbréfanna nemur ekki meira en 5.000.000 kr.
   c. Hver fjárfestir þarf að reiða af hendi að minnsta kosti 5.000.000 kr. til kaupa á verðbréfunum.
2. Verðbréf af eftirfarandi gerðum:
   a. Verðbréf sem gefin eru út að áætluðu markaðsverði að minnsta kosti 5.000.000 kr. hvert.
   b. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða með starfsleyfi innan Evrópska efnahagssvæðisins.
   c. Verðbréf sem gefin eru út í tengslum við yfirtökutilboð.
   d. Verðbréf sem gefin eru út í tengslum við samruna fyrirtækja.
   e. Jöfnunarhlutabréf og önnur hlutabréf sem hluthafar fá afhent án endurgjalds.
   f. Hlutabréf eða verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa ef þau eru boðin í skiptum fyrir hlutabréf í sama félagi, ef boðið á hinum nýju verðbréfum hefur ekki í för með sér hækkun á hlutafé í félaginu.
   g. Verðbréf sem vinnuveitandi eða fyrirtæki tengt honum býður eingöngu núverandi eða fyrrverandi fastráðnum starfsmönnum sínum, eða verðbréf sem boðin eru fram í þágu þeirra.
   h. Verðbréf sem til eru komin vegna breytingar á breytanlegum skuldabréfum eða vegna þess að neytt er réttinda sem kaupréttur að hlut veitir, svo og hlutabréf sem boðin eru í skiptum fyrir skiptanleg skuldabréf, enda hafi útboðs- eða skráningarlýsing á hinum breytanlegu eða skiptanlegu skuldabréfum, eða þeim skuldabréfum sem kaupréttur að hlut fylgir, verið gefin út á Íslandi.
   i. Verðbréf sem gefin eru út af lögaðilum sem ekki eru reknir í hagnaðarskyni í þeim tilgangi að afla fjár til framdráttar markmiðum sínum, sem ekki lúta að hag sjálfra lögaðilanna.

Útboðstímabilið er að hámarki sex mánuðir, nema stjórn Verðbréfaþings heimili annað, og skal tilgreint í útboðslýsingu, sbr 3. gr. Skv. 4. gr. breytast allar upphæðir í reglugerðinni í samræmi við breytingu á skráðu opinberu viðmiðunargengi (kaupgengi) Seðlabanka Íslands

á evrópskri mynteiningu (ECU) frá því sem var 1. júlí 1993, 81,60. Skv. 2. mgr. 5. gr. gilda um gerð útboðsgagna og aðdraganda útboðs reglur sem stjórn Verðbréfaþings Íslands setur. Þá gilda um fyrsta söludag einstakra útboða reglur sem Seðlabanki Íslands setur.

2.2.4 Reglur Verðbréfaþings Íslands nr. 6/1999

Samkvæmt gildandi rétti er það Verðbréfaþing Íslands hf. (VÞÍ) sem hefur eftirlit með gerð útboðsgagna og aðdraganda almenns útboðs verðbréfa, sbr. reglur VÞÍ nr. 6/1999 um gerð útboðsgagna og aðdraganda almenns útboðs verðbréfa. Reglur þessar eru settar með stoð í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/1993 þar sem segir að um gerð útboðsgagna og aðdraganda útboðs gildi reglur sem stjórn Verðbréfaþings Íslands setur. Skv. 2. mgr. 2. gr. reglna VÞÍ nr. 6/1999 skal Verðbréfaþing Íslands hf. gera forathugun á útboðslýsingum sem nefndar eru í 8. gr., jafnvel þótt ekki sé óskað eftir opinberri skráningu á þinginu. Tilvitnuð 8. gr. er í III. kafla reglnanna, sem fjallar um efni og tilhögun við dreifingu útboðslýsingar fyrir verðbréf sem sótt er um að tekin verði til opinberrar skráningar á þinginu. Er 8. gr. samhljóða 11. gr. tilskipunar 89/298/EBE.

Samkvæmt framansögðu er gert ráð fyrir eftirlitshlutverki VÞÍ varðandi almenn útboð verðbréfa sem ekki er sótt um skráningu fyrir á VÞÍ. Þá athugasemd má gera við þetta fyrirkomulag að VÞÍ er nú rekið sem hlutafélag í einkaeigu, en er ekki lengur sjálfseignarstofnun. Mætti því halda því fram að eðlilegra væri að þetta hlutverk væri í höndum Fjármálaeftirlitsins. Sjá nánar kafla 5.0.

Í I. kafla reglnanna eru almenn ákvæði. Skv. 1. gr. gilda þær um gerð útboðsgagna og aðdraganda almenns útboðs verðbréfa. Vísað er til laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, og reglugerðar nr. 505/1993, um almenn útboð verðbréfa varðandi skilgreiningu á almennu útboði.

Í 2. gr. segir að öll útboð á Íslandi á verðbréfum til almennings, sem reglurnar fjalli um, skuli háð því að sá sem býður þau fram gefi út útboðslýsingu. Þá segir að Verðbréfaþing Íslands hf. skuli gera forathugun á útboðslýsingum sem nefndar séu í 8. gr., jafnvel þótt ekki sé óskað eftir opinberri skráningu á þinginu. Sé um að ræða hluta af útgáfu, þar sem áður hafi verið birt útboðslýsing, sé ekki þörf á nýrri útboðslýsingu, nema liðnir séu meira en 12 mánuðir frá útgáfu, eða orðið hafi breytingar á högum útgefanda, sem ætla megi að hafi áhrif á markaðsverð verðbréfanna. Ef tæmandi útboðslýsing hafi birst á Íslandi á næstliðnum 12 mánuðum þurfi aðeins að tilgreina í næstu útboðslýsingu, er varði önnur verðbréf sama útgefanda, þær breytingar sem hafi orðið síðan hin tæmandi útboðslýsing var birt og áhrif gætu haft á verðmæti verðbréfanna, svo og upplýsingar um bréfin sem fram séu boðin. Hin tæmandi útboðslýsing skuli þó fylgja með þegar hin nýja er birt eða vísað til hennar.

Í 1. tölul. 3. gr. kemur fram að tíu dögum áður en áformað er að birta útboðslýsingu skv. 7. eða 8. gr. skuli auglýsingar, tilkynningar, veggspjöld og gögn, sem tilkynna hið almenna útboð, send Verðbréfaþingi Íslands hf. Í gögnum þessum skuli þess getið að útboðslýsing sé til og hvar hún sé birt. Þá segir í 2. tölul. 3. gr. að útboðslýsingin skuli birtast annaðhvort í einu eða fleiri dagblöðum sem dreift er um allt Ísland, eða í ókeypis bæklingi, eða bréfamöppu með ritum sem jafngild eru þeim upplýsingum sem óskað er, sem aðgengileg eru almenningi á Íslandi og á skráðri skrifstofu þess sem sér um útboðið og á skrifstofum fjármálastofnana sem sjá um greiðslur fyrir hann á Íslandi. Í 3. tölul. 3. gr. kemur fram að birta skuli auglýsingu í einu eða fleiri dagblöðum, sem dreift er um allt Ísland, þar sem fram koma eftirfarandi atriði: Heiti útgefanda, tegund útboðs, útboðstímabil, heildarfjárhæð sem boðin er út, fjármálastofnanir sem taka við áskriftum almennings og hvar nálgast má útboðslýsingu skv. 2. tölul. Loks segir að geta skuli um hvern þátt og leiðrétta alla ónákvæmni í útboðs-

lýsingu, sem máli skiptir og áhrif gæti haft á mat á verðbréfunum, sem upp kunna að koma, eða veitt er athygli frá því að útboðslýsing er birt og þar til hinu almenna útboði er endanlega lokið, í viðbæti við útboðslýsingu sem birta skal án ástæðulauss dráttar og senda þinginu til skoðunar, eða gera aðgengilega almenningi samkvæmt kröfum sem ekki eru minni en þær sem gerðar voru í upphaflegri útboðslýsingu.

Samkvæmt 4. gr. ákveður stjórn þingsins þóknun vegna athugunar á útboðslýsingu í gjaldskrá þingsins. Þóknun greiðist þegar útboðslýsing er afhent til athugunar og er óafturkræf.

Í 5. gr. segir að stjórn þingsins geti veitt undanþágu að hluta eða öllu leyti frá því að birta útboðslýsingu þegar svo háttar að verðbréfin, sem boðin eru almenningi, eru skuldabréf eða önnur verðbréf, sem eru ígildi skuldabréfa, gefin út reglulega eða hvað eftir annað af innlánsstofnunum, sem birta reglulega ársreikninga sína og sem eru stofnaðar með sérlögum eða eru háðar opinberu eftirliti sem ætlað er að gæta hagsmuna sparifjáreigenda.

Í 6. gr. kemur fram að við lok sölu eða í lok hvers ársfjórðungs, sé hann fyrr, skuli verðbréfafyrirtæki eða annar aðili, sem hefur milligöngu um almennt útboð, tilkynna þinginu um heildarsölu verðbréfa í útboði á nafnverði og markaðsverði samkvæmt bestu fáanlegum upplýsingum. Í lok hvers árs skuli enn fremur tilkynna um útistandandi eftirstöðvar útboðs. Þingið skal birta reglulega upplýsingar um verðbréf samkvæmt þessari grein.

II. kafli reglnanna fjallar um efni og tilhögun við athugun og dreifingu útboðslýsingar fyrir verðbréf sem sótt er um að tekin verði til opinberrar skráningar á þinginu. Þar segir í 7. gr. að um efni og tilhögun útboðs verðbréfa, sem sótt er um að skráð verði á þinginu, fari eftir reglum Verðbréfaþings Íslands hf.

III. kafli fjallar um efni og tilhögun við dreifingu útboðslýsingar fyrir verðbréf sem ekki er sótt um að tekin verði til opinberrar skráningar á þinginu. Ákvæði 8. gr. er samhljóða 11. gr. tilskipunar 89/298/EBE og 9. gr. tekur upp efni 13. gr. sömu tilskipunar.

Í IV. kafla eru önnur ákvæði. Þar segir í 10. gr. að telji þingið upplýsingar í útboðslýsingu ónógar eða villandi skuli þeim aðila er stendur að hlutaðeigandi útboði gerð grein fyrir því a.m.k. fjórum dögum fyrir fyrsta söludag. Ef ekki hafi borist viðhlítandi leiðréttingar tveimur dögum fyrir fyrsta söludag skuli þingið útbúa fréttatilkynningu sem birt skal áður en sala hefst þar sem vakin er athygli á þeim atriðum er teljast ónákvæm eða villandi. Í 11. gr. kemur fram að þingið geti viðurkennt útboðslýsingu um almennt útboð sem samþykkt hefur verið af opinberri kauphöll á Evrópska efnahagssvæðinu enda fylgi með upplýsingar um íslenska markaðinn, svo sem um skattamál, fjármálastofnanir sem annast greiðslur o.fl. Þingið geti krafist að útboðsgögn séu á íslensku og í fullu samræmi við útboðslýsingu sem samþykkt hefur verið af opinberri kauphöll í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

2.2.5 Reglur nr. 253/1996, um fyrsta söludag almennra útboða verðbréfa

Seðlabanki Íslands hefur á grundvelli heimildar í 20. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, sett reglur um fyrsta söludag einstakra almennra útboða verðbréfa í því skyni að draga úr sveiflum í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðinum.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. reglnanna skal útgefandi (skuldari) eða verðbréfafyrirtæki sem annast almennt útboð, tilkynna Seðlabankanum, lögfræðideild, með fyrirvara sem sé a.m.k. fjórir heilir afgreiðsludagar banka, um upphaf sölu ásamt upplýsingum um öll helstu einkenni útboðsins á sérstöku eyðublaði sem liggur frammi í afgreiðslu bankans. Sé almennt útboð selt í fleiri en einum áfanga skal lýsa áformuðum áföngum og tilkynna síðan um fyrsta söludag í síðari áföngum með sama hætti og tilkynnt var um fyrsta söludag í fyrsta áfanga. Seðlabankanum er heimilt að breyta dagsetningum útgefenda eða verðbréfafyrirtækja með tilliti til aðstæðna á peningamarkaði. Þá segir í 2. mgr. 1. gr. að Seðlabankinn tilkynni útgefanda

eða verðbréfafyrirtæki, að höfðu samráði við Verðbréfaþing Íslands, um heimilaðan fyrsta söludag (í hverjum áfanga), með minnst eins dags fyrirvara hafi útboðsgögnin þá verið fullbúin.

2.2.6 Opinber skráning verðbréfa í kauphöll

Í IV. kafla laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, eru reglur um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll. Í reglugerð nr. 434/1999, um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll, sem sett er með stoð í 42. gr. kauphallarlaga, eru nánari fyrirmæli um þessa opinberu skráningu. Í VII. kafla reglugerðarinnar og viðaukum við hana eru m.a. nánari reglur um skráningarlýsingar verðbréfa í kauphöll. Reglugerðin er sett í samræmi við ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar og miðar að því að fella inn í EES-samninginn og taka upp í innlendan rétt ákvæði eftirtalinna tilskipana: 1) Tilskipunar ráðsins 79/279/EBE til samræmingar á skilmálum fyrir opinberri skráningu verðbréfa í kauphöll, eins og henni var breytt með tilskipun 88/627/EBE, 2) tilskipunar ráðsins 80/390/EBE til samræmingar á kröfum um gerð, athugun og dreifingu á skráningarlýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru tekin til opinberrar skráningar í kauphöll, eins og henni var breytt með tilskipun 87/345/EBE og 3) tilskipunar 94/18/EBE.

Þegar verðbréf eru tekin til skráningar í kauphöll með þeim hætti sem reglugerð nr. 434/1999 mælir fyrir um liggja fyrir þær upplýsingar um verðbréf sem fjárfestar þurfa að hafa aðgang að til þess að geta metið áhættuna sem felst í fjárfestingunni og taka ákvarðanir um að fjárfesta út frá þekkingu á staðreyndum.

3.0 EES-RÉTTUR

3.1 Almennt

Tilskipun ráðsins 89/298/EBE, um samræmingu á kröfum við gerð, athugun og dreifingu á útboðslýsingu sem birta skal við almennt útboð framseljanlegra verðbréfa, er ætlað að taka til almenns útboðs verðbréfa sem ekki á að taka til skráningar á verðbréfaþingi. Í formála tilskipunarinnar kemur fram að fjárfesting í framseljanlegum verðbréfum hafi, eins og önnur fjárfesting, í för með sér áhættu. Til að vernda fjárfesta sé nauðsynlegt að þeim sé gert kleift að meta þá áhættu rétt og taka ákvarðanir í fjárfestingarmálum út frá þekkingu á staðreyndum.

Í formálanum segir enn fremur að fullnægjandi og réttar upplýsingar um framseljanleg verðbréf og útgefendur þeirra veiti þeim sem fjárfesta vernd. Slíkar upplýsingar auki enn fremur traust manna á framseljanlegum verðbréfum og stuðli þar með að eðlilegri starfsemi og uppbyggingu markaða með framseljanleg verðbréf.

Þá segir að tilskipun ráðsins 89/298/EBE samræmi þær upplýsingar sem birta skuli þegar verðbréf séu tekin til skráningar á verðbréfaþingi og varði eðli framboðinna verðbréfa, svo og útgefendur þeirra, og geri fjárfestum kleift að leggja mat, sem byggist á þekkingu, á eignir, skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu, framtíðarhorfur útgefenda svo og réttindi sem fylgja verðbréfunum.

Í slíkri upplýsingastefnu felist enn fremur að þegar framseljanleg verðbréf eru boðin almenningi í fyrsta sinn í aðildarríki, hvort sem útgefandi býður þau fram eða þau eru boðin út fyrir hans hönd eða fyrir hönd þriðja aðila og hvort sem þau eru síðan skráð eða ekki, verði að veita fjárfestum aðgang að útboðslýsingu sem veiti slíkar upplýsingar. Einnig sé nauðsynlegt að samræma innihald slíkra útboðslýsinga til að fram náist lágmarksöryggi sambærilegt því sem fjárfestum sé veitt í öðrum aðildarríkjum.

3.2 Undantekningar

Ýmsar undantekningar eru frá meginreglunni um gerð útboðslýsingar við útboð verðbréfa. Ljóst er að skilyrðislaus regla um slíkt gæti verið of íþyngjandi í ýmsum tilvikum, enda þótt tilgangurinn sé að vernda fjárfesta. Ávallt geta komið takmarkatilvik þar sem þau sjónarmið, sem liggja að baki verndinni, eiga ekki vel við.

Í 2. gr. tilskipunarinnar er með sama hætti og greint hefur verið frá varðandi íslenskan rétt tvenns konar undanþágur á útboðum, þ.e. annars vegar á undantekningar sem varða þá aðila sem útboð beinist að (1. tölul. 2. gr.) og hins vegar undantekningar sem varða eðli þeirra verðbréfa sem útboðið tekur til (2. tölul. 2. gr.).

3.2.1 Útboð sem tilskipunin gildir ekki um

Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir verður gerð grein fyrir helstu sjónarmiðum sem búa að baki undantekningunum 1. tölul. 2. gr. tilskipunarinnar. Jafnframt verður til samanburðar vikið að því hvernig undantekningar þessar hafa verið innleiddar í íslenskan rétt, þ.e. reglugerð nr. 505/1993.

a) Þegar framseljanleg verðbréf eru boðin mönnum í tengslum við iðngrein þeirra, atvinnu eða störf

Þetta ákvæði tilskipunarinnar hefur ekki verið tekið upp með beinum hætti í íslenskan rétt. Í a-lið 1. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993 segir: Hlutabréf eða samvinnuhlutabréf eru einungis boðin forgangsréttarhöfum í félagi og hömlur eru lagðar á viðskipti með bréfin.

Hér er aðstaðan sú að félag er stofnað af lokuðum hópi fjárfesta þar sem meiningin er ekki sú að fara út fyrir hópinn með sölu hlutafjár. Hér er því ekki nauðsynlegt að vernda almenning sérstaklega enda er ekki hætta á því að almenningi verði boðið að kaupa hlutabréf í félaginu.

b) Þegar framseljanleg verðbréf eru boðin takmörkuðum hópi manna

B-liður 1. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993: Verðbréf eru boðin tilgreindum afmörkuðum hópi aðila, án auglýsingar eða kynningar, sbr. 1. gr., enda sé hópurinn ekki stærri en 25 aðilar.

Ljóst er að það væri of íþyngjandi ef ávallt væri skylda til að útbúa útboðslýsingu þegar einstaklingi eða lögaðila væri veittur kostur á að kaupa framseljanleg verðbréf. Tilskipun 89/298/EBE miðar fyrst og fremst að því að vernda almenning í verðbréfakaupum og gildir um framseljanleg verðbréf sem boðin eru almenningi í fyrsta sinn í aðildarríki, enda séu þau ekki þegar skráð á verðbréfaþingi sem staðsett er eða starfrækt í því aðildarríki, sbr. 1. gr. tilskipunar 89/298/EBE. Almenningur telst ekki til takmarkaðs hóps manna. Hins vegar er talið að félögum eigi að gefast kostur á að fá fjármagn inn í reksturinn með því að leita til takmarkaðs hóps manna án þess gera útboðslýsingu. Almennt er ráð fyrir því gert að í slíkum tilvikum þekki menn oft til rekstursins, séu annaðhvort tengdir inn í rekstur félagsins eða séu fagfjárfestar sem ættu að geta metið þá áhættu sem felst í fjárfestingunni. Það er þó álitamál hvar mörkin liggja milli takmarkaðs hóps manna og almennings. Sú viðmiðun b-liðar 1. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993, að miða við 25 manna hóp, var upphaflega fengin með skírskotun til laga nr. 9/1984, um skattfrádrátt vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.

c) Þegar heildarsöluverð hinna framseljanlegu verðbréfa nemur ekki meira en 40.000 evrópskum mynteiningum (EUR)

C-liður 1. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993: Áætlað heildarsöluverð verðbréfanna nemur ekki meira en 5.000.000 kr.

Þegar lagt er í „minni" útboð verðbréfa og ekki eru hærri fjárhæðir í boði en 40.000 evrur þykir ekki rétt að skylda menn að gera útboðslýsingu þegar borinn er saman annars vegar kostnaðurinn sem er því samfara og hins vegar þeir hagsmunir sem í húfi eru. Þetta hagsmunamat leiðir til þess að finna þarf tiltekin mörk svo að reglur verði ekki óþarflega íþyngjandi. Í tilskipuninni hafa þessi mörk verið ákveðin við 40.000 evrur.

d) Þegar hver fjárfestandi þarf að reiða af hendi a.m.k. 40.000 evrópskar mynteiningar (EUR) til að festa kaup á þeim

D-liður 1. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993: Hver fjárfestir þarf að reiða af hendi að minnsta kosti 5.000.000 kr. til kaupa á verðbréfunum.

Það sjónarmið liggur hér að baki að fjárfestar sem geta fjárfest fyrir svo háa upphæð séu sjálfir færir um það að gæta hagsmuna sinna og meta fjárfestinguna.[17] Oftast væri um að ræða fyrirtæki eða fjársterka einstaklinga sem fjárfesta fyrir svo háar fjárhæðir. Almennt er talið að litlar líkur séu á að almenningur fjárfesti fyrir svo háar fjárhæðir.

3.2.2 Framseljanleg verðbréf sem tilskipunin gildir ekki um

Samkvæmt 2. tölul. 2. gr. tilskipunarinnar gildir hún ekki um þau tilvik sem að neðan greinir. Til samanburðar verður vikið að því hvernig undantekningar þessar hafa verið innleiddar í íslenskan rétt, þ.e. reglugerð nr. 505/1993.

a) Framseljanleg verðbréf sem boðin eru út á nafnvirði að minnsta kosti 40.000 evrópskar mynteiningar (EUR) hvert

A-liður 2. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993: Verðbréf sem gefin eru út að áætluðu markaðsverði að minnsta kosti 5.000.000 kr. hvert.

Hér eiga sömu rök við og gerð var grein fyrir í d-lið kafla 3.2.1 hér að framan.

b) Hlutdeildarskírteini sem gefin eru út af félögum um sameiginlega fjárfestingu nema aðgangur að þeim sé takmarkaður

B-liður 2. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993: Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða með starfsleyfi innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Hér verður að ætla að kröfur sem gerðar eru í lögum um verðbréfasjóði, þ.m.t. um upplýsingaskyldu, leiði til þess að ekki sé nauðsyn sérstakrar verndar umfram þær kröfur sem þar koma fram.

c) Framseljanleg verðbréf sem gefin eru út af ríki eða héraðs- eða sveitarstjórn aðildarríkis eða af opinberum alþjóðastofnunum sem eitt eða fleiri aðildarríki eiga aðild að

Þessa undantekningu er ekki að finna í reglugerðar nr. 505/1993, en er hins vegar tekin upp í 20. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, að því er varðar ríkið.

Þau rök sem hér eiga við virðast við það miðuð að þessir aðilar séu almennt taldir fjársterkir og geti staðið við skuldbindingar sínar. Að mati nefndarinnar eiga þessi rök almennt

---

[17] NOU 1996:2, bls. 148.

við um ríkið, en deila má um hvort sveitarfélög hér á landi séu almennt nægilega fjársterk til þess að réttlætanlegt sé að undantekning sé gerð að því er þau varðar. Þess skal getið að í Noregi er einungis gerð undantekning varðandi ríkið. Í NOU 1996: - Verdipapirhandel, sagði að þörf væri á upplýsingum án tillits til útgefanda verðbréfa, en ástæða væri til að gera undanþágu um ríkið þar sem ríkið ætti ekki í greiðsluerfiðleikum („solvensproblemer ikke oppstår i forhold til staten"). Einnig mætti gera ráð fyrir því að ríkið hefði sjálft hag af því að koma upplýsingum á framfæri til markaðarins til þess að ná upp veltu í útboðinu. Þá væri undanþágan ekki raunhæf varðandi útboð hlutabréfa heldur útboð skuldabréfa.[18] Með hliðsjón af reglunni um bann við mismunun á EES-svæðinu var sú tillaga sett fram að undanþágan um útboðslýsingu varðandi útgáfu skuldabréfa næði einnig til annarra ríkja á EES-svæðinu.[19]

d) Framseljanleg verðbréf sem boðin eru út í tengslum við yfirtökuboð

C-liður 2. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993: Verðbréf sem gefin eru út í tengslum við yfirtökutilboð.

Ekki er um það deilt að hluthöfum er þörf á upplýsingum í tengslum við yfirtökuboð. Hins vegar er mælt fyrir um þessa réttarvernd hluthafa í öðrum lögum. Í 19. gr. laga nr. 34/1998 er fjallað um yfirtökuboð. Í 20. gr. er greint frá að þegar tilboð um yfirtöku á hlutum er sett fram sé skylt að semja og gera opinbert tilboðsyfirlit þar sem fram koma allar upplýsingar um tilboðsgjafa. Þar skuli koma fram til hvaða hlutabréfaflokka tilboðið taki, fjárhagsatriði þess, svo sem upplýsingar um grundvöll fyrir því verði sem boðið er, greiðsluskilmála og hvort greiða eigi með öðrum verðbréfum, svo og lágmark og hámark þess hlutafjár sem tilboðið taki til, auk annarra upplýsinga. Telja verður að sú vernd sem hluthöfum er veitt með þessum ákvæðum sé nægileg og komi í stað þeirrar verndar sem fælist í gerð útboðslýsingar við þessar aðstæður.

e) Framseljanleg verðbréf sem boðin eru út í tengslum við samruna fyrirtækja

D-liður 2. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993: Verðbréf sem gefin eru út í tengslum við samruna fyrirtækja.

Ákvæði um samruna almenningshlutafélaga er að finna í XIV. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Þar er mælt fyrir um ferlið þegar hlutafélagi er slitið án skuldaskila með þeim hætti að félagið er algerlega sameinað öðru félagi með yfirtöku eigna og skulda (samruni með yfirtöku) og þegar tvö eða fleiri hlutafélög renna saman í nýtt hlutafélag (samruni með stofnun), sbr. 119. gr. hfl.

Þar sem samruni hefur í för með sér mikla breytingu á réttarstöðu hluthafanna er eðlilegt að í lögum séu reglur sem miða að því að vanda undirbúning og ákvörðun um samruna og sem tryggja réttarstöðu hluthafanna.[20] Skv. 120. gr. hfl. skulu félagsstjórnir samrunafélaga gera og undirrita í sameiningu samrunaáætlun sem skal geyma upplýsingar og ákvæði um ýmislegt sem tengist samrunanum. Félagsstjórn í hverju félaganna um sig skal semja greinargerð þar sem samrunaáætlunin er skýrð og rökstudd, sbr. nánar 121. gr. hfl., og í hverju samrunafélaganna um sig skulu einn eða fleiri óháðir, sérfróðir matsmenn gera skýrslu um sam-

---

[18] NOU 1996:2, bls. 149.

[19] NOU 1996:2, bls. 149. Lögfest í Lov av 19. juni 1997 nr. 79 om verdipapirhandel (vphl), § 5-3, 1. mgr. 1. tölul.

[20] Stefán Már Stefánsson: Hlutafélög og einkahlutafélög, bls. 349.

runaáætlunina, sbr. 1. mgr. 7. gr. og 122. gr. hfl. Að mati nefndarinnar er sú vernd sem hluthöfum er tryggð með framangreindum ákvæðum nægileg.

f) Hlutabréf sem hluthafar fá afhent án endurgjalds

E-liður 2. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993: Jöfnunarhlutabréf og önnur hlutabréf sem hluthafar fá afhent án endurgjalds.

Sem dæmi um þetta tilvik má nefna að í 43. gr. hfl. er að finna heimild til hækkunar hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Einkenni jöfnunarhlutabréfa er að hluthafar þurfa ekki að greiða neitt fyrir þau og þess vegna verður ekki um neina eiginlega áskrift að ræða.[21] Hluthafafundur einn getur ákveðið hækkun hlutafjár, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta, sbr. þó 41. og 43. gr., sbr. 33. gr. hfl.

Líta verður svo á að útgáfa jöfnunarhlutabréfa falli utan við gildissvið tilskipunarinnar þar sem ekki er um að ræða neina eiginlega áskrift fyrir hluthafana, heldur er ákvörðun tekin með samþykki hluthafafundar (sjá þó undantekningar).[22] Í þessu tilviki er því ekki þörf á þeirri vernd hluthöfunum til handa sem efni tilskipunar 89/298/EBE fjallar um.

g) Hlutabréf eða framseljanleg verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa ef þau eru boðin í skiptum fyrir hlutabréf í sama félagi, ef boðið á hinum nýju verðbréfum hefur ekki í för með sér hækkun á hlutafé í félaginu

F-liður 2. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993: Hlutabréf eða verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa ef þau eru boðin í skiptum fyrir hlutabréf í sama félagi, ef boðið á hinum nýju verðbréfum hefur ekki í för með sér hækkun á hlutafé í félaginu.

h) Framseljanleg verðbréf sem vinnuveitandi eða fyrirtæki tengt honum býður starfsmönnum sínum eða fyrrverandi starfsmönnum eða sem boðin eru fram í þágu þeirra

G-liður 2. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993: Verðbréf sem vinnuveitandi eða fyrirtæki tengt honum býður eingöngu núverandi eða fyrrverandi fastráðnum starfsmönnum sínum, eða verðbréf sem boðin eru fram í þágu þeirra.

Telja verður í tilvikum sem þessum að stjórn félagsins hafi látið fara fram nægilegt mat á því á hvaða verði hlutabréfin verði boðin. Ætla má að oft væri um lítinn hluta af heildarhlutabréfum félags að ræða og því væri e.t.v. of íþyngjandi fyrir félög að uppfylla skyldu um útboðslýsingu.[23] Þá má gera ráð fyrir því að það hefði neikvæðar afleiðingar fyrir félagið og stjórnendur þess ef síðar kæmi í ljós að tilboðið væri ekki hagstætt fyrir starfsmenn. Um undanþágu þessa má þó deila þar sem oft gæti verið þörf á greinargóðum upplýsingum til handa væntanlegum kaupendum, þ.e. starfsmönnum. Menn greinir þó á um þetta atriði.[24]

---

[21] Stefán Már Stefánsson: Hlutafélög og einkahlutafélög, bls. 160.

[22] Sjá til hliðsjónar NOU 1996:2, bls. 149.

[23] NOU 1996:2, bls. 150.

[24] Sjá t.d. Knut Bergo: Børs- og verdipappirrett, bls. 376. Í Noregi eru þó gerðar auknar kröfur, tilboð til starfsmanna fellur einungis undir undanþáguna ef boðið er á sérstaklega góðum kjörum: „... selskabets ansatte om kjøp eller tegning på særlig gunstige vilkår av verdipapirer utstedt av selskabet ...". Einnig er sú krafa gerð til þess í norskum rétti að upplýsingar sem annars ættu að koma fram í útboðslýsingu séu aðgengilegar á vinnustað. Sjá grein 5-4 í verðbréfaviðskiptalögunum. Sjá einnig NOU 1996:2, bls 150.

i) Framseljanleg verðbréf sem til eru komin vegna breytingar á breytanlegum skuldabréfum eða vegna þess að neytt er réttinda sem kaupréttur að hlut veitir, svo og hlutabréf sem boðin eru í skiptum fyrir skiptanleg skuldabréf enda hafi útboðs- eða skráningarlýsing á hinum breytanlegu eða skiptanlegu skuldabréfum, eða þeim skuldabréfum sem kaupréttur að hlut fylgir, verið gefin út í því aðildarríki

H-liður 2. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993: Verðbréf sem til eru komin vegna breytingar á breytanlegum skuldabréfum eða vegna þess að neytt er réttinda sem kaupréttur að hlut veitir, svo og hlutabréf sem boðin eru í skiptum fyrir skiptanleg skuldabréf, enda hafi útboðs- eða skráningarlýsing á hinum breytanlegu eða skiptanlegu skuldabréfum, eða þeim skuldabréfum sem kaupréttur að hlut fylgir, verið gefin út á Íslandi.

Líta verður svo á að hér sé hagsmuna fjárfesta gætt þegar upphaflegu bréfin voru gefin út, enda er undanþágan háð því að birt hafi verið útboðslýsing við upphaflegu útgáfuna.

j) Framseljanleg verðbréf sem gefin eru út af samtökum með réttarstöðu lögaðila eða stofnunum, sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni og viðurkenndar eru af ríkisvaldinu, í þeim tilgangi að afla fjár til framdráttar markmiðum sínum, sem ekki lúta að hag þeirra sjálfra

I-liður 2. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993: Verðbréf sem gefin eru út af lögaðilum sem ekki eru reknir í hagnaðarskyni í þeim tilgangi að afla fjár til framdráttar markmiðum sínum, sem ekki lúta að hag sjálfra lögaðilanna.

Það sjónarmið hefur verið orðað að þeir sem hyggjast kaupa verðbréf sem gefin eru út af lögaðilum, sem ekki eru reknir í hagnaðarskyni í þeim tilgangi að afla fjár til framdráttar markmiðum sínum og lúta ekki hag þeirra sjálfra, kaupi verðbréfin í þeim tilgangi að styrkja málefnið sem lögaðilinn stendur fyrir en ekki einungis í hagnaðarskyni.[25] Undir þetta má taka. Þannig gæti það oft verið helsta ákvörðunarástæða kaupanna. Markmiðið með kaupunum er því ekki ávallt von um hagnað vegna hækkunar á gengi hlutabréfanna. Hafa verður þó í huga að mismunandi tilvik geta komið upp í þessu sambandi þar sem rökin að baki útboðslýsingu geta átt við, en það er þó matsatriði hverju sinni.[26]

k) Hlutabréf eða framseljanleg verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa, ef eign þeirra veitir eiganda rétt til að nýta sér þjónustu sem stofnanir, svo sem „building societies", „Crédits populaires", „Genossenschaftsbanken", „Industrial and Provident Societies", veita, eða til að gerast félagar í þeim

Þessa undantekningu er ekki að finna í reglugerð nr. 505/1993. Hún virðist sniðin að þörfum annarra EES-ríkja. Verður því ekki gerð nánari grein fyrir henni hér.

l) Evrópuverðbréf sem ekki eru auglýst almenningi eða komið á framfæri með samræmdu söluátaki

Þessa undantekningu er ekki að finna í reglugerð nr. 505/1993. Evrópuverðbréf eru nánar skilgreind í f-lið 3. gr. tilskipunar 89/298/EBE.

---

[25] NOU 1996:2, bls. 150–151.

[26] Í Noregi gildir t.d. ekki skilyrðislaus undanþága í þessum efnum, heldur getur kauphöllin veitt undanþágu frá reglum um gerð útboðslýsingar „ved tilbud som tar sikte på å skaffe til veie midler til ideelle formål," sbr. vphl. § 5-3 2. mgr. Sjá einnig NOU 1996:2, bls. 151. Meta verður hvert tilfelli fyrir sig.

4.0 ERLENDUR RÉTTUR

4.1 Almennt

Í þessum kafla verður stuttlega gerð grein fyrir því hvernig reglum um útboð verðbréfa er háttað í rétti nokkurra erlendra ríkja, annars vegar á Norðurlöndum og hins vegar Bandaríkjunum. Hafa verður í huga að öll Norðurlöndin eru aðilar að EES, þ.e. Svíþjóð, Danmörk og Finnland sem ESB-ríki en Noregur og Ísland sem EFTA-ríki, og hafa því skuldbundið sig til að laga löggjöf sína að tilskipun 89/298/EBE. Þá verður til samanburðar vikið að því hvernig reglum um almennt útboð verðbréfa er háttað í Bandaríkjunum en fullyrða má að verðbréfamarkaður sé þar um margt þróaðri en í Evrópu.

4.2 Danmörk

Í Danmörku er fjallað um „prospekter ved første offentlige udbud af visse værdipapirer" í 12. kafla verðbréfaviðskiptalaganna (lov nr. 1072 fra 20. december 1995 om værdipapirhandel). Í 43. gr. kemur fram að 12. kafli eigi við um fyrsta útboð verðbréfa til almennings sem ekki er óskað að tekin verði til opinberrar skráningar í kauphöll. Ákvæðið hefur verið skýrt svo að með fyrsta útboði sé átt við bæði útgáfu verðbréfa (emissioner af værdipapir) og eins síðari sölu (senere afhændelse) þegar útgefinna verðbréfa sem ekki var í upphafi beint til almennings.[27]

Í 2. mgr. 43. gr. verðbréfaviðskiptalaganna kemur fram til hvaða verðbréfa ákvæði kaflans taka, en þau eru eftirfarandi: 1) Hlutabréf og önnur framseljanleg verðbréf sem jafna má til þeirra. 2) Skuldabréf með gildistíma a.m.k. eitt ár og önnur framseljanleg verðbréf sem má jafna til þeirra. 3) Öll önnur framseljanleg verðbréf sem hægt er að eignast með áskrift eða skiptum (tegning/ombytning) á verðbréfum sem falla undir 1 eða 2. Skv. 3. mgr. 43. gr. getur Fondsrådet gefið út nánari reglur um að útboð af tilteknum verðbréfum skulu undanþegin lögunum.

Við útboð verðbréfa skal birta greinargóða útboðslýsingu sem gefur réttmæta mynd af eignum og skuldum útgefandans, fjárhagslegri stöðu, afkomu og áætlaðri þróun, sbr. 1. mgr. 44. gr. verðbréfaviðskiptalaga.[28] Útboðslýsingin skal geyma upplýsingar um þau réttindi sem tengjast hinum útgefnu verðbréfum, 2. mgr. 44. gr. Skv. 5. mgr. 44. gr. setur Fondsrådet nánari fyrirmæli um innihald útboðslýsinga. Það hefur Fondsrådet gert með Bekendtgørelse nr. 229 frá 1998 „om prospekter ved første offentlige udbud af visse værdipapirer" (hér eftir nefndar reglur).

Samkvæmt 1. og 2. mgr. 45. gr. verðbréfaviðskiptalaga skulu útboðslýsingar sendar til Fondsrådet. Fondsrådet hefur eftirlit með því að útboðslýsingar uppfylli ákvæði laganna og reglna sem settar eru með stoð í lögunum.

Í 1. gr. reglnanna kemur fram að birta skuli útboðslýsingu við fyrsta útboð verðbréfa til almennings, sem ekki er óskað að verði tekin til opinberrar skráningar við kauphöll. Skal útboðslýsingin vera greinargóð og gefa réttmæta mynd af eignum og skuldum útgefanda, fjárhagslegri stöðu, afkomu og áætlaðri þróun, sbr. 1. mgr. 1. gr. Útboðslýsingin skal greina upplýsingar um þau réttindi sem tengd eru við útgefin verðbréf, sbr. 2. mgr. 1. gr. Í 3. mgr. 1.

---

[27] Karnovs lovsamling, bls. 8441.

[28] „Ved udbud af værdipapirer skal der offentliggøres et prospekt, der skal være overskueligt og give et retvisende billede af udstederens aktiver og passiver, dennes økonomiske stilling, resultater samt forventede udvikling."

gr. er talið upp hvaða verðbréf reglurnar eiga við og svara upplýsingarnar til 2. mgr. 43. gr. sem vikið var að hér að framan.

Í 2. gr. reglnanna koma fram undanþágur frá gerð útboðslýsingar við fyrsta útboð verðbréfa, þegar félag óskar ekki eftir því að verða tekið til opinberrar skráningar við kauphöll. Þær undanþágur sem þar koma fram samsvara 2. mgr. 1. gr, 2. gr. og 5. gr. tilskipunar 89/298/EBE. Ef tæmandi útboðslýsing hefur birst á síðustu 12 mánuðum er nægilegt að næsta útboðslýsing sem varðar önnur framseljanleg verðbréf sama útgefanda tiltaki aðeins þær breytingar sem átt hafa sér stað síðan hin tæmandi útboðslýsing var birt sem væru til þess fallnar að breyta matinu á þessu öðru útboði, ásamt þeim sérstöku aðstæðum sem eiga við um þessi bréf.

Ákvæði 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglnanna fjalla um skilin milli almennra og lokaðra útboða, þ.e. hvar mörkin liggja, hvenær þarf að gera útboðslýsingu og hvenær ekki. Skv. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. er ekki skylda til birtingar útboðslýsingar við fyrsta útboð óskráðra verðbréfa þegar útboði verðbréfa er beint til lögaðila og einstaklinga sem eignast verðbréf sem lið í atvinnustarfsemi sinni. Skv. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. er heldur ekki skylda til að gera útboðslýsingar þegar útboði verðbréfa er beint til minni hóps (mindre kreds) einstaklinga og lögaðila, sem tengjast útbjóðanda eða útgefanda fjárhagslega eða persónulega.

Í framkvæmd virðist sem mest reyni á eftirfarandi þrjár undantekningar frá kröfu um gerð útboðslýsingar við útboð verðbréfa til almennings: 1) Útboðs til minni hóps (mindre kreds) einstaklinga og lögaðila sem hafa fjárhagslega eða persónulega tengingu við útbjóðandann eða útgefandann (2. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 229 frá 1998). 2) Útboð verðbréfa þegar heildarsöluverð fer ekki yfir 300.000 danskar krónur. 3) Útboð verðbréfa með hlutaverð eða fjárfestingu að lágmarki 300.000 danskar krónur pr. fjárfesti.[29] Undanþágur nr. 2 og 3 valda ekki miklum vafa, en öðru máli gegnir um nr. 1. Bent hefur verið á að texti reglnanna gangi lengra en texti tilskipunarinnar, auk þess sem erfitt sé að gera sér grein fyrir afstöðu danskra stjórnvalda í málinu og geti þetta verið tilefni ýmissa vandamála. Sú gagnrýni hefur komið fram á undanþágu nr. 1 að með henni sé mjög þröngur stakkur sniðinn að hinum svokölluðu lokuðu útboðum og gangi lengra en texti tilskipunarinnar og nái ekki þeim tilgangi sem var upphaflega var stefnt að í tilskipuninni.[30]

Í 3. kafla reglnanna kemur fram hvað útboðslýsingin á að tilgreina og samsvara 4.–14. gr. því sem fram kemur í 11. gr. tilskipunar ráðsins 89/298/EBE. Útboðslýsingar skulu sendar til Fondsrådet í tveimur eintökum, sbr. 1. mgr. 16. gr. Fondsrådet hefur eftirlit með því að útboðslýsingar uppfylli ákvæði laga og reglna. Fondsrådet sendir Erhvervs- og Selskabsstyrelsen útboðslýsingu, sbr. 2. mgr. 16. gr. Erhvervs- og Selskabsstyrelsen tekur við útboðslýsingum og skráir þær, sbr. 17. gr. Útboð til almennings má ekki eiga sér stað fyrr en fimm dögum eftir að útboðslýsingin er birt, sbr. 17. gr., sbr. 1. mgr. 18. gr. Fyrir brot sem framin eru af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi á vissum ákvæðum reglnanna er hægt að refsa með sektum, sbr. 20. gr.

---

[29] Christian Tang-Jespersen og Thomas Friis-Hansen: Emissionsprospekt, prospekt ved første udbud af ikke-noterade værdipapirer, bls. 24.

[30] Christian Tang-Jespersen og Thomas Friis-Hansen: Emissionsprospekt, prospekt ved første udbud af ikke-noterade værdipapirer, bls. 24.

4.3 Noregur

Í 5. kafla norsku verðbréfaviðskiptalaganna (Lov av 19. juni 1997 nr. 79 om verdipapirhandel) er fjallað um kröfur um útboðslýsingar við almenn útboð. Meginreglan kemur fram í 1. mgr. greinar 5-1 í lögunum þar sem segir að við tilboð um skráningu (tilbud om tegning) framseljanlegra verðbréfa sem beint er til fleiri en 50 aðila á norska verðbréfamarkaðinum að heildarupphæð 40.000 euro eða meira, skuli gera útboðslýsingu samkvæmt reglum 5. kafla laganna. Sama eigi við um útboð í fyrsta sinn á framseljanlegum verðbréfum sem ekki eru opinberlega skráð í kauphöll og ekki hefur áður verið gerð útboðslýsing skv. 5. kafla. Skv. 2. mgr. greinar 5-1 á framangreind regla einnig við þegar útboð gildir tilboð á kauprétti sem veitir rétt til að eignast framseljanlegt verðbréf, nema tilboðið gefi rétt til staðgreiðsluuppgjörs.

Undantekningar frá meginreglunni koma fram í greinum 5-2, 5-3 og 5-4. Í 1. mgr. greinar 5-2 kemur fram að meginreglan um gerð útboðslýsingar gildi ekki um tilboð sem einungis er beint til aðila sem fjárfesta í verðbréfum sem lið í atvinnustarfsemi og skráðir eru hjá kauphöllinni sem fagfjárfestar (profesjonell investor). Kauphöllinni er heimilt að setja skilyrði fyrir slíkri skráningu hvað varðar umfang fjárfestinga, þ.m.t. eigið fé (kapitalforhold).[31] Skv. 2. mgr. greinar 5-2 gildir meginreglan í grein 5-1, um skyldu til að gera útboðslýsingu, ekki um tilboð um kaup eða áskrift að verðbréfi þegar hver fjárfestir þarf að reiða af hendi a.m.k. 40.000 evrur.

Önnur undantekning frá meginreglunni um gerð útboðslýsinga kemur fram í grein 5-3. Þar er annars vegar gerð undanþága á ýmsum útboðum í 1. mgr. sem byggjast á 2. gr. tilskipunar ráðsins 89/298/EBE. Skv. 2. mgr. greinar 5-3 getur kauphöllin veitt undanþágu frá reglunum í kaflanum, þegar um er að ræða útboð sem hafa að markmiði að útvega fjármagn til góðgerðarstarfsemi. Skv. 3. mgr. 5-3 getur kauphöllin, í einstökum tilvikum eða með reglugerð veitt undanþágu í heild eða að hluta frá skyldu til að birta útboðslýsingu við útboð á skuldabréfum eða samsvarandi framseljanlegum verðbréfum, sem uppfylla nánar tilgreind skilyrði ákvæðisins.

Þá er undanþága í grein 5-4 þar sem segir að meginregla greinar 5-1 eigi ekki við um tilboð frá félagi beint til starfsmanna þess um kaup eða áskrift á verðbréfum útgefnum af félaginu á sérstaklega hagstæðum kjörum. Þær upplýsingar sem fram komi í grein 5-5, ásamt tilheyrandi reglugerðum, skuli þó vera aðgengilegar starfsmönnum á vinnustað þeirra.

Í grein 5-5 kemur fram hvaða upplýsingar skuli vera í útboðslýsingu. Skv. 1. mgr. greinar 5-5 skal útboðslýsingin hafa að geyma þær upplýsingar sem með hliðsjón af eðli útgefandans og verðbréfanna eru nauðsynlegar fyrir fjárfesta til að geta metið fjárhagsstöðu útgefandans og framtíðarhorfur og um réttindi sem tengd eru nefndum verðbréfum. Útboðslýsingin skal enn fremur hafa að geyma upplýsingar um við hvaða viðmiðun er stuðst við skiptingu verð-

---

[31] Sett hefur verið FOR 1997-12-15 nr. 1306: Forskrift om registrering som profesjonell investor. Er þar greint frá skilyrðum sem þurfa að vera uppfyllt til að hægt sé að skrá aðila sem fagfjárfesti hjá kauphöllinni í samræmi við § 5-2 vphl. Skv. 2. gr. geta eftirtaldir fjárfestar skráð sig án sérstakra krafna til umfangs starfseminnar: 1. Fjármálastofnun, 2. Fjárfestingarfélag fyrir verðbréfasjóð, 3. Lífeyrissjóðir, 4. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu með heimild til að fjárfesta fyrir eigin reikning, og 5. fyrirtæki með hlutabréf skráð við norska eða erlenda kauphöll. Liðir 1–4 gilda bara í þeim mæli að fyrirtæki sætir opinberu eftirliti af hálfu fjármálaeftirlitsins, eða samsvarandi erlendra stjórnvalda. Einstaklingar eða fyrirtæki sem ekki falla undir 2. gr. og óska eftir því að verða skráðir hjá kauphöllinni sem fagfjárfestar þurfa að uppfylla skilyrði til fjárfestingarstarfsemi sinnar, m.a. að þeir hafi fjárfestingar að atvinnu og uppfylli kröfur um eignir, sjá nánar 3. gr. forskriftarinnar. Á heimasíðu Kauphallar Oslo (www.ose.no) er hægt að nálgast lista fagfjárfesta.

bréfa þeirra sem gangast að tilboðinu. Skv. 2. mgr. skal gera viðbót við útboðslýsinguna komi fram nýjar upplýsingar sem eru til þess fallnar að hafa áhrif á verðmat bréfanna á tímabilinu milli þess að útboðslýsingin er birt og áður en skráningartímabilinu lýkur.

Samkvæmt 4. mgr. greinar 5-5 víkja upplýsingar skv. 5. kafla fyrir þagnarskyldu sem leiðir af öðrum lögum. Þá skal ráðuneytið mæla nánar fyrir um efni útboðslýsinga. Það hefur verið gert með reglugerð og svarar það sem fram kemur í henni til 11. gr. tilskipunar 89/298/EBE.

Í grein 5-6 er fjallað um að kauphöllinni sé heimilt að veita undanþágu frá því að tilgreindar upplýsingar verði í útboðslýsingunni og þurfa ýmis skilyrði að vera uppfyllt áður en slík undanþága er gefin. Um gjald fyrir skráningu útboðslýsingar greinir í grein 5-9, um ábyrgð stjórnar útgefanda fyrir útboðslýsingunni er fjallað í grein 5-10. Skv. grein 5-11 skal útboðslýsingin birt í síðasta lagi daginn áður en hægt er að samþykkja boðið. Um samræmingarreglur þegar útboð er sett fram í fleiri EES-löndum samtímis eða með stuttu millibili er mælt fyrir í grein 5-12.[32] Um ógildi tilboðs ræðir í grein 5-13.

4.4 Svíþjóð

Í sænskum rétti eru lagaákvæði á víð og dreif um skyldu til að gera útboðslýsingu (s. prospekt) þegar hlutabréf eru boðin til kaups. Er þar bæði um að ræða almenn ákvæði í hlutafélagalögum, Aktiebolagslag (1975:1385), og sérstök lagaákvæði sem ganga lengra eða eiga við í sérstökum tilvikum, svo sem í verðbréfaviðskiptalögum, Lag (1991:980) om handel med finansiella instrument, og kauphallarlögum, Lag (1992:543) om börs och clearingverksamhet.

Almenna reglan er í 4. kafla hlutafélagalaga sem fjallar um hækkun hlutafjár með útgáfu nýrra hluta og jöfnunarhlutabréfa. Skv. grein 4:18 er stjórn félags skylt að gera sérstaka skýrslu um aðstæður félags (s. emissionsprospekt) þegar almenningshlutafélag eða hluthafi í slíku félagi birtir eða á annan hátt beinir boði til hóps manna („till en vidare krets riktar inbjudan“) um að eignast hluti eða áskriftarrétt í félaginu, ef heildarfjárhæðin sem greidd verður er a.m.k. 300.000 sænskar krónur. Stjórninni ber þá að hlutast til um gerð útboðslýsingar.

Í grein 4:18 er ekki mælt fyrir um hve mörgum þarf að vera boðið að kaupa hluti/áskriftarréttindi til að stjórninni sé skylt að gera útboðslýsingu heldur er talað um „vidare krets“. Í framkvæmd hefur hins vegar verið við það miðað að hafi 200 manns eða fleiri verið boðið að kaupa hluti þurfi að gera útboðslýsingu.[33] Þessi ákvæði hlutafélagalaga eiga alltaf við ef um er að ræða almenningshlutafélag en ljóst er að oft reynir frekar á ákvæði annarra laga sem hafa að geyma strangari skilyrði, einkum verðbréfaviðskiptalög og kauphallarlög.

Svíar löguðu löggjöf sína að tilskipun 89/298/EBE með 2. kafla verðbréfaviðskiptalaga. Skv. grein 2:2 skal útgefandi gera útboðslýsingu við útboð á verðbréfum sem hvorki eru opinberlega skráð í kauphöll né er ætlað það.

Við útboð skv. 2:2 LHF sem beint er til „öppen krets“ skal gera útboðslýsingu ef samanlögð fjárhæð sem inna skal af hendi er a.m.k. hærri en 300.000 sænskar krónur. Með hugtakinu „öppen krets“ er átt við óákveðinn fjölda manna. Hugtakið er notað til aðgreiningar frá útboðum sem beint er að „begränsad krets“, en ákvæði laganna ná ekki til slíkra útboða.

---

[32] Sjá einnig FOR 1997-11-07 nr. 1150: Forskrift om samordning av prospektkrav ved offentlig tilbud om tegning eller kjøp av omsettelige verdipapirer i flere EØS-stater.

[33] Sænski Karnov, bls. 1644. Sjá einnig SOU 1989:72, bls. 463 og 464.

Þannig taka ákvæði hlutafélagalaga mið af því hver fjöldinn er sem gæti þekkst boðið, en í verðbréfaviðskiptalögum er við það miðað hvort hópurinn sé opinn eða lokaður án þess að fjöldi sé afmarkaður þar nánar.

Undanþágur frá gerð útboðslýsingar koma fram í verðbréfaviðskiptalögum (2. mgr. greinar 2-1). Ekki þarf að gera útboðslýsingu ef eitt eða fleiri eftirtalinna atriða eiga við: 1) Útboðið er gert af ríki innan EES. 2) Útboðið á við hlutdeildarskírteini (andelar) í verðbréfasjóði eða í erlendu verðbréfafyrirtæki (fondföretag) með bækistöðvar innan EES. 3) Útboðið á við kröfur (fordringsrätter) með styttri gildistíma en eitt ár. 4) Að lægsta upphæðin sem innt af hendi af hverjum einstökum fjárfesti er 300.000 sænskar krónur eða meira. Samkvæmt lögunum er stjórnvöldum heimilt að setja fyrirmæli um frekari undanþágur frá skyldu til þess að gera útboðslýsingu. Loks skal þess getið að í lögunum er einnig mælt fyrir um gagnkvæma viðurkenningu útboðslýsinga.

4.5 Finnland

Í finnskum rétti ræðir um skyldu til gerðar útboðslýsingar í 2. kafla verðbréfamarkaðslaga, Värdepappersmarknadslagen nr. 26.5.1989/495, með síðari breytingum (VPML).[34] Samkvæmt lögunum skal sá sem býður almenningi verðbréf eða sækir um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll birta útboðs- eða skráningarlýsingu áður en tilboðið tekur gildi og halda henni aðgengilegri fyrir almenning á því tímabili sem útboðið er í gildi samkvæmt nánari ákvæðum laganna. Tilboðsgjafi og útgefandi bera ábyrgð á birtingu útboðs- eða skráningarlýsingar, auk þess sem sér um tilboðið eða útboðið eftir umboði.

Í útboðslýsingu skal gefa fjárfestum nægilegar upplýsingar svo þeir geti á grundvelli þeirra myndað sér vel ígrundaða skoðun um verðbréfin og útgefandann. Útboðslýsingin skal hafa að geyma mikilvægar og nægjanlegar upplýsingar um eignir útgefanda, ábyrgðarskuldbindingar, fjárhagslega stöðu, afkomu og framtíðarhorfur ásamt óafgreiddum pöntunum þegar þær upplýsingar eru nauðsynlegar með tilliti til starfsemi útgefanda, auk réttinda sem fylgja verðbréfunum og um aðrar aðstæður sem hafa mikið að segja um verðmæti verðbréfanna. Viðkomandi ráðuneyti gefur út ákvörðun um innihald útboðs- og skráningarlýsinga. Þá gefur viðkomandi ráðuneyti einnig út ákvörðun um undanþágur varðandi innihald skráninga- og útboðslýsinga með stoð í tilskipun ESB og þegar ekki liggur fyrir skylda til gerðar útboðs- eða skráningarlýsingar.

Fjármálaráðuneytið hefur gefið út fyrirmæli um útboðslýsingar 13. október 1994.[35] Skv. 1. gr. eiga fyrirmælin við um lágmarksinnihald í útboðslýsingum og hvernig upplýsingarnar skulu kynntar. Í 2. gr. reglnanna kemur fram að reglurnar eigi ekki við í eftirfarandi tilvikum: 1) Þegar verðbréf eru boðin einstaklingum innan fyrir fram ákveðins þröngs hóps, 2) samanlagt áskriftarverð fyrir verðbréf sem eru boðin er í hæsta lagi 250.000 finnsk mörk, 3) tilboðið á við um hluti í fjárfestingarsjóðum eða hluti í öðrum fyrirtækjum með sameiginlegar fjárfestingar, þegar þarf að gera sjóðslýsingu fyrir hlutina, 4) verðbréf eru boðin út í tengslum við yfirtökuboð eða í innlausnarboði þegar þarf að gera tilboðsyfirlit, 5) hin boðnu hlutabréf eru afhent hluthöfum án endurgjalds við útgáfu jöfnunarhlutabréfa samkvæmt hlutafélagalögum, 6) tilboð um að skipta út hlutabréfum eða nýjum verðbréfum hliðstæðum hlutabréfum gegn hlutum í sama félagi hefur ekki í för með sér hækkun hlutafjár í félaginu, eða

---

[34] Á finnsku: Arvopaperimarkkinalaki nr. 26.5.1989/495, með síðari breytingum (AML).

[35] Finansministeriets beslut om emissionsprospekt given i Helsingfors den 13 oktober 1994. Á finnsku: Valtiovarainministeriön päätös.

7) þau hlutabréf sem boðin eru fást með breytingu á breytanlegum skuldabréfum eða með því að nýta réttindi sem tengd eru við kauprétt og útboðslýsing eða skráningarlýsing fyrir hin breytanlegu skuldabréf eða kaupréttinn hafa verið birt í Finnlandi.

Um lágmarksinnihald útboðslýsinga er fjallað í 3. gr. reglnanna sem samsvarar 11. gr. tilskipunar 89/298/EBE. Í 4. gr. er fjallað um efni útboðslýsinga í vissum tilvikum, og er ákvæðið samsvarandi 6. gr. tilskipunar 89/298/EBE. Skv. 6. gr. getur Fjármálaeftirlitið veitt undanþágu frá því að ákveðnar upplýsingar birtist í útboðslýsingu og svarar hún til 13. gr. tilskipunarinnar. Í 7. gr. kemur fram að Fjármálaeftirlitið geti eftir umsókn veitt undanþágu frá skyldu til að birta útboðslýsingu þegar sérstakar aðstæður eiga við og eru flestar undanþágurnar komnar úr 2. gr. tilskipunarinnar, en einnig 2. mgr. 1. gr. og 5. gr. Er því ekki sjálfgefið að tilskipunin eigi ekki við í þessum tilvikum, heldur þarf að sækja um það sérstaklega til Fjármálaeftirlitsins ef talið er að undanþágurnar eigi við.

Athygli vekur að í 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. reglnanna segir að sækja þurfi um undanþágu þegar ekki er hægt að eignast verðbréf sem í boði eru gegn minna endurgjaldi en 250.000 finnskum mörkum eða í formi hluta með minna nafnvirði en það. Undantekningin gildir ekki skilyrðislaust heldur þarf að sækja um það sérstaklega enda þótt um fagfjárfesta sé að ræða.

4.6. Bandaríkin

Verðbréfaviðskiptum í Bandaríkjunum er bæði skipað með alríkislögum og lögum einstakra ríkja. Í bandarískum rétti eru gerðar miklar kröfur til upplýsingaskyldu útgefanda. Það á sér sögulegar skýringar en árið 1929 hrundi bandarískur verðbréfamarkaður, hrun varð á gengi verðbréfa og viðskipti margra verðbréfa stöðvuðust algjörlega. Í kjölfarið skipaði þingið nefnd til að komast að orsökum hrunsins, sem komst að þeirri niðurstöðu að einkum væri um að kenna lélegri framkvæmd markaðsaðila, villandi upplýsingum um verðbréf, innherjaviðskiptum og spákaupmennsku í miklum mæli. Þingið brást við þessu með sérstakri lagasetningu. Þau lög sem mesta þýðingu hafa eru *The Securities Act of 1933*, og *The Securities Exchange Act of 1934*. Í lögum þessum er byggt á þeirri meginreglu að markaðsaðilar láti af hendi yfirgripsmiklar upplýsingar um starfsemina til að fjárfestar geti tekið ákvarðanir um fjárfestingar sem byggist á vitneskju í stað getgátna.

Á því sjónarmiði er byggt að upplýsingar um félag sem ætlar að gefa út verðbréf séu mikilvægar. Erfiðara er að festa hönd á verðmæti hlutabréfa en áþreifanlegra hluta þar sem virði hlutabréfa byggist að ýmsu leyti á væntingum til félagsins. Af þessu leiðir að tryggja verður fjárfestum jafnan aðgang að upplýsingum sem aðeins félagið býr yfir til að þeir geti metið verðmæti hlutabréfanna. Þessar upplýsingar eru jafnmikilvægar fyrir fjárfesta á frummarkaði og eftirmarkaði. Upplýsingarnar eru notaðar af fjárfestum til að meta markaðsvirði verðbréfanna og út frá því ákveður fjárfestirinn hvort hann vilji eiga viðskipti eða ekki. Þannig er upplýsingaskylda (e. disclosure) meginuppistaða framangreindra laga.[36]

The Securities Act of 1933 fjallar um almenn útboð verðbréfa á frummarkaði og tilgangur þeirra er að vernda fjárfesta á þessum markaði. Lögin fjalla t.d. um hvenær gera eigi útboðslýsingu, hvað eigi að standa í henni, hvað gerist ef útboðslýsing er ekki gefin út eða innihald hennar er rangt o.s.frv. Meginhugmyndin að baki lögunum er að sá sem fjárfestir í verðbréfum verði að fá nægilegar upplýsingar um það í hverju hann er að fjárfesta. Ætlunin er hins vegar ekki að leggja mat á gæði verðbréfanna. Kjarni laganna er sá að ekki megi bjóða eða

---

[36] **Holdt, Helen**: Regulering af værdipapirmarkederne i USA. Julebog 1998, Juridisk Institut, Handelhøjskolen i København. Kaupmannahöfn 1998, bls. 58–59.

selja verðbréf til almennings nema það hafi áður verið skráð hjá Securities and Exchange Commission (SEC). Þá er nánar mælt fyrir um hvernig skráningin á sér stað og hvaða upplýsingar þurfi að veita SEC. Af þessu leiðir að áður en bjóða má almenningi í Bandaríkjunum verðbréf verður að skrá þau áður hjá SEC. Við skráninguna verður útgefandi að leggja inn upplýsingar sem ná til allra þýðingarmestu hliða viðskipta félagsins og verðbréfanna. Tilgangurinn með skráningarferlinu samkvæmt lögunum er að gera útboðslýsingu til handa fjárfestum. *Securities Act of 1933* mælir aðallega fyrir um upplýsingaskyldu. SEC hefur ekki heimild til að ákveða hvort hlutabréf megi selja almenningi eða ekki. Einungis er hægt að krefjast þess að félagið sem gefur verðbréfin út láti af hendi fullnægjandi upplýsingar um allar mikilvægustu staðreyndir.

Til að grunnhugsunin með *Securities Act of 1933* verði að raunveruleika – að tryggja að nægilegar og áreiðanlegar upplýsingar séu látnar af hendi um verðbréf sem eigi að selja – mæla lögin fyrir um að ólöglegt sé að bjóða eða selja verðbréf til almennings nema þau hafi áður verið skráð. Félagið sem gefur bréfin út skal skrá félagið hjá SEC. Það sem er skráð er kallað skráningartilkynning (e. Registration Statement) sem á að birta 20 dögum áður en sala verðbréfanna hefst. Hún samanstendur af tveimur hlutum; annars vegar sjálfri útboðslýsingunni, og eintak af henni þarf að afhenda öllum sem kaupir verðbréfið, og hins vegar Hluta II *(part II)* sem inniheldur upplýsingar og viðauka sem ekki þarf að afhenda kaupanda en er aðgengilegt hjá SEC. Grunnformið fyrir skráningarbeiðninni er Formular S-1.[37] Skráningarbeiðnin öðlast sjálfkrafa gildi 20 dögum eftir að henni er skilað inn til SEC. Þegar hún hefur öðlast gildi er útgefanda heimilt að selja verðbréf til almennings. SEC hefur umboð til að fella úr gildi um sinn eða seinka gildistökunni. Allar skráningarbeiðnir sem eru sendar í fyrsta sinn eru vandlega yfirfarnar af SEC, en bara um 5% af þeim sem verið er að skrá í annað sinn eða oftar.[38]

Lögin frá 1933 heimila vissar undantekningar frá kröfunni um skráningu. Samkvæmt grein 4(2) í *Securities Act of 1933* eru undanþegin skráningu viðskipti útgefanda sem hefur ekki í för með sér almennt útboð (e. private offering exemption). Þá gilda sérstakar undantekningar um takmörkuð útboð samkvæmt grein 3(b) og 4(6) í *Securities Act of 1933* (e. limited offering exemption), og þá er einnig um að ræða undantekningu frá skráningu verðbréfa samkvæmt grein 3(a)(11) þegar verðbréf eru boðin út og seld einungis til aðila sem búsettir eru innan sama ríkis og útgefandinn er búsettur og er með viðskipti sín (e. the intrastate offering exemption).

5.0 HUGLEIÐINGAR NEFNDARINNAR

5.1 Inngangur

Eins og í skipunarbréfi nefndarinnar greinir var á það bent að um almennt útboð verðbréfa gildi 20. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, og reglugerð nr. 505/1993, um almennt útboð verðbréfa. Engin ákvæði væru hins vegar í lögum um lokuð útboð verðbréfa. Ráðuneytið taldi því að ákvæði laga og reglna um almennt útboð væru ekki fullnægjandi miðað við stöðu verðbréfamarkaðar í dag.

Að framan er gerð grein fyrir þeim ákvæðum íslensks réttar sem taka til almenns útboðs verðbréfa. Í þeim þætti sem hér fer á eftir verður m.a. leitast við að meta hverra breytinga sé

---

[37] **Erik T. Huitfeldt**: Amerikanske verdipapirregler, viðauki 1 með NOU 1996:2 Verdipapirhandel, bls. 236.
[38] **Erik T. Huitfeldt**: Amerikanske verdipapirregler, viðauki 1 með NOU 1996:2 Verdipapirhandel, bls. 236.

þörf á gildandi rétti til þess að þeim markmiðum sem í skipunarbréfi nefndarinnar greinir verði sem best náð.

5.2 Mat á því hvaða breytinga er þörf á gildandi rétti

5.2.1 Almennt

Þegar metið er hverra breytinga er þörf á gildandi rétti verður að taka tillit til skuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningnum, en þær kröfur sem þar eru settar fram eru lágmarkskröfur. Hins vegar stendur ekkert því í vegi að gerðar verði strangari kröfur í íslenskum rétti en mælt er fyrir um í EES-rétti. Í þessu sambandi verður einnig að taka fram að tilskipanir EB fela einungis í sér ramma sem aðildarríkin verða að fylla út í með löggjöf sinni.

Eins og fyrr segir er reglum um útboð sem beint er að almenningi ætlað að tryggja nauðsynlegar og fullnægjandi upplýsingar um verðbréfin og útgefanda þeirra, þannig að fjárfestar geti lagt raunhæft mat á fjárfestingarkostinn. Markmiðið með reglunum er að koma í veg fyrir að útboðsgögn hafi að geyma rangar, villandi eða ófullnægjandi upplýsingar um atriði sem þýðingu hafa við mat á því hvort fjárfesta eigi í bréfunum. Reglum um útboð er þannig ætlað að vernda fjárfesta á verðbréfamarkaði. Nauðsynlegt er að vernda alla fjárfesta en þörfin á vernd kann að vera breytileg eftir því hver á í hlut. Þannig má telja víst að þörfin á vernd sé meiri þegar í hlut eiga smærri fjárfestar en þegar um er að ræða fagfjárfesta.

Eins og áður segir eru það einkum þrjár breytingar á gildandi rétti sem nefndin telur þörf á að gerðar verði. Í fyrsta lagi telur nefndin nauðsynlegt að stuðla að því að bréf sem gefin hafa verið út á grundvelli undanþágna frá almennu útboði séu ekki seld til almennings á eftirmarkaði. Sjá kafla 5.2.2. Í öðru lagi þarf að skilgreina hverjir séu fagfjárfestar og þar með undanþegnir ákvæðum um almennt útboð. Sjá kafla 5.2.3. Í þriðja lagi er talið rétt að fela Fjármálaeftirlitinu að gera forathugun á útboðslýsingum á verðbréfum sem ekki er óskað eftir að skráð verði í kauphöll, enda verður að telja óeðlilegt að Verðbréfaþing Íslands hf. hafi þessa athugun með höndum eftir að þingið er orðið hlutafélag í einkaeigu. Sjá kafla 5.2.4.

5.2.2 Endursala verðbréfa sem undanþegin eru reglum um almennt útboð

5.2.2.1 Hugtakið almennt útboð

Meginreglan er sú að útbúa þarf útboðslýsingu ef bjóða á almenningi verðbréf til kaups en frá meginreglunni eru ákveðnar undantekningar. Þegar metið er hvaða takmörk eigi að setja fyrir endursölu verðbréfa sem undanþegin hafa verið ákvæðum um almennt útboð verður að hafa í huga skilgreininguna á hugtakinu almennt útboð í gildandi rétti. Í 4. tölul. 2. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, er hugtakið *almennt* útboð skilgreint sem sala samkynja verðbréfa sem boðin eru *almenningi* til kaups *í fyrsta sinn* með *almennri og opinberri auglýsingu eða kynningu með öðrum hætti sem jafna má til opinberrar auglýsingar.*

Í fyrsta lagi þarf að skoða hvað átt er við með því að útboð sé *almennt*. Í formála tilskipunar 89/298/EBE segir að hingað til hafi ekki tekist að veita alhliða skilgreiningu á hugtakinu „almennt útboð" og öllum þáttum þess. Í b-lið 1. tölul. 2. gr. segir hins vegar að tilskipunin gildi ekki um útboð þegar framseljanleg verðbréf eru boðin „takmörkuðum hópi manna". Með neikvæðri skilgreiningu má segja að útboð sé almennt þegar verðbréf eru boðin öðrum en „takmörkuðum hópi manna".[39] Það er reyndar matsatriði hvað átt er við með „takmörkuðum hópi manna" í tilskipuninni enda er það ekki skilgreint sérstaklega. Yfirleitt er miðað

[39] NOU 1996:2, bls. 137–138.

við ákveðinn fjölda manna í þeim ríkjum sem innleitt hafa ákvæði tilskipunarinnar. Hér á landi hefur verið miðað við 25 manns, sbr. b-lið 1. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993. Af þessu leiðir að útboð telst almennt ef verðbréf eru boðin stærri hópi fjárfesta en 25 manns.

Í öðru lagi er spurning hvað átt sé við með *almenningi*. Ekki er að finna skilgreiningu á hugtakinu almenningur í tilskipun 89/298/EBE. Hins vegar er hægt að hafa hliðsjón af tilskipun 93/22/EBE, um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta, en þar er gert ráð fyrir því að tekið sé mið af faglegri þekkingu einstaklinga sem fjárfestingarfyrirtæki veita þjónustu. Eðlilegt er að miða við að hugtakið almenningur sé skilgreint svo að átt sé við einstaklinga og lögaðila sem ekki eru fagfjárfestar. Sjá nánar um fagfjárfesta í kafla 5.2.3.

Í þriðja lagi verður að kanna hvað átt sé við með því að verðbréf séu boðin almenningi *í fyrsta sinn*. Skilja verður þetta orðalag á þann veg að almenningur eigi þess kost í fyrsta sinn að kaupa verðbréfin. Það tímamark, sem úrslitum ræður, er það þegar *almenningi* eru boðin verðbréfin í fyrsta sinn. Það hefur því enga þýðingu hvort umrædd verðbréf hafa áður gengið kaupum og sölum á grundvelli undantekninga 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993. Þetta er sá skilningur sem lagður hefur verið í lagafyrirmæli um almennt útboð í rétti ýmissa erlendra ríkja.

Í fjórða lagi þarf að skoða það skilyrði sem fram kemur í niðurlagi skilgreiningarinnar að verðbréfin séu boðin almenningi til kaups með *almennri og opinberri auglýsingu eða kynningu með öðrum hætti sem jafna má til opinberrar auglýsingar*. Bent hefur verið á að erfitt geti verið ákvarða hvað átt sé við með tilvitnuðum orðum. Á þetta sjónarmið má með nokkrum rétti fallast. Þó verður að hafa í huga að standi vilji manna til þess að hafa útboðshugtakið í nánum tengslum við kynningu verður ekki hjá því komist að hafa matskenndan mælikvarða. Að öðrum kosti væri auðvelt að fara í kringum reglur um almennt útboð ef einungis væri miðað við opinbera auglýsingu, t.d. gæti útgefandi verðbréfanna komið af stað viðamikilli umfjöllun um verðbréfin í fjölmiðlum. Hinn möguleikinn væri sá að gera opinbera auglýsingu eða kynningu með öðrum hætti ekki að skilyrði fyrir almennu útboði.

Samkvæmt gildandi rétti er við það miðað að í almennu útboði felist almenn og opinber auglýsing eða kynning með öðrum hætti sem jafna má til opinberrar auglýsingar. Bent hefur verið á að orðalagið „sem jafna má til opinberrar auglýsingar“ takmarki gildissvið ákvæðisins um of. Að mati nefndarinnar skiptir í reynd ekki máli með hvaða hætti kynningin á sér stað. Nefndin leggur því til að sú breyting verði gerð á gildandi rétti að ekki verði lengur miðað við að verðbréfin hafi verið boðin til kaups með „almennri og opinberri auglýsingu eða kynningu með öðrum hætti sem jafna má til opinberrar auglýsingar“.

5.2.2.2 Réttarástand á Íslandi

5.2.2.2.1 Almennt

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir því að sú meginregla gildir að gefa skal út útboðslýsingu ef bjóða á almenningi verðbréf til kaups. Reglan er ekki án undantekninga þar sem af 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993 leiðir að heimilt er að uppfylltum vissum skilyrðum að bjóða verðbréf til sölu án þess að gætt sé reglna um almennt útboð, m.a. um útboðslýsingu. Í framkvæmd hefur túlkun á þessari meginreglu og undantekningum frá henni ekki valdið vafa. Það sem valdið hefur vafa er að verðbréf, sem í frumsölu hafa verið undanþegin ákvæðum um almennt útboð, hafa í einstökum tilvikum verið endurseld almenningi án þess að gætt hafi verið reglna um almennt útboð. Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir verður fyrst fjallað um framkvæmdina á íslenskum verðbréfamarkaði. Því næst verður vikið að mögulegum leiðum til úrbóta og loks verður gerð grein fyrir sjónarmiði nefndarinnar.

5.2.2.2.2 Framkvæmdin á íslenskum verðbréfamarkaði

Á íslenskum verðbréfamarkaði hefur borið við að verðbréf sem við frumsölu voru seld fjárfestum, án þess að útboðslýsing væri gefin út vegna undantekninga 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993, hafi verið endurseld almenningi eftir viðamikla umfjöllun í fjölmiðlum. Af þessu leiðir að almenningi hafa verið seld verðbréf þar talið hefði verið skylt að útbúa útboðslýsingu ef um frumsölu hefði verið að ræða. Ástæðan virðist vera sú að litið hefur verið svo á að í íslenskri löggjöf sé ekkert sem berum orðum banni endursölu á verðbréfum til almennings sem áður hafa verið boðin takmörkuðum (lokuðum) hópi fjárfesta á grundvelli undantekninga frá reglum um almennt útboð.

Borið hefur við að þessari túlkun hafi verið beitt af seljendum verðbréfa þó að vart sé hægt að segja að hún sé almenn. Þessi túlkun á reglum um almennt útboð hefur leitt til þess að verðbréfum hefur verið dreift til almennings í endursölu. Svo dæmi sé tekið er við frumsölu heimilt að selja 25 aðilum í lokuðu útboði samkvæmt undantekningu b-liðar 1. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993. Ef framangreind túlkun er lögð til grundvallar er sá möguleiki fyrir hendi að þeir aðilar sem keypt hafa í lokaða útboðinu vegna undantekningarinnar endurselji almenningi bréfin.

Við þessa framkvæmd má gera ýmsar athugasemdir. Í 4. tölul. 2. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, er almennt útboð skilgreint sem „sala samkynja verðbréfa sem boðin eru almenningi til kaups í fyrsta sinn með almennri opinberri auglýsingu eða kynningu með öðrum hætti sem jafna má til opinberrar auglýsingar". Svipuð skilgreining er á almennu útboði í 1. málsl. 1. gr. reglugerðar nr. 505/1993, um almennt útboð verðbréfa, þar sem segir að almennt útboð verðbréfa teljist „útboð samkynja verðbréfa sem boðin eru almenningi til kaups með almennri og opinberri auglýsingu eða kynningu með öðrum hætti sem jafna má til opinberrar auglýsingar". Vafasamt er að draga þá ályktun að verðbréf, sem seld hafa verið á grundvelli undantekninga 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993, séu undanþegin reglum um almennt útboð. Eðlilegt er að líta svo á að endursala slíkra verðbréfa til *almennings* með almennri kynningu falli undir reglur um almennt útboð, enda er þá verið að selja *almenningi* bréfin í fyrsta sinn. Sé tilgangurinn sá að selja almenningi verðbréfin er lagaskylda til þess að gera útboðslýsingu. Þetta er sá skilningur sem lagður hefur verið í lagafyrirmæli um almennt útboð í rétti ýmissa erlendra ríkja, t.d. Danmerkur og Noregs. Telja verður að þessi skilningur sé eðlilegur, sérstaklega í ljósi þess að tilskipun 89/298/EBE miðar að því að vernda fjárfesta og gera þeim kleift að meta áhættuna rétt og taka ákvarðanir í fjárfestingarmálum út frá þekkingu á staðreyndum. Fullyrða má að erfitt sé að ná þessum tilgangi ef lagt er til grundvallar að heimilt sé að endurselja verðbréf til almennings þegar frumsala hefur farið fram á grundvelli undantekninga frá reglum um almennt útboð.

5.2.2.2.3 Mögulegar leiðir til úrbóta

Að mati nefndarinnar er sama nauðsyn verndar fyrir almenning hvort sem um er að ræða frumsölu verðbréfa eða endursölu þeirra. Þegar litið er til þeirra sjónarmiða sem liggja að baki undantekningum frá skyldu til að gera útboðslýsingu sést að við það er miðað að þessi takmarkaði hópur manna þekki oft til rekstursins, annaðhvort tengist honum eða séu fag-

fjárfestar sem telja má að geti metið áhættuna sem felst í fjárfestingunni.[40] Þegar þetta er haft í huga er ljóst að það er forsenda þess að verðbréf séu seld í lokuðu útboði að þau fari ekki í víðtæka dreifingu til almennra fjárfesta áður en til almenns útboðs kemur. Að öðrum kosti er ljóst að því markmiði að vernda almenning í verðbréfaviðskiptum með því að gera útboðslýsingu verður ekki náð.

Í nefndinni var fjallað um þann möguleika að banna alla endursölu verðbréfa sem undanþegin hafa verið ákvæðum um almennt útboð vegna sérstakra undantekninga. Að mati nefndarinnar var þessi leið ekki raunhæf þar sem hún gengi óþarflega langt. Erfitt gæti verið að fylgjast með því hvenær bréf væru seld einstökum fjárfestum í endursölu. Þá var á það bent að einnig gætu skapast vandamál í sambandi við framsal samkvæmt viðskiptabréfareglum. Þegar á heildina var litið taldi nefndin þessa leið of miklum erfiðleikum bundna í framkvæmd.

Nefndin telur nauðsynlegt að takmarka endursölu verðbréfa sem undanþegin hafa verið reglum um almennt útboð án þess þó að öll endursala verðbréfa sé bönnuð. Í þessu sambandi telur nefndin að það eigi að ráða úrslitum, þegar metið er hvort um er að ræða almennt útboð verðbréfa, hvort um er að ræða einstaka sölu eins fjárfestis til annars aðila eða hvort um er að ræða almenna dreifingu á bréfunum, t.d. af hálfu fyrirtækis í verðbréfaþjónustu eða útgefanda sjálfs. Það er því ekki markmið að koma í veg fyrir alla endursölu verðbréfa sem seld hafa verið frumsölu á grundvelli undantekningar frá reglum um almennt útboð. Í þessu sambandi er því nauðsynlegt að greina milli einstakra viðskipta (e. transaction) annars vegar og dreifingar (e. distribution) hins vegar. Það sem máli skiptir er að koma í veg fyrir almenna dreifingu verðbréfa sem undanþegin hafa verið reglum um almennt útboð.

5.2.2.2.4 Sjónarmið nefndarinnar

Hér að framan hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt sé að takmarka að verðbréf sem ekki hafa verið boðin til sölu í almennu útboði gangi almennt kaupum og sölum meðal almennings með þeim hætti sem áður er lýst. Á hinn bóginn er ljóst að hvorki tillaga nefndarinnar um breytingar á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, né reglugerð um útboð verðbréfa, kemur til með að girða alfarið fyrir viðskipti með verðbréf útgefanda sem ekki hafa farið í almennt útboð. Með tillögum nefndarinnar er hins vegar reynt að stuðla að því að slík bréf fari ekki í almenna dreifingu og að viðskipti með þau verði ekki almenn.

Þrátt fyrir það sem að framan er rakið er ekki útilokað að einstaklingur sem ekki telst fagfjárfestir snúi sér til fyrirtækis í verðbréfaþjónustu um kaup á verðbréfum sem ekki hefur verið gerð útboðslýsing fyrir. Það er hins vegar fyrirtækis í verðbréfaþjónustu að leggja mat á það hvort viðkomandi einstaklingi skuli seld bréfin. Hér reynir því á faglegar skyldur fyrirtækisins eins og þær koma fyrir í tilskipun 93/22/EBE, um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta. Í 11. gr. tilskipunarinnar er við það miðað að tekið skuli mið af faglegri þekkingu einstaklingsins sem þjónustan er veitt. Almennt verður að telja að almennur aðgangur almennings að verðbréfum sé fyrst og fremst í gegnum fyrirtæki í verðbréfaþjónustu. Miklu máli skiptir hvernig þessi fyrirtæki haga endursölu verðbréfa sem undan-

---

[40] Það sem hér segir er þó ekki án undantekninga, t.d. er ljóst að b-liður 1. tölul. 2. gr. reglugerðar 505/1993 bannar ekki að aðilum sem ekkert þekkja til rekstursins eða hafa sérstaka þekkingu á fjárfestingum verði seld verðbréf. Hér er um hlutlægt skilyrði að ræða fyrir slíkri sölu, þ.e. 25 aðilar, sem byggist á því sjónarmiði að almennt sé ólíklegt að leitað sé til annarra við frumsölu verðbréfa en þeirra sem telja má að hafi þekkingu og fjárhagslega getu til að fjárfesta í slíkum verðbréfum. Auk þess má nefna að meiri líkur eru á að jafnræði og upplýsingaflæði sé tryggt í smærri hóp.

þegin hafa verið reglum um almennt útboð. Þegar fyrirtæki í verðbréfaþjónustu selur verðbréf verður það að hafa í huga þær skyldur sem á því hvíla og leggja mat á hvort viðkomandi fjárfesting hentar viðskiptavini. Þegar þetta er haft í huga verður að ætla að almenningi verði að jafnaði ekki seld verðbréf án þess að útboðslýsing hafi verið gerð.

Þegar litið er til íslensks verðbréfamarkaðar kemur í ljós að verðbréf, sem undanþegin hafa verið reglum um almennt útboð við frumsölu, hafa verið endurseld almenningi fyrir milligöngu fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Það er í sjálfu sér ekkert athugavert við það að fyrirtæki í verðbréfaþjónustu annist milligöngu um sölu á slíkum verðbréfum. Hins vegar er mikilvægt að við slíka sölu tekið mið af faglegri þekkingu einstaklingsins sem þjónustan er veitt.

Samkvæmt því sem að framan er rakið telur nefndin að einn stærsti þátturinn í því að verðbréf, sem útboðslýsing hefur ekki verið gerð fyrir, komist ekki í almenna dreifingu sé að fyrirtæki í verðbréfaþjónustu selji þau ekki almenningi. Einnig verður í þessu sambandi að hafa í huga í tengslum við 15. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, að fyrirtæki í verðbréfaþjónustu geta orðið skaðabótaskyld vegna ráðgjafar sinnar í sambandi við sölu verðbréfa til almennings. Um skaðabótaábyrgð fyrirtækja í verðbréfaþjónustu skal þó ekki fjallað hér.

5.2.2.3 Réttarástand erlendis

Því er mismunandi háttað í rétti einstakra ríkja hvernig tekið er á endursölu verðbréfa sem seld hafa verið. Á það hefur verið bent að samkvæmt norskum rétti geti reglur um útboðslýsingar komið til framkvæmda við síðara útboð á sömu verðbréfum þegar frumsala hefur byggst á undantekningu frá reglum um almennt útboð. Þegar útboð er undanþegið reglum um almennt útboð vegna þess að því er einungis beint til fagfjárfesta geti síðara útboð sem stafar frá fagfjárfestunum fallið undir reglur um almennt útboð nema það byggist einnig á undanþágu. Þetta gildi þó ekki þegar umrædd bréf hafa verið tekin til opinberrar skráningar í kauphöll í millitíðinni þar sem ætla megi að hagsmuna fjárfesta sé nægilega gætt með skráningarlýsingu og viðvarandi upplýsingaskyldu í kauphöllinni.[41]

Samkvæmt grein 5-1 í norsku verðbréfaviðskiptalögunum þarf ekki að gera útboðslýsingu þegar 50 eða færri aðilum er boðið að fjárfesta í verðbréfum. Sú skoðun hefur komið fram að þegar útgefandi viti fyrir fram eða megi búast við því að einn eða fleiri fjárfesta reyni að selja verðbréfin áfram til stærri hóps hafi það enga þýðingu þótt útboðinu sé formlega beint að færri en 50 aðilum eða 50 færri skrái sig formlega. Útboð á alþjóðavettvangi þar sem sölutrygging er fyrir hendi (e. underwriting) fari þannig fram að nokkrir fagfjárfestar eru milliliðir og skrifa sig fyrir hlutunum og endurselja síðan hlutina. Þegar eitt eða fleiri verðbréfafyrirtæki býðst til að skrifa sig fyrir hlutum verði að gera útboðslýsingu, liggi ekki fyrir samningur eða ráðgert sé að fyrirtækin skrái sig einungis og kaupi fyrir eigin reikning eða bjóði einungis svo takmörkuðum hópi viðskiptamanna sinna til kaups að útboðið samanlagt sé ekki kynnt fyrir fleirum en 50 aðilum.[42]

Í dönskum rétti er aðstaðan sú að skv. 43. gr. verðbréfaviðskiptalaganna gildir 12. kafli laganna um fyrsta útboð verðbréfa til almennings sem ekki er óskað að verði tekin til opinberrar skráningar í kauphöll. Fyrirmæli þessa ákvæðis hafa verið túlkuð svo að með fyrsta útboði sé átt við útgáfu nýrra verðbréfa og eins síðari sölu verðbréfa sem þegar hafa

[41] NOU 1996:2, bls. 148.
[42] Knut Bergo: Børs- og veripappirrett, bls. 371–372.

verið gefin út og ekki var upphaflega beint til almennings.[43] Verður að telja að hér sé átt við það tilvik þegar þrengri hópi fjárfesta eru boðin verðbréfin í upphafi, en seljandi snúi sér síðan á markað með þau og í því tilfelli sé fyrir hendi útboðslýsingarskylda séu verðbréfin kynnt almenningi.

5.2.2.4 Tillaga nefndarinnar

Nefndin gerir það í fyrsta lagi að tillögu sinni að í lögum verði kveðið á um það að útboð á verðbréfum til almennings, *hvort heldur í upphaflegri sölu eða í síðari sölu*, sé háð því að útboðslýsing hafi verið gefin út. Með þessu orðalagi er tekið af skarið um það að sömu reglur gildi um endursölu verðbréfa og gildi um frumsölu. Orðalagi þessu, ásamt skýringum í greinargerð, væri því stefnt gegn þeirri framkvæmd sem lýst hefur verið varðandi endursölu verðbréfa sem undanþegin hafa verið ákvæðum um almennt útboð.

Í annan stað leggur nefndin til að bætt verði við nýrri reglu í lög nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, sem kveður á um að *sala eða milliganga fyrirtækis í verðbréfaþjónustu á verðbréfum til almennings, sem ekki falli undir reglur um almennt útboð, sé háð því að lagt hafi verið mat á faglega þekkingu og reynslu viðskiptavinar*. Að mati nefndarinnar væri með slíku ákvæði spornað við því að fyrirtæki í verðbréfaþjónustu seldu almenningi verðbréf sem undanþegin hafa verið reglum um almennt útboð. Hér er um að ræða vísireglu sem m.a. gæti verið til leiðbeiningar um það hvort fyrirtæki í verðbréfaþjónustu hefur gætt fyllstu varúðar við ráðgjöf sína og milligöngu í verðbréfaviðskiptum. Þá væri með slíkri reglu einnig komið til móts við 11. gr. tilskipunar 93/22/EBE, um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta, sem mælir fyrir um það að tekið skuli mið af faglegri þekkingu einstaklingsins sem þjónustan er veitt.

5.2.3 Fagfjárfestar

5.2.3.1 Almennt

Eins og áður segir er markmiðið með reglum um almennt útboð að vernda fjárfesta. Nauðsynlegt er að fjárfestum sé gert kleift að meta áhættuna rétt og taka ákvarðanir um fjárfestingar út frá þekkingu á staðreyndum, þ.e. að ákvörðun um fjárfestingu sé upplýst. Fullnægjandi og réttar upplýsingar um verðbréf og útgefendur þeirra veita fjárfestum þessa vernd. Hins vegar er ljóst að sama vernd er ekki nauðsynleg fyrir alla fjárfesta. Þannig verður að gera ráð fyrir því að fjárfestar sem hafa fjárfestingar að atvinnu eða hafa að öðru leyti sérþekkingu á fjárfestingum þurfi ekki að hafa aðgang að öllum þeim upplýsingum sem fram koma í útboðslýsingu. Hefur almennt verið ráð fyrir því gert að þeir geti metið áhættuna á grundvelli eigin sérþekkingar eða aflað sér þessara upplýsinga með öðrum hætti.

Af framanröktu leiðir að rétt þykir að undanþiggja þá sem telja verður fagfjárfesta frá ákvæðum um almennt útboð verðbréfa. Það er matsatriði hverja telja eigi fagfjárfesta en enginn einn mælikvarði verður lagður til grundvallar í þeim efnum. Hér að neðan er gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum sem leggja verður til grundvallar við mat á því hverja telja eigi fagfjárfesta.

5.2.3.2 Þróunin í Evrópu

Í EES-rétti eru reglur sem taka mið af því að aðildarríkin skilgreini fagfjárfesta, sbr. 11. gr. tilskipunar 93/22/EBE um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta (e. Investment

[43] Karnovs lovsamling, bls. 8441.

Service Directive). Ísland hefur samkvæmt EES-samningnum skuldbundið sig til að innleiða ákvæði þessarar tilskipunar.

Hugtakið fagfjárfestir er ekki skilgreint í tilskipuninni. Það hefur hins vegar mikla þýðingu að afmarka hverjir teljist til fagfjárfesta. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins vinnur nú að tillögu um skilgreiningu á hugtakinu fagfjárfestir (e. sophisticated investor) í tengslum við framkvæmd 11. gr. tilskipunar 93/22/EBE. Þá hefur The Forum of European Securities Commissions (FESCO) lagt sitt af mörkum við þessa vinnu með staðli 15. mars 2000 þar sem gerð er tillaga að flokkun fjárfesta skv. 11. gr. tilskipunarinnar. Staðallinn kallast „Implementation of Article 11 of the ISD: Categorisation of Investors for the Purpose of Conduct of Business Rules".

Í 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 93/22/EBE, um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta, er svo fyrir mælt að aðildarríkin skuli semja starfsreglur sem fjárfestingarfyrirtækjum er ávallt skylt að fara eftir. Með slíkum reglum skuli að minnsta kosti komið til framkvæmda meginreglunum sem settar séu í eftirfarandi undirliðum og þeim beitt á þann hátt að tekið sé mið af faglegri þekkingu einstaklingsins sem þjónustan er veitt. Aðildarríkin skuli einnig beita þessum reglum, ef við á, gagnvart viðbótarþjónustu sem um getur í þætti C í viðaukanum. Þessar meginreglur skuli tryggja að fjárfestingarfyrirtæki:

— starfi á heiðarlegan og réttlátan hátt með hagsmuni viðskiptamanna og heilbrigði markaðarins að leiðarljósi,
— annist viðskipti sín af kunnáttusemi, umhyggju og kostgæfni með hagsmuni viðskiptamanna og heilbrigði markaðarins að leiðarljósi,
— hafi yfir að ráða og noti á skilvirkan hátt fjármuni og aðferðir sem þörf er á vegna starfseminnar,
— afli sér upplýsinga hjá viðskiptamönnum sínum um fjárhagsstöðu þeirra, reynslu í fjárfestingum og markmið sem skipta máli vegna þjónustunnar sem óskað er eftir,
— miðli, eftir því sem þörf er á, þeim upplýsingum sem skipta máli í samskiptum við viðskiptavini,
— reyni að forðast hagsmunaárekstra og, ef ekki er hjá þeim komist, láti viðskiptamenn njóta sanngjarnrar meðferðar,
— fari að öllum gildandi ákvæðum um framkvæmd starfsemi sinnar til að tryggja sem best hagsmuni viðskiptamanna og heilbrigði markaðarins.

5.2.3.3 Tillaga nefndarinnar um skilgreiningu á fagfjárfestum

Nefndin gerir ráð fyrir því að í fyrsta lagi verði við það miðað að ýmsir opinberir aðilar teljist ávallt til hóps fagfjárfesta í skilningi reglna um almennt útboð. Hér er um að ræða ríkissjóð, Seðlabanka Íslands, Lánasýslu ríkisins og Íbúðalánasjóð.

Í annan stað er miðað við að eftirtaldir aðilar teljist ávallt til fagfjárfesta: Viðskiptabankar og sparisjóðir, lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, verðbréfasjóðir, vátryggingafélög og lífeyrissjóðir. Rökin fyrir því að þessir aðilar teljist fagfjárfestar eru þau að þetta eru aðilar sem allir hafa starfsleyfi á fjármagnsmarkaði.

Í þriðja lagi er lagt til að fagfjárfestar verði þeir lögaðilar sem hafa fjárfestingar í verðbréfum að meginstarfsemi sinni og eiga markaðsverðbréf að verðmæti 100 milljónir króna. Ekki ríkir einhugur um það í nefndinni hvort telja skuli einstaklinga, sem uppfylla þessi skilyrði, með í skilgreiningu á fagfjárfestum. Hluti nefndarinnar telur eðlilegt að einstaklingar geti fallið undir skilgreininguna. Ástæðan er sú að óski fjársterkir einstaklingar eftir því að komast í flokk fagfjárfesta þurfa þeir að stofna sérstakt félag í því skyni, séu einstaklingar útilokaðir. Félög eru hins vegar skattlögð með öðrum og óhagkvæmari hætti sem leiðir til

þess að fjármagn leitar til annarra landa. Á móti þessu sjónarmiði má færa þau rök að afar matskennt er hvenær telja má að einstaklingur hafi fjárfestingar í verðbréfum að meginstarfsemi sinni. Hætta er á að rúm túlkun á þessu ákvæði geti leitt til þess að meginmarkmið að baki reglum um almennt útboð verðbréfa náist ekki. Auk þess geta fjársterkir einstaklingar keypt einstök verðbréf fyrir meira en fimm milljónir króna og eru þar með undanþegnir ákvæðum um almennt útboð.

Lagt er til að sérstakar kröfur verði gerðar til lögaðila, annarra en þeirra sem hafa starfsleyfi á fjármagnsmarkaði, til þess að þeir geti flokkast sem fagfjárfestar. Til þess að falla í þann flokk þurfa viðkomandi lögaðilar að uppfylla tvenn skilyrði. Annars vegar þurfa þeir að hafa fjárfestingar í verðbréfum að *meginstarfsemi* sinni og hins vegar þurfa þeir að eiga verðbréf að áætluðu markaðsverðmæti *100 milljónir króna*. Hvað fyrra skilyrðið varðar ætti að jafnaði ekki að leika vafi á því hvenær lögaðili hefur fjárfestingar í verðbréfum að meginstarfsemi sinni. Þó er hugsanlegt að upp geti komið vafatilvik um hvenær aðili hefur fjárfestingar að meginstarfsemi sinni en það er háð mati hverju sinni. Í slíkum tilvikum verður að gera þær kröfur til aðila sem teljast vill til fagfjárfesta á grundvelli þessa ákvæðis að hann sýni fram á það með haldbærum gögnum að hann hafi fjárfestingar að meginstarfsemi sinni. Við mat á ákvæði um kröfur um 100 milljón króna markaðsverðmæti í verðbréfum var meðal annars höfð hliðsjón af slíkum ákvæðum í Noregi og Bandaríkjunum auk þess sem hliðsjón var höfð af kröfum um eigið fé fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

Það á eftir að koma í ljós hversu raunhæfa þýðingu ákvæðið um fagfjárfesta á eftir að hafa þegar haft er í huga að b-liður 1. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993 veitir undantekningu frá reglunum ef útboð beinist að 25 eða færri aðilum. Ætla má að þegar leitað er til fagfjárfesta sé hópurinn oft 25 eða færri aðilar. Þó verður að gera ráð fyrir að í vissum tilvikum geti verið nauðsynlegt fyrir útgefanda að leita til fleiri en 25 aðila en þá verða allir aðilarnir að vera fagfjárfestar.[44] Er undantekningin raunhæf í slíkum tilvikum.

Þegar metið er hverjir teljast eigi til fagfjárfesta verður að miða við að ekki sé nauðsynlegt að útbúa útboðslýsingu þegar í hlut eiga fjárfestar sem ætla má að geti metið þær upplýsingar sem fyrir liggja, án þess þó að eiginleg útboðslýsing sé útbúin. Þannig verður að líta svo á að fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, sem eru undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins og hafa það m.a. með höndum að fjárfesta í verðbréfum, hafi nægilega þekkingu í þessum efnum. Auk þess verður að líta svo á að ýmsir aðrir fjárfestar hafi nægilega þekkingu, hvort sem mælt er fyrir um starfsemi þeirra í sérstökum lögum eða þeir eru undir eftirliti. Það sem máli skiptir við þetta mat er hvort fjárfestingar í verðbréfum eru verulegur þáttur í starfsemi viðkomandi fjárfestis.

Í Noregi þarf sérstaka skráningu hjá Oslo Børs sem fagfjárfestir til þess að flokkast sem slíkur.[45] Einn helsti kosturinn við þessa leið er sá að með því að gera slíka skráningarskyldu að skilyrði er fyrirsjáanlegt hverjir teljast til fagfjárfesta. Með þessum hætti getur seljandi verðbréfa með einfaldri athugun á þessum lista fengið upplýsingar um það hverjum hann getur boðið verðbréf án þess að þurfa að leggja fram útboðslýsingu. Með því að sækja um skráningu sem fagfjárfestir hefur fjárfestirinn tekið þá afstöðu að hann sé fagmaður og þar með hefur hann afsalað sér þeim réttindum sem reglur um útboðslýsingu hefðu að öðrum kosti veitt honum.[46]

---

[44] NOU 1996:2, bls. 148.
[45] Sjá Forskrift om registering som profesjonell investor, sem sett var af stjórn Oslo Børs 15. desember 1997.
[46] NOU 1996:2.

Önnur ríki hafa ekki farið þá leið sem farin er í Noregi, þ.e. að vera með opinberlega skráðan lista yfir fagfjárfesta. Nefndin telur helsta ókostinn við að fara þá leið sem farin hefur verið í Noregi vera hættu á að ábyrgðin verði tekin af fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu.

5.2.4 Eftirlit með almennum útboðum

Þriðja breytingin sem gera verður er sú að setja í reglugerð ákvæði um útboðið og útboðslýsinguna sjálfa sem nú eru í reglum VÞÍ nr. 6/1999 og byggjast á tilskipun 89/298/EBE, um samræmingu á kröfum við gerð, athugun og dreifingu á útboðslýsingu sem birta skal við almennt útboð framseljanlegra verðbréfa. Fyrirkomulagið í dag er með þeim hætti að Verðbréfaþing Íslands hf. sér um eftirlit með almennum útboðum verðbréfa samkvæmt reglum VÞÍ nr. 6/1999. Eftir að Verðbréfaþingi Íslands var breytt í hlutafélag og starfar nú sem löggilt kauphöll samkvæmt lögum nr. 34/1998 verður að teljast óeðlilegt að þingið hafi eftirlit með útboðum óskráðra félaga. Þá verður að hafa í huga að einkaleyfi Verðbréfaþings Íslands til að starfrækja kauphöll hefur nú verið afnumið. Er því lagt til að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með almennum útboðum.

Fylgiskjal II.

Drög að reglugerð um útboð verðbréfa.
(Unnin af nefnd um útboð verðbréfa.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Almennt útboð telst sala verðbréfa í sama verðbréfaflokki sem boðin eru almenningi til kaups með kynningu eða með öðrum hætti. Með verðbréfaflokki er átt við einsleit verðbréf þar sem réttindi og skilmálar bréfanna eru að öllu leyti hin sömu.

2. gr.

Fagfjárfestar eru:

1. Eftirtaldir opinberir aðilar:
   a. Ríkissjóður.
   b. Seðlabanki Íslands.
   c. Lánasýsla ríkisins.
   d. Íbúðalánasjóður.
2. Eftirtalin fyrirtæki með starfsleyfi á fjármagnsmarkaði:
   a. Viðskiptabankar og sparisjóðir.
   b. Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir.
   c. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu.
   d. Verðbréfasjóðir.
   e. Vátryggingafélög.
   f. Lífeyrissjóðir.

3. Lögaðilar sem hafa fjárfestingar í verðbréfum að meginstarfsemi sinni og eiga verðbréf að áætluðu markaðsverðmæti að minnsta kosti 100 milljónir króna.[47]

Fagfjárfestar skv. 3. tölul. skulu sýna fram á að þeir uppfylli skilyrði þessarar greinar með þeim hætti sem verðbréfafyrirtæki eða aðrir aðilar sem heimild hafa í lögum til milligöngu um almennt útboð verðbréfa óska.

3. gr.

Almennt útboð verðbréfa, hvort heldur í upphaflegri sölu eða síðari sölu, er háð því að útboðslýsing hafi verið gefin út í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, sbr. þó 4. gr.

II. KAFLI
Undanþágur frá almennu útboði.

4. gr.

Undanþegin 3. gr. eru:

1. Útboð þar sem eitt eða fleiri eftirtalinna tilvika eiga við:
   a. Hlutabréf eða samvinnuhlutabréf eru einungis boðin forgangsréttarhöfum í félagi og hömlur eru lagðar á viðskipti með bréfin.
   b. Verðbréf eru boðin tilgreindum afmörkuðum hópi aðila án auglýsingar eða kynningar, enda séu ekki fleiri en 25 aðilar í hópnum.
   c. Áætlað heildarsöluverð verðbréfanna nemur ekki meira en fimm milljónum kr., sbr. þó 2. mgr.
   d. Hver fjárfestir þarf að reiða af hendi að minnsta kosti fimm milljónir kr. til kaupa á verðbréfunum, sbr. þó 2. mgr.
   e. Verðbréf eru boðin fagfjárfestum.
2. Verðbréf af eftirfarandi gerðum:
   a. Verðbréf sem gefin eru út að áætluðu markaðsverði að minnsta fimm milljónir kr. hvert, sbr. þó 2. mgr.
   b. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða með starfsleyfi innan Evrópska efnahagssvæðisins.
   c. Verðbréf sem gefin eru út í tengslum við yfirtökutilboð.
   d. Verðbréf sem gefin eru út í tengslum við samruna fyrirtækja.
   e. Jöfnunarhlutabréf og önnur hlutabréf sem hluthafar fá afhent án endurgjalds.
   f. Hlutabréf eða verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa ef þau eru boðin í skiptum fyrir hlutabréf í sama félagi, ef boðið á hinum nýju verðbréfum hefur ekki í för með sér hækkun á hlutafé í félaginu.
   g. Verðbréf sem vinnuveitandi eða fyrirtæki tengt honum býður eingöngu núverandi eða fyrrverandi fastráðnum starfsmönnum sínum, eða verðbréf sem boðin eru fram í þágu þeirra.
   h. Verðbréf sem til eru komin vegna breytingar á breytanlegum skuldabréfum eða vegna þess að neytt er réttinda sem kaupréttur að hlut veitir, svo og hlutabréf sem boðin eru í skiptum fyrir skiptanleg skuldabréf, enda hafi útboðslýsing á hinum breytanlegu eða skiptanlegu skuldabréfum, eða þeim skuldabréfum sem kaupréttur að hlut fylgir, verið gefin út á Íslandi.

---

[47] Vísast til umræðu í fylgiskjali I um það hvort eðlilegt sé að einstaklingar geti fallið undir skilgreiningu á fagfjárfestum.

i. Verðbréf sem gefin eru út af lögaðilum sem ekki eru reknir í hagnaðarskyni í þeim tilgangi að afla fjár til framdráttar markmiðum sínum sem ekki lúta að hag sjálfra lögaðilanna.
j. Framseljanleg verðbréf sem gefin eru út af ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu eða eru með ríkisábyrgð.

Fjárhæðir í 1. mgr. skulu aldrei nema lægri fjárhæð en 40 þúsund evrum miðað við opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands eins og það er skráð á hverjum tíma.

III. KAFLI
Aðdragandi að útboðslýsingu og útboðstímabil.

5. gr.

Fjármálaeftirlitið skal hafa umsjón með athugun á útboðslýsingum. Þó skulu kauphallir annast athugun á skráningarlýsingum samkvæmt kauphallarlögum þegar óskað er eftir skráningu í viðkomandi kauphöll, enda skal hún tekin sem gild útboðslýsing. Fjármálaeftirlitið getur falið skipulegum verðbréfamörkuðum að annast athugun á útboðslýsingum öðrum en þeim sem kveðið er á um í 2. málsl.

Óheimilt er að birta útboðslýsingu fyrr en hún hefur verið samþykkt.

6. gr.

Útboðstímabil er að hámarki sex mánuðir, nema Fjármálaeftirlitið heimili annað, og skal tilgreint í útboðslýsingu.

7. gr.

Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu að hluta eða öllu leyti frá því að birta útboðslýsingu þegar svo háttar að verðbréfin, sem boðin eru almenningi, eru skuldabréf eða önnur verðbréf, sem eru ígildi skuldabréfa, sem gefin eru út reglulega af lánastofnunum.

8. gr.

Hafi útboðslýsing verið birt í samræmi við 3. gr. er ekki þörf á að birta nýja útboðslýsingu í tengslum við almennt útboð nema liðnir séu meira en 12 mánuðir frá birtingu útboðslýsingar til fyrsta söludags í nýju útboði eða orðið hafi breytingar á högum útgefanda sem ætla má að hafi veruleg áhrif á markaðsverð verðbréfanna.

Ef tæmandi útboðslýsing hefur birst á Íslandi á næstliðnum 12 mánuðum þarf aðeins að tilgreina í næstu útboðslýsingu, er varðar önnur verðbréf sama útgefanda, þær breytingar sem hafa orðið síðan hin tæmandi útboðslýsing var birt og áhrif gætu haft á verðmæti verðbréfanna, svo og upplýsingar um bréfin sem fram eru boðin. Hin tæmandi útboðslýsing skal þó fylgja með þegar hin nýja er birt eða vísað er til hennar.

9. gr.

Í síðasta lagi tíu dögum áður en áformað er að birta útboðslýsingu skulu auglýsingar, tilkynningar, veggspjöld og gögn, sem tilkynna hið almenna útboð, send Fjármálaeftirlitinu. Í gögnum þessum skal þess getið að útboðslýsing sé til og hvar hún sé birt.

10. gr.

Birta skal auglýsingu í einu eða fleiri dagblöðum, sem gefin eru út á Íslandi, þar sem fram koma eftirfarandi atriði: Heiti útgefanda, tegund útboðs, útboðstímabil, heildarfjárhæð sem

boðin er út, fjármálastofnanir sem taka við áskriftum almennings og hvar nálgast má útboðslýsingu.

11. gr.

Útboðslýsingin skal birtast annaðhvort:

1. í einu eða fleiri dagblöðum sem gefin eru út á Íslandi
2. eða í ókeypis bæklingi, með rafrænum hætti á Netinu eða bréfamöppu með ritum sem jafngild eru þeim upplýsingum sem óskað er sem aðgengileg eru almenningi á Íslandi og á skráðri skrifstofu þess sem sér um útboðið og á skrifstofum fjármálafyrirtækja sem sjá um greiðslur fyrir hann á Íslandi.

12. gr.

Þegar almennt útboð fer fram á verðbréfum skal útboðslýsingin geyma þær upplýsingar sem með hliðsjón af eðli útgefandans og verðbréfanna eru nauðsynlegar fjárfestum til að þeir geti á grundvelli þekkingar metið rétt eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda, sem og þau réttindi sem fylgja verðbréfunum.

Til að fullnægja þeirri skyldu sem kveðið er á um í 1. mgr. skal útboðslýsingin, sbr. þó undantekningarheimildir, tilgreina á skýran og skilmerkilegan hátt að minnsta kosti þau atriði sem fram koma í viðauka með reglugerð þessari.

13. gr.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað að tilteknum upplýsingum, sem krafist er í reglum þessum, sé sleppt í útboðslýsingu sem um getur í viðauka

1. ef þær hafa litla þýðingu og ólíklegt er að þær hafi áhrif á mat á eignum eða skuldum útgefanda, fjárhagsstöðu, afkomu eða framtíðarhorfum;
2. ef birting þeirra mundi skaða útgefandann verulega, að því tilskildu að undanþága verði ekki til þess að almenningur fái rangar hugmyndir um staðreyndir og aðstæður sem eru nauðsynlegar til að meta hlutaðeigandi verðbréf eða ef þessi birting stangast á við hagsmuni almennings.

14. gr.

Komi fram nýjar upplýsingar sem máli geta skipt um mat á útgefanda eða verðbréfum hans frá því að útboðslýsing var birt þar til útboðið hefst skal útbúa viðauka við útboðslýsingu þar sem greint er frá hinum nýju upplýsingum. Þennan viðbæti skal birta án ástæðulauss dráttar og senda Fjármálaeftirlitinu til samþykktar.

15. gr.

Fjármálaeftirlitið getur viðurkennt útboðslýsingar sem samþykktar hafa verið af lögbærum yfirvöldum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að í útboðslýsingum skv. 1. mgr. skuli veittar sérstakar upplýsingar um íslenska markaðinn, svo sem um skattamál, fjármálastofnanir sem annast greiðslur og fleira. Einnig skal vekja sérstaka athygli á atriðum sem varða réttindi eigenda bréfanna á grundvelli annarra réttarreglna en íslenskra og eru ekki í samræmi við íslenskar réttarreglur.

Fjármálaeftirlitið getur krafist að útboðslýsingar samkvæmt þessari grein séu þýddar á íslensku af löggiltum skjalaþýðanda.

IV. KAFLI
Viðvarandi upplýsingaskylda.

16. gr.

Félög, sem farið hafa í almennt útboð án skráningar í kauphöll samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, skulu senda Fjármálaeftirlitinu endurskoðaðan ársreikning og fréttatilkynningu vegna birtingar ársreiknings.

Félag skal leitast við að láta reikningsskil sín ávallt uppfylla ströngustu kröfur sem almennt eru gerðar til félaga í þeirri grein sem það starfar í. Reikningsskilin skulu vera í samræmi við gildandi lög og góða reikningsskilavenju. Endurskoðaðan ársreikning skal senda Fjármálaeftirlitinu um leið og hann er fullgerður og eigi síðar en fjórum mánuðum frá lokum þess reikningsárs sem hann nær til.

Í kjölfar þess stjórnarfundar þar sem ársreikningur félagsins er formlega samþykktur skal félagið senda frá sér fréttatilkynningu vegna hans. Í slíkri fréttatilkynningu skulu vera svo ítarlegar upplýsingar að ársreikningurinn feli ekki í sér að mati félagsins viðbótarupplýsingar sem gætu haft veruleg áhrif á verðmyndun viðkomandi félags.

V. KAFLI
Viðurlög.

17. gr.

Fjármálaeftirlitið getur aflað upplýsinga aðila sem býður fram verðbréf í útboði um aðdraganda og framkvæmd útboðs. Telji Fjármálaeftirlitið að ekki hafi verið farið að reglum um almennt útboð verðbréfa getur það stöðvað útboð og veitt frest til úrbóta sé þess kostur. Fjármálaeftirlitið getur birt opinberlega yfirlýsingu um umrætt mál og beitt aðila viðurlögum í formi dagsekta samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

VI. KAFLI
Gildistaka.

18. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 27. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 13/1996, tekur gildi x. 2001. 16. gr. gildir ekki um félög sem fóru í almennt útboð fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.

Viðauki með reglugerð.

Efni útboðslýsingar fyrir verðbréf sem ekki er sótt um að tekin verði til opinberrar skráningar í kauphöll.

Þegar almennt útboð fer fram á verðbréfum skal útboðslýsingin geyma þær upplýsingar sem með hliðsjón af eðli útgefandans og verðbréfanna eru nauðsynlegar fjárfestum til að þeir geti á grundvelli þekkingar metið rétt eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda, sem og þau réttindi sem fylgja verðbréfunum.

Til að fullnægja þeirri skyldu sem kveðið er á um í 1. mgr. skal útboðslýsingin, sbr. þó undantekningarheimildir, tilgreina á skýran og skilmerkilegan hátt að minnsta kosti eftirfarandi:

1. Þá sem eru ábyrgir fyrir útboðslýsingunni:
   1.1. nöfn og kennitölur,
   1.2. starfsheiti og

1.3. yfirlýsingu þeirra um að samkvæmt bestu vitund þeirra sé útboðslýsing rétt og í hana vanti ekkert sem áhrif geti haft á gildi hennar.

2. Hið almenna útboð og hver þau verðbréf eru sem fram eru boðin:
   2.1. eðli þeirra,
   2.2. upphæð og tilgang útgáfunnar,
   2.3. fjölda útgefinna bréfa og réttinda sem fylgja þeim,
   2.4. tekjuskatt sem haldið er eftir,
   2.5. útboðstímabilið sem skal að hámarki vera sex mánuðir, nema stjórn Fjármálaeftirlitsins heimili annað,
   2.6. hvenær réttindi hefjast til arðs eða vaxta,
   2.7. þá sem tryggja eða ábyrgjast útboðið,
   2.8. takmörkun á sölu verðbréfa sem í boði eru og markaði sem hafa viðskipti með þau,
   2.9. stofnanir sem annast greiðslur,
   2.10. útboðsverð bréfanna ef þekkt er, eða
   2.11. hvernig og hvenær verðið skal ákveðið ef það er ekki vitað þegar útboðslýsing er gerð,
   2.12. greiðslufyrirkomulag,
   2.13. hvernig forkaupsréttar er neytt, sé hann fyrir hendi, og
   2.14. hvernig og með hvaða fresti afhending bréfanna fer fram.

3. Útgefanda:
   3.1. nafn, kennitölu og skráða skrifstofu,
   3.2. stofndag,
   3.3. löggjöf sem um útgefandann gildir og rekstrarform hans,
   3.4. tilgang hans,
   3.5. hvar félagið er skráð og hlutafé þess,
   3.6. upphæð hlutafjár sem áskrift er fyrir,
   3.7. fjölda og helstu einkenni þeirra bréfa sem mynda hlutaféð og þá hluta hlutafjárins sem ógreiddir eru,
   3.8. fjölda allra breytanlegra skuldabréfa, skiptanlegra skuldabréfa sem kaupréttur að hlutunum fylgir og hvernig breyting, skipting eða áskrift fari fram og
   3.9. fyrirtækjasamstæðu sem útgefandi tilheyrir,
   3.10. ef við á þegar um er að ræða hlutabréf skal einnig tilgreina eftirfarandi: upphæð hlutafjár og hversu lengi heimild til hlutafjárútgáfu gildir og hluthafa þá sem beint eða óbeint fara með eða gætu farið með úrslitavald í rekstri útgefandans, svo fremi sem um þá er vitað.

4. Aðalstarfsemi útgefandans:
   4.1. lýsingu á helstu starfsemi hans og alla óvenjulega þætti sem áhrif hafa haft á starfsemi hans þar sem við á,
   4.2. öll einkaleyfi, leyfi eða samninga sem máli skipta,
   4.3. upplýsingar um yfirstandandi fjárfestingar sem eiga sér stað ef þær skipta máli og
   4.4. dómsmál sem kunna að standa yfir ef þau geta haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðuna.

5. Eignir og skuldir útgefandans, fjárhagsstöðu og afkomu:
   5.1. eigin ársreikninga undangengin tvö reikningsár og samstæðureikninga þar sem við á,
   5.2. ef útgefandi færir aðeins samstæðureikninga skulu þeir færðir inn í útboðslýsinguna,

5.3. ef útgefandi færir bæði eigin ársreikninga og samstæðureikninga skal hann færa bæði uppgjörin inn í útboðslýsinguna en þó má hann færa inn annað uppgjörið eingöngu ef það sem ekki er fært inn felur ekki í sér viðbótarupplýsingar sem máli skipta,
5.4. séu liðnir meira en níu mánuðir frá lokum þess reikningsárs sem síðasti ársreikningur tilheyrir skal sýna hlutaársreikning sem nær til a.m.k. sex mánaða þar á eftir; sé hann ekki endurskoðaður skal þess getið,
5.5. nafn og kennitölu þess sem ber ábyrgð á endurskoðun reikninga og
5.6. hafi endurskoðandinn skilyrt áritun sína eða synjað um hana verður að geta þess og tilgreina ástæður.

6. Stjórn útgefanda, framkvæmdastjórn og endurskoðun:
6.1. nöfn og kennitölur,
6.2. heimilisföng og starfsheiti og
6.3. sé um að ræða almennt útboð á hlutum í félagi með takmarkaða ábyrgð skal geta um laun þeirra sem annast stjórn, framkvæmdastjórn og endurskoðun.

7. Framvindu viðskipta útgefanda undanfarið og framtíðarhorfur að svo miklu leyti sem slíkar upplýsingar geta haft áhrif sem máli skipta við mat á honum:
7.1. markverðustu nýjungar varðandi framvindu viðskipta útgefanda frá lokum næstliðins reikningsárs og
7.2. framtíðarhorfur hans að minnsta kosti á yfirstandandi reikningsári og hafi endurskoðandi eða óháður matsmaður yfirfarið forsendur.

Þegar almennt útboð fer fram á skuldabréfum sem einn eða fleiri lögaðilar ábyrgjast skal einnig veita þær upplýsingar sem nefndar eru í liðum 3-7 í 2. mgr. um ábyrgðaraðila.

Þegar almennt útboð fer fram á breytanlegum skuldabréfum eða skiptanlegum skuldabréfum eða skuldabréfum með kauprétti á hlut eða á kaupréttinum sjálfum, verður einnig að veita upplýsingar um eðli þeirra hlutabréfa eða skuldabréfa sem rétturinn beinist að og hvenær og hvernig breyting, skipti eða áskrift megi fara fram. Þegar útgefandi hlutabréfanna eða skuldabréfanna er ekki sá sami og gaf út hin upphaflegu skuldabréf eða veitti kaupréttinn verða þær upplýsingar sem tilgreindar eru í liðum 3–7 í 2. mgr. um útgefandann að koma fram.

Þegar tímabilið frá því að útgefandi hóf starfsemi sína er styttri en um er getið í 2. mgr. þarf aðeins að veita upplýsingar sem lúta að þeim tíma sem liðinn er frá því að starfsemi hófst.

Ef í ljós kemur að upplýsingar, sem tilgreindar eru í 2. mgr., eiga ekki við um starfssvið útgefanda eða rekstrarform hans við þau verðbréf sem í boði eru skal gera útboðslýsingu með jafngildar upplýsingar.

Ef hlutabréf eru boðin hluthöfum útgefanda á grundvelli forkaupsréttar þeirra í tilefni þess að þau hafi verið viðurkennd til opinberrar skráningar getur Fjármálaeftirlitið heimilað að sumum upplýsingum sem tilgreindar eru í liðum 4–6 í 2. mgr., sé sleppt, svo fremi sem fjárfestar hafi yfir að ráða nýjustu upplýsingum um útgefandann, jafngildum þeim sem krafist er í þessum viðauka vegna krafna verðbréfamarkaðarins um veitingu upplýsinga.

Þegar samþykkt hefur verið að kaupa og selja flokk hlutabréfa á verðbréfamarkaði getur kauphöll veitt undanþágu að öllu leyti eða að hluta frá því að birta útboðslýsingu ef fjöldi, áætlað markaðsverð eða nafnverð eða, ef það er ekki tilgreint, bókfært verð hinna útboðnu bréfa nemur minna en 10% af sambærilegu verðgildi hlutabréfa í sama flokki sem þegar eru hafin viðskipti með svo fremi sem fjárfestar hafi yfir að ráða nýjustu upplýsingum um útgefandann, jafngildum þeim sem krafist er í þessum viðauka vegna krafna verðbréfamarkaðarins um upplýsingar.

Fylgiskjal III.

Skýrsla nefndar um innherjaviðskipti.

1. Inngangur.

Þann 28. apríl 2000 skipaði viðskiptaráðherra nefnd um innherjaviðskipti. Samkvæmt skipunarbréfi nefndarinnar var henni ætlað að gera tillögu að breytingum á ákvæðum um innherjaviðskipti í lögum um verðbréfaviðskipti og leggja drög að reglugerð um það efni. Nefndin var þannig skipuð:

Helga Hlín Hákonardóttir, Íslandsbanka-FBA hf.
Jóhann Albertsson, Fjármálaeftirliti, formaður,
Ólafur Arinbjörn Sigurðsson, Verðbréfaþingi Íslands hf.,
Róbert Agnarsson, SÍF hf.

Meðal þess sem nefndinni var sérstaklega ætlað að gera var að koma með tillögur um takmarkanir á viðskiptum innherja, tilkynningar um viðskipti og birtingu þeirra og tilgreiningu aðila og birtingu lista yfir þá.

Í samræmi við framangreint hefur lagafrumvarp þetta verið samið. Í því eru lagðar til breytingar á efni og framsetningu ákvæða IV. kafla laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, að því er varðar meðferð trúnaðarupplýsinga og viðskipti innherja. Markmiðið með þeim breytingum sem lagt er til að gerðar verði á kaflanum er að skýra skilgreiningu laganna á hugtakinu innherji, auka aðhald með innherjum og kröfur til þeirra aðila um að þeir gæti öðrum fremur að stöðu sinni í verðbréfaviðskiptum hverju sinni. Jafnframt má ætla að breytingarnar séu til þess fallnar að auka traust á fjármálamarkaði og trúverðugleika markaðarins almennt. Helstu breytingar samkvæmt frumvarpinu eru eftirfarandi:

- Hugtakið innherji er nú skilgreint sérstaklega í lögunum og greint á milli einstakra flokka innherja, sem ekki hefur verið gert í lögum fram að þessu.
- Gert er ráð fyrir að ákvæði laganna um innherjaviðskipti taki einungis til viðskipta með skráð verðbréf.
- Gert er ráð fyrir sérstakri rannsóknarskyldu innherja í tengslum við viðskipti með verðbréf.
- Komið verður á fót sérstakri innherjaskrá og verða upplýsingar úr henni opinberar að ákveðnu leyti.
- Skerpt er á kröfum gagnvart útgefendum verðbréfa, stjórnvöldum og öðrum aðilum, sem fá reglulega trúnaðarupplýsingar í starfsemi sinni, varðandi setningu reglna um meðferð trúnaðarupplýsinga og viðskipti innherja.

2. Hugtakið innherjaviðskipti.

Með hugtakinu innherjaviðskipti er átt við viðskipti aðila sem búa yfir trúnaðarupplýsingum um útgefanda verðbréfa eða verðbréf hans. Hérlendis hefur hugtakið verið notað sem yfirhugtak yfir tvenns konar innherjaviðskipti, lögleg og ólögleg innherjaviðskipti sem stundum eru kölluð innherjasvik. Víða í löndunum í kringum okkur er hugtakið hins vegar aðeins notað um ólögleg innherjaviðskipti, þ.e. viðskipti á grundvelli trúnaðarupplýsinga. Lögleg innherjaviðskipti eru þá oftlega kölluð tilkynningarskyld viðskipti eða „meldepliktig handel".

Orðið innherjaviðskipti hefur á sér frekar neikvæðan blæ samkvæmt íslenskri tungu, enda hefur umræða um þau verið á margan hátt neikvæð. Vafalaust er því um að kenna að innherjaviðskipti ber helst á góma í tengslum við ólögleg viðskipti. En hafa verður í huga að innherjaviðskipti geta verið fullkomlega lögleg, eðlileg og jafnvel nauðsynleg.

3. Tilgangur reglna um innherjaviðskipti.

Ekki hafa vaknað miklar deilur um réttmæti þess að leggja hömlur á viðskipti innherja. Almennt er viðurkennt að innherjaviðskipti geti undir ákveðnum kringumstæðum verið óréttmæt og því skuli setja ákveðnar takmarkanir á þau í lögum.

Þeir hagsmunir sem reglum um innherjaviðskipti er einkum ætlað að vernda eru í meginatriðum þeir að vernda viðsemjanda innherja, útgefanda verðbréfanna og verðbréfamarkaðinn. Mikilvægustu hagsmunirnir eru hagsmunir verðbréfamarkaðarins í heild.

Rök með því að leyfa innherjaviðskipti hafa, eins og fram kemur hér að framan, meðal annars verið þau að eðlilegt og nauðsynlegt getur verið að stjórnendur fjárfesti í eigin fyrirtækjum. Með því séu þeir að lýsa trausti á fyrirtækið og eigin hæfni til að reka það. Einnig býr að baki sú hugsun að tengja eigin hagsmuni betur við hagsmuni hluthafa félagsins. Meðal annars vegna þessa er ekki talið heppilegt að banna með öllu viðskipti innherja. Almennt er þó talið nauðsynlegt að hafa ákveðnar hömlur á viðskiptum innherja. Þeir hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum sem aðrir fjárfestar hafa ekki aðgang að og með því að setja reglur um viðskipti innherja er þannig stefnt að því að jafna stöðu fjárfesta. Það er óréttmætt gagnvart þeim sem ekki búa yfir trúnaðarupplýsingum að þeir sem hafi upplýsingarnar geti notað þær til að hagnast eða forðast tap. Sá hagnaður sem menn ná fram getur beint eða óbeint verið á kostnað þeirra sem ekki hafa þessar upplýsingar. Líkt og með ógildingarreglum samningalaga er því tilgangurinn með reglum sem banna viðskipti á grundvelli trúnaðarupplýsinga sá að vernda þann aðila sem býr við veikari samningsstöðu.

Fyrirtæki sem hefur gefið út verðbréfin, sem og hluthafar þess, hafa einnig þörf fyrir vernd gegn mistnotkun á trúnaðarupplýsingum sem varða félagið. Forsvarsmenn félaga hafa ákveðnum trúnaðarskyldum að gegna gagnvart félaginu og hluthöfum samkvæmt hlutafélagalögum. Meginverkefni þeirra og skylda er gæsla hagsmuna félagsins og hluthafa enda eru þeir gagngert valdir til þess að fara með hagsmuni þess. Það bryti í bága við þessar trúnaðarskyldur að leyfa innherjum að nýta sér trúnaðarupplýsingarnar sem þeir fá í starfi sínu til að eiga viðskipti með verðbréf sem tengjast upplýsingum. Það má því segja að innherji sem misnotar trúnaðarupplýsingar bregðist trausti fyrirtækis síns og hluthafa þess og geti því skaðað hagsmuni þess.

Þá er lögum og reglum á verðbréfamarkaði ætlað að tryggja að markaðurinn geti sinnt því hlutverki sínu að starfa eðlilega og að geta aflað fjármagns fyrir atvinnulífið á eðlilegan hátt. Nauðsynlegt er að fjárfestar beri traust til markaðarins. Á markaðinum eru þrjár grundvallarreglur hafðar að leiðarljósi við setningu laga og reglna. Í fyrsta lagi reglan um gagnsæi markaðar, í öðru lagi reglan um heiðarleika og í þriðja lagi reglan um jafnræði. Ólögleg innherjaviðskipti brjóta í bága við þessar meginreglur.

4. Íslenskur réttur.

4.1. Þróun lagareglna um innherjaviðskipti.

Hérlendis eru fyrstu lög um verðbréfaviðskipti lög um verðbréfamiðlun, nr. 27/1986. Þau bera þess augljós merki að á þeim tíma voru lítil viðskipti með verðbréf á skipulegum verðbréfamarkaði og fjölluðu lögin aðallega um réttindi og skyldur verðbréfamiðlara. Þremur árum seinna tóku gildi lög nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, og voru þau lög samin með hliðsjón af löggjöf nágrannalandanna, einkum Danmerkur og Noregs. Í lögunum var þó tekið mið af ýmsum atriðum sem nauðsynleg voru til aðlögunar á hinum lítt þróaða verðbréfamarkaði hér á landi. Ákvæði um innherjaviðskipti voru fyrst lögfest hér á landi með setningu laganna, sbr. 2. gr. sem er svohljóðandi: „Sérhverjum þeim aðila, sem býr yfir trúnaðarupplýsingum um útgefanda markaðsverðbréfa eða um önnur atriði sem ekki hafa

verið gerð opinber en líklegar eru til þess að hafa veruleg áhrif á markaðsverð bréfanna ef opinberar væru, er óheimilt að kaupa eða selja viðkomandi verðbréf fyrir eigin reikning eða reikning vandamanna sinna í þeim tilgangi að hagnast eða forðast fjárhagslegt tjón. Hann má heldur ekki veita öðrum aðila vitneskju byggða á trúnaðarupplýsingum sem ætla verður að séu látnar í té í því skyni að sá aðili hagnist eða forðist fjárhagslegt tjón með kaupum eða sölu verðbréfanna. Ákvæði þetta tekur jafnt til einstaklinga sem lögaðila.“ Í greinargerð með ákvæðinu segir til skýringar að innherjaviðskipti hafi verið mjög á dagskrá að undanförnu í nágrannaríkjunum vegna lögbrota sem þar hafa komið upp og þar hafi verið rætt um að setja strangari reglur um viðskipti innherja. Jafnframt er það tekið fram að í mörgum ríkjum séu ákvæði í lögum þess efnis að aðili, er búi yfir viðkvæmum upplýsingum um tiltekið fyrirtæki, skuli ekki hagnast á því með viðskiptum með bréf þess fyrirtækis á markaði, þar sem slíku athæfi sé jafnað við auðgunarbrot.

Fljótlega varð ljóst að einstök atriði laganna frá 1989 þörfnuðust endurskoðunar með hliðsjón af fenginni reynslu af framkvæmd þeirra. Árið 1991 var skipaður starfshópur, m.a. til að endurskoða lögin. Hlutverk hópsins var að semja frumvörp til laga og drög að reglugerðum vegna aðlögunar íslensks fjármagnsmarkaðarréttar (bankaréttur og kauphallaréttur) að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, en innan Evrópusambandsins hefur fjöldi tilskipana á því sviði verið settur. Starfshópurinn skilaði af sér þremur frumvörpum á sviði verðbréfaviðskipta sem lið í aðlögun að samningnum um EES sem samþykktur var árið 1993; lög nr. 9/1993 um verðbréfaviðskipti, lög nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, og lög nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands.

Í lögum nr. 9/1993 er sérstakur kafli um meðferð trúnaðarupplýsinga í stað þeirrar greinar sem fjallaði um efnið í lögum nr. 20/1989. Ákvæði verðbréfaviðskiptalaganna frá 1993 voru samin með hliðsjón af tilskipun Evrópusambandsins nr. 89/592 um innherjaviðskipti og í samræmi við löggjöf nágrannalandanna sem einnig er byggð á tilskipun ESB. Þau ákvæði um innherjaviðskipti, sem lögfest voru með lögunum frá 1993, hafa að stofni til gilt síðan.

4.2. Gildandi réttur.

Núgildandi lög um verðbréfaviðskipti eru nr. 13/1996. Lagasetningin var þáttur í aðlögun íslensks réttar að ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Með tilskipun ráðsins 93/6/EBE frá 15. mars 1993 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana voru reglur um eigið fé fjárfestingarfyrirtækja samræmdar eiginfjárreglum lánastofnana og jafnframt aukið við eiginfjárreglur lánastofnana. Þessi tilskipun og tilskipun 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta voru hluti af „viðbótarpakka“ EES-samningsins sem sameiginlega EES-nefndin tók ákvörðun um 21. mars 1994. Við gildistöku laganna voru ekki gerðar efnisbreytingar á ákvæðum um meðferð trúnaðarupplýsinga. Með lögum nr. 35/1998 voru gerðar breytingar sem skipta máli fyrir umfjöllun um ákvæði um meðferð trúnaðarupplýsinga. Þau lög breyttu gildissviði IV. kafla laganna sem fjallar um trúnaðarupplýsingar. Gildissviðið var víkkað og látið ná til viðskipta utan skipulegs verðbréfamarkaðar sem og til viðskipta með verðbréf í kauphöll og á tilboðsmarkaði sem hlotið hefur starfsleyfi hér á landi.

Hugtakið trúnaðarupplýsingar er skilgreint í 2. mgr. 26. gr. verðbréfaviðskiptalaga og er átt við upplýsingar um útgefanda verðbréfa, verðbréfin sjálf eða önnur atriði sem ekki hafa verið gerð opinber en eru líkleg til að hafa áhrif á markaðsverð verðbréfanna ef opinber væru.

Eingöngu þær upplýsingar sem eru til þess fallnar að hafa áhrif á markaðsverð bréfanna teljast til trúnaðarupplýsinga á meðan þær hafa ekki verið opinberaðar. Þannig teljast til trúnaðarupplýsinga t.d. óbirtar afkomutölur, fyrirætlanir um mikilvæga samninga, ráðning og

starfslok lykilstarfsmanna. Öll þessi atriði eru líkleg til þess að geta haft áhrif á markaðsverð verðbréfa. Upplýsingar sem ekki eru nægilega veigamiklar til þess að hafa áhrif á verð teljast því ekki til trúnaðarupplýsinga.

Varðandi trúnaðarupplýsingar er það hugtaksskilyrði að þær hafi ekki verið gerðar opinberar. Slíkar upplýsingar sem hafa verið opinberaðar á fullnægjandi máta eru þar með ekki lengur trúnaðarupplýsingar. Því er ekki um misnotkun trúnaðarupplýsinga að ræða þegar viðskipti eiga sér stað á grundvelli þeirra. Eftir birtingu hafa allir fjárfestar jafnan aðgang að þeim, því þarf ekki að vernda ákveðinn hluta þeirra vegna hugsanlegs aðstöðumunar. Reglur um innherjaviðskipti eiga því ekki við eftir að upplýsingarnar hafa verið birtar.

Upplýsingar teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað á verðbréfamarkaðinum með almennum og viðurkenndum hætti skv. 2. mgr 26. gr. Áberandi umfjöllun í fjölmiðlum eða opinberum gögnum eins og t.d. Lögbirtingablaði telst til opinberrar birtingar. Hins vegar er það þannig, þegar um upplýsingar er að ræða sem tengjast fyrirtækjum sem hafa fengið verðbréf sín skráð í kauphöll, að birting telst hafa farið fram eftir að upplýsingarnar hafa verið sendar kauphöll sem síðan hefur miðlað þeim áfram til kauphallaraðilanna, skv. 1. mgr. 24. gr. kauphallalaganna, sbr. og 2. mgr. 8. gr. reglna VÞÍ um upplýsingaskyldu.

Það er að jafnaði auðvelt fyrir aðila sem hafa sterk tengsl við útgefanda að fullvissa sig um að upplýsingarnar hafi verið birtar áður en þeir eiga viðskipti með verðbréfin. Þeir geta t.d. fylgst með heimasíðu VÞÍ. Þessum aðilum ber að bíða með að eiga viðskipti ákveðinn tíma eftir að upplýsingarnar hafa verið birtar af kauphöllinni.

Með trúnaðarupplýsingum er átt við upplýsingar um útgefanda verðbréfa, verðbréfin sjálf eða önnur atriði sem áhrif geta hafa á markaðsverð verðbréfa skv. 2. mgr. 26. gr

Trúnaðarupplýsingar um útgefanda verðbréfa eru allar upplýsingar sem varða útgefandann og sem geta haft áhrif á markaðsverð bréfa hans. Þetta eru atriði sem varða rekstur útgefandans, og eru til þess fallin að hafa áhrif á verðmyndun verðbréfa hans, ýmist til hins betra eða til hins verra. Eins og þegar hefur komið fram má í þessu sambandi nefna óbirtar afkomutölur, nýjar vörur, ný einkaleyfi, fyrirhugaðan samruna o.fl. Verðmyndun verðbréfa útgefanda tekur mið af því hvernig reksturinn gengur, og ætti verðmyndunin að endurspegla stöðu rekstrarins á hverjum tíma. Mikilvægar upplýsingar úr rekstrinum hafa því mikla þýðingu.

Upplýsingar um verðbréfin sjálf geta einnig haft áhrif á markaðsverð þeirra, t.d. ákvörðun um útgáfu jöfnunarhlutabréfa, breytt réttindi samkvæmt samþykktum, innköllun/innlausn o.fl.

Upplýsingar um önnur atriði en útgefanda eða verðbréfin sjálf geta einnig haft áhrif á verðmyndun bréfanna. Sem hugsanleg dæmi má nefna markaðsaðstæður, upplýsingar um fyrirætlanir fjárfesta um umfangsmikil viðskipti með verðbréf, fyrirhugaða yfirtöku o.s.frv. Þeir aðilar sem búa yfir slíkum upplýsingum teljast því til innherja á meðan upplýsingarnar hafa ekki verið gerðar opinberar. Í þessu verður að varast að rugla staðreyndum saman við væntingar um þróun innan tiltekinna atvinnugreina eða hjá tilteknum útgefendum.

Trúnaðarupplýsingar eru upplýsingar sem líklegar eru til að hafa áhrif á verðmyndun bréfanna ef opinberar væru, þ.e. í því felst að hugsanlegt sé að markaðsverð bréfanna muni breytast. Hins vegar þurfa upplýsingarnar ekki raunverulega að hafa áhrif á markaðsverðið og nægilegt er því að þær hafi verið til þess fallnar.

Bann við innherjaviðskiptum á grundvelli trúnaðarupplýsinga stendur óháð því hvort verð bréfanna raunverulega breytist eða ekki. Hins vegar hljóta verðbreytingar í kjölfar birtingar ávallt að hafa mikla þýðingu fyrir matið á því hvort upplýsingarnar hafi verið verðmótandi. Í flestum tilvikum má þó segja að matið sé ekki vandkvæðum bundið, t.d. fyrirséð er bætt afkoma eða slæm afkoma, en það er útgefandans í hverju tilviki að meta það hvort upplýsingar

hafi áhrif á verðmyndun bréfa hans eður ei. Þetta verður að skoðast í hverju tilviki fyrir sig. Mat á því hvort trúnaðarupplýsingar séu líklegar til að hafa áhrif á markaðsverð bréfa getur þó verið erfitt, einkum í tilvikum þar sem ekki er um að ræða hefðbundnar tilkynningar, þ.e. annað en upplýsingar um afkomu, samninga og þess háttar. Í slíkum tilvikum verður mat að fara fram út frá almennum sjónarmiðum um það hvaða augum fjárfestar muni líta upplýsingarnar.

Í IV. kafla verðbréfaviðskiptalaga er afmarkað hvað innherjar mega ekki aðhafast búi þeir yfir trúnaðarupplýsingum. Í fyrsta lagi er þeim bannað að nýta upplýsingar sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta, í öðru lagi er þeim óheimilt að láta þriðja aðila þær í té og í þriðja lagi er þeim óheimilt að ráðleggja þriðja aðila á grundvelli þeirra eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með verðbréfin. Bannið kemur fram í 1.–3. tölul. 1. mgr. 27. gr. og gildir það jöfnum höndum um alla þá sem eru innherjar, þ.e. búa yfir trúnaðarupplýsingum, hvort heldur það er vegna beinna tengsla við útgefanda skv. 1. mgr. 27. gr., þá sem með öðrum hætti hafa komist yfir trúnaðarupplýsingar skv. 28. gr. eða lögaðila sem eru innherjar eða aðila sem vegna tengsla við lögaðila eru innherjar skv. 29. gr.

Skv. 1. tölul. 27. gr. er þeim sem ákvæðið tekur til óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar, beint eða óbeint, til öflunar eða ráðstöfunar verðbréfanna sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta.

Með orðalaginu beint eða óbeint er átt við að viðkomandi eða einhver fyrir hans hönd nýti sér upplýsingarnar sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta. Það skiptir því ekki máli hvort innherjinn sjálfur nýtir sér trúnaðarupplýsingarnar sjálfur eða gerir það í gegnum þriðja aðila. Það er alltaf óheimilt. Hins vegar er staðan sú að ef innherjinn á ekki viðskiptin sjálfur getur verið erfitt að sýna fram á að viðskipti hafi farið fram á grundvelli trúnaðarupplýsinga, þ.e. ef tengslin milli þriðja manns og innherjans eru ekki þeim mun ljósari.

Með orðalaginu öflun eða ráðstöfun er átt við hvers konar athafnir, ekki bara kaup eða sölu. Telja verður að undir ákvæðið falli bein kaup og sala, hvort sem innherjinn framkvæmir viðskiptin sjálfur eða í gegnum millilið, ef viðskiptin eiga sér stað eftir að komist hefur verið yfir trúnaðarupplýsingar. Það sama gildir um aðstæður þar sem innherjinn afturkallar eða breytir viðskiptafyrirmælum sem hann hefur þegar gefið miðlara eða öðrum um viðskipti. Tilvik þar sem hætt er við viðskipti áður en samningur hefur komist á getur einnig fallið undir orðalagið öflun eða ráðstöfun.

Það er enn fremur skilyrði að innherji hafi nýtt sér upplýsingarnar sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta. Það sem skiptir máli er það að ráðstafanir voru gerðar í því augnamiði að hagnast eða komast hjá tapi. Hvorutveggja nægir til að telja að ákvæði laganna hafi verið brotið.

Í 2. tölul. 27. gr. er lagt bann við því að aðili sem býr yfir eða hefur aðgang að trúnaðarupplýsingum láti þriðja aðila í té upplýsingarnar, nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir.

Tilgangurinn með ákvæðinu er að tryggja að aðeins þeir aðilar sem hafi þörf fyrir það öðlist vitneskju um trúnaðarupplýsingar. Þannig er hópur þeirra aðila sem hugsanlega gætu talist innherjar takmarkaður eins og mögulegt er og hættan á að trúnaðarupplýsingar berist til óviðkomandi aðila minnkar.

Ákvæðinu er ætlað að hafa fyrirbyggjandi áhrif. Til stuðnings þessu banni er ákvæði 31. gr. verðbréfaviðskiptalaganna þar sem útgefendum og öðrum aðilum sem að jafnaði búa yfir trúnaðarupplýsingum er gert skylt að setja sér eigin reglur í þeim tilgangi að koma í veg fyrir útbreiðslu trúnaðarupplýsinga.

Einu undantekningarnar frá þessu banni eru annars vegar ef tilvik fellur undir 28. gr. og innherji þarf samkvæmt því að hafa vitað eða mátt vita hvers eðlis upplýsingarnar voru. Hins vegar er heimilt eins og fram kemur í 2. tölul. að láta upplýsingarnar í té sé það gert í eðlilegu sambandi við starfsskyldur þess sem upplýsingarnar veitir.

Brotið gegn banninu í 2. tölul. er því einfaldlega það að veita óviðkomandi upplýsingarnar.

Í 3. tölul. 1. mgr. 27. gr. er kveðið á um það að þeim sem búa yfir trúnaðarupplýsingum eða hafa aðgang að þeim sé óheimilt að ráðleggja þriðja aðila á grundvelli upplýsinganna eða afla verðbréfa eða ráðstafa þeim eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með verðbréfin. Bannið gildir, eins og áður, um alla þá sem teljast til innherja og það gildir enn fremur um alla ráðleggingu eða hvatningu varðandi ráðstöfun verðbréfanna, hvort sem um er að ræða kaup, sölu, að hætt er við kaup eða sölu eða annað sem tengist ráðstöfun eða öflun verðbréfa. Ekki er gert skilyrði um að hvatning eða ráðlegging innherja til annara sé einhverjum til hagsbóta. Nægilegt er að hvatningin eða ráðleggingin sé á grundvelli trúnaðarupplýsinga.

Með þessari reglu er það lagt að jöfnu að innherji eigi sjálfur viðskipti með verðbréf á grundvelli trúnaðarupplýsinga og að hann ráðleggi eða hvetji þriðja aðila til að eiga verðbréfaviðskipti á grundvelli trúnaðarupplýsinganna. Hvort tveggja telst vera brot á ákvæðum laganna. Það liggur enn fremur ljóst fyrir að um sjálfstætt brot er að ræða ef innherji brýtur gegn ákvæði 3. tölul. ef hann ráðleggur þriðja manni eða hvetur hann til að eiga viðskipti með ákveðin verðbréf sem innherjinn býr yfir trúnaðarupplýsingum um, án þess þó að þriðja manni séu látnar upplýsingarnar sjálfar í té.

Ekki er skilyrði skv. 3. tölul. að þriðji aðili geri sér grein fyrir að ráðleggingin eða hvatningin til að eiga ákveðin viðskipti sé á grundvelli trúnaðarupplýsinga. Þriðji aðili verður sjálfur ekki brotlegur nema hann geri sér grein fyrir að upplýsingarnar sem um ræðir eru trúnaðarupplýsingar. Eigi hann viðskipti gerist hann brotlegur við ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 27. gr.

Útgefendum verðbréfa, stjórnvöldum og öðrum þeim er vegna starfsemi sinnar kunna að búa yfir trúnaðarupplýsingum sem gætu haft áhrif á verð bréfa er skylt að setja eigin reglur í því skyni að hindra að upplýsingarnar berist til annarra en þeirra sem þarfnast þeirra vegna starfa sinna, sbr. 31. gr. verðbréfaviðskiptalaganna.

Reglur sem þessar stuðla að því að gera innherjum, einstaklingum og lögaðilum ljósar skyldur sínar og viðeigandi verklag. Reglurnar þurfa að vera aðgengilegar. Þannig auka þær trúverðugleika þess aðila sem um ræðir hverju sinni.

Ekki er því ástæða til að líta á slíkar reglur sem íþyngjandi eða neikvæðar á nokkurn hátt. Reglurnar eiga þvert á móti að gera fólki auðveldara fyrir og stuðla að auknu réttaröryggi og heiðarlegum viðskiptum á verðbréfamarkaði. Útgefandi og aðrir innherjar geta dregið úr hættunni á innherjasvikum með því að umgangast trúnaðarupplýsingar af varkárni.

Enn hefur ekki komið til kasta dómstóla mál þar sem grunur hefur leikið á um að ákvæði IV. kafla hafi verið brotin. Af þeim málum sem hafa komið til skoðunar hafa allnokkur verið send frá Verðbréfaþingi til FME, og hefur eitt þeirra verið sent áfram til ríkislögreglustjóra til frekari skoðunar. Í tíð bankaeftirlits var eitt mál sent áfram til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, en það mál fór ekki lengra. Til hliðsjónar er rétt að nefna að í nágrannalöndunum er fátítt að dæmt hafi verið fyrir brot á lögum um innherjaviðskipti.

5. Erlendur réttur.

5.1. Evrópuréttur.

Tilskipun 89/592/EBE um samræmingu á reglum um innherjaviðskipti inniheldur lágmarksreglur varðandi innherjalöggjöf aðildarlanda ESB og EES. Það leiðir af 2. gr. tilskipunarinnar að aðildarríkin skulu banna sérhverjum þeim aðila sem hefur aðgang að trúnaðarupplýsingum að nýta sér þær til öflunar eða ráðstöfunar sjálfum sér eða þriðja aðila til framdráttar, beint eða óbeint, á framseljanlegum verðbréfum útgefenda sem þessar upplýsingar varða. Bannið nær til þeirra aðila sem eiga aðild að stjórn, rekstri eða eftirliti á vegum útgefanda, eigenda og annarra sem hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum vegna starfs síns, stöðu eða skyldna. Jafnframt gildir bannið um þá einstaklinga sem taka fjárfestingarákvarðanir fyrir reikning lögaðila, sbr. 2. tölul. 2. gr.

Samkvæmt 3. gr. skulu aðildarríkin banna sérhverjum aðila sem hefur aðgang að trúnaðarupplýsingum að láta þriðja aðila þær í té nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf hans, stöðu eða skyldur. Einnig skulu aðildarríkin banna þeim aðilum sem búa yfir trúnaðarupplýsingum að ráðleggja þriðja aðila á grundvelli upplýsinganna að afla eða ráðstafa framseljanlegum verðbréfum. Aðildarríkin skulu láta bannið sem mælt er fyrir um í 2. gr. gilda um alla nema þá sem fjallað er um í þeirri grein, sem með fullri vitneskju á staðreyndum hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum þegar þær eru fengnar beint eða óbeint frá þeim aðilum sem nefndir eru í 2. gr.

Trúnaðarupplýsingar eru skilgreindar í 1. mgr. 1. gr. sem upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða einn útgefanda framseljanlegra verðbréfa eða fleiri, eða eitt framseljanlegt verðbréf eða fleiri, sem haft gætu veruleg áhrif á verð viðkomandi framseljanlegs verðbréfs eða bréfa væru þær gerðar opinberar. Skv. 2. mgr. 1. gr. nær hugtakið framseljanlegt verðbréf til hlutabréfa, skuldabréfa og verðbréfa sem eru ígildi hluta- og skuldabréfa ásamt áskriftarréttindum og samningum á grundvelli hlutabréfa og skuldabréfa, afleiða og framvirkra samninga. Í niðurlagi 2. mgr. segir að viðskipti með verðbréfin skuli fara fram á markaði er lýtur reglum og eftirliti aðila sem opinberar stofnanir viðurkenna og sem starfar reglulega og er opinn almenningi beint eða óbeint (skipulegur verðbréfamarkaður).

Í tilskipuninni er þess sérstaklega getið hve mikilvægt það sé talið að aðildarríkin samræmi ákvæði laga sinna á þessu sviði. Til að sameiginlegur markaður þeirra komist á er nauðsynlegt að verðbréfamarkaðurinn innan þeirra starfi eðlilega og geti sinnt hlutverki sínu þannig að árangur náist. Eitt af hlutverkum verðbréfamarkaðar er að auðvelda fjármögnun atvinnulífsins. Því er mikilvægt að fjárfestar beri traust til markaðarins. Þeir verða að geta treyst því að öllum séu tryggð sömu réttindi og að þeir séu verndaðir gegn því að trúnaðarupplýsingar séu misnotaðar. Ef slíkar upplýsingar eru notaðar til að hygla ákveðnum fjárfestum á kostnað annarra getur það orðið til að grafa undan því trausti sem nauðsynlegt er að markaðurinn hafi og þannig komið í veg fyrir eðlilega starfsemi hans. Reglum um innherjaviðskipti og meðhöndlun trúnaðarupplýsinga er því ætlað að vekja traust manna á markaðinum í heild.

Ákvæði tilskipunarinnar eru lágmarksákvæði. Aðildarríkjunum er því heimilt að taka upp strangari ákvæði í löggjöf sína en sett eru í tilskipuninni. Í samkeppni milli fjármagnsríkjanna er talið óheppilegt að nokkur ríkjanna hafi mjög strangar reglur og viðurlög á sviði innherjaviðskipta á meðan önnur ríki séu mjög frjálslynd. Það gæti leitt til röskunar á samkeppni. Tilskipuninni er þannig ætlað að samræma reglur aðildarríkjanna um innherjaviðskipti.

5.2. Danmörk.

Fyrstu lög sem höfðu að geyma ákvæði um refsivert bann gegn innherjaviðskiptum tóku gildi 1. janúar 1987. Síðan þá hafa lögin tekið nokkrum breytingum, m.a. í kjölfar setningar tilskipunar ESB um innherjaviðskipti. Núgildandi reglur um innherjaviðskipti er að finna í lögum um verðbréfaviðskipti frá 20 desember 1995, nr. 1072/1995. Það leiðir af 1. mgr. 35. gr. að sá sem býr yfir innherjaupplýsingum má ekki kaupa, selja eða hvetja til kaupa eða sölu verðbréfa, enda hafi upplýsingarnar getað haft þýðingu fyrir viðskiptin. Ákvæðið var fyrir gildistöku verðbréfaviðskiptalaganna í lögunum um Kauphöllina í Kaupmannahöfn.

Í lögunum er með verðbréfi átt við hvers konar verðbréf, þar með talið afleiðusamninga, sem skráð eru í kauphöll eða viðskipti sem fara fram á skipulegum tilboðsmarkaði eða samsvarandi markaði í landi innan Evrópubandalagsins eða í landi sem Evrópusambandið hefur samstarfssamning við, ásamt óskráðum verðbréfum sem gefin eru út á grundvelli verðbréfa sem skráð eru í kauphöll, sbr. 1. og 2. mgr. 34. gr.

„Innherjaupplýsingar" eru skilgreindar í 2. mgr. 34. gr. sem „óopinberar upplýsingar um útgefanda verðbréfa, verðbréf eða markaðsaðstæður verðbréfa, sem gætu haft þýðingu fyrir verðmyndun eins eða fleiri verðbréfa, ef opinberar væru". Þess er ekki krafist að upplýsingarnar hafi „verulega" eða sambærilega þýðingu. Það leiðir af 3. mgr. 34. gr. að upplýsingarnar teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað á verðbréfamarkaðinum með almennum og viðurkenndum hætti.

Samkvæmt 36. gr. laganna hvílir á þeim aðila sem býr yfir innherjaupplýsingum þagnarskylda nema upplýsingarnar séu látnar í té í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir. Útgefendum verðbréfa er skylt að setja sér eigin reglur í því skyni að hindra það að innherjaupplýsingar berist til annarra en þeirra sem þarfnast þeirra vegna starfa sinna, sbr. 2. mgr. 36. gr. Stjórnvöld og aðrir aðilar, svo sem verðbréfamiðlarar, lögmenn og endurskoðendur sem fá reglulega innherjaupplýsingar í starfsemi sinni, skulu setja sér samsvarandi reglur.

Refsiramminn fyrir brot á ákvæðum um meðferð innherjaupplýsinga getur varðað fangelsi allt að einu og hálfu ári þegar er brot framið af ásetningi eða er sérstaklega gróft allt að fjórum árum, sbr. 94. gr. Brot á þagnarskyldu getur varðað fangelsi allt að einu og hálfu ári. Ef brot á 1. mgr. 35. gr. er framið af ásetningi eða er sérlega gróft, eða er samsett úr fjölda smærri tilvika, er refsiramminn fjögur ár.

Það leiðir af 1. mgr. 35. gr. að í dönskum rétti er ekki gerð krafa að upplýsingarnar hafi veruleg áhrif eða að upplýsingarnar séu nákvæmar. Þegar kauphallalögunum var breytt 1991 fór fram umræða um það hvort krefjast ætti þess að upplýsingarnar hefðu veruleg áhrif á verð verðbréfanna, eins og kveðið er á um í innherjatilskipun ESB. Meiri hluti var á móti því að gera tilslakanir þar sem slíkt gæti leitt til undanþágu frá banni við að eiga viðskipti. Lagatæknileg atriði, ásamt því að krafan um veruleg áhrif hafði ekki haft í för með sér örökstudd mál um innherjasvik, leiddu til þess að krafan var ekki gerð. Á sama tíma var bent á að dómstólar hefðu möguleika á að túlka ákvæðið þröngt ef þess væri krafist, sbr. Nis Jul Clausen, Insider handel, 1992, bls. 51.

Í reglum kauphallarinnar í Kaupmannahöfn er skráðum félögum gert að banna fruminnherjum sínum að eiga viðskipti á öðrum tímabilum en sex vikum eftir birtingu ársreiknings og milliuppgjörs.

5.3. Svíþjóð.

Í Svíþjóð gilda sérstök lög um innherjaviðskipti, lög nr. 1342/1990, sem gengu í gildi þann 1. febrúar 1990. Lögin eru að mestu innleiðing á tilskipun ESB, en ganga lengra á

sumum sviðum. Lögin kveða ekki einungis á um bann við innherjaviðskiptum, heldur einnig reglur um að lykilmenn í skráðum félögum og opinberir starfsmenn skuli vera skráðir í sérstaka innherjaskrá sem og eignarhald þeirra á bréfum í viðkomandi félagi. Það leiðir af 4. gr. laganna að það er bannað að kaupa eða selja verðbréf á grundvelli upplýsinga sem hafa ekki verið gerðar opinberar og eru til þess fallnar að hafa veruleg áhrif á verð viðkomandi verðbréfa. Bannið gildir um viðskipti á „verðbréfamarkaðinum“, þ.e. um viðskipti í kauphöll, viðskipti á öðrum skipulegum verðbréfamörkuðum eða í gengum fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, sbr. 1. tölul. 2. gr. Það leiðir af 2. tölul. 2. gr. að lögin ná til viðskipta með allar tegundir verðbréfa, m.a. afleiðusamninga. Bannið nær til aðila sem starfs eða stöðu sinnar vegna búa að jafnaði yfir trúnaðarupplýsingum, sbr. 1. mgr. 4. gr., hluthafa sem fá aðgang að trúnaðarupplýsingum hjá félagi, sbr. 2. mgr. sömu greinar, sem og annarra aðila sem fá aðgang að trúnaðarupplýsingum frá þeim aðilum sem nefndir eru í 1. og 2. mgr. eða með öðrum hætti.

Aðilar sem nefndir eru í 1. og 2. mgr. 4. gr. mega ekki ráðleggja öðrum í verðbréfaviðskiptum á grundvelli trúnaðarupplýsinga.

Í 5. gr. laganna eru talin upp nokkur atriði sem talin eru geta haft veruleg áhrif á verð verðbréfa. Þau atriði sem talin eru upp er hvorutveggja atriði sem snúa að félögum og atriði sem snúa að markaðsaðstæðum. Meðal þeirra atriða sem talin eru upp í 5. gr. eru ákvarðanir sjóðstjóra eða fagfjárfesta (stofnanafjárfesta) um kaup eða sölu verðbréfa.

Í 7. gr. er kveðið á um undantekningar frá 4. gr. Meðal annars er heimilt að kaupa ef trúnaðarupplýsingarnar eru til þess fallnar að hafa neikvæð áhrif á verð viðkomandi verðbréfa og selja ef upplýsingarnar eru til þess fallnar að hafa jákvæð áhrif á verð viðkomandi verðbréfa. Þessar undantekningar taka ekki til viðskipta með afleiðusamninga.

Refsingar samkvæmt lögunum geta verið sekt eða fangelsi allt að tveimur árum, og í alvarlegri málum fangelsi allt að fjórum árum. Rétt er að geta þess hér að lög um innherjaviðskipti í Svíþjóð eru nú til endurskoðunar og þar liggur fyrir tillaga um að fella brott sektarheimildir, þannig að brot gegn lögunum mun alltaf varða fangelsi.

5.4. Noregur.

Í Noregi er ákvæði um innherjaviðskipti að finna í lögum um verðbréfaviðskipti nr. 79/1997. Í 2-1 gr. laganna er kveðið á um bann við viðskiptum með verðbréf, sem skráð eru í kauphöll eða sótt hefur verið um skráningu á í kauphöll, á grundvelli trúnaðarupplýsinga, sem varða útgefanda verðbréfa eða verðbréf hans, enda hafi upplýsingarnar veruleg áhrif á verð verðbréfanna. Ákvæði um bann við viðskiptum hafa verið í gildi í Noregi síðan 1985, en þau ákvæði sættu endurskoðun árið 1991. Rétt er að geta þess að ákvæði um innherjaviðskipti eru nú til endurskoðunar í Noregi.

Bann við viðskiptum á grundvelli trúnaðarupplýsinga nær einnig til viðskipta með afleiðusamninga sem taka mið af verði verðbréfs sem skráð er í kauphöll.

Fylgiskjal IV.

SÝNISHORN

Reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga á skv. 2. gr. reglna um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa á Verðbréfaþingi Íslands hf.

Tilgangur.

Tilgangur með reglum þessum er að tryggja að meðferð trúnaðarupplýsinga í hlutafélaginu, sem er almenningshlutafélag og fengið hefur hlutabréf sín skráð á Verðbréfaþingi Íslands hf., sé í samræmi við lög og reglur sem gilda á verðbréfamarkaði.

Er stefnt að því með reglum þessum að tryggja að fjárfestar hafi ávallt jafnan aðgang að upplýsingum um fjárhagsstöðu og önnur atriði, sem áhrif kunna að hafa á markaðsverð hlutabréfa. Í því sambandi er mjög mikilvægt að upplýsingar sem taldar eru líklegar til að hafa áhrif á markaðsverð hlutabréfa séu gerðar opinberar um leið og þær liggja fyrir. Framfylgni reglna um upplýsingaskyldu eykur gagnsæi markaðarins og gerir verðmyndun skýrari.

Þeir starfsmenn og stjórnendur fyrirtækisins sem hafa með höndum eða hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum um reksturinn sem eru til þess fallnar að hafa áhrif á verð hlutabréfa á markaði eru nefndir fruminnherjar. Aðrir innherjar eru þeir sem ekki teljast til fruminnherja en búa yfir trúnaðarupplýsingum. Meðal innherja geta verið lögaðilar sem tengjast þessum aðilum með einhverjum hætti.

Orðskýringar.

Félagið:	XXXX
Trúnaðarupplýsingar:	Með trúnaðarupplýsingum er átt við upplýsingar um útgefanda verðbréfa, verðbréfin sjálf eða önnur atriði sem ekki hafa verið gerðar opinberar en eru líklegar til að hafa áhrif á markaðsverð verðbréfanna ef opinberar væru. Upplýsingar teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað á verðbréfamarkaðinum með almennum og viðurkenndum hætti. Tilkynningar til Verðbréfaþings Íslands hf. teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan.
Innherjar:	
Fruminnherji:	Hver sá sem vegna starfa síns eða stöðu býr yfir trúnaðarupplýsingum eða hefur aðgang að þeim.
Aðrir innherjar:	Þeir sem ekki teljast til fruminnherja en búa yfir trúnaðarupplýsingum eða hafa aðgang að þeim.
Tilkynningarskyld viðskipti:	Innherji skal tilkynna þegar hann kaupir og selur hlutabréf í félaginu, þegar hann gerir framvirkan samning um kaup eða sölu og þegar hann á viðskipti með vilnanir.

Almennar reglur.

- Innherjum, þar með talið félaginu, er óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta eða ráðleggja þriðja aðila á grundvelli slíkra upplýsinga að afla eða ráðstafa hlutabréfum í félaginu.
- Innherjum er óheimilt að láta þriðja aðila í té trúnaðarupplýsingar nema í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur viðkomandi innherja.
- Það er skylda hvers og eins að stuðla að því að gildandi lög og reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga séu virtar.
- Það er skylda hvers og eins sem verður vitni að því að lög eða reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga séu brotnar að gera stjórn félagsins og/eða eftirlitsaðilum viðvart.
- Stjórn samþykkir lista yfir þá sem koma til greina sem fruminnherjar, ásamt öðrum sem koma til greina sem innherjar, svo sem mökum fruminnherja eða börnum hans. Þessum aðilum skulu jafnframt kynntar reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga. Við uppsetningu lista yfir innherja skal höfð til hliðsjónar eftirtalin viðmiðun:
- Stjórnarmenn, forstjóri, framkvæmdastjórar, forstöðumenn, deildarstjórar og starfsmenn deilda, sem hafa beinan aðgang að trúnaðarupplýsingum, svo sem upplýsingum um fjárhagsstöðu og mikilvægum upplýsingum um rekstur og rekstraráætlanir og meiri háttar samningsgerð á vegum félagsins, ritarar stjórnar, forstjóra og framkvæmdastjóra, framkvæmdastjórar dótturfélaga, félagið sjálft, verðbréfafyrirtæki sem annast markaðssetningu á viðskiptabréfum félagsins, bankar, ráðgjafar, endurskoðendur, lögmenn, rekstrarráðgjafar og aðrir sem stöðu sinnar vegna geta haft aðgang að trúnaðarupplýsingum.
- Félagið skal tilkynna öllum þeim sem skráðir hafa verið á innherjalista um að félagið líti svo á að þeir teljist til innherja og að þeir skuli tafarlaust tilkynna félaginu um öll viðskipti sín með hluti í félaginu, þ.m.t. hvers konar framvirk viðskipti eða viðskipti með vilnanir.
- Þegar aðilar sem settir hafa verið á lista innherja láta af störfum eða aðilar sem vegna tímabundinna verkefna hafa verið settir á listann hafa lokið störfum sínum og trúnaðarupplýsingar sem þeir búa yfir hafa verið gerðar opinberar má strika nafn þeirra af innherjalistanum og skal þeim þá send tilkynning um það.
- Trúnaðarupplýsingum skal haldið innan eins þröngs hóps og mögulegt er.
- Öllum innherjum er skylt að tryggja að trúnaðarupplýsingar, sem þeir hafa undir höndum, berist ekki til annarra aðila. Öllum starfsmönnum félagsins og trúnaðarmönnum, sem hafa undir höndum eða kunna að hafa undir höndum trúnaðarupplýsingar, skulu kynntar reglur þessar. Ber þeim skylda til að varðveita slíkar upplýsingar og miðla þeim ekki til annarra en þeirra sem starfs síns vegna eiga að fá aðgang að þeim. Sérstaklega skal þess gætt að slíkar upplýsingar í rafrænu formi séu ekki aðgengilegar öðrum.
- Hvers konar miðlun trúnaðarupplýsinga hvort heldur sem er innan félagsins eða út fyrir það skal háð samþykki næsta yfirmanns viðkomandi starfsmanns.
- Öll miðlun trúnaðarupplýsinga krefst þess að þeim sem miðlar upplýsingum og þeim sem tekur við þeim sé það nauðsynlegt vegna starfs eða stöðu.
- Hverjum sem miðlar trúnaðarupplýsingum ber skylda til að gera viðtakanda grein fyrir að um trúnaðarupplýsingar sé að ræða og misnotkun þeirra sé refsiverð samkvæmt lögum. Hér má t.d. nefna prófarkalesara, prentara, starfsmenn auglýsingastofa, kynningaraðila o.s.frv. sem meðhöndla trúnaðarupplýsingar fyrir félagið.
- Hver sem sendir öðrum trúnaðarupplýsingar skal ganga úr skugga um að upplýsingarnar berist einungis réttum móttakanda.
- Æskilegt er að fruminnherjar eigi ekki viðskipti með viðkomandi verðbréf nema á því

sex vikna tímabili sem líður frá því að ársreikningur eða milliuppgjör hefur verið birt opinberlega, enda búi þeir ekki yfir öðrum trúnaðarupplýsingum en fram komu í afkomutölum eða fréttatilkynningum með þeim. Best fer á að fruminnherjar líti jafnan á kaup sín í viðkomandi verðbréfum sem langtímafjárfestingu.
- Leiki grunur á að trúnaðarupplýsingar hafi borist út fyrir fyrirtækið skal þegar í stað tilkynna VÞÍ um slíkar grunsemdir.

Mikilvægar upplýsingar sem snerta starfsemi félagsins skulu birtar án tafar. Skal félagið tilnefna ábyrgðarmann sem annast öll samskipti við VÞÍ.

Ábyrgðarmaður.

Ábyrgðarmanni skulu kynntar tímanlega þær upplýsingar sem til álita kemur að tilkynna þurfi VÞÍ. Trúnaðarupplýsingar skal gera opinberar þegar ákvörðun um það liggur fyrir hjá félaginu og eins ef þær hafa eða líkur eru á að þær hafi borist til vitundar óviðkomandi. Skal ábyrgðarmaður afla samþykkis forstjóra eða þeirra sem hann vísar til fyrir birtingu trúnaðarupplýsinga. Trúnaðarupplýsingar skulu aldrei birtar án þess að forstjóri eða sá sem hann tilnefnir hafi samþykkt það.
- Ábyrgðarmaður annast hvers konar miðlun upplýsinga til VÞÍ.
- Miðað skal að því að trúnaðarupplýsingar séu birtar eins skjótt og unnt er og þeim ekki haldið leyndum lengur en þörf krefur.
- Fyrirspurnum fjölmiðla skal svarað í samráði við ábyrgðarmann nema annað hafi verið ákveðið áður í sérstökum málum.
- Öll dreifing trúnaðarupplýsinga innan fyrirtækisins skal miðuð við nauðsyn þeirra vegna starfa eða stöðu viðtakanda.
- Allar trúnaðarupplýsingar skulu greinilega merktar sem slíkar.
- Umslög eða aðrar umbúðir merktar sem trúnaðarmál skulu aðeins opnaðar af skráðum viðtakanda.
- Brot á meðferð trúnaðarupplýsinga eða misnotkun slíkra upplýsinga er refsiverð að lögum og liggja við sektir eða fangelsun, jafnframt er heimilt að gera upptækan hagnað sem hlotist hefur með brotinu.
- Þeim sem hefur undir höndum hvers konar gögn með trúnaðarupplýsingum, á áþreifanlegu formi eða rafrænu, ber skylda til að varðveita þau á þann hátt að óviðkomandi aðilar komist hvorki í þau né geti áttað sig á um hvers konar upplýsingar er að ræða. Fjölföldun efnisins skal halda í algeru lágmarki og afrit skulu geymd með sömu varfærni og frumrit.

Dæmi um upplýsingar sem senda ber VÞÍ.
- Allar fréttatilkynningar félagsins.
- Viðskipti innherja, þ.m.t. félagsins sjálfs og dótturfélaga þess, með hluti í félaginu, strax og félaginu er kunnugt um þau.
- Breytingu beinnar eða óbeinnar eignaraðildar þannig að atkvæðisréttur viðkomandi nái, fari yfir eða niður fyrir 5%, 10%, 20%, 33,3%, 50% eða 66,7%.
- Ákvörðun um verulegar breytingar eða áætlanir um breytingar á fjármögnun, þ.m.t. hlutafjáraukning og veruleg útgáfa skuldabréfa.
- Ársreikning skal senda VÞÍ um leið og hann er fullgerður og ekki síðar en þremur mánuðum frá lokum reikningsárs. Hann skal einnig senda þeim þingaðilum sem þess óska og gerður aðgengilegur fjölmiðlum. Þá skal ársreikningur liggja frammi opinber-

lega og þess getið í fréttatilkynningu hvar almenningur getur nálgast hann án endurgjalds.
- Í kjölfar stjórnarfundar, þar sem ársreikningur er formlega samþykktur, skal senda fréttatilkynningu um afkomu til VÞÍ.
- Tilkynna skal VÞÍ með a.m.k. 15 daga fyrirvara áður en birt verður fréttatilkynning um afkomu. Verði breyting á áætlaðri birtingarviku skal tilkynna hana einnig.
- Hálfsársuppgjör samstæðunnar skulu send VÞÍ í kjölfar þess stjórnarfundar sem fjallar um reikningsskilin – og í síðasta lagi innan tveggja mánaða frá lokum tímabils.
- A.m.k. sjö dögum fyrir birtingu hálfsársuppgjörs skal senda VÞÍ upplýsingar um áætlaða birtingarviku. Verði breyting á áætlaðri birtingarviku skal tilkynna hana einnig. Hálfsársuppgjör skal liggja frammi opinberlega og almenningur hafa aðgang að því hjá fyrirtækinu án endurgjalds.
- Um leið og félaginu er kunnugt um veruleg frávik frá því sem áður hefur verið sagt um afkomu og rekstraráætlanir, eða því sem eðlilegt væri að álykta af áður gefnum upplýsingum, skal senda VÞÍ slíkar upplýsingar. Sama gildir um hvers kyns neyðaratvik sem talið er að haft geti áhrif á markaðsverð hlutabréfa í félaginu.

Opinbera skal án tafar allar áður óbirtar upplýsingar um ákvarðanir eða atvik sem útgefandi vissi eða mátti vita að hefðu verulega þýðingu fyrir verðmyndun bréfa hans.

Fylgiskjal V.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum.

Frumvarpið fjallar um um starfsskilyrði og viðskiptahætti sem gilda á verðbréfamarkaði. Gert er ráð fyrir auknum verkefnum Fjármálaeftirlits, en sá kostnaður greiðist af eftirlitsskyldum aðilum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999, en breyting á þeim lögum er lögð fram samhliða þessu frumvarpi og er vísað í kostnaðarumsögn þar. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

252. Fyrirspurn [234. mál]

til samgönguráðherra um endurskoðun laga um leigubifreiðar.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hefur ráðherra hafið endurskoðun laga nr. 61/1995, um leigubifreiðar, sem samgöngunefnd lagði til á 122. og 123. þingi (þskj. 1137 og 994)?

253. Frumvarp til laga [235. mál]

um að lögleiða ólympíska hnefaleika.

Flm.: Gunnar Birgisson, Kristinn H. Gunnarsson, Drífa Hjartardóttir, Ásta Möller, Guðmundur Árni Stefánsson, Einar Már Sigurðarson, Vilhjálmur Egilsson, Einar Oddur Kristjánsson, Árni Johnsen, Svanfríður Jónasdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Guðjón A. Kristjánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Gísli S. Einarsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

1. gr.

Heimil er keppni og sýning á ólympískum hnefaleikum. Enn fremur er heimilt að kenna ólympíska hnefaleika.

2. gr.

Heimil er sala og notkun hnefaleiksglófa og annarra tækja sem ætluð eru til þjálfunar í ólympískum hnefaleikum.

3. gr.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setur reglur um ólympíska hnefaleika.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið var lagt fram á 125. löggjafarþingi en var fellt. Er það nú lagt fram á ný óbreytt.

Frá árinu 1956 hafa hnefaleikar verið bannaðir hér á landi en fram að þeim tíma voru þeir allnokkuð iðkaðir. Með frumvarpi þessu er lagt til að ólympískir hnefaleikar verði lögleiddir og Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setji reglur um íþróttina. Rétt er að taka fram að ólympískir hnefaleikar eru keppnisgrein á Ólympíuleikum og hafa verið það lengi. Algjört einsdæmi er að ólympísk keppnisgrein sé bönnuð með sérstakri löggjöf. Aðild að Ólympíuleikum felur í sér viðurkenningu á þeim greinum sem keppt er í á leikunum hverju sinni.

Gera verður skýran greinarmun á annars vegar ólympískum hnefaleikum, með öðrum orðum áhugamannahnefaleikum, og hins vegar atvinnumannahnefaleikum sem eru stundaðir í öllum heimsálfum. Reglur og öryggiskröfur greinanna eru afar ólíkar. Þannig er skylt að nota höfuðhlífar í ólympískum hnefaleikum og hver leikur stendur í þrjár lotur í stað allt að tólf lotum í atvinnumannahnefaleikum. Alvarleg slys eru þekkt í atvinnumannahnefaleikum en þannig slys hafa ekki orðið í áhugamannahnefaleikum vegna hinna ólíku reglna sem um þá gilda. Samkvæmt sænskri rannsókn frá árinu 1990, sem Yvonne Haglund læknir gerði á því hvort varanlegur skaði gæti orðið á heila af völdum áhugamannahnefaleika, virðist svo ekki vera sé fylgt ströngum áhugamannareglum eins og í Svíþjóð.

Lögð er áhersla á að það á að vera á valdi hvers einstaklings að ákveða hvaða íþrótt hann kýs að stunda. Að öðru leyti standa óbreytt lög nr. 92/1956 sem banna hnefaleika í atvinnuskyni.

254. Fyrirspurn [236. mál]

til sjávarútvegsráðherra um dragnótaveiðar í Faxaflóa.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

1. Hve mikill dragnótarafli barst á land úr Faxaflóa sl. fjögur fiskveiðiár, sundurliðað eftir árum og fisktegundum?
2. Hvar var aflanum landað og hve miklu á hverjum löndunarstað, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

255. Fyrirspurn [237. mál]

til landbúnaðarráðherra um skógræktarverkefni.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað er ráðherra kunnugt um mörg skógræktarverkefni sem unnið er að hér á landi um þessar mundir og hver eru þau?
2. Hvert er umfang hvers um sig?
3. Hvert er markmið og tilgangur hvers um sig?
4. Á hverra forræði eru þessi verkefni og hvernig er fjármögnun þeirra háttað?
5. Hver eru tengsl Skógræktar ríkisins við þessi verkefni?
6. Hvað líður endurskoðun laga um skógrækt og landgræðslu?

Skriflegt svar óskast.

256. Svar [167. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um hagræðingu í viðskiptabönkunum.

1. *Hverju hefur fækkun viðskiptabanka frá 1990 skilað í minni vaxtamun og þjónustugjöldum, sundurliðað eftir bönkum? Óskað er að fram komi einnig hvernig vaxtakjör til einstaklinga hafi þróast á tímabilinu eftir áhættumati sem bankarnir fylgja.*

Hreinar vaxtatekjur (vaxtamunur) og aðrar rekstrartekjur fóru lækkandi sem hlutfall af eignum á tíunda áratugnum, sér í lagi á síðustu árum hans. Ástæður þess kunna að vera samrunar banka og hagræðing í rekstri að öðru leyti, t.d. vegna tækninýjunga, og meiri samkeppni á fjármagnsmarkaði. Ekki er unnt að greina á milli einstakra þátta. Einnig er ástæða til að benda á að vaxtamunur getur verið ólíkur vegna mismunandi uppbyggingar efnahags-

reiknings, t.d. eftir því hvernig fjármögnun skiptist í innlán, lánsfé og eigið fé. Jafnframt skiptir miklu máli hvert hlutfallið er á milli fjárfestingarlána og neyslulána svo og skipting útlána á milli einstakra atvinnugreina og einstaklinga. Vaxtamunur er því ekki beinn mælikvarði á hagkvæmni í rekstri lánastofnana. Ekki er hægt að svara því að hve miklu leyti má rekja lækkun hreinna rekstrartekna til samruna fjögurra viðskiptabanka í Íslandsbanka og samruna Landsbanka og Samvinnubanka í upphafi áratugarins og endurskipulagningar fjárfestingarlánasjóðakerfisins undir lok hans.

Í meðfylgjandi töflu koma fram vaxtatekjur, vaxtagjöld, hreinar vaxtatekjur, aðrar vaxtatekjur og hreinar rekstrartekjur sem hlutfall af meðalstöðu efnahagsreiknings viðskiptabankanna þriggja og sparisjóðanna sameiginlega. Hreinar vaxtatekjur eru mismunurinn á vaxtatekjum og vaxtagjöldum. Aðrar rekstrartekjur eru tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum, þóknanatekjur, gengishagnaður/-tap og ýmsar rekstrartekjur. Hreinar rekstrartekjur eru samtala hreinna vaxtatekna og annarra rekstrartekna. Þessi tafla er unnin upp úr skýrslum Fjármálaeftirlitsins (áður bankaeftirlits Seðlabanka Íslands) frá 1991 til 1999. Athygli skal vakin á því að reglur um reikningsskil banka og sparisjóða breyttust árið 1995 þannig að ekki er fullkomið samræmi á milli talna fyrir og eftir 1995. Breytingarnar höfðu meðal annars í för með sér tilflutning á tekjuliðum frá öðrum rekstrartekjum yfir í vaxtatekjur, þannig að vaxtatekjur og hreinar vaxtatekjur eru að einhverju leyti vanmetnar og aðrar rekstrartekjur samsvarandi ofmetnar fyrir árin 1991–94 samanborið við árin 1995–99 og er það skýringin á sveiflu í tölunum milli áranna 1994 og 1995. Hreinar rekstrartekjur eiga hins vegar að vera nokkuð sambærilegar fyrir öll árin.

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Landsbanki Íslands									
Vaxtatekjur	13,4%	10,0%	10,0%	8,2%	8,9%	8,5%	8,4%	7,4%	8,8%
Vaxtagjöld	9,6%	6,5%	6,2%	4,3%	4,6%	4,7%	4,8%	4,3%	5,7%
Hreinar vaxtatekjur	3,8%	3,4%	3,8%	3,9%	4,2%	3,8%	3,6%	3,2%	3,1%
Aðrar rekstrartekjur ...	2,3%	2,4%	2,4%	2,3%	2,2%	2,5%	2,4%	2,1%	2,0%
Hreinar rekstrartekjur ..	6,1%	5,9%	6,1%	6,2%	6,4%	6,2%	6,1%	5,3%	5,2%
Íslandsbanki									
Vaxtatekjur	15,6%	11,1%	11,0%	8,7%	8,8%	8,7%	8,4%	7,9%	9,3%
Vaxtagjöld	10,8%	6,4%	6,4%	4,2%	5,2%	5,2%	5,2%	5,1%	6,4%
Hreinar vaxtatekjur	4,8%	4,7%	4,7%	4,5%	3,6%	3,6%	3,2%	2,8%	2,9%
Aðrar rekstrartekjur ...	3,4%	3,4%	3,1%	3,4%	1,7%	1,9%	2,4%	2,1%	2,0%
Hreinar rekstrartekjur ..	8,2%	8,1%	7,7%	7,9%	5,3%	5,5%	5,6%	4,9%	4,9%
Búnaðarbanki Íslands									
Vaxtatekjur	13,5%	9,1%	10,4%	8,0%	9,2%	9,4%	9,4%	8,4%	9,1%
Vaxtagjöld	9,2%	5,2%	5,4%	3,8%	4,5%	4,7%	4,9%	4,7%	5,7%
Hreinar vaxtatekjur	4,3%	3,9%	4,9%	4,2%	4,7%	4,7%	4,4%	3,7%	3,4%
Aðrar rekstrartekjur ...	2,8%	2,9%	2,8%	4,1%	2,4%	2,3%	2,4%	2,6%	3,1%
Hreinar rekstrartekjur ..	7,1%	6,7%	7,7%	8,3%	7,1%	7,0%	6,8%	6,3%	6,4%

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Sparisjóðir									
Vaxtatekjur	16,1%	11,4%	12,0%	9,0%	10,0%	10,4%	10,1%	9,1%	10,9%
Vaxtagjöld	9,8%	5,5%	6,0%	3,9%	4,5%	5,1%	5,3%	4,8%	6,7%
Hreinar vaxtatekjur	6,3%	5,9%	6,0%	5,1%	5,5%	5,3%	4,8%	4,3%	4,1%
Aðrar rekstrartekjur ...	3,4%	3,1%	3,0%	3,1%	2,3%	2,3%	2,2%	2,3%	3,3%
Hreinar rekstrartekjur ..	9,7%	9,0%	9,0%	8,1%	7,8%	7,6%	7,0%	6,6%	7,4%

Einnig er spurt um hvernig vaxtakjör til einstaklinga hafa þróast á tímabilinu. Einn mælikvarði á vaxtakjör til einstaklinga er meðaltal nafn- og raunávöxtunar almennra óverðtryggðra skuldabréfalána innlánsstofnana. Upplýsingarnar eru fengnar úr skýrslum Seðlabanka Íslands. Athygli skal vakin á því að þau lán sem hér um ræðir endurspegla aðeins lítinn hluta útlána bankanna.

%	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
1991	18,4	10,0
1992	13,5	11,8
1993	14,8	11,5
1994	10,9	9,5
1995	11,9	10,1
1996	12,8	10,5
1997	13,3	11,1
1998	13,2	11,8
1999	14,1	8,0

2. *Hvernig hafa vaxtamunur og þjónustugjöld þróast sem hlutfall af efnahagsreikningi árlega frá 1995 í Íslandsbanka, Búnaðarbanka, Landsbanka og hjá sparisjóðunum?*
Þessar upplýsingar koma fram í svari við 1. lið.

3. *Hvað hefur fólki í hefðbundnum bankastörfum fækkað mikið árlega frá 1990, sundurliðað eftir kynjum?*
Í meðfylgjandi töflu kemur fram fjöldi stöðugilda í árslok hvers árs hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, eins og þau eru sýnd í skýrslum Fjármálaeftirlitsins. Í tölum fyrir sparisjóði eru einnig stöðugildi í Sparisjóðabanka Íslands hf.

	Landsbanki	Búnaðarbanki	Íslandsbanki	Sparisjóðir	Samtals
1990	1.108	486	796	441	2.831
1991	1.090	491	795	459	2.835
1992	1.034	507	729	455	2.725
1993	931	509	683	451	2.574
1994	928	523	645	465	2.561
1995	921	524	625	482	2.552
1996	903	529	624	496	2.552

	Landsbanki	Búnaðarbanki	Íslandsbanki	Sparisjóðir	Samtals
1997	904	545	629	525	2.603
1998	904	574	637	583	2.698
1999	870	617	662	672	2.821

Ráðuneytið óskaði eftir upplýsingum frá Landsbanka og Búnaðarbanka um skiptingu stöðugilda eftir kynjum. Í Landsbankanum hefur hlutfallið verið nær óbreytt allt tímabilið, 27% karlar og 73% konur. Í Búnaðarbankanum hefur hlutfall karla smátt og smátt hækkað, var 21% árið 1990 en komið upp í 23,5% árið 1999.

4. *Hafa stærri einingar í bankakerfinu annars staðar á Norðurlöndunum skilað sér í hagstæðari lánskjörum til viðskiptabanka og hefur sameining banka þar leitt til lægri útlánavaxta og þjónustugjalda til neytenda?*

Óyggjandi er að samruni banka á Norðurlöndum hefur skilað sér í hagstæðari lánskjörum til þeirra. Lánveitendur telja stærri banka fjárhagslega sterkari og samkeppnishæfari. Þetta sést best á hækkun lánshæfismats banka á Norðurlöndum sem gengið hafa í gegnum samruna.

Vaxtamunur á Norðurlöndum hefur farið minnkandi á undanförnum árum. Þessi þróun hefur átt sér stað á sama tíma og fjöldi bankasamruna hefur orðið. Út frá þessu er hins vegar ekki hægt að ályktа sem svo að lækkun vaxtamunar á Norðurlöndum sé bein afleiðing af bankasamruna heldur er líklegt að í mörgum tilfellum hafi ákvarðanir um samruna verið teknar m.a. með hliðsjón af minnkandi vaxtamun. Ákvarðanir um samruna hafa því verið teknar til að lækka kostnað, efla dreifinet og aðlaga reksturinn að þeim breyttu aðstæðum sem tækninýjungar og opnara samkeppnisumhverfi banka hefur haft í för með sér.

257. Fyrirspurn [238. mál]

til utanríkisráðherra um ályktanir Norður-Atlantshafslaxverndunarstofnunarinnar, NASCO.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hverjar af ályktunum Norður-Atlantshafslaxverndunarstofnunarinnar, NASCO (North Atlantic Salmon Conservation Organization), hafa verið teknar upp í íslensk lög og/eða reglugerðir undanfarin tíu ár?
2. Hver hafa áhrif Óslóarsamþykktar NASCO frá 1994 verið á íslenska löggjöf og reglugerðir?
3. Eru ályktanir og samþykktir NASCO fyrirliggjandi í íslenskri þýðingu til hagræðis fyrir íslenska veiðibændur og aðra hagsmunaðila?

Skriflegt svar óskast.

258. Svar [150. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Stefaníu Óskarsdóttur um atvinnuleyfi útlendinga.

1. *Í hve mörgum tilvikum hafa atvinnurekendur á hendi atvinnuleyfi erlendra starfsmanna?*

Samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994, er atvinnuleyfum skipt í eftirtalda flokka:
— tímabundið atvinnuleyfi,
— óbundið atvinnuleyfi,
— atvinnuleyfi vegna námsdvalar og vistráðningar,
— atvinnurekstrarleyfi.

Skv. 7. gr. laganna er tímabundið atvinnuleyfi veitt atvinnurekanda til að ráða útlending til starfa. Heimilt er að veita slíkt leyfi til eins árs en jafnframt er heimilt að framlengja það um tvö ár.

Þegar útlendingur kemur í fyrsta skipti til starfa á Íslandi er atvinnurekanda veitt slíkt tímabundið atvinnuleyfi. Einu undantekningarnar frá því eru þegar útlendingur kemur til náms en þá getur hann sótt um „námsmannaleyfi“ sem er veitt útlendingi sjálfum. Erlendir makar Íslendinga eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi. Árið 1999 voru atvinnurekendum veitt 1.732 slík leyfi og 933 leyfi voru framlengd.

2. *Hvert er árlegt hlutfall þeirra af heildarfjölda útlendinga sem fengið hafa atvinnuleyfi frá 1994?*

Tímabundin atvinnuleyfi 1994–1999.

	1994*	1995	1996	1997	1998	1999
Ný tímabundin atvinnuleyfi	324	361	691	875	1.307	1.732
Framlenging		377	325	465	662	933
Samtals	**1.062**	**738**	**1.016**	**1.340**	**1.969**	**2.665**

*Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda framlenginga árið 1994 (í gildistíð eldri laga). Í samtölu ársins 1994 eru allar tegundir atvinnuleyfa og því er samanburður við árin 1995–1999 ekki marktækur.

Athygli er vakin á því að þegar útlendingur skiptir um vinnustað telst það nýtt atvinnuleyfi (ekki framlenging). Því er um að ræða nokkuð mörg tilvik þar sem nýtt atvinnuleyfi er gefið út tvisvar fyrir sama einstakling.

Óbundin atvinnuleyfi 1995–1999.

1995	1996	1997	1998	1999
401	154	162	193	275

Óbundin atvinnuleyfi voru fyrst gefin út í gildistíð núgildandi laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994, sem tóku gildi í ársbyrjun 1995. Er það ástæða mikils fjölda óbundinna leyfa á því ári.

3. *Hver eru rökin fyrir því að atvinnurekandi hafi atvinnuleyfi útlendinga á sinni hendi?*

Með því að veita atvinnurekanda tímabundna atvinnuleyfið er honum gert að undirgangast ákveðnar kvaðir og bera nokkra ábyrgð á erlendum starfsmanni sínum. Skilyrði þess að veita megi tímabundið atvinnuleyfi eru m.a. að fyrir liggi undirskrifaður ráðningarsamningur til

tiltekins tíma eða verkefnis sem tryggi erlendum starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn, sbr. lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Í ráðningarsamningi skal einnig vera ákvæði um flutning hlutaðeigandi frá Íslandi að starfstíma loknum, svo og um greiðslur ferðakostnaðar og heimflutning í veikindum eða við óvænt ráðningarslit sem starfsmaður á ekki sök á.

4. Eftir hve langan tíma geta útlendingar í vinnu hér á landi sótt um óskorað atvinnuleyfi?

Heimilt er að veita útlendingi óbundið atvinnuleyfi hafi hann samfellt átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár, hafi öðlast ótímabundið dvalarleyfi og að áður hafi verið veitt leyfi skv. 7. gr. laga nr. 133/1994, þ.e. tímabundið atvinnuleyfi.

259. Svar [161. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um umsvif Ríkisútvarpsins á netinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða fyrirætlanir hefur Ríkisútvarpið um rekstur á netinu? Hvaða áform eru uppi sem lúta að auknum umsvifum Ríkisútvarpsins á netinu og hvers eðlis eru þeir netmiðlar? Ætlar Ríkisútvarpið út í samkeppnisrekstur á netinu líkt og í útvarpi og sjónvarpi?

Svar menntamálaráðherra er byggt á upplýsingum sem óskað var frá Ríkisútvarpinu í tilefni af fyrirspurninni.

Ríkisútvarpið hefur annast eigið vefsetur á slóðinni ruv.is frá því í maí 1996. Þar eru birtar ýmsar grunnupplýsingar um markmið og þjónustu stofnunarinnar, svo sem dagskrár útvarps og sjónvarps og ítarefni um einstaka dagskrárliði, netföng starfsmanna og fréttir af starfseminni á hverjum tíma. Einn starfsmaður annast alla umsjón með uppfærslu vefsíðna Ríkisútvarpsins. Á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs voru heimsóknir á vefsíður Ríkisútvarpsins að meðaltali um 3000 á dag.

Ríkisútvarpið hefur unnið að gerð sértækra vefja um afmörkuð efni á sviði íslenskrar menningar og sögu í samvinnu við aðrar menningarstofnanir. Þar á meðal eru vefir helgaðir Passíusálmum Hallgríms Péturssonar, Halldóri Laxness og verkum hans, lýðveldisstofnun á Íslandi, hernámsárunum og búferlaflutningum Íslendinga til Vesturheims. Sá síðasttaldi var nýlega settur upp í enskri þýðingu til að gefa fólki af íslenskum ættum vestanhafs enn betra tækifæri til að kynnast þessari merkilegu sögu. Allir sérvefirnir hafa að geyma ítarlega texta, myndir og athyglisverðar hljóðupptökur úr safni Ríkisútvarpsins.

Þá ber og að nefna margmiðlunarþáttinn í þessu starfi, sem fram kemur í barna- og unglingaþættinum Vitanum. Hann er fluttur á Rás 1 síðdegis virka daga og einnig á vefnum. Á vefsíðunum er að finna ýmislegt skylt efni á áhugasviði barna og unglinga og stuðlað er að samskiptum þeirra um vefinn þannig að íslensk börn innan lands og utan hafi þarna sameiginlegan vettvang til að fylgjast með dagskrárefni við sitt hæfi og eiga einnig bein samskipti sín á milli.

Í umsögn útvarpsstjóra kemur fram að Ríkisútvarpið hyggst efla þetta starf eins og aðstæður leyfa í framtíðinni. Hvarvetna hafa útvarps- og sjónvarpsstöðvar komið sér fyrir á vefnum og gildir það jafnt um opinber fyrirtæki á þessu sviði sem einkafyrirtæki. Hefur

breska ríkisútvarpið BBC haft mikilsverða forgöngu í þessum efnum og lagt mikla áherslu á þessa nýju tegund fjölmiðlunar. Norska ríkisútvarpið NRK rekur nú margmiðlunina NRK futurum sem aðra af tveimur aðaldagskrárdeildum sínum og hjá danska ríkisútvarpinu er margmiðlunardeildin DR Online í örum vexti.

Ríkisútvarpið fylgist með þessari þróun og hyggst laga sig að hinu breytta umhverfi í heimi fjölmiðlunar í framtíðinni.

260. Tillaga til þingsályktunar [239. mál]

um gerð neyslustaðals.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Gísli S. Einarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd til að vinna að gerð samræmds neyslustaðals um framfærslukostnað heimila eftir fjölskyldugerð sem verði leiðbeinandi fyrir stjórnvöld við ýmsar ákvarðanir er lúta að fjárhæðum bóta og styrkja velferðarkerfisins. Þessi neysluviðmiðun verði einnig lögð til grundvallar greiðsluáætlun og greiðslumati hjá lánastofnunum, svo og innheimtu vangoldinna skattskulda og meðlagsgreiðslna einstaklinga.

Nefndin verði m.a. skipuð fulltrúum Hagstofu Íslands, Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og Neytendasamtakanna. Niðurstaða nefndarinnar verði lögð fyrir Alþingi í ársbyrjun 2002.

Greinargerð.

Tilgangur þessarar tillögu er að gerður verði samræmdur neyslustaðall sem verði leiðbeinandi fyrir stjórnvöld sem viðmiðunargrundvöllur við ýmsar ákvarðanir sem tengjast rétti til bóta samkvæmt skatta- og almannatryggingalögum, sem og fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögum. Ekki síður á þessi neyslustaðall að vera grundvöllur greiðsluáætlunar og greiðslumats hjá lánastofnunum, þ.m.t. Lánasjóði íslenskra námsmanna, og við innheimtu vangoldinna opinberra gjalda, t.d. skattskulda og meðlagsgreiðslna.

Nú tekur hið opinbera mið af a.m.k. fimm mismunandi framfærslugrunnum við ákvörðun bóta, lána, fjárhagsaðstoðar og styrkveitinga, svo og við mat á greiðslugetu vegna fjárhagserfiðleika. Má þar nefna tryggingakerfið, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, Lánasjóð íslenskra námsmanna, Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, Íbúðalánasjóð og lánastofnanir. Hagstofan gerir síðan reglulega neyslukannanir. Að auki má nefna tekjutengdar bætur skattkerfisins. Allur gangur virðist vera á því að hve miklu leyti kannanir liggja að baki nauðsynlegum framfærslukostnaði hverrar fjölskyldugerðar. Mikilvægt er að þróaður verði einn samræmdur neyslustaðall sem opinberir aðilar byggi á við ákvarðanir sem tengjast framfærslu og tekjum. Annars staðar á Norðurlöndum og reyndar víða í Evrópu hefur verið farin sú leið að þróa einn ákveðinn neyslustaðal sem framfærslukostnaður eftir fjölskyldugerð og stærð byggist á og notaður er við ýmsar stjórnvaldsákvarðanir.

Í skýrslu starfshóps um nýtt greiðslumat frá febrúar 1998 segir:

„Á Norðurlöndunum og víða í Evrópu er notuð „neysluviðmiðun“ til leiðbeiningar um mat á greiðslugetu fólks. Neysluviðmiðun á að gefa til kynna áætluð útgjöld fjölskyldu miðað við

viðurkennda neyslu eða neyslumynstur fyrir ólíkar fjölskyldugerðir og stærðir. Að baki liggja rannsóknir og úttekt á því hvað heimili, með mismunandi samsetningu fjölskyldunnar eftir kyni og aldri, þurfa til framfærslu.

Í Svíþjóð og Noregi hefur verið lögð mikil vinna í þróun og vinnslu viðmiðunarneyslu á sl. 20 árum. Þar hefur verið tekið mið af neysluviðmiðun heimilanna þegar ákvarðaðar eru bætur skattalaga, ákvæði réttarfarslaga, svo sem lög um skuldaaðlögun og reglur um heimildir sýslumanna til að draga af tekjum manna vegna vanskila hjá lánastofnunum og opinberum aðilum, t.d. vegna skatta og meðlagsskulda. Þá er neysluviðmiðun grundvöllur greiðslumats hjá lánastofnunum og fjárhagsráðgjöfum banka og á vegum sveitarfélaganna auk áætlanagerðar hjá heimilunum sjálfum."

Í framangreindri skýrslu kemur fram hvað mikill munur er á þeim framfærslukostnaði sem Hagstofa áætlar til framfærslu annars vegar og Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna hins vegar. Hagstofan áætlar t.d. framfærsluþörf einstaklings 96 þús. kr. á mánuði en Ráðgjafarstofan 63 þús. kr.

Í nýlegum samanburði frá miðju síðasta ári á framfærslukostnaði samkvæmt lágmarksframfærslu Íbúðalánasjóðs, viðmiðunarneyslu Ráðgjafarstofu og neyslukönnun Hagstofunnar, áætlar Íbúðalánsjóður framfærslukostnað hjóna með tvö börn 108 þús. kr., Ráðgjafarstofan tæpar 140 þús. kr. og Hagstofan rúmlega 242 þús. kr. Það rennir vissulega stoðum undir nauðsyn þess að sett verð samræmd neysluviðmiðun fyrir framfærslukostnað heimilanna eins og hér er lagt til.

Í 113. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 929/1999, um innheimtu þinggjalda á árinu 2000, er að finna heimildir fyrir innheimtumenn til að krefjast þess að launagreiðendur haldi eftir hluta af kaupi launþega til lúkningar á skattskuldum, þ.e. þeim gjöldum sem launþegar bera sjálfsskuldarábyrgð á og ber að innheimta skv. 110. og 113. gr. laga nr. 75/1981. Tekið er fram að aldrei megi halda eftir meira en 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni vegna tekjuskatts og útsvars. Jafnframt er tekið fram að afdráttur af launum til staðgreiðslu skal ávallt ganga fyrir afdrætti af launum eldri skattskulda og gjalda. Þetta ákvæði er mjög óréttlátt gagnvart fólki með lágar eða miðlungstekjur sem lent hefur í miklum fjárhagserfiðleikum og með því er oft komið í veg fyrir að fólk geti unnið sig út úr vandanum. Má í því sambandi nefna að forstöðumaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna hefur einmitt bent á ósveigjanlega og harða innheimtu opinberra gjalda öfugt við sveigjanleika og samningsvilja lánastofnana gagnvart einstaklingum sem eru að vinna sig út úr vanskilum og miklum fjárhagserfiðleikum. Einnig má geta þess að efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis lagði fyrir þingið skýrslu um úttekt Ríkisendurskoðunar á innheimtusviði tollstjórans í Reykjavík þar sem þetta ákvæði er eitt af því sem nefndin bendir á að þarfnist úrbóta. Í skýrslunni segir:

„Nefndin leggur til að reglur um frádrátt af launum gjaldenda vegna ógreiddra skatta verði endurskoðaðar. Nú mun alltaf vera krafist fulls afdráttar, þ.e. að launagreiðandi haldi eftir 75% af heildarlaunagreiðslu. Er ljóst að sú framkvæmd gengur ekki upp gagnvart fólki með lágar eða miðlungstekjur, enda hafa launagreiðendur í mörgum tilvikum ekki sinnt þessari skyldu sinni. Tekur nefndin undir hugmyndir sem tollstjóri kynnti á fundi nefndarinnar um að tekið verði tillit til aðstæðna gjaldenda, t.d. framfærslukostnaðar og greiðslubyrði."

Í þessu sambandi má einnig benda á að í lögum nr. 54/1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, kemur fram að meðal hlutverka hennar sé að innheimta hjá meðlagsskyldum foreldrum meðlög sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnum barna þeirra. Í 5. gr. laganna er að finna heimild til handa Innheimtustofnun sveitarfélaga til að krefjast þess að launagreiðendur haldi eftir hluta af launum vegna meðlagskrafna. Finna má ítarlegri ákvæði

um innheimtu meðlags í reglugerð nr. 68/1996, um innheimtu og skil á meðlögum o.fl. á vegum Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Í 4. gr. reglugerðarinnar kemur fram að meðlagskröfur Innheimtustofnunar sveitarfélaga skuli ganga fyrir öðrum kröfum, þar á meðal kröfum sveitarsjóða og innheimtumanna ríkissjóðs, að undanskilinni staðgreiðslu opinberra gjalda. Jafnframt kemur fram í 4. gr. að aldrei skuli launagreiðendur þó halda eftir meiru en nemur 50% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á meðlögum sem launagreiðanda er skylt að halda eftir af launum viðkomandi.

Eins og sjá má er misræmi á milli laga um tekjuskatt og eignarskatt annars vegar og laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga hins vegar. Ef reglan um 50% innheimtu meðlags væri nýtt til hins ýtrasta gæti launþegi setið eftir með 10% af launum þar sem kveðið er á um að staðgreiðsla gangi fyrir meðlagskröfu.

Mikill launamunur og sívaxandi skuldir heimilanna eru einnig veigamikil rök fyrir því hve brýnt er orðið að settar verði raunhæfar reglur um neysluviðmiðun sem verði leiðbeinandi fyrir ýmsar stjórnvaldsákvarðanir sem snerta kjör og afkomu fólks í landinu.

261. Svar [219. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um flutning byggðamála frá forsætisráðuneyti til iðnaðarráðuneytis.

1. *Hvað er áætlað að útgjöld forsætisráðuneytisins lækki mikið á árunum 2000 og 2001 eftir flutning byggðamála frá ráðuneytinu til iðnaðarráðuneytis um síðustu áramót?*

Lækkun útgjalda forsætisráðuneytis vegna flutnings byggðamála frá ráðuneytinu hefur ekki verið metin sérstaklega af ráðuneytinu. Forsætisráðuneytið hafði ekki önnur útgjöld af málaflokknum en þau sem sneru að yfirstjórn ráðuneytisins auk þess tíma sem til málaflokksins var varið og stöku ferðalaga. Samtímis því sem byggðamál fluttust til iðnaðarráðuneytis fluttust málefni Seðlabanka Íslands frá viðskiptaráðuneyti til forsætisráðuneytisins. Kostnaður við það hefur ekki heldur verið metinn sérstaklega af forsætisráðuneytinu. Hvað forsætisráðuneytinu viðvíkur hefur verið við það miðað að ráðuneytið yrði eins sett eftir þessi skipti og áður og er sú skoðun staðfest í kostnaðarmati fjármálaráðuneytis með frumvarpi um flutning þessara tveggja stofnana.

2. *Hverjar eru ástæður þess að iðnaðarráðuneytið fær ekki aukið fjármagn samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2001 eftir að byggðamál voru flutt undir ráðuneytið?*

Forsætisráðuneytið hefur ekki fengið sérstakar fjárveitingar til að sinna byggðamálum, nema til afmarkaðra, tímabundinna og tilfallandi verkefna, en afar fá dæmi eru um slík verkefni á síðari árum. Fjárveitingar til byggðamála hafa runnið til Byggðastofnunar sem hefur jafnframt annast ráðstöfun þessara fjárveitinga án atbeina forsætisráðuneytisins. Þetta skýrir að ekki er um tilflutning fjárveitinga að ræða frá aðalskrifstofu forsætisráðuneytis til aðalskrifstofu iðnaðarráðuneytis við flutning Byggðastofnunar, enda heldur stofnunin sínum fjárveitingum.

262. Svar [57. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf voru flutt út á land á árinu 1999 á vegum ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins? Svarið óskast sundurliðað eftir ráðuneytum, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til.

Í lauslegu yfirliti, sem iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hefur unnið fyrir beiðni forsætisráðuneytisins, kemur fram að tiltölulega fá fjarvinnsluverkefni á vegum ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja í ríkiseigu hafa enn sem komið er verið flutt til landsbyggðarinnar. Þegar leitað er svara við þeim atriðum sem spurt er um kemur einnig í ljós að flutningur verkefna til landsbyggðarinnar á sér stað með tvennum hætti. Annars vegar er um að ræða að verkefni eru unnin í fjarvinnslu þar sem þjónusta er keypt af einkaaðilum og er þá gjarnan um tímabundin verkefni að ræða. Hins vegar er það gert með því að störf og starfsemi opinberra aðila er flutt og staðsett á landsbyggðinni. Í síðara tilvikinu er ljóst að hagnýting upplýsinga- og fjarskiptatækni ræður miklu um það hvaða starfsemi þykir hagkvæmt að hafa á landsbyggðinni.

Þau fjarvinnsluverkefni sem færð hafa verið til landsbyggðarinnar eru einkum byggð á flutningi verkefna innan eða á milli opinberra stofnana, frá höfuðborgarsvæði til landsbyggðar. Dæmi um slík verkefni eru uppfærsla jarðaskrár og gerð greiðslumats til Hagþjónustu landbúnaðarins á Hvanneyri, sem nú er unnin á Hvanneyri; Siglingastofnun hefur flutt fjarvinnsluverkefni til Vestfjarða; Ferðamálaráð hefur flutt vinnslu verkefna í auknum mæli til skrifstofu ráðsins á Akureyri; Vegagerð ríkisins hefur samtengt sex umdæmisskrifstofur, auk tíu starfsstöðva að auki, en með samtengdu tölvukerfi hefur gefist kostur á breyttri dreifingu verkefna og hafa verkefni verið aukin sem nemur hálfu stöðugildi á Ísafirði vegna tölvuverkefna. Í þessu sambandi má einnig t.d. nefna fjölgun starfa í útibúum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins á landsbyggðinni og stofnun útibús Orkustofnunar á Akureyri. Þá hefur menntamálaráðuneytið stuðlað að fjarkennslu víða um land, m.a. með því að setja á stofn símenntunarmiðstöðvar víða á landsbyggðinni. Loks má minna á að starfsemi Landmælinga ríkisins var flutt á Akranes á síðasta ári en þar starfa nú 30 manns. Ljóst er að upplýsingatæknin gerir stofnunum ríkisins í vaxandi mæli kleift að sinna þjónustuhlutverki sínu án tillits til staðsetningar.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti hefur með kerfisbundnum hætti skoðað möguleika á flutningi verkefna frá aðalskrifstofu og undirstofnunum til landsbyggðarinnar og ráðið til þess sérstaka ráðgjafa og verður niðurstaða þeirrar vinnu kynnt bráðlega. Fyrr á þessu ári var efnt til samstarfsverkefnis iðnaðarráðuneytis, Iðntæknistofnunar og Byggðastofnunar um fjarvinnslu á landsbyggðinni. Var ákveðið að skilgreina nánar tíu af þeim verkefnum sem fjallað var um í skýrslu sem Iðntæknistofnun vann fyrir forsætisráðuneytið og Byggðastofnun á síðasta ári. Nú hefur verið unnið að gerð viðskiptaáætlana fyrir fimm verkefni. Forsætisráðuneytið hefur sömuleiðis ákveðið að kanna með kerfisbundnum hætti flutning verkefna frá ráðuneytinu og undirstofnunum út á land og er framkvæmd þessa á undirbúningsstigi. Þá hafa nokkur önnur ráðuneyti, t.d. samgönguráðuneyti, þegar lagt í nokkra vinnu við að kanna slíka möguleika. Er þess vænst að ráðuneyti sem enn hafa lítið aðhafst fari að þessu fordæmi.

Tilflutningur verkefna hefur orðið minni en væntingar margra stóðu til. Í ályktun Alþingis um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 var fjallað um verkefnaflutning og þar segir í 6. tölul. að lögð verði áhersla á að opinberum störfum fjölgi eigi minna hlutfallslega á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu og skyldi því markmiði m.a. náð með því að „skilgreina eftir föngum þau verkefni ráðuneyta, stofnana og opinberra fyrirtækja sem unnt væri að sinna á landsbyggðinni". Skýrsla, sem unnin var á vegum Iðntæknistofnunar, Byggðastofnunar og forsætisráðuneytis og kynnt var í október 1999, „Nýsköpun í gagna- og fjarvinnslu á landsbyggðinni", gat einnig af sér meiri væntingar en raunsætt þykir. Sú skýrsla var raunar kynnt sem forathugun og hafði að geyma upptalningu á miklum fjölda verkefna sem skýrsluhöfundar töldu að „hugsanlega gætu hentað til gagna- og fjarvinnslu á landsbyggðinni", svo sem segir í inngangi skýrslunnar.

Flutningur fjarvinnsluverkefna er ekki einfaldur og til að hann fái staðist til frambúðar þarf hann að eiga sér stað á forsendum sem eru raunhæfar út frá hagkvæmnissjónarmiði, auk þess sem gæta þarf að því að flutningurinn íþyngi ekki framkvæmd verkefna sem flutt eru. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að kostir þessa verði kannaðir betur en gert hefur verið því hér er tvímælalaust um valkost að ræða sem hið opinbera getur nýtt sér í því markmiði að draga úr eigin umsvifum og auka sveigjanleika í opinberri starfsemi. Þótt sumum þyki hægt af stað farið er viðbúið að bæði einkaaðilar og opinberir aðilar muni í auknum mæli færa sér slíka þjónustu í nyt, m.a. vegna þess sveigjanleika sem slík þjónusta gefur möguleika á. Er vakin athygli á því að einkafyrirtæki færa sér þennan kost í nyt í vaxandi mæli, t.d. fjármálastofnanir og fyrirtæki í sölu- og markaðstengdri starfsemi.

Sú reynsla sem fengin er af fjarvinnsluverkefnum á landsbyggðinni er um margt jákvæð. Forsætisráðuneytið studdi á sínum tíma við tilraunaverkefni í fjarvinnslu, sem fól í sér að munir í vörslu Þjóðminjasafns voru skráðir í fjarvinnslustöð á Bakkafirði. Nú hefur orðið framhald á þessu verkefni og er því sinnt af Landvist á Húsavík. Einnig má nefna sem dæmi að forsætisráðuneytið hefur um árabil nýtt sér þjónustu þýðenda sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins og hefur það gefist ákaflega vel. Einnig mætti hér vísa til jákvæðrar reynslu Alþingis sem nýtir sér þjónustu fyrirtækja á landsbyggðinni við ritvinnslu.

Þess má að lokum geta að í janúar árið 2000 kynnti samgönguráðherra skýrsluna „Stafrænt Ísland – skýrsla um bandbreiddarmál" sem verkefnisstjórn ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið, svokölluð RUT-nefnd, skipuð af forsætis- og fjármálaráðuneytum, og samgönguráðuneytið létu taka saman. Í skýrslunni er kortlögð flutningsgeta fjarskiptakerfisins og greind bandbreiddarþörf fyrir stafræna flutninga á næstu árum, en fullkomið fjarskiptakerfi og næg flutningsgeta er forsenda þess að hægt sé að stunda fjarvinnslu á landsbyggðinni. Það að landið skuli vera eitt gjaldsvæði og breytingar sem gerðar hafa verið á gjaldskrá fyrir leigulínur er liður í þeirri viðleitni stjórnvalda að skapa fjarvinnslunni góð samkeppnisskilyrði.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra mun leggja fyrir Alþingi á yfirstandandi þingi skýrslu um framkvæmd ályktunar Alþingis um byggðastefnu fyrir árin 1999–2001 og er þess að vænta að fjallað verði um flutning fjarvinnsluverkefna til landsbyggðarinnar í henni.

263. Svar [152. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Stefaníu Óskarsdóttur um konur í lögreglunni.

1. *Hvert er hlutfall kvenna í lögreglunni?*
Í október 2000 var hlutfall kvenna í lögreglunni 8,02%.

2. *Hvert hefur það verið síðustu fimm ár og hvernig hefur það verið í öðrum ríkjum Norðurlanda á sama tíma?*
Á árinu 1997 gaf dóms- og kirkjumálaráðuneytið út skýrslu nefndar um bætta stöðu kvenna innan lögreglunnar. Samkvæmt skýrslunni var hlutfall kvenna í lögreglu á Íslandi árið 1996 4,3%. Síðustu fimm ár hefur hlutfall kvenna í lögreglu á Íslandi aukist jafnt og þétt og er nú komið í 8,02% eins og áður segir. Hér er því um að ræða 86,51% aukningu á hlutfalli kvenna í lögreglu frá því fyrir fimm árum. Til þess að skoða þróunina er best að líta á tölur um útskriftarnema í Lögregluskóla ríkisins. Á árinu 1997 var hlutfall kvenna sem útskrifuðust úr lögregluskólanum 7,14%, árið 1998 var hlutfallið 18,75%, árið 1999 var hlutfallið 26,67% og í vor var hlutfall kvenna sem útskrifuðust 16,13%. 31 nemi er nú við nám í lögregluskólanum sem útskrifast í desember nk. og er hlutfall kvenna í þessum áfanga 19,35%.
Samkvæmt skýrslu um bætta stöðu kvenna sem vísað er í hér að framan var hlutfall lögreglukvenna í Danmörku árið 1996 5,6%, 13% í Noregi og 16% í Svíþjóð. Staðan í þessum löndum er nú sú að í Danmörku er hlutfall lögreglukvenna 6,1%, í Svíþjóð 16% og í Finnlandi 8,06%. Því miður tókst ekki að fá nýjustu upplýsingar frá Noregi í tæka tíð.

3. *Hvert er hlutfall kvenna meðal yfirmanna í lögreglunni og hvert hefur það verið síðustu fimm ár?*
Í svari þessu er fjallað um eftirfarandi yfirmenn: yfirlögregluþjón, aðstoðaryfirlögregluþjón, aðalvarðstjóra, lögreglufulltrúa og varðstjóra. Samkvæmt nefndri skýrslu um bætta stöðu kvenna innan lögreglunnar var hlutfall kvenna meðal þessara yfirmanna á árinu 1996 1,49%. Í dag er hlutfall kvenna í þessum stöðum 2,36%. Þó ekki sé hér um margar stöður að ræða nemur aukningin á tímabilinu 58,39%. Í þessu sambandi skal þess getið að árið 1996 var engin kona yfirlögregluþjónn, aðstoðaryfirlögregluþjónn né aðalvarðstjóri og ein kona lögreglufulltrúi. Nú er ein kona aðstoðaryfirlögregluþjónn, ein kona aðalvarðstjóri og tvær konur lögreglufulltrúar. Rétt er að taka fram í þessu sambandi að þrátt fyrir hvatningu ríkislögreglustjóra til kvenna, í öllum auglýsingum, um að sækja um lausar stöður yfirmanna er mjög fátítt að þær sæki um. Sem dæmi má nefna að það sem af er þessu ári hafa verið auglýstar 34 stöður yfirmanna, sbr. upptalningu hér að framan. Um þær sóttu 5 konur og 106 karlar. 4 af þeim 5 konum sem sóttu um hlutu viðkomandi stöður en 29 karlar af 106.

4. *Hvernig standa núverandi stjórnvöld að því að fjölga konum í lögreglunni?*
Stærsta skrefið sem stigið hefur verið í þessum efnum var tekið með breytingum sem urðu á Lögregluskóla ríkisins árið 1997. Þá var reglum um inntöku nýnema breytt þannig að allir sem uppfylla ákveðin skilyrði 38. gr. lögreglulaga geta sótt um inngöngu í skólann. Áður höfðu lögreglustjórar hver um sig ákvörðunarvald um hverjir settust á skólabekk og hæfu lögreglunám. Sérstök valnefnd sér um að velja hæfustu umsækjendurna og hefur hún í störfum sínum tekið sérstakt tillit til ákvæða jafnréttislaga með hliðsjón af lágu hlutfalli kvenna í lögreglu. Fyrsta inntaka nýnema eftir að þessi breyting átti sér stað var haustið 1997

og útskrifuðust fyrstu nemendur sem valdir voru eftir þessu kerfi vorið 1999. Í auglýsingum um inntöku nýnema hafa konur sérstaklega verið hvattar til að sækja um. Allar konur sem sótt hafa um skólavist frá 1997, og uppfyllt hafa ákvæði 38. gr. lögreglulaga, hafa fengið inngöngu í skólann. Til samanburðar má nefna að frá árinu 1975 til 1998 útskrifuðust úr Lögregluskóla ríkisins, samkvæmt eldra kerfinu, 628 nemendur. Hlutfall kvenna á þessu tímabili var 6,85%. Frá því að breytingin tók gildi haustið 1997 hafa tvær útskriftir farið fram, sú fyrri árið 1999 og hin síðari nú í vor. Í desember nk. útskrifast síðan einn bekkur til viðbótar. Hlutfall kvenna í þessum þremur hópum er 20,65%. Aukningin á hlutfalli kvenna sem útskrifast frá Lögregluskóla ríkisins við þessa breytingu er því 201,46%. Samkvæmt þessu má ljóst vera að stjórnvöld hafa fyrst og fremst lagt áherslu á að auðvelda konum inngöngu í lögregluskólann og með því tekist að auka hlutfall þeirra í lögreglu. Eins og fram kemur hér að framan hafa konur verið sérstaklega hvattar til að sækja um og allar, sem uppfyllt hafa tilsett skilyrði, fengið skólavist. Í öllum auglýsingum um lausar stöður í lögreglu eru konur sérstaklega hvattar til að sækja um.

264. Svar [98. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um ólaunaða samfélagsþjónustu í tengslum við dóma og refsingar.

1. *Er fullnusta refsingar með ólaunaðri samfélagsþjónustu takmörkuð við ákveðna brotaflokka?*

Samkvæmt 22. gr. laga um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, með síðari breytingum, er heimilt að fullnusta allt að 6 mánaða óskilorðsbundna fangelsisrefsingu með ólaunaðri samfélagsþjónustu ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því. Í 26. gr. a sömu laga, sem tók gildi 1. janúar 2000, er heimilað að afplána vararefsingu fésektar, allt að 12 mánaða fangelsi, sem ekki innheimtist, með ólaunaðri samfélagsþjónustu ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því. Lögin takmarka heimildina ekki við ákveðna brotaflokka en mat á því hvort almannahagsmunir mæla gegn ólaunaðri samfélagsþjónustu tengist broti. Takmörkuð lengd fangelsisrefsingar sem heimilað er að afplána með ólaunaðri samfélagsþjónustu útilokar þá sem eru dæmdir fyrir mjög alvarleg brot frá þessu úrræði.

2. *Hafa umsóknir um samfélagsþjónustu borist frá kynferðisafbrotamönnum, og ef svo er, hafa þær verið samþykktar?*

Fáar umsóknir um samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinnar refsingar hafa borist frá dæmdum kynferðisafbrotamönnum. Fjórir hafa sótt um, þremur umsóknum hefur verið hafnað og ein umsókn verið samþykkt. Þar var dæmd refsing 30 daga varðhald og persónulegar aðstæður mjög sérstakar.

3. *Hvers eðlis er sú samfélagsþjónusta sem umsækjendum stendur til boða að inna af hendi?*

Samfélagsþjónustan fer fram hjá líknar- og félagasamtökum og opinberum stofnunum og er aðallega um að ræða aðstoð við framkvæmdir, viðhald, þrif, umönnun og skrifstofustörf (sjá fylgiskjal).

4. Hversu margir hafa nýtt sér samfélagsþjónustuna?

322 hefur verið heimilað að afplána með ólaunaðri samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinnar refsingar, þar af hafa 36 rofið skilyrði samfélagsþjónustunnar og verið gert að afplána eftirstöðvar refsingar í fangelsi.

Frá gildistöku breytinga á lögum um fangelsi og fangavist, 1. janúar 2000, þegar unnt varð, að vissum skilyrðum uppfylltum, að heimila manni sem fésekt innheimtist ekki hjá að afplána vararefsinguna með ólaunaðri samfélagsþjónustu, hefur verið samþykkt að 27 dómþolar afpláni með ólaunaðri samfélagsþjónustu í stað vararefsingar. Þar af hefur einn rofið skilyrði samfélagsþjónustunnar og honum verið gert að afplána eftirstöðvar í fangelsi.

5. Hefur Fangelsismálastofnun verið í samstarfi við einhverja aðila vegna samfélagsþjónustunnar, og ef svo er, við hverja?

Fangelsismálastofnun er í samstarfi við forsvarsmenn vinnustaða líknar- og félagasamtaka um fyrirkomulag samfélagsþjónustunnar. Jafnframt hefur stofnunin samráð við starfsmenn þessara vinnustaða sem hafa umsjón með dómþolum í samfélagsþjónustu. Enn fremur leitar stofnunin iðulega til lögreglu úti á landi um eftirlit með þeim sem gegna samfélagsþjónustu utan höfuðborgarsvæðisins. Ef aðstæður eru sérstakar hefur Fangelsismálastofnun samstarf við áfengisráðgjafa, sálfræðinga, geðlækna, fíkniefnalögreglu o.s.frv.

6. Hefur verið lagt mat á hvernig úrræðið hefur nýst frá tilkomu þess?

Ekki hefur verið gerð rannsókn á endurkomum þeirra sem heimilað hefur verið að gegna samfélagsþjónustu í stað afplánunar fangelsisrefsingar en fyrirhugað er að það verði gert á næsta ári. Þá verða fimm ár liðin frá því að samfélagsþjónusta var fyrst lögleidd. Meðal skilyrða samfélagsþjónustunnar er að dómþoli gerist ekki sekur um refsiverðan verknað meðan hann gegnir þjónustunni, neyti hvorki áfengis né deyfilyfja, sæti umsjón og eftirliti Fangelsismálastofnunar og hlíti þeim fyrirmælum stofnunarinnar að vinna án undandráttar á tilsettum tíma þau störf sem honum er ætlað að vinna og tilkynna án undandráttar veikindi eða aðrar orsakir fyrir því að hann geti ekki mætt til vinnu og skila læknisvottorði sé þess óskað.

Fangelsismálastofnun fylgist mjög vel með því að skilyrði þessi séu haldin og er það mat stofnunarinnar að mjög vel hafi tekist til. Rof á samfélagsþjónustu hafa verið um 10%. Svo lágt hlutfall rofa á skilyrðum samfélagsþjónustu, þrátt fyrir kerfisbundið eftirlit, bendir til þess að úrræðið gefist vel.

Fylgiskjal.

Dæmi um vinnustaði þar sem ólaunuð samfélagsþjónusta hefur verið innt af hendi.

ABC – hjálparstarf
Aðaldælahreppur
Akranesbær
Alnæmissamtökin
Áfangaheimilið Byrgið
Áhaldahús Reykjanesbæjar
Bolungarvíkurkaupstaður
Búðahreppur
Byggðasafn Akranesbæjar
Dagvistun aldraðra – Reykjanesbær
Dalvíkurbær
Dvöl – athvarf fyrir geðfatlaða

Félagasamtökin Vernd
Félags- og skólaþjónusta Þingeyinga
Félagsmiðstöð aldraðra Kjarnalundi – Akureyrarbær
Félagsmiðstöð Snæfellsbæjar
Flateyrarhreppur
Foldabær – heimili fyrir alzheimersjúklinga
Foldabær – Reykjavíkurdeild RKÍ
Fræðslu- og frístundasvið Akureyrarbæjar
Garðabæjardeild RKÍ
Geðhjálp
Gerðahreppur
Golfklúbbur Hveragerðis
Góði hirðirinn
Grindavíkurbær
Handknattleiksdeild Breiðabliks
Handknattleiksfélag Kópavogs
Hitt húsið
Hitt húsið – félagsmiðstöð fyrir fatlaða
Hitt húsið – félagsmiðstöðin Tipp Topp
Hjálparsveit skáta í Reykjavík
Hjálpræðisherinn á Akureyri
Hjálpræðisherinn á Íslandi
Hlíðabær – dagvistun aldraðra á vegum RKÍ
Hólmavíkurhreppur
Hvítasunnukirkjan Fíladelfía
Ísafjarðarkaupstaður/elliheimilið Hlíf
Íþrótta- og tómstundaráð Reykjanesbæjar
Íþróttabandalag Vestmannaeyja
Íþróttafélag fatlaðra
Íþróttafélagið Fylkir
Íþróttafélagið Fylkir/Góði hirðirinn
Kattavinafélagið
Kattholt
Kattholt – Kattavinafélagið
Knattspyrnudeild KA
Knattspyrnufélag Reykjavíkur
Knattspyrnufélagið Fram
Knattspyrnufélagið Haukar
Knattspyrnufélagið ÍA
Knattspyrnufélagið KA
Knattspyrnufélagið Valur
Knattspyrnufélagið Víkingur
Krýsuvíkursamtökin
Krýsuvíkursamtökin/Góði hirðirinn
Landgræðsla ríkisins
Leikfélag Akureyrar
Nafnlausi leikhópurinn
Norræna húsið
Nytjamarkaður – Bolholti 6
Nytjamarkaður RKÍ
Nytjamarkaðurinn
Rauði kross Íslands
Rauði kross Íslands á Austurlandi
Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands
Rockville
Sambýlið að Holtavegi 27
Sambýlið Hrauntungu
Sambýlið Klettahrauni 17, Hafnarfirði
Sauðárkróksbær
Selfosskaupstaður
Skógræktarfélag Rangæinga
Skóla- og menningarskrifstofa Akureyrarbæjar
Snæfellsbær
Stokkseyrarhreppur
Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra
Sumardvalarheimilið Reykjadal
Sviffflugfélag Íslands
Svæðisskrifstofa fatlaðra á Vesturlandi
Svæðisskrifstofa Suðurlands um málefni fatlaðra
Tónabær
Valsheimilið/Menningarfélag, Brydebúð
Vesturbyggð
Vin – athvarf fyrir geðfatlaða
Vin – Reykjavíkurdeild RKÍ
Vin – Reykjavíkurdeild RKÍ/Akranesbær
Vistheimilið Bjarg
Vopnafjarðarhreppur
Ölfushreppur

265. Frumvarp til laga [240. mál]

um breytingu á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 13/1997.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 4. gr. laganna:

a. Nýr stafliður, g-liður, bætist við, svohljóðandi: Að annast samninga um launuð störf í verndaðri vinnu.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Vinnumálastofnun er heimilt að koma á fót og reka verndaða vinnustaði.
c. Í stað „1. mgr.“ í 2. mgr. (verður 3. mgr.) kemur: 1. og 2. mgr.

2. gr.

Við 1. mgr. 10. gr. laganna bætast tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:

h. Að sjá til þess að fatlaðir sem ekki geta unnið á almennum vinnumarkaði án stuðnings geti átt kost á liðveislu í starfi.
i. Að aðstoða fatlaða og aðra þá sem ekki geta unnið á almennum vinnumarkaði við að fá launuð störf í verndaðri vinnu.

3. gr.

Við 23. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Jafnframt setur ráðherra reglugerð um liðveislu fatlaðra á vinnustað, sbr. h-lið 10. gr., og um verndaða vinnu skv. g-lið 4. gr. og i-lið 10. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002.

Fyrir gildistöku laganna skal Vinnumálastofnun hafa gert þjónustusamninga um vernduð störf sem fyrir eru við gildistöku laga þessara samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, enda sé um störf að ræða þar sem gerð er krafa um vinnuframlag.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi ásamt þremur öðrum tengdum frumvörpum. Það er nú endurflutt óbreytt að efni til. Við almennar athugasemdir frumvarpsins bætist texti um að vernduð vinna getur verið unnin í verndaðri vinnuaðstöðu á almennum vinnumarkaði. Þar er ekki um efnisbreytingu að ræða, heldur gætt samræmis við frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Við meðferð málsins í félagsmálanefnd var frumvarpið sent ýmsum aðilum til umsagnar og bárust nefndinni allmörg svör. Farið var yfir athugasemdir, sem bárust nefndinni, við endurflutning málsins.

Frumvarpi fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er samið með hliðsjón af frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Í því frumvarpi er lagt til að málefni fatlaðra verði færð til sveitarfélaga, þó að undanskildum ákveðnum málaflokkum, þar á meðal atvinnumálum fatlaðra sem lagt er til að færist til Vinnumálastofnunar. Sá flutningur kallar á breytingu á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir.

Í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga eru tilgreind rök fyrir því að hin eiginlegu atvinnumál fatlaðra flokkist ekki undir félagsþjónustu heldur verði skipað með atvinnumálum annarra. Samrýmist það blöndun fatlaðra og ófatlaðra sem verið hefur baráttumál hagsmunasamtaka fatlaðra um langt skeið og séð hefur æ meiri stað í löggjöf og framkvæmd. Með því að fella úr gildi sérlög um málefni fatlaðra og fella þann málaflokk inn í almenna félagsmálalöggjöf má segja að stigið sé lokaskref í blöndun fatlaðra og ófatlaðra á vettvangi félagsmálalaga. Samfara væntanlegum lagabreytingum liggur beint við að atvinnumál fatlaðra færist til Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana.

Þjónusta við fatlaða sem nær til starfsráðgjafar, atvinnuleitar, vinnumiðlunar og annarrar almennrar aðstoðar telst tvímælalaust til viðfangsefna Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana að óbreyttum lögum. Frumvarp þetta fjallar því ekki um þá aðstoð.

Nauðsynlegt er að fyrir liggi skýr skilgreining á því hvað teljist til atvinnumála fatlaðra og hvað falli undir félagsþjónustu sveitarfélaga. Með hliðsjón af efni laga um vinnumarkaðsaðgerðir og í því skyni að atvinnumál fatlaðra falli sem best að þeim, svo og með það í huga að koma í veg fyrir vafaatriði og „grá svæði“, er lagt til að umrædd skil komi fram í því hvort greidd séu laun samkvæmt kjarasamningi. Það þýðir að gerð er krafa um vinnuframlag einstaklinganna og er svæðisvinnumiðlun ætlað að meta vinnufærni þeirra. Atvinna fatlaðra í framangreindum skilningi sem unnin er fyrir samningsbundin laun verði þannig felld undir lög um vinnumarkaðsaðgerðir. Það þýðir að undir lögin fellur tvenns konar þjónusta, sbr. 1. og 2. gr. frumvarpsins. Annars vegar er um að ræða verndaða vinnu, á vernduðum vinnustöðum eða í dagvist sveitarfélaga, þar sem gerð er krafa um vinnuframlag og laun eru samkvæmt kjarasamningum. Hins vegar er stuðningur við fatlaða sem vinna á almennum vinnumarkaði við störf sem launuð eru samkvæmt kjarasamningi.

Önnur atriði sem nú flokkast sem atvinnumál fatlaðra samkvæmt lögum um málefni fatlaðra og reglugerð um atvinnumál fatlaðra verði á vegum félagsþjónustu sveitarfélaga. Er þar annars vegar átt við iðju og þjálfun sem fari fram í dagvist á vegum félagsþjónustu sveitarfélaga, en hins vegar aðstoð á vegum dagvistar sveitarfélaga við mikið fatlað fólk sem starfar á almennum vinnumarkaði. Vísast um þessi atriði til athugasemda við 33. gr. frumvarps til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Hugtakið fötlun er í frumvarpi þessu notað í sömu merkingu og gert hefur verið í lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, sbr. 2. gr. frumvarps til laga um réttindagæslu fatlaðra. Um þetta efni vísast einnig til athugasemda við frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Samkvæmt framansögðu tekur frumvarp þetta til:

a. liðveislu fatlaðra á almennum vinnumarkaði, enda vinni fatlaðir þar á samningsbundnum launum,
b. verndaðrar vinnu, fyrir fatlaða eða aðra þá sem ekki geta unnið á almennum vinnumarkaði, enda séu laun samkvæmt kjarasamningi, þ.e.
   — vinnu á vernduðum vinnustöðum,
   — vinnu í verndaðri vinnuaðstöðu á almennum vinnumarkaði,
   — verndaðrar vinnu innan dagvistar félagsþjónustu sveitarfélaga.

Þegar fatlaðir eiga í hlut skal fyrst litið til vinnu á almennum vinnumarkaði með aðstoð, áður en vernduð vinna kemur til greina. Reynslan sýnir að ef rétt er á haldið og fatlaðir fá vinnu við hæfi og nauðsynlega aðstoð, einkum í upphafi starfs, geta þeir innt af hendi margvísleg störf á vinnumarkaði. Er ekki talinn vafi á að sú leið er fötluðum mikilvæg til þátttöku í samfélaginu og að það sé ódýrara fyrir þjóðfélagið þegar fram í sækir en störf í verndaðri vinnu.

Vinnumálastofnun er ætlað að gera samninga um verndaða vinnu við rekstraraðila verndaðra vinnustaða en svæðisvinnumiðlunum að aðstoða einstaklinga við að fá verndaða vinnu.

Um leið og lagt er til að á svæðisvinnumiðlunum hvíli sú skylda að aðstoða einstaklinga við að fá verndaða vinnu opnast um leið tækifæri til að bjóða fleiri en fötluðum slíka vinnu. Ætla má að það geti hentað þeim sem af ýmsum ástæðum geta ekki unnið á almennum vinnumarkaði. Er það Vinnumálastofnunar eða svæðisvinnumiðlunar eftir atvikum að meta þetta atriði. Verður það að teljast umtalsverður kostur að Vinnumálastofnun bætist nýtt úrræði til aðstoðar við þá sem af ýmsum ástæðum hafa ekki fundið sig í störfum á almennum vinnumarkaði en geta nýtt starfskrafta sína í vernduðu umhverfi. Því þykir ekki rétt að takmarka möguleika á verndaðri vinnu eingöngu við þá sem eru skilgreindir fatlaðir.

Tekið skal fram að þegar málaflokkurinn verður færður til Vinnumálastofnunar er gert ráð fyrir að þangað verði ráðnir starfsmenn til að sinna honum. Lögð er áhersla á að sú sérþekking sem svæðisskrifstofur málefna fatlaðra hafa á sviði atvinnumála fatlaðra glatist ekki, heldur skili sér til Vinnumálastofnunar. Er þetta að sínu leyti sams konar áhersla og fram kemur við yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til félagsþjónustu sveitarfélaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr. og síðari staflið 2. gr.

Í 1. gr. og síðari staflið 2. gr. frumvarpsins er fjallað um verndaða vinnu.

Með verndaðri vinnu er átt við launuð störf á vernduðum vinnustöðum eða innan dagvistar félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem gerð er krafa um vinnuframlag. Svæðisvinnumiðlun metur vinnufærni einstaklinga.

Samkvæmt a-lið 1. gr. annast Vinnumálastofnun samninga um vernduð störf. Annars vegar er um að ræða verndaða vinnustaði sem reknir eru af einkaaðilum, félagasamtökum eða sveitarfélögum. Hins vegar dagvist á vegum félagsþjónustu sveitarfélaga.

Samkvæmt síðari staflið 2. gr. aðstoðar svæðisvinnumiðlun einstaklinga við að fá launuð störf í verndaðri vinnu. Með einstaklingum er jöfnum höndum átt við fatlaða og aðra þá sem af ýmsum ástæðum geta ekki unnið á almennum vinnumarkaði. Með ákvæðinu bætist svæðisvinnumiðlun því nýtt verkefni og úrræði í aðstoð sinni við einstaklinga. Forsenda fyrir störfum í verndaðri vinnu er að á vegum svæðisvinnumiðlunar eigi sér stað mat á vinnugetu.

Auk samninga Vinnumálastofnunar um verndaða vinnu er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði heimilt að koma á fót og reka verndaða vinnustaði. Rétt þykir að slík heimild sé fyrir hendi í lögum.

Auk þeirra nýmæla að vernduð vinna falli undir lög um vinnumarkaðsaðgerðir eru helstu nýmæli þau að:

a. lögð er áhersla á vernduð störf en ekki verndaða vinnustaði sem stofnanir,
b. lögfest verði að greidd skulu kjarasamningsbundin laun fyrir verndaða vinnu,
c. vernduð störf verði ekki einungis ætluð fötluðum heldur einnig öðrum þeim sem þurfa á verndaðri vinnu að halda.

Óbreytt verði að vernduð vinna hafi tvíþætt hlutverk. Annars vegar að sjá fólki fyrir vinnu til frambúðar. Hins vegar að starfsþjálfun sem í vinnunni felst skili þeim árangri að einstaklingar geti „útskrifast“ frá vernduðum vinnustað til almenns vinnumarkaðar. Í verndaðri vinnu felst því samkvæmt framansögðu vinna í hefðbundnum skilningi, en jafnframt starfshæfing og starfsþjálfun. Í beinum tengslum við þetta hlutverk skal Vinnumálastofnun eða svæðisvinnumiðlun láta fara fram reglubundið mat á vinnugetu þeirra sem starfa í verndaðri vinnu í því skyni að viðkomandi einstaklingur fái þá þjónustu sem hann þarf á að halda eða

fái vinnu á almennum vinnumarkaði. Mikilvægt er að mat á vinnugetu fari ætíð fram í samráði við einstakling.

Þegar einstaklingur telst hæfur til þess að hverfa frá verndaðri vinnu, að mati svæðisvinnumiðlunar og í samráði við hann, útvegar svæðisvinnumiðlun viðkomandi starf á almennum vinnumarkaði í beinu framhaldi. Hér má því ekki verða tómarúm á milli. Um getur verið að ræða m.a. starf á almennum vinnumarkaði samkvæmt reglugerð um öryrkjavinnu, nr. 159/1995, eða vinnu með liðveislu.

Eins og áður sagði skulu vernduð störf vera launuð. Það þýðir að almenn ákvæði kjarasamninga viðkomandi stéttarfélaga gilda um verndaða vinnu. Sömuleiðis lög og reglugerðir er varða kjaramál og réttindi fólks til inngöngu í stéttarfélög, enda verði stéttarfélagsaðild í samræmi við starf hvers og eins á vinnustaðnum.

Kostnaður við vinnu á vernduðum vinnustöðum greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum.

Um verndaða vinnu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra skal eftirfarandi tekið fram: Verndaðir vinnustaðir og dagvist fatlaðra heyra nú undir lög um málefni fatlaðra. Nokkur skörun er á milli starfsemi verndaðra vinnustaða og dagvistarstofnana fatlaðra. Á nokkrum vernduðum vinnustöðum fer fram allt í senn, framleiðsla, starfshæfing og iðja, þ.e. bæði það sem flokka má sem félagsþjónustu og atvinnumál. Þeir vinnustaðir þurfa talsvert fé til rekstursins og eru þannig nær því að flokkast undir dagvistarstofnanir en verndaða vinnustaði. Aðrir eru raunverulegir vinnustaðir og enn aðrir eru sambland af þessu tvennu. Ætla má að frumvarpið taki til 25–30% fatlaðra sem starfa á þessum stöðum.

Í tengslum við frumvarpið þarf að gera úttekt á vernduðum vinnustöðum, einkum þeim sem hafa verið „blandaðir vinnustaðir“, þ.e. þar sem saman fer vinna annars vegar og hæfing og iðja hins vegar. Þeirri úttekt þarf að vera lokið fyrir gildistöku laga samkvæmt frumvarpi þessu. Með úttektinni á að greina að hvaða leyti starfsemi vernduðu vinnustaðanna flokkast undir vinnu og framleiðslu annars vegar og iðju og þjálfun hins vegar. Að úttekt lokinni skal sá hluti starfseminnar sem flokkast undir vinnu felldur undir verndaða vinnustaði samkvæmt frumvarpi þessu, en sá hluti sem felur í sér iðju og þjálfun verður felldur undir dagvist á vegum félagsþjónustu sveitarfélaga, sbr. 33. gr. frumvarps til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Einstaklingum, sem við gildistöku laga þessara njóta þjónustu þeirra vernduðu vinnustaða sem úttektin nær til, skal að úttekt lokinni tryggð áframhaldandi vernduð vinna eða iðja og þjálfun. Lagt er til að félagsmálaráðuneytið verði í forsvari fyrir úttektinni í samráði við Vinnumálastofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir að áfram, þ.e. eftir gildistöku laga samkvæmt frumvarpinu, verði rekin starfsemi, einkum á landsbyggðinni, þar sem saman fer vernduð vinna, hæfing og iðja. Skýrist það fyrst og fremst af því að forsendur eru ekki til að reka í aðskildum rekstrareiningum annars vegar iðju og dagvist og hins vegar verndaðan vinnustað. Eftir áðurgreinda úttekt er gert ráð fyrir að slíkir „blandaðir vinnustaðir“, sem fela bæði í sér dagvistarþjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og verndaða vinnu samkvæmt frumvarpi þessu, verði að formi til reknir sem dagvist á vegum félagsþjónustu sveitarfélaga. Vinnumálastofnun á hins vegar aðgang að þeim hluta starfseminnar þar sem fram fer vernduð vinna samkvæmt sérstökum samningum.

Um fyrri staflið 2. gr.

Ákvæðið tekur til fatlaðra á almennum vinnumarkaði sem vinna ótímabundið starf á launum en þurfa á aðstoð að halda, einkum í upphafi. Gengur slík aðstoð undir nafninu liðveisla.

Eins og áður hefur verið getið um er gengið út frá því að fatlaðir eigi rétt á aðstoð svæðisvinnumiðlunar við atvinnuleit, vinnumiðlun og starfsráðgjöf samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir á sama hátt og annað fólk. Er því óþarft að tiltaka það atriði í þessu frumvarpi. Ákvæði þetta tekur því einungis til sérstaks stuðnings sem fatlaðir þurfa á að halda á vinnumarkaði eftir að atvinnuleit og vinnumiðlun lýkur.

Eins og vikið er að í almennum athugasemdum við frumvarpið skal atvinna fatlaðra á almennum vinnumarkaði með stuðningi hafa forgang fram yfir verndaða vinnu. Bæði er það í samræmi við hugmyndafræði um blöndun fatlaðra og ófatlaðra sem verið hefur og er stefna stjórnvalda í þessum málum en einnig ber á það að líta að sú leið er hagkvæmari fyrir samfélagið þegar allt kemur til alls. Mergurinn málsins er að fatlaðir fái störf við hæfi og nauðsynlega aðstoð og stuðning, einkum til að byrja með. Við þau skilyrði geta þeir innt af hendi margvísleg störf, sér og samfélaginu til gagns.

Með liðveislu við fatlaða á almennum vinnumarkaði er átt við einstaklingsbundinn stuðning við hinn fatlaða. Liðsmaður getur verið á vegum svæðisvinnumiðlunar, verndaðs vinnustaðar eða fyrirtækis eða aðila sem er sérstaklega til þess ráðinn. Vinnumálastofnun sér um greiðslu til atvinnurekenda eða liðsmanna eftir fyrirframgerðum samningi við þá.

Til að liðveisla nýtist fötluðum sem best á vinnustað er nauðsynlegt að uppfræða starfsmenn og veita þeim ráðgjöf. Þetta á einkum við um þá sem takast á hendur liðveislu við hinn fatlaða en einnig um aðra starfsmenn eftir því sem við á.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpinu er lagt til að aðstoð svæðisvinnumiðlunar við fatlað fólk á almennum vinnumarkaði takmarkist við þá sem þar vinna á launum. Önnur aðstoð við fatlaða á almennum vinnumarkaði, sem þarfnast verulegrar viðvarandi aðstoðar og njóta þar af leiðandi ekki launa samkvæmt kjarasamningi, verði á vegum félagsþjónustu sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að sú þjónusta verði í tengslum við starfsemi dagvistar/dagvistarstofnana á vegum félagsþjónustunnar, sbr. 33. gr. frumvarps til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og þaðan komi sú aðstoð sem fatlaðir fái á almennum vinnumarkaði ef því er að skipta.

Kostnaður svæðisvinnumiðlana af því verkefni sem undir grein þessa fellur er greiddur úr ríkissjóði.

Um 3. gr.

Með frumvarpi þessu er liðveislu fatlaðra á vinnumarkaði og verndaðri vinnu fundin lagastoð í lögum um vinnumarkaðsaðgerðir en hvorki skilgreint þar hvað í því felst né hverjar séu skyldur Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana þar að lútandi. Um þau atriði er lagt til að kveðið verði á um í reglugerð. Um framangreind efnisatriði væntanlegrar reglugerðar vísast að öðru leyti til athugasemda við frumvarpið.

Um 4. gr.

Gildistaka frumvarpsins helst í hendur við gildistöku frumvarps til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, enda frumvarp þetta samið í beinum tengslum við það frumvarp eins og áður hefur komið fram.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum, um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 13/1997.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi og er nú endurflutt samhliða þremur frumvörpum til laga sem tengjast undirbúningi þess að málefni fatlaðra verði færð yfir til sveitarfélaga. Undanskildir eru þó ákveðnir málaflokkkar, þar á meðal atvinnumál fatlaðra sem lagt er til að heyri undir Vinnumálastofnun og flokkist ekki sem félagsþjónusta. Í greinargerð frumvarpsins segir að sé rétt haldið á málum geti fatlaðir innt af hendi margvísleg störf á vinnumarkaði fái þeir vinnu við hæfi og nauðsynlega aðstoð. Þegar fatlaðir eigi í hlut skuli litið til vinnu á almennum vinnumarkaði með aðstoð áður en vernduð vinna komi til greina. Því þarf að liggja fyrir skýr skilgreining á því hvað teljist til atvinnumála fatlaðra annars vegar og félagsþjónustu sveitarfélaga hins vegar. Lagt er til að umrædd skil komi fram í því hvort greidd séu laun samkvæmt kjarasamningi og þar með gerð krafa um vinnuframlag. Er svæðisvinnumiðlunum ætlað að meta vinnufærni einstaklinga og aðstoða fatlaða og aðra sem ekki geta unnið á almennum vinnumarkaði við að fá launuð störf í verndaðri vinnu. Vinnumálastofnun er hins vegar ætlað að gera samninga um verndaða vinnu við rekstraraðila verndaðra vinnustaða.

Í fjárlögum ársins 2000 fá tíu verndaðir vinnustaðir um 140 m.kr. framlag en árið 1998 störfuðu þar 349 manns í rúmlega 220 stöðugildum. Meðalstarfshlutfall starfsmanns í verndaðri vinnu var því um 60% og má áætla að 25–30% starfsfólksins, eða um 90–100 manns, séu með þá starfsgetu sem fram kemur í frumvarpinu til að stunda launuð störf. Ef miðað er við meðalstarfshlutfallið má gera ráð fyrir að alls verði um 60 stöðugildi í verndaðri vinnu eftir gildistöku laganna og að kostnaður ríkissjóðs við þau verði 35–40 m.kr. á ári. Ekki er um að ræða ný útgjöld þar sem fjárhæðin kemur til lækkunar þeirra 140 m.kr. sem nú er varið til verndaðra vinnustaða. Mismunurinn flyst yfir til sveitarfélaga til að reka dagvist fyrir þann hóp starfsmanna á vinnustöðunum sem ekki standast þær kröfur um vinnugetu sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Í greinargerð frumvarpsins er gert ráð fyrir að gera þurfi úttekt á vernduðum vinnustöðum og mun endanlegur fjöldi starfa í verndaðri vinnu og kostnaður við þau ekki liggja nákvæmlega fyrir fyrr en sú úttekt hefur farið fram.

Viðbótarútgjöld ríkissjóðs vegna þessa frumvarps felast annars vegar í fyrri staflið 2. gr. um liðveislu í starfi og hins vegar í mati á vinnugetu. Má ætla að Vinnumálastofnun þurfi tvo starfsmenn til að sinna þessum verkefnum og að árlegur kostnaður af því verði um 10 m.kr.

266. Frumvarp til laga [241. mál]

um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI
Markmið.

1. gr.

Markmið laganna er að tryggja fötluðum og einstaklingum með alvarlegar þroskaraskanir greiningu, ráðgjöf og önnur úrræði sem miða að því að draga úr afleiðingum röskunarinnar. Enn fremur að tryggja öflun, viðhald og miðlun fræðilegrar þekkingar á þessu sviði.

Í þessum tilgangi skal á vegum ríkisins starfrækt stofnun, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Hún þjónar landinu öllu.

II. KAFLI
Frumgreining fötlunar.

2. gr.

Í því skyni að stuðla að skjótri greiningu og meðferð fötlunar og þroskaröskunar skulu starfsmenn sveitarfélaga, menntastofnana og heilbrigðisstofnana gefa sérstaklega gaum að andlegu og líkamlegu atgervi barna. Verði þeir þess áskynja að barn hafi einkenni fötlunar eða alvarlegrar þroskaröskunar skal upplýsa foreldri eða forráðamann um það og hlutast til um að frumgreining fari fram.

Frumgreining getur farið fram á vegum barnadeilda sjúkrahúsa, sérfræðiþjónustu sveitarfélaga og hjá ýmsum öðrum sérfræðingum.

Leiði frumgreining í ljós að frekari greiningar eða meðferðarúrræða sé þörf skal tilkynna það Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins eða öðrum viðeigandi aðilum sem leita heppilegra úrræða í samráði við foreldra eða forráðamenn.

III. KAFLI
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

3. gr.

Hlutverk Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins er að annast:

1. Mat og greiningu á fötluðum og einstaklingum með alvarlegar þroskaraskanir sem er vísað til athugunar að lokinni frumgreiningu.
2. Ráðgjöf og fræðslu til foreldra eða annarra aðstandenda og þjónustuaðila varðandi viðeigandi meðferð, þjálfun og önnur úrræði sem þörf er á.
3. Tilvísanir til annarra meðferðaraðila og stofnana í því skyni að hlutaðeigandi njóti þar þeirrar þjónustu og þjálfunar sem þörf er hverju sinni.
4. Langtímaeftirfylgd og ráðgjöf vegna þeirra einstaklinga sem þess þarfnast og eiga ekki kost á slíku annars staðar.
5. Faglega aðstoð og ráðgjöf til samstarfsaðila, t.d. varðandi:
   a. uppbyggingu og starfrækslu greiningar- og ráðgjafarþjónustu og þróun á aðferðum til fjargreiningar,
   b. menntun og þjálfun starfsfólks,
   c. sérhæfðan tækjabúnað og aðgengi fatlaðra,

d. .kannanir á högum og þjónustuþörfum fatlaðra,
e. umsögn um þjónustu og vistun.

6. Skráningu og varðveislu upplýsinga um fatlaða og einstaklinga með alvarlegar þroskaraskanir í samvinnu við félags-, fræðslu- og heilbrigðisyfirvöld.
7. Öflun og miðlun þekkingar um fatlanir og alvarlegar þroskaraskanir, m.a. með því að fylgjast með nýjungum í greiningu og meðferð á alþjóðavettvangi.
8. Þróun, rannsókn og dreifingu á aðferðum og gögnum til greiningar á fötlunum og þroskaröskunum og á mismunandi meðferðaraðferðum.
9. Fræðilegar rannsóknir á sviði áunninna og meðfæddra fatlana og þroskaraskana og þátttöku í alþjóðastarfi, m.a. á sviði fátíðra fatlana.
10. Fræðslu á sviði fatlana og þroskaraskana og útgáfu fræðsluefnis.

Stofnunin skal hafa samstarf við aðrar stofnanir sem veita þjónustu eða annast kennslu og rannsóknir á sviði fatlana og þroskaraskana, t.d. sveitarfélög og stofnanir þeirra, heilbrigðisstofnanir, háskólastofnanir, landlækni, samstarfsnefnd um málefni fatlaðra, réttindagæslumann fatlaðra og hagsmunasamtök fatlaðra.

4. gr.

Félagsmálaráðherra skipar forstöðumann Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar til fimm ára í senn. Hann skal hafa háskólapróf á sviði fatlana og þroskaraskana, auk reynslu af stjórnun, kennslu og rannsóknum. Hann ber fjárhagslega ábyrgð sem yfirmaður stofnunarinnar og er ábyrgur fyrir allri faglegri starfsemi hennar, ráðningu starfsfólks og samskiptum við aðrar stofnanir.

5. gr.

Stofnunin semur árlega fjárlaga- og rekstrartillögur og fjárhags- og framkvæmdaáætlun til fimm ára.

Rekstrarkostnaður stofnunarinnar greiðist úr ríkissjóði og af sértekjum hennar. Félagsmálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum forstöðumanns stofnunarinnar, að setja gjaldskrá til að standa straum af kostnaði við námskeiðahald, útgáfu fræðsluefnis, faglega aðstoð og ráðgjöf til sveitarfélaga og annarra aðila sem vinna í samstarfi við Greiningar- og ráðgjafarstöðina, sbr. 5. tölul. 3. gr. Ekki er heimilt að kveða á um gjöld fyrir reglubundna starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar í gjaldskránni.

Sveitarfélögum er heimilt að semja við Greiningar- og ráðgjafarstöðina um afmarkaða verkþætti sem sérfræðiþjónustu sveitarfélaga er ætlað að annast, en sveitarfélögin sjá sér ekki fært að veita, enda falli slík þjónusta ekki undir gjaldskrána, sbr. 2. mgr.

6. gr.

Starfsfólki Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins ber að gæta þagnarskyldu um atvik er varða lögmæta einkahagsmuni skjólstæðinga stofnunarinnar eða aðstandenda þeirra sem því verða kunn í starfi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Um trúnað, þagnarskyldu, varðveislu persónuupplýsinga og afhendingu þeirra fer að öðru leyti eftir ákvæðum í lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, og læknalögum, nr. 53/1988, með síðari breytingum.

IV. KAFLI
Eftirfylgd.
7. gr.

Að jafnaði skal eftirfylgd vera í höndum sérfræðiþjónustu sveitarfélaga og annarra fagmanna, sem sinna viðkomandi einstaklingi. Þó skal Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sinna eftirfylgd og ráðgjöf til lengri tíma vegna einstaklinga með óvenjuflóknar eða sjaldgæfar fatlanir og þroskaraskanir, m.a. með reglubundnu eftirliti eða samráði við þjónustuaðila og foreldra eða forráðamann.

Verði starfsmenn Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar þess áskynja að einstaklingur nýtur ekki fullnægjandi þjónustu ber þeim að gera forstöðumanni stofnunarinnar viðvart. Getur hann, í samráði við hinn fatlaða eða forráðamann hans, gefið viðkomandi félagsmálanefnd eða félagsmálaráðuneyti sérstaka skýrslu um málið telji hann þess þörf. Skal hann þá jafnframt senda afrit til trúnaðarmanns fatlaðra á viðkomandi stað.

V. KAFLI
Reglugerðarheimild og gildistaka.
8. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi ásamt þremur öðrum tengdum frumvörpum. Það er nú endurflutt óbreytt. Við meðferð málsins í félagsmálanefnd var það sent ýmsum aðilum til umsagnar og bárust nefndinni allmörg svör. Tekið er tillit til þeirrar athugasemdar að fleiri aðilar en Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins koma nærri því verki sem frumvarpið fjallar um. Til að draga þetta atriði fram er uppsetningu frumvarpsins breytt. Ekki er talin ástæða til að gera aðrar breytingar á frumvarpinu.

Frumvarpi fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði 17. mars 1999, með vísan til bráðabirgðaákvæðis laga um breytingar á lögum um málefni fatlaðra, nr. 161/1996. Í því er kveðið á um að sett skuli ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem taki til þeirrar þjónustu sem veitt er samkvæmt núgildandi lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með síðari breytingum. Þar sem ekki er gert ráð fyrir að sams konar breyting verði á starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins var kveðið á um að sett skyldu sérstök lög um stofnunina.

Nefndinni var ætlað að hafa samráð við laganefnd um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þá var henni einnig falið að semja reglugerð um Greiningar- og ráðgjafarstöðina.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hóf starfsemi 1. janúar 1986 skv. 16. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 41/1983, og tók þá við starfi athugunardeildarinnar í Kjarvalshúsi. Í lögunum var ítarleg skilgreining á hlutverki stöðvarinnar, en það hefur haldist að mestu óbreytt við endurskoðun á lögum um málefni fatlaðra.

Greiningar- og ráðgjafarstöðin hefur frá upphafi þjónað öllu landinu. Hátt á annað hundrað börnum og ungmennum er vísað þangað til greiningar á hverju ári, en auk þess hefur stofnunin árlega eftirfylgd með um 300 börnum og ungmennum. Stöðugildi við Greiningar- og ráðgjafarstöðina eru nú rúmlega 30, þar af nokkur hlutastörf, en alls vinna tæplega 40 manns við stofnunina með sérþekkingu á ýmsum sviðum fatlana. Má þar nefna lækna, sál-

fræðinga, talmeinafræðinga, sjúkraþjálfara, iðjuþjálfa, þroskaþjálfa, félagsráðgjafa, leikskólakennara o.fl.

Innra skipulag Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar var endurskoðað árið 1997. Þá var sérhæfing innan stöðvarinnar efld og skilvirkni þannig bætt, svo og stuðningur við þjónustu utan stofnunarinnar, svo sem ráðgjöf við leikskóla og aðrar stofnanir þar sem fatlaðir dveljast. Var starfseminni því skipt í fötlunarsvið í stað starfsdeilda einstakra faggreina eins og áður. Á þeim skamma tíma sem liðinn er frá breytingunum hefur helstu markmiðum verið náð og fengist hefur betri yfirsýn yfir þá hópa fatlaðra sem í hlut eiga. Þjónusta Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar hefur orðið skilvirkari, sveigjanlegri og stuðlað að árangursríkara samstarfi við aðra þjónustuaðila.

Við samningu frumvarpsins hefur verið leitast við að staðfesta og lögbinda þá starfshætti sem hafa verið þróaðir í starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar. Starfsemi stofnunarinnar er löguð að breyttri skipan þjónustu við fatlaða samkvæmt frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Jafnframt eru skilgreind samskipti við þá sem sinna annarri þjónustu sveitarfélaga, svo sem sérfræðiþjónustu sem rekin er af sveitarfélögum samkvæmt lögum um leikskóla, nr. 78/1994, og lögum um grunnskóla, nr. 66/1995, með síðari breytingum.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið feli í sér meiri umsvif Greiningarstöðvarinnar, en lögð áhersla á að efla hlutverk hennar á sviði rannsókna, fræðslu og þekkingaröflunar, auk greiningar- og ráðgjafarstarfsemi hennar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið er hliðstætt I. kafla laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Með hugtakinu alvarleg þroskaröskun er átt við meðfætt eða áunnið ástand sem veldur því að andlegur eða líkamlegur þroski víkur verulega frá því sem eðlilegt er talið og hindrar einstakling í að aðlagast venjulegum kröfum þjóðfélagsins án mikillar aðstoðar. Með hugtakinu fötlun er átt við það ástand þegar einstaklingur þarf fjölþætta þjónustu og aðstoð til langframa. Ekki er ætlunin að rýmka hugtakið fötlun heldur eru Greiningarstöðinni lagðar auknar skyldur á herðar um þjónustu við börn og ungmenni sem hafa veruleg frávik í þroska og aðlögun en geta með mikilli aðstoð náð sjálfstæði á fullorðinsárum.

Um 2. gr.

Greinin er að mestu leyti sambærileg við 17. og 18. gr. laga nr. 59/1992. Lögð er sú skylda á starfsmenn sveitarfélaga, skóla og heilbrigðisstofnana að upplýsa foreldra ef þeir verða þess áskynja að barn hafi einkenni fötlunar eða alvarlegrar þroskaröskunar. Ber þeim jafnframt að hlutast til um að frumgreining fari fram. Sambærilegt ákvæði er einnig að finna í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ákvæðinu er ætlað að stuðla að því að frumgreining fari fram svo fljótt sem auðið er og að í beinu framhaldi verði barninu og fjölskyldu þess veitt sú hjálp sem við á.

Frumgreining getur farið fram á barnadeildum sjúkrahúsa, hjá sérfræðiþjónustu sveitarfélaga og ýmsum öðrum sérfræðingum. Ef frekari greiningar er þörf ber þeim sem sér um frumgreiningu að tilkynna það Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins eða öðrum viðeigandi aðilum í samráði við foreldra.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. eru talin upp verkefni Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Ákvæðið er að mestu samhljóða 1. mgr. 16. gr. laga nr. 59/1992. Gert er ráð fyrir að meginhlutverk stofnun-

arinnar sé athugun og greining fatlana og í framhaldi af því tilvísun til viðeigandi meðferðaraðila, ásamt ráðgjöf. Greiningar- og ráðgjafarstöðin annast einungis langtímaeftirfylgd þegar hún er talin nauðsynleg og henni er ekki sinnt á öðrum stofnunum.

Þá er tilgreint að Greiningar- og ráðgjafarstöðin skuli sinna ýmiss konar ráðgjöf og faglegri aðstoð við samstarfsaðila þegar þess er óskað. Einnig er tekið fram að hún eigi að hafa með höndum skráningu og varðveislu upplýsinga um fötlun einstaklinga í samvinnu við félags-, fræðslu- og heilbrigðisyfirvöld og beita sér fyrir fræðilegum rannsóknum á sviði fatlana. Má í því sambandi nefna að sérfræðingar stofnunarinnar hafa m.a. unnið að rannsóknum á eðli og faraldsfræði fatlana, afleiðingum höfuðáverka, orsökum og eðli málhömlunar og einhverfu hjá börnum, samskiptum foreldra við fötluð börn sín o.fl.

Áhersla er lögð á að fjölga námskeiðum og auka fræðslu- og kynningarstarf Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar og hefur sérstakur starfsmaður verið ráðinn til að sinna því. Á hverju vori hefur stofnunin staðið fyrir umfangsmiklu tveggja daga námskeiði þar sem fjallað er um afmarkað efni á sviði fatlana frá ýmsum sjónarhornum. Auk hinna heföbundnu vornámskeiða eru haldin námskeið um afmörkuð efni fyrir fagfólk, t.d. kennara og leikskólakennara, aðstandendur fatlaðra og ófaglært starfsfólk. Þá er hafin útgáfa á kynningarefni um starfsemi stofnunarinnar og stefnt er að gerð myndbanda og útgáfu bæklinga um ýmsar gerðir fötlunar.

1. tölul. er að mestu samhljóða 1. tölul. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 59/1992. Þó er lögð til sú breyting að ekki verði gert ráð fyrir að einstaklingar geti leitað til stöðvarinnar að eigin frumkvæði, heldur þurfi ávallt að liggja fyrir tilvísun sérfræðings eftir frumgreiningu. Er sú breyting í samræmi við starfshætti stofnunarinnar.

2. tölul. er efnislega samhljóða samsvarandi ákvæði 16. gr. laga nr. 59/1992 og þarfnast ekki skýringa.

3. tölul. er efnislega samhljóða 4. tölul. 16. gr. laga nr. 59/1992.

4. tölul. er efnislega samhljóða 3. tölul. 16. gr. laga nr. 59/1992.

5. tölul. kemur að nokkru í stað 5. og 6. tölul. 16. gr. laga nr. 59/1992. Ákvæðið er hins vegar mun ítarlegra og tekur til allra samstarfsaðila sem taldir eru upp í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að sveitarfélög og aðrir sem starfa að þjónustu við fatlaða geti fengið faglega aðstoð og ráðgjöf varðandi þau atriði sem talin eru upp, en ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.

6. tölul. er efnislega samhljóða 7. tölul. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 59/1992. Greiningar- og ráðgjafarstöðin hefur frá upphafi haldið skrá yfir fatlaða einstaklinga og þá sem haldnir eru alvarlegum þroskaröskunum, með samþykki tölvunefndar. Tilgangur skráningarinnar er að auðvelda skipulagningu, uppbyggingu og þróun þjónustu, mat á þjónustuþörf og faraldsfræðilegar rannsóknir.

7.–10. tölul. fjalla um rannsóknar- og fræðsluhlutverk Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar. Gert er ráð fyrir að starfsfólk hennar vinni að rannsóknum og fylgist með helstu nýjungum á sviði fatlana og þroskaraskana. Jafnframt á að halda námskeið fyrir starfsfólk sveitarfélaga og annarra stofnana sem vinna að þjónustu við fatlaða og fyrir aðstandendur fatlaðra. Einnig skal stofnunin gefa út kynningarefni um starfsemina og um ýmsar gerðir fötlunar og þroskaröskunar.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar til að hafa samstarf við aðrar stofnanir sem veita þjónustu eða annast kennslu og rannsóknir á sviði fatlana og þroskaraskana. Upptalningin er ekki tæmandi.

Um 4. gr.

Ákvæðið er efnislega eins og 3. mgr. 16. gr. laga nr. 59/1992. Þó eru þær breytingar lagðar til að almennar hæfiskröfur forstöðumanns verði auknar, auk þess sem starfssvið hans er skýrt. Forstöðumaður ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á stofnuninni og er ábyrgur gagnvart ráðherra en ekki er gert ráð fyrir sérstakri stjórn.

Þá hefur ákvæðið verið lagað að ákvæðum 38. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

Ekki þykir ástæða til að kveða á um starf framkvæmdastjóra líkt og gert er í gildandi lögum þar sem gert er ráð fyrir að ítarleg ákvæði um skipulag stofnunarinnar séu sett í reglugerð.

Um 5. gr.

Hér er mælt fyrir um gerð árlegra fjárlaga- og rekstrartillagna og fjárhags- og framkvæmdaáætlana til fimm ára.

Þá er kveðið á um að félagsmálaráðherra geti sett gjaldskrá, að fengnum tillögum forstöðumanns stofnunarinnar, um afmarkaða þætti í starfsemi hennar. Vakin er athygli á að um heimildarákvæði er að ræða. Félagsmálaráðherra hefur því heimild til að tilgreina í gjaldskrá þann kostnað sem eðlilegt er að sá sem nýtir sér þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar greiði sérstaklega fyrir. Ber að taka fram að ekki er átt við greiðslu fyrir þjónustu við einstaklinga. Aðallega er átt við ýmis námskeið og útgáfu fræðsluefnis sem Greiningar- og ráðgjafarstöðin stendur að og sveitarfélög og aðrir vilja nýta sér til menntunar og þjálfunar starfsfólks.

Jafnframt er heimild til að kveða á um í gjaldskrá þann kostnað sem fylgir faglegri aðstoð og ráðgjöf til sveitarfélaga og annarra aðila sem leita eftir slíkri sérfræðiaðstoð. Sá kostnaður yrði metinn í tímaeiningum, auk ferðakostnaðar ef nauðsynlegt þykir að starfsmaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar ferðist milli landshluta. Einnig yrði kveðið á um sérstakt eiringargjald fyrir þjónustu- og vistunarmat. Hér er einungis átt við þjónustuliði sem sveitarfélögum er ætlað að sinna en er einhverra hluta vegna ekki fært að veita.

Ekki er heimilt að kveða á um gjöld sem ætluð eru til að standa straum af reglulegum kostnaði Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar heldur einungis fyrir útlagðan kostnað við sérstaka þjónustu sem fagfólk stöðvarinnar lætur sveitarfélögum og öðrum aðilum í té. Er því ekki átt við starfsemi sem fellur undir Greiningar- og ráðgjafarstöðina lögum samkvæmt.

Í 3. mgr. er heimild til handa sveitarfélögum til að gera samning við Greiningar- og ráðgjafarstöðina um afmarkaða verkþætti sem sérfræðiþjónustu sveitarfélaga er ætlað að sinna. Í samningnum skal að minnsta kosti kveða á um hvaða þjónustu sveitarfélag kaupir, magn hennar og greiðslur sveitarfélags fyrir þjónustuna. Litið er á ákvæðið sem undanþáguákvæði sem ber að túlka þröngt. Því verði eingöngu unnt að gera slíkan samning sjái sveitarfélag sér ekki fært að veita þá þjónustu sem því er ætlað lögum samkvæmt og það fái ekki aðgang að slíkri þjónustu hjá öðrum sveitarfélögum eða eigi þess ekki kost að sameinast við þau um hana. Ber sveitarfélaginu þá að greiða sérstaklega fyrir þjónustuna samkvæmt samningnum þar sem hún er ekki á gjaldskrá. Áður en gripið er til slíkrar samningsgerðar verður að vera ljóst að sveitarfélagið fær ekki aðgang að viðkomandi þjónustu hjá öðru sveitarfélagi. Þá skal sveitarfélag jafnan áður hafa reynt samningaviðræður við önnur sveitarfélög um að veita sameiginlega umrædda þjónustu.

Um 6. gr.

Greinin varðar þagnarskyldu starfsfólks Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar og meðferð gagna. Atvik geta verið með þeim hætti að starfsmönnum sé skylt að tilkynna um þau, samkvæmt öðrum lagaákvæðum, t.d. barnaverndarlögum, nr. 58/1992, með síðari breytingum. Er því kveðið á um að einungis lögmætir einkahagsmunir njóti verndar samkvæmt ákvæðinu. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Greiningarskýrslur og vinnugögn sem sérfræðingar Greiningar- og ráðgjafarstöðvar varðveita hafa að geyma upplýsingar um ástand hins fatlaða og aðstæður hans í þjóðfélaginu. Svipar þessum gögnum að eðli og innihaldi svo verulega til sjúkraskýrslna að ástæða er talin til að um varðveislu þeirra og veitingu upplýsinga úr þeim gildi sömu reglur og gilda um sjúkraskrár. Í 2. mgr. er því kveðið á um að um trúnað, þagnarskyldu, varðveislu persónuupplýsinga og afhendingu þeirra fari að öðru leyti eftir lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, og læknalögum, nr. 53/1988, með síðari breytingum. Hafa lög þessi að geyma ítarleg ákvæði um þau atriði sem greinin fjallar um.

Um 7. gr.

Með eftirfylgd er átt við eftirlit og ráðgjöf um kennslu, þjálfun, meðferð og hjálpartæki, auk endurmats, eftir því sem einstaklingur þroskast og aðstæður hans breytast. Að jafnaði er gert ráð fyrir að sérfræðiþjónusta sveitarfélaga og aðrir fagmenn sem sinna viðkomandi einstaklingi sjái um eftirfylgdina. Með sérfræðiþjónustu sveitarfélaga er átt við t.d. skólaskrifstofu og félagsþjónustu sveitarfélagsins. Þó er gert ráð fyrir að Greiningar- og ráðgjafarstöðin sinni langtímaeftirfylgd og ráðgjöf til lengri tíma vegna einstaklinga sem búa við óvenjuflókna eða sjaldgæfa fötlun og þroskaraskanir, m.a. með reglubundnu eftirliti eða samráði við þjónustuaðila og foreldra.

Jafnframt er kveðið á um hvaða úrræði séu tiltæk ef starfsmenn Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar verða þess áskynja að sveitarfélag eða þjónustustofnun veitir fötluðum ekki fullnægjandi þjónustu. Er þá lagt í hendur forstöðumanns Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar að meta hvort tilvik krefjist sérstakra aðgerða. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir að Greiningar- og ráðgjafarstöðin sinni almennu eftirliti.

Um 8. gr.

Ákvæðið veitir félagsmálaráðherra heimild til að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara. Markmiðið með slíkri heimild er að unnt sé að kveða nánar á um starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar í reglugerð þar sem m.a. verði skýrð skilin milli þjónustu stöðvarinnar við þjónustusvið sveitarfélaga.

Um 9. gr.

Lögin eiga að taka gildi 1. janúar 2002. Gildistökuákvæði frumvarpsins er í samræmi við gildistöku frumvarps til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Samkvæmt því frumvarpi er sveitarfélögum ætlað að taka við málefnum fatlaðra af ríki og þykir nauðsynlegt að sveitarfélögin hafi rúman aðlögunartíma til að búa sig undir það viðamikla verkefni.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi og er nú endurflutt. Það er samið með vísan til bráðabirgðaákvæðis laga nr. 161/1996, um breytingu á lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Þar er kveðið á um að áður en málefni fatlaðra verði færð yfir til sveitarfélaga verði sett sérstök lög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem taki til þeirrar þjónustu sem veitt er samkvæmt gildandi lögum um málefni fatlaðra. Með frumvarpinu yrði starfsemi stöðvarinnar löguð að breyttri skipan þjónustu við fatlaða samkvæmt væntanlegu frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Jafnframt eru skilgreind samskipti við aðra þjónustuaðila sveitarfélaga, svo sem sérfræðiþjónustu sem rekin er af sveitarfélögum samkvæmt lögum um leikskóla, nr. 78/1994, og lögum um grunnskóla, nr. 66/1995. Frumvarpið kveður nánar á um ýmis hliðstæð mál í lögum um málefni fatlaðra og leggur m.a. aukna áherslu á eftirfylgd, ráðgjöf og fræðslu- og kynningarstarf. Í frumvarpinu eru ákvæði sem gefa félagsmálaráðherra heimild, að fengnum tillögum forstöðumanns stofnunarinnar, til að setja gjaldskrá til að standa straum af kostnaði við námskeiðahald og útgáfu fræðsluefnis, faglega aðstoð og ráðgjöf til sveitarfélaga og annarra aðila sem vinna í samstarfi við Greiningar- og ráðgjafarstöðina. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir auknum umsvifum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar frá því sem nú er en í frumvarpinu er hins vegar lagt til að fimm manna stjórn stofnunarinnar verði lögð niður. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi aukinn kostnað í för með sér verði það óbreytt að lögum.

267. Frumvarp til laga [242. mál]

um félagsþjónustu sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI
Markmið.

1. gr.

Markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja félagslegt og fjárhagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar og jöfnum rétti til lífsgæða.

Skal það gert með því að:

a. bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti,
b. tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna,
c. veita aðstoð til sjálfstæðs lífs og virkrar þátttöku í samfélaginu,
d. grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál.

Við framkvæmd félagsþjónustu skal þess gætt að hvetja einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum, virða sjálfsákvörðunarrétt hans og styrkja hann til sjálfshjálpar.

2. gr.

Til að ná fram markmiðum skv. 1. gr. skal félagsþjónusta við einstaklinga og fjölskyldur vera fjölbreytt. Stuðningur skal vera eftir þörfum og við hæfi hvers og eins.

Félagsþjónustan er annars vegar almenns eðlis, svo sem að standa vörð um rétt fólks og forvarnastarf, og hins vegar einstakir þjónustuþættir, sem eru:

1. Ráðgjöf.
2. Fjárhagsaðstoð.
3. Húsnæði og búseta.
4. Aðstoð til að koma til móts við sérstakar þjónustuþarfir:
   a. heimaþjónusta og liðveisla,
   b. ferðaþjónusta,
   c. skammtímadvöl; stuðningsfjölskyldur, skammtímavistun, sumardvöl,
   d. dagvist; iðja og þjálfun,
   e. heimili fyrir fötluð börn,
   f. tómstundastarf.
5. Önnur þjónusta eftir því sem sveitarfélög telja þörf á.

II. KAFLI
Ábyrgð og skyldur sveitarstjórna.

3. gr.

Sveitarfélög bera ábyrgð á félagsþjónustu innan sinna marka. Skulu þau með skipulagi á henni og viðbúnaði tryggja framgang markmiða skv. 1. gr. Þeim er skylt að veita félagsþjónustu, sbr. 2. gr., og framkvæma önnur þau verkefni sem lög þessi kveða á um.

III. KAFLI
Stjórn og skipulag.

Yfirstjórn.

Verkefni félagsmálaráðuneytis.

4. gr.

Félagsþjónusta sveitarfélaga heyrir undir félagsmálaráðuneyti sem hefur eftirlit með því að sveitarfélögin veiti þá þjónustu sem lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim kveða á um. Ráðuneytið skal fylgjast með því að íbúar í sveitarfélögum eigi kost á faglegri þjónustu samkvæmt lögum þessum við hæfi hvers og eins.

Sveitarfélög skulu gera ráðuneytinu árlega grein fyrir störfum félagsmálanefndar á sínum vegum samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisins.

Auk verkefna skv. 1. mgr. eru helstu verkefni félagsmálaráðuneytisins að:

a. setja reglugerðir eftir því sem fram kemur í lögum þessum,
b. hafa frumkvæði að leiðbeiningum, upplýsingum og fræðslu til sveitarfélaga á sviði félagsþjónustu,
c. annast söfnun upplýsinga um framkvæmd félagsþjónustu hjá sveitarfélögum,
d. stuðla að rannsóknum á sviði félagsþjónustu,
e. leggja mat á hvort markmiðum félagsþjónustu hafi verið náð í einstökum sveitarfélögum.

Komi til ágreinings milli einstakra sveitarstjórna um framkvæmd félagsþjónustu sker ráðuneytið úr.

Félagsmálanefndir.

5. gr.

Sveitarstjórn skal kjósa félagsmálanefnd eða félagsmálaráð, hér eftir nefnd félagsmálanefnd, sem fer með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu í sveitarfélaginu, í umboði sveitarstjórnar, í samræmi við lög þessi, reglugerðir og reglur sem sveitarstjórn setur.

Sveitarstjórn ákvarðar fjölda nefndarmanna. Fari nefndin einnig með verkefni barnaverndarnefndar skulu fulltrúar vera fimm hið fæsta, sbr. barnaverndarlög.

Félagsmálanefnd tekur, í umboði sveitarstjórnar, ákvörðun um rétt manna til þjónustu samkvæmt lögum þessum og sér til þess að hún sé veitt á grundvelli mats á þjónustuþörf.

Undirnefndir félagsmálanefnda.

6. gr.

Sveitarstjórn getur í sérstökum tilvikum skipað undirnefndir félagsmálanefndar. Hver undirnefnd skal skipuð a.m.k. þremur fulltrúum. Sveitarstjórn skal setja reglur um verksvið og starfshætti slíkra undirnefnda að fengnum tillögum félagsmálanefndar.

Undirnefnd fer með sérstök verkefni sem afmarkast við málaflokk eða ákveðinn hluta sveitarfélags. Heimilt er að fela undirnefnd ákvörðunarvald og ábyrgð sem félagsmálanefnd fer með samkvæmt lögum þessum og öðrum lagaákvæðum. Þó skal undirbúningur fjárhagsáætlunar og tillögugerð í sambandi við hana ætíð vera á ábyrgð félagsmálanefndar, svo og eftirlit með framkvæmd fjárhagsáætlunar.

Samvinna sveitarfélaga.

7. gr.

Þar sem markmiðum laga þessara verður ekki náð á annan hátt skulu sveitarfélög sameinast um þjónustuna.

Sveitarstjórnir geta ákveðið að vinna sameiginlega að félagsþjónustu eða einstökum verkefnum hennar með sérstöku samkomulagi eftir því sem henta þykir á hverjum stað.

Hafi sveitarfélög ákveðið að vinna saman að öllum verkefnum nefndarinnar samkvæmt sérstöku samkomulagi, sbr. 2. mgr., skulu viðkomandi sveitarfélög skipa sameiginlega félagsmálanefnd. Tekur sú nefnd þá við hlutverki félagsmálanefnda einstakra sveitarfélaga.

Félagsmálaráðuneyti leggur mat á hvort markmiðum laga þessara hafi verið náð í einstökum sveitarfélögum. Telji það svo ekki vera er viðkomandi sveitarfélagi skylt að leggja fram áætlun til ráðuneytisins um það á hvern hátt það vilji sameinast öðru sveitarfélagi um félagsþjónustu eða hvernig úr verði bætt á annan hátt.

Starfsmenn félagsmálanefnda.

8. gr.

Félagsmálanefnd er heimilt að fela starfsmönnum að vinna að og taka ákvörðun í einstökum málum. Skulu um það settar reglur sem sveitarstjórn staðfestir. Ákvörðunum starfsmanna skal þó ætíð unnt að skjóta til félagsmálanefndar.

9. gr.

Sveitarfélög skulu hafa á að skipa hæfu og menntuðu starfsfólki í félagsþjónustu og sjá til þess að það fái reglulega fræðslu og þjálfun.

Félagsmálanefndir skulu hafa á að skipa eða eiga aðgang að starfsfólki með viðhlítandi menntun á háskólastigi til að veita sérhæfða ráðgjöf.

Til að tryggja sem besta þjónustu skulu starfsmenn í heimaþjónustu og liðveislu, svo og stuðningsfjölskyldur, fá reglubundinn stuðning, ráðgjöf og fræðslu frá fagfólki félagsþjónustunnar.

IV. KAFLI
Grundvallarreglur við framkvæmd félagsþjónustu.

10. gr.

Félagsmálanefnd skal gegna hlutverki sínu út frá þeim grundvallarreglum að:

a. gæta jafnræðis og standa vörð um rétt fólks til þjónustu samkvæmt lögum þessum,
b. annast almenna réttindagæslu með því að gæta þess að réttindi fólks séu virt samkvæmt öðrum lögum og veita því liðsinni,
c. virða sjónarmið einstaklings eða talsmanns hans um hvaða þjónusta er veitt og hvernig hún er veitt,
d. veita aðeins þjónustu að höfðu samráði og með samþykki viðkomandi einstaklings eða talsmanns hans,
e. gæta þess að fyrirkomulag félagsþjónustu sé auðskiljanlegt og aðgengilegt,
f. eiga samstarf við önnur stjórnvöld og aðila þegar slíkt samstarf er liður í lausn á þeim verkefnum sem félagsþjónustan fer með lögum samkvæmt,
g. forðast aðgreiningu þeirra sem njóta þjónustu samkvæmt lögum þessum.

V. KAFLI
Einstök verkefni félagsmálanefnda.

11. gr.

Einstök verkefni félagsmálanefndar eru að:

a. gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnumörkun í bráð og lengd á sviði félagsþjónustu; nefndin gerir tillögur að fjárhagsáætlun til sveitarstjórna vegna félagsþjónustu,
b. safna reglubundið upplýsingum um þarfir fyrir félagsþjónustu í sveitarfélaginu og haga félagslegri þjónustu í samræmi við þær,
c. hafa frumkvæði að ítarlegri kynningu á félagsþjónustu í sveitarfélaginu og rétti fólks til hennar og sjá um að slíkar upplýsingar séu aðgengilegar,
d. koma á framfæri ábendingum til byggingar- og skipulagsnefnda um úrbætur á sviði aðgengis- og skipulagsmála,
e. veita rekstraraðilum félagsþjónustu í sveitarfélaginu starfsleyfi og annast gerð þjónustusamninga,
f. hafa eftirlit með að félagsþjónusta á vegum annarra aðila sé í samræmi við lög þessi,
g. veita leyfi til daggæslu barna í heimahúsum, hafi sveitarstjórn ekki falið það verkefni annarri nefnd,
h. annast rekstur gæsluvalla fyrir börn, hafi sveitarstjórn ekki falið það verkefni annarri nefnd,
i. úthluta leiguíbúðum á vegum sveitarfélaga, hafi sveitarstjórn ekki falið það annarri nefnd,
j. annast mat á umönnunarþörf fatlaðra barna, sbr. lög um félagslega aðstoð,
k. annast önnur lögbundin verkefni eða þau sem sveitarstjórn felur nefndinni.

VI. KAFLI
Forvarnastarf.

Almennt forvarnastarf.

12. gr.

Félagsmálanefnd skal fylgjast með þróun mála sem hafa félagslega þýðingu í sveitarfélaginu, eins og atvinnumál, æskulýðsmál og skipulagsmál, og koma sjónarmiðum sínum á framfæri við sveitarstjórn.

Félagsmálanefnd skal fylgjast almennt með högum íbúa í sveitarfélaginu, kynna sér aðstæður og beita sér fyrir lausnum sem koma megi í veg fyrir félagsleg vandamál.

Forvarnastarf er beinist sérstaklega að börnum.

13. gr.

Starfsmenn félagsþjónustu sem vinna með börnum skulu sérstaklega gefa gaum að andlegu og líkamlegu atgervi þeirra. Verði þeir þess áskynja að barn hafi einkenni um fötlun eða þarfnist sérstakrar þjónustu eða aðstoðar sem veitt skal samkvæmt lögum þessum skal upplýsa forráðamenn um það, beina þeim til hlutaðeigandi aðila og hlutast til um að frumgreining fari fram.

Félagsmálanefnd er skylt, í samvinnu við foreldra, forráðamenn og aðra aðila sem hafa með höndum uppeldi, fræðslu og heilsugæslu barna og unglinga, að gæta velferðar og hagsmuna þeirra í hvívetna.

Félagsmálanefnd skal sjá til þess að börn fái notið hollra og þroskavænlegra uppeldisskilyrða, svo sem tómstundaiðju. Einnig skal félagsmálanefnd gæta þess að aðbúnaði barna sé ekki áfátt og ekki séu þær aðstæður í umhverfi barna sem þeim stafar hætta af. Þannig skal félagsmálanefnd eiga samvinnu við skipulagsyfirvöld og aðra aðila sem fjalla um slysavarnir barna.

Forvarnastarf sem beinist að áhættuhópum.

14. gr.

Sveitarfélög skulu meta þörf á skipulögðu forvarnastarfi gagnvart áhættuhópum og sjá til þess að það fari fram, t.d. á sviði áfengis- og fíkniefnamála.

VII. KAFLI
Almenn ákvæði um rétt einstaklinga til félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga.

Inntak réttarins.

15. gr.

Þeir sem þurfa á aðstoð og þjónustu að halda til að geta lifað eðlilegu og mannsæmandi lífi eiga rétt samkvæmt lögum þessum. Sama gildir um þá sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar.

Aðstoð og þjónusta skal jöfnum höndum vera til þess fallin að ráða bót á vanda og koma í veg fyrir að einstaklingar og fjölskyldur lendi í þeirri aðstöðu að geta ekki ráðið fram úr málum sínum sjálf.

Skilyrði réttar til félagsþjónustu er lögheimili í landinu, sbr. þó 17.–19. gr.

Réttur fylgir lögheimili.

16. gr.

Rétt til félagsþjónustu í sveitarfélagi eiga íbúar þess. Með íbúa sveitarfélags er átt við hvern þann sem á lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi, sbr. lög um lögheimili.

Réttur í dvalarsveitarfélagi.

17. gr.

Sá sem dvelst í öðru sveitarfélagi en því sem hann á lögheimili í, svo sem vegna náms eða dvalar sem ekki veitir rétt til lögheimilis, á rétt á félagsþjónustu í dvalarsveitarfélagi. Dvalarsveitarfélag skal þegar upplýsa lögheimilissveitarfélag um erindið. Lögheimilissveitarfélag metur þjónustuþörf og tekur ákvörðun um þjónustu, en felur dvalarsveitarfélagi að annast þjónustuna fyrir sína hönd. Lögheimilissveitarfélag greiðir kostnað við þjónustuna.

18. gr.

Þurfi fólk skyndilega á aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi vegna veikinda, slysa eða af öðrum brýnum orsökum er dvalarsveitarfélagi skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag sem endurgreiðir kostnað.

Réttur fólks án lögheimilis í landinu.

19. gr.

Þeim sem ekki eiga lögheimili í landinu skal í sérstökum tilvikum veitt aðstoð hér á landi. Aðstoð skal veitt af dvalarsveitarfélagi að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið, enda hafi áður verið leitað eftir aðstoð frá heimalandi.

Ríkissjóður skal endurgreiða sveitarfélagi veitta aðstoð.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um aðstoð samkvæmt ákvæði þessu.

VIII. KAFLI
Skyldur sveitarfélaga varðandi framboð á húsnæði.

Leiguíbúðir.

20. gr.

Sveitarstjórnir skulu á skipulegan hátt leitast við að tryggja að nægt framboð sé af leiguhúsnæði handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra tekna, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna.

Húsnæði sem er sérstaklega ætlað til að mæta sérþörfum.

21. gr.

Sveitarstjórnir skulu meta þörf og sjá til þess að húsnæði sé fyrir hendi sem er sérstaklega ætlað til að mæta sérþörfum fyrir þjónustu, þ.e. íbúðir með sameiginlegri aðstöðu, sambýli og áfangastaðir, sbr. 2. tölul. 28. gr.

IX. KAFLI
Félagsþjónusta við einstaklinga og fjölskyldur.

Ráðgjöf.

22. gr.

Ráðgjöf til einstaklinga og aðstandenda þeirra felst í að veita upplýsingar um félagsleg réttindi, leiðbeiningar og aðstoð vegna persónulegs og félagslegs vanda. Lögð skal áhersla á forvarnagildi ráðgjafarinnar, einkum þegar börn og ungt fólk á í hlut.

Við framkvæmd ráðgjafar skal hafa eftir atvikum samráð og samvinnu við önnur stjórnvöld eða aðra aðila í samráði við einstakling eða talsmann hans. Þegar við á skal ráðgjöfin vera þverfagleg og kallaðir til sérfræðingar eftir því sem þörf er á.

Ráðgjöf skal vera víðtæk og taka m.a. til fjármála, húsnæðismála, fjölskyldumála, svo sem skilnaðarmála, þar með talinna forsjár- og umgengnismála, ættleiðingarmála, uppeldismála o.fl., auk sérhæfðrar ráðgjafar, svo sem vegna öldrunar, fötlunar eða annarra ástæðna.

23. gr.

Börn sem á þurfa að halda skulu eiga kost á þroska- og leikþjálfun. Skal félagsþjónustan í því skyni hafa yfir að ráða sérhæfðum þjálfunargögnum til afnota, ýmist til foreldra eða þeirra sem veita börnunum þjónustu.

Fjárhagsaðstoð.

24. gr.

Um skyldur sveitarfélaga til að veita fjárhagsaðstoð gilda almenn ákvæði um rétt einstaklinga til félagsþjónustu skv. VII. kafla.

Sveitarstjórn setur reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar að fengnum tillögum félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd metur þörf og ákveður fjárhagsaðstoð til einstaklinga í samræmi við reglur sveitarstjórnar.

Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umsókn berst.

25. gr.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélags skal alla jafna greidd sem styrkur. Fjárhagsaðstoð skal þó veitt sem lán ef umsækjandi óskar þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt er að gera kröfur um endurgreiðslu með tilliti til eigna og framtíðartekna.

Jafnframt er heimilt að veita lán eða styrki fyrir sérstökum afmörkuðum útgjaldaliðum.

Félagsmálanefnd er óheimilt að breyta styrk í lán nema viðkomandi óski þess.

26. gr.

Fjárhagsaðstoð til sambúðarfólks skal ákvörðuð með sama hætti og til hjóna. Með sambúðarfólki er í ákvæði þessu átt við fólk sem skráð hefur verið í sambúð í þjóðskrá.

Réttaráhrif ákvæðis þessa miðast við þann dag sem sambúð er skráð.

27. gr.

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er ætíð endurkræf.

Húsnæði og búseta.

28. gr.

Til að svara húsnæðisþörf þeirra sem þurfa aðstoðar við á því sviði skulu eftirfarandi kostir vera í boði:

1. Leiguíbúðir, sbr. 20. gr.
2. Húsnæði sem er ætlað að svara sérstökum þjónustuþörfum, sbr. 21. gr., svo sem:
   a. íbúðir með sameiginlegri aðstöðu,
   b. sambýli,
   c. áfangastaðir.
3. Úrlausn á bráðum húsnæðisvanda meðan unnið er að varanlegri lausn handa þeim sem ekki eru færir um að leysa hann sjálfir.

Aðstoð til að koma til móts við sérstakar þjónustuþarfir.

29. gr.

Heimaþjónusta og liðveisla.

Veita skal fólki heimaþjónustu og liðveislu til að styðja það til sjálfsbjargar, efla sjálfstraust þess og sjálfsvirðingu og rjúfa félagslega einangrun.

Aðstoðin er ætluð þeim sem ekki geta séð hjálparlaust um heimilishald eða lifað eðlilegu lífi, innan heimilis sem utan, án sérstakrar aðstoðar, svo sem vegna aldurs, barnsburðar, veikinda, fötlunar eða félagslegra aðstæðna. Þjónustuna skal veita á þeim tíma sólarhrings sem þörf krefur.

Heimaþjónusta og liðveisla geta bæði verið aðstoð við heimilið í heild og persónubundin aðstoð, sniðin að þörfum hvers og eins, eftir því sem við á hverju sinni. Í þjónustunni felst, eftir atvikum, hvers konar aðstoð við heimilishald, svo sem heimsending matar, persónuleg umhirða, gæsla og umönnun barna, sem og margháttuð persónuleg aðstoð og félagslegur stuðningur.

Félagsmálanefnd metur þörf á þjónustu og gerir samkomulag við þann sem hennar nýtur um fyrirkomulag þjónustunnar og hvað í henni felst.

Sveitarstjórn setur reglur um heimaþjónustu og liðveislu.

30. gr.

Ferðaþjónusta.

Ferðaþjónusta tekur til nauðsynlegra ferða þeirra sem vegna náms, atvinnu, þjónustu og tómstunda geta ekki farið ferða sinna af eigin rammleik eða nýtt sér almenningssamgöngur á vegum sveitarfélaga þar sem þær eru fyrir hendi.

Sveitarfélag skal setja reglur um ferðaþjónustu. Í þeim reglum er sveitarfélögum, sem ekki bjóða upp á almenningssamgöngur, heimilt að afmarka ferðaþjónustu við ákveðna vegalengd og/eða taka mið af landfræðilegum aðstæðum.

31. gr.

Skammtímadvöl.

Fjölskyldur skulu eiga kost á tímabundinni dvöl fyrir fatlaða og langveika utan heimilis, til að létta álagi af fjölskyldunni og veita þeim tilbreytingu sem þjónustunnar njóta. Þjónustan getur verið fólgin í stuðningsfjölskyldu eða skammtímavistun.

Komi í ljós þörf á að veita fötluðum og langveikum börnum og unglingum tímabundna vistun eða dagþjónustu í skólaleyfum, sem ekki verður leyst með þjónustu skv. 1. mgr. eða almennum sumardvölum, skulu sveitarfélög sjá um að koma til móts við þá þörf miðað við aðstæður á hverjum stað.

32. gr.

Fjölskyldur skulu eiga kost á tímabundinni dvöl barna hjá stuðningsfjölskyldu þegar þær geta ekki um skeið annast börn af óviðráðanlegum ástæðum, enda falli mál ekki undir barnaverndarlög.

33. gr.

Dagvist.

Þeir sem eru ófærir um að stunda atvinnu skulu eiga kost á dagvist.

Dagvist er ætlað að auka hæfni einstaklinga til þátttöku í daglegu lífi og til starfa eftir því sem unnt er. Þar skal veitt viðeigandi þjálfun og stunduð iðja.

Dagvist getur ýmist verið starfrækt á stofnun eða á annan skipulagðan hátt.
Um dagvist aldraðra gilda lög um málefni aldraðra.

34. gr.

Heimili fyrir fötluð börn.

Komi í ljós að lögbundin félagsþjónusta við fjölskyldur með alvarlega fötluð börn nægir ekki til að þau geti búið í heimahúsum skulu rekin sérstök heimili fyrir börnin. Sveitarfélög geta sameinast um slíkan rekstur, sbr. 2. mgr. 7. gr.
Greiningar- og ráðgjafarstöð veitir umsögn um vistun barna samkvæmt ákvæði þessu.

Tómstundastarf.

35. gr.

Sveitarstjórn skal sjá til þess að þeir sem þurfa aðstoð til virkrar samfélagsþátttöku eigi aðgang að tómstundastarfi við hæfi.

X. KAFLI
Þjónustusamningar.

36. gr.

Félagsmálanefnd er heimilt að semja við félagasamtök og einkaaðila um að annast einstaka þætti þeirrar þjónustu sem lög þessi taka til. Slíkir samningar breyta í engu réttarstöðu þeirra sem þjónustunnar eiga að njóta og með þeim verður ekki takmarkaður réttur manna til þjónustu sem lög þessi taka til.
Veitandi þjónustunnar og starfsmenn hans skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við störf sín og leynt á að fara. Skal hann varðveita tryggilega gögn er snerta þjónustuna þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að þeim.

37. gr.

Í þjónustusamningi skal a.m.k. kveða á um þjónustu sem sveitarfélag kaupir, gæði hennar og magn, greiðslur frá sveitarfélagi fyrir þjónustuna, greiðslu frá þjónustuþegum, samningstíma, uppsagnarákvæði, eftirlit með samningnum og meðferð ágreiningsmála.

38. gr.

Félagsmálaráðuneytinu er heimilt, í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi sveitarfélög, að gera þjónustusamning við sjálfseignarstofnanir um þjónustu við fatlaða. Um þjónustsamninga þessa gilda ákvæði 36. og 37. gr.

XI. KAFLI
Meðferð mála hjá félagsmálanefnd.

39. gr.

Um málsmeðferð í félagsþjónustu gilda stjórnsýslulög, en með þeim sérreglum sem fram koma í þessum kafla.

Upphaf máls.

40. gr.

Berist félagsmálanefnd umsókn um aðstoð samkvæmt lögum þessum skal nefndin kanna málsgögn og aðstæður umsækjanda eins fljótt og unnt er.

Fái félagsmálanefnd með öðrum hætti upplýsingar um nauðsyn á aðstoð eða aðgerðum skal mál kannað á sama hátt. Þegar mál hefst þannig skal félagsmálanefnd tilkynna aðila máls um það.

Leiðbeiningar, túlkun og önnur aðstoð.

41. gr.

Veita skal einstaklingi nauðsynlegar leiðbeiningar og aðstoð við umsókn og meðferð máls. Veitt skal í því sambandi nauðsynleg aðstoð túlks og táknmálstúlks.

Komi í ljós að einstaklingur geti sótt sér aðstoð samkvæmt öðrum lögum skal honum leiðbeint um það eða málið framsent viðkomandi aðila, eftir því sem við á, í samráði við umsækjanda.

Kynna skal aðila máls sérstaklega rétt hans til málskots.

Gagnaöflun.

42. gr.

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við og með samþykki þess sem þjónustunnar skal njóta eða talsmanns hans.

Ákvarðanataka og tilkynning.

43. gr.

Við meðferð mála og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu við einstakling eða talsmann hans.

Ákvörðun um þjónustu skal tekin eins fljótt og unnt er og niðurstaða kynnt skriflega um leið og ákvörðunin liggur fyrir.

Ef ekki er fallist á erindi umsækjanda skal niðurstaðan skýrð og rökstudd skriflega.

Aðgangur aðila að upplýsingum sem varða hann sjálfan.

44. gr.

Aðili máls á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skjölum og öðrum gögnum sem varða tiltekið mál ef þau hafa að geyma upplýsingar um hann sjálfan.

Félagsmálanefnd er þó heimilt að takmarka aðgang aðila að gögnum ef þau hafa jafnframt að geyma upplýsingar um einkamálefni annarra, enda vegi þeir hagsmunir sem mæla með því að upplýsingunum sé haldið leyndum þyngra en hagsmunir þess sem fer fram á aðgang að gögnunum.

Varðveisla gagna, trúnaðar- og þagnarskylda.

45. gr.

Fulltrúar í félagsmálanefndum og starfsmenn félagsþjónustu skulu varðveita tryggilega málsgögn er varða persónulega hagi einstaklinga þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að þeim.

Hafi þeir kynnst einkamálum þess sem þjónustunnar nýtur í starfi er þeim óheimilt að ræða þau mál við óviðkomandi aðila nema að fengnu samþykki hans eða talsmanns hans. Trúnaður helst eftir að látið er af störfum.

Samvinna milli stjórnvalda.

46. gr.

Þegar málefni einstaklings er til meðferðar hjá fleiri en einu stjórnvaldi skal höfð um það samvinna milli þeirra og veittar gagnkvæmar upplýsingar eftir því sem nauðsynlegt er, þó þannig að gætt sé trúnaðar gagnvart viðkomandi.

XII. KAFLI
Málskot.
Úrskurðarnefnd félagsþjónustu.

47. gr.

Félagsmálaráðherra skipar úrskurðarnefnd félagsþjónustu til fjögurra ára í senn.

Í nefndinni eiga sæti þrír menn. Hæstiréttur tilnefnir formann og varamann og skulu þeir hafa lokið embættisprófi í lögfræði. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn mann og einn til vara. Félagsmálaráðherra skipar einn mann án tilnefningar, ásamt varamanni.

Nefndin skal taka mál til meðferðar án tafar og kveða upp úrskurð sinn innan þriggja mánaða frá því að henni barst mál til úrskurðar. Ef ástæða þykir til getur nefndin mælt fyrir um munnlegan eða skriflegan málflutning.

Heimilt er nefndinni að leita til sérfróðra aðila við úrskurð einstakra mála.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

48. gr.

Málsaðili getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar um þjónustu eða aðstoð til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

Málskot til nefndarinnar frestar ekki framkvæmd kærðrar ákvörðunar nema nefndin ákveði annað.

Úrskurði nefndarinnar verður ekki skotið til félagsmálaráðherra.

49. gr.

Úrskurðarnefnd félagsþjónustu getur vísað máli frá, ógilt ákvörðun og vísað máli aftur til félagsmálanefndar eða staðfest ákvörðun.

XIII. KAFLI
Rannsóknar- og þróunarstarf innan félagsþjónustu.

50. gr.

Alþingi veitir árlega fé á fjárlögum í rannsóknar- og þróunarsjóð félagsþjónustu.

Félagsmálaráðherra hefur umsjón með sjóðnum og setur reglur um styrkveitingu.

Sveitarfélög, hagsmuna- og félagasamtök, svo og einkaaðilar, geta sótt um styrki úr sjóðnum.

XIV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

Aðstoð við íslenska ríkisborgara sem staddir eru erlendis.

51. gr.

Fjárhagsaðstoð við íslenska ríkisborgara sem staddir eru erlendis og kostnaður við heimferð greiðist af lögheimilissveitarfélagi, enda liggi það ljóst fyrir. Áður en aðstoð er veitt skal

umboðsmaður ríkisins erlendis hafa samráð við lögheimilissveitarfélag sem metur þörf og ákvarðar hvort aðstoð skuli veitt og hversu mikil hún skuli vera.

Sé lögheimili á Íslandi ekki fyrir hendi greiðist kostnaður úr ríkissjóði. Ákvæði 2. málsl. 1. mgr. gilda þá gagnvart ríkissjóði.

Um heimferð innan Norðurlanda fer eftir Norðurlandasamningi um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu.

Reglur sem sveitarstjórn setur.

52. gr.

Sveitarstjórn setur reglur um eftirfarandi:

1. Starfsemi félagsmálanefndar, sbr. 5. gr.
2. Verksvið og starfshætti undirnefndar félagsmálanefndar, sbr. 6. gr.
3. Fjárhagsaðstoð, sbr. 24. gr.
4. Heimaþjónustu og liðveislu, sbr. 29. gr.
5. Ferðaþjónustu, sbr. 30. gr.

Reglur sveitarstjórna skulu vera aðgengilegar íbúum sveitarfélagsins. Auglýst skal innan sveitarfélagsins að reglur hafi verið settar um tiltekna þjónustu og hvernig megi nálgast þær. Skal það gert á sama hátt og venja er um opinberar auglýsingar í sveitarfélaginu.

Gjaldtaka.

53. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá um þátttöku notenda eftirtalinnar þjónustu:

1. Gæslu barna á gæsluvöllum, sbr. h-lið 11. gr.
2. Heimaþjónustu og liðveislu, sbr. 29. gr. Gjaldtökuheimild takmarkast við hluta af launakostnaði vegna þrifa, þvotta og annarra húsverka. Gjaldtakan skal tekjutengd.
3. Ferðaþjónustu, sbr. 30. gr. Gjaldtökuheimild miðast við almenningssamgöngur í sveitarfélaginu eða sambærilegan kostnað.
4. Skammtímavistun, sbr. 31. gr. Gjaldtökuheimild nær til hluta af rekstrarkostnaði, þó ekki af launum.
5. Stuðningsfjölskyldur, sbr. 31. og 32. gr. Gjaldtökuheimild nær til hluta af rekstrarkostnaði, þó ekki af launum.
6. Tómstundastarf, sbr. 35. gr. Gjaldtökuheimild tekur til hluta launakostnaðar.
7. Eftirlit með rekstraraðilum og leyfisveitingar samkvæmt lögum þessum.

Skulu gjaldskrár vera aðgengilegar íbúum sveitarfélagsins. Auglýst skal innan sveitarfélagsins að gjaldskrá hafi verið sett um tiltekna þjónustu og hvernig megi nálgast hana. Skal það gert á sama hátt og venja er um opinberar auglýsingar í sveitarfélaginu.

Jafnframt er sveitarstjórn heimilt að taka leigu fyrir afnot einstaklinga af húsnæði sem er sérstaklega ætlað til að mæta sérþörfum, sbr. 2. tölul. 28. gr.

Reglugerðir.

54. gr.

Ráðherra setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga reglugerðir um eftirfarandi:

1. Daggæslu barna í heimahúsum, sbr. g-lið 11. gr.
2. Starfsleyfi vegna gæslu barna á vegum ýmissa aðila.
3. Gæsluvelli, sbr. h-lið 11. gr.
4. Stuðningsfjölskyldur, sbr. 31. og 32. gr.

5. Heimili sem er sérstaklega ætlað til að svara sérþörfum á þjónustu, sbr. b- og c-liði 2. tölul. 28. gr., og heimili fyrir fötluð börn, sbr. 34. gr.
6. Dagvist þar sem fram fer iðja og þjálfun, sbr. 33. gr.

Jafnframt setur ráðherra reglugerð um rétt fólks án lögheimilis í landinu til aðstoðar í dvalarsveitarfélagi, sbr. 19. gr.

XV. KAFLI
Gildistaka og lagaskil.

Gildistaka.

55. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002.

Jafnframt falla úr gildi lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, lög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með síðari breytingum, og lög um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, nr. 12/1952, með síðari breytingum.

Dagvistarstofnanir fyrir fötluð börn.

56. gr.

Dagvistarstofnanir sem reknar eru samkvæmt lögum um málefni fatlaðra og þjóna börnum á leikskóla- og grunnskólaaldri færast til viðkomandi sveitarfélags við gildistöku laga þessara. Um starfsemina fer frá þeim tíma eftir lögum um leikskóla og grunnskóla.

Atvinnumál fatlaðra.

57. gr.

Við gildistöku laga þessara fer starfsráðgjöf fatlaðra, atvinnuleit og vinnumiðlun samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, og reglugerð nr. 376/1996, eftir lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 13/1997.

58. gr.

Aðstoð við fatlaða á almennum vinnumarkaði, þ.e. sérstök liðveisla, verður við gildistöku laga þessara veitt samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir.

59. gr.

Um verndaða vinnustaði þar sem fram fer framleiðsla og þjálfun og gerð er krafa um vinnuframlag gegn launum og reknir hafa verið samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, og reglugerð um atvinnumál fatlaðra, nr. 376/1996, fer við gildistöku laga þessara eftir lögum um vinnumarkaðsaðgerðir. Sama gildir um verndaða vinnustaði sem kunna að verða settir á fót eftir gildistöku laga þessara.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Samstarfsnefnd málefna fatlaðra.

Félagsmálaráðherra skipar samstarfsnefnd málefna fatlaðra til næstu fimm ára frá gildistöku laga þessara.

Verkefni nefndarinnar eru að:

a. vaka yfir hvernig til tekst með yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga,

b. sjá um, annars vegar almennt og með fyrirbyggjandi hætti og hins vegar gagnvart einstökum málum, að þjónusta við fatlaða sé veitt samkvæmt viðhlítandi lögum og samfellt á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála.

Nefndin skal kynna starfsemi sína sérstaklega.

Fulltrúar í samstarfsnefndinni skulu hafa víðtæka þekkingu á málefnum fatlaðra.

Í nefndinni eiga sæti níu menn. Félagsmála-, heilbrigðis-, menntamála- og umhverfisráðherra tilnefna hver sinn fulltrúa ásamt varamönnum. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir þrjá menn og þrjá til vara. Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálp tilnefna sinn aðilann hvor ásamt varamönnum.

Félagsmálaráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna.

Stjórnsýslulega heyrir nefndin undir félagsmálaráðuneytið. Verkefnið heyrir undir fjögur framangreind ráðuneyti.

Félagsmálaráðuneytið leggur til starfsmann og aðstöðu til starfa.

Samstarfsnefnd skal skila skýrslu árlega.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

II.

Sjálfseignarstofnanir.

Félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu beita sér fyrir því að sjálfseignarstofnanir og sveitarfélög, sem þess óska, geri samkomulag um fyrirkomulag á rekstri þeirra fyrir 1. ágúst 2001.

III.

Endurskoðun laganna.

Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi ásamt þremur öðrum tengdum frumvörpum. Við meðferð málsins í félagsmálanefnd var það sent ýmsum aðilum til umsagnar og bárust nefndinni allmörg svör. Frumvarpið er nú endurflutt ásamt fylgifrumvörpunum.

Ýmsar athugasemdir voru þess efnis að rétt þykir að taka tillit til þeirra og breyta frumvarpinu. Í e-lið 3. mgr. 4. gr., þar sem kveðið er á um að félagsmálaráðuneytið leggi mat á hvort markmiðum félagsþjónustu hafi verið náð í einstökum sveitarfélögum, er felld brott vísunin í 4. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Er það gert til að enginn vafi leiki á því að eftirlit ráðuneytisins eigi við um öll sveitarfélög, fjölmenn sem fámenn, og óháð því að ætlunin sé að bæta þjónustuna með því að sameinast öðru sveitarfélagi um þjónustuna eða á annan hátt. Í öðru lagi hefur 30. gr. frumvarpsins um ferðaþjónustu verið endursamin að hluta til og afmarkað betur hvað felst í ákvæðinu en margar athugasemdir hnigu í þá átt að greinin væri mjög opin. Í þriðja lagi er 2. mgr. 31. gr. felld brott og er þar tekið tillit til athugasemda um að það sé óþarfa forræðishyggja gagnvart sveitarfélögum að kveða á um að börn skuli fremur njóta þjónustu stuðningsfjölskyldu en skammtímavistunar. Fallist er á að um þetta atriði verði félagsmálanefnd að eiga val eftir þörfum og aðstæðum barna hverju sinni. Fram kom að 51. gr., um aðstoð við íslenska ríkisborgara sem staddir eru erlendis, hafi verið misskilin og er því leitast við að gera hana skýrari. Gjaldtökuákvæðið, 53. gr., er endursamið að hluta til í því skyni að afmarka gjaldtökuheimildina eins og unnt er. Að lokum er felld brott úr gildistökuákvæðinu, 55. gr, upptalning þeirra lagasetninga og lagabreytinga sem þurfa að

verða fyrir gildistöku laganna. Nægilegt er talið að sú upptalning komi fram í athugasemdum.

Frumvarpinu fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Frumvarpi þessu er öðru fremur ætlað að fella saman lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og lög um málefni fatlaðra. Segja má að með því sé hrint í framkvæmd markmiðum sem voru skilgreind þegar í upphafi þessa áratugar þegar umrædd löggjöf tók gildi.

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga voru samþykkt á Alþingi árið 1991. Lögin mörkuðu tímamót í velferðarmálum á Íslandi. Í fyrsta sinn tóku gildi í landinu heildstæð lög sem mæltu fyrir um skipan félagsþjónustu á vettvangi sveitarfélaga og einu ráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, var falin yfirumsjón málaflokksins. Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga leystu af hólmi lög sem sett höfðu verið á löngum tíma um einstaka þætti félagsþjónustu, svo sem framfærslumál og heimilishjálp, en framkvæmd þeirra laut ekki heildstæðu skipulagi á vegum sveitarfélaganna fyrr en í kjölfar setningar laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Að sama skapi höfðu einstakir þættir málaflokksins heyrt undir fleiri en eitt ráðuneyti sem torveldaði mjög stefnumótun og eftirlit með framkvæmd á vettvangi ríkisins. Með nýjum lögum sköpuðust nýjar forsendur fyrir framkvæmd félagsþjónustu sem fólu í sér nútímaleg sjónarmið um rétt borgaranna til hennar.

Við undirbúning frumvarps til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga var valin sú leið að lögin yrðu rammalög og til hliðar við þau gætu gilt sérlög um afmarkaða málaflokka, t.d. um málefni fatlaðra. Við lögfestingu félagsþjónustulaganna árið 1991 var hins vegar kveðið á um það í bráðabirgðaákvæði að lögin yrðu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku þeirra. Sú hugsun lá meðal annars að baki að þá kynni að verða tímabært að athuga málefni fatlaðra sérstaklega þar sem félagsþjónusta við þá var að mestu leyti á ábyrgð ríkis en ekki sveitarfélaga eins og annarra þjóðfélagsþegna. Þótti það óeðlilegt að fötluðum væri þannig markaður sérstakur bás með tilliti til þjónustuþarfa og að æskilegt væri að félagsþjónusta þeim til handa væri samofin almennri félagsþjónustu. Þetta viðfangsefni var til sérstakrar athugunar í nefnd sem um þær mundir starfaði við að semja frumvarp til nýrra laga um málefni fatlaðra.

Áhrifa laganna um félagsþjónustu sveitarfélaga tók að gæta fljótlega eftir gildistöku þeirra. Á vegum félagsmálaráðuneytisins var efnt til kynningarnámskeiða um framkvæmd laganna á árunum 1991–1994 víðs vegar um landið. Í könnun sem gerð var á vegum ráðuneytisins árið 1996 höfðu einungis 20 af 164 sveitarfélögum enn ekki skipað félagsmálanefnd samkvæmt lögunum og voru þau öll sveitahreppir, langflest með íbúafjölda vel innan við 500. Með því að lögin mæltu fyrir um að verkefni á sviði félagsþjónustu féllu undir félagsmálanefnd sköpuðust víða forsendur fyrir ráðningu sérhæfðs starfsfólks þar sem ekkert var fyrir áður. Jafnframt sameinuðust minni sveitarfélög um félagsmálanefnd og árið 1996 höfðu 27 sveitarfélög valið þá lausn. Óhætt er að fullyrða að framfarir á sviði félagsþjónustu víða um landið hafi orðið miklar í kjölfar lagasetningarinnar.

Árið 1999 heyrði það til undantekninga að sveitarfélag hefði ekki skipað félagsmálanefnd. Gildandi lög um félagsþjónustu sveitarfélaga kveða á um að sveitarfélögin setji sér reglur um bæði fjárhagsaðstoð og félagslega heimaþjónustu. Setning slíkra reglna er vísbending um að félagsþjónustan sé virk í viðkomandi sveitarfélagi. Langflestir íbúar landsins búa nú í sveitarfélögum sem hafa sett sér reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar og félagslegrar heimaþjónustu. Samkvæmt gögnum félagsmálaráðuneytis hafa a.m.k. 82 sveitarfélög sett sér reglur um fjárhagsaðstoð og 70 sveitarfélög hafa sett sér reglur um félagslega heimaþjónustu. Þrátt fyrir að ekki hafi fleiri sveitarfélög sett sér þessar reglur hafa öll fjölmennustu sveitarfélögin gert það og fjöldi minni sveitarfélaga og búa ríflega 95% íbúa landsins í þessum sveitarfélögum. Hins vegar er ljóst af þessum tölum að fjöldi minni sveitarfélaga á landsbyggðinni hefur ekki

staðfest reglur um framkvæmd félagsþjónustunnar eins og þeim ber þó skylda til lögum samkvæmt.

Sameining sveitarfélaga á undanförnum árum hefur leitt til þess að framkvæmd félagsþjónustu hefur fest sig í sessi. Stærri og öflugri sveitarfélög eru betur í stakk búin til að skipuleggja og veita faglega þjónustu í samræmi við nútímakröfur. En meginforsenda góðrar félagsþjónustu er að hæft starfsfólk með viðeigandi menntun hafi umsjón með henni. Enn fremur hafa 42 sveitarfélög ákveðið að standa sameiginlega að rekstri félagsþjónustunnar á landsbyggðinni og hafa þau sameinast í sex félagsmálanefndir á jafnmörgum svæðum. Þeirra á meðal er m.a. Félagsþjónusta Þingeyinga sem nær yfir 14 sveitarfélög í Þingeyjarsýslum.

Lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga hefur verið breytt í þrígang, árin 1994, 1995 og 1997. Breytingar þessar miðuðu að því að treysta framkvæmd laganna, en breyttu í engu þeim grundvallarmarkmiðum og skipan félagsþjónustu sem upphaflega var kveðið á um.

Lög um málefni fatlaðra, sem tóku gildi árið 1992, fólu í sér margháttaðar breytingar frá fyrri lögum. Á meðal helstu nýmæla var að ábyrgð sveitarfélaga á málefnum fatlaðra var aukin frá því sem áður var. Lögin kveða á um rétt fatlaðra til allrar almennrar þjónustu, t.d. þeirrar sem mælt er fyrir í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, og að réttur samkvæmt lögum um málefni við fatlaða væri þá aðeins fyrir hendi að þjónustuþörf hins fatlaða væri meiri en svo að henni yrði fullnægt innan almennrar þjónustu.

Í almennum athugasemdum með frumvarpi til laga um málefni fatlaðra frá 1992 er gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum að æskilegt sé að stefna að yfirtöku sveitarfélaga á málaflokknum. Á hinn bóginn var það þá ekki talið tímabært vegna veikburða félagsþjónustu á vegum sveitarfélaganna. Þess í stað voru kannaðar þrjár leiðir í því skyni að auka ábyrgð sveitarfélaganna. Í fyrsta lagi kom til álita að flytja afmörkuð verkefni á sviði þjónustu utan stofnana og þjónustu við fötluð börn frá ríki til sveitarfélaga. Um var að ræða verkefni sem einkum féllu vel að félagsþjónustu sveitarfélaga og voru ekki talin það umfangsmikil að erfiðleikar sköpuðust af í framkvæmd. Ekki varð úr að þessi leið væri lögð til vegna andstöðu Sambands íslenskra sveitarfélaga sem taldi ekki tímabært að hrófla við nýgerðu samkomulagi við ríkið um verkaskiptingu. Annar kosturinn var sá að kveða á um flutning málaflokksins til sveitarfélaganna innan tiltekinna tímamarka. Kostur þeirrar leiðar var talinn sá að með henni yrði sveitarfélögunum gefinn aðlögunartími, áhrifa laga um félagsþjónustu væri farið að gæta og nægur tími gæfist til undirbúnings. Ekki náðist samstaða um þá leið, ekki síst vegna sjónarmiðs Sambands íslenskra sveitarfélaga þess efnis að óæskilegt væri að tilflutningurinn gerðist með lagaboði.

Sú leið sem varð fyrir valinu fólst í því að draga fram almennar skyldur sveitarfélaganna við fatlaða svo sem fyrr greinir. Auk þess sem sérstaklega er kveðið á um heimild til þess að unnið sé að gerð samninga á milli ríkis og sveitarfélaga um að sveitarfélögin annist þjónustu við fatlaða að hluta til eða öllu leyti á tilteknum þjónustusvæðum. Fljótlega kom í ljós áhugi margra sveitarfélaga á að taka yfir þjónustu við fatlaða bæði samkvæmt lögum um málefni fatlaðra og ekki síst eftir að lög um reynslusveitarfélög tóku gildi. Í V. kafla er að finna yfirlit yfir þau sveitarfélög sem tekið hafa að sér þjónustu við fatlaða samkvæmt samningi við ríkið.

Að öðru leyti var í lögum um málefni fatlaðra frá 1992 sett sérstakt bráðabirgðaákvæði þess efnis að lögin bæri að endurskoða innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra og var tímasetningin samræmd hliðstæðu bráðabirgðaákvæði í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sem fyrr var vikið að. Í bráðabirgðaákvæði laga um málefni fatlaðra frá 1992 er sérstaklega tekið fram að endurskoðunin skuli miða að því að auka ábyrgð sveitarfélaganna í málefnum

fatlaðra og að hún skuli fara fram í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtök fatlaðra.

Með vísun til framangreinds bráðabirgðaákvæðis laga um málefni fatlaðra skipaði félagsmálaráðherra, í apríl 1996, nefnd til að endurskoða lögin. Höfuðverkefni nefndarinnar laut að yfirtöku sveitarfélaga á málefnum fatlaðra. Í athugasemdum frumvarps, er síðar varð að lögum nr. 161/1996, segir m.a. svo um það tímamótaskref: „Markmiðið með flutningi málefna fatlaðra til sveitarfélaga er að stíga lokaskrefið í þeirri þróun að fatlaðir séu sjálfsagðir þátttakendur í samfélaginu. Með flutningi málaflokksins til sveitarfélaga eru bundnar vonir við að þjónustan verði bætt. Litið er á yfirtöku sveitarfélaga á málefnum fatlaðra sem eðlilegan þátt í þróun sveitarstjórnarstigs og þjónustu sveitarfélags við íbúa sína.“ Í frumvarpinu kom fram að áður en af yfirtöku sveitarfélaga á málaflokknum gæti orðið skyldi umfangsmikill undirbúningur eiga sér stað. Af yfirfærslunni skyldi verða 1. janúar 1999, að þeim skilyrðum fullnægðum að áður hefði Alþingi samþykkt ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sérstök lög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Skyldu ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga taka til þeirrar þjónustu sem veitt er samkvæmt gildandi lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, þó ekki starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar sem sett skyldu sérstök lög um eins og áður var getið. Frumvarp þetta var samþykkt sem lög frá Alþingi nr. 161 31. desember 1996. Auk fyrirmæla um ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga var í lögunum ákvæði um að við yfirfærsluna skyldi hugað sérstaklega að réttindagæslu fatlaðra.

Í framhaldinu skipaði félagsmálaráðherra, 27. ágúst 1997, nefnd til að semja frumvarp til nýrra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Í skipunarbréfi ráðherra segir m.a. svo: „Félagsmálaráðherra hefur með vísan til bráðabirgðaákvæðis í lögum nr. 161/1996, um breytingu á lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, ákveðið að skipa laganefnd til að semja ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem taka til þeirrar þjónustu sem veitt er samkvæmt gildandi lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Nefndin skal að auki semja ný lög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og huga að því hvernig réttindagæslu fatlaðra verður háttað.“

Í nefndina voru skipuð alþingismennirnir Arnbjörg Sveinsdóttir, Kristinn H. Gunnarsson og Siv Friðleifsdóttir, án tilnefningar, en samkvæmt tilnefningum voru skipuð Bjarni Kristjánsson, þáverandi framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík, tilnefndur af framkvæmdastjórum málefna fatlaðra, Gerður Steinþórsdóttir framhaldsskólakennari, tilnefnd af Landssamtökunum Þroskahjálp, Helgi Seljan framkvæmdastjóri, tilnefndur af Öryrkjabandalagi Íslands, Jón Björnsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ólöf Thorarensen félagsmálastjóri, tilnefnd af Samtökum félagsmálastjóra. Formaður nefndarinnar var Árni Gunnarsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, skipaður af ráðherra. Starfsmenn nefndarinnar voru Ingibjörg Broddadóttir og Þorgerður Benediktsdóttir, deildarstjórar í félagsmálaráðuneyti. Sú breyting varð á skipan nefndarinnar að Bjarni Kristjánsson óskaði lausnar frá starfi í nefndinni haustið 1998 og í stað hans tók sæti Soffía Lárusdóttir, framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Austurlandi, sem fulltrúi framkvæmdastjóra málefna fatlaðra í nefndinni. Jafnframt varð sú breyting að vegna fjarveru Ingibjargar Broddadóttur frá hausti 1998 til vors 1999 var Guðrún Ögmundsdóttir, deildarstjóri í félagsmálaráðuneyti, skipuð sem annar af tveimur starfsmönnum nefndarinnar.

Samkvæmt framansögðu voru laganefnd ætluð þrenns konar verkefni:

1. Að semja frumvarp til nýrra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.
2. Að huga sérstaklega að réttindagæslu fatlaðra.
3. Að semja frumvarp um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Varðandi frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins taldi nefndin réttast að það yrði falið sérstakri nefnd, enda verkefnið sérhæft og eðli máls samkvæmt af öðrum toga en félagsþjónusta sveitarfélaga. Með bréfi félagsmálaráðherra, dags. 17. mars 1999, var því skipuð eftirfarandi nefnd til þess verks: Margrét Margeirsdóttir deildarstjóri, formaður, Soffía Lárusdóttir, framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Austurlandi, og Stefán Hreiðarsson, yfirlæknir Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Ritari nefndarinnar var Guðjón Bragason lögfræðingur. Var nefndinni gert að hafa samráð við laganefnd um félagsþjónustu sveitarfélaga í störfum sínum.

Í lok árs 1998 var samþykkt á Alþingi að fresta yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga um óákveðinn tíma, sbr. lög nr. 156/1998. Í athugasemdum með frumvarpi sem síðar varð að framangreindum lögum var bent á að sveitarstjórnarkosningar fyrr á árinu hefðu raskað tímaáætlunum. Sérstaklega átti þetta við um samninga milli ríkis og sveitarfélaga um breytingar á fjármálalegum samskiptum aðila, enda ljóst að það væri erfiðleikum háð fyrir sveitarstjórnir að ganga frá samningum á sama tíma og kjörtímabil þeirra væri að renna út. Bent var á að beiðnir höfðu borist frá Reykjavíkurborg og fleiri sveitarfélögum um að fresta yfirfærslunni. Eftir samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og verkefnisstjórn sem hafði yfirumsjón með yfirfærslunni var talið rétt að verða við þeim beiðnum. Á hinn bóginn var tekið fram að einungis væri um frestun að ræða, en markmiðin stæðu óbreytt.

II. Rök fyrir flutningi málefna fatlaðra til sveitarfélaga.

Rökin fyrir því að þjónusta við fatlaða skuli verða viðfangsefni sveitarfélaga en ekki ríkis eru margþætt. Fyrst og fremst er þó um að ræða sjónarmiðin um nærþjónustu annars vegar og jafnrétti og blöndun fatlaðra og ófatlaðra hins vegar.

Enda þótt staða fatlaðra í samfélaginu, reynsluheimur þeirra, hagsmunir og aðstæður að öðru leyti sameini þá sem sérstakan þjóðfélagshóp verður ekki fram hjá því litið að þeir eru jafnframt einstaklingar með fjölbreytilegar þarfir. Ekki verður heldur litið á fötlun einstaklings án samhengis við það félagslega umhverfi sem hann lifir og hrærist í. Þannig getur umhverfið ýmist staðið fötluðum fyrir þrifum eða dregið úr þeim takmörkunum til eðlilegs lífs sem fylgja fötluninni. Raunverulega felst í þessu að ekki verði litið á fötlun á annan hátt en í félagslegum skilningi.

Fatlaðir eru ekki einsleitur hópur. Fötlun er margvísleg og misjöfn og sama á við um þarfir einstaklinga. Markmið opinberrar þjónustu við fatlaða felst öðru fremur í að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör á við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til eðlilegs lífs. Þessum markmiðum verður trauðla náð nema þjónustan verði aðlöguð að þörfum fatlaðra í stað þess að fötluðum sé gert að aðlagast þjónustunni. Í þessu felst að þjónustan verður að taka mið af einstaklingnum, þ.e. hún verður að svara einstaklingsbundnum þörfum hins fatlaða eins og þær eru hverju sinni og í því félagslega umhverfi sem hann lifir og hrærist í. Þjónustan verður því að vera staðbundin og aðgengileg hinum fatlaða. Skipulag, framkvæmd þjónustu og mat á þjónustuþörf þarf því að vera í eins mikilli nálægð við hann og kostur er. Í þessu felst hugtakið nærþjónusta.

Opinber þjónusta á Íslandi er ýmist veitt af ríki eða sveitarfélögum. Sveitarstjórnarstigið stendur þegnunum nær en ríkisvaldið og því tekur verkaskipting ríkis og sveitarfélaga m.a. mið af því. Almennt hefur sveitarfélögum verið falin ábyrgð þeirra verkefna þar sem miklu skiptir að tekið sé tillit til staðbundinna eða einstaklingsbundinna þátta. Þetta eru rökin fyrir því að félagsþjónusta er viðfangsefni sveitarfélaga en ekki ríkis.

Fatlaðir eru ekki einir um að þarfnast þjónustu til þess að fá notið eðlilegs lífs. Markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla

að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar. Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er kveðið á um hvernig þeim markmiðum skuli náð. Þjónusta og aðstoð sem þau lög taka til er í eðli sínu sambærileg við þá tegund þjónustu sem fatlaðir þarfnast. Nú þegar sveitarfélögin hafa komið skipan á framkvæmd félagsþjónustunnar og búa flest hver yfir dýrmætri reynslu við þá framkvæmd má ætla að þau séu betur í stakk búin en ríkið til að veita fötluðum einstaklingsbundna þjónustu.

Á undanförnum árum hafa viðhorf til þjónustu við fatlaða breyst. Í núgildandi lögum er að finna aðrar áherslur en í eldri lögum. Fyrr er getið um þá áherslu sem nú er lögð á rétt fatlaðra til þjónustu samkvæmt almennum lögum. Nú eru þau sjónarmið ríkjandi að fatlaðir búi eins sjálfstætt og mögulegt er. Samhliða áframhaldandi uppbyggingu sambýla hefur verið lögð aukin áhersla á sjálfstæða búsetu fatlaðra, með sérstökum stuðningi. Þannig var Framkvæmdasjóði fatlaðra heimilað að greiða sérstakt framlag til viðbótar þeirri fyrirgreiðslu sem Húsnæðisstofnun ríkisins veitti tekjulágu fólki til húsnæðisöflunar. Samhliða voru sett í lögin ákvæði um liðveislu og frekari liðveislu sem ásamt heimaþjónustu mynda heildstæða þjónustu fyrir þá fatlaða sem búa á eigin vegum.

Framangreind nýmæli varðandi þjónustu við fatlaða eru þess eðlis að þau eru í engu frábrugðin þeim skyldum sem sveitarfélögum er gert að axla gagnvart þeim íbúum sínum sem á þurfa að halda samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þróun mála hefur því orðið þannig að sífellt dregur úr þeim mun sem var á þjónustu sveitarfélaga við íbúa sína annars vegar og þjónustu ríkis við fatlaða hins vegar. Þetta eru enn ein rökin fyrir að flétta saman þjónustu við fatlaða og félagsþjónustu sveitarfélaga.

Við blasir að við þær aðstæður sem hér hefur verið lýst er hvorki skynsamlegt né rétt að þjónustukerfi fatlaðra sé aðskilið almennri félagsþjónustu. Ábyrgð og skyldur geta verið óljósar í framkvæmd og að auki er einsýnt að hagkvæmara er að þessir þjónustuþættir séu á einni hendi. Slíkt skapar möguleika til hagræðingar með bættri skipulagningu og framkvæmd. Búast má við að þjónustan verði markvissari og skilvirkari en ella. Réttarstaða fatlaðra verður skýrari og betur er unnt að tryggja samfellda og sveigjanlega þjónustu. Með þessu er fötluðum ekki lengur skipað á annan bekk en öðrum íbúum sveitarfélags sem sækja sinn rétt eftir almennum lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

III. Afstaða heildarsamtaka fatlaðra.

Heildarsamtök fatlaðra, Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálp, hafa bæði stutt yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga.

Landssamtökin Þroskahjálp hafa ítrekað ályktað að stefnt skuli að flutningi málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Hafa samtökin verið í fararbroddi að vinna þessari stefnu fylgis og ályktanir þeirra verið skeleggar í þeim efnum.

Öryrkjabandalag Íslands studdi setningu laga nr. 161/1996 um yfirfærslu málaflokksins til sveitarfélaganna.

Fyrsta ályktun Þroskahjálpar um aukna ábyrgð sveitarfélaga í málefnum fatlaðra er að finna í stefnuskrá samtakanna sem samþykkt var á landsþingi þeirra 4. apríl 1992. Þar segir m.a.: „Landssamtökin Þroskahjálp álíta að treysta beri lög um félagsþjónustu sveitarfélaga eins og frekast er unnt og að efla eigi sveitarfélögin til að gera þau færari um að taka að sér aukin félagsleg verkefni. Samtökin telja að stefna beri að því á allra næstu árum að ábyrgð á þjónustu við fatlaða færist frá ríki yfir til sveitarfélaga. Þau benda á að þjónusta sem er skipulögð í nánum tengslum við þá sem hennar eiga að njóta eykur líkur á gæðum.“ Í október sama ár var þessi stefna ítrekuð á fulltrúaráðsfundi Þroskahjálpar, sem haldinn var að Hrafnagili í Eyjafirði. Þar er þeim tilmælum beint til félagsmálaráðherra og samtaka sveitarfélaga

„að þau hlutist til um að málefni fatlaðra verði flutt til sveitarfélaganna eftir eflingu þeirra".

Á landsþingi Þroskahjálpar haustið 1993 var samþykkt hvatning til sveitarfélaga um að sameinast og „telur sameiningu brýnt hagsmunamál til að tryggja þjónustu í heimabyggð". Landsþingið lagði hins vegar áherslu á „að málefni fatlaðra flytjist ekki til sveitarfélaga án nauðsynlegs undirbúnings og að fjármagn verði tryggt".

Á landsþingi Þroskahjálpar haustið 1995 var því sérstaklega fagnað „að nokkur sveitarfélög hafa lýst áhuga á því að yfirtaka þjónustu við fatlaða". Jafnframt var því lýst yfir „að grundvöllur þess að vel takist til við tilfærsluna sé að nægjanlegt fjármagn verði tryggt". Á fulltrúaráðsfundi ári síðar lýsir fundurinn yfir „stuðningi við endurskoðun laga um málefni fatlaðra sem felur í sér að sveitarfélögin taki yfir stjórnun og rekstur málaflokksins frá ársbyrjun 1999. Við endurskoðun verði réttindagæsla fatlaðra efld. Einnig þarf að taka tillit til mismunandi aðstæðna í sveitarfélögunum."

Á landsþingi Þroskahjálpar árið 1997 er samþykkt ályktun þar sem segir m.a. að þingið leggi „mikla áherslu á að gæði þjónustu við fatlaða verði tryggð og réttindagæsla efld áður en ráðist verður í tilflutning á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga". Loks er ályktað í málinu á síðasta fulltrúaráðsfundi Þroskahjálpar 1998 þar sem segir m.a.: „Fundurinn leggur sérstaka áherslu á að málefni fatlaðra verði ekki flutt til sveitarfélaganna nema þeim verði tryggðir tekjustofnar til að sinna þeim á viðhlítandi hátt. Fundurinn skorar á Alþingi að ákveða nýja dagsetningu fyrir yfirfærsluna og jafnframt að félagsmálaráðherra leggi fram framkvæmdaáætlun um nauðsynlega uppbyggingu í málefnum fatlaðra." Þá segir jafnframt að fundurinn ítreki „þá skoðun samtakanna að áður en að yfirtöku sveitarfélaga á þjónustu við fólk með fötlun geti orðið, þurfi einnig að tryggja réttindagæslu og ráðgjafar- og sérfræðiþjónustu þeim til handa".

IV. Afstaða Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fyrsta ályktun Sambands íslenskra sveitarfélaga um yfirtöku á málefnum fatlaðra sérstaklega var gerð á XV. landsþingi þess haustið 1994. Í þeirri ályktun er almennt fjallað um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga til að styrkja og efla sveitarstjórnarstigið og færa ákvarðanatöku og ábyrgð nær þeim sem þjónustunnar njóta. Lagt var til að komið yrði á fót sérstakri samninganefnd ríkis og sveitarfélaga sem ynni að flutningi verkefna. Þá var gefinn tónninn um forgangsröðun við flutning verkefna, sbr. eftirfarandi: „Landsþingið telur rétt að fela sveitarfélögunum að fullu rekstur grunnskóla og heilsugæslustöðva, svo og yfirtöku verkefna á sviði málefna fatlaðra og aldraðra."

Á XVI. landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga í ágúst 1998 var minnt á að sú stefnumörkun sem fram kæmi í lögum um málefni fatlaðra um yfirfærslu málaflokksins til sveitarfélaga í byrjun árs 1999 væri í anda samþykktar landsþingsins frá 1994. Bent var á að enda þótt gildistöku yfirfærslunnar hefði verið frestað, hefðu verkefnisstjórn og starfshópar unnið að undirbúningi hennar og var hvatt til að þeirri vinnu væri haldið áfram með það að markmiði að sveitarfélögin tækju yfir málaflokkinn. Hins vegar ályktaði landsþingið um eftirfarandi skilyrði fyrir yfirtöku:

„Að fullt samkomulag náist milli ríkis og sveitarfélaga um flutning verkefna og tekjustofna til sveitarfélaganna ... Tryggja verður með jöfnunaraðgerðum að tekjustofnar ... fari til sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við umfang verkefnisins á hverju svæði eða í hverju einstöku sveitarfélagi.

2. Að um yfirfærsluna náist góð samstaða milli þeirra ráðuneyta sem málinu tengjast, sveitarfélaga, starfsmanna og félagasamtaka sem gegna þýðingarmiklu hlutverki á sviði málefna fatlaðra.

3. Að samstaða náist milli sveitarfélaga á tilteknum þjónustusvæðum um byggingu og rekstur einstakra þjónustuþátta, sem ekki er grundvöllur ... að færa til einstakra sveitarfélaga.
4. Að fjármögnun stofnframkvæmda verði tryggð.“

Loks ályktaði landsþingið að þegar yfirstandandi undirbúningsvinnu væri lokið yrði samningur ásamt framkvæmdaáætlun um yfirfærsluna lagður fyrir fulltrúaráðsfund sambandsins til afgreiðslu.

V. Yfirtaka sveitarfélaga á málefnum fatlaðra á árunum 1996–1999.

Eins og vikið hefur verið að er í gildandi lögum um málefni fatlaðra kveðið sérstaklega á um samninga milli ríkis og sveitarfélaga um að sveitarfélögin annist þjónustu við fatlaða að hluta til eða öllu leyti, sbr. 13. gr. laga nr. 59/1992. Með lögum um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, bættist við sá möguleiki að sveitarfélög tækju yfir málefni fatlaðra í tilraunaskyni. Hér verða tilgreindir þeir samningar sem sveitarfélög hafa gert við ríkisvaldið um yfirtöku málefna fatlaðra samkvæmt áðurgreindum tvennum lagaheimildum.

Eyjafjarðarsvæðið.

Akureyrarbær tók að sér þjónustu við fatlaða á Eyjafjarðarsvæðinu í samræmi við lög um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, með samningi, dags. 27. febrúar 1996. Gildistími samningsins er frá 1. apríl 1996 til 31. desember 1999.

Í samningnum fólst að Akureyrarbær tekur að sér að veita fötluðum sem eiga lögheimili í hlutaðeigandi sveitarfélögum alla þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, á vegum félagsmálaráðuneytis.

Sveitarfélögin eru: Akureyrarbær, Arnarneshreppur, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Glæsibæjarhreppur, Grímseyjarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hálshreppur, Hríseyjarhreppur, Ólafsfjarðarkaupstaður, Skriðuhreppur, Svalbarðsstrandarhreppur og Öxnadalshreppur.

Í ljósi góðrar reynslu af samningnum hefur verið gerður nýr samingur sem gildir árin 2000–2001.

Þingeyjarsvæðið.

Húsavíkurkaupstaður, síðar Félagsþjónusta Þingeyinga, tók að sér þjónustu við fatlaða á Þingeyjarsvæðinu með samningi, dags. 3. janúar 1997, á grundvelli 13. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Samningurinn gilti frá 1. janúar 1997 til 31. desember 1998.

Í samningnum fólst að félagsþjónusta Þingeyinga tekur að sér að veita fötluðum í hlutaðeigandi sveitarfélögum alla þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, á vegum félagsmálaráðuneytis.

Sveitarfélögin eru: Aðaldælahreppur, Bárðdælahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Keldunes-hreppur, Ljósavatnshreppur, Raufarhafnarhreppur, Reykdælahreppur, Reykjahreppur, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Tjörneshreppur, Þórshafnarhreppur og Öxarfjarðarhreppur.

Í ljósi góðrar reynslu af samningnum hefur verið gerður nýr samingur sem gildir árin 2000–2001.

Suðausturland.

Hornafjarðarbær tók að sér þjónustu við fatlaða á Suðausturlandi með samningi, dags. 3. janúar 1997 á grundvelli 13. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

Samningurinn gilti frá 1. janúar 1997 til 31. desember 1998. Í samningnum fólst að Sveitarfélagið Hornafjörður tekur að sér að veita fötluðum, sem lögheimili eiga í Sveitarfélaginu Hornafirði og Djúpavogshreppi þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, á vegum félagsmálaráðuneytis.

Í ljósi góðrar reynslu af samningnum hefur verið gerður nýr samingur sem gildir árin 1999–2001.

Vestmannaeyjar.

Vestmannaeyjabær tók að sér þjónustu við fatlaða með samningi, dags. 3. janúar 1997, á grundvelli laga um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994.

Samningurinn gildir árin 1997–1999. Í samningnum felst að Vestmannaeyjabær tekur að sér að veita fötluðum, sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu, þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, á vegum félagsmálaráðuneytis.

Í ljósi góðrar reynslu af samningnum hefur verið gerður nýr samingur sem gildir árin 2000–2001.

Norðurlandskjördæmi vestra.

Hinn 23. mars 1999 var gerður samningur milli félagsmálaráðuneytis og byggðasamlags um málefni fatlaðra í Norðurlandskjördæmi vestra. Samningurinn var gerður með heimild í 13. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Í honum felst að byggðasamlagið tekur að sér ábyrgð á framkvæmd laga um málefni fatlaðra. Í því felst m.a. að veita þjónustu og annast rekstur heimila og stofnana fyrir fatlaða í kjördæminu eftir nánari skilgreiningu á fylgiskjali samningsins.

Byggðasamlaginu er skipt í fjögur þjónustusvæði, Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu og Siglufjarðarkaupstað.

Gildistími samningsins er út árið 2001.

Eins og framangreind upptalning ber með sér hafa nú þegar allmörg sveitarfélög tekið að sér málefni fatlaðra. Er reynslan góð og samningar þar að lútandi hafa því verið framlengdir.

VI. Endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Eins og fram kemur í inngangi er frumvarpinu öðru fremur ætlað að fella saman lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og lög um málefni fatlaðra. Jafnframt eru lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga endurskoðuð, enda gert ráð fyrir því við gildistöku þeirra vorið 1991 að það skyldi gert að fimm árum liðnum. Um þörf á endurskoðun á félagsþjónustunni segir svo í athugasemdum frumvarpsins er síðar varð að lögum nr. 40/1991 að slík lög þurfi „að vera í stöðugri endurskoðun vegna nýrra sjónarmiða sem skjóta ört upp kollinum á þessum vettvangi“. Þegar kom að endurskoðun laganna árið 1996 var þegar í deiglunni að yfirfæra málefni fatlaðra til sveitarfélaga. Var því niðurstaðan sú að í þeirri lotu skyldu „meiri háttar athugunarefni liggja milli hluta“ eins og fram kemur í athugasemdum frumvarpsins er síðar varð að lögum nr. 34/1997, um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Það er því í raun nú með frumvarpi þessu sem heildarenduskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga frá árinu 1991 á sér stað.

Ekki er lögð til nein grundvallarbreyting á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Sú hugmyndafræði sem þau lög byggjast á er talin í fullu gildi.

VII. Helstu einkenni frumvarpsins.

Samruni laga.

Sú staðreynd að verið er að fella saman lög um félagsþjónustu sveitarfélaga annars vegar og lög um málefni fatlaðra hins vegar setur að sjálfsögðu svip á frumvarpið. Lögin eru um margt ólík að uppbyggingu og efni og ber frumvarpið svipmót af því. Þjónusta við fatlaða hefur um langa hríð verið veitt á grundvelli sérlaga sem kveða skýrt á um skyldur ríkisins og rétt einstaklinga til þjónustunnar. Einnig kveða lögin eðli máls samkvæmt nokkuð ítarlega

á um framkvæmd. Öðru máli gegnir um lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem eru rammalög sem ná yfir víðtækt svið þar sem skyldur sveitarfélaga eru ekki nákvæmlega tíundaðar heldur svigrúm sveitarfélaga talsvert.

Við samruna laga sem eru jafnólík að uppbygginu og lög um málefni fatlaðra og félagsþjónustu sveitarfélaga hefur verið leitast við að viðhalda helstu einkennum beggja. Þannig eru skyldur sveitarfélaga til að veita þjónustuna án fyrirvara í frumvarpinu á sama hátt og skyldur ríkisins eru nú samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Skyldum sveitarfélaga fylgir réttur einstaklinga. Á hinn bóginn viðhaldast einkenni laga um félagsþjónustu sveitarfélaga um svigrúm sveitarfélaga við framkvæmd þjónustunnar. Leitast er við að samræma viðfangsefni beggja laganna í frumvarpi þessu á þann hátt að markmiðum hvorra tveggja verði náð og nýju lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga rúmi jafnt þjónustu sem er almenns eðlis og sérhæfð.

Þjónustuþarfir í fyrirrúmi.

Lög um málefni fatlaðra fjalla að sjálfsögðu um tiltekinn þjóðfélagshóp og í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga eru skyldur sveitarfélaga að verulegu leyti skilgreindar miðað við þarfir einstakra þjóðfélagshópa, svo sem börn, unglinga, aldraða og fátæka. Við samningu þessa frumvarps er önnur hugsun lögð til grundvallar. Í stað þjóðfélagshópa er lögð áhersla á að sundurgreina þær þarfir sem eru fyrir þjónustu, óháð því hvort þær finnist frekar hjá einum þjóðfélagshópi en öðrum. Það sjónarmið liggur að baki að þessi nálgun sé líklegri til árangurs þegar tekið er mið af markmiðum hvorra tveggja laganna um að stuðla að velferð á grundvelli samhjálpar og jöfnum rétti til lífsgæða. Að auki má benda á þá staðreynd að þjónustuþarfir einstakra þjóðfélagshópa eru oftar en ekki þær sömu og enginn ávinningur fólginn í aðgreiningu þeirra. Enda þótt framangreint sé meginregla og rauður þráður í frumvarpinu verður þó að víkja frá meginreglunni þegar tvenns konar þjónusta á í hlut, annars vegar heimili fyrir fötluð börn og hins vegar skammtímadvöl fyrir fatlaða og langveika. Þörf á slíkri þjónustu er fyrir hendi þegar tveir framangreindir hópar eiga í hlut og því verður ekki hjá því komist að þessara sértæku þarfa sjái stað í frumvarpinu.

VIII. Helstu nýmæli frumvarpsins.

Skyldur sveitarfélaga skerptar.

Segja má að í frumvarpinu felist að verulega sé skerpt á skyldum sveitarfélaga til að veita íbúum sínum félagsþjónustu. Tilgangurinn er sá að félagsþjónustan verði ótvírætt jafnvíg annarri velferðarþjónustu, svo sem heilbrigðisþjónustu og menntakerfi. Þannig er sveitarfélögum skylt að veita þá þjónustu sem frumvarpið tilgreinir þótt þau hafi sjálfsákvörðunarrétt um útfærslu þjónustunnar. Í núgildandi lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er á nokkrum stöðum að finna hvatningu og heimildarákvæði til að veita tiltekna þjónustu, t.d. á sviði húsnæðismála og þjónustu við aldraða. Í frumvarpinu er lögð til breyting á þessu þannig að einungis verði kveðið á um skyldur sveitarfélaganna í félagslegum efnum í stað hvatningarákvæða eða ákvæða með fyrirvara um skyldurnar. Auk þess sem breyting þessi er nauðsynleg til að félagsþjónustan verði jafnvíg annarri velferðarþjónustu er hún óhjákvæmileg til að fatlaðir glati í engu þeim rétti sem þeim er nú tryggður samkvæmt lögum um málefni fatlaðra.

Verkefni félagsmálaráðuneytis ítarlegar tilgreind en nú er.

Rétt þykir að tilgreina nánar en gert er í núgildandi lögum hverjar séu skyldur ríkisvaldsins við framkvæmd laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Er það talinn liður í nútímalegri félagsþjónustu að samskipti ráðuneytis og sveitarfélaga séu greið og uppbyggileg, að ráðuneytið hafi vakandi augu með framkvæmd málaflokksins og sýni nauðsynlegt frumkvæði.

Með nútímalegri félagsþjónustu er átt við faglega þjónustu sem einstaklingar eiga rétt á. Einnig vegur hér þungt yfirfærsla málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga sem ýtir undir nauðsynlegt eftirlit af hálfu ríkisvaldsins.

Til að greiða fyrir árangursríku eftirliti af hálfu ráðuneytisins er kveðið á um að sveitarfélög skuli árlega gera grein fyrir störfum sínum. Þá er ráðuneytinu ætlað að hafa frumkvæði að fræðslu til sveitarfélaga á sviði félagsþjónustu og leiðbeina og miðla upplýsingum. Jafnframt er sérstaklega kveðið á um skyldur ráðuneytis til að safna upplýsingum um framkvæmd þjónustunnar og að stuðla að rannsóknum á þessu sviði. Síðast en ekki síst er lagt til að félagsmálaráðuneytið leggi mat á hvort markmiðum laganna hafi verið náð í einstökum sveitarfélögum. Nánar er getið um það atriði í næsta undirkafla.

Samvinna sveitarfélaga.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að þar sem markmiðum laganna verði ekki náð á annan hátt, t.d. vegna fámennis sveitarfélags, skuli þau sameinast um þjónustuna. Gert er ráð fyrir því að félagsmálaráðuneytið leggi mat á hvort þetta eigi við í einstökum sveitarfélögum. Telji ráðuneytið að markmið laganna hafi ekki náðst er viðkomandi sveitarfélagi gert skylt að leggja fram tillögur til ráðuneytisins um hvernig það vilji sameinast öðru sveitarfélagi um þjónustuna eða bæta úr á annan hátt.

Aðgangur að fagfólki.

Í frumvarpinu er sveitarfélögum gert skylt að hafa á að skipa hæfu og menntuðu starfsfólki í félagsþjónustunni. Reynslan sýnir að virk, fagleg félagsþjónusta stendur og fellur með því að sveitarfélög hafi starfsfólk til að annast málaflokkinn. Ráðning starfsmanns getur verið dæmigert samstarfsverkefni fámennra sveitarfélaga.

Þá er sérstaklega kveðið á um að félagsmálanefndir skuli hafa á að skipa eða eiga aðgang að háskólamenntuðu fólki til að veita sérhæfða ráðgjöf. Eftir því sem félagsþjónustunni vex fiskur um hrygg er eðlilegt að gerðar séu miklar kröfur til starfsfólks og að það hafi menntun og hæfni til að axla þá ábyrgð sem kröfur eru gerðar um. Sérstaklega er hér dregið fram mikilvægi þess að þeir sem veita fólki ráðgjöf í einkamálum þess hafi til þess tilskilda menntun.

Grundvallarreglur við framkvæmd.

Frumvarpið hefur að geyma reglur sem ætlast er til að framkvæmd félagsþjónustunnar grundvallist á. Reglur þessar má líta á sem siðferðilega undirstöðu framkvæmdarinnar. Þannig er gert ráð fyrir að borin sé virðing fyrir þörfum einstaklingsins og sjónarmiðum hans. Þjónustan sé veitt í samráði við einstaklinginn þannig að tekið sé tillit til óska hans eftir því sem kostur er. Við framkvæmd hennar skal forðast sérgreiningu þeirra sem þjónustunnar njóta, en það er í raun ein hlið þess að virðing fyrir fólki sé í fyrirrúmi. Áhersla er lögð á að þjónustan sé auðskiljanleg og aðgengileg almenningi. Síðast en ekki síst skal nefnt að félagsmálanefnd er ætlað að gæta jafnræðis og vera útvörður fólks í sveitarfélaginu hvað varðar rétt þess til þjónustu samkvæmt þessum lögum og öðrum lögum.

Ákvæði um leikskóla felld brott.

Í núgildandi lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er að finna lagaákvæði um skyldur sveitarfélaga í leikskólamálum, einkum er varðar uppbyggingu leikskólans. Þegar lög um félagsþjónustu sveitarfélaga voru samþykkt á Alþingi vorið 1991 hafði verið talsverður ágreiningur um stöðu leikskólans. Fram til þess tíma hafði leikskólinn verið snar þáttur í félagsþjónustu sveitarfélaga og höfðu félagsmálanefndir sveitarfélaga yfirleitt farið með stjórn

þeirra mála. Litið var svo á að leikskólinn væri þáttur í þjónustu sveitarfélaganna við fjölskylduna og því eðlilegt að fjallað væri um hann í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þetta sjónarmið mætti andstöðu og samhliða félagsþjónustulögunum samþykkti Alþingi lög um leikskóla þar sem önnur sjónarmið voru lögð til grundvallar. Í þeim er gert ráð fyrir að leikskólinn sé fyrsta skólastig barnsins og heyri því undir menntakerfi. Áhrif leikskólalaganna urðu þau að smám saman færðust málefni leikskólans undir skólaskrifstofur sveitarfélaganna og því er hann ekki lengur hluti af skipulagðri félagsþjónustu. Af þessum ástæðum er nú lagt til að ákvæði laganna um skyldur sveitarstjórna til að annast byggingu og rekstur leikskóla og tryggja eftir föngum framboð á leikskólarými verði felld brott. Um það efni gildi lög um leikskóla.

Þjónustusamningar.

Á undanförnum árum hefur í vaxandi mæli verið lögð áhersla á að bjóða út þjónustu og einstök rekstrarverkefni hins opinbera. Nefna má þær áherslur sem fólgnar eru í stefnu sem kennd er við „nýskipan ríkisreksturs“ og fylgt hefur verið síðustu árin. Með nýjum lögum um fjárreiður ríkisins var lagaleg undirstaða þessarar stefnu treyst, en í þeim eru m.a. ákvæði um einkaframkvæmd og gerð þjónustusamninga um rekstrarverkefni. Búast má við að sveitarfélögin muni fylgja ríkinu eftir á þessu sviði. Enda þótt félagasamtökum og einkaaðilum hafi ekki enn sem komið er verið falin mörg verkefni á ábyrgð sveitarfélaga er líklegt að sú verði þróunin. Þessi stefna getur verið vel til þess fallin að auka hagkvæmni og sveigjanleika þjónustunnar og fallið ágætlega að staðbundnum aðstæðum.

Rýmra hlutverk úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

Með ákvæði félagsþjónustulaga um málskot og sérstaka úrskurðarnefnd, sem færi með fullnaðarúrskurðarvald á sviði stjórnsýslunnar, var réttarstaða borgarans til félagsþjónustu bætt verulega. Í frumvarpinu er skotið enn styrkari stoðum undir úrskurðarnefndina með því að gera verkefni hennar rýmri. Nú er lagt til að unnt sé að skjóta til nefndarinnar öllum ákvörðunum félagsmálanefndar, en ekki einungis tilteknum ákvörðunum eins og nú er.

Um þetta efni vísast að öðru leyti til athugasemda við 48. gr. frumvarpsins.

Framkvæmdasjóður fatlaðra lagður niður.

Framkvæmdasjóður fatlaðra var stofnaður með lögum um málefni fatlaðra, nr. 41/1983. Verkefni Framkvæmdasjóðs fatlaðra hafa ætíð verið fyrst og fremst að standa undir kostnaði við byggingu stofnana og annarra stofnframkvæmda, þ.e. sambýla, verndaðra vinnustaða, dagvista og skammtímavistana. Hér er um skyldur sjóðsins að ræða. Mikil uppbygging sambýla á níunda áratugnum ásamt öðrum þjónustuúrræðum, svo sem vernduðum vinnustöðum og dagvistum, hefði vart orðið ef framkvæmdasjóðsins hefði ekki notið við.

Auk framangreindra stofnframkvæmda er Framkvæmdasjóði fatlaðra heimilt að veita fé til eftirfarandi verkefna:

— Styrk til framkvæmdaraðila til að koma á fót félagslegum íbúðum.
— Allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til lagfæringa á aðgengi opinberra bygginga.
— Allt að 25% af ráðstöfunarfé sjóðsins til meiri háttar viðhaldsframkvæmda á þeim heimilum og þjónustustofnunum sem veitt hefur verið fé til að koma á fót.
— Til annarra framkvæmda sem nauðsynlegar eru í þágu fatlaðra, svo sem breytinga á almennum vinnustöðum.

— Frá árinu 1994 hefur sjóðnum jafnframt verið gert samkvæmt ákvæðum fjárlaga að veita fé til styrkja sem sveðisskrifstofum málefna fatlaðra er heimilt að veita til verkfæra- og tækjakaupa og námskostnaðar skv. 27. gr. laga um málefni fatlaðra.

Við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga, og þar með samruna málefna fatlaðra og félagsþjónustu sveitarfélaga, er einsýnt að hlutverki sjóðsins er lokið og að verkefni hans verða ein af verkefnum félagsþjónustu sveitarfélaga eins og aðrar skyldur sveitarfélaga á þeim vettvangi. Einnig má benda á að þær breyttu áherslur í frumvarpi þessu sem fela í sér þjónustu sem tekur mið af einstaklingsþörfum og blöndun fatlaðra og ófatlaðra hníga í sömu átt.

Vistheimili fatlaðra.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir nýjum vistheimilum sem leið í húsnæðismálum fatlaðra, sbr. 21. og 28. gr. þess. Um þjónustu við fatlaða sem er veitt af sjálfseignarstofnunum vísast til ákvæðis til bráðabirgða II.

Atvinnumál fatlaðra heyri undir Vinnumálastofnun.

Í lögum um málefni fatlaðra eru ítarleg ákvæði um atvinnumál fatlaðra sem eru til þess fallin að auka möguleika fatlaðra til starfa á almennum markaði. Undir atvinnumál fatlaðra er einnig felld hæfing, iðja og þjálfun.

Atvinnumál fatlaðra flokkast ekki undir félagsþjónustu í frumvarpi þessu. Þó skal tekið fram að hæfing, iðja og þjálfun, sem nú eru felldar undir atvinnumál fatlaðra samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, eru hér flokkaðar sem félagsþjónusta og teljast því ein grein hennar, sbr. 33. gr. frumvarpsins.

Hins vegar er lagt til að eiginleg atvinnumál fatlaðra, þ.e. vinnumiðlun, aðstoð og starfsþjálfun á vinnumarkaði og vernduð vinna, þar sem gerð er krafa um framleiðslu gegn launum falli undir Vinnumálastofnun. Með verndaðri vinnu er átt við vinnu á vernduðum vinnustöðum, vinnu í verndaðri vinnuaðstöðu á almennum vinnumarkaði eða störf innan dagvistar sveitarfélaga. Ekki er talin þörf á breytingu á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 13/1997, til að Vinnumálastofnun taki yfir starfsráðgjöf, atvinnuleit og vinnumiðlun fatlaðra. Um aðstoð við fatlaða á almennum vinnumarkaði er talið tryggara, til að taka af öll tvímæli, að tiltekið verði í lögum um vinnumarkaðsaðgerðir að sú þjónusta færist til Vinnumálastofnunar. Ljóst liggur fyrir að lög um vinnumarkaðsaðgerðir taka ekki til verndaðrar vinnu án lagabreytinga.

Með hliðsjón af framansögðu er lagt til að lögum um vinnumarkaðsaðgerðir verði breytt á þann veg að þau taki annars vegar til aðstoðar við fatlaða á almennum vinnumarkaði og hins vegar til verndaðrar vinnu. Skilyrði þess að slík störf falli undir lög um vinnumarkaðsaðgerðir er að fyrir þau séu greidd laun samkvæmt kjarasamningi.

Sérstök lög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins starfar nú skv. 16. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Ekki er lagt til að starfsemi stofnunarinnar færist til sveitarfélaga. Það efni fellur því utan við félagsþjónustu sveitarfélaga og er því ekki fjallað um það í frumvarpinu. Í tengslum við frumvarpið er því flutt sérstakt frumvarp um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem byggist að verulegu leyti á 16. gr. núgildandi laga um málefni fatlaðra.

Samstarfsnefnd málefna fatlaðra.

Í beinum tengslum við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga er lagt til að skipuð verði nefnd með fulltrúum ríkis, sveitarfélaga og hagsmunasamtaka fatlaðra til að vaka yfir hvernig til tekst með yfirfærsluna. Skuli nefndin sitja í fjögur ár.

Hér er ekki um hluta af eiginlegri félagsþjónustu að ræða heldur tímabundna ráðstöfun sem tengist yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Er það einn þáttur í réttindagæslu fatlaðra í samræmi við ákvæði laga nr. 161/1996, en þar er tekið fram að við yfirfærsluna skuli hugað að réttindagæslu fatlaðra.

Um einstaklingsbundna réttindagæslu fatlaðra verður flutt sérstakt frumvarp.

IX. Breytingar á frumvarpinu frá því að laganefnd skilaði tillögum sínum.

Laganefnd skilaði félagsmálaráðherra tillögum sínum að frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga 22. október 1999.

Eftir að laganefnd hafði lagt fram tillögu sína að frumvarpinu átti ráðherra viðræður um frumvarpið við Samband íslenskra sveitarfélaga. Einnig var frumvarpið lagt fyrir verkefnisstjórn yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Frá báðum aðilum komu fram nokkrar breytingartillögur sem ráðherra féllst á. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

Rétt þótti að tiltaka í 3. gr. frumvarpsins að sveitarstjórnir skyldu hafa viðbúnað til þess að sveitarfélög væru fær um að standa undir þeim skyldum sem lögin leggja þeim á herðar. Óþarft þótti að taka fram í 4. gr. frumvarpsins að stefnumótun færi fram í félagsmálaráðuneyti. Í 10. gr. var felld brott ein af grundvallarreglum frumvarpsins að félagsmálanefnd skyldi í störfum sínum eiga samráð við félagasamtök og hagsmunasamtök þeirra sem félagsþjónustu njóta við uppbyggingu og stefnumótun þjónustunnar. Jafnframt var fellt brott úr 13. gr. ákvæði um að að tilhlutan sveitarfélaga skyldi vera skipulagt tómstundastarf fyrir börn og unglinga sem miðaði að því að beina athafnaþörf æskufólks á heillavænlegar brautir. Þess í stað eru tómstundir barna tilgreindar sem eitt af verkefnum félagsmálanefndar, sbr. 13. gr. Skylda sveitarfélags varðandi forvarnastarf gagnvart áhættuhópum, sbr. 14. gr., er ekki jafnafdráttarlaust orðuð og laganefnd lagði til. Breyting af sama meiði var gerð á 20. gr., þ.e. skylda sveitarfélaga til að hafa nægt framboð á leiguhúsnæði ekki jafnfortakslaust orðuð og fram kom í frumvarpsdrögum laganefndar. Ekki var fallist á tillögu laganefndar um að úrskurðarnefnd félagsþjónustu hefði heimild til að breyta úrskurði eins og felst í eðli kæruréttar. Var það atriði því fellt brott úr 49. gr. Við gjaldtökuheimild 53. gr. frumvarpsins bættist nýr liður, 7. tölul., þess efnis að sveitarfélögum væri heimil gjaldtaka fyrir eftirlit með rekstraraðilum og leyfisveitingar, svo og ákvæði um að sveitarfélögum væri heimilt að taka húsaleigu af einstaklingum sem búa í húsnæði sem ætlað er til að mæta sérþörfum. Í samstarfsnefnd málefna fatlaðra, sbr. ákvæði til bráðabirgða I, verði fjölgað um tvo fulltrúa þannig að Samband íslenskra sveitarfélaga eigi þar þrjá í stað eins. Að lokum var lögð fram ný tillaga um framtíðarskipan sjálfseignarstofnananna, sbr. ákvæði til bráðabirgða II. Í stað tillögu laganefndar um að eftir úttekt á þeim stofnunum skyldu viðkomandi sveitarfélög taka að sér þjónustu við íbúa sjálfseignarstofnana, í formi íbúða eða sambýla, þremur árum frá gildistöku laganna varð ofan á að lokið verði samningum milli sveitarfélaga og stofnananna um fyrirkomulag í rekstri fyrir 1. ágúst árið 2001. Forsenda fyrir samkomulagi er ósk frá viðkomandi sveitarfélagi þar að lútandi.

Eftir að laganefnd hafði lokið störfum var unnið að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir í tilefni af yfirfærslu atvinnumála fatlaðra til Vinnumálastofnunar, sbr. 55. gr. þessa frumvarps. Í fyrrnefndu frumvarpi er lagt til að greinarmunur milli atvinnumála fatlaðra annars vegar og félagsþjónustu hins vegar komi fram í því hvort fötluð-

um eru greidd laun samkvæmt kjarasamningum. Ástæða þessa var sú að sýnt þykir að einungis vinna í þeim skilningi falli að þeirri grunnhugsun sem býr að baki laga um vinnumarkaðsaðgerðir og heiti þeirra laga ber raunar með sér. Önnur aðstoð við fatlaða á almennum vinnumarkaði, svo sem verkstjórn og vinna í verndaðri vinnuaðstöðu, verði því á vegum dagvistar félagsþjónustu, sbr. 33. gr. frumvarpsins. Að lokum kom fram í undirbúningi við breytingu á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir að nauðsynlegt væri að úttekt sem gera þarf á vernduðum vinnustöðum þar sem saman fer vinna, hæfing og iðja verði gerð fyrir samþykkt frumvarps þessa. Ákvæði í frumvarpi um þá úttekt sýndi sig því að vera óþarft og var því fellt brott.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er að mestu leyti samhljóða markmiðsgrein laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Þar er að finna grunntón og hugmyndafræði að baki félagsþjónustu sem þykir hafa staðist tímans tönn og því ekki ástæða til að hrófla við. Enn sem fyrr eru því lykilatriðin félagslegt og fjárhagslegt öryggi, velferð, samhjálp, ábyrgð einstaklings á sjálfum sér og öðrum, hjálp til sjálfsbjargar og sjálfsákvörðunarréttur fólks.

Þær nýju áherslur sem fram koma í greininni og lúta að jöfnum rétti manna til lífsgæða og virkrar þátttöku í samfélaginu eiga einkum rót sína að rekja til baráttumála fatlaðra um langt skeið. Blöndun fatlaðra og ófatlaðra og að fötluðum séu sköpuð skilyrði til að lifa eðlilegu lífi ris þar hæst. Ljóst er þó að áherslan á jafnan rétt til lífsgæða er almenn, nær til allra manna.

Um 2. gr.

Áhersla er lögð á að félagsþjónusta sem einstaklingum er veitt sé fjölbreytt og við hæfi hvers og eins. Félagsmálanefnd, eða starfsmönnum hennar, er ætlað það mikilvæga verkefni að meta þörf á þjónustu í hverju tilviki, þ.e. útfæra hverjar eru lögbundnar skyldur sveitarfélaga gagnvart einstaklingum í hverju máli fyrir sig. Skal sveigjanleiki þar vera í fyrirrúmi enda tilvikin og þarfirnar fjölbreyttar. Við þetta mat skal ætíð horft til markmiðsgreinar laganna um ábyrgð einstaklings á sjálfum sér, hjálp til sjálfsbjargar og sjálfsákvörðunarrétt hans.

Enda þótt gengið sé út frá að þjónustan sé einstaklingsmiðuð, miðist við mat á þörfum á þjónustu, segir sig sjálft að hún skal veitt samkvæmt almennum reglum, þ.e. lögum og reglugerð og reglum sveitarfélaga ef því er að skipta. Mismunandi þjónusta sem fólk fær byggist því ætíð á málefnalegum forsendum, mismunandi þörfum.

Eins og upptalning á einstökum þáttum þjónustunnar ber með sér miðast þjónustan við þarfir, en ekki við einstaka hópa fólks. Þjónustunni er lýst almennt og á að taka til allra þeirra sem á henni þurfa að halda. Þetta er rauði þráðurinn í frumvarpinu. Frá þessari meginreglu verður þó að víkja þegar um er að ræða tvenns konar þjónustu: Annars vegar heimili fyrir alvarlega fötluð börn sem geta ekki búið í heimahúsum vegna fötlunar sinnar. Eðli máls samkvæmt er slíkrar þjónustu einungis þörf þegar um alvarlega fötlun er að ræða. Hins vegar skammtímadvöl sem ætluð er fötluðum og langveikum til þess að veita þeim tilbreytingu og létta álagi af fjölskyldum. Sammerkt með þessum tveimur þjónustugreinum er nauðsyn á búsetu eða dvöl utan heimilis að degi eða allan sólarhringinn. Þar er í eðli sínu um sértæka þjónustu að ræða og sér þess stað í frumvarpinu.

Tekið skal fram að þar sem fötlun er nefnd sérstaklega í frumvarpi þessu er lagður sams konar skilningur í það hugtak og gert er í lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, sbr. 2. gr.

þeirra laga. Er það rökrétt afleiðing þess að verið er að yfirfæra til sveitarfélaga þá þjónustu við fatlaða sem ríkið veitir nú samkvæmt sérlögum um málefni fatlaðra. Jafnframt skal tekið fram að í athugasemd við 1. gr. frumvarps til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, sem flutt er ásamt frumvarpi þessu og hefur að geyma þann þátt málefna fatlaðra sem ekki verður færður til sveitarfélaga, segir svo um hugtakið fötlun: „Með hugtakinu fötlun er átt við ástand sem skapast þegar einstaklingur þarf fjölþætta þjónustu og aðstoð til langframa.“ Felur sú skilgreining í sér sams konar merkingu og lögð er í hugtakið fötlun í núgildandi lögum um málefni fatlaðra, enda tekið fram í athugasemd við 1. gr. framangreinds frumvarps að ekki sé verið að útvíkka fötlun frá því sem fram kemur í gildandi lögum um málefni fatlaðra. Í frumvarpi til laga um réttindagæslu fatlaðra, sem einnig er flutt samhliða frumvarpi þessu, er vísað til skilgreiningar á fötlun í áðurnefndu frumvarpi til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Þannig verður skilgreiningu á fötlun að finna í tveimur frumvörpum um tiltekin málefni fatlaðra sem flutt eru samhliða frumvarpi þessu. Sú skilgreining á hins vegar ekki heima í almennum lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Um þá merkingu sem lögð er í hugtakið langveik börn vísast til laga um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, og reglugerðar um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, nr. 504/1997. Auk þess er vísað til skýrslu nefndar, skipaðrar af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, um stefnumótun í málefnum langveikra barna. Þar segir svo um þetta efni: „Hugtakið langsjúk börn er hvergi skilgreint með nákvæmum hætti, en almennt talað er átt við þau börn sem þurfa að vera undir læknishendi a.m.k. 3 mánuði samfellt vegna sjúkdóms sem hefur veruleg áhrif á daglegt líf barnsins.“ (Júní 1999).

Eins og tekið er fram í greininni er félagsþjónustan annars vegar almenns eðlis og hins vegar felur hún í sér einstakar þjónustugreinar. Þær þjónustugreinar sem raktar eru í greininni eru þær sömu og tilgreindar eru í IX. kafla frumvarpsins. Upptalningin er ekki tæmandi. Komi að mati félagsmálanefndar í ljós þörf á annars konar þjónustu en fram kemur í greininni er gert ráð fyrir að viðkomandi sveitarfélag bregðist við því.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er tekið fram að sveitarfélögum er skylt að veita félagsþjónustu samkvæmt lögunum. Rétt þykir að taka þetta sérstaklega fram til að taka af allan vafa um að lagðar eru sömu ótvíræðu skyldur á sveitarfélög gagnvart íbúum sínum og ríkið ber nú gagnvart fötluðum samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Með ótvíræðri skyldu er hér átt við að aðstæður í sveitarfélaginu sjálfu, svo sem fámenni og fjárskortur, getur aldrei haft í för með sér að einstaklingi sem þörf hefur á aðstoð sem tiltekin er í frumvarpinu sé synjað um aðstoð.

Þegar yfirfærsla málefna fatlaðra til sveitarfélaga var ákveðin með lögum nr. 161/1996 sagði svo í frumvarpi til þeirra laga að tryggt yrði að vera að lögbundin réttindi fatlaðra yrðu ekki fyrir borð borin í nýjum lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þegar gildandi lög um málefni fatlaðra og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga verða þannig felld saman í ein lög, eins og frumvarp þetta felur í sér, liggur ljóst fyrir að sveitarfélögum verður skylt að veita fötluðum alla þá þjónustu sem ríkinu er nú skylt að veita samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Með því að fella saman lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og lög um málefni fatlaðra er jafnframt ljóst að sveitarfélög bera sömu skyldur gagnvart öllum mönnum ef gildar ástæður eru fyrir þörf á þjónustu. Afdráttarlaus skylda sveitarfélaga til að veita félagsþjónustu gerir það að verkum að félagsþjónustan verður jafnsett annarri velferðarþjónustu sveitarfélagsins þar sem skyldur eru ótvíræðar, svo sem í málefnum grunnskóla og heilsugæslu. Í þessu ljósi

má líta svo á að yfirfærsla málefna fatlaðra til sveitarfélaga sé lyftistöng fyrir félagsþjónustuna í heild sinni.

Framangreint er einungis staðfesting beinum orðum í lögum á þeirri framkvæmd sem verið hefur að festa sig í sessi í sveitarfélögum á undanförnum árum. Sveitarfélög telja nú félagsþjónustu sjálfsagða skyldu við íbúana sem einn lið í velferðarþjónustu sveitarfélaga. Eitt dæmi um þessa þróun er að finna í lögum nr. 34/1997, um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Með fyrrnefndum lögum var félagsmálanefndum gert fortakslaust skylt að veita félagslega ráðgjöf, en það var áður skylt „eftir föngum“. Slíkt orðalag heyrir nú sögunni til innan félagsþjónustu sveitarfélaga verði frumvarp þetta að lögum.

Óbreytt stendur nú sem fyrr að sveitarfélög hafa svigrúm til að útfæra þjónustuna og hvernig hún er veitt.

Um 4. gr.

Rétt þykir að tiltaka ítarlegar en í gildandi lögum hvað felst í yfirstjórn félagsmálaráðuneytis og hver verkefni þess eru á sviði félagsþjónustunnar. Ábyrgð ríkisins komi þannig skýrt fram í lögunum. Á það ekki síst við nú þegar málefni fatlaðra verða færð frá ríki til sveitarfélaga.

Greina má efni ákvæðisins í eftirtalda flokka:

— eftirlit,
— setning reglugerða,
— leiðbeiningar og fræðsla til sveitarfélaga,
— söfnun upplýsinga,
— rannsóknir á sviði félagsþjónustu,
— mat á hvort markmiðum félagsþjónustu hafi verið náð í einstökum sveitarfélögum,
— úrskurðir í ágreiningsmálum sem kunna að rísa milli sveitarfélaga.

Mikilvægur liður í eftirliti ráðuneytisins er að koma á reglubundnu samstarfi milli þess og sveitarfélaga. Þannig er gert ráð fyrir að sveitarfélögin geri ráðuneytinu árlega grein fyrir störfum sínum. Ekki er lagt til að binda í lög að það verði gert í skýrsluformi. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að upplýsingarnar séu veittar á stöðluðu formi sem ráðuneytið gefur út til að upplýsingarnar séu sambærilegar milli sveitarfélaga.

Leiðbeiningar, upplýsingar og fræðsla til sveitarfélaga er ávallt mikilvæg, ekki síst nú þegar sveitarfélögum bætist nýr málaflokkur sem þau hafa lítið komið nærri áður, þ.e. málefni fatlaðra. Því er lögð sérstök áhersla á þetta atriði nú. Á vegum félagsmálaráðuneytisins hefur verið gengist fyrir námskeiðum um félagsþjónustu um land allt. Við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga þarf að gæta þess sérstaklega að sú viðamikla þekking á málaflokknum sem safnast hefur saman hjá ríkinu, þ.e. á svæðisskrifstofum málefna fatlaðra, svæðisráðum og félagsmálaráðuneyti, glatist ekki heldur skili sér til sveitarstjórnarmanna, fulltrúa félagsmálanefnda og starfsmanna þeirra. Átaks í leiðbeiningum og fræðslu til sveitarfélaga er því þörf verði frumvarp þetta að lögum og þykir ljóst að ríkið beri ábyrgð á því starfi. Setningu laganna verði fylgt úr hlaði með fræðslustarfsemi í sveitarfélögum.

Félagsmálaráðuneytið hefur á undanförnum árum safnað saman upplýsingum um stöðu og framkvæmd félagsþjónustunnar, en þörf er á ítarlegri upplýsingum um þennan málaflokk. Enn fremur hefur Hagstofa Íslands tekið saman tölfræðilegar upplýsingar um fjárhagsaðstoð, félagslega heimaþjónustu og daggæslu barna í heimahúsum. Í því skyni að renna styrkari stoðum undir stefnumótun á þessu sviði og tryggja betur það eftirlit sem ráðuneytinu ber að hafa er í frumvarpinu sérstaklega kveðið á um að ráðuneytið safni saman upplýsingum um

framkvæmd þjónustunnar. Nauðsynlegt er m.a. að afla upplýsinga um gæði þjónustunnar, umfang hennar og framkvæmd hjá sveitarfélögunum.

Lagt er til að ráðuneytið stuðli sérstaklega að rannsóknum á sviði félagsþjónustu. Vandaðar rannsóknir, sem leiða til markvissra niðurstaðna eru ómetanlegar við stefnumótun í málaflokknum og geta verið forsenda mats á þjónustunni. Enn fremur styrkja vel unnar rannsóknir þróunarstarf innan félagsþjónustunnar. Leggja mætti áherslu á ýmsar rannsóknir um framkvæmd afmarkaðra þátta hennar og hvaða afleiðingar nýbreytni og tilraunaverkefni í þjónustu hafa á gæði hennar. Fjármagni úr Rannsóknar- og þróunarsjóði félagsþjónustu skv. 50. gr. er m.a. ætlað að renna til þessara verkefna.

Nýmæli er að félagsmálaráðuneytið eigi frumkvæði að því að leggja mat á hvort markmiðum félagsþjónustu hafi verið náð í einstökum sveitarfélögum. Telji ráðuneytið að markmiðum laganna hafi ekki verið náð í sveitarfélagi getur ráðuneytið lagt fyrir sveitarfélag að leggja fram áætlun til ráðuneytisins um hvernig úr verði bætt. Sé talið að lausnin felist í því að sveitarfélag sameinist öðru sveitarfélagi um félagsþjónustuna gildir 4. mgr. 7. gr. Eru þar fyrst og fremst fámennari sveitarfélög höfð í huga.

Nýmæli er að kveða sérstaklega á um að félagsmálaráðuneytið skeri úr komi til ágreinings milli sveitarstjórna. Ákvæði er til öryggis til að taka af öll tvímæli um hvar úrskurðarvaldið liggi ef til ágreinings kæmi.

Um 5. gr.

Ákvæðið sem fjallar um meginverkefni félagsmálanefndar sveitarfélaga er fyllra að efni til en 5. gr. gildandi laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, en engar efnislegar breytingar.

Í 3. mgr., sem fjallar um ákvarðanir í málefnum einstaklinga, er tekið fram að félagsmálanefnd taki ákvörðun um rétt manna í umboði sveitarstjórnar. Á það við um öll störf félagsmálanefndar, sbr. 1. mgr. Það að félagsmálanefnd vinni í umboði sveitarstjórnar breytir hins vegar ekki því að hvað málefnum einstaklinga viðvíkur vinnur félagsmálanefnd sjálfstætt og tekur ekki við fyrirmælum frá sveitarstjórn. Með hliðsjón af trúnaðarskyldu við einstaklinga verða mál þeirra ekki borin undir sveitstjórn, sbr. 45. gr. frumvarpsins og athugasemdir við þá grein. Jafnframt skal tekið fram að ákvörðunum félagsmálanefndar í málefnum einstaklinga verður eingöngu skotið til úrskurðarnefndar félagsþjónustu, en ekki til sveitarstjórnar, sbr. 48. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Ákvæðið sem fjallar um undirnefnd félagsmálanefndar er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 7. gr.

Áhersluatriði í greininni er samvinna sveitarfélaga að félagsþjónustu.

Í 1.–3. mgr. er fjallað um samvinnu sveitarfélaga að frumkvæði þeirra sjálfra. Þar er ekki um efnisbreytingar að ræða frá gildandi lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Talið er óþarft að tiltaka í lögum hvernig samstarfsvettvangurinn sé, hvort um er að ræða byggðasamlög, héraðsnefndir eða annars konar samstarf.

Heimild sveitarstjórna til að sameinast um einstök verkefni félagsþjónustu, sbr. 2. mgr., er óbreytt frá gildandi lögum. Með einstökum verkefnum er átt við einstaka þætti þjónustunnar, en ekki þjónustu sem nær til afmarkaðra hópa. Þannig væri t.d. andstætt einni af meginreglum sem að baki frumvarpinu býr að þjónusta við fatlaða væri falin byggðasamlögum. Slíkt fyrirkomulag bryti í bága við þá grundvallarreglu frumvarpsins að þjónustuþarfir séu hafðar í fyrirrúmi án tillits til þess hvaða þjóðfélagshópar eiga í hlut.

Í 4. mgr. er það nýmæli að félagsmálaráðuneyti leggi mat á hvort markmiðum laganna hafi verið náð og sé álit ráðuneytisins að svo sé ekki eigi sveitarfélög að leggja fram áætlun um samstarf um félagsþjónustu eða aðrar úrbætur. Talið er sennilegt að fámenn sveitarfélög ráði ekki við að veita lögboðna félagsþjónustu án samstarfs sín á milli. Á þetta ekki síst við nú þegar þjónusta við fatlaða, sem getur verið sérhæfð og flókin, bætist við. Því þykir rétt að leggja til ákvæði það sem fram kemur í 4. mgr. Um frumkvæði félagsmálaráðuneytisins í þessu efni vísast að öðru leyti til 4. gr. frumvarpsins og þess virka samstarfs sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir milli ráðuneytis og sveitarfélaga. Verði mat ráðuneytisins það að sveitarfélög hafi ekki fullnægt lögboðnum skyldum sínum, og ástæðan sé fámenni og skortur á starfsfólki félagsþjónustunnar, skulu viðkomandi sveitarfélög leggja fram áætlun til ráðuneytisins um það á hvern hátt það vilji takast á við verkefnið í samvinnu við önnur sveitarfélög eða hvernig úr verði bætt á annan hátt. Telji ráðuneytið tillögur sveitarfélags vera ófullnægjandi muni ráðuneytið beina því til sveitarfélaga að endurmeta tillögur sínar.

Um 8. gr.

Ákvæðið um heimild félagsmálanefndar til að fela starfsmönnum að vinna að einstökum málum og taka ákvörðun í þeim er óbreytt frá 10. gr. núgildandi laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Algengt er að félagsmálanefndir heimili starfsmönnum að vinna að, taka ákvarðanir um og veita þjónustu í einstökum málum. Slíkt fyrirkomulag leiðir yfirleitt til skjótari afgreiðslu. Mikilvægt er að skýrar reglur liggi til grundvallar slíkum heimildum til starfsmanna sem staðfestar skulu af sveitarstjórn. Félagsmálanefnd getur t.d. heimilað starfsmanni eða starfsmönnum að sjá um allar umsóknir um fjárhagsaðstoð sem falla innan ákveðinna reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð. Sama getur átt við um ákvarðanir varðandi félagslega heimaþjónustu. Þessum ákvörðunum starfsmanna er þó ætíð unnt að skjóta til félagsmálanefndar og skal athygli umsækjanda vakin á því.

Um 9. gr.

Reynslan sýnir að félagsþjónusta stendur og fellur með því að framkvæmd hennar sé í höndum hæfra starfsmanna. Því er í frumvarpi þessu lögð rík áhersla á starfsmannaþáttinn og faglega félagsþjónustu. Sú áhersla kemur einnig fram í 7. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir samvinnu sveitarfélaga til að ná fram markmiðum laganna.

Einnig vegur þungt í þessu sambandi að sú fagþekking sem starfsmenn svæðisskrifstofa málefna fatlaðra búa nú yfir skili sér til félagsþjónustunnar við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga.

Sem dæmi um fagfólk innan félagsþjónustunnar má nefna félagsráðgjafa, sálfræðinga, þroskaþjálfa og iðjuþjálfa.

Jafnframt er nauðsynlegt að starfsfólk fái reglubundna fræðslu og þjálfun.

Auk þess sem grein þessi felur í sér almenna reglu um þær kröfur sem gerðar eru til sveitarfélaga um að hafa hæfu starfsfólki á að skipa felst í 3. mgr. sérákvæði, nýmæli, um stuðning, ráðgjöf og fræðslu fyrir þá starfsmenn sem starfa í heimaþjónustu og liðveislu, svo og fyrir stuðningsfjölskyldur. Með þessu er lagt til að lögbundið sé að starfsmenn í heimaþjónustu og liðveislu, svo og stuðningsfjölskyldur, eigi aðgang að reglubundnum stuðningi, faglegri ráðgjöf og fræðslu. Á vegi þessa starfsfólks verða oft flókin viðfangsefni, þar með talin úrlausn viðkvæmra persónulegra mála. Liðveisla og heimaþjónusta fer oftast fram á heimili þeirra sem þjónustunnar njóta og stuðningsfjölskyldur annast einstaklinga, oftast börn, á sínum eigin heimilum. Vinnuumhverfi starfsfólksins er afar sérstakt og störfin eru oft unnin í mikilli einangrun. Þessi oft og tíðum flóknu viðfangsefni eða vandamál geta verið tengd sam-

skiptum við einstaklinginn eða fjölskylduna sem nýtur þjónustunnar. Þau geta ekkert síður snúist um samskipti við aðstandendur og enn fremur leita aðstandendur oft eftir leiðbeiningum og stuðningi frá starfsmönnum. Til að tryggja sem besta þjónustu er lagt til að starfsmenn eigi greiðan aðgang að ráðgjöf frá sérfræðingum. Með því er fyrst og fremst átt við að sérhæfðir starfsmenn félagsmálanefndanna, sem vinna við framkvæmd félagsþjónustu, veiti starfsmönnunum leiðbeiningar, ráðgjöf og fræðslu. Félagsráðgjafar, eða þroskaþjálfar eftir atvikum, gætu t.d. veitt ráðgjöfina. Sveitarfélögin geta útfært það nánar hvernig ráðgjöfin og fræðslan er veitt, en nauðsynlegt er að hún sé ekki einvörðungu í formi fræðslufunda og ráðgjafar til hópa starfsmanna heldur sé einnig boðið upp á einstaklingsbundna ráðgjöf og leiðbeiningar. Það tíðkast víða hjá sveitarfélögum að halda vinnufundi með starfsfólki í félagslegri heimaþjónustu. Einstaklingsbundin ráðgjöf sem hér er lagt til að verði veitt kemur ekki í staðinn fyrir þá fundi heldur er hún hugsuð þeim til viðbótar.

Um 10. gr.

Eins og fyrirsögn IV. kafla ber með sér er þar að finna undirstöðureglur sem félagsmálanefnd skal viðhafa í störfum sínum og líta má á sem siðferðilegan grunn að framkvæmd félagsþjónustu.

Um a-lið.

Þar er fyrst að nefna að jafnræðis sé gætt milli manna, að fagleg sjónarmið ráði við hið vandasama mat á þjónustuþörf einstaklinga. Félagsmálanefnd skal vera vakandi fyrir því að hver einstaklingur fái allan þann rétt samkvæmt lögum um félagsþjónustu sem við á.

Um b-lið.

Lagt er á herðar félagsmálanefndar að annast almenna réttindagæslu, en í því felst að fylgjast með því að einstaklingar sem sækja til félagsþjónustunnar fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt öðrum lögum. Aðstoð félagsmálanefndar í því efni takmarkast eðli máls samkvæmt við það að verði félagsmálanefnd vör við að á skorti í þessum efnum taki hún málið upp við hlutaðeigandi stjórnvöld, vitaskuld að fengnu samþykki einstaklings. Atbeini félagsmálanefndar nær eðli máls samkvæmt ekki lengra en það. Engu síður er talið að slíkt frumkvæði félagsmálanefndar og síðan aðstoð í einstökum málum geti verið þýðingarmikil fyrir einstakling í baráttu hans fyrir rétti sínum hjá öðrum aðilum.

Tekið skal fram að í þeim skyldum sem lagðar eru á félagsmálanefnd skv. a- og b-lið felst ekki að sveitarfélögum sé skylt að greiða fyrir lögmannsaðstoð.

Um c- og d-lið.

Einn mikilverðasti siðferðilegi grunnur félagsþjónustunnar er virðing fyrir fólki og tillitssemi. Því er í frumvarpinu lögð rík áhersla á samráð við einstakling, eða talsmann hans, þegar þjónusta er veitt og um það hvernig hún er veitt. Lýsandi dæmi um slíkt samráð er ákvörðun á jafnpersónulegri þjónustu og liðveislu og heimaþjónustu. Sú þjónusta verður ekki veitt og framkvæmd nema í samráði við þann sem þjónustunnar nýtur. Með talsmanni er hér átt við tvennt: Annars vegar lögráðamann eða ráðsmann samkvæmt lögræðislögum og forráðamann barna yngri en 18 ára samkvæmt barnalögum. Hins vegar getur verið um að ræða óformlega talsmenn þeirra sem treysta sér ekki til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri sjálfir vegna fötlunar. Þar er fyrst og fremst átt við aðstandendur, en ef þeir eru ekki fyrir hendi geta t.d. hagsmunasamtök fatlaðra verið talsmenn einstaklings. Um réttindagæslumann fatlaðra vísast til frumvarps til laga um það efni sem flutt er jafnframt frumvarpi þessu.

Um e-lið.

Mikilvægt er að fyrirkomulag félagsþjónustunnar sé auðskiljanlegt og aðgengilegt fyrir fólk. Það sjálfsagða atriði þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um f-lið.

Lögð er áhersla á samstarf félagsmálanefndar við önnur stjórnvöld og aðila sem vinna störf sem tengjast málefnum félagsþjónustunnar. Ætlast er til þess að félagsmálanefnd hafi hér frumkvæði og leggi sitt af mörkum til þess að aðilar sem koma nærri málefnum félagsþjónustunnar eigi með sér reglubundið samstarf og að sjónarmið sem eru þýðingarmikil fyrir félagsþjónustuna skili sér til annarra stjórnvalda eða aðila, eftir því sem þörf er á, svo sem til skóla, heilsugæslu og lögreglu. Þannig verði félagsmálanefnd eins konar samnefnari fyrir velferðarþjónustu í sveitarfélaginu. Með virku samstarfi félagsmálanefndar við aðra aðila er verið að leggja áherslu á að félagsþjónustan ein og sér getur ekki leyst úr öllum málum sem til hennar berast, en eigi að síður sé nauðsynlegt að fólk eigi aðgang að eins konar samnefnara velferðarþjónustunnar, þangað sem það geti leitað óháð því hvort mál þeirra heyri beinlínis undir þá nefnd eða annan aðila. Reglubundið samstarf félagsþjónustunnar við önnur stjórnvöld getur leitt til þess að einstaklingum og fjölskyldum bjóðist nauðsynleg þjónusta á öðrum sviðum fyrr en ella. Samhliða því að veita aðstoð og stuðning á vegum félagsþjónustunnar ber starfsmönnum hennar að beina fólki til annarra aðila ef í ljós kemur þörf á þjónustu á vegum þeirra, svo sem á vegum skóla eða heilsugæslu. Getur aðstoð starfsmanna m.a. falist í því að hlutast til um að einstaklingur eða fjölskyldur fái viðeigandi þjónustu eða tryggja að viðkomandi fái aðgang að réttum aðilum. Dæmi um slíkt er viðtal hjá skólasálfræðingi eða að fylgst sé með því hvernig umsókn um bætur hjá Tryggingastofnun ríkisins reiðir af.

Um g-lið.

Með g-lið er lögð áhersla á að félagsþjónusta skuli ekki veitt á þann hátt að þeir sem þjónustunnar njóta verði auðkenndir sem sérstakur samfélagshópur. Það þýðir að félagsþjónustu skuli ekki veita með hóplausnum sem kunna að vera fjárhagslega hagkvæmar, en eru á kostnað virðingar og sjálfsvirðingar fólks. Þannig er óæskilegt að koma þeim sem njóta þjónustu eða leigjendum sveitarfélagsins fyrir í sérstökum fjölbýlishúsum eða hverfum, veita fjárhagsaðstoð með niðurgreiðslum eða ávísunum á sjóði sveitarfélagsins nema gildar ástæður séu til.

Um 11. gr.

Ákvæðið er að hluta til sama efnis og 11. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Um er að ræða upptalningu á einstökum verkefnum félagsmálanefndar sem ekki koma fram annars staðar í frumvarpinu.

Í III. kafla frumvarpsins er lýst grundvallarhlutverki félagsmálanefndar, þ.e. að fara með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu, taka ákvarðanir um rétt manna til þjónustu og meta þörf á þjónustu. Að öðru leyti eru verkefni félagsmálanefndar tilgreind víða í frumvarpinu í tengslum við efni einstakra kafla. Þeim atriðum sem eftir standa er safnað saman í þessari grein eins og áður var getið um.

Um einstök atriði greinarinnar skal tekið fram:

a. Tillögugerð um stefnumörkun og fjárhagsáætlun fyrir félagsþjónustu:
   Óbreytt er að félagsmálanefnd vinni að tillögum um stefnumörkun í félagsþjónustu.
b. Að safna reglubundið upplýsingum um þörf fyrir félagsþjónustu og haga henni í samræmi við það:
   Samsvarandi efni er ekki tilgreint beinum orðum í lögum um félagsþjónustu, en skv. 12. gr. laga um málefni fatlaðra ber svæðisskrifstofum að safna slíkum upplýsingum.

Þörf á upplýsingum og tölfræði liggur í augum uppi eigi raunhæfar áætlanir um félagsþjónustu í sveitarfélaginu að vera gerlegar. Ákvæði þetta tengist c- og d-lið 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins, en þar er félagsmálaráðuneyti ætlað að annast söfnun upplýsinga um framkvæmd félagsþjónustu hjá sveitarfélögum og stuðla að rannsóknum á því sviði.

c. Að hafa frumkvæði að ítarlegri kynningu á félagsþjónustu í sveitarfélaginu:

Þetta efni er óbreytt frá gildandi lögum. Þörf er á upplýsingum jöfnum höndum til kjörinna fulltrúa, stjórnvalda, samstarfsaðila og síðast en ekki síst þeirra sem þjónustunnar njóta. Slík þjónusta er nú talin sjálfsögð innan velferðarkerfisins, jafnt félagsþjónustu sem í öðrum greinum.

d. Ábendingar til byggingar- og skipulagsnefnda um aðgengis- og skipulagsmál:

Um aðgengis- og ferlimál fer eftir skipulags- og byggingarlögum. Í hverju sveitarfélagi skal starfa byggingar- og skipulagsnefnd. Aðgengismál eru þannig ekki ein grein félagsþjónustu sveitarfélaga. Eigi að síður er félagsmálanefnd ætlað að hafa það hlutverk að fylgjast vel með á þessu sviði og leggja fram ábendingar sínar um það efni til skipulags- og byggingarnefndar. Sams konar áhersla kemur fram í 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins þar sem skyldur félagsmálanefnda í almennu forvarnastarfi eru tilgreindar.

Aðgengismál eru hér ekki einskorðuð við fatlaða heldur er átt við aðgengismál í víðtækum skilningi.

Samkvæmt 34. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, er svæðisskrifstofum málefna fatlaðra ætlað að koma með ábendingar um ferlimál fatlaðra til byggingarnefnda. Hér er lagt til að félagsmálanefnd komi í stað svæðisskrifstofu en þó á víðtækari hátt þar sem aðgengismál eru hér ekki takmörkuð við fatlaða eins og áður kom fram.

Hvað aðgengismálum fatlaðra viðvíkur sérstaklega er bæði átt við ferlimál í venjubundnum skilningi og aðgengismál í víðtækari skilningi, svo sem aðvaranir fyrir blinda og heyrnarskerta.

e. Að veita rekstraraðilum innan félagsþjónustu starfsleyfi og annast gerð þjónustusamnings:

Lagaákvæði um þetta efni er ekki að finna í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, en samkvæmt lögum um málefni fatlaðra veitir félagsmálaráðuneytið rekstraraðilum starfsleyfi.

Hér er annars vegar átt við þau tilvik er félagasamtök eða einkaaðili hefur áhuga á að starfrækja einhvern þátt þeirrar þjónustu sem fellur undir lögin án þess að sækja um fjármagn til þess. Sjálfsagt þykir að slík starfsemi sé leyfisskyld.

Sé hins vegar um að ræða félagasamtök eða einkaaðila sem taka að sér að annast einstaka þætti félagsþjónustu með fjárstuðningi frá sveitarfélaginu er gerður þjónustusamningur við þann aðila, sbr. 36. gr. frumvarpsins. Í þjónustusamningi felst jafnframt starfsleyfi.

f. Að hafa eftirlit með félagslegri þjónustu á vegum annarra aðila:

Hér er átt við þá félagsþjónustu sem annar aðili en sveitarfélag veitir án þess að gerður hafi verið við hann þjónustusamningur. Er hér vísað til þess að á undanförnum árum hafa einkaaðilar í auknum mæli boðið fram þjónustu sem ætluð er til að mæta ýmsum félagslegum þörfum íbúanna. Dæmi má nefna um barnagæslu sem fyrirtæki og þjónustuaðilar bjóða viðskiptavinum sínum, svo sem í stórverslunum og líkamsræktarstöðvum. Vitað er um einkaaðila sem áhuga hafa á að bjóða foreldrum gæslu og umönnun barna á heimili þeirra meðan þeir eru fjarverandi, t.d. vegna ferðalaga eða tómstunda. Búast má við að þjónustutilboð einkaaðila af þessu tagi er tengjast gæslu barna og umönnun aldraðra eða fatlaðra muni færast í vöxt í framtíðinni. Telja verður eðlilegt að slík starf-

semi sé eftirlitsskyld þannig að opinberir aðilar geti gripið inn í ef málefnaleg rök hníga til.

Hafi á hinn bóginn verið gerður þjónustusamningur við aðila skal jafnframt felast í honum eftirlit með þjónustunni.

g. Að veita leyfi til daggæslu barna í heimahúsum:
Óbreytt frá gildandi lögum, sbr. 34. gr. laga nr. 40/1991, með síðari breytingum.

h. Að annast rekstur gæsluvalla fyrir börn:
Óbreytt frá gildandi lögum, sbr. 34. gr. laga nr. 40/1991, með síðari breytingum.

i. Að úthluta leiguíbúðum á vegum sveitarfélags:
Í lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, er ekki tilgreint hvaða nefnd sveitarstjórn felur að úthluta leiguíbúðum í eigu sveitarfélaga. Sveitarstjórn er það því í sjálfsvald sett samkvæmt þeim lögum. Óumdeilt er hins vegar hve leiguíbúðir sveitarfélaga eru þýðingarmikið úrræði innan félagsþjónustu, enda sveitarstjórnum gert skylt í frumvarpi þessu að hafa nægt framboð af þeim. Þar sem úthlutun húsnæðis er oft einn þáttur í víðtækri félagslegri aðstoð við einstaklinga og fjölskyldur er talið rétt að í frumvarpi þessu komi sú áhersla fram að úthlutun leiguíbúða og önnur þjónusta félagsmálanefndar við einstaklinga og fjölskyldur þyki fara vel saman. Verkefnið falli þannig að öðrum verkefnum félagsmálanefndar.

j. Að annast mat á umönnunarþörf fatlaðra barna:
Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra skulu svæðisskrifstofur málefna fatlaðra meta umönnunarþörf fatlaðra barna í tengslum við umsókn um umönnunargreiðslur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993. Í reglugerð um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, nr. 504/1997, settri á grundvelli laga um félagslega aðstoð, segir að svæðsskrifstofur eða félagsmálastofnanir sveitarfélaga geri tillögur um mat á umönnunarþörf vegna fatlaðra barna. Við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga liggur því beint við að félagsmálanefnd komi hér í stað svæðisskrifstofu málefna fatlaðra. Bent hefur verið á að góð reynsla hafi fengist af því að veittar séu umsagnir á þessum vettvangi í héraði og því lagt til að svo verði áfram.

Tekið skal fram að umönnunargreiðslur ná jafnt til framfærenda fatlaðra og langveikra barna. Á hinn bóginn er hér ekki gert ráð fyrir að mat á umönnunarþörf langveikra barni færist til sveitarfélaga heldur verði það mat áfram í höndum Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. lög um félagslega aðstoð og reglugerð nr. 504/1997.

Um 12. gr.

Hér er lögð áhersla á frumkvæði félagsmálanefndar í forvarnastarfi.

Nefndin eigi að fylgjast með félagslega þýðingarmiklum málefnum í sveitarfélaginu og koma sjónarmiðum sínum um forvarnir á framfæri við sveitarstjórn. Rökin eru þau að ljóst þykir að í störfum félagsmálanefndar öðlist fulltrúar hennar og starfsmenn yfirgripsmikla þekkingu og nauðsynlegt sé að nefndin sé virk þegar gerðar eru áætlanir um forvarnastarf, svo sem á sviði æskulýðsmála, atvinnumála o.fl.

Jafnframt því sem félagsmálanefnd er ætlað að fylgjast með þróun mála sem hafa félagslega þýðingu í sveitarfélaginu skal hún einnig fylgjast almennt með högum íbúanna í því skyni að beita sér fyrir lausnum sem hindra megi félagsleg vandamál.

Um 13. gr.

Meginefni greinarinnar er annars vegar fengið úr 17. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, og hins vegar úr VIII. og IX. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, þ.e. þeim köflum laganna sem fjalla um börn og unglinga.

Í 1. mgr. er höfð hliðsjón af 17. gr. laga um málefni fatlaðra, þó þannig að ákvæðið tekur nú til allra barna en ekki eingöngu fatlaðra. Með því að leggja þá skyldu á starfsmenn félagsþjónustu sem vinna með börnum að gefa sérstaklega gaum andlegu og líkamlegu atgervi þeirra er að sönnu átt við fatlanir, en einnig annars konar vandamál sem starfsmenn kunna að verða varir við. Telji félagsmálanefnd að barn hafi einkenni um fötlun sem ekki hefur verið greind af þar til bærum aðila ber nefndinni að vísa málinu til frumgreiningar. Frumgreining getur farið fram hjá barnadeildum sjúkrahúsa, sérfræðingum á vegum sveitarfélaga og ýmsum öðrum sérfræðingum í þroskahömlunum. Um frumgreiningu að öðru leyti vísast til 2. gr. frumvarps um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem flutt er samhliða frumvarpi þessu. Um aðrar hamlanir getur félagsmálanefnd vísað máli til heilsugæslu, skóla eða annarra aðila eftir atvikum hverju sinni. Reglubundið og skipulagt samstarf þessara aðila getur leitt til þess að koma megi í veg fyrir að alvarleg félagsleg vandamál skapist.

Innihald 2.–3. mgr. greinarinnar er að miklu leyti það sama og í 30., 35. og 36. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, en þau ákvæði fjalla um málefni barna og unglinga. Nýmæli er þó að leggja áherslu á slysavarnir barna, en því málefni hefur verið meiri gaumur gefinn að undanförnu en áður. Á vegum heilbrigðisráðuneytis hefur verið unnið sérstaklega að því.

Um efni 3. mgr., sérstaklega, skal tekið fram að holl og þroskavænleg uppeldisskilyrði barna eru forsenda árangursríks uppeldis. Einn liður í því er þátttaka í uppbyggilegu tómstundastarfi. Fjölbreytt framboð tómstundaiðju sem höfðar til ólíkra hópa barn og ungmenna er vel til þess fallið að koma í veg fyrir að ungmenni leiðist út á óheillavænlegar brautir. Samkvæmt gögnum sem liggja fyrir í félagsmálaráðuneyti hafa 36 sveitarfélög skipulagt tómstundastarf fyrir börn og unglinga í sérstökum félagsmiðstöðvum, en mun fleiri, þ.e. 69 samtals, bjóða upp á ýmiss konar tómstundaiðju á vegum grunnskólanna yfir vetrartímann. Þá liggur fyrir að 54 sveitarafélög telja að fötluð börn taki þátt í og geti notfært sér þau tómstundatilboð sem eru á boðstólum á þeirra vegum. Mikilvægt er að hafa heildarsýn við skipulagningu slíkrar þjónusta og að haft sé gott samstarf við alla aðila sem sinna forvarnastarfi barna og ungmenna. Á þetta reyndar við um allt forvarnastarf sem beinist að börnum. Í frumvarpinu er lögð sérstök áhersla á þetta og því beint til félagsmálanefndar, sem samnefnara í forvarnastarfi í þágu barna og ungmenna, að hún gæti þess að aðbúnaði barna sé ekki áfátt og umhverfi þeirra sé hættulítið. Umhverfi barna verður líklega seint hættulaust, en það er ekki síður mikilvægt að sveitarstjórnirnar sjálfar hafi þá stefnu í vinnu við skipulagsmál að huga ævinlega að þörfum barna.

Um 14. gr.

Skipulagt forvarnastarf á sviði áfengis- og fíkniefnavarna er víða unnið og hafa sveitarfélög, bæði á höfuðborgarsvæðinu og ekki síður á landsbyggðinni, náð góðu samstarfi sín á milli og við ýmis félagasamtök um forvarnastarfi sem beinist að hópum.

Í XIII. kafla gildandi laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er fjallað um aðstoð við áfengissjúka og vímugjafavarnir. Annars vegar eru ákvæði um forvarnir gegn neyslu fíkniefna og hins vegar er kveðið á um aðstoð og úrræði fyrir áfengissjúka og misnotendur vímugjafa og fjölskyldur þeirra. Í frumvarpinu er litið svo á að félagsmálanefnd veiti þessum einstaklingum og fjölskyldum þeirra nauðsynlega aðstoð í samræmi við þjónustuþörf og hún

geti enn fremur boðið aðstoð að fyrra bragði ef henni berast upplýsingar um nauðsyn á þjónustu, sbr. 2. mgr. 40. gr. frumvarpsins.

Skipulagt forvarnastarf felst m.a. í námskeiðum þar sem fólk er frætt um réttindi og þjónustu í því skyni að tryggja því farsæl starfslok. Einnig getur skipulagt forvarnastarf verið starfrækt á svæðum þar sem atvinnuleysi er ríkjandi. Slíkt starf gæti beinst sérstaklega að ungu fólki sem er að hefja starfsferil sinn.

Um 15. gr.

1. mgr. þessarar greinar felur í sér þá hlið 3. gr. frumvarpsins sem lýtur að rétti einstaklinga. Í 3. gr. er kveðið á um skyldur sveitarfélaga til að veita félagsþjónustu. Samsvarandi þeim skyldum eru réttindi einstaklinga.

Ákvæði 3. og 15. gr. frumvarpsins koma í stað 12. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sem tekur í senn til skyldna sveitarfélags og réttinda einstaklinga. Ákvæðin tvö, 3. og 15. gr., fela þannig í sér undirstöðuatriði frumvarpsins sem líta ber á í samhengi og ávallt verður að túlka með hliðsjón af 1. gr. frumvarpsins, sbr. einkum „að tryggja félagslegt og fjárhagslegt öryggi".

Viðmiðunin í ákvæðinu um eðlilegt og mannsæmandi líf er nýjung hvað orðalag snertir. Orðalagið eðlilegt líf tekur mið af þjónustu við fatlaða, þ.e. snýr að blöndun fatlaðra og ófatlaðra. Viðmiðunin um mannsæmandi líf á við um margskonar félagsþjónustu og má þar t.d. benda á fjárhagsaðstoð, heimaþjónustu, liðveislu og ferðaþjónustu.

Aðalatriðið er að réttur einstaklinga til þjónustu samkvæmt lögunum sé skýr og afdráttarlaus á sama hátt og skyldur sveitarfélaga til að veita þjónustuna.

Um 16. gr.

Óbreytt er að réttur manna til félagsþjónustu er í lögheimilissveitarfélagi og tekur rétturinn gildi frá þeim tíma er lögheimili er skráð.

Ákvæði um að lögheimilissveitarfélag eigi endurkröfu á hendur ríkinu vegna aðstoðar við þá erlendu ríkisborgara sem átt hafa lögheimili á Íslandi skemur en í tvö ár er ekki í frumvarpi þessu. Þá reglu er nú að finna í 2. mgr. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, en þaðan var hún runnin úr framfærslulögum, nr. 80 /1947. Rétt þykir nú og sjálfsagt að sveitarfélög beri sömu skyldur gagnvart öllum íbúum sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu, óháð ríkisborgararétti.

Um 17. gr.

Ákvæðinu er ætlað að tryggja að fólk sem dvelst um nokkurt skeið í sveitarfélagi án þess að eiga þar lögheimili geti snúið sér beint til dvalarsveitarfélagsins og fengið þar aðstoð og þjónustu. Dvalarsveitarfélag er hins vegar í raun eingöngu milliliður. Það er lögheimilissveitarfélag sem ákvarðar þjónustuna og greiðir kostnaðinn. Efni ákvæðisins er í samræmi við núverandi framkvæmd.

Um 18. gr.

Óbreyttur er réttur manna til bráðaaðstoðar í dvalarsveitarfélagi vegna veikinda, slysa eða af öðrum brýnum orsökum, sbr. 14. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Um 19. gr.

Ákvæðið tekur til fólks sem ekki á lögheimili á Íslandi, en dvelst hér á landi um skeið. Hér er fyrst og fremst átt við erlenda ríkisborgara sem ekki eiga lögheimili á Íslandi, en einnig getur verið um að ræða íslenska ríkisborgara með lögheimili erlendis.

Lagt er til að óbreytt haldist að dvalarsveitarfélagi sé skylt að veita þeim sem hér dveljast nauðsynlega aðstoð. Þar er fyrst og fremst um að ræða fjárhagsaðstoð til heimferðar, en einnig getur verið nauðsynlegt að veita ráðgjöf og aðra fyrirgreiðslu í tengslum við fjárhagsaðstoðina, svo sem að útvega gistingu. Er því talið rétt að nota orðalagið „aðstoð“ í þessu sambandi. Í núgildandi ákvæði um þetta efni, þ.e. 1. mgr. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, er hins vegar notað orðalagið „fjárhagsaðstoð“.

Óbreytt er að ríkið beri fjárhagslega ábyrgð á framangreindri aðstoð, en ekki sveitarfélagið þar sem fólk sem ákvæðið tekur til er statt þegar þörf á aðstoð kemur í ljós. Því sé óbreytt að það sveitarfélag sem reiðir fram aðstoðina eigi endurkröfurétt á hendur ríkissjóði.

Tekið skal fram að um þá útlendinga sem dveljast hér á landi í atvinnuleit og falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið gildir reglugerð nr. 674/1995. Skilyrði fyrir dvalarleyfi þeirra er að framfærsla þeirra sé tryggð frá heimalandi þeirra. Þeir eiga því ekki rétt á félagsþjónustu á Íslandi.

Um 20. gr.

Farsæl lausn í húsnæðismálum einstaklinga er nú sem fyrr undirstöðuatriði í félagslegum högum fólks. Í greininni er lögð áhersla á það atriði með því að sveitarfélögum er gert skylt að leitast við að tryggja nægt framboð af leiguíbúðum í sveitarfélaginu handa þeim sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra tekna, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna. Skulu sveitarfélög gera það skipulega, þ.e. vinna að áætlunum um það efni til lengri og skemmri tíma.

Þess ber að geta að sveitarfélög eru ekki bundin við að standa sjálf að því að koma á fót og reka leiguíbúðir heldur geta félög og félagasamtök séð um það verkefni, sbr. lög um húsnæðismál, nr. 44/1998. Sveitarfélög geta á hinn bóginn með aðgerðum heima fyrir hvatt til byggingar leiguíbúða á vegum slíkra aðila. Sveitarstjórnir bera eftir sem áður þá ábyrgð sem fram kemur í greininni.

Tekið skal fram að greinin felur í grundvallaratriðum ekki í sér nýmæli frá því sem nú er, sbr. 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Um 21. gr.

Hér getur verið um að ræða eftirfarandi flokka húsnæðis til að mæta sérþörfum:

— íbúðir með sameiginlegri aðstöðu,
— sambýli,
— áfangastaðir.

Húsnæði af því tagi sem greinin tekur til er nú fyrir hendi samkvæmt lögum um málefni fatlaðra.

Um fjármögnun á íbúðum skal tekið fram að Íbúðalánasjóður veitir lán til íbúða og alls þess húsnæðis sem íbúðinni tengist beinlínis. Fjármögnun á sameiginlegri aðstöðu verður hins vegar á vegum sveitarfélaganna.

Um nánari skýringar á því húsnæði sem ákvæði þetta tekur til vísast til athugasemda við 28. gr. frumvarpsins.

Frá því að lög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, gengu í gildi hefur verið gert verulegt átak til úrbóta í húsnæðismálum fatlaðra. Með tilkomu Framkvæmdasjóðs fatlaðra, sem er fjármagnaður með sértekjum af erfðafjárskatti, opnaðist m.a. leið til fjármögnunar á byggingu sambýla fyrir fatlaða og styrkja til kaupa á félagslegum íbúðum og er nú veitt allt að 90% lán til kaupa á eignar- eða leiguíbúðum. Framkvæmdasjóði fatlaðra er heimilt að veita styrk er nemur 10% af kaupverði íbúðar á móti 90% félagslegu láni og náðist með því fyrirkomulagi 100% fjármögnun.

Við gildistöku laga þessara er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður fatlaðra verði lagður niður. Í staðinn geri ríki og sveitarfélög samning um framlög á fjárlögum til að styrkja byggingu húsnæðis á vegum sveitarfélaga til að mæta sérþörfum samkvæmt grein þessari.

Greinin felur í sér skyldu sveitarfélaga að sjá til þess að fyrir hendi sé húsnæði sem ætlað er að mæta sérþörfum samkvæmt grein þessari og nánar er skýrt í 28. gr. frumvarpsins. Er hér um að ræða sams konar skyldu og nú hvílir á ríkisvaldinu gagnvart fötluðum samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Því til viðbótar kemur einkum tvennt til. Annars vegar hefur þegar verið gert verulegt átak í búsetumálum fatlaðra eins og að framan greinir. Hins vegar skilaði nefnd á vegum félagsmálaráðherra árið 1998 tillögum um sjö ára aðgerðaáætlun í búsetumálum fatlaðra með það að markmiði að stytta biðlista eftir húsnæði og er gert ráð fyrir að ríki og sveitarfélög semji sín á milli um kostnað vegna þessa á grundvelli þeirra tillagna.

Um 22. gr.

Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, sem gengu í gildi vorið 1991, var ákvæði sem fól í sér hvatningu til sveitarfélaga til að veita félagslega ráðgjöf. Var ákvæðið á þeim tíma nýmæli í lögum og fjallaði bæði um upplýsingamiðlun um félagsleg réttindi sem og aðstoð vegna félagslegs og persónulegs vanda. Árið 1997 var gerð breyting á þann veg að sveitarfélögum var gert skylt að veita slíka ráðgjöf, sbr. lög nr. 34/1997.

Í þessu frumvarpi er lögð áhersla á að ráðgjöfin sé víðtæk og í því ljósi er hugtakið ráðgjöf notað í stað félagslegrar ráðgjafar. Í því felst annars vegar að ráðgjöfin tekur m.a. til fjölþættrar ráðgjafar sem félagsþjónusta sveitarfélaga veitir nú og hins vegar getur verið um að ræða sérhæfða ráðgjöf, svo sem vegna öldrunar, fötlunar eða annarra ástæðna. Eitt helsta einkenni ráðgjafar innan félagsþjónustu er að hvetja einstakling til ábyrgðar á sjálfum sér og styrkja hann til sjálfshjálpar.

Ráðgjöf sem hér um ræðir er oft veitt í beinum tengslum við aðra þjónustu. Sem dæmi má nefna að ráðgjöf í fjármálum er veitt samhliða fjárhagsaðstoð og boðið er upp á ráðgjöf um húsnæðismál þegar sótt er um húsnæði á vegum félagsþjónustunnar. Ráðgjöf í þessum tilvikum getur verið forsenda þess að þjónustan nýtist vel. Markmið fjárhagsaðstoðar er annars vegar að leysa úr bráðum vanda og hins vegar að styðja fólk til að verða sjálfbjarga til frambúðar. Til að ná þessu markmiði er oftast nauðsynlegt að veita jöfnum höndum fjárhagsaðstoð og ráðgjöf um rekstur heimilis. Aftur á móti er hér ekki átt við ráðgjöf vegna flókinna mála viðskiptalegs eðlis sem veitt er af viðkomandi sérfræðingum.

Ráðgjöfina má enn fremur veita án þess að önnur þjónusta sé veitt samhliða, t.d. ráðgjöf og leiðbeiningar í einkamálum, svo sem um uppeldi barna eða sérhæfð ráðgjöf í málefnum fatlaðra eða af öðrum ástæðum. Sérhæfð ráðgjöf vegna langveikra er ekki tilgreind sérstaklega. Er ástæðan sú að talið er ljóst að meginreglan sé sú að slík ráðgjöf heyri til heilbrigðismála. Komi hins vegar í ljós þörf á sérhæfðri ráðgjöf á vegum félagsþjónustu vegna langvarandi veikinda rúmar ákvæðið slík tilvik, sbr. orðalag í niðurlagi 3. mgr., „annarra ástæðna“.

Einnig getur ráðgjöfin snúist um félagsleg réttindi og leiðbeiningar um samskipti einstaklinga við opinbera aðila, m.a. að beina fólki til viðeigandi stofnana.

Svæðisskrifstofur málefna fatlaðra hafa fram til þessa annast ráðgjöf fyrir fatlaða og aðstandendur þeirra, en sú þjónusta færist nú til félagsþjónustu sveitarfélaga. Mikilvægt er að ráðgjöfin verði jafngóð eða betri í höndum sveitarfélaga og að reynsla og þekking starfsfólks svæðisskrifstofa glatist ekki við breytingarnar. Sveitarfélög hafa nú tækifæri til að bæta þessa þjónustu með því að ráða til sín eða eiga aðgang að sérhæfðu starfsliði með fjölbreytta, viðeigandi menntun og reynslu að baki, sbr. 8. og 9. gr. frumvarpsins. Slíkur starfshópur hefur góða möguleika á að byggja upp frjósamt, þverfaglegt samstarf og veita öfluga, víðtæka ráðgjöf. Sú sérhæfða ráðgjöf sem nú er veitt á svæðisskrifstofum málefna fatlaðra færist samkvæmt frumvarpinu til félagsmálanefnda.

Það sem hér hefur verið nefnt um sérhæfða ráðgjöf fyrir fatlaða á vitaskuld einnig við um aðra hópa sem þurfa á slíkri þjónustu að halda.

Um 23. gr.

Leikfangasöfn, sbr. 9. og 20. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, eru ekki tilgreind sem sérstök stofnun í frumvarpi þessu. Helstu rök eru þau að hefðbundið hlutverk leikfangasafna hefur breyst undanfarin ár og þjónustan er orðin hluti af ráðgjafarþjónustu svæðisskrifstofa málefna fatlaðra. Áður var áhersla lögð á leikföngin og útlán þeirra, ásamt þjálfun í leikfangasafninu sjálfu. Starfsemin hefur þróast og ráðgjafarþátturinn og fyrirkomulag þjónustu við einstök börn fengið aukið vægi. Felst það m.a. í því að veita uppeldislega ráðgjöf til foreldra, aðstandenda eða starfsmanna stofnana þar sem fötluð börn dveljast, svo og í því að skipuleggja þjónustu í kringum barnið og fjölskyldu þess, svo sem með stuðningsfjölskyldu, skammtímavistun og heimaþjónustu, sem oft er forsenda þess að barn geti dvalist í foreldrahúsum. Uppeldisleg ráðgjöf og þjálfun fer ýmist fram á heimili barnsins, á ráðgjafardeildum svæðisskrifstofa eða þar sem barnið dvelst á daginn. Innkaup leikfangasafna hafa einnig breyst og nú er áhersla lögð á innkaup á sérhæfðum þjálfunargögnum.

Í frumvarpi þessu er eins og áður var getið ekki gert ráð fyrir sérstökum leikfangasöfnum fyrir fötluð börn. Þess í stað er gert ráð fyrir að einn liður í ráðgjöf innan félagsþjónustunnar feli í sér að veita fötluðum og langveikum börnum og börnum með alvarlegar þroskaraskanir þroska- og leikþjálfun. Í því skyni skal félagsþjónustan hafa yfir að ráða sérhæfðum þjálfunargögnum til útláns, ýmist til foreldra eða þjónustuaðila.

Um þjónustu samkvæmt ákvæði þessu fyrir langveik börn skal sérstaklega tekið fram að þjónusta leikfangasafna stendur langveikum börnum og fjölskyldum þeirra ekki til boða samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Hér er lagt til að þar verði breyting á. Er í því tilliti vísað til niðurstöðu nefndar skipaðrar af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um stefnumótun í málefnum langveikra barna. Í skýrslu nefndarinnar, frá júní 1999, er bent á mikilvægi slíkrar þjónustu fyrir langveik börn í þeim tilgangi að endurhæfa börnin, t.d. eftir langa legu heima eða á sjúkrastofnun eða erfiða sjúkdómsmeðferð. Einnig er í skýrslunni bent á að veikist barn alvarlega geti aðstæður þess breyst þannig að þörf verði á sérhæfðri ráðgjöf, þjálfun og leikmeðferð.

Nokkur atriði um fjárhagsaðstoð.

Fjárhagsaðstoð er samkvæmt frumvarpi þessu í öllum meginatriðum óbreytt frá gildandi lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, sbr. VI. kafla laga, nr. 40/1991, með síðari breytingum.

Óþarft þykir að tilgreina í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga að hverjum manni sé skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Er því lagt til að það atriði verði fellt brott. Um framfærsluskyldu milli hjóna og um framfærsluskyldu gagnvart börnum vísast til hjúskaparlaga og barnalaga og um framfærsluskyldu milli einstaklinga í staðfestri samvist vísast til laga um staðfesta samvist.

Ákvæði samsvarandi 24. gr. laga um félagsþjónustu, um að skylt sé að veita félagsmálanefndum sveitarfélaga upplýsingar úr skattskýrslum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar og um skyldu atvinnurekenda til að láta í té upplýsingar um laun, er ekki að finna í frumvarpi þessu. Ástæðan er sú að slíkar upplýsingar verða nú einungis sóttar með samþykki umsækjanda. Ákvæði 42. gr. frumvarpsins sem fjallar um gagnaöflun er talið nægilegt um þetta atriði.

Um 24. gr.

Um skyldu sveitarfélaga til að veita fjárhagsaðstoð og rétt fólks til aðstoðarinnar er vísað til 3. gr. frumvarpsins annars vegar og 15. gr. hins vegar.

Um inntak á réttinum til aðstoðar er kveðið á í 15. gr. frumvarpsins þar sem segir að rétt til aðstoðar eigi þeir sem þurfi á henni að halda til að geta lifað eðlilegu og mannsæmandi lífi og séð sér og sínum farborða.

Um 25. gr.

Lögð er áhersla á að fjárhagsaðstoð er alla jafna greidd sem styrkur, enda er það í samræmi við núverandi framkvæmd. Er því lögð til orðalagsbreyting um það atriði frá því sem segir í gildandi lögum.

Nýmæli er að taka sérstaklega fram að heimilt sé að lána fyrir sérstökum afmörkuðum útgjaldaliðum, en hér er átt við lán vegna sérstakra tímabundinna erfiðleika og mikils fjárhagslegs vanda, t.d. gjaldþrots.

Um styrki fyrir sérstökum, afmörkuðum útgjaldaliðum skal tekið fram að skv. 27. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, er heimilt að greiða fötluðum styrki til verkfæra- og tækjakaupa í sambandi við hæfingu og endurhæfingu annars vegar og til námskostnaðar hins vegar. Styrkir þessir eru veittir á vegum svæðisskrifstofa málefna fatlaðra. Fyrst og fremst hafa þeir verið veittir til tölvukaupa og til þátttöku í námi sem ekki er lánshæft í Lánasjóði íslenskra námsmanna. Um hjálpartæki fer á hinn bóginn eftir lögum um almannatryggingar. Ekki er mikið um þessar styrkveitingar, en samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjórum svæðisskrifstofa málefna fatlaðra hafa þeir skipt þá einstaklinga sem fengið hafa miklu máli.

Fyrir árið 1999 veitti Framkvæmdasjóður fatlaðra 8.750.000 kr. til verkfæra- og tækjakaupa og námskostnaðar fatlaðra sem skiptist þannig eftir svæðum:

Reykjavík	2.950.000 kr.
Reykjanes	1.700.000 kr.
Vesturland	350.000 kr.
Vestfirðir	250.000 kr.
Norðurland vestra	400.000 kr.
Norðurland eystra	1.700.000 kr.
Austurland	750.000 kr.
Suðurland	650.000 kr.

Við yfirfærslu málefna fatlaðra til félagsþjónustu sveitarfélaga er sýnt að ekki er mögulegt að kveða sérstaklega á um styrki til eins hóps umfram annan. Þess í stað er lagt til að í 25. gr. frumvarpsins sé tekið fram að sveitarfélögum sé heimilt að veita styrki fyrir sérstökum afmörkuðum útgjaldaliðum. Er þar m.a. átt við sams konar styrki og nú er heimilt að veita skv. 27. gr. laga um málefni fatlaðra. Sveitarfélög geta síðan sett í reglur sínar um fjárhagsaðstoð ákvæði sem ná til styrkja af þessu tagi.

Um styrkveitingar sem sveitarfélög veita nú fyrir sérstökum útgjaldaliðum skal tekið fram að kunnugt er að sum sveitarfélög veita styrki til náms í einstökum tilfellum, t.d. til einstæðra foreldra og ungs fólks sem býr við erfiðar aðstæður og stundar nám sem ekki er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Að öðru leyti er efni ákvæðisins um fjárhagsaðstoð það sama og í 22. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 34/1997.

Um 26. gr.

Hér er gert ráð fyrir þeirri breytingu að sambúðarfólk eigi sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón um leið og sambúðin hefur verið skráð í þjóðskrá, en ekki ári eftir skráningardag eins og segir í 19. gr. gildandi laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þegar fólk stígur það skref að skrá sambúð sína formlega þykir rétt að sú skráning hafi réttaráhrif þegar í stað hvað rétt til fjárhagsaðstoðar snertir. Með sambúðarfólki er átt við karl og konu sem búa saman og skráð hafa sambúð í þjóðskrá.

Um 27. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum, sbr. 23. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Ákvæðið fjallar um skyldur sveitarfélaga til að útvega þeim húsnæði sem þurfa aðstoð á því sviði, sbr. 20. og 21. gr. Úrræðunum er skipt í þrjá flokka:

1. Leiguíbúðir.
2. Húsnæði fyrir þá sem þarfnast sérstakrar þjónustu. Í ákvæðinu eru tilgreindar þrjár tegundir húsnæðis, íbúðir með sameiginlegri aðstöðu, sambýli og áfangastaðir.
3. Úrlausn á bráðum húsnæðisvanda meðan unnið er að varanlegri lausn.

1. Leiguíbúðir.

Um skyldu sveitarfélaga til að hafa nægt framboð af leiguhúsnæði handa þeim sem þurfa aðstoð á því sviði vísast til 20. gr. frumvarpsins og athugasemda við þá grein.

Um leigukjör skal tekið fram að samkvæmt reglugerð um lánveitingar til leiguíbúða, nr. 423/1999, skal hámarksleiga af íbúðum með lánum frá Byggingarsjóði verkamanna og síðar Íbúðalánasjóði vera kostnaðarleiga. Með kostnaðarleigu er átt við að í leigu felist afborganir og vextir af lánum Íbúðalánasjóðs og vaxtakostnaður af framlagi eiganda íbúðar, auk almenns rekstrarkostnaðar. Húsaleigubætur geta síðan lækkað raunverulega greiðslubyrði fólks af húsaleigu, sbr. lög um húsaleigubætur. Eigi sveitarfélag aftur á móti leiguíbúðir sem þau hafa keypt án lána frá Byggingarsjóði verkamanna eða Íbúðalánasjóði gilda engin ákvæði um hámarksleigu. Reglur þessar eru óbreyttar frá því sem áður var.

2. Húsnæði sem er sérstaklega ætlað til að mæta sérþörfum á þjónustu.

a. Íbúðir með sameiginlegri aðstöðu.

Með íbúðum með sameiginlegri aðstöðu er átt við íbúðir í fjölbýlishúsi eða á sama svæði þar sem íbúar hafa aðgang að sameiginlegu þjónusturými. Talið er að hér sé fundin leið sem geti hentað mörgum fötluðum, sé eins konar millistig milli sjálfstæðrar búsetu í íbúð annars vegar og sambýla hins vegar.

Hugtakið „sameiginleg aðstaða" í tengslum við íbúðir er nýmæli í löggjöf. Átt er við íbúð eða rými þar sem starfsmenn geta haft aðstöðu. Í þessu rými getur verið eldhús, sjúkrabað o.fl. sem íbúar eiga aðgang að. Slíkt á fyrst og fremst við þar sem mikil þjónusta er veitt.

Þótt sameiginleg aðstaða sé nýmæli í löggjöf er slíkt nú til á nokkrum stöðum.

Reksturinn á sameiginlegri aðstöðu verði á vegum sveitarfélags eða viðkomandi rekstraraðila, enda sé hún óhjákvæmilegur þáttur í lögbundinni þjónustu samkvæmt lögum þessum.

Um húsnæðismál aldraða fer eftir lögum um málefni aldraða.

b. Sambýli.

Með sambýli er fyrst og fremst átt við sambúð fámenns hóps manna, oftast fjögurra til sex. Í reglugerð um búsetu fatlaðra, nr. 555/1994, eru sambýli skilgreind svo: „Sambýli eru heimili fámennra hópa fatlaðra, 16 ára og eldri, sem þarfnast að jafnaði nærveru starfsmanns. Eigi skulu vera fleiri en fimm til sex íbúar á hverju sambýli og skulu þeir hver um sig eiga kost á einkarými ásamt snyrtiaðstöðu ef kostur er." Skilgreining þessi telst enn í fullu gildi. Þó getur rekstur á nokkrum íbúðum í sama húsi með sameiginlegri aðstöðu einnig talist til sambýla. Slíkt telst til sambýla ef íbúar reka íbúðirnar sameiginlega með rekstrarsjóði. Eftir sem áður reka sveitarfélög, eða aðrir rekstraraðilar, þjónusturýmið.

Einkennandi fyrir sambýli er þannig fyrst og fremst rekstrarformið, þ.e. að heimilismenn reka sambýlin sjálfir.

Sambýlin eru fyrst og fremst hugsuð fyrir fatlaða, og aðra hópa eftir atvikum, sem af ýmsum ástæðum hentar betur að búa í sambýli en sjálfstætt í íbúð. Fer það eftir aðstæðum hverjir þurfi á slíku búsetuformi að halda í hverju sveitarfélagi. Þjónusta sem fólk þarf á að halda er fyrst og fremst heimaþjónusta og liðveisla og ferðaþjónusta. Heimilismenn á sambýlum stunda atvinnu eða iðju og þjálfun utan heimilis.

Eitt megineinkenni sambýlis er að heimilismenn reka það sjálfir en þó hefur ávallt gilt hámark um það að hve miklu leyti reksturinn er fjármagnaður af heimilisfólki, þ.e. 75% af örorkulífeyri og tekjutryggingu.

Reiknað er með að fyrirkomulag starfsmannahalds á sambýlum verði eins og í íbúðum þar sem þjónustu er þörf. Starfsfólk verði ráðið til félagsþjónustu þess sveitarfélags (sveitarfélaga) sem komið hafa sambýlinu á fót og dreifist síðan á sambýli eða íbúðir í sveitarfélaginu. Þannig er gert ráð fyrir að meginreglan verði sú að á sambýlum sé fólki veitt heimaþjónusta og liðveisla. Það fer eftir aðstæðum á hverju sambýli fyrir sig hvort rétt teljist að hafa þar einnig föst stöðugildi, svo sem forstöðumann og jafnvel fleiri starfsmenn. Það er ákvörðun sveitarfélags hverju sinni.

Auk sveitarfélaga geta félagasamtök eða aðrir einkaaðilar séð um rekstur sambýlis samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélagið.

Kveðið verður nánar á um sambýli í reglugerð.

c. Áfangastaðir.

Um áfangastaði var fyrst kveðið á í lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

Um þá segir svo í frumvarpi því er síðar varð að lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992: „Áfangastaðir eru ætlaðir geðfötluðum og miða að því að brúa bilið á milli sjúkrahússdvalar og eðlilegs lífs. Áfangastaðir auðvelda geðsjúkum að aðlagast samfélaginu á þann hátt að þar geti þeir dvalist í öryggi á meðan þeir ná fótfestu á vinnumarkaði og afla sér húsnæðis. Á áfangastöðum fer fram félagsleg hæfing að nokkru marki þar sem íbúar fá félagslegan stuðning og ráðgjöf. Fjöldi starfsfólks er þó í lágmarki ...“

Framangreind skilgreining er enn í fullu gildi. Nú eru reknir tveir áfangastaðir samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, á Akureyri og í Reykjavík.

Þar sem áfangastaðir eru ætlaðir geðfötluðum er samstarf milli þeirra og geðsjúkrahúsa undirstaða þess að rekstur áfangastaða geti gengið eðlilega fyrir sig. Skilyrði fyrir rekstrinum er því að áfangastaðir eigi vísa innlögn á geðdeild sjúkrahúss fyrir íbúa sína ef þeir veikjast.

Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er á vegum Reykjavíkurborgar rekið áfangaheimili fyrir geðsjúkt fólk sem dvelst þar tímabundið meðan það er að fóta sig eftir sjúkrahússvist.

Enda þótt áfangastaðir séu nú einungis reknir fyrir geðfatlaða og geðsjúka getur það búsetuform hentað fleiri hópum.

Upptalning í a–c-lið 2. tölul. 28. gr. er ekki tæmandi eins og orðalag 2. tölul. ber með sér. Í greininni eru einungis rakin þau búsetuform sem þekkt eru þegar frumvarp þetta er samið. Meginatriðið er að húsnæðið svari sérþörfum íbúa fyrir þjónustu.

Við framkvæmd 1. og 2. tölul. þessarar greinar skal gæta ákvæðis g-liðar 10. gr. frumvarpsins.

3. Úrlausn á bráðum húsnæðisvanda meðan unnið er að varanlegri lausn.

Óbreytt er sú skylda sveitarfélaga að finna lausn á bráðum húsnæðisvanda fólks á meðan unnið er að varanlegri lausn handa þeim sem ekki eru færir um að leysa hann sjálfir, sbr. 46. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum. Sem dæmi um lausnir má nefna herbergi, gistiheimili og íbúðir til bráðabirgða, allt eftir aðstæðum hverju sinni.

Um 29. gr.

Lagt er til að fella saman í eina lagagrein ákvæði um félagslega heimaþjónustu sem er að finna í VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og ákvæði um liðveislu og frekari liðveislu sem eru í 24. og 25. gr. laga um málefni fatlaðra. Nú þykir tímabært að fella niður hugtakið „félagsleg heimaþjónusta“ og nota einvörðungu heimaþjónustu. Er litið svo á að hugtakið heimaþjónusta hafi fest sig í sessi og fólk leggi almennt þann skilning í orðið sem hér er átt við. Félagsleg heimaþjónusta, liðveisla og frekari liðveisla eru því hér felld undir eitt hugtak í tveimur orðum: Heimaþjónusta og liðveisla.

Í gildandi lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er sérstakur kafli um félagslega heimaþjónustu. Verkefni þjónustunnar sem þar eru tilgreind eru umfangsmikil og geta verið margþætt. Með heimaþjónustunni skal stefnt að því að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsum. Í þjónustunni felst aðstoð til handa þeim sem búa í heimahúsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, veikinda, barnsburðar eða fötlunar. Átt er við hvers konar aðstoð við heimilishald, persónulega umhirðu, félagslegan stuðning og gæslu og umönnun barna. Í gildandi lögum um málefni fatlaðra er annars vegar fjallað um liðveislu og hins vegar um frekari liðveislu. Með liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem

einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs. Sveitarfélögin skulu eftir föngum gefa fötluðum kost á liðveislu. Liðveislan hefur mikla þýðingu fyrir fatlaða og er hún fógin í aðstoð við að ráða fram úr viðfangsefnum daglegs lífs og rjúfa félagslega einangrun. Ákvörðun um frekari liðveislu er nú tekin af svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra og er hún greidd af ríkinu eftir heimildum fjárlaga. Þessi þjónusta flyst nú til sveitarfélaganna. Með frekari liðveislu er átt við margháttaða aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs til handa mikið fötluðu fólki, enda sé hún nauðsynleg til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun. Má þar nefna aðstoð við að klæðast, komast um og stunda nám eða atvinnu. Frekari liðveisla er veitt til viðbótar félagslegri heimaþjónustu, gjarnan utan hefðbundins vinnutíma. Hugsunin er sú að þessi þjónusta verði áfram veitt þeim sem þurfa á að halda, öldruðum, fötluðum, sjúkum, sængurkonum og foreldrum með ung börn og unglingum. Vert er að taka sérstaklega fram að liðveisla er veitt börnum jafnt sem fullorðnum. Þegar um fötluð börn er að ræða miðar þjónustan að því að gera þeim fært að búa sem lengst í heimahúsum.

Með því að fella heimaþjónustu og liðveislu í eina heild er leitast við að tryggja enn betur en nú er gert að þjónustan komi að sem mestum notum, enda skarast verkefnin óhjákvæmilega í framkvæmd. Mörg dæmi eru um að í félagslegri heimaþjónustu felist allt í senn aðstoð við heimilishald, persónulegur stuðningur og aðstoð við athafnir dagslegs lífs. Heimaþjónustan hefur verið hugsuð sem aðstoð við heimilið í heild, en í mörgum tilfellum miðast þjónustan við þarfir einstaklings en ekki heimilisins. Liðveislan er hins vegar hugsuð sem persónuleg aðstoð miðuð að þörfum einstaklings, hvort sem hann býr einn eða með fjölskyldu. Það hefur lengi þekkst að verkefnin sem heyra undir félagslega heimaþjónustu hafa ekki eingöngu verið unnin innan veggja heimilanna, má þar nefna aðstoð við innkaup, læknisferðir eða jafnvel ferðir til dægrastyttingar sem liður í félagslegum stuðningi.

Við það að þjónustan er felld undir einn hatt getur einstaklingur eða fjölskylda fengið umrædda aðstoð frá einum og sama aðstoðarmanni, ef það þykir best henta. Samhliða er lögð áhersla á fjölbreytileika þjónustunnar, þ.e. aðstoð við heimilishald og persónulega umhirðu, margþættur félagslegur stuðningur og aðstoð vegna umönnunar barna. Sem dæmi má nefna að í aðstoð við unglinga getur annars vegar falist félagslegur stuðningur í þeim tilgangi að rjúfa félagslega einangrun eða hins vegar aðstoð við að beina athafnaþörf unglings inn á heillavænlegri brautir. Hér er átt við ungmenni sem búa við aðstæður sem ekki eru greindar sem barnaverndarmál. Um þau mál fer eftir barnarverndarlögum. Annað dæmi má nefna en það er aðstoð við foreldra með ung börn en í henni getur m.a. falist aðstoð við umönnun barnsins og umönnun eldri barna á heimili auk aðstoðar við heimilishald. Það er þekkt að barnaverndarnefndir leita til starfsmanna í félagslegri heimaþjónustu þegar fjölskyldur þurfa á þess háttar aðstoð að halda að mati nefndanna. Enn má nefna aðstoð heimaþjónustu og liðveislu inn á heimili vegna fatlaðra barna eða ungmenna til að þau geti búið sem lengst í heimahúsum.

Það fyrirkomulag að fella þjónustuna undir einn hatt dregur úr líkum á því að margir starfsmenn veiti sama einstaklingi nána persónulega aðstoð, þótt ljóst sé að í einstaka tilvikum geti þjónustuþörf reynst það mikil að nauðsyn sé á fleiri en einum starfsmanni. Enn fremur getur reynst heppilegra undir ákveðnum kringumstæðum að fleiri en einn aðstoðarmaður komi að máli sama einstaklings.

Í 2. mgr. er kveðið á um að þjónustan skuli veitt á þeim tíma sólarhrings sem þörf krefur. Í ljósi þess að frekari liðveisla hefur hingað til gjarnan verið veitt á kvöldin og um helgar, og þá komið til viðbótar félagslegu heimaþjónustunni, er nauðsynlegt að tryggja að heimaþjónustan og liðveislan verði veitt utan hefðbundins vinnutíma ef þörf krefur. Einnig má geta

þess að hjá mörgum sveitarfélögum er félagsleg heimaþjónusta veitt á kvöldin og um helgar eftir því sem þörf er á.

Félagsmálanefnd metur þörf á þjónustu. Aðalatriðið er að fram fari einstaklingsbundið mat á aðstæðum og þjónustuþörf og ævinlega sé leitast við að finna starfsfólk út frá þörfum og sjónarmiðum hvers og eins sem sækir um aðstoð. Mikilvægt er að haft sé samráð við einstakling sem þjónustunnar nýtur, en á það atriði er lögð rík áhersla í frumvarpi þessu.

Sú tilhögun sem í greininni felst gefur sveitarfélögunum enn fremur möguleika á hagræðingu í rekstri og að starfsmenn eigi kost á fjölbreyttari verkefnum.

Þjónusta sú sem ákvæðið tekur til skal veitt óháð búsetuformi. Það þýðir að heimaþjónusta og liðveisla er veitt jöfnum höndum þeim sem búa sjálfstætt og þeim sem búa á sambýlum eða með öðrum þeim hætti sem ekki fellur undir sjálfstæða búsetu. Vísast jafnframt til athugasemda við 28. gr. frumvarpsins um þetta atriði.

Um 30. gr.

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 41 /1983, var það hlutverk ríkisins að veita fötluðum ókeypis ferðaþjónustu vegna nauðsynlegrar þjónustu. Sveitarfélög önnuðust aðra ferðaþjónustu fatlaðra. Með lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, var öll ferðaþjónusta fatlaðra felld undir verksvið sveitarfélaga.

Í 35. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, er kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að veita fötluðum félagsþjónustu og er henni skipt í tvo flokka, annars vegar ferðaþjónustu vegna atvinnu, náms og tómstunda og hins vegar vegna nauðsynlegrar þjónustu sem fatlaðir þurfa á að halda. Þessi aðgreining kom til af því að skylda sveitarfélaga til að veita ferðaþjónustu vegna nauðsynlegrar þjónustu er afdráttarlausari samkvæmt lögunum en þegar um er að ræða ferðaþjónustu út af atvinnu og félagslífi. Auk þess er einungis heimilt eftir gildandi lögum að taka gjald fyrir ferðir vegna atvinnu og félagslífs, en ferðakostnaður vegna nauðsynlegrar þjónustu skal vera fötluðum að kostnaðarlausu.

Tvenns konar nýmæli eru hér lögð til:

Í fyrsta lagi að þjónustan takmarkist ekki við fatlaða heldur taki til allra sem á þurfi að halda. Þessi rýmkun leiðir af því að lög um félagsþjónustu sveitarfélaga leysa af hólmi sérlög um málefni fatlaðra og félagsþjónusta nær til allra manna án tillits til þess hver orsök er fyrir þörf á þjónustu.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að horfið verði frá því að flokka ferðaþjónustu í tvo flokka. Skylda sveitarfélags til að veita ferðaþjónustu verði jafnafdráttarlaus hvort sem nauðsyn á þjónustunni á rætur að rekja til ferða vegna þjónustu annars vegar eða atvinnu og menningarlífs hins vegar.

Skylda sveitarfélaga til að veita ferðaþjónustu gildir bæði í sveitarfélögum þar sem reknar eru almenningssamgöngur og þeim sem ekki hafa slíkar samgöngur upp á að bjóða. Í sveitarfélögum með almenningssamgöngur er gert ráð fyrir að ferðaþjónustan sé innan sveitarfélags eða í næsta nágrenni og að vegalengdir séu svipaðar þeim sem almenningssamgöngur bjóða upp á.

Þar sem engar almenningssamgöngur eru, eins og títt er í dreifbýli, er sveitarstjórnum heimilt að setja vissar takmarkanir í reglum sínum, enda er ekki ætlunin að ferðir séu óhóflega langar eða leiðin sé landfræðilega erfið. Ræður þar hver venja er á svæðinu í þeim efnum og tillitið til einstaklinganna hverju sinni.

Um 31. gr.

Eins og nefnt er í athugasemd við 2. gr. frumvarpsins er skammtímadvöl sú sem greinin fjallar um eðli máls samkvæmt sértæk þjónusta sem takmarkast við ákveðna hópa, þ.e. fatlaða og langveika. Þjónusta skammtímavistunar og stuðningsfjölskyldu er í þessum tilvikum forsenda þess að sá fatlaði eða langveiki geti búið í heimahúsum. Þegar um er að ræða slíka þjónustu verður að víkja frá þeirri meginreglu frumvarpsins að þjónusta sé almenns eðlis og miðist við þarfir einstaklinga en ekki við ákveðna hópa.

Einkennandi fyrir skammtímavistun og stuðningsfjölskyldur samkvæmt ákvæði þessu er að sú þjónusta er veitt æ ofan í æ. Þörfin fyrir þjónustuna er þess eðlis. Dæmi um núverandi framkvæmd þjónustunnar samkvæmt lögum um málefni fatlaðra er að fatlað barn dveljist hjá stuðningsfjölskyldu þrjá til fimm daga í mánuði árið um kring og auk þess í skammtímadvöl viku eða hálfan mánuð í senn nokkrum sinnum á ári.

Lagt er til að nýtt hugtak, skammtímadvöl, nái yfir þrenns konar þjónustu sem nú er veitt eftir lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, þ.e. stuðningsfjölskyldur, skammtímavistun sem veitt er á vegum svæðisskrifstofa og sumardvöl eða aðra tímabundna vistun í skólaleyfum barna sem er á vegum sveitarfélagsins.

Í greininni er lagt til að þjónustan nái ekki einungis til fatlaðra, heldur einnig til langveikra. Með langveikum er fyrst og fremst átt við langveik börn, enda talið brýnt að langveik börn og fjölskyldur þeirra eigi rétt á sams konar félagslegum stuðningi og fötluð börn. Aðstæður langveikra og fatlaðra og fjölskyldna þeirra eru eðli máls samkvæmt líkar hvað snertir þörf á þjónustu sem veitir aðstandendum hvíld og fötluðum eða langveikum tilbreytingu. Enda þótt með langveikum sé fyrst og fremst átt við börn þykir ekki rétt að setja aldursmörk í því sambandi. Þó skal tekið fram að ákvæðið nær ekki til aldraðra. Um þá fer eftir lögum um málefni aldraðra.

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra er skammtímavistun rekin sem stofnanaþjónusta. Hér er lagt til að ekki verði við það bundið að þjónustan sé á stofnun heldur geti sveitarfélag rekið hana með öðrum hætti.

Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir því að þjónusta skammtímavistunar og stuðningsfjölskyldna breytist frá því sem nú er samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, sbr. reglugerð um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra, nr. 155/1995. Óbreytt verði þannig að þjónustan standi til boða skamman tíma í senn. Samkvæmt framangreindri reglugerð skal samfelld dvöl hjá stuðningsfjölskyldu vera að hámarki fimm sólarhringar í mánuði. Hámarkstími í skammtímavistun er ekki sérstaklega tilgreindur í reglugerð nr. 155/1995, en getur nú numið nokkrum vikum í senn. Þjónusta í skammtímavistun og hjá stuðningsfjölskyldu getur í undantekningartilvikum verið hluta úr sólarhring ef það hæfir betur þörfum viðkomandi einstaklings og fjölskyldu hans.

Þjónusta stuðningsfjölskyldna og skammtímavistunar getur jafnt náð til barna og fullorðinna.

Í niðurlagi greinarinnar er lögð á það áhersla að sveitarfélög komi til móts við það tómarúm sem getur skapast í skólaleyfum fatlaðra eða veikra barna með almennri sumardvöl eða á annan hátt. Þar getur bæði verið um sólarhringsþjónustu og dagþjónustu að ræða. Kunnugt er að mörg sveitarfélög mæta þessari þörf nú án þess að lögbundið sé.

Um 32. gr.

Þörf á stuðningsfjölskyldu samkvæmt ákvæði þessu er af öðrum toga en skv. 31. gr. Hér er því um aðra tegund stuðningsfjölskyldu að ræða, þótt heitið stuðningsfjölskylda nái yfir hvort tveggja.

Innan félagsþjónustu sveitarfélaga hefur fjölskyldum á undanförnum árum verið gefinn kostur á þjónustu stuðningsfjölskyldu þegar fjölskylda barns getur ekki um tiltekið skeið annast það sjálf af óviðráðanlegum ástæðum. Má sem dæmi nefna einstætt foreldri sem dvelst á sjúkrahúsi og ættingjum eða öðrum er ekki til að dreifa til að hlaupa undir bagga. Slík mál teljast ekki til barnaverndarmála þar sem aðbúnaði barns telst ekki áfátt heldur valda einungis óviðráðanleg atvik því að barn getur ekki um hríð notið umsjár fjölskyldu sinnar. Þjónusta stuðningsfjölskyldu samkvæmt ákvæði þessu er því ekki veitt æ ofan í æ, eins og gildir um stuðningsfjölskyldur skv. 31. gr., heldur einungis um tiltekið skeið af sérstökum ástæðum innan fjölskyldunnar.

Lagt er til að þjónusta stuðningsfjölskyldu í framangreindum skilningi verði lögfest, enda hefur reynslan innan félagsþjónustunnar sýnt fram á þörf fyrir hana.

Um 33. gr.

Í tveimur gildistökuákvæðum frumvarpsins, 58. og 59. gr., kemur fram að gert er ráð fyrir að við gildistöku laganna falli atvinnumál fatlaðra undir lög um vinnumarkaðsaðgerðir. Með atvinnumálum er átt við þá vinnu sem unnin er gegn launum samkvæmt kjarasamningum. Annars vegar er átt við verndaða vinnu, þ.e. vinnu á vernduðum vinnustöðum, innan dagvistar félagsþjónustu eða í verndaðri vinnuaðstöðu á almennum vinnumarkaði. Í öllum tilfellum er gerð krafa um vinnuframlag gegn launum samkvæmt kjarsamningi. Hins vegar er átt við liðveislu við fatlaða á almennum vinnumarkaði þar sem fatlaðir vinna gegn samningsbundnum launum.

Eftir stendur, í umsjá félagsþjónustu sveitarfélaga, iðja og þjálfun á vegum dagvistar.

Dagvistarþjónusta í skilningi ákvæðis þessa nær til þeirra sem eru ófærir um að stunda atvinnu hvort sem er á almennum vinnustöðum, með eða án stuðnings, eða á vernduðum vinnustöðum.

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra er dagvistarþjónusta bundin við stofnanir, sbr. 9. gr. þeirra laga. Hér er lagt til að horfið verði frá því að stofnanabinda þessa þjónustu. Sveitarfélög geti því haft fyrirkomulag þjónustunnar eftir því sem hentar á hverjum stað. Áhersla er hins vegar lögð á að þjónustan sé skipulögð, að þar fari fram raunveruleg þjálfun og iðja. Sú þjálfun getur einnig átt sér stað á almennum vinnumarkaði. Er þá gert ráð fyrir að dagvist félagsþjónustu geri samning við vinnustað um að fatlaður einstaklingur sé þar í þjálfun í verndaðri vinnuaðstöðu. Aðstoð við þjálfunina væri þá veitt á vegum dagvistar félagsþjónustu.

Dagvistarþjónustan er fyrst og fremst ætluð fötluðum, en einnig geta aðrir sem ekki geta stundað atvinnu nýtt sér þá þjónustu.

Aldraðir eiga aðgang að þjónustu í dagvist samkvæmt lögum um málefni aldraðra og því er ekki gert ráð fyrir þeim hér.

Um 34. gr.

Enn sem fyrr er nauðsynlegt að tiltæk séu sérstök heimili fyrir börn sem vegna alvarlegrar fötlunar geta ekki búið í heimahúsum. Stofnun og rekstur slíkra heimila kemur því einungis til álita að fullreynt sé að sú þjónusta sem veitt er nægir ekki til að barn geti búið hjá fjölskyldu sinni. Hér er því um algjör undantekningartilvik að ræða.

Þar sem hér er um fáar og sérhæfðar stofnanir að ræða er verkefnið dæmigert samstarfsverkefni sveitarfélaga, sbr. 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins, eigi sveitarfélög að geta rækt skyldur sínar á þessu sviði.

Þar sem vandasöm ákvörðun býr því að baki að vista barn á stofnun er mikilvægt að ákvörðunin sé faglega ígrunduð. Er því talið rétt að um það efni verði leitað til færustu sérfræðinga á sviði fötlunar, þ.e. Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, sbr. e-lið 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. frumvarps til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem flutt er samhliða frumvarpi þessu.

Gert er ráð fyrir að um starfsemi slíkra heimila verði kveðið á í reglugerð. Um heimili þessi gildir nú 9. gr. reglugerðar nr. 555/1994, um búsetu fatlaðra. Þar er lögð áhersla á samstarf og tengsl milli stofnunarinnar og forráðamanna barna. Er sú áhersla óbreytt hér. Jafnframt þurfa heimili þessi að vera í góðum tengslum við heilbrigðisstofnanir.

Um 35. gr.

Einn liður í að stuðla að því að markmið laga þessara náist er að veita aðstoð til virkrar þátttöku í samfélaginu. Þátttaka í tómstundastarfi þykir nú vera sjálfsagður hluti daglegs lífs og vel til þess fallin að koma í veg fyrir félagslega einangrun og einmanaleika. Fjölmörg sveitarfélög bjóða upp á margþætt tómstundastarf fyrir eldri borgara. Í því felst m.a. þátttaka í gönguhópum, dansi, leiklist, leikfimi og ferðalögum.

Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er kveðið á um að sveitarstjórn skuli tryggja öldruðum aðgang að félags- og tómstundastarfi. Nú nær þetta ákvæði til allra sem á þurfa að halda, svo sem fatlaðra, aldraðra eða annarra sem ekki eiga kost á tómstundastarfi við þeirra hæfi.

Um 36. gr.

Á liðnum árum hafa verkefni og þjónusta sem ríkið ber ábyrgð á og kostar lögum samkvæmt verið færð til annarra aðila, sveitarfélaga, félagasamtaka og einkaaðila, sem eru taldir betur til þess fallnir að annast verkefnin eða veita þjónustuna. Um slíka tilfærslu á verkefnum og þjónustu hafa verið gerðir svokallaðir þjónustusamningar. Dæmi um slíkt eru samningar við sveitarfélög sem gerðir hafa verið á grundvelli laga um reynslusveitarfélög og samningar við sveitarfélög, félagasamtök og einkaaðila sem gerðir hafa verið með heimild í 13. og 14. gr. laga um málefni fatlaðra. Í þeim tilvikum sem samið hefur verið við sveitarfélög hefur verið samið um að þau annist alla þjónustu við fatlaða á sérstökum þjónustusvæðum. Samningar við sjálfseignarstofnanir og einkaaðila hafa á hinn bóginn tekið til einstakra þjónustuþátta, svo sem reksturs sambýla eða verndaðra vinnustaða.

Að breyttu breytanda gerir greinin ráð fyrir að félagsmálanefnd, með samþykki sveitarstjórnar, geti gert samninga við félagasamtök og aðra einkaaðila um ákveðna þætti þeirrar þjónustu sem lög þessi taka til, enda séu þeir aðilar að mati félagsmálanefnda til þess hæfir að veita þjónustuna með sem minnstum kostnaði en jafnframt með sem mestum gæðum.

Í 2. málsl. 1. mgr. er sérstaklega tekið fram að samningur félagsmálanefndar við félagasamtök eða einkaaðila breyti í engu réttarstöðu þeirra sem þjónustan beinist að. Réttarstaða notenda þjónustu á að vera hin sama hvort sem þjónustan er veitt af sveitarfélaginu eða félagasamtökum og einkaaðila.

2. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Um 37. gr.

Í greininni er kveðið á um nokkur skilyrði sem þjónustusamningar þurfa að uppfylla.

Við samningsgerð sveitarfélags annars vegar og félagasamtaka eða einkaaðila hins vegar skal í fyrsta lagi afmarka þá þjónustu sem samningurinn nær til. Kveða skal á um hve mikla þjónustu sveitarfélag ætlar að kaupa, hver ákveði hverjum hún skuli veitt og í hvaða mæli.

Í því sambandi skal m.a. kanna þarfir notenda þjónustunnar. Um gæði þjónustunnar skal gera ákveðnar kröfur, m.a. séð frá sjónarhóli notenda. Þar sem mælikvarðar á gæði þjónustu kunna að vera ófullkomnir þarf að setja ákveðin viðmið (lágmarkskröfur). Slíkar kröfur beinast eftir atvikum að umgjörð þjónustunnar og framkvæmd hennar, aðstöðu, menntun og fjölda starfsmanna svo dæmi sé tekið.

Í öðru lagi þarf að kveða á um greiðslur fyrir þjónustu og aðstöðu, bæði greiðslur sveitarfélags og notenda ef um slíkt er að ræða.

Í þriðja lagi þarf að kveða á um í samningi hver annast eftirlit með framkvæmd hans af hálfu sveitarfélags og aðgang þess aðila að upplýsingum er varða framkvæmdina. Þá þarf að kveða á um meðferð ágreinings og úrræði vegna vanefnda á samningsbundnum skyldum.

Um gerð þjónustusamninga og þær kröfur sem gerðar eru til slíkra samninga má hafa hliðsjón af reglugerð nr. 262/1999, um undirbúning, gerð og eftirlit með samningum sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs.

Um 38. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 39. gr.

Frá því lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, tóku gildi vorið 1991 hafa stjórnsýslulög, nr. 37/1993, tekið gildi. Ljóst er að málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga gilda um málsmeðferð félagsmálanefnda sveitarfélaga.

Málsmeðferðarreglur í lögum um félagsþjónustu innihalda því fyrst og fremst viðbótarreglur við stjórnsýslulög eða ítarlegri reglur en þau lög, þ.e. reglur sem taka sérstaklega mið af þeim sjónarmiðum sem að baki félagsþjónustunni búa.

Uppistaða XI. kafla frumvarpsins er óbreytt frá XVI. kafla um málsmeðferð í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Nokkrar breytingar er þar þó að finna en áherslur eru þær sömu og í gildandi lögum, enda enn í fullu gildi. Skýrast breytingarnar jafnóðum í athugasemdum við hlutaðeigandi greinar.

Um 40. gr.

Ákvæðið, sem fjallar um upphaf máls, er að efni til óbreytt frá 56. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 34/1997. Enn sem fyrr er gert ráð fyrir að mál geti borist félagsmálanefnd með tvennu móti, þ.e. að fyrir liggi umsókn frá einstaklingi eða fjölskyldu eða félagsmálanefnd fái á annan hátt vitneskju um nauðsyn þess að veita fólki aðstoð. Slíkar upplýsingar berast einkum frá öðrum opinberum aðilum, t.d. skólum og heilbrigðisþjónustu, en einnig frá vinnustöðum, einstaklingum o.fl. Í báðum tilfellum skal félagsmálanefnd beita sömu málsmeðferð, þ.e. taka mál til könnunar og athugunar eins fljótt og unnt er.

Í 2. mgr. er fjallað sérstaklega um það þegar mál hefst án umsóknar. Þegar þannig er háttað hvílir sú skylda á félagsmálanefnd að tilkynna aðila um það. Aðili á þá jafnframt rétt á að kynna sér gögn og koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Í því getur falist að einstaklingur neitar að þiggja aðstoð.

Um 41. gr.

Í 1. mgr. er fjallað almennt um leiðbeiningarskyldu félagsmálanefndar og starfsmanna hennar við meðferð máls. Er leiðbeiningarskyldan í samræmi við 7. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Skylda félagsmálanefndar og starfsmanna hennar gengur þó lengra að því leyti að

gerðar eru kröfur til að jöfnum höndum séu veittar leiðbeiningar um félagsþjónustu sem og um aðra löggjöf. Er sú áhersla í samræmi við þær mikilvægu grundvallarreglur við framkvæmd félagsþjónustu að standa vörð um rétt fólks til félagsþjónustu og auk þess að gæta þess að réttindi fólks séu virt samkvæmt öðrum lögum, sbr. a- og b-lið 10. gr. frumvarpsins.

Jafnframt er í 1. mgr. tekið fram að veitt skuli aðstoð túlka og táknmálstúlka. Það efni er nú hvorki lögfest sérstaklega í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga né lögum um málefni fatlaðra. Eftir því sem næst verður komist mun slík þjónusta á hinn bóginn nú vera veitt víða hjá félagsþjónustu sveitarfélaga, enda talin sjálfsögð í nútímasamfélagi. Rétt þykir að þessi nauðsynlega þjónusta hafi beina lagastoð.

Um táknmálstúlkun gilda lög nr. 129/1990, um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Sér sú stofnun um að mennta táknmálstúlka og útvega þá þjónustu. Þjónustan er hins vegar greidd af þeim aðilum sem hana veita, svo sem heilbrigðisstofnunum, skólum og félagsþjónustu sveitarfélaga.

Kynning á málskotsrétti er ein grein leiðbeiningarskyldu, sbr. 61. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 34/1997. Kynna þarf þann rétt í hverju einstöku máli.

Um 42. gr.

Ákvæðið sem fjallar um að öflun gagna og upplýsinga skuli unnin í samvinnu og með samþykki þess sem þjónustu skal njóta er að stofni til óbreytt frá 57. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 34/1997. Enn sem fyrr er lögð rík áhersla á samvinnu við einstakling, enda er slík samvinna einn af rauðum þráðum í frumvarpi þessu. Við öflun gagna í máli skal fyrst og fremst leitað til viðkomandi einstaklings. Teljist nauðsynlegt að félagsmálanefnd afli sjálf upplýsinga frá öðrum skal einstaklingur hafður með í ráðum og samþykkja það. Ef einstaklingur leggur ekki fram nauðsynleg gögn og hann samþykkir ekki að félagsmálanefnd afli þeirra er nefndinni heimilt að vísa máli frá.

Í frumvarpinu er lagt meira upp úr samþykki einstaklings en í gildandi lögum og því lagt til að kveðið sé fastar að orði um það efni.

Atbeini talsmanns kemur því einungis til greina að andleg hömlun manns sé slík að honum sé ókleift að skilja efni máls. Skal ávallt leitað fyrst til einstaklings áður en atbeini talsmanns kemur til greina. Um talsmann vísast að öðru leyti til athugasemda við d-lið 10. gr. frumvarpsins.

Um 43. gr.

Ákvæðið fjallar um ákvarðanatöku og tilkynningu hennar.

Sú áhersla sem hér er lögð á samvinnu við einstakling við ákvarðanatöku og meðferð máls er í samræmi við eina af grundvallarreglum þessa frumvarps, sbr. d-lið 10. gr., en þar er kveðið á um að þjónusta sé aðeins veitt að höfðu samráði og með samþykki viðkomandi einstaklings eða talsmanns hans.

Um þörf á talsmanni og atbeina hans vísast til athugasemda við 42. gr. frumvarpsins. Um það hver getur tekið að sér hlutverk talsmanns vísast til athugasemda við d-lið 10. gr. frumvarpsins.

Enn sem fyrr er lögð áhersla á að einstaklingi sé kynnt niðurstaða máls eins fljótt og unnt er. Lagt er til að ákvörðun sé ávallt tilkynnt skriflega og gildi það um allar ákvarðanir, óháð því hvort fallist sé á erindi umsækjanda eða ekki.

Sé ekki fallist á erindi umsækjanda skal niðurstaðan auk þess skýrð og rökstudd. Á það einnig við ef fallist er á erindið að hluta til.

Um 44. gr.

Ákvæðið fjallar um rétt aðila til að fá aðgang að skjölum og öðrum gögnum sem hafa að geyma upplýsingar um hann sjálfan með þeim takmörkunum sem fram koma í 2. mgr.

Ákvæðið er í samræmi við 9. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, sbr. 15.–17. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Um 45. gr.

Ákvæðið fjallar um varðveislu gagna, trúnað og þagnarskyldu fulltrúa félagsmálanefnda og starfsmanna félagsþjónustu og er að efni til óbreytt frá 60. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 34/1997.

Óbreytt er að óviðkomandi á ekki aðgang að gögnum eða upplýsingum um málefni einstaklinga. Ekki er mögulegt að tiltaka almennt hverjir eru málinu óviðkomandi, það fer eftir eðli máls hverju sinni. Við nauðsynlegt samstarf við aðra aðila skal gætt fulls trúnaðar, sbr. 46. gr.

Tekið skal fram að í trúnaðarskyldunni felst að gögn um persónulega hagi einstaklings við meðferð máls hjá félagsmálanefnd eða starfsmanni hennar verða ekki afhent sveitarstjórn eða einstökum fulltrúum hennar. Þetta getur átt við um fundargerðir hafi þær að geyma slíkar trúnaðarupplýsingar um einstakling. Félagsmálanefnd og starfsmönnum hennar er á hinn bóginn skylt að upplýsa sveitarstjórn þannig um mál að sveitarstjórn sé unnt að gera sér grein fyrir umfangi þess og áhrifum á fjárhag sveitarfélagsins.

Brýnt er að gögn séu geymd á tryggum stað og einungis þeir starfsmenn sem nauðsynlega þurfa hafi aðgang að þeim.

Með starfsmönnum félagsþjónustu er í ákvæði þessu átt við alla starfsmenn hennar, óháð því á hvaða vettvangi starf þeirra er, svo sem á skrifstofu félagsþjónustunnar, í heimaþjónustu og liðveislu og starfsmenn á sambýlum og heimilum fatlaðra.

Einstaklingur eða talsmaður hans getur veitt samþykki sitt fyrir því að tilteknar upplýsingar séu veittar, en áfram gildir trúnaður um mál hans að öðru leyti. Einungis kemur til greina að leita til talsmanns í þessu skyni ef andleg fötlun einstaklings er slík að hann er ekki fær um að skilja efni máls. Um talsmann vísast að öðru leyti til athugasemda við d-lið 10. gr. frumvarpsins.

Um 46. gr.

Ákvæðið, sem tekur til nauðsynlegrar samvinnu milli stjórnvalda við meðferð einstakra mála, er efnislega óbreytt frá 2. mgr. 62. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 34/1997. Áhersla er lögð á að í slíkri samvinnu sé gætt trúnaðar gagnvart einstaklingi.

Um XII. kafla.

Sérstök úrskurðarnefnd innan félagsþjónustunnar þykir hafa sannað gildi sitt en hún var eitt af nýmælum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Á árunum 1992–1998 hafa alls verið kveðnir upp 320 úrskurðir sem skiptast svo milli ára:

1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
10	13	43	68	73	54	56

Líklegt er að málum fjölgi hjá nefndinni eftir að málefni fatlaðra sameinast þeirri félagsþjónustu sem fyrir er. Frá og með 1. janúar 1995 er lög um húsaleigubætur, nr. 100/1994, tóku gildi hefur úrskurðarnefnd einnig skorið úr um ágreiningsmál samkvæmt þeim lögum.

Um 47. gr.

Ákvæðið um skipan úrskurðarnefndar er efnislega óbreytt frá 65. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 34/1997.

Þó er nýmæli að lagt er til að lögfest verði að nefndinni sé heimilt að leita til sérfróðra aðila við úrskurð einstakra mála.

Um 48. gr.

Efni ákvæðisins er óbreytt frá lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 34/1997. Með ákvörðun um þjónustu eða aðstoð er átt við stjórnvaldsákvörðun í skilningi stjórnsýslulaga. Hvernig þjónustan er framkvæmd flokkast ekki undir stjórnvaldsákvörðun og fellur því ekki undir verksvið úrskurðarnefndar. Sem dæmi má nefna hvernig heimaþjónusta og skammtímavistun er framkvæmd. Aftur á móti ber að gæta þess að þjónustustarfsemi innan félagsþjónustu hefst ávallt með ákvörðun félagsmálanefndar og sú ákvörðun er kæranleg til úrskurðarnefndar.

Um 49. gr.

Lagt er til að rýmka verksvið úrskurðarnefndar frá því sem nú er, sbr. 64. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum. Er hér höfð hliðsjón af áliti umboðsmanns Alþingis (mál 903/1993), framkvæmd úrskurðarnefndar sem stefnt hefur í átt til rýmkunar, verksvið annarra kærunefnda innan stjórnsýslunnar, svo og löggjöf annars staðar á Norðurlöndum.

Þegar frumvarp til núgildandi laga um félagsþjónustu sveitarfélaga var í undirbúningi á sínum tíma og lögð voru fram þau nýmæli að koma á fót sérstakri úrskurðarnefnd félagsþjónustu þótti rétt að fara varlega af stað í þessum efnum. Því var lagt til að verkefni úrskurðarnefndar væru afmörkuð við eftirfarandi efnisflokka:

1. Málsmeðferð, sbr. XVI. kafla laganna.
2. Rétt til aðstoðar, sbr. IV. kafla laganna.
3. Hvort samþykkt þjónusta og upphæð fjárhagsaðstoðar er í samræmi við reglur sveitarstjórnar.
4. Greiðslu fjárhagsaðstoðar aftur í tímann, sbr. 3. mgr. 21. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 34/1997.

Enda þótt ljóst sé að verksvið úrskurðarnefndar félagsþjónustu taki nú til mikilvægra grundvallaratriða, þ.e. réttar til aðstoðar og málsmeðferðar, þykir nú óþarft að tilgreina og þar með takmarka verkefni úrskurðarnefndar sérstaklega. Talið er mikilvægt, sem aðhald að stjórnsýslunni og til að auka réttaröryggi fólks, að verksvið slíkrar úrskurðarnefndar sé ekki takmarkað.

Um leið og lagt er til að ekki verði tilgreint sérstaklega hvaða verkefni falli undir slíka úrskurðarnefnd þýðir það að nefndin úrskurðar um lögmæti allra ákvarðana, þ.e. að við ákvörðun á þjónustu og aðstoð hafi verið farið eftir lögum, reglugerðum og reglum sveitarfélaga, þar sem þeim er til að dreifa, og að staðið hafi verið rétt að ákvörðun, þ.e. með lögmætum og málefnalegum hætti.

Þau efnisatriði greinarinnar um að úrskurðarnefnd geti vísað málum frá, ógilt ákvörðun eða vísað máli heim þarfnast ekki skýringa, enda óbreytt frá því sem nú er.

Um 50. gr.

Hugmyndin um rannsóknar- og þróunarsjóð félagsþjónustu er ný af nálinni innan félagsþjónustu sveitarfélaga. Er þar þróunarsjóður grunnskóla hafður sem fyrirmynd, sbr. 52. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995.

Gert er ráð fyrir að sveitarfélög, hagsmuna- og félagasamtök, svo og einkaaðilar, geti sótt um styrki úr sjóðnum. Sem dæmi um verkefni má í fyrsta lagi nefna þróunarverkefni um ýmsar leiðir til að auka sjálfstæði þroskaheftra, með tækni, nýjum búsetuúrræðum og á sviði atvinnumála, í öðru lagi verkefni er lúta að atvinnulausu fólki, í þriðja lagi um kjör einstæðra foreldra o.fl.

Um 51. gr.

Ekki er gert ráð fyrir breytingu á því að íslensk yfirvöld greiði kostnað vegna íslenskra ríkisborgara sem staddir eru erlendis og þarfnast bráðrar aðstoðar.

Samkvæmt núgildandi lögum er þessi kostnaður greiddur af ríkissjóði, án tillits til þess hvort íslenskur ríkisborgari sem þarfnast aðstoðar erlendis eigi lögheimili hér á landi eða ekki.

Hér er lagt til það nýmæli að nú komi til kasta sveitarfélags á þessu sviði og það greiði kostnað fyrir þá einstaklinga sem þar eiga skráð lögheimili. Þykir rétt, og í samræmi við lög þessi að öðru leyti, að sveitarfélög beri ábyrgð á félagsþjónustu gagnvart öllu því fólki sem þar á lögheimili.

Ríkissjóður greiði hins vegar kostnaðinn fyrir þá sem ekki eiga lögheimili á Íslandi.

Tekið skal fram að í Norðurlandasamningi um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu, sem hefur verið staðfestur fyrir Íslands hönd og hefur lagagildi á Íslandi, sbr. lög nr. 66/1996, eru sérákvæði um rétt norrænna ríkisborgara sem dveljast tímabundið í öðru norrænu landi til félagslegrar aðstoðar frá dvalarlandi.

Um 52. gr.

Ekki er gert ráð fyrir grundvallarbreytingu varðandi þá málaflokka sem sveitarstjórnum er ætlað að setja reglur um.

Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga skal sveitarstjórn setja reglur annars vegar um skipulag félagsþjónustunnar, þ.e. félagsmálanefnd og undirnefnd félagsmálanefndar, og hins vegar um tvær tegundir þjónustu, þ.e. fjárhagsaðstoð og heimaþjónustu.

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra skulu sveitarstjórnir setja reglur um þær tvær þjónustugreinar sem eru á vegum sveitarfélaga samkvæmt þeim lögum, þ.e. um almenna liðveislu, sem ætluð er til að rjúfa félagslega einangrun, og ferðaþjónustu vegna atvinnu, náms og tómstunda.

Þar sem liðveisla annars vegar og ferðaþjónusta hins vegar verður ekki lengur tvískipt þjónusta, eins og nú er, leiðir af sjálfu sér að reglur sveitarfélaga um þá þjónustu munu taka til þessarar þjónustu í heild sinni, en ekki hluta hennar eins og nú er. Nánar um þau atriði vísast til athugasemda við 29. og 30. gr. frumvarpsins.

Um 53. gr.

Gjaldtaka fyrir félagsþjónustu felur í raun í sér undantekningu frá meginreglunni um skyldur sveitarfélaga til að veita slíka þjónustu endurgjaldslaust og ber að líta á hana sem slíka. Þó hefur þótt eðlilegt að taka gjald fyrir vissa tegund þjónustu. Er þar fyrst nefnd heimaþjónusta, en einnig ferðaþjónusta, þjónusta gæsluvalla og tómstundastarf. Fyrir þessa þjónustu hafa sveitarfélög sett gjaldskrá um afar hóflegt gjald.

Gjaldtöku félagsþjónustu er engan veginn ætlað að standa undir kostnaði, miklu fremur að vera liður í þeirri ábyrgð sem einstaklingur ber á sjálfum sér og ekki er ætlunin að skerða með félagsþjónustu, sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Sem dæmi um heildargjaldtöku annars vegar og rekstrarkostnað hins vegar má nefna að fyrir félagslega heimaþjónustu, yngri en 67 ára, hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkur árið 1998 voru rekstrarútgöld 102.047 þús. kr., þar af 4.398 þús. kr. í tekjur. Sýnir þetta glöggt hve gjald einstaklinga er smávægilegur hluti af rekstrarkostnaði.

Vegna þess hve tilvikin eru fjölbreytileg er ekki mögulegt að tiltaka nákvæma viðmiðun. Þannig eru bæði þjónustugreinarnar sem ákvæðið tekur til ólíkar innbyrðis og mikill fjölbreytileiki innan hverrar þjónustugreinar. Nokkur dæmi skulu tilgreind:

Gjald fyrir félagslega heimaþjónustu er tekjutengt. Það þýðir að sveigjanleikinn er frá því að einstaklingur greiði ekkert gjald fyrir þjónustuna og allt að því að hann greiði launagreiðslu viðkomandi starfsmanns. Þá er rekstur við sjálfa þjónustuna ekki meðtalinn. Eins og tölur frá Reykjavík hér að framan sýna er algengt að fólk greiði ekki fyrir þjónustuna. Í reglum Reykjavíkurborgar um heimaþjónustu er enda heimilt að lækka gjaldið eða fella það alveg niður. Enn fremur þekkist að sveitarfélög setji enga gjaldskrá fyrir heimaþjónustuna.

Af allt öðrum meiði er tómstundastarf, t.d. danskennsla. Þar getur gjaldtaka náð til þess að þátttakendur greiði námskeiðskostnaðinn en ekki annan rekstur tómstundastarfs.

Um einstakar gjaldtökuheimildir skal að öðru leyti eftirfarandi tekið fram:

1. Gæsluvellir. Lagt er til að gjaldtaka fái beina lagastoð. Gæsluvellir eru reknir í fjölmörgum sveitarfélögum og gjaldtaka er víðast hvar. Sem dæmi má nefna að gæsla í hvert sinn er nú 100 kr. í Reykjavík, á Akureyri og í Kópavogi. Boðið er upp á kort á lægra verði.
2. Heimaþjónusta og liðveisla. Gjaldtökuheimild afmarkast við launaþátt vegna hússtarfa, þ.e. þrif, þvott o.s. frv. Það þýðir að gjaldtökuheimildin nær ekki til þeirra starfa sem fela í sér persónubundinn stuðning, þ.e. liðveislu. Engin gjaldtökuheimild er í núgildandi lögum fyrir liðveislu fatlaðra og helst það því óbreytt.
3. Ferðaþjónusta. Lögð er áhersla á að gjaldtakan tekur mið af fargjöldum í almenningssamgöngum. Í þeim sveitarfélögum sem reka engar almenningssamgöngur skal miða við sambærilegan kostnað. Er þar gert ráð fyrir að viðkomandi sveitarfélag líti til þess nágrannasveitarfélags þar sem almenningssamgöngur eru fyrir hendi.
4. Skammtímavistun. Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra er heimilt að taka gjald fyrir skammtímavistun, sbr. 22. og 50. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Gjaldtökuheimild hefur ekki verið beitt. Rétt þykir að gjaldtökuheimild sé áfram í lögum, en að hún verði afmörkuð sérstaklega. Lagt er til að gjaldtökuheimildin nái til hluta annars rekstrarkostnaðar en launa.
5. Stuðningsfjölskyldur. Heimild til gjaldtöku er nú í 50. gr. laga um málefni fatlaðra, sbr. 21. gr. sömu laga. Gjaldtökuheimild hefur ekki verið beitt. Rétt þykir að gjaldtökuheimild sé áfram í lögum en að hún verði afmörkuð sérstaklega. Lagt er til að gjaldtökuheimildin nái til hluta annars rekstrarkostnaðar en launa.
6. Tómstundastarf. Rétt þykir að gjaldtaka fái beina lagastoð. Sem dæmi um gjaldtöku fyrir tómstundastarf má nefna að í Reykjavík kostar hvert námskeið 400 kr. á mánuði, en 100 kr. ef greitt er fyrir sérstök námskeið. Í Kópavogi er ekki greitt fyrir félagsstarf nema þegar sérstakir leiðbeinendur eru og eru þá greiddar 1.700 kr. fyrir fimm skipti í 2 $^{1}/_{2}$ klst. í senn.
7. Nýmæli er að heimila gjaldtöku fyrir veitingu rekstrarleyfa og gerð þjónustusamninga.

Í gjaldtökuheimild samkvæmt ákvæði þessu felst hér sem endranær að gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður sem hlýst af því að veita umrædda þjónustu. Þar sem gjaldtöku-

heimild samkvæmt framansögðu hefur verið beitt hjá sveitarfélögum hefur það einungis verið fyrir litlum hluta kostnaðar.

Jafnframt er í greininni lagt til að lögfest verði að heimilt sé að taka leigu af einstaklingum fyrir afnot af húsnæði sem er sérstaklega ætlað til að mæta sérþörfum á þjónustu. Hér er átt við íbúðir með sameiginlegri aðstöðu, sambýli og áfangastaði, sbr. 28. gr. frumvarpsins. Mál þessi hafa þróast þannig að nú er tekin leiga af öllum sem búa í slíku húsnæði, að því húsnæði undanskildu sem er í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Í ljósi réttarstöðu einstaklinga er ekki talið viðunandi að kjör fólks að þessu leyti miðist við eignarrétt á húsnæðinu. Jafnframt hafa þær breytingar átt sér stað að undanförnu að bilið milli íbúða og sambýla hefur verið að dragast saman þar sem einkarými í nýjum sambýlum hefur stækkað verulega og er jafnvel um að ræða litlar íbúðir í sumum tilvikum. Styður sú framvinda einnig þá niðurstöðu að íbúar sambýla og íbúða búi við sams konar réttarstöðu hvað leigu varðar. Á það skal lögð áhersla að fjárhæð húsaleigu taki mið af því húsnæði sem um er að ræða, þ.e. þeirri aðstöðu sem einstaklingarnir búa við. Er þar fyrst og fremst vísað til mismunarins milli eldri og yngri sambýla.

Um 54. gr.

Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, eru reglugerðarheimildir takmarkaðar og vísast í því efni til sjálfsstjórnar sveitarfélaga. Nauðsynlegt þótti þó að sett væri reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum, um skilyrði fyrir henni og um aðbúnað barna. Sérstaða þeirrar þjónustu sem veitt er á einkaheimilum fólks miðað við aðrar greinar félagsþjónustu er auðsæ. Um daggæslu barna í heimahúsum gildir nú reglugerð nr. 198/1992 þar sem kveðið er ítarlega á um skilyrði fyrir leyfisveitingum o.fl.

Lög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, hafa á hinn bóginn að geyma almenna reglugerðarheimild. Settar hafa verið sjö reglugerðir um þann málaflokk, annars vegar um stjórnsýslulega hlið málaflokksins og hins vegar um þjónustu. Þær eru:

Reglugerð um svæðisráð málefna fatlaðra, nr. 606/1998 (áður reglugerð nr. 59/1992).

Reglugerð um svæðisskrifstofur málefna fatlaðra, nr. 273/1993.

Reglugerð um stjórnarnefnd málefna fatlaðra og Framkvæmdasjóð fatlaðra, nr. 204/1994.

Reglugerð um styrki vegna námskostnaðar og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðra, nr. 550/1994.

Reglugerð um búsetu fatlaðra, nr. 555/1994.

Reglugerð um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra, nr. 155/1995.

Reglugerð um atvinnumál fatlaðra, nr. 376/1996.

Einnig hefur félagsmálaráðuneytið gefið út leiðbeiningarreglur fyrir svæðisskrifstofur um frekari liðveislu frá 1994.

Við samsteypu laga um málefni fatlaðra og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga eru rök um takmarkaðar reglugerðasetningar, sbr. núgildandi lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, í fullu gildi. Þrátt fyrir það er talið nauðsynlegt að settar séu reglugerðir um eftirfarandi málaflokka:

Það sjónarmið að nauðsynlegt sé að setja skilyrði fyrir því að veita einstaklingum þjónustu inni á heimili sínu er enn í fullu gildi. Því er áfram gert ráð fyrir reglugerð um dagvist barna í heimahúsum, svo og stuðningsfjölskyldur. Nú gilda um það efni áðurnefndar reglugerðir um daggæslu barna í heimahúsum, nr. 198/1992, og reglugerð um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra, nr. 155/1995.

Talið er rétt að reglugerðarheimild um gæsluvelli sé áfram í lögum, sbr. 34. gr. laga um félagsþjónustu, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 34/1997. Gjaldtökuheimild verði hins vegar hjá

sveitarstjórnum, sbr. 53. gr. frumvarpsins. Þau atriði sem talið er rétt að nefna í reglugerð eru t.d. fjöldi barna á gæsluvelli og fjölda barna á starfsmann, aldur barna, aðbúnaður, öryggisatriði leiktækja o.fl.

Nýmæli er að leggja til reglugerð um gæslu barna á vegum ýmissa aðila. Hér er t.d. átt við gæslu barna á heilsuræktarstöðvum. Nauðsynlegt er að slík barnagæsla sé háð starfsleyfi félagsmálanefndar og leyfið sé háð skilyrðum um aðbúnað og öryggisatriði, hæft starfsfólk o.fl.

Nú sem fyrr er talið rétt að kveðið sé í reglugerð á um starfsemi heimila sem ætlað er að svara sérþörfum, einkum með hliðsjón af þeim faglegu kröfum sem gera verður til slíkrar starfsemi. Hér er átt við sambýli, áfangastaði og heimili fyrir fötluð börn. Nú er kveðið á um heimili þessi í reglugerð um búsetu fatlaðra.

Rétt þykir að fyrir hendi sé reglugerðarheimild um dagvist þar sem fram fer iðja og þjálfun. Í reglugerðinni eigi heima þau faglegu skilyrði sem setja ætti slíkri starfsemi, hvort sem hún er veitt á sérstakri stofnun eða með öðrum skipulögðum hætti. Reglugerðarákvæði um dagvist þar sem fram fer iðja og þjálfun er nú að finna í IV. kafla reglugerðar um atvinnumál fatlaðra.

Að lokum er talið eðlilegt að heimilt sé að setja reglugerð um aðstoð sem dvalarsveitarfélagi er skylt að veita fólki sem ekki á lögheimili á Íslandi, sbr. 19. gr., enda endurgreiðir ríkið sveitarfélögum kostnað af aðstoð við þetta fólk.

Um 55. gr.

Nauðsynlegt er að sveitarfélög hafi rúman aðlögunartíma til að búa sig undir það viðamikla verkefni að taka við málefnum fatlaðra. Á aðlögunartímanum er einnig gert ráð fyrir að félagsmálaráðuneytið gangist fyrir því að kynna sveitarfélögum málefni fatlaðra.

Ráðgert er að lögin öðlist gildi 1. janúar 2002. Áður en lögin koma til framkvæmda þarf Alþingi að afgreiða breytingar á öðrum lögum:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

Kostnaðarnefnd vinnur nú að því að meta kostnað við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga og gera tillögur um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga, þ.e. hvernig nýjum útgjöldum sveitarfélaga á þessu sviði verði mætt. Einnig er að störfum nefnd sem vinnur að heildarendurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga. Stefnt er að því að nefndin skili tillögum sínum í júní næstkomandi og að tillögur kostnaðarnefndar verði þá liður í heildarendurskoðun tekjustofnalaga. Stefnt er að því að frumvarp þar að lútandi verði lagt fram á haustþingi.

Frumvarp varðandi starfsmannamál.

Ljóst er að vegna fyrirhugaðs flutnings málefna fatlaðra til ríkisins þarf að gera lagabreytingar þar sem fjöldi starfsmanna flyst frá ríki til sveitarfélaga. Verið er að yfirfara tvo kosti í málinu, annars vegar að gera breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eða setja um þetta sérstök lög.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 13/1997.

Um breytingar þær sem gera þarf á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir í tengslum við þetta frumvarp vísast til þess sem um það efni er rakið í almennum athugasemdum frumvarpsins. Ástæðan er sú að atvinnumál fatlaðra, sem nú er kveðið á um í lögum um málefni fatlaðra, teljast ekki til félagsþjónustu sveitarfélaga og flytjast því ekki til sveitarfélaga. Það kallar á breytingu á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 13/1997. Verður frumvarp um þetta efni lagt fram á vorþingi.

Frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Frá því yfirfærsla málefna fatlaðra til sveitarfélaga var ákveðin með lögum nr. 161/1996 lá ljóst fyrir að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins yrði áfram ríkisstofnun, en hún er nú rekin skv. 16. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Yfirfærsla málefna fatlaðra til sveitarfélaga, að Greiningarstöð undanskilinni, kallar því á sérstök lög um þá ríkisstofnun. Frumvarp um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er lagt fram með frumvarpi þessu.

Frumvarp til laga um réttindagæslu fatlaðra.

Einstaklingsbundin réttindagæsla fatlaðra er afmarkað málefni sem ekki á heima í almennum lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Til að lögbinda það verkefni er talið að ekki sé önnur leið fær en setja sérstök lög um það efni. Frumvarpið er lagt fram með frumvarpi þessu.

Um brottfall laga verði frumvarp þetta að lögum skal tekið fram:

Lög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Þar sem frumvarp þetta felur í sér samruna framangreindra tveggja laga leiðir af sjálfu að þau lög falla úr gildi verði frumvarp þetta að lögum.

Lög um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, nr. 12/1952, með síðari breytingum.

Brottfall laga um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila skýrist af því að tekjur Erfðafjársjóðs renna nú til Framkvæmdasjóðs fatlaðra, sbr. 39. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Við það að lög um málefni fatlaðra falla úr gildi, og þar með að Framkvæmdasjóður fatlaðra verður lagður niður, verði frumvarp þetta að lögum, og þar sem tekjum Erfðafjársjóðs hefur ekki verið markað annað afmarkað hlutverk á þeim tíma sem frumvarp þetta er samið liggur beint við að þau lög sem fjalla eingöngu um ráðstöfun þessa fjár, þ.e. lög um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkisins, falli úr gildi. Það þýðir að umrætt fé rennur til ríkissjóðs.

Um 56. gr.

Greinin tekur til þriggja stofnana sem reknar hafa verið samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, þótt starfsemin feli í sér þjónustu við börn á leikskóla- og grunnskólaaldri. Stofnanirnar eru Lyngás í Reykjavík, Ragnarssel í Reykjanesbæ og Búhamar í Vestmannaeyjum.

Á stofnunum þessum er fötluðum börnum á leikskóla- og grunnskólaaldri veitt þjónusta á daginn. Tvær þessara stofnana eru reknar af félagasamtökum, þ.e. Lyngás af Styrktarfélagi vangefinna og Ragnarssel af Þroskahjálp á Suðurnesjum, en Búhamar er rekið af reynslusveitarfélaginu Vestmannaeyjum.

Við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga er ljóst að rekstur stofnana þessara færist til viðkomandi sveitarfélaga og fer eftir lögum um leikskóla og grunnskóla.

Um atvinnumál fatlaðra.

Í XII. kafla laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, er kveðið á um atvinnumál fatlaðra. Hugtakið atvinnumál fatlaðra hefur í framkvæmd verið skilið rúmum skilningi þannig að það taki bæði til raunverulegrar atvinnu, þ.e. vinnu á vinnumarkaði og á vernduðum vinnustöðum, en einnig til iðju og þjálfunar á sérstökum dagvistarstofnunum eða á vernduðum vinnustöðum. Þessi rúmi skilningur kemur skýrt fram í reglugerð um atvinnumál fatlaðra, nr. 376/1996. Sérlög um málefni fatlaðra þar sem félagslegri hlið málefna fatlaðra var komið fyrir í einum lögum skýra þessi efnistök.

Við yfirfærslu málefna fatlaðra til félagsþjónustu sveitarfélaga er talið nauðsynlegt að gera hér breytingu á og gera skilsmun milli raunverulegra atvinnumála fatlaðra annars vegar og þess sem flokkast getur undir félagsþjónustu, þ.e. iðju og þjálfun, hins vegar. Talið er blasa við að atvinnumál í eiginlegum skilningi flokkist ekki undir félagsþjónustu heldur heyri til atvinnumála eins og atvinnumál annarra manna. Lagt er til að greinarmunur milli atvinnumála fatlaðra annars vegar og félagsþjónustu hins vegar markist af því hvort einstaklingum eru greidd laun samkvæmt gildandi kjarasamningum. Í tengslum við frumvarp þetta er því lagt fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir. Þar er lagt til að til Vinnumálastofnunar færist liðveisla við fatlaða á almennum vinnumarkaði og vernduð störf.

Á hinn bóginn telst þjálfun og iðja heyra til félagslegrar þjónustu og eigi því heima í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Sú þjónusta hentar ekki eingöngu fötluðum heldur einnig öðrum hópum og er það í samræmi við meginreglur þessa frumvarps að þjónusta er ekki takmörkuð við ákveðna hópa. Þjálfun og iðja fer nú m.a. fram á dagvistarstofnunum fatlaðra, en einnig á vernduðum vinnustöðum, sbr. nánar síðar. Í samræmi við það sem áður er fram komið er gert ráð fyrir því í frumvarpi þessu að þjálfun og iðja verði í dagvist á vegum sveitarfélaga sem ein grein félagsþjónustu, sbr. 33. gr. frumvarpsins. Sú þjónusta þarf ekki að vera bundin við stofnanir þótt svo sé nú.

Um 57. gr.

Starfsráðgjöf, atvinnuleit og vinnumiðlun fatlaðra er talið augljóst að falli að lögum um vinnumarkaðsaðgerðir án lagabreytinga á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 13/1997. Það þýðir að um leið og frumvarp þetta verður að lögum, og lög um málefni fatlaðra falla úr gildi, mun starfsráðgjöf, atvinnuleit og vinnumiðlun falla undir lög um vinnumarkaðsaðgerðir og færast til Vinnumálastofnunar. Í þessari grein frumvarpsins er kveðið á um þá tilfærslu sem þýðir að þjónusta á þessum vettvangi sem fatlaðir eiga nú rétt á samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, og reglugerð um atvinnumál fatlaðra, færist til Vinnumálastofnunar.

Um 58. gr.

Eins og rakið er í almennum athugasemdum um frumvarpið er lagt til að aðstoð við fatlaða á almennum vinnumarkaði verði á vegum Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana. Nánar um það efni vísast til frumvarps til laga um breytingu á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 13/1997, sem flutt verður í tengslum við frumvarp þetta.

Um 59. gr.

Talið er ljóst að störf á vernduðum vinnustöðum þar sem fram fer framleiðsla og þjálfun og gerð er krafa um vinnuframlag gegn launum falla ekki að óbreyttu undir lög um vinnumarkaðsaðgerðir.

Rök fyrir því að lögum um vinnumarkaðsaðgerðir verði breytt á þá lund að undir lögin falli störf á vernduðum vinnustöðum eru þau að hér er um þjónustu á sviði atvinnumála að ræða. Miðað við núverandi „lagaumhverfi“ verður ekki séð að vernduð störf falli að öðrum lögum. Ítrekað skal að átt er við störf á vernduðum vinnustöðum þar sem fram fer framleiðsla gegn launum. Ekki verður séð að slík þjónusta falli að félagsþjónustu sveitarfélaga. Með lögum um vinnumarkaðsaðgerðir var vinnumiðlun færð frá sveitarfélögum til ríkisins. Frá gildistöku þeirra laga eru atvinnumál á einni hendi, hjá Vinnumálastofnun. Yfirfærsla starfa á vernduðum vinnustöðum til stofnunarinnar, vegna brottfalls laga um málefni fatlaðra, er því framhald á lagaþróun á sviði atvinnumála sem átt hefur sér stað að undanförnu.

Auk nauðsynlegrar lagabreytingar á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir krefst yfirtaka Vinnumálastofnunar á störfum á vernduðum vinnustöðum talsverðs undirbúnings. Helstu ástæður þess eru eftirfarandi:

Nokkur skörun er á milli starfsemi verndaðra vinnustaða annars vegar og dagvistarstofnana fatlaðra hins vegar. Á nokkrum vernduðum vinnustöðum fer fram allt í senn, framleiðsla, starfshæfing og iðja, þ.e. bæði það sem flokka má sem félagsþjónustu og atvinnumál. Slíkir vinnustaðir þurfa talsvert fé til rekstursins og eru þannig nær því að flokkast undir dagvistarstofnanir en verndaða vinnustaði. Aðrir eru raunverulegir vinnustaðir. Enn aðrir eru sambland af þessu tvennu.

Verndaðir vinnustaðir samkvæmt lögum um málefni fatlaðra voru þessir í árslok 1998:

Reykjavík: Vinnustofa Blindrafélagsins, Verndaður vinnustaður ÖBÍ, Múlalundur og Vinnustofan Ás.

Reykjanes: Verndaði vinnustaðurinn Örvi.

Vesturland: Dagvist og verndaður vinnustaður Akranesi.

Norðurland eystra: Iðjulundur og Bjarg.

Austurland: Verndaður vinnustaður Egilsstöðum.

Suðurland: Verndaður vinnustaður á Selfossi og í Vestmannaeyjum.

Af framangreindum vinnustöðum eru vinnustofa Blindrafélagsins, verndaður vinnustaður ÖBÍ og Múlalundur staðir sem kalla má „eiginlega" verndaða vinnustaði. Á Múlalundi fer þó jafnframt fram starfshæfing. Í starfsemi Örva er jafnframt lögð meginhersla á starfshæfingu. Á öðrum vernduðum vinnustöðum, einkum þeim sem eru á landsbyggðinni, fer saman vernduð vinna, hæfing og iðja. Skýrist það fyrst og fremst af því að forsendur eru ekki til þess að reka í aðskildum rekstrareiningum annars vegar iðju og dagvistun og hins vegar verndaða vinnustaði.

Í samræmi við það sem hér hefur verið rakið er lagt til að störf á vernduðum vinnustöðum þar sem fram fer framleiðsla og þjálfun og gerð er krafa um verulegt vinnuframlag gegn launum verði á vegum Vinnumálastofnunar samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, að undangengnum breytingum á þeim lögum. Verði það fyrirkomulag lögfest er talið líklegt að þeir vinnustaðir verði ekki einskorðaðir við fatlaða heldur eigi aðrir sem á þurfa að halda aðgang að þeim, en það telst ótvíræður kostur.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Þegar yfirfærsla málefna fatlaðra til sveitarfélaga var ákveðin með lögum nr. 161/1996 var tekið fram í ákvæði til bráðabirgða að við yfirfærsluna skyldi hugað að réttindagæslu fatlaðra. Þessi sérstaka áhersla á réttindagæslu fatlaðra er tilkomin í lögin með breytingartillögu félagsmálanefndar Alþingis. Í athugasemdum frumvarps til áðurgreindra laga var lögð áhersla á að réttindi fatlaðra skyldu í engu fyrir borð borin við yfirfærsluna án þess að réttindagæsla fatlaðra væri þar nefnd sérstaklega umfram aðra þjónustu við fatlaða. Með breytingartillögu félagsmálanefndar var ljós sú sérstaka áhersla sem löggjafinn lagði á réttindagæslu fatlaðra við yfirfærsluna til sveitarfélaga. Var sú áhersla í samræmi við ályktun Landssamtakanna Þroskahjálpar frá 18. og 19. október 1996 þar sem lögð var áhersla á að réttindagæsla fatlaðra yrði efld. Við undirbúning þessa frumvarps lá því ljóst fyrir að taka ætti sérstaklega á þessu málefni.

Lagt er til að komið verði til móts við kröfu um réttindagæslu fatlaðra við yfirfærsluna frá ríki til sveitarfélaga með tvenns konar móti, annars vegar með tímabundnu eftirliti samstarfsnefndar málefna fatlaðra með því hvernig yfirfærslan tekst og hins vegar með sérlögum um

réttindagæslu fatlaðra þar sem kveðið verði á um einstaklingsbundna réttindagæslu fatlaðra. Er frumvarp um það efni flutt jafnhliða frumvarpi þessu.

Samstarfsnefnd málefna fatlaðra dregur nafn sitt af því að gert er ráð fyrir að í henni eigi sæti fulltrúar nokkurra aðila, þ.e. fulltrúar fjögurra ráðuneyta, félagsmála, heilbrigðismála, menntamála og umhverfismála, auk Sambands íslenskra sveitarfélaga og hagsmunasamtaka fatlaðra. Með fulltrúum þessara aðila er gert ráð fyrir að séð sé til þess að allir hlutaðeigandi aðilar komi hér nærri.

Grundvallaratriði í verkefni nefndarinnar er að vaka yfir hvernig til tekst með yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Ekki er lagt til að tilgreint verði í lögunum með hverjum hætti samstarfsnefndin vinni það verk, nefndinni er sjálfri ætlað svigrúm og vald til að útfæra það.

Eitt af mikilvægum verkefnum samstarfsnefndarinnar er að vinna að því bæði almennt og í einstökum málum að öll þjónusta við fatlaða sé samfelld og án eyðu. Hér er átt við þjónustu á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála, en tengsl þjónustu eins geirans við aðra eru auðsæ. Þannig verði unnið að því að eyður og gloppur í þjónustunni milli „kerfa“, sem nokkur brögð hafa verið að, verði úr sögunni. Sem dæmi má nefna að fötluðum börnum sé tryggð þjónusta í skólaleyfum, svo sem sumardvöl sveitarfélaga, að skólar séu þess umkomnir að veita fötluðum nauðsynlega þjónustu og að við sjúkrahúsdvöl fái fatlaðir þann sérstaka stuðning sem þeir geta þurft á að halda vegna fötlunar sinnar. Ábyrgð hvers aðila fyrir sig verði skýr og vel skilgreind. Hvert ráðuneyti ber ábyrgð á þjónustu innan þeirra málaflokka sem undir það heyra, en samstarfsnefndin vinni að þeirri nauðsynlegu samfellu í þjónustunni sem þarf að vera.

Mikilvægt er að samstarfsnefndin hafi starfsmanni á að skipa og því lagt til að það verði lögákveðið.

Allur kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Þær sjálfseignarstofnanir sem greinin gæti tekið til eru sjálfseignarstofnanir á vegum félagasamtaka, þ.e. Geðhjálpar, Blindrafélagsins, Styrktarfélags vangefinna og Þroskahjápar á Reykjanesi, svo og sjálfseignarstofnanirnar Sólheimar, Skaftholt og Skálatún.

Í greininni felst að áfram verður mögulegt að félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga semji við sjálfseignarstofnanirnar um framhald þjónustu sem þær hafa annast. Með þessu móti er gefinn tími til að aðlaga reksturinn nýjum lögum.

Lögð er áhersla á að gengið sé til samninga hið fyrsta þannig að tryggt verði að áðurgreint samkomulag hafi verið gert svo tímanlega að rekstur verði með eðlilegum hætti þegar lögin í heild sinni koma til framkvæmda.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Lagt er til að lög þessi verði endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku þeirra. Það þýðir að hafist verði handa við endurskoðunina innan fimm ára frá gildistökunni.

Fimm ára tímabilið er lagt til með hliðsjón af ákvæði til bráðabirgða I um samstarfsnefnd málefna fatlaðra. Þeirri nefnd eru ætluð fimm ár til síns verks. Að þeim tíma liðnum ættu að liggja fyrir upplýsingar um hvernig til hafi tekist um yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga.

Auk þess sem nauðsynlegt þykir að endurskoða lögin með hliðsjón af því hvernig yfirfærslan tekst er talin þörf á slíkri endurskoðun innan félagsþjónustunnar sem slíkrar. Mála-

flokkurinn er í sífelldri þróun og breytingar geta orðið örar. Er því nauðsynlegt að nýjungar fái lagastoð og úrelt atriði falli brott.

Fylgiskjal I.

Bókun Landssamtakanna Þroskahjálpar um frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitafélaga.

Landssamtökin Þroskahjálp áskilja sér rétt til að gera athugasemdir við drög að frumvarpi um félagsþjónustu sveitarfélaga þegar Alþingi sendir þau til umsagnar.

Samtökin hafa eindregið hvatt til þess allt frá 1993 að þjónusta við fatlaða verði færð til sveitarfélaga og samþætt annarri þjónustu, að þeim skilyrðum uppfylltum að fjármagn fylgdi með og réttindagæsla yrði efld. Landssamtökin minna á nauðsyn þess að verja fé til þróunarverkefna til að stuðla að fullri þátttöku og jafnrétti fatlaðra.

Landssamtökin leggja á það þunga áherslu að starfsmenn félagsþjónustu sveitarfélaga skipuleggi í samvinnu við aðra heildstæða dagþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni. Veitt verði þjónusta í skólafríum á vetrum og fatlaðir eigi kost á fjölþættu tómstundastarfi og atvinnu með stuðningi í sumarleyfum auk sumardvalar.

Það er stefna Landssamtakanna Þroskahjálpar að heimili fatlaðra séu sambærileg við heimili annarra og þjónusta á þeim eigi að vera einstaklingsbundin. Hverfi eða þorp fyrir fatlaða heyri sögunni til.

Gerður Steinþórsdóttir.

Fylgiskjal II.

Fyrirvari Helga Seljan við nefndarálit um frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Sem fulltrúi Öryrkjabandalags Íslands í laganefnd félagsmálaráðuneytis og með sérstöku tilliti til framkvæmdastjórnar og aðalstjórnar Öryrkjabandalagsins vill undirritaður taka fram eftirfarandi:

Frumvarp þetta er að mati undirritaðs vel unnið sem slíkt hvað varðar það efni sem nefndin átti að skila, þ.e. til nýrra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, og styður undirritaður það í heild sinni en hlýtur þó að hafa á nokkra fyrirvara. Framkvæmdastjórn Öryrkjabandalags Íslands, svo og aðildarfélög þess, vilja áskilja sér allan rétt til athugasemda og breytingartillagna á vinnslustigi frumvarps þessa á Alþingi, en framkvæmdastjórnin er í meginatriðum sátt við frumvarpsgerðina nú.

Fyrirvarar undirritaðs sem eru þá um leið fyrirvarar framkvæmdastjórnar Öryrkjabandalagsins felast í því eðli máls að í kjölfar lagasetningar á grundvelli frumvarpsins verður hin sértæka réttindalöggjöf um málefni fatlaðra felld brott. Sú löggjöf felur í sér ýmis þau atriði sem eðlilega komast ekki eins til skila eða ekki í löggjöf sem tekur til afmarkaðrar félagsþjónustu sveitarfélaga. Í sumum tilfellum þarf til að koma ákveðin breyting á öðrum lögum, svo sem bygginga- og skipulagslögum og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir. Varðandi réttindagæslu hefur niðurstaðan orðið sérlög svo skýrt dæmi sé tekið.

Rétt og skylt er að láta það koma fram að innan Öryrkjabandalags Íslands eru deildar meiningar um það meginmál hvort rétt sé að flytja málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga, m.a. í ljósi þess hve sveitarfélögin eru misvel undir það búin og svo hitt að viss atriði kunni að verða útundan eða nái ekki nógu vel inn í nýja löggjöf.

Einstakir fyrirvarar:

1. Þótt frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga sé nú fullbúið er enn allt í óvissu um fjármagnsþáttin, bæði rekstrarlega og eins varðandi stofnframkvæmdir þar sem Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur komið að fjármögnun. Erfitt er að meta mál heildstætt þegar undirstaðan sjálf er óljós.
2. Varðandi atvinnumál fatlaðra treystir Öryrkjabandalag Íslands því að fá til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir sem tryggir rétt fatlaðra samkvæmt þeim lögum.
3. Aðgengismál tilheyra að vissu leyti lagaákvæðum annarra laga, en engu síður hefði undirritaður viljað sjá það svart á hvítu í lagafrumvarpinu að félagsmálanefnd hefði ferlinefnd sem undirnefnd eða ráðgefandi nefnd til hliðar við sig. Ferlinefndir þarf alla vega að lögbinda með einhverjum hætti.
4. Undirritaður hefði viljað sjá í frumvarpstextanum skýr ákvæði um skyldustyrki vegna náms og tækjakaupa, þótt greinargerð taki nokkuð á því máli. Þýðing þessara styrkja er afar mikilvæg fyrir fatlaða einkum með tilliti til atvinnuþátttöku.
5. Með samstarfsnefnd sem fylgjast á með flutningnum og svo sérlögum um réttindagæslu, svo sem ráð er fyrir gjört verður aðkoma samtaka fatlaðra tryggð en því haldið til haga að ýmsir hópar fatlaðra telja ekki þörf á sérstakri réttindagæslu fatlaðra heldur eigi réttaröryggi þeirra að vera fulltryggt með almennri löggjöf í landinu.
6. Öryrkjabandalag Íslands mun að tillögu undirritaðs fara þess á leit við félagsmálaráðuneytið að um Hringsjá – starfsþjálfun fatlaðra verði sett sérlög sem tryggi áframhaldandi stöðu hennar á landsvísu.

Reykjavík, 20. október 1999.
Helgi Seljan.

Fylgiskjal III.

Fyrirvarar og athugasemdir fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga við undirritun frumvarps til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

I. Fyrirvari vegna kostnaðarauka.

Í fyrirliggjandi frumvarpi eru sameinuð í eitt lög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, og miðað við að þjónusta við fatlaða sem veitt er af svæðisskrifstofum flytjist á hendur sveitarfélaganna.

Fyrrnefndu lögin eru sérlög um nokkuð skýrt afmörkuð réttindi tiltekins hóps. Síðarnefndu lögin eru almenn rammalög, þar sem skyldur sveitarfélaga eru ekki tíundaðar nákvæmlega og svigrúm þeirra er allmikið.

Við samningu frumvarpsins hefur annars vegar verið haft að leiðarljósi að réttindi fatlaðra rýrni ekki frá því sem er í núgildandi lögum og hins vegar að forðast sérgreiningu notenda félagsþjónustunnar.

Þetta hefur óhjákvæmilega leitt til þess að ýmis réttindi sem fatlaðir áður nutu einir ná til

mun stærri hóps samkvæmt frumvarpinu og má taka 30. gr. um ferðaþjónustu sem dæmi þessa.

Þá hafa réttindi í sumum atriðum verið aukin frá því sem er í núgildandi lögum um málefni fatlaðra og má nefna 21. gr. frumvarpsins sem fjallar um húsnæði til að mæta sérþörfum til dæmis um þetta.

Enn hafa almenn réttindi samkvæmt núgildandi lögum um félagsþjónustu í sumu efni verið aukin í frumvarpinu og má nefna 20. gr. frumvarpsins um leiguíbúðir sem dæmi þessa.

Af þessu þrennu leiðir verulegan útgjaldaauka fyrir sveitarfélögin, umfram þann sem felst í yfirtöku þeirra á núverandi þjónustu við fatlaða.

Í fylgiskjali eru þær greinar frumvarpsins tilteknar sem fela í sér útgjaldaauka af þessu tagi.

Þá hefur komið fram, m.a. í nýlegri skýrslu nefndar sem fjallaði um biðlista eftir búsetu og annarri þjónustu hjá svæðisskrifstofum málefna fatlaðra frá desember 1998, að verulega vantar á til þess að núverandi fjárveitingar ríkisins til málaflokksins mæti viðurkenndum þjónustuþörfum fatlaðra.

Vegna þessa undirritar fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga frumvarpið með fyrirvara um að fullt samkomulag náist milli ríkisins og sveitarfélaganna um breytingu á tekjustofnum sveitarfélaga, sem mæti öllum kostnaðarauka sveitarfélaga er leiða mun af frumvarpinu, verði það að lögum.

II. Athugasemd vegna skerðingar á sjálfsákvörðunarrétti.

Í nokkrum greinum frumvarpsins er að nauðsynjalausu þrengt að sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga, umfram það sem þarf til að tryggja öllum landsbúum sambærilega félagsþjónustu sveitarfélaga. Í einstökum greinum eru gerðar afdráttarlausar kröfur til sveitarfélaga um þjónustu og/eða fjárfestingar, sem eðlilegt er að séu háðar mati sveitarstjórnar og aðstæðum hverju sinni.

Þessar greinar eru tilteknar í fylgiskjali en hér má sérstaklega benda á 9. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um menntunarkröfur starfsmanna, 20. og 21. gr. sem fjalla um skyldur sveitarfélaga er varða húsnæði, 49. gr.[1] þar sem úrskurðarnefnd félagsþjónustu er að tilefnislausu fengið vald til þess að breyta matsbundnum ákvörðunum félagsmálanefndar, svo og 50. gr.[1]

Varðandi síðasttalda atriðið er nauðsynlegt að minna á skuldbindingar íslenska ríkisins á grundvelli Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga, m.a. með tilliti til meginreglna varðandi sjálfsstjórn sveitarfélaga auk ákvæða um eftirlit með starfsemi sveitarfélaga. Fram kemur í 2. mgr. 8. gr. sáttmálans að allt eftirlit með starfsemi sveitarstjórna skuli að jafnaði aðeins beinast að því að farið sé að lögum og grundvallarreglum stjórnskipunar. Undirritaður telur að 49. gr.[1] frumvarpsins sem heimilar úrskurðarnefnd félagsþjónustu að breyta ákvörðunum félagsmálanefndar sé í verulegu ósamræmi við 8. gr. sáttmálans. Þá verður og að mótmæla því sem fram kemur í greinargerð með frumvarpsdrögunum að þetta sé í samræmi við reglur um kærunefnd húsnæðismála og úrskurðarnefnd skipulags- og byggingamála, en hvergi kemur fram í lögum að þessar nefndir hafi heimild til að breyta ákvörðunum sveitarstjórna.

Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur bent á þessi atriði og andmælt þeim við samningu frumvarpsins, en ekki hefur náðst sátt um breytingar í laganefndinni.

---

[1] Athugasemdir þessar taka mið af frumvarpsdrögum frá 22. október 1999.

III. Fyrirvari vegna óljósra ábyrgðarmarka.

Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur ítrekað bent á að umboð nefndarinnar sem samdi frumvarp þetta tók ekki með heildstæðum hætti til allra þáttanna í núverandi þjónustu ríkisins við fatlaða. Hluti þessarar þjónustu fer ekki eftir lögum um málefni fatlaðra og/eða er á hendi annarra ráðuneyta en félagsmálaráðuneytisins. Þetta mun leiða til þess að ef til yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga kemur í samræmi við fyrirliggjandi lagafrumvarp verður ekki um jafnheildstæða verkefnatilfærslu að ræða eins og æskilegt væri og ábyrgðarmörk ríkis og sveitarfélaga hvað fatlaða snertir verða ekki nægilega skýr í framtíðinni.

Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga undirritar frumvarpið í trausti þess að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga verði skýrð með óyggjandi hætti í þeim efnum sem frumvarpið tekur ekki til, svo að tryggt sé að verkefni ríkisins á þessu sviði fljóti ekki yfir til sveitarfélaganna í framtíðinni án þess að tekjustofnar fylgi.

IV. Athugasemd vegna tekjustofna.

Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga bendir á að það hversu til tekst um yfirfærslu á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga er í afar ríkum mæli undir þeirri aðferðafræði komið sem beitt verður við breytingu á tekjustofnum sveitarfélaganna. Það er í höndum annarra aðila að fjalla um breytingu á tekjustofnum sveitarfélaga og var ekki á verksviði nefndarinnar sem samdi frumvarp þetta. Þar að lútandi tillögur liggja ekki fyrir þegar frumvarpinu er skilað.

Fulltrúi Samband íslenskra sveitarfélaga telur að heppilegra hefði verið og skynsamlegra að gengið hefði verið út frá tilteknu líkani af yfirfærslu tekjustofna við samningu frumvarpsins.

Reykjavík 18. október 1999.

Jón Björnsson
fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í nefnd til endurskoðunar laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Fskj.

1. Einstakar greinar frumvarpsins, sem fela í sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin umfram þann sem felst í núgildandi lögum um félagsþjónustu og núverandi þjónustu svæðisskrifstofa við fatlaða. (Ekki skal fullyrt að listi þessi sé tæmandi.)

   4. gr., 4 mgr., þar sem sveitarfélögum er gert að gera félagsmálaráðuneyti árlega grein fyrir störfum félagsmálanefnda ... samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisins.

   9. gr. sem varðar kröfur til sveitarfélaga um menntun starfsmanna í félagsþjónustu.

   10. gr. sem kveður á um ýmsar grundvallarreglur sem sveitarfélögin skuli gæta við framkvæmd laganna.

   11. gr., e- og f-liður, sem kveður á skyldur sveitarfélaga til að veita öðrum rekstraraðilum í félagsþjónustu starfsleyfi og hafa með þeim eftirlit.

   19. gr. sem fellir brott endurgreiðslur ríkissjóðs til sveitarfélaga sem hafa veitt þeim félagslega og/eða fjárhagslega aðstoð er hafa átt lögheimili í landinu skemur en í 2 ár.

   20. gr. sem fortakslaust leggur sveitarfélögum á herðar þá skyldu að „tryggja framboð á nægu leiguhúsnæði" þeim til handa sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði vegna lágra tekna, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna.

21. gr. sem fortakslaust leggur sveitarfélögum á herðar þá skyldu að „tryggja að húsnæði sé fyrir hendi sem er sérstaklega ætlað til að mæta sérþörfum á þjónustu".

22. gr. sem útvíkkar mjög ráðgjafarhugtakið frá því sem er í gildandi lögum og gerir skyldu sveitarfélaga til þess að veita ráðgjöf mun víðtækari og viðameiri en verið hefur.

29. gr. þar sem frekari liðveisla sem til þessa hefur takmarkast við fatlaða er látin ná til mun stærri notendahóps.

30. gr. þar sem ferðaþjónusta sú sem til þessa hefur takmarkast við fatlaða er látin ná til mun stærri notendahóps.

40. gr. þar sem víðtækar skyldur er lagðar á sveitarfélög að veita þjónustu túlka og táknmálstúlka.[1]

51. gr. þar sem lögheimilissveitarfélagi er gert að greiða kostnað við aðstoð til íslenskra ríkisborgara erlendis í stað ríkissjóðs.

2. Einstakar greinar frumvarpsins sem álitnar eru leiða til nauðsynjalausrar skerðingar á sjálfsforræði sveitarfélaga. (Ekki skal fullyrt að listi þessi sé tæmandi.)

4. gr., 4 mgr., þar sem sveitarfélögum er gert að gera félagsmálaráðuneytinu árlega grein fyrir störfum félagsmálanefnda, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisins, og þar sem ráðuneytinu er fengið úrskurðarvald um framkvæmd félagsþjónustu, þegar til ágreinings kemur milli sveitarfélaga um hana.

7. gr. þar sem félagsmálaráðuneytinu er falið að leggja mat á hvort sveitarfélög hafi náð markmiðum félagsþjónustunnar, og sé metið að svo sé ekki er sveitarfélögum gert skylt að leggja áætlun fyrir ráðuneytið um hvernig úr verði bætt.

10. gr., g-liður, sem kveður á um skyldu félagsmálanefnda til þess að eiga samráð við félagasamtök og hagsmunasamtök notenda félagsþjónustunnar.

13. gr., 4. mgr., sem skyldar sveitarfélög fyrirvaralaust til þess að hlutast til um skipulagt tómstundastarf fyrir börn og unglinga, óháð aðstæðum og mati á þörf.

14. gr. sem skyldar sveitarfélög fyrirvaralaust til að sjá til þess að skipulagt forvarnastarf við áhættuhópa fari fram óháð aðstæðum og mati á þörf.

20. gr. sem leggur sveitarfélögum fyrirvaralaust á herðar þá skyldu að „tryggja framboð á nægu leiguhúsnæði handa þeim ... sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra tekna, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna" án tillits til aðstæðna. Hér skal til hliðsjónar bent á 3. gr. laganna og athugasemdir við hana í greinargerð.

21. gr. sem leggur sveitarfélögum fyrirvaralaust á herðar þá skyldu „að tryggja að húsnæði sé fyrir hendi sem sérstaklega er ætlað til að mæta sérþörfum á þjónustu" án tillits til aðstæðna.

42. gr., 3. mgr., þar sem gerðar eru kröfur umfram þær sem stjórnsýslulög gera almennt um tilkynningu um ákvarðanir félagsmálanefnda um þjónustu.[2]

48. gr. þar sem úrskurðarnefnd félagsþjónustu er ekki einasta fengið umboð til þess að vísa máli frá, ógilda ákvörðun félagsmálanefnda og vísa henni heim og staðfesta ákvörðun heldur einnig breyta henni efnislega.[3]

---

[1] Nú 41. gr.
[2] Nú 43. gr.
[3] Athugasemdir þessar taka mið af frumvarpsdrögum frá 22. október 1999.

49. gr. þar sem úrskurðarnefnd er enn fremur fengið sérstakt vald til þess að láta félagsmálanefndir framkvæma þær ákvarðanir sem úrskurðarnefnd hefur tekið fyrir þeirra hönd, í þeim tilvikum þegar þær eru óframkvæmanlegar.[3]

Fylgiskjal IV.

Sérálit fulltrúa Samtaka félagsmálastjóra á Íslandi um frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Undirrituð styður drög að frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga með eftirtöldum takmörkunum.

11. gr., h-liður. Ég tel að mat á umönnunarþörf við fötluð börn skuli vera hjá Tryggingastofnun ríkisins, því að ég tel eðlilegast að mat og framkvæmd sé í höndum þess stjórnvalds sem ber ábyrgð á þjónustunni.

20. gr. Undirrituð telur óraunhæft að sveitarfélög geti staðið undir því að *„tryggja framboð á nægu leiguhúsnæði“*. Miklar sveiflur geta átt sér stað á leigumarkaðnum með litlum fyrirvara. Það höfum við t.d. séð á undanförnum mánuðum. Þörf fyrir leiguhúsnæði getur því tekið miklum breytingum á skömmum tíma. Ég tel á hinn bóginn að sveitarfélög eigi að hafa þá skyldu að bjóða efnalitlum fjölskyldum upp á leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum, en tel ákvæðið hér of afdráttarlaust.

22. gr. Ég tel að skilgreining á félagslegri ráðgjöf í núgildandi félagsþjónustulögum hafi fest sig mjög í sessi og legg því til að áfram verði ráðgjafarkaflinn skilgreindur sem félagsleg ráðgjöf. Eins og orðalag 3. mgr. er hér orðað tel ég að það sé verið að skylda sveitarfélög til að bjóða upp á ráðgjöf sem tilheyrir öðru stjórnvaldi, svo sem sýslumannsembættum. Ef þetta er skilgreint sem félagsleg ráðgjöf tel ég að þessi upptalning sé í lagi sem innihald félagslegrar ráðgjafar, en ekki ef kaflinn er eingöngu skilgreindur sem ráðgjöf.

42. gr. Ég tel ekki ástæðu til að ganga hér lengra en stjórnsýslulög gera ráð fyrir varðandi kynningu ákvarðana ef umsókn er samþykkt.[1]

49. gr. Þar sem félagsmálanefndum er falið að meta þjónustuþörf og setja sér reglur um ýmsa þætti þjónustunnar get ég ekki séð á hvern hátt úrskurðarnefnd félagsþjónustu getur breytt ákvörðunum, án þess að fara inn í matið á einhvern hátt.[2]

Bráðabirgðaákvæði III um Skálatún Sólheima og Tjaldanes. Ekki er hægt að taka endanlega afstöðu til þessa nú þar sem málið er ekki að fullu unnið. Ég vil þó ítreka að mér finnst siðferðilega ekki vera rétt að vera með ákvæði um að þeir þegnar þjóðfélagsins sem þar búa eigi ekki að vera jafnir öðrum þegnum þjóðfélagsins gagnvart þessum lögum. Ég tel ekki að það sé hægt að taka endanlega afstöðu í þessu máli fyrr en kostnaðarnefnd hefur lagt fram tillögur um hvernig yfirfærslan til sveitarfélaganna verður fjármögnuð.[2]

Selfossi 13. október 1999.
Ólöf Thorarensen.

---

[1] Nú 43. gr.
[2] Athugasemdir þessar taka mið af frumvarpsdrögum frá 22. október 1999.

Fylgiskjal V.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi og er endurflutt samhliða þremur frumvörpum til laga sem tengjast flutningi málefna fatlaðra yfir til sveitarfélaga. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu frá því að það var lagt fram á síðasta þingi. Frumvarpið er samið af nefnd sem skipuð var með vísan til bráðabirgðaákvæðis í lögum nr. 161/1996, um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, til að semja ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem eiga að taka til þeirrar þjónustu sem veitt er samkvæmt gildandi lögum, nr. 59/1992, um málefni fatlaðra.

Frumvarpi þessu er öðru fremur ætlað að fella saman lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, og er það liður í áformum um að færa þjónustu við fatlaða til sveitarfélaga og fella þjónustukerfi fatlaðra að almennri félagsþjónustu sveitarfélaga. Við þessa samþættingu hefur þess verið gætt að réttindi fatlaðra skerðist ekki og því er á ýmsum stöðum í frumvarpinu kveðið nánar á um almennar skyldur sveitarfélaga til að veita félagsþjónustu. Í frumvarpinu er auk þess kveðið nánar á um ný og aukin verkefni og nýjar skyldur félagsmálaráðuneytis. Er ráðuneytinu ætlað að hafa frumkvæði að fræðslu til sveitarfélaga á sviði félagsþjónustu, að leiðbeina og miðla upplýsingum, safna upplýsingum um framkvæmd þjónustu sveitarfélaga og leggja mat á hvort markmiðum laganna hafi verið náð í einstökum sveitarfélögum. Samkvæmt frumvarpinu skal ráðuneytið enn fremur stuðla að rannsóknum á sviði félagsþjónustu og er lagt til að Alþingi skuli árlega veita fé í fjárlögum í rannsókna- og þróunarsjóð. Í frumvarpinu eru verkefni úrskurðarnefndar félagsþjónustu rýmkuð og lagt er til að skjóta megi til hennar öllum ákvörðunum félagsmálanefnda en ekki tilteknum málum eins og samkvæmt gildandi lögum. Auk þess er lagt til að skipuð verði níu manna samstarfsnefnd ríkis, sveitarfélaga og hagsmunasamtaka um málefni fatlaðra sem skuli sitja í fjögur ár til að fylgjast með yfirfærslu málaflokksins til sveitarfélaga. Frumvarpið gerir ráð fyrir að félagsmálaráðuneyti leggi nefndinni til starfsmann og starfsaðstöðu og að kostnaður nefndarinnar verði greiddur úr ríkissjóði.

Ákvæði um skyldur sveitarfélaga til að annast uppbyggingu og rekstur leikskóla eru felld brott, enda eru málefni hans víðast hvar komin undir skólaskrifstofur sveitarfélaga í samræmi við sjónarmið sem lögð eru til grundvallar lögum um leikskóla. Enn fremur eru felld brott ákvæði um Framkvæmdasjóð fatlaðra og hann lagður niður.

Gert er ráð fyrir að bein útgjöld ríkissjóðs eftir yfirfærslu felist fyrst og fremst í auknum og nýjum verkefnum félagsmálaráðuneytis við söfnun upplýsinga, mati á árangri sveitarfélaga og frumkvæði að fræðslu og leiðbeiningum til sveitarfélaga. Auk þess má gera ráð fyrir fjölgun mála hjá úrskurðanefnd félagsþjónustu. Áætla má aukinn kostnað vegna þessara verkefna um 3–5 m.kr. á ári. Á móti kemur að svipaður kostnaður félagsmálaráðuneytis við yfirstjórn málefna fatlaðra fellur niður og kostnaður fjármálaráðuneytis við launabókhald. Tímabundinn kostnaðar í fjögur ár vegna níu manna nefndar sem á að fylgjast með framkvæmd yfirfærslunnar auk starfsmanns hennar er áætlaður 3,0–3,5 m.kr. en auk þess er lagt til að Alþingi veiti árlega fé í rannsókna- og þróunarsjóð.

Í tengslum við áformaða yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga þarf að tryggja samsvarandi tilfærslu fjármagns til að veita þá þjónustu sem fötluðum stendur nú til boða auk

þeirrar viðbótarþjónustu sem þarf til að draga úr óeðlilegri bið. Nefnd sem unnið hefur að því að meta kostnað við yfirfærslu málefnisins til sveitarfélaga skilaði áliti í október 2000. Sam kvæmt skýrslu nefndarinnar nema rekstrarútgjöld ríkisins til málefna fatlaðra 3,3 milljörðum kr. í fjárlögum ársins 2000. Gert ráð fyrir að á næstu fimm árum verði dregið úr óeðlilegri bið fatlaðra eftir þjónustu með aukinni þjónustu og í lok þess tímabils hafi árlegur rekstrarkostnaður aukist um 520 m.kr. í samræmi við niðurstöður starfshóps um biðlista eftir þjónustu svæðisskrifstofa sem skilaði áliti í september 2000. Í skýrslu kostnaðarnefndar er lagt til að stofnað verði hlutafélag núverandi eigenda um þær fasteignir sem notaðar eru sem þjónustuhúsnæði fatlaðra sem geti fjármagnað uppbyggingu viðbótarhúsnæðis með leigutekjum og lánsfé. Áætlað er að kostnaður vegna húsnæðis að frádregnum greiðslum og tekjum aukist um 280 m.kr. á ári þegar biðlista hefur verið eytt og vistheimilum breytt í sambýli. Í frumvarpinu er auk þess víða kveðið á um víðtækari skyldur sveitarfélaga til að veita félagsþjónustu og má áætla að aukinn kostnaður þeirra nemi tæpum 300 m.kr. á ári og þar af fari tæpar 80 m.kr. til að mæta þörfum langveikra barna. Heildarútgjaldaauki sveitarfélaganna vegna yfirtöku málefna fatlaðra og annarra breytinga á frumvarpinu er því áætlaður 4,4 milljarðar kr. á ári en núverandi heildarkostnaður ríkisins að stofnkostnaði meðtöldum nemur tæplega 3,6 m.kr. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er því gert ráð fyrir að útgjöld sveitarfélaganna til málaflokksins aukist um 840 m.kr. á ári umfram núverandi útgjöld ríkisins að teknu tilliti til þeirrar viðbótarþjónustu sem þarf til að draga úr óeðlilegri bið.

Við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga er gert ráð fyrir að framangreindur kostnaður verði færður frá ríki yfir til sveitarfélaga ásamt tekjustofnum til að fjármagna aukna þjónustu. Bein útgjöld ríkisins eftir yfirfærslu felast fyrst og fremst í skipun níu manna nefndar sem lagt er til að starfi tímabundið í fjögur ár til að fylgjast með framkvæmd yfirfærslunnar. Kostnaður við nefndina auk starfsmanns er áætlaður 3,0–3,5 m.kr. Þá er kostnaður við að færa málefni fatlaðra til sveitarfélaga og samþætta þá annarri félagsþjónustu áætlaður 840 m.kr. Loks er lagt til að Alþingi veiti árlega fé í rannsókna- og þróunarsjóð, sem kallar á aukin framlög úr ríkissjóði. Sá kostnaður ræðst af ákvörðun í fjárlögum hverju sinni.

268. Tillaga til þingsályktunar [243. mál]

um könnun á áhrifum fiskmarkaða.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Jóhann Ársælsson, Sighvatur Björgvinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd sem hafi það hlutverk að gera úttekt á gildi fiskmarkaða fyrir íslenskan sjávarútveg og atvinnuþróun. Nefndin afli gagna, beri saman aðstæður og leggi þannig mat á áhrif fiskmarkaða, m.a. með tilliti til:

1. brottkasts,
2. verðmyndunar sjávarafla,
3. tekna útgerðar,
4. tekna sjómanna,
5. sérhæfingar í fiskvinnslu,
6. nýtingar áður vannýttra fisktegunda,

7. umgengni um og frágangs á afla um borð í fiskiskipum,
8. aðgengis fiskvinnslunnar að hráefni,
9. möguleika á nýliðun í fiskvinnslu,
10. erlendra markaða fyrir sjávarafla,
11. erlendra markaða fyrir sjávarafurðir,
12. verðs á útfluttum sjávarafurðum,
13. flutnings á afla innan lands,
14. stöðugleika í fiskvinnslu,
15. byggðaþróunar.

Greinargerð.

Þær miklu breytingar sem hafa orðið og verða enn í íslenskum sjávarútvegi eiga m.a. rætur að rekja til tæknibreytinga á sviði fjarskipta og upplýsingastreymis, tækni og tækja sem leyst hafa mannshöndina af hólmi, bættra samgangna og möguleika til skjótra flutninga, fiskveiðistjórnunarkerfisins og markaðsvæðingar veiðanna, svo og þess að fiskmarkaðir hafa haslað sér völl á undanförnum árum.

Á fiskmörkuðum eru nú árlega seld um 100 þúsund tonn af bolfiski fyrir um 10 milljarða kr. Flutningsmenn þessarar tillögu eru sannfærðir um mikilvægi fiskmarkaða fyrir þróun sjávarútvegs á Íslandi og telja því mikilvægt að gerð sé vönduð úttekt á helstu álitamálum sem fram hafa komið í umfjöllun um fiskmarkaði og mikilvægi þeirra.

Við umræður á Alþingi um fiskmarkaði og þá hugmynd að allur fiskur verði seldur eða verðlagður á fiskmörkuðum hafa margvísleg sjónarmið komið fram. Hér á eftir fara helstu rök sem fram hafa komið í umræðunni, bæði með og á móti:

- Áhöfn er eignaraðili að sínum hlut um leið og afli kemur um borð. Samkvæmt samningum hefur útgerðarmaður með hendi sölu aflans og hefur til þess umboð áhafnar. Þá skal útgerðarmaður tryggja skipverjum hæsta gangverð fyrir fiskinn.
- Krafan um allan fisk á markað er meginkrafa allra samtaka sjómanna í dag.
- Sjómenn telja að samstarfsnefndir eða úrskurðarnefndir um fiskverð hafi ekki skilað því sem til var ætlast.
- Alþýðusamböndin fyrir austan og vestan hafa ályktað um að allur afli verði seldur á fiskmörkuðum.
- Kjör sjómanna eru ákveðin með hlutaskiptum.
- Nú eru árlega seld um 100 þús. tonn af bolfiski fyrir um 10 milljarða kr.
- Samstarf um land allt með nýjustu fjarskiptatækni gerir kleift að koma á viðskiptum hvar sem skip eða verkendur eru.
- Fiskmarkaðir hafa skapað tilverugrundvöll fyrir mörg fyrirtæki sem hafa sérhæft sig með tilliti til ákveðinna erlendra markaða.
- Til er orðinn markaður fyrir tegundir sem áður var e.t.v. hent á þeim forsendum að þær væru ekki söluvara.
- Viðhorf vinnslunnar hafa breyst, hún orðin meðvitaðri um markaðinn.
- Ef fiskmarkaðir hefðu ekki komið til hefði landvinnslan farið enn frekar halloka fyrir sjóvinnslunni.
- Verð sem fæst á mörkuðum er orðið viðmið fyrir verð í beinum viðskiptum.
- Stór hluti framsalsins er til sérhæfingar svo að unnt sé að tryggja vinnslunni tiltekið hráefni.
- Núverandi kerfi leiðir frekar til að menn sérhæfi sig með því að versla með óveiddan fisk en hráefni á mörkuðum.

- Mismunun felst í því að útvegsmenn fá úthlutað veiðiheimildum ókeypis og mega síðan selja öðrum aðgang að auðlindinni; þeir geta þannig ráðstafað óveiddum fiski að vild en hafa einnig ráðstöfunarvald yfir aflanum.
- Tortryggni hefur skapast milli sjómanna og útvegsmanna vegna dæma um að sjómenn séu látnir bera kostnað af kaupum eða leigu á aflaheimildum.
- Hagsmunir sjómanna og útvegsmanna fara saman við verðlagningu á sjávarafla.
- Að allur afli sé seldur á fiskmörkuðum er hagsmunamál vinnslunnar svo að hún geti sérhæft sig frekar.
- Eðlileg samkeppni þarf að vera um hráefni svo að þeir hæfustu verki fiskinn á hverjum tíma.
- Mismunun felst í því að sum vinnslufyrirtæki hafa veiðiheimildir en önnur ekki.
- Er æskilegt að forsenda fyrir vinnslu sé að menn fari í útgerð?
- „Reynslan af fiskmörkuðum bendir eindregið til þess að uppboð á veiddum fiski hafi aukið stöðugleika og sérhæfingu í fiskvinnslu“ samkvæmt grein Björns G. Ólafssonar í Vísbendingu.
- Ef skip eða kvóti er seldur úr byggðarlagi getur vinnslan haldið áfram ef hún á kost á að kaupa afla á fiskmarkaði. Þannig tryggir fiskmarkaðurinn meira öryggi og stöðugleika í vinnslunni og minnkar þá óvissu sem fylgir fiskveiðistjórnunarkerfinu.
- Innherjaviðskipti, eins og þegar útgerðarmaður selur eigin vinnslu aflann, eru ekki markaðsviðskipti. Engin trygging er fyrir því að hæsta verðs sé leitað í slíkum viðskiptum.
- Sömu rök eru notuð gegn sölu alls afla á fiskmarkaði og voru þegar fiskverð var gefið frjálst og þegar útflutningur á sjávarafurðum var gefinn frjáls.
- Sjómenn á vinnsluskipum fá greitt samkvæmt hlutaskiptareglu, ekki bara fyrir veiðarnar heldur vinnsluna líka, og fá þannig laun í samræmi við markaðsverð á þeirri afurð sem þeir koma með að landi.
- Verið er að takmarka viðskiptasvið með fisk.
- Telja verður andstætt markaðskerfinu að neyða menn til að eiga viðskipti með þessum tiltekna hætti.
- Nauðsynlegt er vegna gæðamála að sami aðili haldi utan um verðið frá því að fiskurinn er veiddur og þar til hann er seldur.
- Breytingar mundu trufla þróunarstarf.
- Allur afli seldur á fiskmarkaði veldur mismunun því að vinnsluskipin þurfa ekki að fara með sín viðskipti á fiskmarkað.
- Mögulegt verður að vera að selja afla af heimaskipi á verði undir markaðsverði til að halda vinnslunni heima gangandi.
- Eðlilegt er að menn hafi ráðstöfunarrétt yfir því sem þeir eru að bjóða til sölu.
- Menn verða að geta haft sitt eigið gæðaeftirlit frá því að veiðarnar hefjast og þar til vinnslu og sölu er lokið.
- Óvissa skapast í byggðum úti á landi ef útgerðarmönnum sem vilja landa þar er gert að landa á markaði.
- Fiskmarkaðir eru óþarfa milliliður sem greiða þarf umsýslugjald.
- Hagkvæmt að hluti aflans fari á fiskmarkað.

Úttekt sú sem hér er lögð til breytir e.t.v. ekki viðhorfum þeirra sem sjá sér helst hag í óbreyttu ástandi. Hún getur hins vegar verið stjórnmálamönnum stuðningur við þær ákvarðanir sem þeir þurfa að taka um starfsumhverfi sjávarútvegsins. Þess vegna er mikilvægt að hún verði framkvæmd fljótt og af vandvirkni.

269. Fyrirspurn [244. mál]

til utanríkisráðherra um Kyoto-bókunina.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvaða ríki undirrituðu svonefnda Kyoto-bókun um loftslagsbreytingar árið 1997?
2. Hvaða ríki hafa nú staðfest þessa bókun?

Skriflegt svar óskast.

270. Fyrirspurn [245. mál]

til samgönguráðherra um kostnað við ljósleiðaravæðingu landsins.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hver er núverandi staða ljósleiðaratengingar í landinu, þ.e. til hvaða byggðarlaga og til hversu margra heimila og fyrirtækja nær ljósleiðarinn?
2. Hver yrði áætlaður kostnaður við ljósleiðaravæðingu landsins, þ.e. að tengja öll heimili og fyrirtæki landsins við ljósleiðara?
3. Hvað mundi kosta að tengja við ljósleiðara alla þéttbýlisstaði landsins með hundrað íbúa eða fleiri?
4. Hversu langan tíma tækju slíkar framkvæmdir í hvoru tilviki?
5. Telur ráðherra líklegt að þráðlaus sambönd eða önnur tækni til gagnaflutninga muni á næstu árum leysa ljósleiðara af hólmi eða geta komið í staðinn fyrir lagningu ljósleiðara?
6. Hefur samgönguráðuneytið mótað sérstaka stefnu um frekari uppbyggingu ljósleiðaranetsins og önnur atriði sem varða aðgang allra landsmanna, án tillits til búsetu, að nútímalegri gagnaflutninga- og fjarskiptaþjónustu?

Skriflegt svar óskast.

271. Fyrirspurn [246. mál]

til fjármálaráðherra um tekjur ríkissjóðs af almennu skemmtanaleyfi.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hverjar voru tekjur ríkissjóðs af almennu skemmtanaleyfi fyrir veitingastað skv. 32. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, og hversu margir voru gjaldendurnir árin 1997, 1998 og 1999, sundurliðað eftir stærð sveitarfélaga:

a. með allt að 2000 íbúa,
b. með 2001–4000 íbúa,
c. með 4001–8000 íbúa,
d. með fleiri en 8000 íbúa?

Skriflegt svar óskast.

272. Fyrirspurn [247. mál]

til iðnaðarráðherra um frekari lækkun húshitunarkostnaðar árið 2001.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hvernig verður staðið við fyrirheit um áframhaldandi lækkun húshitunarkostnaðar árið 2001, sbr. 12. tölul. í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 sem samþykkt var á Alþingi 3. mars 1999?
2. Eru uppi áform um að notendur dýrra hitaveitna njóti niðurgreiðslna til samræmis við notendur rafhitunar?

273. Fyrirspurn [248. mál]

til menntamálaráðherra um átak til endurbyggingar og varðveislu gamalla húsa á landsbyggðinni.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hefur verið gert sérstakt átak til endurbyggingar og varðveislu gamalla húsa á landsbyggðinni, sbr. 10. tölul. í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 sem samþykkt var á Alþingi 3. mars 1999?
2. Hversu miklu fé hefur verið varið til þessa málaflokks úr ríkissjóði sl. fimm ár?
3. Telur ráðherra hugsanlegt að veita hærri styrki til uppbyggingar gamalla húsa á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu?

274. Fyrirspurn [249. mál]

til landbúnaðarráðherra um verkefni starfshóps um sambýli kvíaeldis og villtrar náttúru.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur og Jóhanni Ársælssyni.

1. Hefur starfssvið starfshóps um sambýli kvíaeldis og villtrar náttúru verið skilgreint og verkefni hans ákveðið?

2. Ef svo er, hver eru helstu verkefni starfshópsins?
3. Mun hópurinn leita álits erlendra sérfræðinga um sambýli kvíaeldis og villtrar náttúru?
4. Hvenær er áætlað að starfshópurinn skili niðurstöðum til ráðherra?
5. Telur ráðherra að nota megi niðurstöður hópsins sem grunn að reglum um fyrirhugað sjókvíaeldi í Mjóafirði?

275. Tillaga til þingsályktunar [250. mál]

um leiðir til að stemma stigu við útbreiðslu spilafíknar.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Drífa Hjartardóttir, Gísli S. Einarsson, Hjálmar Árnason, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd með fulltrúum allra þingflokka til að leita leiða til að stemma stigu við útbreiðslu spilafíknar.

Greinargerð.

Ljóst er að um leið og spilasalir hafa verið opnaðir víðs vegar um land, alls kyns getraunaleikir sem gefa von um háar peningaupphæðir í vinning hafa orðið algengari og spilakassar leyfðir til fjáröflunar fyrir ýmis samtök hefur komið í ljós að margir ánetjast þeirri spennu sem leikjum af þessu tagi fylgir og verða henni háðir. Þannig hafa margir hætt aleigu sinni og afkomu fjölskyldna sinna í von um skjótfenginn gróða. Nú munu vera um 900 spilakassar á liðlega 370 stöðum á landinu.

Spilafíkn og ásókn í fjárhættuspil fer ekki í manngreinarálit og spyr ekki um stétt eða stöðu þótt ljóst sé að margir sækja í spilakassa og getraunaleiki með þá hugmynd að leiðarljósi að reyna að bæta lélega fjárhagsstöðu sína. Auk þess er fullyrt að þeir sem hafa þörf fyrir að flýja raunveruleikann af einhverjum ástæðum sæki ekki síður í fjárhættuspil en vímuefni og að misnotkun áfengis og vímuefna og ásókn í fjárhættuspil af ýmsum toga fari oft saman.

Samkvæmt upplýsingum sem fram komu á síðasta ári má ætla að um 12 þúsund Íslendingar eigi nú við sjúklega spilafíkn að stríða. Í þeim hópi má ætla að séu um 4–5 þúsund ungmenni á aldrinum 16–20 ára. Einnig liggja fyrir upplýsingar um að sífellt fleiri sjúklingar sem koma til meðferðar vegna áfengissýki eigi einnig við spilafíkn að stríða.

Á undanförnum þingum hafa verið lögð fram ýmis þingmál sem tengjast þessu alvarlega þjóðfélagsmeini, spilafíkn og fjárhættuspilum. Má þar m.a. nefna frumvarp til laga um að banna spilakassa. Þessi þingmál hafa ekki hlotið afgreiðslu. Nú er leitað nýrra leiða til að stemma stigu við þessu alvarlega og vaxandi þjóðfélagsmeini. Um þær leiðir verður að nást almenn samstaða. Þess vegna er lagt til að Alþingi skipi nú þegar nefnd með fulltrúum allra þingflokka og feli henni að afla greinargóðra upplýsinga um útbreiðslu spilafíknar meðal Íslendinga og kanna umfang þeirra eigna og fjármuna sem viðkomandi hafa fórnað. Þá skal nefndinni falið að finna úrræði til að leysa vanda einstaklinga og fjölskyldna sem búa við þennan alvarlega sjúkdóm og leita leiða til að hefta útbreiðslu hans.

276. Frumvarp til laga [251. mál]

um breytingu á fjarskiptalögum, nr. 107/1999.

Flm.: Ögmundur Jónasson.

1. gr.

3. mgr. 44. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að 3. mgr. 44. gr. laga um fjarskipti, nr. 107/1999, falli brott og að greinin í heild sinni hljóði svo:

„Enginn sem starfar við fjarskiptavirki, net eða þjónustu má skjóta undan skeytum, gögnum, myndum eða öðrum merkjum sem afhent eru til fjarskiptaflutnings eða liðsinna öðrum við þess konar athæfi.

Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum, táknum eða hlustar á símtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Skylt er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum."

Í þriðju málsgreininni, þeirri sem lagt er til að brott falli, segir að sá aðili að símtali sem vill hljóðrita símtalið skuli í upphafi þess tilkynna viðmælanda sínum um fyrirætlun sína.

Ákvæðið skerðir persónufrelsi og möguleika almennings til að vernda einkalíf sitt auk þess sem það heftir ýmsa lögmæta starfsemi, svo sem löggæslu, almannavarnir og blaða- og fréttamennsku. Af þessum sökum hefur ákvæðið réttilega verið gagnrýnt harðlega í fjölmiðlum og víðar, en illu heilli var hvorki vakin athygli Alþingis á lagabreytingunni sem í umræddri málsgrein fólst þegar frumvarp til nýrra fjarskiptalaga var til meðferðar í desember 1999, því að hennar var ekki getið í greinargerð, né leitað álits aðila eins og Blaðamannafélags Íslands, þótt auðsætt væri að lagabreytingin hefði bein áhrif á dagleg störf blaða- og fréttamanna. Enda hefur stjórn Blaðamannafélagsins krafist þess að ákvæði málsgreinarinnar verði numið úr gildi.

Oftast er sanngjarnt og eðlilegt að skýra viðmælendum frá því að samtal við þá sé hljóðritað, en um það eiga að gilda almennar siðareglur og siðgæðiskröfur en ekki lög, því að í undantekningartilvikum getur verið rétt að segja ekki frá slíkri hljóðupptöku. Eiga þá ekki lög að koma í veg fyrir það. Þegar hljóðritað er í öryggisskyni, svo sem við símsvörun á flugvöllum, lögreglustöðvum, bönkum og Veðurstofu, er óhentugt að tilkynna að upptaka fari fram. Í málum vegna símaónæðis og sprengjuhótana þarf þeim, sem fyrir slíku verður, að vera heimilt að afla sannana, auk þess sem rannsókn verður á margan hátt örðugri þegar skylt er að upplýsa um að samtalið sé tekið upp. Vitneskja um að hljóðupptaka fari fram getur þar að auki haft heftandi áhrif á viðmælendur blaðamanna og er það ekki til þess fallið að greiða fyrir upplýsingaflæði til almennings, heldur grefur fremur undan trausti og trúnaði sem þarf að ríkja á milli aðila. Blaðamenn þurfa að vera í góðu og óþvinguðu sambandi við fólk, en engu að síður skrá hjá sér minnisatriði eins nákvæmlega og nokkur kostur er. Má líta svo á að hljóðritunin komi í stað hraðritunar sem blaðamenn urðu að leggja stund á áður.

Réttur símnotenda til að hljóðrita símtöl sín skilyrðislaust og hafa forræði yfir þeirri hljóðritun var skertur í þeim yfirlýsta tilgangi að vernda „persónuleg samskipti sem viðkomandi vill ekki að fari til frekari úrvinnslu eða birtingar í fjölmiðlum“ eins og segir í fréttatilkynningu frá samgönguráðuneytinu um þetta efni dags. 5. janúar 2000. En samtöl manna eru alla jafna opinber og ber að taka sérstaklega fram ef þau eru háð trúnaði og ekki til þess ætlast að þau séu hljóðrituð. 3. mgr. 44. gr. fjarskiptalaganna hefur endaskipti á þessari samskiptareglu. Með lögleiðingu hennar hefur meiri hagsmunum verið fórnað fyrir minni.

Ákvæðið óbreytt er ekki síður vafasamt með tilliti til frelsis einstaklingsins en persónuverndar. Áður en nýju fjarskiptalögin tóku gildi voru engin lagaákvæði í íslenskum rétti sem hömluðu hljóðritun samtala sem viðkomandi átti hlut að sjálfur eða hafði heimild til að hlýða á og hljóðritun funda sem hann var viðstaddur með lögmætum hætti, að dómþingum undanskildum. Sömu heimildir eru enn í gildi nema hvað snertir samtöl í síma – og hefur ekki verið sýnt fram á að af þeim heimildum hafi leitt slíkur vandi að nauðsynlegt hafi verið að takmarka þær með lögum.

Í þessu sambandi má einnig minna á að lögin um samræmda neyðarsímsvörun nr. 25/1995 gera ráð fyrir upptöku símtala á segulband, en slík hljóðritun í öryggisskyni er takmörkuð hvað aðrar stofnanir varðar með fyrrgreindum hætti.

Skortir á að eðlilegt og rökrænt samhengi sé í lögunum uns lokamálsgrein umræddS ákvæðis verður felld niður. Skýrt dæmi um það er að fjarskiptalögin höfðu ekki fyrr tekið gildi en dómsmálaráðherra ræddi við samgönguráðherra um undanþágu frá umræddu ákvæði fyrir lögregluna.

Frumvarp samgönguráðuneytisins annars vegar og frumvarp þriggja þingmanna Samfylkingarinnar hins vegar, sem bæði kveða á um þess háttar undanþágur, einkum fyrir stjórnvöld og fjármálastofnanir en einnig blaða- og fréttamenn, eru enn fremur til marks um þær ógöngur sem framangreind lagasetning hefur leitt löggjafann í. Verður ekki aftur snúið nema með því að afnema ákvæðið í heild sinni.

Samgönguráðherra hefur bent á að blaðamenn geti með einni auglýsingu tilkynnt að þeir hljóðriti samtöl og komið sér þannig hjá því að upplýsa viðmælendur sína um það hverju sinni. Blaðamenn hafa ekki kosið að njóta forréttinda á þessu sviði, heldur hefur félag þeirra einmitt gagnrýnt að gert sé ráð fyrir að þeir og aðrir, þ.e. stjórnvöld og bankar, fái heimildir í þessu efni umfram viðskiptavini sína. Auk þess má benda á að starfsheiti blaðamanns er ekki lögverndað. Ákvæði stjórnarskrár um prent- og málfrelsi heimilar hverjum sem er að stunda blaðamennsku og er þegar af þeirri ástæðu ógerlegt að skilja þá stétt frá almenningi. Óneitanlega kemur það undarlega fyrir sjónir að fréttamönnum, stjórnvöldum og fjármálastofnunum sé veittur réttur sem viðmælendur þessara aðila hafa ekki. Viðmælandi fréttamanns ætti að hafa sama rétt til að hljóðrita samtal þeirra og sama máli ætti að gegna um viðmælendur fjármálastofnana og stjórnvalda.

Gera verður skýran greinarmun á hljóðritun annars vegar og notkun hennar eða úrvinnslu hins vegar. Hljóðritun eigin símtals á í sjálfu sér ekki að vera saknæm heldur hugsanleg ótilhlýðileg birting upptökunnar, því að sá sem tekur upp slíkt samtal aflar sér ekki vitneskju um neitt sem hann má ekki heyra eða vita. Hann þarf þó ekki að leggja allt á minnið og hefur, ef þörf krefur, í höndunum ótvíræða sönnun um hvað honum og viðmælanda hans fór á milli. – Starfsfólk kauphalla og blaðamenn kunna að þurfa á því að halda í ákveðnum tilvikum.

Um fjölföldun eða dreifingu hljóðritunar, sem telst eðlilegt að leynt fari, má á hinn bóginn beita ákvæðum hegningarlaga eða eftir atvikum siðareglum blaðamanna. Sama á vitaskuld

við um ólögmæta hlerun (sjá einkum 228. gr. almennra hegningarlaga, með lögjöfnun, sem hnykkt er á með 2. mgr. hinnar umþrættu 44. gr. fjarskiptalaganna).

Í áskorun frá stjórn Blaðamannafélags Íslands dags. 7. janúar sl. um að Alþingi felli 3. mgr. 44. gr. úr fjarskiptalögunum segir m.a.: „Blaðamenn nota hljóðupptökur aðallega til að geta haft rétt eftir viðmælendum sínum og hafa að reglu að tilkynna þeim fyrirfram ef ætlunin er að útvarpa viðtalinu. En það getur líka reynst fyllilega réttmætt að birta í fjölmiðlum leynilega hljóðritun símtals. T.d. kann lögregla að vilja útvarpa nafnlausri sprengjuhótun í þeirri von að fá ábendingar um hinn seka. Og blaðamenn kunna að nýta leynilega hljóðritun símtals til að svifta hulunni af spillingu, svikum og glæpum – og um það eru mýmörg dæmi bæði á innlendum og erlendum vettvangi. Nýju fjarskiptalögin taka fyrir þetta. Þau draga úr möguleikum blaðamanna til að rækja eftirlits- og aðhaldshlutverk sitt, en greiða fyrir hinum, sem hyggja flátt og hafa eitthvað að fela."

Í áðurgreindri fréttatilkynningu samgönguráðuneytisins segir með skírskotun til hljóðritunar á símaónæði að „þrátt fyrir að það færist fyrir" að tilkynna um hljóðupptökuna „skertist sönnunargildi slíkrar upptöku ekki í einkamáli eða við lögregluranns ókn frá því sem nú er". Ráðuneytið gerir ráð fyrir því að dómstóll byggi á sönnunargagni sem aflað er með ólögmætum hætti. Gefur þó augaleið að refsing liggur við slíku broti á fjarskiptalögunum, hvort sem það er framið af ásetningi eða gáleysi, sbr. 2. mgr. 57. gr.

Af hálfu samgönguráðuneytisins kom fram skýring á umræddu ákvæði 3. mgr. 44. gr. nýju fjarskiptalaganna íslensku þar sem segir að lesa megi það „grundvallarviðhorf að vinnsla á persónuupplýsingum eigi ekki að fara fram án vitundar manna" úr tilskipunum frá Evrópusambandinu, nánar tiltekið úr persónuverndartilskipun 95/46/EB og tilskipun 97/66/EB um vernd persónuupplýsinga í fjarskiptum.

Skýring samgönguráðuneytisins byggist á misskilningi á hinum erlendu réttarheimildum. Verður hvorki séð í þessum tilskipunum að þar sé lögð skylda á ríki til að taka upp í lög sín ákvæði sem hefta heimild manna til að hljóðrita símtöl, sem þeir taka sjálfir þátt í, né af þeim ráðið að þar komi eitthvert „grundvallarviðhorf" fram sem styður ákvæði íslensku laganna.

Þar er hins vegar fjallað um bann við hlerun símtala.

Í 5. gr. tilskipunar 97/66/EB segir: „Member States shall ensue via national regulations the confidentiality of communications by means of a public telecommunications network and publicly available telecommunications services. In particular, they shall prohibit listening, tapping, storage or other kinds of interception or surveillance of communications, by others than users, without the consent of the users concerned, except when legally authorised, in accordance with Article 14 (1)."

Aðilar símtalsins eru beinlínis undanskildir.

Um hlerun símtals og hljóðritun þess af hálfu þriðja aðila án heimildar gegnir hins vegar öðru máli og voru þegar í gildi lög sem tryggðu fjarskiptaleynd hvað slíkt athæfi snertir svo sem að framan greinir – en vissulega hefur löggæslan heimild til símhlerunar að uppfylltum skilyrðum 86. og 87. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

Aðrar Norðurlandaþjóðir hafa hafnað tálmun á rétti almennings til að hljóðrita eigin símtöl eða fela öðrum að gera það í sínu umboði. Frumvarp sem hafði að geyma ákvæði sambærilegt 3. mgr. 44. gr. íslensku fjarskiptalaganna náði ekki fram að ganga á norska stórþinginu á síðasta ári enda hafði dómsmálanefnd þingsins lagt til að því yrði hafnað. Tók nefndin undir það álit norska dómsmálaráðuneytisins og fjölda álitsgjafa að „ekki bæri að leiða í lög refsingu við leynilegri hljóðritun sem maður tekur þátt í sjálfur, né heldur birtingu hennar opinberlega".

Í álitsgerð dómsmálanefndarinnar koma fram mikilvægar röksemdir fyrir þessari niður-

stöðu sem eiga í grundvallaratriðum við hér á landi einnig. Segir m.a.: „Hvað viðvíkur hljóðritun vísast auk rökstuðningsins í álitsgerðinni til hinna almennu efasemda um lögleiðingu refsingar meðal umsagnaraðilanna. Skiptir einnig máli að slík hljóðritun veldur tæplega þeim vanda að það réttlæti að hún sé gerð saknæm. Auk þess er hún ekki refsiverð með neinni annarri þjóð á Norðurlöndum. – Opinber birting leynilegrar hljóðritunar á samtölum, sem viðkomandi tók sjálfur þátt í, virðist heldur ekki valda raunverulegum vanda. Margháttaðir örðugleikar við túlkun og sönnunarfærslu hljótast af banni að viðlagðri refsingu. Andstætt öðrum refsiákvæðum, sem beinast gegn „ótilhlýðilegum" verknaði, mun þar að auki bann við ótilhlýðilegri birtingu ekki geta stuðst með sama hætti við almennan skilning á því hvar mörkin eru á milli hins leyfilega og hins saknæma. Þvílíkt bann yrði að stofni til ónákvæmara en önnur sambærileg refsiákvæði ..."

3. mgr. 44. gr. fjarskiptalaganna hefur af skiljanlegum ástæðum valdið miklum úlfaþyt, en af ofansögðu má vera ljóst að ákvæðið ratаði upphaflega í lög fyrir misskilning og þann misskilning verður að leiðrétta. Almennur skilningur virðist vera á því að fortakslaust bann við leynilegri hljóðritun símtals getur ekki staðist. En vandinn verður ekki leystur með því að lögfesta endalausar undanþágur – og fyrir þá helst sem öðrum fremur stunda hljóðritun símtala, stjórnvöld, fjármálastofnanir og blaðamenn. Verður um leið torséð yfir verknað hverra ætlunin er að koma böndum, ef ekki framangreinda aðila. Eina endanlega og skynsamlega leiðin er að færa ástand mála í sama lag og það var áður en hin umdeildu lög voru sett.

277. Beiðni um skýrslu [252. mál]

frá heilbrigðisráðherra um ófrjósemisaðgerðir sem gerðar voru árin 1938–75.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur, Einari Má Sigurðarsyni, Gísla S. Einarssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur, Jóhanni Ársælssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Kristjáni L. Möller, Lúðvík Bergvinssyni, Margréti Frímannsdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að heilbrigðisráðherra flytji Alþingi skýrslu um ófrjósemisaðgerðir sem gerðar voru samkvæmt lögum nr. 16/1938, þ.e. á gildistíma þeirra laga 1938–75. Í skýrslunni verði leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hve margar ófrjósemisaðgerðir voru gerðar skv. 2. gr. laganna frá gildistöku þeirra, 13. janúar 1938, þar til þau féllu úr gildi, nema að því er varðar afkynjanir, með gildistöku laga nr. 25/1975?
2. Hvenær var slík aðgerð síðast gerð samkvæmt lögunum?
3. Hve margar konur og hve margir karlar gengust undir þessar aðgerðir?
4. Hversu oft var um systkini að ræða?
5. Liggja fyrir upplýsingar um sveitarfesti þeirra sem gengust undir ófrjósemisaðgerðir?
6. Hverjar voru ástæður aðgerða, sbr. ákvæði 3. og 5. gr. laganna?
7. Hverjir undirrituðu beiðnir um aðgerðir, þ.e. í hve mörgum tilvikum viðkomandi sjálfur og í hve mörgum tilvikum foreldrar eða lögráðamaður?
8. Hve oft undirrituðu barnaverndarnefndir sveitarfélaga eða aðrir opinberir aðilar slíka beiðni eða höfðu frumkvæði að aðgerð?

9. Hvernig var staðið að því að fá samþykki viðkomandi, sbr. 2. mgr. 7. gr. laganna, þegar frumkvæði kom frá lögráðanda og/eða opinberum aðilum?
10. Setti nefnd skv. 5. gr. laganna sér vinnureglur eða var sett reglugerð skv. 3. mgr. 5. gr.? Ef ekki, hvernig var metið hvort skilyrðum 2. tölul. 2. mgr. 5. gr. væri fullnægt?
11. Hvernig var staðið að upplýsingagjöf til þess sem gekkst undir ófrjósemisaðgerð um eðli og afleiðingar aðgerðarinnar?
12. Eru þekkt dæmi þess að einstaklingur hafi gengist undir slíka aðgerð án þess að samþykki hans hafi legið fyrir og/eða án þess að fá upplýsingar um eðli og afleiðingar aðgerðar? Ef svo er, um hve mörg tilvik var að ræða og á hvaða aldri voru viðkomandi?
13. Eru þekkt dæmi þess að læknir hafi framkvæmt ófrjósemisaðgerðir á grundvelli þeirra sjónarmiða sem lögin byggðust á án þess að leyfi landlæknis skv. 6. gr. hafi legið fyrir?
14. Hve oft var aðila skipaður tilsjónarmaður skv. 4. gr.?
15. Hvenær var nefnd skv. 5. gr. síðast skipuð og hvenær kom hún síðast saman?
16. Eru dæmi þess að landlæknir hafi synjað umsókn um aðgerð skv. 2. mgr. 6. gr.? Ef svo er, hversu oft?
17. Eru dæmi þess að dómsmálaráðherra hafi hnekkt slíkri synjun landlæknis?

Greinargerð.

Áhrif mannkynbótastefnunnar eru auðsæ í lögum nr. 16/1938. Tilgangur laganna var að koma í veg fyrir úrkynjun í samfélaginu en fyrirmyndin var sótt til bandarískra og skandinavískra laga. Lögin voru einkum sett til höfuðs úrkynjunarvandanum sem talinn var stafa af treggáfuðum, fávitum og geðveikum. Svo virðist sem lögin hafi endurspeglað tíðarandann vel því að þau voru samþykkt einróma á Alþingi. Rannsóknir hafa leitt í ljós að víða erlendis voru gerðar fjölmargar ófrjósemisaðgerðir án vitundar og samþykkis þeirra sem í hlut áttu, t.d. í Svíþjóð á árunum 1934–76.

Íslenska ríkið var með dómi, sem féll í janúar 1996 og ekki var áfrýjað, dæmt til að greiða manni 4 millj. kr. bætur fyrir ólögmæta ófrjósemisaðgerð sem gerð var á honum 18 ára gömlum árið 1973. Í ljósi þessara upplýsinga vakna spurningar um hvort fleiri dæmi séu þess að fólk hér á landi hafi verið gert ófrjótt án vitundar þess.

Skýrslubeiðnin er lögð fram svo að komast megi til botns í því hvort mannréttindi hafi verið brotin á fleiri Íslendingum en þeim sem vann mál sitt fyrir dómi árið 1996.

Skýrslubeiðni sama efnis var samþykkt á 125. löggjafarþingi en óafgreidd. Skýrslubeiðendum er ljóst að gagnsöfnun um svo viðkvæmt mál er vandasamt og tímafrekt verk. Allt kapp skal lagt á að faglega og vel sé að verki staðið en þess vænst að skýrsluna megi leggja fyrir Alþingi eigi síðar haustið 2001.

278. Tillaga til þingsályktunar [253. mál]

um sjálfbæra atvinnustefnu.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta, í samráði við sveitarfélög, samtök atvinnurekenda og launafólks og opinber ráð og rannsóknastofnanir, rammaáætlun um sjálfbæra at-

vinnuþróun á Íslandi með hliðsjón af Dagskrá 21 og Staðardagskrá 21 og vinna að framgangi hennar stig af stigi.

Slík stefnumótun miði meðal annars að því:

— að atvinnuvegir landsmanna lúti lögmálum sjálfbærrar þróunar og miðist við hrein framleiðsluferli og sjálfbæra nýtingu auðlinda,
— að skapa nýjum atvinnugreinum á sviði þekkingar og tækni í umhverfismálum hagstæð vaxtarskilyrði og efla þannig atvinnulíf og auka fjölbreytni þess,
— að beislun innlendra orkulinda hafi að markmiði að vistvæn orka komi í stað innflutts jarðefnaeldsneytis samhliða því sem komið verði í veg fyrir orkusóun,
— að fylgt verði alþjóðlegum skuldbindingum um losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við markmið rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kyotobókunina,
— að móta umhverfisstefnu með „grænu bókhaldi“ í stofnunum og fyrirtækjum og fela Þjóðhagsstofnun að þróa og birta „græna þjóðhagsreikninga“,
— að taka upp „græna skatta“ stig af stigi og draga í staðinn úr núverandi skattheimtu og leggja á umhverfisgjöld til að ýta undir sjálfbær framleiðsluferli og örva endurnýtingu,
— að draga úr sorpmyndun með því að flokka og endurnýta sorp og lífrænan úrgang,
— að tryggja að skipulag og landnotkun lúti langsæjum markmiðum um sjálfbæra landnýtingu, náttúruvernd og verndun menningar- og búsetuminja,
— að stuðla að rannsóknum og menntun þannig að ætíð sé til haldgóð þekking aðgengileg fyrir almenning og vel menntað starfsfólk til að stuðla að sjálfbærri atvinnuþróun,
— að styrkja byggðir landsins með fjölgun starfa og fjölbreyttari atvinnutækifærum á sviði umhverfis- og náttúruverndar.

Rammaáætlunin um sjálfbæra atvinnuþróun verði kynnt á Alþingi eigi síðar en á haustþingi 2002.

Greinargerð.

Tillaga sú sem hér er flutt er efnislega af sama toga og 590. mál, þskj. 892, sem flutt var á 125. löggjafarþingi af þingflokki Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Tillögutextinn hefur verið styttur og einfaldaður en aðgerðir í einstökum málaflokkum eru nánar útlistaðar í meðfylgjandi greinargerð.

Umhverfis- og náttúruvernd er óaðskiljanlegur hluti farsællar samfélagsþróunar á 21. öld og skilyrði þess að mannkynið haldi velli. Umhverfis- og náttúruvernd mun einnig skipta sköpum í baráttunni fyrir því að viðunandi jöfnuður náist með einstaklingum og þjóðum. Allir geta lagt sitt af mörkum til umhverfis- og náttúruverndar og þannig orðið virkir þátttakendur í sameiginlegri vegferð heimsbyggðarinnar í átt til sjálfbærrar þróunar. Þetta á ekki síður við hér á Íslandi en annars staðar. Því er mikilvægt að nú þegar verði hafist handa við að skipuleggja hvernig Íslendingar geti byggt upp sjálfbæra atvinnustefnu þar sem umhverfisvernd og atvinnuuppbygging fara saman. Ein helsta forsenda þess að svo geti orðið er að skilningur á þeim miklu atvinnutækifærum sem í raun felast í markvissri og metnaðarfullri umhverfisvernd verði efldur. Nauðsynlegt er að eyða tortryggni sem oftar en ekki stafar af því að litið er á umhverfisvernd sem dragbít á þróttmikið atvinnulíf eða jafnvel andstæðu þess. *Vernd náttúru og umhverfis er ekki einungis skylda okkar við komandi kynslóðir heldur* einnig uppspretta tækifæra.

Tillaga sú sem hér er flutt miðar að því að allir atvinnuvegir þjóðarinnar lúti lögmálum sjálfbærrar þróunar, við alla framleiðslu verði lögð áhersla á hrein framleiðsluferli og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Mikilvægt er að allt kapp verði lagt á að varðveita hreinleika lands

og sjávar, enda er slíkt forsenda fyrir framleiðslu og sölu á hollum neysluvörum. Vinna þarf markvisst að því að framleiðsluvörur þjóðarinnar standi undir ímynd hollustu og hreinleika.

Þá miðar tillagan að því að komið verði á umhverfisstefnu og „grænu bókhaldi“ í stofnunum og fyrirtækjum. Mikilvægt er að koma því á að Þjóðhagsstofnun birti „græna þjóðhagsreikninga“ auk þess sem gera þarf gagngera áætlun um endurskoðun skattkerfisins sem miði að því að taka í áföngum upp „græna skatta“. Markmiðið verði að innkaupsverð vöru endurspegli þann umhverfiskostnað sem framleiðsla, notkun og eyðing vörunnar hefur í för með sér.

Tækni og menntun.

Nauðsynlegt er að ryðja braut nýjum starfsgreinum á sviði umhverfisfræða og fjölga menntunartækifærum í umhverfistækni og umhverfisstjórnun. Einnig ber að tengja þekkingariðnað þessum greinum og efla hann með samræmdum aðgerðum. Leggja þarf sérstaka áherslu á rannsóknir almennt og sjá til þess að hluti opinberra fjárveitinga til rannsóknarstarfa verði merktur rannsóknum á sviði umhverfismála, svo sem umhverfistækni og umhverfisstjórnunar.

Á Íslandi eru ákjósanlegar aðstæður til margs kyns rannsókna á sviði náttúruvísinda. Þar sem landið er stöðugt í mótun er það í rauninni lifandi kennsluefni í jarðfræði, líffræði og fleiri greinum. Rannsóknarefnin eru næg og skapa möguleika á að laða hingað erlenda vísindamenn til rannsókna í samvinnu við innlenda aðila. Norræna eldfjallastöðin, Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna, Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar eru dæmi um stofnanir sem hægt er að efla og hafa til hliðsjónar við uppbyggingu alþjóðlegra vísindarannsókna á Íslandi. Þá mætti hugsa sér að komið yrði á vísindasetrum í tengslum við þjóðgarða og önnur friðlýst svæði.

Frændur okkar Norðmenn hafa komið á fót aðstöðu á Svalbarða fyrir fjölda vísindamanna úr ýmsum greinum náttúruvísinda. Þar dveljast nú næstum 300 vísindamenn við rannsóknir og tengd störf yfir sumartímann og að vetrarlagi dveljast þar 90–100 vísindamenn. Háskólar og aðrar rannsóknastofnanir kosta dvöl vísindamannanna á Svalbarða og hefur starfsemin þar aukist mjög á síðustu árum.

Annað dæmi má nefna frá japönsku eynni Hokkaido þar sem grænþörungurinn *Cladophora aegagropila* þekur stór botnsvæði í vatni einu og nær þvílíkri stærð að það hefur gert hann að miklu aðdráttarafli fyrir vísindamenn og ekki síður ferðamenn frá öllum heimshornum. Þetta vatn, Akanvatn, mun vera annað af tveimur vötnum í heiminum þar sem þessi þörungur nær slíkri stærð, hitt vatnið er Mývatn.

Ljóst er að náttúra landsins og fjölbreytileg vistkerfi hennar eru uppspretta atvinnutækifæra jafnt í ferðamennsku sem í vísindasamfélaginu. Nú hafa verið settar upp tvær skrifstofur á Akureyri sem tengjast umhverfissamstarfi Norðurlandanna, Bandaríkjanna, Kanada og Rússlands. Önnur þeirra (CAFF – Conservation of Arctic Flora and Fauna) hefur umsjón með samvinnuverkefni um náttúruvernd á norðurslóðum og hin (PAME – Protection of the Arctic Marine Environment) annast þau verkefni samstarfsins sem lúta að verndun hafsins. Skrifstofurnar skapa möguleika á enn frekara samstarfi á sviði vísinda, tækni og menntunar.

Íslendingar eiga líka að nýta sér sóknarfæri sem felast í því að þróa umhverfisvæna tækni á ýmsum sviðum en hún verður stöðugt dýrmætari og eftirsóttari. Umhverfisvæn tækni er forsenda ýmiss konar vottunar eða viðurkenningar sem gefur vörum forskot á markaði. Jafnframt fer þörfin fyrir nýjar umhverfisvænar leiðir ört vaxandi með aukinni alþjóðlegri samvinnu um vernd umhverfis og náttúru, ekki síst í iðnvæddum ríkjum.

Orkumál.

Mikilvægt er að taka upp sjálfbæra orkustefnu með það að markmiði að endurnýjanlegir orkugjafar leysi jarðefnaeldsneyti af hólmi og dregið verði úr orkusóun og losun gróðurhúsalofttegunda. Taka verður tillit til umhverfis- og náttúruverndar í áætlunum um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og fresta öllum stóriðjuframkvæmdum uns lokið er gerð rammaáætlunar. Gera þarf átak í rannsóknum á vistvænum orkugjöfum á borð við vindorku, sólarorku og virkjun sjávarfallanna.

Sjálfbær orkustefna er gríðarlega mikilvægur liður í sjálfbærri þróun á jörðinni. Núverandi orkubúskapur heimsins er í hrópandi andstöðu við þá hugmyndafræði. Íslendingar eru svo lánsamir að eiga miklar endurnýjanlegar orkulindir og því er mikilvægt að nýta þær eins skynsamlega og kostur er. Sú stóriðjustefna sem nú er fylgt bindur gríðarlegt orkumagn í fáeinum stórverksmiðjum. Hverfa verður af þeirri braut ef Íslendingar ætla að eiga þess kost að taka í notkun umhverfisvæna orkugjafa í stað jarðefnaeldsneytis og verða sjálfum sér nægir um orku. Samfara stóriðjustefnunni hefur meginhersla verið lögð á stórar vatnsaflsvirkjanir með hámarksrekstrarhagkvæmni án tillits til umhverfiskostnaðar. Flutningsmenn tillögunnar hafna þessari stefnu og telja rétt að fresta öllum stóriðjuáformum þar til langtímaáætlun um vernd og nýtingu allra vatnsfalla og jarðhitasvæða á landinu liggur fyrir. Í því sambandi ber að styðja vinnu við rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um vatnsafl og jarðvarma og bíða niðurstöðu hennar áður en frekar er aðhafst í virkjanamálum. Mikilvægt er einnig að ákvarða stjórnsýslulegt vægi þeirrar rammaáætlunar, svo hún dagi ekki uppi sem leiðbeinandi plagg, sem ráðamönnum ber engin skylda til að fylgja.

Varðandi þróun í virkjanamálum verður að teljast skynsamlegt að huga í auknum mæli að smávirkjunum sem hafa sáralítil umhverfisáhrif og gætu skapað störf í dreifbýli, ekki síst til sveita. Kanna ber möguleika smávirkjana á að tengjast orkuflutningsneti Landsvirkjunar sem keypti þá raforkuna af eigendum smávirkjana. Jafnframt eru aðstæður hér á landi ákjósanlegar til að vinna að rannsóknum á nýjum orkuberum eða orkugjöfum og gætu þær haft í för með sér mörg störf á sviði vísinda. Að öðru leyti vísast til greinargerðar með tillögu til þingsályktunar um sjálfbæra orkustefnu sem flutningsmenn þessarar tillögu fluttu á 125. löggjafarþingi (þskj. 13, 13. mál) og endurflutt verður á þessu þingi.

Endurvinnsla og endurnýting.

Mikilvægt er að draga úr sorpmyndun um a.m.k. 5% á ári næstu fimm árin. Flokka þarf sorp í auknum mæli jafnt frá heimilum sem atvinnustarfsemi og bæta skil til móttökustöðva með sérstakri áherslu á efni sem brotna hægt niður í náttúrunni, svo sem gúmmí og nælon. Nauðsynlegt er að endurskipuleggja fráveitukerfi landsmanna með áherslu á vistvæn hreinsiferli og endurnýta ætti allan lífrænan úrgang til jarðgerðar og framleiðslu á lífrænum áburði og auka verðmætasköpun úr hvers kyns öðrum endurunnum úrgangi.

Stuðla ber markvisst að aukinni endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs hér á landi. Til þess að svo megi verða þarf að gera stórátak í flokkun sorps og annars úrgangs, bæði frá heimilum og fyrirtækjum. Lykilatriði í þeirri þróun er skilningur á því að endurvinnsla er hluti af náttúruvernd og er atvinnuskapandi þrátt fyrir þann kostnað sem hún hefur í för með sér. Með aðild sinni að Ríó-yfirlýsingunni frá 1992 hafa Íslendingar ákveðið að taka upp svokallaða mengunarbótareglu. Hún felur í sér að miða skuli við að sá sem veldur mengun borgi fyrir þær ráðstafanir sem gera þarf til að koma í veg fyrir umhverfisskaða af völdum mengunarinnar. Ljóst er að í framtíðinni mun gjaldtaka fyrir sorphirðu og förgun í vaxandi mæli taka mið af þessari reglu þannig að hver og einn beri kostnaðinn af meðferð síns sorps. Þegar hafa

nokkur sveitarfélög hafið undirbúning að sorphirðukerfi sem á að hvetja fólk til að minnka sorp. Þar yrði heimilisúrgangur vigtaður og sorphirðugjöld miðuð við magnið.

Á undanförnum árum hafa nokkrir aðilar hér á landi unnið að vöruþróun í tengslum við endurvinnslu með góðum árangri. Svo dæmi sé tekið hefur Sæplast hf. þróað endurvinnanleg fiskkör frá árinu 1994, svonefnd MPC-kör, sem eru einstök á markaðinum. Þau eru dýrari í innkaupum en hefðbundin kör en á móti kemur að auðvelt er að endurnýta plastið í þeim á umhverfisvænan hátt þegar þar að kemur. Í hefðbundnum körum er pólý-úretan-einangrun sem gerir ómögulegt að endurvinna þau og því er mun dýrara að farga þeim. Annað fyrirtæki sem hefur farnast vel á þessu sviði er Gúmmívinnslan hf. sem framleiðir öryggishellur úr endurunnu gúmmíi og jók sölu sína á endurunnum vörum um 100% frá 1998 til 1999. Þá hefur Úrvinnslan hf. sérhæft sig í framleiðslu á brettakubbum úr pappa og plasti sem fellur til í landbúnaði. Loks má nefna að Hampiðjan hefur verið að feta sig áfram með framleiðslu á girðingarstaurum úr endurunnu plasti.

Víða um land er ástand fráveitumála afar slæmt og ljóst að ráðast þarf í mjög dýrar framkvæmdir til að bæta þar úr. Enginn vafi leikur á því að hér um bil öll sveitarfélög landsins munu eiga afar erfitt með að standa undir framkvæmdum við nauðsynlegar hreinsistöðvar. Kostnaður vegna skolphreinsunar mun í framtíðinni að öllum líkindum dreifast æ meir í samræmi við mengunarbótaregluna og lenda að töluverðu leyti á fyrirtækjum. Í þessu felast hins vegar líka tækifæri því að hér á landi fer mikill úrgangur frá matvælaframleiðslufyrirtækjum út í holræsi og þaðan til sjávar. Þegar þessum úrgangi er blandað saman við húsaskolp og það síðan grófhreinsað með miklum tilkostnaði verður til þurrefni sem í besta falli nýtist til landgræðslu en meiri hluta lífrænna efna er dælt í sjóinn.

Með því að skilja að húsaskolp og skolp frá matvælaiðnaði og stóreldhúsum má bæði draga úr kostnaði og búa til verðmæti úr skolpinu. Frá fiskvinnslunni á Íslandi fara um 10.000 tonn af nýtanlegu þurrefni á ári og frá sláturhúsunum fara sennilega um 500 tonn. Með nýrri hreinsitækni geta t.d. fiskvinnslufyrirtæki hreinsað sitt eigið skolp, sjálfum sér og umhverfinu til hagsbóta. Í fiskvinnslu sem framleiðir 50 tonn af afurðum á dag, svo dæmi sé tekið, fellur til nægilegt magn af lífrænu efni til að framleiða lífrænan áburð fyrir 300 hektara af ræktuðu landi á ári. T.d. mundi frárennsli frá allri fiskvinnslu á Akureyri duga til að framleiða lífrænan áburð fyrir 10–15% af ræktuðu landi í Eyjafirði. Þessi áburður hefur þann stóra kost umfram húsdýraáburð að í honum eru engin óæskileg fræ, hvorki illgresisfræ né önnur. Ef Íslendingar tileinkuðu sér þessa vistvænu hreinsitækni væri stærsta hindrunin fyrir þróun lífræns landbúnaðar hér á landi úr sögunni.

Önnur leið til að búa til verðmæti úr lífrænum úrgangi er að framleiða gas sem gæti komið í stað olíu. Fiskvinnslufyrirtækið í dæminu hér að framan gæti með vistvænu hreinsiferli framleitt eldsneyti sem svarar hálfu tonni af olíu á dag og t.d. nýtt það til að knýja bifreiðar og vinnuvélar á vegum fyrirtækisins. Búnaðurinn sem til þarf kostar á bilinu 2–10 millj. kr. eftir stærð fyrirtækisins en borgar sig hratt upp. Ef áfram er miðað við 50 tonna framleiðslu á dag er hagnaðurinn 30.000 kr. á dag eða 7 millj. kr. á ári ef lífræni áburðurinn er verðlagður eins og tilbúinn áburður. Þessi hreinsitækni er allt í senn umhverfisvæn, hagkvæm og atvinnuskapandi. Henni fylgja störf tæknimanna og umsjónarmanna á hverjum stað. Hún dregur úr mengun, stuðlar að aukinni endurnýtingu og bætir ímynd matvælafyrirtækjanna og íslensks atvinnulífs.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands hefur magn úrgangs sem er grafinn í jörð stöðugt farið vaxandi frá 1992 og nam árið 1998 152.000 tonnum eða um 68% af því sem til féll á árinu. Afar dýrt er að grafa svo stóran hluta sorpsins, ekki er um varanlega lausn að ræða og enn fremur er verið að kasta verðmætum á glæ. Einfaldasta og hagkvæmasta leiðin

til að draga úr þessu magni er með meiri flokkun og endurvinnslu, m.a. á pappír, plasti og ekki síst lífrænum úrgangi. Engar tölur eru aðgengilegar um hlutfall lífræns úrgangs af fyrrnefndu magni. Þó liggur fyrir að árlega eru grafin 10.000 tonn af lífrænum úrgangi frá sláturhúsum hér á landi. Hægt er að geta sér til um magn lífræns úrgangs sem fellur til á íslenskum heimilum. Í Bandaríkjunum er hlutfall lífræns úrgangs af heimilissorpi um 30% (sjá t.d. *Backyard Composting*, Harmonious Press, 1992, bls. 7). Heildarmagn sorps hér á landi er um 68.000 tonn þannig að ætla má að þar af séu yfir 20.000 tonn af lífrænum úrgangi að því gefnu að hlutfallið sé svipað hér og í Bandaríkjunum. Hvað sem því líður er ljóst að magnið er verulegt og mætti hæglega nýta til jarðgerðar eða annarrar verðmætasköpunar með svipuðum hætti og áður er lýst. Ekki verður fullyrt hér um arðsemi þess en það er án efa skynsamlegt að nýta sem mest af lífrænum úrgangi til landgræðslu og áburðarframleiðslu.

Sjávarútvegur.

Í sjávarútvegi verður að leggja áherslu á notkun vistvænna veiðarfæra og umhverfisvænna vinnsluaðferða. Vinna þarf markvisst að því að draga úr orkunotkun á aflaeiningu og hvetja til varkárni í umgengni við auðlindina og allt lífríki sjávar. Nauðsynlegt er að marka stefnu sem miðar að fullvinnslu afla og finna leiðir til að nýta allan lífrænan úrgang sem til fellur í sjávarútvegi, jafnt í landvinnslu sem á hafi úti.

Flutningsmenn telja brýnt að undirstöðuatvinnugrein landsmanna, sjávarútvegurinn, verði löguð að kröfum um vistvænni veiðar og vinnslu aflans. Þar fara saman hagsmunir umhverfisins og atvinnugreinarinnar sjálfrar þar sem útflutningur sjávarafurða styðst mjög við ímynd íslenskrar náttúru. Það gefur íslenskum sjávarútvegi talsvert forskot að þar er ekki við stórkostleg vandamál að eiga vegna ofveiði. Stöðugt eru gerðar meiri kröfur um vottun afurða með tilliti til umhverfissjónarmiða og neytendur spyrja æ oftar ekki aðeins um hvaðan varan sé komin heldur hvernig hún hafi verið unnin á öllum stigum framleiðslunnar. Í þessari þróun felast því ýmis tækifæri fyrir Íslendinga ef þeir bera gæfu til að huga betur að umhverfismálum í sjávarútvegi. Okkur ber að leggja áherslu á fullvinnslu aflans með vistvænu framleiðsluferli þannig að sem mest verðmæti fáist fyrir afurðirnar með sem minnstum áhrifum á umhverfið. Í því sambandi vísast til þess sem fyrr er sagt um endurvinnslu lífræns úrgangs.

Áhrif veiðarfæra á lífríki sjávar eru eitt af mikilvægustu umhverfismálum þessa atvinnuvegar. Rannsóknir í Norðursjó benda til að um 50% af yfirborði sjávarbotnsins þar sé raskað á hverju ári. Enn er lítið vitað um áhrif dragnóta- og botnvörpuveiða á lífríkið á hafsbotninum en ljóst er að toghlerar botnvörpunnar valda þar nokkru raski. Á síðustu árum hafa fregnir borist af stórkostlegri eyðileggingu kóralsvæða á hafsbotni við Noreg og fyrir liggur að þar hefur mikilvægum uppvaxtarsvæðum nytjafiska verið spillt til frambúðar. Það er því allra hagur að rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á lífríki sjávar verði efldar og unnið verði markvisst að þróun vistvænni veiðarfæra.

Orkunotkun í sjávarútvegi er ekki síður stórt mál. Losun koltvíoxíðs, sem er helsta gróðurhúsalofttegundin, frá fiskiskipaflotanum hefur farið stigvaxandi allt frá árinu 1982 þegar hún nam 539.000 tonnum. Árið 1998 var þessi losun hins vegar 781.000 tonn og hafði því aukist um tæp 45% á tímabilinu. Hlutur fiskiskipaflotans í heildarlosun koltvíoxíðs jókst á sama tíma úr tæplega 31% í tæp 40%. Olíunotkun flotans hefur aukist úr rúmlega 192.000 tonnum árið 1983 í nálega 260.000 tonn árið 1998. Ástæður þessa er trúlega fyrst og fremst að finna í stærri og afkastameiri togurum sem eru búnir kraftmeiri vélum og nota sífellt stærri og þyngri veiðarfæri. Því hljóta að vakna áleitnar spurningar um samsetningu flotans með tilliti til orkunotkunar. Ekki eru haldbærar upplýsingar um eldsneytisnotkun skipa eftir stærðarflokkum en vísbendingar fást ef bornar eru saman tölur úr ritum Orkustofnunar og Hagstof-

unnar. Í töflu er að finna upplýsingar um aflamagn og aflaverðmæti á Íslandsmiðum 1998 og eldsneytisnotkun 1995.

Afli og aflaverðmæti á Íslandsmiðum 1998 og olíunotkun flotans 1995.

	Afli í t. 1998	Verðmæti í þús. kr.	Þús. kr. á tonn	Olíunotkun í tonnum 1995	Afli/olíu í tonnum	Þús. kr. á tonn af olíu
Opnir bátar	40.093	3.456.147	86,204			
Vélbátar að 10 t	25.852	2.340.964	90,553			
Vélbátar 10–200 t	159.678	12.827.906	80,336			
Vélbátar >200 t	1.119.814	13.025.849	11,632			
Aðrir en togarar samtals	1.345.436	31.650.866	23,525	82.100	16,39	385,516
Togarar	315.333	25.973.519	82,369	174.472	1,81	148,869
Öll skip	1.660.769	57.624.385	34,697	256.572	6,47	224,593

Heimildir: Orkumál 1995. Útvegur 1998.

Ekki má gleyma því að togaraflotinn sækir að miklu leyti á fjarlæg mið þar sem öðrum skipum verður ekki beitt og fer því oft miklar vegalengdir í sínum veiðiferðum. Samt sem áður er greinilegt að togararnir nota óhemjumikla olíu við veiðar sínar miðað við smærri skip. Þegar litið er á aflamagn og aflaverðmæti sem skipin skila fyrir hvert tonn af olíu er munurinn mikill en hafa ber í huga að veiðar á uppsjávarfiskum gætu skekkt myndina töluvert. Þar er aflamagn mikið en verðmæti tiltölulega lítið hlutfallslega. Þessar tölur gefa sterkar vísbendingar um að báta- og smábátaflotinn skili margföldu aflaverðmæti á hvert tonn af olíu miðað við það sem gerist í togaraútgerð. Þessa þætti er nauðsynlegt að rannsaka til hlítar og nota niðurstöðurnar til að þróa fiskveiðar á Íslandsmiðum í átt til umhverfisvænni veiðiaðferða.

Brottkast afla hefur lengi verið vandamál í íslenskum sjávarútvegi. Útgerðin telur sig ekki hafa neinn hag af því að færa undirmálsfisk og úrgang að landi og því fer hvort tveggja allt of oft í sjóinn. Leita verður leiða til að breyta þessari umgengni við hafið og fá sjómenn til að skila öllum afla á land. Eins og áður hefur komið fram má hæglega skapa verðmæti úr fiskúrgangi sem ekki er nýttur til að framleiða skepnufóður. Það er aftur á móti afar ósennilegt að slíkt geti orðið hagkvæmt fyrir útgerðina nema þeim mun hærri gjöld væru lögð á hana samkvæmt mengunarbótareglunni. Slíkt væri þó bæði illframkvæmanlegt og óheppilegt enda síst til þess fallið að breyta viðhorfum útgerðarmanna til þessara mála. Athugandi væri að styrkja fyrirtæki til að gera út skip sem tækju við þessum úrgangi og færðu hann að landi.

Ferðaþjónusta.

Ferðaþjónusta og náttúruvernd geta farið vel saman, enda er sjálf náttúran sú auðlind sem ferðaþjónustan byggist á. Mikilvægt er að efla náttúruvernd svo ferðaþjónusta geti blómstrað. Gera þarf sérstakt átak í atvinnuuppbyggingu í tengslum við þjóðgarða og önnur friðlýst svæði. Landvörðum og leiðsögumönnum þarf að fjölga, styrkja þarf stöðu þeirra og nauðsynlegt er að efla menntun í ferðaþjónustu og auka fjölbreytni hennar. Koma þarf á fót tilraunaverkefnum um sjálfbær samfélög undir merkjum vistmenningar og þau samfélög sem þegar eru til þarf að styrkja.

Ferðaþjónusta fer ört vaxandi hér á landi enda hefur fjöldi ferðamanna sem kemur til landsins rúmlega sexfaldast á síðustu tíu árum. Árið 1998 komu rúmlega 230.000 erlendir

ferðamenn til Íslands og fjölgaði þá um 15% frá árinu áður. Gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum námu 26 milljörðum kr. árið 1998 og 28 milljörðum kr. árið 1999. Gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu hafa aukist um meira en 30% frá árinu 1995, og eru þá tekjur af innlendum ferðamönnum ótaldar.

Enginn vafi leikur á því að náttúra Íslands er það aðdráttarafl sem öðru fremur laðar erlenda ferðamenn hingað til lands í svo miklum mæli. Það er því mikið hagsmunamál fyrir ferðaþjónustuna að viðhalda óspilltri náttúru eftir fremsta megni og varðveita þannig auðlindina til framtíðar. Ferðaþjónustu á Íslandi verður að skipuleggja og reka í anda sjálfbærrar þróunar í sátt við landið. Aðeins þannig er mögulegt að gera ferðaþjónustuna að blómlegri atvinnugrein til framtíðar og gæta þess um leið að náttúra og umhverfi hljóti ekki skaða af. Hluti af sjálfbærri ferðaþjónustu er að styrkja menningarsamfélög til að vekja athygli ferðamanna á menningu og sögu viðkomandi þjóðar. Þar eiga Íslendingar vannýtta auðlind sem sjálfsagt er að nota til að efla ferðaþjónustuna.

Jafnframt ber að nefna heilsutengda ferðaþjónustu sem er meðal nýjustu vaxtarbrodda í þessum atvinnuvegi. Heilsutengd ferðaþjónusta gæti átt mikla framtíð fyrir sér á Íslandi þar sem hér er m.a. hreint loft og heilnæmt vatn. Nægir að benda á hina miklu uppbyggingu sem hefur orðið í tengslum við Bláa lónið að undanförnu. Árið 1999 voru gestir þar rúmlega 250 þús. og gert er ráð fyrir 350 þús. gestum árið 2000. Þar er aðstaða til meðhöndlunar húðsjúkdóma og unnið að þróun og framleiðslu á húð- og snyrtivörum. Aðstandendur starfseminnar hafa uppi áform um rannsóknir á lífríki svæðisins og fengu nýlega nýsköpunarverðlaun Rannís og Útflutningsráðs.

Til að tryggja sjálfbæra þróun ferðaþjónustunnar þarf að vinna fjölmörg verk. Nauðsynlegt er að kortleggja betur helstu ferðamannasvæði og beina ferðamannastraumnum til fleiri staða þannig að álag verði ekki of mikið á vinsælustu svæðunum. Einnig þarf að auka landvörslu til mikilla muna, bæði til að auka öryggi ferðamanna og koma í veg fyrir landspjöll. Þá er nauðsynlegt að sinna rannsóknarverkefnum sem tengjast náttúruvernd og álagi á ferðamannastaði til að vakta auðlindina. Allt er þetta atvinnuskapandi og óhjákvæmilegt að leggja í kostnað sem því fylgir. Þar að auki sýnir vaxandi markaður fyrir ferðaþjónustu sem stenst kröfur um sjálfbæra þróun að umhverfisvernd í þessari atvinnugrein hefur beinan efnahagslegan ávinning í för með sér. Reynsla annarra þjóða sýnir að ferðamenn eru tilbúnir að greiða mun hærra verð fyrir ferðir inn á verndarsvæði og um þjóðgarða, jafnvel allt að 100% hærra verð, en greitt er fyrir ferðir um óskilgreind svæði.

Eitt mikilvægasta atriðið er að gera stórátak í skipulagi vinsælla ferðamannastaða, svo að þeir geti borið að skaðlausu álag af ferðamannastraumi en ella verði aðsókn takmörkuð. Einnig er mikilvægt að gera áætlun sem miði að því að dreifa ferðamönnum um landið.

Landbúnaður.

Í landbúnaði ber að leggja áherslu á lífræna búskaparhætti og stefna að því að hlutfall lífrænnar framleiðslu verði 5% á árinu 2005. Gera verður markvissar áætlanir um beitarstjórnun í öllum landshlutum og leggja drög að öflugri gæðastýringu til að mæta auknum kröfum um merkingu afurða og gæðavottun til að tryggja fæðuöryggi.

Íslenskur landbúnaður mun víðast hvar vera stundaður í meiri sátt við náttúruna en gengur og gerist í flestum nálægum löndum. Þó þarf að taka fyrir ofbeit af völdum sauðfjár og hrossa í úthaga þar sem hennar gætir enn. Ef rétt er á haldið eru mikil tækifæri fólgin í því að taka í auknum mæli upp lífræna búskaparhætti hér á landi. Meginhindrunin í vegi þeirrar þróunar hefur verið skortur á lífrænum áburði þar sem innlendur húsdýraáburður hefur ekki dugað

til. Með vistvænu hreinsiferli á lífrænu skolpi og endurnýtingu lífræns úrgangs er hægt að ryðja þessari hindrun úr vegi.

Markaður fyrir lífrænt vottaðar vörur stækkar stöðugt. Í fyrstu var eftirspurnin aðallega bundin við grænmeti, korn og ávexti en í seinni tíð hefur hún náð til annarra afurða á borð við kjöt, mjólk og egg. Lífrænn landbúnaður er vaxtarbroddur nýsköpunar sem hefur mjög jákvæða ímynd og fellur afar vel að hugmyndum um sjálfbæra þróun. Með meiri hvatningu, stuðningi og rannsóknum gæti lífrænn landbúnaður einnig stuðlað að traustari byggð til sveita og uppbyggingu í úrvinnsluiðnaði.

Nú vantar lífrænt vottað dilkakjöt á markað í nágrannalöndum okkar og á síðasta ári fór megnið af lífrænni framleiðslu bænda á erlendan markað. Af þeim sökum var ekki til nægilegt magn fyrir innanlandsmarkað. Þetta sýnir að nú er lag fyrir fleiri bændur að snúa sér að lífrænni framleiðslu. Varlega áætlað má gera ráð fyrir að 50 bændur væru í stakk búnir að stíga þetta skref án mikillar fyrirhafnar. Þeir bættust þá í hóp þeirra 30 sem nú þegar stunda lífræna ræktun. Það er ekki einfalt að stíga þetta skref og víðast hvar í Evrópu hafa bændur fengið hvatningu frá hinu opinbera kerfi í formi aðlögunarstyrkja fyrstu árin sem þeir stunda búskap af þessu tagi. Nú er það opinber stefna í Evrópusambandinu að hvetja bændur til að breyta búskaparháttum sínum á þennan hátt. Það væri stórt en veigamikið skref í átt til sjálfbærrar þróunar ef íslensk stjórnvöld gerðu slíkt hið sama.

Ekki einasta framleiðsla á lífrænu dilkakjöti gæti orðið ábatasöm búgrein hér því að miklir möguleikar eru einnig fólgnir í grænmetis- og blómarækt. Það er vandasamt að rækta grænmeti án tilbúins áburðar og án allra eiturefna við íslenskar aðstæður, en það fæli í sér atvinnu fyrir fjölda fólks ef rannsóknir á þessu sviði væru efldar, raforkukostnaður til ylræktarbænda lækkaður og útflutningur lífrænt ræktaðra afurða aukinn. Ekki skortir erlenda markaði því að gera má ráð fyrir að hlutdeild lífrænnar framleiðslu í löndum Evrópusambandsins, sem nú er 2%, aukist í 5–10% á næstu fimm árum. Í Þýskalandi telja 70% neytenda lífrænt ræktaðar matjurtir hollari en aðrar matjurtir og þarlendir framleiðendur anna ekki eftirspurn. Það gera Danir ekki heldur; þeir flytja inn sem svarar 30% af seldri lífrænni matvöru. Markaður fyrir lífrænar afurðir stækkar óðum í Bretlandi. Þar eru flutt inn u.þ.b. 70% af heildarneyslu lífrænna matvæla. Einnig stækkar okkar innlendi markaður hratt.

Umræðan um erfðabreytt matvæli virðist styrkja markað fyrir lífrænar afurðir þar sem neytendur stilla þessum afurðum upp sem andstæðum. Það er mikil andstaða gegn erfðabreyttum matvælum um alla Evrópu og andstaðan fer vaxandi í Bandaríkjunum. Mörg lönd hafa lögleitt bann við ræktun erfðabreyttra matjurta, m.a. Brasilía sem er næstmesta kornframleiðsluland heimsins. Í Þýskalandi eru neytendur afar tortryggnir gagnvart erfðabreyttum afurðum sem kemur kannski best fram í því að segja má að allur barnamatur þar sé að verða framleiddur úr lífrænum afurðum og þar í landi hefur brauðgerð úr lífrænt ræktuðu korni vaxið hröðum skrefum síðustu ár.

Ljóst er að matvæli sem framleidd eru úr lífrænum afurðum eru ekki tískubóla því að markaður fyrir þessar vörur hefur verið í örum vexti í 30 ár. Einnig er ljóst að neytendur setja hollustu í auknum mæli í forgang og neysluvenjur taka mið af því. Þannig má segja að tækifærin til nýsköpunar í landbúnaði og ræktun felist í lífrænum aðferðum.

Gróðurvernd, landgræðsla og skógrækt.

Brýnt er að marka framtíðarstefnu um gróðurvernd, landgræðslu og skógrækt með vistvænum aðferðum. Landvörslu og löggæslu á hálendinu og aðliggjandi ferðamannastöðum þarf að efla og fylgja verður fast eftir reglum um umgengni við landið og náttúruna. Stefnumörkun í skipulagsmálum hálendisins, með verndarsjónarmið í fyrirrúmi, ber að halda

áfram. Allar rannsóknir á vistkerfum landsins ber að efla og hraða skráningu búsvæðagerða, sbr. áætlun Náttúrufræðistofnunar Íslands, og gerð náttúruverndaráætlunar, sbr. áætlanir Náttúruverndar ríkisins.

Á þeim tiltölulega skamma tíma sem liðinn er frá því að búseta manna hófst á Íslandi hefur orðið stórkostleg gróðureyðing. Uppblástur hefur leikið stór landsvæði grátt og ógnar viðkvæmum svæðum, ekki síst á hálendinu sem verður ein mesta auðlind landsmanna í framtíðinni. Þrátt fyrir aukinn kraft í baráttunni gegn landeyðingu á síðustu áratugum er ljóst að betur má ef duga skal. Allar aðgerðir í þeirri baráttu verða að vera vandlega skipulagðar og byggjast á rannsóknum og þekkingu.

Gróðurvernd á þar að vera forgangsverkefni, að verja það sem eftir er af náttúrulegu gróðurfari landsins og vistkerfi sem því tengjast. Nauðsynlegt er að friða svæði sem eru illa farin og skapa þannig forsendur fyrir endurheimt landgæðanna. Aðferðir við uppgræðslu verða að standast kröfur um sjálfbæra þróun og sérstaklega ber að varast innflutning plöntutegunda sem geta skaðað íslenskt lífríki. Hér verða að koma til lög um jarðvegs- og gróðurvernd sem taka heildstætt á nýtingu og verndun þessara auðlinda.

Nú eru um 1,4% Íslands klædd skógi og kjarri en ef einungis eru talin svæði sem teljast vaxin skógi samkvæmt alþjóðlegri skilgreiningu er hlutfallið aðeins 0,3%. Þetta hlutfall er hið lægsta í Evrópu en skógleysið er hins vegar ekki náttúrulegt ástand miðað við gróðurfarsskilyrði hér á landi. Talið er að ef útbreiðsla skóga hér væri svipuð og við landnám þektu þeir á bilinu 25–30% landsins. Danir og Írar stóðu í svipuðum sporum og Íslendingar við síðustu aldamót hvað þetta snertir, með um 1% landanna vaxið skógi. Ræktunaraðgerðir þar hafa borið góðan árangur, nú eru 8% Írlands og 12% Danmerkur þakin skógi.

Brýnt er að efla rannsóknir á þessu sviði og ljóst að mikilvægi þeirra mun aukast á nýrri öld. Í því sambandi má benda á nauðsyn þess að finna leiðir til að stunda árangursríka skógrækt í sátt við vistkerfið sem fyrir er, rannsaka áhrif hennar á vatnsbúskap, jarðvegsvernd, líffræðilega fjölbreytni o.s.frv. Þá má nefna rannsóknir á umhirðu og ræktun nytjaskóga sem nú er stunduð víða um land, skógrækt til að binda koltvísýring og til að bæta búsetuskilyrði, bæði í þéttbýli og dreifbýli.

Endurheimt votlendis er framtíðarverkefni, sem brýnt er að leggja drög að, enda eru votlendissvæði lífseigustu vistkerfi landsins. Votlendi setur mikinn svip á náttúru Íslands en mjög hefur verið gengið á það undanfarna áratugi. Frjósamar láglendismýrar hafa verið ræstar fram í miklum mæli auk þess sem vegagerð og þéttbýlismyndun hafa tekið sinn toll, að ekki sé talað um áhrif virkjana sem hafa sökkt stórum svæðum votlendis undir miðlunarlón. Umræðan um endurheimt votlendis hefur eflst mjög síðustu ár og nú er svo komið að rannsóknir leiða í ljós miklar líkur á að við ákveðnar aðstæður og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sé endurheimt votlendis möguleg. Vísindamenn starfa nú ötullega við að fullkomna þessar rannsóknir en eins og aðrar rannsóknir í náttúruvísindum hefur þær skort fjármagn og hvatning frá hinu opinbera hefur verið lítil. Rannsóknir á votlendi Íslands gætu skapað fjölda starfa, að ekki sé talað um sjálfa aðgerðina sem fólgin er í undirbúningi að endurheimt votlendisins. Þar er mikilvægt að standa vel og faglega að málum, enda er endurheimt á ákveðnum svæðum bæði vandmeðfarin og kostnaðarsöm. Með endurheimt votlendis vinnst margt. Landið er fært aftur til fyrra horfs sem skapar lífsskilyrði fyrir gróður og dýralíf sem áður ríkti á svæðunum. Þannig má líta á endurheimt votlendis sem lið í almennri náttúru- og landslagsvernd. Þá má gera ráð fyrir að endurheimtin auki útivistargildi svæða, þau verði áhugaverð til fuglaskoðunar og skilyrði geti skapast til veiða á fugli og fiski. Með tímanum mun endurheimt votlendis að öllum líkindum binda kolefni í stað þess að losa það út í andrúmsloftið og önnur virkni ætti að færast til fyrra horfs. Endurheimt votlendis væri þannig

liður í því að hamla gegn losun koltvísýrings, metans og annarra skaðlegra lofttegunda út í andrúmsloftið.

Jarðvegsrannsóknir er ein tegund rannsókna sem skortir tilfinnanlega hér á landi. Íslenskur jarðvegur er eldfjallajarðvegur sem er um margt afar sérstæður og sjaldgæfur í meira lagi. Sem dæmi um sérstöðu hans má nefna mjög háa fosfórbindingu, en rannsóknir á honum skortir. Hér væri um að ræða rannsóknir sem ætla mætti að vísindamenn alls staðar teldu eftirsóknarvert að komast í.

Nauðsynlegt er að við stöndum vörð um líffræðilega fjölbreytni og leggjum okkar af mörkum til að uppfylla samninginn um líffræðilega fjölbreytni sem tók gildi hér á landi 10. desember 1994. Það gerum við fyrst og fremst með öflugum rannsóknum á vistkerfi landsins og tegundavernd, jafnt í dýra- og jurtaríkinu, einnig með því að marka varfærna stefnu hvað varðar erfðabreyttar lífverur og afurðir framleiddar úr erfðabreyttum lífverum, bæði dýrum og plöntum.

Menning og listir.

Brýnt er að gera stefnumarkandi áætlun um stuðning við menningarstarfsemi atvinnu- og áhugamanna með það að markmiði að hann dreifist jafnar um landið og til ólíkra verkefna. Leggja ber mikla áherslu á alþýðumenningu hvers konar þar sem menningararfur þjóðarinnar og einstakra byggðarlaga verði nýttur sem efniviður til listflutnings. Gera þarf átak til að efla skráningu, uppgröft og varðveislu fornminja og annars mannvistarlandslags og sjá til þess að slíkar minjar verði aðgengilegar fyrir lærða sem leika og uppspretta atvinnutækifæra. Huga ber sérstaklega að eflingu áhugafélaga um listir og menningu í dreifbýli með það að markmiði að tengja starf þeirra t.d. skólastarfi og ferðamennsku.

Íslendingar eiga fjölda glæsilegra menningarstofnana. Má þar nefna Þjóðminjasafn, Þjóðarbókhlöðu, Þjóðmenningarhús, Þjóðleikhús, Þjóðskjalasafn, Listasafn Íslands, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Ríkisútvarpið. Allar þessar stofnanir búa yfir möguleikum til landvinninga á lista- og menningarsviðinu. Hugmyndir og kunnátta starfsfólks slíkra stofnana er auðlind sem nýta mætti betur en gert er. Oft skortir fjármagn, en stundum hefur líka vantað hvatningu stjórnvalda. Til að nýta til fullnustu þær hugmyndir sem búa í hugskoti fræði- og listamanna þarf að gera áætlun sem stjórnvöld og stofnanir gætu komið sér saman um að fara eftir.

Aukin tækifæri til listsköpunar og menningarstarfsemi má finna við hvert fótmál og er hægt að hugsa sér að aukið samstarf milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar geti gefið af sér nýjungar í því tilliti. Þar má nefna hugmyndir að atvinnuleikhúsum í landsfjórðungum, samstarf Listaháskóla Íslands og stofnana og félaga á landsbyggðinni, frumkvöðlasetur á sviði menningar, vísinda og lista o.fl. Víða um land standa auðar byggingar sem eitt sinn hýstu menntastofnanir á borð við húsmæðraskóla og héraðsskóla. Þessar byggingar gætu gegnt lykilhlutverki í að efla menningarstarfsemi á landsbyggðinni og efna til samstarfs milli aðila.

Byggðaleikhús er dæmi um starfsemi sem gæti tengt ólíkar greinar og ólíkar stofnanir saman í skapandi starfi. Þá er sett á svið leiksýning sem sækir efnivið í sögu viðkomandi byggðarlags eða svæðis. Hópur manna velur sér verkefni, t.d. skútuöldina á Fáskrúðsfirði. Safna þarf heimildum, rituðum jafnt sem munnmælum. Þar mætti hugsa sér að unga fólkið fengi það hlutverk að taka viðtöl við eldra fólkið í bænum. Skjalasafn bæjarins yrði skoðað og leitað fjársjóða í því. Ættfræðingar og sagnfræðingar kæmu að málinu og þegar heimildirnar væru fengnar væri hægt að hefjast handa við ritsmíðina, skrifa leikritið. Svo þarf að safna tónlist frá tímanum, grafa upp hljóðfæri eða smíða þau og læra að leika á þau. Söngv-

ana þarf að rifja upp og skrifa út. Dansarnir þurfa líka að vera til staðar og með réttum blæ. Þá þarf að velja sýningunni stað, mögulega verður gert upp gamalt hús eða gömul bryggja, og það þarf að sækja hugmyndir að leikmunum og búningum á byggðasafnið. Saumakonur, smiðir og málarar eru þar með komin til starfa. Síðan þarf að gefa út leikskrá eða vandaða bók með sýningunni, þá þarf ljósmyndara og grafíska hönnuði og svona mætti áfram telja. Útkoman er sýning sem getur lifað ár eftir ár og laðað ferðamenn til bæjarins, jafnt innlenda sem erlenda. Þetta er dæmi um menningartengda ferðamennsku.

Verðugt verkefni er að skrá menningarlandslag Íslands, skrá allar búsetuminjar og koma þeim fjársjóði sem landið býr yfir í því tilliti á framfæri. Vel má hugsa sér að slíkt starf gæti auðveldað okkur að viðhalda búsetu um allt land. Til dæmis má hugsa sér verkefni sem fælist í rannsóknum og skráningu á strandmenningu íslensku þjóðarinnar. Hvernig hefur það verið í gegnum aldirnar að búa við sjávarsíðuna? Hvað hefur einkennt líf þess hluta þjóðarinnar sem þannig hefur búið? Hvaða sögur voru sagðar til sjós og hvaða söngvar sungnir?

Enn eru ótaldir þeir möguleikar sem felast í náttúrustofum landshlutanna. Þar eru stofnanir sem komið hefur verið á fót af vanefnum, þeim ekki verið markað nægilega skýrt hlutverk og ekki verið hvatt til tengsla við aðrar stofnanir í nægilega ríkum mæli. Fullt tilefni er til að leita nýrra hugmynda um það hvernig flétta mætti náttúrustofurnar inn í menningarstarfsemi á landsbyggðinni. Þar er örugglega vannýtt auðlind.

Þegar öllu er á botninn hvolft sést hversu mikið mætti framkvæma af hugmyndum sem lifa í hugskoti fræðimanna og listamanna. Jafnt áhugamenn sem atvinnumenn búa yfir hafsjó af fróðleik og kunnáttu sem er hluti af mannauði okkar. Þessa þætti þarf að tvinna saman og leita leiða til að vefa fjölskrúðugan vef úr menningararfinum okkar þar sem hann blandast listflutningi framsýnna hugmyndasmiða.

Iðnaður o.fl.

Í iðnaði ber að leggja áherslu á hrein framleiðsluferli, rannsóknir á vistvænum efnum sem geta komið í stað skaðlegra efna, minni umbúðanotkun og fullvinnslu úr innlendum hráefnum. Styðja á sérstaklega við verkefni sem miða að hreinni framleiðslutækni og uppbyggingu umhverfisstjórnunarkerfa. Marka þarf stefnu um eflingu smáiðnaðar sem nýtir hugmyndaauðgi, listfengi og endurnýtingu hvers konar efna við vinnsluna.

Huga ber sérstaklega að nýsköpun í iðnaði sem byggist á sjálfbærri nýtingu auðlinda og sjálfbærri þróun. Hvers konar hönnunariðnaði hefur vaxið fiskur um hrygg hér á landi á síðustu árum og í landinu hefur þróast kunnátta í ýmsum greinum iðnaðar sem byggist á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Eitt af því sem nefna má er vistvæn húsagerðarlist. Fyrirmynd um hana er sótt til annarra Norðurlanda þar sem víða hafa myndast svokallaðir vistvænir byggðakjarnar. Auk þess sem mikilvægt er að efla menntun í verklegum greinum á grunn- og framhaldsskólastigi er brýnt að hraða uppbyggingu náms í skipulagsfræðum, koma á arkitektanámi á háskólastigi og efla rannsóknir er tengjast byggingarlist. Þá er einnig brýnt að efla rannsóknir sem varpað gætu ljósi á húsasótt og áhrif raf- og segulsviðs í híbýlum manna samhliða því að þróa vistvænar aðferðir við húsbyggingar.

Vistvæn samfélög.

Víða eru að verða til samfélög sem byggjast á hugmyndafræði vistmenningar (permaculture). Dæmi um slíkt samfélag eru Sólheimar í Grímsnesi sem voru útnefndir fyrsta vistvæna samfélagið (ECO-Village) á Íslandi af alþjóðasamtökunum Global Eco Village Network árið 1997. Markmið slíkra vistvænna samfélaga felast í því að setja í öndvegi manngildi, ræktun og umhverfismál í víðasta skilningi. Hugmyndin er byggð á því að blanda sam-

an hefðum og nýrri tækni til að efla mannlíf sem samræmist hringrás náttúrunnar og ábyrgri nýtingu auðlinda og skerðir ekki möguleika komandi kynslóða til að fullnægja þörfum sínum. Rétt er að hvetja til þess að byggðakjarnar í þessum anda rísi sem víðast um landið. Hér er um að ræða mannfélag sem byggist á mikilvægum gildum, jafnt í andlegu sem efnahagslegu tilliti, þar sem mannrækt er í hávegum höfð og áhersla er lögð á samhljóm manns og náttúru.

Önnur dæmi um uppbyggingu í þessum anda eru t.d. nýjasta byggðin að Hellnum á Snæfellsnesi og hugmyndir íbúa Hríseyjar að sjálfbæru samfélagi í eynni. Þess má geta að flutningsmenn þessarar tillögu standa einnig að þingmáli um það efni (þingskjal 17, 17. mál).

Meginreglur umhverfisréttar.

Stuðla ber að öflugu samstarfi sveitarfélaga og atvinnulífs í umhverfismálum, m.a. með stuðningi við verkefni í anda sjálfbærrar þróunar og Staðardagskrár 21, í samræmi við samþykktir heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó 1992.

Á heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó de Janeiro í Brasilíu árið 1992 var m.a. samþykkt yfirlýsing, Ríó-yfirlýsingin, þar sem staðfestar voru nokkrar grundvallarreglur um samskipti manns og umhverfis sem stuðla eiga að sjálfbærri þróun. Ríki heims voru hvött til þess að taka þessar reglur upp í umhverfislöggjöf sinni. Þrátt fyrir góðan vilja og tilraunir fyrrverandi umhverfisráðherra, Guðmundar Bjarnasonar, hafa þessar meginreglur enn ekki verið festar í íslensk lög og hlýtur það að teljast löngu tímabært. Ríkisstjórnin samþykkti 1997 framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi. Í eftirfarandi kafla, sem er úr þeirri áætlun, má lesa lýsingu á meginreglum umhverfisréttar:

„Í Ríó-yfirlýsingunni segir að mannkyninu beri réttur til að lifa heilbrigðu og auðgandi lífi í sátt við náttúruna. Þar er einnig minnst á réttinn til þróunar, sem beri að nýta með þeim hætti að komið sé af sanngirni til móts við umhverfis- og þróunarþarfir núlifandi og komandi kynslóða. Tekið er fram að hver einstaklingur eigi rétt á upplýsingum um umhverfið, ástand þess og aðgerðir á sviði umhverfismála. Einnig á hver einstaklingur rétt á þátttöku í ákvarðanatöku sem snertir nánasta umhverfi hans.

Segja má að þessar réttindayfirlýsingar séu ein af fjórum meginreglum sem finna má í Ríó-yfirlýsingunni. Hinar eru:

Varúðarreglan, sem kveður á um að ekki skuli að öðru jöfnu ráðist í framkvæmdir sem kunna að hafa alvarleg eða óbætanleg umhverfisáhrif í för með sér, fyrr en sýnt sé að þær hafi ekki slík áhrif.

Mengunarbótareglan, sem kveður á um að þeir sem spilla umhverfinu beri nauðsynlegan kostnað við að bæta skaðann og kostnað vegna aðgerða sem miða að því að koma í veg fyrir umhverfisskaða. Reglan felur m.a. í sér að þeir sem hyggja á framkvæmdir sem geta haft mengun eða umhverfisspjöll í för með sér greiði kostnað við mat á umhverfisáhrifum og umhverfiseftirlit.

Nytjagreiðslureglan, sem felur í sér að þeir sem nýta náttúrulegar auðlindir sér til ávinnings eða ánægju greiði þann kostnað sem til fellur við verndun og viðhald þessara auðlinda."

Hugmyndafræði þessarar þingsályktunartillögu er að stórum hluta byggð á Ríó-yfirlýsingunni og þeim meginreglum sem þar voru staðfestar. Hér er því vakin athygli á nauðsyn þess að þessar fjórar grundvallarreglur verði lögfestar þótt slíkt falli utan ramma tillögunnar.

Alþjóðlegar skuldbindingar.

Koma þarf á fót virku eftirliti með því að Íslendingar fari eftir alþjóðlegum samningum sem þeir hafa fullgilt á sviði umhverfis- og náttúruverndar, svo sem Ramsar, OSPAR,

rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, samningi um líffræðilega fjölbreytni, framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun í heiminum, Bernarsamningnum, samningi um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun svo og samkomulagi um Norðurskautsráðið og alþjóðlegri framkvæmdaáætlun gegn mengun hafsins af völdum þrávirkra lífrænna efna.

Þá þarf að tryggja að Ísland gerist aðili að Kyoto-bókuninni og móta þarf áætlun til að tryggja að settum markmiðum hennar verði náð. Horfa þarf til þeirra atvinnuskapandi tækifæra sem fullgilding bókunarinnar getur fært okkur. Í framkvæmdaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum er brýnt að finna raunhæfar leiðir til að mæta aukinni losun gróðurhúsalofttegunda sem fylgir þeirri stóriðju sem heimiluð hefur verið síðan 1990, án þess að farið verði yfir þau losunarmörk sem Kyoto-bókunin heimilar.

Fylgiskjal.

Um Dagskrá 21 og Staðardagskrá 21.

(Af heimasíðu Staðardagskrár 21.)

Heimsráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó í Brasilíu árið 1992 markaði tímamót í alþjóðlegu samstarfi að umhverfismálum. Tveir alþjóðlegir samningar voru samþykktir á ráðstefnunni: Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og alþjóðlegur samningur um líffræðilega fjölbreytni, tvær alþjóðlegar yfirlýsingar voru staðfestar: Meginreglur um sjálfbæra nýtingu skóga og Ríó-yfirlýsingin um umhverfi og þróun og síðast en ekki síst framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun í heiminum, Agenda 21 eða Dagskrá 21 eins og samþykktin hefur verið nefnd á íslensku. „Agenda" þýðir dagskrá eða verkaskrá og talan 21 vísar til þess að um er að ræða áætlun til næstu aldar, 21. aldarinnar.

Fulltrúar 179 þjóða stóðu að samþykkt Dagskrár 21 á ráðstefnunni í Ríó. Þar með skuldbundu þessar þjóðir sig til að framfylgja ákvæðum samþykktarinnar. Þessar skuldbindingar hafa þó ekki þjóðréttarlegt gildi, heldur eru viðkomandi ríki siðferðilega og stjórnmálalega skyldug að fylgja þeim leiðbeiningum sem í samþykktinni felast.

Í Dagskrá 21 eru sett fram markmið og leiðir að sjálfbærri þróun, þ.e. aðgerðir til að stuðla að og viðhalda umhverfisgæðum um leið og stefnt er að því að uppræta fátækt og vanþekkingu í heiminum. Áætlunin tekur ekki einungis til umhverfismála í þrengsta skilningi þess orðs, heldur spannar hún vistfræðilega, efnahagslega og félagslega þætti. Þarna er því um að ræða heildaráætlun um þróun samfélaganna fram á næstu öld.

Dagskrá 21 skiptist í 40 kafla. Í 28. kafla er fjallað um hlutverk staðbundinna stjórnvalda í þeirri viðleitni að koma á sjálfbærri þróun í heiminum. Útdráttur úr 28. kaflanum fer hér á eftir í lauslegri þýðingu:

„Mörg þeirra vandamála og lausna sem getið er um í Dagskrá 21 eiga rætur að rekja til staðbundinna aðgerða. Því eiga staðbundin stjórnvöld lykilhlutverki að gegna í því að koma á sjálfbærri þróun.

Staðbundin stjórnvöld, svo sem sveitarstjórnir, byggja og viðhalda einingum á borð við vatnsveitur og vegi. Þau hafa yfirumsjón með skipulagi íbúðabyggðar og iðnaðar, setja sér staðbundna stefnu í umhverfismálum og taka þátt í að framkvæma umhverfisstefnu stjórnvalda á landsvísu.

Sem það stjórnvald sem næst er fólkinu gegna þau þýðingarmiklu hlutverki í að mennta og hvetja almenning á leið til sjálfbærrar þróunar. Á árinu 1996 ættu öll staðbundin stjórn-

völd, í samráði við íbúa á hverjum stað, að hafa búið til „Staðardagskrá 21“ (Local Agenda 21) fyrir samfélagið.

Embættismenn á hverjum stað ættu að leita til íbúanna og samfélagsins, fyrirtækja og samtaka iðnaðarins til að safna upplýsingum og ná samstöðu um leiðir að sjálfbærri þróun. Þessi samstaða mun verða þeim að liði við endurskoðun staðbundinna áætlana, stefnumótunar, laga og reglugerða til að ná markmiðum Dagskrár 21. Samráðið við fyrrnefnda aðila er til þess fallið að efla meðvitund fólks um málefni sjálfbærrar þróunar.“

Á sama hátt og Dagskrá 21 er forskrift að sjálfbærri þróun í ríkjum heims, er Staðardagskrá 21 heildaráætlun um þróun einstakra samfélaga í samræmi við 28. kafla yfirlýsingarinnar frá Ríó. Eitt af helstu slagorðum ráðstefnunnar í Ríó var „Hugsaðu hnattrænt, framkvæmdu heimafyrir“ (Think Globally – Act Locally). Þetta slagorð er í raun hornsteinn hugmyndarinnar um Staðardagskrá 21. Það undirstrikar mikilvægi þess að einstök samfélög og staðbundin stjórnvöld geri sér grein fyrir því að jafnvel hinar smávægilegustu aðgerðir (eða aðgerðaleysi) í litlum samfélögum eiga sinn þátt í því hvernig ástand umhverfismála í heiminum þróast.

279. Svar [172. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Árna Gunnarssonar um úrgang frá verksmiðjubúum.

1. *Hversu mikið fellur til árlega af úrgangi frá verksmiðjubúum í svína- og kjúklingarækt?*

Svínabú: Samkvæmt hagtölum landbúnaðarins voru árið 1999 skráðir búfjáreigendur 49 og fjöldi gyltna var 3.729. Fjöldi grísanytja eftir gyltu var 17,6. Sé miðað við 4.000 gyltur má ætla að heildarúrgangur frá svínabúum hafi verið um 70.000 tonn á sl. ári.

Kjúklingabú: Samkvæmt hagtölum landbúnaðarins voru varphænur 160.640 og alifuglakjötsframleiðsla um 3.000 tonn árið 1999, af því eru kjúklingar taldir 2.700–2.800 tonn. Lauslega má áætla að þessi framleiðsla svari til um 2,4 millj. kjúklinga.

Áætlað er miðað við góða búskaparhætti að úrgangur hafi á sl. ári verið um 9.600 tonn frá varphænum. Opinberar tölur eru ekki fyrir hendi um áætlaðan úrgang frá kjúklingum, en miðað við norskar tölur ættu að koma um 7.200 rúmmetrar af hænsnaskít frá 2,4 millj. kjúklinga.

2. *Hefur úrgangur frá verksmiðjubúum að einhverju leyti verið nýttur til landgræðslu og eru áform um frekari nýtingu en nú er?*

Hollustuvernd ríkisins telur að mestur hluti úrgangs frá kjúklingabúum sé nýttur, ýmist í tengslum við sveppaframleiðslu eða sem áburður. Úrgangur frá svínabúum er mjög vatnsmikill sem hefur skapað vanda við meðhöndlun og flutninga. Svínaskítur er að hluta nýttur sem áburður, að hluta urðaður og að hluta losaður í sjó. Þessi úrgangur hefur ekki verið nýttur til landgræðslu, þ.e. til að græða upp örfoka land nema í takmörkuðum mæli, t.d. á Kjalarnesi og í Borgarfirði. Hollustuvernd ríkisins telur að núna fari innan við fimmtungur af úrgangi svínabúa óhreinsaður í sjó. Gert er ráð fyrir að þetta magn muni minnka verulega á allra næstu mánuðum í samræmi við kröfur í reglugerðum sem settar voru fyrir ári síðan og gerð er grein fyrir hér á eftir.

Settar voru reglur varðandi úrgang frá starfsleyfisskyldri búfjárframleiðslu með reglugerð nr. 804/1999, um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri, þar sem losun búfjáráburðar í yfirborðsvatn er bönnuð. Þar segir

einnig að í starfsleyfi fyrir búfjárframleiðslu skuli vera ákvæði um söfnun, geymslu og dreifingu búfjáráburðar sem taki mið af starfsreglum um góða búskaparhætti. Starfsemin er starfsleyfisskyld samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Þar með er starfsemin háð ákvæðum laga nr. 7/1998 um að beitt sé bestu fáanlegri tækni við mengunarvarnir í þeim atvinnugreinum þar sem slíkt hefur verið skilgreint.

Starfsleyfisvinnslu og eftirlit með þessum fyrirtækjum annast heilbrigðiseftirlit viðkomandi sveitarfélaga sem vinna um þessar mundir að því að ljúka vinnslu starfsleyfa fyrir verksmiðjubú, enda skal leyfisveitingum lokið fyrir næstu áramót. Starfandi fyrirtæki hafa þó umþóttunartíma til 31. október 2007 til að uppfylla kröfu um samþættar mengunarvarnir, kröfu um að orka skuli vel nýtt og kröfu um að beitt sé bestu tækni eða um viðbótarráðstafanir.

Bann við losun búfjáráburðar í yfirborðsvatn tók gildi við útgáfu reglugerðar nr. 804/1999, um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. Fyrirtæki sem losa sig þannig við úrgang vinna nú að úrbótum í samræmi við áætlanir sem þau hafa lagt fyrir stjórnvöld.

Miðað við stórauknar kröfur er ljóst að finna verður frekari nýtingarmöguleika fyrir þennan úrgang og vinna fyrirtækin að því, m.a. með hliðsjón af nýtingu hans í landgræðsluskyni. Þá skal nefnt að á vegum ráðuneytisins er nú starfandi nefnd sem hefur það verkefni að gera tillögur um aukna nýtingu eða endurvinnslu úrgangs. Mun nefndin m.a. skoða úrgang frá verksmiðjubúum.

3. *Með hvaða hætti er úrgangi sem ekki er unnt að nýta fargað?*

Úrgangur frá verksmiðjubúum sem ekki er nýttur sem áburður eða til jarðgerðar er urðaður á viðurkenndum urðunarstöðum en einnig er hægt að brenna slíkan úrgang í sorpbrennslustöðvum. Jafnframt er takmarkað magn úrgangs frá tveimur svínabúum losað í sjó og eins og áður hefur komið fram er talið að það nemi innan við fimmtungi af úrgangi svínabúa. Frá og með 1. desember nk. fellur niður tímabundin undanþága til annars fyrirtækisins en hitt fyrirtækið starfar samkvæmt gömlu starfsleyfi sem heimilaði losun úrgangs í sjó út fyrir stórstraumsfjöruborð. Það leyfi er nú til endurskoðunar og verður í nýju starfsleyfi lagt bann við slíkri losun í sjó. Rétt er að nefna að nú eru uppi hugmyndir um að afvatna svínaskít en það mun auðvelda mjög alla meðhöndlun og flutninga. Vatnið sem skilið verður frá væri þá, að minnsta kosti að hluta, leitt í sjó eins og um hreinsað skolp væri að ræða. Þetta er talið fært sé vatnið losað í viðtaka sem er ekki viðkvæmur.

4. *Kemur til greina að setja reglur á grundvelli umhverfissjónarmiða sem takmarka stærð verksmiðjubúa?*

Ráðuneytið lítur svo á að með verksmiðjubúum sé átt við bú sem falla undir I. og II. viðauka laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, og tölulið 6.6 í I. viðauka reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Í lögum nr. 106/2000 er kveðið á um að eftirtaldar framkvæmdir séu alltaf háðar mati á umhverfisáhrifum: Stöðvar þar sem fram fer þauleldi alifugla og svína með:

i. 85.000 stæði fyrir kjúklinga eða 60.000 fyrir hænur,
ii. 3.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg) eða fleiri eða
iii. 900 stæði fyrir gyltur eða fleiri.

Þá er í lögunum fjallað um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif þar sem meta skal í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetn-

ingar hvort þær skuli háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögunum. Þar undir falla m.a. stöðvar þar sem fram fer þauleldi alifugla og svína með:

i. 40.000 stæði fyrir kjúklinga eða hænur,
ii. 2.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg) eða fleiri eða
iii. 750 stæði fyrir gyltur eða fleiri.

Í reglugerð nr. 785/1999 er kveðið á um að gera skuli kröfur um samþættar mengunarvarnir hjá nýjum atvinnurekstri og hjá starfandi atvinnurekstri eigi síðar en 31. október 2007. Samkvæmt reglugerðinni eru sérstakar kröfur gerðar til atvinnurekstrar þar sem þauleldi alifugla eða svína fer fram með fleiri en:

a. 40.000 stæði fyrir alifugla,
b. 2.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg), eða
c. 750 stæði fyrir gyltur.

Ekki hefur komið til álita í ráðuneytinu að setja reglur sem takmarka stærð verksmiðjubúa með tilliti til umhverfissjónarmiða umfram þær sem áður eru nefndar, enda ekki nauðsynlegt. Aðalatriðið er að óháð stærð valdi verksmiðjubú ekki óæskilegum umhverfisáhrifum og þar getur staðsetning skipt miklu máli og jafnvel meira en stærð búsins.

280. Svar [66. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um kynningu á þingsályktun um hvalveiðar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig og fyrir hverjum hefur þingsályktun um hvalveiðar, sem samþykkt var á Alþingi 10. mars 1999, verið kynnt?*
2. *Hvað liggur fyrir um frekari kynningu og hvenær er áætlað að henni ljúki?*
3. *Hversu mikið hefur kynningin kostað og hvað er fyrirhugað að hún muni kosta?*

Í framangreindri þingsályktun er kveðið á um að ríkisstjórnin skuli hefja undirbúning að hvalveiðum, m.a. með því að kynna stefnu Íslands í hvalamálum meðal viðskiptaþjóða landsins.

Í samræmi við þingsályktunina hefur verið lögð sérstök áhersla á að kynna stefnu Íslands í hvalamálum á fundum sjávarútvegsráðherra með fulltrúum annarra þjóða, fulltrúum frjálsra félagasamtaka og blaðamönnum. Hefur sjávarútvegsráðherra m.a. kynnt hana á fundum með sjávarútvegsráðherrum Kína, Bretlands, Írlands, Spánar og Frakklands og jafnframt sjávarútvegsráðherrum annarra Norðurlanda. Sjávarútvegsráðherra átti fund með framkvæmdastjóra fiskveiðimála hjá Evrópusambandinu og kynnti þá fyrir honum stefnu Íslands í hvalamálum. Þá hefur sjávarútvegsráðherra átt fundi með sendiherrum fjölmargra ríkja. Meðal þeirra eru Bandaríkin, Kanada, Japan, Þýskaland og Kína. Sérstakir fundir hafa verið haldnir með embættismönnum frá Japan. Meðal frjálsra félagasamtaka sem rætt hefur verið við um hvalamál má nefna Marine Stewardship Council. Fréttamenn frá m.a. frönskum, breskum, bandarískum, þýskum, kanadískum, spænskum og norrænum fjölmiðlum hafa átt viðtöl við sjávarútvegsráðherra sem hefur gert þeim grein fyrir stefnu Íslands í hvalamálum.

Áhersla hefur verið lögð á að fulltrúar sjávarútvegsráðuneytisins sæki fundi alþjóðastofnana er varða hvalamál og kynni þar stefnu Íslands í hvalamálum fyrir fulltrúum annarra ríkja.

Í þessu sambandi má nefna fundi aðildarríkjaþings samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES), fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins (IWC) og Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins (NAMMCO).

Kynning með framangreindum hætti mun halda áfram. Þá hefur sérstök kynning á hvalamálum í Bandaríkjunum verið undirbúin. Framkvæmd hennar verður hins vegar ekki hafin fyrr en að loknum forsetakosningum í Bandaríkjunum. Jafnframt er ráðuneytið að skoða hver áhrif innganga Íslands í hvalveiðiráðið að nýju hefði, og þar með hver lagaleg staða okkar yrði. Í stuttu máli sagt þá er unnið að málinu á grundvelli þingsályktunarinnar með það að markmiði að hefja hvalveiðar að nýju.

Í fjárlögum ársins 2000 er gert ráð fyrir að varið verði 15 millj. kr. til kynningar á stefnu Íslands í hvalamálum og er sama fjárhæð áætluð til þessarar kynningar á næsta ári. Greiddar hafa verið rúmar 8 millj. kr. vegna verkefnisins.

281. Frumvarp til laga [254. mál]

um lækningatæki.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til framleiðslu, sölu, markaðssetningar, markaðseftirlits, viðhalds og notkunar lækningatækja og eftirlits heilbrigðisyfirvalda með þeim.

2. gr.
Markmið.

Markmið með lögum þessum er að koma í veg fyrir að notendur lækningatækja verði fyrir tjóni og tryggja að framleiðsla, viðhald og notkun lækningatækja sé í samræmi við bestu fagþekkingu á hverjum tíma.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Lækningatæki:* Hvert það verkfæri, búnaður, áhald, efni (þó ekki lyf) eða annar hlutur, hvort sem notað er eitt sér eða með öðru, ásamt hugbúnaði sem þarf til að tækið starfi rétt, sem framleiðandi ætlar til notkunar fyrir menn til þess að:
   a. greina, hindra, athuga, meðhöndla eða lina sjúkdóma,
   b. greina, hafa eftirlit með, meðhöndla, draga úr eða bæta líkamstjón, fötlun eða skerta getu,
   c. rannsaka, breyta eða koma í stað líffæris eða lífeðlisfræðilegrar starfsemi,
   d. koma í veg fyrir þungun.

   Tæki sem er hluti af eða á annan hátt tengist notkun lækningatækis telst einnig vera lækningatæki.

   Tæki sem virkar aðallega á eða í mannslíkamanum með lyfjafræðilegum, efnafræðilegum, ónæmisfræðilegum eða efnaskiptalegum aðferðum telst ekki lækningatæki.

Ef vafi leikur á hvort tæki eða hlutur telst lækningatæki sker landlæknir úr um það.

2. *Framleiðandi:* Einstaklingur eða lögpersóna sem ber ábyrgð á hönnun, framleiðslu, pökkun og merkingu tækis áður en það er markaðssett í hans nafni, hvort sem hann framkvæmir þessar aðgerðir sjálfur eða þriðji aðili fyrir hans hönd.

   Einstaklingur eða lögpersóna, sem setur saman, pakkar, vinnur að, endurgerir að fullu og/eða merkir eina eða fleiri framleiðsluvöru og/eða tilgreinir tilætluð not hennar sem tækis í því skyni að setja hana á markað í eigin nafni, telst framleiðandi.

   Aðili, sem setur saman eða aðlagar tæki, sem eru á markaði, að þörfum einstakra sjúklinga, telst ekki vera framleiðandi.

3. *Notandi:* Sá sem þarf á lækningatækjum að halda vegna sjúkdóms, fötlunar eða skertrar getu, vinnur með lækningatæki eða hefur umsjón með tækjum og/eða sér um viðhald þeirra.

4. *Klínísk prófun:* Rannsóknir á mönnum, í þeim tilgangi að afla upplýsinga og/eða sannprófa að lækningatæki séu við eðlilega notkun í samræmi við grunnkröfur um eiginleika og skil en kveðið er á um grunnkröfur þessar í tilskipunum Evrópusambandsins sem eru hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Með klínískri prófun er einnig lagt mat á óæskilegar hliðarverkanir lækningatækja.

II. KAFLI
Kröfur sem gerðar eru til lækningatækja.

4. gr.
Öryggiskröfur.

Lækningatæki skulu vera þannig úr garði gerð, notuð, þeim viðhaldið og eftir þeim litið að þau uppfylli öryggiskröfur sem gerðar eru í lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim til að vernda líf og heilsu notenda. Samsetning, framleiðsla, pökkun og viðhald lækningatækja skal vera þannig að tækið virki eins og leiðbeiningar framleiðandans gera ráð fyrir.

Lækningatæki má því aðeins setja á markað og taka í notkun að hönnun þeirra, gerð og frágangur stofni ekki öryggi notenda í hættu.

Sömu ákvæði skulu gilda um lækningatæki sem hönnuð eru og framleidd innan heilbrigðisstofnana.

5. gr.
Merkingar.

Áður en lækningatæki eru sett á markað, seld eða tekin í notkun er skylt að merkja þau í samræmi við reglur Evrópusambandsins um lækningatæki, sem eru hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eða kröfur sem gerðar eru í samningum sem Ísland hefur gert við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Landlæknir getur tekið lækningatæki af markaði þrátt fyrir að það sé merkt í samræmi við 1. mgr. ef í ljós kemur að tækið hefur hættulega eiginleika.

Gera má undantekningu frá 1. mgr. vegna tækja sem eru eingöngu ætluð til útstillingar á kaupstefnum, sýningum, við sýnikennslu og þess háttar, til klínískra prófana, sbr. 9. gr., eða eru sérsmíðuð fyrir einstakling.

6. gr.
Notkunarleiðbeiningar.

Öllum lækningatækjum skulu fylgja nauðsynlegar upplýsingar um framleiðanda og leiðbeiningar um örugga notkun. Leiðbeiningar, sem þarf til að nota tækið á öruggan hátt, skulu, eftir því sem við verður komið, tilgreindar á tækinu sjálfu og/eða á umbúðum þess. Lækningatækjum, sem ætluð eru almenningi til notkunar, skulu fylgja upplýsingar á íslensku.

7. gr.
Meðferð.

Eigandi lækningatækis ber ábyrgð á réttri notkun tækis og hæfni notanda. Auk þess ber eiganda að sjá til þess að frágangur og geymsla sé fullnægjandi og að viðhalds- og viðgerðarþjónustu sé sinnt af þar til bærum aðilum þannig að öryggi notenda sé tryggt.

8. gr.
Skráning.

Landlæknir skal halda skrá yfir þá aðila sem reka fyrirtæki með aðsetur á Íslandi og framleiða lækningatæki eða eru ábyrgir fyrir markaðssetningu slíkra tækja.

9. gr.
Klínískar prófanir.

Framleiðandi skal senda umsókn um klíníska prófun á lækningatæki til landlæknis og hefur hann eftirlit með því að framkvæmd prófunar sé í samræmi við reglur um góða starfshætti og lög um réttindi sjúklinga, þar með talið ákvæði um rannsóknir og mat vísindasiðanefndar.

Landlæknir getur stöðvað framkvæmd klínískrar prófunar sé ekki fylgt þeim skilmálum sem settir eru fyrir klíníska prófun.

III. KAFLI
Eftirlit og málsmeðferð.

10. gr.
Eftirlit.

Landlæknir hefur eftirlit með öryggi lækningatækja. Með eftirliti er annars vegar átt við markaðseftirlit, þ.e. eftirlit með því að lækningatæki sem er markaðssett á Íslandi uppfylli öryggiskröfur og kröfur um merkingar skv. 5. gr., og hins vegar eftirlit með því að viðhaldi lækningatækja sé sinnt og eftirlit með notkun lækningatækja. Ráðherra er heimilt að fela öðrum aðilum en landlækni tiltekna hluta þess eftirlits.

Eftirlitsaðilar geta óskað eftir nauðsynlegum upplýsingum vegna eftirlitsins, tekið sýni og gert þær athuganir og prófanir sem nauðsynlegar eru taldar í því skyni að varna hættu á tjóni af völdum lækningatækja. Framleiðendur, innflytjendur, seljendur, eigendur og notendur lækningatækja skulu veita þá aðstoð og upplýsingar er þörf krefur og óskað er eftir hverju sinni.

11. gr.
Tilkynningarskylda.

Þeim sem framleiða, selja, eiga eða nota lækningatæki og vita um frávik, galla eða óvirkni, sem kynni að valda eða valdið hefur heilsutjóni eða dauða notanda, ber skylda til að tilkynna landlækni um slíkt.

12. gr.

Gjaldtaka.

Innflytjendur og framleiðendur skulu greiða þjónustugjald vegna markaðseftirlits, sbr. 1. mgr. 10. gr., og vegna mats á umsóknum um klíníska prófanir á lækningatækjum, sbr. 9. gr., samkvæmt gjaldskrá er ráðherra setur að fengnum tillögum landlæknis. Gjaldskráin skal taka mið af kostnaði við þjónustuna.

13. gr.

Málsmeðferð, réttarúrræði og refsingar.

Um málsmeðferð og réttarúrræði eftirlitsaðila skv. 10. gr. fer skv. IV. og V. kafla laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, eftir því sem við á.

Um mál sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

IV. KAFLI

Önnur ákvæði.

14. gr.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara, t.d. um öryggi lækningatækja, merkingar, notkunarleiðbeiningar, skráningu, klíníska prófanir og tilkynningarskyldu.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur 5. mgr. 5. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lækningatæki, sem er merkt í samræmi við ESB-tilskipun 76/764, er heimilt að setja á markað, selja eða taka í notkun fram til 30. júní 2004.

Tæki til lífsýnagreiningar, sem uppfylltu öryggisskilyrði laga fyrir gildistöku þessara laga, er heimilt að setja á markað, selja eða taka í notkun fram til 7. desember 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í samvinnu við landlækni. Drög að frumvarpinu voru send til umsagnar hjá 22 aðilum en þeir voru: Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félag íslenskra sjúkraþjálfara, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, Geislavarnir ríkisins, Heilbrigðistæknifélag Íslands, héraðslæknirinn á Norðurlandi eystra, héraðslæknirinn í Reykjavík, landlæknir, Landspítali – háskólasjúkrahús, Landssamtök heilsugæslustöðva, Landssamband sjúkrahúsa á Íslandi, Lífsvog, Ljósmæðrafélag Íslands, Læknafélag Íslands, Læknafélag Reykjavíkur, Löggildingarstofan, Neytendasamtökin, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunarinnar, Tannlæknafélag Íslands, Tryggingastofnun ríkisins og Öryrkjabandalag Íslands. Fimmtán aðilar sendu inn umsagnir og voru þær í nánast öllum tilvikum mjög jákvæðar. Í umsögnunum komu fram ýmsar gagnlegar ábendingar sem tekið var tillit til við samningu frumvarpstextans.

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, fer heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið með yfirstjórn heilbrigðismála og samkvæmt sömu lögum annast landlæknir tiltekna málaflokka fyrir hönd ráðherra og hefur eftirlit með starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta. Landlæknir sér einnig um faglegt eftirlit með heilbrigðisstofnunum o.fl. Í framangreindum ákvæðum felst eftirlit með lækningatækjum. Með samningnum um Evrópska efna-

hagssvæðið (EES) öðluðust gildi hér á landi, með reglugerðum nr. 476/1994 og 646/1994, tilskipanir Evrópusambandsins nr. 90/385, um virk, ígræðanleg lækningatæki, og nr. 93/42, um lækningatæki. Þar eru gerðar kröfur um að lækningatæki séu prófuð og samræmismat fari fram áður en tækin eru markaðssett, seld eða notuð í aðildarríkjum. Uppfylli lækningatæki viðeigandi grunnkröfur má merkja þau með CE (Communité Europe) merkinu og þar með selja þau hvar sem er innan EES. Öll lækningatæki samkvæmt áðurnefndum tilskipunum verða að hafa CE-merkingu til að vera söluhæf innan EES, en aðlögunartíma þar að lútandi lauk 14 júní 1998. Þriðja tilskipunin í þessum flokki, þ.e. tilskipun nr. 98/79, um tæki til lífsýnagreiningar, var tekin inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166 26. nóvember 1999. Allar tilskipanirnar heyra undir hinar svokölluðu nýaðferðatilskipanir Evrópusambandsins, en þar er gert ráð fyrir notkun alþjóðlegra staðla við samræmismat og öryggisprófanir. Um fjögurra ára skeið hafa samningaviðræður farið fram milli aðildarríkja EFTA/EES og nokkurra ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins um gagnkvæma viðurkenningu varðandi samræmismat, vottorð o.fl. (Mutual Recognition Agreements). Þegar hafa verið gerðir slíkir samningar við Ástralíu, Nýja-Sjáland og Kanada og eru samningaviðræður hafnar við Bandaríkin, Sviss, Ungverjaland og Tékkland. Munu samningarnir við Ástralíu, Nýja-Sjáland, Kanada og Sviss taka til lækningatækja og er byggt á því að í öllum ríkjunum sé öflugt eftirlit með að reglum um prófun og samræmismat sé fylgt. Má reikna með að samningar við Bandaríkin, Ungverjaland og Tékkland verði á sama veg. Landlæknir hefur eftirlit með því að skyldum samkvæmt tilskipununum og samningunum sé framfylgt hér á landi, enda er hér um eðlilegar öryggiskröfur til lækningatækja að ræða.

Með frumvarpinu er verið að setja sérlög um lækningatæki til að tryggja öryggi sjúklinga og annarra notenda lækningatækja sem best. Einnig er verið að hrinda í framkvæmd fyrrgreindum tilskipunum Evrópusambandsins og samningum við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins. Hér er farin sama leið og annars staðar á Norðurlöndum en í Danmörku voru sett lög um lækningatæki 1991, í Svíþjóð 1993 og í Noregi og Finnlandi 1994. Samkvæmt núgildandi lögum hefur landlæknir eftirlit með lækningatækjum þannig að þau valdi ekki tjóni. Er ekki verið að breyta því hlutverki með frumvarpinu heldur er verið að setja skýrari og ítarlegri ákvæði um hvernig slíku eftirliti skuli háttað. Enn fremur er ekki ætlunin að breyta fyrirkomulagi varðandi greiningar- og geislalækningatæki því að um þau gilda sérlög hér á landi, lög um geislavarnir, nr. 117/1985. Samkvæmt lögum nr. 155/1996, um Löggildingarstofu, og lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, annast Löggildingarstofan eftirlit með öryggi vöru og raffanga á markaði. Óvissa hefur ríkt um það hvort eftirlit stofunnar tekur til lækningatækja. Hefur óvissan m.a. skapast þar sem tilskipunum Evrópusambandsins um lækningatæki er hrundið í framkvæmd með reglugerð sem hefur stoð í ákvæðum lyfjalaga, nr. 93/1994.

Í frumvarpinu eru ákvæði um hvaða öryggiskröfur lækningatæki þurfa að uppfylla, merkingar þeirra, meðferð, skráningu, notkun o.fl. Með því er leitast við að tryggja að tæki sem eru á markaði eða í notkun hér á landi valdi ekki sjúklingum og öðrum notendum tjóni.

Tilkynningarskylda vegna alvarlegra atvika við notkun lækningatækja hefur ekki verið nægilega tryggð í lögum fram að þessu. Þó var tilkynningarskylda vegna óhappa á sjúkrastofnunum sett í læknalög, nr. 53/1988, með lögum nr. 68/1998, um breytingu á læknalögum. Engar tölur liggja því fyrir um óhöpp tengd notkun lækningatækja hér á landi. Með frumvarpinu er nú lögð sú skylda á framleiðendur, seljendur, eigendur og notendur lækningatækja að tilkynna landlækni um frávik, galla eða óvirkni lækningatækis sem kynni að valda eða valdið hefur heilsutjóni eða dauða notanda. Tilskipanir Evrópusambandsins leggja jafnframt þá skyldu á aðildarríkin að tilkynna á Evrópuvísu (Medical Devices Vigilance

System) þegar tilkynningar af þessu tagi berast. Þannig er leitast við að tryggja gæði og öryggi lækningatækja í aðildarríkjum EES-samningsins.

Gert er ráð fyrir að kostnaður sem felst í ákvæðum frumvarpsins verði greiddur samkvæmt ákvæðum fjárlaga en frumvarpið gerir ráð fyrir innheimtu þjónustugjalds vegna markaðseftirlits og mats á umsóknum um klíníska prófanir á lækningatækjum samkvæmt gjaldskrá er ráðherra setur að fengnum tillögum landlæknis. Gjaldskráin skal taka mið af kostnaði við þjónustuna.

Við samningu frumvarpsins var tekið tillit til ákvæða laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um gildissvið frumvarpsins, en frumvarpið tekur til framleiðslu, sölu, markaðssetningar, markaðseftirlits, viðhalds og notkunar lækningatækja. Er það í samræmi við ESB-tilskipanir sem teknar hafa verið inn í EES-samninginn og samninga Íslands við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. almennar athugasemdir hér að framan. Enn fremur taka lögin til eftirlits heilbrigðisyfirvalda með lækningatækjum samkvæmt lögum nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.

Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um markmið með frumvarpinu en það er að koma í veg fyrir að notendur lækningatækja verði fyrir tjóni af þeirra völdum. Með notendum lækningatækja er átt við þá sem þurfa á lækningatækjum að halda vegna sjúkdómsgreiningar, fötlunar eða skertrar getu, þá sem vinna með lækningatæki og þá sem hafa umsjón með tækjunum og sjá um viðhald þeirra.

Um 3. gr.

Í greininni eru skilgreind hugtökin lækningatæki, framleiðandi, notandi og klínísk prófun og eru skilgreiningarnar byggðar á ákvæðum tilskipana Evrópusambandsins nr. 90/385, um virk, ígræðanleg lækningatæki, nr. 93/42, um lækningatæki, og nr. 98/79, um tæki til lífsýnagreiningar. Lyf teljast ekki lækningatæki en oft getur verið erfitt að skera úr um hvort um lækningatæki eða lyf er að ræða. Evrópusambandið hefur gefið út leiðbeiningar (Guidelines relating to the demarcation between Directive 90/385/EEC on active implantable medical devices, Directive 93/42/EEC on medical devices and Directive 65/65/EEC relating to medicinal products and related directives) til að auðvelda flokkun þessa. Ef vafi leikur á því hvort tæki sé lækningatæki sker landlæknir úr um það. Koma leiðbeiningar Evrópusambandsins til skoðunar þegar skera þarf úr um hvort um lækningatæki eða lyf er að ræða.

Um 4. gr.

Ákvæði greinarinnar byggjast á 2., 3., 5., 9. og 10. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 90/385, um virk, ígræðanleg lækningatæki, 2., 3., 5., 9., 11.,12., 13., 14(b) og 15. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 93/42, um lækningatæki, og 2., 3., 5., 9., 13., og 14. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 98/79, um tæki til lífsýnagreiningar.

Þær meginkröfur sem gerðar eru til lækningatækja eru í samræmi við ákvæði í I. viðauka áðurnefndra ESB-tilskipana um lækningatæki. Samsetning, framleiðsla, pökkun og viðhald tækjanna skal vera þannig að tækið virki eins og leiðbeiningar framleiðandans gera ráð fyrir og að þau stofni ekki öryggi eða lífi sjúklinga eða annarra notenda í hættu. Notkun margra

lækningatækja fylgir viss áhætta þótt fyllsta öryggis sé gætt; hún verður þó ávallt að vera ásættanleg með tilliti til þeirra verkana sem tækin eiga að hafa. Nauðsynlegt getur verið að gera mismunandi kröfur til tækja og fer það m.a. eftir því notkunarsviði sem framleiðandinn gefur upp. Sem dæmi má nefna að gera verður meiri öryggiskröfur til tækja sem sjúklingur á að nota sjálfur en til tækja sem eingöngu eru notuð af faglærðu starfsfólki. Skv. 2. mgr. er óheimilt að setja á markað tæki sem getur stofnað öryggi sjúklinga og notenda í hættu. Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því að sömu öryggiskröfur séu gerðar til lækningatækja sem hönnuð eru og framleidd innan heilbrigðisstofnana og til annarra lækningatækja. Heilbrigðisstofnanir hafa sjálfar í einhverjum mæli hannað og framleitt tæki sem notuð eru á stofnunum og verður að telja eðlilegt að sömu öryggiskröfur gildi um þessi tæki og önnur tæki.

Um 5. gr.

Ákvæðið fjallar um merkingar á lækningatækjum og byggist á 12. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 90/385, um virk, ígræðanleg lækningatæki, 17. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 93/42, um lækningatæki, og 16. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 98/79, um tæki til lífsýnagreiningar. Einnig byggist ákvæðið á tilskipun 93/68 um CE-samræmismerki. Síðastnefnda tilskipunin leggur þá skyldu á ríkin að þau hafi eftirlit með því að CE-merkingin sé í samræmi við settar reglur og ekki sé um villandi merkingar að ræða. CE-samræmismerkið er viðskiptalegs eðlis og sýnir að tiltekin vara er í samræmi við tilskipanir og staðla. Tilgangur þess er því fyrst og fremst sá að auðvelda markaðssetningu innan EES. Ef lækningatæki er réttilega CE-merkt er ekki unnt að koma í veg fyrir sölu þess á Evrópska efnahagssvæðinu. Íslendingar hafa einnig gert samninga við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, t.d. Ástralíu, Nýja-Sjáland og Kanada, um gagnkvæma viðurkenningu varðandi samræmismat, vottorð o.fl. Samningar þessir gera ráð fyrir að samningsaðilar heimili markaðssetningu á lækningatækjum sem uppfylla tilteknar öryggiskröfur og staðla og hafa merki sem gefa það til kynna. 2. mgr. veitir landlækni heimild til að taka lækningatæki af markaði þrátt fyrir að það sé réttilega merkt ef í ljós kemur að tækið hefur hættulega eiginleika. Er ákvæði þetta í samræmi við ESB-tilskipanir en heimilt er að beita svokölluðu öryggisákvæði ef í ljós kemur að vara er beinlínis hættuleg. Talið er mikilvægt að heimild þessi sé í lögunum. Í 3. mgr. er kveðið á um undantekningar frá merkingum og er það í samræmi við 4. gr. framangreindra ESB-tilskipana.

Um 6. gr.

Í greininni er gerð krafa til þess að öllum lækningatækjum skuli fylgja nauðsynlegar upplýsingar um framleiðendur og leiðbeiningar um örugga notkun tækjanna. Ákvæðið byggist á viðaukum I við tilskipanir Evrópusambandsins nr. 90/385, um virk, ígræðanleg lækningatæki, nr. 93/42, um lækningatæki, og nr. 98/79, um tæki til lífsýnagreiningar. Talið er mikilvægt að lækningatækjum fylgi góðar upplýsingar svo að þau séu notuð rétt og valdi ekki tjóni. Enn fremur þarf að vera hægt að rekja tækið til framleiðandans ef í ljós kemur að tækið virkar ekki eða er gallað og þarf því að hafa upplýsingar um framleiðandann á tækinu. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ef lækningatæki eru ætluð almenningi til notkunar skuli notkunarleiðbeiningar vera á íslensku.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er skýrt kveðið á um að eigandi lækningatækis beri ábyrgð á réttri notkun þess og hæfni þeirra sem nota tækið. Einnig ber eiganda að sjá til þess að frágangur og geymsla sé fullnægjandi og að viðhalds- og viðgerðarþjónustu sé sinnt þannig að öryggi notenda sé

tryggt. Sem dæmi má nefna að geymsla við rangt hitastig getur haft áhrif á það hvernig tæki virkar.

Um 8. gr.

Ákvæðið byggist á 14. gr. og 14(a) gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 93/42, um lækningatæki, ásamt 10. og 12. gr. tilskipunar nr. 98/79, um tæki til lífsýnagreiningar.

Landlæknir skal halda skrá yfir þá aðila sem reka fyrirtæki með aðsetur á Íslandi og framleiða lækningatæki eða eru ábyrgir fyrir markaðssetningu slíkra tækja. Skráning á framleiðanda lækningatækis tryggir að hægt sé að vita hver ber ábyrgð á tæki sem er á markaði. Skráningin tryggir einnig að ef tilkynnt er um alvarleg atvik við notkun lækningatækja, galla í tæki eða óvirkni sé unnt að koma athugasemdum til þess aðila sem ber lögformlega ábyrgð á tækinu.

Um 9. gr.

Markmið með klínískum prófunum er að sannprófa að við eðlilega notkun séu skil lækningatækis í samræmi við grunnkröfur og að meta óæskilegar hliðarverkanir við eðlilega notkun. Ákvæði um grunnkröfur þessar eru í tilskipunum Evrópusambandsins sem eru hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Ef framleiðandi vill láta slíka prófun fara fram á lækningatæki gerir frumvarpið ráð fyrir að hann sendi umsókn til landlæknis en hann hefur eftirlit með því að framkvæmd prófunar sé í samræmi við reglur um góða starfshætti og lög um réttindi sjúklinga. Fyrir mat á slíkri umsókn er gert er ráð fyrir að framleiðandi greiði gjald, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Hlutverk landlæknis varðandi klíniskar prófanir er talið mikilvægt, sérstaklega þegar um virk ígræðanleg lækningatæki er að ræða eða tæki sem eru í háum áhættuflokki. Ákvæðið byggist á 10. gr. og VI. viðauka í tilskipun Evrópusambandsins nr. 90/385, um virk, ígræðanleg lækningatæki, og 15. gr. og VIII. viðauka í tilskipun 93/42, um lækningatæki.

Um 10. gr.

Ákvæðið byggist á 7. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 90/385, um virk, ígræðanleg lækningatæki, og 8. gr. tilskipana nr. 93/42, um lækningatæki, og nr. 98/79, um tæki til sjúkdómsgreiningar, en þar er kveðið á um skyldu stjórnvalda til að hafa eftirlit með því að lækningatæki sem sett er á markað uppfylli kröfur tilskipananna.

Í 1. mgr. kemur fram að landlæknir hafi eftirlit með öryggi lækningatækja. Eftirlit með lækningatækjum getur verið margvíslegt en samkvæmt frumvarpinu er það tvenns konar, annars vegar markaðseftirlit, þ.e. eftirlit með því að lækningatæki sem er markaðssett á Íslandi uppfylli öryggiskröfur og kröfur um merkingar, og hins vegar eftirlit með því að viðhaldi lækningatækja sé sinnt og eftirlit með notkun lækningatækja. Oft getur eftirlitið verið mjög tæknilegt og er þá ekki á færi landlæknis að framkvæma það. Er gert ráð fyrir að gerðir verði samningar um slíka þjónustu, t.d. væri unnt að gera samning við löggildingarstofuna um markaðseftirlitið en þar er heimiluð gjaldtaka skv. 12. gr.

Í 2. mgr. er kveðið nánar á um heimild eftirlitsaðila til að framfylgja eftirlitinu. Talið er mikilvægt að hafa ákvæði sem veitir eftirlitsaðila aðgang að nauðsynlegum upplýsingum og heimilar honum að taka sýni og gera athuganir og prófanir sem nauðsynlegar eru taldar í því skyni að varna hættu á tjóni af völdum lækningatækja. Um málsmeðferð og réttarúrræði fer skv. IV. og V. kafla laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, eftir því sem við á.

Um 11. gr.

Ákvæðið byggist á 8. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 90/385, um virk, ígræðanleg lækningatæki, 10. gr. tilskipunar nr. 93/42, um lækningatæki, og 11. gr. tilskipunar nr. 98/79, um tæki til lífsýnagreiningar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þeir sem framleiða, selja, eiga eða nota lækningatæki og vita um frávik, galla eða óvirkni, sem kynni að valda eða valdið hefur heilsutjóni eða dauða notanda, skuli tilkynna landlækni um slíkt. Tilskipanir Evrópusambandsins kveða á um að tilkynningar sem berast landlækni skuli sendar út á alþjóðavísu og eftir tilteknum reglum. Markmiðið með tilkynningarskyldunni er að eftirlit sé haft með því að lækningatæki uppfylli öryggis- og gæðakröfur.

Um 12. gr.

Ákvæðið gerir ráð fyrir innheimtu þjónustugjalds vegna markaðseftirlits með lækningatækjum og vegna mats á umsóknum um klínískar prófanir á lækningatækjum. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji gjaldskrá sem taki mið af kostnaði við þjónustuna. Eins og áður hefur komið fram fellur eftirlit með lækningatækjum undir eftirlitsskyldu landlæknis samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Frumvarpið gerir ráð fyrir að eftirlit landlæknis, annað en markaðseftirlit og mat á umsóknum um klínískar prófanir, verði áfram kostað með fjárlögum. Gera má þó ráð fyrir að kostnaður landlæknis aukist eitthvað vegna frumvarpsins, t.d. vegna undirbúningsvinnu sem tengist markaðseftirliti, mati á klínískum prófunum og skráningu. Einnig er ljóst að eigendum tækja ber samkvæmt núgildandi lögum að sjá um að tæki séu örugg og að þau valdi ekki sjúklingum og öðrum notendum tjóni. Því er ekki gert ráð fyrir að kostnaður þeirra aukist vegna frumvarpsins.

Um 13. gr.

Í ákvæðinu er vísað til IV. og V. kafla laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, varðandi málsmeðferð og réttarúrræði eftirlitsaðila og gilda ákvæði þeirra laga eftir því sem við á.

Um 14. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Með frumvarpinu eru felld brott ákvæði um lækningatæki í lyfjalögum, nr. 93/1994. Ekki er þörf á ákvæðum þessum ef frumvarpið verður að lögum.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Bráðabirgðaákvæðið er sett vegna 22. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 93/42, um lækningatæki, og 22. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 98/79, um tæki til lífsýnagreiningar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um lækningatæki.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að sett verði almenn lög um lækningatæki, m.a. til að uppfylla tilskipanir Evrópusambandsins nr. 93/42, nr. 90/385 og nr. 98/79. Frumvarpið tekur til framleiðslu, sölu, markaðssetningar og eftirlits með notkun lækningatækja.

Samkvæmt frumvarpinu verður skylt að merkja lækningatæki í samræmi við reglur Evrópusambandsins um lækningatæki áður en þau eru sett á markað eða tekin í notkun. Frumvarpið kveður jafnframt á um eftirlit landlæknis með klínískum prófunum. Innflytjendur og framleiðendur skulu greiða þjónustugjald vegna markaðseftirlits og vegna mats á umsóknum um klínískar prófanir samkvæmt gjaldskrá sem tekur mið af kostnaði við þjónustuna. Ekki er unnt að meta tekjur af gjaldtöku þjónustugjalds þar sem frumvarpið kveður á um að nánari reglur skuli settar í gjaldskrá.

Samkvæmt frumvarpinu skal halda skrá yfir þá sem reka fyrirtæki með aðsetur á Íslandi og framleiða lækningatæki eða eru ábyrgir fyrir markaðssetningu slíkra tækja. Þá skal tilkynna um öll alvarleg atvik sem rekja má til notkunar lækningatækjanna til landlæknis sem miðlar þeim áfram í evrópskan gagnagrunn samkvæmt reglum Evrópusambandsins. Landlæknir hefur eftirlit með því að skyldum samkvæmt tilskipunum og samningum sé framfylgt hér á landi. Mun kostnaður landlæknis aukast nokkuð vegna þessara alþjóðlegu skuldbindinga. Frumvarpið kveður einnig á um að eigendur lækningatækja beri ábyrgð á réttri og öruggri notkun þeirra. Í lögum eru ákvæði sem fela landlækni eftirlit með að lækningatæki valdi ekki tjóni og er ekki verið að breyta því hlutverki með frumvarpinu heldur setja skýrari og ítarlegri ákvæði um hvernig slíku eftirliti skuli háttað.

Gert er ráð fyrir að innflytjendur og framleiðendur greiði þjónustugjald til að mæta öllum kostnaði við markaðseftirlit og mat á umsóknum um klínískar prófanir. Launakostnaður við skráningu framleiðenda og innflytjenda lækningatækja, skráningu óhappa og vegna aukinna alþjóðlegra skuldbindinga er áætlaður 2 m.kr. á ári en annar kostnaður um 0,8 m.kr. Auk þess kemur til tímabundinn launakostnaður fyrstu tvö árin, um 3,9 m.kr., og annar kostnaður og stofnkostnaður, um 1,3 m.kr. hvort ár við að undirbúa og hrinda eftirlitinu í framkvæmd. Þar á meðal er gert ráð fyrir kostnaði við að gefa út handbók um staðla sem notaðir eru við markaðseftirlit. Verði frumvarpið óbreytt að lögum má því ætla að árleg útgjöld ríkisins aukist um 2,8 m.kr. en tímabundinn kostnaður verði 5,2 m.kr. á ári fyrstu tvö árin.

282. Fyrirspurn [255. mál]

til dómsmálaráðherra um ráðningar í stöðu dómara.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða stöður dómara við Hæstarétt og héraðsdóma hafa losnað sl. fimm ár?
2. Hve margir sóttu um hverja dómarastöðu, skipt eftir kyni?
3. Hvernig var hver umsagnarnefnd fyrir sig skipuð, skipt eftir kyni, við ráðningu í hverja stöðu í héraðsdómi á þessu tímabili?
4. Hve margar konur skipa stöðu dómara við Hæstarétt og héraðsdóma og hve hátt hlutfall er það af heildarfjölda dómara og við hvern dómstól fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

283. Fyrirspurn [256. mál]

til sjávarútvegsráðherra um B-landamærastöðvar á Íslandi.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að mega starfrækja B-landamærastöðvar hér á landi vegna heilbrigðiseftirlits með sjávarafurðum frá svæðum utan Evrópska efnahagssvæðisins?
2. Hvers vegna eru B-landamærastöðvar ekki starfræktar hér á landi?

284. Fyrirspurn [257. mál]

til samgönguráðherra um notendabúnaðardeild Landssíma Íslands.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

1. Veitti ráðherra Landssímanum heimild til að selja eða afhenda notendabúnaðardeild fyrirtækisins, sem annaðist sölu og þjónustu símkerfa og tengds búnaðar til fyrirtækja, um síðustu áramót? Ef svo var ekki, hver tók ákvörðun um að selja?
2. Hver var velta notendabúnaðardeildar fyrirtækisins á árinu 1999?
3. Telur ráðherra það samræmast lögum nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, að selja deild út úr fyrirtækinu?

285. Fyrirspurn [258. mál]

til heilbrigðisráðherra um endurhæfingardeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri á Kristnesspítala.

Frá Árna Steinari Jóhannssyni.

1. Hversu margir njóta endurhæfingar á Kristnesspítala árlega?
2. Hefur Kristnesspítali getað þjónað öllum þeim Norðlendingum og Austfirðingum sem óskað hafa eftir endurhæfingu þar?
3. Hversu margir Norðlendingar og Austfirðingar njóta endurhæfingar annars staðar en á Kristnesspítala árlega og þá hvar?
4. Eru áform uppi um að auka þjónustu Kristnesspítala þannig að unnt verði að þjóna þeim Norðlendingum og Austfirðingum sem á endurhæfingu þurfa að halda?

286. Fyrirspurn [259. mál]

til fjármálaráðherra um húsnæðismál ráðuneyta og Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig sundurgreinast þær 107,2 millj. kr. (fjárlagaliður 09-980) og 676 millj. kr. (fjárlagaliður 09-984) sem áætlaðar eru sem sértekjur af fasteignum ríkissjóðs samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2001? Hve stór hluti sérteknanna eru leigugreiðslur frá ráðuneytum og hvernig skiptast greiðslurnar milli ráðuneyta? Við hvaða verð á fermetra er miðað?
2. Hver tekur ákvörðun um ráðstöfun fjár til rekstrar, viðhalds og stofnkostnaðar samkvæmt fjárlagaliðnum 09-980 (Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól), 09-981 (Ýmsar fasteignir ríkissjóðs) og 09-984 (Fasteignir ríkissjóðs), samtals 1.063 millj. kr.?
3. Hvernig er háttað starfsemi „Rekstrarfélags stjórnarráðsbygginga við Arnarhól“? Hverjir sitja í stjórn félagsins og hvernig eru þeir valdir?
4. Hvernig er ætlað að verja þeim 208 millj. kr. sem samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2001 verður varið „til að koma húsnæðismálum ráðuneyta Stjórnarráðsins í betra horf“, sbr. skýringar á fjárlagalið 09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs?
5. Hvaða húsrými, í fermetrum talið, hafa aðalskrifstofur ráðuneytanna til ráðstöfunar í árslok 2000, eigið húsnæði annars vegar og leiguhúsnæði hins vegar? Eru uppi áform um stækkun á húsnæði ráðuneytanna og þá hvaða ráðuneyta? Hver er kostnaður við þá stækkun á fermetra og hve mikil er hún?

Skriflegt svar óskast.

287. Frumvarp til lokafjárlaga [260. mál]

fyrir árið 1998.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fjárheimildum árið 1998 vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga, sbr. sundurliðun 1:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Æðsta stjórn ríkisins	0,0	0,0
Forsætisráðuneyti	0,1	0,1
Menntamálaráðuneyti	-34,7	-26,0
Utanríkisráðuneyti	7,0	-5,0
Landbúnaðarráðuneyti	24,4	-174,3
Sjávarútvegsráðuneyti	-0,9	57,8
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	-3,7	-3,7
Félagsmálaráðuneyti	-426,2	-426,2
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	3,3	3,3
Fjármálaráðuneyti	15,3	15,3
Samgönguráðuneyti	-160,0	-160,0
Iðnaðarráðuneyti	51,5	42,9
Viðskiptaráðuneyti	42,5	38,9
Hagstofa Íslands	39,8	39,8
Umhverfisráðuneyti	-2,0	-5,5
Vaxtagjöld ríkissjóðs	0,0	0,0
Samtals	**-443,6**	**-602,6**

Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta

2. gr.

Eftirfarandi afgangsheimildir og umframgjöld í árslok 1998 falla niður, sbr. sundurliðun 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Æðsta stjórn ríkisins	-12,8	-12,8
Forsætisráðuneyti	-3,0	-3,0
Menntamálaráðuneyti	9,9	9,9
Utanríkisráðuneyti	27,7	27,7
Landbúnaðarráðuneyti	50,5	50,5
Sjávarútvegsráðuneyti	18,8	18,8
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	-34,8	-34,8
Félagsmálaráðuneyti	90,6	-371,9
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	366,4	480,8
Fjármálaráðuneyti	-10.018,7	-374,9
Samgönguráðuneyti	-49,2	-49,2
Iðnaðarráðuneyti	-96,2	-96,2
Viðskiptaráðuneyti	0,7	-2,3
Hagstofa Íslands	0,0	0,0
Umhverfisráðuneyti	25,7	-89,4
Vaxtagjöld ríkissjóðs	-164,0	-2.232,9
Samtals	**-9.788,4**	**-2.679,7**

3. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 3. tölul. 5. gr. fjárlaga fyrir árið 1998:

Í stað orðanna "allt að 16.500 m.kr.„ í lið 3.3 kemur: allt að 19.500 m.kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og er ríkisreikningur fyrir árið 1998 þar með staðfestur, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

m.kr.

Sundurliðun 1

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna

01 Forsætisráðuneyti

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.42 Grænlandssjóður	-2,0
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-2,0

01-211 Þjóðhagsstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðhagsstofnun	2,1
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	2,1

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**0,1**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,1**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.05 Aðrar stofnanir og verkefni ..... -1,4

Stofnkostnaður:
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup ..... -61,2

Gjöld samtals ..... **-62,6**

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -62,6

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum ..... -2,8

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -2,8

02-236 Vísindasjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Vísindasjóður 11,4

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 11,4

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:
1.11 Sáttmálasjóður 3,7

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 3,7

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.15 Prófkostnaður ..... -0,4

m.kr.

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -0,4

02-561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.02 Annað en kennsla 7,5

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 7,5

02-804 Kvikmyndaskoðun

Almennur rekstur:
1.01 Kvikmyndaskoðun ..... -1,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -1,0

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana ..... -30,9

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -30,9

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld 38,2

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 38,2

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands ..... -3,5

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 5,2
Viðskiptahreyfingar ..... -8,7

m.kr.

02-975 Menningarsjóður útvarpsstöðva

Almennur rekstur:
1.10 Menningarsjóður útvarpsstöðva ..... -17,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -17,0

02-976 Menningarsjóður

Almennur rekstur:
1.01 Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993 ..... -5,6

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -5,6

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:
1.51 Höfundaréttarsjóður 34,0
1.53 Myndlistarsjóður Íslands, fylgiréttargjald ..... -2,2
1.76 Menningarsjóður félagsheimila ..... -3,5
Almennur rekstur samtals 28,3

Gjöld samtals **28,3**

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 28,3

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-34,7**
Greitt úr ríkissjóði **0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum ..... **-26,0**
Viðskiptahreyfingar ..... **-8,7**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.02 Varnarmálaskrifstofa	9,0
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	9,0

03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	-1,3
1.20 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	8,3
Almennur rekstur samtals	7,0
Gjöld samtals	**7,0**
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	7,0

03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	-11,4
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-11,4

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Útflutningsráð Íslands	2,4
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-9,6
Viðskiptahreyfingar	12,0

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**7,0**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum	**-5,0**
Viðskiptahreyfingar	**12,0**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.12 Mat á búvörum	-2,0
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-2,0

04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	-0,4
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-0,4

04-233 Yfirdýralæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirdýralæknir	-1,4
1.61 Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum	-11,9
Almennur rekstur samtals	-13,3
Gjöld samtals	**-13,3**
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-13,3

04-236 Aðfangaeftirlit ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Aðfangaeftirlit ríkisins	-1,2
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-1,2

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk	90,6

m.kr.

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 90,6

04-813 Framleiðsluráð landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Framleiðsluráð landbúnaðarins ..... -59,2

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -112,0
Viðskiptahreyfingar 52,8

04-818 Búnaðarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Búnaðarsjóður ..... -1,4

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -43,7
Viðskiptahreyfingar 42,3

04-823 Lánasjóður landbúnaðarins

Stofnkostnaður:
6.60 Lánasjóður landbúnaðarins 27,2

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -32,3
Viðskiptahreyfingar 59,5

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Almennur rekstur:
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara ..... -3,2

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -37,8
Viðskiptahreyfingar 34,6

m.kr.

04-826 Stofnverndarsjóður búfjár

Almennur rekstur:
1.10 Stofnverndarsjóður búfjár ..... -1,7

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -1,7

04-827 Fóðursjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fóðursjóður ..... -41,3

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -52,4
Viðskiptahreyfingar 11,1

04-829 Útflutningsgjald á hross

Almennur rekstur:
1.10 Útflutningsgjald á hross ..... -7,3

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -5,7
Viðskiptahreyfingar ..... -1,6

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 36,3

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 36,3

04-843 Fiskræktarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fiskræktarsjóður 1,3

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 1,3

	m.kr.
04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**24,4**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum	**-174,3**
Viðskiptahreyfingar	**198,7**

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fiskistofa	25,1
1.10 Landamærastöðvar	-3,0
1.11 Eftirlit með úthafsveiðum	-4,0
Almennur rekstur samtals	18,1
Gjöld samtals	**18,1**
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	18,1

05-207 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla

Almennur rekstur:	
1.10 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	-7,8
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-7,8

05-211 Kvótaþing

Almennur rekstur:	
1.01 Kvótaþing	-2,5
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-2,5

m.kr.

05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Stofnkostnaður:
6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins ..... -5,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 53,7
Viðskiptahreyfingar ..... -58,7

05-818 Síldarútvegsnefnd

Almennur rekstur:
1.10 Síldarútvegsnefnd ..... -3,7

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -3,7

05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-0,9**
Greitt úr ríkissjóði **0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum **57,8**
Viðskiptahreyfingar ..... **-58,7**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-105 Lögbirtingablað

Almennur rekstur:
1.01 Lögbirtingablað ..... -4,1

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -4,1

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:
1.01 Ríkislögreglustjóri ..... -0,1

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -0,1

06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík 3,8

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 3,8

06-331 Umferðarráð

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 1,5
1.10 Ökunám ..... -4,8
Almennur rekstur samtals ..... -3,3

Gjöld samtals ..... **-3,3**

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -3,3

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-3,7**
Greitt úr ríkissjóði **0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum ..... **-3,7**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-273 Tryggingarsjóður vegna byggingargalla

Stofnkostnaður:
6.21 Tryggingarsjóður vegna byggingargalla ..... -24,3

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -24,3

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Vinnueftirlit ríkisins 39,4

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 39,4

07-980 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn ..... -100,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -100,0

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota 43,7

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 43,7

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuleysisbætur ..... -370,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -370,0

m.kr.

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga ..... -15,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -15,0

07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-426,2**
Greitt úr ríkissjóði **0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum ..... **-426,2**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:
1.15 Bætur til framfærslu 169,2

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 169,2

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Geislavarnir ríkisins 1,1

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 1,1

08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrahús Reykjavíkur ..... -100,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -100,0

08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra

Stofnkostnaður:
6.01 Stofnkostnaður og endurbætur ..... -48,4

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -48,4

08-395 Lyfjaeftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Lyfjaeftirlit ríkisins ..... -1,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -1,0

m.kr.

08-396 Lyfjanefnd

Almennur rekstur:
1.01 Lyfjanefnd ..... -11,2

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -11,2

08-621 Forvarnasjóður

Almennur rekstur:
1.90 Forvarnasjóður ..... -6,4

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -6,4

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **3,3**
Greitt úr ríkissjóði **0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum **3,3**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-262 Tollstjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Tollstjórinn í Reykjavík 10,5

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 10,5

09-402 Fasteignamat ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignamat ríkisins 109,8

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 109,8

09-971 Ríkisábyrgðir

Stofnkostnaður:
6.01 Ríkisábyrgðir ..... -105,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -105,0

09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **15,3**
Greitt úr ríkissjóði **0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum **15,3**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-211 Vegagerðin

Stofnkostnaður:
6.10 Nýframkvæmdir ..... -19,3

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -19,3

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn ..... -13,5

Stofnkostnaður:
6.70 Hafnamannvirki ..... -16,9

Gjöld samtals ..... **-30,4**

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -30,4

10-471 Flugmálastjórn

Almennur rekstur:
1.01 Flugmálastjórn ..... -5,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -5,0

10-472 Flugvellir

Almennur rekstur:
1.01 Rekstur flugvalla ..... -51,8

Stofnkostnaður:
6.80 Flugvellir, framkvæmdir ..... -17,9

Gjöld samtals ..... **-69,7**

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -69,7

m.kr.

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin ..... -35,6

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -35,6

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-160,0**
Greitt úr ríkissjóði **0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum ..... **-160,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-102 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:
1.01 Einkaleyfastofan 33,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 33,0

11-245 Samtök iðnaðarins

Almennur rekstur:
1.10 Samtök iðnaðarins 17,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 8,4
Viðskiptahreyfingar 8,6

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:
1.19 Staðlaráð 1,5

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 1,5

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur **51,5**
Greitt úr ríkissjóði **0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum **42,9**
Viðskiptahreyfingar **8,6**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.20 Icepro-nefnd 0,7

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 0,7

12-302 Löggildingarstofa

Almennur rekstur:
1.01 Löggildingarstofa 18,5

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 18,5

12-401 Vátryggingaeftirlitið

Almennur rekstur:
1.01 Vátryggingaeftirlitið ..... -2,3

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -2,3

12-811 Flutningssjóður olíuvara

Almennur rekstur:
1.10 Flutningssjóður olíuvara 19,2

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 15,6
Viðskiptahreyfingar 3,6

12-821 Flutningssjóður sements

Almennur rekstur:
1.10 Flutningssjóður sements 6,4

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 6,4

	m.kr.
12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**42,5**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum	**38,9**
Viðskiptahreyfingar	**3,6**

13 Hagstofa Íslands

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	6,4
1.50 Þjóðskráin	33,4
Almennur rekstur samtals	39,8
Gjöld samtals	**39,8**
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	39,8

13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur	**39,8**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum	**39,8**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-210 Veiðistjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðistjóri	-0,2
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-0,2

14-213 Hreindýraráð

Almennur rekstur:	
1.10 Hreindýraráð	4,3
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	4,3

14-221 Hollustuvernd ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Hollustuvernd ríkisins	-3,1
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-3,1

14-285 Spilliefnasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Eyðing spilliefna	-89,4
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-89,4

14-289 Endurvinnslan hf., skilagjald

Almennur rekstur:	
1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald	12,0
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	8,5
Viðskiptahreyfingar	3,5

m.kr.

14-301 Skipulagsstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Skipulagsstofnun 7,6

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 7,6

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landmælingar Íslands ..... -0,7

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -0,7

14-381 Ofanflóðasjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Ofanflóðasjóður 67,5

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 67,5

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-2,0**
Greitt úr ríkissjóði **0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum ..... **-5,5**
Viðskiptahreyfingar **3,5**

m.kr.

Sundurliðun 2

Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-301 Ríkisstjórn

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisstjórn ..... -6,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -6,3

00-401 Hæstiréttur

Almennur rekstur:
1.01 Hæstiréttur ..... -6,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -6,5

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur ..... **-12,8**
Greitt úr ríkissjóði ..... **-12,8**
Hlutdeild í ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.91 Heimssýning í Lissabon	-14,3
Sértekjur:	
Sértekjur	13,0
Gjöld umfram tekjur	**-1,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,3

01-901 Húsameistari ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Húsameistari ríkisins	-1,8
Sértekjur:	
Sértekjur	0,1
Gjöld umfram tekjur	**-1,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,7

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-3,0**
Greitt úr ríkissjóði	**-3,0**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.25 Nám flugvirkja í Svíþjóð 6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands ..... -0,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -0,7

02-985 Alþjóðleg samskipti

Almennur rekstur:
1.91 Aðildargjöld ESB 4,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,6

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **9,9**
Greitt úr ríkissjóði **9,9**
Hlutdeild í ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	2,1
1.31 Gufuskálar	2,6
1.90 Ýmis verkefni	5,2
Almennur rekstur samtals	9,9
Gjöld samtals	**9,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,9

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:	
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	0,3
1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	0,2
Almennur rekstur samtals	0,5
Gjöld samtals	**0,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,5

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:	
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	-1,8
1.13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	0,3
1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	1,1
1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið	1,9
1.39 Evrópuráðið	-0,8
1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	0,9
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO	6,2
1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	-2,6
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	17,1

	m.kr.
1.72 EFTA-dómstóllinn	20,8
1.73 Þróunarsjóður EFTA	-13,8
1.75 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	-11,3
1.81 Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn	-0,7
Almennur rekstur samtals	17,3
Gjöld samtals	**17,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,3
03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**27,7**
Greitt úr ríkissjóði	**27,7**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.16 Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993	3,8
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	4,8
Almennur rekstur samtals	8,6
Gjöld samtals	**8,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,6

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	26,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	26,2

04-840 Lán til fiskeldis

Almennur rekstur:	
1.01 Lán til fiskeldis	-15,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-15,6

04-851 Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar

Almennur rekstur:	
1.90 Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar	31,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	31,3

04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**50,5**
Greitt úr ríkissjóði	**50,5**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.49 Úrskurðarnefndir	9,4
1.51 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	2,3
1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)	6,1
1.53 Ár hafsins	-0,6
1.71 Hvalasjóður	-2,2
Almennur rekstur samtals	15,0
Gjöld samtals	**15,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	2,7
Gjöld umfram tekjur	**17,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,7

05-221 Verðlagsráð sjávarútvegsins

Almennur rekstur:	
1.01 Verðlagsráð sjávarútvegsins	1,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,1

05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**18,8**
Greitt úr ríkissjóði	**18,8**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:	
1.10 Kosningar	2,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,5

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.21 Próf málflytjenda	-2,1
1.22 Próf skjalaþýðenda	-0,1
1.43 Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL	0,5
1.44 Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB	0,2
1.46 Landskjörstjórn	-0,7
Almennur rekstur samtals	-2,2
Gjöld samtals	**-2,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,5
Gjöld umfram tekjur	**-2,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-2,7

06-231 Málskostnaður í opinberum málum

Almennur rekstur:	
1.10 Málskostnaður í opinberum málum	-74,5
Sértekjur:	
Sértekjur	90,1
Gjöld umfram tekjur	**15,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,6

m.kr.

06-232 Opinber réttaraðstoð

Almennur rekstur:
1.10 Opinber réttaraðstoð ..... -11,2
1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga 7,4
Almennur rekstur samtals ..... -3,8

Gjöld samtals ..... **-3,8**

Sértekjur:
Sértekjur 3,7

Gjöld umfram tekjur ..... **-0,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -0,1

06-235 Bætur brotaþola

Almennur rekstur:
1.10 Bætur brotaþola 9,3

Sértekjur:
Sértekjur 0,6

Gjöld umfram tekjur **9,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,9

06-290 Dómsmál, ýmis kostnaður

Almennur rekstur:
1.11 Meðdómsmenn ..... -6,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -6,2

06-341 Áfengis- og fíkniefnamál

Almennur rekstur:
1.10 Matsnefnd vínveitingahúsa ..... -1,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -1,5

m.kr.

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður	-25,3
1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	6,6
Almennur rekstur samtals	-18,7
Gjöld samtals	**-18,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-18,7

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Kirkjumálasjóður	0,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,7

06-733 Kirkjugarðsgjöld

Almennur rekstur:	
1.11 Kirkjugarðar	-23,0
1.13 Kirkjugarðasjóður	-1,3
Almennur rekstur samtals	-24,3
Gjöld samtals	**-24,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-24,3

06-735 Sóknargjöld

Almennur rekstur:	
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	11,2
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga	-8,0
1.30 Sóknargjöld til Háskóla Íslands	-10,8
Almennur rekstur samtals	-7,6
Gjöld samtals	**-7,6**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-7,6
06-736 Jöfnunarsjóður sókna	
Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sókna	-2,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-2,4
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-34,8**
Greitt úr ríkissjóði	**-34,8**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:	
1.86 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	2,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,1

07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi

Almennur rekstur:	
1.86 Samningur við Hornafjarðarbæ um þjónustu við fatlaða	-1,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,2

07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Almennur rekstur:	
1.72 Skaftholt	1,8
1.86 Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða	-6,7
Almennur rekstur samtals	-4,9
Gjöld samtals	**-4,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-4,9

07-711 Styrktarfélag vangefinna

Almennur rekstur:	
1.20 Sambýli	-9,1
1.30 Vinnustofan Ás	-2,5
1.60 Dagvistun Lækjarási	-3,3
1.61 Dagvistun Bjarkarási	-7,2
1.62 Dagvistun Lyngási	-13,0
1.63 Skammtímavistun Víðihlíð 9	-3,8
Almennur rekstur samtals	-38,9
Gjöld samtals	**-38,9**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	10,8
Gjöld umfram tekjur	**-28,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-28,1

07-720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:	
1.70 Vistheimilið Skálatúni	-0,7
Sértekjur:	
Sértekjur	2,5
Gjöld umfram tekjur	**1,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,8

07-722 Sólheimar Grímsnesi

Almennur rekstur:	
1.70 Vistheimilið að Sólheimum, Grímsnesi	-3,3
Sértekjur:	
Sértekjur	2,8
Gjöld umfram tekjur	**-0,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,5

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:	
1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	0,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,2

m.kr.

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota 74,7

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 43,7
Viðskiptahreyfingar 31,0

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuleysisbætur ..... -23,1
1.15 Hlutdeild í rekstri Vinnumálastofnunar 0,1
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva ..... -56,0
1.31 Kjararannsóknarnefnd ..... -0,2
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði 112,3
1.41 Framlög og styrkir 11,6
1.45 Starfsmenntasjóður ..... -1,0
1.51 Rekstur úthlutunarnefnda ..... -30,7
1.81 Vaxtatekjur ..... -7,9
Almennur rekstur samtals 5,1

Gjöld samtals **5,1**

Sértekjur:
Sértekjur 37,0

Gjöld umfram tekjur **42,1**

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -370,0
Viðskiptahreyfingar 412,1

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga 4,4

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -15,0
Viðskiptahreyfingar 19,4

	m.kr.
07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**90,6**
Greitt úr ríkissjóði	**-30,6**
Hlutdeild í ríkistekjum	**-341,3**
Viðskiptahreyfingar	**462,5**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.10 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	-192,9
1.11 Mæðra - og feðralaun	180,0
1.15 Umönnunarbætur	-96,3
1.21 Makabætur	6,7
1.25 Ekkju- og ekkilsbætur	5,5
1.31 Endurhæfingalífeyrir	34,8
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	0,6
1.41 Heimilisuppbót	-18,3
1.45 Sérstök heimilisuppbót	5,9
1.51 Uppbætur	212,9
1.55 Bifreiðakaupastyrkir	-20,5
Almennur rekstur samtals	118,4
Gjöld samtals	**118,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	118,4

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	-90,3
1.15 Örorkulífeyrir	75,1
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	-45,7
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	92,0
1.31 Örorkustyrkur	-17,1
1.35 Barnalífeyrir	47,2
1.41 Fæðingarorlof	90,6
1.91 Annað	-8,0
Almennur rekstur samtals	143,8
Gjöld samtals	**143,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	4,6
Gjöld umfram tekjur	**148,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	148,4

m.kr.

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	52,1
1.15 Lyf	-29,2
1.21 Hjálpartæki	16,5
1.25 Hjúkrun í heimahúsum	-27,2
1.31 Þjálfun	24,4
1.35 Tannlækningar	-17,0
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	7,7
1.45 Brýn meðferð erlendis	30,5
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	-11,5
1.55 Sjúkradagpeningar	11,8
1.91 Annað	16,3
Almennur rekstur samtals	74,4
Gjöld samtals	**74,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	0,3
Gjöld umfram tekjur	**74,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	74,7

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	-15,8
1.15 Bætur til framfærslu	54,8
1.21 Stjórnunarkostnaður	-5,6
Almennur rekstur samtals	33,4
Gjöld samtals	**33,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	20,6
Gjöld umfram tekjur	**54,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,8
Hlutdeild í ríkistekjum	169,2
Viðskiptahreyfingar	-114,4

m.kr.

08-214 Eftirlaunasjóður aldraðra

Almennur rekstur:
1.10 Eftirlaunasjóður aldraðra ..... -0,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -0,4

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit ..... -6,4
1.40 Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975 ..... -0,3
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi 6,5
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO 2,1
Almennur rekstur samtals 1,9

Gjöld samtals **1,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,9

08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Sunnuhlíð, Kópavogi ..... -14,7

Sértekjur:
Sértekjur 5,2

Gjöld umfram tekjur ..... **-9,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -9,5

08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Skjól ..... -8,0

Sértekjur:
Sértekjur 1,2

Gjöld umfram tekjur ..... **-6,8**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -6,8

08-410 Hjúkrunarheimilið Eir

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Eir ..... -8,1

Sértekjur:
Sértekjur 7,2

Gjöld umfram tekjur ..... **-0,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -0,9

08-411 Garðvangur, Garði

Almennur rekstur:
1.01 Garðvangur, Garði ..... -0,5

Sértekjur:
Sértekjur 0,7

Gjöld umfram tekjur **0,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,2

08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Skógarbær ..... -32,0

Sértekjur:
Sértekjur 14,6

Gjöld umfram tekjur ..... **-17,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -17,4

m.kr.

08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum ..... -24,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,7

Gjöld umfram tekjur ..... **-25,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -25,1

08-420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrastofnanir SÁÁ ..... -66,1

Sértekjur:
Sértekjur 54,9

Gjöld umfram tekjur ..... **-11,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -11,2

08-421 Víðines

Almennur rekstur:
1.01 Víðines 15,1

Sértekjur:
Sértekjur 8,3

Gjöld umfram tekjur **23,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 23,4

08-422 Hlaðgerðarkot

Almennur rekstur:
1.01 Hlaðgerðarkot ..... -0,3

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,3

08-430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	4,4
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteignar	3,0
Gjöld samtals	**7,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	3,4
Gjöld umfram tekjur	**10,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,8

08-431 Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Endurhæfingardeild	-257,2
1.10 Heilsuhælisdeild	161,8
Almennur rekstur samtals	-95,4
Stofnkostnaður:	
6.21 Stofnkostnaðarstyrkur til heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands	15,0
Gjöld samtals	**-80,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	92,9
Gjöld umfram tekjur	**12,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,5

m.kr.

08-432 Vistheimilið Bjarg

Almennur rekstur:
1.01 Vistheimilið Bjarg ..... -0,4

Sértekjur:
Sértekjur 0,1

Gjöld umfram tekjur ..... **-0,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -0,3

08-435 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða

Almennur rekstur:
1.01 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða ..... -2,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -2,8

08-495 Daggjaldastofnanir

Almennur rekstur:
1.11 Seljahlíð, Reykjavík 1,1
1.13 Hornbrekka, Ólafsfirði ..... -26,3
1.15 Dalbær, Dalvík ..... -9,9
1.17 Hulduhlíð, Eskifirði ..... -18,7
1.19 Hjallatún, Vík 0,4
1.21 Höfði, Akranesi ..... -18,2
1.23 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum ..... -1,1
1.25 Barmahlíð, Reykhólum ..... -4,8
1.27 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi 0,7
1.29 Fellaskjól, Grundarfirði ..... -1,8
1.31 Naust, Þórshöfn ..... -3,4
1.33 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi ..... -2,6
1.35 Jaðar, Ólafsvík ..... -0,2
1.37 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri 0,8
1.39 Lundur, Hellu ..... -30,1
1.41 Hrafnista, Reykjavík 54,6
1.43 Hrafnista, Hafnarfirði ..... -14,1

	m.kr.
1.45 Grund, Reykjavík	-90,4
1.47 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	-4,9
1.49 Kumbaravogur, Stokkseyri	-0,2
1.51 Fellsendi, Búðardal	2,8
1.53 Reykjalundur, Mosfellsbæ	-11,4
1.55 D.a.h. Vesturhlíð, Reykjavík	-3,4
1.57 Gistiheimili RKÍ, Reykjavík	0,6
1.59 Reynslusveitarfélag Akureyri	-4,2
1.61 Reynslusvetiarfélag Höfn	-6,7
1.63 Hlíðabær, Reykjavík	0,7
1.65 Lindargata, Reykjavík	1,4
1.67 MS-félag Íslands, Reykjavík	1,0
1.69 Múlabær, Reykjavík	-1,9
1.71 Dagvistun aldraðra, aðrar	24,1
1.73 Sjóður til aðstoðar minni daggjaldastofnunum	4,8
1.75 Óskipt framlag til breytinga á daggjöldum	107,0
Almennur rekstur samtals	-54,3
Gjöld samtals	**-54,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	27,0
Gjöld umfram tekjur	**-27,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-27,3

08-515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Lágmúla	-6,1
Sértekjur:	
Sértekjur	4,1
Gjöld umfram tekjur	**-2,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-2,0

m.kr.

08-553 Reynslusveitarfélagið Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Reynslusveitarfélagið Akureyri 15,4

Sértekjur:
Sértekjur 9,8

Gjöld umfram tekjur **25,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,2

08-568 Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði

Almennur rekstur:
1.01 Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði ..... -4,8

Sértekjur:
Sértekjur 5,0

Gjöld umfram tekjur **0,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,2

08-715 St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið ..... -4,8
1.11 Sjúkrasvið 4,5
Almennur rekstur samtals ..... -0,3

Gjöld samtals ..... **-0,3**

Sértekjur:
Sértekjur 1,0

Gjöld umfram tekjur **0,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,7

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **366,4**
Greitt úr ríkissjóði **311,6**
Hlutdeild í ríkistekjum **169,2**
Viðskiptahreyfingar ..... **-114,4**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld

Almennur rekstur:	
1.20 Olíugjald	-1,4
1.30 Þungaskattur	1,7
Almennur rekstur samtals	0,3
Gjöld samtals	**0,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,3

09-250 Innheimtukostnaður

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis innheimtukostnaður	-77,2
1.20 Kostnaður við sérstakar innheimtuaðgerðir	5,2
Almennur rekstur samtals	-72,0
Stofnkostnaður:	
6.91 Uppgjör stofnkostnaðar	-13,8
Gjöld samtals	**-85,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	65,3
Gjöld umfram tekjur	**-20,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-20,5

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:	
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	-8.142,3
1.02 Lífeyrissjóður alþingismanna	135,2
1.03 Lífeyrissjóður ráðherra	27,1
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	-698,0
1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	29,5
1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	4,3

	m.kr.
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	-312,8
Almennur rekstur samtals	-8.957,0
Gjöld samtals	**-8.957,0**
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	-8.957,0

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:	
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	45,0
Sértekjur:	
Sértekjur	7,8
Gjöld umfram tekjur	**52,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	52,8

09-711 Afskriftir skattkrafna

Almennur rekstur:	
1.11 Afskriftir skattkrafna	-875,7
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	-875,7

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:	
1.11 Fjármagnstekjuskattur	75,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	75,9

09-811 Barnabætur

Almennur rekstur:	
1.11 Barnabætur	83,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	83,0

m.kr.

09-821 Vaxtabætur

Almennur rekstur:
1.11 Vaxtabætur ..... -22,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -22,4

09-972 Lánasýsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Lánasýsla ríkisins ..... -11,0

Sértekjur:
Sértekjur 38,4

Gjöld umfram tekjur **27,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,4

09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur

Stofnkostnaður:
6.11 Tapaðar kröfur 188,9
6.15 Tjónabætur 13,2
Stofnkostnaður samtals 202,1

Gjöld samtals **202,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,2
Viðskiptahreyfingar 188,9

09-974 Framkvæmdasjóður Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Framkvæmdasjóður Íslands ..... -74,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -74,1

m.kr.

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Stofnkostnaður:
6.91 Ýmsar fasteignir skv. 6. gr. fjárlaga ..... -1,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -1,1

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:
1.90 Launa- og verðlagsmál 82,7

Stofnkostnaður:
6.01 Stofnkostnaður 15,0

Gjöld samtals **97,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 97,7

09-997 Framkvæmdir við iðnaðarlóð

Stofnkostnaður:
6.01 Framkvæmdir við iðnaðarlóð ..... -493,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -493,8

09-998 Flekkuvík, jarðarkaup

Stofnkostnaður:
6.01 Flekkuvík, jarðarkaup ..... -159,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -159,9

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið 0,2
1.11 Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir 23,6

	m.kr.
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	5,5
1.15 Kjararannsóknir	-1,8
1.22 Kaup á dagblöðum skv. 6.gr. fjárlaga 97	-0,3
1.31 Lífeyrissjóður bænda	17,6
1.45 Ýmsar nefndir	-3,8
1.50 Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	-0,1
1.60 Dómkröfur	-1,6
1.65 Kjaradómur og kjaranefnd	-6,7
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	4,7
1.92 Rekstrarkostn. biðreikn. Útvegsb. Ísl.	-2,9
Almennur rekstur samtals	34,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	-11,1
Gjöld samtals	**23,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	23,3
Gjöld umfram tekjur	**46,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	46,6
09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-10.018,7**
Greitt úr ríkissjóði	**-374,9**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**-9.643,8**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.26 Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	0,1
1.90 Ýmislegt	-0,3
Almennur rekstur samtals	-0,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Breytingar á húsnæði	0,2
Gjöld samtals	**0,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,0

10-337 Flekkuvík, hafnargerð

Stofnkostnaður:	
6.01 Flekkuvík, hafnargerð	-49,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-49,2

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-49,2**
Greitt úr ríkissjóði	**-49,2**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:	
1.21 Kostnaður vegna samnings við ÍSAL	1,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,5

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:	
1.15 Niðurgreiðsla á rafhitun	-77,7
1.16 Styrking dreifikerfis í sveitum	-20,0
Almennur rekstur samtals	-97,7
Gjöld samtals	**-97,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-97,7

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-96,2**
Greitt úr ríkissjóði	**-96,2**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-401 Vátryggingaeftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Vátryggingaeftirlitið	3,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,9
Gjöld umfram tekjur	**0,7**
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-2,3
Viðskiptahreyfingar	3,0

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**0,7**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum	**-2,3**
Viðskiptahreyfingar	**3,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-285 Spilliefnasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Eyðing spilliefna	25,3
Sértekjur:	
Sértekjur	0,4
Gjöld umfram tekjur	**25,7**
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-89,4
Viðskiptahreyfingar	115,1

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**25,7**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum	**-89,4**
Viðskiptahreyfingar	**115,1**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	-147,1
1.20 Inneignarvextir af ríkistekjum	-16,9
Almennur rekstur samtals	-164,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-2.232,9
Viðskiptahreyfingar	2.068,9
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**-164,0**
Greitt úr ríkissjóði	**-2.232,9**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**2.068,9**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur. Frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 1998 var lagt fyrir Alþingi á sl. vorþingi en var ekki afgreitt þá og er nú endurflutt. Gerð hefur verið breyting á framsetningu talnaefnis frumvarpsins í samræmi við þær viðmiðanir um uppgjör á fjárreiðum ríkisaðila sem hafa verið mótaðar af fjármálaráðuneytinu og ríkisbókhaldi í tengslum við gerð ríkisreiknings fyrir árin 1998 og 1999. Breytingin frá fyrri gerð frumvarpsins felst í breyttu uppgjöri á mörkuðum skatttekjum sem renna til stofnana og verkefna á gjaldahlið ríkissjóðs. Uppgjör á slíkum mörkuðum tekjum miðast nú almennt við tekjur sem innheimtast á árinu fremur en álagðar tekjur, nema í þeim tilvikum þar sem um er að ræða aðila utan A-hluta ríkissjóðs sem annast sjálfir um álagningu og innheimtu teknanna. Breytingin á uppgjörinu hefur nokkur áhrif á hækkanir og lækkanir á fjárheimildum ársins 1998 vegna frávika markaðra tekna frá áætlun fjárlaga, sem lagðar eru til í sundurliðun 1 í frumvarpinu. Á þeim fjárlagaliðum þar sem það á við breytist þá einnig staða fjárheimilda í árslok og þar með staða sem kann að vera felld niður í sundurliðun 1 í frumvarpinu eða flutt til næsta árs sbr. yfirlit í sérstöku fylgiskjali. Að samanlögðu eru áhrifin af breyttu uppgjöri á þessum þætti frumvarpsins þó ekki teljandi. Vakin er athygli á því að staða fjárheimilda í árslok og flutningur stöðu til ársins 1999 samkvæmt ríkisreikningi 1998 og 1999 er ekki í öllum tilvikum eins og í frumvarpinu þar sem gengið var frá því talnaefni áður en viðmiðanirnar fyrir uppgjörinu í frumvarpinu voru fullmótaðar. Þar sem það á við eru fjárheimildirnar þá leiðréttar til samræmis við frumvarpið í reikningi næsta árs.

Frumvarp til lokafjárlaga er lagt fram í samræmi við lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins og er til staðfestingar á ríkisreikningi 1998. Samkvæmt 45. grein fjárreiðulaga skal í lokafjárlögum leita heimilda til uppgjörs á gjöldum umfram fjárheimildir ársins og á ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar á milli ára. Jafnframt skal í frumvarpinu leggja fram sérstaka skrá yfir geymdar afgangsfjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimild er í lögunum til að greiða slík umframgjöld af fjárveitingu næsta árs. Einnig skal í frumvarpinu gera grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.

Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á fjárheimildum vegna frávika á öðrum rekstrartekjum og mörkuðum tekjum miðað við fjárlög, nánari skipting er í sundurliðun 1. Er um að ræða breytingar í samræmi við niðurstöður ársins 1998 þar sem skilað er lögboðnum ríkistekjum til þeirra verkefna sem þær eru ætlaðar eða fjárheimild lækkuð í þeim tilfellum að tekjurnar hafa verið ofáætlaðar í fjárlögum 1998.

Í 2. gr. er sótt um heimildir til uppgjörs á ónotuðum fjárveitingum og umframgjöldum sem ekki flytjast á milli ára og er vísað til nánari skiptingar í sundurliðun 2. Í sumum tilfellum eru heimildir felldar niður í árslok og er þar um nokkuð hefðbundna afgreiðslu að

ræða sem breytist lítið á milli ára. Veigamikil breyting er þó fólgin í því að nú eru fjárlög á rekstrargrunni og því sýnd rekstrarstaða stofnana sem ekki eru með efnahag í A-hluta ríkisreiknings, eru það einkum sjálfseignarstofnanir. Lagt er til að staða þessara stofnana miðað við fjárheimildir verði felld niður í árslok, enda miðast framlög til þeirra við fjárveitingar í fjárlögum og skuldir eða inneignir þessara stofnana eru við aðila utan ríkisins. Einnig er sótt um breytingar á fjárheimildum lögboðinna tilfærsluverkefna, svo sem almannatrygginga, og til breytinga á ríkistekjum sem meðal annars eru taldar í 1. gr.

Í fylgiskjali er í samræmi við 45. gr. laga um fjárreiður ríkisins birt yfirlit yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Í 37. gr. laganna er heimilt að geyma ónýttar fjárveitingar í lok reikningsársins og með sama hætti að draga umframgjöld fyrra árs frá fjárveitingu ársins.

Með frumvarpinu eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöður ríkissjóðs fyrir árið 1998 og er vísað til greinargerðar í fjáraukalögum og í ríkisreikningi fyrir árið 1998 um meginatriðin í framvindu ríkisfjármála það ár og um helstu frávik á tekjum og útgjöldum á því ári. Þá hefur Ríkisendurskoðun lagt fyrir Alþingi skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings 1998 og um hana hefur verið fjallað í fjárlaganefnd.

Afgangsheimildir og umframgjöld. Í 2. gr. frumvarpsins er sótt um niðurfellingu á afgangsheimildum og á gjöldum umfram heimildir, í fylgiskjali er yfirlit yfir fluttar afgangsheimildir og umframgjöld í samræmi við 45. gr. fjárreiðulaga. Afgangsheimildir stofnana og verkefna námu alls um 11,9 milljörðum króna í árslok 1998, en gjöld umfram veittar fjárheimildir námu samtals um 18,3 milljörðum króna Mismunur fjárheimilda og reikningsfærðra gjalda var því neikvæður um 6,4 milljarða króna, nettó. Í 2. gr. frumvarpsins er sótt um niðurfellingu á 2,8 milljörðum króna afgangsheimildum og niðurfellingu á um 12,6 milljarða króna gjöldum umfram heimildir sbr. sundurliðun 2. Alls er þannig gert ráð fyrir að niður falli neikvæð staða sem nemur 9,8 milljörðum króna, nettó. Í fylgiskjali er listi yfir þær heimildir sem flytjast á milli ára. Þar eru um 9,1 milljarðar króna ónýttar heimildir, sem bætast við fjárheimildir næsta árs, og um 5,8 milljarða króna umframgjöld til lækkunar á fjárveitingum næsta árs. Samtals flytjast því um 3,3 milljarðar króna frá árinu 1998 til 1999. Þar af eru tæplega 200 m.kr. vegna reksturs stofnana, um 1,1 milljarður króna vegna tilfærsluútgjalda og 2 milljarðar króna til ýmissa viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna, en þar vega þyngst um 230 m.kr. stofnkostnaður undir samgönguráðuneyti og 425 m.kr. til byggingar hafrannsóknarskips. Um nánari skiptingu er vísað í fylgiskjal með skrá yfir fyrirhugaðar breytingar á fjárheimildum 1999 vegna stöðu fjárheimilda í árslok 1998, eða svonefndar yfirfærslur á milli ára. Fjárhæðir í fylgiskjalinu eru sundurgreindar í rekstur, tilfærslur, viðhald og stofnkostnað. Er sú framsetning að formi til óbreytt frá því sem verið hefur undanfarin ár.

Ónýttar lántökuheimildir á árinu 1998. Í fjárlögum fyrir árið 1998 var ríkissjóði heimilað að endurlána allt að 9,6 milljarða króna, en niðurstaðan samkvæmt ríkisreikningi var 7,8 milljarðar króna. Endurlán til Byggingasjóðs ríkisins voru um 1,3 milljarði króna minni en áætlað var í fjárlögum. Þá urðu endurlán til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins 750 m.kr. minni en ráðgert var þar sem smíði á hafrannsóknarskipi seinkaði. Loks frestuðust lántökur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar um eitt ár. Nánari grein er gerð fyrir lánveitingum ríkissjóðs í ríkisreikningi og skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 1998.

Lánveitingar umfram heimildir í fjárlögum. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1998 láðist að sækja um auknar lántökuheimildir fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins. Sótt var um heimildir til aukinnar lántöku til fjárlaganefndar Alþingis með bréfi dags. 30. október 1998, þar sem farið var fram á að húsbréfadeild Byggingasjóðs ríkisins yrði heimilt að gefa út húsbréf fyrir allt að 19,5 milljarða króna á árinu 1998 í stað 16,5 milljarða króna eins og heimilað var í fjárlögum. Nefndin gaf skriflegt svar, dags. 3. nóvember 1998, þar sem erindið var samþykkt og á þeirri forsendu var útgáfa húsbréfa árið 1998 reist. Eins og að framan greinir láðist að afla heimildarinnar í fjáraukalögum 1998 og var þá ákveðið að hennar yrði aflað í uppgjörsfjáraukalögum 1998. Þykir rétt að sækja um sérstaka breytingu á lánsfjárheimild húsbréfadeildar Byggingasjóðs ríkisins í samræmi við þau áform sem uppi voru síðla árs 1998.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er sótt um að fjárheimildir lækki samtals um 443,6 m.kr. svo þær verði í samræmi við niðurstöðu ríkistekna og markaðra tekna og skilað er til stofnana árið 1998. Sýnd er breyting á hvert ráðuneyti og nánari skipting á verkefni er í sundurliðun 1. Lækkun fjárheimilda skýrist að stórum hluta af minni skilum, en áætlað var í fjárlögum, til Atvinnuleysistryggingasjóðs og minni tekjum til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og Spilliefnasjóðs. Þá voru tekjur af Happdrætti Háskóla Íslands minni en áætlað var, breyting er gerð vegna niðurfellingar á skilum á ríkisábyrgðagjaldi og minni rekstrartekjum hjá stofnunum samgönguráðuneytis. Þá er lögð til breyting á færslu tekna hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur til samræmis við ríkisreikning. Á móti kemur að lagt er til að fjárheimildir hækki vegna tekna umfram áætlanir til Jarðasjóðs og jarðeigna ríkisins, verðtilfærslugjald á mjólk var umfram áætlun, hlutur Ábyrgðasjóðs launa í tryggingagjaldi varð meiri en áætlað var, tekjur Hagstofu Íslands af þjóðskrá og tekjur Einkaleyfastofu urðu einnig umfram áætlun. Þá eru tekjur af afnotagjaldi Ríkisútvarpsins hærri en áætlun og loks er lögð til breyting á framsetningu tekna Fasteignamats ríkisins og Slysatrygginga. Vísað er í sundurliðun 1 um aðrar breytingar.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er sótt um heimildir til niðurfellingar á umframgjöldum, það er útgjöldum umfram fjárheimildir, og til niðurfellingar á afgangsheimildum sem lagt er til að flytjist ekki á milli ára. Skipting á stofnanir og verkefni er í sundurliðun 2. Samtals er sótt um niðurfellingu á 9.788,4 m.kr. gjöldum nettó. Munar þar mestu um 8.957 m.kr. umframgjöld til áfallinna skuldbindinga lífeyrissjóða með bakábyrgð ríkisins. Skuldbindingarnar voru vanmetnar í fjárlögum þar sem aðlögunarsamningar, sem fólu í sér að ýmsar aukagreiðslur voru færðar inn í dagvinnulaun, voru gerðir fyrr en áætlað var og koma umframútgjöld ekki til lækkunar á fjárheimildum næsta árs. Þá er lagt til að fjöldi liða með lögboðnum útgjöldum falli niður, sem og staða sjálfseignastofnana í árslok, þar sem þær eru ekki með efnahag í A-hluta. Lagt er til að felld verði niður umframgjöld til jarðakaupa og hafnargerðar í Flekkuvík og framkvæmdir við iðnaðarlóð á Grundartanga. Loks falla niður vaxtagjöld ríkissjóðs umfram áætlun. Stærstu ónotuðu fjárheimildirnar, sem lagt er til að verði felldar niður, eru hjá almannatryggingum, Ábyrgðasjóði launa og Atvinnuleysistryggingasjóði. Í ríkisreikningi er haldið um inneign sjóðanna af mörkuðum tekjum og verður farið á sama hátt með umframgjöld þeirra. Þá falla niður heimildir til sjóða umfram greiðslur eða innheimtu tekna svo og umframheimildir tilfærsluliða. Nánari skipting á niðurfelldum umframgjöldum og afgangsheimildum er í sundurliðun 2.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er sótt um að lántökuheimild fyrir húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins hækki um 3 milljarða króna frá því sem heimilað var í fjárlögum fyrir árið 1998.

Um 4. gr.

Lagt er til að í gildistökuákvæðum verði jafnframt staðfesting Alþingis á ríkisreikningi fyrir árið 1998. Með breytingu á 43. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. stjórnskipunarlög nr. 100/1995, er ekki lengur kveðið á um staðfestingu ríkisreiknings með sérstökum lögum. Sama breyting er gerð með fjárreiðulögum og í greinargerð með þeim er beinlínis tekið fram að í lögunum felist sú breyting að ríkisreikningur verði ekki framvegis samþykktur með sérstökum lögum. Lög gera þannig ekki ráð fyrir því að ríkisreikningur sé staðfestur með sérstökum lögum, enda er eðli ríkisreiknings sem slíks þannig að honum verður vart breytt þegar hann hefur verið undirritaður af fjármálaráðherra auk ríkisbókara og áritaður af ríkisendurskoðanda. Eðlilegt er því talið að með staðfestingu á lokafjárlögum felist staðfesting á ríkisreikningi.

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
Samtals öll ráðuneyti		**179,4**	**1.145,0**	**-50,4**	**2.061,5**	**3.335,5**
00 Æðsta stjórn ríkisins		***10,9***	***-2,5***	***15,7***	***-8,5***	***15,6***
00-101	**Embætti forseta Íslands**	**1,0**	**-0,2**	**0,5**	**0,2**	**1,5**
101-1.01	Yfirstjórn	-27,3				-27,3
101-1.30	Bessastaðir	31,1				31,1
101-1.50	Fálkaorðan	-0,1				-0,1
101-1.81	Opinberar heimsóknir	-2,7	-0,2			-2,9
101-5.20	Laufásvegur 72, viðhald			0,5		0,5
101-6.01	Tæki og búnaður				0,2	0,2
00-201	**Alþingi**	**7,7**	**-1,4**	**15,2**	**-7,4**	**14,1**
201-1.01	Alþingiskostnaður	15,7				15,7
201-1.03	Fastanefndir	-4,4				-4,4
201-1.04	Alþjóðasamstarf	1,0	-2,1			-1,1
201-1.06	Almennur rekstur	3,1	-0,4			2,7
201-1.07	Sérverkefni	-4,4	1,1			-3,3
201-1.10	Rekstur fasteigna	-3,3				-3,3
201-5.20	Fasteignir			15,2		15,2
201-6.01	Tæki og búnaður				-3,4	-3,4
201-6.21	Fasteignir				-4,0	-4,0
00-205	**Framkvæmdir á Alþingisreit**				**2,5**	**2,5**
205-6.21	Fasteignir				20,0	20,0
205-6.50	Nýbygging				-17,5	-17,5
00-610	**Umboðsmaður Alþingis**	**3,0**				**3,0**
610-1.01	Umboðsmaður Alþingis	3,0				3,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
00-620	**Ríkisendurskoðun**	**-0,8**	**-0,9**		**-3,8**	**-5,5**
620-1.01	Ríkisendurskoðun	-0,8	-0,9			-1,7
620-6.01	Tæki og búnaður				-3,8	-3,8
01 Forsætisráðuneyti		***3,0***	***26,6***	***6,0***	***51,8***	***87,4***
01-101	**Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-3,6**	**4,2**		**-4,6**	**-4,0**
101-1.01	Yfirstjórn	-3,6	4,2			0,6
101-6.01	Tæki og búnaður				-4,6	-4,6
01-190	**Ýmis verkefni**	**0,4**	**18,5**		**13,0**	**31,9**
190-1.13	Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag		12,0			12,0
190-1.15	Útboðs- og einkavæðingarverkefni	4,4	-0,1			4,3
190-1.17	Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	-0,3				-0,3
190-1.23	Hrafnseyri	2,9	0,2			3,1
190-1.40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	-0,1	1,9			1,8
190-1.42	Grænlandssjóður		-0,5			-0,5
190-1.52	Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	1,0	-0,9			0,1
190-1.53	Landafundanefnd	-1,2	-0,1			-1,3
190-1.90	Ýmis verkefni	-6,3	6,0			-0,3
190-6.52	Minningarkapella á Ljósavatni				13,0	13,0
01-201	**Fasteignir forsætisráðuneytis**	**6,2**		**3,6**		**9,8**
201-1.01	Fasteignir forsætisráðuneytis	-0,3				-0,3
201-1.21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	6,4				6,4
201-1.22	Ráðherrabústaður Þingvöllum	0,1				0,1
201-5.20	Stjórnarráðshús			-4,8		-4,8
201-5.21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu			5,3		5,3
201-5.22	Ráðherrabústaður Þingvöllum			0,4		0,4
201-5.24	Bessastaðir			0,9		0,9
201-5.25	Staðastaður			1,8		1,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
01-205	**Mannvirkjagerð á Bessastöðum**				**3,5**	**3,5**
205-6.21	Mannvirkjagerð á Bessastöðum				3,5	3,5
01-211	**Þjóðhagsstofnun**	**7,3**				**7,3**
211-1.01	Þjóðhagsstofnun	7,3				7,3
01-231	**Norræna ráðherranefndin**	**6,7**	**3,9**		**-1,5**	**9,1**
231-1.01	Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis	6,5	-10,3			-3,8
231-1.61	Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	0,2	14,2			14,4
231-6.01	Tæki og búnaður				-1,5	-1,5
01-241	**Umboðsmaður barna**	**0,6**			**-2,0**	**-1,4**
241-1.01	Umboðsmaður barna	0,6				0,6
241-6.01	Tæki og búnaður				-2,0	-2,0
01-251	**Safnahús**	**-1,9**				**-1,9**
251-1.01	Safnahús	-1,9				-1,9
01-301	**Lýðveldissjóður**					
301-1.10	Vistfræðirannsóknir á lífríki sjávar		8,1			8,1
301-1.15	Efling íslenskrar tungu		-8,1			-8,1
01-902	**Þjóðgarðurinn á Þingvöllum**	**-12,7**		**2,4**	**43,4**	**33,1**
902-1.01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	-12,7				-12,7
902-5.01	Fasteignir			2,4		2,4
902-6.01	Nýframkvæmdir				33,4	33,4
902-6.21	Fasteignir				10,0	10,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02	*Menntamálaráðuneyti*	*-657,7*	*135,2*	*150,3*	*325,7*	*-46,5*
02-101	**Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-9,4**	**2,4**		**-1,7**	**-8,7**
101-1.01	Yfirstjórn	-9,4	2,4			-7,0
101-6.01	Tæki og búnaður				-1,7	-1,7
02-199	**Ráðstöfunarfé**		**7,2**			**7,2**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		7,2			7,2
02-201	**Háskóli Íslands**	**-121,1**	**-107,4**	**34,8**	**-10,5**	**-204,2**
201-1.01	Yfirstjórn	-71,0	-0,8			-71,8
201-1.02	Sameiginleg útgjöld	124,4	-18,1			106,3
201-1.03	Rekstur fasteigna	3,5				3,5
201-1.05	Aðrar stofnanir og verkefni	-122,2	-88,0			-210,2
201-1.06	Kennslu- og vísindadeildir	-62,5	-3,8			-66,3
201-1.07	Alþjóðaskrifstofa	-4,7	6,5			1,8
201-1.09	Verkfræðistofnun	10,2	-3,2			7,0
201-1.20	Rannsóknarnám	1,2				1,2
201-5.50	Fasteignir			34,8		34,8
201-6.50	Byggingarframkvæmdir og tækjakaup				-10,5	-10,5
02-202	**Tilraunastöð Háskólans að Keldum**	**40,2**	**-5,7**			**34,5**
202-1.01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	40,2	-5,7			34,5
02-203	**Raunvísindastofnun Háskólans**	**-11,3**	**0,8**		**3,8**	**-6,7**
203-1.01	Yfirstjórn	1,4	1,2			2,6
203-1.02	Rekstur fasteigna	-2,6				-2,6
203-1.03	Rannsóknastofur	-10,1	-0,4			-10,5
203-6.11	Bifreiðar				3,8	3,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-204	**Stofnun Sigurðar Nordals**	**0,2**				**0,2**
204-1.11	Íslenskukennsla erlendis	0,2				0,2
02-205	**Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi**	**-0,2**	**0,4**			**0,2**
205-1.01	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	3,1	0,4			3,5
205-1.20	Bókaútgáfa	-3,3				-3,3
02-206	**Orðabók Háskólans**	**10,6**	**0,6**			**11,2**
206-1.01	Orðabók Háskólans	10,6	0,6			11,2
02-207	**Íslensk málstöð**	**-2,7**				**-2,7**
207-1.01	Íslensk málstöð	-2,7				-2,7
02-208	**Örnefnastofnun**	**1,8**				**1,8**
208-1.01	Örnefnastofnun	1,8				1,8
02-210	**Háskólinn á Akureyri**	**-19,2**	**4,6**		**-21,0**	**-35,6**
210-1.01	Háskólinn á Akureyri	19,3	-0,5			**18,8**
210-1.02	Rannsóknastarfsemi	-38,5	5,1			-33,4
210-6.10	Fasteignir				-21,0	-21,0
02-211	**Tækniskóli Íslands**	**-45,0**	**-0,1**			**-45,1**
211-1.01	Tækniskóli Íslands	-45,0	-0,1			-45,1
02-215	**Kennaraháskóli Íslands**	**-76,1**	**61,5**			**-14,6**
215-1.01	Yfirstjórn	-5,3	-0,7			-6,0
215-1.02	Rannsóknastarfsemi	-24,8	33,7			8,9
215-1.03	Rekstur fasteigna	-11,7	-0,6			-12,3
215-1.04	Stoðþjónusta	-8,5				-8,5
215-1.05	Kennsla	-13,5	1,1			-12,4
215-1.10	Íslenska menntanetið	-4,8				-4,8
215-1.20	Endurmenntun	5,8	-1,3			4,5
215-1.30	Vettvangsnám	-13,3	29,3			16,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-223	**Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála**	**-0,3**				**-0,3**
223-1.01	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	-0,3				-0,3
02-231	**Rannsóknarráð Íslands**	**7,0**	**-5,5**			**1,5**
231-1.01	Rannsóknarráð Íslands	7,0	-5,5			1,5
02-235	**Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum**				**50,0**	**50,0**
235-6.60	Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum				50,0	50,0
02-236	**Vísindasjóður**	**-3,8**	**-5,8**		**-36,1**	**-45,7**
236-1.01	Yfirstjórn	-3,8	-5,8			-9,6
236-6.60	Vísindasjóður				-36,1	-36,1
02-237	**Tæknisjóður**	**-2,7**	**-1,6**		**-51,3**	**-55,6**
237-1.01	Yfirstjórn	-2,7	-1,6			-4,3
237-6.60	Tæknisjóður				-51,3	-51,3
02-238	**Bygginga- og tækjasjóður**				**40,1**	**40,1**
238-6.60	Bygginga- og tækjasjóður				40,1	40,1
02-239	**Rannsóknarnámssjóður**	**-0,9**	**-15,4**			**-16,3**
239-1.01	Rannsóknarnámssjóður	-0,9	-15,4			-16,3
02-269	**Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			**31,8**	**31,9**	**63,7**
269-5.21	Viðhald			31,8		31,8
269-6.21	Stofnkostnaður				31,9	31,9
02-299	**Háskóla- og rannsóknastarfsemi**	**-7,7**	**22,6**			**14,9**
299-1.12	Undirbúningur miðstöðvar fyrir háskólanám og endurmenntun á	8,0	-4,8			3,2
299-1.90	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	-15,7	27,4			11,7
02-301	**Menntaskólinn í Reykjavík**	**10,7**	**-0,4**			**10,3**
301-1.01	Almennur rekstur	10,7	-0,4			10,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-302	**Menntaskólinn á Akureyri**	**-30,9**				**-30,9**
302-1.01	Almennur rekstur	-38,4				-38,4
302-1.09	Önnur verkefni	7,5				7,5
02-303	**Menntaskólinn á Laugarvatni**	**-21,0**				**-21,0**
303-1.01	Almennur rekstur	-21,0				-21,0
02-304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð**	**-0,8**	**-0,5**			**-1,3**
304-1.01	Almennur rekstur	-5,6	-0,5			-6,1
304-1.09	Önnur verkefni	4,8				4,8
02-305	**Menntaskólinn við Sund**	**-17,4**				**-17,4**
305-1.01	Almennur rekstur	-17,4				-17,4
02-306	**Framhaldsskóli Vestfjarða**	**-13,0**	**-0,6**			**-13,6**
306-1.01	Almennur rekstur	-23,3	-0,6			-23,9
306-1.09	Önnur verkefni	10,3				10,3
02-307	**Menntaskólinn á Egilsstöðum**	**-2,5**	**-0,8**			**-3,3**
307-1.01	Almennur rekstur	-23,5	-0,8			-24,3
307-1.09	Önnur verkefni	21,0				21,0
02-308	**Menntaskólinn í Kópavogi**	**-45,9**	**-0,5**			**-46,4**
308-1.01	Almennur rekstur	-36,8	-0,5			-37,3
308-1.09	Önnur verkefni	-9,1				-9,1
02-316	**Fasteignir framhaldsskóla**			**76,6**		**76,6**
316-5.21	Viðhald			20,8		20,8
316-5.51	Sérstök viðhaldsverkefni			55,8		55,8
02-317	**Sameignir skólanna á Laugarvatni**	**2,6**				**2,6**
317-1.01	Sameignir skólanna á Laugarvatni	2,6				2,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-318	**Framhaldsskólar, stofnkostnaður**			**-2,1**	**115,4**	**113,3**
318-5.80	Viðhald herma			1,7		1,7
318-5.90	Viðhald			-3,8		-3,8
318-6.40	Tæki og búnaður				0,2	0,2
318-6.50	Tölvubúnaður				-1,7	-1,7
318-6.90	Byggingarframkvæmdir				116,9	116,9
02-319	**Framhaldsskólar, almennt**	**117,7**	**-28,1**			**89,6**
319-1.11	Sameiginleg þjónusta	3,6	-2,2			1,4
319-1.12	Orlof kennara	11,2	-3,1			8,1
319-1.13	Forfallakennsla	2,1				2,1
319-1.14	Sérkennsla	4,6				4,6
319-1.15	Prófkostnaður	-30,6	-0,3			-30,9
319-1.16	Nýjungar í skólastarfi	9,4	7,4			16,8
319-1.17	Námsskrárgerð	13,3	-11,1			2,2
319-1.18	Námsefnisgerð	14,7	-13,2			1,5
319-1.19	Kennslueftirlit	3,9	-2,7			1,2
319-1.22	Námskeið skipstjórnarmanna	8,8	-4,0			4,8
319-1.23	Ólympíuleikar í eðlisfræði	1,6	-0,8			0,8
319-1.26	Þróunarsjóður	-0,3	22,5			22,2
319-1.27	Íslenskukennsla	8,5	-5,2			3,3
319-1.28	Mat á skólastarfi	16,8	-6,6			10,2
319-1.30	Endurmenntun	14,2	-9,1			5,1
319-1.40	Framhaldsskólar, óskipt	35,9	0,3			36,2
02-350	**Fjölbrautaskólinn í Breiðholti**	**-69,4**				**-69,4**
350-1.01	Almennur rekstur	-26,3				-26,3
350-1.09	Önnur verkefni	-43,1				-43,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-351	**Fjölbrautaskólinn Ármúla**	**-8,6**	**-6,7**			**-15,3**
351-1.01	Almennur rekstur	-15,8	-6,7			-22,5
351-1.09	Önnur verkefni	7,2				7,2
02-352	**Flensborgarskóli**	**-10,6**	**-0,6**			**-11,2**
352-1.01	Almennur rekstur	-11,7	-0,6			-12,3
352-1.09	Önnur verkefni	1,1				1,1
02-353	**Fjölbrautaskóli Suðurnesja**	**9,3**	**-3,1**	**3,9**		**10,1**
353-1.01	Almennur rekstur	12,3	-3,1			9,2
353-1.09	Önnur verkefni	-3,0				-3,0
353-5.01	Viðhald fasteigna			3,9		3,9
02-354	**Fjölbrautaskóli Vesturlands**	**5,1**	**-0,4**	**-9,2**		**-4,5**
354-1.01	Almennur rekstur	-7,0	-0,4			-7,4
354-1.09	Önnur verkefni	12,1				12,1
354-5.01	Viðhald fasteigna			-9,2		-9,2
02-355	**Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum**	**-1,7**	**-0,1**			**-1,8**
355-1.01	Almennur rekstur	-7,5	-0,1			-7,6
355-1.09	Önnur verkefni	5,8				5,8
02-356	**Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra**	**-16,7**	**-0,5**			**-17,2**
356-1.01	Almennur rekstur	-27,6	-0,5			-28,1
356-1.09	Önnur verkefni	10,9				10,9
02-357	**Fjölbrautaskóli Suðurlands**	**1,9**	**-0,5**	**0,2**		**1,6**
357-1.01	Almennur rekstur	-13,1	-0,5			-13,6
357-1.09	Önnur verkefni	15,0				15,0
357-5.01	Viðhald fasteigna			0,2		0,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-358	**Verkmenntaskóli Austurlands**	**-0,9**	**-1,2**			**-2,1**
358-1.01	Almennur rekstur	-7,5	-1,2			-8,7
358-1.09	Önnur verkefni	6,6				6,6
02-359	**Verkmenntaskólinn á Akureyri**	**-23,2**	**-0,7**	**1,0**		**-22,9**
359-1.01	Almennur rekstur	2,0	-0,7			1,3
359-1.09	Önnur verkefni	-25,2				-25,2
359-5.01	Viðhald fasteigna			1,0		1,0
02-360	**Fjölbrautaskólinn í Garðabæ**	**-31,4**	**-0,3**			**-31,7**
360-1.01	Almennur rekstur	-31,4	-0,3			-31,7
02-361	**Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu**	**-5,1**				**-5,1**
361-1.01	Almennur rekstur	-6,4				-6,4
361-1.09	Önnur verkefni	1,3				1,3
02-362	**Framhaldsskólinn á Húsavík**	**-8,0**				**-8,0**
362-1.01	Almennur rekstur	-9,4				-9,4
362-1.09	Önnur verkefni	1,4				1,4
02-363	**Framhaldsskólinn á Laugum**	**-5,7**	**-0,2**			**-5,9**
363-1.01	Almennur rekstur	-8,3	-0,2			-8,5
363-1.09	Önnur verkefni	2,6				2,6
02-365	**Borgarholtsskóli**	**-40,1**	**-0,1**			**-40,2**
365-1.01	Almennur rekstur	-46,7	-0,1			-46,8
365-1.09	Önnur verkefni	6,6				6,6
02-430	**Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra**	**-6,5**	**3,2**			**-3,3**
430-1.01	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	-3,5	-2,1			-5,6
430-1.02	Nám táknmálstúlka	-3,5	6,7			3,2
430-1.03	Völundur, námsgagnagerð	0,5	-1,4			-0,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-441	**Fullorðinsfræðsla fatlaðra**	**-8,5**				**-8,5**
441-1.01	Kennsla	-11,5				-11,5
441-1.02	Annað en kennsla	3,0				3,0
02-506	**Vélskóli Íslands**	**3,3**				**3,3**
506-1.01	Almennur rekstur	2,9				2,9
506-1.09	Önnur verkefni	0,4				0,4
02-507	**Stýrimannaskólinn í Reykjavík**	**-6,8**				**-6,8**
507-1.01	Almennur rekstur	-13,4				-13,4
507-1.09	Önnur verkefni	6,6				6,6
02-514	**Iðnskólinn í Reykjavík**	**7,2**	**-1,5**			**5,7**
514-1.01	Almennur rekstur	16,8	-1,5			15,3
514-1.09	Önnur verkefni	-9,6				-9,6
02-516	**Iðnskólinn í Hafnarfirði**	**-0,7**		**-0,1**		**-0,8**
516-1.01	Almennur rekstur	-0,7				-0,7
516-5.01	Viðhald fasteigna			-0,1		-0,1
02-541	**Hússtjórnarskólinn í Reykjavík**	**0,2**				**0,2**
541-1.01	Kennsla	-4,0				-4,0
541-1.02	Annað en kennsla	4,2				4,2
02-551	**Hússtjórnarskólinn Hallormsstað**	**-0,2**				**-0,2**
551-1.01	Kennsla	-0,2				-0,2
02-561	**Myndlista- og handíðaskóli Íslands**	**-5,0**	**-1,9**			**-6,9**
561-1.01	Kennsla í dagskóla	5,6				5,6
561-1.02	Annað en kennsla	-10,6	-1,9			-12,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-562	**Leiklistarskóli Íslands**	**-8,9**				**-8,9**
562-1.01	Kennsla í dagskóla	-7,3				-7,3
562-1.02	Annað en kennsla	-1,6				-1,6
02-564	**Listdansskólinn**	**-11,2**	**-0,1**			**-11,3**
564-1.01	Kennsla	-14,8				-14,8
564-1.02	Annað en kennsla	3,6	-0,1			3,5
02-571	**Sjómannaskólahúsið**	**0,3**				**0,3**
571-1.01	Sjómannaskólahúsið	0,3				0,3
02-581	**Verslunarskóli Íslands**					
581-1.01	Almennur rekstur	-50,1				-50,1
581-1.03	Háskólastig	46,2				46,2
581-1.09	Önnur kennsla	3,9				3,9
02-606	**Framhaldsskólinn Skógum**	**0,3**				**0,3**
606-1.01	Kennsla	4,0				4,0
606-1.02	Annað en kennsla	-3,7				-3,7
02-610	**Héraðsskólar**	**3,4**	**-0,2**			**3,2**
610-1.10	Héraðsskólinn Núpi	0,7	-0,2			0,5
610-1.20	Héraðsskólinn Reykjanesi	0,2				0,2
610-1.30	Héraðsskólinn Reykholti	2,7				2,7
610-1.40	Eiðaskóli	-0,2				-0,2
02-720	**Grunnskólar, almennt**	**-0,7**	**-3,2**		**3,4**	**-0,5**
720-1.31	Sérstök fræðsluverkefni	19,3	-23,9			-4,6
720-1.33	Þróunarsjóður leikskóla	-0,2	1,7			1,5
720-1.70	Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	-18,4	15,7			-2,7
720-1.82	Þróunarstarf í grunnskólum	-0,7	3,5			2,8
720-1.90	Grunnskólar, óskipt	-0,7	-0,2			-0,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
720-6.90	Tölvuvæðing í grunnskólum				3,4	3,4
02-725	**Námsgagnastofnun**	**-8,3**				**-8,3**
725-1.01	Námsgagnastofnun	-8,3				-8,3
02-804	**Kvikmyndaskoðun**	**-1,8**				**-1,8**
804-1.01	Kvikmyndaskoðun	-1,8				-1,8
02-884	**Jöfnun á námskostnaði**	**-27,6**	**33,4**			**5,8**
884-1.01	Jöfnun á námskostnaði		-2,0			-2,0
884-1.10	Skólaakstur	-27,6	35,4			7,8
02-902	**Þjóðminjasafn Íslands**	**2,1**	**4,2**			**6,3**
902-1.01	Þjóðminjasafn Íslands	1,1	2,4			3,5
902-1.10	Byggða- og minjasöfn	1,0	1,8			2,8
02-903	**Þjóðskjalasafn Íslands**	**-21,6**	**4,9**			**-16,7**
903-1.01	Þjóðskjalasafn Íslands	-21,6	-0,5			-22,1
903-1.11	Héraðsskjalasöfn		5,4			5,4
02-905	**Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn**	**-7,2**	**3,6**		**19,2**	**15,6**
905-1.01	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	-7,2	3,6			-3,6
905-6.05	Bókakaup, Landsbókasafnsþáttur				19,8	19,8
905-6.06	Bókakaup, Ritakaupasjóður Háskóla Íslands				4,0	4,0
905-6.71	Íslenskar fornbókmenntir á Netinu				-4,6	-4,6
02-906	**Listasafn Einars Jónssonar**	**2,4**	**-0,3**			**2,1**
906-1.01	Listasafn Einars Jónssonar	2,4	-0,3			2,1
02-907	**Listasafn Íslands**	**1,6**	**-0,4**		**8,1**	**9,3**
907-1.01	Listasafn Íslands	-1,1	-0,4			-1,5
907-1.02	Listasafn Ásgríms Jónssonar	2,7				2,7
907-6.01	Listaverkakaup				8,1	8,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-909	**Blindrabókasafn Íslands**	**1,3**				**1,3**
909-1.01	Blindrabókasafn Íslands	1,3				1,3
02-919	**Söfn, ýmis framlög**	**-0,2**	**4,8**			**4,6**
919-1.90	Söfn	-0,2	4,8			4,6
02-950	**Rekstrarhagræðing**	**15,4**				**15,4**
950-1.90	Rekstrarhagræðing	15,4				15,4
02-969	**Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			**13,4**	**167,2**	**180,6**
969-5.21	Viðhald			13,4		13,4
969-6.21	Endurbótasjóður menningarstofnana				167,2	167,2
02-972	**Íslenski dansflokkurinn**	**-12,5**	**-0,1**		**-4,7**	**-17,3**
972-1.01	Íslenski dansflokkurinn	-12,5	-0,1			-12,6
972-6.01	Stofnkostnaður				-4,7	-4,7
02-973	**Þjóðleikhús**		**-1,5**			**-1,5**
973-1.01	Þjóðleikhús		-1,5			-1,5
02-976	**Menningarsjóður**	**-0,2**	**-6,6**			**-6,8**
976-1.01	Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993	-0,2	-6,6			-6,8
02-978	**Listasjóðir**	**-2,8**	**58,2**			**55,4**
978-1.01	Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991	-2,8	58,2			55,4
02-979	**Húsafriðunarsjóður**				**0,1**	**0,1**
979-6.10	Húsafriðunarsjóður				0,1	0,1
02-980	**Listskreytingasjóður**				**3,2**	**3,2**
980-6.01	Listskreytingasjóður				3,2	3,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-981	**Kvikmyndasjóður**	**-44,1**	**27,4**		**-5,4**	**-22,1**
981-1.01	Kvikmyndasjóður	-49,5	27,4			-22,1
981-1.02	Kvikmyndasafn Íslands	5,4				5,4
981-6.20	Kvikmyndasafn, Hafnarfirði				-5,4	-5,4
02-982	**Listir, framlög**	**-12,6**	**29,5**			**16,9**
982-1.14	Rithöfundasjóður Íslands	-0,2				-0,2
982-1.15	Þýðingarsjóður		9,9			9,9
982-1.24	Starfsemi atvinnuleikhópa		4,9			4,9
982-1.25	Starfsemi hljómsveita		0,3			0,3
982-1.27	Tónlist fyrir alla	-1,8	0,8			-1,0
982-1.28	Barnamenningarsjóður	-0,2	0,4			0,2
982-1.30	Íslenska óperan		-1,1			-1,1
982-1.40	Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi		-0,4			-0,4
982-1.51	Höfundaréttarsjóður		6,1			6,1
982-1.70	Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis		1,0			1,0
982-1.76	Menningarsjóður félagsheimila		-3,1			-3,1
982-1.80	Listahátíð í Reykjavík	-2,7	2,5			-0,2
982-1.81	Kvikmyndahátíð í Reykjavík		1,5			1,5
982-1.90	Listir	-7,7	6,7			-1,0
02-983	**Ýmis fræðistörf**	**-9,0**	**7,2**			**-1,8**
983-1.10	Fræðistörf		-11,1			-11,1
983-1.11	Styrkir til útgáfumála	0,2	7,0			7,2
983-1.20	Iðnsaga Íslands	-5,9	8,8			2,9
983-1.21	Tónlistarsaga Íslands	-3,3	2,7			-0,6
983-1.23	Hið íslenska bókmenntafélag		-0,2			-0,2
02-984	**Norræn samvinna**	**-4,4**	**2,0**			**-2,4**
984-1.90	Norræn samvinna	-4,4	2,0			-2,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-985	**Alþjóðleg samskipti**	**-32,6**	**36,2**			**3,6**
985-1.90	Alþjóðleg samskipti	-32,6	36,2			3,6
02-988	**Æskulýðsmál**	**-0,3**	**1,8**			**1,5**
988-1.90	Æskulýðsmál	-0,3	1,8			1,5
02-989	**Ýmis íþróttamál**	**-11,8**	**16,7**		**4,5**	**9,4**
989-1.15	Skólaíþróttir	-0,9	2,4			1,5
989-1.16	Íþróttafélög	-0,7	1,6			0,9
989-1.18	Íþróttamiðstöð Íslands	-0,5	1,0			0,5
989-1.22	Launasjóður stórmeistara í skák	-8,9	8,5			-0,4
989-1.30	Bridgesamband Íslands		2,0			2,0
989-1.90	Ýmis íþróttamál	-0,8	1,2			0,4
989-6.51	Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum				4,5	4,5
02-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**				**9,5**	**9,5**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið				9,5	9,5
02-999	**Ýmislegt**	**-3,5**	**4,6**			**1,1**
999-1.11	Forvarnastarf í skólum	-0,5	3,0			2,5
999-1.13	Útvarpsréttarnefnd	-3,3	1,6			-1,7
999-1.43	Skriðuklaustur	0,2	3,2			3,4
999-1.90	Ýmis framlög	0,1	-3,2			-3,1
03 Utanríkisráðuneyti		***-142,0***	***348,3***	***7,4***	***209,9***	***423,6***
03-101	**Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**5,4**	**-2,2**		**-4,6**	**-1,4**
101-1.01	Yfirstjórn	13,6	-2,0			11,6
101-1.02	Varnarmálaskrifstofa	-6,6	-0,2			-6,8
101-1.53	Þýðingamiðstöð	-1,6				-1,6
101-6.01	Tæki og búnaður				-4,6	-4,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
03-190	**Ýmis verkefni**	**-0,5**	**7,4**			**6,9**
190-1.11	Samskipti við Vestur-Íslendinga	-0,5	1,8			1,3
190-1.22	American Scandinavian Foundation, styrkur til húsakaupa		5,6			5,6
03-201	**Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli**	**8,6**		**2,0**	**2,0**	**12,6**
201-1.01	Yfirstjórn	0,9				0,9
201-1.10	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	6,6				6,6
201-1.20	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	-6,0				-6,0
201-1.30	Fíkniefnaeftirlit	7,1				7,1
201-5.20	Fasteignir			2,0		2,0
201-6.01	Tæki og búnaður				3,0	3,0
201-6.10	Bifreiðar				-1,0	-1,0
03-211	**Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli**	**66,2**	**54,5**		**-7,7**	**113,0**
211-1.01	Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	66,2	54,5			120,7
211-6.01	Tæki og búnaður				-7,7	-7,7
03-301	**Sendiráð Íslands í Bonn**	**2,1**				**2,1**
301-1.01	Sendiráð Íslands í Bonn	2,1				2,1
03-302	**Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn**	**3,8**				**3,8**
302-1.01	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	3,8				3,8
03-303	**Sendiráð Íslands í London**	**10,2**			**-5,9**	**4,3**
303-1.01	Sendiráð Íslands í London	10,2				10,2
303-6.23	Sendiráðið í London, húsnæði				-5,6	-5,6
303-6.90	Stofnkostnaður				-0,3	-0,3
03-304	**Sendiráð Íslands í Moskvu**	**-5,1**			**-0,6**	**-5,7**
304-1.01	Sendiráð Íslands í Moskvu	-5,1				-5,1
304-6.90	Stofnkostnaður				-0,6	-0,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
03-305	**Sendiráð Íslands í Ósló**	**3,6**				**3,6**
305-1.01	Sendiráð Íslands í Ósló	3,6				3,6
03-306	**Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO**	**-2,3**	**-0,2**		**-1,0**	**-3,5**
306-1.01	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO	-2,3	-0,2			-2,5
306-6.24	Sendiráðið í París, húsnæði				-0,9	-0,9
306-6.90	Stofnkostnaður				-0,1	-0,1
03-307	**Sendiráð Íslands í Stokkhólmi**	**3,9**				**3,9**
307-1.01	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	3,9				3,9
03-308	**Sendiráð Íslands í Washington**	**-5,8**			**1,1**	**-4,7**
308-1.01	Sendiráð Íslands í Washington	-5,8				-5,8
308-6.22	Sendiráðið í Washington, húsnæði				-21,6	-21,6
308-6.22	Sendiráðið í Washington, húsnæði				22,7	22,7
03-309	**Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Ísla**	**5,6**				**5,6**
309-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í	5,6				5,6
03-310	**Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu**	**7,2**			**-2,3**	**4,9**
310-1.01	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu	7,2				7,2
310-6.90	Stofnkostnaður				-2,3	-2,3
03-311	**Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu**	**8,0**			**-0,3**	**7,7**
311-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	8,0				8,0
311-6.90	Stofnkostnaður				-0,3	-0,3
03-312	**Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf**	**-1,1**				**-1,1**
312-1.01	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	-1,1				-1,1
03-314	**Sendiráð Íslands í Peking**	**1,6**			**-3,5**	**-1,9**
314-1.01	Sendiráð Íslands í Peking	1,6				1,6
314-6.90	Stofnkostnaður				-3,5	-3,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
03-317	**Sendiráð Íslands í Helsinki**	**7,8**				**7,8**
317-1.01	Sendiráð Íslands í Helsinki	7,8				7,8
03-318	**Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu**	**1,7**			**-0,3**	**1,4**
318-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	1,7				1,7
318-6.90	Stofnkostnaður				-0,3	-0,3
03-320	**Sendiráð, almennt**	**-46,9**		**5,4**	**230,5**	**189,0**
320-1.01	Ýmis sameiginleg útgjöld sendiráða og fastanefnda	-46,9				-46,9
320-5.90	Viðhald			5,3		5,3
320-5.90	Viðhald			0,1		0,1
320-6.21	Sendiráð Íslands í Berlín				90,1	90,1
320-6.21	Sendiráð Íslands í Berlín				-4,5	-4,5
320-6.23	Sendiráð Íslands í London				84,2	84,2
320-6.23	Sendiráð Íslands í London				1,2	1,2
320-6.24	Sendiráð Íslands í París				36,2	36,2
320-6.24	Sendiráð Íslands í París				-0,9	-0,9
320-6.90	Tæki og búnaður				15,9	15,9
320-6.90	Tæki og búnaður				8,3	8,3
03-390	**Þróunarsamvinnustofnun Íslands**	**-165,0**	**176,6**			**11,6**
390-1.01	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	-165,0	176,6			11,6
03-391	**Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**	**-1,3**	**60,7**		**2,5**	**61,9**
391-1.14	Aðstoð Íslands á svæðum Palestínumanna í Ísrael		3,8			3,8
391-1.15	Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna		1,0			1,0
391-1.22	Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu-Herzegóvínu	-1,3	54,0			52,7
391-1.30	Mannúðarmál og neyðaraðstoð		1,9			1,9
391-6.01	Tæki og búnaður				2,5	2,5
03-401	**Alþjóðastofnanir**	**-49,7**	**51,5**			**1,8**
401-1.85	Friðargæsla	-49,7	51,5			1,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
03-611	**Útflutningsráð Íslands**					
611-1.10	Útflutningsráð Íslands					
04 Landbúnaðarráðuneyti		***-206,5***	***178,2***	***16,9***	***10,1***	***-1,3***
04-101	**Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-4,3**	**1,2**		**-1,2**	**-4,3**
101-1.01	Yfirstjórn	-4,3	1,2			-3,1
101-6.01	Tæki og búnaður				-1,2	-1,2
04-190	**Ýmis verkefni**	**-1,0**	**-0,2**			**-1,2**
190-1.11	Framkvæmd búvörusamnings	2,1	-1,4			0,7
190-1.12	Mat á búvörum	-12,1				-12,1
190-1.15	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	0,2				0,2
190-1.21	Landþurrkun		0,6			0,6
190-1.40	Landgræðslu- og skógræktaráætlanir	1,7				1,7
190-1.90	Ýmis verkefni	7,1	0,6			7,7
04-211	**Rannsóknastofnun landbúnaðarins**	**-2,9**	**4,7**	**2,4**	**17,5**	**21,7**
211-1.01	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	-2,9	4,7			1,8
211-5.01	Viðhald			2,4		2,4
211-6.01	Tæki og búnaður				16,2	16,2
211-6.20	Fasteignir				1,3	1,3
04-221	**Veiðimálastofnun**	**-2,1**	**4,9**		**-3,2**	**-0,4**
221-1.01	Veiðimálastofnun	-2,1	4,9			2,8
221-6.01	Tæki og búnaður				-3,2	-3,2
04-233	**Yfirdýralæknir**	**-41,2**	**-1,0**	**4,9**	**0,8**	**-36,5**
233-1.01	Yfirdýralæknir	-8,3	-1,0			-9,3
233-1.25	Sauðfjárveikivarnir	-28,2				-28,2
233-1.52	Eftirlit og eftirlitsferðir	9,4				9,4
233-1.61	Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum	-14,1				-14,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
233-5.90	Dýralæknisbústaðir			4,9		4,9
233-6.21	Krufningastofa á Keldum				0,8	0,8
04-236	**Aðfangaeftirlit ríkisins**	**1,8**				**1,8**
236-1.01	Aðfangaeftirlit ríkisins	1,8				1,8
04-261	**Bændaskólinn á Hvanneyri**	**-38,1**	**-0,5**	**0,6**	**-9,0**	**-47,0**
261-1.01	Bændaskólinn á Hvanneyri	-38,1	-0,5			-38,6
261-5.01	Viðhaldsfé			0,6		0,6
261-6.01	Tæki og búnaður				-6,4	-6,4
261-6.20	Fasteignir og lóðir				-2,6	-2,6
04-271	**Bændaskólinn á Hólum**	**-4,2**	**-1,7**	**-13,9**	**15,0**	**-4,8**
271-1.01	Bændaskólinn á Hólum	-4,2	-1,7			-5,9
271-5.01	Viðhaldsfé			-13,9		-13,9
271-6.20	Fasteignir og lóðir				15,0	15,0
04-283	**Garðyrkjuskóli ríkisins**	**-16,4**	**-0,4**	**2,1**	**-10,4**	**-25,1**
283-1.01	Garðyrkjuskóli ríkisins	-16,4	-0,4			-16,8
283-5.01	Viðhald			2,1		2,1
283-6.01	Tæki og búnaður				1,3	1,3
283-6.25	Tilraunagróðurhús				-11,7	-11,7
04-293	**Hagþjónusta landbúnaðarins**	**-0,3**				**-0,3**
293-1.01	Hagþjónusta landbúnaðarins	-0,3				-0,3
04-311	**Landgræðsla ríkisins**	**-1,3**	**21,6**	**5,1**	**-22,1**	**3,3**
311-1.01	Landgræðsla ríkisins	26,2	-7,4			18,8
311-1.90	Fyrirhleðslur	-27,5	29,0			1,5
311-5.01	Viðhaldsfé			5,1		5,1
311-6.01	Tæki og búnaður				-16,7	-16,7
311-6.20	Fasteignir				-5,4	-5,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
04-321	**Skógrækt ríkisins**	**-63,1**	**14,5**	**15,7**	**10,2**	**-22,7**
321-1.01	Skógrækt ríkisins	-50,0	-11,3			-61,3
321-1.10	Rannsóknastöðin Mógilsá	-21,6	9,5			-12,1
321-1.90	Sérstök verkefni	8,5	16,3			24,8
321-5.01	Viðhaldsfé			15,7		15,7
321-6.01	Tæki og búnaður				5,1	5,1
321-6.20	Fasteignir, óskipt				5,1	5,1
04-324	**Landgræðslusjóður**				**52,8**	**52,8**
324-6.60	Landgræðslusjóður				52,8	52,8
04-331	**Héraðsskógar**	**0,4**	**3,6**			**4,0**
331-1.10	Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	0,4	3,6			4,0
04-341	**Átak í landgræðslu og skógrækt**	**-32,9**	**32,0**			**-0,9**
341-1.10	Átak í landgræðslu og skógrækt	-32,9	32,0			-0,9
04-343	**Suðurlandsskógar**	**-1,2**	**-6,1**			**-7,3**
343-1.10	Suðurlandsskógar	-1,2	-6,1			-7,3
04-801	**Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu**		**5,0**			**5,0**
801-1.02	Lífeyrissjóður bænda		5,0			5,0
04-805	**Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu**		**55,1**			**55,1**
805-1.01	Beinar greiðslur til bænda		3,1			3,1
805-1.05	Niðurgreiðslur á ull og gærum		-13,0			-13,0
805-1.10	Vaxta- og geymslukostnaður		20,0			20,0
805-1.30	Uppkaup á fullvirðisrétti		30,1			30,1
805-1.32	Afsetning birgða		-17,1			-17,1
805-1.33	Hagræðing og vöruþróun		21,3			21,3
805-1.34	Umhverfisverkefni		10,7			10,7

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
04-811	**Bændasamtök Íslands**					
811-1.10	Bændasamtök Íslands, uppbætur á lífeyri		1,4			1,4
811-1.95	Héraðsbúnaðarsambönd, uppbætur á lífeyri		-1,4			-1,4
04-831	**Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins**				**-40,3**	**-40,3**
831-6.20	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins				-40,3	-40,3
04-843	**Fiskræktarsjóður**	**0,3**	**45,5**			**45,8**
843-1.10	Fiskræktarsjóður	0,3	45,5			45,8
05	***Sjávarútvegsráðuneyti***	***368,0***	***35,8***	***-11,7***	***546,5***	***938,6***
05-101	**Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa**	**4,4**	**-0,1**			**4,3**
101-1.01	Yfirstjórn	1,8	-0,1			1,7
101-1.11	Fiskveiðisamningar	2,6				2,6
05-190	**Ýmis verkefni**	**-12,7**	**53,4**		**-2,4**	**38,3**
190-1.21	Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	11,5	-3,2			8,3
190-1.32	Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	-18,9	31,1			12,2
190-1.42	Verktakasamningur um upplýsingaöflun	-13,0	22,4			9,4
190-1.46	Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits	8,3				8,3
190-1.90	Ýmislegt	-0,6	3,1			2,5
190-6.01	Undirbúningur sjávarútvegsgarðs				8,5	8,5
190-6.02	Tæki og búnaður				-10,9	-10,9
05-199	**Ráðstöfunarfé**	**-0,1**	**2,1**			**2,0**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	-0,1	2,1			2,0
05-202	**Hafrannsóknastofnunin**	**39,0**	**-23,8**	**-12,9**	**38,6**	**40,9**
202-1.01	Almenn starfsemi	45,5	-15,3			30,2
202-1.20	Útibú	-13,5	-0,8			-14,3
202-1.30	Rannsóknaskip	7,6				7,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
202-1.36	Veiðarfærakostnaður	-3,6				-3,6
202-1.39	Annar skiparekstur	-5,9				-5,9
202-1.41	Lúðueldi á Reykjanesi	-7,1				-7,1
202-1.43	Fjölstofnarannsóknir	19,5	-3,2			16,3
202-1.44	Rannsókn á þorskklaki	5,1				5,1
202-1.49	Ýmsar rannsóknir	-18,3	-0,6			-18,9
202-1.61	Sjávarútvegsskóli Háskóla S.þ.	9,7	-3,9			5,8
202-5.31	Viðhald skipa			-12,9		-12,9
202-6.31	Tæki og búnaður í skip				30,3	30,3
202-6.90	Tæki og búnaður deilda og útibúa				8,3	8,3
05-203	**Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins**	**-46,4**	**7,6**		**27,3**	**-11,5**
203-1.01	Almenn starfsemi	-46,4	7,6			-38,8
203-6.01	Tæki og búnaður				27,3	27,3
05-204	**Fiskistofa**	**117,3**	**-0,1**		**-12,5**	**104,7**
204-1.01	Fiskistofa	83,7	-0,1			83,6
204-1.10	Landamærastöðvar	16,0				16,0
204-1.11	Eftirlit með úthafsveiðum	17,6				17,6
204-6.01	Tæki og búnaður				-12,5	-12,5
05-207	**Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla**	**1,2**	**24,4**			**25,6**
207-1.10	Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	1,2	24,4			25,6
05-208	**Bygging hafrannsóknaskips**				**-1,2**	**-1,2**
208-6.41	Bygging hafrannsóknaskips				-1,2	-1,2
05-209	**Byggingarsjóður hafrannsóknaskips**				**424,6**	**424,6**
209-6.60	Byggingarsjóður hafrannsóknaskips				424,6	424,6
05-211	**Kvótaþing**	**-8,8**			**10,0**	**1,2**
211-1.01	Kvótaþing	-8,8				-8,8
211-6.01	Tæki og búnaður				10,0	10,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
05-213	**Verðlagsstofa skiptaverðs**	**3,7**	**-1,0**		**10,0**	**12,7**
213-1.01	Verðlagsstofa skiptaverðs	3,7	-1,0			2,7
213-6.01	Tæki og búnaður				10,0	10,0
05-215	**Gengismunasjóður**	**59,7**	**-4,2**			**55,5**
215-1.01	Gengismunasjóður	59,7	-4,2			55,5
05-216	**Ríkismat sjávarafurða**	**17,3**	**-1,5**			**15,8**
216-1.01	Gæða- og orkufjársjóður	17,3	-1,5			15,8
05-217	**Sjávarspendýrasjóður**	**11,0**	**-8,0**			**3,0**
217-1.01	Sjávarspendýrasjóður	11,0	-8,0			3,0
05-218	**Veiðarfærarannsóknir**	**22,6**				**22,6**
218-1.01	Veiðarfærarannsóknir	22,6				22,6
05-219	**Tækjasjóður matvælarannsókna**	**30,8**	**-12,7**			**18,1**
219-1.01	Tækjasjóður matvælarannsókna	30,8	-12,7			18,1
05-272	**Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins**	**-3,3**			**52,1**	**48,8**
272-1.01	Bygging rannsóknarstofnana sjávarútvegsins	-3,3				-3,3
272-6.10	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins				52,1	52,1
05-273	**Sjávarútvegshús, undirbúningur**	**51,2**				**51,2**
273-1.01	Sjávarútvegshús, undirbúningur	51,2				51,2
05-274	**Matvæla- og sjávarútvegsgarður**	**55,3**				**55,3**
274-1.01	Húsbyggingarsjóður	55,3				55,3
05-901	**Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna**	**25,8**	**-0,3**	**1,2**		**26,7**
901-1.01	Yfirstjórn	-3,7	-0,1			-3,8
901-1.30	Keldnaholt	29,5	-0,2			29,3
901-5.30	Keldnaholt, viðhald			1,2		1,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06	***Dóms- og kirkjumálaráðuneyti***	***-15,9***	***-8,7***	***11,9***	***120,3***	***107,6***
06-101	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**4,0**	**-1,2**			**2,8**
101-1.01	Yfirstjórn	4,0	-1,2			2,8
06-102	**Stjórnartíðindi**	**6,3**				**6,3**
102-1.01	Stjórnartíðindi	6,3				6,3
06-103	**Lagasafn**	**21,0**				**21,0**
103-1.10	Útgáfa lagasafns	21,0				21,0
06-105	**Lögbirtingablað**	**34,8**				**34,8**
105-1.01	Lögbirtingablað	34,8				34,8
06-190	**Ýmis verkefni**	**37,9**	**2,1**			**40,0**
190-1.11	Námsleyfi lögfræðinga	-1,5				-1,5
190-1.23	Próf fasteignasala	0,5				0,5
190-1.31	Matsnefnd eignarnámsbóta	1,5				1,5
190-1.32	Tölvunefnd	-1,8				-1,8
190-1.33	Mannanafnanefnd	-0,5				-0,5
190-1.34	Örorkumatsnefnd	32,9				32,9
190-1.41	Útgáfa norræns dómasafns	1,0				1,0
190-1.42	Norræn samvinna á sviði sakfræði	0,4	-0,1			0,3
190-1.51	Innheimta meðlaga	1,5				1,5
190-1.53	Kostnaður vegna lögræðislaga	4,0				4,0
190-1.73	Rannsókn á viðurlögum við afbrotum	-0,1	2,4			2,3
190-1.90	Ýmislegt		-0,2			-0,2
06-201	**Hæstiréttur**	**4,6**				**4,6**
201-1.01	Yfirstjórn	5,6				5,6
201-1.02	Útgáfa hæstaréttardóma	-1,0				-1,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-211	**Héraðsdómur Reykjavíkur**	**-9,8**				**-9,8**
211-1.02	Héraðsdómur Reykjavíkur	-9,8				-9,8
06-212	**Héraðsdómur Vesturlands**	**0,1**				**0,1**
212-1.02	Héraðsdómur Vesturlands	0,1				0,1
06-213	**Héraðsdómur Vestfjarða**	**-0,4**				**-0,4**
213-1.02	Héraðsdómur Vestfjarða	-0,4				-0,4
06-214	**Héraðsdómur Norðurlands vestra**	**1,4**				**1,4**
214-1.02	Héraðsdómur Norðurlands vestra	1,4				1,4
06-215	**Héraðsdómur Norðurlands eystra**	**-0,2**				**-0,2**
215-1.02	Héraðsdómur Norðurlands eystra	-0,2				-0,2
06-216	**Héraðsdómur Austurlands**	**-0,9**				**-0,9**
216-1.02	Héraðsdómur Austurlands	-0,9				-0,9
06-217	**Héraðsdómur Suðurlands**	**0,9**				**0,9**
217-1.02	Héraðsdómur Suðurlands	0,9				0,9
06-218	**Héraðsdómur Reykjaness**	**8,6**				**8,6**
218-1.02	Héraðsdómur Reykjaness	8,6				8,6
06-290	**Dómsmál, ýmis kostnaður**	**1,9**				**1,9**
290-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	1,9				1,9
06-291	**Húsnæði og búnaður dómstóla**			**1,0**	**-2,4**	**-1,4**
291-5.01	Viðhald húseigna			1,0		1,0
291-6.01	Húsnæði Hæstaréttar				-2,8	-2,8
291-6.60	Upplýsingakerfi dómstóla				0,4	0,4
06-301	**Ríkissaksóknari**	**4,9**				**4,9**
301-1.05	Ríkissaksóknari	4,9				4,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-303	**Ríkislögreglustjóri**	**-1,1**				**-1,1**
303-1.01	Ríkislögreglustjóri	-1,1				-1,1
06-305	**Lögregluskóli ríkisins**	**1,1**				**1,1**
305-1.01	Lögregluskóli ríkisins	1,1				1,1
06-311	**Lögreglustjórinn í Reykjavík**	**-111,2**			**8,8**	**-102,4**
311-1.01	Lögreglustjórinn í Reykjavík	-111,2				-111,2
311-6.01	Tæki og búnaður				6,4	6,4
311-6.80	Bifreiðir				2,4	2,4
06-321	**Almannavarnir ríkisins**	**1,0**	**-0,5**			**0,5**
321-1.01	Almannavarnir ríkisins	1,0	-0,5			0,5
06-325	**Neyðarsímsvörun**	**0,6**	**-0,7**			**-0,1**
325-1.10	Neyðarsímsvörun	0,6	-0,7			-0,1
06-331	**Umferðarráð**	**-6,2**	**-3,3**			**-9,5**
331-1.01	Yfirstjórn	10,8	-3,3			7,5
331-1.10	Ökunám	-23,1				-23,1
331-1.11	Ökuhermar fyrir grunnskólabörn	6,1				6,1
06-341	**Áfengis- og fíkniefnamál**	**0,7**	**3,0**			**3,7**
341-1.20	Fíkniefnamál	1,0	3,0			4,0
341-1.25	Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála	-0,3				-0,3
06-390	**Ýmis löggæslukostnaður**	**19,8**	**-3,1**		**-3,3**	**13,4**
390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður	-1,2	-2,7			-3,9
390-1.12	Tölvulesanleg vegabréf	10,6				10,6
390-1.13	Undirbúningur að smíði varðskips	10,7				10,7
390-1.14	Löggæsla í Bosníu	-0,4	-0,4			-0,8
390-1.15	Biðlaun fyrrum starfsmanna Rannsóknarlögreglu ríkisins	0,1				0,1
390-6.01	Tæki og búnaður				24,8	24,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
390-6.03	Tölvukerfi varðandi umferðarlagabrot				-3,6	-3,6
390-6.10	Bifreiðir				-24,5	-24,5
06-391	**Húsnæði löggæslustofnana**			**12,7**	**10,0**	**22,7**
391-5.01	Viðhald húseigna			12,7		12,7
391-6.21	Fasteignir				10,0	10,0
06-395	**Landhelgisgæsla Íslands**	**-20,5**	**-13,5**		**8,8**	**-25,2**
395-1.90	Landhelgisgæsla Íslands	-20,5	-13,5			-34,0
395-6.01	Tæki og búnaður				8,8	8,8
06-396	**Landhelgissjóður Íslands**				**44,6**	**44,6**
396-6.41	Landhelgissjóður Íslands				44,6	44,6
06-397	**Schengen samstarf**	**-2,9**	**11,0**		**20,0**	**28,1**
397-1.01	Schengen samstarf	-2,9	11,0			8,1
397-6.01	Tæki og búnaður				20,0	20,0
06-411	**Sýslumaðurinn í Reykjavík**	**0,9**				**0,9**
411-1.01	Yfirstjórn	0,9				0,9
06-412	**Sýslumaðurinn á Akranesi**	**-23,9**				**-23,9**
412-1.01	Yfirstjórn	-1,7				-1,7
412-1.20	Löggæsla	-22,2				-22,2
06-413	**Sýslumaðurinn í Borgarnesi**	**-8,0**				**-8,0**
413-1.01	Yfirstjórn	-10,1				-10,1
413-1.20	Löggæsla	4,6				4,6
413-1.40	Tollgæsla	-2,5				-2,5
06-414	**Sýslumaðurinn í Stykkishólmi**	**-7,4**				**-7,4**
414-1.01	Yfirstjórn	-9,5				-9,5
414-1.20	Löggæsla	2,1				2,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-415	**Sýslumaðurinn í Búðardal**	**-1,7**				**-1,7**
415-1.01	Yfirstjórn	-0,4				-0,4
415-1.20	Löggæsla	-1,3				-1,3
06-416	**Sýslumaðurinn á Patreksfirði**	**-6,9**				**-6,9**
416-1.01	Yfirstjórn	-4,9				-4,9
416-1.20	Löggæsla	-2,0				-2,0
06-417	**Sýslumaðurinn í Bolungarvík**	**-1,0**				**-1,0**
417-1.01	Yfirstjórn	-0,8				-0,8
417-1.20	Löggæsla	-0,2				-0,2
06-418	**Sýslumaðurinn á Ísafirði**	**0,1**				**0,1**
418-1.01	Yfirstjórn	-4,8				-4,8
418-1.20	Löggæsla	8,1				8,1
418-1.40	Tollgæsla	-3,2				-3,2
06-419	**Sýslumaðurinn á Hólmavík**	**0,1**				**0,1**
419-1.01	Yfirstjórn	1,9				1,9
419-1.20	Löggæsla	-1,8				-1,8
06-420	**Sýslumaðurinn á Blönduósi**	**3,9**				**3,9**
420-1.01	Yfirstjórn	0,4				0,4
420-1.20	Löggæsla	3,5				3,5
06-421	**Sýslumaðurinn á Sauðárkróki**	**-1,7**				**-1,7**
421-1.01	Yfirstjórn	-1,2				-1,2
421-1.20	Löggæsla	-0,5				-0,5
06-422	**Sýslumaðurinn á Siglufirði**	**1,9**				**1,9**
422-1.01	Yfirstjórn	0,7				0,7
422-1.20	Löggæsla	1,2				1,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-423	**Sýslumaðurinn á Ólafsfirði**	**-2,1**				**-2,1**
423-1.01	Yfirstjórn	0,4				0,4
423-1.20	Löggæsla	-2,5				-2,5
06-424	**Sýslumaðurinn á Akureyri**	**-4,8**				**-4,8**
424-1.01	Yfirstjórn	-12,4				-12,4
424-1.20	Löggæsla	8,4				8,4
424-1.40	Tollgæsla	-0,8				-0,8
06-425	**Sýslumaðurinn á Húsavík**	**4,1**				**4,1**
425-1.01	Yfirstjórn	-1,7				-1,7
425-1.20	Löggæsla	5,8				5,8
06-426	**Sýslumaðurinn á Seyðisfirði**	**-3,8**				**-3,8**
426-1.01	Yfirstjórn	-9,2				-9,2
426-1.20	Löggæsla	6,2				6,2
426-1.40	Tollgæsla	-0,8				-0,8
06-427	**Sýslumaðurinn í Neskaupstað**	**-2,2**				**-2,2**
427-1.01	Yfirstjórn	-0,2				-0,2
427-1.20	Löggæsla	-2,0				-2,0
06-428	**Sýslumaðurinn á Eskifirði**	**5,0**				**5,0**
428-1.01	Yfirstjórn	1,3				1,3
428-1.20	Löggæsla	3,7				3,7
06-429	**Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði**	**-0,3**				**-0,3**
429-1.01	Yfirstjórn	-2,3				-2,3
429-1.20	Löggæsla	2,4				2,4
429-1.40	Tollgæsla	-0,4				-0,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-430	**Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal**	**-3,3**				**-3,3**
430-1.01	Yfirstjórn	-1,4				-1,4
430-1.20	Löggæsla	-1,9				-1,9
06-431	**Sýslumaðurinn á Hvolsvelli**	**-2,4**				**-2,4**
431-1.01	Yfirstjórn	-1,3				-1,3
431-1.20	Löggæsla	-1,1				-1,1
06-432	**Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum**	**6,0**				**6,0**
432-1.01	Yfirstjórn	0,1				0,1
432-1.20	Löggæsla	6,6				6,6
432-1.40	Tollgæsla	-0,7				-0,7
06-433	**Sýslumaðurinn á Selfossi**	**-15,8**	**-0,1**			**-15,9**
433-1.01	Yfirstjórn	-17,3	-0,1			-17,4
433-1.20	Löggæsla	4,4				4,4
433-1.40	Tollgæsla	-2,9				-2,9
06-434	**Sýslumaðurinn í Keflavík**	**-13,2**				**-13,2**
434-1.01	Yfirstjórn	-8,9				-8,9
434-1.20	Löggæsla	-3,8				-3,8
434-1.40	Tollgæsla	-0,5				-0,5
06-436	**Sýslumaðurinn í Hafnarfirði**	**18,6**				**18,6**
436-1.01	Yfirstjórn	-0,6				-0,6
436-1.20	Löggæsla	24,6				24,6
436-1.40	Tollgæsla	-5,4				-5,4
06-437	**Sýslumaðurinn í Kópavogi**	**9,3**				**9,3**
437-1.01	Yfirstjórn	-1,5				-1,5
437-1.20	Löggæsla	10,8				10,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-490	**Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta**	**-0,1**				**-0,1**
490-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	-3,5				-3,5
490-1.20	Kostnaður við löggæslunám	5,9				5,9
490-1.60	Gagnalínukostnaður	-2,5				-2,5
06-491	**Húsnæði og búnaður sýslumanna**			**-5,5**	**-5,0**	**-10,5**
491-5.01	Viðhald húseigna			-5,5		-5,5
491-6.14	Húsnæði sýslumannsins í Stykkishólmi				6,1	6,1
491-6.26	Húsnæði sýslumannsins á Seyðisfirði				-0,8	-0,8
491-6.33	Húsnæði sýslumannsins á Selfossi				-4,4	-4,4
491-6.60	Upplýsingakerfi sýslumanna				-5,9	-5,9
06-501	**Fangelsismálastofnun ríkisins**	**18,4**	**-2,3**	**3,7**	**2,1**	**21,9**
501-1.01	Fangelsismálastofnun ríkisins	18,4	-2,3			16,1
501-5.01	Viðhald fangelsisbygginga			3,7		3,7
501-6.01	Tæki og búnaður				2,1	2,1
06-591	**Fangelsisbyggingar**				**36,7**	**36,7**
591-6.10	Stofnframkvæmdir				36,7	36,7
06-701	**Biskup Íslands**	**18,0**	**-0,1**			**17,9**
701-1.01	Þjóðkirkja Íslands	18,0	-0,1			17,9
07	***Félagsmálaráðuneyti***	***136,2***	***12,8***		***101,0***	***250,0***
07-101	**Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**9,1**	**-1,3**		**-5,4**	**2,4**
101-1.01	Yfirstjórn	-5,6	-1,1			-6,7
101-1.90	Reynslusveitarfélög	17,2				17,2
101-1.99	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	-2,5	-0,2			-2,7
101-6.21	Innréttingar í skrifstofu og fundarherb.				-5,4	-5,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
07-272	**Byggingarsjóður verkamanna**				**62,7**	**62,7**
272-6.01	Byggingarsjóður verkamanna				62,7	62,7
07-273	**Tryggingarsjóður vegna byggingargalla**				**15,7**	**15,7**
273-6.21	Tryggingarsjóður vegna byggingargalla				15,7	15,7
07-302	**Ríkissáttasemjari**	**2,4**				**2,4**
302-1.01	Ríkissáttasemjari	2,4				2,4
07-311	**Jafnréttisráð**	**0,7**	**-0,7**			
311-1.01	Jafnréttisráð	-3,4	-0,2			-3,6
311-1.10	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	1,7	-0,5			1,2
311-1.12	Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum	2,4				2,4
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	**29,3**	**-0,5**		**-0,8**	**28,0**
331-1.01	Vinnueftirlit ríkisins	29,3	-0,5			28,8
331-6.01	Tæki og búnaður				-0,8	-0,8
07-400	**Málefni barna og ungmenna**	**-9,7**	**18,9**		**-7,1**	**2,1**
400-1.01	Barnaverndarstofa	-0,2	-0,2			-0,4
400-1.20	Heimili fyrir börn og unglinga	-28,5	29,6			1,1
400-1.21	Ný meðferðarúrræði vegna hækkunar sjálfræðisaldurs	20,9	-10,3			10,6
400-1.50	Meðferðarstöð ríkisins	-1,9	-0,2			-2,1
400-6.01	Tæki og búnaður				-4,3	-4,3
400-6.20	Bygging móttöku- og meðferðarstöðvar				-2,8	-2,8
07-401	**Barnaverndarráð**	**-2,4**				**-2,4**
401-1.01	Barnaverndarráð	-2,4				-2,4
07-700	**Málefni fatlaðra**	**109,4**	**-57,1**			**52,3**
700-1.03	Samráðsnefnd um ferlimál	-1,0				-1,0
700-1.20	Vistun geðfatlaðra	31,6	-35,1			-3,5
700-1.50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	0,2	-3,8			-3,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
700-1.80	Starfsþjálfun	-1,3	-11,0			-12,3
700-1.81	Tölvumiðstöð fatlaðra		-2,9			-2,9
700-1.90	Ýmis verkefni	-1,1	21,4			20,3
700-1.91	Sambýli vegna útskrifta af Kópavogshæli	80,6	-25,7			54,9
700-1.93	Ný sambýli	0,4				0,4
07-701	**Málefni fatlaðra, Reykjavík**	**-34,9**	**26,2**		**-11,6**	**-20,3**
701-1.01	Svæðisskrifstofa	-39,7	26,2			-13,5
701-1.10	Svæðisráð	-0,5				-0,5
701-1.20	Sambýli	24,4				24,4
701-1.26	Sambýli Stigahlíð 71	-4,2				-4,2
701-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	-12,8				-12,8
701-1.60	Dagvistun	6,6				6,6
701-1.65	Skammtímavistun Hólabergi	-3,2				-3,2
701-1.70	Heimili einhverfra	2,7				2,7
701-1.77	Vistheimili fyrir börn	-8,2				-8,2
701-6.20	Stofnkostnaður vegna framl. úr Framkv.sj				-11,6	-11,6
07-702	**Málefni fatlaðra, Reykjanesi**	**-20,7**	**9,5**		**-2,3**	**-13,5**
702-1.01	Svæðisskrifstofa	-42,6	12,1			-30,5
702-1.10	Svæðisráð	0,9				0,9
702-1.20	Sambýli	28,2				28,2
702-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra		-1,8			-1,8
702-1.30	Verndaður vinnustaður, Örvi	2,3				2,3
702-1.40	Leikfangasafn Keflavík	-0,5				-0,5
702-1.60	Skammtímavistun	-31,7				-31,7
702-1.61	Dagvistun Keflavík	0,4				0,4
702-1.64	Hæfingarstöðvar	-3,9	-0,8			-4,7
702-1.70	Vistheimilið Tjaldanesi	6,3				6,3
702-1.72	Gistiheimili Kópavogi	0,1				0,1
702-1.73	Vistheimili fyrir börn	19,8				19,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
702-6.20	Sambýli				-1,0	-1,0
702-6.30	Verndaður vinnustaður, Örvi				-1,4	-1,4
702-6.60	Skammtímavistun				0,1	0,1
07-703	**Málefni fatlaðra, Vesturlandi**	**3,1**	**1,8**			**4,9**
703-1.01	Svæðisskrifstofa	0,2	1,8			2,0
703-1.10	Svæðisráð	0,1				0,1
703-1.20	Sambýli Akranesi	8,9				8,9
703-1.21	Sambýli Borgarnesi	-1,5				-1,5
703-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,4				0,4
703-1.30	Dagvist og verndaður vinnustaður á Akranesi	-1,4				-1,4
703-1.40	Leikfangasöfn Vesturlandi	0,9				0,9
703-1.61	Skammtímavistun	-4,5				-4,5
07-704	**Málefni fatlaðra, Vestfjörðum**	**12,4**	**0,9**		**-0,5**	**12,8**
704-1.01	Svæðisskrifstofa	-6,6	0,9			-5,7
704-1.10	Svæðisráð	1,0				1,0
704-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	7,8				7,8
704-1.31	Þjónusta í Ísafjarðarsýslu	11,6				11,6
704-1.33	Þjónusta í Vestur-Barðastrandarsýslu	-0,6				-0,6
704-1.34	Þjónusta í Austur-Barðastrandarsýslu	-0,8				-0,8
704-6.01	Tæki og búnaður				-0,5	-0,5
07-705	**Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra**	**0,2**	**-0,3**			**-0,1**
705-1.01	Svæðisskrifstofa	2,6	1,3			3,9
705-1.20	Sambýli	6,1				6,1
705-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	4,0	-1,6			2,4
705-1.40	Leikfangasöfn Norðurlandi vestra	2,8				2,8
705-1.60	Skammtímavistun	-1,1				-1,1
705-1.61	Dagvistun	-14,2				-14,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
07-706	**Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra**	**0,2**	**-2,4**		**-0,4**	**-2,6**
706-1.01	Svæðisskrifstofa	1,0	-1,2			-0,2
706-1.10	Svæðisráð	0,5				0,5
706-1.20	Sambýli	-1,8	-0,5			-2,3
706-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,5	-0,7			-0,2
706-6.50	Hæfingarstöð, framlag frá Framkvæmdasj.				-0,4	-0,4
07-707	**Málefni fatlaðra, Austurlandi**	**-3,6**	**6,1**			**2,5**
707-1.01	Svæðisskrifstofa	2,0	6,4			8,4
707-1.10	Svæðisráð	0,8				0,8
707-1.20	Sambýli Egilsstöðum	-4,0				-4,0
707-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	-3,6				-3,6
707-1.30	Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	-1,6				-1,6
707-1.50	Þjónustumiðstöð Vonarlandi	2,8	-0,3			2,5
07-708	**Málefni fatlaðra, Suðurlandi**	**-3,3**	**2,2**			**-1,1**
708-1.01	Svæðisskrifstofa	-2,6	4,8			2,2
708-1.10	Svæðisráð	0,6				0,6
708-1.20	Sambýli Selfossi	1,1	1,6			2,7
708-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	8,2	-4,2			4,0
708-1.30	Verndaður vinnustaður Selfossi	-9,5				-9,5
708-1.31	Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum	0,1				0,1
708-1.50	Vistheimili fyrir börn	1,7				1,7
708-1.70	Lambhagi	-2,9				-2,9
07-710	**Meðferðarheimili og sambýli einhverfra**	**0,3**				**0,3**
710-1.70	Heimili einhverfra	0,3				0,3
07-750	**Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins**	**-2,7**			**-1,3**	**-4,0**
750-1.01	Yfirstjórn	-2,7				-2,7
750-6.01	Tæki og búnaður				-1,3	-1,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
07-795	**Framkvæmdasjóður fatlaðra**				**51,3**	**51,3**
795-6.01	Framkvæmdasjóður fatlaðra				51,3	51,3
07-801	**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**		**33,4**			**33,4**
801-1.10	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga		33,4			33,4
07-950	**Rekstrarhagræðing**	**8,5**				**8,5**
950-1.90	Rekstrarhagræðing	8,5				8,5
07-980	**Vinnumálastofnun**	**53,7**	**-118,8**		**2,8**	**-62,3**
980-1.01	Yfirstjórn	53,7	-118,8			-65,1
980-6.01	Tæki og búnaður				2,8	2,8
07-981	**Vinnumál**	**-9,2**	**41,4**		**-2,1**	**30,1**
981-1.10	Félagsdómur	-0,6				-0,6
981-1.30	Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit		13,0			13,0
981-1.32	Starfsmenntun í atvinnulífinu		5,6			5,6
981-1.70	Atvinnumál kvenna		9,8			9,8
981-1.90	Ýmislegt	-8,6	13,0			4,4
981-6.10	Félagsdómur, tæki og búnaður				-2,1	-2,1
07-999	**Félagsmál, ýmis starfsemi**	**-6,6**	**53,5**			**46,9**
999-1.10	Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	-0,5	12,9			12,4
999-1.11	Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992		3,5			3,5
999-1.30	Sjómannastofur		2,4			2,4
999-1.31	Félagasamtök, styrkir		7,7			7,7
999-1.50	Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	-1,3				-1,3
999-1.53	Framkvæmd laga nr. 26/1994, um fjöleignahús, og laga nr. 36/1994,	-1,9				-1,9
999-1.60	Verkefni á sviði húsnæðismála	-1,7	-0,8			-2,5
999-1.90	Ýmis framlög	-1,2	27,8			26,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08	*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti*	*-272,3*	*108,2*	*-85,5*	*-0,2*	*-249,8*
08-101	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-2,0**	**0,4**		**-2,3**	**-3,9**
101-1.01	Yfirstjórn	-2,0	0,4			-1,6
101-6.01	Tæki og búnaður				-2,3	-2,3
08-201	**Tryggingastofnun ríkisins**	**-44,0**	**-9,0**		**15,2**	**-37,8**
201-1.01	Tryggingastofnun ríkisins	-59,0	-9,0			-68,0
201-1.90	Rekstrarhagræðing	15,0				15,0
201-6.01	Tæki og búnaður				15,2	15,2
08-301	**Landlæknir**	**-16,1**	**-0,2**			**-16,3**
301-1.01	Yfirstjórn	-19,1	-0,2			-19,3
301-1.10	Læknaráð	-1,4				-1,4
301-1.20	Sjúkraflutningaráð	0,4				0,4
301-1.30	Slysavarnaráð	2,5				2,5
301-1.40	Siðaráð	1,5				1,5
08-311	**Héraðslæknir í Reykjavík**	**1,9**				**1,9**
311-1.01	Héraðslæknir í Reykjavík	1,9				1,9
08-315	**Héraðslæknir á Norðurlandi eystra**	**-0,5**				**-0,5**
315-1.01	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	-0,5				-0,5
08-324	**Heyrnar- og talmeinastöð Íslands**	**-66,0**	**31,3**		**1,0**	**-33,7**
324-1.01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	-66,0	31,3			-34,7
324-6.10	Fasteign				1,0	1,0
08-326	**Sjónstöð Íslands**	**-28,5**	**26,3**			**-2,2**
326-1.01	Sjónstöð Íslands	-28,5	26,3			-2,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-327	**Geislavarnir ríkisins**	**-3,7**	**-1,6**		**-1,5**	**-6,8**
327-1.01	Geislavarnir ríkisins	-3,7	-1,6			-5,3
327-6.01	Tæki og búnaður				-1,5	-1,5
08-330	**Manneldisráð**	**0,4**				**0,4**
330-1.01	Manneldisráð	0,4				0,4
08-340	**Málefni fatlaðra**	**-1,0**	**8,2**		**2,7**	**9,9**
340-1.10	Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra		-1,1			-1,1
340-1.80	Gigtarráð	-1,0	2,4			1,4
340-1.90	Ýmis starfsemi		6,9			6,9
340-6.90	Styrkir til ýmissa framkvæmda				2,7	2,7
08-358	**Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**	**-2,0**	**-0,5**	**-18,1**	**35,4**	**14,8**
358-1.01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	-2,0	-0,5			-2,5
358-5.01	Fasteign			-18,1		-18,1
358-6.01	Tæki og búnaður				10,8	10,8
358-6.50	Nýbygging				24,6	24,6
08-368	**Sólvangur, Hafnarfirði**	**-28,4**				**-28,4**
368-1.01	Sólvangur, Hafnarfirði	-28,4				-28,4
08-370	**Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi**	**39,2**	**-0,3**		**-1,3**	**37,6**
370-1.01	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	19,3	-0,3			19,0
370-1.91	Þjónustusamningar við hjúkrunarheimili	19,9				19,9
370-6.50	Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar				-1,3	-1,3
08-371	**Ríkisspítalar**	**73,7**	**-18,0**	**-103,2**	**-21,4**	**-68,9**
371-1.01	Ríkisspítalar	73,7	-18,0			55,7
371-5.60	Stjórnarnefnd, viðhald			-103,2		-103,2
371-6.01	Tæki og búnaður				0,4	0,4
371-6.21	Barnaspítali				173,4	173,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
371-6.60	Stjórnarnefnd, stofnkostnaður				-159,3	-159,3
371-6.70	Nýframkvæmdir á Landspítalalóð				-35,9	-35,9
08-375	**Sjúkrahús Reykjavíkur**	**276,6**		**24,9**	**11,1**	**312,6**
375-1.01	Sjúkrahús Reykjavíkur	276,6				276,6
375-5.01	Viðhald			24,9		24,9
375-6.01	Tæki og búnaður				11,1	11,1
08-378	**Læknishéraðasjóður**	**-0,9**	**7,5**			**6,6**
378-1.01	Læknishéraðasjóður	-0,9	7,5			6,6
08-379	**Sjúkrahús, óskipt**	**88,9**				**88,9**
379-1.01	Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	88,9				88,9
08-381	**Sjúkrahús og læknisbústaðir**			**11,4**	**-4,4**	**7,0**
381-5.50	Viðhald sjúkrahúsa, óskipt			11,4		11,4
381-6.60	Tækjakaup, óskipt				37,8	37,8
381-6.90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða				-42,2	-42,2
08-385	**Framkvæmdasjóður aldraðra**	**-9,1**	**-12,0**		**-41,5**	**-62,6**
385-1.01	Kostnaður skv. 3.- 5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra	-9,1	-12,0			-21,1
385-6.01	Stofnkostnaður og endurbætur				-41,5	-41,5
08-393	**Lyfjamál**	**2,5**				**2,5**
393-1.11	Lyfjaverðsnefnd	-0,9				-0,9
393-1.41	Útgáfa sérlyfjaskrár og lyfjaverðskrár	1,7				1,7
393-1.51	Evrópska lyfjaskráin	0,2				0,2
393-1.61	Norræn samvinna í lyfsölumálum	-0,1				-0,1
393-1.71	Samheitaverðskrá lyfja	1,6				1,6
08-395	**Lyfjaeftirlit ríkisins**	**10,2**				**10,2**
395-1.01	Lyfjaeftirlit ríkisins	10,2				10,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-396	**Lyfjanefnd**	**7,0**			**-3,1**	**3,9**
396-1.01	Lyfjanefnd	7,0				7,0
396-6.01	Tæki og búnaður				-3,1	-3,1
08-399	**Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**	**-26,7**	**41,5**			**14,8**
399-1.53	Tóbaksvarnir	-29,8	19,5			-10,3
399-1.58	Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili		2,0			2,0
399-1.63	Áfallahjálp		1,9			1,9
399-1.67	Verkefnisstjórn um slysavarnir fyrir börn og unglinga	3,9				3,9
399-1.71	Norræni heilsugæsluskólinn		2,6			2,6
399-1.72	Bláalónsnefnd	-0,6				-0,6
399-1.90	Ýmis framlög		15,2			15,2
399-1.95	Kynsjúkdómar, alnæmi	-0,2	0,3			0,1
08-400	**St. Jósefsspítali, Hafnarfirði**	**-20,1**				**-20,1**
400-1.01	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	-20,1				-20,1
08-407	**Sundabúð II, Vopnafirði**	**-14,2**				**-14,2**
407-1.01	Sundabúð II, Vopnafirði	-14,2				-14,2
08-490	**Vistun ósakhæfra afbrotamanna**	**-3,1**				**-3,1**
490-1.01	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	-3,1				-3,1
08-500	**Heilsugæslustöðvar, almennt**	**6,3**	**-18,9**	**-0,5**	**8,7**	**-4,4**
500-1.10	Heilsugæslustöðvar, almennt	6,3	-18,9			-12,6
500-5.01	Viðhald, óskipt			-0,5		-0,5
500-6.01	Tæki og búnaður				-2,6	-2,6
500-6.90	Tölvuvæðing				11,3	11,3
08-501	**Sjúkraflutningar**	**4,6**	**7,5**			**12,1**
501-1.11	Sjúkraflutningar	4,6	5,7			10,3
501-1.15	Sjúkraflug		1,8			1,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-510	**Heilsuverndarstöðin í Reykjavík**	**-39,7**	**44,4**			**4,7**
510-1.01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	-39,7	44,4			4,7
08-511	**Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra**	**-27,1**				**-27,1**
511-1.10	Heilsugæslustöðin Árbæ	-16,4				-16,4
511-1.20	Heilsugæslustöðin Grafarvogi	-10,7				-10,7
08-512	**Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra**	**-15,1**				**-15,1**
512-1.10	Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti	-12,6				-12,6
512-1.20	Heilsugæslustöðin Mjódd	-2,5				-2,5
08-513	**Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi**	**-8,0**				**-8,0**
513-1.10	Heilsugæslustöðin Fossvogi	-8,0				-8,0
08-514	**Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi**	**-19,0**				**-19,0**
514-1.10	Heilsugæslustöðin Hlíðum	-7,8				-7,8
514-1.20	Heilsugæslustöðin Miðbæ	-11,2				-11,2
08-522	**Heilsugæslustöðin Borgarnesi**	**2,0**	**-0,2**			**1,8**
522-1.01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	2,0	-0,2			1,8
08-524	**Heilsugæslustöðin Ólafsvík**	**-1,3**				**-1,3**
524-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	-1,3				-1,3
08-525	**Heilsugæslustöðin Grundarfirði**	**0,5**				**0,5**
525-1.01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	0,5				0,5
08-526	**Heilsugæslustöðin Búðardal**	**-1,0**				**-1,0**
526-1.01	Heilsugæslustöðin Búðardal	-1,0				-1,0
08-551	**Heilsugæslustöðin Ólafsfirði**	**-8,7**				**-8,7**
551-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	-8,7				-8,7

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-552	**Heilsugæslustöðin Dalvík**	**1,0**				**1,0**
552-1.01	Heilsugæslustöðin Dalvík	1,0				1,0
08-558	**Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu**	**4,0**				**4,0**
558-1.01	Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu	4,0				4,0
08-561	**Heilsugæslustöðin Vopnafirði**	**1,0**				**1,0**
561-1.01	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	1,0				1,0
08-565	**Heilsugæslustöðin Eskifirði**	**-3,3**				**-3,3**
565-1.01	Heilsugæslustöðin Eskifirði	-3,3				-3,3
08-566	**Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði**	**0,1**				**0,1**
566-1.01	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	0,1				0,1
08-567	**Heilsugæslustöðin Djúpavogi**	**3,3**				**3,3**
567-1.01	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	3,3				3,3
08-571	**Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri**	**0,4**				**0,4**
571-1.01	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	0,4				0,4
08-572	**Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal**	**0,4**				**0,4**
572-1.01	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	0,4				0,4
08-574	**Heilsugæslustöðin Hvolsvelli**	**3,5**				**3,5**
574-1.01	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	3,5				3,5
08-575	**Heilsugæslustöðin Hellu**	**0,2**				**0,2**
575-1.01	Heilsugæslustöðin Hellu	0,2				0,2
08-576	**Heilsugæslustöðin Laugarási**	**0,4**				**0,4**
576-1.01	Heilsugæslustöðin Laugarási	0,4				0,4
08-578	**Heilsugæslustöðin Hveragerði**	**0,4**				**0,4**
578-1.01	Heilsugæslustöðin Hveragerði	0,4				0,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-579	**Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn**	**1,0**				**1,0**
579-1.01	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	1,0				1,0
08-582	**Heilsugæslustöðin Hafnarfirði**	**-19,4**	**-0,8**			**-20,2**
582-1.01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	-19,4	-0,8			-20,2
08-583	**Heilsugæslustöðin Garðabæ**	**0,3**				**0,3**
583-1.01	Heilsugæslustöðin Garðabæ	0,3				0,3
08-584	**Heilsugæslustöðin Kópavogi**	**18,3**				**18,3**
584-1.01	Heilsugæslustöðin Kópavogi	18,3				18,3
08-585	**Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi**	**-3,3**				**-3,3**
585-1.01	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	-3,3				-3,3
08-586	**Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ**	**10,4**				**10,4**
586-1.01	Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	10,4				10,4
08-621	**Forvarnasjóður**	**-9,9**	**3,2**			**-6,7**
621-1.10	Áfengisvarnaráð	-7,2	0,8			-6,4
621-1.90	Forvarnasjóður	-2,7	2,4			-0,3
08-711	**Heilbrigðisstofnunin Akranesi**	**-58,9**				**-58,9**
711-1.01	Heilsugæslusvið	-18,4				-18,4
711-1.11	Sjúkrasvið	-40,5				-40,5
08-721	**Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði**	**-4,9**				**-4,9**
721-1.01	Heilsugæslusvið	8,4				8,4
721-1.11	Sjúkrasvið	-13,3				-13,3
08-725	**Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ**	**2,8**				**2,8**
725-1.01	Heilsugæslusvið	0,2				0,2
725-1.11	Sjúkrasvið	2,6				2,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-731	**Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík**	**0,3**				**0,3**
731-1.01	Heilsugæslusvið	-3,6				-3,6
731-1.11	Sjúkrasvið	3,9				3,9
08-735	**Heilbrigðisstofnunin Hólmavík**	**-2,4**				**-2,4**
735-1.01	Heilsugæslusvið	4,7				4,7
735-1.11	Sjúkrasvið	-7,1				-7,1
08-741	**Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga**	**-20,2**				**-20,2**
741-1.01	Heilsugæslusvið	-12,1				-12,1
741-1.11	Sjúkrasvið	-8,1				-8,1
08-745	**Heilbrigðisstofnunin Blönduósi**	**-21,6**				**-21,6**
745-1.01	Heilsugæslusvið	-8,5				-8,5
745-1.11	Sjúkrasvið	-13,1				-13,1
08-751	**Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki**	**6,2**			**1,2**	**7,4**
751-1.01	Heilsugæslusvið	-2,6				-2,6
751-1.11	Sjúkrasvið	8,8				8,8
751-6.01	Tæki og búnaður				1,2	1,2
08-755	**Heilbrigðisstofnunin Siglufirði**	**-4,8**				**-4,8**
755-1.01	Heilsugæslusvið	-5,4				-5,4
755-1.11	Sjúkrasvið	0,6				0,6
08-761	**Heilbrigðisstofnunin Húsavík**	**-25,3**				**-25,3**
761-1.01	Heilsugæslusvið	-15,8				-15,8
761-1.11	Sjúkrasvið	-9,5				-9,5
08-765	**Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum**	**-11,5**	**-0,6**			**-12,1**
765-1.01	Heilsugæslusvið	-10,6	-0,6			-11,2
765-1.11	Sjúkrasvið	-0,9				-0,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-771	**Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði**	**-16,7**				**-16,7**
771-1.01	Heilsugæslusvið	-5,2				-5,2
771-1.11	Sjúkrasvið	-11,5				-11,5
08-775	**Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað**	**-89,8**				**-89,8**
775-1.01	Heilsugæslusvið	-15,4				-15,4
775-1.11	Sjúkrasvið	-74,4				-74,4
08-781	**Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum**	**-40,0**				**-40,0**
781-1.01	Heilsugæslusvið	-17,1				-17,1
781-1.11	Sjúkrasvið	-22,9				-22,9
08-785	**Heilbrigðisstofnunin Selfossi**	**-46,2**				**-46,2**
785-1.01	Heilsugæslusvið	-10,4				-10,4
785-1.11	Sjúkrasvið	-35,8				-35,8
08-791	**Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum**	**-75,7**				**-75,7**
791-1.01	Heilsugæslusvið	-12,8				-12,8
791-1.11	Sjúkrasvið	-62,9				-62,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09	***Fjármálaráðuneyti***	***438,1***	***124,3***	***-102,1***	***240,0***	***700,3***
09-101	**Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**6,5**	**-0,2**		**-8,2**	**-1,9**
101-1.01	Yfirstjórn	6,5	-0,2			6,3
101-6.01	Tæki og búnaður				-8,2	-8,2
09-103	**Ríkisbókhald**	**12,0**			**-1,7**	**10,3**
103-1.01	Ríkisbókhald	12,0				12,0
103-6.01	Tæki og búnaður				-1,7	-1,7
09-104	**Ríkisfjárhirsla**	**4,9**			**3,0**	**7,9**
104-1.01	Ríkisfjárhirsla	4,9				4,9
104-6.01	Tæki og búnaður				3,0	3,0
09-105	**Ríkislögmaður**	**0,1**			**1,3**	**1,4**
105-1.01	Ríkislögmaður	0,1				0,1
105-6.01	Tæki og búnaður				1,3	1,3
09-201	**Ríkisskattstjóri**	**-45,5**	**-0,4**		**24,6**	**-21,3**
201-1.01	Yfirstjórn	-32,6	-0,4			-33,0
201-1.10	Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	-13,6				-13,6
201-1.20	Skatteftirlit	0,7				0,7
201-6.01	Tæki og búnaður				24,6	24,6
09-202	**Skattstofan í Reykjavík**	**2,5**	**-0,2**		**12,7**	**15,0**
202-1.01	Skattstofan í Reykjavík	2,5	-0,2			2,3
202-6.01	Tæki og búnaður				12,7	12,7
09-203	**Skattstofa Vesturlands**	**-2,7**				**-2,7**
203-1.01	Skattstofa Vesturlands	-2,7				-2,7

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-204	**Skattstofa Vestfjarða**	**-0,7**				**-0,7**
204-1.01	Skattstofa Vestfjarða	-0,7				-0,7
09-206	**Skattstofa Norðurlands eystra**	**5,2**	**-0,1**			**5,1**
206-1.01	Skattstofa Norðurlands eystra	5,2	-0,1			5,1
09-207	**Skattstofa Austurlands**	**2,9**				**2,9**
207-1.01	Skattstofa Austurlands	2,9				2,9
09-208	**Skattstofa Suðurlands**	**-0,3**			**5,0**	**4,7**
208-1.01	Skattstofa Suðurlands	-0,3				-0,3
208-6.21	Fasteignir				5,0	5,0
09-209	**Skattstofa Vestmannaeyja**	**1,0**				**1,0**
209-1.01	Skattstofa Vestmannaeyja	1,0				1,0
09-211	**Skattstofa Reykjaness**	**4,9**	**-0,2**			**4,7**
211-1.01	Skattstofa Reykjaness	4,9	-0,2			4,7
09-212	**Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld**	**18,7**			**9,7**	**28,4**
212-1.01	Ýmis sameiginleg útgjöld	-1,1	-0,2			-1,3
212-1.03	Forúrskurðir í skattamálum	5,3				5,3
212-1.04	Útgáfa úrskurða í skattamálum	9,5				9,5
212-1.10	Skatteftirlit	4,2				4,2
212-1.15	Átak í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli		0,2			0,2
212-1.40	Fjármagnstekjuskattur	0,8				0,8
212-6.01	Tæki og búnaður				9,7	9,7
09-214	**Yfirskattanefnd**	**6,3**			**0,9**	**7,2**
214-1.01	Yfirskattanefnd	6,3				6,3
214-6.01	Tæki og búnaður				0,9	0,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-215	**Skattrannsóknarstjóri ríkisins**	**-1,1**	**-0,1**		**0,7**	**-0,5**
215-1.01	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	-1,1	-0,1			-1,2
215-6.01	Tæki og búnaður				0,7	0,7
09-261	**Ríkistollstjóri**	**4,8**			**4,1**	**8,9**
261-1.01	Ríkistollstjóri	4,8				4,8
261-6.01	Tæki og búnaður				4,1	4,1
09-262	**Tollstjórinn í Reykjavík**	**80,9**	**-0,5**		**-17,7**	**62,7**
262-1.01	Tollstjórinn í Reykjavík	80,9	-0,5			80,4
262-6.01	Tæki og búnaður				-17,7	-17,7
09-402	**Fasteignamat ríkisins**	**69,3**			**-6,0**	**63,3**
402-1.01	Fasteignamat ríkisins	70,7				70,7
402-1.05	Yfirfasteignamatsnefnd	-1,4				-1,4
402-6.01	Tæki og búnaður				-6,0	-6,0
09-901	**Framkvæmdasýslan**	**23,0**				**23,0**
901-1.01	Framkvæmdasýslan	23,0				23,0
09-905	**Ríkiskaup**	**7,9**	**-0,1**			**7,8**
905-1.01	Ríkiskaup	7,9	-0,1			7,8
09-950	**Rekstrarhagræðing**	**22,1**				**22,1**
950-1.90	Rekstrarhagræðing	22,1				22,1
09-980	**Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól**	**18,7**			**-15,4**	**3,3**
980-1.01	Rekstur húsnæðis	24,2				24,2
980-1.05	Rekstur tölvukerfis	-5,5				-5,5
980-6.21	Húsnæði				-21,4	-21,4
980-6.41	Tölvubúnaður				6,0	6,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-981	**Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**				**112,5**	**112,5**
981-6.05	Stjórnarráðsbyggingar				11,8	11,8
981-6.23	Skattstofa Suðurlands				-6,5	-6,5
981-6.24	Tryggingastofnun ríkisins				50,0	50,0
981-6.40	Tollhúsið við Tryggvagötu				18,2	18,2
981-6.60	Sölvhóll				6,5	6,5
981-6.80	Listaskóli				30,0	30,0
981-6.90	Aðrar húseignir				2,5	2,5
09-984	**Fasteignir ríkissjóðs**	**218,1**		**-102,1**		**116,0**
984-1.01	Almennur rekstur	218,1				218,1
984-5.21	Fasteignir			-102,1		-102,1
09-990	**Ríkisstjórnarákvarðanir**		**45,6**			**45,6**
990-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar		45,6			45,6
09-995	**Skýrsluvélakostnaður**	**-46,3**			**114,5**	**68,2**
995-1.01	Launagreiðslukerfi	19,3				19,3
995-1.02	Tekjubókhaldskerfi	6,9				6,9
995-1.03	Skattvinnslukerfi	-85,1				-85,1
995-1.04	Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	-3,7				-3,7
995-1.05	Innheimtuskilakerfi	-1,0				-1,0
995-1.06	Forsendukerfi innheimtugagna	16,8				16,8
995-1.09	Fjárlagakerfi	0,5				0,5
995-6.01	Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi				38,6	38,6
995-6.02	Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi				2,7	2,7
995-6.03	Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi				5,2	5,2
995-6.04	Hugbúnaðargerð fyrir BÁR				28,0	28,0
995-6.08	Hugbúnaðargerð fyrir staðlað rekstrarframtal				26,8	26,8
995-6.09	Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi				11,0	11,0
995-6.90	Tölvukerfi, óskipt				2,2	2,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-999	**Ýmislegt**	**24,9**	**80,5**			**105,4**
999-1.09	Rekstrarhagræðing	2,4				2,4
999-1.12	Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á	0,4				0,4
999-1.13	Kjarasamningar	2,6	-0,1			2,5
999-1.17	Ýmis sameiginlegur kostnaður	4,2				4,2
999-1.19	Ýmsar endurgreiðslur	-0,2	3,8			3,6
999-1.20	Endurgreiðslur til sveitarfélaga		50,0			50,0
999-1.21	Breytingar á framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings	4,5				4,5
999-1.70	Aðstoð vegna snjóflóðs í Súðavík	9,2	7,7			16,9
999-1.90	Óviss útgjöld	1,8	19,1			20,9
10 Samgönguráðuneyti		***210,9***	***181,0***	***-87,1***	***315,1***	***619,9***
10-101	**Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-5,6**	**0,9**			**-4,7**
101-1.01	Yfirstjórn	-5,6	0,9			-4,7
10-190	**Ýmis verkefni**	**58,8**	**74,7**			**133,5**
190-1.12	Vetrarsamgöngur og vöruflutningar		5,9			5,9
190-1.14	Tækniþróunarverkefni í Namibíu á sviði flugmála	8,0	10,1			18,1
190-1.16	Landflutningasjóður	0,1	4,0			4,1
190-1.20	Rannsóknanefnd sjóslysa	-0,6				-0,6
190-1.21	Lög- og réttindaskráning sjómanna	1,5	-0,9			0,6
190-1.22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	-2,0	10,0			8,0
190-1.23	Slysavarnaskóli sjómanna	10,0	-6,6			3,4
190-1.25	GPS-staðsetningarkerfi	24,4				24,4
190-1.27	Slysavarnafélag Íslands		-2,8			-2,8
190-1.28	Sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa	-0,6	42,6			42,0
190-1.33	Flugeftirlitsnefnd	0,7				0,7
190-1.34	Flugskóli Íslands	-3,1	12,7			9,6
190-1.40	Stefnumótun í ferðamálum	-1,2				-1,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
190-1.42	Ferðamál og markaðsstarf	18,5	-3,1			15,4
190-1.43	Heilsárshótel á landsbyggðinni		3,0			3,0
190-1.63	Ferðaskrifstofan CGI á Íslandi	1,0	-0,2			0,8
190-1.91	Athugun á öryggi fiskiskipa	2,1				2,1
10-211	**Vegagerðin**	**-40,0**	**-1,6**	**-87,1**	**24,9**	**-103,8**
211-1.01	Yfirstjórn	-60,0	14,4			-45,6
211-1.11	Styrkir til sérleyfishafa	20,0	-16,0			4,0
211-5.05	Þjónusta			-61,9		-61,9
211-5.10	Viðhald			-52,7		-52,7
211-5.52	Þéttbýlisvegir			27,5		27,5
211-6.10	Nýframkvæmdir				-340,1	-340,1
211-6.10	Nýframkvæmdir				-200,7	-200,7
211-6.11	Framkvæmdaátak				500,0	500,0
211-6.21	Landsvegir				-15,8	-15,8
211-6.40	Tilraunir				-6,9	-6,9
211-6.43	Safnvegir				-14,4	-14,4
211-6.45	Styrkvegir				4,5	4,5
211-6.47	Reiðvegir				3,1	3,1
211-6.55	Ferjur og flóabátar				191,2	191,2
211-6.55	Ferjur og flóabátar				-96,0	-96,0
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	**0,6**	**-2,0**		**286,5**	**285,1**
335-1.01	Yfirstjórn	0,6	-2,0			-1,4
335-6.01	Tæki og búnaður				-8,3	-8,3
335-6.60	Vitabyggingar				11,5	11,5
335-6.70	Hafnamannvirki				94,6	94,6
335-6.70	Hafnamannvirki					
335-6.90	Hafnabótasjóður, framlag				-16,7	-16,7
335-6.99	Hafnarframkvæmdir breyting skuldbindinga				205,4	205,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
10-471	**Flugmálastjórn**	**259,9**	**43,1**			**303,0**
471-1.01	Flugmálastjórn	264,1	-9,7			254,4
471-1.70	Alþjóðaflugþjónusta	38,6				38,6
471-1.81	Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO	-42,8	52,8			10,0
10-472	**Flugvellir**	**-55,9**			**3,7**	**-52,2**
472-1.01	Rekstur flugvalla	-55,9				-55,9
472-6.80	Flugvellir, framkvæmdir				3,7	3,7
10-481	**Rannsóknanefnd flugslysa**	**-3,2**				**-3,2**
481-1.01	Rannsóknanefnd flugslysa	-3,2				-3,2
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	**54,7**	**0,3**			**55,0**
512-1.01	Póst- og fjarskiptastofnunin	54,7	0,3			55,0
10-651	**Ferðamálaráð**	**-58,4**	**65,6**			**7,2**
651-1.01	Ferðamálaráð	-0,3	1,5			1,2
651-1.21	Fjölsóttir ferðamannastaðir	10,1	-3,7			6,4
651-1.81	Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994	-68,2	67,8			-0,4
11 Iðnaðarráðuneyti		***150,9***	***9,6***		***-11,9***	***148,6***
11-101	**Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-6,7**	**-0,1**		**-1,1**	**-7,9**
101-1.01	Yfirstjórn	-6,7	-0,1			-6,8
101-6.01	Tæki og búnaður				-1,1	-1,1
11-102	**Einkaleyfastofan**	**52,0**			**-0,6**	**51,4**
102-1.01	Einkaleyfastofan	52,0				52,0
102-6.01	Tæki og búnaður				-0,6	-0,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
11-201	**Iðntæknistofnun Íslands**	**-2,1**			**9,4**	**7,3**
201-1.01	Iðntæknistofnun Íslands	-2,1				-2,1
201-6.01	Tæki og búnaður				9,4	9,4
11-203	**Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins**	**20,2**	**-2,6**		**-2,1**	**15,5**
203-1.01	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	20,2	-2,6			17,6
203-6.01	Tæki og búnaður				-2,1	-2,1
11-240	**Iðnaðarrannsóknir og stóriðja**	**4,0**				**4,0**
240-1.01	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	1,4	-0,6			0,8
240-1.41	Vegalagning vegna álvers á Grundartanga	4,0				4,0
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	**13,5**	**22,6**			**36,1**
299-1.19	Staðlaráð	-1,2	7,8			6,6
299-1.24	Alþjóðlegur fjárfestingarsáttmáli	-2,5				-2,5
299-1.30	Alþjóðlegt samstarf	3,2	-3,0			0,2
299-1.31	Starf hjá framkvæmdastjórn ESB	4,3				4,3
299-1.48	Átak til atvinnusköpunar	-4,1	10,6			6,5
299-1.50	Nýsköpun og markaðsmál	13,4	7,2			20,6
299-1.70	Til eflingar atvinnulífs á landsbyggðinni	0,4				0,4
11-301	**Orkustofnun**	**68,3**	**-9,7**		**-17,5**	**41,1**
301-1.01	Yfirstjórn	-166,2	-9,7			-175,9
301-1.02	Orkumálasvið	74,2				74,2
301-1.03	Orkurannsóknir	163,6				163,6
301-1.04	Sala rannsókna	-3,3				-3,3
301-6.01	Tæki og búnaður				-25,5	-25,5
301-6.21	Fasteignir				8,0	8,0
11-399	**Ýmis orkumál**	**-2,7**				**-2,7**
399-1.14	Aðstoð við litlar hitaveitur	0,2				0,2
399-1.21	Orkunefnd	-2,9				-2,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
11-950	**Rekstrarhagræðing**	**3,0**				**3,0**
950-1.90	Rekstrarhagræðing	3,0				3,0
12 Viðskiptaráðuneyti		***52,6***	***5,1***		***-2,8***	***54,9***
12-101	**Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-8,0**	**-0,5**			**-8,5**
101-1.01	Yfirstjórn	-8,0	-0,5			-8,5
12-190	**Ýmis verkefni**	-7,7	**5,6**			**-2,1**
190-1.10	Neytendasamtökin		-1,7			-1,7
190-1.11	Dreifbýlisverslun, stuðningsaðgerðir		1,0			1,0
190-1.30	Endurskipulagning fjármagnsmarkaðar	-0,4	-0,2			-0,6
190-1.40	Undirbúningsnefnd verðbréfamiðstöðvar	-0,9	-0,2			-1,1
190-1.46	Prófnefndir		-1,4			-1,4
190-1.90	Ýmis viðskipta- og bankamál	-6,4	8,1			1,7
12-302	**Löggildingarstofa**	**62,6**			**-1,2**	**61,4**
302-1.01	Löggildingarstofa	62,6				62,6
302-6.01	Tæki og búnaður				-1,2	-1,2
12-902	**Samkeppnisstofnun**	**4,7**			**-1,6**	**3,1**
902-1.01	Samkeppnisstofnun	4,7				4,7
902-6.01	Tæki og búnaður				-1,6	-1,6
12-950	**Rekstrarhagræðing**	**1,0**				**1,0**
950-1.90	Rekstrarhagræðing	1,0				1,0
13 Hagstofa Íslands		***7,2***	***8,8***		***-18,2***	***-2,2***
13-101	**Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa**	**6,2**	**8,8**		**-18,2**	**-3,2**
101-1.01	Yfirstjórn	-16,7	8,8			-7,9
101-1.02	Sérstakar kannanir	9,3				9,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
101-1.50	Þjóðskráin	13,6				13,6
101-6.01	Tæki og búnaður				-18,2	-18,2
13-950	**Rekstrarhagræðing**	**1,0**				**1,0**
950-1.90	Rekstrarhagræðing	1,0				1,0
14 Umhverfisráðuneyti		***96,0***	***-17,7***	***27,8***	***182,7***	***288,8***
14-101	**Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-4,3**	**-1,6**		**-1,5**	**-7,4**
101-1.01	Yfirstjórn	-4,3	-1,6			-5,9
101-6.01	Tæki og búnaður				-1,5	-1,5
14-190	**Ýmis verkefni**	**-4,7**	**3,5**			**-1,2**
190-1.22	Stefnumörkun í umhverfismálum	-0,7				-0,7
190-1.23	Ýmis umhverfisverkefni	-15,1	-5,5			-20,6
190-1.29	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	4,0	-5,6			-1,6
190-1.35	Umhverfisvöktun	0,7	10,4			11,1
190-1.39	Mengunarslys	0,3				0,3
190-1.40	Alþjóðastofnanir		3,2			3,2
190-1.53	Undirbúningur náttúrustofa		0,1			0,1
190-1.54	Rannsóknastöð að Kvískerjum	3,1	4,0			7,1
190-1.55	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	1,5				1,5
190-1.56	Vernd Breiðafjarðar	3,3	-3,5			-0,2
190-1.57	Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur	3,1				3,1
190-1.59	Náttúruverndarráð	-2,7	0,4			-2,3
190-1.61	Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	-2,2				-2,2
14-202	**Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn**	**-1,8**	**-0,3**			**-2,1**
202-1.01	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	-1,8	-0,3			-2,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
14-205	**Náttúruvernd ríkisins**	**-0,6**	**-0,9**	**5,9**	**-2,2**	**2,2**
205-1.01	Yfirstjórn	-9,6	-0,9			-10,5
205-1.10	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	9,0				9,0
205-5.01	Þjóðgarðar og friðlýst svæði			5,9		5,9
205-6.01	Tæki og búnaður				-2,2	-2,2
14-210	**Veiðistjóri**	**7,5**	**-5,9**			**1,6**
210-1.01	Veiðistjóri	7,5	-5,9			1,6
14-213	**Hreindýraráð**	**4,7**	**-5,0**			**-0,3**
213-1.10	Hreindýraráð	4,7	-5,0			-0,3
14-221	**Hollustuvernd ríkisins**	**-3,0**			**-5,7**	**-8,7**
221-1.01	Hollustuvernd ríkisins	-3,0				-3,0
221-6.01	Tæki og búnaður				-5,7	-5,7
14-281	**Styrkir til fráveitna sveitarfélaga**				**46,1**	**46,1**
281-6.51	Styrkir til fráveitna sveitarfélaga				46,1	46,1
14-285	**Spilliefnasjóður**	**-4,0**				**-4,0**
285-1.01	Almennur rekstur	-4,0				-4,0
14-301	**Skipulagsstofnun**	**-17,2**	**-8,7**			**-25,9**
301-1.01	Skipulagsstofnun	-33,3	-8,7			-42,0
301-1.11	Mat á umhverfisáhrifum	6,3				6,3
301-1.12	Skipulag miðhálendis	9,8				9,8
14-310	**Landmælingar Íslands**	**-6,9**			**1,1**	**-5,8**
310-1.01	Landmælingar Íslands	-6,9				-6,9
310-6.01	Tæki og búnaður				1,1	1,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	**147,2**	**2,9**		**-7,0**	**143,1**
321-1.01	Brunamálastofnun ríkisins	144,8				144,8
321-1.10	Námssjóður	-0,1	2,9			2,8
321-1.20	Brunamálaskóli	2,5				2,5
321-6.01	Tæki og búnaður				-7,0	-7,0
14-381	**Ofanflóðasjóður**				**160,3**	**160,3**
381-6.60	Ofanflóðasjóður				160,3	160,3
14-401	**Náttúrufræðistofnun Íslands**	**-18,7**	**-0,1**	**1,9**	**-8,4**	**-25,3**
401-1.01	Yfirstjórn	6,2	-0,1			6,1
401-1.02	Setur í Reykjavík	-23,9				-23,9
401-1.03	Setur á Akureyri	-1,0				-1,0
401-5.21	Fasteignir			1,9		1,9
401-6.01	Tæki og búnaður				-8,4	-8,4
14-403	**Náttúrustofur**	**14,4**	**-1,5**			**12,9**
403-1.10	Náttúrustofa Neskaupstað	7,7				7,7
403-1.11	Náttúrustofa Vestmannaeyjum	-2,3	-1,5			-3,8
403-1.13	Náttúrustofa Stykkishólmi	6,9				6,9
403-1.14	Náttúrustofa Sauðárkróki	2,1				2,1
14-407	**Stofnun Vilhjálms Stefánssonar**	**5,1**				**5,1**
407-1.01	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	5,1				5,1
14-410	**Veðurstofa Íslands**	**-21,7**	**-0,1**	**20,0**		**-1,8**
410-1.01	Almenn starfsemi	-21,7	-0,1			-21,8
410-5.20	Viðhald fasteigna			20,0		20,0

288. Frumvarp til laga [261. mál]

um framkvæmd samnings um bann við notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutningi jarðsprengna gegn liðsafla og um eyðingu þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Bann við jarðsprengjum gegn liðsafla.

Enginn má nota, þróa, framleiða, verða sér úti um með öðrum hætti, safna birgðum af, varðveita eða flytja jarðsprengjur gegn liðsafla þannig að það stríði gegn samningnum um bann við notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutningi jarðsprengna gegn liðsafla og um eyðingu þeirra frá 18. september 1997.

2. gr.

Innlent eftirlit.

Ríkislögreglustjóri fer með eftirlit með framkvæmd laga þessara og samningsins.

Á varnarsvæðum fer utanríkisráðherra með lögsögu, sbr. lög um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl.

3. gr.

Alþjóðlegt eftirlit.

Rannsóknarsendinefndum sem starfa á grundvelli samningsins er heimilt að framkvæma hér á landi skoðanir sem kveðið er á um í samningnum í þeim tilgangi að fylgjast með hvort Ísland framfylgir samningsskuldbindingum sínum. Fulltrúar utanríkisráðuneytisins og ríkislögreglustjóra skulu vera viðstaddir slíkar skoðanir.

Þeir sem eru í rannsóknarsendinefnd sem starfar á grundvelli samningsins skulu njóta friðhelgi og forréttinda hér á landi eins og kveðið er á um í samningnum.

4. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra sem í hlut á getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

5. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn lögum þessum og reglum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Nú er brotið ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið fangelsi allt að fjórum árum.

Tilraun eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga.

6. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði nauðsynleg lagaákvæði til að unnt verði að fullnægja skuldbindingum samkvæmt samningi um bann við notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutningi jarðsprengna gegn liðsafla og um eyðingu þeirra sem samþykktur var í Ósló 18. september 1997 (hér eftir nefndur samningurinn). Jafnframt því að samningurinn bannar notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutning jarðsprengna sem beint er gegn liðsafla skuldbindur hann aðildarríkin til að eyða slíkum sprengjum sem þau eiga eða hafa umráð yfir. Samningurinn tekur hins vegar ekki til jarðsprengna sem beint er gegn skriðdrekum. Samningurinn, sem stundum er nefndur Ottawa-samningurinn, er þriðji alþjóðasamningurinn sem lýtur að jarðsprengjum sem beint er gegn liðsafla. Fyrri samningar, sem gerðir voru árin 1980 og 1996, miða að því að takmarka notkun jarðsprengna gegn liðsafla en þeir skuldbinda ekki aðildarríki líkt og Ottawasamningurinn til að framleiða ekki jarðsprengjur og eyða birgðum. Með þingsályktun 10. mars 1999 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að fullgilda samninginn fyrir Íslands hönd. Samningurinn var síðan fullgiltur 5. maí 1999 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. nóvember sama ár. Samningurinn er birtur á þingskjali 964 á 123. löggjafarþingi 1998–99.

Aðdragandi samningsins er hin mikla dreifing og notkun jarðsprengna gegn liðsafla í heiminum og þær afleiðingar sem þetta hefur haft í för með sér. Þrátt fyrir víðtæka hreinsun á jarðsprengjum víða um heim á undanförnum árum er talið að a.m.k. 60–70 milljónir sprengna séu enn faldar í jörðu. Að öllum líkindum er um helmingur sprengnanna á landsvæði tólf ríkja. Talið er að um 10 milljónir sprengna séu í Angóla og svipað magn í hinum kúrdíska hluta Írak. Í Afganistan er álitið að um sex milljónir sprengna liggi niðurgrafnar og um fimm milljónir í Kambódíu. Mikill fjöldi sprengna er og í Bosníu-Hersegóvínu, El Salvador, Eþíópíu, Króatíu, Mósambík og Súdan.

Samningurinn sem hefur að geyma 22 greinar hafði hinn 27. október 2000 verið undirritaður af 133 ríkjum og fullgiltur af hálfu 107 ríkja. Samningurinn öðlaðist gildi á fyrsta degi sjötta mánaðar eftir að 40. fullgildingarskjalið var afhent, þ.e. 1. mars 1999. Með samningnum var stigið stórt skref til að uppræta jarðsprengjur sem beint er gegn liðsafla. Þó ber að hafa í huga að allmörg ríki hafa ekki gerst aðilar að samningnum. Þar á meðal eru Bandaríkin, Indland, Kína, Rússland og Suður-Kórea.

Með samþykkt þessa lagafrumvarps, sem samið var í dómsmálaráðuneytinu í samráði við utanríkisráðuneytið, hefur Ísland komið í framkvæmd ákvæðum samningsins hér á landi eins og krafist er af aðildarríkjunum skv. 9. gr. samningsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Meginmarkmið samningsins er að banna notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutning jarðsprengna gegn liðsafla. Í þessari grein er sett fram slíkt bann og er þar vísað beint til samningsins hvað varðar umfang bannsins.

Í 2. gr. samningsins er að finna skilgreiningu á hugtökum, m.a. þessar:

1. „Jarðsprengja gegn liðsafla“ merkir jarðsprengju sem er ætlað að springa sakir nærveru manns, nálægðar hans eða snertingar og gerir einn mann eða fleiri ófæra, særir þá eða drepur. Jarðsprengjur, sem er ætlað að springa sakir nærveru ökutækis, nálægðar eða snertingar þess, en ekki manns, og hafa meðhöndlunarvarnarbúnað, teljast ekki jarðsprengjur gegn liðsafla af þeirri ástæðu að þær eru með þeim búnaði.

2. „Jarðsprengja“ merkir hergagn sem koma á fyrir undir yfirborði jarðar eða öðru yfirborði, leggja á það eða koma fyrir í námunda við það og er ætlað að springa sakir nærveru, nálægðar eða snertingar manns eða ökutækis.
3. „Flutningur“ merkir, auk eiginlegs flutnings jarðsprengna gegn liðsafla inn á innlent yfirráðasvæði eða út af því, flutning eignarréttar á og yfirráða yfir jarðsprengjunum, en ekki afsal yfirráðasvæðis þar sem jarðsprengjum gegn liðsafla hefur verið komið fyrir.

Um 2. gr.

Lagt er til að ríkislögreglustjóri hafi eftirlit með framkvæmd laganna og samningsins. Þetta tekur mið af því að lögregla annast framkvæmd vopnalaga, nr. 16/1998. Á varnarsvæðum er gert ráð fyrir að utanríkisráðherra fari með lögsögu í samræmi við lög nr. 106/1954.

Um 3. gr.

Í 8. gr. samningsins er fjallað um aðstoð og aðferðir við framfylgd samningsins. Er þar gert ráð fyrir að aðildarríkin geti á sérstökum fundi aðildarríkjanna tekið ákvörðun um að senda rannsóknarsendinefnd til þess ríkis sem grunur leikur á um að brjóti gegn ákvæðum samningsins. Rannsóknarsendinefndin sem er skipuð allt að níu sérfræðingum hefur einungis heimild til að dveljast á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis í 14 daga. Hlutaðeigandi aðildarríki ber að veita rannsóknarsendinefndinni aðgang að öllum svæðum og mannvirkjum undir stjórn þess þar sem talið er líklegt að unnt verði að afla gagna sem varða meint samningsbrot, þó með þeim undantekningum sem greinir í samningnum.

Með 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði heimild fyrir slíku alþjóðlegu eftirliti hér á landi í samræmi við ákvæði samningsins. Gert er ráð fyrir að fulltrúar utanríkisráðuneytisins og ríkislögreglustjóra skuli vera viðstaddir skoðanir samkvæmt greininni.

Í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins er þeim sem eru í rannsóknarsendinefnd sem starfar á grundvelli samningsins veitt friðhelgi og forréttindi hér á landi eins og kveðið er á um í samningnum. Í 10. mgr. 8. gr. samningsins segir að þeir sem eru í rannsóknarsendinefnd skuli njóta réttinda og griðhelgi skv. VI. gr. samningsins um réttindi og griðhelgi Sameinuðu þjóðanna sem var samþykktur 13. febrúar 1946. Sá samningur hefur lagagildi hér á landi, sbr. lög nr. 13/1948.

Um 4. gr.

Í greininni er að finna heimild til að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

Um 5. gr.

Í 9. gr. samningsins eru gerðar kröfur um að aðildarríkin geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir og bæla niður starfsemi sem er aðildarríki óheimil samkvæmt samningnum, meðal annars með því að ákveða viðurlög. Hér er lagt til að brot gegn lögunum varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Ef brot er ítrekað eða stórfellt er lagt til að refsing geti orðið fangelsi allt að fjórum árum. Þá er lagt til að tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögunum verði refsiverð.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmd samnings um bann við notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutningi jarðsprengna gegn liðsafla og um eyðingu þeirra.

Í frumvarpinu eru lögð til nauðsynleg lagaákvæði til að unnt verði að fullnægja skuldbindingum í alþjóðasamningi um bann við notkun jarðsprengna sem Alþingi veitti ríkisstjórninni heimild til að fullgilda fyrir Íslands hönd árið 1999. Samningurinn tók gildi 1. nóvember sama ár. Gert er ráð fyrir að ríkislögreglustjóri fari með eftirlit með framkvæmd laganna og samningsins. Ætla má að lítið reyni á slíkt eftirlit hér á landi og er því talið að kostnaðaráhrif af setningu laganna verði óveruleg.

289. Tillaga til þingsályktunar [262. mál]

um stofnun og rekstur tónminjasafns á Stokkseyri.

Flm.: Ísólfur Gylfi Pálmason, Margrét Frímannsdóttir,
Drífa Hjartardóttir, Árni Johnsen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um stofnun og rekstur tónminjasafns á Stokkseyri í samstarfi við sveitarfélagið Árborg, héraðsnefnd Árnessýslu og Byggðasafn Árnesinga og leggja fram í upphafi næsta löggjafarþings.

Greinargerð.

Með gildum rökum má segja að vagga tónlistarlífs á Íslandi í þeirri mynd sem nú er sé í þorpunum Stokkseyri og Eyrarbakka. Þaðan voru margir þeir menn sem stóðu í fremstu víglínu á sviði tónsköpunar, kennslu og uppbyggingar tónlistarlífs á fyrri hluta 20. aldar. Nægir að nefna aðeins fáa menn: tónskáldin og tónlistarmennina Sigfús Einarsson, Pál Ísólfsson og Friðrik Bjarnason og athafnamanninn og menningarfrömuðinn Ragnar Jónsson í Smára. Þessir menn áttu sér einnig forfeður sem stóðu fyrir blómlegu tónlistarstarfi og öðru menningarlífi í þessum þorpum og lögðu þar grunninn með starfi sínu. Má þar nefna þá Selsbræður, Bjarna, Jón, Ísólf og Gísla Pálssyni á Stokkseyri.

Tónmenningu Íslands hefur ekki verið sinnt sem skyldi og fremur lítið verið skráð og fjallað um starf íslenskra tónlistarmanna. Þá er hvergi til hér á landi sértækt tónlistarsafn þar sem finna mætti á einum stað muni og ritaðan fróðleik um þróun og sögu tónlistar.

Stokkseyri og Eyrarbakki eru steinsnar frá mesta þéttbýli landsins og með væntanlegum Suðurstrandarvegi yrði safn þetta ágætlega í sveit sett í nýjum „menningarhring“ og hentaði vel jafnt skólanemendum sem almenningi. Með stofnun og starfrækslu þessa safns yrði tónlistinni í fyrsta sinn gert jafnhátt undir höfði og ýmsum öðrum menningargreinum þjóðarinnar og minningu þeirra sem ruddu brautina reistur veglegur minnisvarði.

Æskilegt væri að stofnun og rekstur tónminjasafnsins væri sameiginlegt verkefni ríkis,

sveitarfélagsins Árborgar, héraðsnefndar Árnessýslu og Byggðasafns Árnesinga. Því væri nauðsynlegt að þessir aðilar hefðu samstarf um verkið þegar í upphafi ásamt áhugahópi um þetta málefni.

Menningartengd ferðaþjónusta verður æ vinsælli og er hluti af afþreyingu nútímamannsins. Heimsóknir ungs fólks í tónlistarnámi geta tengst safni sem þessu. Í safninu má hugsa sér tónleikahald og þar gæti einnig verið sýnishorn af hljóðfærum.

Tekið skal fram að þær hugmyndir sem felast í þingsályktunartillögu þessari eru á engan hátt settar fram í samkeppni við hið merka Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði.

290. Tillaga til þingsályktunar [263. mál]

um mennta- og fjarkennslumiðstöðvar til að jafna aðstöðu til náms.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta semja og leggja fyrir Alþingi áætlun um uppbyggingu mennta- og fjarkennslumiðstöðva um land allt til að jafna aðstöðu til náms. Markmiðið sé að gera nám á framhaldsskólastigi aðgengilegt fyrir fleiri en nú er, að skapa sem víðast farveg fyrir háskólamenntun og hvers konar sí- og endurmenntun.

Fyrsta áfanga slíkrar áætlunar verði hrundið í framkvæmd þegar á næsta skólaári, 2001–2002. Gert verði ráð fyrir kostnaði við verkefnið í fjárlögum ársins 2001.

Greinargerð.

Fjarkennsla og fjarnám ýmiss konar á framhalds- og háskólastigi hefur þróast mikið á undanförnum árum, einkum fyrir dugnað og framsýni fólks í skólakerfinu. Nú hefur fengist mikil og dýrmæt reynsla sem framsækin stjórnvöld geta byggt á þegar hugað er að því að auka tækifæri þeirra sem eiga óhægt um vik að afla sér grunn- eða endurmenntunar sökum búsetu, atvinnu eða annarra aðstæðna. Til að auðvelda fólki um land allt að bregðast við breyttum aðstæðum þarf að stórbæta aðgengi þess að menntun. Endurskipuleggja þarf skólakerfið og fjölga tækifærum fólks með því að nýta nýja þekkingu og tækni. Endurskipulagning og fjárfesting í menntun eykur samkeppnishæfni þjóðarinnar á alþjóðamarkaði og bætir lífskjör og mannlíf á Íslandi. Það er byggðamál fyrir Ísland – og það er byggðamál á Íslandi.

Í fábýli er ekki unnt að halda úti hefðbundnum framhaldsskóla, hvað þá skapa vettvang fyrir háskólanám eða aðstöðu fyrir nauðsynlega símenntun. Flutningsmenn sjá fyrir sér að þessir þættir og aðrir sem lúta að menntun og þekkingu verði, þar sem það á við, sameinaðir í mennta- og fjarkennslumiðstöðvar sem verði farvegur fyrir framhaldsnám og eftir atvikum háskólanám og sí- og endurmenntun. Framhaldsskólar, sem nú þegar eru starfræktir, gætu orðið miðja í slíku starfi, annars staðar gætu símenntunarmiðstöðvar gegnt slíku hlutverki. Miðstöð af þessu tagi hefði frumkvæði að því að afla þekkingar og fá sérmenntað fólk til starfa og tæki þar mið af þörfum íbúanna og atvinnulífsins. Einkum er mikilvægt að þeir sem minnstrar skólagöngu hafa notið fái tækifæri til frekara náms. Aðalatriðið er að mennta- og fjarkennslumiðstöðvar verði víðs vegar á landinu og að litið verði á menntun og kost á henni

sem sjálfsagðan og snaran þátt í lífi hvers manns, alla ævina. Reynsla af fjarkennslu á framhalds- og háskólastigi, tilraun með skipulagt fjarkennslunám á framhaldsskólastigi í Grundarfirði, starf símenntunarmiðstöðva um land allt og reynsla af starfsnámi á vegum verkalýðshreyfingarinnar getur allt varðað leiðina að því marki að menntun við hæfi sem flestra verði í boði sem víðast.

Skólarnir í landinu, bæði á framhalds- og háskólastigi, verða sér úti um margvíslega reynslu með því að hafa nemendur í fjarnámi, ýmist með kennslu í námshópum á ákveðnum stöðum eða með einkakennslu. Fjarnám er góður kostur fyrir þá sem hafa stundað framhaldsnám en ekki lokið því og eins þá sem áttu þess ekki kost á sínum tíma að fara í framhaldsskóla. Fjarnám hentar líka þeim sem vilja hefja háskólanám en búa við aðstæður sem leyfa ekki slíkt nema veruleg röskun verði á persónulegum högum, jafnvel búsetu. Margir nemendur í fjarnámi eiga heima á stöðum þar sem fjölbreytt námstækifæri eru í boði, t.d. í kvöldskólum, en kjósa frekar þessa leið. Fjarnám virðist vera hentug leið fyrir marga sem geta ekki nýtt sér reglubundið nám, svo sem vegna fjölskylduábyrgðar, vinnutíma eða annars. Fjarnám getur veitt þeim annað tækifæri.

Breytingar á atvinnuháttum kalla á meiri menntun: sérmenntun, endurmenntun og símenntun ýmiss konar sem fólk og fyrirtæki vilja og þurfa að geta nýtt sér. Hinn mikli hagvöxtur undanfarinna ára stafar fyrst og fremst af fjárfestingum og mikilli vinnu. Hið svonefnda nýja hagkerfi hefur verið þar sorglega fjarri og frá 1998 hefur lítil framleiðniaukning orðið í atvinnulífinu. Þar vegur ugglaust þungt sú staðreynd að eftir 1995 fækkar þeim sem sótt hafa sérskóla eða framhaldsskóla. Skortur á viðeigandi menntunartækifærum er því að verða efnahagsvandamál.

Viðurkennt er að menntun og þekking eru þau vopn sem munu duga best í lífsbaráttu einstaklinga og samfélaga á nýrri öld. Sjómenn hafa nýtt sér kosti fjarnámsins og rætt hefur verið um að þróa skipulegt fjarnám fyrir þá í sjávarútvegs- og skipstjórnarfræðum. Möguleikar á því að nýta fjarkennslu við endur- og símenntun eru nær ótæmandi. Þeir nýtast hins vegar ekki sem skyldi verði fjarkennslan ekki skipulögð, stefnan mörkuð, samstarfsaðilar og eðlilegir farvegir fundnir og framboð kynnt. Sífellt fleiri átta sig á því að nám þarf ekki að stunda í tilteknu húsi.

Það ræður miklu um búsetuval fólks að ungmenni eigi þess kost að njóta góðrar menntunar á framhaldsskólastigi. Á stöðum þar sem ekki hefur verið talið hægt að bjóða upp á framhaldsskólanám er ekki óalgengt að fjölskyldur hugsi til búferlaflutninga þegar börn komast á unglingsár, bæði til að halda fjölskyldunni lengur saman og vegna þess mikla kostnaðar sem fylgir því að senda ungling að heiman eða halda tvö heimili. Eins ræður líka miklu um þróun atvinnulífs um land allt hvernig staðið er að menntamálum. Til að takast á við atvinnuháttabreytingar þarf fólk að eiga þess kost að mennta sig til nýrra starfa. Skipulag menntamála er því eitt mikilvægasta byggðamálið. Fjarkennsla hefur þróast ört hjá skólum úti á landi og í þjónustu við fólk á landsbyggðinni. Það er ekki tilviljun heldur sýnir fram á hve mikilvæg tölvusamskiptatæknin er fyrir dreifbýlið. Með markvissri notkun þeirrar tækni má jafna og bæta möguleika fólks til menntunar, til að njóta menningar og til að efla atvinnulíf.

Með þessari tillögu er, auk þess sem bent er á færar leiðir til að efla menntunarkosti fólks um land allt, verið að ýta á eftir því að menntamálayfirvöld taki frumkvæði við skipulagningu nýrra menntunarleiða um land allt. Það væri í fullu samræmi við 9. lið stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 sem samþykkt var á Alþingi 3. mars 1999.

291. Svar [68. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um skattafrádrátt og fríðindi starfsmanna ríkisins

1. *Hver var heildarupphæð frádráttarbærra greiðslna, sbr. 30. gr. laga nr. 75/1981, til starfsmanna ríkisins, innan lands og utan, á árunum 1998 og 1999 og hver er áætluð heildarupphæð slíkra greiðslna árið 2000? Óskað er eftir sundurliðun eftir því undir hvaða ákvæði 30. gr. laganna greiðslurnar falla.*

Um frádrátt almennra launþega frá tekjum sínum gilda ákvæði 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Samkvæmt 1. tölul. A-liðar 30. gr. laganna mega menn draga frá tekjum skv. II. kafla laganna, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, útgjöld á móti ökutækjastyrkjum, dagpeningum eða hliðstæðum endurgreiðslum sem sannað er að séu ferða- og dvalarkostnaður vegna atvinnurekanda og í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra.

Með ökutækjastyrk er átt við þær greiðslur sem launþegi fær frá launagreiðanda fyrir að nota eigin bifreið í hans þágu. Hér getur bæði verið um að ræða að greidd sé föst mánaðarleg eða árleg fjárhæð eða að greitt er samkvæmt kílómetragjaldi fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt akstursdagbók eða aksturssk ýrslu. Frádrátt á móti ökutækjastyrk má færa ef bifreið launþega hefur sannanlega verið notuð vegna aksturs í þágu vinnuveitanda. Frádrátt má ekki færa hafi ökutækjastyrkur verið greiddur vegna ferða launþegans til og frá vinnu eða vegna annarra nota af bifreiðinni sem teldust til eigin nota hans. Sé kostnaður lægri en ökutækjastyrkur reiknast tekjuskattur og útsvar af mismuninum.

Samkvæmt upplýsingum úr skattframtölum fengu 29.537 einstaklingar greiddar alls 3.784 millj. kr. í ökutækjastyrk árið 1998. Sama ár fengu 23.637 einstaklingar frádrátt á móti ökutækjastyrk að fjárhæð samtals 2.285 millj. kr. eða 60% af heild. Árið 1999 fengu 30.316 einstaklingar greiddar alls 4.109 millj. kr. í formi ökutækjastyrkja. Sama ár fengu 24.047 einstaklingar frádrátt á móti sömu styrkjum að fjárhæð samtals 2.594 millj. kr. eða 63% af heild.

Dagpeningar eru greiddir vegna tilfallandi ferðalaga launþega á vegum launagreiðanda utan fasts samningsbundins vinnustaðar. Þeim er ætlað að standa undir kostnaði launþegans vegna fjarveru frá heimili sínu, annars vegar vegna gistikostnaðar, ef um hann er að ræða, og hins vegar vegna fæðiskaupa og annars tilfallandi kostnaðar sem af ferðinni hlýst. Á móti fengnum dagpeningum er launamönnum heimilt að færa frádrátt samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra.

Samkvæmt upplýsingum úr skattframtölum fengu alls 19.744 einstaklingar greidda dagpeninga að fjárhæð 3.675 millj. kr. vegna ferðalaga innan lands og utan árið 1998. Frádráttur á móti dagpeningum umrætt ár nam samtals 3.500 millj. kr. hjá 18.846 einstaklingum. Árið 1999 fengu 20.935 einstaklingar greidda dagpeninga að fjárhæð 4.079 millj. kr. Frádráttur vegna dagpeninga árið 1999 nam 3.893 millj. kr. hjá 20.051 einstaklingi.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um það hversu stór hluti af framangreindum fjárhæðum tilheyrir ríkisstarfsmönnum sérstaklega. Stafar það fyrst og fremst af því að þetta er fært með misjöfnun hætti hjá einstökum stofnunum og það eru ekki allar stofnanir sem nýta bókunarkerfi Ríkisbókhalds. Það myndi kosta verulega vinnu og vera mjög tímafrekt að sundurgreina fyrirliggjandi upplýsingar til þess að hægt væri að svara því af einhverri nákvæmni.

2. *Hvert var heildarverðmæti fríðinda sem starfsmenn ríkisins nutu og ekki teljast til endurgjalds fyrir vinnu, starf eða þjónustu í þágu ríkisins árið 1999 og hvert er heildarverðmæti þessara fríðinda það sem af er árinu 2000?*

Ekki er ljóst af spurningunni hvað við er átt með hugtakinu fríðindi í þessu samhengi, en almennt má segja að starfsmenn ríkisins njóti engra slíkra greiðslna sem ekki geta talist endurgjald fyrir vinnu, starf eða þjónustu í þágu ríkisins.

292. Frumvarp til laga [264. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Við 2. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr töluliður, 7. tölul., sem orðast svo:

7. Vextir af stofnsjóðseign í félögum skv. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. skulu teljast til tekna þegar þeir eru færðir eiganda til eignar eða ráðstöfunar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 8. gr. B:

a. Við 1. tölul. bætist nýr málsliður er orðast svo: Hlutabréfum og hlutum starfsmanna skulu fylgja sömu réttindi og öðrum hlutabréfum eða hlutum félags.
b. 4. tölul. orðast svo: Kaupverð sé eigi lægra en vegið meðalverð í viðskiptum með hluti/hlutabréf félags tíu heila viðskiptadaga fyrir samningsdag ef slík viðskipti hafa verið skráð í kauphöll. Ef slík skráning hefur ekki átt sér stað skal miða við gangverð eins og það er skilgreint í 8. gr. A.
c. Í stað „kaupréttar“ í 7. tölul. kemur: kaupa.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Lokamálsliður 3. mgr. orðast svo: Ríkisskattstjóri skal birta með aðgengilegum hætti jöfnunarstuðul fyrir hlutabréf eða hluti í félögum, þ.e. hlutfall jöfnunarverðmætis, sem skattstjóri hefur staðfest samkvæmt þessari grein, og nafnverðs hlutabréfa eða hluta í félögum.
b. 7. mgr. fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „reikningsár“ í 2. málsl. 5. mgr. 1. tölul. B-liðar 1. mgr. kemur: sem endurskoðaður hefur verið í samræmi við ákvæði 1. mgr. 63. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga.
b. Í stað fjárhæðanna „22.368.780“ og „44.737.560“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: 27.000.000, og: 54.000.000.
c. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Fjárhæðir samkvæmt þessari málsgrein skulu hækka árlega með verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr.

5. gr.

Við 41. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fjárhæðir samkvæmt þessari grein skulu hækka árlega með verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr.

6. gr.

Orðin „kaupleigu eða“ í 4. tölul. 52. gr. falla brott.

7. gr.

Við 1. mgr. 60. gr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Hafni skattstjóri ósk aðila um breytt reikningsár sætir sú ákvörðun kæru til ríkisskattstjóra og skal úrskurður ríkisskattstjóra vera endanleg úrlausn málsins á stjórnsýslustigi.

8. gr.

3. mgr. 64. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 67. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „83.933“ í 2. mgr., sbr. c-lið í ákvæði til bráðabirgða VI. með lögum nr. 65/1997, kemur: 86.451.
b. 3. og 4. málsl. 3. mgr. falla brott.
c. Í stað orðanna „Sama gildir“ í 5. málsl. 3. mgr. kemur: Þó skal ákvæði 1. mgr. þessarar greinar gilda.

10. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „671“ í 4. mgr. B-liðar 68. gr. laganna kemur: 691.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

a. 7. mgr. A-liðar orðast svo:
   Komi í ljós að maður hefur fengið greiddar barnabætur án þess að eiga rétt á þeim skal honum gert að endurgreiða þær að viðbættu 15% álagi. Fella skal niður álagið samkvæmt þessari málsgrein ef maður færir rök fyrir því að honum verði eigi kennt um þá annmarka á framtali er leiddu til ákvörðunar skattstjóra.
b. Við 9. mgr. A-liðar bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ákvörðun skattstjóra um fyrirframgreiðslu barnabóta er kæranleg til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu ákvörðunar. Ríkisskattstjóri skal kveða upp úrskurð sinn innan 15 daga frá því að kæra berst honum og skal úrskurður hans vera endanleg úrlausn málsins á stjórnsýslustigi.
c. Á eftir orðinu „fyrirframgreiðsluna“ í 12. mgr. B-liðar kemur: til skattstjóra.
d. Við 12. mgr. B-liðar bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Ákvörðun skattstjóra um fyrirframgreiðslu vaxtabóta er kæranleg til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu ákvörðunar. Ríkisskattstjóri skal kveða upp úrskurð sinn innan 15 daga frá því að kæra berst honum og skal úrskurður hans vera endanleg úrlausn málsins á stjórnsýslustigi.

12. gr.

2. málsl. 4. tölul. 71. gr. laganna fellur brott.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 93. gr. laganna:

a. Í stað 1.–3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Í upphafi hvers árs skal fjármálaráðherra að fengnum tillögum ríkisskattstjóra ákveða með auglýsingu hvenær álagningu skuli vera lokið. Álagningu skal þó vera lokið eigi síðar en tíu mánuðum eftir lok tekjuárs, sbr. 60. gr.

Ríkisskattstjóri skal í upphafi hvers árs ákveða fresti skattaðila til að skila framtali, sbr. 91., gr. og þeim gögnum sem um ræðir í 92. gr. Heimilt er að breyta þeim frestum ef nauðsyn krefur.

b. 5. mgr. fellur brott.

14. gr.

Í stað orðanna „Eigi síðar en 30. júní ár hvert skulu skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skv. 95. gr. og eftir því sem við á skv. 3. mgr. 96. gr. og skulu skattstjórar þá" í 1. málsl. 1. mgr. 98. gr. laganna kemur: Þegar skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skulu þeir.

15. gr.

Á eftir 3. mgr. 101. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ríkisskattstjóri getur að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni leiðrétt álagningu á skattaðila eða falið það skattstjóra ef yfirskattanefnd eða dómstólar hafa í hliðstæðu máli hnekkt skattframkvæmd sem skattskil eða ákvörðun skattstjóra var byggð á. Breyting af þessu tilefni getur tekið til skattstofns eða skatts frá og með því tekjuári sem um var fjallað í máli því sem hliðstætt er talið, þó lengst sex ár aftur í tímann, talið frá því ári þegar úrskurður eða dómur var kveðinn upp. Beiðni um endurupptöku skal borin fram innan eins árs frá því skattaðila var eða mátti vera kunnugt um tilefni hennar. Skattaðila er heimilt að kæra breytingar til yfirskattanefndar, sbr. lög nr. 30/1992, svo og má bera synjun um breytingu á skattákvörðun samkvæmt þessari málsgrein undir yfirskattanefnd.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. mgr. 117. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ríkisskattstjóra" kemur: skattstjóra.

b. Orðin „eða ábendingu skattstjóra" falla brott.

17. gr.

118. gr. laganna orðast svo:

Ríkisskattstjóra er heimilt að breyta tímaákvörðunum og frestum skv. 99. gr. ef nauðsyn krefur.

18. gr.

Á eftir orðinu „fjármagnstekjur" í 1. málsl. 1. mgr. 121. gr. laganna kemur: og við mismun sem í ljós kemur við álagningu fjármagnstekjuskatts lögaðila, sbr. 4. mgr. 72. gr.

19. gr.

a. Ákvæði 1., 2., 3., 4., 6., 7., 8., b- og c- liðar 9. gr., 11. gr., 12. gr., 13. gr., 14., gr. 15. gr., 16. gr., 17. gr. og ákvæði til bráðabirgða öðlast þegar gildi.

b. Ákvæði a-liðar 9. gr. og 10. gr. öðlast gildi 1. janúar 2001 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu á því ári.
c. Ákvæði 5. gr., og 18. gr. öðlast gildi 1. janúar 2001 og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2002 vegna tekna og eigna á árinu 2001.
d. Hækka skal fjárhæðir sem um ræðir í 2. mgr. 67. gr. og B-lið 68. gr. laganna sem hér segir: 1. janúar 2002 skulu umræddar fjárhæðir hækka um 3,0% og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2003 vegna tekna á árinu 2002 og eigna í lok þess árs. 1. janúar 2003 skulu umræddar fjárhæðir hækka um 2,25% og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2004 vegna tekna á árinu 2003.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Um skattlagningu söluhagnaðar manna sem fengið hafa frestun skattlagningar söluhagnaðar skv. 7. mgr. 17. gr. laganna vegna sölu hlutabréfa og hluta á árunum 1998 og 1999 og nýta ekki heimildir til fjárfestinga í öðrum hlutabréfum innan frests skv. 7. mgr. 17. gr. laganna eins og hún hljóðaði fyrir gildistöku laga þessara skal fara skv. 3. mgr. 67. gr. laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í þessu frumvarpi eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, en meginbreytingin lýtur að reglunum um frestun á skattlagningu söluhagnaðar hlutabréfa og skattalegri meðferð söluhagnaðar.

Auk þess eru lagðar til breytingar sem lúta að rétti borgaranna til að fá mál sín endurupptekin hjá skattyfirvöldum þegar yfirskattanefnd eða dómstólar hafa með úrskurði eða dómi breytt skattframkvæmd.

Þá eru lagðar til breytingar á skattleysismörkum barna og sjómannaafslætti með hliðsjón af þeim breytingum sem voru gerðar á persónuafslætti síðastliðið vor með lögum nr. 9/2000 í tengslum við gerð kjarasamninga. Í frumvarpinu eru ekki lagðar til breytingar á viðmiðunarfjárhæðum barnabóta, vaxtabóta eða eignarskatta þar sem verið er að endurskoða þessa þætti. Er gert ráð fyrir að lagt verði fram sérstakt frumvarp þar að lútandi. Að lokum eru lagðar til ýmsar breytingar sem lúta að lagatæknilegum atriðum við skattframkvæmd.

Frestun á skattlagningu söluhagnaðar.

Með lögum nr. 97/1996, um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, var samþykkt að heimila frestun skattlagningar á söluhagnaði hlutabréfa hjá einstaklingum um tvenn áramót. Í greinargerð með lögunum kemur fram að markmið hennar sé að auka aðlögunarhæfni atvinnulífsins að breyttum aðstæðum, auðvelda skipulagsbreytingar í atvinnulífinu og stuðla að því að fjármagn haldist í íslensku atvinnulífi, jafnframt því að auka sparnað hjá almenningi.

Á undanförnum árum hefur íslenskt fjármálakerfi verið að opnast og samhliða því hafa fjárfestingar Íslendinga erlendis aukist til mikilla muna. Í boði hafa verið ýmsir fjárfestingakostir sem íslenskir skattgreiðendur hafa tileinkað sér. Þannig hafa einstaklingar getað nýtt þá fjármuni sem verða til ráðstöfunar vegna frestunar skattlagningar á söluhagnaði til að fjárfesta erlendis. Þessar fjárfestingar eru ekki einungis bundnar í erlendum félögum, heldur hafa einstaklingar í vaxandi mæli notað fjármuni sína til þess að kaupa í eða jafnvel stofna hlutafélög erlendis sem hafa þann tilgang að fjárfesta í öðrum félögum. Við lagasetninguna 1996 ríktu því allt aðrar aðstæður á hlutabréfamarkaði en nú.

Samkvæmt gildandi reglum er söluhagnaður einstaklinga af hlutabréfum umfram 3,2 millj-

ónir króna og 6,4 milljónir hjá hjónum skattlagður eins og hverjar aðrar tekjur ef heimildir skv. 7. mgr. 17. gr. eru ekki nýttar. Kaupi einstaklingur hins vegar önnur hlutabréf í stað hinna seldu innan tveggja ára færist söluhagnaðurinn til lækkunar á kaupverði nýju bréfanna. Skattur á aðrar fjármagnstekjur er aftur á móti 10% án takmörkunar.

Ýmislegt bendir til þess að þeir sem hafa hagnast vel á sölu hlutabréfa á undanförnum árum hafi í vaxandi mæli nýtt sér umrædda frestunarheimild. Þá virðast sífellt fleiri telja að hagstæðara sé að ávaxta það fé í hlutafélögum, sem eru annars staðar en á Íslandi, vegna hagstæðari skattareglna og í ýmsum tilvikum í skjóli bankaleyndar. Leiða má líkur að því að í mörgum tilvikum falli skattlagningin jafnvel niður vegna skorts á upplýsingum. Þetta tvennt, frestun skattgreiðslna og hagstætt skattaumhverfi, eru án efa helstu ástæður þess að stærri fjárfestar hafa kosið að stofna eigin hlutafélög erlendis. Þannig má halda því fram að í gildandi reglum felist ákveðin hvatning fyrir einstaklinga til þess að fjárfesta í félögum erlendis fremur en hér á landi. Íslenskir fjárfestar hafa því getað takmarkað skatta sína með því að greiða sér arð frá hinu erlenda félagi sem er skattlagður með 10% skatti hér á landi. Þetta er gert þar sem hagstæðara er að fá fjármagnstekjur í formi arðs en söluhagnaðar þegar fjárhæðirnar eru orðnar háar.

Af framansögðu má ályktа að gildandi ákvæði um skattalega meðferð á söluhagnaði hafi aðeins að hluta til náð tilgangi sínum um eflingu íslensks atvinnulífs með aukinni þátttöku almennings. Niðurstaðan virðist helst sú að fjármagnið leiti frekar úr landi í stað þess að skila sér inn í íslensk atvinnufyrirtæki eins og til stóð með lagabreytingunni 1996. Er því lagt til að heimild til frestunar á söluhagnaði hlutabréfa verði afnumin, jafnframt því sem allur söluhagnaður einstaklinga af hlutabréfum verði skattlagður með 10% án takmörkunar, eins og gildir um aðrar fjármagnstekjur.

Um endurupptöku skattákvarðana í tilefni af úrskurði yfirskattanefndar og dómstóla.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögunum sem lúta að heimild ríkisskattstjóra til að breyta ákvörðun skattstjóra af sjálfsdáðum eða samkvæmt beiðni skattaðila hafi yfirskattanefnd eða dómstólar með úrskurði eða dómi kveðið upp úr með það að skattframkvæmd hafi ekki samrýmst lögum. Í ákvæðinu, sem er að mestu sniðið eftir danskri fyrirmynd, er skattaðila tryggður ákveðinn réttur til að fá mál sín upptekin að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Í frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að endurupptaka skattframtöl allt að sex ár aftur í tilefni af breytingu á skattframkvæmd. Er sú regla í samræmi við það að skattyfirvöldum er með lögum veitt heimild til að endurákvarða skatta til hækkunar vegna tekna síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. 8. gr. er að finna hina almennu skilgreiningu á vaxtahugtaki laganna, en í 2. mgr. sömu greinar er sérstaklega fjallað um tímamark skattskyldu vaxta utan atvinnurekstrar. Í 2. tölul. 1. mgr. er tekið fram um skattskyldu vaxta af stofnsjóðseign í samvinnufélögum, en ekki er nánar fjallað um ákvörðun þeirra tekna í 2. mgr. greinarinnar. Í 2. tölul. 4. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, er kveðið á um að vextir af stofnsjóðseign myndi stofn til staðgreiðslu. Samkvæmt 1. tölul. 5. gr. sömu laga skal afdráttur staðgreiðslu fara fram þegar vextir eru greiddir út eða færðir eiganda til eignar á reikningi. Til þess að samræmi sé á milli þessara ákvæða í lögum nr. 94/1996 og laganna um tekjuskatt og eignarskatt er hér lagt til að um þetta sé sérstaklega kveðið í 2. mgr. 8. gr. og tímamörk skattskyldu vaxta af stofnsjóðseign verði þannig skýrt afmörkuð fyrir einstaklinga utan atvinnurekstrar.

Um 2. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 1. mgr. 8. gr. B-liðar sem fjallar um kaup starfsmanna í hlutabréfum samkvæmt kauprétti.

Breytingu þeirri sem lögð er til í a-lið er ætlað að undirstrika það sjónarmið að eðlilegt sé að þeim hlutabréfum, sem boðin eru starfsmönnum á grundvelli kaupréttarsamninga, fylgi þau almennu réttindi, sem einkenna eiga slík viðskiptabréf. Þannig er komið í veg fyrir að hlutabréf starfsmanna séu sett í sérflokk, sem bundinn sé skilyrðum umfram það sem almennt gerist svo sem varðandi arðgreiðslur og framsal.

Í b-lið er lögð til sú breyting að ef um er að ræða félag þar sem viðskipti með hlutabréf eru skráð í kauphöll, taki áætlað kaupverð ekki mið af gangverði á samningsdegi heldur meðalverði viðskipta síðustu tíu viðskiptadaga fyrir samningsdag. Verðbréfamarkaður hér á landi er enn í þróun og því ákveðin hætta á verðsveiflum milli einstakra viðskiptadaga allt eftir vægi viðskipta. Til að auka líkur á því að áætlað kaupverð hlutabréfa á samningsdegi sé í takt við raunverulegt verðmæti hlutabréfanna og til að koma í veg fyrir spákaupmennsku í þeim tilgangi að hafa áhrif á stofnverð er lagt til að miðað verði við meðalviðskiptaverð síðustu tíu heila daga. Með viðskiptadögum er átt við þá daga sem kauphöll er opin óháð því hvort viðskipti með bréfin fara fram. Ef lokað hefur verið fyrir viðskipti með hlutabréf tiltekinn dag, þá telst sá dagur ekki með.

Breytingin sem er að finna í c-lið greinarinnar felur í sér að tekin verði af öll tvímæli um að einungis megi kaupa fyrir 600 þúsund krónur á ári. Upp hafa komið spurningar hvernig túlka beri ákvæðið, þ.e. hvort í því fælist að áunninn kaupréttur á ári mætti mestur vera 600 þúsund krónur á ári eða hvort að innleysa þyrfti kaupréttinn á hverju ári. Þykir rétt að taka af öll tvímæli hvað þetta varðar.

Um 3. gr.

Í a-lið er lagt til að felld verði niður sú kvöð á fyrirtæki að tilgreina jöfnunarverðmæti hlutabréfa á skattframtali hlutafélags og hlutafjármiðum. Í stað þess er gengið út frá því að ríkisskattstjóri haldi skrá yfir jöfnunarstuðul félaga og birti þann stuðul á aðgengilegan hátt, t.d. á heimasíðu ríkisskattstjóra. Jöfnunarstuðull þessi er hlutfallið á milli jöfnunarverðmætis í árslok 1996 annars vegar og nafnverðs hluta eða hlutabréfa hins vegar. Við ákvörðun á söluhagnaði af hlutabréfum, sem keypt eru fyrir árslok 1996, skal stofnverð bréfanna vera nafnverð þeirra margfaldað með framangreindum jöfnunarstuðli.

Í b-lið er lagt til að felld verði niður heimild til að fresta skattlagningu söluhagnaðar um tvenn áramót eins og verið hefur frá árinu 1996. Samhliða þessari breytingu er lagt til að skattlagning söluhagnaðar verði samræmd annarri skattlagningu fjármagnstekna þannig að allur söluhagnaður verði í 10% skatti, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Helstu rökin fyrir þessari breytingu eru þau að frestunarheimildin hefur í mörgum tilvikum verið notuð til málamynda, þ.e. að liðnum tveggja ára frestinum hafa verið keypt ný bréf og þau seld um leið aftur og sótt um frestun á nýjan leik. Með því hafa menn getað náð því marki að söluhagnaður verði á endanum allur skattlagður í 10% skatti.

Um 4. gr.

Lagðar eru til þrjár breytingar á 30. gr. laganna. Í fyrsta lagi er lagt til að gerð verði sú krafa að félög þau er sækja um staðfestingu ríkisskattstjóra samkvæmt B-lið 1. mgr. 30. gr. leggi fram endurskoðaðan ársreikning, en í dag er ekki kveðið á um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður. Í þessu felst að löggiltur endurskoðandi þarf að hafa endurskoðað ársreikning og gengið úr skugga um að hann hafi verið gerður í samræmi við lög og venjur og gefi glögga

og rétta mynd af rekstri og efnahag félagsins. Þykir þetta eðlileg krafa í ljósi þess að þeir sem vilja fá hlutabréfafrádrátt eiga að geta treyst því að ársreikningar þeirra félaga er hlotið hafi staðfestingu ríkisskattstjóra hafi verið endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á fjárhæðum 2. mgr. ákvæðisins. Þróun á fasteignamarkaði á undanförnum árum hefur leitt til þess að íbúðarhúsnæði sem er í útleigu án þess að um eiginlega atvinnustarfsemi sé að ræða hefur fallið undir þá skilgreiningu laganna að teljast atvinnurekstur vegna þess hversu lág viðmiðunarmörkin eru. Hér er því lögð til nokkur hækkun á viðmiðunarmörkunum. Að lokum er gert ráð fyrir að fjárhæðir þessar séu hækkaðar með verðbreytingarstuðli sem á að tryggja að samhengi sé á milli fjárhæða ákvæðisins og verðbreytinga í atvinnurekstri.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að sú fjárhæð sem tilgreind er í greininni hækki með verðbreytingarstuðli til að tryggja samhengi á milli fjárhæða ákvæðisins og verðbreytinga í atvinnurekstri.

Um 6. gr.

Hér er lögð til breyting á 52. gr. laganna sem kveður á um hvað falli ekki undir rekstrarkostnað.

Samkvæmt lögum nr. 19/1989, um eignarleigustarfsemi, er gerður greinarmunur á kaupleigu og fjármögnunarleigu. Þegar um fjármögnunarleigu er að ræða helst eignarrétturinn hjá leigusalanum, en þegar um kaupleigu er að ræða eignast leigutakinn sjálfkrafa rétt til að eignast hið leigða í lok leigutímans. Þetta þýðir að samningur um fjármögnunarleigu verður aldrei eignfærður hjá leigutaka, en kaupleigusamningar eru eignfærðir hjá leigutaka og mynda stofn til fyrningar. Þessi framkvæmd hefur verið staðfest með úrskurðum ríkisskattanefndar og yfirskattanefndar. Tilvísun til kaupleigu á því ekki heima í þessu ákvæði og er lagt til að það falli brott.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að kveðið verði skýrt á um að heimilt sé að kæra synjun skattstjóra á ósk um breytt reikningsár til ríkisskattstjóra og að úrskurður ríkisskattstjóra verði endanleg úrlausn málsins á stjórnsýslustigi. Er sú kæruleið sem hér er lögð til í samræmi við ríkjandi framkvæmd.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að ákvæði 3. mgr. 64. gr. laganna verði fellt brott. Ástæðan er sú að ákvæðið stangast á við 1. mgr. A-liðar 69. gr. laganna um barnabætur.

Með lögum nr. 65/1997, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, voru barnabætur aflagðar. Jafnframt var heiti barnabótaauka breytt í barnabætur. Við þessar lagabreytingar láðist að fella brott 3. mgr. 64. gr. laganna, sem vísar til barnabóta í því kerfi sem var við lýði fyrir gildistöku laga nr. 65/1997, þ.e. annars vegar ótekjutengdar barnabætur og hins vegar tekju- og eignatengdur barnabótaauki er greiddist þeim sem skráður var framfærandi í árslok.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að söluhagnaður einstaklinga af hlutabréfum verði allur í 10% fjármagnstekjuskatti, en samkvæmt gildandi lögum er söluhagnaður yfir tilteknum fjárhæðarmörkum skattlagður í almennum tekjuskatti. Breyting þessi er lögð til í tengslum við breytingar þær sem

lagðar eru til í b-lið 3. gr. frumvarpsins. Breytingin felur í sér að tekjur í formi söluhagnaðar verða skattlagðar með sama hætti og gildir um aðrar fjármagnstekjur. Um nánari athugasemdir vísast til almennra athugasemda við lagafrumvarp þetta og athugasemda við 3. gr. frumvarpsins. Auk þess eru hér lagðar til breytingar á fjárhæð persónuafsláttar barna í samræmi við þær hækkanir sem gerðar voru á persónuafslætti sl. vor með lögum nr. 9/2000.

Um 10. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á fjárhæð sjómannaafsláttar í samræmi við þær hækkanir sem gerðar voru á persónuafslætti sl. vor með lögum nr. 9/2000.

Um 11. gr.

Lagt er til að skýrt verði kveðið á um kæruleiðir vegna ágreinings um fyrirframgreiðslu barnabóta og vaxtabóta. Um þetta eru ekki ákvæði í gildandi lögum og hafa verið áhöld um hvert skuli skjóta deilumálum um fyrirframgreiðslur. Hér er lagt til að ákvörðun skattstjóra um fyrirframgreiðslu bóta sé kæranleg til ríkisskattstjóra sem taki endanlega ákvörðun í málinu. Fyrirframgreiðsla er í eðli sínu bráðabirgðagreiðsla og því þörf á skjótri kærumeðferð. Síðan eru vaxtabætur og barnabætur endanlega ákveðnar af skattstjóra við álagningu og sæta úrskurðir skattstjóra í kjölfar álagningar kæru til yfirskattanefndar. Þá er og lagt til að í ákvæði laganna um barnabætur verði sett sambærileg heimild til álagsbeitingar vegna ofgreiddra bóta og gildir um vaxtabætur.

Um 12. gr.

Hér er lögð til breyting til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til í 9. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Á síðustu árum hafa verið gerðar breytingar á fyrirkomulagi og vinnubrögðum við skil á skattframtölum. Ný tækni við skattskil, rafræn miðlun upplýsinga og forskráning upplýsinga á framtöl krefst meiri sveigjanleika í álagningartíma og ýmsum skilafrestum. Í samræmi við það er lagt til að fjármálaráðherra auglýsi að fengnum tillögum ríkisskattstjóra álagningarfresti en ríkisskattstjóri ákveði skilafresti í samræmi við það og með hliðsjón af öðrum atriðum sem máli skipta í því sambandi. Sérstaklega er bent á að gert er ráð fyrir að sérstakir frestir verði ákveðnir fyrir lögaðila sem hafa annað reikningsár en almanaksárið þannig að álagning á þá fari fram að liðnum jafnlöngum tíma frá lokum reikningsárs og hjá öðrum lögaðilum.

Um 14. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 98. gr. laganna í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til á 93. gr. laganna í 13. gr. frumvarpsins.

Um 15. gr.

Litið hefur verið svo á að ríkisskattstjóri geti á grundvelli heimildar í 3. mgr. 101. gr. tekið upp að nýju fyrri skattákvarðanir, meðal annars í þeim tilvikum þegar dómstólar hafa hnekkt þeirri framkvæmd sem almennt hefur verið byggt á við álagningu. Finna má ýmis dæmi um þetta á liðnum árum. Í tilefni af ábendingu frá umboðsmanni Alþingis þykir rétt að taka sérstaklega fram í lögum um rétt skattaðila til slíkra leiðréttinga og framkvæmd þeirra, enda hafa komið upp ýmis álitamál um það hvernig standa beri að slíkum leiðréttingum.

Gert er ráð fyrir að ríkisskattstjóri geti bæði af sjálfsdáðum eða samkvæmt beiðni skattaðila breytt ákvörðun skattstjóra hafi yfirskattanefnd eða dómstólar með úrskurði eða dómi kveðið upp úr með það að skattframkvæmd standist ekki lög. Ríkisskattstjóra er heimilt að leggja fyrir skattstjóra að annast slíkar leiðréttingar í samræmi við verklagsreglur. Frumkvæði ríkisskattstjóra að leiðréttingum af þessum toga á einkum við þegar fyrir liggur hvaða skattaðilar eiga í hlut. Í öðrum tilvikum verður að ætlast til þess að skattaðilar leiti eftir endurupptöku.

Samkvæmt tillögugreininni er ekki gert að skilyrði fyrir leiðréttingu af hálfu ríkisskattstjóra að skattaðili hafi mótmælt skilningi skattyfirvalda á skattframkvæmd, t.d. gert kröfu á skattframtölum sínum um frádrátt vegna útgjalda sem þau hafa talið ófrádráttarbær. Þá er heimild ríkisskattstjóra til endurupptöku, sem leiðir af niðurstöðu dómstóla, óháð því að yfirskattanefnd hafi áður fjallað um ágreiningsefnið í máli viðkomandi skattaðila.

Óframkvæmanlegt er og í andstöðu við almenn tómlætissjónarmið að réttur aðila til að fá skattálagningu á sig tekna til nýrrar meðferðar vari endalaust þótt í ljós komi að fyrri ákvörðun um skatta hans hafi byggst á röngum lagagrundvelli. Er lagt til að almennt verði miðað við þá reglu að endurupptaka sé heimil frá og með því tekjuári sem til umfjöllunar var í viðkomandi dómi eða úrskurði. Þó verði endurupptaka aldrei heimil lengra aftur í tímann en sex ár, talið frá því ári þegar úrskurður eða dómur um ólögmæti skattframkvæmdar var kveðinn upp. Miða ber við fyrstu úrlausn æðra stjórnvalds eða dómstóls þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að skattframkvæmd standist ekki lög. Því hefur ekki áhrif á þennan frest þótt úrskurði yfirskattanefndar, sem fellur á þennan veg, sé skotið til dómstóla eða dómi héraðsdóms áfrýjað til Hæstaréttar. Hins vegar er ekki tilefni til að endurupptaka álagningu nema endanleg úrlausn liggi fyrir um ágreiningsefnið, m.a. úrskurður yfirskattanefndar sem fjármálaráðherra hefur ekki borið undir dómstóla innan þess frests sem greinir í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/1992. Áskilið er að beiðni um endurupptöku komi fram innan eins árs frá því skattaðila var eða mátti vera kunnugt um tilefni til hennar.

Að öðru leyti er sex ára fresturinn í samræmi við það að skattyfirvöldum er með lögum veitt heimild til að endurákvarða skatta til hækkunar vegna tekna síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram, sbr. 1. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981.

Lagt er til að kæra megi til yfirskattanefndar synjun ríkisskattstjóra eða eftir atvikum skattstjóra um breytingu á skattákvörðun samkvæmt þessari málsgrein, t.d. ef ríkisskattstjóri telur að mál skattaðila sé af einhverjum ástæðum ekki sambærilegt máli því sem um var dæmt eða úrskurðað eða skilyrði endurupptöku að öðru leyti ekki til staðar. Yfirskattanefnd ber þá einungis að taka afstöðu til forsendna synjunarinnar, en kæmist hún að annarri niðurstöðu en ríkisskattstjóri um það atriði bæri að vísa málinu til nýrrar meðferðar hjá honum. Breyting ríkisskattstjóra sætir hins vegar kæru eftir venjulegum reglum, sbr. lokamálslið 3. mgr. 101. gr.

Um 16. gr.

Hér er lagt til að skattstjóri geti tekið afstöðu til umsóknar skattaðila um lækkun álagðra skatta vegna tvísköttunar. Framkvæmdin hefur verið sú að erindi af þessu tagi hafa verið afgreidd af ríkisskattstjóra eftir álagningu. Ríkisskattstjóri hefur þá þurft að afla framtalsgagna frá viðkomandi skattstjóra og hefur framkvæmdin því verið tafsamari en þyrfti. Breytingin felur í sér hagræði fyrir þá er greitt hafa skatta í öðru landi, þar sem gert er ráð fyrir að skattstjóri muni geta tekið afstöðu til beiðni af þessum toga um leið og álagning fer fram.

Heimildir ríkisskattstjóra til að taka afstöðu til skatterinda af þessu tagi eru hins vegar óbreyttar, þar sem heimildir ríkisskattstjóra samkvæmt 3. mgr. 101. gr. laganna munu einnig ná til slíkra erinda.

Um 17. gr.

Lögð er til breyting á heimildum til breytingar á tímaákvörðunum skv. 99. gr. laganna til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til á 93. gr. laganna.

Um 18. gr.

Lagt er til að heimild til álagsbeitingar vegna mismunar í staðgreiðslu taki einnig til lögaðila eins og annarra skattaðila. Ákvæðið eins og það er í dag tekur samkvæmt orðanna hljóðan aðeins til „manna“, en ætti samkvæmt eðli málsins einnig að taka með sama hætti til mismunar sem til verður á staðgreiðslu og álagningu lögaðila sem fjármagnstekjuskatt eiga að bera.

Um 19. gr.

Lagt er til að fjárhæðir skv. 2. mgr. 67. gr. um persónuafslátt barna og skv. B-lið 68. gr. um sjómannaafslátt verði hækkaðar um 5,5% á tímabilinu 1. janúar 2002 til 1. janúar 2003 með hliðsjón af þeim hækkunum sem gerðar voru á persónuafslætti sl. vor með lögum nr. 9/2000. Fjárhæðir þessar munu hækka um 3,0% 1. janúar 2002 og 2,25% 1. janúar 2003. Í frumvarpi þessu eru ekki lagðar til breytingar á fjárhæðum barnabóta, vaxtabóta og viðmiðunarfjárhæðum við ákvörðun á eignarskatti þar sem gert er ráð fyrir að lagt verði fram sérstakt frumvarp þar að lútandi. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um bráðabirgðaákvæði.

Hér er gert ráð fyrir að þeir aðilar sem nýtt hafa sér skattfrestun samkvæmt 7. mgr. 17. gr. laganna geti gert upp ógreiddan fjármagnstekjuskatt með greiðslu 10% fjármagnstekjuskatts, sbr. 3. mgr. 67. gr. laganna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á framkvæmd skattlagningar og felast meginbreytingarnar í ákvæðum um frestun skattlagninar á söluhagnaði hlutabréfa og skattalegri meðferð söluhagnaðar. Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

293. Frumvarp til laga [265. mál]

um framkvæmd samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Bann við tilraunum með kjarnavopn.

Enginn má framkvæma tilraunasprengingar með kjarnavopn eða aðrar kjarnasprengingar þannig að það stríði gegn samningnum um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn frá 10. september 1996.

2. gr.

Innlent eftirlit.

Geislavarnir ríkisins fara með eftirlit með framkvæmd laga þessara og samningsins.

Geislavarnir ríkisins geta krafist allra upplýsinga og annarra gagna sem nauðsynleg þykja við athugun einstakra mála.

Geislavarnir ríkisins geta að undangengnum dómsúrskurði gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöð og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum. Við framkvæmd athugunar skal lögregla veita Geislavörnum ríkisins nauðsynlega aðstoð.

Á varnarsvæðum fer utanríkisráðherra með lögsögu, sbr. lög um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl.

3. gr.

Alþjóðlegt eftirlit.

Eftirlitsmönnum sem starfa á grundvelli samningsins er heimilt að framkvæma hér á landi eftirlit sem kveðið er á um í samningnum í þeim tilgangi að fylgjast með því hvort Ísland framfylgir samningsskuldbindingum sínum. Fulltrúar utanríkisráðuneytisins og Geislavarna ríkisins skulu vera viðstaddir slíkar skoðanir.

Eftirlitsmenn sem starfa á grundvelli samningsins skulu njóta friðhelgi og forréttinda hér á landi eins og kveðið er á um í samningnum.

4. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra sem í hlut á getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

5. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn lögum þessum eða reglum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að fjórum árum. Nú er brotið ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið fangelsi allt að sex árum.

Tilraun eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga.

6. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt bætist nýr töluliður við 6. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 147/1998, svohljóðandi:

11. Fyrir háttsemi sem greinir í samningi um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn frá 10. september 1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði nauðsynleg lagaákvæði til að unnt verði að fullnægja skuldbindingum samkvæmt samningi um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn sem samþykktur var í New York 10. september 1996 (hér eftir nefndur samningurinn). Um er að ræða alþjóðasamning sem hefur að geyma ákvæði um bann við hvers konar tilraunum með kjarnasprengingar. Áður hafa verið gerðir samningar um bann við tilraunum í andrúmslofti, í geimnum og neðansjávar (1963), sem og um takmörkun sprenginga við 150 kílótonna styrkleika (1974). Með þingsályktun 13. maí 2000 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að fullgilda samninginn fyrir Íslands hönd. Samningurinn var síðan fullgiltur 26. júní sama ár. Samningurinn er birtur á þingskjali 887 á 125. löggjafarþingi 1999–2000.

Afvopnunarráðstefnan í Genf hóf samningaviðræður um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn 26. janúar 1994. Ráðstefnan gat einungis tekið ákvarðanir með almennu samþykki þeirra ríkja sem tóku þátt í henni og þegar upp var staðið var eitt ríkjanna, Indland, ekki reiðubúið til að samþykkja þau samningsdrög sem samstaða var um að öðru leyti. Af þessum sökum var samningurinn lagður fyrir aukaallsherjarþing Sameinuðu þjóðanna sem kallað var saman sérstaklega í þessum tilgangi og samþykkti það samninginn með miklum meiri hluta 10. september 1996. Samningurinn var lagður fram til undirritunar 24. september 1996 og var hann undirritaður af Íslands hálfu sama dag.

Samningurinn sem hefur að geyma 17 greinar og 2 viðauka hafði hinn 27. október 2000 verið undirritaður af 160 ríkjum og fullgiltur af hálfu 66 ríkja. Samningurinn öðlast ekki gildi fyrr en þau 44 ríki sem tilgreind eru í 2. viðauka við samninginn hafa fullgilt hann. Af þessum ríkjum hafa 30 ríki fullgilt samninginn en 40 undirritað hann. Þrjú ríkjanna, Indland, Norður-Kórea og Pakistan, hafa ekki undirritað samninginn. Kjarnorkuveldin Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Kína og Rússland hafa öll undirritað samninginn. Bretland, Frakkland og Rússland hafa jafnframt fullgilt hann.

Með samningnum er sett á laggirnar sérstök alþjóðastofnun með aðsetur í Vínarborg. Stofnunin samanstendur af þingi aðildarríkjanna, framkvæmdaráði og tækniskrifstofu. Stofnunin hefur umsjón með framkvæmd samningsins og rekstri alþjóðaeftirlitskerfisins og sérstakrar gagnamiðstöðvar.

Með samningnum er komið á fót eftirlitskerfi til að sannreyna hvort honum sé framfylgt í aðildarríkjunum. Eftirlitskerfið grundvallast af fjórum meginþáttum: alþjóðlegu eftirlitskerfi, staðbundnu eftirliti, samráði og skýringum ríkjanna og loks traustvekjandi aðgerðum. Alþjóðlega eftirlitskerfið samanstendur af alls 321 stöð víðs vegar um heim í samtals 89 löndum. Kerfið er tvískipt, aðalkerfi og varakerfi. Tvær þessara stöðva verða staðsettar hér á landi til mælinga á geislavirkni og jarðhræringum. Stöð til mælinga á geislavirkni tilheyrir aðalkerfinu og verður staðsett á Rjúpnahæð. Verður hún í umsjón Geislavarna ríkisins sem einnig munu sjá um að miðla upplýsingum frá stöðinni til alþjóðlegrar gagnamiðstöðvar sem safnar saman upplýsingum frá stöðvum víðs vegar um heim. Stöð til jarðskjálftamælinga sem Veðurstofa Íslands hefur umsjón með er staðsett í nágrenni Borgarness og er henni ætlað að

þjóna varakerfinu. Í staðbundnu eftirliti felst að eftirlitshópur sem skipaður er af tækniskrifstofu stofnunarinnar er sendur til einstaks ríkis í þeim tilgangi að upplýsa hvort tilraunasprenging með kjarnavopn eða nokkur önnur kjarnasprenging hafi verið framkvæmd í bága við samninginn. Með samráði og skýringum milli aðildarríkja er átt við að áður en ríki óskar eftir staðbundnu eftirliti í öðru ríki skuli ríkin fyrst reyna til hlítar að skýra og leysa sín á milli, með eða fyrir milligöngu stofnunarinnar, hvert það mál sem valdið getur áhyggjum um að ekki sé staðið við grundvallarskuldbindingar samkvæmt samningnum. Traustvekjandi aðgerðir samkvæmt samningnum felast í að hvert ríki tilkynni tækniskrifstofunni með fyrirvara hverja þá efnasprengingu af ákveðnum styrkleika sem stendur til að framkvæma á yfirráðasvæði þess.

Allsherjarbann við kjarnasprengingum hefur mikla þýðingu til að stemma stigu við vígbúnaðarkapphlaupi á sviði kjarnavopna. Samningurinn setur ríkjum skorður í þróun og smíði kjarnavopna, einkum þeim ríkjum sem ekki eiga slík vopn fyrir en hafa í hyggju að koma þeim upp. Einnig hamlar samningurinn gegn frekari þróun nýrra vopna þeirra ríkja sem þegar hafa á að skipa kjarnavopnum. Samningurinn hefur þannig mjög mikið gildi í viðleitni til að stemma stigu við útbreiðslu kjarnavopna og hefta frekari þróun þeirra.

Með samþykkt þessa lagafrumvarps, sem samið var í dómsmálaráðuneytinu í samráði við utanríkisráðuneytið, hefur Ísland komið í framkvæmd ákvæðum samningsins hér á landi eins og krafist er af aðildarríkjunum skv. 3. gr. samningsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Meginmarkmið samningsins er að banna hvers konar tilraunir með kjarnavopn og kjarnasprengingar, sbr. 1. gr. samningsins. Í þessari grein er sett fram slíkt bann og er þar vísað beint til samningsins hvað varðar umfang bannsins.

Um 2. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. samningsins skal hvert aðildarríki tilnefna eða setja á stofn umsjónarstjórnvald sem skuli starfa sem miðstöð fyrir tengsl við alþjóðastofnunina og önnur aðildarríki. Í 3. mgr. 4. gr. samningsins er gert ráð fyrir að umsjónarstjórnvaldið taki þátt í eftirliti með því að bann við tilraunum með kjarnavopn sé virt hér á landi. Miðað er við að Geislavarnir ríkisins fari með hlutverk umsjónarstjórnvalds hér á landi.

Til að framfylgja banni við tilraunum með kjarnavopn og kjarnasprengingar hafa Geislavarnir ríkisins víðtækar heimildir til að krefjast upplýsinga og annarra gagna, sem og að gera vettvangskannanir að undangengnum dómsúrskurði í samræmi við almennar reglur. Við slíkt eftirlit skal lögregla veita Geislavörnum ríkisins nauðsynlega aðstoð.

Á varnarsvæðum er gert ráð fyrir að utanríkisráðherra fari með lögsögu í samræmi við lög nr. 106/1954.

Um 3. gr.

Samkvæmt D-lið 4. gr. samningsins hefur hvert aðildarríki rétt til að óska eftir staðbundnu eftirliti á yfirráðasvæði eða á sérhverjum öðrum stað undir lögsögu eða stjórn sérhvers aðildarríkis eða á sérhverju svæði utan lögsögu eða stjórnar ríkja. Tilgangur slíks staðbundins eftirlits er að upplýsa hvort tilraunasprenging með kjarnavopn eða nokkur önnur kjarnasprenging hafi verið framkvæmd í bága við 1. gr. samningsins og að svo miklu leyti sem unnt er að safna saman upplýsingum um hvers kyns staðreyndir sem gætu aðstoðað við að bera kennsl á aðila sem hugsanlega hefur brotið gegn ákvæðum samningsins. Framkvæmdaráðið

tekur ákvörðun um hvort orðið verði við beiðni um staðbundið eftirlit. Verði beiðni tekin til greina skal framkvæmdastjóri tækniskrifstofunnar gefa viðkomandi ríki tilkynningu þar að lútandi. Eftirlitið felst í því að eftirlitshópur sem tilnefndur er af framkvæmdastjóra tækniskrifstofunnar er sendur til viðkomandi ríkis. Hvert aðildarríki þarf fyrirfram að samþykkja lista tækniskrifstofunnar yfir skoðunarmenn. Ef framkvæma á skoðun í aðildarríki hafa fulltrúar viðkomandi ríkis rétt á að vera viðstaddir skoðunina og skulu aðstoða ef með þarf. Skoðunarmenn mega samkvæmt samningnum skoða alla þætti er lúta að starfsemi þar sem hugsanlegt er að tilraunasprenging með kjarnavopn eða önnur kjarnasprenging hafi verið framkvæmd.

Með 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði heimild fyrir alþjóðlegu eftirliti hér á landi í samræmi við ákvæði samningsins. Gert er ráð fyrir að fulltrúar utanríkisráðuneytisins og Geislavarna ríkisins skuli vera viðstaddir skoðanir samkvæmt greininni.

Í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins er eftirlitsmönnum sem starfa á grundvelli samningsins veitt friðhelgi og forréttindi hér á landi eins og kveðið er á um í samningnum.

Um 4. gr.

Í greininni er að finna heimild til að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna. Það veltur á efni slíkra ákvæða í hlut hvaða ráðherra kemur að setja reglugerð.

Um 5. gr.

Í 3. gr. samningsins eru gerðar kröfur um að aðildarríkin geri nauðsynlegar ráðstafanir til að koma skuldbindingum sínum samkvæmt samningnum til framkvæmda. Þannig er hverju aðildarríki gert skylt að banna þá háttsemi sem er óheimil samkvæmt samningnum. Hér er lagt til að brot gegn lögunum varði sektum eða fangelsi allt að fjórum árum. Ef brot er ítrekað eða stórfellt er lagt til að refsing geti orðið fangelsi allt að sex árum. Þá er lagt til að tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögunum verði refsiverð.

Um 6. gr.

Lagt er til að gerðar verði viðeigandi breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga um refsilögsögu til samræmis við 1. mgr. 3. gr. samningsins. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmd samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn.

Í frumvarpinu eru lögð til nauðsynleg lagaákvæði til að unnt verði að fullnægja skuldbindingum í alþjóðasamningi um bann við tilraunum með kjarnavopn sem Alþingi veitti ríkisstjórninni heimild til að fullgilda fyrir Íslands hönd árið 2000. Samningurinn var fullgiltur 26. júní sama ár. Samkvæmt frumvarpinu munu Geislavarnir ríkisins fara með eftirlit með framkvæmd laganna og samningsins. Í tengslum við það eftirlit verður sett upp mælistöð á Rjúpnahæð í Reykjavík án kostnaðar fyrir Ísland. Hins vegar er gert ráð fyrir að Geislavarnir

ríkisins kaupi sérstakan hugbúnað til greiningar á mæligögnum og er sá stofnkostnaður áætlaður 2,4 m.kr. Þá er áætlað að árlegur rekstrarkostnaður stofnunarinnar við framkvæmd eftirlitsins verði 1,1 m.kr., aðallega vegna launakostnaðar og utanlandsferða. Ætla má að lítið reyni á eftirlit með kjarnavopnum að öðru leyti hér á landi.

294. Tillaga til þingsályktunar [266. mál]

um rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys.

Flm.: Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að við nýframkvæmdir samkvæmt vegáætlun verði gert ráð fyrir rásum fyrir búfénað undir vegi þar sem girt er með fram vegum en bithagar beggja vegna. Jafnframt verði hafin vinna við gerð slíkra rása undir vegi þar sem umferð er þung og bithagar eru nytjaðir beggja vegna vegar.

Greinargerð.

Árlega berast fréttir af alvarlegum umferðarslysum sem orðið hafa vegna þess að búfé gengur laust á vegum úti. Eftirfarandi tafla sýnir slysatíðni af þeim sökum árin 1994–98 samkvæmt tölum frá Umferðarráði:

Ár	Slys	Dauði	Mikið slasaðir	Lítið slasaðir	Óhöpp án slysa
1994	4	0	0	5	59
1995	3	0	0	4	91
1996	4	0	2	8	89
1997	5	0	1	4	117
1998	4	0	0	5	*

* Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Eins og hér kemur fram hefur fjöldi umferðaróhappa af völdum lausagöngu búfjár nærri því tvöfaldast á fjögurra ára bili og alls hafa 29 manns slasast í þessum óhöppum.

Umræðan um lausagöngu búfjár á vegum og hættuna sem af henni skapast verður sífellt háværari og hafa margir orðið til þess að hugleiða hvað væri til ráða. Ein þeirra lausna, sem litið hefur verið til, er að setja upp girðingar með fram öllum vegum. Viðhald slíkra girðinga þarf að vera viðvarandi ef tryggja á að þær haldi búfénaði frá umferðarleiðum vélknúinna ökutækja. Girðingar með fram vegum hafa hins vegar þann ókost að draga úr nýtingu túna og verða jafnvel einnig til þess að fé er rekið um þjóðvegi.

Þá er þess að geta að víða háttar svo til að bithagar eru báðum megin vegar eða bithagar öðrum megin og vatnsból hinum megin. Við slíkar aðstæður hefur oft dregist að girða vegi vegna augljósra vandamála sem það hefði í för með sér. Sú lausn sem hér er gerð tillaga um yrði til þess að víkja þeim vandamálum úr sögunni.

Framtíðarlausn gæti verið að leggja göng úr ræsahólkum *undir* alla nýja vegi og vegi sem verið er að endurnýja og laga. Þannig má tryggja leið fyrir búfénað. Mikilvægt væri að nota

tækifærið og gera slíkar rásir fyrir búfénað um leið og vegur er lagður eða endurbættur til að draga sem mest úr viðbótarkostnaði. Ef tekin verður ákvörðun um að girða þjóðvegi á næstu árum má um leið gera ráð fyrir búfjárrásum eins og hér er lýst og hafa um staðsetningu þeirra samráð við staðkunnuga í hverju tilviki. Enginn verulegur aukakostnaður hlýst af þessu ef það er gert um leið og vegirnir eru lagðir. Í nánast öllum tilvikum er hægt að staðsetja búfjárrásir af þessu tagi þannig að þær nýttust einnig til að hleypa burt leysingarvatni á vorin en væru þurrar í annan tíma.

Í tillögunni er jafnframt lagt til að hafin verði vinna við gerð slíkra rása undir vegi þar sem umferð er þung og bithagar eru nytjaðir beggja vegna. Flutningsmaður gerir ekki tillögu að sérstakri viðmiðun í þessu sambandi enda getur reynst erfitt að draga mörkin aðeins við ákveðinn bílafjölda. Hins vegar er rétt að benda á að Umferðaröryggisnefnd Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Akraness sendi nýlega frá sér ályktun um girðingar með fram vegum. Í ályktuninni er lögð áhersla á að girt verði með fram vegum þar sem 300 bílar eða fleiri fara að meðaltali um á dag að sumarlagi.

Reynsla af umræddum búfjárrásum er fyrir hendi, t.d. á Austurlandi þar sem framsýnir bændur hafa fundið heppilega lausn á hættu sem stafar af lausagöngu búfjár. Sem dæmi má nefna bæinn Ásbrandsstaði í Vopnafirði, en þegar vegur þar var endurbyggður og lagt á hann bundið slitlag árið 1985 lét bóndinn þar leggja rörhólka undir veginn til þess að hægt væri að hleypa skepnum þar um án þess að þeim, eða akandi vegfarendum, stafaði hætta af. Fyrirkomulag þetta hefur reynst einstaklega vel.

Rás eins og hér hefur verið lýst sést á eftirfarandi teikningu.



295. Tillaga til þingsályktunar [267. mál]

um tónminjasafn.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að stofnað verði tónminjasafn.

Greinargerð.

Tónminjasafn aflar, varðveitir og sýnir hvers kyns gömul og ný verðmæti sem tengjast tónlist á Íslandi, þar á meðal hljóðfæri, hljómtæki, hljóðupptökur, nótur, bækur, myndir, heimildir um tónlistarsögu og frásagnir af tónlistarflutningi, tónlistarmönnum, tónlistarviðburðum og hvers kyns gripum sem tengjast samningu og flutningi tónlistar.

Með stofnun og rekstri tónminjasafns verður menningarverðmætum bjargað frá glötun og tónlistarsaga þjóðarinnar verður gædd lífi og gerð aðgengileg fyrir almenning. Jafnframt mun tónminjasafn draga að ferðamenn, kynna þeim ríkan þátt í lífi þjóðarinnar og auka fjölbreytni þess sem þeim býðst að skoða. Með vönduðum frágangi er mögulegt að búa til safn sem gleður bæði augu og eyru. Þar verður hægt að flétta saman hljóðupptökur, gömul og ný hljóðfæri, gripi sem tengjast hljómsveitum og tónlistarmönnum, myndir, kvikmyndir og frásagnir.

Tónlistarlíf á Íslandi hefur orðið æ blómlegra á síðustu áratugum. Þeim sem stunda tónlistarnám og tónlistarflutning hefur fjölgað afar mikið og í raun hefur orðið bylting á þessu sviði á 20. öldinni, enda stóð tónlistarlíf á Íslandi í upphafi hennar töluvert að baki því sem var meðal annarra Evrópuþjóða. Jafnframt þessu er nú að koma fram vitneskja úr handritum okkar sem sýnir að tónlistin á sér ríkulegri sögu á Íslandi en áður var talið. Hins vegar er það ekki einungis saga tónlistarinnar og mikil ástundun sem vekur athygli heldur einnig að samning og flutningur tónlistar eru vaxandi atvinnuvegur og útflutningur hér á landi. Tónminjasafn þarf þannig að taka til allra þátta tónlistar og allra tegunda tónlistar.

Margt bendir til þess að víða um land og hjá ótal aðilum liggi efniviður í tónminjasafn og enn fremur að vinda verði bráðan bug að söfnun og skráningu áður en það er orðið um seinan. Enn eru lifandi margir þeir sem muna og geta sagt frá þeim árum sem síðar verða talin hin viðburðaríkustu í tónlistarsögu þjóðarinnar, og enn má finna hljóðfæri, hljómtæki, gripi og búninga hljómsveita, nótur, útsetningar o.s.frv. sem líklegt er að fari forgörðum, jafnvel á næstu árum. Að sjálfsögðu hefur mörgu af því sem tengist tónlist verið safnað og úr því unnið, enda er það á starfssviði ýmissa stofnana. Aðrir aðilar hafa þó einnig stundað skipulega söfnun og vinnslu á verðmætum sem tengjast tónlist. Tónminjasafn á ekki að taka við hlutverki slíkra aðila eða taka fram fyrir hendur þeirra sem fyrir eru heldur eiga öflugt samstarf við þá.

Enginn vafi er að mikill áhugi verður á stofnun og rekstri tónminjasafns, enda er áhugi og efniviður meðal þjóðarinnar nægur. Fjölmargir aðilar meðal stofnana, fyrirtækja, félaga, skóla, kóra, hljómsveita, leikfélaga, einstaklinga o.fl. munu vera tilbúnir að leggja slíku safni lið ef vel er á málum haldið.

Mikilvægt er að undirbúa stofnun og rekstur tónminjasafns og eiga víðtækt samstarf við þá fjölmörgu sem stutt geta slíkt safn, og því er þessi tillaga flutt.

296. Tillaga til þingsályktunar [268. mál]

um að draga úr losun mengandi lofttegunda.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson, Kristján Pálsson.

Alþingi ályktar að draga beri úr losun mengandi lofttegunda sem valda gróðurhúsaáhrifum með því að vinna og nýta metangas frá öllum stærri sorphaugum og urðunarstöðum landsins. Enn fremur ályktar Alþingi að mótuð verði framtíðarstefna um sorpurðun sem tryggi fyllstu endurvinnslu og nýtingu verðmæta sem felast í úrgangi. Umhverfisráðherra beiti sér fyrir gerð framkvæmdaáætlunar og lagafrumvarps sem stuðli að framangreindum markmiðum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 121., 122. og 125. löggjafarþingi. Henni fylgdi þá eftirfarandi greinargerð:

„Hvert tonn af metangasi (CH_4) veldur tuttugu til tuttugu og fimm sinnum meiri gróðurhúsaáhrifum í lofthjúpi jarðar en hvert tonn af koltvísýringi (CO_2). Metangas fylgir allri rotnun og því streymir metangas stöðugt upp frá gömlum og nýjum sorphaugum hér á landi. Áætlað er að um verulegt magn sé að ræða á ári hverju. Metangasi er hægt að eyða og gera skaðlaust með því að brenna það við útstreymi, nýta það við stóriðju eða sem eldsneyti á bíla sem sérstaklega eru búnir til slíks. ...

Frá urðunarstað höfuðborgarsvæðisins í Álfsnesi streyma nú um 750 tonn af metangasi á ári. Ef ekki væri að gert ylli það svipuðum gróðurhúsaáhrifum og allur koltvísýringur sem kemur frá álverinu í Straumsvík á 70 dögum. Útstreymi metangass frá Álfsnesi mun aukast um 90 tonn á ári til ársins 2008 og verður þá orðið um 1.600 tonn á ári. Til samanburðar má nefna að það jafngildir um ⅔ af árlegu koltvísýringsútstreymi frá væntanlegu álveri á Grundartanga. Í Álfsnesi hefur Sorpa hins vegar unnið frumkvöðulsstarf og safnar metangasi saman og brennir því. Nú er brenndur um ¼ af gasinu og um næstu áramót verður öllu metangasi frá Álfsnesi brennt.

Metangasið í Álfsnesi kemur frá um 460 þúsund tonnum af úrgangi sem þar eru urðuð, en á gömlu sorphaugunum í Gufunesi eru um 2,5 milljónir tonna af úrgangi grafnar og augljóslega streymir þar út mikið metangas. Þessu metangasi þarf að safna og vinna og draga þar með úr neikvæðum gróðurhúsaáhrifum. Aðrir stórir sorphaugar liggja nú grafnir í nágrenni Akureyrar, við Selfoss og víðar og framtíðarurðunarstaður er t.d. við Kirkjuferjuhjáleigu fyrir Suðurland. Í raun eru þarna mengunarvaldar sem um leið eru ónýtt orkuforðabúr sem þarf að nýta.

Söfnun og vinnsla metangass auðveldar Íslendingum að auka varnir gegn mengun andrúmsloftsins auk þess sem gott skipulag sorpurðunar undirbýr framkvæmd þeirra gerða (tilskipana) sem fylgja EES-samningnum um frágang urðunar og söfnun metangass.

Mikið átak er fram undan hjá Íslendingum í að nýta betur sorp og annan úrgang sem til fellur. Engin heildarlöggjöf er til um sorphirðu (hreinsun og förgun) og má m.a. benda á að engin lög skylda almenning til þess að flokka úrgang en þó er slíkt þegar hafið að nokkru leyti með flokkun drykkjarvöruumbúða, dagblaða og mjólkurferna, auk grófara efnis, svo sem garðaúrgangs, timburs, járns og fleira. Má benda á að einstök sveitarfélög geta sett sér samþykktir um sorphirðu þar sem hægt er að kveða á um meðferð og flokkun úrgangs og hafa þó nokkur sveitarfélög nýtt sér þá heimild. Þannig gera engin lög skylt að dagblaða-

pappír og umbúðaefni sem skolar úr strönduðu flutningaskipi séu flutt til endurnýtingar heldur er þeim fargað á nærtækasta og ódýrasta stað.

Tímabært er að hraða vinnu að þessum verkefnum, þ.e. vinnslu metangass, og áherslu á sjálfbæra þróun í sorpurðun og endurnýtingu verðmæta. Alþingi beinir því til umhverfisráðherra að hann móti framkvæmdaáætlun og undirbúi lagasetningu um þessi mikilvægu viðfangsefni.“

297. Tillaga til þingsályktunar [269. mál]

um bætta þjónustu hins opinbera.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja markvissar aðgerðir til þess að bæta afgreiðslu og þjónustu opinberra stofnana við almenning og atvinnulífið.

Greinargerð.

Almenningur og atvinnufyrirtæki bera háan kostnað og hafa mikla fyrirhöfn af samskiptum sínum við stjórnsýslu og opinberar stofnanir. Samskipti þessi tengjast fjölþættum verkefnum sem hinu opinbera hafa verið falin en þau eru m.a. leyfisveitingar, eftirlit, eignaumsýsla og stjórn framkvæmda. Að stórum hluta eru ítök hins opinbera eðlileg eða óhjákvæmileg en að hluta til leifar eldri stjórnarhátta og að sumu leyti líka þær aðferðir sem hið opinbera notar í þjónustu og afgreiðslu erinda. Þetta á ekki aðeins við um samskipti við almenning og atvinnulífið heldur einnig um seinvirk samskipti milli opinberra aðila innbyrðis. Sennilega er margt sem veldur, m.a. fjárskortur, en á hitt ber að líta að mikill fjárhagslegur ávinningur felst í endurbótum og aukinni skilvirkni í opinberri þjónustu.

Kröfur um aukna skilvirkni, bætta þjónustu og skjóta afgreiðslu mála hafa orðið háværari á síðustu árum. Samkeppni hefur harðnað, alþjóðaviðskipti aukist og tölvu- og fjarskiptatækni tekið byltingarkenndum breytingum. Viðmiðanir um hvað teljist góð þjónusta hafa gerbreyst. Almenningur og atvinnulífið hafa brugðist við þessum aðstæðum með bættri gæðastjórnun, aukinni tækniþekkingu og meiri framleiðni. Á þessu sviði verða Íslendingar að standast fremstu þjóðum snúning.

Víða hafa orðið endurbætur í opinberri þjónustu. Margt bendir þó til þess að stjórnsýslan og opinberar stofnanir hafi setið eftir í þessari þróun og að almenningur og atvinnurekstur fái þar hvorki jafngóða þjónustu né jafnskjóta afgreiðslu erinda og tíðkast á öðrum sviðum viðskiptalífsins. Meðal ábendinga er að ákvarðanataka sé seinvirk, fundir um aðkallandi mál skili ekki niðurstöðu, bréfum sé svarað seint eða aldrei, erfitt sé að vita hvar mál séu stödd, ábyrgð sé óljós, lipra þjónustu skorti og seint sé brugðist við kvörtunum. Einkafyrirtæki sem þannig sinnti viðskiptavinum sínum yrði fljótlega undir í samkeppninni en hið opinbera nýtur verndar að þessu leyti. Hið opinbera virðist því ekki hafa tekið að fullu þátt í þeim framförum sem orðið hafa og getur þannig hamlað auknum afköstum í samfélaginu.

Þetta er þeim mun alvarlegra þegar á það er litið að afskipti hins opinbera af viðskiptum og daglegu lífi eru mikil. Opinberir aðilar fara með eignarhald og aðstöðu, sjá um leyfisveitingar og eftirlit í ótal þáttum samfélagsins. Á sama tíma hafa almenningur og íslensk fyrirtæki lítið fjármagn og hraði viðskiptalífsins þolir litlar tafir. Seinvirk afgreiðsla erinda getur stórskaðað viðkvæm fyrirtæki. Betri og skilvirkari þjónusta stjórnsýslunnar og opinberra

stofnana mun skila íslensku samfélagi miklum ávinningi á sviði viðskipta og almenningsþjónustu.

298. Tillaga til þingsályktunar [270. mál]

um skattfrádrátt meðlagsgreiðenda.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd sem kanni hvort rétt sé að setja reglur sem heimili að meðlagsgreiðslur foreldra gangi til lækkunar á tekjuskattsstofni þeirra. Í þessu sambandi verði meðal annars skoðaðar þær reglur sem gilda annars staðar á Norðurlöndum og hvort rétt sé að binda heimildina við þá foreldra sem hafa stofnað til hjúskapar eða hafið sambúð að nýju.

Nefndin skili niðurstöðum sínum fyrir 1. september 2001.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 122., 123. og 125. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Hún miðar að því að kannað verði hvort rétt sé að setja í lög heimild til handa meðlagsskyldum foreldrum til að draga meðlagsgreiðslur frá tekjuskattsstofni og lækka þar með tekjuskattsgreiðslur þeirra. Hér eru fyrst og fremst hafðir í huga þeir foreldrar sem hafa gengið í hjónaband eða hafið sambúð að nýju. Þegar þannig háttar til hafa viðkomandi foreldrar framfærsluskyldu gagnvart nýju fjölskyldunni sem þeim gengur oft og tíðum illa að fullnægja vegna greiðslubyrði sinnar af meðlagsgreiðslum. Í sumum tilfellum verður afleiðingin að greiðslubyrðin verður einstaklingunum ofviða og þeir lenda í stöðu sem þeir ná ekki að vinna sig út úr, t.d. gjaldþroti. Slíkt leiðir síðan til þess að viðkomandi foreldrar sjá sér ekki annan kost en að hefja svarta atvinnustarfsemi svo að hin nýja fjölskylda hafi til hnífs og skeiðar. Með því að heimila slíkan skattfrádrátt í ákveðnum afmörkuðum tilvikum væri hægt að koma í veg fyrir margan fjölskylduharmleikinn.

Í Noregi og Danmörku er foreldrum heimilt að draga frá tekjuskattsstofni greitt meðlag að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Eðlilegt er því að skoða hvort ekki sé rétt að hafa sama hátt á hér á landi.

299. Tillaga til þingsályktunar [271. mál]

um bókaútgáfu.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja markvissar aðgerðir til þess að styrkja stöðu bókarinnar og efla bókaútgáfu á Íslandi. Markmiðið með aðgerðunum verði að efla íslenska tungu og glæða menntun og menningu þjóðarinnar jafnframt því að örva ritun bóka og bæta lestrarhæfni og aðstöðu til náms. Enn fremur verði haft að markmiði að auka atvinnustarf-

semi tengda prentun, útgáfu og sölu bóka. Skipaður verði starfshópur sem móti tillögur um aðgerðir til eflingar bókinni. Í starfshópnum verði m.a. fulltrúar menntastofnana, námsmanna, kennara, aðila prentiðnaðarins, bókaútgefenda, neytenda og launþega. Hópurinn skili tillögum sínum fyrir árslok 2001.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 120., 121., 122. og 125. löggjafarþingi en náði þá ekki fram að ganga.

Ótvíræðar vísbendingar vitna um að óheillavænleg áhrif sæki að íslenskri tungu og að hún muni eiga í harðnandi samkeppni. Málsamfélag þjóðarinnar verður þá í hættu. Staða bókarinnar kann að ráða úrslitum um þessa þróun en á síðustu árum hefur bóklestur dregist saman, lestrarkunnáttu hefur hrakað, skilningur ungs fólks á rituðu máli hefur rýrnað, ritun bóka hefur dalað, bókaútgáfa hefur verið á undanhaldi, útgefnum titlum hefur fækkað, bóksala hefur minnkað og bókakostnaður námsmanna hefur aukist. Áhrif þessa hafa einnig verið alvarleg fyrir prentun, bókaútgáfu og annað atvinnulíf sem bókum tengist.

Íslensk tunga er sá stofn sem ber uppi íslenska menningu. Án rótfastrar og lifandi tungu eru Íslendingar sviptir þeim sérkennum og þeirri samkennd sem æ fleiri þjóðir gera sér grein fyrir að er nauðsynleg um leið og þær vilja auka samstarf hver við aðra. Íslendingar vilja flestir taka þátt í slíku samstarfi og njóta þeirra jákvæðu áhrifa sem menning annarra þjóða getur haft á þjóðlíf okkar. Við þurfum að geta tekið fullan þátt í alþjóðasamskiptum en jafnframt haldið einkennum okkar og gróskumikilli menningu.

Stórar og öflugar þjóðir svo sem Frakkar, Bretar, Norðmenn og fleiri leggja ofuráherslu á sérkenni og fegurð þjóðtungu sinnar og telja nauðsynlegt að verja málsamfélög sín með stuðningi við bókina.

Bókin flytur þá næringu sem tungunni og menningunni er nauðsynleg. Skammsýni og andvaraleysi getur leitt til óheillaþróunar sem ekki verður við snúið, jafnvel þó að miklum fjármunum yrði til kostað. Aðgerðir til þess að styrkja stöðu bókarinnar eru því aðkallandi.

300. Tillaga til þingsályktunar [272. mál]

um rekstur björgunarsveita í landinu.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að setja á fót nefnd með það að markmiði að létta rekstur björgunarsveita í landinu og bæta starfsaðstöðu þeirra. Nefndin skoði tekjumöguleika sveitanna og rekstrarkostnað þeirra og þá sérstaklega gjöld og álögur sem þær greiða til opinberra aðila. Enn fremur leggi nefndin fram tillögur um hvernig tryggja megi framtíðarstöðu björgunarsveitanna.

Greinargerð.

Björgunarsveitir gegna mikilvægu hlutverki á Íslandi. Aðstæður hér eru með þeim hætti að oft þarf að leita eftir aðstoð bæði björgunarsveita og opinberra aðila, svo sem Landhelgisgæslu, lögreglu, slökkviliðs og sjúkraliðs. Starf björgunarsveitanna er ómetanlegt. Mest af því er sjálfboðaliðastarf og það útheimtir mikil útgjöld. Björgunarsveitir búa við erfið rekstr-

arskilyrði og margt bendir til að slíkt muni draga úr starfsgetu þeirra miðað við auknar kröfur á sviði öryggismála. Enn fremur er hætta á minni aðsókn sjálfboðaliða.

Mikilvægt er að rekstrar- og starfsgrundvöllur sveitanna sé skoðaður og að opinberir aðilar tryggi framtíðarstöðu þeirra enda eiga opinberir aðilar mikið undir því að njóta starfs sveitanna og tryggja þannig öryggi þegnanna með viðráðanlegum kostnaði.

Íslendingar meta líf og heilsu hvers einstaklings mikils. Enn fremur eru mikil verðmæti í húfi ef vá steðjar að. Náttúra landsins er óblíð og getur skapað hættur og veitt mönnum þungar búsifjar. Atvinnuhættir landsmanna kalla oft á að brugðist sé við hættuástandi og þá yfirleitt mjög skjótt. Búseta þeirra krefst einnig sérstakra ráðstafana í öryggismálum, bæði vegna strjálbýlis og hversu byggð er víða nærri hættum náttúrunnar.

Björgunar- og hjálparstörf hér á landi hafa að mestum hluta mætt á björgunarsveitunum. Að baki sveitunum stendur fólk sem hefur ánægju af því að aðstoða aðra og verða að liði í samfélaginu. Þetta fólk leggur fram gríðarmikið sjálfboðaliðastarf og dýran búnað sem það þarf sjálft að kaupa. Það vinnur einnig að fjáröflun til sveitanna en þær þurfa verulegt fé til rekstrar og tækjakaupa og húsnæðiskaupa. Allir landsmenn þekkja að björgunarsveitir koma til hjálpar við smæstu og stærstu tilvik. Varla verður mikið að vetrarferð áður en fólk þarf á aðstoð björgunarsveita að halda; varla þarf mikið að hvessa án þess að björgunarsveitir séu kallaðar út til þess að bjarga verðmætum, að ekki sé minnst á hin alvarlegri mál þegar leita þarf að fólki eða bjarga því úr sjávarháska. Þá er öllum í fersku minni ómetanlegt starf björgunarsveitarfólks við hin hörmulegu og mannskæðu snjóflóðaslys.

Enda þótt Íslendingar séu svo lánsamir að búa að einstæðri hefð um framlag björgunarsveitanna má það ekki gleymast að störf í þágu öryggis borgaranna og björgunarstörf eru skyldur samfélagsins. Víðast hvar erlendis bera opinberir aðilar kostnað af slíku að mestu með atvinnubjörgunarmönnum og herliði. Jafnframt því sem björgunarsveitarfólk hér á landi leggur fram liðsinni sitt af fúsum og frjálsum vilja án þess að ætlast til endurgjalds verður samfélagið að sjá til þess að rekstrar- og starfsaðstaða sveitanna sé góð. Hér er ekki aðeins um sanngirnissjónarmið að ræða heldur þarf beinlínis að koma í veg fyrir að sveitirnar skreppi saman eða gefist upp annaðhvort vegna fjárskorts eða manneklu. Sums staðar á landsbyggðinni hafa björgunarsveitirnar ekki haft rekstrargrundvöll og væru ekki starfandi ef ekki kæmi til stuðningur frá heildarsamtökum viðkomandi björgunarsveita. Víða í þjóðfélaginu hefur orðið vart minni vilja til þess að inna af hendi sjálfboðaliðastarf og baráttan um frítíma fólks eykst. Baráttan í fjáröflun hefur farið harðnandi og óhemjumikill tími björgunarsveitarfólks fer í fjársöfnun en gæti ella farið til annarra starfa í þágu sveitanna. Þá er einnig til þess að líta að enginn er krafinn um gjald þegar björgunarsveit kemur til hjálpar og opinberir aðilar eru oft þeir sem þurfa mest á starfi sveitanna að halda.

Björgunarsveitirnar greiða flest opinber gjöld og álögur á við annan rekstur. Meðal þessara gjalda er virðisaukaskattur og aðflutningsgjöld af stórum hluta aðfanga þótt ýmsir þættir séu þar undanþegnir, þungaskattur af bifreiðum, gjöld vegna síma og fjarskipta, gatnagerðargjöld, fasteignagjöld, tryggingar og fleira mætti telja.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitast við að finna leiðir til þess að styrkja björgunarsveitirnar eins og þær eru reknar en ekki er verið að leggja til að breyta þeim einstæða og verðmæta grundvelli sem þær byggjast á, sem er hugsjón og vilji til þess að verða náunga sínum og samfélaginu að liði. Það eru hagsmunir og skylda ríkisvaldsins að skapa slíkri starfsemi lífsskilyrði.

301. Tillaga til þingsályktunar [273. mál]

um vetraríþróttasafn.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að skipuð verði nefnd sem undirbúi stofnun og rekstur safns vetraríþrótta.

Greinargerð.

Vetraríþróttir eru ríkur þáttur í sögu og nútíð landsmanna en fjölbreytni þeirra og vöxtur hefur þó aldrei verið meiri en síðustu ár. Jafnframt þessu voru skíði, sleðar og önnur tæki hluti af samgöngu- og flutningatækjum áður fyrr. Eðlilegt er að komið verði upp safni sem hafi að geyma muni, myndir og frásagnir um vetraríþróttir á Íslandi. Skíði og skíðamennska er heppilegur upphafsþáttur í safni vetraríþrótta og þar yrðu einnig skautar og sleðar frá fyrstu tíð ásamt eintökum sem brygðu upp mynd af þróun þessara hluta og notkun þeirra allt fram á þennan dag. Þá ættu aðrar vetraríþróttir einnig að eiga sinn sess á safninu enda þótt þær eigi sér skemmri sögu en skíði og skautar. Til þess að efla slíkt safn mætti koma þar fyrir ýmiss konar búnaði sem tengist sögulegum viðburðum, svo sem björgunarleiðöngrum, björgunarstarfi og ferðalögum.

Söfn vetraríþrótta eru þekkt víða um lönd þó að þau séu nokkuð misjafnrar gerðar. Nærtækast er að benda á söfnin í Noregi sem geyma sögu skíða og skíðaferða en þau draga að sér mikinn fjölda ferðamanna og eru lærdómsrík fyrir þá sem nú lifa og síðar koma. Enginn vafi er á að slíkt safn hér á landi mun efla ferðaþjónustu og auka fjölbreytni og fræðslu meðal almennings.

Brýnt er að vinna að stofnun vetraríþróttasafns sem fyrst, a.m.k. þeim þáttum sem snúa að varðveislu muna og frásagna sem farið geta forgörðum á næstu árum ef ekki er að gætt. Enn er að finna meðal okkar fólk sem lagt getur fram mikilvægan fróðleik og frásagnir um þróun vetraríþrótta á síðustu áratugum og enn má finna muni sem hafa mikið varðveislugildi.

Flest bendir til þess að verulegur áhugi verði á að stofna og efla safn um vetraríþróttir, enda eru margir aðilar sem lagt geta slíku safni lið, stofnanir, fyrirtæki, félög og almenningur. Leggja þarf áherslu á víðtækt samstarf allra og sem víðast á landinu.

Nokkrir staðir koma til greina þegar hugað er að stað fyrir safn vetraríþrótta en nærtækast er að benda á Akureyri enda er þar nú þegar miðstöð vetraríþrótta og fjöldi gesta er þar mikill, bæði íþróttamenn og venjulegir ferðamenn. Safnið mun efla miðstöð vetraríþróttanna og auðga bæjarlífið á Akureyri.

302. Tillaga til þingsályktunar [274. mál]

um sjálfbæra orkustefnu.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Árni Steinar Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að undirbúa, í samvinnu við umhverfisráðherra og þingflokka, sjálfbæra íslenska orkustefnu sem hafi að markmiði:

a. að orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum leysi innflutta orku af hólmi,
b. að dregið verði markvisst úr orkusóun og losun gróðurhúsalofttegunda,
c. að ríkulegt tillit verði tekið til náttúruverndar og umhverfis við áætlanir og ákvarðanir um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Forsenda þessarar stefnumótunar verði að Ísland gerist fullgildur aðili að Kyoto-bókuninni frá 12. desember 1997 við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Á meðan þessi stefna er í mótun verði ekki ráðist í orkufrekan iðnað umfram það sem þegar hefur verið samið um og frestað að innleiða hér reglur Evrópusambandsins um innri markað í raforkumálum.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 123. og 125. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Tillagan er nú endurflutt nokkurn veginn óbreytt, nema hvað tölulegar upplýsingar í greinargerð hafa verið endurnýjaðar að miklu leyti.

Sjálfbær orkustefna.

Sjálfbær orkustefna er ekki markmið í sjálfu sér heldur afar mikilvægur hlekkur í sjálfbærri þróun á jörðinni. Núverandi orkubúskapur heimsins er í miklu ósamræmi við hugmyndir um sjálfbæra þróun og leiðir okkur fyrr en varir í öngstræti. Rangar áherslur í orkumálum skapa hættur fyrir umhverfi jarðar, heilbrigði og heimsfrið. Sameinuðu þjóðirnar leggja m.a. áherslu á eftirfarandi þætti til að stuðla að sjálfbærri orkustefnu:

— orkusparnað og bætta nýtingu orku á öllum sviðum, ekki síst í þróuðum ríkjum,
— umhverfisvæna orkugjafa, ekki síst endurnýjanlega orku og nýja og hreina tækni,
— orkugjöld vegna mengunar og/eða reglur er takmarki losun mengandi efna,
— afnám niðurgreiðslna til kjarnorku og hefðbundinna orkugjafa,
— að heildarkostnaður, m.a. vegna umhverfis, verði sýnilegur og hluti orkufjárfestingar,
— jöfnuð í aðgengi að orkuþjónustu og áhrif almennings á mótun orkustefnu,
— forustu ríkisstjórna og opinberra aðila í að ryðja braut fyrir sjálfbæra orkustefnu,
— áætlanir og aðgerðir þjóðríkja í þágu sjálfbærrar orkustefnu.

Orka er undirstaða efnahagsþróunar. Meira en tveir milljarðar íbúa jarðar hafa ekki aðgang að rafmagni eða öðrum nútímalegum orkukerfum. Söfnun og brennsla þverrandi eldiviðar er hlutskipti hundraða milljóna og kemur einkum í hlut kvenna. Orka er lykill að því að útrýma fátækt en orkusóun eins og hún viðgengst í þróuðum ríkjum er ógnun við umhverfi og jöfnuð. Þar eru niðurskurður í orkunotkun, bætt gæði í nýtingu orku í stað aukins framboðs og vistvænir orkugjafar mál mála.

Þingsályktunartillagan beinir athyglinni að íslenskum orkubúskap. Hér á eftir er bent á hvernig nýta megi endurnýjanlegar orkulindir markvisst til stuðnings sjálfbærri orkustefnu í stað þess að binda þær í mengandi stóriðju til langs tíma.

Magn hagnýtanlegrar orku hérlendis.

Íslendingar búa vel að endurnýjanlegum orkulindum að teknu tilliti til íbúafjölda. Hagkvæm nýtanleg vatnsorka hefur verið áætluð nema sem svarar til 30 teravattstunda ársframleiðslu rafmagns og jarðvarmi samsvarandi um 20 teravattstundum (TWh/a). Samtals eru þetta um 50 TWh/a. Nefnd hafa verið langtum hærri fræðileg gildi um heildarmagn vatnsafls og jarðvarma sem hugsanlega mætti hagnýta að einhverju leyti síðar meir. Við þetta bætist vindorka og sólarorka sem ekki er farið að nýta að neinu leyti, svo og orka sjávarfalla.

Umhverfisáhrif af orkunotkun.

Orka frá jarðefnaeldsneyti og kjarnorku veldur skaðlegri og sumpart óbætanlegri mengun. Nægir þar að minna á gróðurhúsaáhrifin frá brennslu jarðefnaeldsneytis og geislavirkan úrgang frá kjarnorkuverum. Endurnýjanlegum orkulindum fylgja að þessu leyti afar miklir kostir þar eð nýting þeirra fellur að náttúrulegum ferlum. Hagnýting vatnsafls og jarðvarma hefur hins vegar í för með sér annars konar inngrip í umhverfið. Vatnsaflsvirkjunum fylgja oft stór miðlunarlón, breyting á rennsli vatnsfalla og lífsskilyrðum ofan og neðan stíflumannvirkja, svo og skerðing á fossum og framburði, ekki síst frá jökulám. Áhrifa af beislun vatnsafls gætir þannig frá upptökum til ósa í viðkomandi vatnsföllum og á strandlengju og í hafinu úti fyrir. Jarðvarmavirkjanir hafa mikil staðbundin áhrif, að jafnaði afar mikil á viðkomandi jarðhitasvæði. Þeim fylgir oftast brotthvarf hveravirkni á yfirborði, sjónræn áhrif af mannvirkjum og oft mikið jarðrask. Við þetta bætist jarðrask og sjónræn áhrif annarra raforkuvirkja, ekki síst háspennulína og spennistöðva. Áhrif frá háspennulínum geta verið víðtæk, ekki síst í opnu landslagi eins og hér og slóðagerð og vegalagning sem þeim fylgir getur haft óæskileg áhrif á umferð.

Aðeins um 25 teravattstundir til hagnýtingar?

Hagnýtingu vatnsafls og jarðvarma eru augljós takmörk sett ef taka á tillit til landnotkunar og náttúruverndar. Af umhverfisástæðum er óhjákvæmilegt út frá varúðarsjónarmiði að draga frá umtalsverðan hluta þessara auðlinda þegar áætlað er það heildarmagn endurnýjanlegrar orku sem til ráðstöfunar getur orðið í framtíðinni. Ítarleg úttekt þarf að fara fram á því við hvað skuli miða í slíkum áætlunum. Eðli málsins samkvæmt er þar um umhverfis- og skipulagsmál að ræða og meta þarf fjölþætta hagsmuni áður en ákvarðanir eru teknar. Almenningur þarf að eiga greiðan aðgang að umræðu um allt það ferli á mótunarstigi.

Að mati flutningsmanna er rétt að gera ráð fyrir því fyrst um sinn að ekki verði meira en helmingur af því sem nú er talin hagnýtanleg orka frá vatnsafli og jarðvarma í reynd til ráðstöfunar í framtíðinni til þess að hlífa umhverfi og af tilliti til annarrar landnotkunar. Fyrir um tveimur áratugum nefndu menn um þriðjung orkunnar í þessu samhengi en síðan hafa umhverfissjónarmið styrkst og margháttaðir aðrir hagsmunir komið til sögunnar í auknum mæli, m.a. ferðaþjónustu. Sé miðað við að samanlögð hagnýtanleg orka vatnsafls og jarðvarma til raforkuframleiðslu nemi 50 teravattstundum og aðeins helmingur verði í raun til ráðstöfunar standa eftir 25 teravattstundir.

Núverandi raforkunotkun, spá til 2025 og hugmyndir um stóriðju.

Íslendingar nota nú þegar mikið magn raforku miðað við íbúafjölda að ekki sé talað um heildarorkunotkun sem er sexföld meðalnotkun annarra jarðarbúa. Heildarársframleiðsla raforku hérlendis á árinu 1999 var um 7,2 teravattstundir, þar af 6,0 framleiddar með vatnsafli og 1,1 með jarðhita. Um 4,5 TWh fóru til stóriðju og 2,7 TWh til almennrar notkunar. Þessi ársframleiðsla svarar til að búið sé að virkja til raforkuframleiðslu tæplega 30% af þeim 25 teravattstundum sem samkvæmt framangreindu er eðlilegt að miða við að séu til ráðstöfunar en tæpan helming sé eingöngu miðað við hagkvæmt nýtanlegt vatnsafl. Þegar svona er litið á málið blasir við allt önnur mynd en algengast er að dregin sé upp í umræðu um orkumál og orkunýtingu hérlendis.

Samkvæmt opinberri raforkuspá 2000–2025 (orkuspárnefnd, VA–00003) er gert ráð fyrir að ársframleiðsla til nú umsaminnar stóriðju og til að mæta aukinni eftirspurn almenns raforkumarkaðar feli í sér að á tímabilinu 1999–2005 muni almenn notkun forgangsorku aukast um 17% og um 38% alls fram til 2025. Notkun ótryggðrar orku minnki hins vegar dálítið frá

því sem mest var eða úr 1,2 TWh í tæplega 1 TWh. Samkvæmt þessu næmi raforkunotkun árið 2025 að óbreyttum samningum um stóriðju 10,0 TWh. Eins og rakið hefur verið er í tölum orkuspárnefndar ekki gert ráð fyrir neinni viðbótarsölu til orkufreks iðnaðar umfram þegar frágengna samninga á árinu 1999. Innifalið í tölum nefndarinnar er þriðji ofn Járnblendiverksmiðjunnar og að orkusala til Áburðarverksmiðjunnar falli niður í lok árs 2004.

Í starfsleyfum Norðuráls hf. og ÍSAL hf. er gert ráð fyrir aukningu álframleiðslu hjá þessum fyrirtækjum sem nemur 120 + 40 þúsund tonna ársframleiðslu, en til slíkrar framleiðslu þyrfti í heildina 5,4 TWh. Norðurál hf. hefur óskað eftir viðræðum um aukningu upp í allt að 300 þúsund tonna ársframleiðslu. Fyrirhuguð magnesíumverksmiðja á Reykjanesi með 50 þúsund tonna ársframleiðslu þyrfti raforku sem nemur 1 TWh/a. Samanlagt fælist því í fyrrnefndri stækkun eða byggingu þessara verksmiðja viðbótarsala sem samanlagt nemur 4,4 TWh. Þá má geta þess að umrædd risaálbræðsla á Reyðarfirði í samvinnu við Norsk Hydro með allt að 420 þúsund tonna ársframleiðslu tæki til sín raforku sem nemur um 5,9 TWh en það er meira en 80% allrar þeirrar raforku sem framleidd er í landinu í dag.

Innlend raforka í stað innflutts eldsneytis.

Orkustofnun hefur að beiðni flutningsmanna reiknað út orkuinnihald þess jarðefnaeldsneytis sem flutt var til landsins árið 1999 (sjá fylgiskjal). Magn þess var í heild tæp 944 þúsund tonn og heildarorka tæp 39 PJ (PetaJoule), en það svarar til 11 teravattstunda. Til að fá sama orkuinnihald úr vetni þarf 322 þúsund tonn vetnis, en til framleiðslu þess með raforku þyrfti 20,3 teravattstundir. Heildarorkunotkun landsmanna árið 1999, umreiknuð í raforku, nam samkvæmt þessu 20,3 + 7,2 = 27,5 teravattstundum. Ef frá er dregið það jarðefnaeldsneyti sem keypt er erlendis fyrir millilandasamgöngur, en það nam 10 PJ árið 1999, stæðu eftir 19,2 TWh + 7,2 = 26,4 TWh.

Orkustofnun bendir á að sé vetni notað í efnarafölum en ekki brennt í hefðbundnum brennsluvélum fæst tvöfalt meiri nýtni og þannig þyrfti aðeins um 10,2 TWh af raforku á ári til að framleiða það vetni sem þarf í stað allrar innfluttrar orku.

Mismunandi leiðir til vistvænna orkugjafa.

Fullvíst má telja að mismunandi leiðir verði farnar til að nýta innlenda orku í stað jarðefnaeldsneytis í samgöngum, fiskveiðum og iðnaði. Í sumum tilvikum verði um bein umskipti úr eldsneyti í raforku að ræða líkt og gert hefur verið í nokkrum fiskimjölsverksmiðjum. Rafbílar knúnir rafmagni frá rafhlöðum leysi bensínbíla af hólmi og jafnhliða eða síðar komi til sögunnar bílar knúnir vetni eða öðru vistvænu eldsneyti í formi metanóls, etanóls og ammóníaks. Hliðstæð þróun gæti átt sér stað með fiskveiðiflotann þótt hætt sé við að tækniþróun gangi þar hægar. Rafknúnir sporvagnar eða raflestir kunna að bjóða upp á hagkvæmar lausnir í vissum tilvikum. *Tæknilegt form umskiptanna skiptir ekki máli um það markmið sem hér er til umræðu: Að vistvæn innlend orka leysi innflutt jarðefnaeldsneyti af hólmi.*

Orkuspárnefnd miðar í sínum forsendum við að rafbílar fari að ná fótfestu hér árið 2005 og að þeir verði 10% nýrra fólksbíla við lok spátímabilsins árið 2025. Svarar það til 50 gígavattstunda raforkunotkunar á ári. Flutningsmenn tillögunnar hafa ástæðu til að ætla að þessi þróun verði mun örari, enda beiti stjórnvöld sér fyrir slíkum umskiptum í samvinnu við rafveitur og sveitarfélög.

Á hefðbundinn mælikvarða skiptir þróun heimsmarkaðsverðs á olíu mestu um hagkvæmni þess að skipta yfir í aðra orkugjafa. Nýjar viðmiðanir munu fyrirsjáanlega hafa áhrif á þá

þróun, ekki síst losun gróðurhúsalofttegunda frá jarðefnaeldsneyti og alþjóðleg viðleitni til að draga úr slíkri mengun.

Innlendar rannsóknir og þróun.

Brýnt er að Íslendingar ekki aðeins fylgist með tæknilegum möguleikum og þróun á þessu sviði, heldur gerist þar beinir þátttakendur og helst brautryðjendur að einhverju leyti. Á það gæti reynt ekki síst í sambandi við þróun vélbúnaðar í skip sem nýttu vistvæna orku. Á þessu sviði er um að ræða stórt verkefni í rannsóknum og þróun. Þegar hefur verið unnið merkilegt brautryðjendastarf hérlendis, ekki síst á vegum Braga Árnasonar prófessors við Háskóla Íslands, og einstök fyrirtæki hafa þegar lagt nokkuð af mörkum við að kanna möguleika á notkun innlendrar orku í stað innfluttrar.

Þegar þetta er ritað stendur yfir 6. aðildarríkjaþing loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna í Haag í Hollandi. Það þing mun ráða úrslitum um hvort ríki heims snúi af braut sívaxandi losunar gróðurhúsalofttegunda. Kyoto-bókunin var til marks um að öld olíu, kola og gass væri brátt á enda og þess má geta að fyrirtæki á borð við BP Amoco og Shell auðkenna sig nú sem orkufyrirtæki en ekki olíufyrirtæki eins og áður og þau hafa fjárfest í nýtingu sólarorku. Greinilegt er að umræða um vistvæna orkugjafa eykst með hverju ári sem líður og er nú farið að bera á áhuga alþjóðlegra fjölmiðla á því sem rætt hefur verið og ritað um vetnisvæðingu á Íslandi. Í því sambandi má geta þess að í nýjasta tölublaði Worldwatch birtist grein um möguleika vetnisvæðingar á Íslandi. Sjá http://www.worldwatch.org.

Eðlilegt er að opinberir aðilar, ríki og sveitarfélög, hafi forgöngu á þessu sviði, bæði við að örva rannsóknir en einnig með því að taka í notkun á sínum vegum nýja tækni og tæki, með framsýnu skipulagi og með orkusparnaði.

Hugsanleg staða eftir aldarfjórðung.

Samkvæmt varfærinni hugmynd um þróun næstu áratuga, þar sem stefnt væri að því að innlend orka leysti smám saman innflutta af hólmi, gæti niðurstaðan að aldarfjórðungi liðnum litið þannig út yrði ekki aukið við hefðbundinn orkufrekan iðnað:

Innlend raforkunotkun árið 2025, hugsanleg staða:

Raforkunotkun skv. spá orkuspárnefndar	10,0	teravattstundir
Raforka í stað 50% innflutts eldsneytis (olíu) (miðað við notkun 1999)	10,2	teravattstundir
Raforkunotkun alls	20,2	teravattstundir/ári

Sé horft lengra fram í tímann og gert ráð fyrir að þjóðin nýti að mestu eigin orkulindir til að fullnægja orkuþörf sinni og raforka komi beint eða óbeint í stað innfluttrar olíu gæti dæmið litið þannig út um miðja næstu öld:

Innlend raforkunotkun árið 2050, hugsanleg staða:

Raforkunotkun miðað við 2% árlegan vöxt (stóriðjunotkun sama og 2005)	12,4	teravattstundir
Raforka komi að fullu í stað innflutts eldsneytis (miðað við notkun 1999)	20,3	teravattstundir
Raforkunotkun alls	32,7	teravattstundir/ári

Úr þessum tölum má lesa að sé gert ráð fyrir að innlend orka komi í stað innfluttrar olíu á næstu 50 árum og að almennur raforkumarkaður vaxi um 2% á ári muni Íslendingar á þessu skeiði fara langt með að hagnýta sér mikinn hluta innlends vatnsafls og jarðvarma og þá þegar vera farnir að ganga allnærri náttúru landsins.

Af þessu má draga þá ályktun að óráð sé að auka við hefðbundinn orkufrekan iðnað í landinu frá því sem nú er til að þjóðin hafi svigrúm til að nýta sem mest innlendar orkuauðlindir í stað innfluttrar olíu og gæta um leið náttúruverndarhagsmuna.

Kyoto-bókunin og sjálfbær orkustefna.

Með Kyoto-bókuninni 12. desember 1997 við samninginn um loftslagsbreytingar féllust 39 þróuð ríki, svonefnd Annex I-ríki, á lagalega skuldbindandi samkomulag um að draga úr losun svonefndra gróðurhúsalofttegunda fram til ársins 2010 um að meðaltali 5,2% miðað við losun árið 1990 sem grunn og að taka upp samninga um næstu skref í niðurskurði árið 2005. Ísland fékk sem kunnugt er andstætt öðrum ríkjum heimild til að auka losun, meira en nokkurt annað þróað ríki, um 10% frá viðmiðunarárinu 1990.

Samkvæmt upplýsingum umhverfisráðherra á árinu 1999 stefnir í að losun gróðurhúsalofttegunda á hvern íbúa á Íslandi fari á aldamótaárinu 2000 15,2% fram yfir það sem var á viðmiðunarárinu 1990. Þá værum við komin 5,2% fram yfir úthlutunina samkvæmt Kyotobókuninni. Útreikningar og losunarspá unnin á vegum stjórnvalda bendir til að árið 2010 fari losunin að óbreyttu 25,2% fram úr mörkum viðmiðunarársins, þ.e. 15,2% fram úr heimildum frá Kyoto-ráðstefnunni.

Það sem meiri tíðindum sætir en þessar horfur er að íslensk stjórnvöld vinna nú að því öllum árum að Ísland fái enn aukið svigrúm og verði jafnvel undanþegið takmörkunum þegar stóriðja á í hlut. Rökin fyrir slíkri kröfu eru að hér sé gnótt endurnýjanlegrar orku og einstakar orkufrekar framkvæmdir vegi þungt í losun í fámennu landi. Jafnframt er því haldið fram að Íslendingar losi minna en aðrir og hafi litla möguleika á að draga saman losun vegna aðgerða við húshitun fyrir nær tveimur áratugum. Þetta eru ýmist röng eða léttvæg rök.

Stóriðja og sjálfbær orkustefna eiga ekki samleið.

Magn endurnýjanlegra orkulinda hérlendis er aðeins dropi í hafið á heimsvísu og við erum í fremstu röð ríkja heims að því er varðar almenn lífskjör. Eins og rakið hefur verið hér á undan hafa Íslendingar fulla þörf fyrir að nýta takmarkaðar orkulindir landsins í þágu sjálfbærrar þróunar hérlendis. Áframhaldandi orkusala til stóriðju skerðir möguleika landsmanna til slíkrar þróunar og þrengir um leið svigrúm til að vernda náttúru og umhverfi. Losun gróðurhúsalofttegunda á mann hérlendis er um það bil hin sama og meðaltal á íbúa í Evrópusambandinu og stefnir í að fara langt fram úr því ef áform stjórnvalda um stóriðju ganga eftir.

Íslendingar hafa mikla möguleika á að draga saman í losun gróðurhúsalofttegunda á næstu árum og áratugum með samræmdum aðgerðum enda verði hér fylgt sjálfbærri orkustefnu. Við eigum að hagnýta okkur þá jákvæðu sérstöðu sem felst í ríkulegum, endurnýjanlegum orkulindum miðað við íbúafjölda en gæta þess jafnframt að ganga ekki óhæfilega að þeim verðmætum sem fólgin eru í náttúru landsins. Á báðum þessum sviðum höfum við skyldur að rækja samkvæmt alþjóðlegum sáttmálum.

Ný hugsun – ný málstök.

Íslendingar eiga eins og aðrar þjóðir að leggja sitt af mörkum til að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í þeim efnum á heimsbyggðin gífurlegt verkefni fyrir höndum og samkomulagið í Kyoto var aðeins fyrsta skrefið af mörgum sem á eftir þurfa að fylgja. Þótt

óvissa sé um umfang og hraða þeirra loftslagsbreytinga sem verða af mannavöldum má hér engu hætta til. Ísland er á krossgötum hafstrauma og loftstrauma í Norður-Atlantshafi og umhverfi okkar getur því verið sérstaklega viðkvæmt fyrir röskun.

Viðfangsefnið sem fram undan er kallar á nýja hugsun og ný málstök á öllum sviðum atvinnulífs, skipulags, framleiðslu- og neysluvenja og umgengni við orku í atvinnulífi, samgöngum og á heimilum. Allir þurfa að leggjast á eitt að draga úr þarflausri orkunotkun, að ekki sé talað um sóun. Þetta á auðvitað sérstaklega við þegar um jarðefnaeldsneyti er að ræða en endurnýjanlegar orkulindir eru einnig takmörkuð gæði sem valda umhverfisröskun og beislun þeirra kostar mikla fjármuni og álag á umhverfið.

Þess er vissulega að vænta að með marghátttuðum tækninýjungum og endurbótum tækja og orkukerfa megi ná fram verulegum orkusparnaði og þannig hjálpi markaðurinn til. Það leysir hins vegar ekki stjórnvöld, ríki og sveitarfélög, undan því að marka skýra stefnu og framfylgja henni.

Orkufrekur iðnaður verði settur í biðstöðu.

Tillagan gerir ráð fyrir að ekki verði ráðist í nýjan orkufrekan iðnað á meðan unnið er að þeirri stefnumótun sem tillagan gerir ráð fyrir og fyrst að því búnu verði metið hvort eða hversu mikið svigrúm kann að vera til að ráðstafa orku til slíks iðnaðar. Iðnaður sem bætir í umtalsverðum mæli við losun gróðurhúsalofttegunda hérlendis samrýmist engan veginn alþjóðlegum skuldbindingum sem Íslendingar þurfa að taka á sig vegna loftslagssamninganna. Þjóð okkar á hvorki heimtingu á né getur gert ráð fyrir að fá til lengdar sérmeðferð í samfélagi þjóðanna. Öðru máli gegnir um orkuiðnað sem miðaði að því að leysa af hólmi innflutta orku, til dæmis með framleiðslu vistvæns eldsneytis.

Samningar um orkufrekan iðnað sem gerðir hafa verið að undanförnu, nú síðast um stækkun járnblendiverksmiðju á Grundartanga, gera Íslendingum þegar afar erfitt fyrir að standa við skuldbindingar Kyoto-bókunarinnar, hvað þá ef gengið yrði lengra í uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Þess utan er fyrirsjáanlegt að ekki fer saman að ráðstafa frekar en orðið er takmörkuðum orkuforða landsins til orkufreks iðnaðar og að innlend orka taki við af innfluttu jarðefnaeldsneyti á fyrri hluta komandi aldar. Teljandi viðbót við orkufrekan iðnað frá því sem nú er gengur augljóslega gegn þeirri hlífð við náttúru landsins sem víðtækur stuðningur er við meðal almennings og brýn nauðsyn er að tryggja í sessi vegna framtíðarhagsmuna. Óröskuð náttúra verður sífellt verðmætari auðlind á alþjóðavísu.

Þau áform sem stjórnvöld eiga nú hlutdeild að með útlendingum geta beinlínis reynst háskaleg fyrir sjálfbæra þróun á Íslandi og þrengt á óviðunandi hátt svigrúm annars atvinnulífs og komandi kynslóða í landinu. Viðbótarlosun gróðurhúsalofttegunda frá orkufrekum iðnaði veldur því að minna svigrúm verður í öðrum atvinnugreinum, einkum í sjávarútvegi, og meira þarf að skera þar niður í losun til að standa við alþjóðlegar skuldbindingar. Fyrir utan mengun frá orkufrekum iðnaði og önnur áhrif á náttúru landsins og umhverfi er verið að bjóða hagkvæmasta hlutann af orkulindum landsins á undirverði, að ekki sé talað um ef allur kostnaður að meðtalinni röskun á náttúrufari væri tekinn með í reikninginn.

Áform, sem nú er unnið að í orkufrekum iðnaði og ráðgert er að hrinda í framkvæmd á næstu tíu árum, nema meira en 10 teravattstundum í raforku samkvæmt upplýsingum stjórnvalda. Þar eru stærstar í sniðum hugmyndir um álbræðslu á vegum Norsk Hydro með allt að 420 þúsund tonna ársframleiðslu. Slík verksmiðja mundi ein og sér þurfa um 5,9 teravattstundir á ári og eru þá margar aðrar fjárfestingar sem rætt er um í orkufrekum iðnaði ekki meðtaldar.

Auðsætt ætti að vera að skynsamlegt er að leggja öll áform um nýjan orkufrekan iðnað til hliðar á meðan mótuð er sjálfbær orkustefna til framtíðar og ljóst er hvaða skuldbindingar Íslendingar þurfa að taka á sig í næsta áfanga loftslagssamninga. Samningaviðræður þar að lútandi hefjast samkvæmt áætlun árið 2005.

Sá orkuiðnaður sem skipt gæti sköpum hér í framtíðinni sem liður í sjálfbærri orkustefnu er framleiðsla vetnis eða annarra vistvænna orkugjafa í stað innfluttrar olíu. Fyrir slíkum framtíðarkostum þarf að hugsa og hafa til reiðu nægilegt svigrúm þegar þar að kemur.

EES-samningurinn og raforkutilskipun ESB.

Með aðild Íslands að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði var Íslendingum gert að lögfesta hér sama rétt einstaklinga og lögaðila á öllu EES-svæðinu og Íslendingar höfðu búið að einir fram að því til að eignast virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita og fyrirtæki sem stunda orkuvinnslu og orkudreifingu. Sama gilti um kaup á fasteignum og orkunýtingu þeim tengda. Var lögum þar að lútandi breytt á 120. löggjafarþingi 1996. Í krafti þessara samningsákvæða geta útlendingar nú eignast virkjunarréttindi og landareignir sem hafa að geyma jarðvarma hér á landi. Þessi ákvæði geta eins og önnur hliðstæð orðið afar varhugaverð fyrir íslenska hagsmuni og eru eitt af mörgu sem bent var á af andstæðingum EES-samningsins.

Þegar samningaviðræður stóðu yfir um EES-samninginn 1989–91 var látið að því liggja af hálfu íslenskra stjórnvalda að ákvæði um orkumál lægju að mestu utan samningssviðsins og lítið hefði reynt á samræmingu í orkumálum innan Evrópusambandsins. Annað kom á daginn því að á árinu 1992 lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögur að tilskipunum um innri markað fyrir rafmagn og jarðefnaeldsneyti (olíu og gas). Miðuðu þær að því að stórauka frelsi í viðskiptum með rafmagn og jarðefnaeldsneyti. Sem lokaskrefi var svo gert ráð fyrir að öllum raforkunotendum yrði gert kleift að semja beint við raforkuframleiðendur.

Báðar þessar tillögur mættu pólitískri andstöðu af hálfu ýmissa ríkisstjórna í aðildarlöndum og innan Evrópuþingsins en þær voru byggðar á grein 235 í Rómarsamningnum sem til þessa veitir einstökum ríkjum neitunarvald gagnvart tilskipunum. Svo fór að tilskipunin um jarðefnaeldsneyti var samþykkt árið 1995, einnig af Noregi sem EES-ríki. Mikil andstaða var í Noregi við málið en ríkisstjórn norska verkamannaflokksins og aðrir flokkar sem studdu á sínum tíma aðild Noregs að ESB kusu að fallast á hana fremur en hafna henni og hafa hana yfirvofandi næst þegar reynt yrði að koma Noregi inn í Evrópusambandið. Til að auðvelda þetta var í sameiginlegu EES-nefndinni gefin út yfirlýsing þess efnis að ríki hafi fullveldi yfir olíulindum, ríkisfyrirtækjum væri heimil þátttaka í vinnslu olíu og ríki hefðu rétt til að stýra nýtingu auðlindarinnar og leggja á skatta.

Framkvæmdastjórn ESB lagði í ársbyrjun 1994 fram nýja útgáfu af tilskipun um innri markað með raforku. Þar er hægar farið í sakirnar en í hinni fyrri og náðist á grundvelli hennar samkomulag í ráðherraráði ESB og samþykki meiri hluta á Evrópuþingi sem leiddi til þess að tilskipunin tók gildi innan ESB 19. desember 1996. Í henni felst m.a. að einkaréttur starfandi orkufyrirtækja er afnuminn og aðskilja á vinnslu, flutning og dreifingu (sölu) raforku, svo og samkomulag um aðgang þriðja aðila að flutningskerfum gegn endurgjaldi samkvæmt nánari reglum.

Tilskipun þessi (96/92/EB), byggð á grein 100a í stofnskrá ESB, er túlkuð svo að hún falli undir EES-samninginn þar eð orka sé hluti af vöruhugtakinu samkvæmt samningnum. Með samþykkt þingsályktunartillögu á þskj. 1191 á 125. löggjafarþingi hefur Alþingi heimilað að fallið verði frá stjórnskipulegum fyrirvara við að fella umrædda tilskipun inn í EES-samninginn.

Sérstaða Íslendinga í raforkumálum er slík að óeðlilegt er að tilskipun ESB um innri markað með raforku taki gildi hér á landi. Nægir í því sambandi að benda á smæð og einangrun íslenska raforkumarkaðarins og þá staðreynd að raforka er hér nær eingöngu framleidd með endurnýjanlegri orku. Eitt opinbert fyrirtæki er hér ráðandi í raforkuframleiðslu og aðgerðir til að byggja upp samkeppnismarkað í framleiðslu raforku ekki líklegar til að skila ávinningi. Samkeppni getur jafnframt torveldað eða útilokað viðleitni til jöfnunar raforkuverðs. Óháð tilskipunum ESB geta Íslendingar að sjálfsögðu gert þær breytingar á eigin löggjöf og fyrirkomulagi framleiðslu og dreifingar raforku sem ástæða þykir til og hagfellt, til dæmis skilið á milli framleiðslu og flutnings raforku um stofnlínur, eflt fyrirtæki eins og Rafmagnsveitur ríkisins sem framleiðanda raforku og greint á milli raforkusölu til stóriðju og almenns markaðar. Aðalatriðið er þó að á meðan unnið er að mótun sjálfbærrar orkustefnu er óæskilegt að lögleiða hér skipan sem virkað getur sem hindrun í vegi æskilegs fyrirkomulags í raforkumálum til lengri tíma litið. Í ljósi þessa gerir tillagan ráð fyrir að Ísland gerist ekki, að minnsta kosti fyrst um sinn á meðan stefna um sjálfbæra orkustefnu er í mótun, aðili að tilskipun Evrópusambandsins um innri markað fyrir raforku.

Fylgiskjal.

Eldsneytisnotkun Íslendinga 1999.

(Uppfærsla á minnisblaði frá Orkustofnun, 13. febrúar 1998.)

Eldsneytisnotkun Íslendinga 1999 innan lands og í millilandasamgöngum.

	Heildar-eldsneytis-notkun	Milli-landa-notkun	Keypt erlendis	Orku-innihald	Heildar-eldsneytis-orka	Milli-landa-notkun	Keypt erlendis
	Tonn	Tonn	Tonn	MJ/kg	PJ	PJ	PJ
Bensín	144.709			42,9	6,21		
Flugvélabensín	1.217			43,0	0,05		
Þotueldsneyti	177.796	168.970	97.544	42,8	7,61	7,23	4,17
Steinolía	155			42,8	0,01		
Gasolía	384.204	10.282	26.466	42,3	16,25	0,43	1,12
Svartolía	134.231	57.000	57.000	41,3	5,54	2,35	2,35
Gas	2.021			48,4	0,10		
Kol	99.399			28,8	2,86		
Samtals	**943.732**	**236.252**	**181.010**		**38,63**	**10,02**	**7,65**
Samtals í TWh					**10,73**	**2,78**	**2,13**

Gögnin eru fengin úr handriti að Orkumálum.
Eins og fram kemur í töflunni samsvarar 38,63 PJ eldsneytisorka 10,73 TWh.
Heildarraforkuframleiðsla Íslendinga árið 1999 var 7,19 TWh.

Til að fá sama orkuinnihald úr vetni og öllu eldsneyti sem notað er af Íslendingum, innan lands og í millilandasamgöngum, þarf 322.000 tonn af vetni, en orkuinnihald þess er 120 MJ/kg. Til að fá sama orkuinnihald úr vetni og öllu innfluttu eldsneyti keyptu á Íslandi sem Íslendingar nota þarf 304.000 tonn af vetni.

Til að framleiða 1 kg af vetni með rafgreiningu og þétta það, þ.e. breyta því í fljótandi vetni, þarf 63 kWh af raforku eða:

20,3 TWh til að framleiða 322.000 tonn af vetni,

19,2 TWh til að framleiða 304.000 tonn af vetni.

Hins vegar ber að hafa það í huga að ef vetni er notað í efnarafölum en ekki brennt í hefðbundnum brennsluvélum fæst um tvöfalt meiri nýtni og því þyrfti um 10,2 TWh af raforku á ári til að framleiða það vetni sem þarf í stað allrar innfluttrar orku, en rúmlega 9 TWh ef millilandasamgöngum er sleppt.

Til viðbótar þessu eldsneyti voru flutt inn rúmlega 94.000 tonn af eldsneyti sem selt var útlendingum á skip og flugvélar. Þetta samsvarar um 4,05 PJ eða rúmlega 1,1 TWh.

303. Frumvarp til laga [275. mál]

um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir,
Sigríður Jóhannesdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Einnig er heimilt að fenginni umsögn og mati heimilislæknis og félagsráðgjafa að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfærenda barna sem eiga við alvarleg fíkniefnavandamál að stríða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á 123. og 125. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er nú endurflutt nær óbreytt.

Á undanförnum árum hefur neysla ólöglegra fíkniefna aukist stöðugt og fjöldi einstaklinga ánetjast eiturlyfjum, bæði börn og fullorðnir. Þörfin fyrir meðferðarheimili og önnur meðferðarúrræði fyrir fíkniefnaneytendur er mikil. Meðferðarúrræðum hefur vissulega fjölgað en þau fullnægja þó hvergi nærri þörfinni. Foreldrar ungra fíkniefnaneytenda sem starfa í foreldrasamtökum Vímulausrar æsku hafa margoft bent á þá nauðsyn sem er fyrir aukna og fjölbreyttari meðferð fyrir börn og ungmenni. Þar sé ekki aðeins um að ræða að fjölga þurfi meðferðarheimilum heldur, og ekki síður, er nauðsyn á möguleikum á langvarandi meðferð fyrir þessa ungu einstaklinga og fjölskyldur þeirra. Þátttaka foreldra í meðferð barns eða unglings sem hefur ánetjast fíkniefnum er nauðsynleg. Neysla fíkniefna hefur oftar en ekki staðið yfir í langan tíma áður en til meðferðar kemur. Oft líður nokkur tími þar til vandamálið verður ljóst og síðan tekur við biðtími þar til pláss fæst á meðferðarheimili eða í annarri meðferð. Í mörgum tilvikum er sá tími sem ætlaður er til meðferðar hjá fagfólki á meðferðar-

heimilum of stuttur og foreldrar þurfa að fylgja meðferðinni eftir, halda henni áfram eftir að ungi sjúklingurinn kemur heim. Því er ljóst að mikið álag hvílir á foreldrum ungra fíkniefnaneytenda áður en meðferð hefst og eftir að henni „lýkur“. Þá þarf stöðuga umönnun og eftirfylgni ef takast á að sigrast á sjúkdómnum og aðstoða börnin og ungmennin við að komast á rétta braut í lífinu. Langt er síðan áfengissýki og eiturlyfjafíkn voru viðurkennd sem sjúkdómur og nú er varið töluverðum fjármunum úr sameiginlegum sjóðum landsmanna til þeirra stofnana sem veita meðferð við þessum sjúkdómi. Þó þarf oft að annast börn í heimahúsi um lengri eða skemmri tíma. Heimilt er samkvæmt lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, að greiða bætur til foreldra barna sem þurfa mikla umönnun vegna veikinda eða fötlunar. Ekki er um háar greiðslur að ræða en þó viðurkenningu á því að þessir foreldrar hafa mjög takmarkaða möguleika á því að stunda vinnu utan heimilis og tekjumöguleikar skerðast samfara því að útgjöld aukast vegna veikinda barnsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að foreldrar eða framfærendur þeirra barna að 18 ára aldri sem ánetjast hafa neyslu vímuefna eigi rétt á umönnunargreiðslum vegna veikinda barna sinna. Með því er verið að bæta möguleika þessara foreldra til þess að aðstoða börn sín við að vinna bug á þessum alvarlega sjúkdómi.

Í umsögnum sem bárust heilbrigðis- og trygginganefnd um málið þegar það var lagt fram á fyrri þingum komu fram efasemdir þess efnis að erfitt yrði að leggja mat á það hvenær barn eða ungmenni sem ánetjast fíkniefnum telst svo veikt að þörf sé á umönnun heima og einnig að um meðvirkni foreldra gæti verið að ræða. Því hafa flutningsmenn frumvarps þessa bætt inn í textann því ákvæði að leita þurfi umsagnar heimilislæknis og félagsráðgjafa þeirra sem um umönnunarlaun sækja. Ráðherra er síðan falið að sjá um nánari útfærslu á framkvæmd ákvæðisins. Þá komu einnig fram þær athugasemdir að brýnna væri að bæta úr þörfinni fyrir meðferðarúrræði og faglega eftirmeðferð. Flutningsmenn taka undir þau sjónarmið að brýnt sé að bæta þjónustu hins opinbera hvað varðar möguleika til meðferðar við fíkniefnaneyslu barna og unglinga, en benda á nauðsyn þess að foreldrum og aðstandendum barna og ungmenna sem háð eru fíkniefnum sé gert kleift að taka fullan þátt í meðferðinni. Stór þáttur í því er réttur til þess að fá greidd umönnunarlaun. Það er orðið löngu tímabært að viðurkenna í verki að hér er um alvarleg veikindi barna og ungmenna að ræða.

304. Tillaga til þingsályktunar [276. mál]

um heilbrigðisáætlun til ársins 2010.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar að stefna í heilbrigðismálum á Íslandi fram til ársins 2010, sem hefur það að markmiði að bæta heilsufar þjóðarinnar, skuli byggjast á eftirfarandi stefnumiðum:

I. FORGANGSVERKEFNI

1. **Áfengis-, vímuefna- og tóbaksvarnir.**

1.a Áfengisneysla verði ekki meiri en 5,0 lítrar af hreinu alkóhóli á hvern íbúa 15 ára og eldri og nánast engin hjá þeim sem yngri eru.

1.b Dregið verði úr áfengis- og vímuefnaneyslu fólks undir lögaldri um 25%.

1.c Hlutfall fólks á aldrinum 18–69 ára sem reykir verði undir 15%.
1.d Hlutfall barna og unglinga 12–17 ára sem reykja verði undir 5%.

2. **Börn og ungmenni.**
2.a Unnið verði að því að jafna mun á heilsufari barna sem tengist þjóðfélagsstöðu foreldra um 25%.
2.b Geðheilbrigðisþjónustan nái árlega til 2% barna og unglinga á aldrinum 0–18 ára óháð búsetu.
2.c Dregið verði úr slysum og slysadauða barna um 25%.
2.d Tíðni tannskemmda (DMF) 12 ára barna lækki í 1,0.

3. **Eldri borgarar.**
3.a Bið eftir vistun á hjúkrunarheimili fyrir fólk sem er í mjög brýnni þörf verði ekki lengri en 90 dagar.
3.b Yfir 75% fólks 80 ára og eldra sé við svo góða heilsu að það geti með viðeigandi stuðningi búið heima.
3.c Dregið verði úr tíðni mjaðma- og hryggbrota um 25%.
3.d Yfir 50% fólks 65 ára og eldra hafi a.m.k. 20 tennur í biti.

4. **Geðheilbrigði.**
4.a Dregið verði úr tíðni sjálfsvíga um 25%.
4.b Dregið verði úr tíðni geðraskana um 10%.

5. **Hjarta- og heilavernd.**
5.a Dregið verði úr dánartíðni vegna hjarta- og æðasjúkdóma hjá fólki á aldrinum 25–74 ára:
– Hjá körlum um 20%.
– Hjá konum um 10%.
5.b Dregið verði úr tíðni heilablóðfalla um 30%.
6. **Krabbameinsvarnir.**
Dánartíðni vegna krabbameina hjá fólki yngra 75 ára lækki um 10%.

7. **Slysavarnir.**
7.a Slysum fækki um 25%.
7.b Dauðaslysum fækki um 25%.

II. MEGINÞÆTTIR HEILBRIGÐISÁÆTLUNAR

A. Samábyrgð og jafnræði.

Markmið 1 – Samábyrgð um heilbrigði.

Evrópumarkmið:

Árið 2020 verði munurinn á heilbrigðisástandi ríkja á starfssvæði Evrópuskrifstofu WHO þriðjungi minni en hann er.

Íslensk markmið til 2010:

1. Ísland verði ávallt meðal þeirra fimm þjóða sem búa við bestu heilbrigðisþjónustu í heiminum, samkvæmt gæðakvörðum SÞ.
2. Upphæð sem samsvarar 1% af heilbrigðisútgjöldum verði varið til aðstoðar öðrum löndum við uppbyggingu og þróun heilbrigðisþjónustu.
3. Stuðlað verði að því að velta heilbrigðistækniiðnaðarins samsvari ⅓ af útgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála.

Markmið 2 – Jafnræði til heilbrigðis.

Evrópumarkmið:

Árið 2020 verði sá munur sem er á heilbrigðisástandi einstakra þjóðfélagshópa a.m.k. fjórðungi minni en hann er nú innan allra aðildarríkjanna. Beitt verði sértækum aðgerðum til þess að bæta heilsufar þeirra hópa sem verst eru settir.

Íslensk markmið til 2010:

1. Dregið verði úr mun á lífslíkum einstakra þjóðfélagshópa um a.m.k. 25%.
2. Dregið verði úr mun á aðgengi þjóðfélagshópa og íbúa mismunandi byggðarlaga að heilbrigðisþjónustu.
3. Tryggt verði að þeir sem vegna æsku, fötlunar eða öldrunar eiga erfitt með að gæta réttar síns njóti jafnræðis á við aðra.

B. Bætt heilsufar.

Markmið 3 – Heilbrigt líf frá upphafi.

Evrópumarkmið:

Árið 2020 verði heilsufar nýfæddra barna, ungbarna og barna á leikskólaaldri betra en nú og börnum tryggð heilbrigð uppvaxtarskilyrði frá upphafi.

Íslensk markmið til 2010:

1. Ungbarnadauði verði undir þremur dauðsföllum á hverja 1000 fædda.
2. Dregið verði úr slysum og slysadauða barna um 25%.
3. Fylgt verði leiðbeiningum landlæknis varðandi reglubundið mat á andlegum, líkamlegum og félagslegum þroska barna á aldrinum 0–6 ára.

Markmið 4 – Heilsufar ungs fólks.

Evrópumarkmið:

Árið 2020 verði ungt fólk á Evrópusvæðinu heilbrigðara og færara um að rækja hlutverk sitt í þjóðfélaginu.

Íslensk markmið til 2010:

1. Dregið verði úr áfengis- og vímuefnaneyslu ungs fólks um 25%.
2. Dregið verði úr reykingum ungs fólks um 50%.
3. Dregið verði úr slysum og dauðaslysum ungs fólks um 25%.
4. Fæðingartíðni meðal stúlkna 19 ára og yngri lækki um 50%.

Markmið 5 – Heilbrigð öldrun.

Evrópumarkmið:

Árið 2020 á fólk 65 ára og eldra að hafa tækifæri til þess að njóta góðrar heilsu að fullu og gegna virku félagslegu hlutverki í þjóðfélaginu.

Íslensk markmið til 2010:

1. Yfir 70% íbúa 80 ára og eldri verði við það góða heilsu að þeir geti með viðeigandi stuðningi búið heima og tekið virkan þátt í daglegu lífi.
2. A.m.k. 85% aldraðra verði árlega bólusettir gegn inflúensu og á tíu ára fresti gegn lungnabólgubakteríu.
3. Reglubundnar heilbrigðisskoðanir og athuganir á mati íbúa 65 ára og eldri á eigin heilsu.
4. Bið eftir vistun á hjúkrunarheimili fyrir fólk sem er í mjög brýnni þörf verði ekki meiri en 90 dagar.

C. Forvarnir og heilsuvernd.

Markmið 6 – Bætt geðheilbrigði.

Evrópumarkmið:

Árið 2020 verði andleg og félagsleg vellíðan fólks meiri, þjónusta víðtækari og aðgengilegri fólki með geðræn vandamál.

Íslensk markmið til 2010:

1. Dregið verði úr tíðni geðraskana um 10%.
2. Dregið verði úr tíðni sjálfsvíga um 25%.
3. Geðheilbrigðisþjónusta nái árlega til 2% barna og unglinga á aldrinum 0–18 ára óháð búsetu.
4. Bætt verði aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu og meðferðarúrræðum fjölgað.

Markmið 7 – Dregið verði úr smitsjúkdómum.

Evrópumarkmið:

Árið 2020 verði búið að draga verulega úr skaðvænlegum afleiðingum smitsjúdóma og með skipulegum aðgerðum búið að útrýma, einangra eða hamla gegn sóttnæmum sjúkdómum sem þýðingu hafa fyrir heilbrigðisástandið.

Íslensk markmið til 2010:

1. Viðhaldið verði öflugum forvörnum gegn smitsjúkdómum með ónæmisaðgerðum.
2. Rauðum hundum og hettusótt verði útrýmt.
3. Dregið verði úr nýgengi klamýdíu um 50%.
4. Bætt verði og aukin kögun á smitsjúkdómum með skipulegri skráningu, markvissum viðbrögðum og samvinnu við erlenda aðila.
5. Dregið verði úr ónæmi sýkla gegn sýklalyfjum.
6. Eflt verði upplýsingastarf og fræðsla fyrir almenning og fagfólk um farsóttir og sóttvarnir.

Markmið 8 – Dregið verði úr langvinnum sjúkdómum.

Evrópumarkmið:

Árið 2020 verði búið að draga eins og mögulegt er úr dánartíðni, örorku og ótímabærum dauðsföllum af völdum langvinnra sjúkdóma á Evrópusvæðinu.

Íslensk markmið til 2010:

1. Dregið verði úr dánartíðni vegna hjarta- og æðasjúkdóma hjá aldurshópnum 25–74 ára: um 20% hjá körlum og 10% hjá konum.
2. Dregið verði úr dánartíðni vegna krabbameina hjá fólki yngra en 75 ára um 10%.
3. Dregið verði áfram skipulega úr veikindum, örorku og dánartíðni vegna öndunarfærasjúkdóma, stoðkerfisvandamála og annarra langvinnra sjúkdóma um þriðjung.

Markmið 9 – Dregið verði úr ofbeldi og slysum.

Evrópumarkmið:

Árið 2020 verði búið að draga verulega og varanlega úr meiðslum, örorku og dauða sem orsakast af slysum og ofbeldi á Evrópusvæðinu.

Íslensk markmið til 2010:

1. Dánartíðni og örorka vegna umferðarslysa lækki um a.m.k. 25%.
2. Dánartíðni og örorka vegna slysa á vinnustað, heimilum og í skóla lækki um 25%.
3. Dregið verði úr tíðni og dauðsföllum vegna heimilisofbeldis, kynferðisofbeldis og annars ofbeldis um 25%.

D. Þverfaglegar aðgerðir.

Markmið 10 – Heilsusamlegt og öruggt umhverfi.

Evrópumarkmið:

Árið 2020 lifi fólk á Evrópusvæðinu í öruggara umhverfi, standi ekki varnarlaust gagnvart eiturefnum sem eru hættuleg heilsunni og fylgt verði alþjóðlega viðurkenndum öryggisstöðlum.

Íslensk markmið til 2010:

1. Framlög til heilbrigðisrannsókna verði tvöfölduð.
2. Gerð verði landsáætlun í umhverfis- og heilbrigðismálum (NEHAP).
3. Skipulegt mat verði reglulega gert á áhrifum umhverfisþátta og vinnuaðstæðna á heilsufar fólks.

Markmið 11 – Heilbrigðari lífshættir.

Evrópumarkmið:

Árið 2015 hafi fólk í öllum þjóðfélagsstéttum tamið sér heilbrigðari lífshætti.

Íslensk markmið til 2010:

1. Stuðlað verði að því að fólk neyti sem fjölbreyttastrar fæðu þar sem hlutfall fitu fyrir fullorðna sé 25–35% orkunnar, sbr. markmið Manneldisráðs.
2. Stuðlað verði að því að neysla grænmetis og ávaxta aukist verulega og verði í samræmi við markmið Manneldisráðs, a.m.k. fimm skammtar á dag.
3. Allur þorri fólks sé líkamlega virkur í frítíma sínum, iðki viðeigandi líkamsþjálfun sem samsvarar 30 mínútna langri göngu a.m.k. fimm sinnum í viku.
4. Öll börn á skólaskyldualdri fái a.m.k. sem samsvarar einni kennslustund á viku í heilbrigðisfræðslu á hverju námsári.

Markmið 12 – Dregið verði úr skaðlegum áhrifum áfengis, ávanalyfja og tóbaks.

Evrópumarkmið:

Árið 2015 verði búið að draga verulega úr skaðvænlegum áhrifum af neyslu vanabindandi efna eins og tóbaks, áfengis og ávanalyfja í öllum aðildarríkjunum.

Íslensk markmið til 2010:

1. Hlutfall fólks á aldrinum 18–69 ára sem reykir verði undir 15% og hlutfall barna og unglinga 14–17 ára sem reykja verði undir 5%.
2. Áfengisneysla verði ekki meiri en 5,0 lítrar af hreinu alkóhóli á hvern íbúa 15 ára og eldri og nánast engin hjá þeim sem yngri eru.
3. Neysla ólöglegra ávanalyfja verði minnkuð a.m.k. um 25% og dánartíðni vegna þeirra lækki um a.m.k. 50%.

Markmið 13 – Heilsuvænt umhverfi.

Evrópumarkmið:

Árið 2015 hafi fólk í aðildarríkjunum fleiri tækifæri til að lifa í heilsuvænu efnislegu og félagslegu umhverfi, hvort sem um er að ræða vinnustað, skóla, heimili eða nágrenni.

Íslensk markmið til 2010:

1. A.m.k. 95% skólabarna fái skipulega fræðslu og þjálfun í heilsueflingu.
2. A.m.k. 50% borga, bæjarfélaga og annarra sveitarfélaga hafi sett sér markmið á sviði heilsueflingar.
3. A.m.k. 20% stórra og meðalstórra fyrirtækja hafi skuldbundið sig til þess að vinna að heilsueflingu starfsfólks.

Markmið 14 – Þverfagleg ábyrgð á heilsufari.

Evrópumarkmið:

Árið 2020 eiga allir þjóðfélagsgeirar að hafa gert sér grein fyrir ábyrgð sinni í heilsufarslegum efnum og viðurkennt hana.

Íslensk markmið til 2010:

1. Sérstaklega verði kveðið á um í lögum, og því fylgt eftir, að allir samfélagsgeirar beri ábyrgð í heilsufarslegum efnum.
2. Skipulegt umhverfismat fari ávallt fram á hugsanlegum áhrifum allra stærri iðnþróunarverkefna, framkvæmda og samfélagsaðgerða á heilsufar fólks.
3. Aðgerðir á sviði menntunar, upplýsingamála og rannsókna beinist í ríkara mæli að því að gera einstaklinga og þjóðfélagsþegnana í heild betur meðvitaða um samábyrgð sína í heilbrigðismálum.

E. Árangursrík heilbrigðisþjónusta.

Markmið 15 – Samhæfður heilbrigðisgeiri.

Evrópumarkmið:

Árið 2010 eigi fólk á Evrópusvæðinu að hafa betri aðgang að fjölskyldu- og samfélagsmótaðri heilsugæslu með sveigjanlega og virka sjúkrahúsaþjónustu að bakhjarli.

Íslensk markmið til 2010:

1. Starfsemi heilbrigðiskerfisins byggist meira á teymisvinnu og samfellu í þjónustu.
2. Heilbrigðisþjónusta utan sem innan stofnana fylgi samhæfðum starfsreglum.

Markmið 16 – Aukin gæði og árangur.

Evrópumarkmið:

Árið 2010 eiga aðildarríkin að vera búin að tryggja að stjórnun heilbrigðisgeirans beinist að því að ná árangri, hvort sem um er að ræða aðgerðir sem ná til fjöldans eða einstaklingsbundna klínískra meðferð.

Íslensk markmið til 2010:

1. Allar heilbrigðisstofnanir þrói með sér árangursmælikvarða og meti starf sitt á þeim grunni og/eða með hliðsjón af viðurkenndum gagnagrunnum.
2. Allar heilbrigðisstofnanir komi sér upp formlegu gæðaþróunarstarfi og fylgi eigin áætlunum í gæðamálum.
3. Yfir 90% sjúklinga séu ánægðir með þá heilbrigðisþjónustu sem þeir fá.

Markmið 17 – Fjármögnun heilbrigðisþjónustu.

Evrópumarkmið:

Árið 2010 hafi öll aðildarríkin tryggt fjármögnun og skiptingu fjárveitinga til heilbrigðiskerfisins á grundvelli jafns aðgangs, hagkvæmni, samábyrgðar og bestu mögulegra gæða.

Íslensk markmið til 2010:

1. Þjónustusamningar verði gerðir við allar heilbrigðisstofnanir landsins til þriggja ára í senn.
2. Þróun framlaga til heilbrigðisþjónustu verði ekki undir árlegum meðalvexti þjóðartekna.

Markmið 18 – Mannafli í þágu heilbrigðis.

Evrópumarkmið:

Árið 2010 skulu öll aðildarríkin hafa tryggt að allar heilbrigðisfagstéttir og fagstéttir í öðrum geirum samfélagsins hafi tileinkað sér viðeigandi þekkingu, viðhorf og hæfni á sviði heilsuverndar og heilsueflingar.

Íslensk markmið til 2010:

1. Árlega verði spáð fyrir um mannaflaþörf heilbrigðisþjónustunnar til næstu fimm til tíu ára.
2. Aðgangur að námi heilbrigðisstétta taki þegar mið af mannaflaþörf heilbrigðisþjónustunnar.
3. Námskrár heilbrigðisstétta taki mið af heilsuþörfum þjóðarinnar og framkvæmd heilbrigðisáætlunar.

F. Rannsóknir, samstarf og verkáætlanir.

Markmið 19 – Rannsóknir og þekking í þágu heilbrigðis.

Evrópumarkmið:

Árið 2005 skulu öll aðildarríkin stunda heilbrigðisrannsóknir og hafa komið sér upp upplýsinga- og samskiptakerfum sem styðja betur öflun, virka nýtingu og útbreiðslu þekkingar til þess að geta framfylgt stefnu WHO um heilsu fyrir alla.

Íslensk markmið til 2010:

1. Framlög til rannnsókna og þróunarstarfsemi verði a.m.k. 2% af heildarútgjöldum til heilbrigðismála.
2. Árlega verði 3–5% af fjárframlögum til heilbrigðisstofnana varið til kaupa og endurnýjunar á tölvum, lækningatækjum og öðrum tækjabúnaði.

Markmið 20 – Efling samstarfs í þágu heilbrigðis.

Evrópumarkmið:

Árið 2005 verði búið að fá einstaklinga, hópa og skipulögð samtök til samstarfs við framkvæmd stefnumörkunar WHO um heilbrigði fyrir alla, innan opinbera geirans, einkageirans og almennt í þjóðfélaginu.

Íslensk markmið til 2010:

1. Unnið verði að víðtækri samfélagsþátttöku um framkvæmd stefnumörkunar WHO og íslensku heilbrigðisáætlunarinnar.
2. Skipulega verði kannað á hvern hátt hver samfélagsgeiri eða atvinnugrein getur lagt sitt af mörkum til þess að bæta heilsufar þjóðarinnar.

Markmið 21 – Stefnumál og aðgerðir í þágu heilsu fyrir alla.

Evrópumarkmið:

Árið 2010 skulu öll aðildarríkin vera virk í framkvæmd stefnumörkunarinnar um heilbrigði fyrir alla á landsvísu og svæðisbundið eða á staðbundnum vettvangi. Þetta starf verður að grundvallast á viðeigandi stofnananeti, stjórnkerfi og skapandi forustu.

Íslensk markmið:

1. Skipulags- og stjórnkerfi heilbrigðismála verði endurskoðað með hliðsjón af stefnumörkun WHO og framkvæmd heilbrigðisáætlunarinnar.
2. Skilgreind verði frekari skammtíma- og langtímamarkmið, mælikvarðar og forgangsmál í heilbrigðismálum ásamt aðgerðum og leiðum til þess að ná settum markmiðum, sbr. skýrslu um forgangsröðun.

3. Ákvarðanir verði teknar um verkaskiptingu ríkis, landshluta og sveitarfélaga í heilbrigðismálum.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Inngangur.

Undanfarin 3–4 ár hefur nefnd skipuð af heilbrigðisráðherra unnið að endurskoðun heilbrigðisáætlunar sem gilt hefur frá árinu 1991. Við endurskoðunina hefur annars vegar verið tekið mið af stefnumörkun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um *heilbrigði allra* og heilbrigðisáætlunum annarra ríkja og hins vegar stefnumótun og úttektum á fjölmörgum þáttum heilbrigðismála hér á landi.

Í nefnd þeirri sem unnið hefur að endurskoðun heilbrigðisáætlunarinnar hafa eftirtaldir átt sæti:

Davíð Á. Gunnarsson, ráðuneytisstjóri og formaður nefndarinnar.
Ólafur Ólafsson, fyrrv. landlæknir, og síðar
Sigurður Guðmundsson landlæknir.
Sighvatur Björgvinsson, alþingismaður og fyrrv. ráðherra.
Svavar Gestsson, ræðismaður og fyrrv. ráðherra.
Inga Jóna Þórðardóttir, borgarfulltrúi og fyrrv. aðstoðarmaður ráðherra.
Þórir Haraldsson, aðstoðarmaður ráðherra.
Ásta Möller, alþingismaður og fyrrv. formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.
Jónas Magnússon prófessor.
Birgir Gunnarsson framkvæmdastjóri.
Pálmi V. Jónsson yfirlæknir.
Jón Sæmundur Sigurjónsson hagfræðingur.
Símon Steingrímsson verkfræðingur.
Ingimar Einarsson, skrifstofustjóri og starfsmaður nefndarinnar.

Auk nefndarinnar og starfsmanns hennar hefur Anna Björg Aradóttir hjúkrunarfræðingur unnið að úrvinnslu upplýsinga um ýmsa þætti heilbrigðismála og aðstoðað við framsetningu þeirra í heilbrigðisáætluninni. Vilborg Ingólfsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur, Sigríður Haraldsdóttir, ritstjóri heilbrigðisskýrslna, Margrét Björnsdóttir deildarstjóri, Sigríður Vilhjálmsdóttir félagsfræðingur, Daði Einarsson stjórnsýslufræðingur og Jóhann Rúnar Björgvinsson hagfræðingur hafa einnig gefið góð ráð og lagt til efni á ýmsum stigum við gerð áætlunarinnar.

Fyrstu drög að heilbrigðisáætlun til 2010 voru lögð fram á heilbrigðisþingi í mars 1999. Eftir það þing fengu stjórnendur heilbrigðisstofnana, fagstéttir, hagsmunahópar og fleiri aðilar drögin til umsagnar. Athugasemdir þeirra og ýmislegt annað sem fram kom á heilbrigðisþinginu var lagt til grundvallar fyrirliggjandi tillögu að heilbrigðisáætlun.

Nefndin sem vann að gerð heilbrigðisáætlunarinnar valdi að leggja megináherslu á langtímaheilbrigðismarkmið sem miða að því að bæta heilsufar þjóðarinnar. Hagfræðistofnun var jafnframt fengin til að gera sérstaka kostnaðar- og ábatagreiningu á heilbrigðisáætluninni. Meginniðurstaðan er sú að verði markmiðum hennar náð ætti að vera mögulegt að draga úr þjóðfélagslegum kostnaði sem nemur á bilinu 7,5–15 milljörðum króna árlega. Til þess að ná þessum markmiðum þarf í ákveðnum tilvikum að stofna til einhvers kostnaðar en í öðrum tilvikum má áreiðanlega ná fram markmiðum með endurskipulagningu núverandi starfsemi.

Heilbrigðisáætluninni er ætlað að gilda til ársins 2010 en á árinu 2005 verður framkvæmd sérstök endurskoðun á öllum helstu markmiðum hennar. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið mun annast hina stjórnsýslulegu framkvæmd og endurskoðun markmiða áætlunar-

innar. Landlæknisembættið mun sjá um söfnun og úrvinnslu tölulegra upplýsinga og faglegt eftirlit. Héraðslæknar, heilbrigðisstarfsmenn og stjórnir sem og framkvæmdastjórar stofnana munu sömuleiðis vinna að því að ná settum markmiðum og tryggja eftirlit með framkvæmd áætlunarinnar á hverjum stað.

Árlega verður gefið út yfirlit eða skýrsla um stöðu og framvindu þeirra verkefna sem heilbrigðisáætlunin nær til.

Forsaga.

Heildarstefnumótun í heilbrigðismálum hefur af ýmsum ástæðum átt erfitt uppdráttar hér á landi. Á það bæði við um heildaráætlanir til langs tíma og áætlanir sem snúa að einstökum þáttum heilbrigðisþjónustunnar, svo sem uppbyggingu sjúkrahúsaþjónustunnar og skipulagi forvarna og heilsueflingar. Stefnumörkunin í málefnum heilsugæslunnar, með samþykkt heilbrigðislaganna 1973, verður þó að teljast til undantekninga.

Árið 1980 voru tekin saman drög að víðtækri heilbrigðisáætlun til nokkurra ára. Á þeim tíma reyndust þó ekki vera forsendur fyrir því að hrinda þeim áformum í framkvæmd. Það var ekki fyrr en í ársbyrjun 1986 að ákveðið var að vinna að landsáætlun í heilbrigðismálum með hliðsjón af íslenskum aðstæðum og stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um heilbrigði allra árið 2000 eða HFA 2000.

Tillaga til þingsályktunar um íslenska heilbrigðismálastefnu var lögð fram á Alþingi árið 1987, endurskoðuð og lögð fram á heilbrigðisþingi í febrúar 1988, lögð aftur fram á Alþingi veturinn 1990–1991 og loks samþykkt í verulega breyttu formi og styttu 19. mars 1991. Heilbrigðisáætluninni var ætlað að ná til ársins 2000 en skyldi endurskoðuð að þremur árum liðnum.

Flestar þjóðir Evrópu gerðu í lok áttunda áratugarins og byrjun þess níunda sérstakar landsáætlanir í því skyni að uppfylla 38 heilbrigðismarkmið sem sett voru í Evrópu árið 1984 í samræmi við HFA 2000-stefnumörkun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og Alma Ata-yfirlýsinguna. Svíar voru fyrstir norrænna þjóða til að hrinda áætlun sinni úr vör eða árið 1985, Finnar fylgdu á eftir 1987, Norðmenn 1988, Danir 1989 og loks Íslendingar 1991.

Meginþættir heilbrigðisáætlunar.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur endurskoðað stefnu sína um heilbrigði allra árið 2000. Á 51. alþjóðaheilbrigðisþinginu í maí 1998 var samþykktur rammi að stefnumörkun varðandi heilbrigði allra á 21. öld. Þar er lögð rík áhersla á að heilbrigði sé grundvallarmannréttindi hvers og eins, en auk þess eru skilgreind tiltekin markmið sem ætlað er að standa allt til ársins 2020. Svæðisstjórnum WHO og ríkisstjórnum aðildarríkjanna er síðan ætlað að útfæra stefnumörkunina, hverri á sínu starfssvæði.

Svæðisnefnd WHO í Evrópu samþykkti haustið 1998 heilbrigðisstefnu sem nær í flestum atriðum til ársins 2020 og er þar lögð áhersla á 21 heilbrigðismarkmið í stað 38 áður. Markmiðin eru betur skilgreind og meira lagt upp úr tölulegum viðmiðum en í þeirri stefnu sem tók mið af árinu 2000.

Í Evrópuáætlun WHO er aðalmarkmiðið að efla heilsu í öllum aðildarríkjunum eins og kostur er.

Tvö helstu stefnumið áætlunarinnar eru:

- Að efla og vernda heilsu fólks allt lífið.
- Að draga úr tíðni sjúkdóma og slysa og lina þær þjáningar sem þau valda.

Þrjú grundvallargildi mynda siðferðilegan grundvöll Evrópuáætlunarinnar:

- Heilbrigði sem grundvallarmannréttindi.

- Jafnræði til heilsu og samábyrgð í verki.
- Þátttaka og ábyrgð á heilbrigðisstarfsemi.

Fjórar helstu tegundir aðgerða við framkvæmd Evrópuáætlunarinnar eru:

- Þverfaglegar aðgerðir.
- Árangursstjórnun.
- Samhæfðar lausnir.
- Samfélagsþátttaka.

Við endurskoðun íslensku heilbrigðisáætlunarinnar var ákveðið að afmarka sérstaklega sjö forgangsverkefni áætlunarinnar til ársins 2010 en að öðru leyti myndar það 21 markmið sem er að finna í Evrópuáætlun WHO megingrunn áætlunarinnar.

Í heilbrigðisáætluninni er gerð grein fyrir öllum Evrópumarkmiðunum, lýst aðstæðum í Evrópu og á Íslandi og skilgreind séríslensk markmið til ársins 2010. Þar er aðallega tekið á þeim atriðum sem ekki eru í nógu góðu lagi eða lítið er vitað um. Jafnframt er reynt að styðjast við þá tegund tölulegra mælikvarða sem vonast er til að geti gefið góða mynd af þróun heilbrigðismála og árangri heilbrigðisþjónustunnar.

Í áætluninni er fjallað sérstaklega um þætti sem áhrif hafa á gerð og framkvæmd heilbrigðisáætlana. Má þar nefna þróun mannfjölda, aldurssamsetningu þjóðarinnar, lífshætti og umhverfi fólks, efnahagsástand, fjárhag hins opinbera, gæði heilbrigðisþjónustunnar, félagslega þjónustu, tækninýjungar, framfarir í læknisfræði og öðrum heilbrigðisvísindum, auk lýsingar á almennu heilsufarsástandi og framtíðarsýn í heilbrigðismálum.

Á þessari öld hefur skipulag heilbrigðisþjónustunnar mótast mikið af því að um áratuga skeið gilti sín löggjöfin hvor um tvo meginþætti hennar, heilsugæslu og sjúkrahúsaþjónustu, þ.e. læknaskipunarlög og sjúkrahúsalög. Lengi vel þróuðust þessir þættir að mörgu leyti í ólíkar áttir. Það var ekki fyrr en 1973 sem sett var samræmd löggjöf um heilbrigðisþjónustu. Þessi heilbrigðisáætlun miðar að því að samhæfa alla meginþætti heilbrigðisþjónustunnar og tryggja að starfsemin beinist að sameiginlegum markmiðum.

Þegar samræmd löggjöf um heilbrigðisþjónustu á Íslandi tók gildi 1. janúar 1974 leysti hún af hólmi þágildandi læknaskipunarlög og sjúkrahúsalög. Frá þeim tíma hefur stjórnkerfi heilbrigðismála verið þrískipt að formi til, þ.e. í yfirstjórn, svæðisstjórnir og stjórnir stofnana. Þrátt fyrir að gerðar hafi verið ýmsar breytingar á heilbrigðislöggjöfinni hefur þrískiptingin sem slík haldist svo til óhögguð.

Mikilvægt er að heilsuvernd, forvarnir og heilsuefling fái viðeigandi sess innan heilbrigðisþjónustunnar og sjónum verði í auknum mæli beint að því að efla heilbrigði og fyrirbyggja sjúkdóma. Í því starfi þarf að koma til samstillt átak stjórnvalda, stjórnenda í heilbrigðisþjónustu, heilbrigðisstétta, hagsmunafélaga og frjálsra félagasamtaka. Samtímis er mikilvægt að landsmönnum verði tryggð eftir því sem unnt er viðeigandi greining, meðferð og endurhæfing vegna sjúkdóma og annarra heilsufarsvandamála.

Heilbrigðisáætlunin byggist á reglum um forgangsröðun samkvæmt tillögum nefndar sem falið var að meta hvernig unnt væri að standa að forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðisráðherra samþykkti þessar tillögur árið 1998 og hefur falið ráðuneytinu og öðrum aðilum innan heilbrigðiskerfisins að framkvæma þær í skipulegum áföngum. Forgangsröðunin nær jafnt til siðfræðilegra þátta og meginákerslna heilbrigðisþjónustunnar sem skipulags og stefnumörkunar.

Forgangsverkefni heilbrigðisáætlunarinnar til ársins 2010 ná yfir eftirtalin sjö svið:

- Áfengis-, vímuefna- og tóbaksvarnir.
- Börn- og ungmenni.
- Eldri borgarar.

- Geðheilbrigði.
- Hjarta- og heilavernd.
- Krabbameinsvarnir.
- Slysavarnir.

Gerð var sérstök kostnaðar- og ábatagreining á heilbrigðisáætluninni og var meginniðurstaðan sú að verði markmiðum hennar náð ætti að vera mögulegt að draga úr þjóðfélagslegum kostnaði sem nemur á bilinu 7,5–15 milljörðum króna árlega.

Mælikvarðarnir við mat á þróun heilbrigðismála eru fyrst og fremst valdir til þess að fá betri yfirsýn yfir stöðu þeirra og árangur heilbrigðisþjónustunnar. Þetta er gert í ljósi þess að mikilvægt er að nota ekki of marga mælikvarða samtímis því að þá er hætta á að mikilvægustu atriðin hverfi í skugga þeirra sem síður skipta máli.

Mörg markmiðanna munu þurfa endurskoðunar við á næstu árum en í heild ættu þau að geta gefið upplýsingar, eða a.m.k. sterkar vísbendingar, um heilbrigðisástand þjóðarinnar og hvert stefnir í þeim efnum. Vænlegast var talið að halda sig við nokkur mikilvæg atriði þar sem reynslan sýnir að mestar líkur eru á því að það sem fær athygli og umræðu verði framkvæmt. Önnur tengd atriði og verkefni eru þá gjarnan framkvæmd um leið eða í kjölfarið.

Framkvæmd.

Heilbrigðisáætlunin gildir til ársins 2010 og yfirumsjón með framkvæmd hennar verður á hendi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í samvinnu við landlæknisembættið.

Ýmsir sérfróðir aðilar, samstarfsráð og nefndir á vegum heilbrigðisstjórnarinnar verða til aðstoðar við framkvæmd á ýmsum þáttum heilbrigðisáætlunarinnar. Áformað er að skipa nokkra vinnuhópa til þess að vinna framkvæmdaáætlanir fyrir einstaka þætti áætlunarinnar. Jafnframt er mikilsvert að náin samvinna verði við sjúkrahús, heilsugæslu, fagstéttir og aðra aðila innan heilbrigðiskerfisins sem málið varðar.

Sömuleiðis er brýnt að áætluninni sé fylgt á öllum stigum heilbrigðisþjónustunnar og að hún njóti stuðnings sveitarfélaga, landshlutasamtaka, frjálsra félagasamtaka, fagfélaga og hagsmunasamtaka, fyrirtækja og samtaka atvinnulífsins, fjölskyldna og einstaklinga. Enn fremur þarf að tryggja að stefna ríkisins, sveitarfélaga og atvinnulífs á fjölmörgum sviðum samfélagsins stuðli að bættu heilbrigðisástandi hér á landi.

Með tilkomu áætlunarinnar er ekki ætlunin að draga úr vinnu við stefnumörkun og áætlanagerð á fjölmörgum sviðum heilbrigðismála. Áfram verða unnin umfangsmikil verkefni sem varða stöðu og framtíð stofnana, sérgreina og einstaklinga.

Í byrjun hvers árs er áformað að meta hvernig framkvæmd áætlunarinnar miðar með tölulegum mælingum eða sérstöku mati þar sem við á. Árlega verður birt yfirlit um stöðu og framkvæmd áætlunarinnar. Stefnt verður að því að ítarleg endurskoðun verði gerð á meginþáttum hennar þriðja hvert ár.

Heilbrigðisyfirvöld leggja áherslu á að heilbrigðisstofnanir, heilbrigðisstarfsmenn og aðrir aðilar innan heilbrigðisþjónustunnar miði starfsemi sína við að ná settum markmiðum. Samfara auknu sjálfstæði og ábyrgð stjórna og stjórnenda í heilbrigðisþjónustunni er þeim jafnframt falið að fylgjast betur með starfseminni og tryggja fagleg vinnubrögð á grundvelli heilbrigðislaga, læknalaga og annarra stjórnvaldsfyrirmæla. Markvisst verður unnið að því að þessir aðilar skipuleggi og samhæfi betur aðgerðir sínar svo að unnt verði að gera helstu áform áætlunarinnar að veruleika á næstu árum.

Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi skýrslu um heilbrigðisáætlun til ársins 2010.

305. Fyrirspurn [277. mál]

til landbúnaðarráðherra um skógræktarverkefni á Austurlandi utan Fljótsdalshéraðs.

Frá Þuríði Backman.

Er í undirbúningi að koma á landshlutabundnu skógræktarverkefni á Austurlandi utan Fljótsdalshéraðs á grundvelli sambærilegra samninga og gilda nú þegar í öðrum landshlutum um skógræktarverkefni?

306. Fyrirspurn [278. mál]

til umhverfisráðherra um viðbrögð skrifstofu Ramsar-samningsins við úrskurði ráðherra um kísilgúrvinnslu úr Mývatni.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur og Steingrími J. Sigfússyni.

Hefur ráðherra tilkynnt skrifstofu Ramsar-samningsins um úrskurð sinn er lýtur að kísilgúrvinnslu úr Mývatni, og ef svo er, hver hafa viðbrögð skrifstofunnar verið?

307. Fyrirspurn [279. mál]

til heilbrigðisráðherra um manneldis- og neyslustefnu.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur og Þuríði Backman.

1. Hvað líður endurskoðun manneldis- og neyslustefnu sem samþykkt var á Alþingi 19. maí 1989?
2. Hvernig hefur gengið að ná markmiðum manneldis- og neyslustefnunnar?

308. Fyrirspurn [280. mál]

til umhverfisráðherra um 15. reglu Ríó-yfirlýsingarinnar, varúðarregluna.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur og Steingrími J. Sigfússyni.

1. Telur ráðherra íslensk stjórnvöld vera lagalega bundin af 15. reglu Ríó-yfirlýsingarinnar (varúðarreglunni)?
2. Ef svo er, hver er útfærsla reglunnar og stendur til að lögfesta þá útfærslu?
3. Hvernig rökstyður ráðherra að 15. regla Ríó-yfirlýsingarinnar hafi verið notuð í nýgengnum úrskurði um kísilgúrvinnslu í Mývatni?
4. Hver er grundvallarmunurinn á framkvæmd varúðarreglna annars vegar og framkvæmd reglna um fyrirbyggjandi aðgerðir hins vegar, með tilliti til áðurnefnds úrskurðar?

309. Frumvarp til laga [281. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir,
Sigríður Jóhannesdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

Á eftir g-lið 1. mgr. 36. gr. laganna kemur nýr stafliður, svohljóðandi: Sérfræðiþjónustu við börn og unglinga á sviði sálfræði og félagsráðgjafar skv. 37. gr. a.

2. gr.

Á eftir 37. gr. laganna kemur ný grein, 37. gr. a, svohljóðandi:

Fyrir sérfræðiþjónustu við börn og unglinga, 18 ára og yngri, á sviði sálfræði og félagsráðgjafar sem veitt er utan sjúkrastofnana og skólakerfis greiða sjúkratryggingar samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Gjaldskráin gildir bæði um sérfræðiþjónustu sem veitt er af hinu opinbera og öðrum.

Sérfræðiþjónusta barna og unglinga utan sjúkrastofnana og skólakerfis á sviði sálfræði og félagsráðgjafar er því aðeins greidd að fyrir liggi sérstök umsókn frá heilsugæslulækni eða sérfræðingi á sviði sálfræði, félagsráðgjafar eða sérkennslu.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um framkvæmd sérfræðiþjónustunnar, meðal annars mæla fyrir um hverjir eigi rétt á henni og hverjir veiti hana.

Reikningi fyrir sérfræðiþjónustu skal framvísað á reikningsformi sem Tryggingastofnun ákveður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 125. löggjafarþingi og nokkrum þingum áður en fékkst ekki afgreitt frá heilbrigðis- og trygginganefnd. Nefndinni barst fjöldi umsagna og er frumvarpið nú lagt fram að nýju með nokkrum breytingum sem gerðar voru með hliðsjón af ábendingum sem þar komu fram. En í öllum umsögnum sem bárust var tekið undir efni frumvarpsins.

Hér er lögð til sú breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, að sérfræðiþjónusta fyrir börn og ungmenni utan sjúkrastofnana og skólakerfisins á sviði sálfræði og félagsráðgjafar verði að hluta greidd úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Gert skal ráð fyrir því að þiggjendur þjónustunnar greiði fyrir ákveðinn hluta hennar, t.d. fasta upphæð fyrir hvert viðtal. Hér er einungis átt við viðurkennda sérfræðiþjónustu. Gert er ráð fyrir að einungis verði greitt fyrir þjónustu réttindafólks á sviði félagsráðgjafar og sálfræði, sbr. lög nr. 40/1976 og lög nr. 95/1990. Einnig verður að gera þá kröfu að einungis verði greitt fyrir þjónustu þeirra sem hafa ákveðna lágmarksreynslu á þessu sviði og má þá m.a. horfa til reglna um veitingu sérfræðileyfa í sálfræði og setja skilyrði um framhaldsmenntun.

Vaxandi þörf er fyrir slíka sérfræðiþjónustu fyrir börn og ungmenni. Hún er og á að vera fastur liður í starfsemi skólanna. Börn og ungmenni, sem dveljast á sjúkrastofnunum, geta átt kost á sérfræðiþjónustu án þess að þurfa að greiða fyrir hana. Hins vegar skortir mikið á að nægjanlegur fjöldi sérfræðinga á sviði sálfræði- og félagsráðgjafar starfi á heilbrigðis-

stofnunum svo hægt sé að sinna þessari þjónustu eins og þyrfti. Við breytingu á grunnskólalögum varð breyting á þessari sérfræðiþjónustu innan skólanna. Hlutverk sérfræðinga á sviði sálfræði og félagsráðgjafar við skóla er nú að mestu leyti greiningarstarf en börnum er síðan í mörgum tilvikum vísað annað til meðferðar. Því er staðreynd að fjöldi barna og ungmenna þarf á þessari sérfræðiþjónustu að halda utan skóla og sjúkrastofnana. Komið hafa fram ábendingar frá skólaskrifstofum víða um land um að við breytingu sem gerð var á grunnskólalögunum sé ekki lengur gert ráð fyrir að veita meðferðarþjónustu innan skólakerfisins á sama hátt og áður var. Með þessu er verið að færa hana í auknum mæli út fyrir skólakerfið og kostnaðinn yfir á foreldra. Þá er einnig ljóst að á landsbyggðinni er þjónusta sálfræðinga og félagsráðgjafa ekki til staðar utan skólakerfisins eða sjúkrastofnana nema í undantekningartilvikum. Kostnaðurinn sem leggst á fjölskyldu getur því verið mjög mikill þegar við bætist ferðakostnaður. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna hefur margoft bent á nauðsyn þess að börnum, sem lengi hafa átt við erfiða líkamlega sjúkdóma að stríða, standi til boða sérfræðiþjónusta sem greidd verði að fullu eða að hluta úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Félagið hefur einnig bent á að ekki aðeins barnið eða unglingurinn, sem hefur átt við alvarleg veikindi að stríða, þurfi á sérfræðiþjónustu að halda heldur einnig og ekki síður fjölskylda barnsins. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna réð sálfræðing til þess að sinna þessari þjónustu og margar fjölskyldur krabbameinsveikra barna nýta sér hana. Félagið reyndi þannig að bregðast við vanda þessara fjölskyldna. Til lengri tíma litið getur félagið þó ekki staðið eitt undir þjónustunni, enda verður ekki séð að þjóðfélagið geti velt þessu verkefni yfir á félagasamtök.

Börn og ungmenni, sem hafa mátt þola hvers konar ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, þurfa oft um langan tíma á þjónustu sérfræðinga að halda, sem og þau börn og ungmenni sem hafa leiðst út í neyslu fíkniefna. Fleiri ástæður mætti að sjálfsögðu nefna, þörfin fyrir sérfræðiþjónustu við börn og ungmenni eykst stöðugt.

Í reglugerð skv. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins skal eins og unnt er skilgreina þá sem rétt eiga á þessari þjónustu. Einnig skal í reglugerðinni kveða á um hvernig staðið verði að umsóknum um hana. Þjónusta sálfræðinga og/eða félagsráðgjafa utan skóla eða heilbrigðisstofnana skal aðeins greidd af Tryggingastofnun ríkisins ef sjúklingur framvísar sérstakri umsókn heilsugæslulæknis eða sérfræðings á sviði sálfræði, félagsráðgjafar eða sérkennslu.

Sveitarfélög hafa í nokkrum tilvikum tekið þátt í kostnaði við sérfræðiþjónustu sálfræðinga og félagsráðgjafa fyrir börn og ungmenni en fá sveitarfélög veita fullkomna þjónustu að þessu leyti. Mjög margar fjölskyldur búa við svo bágan efnahag að þær geta ekki mætt kostnaðinum sem fylgir því að fjölskyldumeðlimur þarf í lengri eða skemmri tíma að nota þjónustu sálfræðings eða félagsráðgjafa. Við slíkt verður ekki unað, allra síst þegar um er að ræða börn eða ungmenni.

Umsagnir sem bárust heilbrigðis- og tryggingaefnd voru eins og áður sagði jákvæðar um efni þessa frumvarps og því er það lagt fram nær óbreytt. Í nokkrum umsögnum var bent á að eðlilegt væri að sérfræðingar á sviði sérkennslu gætu einnig mælt með eða lagt til umsókn um þessa þjónustu. Flutningsmenn hafa tekið tillit til þessara ábendinga.

310. Fyrirspurn [282. mál]

til sjávarútvegsráðherra um áhrif hrefnustofnsins á viðgang þorskstofnsins.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Telur ráðherra það samrýmast hagsmunum íslensku þjóðarinnar að meina hrefnuveiðimönnum að hefja veiðar þegar í stað og koma með því í veg fyrir þann ávinning sem hrefnuveiðar gætu fært þjóðinni?
2. Telur ráðherra að veiðar á hrefnu mundu stuðla að betra jafnvægi í hafinu umhverfis landið og auka árlega nýtingu þjóðarinnar á þorskstofninum?
3. Ef veiðar hefjast ekki á sjávarspendýrum þarf þá að hækka viðmiðun á náttúrlegum dánarstuðli þorsks úr 18% sem hann er talinn nú og ef svo er, hversu mikið?

311. Frumvarp til laga [283. mál]

um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

2. mgr. B-liðar 4. gr. laganna orðast svo:

Kílómetragjald ökutækja skv. 1. mgr. þessa stafliðar skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
4.000–4.999	6,40	18.000–18.999	15,38
5.000–5.999	6,80	19.000–19.999	16,56
6.000–6.999	7,35	20.000–20.999	17,44
7.000–7.999	7,72	21.000–21.999	18,45
8.000–8.999	8,06	22.000–22.999	19,61
9.000–9.999	8,42	23.000–23.999	20,55
10.000–10.999	8,94	24.000–24.999	21,47
11.000–11.999	9,27	25.000–25.999	22,52
12.000–12.999	10,08	26.000–26.999	23,52
13.000–13.999	10,80	27.000–27.999	24,57
14.000–14.999	11,64	28.000–28.999	25,61
15.000–15.999	12,53	29.000–29.999	26,66
16.000–16.999	13,53	30.000–30.999	27,70
17.000–17.999	14,51	31.000 og yfir	28,75

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 5. gr. eru bifreiðar, sem nota í tilraunaskyni annan orkugjafa en bensín, díselolíu eða annað eldsneyti unnið úr olíu, undanþegnar greiðslu þungaskatts frá gildistöku laga þessara til 31. desember 2002.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi að undanskilinni 1. gr. laganna sem öðlast gildi 11. febrúar 2001.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum mánuðum hefur útsöluverð á díselolíu hækkað verulega vegna hækkaðs heimsmarkaðsverðs. Þannig var útsöluverð díselolíu í október 1999 um 38 kr. en um 50 kr. í október 2000, eða rúmum 30% hærra. Þessi hækkun hefur leitt til umtalsverðs kostnaðarauka fyrir fyrirtæki sem gera út díselbifreiðar. Á sama tíma hafa verið gerðar nokkrar breytingar á lögum um þungaskatt með lögum nr. 31/2000. Þær fólust meðal annars í því að svokallað afsláttarkerfi var afnumið í kjölfar álits samkeppnisráðs. Breytingarnar fólust í því að fast 100.000 kr. árgjald á bifreiðar yfir 14 tonnum af leyfðri heildarþyngd var afnumið svo og heimild til að velja í upphafi gjaldárs um að greiða fast gjald sem miðaðist við 95.000 km akstur í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra. Samhliða því var gjald fyrir hvern ekinn kílómetra hækkað til að vega upp tekjutap af afnámi 100.000 kr. fasts árgjalds. Breytingarnar höfðu það óhjákvæmilega í för með sér að gjaldbyrði þungra díselbifreiða sem mikið er ekið hækkaði en á móti kom að gjaldbyrði bifreiða sem ekið er minna lækkaði. Við undirbúning breytinganna var gengið út frá því að tekjur ríkissjóðs af þungaskatti héldust óbreyttar, að teknu tilliti til áætlaðrar aukningar á akstri. Samkvæmt úttekt ráðuneytisins á áhrifum breytinganna hafa þær leitt til þess að tekjur ríkissjóðs eru um það bil 150 millj. kr. meiri en verið hefði að óbreyttum lögum, miðað við síðastliðið gjaldaár. Sú aukning skýrist að mestu leyti af meiri akstri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Tekjuáhrif.

Áætlað er að 10% lækkun á kílómetragjaldi þungaskatts leiði til um 300 millj. kr. tekjulækkunar fyrir ríkissjóð á ársgrundvelli miðað við fyrirliggjandi upplýsingar um akstur á þessu ári og áætlun fyrir næsta ár. Gert er ráð fyrir að þessi breyting komi til framkvæmda á næsta gjaldtímabili sem hefst í febrúar 2001.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hefur reyndin orðið sú að tekjur ríkissjóðs af þungaskatti bifreiða sem greiða gjald samkvæmt mæli hafa hækkað nokkuð í kjölfar breytinga á lögum um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 31/2000. Sú hækkun á þó einkum rætur að rekja til aukins aksturs. Þessar breytingar juku hins vegar nokkuð gjaldbyrði þungra atvinnubifreiða sem ekið er mikið og greiða gjald í samræmi við ekna kílómetra á sama tíma og annar rekstrarkostnaður hefur aukist umtalsvert. Í ljósi þess er lögð til 10% lækkun á kílómetragjaldi þungaskatts frá og með næsta gjaldtímabili 11. febrúar 2001.

Um 2. gr.

Lagt er til að tímabundin heimild til undanþágu frá greiðslu þungaskatts fyrir bifreiðar, sem í tilraunaskyni nota annan orkugjafa en bensín, díselolíu eða annað eldsneyti unnið úr olíu, verði framlengd til 31. desember 2002. Það er gert með hliðsjón af því að enn eru tilraunir með aðra orkugjafa en þá sem unnir eru úr olíu skammt á veg komnar. Því er eðlilegt að veita þeim sem stunda slíkar rannsóknir áfram undanþágu frá greiðslu þungaskatts af ökutækjum sem knúin eru með öðrum orkugjöfum en þeim sem unnir eru úr olíu. Samkvæmt gildandi ákvæði er undanþágan takmörkuð við innlendan orkugjafa. Ekki er ástæða til slíkrar

takmörkunar þar sem nauðsynlegt kann að vera í tilraunaskyni að nýta orkugjafa sem framleiddur er erlendis.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 23/1997, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að kílómetragjald þungaskatts lækki um 10% til að vega á móti kostnaðaráhrifum af verulegri hækkun sem orðið hefur á útsöluverði dísilolíu. Einnig er lagt til að tímabundið ákvæði um undanþágu til greiðslu kílómetragjalds af ökutækjum sem í tilraunaskyni nota nýja orkugjafa verði framlengt og hefur sú breyting óveruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Áætlað er að lækkun kílómetragjalds um 10% leiði til 300 m.kr. árlegrar lækkunar á tekjum ríkissjóðs.

312. Svar [168. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Hólmfríðar Sveinsdóttur um Jafnréttisráð.

1. *Stendur til að setja reglugerð um störf Jafnréttisráðs og skrifstofuhald? Ef svo er, hvenær má vænta hennar?*

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 segir í 7. gr. að félagsmálaráðherra geti með reglugerð sett nánari ákvæði um störf Jafnréttisráðs og skrifstofuhald. Hefur verið farið fram á það við nýskipað Jafnréttisráð að það ræði hvernig það telji best að hagað verði starfsemi ráðsins. Að fengnum tillögum þess mun reglugerðin verða unnin.

2. *Eru Jafnréttisráði ætluð önnur verkefni en kveðið er á um í lögum, þ.e. að vera ráðgefandi og gera tillögur um aðgerðir á sviði jafnréttismála?*

Hlutverki Jafnréttisráðs er lýst í 8. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnréttisráð skal stuðla markvisst að jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla á vinnumarkaðinum. Ráðið skal gera tillögur til félagsmálaráðherra um aðgerðir á þessu sviði. Jafnréttisráð er stjórnvöldum til ráðgjafar um jafnréttismál í vinnumarkaðsmálum og getur jafnframt gert tillögur um úrbætur í jafnréttismálum á öðrum sviðum samfélagsins. Ekki er fyrirhugað að fela Jafnréttisráði önnur verkefni.

3. *Mun Jafnréttisráð geta staðið að sjálfstæðum rannsóknum á jafnréttismálum?*

Ekki er fráleitt að Jafnréttisráð geti staðið fyrir könnunum í tengslum við tiltekin verkefni. Líklegt er að um slíkt yrði fjallað í reglugerð um störf þess og vísast í því sambandi til svars við fyrsta lið.

4. Munu félög, samtök og/eða einstaklingar geta sótt um styrk hjá Jafnréttisráði eða Jafnréttisstofu til verkefna á sviði jafnréttismála?

Ekki er gert ráð fyrir því að Jafnréttisráð verði styrktaraðili verkefna, hins vegar mun Jafnréttisstofa annast ráðgjöf og aðstoð við umsækjendur um styrki í innlenda og erlenda sjóði á sviði jafnréttismála.

5. Hver er fjárhagsrammi Jafnréttisráðs?

Fjárhagsrammi Jafnréttisráðs mun m.a. ráðast ef verkefnum þess eins og þau verða skilgreind í reglugerð í samráði við ráðið. Ráðið fær þjónustu starfsmanns í hálfu starfi og er hann staðsettur á Jafnréttisstofu.

6. Hver er fyrirsjáanlegur kostnaður á ári við hið nýja Jafnréttisráð borið saman við Jafnréttisráð sem lauk störfum nú í haust?

Jafnréttisráð skipað á grundvelli fyrri laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, hafði bæði aðra stjórnsýslulega stöðu og önnur verkefni en núverandi Jafnréttisráð sem skipað er á grundvelli nýrra laga. Verkefni Jafnréttisráðs hafa að breyttum lögum að mestu leyti verið falin nýrri stofnun, Jafnréttisstofu. Jafnréttisráð sinnir nú afmarkaðra hlutverki og verkefnum. Samanburður á fjárframlögum til fyrrverandi Jafnréttisráðs og þess ráðs sem nú er að störfum er því ekki að neinu leyti lýsandi um breytingar á fjárframlögum til sömu starfsemi. Ekki hefur verið gengið endanlega frá fjárveitingum eða skiptingu fjármagns til jafnréttismála fyrir árið 2001. Í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir að hjá félagsmálaráðuneyti fari samtals 48,8 millj. kr. til jafnréttismála. Á fjárlögum ársins 2000 var 45,6 millj. kr. varið til jafnréttismála.

7. Er í fjárhagsáætlun ráðuneytisins gert ráð fyrir auknum útgjöldum vegna óhjákvæmilegs ferðakostnaðar Jafnréttisráðs?

Í áætlunum félagsmálaráðuneytis hefur verið tekið tillit til aukinna útgjalda vegna ferðakostnaðar Jafnréttisráðs.

313. Frumvarp til laga [284. mál]

um breyting á lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Við 4. mgr. 10. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Útlendingur á ekki rétt á hæli hér á landi ef krefja má annað ríki sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990 um að taka við honum.

2. gr.

Við 2. mgr. 19. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 25/2000, bætist: og samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 25. mars 2001.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965, sem nauðsynlegar eru vegna þátttöku Íslands í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990 en samstarf á grundvelli þess samnings er liður í Schengen-samstarfinu. Dyflinnarsamningurinn er birtur sem fylgiskjal með frumvarpinu. Hér á eftir (í II. kafla) verður gerð nánari grein fyrir Dyflinnarsamningnum.

Í 7. kafla II. bálks samnings frá 19. júní 1990 um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 (Schengen-samningsins) er fjallað um hvaða þátttökuríki ber ábyrgð á meðferð beiðni um hæli sem lögð er fram á Schengen-svæðinu. Með samningi milli aðildarríkja Evrópusambandsins um sama efni, sem undirritaður var í Dyflinni 15. júní 1990 (Dyflinnarsamningnum), hefur þessi kafli Schengen-samningsins verið leystur af hólmi.

Aðild Íslands að Schengen-samstarfinu byggist á samningi milli Evrópusambandsins annars vegar og Íslands og Noregs hins vegar um þátttöku síðargreindu landanna í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sem undirritaður var í Brussel 18. maí 1999 (Brussel-samningnum). Í 7. gr. þess samnings er gert ráð fyrir að samið verði milli Evrópusambandsins og landanna tveggja um ábyrgð á meðferð hælisbeiðna og er slíkt samkomulag forsenda fyrir þátttöku Íslands og Noregs í Schengen-samstarfinu. Samningaviðræðum um þátttöku landanna í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins er ekki lokið.

II.

Dyflinnarsamningurinn hefur að geyma ákvæði um í hvaða ríki eigi að fjalla um umsókn um hæli þegar vafi leikur á hvar slík umsókn skuli tekin til meðferðar. Samningnum er ætlað að tryggja að umsókn hljóti meðferð í einu aðildarríkjanna og koma í veg fyrir að umsækjandi verði sendur frá einu aðildarríki til annars án þess að nokkurt þeirra viðurkenni ábyrgð sína á meðferð umsóknar. Með samningnum er því bætt réttarstaða þeirra sem sækja um hæli á samningssvæðinu.

Samkvæmt Dyflinnarsamningnum skal aðeins eitt ríki bera ábyrgð á meðferð beiðni um hæli. Í 4.–8. gr. samningsins eru nákvæmlega afmörkuð þau atriði sem ráða því hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð beiðni hverju sinni. Einnig getur hvert aðildarríki tekið umsókn til meðferðar þótt því sé það ekki skylt, enda samþykki umsækjandi það. Þá færist ábyrgð á meðferð beiðni til þess ríkis.

Komi fram beiðni um hæli í ríki sem ekki ber ábyrgð á meðferð málsins getur það óskað eftir því að umækjandi verði fluttur til ríkis þar sem taka ber málið til meðferðar. Skylt er að verða við slíkum tilmælum ef beiðni þar að lútandi berst innan sex mánaða frá því að beiðni um hæli var móttekin, sbr. 10. og 11. gr. samningsins. Einnig ber ríki sem ber ábyrgð á máli að taka aftur við umsækjanda um hæli eða útlendingi sem synjað hefur verið hælis ef sá sem í hlut á dvelur ólöglega í öðru aðildarríki, sbr. 10. og 13. gr. samningsins.

Um meðferð á beiðni um hæli fer eftir reglum þess ríkis sem ber ábyrgð á meðferð umsóknar.

Samkvæmt 15. gr. samningsins skulu aðildarríkin senda öðru aðildarríki eftir beiðni þær upplýsingar um einstök mál sem nauðsynlegar eru til að kanna hvort ríki beri ábyrgð á meðferð máls og til að meta umsókn um hæli. Þetta tekur bæði til upplýsinga um persónulega hagi umsækjanda og þær ástæður sem hann færði fyrir umsókn sinni. Einnig ber að veita upplýsingar um rökstuðning fyrir þeim ákvörðunum sem ríki kann að hafa tekið í máli viðkomandi umsækjanda.

Í öllum tilvikum er miðlun upplýsinga háð samþykki umsækjanda og má aðeins fara fram

milli þeirra stjórnvalda sem aðildarríkin hafa tilnefnt. Þá verður upplýsingum sem hefur verið miðlað einungis miðlað áfram til stjórnvalda og dómstóla sem ákveða hvaða ríki ber ábyrgð á beiðni og meta umsókn um hæli eða skuldbindingar samkvæmt samningnum.

Ríki sem miðlar upplýsingum skal sjá um að þær séu nákvæmar og uppfærðar. Komi í ljós að aðildarríki hafi veitt ónákvæmar upplýsingar eða upplýsingar sem ekki hefði átt að veita skal viðkomandi ríki sem tók við upplýsingum skýrt frá því. Ber ríkjunum að leiðrétta þessar upplýsingar eða eyða þeim.

Umsækjandi um hæli á samkvæmt beiðni rétt til að fá í hendur þær upplýsingar sem veittar hafa verið um hann meðan þær eru tiltækar. Ef hann sýnir fram á að þessar upplýsingar séu rangar eða ekki hafi átt að miðla þeim getur hann krafist þess að upplýsingar verði leiðréttar eða þeim eytt.

Upplýsingar skulu ekki geymdar lengur en nauðsyn krefur með hliðsjón af tilgangi upplýsingaskipta. Viðkomandi aðildarríki skal þegar við á athuga nauðsyn þess að varðveita upplýsingar.

Upplýsingar sem hefur verið miðlað skulu að minnsta kosti njóta sömu verndar og sambærilegar upplýsingar í því ríki sem við upplýsingum tekur.

III.

Frumvarpið felur í sér viðeigandi breytingar á lögum um eftirlit með útlendingum til að samræma þau þeim reglum sem gilda samkvæmt Dyflinnarsamningnum. Með frumvarpinu eru einungis lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögunum af því tilefni og er þeim ætlað að gilda frá því þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu hefst hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum sem fyrirhugað er að verði 25. mars 2001.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að nýr málsliður bætist við 4. mgr. 10. gr. laganna þess efnis að útlendingur eigi ekki rétt á hæli hér á landi ef krefja má annað ríki sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins um að taka við honum. Þetta ákvæði er eingöngu sett til samræmis við meginefni Dyflinnarsamningsins en breytir í engu þeim reglum sem gilt hafa um rétt manna til að fá hæli hér á landi.

Í 2. gr. frumvarpsins er lögð til viðbót við heimild í 2. mgr. 19. gr. laganna, sbr. lög nr. 25/2000, um heimild til að miðla upplýsingum um útlendinga til erlendra stjórnvalda þannig að sú heimild taki einnig til upplýsinga sem veita ber samkvæmt Dyflinnarsamningnum. Þetta ákvæði tekur mið af 15. gr. samningsins.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR
um það, hvaða ríki beri ábyrgð á umfjöllun um beiðni um hæli sem lögð er fram í einhverju aðildarríkja Evrópubandalaganna.

Hans hátign konungur Belgíu,
hennar hátign drottning Danmerkur,
forseti Sambandslýðveldisins Þýskalands,
forseti lýðveldisins Grikklands,
hans hátign konungur Spánar,

forseti lýðveldisins Frakklands,
forseti Írlands,
forseti ítalska lýðveldisins,
hans konunglega tign stórhertoginn af Lúxemborg,
hennar hátign drottning Hollands,
forseti portúgalska lýðveldisins,
hennar hátign drottning Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands,

sem hafa hliðsjón af því markmiði sem ákveðið var á fundi evrópska ráðsins í Strassborg 8. og 9. desember 1989, um samræmingu stefnu sinnar um veitingu hælis,

sem hafa einsett sér, í samræmi við sameiginlegar mannúðarhefðir sínar, að veita flóttamönnum fullnægjandi vernd samkvæmt skilmálum Genfarsamnings frá 28. júlí 1951, eins og honum var breytt með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967, um réttarstöðu flóttamanna, hér á eftir nefnd „Genfarsamningurinn“ og „New York-bókunin“,

sem líta til þess sameiginlega markmiðs sem felst í landsvæði án innri landamæra þar sem sérstaklega frjáls för fólks er tryggð eins og kveðið er á um í stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu eins og honum hefur verið breytt með einingarlögum Evrópu,

sem er ljós nauðsyn þess, þegar stefnt er að þessu markmiði, að gera ráðstafanir til að hindra að upp komi aðstæður þar sem umsækjendur um hæli þurfa of lengi að velkjast í vafa um sennilegan árangur umsókna sinna, og umhugað um að tryggja öllum umsækjendum um hæli að umsóknir þeirra fái umfjöllun í einu aðildarríki og að séð verði til þess að umsækjendum um hæli verði ekki þráfaldlega vísað frá einu aðildarríki til annars án þess að neitt þeirra játi sig bært til að fjalla um umsókn um hæli,

sem vilja halda áfram viðræðum við flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna til að ná ofangreindum markmiðum,

sem hafa einsett sér að eiga náið samstarf um framkvæmd samnings þessa með ýmsum ráðum, þar á meðal með skiptum á upplýsingum,

hafa ákveðið að gera með sér samning þennan og hafa í því skyni tilnefnt sem umboðsmenn sína með fullri heimild:

hans hátign konungur Belgíu Melchior Wathelet varaforsætisráðherra, ráðherra dómsmála og ráðherra málefna lítilla og meðalstórra fyrirtækja og sjálfstæðra atvinnurekenda,

hennar hátign drottning Danmerkur Hans Engell dómsmálaráðherra,

forseti Sambandslýðveldisins Þýskalands dr. Helmut Rückriegel, sendiherra Sambandslýðveldisins Þýskalands í Dublin, Wolfgang Schäuble, innanríkisráðherra Sambandslýðveldisins,

forseti lýðveldisins Grikklands Ioannis Vassiliades innanríkisráðherra,

hans hátign konungur Spánar José Luis Corcuera innanríkisráðherra,

forseti lýðveldisins Frakklands Pierre Joxe innanríkisráðherra,

forseti Írlands Ray Burke, dómsmála- og samgönguráðherra,

forseti ítalska lýðveldisins Antonio Gava innanríkisráðherra,

hans konunglega tign stórhertoginn af Lúxemborg Marc Fischbach, menntamála-, dómsmála- og stjórnsýsluráðherra,

hennar hátign drottning Hollands Ernst Maurits Henricus Hirsch Ballin dómsmálaráðherra,

forseti portúgalska lýðveldisins Manuel Pereira innanríkisráðherra,

hennar hátign drottning Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands David Waddington innanríkisráðherra, sir Nicholas Maxted Fenn, KCMG, sendiherra Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands í Dublin,

sem hafa skipst á trúnaðarskjölum og fundið þau gild og í réttu formi, hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

1. Í samningi þessum:
   a. merkir „útlendingur“ hvern þann mann, sem ekki er ríkisborgari aðildarríkis,
   b. merkir „umsókn um hæli“ beiðni útlendings um vernd aðildarríkis samkvæmt Genfarsamningnum, með vísan til þess að hann hafi réttarstöðu flóttamanns í merkingu 1. gr. þess samnings eins og honum hefur verið breytt með New York-bókuninni,
   c. merkir „umsækjandi um hæli“ útlending sem sótt hefur um hæli meðan ekki hefur enn verið tekin endanleg ákvörðun um umsókn hans,
   d. merkir „umfjöllun um umsókn um hæli“ allar ráðstafanir vegna umfjöllunar, ákvarðanir og dómsúrlausnir þar til bærra yfirvalda varðandi umsókn um hæli, að frátalinni málsmeðferð til að ákvarða hvaða ríki beri að fjalla um umsókn um hæli samkvæmt samningi þessum,
   e. merkir „dvalarleyfi“ hverja þá heimild, sem yfirvöld aðildarríkis gefa út, er veitir útlendingi rétt til dvalar á forráðasvæði þess, að frátöldum vegabréfsáritunum og dvalarleyfum um stundarsakir sem gefin eru út meðan fjallað er um umsókn um dvalarleyfi eða hæli,
   f. merkir „komuáritun“ heimild eða ákvörðun aðildarríkis er gerir útlendingi kleift að koma til forráðasvæðis þess að öðrum komuskilyrðum uppfylltum,
   g. merkir „gegnumfararáritun“ heimild eða ákvörðun aðildarríkis er gerir útlendingi kleift að fara um forráðasvæði þess eða um gegnumfararsvæði hafnar eða flugvallar að öðrum gegnumfararskilyrðum uppfylltum.
2. Meta skal í ljósi þeirra skilgreininga, sem settar eru fram í f- og g-lið 1. mgr., hvers konar vegabréfsáritun um er að ræða.

2. gr.

Aðildarríkin staðfesta skuldbindingar sínar samkvæmt Genfarsamningnum eins og honum hefur verið breytt með New York-bókuninni, án þess að neinar takmarkanir séu gerðar varðandi staðarlegt gildi þeirra, svo og ásetning sinn um að eiga samstarf við flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna um framkvæmd þeirra.

3. gr.

1. Aðildarríkin skuldbinda sig til að fjalla um umsókn hvers þess útlendings um hæli, sem setur fram slíka umsókn á landamærum eða forráðasvæði þeirra.
2. Fjalla skal um þessa umsókn af einu aðildarríki, sem ákvarða skal eftir þeim forsendum sem settar eru fram í samningi þessum. Þær forsendur, sem kveðið er á um í 4.–8. gr., skulu gilda í þeirri röð sem þær eru settar fram.
3. Fjalla skal um þessa umsókn af því ríki eftir landslögum og þjóðréttarlegum skuldbindingum þess.
4. Hvert aðildarríki á rétt á að fjalla um umsókn um hæli, sem útlendingur leggur fram við það, þrátt fyrir að því sé óskylt að fjalla um hana samkvæmt þeim forsendum sem kveðið er á um í samningi þessum, enda fallist sá á það, sem um hæli sækir.

Skyldur þess aðildarríkis, sem ber að fjalla um umsóknina samkvæmt áðurgreindum forsendum, falla þá niður og færast til þess aðildarríkis sem lét í ljós vilja sinn til að fjalla um umsóknina. Hafi umsókn verið vísað til hins síðargreinda ríkis skal það skýra því ríki frá því, sem forsendurnar eiga við um.

5. Hvert aðildarríki heldur rétti sínum til að senda umsækjanda um hæli til þriðja ríkis samkvæmt landslögum sínum eftir því sem kveðið er á um í Genfarsamningnum eins og honum hefur verið breytt með New York-bókuninni.
6. Málsmeðferð til ákvörðunar á hvaða aðildarríki beri að fjalla um umsókn um hæli samkvæmt samningi þessum skal hafin um leið og umsókn um hæli er fyrst lögð fram í aðildarríki.
7. Nú er umsækjandi um hæli í öðru aðildarríki og leggur þar fram umsókn um hæli eftir að hafa afturkallað umsókn sína meðan ákvörðunar er leitað á því, hvaða ríki skuli fjalla um umsókn hans, og skal þá það aðildarríki sem sú umsókn um hæli var lögð fram við taka aftur við honum með þeim hætti sem í 13. gr. segir, með tilliti til þess að leitt verði til lykta hvaða ríki beri ábyrgð á því að fjalla um hælisumsóknina.

Skylda þessi á ekki lengur við ef hælisumsækjandi hefur síðan yfirgefið forráðasvæði aðildarríkjanna í að minnsta kosti þrjá mánuði, eða hefur fengið dvalarleyfi í aðildarríki er gildir lengur en í þrjá mánuði.

4. gr.

Eigi umsækjandi um hæli fjölskyldumeðlim í aðildarríki, sem viðurkennt er að hafi réttarstöðu flóttamanns í skilningi Genfarsamningsins eins og honum hefur verið breytt með New York-bókuninni, og dvelur ólöglega þar, ber því ríki að fjalla um umsókn hans, enda sé það vilji þeirra einstaklinga sem málið varðar.

Viðkomandi fjölskyldumeðlimur má aðeins vera maki umsækjanda um hæli eða ógift barn umsækjandans sem er ólögráða og ekki hefur náð átján ára aldri, eða faðir eða móðir umsækjanda ef umsækjandi er sjálfur ógiftur og ólögráða og hefur ekki náð átján ára aldri.

5. gr.

1. Hafi umsækjandi um hæli gilt dvalarleyfi ber aðildarríki því sem gaf út leyfið að fjalla um hælisumsókn hans.
2. Hafi umsækjandi um hæli gilda vegabréfsáritun ber aðildarríki því sem gaf út vegabréfsáritunina að fjalla um hælisumsókn hans, nema við eftirtaldar aðstæður:
   a. Hafi vegabréfsáritunin verið útgefin samkvæmt skriflegri heimild annars aðildarríkis, ber því aðildarríki að fjalla um hælisumsóknina. Ef aðildarríki leitar fyrst samráðs hjá miðlægu stjórnvaldi annars aðildarríkis, m.a. af öryggisástæðum, skal samþykki hins síðargreinda ekki talið fela í sér skriflega heimild í skilningi þessa ákvæðis.
   b. Hafi umsækjandi um hæli gegnumfararáritun og leggur fram umsókn sína í öðru aðildarríki þar sem ekki er gerð til hans krafa um vegabréfsáritun, ber því aðildarríki að fjalla um hælisumsóknina.
   c. Hafi umsækjandi um hæli gegnumfararáritun og leggur umsókn sína fram við það ríki sem áritunina gaf út, og það ríki hefur veitt viðtöku skriflegri staðfestingu sendiráðs eða ræðismanns þess aðildarríkis þar sem ákvörðunarstaður er, þess efnis að sá útlendingur sem fallið var frá áritunarkröfu gagnvart fullnægi skilyrðum til að mega koma til þess ríkis, ber síðargreinda ríkinu að fjalla um hælisumsóknina.
3. Hafi umsækjandi um hæli fleiri en eitt gilt dvalarleyfi eða vegabréfsáritanir, sem fleiri en eitt aðildarríki hafa gefið út, ber aðildarríkjunum að fjalla um hælisumsókn hans í þessari röð:
   a. ríkið sem gaf út það dvalarleyfi sem veitir rétt til lengstrar dvalar, en sé gildistími allra dvalarleyfanna sá sami, það ríki sem veitti það dvalarleyfi er síðast rennur út,

b. séu hinar ýmsu vegabréfsáritanir af sama tagi, ríkið sem gaf út þá vegabréfsáritun sem síðast rennur út,
c. séu vegabréfsáritanirnar af mismunandi tagi, ríkið sem gaf út þá vegabréfsáritun sem lengst gildir, en séu gildistímar hinir sömu, það ríki sem gaf út þá vegabréfsáritun sem síðast rennur út. Ákvæði þetta skal ekki gilda ef umsækjandi hefur eina eða fleiri gegnumfararáritanir, sem útgefnar hafa verið gegn framvísun komuáritunar annars aðildarríkis. Í því tilviki ber það ríki ábyrgð á umfjölluninni.

4. Hafi umsækjandi um hæli aðeins eitt eða fleiri dvalarleyfi sem runnið hafa út fyrir skemmri tíma en tveimur árum, eða eina eða fleiri vegabréfsáritanir sem runnið hafa út fyrir skemmri tíma en sex mánuðum, er gert hafa honum kleift að koma til forráðasvæðis aðildarríkis í raun, skulu ákvæði 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar gilda meðan útlendingurinn hefur ekki yfirgefið forráðasvæði aðildarríkjanna.

Hafi umsækjandi um hæli eitt eða fleiri dvalarleyfi sem runnið hafa út fyrir lengri tíma en tveimur árum, eða eina eða fleiri vegabréfsáritanir sem runnið hafa út fyrir lengri tíma en sex mánuðum, er gert hafa honum kleift að koma til forráðasvæðis aðildarríkis, og útlendingurinn hefur ekki yfirgefið landsvæði bandalagsins, hvílir umfjöllunarskyldan á því aðildarríki sem umsóknin er lögð fram við.

6. gr.

Þegar unnt er að sýna fram á að umsækjandi um hæli hafi ólöglega farið yfir landamæri aðildarríkis á landi, sjó eða í lofti frá ríki utan Evrópubandalaganna, ber því ríki sem hann kom til að fjalla um hælisumsóknina.

Skylda þess ríkis fellur þó niður ef sýnt er fram á að umsækjandi hafi búið í því aðildarríki sem umsókn hans um hæli er lögð fram við, í að minnsta kosti sex mánuði áður en hann leggur fram umsókn sína. Sé svo ber hinu síðargreinda aðildarríki að fjalla um hælisumsóknina.

7. gr.

1. Skylda til að fjalla um umsókn um hæli hvílir á því aðildarríki sem ber að hafa eftirlit með komu útlendingsins til landsvæðis aðildarríkjanna, nema útlendingurinn, eftir að hann hefur löglega komið til aðildarríkis, þar sem vegabréfsáritun fyrir hann er ekki krafist, leggi fram umsókn um hæli í öðru aðildarríki, þar sem vegabréfsáritunar er ekki heldur krafist fyrir hann til að mega koma þangað. Sé svo ber hinu síðargreinda aðildarríki að fjalla um umsókn hans um hæli.
2. Þar til samningur aðildarríkjanna um fyrirkomulag um för yfir ytri landamæri öðlast gildi skal ekki líta svo á að aðildarríki sem heimilar gegnumför án vegabréfsáritunar um gegnumfararsvæði flugvalla sinna sé ábyrgt fyrir komueftirliti hvað varðar ferðamenn sem ekki yfirgefa gegnumfararsvæðið.
3. Sé sótt um hæli þegar farið er um flugvöll aðildarríkis ber því aðildarríki að fjalla um umsóknina.

8. gr.

Sé ekki unnt að ákvarða út frá öðrum forsendum sem tilgreindar eru í samningi þessum hvaða aðildarríki ber að fjalla um umsókn um hæli, ber því aðildarríki sem umsókn er lögð fram við að fjalla um hana.

9. gr.

Hvert aðildarríki getur, enda þótt því beri ekki að fjalla um umsókn samkvæmt þeim forsendum sem kveðið er á um í samningi þessum, fjallað um umsókn um hæli að beiðni annars aðildarríkis af mannúðarástæðum, einkum með tilliti til fjölskyldu- og menningarsjónarmiða, enda standi vilji umsækjanda til þess.

Ef aðildarríkið sem þannig er leitað til fellst á beiðnina flyst skylda til að fjalla um umsóknina til þess ríkis.

10. gr.

1. Aðildarríki það sem fjalla ber um umsókn samkvæmt þeim forsendum sem kveðið er á um í samningi þessum skal:
   a. Taka umsækjanda, sem lagt hefur fram beiðni um hæli í öðru aðildarríki, í sína umsjá samkvæmt því sem í 11. gr. segir,
   b. ljúka umfjöllun um hælisumsóknina,
   c. veita að nýju viðtöku eða taka aftur samkvæmt því sem í 13. gr. segir umsækjanda sem hefur lagt fram umsókn til umfjöllunar og dvelur ólöglega í öðru aðildarríki,
   d. taka aftur samkvæmt því sem í 13. gr. segir umsækjanda er afturkallað hefur umsókn sem er til umfjöllunar og lagt fram umsókn í öðru aðildarríki,
   e. taka aftur samkvæmt því sem í 13. gr. segir útlending sem fengið hefur synjun á umsókn sinni og dvelur ólöglega í öðru aðildarríki.
2. Veiti aðildarríki umsækjanda dvalarleyfi sem gildir lengur en í þrjá mánuði flytjast þær skyldur, sem tilgreindar eru í a-e liðum 1. mgr. til þess aðildarríkis.
3. Þær skyldur sem tilgreindar eru í a-d liðum 1. mgr. falla niður ef útlendingurinn hefur yfirgefið forráðasvæði aðildarríkisins í að minnsta kosti þrjá mánuði.
4. Þær skyldur, sem tilgreindar eru í d-e liðum 1. mgr., falla niður ef ríki það, sem fjalla ber um umsókn um hæli, tekur og framfylgir nauðsynlegum ráðstöfunum til að senda útlendinginn aftur til heimalands síns eða annars lands sem hann fær löglega komið til, eftir að umsókn hans hefur verið afturkölluð eða hennar synjað.

11. gr.

1. Telji aðildarríki sem umsókn um hæli hefur verið lögð fram við, að öðru aðildarríki beri að fjalla um umsóknina, getur það eins fljótt og unnt er og eigi síðar en innan sex mánaða eftir þann dag er umsókn var lögð fram, skorað á hitt aðildarríkið að taka umsækjanda í sína umsjá.

   Verði það ekki gert innan hins sex mánaða frests ber því ríki, þar sem umsóknin var lögð fram, að fjalla um umsóknina um hæli.
2. Með beiðni um að umsækjandi sé tekinn í umsjá hins aðildarríkisins skulu fylgja upplýsingar er gera stjórnvöldum þess ríkis kleift að ganga úr skugga um hvort því beri að fjalla um umsókn samkvæmt þeim forsendum sem kveðið er á um í samningi þessum.
3. Þegar ákvarðað er hvaða ríki beri að fjalla um umsókn samkvæmt þessum forsendum skal miða við stöðu máls þegar umsækjandi um hæli lagði fyrst fram umsókn sína við aðildarríki.
4. Aðildarríki skal taka afstöðu til umsóknar um viðtöku innan þriggja mánaða frá því er áskorunin er sett fram. Bregðist það ekki við innan þess frests skal það talið jafngilt því að hún sé samþykkt.
5. Flytja verður umsækjanda um hæli frá því aðildarríki þar sem umsókn er lögð fram og til þess aðildarríkis sem fjalla ber um umsóknina eigi síðar en einum mánuði eftir að beiðni

um að taka hann í umsjá er samþykkt, eða einum mánuði eftir að meðferð kærumáls lýkur, er umsækjandi hefur átt frumkvæði að til að bera brigður á ákvörðun um flutning hans, hafi sú málsmeðferð frestunaráhrif.

6. Ráðstafanir samkvæmt 18. gr. geta síðar ráðið þeirri málsmeðferð í einstökum atriðum, sem viðhöfð er til að taka umsækjanda í umsjá.

12. gr.

Leggi umsækjandi fram umsókn um hæli til viðeigandi stjórnvalda aðildarríkis meðan hann er staddur á forráðasvæði annars aðildarríkis, skal það aðildarríki þar sem umsækjandi er staddur ákvarða hvaða aðildarríki beri að fjalla um umsókn hans um hæli. Það aðildarríki sem við umsókninni tekur skal án tafar skýra hinu síðargreinda aðildarríki frá umsókninni, og skal hvað framkvæmd samnings þessa snertir líta svo á að það aðildarríki sé aðildarríkið þar sem umsókn um hæli er lögð fram.

13. gr.

1. Umsækjanda um hæli skal taka aftur í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 7. mgr. 3. gr. og 10. gr., eins og hér segir:
   a. í beiðni um að umsækjandi sé tekinn aftur skulu vera skýringar, er gera því ríki sem hún er lögð fram við kleift að ákvarða hvort því beri að fjalla um umsóknina samkvæmt 7. mgr. 3. gr. og 10. gr.;
   b. ríkið sem ætlast er til að taki umsækjanda aftur skal svara beiðninni innan átta daga frá því er málinu er vísað til þess. Viðurkenni það skyldu sína skal það taka umsækjanda aftur eins fljótt og unnt er og eigi síðar en einum mánuði eftir að það fellst á að gera það.
2. Með ráðstöfunum sem gerðar eru samkvæmt 18. gr. má síðar kveða nánar á um með hverjum hætti taka skuli umsækjanda aftur.

14. gr.

1. Aðildarríki skulu eiga með sér gagnkvæm samskipti með tilliti til:
   - ráðstafana á sviði innlendrar löggjafar, stjórnsýslureglna eða starfshátta er varða hæli;
   - tölfræðilegra upplýsinga um mánaðarlegar komur umsækjenda um hæli og sundurliðun þeirra eftir þjóðerni. Slíkar upplýsingar skal senda ársfjórðungslega fyrir milligöngu skrifstofu ráðs Evrópubandalaganna, sem sjá skal til þess að þær séu framsendar aðildarríkjum, framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna og flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna.
2. Aðildarríkin geta átt með sér gagnkvæm samskipti með tilliti til:
   - almennra upplýsinga um nýja þróun varðandi hælisumsóknir;
   - almennra upplýsinga um ástand í þeim löndum sem umsækjendur eru frá eða þaðan sem þeir koma.
3. Vilji aðildarríki sem sendir upplýsingar samkvæmt 2. mgr. að þeim sé haldið leyndum skulu hin aðildarríkin virða það.

15. gr.

1. Hvert aðildarríki skal senda hverju öðru aðildarríki sem þess óskar þær upplýsingar um einstök mál sem nauðsynlegar eru til að:
   - ákvarða hvaða aðildarríki beri að fjalla um hælisumsókn,
   - fjalla um hælisumsókn,
   - framkvæma allar skuldbindingar samkvæmt samningi þessum.

2. Í þeim upplýsingum skulu aðeins vera:
   - atriði sem varða persónu umsækjanda, og, þar sem við á, fjölskyldu hans (fullt nafn, og þar sem við á fyrra nafn, gælunöfn eða uppfundin nöfn, núverandi og fyrrverandi ríkisfang, fæðingardagur og fæðingarstaður),
   - persónu- og ferðaskilríki (tilvísanir, gildi, útgáfudagur, útgáfustjórnvald, útgáfustaður o.s.frv.),
   - aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að sýna fram á hver umsækjandi er,
   - dvalarstaðir og ferðaleiðir,
   - dvalarleyfi og vegabréfsáritanir sem aðildarríki hefur útgefið,
   - umsóknarstaður,
   - hvenær fyrri umsókn var lögð fram, ef um það er að ræða, hvenær núverandi umsókn er lögð fram, hvaða stigi málsmeðferð hefur náð, og hvaða ákvörðun hefur verið tekin ef því er að skipta.

3. Enn fremur getur aðildarríki farið þess á leit við annað aðildarríki að það skýri sér frá á hverju umsækjandi byggir umsókn sína, og, þar sem við á, rök fyrir þeim ákvörðunum, sem kunna að hafa verið teknar varðandi umsækjandann. Það ríki sem um upplýsingarnar er beðið hefur ákvörðunarvald um hvort þær verði látnar í té. Í öllum tilvikum er afhending umbeðinna upplýsinga háð samþykki hælisumsækjanda.

4. Upplýsingaskipti þessi skulu fara fram að beiðni aðildarríkis og mega einungis eiga sér stað milli þeirra stjórnvalda sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt og tilkynnt nefnd þeirri sem kveðið er á um í 18. gr.

5. Upplýsingar þær sem skipst er á má aðeins nota í þeim tilgangi sem kveðið er á um í 1. mgr. Í hverju aðildarríki má aðeins senda slíkar upplýsingar þeim stjórnvöldum, dómstólum og úrskurðaraðilum sem falið er að:
   - ákvarða hvaða aðildarríki beri að fjalla um hælisumsókn,
   - fjalla um hælisumsókn,
   - framkvæma allar skuldbindingar samkvæmt samningi þessum.

6. Aðildarríki það sem upplýsingarnar sendir skal sjá um að þær séu nákvæmar og uppfærðar.

Ef í ljós kemur að það aðildarríki hafi veitt ónákvæmar upplýsingar eða upplýsingar sem ættu ekki að hafa verið veittar, skal aðildarríki því sem við þeim tekur þegar skýrt frá því. Þeim ber þá að leiðrétta upplýsingarnar eða eyða þeim.

7. Umsækjandi um hæli á rétt til að fá í hendur, samkvæmt beiðni, þær upplýsingar sem skipst er á varðandi hann meðan þær eru tiltækar.

Sýni umsækjandi fram á að upplýsingarnar séu ónákvæmar eða að ekki hefði átt að veita þær, á hann rétt á að fá þær leiðréttar eða þeim eytt. Réttar þessa skal neytt í samræmi við þau skilyrði sem kveðið er á um í 6. mgr.

8. Í hverju aðildarríki sem um er að ræða skal skrá sendingu þeirra upplýsinga sem skipst er á og viðtöku þeirra.

9. Upplýsingarnar skulu ekki geymdar lengur en nauðsyn krefur með tilliti til tilgangs upplýsingaskiptanna. Viðkomandi aðildarríki skal þegar við á fjalla um nauðsyn þess að þær séu geymdar.

10. Hvernig sem á stendur skulu þær upplýsingar sem sendar eru njóta að minnsta kosti sömu verndar og veittar eru sambærilegum upplýsingum í því aðildarríki sem við þeim tekur.

11. Ef úrvinnsla gagna fer ekki fram með sjálfvirkum hætti og þau sæta annarri meðhöndlun skal hvert aðildarríki gera viðeigandi raunhæfar eftirlitsráðstafanir til að tryggja að ákvæðum

greinar þessarar sé fylgt. Ef aðildarríki hefur eftirlitsstofnun af því tagi sem fjallað er um í 12. mgr. má fela henni þetta eftirlitshlutverk.

12. Vilji eitt eða fleiri aðildarríki tölvuvæða þær upplýsingar sem nefndar eru í 2.–3. mgr. að einhverju eða öllu leyti getur aðeins af því orðið ef viðkomandi ríki hafa leitt í landslög reglur um slíka gagnavinnslu í samræmi við Strassborgarsamning frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga, og ef þau hafa falið viðeigandi ríkisstofnun að hafa sjálfstætt eftirlit með vinnslu og notkun gagna sem send eru samkvæmt samningi þessum.

16. gr.

1. Hvert aðildarríki getur lagt fram við nefnd þá sem kveðið er á um í 18. gr. tillögur um endurskoðun samnings þessa í því skyni að bæta úr vandkvæðum við framkvæmd hans.

2. Reynist nauðsynlegt að endurskoða eða breyta samningi þessum svo að náð verði þeim markmiðum sem kveðið er á um í 8. gr. a í stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, sérstaklega ef samræming á stefnu um veitingu hælis og sameiginleg stefna varðandi vegabréfsáritanir er háð því að þeim markmiðum verði náð, skal það ríki sem fer með forsæti í ráði Evrópubandalaganna kalla nefnd þá, sem kveðið er á um í 18. gr., saman til fundar.

3. Öll endurskoðun samnings þessa, svo og allar breytingar á honum, skulu samþykktar af nefnd þeirri sem kveðið er á um í 18. gr. Skal endurskoðun eða breyting öðlast gildi samkvæmt ákvæðum 22. gr.

17. gr.

1. Ef aðildarríki verður fyrir alvarlegum erfiðleikum vegna verulegra breytinga á þeim aðstæðum sem ríkja við gerð samnings þessa getur það ríki borið málið fram fyrir nefnd þá sem kveðið er á um í 18. gr. svo hún geti lagt til við aðildarríkin aðgerðir til að bregðast við því ástandi eða samþykkt endurskoðun eða breytingar eins og nauðsynlegt virðist, og skal endurskoðun eða breyting öðlast gildi eins og kveðið er á um í 3. mgr. 16. gr.

2. Vari það ástand, sem í 1. mgr. getur, enn að sex mánuðum liðnum, getur nefndin samkvæmt því sem í 2. mgr. 18. gr. segir heimilað því aðildarríki þar sem breytingin hefur áhrif sín tímabundna frestun á framkvæmd ákvæða samnings þessa, þó þannig að frestunin hamli ekki því að náð verði þeim markmiðum sem kveðið er á um í 8. gr. a í stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu eða gangi gegn öðrum þjóðréttarlegum skuldbindingum aðildarríkjanna.

3. Meðan á frestun stendur skal nefndin halda áfram umræðum sínum í því skyni að endurskoða ákvæði samnings þessa, hafi hún þá ekki þegar náð samkomulagi.

18. gr.

1. Stofnuð skal nefnd þar sem í eiga sæti einn fulltrúi frá ríkisstjórn hvers aðildarríkis.

Það aðildarríki sem er í forsæti í ráði Evrópubandalaganna skal veita nefndinni forstöðu.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins getur tekið þátt í umræðum nefndarinnar og starfshópa þeirra sem fjallað er um í 4. mgr.

2. Að beiðni eins eða fleiri aðildarríkja skal nefndin fjalla um öll almenn atriði varðandi framkvæmd eða túlkun samnings þessa.

Nefndin skal ákvarða þær ráðstafanir sem fjallað er um í 6. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 13. gr., og veita heimildir samkvæmt 2. mgr. 17. gr.

Nefndin skal samþykkja ákvarðanir um endurskoðun eða breytingar á samningi þessum samkvæmt 16. og 17. gr.

3. Nefndin skal taka ákvarðanir sínar samhljóða, nema þegar hún starfar samkvæmt 2. mgr. 17. gr., en þá skulu ákvarðanir hennar teknar með tveimur þriðju hlutum atkvæða nefndarmanna.
4. Nefndin skal setja sér starfsreglur, og getur hún sett á fót starfshópa.

Skrifstofa ráðs Evrópubandalaganna skal annast skrifstofuhald fyrir nefndina og starfshópa hennar.

19. gr.

Hvað konungsríkið Danmörk snertir skulu ákvæði samnings þessa ekki gilda um Færeyjar og Grænland nema konungsríkið Danmörk gefi yfirlýsingu um það. Slíka yfirlýsingu má hvenær sem er gefa með orðsendingu til ríkisstjórnar Írlands, sem skal tilkynna öðrum aðildarríkjum um hana.

Hvað snertir lýðveldið Frakkland skulu ákvæði samnings þessa aðeins gilda á evrópsku forráðasvæði þess.

Hvað snertir konungsríkið Holland skulu ákvæði samnings þessa aðeins gilda á evrópsku forráðasvæði þess.

Hvað snertir Sameinaða konungsríkið skulu ákvæði samnings þessa aðeins gilda í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi. Þau skulu ekki gilda á landsvæðum í Evrópu, sem Sameinaða konungsríkið hefur fyrirsvar fyrir á sviði utanríkismála, nema Sameinaða konungsríkið gefi yfirlýsingu um það. Slíka yfirlýsingu má hvenær sem er gefa með orðsendingu til ríkisstjórnar Írlands, sem skal tilkynna öðrum aðildarríkjum um hana.

20. gr.

Enga fyrirvara má gera við samning þennan.

21. gr.

1. Hverju því ríki, sem gerist aðili að Evrópubandalögunum, er heimil aðild að samningi þessum. Aðildarskjöl skulu afhent ríkisstjórn Írlands til varðveislu.
2. Gagnvart hverju því ríki sem gerist aðili að samningi þessum skal hann öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að aðildarskjal þess hefur verið afhent.

22. gr.

1. Samningur þessi er háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykkt. Fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjöl skulu afhent ríkisstjórn Írlands til varðveislu.
2. Ríkisstjórn Írlands skal tilkynna ríkisstjórnum annarra aðildarríkja um afhendingar fullgildingar-, viðurkenningar- og samþykktarskjala.
3. Samningur þessi skal öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að síðasta fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjal undirritunarríkis er afhent.

Ríki það sem fullgildingar-, viðurkenningar- og samþykktarsjöl eru lögð fram við skal tilkynna aðildarríkjunum um gildistökudag samnings þessa.

Til staðfestingar þessu hafa undirritaðir umboðsmenn undirritað þennan samning.

Gjört í Dyflinni fimmtánda júní nítján hundruð og níutíu í einu frumriti á dönsku, ensku, frönsku, hollensku, grísku, írsku, ítölsku, portúgölsku, spænsku og þýsku tungumáli og eru textarnir jafngildir og skulu varðveittir í skjalasafni írsku ríkisstjórnarinnar sem skal senda staðfest endurrit til hvers annars aðildarríkis.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965.

Frumvarp þetta felur í sér breytingu á reglum um meðferð beiðna frá útlendingum um hæli hér á landi. Ekki er talið að frumvarpið hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

314. Frumvarp til laga [285. mál]

um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78 26. maí 1997.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

51. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Með því er lagt til að fellt verði úr lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78 26. maí 1997, ákvæði 51. gr. um að Þingvallaprestakalli gegni prestur er ráðherra skipar til fimm ára í senn að fenginni tillögu biskups og Þingvallanefndar. Með hliðsjón af öðrum ákvæðum laganna felur þetta ákvæði í sér tvenns konar frávik frá almennum reglum þeirra um skipan prestakalla og veitingu prestsembætta.

Annars vegar virðist meginefni 51. gr. fólgið í þeirri sérreglu um veitingu prestsembættis í Þingvallaprestakalli að Þingvallanefnd er tryggð aðkoma að vali í embættið sem hún ætti að öðrum kosti ekki. Þessi aðkoma nefndarinnar að vali í þetta embætti á sér þær skýringar að áður var það bundið í lög að skipaður prestur á Þingvöllum skyldi jafnframt því embætti gegna starfi þjóðgarðsvarðar. Sú tenging var hins vegar rofin með 2. gr. laga nr. 150/1996, um breytingar á sérákvæðum í nokkrum lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og fellt úr lögum nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og starfsmenn þjóðkirkju Íslands, að sami maður skyldi gegna báðum þessum störfum. Samhliða var gerð sú breyting á lögum nr. 59/1928, um friðun Þingvalla, að Þingvallanefnd var falið að ráða framkvæmdastjóra í stað umsjónarmanns áður. Fyrir þessum breytingum voru færð þau rök að eðlilegra væri að veitingarvaldshafar væru ekki hvor af öðrum bundnir við ráðstöfun starfa í þjóðgarðinum, enda mætti færa fyrir því gild rök að framangreind skipan stríddi gegn grundvallarreglum stjórnskipunarinnar um skiptingu starfa og valdmörk ráðherra. Jafnframt þótti eðlilegra og í betra samræmi við þá stefnu laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfs-

manna ríkisins, að völd og ábyrgð fari saman að það stjórnvald, sem færi með málefni þjóðgarðsins og væri að mestu leyti í höndum þingkjörinnar stjórnar, Þingvallanefndar, réði ferðinni um hvaða starfslið væri nauðsynlegt að halda í þjóðgarðinum á hverjum tíma.

Hins vegar er til þess að líta að kirkjuþingi var með 50. gr. laganna falið að setja starfsreglur um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Sú skipan er með öðrum orðum almennt ekki lögákveðin. Þessar valdheimildir kirkjuþings eru aftur á móti takmarkaðar af því að í 51. gr. er augljóslega gert ráð fyrir að til skuli vera prestakall er nefnist Þingvallaprestakall.

Þegar þetta er virt í ljósi þeirrar stefnu sem mörkuð var með lögum nr. 78/1997 hljóta þau frávik, sem 51. gr. laganna felur í sér, að teljast börn síns tíma. Skýrt hefur nú verið skilið á milli þeirra tveggja starfa sem áður var bundið í lög að sami maður skyldi gegna á Þingvöllum. Engin haldbær rök standa því til að setja veitingu prestsembættis á þeim stað í annan farveg en almennt gildir. Þá gerir 4. gr. reglna nr. 731/1998, um skipan sókna, ráð fyrir að biskupafundur kanni árlega hvort þörf sé á breytingum á skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma, með hliðsjón af hagkvæmni, breytingum á mannfjölda í sóknum, samgöngum, staðháttum og aðstæðum að öðru leyti, og búi tillögur um breytingar þar á til kirkjuþings. Þrátt fyrir sögulega sérstöðu staðarins verður ekki séð að ástæða sé til að undanskilja Þingvallasókn, eina sókna, slíku mati, sér í lagi þegar til þess er litið að þar er sjálfsagt um eina fámennustu sókn landsins að ræða.

Í samræmi við 4. mgr. 23. gr. laganna hefur kirkjuþing fjallað um efni frumvarpsins. Á 32. kirkjuþingi í október 2000 var samþykkt að 51. gr. laganna skyldi felld brott.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997.

Í frumvarpinu er lagt til að fellt verði brott úr lögum ákvæði um að dóms- og kirkjumálaráðherra skipi prest í Þingvallaprestakalli. Ekki verður séð að frumvarpið hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

315. Frumvarp til laga [286. mál]

um bann við notkun farsíma án handfrjáls búnaðar við akstur ökutækja.

Flm.: Sigríður Jóhannesdóttir, Katrín Fjeldsted, Jón Bjarnason,
Guðjón A. Kristjánsson, Ólafur Örn Haraldsson,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir.

I. KAFLI

Breytingar á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 47. gr. laganna kemur ný grein, 48. gr., svohljóðandi:

Notkun farsíma við akstur.

Ökumanni vélknúins ökutækis er við akstur óheimilt að nota farsíma án handfrjáls búnaðar.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um notkun annars fjarskiptabúnaðar við akstur.

II. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

2. gr.

7,5% tollur á handfrjálsum búnaði fyrir farsímanotkun í ökutækjum, samkvæmt tollskrárnúmeri 8518.3000 í viðauka I við tollalög, fellur brott.

III. KAFLI

Breyting á lögum um vörugjald, nr. 97/1987, með síðari breytingum.

3. gr.

25% vörugjald á handfrjálsum búnaði fyrir farsímanotkun í ökutækjum, samkvæmt tollskrárnúmeri 8518.3000 í E-lið viðauka I við lögin, fellur brott.

IV. KAFLI

Gildistaka.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, að undanskilinni 1. gr. sem öðlast gildi þegar sex mánuðir eru liðnir frá birtingu laganna.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að bannað verði að nota farsíma án handfrjáls búnaðar við akstur vélknúins ökutækis. Einnig er lagt til að dómsmálaráðherra fái heimild til að setja nánari reglur um notkun annars fjarskiptabúnaðar við akstur. Þannig yrði tryggt að samfara tæknilegri þróun verði unnt að setja reglur um notkun slíks búnaðar við akstur með hliðsjón af umferðaröryggi.

Í umferðarlögum er ekki ákvæði sem fjallar beinlínis um notkun farsíma við akstur. Almennt varúðarákvæði laganna er í 1. mgr. 4. gr. þar sem mælt er fyrir um að vegfarandi sýni tillitssemi og varúð svo að eigi leiði til hættu eða valdi tjóni eða óþægindum, og þannig að

eigi trufli eða tefji umferð að óþörfu. Hann skal og sýna þeim, sem búa eða staddir eru við veg, tillitssemi. Telja verður að þetta ákvæði nái til notkunar farsíma.

Hinn 15. júní 1998 fól þáverandi dómsmálaráðherra starfshópi að kanna áhrif og afleiðingar símanotkunar ökumanna við akstur á umferðaröryggi og til hvaða úrræða ætti að grípa til að tryggja sem best umferðaröryggi hvað þetta varðar. Hópurinn skilaði skýrslu til ráðherra í nóvember 1999. Þar er gerð grein fyrir helstu erlendum rannsóknum á áhrifum farsímanotkunar við akstur á slysatíðni. Ekki hafa komið fram óyggjandi upplýsingar um að notkun farsíma án handfrjáls búnaðar í akstri hafi leitt til umferðaróhappa en niðurstöður margra rannsókna benda til þess að notkun farsíma í akstri leiði til hærri slysatíðni. Þannig hefur m.a. verið bent á að akstursháefni ökumanns minnki samhliða notkun farsímans, þar sem aðeins önnur hönd er á stýri, og viðbragðstími lengist. Þá er jafnframt bent á augljósa kosti farsímanotkunar við akstur, t.d. við tilkynningar um umferðaróhöpp, yfirvofandi hættur í umferðinni o.s.frv. Í skýrslunni er einnig gerð grein fyrir íslenskri könnun sem gerð var af tveimur nemendum við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Þar kemur fram að 81,5% þeirra sem svöruðu vilja annaðhvort banna með öllu notkun farsíma við akstur eða leyfa eingöngu notkun handfrjáls búnaðar. Skýrsluhöfundar telja þannig greinilegt að fólk vilji sjá breytingar á þessu sviði.

Hinn 1. júlí 1998 gekk í gildi í Danmörku bann við notkun farsíma við akstur án handfrjáls búnaðar og er það fyrirmynd þess ákvæðis sem hér er lagt til að verði lögfest. Á Ítalíu, Spáni, í Sviss, Portúgal, Austurríki og Noregi hafa ákvæði verið sett í lög sem banna notkun farsíma við akstur ef ekki er notaður handfrjáls búnaður.

Í framangreindri skýrslu er bent á mikla fjölgun farsímanotenda undanfarin ár og er þar lýst áhyggjum af farsímanotkun ungra ökumanna við akstur. Ljóst sé að slysahætta af akstri ökumanna á aldrinum 17–20 ára hafi verið mun meiri en annarra aldurshópa undanfarin ár og nú bætist þessi áhættuþáttur við. Niðurstöður starfshópsins eru þær að leggja til að ákvæði verði sett í umferðarlög sem banni notkun farsíma við akstur án handfrjáls búnaðar. Þá leggur hópurinn jafnframt til að ekki verði lagður tollur eða vörugjald á handfrjálsan búnað fyrir farsíma til notkunar í bifreiðum.

Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lögin taki strax gildi að undanskilinni 1. gr. Ákvæði 1. gr. öðlist þannig ekki gildi fyrr en sex mánuðum eftir birtingu laganna svo að svigrúm gefist til að kynna almenningi umrætt bann og til undirbúnings þess að handfrjáls búnaður verði fáanlegur í ágætu úrvali hér á landi.

Þá eru í frumvarpinu jafnframt lagðar til breytingar á viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, og E-lið viðauka I við lög um vörugjald, nr. 97/1987, þannig að handfrjáls búnaður farsíma í bifreiðum verði undanskilinn tolli og vörugjaldi. Með þessu er komið til móts við þarfir almennings og honum gert auðveldara að eignast búnaðinn. Verði frumvarp þetta að lögum þarf að breyta tollskrá, sem lögfest var sem viðauki I við tollalög, þar sem fleira á heima undir tollskrárnúmerinu 8518.3000 en umræddur handfrjáls búnaður.

316. Fyrirspurn [287. mál]

til iðnaðarráðherra um eignarhluti í Landsvirkjun.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hverjir eru eigendur Landsvirkjunar og hver er eignarhlutur hvers þeirra?

2. Hvaða eignir lögðu eigendurnir fram fyrir sínum eignarhlut, hvenær var það gert og hvert er núvirði eignanna miðað við andvirði þeirra þegar þær voru lagðar inn í Landsvirkjun?
3. Hvaða greiðslur hefur Landsvirkjun innt af hendi til eignaraðila? Tegundir greiðslna og upphæðir á núvirði óskast tilgreindar.
4. Hafa eigendur Landsvirkjunar á einhvern hátt notið betri kjara en almennir viðskiptavinir, og ef svo er, í hvaða formi og hver er heildarávinningur hvers eignaraðila á núvirði?

Skriflegt svar óskast.

317. Svar [236. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Guðjóns Guðmundssonar um dragnótaveiðar í Faxaflóa.

1. Hve mikill dragnótarafli barst á land úr Faxaflóa sl. fjögur fiskveiðiár, sundurliðað eftir árum og fisktegundum?

Dragnótavertíð í Faxaflóa hófst 15. júlí og stóð til 15. desember þau ár sem um er spurt. Þar sem vertíðin nær yfir fiskveiðiáramót eru ekki tiltækar aflatölur sem miðast við fiskveiðiár heldur er vertíðaraflinn tilgreindur fyrir ofangreint tímabil. Eftirfarandi töflur sýna dragnótarafla í Faxaflóa undanfarin fjögur ár, sundurliðað eftir tegundum:

Tafla 1.
Dragnótarafli í Faxaflóa 1996 (kg).

Nr.	Skarkoli	Þorskur	Ýsa	Sandkoli	Smálúða	Steinbítur	Annað	Alls
311	110	823	0	2.690	0	0	2.027	5.650
1173	7.736	419	175	132.350	496	0	2.088	143.264
1262	30.734	2.202	75	151.721	1.325	940	6.060	193.057
1269	89.401	2.961	1.393	256.098	877	788	3.827	355.345
1305	49.676	2.194	526	271.886	2.131	1.345	23.772	351.530
1430	25.811	3.451	326	100.330	720	627	7.100	138.365
1438	56.555	6.518	1.373	250.548	2.397	2.131	4.616	324.138
1468	35.971	4.941	0	241.615	520	799	315	284.161
1475	57.727	556	419	362.889	714	432	6.749	429.486
1499	87.487	6.031	1.550	208.672	1.340	1.360	2.259	308.699
1547	73.528	6.279	1.259	173.207	2.383	3.756	1.774	262.186
1575	76.662	2.186	1.941	249.104	2.083	2.463	35	334.474
1636	89.633	5.443	2.588	172.935	2.110	2.934	13.403	289.046
1755	65.135	8.659	830	253.741	1.300	1.871	1.948	333.484
1968	87.259	5.581	994	315.551	2.811	1.259	7.687	421.142
2150	62.435	7.528	4.541	290.170	2.051	2.826	4.650	374.201
Alls	895.860	65.772	17.990	3.433.507	23.258	23.531	88.310	4.548.228

Tafla 2.
Dragnótarafli í Faxaflóa 1997 (kg).

Nr.	Skarkoli	Þorskur	Ýsa	Sandkoli	Smálúða	Steinbítur	Annað	Alls
1173	36.591	4.374	1.828	222.345	1.560	2.731	22.549	291.987
1262	27.047	6.799	1.752	102.853	662	1.730	653	141.496
1269	57.519	5.214	2.520	322.398	1.226	2.239	1.043	392.159
1305	60.861	12.643	484	204.997	2.092	1.302	50.884	333.263
1438	68.602	27.987	1.669	269.510	2.974	2.079	22.659	395.480
1468	26.251	4.187	188	233.243	462	1.316	842	266.489
1475	58.401	3.879	2.713	308.945	1.571	938	22.931	399.378
1499	69.790	17.219	1.388	251.310	1.421	2.016	15.288	358.432
1547	57.325	11.515	295	167.907	2.193	2.435	34.011	275.681
1575	62.283	13.911	3.887	266.822	1.020	2.253	9.835	360.011
1636	68.584	21.091	613	235.455	1.139	2.834	17.299	347.015
1755	49.097	8.126	1.607	304.232	1.229	1.582	408	366.281
1968	67.412	1.860	2.056	349.280	1.743	739	24.971	448.061
2150	39.476	8.515	1.749	302.107	1.840	4.018	6.119	363.824
Alls	749.239	147.320	22.749	3.541.404	21.132	28.212	229.492	4.739.548

Tafla 3.
Dragnótarafli í Faxaflóa 1998 (kg).

Nr.	Skarkoli	Þorskur	Ýsa	Sandkoli	Smálúða	Steinbítur	Annað	Alls
1173	14.023	8.863	596	175.559	1.363	741	16.733	217.878
1269	25.292	7.951	2.266	230.505	2.403	3.524	16.416	288.357
1305	20.864	17.954	903	136.941	2.612	1.716	50.052	231.042
1420	8.921	8.297	67	83.831	950	1.373	6.110	109.549
1438	31.948	22.769	2.801	181.830	1.898	3.422	13.280	257.948
1475	30.246	13.149	328	214.434	1.171	799	24.355	284.482
1499	45.877	17.180	990	177.733	1.503	1.034	21.239	265.556
1575	50.791	9.951	298	163.662	1.032	1.278	11.316	238.328
1636	35.793	3.836	412	152.565	1.720	1.330	19.995	215.651
1755	25.390	6.629	792	222.193	1.000	877	5.079	261.960
1968	40.633	10.291	4.093	216.331	1.705	545	47.693	321.291
2150	25.136	8.034	348	182.190	1.983	1.530	38.512	257.733
2325	23.871	11.215	878	211.836	1.056	1.510	8.496	258.862
Alls	378.785	146.119	14.772	2.349.610	20.396	19.679	279.276	3.208.637

Tafla 4.
Dragnótarafli í Faxaflóa 1999 (kg).

Nr.	Skarkoli	Þorskur	Ýsa	Sandkoli	Smálúða	Steinbítur	Annað	Alls
1173	29.319	10.944	37	112.691	2.217	3.255	23.407	181.870
1269	14.166	29.404	773	92.761	2.998	2.077	8.455	150.634
1305	23.056	13.814	30	128.698	1.994	2.805	39.318	209.715
1420	9.533	6.685	249	53.396	1.537	3.099	9.747	84.246
1475	15.546	7.579	54	139.444	1.616	1.409	33.514	199.162
1499	21.330	7.370	268	117.793	2.708	2.508	33.785	185.762
1575	25.849	10.615	145	104.079	2.759	3.773	33.182	180.402
1636	11.470	10.619	55	110.964	3.111	2.561	62.247	201.027
1755	16.478	34.556	327	83.098	2.715	2.899	23.476	163.549
1968	9.103	14.609	0	122.373	1.613	586	55.485	203.769
2150	15.645	9.235	257	122.680	2.507	5.362	46.114	201.800
2313	35.728	21.564	1.113	83.207	4.418	7.324	73.008	226.362
2323	26.101	6.415	115	75.179	2.475	7.113	8.762	125.762
2325	35.993	10.710	426	119.311	9.201	11.146	50.428	237.215
Alls	289.317	194.119	3.849	1.465.674	41.869	55.917	500.530	2.551.275

2. *Hvar var aflanum landað og hve miklu á hverjum löndunarstað, sundurliðað eftir árum?*
Tafla 5 sýnir landanir dragnótarbáta í Faxaflóa sl. fjögur ár, eftir löndunarhöfnum.

Tafla 5.
Landanir dragnótarbáta í Faxaflóa 1996, 1997, 1998 og 1999.

Ár	Keflavík	Reykjavík	Akranes	Sandgerði	Hafnarfjörður	Alls
1996	2.597.272	1.687.228	262.186	1.542	0	4.548.228
1997	2.498.730	1.931.775	275.681	33.362	0	4.739.548
1998	1.654.583	1.208.945	0	343.572	1.537	3.208.637
1999	1.094.945	1.100.549	125.761	230.020	0	2.551.275
Alls	7.845.530	5.928.497	663.628	608.496	1.537	15.047.688

318. Svar [132. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um kostnað sveitarfélaga vegna EES.

1. *Hvaða kostnaður hefur lagst á sveitarfélögin vegna ákvæða í EES-samningnum?*
Ekki hefur með skipulögðum hætti farið fram kostnaðarmat á fjárhagslegum áhrifum EES-samningsins á sveitarfélögin. Slík úttekt væri án efa æskileg en rétt er að taka fram að afar vandasamt er að meta bein fjárhagsleg áhrif EES-samningsins hvað varðar sveitarfélögin sérstaklega. Óhætt er þó að fullyrða að sveitarfélögin hafa orðið fyrir sannanlegum beinum kostnaði vegna samningsins án þess að hægt sé að tiltaka um hversu mikinn kostnað er að ræða. Óbein fjárhagsleg áhrif er að sjálfsögðu enn örðugra að meta.
Í einhverjum tilvikum kynnu sveitarfélögin að hafa ráðist í framkvæmdir, t.d. á sviði umhverfismála, þó ekki hefðu komið til auknar kröfur með EES-samningnum. Dæmi um

þetta eru fráveitumál. Ef til vill væri auðveldara að meta slík áhrif ef aðild Íslands að EES-samningnum hefði í för með sér ný verkefni fyrir sveitarfélögin, en því er ekki til að dreifa, a.m.k. enn sem komið er.

Þegar EES-samningurinn er skoðaður og reynt að meta á hvaða sviðum samningsins slík fjárhagsleg áhrif á sveitarfélögin liggja beinist athyglin einkum að kafla samningsins og viðaukum er varða umhverfismál, en einnig má nefna ýmsar tilskipanir og reglugerðir sem snerta sveitarfélögin í hlutverki sínu sem atvinnurekendur.

Fjárhagslegum áhrifum sem hér um ræðir má skipta annars vegar í bein áhrif og hins vegar óbein áhrif.

Bein áhrif.

Í XX. viðauka EES-samningsins er vísað til gerða á sviði umhverfismála sem fjalla um umhverfismál almennt, vatn, loft, mengun af völdum hættulegra efna, aukið eftirlit með úrgangi og förgun hans og mengun vegna hávaða. Ljóst er að hér gætir umræddra áhrifa mest fyrir sveitarfélögin þar sem þeim eru falin verkefni og skyldur á þessu sviði, t.d. í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Hreinsun skolps og fráveitumál.

Með EES-samningnum voru teknar upp strangari kröfur um hreinsun skolps sem fólu í sér umtalsverða fjárfestingu fyrir sveitarfélögin. Tímarammi var einnig settur og eiga sveitarfélög að vera búin að koma þeim málum í lag ekki síðar en árið 2005.

Lög nr. 53/1995 kveða á um fjárhagslegan stuðning ríkissjóðs við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga sem skal nema allt að 20% af staðfestum heildarkostnaði styrkhæfra framkvæmda. Samkvæmt athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til laganna var ráðgert að heildarkostnaður sveitarfélaga vegna fráveituframkvæmda næmi á bilinu 15 til 20 milljörðum.

Ítreka verður þó að ekki er hægt með neinni vissu að meta hve stóran hluta af þeim útgjöldum er hægt að yfirfæra á EES-samninginn, en ríkisstjórnin hafði fyrir gildistöku hans boðað þá stefnu í ritinu „Á leið til sjálfbærrar þróunar“ (mars 1993) að unnið skyldi að úrbótum í frárennslismálum.

Frágangur úrgangs og brennsla.

Förgun og meðferð úrgangs er meðal þess sem samræmt var með EES-samningnum. Íslenskar reglur gengu skemmra en reglur Evrópusambandsins á þessu sviði og því hefur samningurinn leitt til aukins kostnaðar fyrir sveitarfélögin þar sem þau bera meginhluta kostnaðar við framkvæmd tilskipananna.

Eins hefur tilskipun um brennslu úrgangs leitt af sér hertar kröfur sem síðar meir munu einkum gera minni brennslustöðvum erfiðara um vik.

Þá er ljóst að ýmsar gerðir á þessu sviði eru væntanlegar og munu þær leiða af sér kostnað fyrir sveitarfélög og stofnanir þeirra. Í skýrslu utanríkisráðherra um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi segir: „Margar þessara gerða koma til með að hafa umtalsverð áhrif hér á landi og kemur þá til kasta Alþingis að skapa viðeigandi lagaramma.“

Óbein áhrif.

Þá hefur EES-samningurinn enn fremur leitt af sér ýmis óbein fjárhagsleg áhrif fyrir sveitarfélögin. Einkum lýtur það að eftirliti og upplýsingagjöf á sviði umhverfismála, en einstakar tilskipanir á sviði vinnu- og jafnréttismála geta ótvírætt einnig haft í för með sér aukinn kostnað fyrir sveitarfélögin varðandi starfsmannamál o.fl.

Hlutverk sveitarfélaga vegna heilbrigðiseftirlits hefur aukist verulega vegna margvíslegra tilskipana og reglugerða Evrópusambandsins. Kröfur til mælinga og mælingatíðni hafa t.d. aukist verulega og er það bein afleiðing af tilskipunum EES-samningsins.

Þetta á m.a. við um eftirlit með drykkjarvatni og í ofangreindri skýrslu utanríkisráðherra segir: „Með EES-samningnum voru teknar upp ítarlegri og strangari reglur um vatnsmengun.“

Á sviði vinnumála og jafnréttismála hafa ýmsar tilskipanir verið lögteknar hér á landi sem munu hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélögin líkt og aðra vinnuveitendur hér á landi, þ.m.t. ríkissjóð. Þetta gildir t.d. um tilskipanir um vinnutíma og foreldraorlof.

Niðurstaða.

Ljóst er að ofangreind atriði eru ekki tæmandi listi heldur aðeins ábending um að fjárhagslegar afleiðingar fyrir sveitarfélögin og stofnanir þeirra, einkum heilbrigðiseftirlit, hafa aukist nokkuð án þess að hægt sé að greina þau áhrif nákvæmlega.

2. *Hvaða tekjustofna hafa sveitarfélögin fengið til að mæta þessum kostnaði? Svar óskast sundurliðað eftir verkefnum.*

Sveitarfélögum hafa ekki verið markaðir sérstakir tekjustofnar til að mæta þessum aukna kostnaði vegna EES-samningsins.

Sveitarfélög geta þó fengið endurgreidd allt að 20% af kostnaði vegna fráveitna og yfirlit yfir þær endurgreiðslur voru tíundaðar í svari umhverfisráðherra við fyrirspurn Helgu Halldórsdóttur um framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum (þskj. 593, 340. mál á 125. löggjafarþingi).

Eins hafa sveitarfélög heimildir til gjaldtöku t.d. á sviði heilbrigðiseftirlits og varðandi holræsi, sbr. vatnalög, nr. 15/1923.

Eins og kunnugt er skilaði nefnd um tekjustofna sveitarfélaga tillögum sínum á dögunum og þær miða að því að gera sveitarfélögum kleift að standa undir lögboðnum verkefnum. Þar með eru taldar skyldur sveitarfélaga sem rekja má til EES-samningsins.

Tekjustofnanefndin lagði einnig til að öll lagafrumvörp og stjórnvaldsákvarðanir verði kostnaðarmetin gagnvart sveitarfélögum. Það tæki einnig til tilskipana EES-samningsins og skapaði betri forsendur til að meta fjárhagsleg áhrif þeirra á sveitarfélögin. Ég hef þegar óskað eftir því að fjármálaráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni fulltrúa í starfshóp sem koma á fram með tillögur um framkvæmd og fyrirkomulag slíks kostnaðarmats, hver skuli framkvæma það og hvernig skuli fara með ágreining sem upp kann að koma.

319. Fyrirspurn [288. mál]

til heilbrigðisráðherra um stefnu í málum Landspítala – háskólasjúkrahúss í Kópavogi.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hver eru framtíðaráform ráðuneytisins varðandi Landspítalann – háskólasjúkrahús í Kópavogi? Hvernig fellur dvöl fatlaðra sjúkra á spítalanum að þeim áætlunum?

320. Fyrirspurn [289. mál]

til félagsmálaráðherra um útskriftir fatlaðra af Landspítala – háskólasjúkrahúsi í Kópavogi.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvað líður útskriftum fatlaðra af Landspítala – háskólasjúkrahúsi í Kópavogi, áður Kópavogshæli? Hefur ríkisstjórnin sett sér markmið um að leysa búsetumál þeirra innan ákveðinna tímamarka?

321. Fyrirspurn [290. mál]

til utanríkisráðherra um hreinsun og afhendingu neðra Nickel-svæðisins í Reykjanesbæ.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Er ráðherra kunnugt um áætlaðan kostnað við hreinsun neðra Nickel-svæðisins svo að landið verði byggingarhæft?
2. Hversu mikið fé hefur ráðuneytið fengið frá varnarliðinu eða öðrum til hreinsunar svæðisins?
3. Hefur ráðuneytið veitt Reykjanesbæ eða öðrum fé til hreinsunar svæðisins, og þá hve mikið, eða eru áform um slíkt?
4. Kemur til greina að afhenda Reykjanesbæ svæðið í áföngum?

322. Frumvarp til laga [291. mál]

um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Í stað orðanna „viðauka 1“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: viðaukum 1A og 1B.

2. gr.

Í stað orðanna „viðauka 1“ í 7. gr. laganna kemur: viðaukum 1A og 1B.

3. gr.

Í stað orðanna „viðaukum 1 og 2“ í 1. málsl. 8. gr. laganna kemur: viðaukum 1A, 1B og 2.

4. gr.

Í stað orðsins „dýrasjúkdómanefndar“ í 1. og 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: yfirdýralæknis.

5. gr.

Í stað orðanna „viðauka 1“ í 17. gr. laganna kemur: viðauka 1A.

6. gr.

Í stað orðanna „viðauka 1“ í 18. gr. laganna kemur: viðauka 1A.

7. gr.

Í stað orðsins „dýrasjúkdómanefndar“ í 19. gr. laganna kemur: yfirdýralæknis.

8. gr.

Í stað orðsins „dýrasjúkdómanefndar“ í 1. og 2. mgr. 23. gr. laganna kemur: yfirdýralæknis.

9. gr.

27. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

1. Í stað orðanna „dýrasjúkdómanefndar“ og „svæðisnefnd“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: yfirdýralæknis, og: smitsjúkdómanefnd.
2. Í stað orðanna „Svæðisnefnd“ og „dýrasjúkdómanefnd“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: Yfirdýralæknir, og: smitsjúkdómanefnd.
3. 2. mgr. fellur brott.

11. gr.

Í stað viðauka 1 og 2 við lögin koma þrír nýir viðaukar, viðauki 1A, viðauki 1B og viðauki 2, svohljóðandi:

Viðauki 1A
(A-sjúkdómar).

TILKYNNINGARSKYLDIR SJÚKDÓMAR

Dýr almennt:

B052	Aujeszkys-veiki	Aujeszky´s disease – Pseudorabies – *Herpesviridae*
A090	Blátunga	Bluetongue – *Reoviridae*
A010	Gin- og klaufaveiki	Food and Mouth Disease – *Picornaviridae*
B352	Hérasótt	Tularemia – *Francisella tularensis*
B058	Hundaæði	Rabies – *Rhabdoviridae*
B051	Miltisbrandur	Anthrax – *Bacillus anthracis*
A020	Munnblöðrubólga	Vesicular stomatitis – *Rhabdoviridae*
A080	Rift Valley veiki	Rift Valley fever – *Bunyaviridae*
B103/B253	Smitandi fósturlát/Brúsellósa	Brucellosis – *Brucella abortus/B. suis/B. melitensis*

Hross:

A110	Afríkönsk hrossapest	African horse sickness – *Reoviridae*
B202	Dúrín	Dourine – Ondartet beskjelersyke – *Trypanosoma equiperdum*
B205	Smitandi blóðleysi	Equine infectious anemia (EIA) – *Retroviridae*
B209	Sníf	Glanders – *Pseudomonas mallei*

Nautgripir:

B105	Berklar	Tuberculosis – *Mycobacterium bovis/tuberculosis*
A070	Húðþrimlaveiki	Lumpy skin disease – *Poxviridae*
A060	Illkynja brjósthimnubólga	Contagious bovine pleuropneumonia – *Mycoplasma mycoides mycoides*
B115	Kúariða	Bovine spongiform encephalopati (BSE) – *Prion*
A040	Nautapest	Rinderpest – Kvegpest – Pestis bovum – *Paramyxoviridae*
B110	Smitandi barkabólga/fósturlát	IBR/IPV – *Herpesviridae*
B108	Smitandi hvítblæði	Enzootic bovine leucosis (EBL) – *Retroviridae*

Sauðfé og geitur:

I301	Bítlaveiki	Border disease – Hairy shaker disease – *Flaviviridae*
A100	Fjárbólusótt/geitabólusótt	Sheep pox and goat pox – *Poxviridae*
A050	Fjárpest	Peste des petits ruminants (PPR) – *Paramyxoviridae*
B156	Fósturlát í ám	Enzootic abortion of ewes (EAE) – *Chlamydia psittaci*
B155	Geitakregða	Contagious caprine pleuropneumonia – *Mycoplasma* F38
B154	Kregðujúgurbólga	Contagious agalactia – *Mycoplasma* ssp.
B161	Mæði (þurramæði)/Visna	Maedi/Visna – *Retroviridae*
B160	Riðuveiki	Scrapie – *Prion*
B159	Salmonella-fósturlát	Salmonellosis – *Salmonella abortus ovis*
B153	Smitandi liða- og heilabólga í geitum	Caprine arthritis and encephalitis (CAE) – *Retroviridae*
B157	Votamæði	Jaagsiekte – Ovine pulmonary adenomatosis – *Retroviridae*

Svín:

A120	Afríkönsk svínapest	African swine fever (ASF) – *ASF-like virus*
I401	Blöðruþot í svínum	Vesicular exanthema of swine (VES) – *Caliciviridae*
A140	Illkynja grísalömun	Teschen disease – *Picornaviridae*
B254	Smitandi maga- og garnabólga	Transmissible gastroenteritis (TGE) – *Coronaviridae*
A030	Svínafár	Swine vesicular disease (SVD) – *Picornaviridae*
A130	Svínapest	Classical swine fever – Hog cholera – *Flaviviridae*

Hundar, kettir, loðdýr og kanínur:

B353	Lifrardrep	Rabbit haemorrhagic disease (VHD) – *Parvoviridae*
I501	Maurakláði	Sarcoptes mange – *Sarcoptes* spp.
I502	Plasmacytósa	Plasmacytosis – Aleutian disease – *Parvoviridae*
I503	Refafár/Minkafár	Distemper – *Paramyxoviridae*
I504	Sullaveikifár	Echinococcosis – *Echinococcus multilocularis*

Alifuglar:

A150	Hænsnapest	Avian influenza (AI) – Fowl plague – *Orthomyxoviridae*
B313	Hænsnatyfus	Fowl typhoid – *Salmonella gallinarum*
B308	Kjúklingasótt	Pullorum disease – *Salmonella pullorum*
I601	Nef- og barkabólga	Avian rhinotracheitis (ART) – *Pneumoviridae*
A160	Newcastle-veiki	Newcastle Disease (ND) – *Paramyxoviridae*
B302	Smitandi kverka- og barkabólga	Infectious laryngotracheitis (ILT) – *Herpesviridae*

B305	Veirugarnabólga í öndum	Duck virus enteritis (DVE) – *Herpesviridae*
B304	Veirulifrarbólga í öndum	Duck virus hepatitis (DVH) – *Picornaviridae*

Eldisfiskar:

B413	EHN-veiki	Epizootic haematopoietic necrosis – *Iridoviridae*
B415	Herpesveiki/OMV-veiki	*Herpesvirus salmonis/H. scophthalmi Oncorhynchus masou* virus disease
B405	IHN-veiki	Infectious haematopoietic necrosis – *Rhabdoviridae*
I701	IPN-veiki	Infectious pancreas necrosis – *Birnaviridae*
I702	ISA-veiki	Infectious salmon anemia – *Orthomyxoviridae*
I703	Roðflyðrusýki	Gyrodactylosis – *Gyrodactylus salaris*
B404	SVC-veiki	Spring viraemia of carp – *Rhabdoviridae*
B401	VHS-veiki	Viral haemorrhagic septicaemia – *Rhabdoviridae*
I704	VNN-veiki	Viral nervous necrosis – *Nodaviridae*

Skeldýr:

B434	Marteilíuveiki	Marteiliosis – *Marteilia refringens/M. sydneyi*
B436	Mykrocytosveiki	Mikrocytosis – *Mykrocytos mackini/M. roughleyi*
B431	Ostruveiki	Bonamiosis – *Bonamia ostreae/B.* sp.
B433	Perkinsusveiki	Perkinsosis – *Perkinsus marinus/P. olseni*
B432	Sumarveiki í ostrum	Haplosporidiosis – *Haplosporidium costale/H. nelsoni*
I801	Velarveiki	Oyster velar virus disease – *Iridoviridae*

Krabbadýr:

I901	Humarveiki	Gaffkemi – *Aerococcous viridans*
I902	Krabbapest	Crayfish plague – *Aphanomyces astaci*

Viðauki 1B
(B-sjúkdómar).

TILKYNNINGARSKYLDIR SJÚKDÓMAR

Dýr almennt:

I001	Blóðsviti	Parafilariosis – *Parafilaria* spp.
C702	Fótrot	Footrot – *Fusobacterium necrophorum*
B059	Garnaveiki	Paratuberculosis – *Mycobacterium avium paratuberculosis*
I002	Hringskyrfi	Ringworm – *Microsporum spp./Trichophyton* spp.
B107	Hrýfi	Dermatophilosis – *Dermatophilus congolensis*
B056	Leptóspírósa/Gulusótt	Leptospirosis – *Leptospira* spp.
I003	Neosporosis	Nesosporosis – *Neospora caninum*
B057	Q-hitasótt	Q-fever – *Coxiella burnetii*
C619/C855	Salmonellasýkingar	Intestinal salmonella infections – *Salmonella* spp. (Other than *Salmonella gallinarum/S. pullorum*)
B104	Smitandi fósturlát	Bovine genital campylobacteriosis – *Campylobacter fetus fetus*
B053	Sullaveiki	Echinococcosis – Hydatidosis – *Echinococcus granulosus*
B255	Trikínuveiki	Trichinosis – *Trichinella spiralis*

Hross:

B206	Hestainflúensa	Equine influenza – *Orthomyxoviridae*
B210	Hrossabóla	Horse pox – *Poxviridae*

B213	Hrossakláði	Sarcoptic mange – *Sarcoptes scabiei var equi*
C753	Kverkeitlabólga	Strangles – *Streptococcus equi equi*
B208	Smitandi háls- og lungnakvef	Equine viral rhinopneumonitis/Equine abortion virus (EHV-1/EHV-4) – *Herpesviridae*
B204	Smitandi heilabólga	Eastern & Western equine encephalomyelitis – *Alphaviridae*
B201	Smitandi legbólga	Contagious equine metritis (CEM) – *Taylorella equigenitalis*
B211	Smitandi slagæðabólga	Equine viral artheritis (EVA) – *Arteriviridae*
B203	Smitandi sogæðabólga	Epizootic lymhangitis – *Histoplasma farciminosum*
B216	Venezuela heilabólga	Equine Venezuelan encephalomyelitis – *Alphaviridae*
Nautgripir:		
B112	Fósturlát í kúm	Trichomonosis – *Trichomonas foetus*
B114	Illkynja slímhúðarbólga	Malignant catarrhal fever (AHV-1) – *Herpesviridae*
C652	Smitandi slímhúðarpest	Bovine viral diarrhea/Mucosal disease (MD/BVD) – *Flaviviridae*
I201	Smitandi öndunarfærabólga	Bovine respiratory syncytial virus (BRSV) – *Paramyxoviridae*
I202	Veiruskita	Viral diarrhea – *Coronaviridae*
B106	Vöðvasullur	Bovine cysticercosis – *Taenia saginata*
Sauðfé og geitur:		
I302	Fellilús	Sheep biting louse – *Damalinia ovis*
I303	Fjárkláði	Sheep scab – *Psoroptes ovis*
C706	Fótakláði	Sheep mange – *Chorioptes ovis*
I304	Færilús	Sheep keds – *Melophagus ovinus*
B151	Lyppudrep	Ovine epididymitis – *Brucella ovis*
I305	Vöðvasullur	Ovine cysticercosis – *Taenia ovis*
Svín:		
I402	Illkynja lungnabólga	Pleuropneumonia – *Actinobacillus pleuropneumonia*
B257	PRRS-veiki	Porcine respiratory and reproductive syndrome (PRRS)
I403	Smitandi veiruskita	Porcine epidemic diarrhea (PED) – *Coronaviridae*
B252	Svínabandormur	Porcine cysticercosis – *Taenia solium*
I404	Svínainflúensa	Swine influenza – Hog flue – *Orthomyxoviridae*
B256	Ælu- og vanþrifarpest	Vomiting & wasting disease – Hemagglutinating encephalomyelitis virus (HEV) – *Coronaviridae*
Hundar, kettir og loðdýr:		
I505	Hundafár	Canine distemper – *Paramyxoviridae*
B501	Leishmaníu-veiki	Canine leishmaniosis – *Leishmania* spp.
I506	Lungnafár í mink	Hemorrhagic pneumonia – *Pseudomonas aeruginosa*
I507	Refavanki	Nosematosis – *Encephalitozoon cuniculi*
I508	Veiruskita í mink	Mink viral enteritis – *Parvoviridae*
Alifuglar:		
B303	Fuglaberklar	Avian tuberculosis – *Mycobacterium avium*
B307	Fuglabólusótt	Fowl pox – *Poxviridae*
B306	Fuglakólera	Fowl cholera – *Pasteurella multocida*
B311	Fuglakregða	Avian mycoplasmosis – *M. gallisepticum/M. meleagridis*
B309	Gumboroveiki	Gumboro disease – Infectious bursal disease (IBD) – *Birnaviridae*
B310	Hænsnalömun	Marek s disease – *Herpesviridae*
C853	Mænubólga	Avian encephalomyelitis (AE) – *Picornaviridae*

I602	Paramyxóveiru-sýkingar	Avian paramyxovirus (other than Newcastle disease) – *Paramyxoviridae*
B312	Páfagaukaveiki	Avian chlamydiosis – Psittacosis – Ornithosis – *Chlamydia psittaci* – (annað en fósturlát í ám)
B301	Smitandi berkjubólga	Infectious bronchitis (IB) – *Coronaviridae*
I603	Varpröskun	Egg drop syndrome (EDS) – *Adenoviridae*
Eldisfiskar:		
I705	Blóðfrumuveirusótt	Erythrocitic inclusion body syndrome (EIBS) – *Togaviridae*
I706	Hindberjaveiki	Proliferative kidney disease (PKD)
I707	Hitraveiki	Coldwater vibriosis – *Vibrio salmonicida*
I708	Hvirfilveiki	Whirling disease – *Myxobolus cerebralis*
I709	Kýlaveiki	Furunculosis – *Aeromonas salm.* spp. *salmonicida*
I710	Kýlaveikibróðir	Ulcer disease – *Aeromonas salm.* spp. *achromogenes*
I711	Laxalús/Fiskilús	Salmon louse infection – *Lepeophtheirus salmonis* Marine louse infection – *Caligus elongatus*
I712	Nýrnaveiki	Bacterial kydney disease (BKD) – *Renibacterium salmoninarum*
I713	PD-veiki/Brisveiki	Pancreas disease (PD) – *Togaviridae*
I714	Piskirikketsíuveiki	Piscirickettsiosis – *Piscirickettsia salmonis*
I715	Rauðmunnaveiki	Enteric red mouth (ERM) – Yersiniosis – *Yersinia ruckeri*
I716	Spírónúkleusveiki	Systemic spironucleosis – *Spironucleus barkhanus*
I717	Sundmagasótt	Swimbladder nematode of eel – *Anguillicola crassus*
Skeldýr:		
I802	Sæeyrnaskelormur	Sabellid polychaete – *Terebrasabella heterouncinata*
Krabbadýr:		
I903	Postulínsveiki	Porselenssyke – *Thelohania contejeani*
I904	Sveppablettaveiki	Brannflekksyke – *Ramularia astaci*
Býflugur:		
B453	Evrópsk býflugnapest	European foulbrood – *Streptococcus pluton*
B452	Illkynja býflugnapest	American foulbrood – *Bacillus larvae*
B451	Loftsekkjaveiki	Acariosis of bees – *Acarapis woodii*
B454	Þarmaveiki	Nosemosis of bees – *Nosema apis*
B455	Varróaveiki	Varroosis – *Varroa jakobsonii*

Viðauki 2
(C-sjúkdómar).

SKRÁNINGARSKYLDIR SJÚKDÓMAR

Dýr almennt:		
C612	Bogfrymlasótt	Toxoplasmosis – *Toxoplasma gondii*
I003	Bólusótt	Pox disease – *Poxviridae*
C615	Bótulismi	Botulism – *Clostridium botulinum*
C616	Clostridía-sýkingar	Clostridiosis – *Clostridium* ssp. (Other than *Clostridium chauvoei, Cl. perfringens* type C og *Cl. botulinum*)
C620	Hnislasótt	Coccidiosis – *Eimeria* spp./*Isospora* spp.
C611	Hvanneyrarveiki	Listeriosis – *Listeria monocytogenes*
C613	Ígerðarsótt	Melioidosis – *Burkholderia pseudomallei*
C618	Kjálkabris	Actinomycosis – *Actinomyces* ssp.

C705/C752	Kýlapest	Caseous lymphadenitis – Ulcerative lymphangitis – *Actinobacillus lignieresii/Corynebacterium pseudotuberculosis*
I004	Lungnadrep	Pasteurellosis – *Pasteurella multocida/P. haemolytica*
C617	Lungnapest	Other pasteurellosis – *Pasteurella* ssp. (Other than *Pasteurella multocida*)
C614	Pestbjúgur	Blackleg – *Clostridium chauvoei*
C621	Ögðuveiki	Liver fluke disease – Distomatosis – *Fascicola hepatica*
Hross:		
I101	Herpeskvef	Equine herpesvirus 2 (EHV-2) – *Herpesviridae*
C751	Herpesútbrot	Equine coital exhanthema (EHV-3) – *Herpesviridae*
I102	Húðsveppur	*Trichophyton equinum/T. mentagrophytes*
Sauðfé og geitur:		
C701	Smitandi munnangur	Orf – Contagious echtyma (CE) – *Poxviridae*
I306	Tannlos	Broken mouth
Svín:		
I405	Bjúgveiki	Edema disease – *E. coli* O138/O139/O140/O141
I406	Blóðskita	Swine dysentery – *Brachyspira hyodysenteriae*
I407	Garnadrep	Necrotic enteritis – *Clostridium perfringens* type C
I408	Gothiti	Mastitis-metritis-agalactia syndrome (MMA)
C801	Rauðsýki	Swine erysipelas – *Erysipelothrix rhusiopathiae*
I409	Smitandi fósturdauði	Porcine parvovirus (PPV) – *Parvoviridae*
B251	Snúðtrýni	Atrophic rhinitis of swine – *Pasteurella multocida* tox +
I410	Svínakláði	Sarcoptes mange – *Sarcoptes scabiei* var. *suis*
I411	Svínakregða	Endemic pneumonia (EP) – *Mycoplasma pneumonia*
I412	Þarmabólga	Porcine intestinal adenomatosis (PIA) – *Lawsonia intracellularis*
Hundar, kettir og loðdýr:		
I509	Eyrnamaur	Ear mites – *Otodectes cynotis*
I510	Kattafár	Feline leukemia virus – *Retroviridae*
I511	Kattamaur	Cheyletiellosis – *Cheyletiella parasitovorax*
I512	Smáveirusótt	Canine parvovirus – *Parvoviridae*
I513	Smitandi heila- og lifrarbólga	Hepatitis contagiosa canis (HCC)/Fox encephalitis – (CAV-1) – *Adenoviridae*
Alifuglar:		
I604	Blávængjaveiki	Chicken infectious anemia (CIA) – *Parvoviridae*
C856	Hvítblæði	Avian leucosis – *Retroviridae*
I605	Fuglakregða	Avian mycoplasmosis – (Other than *M. gallisepticum* and *M. meleagridis*)
Eldisfiskar:		
I718	Fiskaberklar	Mycobacteriosis – *Mycobacterium marinum*
I719	Klamydíuveiki	Epitheliocystis – *Chlamydia* spp.
I720	Roðdrep í klaklaxi	Ulcerative dermatic necrosis (UDN)
I721	VEN-veiki	Viral erythrocytic necrosis – *Iridoviridae*
I722	Vetrarsár	Winter ulcers – *Moritella viscosa*
I723	Víbríuveiki	Vibriosis – *Vibrio anguillarum*
I724	Vörtuveiki	Papillomatosis – *Herpesviridae*

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpinu er annars vegar verið að gera breytingu sem felst í því að breyta núgildandi sjúkdómaskrá í þá átt að aðlaga hana alþjóðlegum stöðlum, hins vegar er verið að fella niður dýrasjúkdómanefnd sem aldrei hefur verið skipuð og færa skyldur hennar að nokkru yfir til yfirdýralæknis og að nokkru yfir til dýralæknaráðs sem skipað er af landbúnaðarráðherra skv. 4. gr. laga nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Nauðsynlegt er að núgildandi sjúkdómaskrá verði aðlöguð alþjóðlegum stöðlum. Leitast er við að samræma listann í takt við reglur Alþjóðadýrasjúkdómastofnunarinnar í París (OIE), en hingað til hefur þess ekki verið gætt. Ísland hefur í áratugi verið eitt af aðildarríkjum OIE og hefur því ákveðnum skyldum að gegna í sambandi við skráningar og tilkynningar dýrasjúkdóma sem vart verður hér á landi. Þessi breyting greiðir fyrir allri skráningarvinnu um leið og hún einfaldar öll samskipti við erlend ríki á sviði dýraheilbrigðis. Áherslur hafa breyst hvað varðar viðbrögð við einstaka sjúkdómum og nýir sjúkdómar jafnvel gert vart við sig sem ekki eru taldir upp í sjúkdómaskránni frá 1993. Þá er tækifærið notað til leiðréttinga á ákveðnum villum í gömlu skránni.

Til þess að hægt sé að aðlaga íslenska sjúkdómaskráningu að leikreglum OIE er lagt til að ákveðnir sjúkdómakóðar fylgi öllum sjúkdómaheitum. Kóðar þessir eru þannig upp byggðir að með sjúkdómabókstafnum, þ.e. A, B eða C fylgir þriggja stafa talnaruna, til dæmis A010 sem er gin- og klaufaveiki, B059 sem er garnaveiki og C615 sem er bótulismi. Í nokkrum tilvikum er kóðinn án bókstafs, en það eru sjúkdómar sem ekki finnast á lista OIE. Þá er gefinn innlendur kóði svo auðvelda megi tölvufærslu og skilvirkni, til dæmis má taka I013 sem stendur fyrir fjárkláða. Hér er bókstafnum I (fyrir Ísland) bætt fyrir framan þriggja stafa talnarunu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.–3. gr.

Hér eru gerðar breytingar til samræmis við breytingar á 11. gr.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að í stað dýrasjúkdómanefndar komi yfirdýralæknir. Er þetta gert til einföldunar og til samræmingar við breytingu sem lögð er til í 8. gr. frumvarpsins.

Um 5.–6. gr.

Hér eru gerðar breytingar til samræmis við breytingar á 11. gr.

Um 7.–8. gr.

Lagt er til að í stað dýrasjúkdómanefndar komi yfirdýralæknir. Er þetta gert til samræmingar við þær breytingar sem lagðar eru til í 8. og 9. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Lagt er til að þessi grein verði felld brott. Ekki er lengur talin þörf á ákvæðum um skipun slíkrar nefndar. Með lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr er í 4. gr. kveðið á um að landbúnaðarráðherra skipi sérstakt dýralæknaráð sem sé yfirdýralækni til ráðuneytis. Það skal skipað fjórum dýralæknum og skal einn tilnefndur af Bændasamtökum

Íslands, annar af stjórn Dýralæknafélags Íslands, þriðji af stjórn Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og sá fjórði án tilnefningar, sem jafnframt skal vera formaður ráðsins. Ekki verður annað séð en dýralæknaráð geti fyllilega komið í staðinn fyrir ákvæði laga um dýrasjúkdómanefnd sem enn hefur ekki komið saman.

Um 10. gr.

Hér er enn lagt til að yfirdýralæknir taki á sig skyldur dýrasjúkdómanefndar. En í stað heitis nefndarinnar, þ.e. svæðisnefnd í 1. málsl. 1. mgr. 28. gr. laganna, komi smitsjúkdómanefnd. Lagt er til að 2. málsl. 1. mgr. 28. gr. laganna breytist þannig að yfirdýralæknir hafi ásamt smitsjúkdómanefnd forgöngu um framkvæmd niðurskurðar, endurnýjun bústofns, hreinsun búfjár af svæðinu og nauðsynlega sótthreinsun. Þessi breyting er einnig gerð til samræmis við fyrirhugaða breytingu á 27. gr. laganna.

Lagt er til að 2. mgr. 28. gr. laganna falli brott þar sem hún þykir ekki lengur eiga við.

Um 11. gr.

Lagt er til að tilkynningarskyldum sjúkdómum verði hér eftir skipt í tvo flokka: viðauka 1A og viðauka 1B í stað viðauka 1 áður. Tilgangur þessarar skiptingar er að greina betur á milli mjög alvarlegra smitsjúkdóma (A-sjúkdóma), sem krefjast skilyrðislaust niðurskurðar, og annarra smitsjúkdóma (B-sjúkdóma) sem krefjast annars konar viðbragða eftir aðstæðum. Í stuttu máli skal viðbrögðum háttað sem hér segir:

Flokkun sjúkdóma:	**Viðbrögð sjúkdómayfirvalda:**
Viðauki 1A (A-sjúkdómar)	Niðurskurður og bætur úr ríkissjóði.
Viðauki 1B (B-sjúkdómar)	Önnur viðbrögð (einangrun, bólusetning, lyfjameðferð o.s.frv.).
Viðauki 2 (C-sjúkdómar)	Engin sérstök viðbrögð, einungis skráning.

Í endurskoðaðri sjúkdómaskrá eru samtals 11 smitsjúkdómar færðir úr flokki A-sjúkdóma (viðauki 1) yfir í flokk B-sjúkdóma. Með tilkomu bættra baráttuaðferða (svo sem nýrra bóluefna og annarra lyfja) er nú hægt að bregðast öðruvísi við ýmsum sjúkdómum en áður fyrr. Þeir sjúkdómar sem hér er átt við eru eftirfarandi:

1. Fjárkláði (sauðfé)
2. Fuglaberklar (alifuglar)
3. Fuglakólera (alifuglar)
4. Kverkeitlabólga (hross)
5. Hringskyrfi (dýr almennt)
6. Hrossakláði (hross)
7. Leptóspírósa/Gulusótt (dýr almennt)
8. PRRS-veiki (svín)
9. Smitandi legbólga (hross)
10. Smitandi slímhúðarpest (nautgripir)
11. Smitandi veiruskita (loðdýr)

Þá eru eftirfarandi nýir sjúkdómar teknir með í skrá yfir A-sjúkdóma, samkvæmt alþjóðlegum leikreglum og sérstöðu okkar á sviði smitsjúkdóma í dýrum:

1. Geitabólusótt (geitur)
2. Fjárpest (sauðfé og geitur)
3. Geitakregða (geitur)
4. Kregðujúgurbólga (sauðfé og geitur)
5. Salmonella-fósturlát (sauðfé)
6. Smitandi liða- og heilabólga (geitur)
7. Votamæði (sauðfé og geitur)

8. Lifrardrep (kanínur)
9. Maurakláði (loðdýr)
10. Plasmacytósa (aliminkur)
11. Refafár/minkafár (loðdýr)
12. Sullaveikifár (hundar, kettir, refir, mannfólk)
13. Nef- og barkabólga (alifuglar)
14. Veirugarnabólga (aliendur)
15. Veirulifrarbólga (aliendur)
16. EHN-veiki (eldisfiskar)
17. Herpesveiki/OMV-veiki (eldisfiskar)
18. ISA-veiki (eldisfiskar)
19. Roðflyðrusýki (eldisfiskar)
20. SVC-veiki (eldisfiskar)
21. VNN-veiki (eldisfiskar)
22. Marteilíuveiki (skeldýr)
23. Mykrocytosveiki (skeldýr)
24. Ostruveiki (skeldýr)
25. Perkinsusveiki (skeldýr)
26. Sumarveiki í ostrum (skeldýr)
27. Velarveiki (skeldýr)
28. Humarveiki (krabbadýr)
29. Krabbapest (krabbadýr)

Eins og glögglega sést eru hér teknir fjölmargir nýir smitsjúkdómar sem tilheyra óhefðbundnum búpeningi í íslenskum landbúnaði (svo sem geitum, kanínum, aliendum, skeldýrum og krabbadýrum). Þessar leiðréttingar teljast mikilvægar svo samræma megi íslenska sjúkdómaskráningu við þá alþjóðlegu. Nær allir þessir smitsjúkdómar eru afar sjaldgæfir en þá ber að varast og taka tillit til þeirra, ekki síst með auknum þrýstingi á óheft viðskipti með afurðir og lifandi dýr. Sama gildir um viðauka 1B (B-sjúkdómar). Þar er kominn fjöldinn allur af smitsjúkdómum sem ekki hafa áður verið á lista íslenskra sjúkdómayfirvalda. Um þessa breytingu gilda sömu rök og rakin eru hér að framan.

Viðauki 2 (C-sjúkdómar) hefur einnig verið tekinn til ítarlegrar endurskoðunar. Hann nær nú yfir alla skráningarskylda sjúkdóma að kröfu OIE, en auk þess finnast þar smitsjúkdómar sem talið er mikilvægt að fylgst sé með hvað varðar dreifingu og útbreiðslu hér innan lands.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er aðlögun gildandi sjúkdómaskrár að alþjóðlegum stöðlum, en einnig er heimild til skipunar sjúkdómanefndar felld niður og stjórnsýslulegt umboð hennar fært til yfirdýralæknis og dýralækna.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

323. Frumvarp til laga [292. mál]

um breytingu á lögum nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna verður svohljóðandi:

Iðgjald til sjóðsins skal nema 12% af heildarlaunum og greiðir launþegi 4% og launagreiðandi 8%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. laganna mynda tvö prósentustig af greiðslu launagreiðanda ekki réttindi til lífeyris frá gildistöku laga þessara til 31. desember 2006.

Greinargerð.

Um alllangt skeið hafa eignir Lífeyrissjóðs sjómanna ekki staðið undir framtíðarskuldbindingum sjóðsins samkvæmt tryggingafræðilegu mati. Stjórn sjóðsins hefur leitað leiða til að minnka muninn milli eigna hans og skuldbindinga. Í nokkur skipti hafa verið gerðar lagabreytingar sem allar hafa haft í för með sér mikla skerðingu á lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði sjómanna. Þrátt fyrir þetta vantar enn um 2.185 millj. kr. eða 3,2% til þess að eignir sjóðsins standi undir skuldbindingum hans samkvæmt tryggingafræðilegu mati miðað við árslok 1999.

Með því að hækka lögbundið framlag launagreiðanda í Lífeyrissjóð sjómanna um tvö prósentustig, án þess að lífeyrisréttindi sjóðfélaga aukist, er stigið mikilvægt skref í þá átt að brúa það sem upp á vantar til að sjóðurinn eigi fyrir framtíðarskuldbindingum sínum. Auk þess er það réttlætismál að launagreiðendur leggi fram sinn skerf og taki þátt í því að koma sjóðnum á réttan kjöl. Til þess hníga ýmis rök, svo sem afar háar greiðslur Lífeyrissjóðs sjómanna vegna örorkulífeyris sem er afleiðing af því hversu hættulegt sjómannsstarfið er. Á undanförnum árum hefur örorkulífeyrir verið nálægt 45% af heildarlífeyrisgreiðslum Lífeyrissjóðs sjómanna. Sambærilegt hlutfall hjá öðrum lífeyrissjóðum er mun lægra, í sumum tilfellum allt niður í 20%.

Í frumvarpinu er lagt til að þessi hækkun á hlutfallslegri greiðslu launagreiðanda myndi ekki aukinn rétt til lífeyris til 31. desember 2006. Þess í stað muni auknar greiðslur í sjóðinn af þessum toga notaðar til þess að auka eignir svo að þær geti staðið undir framtíðarskuldbindingum og bætt hag sjóðfélaga.

324. Frumvarp til laga [293. mál]

um breytingu á barnalögum, nr. 20/1992, með síðari breytingum.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Einar Már Sigurðarson, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við 37. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sýslumanni er skylt að skipa barni talsmann meðan ágreiningsmál um umgengni þess við forsjárlaust foreldri eða nána vandamenn, sbr. 5. mgr., er til meðferðar hjá sýslumanni. Einnig er sýslumanni skylt að skipa barni talsmann ef foreldri sinnir ekki umgengnisskyldu við barn sitt og ósk þar að lútandi kemur fram. Þóknun talsmanns skal greiðast úr ríkissjóði. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um þóknun talsmanns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 125. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að tryggja betur rétt barns eða barna til umgengni við báða foreldra sína. Til þess að tryggja hagsmuni barnsins sem best er mikilvægt að barni sé skipaður talsmaður um leið og ágreiningur verður um umgengni. Talsmaður getur þá verið milligöngumaður annars vegar á milli foreldranna og hins vegar milli foreldra og barns. Hlutverk hans yrði fyrst og fremst að gæta hagsmuna barnsins og tryggja því umgengni við forsjárlaust foreldri eða forsjárforeldri sem það býr ekki hjá. Gert er ráð fyrir að þóknun talsmanns verði greidd úr ríkissjóði og dómsmálaráðherra setji nánari reglur um hana.

Hlutverk talsmanns er að gæta hagsmuna barnsins í hvívetna í umgengnisdeilu foreldra. Á þetta jafnt við þegar ágreiningsmál um umgengnina sjálfa er til meðferðar hjá sýslumanni og þegar dagsektarmál er til meðferðar hjá honum. Skylt er að skipa talsmann ef forsjárlaust foreldri sinnir ekki lögbundinni umgengnisskyldu sinni ef krafa þar að lútandi berst sýslumanni. Dæmi eru um að áhugaleysi foreldris stafi af óuppgerðum tilfinningum gagnvart barnsmóður eða barnsföður. Skipaður talsmaður, sem hefur aðeins það hlutverk að standa vörð um hagsmuni barns, gæti hugsanlega komið á sambandi milli foreldra þegar svo háttar. Hér er um að ræða nýtt úrræði sem ekki felur í sér þvingun eða refsingu heldur miðar gagngert að því að styrkja fjölskyldutengsl. Reynsla og rannsóknir sýna að aðgerðir til stuðnings barnafjölskyldum geta beinlínis komið í veg fyrir að börn bíði skaða af óhjákvæmilegum skilnaði.

Mikill fjöldi barna er fæddur utan hjónabands og er oft erfitt fyrir þau að ná fram grundvallarrétti sínum til umgengni við það foreldri sem það býr ekki hjá, jafnvel að kynnast því foreldri. Í slíkum tilvikum er hægt að óska eftir því við sýslumann að barni sé skipaður talsmaður sem sinni því verkefni að koma á kynnum, samskiptum og umgengni milli barnsins og föður þess eða móður eftir atvikum.

Flutningsmenn telja að við úrlausn á því vandamáli sem hér er til meðferðar skuli réttur barnsins ávallt lagður til grundvallar. Heimild til að skipa barni sérstakan talsmann við úrlausn barnaverndarmála er til staðar í barnaverndarlögum, nr. 58/1992. Einnig er skv. 5. mgr. 34. gr. barnalaga, nr. 20/1992, heimilt að skipa barni talsmann til að gæta hagsmuna þess við úrlausn forsjármáls. Eðlilegt væri að skylt yrði að skipa barni talsmann um leið og umgengnismál er komið í hnút. Það úrræði ásamt vandaðri ráðgjöf sem nauðsynlegt er að koma hér á í tengslum við hjónaskilnaði og sambúðarslit miðar að því að laða fram hæfni foreldra til að rækja hlutverk sitt og skila hamingjusamari einstaklingum út í þjóðfélagið.

325. Frumvarp til laga [294. mál]

um breytingu á barnalögum, nr. 20/1992, með síðari breytingum.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Einar Már Sigurðarson, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við 32. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Áður en forsjá barns er skipað skv. 2. mgr., samningur um forsjá skv. 33. gr. hlýtur staðfestingu sýslumanns og áður en forsjármál er tekið til úrlausnar skv. 34. gr. skulu foreldrar sækja ráðgjöf á vegum dómsmálaráðuneytisins sér að kostnaðarlausu. Tilgangur ráðgjafar er fyrst og fremst að ná sáttum milli foreldra um forsjá, umgengnisrétt og fasta búsetu barns en jafnframt að upplýsa foreldra um sameiginleg réttindi þeirra og skyldur gagnvart börnunum eftir skilnað. Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, m.a. um skipulag og efni ráðgjafartíma og um viðurkenningu aðila sem annast skulu ráðgjöfina. Þeir sem annast ráðgjöf samkvæmt þessari málsgrein eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir komast að í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, venju eða eðli máls.

Ákvæði 5. mgr. gilda þó ekki ef ógilda skal hjúskap á grundvelli 27. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, eða ef skilnaðar er krafist á grundvelli 40. gr. sömu laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 125. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga.

Í 42. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, er að finna ákvæði um sáttaumleitan meðal hjóna sem hafa ákveðið að leita skilnaðar. Þar kemur m.a. fram að skylt sé að leita sátta milli hjóna sem fara með forsjá ósjálfráða barns. Sáttaumleitan felst í því að kanna áframhaldandi grundvöll hjúskapar. Hins vegar er ekkert ákvæði í lögunum sem skyldar fólk til þess að sækja sérstaka skilnaðarráðgjöf áður en gengið er frá hjónaskilnaði þar sem rætt sé um skyldur foreldra gagnvart börnum eftir að skilnaður er um garð genginn, umgengnisrétt og réttindi og skyldur

forsjárlauss foreldris. Þá er ekki að finna slík ákvæði um fólk í óvígðri sambúð sem er að slíta samvistum.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði verði bætt við 32. gr. barnalaga, nr. 20/1992, um skyldu hjóna og sambýlisfólks til að sækja skilnaðarráðgjöf sem dómsmálaráðuneytið annist og fjármagni að öllu leyti. Ef þetta ákvæði verður sett í lög er það skilyrði fyrir staðfestingu sýslumanns á samningi um forsjá barna að fólk hafi sótt ráðgjafartíma. Þá er það einnig skilyrði fyrir úrlausn dómstóls eða dómsmálaráðuneytis. Gert er ráð fyrir að ráðherra kveði nánar á um skipulag skilnaðarráðgjafar í reglugerð. Slík ráðgjöf gæti t.d. falið í sér viðtöl með fagfólki, svo sem félagsráðgjöfum, sálfræðingum og lögfræðingum, þar sem fólk fengi aðstoð við að ganga frá forsjár- og umgengnismálum þannig að sátt ríkti um þá skipan og reynt væri að leysa vandamálin áður en þau koma upp. Lögð er áhersla á að ráðgjöf af þessu tagi verður að vera endurgjaldslaus og aðgengileg fyrir foreldra hvar sem er á landinu. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra viðurkenni ákveðna aðila sem fullnægi skilyrðum dómsmálaráðuneytis til að taka að sér skilnaðarráðgjöf en þar getur verið um að ræða einstaklinga, félög eða stofnanir. Ákvæðið er hugsað sem hrein viðbót við þá vinnu sem sýslumenn og dómarar sinna skv. 43. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, en telja verður vænlegra til árangurs að fólk geti sótt tíma hjá sérfræðingum til að fara yfir þessi viðkvæmu mál í ró og næði, einkum hvað varðar forsjá og umgengnisrétt, áður en komið er að því að ganga frá samningum hjá sýslumanni eða dómara. Þrátt fyrir breytingu á barnalögum hvílir áfram sú skylda á sýslumanni eða héraðsdómara að reyna að koma á samningum um skilnaðarkjör samkvæmt hjúskaparlögum.

Í síðari efnismálsgrein 1. gr. er að finna tvær undantekningar frá skyldu til að sækja skilnaðarráðgjöf. Í fyrsta lagi er um að ræða ef hjúskap skal ógilda skv. 27. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, en þar er kveðið á um skyldu til að ógilda hjúskap ef brotið er gegn skyldleikaskilyrði 9. gr. eða tvíkvænisskilyrði 11. gr. laganna. Í öðru lagi er ekki skylt að sækja skilnaðarráðgjöf ef krafist er skilnaðar á grundvelli 40. gr. hjúskaparlaga þar sem telja verður grundvöll fyrir ráðgjöf brostinn með öllu í slíkum tilfellum. Í 40. gr. segir að ef annað hjóna hefur orðið uppvíst að líkamsárás eða kynferðisbroti er bitnar á hinu eða barni sem býr hjá þeim getur hitt krafist lögskilnaðar, enda sé verknaður framinn af ásettu ráði og valdi tjóni á líkama eða heilbrigði þess er fyrir verður. Sama máli gegnir ef maki hefur sýnt af sér atferli sem fallið er til að vekja alvarlegan ótta um að hann gerist sekur um framangreindan verknað.

Nauðsynlegt er að tryggja rétt barna til umgengni við báða foreldra sína og velferð þeirra við skilnað foreldra. Þessi lagabreyting er ein af þeim leiðum sem stuðlað gæti að því.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að koma upp hér á landi vandaðri skilnaðarráðgjöf í tengslum við hjónaskilnaði og sambúðarslit. Hægt væri að setja sem skilyrði fyrir útgáfu skilnaðarleyfis eða staðfestingu forsjárákvörðunar að foreldrar hafi sótt t.d. einn til fimm ráðgjafartíma þar sem lögfræðingar, félagsráðgjafar eða sálfræðingar aðstoða foreldra við að ganga frá forsjár- og umgengnismálum. Um fjölda ráðgjafartíma væri hægt að kveða nánar á í reglugerð.

Skilnaðarráðgjöf er fyrirbyggjandi úrræði sem hefur reynst vel annars staðar, m.a. í Noregi, og er talið að slíkt fyrirkomulag spari einstaklingum og samfélaginu bæði orku, tíma og fjármuni. Í niðurstöðum skýrslu félagsmálaráðuneytis um rannsókn á högum barnafjölskyldna kom fram að brýn þörf væri á endurgjaldslausri ráðgjöf fyrir fólk í skilnaðarhugleiðingum. Í umsögn Félags einstæðra foreldra um þingsályktun um bætta réttarstöðu barna til umgengni við báða foreldra sína, 173. mál á 122. löggjafarþingi, kemur fram að eitt viðtal við báða foreldra geti verið árangursríkt í því skyni að eyða spennu milli þeirra. Þar kemur einnig fram að deilur foreldra snúast oftar um óuppgerðar tilfinningar en velferð barnanna. Í þessum málum er brýnt að réttur barnsins verði ávallt í fyrirrúmi.

326. Fyrirspurn [295. mál]

til forsætisráðherra um framkvæmd þingsályktunar um varðveislu báta og skipa.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um varðveislu báta og skipa frá 9. maí í vor þar sem ríkisstjórninni var falið að undirbúa tillögur um hvernig staðið skuli að varðveislu gamalla skipa og báta sem eru mikilsverðar minjar um atvinnu- og byggðasögu?

327. Svar [203. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um vegasamband á Breiðamerkursandi.

1. *Hvaða breytingar hafa orðið á strandlínu við Jökulsá á Breiðamerkursandi undanfarin 10 ár?*

Vegagerðin hefur framkvæmt árlegar mælingar á strandrofinu síðan 1991. Til viðbótar við þessar upplýsingar liggja síðan fyrir eldri kort og loftmyndir. Á sl. níu árum hefur rofið austan árinnar verið að meðaltali 4,3 m/ári þar sem það er mest (meðaltal yfir 1 km) og rofið vestan árinnar hefur verið að meðaltali 6,2 m/ári þar sem það er mest (meðaltal yfir 1 km). Þetta eru nokkuð lægri tölur en rofið hefur verið að meðaltali frá 1904, sem er u.þ.b. 8 m/ári, enda er eðlilegt að dragi úr rofhraðanum. Vegagerðin telur þó engu síður rétt að miða allar áætlanir við að rofið sé að meðaltali 8 m/ári.

2. *Til hvaða aðgerða hefur Vegagerðin gripið á þessu tímabili til að hamla gegn eyðingu lands við brúna yfir Jökulsá?*

Vegagerðin hefur á undanförnum árum styrkt farveg Jökulsár með grjóti. Búið er að grjótverja árbotninn undir brúnni og 100 m ofan brúarinnar. Vesturbakka árinnar er búið að grjótverja frá lóni og niður að brú. Austurbakkann er búið að grjótverja frá grjótþröskuldinum, sem er 100 m ofan brúarinnar, og þar til komið er 100 m niður fyrir brúna. Ekki hefur verið gripið til aðgerða til að hamla gegn sjálfu strandrofinu.

3. *Hverjar eru horfur fyrir Jökulsárbrú að mati ráðherra og Vegagerðarinnar?*

Vegagerðin hefur metið það svo að hægt eigi að vera að tryggja öryggi núverandi brúar yfir Jökulsá til a.m.k. ársins 2020. Þá er miðað við að hægt sé að verja brúna þar til ströndin er í 100 m fjarlægð frá brúnni og að rofhraðinn verði að meðaltali 8 m/ári. Þetta er mjög íhaldssöm spá því að vegasambandið er einkum viðkvæmt fyrir rofinu austan árinnar og á undanförnum níu árum hefur það mælst helmingi minna en hér er miðað við, sbr. svar við 1. lið.

4. *Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar til að tryggja vegasamband á Breiðamerkursandi til frambúðar í ljósi aðstæðna?*

Á þessari stundu hefur ekki verið endanlega ákveðið til hvaða aðgerða verður gripið til að tryggja vegasamband á Breiðamerkursandi eftir árið 2020. Til greina kemur að hopa með veginn allt að 250 m inn í lónið. Vegfylling yrði þá byggð yfir syðsta hluta lónsins í um

400 m fjarlægð frá núverandi brú. Ný brú yrði þá væntanlega byggð yfir Jökulsá í gömlum farvegi árinnar þar sem vegfyllingin kemur að landi að austanverðu. Einnig kemur til greina að velja annan stað fyrir sjálfa brúna. Hægt yrði að verja þessa vegfyllingu og brúarstæði þó að ströndin hopaði um 600 m frá núverandi staðsetningu. Þessi lausn ætti því að duga í a.m.k. 75 ár (til ársins 2075). Þá er enn miðað við að hægt sé að verja brúna þar til ströndin er í 100 m fjarlægð frá brúnni og rofhraðinn verði að meðaltali 8 m/ári. Þetta er eins og áður segir íhaldssöm spá því að á undanförnum níu árum hefur strandrofið mælst talsvert minna en hér er miðað við.

328. Svar [205. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um starfsmenn Landhelgisgæslunnar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve margir störfuðu hjá Landhelgisgæslunni á tímabilinu 1. janúar 1998 til 1. september 2000 og hver var launakostnaður þeirra, sundurliðað eftir störfum við:*
   a. *þyrlur,*
   b. *gæsluflugvél,*
   c. *varðskip,*
   d. *annað?*
2. *Hver var kostnaður Landhelgisgæslunnar á fyrrgreindu tímabili af endurmenntun:*
   a. *flugmanna,*
   b. *flugvirkja,*
   c. *skipstjórnarmanna,*
   d. *vélfræðinga,*
   e. *annarra starfsmanna (sundurgreint)?*

Leitað var til Landhelgisgæslunnar um svör við fyrirspurninni. Umbeðnar upplýsingar koma fram í töflunum hér á eftir.

Fjöldi starfsmanna og launakostnaður Landhelgisgæslu Íslands. Tímabilið 1. janúar 1998 til 1. september 2000.

	1998		1999		2000 til 1. september	
Starfseiningar	**Laun**	**Stöðugildi**	**Laun**	**Stöðugildi**	**Laun**	**Stöðugildi**
Þyrlur	100.667.036	15,70	104.961.199	16,70	73.580.846	15,70
Gæsluflugvél	48.271.669	9,30	52.236.815	9,70	37.300.016	9,50
Sameiginl. skipar. ...	25.629.027	11,00	28.736.910	11,70	20.064.856	12,70
	174.567.732		**185.934.924**		**130.945.718**	
V/S ÆGIR:						
Skipstjórnarmenn ...	17.938.551		19.697.590		13.779.942	
Vélfræðingar	15.601.782		13.952.194		9.674.815	
Undirmenn	32.594.598		29.758.935		23.806.461	
	66.134.931		**63.408.719**		**47.261.218**	

	1998		1999		2000 til 1. september	
Starfseiningar	**Laun**	**Stöðugildi**	**Laun**	**Stöðugildi**	**Laun**	**Stöðugildi**
V/S ÓÐINN:						
Skipstjórnarmenn ...	17.822.341		17.158.289		12.221.623	
Vélfræðingar	16.669.262		17.193.373		10.563.290	
Undirmenn	30.553.666		30.739.887		21.596.142	
	65.045.269		**65.091.549**		**44.381.055**	
V/S TÝR:						
Skipstjórnarmenn ...	18.804.478		19.900.581		14.736.112	
Vélfræðingar	16.120.875		17.227.299		10.931.943	
Undirmenn	31.539.372		34.817.066		21.060.417	
	66.464.725		**71.944.946**		**46.728.472**	
Varðskip alls:	**197.644.925**	**65,00**	**200.445.214**	**65,00**	**138.370.745**	**65,00**
Yfirstjórn/skrifst. ...	21.166.015	6,00	23.538.148	6,00	18.652.185	6,00
Stjórnstöð	39.897.733	7,00	41.206.730	7,00	26.321.815	7,00
Sjómælingar	39.448.345	12,00	36.747.212	10,20	27.086.296	11,00
	100.512.093		**101.492.090**		**72.060.296**	
Launagreiðslur alls .	**472.724.750**	**126,00**	**487.872.228**	**126,30**	**341.376.759**	**126,90**

Kostnaður vegna endurmenntunar starfsmanna Landhelgisgæslu Íslands. Tímabilið 1. janúar 1998 til 1. september 2000.

Starfseiningar	**1998**	**1999**	**2000 til 1. september**	**Samtals**
Flugmenn	7.979.750	6.952.141	4.186.760	19.118.651
Flugvirkjar	2.564.264	2.272.422	500.208	5.336.894
Skipstjórnarmenn	412.247	645.826	1.111.432	2.169.505
Vélfræðingar	64.267	0	0	64.267
Skipatæknideild / Sprengjusérfræðingar	105.470	854.148	627.888	1.587.506
Sjómælingar	705.527	586.824	268.250	1.560.601
Yfirstjórn / Skrifstofa	91.500	46.288	1.576.526	1.714.314
Stjórnstöð	8.900	116.970	67.840	193.710
Samtala allir	**11.931.925**	**11.474.619**	**8.338.904**	**31.745.448**

329. Svar [206. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um störf flugflota og varðskipa Landhelgisgæslunnar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve oft og í hve margar klukkustundir á tímabilinu 1. janúar 1998 til 1. september 2000 voru björgunarþyrlur Landhelgisgæslunnar annars vegar og gæsluflugvélin hins vegar kallaðar út vegna:*
   a. *sjóslysa, sundurliðað eftir því hvort í hlut áttu íslenskir sjómenn eða erlendir,*

b. slysa á landi, sundurliðað eftir umferðarslysum annars vegar og öðrum flokkum slysa hins vegar,
c. æfingaflugs í tengslum við Slysavarnaskóla sjómanna,
d. annars, og þá hvers?

2. *Hvaða greiðslur hefur Landhelgisgæslan fengið fyrir notkun flugflotans til annarra starfa en gæslustarfa, sundurliðað eftir tegundum starfa?*
3. *Hve margir voru úthaldsdagar varðskipanna á sjó á fyrrnefndu tímabili, sundurliðað eftir skipum við gæslu og við önnur tilgreind störf?*

Leitað var til Landhelgisgæslunnar um svör við fyrirspurninni. Umbeðnar upplýsingar koma fram í töflunum hér á eftir.

Verkefni flugflota Landhelgisgæslu Íslands 1. janúar 1998 til 1. september 2000. Leit og björgun.

		Leit og björgun á sjó				Leit og björgun á landi					
		Íslenskir aðilar		Erlendir aðilar		Íslenskir aðilar		Erlendir aðilar			
Flug-einingTímabil		Flug	Klst.	Flug	Klst.	Flug	Klst.	Flug	Klst.	Fjöldi ferða	Flug-tímar alls, klst.
TF-SYN	1998					2	08:12	2	06:08	4	14:20
	1999	1	04:14							1	04:14
	2000 til 1. sept.	1	03:05			1	05:18			2	08:23
TF-LIF	1998	6	06:50	3	07:30	1	05:53	2	10:11	12	30:24
	1999	5	07:43	2	01:26	4	21:21			11	30:30
	2000 til 1. sept.	7	15:27	2	03:54	5	08:38	1	05:26	15	33:25
TF-SIF	1998	4	03:00	1	07:15	6	11:03	1	03:11	12	24:29
	1999	4	02:56	1	01:15	3	04:48			8	08:59
	2000 til 1. sept.	3	04:43			4	07:20			7	12:03
TF-GRO	1998					1	00:22			1	00:22
Samtala TF-SYN		2	07:19		00:00	3	05:18	2	00:00	7	26:57
Samtala TF-LIF		18	30:00	7	12:50	10	35:52	3	15:37	38	94:19
Samtala TF-SIF		11	10:39	2	08:30	13	23:11	1	03:11	27	45:31
Samtala TF-GRO						1	00:22			1	00:22
Samtals		**31**	**47:58**	**9**	**21:20**	**27**	**64:43**	**6**	**18:48**	**73**	**167:09**

Verkefni flugflota Landhelgisgæslu Íslands 1. janúar 1998 til 1. september 2000. Slysa- og sjúkraflug.

		Slysa - og sjúkraflug á sjó				Slysa- og sjúkraflug á landi					
		Íslensk skip		Erlend skip		Umferðarslys		Önnur slysa-sjúkraflug			
Flug-einingTímabil		Ferðir	Klst.	Ferðir	Klst.	Ferðir	Klst.	Ferðir	Klst.	Ferðir alls	Flug-tímar alls, klst.
TF-SYN	1998					1	02:45	2	04:45	3	07:30
	1999					0		0		0	00:00
	2000 til 1. sept.					0		4	22:12	4	22:12
TF-LIF	1998	9	29:27	4	17:35	10	11:33	3	06:22	26	64:57
	1999	8	24:07	9	42:16	10	15:02	4	16:25	31	97:50
	2000 til 1.sept.	2	06:09	0		9	16:38	15	30:22	26	53:09
TF-SIF	1998	4	09:33	1	01:14	9	12:42	20	38:14	34	61:43
	1999	3	07:23	0		4	05:25	22	35:06	29	47:54
	2000 til 1. sept.	1	02:28	0		12	25:36	22	44:40	35	72:44
Samtala TF-SYN		0	00:00	0	00:00	1	02:45	6	26:57	7	29:42
Samtala TF-LIF		19	59:43	13	59:51	29	43:13	22	53:09	83	215:56
Samtala TF-SIF		8	19:24	1	01:14	25	43:43	64	118:00	98	182:21
Samtals		**27**	**79:07**	**14**	**61:05**	**55**	**89:41**	**92**	**198:06**	**188**	**427:59**

Útköll flugflota Landhelgisgæslu Íslands 1. janúar 1998 til 1. september 2000. Leit og björgun (LOB) og slysa- og sjúkraflug (SOS).

Flug-eining	Tímabil	Útköll á sjó: Íslenskir aðilar LOB	Íslenskir aðilar SOS	Erlendir aðilar LOB	Erlendir aðilar SOS	Útköll á landi: LOB	Umferðarslys, SOS	Önnur SOS	Fjöldi ferða	Flugtímar, klst.
TF-SYN	1998					4	1	2	7	21:50
	1999	1					0	0	1	04:14
	2000 til 1. sept.	1				1	0	4	6	30:35
TF-LIF	1998	6	9	3	4	3	10	3	38	95:21
	1999	5	8	2	9	4	10	4	42	128:20
	2000 til 1. sept.	7	2	2	0	6	9	15	41	86:34
TF-SIF	1998	4	4	1	1	7	9	20	46	86:12
	1999	4	3	1	0	3	4	22	37	56:53
	2000 til 1. sept.	3	1		0	4	12	22	42	84:47
TF-GRO	1998					1			1	00:22
Samtala TF-SYN		2				5	1	6	14	56:39
Samtala TF-LIF		18	19	7	13	13	29	22	121	310:15
Samtala TF-SIF		11	8	2	1	14	25	64	125	227:52
Samtala TF-GRO						1			1	00:22
Samtals		**31**	**27**	**9**	**14**	**33**	**55**	**92**	**261**	**595:08**

Verkefni flugflota Landhelgisgæslu Íslands 1. janúar 1998 til 1. september 2000. Æfingaflug og greiðslur fyrir slysavarnaskóla sjómanna.

Flugeining	Tímabil	Fjöldi ferða	Flugtími	Greiðslur, kr.	Lýsing á verkefni
TF-LIF	1998	11	13:18		Sjómannafræðsla og þjálfun.
	1999	10	13:40		
	2000 til 1. sept.	6	09:56		
TF-SIF	1998	17	17:21		
	1999	20	22:24		
	2000 til 1. sept.	9	15:19		
TF-SIF + TF-LIF	1998	28	30:39	3.500.000	
	1999	30	36:04	6.500.250	
	2000 til 1. sept.	15	25:15	3.510.000	
Samtals		**73**	**91:58**	**13.510.250**	

Verkefni flugflota Landhelgisgæslu Íslands 1. janúar 1998 til 1. september 2000.
Greiðslur og verkefni önnur en gæslustörf.

Flugening	Tímabil	Slysavarna-skóli	Vitaþjónusta	Sjúkraflug	Kvikmynda-flug	Póstur og sími	Opinberir aðilar	Reykjavíkur-höfn	Annað*	Samtals, kr.
TF-LIF	1998	1.375.000	376.800	1.199.500						2.951.300
	1999	2.166.750								2.166.750
	2000 til 1. sept.	1.404.000		760.000	550.000	950.000	228.000	200.000	570.000	4.662.000
TF-SIF	1998	2.125.000								2.125.000
	1999	4.333.500	570.000		541.260					5.444.760
	2000 til 1. sept.	2.106.000	1.152.000		270.000				296.000	3.824.000
TF-SYN	1998						142.080			142.080
	1999						2.967.834			2.967.834
	2000 til 1. sept.			2.700.000			1.600.000			4.300.000
Samtals		**13.510.250**	**2.098.800**	**4.659.500**	**1.361.260**	**950.000**	**4.937.914**	**200.000**	**866.000**	**28.583.724**

Annað* Flutningur á tækjum fyrir Rafhönnun upp á Miðfell 570.000 kr.
Flutningur á flugvélinni TF-POL úr Aðalvík 296.00 kr.

Verkefni varðskipa Landhelgisgæslu Íslands 1. janúar 19989 til 1. september 2000.

Tímabil / Varðskip	Úthaldsdagar á sjó*	Klukkustundir: Gæsla	Veiðieftirlit	Björgun	Leit og björgun	Flutningar	Vitaþjónusta	Laxaeftirlit	Mengun	Rannsóknir	Almannavarnir	Aðstoð opinber	Annað	Samtals í verkefnum
1.1.–31.12.1998														
Týr	217	4.537	188	50	0	5	6	0	0	0	0	2	24	4.812
Ægir	233	4.297	169	303	1	4	156	0	13	223	0	0	33	5.199
Óðinn	211	3.320	152	367	11	17	575	0	0	1	0	0	234	4.677
Klst.		**12.154**	**509**	**720**	**12**	**26**	**737**	**0**	**13**	**224**	**0**	**2**	**291**	**14.688**
Dagar	**661**	**506,4**	**21,2**	**30,0**	**0,5**	**1,1**	**30,7**	**0,0**	**0,5**	**9,3**	**0,0**	**0,1**	**12,1**	**612,0**
%		**82,7**	**3,5**	**4,9**	**0,1**	**0,2**	**5,0**	**0,0**	**0,1**	**1,5**	**0,0**	**0,0**	**2,0**	**100,0**
1.1.–31.12.1999														
Týr	240	4.904	248	86	2	0	13	0	0	28	0	19	30	5.330
Ægir	201	3.734	271	0	6	0	0	0	0	0	0	0	449	4.460
Óðinn	229	4.384	232	3	6	0	224	0	168	0	0	0	140	5.157
Klst.		**13.022**	**751**	**89**	**14**	**0**	**237**	**0**	**168**	**28**	**0**	**19**	**619**	**14.947**
Dagar	**670**	**542,6**	**31,3**	**3,7**	**0,6**	**0,0**	**9,9**	**0,0**	**7,0**	**1,2**	**0,0**	**0,8**	**25,8**	**622,8**
%		**87,1**	**5,0**	**0,6**	**0,1**	**0,0**	**1,6**	**0,0**	**1,1**	**0,2**	**0,0**	**0,1**	**4,1**	**100,0**
1.1.–1.9.2000														
Týr	155	2.973	214	135	21	21	2	0	14	0	19	2	4	3.405
Ægir	162	3.152	192	66	0	0	34	0	0	118	0	2	16	3.580
Óðinn	188	2.666	206	10	20	0	669	0	31	0	0	0	649	4.251
Klst.		**8.791**	**612**	**211**	**41**	**21**	**705**	**0**	**45**	**118**	**19**	**4**	**669**	**11.236**
Dagar	**505**	**366,3**	**25,5**	**8,8**	**1,7**	**0,9**	**29,4**	**0,0**	**1,9**	**4,9**	**0,8**	**0,2**	**27,9**	**468,2**
%		**78,2**	**5,4**	**1,9**	**0,4**	**0,2**	**6,3**	**0,0**	**0,4**	**1,1**	**0,2**	**0,0**	**6,0**	**100,0**

* Með úthaldsdögum á sjó eru einnig taldir brottfarar- og komudagar.

330. Svar [188. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um fjölda afbrota og fjölgun lögreglumanna.

1. *Hvað hefur afbrotum fækkað mikið undanfarin tvö ár, sbr. tilmæli ríkislögreglustjóra í bréfi til lögreglustjóra landsins 9. ágúst 1998 um 20% fækkun afbrota, sundurgreint eftir flokkum: umferðarlagabrot, fíkniefnalagabrot, skattsvik, morð, innbrot, þjófnaðir, rán, líkamsárásir, innherjasvik og eignaspjöll?*

Fyrirspurnin er villandi um tilmæli ríkislögreglustjórans þar sem ekki eru sérstaklega tilgreind morð, innherjasvik og skattsvik, en það má ráða af fyrirspurninni. Ríkislögreglustjóri tilgreinir sérstaklega afbrot þar sem löggæslan getur haft veruleg áhrif á þróun afbrota, eins og innbrot, þjófnaði, líkamsárásir, rán og eignaspjöll. Í umburðarbréfi ríkislögreglustjóra, dags. 9. ágúst 1998, til allra lögreglustjóra landsins og skólastjóra Lögregluskóla ríkisins, þar sem sett eru fram tilmæli til þeirra um að setja lögregluliðunum þau markmið að fækka afbrotum segir m.a.: „Ríkislögreglustjórinn vill beina þeim tilmælum til allra lögreglustjóranna að við skipulagningu og stjórnun löggæslunnar verði tekið mið af því markmiði að koma í veg fyrir og draga úr afbrotum í landinu. Í þessu tilefni sendist samantekt yfir fjölda brota sem skráð hafa verið í miðlæga málaskrá lögreglunnar fyrstu 6 mánuði ársins, en frá sl. áramótum eru öll embættin tengd landskerfum lögreglunnar og þar með málaskránni.

Lögreglunni hafa verið sett markmið varðandi fækkun umferðarslysa í samræmi við þingsályktun um stefnumótun er varðar aukið umferðaröryggi sem samþykkt var á Alþingi 28. febrúar 1996. Þá hefur ríkisstjórn Íslands samþykkt áætlun í fíkniefnavörnum. Til þess að ná tilætluðum árangri hefur lögreglan fengið tækjabúnað til nota við störf sín að umferðarmálum auk þess sem ýmsar lagabreytingar gera málsmeðferð kærumála vegna umferðarlagabrota öruggari, skilvirkari og hraðari. Áætlun í fíkniefnavörnum byggir á því að fjölgað hefur verið störfum í lögreglunni á sviði forvarna og rannsóknar fíkniefnabrota.

Fækkun annarra afbrota en að ofan greinir á næsta ári um 20% er markmið sem lögreglustjórar geta sett sér. Þetta á sérstaklega við um innbrot, þjófnaði, líkamsárásir, rán og eignaspjöll. Þessum brotum má fækka með auknu og skilvirkara eftirliti. Það er lagt í vald lögreglustjóra að ákveða hvernig því markmiði verður náð. Í því sambandi vill ríkislögreglustjórinn vekja athygli lögreglustjóra á virkri stjórnun lögreglu svo sem að beina löggæslunni að þeim stöðum og á þann tíma þegar afbrot eru helst framin. Þannig getur hver lögreglustjóri sett lögregluliði sínu skýr markmið og forgangsraðað þeim verkefnum er hann telur brýnust."

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir vissum staðreyndum þegar meta skal árangur í baráttunni gegn afbrotum. Þannig er ekki einhlítt að líta t.d. á kærufjölda umferðarlagabrota og fíkniefnabrota, bera tölur saman við síðasta ár og draga síðan ályktanir um árangurinn. Kærur í þessum málaflokkum eru að langmestu leyti frumkvæðisverk löggæslumanna. Því er ekki eins auðvelt að gera sambærilegan, tölulegan samanburð varðandi þessa málaflokka eins og t.d. varðandi innbrot, þjófnaði, líkamsárásir, rán og eignaspjöll þar sem tilkynningar eða kærur berast lögreglu frá þeim sem fyrir broti verður. Nauðsynlegt er að líta á heildarþróun afbrota á landinu öllu, en ekki til einstakra lögregluumdæma, eins og t.d. Reykjavíkur. Fjölgað hefur ákveðnum tegundum afbrota og önnur afbrot hafa staðið í stað eða þeim fækkað. Þessi þróun á sér ýmsar skýringar. Auknar áherslur hafa verið lagðar á fækkun afbrota og ber sérstaklega að nefna þróttmikið starf á sviði fíkniefnamála þar sem umtalsverður árangur hefur náðst.

Mál samkvæmt málaskrá lögreglu fyrstu sex mánuði síðustu þriggja ára fyrir landið allt:

1.1. til 30.6.	**1998**	**1999**	**2000**
Manndráp	0	0	3
Líkamsmeiðingar	685	654	693
Innbrot	1.136	1.201	1.183
Þjófnaðir	2.701	2.951	3.606
Rán	10	19	14
Eignaspjöll	2.325	2.171	2.011
Fíkniefnamál	336	438	380

Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans barst eitt innherjamál árið 1997. Það var fellt niður enda þótti það sem fram kom ekki nægjanlegt til sakfellis. Ekkert innherjamál barst árin 1998 og 1999. Fjöldi kærðra skattamála hjá efnahagsbrotadeild var 35 (30 ákærur) árið 1999 og 45 (47) ákærur árið 1998.

Heildarfjöldi sekta vegna umferðarlagabrota (ekki ákærumál) skiptist þannig milli ára:
1998: 41.733,
1999: 44.421.

Það er mat ríkislögreglustjórans að á heildina litið hafi áætlun lögregluyfirvalda frá hausti 1998 um fækkun afbrota skilað árangri og eru því gerð allítarleg skil í ársskýrslu ríkislögreglustjórans vegna ársins 1999 og vísast til hennar um nánari útlistun afbrotaþróunarinnar. Ljóst er að lögreglustjórar verða að tileinka sér skilvísa stjórnun lögregluliðanna og lögreglumenn að haga störfum sínum eftir þeim markmiðum sem þeim eru sett til að frekari árangur náist. Eitt meginmarkmið umburðarbréfs ríkislögreglustjórans var að vekja umræðu og hvatningu um þessi málefni innan lögreglunnar. Fullyrt skal að þar hafi orðið verulegur árangur, en hann verður ekki mældur í prósentustigum.

2. *Hver er fjöldi afbrota í ofantöldum flokkum síðastliðin 30 ár, sundurgreint eftir árum?*

Tölulegur samanburður 30 ár aftur í tímann eins og um er beðið er ekki til og ekki eru tök á því að vinna slíkan samanburð nema á löngum tíma. Eins og fram kemur í ritinu Hagskinnu, bls. 821–837, sem birtir nokkrar upplýsingar um afbrotatíðni var misbrestur á útgáfu dómsmálaskýrslna á löngum tímabilum, þar á meðal fyrir tímabilið eftir 1977. Í áðurgreindu umburðarbréfi ríkislögreglustjórans frá 9. ágúst 1998 kemur fram að það er fyrsta árið þar sem öll lögregluembættin tengdust landskerfi lögreglunnar og þar með málaskránni. Því má segja að grunnurinn að afbrotatölfræði hafi þá fyrst verið lagður.

3. *Hver hefur fjölgun einkennisbúinna lögreglumanna við eftirlitsstörf orðið síðan 9. ágúst 1998, sbr. ábendingu ríkislögreglustjóra þess efnis?*

Með setningu reglugerðar um einkennisbúninga, merki og búnað lögreglunnar nr. 528 frá 18. ágúst 1997, með síðari breytingum, er mörkuð sú stefna að meginreglan skuli vera sú að lögreglan í landinu klæðist einkennisfatnaði við dagleg störf sín. Um það vísast til 6. kafla reglugerðarinnar um klæðaburð lögreglunnar. Lögreglumenn skulu klæðast einkennisbúningi við dagleg störf sem og ríkislögreglustjóri, vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórinn í Reykjavík, varalögreglustjórinn í Reykjavík og skólastjóri Lögregluskóla. Sama gildir um fastráðna kennara við Lögregluskóla ríkisins sem skulu að jafnaði vera einkennisklæddir við kennslu og lögreglunemar eru einnig einkennisklæddir.

Ríkislögreglustjóri telur í áðurnefndu umburðarbréfi að eitt af þeim úrræðum sem komi að gagni við fækkun afbrota sé að auka sýnileika lögreglunnar og því beri meðal annars að

fjölga þeim lögreglumönnum sem klæðast einkennisfötum við dagleg störf, að fleiri lögreglumenn verði við störf úti við eftirlit og nýta beri betur en tíðkast hefur þann tækjabúnað, bifhjól, bifreiðar o.fl., sem lögreglan hefur yfir að ráða. Ríkislögreglustjórinn er ekki síst að höfða til þeirra lögreglumanna sem starfað hafa að ýmsum sérverkum óeinkennisklæddir og starfa við rannsóknir sakamála, en til skamms tíma höfðu flestir þeirra starfað óeinkennisklæddir. Þess má geta að 113 rannsóknarlögreglumenn eru nú við störf auk 51 lögreglufulltrúa á landinu öllu. Þessir lögreglumenn þurfa að fara víða er þeir gegna störfum sínum og því er það mat ríkislögreglustjórans að með því að starfa einkennisklæddir muni þeir verða sýnilegri á meðal almennings og hafa þar af leiðandi meira forvarnargildi en ella. Sérstök lögregluverkefni geta þó verið þess eðlis að lögreglumenn starfi að þeim óeinkennisklæddir, sbr. 6.5. gr. reglugerðar nr. 528/1997. Framkvæmdin er hins vegar lögð í hendur lögreglustjóranna í hverju lögregluumdæmi. Ekki liggja fyrir tölur um fjölgun einkennisklæddra lögreglumanna við störf sín, en þeim mun hafa fjölgað talsvert.

4. Hvað hefur lögreglumönnum fjölgað mikið í allt undanfarin tvö ár?

Á árinu 1998 voru stöður lögreglumanna á landinu öllu 622. Heimilaðar stöður eru nú 666. Heildarfjölgun er því 44. Rétt er þó að taka fram í þessu sambandi að við störf í ágúst sl. voru 650 lögreglumenn þannig að 16 stöður voru þá ómannaðar sökum manneklu á þeim tíma.

5. Hver er fjölgun lögreglumanna í einstökum deildum lögreglunnar undanfarin tvö ár?

Ríkislögreglustjóri: 5 í umferðardeild (1 aðalvarðstjóri og 4 varðstjórar), 5 lögreglufulltrúar vegna Schengen, 1 varðstjóri í bílamiðstöð, 1 lögreglufulltrúi í fíkniefnastofu og 1 lögreglufulltrúi í efnahagsbrotadeild. **Samtals 13 stöðugildi.**

Reykjavík: 1 staða yfirlögregluþjóns, 1 staða aðstoðaryfirlögregluþjóns, 7 stöður lögreglumanna, 3 stöður rannsóknarlögreglumanna vegna fíkniefnamála og 5 stöður lögreglumanna vegna fíkniefnamála. **Samtals 17 stöðugildi.**

Önnur embætti:

Borgarnes: 1 lögreglumaður.

Hólmavík: 1 lögreglumaður.

Seyðisfjörður: 1 lögreglumaður.

Eskifjörður: 1 yfirlögregluþjónn.

Vík: 1 lögreglumaður.

Selfoss: 1 rannsóknarlögreglumaður (fíkniefnamál).

Keflavík: 1 lögreglumaður, 1 rannsóknarlögreglumaður (fíkniefnamál).

Keflavíkurflugvöllur: 3 aðstoðaryfirlögregluþjónar, 2 lögreglumenn.

Kópavogur: 1 rannsóknarlögreglumaður (fíkniefnamál). **Samtals 14 stöðugildi.**

Alls 44 stöðugildi.

6. Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa til að ná fram frekari fækkun afbrota?

Í stuttu máli að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að þegar hafa verið hafnar markvissar aðgerðir með það að markmiði að fækka afbrotum. Sérstök áhersla hefur þannig m.a. verið lögð á fíkniefnamálaflokkinn, en það er einn mikilvægasti þáttur þess að hægt sé að fækka öðrum afbrotum, svo sem auðgunarbrotum. Ber fyrst að nefna að embætti ríkislögreglustjóra hefur hafist handa við umfangsmikla upplýsingaöflun til að ná sem bestri yfirsýn yfir fíkniefnavandann og aðgerðir lögreglunnar gegn honum. Í ársskýrslu ríkislögreglustjóra vegna áranna 1997–1998 er

sérstakur viðauki um fíkniefnamál (bls. 54–69) þar sem þessu eru gerð skil í stórum dráttum. Þingmönnum var send skýrslan á sínum tíma. Á árinu 1999 var áhersluatriðum þessum fylgt fast eftir með góðum árangri. Í ársskýrslu ríkislögreglustjórans vegna ársins 1999, sem nú er að koma út, er gerð rækileg grein fyrir því sem gert hefur verið af hálfu lögregluyfirvalda, þeim árangri sem náðst hefur og verkáætlun ríkislögreglustjórans vegna ársins 2000 sett fram. Er vísað til þessa, en skýrslan verður send þingmönnum.

Á þessu ári hafa lögreglustjórar á Suðvesturlandi, í samvinnu við dómsmálaráðuneytið og ríkislögreglustjóra, aukið samstarf sitt í fíkniefnamálaflokknum og tengdum brotum. Þá voru aðgerðir um síðustu verslunarmannahelgi verulega auknar frá því sem áður hefur tíðkast auk þess sem komið var á fót sérstökum teymum lögreglumanna með fíkniefnaleitarhunda og rannsóknarlögreglumenn komu einstökum lögreglustjórum til aðstoðar. Það er mat lögregluyfirvalda að minna magn fíkniefna hafi verið í umferð þessa verslunarmannahelgi en oft áður. Þá hafa sum lögregluembættin, svo sem á Blönduósi og Ísafirði, komið á fót eða átt mikilvægan þátt í að koma á áhugaverðum nýjungum í forvarnamálum. Hjá ríkislögreglustjóra hefur verið aflað upplýsinga og tekin saman skýrsla um forvarnir gegn afbrotum hjá ýmsum stofnunum og samtökum til að hægt sé að koma að þessum mikilvæga þætti mála á heildstæðari og markvissari hátt. Slík samantekt hefur ekki áður verið gerð.

Þá ber þess að geta að í byrjun þessa árs var komið á stöðu afbrotafræðings hjá embætti ríkislögreglustjóra sem unnið hefur við söfnun tölfræði- og afbrotafræðilegra upplýsinga til að ná sem bestri yfirsýn yfir þróun afbrota með það að markmiði að lögreglan geti frekar gert sér grein fyrir og brugðist við afbrotaþróuninni í landinu. Hjá fíkniefnastofu ríkislögreglustjóra hefur farið fram mikil vinna við úrvinnslu upplýsinga um fíkniefnabrot og vakti skýrsla ársins 1999 um það efni mikla umfjöllun, þ.m.t. í fjölmiðlum. Þá hefur farið fram hjá ríkislögreglustjóra mjög mikil vinna með það að markmiði að sporna við ofbeldi gagnvart börnum. Er embættið t.d. þátttakandi í sérstökum vinnuhópi á vegum Interpol, alþjóðasambands sakamálalögreglu, sem sérstaklega vinnur að þessum mikilvæga málaflokki í alþjóðlegu samstarfi.

Uppbyggingu verður haldið áfram. Á árinu 2000 hefur sérstök áhersla verið lögð á samstarf við erlend löggæsluyfirvöld með það að markmiði að draga úr afbrotum. Þetta er til viðbótar þeim auknu aðgerðum og nýjungum í starfsháttum lögreglunnar sem skilað hafa miklum árangri í baráttunni gegn afbrotum og má geta um uppljóstrun umfangsmikilla fíkniefna- og peningaþvættismála í því sambandi. Allar þessar aðgerðir lögreglunnar verða þó ekki fyllilega metnar í prósentuhlutföllum.

Loks er þess að geta að við undirbúning fjárlagagerðar fyrir árið 2001 hefur dómsmálaráðherra lagt fram tillögur um auknar fjárveitingar til að standa straum af fjölgun lögreglumanna, fjölgun leitarhunda hjá lögreglu og um sérstaka fjárveitingu til þess að standa straum af kostnaði við rannsókn stórra sakamála sem upp kunna að koma. Þær tillögur eru nú til frekari útfærslu.

331. Svar [111. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kjartans Ólafssonar um fyrirhugað framtíðarskipulag raforkuframleiðslu og flutnings.

1. *Hvaða áhrif munu þær breytingar á skipulagi raforkuframleiðslu og flutnings, sem fyrirhugaðar eru fyrir ársbyrjun 2002, hafa á markaðinn?*

Að undanförnu hefur verið unnið að endurskoðun löggjafar um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu orku hér á landi. Skipan raforkumála hefur víða um lönd tekið miklum breytingum á síðustu árum. Breytingarnar hafa að meginefni til falist í því að skilja í sundur annars vegar náttúrulega einkasöluþætti raforkukerfisins eins og flutnings- og dreifikerfi raforku og hins vegar þá þætti þar sem samkeppni verður við komið eins og við framleiðslu og sölu á raforku. Þannig hefur verið lagður grunnur að markaðsbúskap í raforkukerfi margra landa.

Árið 1996 skipaði iðnaðarráðherra ráðgjafarnefnd fulltrúa orkufyrirtækja, stjórnmálaflokka, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins sem skyldi vera ráðherra til ráðgjafar við endurskoðun löggjafar um raforkumál. Nefndin lauk störfum í október 1996. Í niðurstöðum nefndarinnar kemur m.a. fram að hún telji að núverandi skipan raforkumála hafi um margt reynst vel á síðustu áratugum. Taldi nefndin eigi að síður mikilvægt að móta framtíðarskipan raforkumála hér á landi með hliðsjón af reynslu annarra þjóða í þessum efnum, eftir því sem við á, sem byggist á því að virkja markaðsöflin í því skyni að auka hagkvæmni í raforkubúskapnum.

Í kjölfar niðurstöðu ráðgjafarnefndarinnar mælti iðnaðarráðherra fyrir tillögu til þingsályktunar um framtíðarskipan raforkumála (á 122. löggjafarþingi 1997–98) sem byggðist að verulegu leyti á starfi og tillögum nefndarinnar. Tillagan miðaðist við að skipulagi raforkumála yrði breytt á þann veg að sköpuð yrðu skilyrði til aukinnar samkeppni í vinnslu og sölu á raforku. Þingsályktunartillagan hlaut töluverða umfjöllun á Alþingi. Var tillögunni í kjölfar umræðna vísað til iðnaðarnefndar sem tók hana til umfjöllunar. Meiri hluti iðnaðarnefndar lagði til að gerðar yrðu nokkrar breytingar á tillögunni til frekari áherslu og var hún þannig afgreidd frá iðnaðarnefnd. Þingsályktunartillagan hlaut hins vegar ekki afgreiðslu á 122. löggjafarþinginu.

Í framhaldi af umfjöllun Alþingis um þetta mál skipaði þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra nefnd í nóvember 1998 til að fjalla um stofnun fyrirtækis til að sjá um flutning raforku frá virkjunum til dreifiveitna og stórnotenda. Sú nefnd skilaði áliti sínu í febrúar 2000 og var skýrsla um störf nefndarinnar, Framtíðarskipulag raforkuflutnings á Íslandi, gefin út af iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu í sama mánuði. Á fyrri hluta árs 1999 voru ýmsum hagsmunaaðilum kynnt drög að frumvarpi til nýrra raforkulaga sem unnið hafði verið að í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu um nokkurt skeið. Ýmsar athugasemdir bárust ráðuneytinu sem hafa verið til skoðunar. Frá upphafi þessa árs hefur vinnu verið fram haldið við að móta endanlegt frumvarp þar sem reynt hefur verið að taka tillit til fram kominna sjónarmiða í athugasemdum hagsmunaaðila.

Flestar fyrirsjáanlegar breytingar á raforkuumhverfi okkar í þeim drögum að frumvarpi, sem nú er unnið að, taka mið af tilskipun Evrópusambandsins nr. 96/92 um innri markað fyrir raforku. Sú tilskipun felur í sér að raforkugeirinn verður í áföngum gerður að hluta innri markaðar Evrópusambandsins. Með henni skal tryggja öryggi í afhendingu raforku og auka samkeppni í framleiðslu og sölu á raforku. Tilskipun 96/92 var tekin inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 26. nóvember 1999 og þar var Íslandi veittur tveggja ára aðlögunarfrestur til að innleiða ákvæði tilskipunarinnar í íslensk lög. Þessi

tveggja ára frestur tók gildi 1. júlí sl. þegar Ísland og Liechtenstein höfðu tilkynnt EFTA að stjórnskipulegum kröfum hefði verið fullnægt samkvæmt ákvæðum EES-samningsins. Því þurfa ný raforkulög að hafa tekið gildi og vera komin til framkvæmda í síðasta lagi 1. júlí árið 2002.

Þær breytingar á raforkumarkaði sem eru fyrirsjáanlegar hér á landi eru helstar þær að samkeppni mun verða í framleiðslu og sölu á raforku en flutnings- og dreifikerfi raforku verða áfram rekin án samkeppni og þá háð opinberu eftirliti í rekstri sínum. Líklegt er að skammur tími líði frá gildistöku laganna þar til allir notendur raforku geti haft frjáls viðskipti við söluaðila og framleiðendur raforku. Af framansögðu er ljóst að með frjálsræði í viðskiptum ættu áhrif skipulagsbreytinganna að verða jákvæð fyrir raforkumarkaðinn, en hins vegar er enn alveg óljóst hver áhrif breytinganna kunna að verða á raforkuverð hér á landi. Þess er þó að vænta að aukin samkeppni og hagræðing í rekstri fyrirtækja á þessu sviði muni leiða til þess að raforkukaupendur njóti þess í lægra raforkuverði.

2. *Hvenær verða tillögur að framtíðarskipulagi raforkumála lagðar fyrir Alþingi?*
Frumvarp til nýrra raforkulaga verður væntanlega lagt fram á Alþingi í janúar 2001.

332. Svar [213. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um kostnað við lýsingu vega á Reykjanesi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hver er kostnaður við að raflýsa
a. *Grindavíkurveg, frá Reykjanesbraut til Grindavíkur,*
b. *Garðskagaveg, frá Reykjanesbraut að Garði,*
c. *Garðskagaveg, frá Garði að Sandgerði,*
d. *Sandgerðisveg, frá Reykjanesbraut að Sandgerði?*

Stofnkostnaður við raflýsingu þar sem umferðarhraði er mikill er um 5,5–6,0 millj. kr. á km. Árlegur rekstrarkostnaður veglýsingarinnar er um 0,2 millj. kr. á km. Kostnaður við veglýsinguna sem um er spurt er því eftirfarandi:

Vegheiti	Lengd, km	Stofnkostnaður, millj. kr.	Árlegur rekstrarkostnaður, millj. kr.
Grindavíkurvegur, frá Reykjanesbraut til Grindavíkur	13,3	80	2,7
Garðskagavegur, frá Reykjanesbraut að Garði	7,4	44	1,5
Garðskagavegur, frá Garði að Sandgerði	4,1	25	0,8
Sandgerðisvegur, frá Reykjanesbraut að Sandgerði	6,2	37	1,2

333. Fyrirspurn [296. mál]

til heilbrigðisráðherra um skýrslu vinnuhóps um nám í landsbyggðarlækningum og -hjúkrun.

Frá Soffíu Gísladóttur.

1. Hafa umsagnir um skýrslu vinnuhóps um nám í landsbyggðarlækningum og -hjúkrun borist landlækni? Ef svo er, hver er staða málsins og hver er stefna ráðherra í málinu?
2. Hefur verið gerð viðhorfskönnun meðal læknanema og unglækna um afstöðu þeirra til heimilislækninga og starfa í dreifbýli samkvæmt tillögu vinnuhópsins? Ef svo er, hver er niðurstaða hennar?

Skriflegt svar óskast.

334. Frumvarp til laga [297. mál]

um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

3. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

3. Göngusilung má veiða frá 1. apríl til 10. október ár hvert. Þó skulu lok veiðitíma göngusilungs í veiðivatni, þar sem megnið af veiðinni er villtur laxastofn, miðast við 30. september skv. 1. mgr. Þá er sérstaklega stendur á getur veiðimálastjóri með hliðsjón af umsögn rannsóknaraðila á ástandi viðkomandi fiskstofna leyft að göngusilungur sé veiddur utan þess tíma í lagnet, á stöng, á dorg og á færi.

2. gr.

11. mgr. 23. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 3. mgr. 62. gr. laganna kemur nýr málsliður og orðast svo: Teljist frágangur fullnægjandi skal veiðimálastjóri gefa út rekstrarleyfi og öðlast starfsemin þar með réttindi skv. 66. gr.

4. gr.

B-, d- og f-liður 1. mgr. 92. gr. laganna orðast svo:

b. 2% gjald af nettótekjum veiðifélaga sem sjóðurinn innheimtir af veiðifélögum eða sjálfstætt starfandi deildum veiðifélaga.
d. 3‰ af heildarárstekjum vatnsaflsstöðva í landinu sem selja orku til almennings. Greitt er einu sinni á ári og er miðað við heildartekjur samkvæmt ársreikningum.

f. 3‰ af heildarárstekjum vatnsaflsstöðva í landinu vegna sölu á raforku samkvæmt sérsamningum til nýrra stórnotenda. Greitt er einu sinni á ári og er miðað við heildartekjur samkvæmt ársreikningum.

5. gr.

Við 92. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

4. Gjalddagi þessara gjalda skal vera 1. júní fyrir almanaksárið á undan. Séu gjöld þessi ekki greidd á eindaga, sem er 30 dögum eftir gjalddaga, má innheimta þau með fjárnámi án undangengins dóms og reiknast þá dráttarvextir frá gjalddaga.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpinu er annars vegar verið að lagfæra annmarka í lögunum og samræma ákvæði þeirra, einkum varðandi fiskræktar- og fiskeldismál. Hins vegar er um að ræða breytingar sem gerðar eru til að uppfylla stjórnarskrárákvæði um heimildir til töku skatta og þjónustugjalda í samræmi við lögmætisregluna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Framlenging á sjóbirtingsveiði er faglegt mál sem byggist á ástandi og gönguhegðun sjóbirtingsstofna að hausti. Afgreiðslur á undanþágu til framlengingar þurfa oft að gerast með stuttum fyrirvara og ekki tök á að leggja málið fyrir veiðimálanefnd, sem hittist með nokkurra mánaða millibili. Gert er ráð fyrir því að veiðimálastjóri leiti umsagnar hjá viðurkenndum rannsóknaraðila. Þessi uppsetning á lögunum varð til þegar umsagnarferlinu var breytt árið 1998 og veiðimálastjóri hætti að vera umsagnaraðili til ráðuneytis, sem afgreiddi undanþágu varðandi framlengingu. Umsagnarhlutverkið var þá flutt til veiðimálanefndar, sem ekki er rökrétt, þar sem hún er ekki faglegur aðili. Eðlilegra er að veiðimálastjóri sem faglegur stjórnsýsluaðili afgreiði slíkar undanþágubeiðnir á grundvelli umsagnar frá rannsóknaraðila um ástand viðkomandi fiskstofna.

Um 2. gr.

Breytingin á 11. mgr. 23. gr. laganna er til samræmis öðrum lögum. Ekki er venja að framkvæmdaraðili beri kostnað af málsmeðferð hins opinbera.

Um 3. gr.

Breytingar á 62. gr. eru leiðrétting á ambögu í lögunum sem tíunda að veiðimálastjóri skuli bæði mæla með staðfestingu rekstrarleyfis og gefa leyfið út. Fyrir breytingu laganna 1998 mælti veiðimálastjóri með staðfestingu leyfisins og landbúnaðarráðuneytið átti að gefa leyfið út. Við breytinguna láðist að fella niður meðmælaskyldu veiðimálastjóra við veitingu rekstrarleyfis.

Um 4. gr.

Með breytingu á b-lið 1. mgr. 92. gr. laganna er verið að skilgreina hvað átt er við með skírum tekjum auk þess sem skilgreint er hverjir beri gjaldskylduna og hvaða aðilar sjái um innheimtu gjaldsins. Lagt er til að í stað orðanna „skírum tekjum“ komi „nettótekjum“. Hér

er verið að gera lagaákvæðið skýrara í samræmi við þá meginreglu að ákvæði um skattlagningu skuli vera í lögum.

Breytingin á d- og f-lið 1. mgr. 92. gr. laganna er einnig í þá átt að skilgreina betur hvaða gjaldstofn átt er við. Í lögunum stendur 3‰ af óskírum tekjum. Það er ekki nægilega vel skilgreint í samræmi við þá meginreglu að ákvæði um skattlagningu skuli vera í lögum. Hér er því lagt til að í stað orðanna „af óskírum tekjum“ komi „af heildarárstekjum“. Þá er nánar útskýrt hvernig gjaldstofninn er reiknaður út, þ.e. að hann er reiknaður af heildartekjum vatnsaflsstöðvanna miðað við ársreikninga. Með heildartekjum vatnsaflsstöðva er átt við heildartekjur þeirra að frádregnum heildartekjum gufuaflsstöðva miðað við ársreikninga. F-liður 1. mgr. 92. gr. er óbreyttur í frumvarpinu nema að því leyti að gjaldið er betur skilgreint og hver eigi að greiða það. Hinn 3. júní 1998 tóku gildi breytingar á lögum um lax- og silungsveiði. Þá voru sett inn í lögin ákvæði sem tóku til sölu vatnsaflsstöðvanna á raforku til nýrra stórnotenda. Lagt er til að það ákvæði haldist óbreytt. Í núgildandi lögum greiða vatnsaflsstöðvarnar 3‰ af heildartekjum sínum að frádregnum tekjum vegna gufuaflsstöðvanna vegna sölu á raforku til nýrra stórnotenda, þ.e. þeirra lögaðila sem teljast stórnotendur eftir 3. júní árið 1998. Sams konar breytingar eru gerðar á f-lið 1. mgr. 92. gr. og gerðar eru á d-lið. Einu breytingarnar á d- og f-lið 1. mgr. 92. gr. eru þær að nánar er gerð grein fyrir greiðanda og gjaldstofni í samræmi við lögmætisregluna.

Um 5. gr.

Með 4. mgr. 92. gr. laganna er kveðið á um þau úrræði sem Fiskræktarsjóður hefur borgi aðilar ekki það gjald sem lögákveðið er. Er hér sett inn aðfararheimild til innheimtu án undangengins dóms. Mjög mikilvægt er að Fiskræktarsjóður hafi skýrar heimildir til innheimtu gjaldanna séu þau ekki greidd á réttum tíma.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að lagfæra annmarka í lögunum og að uppfylla stjórnarskrárákvæði um heimildir til töku skatta og þjónustugjalda í samræmi við lögmætisreglu.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

335. Svar [220. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um útselda þjónustu Siglingastofnunar við hafnir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er gjaldskrá útseldrar þjónustu Siglingastofnunar við hafnir, sundurgreind eftir tegund þjónustu á klukkustund?*
2. *Hvert er einingarverð á klukkustund fyrir framangreinda þjónustu ef reiknaðir eru eftirtaldir gjaldaliðir:*
   a. *stjórnunarkostnaður stofnunarinnar,*
   b. *skrifstofukostnaður,*
   c. *laun,*
   d. *launatengd gjöld,*
   e. *lífeyrissjóðsgjöld,*
   f. *húsnæðiskostnaður,*
   g. *bifreiða- og ferðakostnaður,*
   h. *tölvukostnaður (afskriftir og rekstur),*
   i. *kostnaður við yfirvinnu,*
   j. *símakostnaður,*
   k. *tryggingar?*

Sem svar við 1. lið fylgja hér með útsölutaxtar Siglingastofnunar Íslands. Útseld þjónusta við hafnir er einkum samkvæmt töxtum „Sérfræðiþjónusta A–D“ og „Þjónusta A“.

Varðandi 2. lið er vísað til bæklings fjármálaráðuneytisins, „Fjárhagslegur aðskilnaður í rekstri ríkisstofnana“, sem var gefinn út í nóvember 1997. Í honum eru 3 stig fjárhagslegs aðskilnaðar skilgreind í rekstri stofnana ríkisins sem hafa með höndum þjónustu að hluta til eða öllu leyti í samkeppni við einkaaðila. Vægasta stigs fjárhagslegs aðskilnaðar er krafist ef tekjur af samkeppnisrekstri eru undir 5 millj. kr. eða markaðshlutdeild þess er undir 5% af skilgreindum markaði. Við þessar aðstæður er hinni opinberu stofnun gert að fylgja verðlagningu á markaði. Hluti af starfsemi hafnarsviðs fellur undir þessa skilgreiningu. Útsölutaxtar Siglingastofnunar Íslands fylgja verðlagningu markaðarins fyrir sambærilega þjónustu og hún veitir. Gerð er könnun tvisvar til þrisvar á ári á útsölutöxtum verkfræðistofa, iðnaðarmanna, skrifstofumanna, rannsóknarmanna, verkamanna, bílaleigubifreiða og annarra tækja á höfuðborgarsvæðinu. Útsölutaxtar Siglingastofnunar eru leiðréttir til samræmis við niðurstöðu þessarar könnunar. Taxtar Siglingastofnunar eru notaðir við útsölu á allri þjónustu auk þess sem þeir eru notaðir til þess að meta framlag til lögbundinna verkefna. Tölur úr rekstri sýna að útseld þjónusta er ekki niðurgreidd af öðru rekstrarfé stofnunarinnar. Í stuttu máli taka útsölutaxtar stofnunarinnar mið af verðlagningu markaðarins en eru ekki reiknaðir né sundurliðaðir eftir kostnaði eins og gengið er út frá í fyrirspurninni.

TAXTAR – innlend verkefni
frá 1. mars 2000

Taxta-númer	Starf		Taxti
1	SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA	A	5.310
2	SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA	B	4.480
3	SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA	C	3.980
4	SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA	D	3.560
5	ÞJÓNUSTA	A	2.240
6	ÞJÓNUSTA	B	1.990
7	ÞJÓNUSTA	C	1.620
8	VERKAMENN	A	1.110
9	VERKAMENN	B	880

336. Frumvarp til laga [298. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1991, um búfjárhald, forðagæslu o.fl.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón A. Kristjánsson, Jónína Bjartmarz, Sigríður Jóhannesdóttir, Vilhjálmur Egilsson.

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Eigendum stórgripa, þ.e. nautgripa og hrossa, er skylt að hafa gripi sína í vörslu allt árið og sjá til þess að þeir gangi ekki lausir á þjóðvegum eða við þá. Ákvæði þetta skal þó ekki hindra hagagöngu stórgripa utan girðinga þar sem tryggt þykir að af því hljótist engin hætta fyrir umferð, svo sem í heimalöndum eða afréttum sem liggja hvergi að alfaraleiðum. Viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir skulu setja í samþykktir sínar um búfjárhald, sbr. 3.–4. gr., nauðsynleg ákvæði í þessu sambandi að höfðu samráði við lögreglustjóra. Engin slík ákvæði sem heimila hagagöngu stórgripa utan girðinga, sbr. 2. málsl. þessarar málsgreinar, öðlast þó gildi nema landbúnaðarráðherra staðfesti þau.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2002.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur verið flutt þrívegis áður en aldrei orðið útrætt. Því miður hefur sá vandi sem því er ætlað að leysa, þ.e. umferðaróhöpp og slys sem tengjast lausagöngu stórgripa, síst minnkað heldur hefur þeim fjölgað mjög á síðustu tveimur árum. Til marks um það er ný samantekt Huga Hreiðarssonar á umferðaróhöppum sem tengjast búfé en hún er hér birt í fylgiskjali I.

Tíðni alvarlegra umferðaróhappa og slysa, sem rekja má til lausagöngu stórgripa á þjóðvegum og við þá víða um landið, er alvarlegt áhyggjuefni. Á árinu 1989 starfaði nefnd að því að kanna til hvaða ráðstafana væri unnt að grípa í því skyni að minnka lausagöngu búfjár á

þjóðvegum og gera tillögur til úrbóta. Nefndin var m.a. skipuð fulltrúum frá Vegagerðinni, Búnaðarfélagi og Umferðarráði, auk þess sem í henni sat einn bóndi, landgræðslustjóri og deildarstjóri umhverfisdeildar landbúnaðarráðuneytisins.

Ein meginniðurstaða nefndarinnar var að leggja til að lausaganga stórgripa yrði endanlega aflögð. Einn nefndarmanna hafði þó fyrirvara á um þá tillögu, sbr. skýrslu nefndarinnar sem birt er sem fskj. III með frumvarpi þessu.

Þessi tillaga nefndarinnar náði ekki fram að ganga í sinni upphaflegu mynd heldur varð niðurstaðan sú með setningu nýrra laga um búfjárhald vorið 1991 að gefa sveitarstjórnum afdráttarlausar heimildir til að fyrirskipa vörslu á sínu svæði. Þótt fjölmargar sveitarstjórnir hafi brugðist við í framhaldi af setningu laganna vorið 1991, sbr. fskj. II, tíðkast lausaganga stórgripa enn á nokkrum svæðum við meiri háttar umferðaræðar og bólar ekki á aðgerðum af hálfu viðkomandi sveitarstjórna. Þetta ástand er, eins og dæmin sanna, með öllu óviðunandi og því þykir flutningsmönnum tímabært að taka af skarið svo að ein lög gildi um þessi efni á landinu öllu.

Í áðurnefndri skýrslu færa nefndarmenn m.a. fram eftirfarandi rök fyrir þeirri tillögu sinni að banna lausagöngu stórgripa:

„Hrossum landsmanna hefur fjölgað á undanförnum árum. Víða eru þau í vörslu allt árið og mikið hefur dregið úr hrossabeit á afréttum. Töluvert er samt um að hross séu í lausagöngu í heimahögum og eiga þá oft greiðan aðgang að þjóðvegum.

Staðfestar skýrslur sýna að alvarlegustu umferðarslysin, þar sem búfé á hlut að máli, eru árekstrar ökutækja og hrossa.

Í skýrslum frá lögreglustjóraembættum er getið um 130 umferðarslys á árunum 1986–1988, þar sem ekið hefur verið á hross og lögregla kölluð á vettvang. Óhætt er að fullyrða að töluvert fleiri óhöpp hafi orðið þar sem lögreglan er ekki alltaf kölluð á staðinn og skýrslur því ekki gerðar.

Slys hafa orðið á mönnum, ökutæki stórskemmst eða eyðilagst og gripir drepist.

Bótakröfur eru miklar og í flestum tilvikum eru bifreiðaeigendur gerðir ábyrgir.

Hvað nautgripi varðar eru þeir nær undantekningarlaust í vörslu allt árið og slys af þeirra völdum eru mjög sjaldgæf. Nefndin telur hins vegar að með tilliti til búskaparhátta sé eðlilegt að um þá gildi sömu reglur og um hross.

Mun auðveldara og ódýrara er að girða griphelda girðingu fyrir hross og nautgripi en fyrir sauðfé.

Með hliðsjón af ofangreindu leggur nefndin til að eigendum eða umráðamönnum nautgripa og hrossa verði gert skylt að hafa gripina í vörslu allt árið, þ.e. að koma í veg fyrir lausagöngu þeirra."

Enn fremur segir í skýrslunni um þetta:

„Fjölmargar sveitarstjórnir hafa notfært sér framangreindar heimildir [heimildir laga til að takmarka búfjárhald, áður búfjárræktarlög og lög um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, nú lög um búfjárhald, forðagæslu o.fl.] til takmörkunar á búfjárhaldi, en samræmingu skortir og framkvæmd reglnanna er ekki alls staðar sem skyldi. Hér er því lagt til að eigendum stórgripa, þ.e. nautgripa og hrossa, verði gert skylt að hafa þá í vörslu allt árið en áfram verði í gildi ákvæði sem heimili sveitarstjórnarmönnum að takmarka eða banna lausagöngu annars búfjár.

Er þá til þess að líta að tjón af völdum stórgripa í umferðinni eru mun alvarlegri en tjón af völdum annars búfjár og bann við lausagöngu hrossa er nú mun víðar í gildi, bæði á afréttum og heimalöndum, en bann við lausagöngu sauðfjár. Þykir nefndinni því tímabært að stíga það skref að banna alla lausagöngu stórgripa með lögum."

Þessar niðurstöður nefndarinnar og rökstuðningur eru enn í fullu gildi. Þó svo að fjölmargar sveitarstjórnir hafi á síðustu árum tekið á þessum málum og margar bannað lausagöngu hrossa eða stórgripa, sbr. fskj. II, tíðkast lausaganga enn á mörgum stöðum, jafnvel þar sem þjóðvegir með miklum umferðarþunga liggja eftir endilöngum sveitarfélögum.

Á ákveðnum leiðum er það svo að sjaldan líður svo mánuður að ekki komi til óhappa sem tengjast lausagöngu stórgripa. Er í því sambandi óhjákvæmilegt að nefna Húnavatnssýslur og Skagafjörð en þar eru óhöpp af þessu tagi hvað tíðust.

Skylt er að geta þess að mikið hefur verið gert undanfarin ár til að ráða bót á þessu ástandi. T.d. hefur lögreglan, bæði á Sauðárkróki og Blönduósi, lagt sig fram um að fá bændur og sveitarstjórnir til samstarfs um að taka á þessum málum.

Ljóst er að í framhaldi af lagabreytingu af þessu tagi verða væntanlega breytingar á ábyrgð málsaðila ef umferðaróhöpp verða eftir sem áður vegna þess að stórgripir sleppa úr vörslu eða vörsluskylda er með öllu vanrækt. Reynir þá væntanlega á heimildir gildandi laga til að skipta tjóni, þ.e. lækka eða fella niður bætur ef sá sem fyrir tjóninu verður, í þessu tilviki eigandi stórgripsins eða gripanna, er meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi, sbr. 88. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987. Með vísan til þessarar heimildar er niðurstaða flutningsmanna að leggja ekki til breytingar á umferðarlögum að svo stöddu. Meginregla 88. gr. um að sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu á vélknúnu ökutæki skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess mun að sjálfsögðu haldast. Aðeins í þeim tilvikum þegar vörsluskylda væri vanrækt eða henni gáleysislega sinnt er líklegt að heimild 3. mgr. sömu greinar umferðarlaga um að lækka eða fella niður bætur yrði virk. Einnig er rétt að hafa í huga að lagt er til að gefinn verði nokkur aðlögunartími fram að gildistöku laganna (1. september 2002) sem m.a. mætti nota til að meta hvort þörf væri á að breyta öðrum lagaákvæðum í kjölfar þess að Alþingi samþykkti almenna vörsluskyldu stórgripa. Núverandi staða er óviðunandi, bæði vegna þeirrar hættu á alvarlegum slysum sem lausaganga stórgripa skapar, en einnig vegna hins að staðan er mismunandi eftir sveitarfélögum. Það tekur einnig til mögulegrar meðábyrgðar eiganda gripanna á slysi þar sem lausaganga er bönnuð, sbr. t.d. dóm héraðsdóms Reykjavíkur frá í október 1993. Í kjölfar hans hefur þess aðeins orðið vart að lausagöngubann sé fellt úr gildi í sveitarfélögum þar sem búið var að koma því á. Er slíkt auðvitað óþolandi afturför.

Loks er rétt að geta þess að í ákvæðum vegalaga er að finna það nýmæli í 56. gr. að lausaganga alls búfjár er bönnuð á vegsvæðum þar sem girt er beggja vegna vegar. Slíkt lausagöngubann á vegsvæðum sem þegar eru lokuð af með girðingum kemur þó engan veginn í stað vörsluskyldu stórgripa, óháð ástandi girðinga meðfram vegum, eins og hér er lagt til.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. september 2002 svo að eigendum stórgripa, sveitarstjórnum og öðrum málsaðilum gefist nokkur tími til aðlögunar að þeim.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að ótvíræð vörsluskylda verði lögð á eigendur stórgripa, þ.e. nautgripa og hrossa, og sérstaklega tekið fram að þeim, þ.e. eigendunum, beri að sjá til þess að slíkir gripir gangi ekki lausir á þjóðvegum eða við þá. Þessi vörsluskylda skal þó ekki hindra hagagöngu stórgripa utan girðinga þar sem þannig háttar til að fullvíst og tryggt má telja að af því geti ekki stafað hætta fyrir umferð. Hægt er að hugsa sér þær aðstæður að beitarlönd liggi þannig úr alfaraleið að ekki sé nein hætta á að gripirnir komist á þjóðvegi eða í umferð sem máli skiptir. Um slík tilvik skulu þá gilda sérstök ákvæði í samþykktum viðkomandi sveitarstjórna og um þau haft samráð við lögreglustjóra. Þá skal samþykki landbúnaðarráðherra koma til, en sveitarstjórnir hafa hins vegar, sbr. 5. gr. laganna, sjálfstæða heimild til að fyrirskipa

vörslu. Ekki þykir rétt að á grundvelli hennar megi nýta hið undanþæga ákvæði um hagagöngu stórgripa utan girðinga án þess að samþykki landbúnaðarráðuneytis komi til.

Um 2. gr.

Rétt þykir að gefa nokkuð rúman aðlögunartíma, bæði sveitarstjórnum og eigendum stórgripa sem kunna að þurfa að gera tilteknar ráðstafanir til að geta uppfyllt ákvæði frumvarpsins. Því er lagt til að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. september 2002 og hafa eigendur stórgripa því tvö sumur til að uppfylla ákvæði um vörsluskyldu nautgripa og hrossa.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Hugi Hreiðarsson: Könnun á árekstrum við búfé á árunum 1994–1999. Úrtakið nær til 30 lögregluembætta um land allt.
II. Samþykktir sveitarfélaga um búfjárhald og bann eða takmörkun á lausagöngu búfjár. (Samantekt 27. janúar 1998.)
III. Skýrsla nefndar um búfé á vegsvæðum. (Desember 1989.)

337. Frumvarp til laga [299. mál]

um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 66/1995.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „og foreldra“ í 4. mgr. kemur: foreldra og nemenda.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nemendur kjósa úr sínum hópi tvo fulltrúa til setu á skólanefndarfundum þegar fjallað er um skipulag skólastarfsins og önnur mál sem með beinum hætti snerta hagsmuni nemenda í viðkomandi skóla.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 17. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Tveir fulltrúar nemenda, eða nemendaráðs þar sem það er starfandi, eiga rétt til setu á kennarafundum með málfrelsi og tillögurétt þegar fjallað er um skipulag skólastarfsins og önnur þau mál sem með beinum hætti snerta hagsmuni nemenda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samningurinn um réttindi barna, oftast nefndur barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, var undirritaður fyrir Íslands hönd 26. janúar 1990 og með samþykkt þingsályktunar á Alþingi 13. maí 1992 var ríkisstjórninni heimilað að fullgilda samninginn fyrir Íslands hönd. Það var gert hinn 28. október sama ár. Með fullgildingu barnasáttmálans skuldbinda íslensk yfirvöld sig til að tryggja íslenskum börnum öll þau réttindi sem þeim eru tryggð í sáttmálanum.

Í 12. gr. samningsins segir: „Aðildarríki skulu tryggja barni sem getur myndað eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálslega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska."

Flest börn dvelja stóran hluta dagsins í skóla og viðurkennt er að skólinn hefur mikil áhrif á uppeldi og félagsmótun barna og ungmenna. Fyrir mörg börn er skólinn bæði leik- og vinnustaður. Því er mikilvægt að börn og unglingar eigi þess kost að setja með formlegum og skipulegum hætti fram skoðanir sínar og álit á skipulagi vinnunnar, aðstöðu nemenda og vinnubrögðum á þessum mikilvæga vinnu- og leikstað sínum.

Í núgildandi lögum um grunnskóla er hlutur foreldra við stjórn grunnskólans og möguleikar til að hafa áhrif á störf hans auknir frá því sem var og er það vel. En í þeim sömu lögum er skertur réttur nemenda til að geta formlega komið á framfæri skoðunum sínum um skipulag skólastarfsins eða annað sem hefur bein áhrif á aðstæður nemenda í skólanum.

Í grunnskólalögum, nr. 49/1991, var gert ráð fyrir því að fulltrúi nemenda eða nemendaráðs ætti „rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs, svo og á kennarafundum, með málfrelsi og tillögurétti, þegar rætt er um skipulag skólastarfsins". Við setningu núgildandi laga var þetta ákvæði fellt út með eftirfarandi rökstuðningi í greinargerð: „Rétt þykir að hafa það í valdi hvers skóla hvernig formlegri aðild nemenda að stjórn skólans er fyrir komið." Í ljósi ákvæða barnasáttmálans um að börnum skuli tryggður réttur til að láta í ljósi skoðanir á öllum málum sem þau varða þykir rétt að ákvæði séu í grunnskólalögum þess efnis að börnin eigi þennan rétt án tillits til aðstæðna í viðkomandi skóla.

Í grunnskólalögum, nr. 49/1991, var einnig ákvæði um skólaráð sem skipað skyldi fulltrúum starfsfólks skóla, foreldra og nemenda. Skólum var þó heimilt að sækja um undanþágu frá þessu ákvæði og fámenni nefnt sem gild ástæða. Ákvæði þess efnis í núgildandi lögum að skólastjóri skuli a.m.k. tvisvar á ári boða til sameiginlegs fundar kennararáðs, foreldraráðs og nemendaráðs til að veita upplýsingar um skólastarfið og til að fjalla um starfsemi þessara ráða er e.t.v. sambærilegt við ákvæði eldri laga um skólaráð.

Í eldri lögum var ekki ákvæði þess efnis að fulltrúar nemenda ættu rétt til setu á skólanefndarfundum þegar fjallað væri um málefni sem snerta hagsmuni nemenda sérstaklega.

Með barnasáttmálanum er börnum veittur réttur til að láta í ljósi skoðanir sínar um öll mál sem snerta þau sjálf. Til að tryggja betur en nú er formlegan farveg fyrir nemendur grunnskólans til að láta í ljósi skoðun sína á málefnum innan skólans, málefnum sem snerta þá sjálfa, er gerð tillaga um þessar breytingar á lögum um grunnskólann.

Frumvarp þetta var flutt á 122., 123. og 125. löggjafarþingi en varð ekki útrætt og er því endurflutt nú.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að nemendum sé bætt við í upptalningu 4. mgr. 13. gr. laganna á þeim sem rétt eiga til setu á fundum skólanefndar þegar fjallað er um skipulag skólastarfsins eða önnur bein hagsmunamál nemenda.

Í ljósi þeirra verkefna sem skólanefnd eru falin þykir eðlilegt að nemendur eigi rétt til setu á fundum skólanefnda með málfrelsi og tillögurétti þegar skólanefnd fjallar um málefni sem snerta nemendur í viðkomandi skóla sérstaklega en í sumum skólahverfum eru fleiri en einn skóli. Skólanefnd staðfestir m.a. áætlun um starfstíma nemenda ár hvert og fylgist með námi og kennslu, skólanefnd getur gert tillögur til skólastjóra um umbætur í skólastarfi og skólanefnd fylgist með og stuðlar að því að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar aðbúnaður, þar með talin útivistar- og leiksvæði nemenda. Allt eru þetta verkefni sem eðlilegt er að nemendur fái að láta í ljósi skoðun á þegar um þau er fjallað.

Ný málsgrein sem lagt er til að bætist við 13. gr. laganna fjallar um fyrirkomulag kosninga á fulltrúum nemenda til setu á skólanefndarfundum. Rétt þykir að nemendur kjósi fulltrúa beint úr sínum hópi þar sem einungis er heimilt en ekki skylt samkvæmt núgildandi lögum að stofna nemendaráð. Einnig þykir rétt að fulltrúar nemenda séu tveir svo þeir hafi stuðning hvor af öðrum. Með því yrði tekið tillit til veikrar stöðu barna gagnvart hinum fullorðnu.

Um 2. gr.

Ný 2. mgr. er felld inn í 17. gr. Með málsgreininni er gert ráð fyrir því að nemendur, eða nemendaráð, eigi tvo fulltrúa á kennarafundum. Þetta er stutt sömu rökum og sett eru fram fyrir tveimur fulltrúum nemenda í skólanefnd, þ.e. að þeir styrki hvor annan vegna veikrar stöðu barna gagnvart hinum fullorðnu.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

338. Svar [31. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um skattgreiðslur útgerðarfyrirtækja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve mörg af 20 kvótahæstu útgerðarfyrirtækjunum greiddu skatt á síðasta ári, sundurliðað eftir tekju-, eigna- og fjármagnstekjuskatti vegna áranna 1998 og 1999?*
2. *Hver var hagnaður eða tap þessara fyrirtækja á þessum árum, sundurliðað eftir árum, og hve háar voru bókfærðar eignir þeirra?*

Ráðuneytið leitaði til embættis ríkisskattstjóra um svör við fyrirspurninni. Upplýsingar embættisins er að finna í meðfylgjandi töflum.

Í bréfi ríkisskattstjóra kemur fram að töflurnar taki til álagningar 1999 og 2000 vegna rekstraráranna 1998 og 1999. Hinar tilgreindu fjárhæðir eru álögð gjöld en ekki greidd. Rekstur hjá mörgum félaganna felst bæði í veiðum og vinnslu. Söluhagnaður eða sölutap eigna getur einnig verið innifalið í afkomutölum félaganna.

Slegið er saman upplýsingum frá 20 kvótahæstu félögunum, síðan koma upplýsingar um þau 10 sem eru með næstmesta kvótann o.s.frv. Jafnframt fylgja sömu upplýsingar um 10 kvótahæstu einstaklingana. Algengt er að ekki sé um álagningu tekjuskatts að ræða þrátt fyrir mikinn hagnað og skýrist það oftast af yfirfæranlegu tapi. Ekki liggja fyrir upplýsingar úr ársreikningum allra félaganna. Í einhverjum tilvikum er um áætlun opinberra gjalda að ræða. Í a.m.k. einu dæmi er einstaklingur sem skráður er fyrir kvóta í samrekstri með öðrum ein-

staklingi sem ekki er skráður fyrir kvóta. Í því tilviki er tekjuskattur sem tilgreindur er aðeins hluti álagðs tekjuskatts á útgerðina.

Byggt er á upplýsingum frá Fiskistofu um kvóta. Miðað er við kvótastöðu eins og hún var 1. september 1999 fyrir rekstrarárin 1998 og 1999. Fiskistofa hefur eftirfarandi fyrirvara um gögn um kvótaeign:

1. Aflahlutdeild í veiðum utan lögsögu er ekki tekin með.
2. Miðað er við skráða eigendur (ekki útgerðaraðila) fiskiskipa samkvæmt skrá Siglingastofnunar 1. september 1999. Ekki er tekið tillit til breytinga sem gerðar hafa verið eftir þann tíma. Settur skal sá fyrirvari að ekki er öruggt að breytingar sem gerðar eru rétt fyrir viðkomandi dag séu komnar inn í skrána.
3. Listinn er reiknaður upp eftir þorskígildisstuðlum liðins fiskveiðiárs (1999/2000).
4. Aflaheimildir krókabáta eru ekki teknar með.
5. Þegar gefnar eru upplýsingar í þorskígildum er um að ræða úthlutað aflamark en ekki aflahlutdeild.

Skattar, eignir, hagnaður og tap fyrirtækja með kvóta 1998 miðað við kvótastöðu 2000, í þús. kr.

Fyrirtæki	Þorskígildi, kg	Tekju-skattur	Tekju-skatts-greið-endur	Eignar-skattur	Eignar-skatts-greið-endur	Sérstakur eignar-skattur	Hagnaður samkvæmt ársreikningi	Fyrir-tæki með hagnað	Tap samkvæmt ársreikningi	Fyrir-tæki með tap	Eigið fé jákvætt	Eigið fé neikvætt	Eignir samtals	Uppl. úr ársreikn. vantar
1-20	185.017.796	82.878	2	45.667	12	9.514	2.749.235	16	-457.251	4	29.628.855	0	88.111.111	0
20-30	31.688.671	93.001		15.089		3.144	203.277		-395.834		2.174.646	-45.627	10.679.913	1
30-40	21.795.889	7.126		4.300		896	142.687		-107.194		1.364.224	0	7.587.514	0
40-50	17.343.053	0		8.202		1.709	265.386		-473.451		1.855.540	-282.147	9.392.267	0
50-60	13.788.474	8.088		2.902		604	128.725		-534.931		1.528.028	-4.212	8.183.248	0
60-70	10.837.988	32.890		3.483		726	132.731		-2.299		395.862.	-35.010	2.093.652	1
70-80	9.616.120	23.548		2.612		544	70.039		-107.060		752.502	-138.596	4.529.011	0
80-90	8.018.809	6.874		2.115		441	129.357		-39.514		1.086.669	-7.025	4.299.716	1
90-100	6.450.497	6.060		1.993		415	266.203		-217.362		354.252	-257.707	2.467.742	0
100-110	5.527.163	7.614		1.028		214	32.091		-19.671		226.427	-50.373	1.760.292	0
110-120	4.643.108	5.024		2.092		436	36.274		-53.981		687.138	-67.802	2.358.300	0
120-130	3.783.430	1.721		1.493		311	7.619		-37.527		163.323	-39.210	849.762	0
130-140	3.309.209	4.038		796		166	23.039		-65.042		669.580	-56.679	2.119.042	1
140-150	2.780.095	2.676		1.425		297	47.106		-6.713		215.257	-1.978	526.736	0
150-160	2.306.163	10.846		726		151	23.606		-56.655		224.820	-4.559	798.594	0
160-170	1.897.653	2.212		817		170	48.735		-61.068		229.435	-55.363	844.825	0
170-180	1.497.707	3.529		1.207		251	21.253		-36.814		164.458	-24.970	636.075	1
180-190	1.148.165	1.207		465		97	25.792		-8.577		59.718	-28.337	271.268	1
190-200	865.100	1.668		1.624		338	60.630		-25.138		258.140	-6.601	665.202	1
200-210	662.557	2.981		194		40	9.916		-4.237		15.775	-13.988	142.892	2
210-220	516.426	494		84		17	65.561		-33.194		19.729	-247.863	583.078	0
220-230	297.838	3.338		8		2	9.047		-16.950		27.922	-45.839	1.035.364	1
230-240	33.329	595		448		93	138		-36.887		49.757	-53.471	282.825	3
240-250	8.983	575		25		5	10.842		-1.065		1.811	-16.578	158.723	3
250-260	1.088	377		6		1	46.650		-31.490		494.485	-33.357	2.036.111	4
260-266	33	173		0		0	0		-16.680		585	-52.076	165.797	2
Samtals:	**333.835.344**	**309.534**	**71**	**98.800**	**116**	**20.583**	**4.555.940**	**16**	**-2.846.584**	**4**	**42.648.939**	**-1.569.367**	**152.579.059**	**22**
10 kvóta-hæstu einstak-lingarnir	**8.201.221**	**37.153**		**1.017**		**83**	**129.629**		**-62.655**		**717.833**	**-214.245**	**2.204.710**	**0**

Skattar, eignir, hagnaður og tap fyrirtækja með kvóta 1999 miðað við kvótastöðu 2000, í þús. kr.

Fyrirtæki	Þorskígildi, kg	Tekju-skattur	Tekju-skatts-greið-endur	Eignar-skattur	Eignar-skatts-greið-endur	Sérstakur eignar-skattur	Hagnaður samkvæmt ársreikningi	Fyrir-tæki með hagnað	Tap samkvæmt ársreikningi	Fyrir-tæki með tap	Eigið fé jákvætt	Eigið fé neikvætt	Eignir samtals	Uppl. úr árs-reikn. vantar
1-20	185.017.796	93.251	3	33.058	8	6.887	3.014.707	10	-2.143.080	4	32.313.322	0	102.714.660	
20-30	30.395.431	76.324		17.145		3.572	340.453		-196.612		2.553.403	0	10.378.790	3
30-40	21.346.090	4.923		4.135		862	268.560		-253.519		1.180.760	-163.554	6.675.223	1
40-50	16.939.082	0		8.142		1.696	169.206		-611.530		2.053.303	-180.277	8.952.871	1
50-60	13.365.983	6.135		5.070		1.056	48.296		-558.580		557.233	-246.479	3.796.774	2
60-70	10.707.331	34.427		2.414		503	137.267		-91.767		441.316	-15.019	3.070.559	0
70-80	9.487.476	0		2.242		467	38.397		-327.916		547.012	-254.263	4.400.444	1
80-90	7.730.925	5.084		1.495		312	46.737		-152.717		860.951	-9.001	4.022.674	1
90-100	6.160.304	1.552		277		58	22.319		-70.898		220.295	-213.631	2.026.360	2
100-110	5.470.762	8.986		927		193	50.432		-66.682		191.562	-40.141	1.895.732	0
110-120	4.523.217	9.508		4.487		935	141.651		-6.681		899.438	-67.373	2.424.059	0
120-130	3.725.201	1.268		1.432		298	21.284		-21.146		97.018	-45.832	525.816	4
130-140	3.261.027	2.722		1.058		220	53.083		-195.142		675.774	-167.335	1.797.285	1
140-150	2.780.095	8.101		1.366		285	24.445		-9.440		203.581	0	572.925	1
150-160	2.306.163	2.960		564		117	25.309		-16.954		98.888	-51.344	515.658	2
160-170	1.897.653	4.231		3.448		718	238.536		-59.492		452.476	-74.386	1.025.423	2
170-180	1.483.369	6.563		1.469		306	39.956		-3.425		293.734	-27.222	772.149	1
180-190	1.100.647	20.623		1.352		282	86.915		-32.794		123.640	-24.662	746.290	1
190-200	842.148	8.874		1.170		244	41.072		-16.942		194.057	0	604.773	2
200-210	646.327	2.588		218		45	5.538		-448		24.579	-1.133	71.110	4
210-220	505.250	4.728		284		59	37.926		-13.088		58.464	-20.156	453.901	2
220-230	260.086	1.585		12		3	48.446		-20.611		46.103	-45.810	1.174.674	0
230-240	33.329	4.719		405		84	10.502		0		24.900	-19.603	146.058	6
240-250	9.652	1.494		162		34	12.960		-10.753		5.982	-20.490	163.308	6
250-260	1.861	3.888		335		70	0		-128.557		375.817	-7.304	2.117.854	7
260-271	317	665		87		18	0		-22.360		0	-30.819	79.560	7
Samtals	**329.997.522**	**315.199**	**99**	**92.756**	**130**	**19.324**	**4.923.997**	**140**	**-5.031.133**	**76**	**44.496.609**	**-1.725.833**	**161.124.932**	**57**
10 kvóta-hæstu einstak-lingarnir	**8.201.221**	**16.382**		**1.106**		**87**	**107.699**		**-34.004**		**723.202**	**-187.023**	**2.158.811**	**0**

339. Svar [114. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Árna Steinars Jóhannssonar um nefndir og ráð á vegum ríkisins.

Eins og fyrr þegar fyrirspurn um þetta efni var beint til forsætisráðherra (123. löggjafarþing, 131. mál) byggist svarið á upplýsingum sem ráðuneytin hafa látið forsætisráðuneytinu í té hvert um sig. Sömu vandkvæði eru á að svara þessari fyrirspurn nú og áður, þ.e. að skilgreina má fyrirspurnina með ólíkum hætti, en leitast hefur verið við að samræma svör svo sem kostur er.

1. Hversu margar nefndir og ráð starfa nú á vegum ríkisins?

Fjöldi nefnda, ráða og stjórna á vegum ríkisins, sem eru starfandi eða hafa starfað á yfirstandandi ári, er 861. Eru þá taldar allar nefndir, stjórnir og ráð, einnig stjórnir heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa, sem áður hafa verið undanskildar í svörum við fyrirspurnum um sama efni. Stjórnir hlutafélaga sem eru að fullu eða að hluta í eigu ríkisins eru þó undanskildar.

Er spurningu sama efnis var svarað af forsætisráðherra á 123. löggjafarþingi voru nefndir, stjórnir og ráð alls 665.

2. Hversu margir eru í þeim, sundurliðað eftir kjördæmum?

Búseta nefndarmanna eftir kjördæmum er sem hér segir (varamenn eru ekki meðtaldir).

	Ár 2000		**Ár 1998**		**Ár 1998**
	Fjöldi í nefndum	**Hlutfall**	**Fjöldi í nefndum**	**Hlutfall**	**Hlutfall af íbúafjölda í landinu öllu**
Reykjavík	2.164	52,9%	2.075	59,1%	39,4%
Reykjanes	1.009	24,7%	869	24,7%	27,3%
Vesturland	178	4,4%	100	2,8%	5,1%
Vestfirðir	92	2,3%	38	1,1%	3,1%
Norðurland vestra	112	2,7%	56	1,6%	3,5%
Norðurland eystra	204	5,0%	148	4,2%	9,6%
Austurland	121	3,0%	69	2,0%	4,5%
Suðurland	207	5,1%	157	4,5%	7,5%
	4.087		**3.512**		

Heildarfjölgun nefndarmanna milli áranna 1998 og 2000 (um 15%) skýrist einkum af fjölgun nefnda, ráða og stjórna fyrr sama tímabil (um 30%). Eins og áður greinir eru stjórnir heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa nú meðtaldar en voru það ekki áður. Afleiðing af þeirri breytingu er að nefndar- og stjórnarmönnum fjölgar hlutfallslega meira á landsbyggðinni en í Reykjavík og á Reykjanesi milli áranna 1998 og 2000.

Upplýsingum um nefndir og nefndarmenn er almennt betur til haga haldið nú en áður og er það nú gert í sérstökum skrám (svokölluðum nefndabrunnum) sem ráðuneytin halda.

3. Hver er heildarkostnaður ríkisins við nefndir og ráð það sem af er þessu ári?

Heildarkostnaður við nefndir, stjórnir og ráð er hér upp gefinn 277 millj. kr. fyrir tímabilið frá 1. 1. til 30. 9. 2000. Þess ber að geta að algengt er að nefndarlaun séu greidd út í einu lagi í lok árs og á það sér í lagi við um verkefnanefndir sem starfa tímabundið. Að auki er oft

erfitt að greina að kostnað vegna nefnda eða ráða og kostnað vegna þeirra viðfangsefna sem þau sinna. Eðli þeirra verkefna, sem margar nefndir fara með, er slíkt að misvísandi væri að líta svo á að allur kostnaður sem færður er á þær sé til kominn vegna nefndarstarfsins sem slíks.

340. Nefndarálit [156. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2000.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir.

Meiri hluti fjárlaganefndar gerir 42 breytingartillögur við frumvarpið sem samtals nema 2.063,7 m.kr. til hækkunar. Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

101 Embætti forseta Íslands.

1.01 Yfirstjórn. Gerð er tillaga um 3,4 m.kr. viðbótarfjárheimild vegna halla sem myndast hefur á árunum 1999–2000 vegna hærri stjórnunarkostnaðar og kostnaðar við opinberar heimsóknir en gert hafði verið ráð fyrir.

1.81 Opinberar heimsóknir. Lögð er til 11,6 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna halla sem myndast hefur á árunum 1999–2000 vegna hærri kostnaðar en áætlað var við opinberar heimsóknir til útlanda og hingað til lands. Heimsóknir voru fleiri og lengri en gert hafði verið ráð fyrir.

201 Alþingi.

1.01 Alþingiskostnaður. Lagt er til að fjárveiting til þessa viðfangsefnis verði aukin um 13 m.kr. Skýrist það að mestu af auknum ferðakostnaði innan lands í kjölfar stækkunar á kjördæmum.

1.04 Alþjóðasamstarf. Gerð er tillaga um 4 m.kr. aukaframlag til að mæta útgjöldum af meiri erlendum samskiptum en áður var gert ráð fyrir. Móttökur erlendra gesta, alþjóðlegir fundir og ráðstefnur hafa reynst mun fleiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs.

1.07 Sérverkefni. Lögð er til 13 m.kr. hækkun á fjárheimild til að mæta ófyrirséðum útgjöldum vegna aðstöðu í tengslum við þingfund á kristnihátíð á Þingvöllum.

6.21 Fasteignir. Gerð er tillaga um 83 m.kr. aukafjárveitingu vegna stofnkostnaðar við húsnæði Alþingis. Í fjárlögum fyrir árið 2000 er 113 m.kr. framlag sem ætlað var til framkvæmda við innréttingar og til kaupa á búnaði á 2.–5. hæð í Austurstræti 8–10 og 2. hæð í Austurstræti 10A. Fyrirhugað er að flytja alla starfsemi fastanefnda þingsins og hluta af skrifstofum alþingismanna í þetta húsnæði.

01 Forsætisráðuneyti

190 Ýmis verkefni.

1.14 Ritun sögu Stjórnarráðsins. Gerð er tillaga um 3,9 m.kr. aukafjárveitingu vegna kostnaðar við ritun á sögu Stjórnarráðsins. Ritnefnd hefur ákveðið tilhögun verksins, ráðið höfunda og áætlað annan kostnað við verkið.

1.52 Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku. Gerð er tillaga um 16 m.kr. aukaframlag vegna kostnaðar við kristnihátíð, en nú liggja fyrir fyrstu drög að uppgjöri fjármála hátíðarinnar. Skýrist frávikið fyrst og fremst af hærri kostnaði við framkvæmdir en áætlað hafði verið. Hluti af þeim kostnaði er vegna mannvirkja sem upphaflega stóð til að yrðu eingöngu til nota yfir hátíðina, en ákveðið var að þau yrðu varanleg til gagns fyrir þá sem heimsækja þjóðgarðinn. Má þar nefna göngustíga, raf- og vatnslagnir og fleira. Þá var kostnaður við kynningar nokkru meiri en áætlað var.

1.53 Landafundanefnd. Gerð er tillaga um 4,9 m.kr. fjárveitingu til lokauppgjörs á uppbyggingu Þjóðhildarkirkju og bæjar Eiríks rauða í Brattahlíð á Grænlandi en mannvirkin voru vígð og afhent grænlensku heimastjórninni á landafunda- og kristnitökuhátíð þar um miðjan júlí sl. Gengisþróun undanfarin ár hefur verið verkefnunum óhagstæð miðað við upphaflega áætlun. Umframkostnaður frá upphaflegum verksamningi kom til vegna þess að lengra var gengið í framkvæmdum en upphaflega stóð til.

1.90 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um 2 m.kr. aukaframlag í samræmi við tillögur nefndar sem forsætisráðherra skipaði 1999 til fjalla um stuðning stjórnvalda við handverksgreinar. Tillögur nefndarinnar voru samþykktar í ríkisstjórn. Ein tillaga nefndarinnar var að fela Heimilisiðnaðarfélagi Íslands að standa fyrir átaki í ráðgjöf um þjóðbúninga sem stæði í tvö ár í þeim tilgangi að fleiri skörtuðu þjóðbúningi árið 2000 en ella. Í því skyni yrði varið 2 m.kr. á ári í tvö ár. Fyrra framlagið var greitt árið 1999.

02 Menntamálaráðuneyti

201 Háskóli Íslands.

1.01 Kennsla. Gerð er tillaga um 90 m.kr. hækkun á framlagi til kennslu í Háskóla Íslands. Fjárveiting ársins 2000 miðaðist við 3.888 nemendaígildi á síðasta skólaári en skólinn hefur tilkynnt að þau hafi reynst 4.264 og að samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið vanti um 200 m.kr. til að mæta útgjaldaaukanum. Í fjárlögum er gert ráð fyrir 229,5 m.kr. á lið 02-299 til að ljúka samningum við háskóla, nemendafjölgun og tilfærslu nemenda á milli reikniflokka náms og er framlagið til viðbótar því.

902 Þjóðminjasafn Íslands.

1.10 Byggða- og minjasöfn. Lagt er til að Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti, fái 0,6 m.kr. aukafjárveitingu til reksturs safnsins. Styrkur frá þjóðminjaráði vegna launa safnstjóra og sérverkefna varð um 1,2 m.kr. lægri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

973 Þjóðleikhús.

1.01 Þjóðleikhús. Gerð er tillaga um 66 m.kr. aukafjárveitingu til þess að Þjóðleikhúsið geti gert upp skuld sína við B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna hlutdeildar í lífeyrishækkunum fyrrverandi starfsmanna. Í fjárlagafrumvarpi 2001 er lagt til að leikhúsið verði gert að A-hluta stofnun.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands.

1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Lagt er til að hljómsveitinni verði bættur 1,5 m.kr. tekjumissir vegna niðurfellingar á skemmtanaskatti á miðju árinu 1998. Tekjur hljómsveitarinnar af skemmtanaskatti á fyrri hluta ársins 1998 voru 4,5 m.kr. og í fjárlögum 1999 voru veittar 6 m.kr. til að mæta tekjumissinum.

985 Alþjóðleg samskipti.

1.91 Aðildargjöld ESB. Lagt er til að veitt verði 10,2 m.kr. viðbótarframlag vegna hækkunar á aðildargjöldum. Í fjárlögum er gert ráð fyrir 242,8 m.kr. til greiðslu á aðildargjöldum vegna þátttöku Íslendinga í samstarfsáætlunum Evrópusambandsins en endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir að þau muni nema 267,4 m.kr., sem er 24,6 m.kr. hærra. Ónotuð fjárheimild frá 1999 nemur 14,4 m.kr. þannig að 10,2 m.kr. vantar til að endar nái saman.

999 Ýmislegt.

1.43 Skriðuklaustur. Gerð er tillaga um 4,7 m.kr. aukafjárveitingu til Gunnarsstofnunar, sem hóf starfsemi sína að Skriðuklaustri sl. sumar, til að standa straum af ýmsum óvæntum kostnaði sem hefur fallið til við að hefja starfsemi stofnunarinnar. Hann kemur einkum til vegna kaupa á innanstokksmunum.

03 Utanríkisráðuneyti

190 Ýmis verkefni.

1.14 Heimssýning í Hannover. Lagt er til að veitt verði 18 m.kr. aukaframlag vegna umframkostnaðar við heimssýninguna í Hannover. Í fjáraukalagafrumvarpi 2000 er tillaga um 20 m.kr. fjárveitingu sem sett var fram með fyrirvara um breytingar þegar endanlegt uppgjör lægi fyrir, m.a. með tilliti til sölu á íslenska skálanum. Tekist hefur að selja íslenska skálann til danska fyrirtækisins Danfoss fyrir samtals 45,7 m.kr. en samkvæmt fyrirliggjandi tölum um kostnað af heimssýningunni stefnir í að hann verði 38 m.kr. umfram það sem áætlað var.

320 Sendiráð, almennt.

6.21 Sendiráð Íslands í Berlín. Lögð er til 23 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna uppgjörs á byggingarkostnaði sendiráðs Íslands í Berlín. Samkvæmt upplýsingum frá Framkvæmdasýslu ríkisins er hér um lokagreiðslu að ræða með þeim fyrirvara þó að enn er ekki kominn lokareikningur frá einum verktaka, auk þess sem enn er deilt um endanlegt uppgjör í tveimur málum.

04 Landbúnaðarráðuneyti

190 Ýmis verkefni.

1.31 Skógræktarfélag Íslands. Gerð er tillaga um 7,2 m.kr. fjárveitingu til Skógræktarfélags Íslands vegna framkvæmdarsamnings við landbúnaðar- og fjármálaráðuneyti um Landgræðsluskóga og átaks um aldamótaskóga.

233 Yfirdýralæknir.

6.21 Fasteignir. Gerð er tillaga um 5,5 m.kr. fjárveitingu til að standa straum af endurbótum á húsnæði yfirdýralæknis til dýrasjúkdómarannsókna. Rannsóknadeild dýrasjúkdóma, áður sauðfjárveikivarnir, hefur um langt skeið haft aðstöðu til rannsókna í húsnæði Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði á Keldum. Embættið hefur gert kröfur um endurbætur og stækkun á aðstöðunni og stjórn Keldna hefur á móti krafist greiðslu fyrir aðstöðuna sem ekki hefur verið unnt að greiða þar sem fjárveiting hefur ekki verið fyrir hendi.

261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði.

1.01 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði. Lagt er til að veitt verði 20 m.kr. fjárveiting til að koma til móts við uppsafnaðan rekstrarhalla skólans í trausti þess að áfram verði unnið að varanlegri lausn á fjárhagsvanda stofnunarinnar. Á yfirstandandi

ári hefur verið gripið til nokkurra hagræðingaraðgerða, svo sem breytinga á búrekstri og minni eignakaupa. Gert er ráð fyrir að áfram verði haldið á þeirri braut.

343 Landshlutabundin skógrækt.

1.10 Suðurlandsskógar. Gerð er tillaga um 5,7 m.kr. aukafjárveitingu til Suðurlandsskóga til að mæta kostnaði við skógræktaráætlanir. Ákveðið var á síðasta ári að slíkur kostnaður skyldi ekki greiddur af Skógrækt ríkisins eins og verið hafði og varð þá ljóst að ekkert fjármagn yrði til að greiða hann en bindandi trjáplöntusamningar höfðu þá þegar verið gerðir.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

202 Hafrannsóknastofnunin.

1.30 Rannsóknaskip. Gerð er tillaga um 7,7 m.kr. aukafjárveitingu vegna reksturs skipa stofnunarinnar. Í rekstraráætlun var gert ráð fyrir að olíukostnaður í rekstri skipanna yrði 20 m.kr. á árinu 2000. Vegna hækkana á olíuverði var kostnaðurinn fyrstu átta mánuði ársins orðinn um 22 m.kr. og til áramóta má búast við að kostnaðurinn verði 7,7 m.kr. hærri á árinu en áætlanir gerðu ráð fyrir.

901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.

1.30 Keldnaholt. Gerð er tillaga um 6 m.kr. aukafjárveitingu vegna hækkana á gjöldum umfram forsendur fjárlaga vegna reksturs á húseignum í Keldnaholti. Um er að ræða kostnað vegna rafmagns, hita og ræstinga, svo og fasteignagjöld og opinber gjöld.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

251 Persónuvernd.

1.01 Persónuvernd. Lagt er til að veitt verði 5 m.kr. aukafjárveiting til að mæta kostnaði við að setja reglur um öryggi persónuupplýsinga í lífsýnasöfnum. Ekki var gert ráð fyrir þessu verkefni í frumvarpi til laga um persónuvernd en sú breyting var gerð á frumvarpinu í meðförum Alþingis. Að mati stjórnar Persónuverndar er óhjákvæmilegt að fá erlenda sérfræðinga til að vinna verkið til að tryggja sérþekkingu á þeim staðli sem notaður verður. Samkvæmt verðkönnun hjá erlendu ráðgjafarfyrirtæki má ætla að kostnaðurinn geti numið um 5 m.kr.

490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta.

1.63 Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins. Lagt er til að framlag til tölvumiðstöðvar ráðuneytisins verði aukið um 2,5 m.kr. í kjölfar samnings sem gerður var í október við Skráningarstofuna hf. um rekstur miðstöðvarinnar. Í samningnum er kveðið á um viðbót við gildandi samning um upplýsingakerfi fyrir Schengen-samstarfið, Útlendingaeftirlitið o.fl., auk bakvakta vegna Schengen. Aukin fjárþörf á næsta ári vegna þessa er hins vegar áætluð 26,2 m.kr. og verður gerð tillaga um framlag til að mæta henni við 2. umræðu fjárlaga fyrir árið 2001.

07 Félagsmálaráðuneyti

302 Ríkissáttasemjari.

1.01 Ríkissáttasemjari. Gerð er tillaga um 8 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna aukins kostnaðar í tengslum við umfangsmikla kjarasamningagerð á árinu.

400 Barnaverndarstofa.

1.20 Heimili fyrir börn og unglinga. Lögð er til 5,3 m.kr. hækkun á fjárveitingu til meðferðarheimilisins að Torfastöðum í kjölfar skattkröfu sem rekstraraðila meðferðarheimilisins hefur verið úrskurðað að greiða vegna áranna 1992–1996 og ekki var áætlað fyrir.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Í kjölfar samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga og tillagna tekjustofnanefndar er gerð tillaga um 700 m.kr. tímabundna viðbótarfjárveitingu til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem ráðstafað verði með líkum hætti og sambærilegt framlag árið 1999. Framlaginu er ætlað að koma til móts við vanda sveitarfélaga sem hafa ekki möguleika á að draga úr rekstri og þjónustu til samræmis við fækkun íbúa og samdrátt í tekjum.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Lögð er til 7,6 m.kr. viðbótarfjárveiting til að endurgreiða sveitarfélögum uppsafnaða skuld vegna félagsþjónustu við erlenda ríkisborgara, sbr. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og myndast hefur á árinu 1999. Í lögunum er kveðið á um að ríkissjóður endurgreiði sveitarfélagi veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara sem ekki eiga lögheimili í landinu eða hafa átt lögheimili skemur en í tvö ár. Aðstoðin skal veitt af dvalarsveitarfélagi að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið, enda hafi áður verið leitað eftir aðstoð frá heimalandi.

1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992. Gerð er tillaga um 57,2 m.kr. fjárveitingu til greiðslu skuldar við Tryggingastofnun ríkisins vegna lögbundinnar skyldu félagsmálaráðuneytisins til að greiða meðlög, sbr. 25. gr. barnalaga, nr. 20/1992. Þar er kveðið á um að Tryggingastofnun ríkisins sé skylt að greiða foreldri barns, sem á framfærslurétt hér á landi, framfærslueyri (meðlag) með barni samkvæmt lögmætum úrskurði eða staðfestum samningi, þó innan þeirra marka er greinir í almannatryggingalögum. Hafi foreldrar barns fengið skilnað erlendis og svo háttar til að því foreldri, sem ekki hefur forsjá barns, hefur verið gert að greiða lægra meðlag með því en nemur barnalífeyri almannatrygginga eða hefur ekki verið gert að greiða meðlag með því getur sýslumaður úrskurðað meðlag til forsjárforeldris á hendur Tryggingastofnun ríkisins á grundvelli erlends skilnaðarleyfis, skilnaðardóms eða úrskurðar. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir, en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir þær eftir því sem fært reynist.

1.31 Félagasamtök, styrkir. Gerð er tillaga um að veita Foreldra- og styrktarfélagi Öskjuhlíðarskóla 4 m.kr. framlag til rekstrar félagsins á sumardvöl fyrir nemendur skólans, en halli hefur verið á rekstrinum síðustu ár. Eftir reksturinn sl. sumar er enn halli sem nemur um 4 m.kr.

1.44 Byrgið, líknarfélag. Lagt er til að Byrgið, kristilegt líknarfélag, fái 9,5 m.kr. aukafjárveitingu. Gerður var samningur um að Byrgið fengi til afnota aflagða ratsjárstöð á Miðnesheiði sem gengið hefur undir nafninu Rockville. Húsin þar voru illa farin og enn hefur ekki tekist að ganga þannig frá að unnt sé að reka þá starfsemi á staðnum sem ætlað er en til stóð að taka húsin í notkun sl. haust. Meðal annars þurfti miklar lagfæringar við lagnir sem talið hafði verið að væru í lagi, sömuleiðis þurfti endurbætur á frárennsli og rafmagni. Þá hefur verið gerð krafa um að öll hús verði teiknuð upp og málsett samkvæmt íslenskum stöðlum.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

206 Sjúkratryggingar.

1.15 Lyf. Gerð er tillaga um 175 m.kr. hækkun á framlagi til lyfjamála. Endurmat á útgjöldum til lyfjamála eftir tíu mánuði bendir til þess að útgjöld málaflokksins verði 4.765 m.kr. á árinu 2000. Útgjaldaspáin hefur hækkað um 175 m.kr. frá því í sumar vegna hærri útgjalda á haustmánuðum en ráð var fyrir gert.

1.31 Þjálfun. Gerð er tillaga um 30 m.kr. lækkun framlags í ljósi endurmats á útgjöldum við þjálfun.

1.35 Tannlækningar. Lögð er til 25 m.kr. lækkun framlags í ljósi endurmats á útgjöldum við tannlækningar.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.

6.50 Nýbygging. Lagt er til að veitt verði 35 m.kr. aukaframlag til að mæta umframkostnaði við verklok á nýrri barnadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri sem fyrirhugað er að opna í nóvember á þessu ári.

371 Ríkisspítalar.

1.01 Ríkisspítalar. Lagt er til að millifærð verði 20,6 m.kr. fjárheimild frá Landspítala til Heilsuverndarstöðvarinnar vegna flutnings verkefna. Mæðravernd Landspítalans við Hringbraut var sameinuð mæðravernd Heilsuverndarstöðvarinnar 1. október 1999. Launakostnaður frá 1. október 1999 til 31. desember 2000 nemur 20,6 m.kr.

373 Sjúkrahús í Reykjavík.

1.01 Ýmis skipulags- og rekstrarverkefni. Lagt er til að 6,7 m.kr. af ónýttri fjárveitingu til reksturs hjúkrunarheimilisins Sóltúns árið 2000 verði millifærðar á þennan lið til reksturs tímabundinnar hjúkrunardeildar og sjúkrahústengdrar heimahlynningar fyrir aldraða. Sú starfsemi verður lögð niður í árslok 2001 þegar Sóltún tekur til starfa.

412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær.

1.01 Hjúkrunarheimilið Skógarbær. Lagt er til að 5,1 m.kr. hluti af ónýttri fjárveitingu til reksturs hjúkrunarheimilisins Sóltúns árið 2000 verði millifærður til reksturs tveggja nýrra hjúkrunarrýma í Skógarbæ til að mæta brýnni þörf á hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu.

495 Daggjaldastofnanir.

1.12 Nýtt hjúkrunarheimili í Reykjavík. Gerð er tillaga um 23,6 m.kr. lækkun á þessum lið. Um er að ræða fjárveitingu sem ætluð var til reksturs hjúkrunarheimilisins Sóltúns árið 2000 en starfsemi þess mun ekki hefjast fyrr en í lok árs 2001. Eins og fyrr greinir er lagt til að hluti fjárhæðarinnar, 5,1 m.kr., verði millifærður til reksturs tveggja nýrra hjúkrunarrýma í Skógarbæ til að mæta brýnni þörf á hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu. Á sama hátt verði 6,7 m.kr. af þessari ónýttu fjárveitingu til reksturs Sóltúns árið 2000 millifærðar á liðinn 08-373 Sjúkrahús í Reykjavík til reksturs tímabundinnar hjúkrunardeildar og sjúkrahústengdrar heimahlynningar fyrir aldraða. Starfsemin verður lögð niður í árslok 2001 samhliða því að Sóltún tekur til starfa. Fjárhæðin sem eftir stendur, 11,8 m.kr., fellur niður. Í frumvarpinu láðist að fella fjárveitinguna niður á móti samsvarandi framlagi til aðalskrifstofu heilbrigðisráðuneytisins vegna undirbúningskostnaðar við útboð hjúkrunarheimilisins.

510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík.

1.01 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík. Lagt er til að millifærð verði 20,6 m.kr. fjárheimild frá Landspítala til Heilsuverndarstöðvarinnar vegna flutnings verkefna. Mæðravernd Landspítalans við Hringbraut var sameinuð mæðravernd heilsuverndarstöðvarinnar 1. október 1999. Launakostnaður frá 1. október 1999 til 31. desember 2000 nemur 20,6 m.kr.

621 Forvarnasjóður.

1.10 Áfengis- og vímuvarnaráð. Gerð er tillaga um 1,3 m.kr. aukaframlag til Forvarnasjóðs til greiðslu biðlauna til fyrrverandi starfsmanna áfengisvarnaráðs. Í fjáraukalögum 1999 fengust 8,5 m.kr. til að mæta þessum kostnaði en greiðslur vegna umræddra

biðlauna urðu 9,8 m.kr. Farið er fram á framangreinda fjárhæð til að mæta þessum viðbótarkostnaði.

1.90 Forvarnasjóður. Gerð er tillaga um að Gamla apótekið, menningar- og kaffihús ungs fólks á Vestfjörðum, fái 2,5 m.kr. framlag á fjáraukalögum fyrsta rekstrarár sitt. Markmiðið með starfsemi hússins er að reyna að auka skilning og vitund ungs fólks á því að hægt sé að skemmta sér og stunda menningar- og listalíf án neyslu áfengis og annarra vímuefna.

10 Samgönguráðuneyti

101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Samgönguráðuneytið innheimtir, á grundvelli reglna um bókhald, reikningsskil og upplýsingagjöf ferðaskrifstofa nr. 530/1998, gjald að upphæð 30 þús. kr. af ferðaskrifstofum og ferðaskipuleggjendum til að standa straum af kostnaði við eftirlit með starfsemi þeirra. Gjaldið rennur í ríkissjóð og er farið fram á ráðstöfun þess á móti áföllnum kostnaði í samræmi við lög. Fjármögnun tillögunnar er sett fram í fyrirliggjandi frumvarpi sem viðskiptahreyfing en á að vera greiðsla úr ríkissjóði og er gerð tillaga um það til leiðréttingar. Fjárveiting er hins vegar óbreytt.

190 Ýmis verkefni.

1.23 Slysavarnaskóli sjómanna. Gerð er tillaga um að Slysavarnafélagið Landsbjörg fái 7,4 m.kr. fjárveitingu til að standa straum af kostnaði við notkun þyrlna við æfingar Slysavarnaskóla sjómanna. Reikningar hafa safnast upp vegna þessara æfinga. Landhelgisgæslan hóf árið 1994 að innheimta hjá skólanum greiðslur fyrir notkun þyrlna við æfingar skólans en ekki hafði verið gert ráð fyrir þessum auknu útgjöldum vegna æfinganna.

211 Vegagerðin.

6.10 Nýframkvæmdir. Lögð er til 100 m.kr. hækkun á fjárveitingu til nýframkvæmda vegna verðhækkana á olíu. Um nokkurra ára skeið hefur gilt sú regla við útboð hjá Vegagerðinni að ekki eru greiddar verðbætur á verk sem taka styttri tíma en tvö ár. Verðsveiflur á aðföngum verktaka hafa ekki verið miklar og hefur þessi tilhögun því ekki sætt gagnrýni. Í júní sl. kom til framkvæmda breyting á þungaskattskerfinu sem leiddi til hækkunar á gjaldi vegna hluta þungra bíla. Miðað við notkun hjá verktökum almennt má reikna með að breytingin hafi leitt til hækkunar. Aðföng verktaka hafa einnig hækkað nokkuð á þessu ári en olían þó allra mest. Verð dísilolíu hækkaði um 77% frá júní 1999 til október 2000. Mjög veigamiklar ástæður þarf til að réttlæta breytingu á ákvæðum útboðsgagna, t.d. varðandi verðlagsákvæði, eftir að samningar eru gerðir en vegna þessara hækkana sem eru langt umfram það sem vænta mátti telst ekki hjá því komist að taka tillit til þeirra og hefur Vegagerðin sett nánari reglur um hvernig að útreikningi bóta skuli staðið.

335 Siglingastofnun Íslands.

6.70 Hafnamannvirki. Gerð er tillaga um 8 m.kr. aukafjárveitingu til að gera upp 8 m.kr. skuld Grenivíkurhafnar við Grýtubakkahrepp. Þegar Hafnasamlag Norðurlands var stofnað fyrir tæpum fjórum árum tók samgönguráðuneytið þátt í undirbúningsvinnu við það. Kom þá fljótlega í ljós að Grenivíkurhöfn skuldaði Grýtubakkahreppi rúmar 12 m.kr. og ákvað ráðuneytið að greiða ⅔ hluta skuldarinnar, eða 8 m.kr., til að liðka fyrir sameiningu og er þetta sú greiðsla.

512 Póst- og fjarskiptastofnunin.

1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin. Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. aukafjárveiting þar

sem álagning jöfnunargjalds vegna alþjónustu hófst ekki fyrr en um mitt ár 2000. Í frumvarpi til laga um jöfnunargjald á alþjónustu sem samþykkt var sem lög á vorþingi 2000 var áætlað að álagning jöfnunargjalds skilaði 20 m.kr. í tekjur á ári. Hins vegar öðluðust lögin ekki gildi fyrr en um mitt ár 2000 og því er ekki gert ráð fyrir nema 10 m.kr. í tekjur á árinu 2000. Neyðarlínan hf. hefur gert samning við dómsmálaráðuneytið um að veita alþjónustu og gerir ráð fyrir 20 m.kr. kostnaði við þjónustuna. Því er farið fram á 10 m.kr. fjárveitingu til verkefnisins í þetta eina skipti.

651 Ferðamálaráð.

1.11 Ferðamálasamtök landshluta. Gerð er tillaga um 3 m.kr. fjárveitingu til Upplýsingamiðstöðvar ferðamála í Leifsstöð en hún hefur síðan 1997 fengið 3 m.kr. framlag af fjárlögum. Þessi fjárveiting féll niður á fjárlögum 2000. Ferðamálasamtök Suðurnesja hafa séð um rekstur stöðvarinnar með samningi við Ferðamálaráð.

12 Viðskiptaráðuneyti

302 Löggildingarstofa.

6.01 Tæki og búnaður. Gerð er tillaga um 20,3 m.kr. aukafjárveitingu vegna stofnbúnaðar og innréttinga í nýju húsnæði Löggildingarstofunnar við Borgartún. Þá hefur kostnaður við sameign reynst meiri en gert var ráð fyrir í upphaflegri húslýsingu. Framlag þetta er til að mæta útgjöldum við breytingar á húsnæðinu sem framkvæmdar eru á vegum Fasteigna ríkissjóðs.

13 Hagstofa Íslands

101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa.

1.50 Þjóðskráin. Lagt er til að veitt verði 35 m.kr. viðbótarframlag til að mæta ófyrirséðum kostnaðarauka í rekstri Hagstofunnar sem er í fyrsta lagi tilkominn vegna gerðar nýs tölvukerfis þjóðskrár og fyrirtækjaskrár og breytinga eldri kerfa. Þessar breytingar reyndust flóknari og tímafrekari en áætlað var. Einnig hefur verið talið nauðsynlegt að vinna áfram að þróun og endurbótum á gerð nýs kjörskrárkerfis. Kostnaður af framantöldu umfram áætlanir nemur um 15 m.kr. á árunum 1999 og 2000. Í öðru lagi hefur breytingin valdið því að ráðgerð hagræðing af rekstri nýs kerfis skilaði sér ekki fyrr en á seinni hluta þessa árs. Við það urðu útgjöld Hagstofunnar um 10 m.kr. meiri en áætlað var. Í þriðja lagi hafa tekjur Hagstofunnar af afnota- og vinnslugjöldum þjóðskrár dregist saman og eru horfur á að þar muni um 10 m.kr. frá áætlun fjárlaga.

14 Umhverfisráðuneyti

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Gerð er tillaga um 3 m.kr. fjárveitingu vegna ýmissa ófyrirséðra útgjalda, svo sem lögfræðikostnaðar við héraðsdómsmál tveggja starfsmanna Landmælinga Íslands gegn íslenska ríkinu, öryggismála og sérfræðikostnaðar við umhverfismat.

210 Veiðistjóri.

1.01 Veiðistjóri. Lagt er til að embætti veiðistjóra verði veitt alls 10 m.kr. aukafjárveiting. Af fjárhæðinni er gert ráð fyrir að 4 m.kr. fari til þess að leysa uppsafnaðan vanda hundabús frá árunum 1998 og 1999, 3 m.kr. til endurgreiðslu vegna refaveiða og 3 m.kr. til endurgreiðslu vegna veiða á mink. Breyting var gerð á gjaldskrá þannig að verðlaun fyrir veidda minka vega meira en akstur og tímakaup. Þetta hafði þau áhrif að fleiri minkar voru veiddir en áður og er endurgreiðsla þegar komin um 2 m.kr. fram úr fjárveitingum og áætlað að rúmlega 1 m.kr. bætist við.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

801 Vaxtagjöld ríkissjóðs.

1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs. Lagt er til að fjárheimild vegna gjaldfærðra vaxta verði aukin um 500 m.kr. til viðbótar við það sem þegar hefur verið gert ráð fyrir í frumvarpinu og að greiðsluheimild verði aukin um 580 m.kr. Helsta breytingin frá fyrri áætlun er að við endurmat er nú talið að bæði gjaldfærðir og greiddir vextir af erlendum skammtímalánum verði um 330 m.kr. hærri á árinu. Stafar það af því að annars vegar hefur gengi helstu gjaldmiðla hækkað talsvert gagnvart íslensku krónunni og hins vegar hefur ekki reynst unnt að lækka stöðu á þessum skammtímalánum í eins miklum mæli og áformað var. Þá er af sömu ástæðum reiknað með að vextir af erlendum langtímalánum aukist um 130 m.kr. Breytingar á vaxtagjöldum af öðrum lánum eru minni og vega hver aðra upp.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið hér að framan og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 24. nóv. 2000.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Árni Johnsen.
Hjálmar Jónsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Arnbjörg Sveinsdóttir.

Kristján Pálsson.

341. Breytingartillögur [156. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2000.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, EOK, ArnbS, ÁJ, HjálmJ, ÍGP, KPál).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
00-101 Embætti forseta Íslands			
a. 1.01 Yfirstjórn	0,0	3,4	3,4
b. 1.81 Opinberar heimsóknir	0,0	11,6	11,6
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*15,0*	*15,0*
2. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
00-201 Alþingi			
a. 1.01 Alþingiskostnaður	0,0	13,0	13,0
b. 1.04 Alþjóðasamstarf	0,0	4,0	4,0
c. 1.07 Sérverkefni	0,0	13,0	13,0
d. 6.21 Fasteignir	0,0	83,0	83,0
e. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*113,0*	*113,0*

3. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.14 Ritun sögu Stjórnarráðsins	0,0	3,9	3,9
b. 1.52 Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	3,2	16,0	19,2
c. 1.53 Landafundanefnd	12,0	4,9	16,9
d. 1.90 Ýmis verkefni	8,0	2,0	10,0
4. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-201 Háskóli Íslands			
1.01 Kennsla	0,0	90,0	90,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*90,0*	*90,0*
5. Við **02-902 Þjóðminjasafn Íslands**			
1.10 Byggða- og minjasöfn	0,0	0,6	0,6
6. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-973 Þjóðleikhús			
1.01 Þjóðleikhús	0,0	66,0	66,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*66,0*	*66,0*
7. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands			
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	0,0	1,5	1,5
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*1,5*	*1,5*
8. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-985 Alþjóðleg samskipti			
1.91 Aðildargjöld ESB	0,0	10,2	10,2
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*10,2*	*10,2*
9. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-999 Ýmislegt			
1.43 Skriðuklaustur	0,0	4,7	4,7
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*4,7*	*4,7*
10. Við **03-190 Ýmis verkefni**			
1.14 Heimssýning í Hannover	20,0	18,0	38,0
11. Við **03-320 Sendiráð, almennt**			
6.21 Sendiráð Íslands í Berlín	0,0	23,0	23,0
12. Við **04-190 Ýmis verkefni**			
1.31 Skógræktarfélag Íslands	0,0	7,2	7,2
13. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
04-233 Yfirdýralæknir			
6.21 Fasteignir	0,0	5,5	5,5
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*5,5*	*5,5*
14. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
04-261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði			
1.01 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði	0,0	20,0	20,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*20,0*	*20,0*

15. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
04-343 Landshlutabundin skógrækt			
1.10 Suðurlandsskógar	0,0	5,7	5,7
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*5,7*	*5,7*
16. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
05-202 Hafrannsóknastofnunin			
1.30 Rannsóknaskip	0,0	7,7	7,7
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*7,7*	*7,7*
17. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
05-901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna			
1.30 Keldnaholt	0,0	6,0	6,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*6,0*	*6,0*
18. Við **06-251 Persónuvernd**			
1.01 Persónuvernd	17,6	5,0	22,6
19. Við **06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta**			
1.63 Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins	0,0	2,5	2,5
20. Við **07-302 Ríkissáttasemjari**			
1.01 Ríkissáttasemjari	0,0	8,0	8,0
21. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-400 Barnaverndarstofa			
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	0,0	5,3	5,3
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*5,3*	*5,3*
22. Við **07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**			
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	101,4	700,0	801,4
23. Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
a. 1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	0,0	7,6	7,6
b. 1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992	0,0	57,2	57,2
c. 1.31 Félagasamtök, styrkir	0,0	4,0	4,0
d. 1.44 Byrgið, líknarfélag	0,0	9,5	9,5
24. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
a. 1.15 Lyf	660,0	175,0	835,0
b. 1.31 Þjálfun	85,0	-30,0	55,0
c. 1.35 Tannlækningar	50,0	-25,0	25,0
25. Við **08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**			
6.50 Nýbygging	0,0	35,0	35,0
26. Við **08-371 Ríkisspítalar**			
1.01 Ríkisspítalar	56,9	-20,6	36,3
27. Við **08-373 Sjúkrahús í Reykjavík**			
1.01 Ýmis skipulags- og rekstrarverkefni	39,6	6,7	46,3
28. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær			
1.01 Hjúkrunarheimilið Skógarbær	0,0	5,1	5,1
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*5,1*	*5,1*

29. Við **08-495 Daggjaldastofnanir**			
1.12 Nýtt hjúkrunarheimili í Reykjavík	-206,0	-23,6	-229,6
30. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík			
1.01 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	0,0	20,6	20,6
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*20,6*	*20,6*
31. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-621 Forvarnasjóður			
a. 1.10 Áfengis- og vímuvarnaráð	0,0	1,3	1,3
b. 1.90 Forvarnasjóður	0,0	2,5	2,5
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*3,8*	*3,8*
32. Við **10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa**			
a. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*1,8*	*1,8*
b. *Viðskiptahreyfingar*	*1,8*	*-1,8*	*0,0*
33. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
10-190 Ýmis verkefni			
1.23 Slysavarnaskóli sjómanna	0,0	7,4	7,4
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*7,4*	*7,4*
34. Við **10-211 Vegagerðin**			
6.10 Nýframkvæmdir	400,0	100,0	500,0
Greitt úr ríkissjóði	*453,0*	*100,0*	*553,0*
35. Við **10-335 Siglingastofnun Íslands**			
6.70 Hafnamannvirki	60,0	8,0	68,0
36. Við **10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin**			
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin	10,0	10,0	20,0
37. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
10-651 Ferðamálaráð			
1.11 Ferðamálasamtök landshluta	0,0	3,0	3,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*3,0*	*3,0*
38. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
12-302 Löggildingarstofa			
6.01 Tæki og búnaður	0,0	20,3	20,3
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*20,3*	*20,3*
39. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa			
1.50 Þjóðskráin	0,0	35,0	35,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*35,0*	*35,0*
40. Við **14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Yfirstjórn	5,0	3,0	8,0
41. Við **14-210 Veiðistjóri**			
1.01 Veiðistjóri	1,5	10,0	11,5
42. Við **19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs**			
a. 1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	700,0	500,0	1.200,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*6.240,0*	*580,0*	*6.820,0*
c. *Viðskiptahreyfingar*	*-5.540,0*	*-80,0*	*-5.620,0*

342. Frumvarp til laga [300. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaganefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „tölvunefndar, sbr. lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.“ í 2. mgr. 24. gr. laganna kemur: persónuverndar, sbr. lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Greinargerð.

Á 125. þingi voru samþykkt lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000. Lög þessi munu taka gildi 1. janúar 2001 og leysa af hólmi lög nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Í 46. gr. laga nr. 77/2000 er ákvæði sem breytir ákvæðum í öðrum lögum þar sem vísað er til laga nr. 121/1989. Við breytingu á lyfjalögum, sbr. lög nr. 108/2000, bættist nýr málsliður við 2. mgr. 24. gr. lyfjalaga þar sem kveðið er á um að lyfsölum sé skylt að afhenda Tryggingastofnun ríkisins rafrænar upplýsingar um afgreiðslu lyfja, að fengnu samþykki tölvunefndar, sbr. lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Hér er lagt til að tilvísun 2. mgr. 24. gr. lyfjalaga til laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga verði breytt þannig að tilvísun til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga komi í staðinn enda munu lög nr. 121/1989 falla úr gildi 1. janúar nk.

Gert er ráð fyrir að breyting þessi taki gildi 1. janúar 2001 sem er í samræmi við gildistöku laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

343. Frumvarp til laga [301. mál]

um breytingu á lögum nr. 111/2000, um sjúklingatryggingu.

Frá heilbrigðis- og tryggingaganefnd.

1. gr.

Í stað orðsins „lánskjaravísitölu“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: vísitölu neysluverðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Greinargerð.

Við meðferð frumvarps þess sem varð að lögum nr. 111/2000, um sjúklingatryggingu, var í meðförum þingsins gerð sú breyting að viðmiðun í 2. mgr. 5. gr. laganna var breytt úr

neysluverðsvísitölu í lánskjaravísitölu. Hér er lagt til að þessu verði breytt aftur í það form sem var í upphaflega frumvarpinu, þ.e. að lánskjaravísitala breytist í neysluverðsvísitölu.

Lánskjaravísitala var reiknuð þar til í mars 1995 sem samsett vísitala. Síðast var hún reiknuð að jöfnu úr neyslu-, byggingar- og launavísitölu. Frá apríl 1995 var eingöngu farið að verðtryggja eftir neysluverðsvísitölu. Sett voru lög um vísitölu neysluverðs, nr. 12/1995, og vaxtalögum breytt á þann hátt að fjárskuldbindingar á sparifé og lánsfé væru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs. Gagnvart fjárskuldbindingum sem urðu til fyrir 1. apríl 1995 og tengdust lánskjaravísitölu skyldi reiknaður sérstakur stuðull (19,745) sem margfeldi af neysluverðsvísitölunni. Þessi stuðull gildir um lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem í gildi voru 1. apríl 1995, t.d. skaðabótalögin.

Lánskjaravísitalan hefur því ekki verið til frá mars 1995 og hefur hún ekki komið fyrir í lögum eftir þann tíma, fyrir utan lög um sjúklingatryggingu.

Með vísun til framangreinds er lagt til að þetta verði fært til rétts vegar.

Gert er ráð fyrir að breyting þessi taki gildi 1. janúar 2001 sem er í samræmi við gildistöku laga um sjúklingatryggingu.

344. Svar [230. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Árna Johnsen um eftirlitsmenn Fiskistofu.

1. *Hvað eru eftirlitsmenn Fiskistofu margir, hvar eiga þeir lögheimili og á hvaða aldri eru þeir?*

Veiðieftirlitsmenn Fiskistofu eru 29 talsins. Búsetu þeirra má sjá í töflu 1. Aldursskipting veiðieftirlitsmanna Fiskistofu er eins og sjá má í töflu 2.

Tafla 1.

Sveitarfélag	**Fjöldi**
Reykjavík	8
Kópavogur	6
Hafnarfjörður	4
Akureyri	2
Eyrarbakki	2
Akranes	1
Grindavík	1
Sandgerði	1
Grenivík	1
Ólafsvík	1
Keflavík	1
Garður	1
Samtals	**29**

Tafla 2.

Aldursbil	**Fjöldi**
21–30	1
31–40	3
41–50	10
51–60	10
61–70	5
Samtals	**29**

2. *Hvenær voru eftirlitsmenn ráðnir síðast? Hve margir sóttu þá um, hvar áttu þeir heima og hvað voru þeir gamlir?*

Eftirlitsmenn voru síðast ráðnir í september sl., en umsækjendur voru alls 36. Tafla 3 sýnir búsetu þeirra og tafla 4 aldursbil.

Tafla 3.

Sveitarfélag	Fjöldi umsókna	Sveitarfélag	Fjöldi umsókna
Noregur	1	Akranes	1
Reykjavík	8	Bolungarvík	1
Garðabær	1	Siglufjörður	1
Kópavogur	2	Hrísey	1
Mosfellsbær	3	Akureyri	5
Seltjarnarnes	1	Neskaupstaður	1
Garður	1	Eyrarbakki	2
Grindavík	2	Selfoss	1
Keflavík	2	Vestmannaeyjar	1
Sandgerði	1	**Samtals**	**36**

Tafla 4.

Aldursbil umsækjenda	Fjöldi
21–30	1
31–40	8
41–50	10
51–60	15
61–70	2
Samtals	**36**

3. Hverjir voru ráðnir, hvar áttu þeir heima og hvað voru þeir gamlir?

Tafla 5 sýnir þá umsækjendur sem voru ráðnir í stöður veiðieftirlitsmanna í september sl.:

Tafla 5.

Nafn	Sveitarfélag	Aldur
Helgi Ingvarsson	Eyrarbakki	50
Karl Einar Óskarsson	Sandgerði	37
Sigurpáll Sigurbjörnsson	Keflavík	42
Þórbergur Torfason	Kópavogur	46
Örn S. Hólm	Garður	37

4. Leggur Fiskistofa kapp á að velja menn sem eiga heima í Reykjavík eða nærri borginni?

Fiskistofa leggur ekki kapp á að ráða menn sem hafa búsetu í Reykjavík eða nærri höfuðborginni. Hins vegar er rétt að benda á að aðalskrifstofa Fiskistofu er í Reykjavík og þar þurfa veiðieftirlitsmenn í flestum tilfellum að mæta við upphaf og lok eftirlitsferða. Samræmingar- og skipulagsfundir eru haldnir þar reglulega og á þá fundi þurfa flestir eftirlitsmenn að mæta. Benda má á að tveir eftirlitsmenn Fiskistofu hafa starfsstöð á Akureyri og nú er unnið að ráðningu eftirlitsmanns sem mun hafa starfsstöð á Ísafirði.

5. Er það stefna Fiskistofu að ráða ekki menn yfir fertugsaldri í störf eftirlitsmanna?

Eins og fram kemur í töflu 5 hér að framan er það ekki stefna Fiskistofu að ráða ekki menn yfir fertugsaldri í störf eftirlitsmanna. Af þeim fimm sem ráðnir voru í september sl. eru þrír yfir fertugt og tveir 37 ára, en aðeins níu af þeim 36 sem sóttu um voru fertugir eða yngri. Aldurssamsetning eftirlitsmanna Fiskistofu er þannig að á aldursbilinu 21–40 ára eru aðeins fjórir, en 25 eftirlitsmenn eru á aldrinum 41–70 ára, sbr. töflu 2.

6. *Er það rétt að umsækjendum utan af landi hafi verið sagt að þeir eigi litla von um ráðningu vegna fjarlægðar frá Reykjavík?*

Það er fráleitt rétt að umsækjendum hafi verið sagt að þeir ættu litla von um ráðningu vegna þess að þeir byggju langt frá Reykjavík. Af þeim fimm eftirlitsmönnum sem ráðnir voru í september sl. er einungis einn búsettur á höfuðborgarsvæðinu og af 29 starfandi eftirlitsmönnum Fiskistofu eru 11 búsettir utan höfuðborgarsvæðisins, sbr. töflu 1.

345. Fyrirspurn [302. mál]

til fjármálaráðherra um uppgjör vegna innlausnar íbúða í félagslega íbúðakerfinu.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvað líður samningum við sveitarfélög eða samtök þeirra um uppgjör vegna innlausnar íbúða í félagslega íbúðakerfinu eins og kveðið er á um í heimildarákvæðum fjárlaga fyrir árið 2000?
2. Hve mikið fé hefur ríkissjóður ákveðið að leggja til þessa uppgjörs árið 2000?
3. Hve mikið fé hefur verið greitt til sveitarfélaganna samkvæmt þessari fjárlagaheimild árið 2000?

346. Fyrirspurn [303. mál]

til utanríkisráðherra um lausráðna starfsmenn varnarliðsins.

Frá Árna R. Árnasyni.

1. Hve margir starfsmenn varnarliðsins eru lausráðnir, hve hátt hlutfall eru þeir af heildarstarfsmannafjölda þess og hve lengi hafa þeir verið lausráðnir?
2. Hver er staða þeirra þegar kemur til fastráðningar?
3. Hver er staða þeirra sem hafa verið lausráðnir,
   a. um skamma hríð,
   b. lengur en þrjá mánuði,
   c. lengur en eitt ár,

   þegar kemur til fækkunar starfa eða annarra breytinga á starfsmannafjölda?
4. Hver er réttarstaða þeirra varðandi veikinda- og slysatryggingar, orlof, eingreiðslur vinnuveitenda, lífeyrisrétt, atvinnuleysisbætur og önnur vinnutengd réttindi?

347. Fyrirspurn [304. mál]

til iðnaðarráðherra um meistararéttindi byggingariðnaðarmanna.

Frá Árna R. Árnasyni.

1. Við hvaða reglur styðjast stjórnvöld um útgáfu meistarabréfa til þeirra byggingariðnaðarmanna sem luku meistaranámi og prófum samkvæmt fyrri ákvæðum laga þar um en hafa ekki fengið meistarabréf?
2. Hvaða leiðir eru þeim nú færar sem hafa lokið námi en ekki prófum undir fyrri ákvæðum nefndra laga til að taka nú próf og öðlast meistaraskírteini?
3. Hvaða leiðir eru þeim nú færar til að ljúka námi og prófum til meistaraskírteinis sem hafa hafið nám undir fyrri ákvæðum nefndra laga en ekki lokið því?

348. Fyrirspurn [305. mál]

til fjármálaráðherra um skattlagningu fríðinda.

Frá Árna R. Árnasyni.

1. Við hvaða reglur styðjast stjórnvöld um skattskyldu, framtal, álagningu og innheimtu skatta vegna fríðinda sem fyrirtæki veita starfsmönnum sínum með því að afhenda þeim á undirverði eða án greiðslu þá þjónustu sem þau selja öðrum gegn gjaldi?
2. Liggur fyrir í hagtölum um tekjur launamanna hve háum fjárhæðum þær tekjur starfsmanna sem þannig eru greiddar nema og hve hátt hlutfall þær eru af heildartekjum þeirra?
3. Liggur fyrir í greiningu tekjuskattsstofns hve háum fjárhæðum tekjuskattur af þessum tekjum nemur?

349. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Helga Jóhannesson frá samgönguráðuneytinu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heimilt verði að skrá kaupskip þurrleiguskráningu þegar skilyrðum laganna um eignarráð er ekki fullnægt en aðili, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna, hefur hins vegar umráð skipsins með samningi. Tilgangur frumvarpsins er að rýmka heimildir til að skrá kaupskip á íslenska skipaskrá og leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Jón Kristjánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Kristján L. Möller voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. nóv. 2000.

Árni Johnsen, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Lúðvík Bergvinsson.
Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Jón Bjarnason.	Guðmundur Hallvarðsson.

350. Svar [244. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um Kyoto-bókunina.

1. Hvaða ríki undirrituðu svonefnda Kyoto-bókun um loftslagsbreytingar árið 1997?

Kyoto-bókunin við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar var samþykkt samhljóða á þriðja þingi aðildarríkja rammasamningsins 11. desember 1997. Bókunin lá frammi til undirritunar í New York frá 16. mars 1998 til 15. mars 1999. Eftirtalin 84 ríki og ríkjasamband undirrituðu bókunina: Antígva og Barbúda, Argentína, Austurríki, Ástralía, Bandaríkin, Belgía, Bólivía, Brasilía, Bretland, Búlgaría, Chile, Cookeyjar, Danmörk, Egyptaland, Eistland, Ekvador, El Salvador, Evrópubandalagið, Filippseyjar, Finnland, Fídjieyjar, Frakkland, Grikkland, Gvatemala, Holland, Hondúras, Indónesía, Írland, Ísrael, Ítalía, Japan, Kanada, Kasakstan, Kína, Kostaríka, Króatía, Kúba, Lettland, Liechtenstein, Litháen, Lúxemborg, Malasía, Maldíveyjar, Malí, Malta, Marshalleyjar, Mexíkó, Míkrónesía, Mónakó, Niue, Níger, Níkaragva, Noregur, Nýja-Sjáland, Panama, Papúa, Paragvæ, Perú, Portúgal, Pólland, Rúmenía, Rússland, Salómonseyjar, Sambía, Samóa, Sankti Lúsía, Sankti Vinsent og Grenadíneyjar, Seychelleseyjar, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Suður-Kórea, Sviss, Svíþjóð, Taíland, Tékkland, Trínidad og Tóbagó, Túrkmenistan, Túvalú, Úkraína, Úrúgvæ, Úsbekistan, Víetnam og Þýskaland.

2. Hvaða ríki hafa nú staðfest þessa bókun?

Eftirtalin 30 ríki höfðu fullgilt eða gerst aðilar að Kyoto-bókuninni 20. nóvember 2000: Antígva og Barbúda, Aserbaídsjan, Bahamaeyjar, Barbadoseyjar, Bólivía, Ekvador, El Salvador, Fídjíeyjar, Georgía, Gínea, Gvatemala, Hondúras, Jamaíka, Kíribatí, Kýpur, Lesótó, Maldíveyjar, Mexíkó, Miðbaugs-Gínea, Míkrónesía, Mongólía, Niue, Níkaragva, Palau, Panama, Paragvæ, Trínidad og Tóbagó, Túrkmenistan, Túvalú og Úsbekistan. Bókunin öðlast gildi 90 dögum eftir að 55 ríki hafa fullgilt hana eða gerst aðilar að henni, enda séu þar á meðal iðnríki sem skráð eru í I. viðauka við rammasamninginn sem losuðu a.m.k. 55% af heildarkoldíoxíðslosun iðnríkja árið 1990.

351. Nefndarálit [216. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Gylfa Ástbjartsson og Árna Múla Jónasson frá Fiskistofu, Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um veiðieftirlitsgjald. Í fyrsta lagi er lagt til að fjárhæð gjalds vegna veiðiheimilda innan og utan lögsögu verði breytt til samræmis við áætlaðan kostnað Fiskistofu af veiðieftirliti. Í öðru lagi er lagt til að þegar skipi er úthlutað tilteknu aflamagni sem byggist ekki á hlutdeild taki gjaldið mið af úthlutuðu aflamagni en ekki lönduðum afla eins og núgildandi lög gera ráð fyrir. Einnig er í frumvarpinu lagt til að gjald fyrir veru eftirlitsmanna um borð í veiðiskipum verði hækkað og það verði einnig innheimt fyrir veru veiðieftirlitsmanns um borð í fiskiskipi samkvæmt sérstakri heimild í lögum.

Nefndin hefur fengið upplýsingar frá Fiskistofu um þær forsendur sem liggja til grundvallar gjaldtökunni og hvaða áhrif breytingar á henni munu hafa á einstaka skipaflokka. Hefur nefndin fjallað ítarlega um þann þátt málsins.

Til að bregðast við mikilli umræðu um brottkast afla hefur Fiskistofa fengið heimild ráðherra til að ráða fimm nýja veiðieftirlitsmenn og einnig verða fimm veiðieftirlitsmenn ráðnir frá og með næstu áramótum. Að mati nefndarinnar eru forsendur hækkunar veiðieftirlitsgjalds aukið veiðieftirlit eins og að framan greinir. Að öðru leyti hækkar gjaldið ekki í heild. Ljóst er þó að gjaldið mun hækka í einstökum skipaflokkum, en lækkar í öðrum. Breytingar á þorskígildisstuðlum valda því einnig að gjaldið dreifist með öðrum hætti á þessu ári en í fyrra.

Fram hefur komið að til er óformlegur samráðsvettvangur útvegsmanna og Fiskistofu þar sem rædd eru ýmis framkvæmdaratriði veiðieftirlits. Nefndin telur eðlilegt að á þeim vettvangi séu enn fremur ræddar þær forsendur sem liggja til grundvallar ákvörðun veiðieftirlitsgjalds hverju sinni. Slíkt samráð ætti að öðru jöfnu að tryggja að innheimta þess sé í samræmi við kostnað sem því er ætlað að mæta. Má þá hafa hliðsjón af því fyrirkomulagi varðandi álitsgjöf eftirlitsskyldra aðila og Fjármálaeftirlitsins sem mælt er fyrir um í 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. 7. og 17. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Talsmenn Landssambands íslenskra útvegsmanna eru hlynntir slíkri tilhögun.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt**.

Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Svanfríður Jónasdóttir, Jóhann Ársælsson og Guðjón A. Kristjánsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 23. nóv. 2000.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Guðmundur Hallvarðsson.
Hjálmar Árnason.	Vilhjálmur Egilsson.	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.
Svanfríður Jónasdóttir, með fyrirvara.		Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal I.

Fiskistofa.

Skipting veiðieftirlitsgjalds milli skipaflokka.

(23. nóvember 2000.)

Á fundi með sjávarútvegsnefnd Alþingis sl. þriðjudag var óskað eftir minnisblaði frá Fiskistofu um skiptingu veiðieftirlitsgjalds milli skipaflokka og upplýsingum um hvernig gjaldið breytist milli fiskveiðiáranna 1999/2000 og 2000/2001. Þessar upplýsingar hafa nú verið teknar saman.

Hér á eftir fer tafla þar sem borið er saman gjald á aflamark milli fiskveiðiáranna 1999/2000 og 2000/2001 eftir skipaflokkum og sýnd hlutfallsleg hækkun milli áranna. Rétt er að taka fram að samanburður milli ára skekkist nokkuð vegna millifærslna aflahlutdeilda milli skipaflokka. Allar fjárhæðir eru í millj. kr.

	1999/2000	2000/2001	Hækkun, %
Togarar	52,9	83,9	58,6
Bátar (yfir 15 m)	42,0	62,6	49,0
Smábátar (undir 15 m)	5,6	8,4	50,0
Króka- /þorskaflahámarksbátar	8,2	15,3	86,6
Sóknardagabátar	1,5	3,2	113,3
Samtals	110,2	173,4	57,3

Tekið skal fram að inni í þessum tölum eru áætlanir fyrir tegundir sem hefur ekki endanlega verið úthlutað og eru þær sérmerktar í yfirliti yfir tegundir hér á eftir.

Í ljós kemur að hlutfallsleg hækkun er mest í sóknardagabátum og skýrist hækkunin að miklu leyti af auknum afla þeirra á síðasta fiskveiðiári, en gjaldstofn sóknardagabáta er afli þessara báta á tímabilinu 1. ágúst 1999 til 31. júlí 2000.

Enn fremur var óskað eftir að skoðuð yrðu sérstaklega áhrif fyrirhugaðrar breytingar á veiðieftirlitsgjaldi á nótaveiðiflotann. Ákveðið var að skoða aflaheimildir og afla í þeim tegundum sem þessi skip veiða helst þar sem mörg skip sem stunda þessar veiðar eru fjölveiðiskip og stunda einnig aðrar veiðar. Niðurstaða þeirrar skoðunar sést í töflunni hér á eftir, allar fjárhæðir í krónum.

	1999/2000	2000/2001	Hækkun, %
Síld	2.904.000	2.798.400	-3,6
Loðna	10.787.150	9.819.840	-8,9
Norsk-íslensk síld		1.950.400	-
Kolmunni		3.083.328	-
Samtals	13.691.150	17.651.968	28,9

Heildarhækkun á aflamark ofangreindra tegunda er 28,9% sem er mun lægra en 57,3% hækkun heildargjaldsins á aflamark. Skýring þessa er sú að þorskígildisstuðull síldar og loðnu lækkaði verulega milli fiskveiðiáranna.

Segja má að fyrirhuguð hækkun á gjaldi á aflamark komi samkvæmt þessu betur út fyrir nótaveiðiflotann en aðra flokka flotans jafnvel þótt til komi ný gjaldtaka á norsk-íslenskri síld og á kolmunna.

Eftir fundinn barst ósk um yfirlit yfir skiptingu úthlutunar eftir tegundum, þ.e. bæði í magni og þorskígildistonnum og einnig hverjir væru þorskígildisstuðlar hverrar tegundar. Í eftirfarandi töflu birtast þessar upplýsingar.

	Úthlutun	Stuðull	Þorskígildi
Þorskur	154.538.352	1,00	154.538.352
Ýsa	22.379.938	1,15	25.736.928
Ufsi	24.059.457	0,50	12.029.729
Karfi	56.999.902	0,55	31.349.946
Úthafskarfi **	30.000.000	0,55	16.500.000
Steinbítur	8.869.411	0,65	5.765.117
Grálúða	18.399.997	1,65	30.359.995
Skarkoli	3.679.993	1,25	4.599.991
Þykkvalúra	1.287.994	1,20	1.545.593
Langlúra	1.012.000	0,70	708.400
Sandkoli	5.060.000	0,50	2.530.000
Skrápflúra	4.600.000	0,50	2.300.000
Síld	110.000.001	0,06	6.600.000
Loðna **	772.000.000	0,03	23.160.000
NÍ síld **	115.000.000	0,04	4.600.000
Kolmunni *	242.400.000	0,03	7.272.000
Humar	369.230	6,85	2.529.226
Úthafsrækja	20.000.000	0,90	18.000.000
Innfjarðarækja **	2.300.000	0,90	2.070.000
Hörpudiskur	9.300.000	0,30	2.790.000

* Ath. Ekki er til þorskígildisstuðull fyrir kolmunna og því er notaður sami stuðull og fyrir loðnu.

** Um er að ræða áætlaða úthlutun

Inn í þessar tölur vantar afla þorskaflahámarksbáta og sóknardagabáta, en afli þeirra á síðasta ári sem innheimt verður eftir nemur um 23.000 þorskígildistonnum.

Fylgiskjal II.

Fiskistofa:

Minnisblað vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald.

(20. nóvember 2000.)

Við ákvörðun veiðieftirlitsgjalds hefur Fiskistofa skilgreint hvað hún telji að sé veiðieftirlit og hvað tengist því og komist að eftirfarandi niðurstöðu:

Allt eftirlit með veiðum, veiðarfærum, löndun, vigtun, samsetningu, skráningu og flutningi afla. Enn fremur eftirfylgni brotamála, eftirlit með umframafla, álagning gjalds vegna ólögmæts sjávarafla og veiðileyfissviptingar. Þessu tengist síðan stjórnun eftirlitsmanna, yfirstjórn Fiskistofu, innheimta veiðieftirlitsgjalds, greiðsla launa og annar kostnaður sem af eftirlitinu leiðir, starfsmannamál vegna þeirra starfsmanna sem eftirlitinu tengjast, svo sem orlofsmál, fræðslumál og starfsmannasamtöl, útgáfa upplýsinga sem eftirlitið varðar og almenn upplýsingagjöf, rekstur og nýsmíði tölvukerfa vegna eftirlitsins og umsjón með tölvum og tölvubúnaði.

Því hefur kostnaður vegna veiðieftirlits einstakra sviða Fiskistofu verið skilgreindur sem hér segir:

Sjóeftirlitssvið: Kostnaður við almennt sjóeftirlit er tekinn inn að fullu, en ekki vegna eftirlits með fullvinnsluskipum eða veiðum skipa utan lögsögu.

Landeftirlitssvið: Landeftirlitssvið sinnir veiðieftirliti á landi og er kostnaður við það tekinn inn að fullu. Enn fremur hefur hér verið tekið tillit til rekstrarkostnaðar þeirra bifreiða sem veiðieftirlitið hefur til ráðstöfunar.

Fjármála- og rekstrarsvið: Fjármála- og rekstrarsvið sér um launaafgreiðslu og önnur mál sem að veiðieftirlitsmönnum sem og öðrum starfsmönnum snúa. Enn fremur sér sviðið um innheimtu veiðieftirlitsgjalds, greiðslu reikninga og bókhald vegna rekstrar. Eftir fjölgun veiðieftirlitsmanna verða þeir tæpur helmingur starfsmanna Fiskistofu. Því eru reiknuð 50% launakostnaðar sviðsins auk 30% annars kostnaðar inn í veiðieftirlitsgjald.

Rekstur húsnæðis: Við útreikning kostnaðar við rekstur húsnæðis vegna veiðieftirlits hefur verið miðað við 24% af heildarkostnaði við húsnæði Fiskistofu og er það áætlað út frá notkun eftirlitsins og tengdra verkefna.

Fiskveiðistjórnunarsvið: Í maí 1999 var nokkuð af verkefnum sem tengjast veiðieftirliti flutt af fiskveiðistjórnunarsviði yfir á lögfræðisvið, svo sem eftirfylgni brotamála og verkefni vegna afladagbóka. Það sem eftir stendur af verkefnum á fiskveiðistjórnunarsviði sem tengjast veiðieftirliti er eftirlit með skráningu afla. Í ljósi þessa er hlutfall kostnaðar vegna fiskveiðistjórnunarsviðs sem fellur undir veiðieftirlit lækkað frá síðasta ári úr 40% í 15%.

Lögfræðisvið: Við útreikning veiðieftirlitsgjalds er lögfræðisviði skipt í tvennt, rannsóknardeild annars vegar og aðrar deildir innan sviðsins hins vegar. Kostnaður við rannsóknardeild, sem sinnir svokölluðum bakreikningum fiskvinnsluhúsa til að finna „svartan afla", hefur verið tekinn að fullu inn í veiðieftirlitsgjaldið. Kostnaður vegna annarra deilda hefur ekki verið inni í útreikningum áður. Þær sinna ýmsum verkefnum sem tengjast veiðieftirliti og má þar nefna brotamál, eftirlit með umframafla og veiðileyfissviptingar. Í ljósi þessa hafa verið tekin 50% af kostnaði annarra deilda lögfræðisviðs inn í útreikning veiðieftirlitsgjalds.

Tölvusvið: Við útreikning á veiðieftirlitsgjaldi hafa verið tekin 20% af kostnaði tölvusviðs. Þar er um að ræða þjónustu við þær tölvur sem veiðieftirlit hefur til ráðstöfunar og við-

hald og skrif á nýjum kerfum vegna símakróks, útflutnings á afla, nýtingarkerfis fyrir fullvinnsluskip, afladagbókaeftirlits o.fl.

Ef tekið er tillit til þeirra þátta sem taldir eru upp hér að ofan lítur dæmið svona út:

Útreikningur veiðieftirlitsgjalds
(Allar fjárhæðir í millj. kr.)

Heiti	Áætlun 2001	% vegna veiðieftirlits	2001
Sjóeftirlitssvið			
– almennt sjóeftirlit	82,0	100	82,0
Landeftirlitssvið			
– almennt landeftirlit	61,2	100	61,2
– rekstur bifreiða	4,5	100	4,5
Fjármála- og rekstrarsvið			
– laun	32,0	50	16,0
– annað	11,1	30	3,3
Rekstur húsnæðis	18,0	24	4,3
Fiskveiðistjórnunarsvið	36,0	15	5,4
Lögfræðisvið			
– almennt	13,1	50	6,5
– rannsóknardeild	3,9	100	3,9
Tölvusvið	66,0	20	13,2
Samtals			200,3

Til að reikna gjald vegna úthlutaðra aflaheimilda þarf að draga frá þessari tölu tekjur af veiðileyfagjaldi, en það er áætlað um 38,8 millj. kr. Þá standa eftir um 161,5 millj. kr. sem gjald vegna aflaheimilda þarf að standa undir. Á yfirstandandi fiskveiðiári er áætlað að úthlutað verði 381.577 þorskígildistonnum. Ef þessum 381.577 tonnum er deilt upp í 161,5 millj. kr. fæst að gjald vegna aflaheimilda þarf að vera 424 kr. á hvert þorskígildistonn.

F.h. Fiskistofu,
Gylfi Ástbjartsson.

Fylgiskjal III.

Nefndarritari sjávarútvegsnefndar:

Minnisblað til sjávarútvegsnefndar.
(Nóvember 2000.)

Úttekt á samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og ákvæðum laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Í umræðum sjávarútvegsnefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald, hafa þær hugmyndir komið upp að hagsmunaaðilar hefðu vettvang til að koma sjónarmiðum sínum um grundvöll veiðieftirlitsgjalds á framfæri. Í því sambandi

hefur verið nefnt að hafa mætti hliðsjón af ákvæðum laga nr. 87/1998 og lögum nr. 99/1999. Þar er tilhögunin sú að þeir sem eftirlitið beinist að, eftirlitsskyldir aðilar, greiða allan kostnað við eftirlitið. Jafnframt er gert ráð fyrir því að eftirlitsskyldir aðilar hafi vettvang til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, m.a. vegna greiðslu kostnaðarins. Sjávarútvegsnefnd til kynningar verður hér á eftir vikið að helstu ákvæðum laga nr. 87/1998 og laga nr. 99/1999 þar að lútandi.

Í 7. gr. laga nr. 87/1998 segir:

„Sérstök samráðsnefnd sem skipuð er fulltrúum eftirlitsskyldra aðila skal starfa í tengslum við stofnunina [Fjármálaeftirlitið].

Stjórnendur Fjármálaeftirlitsins skulu eiga reglulega fundi með samráðsnefndinni. Samráðsnefndin hefur ekki ákvörðunarvald í málefnum Fjármálaeftirlitsins.

Nánar skal kveðið á um samráðsnefndina í reglugerð, meðal annars um skipan hennar."

Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 87/1998 segir í athugasemdum við 7. gr.:

„Eðlilegt þykir að hinir eftirlitsskyldu aðilar eigi formlegan vettvang til þess að geta komið á framfæri viðhorfum sínum til starfshátta og reksturs stofnunarinnar. Því er kveðið á um að fulltrúar eftirlitsskyldra aðila skipi sérstaka samráðsnefnd í þessu skyni. Í 16. gr. er gert ráð fyrir að nefndin gefi umsögn sína um kostnaðaráætlun stofnunarinnar og geti þannig komið sjónarmiðum sínum að. Rétt er að leggja áherslu á að þessari nefnd er ekki ætlað neitt ákvörðunarvald í málefnum stofnunarinnar.

Ekki er kveðið á um hvernig nefndin skuli skipuð en gengið út frá því að fulltrúar allra samtaka eftirlitsskyldra aðila eigi fulltrúa í nefndinni. Þar sem slík samtök eru breytingum háð er gert ráð fyrir að kveðið verði nánar á um skipan nefndarinnar í reglugerð."

Með lögum nr. 99/1999 var 16. gr. laga nr. 87/1998, sem vitnað er til hér að framan, breytt á þann veg að þau ákvæði 16. gr. sem fjölluðu um greiðslu eftirlitskostnaðar, m.a. álit samráðsnefndar, voru tekin upp í lög nr. 99/1999. Lögum nr. 87/1998 var jafnframt breytt með lögum nr. 11/2000 og varð 16. gr. þá að 17. gr.

Í 17. gr. laga nr. 87/1998 segir eftir framangreindar breytingar:

„Eftirlitsskyldir aðilar skulu standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins. Um greiðslu kostnaðar fer samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi."

Í 2. gr. laga nr. 99/1999 segir:

„Fyrir 15. september ár hvert skal Fjármálaeftirlitið gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila skv. 5. gr.

Skýrslu Fjármálaeftirlitsins skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs ásamt afgreiðslu stjórnar stofnunarinnar á því áliti. Til að samráðsnefndin geti gefið álit sitt skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 15. ágúst ár hvert senda henni upplýsingar um áætlað rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum.

Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta eftirlitsgjalds skal viðskiptaráðherra leggja frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi."

Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 99/1999 segir í athugasemdum við 2. gr.:

„Í þessari grein er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið áætli kostnað við rekstur næsta árs og áætli jafnframt á miðju ári rekstrarniðurstöðu yfirstandandi árs. Við álagningu næsta árs verði síðan tekið tillit til áætlaðrar niðurstöðu fyrir yfirstandandi ár.

Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið sendi viðskiptaráðherra rekstraráætlun og rökstuðning fyrir henni í sérstakri skýrslu. Þar verði jafnframt að finna umfjöllun um hvernig eftirlits-

starfsemin skiptist á einstaka flokka eftirlitsskyldra aðila þannig að lagt verði mat á það hvort hver flokkur eftirlitsskyldra aðila beri sanngjarnan hlut í rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins. Gert er ráð fyrir að mat þetta taki mið af reynslu liðinna ára, en ekki verkáætlunum eftirlitsins fyrir næsta ár.

Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta gjaldsins er gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra leggi til við Alþingi breytingar á lögunum. Ákvæði þetta á sér fyrirmynd í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald.“

352. Nefndarálit [156. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2000.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Enn á ný gera ríkisstjórnarflokkarnir tillögur um að stórauka ríkisútgjöldin, nú um 7,8 milljarða kr. á fjáraukalögum. Þar af eru tillögur um 5,7 milljarða kr. hækkun í frumvarpi til fjáraukalaga og breytingartillögur meiri hluta fjárlaganefndar um hækkun nema um 2,1 milljarði kr. Þrátt fyrir tillögur um svo mikla hækkun hefur meiri hlutinn ákveðið að láta þann vanda sem við blasir hjá heilbrigðisstofnunum bíða 3. umræðu um frumvarpið. Ef mið er tekið af greinargerð Ríkisendurskoðunar um áætlaða rekstrarstöðu heilbrigðisstofnana í árslok 2000 má búast við að ríkisútgjöldin aukist enn um a.m.k. rúmlega 600 milljónir kr.

Eitt megineinkenni frumvarpsins og breytingartillagna meiri hlutans er hvernig farið er á skjön við lög um fjárreiður ríkisins. Árið 1997 voru samþykkt ný lög um fjárreiður ríkisins sem fólu í sér ýmsar veigamiklar breytingar á framsetningu upplýsinga um fjárhagsstöðu ríkisaðila. Þar eru m.a. skýr ákvæði um hvernig standa skuli að frumvarpi til fjáraukalaga. Á árinu 1999 var í fyrsta skipti lagt fram frumvarp til fjáraukalaga eftir að fyrir lá ríkisreikningur sem gerður var samkvæmt fjárreiðulögunum. Þá benti minni hluti fjárlaganefndar á að í veigamiklum atriðum væri ekki farið eftir fjárreiðulögunum.

Ljóst er að í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2000 og í breytingartillögum meiri hlutans er enn haldið áfram á sömu braut þótt sjá megi þess merki að ekki sé jafn gróflega farið á svig við lagatextann og á síðasta ári. Fjármálaráðherra viðurkenndi í 1. umræðu um frumvarpið að ýmsir liðir þess ættu frekar heima í fjárlögum. Þrátt fyrir það eru engar tillögur í frumvarpinu dregnar til baka en þess í stað heldur bætt í af meiri hluta fjárlaganefndar.

Í 5. kafla fjárreiðulaganna er fjallað um frumvarp til fjáraukalaga. Þar segir í 44. gr.: „Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga.“ Öðrum óskum um breyttar fjárheimildir skal jafnan vísa til ákvörðunar Alþingis í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár.

Ljóst er að í frumvarpinu og breytingartillögum meiri hlutans er sótt um viðbótarfjárheimildir vegna atvika sem ekki falla undir ákvæði 44. gr. fjárreiðulaganna. Þetta er dæmi um sérkennilegt kæruleysi ríkisstjórnarinnar hvað varðar eðlileg vinnubrögð við stjórn ríkisfjármála.

Fleiri greinar fjárreiðulaganna eru því miður ekki virtar sem skildi. Í 33. gr. laganna segir: „Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi

enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga.“ Því miður eru afarfá dæmi þess í fjárlaganefnd að eftir þessum ákvæðum sé farið. Þess vegna skortir mjög á æskilega upplýsingagjöf til fjárlaganefndar og virðist ríkisstjórnin telja nægilegt að hafa aðeins samráð við meiri hluta nefndarinnar þótt ákvæði laganna séu mjög skýr.

Á síðasta ári gaf meiri hluti nefndarinnar fögur fyrirheit um breytt vinnubrögð og í nefndaráliti meiri hlutans um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1999 sagði: „Gerð verður krafa um að upplýsingar um rekstur stofnana miðað við fjárheimildir liggi fyrir mánaðarlega og að nauðsynlegt talnaefni úr launabókhaldi berist reglulega.“ Enn hefur ekki verið staðið við þessi fyrirheit.

Í mörgum tillögum frumvarpsins er verið að bæta uppsafnaðan halla fyrri ára þrátt fyrir að fjárreiðulögin geri ráð fyrir að slíkt sé gert í fjárlögum. Við afgreiðslu fjárlaga er brýn nauðsyn á að fyrir liggi áætluð fjárhagsstaða stofnana. Það eru óvönduð vinnubrögð að samþykkja fjárveitingu til stofnunar sem miðast við rekstur næsta árs án þess að taka tillit til stöðu hennar um áramót. Taka þarf á vanda stofnana strax. Tilgangslaust er að flytja skuldir stofnana yfir áramót ef ekki liggja fyrir raunhæfar áætlanir um að þær geti ráðið við vandann. Sama gildir um inneignir sem einnig þarf að yfirfara. Ekki er sjálfgefið að þær flytjist milli ára án athugunar. Nauðsynlegt er að við afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga liggi fyrir áætluð útkoma stofnana miðað við fjárheimildir þannig að ekki sé frestað að taka á vandamálum og beðið þess að í óefni sé komið.

Undanfarin ár hefur minni hlutinn bent ítrekað á hve allar áætlanir sem fjárlög byggjast á hafa staðist illa. Enn á ný kemur í ljós að forsendur fjárlaga standast ekki eins og sjá má í eftirfarandi töflu.

Þjóðhagsforsendur, breyting

	I Forsendur 2000	II Spá 2000	Frávik I / II
Einkaneysla	3	4,0	33,3%
Samneysla	2,5	3,5	40,0%
Fjárfesting	2,7	10,5	288,9%
Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga	2,8	5,1	82,1%
Útflutningur vöru og þjónustu	1,9	0,9	-52,6%
Innflutningur vöru og þjónustu	1,9	4,7	147,4%
Landsframleiðsla	2,9	3,7	27,6%
Vísitala neysluverðs	4,5	5,5	22,2%
Ráðstöfunartekjur á mann	5,9	6,9	16,9%
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	1,6	1,4	-12,5%

Ýmsar blikur eru á lofti í efnahagslífi þjóðarinnar og má m.a. nefna mikinn viðskiptahalla og stórauknar skuldir heimilanna. Viðskiptahallinn heldur áfram að aukast og samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar stefnir í að hann verði í árslok 2000 rúmir 54 milljarðar kr. eða 8% af landsframleiðslu. Á árinu 1999 nam hallinn 40,4 milljörðum kr. eða 6,5% af landsframleiðslu. Þá halda skuldir heimilanna áfram að aukast. Í lok ársins 1999 námu þær 510 milljörðum kr. en um mitt ár 2000 voru þær samkvæmt uppgjöri Seðlabankans 560 milljarðar kr. Hækkunin frá áramótum er því 50 milljarðar kr. eða um 10%. Hlutfallslega hafa skuldir

heimilanna við innlánsstofnanir hækkað mest á þessu tímabili eða um 23 milljarða kr. sem eru tæp 18%. Hægt hefur á hækkun skulda við Íbúðalánasjóð á fyrri hluta þessa árs miðað við undanfarin ár og nemur hækkunin frá áramótum 6%. Ef skuldir hækka í sama takti á síðari helmingi ársins og þeim fyrri munu þær verða rúmlega 600 milljarðar kr. í árslok og hækkunin yfir árið 15–20%. Gangi það eftir blasir við að hlutfall skulda af ráðstöfunartekjum aukist verulega.

Ljóst er að þetta fjáraukalagafrumvarp sýnir ekki nema hluta þess sem raunverulega hefur gerst hjá ríkisaðilum á árinu. Þó er margt áhugavert að sjá en það sem ekki sést er mun áhugaverðara. Ljóst er að t.d. heilbrigðismálin bíða 3. umræðu og ekki hefur verið gerð grein fyrir öðrum stórum málaflokkum.

Áður hefur verið minnst á þann vanda að allar forsendur fjárlaga virðast mjög ótraustar en því til viðbótar virðist áætlunargerð margra framkvæmda vera óraunhæf. Hér verða aðeins nefndar tvær framkvæmdir ársins í þessu samhengi. Annars vegar eru framkvæmdir við endurbætur Safnahússins við Hverfisgötu. Gert var ráð fyrir að heildarkostnaður ársins yrði 95 millj. kr. en nú er gert ráð fyrir að hann verði 100 millj. kr. hærri eða 195 millj. kr. Hins vegar má nefna framkvæmdir við innréttingar og kaup á búnaði í húsnæði Alþingis í Austurstræti 8–10 og 10A. Samkvæmt fjárlögum ársins 2000 eru 113 millj. kr. ætlaðar til þessara framkvæmda en samkvæmt breytingartillögum meiri hlutans vantar nú 83 millj. kr. til að ljúka þeim.

Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir á fundum fjárlaganefndar hafa ekki fengist fullnægjandi skýringar á þessum mikla mun á milli áætlana og stöðunnar nú. Því er nauðsynlegt að fram komi fullnægjandi skýringar á því hvað fór úrskeiðis í þessum tilvikum, hvernig eftirliti með framkvæmdunum var háttað og hvernig staðið var að ákvarðanatöku um framvindu þeirra.

Alþingi, 27. nóv. 2000.

Einar Már Sigurðarson, frsm. Gísli S. Einarsson. Össur Skarphéðinsson.

353. Nefndarálit [156. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2000.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Frumvarp til fjáraukalaga kemur nú til 2. umræðu við miklar óvissuaðstæður í efnahagsmálum. Gengi íslensku krónunnar hefur fallið umtalsvert þrátt fyrir mikil fjárútlát Seðlabankans til að verja krónuna stjórnlausu falli og ýmis fleiri merki jafnvægisleysis eru í íslenskum efnahagsmálum um þessar mundir. Af vettvangi kjaramála eru einnig slæmar fréttir. Allt er í hnút í kjaradeilu ríkisins og framhaldsskólakennara og engin lausn í sjónmáli þrátt fyrir nær þriggja vikna verkfall. Því er það engin furða að víða í þjóðfélaginu hafa menn miklar áhyggjur af stöðu mála. Flestir aðrir en ríkisstjórnin viðurkenna nú að hættumerkin í þróun efnahagsmála hafi blasað við í eitt og hálft til tvö ár og hægt hefði verið að bregðast við þeim þá. Þess í stað hefur ríkisstjórnin með forsætisráðherra og fjármálaráðherra í broddi fylkingar fullyrt að allt væri í stakasta lagi. Í þeirri sjálfsblekkingu hefur hún gert röð mistaka í hag-

stjórninni sem gerir ástandið enn verra og útlitið dekkra en þyrfti að vera ef réttum viðbrögðum hefði verið beitt.

Lagaumgjörð fjárlaganna.

Lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, kveða á um þá umgjörð sem sett er allri vinnu við gerð frumvarps til fjárlaga og ef nauðsyn krefur frumvarps til fjáraukalaga.

Í 21. gr. þeirra laga stendur:

„Frumvarp til fjárlaga skal samið með hliðsjón af þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar. Skulu áætlanir um tekjur og gjöld í frumvarpinu gerðar á sömu meginforsendum og þjóðhagsáætlun.

Fjárlagatillögum aðila í A-, B- og C-hluta skal skilað til viðkomandi ráðuneytis. Hvert ráðuneyti skal skila fjárlagatillögum til fjármálaráðuneytisins eftir nánari reglum sem settar eru í reglugerð.

Forsætisnefnd Alþingis gerir ár hvert tillögu um fjárveitingar til Alþingis og stofnana þess, samkvæmt ákvæðum þingskapa, innan þess frests sem almennt gildir, sbr. 3. mgr., og í samræmi við 2. mgr., og sendir forsætisráðherra."

Þegar fjárlög hafa verið samþykkt og afgreidd frá Alþingi bera forstöðumenn og stjórnir ríkisaðila ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir þeirra séu í samræmi við heimildir.

Nú getur ýmislegt breyst í tekjuöflun eða útgjöldum ríkisins og stofnana þess á heilu ári. Á því taka lögin um fjáreiður ríkisins einnig. Í 33. gr. stendur:

„Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga."

Í 44. gr. er kveðið nánar á um frumvarp til fjáraukalaga:

„Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga. Heimilda fyrir fjárráðstöfunum af þessu tagi, sem grípa þarf til eftir samþykkt fjáraukalaga, skal leitað í lokafjárlögum, sbr. 45. gr.

Öðrum óskum um breyttar heimildir til fjárráðstafana en getur í 1. mgr. skal jafnan vísað til ákvörðunar Alþingis í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár."

Fjáraukalög að vori.

Frumvarp til fjáraukalaga var lagt fram á Alþingi 19. október 2000. Síðan þá hefur fjárlaganefnd haft frumvarpið til meðferðar og fengið á sinn fund fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana sem bæði hafa lagt fram viðbótarbeiðnir og fært rök fyrir auknum fjárheimildum innan fjárlagaársins. Í langflestum tilvikum er hér um að ræða útgjöld sem hafa þegar verið innt af hendi eða framkvæmdarvaldið hefur skuldbundið sig til að greiða. Má þar nefna fjáraukalagabeiðnir heilbrigðisgeirans sem hafa ekki nema að litlu leyti verið afgreiddar. Þær bíða 3. umræðu en ljóst er að þar er um allverulegar upphæðir að ræða.

Eins og nú er háttað vinnulagi fjárlaganefndar fundar hún mjög stíft frá miðjum september til desember eða lokaafgreiðslu fjárlaga. Í annan tíma kemur hún ekki saman til að fjalla um tekjur og gjöld ríkisins. Í mesta lagi er haldinn einn kynningarfundur um stöðu ríkisfjármála, síðsumars, með afar takmörkuðum upplýsingum. Það hlytu að teljast eðlileg vinnbrögð að fjárlaganefnd starfaði reglulega allt árið. Þingið samþykkir lög fyrri hluta árs sem geta haft í för með sér fjárskuldbindingar innan sama árs sem þarf að taka afstöðu til. Ýmsar forsendur

geta einni breyst. Það hlýtur því að liggja beint við að fjárlaganefnd taki þau mál til meðferðar og leggi fram fjáraukalagafrumvarp sem yrði afgreitt fyrir þinglok að vori. Önnur fjáraukalög mætti afgreiða í byrjun október og síðan kæmu lokafjárlög. Með þessu gæti Alþingi stýrt útgjöldum og brugðist við breyttum forsendum og komið í veg fyrir að efnt yrði til útgjalda án heimildar þess nema í algjörum undantekningar- og neyðartilvikum eins og lög um fjárreiður ríkisins kveða á um.

Rangar áherslur.

Samkvæmt þeim tillögum sem nú liggja fyrir verða tekjur ríkissjóðs á árinu 225,4 milljarðar kr. en útgjöldin 201 milljarður kr. Tillögur um hækkun útgjalda frá fjárlögum nema nú samtals um 7,8 milljörðum kr. Endurskoðuð tekjuáætlun fyrir árið 2000 liggur enn ekki fyrir og líklegt er að aukist enn við gjaldahliðina. Niðurstöðutölur geta því átt eftir að breytast við 3. umræðu.

Fjárlaganefnd hefur enn mjög takmarkaða vitneskju um fjárhagsstöðu heilla málaflokka og fjölmargra stofnana sem grunur leikur á að séu í verulegri fjárhagsþröng. Þar má telja Ríkisútvarpið og allt framhaldsskólakerfið. Ljóst virðist að framkvæmdarvaldið hefur verið uppteknara af því að fella rekstur framhaldsskólanna inn í miðstýrð reiknilíkön en að efla og þróa menntunarstarfið sjálft, stöðu þess og markmið, og treysta bönd þess við fjölskyldulíf, atvinnuvegina og sitt nánasta umhverfi. Nægir að benda á mikið brottfall nemenda úr framhaldsskólum, en samkvæmt skýrslu Rauða kross Íslands frá síðasta vetri hætta um 45% framhaldsskólanema námi. Það er staðreynd að þúsundir ungs fólks verða að flytja að heiman til að sækja almennt framhaldsskólanám fjarri heimili sínu. Slík fjölskylduupplausn og mikið brottfall nemenda leiðir til ófyrirsjáanlegra félagslegra örðugleika og taps fyrir þjóðarbúið og framtíðarhagvöxt þess. Þessi vanræksla hins opinbera kristallast nú í stöðvun alls starfs á framhaldsskólastigi sem hvergi sér fyrir endann á. Með öðrum orðum, menntakerfið skortir heildarstefnu og fjármagn. Þar ríkir nú neyðarástand og hefði verið vel við hæfi að Alþingi bætti um í þessum fjáraukalögum.

Af einstökum liðum sem nú er gerð tillaga um vegur þyngst 700 millj. kr. framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem greiða á til þeirra sveitarfélaga sem eru verst sett vegna fólksfækkunar og tekumissis. Fjárhagsvandi sveitarfélaganna hefur lengi verið ljós, sérstaklega úti á landi, en samt hefur ekki verið brugðist við samþykkt fjárlaga fyrir yfirstandandi ár.

Í samskiptum ríkis og sveitarfélaga hefur mjög hallað á sveitarfélögin. Á sl. fimm árum, frá 1995 til 2000, hafa heildarskuldir ríkissjóðs lækkað úr tæpum 233 milljörðum kr. í 214 milljarða kr. í árslok 2000 eða um 20 milljarða kr.

Á sama tíma hefur skuldastaða sveitarfélaganna versnað, úr 35,5 milljörðum kr. í 50,5 milljarða kr., eða um 15 milljarða kr. Af þeirri upphæð eru um 7,5 milljarðar kr. aukning í erlendum lántökum. Þessi samtala segir þó ekki alla söguna því mörg sveitarfélög eru afar illa stæð og sum ættu jafnvel að vera komin í sérstaka meðferð félagsmálaráðuneytisins. Þær breytingar sem nú eru fyrirhugaðar á tekjustofnum sveitarfélaga á árinu 2001 duga engan veginn til að jafna mun á rekstrarábyrgð ríkis og sveitarfélaganna, hvað þá að taka á skuldum þeirra. Ríkisvaldið hefur með einhliða aðgerðum og lagasetningum reynt að spara gjöld á kostnað sveitarfélaganna. Því hefði verið nær að verja myndarlegum fjárhæðum til að lækka skuldir þeirra sveitarfélaga sem nú berjast í bökkum í stað þess að stilla þeim upp við vegg og bjóðast til að taka þeirra bestu eignir upp í skuldir.

Verði ekki tekið raunhæft á rekstrarvanda sveitarfélaganna, yfirfærðir til þeirra frekari tekjustofnar eða með því að ríkið komi inn í rekstur verkefna þeirra og felli niður skuldir sem er til komnar vegna byggðaröskunar og lélegra tekjumöguleika, munu þau á engan hátt verða

fær um að veita íbúum sínum samkeppnishæfa og lögboðna þjónustu og heilu byggðarlögin munu tæmast og búseta líða undir lok á stórum landsvæðum.

Æðsta stjórn ríkisins.

Af öðrum liðum í frumvarpinu er sérstök ástæða til að gera athugasemdir við beiðnir á fjáraukalögum til æðstu stjórnar ríkisins, forsetaembættisins og Alþingis, svo og til aðalskrifstofa einstakra ráðuneyta, en mikilvægt er að þessar stofnanir fylgi lögum um fjárreiður ríkisins ekki síður en aðrir. Ef nauðsynlegt er að veita þessum stofnunum fé til almenns rekstrar eða stofnkostnaðar á fjáraukalögum er eitthvað að, annaðhvort við fjárlagagerðina sjálfa eða stjórnun þessara stofnana nema hvort tveggja sé.

Árið 1999 var veitt á fjáraukalögum til æðstu stjórnar ríkisins 171,4 millj. kr. Í ár er gerð tillaga um 128 millj. kr. fjárveitingu.

Aðalskrifstofa forsætisráðuneytisins fékk 9,5 millj. kr. á fjáraukalögum 1999. Í ár er sótt um 12 millj. kr. viðbótarframlag til aukinna verkefna og fjölgunar starfsmanna. Aðalskrifstofa utanríkisráðuneytisins sækir um 50 millj. kr. á fjáraukalögum vegna uppsafnaðs kostnaðar frá fyrri árum og aukins rekstrarkostnaðar aðalskrifstofunnar.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti fara fram á samtals 20 millj. kr. vegna uppsafnaðs rekstrarvanda og aukins kostnaðar á aðalskrifstofu.

Hér eru ekki rakin mörg önnur tilvik um fjárútlát sem eru beint tilkomin vegna ákvörðunar einstakra ráðherra og eru hér afhent þinginu til staðfestingar, en tilgreind atriði eru dregin fram til að undirstrika mikilvægi þess að æðsta stjórn ríkisins og aðalskrifstofur ráðuneytanna fylgi þeim lögum sem sett eru um fjárreiður ríkisins.

Því er hér ítrekað mikilvægi þess að fjárlaganefnd fái útgjaldabeiðnir til meðferðar fyrir fram og Alþingi afgreiði fjáraukalög að vori og svo aftur að hausti. Aðeins þannig er unnt að bregðast við breyttum þörfum á þingræðislegan hátt og fylgja settum lögum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill aðrar áherslur.

Mikilvægt er að halda öflugri utanríkisþjónustu og styrkja sambönd við sem flestar þjóðir og með aukinni tækni í samskiptum ætti það að vera hægt í áföngum án stórra stökka í útgjöldum. Ákvarðanir í þeim efnum hljóta að miðast við að hægt sé að verja þar til hóflegum fjárhæðum á reglubundnum fjárlögum.

Sú ákvörðun að verja nú hartnær 1 milljarði kr. á fjáraukalögum til opnunar nýrra sendiráða er furðuleg forgangsröðun. Sú ákvörðun er köld kveðja til öryrkja sem verða að sætta sig við smánarlegar bætur í stað eðlilegra samfélagslauna. Það er köld kveðja til sveitarfélaga sem berjast í bökkum vegna gjaldþrota byggðastefnu stjórnvalda. Það er köld kveðja til nemenda framhaldsskólanna og fjölskyldna þeirra þar sem allt skólastarf er stöðvað og framtíð þess er í fullkominni óvissu, m.a. vegna fjárskorts.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fluttu fjölmargar breytingartillögur við bæði tekna- og gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2000 þegar það var afgreitt frá Alþingi í desember sl. Þær tillögur miðuðu að auknum jöfnuði í samfélaginu, auknum jöfnuði milli þjóðfélagshópa. Mikilvægt er að létta af þeirri spennu sem hefur magnast á síðustu árum vegna aukins teknamuns í þjóðfélaginu og kerfisbundinnar mismununar á lífskjörum fólks eftir búsetu. Öll slík mismunun leiðir af sér hættulega spennu og þenslu samfara röskun fjölskyldubanda, byggðar og atvinnulífs. Gegn þessu ójafnvægi verður að berjast með öllum tiltækum ráðum. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðu til að tekjum ríkisins yrði í auknum mæli varið til menntunar og rannsókna, að framlög til umhverfismála yrðu aukin og tekið yrði upp „grænt“ bókhald þegar meta skal arðsemi fjár í rekstri og fram-

kvæmdum. Í þessum stóru málaflokkum greinir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð á við stefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar um forgangsröðun, áherslur og pólitíska sýn.

Lokaorð.

Þetta frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2000 endurspeglar mikla spennu og þenslu í þjóðfélaginu og undirstrikar að ríkisstjórnin hefur lítil tök á þróun efnahagsmála. Einstakir ráðherrar beita sér fyrir ákveðnum gæluverkefnum sínum í stað þess að vinna út frá markaðri heildarstefnu í efnahagsmálum og fjármálum ríkisins.

Annar minni hluti lýsir fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni og meiri hlutanum vegna óvandaðrar vinnu við fjárlagagerðina, rangrar forgangsröðunar og mistaka í hagstjórn.

Þegar hafa verið teknar skuldbindandi ákvarðanir um meginhluta þess sem hér eru greidd atkvæði um.

Annar minni hluti og aðrir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. nóv. 2000.

Jón Bjarnason.

354. Nefndarálit [81. mál]

um frv. til l. um breyt. á Norðurlandasamningum um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð og um innheimtu meðlaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti. Umsagnir bárust frá Barnaverndarstofu og dómstólaráði.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að fullgilda fyrir Íslands hönd breytingar á tveimur Norðurlandasamningum, annars vegar samkomulag um breytingar á samningi um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð og hins vegar samkomulag um breytingu á samningi um innheimtu meðlaga. Jafnframt er lagt til að samningarnir fái lagagildi hér á landi þegar þeir öðlast gildi gagnvart Íslandi.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Alþingi, 24. nóv. 2000.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Ásta Möller.	Guðrún Ögmundsdóttir.
Katrín Fjeldsted.	Lúðvík Bergvinsson.	Ólafur Örn Haraldsson.

355. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Húnboga Þorsteinsson, Guðjón Bragason og Hermann Sæmundsson frá félagsmálaráðuneyti, frá Reykjavíkurborg Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Önnu Skúladóttur og Helgu Jónsdóttur, frá Hafnarfjarðarbæ Halldór Árnason og Magnús Gunnarsson, frá Kópavogsbæ Sigurð Geirdal, Flosa Eiríksson og Braga Michaelson, frá Akureyrarbæ Kristján Þór Júlíusson, Ásgeir Magnússon og Jakob Björnsson, frá Borgarfjarðarsveit Rikhard Brynjólfsson og frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi Þorvald Jóhannesson. Frá Ferðaþjónustu bænda kom Kolbrún Úlfsdóttir, frá Landssambandi veiðifélaga Óðinn Sigþórsson og Jónas Aðalsteinsson hrl., frá Ísafjarðarbæ Halldór Halldórsson, frá Öryrkjabandalagi Íslands Helgi Seljan og Garðar Sverrisson, frá Landssambandi eldri borgara Ólafur Ólafsson og frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Vilhjálmur H. Vilhjálmsson og Þórður Skúlason.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Ferðaþjónustu bænda, Akraneskaupstað, Skútustaðahreppi, Höfðahreppi, Húnaþingi vestra, Samtökum sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, Grindavíkurkaupstað, Hafnarfjarðarbæ, Holta- og Landsveit, Austur-Héraði, Húsavíkurkaupstað, Bændasamtökum Íslands, Dalvíkurbyggð, Fasteignamati ríkisins, Búðahreppi, Ísafjarðarbæ, Akureyrarbæ, Sveitarfélaginu Hornafirði, Sveitarfélaginu Skagafirði, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Íbúðalánasjóði, Samtökum ferðaþjónustunnar, Ásahreppi, Djúpárhreppi, Alþýðusambandi Íslands, Djúpavogshreppi, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjanesbæ, Öryrkjabandalagi Íslands, Norður-Héraði, Bandalagi háskólamanna, Mosfellsbæ, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Vopnafjarðarhreppi.

Frumvarpið er samið í samræmi við tillögur nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði 2. júní 1999 til að endurskoða ákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995. Þær breytingar eru lagðar til með frumvarpinu að heimild sveitarfélaga til útsvarsálagningar verði hækkuð í tveimur áföngum um samtals 0,99% til þess að mæta aukinni fjárþörf sveitarfélaganna og bæta fjárhagsstöðu þeirra. Einnig er gert ráð fyrir að miða álagningarstofn fasteignaskatts við fasteignamat til að tryggja að fasteignaskattur reiknist af því sem næst raunvirði fasteignar og jafna með því stöðu fasteignareigenda á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Þá er frumvarpinu jafnframt ætlað að tryggja að þau sveitarfélög sem verða fyrir tekjutapi vegna breytinganna á álagningarstofninum verði í sömu stöðu og áður með greiðslum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Jafnframt eru lagðar til breytingar til að jafna samkeppnisstöðu í ferðaþjónustu og eyða réttaróvissu vegna álagningar fasteignaskatts á hlunnindi og jarðeignir sem ekki eru nýttar til landbúnaðar. Er það gert í kjölfar dóma Hæstaréttar frá árinu 1999 um að mismunandi álagningarprósenta fasteignaskatts á jarðeignir og hlunnindi eftir notkun brjóti í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrár og álits samkeppnisráðs frá árinu 1998 um að það stríði gegn markmiðum samkeppnislaga að húseignir í samkeppnisrekstri á gistimarkaði greiði mismunandi hátt hlutfall af álagningarstofni fasteignaskatts þar sem í því felist að rekstraraðilum sé mismunað. Þá er áréttað að öll fiskeldismannvirki skuli skattlögð skv. b-lið 3. mgr. 3. gr. laganna.

Við umfjöllun ræddi nefndin sérstaklega málefni ferðaþjónustunnar á landsbyggðinni. Er það mat meiri hlutans að íhuga þurfi sérstaklega við frekari endurskoðun laganna hvort

sveitarfélögum skuli vera heimilt að lækka eða fella niður fasteignaskatt af gistiaðstöðu á landsbyggðinni sem sannanlega er eingöngu nýtt fáa mánuði ársins.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Í fyrsta lagi er lagt til að skatturinn skuli lagður á samkvæmt fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári en skv. 6. mgr. 3. gr. laganna fær hvert sveitarfélag fyrir 1. desember ár hvert skrá yfir álagningarstofn fasteignaskatts frá Fasteignamati ríkisins. Í ljós hefur komið að sum sveitarfélög hafa miðað álagningu sína við álagningarstofninn eins og hann er 1. desember en önnur við 1. janúar. Er ákveðinni dagsetningu ætlað að koma í veg fyrir mismunandi álagningu sveitarfélaganna. Í öðru lagi er tekinn af allur vafi um að eingöngu erfðafestulönd í dreifbýli skuli tilheyra álagningarstofni a-liðar 3. mgr. 3. gr. laganna. Í þriðja lagi er um að ræða viðbót við 13. gr. laganna þar sem heimild er veitt til greiðslu framlags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna stofnkostnaðar við vatnsveitu á vegum eigenda einstakra lögbýla þegar sveitarstjórn telur fjárhagslega óhagkvæmt að leggja vatnsveitu að þeim. Er breytingunni ætlað að tryggja stuðning við vatnsveituframkvæmdir á vegum einkaaðila í sveitum. Þá er gert ráð fyrir í tillögunni að Bændasamtök Íslands annist stjórnsýslu vegna meðferðar umsókna um framlögin þó að endanleg ákvörðun um heildarframlög verði tekin af félagsmálaráðherra að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Til að tryggja jafnræði er lagt til í ákvæði til bráðabirgða að unnt verði að styrkja vatnsveituframkvæmdir sem hófust á árunum 1999 og 2000.

Alþingi, 27. nóv. 2000.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Ólafur Örn Haraldsson.	Kristján Pálsson.
Drífa Hjartardóttir.		Jónína Bjartmarz.

356. Breytingartillögur [199. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar (ArnbS, ÓÖH, KPál, DrH, JBjart).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   1. og 2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
   Leggja skal árlega fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári, sbr. þó 5. gr.
   Stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.
2. Við 2. gr. Við greinina bætist nýr stafliður er orðist svo:
   a. Á eftir orðinu „erfðafestulönd“ kemur: í dreifbýli.
3. Á eftir 4. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Þar sem svo háttar til að hagkvæmara er að mati sveitarstjórnar að leggja vatnsveitu að einstökum bæjum í dreifbýli, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 81/1991, um vatnsveitur

sveitarfélaga, með síðari breytingum, er heimilt að greiða framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna stofnkostnaðar við vatnsveitu á vegum eigenda einstakra lögbýla. Heildarfjárhæð framlaga úr sjóðnum til framkvæmda á hverju ári skal ekki fara umfram 25 millj. kr. Stjórn Bændasamtaka Íslands gerir í lok hvers árs tillögur til félagsmálaráðuneytisins um framlög vegna einstakra framkvæmda á því ári á grundvelli reglugerðar sem ráðherra setur og annast greiðslur til framkvæmdaraðila.

4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

a. (V.)

Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. skal hámark útsvars skv. 1. mgr. 23. gr. tekjuárið 2001 vera 12,70%.

b. (VI.)

Þrátt fyrir lokamálslið 3. mgr. 13. gr. skal stjórn Bændasamtaka Íslands skila tillögum um framlög vegna framkvæmda á árunum 1999 og 2000 eigi síðar en 15. mars 2001.

357. Nefndarálit [200. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Húnboga Þorsteinsson, Guðjón Bragason og Hermann Sæmundsson frá félagsmálaráðuneyti, frá Reykjavíkurborg Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Önnu Skúladóttur og Helgu Jónsdóttur, frá Hafnarfjarðarbæ Halldór Árnason og Magnús Gunnarsson, frá Kópavogsbæ Sigurð Geirdal, Flosa Eiríksson og Braga Michaelson, frá Akureyrarbæ Kristján Þór Júlíusson, Ásgeir Magnússon og Jakob Björnsson, frá Borgarfjarðarsveit Rikhard Brynjólfsson og frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi Þorvald Jóhannesson.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Akraneskaupstað, Skútustaðahreppi, Húnaþingi vestra, Austur-Héraði, Húsavíkurkaupstað, Dalvíkurbyggð, Búðahreppi, Akureyrarbæ, Ísafjarðarbæ, Djúpárhreppi, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Sveitarfélaginu Skagafirði, Sveitarfélaginu Hornafirði, Djúpavogshreppi, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Norður-Héraði, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Stykkishólmsbæ og Vopnafjarðarhreppi.

Frumvarpið er lagt fram að tillögu nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði til að fjalla um endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995. Tilgangur þess er að samræma ákvæði laga um vatnsveitur sveitarfélaga þeim breytingum á álagningarstofni fasteignaskatts sem lagðar eru til með frumvarpi til laga um tekjustofna sveitarfélaga en þar er gert ráð fyrir að við álagningu fasteignaskatts verði miðað við fasteignamat húsa og mannvirkja. Í frumvarpi þessu er því lagt til að fasteignamat verði framvegis til viðmiðunar við álagningu vatnsgjalds. Þá er lögð til hækkun á hámarksálagningu vatnsgjalds til að vega á móti þeirri lækkun álagningarstofnsins sem breytingin mun óneitanlega hafa í för með sér. Í tillögum félagsmálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að hækkunin nemi 0,1 hundraðshluta af fasteignamati. Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga greinir að sú hækkun muni ekki duga til þess að vatnsveitur sveitarfélaganna verði jafnsettar og áður og leggur því meiri hluti nefndarinnar

til að hækkunin verði 0,2 hundraðshlutar af fasteignamati en sú hækkun mun duga vatnsveitum sveitarfélaganna.

Þá áréttar meiri hlutinn að vatnsgjald er þjónustugjald sem aldrei má vera hærri fjárhæð en sem nemur raunkostnaði af rekstri vatnsveitna, þ.e. öllum stofn- og rekstrarkostnaði og afskriftum fasteigna.

Leggur meiri hlutinn því til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað hlutfallstölunnar „0,4“ í c-lið komi: 0,5.

Alþingi, 27. nóv. 2000.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Ólafur Örn Haraldsson.	Kristján Pálsson.
Pétur H. Blöndal.	Drífa Hjartardóttir.	Jónína Bjartmarz.

Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara

358. Fyrirspurn [306. mál]

til heilbrigðisráðherra um byggingu heilsugæslustöðvar í Voga- og Heimahverfi.

Frá Ástu Möller.

Hvað líður áformum um byggingu heilsugæslustöðvar í Voga- og Heimahverfi?

359. Fyrirspurn [307. mál]

til dóms- og kirkjumálaráðherra um Jöfnunarsjóð sókna.

Frá Ástu Möller.

1. Hversu mikið fé hefur runnið til Jöfnunarsjóðs sókna árin 1987–2000, sbr. II. kafla laga um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987?
2. Hvernig hefur fjármunum sjóðsins verið varið árin 1987–2000?

Skriflegt svar óskast.

360. Fyrirspurn [308. mál]

til landbúnaðarráðherra um óðalsjarðir.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hve margar óðalsjarðir eru hér á landi, sundurliðað eftir sýslum?
2. Hvaða kvaðir hvíla á óðalsjörðum?
3. Hvernig eru óðalsjarðir skattlagðar?
4. Hve margar óðalsjarðir hafa verið leystar undan óðalsákvæðum jarðalaga, sundurliðað eftir sýslum?

Skriflegt svar óskast.

361. Fyrirspurn [309. mál]

til landbúnaðarráðherra um fyrirhugað laxeldi hér á landi.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hve margar umsóknir um laxeldi í kvíum liggja nú fyrir og hvenær og hvar hyggjast umsækjendur hefja þann rekstur?
2. Hve mikil framleiðsla er fyrirhuguð í heild hjá þessum stöðvum og hjá hverri þeirra um sig?

Skriflegt svar óskast.

362. Nefndarálit [200. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Í ljósi þess að vatnsgjald er lögum samkvæmt þjónustugjald lýsir minni hlutinn yfir andstöðu sinni við það að álagning þess skuli bundin tilteknum hundraðshluta af fasteignamati. Í ljós hefur komið að þessi hundraðshluti nægir ekki öllum sveitarfélögum til að standa undir kostnaði við veitta þjónustu, en jafnframt að önnur sveitarfélög nýta þetta hámark án tillits til kostnaðar. Þar með er gjaldið orðið skattur.

Ef vatnsgjaldið á að flokkast sem þjónustugjald sem eingöngu sé ætlað að standa straum af fyrrnefndum kostnaði sveitarfélaganna og megi því ekki fela í sér hærri álögur en sem honum nemur telur minni hlutinn eðlilegt að sú hámarksheimild sem sveitarfélögunum er sett við ákvörðun upphæða vatnsgjalds í lögum um vatnsveitur, nr. 81/1991, verði felld brott en með því munu tekjur sveitarfélaganna af vatnsgjaldi ávallt standa undir áðurnefndum kostnaði.

Leggur minni hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. C-liður greinarinnar orðist svo: Í stað orðanna „allt að 0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni“ í 4. mgr. kemur: stofnkostnaði og kostnaði af rekstri vatnsveitna.

Alþingi, 28. nóv. 2000.

Ásta R. Jóhannesdóttir, frsm. Guðrún Ögmundsdóttir.

363. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta félagsmálanefndar.

Stórfelld skuldasöfnun sveitarfélaganna hin síðari ár er staðreynd og langvarandi hallarekstur þeirra stafar einfaldlega af því að tekjur sveitarfélaga duga ekki til að standa undir kostnaði við lögbundin og eðlileg verkefni þeirra.

Í skýrslu tekjustofnanefndar sem félagsmálaráðherra skipaði 2. júní 1999 til að endurskoða ákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, segir m.a.: „Bókfærðar tekjur sveitarsjóðanna hafa aukist um 69% að raungildi frá árinu 1990. Á sama tíma hafa rekstrargjöld I (rekstur málaflokka ásamt gjaldfærðri fjárfestingu) aukist um 97%. Rekstrargjöld II (rekstrargjöld I að meðtöldum fjármagnsgjöldum) hafa á hinn bóginn aukist ívið meira eða um 97,4% að raungildi á tímabilinu.“

Þessi viðvarandi hallarekstur hefur leitt til stóraukinnar skuldasöfnunar, enda ljóst að framkvæmdir hafa að stærstum hluta verið fjármagnaðar með lánsfé. Þá hafa skattalagabreytingar síðustu ára vegið þungt í afkomu sveitarfélaganna og leitt til tekjurýrnunar sem nemur milljörðum króna á ári hverju. Fleira má nefna til sögunnar, svo sem nýleg lög og nýjar reglugerðir ríkisvaldsins sem hafa leitt til verulegrar útgjaldaaukningar sveitarfélaga án þess að tekjur hafi komið á móti. Má þar nefna aukin framlög í Atvinnuleysistryggingasjóð og til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, framlög til húsnæðismála og húsaleigubótakerfis. Einnig hafa búferlaflutningar haft íþyngjandi áhrif, bæði hjá þeim sveitarfélögum þar sem fólksfækkun hefur orðið og eðlilega leitt til tekjulækkunar og þeim sveitarfélögum þar sem fólksfjölgun hefur átt sér stað en þar hefur orðið umtalsverð útgjaldaaukning án þess að nægar tekjur hafi komið á móti.

Þær tillögur sem nú liggja fyrir svara ekki núverandi fjármagnsþörf sveitarfélaganna. Í þeim er gert ráð fyrir heimild sveitarfélaga til hækkunar útsvars um 0,99% á næstu tveimur

árum sem gæti aukið tekjur þeirra um 3.750 millj. kr. ef sú heimild yrði nýtt til fullnustu. Ríkissjóður mun að sama skapi aðeins lækka tekjuskatt um næstu áramót um 1.250 millj. kr. Við umræður í nefndinni kom í ljós að mörg sveitarfélög, meðal annars öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, hyggjast nýta sér þessa hækkun og hefur Samband íslenskra sveitarfélaga lýst því yfir við nefndina að það hvetji sveitarfélögin til þess. Augljóst er því að breytingarnar munu fyrst og fremst hafa í för með sér skattahækkun á suðvesturhorni landsins þar sem gera má ráð fyrir að lækkun fasteignaskatts á landsbyggðinni jafnist út á móti útsvarshækkun þar, nema hjá þeim sem eiga engar fasteignir, þannig að þar verður um beina skattahækkun að ræða.

Ef heimildir eru nýttar hjá sveitarfélögum á suðvesturhorni landsins, sem sum hafa safnað miklum skuldum, gæti það þýtt skattahækkanir í kringum 1,6 milljarða kr. á þessu 160.000 íbúa svæði. Það jafngildir nærri 10 þús. kr. hækkun á hvern íbúa að meðaltali á höfuðborgarsvæðinu.

Ljóst er að breytingin mun auka skattbyrði lágtekjufólks til muna, svo sem aldraðra og öryrkja, en í umsögn frá ÖBÍ segir: „Þróun skattleysismarka hefur verið á þann veg síðasta áratug að jafnvel þeir öryrkjar sem ekkert hafa nema bætur almannatrygginga eru farnir að greiða af þeim beinan skatt svo nemur tugum þúsunda á ári hverju.“ Einnig benda þeir á ýmsa frekari kjaraskerðingu hjá öryrkjum og segja: „Af þessum sökum er brýnna en nokkru sinni fyrr að létta skattbyrði af öryrkjum, hvort heldur það verður gert með því að hækka skattleysismörk verulega eða viðurkenna sérstöðu öryrkja með því að undanþiggja örorkulífeyri beinni skatttöku.“

Fyrsti minni hluti lýsir því allri ábyrgð á ríkisvaldið verði sveitarfélögin knúin til skattahækkana án þess að samsvarandi lækkun tekjuskatts komi á móti. Því tekur 1. minni hluti undir þá skoðun sveitarfélaganna að ríkið lækki tekjuskatt á móti til þess að ekki þurfi að koma til skattahækkana þar sem hér er um að ræða uppgjör milli ríkis og sveitarfélaga og ekki þýði að afhenda tékka sem enginn þori að innleysa.

Umsagnir flestra sveitarfélaga eru samhljóða þeim sjónarmiðum sem fram koma í breytingartillögu Samfylkingarinnar um að ríkið lækki tekjuskatt á móti útsvarshækkun, enda ríkissjóður vel aflögufær.

Í ályktun borgarstjórnar Reykjavíkur frá 16. nóvember sl. er samhljóða samþykkt: „Borgarráð skorar því á Alþingi að lækka tekjuskatt ríkisins á næstu tveimur árum til jafns við auknar heimildir sveitarfélaga til hækkunar útsvars, eða um 0,99%.“ Jafnframt kemur fram í ályktun bæjarstjórnar Kópavogs sem undirrituð er af öllum bæjarfulltrúum: „Bæjarstjórn Kópavogs skorar á Alþingi að afgreiða breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nú á haustþingi án þess að það hafi í för með sér almennar skattahækkanir á íbúa höfuðborgarsvæðisins. Það verður best gert með því að lækka tekjuskattsprósentuna jafnt og nemur hækkun á útsvarsprósentunni.“ Jafnframt er bent á brýna nauðsyn þess að framvegis hafi ríki og sveitarfélög stöðugt samráð sín á milli um fjármálaleg samskipti og lagafrumvörp og stjórnvaldsaðgerðir verði kostnaðarmetnar gagnvart sveitarfélögum áður en þau koma til framkvæmda.

Örar breytingar krefjast þess að tekjustofnar sveitarfélaga séu teknir reglulega til endurskoðunar og leggur 1. minni hluti því áherslu á að framhald verði á umræðu og vinnu við endurmat á tekjustofnum sveitarfélaga. Í ábendingum fjölmargra sveitarfélaga er bent á mikilvægi þess að breikka tekjustofna sveitarfélaga þannig að sveitarsjóðirnir hafi einnig tekjur af óbeinum sköttum og sköttum af umferð og að komið verði á frekari skattalegri tengingu á milli sveitarfélaga og afkomu atvinnufyrirtækja. Þessar ábendingar og fleiri af sama toga eru fyllilega þess virði að þær verði skoðaðar nánar í næstu framtíð.

Vegna stóraukinna umsvifa Jöfnunarsjóðs er nauðsynlegt að taka upp og endurskoða hlutverk og stefnu sjóðsins, en mörg sveitarfélög bentu á slíkt í umræðum um málið. Munu þingmenn Samfylkingarinnar hafa frumkvæði að tillögugerð í þá veru.

Hvað varðar breytingartillögu meiri hluta nefndarinnar að frumkvæði félagsmálaráðherra, um styrk úr Jöfnunarsjóði til vatnsveitu lögbýla, telur 1. minni hluti það mikilvægt að bændur eigi kost á hreinu og góðu vatni. Hins vegar var þetta verkefni landbúnaðarráðuneytisins og telur 1. minni hluti að svo eigi að vera áfram. Þá orkar einnig tvímælis að Bændasamtökin séu orðin ígildi sveitarfélags með sérstakri aðkomu að Jöfnunarsjóðnum. 1. minni hluti tekur undir álit Sambands íslenskra sveitarfélaga þess efnis að þetta verði ekki samþykkt þar sem verið sé að skapa varhugavert fordæmi hvað varðar ýmsar aðrar framkvæmdir einstaklinga sem sveitarfélög sinna ekki með beinum hætti.

Fyrsti minni hluti styður hins vegar þá breytingu að álagningarstofn fasteignaskatts verði fasteignamat. Það þýðir lækkaðar álögur fasteignaskatts nema á suðvesturhorni landsins en hefur engin áhrif á heildarafkomu sveitarfélaga í ljósi þess að ríkissjóður mun greiða þeim sveitarfélögum sem verða fyrir tekjulækkun það sem á vantar, 1,1 milljarð kr., í gegnum Jöfnunarsjóð.

Að samanlögðu er því málið vanreifað eins og það liggur fyrir. Meðan ekki liggur fyrir að breytingartillaga Samfylkingarinnar verði samþykkt, sem felur í sér að tekjuskattur lækki til jafns við auknar heimildir í útsvari, getur 1. minni hluti ekki staðið að samþykkt þessara auknu heimilda í útsvari. Að óbreyttu mun hún leiða til almennra skattahækkana á launafólk í landinu. Þá pólitísku ábyrgð verða ríkisstjórnin og stjórnarliðar að bera.

Fyrsti minni hluti er efnislega sammála auknu fjárhagslegu svigrúmi til handa sveitarsjóðum en telur óhjákvæmilegt annað en tekjuskattur ríkissjóðs lækki jafnmikið á móti. Þess vegna mun 1. minni hluti ekki greiða atkvæði um meginatriði frumvarpsins eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 28. nóv. 2000.

Guðrún Ögmundsdóttir, frsm. Ásta R. Jóhannesdóttir.

364. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta félagsmálanefndar.

Óhætt er að segja að niðurstöður svonefndrar tekjustofnanefndar sem skilað var í októbermánuði sl. hafi valdið miklum vonbrigðum. Sveitarstjórnarmenn um allt land höfðu bundið vonir við að nú yrði brotið í blað hvað varðar tekjuforsendur sveitarfélaganna og að þeim yrðu sköpuð skilyrði til að rækja skyldur sínar betur en þeim hefur verið kleift að undanförnu og standa undir lögboðinni þjónustu af meiri myndugleik. Óumdeilt er, eins og reyndar skýrslan dregur ágætlega fram, að fjárhagur sveitarfélaganna hefur verið bágborinn og í raun óviðunandi allan þennan áratug. Sveitarfélögin hafa verið rekin með halla á hverju einasta ári

frá og með árinu 1991. Af þessum sökum valda niðurstaða og tillögur tekjustofnanefndarinnar miklum vonbrigðum. Má fyrir því nefna þrjár meginástæður.

Í fyrsta lagi fela tillögurnar í sér alls ónógar aðgerðir til að rétta við afkomu sveitarfélaganna. Að mati margra þyrftu tekjur sveitarfélaganna að aukast um allt að tvöfalda þá fjárhæð sem ætlunin er að færa þeim með heimildum til hækkunar á útsvari samkvæmt þessu frumvarpi og tillögum tekjustofnanefndar sem ganga aftur í frumvarpinu.

Í öðru lagi höfðu menn víða gert sér vonir um að í væntum væri mun víðtækari og róttækari uppstokkun á tekjulegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem fælu þá m.a. í sér að tekjuforsendur eða tekjulegur grundvöllur sveitarfélaganna mundi breikka og styrkjast við að sveitarfélögin fengju hlutdeild í fleiri tekjustofnum. Á það hefur verið bent að nokkurs mismunar geti gætt á tímum hagsveiflna í tekjuforsendum ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaga hins vegar og sveitarfélögin nái seinna og í minna mæli til sín uppsveiflum ef t.d. tekjur aukast vegna aukinna umsvifa í þjóðfélaginu, aukins innflutnings o.s.frv. Vissulega má á móti segja að sveitarfélögin geti þá verið betur varin í niðursveiflum en eins og þetta hefur snúið að þeim að undanförnu hafa þau fyrst og fremst goldið ástandsins.

Í þriðja lagi kórónar svo allt saman að tillögurnar fela fyrst og fremst í sér að sveitarfélögunum er bent á þann möguleika til að drýgja tekjur sínar með skattahækkunum, sbr. það að ríkissjóður ætlar ekki að draga úr álagningu tekjuskatts á móti útsvarshækkun nema sem nemur þriðjungi. Óþarfi er að fara hér í löngu máli yfir þörfina á því að bæta tekjur sveitarfélaganna, óumdeilt er að til þeirra hafa færst útgjaldafrek verkefni og önnur ný komið til sögunnar á undanförnum árum með gildistöku ýmiss konar reglugerða og tilskipana sem fela í sér kvaðir á sveitarfélögin án þess að tekjulegar forsendur þeirra hafi batnað. Þetta endurspeglast vel í jafnt og þétt versnandi afkomu þeirra allan þennan áratug og vísast í því sambandi til fylgigagna í skýrslu tekjustofnanefndar, sem og tölfræðigagna á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem m.a. voru kynnt á fjármálaráðstefnu þeirra á dögunum.

Óvönduð vinnubrögð.

Óhjákvæmilegt er að fara nokkrum orðum um þær aðstæður sem félagsmálanefnd voru skapaðar til að vinna að þessu máli en allt of skammtur tími gafst til að fara nægilega vandlega ofan í saumana á ýmsum álitamálum sem þessu frumvarpi tengjast. Óhóflegur dráttur varð á því að tekjustofnanefnd skilaði tillögum en nefndin hafði verið að störfum allt frá því að hún var skipuð 2. júní 1999 til þess að hún skilaði áliti með bréfi, dags. 1. nóv. sl. Nokkuð var liðið af nóvember þegar frumvarpið komst til umræðu í Alþingi og til félagsmálanefndar en allt kapp var lagt á að afgreiða málið fyrir mánaðamót og eru vissulega fyrir því ákveðin rök. Næg er óvissa sveitarfélaganna samt um fjárhagsmálefni sín á næsta ári og reyndar með öllu óþolandi að svo skammur tími sé skammtaður, hvort heldur er félagsmálanefnd til að fara ofan í saumana á efni málsins eða sveitarfélögunum til að gera fjárhagsáætlanir sínar eins og um hnútana hefur verið búið. Ef allt hefði verið með felldu hefði álit tekjustofnanefndar og drög að frumvarpi í samræmi við það þurft að liggja fyrir síðsumars eða snemma í haust þannig að aðilar hefðu getað tekið mið af því.

Ýmis álitamál.

Óhjákvæmilegt er að nefna ýmis álitamál sem í meðförum félagsmálanefndar hafa komið fram í dagsljósið. Í umsögnum sveitarfélaga hafa komið margar góðar ábendingar sem lúta bæði að efni frumvarpsins og einnig að ýmsum framkvæmdaratriðum sem getur skipt miklu fyrir sveitarfélögin hvernig leyst verða af hendi. Almennt má segja að í umsögnum sem

nefndinni hafa borist gæti mikillar óánægju með niðurstöðuna sem stefnir í og nánast engir aðilar lýsi ánægju sinni með þetta sem varanlega og fullnægjandi úrlausn.

Sem dæmi um álitamál sem tengjast efni frumvarpsins sjálfs má nefna stöðu ýmissa aðila á landsbyggðinni sem nýta mannvirki sín til atvinnurekstrar lítinn hluta af árinu eða þá með mjög takmörkuðum og afmörkuðum hætti. Þannig barst nefndinni erindi frá samtökum í ferðaþjónustu og frá Ferðaþjónustu bænda sérstaklega þar sem farið var fram á að litið yrði til þeirrar sérstöku stöðu sem sá atvinnurekstur býr við, að nýting mannvirkja er nánast einskorðuð við sumarmánuðina. Óskað var eftir því að inn í lögin kæmi heimild til sveitarstjórna til að lækka eða fella niður fasteignagjöld af eignum í ferðaþjónustu þar sem svo háttar til. Ekki reyndist vilji til þess hjá meiri hlutanum að taka á þessu máli. Sömuleiðis komu forsvarsmenn veiðifélaga á fund nefndarinnar og fóru eindregið fram á að veiðihús, sem eingöngu væru notuð sem slík og nýtt lítinn hluta ársins, væru í eigu bænda og nátengd nýtingu hlunninda á bújörðum, yrðu áfram í A-flokki álagningar fasteignagjalda, þ.e. lægri gjaldflokki, sbr. 3. gr. laganna. Ekki var heldur fallist á að taka á þessu erindi að svo stöddu.

Þá bárust nefndinni fjölmargar athugasemdir og ábendingar sem varða framkvæmd málsins og þá einkum og sér í lagi það með hvaða hætti reglur Jöfnunarsjóðs, sem taka eiga á því að bæta sveitarfélögunum tekjutap vegna lægri álagningarstofns við innheimtu fasteignagjalda, verði. Ljóst er að eigi að ná því markmiði að bæta sveitarfélögunum að fullu þær tekjur sem þær hefðu ella haft af álagningu fasteignagjalda verður að vanda mjög til viðmiðunarreglu í því sambandi. Ekki er einboðið að heppilegasta viðmiðunin sé álagðar tekjur síðasta árs sem innheimtan var á þeim grunni. Fleiri en ein sveitarstjórn hafa bent á að vegna snöggrar hækkunar fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu hafi ýmsar sveitarstjórnir úti um land veigrað sér við að nýta álagningarheimildir að fullu í ljósi þess mikla ósamræmis sem var á álagningarstofninum annars vegar, sem tók mið af ört hækkandi fasteignaverði í Reykjavík, og raunveruleikanum á fasteignamarkaði í viðkomandi byggðarlagi hins vegar. Þetta viðhorf er skiljanlegt og hlýtur þá að þurfa að skoða með hvaða leiðum má reyna að leiðrétta fyrir slíkum frávikum, annaðhvort með því að leggja til grundvallar tekjurnar miðað við fulla álagningu eða horfa til lengri tíma: taka eitthvert árabil sem viðmiðun eða þar fram eftir götunum.

Þá má loks benda á að fram kom það sjónarmið að nauðsynlegt væri að tryggja að greiðslur á þessum grundvelli bærust frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á fyrri hluta árs í takt við það sem fasteignagjöld hefðu innheimst ella samkvæmt fyrra fyrirkomulagi. Þessi álitamál og mörg fleiri hefði félagsmálanefnd þurft að hafa meiri tíma til að skoða. Ef vel ætti að vera hefðu þurft að fylgja frumvörpunum fullbúin drög að reglugerðum þannig að skoða hefði mátt sem eina heild ákvæði laga og væntanlega útfærslu og framkvæmd, ekki síst meðferð fjármuna úr Jöfnunarsjóði. Almennt má segja að þessi málsmeðferð ætti að kenna mönnum að fagnefndir Alþingis þyrftu að vera miklu betur með á nótunum og hafa annað tveggja, nema hvort tveggja væri, mun meiri tíma til að skoða málin sjálfstætt og á eigin forsendum eftir að þau eru komin til Alþingis eða hitt að þær ættu aðild að eða gætu fylgst með undirbúningsstarfi af því tagi sem unnið var í tekjustofnanefnd. Það er hvorki samboðið virðingu Alþingis og metnaði fyrir hönd löggjafarstarfsins né heldur er það vönduðum vinnubrögðum til framdráttar að fagnefndum þingsins sé skammtaður tími sem mælist frekar í sólarhringum en vikum til að ljúka umfjöllun um stór og vandasöm mál af þessu tagi.

Niðurstaða 2. minni hluta er sú að hér sé eingöngu um að ræða afar takmarkaða úrlausn hvað varðar tekjuforsendur sveitarfélaga. Því miður er ekki í þessum breytingum fólgið neitt sem teiknar til betri tíðar hvað varðar samskipti ríkisvalds og sveitarfélaga. Ekki er um að

ræða þá heildarendurskoðun og uppstokkun á tekjulegum samskiptum þessara aðila sem menn bundu vonir við að væru í undirbúningi. Ekki er að finna í þessum tillögum eða niðurstöðum neinar nýjar leikreglur um þessi samskipti, svo sem um úrskurðarfarveg þegar deilumál rísa eða annað í þeim dúr. Aukinni tekjuþörf sveitarfélaga vegna verkefna og skyldna sem á þau hafa verið lögð á undanförnum árum er með þessu ekki mætt nema að hluta til. Utan við þessi mál og út af standa með öllu óútkljáð mál sem varða færslu grunnskólans yfir til sveitarfélaganna. Lögð er á það áhersla af hálfu talsmanna sveitarfélaganna að það mál sé enn til skoðunar og óuppgert þannig að hér er eingöngu verið að taka á uppsöfnuðum vanda sem stafar af öðrum verkefnum sveitarfélaga sem til þeirra hafa verið færð eða á herðar þeirra hafa verið lögð. Og að sjálfsögðu er ekki í þessu fólginn neinn undirbúningur fyrir framhaldið og mögulegan frekari verkefnatilflutning til sveitarfélaganna.

Í ljósi þess hvernig í pottinn er búið verður því að teljast eðlilegast að meiri hlutinn beri áfram ábyrgð á þessu máli og 2. minni hluti mun því ekki taka þátt í afgreiðslu málsins og sitja hjá. 2. minni hluti lýsir þeirri skoðun sinni að óhjákvæmilegt sé að vinna áfram að því að styrkja fjárhagsgrundvöll sveitarfélaganna og endurskoða fjármála- og samskiptagrundvöll ríkis og sveitarfélaga.

Alþingi, 28. nóv. 2000.

Steingrímur J. Sigfússon.

365. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bolla Þór Bollason, Björn Rúnar Guðmundsson, Ragnheiði Snorradóttur og Ólaf Pál Gunnarsson frá fjármálaráðuneyti, Þórð Skúlason og Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Halldór Björnsson og Rannveigu Sigurðardóttur frá Alþýðusambandi Íslands. Jafnframt bárust minnisblöð frá fjármálaráðuneyti og umsagnir um málið frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Reykjanesbæ, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Öryrkjabandalagi Íslands, Djúpavogshreppi, Alþýðusambandi Íslands, Seðlabanka Íslands, bæjarráði Siglufjarðar, Sveitarfélaginu Skagafirði, Búðahreppi, Eyþingi, Íbúðalánasjóði, Holta- og Landsveit, Skútustaðahreppi, Grindavíkurbæ, Austur-Héraði, bæjarráði Húsavíkur, Þjóðhagsstofnun, bæjarstjórn Seltjarnarness, Vopnafjarðarhreppi, Mosfellsbæ, Samtökum atvinnulífsins, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Dalvíkurbyggð.

Meiri hlutinn telur eðlilegt að skatthlutfall einstaklinga verði lækkað til að koma til móts við þá fyrirætlan að hækka heimild sveitarfélaga til útsvarsálagningar. Meiri hlutinn vekur jafnframt athygli á því að á sama tíma og skatthlutfall einstaklinga er lækkað vegna fyrirhugaðrar hækkunar á útsvarsheimild sveitarfélaga eru áform um hækkun barnabóta og lækkun fasteignaskatta. Þá kemur að auki til hækkun persónuafsláttar sem gerð var með lögum nr. 9/2000, um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Sé litið á þessar breytingar á skattkerfinu í heild sinni er ljóst að þær munu hafa þau áhrif að skattar lækka umtalsvert hjá töluverðum hópi skattgreiðenda.

Meiri hlutinn bendir á að þeir sem reka sveitarfélögin í landinu eru kjörnir fulltrúar íbúanna og bera ábyrgð gagnvart kjósendum sínum. Eðlilegt er að sem slíkir fái þeir svigrúm til að afla þeirra tekna sem þeir telja sig þurfa til að standa undir rekstri sveitarfélaganna.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 27. nóv. 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Kristinn H. Gunnarsson.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Gunnar Birgisson.	Hjálmar Árnason.

366. Frumvarp til fjáraukalaga [156. mál]

fyrir árið 2000.

(Eftir 2. umr., 28. nóv.)

Samhljóða þskj. 156 með þessum breytingum:

A-hluti.
Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

1. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2000, sbr. sundurliðun 1 og 2:

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Skatttekjur	**13.204,1**	**12.662,1**
Skattar á tekjur og hagnað	7.535,0	7.198,0
Tryggingagjöld	392,0	321,0
Eignarskattar	250,0	246,0
Skattar á vörur og þjónustu	4.958,1	4.828,1
Aðrir skattar	69,0	69,0
Aðrar rekstrartekjur	1.872,0	1.577,0
Sala eigna	400,0	400,0
Fjármagnstilfærslur	-50,0	-50,0
Tekjur samtals	**15.426,1**	**14.589,1**
Æðsta stjórn ríkisins	128,0	128,0
Forsætisráðuneyti	127,0	127,0
Menntamálaráðuneyti	455,5	455,5
Utanríkisráðuneyti	1.156,0	1.156,0
Landbúnaðarráðuneyti	200,6	200,6

Sjávarútvegsráðuneyti	-68,0	-68,0
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	270,0	270,0
Félagsmálaráðuneyti	378,4	370,4
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.733,3	1.733,3
Fjármálaráðuneyti	1.058,0	1.058,0
Samgönguráðuneyti	690,2	868,2
Iðnaðarráðuneyti	192,0	192,0
Viðskiptaráðuneyti	43,6	43,6
Hagstofa Íslands	35,0	35,0
Umhverfisráðuneyti	187,0	187,0
Vaxtagjöld ríkissjóðs	1.200,0	6.820,0
Gjöld samtals	**7.786,6**	**13.576,6**
Tekjujöfnuður	**7.639,5**	

A-hluti.
Sjóðstreymi ríkissjóðs.

2. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2000:

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	7.639,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-6.360,0
Fjárheimildir sem ekki leiða til gjaldfærslu í reikninga ársins	-144,5
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur (breyting)	-4.940,0
Viðskiptaskuldir (breyting)	60,1
Handbært fé frá rekstri	**-3.744,9**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	6.524,0
Veitt löng lán	887,0
Afborganir veittra lána	340,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	50,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	350,0
Fjármunahreyfingar samtals	**8.151,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**4.406,1**
Fjármögnun	
Tekin löng lán	11.000,0
Afborganir lána	-7.400,0
Fjármögnun samtals	**3.600,0**

Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins ..... -5.000,0

Breyting á handbæru fé **3.006,1**

Sundurliðun 2
Fjármál ríkisaðila í A-hluta.

Eftirtaldir liðir í sundurliðun 2, **fjármál ríkisaðila í A-hluta**, breytast eða bætast við og hljóða svo:

m.kr.

00-101 Embætti forseta Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 3,4
1.81 Opinberar heimsóknir 11,6
Almennur rekstur samtals 15,0

Gjöld samtals **15,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:
1.01 Alþingiskostnaður 13,0
1.04 Alþjóðasamstarf 4,0
1.07 Sérverkefni 13,0
Almennur rekstur samtals 30,0

Stofnkostnaður:
6.21 Fasteignir 83,0

Gjöld samtals **113,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 113,0

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.14 Ritun sögu Stjórnarráðsins 3,9
1.23 Hrafnseyri 6,0
1.52 Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku 19,2
1.53 Landafundanefnd 16,9

1.55 Íslenskt bókasafn við háskólann í Manitoba, Kanada	10,0
1.90 Ýmis verkefni	10,0
Almennur rekstur samtals	66,0
Gjöld samtals	**66,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	66,0

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	90,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	90,0

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðminjasafn Íslands	69,0
1.10 Byggða- og minjasöfn	0,6
Almennur rekstur samtals	69,6
Gjöld samtals	**69,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	69,6

02-973 Þjóðleikhús

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðleikhús	66,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	66,0

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	1,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,5

02-985 Alþjóðleg samskipti

Almennur rekstur:	
1.91 Aðildargjöld ESB	10,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,2

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.43 Skriðuklaustur	4,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,7

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.14 Heimssýning í Hannover	38,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	38,0

03-320 Sendiráð, almennt

Stofnkostnaður:	
6.21 Sendiráð Íslands í Berlín	23,0
6.26 Sendiráð Íslands í Ottawa	110,0
6.27 Sendiráð Íslands í Tókíó	800,0
6.90 Tæki og búnaður	48,0
Stofnkostnaður samtals	981,0
Gjöld samtals	**981,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	981,0

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.31 Skógræktarfélag Íslands	7,2
1.90 Ýmis verkefni	23,8
Almennur rekstur samtals	31,0
Gjöld samtals	**31,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 31,0

04-233 Yfirdýralæknir

Stofnkostnaður:
6.21 Fasteignir 5,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,5

04-261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði 20,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,0

04-343 Landshlutabundin skógrækt

Almennur rekstur:
1.10 Suðurlandsskógar 5,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,7

05-202 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:
1.30 Rannsóknaskip 7,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,7

05-901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Almennur rekstur:
1.30 Keldnaholt 6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

06-251 Persónuvernd

Almennur rekstur:	
1.01 Persónuvernd	22,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	12,0
Gjöld samtals	**34,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	34,6

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður	3,6
1.63 Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins	2,5
Almennur rekstur samtals	6,1
Gjöld samtals	**6,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,1

07-302 Ríkissáttasemjari

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkissáttasemjari	8,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	17,0
Gjöld samtals	**25,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,0

07-400 Barnaverndarstofa

Almennur rekstur:	
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	5,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,3

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 801,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 801,4

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga 7,6
1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992 57,2
1.31 Félagasamtök, styrkir 4,0
1.44 Byrgið, líknarfélag 9,5
1.90 Ýmis framlög 3,0
Almennur rekstur samtals 81,3

Gjöld samtals **81,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 81,3

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:
1.11 Lækniskostnaður 410,0
1.15 Lyf 835,0
1.21 Hjálpartæki 97,3
1.31 Þjálfun 55,0
1.35 Tannlækningar 25,0
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands ..... -30,0
1.45 Brýn meðferð erlendis 125,0
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis 50,0
1.55 Sjúkradagpeningar ..... -15,0
1.91 Annað 25,0
Almennur rekstur samtals 1.577,3

Gjöld samtals **1.577,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.577,3

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri 3,5

Stofnkostnaður:
6.50 Nýbygging 35,0

Gjöld samtals **38,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,5

08-371 Ríkisspítalar

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisspítalar 36,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 36,3

08-373 Sjúkrahús í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Ýmis skipulags- og rekstrarverkefni 46,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 46,3

08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Skógarbær 5,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,1

08-495 Daggjaldastofnanir

Almennur rekstur:	
1.12 Nýtt hjúkrunarheimili í Reykjavík	-229,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-229,6

08-510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	20,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,6

08-621 Forvarnasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Áfengis- og vímuvarnaráð	1,3
1.90 Forvarnasjóður	2,5
Almennur rekstur samtals	3,8
Gjöld samtals	**3,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,8

10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	1,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,8

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.23 Slysavarnaskóli sjómanna	7,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,4

10-211 Vegagerðin

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 3,0
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa ..... -128,0
Almennur rekstur samtals ..... -125,0

Stofnkostnaður:
6.10 Nýframkvæmdir 500,0

Gjöld samtals **375,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 553,0
Viðskiptahreyfingar ..... -178,0

10-335 Siglingastofnun Íslands

Stofnkostnaður:
6.70 Hafnamannvirki 68,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 68,0

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin 20,0
1.11 Rekstur strandarstöðva 215,0
Almennur rekstur samtals 235,0

Gjöld samtals **235,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 235,0

10-651 Ferðamálaráð

Almennur rekstur:
1.11 Ferðamálasamtök landshluta 3,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,0

12-302 Löggildingarstofa

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 20,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,3

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.50 Þjóðskráin 35,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 35,0

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

14-210 Veiðistjóri

Almennur rekstur:
1.01 Veiðistjóri 11,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11,5

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs 1.200,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6.820,0
Viðskiptahreyfingar ..... -5.620,0

367. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Afgreiðsla ríkisstjórnarinnar á fjárhagshagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga er í skötulíki. Því fer fjarri að sveitarfélögunum sé með eðlilegum hætti bætt upp það tekjutap sem þau hafa orðið fyrir á umliðnum árum. Viðurkennt var í tekjustofnanefndinni að sveitarfélögin hefðu orðið fyrir 6–7 milljarða kr. tekjutapi vegna þess að nægjanlegt fjármagn hefur ekki fylgt verkefnaflutningum frá ríki til sveitarfélaga og vegna ýmissa skattalagabreytinga sem hafa verulega rýrt tekjur sveitarfélaganna.

Aðferð ríkisstjórninnar við að bæta sveitarfélögunum þar sem á hefur hallað í samskiptum ríkis og sveitarfélaga birtist í þessu frumvarpi þar sem ríkisvaldið ætlar aðeins að lækka tekjur sínar í staðgreiðslunni um 0,33% eða 1.250 millj. kr. en heimila sveitarfélögunum útsvarshækkun sem nemur 0,99%, þ.e. 3.750 millj. kr. Álagningarstofn fasteignaskatts verður fasteignamat, en það hefur áhrif til lækkunar á fasteignaskatti og vegur að verulegu leyti upp útsvarshækkun á fólk á landsbyggðinni, þ.e. þá sem eiga fasteignir.

Ríkisstjórnin er því með ákvörðun sinni fyrst og fremst að knýja fram aukna skattbyrði, ekki síst á íbúa höfuðborgarsvæðisins, þar sem tekjuskattslækkunin vegur aðeins þriðjung af þeirri hækkun sem heimiluð er á útsvari á næstu tveimur árum. Auknar skattaálögur á Reykvíkinga vegna þessarar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar geta því orðið 1.040 millj. kr. hrein útsvarshækkun. Þessi almenna skattahækkun sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar stendur fyrir mun því bitna harðast á íbúum höfuðborgarsvæðisins, en Þjóðhagsstofnun hefur reiknað út að skattar einstaklinga í heild hækki um 1,3 milljarða kr. á næsta ári.

Ljóst er að þær skattahækkanir sem ríkisstjórnin beitir sér nú fyrir munu koma afar illa við heimilin í landinu. Auk þess munu þær ógna þeim forsendum sem nýlegir kjarasamningar byggjast á.

Nefndin fékk útreikninga frá fjármálaráðuneytinu á áhrifum skattahækkana á einstaka tekjuhópa. Einnig hefur ASÍ metið áhrif skattahækkana út frá nýgerðum kjarasamningum og óskaði forusta ASÍ eftir sérstökum fundi með efnahags- og viðskiptanefnd un málið. Í gögnum sem þar voru lögð fram kemur fram sú skoðun ASÍ að skattahækkunin grafi undan forsendum kjarasamninga og að verði fyrirætlanir stjórnvalda í útsvars- og skattamálum að veruleika þyngist skattbyrði launafólks og markmið kjarasamninga á almennum vinnumarkaði fjarlægist. Sem dæmi um afleiðingar fyrirhugaðra breytinga nefnir forusta ASÍ að árið 2003 hyrfi rétt tæplega fjórðungur af almennum launahækkunum þessa árs í skattahækkunina eina. Orðrétt segir í umsögn ASÍ, dags. 27. nóvember, „Verði ekki gripið til annarra ráðstafana er einnig ljóst að ríkisstjórnin mun ganga á bak orða sinna um þróun skattleysismarka sem gefin voru í yfirlýsingu hennar 10. mars sl. í tengslum við kjarasamninga.“ Þrátt fyrir að afleiðingar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um skattahækkun séu þær, eins og varaformaður ASÍ orðaði það á fundinum, að forsendur kjarasamninga séu á mörkum þess að bresta var málið knúið út úr nefndinni gegn vilja minni hlutans. Óskum hans um að málið yrði skoðað frekar í nefndinni í samhengi við nýgerða kjarasamninga í ljósi nýrra gagna frá ASÍ var hafnað.

Enn á ný birtist valdhroki meiri hlutans sem lætur sig greinilega engu varða þótt nýgerðum kjarasamningum sé stefnt í uppnám og ríkisstjórnin gangi bak orða sinna um þróun skattleysismarka sem sett voru fram 10. mars sl. til að greiða fyrir kjarasamningum.

Útreikningar ASÍ sýna að áhrifin á ráðstöfunartekjur, að teknu tilliti til umsaminna launahækkana, munu éta upp sem svarar eins og hálfs mánaðar launahækkun, sem fékkst í nýgerðum kjarasamningum, eða um 7.200 kr. á ári hjá þeim sem hafa 70 þús. kr. mánaðartekjur þegar skattahækkunin er að fullu komin til framkvæmda.

Hjá launþega sem hefur 110 þús. kr. á mánuði mun sem svarar tæplega þriggja mánaða launahækkun hverfa í skattahækkanir, eða um 9.868 kr. á ári þegar skattahækkunin er að fullu komin til framkvæmda.

Í umsögn ASÍ kemur fram að skattbyrði launafólks þyngist ekki aðeins beint vegna skattahækkunarinnar sjálfrar heldur bætist við að skattleysismörk munu að öðru óbreyttu lækka að raungildi. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. mars sl. vegna kjarasamninga er kafli sem ber yfirskriftina „Skattleysismörk fylgja launaþróun". Orðrétt segir síðan í umsögn ASÍ: „Til að skattleysismörkin fylgi almennum lágmarkshækkunum kjarasamninga á almennum vinnumarkaði þyrftu þau að hækka um 3% í ársbyrjun 2001 og aftur um 3% 2002. Skattahækkunin hefur hins vegar þau áhrif að skattleysismörkin hækka aðeins um 2,1% sem er raunlækkun eins og ASÍ hefur ítrekað bent á. Þessi staðreynd sést m.a. á því að vegna fyrirhugaðra breytinga mun skattgreiðendum fjölga um meira en 2.100, eða ríflega 8%, strax á næsta ári.

ASÍ bendir jafnframt á að þynging skattbyrðinnar sjáist einnig glöggt á því að svonefnd „barnakort" áttu að tryggja einstæðu foreldri með eitt barn, eða fleiri, undir sjö ára aldri og um 100 þús. kr. í mánaðartekjur rúmlega 34.000 kr. í auknar ráðstöfunartekjur árið 2003. Síðan segir: „En strax á því ári verður ríkisstjórnin búin að taka til baka með skattahækkuninni ríflega fjórðung af þessum kjarabótum, sem hún hefur þó haldið svo mjög á lofti."

Í umsögn ASÍ kemur líka fram að ríkisstjórnin verði að axla ábyrgð og lækka tekjuskatta að fullu í samræmi við hækkun hámarksheimildar útsvars til að koma í veg fyrir frekari kaupmáttarrýrnun heimilanna.

Í yfirlýsingu sem ASÍ gaf út í dag kemur m.a. fram eftirfarandi:

„Það er sérstakt áhyggjuefni að stjórnvöld skuli ákveða auknar skattbyrðar á launafólk nú þegar allar spár um efnahagshorfur benda til þess að mjög fari að draga úr kaupmáttaraukningunni og aðstæður raunar orðnar þannig að tvísýnt er hvort verjast megi kaupmáttarrýrnun. Þetta er enn alvarlegra í ljósi þess að stjórnvöld létu hjá líða að grípa til afgerandi aðgerða til að draga úr þenslu þegar öll hættumerki blöstu við árunum 1998 og 1999."

Í yfirlýsingunni segir enn fremur:

„Hagdeild ASÍ bendir einnig á að á sama tíma og verið er að leggja til þyngri skattbyrðar á almennar launatekjur er verið að ræða af mikilli alvöru um mikla lækkun skattlagningar á eignir og fjármagn."

Í umsögn BSRB kemur fram að það sé algert grundvallaratriði að skatthlutfall verði ekki hækkað án samsvarandi breytinga á persónuafslætti til að tryggja að skattleysismörk lækki ekki vegna breytinga á álagningarhlutfalli. Orðrétt segir í umsögn BSRB: „Mikilvægt er að hyggja að áhrifum þessara skattbreytinga á skattleysismörk. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í mars og lagabreytingum í kjölfarið er gert ráð fyrir að skattleysismörk hækki samkvæmt lágmarksumsömdum launahækkunum sem þá hafði verið gengið frá. Þessi hækkun skattleysismarka er innan þeirrar launaþróunar sem síðan hefur orðið og hlýtur það að vera lágmarkskrafa að nái þær breytingar sem hér er gert ráð fyrir fram að ganga þá verði þær ekki til að skerða skattleysismörk enn frekar. Til þess að skattleysismörk haldist óbreytt miðað við hækkun tekjuskatta um 0,33% 1. janúar 2001 og aftur sama hlutfall ári síðar þyrfti persónuafsláttur að hækka umfram það sem áður hefur verið ákveðið um 217 krónur í byrjun næsta árs, 447 krónur í ársbyrjun 2002 og 457 krónur 2003, sjá meðfylgjandi töflu."

Öryrkjabandalag Íslands gagnrýnir mjög fyrirhugaðar skattahækkanir og segir að þróun skattleysismarka hafa verið þannig á síðasta áratug að jafnvel þeir sem ekkert hafa nema bætur almannatrygginga séu farnir að greiða af þeim beinan skatt sem nemur tugum þúsunda á ári hverju. Benda þeir á að þetta gerist þrátt fyrir þá staðreynd að örorkulífeyrir og tekjutrygging hafi dregist verulega aftur úr þróun lágmarkslauna og launavísitölu. Leggur Öryrkjabandalagið áherslu á að komi til útsvarshækkunar verði hún að fullu bætt með samsvarandi lækkun á tekjuskatti.

Breyta þarf persónuafslætti og skattleysismörkum umfram það sem áformað var með kjarasamningum eigi skattahækkunin ekki að hafa þau áhrif að verulegur hluti launahækkana hverfi í auknar skattaálögur. Í umsögn Þjóðhagsstofnunar kemur fram að miðað við óbreyttan persónuafslátt lækka skattleysismörkin úr 761.861 kr. á ári í 755.367 kr. miðað við árið 2002 og 748.983 kr. miðað við árið 2003. Í útreikningum fjármálaráðuneytisins kemur fram að áhrif skattahækkunarinnar verði þau að fjöldi skattgreiðenda mun aukast um 2.135 þegar á næsta ári, en ekki liggja fyrir útreikningar um fjögun skattgreiðenda árið 2002 þegar skattahækkunin er að fullu komin til framkvæmda. Gera verður þó ráð fyrir að það sé ekki undir 3.000 manns, en auk lægstlaunaða fólksins er hér um að ræða aldraða, öryrkja og námsmenn.

Útreikningar fjármálaráðuneytisins sýna að til að mæta að fullu hækkun tekju- og útsvarsprósentu úr 38,37% í 38,70% þarf persónuafsláttur að vera 24.570 kr. til að skattleysismörkin haldist óbreytt við 63.487 kr. Samkvæmt útreikningum ASÍ og BSRB þyrfti persónuafsláttur að hækka umfram það sem áður hefur verið ákveðið um 217 kr. í byrjun næsta árs, 447 kr. í ársbyrjun 2002 og 457 kr. árið 2003.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga á yfirstandandi ári kom eftirfarandi fram:

„Til þess að greiða fyrir gerð kjarasamninga á árinu 2000 og stuðla þannig að auknum stöðugleika í efnahagslífinu á næstu árum mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að persónuafsláttur og skattleysismörk breytist í takt við umsamdar almennar launahækkanir á samningstímabilinu. Hækkunin á árinu 2000 verður þó nokkru meiri. Í þessu skyni verður lagt fyrir Alþingi innan skamms frumvarp til breytinga á lögum um tekjuskatt þar sem kveðið er á um að persónuafsláttur hækki um 2,5% frá 1. apríl 2000. Þessi hækkun kemur til viðbótar við 2,5% hækkun persónuafsláttar 1. janúar sl., þannig að heildarhækkun á árinu 2000 nemur 5%. Enn fremur hækkar persónuafsláttur um 3% 1. janúar árið 2001, um 3% 1. janúar árið 2002 og um 2,25% 1. janúar árið 2003."

Ljóst er að þetta ákvæði í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sem sett var fram til að greiða fyrir kjarasamningum, gengur ekki eftir nema persónuafsláttur verði hækkaður. Ljóst er að kjarasamningum er stefnt í uppnám ef þessi mikilvæga forsenda þeirra brestur með þeirri skattahækkun sem nú er verið að knýja í gegn af ríkisstjórninni.

Minni hlutinn leggur því áherslu á að breytingartillaga á þskj. 243, sem þingmenn Samfylkingarinnar fluttu við 1. umræðu málsins, verði samþykkt. Lagt er til að lækkað verði skatthlutfall tekjuskatts jafnmikið og heimildir til hækkunar útsvars gera ráð fyrir eða um samtals 0,99 prósentustig, þ.e. 0,66 prósentustig árið 2001 og 0,33 prósentustig árið 2002. Í langflestum umsögnum sem efnahags- og viðskiptanefnd fék frá sveitarfélögunum er tekið undir þetta sjónarmið, sem felur í sér að ríkið lækki hlut sinn í staðgreiðslunni í samræmi við hækkun á útsvari, þannig að skattbyrði landsmanna aukist ekki.

Verði fyrrgreind breytingartillaga felld við 2. umræðu málsins mun minni hlutinn flytja breytingartillögu við 3. umræðu þess efnis að persónuafsláttur hækki til samræmis við áætlaðar launabreytingar, þannig að fyrirhuguð skattahækkun, sem ríkisstjórnin knýr nú fram, raski ekki forsendum kjarasamninga og hagur launafólks verði tryggður.

Alþingi, 28. nóv. 2000.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm.	Ögmundur Jónasson.	Rannveig Guðmundsdóttir.

Með nefndarálitinu var útbýtt umsögnum ASÍ og BSRB.

368. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Blindrabókasafn Íslands, nr. 35/1982, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þóru Óskarsdóttur og Þórunni Hafstein frá menntamálaráðuneyti og Helgu Ólafsdóttur frá Blindrabókasafni Íslands.

Frumvarpið er byggt á tillögum stjórnar Blindrabókasafns Íslands sem byggjast á þeirri reynslu sem fengist hefur af gildandi lögum. Í máli fulltrúa Blindrabókasafnsins kom fram að þörf væri orðin á því að breyta lögunum til samræmis við þær breytingar sem orðið hafa á starfsháttum safnsins og nefndi hann sem dæmi að farið væri að notast við fleiri miðla en lögin gerðu ráð fyrir.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að árið 1984, á fyrsta starfsári safnsins, voru útlán rúmlega 23 þúsund en 1998 voru þau 46 þúsund. Við umfjöllun um málið kom fram að starfsemi bókasafnsins hefði enda vaxið mjög og safnið í auknum mæli farið að þjónusta aðra en blinda, svo sem aldraða, lesblinda og aðra sem eiga við lestrarörðugleika að stríða. Þá kom fram að miðlun námsefnis hefði stóraukist hjá safninu og mikil aukning hefði orðið á því sviði í þjónustu við lesblinda. Nefndin vill leggja áherslu á mikilvægi þess að blindrabókasafnið sinni þjónustu við lesblinda grunnskólanemendur jafnt sem framhaldsskólanemendur.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Í stað orðanna „Bókavarðafélagi Íslands“ í c-lið 1. mgr. 3. gr. laganna og „Bókavarðafélag Íslands“ í 10. gr. laganna kemur: Upplýsingu – Félagi bókasafns- og upplýsingafræða, og: Upplýsingu – Félag bókasafns- og upplýsingafræða.

Ólafur Örn Haraldsson og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. nóv. 2000.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Tómas Ingi Olrich.
Einar Már Sigurðarson.	Árni Johnsen.	Einar K. Guðfinnsson.
	Jón Bjarnason.	

369. Svar [231. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Þórunnar Sveinbjarnardóttur um samninga um gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana við Evrópuríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.

1. *Er í undirbúningi í utanríkisráðuneytinu að gera samninga um gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana, miðað við 2–3 mánaða dvöl, við eitthvert þeirra fjórtán ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins sem slíkir samningar hafa ekki verið gerðir við, þ.e. Albaníu, Armeníu, Aserbaídsjan, Bosníu og Hersegóvínu, Búlgaríu, Georgíu, Hvíta-Rússland, Króatíu, Makedóníu, Moldóvu, Rúmeníu, Rússland, Serbíu og Svartfjallaland og Úkraínu?*

Utanríkisráðuneytið hefur hafið undirbúning að gerð samnings við Króatíu um gagnkvæmt afnám skyldu ríkisborgara Íslands og Króatíu til að hafa undir höndum vegabréfsáritun í ferðum milli ríkjanna. Ekki er að svo stöddu unnið að undirbúningi samningsgerðar við önnur þau ríki sem nefnd eru í fyrirspurninni.

2. Ef svo er ekki, hver er ástæða þess?

Samkvæmt Schengen-samningnum skulu aðildarríki samstarfsins framfylgja sameiginlegum viðmiðunum varðandi för fólks, sérstaklega varðandi reglur um vegabréfsáritanir. Ríkin skuldbinda sig til að framfylgja samræmdum reglum um útgáfu á áritunum sem óheimilt er að víkja frá nema með samþykki þegar sérstakar aðstæður krefjast. Þær viðmiðanir sem hér er vísað til fela m.a. í sér að Schengen-ríkin hafa á orðið ásátt um sameiginlega stefnu um það frá hvaða ríkjum krafist er vegabréfsáritana og frá hvaða ríkjum þeirra er ekki krafist. Samkvæmt samningum Íslands vegna þátttöku í Schengen-samstarfinu fylgir Ísland þessari stefnu. Við núverandi aðstæður er ekki gert ráð fyrir samningagerð við þau ríki sem tilgreind eru í fyrirspurninni fyrir utan Króatíu. Stefna þessi er nú til endurskoðunar.

3. *Telja íslensk stjórnvöld mikilvægt að ná samningum við eitthvert þessara ríkja um gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana?*

Íslensk stjórnvöld telja það eðlilegt markmið í sjálfu sér að einstaklingar geti ferðast á milli ríkja án þess að þurfa að hafa undir höndum vegabréfsáritun. Af Íslands hálfu hefur ekki verið lagt mat á gildi þess að afnema skyldu til vegabréfsáritana gagnvart þeim ríkjum sem hér eru nefnd fyrir utan það sem þegar er í undirbúningi gagnvart Króatíu. Þó er ljóst að stækkun Evrópusambandsins, og þar með Schengen-svæðisins og Evrópska efnahagssvæðisins, gerir það að verkum að semja þarf við sum þeirra ríkja sem getið er í fyrirspurninni.

4. Hafa ríkin á Balkanskaga einhverja sérstöðu í þessu sambandi?

Ekki verður séð að ríkin á Balkanskaga hafi sérstöðu umfram önnur ríki sem nefnd eru í fyrirspurninni. Svo sem fram hefur komið er þegar hafin vinna við samningsgerð við Króatíu. Að mati Schengen-ríkjanna eru aðstæður með þeim hætti í öðrum ríkjum Balkanskaga að ekki er að svo stöddu grundvöllur fyrir frekari samningagerð.

370. Frumvarp til laga [310. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 2001.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000.)

Um breytingu á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. 3.–6. gr. laganna, skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 480 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 2001.

Um afnám laga nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

2. gr.

Lögin falla úr gildi 1. janúar 2001.

3. gr.

Ríkissjóður yfirtekur eignir og skuldir erfðafjársjóðs miðað við stöðu þeirra 31. desember 2000.

Um breytingu á lögum nr. 83/1984, um erfðafjárskatt.

4. gr.

Í stað orðanna „til erfðafjársjóðs“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: í ríkissjóð.

Um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingu.

5. gr.

a. 1. tölul. 39. gr. laganna fellur brott.
b. Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 161/1996, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, greiðist á árinu 2001 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu samkvæmt 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr. laganna.

Um breytingu á erfðalögum, nr. 8/1962.

6. gr.

a. Í stað orðsins „erfðafjársjóð“ í fyrri málslið 1. mgr. 55. gr. laganna kemur: ríkissjóð.
b. Síðari málsliður 1. mgr. 55. gr. laganna fellur brott.

Gildistaka.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til fjárlaga byggist m.a. á ákveðnum forsendum um að lögum verði breytt til að markmið þeirra nái fram að ganga. Venju samkvæmt hefur slíkum ákvæðum verið safnað í eitt frumvarp. Ákvæðum í frumvörpum af þessu tagi hefur þó farið ört fækkandi á síðustu árum. Það stafar einkum af því að gerð hefur verið gangskör að því að afnema þá tilhögun, sem fest hafði rætur allt of víða og fólst í því, að framlög og útgjöld til ýmissa viðfangsefna voru bundin í lög, ýmist með eða án sérstakra tekjustofna. Með slíkum ákvæðum er fjárveitingarvald Alþingis í raun fyrir fram bundið þegar að fjárlagagerðinni kemur, en það dregur um leið úr þeim áhrifum sem fjárstjórnarvaldi Alþingis er með fjárlögum ætlað að hafa á hagstjórn ríkisins, til að gæta aðhalds í ríkisrekstri og ná jafnvægi í ríkisbúskap. Í samræmi við þessi sjónarmið er í 2., 3., og 4. gr., a-lið 5. gr. og 6. gr. frumvarps þessa lagt til að lögbundin ráðstöfun tekna af erfðafjárskatti og erfðafé í Framkvæmdasjóð fatlaðra verði afnumin. Framlög til sjóðsins verða því ákveðin í fjárlögum hverju sinni. Tæknilega er hér um aðra útfærslu að ræða en boðuð hefur verið í 2. tölul. 6. gr. fjárlagafrumvarpsins, en efnislega hefur tillaga ríkisstjórnarinnar um framlög til sjóðsins í fjárlögum næsta árs ekki tekið breytingum.

Í 1. gr. og b-lið 5. gr. frumvarpsins eru á hinn bóginn lagðar til tímabundnar skerðingar á ráðstöfun lögbundinna gjalda og tekna í samræmi við þau áform sem boðuð hafa verið í 6. gr. fjárlagafrumvarpsins. Í ljósi þess hvern áskilnað 1. mgr. 42. gr. stjórnarskrárinnar gerir um efni fjárlaga þykir hins vegar verða að leita eftir heimild til þeirra skerðinga í almennum lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, rennur sérstakur eignarskattur, sem lagður er á samkvæmt lögunum, í sérstakan sjóð sem varið skal til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana o.fl. Á árinu 2001 er gert ráð fyrir að tekjur af sérstökum eignarskatti verði 630 m.kr. Hér er lagt til að af þessum tekjum renni 150 m.kr. í ríkissjóð, samanborið við 146 m.kr. samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2000.

Um 2.–6. gr.

Hér er lagt til að tekjur af erfðafjárskatti og erfðafé renni framvegis í ríkissjóð í stað erfðafjársjóðs eins og verið hefur samkvæmt gildandi lögum. Til samræmis eru lagðar til breytingar á erfðalögum, lögum um málefni fatlaðra og lögum um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila. Um nánari skýringar vísast til almennra athugasemda. Jafnframt er hér lagt til að Framkvæmdasjóður fatlaðra standi undir kostnaði við félagslega hæfingu og endurhæfingu og kostnaði við starfsemi stjórnarnefndar á árinu 2001 eins og undanfarin ár.

Um 7. gr.

Gildistökuákvæði þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 2001 o.fl.

Með frumvarpinu eru lögfest ákvæði sem eru nauðsynleg til að áform í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2001 nái fram að ganga. Er annars vegar um að ræða tímabundna ráðstöfun á tekjum af sérstökum eignarskatti í ríkissjóð á árinu 2001 og hins vegar varanlega breytingu á lögum um málefni fatlaðra og afnám ráðstöfunar erfðafjárskatts í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Þess í stað verður framlag í sjóðinn ákvarðað í fjárlögum ár hvert. Loks eru tímabundin ákvæði um að Framkvæmdasjóður fatlaðra standi undir kostnaði við félagslega hæfingu og endurhæfingu eins og verið hefur undanfarin ár.

Verði frumvarpið að lögum renna tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 480 m.kr í ríkissjóð árið 2001, eða 150 m.kr. miðað við áætlaðar tekjur af skattinum. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að framlag í Framkvæmdasjóð fatlaðra nemi 235 m.kr. árið 2001 og miðað við áætlaðar tekjur af skattinum verða útgjöld ríkissjóðs 372 m.kr. lægri en ef allar tekjurnar rynnu í sjóðinn. Kostnaður við hæfingu og félagslega endurhæfingu er áætlaður um 10 m.kr árið 2001. Árið 2001 verða því útgjöld ríkissjóðs samtals 532 m.kr. lægri en að óbreyttum lögum.

371. Frumvarp til laga [311. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Össur Skarphéðinsson, Árni Steinar Jóhannsson, Guðjón A. Kristjánsson, Ísólfur Gylfi Pálmason.

1. gr.

Við lögin bætist nýr kafli, III. kafli, **Náttúrugripasöfn**, með tveimur nýjum greinum sem orðast svo:

a. (15. gr.)

Ráðherra er heimilt, í tengslum við náttúrufræðisetur og náttúrustofur sem starfræktar eru, að styðja við rekstur sýningarsafna um náttúrufræði, enda séu söfnin í eigu héraðsnefnda, sveitarfélaga eða annarra heimaaðila. Slíkum söfnum er heimilt að starfa í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands, sbr. 8. gr., og náttúrustofur, sbr. 11. gr. Leita skal umsagnar viðeigandi náttúrustofu eða náttúrufræðiseturs áður en ákvörðun um fjárstuðning er tekin.

b. (16. gr.)

Styrkur ráðherra til sýningarsafns takmarkast við laun forstöðumanns í fullu starfi og stofnkostnað vegna húsnæðis, innréttinga og bóka- og tækjakaupa eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni, enda liggi fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum. Nú starfar sýningarsafn í leiguhúsnæði og fer þá með sama hætti um greiðslu kostnaðar. Framlag

ríkissjóðs vegna stofnkostnaðar er bundið því skilyrði að þær eignir sem teljast til stofnkostnaðar séu einvörðungu nýttar í þágu safnsins nema fyrir liggi samþykki ráðuneytisins um annað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hliðstætt frumvarp var flutt á síðasta þingi en var þá eigi útrætt og er því flutt að nýju. Í fyrra frumvarpi var miðað við stuðning við náttúrugripasöfn í hverju hinna eldri kjördæma. Með því að kjördæmaskipan hefur verið breytt er lagt til að stuðningurinn sé takmarkaður við söfn er starfi í tengslum við náttúrufræðisetur og náttúrustofur, en þessar stofnanir eru starfandi í hverju hinna eldri kjördæma.

Megintilgangur þessa frumvarps er að veita heimild til þess að unnt sé að styðja fjárhagslega við uppbyggingu náttúrugripasafna á landsbyggðinni. Starfræksla slíkra safna getur haft margháttaðan tilgang og horfir til framfara og heilla, ekki síst fyrir starfsemi á landsbyggðinni.

Á nokkrum stöðum hefur verið unnið af myndarskap að slíkri uppbyggingu. Víðast hvar hefur hún farið fram án stuðnings ríkisvaldsins. Þó munu þess dæmi að náttúrugripasöfn hafi notið fjárhagslegs stuðnings ríkisins. Hér er lagt til þessi stuðningur verði skipulegur og samræmdur. Með stuðningi ríkisvaldsins við uppbyggingu safna af þessu toga má vænta þess að betur verði staðið að málum og á metnaðarfyllri hátt en áður.

Á sínum tíma var uppbygging starfsemi náttúrustofa á landsbyggðinni lögfest. Sú stefnumótun hefur gefist ágætlega. Vel hefur verið að uppbyggingunni staðið, heimamenn hafa komið myndarlega að verki og fræðilegur metnaður er mikill. Í lögunum er gert ráð fyrir að starfssvið náttúrustofanna sé víðtækt sem er skynsamlegt í ljósi þess hversu samþætt starf þeirra er verkefnum sem unnið er að hverju sinni úti um landið.

Uppbygging náttúrugripasafna fellur einkar vel að þeirri grundvallarhugsun sem náttúrustofur og náttúrufræðisetur eru byggð á. Er því leitað fyrirmynda að frumvarpstextanum í lögunum um náttúrustofur. Því er lagt til að söfnin starfi í tengslum við stofurnar og náttúrufræðisetur þar sem það á við. Þar með má segja að komið sé á eins konar tengingu við þá starfsemi sem fram fer að einhverju leyti á náttúrustofunum og í náttúrufræðisetrunum.

Auðvelt ætti líka að vera að sérhæfa þessa starfsemi á ýmsum svæðum og tengja jafnvel vísinda- og rannsóknastarfi sem fram fer í byggðunum. Þannig er unnt að tvinna saman á lifandi hátt vísindastarf og daglegt líf og efla um leið áhuga fólks á því merka þróunarstarfi.

372. Tillaga til þingsályktunar [312. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2000, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2000 frá 2. ágúst 2000, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 93/1999 frá 13. desember 1999, um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2000 frá 2. ágúst 2000, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992. Sú gerð sem hér um ræðir varðar ramma bandalagsins um rafræna undirskrift.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir og nauðsynlegum lagabreytingum til innleiðingar hennar í íslenskan rétt. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Sú málsmeðferð sem hér um ræðir er sú sama og viðhöfð var í tengslum við alls 19 ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar er eins var ástatt um en þingsályktunartillaga þess efnis var flutt og afgreidd á 125. löggjafarþingi. Í athugasemdum með þeirri tillögu var skýrt frá því að framvegis yrði það verklag viðhaft að flytja sérstaka þingsályktun um þær ákvarðanir sem samþykktar hafa verið af sameiginlegu EES-nefndinni með fyrirvara skv. 103. gr. EES-samningsins.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir eru prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt viðeigandi gerð.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Frá því að EES-samningurinn tók gildi hefur Ísland beitt þessum fyrirvara alls 43 sinnum. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi

hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkuð frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum misserum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu verður að teljast rétt að færa almenna meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt verður leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar á sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis verður leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt verður þeirri föstu vinnureglu komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2000, um ramma bandalagsins varðandi rafræna undirskrift.

Með tilskipuninni eru settar lágmarksreglur varðandi öryggi og ábyrgð vegna rafrænna undirskrifta og tryggt að rafrænar undirskriftir njóti viðurkenningar að lögum í löndum Evrópska efnahagssvæðisins. Tilskipuninni er þannig m.a. ætlað að skapa ramma fyrir örugg viðskipti á netinu á hinum innri markaði EES og örva þannig fjárfestingu í fyrirtækjum tengdum upplýsingasamfélaginu.

Tilskipuninni er ætlað að vera tæknilega hlutlaus, en hún fjallar í raun í öllum grundvallaratriðum um stafrænar undirskriftir og notkun á opinberu dulkóðunarkerfi (PKI). Mögulegt er að aðrar lausnir, eins og líffræðileg kennimerki, verði í framtíðinni notuð í tengslum við stafrænar undirskriftir.

Tilskipunin fjallar um:

Markaðsaðgang: Ríkin mega ekki gera kröfur um að vottunaraðilar þurfi að fá leyfi fyrir fram til að stunda starfsemi sína. Ríkin geta hins vegar komið á fót frjálsum viðurkenningarkerfum til að koma á vottunarkerfi með enn meiri öryggiskröfum. Ríkin skulu tryggja að starfrækt sé kerfi til að hafa eftirlit með vottunaraðilum sem gefa út fullgild vottorð. Ríkjunum er heimilt að setja nánari reglur um notkun rafrænna undirskrifta hjá stjórnvöldum.

Innri markaðinn: Vottunaraðilar, sem hafa staðfestu innan EES, geta boðið þjónustu sína í öllum aðildarríkjunum. Ríkin skulu einnig tryggja frjáls viðskipti innan svæðisins með öruggan undirskriftarbúnað sem uppfyllir ákvæði tilskipunarinnar.
Réttaráhrif: Ríkin skulu tryggja að þróuð rafræn undirskrift, sem studd er af fullgildu vottorði og gerð með öruggum undirskriftarbúnaði, njóti sömu stöðu að lögum og handskrifaðar undirskriftir og unnt sé að leggja þær fram sem sönnunargögn í dómi með sama hætti og handritaðar undirskriftir. Ríkin skulu einnig tryggja að rafrænum undirskriftum sem ekki uppfylla skilyrði laganna verði ekki neitað um réttaráhrif eingöngu á þeim grundvelli að þær séu rafrænar eða að þær uppfylli ekki ákvæði laganna.
Ábyrgð: Til að skapa traust hjá þeim sem reiða sig á vottorð eru í tilskipuninni reglur um skaðabótaábyrgð vottunaraðila. Ríkin skulu tryggja að vottunaraðilar, sem gefa út fullgild vottorð til almennings, séu ábyrgir fyrir því að upplýsingar sem fram koma í vottorði séu réttar, í samræmi við kröfur tilskipunarinnar og að persónan sem borin er kennsl á í vottorði sé undirritandi. Hins vegar verður vottunaraðilinn ekki bótaskyldur ef hann getur sýnt fram á að hann hafi ekki sýnt af sér gáleysi. Vottunaraðilinn er ekki heldur bótaskyldur sé undirskrift notuð þannig að ekki samræmist gildi eða takmörkunum þeim sem fram koma í vottorði.
Alþjóðleg sjónarmið: Ríkin skulu tryggja að vottorð, sem gefin eru í út í landi sem er utan EES, njóti sömu stöðu og fullgild vottorð gefin út innan EES ef vottunaraðilinn er aðili að frjálsu viðurkenningarkerfi í EES-landi, ef vottunaraðili sem uppfyllir ákvæði tilskipunarinnar ábyrgist vottorðið eða vottunaraðilinn nýtur viðurkenningar samkvæmt alþjóðlegum samningum.
Persónuvernd: Ríkin skulu tryggja að starfsemi vottunaraðila sé í samræmi við tilskipun 95/46/ESB um vernd persónuupplýsinga. Söfnun vottunaraðila á persónuupplýsingum skal bundin við það sem er nauðsynlegt til að gefa út vottorð og skal vera beint frá þeim sem upplýsingarnar stafa frá. Ekki er heimilt að nota slíkar upplýsingar til annars nema með beinu samþykki. Ef undirritandi óskar eftir því skal í vottorði koma fram dulnefni í stað nafns undirritanda. Í slíkum tilvikum getur verið nauðsynlegt að stjórnvöld hafi aðgang að því hver dulnefnið ber. Séu slíkar upplýsingar veittar er rétt að veita undirritanda upplýsingar um það.
Sérstaka nefnd: Samkvæmt 9. og 10. gr. tilskipunarinnar skal sett á fót nefnd til að aðstoða framkvæmdastjórn ESB við að framkvæma tilskipunina. Nefndin skal m.a. vinna að og skýra kröfur sem fram koma í viðaukum tilskipunarinnar og varðandi öruggan undirritunarbúnað. EFTA-ríkin hafa rétt til setu í nefndinni án atkvæðisréttar.
Innleiðingu tilskipunarinnar: Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipuninni fyrir 19. júlí 2001.

Á þessari stundu er ekki ljóst hvort og þá hve mikill kostnaður mun hljótast af framkvæmd tilskipunarinnar hér á landi en hafa ber í huga að ástæða er til að ætla að tilskipunin muni á móti leiða til verulegs sparnaðar í viðskiptalífinu. Þannig má ætla að heildaráhrifin verði jákvæð.

Verði þingsályktun þessi samþykkt þarf að koma til breyting á löggjöf hér á landi og er unnið að gerð lagafrumvarps þar að lútandi undir forustu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og er gert ráð fyrir að það verði lagt fyrir yfirstandandi þing.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 66/2000

frá 2. ágúst 2000

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 175/1999 frá 17. desember 1999([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB frá 13. desember 1999 um ramma bandalagsins varðandi rafræna undirskrift([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Að því er samninginn varðar ber að aðlaga ákvæði tilskipunar 1999/93/EB sem fjalla um þriðju lönd.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi komi aftan við lið 5f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/66/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„5g. **399 L 0093**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93 frá 13. desember 1999 um ramma bandalagsins varðandi rafræna undirskrift (Stjtíð. EB L 13, 19.1.2000, bls. 12).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) í c-lið 1. mgr. 7. gr. komi orðin „eða milli EFTA-ríkis og þriðju landa eða alþjóðastofnana“ á eftir orðinu „stofnanir“,

[1] Hefur enn ekki verið birt.
[2] Stjtíð. EB L 13, 19.1.2000, bls. 12.

b) í aðstæðum sem um getur í 2. mgr. 7. gr. skulu samningsaðilarnir láta hverjum öðrum í té upplýsingar og hafa samráð innan sameiginlegu EES-nefndarinnar, ef farið er fram á slíkt,

c) í hvert sinn þegar bandalagið semur við þriðja land um markaðsaðgang fyrir fyrirtæki bandalagsins á grundvelli 3. mgr. 7. gr. skal hún kappkosta að fá sömu kjör fyrir fyrirtæki EFTA-ríkjanna ".

2. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 3. ágúst 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 2. ágúst 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

G. S. Gunnarsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik *E. Gerner*

* Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 1999/93/EB frá 13. desember 1999 um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr., 55 og 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 16. apríl 1997 lagði framkvæmdastjórnin fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina orðsendingu um evrópskt framtaksverkefni á sviði rafrænnar verslunar.

2) Hinn 8. október 1997 lagði framkvæmdastjórnin fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina orðsendingu um að tryggja öryggi og tiltrú í rafrænum samskiptum — í þágu Evrópuramma fyrir stafrænar undirskriftir og dulkóðun.

3) Hinn 1. desember 1997 fór ráðið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún legði eins fljótt og unnt er fram tillögu að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um rafrænar undirskriftir.

4) Rafræn samskipti og verslun útheimta rafrænar undirskriftir og tengda þjónustu sem gerir kleift að sanna uppruna upplýsinga. Mismunandi reglur í aðildarríkjunum um lagalega viðurkenningu rafrænna undirskrifta og faggildingu vottunaraðila kunna að torvelda notkun rafrænna samskipta og verslunar verulega. Á hinn bóginn mun skýr bandalagsrammi um þau skilyrði sem gilda um rafrænar undirskriftir auka tiltrú á þessari nýju tækni og stuðla að almennri viðurkenningu hennar. Löggjöf aðildarríkjanna ætti ekki að hindra frjálsa vöruflutninga og frjálsa þjónustustarfsemi á hinum innri markaði.

5) Stuðla ber að rekstarsamhæfi vara til rafrænna undirskrifta. Í samræmi við 14. gr. sáttmálans myndar innri markaðurinn svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar eru tryggðir. Uppfylla ber grunnkröfur sem gilda sérstaklega um vörur til rafrænna undirskrifta til þess að tryggja frjálsa flutninga innan innri markaðarins og skapa traust á rafrænum undirskriftum, með fyrirvara um reglugerð ráðsins (EB) nr. 3381/94 frá 19. desember 1994 um að koma á bandalagsskipan um eftirlit með útflutningi vara sem þjóna tvenns konar tilgangi ([5]) og ákvörðun ráðsins 94/942/CFSP frá 19. desember 1994 um sameiginlegar aðgerðir sem ráðið hefur samþykkt um eftirlit með útflutningi vara sem þjóna tvenns konar tilgangi ([6]).

6) Þessi tilskipun fjallar ekki um samhæfingu þjónustuveitingar með tilliti til upplýsingaleyndar ef innlend ákvæði, sem fjalla um allsherjarreglu eða almannaöryggi, gilda um slíka þjónustuveitingu.

7) Innri markaðurinn tryggir frjálsa fólksflutninga sem hefur í för með sér að borgarar í Evrópusambandinu og þeir sem eru búsettir þar þurfa í auknum mæli að eiga samskipti við yfirvöld í öðrum aðildarríkjum en því þar sem þeir hafa fasta búsetu. Framboð á rafrænum samskiptum gæti gert mikið gagn í þessu tilliti.

---

[1] Stjtíð. EB C 325, 23.10.1998, bls. 5.
[2] Stjtíð. EB C 40, 15.2.1999, bls. 29.
[3] Stjtíð. EB C 93, 6.4.1999, bls. 33.
[4] Álit Evrópuþingsins frá 13. janúar 1999 (Stjtíð. EB C 104, 14.4.1999, bls. 49), sameiginleg afstaða ráðsins frá 28. júní 1999 (Stjtíð. EB C 243, 27.8.1999, bls. 33) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 27. október 1999 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 30. nóvember 1999.

8) Hröð tækniþróun og hnattrænir eiginleikar Netsins útheimta nálgun sem býður heim margvíslegri tækni og þjónustu sem gerir kleift að sanna uppruna upplýsinga með rafrænum hætti.

9) Rafrænar undirskriftir verða notaðar við margháttaðar aðstæður og aðgerðir sem leiðir af sér margvíslega nýja þjónustu og vörur sem til rafrænna undirskrifta eða krefjast notkunar þeirra. Skilgreiningu slíkra vara og þjónustu ber ekki að einskorða við útgáfu skilríkja og umsýslu vegna þeirra, heldur ætti slík skilgreining einnig að ná til hvers kyns annarrar þjónustu og allra vara þar sem rafrænar undirskriftir eru notaðar eða sem eru þeim til eflingar, eins og skráningarþjónustu, tímastimplunar, upplýsingaþjónustu, þjónustu á sviði gagnameðferðar eða ráðgjafarþjónustu sem tengist rafrænum undirskriftum.

10) Innri markaðurinn gerir vottunaraðilum kleift að þróa starfsemi sína yfir landamæri í því skyni að auka samkeppnishæfni sína og að bjóða neytendum og fyrirtækjum þannig ný tækifæri til rafrænna upplýsingaskipta og viðskipta með öruggum hætti án tillits til landamæra. Í því augnamiði að efla vottunarþjónustu á opnum netum vítt og breitt í bandalaginu ætti vottunaraðilum að vera frjálst að bjóða fram þjónustu sína án heimildar sem er veitt fyrirfram. Með heimild, sem er veitt fyrirfram, er ekki aðeins átt við leyfi þar sem viðkomandi vottunaraðili skal útvega sér ákvörðun innlendra yfirvalda áður en honum er heimilt að veita vottunarþjónustu, heldur og allar aðrar ráðstafanir sem hafa sömu áhrif.

11) Skipulag valfrjálsrar faggildingar, sem miðar að bættri þjónustuveitingu, gæti verið réttur grundvöllur fyrir vottunaraðila til þess að þróa enn frekar þjónustustarfsemi sína í því skyni að skapa það traust, öryggi og gæði sem hinn vaxandi markaður krefst. Fyrrnefnt skipulag ætti að stuðla að þróun ákjósanlegustu starfshátta vottunaraðila. Vottunaraðilum ætti að vera frjálst að vera þátttakendur í slíku faggildingarskipulagi og njóta góðs af því.

12) Opinberir aðilar, lögpersónur eða einstaklingar, sem eru viðurkenndir í samræmi við innlend lög, geta boðið fram vottunarþjónustu. Aðildarríkin ættu ekki að banna vottunaraðilum að starfa utan skipulags valfrjálsrar faggildingar. Tryggja ber að slíkt faggildingarskipulag dragi ekki úr samkeppni á vottunarþjónustu.

13) Aðildarríkjunum er heimilt að ákveða með hvaða hætti þau tryggja eftirlit með því að farið sé að ákvæðunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Tilskipun þessi útilokar ekki að komið verði á fót einkareknum eftirlitskerfum. Vottunaraðilum er ekki skylt, samkvæmt þessari tilskipun, að sækja um að hlíta eftirliti samkvæmt faggildingarskipulagi.

14) Mikilvægt er að jafnvægi ríki milli þarfa neytenda og fyrirtækja.

15) Í III. viðauka er fjallað um kröfur sem eru gerðar til öruggs undirskriftarbúnaðar í því skyni að tryggja virkni þróaðra, rafrænna undirskrifta. Í fyrrnefndum viðauka er ekki fjallað um gervallt umhverfi þess kerfis sem slíkur búnaður vinnur í. Nauðsynlegt er, vegna starfsemi innri markaðarins, að framkvæmdastjórnin og aðildarríkin bregðist skjótt við til þess að unnt sé að tilnefna þá aðila sem er ætlað að meta hvort öruggur undirskriftarbúnaður sé í samræmi við III. viðauka. Samræmismat skal fara fram tímanlega og með skilvirkum hætti í því skyni að mæta þörfum markaðarins.

16) Tilskipun þessi stuðlar að notkun og lagalegri viðurkenningu rafrænna undirskrifta í bandalaginu. Rammaákvæða er ekki þörf vegna rafrænna undirskrifta sem eru einvörðungu notaðar innan kerfa sem eru grundvölluð á frjálsum samningum, samkvæmt einkamálarétti, milli tilgreinds fjölda þátttakenda. Virða ber frelsi aðila til að semja sín á milli um skilmála og skilyrði sem gildi um gögn, undirrituð með rafrænum hætti, sem þeir samþykkja, að því marki sem landslög leyfa. Viðurkenna ber lagalegt gildi rafrænna undirskrifta sem eru notaðar í slíkum kerfum og lögmæti þeirra við málarekstur.

17) Með þessari tilskipun er ekki stefnt að því að samræma innlendar reglur á sviði samningalaga, einkum um gerð og efndir samninga, eða önnur formsatriði sem lúta ekki að samningum og varða undirskriftir. Af þessum ástæðum skulu ákvæði um réttaráhrif rafrænna undirskrifta vera með fyrirvara um formkröfur, sem mælt er fyrir um í landslögum, með tilliti til samningagerðar eða reglna um það hvar samningsgerð fari fram.

18) Geymsla og afritun undirskriftargagna gæti teflt lögmæti rafrænna undirskrifta í hættu.

19) Rafrænar undirskriftir verða notaðar í opinbera geiranum í innlendri stjórnsýslu og stjórnsýslu bandalagsins og í samskiptum milli þeirra og við borgara og aðila í atvinnurekstri, til dæmis á vettvangi opinberra innkaupa, skattakerfisins, almannatrygginga og heilbrigðis- og réttarkerfisins.

20) Samræming viðmiðana, sem gilda um réttaráhrif rafrænna undirskrifta, mun gera kleift að viðhalda heildstæðum lagaramma hvarvetna innan bandalagsins. Landslög mæla fyrir um ólíkar kröfur um lögmæti eiginhandarundirskrifta. Unnt er að nota skilríki til þess að bera kennsl á einstakling sem undirritar með rafrænum hætti. Með þróuðum rafrænum undirskriftum, sem eru grundvallaðar á viðurkenndum skilríkjum, er stefnt að hærra öryggisstigi. Því aðeins er unnt að líta á þróaðar rafrænar undirskriftir, sem eru grundvallaðar á viðurkenndum skilríkjum og gerðar með öruggum undirskriftarbúnaði, sem jafngildar eiginhandarundirskriftum í lagalegu tilliti ef kröfum um eiginhandarundirskriftir er fullnægt.

21) Tryggja ber, í því skyni að stuðla að því að rafræn sönnun á uppruna hljóti almenna viðurkenningu, að unnt sé að nota rafrænar undirskriftir sem sönnunargögn í málarekstri í öllum aðildarríkjunum. Grundvalla ber viðurkenningu rafrænna undirskrifta í lagalegu tilliti á hlutlægum viðmiðunum, óháð leyfisveitingu til handa viðkomandi vottunaraðila. Landslög skera úr um það á hvaða lagasviðum er heimilt að nota rafræn skjöl og rafrænar undirskriftir. Tilskipun þessi er með fyrirvara um vald innlendra dómstóla til þess að fella úrskurð um hvort kröfum þessarar tilskipunar sé fullnægt og hefur ekki áhrif á innlend ákvæði um óháða umfjöllun dómstóla um sönnunargögn.

22) Innlend ákvæði um ábyrgð gilda um vottunaraðila sem veita almenningi þjónustu sína.

23) Þróun rafrænnar verslunar milli landa krefst ráðstafana sem ná yfir landamæri og til þriðju landa. Í því skyni að tryggja hnattrænt rekstrarsamhæfi gæti reynst hagkvæmt að gera samninga við þriðju lönd um marghliða reglur sem fjalla um gagnkvæma viðurkenningu vottunarþjónustu.

24) Til þess að auka tiltrú notenda á rafrænum samskiptum og rafrænni verslun verða vottunaraðilar að virða löggjöf um upplýsingavernd og friðhelgi einkalífsins.

25) Ákvæði um notkun dulnefna í skilríkjum ættu ekki að hindra aðildarríkin í því að krefjast þess að unnt sé að bera kennsl á einstaklinga samkvæmt bandalagslögum eða landslögum.

26) Samþykkja ber nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um verklagsreglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

27) Tveimur árum eftir að þessi tilskipun kemur til framkvæmda ber framkvæmdastjórninni að endurskoða hana, meðal annars í því skyni að tryggja að hvorki tækniframfarir né breytingar á lagaumhverfi komi í veg fyrir að markmiðum tilskipunarinnar verði náð. Henni ber að kanna áhrif tengdra tæknisviða og senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu þar að lútandi.

28) Samkvæmt dreifræðisreglunni og meðalhófsreglunni, eins og kemur fram í 5. gr. sáttmálans, eru aðildarríkin ekki nógu vel í stakk búin til þess að ná því takmarki að skapa samræmdan lagaramma um framboð rafrænna undirskrifta og tengdrar þjónustu og því er bandalagið betur til þess fallið að ná því takmarki. Með tilskipun þessari er ekki gengið lengra en nauðsynlegt er til þess að ná fyrrnefndu takmarki.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Tilgangurinn með þessari tilskipun er að greiða fyrir notkun rafrænna undirskrifta og stuðla að lagalegri viðurkenningu þeirra. Með tilskipuninni er settur lagarammi um rafrænar undirskriftir og tiltekna vottunarþjónustu í því skyni að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins.

Tilskipunin fjallar hvorki um þætti sem varða gerð og gildi samninga eða aðrar lagaskyldur, þar sem fram

koma kröfur með tilliti til forms sem mælt er fyrir um í landslögum eða lögum bandalagsins, né heldur hefur hún áhrif á reglur og skorður sem eru settar í landslögum eða lögum bandalagsins og stýra notkun skjala.

2. gr.

Skilgreiningar

Í tilskipun þessari er skilgreining eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „rafræn undirskrift“: gögn í rafrænu formi sem fylgja eða tengjast öðrum rafrænum gögnum með rökrænum hætti og þjóna þeim tilgangi að staðfesta uppruna;

2. „þróuð rafræn undirskrift“: rafræn undirskrift sem uppfyllir eftirtaldar kröfur:

   a) hún tengist undirritanda einum með ótvíræðum hætti;

   b) hún segir deili á undirritanda;

   c) hún er gerð með þeim hætti sem undirritandinn getur einn haft stjórn á; og

   d) hún tengist þeim gögnum sem hún vísar til með þeim hætti að unnt er að greina síðari breytingar á þeim;

3. „undirritandi“: einstaklingur sem ræður yfir undirskriftarbúnaði og kemur fram fyrir eigin hönd eða fyrir hönd annars einstaklings eða lögpersónu eða aðila sem hann er fulltrúi fyrir;

4. „undirskriftargögn“: sérstök gögn, t.d. kóðar eða einkadulkóðunarlyklar, sem undirritandi notar til rafrænnar undirskriftar;

5. „undirskriftarbúnaður“: samskipaður hugbúnaður eða vélbúnaður til þess að gera undirskriftargögnin nothæf;

6. „öruggur undirskriftarbúnaður“: undirskriftarbúnaður sem fullnægir kröfunum sem mælt er fyrir um í III. viðauka;

7. „staðfestingargögn“: gögn, t.d. kóðar eða opinberir dulkóðunarlyklar, sem eru notuð til þess að staðfesta rafræna undirskrift;

8. „staðfestingarbúnaður“: samskipaður hugbúnaður eða vélbúnaður til þess að gera staðfestingargögnin nothæf;

9. „skilríki“: rafræn vottun sem tengir staðfestingargögn einstaklingi og staðfestir hver hann er;

10. „viðurkennd skilríki“: skilríki sem fullnægja kröfunum sem mælt er fyrir um í I. viðauka og látin eru í té af vottunaraðila sem fullnægir kröfunum sem mælt er fyrir um í II. viðauka;

11. „vottunaraðili“: aðili eða lögpersóna eða einstaklingur sem gefur út skilríki eða veitir aðra þjónustu sem tengist rafrænum undirskriftum;

12. „vara til rafrænna undirskrifta“: vél- eða hugbúnaður eða viðeigandi íhlutir hans sem vottunaraðila er ætlað að nota í því skyni að veita þjónustu á sviði rafrænna undirskrifta eða eru ætluð til þess að staðfesta rafrænar undirskriftir;

13. „valfrjáls faggilding“: leyfi sem mælir fyrir um réttindi og skyldur sem varða sérstaklega veitingu vottunarþjónustu og er veitt samkvæmt beiðni viðkomandi vottunaraðila af opinberri stofnun eða einkaaðila, sem er falið að sjá um útfærslu á slíkum réttindum og að slíkar skyldur séu uppfylltar, þegar vottunaraðili hefur ekki heimild til þess að njóta þeirra réttinda sem leiðir af leyfinu fyrr en hann hefur móttekið ákvörðun viðkomandi aðila.

3. gr.

Markaðsaðgangur

1. Aðildarríkin skulu ekki gera það að skilyrði að veiting vottunarþjónustu sé háð fyrirframgefnu leyfi.

2. Aðildarríkjunum er heimilt, með fyrirvara um ákvæði 1. mgr., að samþykkja eða viðhalda skipulagi valfrjálsrar faggildingar sem miðar að bættri vottunarþjónustu. Öll skilyrði í tengslum við slíkar áætlanir skulu vera hlutlæg, gagnsæ, í réttu hlutfalli við tilefnið og án mismununar. Aðildarríkjunum er óheimilt að takmarka fjölda faggiltra vottunaraðila af ástæðum sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.

3. Hvert og eitt aðildarríki skal ábyrgjast að komið sé á fót viðeigandi kerfi til að unnt sé að hafa eftirlit með vottunaraðilum sem hafa staðfestu á landsvæði þess og gefa út viðurkennd skilríki handa almenningi.

4. Til þess bærar opinberar stofnanir eða einkaaðilar, sem aðildarríkin tilnefna, skulu skera úr um það hvort öruggur undirskriftarbúnaður sé í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka. Framkvæmdastjórninni ber, samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 9. gr., að samþykkja viðmiðanir sem aðildarríkin fari eftir þegar ákveða skal hvort tilnefna beri tiltekinn aðila.

Öll aðildarríkin skulu viðurkenna ákvarðanir sem stofnanir eða einkaaðilar, sem um getur í fyrstu undirgrein, taka um hvort kröfunum, sem mælt er fyrir um í III. viðauka, sé talið fullnægt.

5. Framkvæmdastjórninni er heimilt, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 9. gr., að ákveða og birta í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* tilvísunarnúmer staðla sem eru almennt viðurkenndir fyrir vörur til rafrænna undirskrifta. Aðildarríkin skulu ganga út frá því að vörur til rafrænna undirskrifta uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í f-lið II. viðauka og III. viðauka, ef þær eru í samræmi við fyrrnefnda staðla.

6. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu í sameiningu stuðla að þróun og notkun staðfestingarbúnaðar með hliðsjón af tilmælum um örugga staðfestingu undirskrifta, sem mælt er fyrir um í IV. viðauka, og með tilliti til hagsmuna neytenda.

7. Aðildarríkin geta gert notkun rafrænna undirskrifta í opinbera geiranum háða hugsanlegum viðbótarkröfum. Slíkar kröfur skulu vera hlutlægar, gagnsæjar, í réttu hlutfalli við tilefnið og án mismununar og eiga eingöngu við um séreiginleika þeirrar notkunar sem um ræðir. Kröfurnar skulu ekki hindra þjónustustarfsemi yfir landamæri í þágu borgaranna.

4. gr.

Meginreglur um innri markaðinn

1. Hvert og eitt aðildarríki skal beita innlendum ákvæðum, sem það samþykkir samkvæmt þessari tilskipun, gagnvart vottunaraðilum sem hafa staðfestu á landsvæði þess og þeirri þjónustu sem þeir láta í té. Aðildarríkjunum er óheimilt, á þeim sviðum sem þessi tilskipun fjallar um, að takmarka vottunarþjónustu sem á rætur að rekja til annars aðildarríkis.

2. Aðildarríkin skulu tryggja frjálsa dreifingu á innri markaðinum á vörum til rafrænna undirskrifta sem eru í samræmi við þessa tilskipun.

5. gr.

Réttaráhrif rafrænna undirskrifta

1. Aðildarríkin skulu tryggja að þróaðar, rafrænar undirskriftir, sem eru byggðar á viðurkenndum skilríkjum og til verða með öruggum undirskriftarbúnaði:

a) uppfylli lagakröfur um undirskrift í tengslum við rafræn gögn á sama hátt og eiginhandarundirskrift uppfyllir lagakröfur í tengslum við pappírsgögn; og

b) séu viðurkenndar sem sönnunargögn í málarekstri.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að því sé ekki hafnað að rafræn undirskrift fái réttaráhrif og sé viðurkennd sem sönnunargagn í málarekstri einungis af þeirri ástæðu að hún er:

— á rafrænu formi, eða

— ekki byggð á viðurkenndum skilríkjum, eða

— ekki byggð á viðurkenndum skilríkjum sem faggiltur vottunaraðili gefur út, eða

— ekki gerð með öruggum undirskriftarbúnaði.

6. gr.

Skaðabótaábyrgð

1. Aðildarríkin skulu að minnsta kosti tryggja að samfara því að vottunaraðili gefur út skilríki sem eru ígildi viðurkenndra skilríkja handa almenningi eða ábyrgist slík skilríki gagnvart almenningi sé hann ábyrgur fyrir tjóni aðila, lögpersónu eða einstaklings sem reiðir sig á slík skilríki með eðlilegum hætti að því er varðar:

a) nákvæma meðferð við útgáfu á öllum upplýsingum sem viðurkenndu skilríkin innihalda og að því er varðar að skilríkin innihaldi allar þær upplýsingar sem mælt er fyrir um að viðurkennd skilríki skuli gera;

b) tryggingu fyrir því að við útgáfu skilríkjanna hafi undirritandinn, sem er auðkenndur í viðurkenndu skilríkjunum, haft undir höndum undirskriftargögnin sem svara til staðfestingargagn-

anna sem koma fram eða eru auðkennd í skilríkjunum;

c) tryggingu fyrir því að unnt sé að nota undirskriftargögnin og staðfestingargögnin til gagnkvæmrar uppfyllingar þegar vottunaraðili annast gerð beggja;

nema vottunaraðili færi sönnur á að hann hafi ekki gert sig sekan um vanrækslu.

2. Aðildarríkin skulu að minnsta kosti tryggja að vottunaraðili, sem hefur gefið út skilríki sem eru ígildi viðurkenndra skilríkja handa almenningi, sé ábyrgur fyrir tjóni aðila, lögpersónu eða einstaklings, sem reiðir sig á skilríkin með eðlilegum hætti, sem rekja má til þess að skráningu á afturköllun skilríkjanna hefur ekki verið sinnt, nema vottunaraðilinn færi sönnur á að hann hafi ekki gert sig sekan um vanrækslu.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að vottunaraðila sé heimilt að gefa til kynna í viðurkenndum skilríkjum takmarkanir á notkun þeirra, að því tilskildu að þriðju aðilum séu slíkar takmarkanir ljósar. Vottunaraðili er ekki ábyrgur fyrir tjóni sem leiðir af notkun viðurkenndra skilríkja sem nær út fyrir þær takmarkanir sem hún miðast við.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að vottunaraðila sé heimilt að gefa til kynna í viðurkenndum skilríkjum við hvaða mörk viðskiptafjárhæðar notkun skilríkjanna miðast, að því tilskildu að þriðju aðilum séu mörkin ljós.

Vottunaraðili er ekki ábyrgur fyrir tjóni sem leiðir af því að farið sé yfir fyrrnefnt hámark.

5. Ákvæði 1. til 4. mgr. eru með fyrirvara um tilskipun ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum ([1]).

7. gr.

Alþjóðleg sjónarmið

1. Aðildarríkin skulu tryggja að viðurkennt sé að skilríki, sem vottunaraðili, sem hefur staðfestu í þriðja landi, gefur út sem viðurkennd skilríki handa almenningi, jafngildi skilríkjum sem vottunaraðili, sem hefur staðfestu í bandalaginu, gefur út, ef:

a) viðkomandi vottunaraðili uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og hefur hlotið faggildingu samkvæmt skipulagi valfrjálsrar faggildingar sem hefur verið komið á í aðildarríki; eða

b) vottunaraðili, sem hefur staðfestu í bandalaginu og uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, ábyrgist skilríkin; eða

c) skilríkin eða viðkomandi vottunaraðili er viðurkenndur samkvæmt tvíhliða eða marghliða samningi milli bandalagsins og þriðju landa eða alþjóðastofnana.

2. Framkvæmdastjórnin skal, í því skyni að auðvelda vottunarþjónustu yfir landamæri við þriðju lönd og lagalega viðurkenningu þróaðra, rafrænna undirskrifta sem eru upprunnar í þriðju löndum, leggja fram tillögur, þar sem það á við, til þess að unnt sé að framkvæma á skilvirkan hátt staðla og milliríkjasamninga sem gilda um vottunarþjónustu. Hún skal, einkum og sér í lagi og ef nauðsyn krefur, senda ráðinu tillögur um viðeigandi umboð til viðræðna um tvíhliða og marghliða samninga við þriðju lönd og alþjóðastofnanir. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

3. Í hvert sinn sem framkvæmdastjórninni er tilkynnt um vanda bandalagsfyrirtækja í tengslum við markaðsaðgang í þriðju löndum getur hún, ef nauðsyn krefur, sent ráðinu tillögur um viðeigandi umboð til viðræðna um sambærileg réttindi til handa bandalagsfyrirtækjum í viðkomandi þriðju löndum. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Ráðstafanir, sem eru gerðar samkvæmt þessari málsgrein, eru með fyrirvara um skuldbindingar bandalagsins og aðildarríkjanna samkvæmt viðeigandi milliríkjasamningum.

8. gr.

Gagnavernd

1. Aðildarríkin skulu tryggja að vottunaraðilar og innlendir aðilar sem annast faggildingu eða eftirlit uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([2]).

2. Aðildarríkin skulu tryggja að vottunaraðilar, sem gefa út skilríki handa almenningi, hafi einungis heimild til að verða sér úti um persónuleg gögn beint frá þeim sem gögnin varða eða að fengnu fullu samþykki hans og aðeins að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er í því skyni að gefa út skilríkin og viðhalda þeim. Óheimilt er að safna gögnunum eða meðhöndla þau í öðrum tilgangi án fulls samþykkis þess sem gögnin varða.

3. Aðildarríkin skulu ekki, með fyrirvara um réttaráhrif sem dulnefnum eru eignuð samkvæmt landslögum, hindra vottunaraðila í að gefa til kynna í skilríkjunum dulnefni í stað nafns undirritanda.

9. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar um rafrænar undirskriftir, hér á eftir kölluð „nefndin".

2. Þegar fjallað er um þessa málsgrein gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. sömu ákvörðunar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

10. gr.

Verkefni nefndarinnar

Nefndin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 9. gr., skýra kröfurnar sem mælt er fyrir um í viðaukunum við þessa tilskipun, viðmiðanirnar sem um getur í 4. mgr. 3. gr. og almennt viðurkennda staðla fyrir vörur til rafrænna undirskrifta sem eru samþykktir og gefnir út samkvæmt 5. mgr. 3. gr.

11. gr.

Tilkynning

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um eftirfarandi:

a) upplýsingar um innlent skipulag valfrjálsrar faggildingar, þar með taldar viðbótarkröfur samkvæmt 7. mgr. 3. gr.;

b) nöfn og heimilisföng innlendra aðila sem annast faggildingu og umsjón og einnig þeirra aðila sem um getur í 4. mgr. 3. gr.;

c) nöfn og heimilisföng allra innlendra vottunaraðila sem hafa öðlast faggildingu.

2. Aðildarríkin skulu, eins fljótt og auðið er, tilkynna um allar upplýsingar sem látnar eru í té samkvæmt 1. mgr. og um breytingar á þeim.

12. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal leggja mat á framkvæmd þessarar tilskipunar og gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um það eigi síðar en 19. júlí 2003.

2. Í matinu skal meðal annars fjallað um það hvort breyta beri gildissviði þessarar tilskipunar, að teknu tilliti til þróunar á sviði tæknimála, markaðsmála og réttarfars. Í skýrslunni skal sérstaklega koma fram mat á ýmsum hliðum samræmingar er byggist á fenginni reynslu. Skýrslunni skulu fylgja tillögur að fyrirmælum laga, ef við á.

13. gr.

Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 19. júlí 2001. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

14. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

15. gr.
Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. desember 1999.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. FONTAINE	S. HASSI
forseti.	*Forseti.*

I. VIÐAUKI

Kröfur viðvíkjandi viðurkenndum skilríkjum

Viðurkennd skilríki skulu innihalda:

a) ábendingu þess efnis að skilríkin séu útgefin sem viðurkennd skilríki;
b) deili á vottunaraðila og ríkinu þar sem hann hefur staðfestu;
c) nafn undirritanda eða dulnefni sem skal vera auðkennt sem slíkt;
d) sérstakar upplýsingar um undirritandann sem komi fram ef við á, eftir því í hvaða tilgangi nota á skilríkin;
e) þau staðfestingargögn sem svara til þeirra undirskriftargagna sem undirritandinn ræður yfir;
f) upplýsingar um upphaf og lok gildistíma skilríkjanna;
g) kennikóða skilríkjanna;
h) þróaða, rafræna undirskrift vottunaraðilans sem gefur þau út;
i) takmarkanir á notkunarsviði skilríkjanna, ef við á; og
j) mörk þeirrar viðskiptafjárhæðar sem notkun skilríkjanna miðast við, ef við á.

II. VIÐAUKI

Kröfur viðvíkjandi vottunaraðilum sem gefa út viðurkennd skilríki

Vottunaraðilar skulu:

a) sýna fram á nauðsynlegan trúverðugleika til þess að láta í té vottunarþjónustu;
b) sjá til þess að veitt sé hraðvirk og örugg skráar- og afturköllunarþjónusta;
c) tryggja að unnt sé að sjá nákvæmlega hvaða dag og hvenær dags skilríki eru gefin út eða afturkölluð;
d) staðfesta, með viðeigandi hætti og í samræmi við landslög, deili á og sérstök einkenni, ef við á, þess einstaklings sem viðurkenndu skilríkin eru gefin út fyrir;
e) ráða starfsmenn með sérþekkingu, reynslu og menntun og hæfi sem eru nauðsynleg vegna þeirrar þjónustu sem er veitt, einkum stjórnunarhæfni, sérþekkingu í tækni á sviði rafrænna undirskrifta og þekkingu á viðeigandi starfsháttum á sviði öryggismála; þeir skulu einnig viðhafa rétt stjórnsýslu- og stjórnunarvinnubrögð sem eru í samræmi við viðurkennda staðla;
f) nota örugg kerfi og vörur sem ekki er unnt að breyta og tryggja tæknilegt öryggi og öryggi dulkóðunar að því er varðar það ferli sem er byggt á þeim;
g) gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir fölsun skilríkja og þegar vottunaraðilinn er höfundur undirskriftargagna, ábyrgjast að trúnaður sé virtur meðan slík gögn eru í vinnslu;
h) ráða að staðaldri yfir nægilegu fjármagni til þess að geta haldið starfseminni gangandi í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, einkum að geta risið undir áhættu samfara skaðabótaábyrgð, til dæmis með því að útvega sér viðeigandi tryggingu;
i) skrá allar upplýsingar, sem skipta máli um viðurkennd skilríki, í hæfilega langan tíma, einkum til þess að vera fær um að leggja fram sönnunargögn um vottun í málarekstri. Heimilt er að slík skráning fari fram með rafrænum hætti;
j) ekki geyma eða afrita undirskriftargögn þess einstaklings sem vottunaraðilinn veitti lykilþjónustu á sviði umsýslu;
k) áður en þeir gera samning við einstakling, sem sækist eftir að fá skilríki til að renna stoðum undir rafræna undirskrift sína, upplýsa viðkomandi einstakling, gegnum haldgóðan samskiptamiðil, um nákvæma skil-

mála og skilyrði sem gilda um notkun skilríkjanna, meðal annars um notkunartakmarkanir þeirra, tilvist skipulags valfrjálsrar faggildingar og um meðferð kærumála og lausn deilumála. Þessar upplýsingar, sem heimilt er að senda með rafrænum hætti, skulu vera skriflegar og á auðskiljanlegu máli. Viðeigandi hlutar þessara upplýsinga skulu einnig, samkvæmt beiðni, vera aðgengilegir þriðju aðilum sem reiða sig á skilríkin;

l) nota örugg kerfi til þess að geyma skilríki í staðfestanlegu formi til þess að:
— aðeins einstaklingar, sem til þess hafa heimild, geti framkvæmt færslur og gert breytingar,
— unnt sé að ganga úr skugga um uppruna upplýsinga,
— skilríki séu aðeins aðgengileg almenningi að fengnu samþykki handhafa skilríkja, og
— sérhver tæknibreyting, sem er ógnar þessum öryggiskröfum, sé rekstraraðilanum augljós.

III. VIÐAUKI

Kröfur viðvíkjandi öruggum undirskriftarbúnaði

1. Öruggur undirskriftarbúnaður skal, með viðeigandi tæknilegum aðferðum og verklagsreglum, tryggja, að minnsta kosti:

   a) að undirskriftargögnin, sem eru notuð við gerð undirskriftar, geti í raun aðeins komið fram einu sinni og að leynd þeirra sé tryggð á eðlilegan hátt;

   b) að öruggt sé, eins og eðlilegt má teljast, að ekki sé hægt að rekja undirskriftargögnin sem eru notuð við gerð undirskriftar og að nýjasta tækni komi í veg fyrir að unnt sé að falsa undirskriftina;

   c) að réttur undirritandi geti tryggilega verndað undirskriftargögnin, sem eru notuð við undirskrift, þannig að aðrir geti ekki notað þau.

2. Undirskriftargögnin mega ekki breyta gögnunum sem undirrita á eða hindra að slík gögn séu kynnt undirritandanum áður en til undirskriftar kemur.

IV. VIÐAUKI

Tillögur um örugga staðfestingu undirskrifta

Um leið og staðfesting undirskrifta fer fram skal tryggja með eins miklu öryggi og frekast má:

a) að gögnin, sem eru notuð til að staðfesta undirskriftina, svari til gagnanna sem þeim sem annast staðfestinguna eru sýnd;
b) að undirskriftin sé tryggilega staðfest og niðurstöður þeirrar staðfestingar séu sýndar með réttum hætti;
c) að sá sem annast staðfestinguna geti, eftir því sem nauðsyn krefur, staðfest með öruggum hætti innihald gagnanna sem hafa verið undirrituð;
d) að áreiðanleiki og lögmæti skilríkjanna, sem eru nauðsynleg þegar staðfesting undirskriftar fer fram, séu staðfest með öruggum hætti;
e) að niðurstöður staðfestingar og deili á undirritandanum séu sýnd með réttum hætti;
f) að notkun dulnefnis komi skýrt fram; og
g) að unnt sé að koma auga á allar breytingar sem varða öryggi.

373. Nefndarálit [55. mál]

um till. til þál. um rannsóknir á ferjuaðstöðu við Bakkafjöru undan Vestmannaeyjum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum. Umsagnir bárust nefndinni frá Veðurstofu Íslands, Vegagerðinni, Siglingastofnun og Landhelgisgæslunni.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að samgönguráðherra hlutist til um það við Siglingastofnun að hún hefji sem fyrst rannsóknir við Bakkafjöru og á öðrum aðstæðum í tengslum við ferjuleið frá Vestmannaeyjum að Bakkafjöru.

Í umsögn Siglingastofnunar kom fram að stofnunin væri reiðubúin að taka þetta verkefni að sér.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Jón Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. nóv. 2000.

Árni Johnsen, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Kristján L. Möller.
Jón Bjarnason, með fyrirvara.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Guðmundur Hallvarðsson.
Lúðvík Bergvinsson.		Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

374. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Störf nefndarinnar við afgreiðslu frumvarpsins hafa verið með hefðbundnum hætti. Nefndin hóf störf 21. september sl. og átti viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga sem gerðu henni grein fyrir erindum sínum. Þá hefur nefndin kallað fyrir fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Með bréfi, dags. 9. október sl., óskaði nefndin eftir álitum fastanefnda þingsins um frumvarp til fjárlaga, þ.e. þá þætti er varða málefnasvið einstakra nefnda. Nefndirnar hafa skilað álitum og eru þau birt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu eins og fyrir er mælt í þingsköpum.

Frá því að nefndin hóf störf við afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið 36 fundi og átt viðtöl við fjölmarga aðila.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem henni bárust, svo sem skiptingu fjárfestingarliða. Breytingartillögur þær sem eru til umfjöllunar við 2. umræðu nema samtals 3.778 m.kr. til hækkunar á sundurliðun 2.

Meiri hluti nefndarinnar þakkar fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni fyrir mjög gott samstarf. Þá hefur nefndin notið aðstoðar fjármálaráðuneytisins og einstök ráðuneyti hafa einnig veitt nefndinni upplýsingar og aðstoð.

Eins og venja er bíða 3. umræðu afgreiðsla á tekjuhlið frumvarpsins, B-hluti og heimildir skv. 7. gr. Auk þess bíða 3. umræðu ýmis viðfangsefni sem nefndin hefur enn til umfjöllunar.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

201 Alþingi.

1.01 Alþingiskostnaður. Gerð er tillaga um 13 m.kr. hækkun vegna aukinna útgjalda sem stafa einkum af hækkun ferðakostnaðar í kjölfar kjördæmabreytinga.

1.06 Almennur rekstur. Lögð er til 23 m.kr. hækkun fjárveitinga vegna aukins kostnaðar í almennum rekstri. Hann stafar m.a. af launaskriði vegna starfsaldurshækkana, auknu samstarfi við erlend þjóðþing, hækkun á áskriftum að hugbúnaðarkerfum og tölvuleigu og hærri síma- og póstkostnaði.

1.07 Sérverkefni. Lögð er til 1 m.kr. hækkun á fjárveitingum til skýrslugerðar um samfélagsþróun á norðurskautssvæðinu.

01 Forsætisráðuneyti

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Gerð er tillaga um 7 m.kr. framlag til forsætisráðuneytisins. Fjárveitingin er ætluð til að efla yfirstjórn ráðuneytisins vegna aukins umfangs í starfsemi þess og fjölgunar verkefna sem það hefur með höndum. Gert er ráð fyrir að bætt verði við einu stöðugildi í yfirstjórn ráðuneytisins.

190 Ýmis verkefni.

1.14 Ritun sögu Stjórnarráðsins. Lagt er til 3,2 m.kr. aukaframlag til ritunar á sögu Stjórnarráðsins. Samningar hafa verið gerðir við ritnefnd sem hefur ákveðið tilhögun verksins, ráðið höfunda og áætlað kostnað við verkið, sem er áætlaður 13,2 m.kr. fyrir árið 2001, en áður var hann áætlaður 10 m.kr. Gert er ráð fyrir að kostnaður fyrir árið 2002 verði 12,4 m.kr., 11,5 m.kr. fyrir árið 2003 og 0,6 m.kr. í verklok árið 2004.

02 Menntamálaráðuneyti

201 Háskóli Íslands.

1.02 Rannsóknir og önnur verkefni. Gerð er tillaga um að veita matvælaskor raunvísindadeildar Háskóla Íslands 9,5 m.kr. fjárveitingu til næringarfræðilegra rannsókna á kúamjólk og lágu nýgengi sykursýki af gerð 1 hérlendis. Fjárveitingin samsvarar einu og hálfu stöðugildi sérfræðinga og rekstrarkostnaði sem svarar 40% launakostnaðar. Reiknað er með að verkefnið taki 2–3 ár hið minnsta og að svipaða fjárveitingu þurfi í þrjú ár. Að auki er sótt um styrki til rannsóknasjóða.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að Háskóli Íslands fái 61 m.kr. tekjur af sóknargjöldum á lið 06-735 sem er 9 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2000. Lagt er til að áætlað verði fyrir tekjum þessum á fjárlagalið skólans og jafnháum útgjöldum á móti.

5.50 Fasteignir. Lagt er til að Raunvísindastofnun Háskóla Íslands verði veitt 15 m.kr. tímabundin fjárveiting til viðhalds á húsnæði sem er orðið brýnt.

269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

5.21 Viðhald og *6.21 Stofnkostnaður.* Leiðrétt er framsetning á fjárlagaliðnum til samræmis við greinargerð með frumvarpinu. Þannig hækkar viðfangsefnið 5.21 Viðhald um 8 m.kr. og 6.21 Stofnkostnaður lækkar um sömu fjárhæð.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi.

1.73 Reykjavíkurakademían. Gerð er tillaga um að veita Reykjavíkurakademíunni sérstakt tímabundið þróunarfé, 10 m.kr., til að byggja svo upp rekstrarform, stjórnsýslu og starfsmannahald hennar að hún standist þær kröfur sem gerðar eru til sjálfseignarstofnana sem gera samninga um rekstrarverkefni við einstaka ráðherra skv. 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997.

1.90 Háskóla- og rannsóknastarfsemi. Gerð er tillaga um að veita Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða 0,8 m.kr. tímabundna fjárveitingu til að kosta hönnun og gerð kostnaðaráætlunar um stækkun aðstöðu til funda, kennslu og námskeiðahalds. Slík aðstaða yrði einnig nýtt til að fá fleiri aðila til samstarfs í setrinu og til uppbyggingar frumkvöðlaseturs í samstarfi við Atvinnuþróunarfélagið.

1.91 Háskólar, óskipt. Gerð er tillaga um 90 m.kr. hækkun á þessum lið vegna fjölgunar nemenda umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir við gerð fjárlagafrumvarpsins. Í frumvarpinu er áætlað fyrir útgjöldum vegna 7.342 nemendaígilda, en í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að þau verði 200 fleiri.

318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður.

6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt. Leiðrétt er framsetning á fjárlagaliðnum til samræmis við greinargerð með frumvarpinu. Þannig lækkar þetta viðfangsefni um 13 m.kr. og viðfangsefnið 6.95 Tæki og búnaður, óskipt hækkar um sömu fjárhæð.

6.95 Tæki og búnaður, óskipt. Hér er lögð er til 28 m.kr. hækkun. Annars vegar er um að ræða fyrrgreinda 13 m.kr. hækkun til leiðréttingar og hins vegar er gerð tillaga um 15 m.kr. tímabundið framlag til að styrkja tilraunaverkefni með fartölvur og þráðlaus net í þremur framhaldsskólum, sem eru þróunarskólar í upplýsingatækni, vegna kostnaðar við öryggisskápa, tengingar á sendum og kaup á skjávörpum.

319 Framhaldsskólar, almennt.

1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík. Gerð er tillaga um sérstakt 4,6 m.kr. tímabundið framlag til Myndlistarskólans í Reykjavík vegna framkvæmda sem varða viðhald og öryggi í skólahúsnæðinu.

1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi. Vegna vaxandi aðsóknar að skólanum er lagt til að framlög til hans hækki um 0,5 m.kr.

354 Fjölbrautaskóli Vesturlands.

1.01 Almennur rekstur. Gerð er tillaga um 3,9 m.kr. hækkun á greiðsluheimild liðarins til leiðréttingar á skekkju sem gerð var við framsetningu innritunargjalda sem ríkistekna í stað sértekna við undirbúning frumvarpsins. Fjárveiting verður óbreytt eftir sem áður.

725 Námsgagnastofnun.

1.01 Námsgagnastofnun. Lögð er til 20 m.kr. hækkun framlags til að mæta kostnaði sem hlýst af breytingum á námsefni og gerð nýs námsefnis í framhaldi af nýrri aðalnámskrá grunnskóla.

902 Þjóðminjasafn Íslands.

1.01 Þjóðminjasafn Íslands. Hér er gerð tillaga um 29,5 m.kr. hækkun vegna fimm verkefna. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 15 m.kr. tímabundna fjárveitingu til átaks í fjarvinnsluskrám safnsins í gagnagrunninn Sarp. Mikilvægt þykir að gera nokkurra ára átak í því að koma sem mestum upplýsingum í Sarp sem fyrst svo að grunnurinn geti farið

að gegna hlutverki sínu eins og til er ætlast. Nú vinna þrír starfsmenn að skráningu í grunninn. Í öðru lagi er lögð til 7 m.kr. tímabundin fjárveiting til áframhaldandi Reykholtsrannsókna. Í þriðja lagi er gerð er tillaga um 4 m.kr. tímabundna hækkun fjárveitinga til safnsins til að gera því unnt að taka til varðveislu og skráningar málverkasafn Bjarna Jónssonar um íslenska sjávarhætti ef verður af kaupum á því. Safnið er til marks um viðamiklar athuganir Bjarna á sjóminjum og sögu fiskveiða. Í fjórða lagi er gerð tillaga um 2 m.kr. tímabundna fjárveitingu til safnsins til kaupa á sérfræðiþjónustu af Fornleifastofnun Íslands. Samningur er milli safnsins og Fornleifastofnunar um úrvinnslu rannsóknar á Stóru-Borg og ber safninu að leggja fram 2 m.kr. árið 2001. Loks er í fimmta lagi gerð tillaga um tímabundna 1,5 m.kr. fjárveitingu til að ljúka fornleifarannsóknum í Hólmi í Austur-Skaftafellssýslu en þar er talið að hafi verið blótstaður bænda.

1.10 Byggða- og minjasöfn. Lagt er til að framlög til byggða- og minjasafna hækki alls um 31,3 m.kr. Í fyrsta lagi er þar um 15,6 m.kr. hækkun til safnanna að ræða en engin raunhækkun á fjárveitingum er á milli ára í frumvarpinu. Haft verði að leiðarljósi að fjárveiting nýtist vel í öllum landsfjórðungum. Þá er í öðru lagi gerð tillaga um 10 m.kr. tímabundna fjárveitingu til uppbyggingar Vatneyrarbúðar á Patreksfirði. Vatneyrarhúsið á Patreksfirði var starfsstöð athafnamannsins Ólafs Jóhannssonar, Ó. Jóhannsson, en hann var einn af mestu athafnamönnum landsins á fyrri hluta 20. aldar. Í Vatneyrarbúðinni eru minjar um merka sögu, en miðað er við endurgerð eins og var þegar stöðin stóð í mestum blóma. Í þriðja lagi er gerð tillaga um 3,7 m.kr. tímabundna fjárveitingu til að hefja rannsóknir á hinum forna verslunarstað á Gásum í Eyjafirði. Gerð og framkvæmd rannsóknaáætlunar munu fara fram undir faglegri yfirstjórn Þjóðminjasafns Íslands sem einnig mun annast forvörslu forngripa. Minjasafninu á Akureyri eða jafngildum aðila verður falin varðveisla gripanna í þeim tilgangi að þeir nýtist í varanlega sýningu um verslun á miðöldum. Loks er gerð tillaga um að veita Byggðasafni Snæfellinga 2 m.kr. tímabundið framlag til endurbyggingar og viðgerða á gömlum breiðfirskum bátum.

6.41 Samgöngusafn Íslands í Skógum undir Eyjafjöllum. Þetta er nýtt viðfangsefni. Hér er gerð tillaga um að veitt verði 12 m.kr. tímabundið framlag til að koma á fót Samgöngusafni Íslands í Skógum undir Eyjafjöllum. Tilgangur með stofnun þess er að safna til varðveislu tækjum og minjum sem sýna þróun í samgöngum landsmanna frá upphafi aldarinnar.

6.42 Endurbygging Kútters Sigurfara. Lögð er til 6 m.kr. tímabundin fjárveiting á þessu viðfangsefni sem er nýtt. Kútter Sigurfari er eini kútterinn úr þilskipastóli 19. aldar sem varðveittur er á Íslandi, smíðaður 1885 í Bretlandi og keyptur til Íslands 1897.

903 Þjóðskjalasafn Íslands.

1.11 Héraðsskjalasöfn. Gerð er tillaga um 2,1 m.kr. hækkun á þessum safnlið héraðsskjalasafna.

919 Söfn, ýmis framlög. Breytingar sem lagðar er til á þessum lið nema 111,5 m.kr. til hækkunar. Ný viðfangsefni á liðnum eru 1.41 og 6.25–6.37.

1.11 Nýlistasafn. Lagt er til að fjárveitingar til Nýlistasafnsins hækki um 1 m.kr. Til að bæta rekstur safnsins hefur sú breyting orðið á starfsemi þess að sýningastjórn er í höndum stjórnar safnsins og salir ekki leigðir út en áður var valið úr umsóknum og sýningarsalir leigðir. Stefnt er að því að ráða starfsmann á skrifstofu safnsins til viðbótar við framkvæmdastjóra. Aðkallandi úrbóta er þörf á húsnæði vegna brunavarna.

1.41 Galdrasýning á Ströndum. Lögð er til 15 m.kr. tímabundin fjárveiting til Galdrasýningar á Ströndum. Fyrsti áfangi hennar hefur verið opnaður á Hólmavík í gömlu

pakkhúsi sem var innréttað og lagfært. Áætlað er að byggja frekar upp Galdrasýningu á Ströndum í Hrútafirði, Bjarnarfirði og Árnesi.

1.90 Söfn. Gerð er tillaga um að safnliðurinn hækki um 12 m.kr. og er sundurliðun fjárveitinga sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum meiri hlutans.

6.22 Sögusetrið á Hvolsvelli. Gerð er tillaga um að veita Sögusetrinu á Hvolsvelli 7 m.kr. tímabundna fjárveitingu næsta ár til stuðnings við framkvæmdir eins og endurbætur á aðstöðu og endurnýjun á gripum sem gestum er boðið að skoða á sýningunni „Á Njáluslóð". Þá þarf að koma upp nauðsynlegum öryggisbúnaði til að hægt sé að hafa til sýnis upprunalega muni, svo sem Njáluhandrit og muni sem fundist hafa á Njáluslóðum.

6.23 Hvalamiðstöð á Húsavík. Gerð er tillaga um að veita Hvalamiðstöðinni á Húsavík 6 m.kr. tímabundna fjárveitingu til áframhaldandi endurbóta og uppbyggingar á húsnæði miðstöðvarinnar en gengið hefur verið frá kaupum á húsnæði Kaupfélags Þingeyinga, gamla sláturhúsinu, undir framtíðarstarfsemi.

6.25 Geysisstofa í Haukadal. Gerð er tillaga um að veita Geysisstofu 7 m.kr. fjárveitingu til þriggja ára vegna stofnkostnaðar. Geysisstofa var formlega opnuð í júlí sl. Þar er að finna fjölþættan fróðleik um jarðfræði Íslands. Heildarkostnaður varð um 80 m.kr.

6.26 Endurbygging vélbátsins Blátinds, Vestmannaeyjum. Gerð er tillaga um 6 m.kr. tímabundna fjárveitingu til endurbyggingar vélbátsins Blátinds. Blátindur VE er einn af 76 þilfarsvélbátum sem byggðir voru í Vestmannaeyjum á 20. öld, 45 lesta eikarbátur, en við endurbyggingu Skansins í Vestmannaeyjum og Stafkirkjusvæðisins hefur verið gert ráð fyrir Blátindi. Báturinn var smíðaður 1947 en hann er síðasti báturinn sem eftir er úr fyrrgreindum flota, heimasmíðuðum í Eyjum.

6.27 Endurbygging á Herjólfsbæ, Vestmannaeyjum. Lagt er til að Herjólfsbæjarfélaginu verði veitt 10 m.kr. tímabundið framlag til uppbyggingar Herjólfsbæjar. Miðað er við að endurbyggð verði þrjú samtengd hús, íbúðarhús, verkstæði og fjós. Unnið hefur verið að undirbúningi á þessu þekkta bæjarstæði landnámsmannsins Herjólfs, en hugsanlega er þarna um að ræða elsta þekkta bæjarstæði á Íslandi. Aflað hefur verið fjár til undirbúnings varðandi teikningar og grunnvinnu en áætlaður kostnaður við uppbygginguna er 44 m.kr.

6.28 Sögusafnið í Reykjavík. Lagt er til 18 m.kr. tímabundið framlag til Sögusafnsins í Reykjavík. Með uppbyggingu safnsins sem fengið hefur inni í einum af vatnstönkunum í Öskjuhlíð er markmiðið að bregða upp myndum af mikilvægum atburðum og persónum Íslandssögunnar í eins konar vaxmyndasafnastíl, en safnið er hugsað sem innlegg í sögunám grunnskólanema og jafnt fyrir innlenda ferðamenn sem erlenda.

6.30 Bátasafn á Suðurnesjum. Gerð er tillaga um 8,5 m.kr. tímabundna fjárveitingu til bátasafns sem sett verður upp á Suðurnesjum. Þar verður safn Gríms Karlssonar skipstjóra í Njarðvíkum sem hefur smíðað einstakt safn líkana af skipum. Þau sýna þróun skipa síðustu 100 ár frá upphafi vélbátaútgerðar á Íslandi.

6.31 Sjóminja- og smiðjumunasafn. Gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundna fjárveitingu vegna flutnings Sjóminja- og smiðjumunasafns Jósafats Hinrikssonar frá Reykjavík til Neskaupstaðar. Athafnamaðurinn Jósafat Hinriksson safnaði í áratugi ýmsum merkum hlutum á vettvangi sjávarútvegs og smiðja sem tengjast veiðum og vinnslu. Afkomendur Jósafats buðu Fjarðabyggð safnið að gjöf, en frá árinu 1988 var safnið í verksmiðjuhúsi Jósafats við Súðavog í Reykjavík. Fjárveitingin er ætluð til að koma upp aðstöðu yfir safnið í Neskaupstað.

6.32 Sjóminjasafn Íslands. Lögð er til 2,5 m.kr. tímabundin fjárveiting til safnsins til að gera upp uppskipunar- og flutningabát frá 1900, Friðþjóf, en hann var síðast notaður

fyrir hálfri öld. Ráðgert er að flytja bátinn frá Miðhúsum í Reykhólasveit til Bolungarvíkur og gera hann upp þar.

6.33 Jöklasafn. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til Jöklasafns á Hornafirði sem tengist náttúru Austur-Skaftafellsýslu og jöklabúskap þar.

6.34 Safnasafnið á Svalbarðsströnd. Lagt er til að safnið, sem byggist á íslenskri alþýðulist, fái 3 m.kr. tímabundna fjárveitingu.

6.35 Endurbygging Tryggvaskála á Selfossi. Lögð er til 4 m.kr. tímabundin fjárveiting til uppbyggingar Tryggvaskála á Selfossi sem hefur staðið yfir í nokkur ár.

6.36 Síldarminjasafnið á Siglufirði. Gerð er tillaga um að veita Síldarminjasafninu 6 m.kr. tímabundið framlag til að styrkja starfsemi þess.

6.37 Faktorshúsið í Neðstakaupstað á Ísafirði. Lagt er til að veitt verði 6 m.kr. tímabundið framlag til endurbóta á húsinu sem er frá 18. öld.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana. Gerð er tillaga um 20 m.kr. hækkun á framlögum til Endurbótasjóðs menningarstofnana og er sundurliðun fjárveitinga sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans. Þar sem liðurinn er fjármagnaður með mörkuðum tekjum af sérstökum eignarskatti verður gerð breytingartillaga við 6. gr. frumvarpsins við 3. umræðu um það.

6.92 Kaupvangur á Vopnafirði. Gerð er tillaga um 14 m.kr. tímabundið framlag til að ljúka endanlegri hönnun á innviðum Kaupvangs á Vopnafirði og gera endanlega kostnaðaráætlun auk þess að hefjast handa við lagfæringu 1. hæðar hússins. Húsið hefur verulegt gildi fyrir sögu bæjarins og bæjarmyndina í heild en það var sem kunnugt er byggt af sama byggingarmeistara og byggði Alþingishúsið.

6.93 Duushúsin í Reykjanesbæ. Lagt er til að Reykjanesbæ verði veittur 10 m.kr. tímabundinn styrkur til endurbóta á Duushúsunum í Keflavík með það fyrir augum að menningarmiðstöð bæjarins verði þar til húsa í framtíðinni, til eflingar menningu og ferðaþjónustu. Um er að ræða tvö gömul hús, Gömlu búð og Bryggjuhúsið, sem eru frá síðari hluta 19. aldar. Húsafriðunarnefnd ríkisins styrkti húsin um 500.000 kr. árið 2000. Þær aðgerðir sem nú þegar hafa verið unnar við húsin hafa aðallega beinst að því að koma í veg fyrir frekari skemmdir.

979 Húsafriðunarsjóður.

6.10 Húsafriðunarsjóður. Lögð er til 26,5 m.kr. hækkun á liðnum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að framlög til Húsafriðunarsjóðs hækki um 15 m.kr. vegna mikilla verkefna. Þá er í öðru lagi gert ráð fyrir að 5 m.kr. tímabundin fjárveiting fari til viðgerðar og endurbyggingar á svonefndu Syðstabæjarhúsi í Hrísey en það er elsta hús eyjarinnar, reist af Hákarla-Jörundi. Í þriðja lagi er um að ræða 3 m.kr. tímabundið framlag vegna endurbóta á Fríkirkjunni í Hafnarfirði. Í fjórða lagi er lagt til að Grýtubakkahreppi verði veittur 2 m.kr. tímabundinn styrkur til að endurbæta beituskúr á Grenivík sem er minjar um gamla atvinnuhætti. Skúrinn er í eigu sveitarfélagsins og er Minjasafnið á Akureyri tilbúið að taka að sér rekstur hússins að viðgerðum loknum. Viðgerðir eru hafnar og hefur verið framkvæmt fyrir um 1 m.kr. Styrkur hefur tvisvar fengist frá Húsafriðunarsjóði. Loks er gert ráð fyrir 1,5 m.kr. tímabundnu framlagi til að endurhlaða Hraunsrétt í Aðaldal sem var upprunalega byggð á árunum 1836–38. Hún er með stærstu réttum á landinu og þykir mjög sérstök en efnið í henni er hraungrjót. Á síðastliðnu sumri var hafist handa um uppbyggingu réttarinnar. Minjavörður Þjóðminjasafns Íslands hefur samið álitsgerð um réttina.

983 Ýmis fræðistörf.

1.13 Bókaútgáfa Leifs Eiríkssonar. Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundna fjárveitingu til bókaútgáfunnar til að vinna að útgáfu Íslendingasagnanna á ensku í ritröðinni Penguin Classics. Samræmd heildarþýðing á Íslendingasögunum á ensku kom út árið 1997. Nú hefur verið samið við útgáfufyrirtækið Penguin um útgáfu á stökum sögum til að koma til móts við margvíslegar þarfir markaðarins og var Íslendingum falið að annast allan undirbúning og vinnu við ritstjórn bókanna. Tíu bækur verða gefnar út og hyggst Penguin stórauka útbreiðslu sagnanna og bjóða þær fram í stærra upplagi og í fleiri bókabúðum en áður.

1.23 Hið íslenska bókmenntafélag. Lögð er til 3 m.kr. tímabundin hækkun á fjárveitingum Hins íslenska bókmenntafélags. Verður fjármununum einkum varið til fjögurra verkefna. Í fyrsta lagi er gerð staðanafnaskrár, atriðisorðaskrár og ritaskrár yfir Annála 1400–1800, í öðru lagi Laufás I – Staðurinn, í þriðja lagi er um að ræða kaup á lager bókanna Kortasaga Íslands I–II og loks er það vinnsla lærdómsrita Bókmenntafélagsins og ritröðin Íslenzk heimspeki.

985 Alþjóðleg samskipti.

1.90 Alþjóðleg samskipti. Gerð er tillaga um 17,1 m.kr. fjárveitingu vegna fyrirhugaðs framboðs Íslands í framkvæmdastjórn UNESCO. Í kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir ferðalögum frambjóðanda, 10 mánaða launum viðbótarstarfsmanns í sendiráði Íslands í París á árinu 2001 til að sinna framboðinu, leigu og rekstri á húsnæði í skrifstofubyggingu UNESCO, risnu og launum starfsmanns í hálfu starfi á Íslandi á framboðstímanum.

1.91 Aðildargjöld ESB. Lögð er til 15,5 m.kr. hækkun framlags til að greiða aðildargjöld vegna samstarfs við Evrópusambandið á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið í samræmi við endurskoðaða kostnaðaráætlun.

1.95 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna. Farið er fram á 3 m.kr. hækkun framlags til Menntastofnunar Íslands og Bandaríkjanna til að mæta óhagstæðri gengisþróun. Framlag til stofnunarinnar er áætlað 11,5 m.kr. í fjárlagafrumvarpinu.

988 Æskulýðsmál.

1.12 Ungmennafélag Íslands. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundna hækkun framlaga til félagsins. Það hefur staðið fyrir tveimur stórum viðburðum í ár, samnorrænu verkefni, Kultur og ungdom, og unglingalandsmóti. Næsta ár verður 23. landsmót UMFÍ haldið á Austur-Héraði.

1.13 Bandalag íslenskra skáta. Lagt er til að rekstrarstyrkur Bandalags íslenskra skáta hækki um 3,5 m.kr. svo að hann fylgi almennum verðhækkunum og komi einnig til móts við stóraukin umsvif landshreyfingarinnar. Meðal verkefna sem lögð er áhersla á hjá bandalaginu eru fræðslumál, útgáfumál og aðstoð við skátafélög um allt land. Þá er skátahreyfingin stærsti formlegi félagsskapur barna og unglinga í heiminum. Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi er bandalaginu dýr en samstarf við útlönd er forsenda fyrir tilvist og þróun starfseminnar.

1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni. Lagt er til að Bandalag íslenskra skáta fái 0,5 m.kr. tímabundinn styrk til reksturs útilífsmiðstöðvar skáta og Skátaskólans á Úlfljótsvatni. Þar hefur mikil uppbygging farið fram síðustu tvö ár og er enn unnið að uppbyggingu en hluti húsakosts er kominn til ára sinna.

1.17 Landssamband KFUM og KFUK. Lagt er til að fjárveiting til Landssambands KFUM og KFUK hækki um 4 m.kr. og verði 11 m.kr. Heildarkostnaður við starfið er um 100 m.kr. og launagreiðslur jafngilda 30 stöðugildum en mikil sjálfboðavinna er unnin í félaginu. Reknar eru fimm sumarbúðir og fer unglingastarf fram vítt og breitt

um landið og hefur aukist síðustu ár. Þá fer leiðtogafræðsla fram á vegum KFUM og KFUK.

989 Ýmis íþróttamál.

1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands. Gerð er tillaga um 16 m.kr. hækkun framlags til sambandsins. Annars vegar er um að ræða 8 m.kr. tímabundið framlag vegna kostnaðar við sumar- og vetrarólympíudaga Evrópuæskunnar sem haldnir verða næsta ár og hins vegar er 8 m.kr. framlag til að styrkja stöðu sérsambanda ÍSÍ.

1.12 Ólympíunefnd fatlaðra. Lögð er til tímabundin 1,5 m.kr. hækkun fjárveitinga til Ólympíunefndar fatlaðra.

6.52 Skíðasvæðið í Tungudal við Skutulsfjörð. Á þessu nýja viðfangsefni er gerð tillaga um 10 m.kr. tímabundna fjárveitingu til uppbyggingar á skíðasvæðinu í Tungudal við Skutulsfjörð. Eftir að snjóflóð féllu í Seljalandsdal 1994 var hafist handa við skíðalyftu í Tungudal og endurbyggingu í Seljalandsdal, en eftir snjóflóð 1998 þegar skíðalyftan í Seljalandsdal eyðilagðist aftur var ákveðið að öll uppbygging yrði í Tungudal. Sú uppbygging er styrkt eftir fyrri hrakfarir.

999 Ýmislegt.

1.90 Ýmis framlög. Lagt er til að safnliðurinn hækki um 12 m.kr. og er skipting liðarins sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

03 Utanríkisráðuneyti

201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli.

1.30 Fíkniefnaeftirlit. Lagt er til að veitt verði 6 m.kr. framlag til að efla fíkniefnaeftirlit á Keflavíkurflugvelli með fjölgun leitarhunda. Framlagið er ætlað til kaupa á hundaflutningabifreið og til þjálfunar og gæslu leitarhunda.

401 Alþjóðastofnanir.

1.85 Friðargæsla. Sótt er um 17 m.kr. fjárveitingu til að fjölga íslenskum starfsmönnum í alþjóðlegu friðargæslu- og uppbyggingarstarfi um fimm á árinu 2001.

04 Landbúnaðarráðuneyti

101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Lagt er til að 2 m.kr. framlag vegna aksturskostnaðar falli niður.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um að safnliðurinn hækki um 7 m.kr. og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Í fjárlagafrumvarpinu var gert ráð fyrir að hluti af tekjum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins af rannsóknastofum yrði innheimtur af Iðntæknistofnun. Þar sem ekki hefur verið gengið endanlega frá málinu er tillagan dregin til baka og verður málið endurskoðað í ljósi niðurstöðunnar á næsta ári.

221 Veiðimálastofnun.

1.01 Veiðimálastofnun. Lögð er til 4 m.kr. fjárveiting til að sinna áfram tilraunastarfi, þekkingaröflun og ráðgjöf í ræktun kræklings en gert er ráð fyrir að verkefnið standi yfir a.m.k. næstu þrjú ár. Kynningar hafa farið fram á verkefninu og nú hefur á annan tug aðila hafið tilraunarækt á kræklingi víðs vegar um landið.

261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði.

1.01 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði. Lögð er til 2 m.kr. hækkun á framlagi til reksturs háskóladeilda skólans.

283 Garðyrkjuskóli ríkisins.

1.01 Garðyrkjuskóli ríkisins. Gerð er tillaga um 3,3 m.kr. fjárveitingu í þrjú ár til uppbyggingar á sérhæfðri rannsóknaraðstöðu til rannsókna á særoki og saltskemmdum á trjágróðri og vegna doktorsverkefna á sviði plöntulífeðlisfræði og plöntunæringarfræði. Aðstöðunni mun verða komið upp við Garðyrkjuskólann og er gert ráð fyrir að hún nýtist vísindamönnum og til kennslu í skólanum.

6.21 Fasteignir. Lögð er til 15 m.kr. lokagreiðsla til byggingar garðyrkjumiðstöðvar við Garðyrkjuskóla ríkisins í Hveragerði. Í miðstöðinni verður í sama húsnæði leiðbeiningarþjónusta, tilraunastjórn, kennarar, Samband garðyrkjubænda, endurmenntunarstjóri, móttaka og skólameistari. Um 125 m² hafa þegar verið teknir í notkun með breytingum á núverandi húsnæði skólans en til stendur að hefja byggingu 425 m² viðbyggingar við hann. Verklok eru áætluð í maí 2002.

311 Landgræðsla ríkisins.

1.01 Landgræðsla ríkisins. Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. framlag til verkefnisins Bændur græða landið, en verkefnið er liður í átaki stofnunarinnar við bindingu kolefnis.

343 Landshlutabundin skógrækt. Gerðar eru tillögur um 70,6 m.kr. hækkun á framlögum til liðarins og eitt nýtt viðfangsefni sem er Austurlandsskógar.

1.10 Suðurlandsskógar. Lagt er til að framlög til Suðurlandsskóga hækki um 19,6 m.kr. svo að þau verði í samræmi við áætlanir og fyrri samþykktir og hægt verði að standa við samninga sem gerðir hafa verið við trjáplöntuframleiðendur.

1.13 Vesturlandsskógar. Lögð er til 13 m.kr. hækkun á framlagi til Vesturlandsskóga sem verða þá 34 m.kr. Fjárþörfin miðast við þann fjölda plantna sem samið hefur verið um framleiðslu á og að gerðar verði nýjar ræktunaráætlanir til 10–20 ára fyrir 30 jarðir og skjólbeltaáætlanir fyrir allt að 50 jarðir.

1.15 Skjólskógar, Vestfjörðum. Lagt er til að framlag til Skjólskóga á Vestfjörðum hækki um 9 m.kr. og verði alls 30 m.kr. Stígandi verkefnisins verður hraðari en gert var ráð fyrir þar sem undirbúningsvinnan í ár nægir til að taka nýliða hraðar í verkefnið og flýta þannig áætlun um eitt ár.

1.16 Norðurlandsskógar. Lögð er til 19 m.kr. hækkun á framlagi til Norðurlandsskóga sem verður þannig 50 m.kr. eins og gert er ráð fyrir í 40 ára framkvæmdaáætlun.

1.17 Austurlandsskógar. Gerð er tillaga um 10 m.kr. fjárveitingu sem varið verði til að kanna áhuga á skógrækt á svæðum á Austurlandi utan Héraðsskóga og til að hefja samninga við skógræktarbændur á því svæði.

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu.

1.02 Lífeyrissjóður bænda. Lagt er til að greiðslur í Lífeyrissjóð bænda lækki um 8 m.kr. Ástæða lækkunarinnar er að 6% af beingreiðslum fara til beingreiðsluhafa sem eru eldri en 70 ára, en skv. 5. gr. laga nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda, skal ekki greiða iðgjöld í sjóðinn lengur en til 70 ára aldurs.

805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu.

1.02 Lífeyrissjóður bænda. Lagt er til að greiðslur í Lífeyrissjóð bænda lækki um 7,7 m.kr. Ástæða lækkunarinnar er að 10,4% af beingreiðslum fara til beingreiðsluhafa sem eru eldri en 70 ára, en skv. 5. gr. laga nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda, skal ekki greiða iðgjöld í sjóðinn lengur en til 70 ára aldurs.

811 Bændasamtök Íslands. Lögð er til 26,7 m.kr. hækkun á þessum lið vegna samningsbundinnar endurskoðunar á samningi við Bændasamtök Íslands frá 5. mars 1999. Hækkunin verður á eftirfarandi þremur viðfangsefnum:

1.01 Leiðbeiningastarfsemi, landsþjónusta. Gerð er tillaga um 12,2 m.kr. hækkun. Þar

af eru 5,7 m.kr. vegna vanáætlaðrar greiðslu í lífeyrissjóð og 6,5 m.kr. vegna verðlagsbóta á laun fyrir árin 2000 og 2001.
1.92 Leiðbeiningastarfsemi, héraðsþjónusta. Gerð er tillaga um 8,1 m.kr. hækkun. Þar af eru 3,8 m.kr. vegna vanáætlaðrar greiðslu í lífeyrissjóð og 4,3 m.kr. vegna verðlagsbóta á laun fyrir árin 2000 og 2001.
6.95 Búfjárrækt. Gerð er tillaga um 6,4 m.kr. hækkun. Þar af eru 3 m.kr. vegna vanáætlaðrar greiðslu í lífeyrissjóð og 3,4 m.kr. vegna verðlagsbóta á laun fyrir árin 2000 og 2001.

841 Fiskeldisrannsóknir.
1.01 Fiskeldisrannsóknir. Lagt er til að framlag til Stofnfisks hf. hækki um 1,1 m.kr. Hækkunin er í samræmi við verðlagsákvæði samnings við fyrirtækið.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

190 Ýmis verkefni.
1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundna hækkun á þessum lið til sjóvinnukennslu unglinga á vegum Haftinds ehf. Fjárveitingin er háð því að gerður verði þjónustusamningur um verkefnið.
1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins. Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. tímabundið framlag til kynningar á málstað og sjónarmiðum Íslendinga varðandi hvalveiðar. Í frumvarpi til fjárlaga 2001 er gert ráð fyrir 15 m.kr. tímabundinni fjárveitingu til sama verkefnis. Gert er ráð fyrir að kynning á málstað og sjónarmiðum Íslendinga verði látin ná til fleiri ríkja, svo sem Bretlands og Þýskalands.
1.90 Ýmislegt. Lögð er til 38 m.kr. hækkun á liðnum og er hún af þrennum toga. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði tímabundið framlag að fjárhæð 27 m.kr. til að standa undir kostnaði af ráðstefnu sem haldin verður hér á landi haustið 2001 í samvinnu við Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO). Yfirskrift ráðstefnunnar er Responsible Fisheries in the Marine Ecosystem. Í heild er búist við 500–650 þátttakendum. Fjármögnun ráðstefnunnar er tvíþætt. Annars vegar er fjármögnun kostnaðar sem verður til hjá FAO. Áætlað er að sá kostnaður verði um 550 þús. Bandaríkjadalir. Ísland, Noregur og FAO munu skipta þessum kostnaði á milli sín og hefur verið áætlað fyrir honum í fjárlagafrumvarpi 2001 hjá utanríkisráðuneytinu á viðfangsefninu 03-190-1.19 Ráðstefnur, samtals 21,6 m.kr. Hins vegar er gert ráð fyrir að innlendur kostnaður verði um 27 m.kr. Heildarkostnaður vegna ráðstefnunnar er því áætlaður 48,6 m.kr.

Í öðru lagi er gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundna fjárveitingu til að ljúka hagkvæmniathugun á kalkþörungavinnslu í Arnarfirði og í Húnaþingi og til efnagreininga og vinnu að umhverfisrannsóknum. Fjárlaganefnd veitti í fyrra 4 m.kr. tímabundið framlag til könnunar á hagkvæmni kalkþörungavinnslu í Arnarfirði annars vegar og í Húnaflóa hins vegar, 2 m.kr. á hvorn stað. Það varð að samkomulagi milli Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf. og sveitarstjórnar Húnaþings vestra að Atvinnuþróunarfélagið fengi alla fjárhæðina gegn því að Húnaþing vestra fengi aðgang að rannsóknarniðurstöðum. Tekist hefur að ljúka endurvarpsmælingum, borunum og sýnatökum og gagnaöflun vegna hagkvæmniathugunar að mestu en ljúka þarf verkinu. Vitað er um áhuga erlendra aðila á þátttöku í uppbyggingu verksmiðju í Arnarfirði ef niðurstöður nákvæmra efnagreininga og hagkvæmniathugunar verða jákvæðar.

Í þriðja lagi er gerð tillaga um 1 m.kr. tímabundna fjárveitingu til Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða til að safna gögnum og hefja mælingar við innanvert Ísafjarðardjúp með tilliti til nýtingar auðlinda svæðisins.

202 Hafrannsóknastofnunin.

1.30 Rannsóknaskip. Hér er lögð til 13,5 m.kr. hækkun sem skýrist af tvennu. Annars vegar er gerð tillaga um 8 m.kr. viðbótarframlag vegna hækkana á olíuverði á heimsmarkaði sem leitt hafa til aukins kostnaðar við útgerð rannsóknaskipa stofnunarinnar. Þá er gerð er tillaga um að veita 5,5 m.kr. tímabundið framlag til hafrannsóknaskipsins Drafnar sem nýtt er sem skólaskip 60 daga á ári. Flestum börnum í 9. og 10. bekk grunnskóla gefst kostur á að fara í kynnisferð með skipinu og um borð er fararstjóri frá Hafrannsóknastofnuninni sem hefur umsjón með fræðslu. Kostnaður við rekstur skipsins er um 11 m.kr. á ári.

204 Fiskistofa.

1.01 Fiskistofa. Lögð er til 25 m.kr. fjárveiting til að fjölga veiðieftirlitsmönnum um borð í fiskiskipum um fimm til viðbótar við þá fimm sem þegar hefur verið gert ráð fyrir í frumvarpinu. Áætlað er að hækka veiðieftirlitsgjald sem stendur undir rekstri veiðieftirlitsins um sömu fjárhæð.

901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.

1.30 Keldnaholt. Gerð er tillaga um 3,7 m.kr. fjárveitingu vegna hækkana á gjöldum umfram forsendur fjárlaga vegna reksturs á húseignum í Keldnaholti. Um er að ræða kostnað vegna rafmagns, hita og ræstinga, svo og fasteignagjalda og opinberra gjalda.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

232 Opinber réttaraðstoð.

1.10 Opinber réttaraðstoð. Lögð er til 25 m.kr. hækkun framlags til að standa straum af opinberri réttaraðstoð en á það viðfangsefni er færður kostnaður vegna gjafsókna. Hann hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár og var halli á liðnum í lok síðasta árs rúmar 24 m.kr. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2000 er gert ráð fyrir 64 m.kr. framlagi vegna halla þessa og síðasta árs.

301 Ríkissaksóknari.

1.05 Ríkissaksóknari. Lagt er til að framlag til embættis ríkissaksóknara verði hækkað um 0,7 m.kr. vegna endurskoðunar á húsaleigusamningi sem rennur út um næstu áramót. Viðræður hafa staðið yfir milli fjármálaráðuneytisins og leigusala og hafa nú náðst samningar sem leiða til aukinna útgjalda sem nema tæplega 0,7 m.kr.

303 Ríkislögreglustjóri.

1.11 Rekstur lögreglubifreiða. Lagt er til að áætlaðar sértekjur bílabanka ríkislögreglustjóra verði hækkaðar um 2,4 m.kr. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2000 er framlag til kaupa á tveimur bifreiðum sem aðallega verða ætlaðar til tollgæslu hjá sýslumannsembættunum á Akureyri og í Keflavík. Talið er að fastagjaldið fyrir leigu á bifreiðunum muni nema um 0,6 m.kr. og miðað við reynslutölur af akstri verði kílómetragjaldið um 1,8 m.kr. Gerð er tillaga um að framlag til embættanna hækki um 2,4 m.kr. og verður því ekki nettóútgjaldaauki af þessu fyrirkomulagi.

311 Lögreglustjórinn í Reykjavík.

1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík. Lagt er til að sértekjur lögreglunnar í Reykjavík lækki um 3 m.kr. Tekjur embættisins hafa að hluta verið færðar sem sértekjur en eru í reynd skatttekjur og eiga að renna í ríkissjóð en ekki til rekstrar embættisins.

341 Áfengis- og fíkniefnamál.

1.25 Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála. Tvær tillögur eru til hækkunar á þessu viðfangsefni og nema þær 25 m.kr. Í fyrri tillögunni er lagt til að veitt verði 20 m.kr. fjárheimild til þess að mæta sérstökum kostnaði við rannsóknir meiri háttar fíkniefnamála.

Reynsla síðustu ára sýnir að oft hefur komið til óvæntra útgjalda vegna rannsókna stærstu mála. Er þar oft um að ræða beinan útlagðan kostnað vegna aðkeyptrar tæknivinnu en einnig sérstaka álagstíma í vinnu lögreglunnar að rannsókn fíkniefnamála, svo sem þegar fjöldi manna liggur undir grun en það getur kallað á stöðugt eftirlit og símahleranir. Einnig er mikilvægt að rannsókn gangi hratt fyrir sig þegar fjöldi manna sem grunaðir eru um aðild að máli hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald. Lagt er til að fjárheimildin verði á safnlið löggæslu og að henni verði úthlutað árlega af dómsmálaráðuneytinu.

Í síðari tillögunni er lagt til að 5 m.kr. verði varið til þess að koma rekstri sporhunda og fíkniefnaleitarhunda á varanlegan grundvöll. Nauðsynlegt þykir að koma á föstum framlögum til þjálfunar sporhunda, annaðhvort á vegum lögregluembætta eða með samningum við björgunarsveitir. Notkun lögreglu á sporhundum hefur sannað gildi sitt, en björgunarsveitir sem annast þjálfun og rekstur hundanna hafa fengið takmarkaða styrki frá ríkinu til þess. Notkun fíkniefnaleitarhunda eykst einnig stöðugt samhliða öflugri fíkniefnalöggæslu. Er mikilvægt að viðhalda þjálfun fíkniefnahunda um allt land á næsta ári en tímabundið framlag var veitt til hennar á þessu ári á lið ríkislögreglustjóra. Lögreglu- og tollyfirvöld annast rekstur fíkniefnaleitarhunda en samkomulag er á milli ríkislögreglustjóra og ríkistollstjóra um samnýtingu fíkniefnahunda.

390 Ýmis löggæslumál.

1.10 Ýmis löggæslukostnaður. Gerð er tillaga um 25 m.kr. fjárveitingu sem varið verði til að efla löggæslu með því að fjölga lögreglumönnum, einkum á sviði fíkniefnalöggæslu. Að undanförnu hefur fjölgað verulega stórum og tímafrekum rannsóknum í fíkniefnamálum og er fyrirhugað að bæta við mannafla í fíkniefnalöggæslu til þess að anna miklu og viðvarandi álagi. Fjárhæðin samsvarar launum sex lögreglumanna ásamt tengdum kostnaði. Við það er miðað að fyrir áramót liggi fyrir nánari tillögur um ráðstöfun á fjárhæðinni.

411 Sýslumaðurinn í Reykjavík.

1.10 Yfirstjórn. Lagt er til að sértekjur sýslumannsembættisins í Reykjavík verði lækkaðar um 6,9 m.kr. Tekjur embættisins hafa að hluta verið færðar sem sértekjur en þær eru í reynd skatttekjur og eiga að renna í ríkissjóð en ekki til rekstrar embættisins.

414 Sýslumaðurinn í Stykkishólmi.

1.01 Yfirstjórn. Lagt er til að framlag til sýslumannsembættisins í Stykkishólmi verði aukið um 0,6 m.kr. vegna aukins kostnaðar við nýtt húsnæði, ræstingar, rafmagn, hita, snjómokstur o.fl. Heildarkostnaðarauki er áætlaður 1,1 m.kr. og voru millifærðar 0,5 m.kr. af safnlið sýslumannsembætta til embættisins við undirbúning fjárlagafrumvarpsins.

424 Sýslumaðurinn á Akureyri.

1.40 Tollgæsla. Lagt er til að sértekjur sýslumannsembættisins á Akureyri lækki um 0,4 m.kr. Tekjur embættisins hafa að hluta verið færðar sem sértekjur en þær eru í reynd skatttekjur og eiga að renna í ríkissjóð en ekki til rekstrar embættisins. Lagt er til að veitt verði 1,2 m.kr. framlag til sýslumannsembættisins á Akureyri vegna aukinna leigugjalda til bílabanka ríkislögreglustjóra. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2000 er framlag til kaupa á tveimur bifreiðum sem aðallega verða ætlaðar til tollgæslu hjá sýslumannsembættunum á Akureyri og í Keflavík. Talið er að fastagjaldið fyrir leigu hvorrar bifreiðar muni nema um 0,3 m.kr. og miðað við reynslutölur af akstri verði kílómetragjaldið um 0,9 m.kr. Við það er miðað að tekjur embættis ríkislögreglustjóra aukist að sama skapi þannig að ekki verður nettóútgjaldaauki af þessu fyrirkomulagi.

429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði.

1.20 Löggæsla. Gerð er tillaga um að sértekjur lækki um 0,2 m.kr. og gjöld hækki um 0,2 m.kr. Með breytingum á lögum nr. 87/2000 var Höfn í Hornafirði gerð að aðaltollhöfn. Við þá breytingu féll niður heimild til að innheimta gjald fyrir tollþjónustu. Tekjur af þessu gjaldi hafa verið um 0,4 m.kr. á ári.

434 Sýslumaðurinn í Keflavík.

1.40 Tollgæsla. Lagt er til að veitt verði 1,2 m.kr. fjárframlag til sýslumannsembættisins í Keflavík vegna aukinna leigugjalda til bílabanka ríkislögreglustjóra. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2000 er framlag til kaupa á tveimur bifreiðum sem aðallega verða ætlaðar til tollgæslu hjá sýslumannsembættunum á Akureyri og í Keflavík. Talið er að fastagjaldið af leigu hvorrar bifreiðar muni nema um 0,3 m.kr. og miðað við reynslutölur af akstri verði kílómetragjaldið um 0,9 m.kr. Við það er miðað að tekjur embættis ríkislögreglustjóra aukist að sama skapi þannig að ekki verður nettóútgjaldaauki af þessu fyrirkomulagi.

436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði.

1.01 Yfirstjórn. Lagt er til að sértekjur yfirstjórnar sýslumannsembættisins í Hafnarfirði verði felldar niður en þær nema 1,1 m.kr. samkvæmt frumvarpinu. Tekjur embættisins hafa verið færðar sem sértekjur en þær eru í reynd skatttekjur og eiga að renna í ríkissjóð en ekki til rekstrar embættisins.

1.01 Tollgæsla. Lagt er til að sértekjur tollgæslu sýslumannsembættisins í Hafnarfirði lækki um 0,3 m.kr. Tekjur embættisins hafa að hluta verið færðar sem sértekjur en þær eru í reynd skatttekjur og eiga að renna í ríkissjóð en ekki til rekstrar embættisins.

490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta.

1.63 Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins. Lagt er til að framlag til miðstöðvarinnar verði hækkað um 26,2 m.kr. í kjölfar endurskoðunar á samningi við Skráningarstofuna hf. um rekstur miðstöðvarinnar frá því í október. Í samningnum er kveðið á um endurmat á gildandi samningi og viðbót vegna Schengen-samningsins, Útlendingaeftirlitsins o.fl. auk bakvakta vegna Schengen-samningsins.

701 Biskup Íslands.

6.22 Hallgrímskirkja. Lögð er til 10 m.kr. hækkun fjárveitinga til að vinna að framkvæmdum á lóð Hallgrímskirkju. Stefnt er að því að ljúka þar framkvæmdum árið 2002 og er þörf fyrir sömu fjárhæð næsta ár til að það takist.

6.25 Dómkirkjan í Reykjavík. Gerð er tillaga um 6 m.kr. fjárveitingu til viðgerða og endurbóta á kirkjunni. Kostnaður við endurbætur er að nálgast 200 m.kr. en kostnaðarauki er einkum vegna ófyrirséðra verka við þakvirki.

6.26 Auðunarstofa. Gerð er tillaga um 21 m.kr. tímabundna hækkun á framlagi til að ljúka verkefnum í tengslum við móttöku gjafar Norðmanna, Auðunarstofu.

6.27 Rannsóknarstofnun í helgisiðum í Skálholti. Gerð er tillaga um 8,5 m.kr. tímabundna fjárveitingu til þessa nýja viðfangsefnis. Unnið er að uppbyggingu rannsóknarstofnunar í helgisiðafræðum í Skálholti, en stofnuninni hafa m.a. verið afhent gögn umfangsmikillar rannsóknar Collegium Musicum.

733 Kirkjugarðsgjöld.

1.11 Kirkjugarðar. Lagt er til að Kirkjugarðasambandi Íslands verði veitt 3 m.kr. tímabundið framlag til styrktar verkefni sem felst í því að skrá legstaði og söguupplýsingar í eldri kirkjugörðum til framsetningar á netinu. Kirkjugarðasambandið hefur ráðist í tölvuskráningu kirkjugarða og stofnað um það sjálfstætt félag. Markmið þess er að bæta skipulag og stjórn kirkjugarða, gera upplýsingar um kirkjugarða og legstaðaskrár að-

gengilegar almenningi og að safna og varðveita menningarlegar heimildir um kirkjugarða og legstaði og gera aðgengilegar á netinu. Stefnt er að því að verkefnið verði unnið á Akureyri og Blönduósi.

07 Félagsmálaráðuneyti

400 Barnaverndarstofa.

1.20 Heimili fyrir börn og unglinga. Lagt er til að veitt verði 26 m.kr. framlag til unglingameðferðarheimilisins Götusmiðjunnar til að efla starfsemi heimilisins. Gert er ráð fyrir að Barnaverndarstofa geri samning við heimilið þar sem nánar verði kveðið á um hvernig framlaginu verði varið.

700 Málefni fatlaðra.

1.50 Laun vegna forfalla, orlofs o.fl. Gerð er tillaga um tímabundna fjárheimild að fjárhæð 36,9 m.kr. vegna ofmats í frumvarpinu á lækkun útgjalda stofnana ráðuneytisins í kjölfar stofnunar fæðingarorlofssjóðsins. Tillagan miðar að því að leiðrétta framlög til stofnana sem til þessa hafa ekki greitt, eða aðeins greitt að hluta, laun í barnsburðarleyfum og til rekstrarverkefna samkvæmt þjónustusamningum.

711 Styrktarfélag vangefinna.

1.01 Styrktarfélag vangefinna. Lögð er til 8 m.kr. viðbótarfjárveiting til að gera þjónustusamning við Styrktarfélag vangefinna.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Gerð er tillaga um 1.800 m.kr. hækkun á liðnum og er hún tvíþætt. Annars vegar er lagt til að veitt verði 1.100 m.kr. framlag í sjóðinn til að jafna tekjutap einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna í kjölfar breytinga á álagningarstofni mannvirkja. Framlagið er ákvarðað í samræmi við frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem lagt hefur verið fyrir Alþingi og er framlagið reiknað sem hlutfall af skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum sem innheimtir eru í ríkissjóð.

Hins vegar er farið fram á 700 m.kr. tímabundið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í kjölfar samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga og í samræmi við tillögur tekjustofnanefndar sem skilaði skýrslu til félagsmálaráðherra í október 2000. Gert er ráð fyrir að framlaginu verði ráðstafað til sveitarfélaga eftir reglum sem settar verða í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

980 Vinnumálastofnun.

1.01 Yfirstjórn. Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundna fjárheimild til kaupa á húsnæði fyrir Svæðisvinnumiðlun Austurlands á Egilsstöðum. Leigusamningur við eigendur rennur út í árslok 2000 og ekki hefur tekist að finna hentugt leiguhúsnæði þrátt fyrir ítarlega athugun.

981 Vinnumál.

1.90 Ýmislegt. Gerð er tillaga um 7 m.kr. tímabundið framlag til liðarins.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

1.41 Framlög og styrkir. Gerð er tillaga um 104 m.kr. tímabundið framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs í kjölfar samkomulags milli aðila vinnumarkaðarins í mars 2000 um að treysta stöðu einstaklinga á vinnumarkaði með því að gefa þeim kost á að efla og endurnýja þekkingu sína og verða hæfari til að takast á við ný verkefni. Samhliða gerðu forvígismenn atvinnurekenda og félagsmálaráðherra samkomulag um 104 m.kr. framlag úr Atvinnuleysistryggingasjóði á árinu 2001, 53 m.kr. framlag árið 2002 og 43 m.kr. framlag árið 2003 eða alls 200 m.kr.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða. Lagt er til að framlög til Klúbbsins Geysis verði hækkuð um 1,8 m.kr. vegna aukinna umsvifa. Markmið klúbbsins er að reka vinnumiðlun fyrir geðfatlað fólk auk annarrar starfsemi í þágu þess. Klúbburinn hefur tvo starfsmenn en þörf er á þeim þriðja.

1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundna hækkun á styrk til starfsemi Krossgatna.

1.44 Byrgið, líknarfélag. Lögð er til 5 m.kr. tímabundin hækkun á fjárveitingum til Byrgisins til reksturs afeitrunardeildar í Hafnarfirði og áfangahúss fyrir fólk sem ekki hefur í önnur hús að venda. Áformað er að þar verði langtímameðferð sem geti varað í allt að þrjú ár.

1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum. Þetta er nýtt viðfangsefni og hér er farið fram á 7 m.kr. fjárveitingu vegna stofnunar Nýbúamiðstöðvar á Vestfjörðum, sbr. tillögu til þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi 9. maí 2000.

6.41 Blindrafélagið, burstavél. Lagt er til að Blindrafélagið fái 10 m.kr. tímabundið fjárframlag til kaupa á burstagerðarvél fyrir Blindravinnustofuna sem verður 60 ára á næsta ári. Hún hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til vélarkaupanna, enda hefur verið rekstrarhalli á starfseminni síðustu ár.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

201 Tryggingastofnun ríkisins.

1.01 Tryggingastofnun ríkisins. Gerð er tillaga um 4 m.kr. millifærslu á almennan rekstur Tryggingastofnunar af liðnum 08-209-1.11 Sjúklingatryggingar vegna umsýslukostnaðar við sjúklingatryggingar en stofnunin mun annast umsýslu þeirra trygginga.

206 Sjúkratryggingar.

1.15 Lyf. Lögð er til 175 m.kr. hækkun á framlagi til lyfjamála. Endurmat á útgjöldum til lyfjamála eftir tíu mánuði bendir til þess að útgjöld vegna málaflokksins verði 4.755 m.kr. á árinu 2001 og hefur útgjaldaspáin hækkað um 175 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

1.21 Hjálpartæki. Lagðar eru til tvær breytingar á liðnum til hækkunar um 40 m.kr. Annars vegar er gerð tillaga um 20 m.kr. framlag til Tryggingastofnunar til að gera henni kleift að hafa umsjón með öndunargrímum. Fjármunir voru á sínum tíma fluttir frá Tryggingastofnun til Landspítala til að annast öflun og umsjón með öndunarvélum en Tryggingastofnun annaðist þó eftir sem áður rekstur hluta þeirra. Í ljósi fenginnar reynslu er talið eðlilegt að umsjón með starfsemi þessari verði í höndum Tryggingastofnunar sem mun gera þjónustusamning við Landspítalann um þjónustu vegna öndunargríma fyrir sjúkratryggða einstaklinga í heimahúsum. Kostnaður vegna þessa samnings er áætlaður 40 m.kr. á ári og hafa þegar verið millifærðar 20 m.kr. af fjárheimildum Landspítala til Tryggingastofnunar.

Hins vegar er gerð tillaga um 20 m.kr. hækkun í ljósi endurmats á útgjöldum vegna hjálpartækja.

1.31 Þjálfun. Lagt er til að 64,1 m.kr. framlag verði fært af sjúkratryggingum til málefna fatlaðra á viðfangsefni Endurhæfingarstöðvar Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, 08-340-1.10, til að ljúka við þjónustusamning við félagið. Til þessa hefur Tryggingastofnun ríkisins annast samningagerð við Endurhæfingarstöð félagsins sem jafnframt hefur fengið árlegan styrk frá heilbrigðisráðuneyti. Þrátt fyrir greiðslur ráðuneytisins hefur verið halli á rekstri stöðvarinnar sem hefur verið fjármagnaður af happdrættisfé félagsins.

Með þjónustusamningnum er gert ráð fyrir að greiðslur til endurhæfingarstöðvarinnar verðið auknar til að styrkja rekstrarstöðu hennar.

209 Sjúklingatryggingar.

1.11 Sjúklingatryggingar. Gerð er tillaga um 4 m.kr. millifærslu af þessum lið á almennan rekstur Tryggingastofnunar vegna umsýslukostnaðar við sjúklingatryggingar en stofnunin mun annast umsýslu þeirra trygginga.

301 Landlæknir.

1.01 Yfirstjórn. Lögð er til 12 m.kr. hækkun á framlagi til landlæknisembættisins vegna klíniskra leiðbeininga en hluti kostnaðar er tímabundinn. Annars vegar er um að ræða laun læknis sem hefur unnið að klínískum leiðbeiningum og hins vegar kostnað vegna aðkeyptrar sérfræðiaðstoðar. Með klínískum leiðbeiningum opnast möguleiki á að veita skilvirka læknismeðferð með hóflegum kostnaði. Við þetta starf er m.a. stuðst við vandaðar erlendar leiðbeiningar sem verður að laga að íslenskum aðstæðum en fyrirhugað er að skipa starfshópa lækna til ráðgjafar á hinum ýmsu sérsviðum. Í fjáraukalagafrumvarpi fyrir árið 2000 er farið fram á 7 m.kr. fjárveitingu til þessa verkefnis.

327 Geislavarnir ríkisins.

1.01 Geislavarnir ríkisins. Gerð er tillaga um 1,1 m.kr. framlag til að framfylgja eftirliti með allsherjarbanni við kjarnavopnum. Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um framkvæmd samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn. Samningurinn var fullgiltur 26. júní sl. Skv. 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Geislavarnir ríkisins fari með eftirlit með framkvæmd laganna og samningsins. Árlegur rekstrarkostnaður vegna þessa er áætlaður 1,1 m.kr.

6.01 Tæki og búnaður. Lagt er til 2,4 m.kr. tímabundið framlag sem er áætlaður kostnaður til kaupa á stofnbúnaði til nota við eftirlit með framangreindu allsherjarbanni við tilraunum með kjarnavopn. Stofnkostnaðurinn felst í sérstökum tölvu- og hugbúnaðarkaupum.

330 Manneldisráð.

1.01 Manneldisráð. Lagt er til 1,8 m.kr. tímabundið framlag næstu þrjú árin til viðhalds á íslenska gagnagrunninum um efnainnihald matvæla, ÍSGEM. Hafist var handa við uppbyggingu á grunninum á áttunda áratugnum, en að mati sérfræðinga veitir grunnurinn mikilvægar upplýsingar bæði fyrir framleiðendur og neytendur um innihald matvæla. Fyrir heilbrigðisþjónustuna hefur grunnurinn einkum gildi varðandi rannsóknir á sambandi mataræðis og heilsu. Næringarmeðferð sjúklinga á sjúkrahúsum og ráðgjöf til almennings byggist einnig á gögnum frá ÍSGEM.

340 Málefni fatlaðra.

1.10 Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. Gerð er tillaga um að 64,1 m.kr. framlag verði fært af sjúkratryggingum til málefna fatlaðra á viðfangsefni Endurhæfingarstöðvar Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra til að ljúka við þjónustusamning við félagið. Til þessa hefur Tryggingastofnun ríkisins annast samningagerð við Endurhæfingarstöð félagsins sem jafnframt hefur fengið árlegan styrk frá heilbrigðisráðuneyti. Þrátt fyrir greiðslur ráðuneytisins hefur verið halli á rekstri stöðvarinnar sem hefur verið fjármagnaður af happdrættisfé félagsins. Með þjónustusamningnum er gert ráð fyrir að auka greiðslur til endurhæfingarstöðvarinnar til að styrkja rekstrarstöðu hennar.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.

6.01 Tæki og búnaður. Lagt er til að veitt verði 20 m.kr. tímabundið framlag til ársins 2004 til að greiða hluta af nýjum röntgenbúnaði fyrir myndgreiningardeild sjúkrahússins. Á árinu 1999 var heimilað að bjóða út tækjabúnað fyrir æðarannsóknastofu og

tölvusneiðmyndatæki. Útboð fór fram á þessu ári og liggur niðurstaða nú fyrir. Sá búnaður, sem stjórnendur sjúkrahússins leggja til að verði keyptur, kostar um 83 m.kr. Ljóst er að fjárveitingar sjúkrahússins til tækjakaupa á þessu ári duga ekki til að kaupa þessi tæki.

370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi.

1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Gerð er tillaga um að veita 68 m.kr. tímabundið framlag til að fjármagna á næsta ári væntanlegar eftirstöðvar fæðingarorlofsgreiðslna samkvæmt núgildandi lögum um fæðingarorlof. Í ársbyrjun næsta árs taka gildi ný lög um greiðslur í fæðingarorlofi. Í stað þess að ríkisstofnanir greiði sjálfar laun í fæðingarorlofi af sínu rekstrarfé fær nýr sjóður það hlutverk.

373 Landspítali, háskólasjúkrahús.

1.01 Landspítali, háskólasjúkrahús. Tvær tillögur eru á þessum lið sem leiða til 103,4 m.kr. hækkunar. Er annars vegar tillaga um 120 m.kr. viðbótarframlag til mæta kostnaði af stærri skömmtum af lyfinu beta-interferon í baráttunni við MS-sjúkdóminn. Þegar er gert ráð fyrir 40 m.kr. af rekstrarútgjöldum Landspítalans til þessa verkefnis. Samtals er því reiknað með 160 m.kr. heildarkostnaði vegna lyfsins á næsta ári. Með rannsóknum hefur verið sýnt fram á að skammtur af lyfinu þarf að vera sexfaldur til að skila tilætluðum árangri.

Hins vegar er lagt til að færðar verði 16,6 m.kr. af Landspítala – háskólasjúkrahúsi til Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík. Hinn 1. október 1999 var mæðravernd Landspítala – háskólasjúkrahúss flutt og sameinuð mæðravernd Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík með samningi milli stofnananna.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.

5.50 Viðhald sjúkrahúsa, óskipt og *6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða.* Fjárveitingar ætlaðar til viðhalds lækka um 60 m.kr. og á móti hækka fjárveitingar til stofnkostnaðar um sömu fjárhæð.

420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið.

1.01 Sjúkrastofnanir SÁÁ. Gerð er tillaga um 10 m.kr. framlag til framhaldsmeðferðar unglinga og fjölskyldumeðferðar á Sjúkrastöð Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann.

501 Sjúkraflutningar.

1.15 Sjúkraflug. Lögð er til 41,9 m.kr. fjárveiting til að mæta kostnaði við sjúkraflug samkvæmt samningi sem áformað er að gera í kjölfar útboðs sem Ríkiskaup önnuðust. Samkvæmt útboðinu verður greitt fyrir heildargrunnbætur fyrir áætlunarflug annars vegar og heildargrunngjald fyrir sjúkraflug hins vegar. Enn fremur verður greitt gjald fyrir hvert sjúkraflug, svo og gjald fyrir hvern klukkutíma umfram staðalsjúkraflug. Með samningunum verður þjónusta sjúkraflugs í fastari skorðum og öryggi eykst. Kostnaðarauki heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis vegna grunngjalds fyrir sjúkraflug er 41,9 m.kr. Að öðru leyti er kostnaður fyrir hvert einstakt sjúkraflug greiddur af Tryggingastofnun ríkisins.

510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík.

1.01 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík. Lagt er til að færðar verði 16,6 m.kr. frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi til Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík. Hinn 1. október 1999 var mæðravernd Landspítala – háskólasjúkrahúss flutt og sameinuð mæðravernd Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík með samningi milli stofnananna.

621 Forvarnasjóður.

1.90 Forvarnasjóður. Gerð er tillaga um 9,5 m.kr. fjárveitingar til fjögurra verkefna. Í fyrsta lagi er tillaga um 5,5 m.kr. framlag til Forvarnasjóðs vegna ýmissa verkefna og þar á meðal til þátttöku í ECMDDA sem er evrópsk miðstöð í forvarnastarfi gegn vímuefnum. Í öðru lagi er tillaga um 1,5 m.kr. framlag sem renni til vímuefnalausrar miðstöðvar ungs fólks á Ísafirði í Gamla apótekinu til að efla forvarnastarf gegn vímuefnum. Í þriðja lagi er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundinn rekstrarstyrk til félagasamtakanna Íslenskra ungtemplara. Í fjórða lagi er tillaga um 1 m.kr. framlag sem renni til vímuefnalausrar miðstöðvar ungs fólks í Skagafirði til að efla forvarnastarf gegn vímuefnum.

09 Fjármálaráðuneyti

101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Lagt er til að framlag hækki um 4 m.kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 4 m.kr. framlagi á liðnum 09-995 Skýrsluvélakostnaður vegna aukinnar aðkeyptrar þjónustu við upplýsingavinnslu fjárlagagerðar og reksturs fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis. Fjárheimildin var hins vegar millifærð af fjárlagalið aðalskrifstofunnar í frumvarpinu og er tillagan ætluð til leiðréttingar á þeirri framsetningu.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.

6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Gerð er tillaga um 200 m.kr. hækkun á fjárveitingu til að mæta útgjöldum samkvæmt ákvæðum um heimildir í 7. gr. fjárlagafrumvarpsins. Áætlanir um nýtingu þessara heimilda eru jafnan háðar mikilli óvissu en reynsla síðustu ára hefur leitt í ljós að fjárheimild liðarins hefur verið skorinn fullþröngur stakkur miðað við framkvæmd heimildarákvæðanna.

811 Barnabætur.

1.11 Barnabætur. Gerð er tillaga um 200 m.kr. hækkun á fjárheimild til greiðslu barnabóta. Í frumvarpinu hefur þegar verið gert ráð fyrir 600 m.kr. hækkun á fjárheimildinni en sú áætlun hefur nú verið endurmetin. Aukin framlög skýrast af áformum um að draga úr tekjutengingu og afnema eignatengingu í barnabótakerfinu. Einnig verða teknar upp ótekjutengdar bætur fyrir börn yngri en sjö ára.

821 Vaxtabætur.

1.11 Vaxtabætur. Lagt er til að fjárheimild til greiðslu vaxtabóta verði lækkuð um 400 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun fyrir árið 2001. Lækkunin stafar af auknum tekjum launþega milli ára.

984 Fasteignir ríkissjóðs.

1.11 Rekstur fasteigna. Lagt er til að fjárheimild viðfangsefnisins hækki um 0,5 m.kr. vegna lítils háttar skekkju í reikningi á launa- og verðlagshækkun frumvarpsins sem hafði í för með sér að hækkun tekna og gjalda varð ekki alveg jöfn.

989 Launa- og verðlagsmál.

1.90 Launa- og verðlagsmál. Lagt er til að veitt verði fjárheimild sem nemi 150 m.kr. vegna nýlegs samkomulags milli stéttarfélaga opinberra starfsmanna, ríkis og sveitarfélaga um réttindamál starfsmanna, einkum veikinda- og fæðingarorlofsrétt. Samkomulagið tekur gildi 1. janúar 2001 og verður hluti af kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarfélaga. Með samkomulaginu verður veikindaréttur samræmdur fyrir þessi stéttarfélög. Þá gerir samkomulagið ráð fyrir að ríkisstofnanir greiði framlag sem nemi 0,41% af heildarlaunum starfsmanna í stéttarfélögunum í sérstakan Fjölskyldu- og styrktarsjóð. Hlutverk sjóðsins verður einkum að greiða þann mismun sem er á milli réttinda sam-

kvæmt fæðingarorlofslögum sem taka gildi um næstu áramót og heldur meiri réttinda sem ríkisstarfsmenn hafa haft til þessa samkvæmt reglugerð um fæðingarorlof. Einnig verður það hlutverk sjóðsins að stéttarfélögin geti tekið á sérstökum áföllum hjá félagsmönnum sínum sem veikindarétturinn nær ekki til. Þá er sjóðnum ætlað að koma til móts við þarfir félagsmanna stéttarfélaganna varðandi heilsueflingu. Kostnaður við framlög í sjóðinn er áætlaður 150 m.kr. og er hann færður í einu lagi á þennan lið. Fyrirhugað er að fjárheimildinni verði skipt niður á einstakar stofnanir þegar launaforsendur verða endurmetnar með tilliti til nýrra kjarasamninga.

10 Samgönguráðuneyti

190 Ýmis verkefni.

1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar. Gert er ráð fyrir að fjárheimild sem nemi 9,7 m.kr. verði millifærð af viðfangsefninu 10-190-1.12 á nýtt viðfangsefni hjá Flugmálastjórn, 10-471-1.11 Styrkir til innanlandsflugs. Fjárheimildin er ætluð til að mæta framlögum til flugrekstraraðila í kjölfar útboðs á sjúkra- og áætlunarflugi innan lands.

1.25 Staðsetningarkerfi. Lagt er til að heiti viðfangsefnis 10-190-1.25 verði breytt úr GPS-staðsetningarkerfi í Staðsetningarkerfi.

1.34 Flugskóli Íslands. Farið er fram á 9,7 m.kr. framlag til rekstrar Flugskóla Íslands eins og verið hefur undanfarin ár. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að rekstrarstyrkur til skólans falli niður en í staðinn komi stofnstyrkur að upphæð 15 m.kr. á ári í þrjú ár til kaupa á flughermi fyrir skólann. Þetta byggðist á þeirri forsendu að búist var við samkeppni í rekstri flugskóla, þ.e. til bóklegs náms í atvinnuflugi. Vegna samkeppnissjónarmiða þótti ekki réttlætanlegt að styrkja einn skóla umfram annan í slíkum rekstri. Af þessu hefur ekki orðið og því er talið rétt að veita áfram sama styrk til skólans.

1.42 Gestastofur og markaðsstarf. Lagt er til að heiti viðfangsefnis verði breytt úr Ferðamál og markaðsstarf í Gestastofur og markaðsstarf.

1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku. Farið er fram á 12 m.kr. hækkun á fjárveitingu til verkefnis um markaðssetningu Íslands í Norður-Ameríku vegna hækkunar á gengi Bandaríkjadals. Í samningi um verkefnið er gert ráð fyrir árlegu framlagi í fimm ár að fjárhæð 700.000 Bandaríkjadalir. Þegar samningurinn var gerður var gengi Bandaríkjadals u.þ.b. 70 kr. en er nú komið í ríflega 87 kr. Samningurinn rennur út árið 2004.

1.90 Ýmislegt. Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundna hækkun þessa liðar til að kosta sérútbúna bifreið í Árneshreppi í þeim tilgangi að hana megi nota til að aka yfir Trékyllisheiði að vetrarlagi og auka þannig öryggi íbúanna í hreppnum.

6.41 Hlutur ríkisins í flughermi fyrir flugskóla. Lagt er til að tímabundinni 15 m.kr. fjárveitingu til 2003, sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu, verði breytt í 10 m.kr. fjárveitingu til ársins 2005. Í fjárlagafrumvarpinu var gert ráð fyrir að rekstrarstyrkur til Flugskóla Íslands félli niður en í staðinn kæmi stofnstyrkur að upphæð 15 m.kr. á ári til þriggja ára til kaupa á flughermi. Nú er hins vegar lagt til að stofnstyrkur til kaupa á flugherminum verði lækkaður í 10 m.kr. til ársins 2005.

335 Siglingastofnun Íslands.

6.70 Hafnamannvirki. Gerð er tillaga um 84,6 m.kr. lækkun á greiðsluheimild vegna hafnamannvirkja í samræmi við gildandi hafnaáætlun. Á árinu 2000 var gert ráð fyrir niðurgreiðslu skulda sem nemur 194,3 m.kr. Á næsta ári er sambærileg tala 109,7 m.kr. og þarf því að lækka greiðsluna um 84,6 m.kr. Fjárveiting liðarins verður óbreytt eftir sem áður.

471 Flugmálastjórn.

1.11 Styrkir til innanlandsflugs. Gerð er tillaga um 51 m.kr. fjárveitingu til að mæta kostnaði við áætlunarflug innan lands samkvæmt samningi sem áformað er að gera í kjölfar undangengins útboðs. Samkvæmt útboðinu verða greiddar heildargrunnbætur fyrir áætlunarflug annars vegar og heildargrunngjald fyrir sjúkraflug hins vegar. Heildarkostnaður vegna útboðsins er 155 m.kr. Þar af er hlutur samgönguráðuneytisins 60,7 m.kr. vegna grunnbóta fyrir áætlunarflug. Á viðfangsefninu 10-190-1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar er í frumvarpinu 9,7 m.kr. fjárheimild sem hefur verið ætluð til þessa verkefnis og er sú fjárhæð flutt þaðan til Flugmálastjórnar. Er því gerð tillaga hér um 60,7 m.kr. fjárveitingu.

651 Ferðamálaráð.

1.11 Ferðamálasamtök landshluta. Gerð er tillaga um 4 m.kr. hækkun fjárveitinga til þess að ferðamálasamtök landshluta geti sinnt hlutverki sínu og staðið undir þeim verkefnum sem þeim er ætlað.

11 Iðnaðarráðuneyti

101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Gerð er tillaga um 5 m.kr. framlag vegna kostnaðar sem hlýst af yfirstjórn byggðamála. Vorið 1999 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 sem leggur fjölmargar skyldur á ráðuneytið í þessum efnum. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir 5 m.kr. fjárveitingu til þessa málaflokks. Áformað er að bæta við hálfu starfi til viðbótar einu starfi sem fyrir er. Óhjákvæmilega fylgir ýmis annar starfskostnaður, svo sem vegna ferðalaga út á land, norræns og alþjóðlegs samstarfs, kaupa á sérfræðiþjónustu o.fl.

251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Lögð er til 25 m.kr. fjárveiting til að endurgreiða kostnað vegna kvikmyndargerðar í ljósi endurskoðunar á lögum nr. 43/1999, um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

13 Hagstofa Íslands

101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa.

1.50 Þjóðskráin. Gerð er tillaga um 20 m.kr. framlag vegna samdráttar sölutekna upplýsinga úr þjóðskrá. Einnig er sýnt að hagræðing vegna upptöku nýs þjóðskrárkerfis verður minni en að var stefnt. Það stafar af því að kerfið er flóknara og viðhaldsfrekara en reiknað var með í fyrstu.

14 Umhverfisráðuneyti

190 Ýmis verkefni.

1.23 Ýmis umhverfisverkefni. Gerð er tillaga um 7 m.kr. tímabundið framlag til vinnuhóps náttúrustofa og heilbrigðiseftirlits á Vestfjörðum, Austfjörðum og Norðurlandi vestra til að gera úttekt á skólpmengun við litla þéttbýlisstaði við sjávarsíðuna og skipuleggja vöktun á mengun við sömu staði. Árið 1997 hófst samstarf milli Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra og Náttúrustofu Vestfjarða um sýnatökur og mælingar við þéttbýlisstaði á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra en vegna fjárskorts hefur ekki verið hægt að ganga frá niðurstöðum þessara athugana. Til að lýsa ástandinu á raunsannan hátt þarf að koma til ítarlegri sýnataka yfir lengra tímabil.

1.90 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um að stofnaður verði sérstakur safnliður hjá umhverfisráðuneytinu með 3 m.kr. fjárveitingu. Sundurliðun liðarins er sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

301 Skipulagsstofnun.

1.01 Skipulagsstofnun. Ekki er talið að unnt verði að afla sértekna af umhverfismati eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Lækka því gjöld til jafns við lækkun tekna eða alls um 4 m.kr.

381 Ofanflóðasjóður.

1.01 Almennur rekstur og *6.60 Ofanflóðasjóður.* Gerð er tillaga um 7 m.kr. millifærslu af stofnkostnaði yfir á nýtt viðfangsefni 14-381-1.01 til að aðgreina rekstrarkostnað frá styrkveitingum.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið hér að framan og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. nóv. 2000.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Árni Johnsen.
Hjálmar Jónsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
	Kristján Pálsson.	

Fylgiskjal I.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2001 (01 Forsætisráðuneyti, 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 9. október 2000.

Á fund nefndarinnar komu Björn Friðfinnsson og Ásdís Sigurjónsdóttir frá dómsmálaráðuneyti, Skarphéðinn Berg Steinarsson frá forsætisráðuneyti, Böðvar Bragason, Sólmundur Már Jónsson og Geir Jón Þórisson frá lögreglunni í Reykjavík og Jón H. Snorrason, Guðmundur Stefánsson og Jónmundur Kjartansson frá ríkislögreglustjóra.

Á fundum sínum ræddi nefndin ítarlega þá fjárlagaliði sem snúa að löggæslumálum.

Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram að rekstrarframlag til embættis lögreglustjórans í Reykjavík er áætlað rétt rúmlega 1.533 millj. kr. Í máli lögreglustjóra kom fram að rekstur embættisins hefði verið erfiður frá því að lögreglulög, nr. 90/1996, tóku gildi 1. júlí 1997. Greindi hann nefndinni frá því að fram til þess tíma hefði embættið ætíð skilað afgangi en eftir setningu laganna hefðu fjárveitingar ekki verið nægar. Beiðnir um fjárveitingar hefðu

grundvallast á því að koma fjárveitingum í rétt horf í samræmi við þann kostnað sem hlaust af breytingum sem gerðar voru með lögreglulögum en fram kom í máli lögreglustjórans og fulltrúa embættisins að enn væri verið að vinna upp halla vegna breytinganna. Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á að rétt sé að gera úttekt á þeim breytingum sem gerðar voru með lögunum.

Nefndin ræddi ítarlega um fíkniefnamál og leggur meiri hlutinn áherslu á aukningu fjárframlaga til málaflokksins á fjárlögum næsta árs.

Þá greindi lögreglustjóri frá því að verkefnum hjá embættinu hefði fjölgað mjög. Nefndi hann sem dæmi að opinberar heimsóknir hefðu verið nokkrar á árinu sem hefði haft óvænt fjárútlát í för með sér en ekki hefði verið hægt að taka kostnað vegna þeirra með í reikninginn þegar fjárhagsáætlun var gerð, enda var þá ekki ljóst að af heimsóknunum yrði. Fékk nefndin þær upplýsingar frá lögreglustjóra og fulltrúum dómsmálaráðuneytis að kostnaður af opinberum heimsóknum á þessu ári væri um 12 millj. kr. Ljóst er að stór hluti af fjárhæðinni er kostnaður við yfirvinnu lögreglumanna í tengslum við heimsóknirnar og er þessi kostnaður greiddur af rekstrarfé lögreglu. Að mati meiri hlutans þarf að skoða vel fyrirkomulag fjárveitinga vegna opinberra heimsókna. Telur hann eðlilegt að gert verði sérstaklega ráð fyrir kostnaði við löggæslu í tengslum við þær í fjárveitingum til lögregluembættanna.

Undirbúningur fyrir þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu er nú í fullum gangi og hefur nefndin fylgst nokkuð með honum. Í máli fulltrúa ríkislögreglustjóra kom fram að Íslendingar hafa fengið góða einkunn fyrir undirbúning og þjálfun starfsmanna fyrir Schengen-samstarfið en Lögregluskóli ríkisins hefur séð um þjálfun starfsmanna.

Sverrir Hermannsson og Ólafur Örn Haraldsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. nóv. 2000.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form.
Jónína Bjartmarz.
Ásta Möller.
Hjálmar Jónsson.
Drífa Hjartardóttir.

Fylgiskjal II.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2001 (01 Forsætisráðuneyti, 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hluti allsherjarnefndar tekur undir margt af því sem fram kemur í áliti meiri hlutans en vill auk þess benda á eftirfarandi atriði:

Minni hlutinn efast um að hægt sé að beita flötum niðurskurði til að ná fram markmiðum fjárlaga en dómsmálaráðuneyti ætlar ýmsum embættum að skera niður um 1,7% á fjárlögum 2001.

Minni hlutinn leggur áherslu á að löggæslunni séu tryggðir nægir fjármunir svo að hún geti sinnt þeim störfum sem henni ber. Fulltrúar stærsta lögregluembættisins í landinu komu

fyrir nefndina og fullyrtu að embættið hefði aldrei fengið nauðsynlegt fjármagn til að geta tekið við stórum hluta verkefna Rannsóknarlögreglu ríkisins á viðunandi hátt. Enn fremur vekur minni hlutinn athygli á þeirri þróun sem orðið hefur á fjárveitingum til embættis ríkislögreglustjóra undanfarin ár.

Minni hlutinn telur yfirlýsingu dómsmálaráðherra um nauðsyn aukinna fjárframlaga til málaflokksins staðfesta skoðun minni hlutans á stöðu löggæslunnar og væntir þess að hugmyndum ráðherra um auknar fjárveitingar verði fundinn staður í fjárlögum áður en þau verða afgreidd.

Minni hlutinn bendir á að kostnaður við innréttingar og breytingar á húsnæði Alþingis við Austurstræti 8–10 og 10A er ekki í samræmi við áætlanir. Minni hlutinn leggur áherslu á að Alþingi sinni eftirliti með framkvæmdum sem fram fara af hálfu þess.

Minni hlutinn styður hugmyndir um að umboðsmanni Alþingis verði tryggðir fjármunir til að fjölga starfsfólki við embættið svo að það geti sinnt sjálfstæðum rannsóknum í meira mæli og stytt þann tíma sem nú er á vinnslu mála hjá embættinu.

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 21. nóv. 2000.

Guðrún Ögmundsdóttir.
Lúðvík Bergvinsson.

Fylgiskjal III.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2001 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 9. október 2000.

Á fund nefndarinnar komu Örlygur Geirsson, Gísli Þór Magnússon og Auður B. Árnadóttir frá menntamálaráðuneyti, Leifur Eysteinsson frá fjármálaráðuneyti, Ólafur Búi Gunnlaugsson og Guðmundur H. Frímannsson frá Háskólanum á Akureyri, Páll Skúlason, Þórður Kristinsson og Gunnlaugur Jónsson frá Háskóla Íslands, Ólafur Proppé og Guðmundur Ragnarsson frá Kennaraháskóla Íslands, Steingrímur Ari Arason og Stefán Aðalsteinsson frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, Sölvi Sveinsson, Lárus H. Bjarnason og Einar Birgir Stefánsson frá Félagi íslenskra framhaldsskóla, Guðbrandur Steinþórsson, Erna G. Agnarsdóttir, Magnús Matthíasson og Sverrir Arngrímsson frá Tækniskóla Íslands og Ingibjörg Ásgeirsdóttir og Hannes Gíslason frá Námsgagnastofnun.

Nefndin ræddi ítarlega á fundum sínum þá fjárlagaliði sem snúa að menntamálum og leggur áherslu á eftirfarandi:

Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram að lokið sé samningum við Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík um þjónustu skólanna og framlög til kennslu. Enn er eftir að ljúka samningum við Viðskiptaháskólann á Bifröst, Háskólann á Akureyri og

Listaháskóla Íslands en áætlað er að samningum við tvo hina fyrrnefndu ljúki á þessu ári. Nefndin bendir á nauðsyn þess að þjónustusamningum við háskólana ljúki sem fyrst.

Verið er að vinna að gerð reglna um framlög til rannsókna í háskólum og í frumvarpinu er gert ráð fyrir að á næstunni verði gengið til samninga við háskólana á því sviði. Í máli fulltrúa Háskóla Íslands kom fram að af hálfu háskólans er þess vænst að beinar fjárveitingar til rannsókna verði sem jafnastar fjárveitingum til kennslu. Jafnframt kom fram í máli þeirra að samningaviðræður við menntamálaráðuneytið um framlög til rannsókna hjá Háskóla Íslands væru á lokastigi. Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að samningaviðræður við aðra háskóla eru ekki hafnar en að mati nefndarinnar er brýnt að samningar um framlög til rannsókna í háskólunum verði gerðir eins fljótt og kostur er.

Þá vill nefndin benda á að í frumvarpinu er gert ráð fyrir 80 millj. kr. fjárveitingu vegna fjölgunar nemenda í Háskóla Íslands en fulltrúar Háskólans greindu frá því að þeir teldu að það væri ekki nægilegt, enda teldu þeir að fjölgun nemenda yrði meiri en frumvarpið gerði ráð fyrir.

Reiknilíkan til að reikna út kennslukostnað framhaldsskóla kom til umræðu í nefndinni. Unnið er að endurskoðun þess á vegum menntamálaráðuneytis og leggur nefndin áherslu á að endurskoðuninni verði hraðað.

Nefndin bendir á mikilvægi þess að ákvarðað verði sem fyrst um framtíðarskipan Tækniskóla Íslands.

Við umfjöllun nefndarinnar um málefni Námsgagnastofnunar kom fram að mikil þörf er á að fara vandlega yfir málefni stofnunarinnar. Ljóst er að þörf er á að auka fjárveitingar til námsefnisgerðar og að mati nefndarinnar er brýnt að hugað verði að því hvernig staðið verður að gerð námsefnis í framtíðinni.

Tómas Ingi Olrich og Ólafur Örn Haraldsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. nóv. 2000.

Sigríður A. Þórðardóttir, form.
Kristinn H. Gunnarsson.
Árni Johnsen.
Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara.
Einar Már Sigurðarson, með fyrirvara.
Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Þuríður Backman, með fyrirvara.

Fylgiskjal IV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2001 (03 Utanríkisráðuneyti).

Frá utanríkismálanefnd.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. þingskapa, og bréf fjárlaganefndar frá 9. október 2000.

Nefndin fékk á sinn fund Stefán Skjaldarson, Hjálmar W. Hannesson og Auðun Atlason frá utanríkisráðuneyti.

Í áliti sínu til fjárlaganefndar undanfarin ár hefur utanríkismálanefnd minnt á mikilvægi þess að málefni utanríkisþjónustunnar séu í stöðugri endurskoðun, m.a. með það fyrir augum að nýta takmarkaðan mannafla og fjármagn sem best.

Stefnt er að því að opna tvö ný sendiráð á næsta ári, þ.e. í Tókýó og Ottawa, auk þess sem fastanefnd Íslands hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu verður breytt í sendiráð Íslands í Vínarborg. Óskað er eftir fjárveitingu til að mæta kostnaði vegna þessa í frumvarpi til fjáraukalaga. Gert er ráð fyrir 800 millj. kr. aukafjárveitingu til kaupa á lóð og húsnæði fyrir sendiráð í Tókýó og 110 millj. kr. fjárveitingu til kaupa á lóð og húsnæði fyrir sendiráð í Ottawa. Þá er gert ráð fyrir 48 millj. kr. fjárveitingu vegna umframkostnaðar við endurbætur á húsnæði ýmissa sendiráða.

Á fundi nefndarinnar um fjárlagafrumvarpið kom fram að stefnt er að pappírslausum viðskiptum milli sendiráða og er talið að þetta muni skila hagræðingu til framtíðar. Gert er ráð fyrir 30 millj. kr. fjárveitingu til uppsetningar á málaskrám í sendiráðum og fastanefndum erlendis á næsta ári til þess að stuðla að framangreindu markmiði. Nefndin leggur áherslu á að pappírslaus viðskipti ættu einnig að auðvelda og styrkja samstarf og upplýsingaflæði til utanríkismálanefndar Alþingis.

Að öðru leyti sér utanríkismálanefnd ekki ástæðu til að gera athugasemdir við fjárlagafrumvarpið.

Einar K. Guðfinnsson og Jón Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. nóv. 2000.

Tómas Ingi Olrich, form.
Árni R. Árnason.
Jónína Bjartmarz.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.
Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara.
Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal V.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2001 (04 Landbúnaðarráðuneyti).

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 9. október 2000.

Nefndin fékk á sinn fund Guðmund Sigþórsson, Ingimar Jóhannsson og Guðmund Helgason frá landbúnaðarráðuneyti og skýrðu þeir þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og

stofnanir þess. Þá heimsótti nefndin Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins að Mógilsá.

Landbúnaðarnefnd vekur athygli á þeim landshlutabundnu skógræktarverkefnum sem verið er að vinna að. Aukning í umsóknum um skógræktarverkefni hefur verið mikil. Útilokað er fyrir landshlutabundin skógræktarverkefni sem starfa lögum samkvæmt að standa við skuldbindingar sínar og verkefni gagnvart bændum ef ekki kemur til meiri fjárveiting á fjárlögum en tillaga er gerð um í fyrirliggjandi frumvarpi. Jafnframt vill nefndin benda á að á tímum samdráttar og samþjöppunar í hefðbundnum landbúnaðargreinum getur skógrækt verið mikilvæg viðbót fyrir atvinnulíf í sveitum landsins og spornað gegn búferlaflutningum auk þess sem um þjóðhagslega arðbært byggðaverkefni er að ræða. Þá er talsvert um dulið atvinnuleysi í sveitum og taka því margir skógræktarverkefni fegins hendi.

Nefndin vekur athygli á erfiðri stöðu loðdýrabænda og nauðsyn á sambærilegri niðurgreiðslu á loðdýrafóðri og verið hefur. Einnig vekur nefndin athygli á nauðsyn rammasamnings ríkis og bænda um loðdýrabúskap.

Landbúnaðarnefnd tekur undir beiðni Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum til fjárlaganefndar um aukið framlag á fjárlögum til að tryggja framgang Garðyrkjumiðstöðvar á Reykjum.

Samkvæmt lögum nr. 57/1999, um búnaðarfræðslu, og árangursstjórnunarsamningi Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri við landbúnaðarráðuneytið er landbúnaðarháskólanum gert illmögulegt að inna lögbundin verkefni sín af hendi miðað við fyrirliggjandi frumvarp til fjárlaga. Þá styður nefndin að Hólaskóla, Hólum í Hjaltadal, verði veitt áframhaldandi fjárframlög til uppbyggingar reiðskemmu. Enn fremur bendir nefndin á mikilvægi þess að lokið verði við annan áfanga fiskeldisrannsóknarhúss Hólaskóla samkvæmt fyrir fram gerðri áætlun.

Þuríður Backman skrifar undir álitið með fyrirvara sem hún hyggst skýra við umræður um frumvarpið.

Við afgreiðslu málsins voru fjarverandi Einar Oddur Kristjánsson, Kristinn H. Gunnarsson og Guðjón Guðmundsson.

Alþingi, 15. nóv. 2000.

Hjálmar Jónsson, form.
Jónína Bjartmarz.
Drífa Hjartardóttir.
Guðmundur Árni Stefánsson, með fyrirvara.
Þuríður Backman, með fyrirvara.
Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal VI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2001 (05 Sjávarútvegsráðuneyti).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 9. október 2000.

Nefndin fékk á sinn fund Arndísi Á. Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Þórð Ásgeirsson og Gylfa Ásbjartsson frá Fiskistofu, Jóhann Sigurjónsson frá Hafrannsóknastofnuninni og Jón Heiðar Ríkharðsson og Friðrik Friðriksson frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Í máli fulltrúa sjávarútvegsráðuneytis kom fram að engar meiri háttar breytingar eru fyrirhugaðar á starfsemi aðalskrifstofu ráðuneytisins eða stofnana þess. Þá kom fram að í núgildandi fjárlögum er gert ráð fyrir 4 millj. kr. fjárveitingu til rannsókna á kalkþörungum í Húnaflóa og Arnarfirði á grundvelli þingsályktunar sem Alþingi samþykkti. Fyrir þá upphæð var unnið að rannsóknum í Arnarfirði og því nauðsynlegt að sama fjárhæð sé í fjárlögum ársins 2001.

Í máli fulltrúa Fiskistofu kom fram að þörf væri á auknu fjárframlagi vegna veiðieftirlits. Fiskistofa hafi þegar ráðið fimm nýja veiðieftirlitsmenn til að leggja mat á raunverulegt brottkast afla og til að grípa til viðeigandi aðgerða til þess að koma í veg fyrir það. Jafnframt stendur til að ráða fimm veiðieftirlitsmenn frá og með næstu áramótum. Þá kom fram í máli fulltrúa Fiskistofu að eftirlits- og skoðunarstöðvar hefðu verið byggðar upp víðs vegar um landið í samráði við Eftirlitsstofnun EFTA (ESA). Nú hefur ESA hins vegar gert þá kröfu að eftirlitsstöðvum verði breytt í landamærastöðvar sem mun jafnframt hafa í för með sér að Fiskistofa þarf að breyta núverandi fyrirkomulagi varðandi skoðunarstöðvar. Ekkert liggur fyrir um endanlega útfærslu, kostnað eða hver muni bera þann kostnað.

Hjá fulltrúa Hafrannsóknastofnunarinnar kom fram að nauðsyn væri á að styrkja útibú stofnunarinnar á Ísafirði og í Ólafsvík með auknum mannafla og leggur nefndin til að orðið verði við þeirri beiðni. Þá vekur nefndin athygli á að hækkun olíuverðs á þessu ári hefur haft afar neikvæð áhrif á rekstur skipa Hafrannsóknastofnunarinnar. Því er nauðsynlegt að fara rækilega yfir þann þátt málsins svo að tryggt sé að hægt verði að halda úti skipum stofnunarinnar svo sem áform eru um. Loks vekur nefndin athygli á brýnni þörf á auknum veiðarfærarannsóknum og áhrifum þeirra á lífríki sjávar.

Hjá fulltrúum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins kom fram að einungis $^1/_3$ af veltu hennar er ríkisframlög en stofnunin er að öðru leyti háð annarri fjáröflun. Þá bentu fulltrúar stofnunarinnar á að þörf væri á því að nýta útibú hennar betur þar sem 20% af kostnaðarveltu stofnunarinnar fara í rekstur þeirra. Því telja fulltrúar stofnunarinnar mikilvægt að auknu fé verði varið til að styrkja útibúin. Þannig verður hægt að vinna að sjálfstæðum rannsóknarverkefnum og auka jafnframt sérhæfingu hvers útibús í stað þess að nýta þau nánast eingöngu sem þjónustuútibú eins og nú er víða. Hér er um stefnumótun að ræða sem sjávarútvegsnefnd er samþykk og lýsti raunar stuðningi við í áliti sínu til fjárlaganefndar um gildandi fjárlög. Því leggur nefndin til að fjárveiting til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins vegna þessa hækki um 12 millj. kr. frá frumvarpinu.

Svanfríður Jónasdóttir og Jóhann Ársælsson skrifa undir álitið með fyrirvara sem þau hyggjast skýra við umræður um frumvarpið.

Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu en með fyrirvara.

Árni R. Árnason og Guðmundur Hallvarðsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. nóv. 2000.

Einar K. Guðfinnsson, form.
Kristinn H. Gunnarsson.
Hjálmar Árnason.
Vilhjálmur Egilsson.
Svanfríður Jónasdóttir, með fyrirvara.
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara
Pétur Bjarnason.

Fylgiskjal VII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2001 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 9. október 2000.

Á fund nefndarinnar komu Sturlaugur Tómasson og Garðar Jónsson frá félagsmálaráðuneyti.

Í frumvarpinu kemur fram að útgjöld félagsmálaráðuneytisins hækka um 2.700 millj. kr. frá fjárlögum ársins 2000. Meginskýring hækkunarinnar er hinn nýstofnaði Fæðingarorlofssjóður en framlag til hans er um 2.369 millj. kr. Mismunurinn skiptist milli annarra verkefna ráðuneytisins á eftirfarandi hátt: Til aðalskrifstofu ráðuneytisins fara um 4 millj. kr., Vinnueftirlit ríkisins fær um 1,3 millj. kr., til málefna barna og unglinga renna 8 millj. kr., til málefna fatlaðra 250,1 millj. kr., til vinnumála um 30 millj. kr. og 84,6 millj. kr. fara til annarra verkefna.

Samkvæmt frumvarpinu skiptast niðurfelld útgjöld milli málaflokka með eftirfarandi hætti: 50 millj. kr. til húsnæðismála, 2,8 millj. kr. til stjórnsýslustofnana, 4,6 millj. kr. til málefna fatlaðra, 25 millj. kr. til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og 301 millj. kr. til vinnumála, aðallega Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þá renna út tímabundnar fjárveitingar sem nema um 17 millj. kr. Í útgjaldaramma ráðuneytisins er gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá fyrri áformum með frestun eða lækkun á stofnkostnaði sem nemur 50 millj. kr. Tillögur ráðuneytisins um skiptingu sparnaðarins eru þessar: 1,1 millj. kr. hjá stjórnsýslustofnunum, 4 millj. kr. hjá málefnum barna og unglinga og 44,9 millj. kr. hjá málefnum fatlaðra.

Nefndin fór yfir einstaka liði frumvarpsins en ræddi auk þess sérstaklega málefni fatlaðra. Einkum var rætt um þann fjölda sem er á biðlista eftir þjónustu hjá svæðisskrifstofum mál-

efna fatlaðra sem nú er um 200 einstaklingar. Þá telur nefndin rétt að benda á það alvarlega ástand sem skapast hefur vegna starfsmannaskorts við umönnun fatlaðra. Félagsmálanefnd bendir á að í nokkrum stofnunum hefur skapast vandi vegna þess hversu mikill launamunur ófaglærðs fólks er eftir stéttarfélögum. Nefndin kemur því á framfæri við fjárlaganefnd að nauðsynlegt er að leysa úr þessum vanda.

Arnbjörg Sveinsdóttir skrifar undir álit þetta með fyrirvara þar sem hún á sæti í fjárlaganefnd.

Kristján Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. nóv. 2000.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., með fyrirvara.
Ólafur Örn Haraldsson.
Drífa Hjartardóttir.
Jónína Bjartmarz.
Pétur H. Blöndal.

Fylgiskjal VIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2001 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Minni hlutinn tekur undir ýmsar athugasemdir hjá meiri hluta nefndarinnar en leggur áherslu á eftirfarandi:

Mikið er nú rætt um flutning á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga. Fyrir liggur frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga en málefni fatlaðra eru nú hluti þeirra laga. Ekki er að sjá á fjárlagafrumvarpinu að gera eigi ráð fyrir auknum framlögum til málaflokksins og enn á ný eru framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra skert, en samkvæmt lögum um málefni fatlaðra eiga óskertar tekjur erfðafjársjóðs að renna til Framkvæmdasjóðsins. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2001 er gert ráð fyrir að tekjur af erfðafjárskatti verði 607 millj. kr. en framlag til Framkvæmdasjóðsins er aðeins 235 millj. kr. Það er allsendis óviðunandi þar sem rúmlega 200 fatlaðir eru nú á búsetubiðlistum og útskriftum af Kópavogshæli miðar ekkert. Þessu er harðlega mótmælt og er afar mikilvægt að skýrt komi fram raunhæfir framreikningar á kostnaði við þennan málaflokk svo að sveitarfélögin viti hver staðan verður hyggist þau taka við málaflokknum eins og stefnt hefur verið að.

Samkvæmt fjárlögum eiga að falla niður framlög úr ríkissjóði til niðurgreiðslu á vöxtum á leiguíbúðum. Þetta er afleiðing af því að félagslega íbúðakerfið var lagt niður. Þá komu fram þau áform að hætta niðurgreiðslu vaxta frá og með áramótum 2000/2001. Í kjölfar lokunar á félagslega íbúðakerfinu rauk verð á leiguíbúðum upp, en kjör þeirra eru með öllu orðin óviðráðanleg fyrir láglaunafólk. Þrátt fyrir loforð félagsmálaráðherra og ríkisstjórnarinnar um að bæta aðstæður leigjenda hafa vextir á leiguíbúðum smám saman verið að hækka í allt

að 3,2%. Í áratugi hafði ríkt sátt um að halda vöxtunum lágum, eða í 1%. Nú eru áform um að hætta niðurgreiðslu vaxta frá næstu áramótum sem veldur annaðhvort stöðvun á uppbyggingu leiguíbúða eða verulegri hækkun á leigugreiðslum hjá láglaunafólki verði ekkert að gert. Þetta gerist á sama tíma og biðlisti eftir leiguíbúðum er lengri en nokkru sinni áður, einkum vegna lokunar á félagslega íbúðakerfinu. Neyðarástand ríkir hjá mörgum fjölskyldum sem bíða eftir leiguíbúðum. Nú er margra ára bið eftir slíkum íbúðum, en um 2.000 láglaunafjölskyldur eru á biðlistum og margar þeirra í sárri neyð.

Á það skal minnt að árlega var komið upp að meðaltali um 300 leiguíbúðum meðan vextirnir voru 1%. Aftur á móti hefur verulega dregið úr uppbyggingu leiguíbúða eftir vaxtahækkun á lánum og lokun félagslega íbúðakerfisins. Árið 1997 fengu sveitarfélögin einungis lán til 49 leiguíbúða og á árinu 1998 til 38 leiguíbúða. Ljóst er að ef hækka á vextina á slíkum lánum enn frekar er hætta á að hvorki sveitarfélögin né félagasamtök treysti sér til að byggja leiguíbúðir nema hækka leiguna verulega sem aftur veldur auknum útgjöldum hjá sveitarfélögunum vegna húsaleigubóta.

Gulrótin sem ríkisstjórnin virðist ætla að færa sveitarfélögum og félagasamtökum í stað niðurgreiðslu á vöxtum á leiguíbúðum eru 50 millj. kr. til stofnkostnaðarstyrkja sem nota á til að styrkja sveitarfélög og félagasamtök til að koma á fót leiguíbúðum. Samkvæmt fjárlögunum á að veita 90% lán til 500 leiguíbúða á næsta ári sem áætlað er að kosti 7 millj. kr. hver. Það þýðir 100 þús. kr. styrk frá ríkissjóði á hverja íbúð en allir sjá að það mun í engu hvetja sveitarfélög eða félagasamtök til uppbyggingar leiguíbúða. Heimild til lánveitinga til 500 leiguíbúða á næsta ári er því sýndarmennskan ein sem litlu mun skila til að bæta ófremdarástandið á leigumarkaðinum.

Þá gagnrýnir minni hlutinn harðlega vanefndir ríkisstjórnarinnar á fjárframlögum í varasjóð vegna afskrifta og niðurgreiðslna eldri lána Byggingarsjóðs verkamanna, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál.

Í fjárlagafrumvarpinu er ekki að sjá merki þess að auka eigi fjármagn til hinnar nýstofnuðu Jafnréttisstofu heldur er Jafnréttisstofu gert að spara 500 þús. kr. á næsta fjárlagaári. Þetta skýtur mjög skökku við þar sem frekar hefur verið talað um aukinn kostnað vegna flutnings stofunnar til Akureyrar. Það er alvarlegt mál að í upphafi skuli krafist sparnaðar í stað þess að auka fjárveitingar til hinnar nýju stofnunar en minni hlutinn telur að slíkt sé óhjákvæmilegt þar sem reikna má með ýmsum viðbótarkostnaði í rekstri vegna flutnings til Akureyrar.

Loks mótmælir minni hlutinn harðlega að fjárframlög til að auka hlut kvenna í stjórnmálum hafa verið skorin niður úr 5 millj. kr. í 4,1 millj. kr. nú þegar sveitarstjórnarkosningar eru fram undan.

Alþingi, 22. nóv. 2000.

Ásta R. Jóhannesdóttir.
Guðrún Ögmundsdóttir.
Steingrímur J. Sigfússon.

Fylgiskjal IX.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2001 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar.

Heilbrigðis- og tryggingnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 9. október 2000.

Nefndin fékk á sinn fund Davíð Gunnarsson, Dagnýju Brynjólfsdóttur og Magnús Skúlason frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Auk þeirra komu á fund nefndarinnar að eigin ósk Ólafur Þór Ævarsson, formaður Læknafélags Reykjavíkur, Þórður Sverrisson, formaður samráðs- og samninganefndar Læknafélags Reykjavíkur, og Þórir Kolbeinsson, formaður Félags íslenskra heimilislækna.

Í frumvarpinu kemur fram að útgjöld til málaflokksins hækka um 5,2 milljarða króna, eða 7% frá fjárlögum ársins 2000. Um 80% hækkunarinnar, eða 4,2 milljarðar króna, skýrast af launa- og verðlagsbreytingum. Raunhækkun útgjalda nemur því rúmum 1 milljarði króna, eða 1,3% miðað við fjárlög ársins 2000. Ástæður hækkunarinnar eru m.a. auknar fjárveitingar vegna bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, lífeyristrygginga og sjúklingatryggingar sem er nýr bótaflokkur. Þá fá stóru sjúkrahúsin, heilsugæslan, hjúkrunarheimilin og aðrar heilbrigðisstofnanir sinn skerf.

Nefndin fjallaði um einstaka liði frumvarpsins og var sérstaklega rætt um sjúkrahústengda hjúkrunarþjónustu og heimahjúkrun heilsugæslustöðva, svo og um framkvæmd ferliverka, bæði innan og utan sjúkrahúsa, og launakerfi heimilislækna með tilliti til áhrifa þessa á eftirspurn og aðgengi innan heilbrigðiskerfisins og á stefnumörkun þess.

Í máli fulltrúa lækna sem komu á fund nefndarinnar kom fram óánægja með samninga sérfræðilækna við Tryggingastofnun ríkisins þar sem ýmsar breytingar hefðu haft ófyrirséð áhrif á þá, svo sem samdráttur í vinnu ferliverka innan sjúkrahúsa og aukin eftirspurn eftir sérfræðilæknisþjónustu. Á hinn bóginn hefði launakerfið sem heimilislæknar ynnu nú eftir samkvæmt úrskurði kjaranefndar skert aðgengi að heilsugæslunni sem aftur hefði leitt til þess að álag á læknavaktina, slysa- og bráðavaktina hefði aukist. Læknarnir kváðu nokkuð almenna samstöðu meðal þeirra um nauðsynlegar breytingar á fyrirkomulagi og skipulagi heilbrigðiskerfisins og hvatti nefndin þá til að koma fram með heildstæðar hugmyndir sem næðu til allra þátta þess, jafnt heilsugæslu, sérfræðiþjónustu og sjúkrahúsreksturs. Málflutningur læknanna varð tilefni ítarlegrar umræðu innan nefndarinnar við fulltrúa heilbrigðisráðuneytisins þar sem m.a. kom fram að fjárþörf heilbrigðiskerfisins ykist stöðugt, menn leituðu sér heilbrigðisþjónustu í meira mæli, töluverð aukning hefði orðið á þjónustu sérfræðilækna og tilteknum aðgerðum hefði fjölgað mikið. Á vegum ráðuneytisins fer nú fram úttekt á þessu.

Til að stytta dýra sjúkralegu telur meiri hlutinn hagkvæmt að gera stjórnum heilsugæslu í hverju umdæmi, svo og hjúkrunarfræðingum sem starfa samkvæmt samningi hjúkrunarfræðinga við Tryggingastofnun ríkisins, kleift að taka að sér fleiri og sérhæfðari verkefni.

Tómas Ingi Olrich var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Arnbjörg Sveinsdóttir skrifar undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Alþingi, 20. nóv. 2000.

Jónína Bjartmarz, form.
Ásta Möller.
Guðni Ágústsson.
Drífa Hjartardóttir.
Arnbjörg Sveinsdóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal X.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2001 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá 1. minni hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar.

Fyrsti minni hluti tekur undir þann hluta meirihlutaálitsins sem snýr að heimahjúkrun.

Misskiptingin hefur aukist í samfélaginu og hafa aldraðir og öryrkjar verið hlunnfarnir. Á því er ekki tekið í fjárlagafrumvarpinu og því vill 1. minni hluti mótmæla. Ríkissjóður skilar miklum tekjuafgangi og enn breikkar bilið milli tryggingagreiðslna og almennra launa. Staðreyndin er að lífeyrisgreiðslur almannatrygginga hafa dregist aftur úr þróun lágmarkslauna og launavístölu. Staðtölur Tryggingastofnunar sem komu út í október sl. staðfesta þetta. Bætur almannatrygginga hafa hækkað mun minna en launavísitala. Þar kemur einnig fram að 43% öryrkja fá engar greiðslur úr lífeyrissjóði og verða því að byggja afkomu sína nánast einvörðungu á greiðslum frá almannatryggingakerfinu.

Grunnlífeyrir og tekjutrygging er nú rúmar 48 þús. kr. en lágmarkslaunin 72 þús. kr. Skattleysismörkin hafa staðið í stað svo að lífeyrisþegi sem býr einn, nýtur eingöngu bóta og er með um 70 þús. kr. frá Tryggingastofnun þarf að greiða af þeim skatta, nokkuð sem ekki hefur viðgengist fyrr en í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar sem rýra kjör lífeyrisþega. Má þar nefna bifreiðakaupastyrkina og bílakaupalánin. Bifreiðakaupastyrkjum fyrir hreyfihamlaða var fækkað um tæpan helming í tíð þessarar ríkisstjórnar og lánakjörin á bifreiðakaupalánunum hafa versnað mjög, farið úr 1% vöxtum upp í markaðsvexti og gerir það öryrkjum mjög erfitt að taka slík lán.

Á sama tíma og lífeyrir og tekjutrygging hækkuðu um 23% hækkaði hlutur sjúks gamals fólks og öryrkja í lyfjakostnaði um 120%. Það er samfélaginu dýrt að halda öldruðum og öryrkjum í fátækt eins og nú er. Það er rándýr fátækt. Aldraðir og öryrkjar sem ekki geta tekið þátt í samfélaginu brotna niður, halda ekki heilsu og valda heilbrigðiskerfinu miklum útgjöldum. Þetta er bæði þjóðhagslega og heilsuhagfræðilega óhagkvæm stefna í málefnum lífeyrisþega. Verulegt áhyggjuefni er hve börn öryrkja líða fyrir þessa stefnu og eru félagslega út undan og afskipt.

Fyrsti minni hluti áréttar að afnám tekjutengingar við laun maka er löngu tímabær. Ekki er gert ráð fyrir fé í fjárlagafrumvarpinu til að afnema þá forneskju sem tekjutenging við laun maka lífeyrisþega er. Þingmenn Samfylkingarinnar lögðu til afnám þessarar tengingar með breytingartillögu við síðustu fjárlög og hafa nú á haustþinginu enn og aftur lagt fram frumvarp til að afnema þessa siðlausu reglu. Fólk fær laun óháð tekjum maka síns, atvinnuleysisbætur óháð tekjum maka en ef menn verða óvinnufærir eða hafa lokið starfsævinni eru launin tengd tekjum maka. Þessi niðurlægjandi regla hefur unnið gegn fjölskyldum og gegn hjónabandi lífeyrisþega. Í tvígang hafa stjórnvöld þó minnkað tekjutenginguna sem er hænufet í rétta átt. Afnám þessarar óréttlátu reglu kostar ríkissjóð um 360 millj. kr. samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun. Sú staðreynd að meira en helmingur aldraðra er með framfærslueyri undir lágmarkslaunum staðfestir bág kjör stórs hóps aldraðra í íslensku samfélagi. Það segir líka sína sögu að 40% lífeyrisþega er með óskerta tekjutryggingu. 1. minni hluti telur óviðunandi að ríkisstjórnin geri ekkert annað til að rétta hlut lífeyrisþega en að hækka tryggingagreiðslurnar um 4% um áramótin. Það dugar skammt fyrir þá sem eingöngu treysta á almannatryggingar sér til framfærslu.

Hlutdeild sjúklinga í lyfjum hefur aukist mjög mikið síðastliðið ár og enn á að varpa meiri kostnaði á herðar sjúklinga samkvæmt frumvarpinu. 1. minni hluti lýsir yfir verulegum áhyggjum af þessari þróun og mótmælir síauknum álögum á sjúklinga, m.a. í formi aukinnar þátttöku í lyfjakostnaði.

Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála eru langtum lægri á Íslandi en hjá nágrannaþjóðum okkar á Norðurlöndunum. Það sýnir fagleg úttekt á íslenska velferðarkerfinu sem kom út í bókinni Íslenska leiðin.

Fyrsti minni hluti telur nauðsynlegt að taka á fjármálum Landspítalans en ljóst er að 500 millj. kr. vantar til að halda úti sömu þjónustu árið 2001 og nú í ár, þrátt fyrir að sumarlokanir á ýmsum deildum séu allt til áramóta í ár. Við þessu verður að bregðast við fjárlagagerð.

Biðlistar eftir aðgerðum hafa lengst undanfarið og telja flutningsmenn að taka þurfi sérstaklega á biðlistum eftir bæklunaraðgerðum og hjarta- og þindarslitsaðgerðum, m.a. í ljósi þess að biðlistar eru þegar upp er staðið mjög kostnaðarsamir fyrir þjóðfélagið allt, auk þess að valda sjúklingum vinnu- og tekjutapi og þeim og fjölskyldum þeirra ómældum þjáningum. Samkvæmt könnun landlæknisembættisins árið 2000 kemur fram að undanfarin fjögur ár hafi 7.000 manns verið á biðlistum að staðaldri og kemur meiri hluti þeirra úr röðum eldri borgara. Athugun á bæklunarbiðlistum sýnir að 65% sjúklinga bíði 6–12 mánuði eftir aðgerð þrátt fyrir verulegar þjáningar á biðtímanum.

Skortur á hjúkrunarvist fyrir aldraða er mikill. Sérstaklega er þörfin fyrir hjúkrunarheimili mikil á höfuðborgarsvæðinu og bíða nú 250 aldraðir eftir hjúkrunarrými í Reykjavík einni. Ekki er að sjá að á þessum vanda sé tekið í fjárlagafrumvarpinu og er það óviðunandi.

Löngu er tímabært að lög um heilsugæslu komist að fullu til framkvæmda og komið verði upp heilsugæslustöð í Voga- og Heimahverfi. 1. minni hluti vekur athygli á því að ekki er gert ráð fyrir þessu í frumvarpinu.

Þá gagnrýnir 1. minni hluti harðlega stefnuleysi ríkisstjórnarinnar varðandi einkarekstur í heilbrigðiskerfinu, en svo virðist sem það hafi verið tilviljunum háð hver þróunin hefur verið í þeim efnum. Ríkisstjórnin hefur engin skilgreind markmið önnur en þau að það eigi að gera þjónustusamninga um einstaka þætti þjónustu. Á starfstíma ríkisstjórnarinnar hefur einkarekstur í heilbrigðiskerfinu þó aukist án þess að það hafi haft í för með sér, að því er séð verður, hagræðingu eða minni útgjöld ríkisins til málaflokksins. Þvert á móti hefur læknisþjónusta aukist utan sjúkrahúsa og hefur sá liður á fjárlögum aukist verulega frá síðasta ári. Í fjárlagafrumvarpinu er leitast við að skýra þessa aukningu en svo virðist sem heilbrigðisyf-

irvöld hafi engin tök á þróuninni. Þá virðist sem heilbrigðisyfirvöld hafi engum tökum náð á útgjöldum til sjúkrahúsanna þrátt fyrir sameiningu tveggja stærstu stofnananna í Reykjavík. 1. minni hluti telur það eitt helsta verkefni ríkisstjórnarinnar að ná tökum á hinum miklu fjármunum sem fara í að halda úti heilbrigðiskerfi og að móta skýra stefnu í þeim efnum. Einkarekstur á einum stað í kerfinu hefur að sjálfsögðu áhrif á aðra þætti þess og því er það grundvallarskylda hverrar ríkisstjórnar að tala skýrt um það hvert hún ætlar í þeim efnum. Vinnubrögð ríkisstjórnarinnar eru því miður handahófskennd hvað þetta varðar og svo virðist sem samasemmerki sé sett á milli aukins einkareksturs og minni ríkisútgjalda. Svo þarf alls ekki að vera eins og reynslan sýnir.

Sem dæmi um handahófskennd vinnubrögð má nefna nýlegan samning um rekstur einkarekins hjúkrunarheimilis í Sóltúni. Með samningnum var stigið það skref að setja á stofn einkarekið hjúkrunarheimili sem verður rekið af hlutafélagi en slík ákvörðun er veruleg stefnubreyting og hefur vakið upp margar spurningar. Þær stofnanir sem ekki eru í eigu ríkisins en sinna slíkri starfsemi eiga það sameiginlegt að vera ekki reknar í hagnaðarskyni heldur í þágu ákveðins málstaðar. Nú þegar ríkisstjórnin hefur tekið upp það nýmæli að gera samning við hlutafélag um rekstur öldrunarþjónustu, hvers má þá vænta í framtíðinni hvað varðar annan einkarekstur í heilbrigðiskerfinu? Við því hafa ekki fengist skýr svör. Ríkisstjórnin virðist einungis líta til einstakra dæma í stað þess að horfa heildrænt á framtíðarstefnumótun í þessum efnum. Slíkt er fullkomlega ólíðandi, slík stefnumótun er forsenda þess að hægt sé að ná tökum á útgjöldum til málaflokksins.

Alþingi, 20. nóv. 2000.

Ásta R. Jóhannesdóttir.
Bryndís Hlöðversdóttir.

Fylgiskjal XI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2001 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá 2. minni hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar.

Annar minni hluti nefndarinnar tekur undir álit 1. minni hluta.

Auk þess vill 2. minni hluti benda á mikilvægi þess að nýta vel þá þekkingu og starfskrafta sem þegar eru til staðar á heilbrigðisstofnunum landsins.

Heilbrigðisstofnanir verða að hafa möguleika á að ráða heilbrigðisstarfsmenn í þær stöður sem vantar í þjónustuna í dag. Þar sem skortur á heilbrigðisstarfsmönnum stafar af aðhaldi í rekstri hefur undirmönnun valdið miklu álagi á alla starfsemina og verður því að linna með því að auka fjárveitingar í samræmi við þjónustu hverrar stofnunar.

Mikilvægt er að draga ekki úr þjónustu heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni heldur auka hana eftir þörfum og fullnýta stofnanirnar eins og hægt er með tilliti til bættrar þjónustu í heimabyggð. Tryggja þarf aðgengi að heilbrigðisþjónustu utan dagvinnutíma, og þá sérstaklega bakvöktum lækna, og til þess þarf aukið fjármagn inn í rekstur margra stofnana.

Nýta á þann möguleika að koma upp sérhæfðri þjónustu fyrir allt landið sem létt getur á biðlistum sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu. Sérfræðiþjónustu á landsbyggðinni þarf að

auka og laga að þörfum hvers byggðarlags. Ein leið til þess er að auka farandþjónustu sérfræðinga og skapa henni fastan sess í heilbrigðiskerfinu og í fjárlögum.

Nokkrar heilbrigðisstofnanir eiga í rekstrarerfiðleikum þrátt fyrir leiðréttingu á rekstrarstöðu við síðustu afgreiðslu fjárlaga og verður sérstaklega að taka tillit til þeirra við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2001. Þar má nefna m.a. Ríkisspítala, Landspítalann – háskólasjúkrahús, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Austurlands.

Einkavæðing í heilbrigðisþjónustunni leiðir ekki til lægri framlaga úr ríkissjóði og er nær eingöngu bundin við þéttbýli, einkum höfuðborgarsvæðið.

Sjúkraflug verður að skilgreina sem hluta heilbrigðisþjónustunnar og rekstur þess þarf bæði að vera fjárhagslega og faglega tryggður með sérútbúinni sjúkraflugvél.

Alþingi, 21. nóv. 2000.

Þuríður Backman.

Fylgiskjal XII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2001 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá samgöngunefnd.

Samgöngunefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 9. október 2000.

Nefndin fékk á sinn fund Jóhann Guðmundsson og Auði Eyvinds frá samgönguráðuneyti og skýrðu þau þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess. Þá komu á fund nefndarinnar Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri og Kristín H. Sigurbjörnsdóttir frá Vegagerðinni, Þorgeir Pálsson flugmálastjóri og Hermann Guðjónsson og Sigurbergur Björnsson frá Siglingastofnun Íslands.

Rekstrargjöld ráðuneytisins hækka um rúmlega 309 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs. Munar þar mest um 184 millj. kr. framlag til Póst- og fjarskiptastofnunar. Framlag til yfirstjórnar Vegagerðarinnar hækkar um 81 millj. kr. Jafnframt er gert ráð fyrir að framlag til aðalskrifstofu ráðuneytisins hækki um 26,5 millj. kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 12.128,7 millj. kr. og er það 2.566 millj. kr. hækkun milli ára. Helstu breytingarnar eru 1.736 millj. kr. hækkun til vegamála og 757 millj. kr. hækkun á framlagi til Siglingastofnunar.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá fyrri áformum með frestun eða lækkun á fyrirhuguðum framkvæmdum eða öðrum stofnkostnaði sem nemur 950 millj. kr.

Fulltrúar Vegagerðarinnar lýstu ánægju sinni með að tillit hefði verið tekið til vegáætlunar við gerð fjárlagafrumvarpsins. Vegamálastjóri tók fram að sú hækkun sem kæmi fram í frumvarpinu til yfirstjórnar skýrðist að stórum hluta af breytingum á umsýslugjaldi sem sett hefði verið inn í liðinn um yfirstjórn sem þýddi að megnið af hækkuninni rynni beint aftur í ríkissjóð. Vakti hann jafnframt athygli á því að samkvæmt frumvarpinu væri gert ráð fyrir að

Vegagerðin drægi úr framkvæmdum fyrir 800 millj. kr. á árinu frá því sem vegáætlun gerir ráð fyrir, en ekki hefði verið ákveðið hvar sá niðurskurður kæmi niður.

Flugmálastjóri kvað ekkert í frumvarpinu koma sér verulega á óvart. Lýsti hann nokkrum áhyggjum af Schengen-samstarfinu, en eins og staðan væri í dag væri ekki enn búið að koma upp nægilega góðri aðstöðu á Akureyri og Egilsstöðum og stutt væri í að samningurinn tæki gildi.

Í máli fulltrúa Siglingastofnunar Íslands kom fram að ekki væri gert ráð fyrir hærri rekstrarframlögum til stofnunarinnar en hún hefði fengið í fjárlögum síðasta árs. Þvert á móti drægjust framlög ríkissjóðs til stofnunarinnar saman um 4,5 millj. kr. á milli ára, en á móti kæmi að gert væri ráð fyrir að sértekjur hækkuðu um sömu fjárhæð. Fulltrúar Siglingastofnunar ítrekuðu ósk sína, sem þeir höfðu áður komið á framfæri við fjárlaganefnd, um fjárveitingu til eftirtalinna þriggja verkefna, endurnýjunar á skipaskrá og lögskráningarskrá, uppbyggingar gæðakerfis fyrir skoðanir skipa og báta og rannsóknar vegna iðnaðarhafna, en ekki er gerð ráð fyrir þessum verkefnum í fjárlagafrumvarpinu.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að nauðsynlegum framkvæmdum í tengslum við Schengensamstarfið á Akureyri og Egilsstöðum verði flýtt þannig að koma megi í veg fyrir vandræði þegar samningurinn tekur gildi 21. mars nk.

Jón Kristjánsson skrifar undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Alþingi, 16. nóv. 2000.

Árni Johnsen, form.
Jón Kristjánsson, með fyrirvara.
Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.
Hjálmar Árnason.
Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.
Kristján L. Möller, með fyrirvara.
Jón Bjarnason, með fyrirvara.

Fylgiskjal XIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2001 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 9. október sl.

Nefndin fékk á sinn fund Þorgeir Örlygsson, Kristmund Halldórsson og Kristján Skarphéðinsson frá iðnaðarráðuneyti og skýrðu þeir þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess. Þá komu á fund nefndarinnar Þorkell Helgason frá Orkustofnun, Kristján Jóns-

son og Eiríkur Briem frá Rafmagnsveitum ríkisins og Smári Sigurðsson og Andrés Magnússon frá Iðntæknistofnun.

Engar meiri háttar breytingar virðast gerðar í fjárlagafrumvarpinu innan þeirra stofnana sem heyra undir iðnaðarráðuneyti. Hins vegar hefur orðið grundvallarbreyting á aðalskrifstofu ráðuneytisins þar sem iðnaðarráðuneyti hefur nú tekið við byggðamálum og mikið álag er á ráðuneytinu vegna stóriðjumála, vinnslu kolvetnis, nýrra eldsneytisgjafa, yfirvofandi skipulagsbreytinga í orkumálum o.s.frv. Þrátt fyrir þetta hefur starfsmönnum ráðuneytisins ekki fjölgað. Fram kom í máli ráðuneytisstjóra að ráðuneytið ætti örðugt með að sinna með sóma þeim verkefnum sem á því hvíla. Af þessum sökum leggur meiri hlutinn til að í fjárlögum ársins 2001 verði gert ráð fyrir tveimur nýjum stöðugildum á aðalskrifstofu iðnaðarráðuneytis og því verði fjárveiting til ráðuneytisins hækkuð um 10 millj. kr.

Meiri hlutinn telur brýnt að hraðað verði vinnu við skilgreiningu á hlutverki Orkustofnunar, ekki síst með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar í grunnrannsóknum og hagnýtum rannsóknum. Jafnframt þarf að skilgreina hvert stjórnsýsluhlutverk stofnunarinnar á að verða í framtíðinni. Þá er mikilvægt að taka húsnæðismál Orkustofnunar til úrlausnar. Meiri hlutinn ítrekar álit sitt frá síðasta ári um að mikilvægt sé að Orkustofnun geti ráðið til sín virkjanaverkfræðing og auðlindahagfræðing en álag á starfsmenn hennar hefur aukist með verkefnum sem tengjast stóriðju, virkjunum, nýju eldsneyti, kolvetni o.s.frv. Því mælir meiri hlutinn með því að fjárframlag til Orkustofnunar verði hækkað um 10 millj. kr.

Meiri hlutinn telur árangur af starfi Impru, þjónustumiðstöðvar Iðntæknistofnunar fyrir frumkvöðla og fyrirtæki, vera mjög jákvæðan. Á innan við tveimur árum hafa 11–12 fyrirtæki þróast í gegnum Impru og tekið til starfa í atvinnulífinu. Velta þessara fyrirtækja er áætluð samtals um 200 millj. kr. og starfsmenn eru um 70. Meiri hlutinn telur brýnt að Impra verði viðurkennd formlega sem sérstakur liður á fjárlögum.

Meiri hlutinn vekur athygli á því að af framlögum ríkissjóðs til rannsóknar- og þróunarmála hefur hlutur iðnaðartengdra rannsókna verið mun minni en annarra starfsgreina þrátt fyrir vaxandi gildi iðnaðar- og þjónustugreina í atvinnulífinu. Meiri hlutinn varpar fram þeirri spurningu hvort tímabært sé að endurskoða rannsóknar- og þróunarfjárveitingar til einstakra ráðuneyta þannig að fé verði síður eyrnamerkt hefðbundnum atvinnugreinum en þess í stað lagt í einn almennan atvinnuvegasjóð. Þá er mikilvægt að eflt verði samstarf allra þeirra stofnana ríkisins sem sinna rannsóknum og nýsköpun á öllum sviðum.

Meiri hlutinn vekur jafnframt athygli á að breyta þarf lögum og fella niður ákvæði um að niðurgreiðsla á hitun húsa skuli bundin rafhitun. Þetta fyrirkomulag hefur m.a. leitt til þess að hitun húsa með jarðhita er í raun orðin dýrari en sú niðurgreidda.

Bryndís Hlöðversdóttir og Svanfríður Jónasdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

Ísólfur Gylfi Pálmason skrifar undir álitið með þeim fyrirvara að hann á sæti í fjárlaganefnd.

Alþingi, 15. nóv. 2000.

Hjálmar Árnason, form.
Guðjón Guðmundsson.
Bryndís Hlöðversdóttir, með fyrirvara.
Pétur H. Blöndal.
Svanfríður Jónasdóttir, með fyrirvara.
Drífa Hjartardóttir.
Árni R. Árnason.
Ísólfur Gylfi Pálmason, með fyrirvara.

Fylgiskjal XIV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2001 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Minni hlutinn er samþykkur því sem fram kemur í áliti meiri hlutans um fjárlagafrumvarp fyrir árið 2001 en vill taka eftirfarandi atriði fram:

Vandi Rafmagnsveitna ríkisins vegna þjónustu við dreifbýlissvæði er óleystur.

Byggðastofnun hefur litla sem enga fjármuni til að taka þátt í ýmiss konar samstarfsverkefnum.

Í frumvarpinu er ekki tekið á vanda hitaveitna sem eiga undir högg að sækja í samkeppni við niðurgreidda raforku til húshitunar.

Fyrirhugað er að verja miklum fjármunum í iðnaðarrannsóknir vegna stóriðju. Þessum fjármunum væri betur varið til almennra iðnaðarrannsókna.

Alþingi, 17. nóv. 2000.

Árni Steinar Jóhannsson.

Fylgiskjal XV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2001 (14 Umhverfisráðuneyti).

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 9. október 2000.

Á fund nefndarinnar kom Þórður H. Ólafsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneyti. Þá bárust nefndinni erindi frá Náttúruverndarsamtökum Íslands og Umhverfissamtökum Íslands.

Í frumvarpinu kemur fram að rekstrargjöld umhverfisráðuneytisins hækka um 124,6 millj. kr. frá fjárlögum ársins 2000. Meginskýring hækkunarinnar er 29 millj. kr. framlag til Hollustuverndar ríkisins vegna aukins rekstrarkostnaðar en umsvif stofnunarinnar hafa aukist mikið á undanförnum árum með aðild Íslands að ýmsu alþjóðastarfi og samningum. Einnig hækkar framlag til Skipulagsstofnunar um 15,4 millj. kr. vegna tilfærslu skipulagsgjalds til sveitarfélaga og kostnaðar í kjölfar setningar laga um mat á umhverfisáhrifum sem samþykkt voru á síðasta ári. Þá eru Brunamálastofnun ríkisins ætlaðar 8 millj. kr. til að efla starfsemi

Brunamálaskólans. Hækkun útgjalda vegna Náttúruverndar ríkisins er að raungildi um 29 millj. kr. og munar þar mest um 19 millj. kr. fjárveitingu til lagfæringar og uppbyggingar á fjölsóttum ferðamannastöðum og að útgjöld vegna Náttúrufræðistofnunar Íslands hækka að raungildi um 8,7 millj. kr.

Nefndin fjallaði um einstaka liði frumvarpsins og ræddi auk þess sérstaklega framlag til að styrkja fráveitur sveitarfélaga en gert er ráð fyrir lækkun útgjalda frá fyrri áformum með frestun á 100 millj. kr. framlögum til fráveitna sveitarfélaganna. Meiri hlutinn telur það áhyggjuefni ef þessu brýna verkefni sveitarfélaganna verður slegið á frest. Þá komu fram þær ábendingar í nefndinni að of strangar kröfur væru gerðar til fráveitumála þeirra sveitarfélaga sem búa að óbreyttu við hagstæðar aðstæður.

Þá urðu í umfjöllun nefndarinnar nokkrar umræður um fjölsótta ferðamannastaði. Einkum var rætt um þjóðgarðinn í Skaftafelli en hluti nefndarinnar heimsótti þjóðgarðinn nú í september. Var bent á að þjóðgarðurinn byggi nú við fjárskort en brýn þörf væri á fjármagni til að leggja göngustíga og endurbyggja húsakost og aðstöðu á svæðinu. Eins og málin stæðu hefði þjóðgarðurinn ekki fjárhagslega burði til að standa undir slíkum framkvæmdum.

Loks telur meiri hlutinn rétt að benda á að með aukinni áherslu á umhverfismál hafa stofnanir á þessu sviði fengið vaxandi ábyrgð og aukin verkefni, m.a. vegna lögbundinnar skyldu og ákvarðana annarra ráðuneyta, og því verður að mæta.

Hvað varðar framangreind erindi vill meiri hlutinn geta þess að nefndin hefur ekki til ráðstöfunar eiginlegan safnlið eins og flestar aðrar nefndir þingsins og vísar hann því erindunum til fjárlaganefndar með þeim tilmælum að hún taki til vandlegrar athugunar að verða við þeim.

Ísólfur Gylfi Pálmason skrifar undir álitið með þeim fyrirvara að hann á sæti í fjárlaganefnd.

Kristján Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. nóv. 2000.

Ólafur Örn Haraldsson, form.
Ásta Möller.
Gunnar Birgisson.
Ísólfur Gylfi Pálmason, með fyrirvara.
Katrín Fjeldsted.

Fylgiskjal XVI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2001 (14 Umhverfisráðuneyti).

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Minni hlutinn telur að kveða þurfi sterkar að orði en gert er í nefndaráliti meiri hlutans hvað varðar fjárveitingar til einstakra þátta og stofnana sem heyra undir umfjöllunarsvið nefndarinnar.

Í frumvarpinu kemur fram að í spá um útgjaldaaukningu vegna umhverfisverndar á næstu fjórum árum sé gert ráð fyrir 2,5% árlegri aukningu. Það er mat minni hlutans að það nægi engan veginn í þau fjárfreku verkefni sem fram undan eru. Nægir þar að nefna að Íslendingar hafa ekki sinnt framkvæmd samnings um líffræðilegan fjölbreytileika og að fjármunir til lögbundinnar náttúruverndaráætlunar eru enn ekki til staðar svo neinu nemi. Samkvæmt áætlun frá Náttúruvernd ríkisins hefur lágmarksþörf til að koma af stað vinnu við náttúruverndaráætlun hljóðað upp á 15 millj. kr. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir 4 millj. kr. og á fjárlögum yfirstandandi árs eru 5 millj. kr. ætlaðar til verksins. Enn hefur Náttúrufræðistofnun Íslands ekki fengið neitt fjármagn til undirbúnings náttúruverndaráætlun en þáttur stofnunarinnar í áætluninni er umtalsverður. Minni hlutinn minnir á upplýsingar sem umhverfisráðherra lagði fyrir 125. löggjafarþing þess efnis að til að mæta brýnni þörf á bættu aðgengi og viðhaldi vinsælustu ferðamannastaða Íslands þyrfti 430 millj. kr. Samkvæmt frumvarpinu er einungis gert ráð fyrir broti af því fjármagni (t.d. 19 millj. kr. til Náttúruverndar ríkisins og 47,5 millj. kr. til Ferðamálaráðs). Innan þessarar útgjaldaukningar til umhverfisverndar rúmast ekki heldur stöðugt vaxandi hlutverk Hollustuverndar ríkisins sem er fólgið í því að framfylgja reglum þeim sem EES-samningurinn leggur okkur á herðar ásamt öðrum alþjóðlegum samningum á sviði hollustuverndar og mengunarvarna.

Þá vill minni hlutinn að veitt verði aukið fjármagn til þjóðgarðsins í Skaftafelli sem hefur þurft að búa við allt of þröngan kost allan síðasta áratug. Minni hlutinn telur einnig að gera þurfi átak í málefnum þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum og minnir á að þjóðgarðar landsins eigi að vera flaggskip í ferðaþjónustu en ekki dragbítur eins og raun er orðin.

Varðandi fjárveitingar til skipulagsmála leggur minni hlutinn áherslu á að hækkun verði á framlagi til Skipulagsstofnunar vegna vinnu við áætlanir um landnotkun á landsvísu. Fjárþörf verkefnisins er 10 millj. kr. og telur minni hlutinn brýnt að verkinu verði hraðað svo sem kostur er.

Þá lætur minni hlutinn í ljós vonbrigði vegna áformaðrar frestunar á 100 millj. kr. framlagi til fráveitna sveitarfélaganna og lýsir þeirri skoðun sinni að sú frestun stafi einungis af fjárskorti sveitarfélaganna sem ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til að fara í fjárfrekar framkvæmdir af þessu tagi. Þess vegna hefði að mati minni hlutans verið nauðsynlegt að taka á því máli á annan hátt en með frestun framlaga ríkisins til verkefnanna, t.d. með því að ræða mögulegar breytingar á þátttöku ríkisins í fráveituverkefnum sveitarfélaganna. Minni hlutinn telur brýnt að taka til gagngerrar skoðunar ábendingar um að of strangar kröfur séu gerðar til fráveitumála þeirra sveitarfélaga sem búa við hagstæðar aðstæður.

Hvað varðar erindi frá Náttúruverndarsamtökum Íslands og Umhverfissamtökum Íslands leggur minni hlutinn áherslu á þörf frjálsra félagasamtaka fyrir stuðning úr ríkissjóði og telur að um slíkan stuðning þurfi að marka ákveðna stefnu.

Minni hlutinn áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögur við þá liði sem hann gerir athugasemdir við í álitinu verði ekki orðið við þeim við afgreiðslu fjárlaganefndar.

Alþingi, 16. nóv. 2000.

Kolbrún Halldórsdóttir.
Jóhann Ársælsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.

375. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, EOK, ArnbS, ÁJ, HjálmJ, ÍGP, KPál).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **00-201 Alþingi**			
a. 1.01 Alþingiskostnaður	462,4	13,0	475,4
b. 1.06 Almennur rekstur	398,2	23,0	421,2
c. 1.07 Sérverkefni	20,4	1,0	21,4
2. Við **01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Yfirstjórn	122,5	7,0	129,5
3. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
1.14 Ritun sögu Stjórnarráðsins	10,0	3,2	13,2
4. Við **02-201 Háskóli Íslands**			
a. 1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	1.971,2	18,5	1.989,7
b. 5.50 Fasteignir	120,0	15,0	135,0
c. Sértekjur	-872,0	-9,0	-881,0
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*2.834,9*	*24,5*	*2.859,4*
5. Við **02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			
a. 5.21 Viðhald	27,0	8,0	35,0
b. 6.21 Stofnkostnaður	263,0	-8,0	255,0
6. Við **02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi**			
a. 1.73 Reykjavíkurakademían	0,0	10,0	10,0
b. 1.90 Háskóla- og rannsóknastarfsemi	42,4	0,8	43,2
c. 1.91 Háskólar, óskipt	52,5	90,0	142,5
7. Við **02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður**			
a. 6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt	456,0	-13,0	443,0
b. 6.95 Tæki og búnaður, óskipt	3,0	28,0	31,0
8. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
a. 1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík	6,0	4,6	10,6
b. 1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi	0,5	0,5	1,0
9. Við **02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands**			
a. *Greitt úr ríkissjóði*	*200,9*	*3,9*	*204,8*
b. *Viðskiptahreyfingar*	*3,9*	*-3,9*	*0,0*
10. Við **02-725 Námsgagnastofnun**			
1.01 Námsgagnastofnun	379,9	20,0	399,9
11. Við **02-902 Þjóðminjasafn Íslands**			
a. 1.01 Þjóðminjasafn Íslands	172,9	29,5	202,4
b. 1.10 Byggða- og minjasöfn	24,4	31,3	55,7
c. 6.41 Samgöngusafn Íslands í Skógum undir Eyjafjöllum	0,0	12,0	12,0
d. 6.42 Endurbygging Kútters Sigurfara	0,0	6,0	6,0

12. Við **02-903 Þjóðskjalasafn Íslands**			
1.11 Héraðsskjalasöfn	7,9	2,1	10,0
13. Við **02-919 Söfn, ýmis framlög**			
a. 1.11 Nýlistasafn	4,0	1,0	5,0
b. 1.41 Galdrasýning á Ströndum	0,0	15,0	15,0
c. 1.90 Söfn	7,5	12,0	19,5
d. 6.22 Sögusetrið á Hvolsvelli	0,0	7,0	7,0
e. 6.23 Hvalamiðstöð á Húsavík	0,0	6,0	6,0
f. 6.25 Geysisstofa í Haukadal	0,0	7,0	7,0
g. 6.26 Endurbygging vélbátsins Blátinds, Vestmannaeyjum	0,0	6,0	6,0
h. 6.27 Endurbygging á Herjólfsbæ, Vestmannaeyjum	0,0	10,0	10,0
i. 6.28 Sögusafnið í Reykjavík	0,0	18,0	18,0
j. 6.30 Bátasafn á Suðurnesjum	0,0	8,5	8,5
k. 6.31 Sjóminja- og smiðjumunasafn	0,0	3,0	3,0
l. 6.32 Sjóminjasafn Íslands	0,0	2,5	2,5
m. 6.33 Jöklasafn	0,0	5,0	5,0
n. 6.34 Safnasafnið á Svalbarðsströnd	0,0	3,0	3,0
o. 6.35 Endurbygging Tryggvaskála á Selfossi	0,0	4,0	4,0
p. 6.36 Síldarminjasafnið á Siglufirði	0,0	6,0	6,0
q. 6.37 Faktorshúsið í Neðstakaupstað á Ísafirði	0,0	6,0	6,0
14. Við **02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			
a. 6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana	380,0	20,0	400,0
b. 6.92 Kaupvangur á Vopnafirði	0,0	14,0	14,0
c. 6.93 Duushúsin í Reykjanesbæ	0,0	10,0	10,0
15. Við **02-979 Húsafriðunarsjóður**			
6.10 Húsafriðunarsjóður	25,5	26,5	52,0
16. Við **02-983 Ýmis fræðistörf**			
a. 1.13 Bókaútgáfa Leifs Eiríkssonar	0,0	10,0	10,0
b. 1.23 Hið íslenska bókmenntafélag	1,0	3,0	4,0
17. Við **02-985 Alþjóðleg samskipti**			
a. 1.90 Alþjóðleg samskipti	59,8	17,1	76,9
b. 1.91 Aðildargjöld ESB	256,3	15,5	271,8
c. 1.95 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	11,5	3,0	14,5
18. Við **02-988 Æskulýðsmál**			
a. 1.12 Ungmennafélag Íslands	17,0	5,0	22,0
b. 1.13 Bandalag íslenskra skáta	9,0	3,5	12,5
c. 1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni	1,5	0,5	2,0
d. 1.17 Landssamband KFUM og KFUK	7,0	4,0	11,0
19. Við **02-989 Ýmis íþróttamál**			
a. 1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	41,7	16,0	57,7
b. 1.12 Ólympíunefnd fatlaðra	1,5	1,5	3,0
c. 6.52 Skíðasvæðið í Tungudal við Skutulsfjörð	0,0	10,0	10,0

20. Við **02-999 Ýmislegt**			
1.90 Ýmis framlög	14,5	12,0	26,5
21. Við **03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli**			
1.30 Fíkniefnaeftirlit	4,2	6,0	10,2
Greitt úr ríkissjóði	*329,1*	*6,0*	*335,1*
22. Við **03-401 Alþjóðastofnanir**			
1.85 Friðargæsla	164,5	17,0	181,5
23. Við **04-101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Yfirstjórn	140,0	-2,0	138,0
24. Við **04-190 Ýmis verkefni**			
1.90 Ýmis verkefni	27,8	7,0	34,8
Greitt úr ríkissjóði	*78,6*	*7,0*	*85,6*
25. Við **04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins**			
Sértekjur	-102,1	-20,0	-122,1
26. Við **04-221 Veiðimálastofnun**			
1.01 Veiðimálastofnun	75,4	4,0	79,4
27. Við **04-261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði**			
1.01 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði	190,7	2,0	192,7
28. Við **04-283 Garðyrkjuskóli ríkisins**			
a. 1.01 Garðyrkjuskóli ríkisins	84,2	3,3	87,5
b. 6.21 Fasteignir	5,0	15,0	20,0
29. Við **04-311 Landgræðsla ríkisins**			
1.01 Landgræðsla ríkisins	284,6	10,0	294,6
30. Við **04-343 Landshlutabundin skógrækt**			
a. 1.10 Suðurlandsskógar	49,6	19,6	69,2
b. 1.13 Vesturlandsskógar	21,0	13,0	34,0
c. 1.15 Skjólskógar, Vestfjörðum	21,0	9,0	30,0
d. 1.16 Norðurlandsskógar	31,0	19,0	50,0
e. 1.17 Austurlandsskógar	0,0	10,0	10,0
31. Við **04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu**			
1.02 Lífeyrissjóður bænda	135,0	-8,0	127,0
32. Við **04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu**			
1.02 Lífeyrissjóður bænda	74,0	-7,7	66,3
33. Við **04-811 Bændasamtök Íslands**			
a. 1.01 Leiðbeiningastarfsemi, landsþjónusta	106,2	12,2	118,4
b. 1.92 Leiðbeiningastarfsemi, héraðsþjónusta	64,6	8,1	72,7
c. 6.95 Búfjárrækt	51,6	6,4	58,0
34. Við **04-841 Fiskeldisrannsóknir**			
1.01 Fiskeldisrannsóknir	22,9	1,1	24,0
35. Við **05-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	11,0	5,0	16,0
b. 1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	0,0	10,0	10,0
c. 1.90 Ýmislegt	30,2	38,0	68,2

36. Við **05-202 Hafrannsóknastofnunin**			
1.30 Rannsóknaskip	338,7	13,5	352,2
37. Við **05-204 Fiskistofa**			
1.01 Fiskistofa	386,1	25,0	411,1
38. Við **05-901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna**			
1.30 Keldnaholt	41,2	3,7	44,9
39. Við **06-232 Opinber réttaraðstoð**			
1.10 Opinber réttaraðstoð	33,5	25,0	58,5
40. Við **06-301 Ríkissaksóknari**			
1.05 Ríkissaksóknari	65,9	0,7	66,6
41. Við **06-303 Ríkislögreglustjóri**			
Sértekjur	-185,5	-2,4	-187,9
42. Við **06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík**			
Sértekjur	-9,4	3,0	-6,4
43. Við **06-341 Áfengis- og fíkniefnamál**			
1.25 Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála	36,9	25,0	61,9
44. Við **06-390 Ýmis löggæslumál**			
1.10 Ýmis löggæslukostnaður	36,5	25,0	61,5
45. Við **06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík**			
Sértekjur	-7,4	6,9	-0,5
46. Við **06-414 Sýslumaðurinn í Stykkishólmi**			
1.01 Yfirstjórn	42,1	0,6	42,7
47. Við **06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri**			
a. 1.40 Tollgæsla	9,0	1,2	10,2
b. Sértekjur	-2,4	0,4	-2,0
48. Við **06-429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði**			
a. 1.20 Löggæsla	25,8	0,2	26,0
b. Sértekjur	-0,2	0,2	0,0
49. Við **06-434 Sýslumaðurinn í Keflavík**			
1.40 Tollgæsla	11,9	1,2	13,1
50. Við **06-436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði**			
Sértekjur	-1,6	1,4	-0,2
51. Við **06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta**			
1.63 Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins	38,1	26,2	64,3
52. Við **06-701 Biskup Íslands**			
a. 6.22 Hallgrímskirkja	6,0	10,0	16,0
b. 6.25 Dómkirkjan í Reykjavík	0,0	6,0	6,0
c. 6.26 Auðunarstofa	12,0	21,0	33,0
d. 6.27 Rannsóknarstofnun í helgisiðum í Skálholti	0,0	8,5	8,5
53. Við **06-733 Kirkjugarðsgjöld**			
1.11 Kirkjugarðar	532,0	3,0	535,0
54. Við **07-400 Barnaverndarstofa**			
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	343,3	26,0	369,3
55. Við **07-700 Málefni fatlaðra**			
1.50 Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	47,9	36,9	84,8

56. Við **07-711 Styrktarfélag vangefinna**			
1.01 Styrktarfélag vangefinna	358,2	8,0	366,2
57. Við **07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**			
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	3.393,0	1.800,0	5.193,0
58. Við **07-980 Vinnumálastofnun**			
1.01 Yfirstjórn	307,3	10,0	317,3
59. Við **07-981 Vinnumál**			
1.90 Ýmislegt	9,7	7,0	16,7
60. Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**			
1.41 Framlög og styrkir	35,0	104,0	139,0
61. Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
a. 1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	4,2	1,8	6,0
b. 1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili	8,5	5,0	13,5
c. 1.44 Byrgið, líknarfélag	2,2	5,0	7,2
d. 1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum	0,0	7,0	7,0
e. 6.41 Blindrafélagið, burstavél	0,0	10,0	10,0
62. Við **08-201 Tryggingastofnun ríkisins**			
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	702,7	4,0	706,7
63. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
a. 1.15 Lyf	4.580,0	175,0	4.755,0
b. 1.21 Hjálpartæki	900,0	40,0	940,0
c. 1.31 Þjálfun	930,0	-64,1	865,9
64. Við **08-209 Sjúklingatryggingar**			
1.11 Sjúklingatryggingar	72,1	-4,0	68,1
65. Við **08-301 Landlæknir**			
1.01 Yfirstjórn	120,7	12,0	132,7
66. Við **08-327 Geislavarnir ríkisins**			
a. 1.01 Geislavarnir ríkisins	44,3	1,1	45,4
b. 6.01 Tæki og búnaður	1,5	2,4	3,9
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*33,2*	*3,5*	*36,7*
67. Við **08-330 Manneldisráð**			
1.01 Manneldisráð	15,3	1,8	17,1
68. Við **08-340 Málefni fatlaðra**			
1.10 Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	30,5	64,1	94,6
69. Við **08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**			
6.01 Tæki og búnaður	35,0	20,0	55,0
70. Við **08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi**			
1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	62,5	68,0	130,5
71. Við **08-373 Landspítali, háskólasjúkrahús**			
1.01 Landspítali, háskólasjúkrahús	19.205,7	103,4	19.309,1
Greitt úr ríkissjóði	*18.110,0*	*103,4*	*18.213,4*
72. Við **08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir**			
a. 5.50 Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	80,0	-60,0	20,0
b. 6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	210,0	60,0	270,0

73. Við **08-420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið**			
1.01 Sjúkrastofnanir SÁÁ	339,5	10,0	349,5
74. Við **08-501 Sjúkraflutningar**			
1.15 Sjúkraflug	23,7	41,9	65,6
75. Við **08-510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík**			
1.01 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	428,3	16,6	444,9
76. Við **08-621 Forvarnasjóður**			
1.90 Forvarnasjóður	63,4	9,5	72,9
77. Við **09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Yfirstjórn	387,0	4,0	391,0
78. Við **09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum**			
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	240,0	200,0	440,0
79. Við **09-811 Barnabætur**			
1.11 Barnabætur	4.230,0	200,0	4.430,0
80. Við **09-821 Vaxtabætur**			
1.11 Vaxtabætur	4.285,0	-400,0	3.885,0
81. Við **09-984 Fasteignir ríkissjóðs**			
1.11 Rekstur fasteigna	207,7	0,5	208,2
82. Við **09-989 Launa- og verðlagsmál**			
1.90 Launa- og verðlagsmál	1.000,0	150,0	1.150,0
83. Við **10-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	19,0	-9,7	9,3
b. Við 1.25 GPS-staðsetningarkerfi. Liðurinn orðist svo: 1.25 Staðsetningarkerfi	8,0	0,0	8,0
c. 1.34 Flugskóli Íslands	0,0	9,7	9,7
d. Við 1.42 Ferðamál og markaðsstarf. Liðurinn orðist svo: 1.42 Gestastofur og markaðsstarf	10,0	0,0	10,0
e. 1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	49,0	12,0	61,0
f. 1.90 Ýmislegt	3,6	1,0	4,6
g. 6.41 Hlutur ríkisins í flughermi fyrir flugskóla	15,0	-5,0	10,0
h. *Greitt úr ríkissjóði*	*341,0*	*8,0*	*349,0*
84. Við **10-335 Siglingastofnun Íslands**			
a. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.783,2*	*-84,6*	*1.698,6*
b. *Viðskiptahreyfingar*	*-194,3*	*84,6*	*-109,7*
85. Við **10-471 Flugmálastjórn**			
1.11 Styrkir til innanlandsflugs	0,0	60,7	60,7
Greitt úr ríkissjóði	*470,5*	*60,7*	*531,2*
86. Við **10-651 Ferðamálaráð**			
1.11 Ferðamálasamtök landshluta	18,0	4,0	22,0
87. Við **11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Yfirstjórn	74,6	5,0	79,6
88. Við **11-251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi**			
1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	50,0	25,0	75,0

89. Við **13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa**			
1.50 Þjóðskráin	75,5	20,0	95,5
Greitt úr ríkissjóði	*229,5*	*20,0*	*249,5*
90. Við **14-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.23 Ýmis umhverfisverkefni	46,2	7,0	53,2
b. 1.90 Ýmis verkefni	0,0	3,0	3,0
91. Við **14-301 Skipulagsstofnun**			
a. 1.01 Skipulagsstofnun	114,5	-4,0	110,5
b. Sértekjur	-7,3	4,0	-3,3
92. Við **14-381 Ofanflóðasjóður**			
a. 1.01 Almennur rekstur	0,0	7,0	7,0
b. 6.60 Ofanflóðasjóður	400,0	-7,0	393,0

SÉRSTÖK YFIRLIT

	Þús. kr.
1. Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-269 5.21 og 6.21).	
1. Kennaraháskóli Íslands, nýbygging	100.000
viðhald Laugarvatni	15.000
2. Háskólinn á Akureyri, nýbygging	110.000
3. Háskóli Íslands, Atvinnudeildarhús afhent menntamálaráðuneytinu	30.000
4. Tækniskóli Íslands, viðhald og búnaður	15.000
5. Tilraunastöð Háskólans að Keldum, viðhald	10.000
6. Viðhald, óskipt	10.000
Samtals	**290.000**
2. Framhaldsskólar, stofnkostnaður (02-318 6.90 og 6.95).	
1. Framhaldsskólar í Reykjavík, óskipt	70.000
2. Menntaskólinn í Reykjavík, uppgjör og lok framkvæmda við tengibyggingu	30.000
3. Sjómannaskólahús	40.000
4. Menntaskólinn í Kópavogi, uppgjör samkvæmt samningi	90.000
5. Fjölbrautaskóli Suðurnesja, undirbúningur fyrir viðbyggingu	15.000
6. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, uppgjör samkvæmt samningi	43.000
7. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	5.000
8. Verkmenntaskólinn á Akureyri, heimilisfræði-, handavinnu- og rafiðngreinar	50.000
9. Menntaskólinn á Egilsstöðum, undirbúningur fyrir viðbyggingu	5.000
10. Framhaldsskólinn A-Skaftafellssýslu, samningur um nýtt húsnæði	38.000
11. Menntaskólinn að Laugarvatni	30.000
12. Fjölbrautaskóli Suðurlands, undirbúningur fyrir viðbyggingu	7.000
13. Til framkvæmda, óskipt	20.000
14. Tæki og búnaður, óskipt	31.000
Samtals	**474.000**

3. Söfn, ýmis framlög (02-919 1.90).

1.	Sædýrasafnið, Höfnum	3.000
2.	Steinaríki Íslands	2.000
3.	Íslenska stríðsárasafnið	2.000
4.	Kirkjubæjarstofa	5.000
	Óskipt	7.500
	Samtals	**19.500**

4. Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-969 6.21).

1.	Þjóðminjasafn	200.000
2.	Verndun gamalla húsa	65.000
3.	Landsbókasafn – Háskólabókasafn, bókageymslur í Reykholti	25.000
4.	Byggðasöfn	25.000
5.	Þjóðleikhús	10.000
6.	Þjóðskjalasafn	20.000
7.	Listasafn Íslands	15.000
8.	Lista- og menningarmiðstöðin Skaftfell	10.000
9.	Brydebúð	5.000
	Óskipt	25.000
	Samtals	**400.000**

5. Listir, framlög (02-982 1.90).

1.	Á seyði, Skaftfell – menningarmiðstöð	1.000
2.	Bláa kirkjan, sumartónleikar	400
3.	BRJÁN, rokk- og djassklúbbur í Neskaupstað	400
4.	Djassklúbbur Egilsstaða	400
5.	Efling Stykkishólms	400
6.	Eiríksstaðanefnd – Leifsstaðir	400
7.	Félag íslenskra tónlistarmanna	1.000
8.	Jöklasýning á Hornafirði	500
9.	Leikbrúðuland	800
10.	Listahátíð ungs fólks, Austurlandi	400
11.	Listvinafélag Vestmannaeyja	400
12.	Reykholtshátíð	400
13.	Samband íslenskra myndlistarmanna	1.500
14.	Sumartónleikar í Akureyrarkirkju	400
15.	Sumartónleikar í Skálholtskirkju	1.800
16.	Sumartónleikar við Mývatn	400
17.	Tónleikahald í Skaftárhreppi	400
18.	Tónlistarfélag Hveragerðis og Ölfuss	400
19.	Tónlistarfélag Ísafjarðar	400
20.	Þjóðlagahátíð í Gnúpverjahreppi	400
	Óskipt	30.200
	Samtals	**42.400**

6. Styrkir til útgáfumála (02-983 1.11).

1. Færeysk orðabók	2.500
2. Örlygur Hálfdánarson „Aldahvörf“	1.000
3. Jón Björnsson „Íslensk skip“	1.000
Óskipt	1.000
Samtals	**5.500**

7. Norræn samvinna (02-984 1.90).

Norræna félagið	3.000
Óskipt	11.500
Samtals	**14.500**

8. Æskulýðsmál (02-988 1.90).

1. Alþjóðleg ungmennaskipti	300
2. AFS á Íslandi	400
Óskipt	2.300
Samtals	**3.000**

9. Ýmis íþróttamál (02-989 1.90).

1. Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra	300
2. Landssamband íslenskra akstursfélaga	500
3. Torfærusamband Íslands	500
Óskipt	12.000
Samtals	**13.300**

10. Ýmis framlög (02-999 1.90).

1. Heimilisiðnaðarskólinn	1.800
2. Kvenréttindafélag Íslands	1.000
3. Kvennasögusafn Íslands	600
4. Steinunn Kristjánsdóttir, fornleifarannsóknir um mörk heiðni og kristni	1.000
5. Fornleifastofnun Íslands	800
6. ÍSARK, vegna ráðstefnu árið 2001	500
7. Kvenfélagasamband Íslands	1.800
8. Gláma, endurbygging	400
9. Fræðasetur, Sandgerðisbæ	600
10. Surtseyjarfélagið	500
11. Heimili og skóli	600
12. Zontaklúbbur Akureyrar, Nonnahús	700
13. Óperustúdíó, Eiðum	2.000
14. Vestnorrænt menningarhús, Hafnarfirði	1.000
15. Rannsóknir á Vatnajökli	2.000
16. Klúbbur matreiðslumeistara	2.500
17. Samband íslenskra kristniboðsfélaga	1.500
18. Sænautasel	2.000
19. Menningarhátíð á Ísafirði	1.000
20. Menningarsjóður í Bretlandi	1.500

Óskipt	2.700
Samtals	**26.500**

11. Ýmis verkefni (04-190 1.90).

1. Flóaáveitufélagið	500
2. Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	4.000
3. Æðarræktarfélag Íslands	300
4. Nytjaland, upplýsingakerfi	5.000
5. Gæðamat á ferðaþjónustu í dreifbýli	4.000
6. Landvernd	3.000
7. Frumvinna við tölvuvæðingu ferðaþjónustu í dreifbýli	1.500
8. Líf í fersku vatni	1.500
9. Rannsóknir á glerál	700
10. Skrúður við Dýrafjörð	500
11. Tún, vottunarstofa	2.000
12. Rannsóknir á íslenska kúakyninu	5.000
Óskipt	6.800
Samtals	**34.800**

12. Fyrirhleðslur (04-311 1.90).

a. Fyrirhleðslur:

1. Héraðsvötn	4.000
2. Hornafjarðarfljót	1.000
3. Kotá í Öræfum	1.000
4. Skaftá	500
5. Kúðafljót	800
6. Klifandi/Hafursá	4.000
7. Markarfljót	15.000
8. Þjórsá	1.000
Samtals	**27.300**

b. Fyrirhleðslur og viðhald:

1. Vesturlandskjördæmi	1.000
2. Vestfjarðakjördæmi	500
3. Norðurlandskjördæmi vestra	1.500
4. Norðurlandskjördæmi eystra	2.000
5. Austurlandskjördæmi	1.500
6. Suðurlandskjördæmi	3.500
Samtals	**10.000**
Samtals	**37.300**

13. Félagasamtök, styrkir (07-999 1.31).

1. Barnaheill	700
2. Blindrafélagið	5.000
3. Daufblindrafélag Íslands	700
4. Félag ábyrgra feðra	100

5.	Félag einstæðra foreldra	1.200
6.	Félag heyrnarlausra	3.000
7.	Foreldra- og kennarafélag Öskjuhlíðarskóla	4.000
8.	Foreldrafélag misþroska barna	500
9.	Fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur	500
10.	Geðhjálp	3.500
11.	Kvennaráðgjöfin	600
12.	Landssamband eldri borgara	1.200
13.	Leigjendasamtökin	200
14.	Ný dögun	600
15.	Samtök um vinnu og verkþjálfun	500
16.	Samtökin '78	800
17.	Sjálfsbjörg	1.000
18.	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	1.600
19.	Systkinasmiðjan	200
20.	Umsjónarfélag einhverfra	600
21.	Vernd	800
22.	Þroskahjálp	4.000
	Óskipt	8.300
	Samtals	**39.600**

14. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 6.90).

1.	Sjúkrahúsið Akranesi	26.000
2.	Heilsugæslustöðin og hjúkrunarheimilið Þingeyri	4.500
3.	Hjúkrunarheimilið Hólmavík	11.100
4.	Hjúkrunarheimilið Hvammstanga	4.000
5.	Sjúkrahúsið Blönduósi	11.000
6.	Sjúkrahúsið Sauðárkróki	4.900
7.	Heilsugæslustöðin Akureyri	24.000
8.	Sjúkrahúsið Húsavík	6.000
9.	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	7.500
10.	Heilsugæslustöðin Egilsstöðum	12.000
11.	Heilsugæslustöðin Hornafirði	7.000
12.	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	30.000
13.	Sjúkrahús Suðurlands	50.000
14.	Heilsugæslustöðin Hveragerði	5.000
15.	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	44.000
16.	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	8.000
17.	Heilsugæslustöðin Grafarvogi	15.000
	Samtals	**270.000**

15. Ýmis framlög (08-399 1.90).

1.	Umhyggja	800
2.	Tourette-samtökin á Íslandi	200
3.	Landssamtök hjartasjúklinga	500
4.	Félag heilablóðfallsskaðaðra	400
5.	Húsnæðisfélag SEM	1.300

6.	Gigtarfélag Íslands	1.100
7.	Vímulaus æska	1.500
8.	Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimers-sjúklinga	700
9.	Samtökin Lífsvog	300
10.	Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	400
11.	Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	1.000
12.	Geðhjálp, geðræktarverkefni	2.000
13.	Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	1.200
14.	LAUF, landssamtök áhugafólks um flogaveiki	800
15.	Heimili og skóli	1.500
16.	Samtök sykursjúkra	500
17.	MS-félag Íslands	500
18.	Krossgötur	300
19.	Alnæmissamtökin	500
	Óskipt	9.200
	Samtals	**24.700**

16. Vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-190 1.12).

a. Almennir styrkir:

1.	Knarrarnes, Mýrabátur	150
2.	Snæfellsbær, undir Jökli	140
3.	Dalahérað	180
4.	Reykhólahreppur	350
5.	Mjólkurflutningar í Vestur-Barðastrandarsýslu	90
6.	Vesturbyggð	500
7.	Súðavíkurhreppur	90
8.	Hólmavík – Nauteyrarhreppur	140
9.	Ísafjarðarbær	450
10.	Árneshreppur	1.150
11.	Djúpavík og Gjögur	140
12.	Kaldrananeshreppur	200
13.	Skagahreppur	120
14.	Skefilsstaðahreppur	120
15.	Fljótahreppur	180
16.	Ólafsfjarðarsveit	90
17.	Svarfaðardalur	140
18.	Grýtubakkahreppur	70
19.	Hálshreppur	70
20.	Mývatnssveit	90
21.	Fjallahreppur	370
22.	Öxarfjörður – Kópasker	50
23.	Þórshöfn	50
24.	Bakkafjörður	50
25.	Vopnafjörður	50
26.	Borgarfjörður eystri	280
27.	Austur-Hérað	160
28.	Norður-Hérað	180

29.	Möðrudalur	90
30.	Svínafell í Nesjum	150
31.	Mýrdalshreppur	220
	Samtals	6.110
b. Sérleyfi:		
1.	Fjarðarheiði	640
2.	Oddskarð	640
3.	Breiðdalsvík	200
4.	Djúpivogur	300
	Samtals	1.780
c. Stofnstyrkir:		
1.	Fljótahreppur	500
2.	Grýtubakkahreppur, snjótroðari	300
	Samtals	**800**
d. Styrkir til flugfélaga:		
	Óskipt	9.700
e.	Óskipt	610
	Samtals	**19.000**
17. Ýmis verkefni (14-190 1.90).		
	Umhverfisverndarsamtök Íslands	2.000
	Óskipt	1.000
	Samtals	**3.000**

376. Frumvarp til laga [313. mál]

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Í stað orðanna „10 árum“ í 1. mgr. 173. gr. a laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1974, kemur: 12 árum.

2. gr.

Í stað orðanna „10 árum“ í 2. mgr. 264. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 10/1997, kemur: 12 árum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu að höfðu samráði við refsiréttarnefnd. Með frumvarpinu er lagt til að refsimörk 173. gr. a almennra hegningarlaga verði hækkuð úr allt að 10 árum í 12 ár. Þá er og lagt til að refsimörk 264. gr. sömu laga verði til samræmis einnig hækkuð úr allt að 10 árum í allt að 12 ár.

II.

Lög um refsinæmi fíkniefnabrota eiga rætur að rekja til ársins 1923 en þá voru fyrstu lög um það efni sett hér á landi og nefndust þau lög um tilbúning og verslun með ópíum o.fl. nr. 14/1923 en þau voru að verulegu leyti reist á Haag-samþykkt frá 23. janúar 1912 sem Ísland gerðist aðili að árið 1921. Lögunum var breytt töluvert með lögum nr. 43/1968 og lögum nr. 25/1970 en þau voru síðan endurútgefin með áorðnum breytingum sem lög nr. 77/1970. Breytingarnar miðuðu einkum að því að rýmka svigrúm dómsmálaráðherra til að mæla fyrir um hvaða efni skyldu lúta lögunum og að færa refsimörk vegna brota á lögunum í 6 ára fangelsi auk þess sem upptökuákvæði var lögfest.

Árið 1974 voru samþykkt á Alþingi gildandi lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974. Einnig voru þá samþykkt lög nr. 64/1974 en með þeim var mælt fyrir um refsinæmi alvarlegra fíkniefnabrota í almennum hegningarlögum. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum um ávana- og fíkniefni sagði meðal annars svo: „Er mjög tímabært að endurskoða lögin og semja ný heildarlög um þetta efni að stofni til. Jafnframt er þess að geta, að í grannlöndunum hefur verið farin sú leið að lögfesta refsiákvæði í almennum hegningarlögum um vörslu og ýmiss konar meðferð á fíkni- og ávanaefnum m.a. í því skyni að árétta, hve alvarlegum augum menn líta á þessi brot. Ráðuneytin eru þeirrar skoðunar að þessa stefnu beri einnig að taka hér á landi, og hefir verið samið sérstakt frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum sem stefnir að því að koma á þessari skipan."

Með lögum nr. 64/1974 var nýju ákvæði, 173. gr. a, bætt við almenn hegningarlög um að öll meiri háttar brot gegn ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni vörðuðu við hegningarlögin. Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins skal hver sá sem andstætt ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni lætur mörgum mönnum í té ávana- og fíkniefni eða afhendir þau gegn verulegu gjaldi eða á annan sérstaklega saknæman hátt sæta fangelsi allt að 10 árum. Í 2. mgr. segir síðan að sömu refsingu skuli sá sæta sem gegn ákvæðum nefndra laga framleiði, búi til, flytji inn, flytji út, kaupi, láti af hendi, taki við eða hafi í vörslum sínum ávana- og fíkniefni í því skyni að afhenda þau á þann hátt sem greint er í 1. mgr.

Með lögum nr. 10/1997 kom nýtt ákvæði í 264. gr. almennra hegningarlaga þar sem þvætti ávinnings af brotum á almennum hegningarlögum var gert að sjálfstæðu refsiverðu broti. Áður hafði slík almenn heimild ekki verið í lögum að undanskildu ákvæði 173. gr. b almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 39/1993. Samkvæmt því ákvæði skyldi hver sá sem tæki við eða aflaði sér eða öðrum ávinnings af broti gegn 173. gr. a sæta fangelsi allt að 10 árum. Sömu refsingu skyldi sá sæta sem geymdi eða flytti slíkan ávinning, aðstoðaði við afhendingu hans eða stuðlaði á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíku broti. Í greinargerð með frumvarpi því sem lögfesti 173. gr. b sagði um refsimörk ákvæðisins að þar sem brot gegn ákvæðinu gætu verið jafnalvarleg og sjálft fíkniefnabrotið væri lagt til að þau vörðuðu sömu refsingu og brot gegn 173. gr. a. Við lögfestingu 264. gr. almennu hegn-

ingarlaganna var 173. gr. b felld brott þar sem verknaðarlýsing þeirrar greinar rúmaðist innan hins nýja ákvæðis. Hins vegar þótti ekki rétt að lækka refsihámark fyrir þvætti ávinnings af fíkniefnabrotum frá því sem þá var og var því sérregla sett í 2. mgr. 264. gr. þar sem hámarksrefsing fyrir þau brot var áfram 10 ár.

III.

Við lögfestingu 173. gr. a almennra hegningarlaga árið 1974 var höfð hliðsjón af norrænum lögum og þá einkum dönskum refsilögum. Rétt þykir að gera í helstu atriðum grein fyrir norrænni löggjöf á þessu sviði.

Í 191. gr. dönsku hegningarlaganna, sem er að finna í kafla um brot sem hafa í för með sér almannahættu, er ákvæði sem er sambærilegt við 173. gr. a íslensku hegningarlaganna. Í 1. mgr. danska ákvæðisins segir að hver sá sem andstætt lögum um ávana- og fíkniefni afhendi mörgum mönnum ávana- og fíkniefni eða afhendi þau gegn verulegu gjaldi eða á annan sérstaklega saknæman hátt skuli sæta fangelsi allt að 6 árum. Hafi mikið magn af sérstaklega hættulegu eða skaðlegu efni verið afhent eða hafi afhending slíks efnis að öðru leyti haft í för með sér hættu geti það varðað fangelsi allt að 10 árum. Í 2. mgr. er síðan ákvæði algerlega samhljóða 2. mgr. íslenska ákvæðisins.

Í 14. kafla norsku hegningarlaganna um brot sem hafa í för með sér almannahættu er að finna ákvæði í 162. gr. um fíkniefnabrot. Þar segir í 1. mgr. að hverjum sem ólöglega framleiði, flytji inn, flytji út, afli, varðveiti, sendi eða afhendi efni sem teljist til ávana- og fíkniefna samkvæmt lögum og reglum um ávana- og fíkniefni skuli refsað fyrir ávana- og fíkniefnabrot með sektum eða allt að 2 ára fangelsi. Í 2. mgr. segir að fyrir gróft ávana- og fíkniefnabrot skuli refsað með allt að 10 ára fangelsi og skuli við mat á því hvort brotið sé gróft sérstaklega litið til þess hvers kyns fíkniefni er um að ræða, magn þess og á hvern hátt það hafi verið afhent. Í 3. mgr. segir síðan að hafi verið um afhendingu sérlega mikils magns að ræða skuli refsing vera þriggja til 15 ára fangelsi. Séu fyrir hendi sérstaklega vítaverðar aðstæður geti refsing orðið allt að 21 árs fangelsi.

Í sænskum lögum hefur sambærilegu ákvæði og hér um ræðir verið fundinn staður í sérstökum ávana- og fíkniefnarefsilögum nr. 1968:64. Í 1. gr. þeirra laga er varsla, afhending og hvers konar meðferð ávana- og fíkniefna, sambærileg þeirri meðferð sem lýst er í 2. mgr. íslenska ákvæðisins, lýst refsiverð og varðar brot gegn ákvæðinu allt að 3 ára fangelsi. Í 3. gr. laganna segir að sé brotið gróflega gegn 1. gr. laganna skuli refsing vera minnst 2 ára fangelsi og allt að 10 ára fangelsi. Við mat á því hvort brot teljist gróft skuli sérstaklega taka tillit til þess hvort brotið hafi verið liður í umfangsmikilli starfsemi eða atvinnustarfsemi, hvort um mikið magn af ávana- og fíkniefnum hafi verið að ræða eða hvort þau hafi verið sérstaklega hættuleg.

Í finnskum lögum eru ákvæði um fíkniefnabrot í 50. kafla hegningarlaganna. Í Finnlandi getur gróft brot gegn ávana- og fíkniefnalögunum varðað fangelsi allt að 10 árum.

IV.

Í fylgiskjali með frumvarpi þessu er að finna yfirlit yfir þá dóma Hæstaréttar þar sem sakfellt hefur verið fyrir brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga. Einnig er þar að finna valda héraðsdóma sem gengið hafa í umfangsmiklum fíkniefnamálum að undanförnu. Af þessari dómaframkvæmd verður ráðið að þróunin hefur ótvírætt orðið sú að þyngja verulega refsingar í alvarlegustu fíkniefnabrotum. Þetta á einkum við í málum varðandi mjög hættuleg efni eins og MDMA (ecstacy). Hér má vísa til Hrd. 1997:328 þar sem refsing fyrir innflutning á 964 töflum af þessu efni var ákveðin fangelsi í sex ár. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 27.

júní 2000 var refsing fyrir innflutning og sölu á mun meira magni fíkniefna, þar á meðal 5850 töflum af MDMA ákveðin fangelsi í 9 ár. Í dómi Héraðsdóms Reykjaness 26. október 2000 var síðan refsing einnig ákveðin fangelsi í 9 ár fyrir vörslu og fyrirhugaða sölu á 14.292 töflum í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Með refsimati dómstóla hafa refsimörk 173. gr. a verið nýtt nánast að fullu í alvarlegustu fíkniefnabrotum. Af þeim sökum þykir nauðsynlegt að hækka refsimörkin svo dómstólum verði gert kleift að ákveða þyngri refsingu ef reyna mun á enn alvarlegri brot. Þótt reynt sé með öllum tiltækum ráðum að hamla gegn brotastarfsemi af þessu tagi verða refsilög að gera ráð fyrir viðhlítandi refsingum vegna alvarlegri brota en reynt hefur á hingað til. Er því lagt til að refsimörk 173. gr. a verði hækkuð. Að virtu samræmi milli refsimarka innan hegningarlaga þykir hæfilegt að refsimörk ákvæðisins verði allt að 12 ára fangelsi í stað 10 ára. Með þessari breytingu er lögð sérstök áhersla á alvarleika þessara brota og tekið undir það refsimat sem dómstólar hafa beitt. Á hinn bóginn er ekki gert ráð fyrir að hækkun á refsimörkum ein út af fyrir sig leiði almennt til þyngingar á refsingum við fíkniefnabrotum heldur er verið að skapa dómstólum frekara svigrúm við ákvörðun refsingar sem þeir meta hæfilega. Þá er lagt til að refsimörk 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga vegna þvættisbrota verði einnig 12 ára fangelsi til samræmis við hækkun refsimarka vegna fíkniefnabrota.

Fylgiskjal I.

Íslensk dómaframkvæmd.

Hér á eftir fara reifanir á sakfellingardómum á grundvelli 173. gr. a almennra hegningarlaga frá því að ákvæðið kom inn í lögin, 1974, til 30. september 2000.

Hrd. 1982:281.

B hafði um tveggja ára skeið stundað innflutning á fíkniefnum og dreifingu þeirra í hagnaðarskyni. Var um mikið magn að ræða eða u.þ.b. 15,3 kg af hassi og 1g af amfetamíni. Hæstiréttur taldi brot ákærða stórfelld, þau tækju yfir alllangan tíma og lýstu einbeittum brotavilja. Væri bæði um innflutning mikils magns af hassi að ræða og í mörg skipti umfangsmikla dreifingu gegn háu fégjaldi auk þess sem B hefði sammælst við ýmsa menn um framningu brotanna. Var honum dæmd refsing 2 ára fangelsi og auk þess 30.000 kr. sekt í ríkissjóð. Einn dómari skilaði sératkvæði og taldi að staðfesta bæri refsiákvörðun héraðsdóms um 3 ára fangelsisrefsingu.

Hrd. 1982:816.

H var gefið að sök að hafa á 5 mánaða tímabili keypt u.þ.b. 13,3 kg af hassi sem hann flutti milli landa og seldi að stórum hluta til margra manna fyrir háar fjárhæðir. Í Hæstarétti sagði: „Brot ákærða eru stórfelld. Er hér bæði um innflutning allmikils magns af hassi að ræða og umfangsmikla dreifingu gegn háu fégjaldi. Sammæltist ákærði við ýmsa menn um framningu brotanna, [...]. Hann var aðeins tvítugur að aldri, er hann framdi brotin". Refsing þótti hæfilega ákveðin 16 mánaða fangelsi auk 20.000 kr. sektar í ríkissjóð.

Hrd. 1982:995.

S og R höfðu um langt skeið stundað innflutning á hassefnum til Íslands og dreifingu í hagnaðarskyni. Gerðu þeir þetta stundum saman og stundum í félagi með öðrum manni. Þetta

atferli þeirra stóð í langan tíma og var um mikið magn að ræða. Hæstiréttur taldi S frumkvöðul brotanna og dæmdi hann í 14 mánaða fangelsi auk 6.500 kr. fésektar í ríkissjóð. Refsing R þótti hæfilega ákveðin 9 mánaða fangelsi auk 5.000 kr. sektar í ríkissjóð.

Hrd. 1982:1718.

F var gefið að sök að hafa á 6 mánaða tímabili ýmist flutt inn eða keypt af öðrum og selt til margra manna u.þ.b. 18 kg af hassi, 6 kg af marihuana og 100 g af hassolíu. Hæstiréttur taldi brot F vera stórfelld og lýsa einbeittum brotavilja. Um innflutning mikils magns af hassi og marihuana hefði verið að ræða og í mörg skipti og umfangsmikla dreifingu gegn háu fégjaldi. Þá hefði F sammælst við ýmsa menn um framningu brotanna. Refsingin var dæmd sem hegningarauki við aðra fíkniefnadóma og var hún ákveðin fangelsi í 2 ár auk 9.000 kr. sektar í ríkissjóð.

Hrd. 1983:1997.

S var ákærður í 8 liðum fyrir að hafa margsinnis á 8 mánaða tímabili aflað sér fíkniefna í Hollandi og Danmörku og síðan selt efnin, að undanskilinni eigin neyslu, til margra manna gegn verulegu gjaldi og haft af því fjárhagslegan ávinning. S var sýknaður af þremur ákæruliðum en að öðru leyti var hann sakfelldur og dæmdur í fangelsi í 2 ár og 6 mánuði og var að auki gert að greiða 20.000 kr. sekt í ríkissjóð. Tveir dómarar skiluðu sératkvæðum varðandi refsingu S, vildi annar dæma S í tveggja ára fangelsi en hinn í þriggja ára fangelsi.

Hrd. 1983:2035.

E var talinn sannur að því að hafa á 9 mánaða tímabili margsinnis staðið að innflutningi á u.þ.b. 3,3 kg af hassefnum til Íslands og dreift þeim til margra manna í ávinningsskyni. Við refsiákvörðun vísaði Hæstiréttur til þess að ákærði hefði yfirleitt verið frumkvöðull brotanna og yrði það virt honum til refsiþyngingar en að ákærði hefði á hinn bógin ekki gerst brotlegur við fíkniefnalöggjöfina um nokkurt skeið og yrði það virt honum til hagsbóta. Refsing var dæmd sem hegningarauki við annan fíkniefnadóm og var E dæmdur í 9 mánaða fangelsi og 20.000 kr. sekt.

Hrd. 1987:317.

G var sakfelldur fyrir að hafa keypt 1600 skammta af LSD í Amsterdam og sent efnið til Íslands í bréfapósti í því skyni að selja það, ráðstafað óvissum hluta efnisins hér á landi og haft hluta þess í vörslum sínum. Þá var hann einnig sakfelldur fyrir að selja 10 g af amfetamíni en sú háttsemi varðaði ekki við 273. gr. a almennra hegningarlaga. Hlaut G fyrir þetta 2 ára og 6 mánaða fangelsisdóm. Í héraðsdómi hafði refsing verið talin hæfileg fangelsi í 5 ár og 25.000 kr. sekt í ríkissjóð.

Hrd. 1987:325.

F var sakfelldur fyrir að hafa keypt 1600 skammta af LSD í Amsterdam og sent það í bréfapósti til Íslands í því skyni að selja það. Þá var hann einnig sakfelldur fyrir að kaupa og senda til Íslands 73 g af amfetamíni en sú háttsemi varðaði ekki við 173. gr. a almennra hegningarlaga. Hæstiréttur taldi refsingu hæfilega fangelsi í 2 ár og 6 mánuði. Héraðsdómur hafði talið refsingu hæfilega fangelsi í 5 ár og 50.000 kr. sekt. í ríkissjóð, en hann hafði sérstaklega vakið athygli á hinum gríðarlega miklu hættueiginleikum sem ofskynjunarlyfið LSD hefur í för með sér.

Hrd. 1987:890.

S, K og Á voru sakfelldir fyrir að standa sameiginlega að innflutningi á 5.143,4 g af hassi, 242,5 g af amfetamíni og 17 g af kókaíni en efnin voru að verulegum hluta ætluð til sölu hér á landi. S og K keyptu fíkniefnin í Hollandi en S fjármagnaði kaupin. Hlutverk Á var að flytja fíkniefnin til Íslands og var samkomulag um að hann fengi greitt fyrir flutninginn. Hæstiréttur dæmdi S í 2 ára fangelsi og 50.000 kr. sekt, K var dæmdur í 3 ára fangelsi og 50.000 kr. sekt en með í þeirri refsiákvörðun var refsing fyrir annað brot sem K hafði verið sakfelldur fyrir í undirrétti. Á hlaut 18 mánaða fangelsi og 50.000 kr. sekt.

Hrd. 1988:1713.

K og S voru sakfelldir fyrir að hafa í sameiningu staðið að innflutningi á samtals 13,6 kg af hassi í ágóðaskyni. K var einnig talinn sannur að því að hafa á árinu 1986 staðið að smygli á 777 g af hassi og á árinu 1985 sex sinnum haft í fórum sínum og staðið að sölu á hassi, kókaíni, blöndu af amfetamíni og kókaíni og kannabisefni en sú háttsemi varðaði ekki við 173. gr. a almennra hegningarlaga. K var dæmdur í fangelsi í 2 ár og 6 mánuði og 120.000 kr. sekt (vararefsing 50 daga fangelsi). S var dæmdur í 18 mánaða fangelsi og 50.000 kr. sekt (vararefsing 20 daga fangelsi).

Hrd. 1991:522.

Ó var sakfelldur fyrir að hafa verið frumkvöðull í skipulagningu innflutnings og dreifingar á tæplega 1 kg af kókaíni á árinu 1988. Í Hæstarétti sagði: „Við ákvörðun refsingar ber að hafa það í huga að ákærði hefur ekki áður komið við sögu fíkniefnamála eða orðið brotlegur við almenn hegningarlög. Brotið var framið í hagnaðarskyni og af einbeittum vilja, og um var að ræða mikið magn af hættulegu fíkniefni. Brotið var skipulagt með ærinni fyrirhöfn, en hagnaður af því varð minni en vonir þátttakenda stóðu til. Enda þótt brotið yrði fyrst uppvíst eftir alllangan tíma, var það minna en helmingur efnisins, sem þeir höfðu þá náð að dreifa." Var Ó dæmdur í fangelsi í 4 ár og til að greiða 150.000 kr. í sekt til ríkissjóðs (vararefsing 50 daga fangelsi). Í héraði hafði Ó hlotið fangelsi í 4 ár og 6 mánuði.

Hrd. 1993:739.

H og S voru sakfelldir fyrir að hafa í sameiningu staðið að því á tveggja ára tímabili að flytja til landsins 65,5 kg af hassi í ágóðaskyni. Refsing hvors um sig var hæfilega ákveðin fangelsi í fjögur ár og 500.000 króna sekt í ríkissjóð (vararefsing 90 dagar). Þótti verka til refsiþyngingar að ákærðu voru báðir fulltíða menn og stóðu saman að því að flytja inn og koma í sölu mjög miklu magni fíkniefna í von um stórfelldan hagnað. Þá var aðferð sú sem ákærðu beittu við brot sín ekki tekin með skyndiákvörðun heldur þrauthugsuð og fjárhagslegur hagnaður af brotum þeirra talinn verulegur.

Hrd. 1993:1081.

S var sakfelldur fyrir stórfellt brot á löggjöf um ávana- og fíkniefni, ofsaakstur og líkamsárás. Hvað varðaði fíkniefnaþáttinn var hann sakfelldur fyrir að hafa flutt hingað til lands frá Kaupmannahöfn 1.201 g af kókaíni sem hann hugðist síðar selja. Refsing ákærða þótti hæfilega ákvörðuð fangelsi 7 ár.

Hrd. 1997:328.

L var ákærður fyrir að hafa flutt með sér hingað til lands í hagnaðarskyni samtals 964 töflur með vímuefninu MDMA og 58,1 g af kókaíni, sem hvort tveggja þótti hafa verið ætlað

til sölu hér á landi. Um heimfærslu háttseminnar til refsiákvæða taldi Hæstiréttur bæði kókaín og MDMA hættuleg fíkniefni og tíundaði sérstaklega hættueiginleika vímuefnisins MDMA og féllst á þá niðurstöðu héraðsdóms að atferli ákærða varðaði við 173. gr. a almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að með atferli sínu stefndi ákærði að því að koma í dreifingu hér á landi miklu magni hættulegra vímuefna og að aðferðin við innflutning efnanna bar vott um þaulskipulagt brot. Að því virtu og með hliðsjón einkum af 1., 3., 6. og 7. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga var ákvörðun héraðsdóms um 6 ára fangelsi staðfest.

Hrd. 1997:337.

J var sakfelldur fyrir að hafa flutt inn til landsins 955 g af amfetamíni sem hann hugðist selja hér á landi í ágóðaskyni. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að J hafði áður verið dæmdur fyrir kaup og innflutning á fíkniefnum sem hann hugðist selja í ágóðaskyni auk þess sem hann hafði í þrjú skipti önnur sætt refsingu fyrir brot á fíkniefnalöggjöfinni. Var refsing ákveðin fangelsi í 3 ár og 6 mánuði.

Hrd. 1997:1354.

KJS og TKÓ voru sakfelldir fyrir stórfelld brot á fíkniefnalöggjöfinni. KJS var sakfelldur fyrir að hafa keypt 250 töflur af vímuefninu MDMA fyrir aðra ákærðu og afhent þeim. TKÓ var sakfelldur fyrir að hafa flutt hingað til landsins 250 töflur af vímuefninu MDMA í hagnaðarskyni og fyrir að selja hluta af þeim. Við ákvörðun refsingar var sérstaklega vikið að hættueiginleikum vímuefnisins MDMA og var refsing TKÓ ákveðin fangelsi í 2 ár og 6 mánuði en refsing KJS var, eins og þátttöku hans í heildarverknaðinum var háttað, ákveðin 18 mánaða fangelsi.

Hrd. 1998:1162.

X, Y, P og G var gefið að sök að hafa staðið saman að kaupum og innflutningi á 783 töflum með vímuefninu MDMA í hagnaðarskyni. Héraðsdómur sakfelldi þá fyrir háttsemina og taldi að við refsiákvörðun yrði að líta til þess að ákærðu fluttu til landsins mikið magn af mjög hættulegu fíkniefni sem ætlað var til sölu og að brot þeirra var vel skipulagt og verknaðurinn unninn af þeim í félagi. Rétt þótti þó við ákvörðun refsingar X og Y að taka tillit til þess að þeir játuðu brot sín greiðlega og áttu þannig þátt í að málið upplýstist en þó bar að líta til þess að X var aðalskipuleggjandi innflutningsins. Refsing X var ákveðin fangelsi í 3 ár og 6 mánuði en refsing Y fangelsi í 3 ár. Hvað varðaði B, þá bar að líta til þess að hann lagði til fjármagnið og var refsing hans ákvörðuð fangelsi í 4 ár. Við ákvörðun refsingar G var litið til þess að hann var starfsmaður í póstþjónustunni og þannig í lykilaðstöðu til að ráðagerðir hinna næðu fram að ganga og var refsing hans ákvörðuð 4 ára fangelsi. P og G áfrýjuðu dóminum til Hæstaréttar. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms hvað varðaði þátt P en þáttur G í brotunum var talinn nokkru minni en annarra ákærðu og refsing því ákvörðuð fangelsi í 2 ár og 6 mánuði.

Hrd. 1998:2727.

Á, E, J og S voru ákærðir fyrir að hafa í hagnaðarskyni staðið saman að skipulagningu og innflutningi á 1.100 töflum af MDMA og 396 skömmtum af LSD. Í héraðsdómi hlaut Á, sem hafði þónokkurn brotaferil en ekki verið refsað fyrir fíkniefnabrot áður, 5 ára og 6 mánaða fangelsi. E, sem einnig átti nokkurn brotaferil að baki og hafði m.a. verið sektaður einu sinni fyrir fíknilagabrot hlaut fangelsi í 4 ár og 6 mánuði en tekið hafði verið tillit til þess að hann

gekkst greiðlega við broti sínu og greiddi fyrir að málið upplýstist. J sem hafði hreinan sakaferil hlaut 4 ára fangelsi. S sem ekki hafði sakaferil sem talinn var skipta máli hlaut 5 ára fangelsisdóm. Tekið var tillit til þess að hann greiddi fyrir að málið upplýstist. Á og E áfrýjuðu dóminum til Hæstaréttar þar sem dómur héraðsdóms var staðfestur.

Hrd. 1998:3152.

Ákærði, A, var fundinn sekur um að hafa í ágóðaskyni flutt til landsins 901 töflu af vímuefninu MDMA, 376,4 g af amfetamíni og 85,1 g af kókaíni. Við ákvörðun refsingar ákærða var litið til þess mikla magns hættulegra efna sem hann flutti til landsins í ágóðaskyni og að hann hafði áður hlotið dóm fyrir stórfelldan innflutning fíkniefna. Var refsing hans ákveðin fangelsi í 5 ár og 6 mánuði.

Hrd. 1999:2271.

K var ákærður fyrir að hafa flutt hingað til lands frá Alicante 2.031 töflu af MDMA sem honum var ljóst að voru að verulegu leyti ætlaðar til sölu hér á landi. Í héraðsdómi sagði: „Ákærði hefur ekki áður gerst sekur um refsivert athæfi. Við ákvörðun refsingar hans ber að hafa hliðsjón af því að með brotinu var að því stefnt að koma í dreifingu hér miklu magni af hættulegu vímuefni. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 7 ár.“ Hæstiréttur vísaði málinu frá vegna annmarka á héraðsdómi og lagði því ekki efnisdóm á málið.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. júní 2000 í málinu nr. 774/2000.

Í málinu sem ákæruvaldið höfðaði gegn 19 einstaklingum fyrir innflutning og sölu á ávana- og fíkniefnum hlutu 3 þeirra, þeir Ó, S, og J, þyngri refsingu en 5 ára fangelsi. Ó sem hafði tvisvar sinnum áður hlotið viðurlagaákvörðun fyrir fíkniefnabrot var sakfelldur fyrir að hafa flutt til landsins samtals 42 kg af hassi, 2 kg af marihuana, 6 kg af kannabis, 1,3 kg af kókaíni, 4,4 kg af amfetamíni og 5.850 töflur af MDMA og fyrir að hafa selt hluta af fíkniefnunum. Héraðsdómur taldi brotin stórfelld og að þau vörðuðu meðal annars innflutning á fíkniefnum með mikla hættueiginleika. Þá var metið til refsiþyngingar að Ó hafði framið brotin í samvinnu við aðra. Var refsing ákvörðuð hæfileg fangelsi í 9 ár. S sem hafði gengist undir 3 lögreglustjórasáttir og 4 dómsáttir fyrir umferðar- og fíkniefnabrot og hlotið 4 refsidóma fyrir þjófnað, fjársvik og fíkniefnabrot var sakfelldur fyrir að hafa flutt til landsins 40 kg af hassi, 2 kg af marihuana, 1 kg af kókaíni og 1,4 kg af amfetamíni og fyrir að hafa selt hluta þessara efna. Héraðsdómur taldi brot S stórfelld og þaulskipulögð og að þau hefðu meðal annars varðað innflutning á fíkniefnum með mikla hættueiginleika. Þau hefðu verið unnin í samvinnu við aðra og horfði það til refsiþyngingar. Refsing var ákvörðuð hæfileg fangelsi í 7 ár og 6 mánuði. J sem hafði gengist undir nokkrar sáttir fyrir umferðarlagabrot og hlotið 2 ára fangelsisdóm fyrir fíkniefnabrot var sakfelldur fyrir að hafa flutt inn 40 kg af hassi, 2 kg af marihuana, 1 kg af kókaíni og 1,4 kg af amfetamíni og selt hluta af fíkniefnunum. Héraðsdómur taldi brotin stórfelld og horfði til refsiþyngingar að þau voru framin í samvinnu við aðra. Refsing J þótti hæfilega ákvörðuð fangelsi í 5 ár og 6 mánuði.

S og J áfrýjuðu dómi þessum til Hæstaréttar.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 6. júlí 2000 í málinu nr. 866/2000.

GIÞ var sakfelldur fyrir innflutning í ágóðaskyni á 3.850 MDMA-töflum og að hafa átt þátt í sölu/dreifingu á um 1.000 taflna. Hlaut hann fangelsi í 7 ár og sekt kr. 3 milljónir.

IÞA og SIB voru sakfelldir fyrir að hafa í ágóðaskyni staðið að innflutningi ásamt G á

1.850 töflum af áðurnefndum 3.850 töflum og að hafa selt/dreift megninu af þeim töflum. Voru þeir dæmdir til 5 ára fangelsisrefsingar og 1 milljónar kr. sektar hvor.

MÞE var sakfelldur fyrir að hafa átt þátt í innflutningnum með því að leggja 100.000 kr. til kaupanna og fyrir sölu á 60 töflum. Var hann dæmdur í fangelsi í 12 mánuði skilorðsbundið. Sekt 150.000 kr.

MÍH var sakfelldur fyrir að liðsinna SIB við innflutninginn með því að kaupa fyrir hann gjaldeyri o.fl. Hlaut hann fangelsi í 12 mánuði skilorðsbundið.

JÁG var sakfelldur fyrir afhendingu og sölu á um 1.600 töflum, auk þess að aðstoða við móttöku efnisins og skiptingu. Var hann dæmdur í fangelsi í 4 ár og dæmdur til að greiða kr. 1 milljón í sekt.

ÞJ var sakfelldur fyrir sölu og dreifingu um 1.500 taflna. Hlaut hann fangelsi í 2 ár.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 26. október 2000 í málinu nr. S 1900/2000.

F var sakfelldur fyrir að hafa haft í vörslum sínum falið innanklæða samtals 14.292 töflur og 22,49 g af töflumulningi með fíkniefninu MDMA, sem hann hugðist selja í Bandaríkjum Norður-Ameríku í ágóðaskyni. F hafði ekki áður sætt refsingum sem dómurinn taldi skipta máli. Við ákvörðun refsingar var litið til þess mikla magns hættulegra fíkniefna sem hann hafði í vörslum sínum. Refsing þótti hæfilega ákveðin 9 ára fangelsi.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 19/1940, almennum hegningarlögum.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á refsimörkum vegna fíkniefnabrota samkvæmt almennum hegningarlögum. Ekki er talið að frumvarpið hafi teljandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

377. Frumvarp til laga [314. mál]

um breyting á barnalögum, nr. 20 22. maí 1992.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Á eftir 37. gr. laganna kemur ný grein, 37. gr. A, sem hljóðar svo:

Sýslumaður skal bjóða aðilum umgengnis- og forsjármála sérfræðiráðgjöf til lausnar máli. Tilgangur ráðgjafar er að aðstoða aðila við að finna lausn máls með tilliti til þess sem er barni fyrir bestu. Sýslumaður skal einnig bjóða barni, sem náð hefur tólf ára aldri, ráðgjöf og getur einnig boðið yngra barni ráðgjöf ef hann telur það þjóna hagsmunum þess.

Sýslumaður getur látið hjá líða að bjóða sérfræðiráðgjöf skv. 1. mgr. ef hann telur hana ónauðsynlega eða þýðingarlausa.

Þeim sem veitir ráðgjöf skv. 1. mgr. er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt skulu fara skv. 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Brot á þagnarskyldu varðar refsingu skv. XIV. kafla almennra hegningarlaga.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um ráðgjöf skv. 1. mgr., svo og um tilhögun þjónustusamninga við þá sem annast slíka ráðgjöf.

2. gr.

1. málsl. 38. gr. laganna hljóðar svo: Nú tálmar aðili, sem hefur forsjá barns, þeim sem á umgengnisrétt samkvæmt úrskurði að njóta umgengni við barnið og getur sýslumaður þá að kröfu þess sem meinuð er umgengnin skyldað þann sem með forsjá barnsins fer til að láta af tálmunum að viðlögðum dagsektum að fjárhæð allt að 5.000 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2001.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu í samráði við sifjalaganefnd. Sifjalaganefnd vinnur nú að endurskoðun barnalaga en fyrirsjáanlegt er að þeirri vinnu verði ekki lokið á næstunni. Er því lagt til að lögfestar verði þær breytingar á barnalögum sem í frumvarpinu felast.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ágreiningsmál foreldra um umgengni og forsjá barna eru ákaflega viðkvæm og vandmeðfarin og gefur augaleið hve mikilvægt það er, bæði fyrir foreldra og börn, að á slíkum málum finnist farsæl lausn.

Í því skyni að hjálpa foreldrum að leysa sjálfir úr ágreiningsmálum um umgengni og forsjá hefur frá síðustu áramótum verið unnið að tilraunaverkefni við embætti sýslumannsins í Reykjavík. Þetta verkefni felst í því að öllum foreldrum sem eiga í ágreiningsmálum vegna umgengni, og einnig í mörgum forsjármálum, er boðið upp á sérfræðiráðgjöf og sáttaumleitan sem hefur að markmiði að hjálpa foreldrum að leysa ágreiningsmál með samkomulagi þar sem hagsmunir barna eru hafðir að leiðarljósi. Tveir sálfræðingar, Jóhann B. Loftsson og Gunnar Hrafn Birgisson, sem hafa sérhæft sig í fjölskylduráðgjöf, voru fengnir til að sinna þessari ráðgjöf. Í skýrslu um tilraunaverkefnið, sem birt er sem fylgiskjal með frumvarpinu, kemur fram að ráðgjöfin hafi skilað góðum árangri. Í ljósi þess er lagt til að þessi þjónusta verði boðin í umdæmum allra sýslumanna.

Gert er ráð fyrir að sérfræðingar í fjölskylduráðgjöf, að jafnaði sálfræðingar eða félagsráðgjafar, verði fengnir til starfans, þeir ráðnir af sýslumanni og ráðgjöfin verði veitt við embætti hans. Sérfræðingar þeir sem þjónustuna veita munu sjálfir, eftir atvikum í samráði við þann lögfræðing sem með mál fer og foreldrana sjálfa, ákveða hvort foreldrarnir mæti saman í viðtal eða hvort þeir mæti hvor í sínu lagi. Almennt er talið að ráðgjöfin þjóni best tilgangi sínum ef foreldrar mæta saman í viðtal en þannig kann að haga til í einstökum málum að heppilegra sé að þeir mæti hvor í sínu lagi.

Við ákvörðun um það hvort börnum skuli boðin ráðgjöf skv. 1. mgr. er við það miðað að hún skuli ávallt boðin þegar börn eiga rétt á að tjá sig um mál skv. 1. málsl. 4. mgr. 34. gr. og lokamálslið 6. mgr. 37. gr. barnalaga og enn fremur ef sýslumaður eða ráðgjafi telur rétt að bjóða börnum yngri en 12 ára ráðgjöf, miðað við aldur þeirra og þroska.

Gert er ráð fyrir að sérfræðingur sá er ráðgjöf veitir og foreldrarnir, og eftir atvikum þau börn sem hlut eiga að máli, sitji ein rágjafarfundi, en unnt sé að kalla sýslumann eða fulltrúa hans á fund, m.a. til að veita lögfræðilega ráðgjöf, ef foreldrar fara þess á leit.

Ef foreldrar eru búsettir hvor í sínu sýslumannsumdæmi er gert ráð fyrir að ráðgjöf verði boðin við embætti þess sýslumanns sem mál hefur til meðferðar, en þó sé heimilt að veita ráðgjöf við embætti annars sýslumanns ef það þykir heppilegra.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að sýslumaður geti látið hjá líða að bjóða sérfræðiráðgjöf í einstökum málum. Hér gæti t.d. hagað svo til að foreldrar hefðu áður árangurslaust leitað til sérfræðinga til lausnar máli eða að sýslumaður teldi með öllu vonlaust að samkomulag foreldra næðist.

Þótt í athugasemdum þessum sé fjallað um foreldra sem aðila umgengnis- og forsjármála tekur ákvæðið einnig til annarra sem eiga í slíkum málum eins og skýrt kemur fram í ákvæðinu sjálfu.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um þagnarskyldu ráðgjafa um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu eða vegna þess og um refsingu fyrir brot á þagnarskyldu. Þörf er á sérstöku ákvæði um þagnarskyldu ráðgjafa þar sem gera má ráð fyrir að ráðgjafi sinni því starfi sem hlutastarfi og því sé ekki tryggt að þagnarskylda hvíli á honum samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, sbr. niðurlag 1. mgr. 1. gr. laganna.

Samkvæmt 4. mgr. getur dómsmálaráðherra sett nánari reglur um framkvæmd ráðgjafar skv. 1. mgr.

Um 2. gr.

Í 38. gr. barnalaga er mælt fyrir um úrræði til að knýja fram efndir á umgengnisúrskurði.

Í 1. málsl. 38. gr. er svohljóðandi ákvæði: „Nú tálmar foreldri, sem hefur forsjá barns, hinu foreldrinu að njóta umgengnisréttar við barnið er úrskurðaður hefur verið og getur sýslumaður þá að kröfu þess skyldað þann sem með forsjá barnsins fer til að láta af tálmunum að viðlögðum dagsektum að fjárhæð allt að 5.000 kr.“ Til skamms tíma var þetta ákvæði túlkað svo að ekki einungis fælist í því heimild fyrir sýslumann til að leggja dagsektir á foreldri sem tálmar hinu foreldrinu að njóta umgengnisréttar, heldur einnig öðrum þeim sem fengið hafa úrskurð um umgengnisrétt, t.d. afa og ömmu barns, sbr. 5. mgr. 37. gr. barnalaga.

Hinn 22. september 2000 gekk á hinn bóginn dómur í Hæstarétti sem felldi úr gildi fjárnám er sýslumaðurinn í Reykjavík hafði gert fyrir kröfu sinni á hendur forsjárforeldri um dagsektir, vegna tálmunar á umgengnisrétti sem úrskurðaður hafði verið til handa móðurforeldrum látins foreldris og hálfbróður barns. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður staðfest aðfarargerð sýslumannsins í Reykjavík. Í dómi Hæstaréttar segir m.a. svo: „Í 38. gr. barnalaga eru ákvæði um heimild sýslumanns til að verða við kröfu foreldris, sem fær ekki notið umgengnisréttar, um að leggja dagsektir á foreldrið, sem með forsjá fer og tálmar umgengni. Er þar í engu vikið að því hvort sama leið verði farin þegar foreldri stendur í vegi umgengni annarra en foreldris við barn. Samkvæmt niðurlagsorðum 38. gr. barnalaga verður ekki öðrum úrræðum en dagsektum beitt til framdráttar umgengnisrétti. Af því er ljóst að löggjafinn hefur með tilliti til eðlis mála sem þessara takmarkað mjög heimildir til þvingunarúrræða á þessu sviði. Er einnig til þess að líta að fyrir ákvörðun stjórnvalds um að leggja á dagsektir til að knýja á um efndir skyldu þarf skýlausa lagastoð. Þegar þetta er virt verður ekki komist hjá

að fallast á með sóknaraðila að viðhlítandi lagaheimild skorti fyrir þeim ákvörðunum, sem áðurnefnd stjórnvöld hafa tekið um dagsektir úr hendi hans."

Ljóst er að úrskurður um umgengni skv. 5. mgr. 37. gr. barnalaga er í raun marklaus ef ekki er unnt að knýja á um efndir hans með dagsektum ef foreldri, sem hefur forsjá barns, kýs að hafa slíkan úrskurð að engu. Er því lagt til að sýslumaður geti beitt dagsektum til að knýja á um efndir allra úrskurða um umgengni við barn, hvort sem um er að ræða rétt foreldris eða rétt náinna vandamanna barns til umgengni við það.

Um 3. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. apríl nk. þannig að ráðrúm gefist til að undirbúa gildistöku þeirra.

Fylgiskjal I.

Jóhann B. Loftsson:

Tilraunaverkefni sýslumannsembættisins í Reykjavík.
Ráðgjöf fyrir foreldra sem eiga í ágreiningi um umgengni við börn sín, janúar–júlí 2000.
(Október 2000.)

Við embætti sýslumannsins í Reykjavík var gerð sú tilraun á árinu 2000 að bjóða foreldrum sem ekki búa saman og eiga í ágreiningi um umgengni við börn sín að koma í viðtöl til sálfræðinga til að reyna að finna lausn á umgengnisvandanum. Í öllum tilfellum var um að ræða foreldra sem ekki höfðu sjálfir komist að samkomulagi um umgengni við börnin og óskuðu eftir úrskurði sýslumanns við að finna leið út úr vandanum.

Alls komu 46 foreldrar til sálfræðinganna á tímabilinu janúar til júlí árið 2000. Tekin voru 76 viðtöl við þessa foreldra eða að meðaltali 3,3 viðtöl í hverju máli. Ljóst er þó að viðtölin dreifðust mjög misjafnt og mest vinna fór í að reyna að ná sáttum þar sem erfiðleikarnir voru hvað mestir. Það var að sjálfsögðu í slíkum málum sem samningar náðust síst.

Við athugun á viðhorfum þeirra sem þjónustuna þáðu náðist í 35 af 46 einstaklingum. Allir sem til náðist samþykktu að svara spurningalistanum sem lagður var fyrir símleiðis.

Eftirfarandi upplýsingar komu í ljós: Í 95% tilfella var það móðirin sem fór með forsjána þegar málið kom til embættisins og í 95% tilfella var það faðirinn sem leitaði eftir úrskurði sýslumanns í deilunum. Þetta er í samræmi við þá stöðu sem er í samfélaginu í dag að yfir 90% barna sem ekki dveljast hjá báðum foreldrum eru í forsjá móður.

Í yfir 90% tilfella náðist skriflegur eða munnlegur samningur milli foreldranna. Þessi árangur er töluvert betri en reiknað var með í byrjun þegar þetta tilraunaverkefni hófst, en þá var reiknað með að ef samningur næðist í um það bil 50% tilvika teldist það mjög góður árangur.

Ástæðurnar fyrir þessum góða árangri eru að öllum líkindum margþættar. Má þar nefna að málin sem koma til sálfræðinganna eru vel undirbúin af hálfu lögfræðinga embættisins, foreldrarnir eru búnir að spreyta sig á að finna út úr málunum sjálfir og eru búnir að viðurkenna vanmátt sinn í að finna lausn, og þeir virðast bera mikið traust til embættisins.

Í 80% tilfella gekk vel eða sæmilega að halda samninginn en í 20% tilfella gekk það illa

eða alls ekki. Þetta má telja næstmikilvægustu niðurstöðu þessarar athugunar. Niðurstaðan segir okkur að í langflestum tilfellum hafi ekki verið um að ræða þvingaðan samning milli foreldra sem allir voru ósáttir með heldur hafi samskiptin oftast beinst í ásættanlegan farveg. Ekki má gleyma að allir þessir einstaklingar voru komnir í strand vegna illdeilna þegar þeir leituðu til embættisins, illdeilna sem snerust um það mikilvægasta í lífi hvers manns, þ.e. tilfinningatengslin við börnin sín.

Í 76% tilfella var foreldrið mjög sátt eða sæmilega sátt við innihald samningsins. Þessi niðurstaða kemur nokkuð á óvart þar sem allir þurftu að gefa eftir af því sem þeir lögðu upp með. Bendir þetta til að langflestir foreldranna hafi hagsmuni barnsins að leiðarljósi og nái að horfa fram hjá því að þeir þurfa sjálfir að brjóta odd af oflæti sínu.

Í um það bil 95% tilfella leið börnunum vel eða sæmilega vel með framkvæmd samningsins. Þessi niðurstaða er að sjálfsögðu það sem allt þetta starf snýst um, þ.e. að börnunum líði vel með samskipti sín við báða foreldrana þótt þeir búi ekki saman. Þessi niðurstaða er framar öllum vonum þeirra sem að tilraunaverkefninu stóðu.

Í 80% tilfella leið foreldrinu vel eða sæmilega vel með framkvæmd samningsins. Það kemur nokkuð á óvart hversu margir foreldranna eru sáttir við framkvæmd samningsins þar sem í öllum þessum málum liggja að baki áralangar deilur og tilfinningaþrungin átök um börnin. Þrá foreldranna eftir friði um umgengnina við börnin er að öllum líkindum svo mikil þegar þeir koma til embættisins að þeir reyna eftir fremsta megni að leggja til hliðar gömul sárindi og illdeilur á öðrum sviðum.

Í 20% tilfella fannst foreldrinu á barnið hallað í samningnum. Í 30% tilfella fannst foreldrinu á sig hallað í samningnum. Í engu tilfelli fannst foreldrinu á hitt foreldrið hallað í samningnum. Þessar niðurstöður sýna að langflestir voru sáttir við niðurstöður samningsins þótt þeir hafi orðið að gefa eftir af sínum upprunalegu kröfum. Börnunum virðist líða vel með samningana að mati flestra foreldranna og engum fannst hann hafa fengið meira en honum bar í samningnum á kostnað hins foreldrisins.

Af þessari könnun má vera ljóst að flestir foreldrar treysta sýslumannsembættinu vel fyrir málum sínum. Þeir eru reiðubúnir að semja, gefa eftir af kröfum sínum og leggja til hliðar áralangar deilur og sársauka til að finna frið um umgengni við börnin sín.

Vilji foreldra til að semja og finna lausn á málum sínum og þrá þeirra eftir friði um umgengnina kom aðstandendum þessa tilraunaverkefnis á óvart. Sá árangur sem að framan greinir kom líka á óvart, sem og að með aðeins 3–4 viðtölum sé oft hægt að finna ásættanlega og farsæla lausn á svo flóknum og fjölþættum málum sem umgengnismálin eru.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 20/1992.

Frumvarp þetta felur í sér að sýslumönnum verði heimilað að bjóða sérfræðiráðgjöf til handa aðilum sem eiga í ágreiningi um umgengni og forsjá barna. Sérfræðiráðgjöfin, sem gert er ráð fyrir að verði að jafnaði veitt af sálfræðingum eða félagsráðgjöfum, á að miða að sáttaumleitan og stuðla að því að foreldrar leysi ágreiningsmál sín með samningi fremur en fyrir dómstólum. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að sýslumaður geti einnig boðið börnum

málsaðila sérfræðiráðgjöf. Þegar hefur verið gerð tilraun með slíka sérfræðiaðstoð hjá embætti sýslumannsins í Reykjavík og er veitt 1 m.kr. framlag til verkefnisins í gildandi fjárlögum.

Samkvæmt frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að deiluaðilar í ágreiningsmálum af þessum toga greiði sjálfir fyrir sérfræðiráðgjöfina heldur beri ríkissjóður þann kostnað. Þar sem frumvarpið felur ekki í sér neinar takmarkanir á umfangi kaupa á slíkri sérfræðiþjónustu af hálfu sýslumannsembætta er erfitt að segja fyrir um kostnaðinn sem af því kynni að leiða fyrir ríkissjóð. Miðað við reynslu síðustu ára eru umgengnis- og forsjármál talin vera um 310 talsins á ári en þar af berast 40–45% þeirra til sýslumannsins í Reykjavík. Ef gert er ráð fyrir að slík sérfræðiaðstoð verði keypt í fleiri tilvikum á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri en annars staðar, þar sem sérfræðiráðgjöf er ekki fyrir hendi í sama mæli eða jafnvel ekki í boði, má áætla lauslega að ríkissjóður muni bera um 2,5–3 m.kr. kostnað verði frumvarpið óbreytt að lögum. Á móti vegur fjárveiting að fjárhæð 1 m.kr. sem þegar hefur verið gert ráð fyrir tímabundið í gildandi fjárlögum til þessa verkefnis.

378. Fyrirspurn [315. mál]

til umhverfisráðherra um úrskurð um vega- og brúarframkvæmdir í Fljótsdal.

Frá Þuríði Backman.

1. Hverju sætir sú seinkun sem orðið hefur á úrskurði ráðherra um vegarstæði og brúargerð í Fljótsdal?
2. Hvaða fordæmi telur ráðherra að þessi seinkun geti haft á tímasetningar í vinnuferli annarra framkvæmda sem fara í mat á umhverfisáhrifum?
3. Hvaða úrræði telur ráðherra að verði að koma til svo að ekki verði tafir af þessu tagi á matsferli framkvæmda?

379. Svar [97. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um sjálfsvígstilraunir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir hafa komið inn á bráðamóttöku og/eða slysadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss (Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur) vegna sjálfsvígstilrauna, árlega undanfarin tíu ár og það sem af er þessu ári, sundurliðað eftir aldri og kyni?*
2. *Hverjar eru sambærilegar tölur fyrir sjúkrahús annars staðar á landinu?*
3. *Hversu algengt er að sami aðili komi oftar en einu sinni eftir slíka tilraun?*

Til að leita svara við ofangreindum spurningum var haft samband við eftirtalda aðila: Landspítala – háskólasjúkrahús, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, landlæknisembættið og stærstu sjúkrahúsin í öllum landshlutum. Auk þess er byggt á upplýsingum úr skýrslum. Þær upplýsingar sem fengist hafa svara ekki öllum spurningum þingmannsins til fulls en reynt er að varpa sem skýrustu ljósi á málefnið út frá fyrirliggjandi gögnum. Ástæða þess að ekki er

unnt að svara nákvæmlega öllum spurningunum er sú að upplýsingarnar sem óskað er eftir eru misaðgengilegar og liggja víðast hvar í sjúkraskýrslum einstakra skjólstæðinga. Til að fá upplýsingar úr einstökum sjúkraskrám þarf leyfi tölvunefndar og vísindasiðanefndar. Jafnframt er bent á að greiningin „sjálfsvígstilraun“ er ætíð háð nokkurri óvissu.

Upplýsingar frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Bráðamóttaka við Hringbraut.

Upplýsingar frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi koma annars vegar frá bráðamóttöku við Hringbraut og hins vegar frá geðdeild í Fossvogi. Flest tilvikin á bráðamóttöku við Hringbraut eru vegna lyfjaeitrunar en í Fossvogi vegna annarra sjálfsvígstilrauna, svo sem voðaskota, slysa o.fl.

Til eru áreiðanlegar upplýsingar um eitranir á bráðamóttöku við Hringbraut árin 1996–1998 þar sem gerð var sérstök rannsókn fyrir þessi ár sem var lokaverkefni til kandídatsprófs í lyfjafræði lyfsala. Leyfi fyrir rannsókninni var fengið hjá tölvunefnd og vísindasiðanefnd. Í rannsókninni var farið ofan í sjúkraskrár og greiningarkóðar samræmdir. Á þessum árum voru 269 tilfelli sjálfsvígstilrauna skráð vegna lyfjaeitrunar eða að meðaltali um 90 á ári. Þegar lyfjaeitrun er skráð getur ástæða hennar verið mismunandi, svo sem sjálfsvígstilraun, ofnotkun lyfja eða áfengismisnotkun, ofskömmtun lyfja, „vekja athygli“, slys o.fl.

Í fyrrgreindri rannsókn kemur fram að 48% lyfjaeitrana á bráðamóttöku við Hringbraut eru vegna sjálfsvígstilrauna. Af 269 tilraunum sem áreiðanlega eru skráðar og samræmdar greiningar eru fyrir er um að ræða 82 karla og 187 konur. Flestir sem reyna sjálfsvíg eru 21–30 ára, eða 84 talsins, þeir sem eru 31–40 ára eru 58 talsins, þeir sem eru 41–50 ára eru 62 talsins og þeir sem eru 11–20 ára eru 39 talsins. Eldri en 50 ára eru mun færri.

Eins og fram hefur komið er ástæða lyfjaeitrunar skráð sem sjálfsvígstilraun fyrir 82 karla og 187 konur á árunum 1996–1998. Aðrar skráðar ástæður fyrir lyfjaeitrun eru t.d. „vekja athygli“ (23 karlar og 71 kona) og slys (25 karlar og 26 konur). Af þeim sem koma vegna lyfjaeitrunar á rannsóknartímabilinu látast þrír.

Á þessu þriggja ára tímabili voru 607 innlagnir vegna lyfjaeitrunar og á bak við þær innlagnir eru 500 einstaklingar. Því er ljóst að einhverjir koma oftar en einu sinni vegna lyfjaeitrunar á tímabilinu.

Frá bráðamóttöku við Hringbraut liggja einnig fyrir heildartölur fyrir árin 1990–1999 þar sem sjálfsvígstilraun er kóðuð sem hugsanleg orsök eða tilefni eitrunar. Hér er um 1.310 tilfelli að ræða. Það er því nokkuð hærri tala heldur en meðaltal fyrir árið 1996–1998 gefur til kynna. Í þessari heildartölu eru einnig stærri óvissuþættir í greiningu þar sem ekki hefur verið farið ofan í greiningarkóðana með sama hætti og fyrir árið 1996–1998. Bókhaldi fyrir árið 2000 hefur ekki verið lokað þannig að tölur fyrir árið í ár liggja ekki fyrir.

Geðdeild í Fossvogi.

Í skriflegri greinargerð sem ráðuneytinu barst vegna fyrirspurnarinnar er tekið fram að miklum annmörkum sé háð að veita þær upplýsingar sem beðið er um svo langt aftur í tímann og krefjast þær gríðarlegrar vinnu ritara og lækna, í raun lestrar sjúkraskýrslna einstakra sjúklinga ef áreiðanlegar upplýsingar eigi að fást. Jafnframt er bent á í svari frá sjúkrahúsinu að ef óskað sé eftir upplýsingum um algengi vandamálsins úti í samfélaginu verði að telja vandamálið á þeim vettvangi. Talning í gegnum spítalaþjónustu geti aldrei gefið slíkar upplýsingar. Aðeins lítill hluti þeirra sem skaði sig leyti sér þar hjálpar. Sjúkrahúsið hefur því valið að birta þær tölur sem eru áreiðanlegar og aðgengilegar og spanna þær fyrstu tíu mánuði ársins 2000 og byggjast á skráningu bráðaþjónustu geðdeidar.

Tafla 1.
Janúar–október 2000.

	Einstaklingar	x Tíðni koma	Fjöldi koma	Innlögn N(%)	Sjálfsvígs-tilraun gerð	Sjálfsvígsáform en engin tilraun gerð til sjálfsskaða
	469	x 1	469	88 (19%)	135	45
	85	x 2	170	45 (26%)	51	20
	29	x 3	87	28 (32%)	21	8
	11	x 4	44	23 (52%)	3	1
	4	x 4	20	9 (45%)	1	2
	1	x 6	6	0	0	0
	0	x 7	0	0	0	0
	1	x 8	8	3 (38%)	1	1
	0	x 9	0	0	0	0
	1	x 10	10	6 (60%)	1	1
Alls:	**601**		**814**	**202 (25%)**	**213 (26%)**	**78 (10%)**

Bent er á að þær tölur sem birtar eru frá sjúkrahúsinu fyrir þetta ár ná einungis til bráðaþjónustu geðdeildar í Fossvogi en í flestum tilvikum eru geðlæknar kallaðir til á slysadeild þegar grunur leikur á sjálfsvígstilraun. Í tölunum eru ekki sjúklingar sem lögðust beint inn á geðdeild A2 í Fossvogi án viðkomu á slysadeild né heldur sjúklingar sem hafa tekið verulegan ofskammt af lyfjum og lagst beint á gjörgæsludeild eða lyflæknisdeild án þess að til samráðskvaðningar við bráðaþjónustu geðdeildar gæti komið. Í greinargerð frá spítalanum kemur fram að það tekur lengri tíma að ná í þær tölur og krefst handtalningar og lestrar á miklu magni af gögnum.

Í greinargerðinni kemur fram að áhrif vímuefna, oftast áfengis, komi við sögu í meiri hluta tilfella hjá þeim sem hafa skaðað sig viljandi (sjálfsskaði) og koma á slysadeild, hvort sem um sjálfsvígsáform eru greinileg eður ei.

Í svarinu er einnig lögð áhersla á að sjúkdómsgreiningar séu af ýmsum ástæðum ekki mjög áreiðanlegar fyrir þann hóp sem hér um ræðir út frá einu mati á slysadeild, hlutaðeigandi sjúklingar eru t.a.m. mjög oft undir áhrifum vímugjafa af einhverju tagi þegar þeir ákveða, oft af hvatvísi, að skaða sig (oftast með eggvopni eða með töku ofskammta af lyfjum). Mikilvægt sé að gera sér grein fyrir því að hugtakið sjálfsvígstilraun eða sjálfsskaði spanni vítt litróf, allt frá töku 3–4 skammta af svefnlyfjum í reiði undir áhrifum áfengis (oft eftir rifrildi eða átök í ástarsamböndum) yfir í alvarlega líkamlega áverka hjá einstaklingum með alvarlegar geðraskanir. Það sé því ekki rétt að hugsa um þennan hóp sem eina heild, heldur verði að meta hvert tilvik fyrir sig á faglegan hátt.

Upplýsingar frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

Upplýsingar bárust frá geðdeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri um fjölda innlagna frá 1. janúar 1991 til 31. október 2000 þar sem sjálfsvígstilraun var orsök eða meðverkandi orsök vistunar, skipt eftir aldri og kyni. Á þessu tímabili lögðust inn alls 106 einstaklingar. Flestir lögðust inn einu sinni, eða 94 einstaklingar, átta einstaklingar lögðust inn tvisvar og fjórir einstaklingar voru lagðir inn þrisvar á tímabilinu vegna sjálfsvígstilrauna. Innlagnir eru því nokkru fleiri en einstaklingar, eða alls 122 innlagnir. Algengasta aðferð við sjálfsvígstilraun var lyfjaeitrun, eða 58,2%, áverkar með hvössu áhaldi var næstalgengasta aðferðin, eða 25,4%, og ýmsar aðrar aðferðir 17,4%. Aldurs- og kynskipting var samkvæmt meðfylgjandi töflu.

Á töflunni má sjá að sjálfsvígstilraunir eru algengari meðal kvenna, alls 85 konur reyna sjálfsvíg á tímabilinu og 37 karlar. Hjá báðum kynjum eru sjálfsvígstilraunir algengastar á aldrinum 20–29 ára. Í heild hefur þeim sem reyna sjálfsvíg fjölgað frá árinu 1991–2000.

Tafla 2. Fjöldi innlagna á geðdeild FSA (P) 1.1.1991–31.10.2000 þar sem sjálfsvígstilraun var orsök eða meðverkandi orsök vistunar. Skipt eftir aldri og kyni.

Aldursbil\Ár	1991		1992		1993		1994		1995		1996	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
15–19	1	1	1			1	1				2	
20–29		2	4	1	1		2	2		7	1	3
39–39		1		1		1		5		1		3
40–49							2	1		2		
50–59						1		1	1	1		1
60–69					1						1	
70–79	1				1							
Samtals	2	4	5	2	3	3	5	9	1	11	4	7
Samtals, bæði kyn	6		7		6		14		12		11	
Samtals, einstaklingar	6		7		6		11		10		11	

Aldursbil\Ár	1997		1998		1999		2000		Samtals 1991–2000	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
15–19		4	1	2	2	5		2	8	15
20–29		2	2	3	1	4	1	6	12	30
39–39				1	2	6	1	3	3	22
40–49			1	1	1	1		3	4	8
50–59		1	1			3	1	1	3	9
60–69		1	1		2				5	1
70–79									2	0
Samtals	0	8	6	7	8	19	3	15	37	85
Samtals, bæði kyn	8		13		27		18		122	
Samtals, einstaklingar	7		13		23		15		100	

Upplýsingar frá öðrum sjúkrahúsum.

Fæst sjúkrahús á landsbyggðinni höfðu aðgengilegar upplýsingar til að svara fyrirspurninni öðru vísi en að fara ofan í einstakar sjúkraskrár. Eftirfarandi upplýsingar bárust:

Frá sjúkrahúsi 1 fengust upplýsingar frá 1. janúar 1999 til 13. nóvember 2000. Þar er um að ræða 6 einstaklinga sem reynt hafa sjálfsvíg á þessu tímabili. Tveir hafi gert tvær tilraunir áður á sama tímabili. Fæðingarár einstaklinganna eru: 1959, 1960, 1980, 1983 (2 einstaklingar) og 1984. Um er að ræða fjórar konur og tvo karla.

Frá sjúkrahúsi 2 fengust þær upplýsingar að sl. 10 ár væri um að ræða tvær sjálfsvígstilraunir á ári. Ekki var greint eftir aldri og kyni. Á þessu ári hefur verið skráð ein sjálfsvígstilraun. Bent er á að vegna sjálfsvígstilrauna sé gjarnan leitað beint til Reykjavíkur á geðdeildir, sérstaklega þegar um tilraunir í heimahúsi er að ræða eða ef viðkomandi er í tengslum við geðdeild fyrir. Helst koma lyfjaeitranir á sjúkrahúsið úr þessum landsfjórðungi. Ef ekki er brýnt að bregðast við skjótt vegna líkamlegra kvilla er keyrt beint til Reykjavíkur. Í upplýsingum frá sjúkrahúsinu kom fram að nokkuð er um að sami aðili komi oftar en einu sinni. Upplýsingar frá sjúkrahúsinu miðast við þá sem leggjast inn á sjúkrahúsið. Bent er á að gífurleg óvissa sé varðandi greiningu og skráningu á sjálfsvígstilraunum, t.d. séu sjálfsáverk-

ar oft óljósir líkt og notkun svefnlyfja o.fl. Hér sé því stórt grátt svæði og oft sé ekki greind sjálfsvígstilraun heldur sé t.d. notuð greining vegna geðsjúkdóms ef um slíkt er að ræða. Samkvæmt upplýsingum frá sjúkrahúsinu er ekki merkjanleg fjölgun sjálfsvígstilrauna þar.

Aðrar upplýsingar.

Ljóst er að sjálfsvígstilraunir eru alvarlegt vandamál á Íslandi. Í rannsókn sem gerð var á Borgarspítalanum á 9. áratugnum voru skoðuð afdrif annars vegar þeirra sem gert höfðu tilraun til sjálfsvígs og hins vegar þeirra sem komu af öðrum ástæðum. Fram kom að tíðni sjálfsvíga var marktækt hærri hjá þeim sem reynt höfðu sjálfsvíg áður. Því er mikilvægt að þessir einstaklingar fái faglegan stuðning strax og sé fylgt vel eftir. Fagfólk greinir vandann og sífellt er verið að leita leiða til að bæta þjónustuna við þennan hóp.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur lagt áherslu á mikilvægi forvarna og fræðslu í þessu sambandi. Benda má á að í drögum að heilbrigðisáætlun til 2010 kemur fram sú stefna stjórnvalda að dregið verði úr tíðni sjálfsvíga um 25% á tímabilinu. Landlæknisembættið hefur einnig unnið töluvert starf á þessu sviði og má nefna nokkur verkefni á vegum embættisins í þessu sambandi:

Geðrækt – samvinnuverkefni Geðhjálpar, landlæknisembættisins og geðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss. Hér er um víðtækt verkefni að ræða sem snýr m.a. að uppbyggingu á geðheilsu og forvörnum.

Starfandi er starfshópur á vegum landlæknisembættisins sem í sitja tveir geðlæknar og einn sálfræðingur og er hópnum falið að leggja fram tillögur til forvarna gegn sjálfsvígum. Haldið var málþing í júní sl. um efnið og boðið til þess fulltrúum fjölmargra aðila sem tengjast viðfangsefninu. Í framhaldi af málþinginu hafa um 40 aðilar tekið þátt í hópvinnu til að leggja fram tillögur í málinu. Von er á tillögum starfshópsins til landlæknis nú í haust.

Rannsókn sem Vilhelm Norðfjörð hefur gert á hárri tíðni sjálfsvíga á Austfjörðum á ákveðnu tímabili mun birtast innan tíðar en hún er unnin að beiðni landlæknisembættisins. Niðurstöðum er ætlað að auka skilning á viðfangsefninu til að unnt sé að leggja fram tillögur að fyrirbyggjandi aðgerðum á landsvísu.

Viðræður eru hafnar um framskyggna rannsókn í samvinnu við bandaríska vísindamenn þar sem tekin verða viðtöl við aðstandendur þeirra sem framið hafa sjálfsvíg og áhættuþættir sjálfsvíga verða kannaðir.

Á heimasíðu landlæknisembættisins hefur sl. mánuði verið ítarleg umfjöllun í umsjá geðlæknis um þunglyndi.

Landlæknisembættið helgaði janúar sl. umræðu um þunglyndi og stuðlaði það að mikilli umræðu um sjúkdóminn í samfélaginu sem m.a. varð til þess að stofnaður var sjálfshjálparhópur á vegum Geðhjálpar.

Landlæknir skrifaði nýlega bréf til allra héraðslækna á landinu þar sem óskað var eftir upplýsingum varðandi skráningu og viðbrögð við sjálfsvígum og sjálfsvígstilraunum.

Innan heilbrigðisþjónustunnar hefur átt sér stað umræða um hvort halda eigi sérstakan gagnagrunn um sjálfsvíg og sjálfsvígstilraunir. Sjálfsvíg og sjálfsvígstilraun eru tvær ólíkar sjúkdómsgreiningar og sjúkdómurinn eða sjúkdómsmyndin sem birtist einnig. Við skoðun á þessu máli þarf að taka mið af fjölmörgum þáttum, m.a. ýmsum siðferðilegum sjónarmiðum. Landlæknisembættið hefur skoðað þetta mál en engin ákvörðun hefur verið tekin.

380. Fyrirspurn [316. mál]

til landbúnaðarráðherra um útflutningsskyldu sauðfjárafurða.

Frá Árna R. Árnasyni.

1. Hver hefur verið útflutningsskylda sauðfjárafurða frá upphafi núgildandi búvörusamnings, sundurliðað eftir árum?
2. Hvaða áhrif hafa uppkaup ríkisins og breytt eftirspurn eða sala á innanlandsmarkaði haft á útflutningsskyldu milli ára?
3. Hafa útflutningsskyldar sauðfjárafurðir verið seldar á innanlandsmarkaði? Ef svo er, hve mikil hefur sú sala orðið, hvernig hefur sú breyting komið fram í ákvörðun um útflutningsskyldu næsta árs og hvernig hafa sauðfjárbændur fengið skil á verðmun?

381. Svar [222. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigríðar Jóhannesdóttur um tíðni fjarvista opinberra starfsmanna.

1. Hefur fjármálaráðuneytið látið kanna tíðni fjarvista opinberra starfsmanna síðustu tíu ár og ástæður þeirra?

Af hálfu fjármálaráðuneytis hefur hvorki verið könnuð tíðni fjarvista opinberra starfsmanna síðustu tíu ár né ástæður þeirra. Hverri ríkisstofnun er ætlað að fylgjast með fjarvistum starfsmanna sinna og ástæðum þeirra. Fjármálaráðuneytið hefur í því skyni útbúið og sent ríkisstofnunum eyðublöð, en hefur hvorki kallað eftir fjarvistarskrám í heild sinni né samantekt úr þeim.

Stærri stofnanir, svo sem Landspítalinn – háskólasjúkrahús, vinna bæði mánaðarlega og árlega gögn úr fjarvistaskrám sem þær nýta við innra eftirlit.

2. Ef svo er ekki, hyggst ráðuneytið standa fyrir slíkri könnun?

Engin áform eru um slíkt. Til þess að slík könnun hefði raunhæft gildi þyrfti hún að taka til fleiri en ríkisstarfsmanna.

382. Frumvarp til laga [199. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 29. nóv.)

1. gr.

1. og 2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Leggja skal árlega fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári, sbr. þó 5. gr.

Stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á a-lið 3. mgr. 3. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „erfðafestulönd“ kemur: í dreifbýli.
b. Orðin „sem ekki eru nytjaðar til annars en landbúnaðar“ falla brott.
c. Á eftir orðunum „sem tengd eru landbúnaði“ kemur: öll hlunnindi.

3. gr.

B-liður 3. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Allt að 1,32% af álagningarstofni:
Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

4. gr.

Við 8. gr. laganna bætist nýr stafliður er orðast svo: Framlag úr ríkissjóði er nemi 0,64% af skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum sem innheimtir eru í ríkissjóð. Skal því varið til að jafna tekjutap einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja. Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessa ákvæðis í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

5. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þar sem svo háttar til að hagkvæmara er að mati sveitarstjórnar að leggja vatnsveitu að einstökum bæjum í dreifbýli, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 81/1991, um vatnsveitur sveitarfélaga, með síðari breytingum, er heimilt að greiða framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna stofnkostnaðar við vatnsveitu á vegum eigenda einstakra lögbýla. Heildarfjárhæð framlaga úr sjóðnum til framkvæmda á hverju ári skal ekki fara umfram 25 millj. kr. Stjórn Bændasamtaka Íslands gerir í lok hvers árs tillögur til félagsmálaráðuneytisins um framlög vegna einstakra framkvæmda á því ári á grundvelli reglugerðar sem ráðherra setur og annast greiðslur til framkvæmdaraðila.

6. gr.

Í stað „12,04%“ í 1. mgr. 23. gr. laganna kemur: 13,03%.

7. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

a. (V.)
Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. skal hámark útsvars skv. 1. mgr. 23. gr. tekjuárið 2001 vera 12,70%.
b. (VI.)
Þrátt fyrir lokamálslið 3. mgr. 13. gr. skal stjórn Bændasamtaka Íslands skila tillögum um framlög vegna framkvæmda á árunum 1999 og 2000 eigi síðar en 15. mars 2001.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

383. Frumvarp til laga [200. mál]

um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 29. nóv.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Sveitarstjórn er heimilt að heimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatnsins geta notið og skal við það miðað að gjaldið ásamt öðrum tekjum standi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Stofn til álagningar vatnsgjalds á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.
b. Í stað orðanna „hver verður líklegur álagningarstofn“ í 2. mgr. kemur: hvert verður líklegt fasteignamat.
c. Í stað orðanna „0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni“ í 4. mgr. kemur: 0,5 hundraðshlutum af fasteignamati.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

384. Lög [199. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 29. nóv.)

Samhljóða þskj. 382.

385. Lög [200. mál]

um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 29. nóv.)

Samhljóða þskj. 383.

386. Lög [216. mál]

um breytingu á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald.

(Afgreidd frá Alþingi 29. nóv.)

Samhljóða þskj. 227.

387. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Inngangur.

Lausatök ríkisstjórnarinnar við stjórn efnahagsmála hafa nú leitt til þess að viðskiptahalli er með hæsta móti eða 8% af landsframleiðslu. Gengið hefur fallið um 10% frá í maí og Seðlabankinn hefur margsinnis þurft að grípa til aðgerða til að sporna gegn frekara falli. Þvert ofan í spár ríkisstjórnarinnar stefnir verðbólgan í að vera yfir 5% á næstu mánuðum og sumir ganga svo langt að spá yfir 6%. Vextir eru hér orðnir miklu hærri en í flestum þeim löndum sem Íslendingar bera sig saman við. Þessi þróun birtist í lélegri milliuppgjörum fyrirtækja en greiningardeildir fjármálastofnana spáðu og fjárfestar hafa fellt sinn dóm yfir efnahagsstefnunni með stórfelldum flutningum á fjármagni úr landi sem endurspeglast í miklu falli á hlutabréfamarkaði innan lands. Staða efnahagsmála um þessar mundir einkennist því af afleiðingum langvarandi þenslu sem ekki er séð fyrir endann á. Strax árið 1998 var ljóst að taka þurfti betur á í ríkisfjármálum. Samfylkingin vakti máls á því í aðdraganda síðustu kosninga og erlendar sérfræðistofnanir sömuleiðis. Ríkisstjórnin hunsaði hins vegar öll aðvörunarorð. Fjárlagafrumvarpið og aðrar aðgerðir ríkisstjórnarinnar benda því miður til að stjórnvöld séu enn í afneitun á alvarlegum undirliggjandi vanda.

Aðvörunarorð sérfræðinga.

Í ljósi þess hvernig ríkisstjórnin hefur haldið á málum er hins vegar óhjákvæmilegt að rifja upp nokkur af aðvörunarorðum innlendra og erlendra sérfræðinga sem vöruðu ríkisstjórnina eindregið við þróuninni. Jafnframt er óhjákvæmilegt að rekja þau mistök sem Samfylkingin hefur ítrekað bent á að voru gerð við stjórn efnahagsmála. Þjóðhagsstofnun taldi þannig í riti sínu um horfur í þjóðarbúskapnum sem kom út fyrr á þessu ári að vaxandi líkur væru á harkalegri lendingu ef misvægið í þjóðarbúskapnum héldi áfram að aukast, og klykkti út með eftirfarandi: „Það er alveg ljóst að það fær ekki staðist til lengdar að verðbólga sé meiri en í helstu viðskiptalöndum og viðskiptahalli sé á bilinu 6–8% af landsframleiðslu.“

Í skýrslu OECD í desember 1999 var líka dregin upp dökk mynd af ástandinu: „Hætta hefur aukist á að skyndilega muni þurfa að draga saman í efnahagslífinu til að minnka verðbólgu og ná henni niður á sama stig og er erlendis...Auk þess er mikil aukning á útlánum banka og þar með aukast líkur á harkalegri lendingu ef vextir eru hækkaðir.“

Þjóðhagsstofnun spáir jafnframt að hreinar erlendar skuldir muni að óbreyttu hækka úr 64% af landsframleiðslu í lok síðasta árs í 84% árið 2004. Um leið versnar hrein erlend staða þjóðarbúsins frá því að vera neikvæð um 49% af landsframleiðslunni í 61%. Hvað þýðir slík breyting fyrir stöðugleika efnahagslífsins? Seðlabankinn svarar því í einu af ritum sínum um peningamál: „Ólíklegt er að svo mikið ójafnvægi í utanríkisviðskiptum verði til lengdar án snöggra umskipta. Það ójafnvægi í þjóðarbúskapnum sem þessir framreikningar vitna um fela því í sér alvarlega ógnun við stöðugleika til frambúðar. Af þeim sökum er nauðsynlegt að grípa til frekari aðgerða til að tryggja hann.“

Það vantaði því ekki að innlendir jafnt sem erlendir sérfræðingar sæju blikur á lofti áður en syrti fyrir alvöru í álinn og spöruðu hvergi aðvaranir sínar. Þeim var ekki sinnt. Afleiðingunum af mistökum ríkisstjórnarinnar var svo lýst með kjarnyrtum hætti af virtum efnahagssérfræðingi sem til skamms tíma var yfirmaður peningamálasviðs Seðlabankans, Yngva Erni

Kristinssyni, núverandi bankastjóra Búnaðarbankans í Lúxemborg. Hann lýsti þeim svo á opnum fundi um efnahagsmál 10. nóvember: „Við höfum verið með of harða peningastefnu en of slaka stefnu í ríkisfjármálum. Afleiðingin er sú að við höfum verið með mjög háa vexti og hátt gengi. Það hefur leitt til þess að viðskiptahalli hefur magnast. Við höfum skapað erfiða stöðu fyrir útflutnings- og samkeppnisgreinar og vaxtarsprotana sem þurfa að byggja sig upp á innlendum markaði áður en þeir geta sótt út á erlenda markaði eftir fjármögnun.“ Í frásögn Mbl. 11. nóvember er einnig haft eftir Yngva Erni að sennilega hafi efnahagsstefnan sem fylgt hefur verið á Íslandi undanfarin ár „að nokkru leyti magnað þennan vanda sem þjóðarbúið er að glíma við í dag“.

Afstaða Samfylkingarinnar.

Af þessu tilefni er rétt að rifja upp aðvörunarorðin sem sett voru fram í nefndaráliti stjórnarandstöðunnar um fjárlagafrumvarpið á síðasta ári. Þar sagði meðal annars: „Minni hluti fjárlaganefndar telur að við núverandi aðstæður sé höfuðnauðsyn að grípa til aðgerða sem miða að því að draga úr þenslu ... Í núverandi stöðu dylst fæstum að fjárlagafrumvarpið gæti leikið lykilhlutverk í því að koma í veg fyrir skjótar lyktir góðærisins með því að hafa hemil á ríkisútgjöldum og skila miklum tekjuafgangi. Ábyrgð ríkisstjórnarinnar er því mikil. Stefnumörkun hennar í fjárlagafrumvarpinu sker í reynd úr um hvort hægt verður að treina góðærið. Í orði hefur ríkisstjórnin tekið undir þessar aðvaranir. Í reynd er niðurstaðan hins vegar sú að frumvörp hennar til fjárlaga og fjáraukalaga sem nú liggja fyrir þinginu stórauka útgjöld og eru beinlínis þensluhvetjandi.“

Stjórnarandstaðan hvatti því til aðgerða af hálfu ríkisstjórnarinnar enda lá þá fyrir að erlendar sérfræðistofnanir á sviði efnahagsmála voru þá fyrir löngu teknar að senda ríkisstjórninni stríðar aðvaranir um þróunina. Í því sambandi má rifja upp álit Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá því árinu fyrr þar sem eftirfarandi dómur var felldur: „Nýsamþykkt fjárlög fyrir 1999 fela ekki í sér nægilegt aðhald í ríkisfjármálum að okkar dómi.“

Mistök ríkisstjórnarinnar.

Höfuðmarkmið ríkisfjármála og raunar allrar efnahagsstjórnar á Íslandi er að viðhalda stöðugleikanum. Samfylkingin varaði mörgum sinnum við ýmsum aðgerðum af hálfu ríkisstjórnarinnar sem hún taldi líkleg til að ganga í þveröfuga átt og veikja efnahaginn til lengri tíma.

Í fyrsta lagi greip ríkisstjórnin til þess að lækka tekjuskatt þegar ljóst var að vel áraði og þenslutímar voru í nánd. Tekjuskattslækkunin ýtti að sjálfsögðu undir aukinn kaupmátt, enda var það tilgangur ríkisstjórnarflokkanna í aðdraganda kosninga. Aukinn kaupmáttur leiðir að sjálfsögðu til meiri neyslu sem aftur veldur meiri innflutningi sem ýtir undir viðskiptahalla. Það er vel þekkt af biturri reynslu að sé ekki gripið til sérstakra ráðstafana leiðir mikill og viðvarandi viðskiptahalli til þess að gengið veikist og það blæs í segl verðbólgunnar. Lækkanir á tekjuskatti leiða til þess að almenningur hefur að öðru jöfnu meira fé til ráðstöfunar. Þar af leiðandi eykur tekjuskattslækkun kaupmátt og þar með einkaneyslu. Sé tekjuskattsstigið lækkað í miklu góðæri herðir það á þessu ferli. Viðskiptahallinn verður þá meiri og verðbólguþrýstingur líka. Á þetta benti Samfylkingin. Reynslan hefur sýnt með óyggjandi hætti að hún hafði rétt fyrir sér í því efni. Ábyrg stjórnvöld lækka ekki tekjuskatt hjá öllum þorra landsmanna á tímum mikils góðæris og vaxandi viðskiptahalla. Það gerði hins vegar núverandi ríkisstjórn. Af sjónarhóli hagstjórnarinnar voru það mistök sem ýttu undir þensluna í þjóðfélaginu. Má í því sambandi enn minna á fyrrnefnt álit Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í

kjölfar fjárlaga fyrir árið 1999 þar sem ríkisstjórnin var átalin fyrir lélegt aðhald í ríkisfjármálum.

Í öðru lagi fór ríkisstjórnin leiðir við fyrstu lotu einkavæðingar ríkisbankanna sem beinlínis ýttu undir útlánaþensluna. Þegar líklegt er að verðbólga og viðskiptahalli aukist þyrftu stjórnvöld fremur að beita aðgerðum sem takmarka aukningu útlána. Það er hægt með því að takmarka svigrúm banka til að lána fjármagn og draga þannig úr útstreymi peninga frá þeim. Þegar ríkisstjórnin hófst handa um að einkavæða bankana valdi hún þá leið að bjóða út nýtt hlutafé sem jók eigið fé bankanna. Það gerði bönkunum vitaskuld kleift að auka lántökur sínar erlendis og jafnframt að auka útlán án þess að rekast á eiginfjártakmarkanir laga. Lánin nýttu bankarnir til að freista þess að auka hlutdeild sína á markaðnum til að skapa sér stöðu áður en uppstokkun á fjármálamarkaðnum gengi í garð. Í reynd má segja að bankarnir hafi þrýst út lánsfé til einstaklinga og fyrirtækja á vildarkjörum. Þetta stórjók einkaneyslu og ýtti þannig verulega undir þensluna. Líklegt má telja að þessar ákvarðanir hafi átt mikinn þátt í því þensluástandi sem skapaðist og er undirrót núverandi stöðu efnahagslífsins. Þess má geta að aukning útlána í uppsveiflunni hefur verið gríðarleg síðustu árin og að öllum fjármálastofnunum meðtöldum hafa útlán aukist um 80% á sama tíma og landsframleiðslan hefur aukist um 40%. Í hlutfalli við landsframleiðsluna er því útlánaaukningin veruleg.

Í þriðja lagi skapaði ríkisstjórnin óhóflegar væntingar meðal landsmanna með ógætilegum yfirlýsingum sínum. Væntingar ráða jafnan ákaflega miklu um neysluhegðun fólks. Í aðdraganda kosninganna gaf forusta ríkisstjórnarinnar þjóðinni fyllilega til kynna að góðærið mundi vara mörg ár í viðbót og á þeim fyrirheitum hefur lítið lát orðið þrátt fyrir blikur í efnahagsmálum. Í sömu átt hnigu ummæli hennar rétt fyrir kosningar um að þjóðin gæti vænst 50–60 milljarða kr. til skiptanna vegna fyrirhugaðrar einkavæðingar ríkisfyrirtækja (Landssímans og bankanna). Þetta skapaði óraunhæfar væntingar um varanlega velsæld sem ýttu undir þenslu.

Í fjórða lagi beitti ríkisstjórnin sér fyrir breytingum á húsnæðislánakerfinu sem ýttu beinlínis undir gríðarlega þenslu á húsnæðismarkaði, einkum á suðvesturhorninu. Hluti af viðleitni ríkisstjórnarinnar til að kaupa sér vild kjósenda fyrir kosningar fólst í að rýmka verulega greiðslumat vegna húsnæðislána og í reynd að galopna húsnæðiskerfið. Afleiðingin varð sú að útlán húsbréfadeildar fóru ríflega 7.000 millj. kr. fram úr heimildum fjárlaga árið 1999. Bæði Seðlabankinn og Þjóðhagsstofnun vöruðu við þessari þróun. Þessir 7 milljarðar kr. voru eldsmatur sem varpað var á bál vaxandi verðbólgu. Þarna er um að ræða eitt af örfáum stjórntækjum ríkisstjórnarinnar varðandi útlán innlendra lánastofnana og ríkisstjórnin misnotaði það herfilega. Þetta er dæmi um beina hækkun verðbólgu af völdum ríkisstjórnarinnar.

Í fimmta lagi ákvað ríkisstjórnin í vor að hækka heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta erlendis um fjórðung, eða úr 40% af hreinni eign í 50%. Í þessu fólst í reynd sterk hvatning af hálfu stjórnvalda til sjóðanna um að flytja fé úr landi eins og þeir hafa gert í ríkum mæli síðan. Án nokkurs vafa hefur þetta veikt gengið um þessar mundir.

Viðskiptahalli, skuldasöfnun og gengið.

Í stefnuræðu sinni árið 1996 lýsti forsætisráðherra mikilvægi þess að ná tökum á viðskiptajöfnuði til þess – eins og hann sagði – „að erlendar skuldir okkar geti haldið áfram að lækka og að vaxtagreiðslur til erlendra aðila minnki ár frá ári".

Þegar þessum áhyggjum var lýst var viðskiptahallinn 8 milljarðar kr. og mörgum þótti þó ærið. Síðan forsætisráðherra lýsti þessari stefnu hefur þróunin orðið þveröfug. Viðskiptahallinn hefur aukist geigvænlega síðan orð forsætisráðherra féllu. Á árinu 1999 nam hann 40,4 milljörðum kr. eða 6,5% af landsframleiðslu. Á þessu ári spáir Þjóðhagsstofnun að viðskipta-

hallinn aukist enn og nemi 54 milljörðum kr., eða 8% af landsframleiðslunni. Þjóðhagsstofnun segir að hann muni halda áfram að hækka á næsta ári í 56,9 milljarða. Gangi spá Þjóðhagsstofnunar eftir verður halli á viðskiptajöfnuði sem svarar til 6,5–8% af landsframleiðslu fjögur ár í röð. Ekki eru dæmi um annan eins viðskiptahalla svo langan tíma í einu. Þessi staða speglast best í þeirri nöturlegu staðreynd að þrátt fyrir mikinn rekstrarafgang getur ríkisstjórnin ekki gert upp erlend lán, og þarf jafnvel að taka aukin erlend lán til að bæta gjaldeyrisstöðuna.

OECD, sem gerþekkir íslenskt efnahagslíf, er þó miklu svartsýnni fyrir hönd íslensks efnahagslífs. Stofnunin spáir því að viðskiptahallinn í ár verði miklu meiri en Þjóðhagsstofnun telur eða 70 milljarðar kr. sem jafngildir 9,1% af landsframleiðslunni. Á næsta ári spáir svo OECD að viðskiptahallinn aukist enn eða í 10% af landsframleiðslu!

Ríkisstjórnin virðist hins vegar ekki hafa miklar áhyggjur af þessari þróun, og af orðum forustumanna hennar má ráða að núverandi viðskiptahalli sé í reynd „góðkynja“ og því ekki líklegur til að hafa neikvæðar afleiðingar. Sú stofnun, sem hefur að meginhlutverki að veita ríkisstjórninni ráð og upplýsingar um þróun efnahagsmála, er hins vegar allt annarrar skoðunar og tekur í reynd undir með rökstuddri gagnrýni Samfylkingarinnar síðustu missiri. Þetta kemur fram í Þjóðhagsáætlun þar sem segir orðrétt: „Áframhaldandi hár viðskiptahalli mun því leiða til tiltölulega hratt versnandi erlendrar stöðu.“ Síðan bætir stofnunin við og segir: „Sífelld aukning skulda fæst ekki staðist. Mikill og langvarandi viðskiptahalli þjóða hefur því stundum verið undanfari skarprar gengislækkunar.“

Með þessum orðum er Þjóðhagsstofnun að segja nákvæmlega það sama og Samfylkingin hefur bent á missirum saman, að mikill og vaxandi viðskiptahalli sé hættulegur krónunni. Reynsla síðustu mánaða hefur sýnt afdráttarlaust að ríkisstjórnin hefði betur hlustað á varúðarorð Samfylkingarinnar. Veruleikinn hefur einmitt sýnt það að viðskiptahallinn gróf undan genginu í þeim mæli að þróun þess felur í reynd í sér „skarpa gengislækkun“.

Viðskiptahallanum fylgir mikil skuldasöfnun erlendis. Þegar núverandi ríkisstjórn tók við árið 1995 voru hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins rúm 50% af landsframleiðslu. Forsætisráðherrann lýsti þá yfir á Alþingi að ríkisstjórnin stefndi að því að þær lækkuðu niður í 34% af landsframleiðslu í lok ársins 2000. Hvernig hefur það ræst? Á þessu ári segir Þjóðhagsstofnun að hrein erlend staða þjóðarbúsins verði neikvæð um 55% af landsframleiðslu en neikvæð um nærri 60% af landsframleiðslu í lok næsta árs.

Voru varnaðarorð Samfylkingarinnar varðandi viðskiptahalla og áhrif hans á gengið út í bláinn? Hvað hefur gerst á undanförnum mánuðum? Viðskiptahallinn veikti krónuna nægilega til að spákaupmenn hafa gert að henni nokkrar atlögur og á milli þeirra hefur hún svo sigið rólega. Seðlabankinn hefur ítrekað þurft að grípa til aðgerða til varnar krónunni og neyðst til að eyða nærri 15 milljörðum kr. í þeim tilgangi en tókst aðeins að kaupa 1,5 milljarða kr. til baka fyrr í haust. Þrátt fyrir þetta er krónan um þessar mundir nærri 10% lægri en hún var í byrjun maí. Þess má einnig geta að gagnvart Bandaríkjadal hefur hún jafnframt fallið um rúman fjórðung, eða 26%, frá áramótum. Þar er þó um að kenna aðstæðum sem ekki eru nema að litlu leyti á valdi ríkisstjórnarinnar.

Það er athyglisvert að ríkisstjórnin virðist hafa fundið sér blóraböggul í lífeyrissjóðunum og kennir fjárfestingum þeirra utan Íslands um þróunina. Engum blöðum er um að fletta að fjárfestingar þeirra erlendis stuðla að veikari krónu um þessar mundir þó að þær séu jákvæðar þegar horft er til lengri tíma. Þessar fjárfestingar eru hins vegar ekki nýjar. Þær hafa átt sér stað á undanförnum árum með vaxandi þunga í samræmi við langtímaáætlun sjóðanna. Það sem skiptir hins vegar mestu varðandi þessa þróun er fyrrnefnd ákvörðun ríkisstjórnarinnar sjálfrar frá síðastliðnu vori þegar hún beitti sér fyrir því að heimildir lífeyrissjóðanna til fjár-

festinga erlendis yrðu auknar úr 40% af hreinni eign í 50%. Þetta skref var afar sérkennilegt í ljósi þess að langflestir sjóðir voru langt undir 40% þakinu. Með þessu var því ríkisstjórnin í reynd að gefa lífeyrissjóðunum til kynna af sinni hálfu að æskilegt væri að þeir flyttu aukinn hluta af fjármagni sínu úr landi, enda brugðust þeir nákvæmlega við með þeim hætti. Í þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar fólust því alvarleg mistök, enda lögðust bæði Seðlabankann og Fjármálaeftirlitið gegn breytingunni. Hið nöturlega við þetta er auðvitað sú staðreynd að eftir að hafa í reynd hvatt lífeyrissjóðina til þess að flytja fé úr landi kemur nú ríkisstjórnin og gerir þá að blórabögglum.

Þenslan og verðbólgan.

Í nýjasta riti Seðlabankans er bent á að vísbendingar séu um að það dragi úr veltuaukningu og umsvifum á húsnæðismarkaði. En þenslueinkennin eru enn sterk og á suma mælikvarða sterkari en nokkru sinni fyrr. Vinnumarkaðurinn er spenntari sem eykur hættuna á launaskriði og að samningar verði lausir. Lítið hefur dregið úr útlánaaukningunni samkvæmt riti Seðlabankans. Ríkisstjórnin heldur því nú fram að þenslan sé að minnka. Einn af helstu efnahagsráðgjöfum hennar, Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, er þó á annarri skoðun. Í viðtali við Ríkissjónvarpið 2. þessa mánaðar sagði hann þensluna vera áhyggjuefni, og haft var eftir honum að „á miðju sumri hefði verið talið að þenslan væri í rénun en að undanförnu hefði komið fram nokkuð skýr merki um að hlé væri á þeirri þróun og að þenslan væri jafnvel að færast aftur í aukana". Forstjóri Þjóðhagsstofnunar hefur nokkuð til síns máls. Aukningin í veltu og umsvifum er að sönnu ekki eins mikil og í fyrra. Hún er eigi að síður fyrir hendi. Innheimta virðisaukaskatts fyrstu tíu mánuði þessa árs jókst þannig um 9,6% miðað við sama tíma í fyrra. Og tekjuskattur einstaklinga jókst um 16,6% fyrstu tíu mánuði ársins eða meira en fyrstu sex mánuði ársins þegar hann jókst um 14,6%. Það þýðir að spennan hefur allra síðustu mánuði aukist verulega á vinnumarkaði.

Horfur varðandi verðbólgu hafa versnað vegna þess að gengið hefur lækkað. Nú spáir Seðlabankinn 4,6% verðbólgu yfir næsta ár en spáði í ágúst undir 4% verðbólgu yfir árið 2001. Þá verður að hafa líka í huga að gengi krónunnar er nú rúmlega 1,5% lægra en miðað var við í verðbólguspá bankans. Þróunin speglast einnig í þeirri staðreynd að verðbólgan miðað við síðustu þrjá mánuði er 6,2% að mati Hagstofunnar. Þá má geta þess að sérfræðingar Íslandsbanka-FBA spá því að verðbólga verði að minnsta kosti 6% þegar kemur fram á næsta ár og segja reyndar að hún verði 6,3% í lok fyrsta ársþriðjungs 2001. Verðbólga erlendis er sömuleiðis að aukast, og það ásamt veikingu gengisins gæti ýtt frekar undir innlenda verðbólgu. Blikur eru því á lofti um frekari verðbólgu. Þegar samningarnir voru gerðir á almennum vinnumarkaði var verðbólgan 5,6% og meginforsendur þeirra voru að hún færi lækkandi. Þetta gæti haft afdrifarík áhrif á kjarasamninga á almennum vinnumarkaði því bresti verðlagsforsendur samninga ASÍ og SA verður launalið þeirra sagt upp.

Afleiðingar þessarar þróunar sem þegar eru komnar fram hafa bitnað á almenningi jafnt sem fyrirtækjum. Vextir hafa stórhækkað og verðbólgan er aftur farin að þyngja greiðslubyrði landsmanna. Í lok ársins 1999 voru skuldir heimilanna 510 milljarðar kr., en um mitt þetta ár voru þær samkvæmt uppgjöri Seðlabankans 560 milljarðar kr. og höfðu því aukist um 10%. Hækki skuldir í sama takti á síðari helmingi ársins og á þeim fyrri munu skuldir heimilanna verða yfir 600 milljarðar kr. í árslok. Vöxtur skulda á árinu mun því nema 15–20%. Gangi það eftir blasir við sú staðreynd að hlutfall milli skulda og ráðstöfunartekna mun hækka verulega. Það er því ekki að undra að vanskil aukist í bankakerfinu og hætta er á að þau aukist enn frekar á næstu missirum takist ekki að snúa ofan af þessari þróun.

Fjölmargar ungar fjölskyldur sem berjast við að koma sér upp þaki yfir höfuðið urðu fyrir

skakkaföllum þegar afföll húsbréfa stórjukust á síðastliðnu vori. Enn eru þau mjög há. Eins og Yngvi Örn Kristinsson, fyrrverandi yfirmaður peningamálasviðs Seðlabankans, benti á í fyrrgreindri tilvitnun hefur röng stefna ríkisstjórnarinnar neytt Seðlabankann til að beita harðri stefnu í peningamálum sem birtist í háum vöxtum til að styrkja gengið og hamla gegn verðbólgu. Þenslan hefur leitt til þess að vinnumarkaðurinn er yfirspenntur, mikill skortur er víða á vinnuafli, sem birtist til dæmis í því að erfitt er að manna skóla, og í mörgum tilvikum hefur ekki tekist að manna leikskóla. Það bitnar að sjálfsögðu líka illa á fjölskyldufólki.

Hver er þá staðan nú? Ójafnvægið hefur lítið minnkað. Vinnumarkaðurinn er spenntari en nokkru sinni fyrr og viðskiptahallinn er í hámarki. Það er hugsanlegt að verstu bylturnar séu búnar og að smám saman muni vindast ofan af ástandinu. En svo lengi sem ójafnvægið er þetta mikið og svo lengi sem viðskiptahallinn er svona mikill er sú hætta stöðugt fyrir hendi að nýr þrýstingur komi á gengið. Ríkisstjórnin verður hins vegar að viðurkenna að við eigum við sameiginlegan vanda að glíma. Þá fyrst er hægt að ráðast gegn honum. Það má rifja upp að á síðastliðnu sumri varpaði Samfylkingin fram þeirri hugmynd að stjórnmálaflokkar og aðilar vinnumarkaðarins tækju höndum saman um að mynda nýja þjóðarsátt gegn verðbólgunni, m.a. til að koma í veg fyrir að kjarasamningar á almennum markaði yrðu lausir. Þótt margir tækju undir hugmynd Samfylkingarinnar hafnaði ríkisstjórnin henni. Fátt hefur undirstrikað ábyrgðarleysi hennar gagnvart þróun efnahagsmála betur en einmitt sú afstaða.

Við aðstæður eins og nú ríkja verður að gera allt sem hægt er til að draga úr útlánaþenslunni. Í því sambandi er athyglisvert að í ritinu Stefna og horfur, sem fylgir frumvarpi til fjárlaga, kemur fram að opinberar framkvæmdir voru minnstar samdráttarárið 1995 og á fyrsta ári uppsveiflunnar 1996 en hafa aldrei verið meiri en í undangenginni þenslu. Þær eru raunar enn að aukast. Í þensluástandi hefði þessu átt að vera þveröfugt farið ætluðu menn með einbeittum hætti að draga úr þenslu og neikvæðum afleiðingum hennar.

Menntamál.

Samfylkingin leggur til að framlög til menntamála verði aukin um 1 milljarð kr. á næsta ári. Það er í samræmi við þá stefnu flokksins að menntamál eigi að vera forgangsverkefni bæði í nútíð og framtíð. Samfylkingin hefur mótað ítarlega stefnu í menntamálum og telur að aukin áhersla á þau sé lykill að samkeppnishæfni landsins og velsæld þjóðarinnar í framtíðinni. Hún vill ekki aðeins auka fjármagn til menntamála heldur tengja þau stöðu menntunar erlendis. Þannig eru sett viðmið við það besta sem gerist erlendis. Nú er nauðsyn á þjóðarsátt um að efla menntakerfið og gera það samkeppnishæft við nágrannalöndin.

Samanburður sýnir að Íslendingar hafa dregist aftur úr öðrum þjóðum. Við verjum mun minna fé til menntamála en gert er t.d. annars staðar á Norðurlöndum. Mun færri ljúka hér framhaldsskólaprófi en erlendis, útskriftaraldur úr framhaldsskóla er miklu hærri hér, háskólastigið hefur drabbast niður, svo og rannsóknir og þróunarvinna, og laun kennara eru lág í samanburði við nágrannalöndin.

Stjórn Sjálfstæðisflokksins í menntamálum hefur einkennst af metnaðarleysi síðastliðin 15 ár. Menntastefna hans hefur orðið til þess að stöðugt hefur hallað undan fæti í menntamálum og er nú svo komið að íslenskt menntakerfi stenst engan veginn samanburð við það sem best gerist erlendis. Frumkvæði Samfylkingarinnar í menntamálum með heilsteyptri aðferðafræði tekur hins vegar mið af breyttu hagkerfi og þörfum framtíðarinnar. Þetta er bráðnauðsynlegt þar sem síðustu ár hefur menntun í atvinnulífinu enn hrakað. Íslendingar geta ekki til lengdar haldið uppi góðum lífskjörum sem standast samanburð við það besta sem gerist nema menntaður mannafli landsins aukist verulega. Einungis þannig er okkur unnt að koma landinu í fremstu röð í heimi þeirra öru breytinga sem verða í tæknisamfélagi framtíðarinnar.

Menntamál eru hins vegar hornreka í pólitískri umræðu. Við höfum dregist stórlega aftur úr öðrum þjóðum í framlögum til menntamála. Færri hafa lokið námi hér en í nágrannalöndunum, staða okkar í alþjóðlegum samanburði í námsgetu er ófullnægjandi og framlög til menntamála eru mun minni hér en í grannlöndunum. Til að verða jafngild þeim þurfum við að auka fjárveitingar til menntamála og Samfylkingin stígur mikilvægt skref til þess með tillögu sinni. Í henni felst yfirlýsing um að þegar flokkurinn sest í ríkisstjórn verði menntamálin forgangsverkefni.

Verst hefur háskólastigið orðið úti en framlög til þess eru innan við helmingur þess sem er algengt í nágrannalöndunum. Það vantar þriðjung á að við verjum jafnmiklu til rannsókna og þróunar og lönd innan OECD gera að meðaltali.

Fjórði hver kennari í grunnskólum landsins er í annarri launaðri vinnu samhliða kennslunni til að drýgja tekjurnar. Hlutdeild landsmanna sem hafa lokið framhaldsskóla er 55% en sambærileg tala fyrir önnur Norðurlönd er 76%. Það er því blekking að Íslendingar búi við góða skólamenntun.

Ríkisstjórnin hyglar þeim skólum sem hafa frelsi til skólagjalda en fá mestan hluta kostnaðar síns greiddan úr ríkissjóði. Ríkisstjórnin stefnir þannig markvisst að því að góð menntun verði forréttindi þeirra efnuðu. Þeir sem hafa nægt fé eða eiga efnaða foreldra geta farið í dýru skólana en aðrir verða að njóta menntunar sem ekki er eins miklu varið til. Gegn þessari forréttindastefnu sjálfstæðismanna munu jafnaðarmenn berjast með oddi og egg.

Leiðin til að tryggja sem flestum jöfn tækifæri í lífinu byggist á aðgangi að menntun. Í flóknu þekkingarsamfélagi framtíðarinnar verður menntakerfið helsta jöfnunartækið. Jafnaðarmenn vilja gjörbreyta uppbyggingu menntakerfisins og auka fjárfestingu í menntun verulega og hafna því menntakerfi meðalmennskunnar sem stjórn Sjálfstæðisflokksins hefur getið af sér eftir að hafa farið með menntamálaráðuneytið nánast óslitið frá árinu 1984.

Einkavæðingu menntakerfisins hafnað.

Samfylkingin hafnar alfarið hugmyndum ríkisstjórnarinnar um að setja á stofn einkaskóla á framhaldsskólastigi. Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram að nú er búið að semja drög að samningi fyrir nýjan einkaskóla á framhaldsskólastigi. Þar með er Sjálfstæðisflokkurinn að undirbúa einkavæðingu menntakerfisins, með dyggri aðstoð Framsóknar. Hugmyndir um einkaskólann ganga út á að flýta námi til stúdentsprófs um tvö ár og taka aðeins við þeim nemendum sem skólinn telur að geti lokið náminu á tilsettum tíma. Þannig getur skólinn valið „ódýrustu" nemendurna á framhaldsskólastigi en fær þó greiðslur samkvæmt samningsdrögunum frá ríkisvaldinu sem miðast við meðalkostnað tveggja framhaldsskóla í Reykjavík. Þannig er gert ráð fyrir að einkaskólinn fái um 100 milljónir kr. á ári fyrir að kenna 150 nemendum.

Þessi áform afhjúpa vel hug menntamálaráðherra til almennu framhaldsskólanna því að í fjölda ára hafa framhaldsskólar með áfangakerfi gert nemendum sínum kleift að ljúka framhaldsskólanámi á þremur árum. Mikill áhugi hefur verið í áfangaskólunum til að þróa áfangakerfið enn frekar þannig að nemendur geti í raun sjálfir ákveðið námshraða sinn. Þessi þróunarvinna hefur ekki farið fram því að fjármagn hefur vantað, einfaldlega vegna skorts á vilja menntamálaráðherra. Nú þegar einkaaðilar koma með sömu hugmynd eru allar gáttir opnar. Enda þótt skólameistarar framhaldsskólanna telji hundruð milljóna króna vanta í rekstur framhaldsskólanna telur menntamálaráðherra mikilvægasta verkefnið á framhaldsskólastigi að láta 100 millj. kr. í sérstakt gæluverkefni fyrir börn hinna efnameiri. Þessar hugmyndir stríða algerlega gegn hugsjónum jafnaðarstefnunnar og því mun Samfylkingin berjast harkalega gegn þeim.

Kjör aldraðra og öryrkja.

Meðal aldraðra og öryrkja eru fjölmargir sem búa við sára neyð. Samfylkingin leggur því til að 2 milljörðum kr. verði varið á þessu ári til að standa straum af fyrsta áfanga sérstakrar afkomutryggingar fyrir aldraða og öryrkja sem á að tryggja að enginn þurfi að una óvissu um afkomu sína og kjör. Samfylkingin hefur áður kynnt hugmynd sína um afkomutrygginguna í sérstakri þingsályktunartillögu sem liggur nú fyrir Alþingi. Sömuleiðis leggur Samfylkingin til við afgreiðslu fjárlaga að 300 millj. kr. verði veittar til að afnema skerðingar á tekjutryggingu bótaþega vegna tekna maka. Þessar breytingartillögur eru lagðar fram í sérstöku þingskjali.

Fáum dylst að þeir sem þurfa á aðstoð velferðarsamfélagsins að halda til að komast af vegna elli, sjúkleika eða fötlunar hafa borið minnst úr býtum í góðærinu. Þetta er sá samfélagshópur sem Samfylkingin vill veita sitt liðsinni. Áhersla flokksins við afgreiðslu fjárlaga er því þyngst á bótum til aldraðra og öryrkja. Hún birtist í þingsályktunartillögu Samfylkingarinnar um sérstaka afkomutryggingu þeim til handa sem miðar að því að enginn þurfi að una óvissu um kjör sín og afkomu. Staðreyndin er sú að í tíð núverandi ríkisstjórnar er misskiptingin enn að aukast. Fáir finna það jafn vel á eigin skinni og einmitt þeir sem eru háðir bótum almannatryggingakerfisins um framfærslu sína. Þrátt fyrir margfrægt góðæri ríkissjóðs er bilið milli tryggingagreiðslna og almennra launa enn að breikka. Lífeyrisgreiðslur almannatrygginga halda áfram að dragast aftur úr þróun lágmarkslauna og launavísitölu. Ríkisstjórnin lofaði fyrir kosningar að koma til móts við kröfur lífeyrisþega um bætt kjör og orð forustumanna úr hennar röðum var ekki hægt að skilja öðruvísi en svo að stefnt skyldi að því að kjör lífeyrisþega yrðu sambærileg kjörum annarra. Þegar langt er liðið á kjörtímabilið láta efndirnar þó enn á sér standa.

Á þetta var rækilega minnt við setningu Alþingis fyrr í haust. Aldraðir mótmæltu þá vanefndum ríkisstjórnarinnar með eftirminnilegum hætti utan við Alþingishúsið og samdægurs hélt átakshópur öryrkja baráttufund á Hótel Borg til að vekja athygli á erfiðri fjárhagsstöðu. Þetta var þó síður en svo í fyrsta sinn á þessum velsældartímum sem lífeyrisþegar hafa neyðst til að vekja athygli opinberlega á hver hlutdeild þeirra hefur verið í góðærinu. Sú staðreynd að tæplega sex þúsund aldraðra eru með framfærslueyri undir lágmarkslaunum staðfestir jafnframt hversu bág kjör eru hlutskipti stórs hóps aldraðra í íslensku samfélagi. Það er enn fremur sláandi staðreynd að um 40% lífeyrisþega eru með óskerta tekjutryggingu. 43% öryrkja fá engar greiðslur úr lífeyrissjóði og verða því að byggja afkomu sína nánast einvörðungu á greiðslum úr almannatryggingunum.

Þar að auki hefur ríkisstjórnin meðvitað haldið skattleysismörkum niðri og þannig flutt hluta skattbyrðarinnar yfir á bök þeirra sem höfðu allra lægstu laun eða bætur og nutu því verndar skattkerfisins eins og það var í árdaga uppbyggt af jafnaðarmönnum. Þetta birtist m.a. í því að nýliðun í hópi skattgreiðenda er samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra um 1,8% á þessu ári en virkum skattgreiðendum fjölgar hins vegar um 6,8%. Hópurinn, sem skyndilega birtist í hópi skattgreiðenda vegna gliðnunar milli skattleysismarka og launaþróunar, er sá hópur sem minnst hefur sér til framfærslu, fólkið með allra lægstu launin og þeir sem lifa af bótum almannatrygginganna. Til marks um þetta er sú staðreynd að lífeyrisþegi, sem býr einn og dregur fram lífið á bótum sem nema nú um 70 þús. kr. frá TR, þarf nú að greiða skatt af bótunum. Þetta hefur ekki viðgengist fyrr en í tíð þessarar ríkisstjórnar. Viðhorf ríkisstjórnarinnar til þeirra verst settu speglast ekki síst í þeirri staðreynd að á tímum meiri velsældar en áður hefur þekkst fengu eftirlaunamaðurinn og öryrkinn 606 kr. hækkun á lífeyri sinn um síðustu áramót, 157 kr. 1. apríl og 123 kr. 1. september sl.

Í þessu felst það sem Samfylkingin hefur nefnt „hina rándýru fátækt“. Börn öryrkja eru

félagslega út undan og afskipt. Aldraðir og öryrkjar sem ekki geta tekið þátt í samfélaginu brotna niður og halda ekki heilsu. Þetta er því bæði þjóðhagslega og heilsuhagfræðilega óhagkvæm stefna í málefnum lífeyrisþega. Þeir sem búa við fátækt búa við útilokun frá þátttöku í samfélaginu til jafns við aðra. Í því felst skerðing á mannréttindum og þjóðfélagið fer á mis við framlag þess fólks sem við hana býr.

Í fjárlagafrumvarpinu eru engin merki um að ríkisstjórnin hyggist afnema þá siðlausu reglu að tengja tekjutryggingar við tekjur maka. Atvinnuleysisbætur eru óháðar tekjum makans en verði menn óvinnufærir eða hafi menn lokið starfsævi sinni eru bætur þeim til handa enn tengdar tekjum maka. Þessi regla er niðurlægjandi arfur frá löngu liðnum tíma sem vinnur gegn fjölskyldunni sem stofnun og gegn því að þeir sem lifa af bótum geti stofnað til hjónabands. Stjórnvöld hafa í reynd viðurkennt óréttmæti þessarar ranglátu reglu með því að minnka tengingu við tekjur maka. Samfylkingin vill hins vegar að hún sé að fullu numin brott, enda telur flokkurinn hana brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og flestum mannréttindasáttmálum sem við höfum samþykkt. Þess vegna leggur Samfylkingin til, eins og áður er lýst, að 300 millj. kr. verði varið til að þvo þennan smánarblett af almannatryggingakerfinu.

Byggðamál.

Samfylkingin leggur til margar breytingar á fjárlagafrumvarpinu í því skyni að efla framsækna byggðastefnu. Þar ber hæst tillögur um aukna áherslu á fjarkennslu bæði á framhaldsskóla- og háskólastigi og um eflingu símenntunarstöðva, um frumkvöðlasetur á landsbyggðinni og eflingu fjarvinnslu, auk þess sem lögð eru til aukin framlög til menningarmála landsbyggðarinnar, og lagt er til að 100 millj. kr. verði veittar í rannsóknarhús Háskólans á Akureyri.

Byggðastefna stjórnvalda hefur verið fálmkennd og ómarkviss. Í reynd er hún gjaldþrota. Það speglast í þeirri staðreynd að á síðustu tíu árum hafa 12.000 manns flust af landsbyggðinni. Ríkisstjórnin hefur sýnt málefnum landsbyggðarinnar sorglega lítinn skilning. Það birtist í sviknum loforðum hennar um flutning fjarvinnsluverkefna til landsbyggðarinnar og enn frekar í framkomu hennar gagnvart sveitarfélögum í landinu. Þrátt fyrir að hvorki sé ágreiningur um hve mikill kostnaðarauki sveitarfélaganna er vegna aukinna verkefna né um skerðingu á tekjum þeirra vegna breytinga á skattalögum hefur ríkisstjórnin ekki viljað koma til móts við sveitarfélögin með öðru en heimild til að hækka útsvar. Í reynd felur það í sér að sveitarfélögin eru neydd til að hækka álögur sínar á íbúana.

Gamaldags millifærslukerfi frá þéttbýli til dreifbýlis undir forsjá stjórnmálamanna er lakasta leiðin af öllum til að snúa við byggðaröskuninni. Jákvæð byggðastefna Samfylkingarinnar felst í því að efla sveitarfélögin, efla menntakerfið, ekki síst fjarkennslu og símenntun, efla nýjar atvinnugreinar á sviði upplýsingatækni, jafna aðgang landsmanna að fjarskiptanetinu, og breyta stjórnkerfi fiskveiða og auka þannig möguleika strandbyggðanna í grennd við miðin á því að verða sér úti um aflaheimildir. Tillögur um þetta liggja ýmist fyrir í þingmálum Samfylkingarinnar eða birtast í þeim breytingartillögum við fjárlagafrumvarpið sem flokkurinn leggur nú fram.

Félagslega íbúðakerfið.

Samfylkingin leggur til í breytingartillögum við fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar að 200 millj. kr. verði varið til að greiða niður vexti af lánum til félagslegra leiguíbúða. Flokkurinn telur þetta algerlega nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að neyðarástand skapist í húsnæðismálum láglaunafólks, en nú þegar eru 2.000 fjölskyldur láglaunamanna á biðlista eftir

leiguíbúðum. Þessi tillaga er í samræmi við þá hugsjón jafnréttis og réttlætis sem Samfylkingin starfar eftir.

Þegar ríkisstjórnin lagði niður félagslega húsnæðiskerfið vöruðu þingmenn Samfylkingarinnar sterklega við því að aðgerðir ríkisstjórnarinnar mundu setja leigumarkaðinn í uppnám, og leiða til neyðarástands í húsnæðismálum láglaunafólks. Rothöggið eru áform ríkisstjórnarinnar sem birtast í fjárlagafrumvarpinu um að hætta að niðurgreiða vexti til leiguíbúða. Þetta er afleiðing af fyrrnefndri ákvörðun um að leggja félagslega íbúðakerfið niður, en þá komu fram þau áform að hætta niðurgreiðslu vaxta frá og með áramótum 2000/2001. Í kjölfar lokunar á félagslega íbúðakerfinu rauk verð á leiguíbúðum upp, en leigukostnaður er með öllu orðinn óviðráðanlegur fyrir láglaunafólk. Þrátt fyrir loforð félagsmálaráðherra og ríkisstjórnarinnar um að bæta aðstæður leigjenda hafa vextir á leiguíbúðum smám saman verið að hækka í allt að 3,2%. Í áratugi hafði ríkt sátt um að halda vöxtum á leiguíbúðum lágum eða í 1%. Nú eru áform um að hætta niðurgreiðslu vaxta frá næstu áramótum sem veldur annaðhvort stöðvun á uppbyggingu leiguíbúða eða verulegri hækkun á leigugreiðslum hjá láglaunafólki verði ekkert að gert. Þetta gerist á sama tíma og biðlisti eftir leiguíbúðum hefur aldrei verið lengri, einkum vegna lokunar á félagslega íbúðakerfinu. Neyðarástand ríkir hjá mörgum fjölskyldum sem bíða eftir leiguíbúðum. Nú er margra ára bið eftir slíkum íbúðum, en eins og áður sagði eru um 2.000 láglaunafjölskyldur á biðlistum og margar þeirra í sárri neyð.

Á það skal minnt að árlega var komið upp að meðaltali um 300 leiguíbúðum meðan vextirnir voru 1%. Aftur á móti hefur verulega dregið úr uppbyggingu leiguíbúða eftir vaxtahækkun á lánum og lokun félagslega íbúðakerfins. Árið 1997 fengu sveitarfélögin einungis lán til 49 leiguíbúða og á árinu 1998 til 38 leiguíbúða. Ljóst er að ef hækka á vextina enn frekar á slíkum lánum er hætta á að hvorki sveitarfélögin né félagasamtök treysti sér til að byggja leiguíbúðir nema hækka leiguna verulega sem aftur veldur auknum útgjöldum hjá sveitarfélögunum vegna húsaleigubóta.

Gulrótin sem ríkisstjórnin virðist ætla að færa sveitarfélögum og félagasamtökum í stað niðurgreiðslu á vöxtum á leiguíbúðum er 50 millj. kr. til stofnkostnaðarstyrkja sem nota á til að styrkja sveitarfélög og félagasamtök til að koma á fót leiguíbúðum. Samkvæmt fjárlögunum á að veita 90% lán til 500 leiguíbúða á næsta ári sem áætlað er að kosti 7 millj. kr. hver. Það þýðir 100 þús. kr. styrk frá ríkissjóði á hverja íbúð en allir sjá að það mun í engu hvetja sveitarfélög eða félagasamtök til uppbyggingar leiguíbúða. Heimild til lánveitinga til 500 leiguíbúða á næsta ári er því sýndarmennskan ein sem litlu mun skila til að bæta ófremdarástandið á leigumarkaðinum.

Tillaga Samfylkingarinnar um áframhaldandi niðurgreiðslu vaxta á félagslegum leiguíbúðum er því eina haldreipi þeirra fjölmörgu láglaunafjölskyldna sem sárlega skortir þak yfir höfuðið.

Framkvæmdasjóður fatlaðra.

Samfylkingin leggur til að 375 millj. kr. verði varið til að halda uppi lögbundnum framlögum í Framkvæmdasjóð fatlaðra, og gagnrýnir harðlega skerðingar ríkisstjórnarinnar til sjóðsins. En síðastliðin fimm ár hafa lögbundin framlög verið skert um 1.500 millj. kr. sem hefur mjög hægt á uppbyggingu þjónustu fyrir fatlaða.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga en málefni fatlaðra eru nú hluti þeirra laga. Miklar umræður hafa orðið um flutning á málaflokknum til sveitarfélaga. Ekki er þó að sjá á fjárlagafrumvarpinu að ráðgert sé að auka fjárveitingar til málefna fatlaðra. Þvert á móti er lagt til enn á ný að framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra

verði skert, en samkvæmt lögum um málefni fatlaðra eiga óskertar tekjur erfðafjársjóðs að renna til Framkvæmdasjóðsins. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2001 er gert ráð fyrir að tekjur af erfðafjárskatti verði 607 millj. kr. en framlag til Framkvæmdasjóðsins er aðeins 235 millj. kr.

Þetta er allsendis óviðunandi, en á þriðja hundrað fatlaðra eru nú á biðlistum eftir búsetuúrræðum og ekkert miðar með útskriftir af Kópavogshæli. Þessu unir Samfylkingin ekki og leggur því til að fjárveitingar til Framkvæmdasjóðs fatlaðra nemi óskertum tekjum af erfðafjárskatti.

Niðurlag.

Fjárlagatillögur Samfylkingarinnar gera ráð fyrir aukningu á útgjöldum sem nemur um 5 milljörðum kr. Á móti þeim mun Samfylkingin einnig leggja fram tillögur að niðurskurði eða auknum tekjum þannig að tekjuafgangur ríkisins eykst um 1 milljarð kr.

Alþingi, 30. nóv. 2000.

Össur Skarphéðinsson, frsm. Gísli S. Einarsson. Einar Már Sigurðarson.

388. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2001 kemur nú til umræðu. Endurskoðuð tekjuáætlun og lánsfjáráætlun liggur ekki fyrir og niðurstaða liggur ekki fyrir um mörg mikilvæg málefni, svo sem fjárþörf heilbrigðisgeirans, málefni Byggðastofnunar og Ríkisútvarpsins, svo að eitthvað sé nefnt. Þá er enn beðið eftir svari menntamálaráðuneytisins við aukinni fjárþörf framhaldsskólanna. Þess vegna má telja fullvíst að gjaldahlið frumvarpsins muni taka nokkrum breytingum við 3. umræðu.

Þetta fjárlagafrumvarp er nú tekið til 2. umræðu við miklar óvissuaðstæður. Viðskiptahallinn stefnir í 60 milljarða kr. á þessu ári. Gengi krónunnar er fallandi og hefur þurft að verja háum fjárhæðum í erlendum gjaldmiðlum henni til varnar. Það er einnig dálítið ankannalegt að þrátt fyrir yfirlýsingar um góðæri og rekstrarfgang ríkissjóðs er gjaldeyrisstaðan svo þröng að ríkissjóði er ókleift að greiða niður erlend lán. Tekjur ríkisins eru enn fremur að miklu leyti tengdar sköttum á innflutning og veltu í þjóðfélaginu. Áætlanir um tekjur og gjöld eru því í mikilli óvissu ef samdráttur verður í innflutningi eða hagvöxtur verður með minna móti eins og haustspá þjóðhagsstofnunar gerði ráð fyrir. Kjaradeila framhaldskólakennara er í hnút og mörg stéttarfélög eru með lausa samninga og því ríkir einnig mikil óvissa á almennum vinnumarkaði.

Störf fjárlaganefndar.

Frá því síðla í september hafa fulltrúar sveitarfélaga, stofnana, félagasamtaka og einstaklingar komið til fundar við nefndina. Þeir hafa borið fram erindi sín, greint frá áherslum, veitt

upplýsingar og lagt fram beiðnir um framlög. Fulltrúarnir hafa lagt á sig mikla vinnu, oft komið um langan veg og lagt fram vönduð og greinargóð erindi. Slíkar heimsóknir eru afar þýðingarmiklar fyrir fjárlagavinnuna og tengsl Alþingis við þjóðina. Því er mikilvægt að halda þessum dyrum opnum og bjóða upp á þessi samskipti við fólkið í landinu. Að mati 2. minni hluta er varhugavert ef einstök ráðuneyti letja forstöðumenn sína og ábyrgðaraðila til þess að koma fyrir nefndina og kynna vinnu og þarfir stofnana sinna. Stofnanir bera margs konar samfélagsskyldur en eru ekki bara bókhaldstofur fyrir einstakar rekstrareiningar ráðuneyta. 2. minni hluti veit engin dæmi til þess að nefndin hafi hafnað viðtali. Það er mun frekar að hún hafi átt frumkvæði að því að kalla fulltrúa ýmissa stofnana fyrir sig.

Ríkisendurskoðun gerir nú reglulega úttekt á frammistöðu framkvæmdarvaldsins, ráðstöfun fjár og hvernig opinberir aðilar rækja skyldur sínar. Mikilvægt er að fjárlaganefnd taki skýrslur og álit Ríkisendurskoðunar fljótt og örugglega til umræðu og hafi þær til ályktunar eða hliðsjónar í sínum gerðum. Þetta er samróma álit nefndarinnar og leggur 2. minni hluti áherslu á að því verði fylgt af einurð.

Annar minni hluti leggur áherslu á skyldur nefndarinnar við Alþingi og ótvírætt sjálfstæði gagnvart framkvæmdarvaldinu. Mikilvægi þessa ber sérstaklega að árétta þegar meiri hlutinn að baki ríkisstjórninni er mjög stór, eins og nú er raunin. En almennt má segja að það ríki kerfislægur þrýstingur af hálfu framkvæmdarvaldsins í þá átt að segja löggjafanum fyrir verkum. Lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, sem kveða á um meðferð ríkisfjármuna, fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga ýta undir þessa tilhneigingu.

Um framkvæmd fjárlaga segir í 30. gr.: „Einstökum ráðherrum er heimilt, með samþykki fjármálaráðherra, að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni, sem undir ráðuneytið heyra, til lengri tíma en eins árs við þá ríkisstofnun sem sinnt hefur verkefninu, aðrar ríkisstofnanir, sveitarfélög eða einkaaðila, enda sé áætlað fyrir verkefninu á fjárlögum. Með rekstrarverkefni er átt við afmarkaða rekstrarþætti eða rekstur ríkisstofnunar í heild sinni vegna viðfangsefna eða þjónustu sem ýmist er kveðið á um í lögum að ríkið skuli veita og standa undir kostnaði af eða eru liðir í því að ríkisaðili geti rækt hlutverk sitt.“

Þessi ákvæði eru tilgreind hér sérstaklega því þarna er að finna smugur fyrir framkvæmdarvaldið til að ákveða fjárframlög til stórra og lítilla málaflokka og viðfangsefna án þess að Alþingi fái miklu ráðið. Í skjóli þessa ákvæðis er samið um víðfeðm verkefni, t.d. við hin svokölluðu reynslusveitarfélög og við Háskóla Íslands, samið um framlög til framhaldsskóla, svo að dæmi séu nefnd. Þarna falla einnig undir ýmsir safnliðir ráðuneytanna og óskipt fé ráðherra. Ef svo fer fram sem verið hefur nú síðustu ár er stutt í það að meginþorri útgjalda einstakra ráðuneyta renni til þeirra sem ein heildarupphæð, óskipt. Síðan mun framkvæmdarvaldið tilkynna að gerðir hafi verið hinir og þessir þjónustusamningar, eða árangursstjórnunarsamningar, þar sem útgjaldaskipting hefur verið gerð á grundvelli þessara eða hinna reiknilíkana sem ráðuneytin hafa unnið. Skipting fjár á einstaka rekstrarliði og viðfangsefni verða því komin úr höndum löggjafans og til framkvæmdarvaldsins sem mun eðli sínu samkvæmt vera upptekið af hinni bókhaldslegu hlið viðfangsefna.

Annar minni hluti telur að fyrrgreind ákvæði fjárreiðulaganna séu túlkuð allt of rúmt af framkvæmdarvaldinu. Það getur ekki hafa verið ætlun löggjafans að meginþorri útgjalda ríkisins sé bundinn með þessum hætti, því að þannig er gengið á móti góðum og gegnum lýðræðislegum gildum sem við byggjum okkar stjórnskipan á. Við þessa ráðstöfun verður viðbragðsgeta framkvæmdarvaldsins gagnvart pólitískum vilja og ákvörðunum Alþingis takmörkuð og það geta hindrað nauðsynlega endurskipulagningu og nýsköpun sem Alþingi vill ná fram.

Alþingi liggur nú undir gagnrýni fyrir það að vera í of ríkum mæli afgreiðslustofnun fyrir framkvæmdarvaldið. Þess vegna er afar mikilvægt að vera á varðbergi gagnvart öllum misfellum sem geta verið túlkaðar í þessa veru.

Lokaorð.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vilja aðra forgangsröðun í útgjöldum ríkisins en ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Fjárlögum ríkisins á að beita til þess að auka jöfnuð í samfélaginu þannig að enginn þurfi líða vegna aldurs, fötlunar eða búsetu. Vinstri hreyfingin grænt framboð leggur enn fremur til að tekjum ríkisins verði í auknum mæli varið til menntunar og rannsókna. Jafnframt að stefna í atvinnumálum taki fullt mið af sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og tekið verði upp grænt bókahald þegar meta skal arðsemi í atvinnurekstri og við ákvörðun framkvæmda.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar munu því flytja breytingartillögur við frumvarpið sem taka mið af þessum áherslum flokksins.

Afgreiðsla stórra málaflokka, svo sem heilbigðisstofnana, byggðamála, fjarkennslu, fjarvinnslu og ýmissa liða menntamála, bíður 3. umræðu frumvarpsins. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu flytja breytingartillögur við þá málaflokka eftir því sem tilefni gefur þegar tillögur meiri hlutans eru komnar fram.

Breytingartillögur við tekjuhlið fjárlagfrumvarpsins munu hins vegar bíða 3. umræðu eða þar til endurskoðuð þjóðhagsáætlun liggur fyrir og stjórnarmeirihlutinn hefur lagt fram endurskoðaðar tekjutillögur fyrir árið 2001.

Alþingi, 30. nóv. 2000.

Jón Bjarnason.

389. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. 375 [Fjárlög 2001].

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, EOK, ArnbS, KPál, HjálmJ, ÍGP, ÁJ).

84. liður orðist svo:

Sundurliðun fyrir viðfangsefnin 6.70 Hafnamannvirki, 6.74 Lendingarbætur og 6.80 Sjóvarnargarðar kemur í sérstökum yfirlitum á þessa leið:

	Þús. kr.
1. Hafnamannvirki (10-335 6.70).	
a. Vesturland:	
1. Snæfellsbær	38.400
2. Grundarfjörður	83.100
3. Stykkishólmur	8.800
Samtals	**130.300**

Vestfirðir:		
1.	Vesturbyggð	1.600
2.	Tálknafjörður	1.500
3.	Ísafjarðarbær	8.600
4.	Bolungarvík	14.800
5.	Súðavík	3.600
6.	Drangsnes	4.500
	Samtals	**34.600**
Norðurland vestra:		
1.	Skagaströnd	2.200
2.	Skagafjörður	39.200
3.	Siglufjörður	49.500
	Samtals	**90.900**
Norðurland eystra:		
1.	Hafnasamlag Eyjafjarðar	18.400
2.	Hafnasamlag Norðurlands	61.100
3.	Húsavík	225.200
4.	Kópasker	2.400
5.	Raufarhöfn	4.600
6.	Þórshöfn	55.300
	Samtals	**367.000**
Austurland:		
1.	Vopnafjörður	14.900
2.	Borgarfjörður eystri	5.600
3.	Seyðisfjörður	37.900
4.	Fjarðabyggð	89.900
5.	Fáskrúðsfjörður	19.900
6.	Djúpivogur	46.800
7.	Hornafjörður	41.900
	Samtals	**256.900**
Suðurland:		
1.	Vestmannaeyjar	126.500
2.	Þorlákshöfn	19.400
	Samtals	**145.900**
Reykjanes:		
1.	Grindavík	208.000
2.	Sandgerði	88.300
3.	Hafnasamlag Suðurnesja	9.400
4.	Hafnarfjörður	9.000
	Samtals	**314.700**

b.	Óskipt til slysavarna o.fl.	1.200
c.	Rannsóknir o.fl.	10.000
	Samtals	**1.351.500**

2. Lendingarbætur (10-335 6.74).

1.	Búðir og Hellnar á Snæfellsnesi	300
2.	Haukabergsvaðall	200
3.	Hesteyri	200
4.	Lagarfljótsbrú	1.000
5.	Breiðdalsvík	700
6.	Reykjafjörður nyrðri	200
7.	Gjögur	200
	Samtals	**2.800**

3. Sjóvarnargarðar (10-335 6.80).

1.	Snæfellsbær	1.000
2.	Eyrarsveit	5.100
3.	Vesturbyggð	6.000
4.	Ísafjarðarbær	23.000
5.	Árneshreppur	900
6.	Blönduósbær	8.800
7.	Dalvíkurbyggð	4.400
8.	Hríseyjarhreppur	100
9.	Árskógssandur	700
10.	Grýtubakkahreppur	5.700
11.	Sveitarfélagið Ölfus	10.200
12.	Sandgerðisbær	600
13.	Gerðahreppur	2.200
14.	Reykjanesbær	100
15.	Vatnsleysustrandarhreppur	5.000
	Samtals	**73.800**

390. Nefndarálit [194. mál]

um frv. til l. breyt. á l. nr. 110/1999, um Póst- og fjarskiptastofnun.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttir frá samgönguráðuneytinu, Pál Ásgrímsson frá Landssímanum hf. og Þórólf Árnason frá Tali hf.

Markmið frumvarpsins er að afla lagaheimildar til gjaldtöku vegna þriðja GSM 900 leyfisins. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að með þessu skuli gætt jafnræðis gagnvart þeim sem þegar hafa fengið slíkt rekstrarleyfi og þurftu á sínum tíma að greiða samsvarandi upphæð fyrir það.

Þá er tekið fram í athugasemdum við frumvarpið að gjaldtakan sem lögð er þar til sé alveg óháð umræðu um þriðju kynslóðar farsíma og verðmæti tíðnirása.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Lagt er til að í stað þess að bæta nýrri málsgrein við 11. gr. laganna verði kveðið á um gjaldtökuna í bráðabirgðaákvæði. Rökin eru að þegar leyfið hefur verið veitt og gjaldið innheimt verður gjaldtökuheimildin óþörf. Jafnframt eru gerðar lítils háttar breytingar á orðalagi ákvæðisins.

Jón Bjarnason skrifar undir álitið með fyrirvara. Þorgerður K. Gunnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. nóv. 2000.

Árni Johnsen, form., frsm.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Guðmundur Hallvarðsson.
Jón Kristjánsson.	Hjálmar Árnason.	Jón Bjarnason, með fyrirvara.

391. Breytingartillaga [194. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 110/1999, um Póst- og fjarskiptastofnun.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (ÁJ, ArnbS, GHall, JónK, HjÁ, JB).

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Vegna úthlutunar tíðni til starfrækslu þriðja rekstrarleyfishafans á GSM 900 MHz þjónustu skal heimilt að taka 16.600.000 kr. gjald.

392. Frumvarp til laga [317. mál]

um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „4.065 kr.“ í 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: 4.578 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra hefur ekki breyst frá því 1. janúar 1997 en þá var það hækkað með lögum nr. 140/1996, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997. Úr Framkvæmdasjóði aldraðra eru m.a. veittir styrkir til bygginga þjónustumiðstöðva, dagvista og stofnana fyrir aldraða. Vegna hækkunar byggingarkostnaðar að undanförnu er við útreikning miðað við hækkun vísitölu byggingarkostnaðar frá árinu 1997. Á höfuðborgarsvæðinu bíða um 560 manns eftir vistrými, þar af eru um 230 manns í mjög brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými samkvæmt vistunarskrá sem byggð er á vistunarmati aldraðra. Brýnt er að hækka gjaldið svo að hægt verði að hraða uppbyggingu á þeim svæðum þar sem þörfin er mest.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999.

Með frumvarpinu er lagt til að sérstakt gjald sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og renna skal í Framkvæmdasjóð aldraðra skuli nema 4.578 kr. á hvern gjaldanda í stað 4.065 kr. í gildandi lögum. Ef miðað er við 148.000 gjaldendur á árinu 2001 hækka ríkistekjur um 76 m.kr. sem renna til Framkvæmdasjóðs aldraðra verði frumvarpið að lögum.

393. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá Gísla S. Einarssyni og Jóhanni Ársælssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **06-101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Yfirstjórn	195,0	-5,0	190,0
2. Við **06-413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi**			
1.20 Löggæsla	49,6	5,0	54,6

394. Svar [246. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möller um tekjur ríkissjóðs af almennu skemmtanaleyfi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjar voru tekjur ríkissjóðs af almennu skemmtanaleyfi fyrir veitingastað skv. 32. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, og hversu margir voru gjaldendurnir árin 1997, 1998 og 1999, sundurliðað eftir stærð sveitarfélaga:

a. með allt að 2000 íbúa,
b. með 2001–4000 íbúa,
c. með 4001–8000 íbúa,
d. með fleiri en 8000 íbúa?

Samkvæmt upplýsingum Ríkisbókhalds og samkvæmt staðfestum upplýsingum frá sýslumönnum og lögreglustjóranum í Reykjavík voru innheimt skemmtanaleyfi fyrir veitingastað til eins árs eða skemur árið 1997 samtals kr. 12.530.000, árið 1998 samtals kr. 11.286.000 og árið 1999 samtals kr. 13.609.798. Engin leyfi voru innheimt frá 1. janúar 1997 til og með 31. desember 1999 fyrir veitingastað til lengri tíma en eins árs. Ekki reyndist unnt að sundurliða tekjurnar fyrir framangreind ár eftir stærð sveitarfélaga innan þeirra tímamarka sem veitt voru til að svara fyrirspurn. Til nánari upplýsinga fylgir meðfylgjandi tafla Ríkisbókhalds með sundurliðun gjalda eftir sýslumannsembættum.

Innheimt skemmtanaleyfi
(Ríkisbókhald 17. 11. 2000)

	1997		1998		1999		1.1.–15.11. 2000	
	< 1 ár	> 1 ár	< 1 ár	>1 ár	< 1 ár	>1 ár	< 1 ár	> 1 ár
Lögreglustjórinn í Reykjavík	7.200.000	0	6.200.000	0	8.200.000	0	6.500.000	0
Sýslumaðurinn í Kópavogi	100.000	0	200.000	0	100.000	0	100.000	0
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	400.000	0	300.000	0	200.000	0	200.000	0
Sýslumaðurinn í Keflavík	300.000	0	261.000	0	534.798	0	600.000	0
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	0	0	0	0	0	0	0	0
Sýslumaðurinn á Akranesi	300.000	0	200.000	0	300.000	0	400.000	0
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	200.000	0	200.000	0	300.000	0	100.000	0
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	200.000	0	0	0	300.000	0	300.000	0

	1997		1998		1999		1.1.–15.11. 2000	
	< 1 ár	> 1 ár	< 1 ár	>1 ár	< 1 ár	>1 ár	< 1 ár	> 1 ár
Sýslumaðurinn í Búðardal	0	0	0	0	0	0	0	0
Sýslumaðurinn á Ísafirði	400.000	0	500.000	0	500.000	0	500.000	0
Sýslumaðurinn í Bolungarvík	100.000	0	0	0	0	0	100.000	0
Sýslumaðurinn á Patreksfirði	200.000	0	200.000	0	200.000	0	200.000	0
Sýslumaðurinn á Hólmavík	0	0	0	0	0	0	0	0
Sýslumaðurinn á Siglufirði	100.000	0	100.000	0	100.000	0	200.000	0
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	480.000	0	600.000	0	600.000	0	600.000	0
Sýslumaðurinn á Blönduósi	200.000	0	200.000	0	300.000	0	300.000	0
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	0	0	0	0	0	0	100.000	0
Sýslumaðurinn á Akureyri	700.000	0	800.000	0	300.000	0	200.000	0
Sýslumaðurinn á Húsavík	200.000	0	375.000	0	0	0	0	0
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	0	0	0	0	100.000	0	200.000	0
Sýslumaðurinn í Neskaupstað	100.000	0	0	0	100.000	0	100.000	0
Sýslumaðurinn á Eskifirði	450.000	0	450.000	0	375.000	0	100.000	0
Sýslumaðurinn á Höfn	300.000	0	0	0	200.000	0	0	0
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	300.000	0	300.000	0	300.000	0	200.000	0
Sýslumaðurinn á Selfossi	300.000	0	400.000	0	500.000	0	300.000	0
Sýslumaðurinn í Vík	0	0	0	0	0	0	0	0
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	0	0	0	0	100.000	0	0	0
Samtals	**12.530.000**	**0**	**11.286.000**	**0**	**13.609.798**	**0**	**11.300.000**	**0**

395. Svar [237. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um skógræktarverkefni.

1. *Hvað er ráðherra kunnugt um mörg skógræktarverkefni sem unnið er að hér á landi um þessar mundir og hver eru þau?*

Sjö verkefni:

a. **Fimm landshlutabundin skógræktarverkefni:** Héraðsskógar, Suðurlandsskógar, Norðurlandsskógar, Vesturlandsskógar og Skjólskógar á Vestfjörðum. Hvert verkefni er sjálfstæður aðili, sem sinnir ræktun skóga og skjólbelta á þeim landsvæðum sem tiltekin eru í lögum þeirra og/eða áætlunum, samþykktum af ráðherra. Áætlanirnar eru til 40 ára.

b. **Nytjaskógrækt á bújörðum:** Samkvæmt lögum um skógrækt, nr. 3/1955, styrkir ríkissjóður ræktun nytjaskóga á bújörðum í þeim héruðum landsins þar sem skógræktarskilyrði eru vænleg, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni, enda verði skógræktin þáttur í búskap bænda eða jarðeigenda.

Skógrækt ríkisins styður enn þá „nytjaskógrækt á bújörðum“ á þeim svæðum á Austurlandi sem falla ekki undir Héraðsskóga. Í öðrum landshlutum hafa landshlutabundnu skógræktarverkefnin leyst það verkefni af hólmi.

c. **Landgræðsluskógar:** Samstarfsverkefni á vegum landbúnaðarráðuneytisins, Skógræktarfélags Íslands og aðildarfélaga þess, Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins, verkefni undir stjórn Skógræktarfélags Íslands.

2. *Hvert er umfang hvers um sig?*

Héraðsskógar, stofnsettir 1991. Héraðsskógaáætlunin er til 40 ára, skipt í 10 ára tímabil. Markmiðið er að gróðursetja í 20.000 ha. Í Fljótsdalsáætlun, sem var undanfari Héraðsskóga, höfðu verið gróðursettar 700 þús. plöntur á árunum 1970–1989.

Fjöldi þátttakenda: 107.

Fjöldi á biðlista: 15.

Gróðursett frá upphafi: 12,3 millj. plantna.

Lengd skjólbelta: 40 km.

Suðurlandsskógar, stofnsettir 1998. Innan ramma verkefnisins er gert ráð fyrir að rækta skóga á um 35.000 ha lands eða á um 5% af flatarmáli láglendis. Timburskógrækt verði stunduð á um 15.000 ha og landbótaskógrækt á um 20.000 ha lands. Þá er gert ráð fyrir að rækta um 10.000 km af skjólbeltum.

Norðurlandsskógar, stofnsettir 2000. Samkvæmt áætlun verkefnisins er gert ráð fyrir að rækta skóg á um 5% af flatarmáli láglendis undir 400 m h.y.s., 20.000 ha af timburskógum, 45.000 ha af landbótaskógum og rækta um 10.000 km af skjólbeltum.

Fjöldi þátttakenda: 42.

Fjöldi á biðlista: 150.

Gróðursett frá upphafi (með nytjaskógrækt á bújörðum): 2,3 millj. plantna.

Lengd skjólbelta: 25 km.

Vesturlandsskógar, stofnsettir 2000. Stefnt er að því að rækta skóg á a.m.k. 5% láglendis undir 400 m h.y.s. eða sem nemur 35.000 ha. Timburskógrækt er áætluð á um 15.000 ha lands og landbótaskógrækt á um 10.000 ha lands.

Skjólskógar á Vestfjörðum, stofnsettir 2000. Stefnt er að því að rækta skjólbelti og fjölnytjaskóga á a.m.k. 5% af flatarmáli lands undir 400 m h.y.s. á Vestfjörðum eða sem nemur 28.000 ha. Náttúruleg þekja skóga og kjarrs er nú ætluð 20.600 ha. Gróf skipting

skógræktarflokka er áætluð eftirfarandi: Fjölnytjaskógur 5.800 ha, landbóta- og landgræðsluskógrækt, ásamt endurheimt birkiskóga, 7.000 ha, beitarverndar- og skjólskógar 15.200 ha. Áætlað er að skjólbelti verði allt að 2.000 km.

Fjöldi þátttakenda: 12 jarðir og á biðlista eru 84.

Gróðursettar voru 96.000 plöntur í ár og 7 km af skjólbeltum.

Nytjaskógrækt á bújörðum. Skógrækt bænda undir stjórn Skógræktar ríkisins. Náði áður til innsveita í öllum landsfjórðungum, en nær nú einungis til bænda á Austurlandi utan Héraðsskógasvæðisins. Þetta verkefni var undanfari landshlutabundnu skógræktarverkefnanna en er nú um það bil að líða undir lok.

Fjöldi þátttakenda alls 1984–2000: 60.

Fjöldi þátttakenda nú: 12 (eingöngu á Austurlandi utan Héraðs).

Gróðursett frá upphafi: 3 millj. plantna, þar af 120.000 plöntur á þessu ári.

Landgræðsluskógar. Samningsbundin svæði á vegum Landgræðsluskóga eru um 120, víðs vegar á landinu. Ræktunarsvæðin eru að 2/3 hluta í eigu sveitarfélaga og 1/3 í eigu ríkisins, skógræktarfélaga og einstaklinga.

Flatarmál er um 10.000 ha og þar af er búið að gróðursetja í tæplega helming eða 4.800 ha. Gróðursettar hafa verið 11,5 millj. plantna. Um 50 skógræktarfélög eru þátttakendur og koma að samningagerð, umsjón og gróðursetningu. Samvinna við sveitarfélög er víða mikil. Á landsvísu koma að verkefninu milli 5–800 manns árlega.

3. *Hvert er markmið og tilgangur hvers um sig?*

a. **Landshlutabundin skógræktarverkefni.**

Héraðsskógar: Tilgangur þeirra er að stuðla að ræktun nytjaskóga á Fljótsdalshéraði og umhirðu þess skóglendis sem þar er fyrir og treysta með því byggð og efla atvinnulíf á Héraði.

Suðurlandsskógar: Tilgangur þeirra er að stuðla að ræktun fjölnytjaskóga á Suðurlandi (þ.e. Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu) og umhirðu þess skóglendis sem þar er fyrir og treysta með því byggð og fjárfesta í nýrri auðlind sem efla mun atvinnulíf í framtíðinni. Markmiðið með Suðurlandsskógum er að gefa sem flestum tækifæri til að taka þátt í fjölnytjaskógrækt á Suðurlandi og stuðla þannig að þróun og viðhaldi byggðar á svæðinu jafnframt því að græða og bæta landið fyrir komandi kynslóðir.

Vesturlandsskógar: Tilgangur þeirra er að stuðla að aukinni skóg- og skjólbeltarækt á lögbýlum á Vesturlandi, þ.e. í Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu. Gert er ráð fyrir að sem flestir þeir sem umráð hafa yfir landi – og áhuga geti orðið þátttakendur í verkefninu. Markmið þeirra er m.a. að stuðla að traustari byggð til langframa á svæðum sem nú eiga undir högg að sækja.

Skjólskógar á Vestfjörðum: Tilgangur þeirra er að rækta skjólbelti og fjölnytjaskóga á Vestfjörðum (þ.e. Barðastrandarsýslum, Ísafjarðarsýslum og Strandasýslu), treysta með því byggð og fjárfesta í nýrri auðlind sem efla mun atvinnu- og mannlíf í framtíðinni. Einnig er ætlast til að Skjólskógar hirði um náttúrulega skóga á svæðinu og hafi forustu um þekkingarmiðlun og tilraunir er varða skógrækt á svæðinu. Markmið þeirra er að verða öflugt byggða- og umhverfisverkefni jafnframt því að vera ný búgrein.

Norðurlandsskógar: Tilgangur þeirra er að stuðla að skóg- og skjólbeltarækt á Norðurlandi (þ.e. Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, Norður- og Suður-Þingeyjarsýslu) og treysta með því byggð og fjárfesta í nýrri auðlind sem efla mun atvinnulíf í framtíðinni. Markmiðið er að skapa nýtt, öflugt byggða- og umhverfisverkefni og að gefa sem flestum kost á því að taka þátt í því.

b. **Nytjaskógrækt á bújörðum.**

Samkvæmt lögum um skógrækt, nr. 3/1955, styrkir ríkissjóður ræktun nytjaskóga á bújörðum í þeim héruðum landsins þar sem skógræktarskilyrði eru vænleg, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni, enda verði skógræktin þáttur í búskap bænda eða jarðeigenda.

c. **Landgræðsluskógar.**

Tilgangur þeirra og markmið er að endurheimta landgæði með ræktun og gróðursetningu í rýrt og ógróið land. Auk þess eru öll svæðin ætluð til útivistar og almenningsnota. Lögð hefur verið áhersla á að velja svæði í nágrenni eða við þéttbýli, ellegar við fjölförnustu leiðir.

4. Á hverra forræði eru þessi verkefni og hvernig er fjármögnun þeirra háttað?

a. **Landshlutabundin skógræktarverkefni.**

Forræði verkefnanna á hverri jörð fyrir sig er hjá landeigandanum sjálfum, hann er framkvæmdaraðili og eigandi skógarins. Með samningi við landshlutabundnu skógræktarverkefnin tryggir hann sér aðgang að þjónustu og fjármagni til stofnframkvæmda og samþykkir ákveðnar skyldur sem hvíla á jörðinni.

Fjármögnun er þannig háttað að samningurinn veitir landeiganda framlag eða lán fyrir 97% af stofnkostnaði sem hann á að endurgreiða samkvæmt lögunum þegar skógurinn fer að skila tekjum. Samkvæmt lögunum greiðir ríkissjóður kostnað vegna fastra starfsmanna verkefnanna.

Hvert landshlutaverkefnið lýtur stjórn sem skipuð er af landbúnaðarráðherra samkvæmt ákvæðum viðkomandi laga.

Stjórn Héraðsskóga er skipuð þremur aðilum: einum fulltrúa Skógræktar ríkisins, einum fulltrúa Félags skógareigenda á Austurlandi og einum fulltrúa landbúnaðarráðherra. Stjórnin er skipuð til tveggja ára í senn.

Stjórn Suðurlandsskóga er skipuð þremur aðilum: einum fulltrúa Skógræktar ríkisins, einum fulltrúa Félags skógarbænda á Suðurlandi og einum fulltrúa landbúnaðarráðherra. Stjórnin er skipuð til fjögurra ára.

Stjórn Norðurlandsskóga er skipuð fjórum aðilum: einum fulltrúa Skógræktar ríkisins, einum fulltrúa Félags skógarbænda á Norðurlandi, einum fulltrúa skógræktarfélaga á Norðurlandi og einum fulltrúa landbúnaðarráðherra. Stjórnin er skipuð til fjögurra ára.

Stjórn Vesturlandsskóga er skipuð fjórum aðilum: einum fulltrúa Skógræktar ríkisins, einum fulltrúa Félags skógarbænda á Vesturlandi, einum fulltrúa skógræktarfélaga á Vesturlandi og einum fulltrúa landbúnaðarráðherra. Stjórnin er skipuð til fjögurra ára.

Stjórn Skjólskóga á Vestfjörðum er skipuð fjórum aðilum: einum fulltrúa Skógræktar ríkisins, einum fulltrúa Félags skógarbænda á Vestfjörðum, einum fulltrúa skógræktarfélaga á Vestfjörðum og einum fulltrúa landbúnaðarráðherra. Stjórnin er skipuð til fjögurra ára.

b. Skógrækt ríkisins styrkir verkefnið **nytjaskógrækt á bújörðum** og stýrir því.

c. **Landgræðsluskógar** er samstarfsverkefni Skógræktarfélags Íslands, Skógræktar ríkisins, Landgræðslu ríkisins og landbúnaðarráðuneytisins. Verkefninu er stjórnað og það er skipulagt af Skógræktarfélagi Íslands. Verkefnið hófst með söfnunarátaki 1990 í tilefni 60 ára afmælis Skógræktarfélags Íslands og var fyrstu árin fjármagnað á þann hátt. Lengst af hefur Skógrækt ríkisins styrkt verkefnið með trjáplöntum, Landgræðslan annast um flutning plantnanna til skógræktarfélaganna vítt og breitt um landið sem önnuðust gróðursetninguna í sjálfboðavinnu eða útveguðu fólk til starfans. Eftir að Skógrækt ríkisins var gert að hætta að stærstum hluta plöntuframleiðslu var erfiðara um vik fyrir stofnunina að leggja til plöntur til verkefnisins. Árið 1999 var gerður samningur milli Skógræktarfélags Íslands, landbún-

aðarráðherra og fjármálaráðherra til ársins 2003 sem felur í sér að ríkissjóður skuldbindur sig til að greiða árlega framlög til Landgræðsluskóga sem hér segir: Árið 1999 10 millj. kr., árið 2000 12 millj. kr., árið 2001 14 millj. kr., árið 2002 16 millj. kr. og árið 2003 16 millj. kr. Á sama tíma mun Skógrækt ríkisins hætta að leggja verkefninu til plöntur.

5. Hver eru tengsl Skógræktar ríkisins við þessi verkefni?

Skógrækt ríkisins var í forustu um stofnun landshlutabundnu skógræktarverkefnanna. Þá annaðist hún skipulagningu og áætlanagerð verkefnanna og veitti ráðgjöf og leiðbeiningar. Þar til á síðasta ári sinnti stofnunin þessum þáttum endurgjaldslaust.

Skógrækt ríkisins á fulltrúa í stjórnum allra verkefnanna. Auk þess hagar svo til á flestum stöðum að starfsmenn Skógræktarinnar og starfsmenn verkefnanna vinna að verulegu leyti undir sama þaki svo tengslin eru mikil og góð.

Skógrækt ríkisins sér alfarið um framkvæmd nytjaskógræktar á bújörðum.

Skógrækt ríkisins á fulltrúa í stjórn Landgræðsluskóga.

6. Hvað líður endurskoðun laga um skógrækt og landgræðslu?

Nefnd sem hafði það hlutverk að fjalla um stefnumótun í landgræðslu og leggja fram tillögu að frumvarpi til nýrra landgræðslulaga hefur skilað af sér og lokið störfum. Frumvarpsdrögin eru til meðferðar í ráðuneytinu. Nefnd sem skipuð var á þessu ári og ætlað er að skila stefnumótunarskýrslu og tillögum að frumvarpi til nýrra skógræktarlaga er að störfum. Vænta má niðurstaðna hennar í byrjun næsta árs.

396. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá Jóni Bjarnasyni, Árna Steinari Jóhannssyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhalds og stofnkostnaður**			
6.21 Stofnkostnaður	263,0	150,0	413,0
2. Við **02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi**			
1.91 Háskólar, óskipt	52,5	150,0	202,5
3. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	293,0	300,0	593,0
4. Við **02-884 Jöfnun á námskostnaði**			
1.01 Jöfnun á námskostnaði	403,9	52,0	455,9
5. Við **02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana	380,0	50,0	430,0

6. Við **02-971 Ríkisútvarpið**			
1.15 Textun frétta fyrir heyrnarskerta	0,0	10,0	10,0
7. Við **02-979 Húsafriðunarsjóður**			
6.10 Húsafriðunarsjóður	25,5	50,0	75,5
8. Við **03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.02 Varnarmálaskrifstofa	62,0	-52,0	10,0
9. Við **03-311 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu**			
1.01 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	63,0	-40,0	23,0
10. Við **03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands**			
1.01 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	376,5	100,0	476,5
11. Við **03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**			
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	17,0	10,0	27,0
12. Við **07-205 Leiguíbúðir**			
6.22 Átak í byggingu félagslegs leiguhúsnæðis	0,0	800,0	800,0
13. Við **07-700 Málefni fatlaðra**			
1.21 Vistun geðfatlaðra barna og ungmenna	0,0	50,0	50,0
14. Við **07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra**			
6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra	235,0	372,0	607,0
15. Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
1.85 Efling félagslegs forvarnastarfs, langtímaverkefni	0,0	100,0	100,0
16. Við **10-190 Ýmis verkefni**			
1.52 Bætt fjarskipti og aukin flutningsgeta grunnnetsins	0,0	300,0	300,0
17. Við **10-651 Ferðamálaráð**			
1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir	47,6	100,0	147,6
18. Við **11-399 Ýmis orkumál**			
1.16 Styrking dreifikerfis í sveitum	138,0	100,0	238,0
19. Við **12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Yfirstjórn	102,8	-6,0	96,8
20. Við **12-190 Ýmis verkefni**			
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál	20,4	-9,0	11,4
21. Við **14-190 Ýmis verkefni**			
1.70 Samningur um líffræðilega fjölbreytni	0,0	20,0	20,0
22. Við **14-205 Náttúruvernd ríkisins**			
a. 1.01 Yfirstjórn	67,0	11,0	78,0
b. 1.10 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	51,9	25,0	76,9
c. 5.01 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	25,0	100,0	125,0
d. Sértekjur	-24,9	10,0	-14,9
23. Við **14-221 Hollustuvernd ríkisins**			
1.01 Hollustuvernd ríkisins	228,8	50,0	278,8
24. Við **14-301 Skipulagsstofnun**			
1.01 Skipulagsstofnun	114,5	10,0	124,5
25. Við **14-310 Landmælingar Íslands**			
Sértekjur	-48,1	15,0	-33,1

26. Við **14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands**			
1.01 Yfirstjórn	45,4	25,0	70,4

Greinargerð.

Til skýringar við 3. tölul. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að af þeirri fjárhæð sem áætluð er á viðfangsefninu 1.90 Framhaldsskólar, almennt, sé gert ráð fyrir 35 m.kr. vegna fyrirhugaðra samninga við einkaskóla. Lagt er til að sú fjárveiting falli niður en í stað hennar verði 35 m.kr. varið til að styrkja framhaldsskólanám í fámennum skólum í dreifbýli.

397. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar (EMS, ÖS, GE).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 1:			
1. Við **I Skatttekjur**			
a. 1.1.1.1 Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	43.850,0	3.350,0	47.200,0
b. 1.5.1.1 Tekjuskattur, lögaðilar	12.440,0	250,0	12.690,0
c. 5.1.1.1 Virðisaukaskattur	80.230,0	350,0	80.580,0
d. 5.1.2.1.15 Vörugjald af innfluttum ökutækjum	5.150,0	150,0	5.300,0
Breytingar á sundurliðun 2:			
2. Við **02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			
6.21 Stofnkostnaður	263,0	200,0	463,0
3. Við **02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi**			
1.21 Fjarkennsla á háskólastigi	0,0	100,0	100,0
4. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
a. 1.24 Lagfæringar á reiknilíkani framhaldsskóla og aukin fjarkennsla	0,0	200,0	200,0
b. 1.29 Nýbúafræðsla	0,0	100,0	100,0
c. 1.31 Upplýsingatækni við framhaldsskólana	0,0	200,0	200,0
5. Við **02-451 Símenntun og fjarvinnsluverkefni**			
1.11 Símenntun og fjarvinnsluverkefni	63,3	63,3	126,6
6. Við **02-982 Listir, framlög**			
a. 1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga	17,2	20,0	37,2
b. 1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa	25,0	20,0	45,0
c. 1.83 Menningarhátíð landsbyggðarinnar	5,0	10,0	15,0
7. Við **05-202 Hafrannsóknastofnunin**			
Sértekjur	-186,6	-600,0	-786,6
8. Við **05-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins**			
Sértekjur	-161,9	-20,0	-181,9

9. Við **05-204 Fiskistofa**			
Sértekjur	-12,7	-130,0	-142,7
10. Við **07-700 Málefni fatlaðra**			
1.82 Fjarkennsla fatlaðra, tækjabúnaður og þróunarstarf	0,0	50,0	50,0
11. Við **07-795 Framkvæðasjóður fatlaðra**			
6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra	235,0	397,0	632,0
12. Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**			
1.45 Starfsmenntasjóður	60,0	40,0	100,0
13. Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
1.32 Hvíldarheimili fyrir geðveik börn	0,0	25,0	25,0
14. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
a. 1.26 Afkomutrygging lífeyrisþega, 1. áfangi	0,0	2.000,0	2.000,0
b. 1.27 Afnám tekjutengingar tekjutryggingar elli- og örorkulífeyrisþega við tekjur maka	0,0	300,0	300,0
15. Við **08-373 Landspítali, háskólasjúkrahús**			
1.01 Landspítali, háskólasjúkrahús	19.205,7	50,0	19.255,7
Greitt úr ríkissjóði	*18.110,0*	*50,0*	*18.160,0*
16. Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
1.52 Fíkniefnavarnir	0,0	100,0	100,0
17. Við **09-250 Innheimtukostnaður**			
1.21 Hert skatteftirlit	0,0	50,0	50,0
18. Við **09-811 Barnabætur**			
1.11 Barnabætur	4.230,0	1.285,0	5.515,0
19. Við **09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**			
6.05 Stjórnarráðsbyggingar	208,0	-190,0	18,0
20. Við **11-299 Iðja og iðnaður, framlög**			
1.49 Frumkvöðlar á landsbyggðinni	0,0	25,0	25,0
Breytingar á sundurliðun 4:			
21. Við **47-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir**			
Fjármagnsgjöld	430,0	200,0	630,0

22. Við 7. gr. Nýir liðir:

8.16 Að lækka önnur gjöld ráðuneyta um 860 m.kr.

8.17 Að fela ráðuneytum að skera niður ferða- og risnukostnað um 450 m.kr.

8.18 Að innheimta 2.700 kr. gjald á hverja þorskígildislest af úthlutuðu aflamarki, sbr. 6. gr. laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, og ráðstafa 750 m.kr. sem þannig innheimtast: til Hafrannsóknastofnunarinnar 600 m.kr., til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins 20 m.kr. og til Fiskistofu 130 m.kr.

398. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni, Jóni Bjarnasyni, Þuríði Backman og Sverri Hermannssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
1.15 Lyf	4.580,0	420,0	5.000,0

399. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni, Jóni Bjarnasyni, Þuríði Backman og Sverri Hermannssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
a. 1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	7.090,0	410,0	7.500,0
b. 1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	2.840,0	160,0	3.000,0
2. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
1.55 Sjúkradagpeningar	250,0	250,0	500,0

400. Frumvarp til laga [318. mál]

um jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2001.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Til að standa straum af fjárframlögum vegna alþjónustu árið 2001 skal innheimta jöfnunargjald skv. 15. gr. laga um fjarskipti, nr. 107/1999, af gjaldskyldri veltu ársins. Gjaldið skal nema 0,12% af bókfærðri veltu eins og hún er skilgreind í 2. mgr. 15. gr. laga um fjarskipti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt IV. kafla laga um fjarskipti, nr. 107/1999, er við útgáfu rekstrarleyfis hægt að kveða á um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að veita alþjónustu. Umfang alþjónustu er skilgreint í 13. gr. laganna og ákvæðum reglugerðar nr. 641/2000, um alþjónustu. Þurfi fjarskiptafyrirtæki að veita alþjónustu þrátt fyrir að hún sé rekin með tapi eða óarðbær vegna ákvörðunar stjórnvalda getur það öðlast endurkröfurétt á hendur sérstökum jöfnunarsjóði. Rekstrarleyfishafi sem sinnir einhverjum þætti sem fellur undir alþjónustu vegna ákvörðunar stjórnvalda getur því snúið sér til Póst- og fjarskiptastofnunar og sótt um framlag úr jöfnunarsjóði ef þjónustan er rekin með tapi eða er óarðbær.

Í samræmi við 14. gr. fjarskiptalaga óskaði Póst- og fjarskiptastofnun eftir umsóknum um fjárframlög úr jöfnunarsjóði vegna þeirra alþjónustukvaða sem eru lagðar á rekstrarleyfishafa samkvæmt leyfisbréfum þeirra. Ein umsókn barst um fjárframlag og var hún frá Neyðarlínunni ehf. Farið var fram á 20,5 millj. kr. vegna kostnaðar við neyðarsímsvörun sem skv. 4. gr. reglugerðar nr. 641/2000 telst vera alþjónusta og fyrirtækinu hefur verið gert skylt að veita samkvæmt rekstrarleyfi. Með umsókninni fylgdu fullnægjandi gögn um þann kostnað sem umsækjandi ber af alþjónustukvöð. Póst- og fjarskiptastofnun áætlar því að greiða 20,5 millj. kr. úr jöfnunarsjóði á árinu 2001.

Lagt er til að jöfnunargjald verði ákveðið 0,12% fyrir árið 2001. Miðað er við veltu gjaldskyldra aðila á árinu 1999 (u.þ.b. 21,5 milljarðar kr.) og fjárþörf sjóðsins árið 2001. Í forsendum er gert ráð fyrir 5% lægri veltu árið 2001 en var 1999 vegna gjaldskrárlækkana sem leiða af harðnandi samkeppni. Stofninn er því áætlaður um 20 milljarðar kr. Nauðsynleg álagsprósenta telst vera 0,10% en er hækkuð í 0,12% til að reiknað sé með vanhöldum.

Álagning og innheimta jöfnunargjalds fer eftir ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2001.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að setja á jöfnunargjald vegna alþjónustu. Í 15. gr. laga nr. 107/1999, um fjarskipti, er kveðið á um að jöfnunargjald skuli ákveðið árlega með lögum. Samkvæmt lögunum má skylda fjarskiptafyrirtæki til þess að veita svokallaða alþjónustu sem er skilgreind í 13. gr. laganna. Ef þjónustan felur í sér meiri tilkostnað en sem nemur tekjum getur viðkomandi fyrirtæki krafist fjárframlaga sem tryggja eðlilegt endurgjald fyrir þjónustuna. Til að standa straum af þessum greiðslum skal innheimt jöfnunargjald sem rennur til Póst- og fjarskiptastofnunar og skal það ákveðið árlega með lögum. Í frumvarpinu er lagt til að jöfnunargjaldið fyrir árið 2001 verði 0,12% af veltu fjarskiptafyrirtækja vegna almennrar þjónustu. Samkvæmt upplýsingum frá samgönguráðuneytinu er gert ráð fyrir að stofn til álagningar verði 20 milljarðar kr. Samkvæmt því er áætlað að álagning nemi 24 m.kr. Gjöld á móti eru áætluð um 20 m.kr. sem er framlag vegna kostnaðar við neyðarsímsvörun og miðast við innheimtar tekjur. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem gert er ráð fyrir tekjum á móti gjöldum.

401. Tillaga til þingsályktunar [319. mál]

um sjóvarnaáætlun 2001–2004.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar, skv. 4. gr. laga um sjóvarnir, nr. 28/1997, að árin 2001–2004 skuli framkvæmdum við sjóvarnir hagað samkvæmt eftirfarandi sjóvarnaáætlun.

Tafla 1. Áætlaðar fjárveitingar ríkissjóðs, í millj. kr.

Kjördæmi	2001			2002			2003			2004			Fjárveitingar alls
Sveitarfélag	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	2001-2004
VESTURLAND													
Akraneskaupstaður	0,0	0,0	0,0	6,5	0,0	6,5	2,3	0,0	2,3	0,0	0,0	0,0	8,8
Innri-Akraneshreppur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,9	0,0	0,9	0,0	0,0	0,0	0,9
Snæfellsbær	0,0	1,0	1,0	1,6	0,0	1,6	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	2,6
Eyrarsveit	5,1	0,0	5,1	0,0	0,0	0,0	2,4	0,0	2,4	1,2	0,0	1,2	8,7
	5,1	**1,0**	**6,1**	**8,1**	**0,0**	**8,1**	**5,6**	**0,0**	**5,6**	**1,2**	**0,0**	**1,2**	**21,0**
VESTFIRÐIR													
Reykhólahreppur	0,0	0,0	0,0	2,5	0,0	2,5	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	2,5
Vesturbyggð	6,0	0,0	6,0	0,0	0,0	0,0	6,9	0,0	6,9	6,2	0,0	6,2	19,1
Ísafjarðarbær	23,0	0,0	23,0	6,7	0,0	6,7	0,0	0,0	0,0	4,4	0,0	4,4	34,1
Súðavíkurhreppur	0,0	0,0	0,0	3,2	0,0	3,2	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	3,2
Árneshreppur	0,9	0,0	0,9	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,9	0,0	0,9	1,8
Kaldrananeshreppur	0,0	0,0	0,0	1,6	0,0	1,6	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,6
Broddaneshreppur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,3	0,0	1,3	1,3
	29,9	**0,0**	**29,9**	**14,0**	**0,0**	**14,0**	**6,9**	**0,0**	**6,9**	**12,8**	**0,0**	**12,8**	**63,6**
NORÐURLAND VESTRA													
Húnaþing vestra	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,8	0,0	1,8	1,8
Blönduósbær	8,7	0,1	8,8	0,0	0,0	0,0	4,4	0,0	4,4	10,1	0,0	10,1	23,3
Höfðahreppur	0,0	0,0	0,0	4,1	0,0	4,1	1,9	0,0	1,9	0,0	0,0	0,0	6,0
Skagahreppur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	3,5	0,0	3,5	0,0	0,0	0,0	3,5
	8,7	**0,1**	**8,8**	**4,1**	**0,0**	**4,1**	**9,8**	**0,0**	**9,8**	**11,9**	**0,0**	**11,9**	**34,6**
NORÐURLAND EYSTRA													
Dalvíkurbyggð	4,4	0,0	4,4	0,0	0,0	0,0	10,7	0,0	10,7	0,0	0,0	0,0	15,1
Dalvíkurbyggð/Árskógssandur	0,0	0,7	0,7	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,7
Hríseyjarhreppur	0,0	0,1	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,1
Arnarneshreppur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,9	0,0	0,9	0,9
Grýtubakkahreppur	5,7	0,0	5,7	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	5,7
Húsavíkurkaupstaður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	4,4	0,0	4,4	0,0	0,0	0,0	4,4
Öxarfjarðarhreppur	0,0	0,0	0,0	1,9	0,0	1,9	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,9
	10,1	**0,8**	**10,9**	**1,9**	**0,0**	**1,9**	**15,1**	**0,0**	**15,1**	**0,9**	**0,0**	**0,9**	**28,8**

Kjördæmi	2001			2002			2003			2004			Fjárveitingar alls
Sveitarfélag	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	2001-2004
AUSTURLAND													
Vopnafjarðarhreppur	0,0	0,0	0,0	4,8	0,0	4,8	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	4,8
	0,0	**0,0**	**0,0**	**4,8**	**0,0**	**4,8**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**4,8**
SUÐURLAND													
Árborg, sveitarfélag	0,0	0,0	0,0	17,7	0,0	17,7	9,4	0,0	9,4	7,4	0,0	7,4	34,5
Ölfus, sveitarfélag	10,2	0,0	10,2	7,9	0,0	7,9	3,2	0,0	3,2	0,0	0,0	0,0	21,3
	10,2	**0,0**	**10,2**	**25,6**	**0,0**	**25,6**	**12,6**	**0,0**	**12,6**	**7,4**	**0,0**	**7,4**	**55,8**
REYKJANES													
Grindavíkurkaupstaður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,1	0,0	1,1	5,9	0,0	5,9	7,0
Sandgerðisbær	0,6	0,0	0,6	0,0	0,0	0,0	4,7	0,0	4,7	3,7	0,0	3,7	9,0
Gerðahreppur	2,2	0,0	2,2	0,0	0,0	0,0	2,7	0,0	2,7	5,1	0,0	5,1	10,0
Reykjanesbær	0,0	0,1	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	4,7	0,0	4,7	4,8
Vatnsleysustrandarhreppur	5,0	0,0	5,0	0,0	0,0	0,0	3,6	0,0	3,6	3,3	0,0	3,3	11,9
Bessastaðahreppur	0,0	0,0	0,0	8,1	0,0	8,1	3,2	0,0	3,2	10,2	0,0	10,2	21,5
Seltjarnarneskaupstaður	0,0	0,0	0,0	5,0	0,0	5,0	10,0	0,0	10,0	6,1	0,0	6,1	21,1
	7,8	**0,1**	**7,9**	**13,1**	**0,0**	**13,1**	**25,3**	**0,0**	**25,3**	**39,0**	**0,0**	**39,0**	**85,3**
ÓSKIPT	0,0		0,0	2,2		2,2	2,9		2,9	5,0		5,0	10,1
Samtals allt landið	**71,8**	**2,0**	**73,8**	**73,8**	**0,0**	**73,8**	**78,2**	**0,0**	**78,2**	**78,2**	**0,0**	**78,2**	**304,0**

Tafla 2. Sundurliðun framkvæmda í einstökum sveitarfélögum. Heildarframkvæmdakostnaður.

Skýringar: Áætlanatölur byggjast á útreikningum Siglingastofnunar á heildarkostnaði. Í aftasta dálki er þátttökuhlutfall ríkissjóðs. Verðlag miðast við meðalbyggingarvísitölu árið 2000 (3,3% hækkun frá meðalvísitölu, úr 236 í 244 stig).

VESTURLAND

Sveitarfélag Verkefni	Flokkur	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	Hlutur ríkissjóðs
Akraneskaupstaður						
Veggurinn yst á Breið, SA-hluti (200 m - 1.200 m³)	C			2,6		7/8
Breiðin, Kárabæjarlóð-Bræðrapartur (130 m - 1.350 m³)	B-C		3,6			7/8
Breiðin með fram fyllingu við ÞÞÞ (100 m - 1.750 m³)	B-C		3,8			7/8
Innri-Akraneshreppur						
Ytri-Hólmur 2, frágangur til móts við bæjarhúsin (500 m³)	C			1,0		7/8
Snæfellsbær						
Ólafsvík við Ytra-Klif, félagsheimilið (40 m - 680 m³)	B-C		1,8			7/8
Eyrarsveit						
Grundarfjörður, við Nesið (250+ m - 2.000 m³)	B-C	4,5				7/8
Grundarfjörður, við Sæból 16 (50 m - 600 m³)	B-C	1,4				7/8
Grundarfjörður, við Grundargötu (100 m - 600 m³)	C				1,4	7/8
Skallabúðir (120 m - 1200 m³)	C			2,7		7/8
		5,9	**9,2**	**6,3**	**1,4**	

VESTFIRÐIR

Sveitarfélag Verkefni	Flokkur	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	Hlutur ríkissj.
Reykhólahreppur						
Flatey, við gamla frystihúsið og austan við bryggjuna (50 m - 700 m³)	B-C		2,9			7/8
Vesturbyggð						
Patreksfjörður, kverkin ofan við Oddann (110 m - 2.400m³)	B-C	6,9				7/8
Patreksfjörður, við vélsmiðjuna á Eyrinni (100 m - 1.500 m³)	C			4,3		7/8
Patreksfjörður, að Björgum (80 m - 1.200 m³)	C			3,5		7/8
Bíldudalur, við íbúðarhúsið Svalborg (60 m - 1.200 m³)	C				3,5	7/8
Bíldudalur, austan og vestan við Svalborg (100 m - 1.200 m³)	C				3,5	7/8
Ísafjarðarbær						
Flateyri, Brimnesvegur, hækkun krónu + styrking framhaldsverk (um 2.500 m³)	B	7,7				7/8
Flateyri, Brimnesvegur norðan Tjamargötu, styrking (um 2.500 m³)	B-C		7,7			7/8
Flateyri, Ytri Bót (80 m - 1.600 m³)	C				5,0	7/8
Ísafjörður, við Sundstræti (260 m - 6.000 m²)	B-C	13,6				7/8
Hnífsdalur, við rækjuverksmiðju (260 m - 2.200 m³)	B-C	5,0				7/8
Súðavíkurhreppur						
Norðan Súðavíkurhafnar við Nesveg (90 m - 1.600 m³)	B-C		3,6			7/8
Árneshreppur						
Djúpavík við bensínstöð (400 m³)	C	1,0				7/8
Við Gjögur, við lóðir 3 og 4 austan við Gjögurbryggju (400 m³)	C				1,0	7/8
Kaldrananeshreppur						
Drangsnes, við Framtíðina (40 m - 400m³)	B-C		0,8			7/8
Drangsnes, við Grundargötu (80-100 m - 500 m³)	C		1,0			7/8
Broddaneshreppur						
Óspakseyri, norðurbakkinn við sláturhúsið (500 m³)	C				1,5	7/8
		34,2	**16,0**	**7,8**	**14,5**	

NORÐURLAND VESTRA

Sveitarfélag Verkefni	Flokkur	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	Hlutur ríkissj.
Húnaþing vestra						
Reykir við Hrútafjörð, við íþróttahúsið, styrking (200 m³)	C				0,8	7/8
Reykir við Hrútafjörð, við byggðasafnið (80 m - 300 m³)	C				1,2	7/8
Blönduósbær						
Upp með Blöndu að sunnan (350 m - 2.100 m³)	C				6,5	7/8
Norðan Blöndu (320 m - 6.500 m³)	B-C	9,9		5,0	5,0	7/8
Höfðahreppur						
Við Árblik vestan hafnar (60 m - 900 m³)	B-C		2,5			7/8
Sunnan við Hólanes, styrking (200 m - 800 m³)	C			2,2		7/8
Suður fyrir iðnaðarhús Vallarbraut, framhald sjóvarnar (50 m - 800 m³)	B-C		2,2			7/8
Skagahreppur						
Víkur (100 m - 1000 m³)	C			2,1		7/8
Kálfshamarsvík, fremst á eiðið (70 m - 900 m³)	C			1,9		7/8
		9,9	**4,7**	**11,2**	**13,5**	

NORÐURLAND EYSTRA

Sveitarfélag Verkefni	Flokkur	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	Hlutur ríkissj.
Dalvíkurbyggð						
Dalvík, við Árhól, hækkuð grjótvörn (50 m - 400 m³)	B-C			1,1		7/8
Dalvík, Bliki - hafnargarður (90 m - 1.500 m³)	B-C	3,6				7/8
Dalvík, sunnan Dalvíkurhafnar (150 m - 900 m³ og endurröðun)	C			2,7		7/8
Dalvík, sunnan við Dalvíkurhöfn (þar fyrir sunnan, 300 m - 3.000 m³)	C			7,1		7/8
Árskógssandur, við Brimnes (40 m - 650 m³)	C			1,3		7/8
Hauganes, norðan hafnar (60 m - 600 m³)	B-C	1,4				7/8
Arnarneshreppur						
Hjalteyri, norðan vitans og meðfram Hjalteyrartjörn (100 m - 400 m³)	C				1,0	7/8
Grýtubakkahreppur						
Sunnan gömlu bryggjunnar með Höfðavegi (200 m - 2.500 m³)	B-C	6,5				7/8
Húsavíkurkaupstaður						
Húsavíkurbakkar syðst, suður að Haukamýrarlæk (150 m - 2.100 m³)	C			5,0		7/8
Öxarfjarðarhreppur						
Kópasker við Geflu, utan hafnar (70 m - 700 m³)	B-C		2,2			7/8
		11,5	**2,2**	**17,2**	**1,0**	

AUSTURLAND

Sveitarfélag Verkefni	Flokkur	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	Hlutur ríkissj.
Vopnafjarðarhreppur						
Innan Kaupfélagsbryggju (140 m - 2.400 m³)	C		5,5			7/8
		0,0	**5,5**	**0,0**	**0,0**	

SUÐURLAND

Sveitarfélag Verkefni	Flokkur	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	Hlutur ríkissj.
Árborg, sveitarfélag						
Stokkseyri, við Ísólfsskála (250 m - 2.500 m³)	C			5,2		7/8
Stokkseyri, Kaðlastaðir - Hraunsá (850 m - 12.750 m³ og 200 m - 5.000 m³)	B-C		20,2	5,5		7/8
Eyrarbakki, Hraunsá - Hraunsnef (400 m - 4.800 m³)	C				8,4	7/8
Ölfus, sveitarfélag						
Þorlákshöfn, Fiskeldi Eyjafjarðar hf., Hafnarbergi (150 m - 1.900 m³)	B-C	3,1				7/8
Þorlákshöfn, Hafnarberg - Stekkjarbót (870 m - 13.900 m³)	B-C	8,6	8,6			7/8
Strandarkirkja - styrking (vélavinna og röðun)	B-C		0,5			7/8
Herdísarvík, leið c, sjóvörn ofan við tjarnarbakkann (1.200 m³)	C			3,7		7/8
		11,7	**29,3**	**14,4**	**8,4**	

REYKJANES

Sveitarfélag Verkefni	Flokkur	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	Hlutur ríkissj.
Grindavíkurkaupstaður						
Hraun (50 m - 800 m³)	C			1,3		7/8
Stofnfiskur hf., Húsatóftum (80 m - 1.000 m³)	C				1,7	7/8
Húsatóftavöllur (200 m - 1.800 m³)	C				3,0	7/8
Litlabót (200 m - 1.200 m³)	C				2,0	7/8
Sandgerðisbær						
Flankastaðir (250 m - 2.000 m³)	C			3,3		7/8
Þóroddsstaðir (150 m - 1.200 m³)	C			2,0		7/8
Garðskagi - Lambarif, viðgerð suðurhluta kaflans (680 m - 2.700 m³)	C				4,2	7/8
Garðskagi - Lambarif, næst bæjarmörkum (120 m - 480 m³)	B-C	0,7				7/8
Gerðahreppur						
Garðskagi - Lambarif, frá Garðskaga að bæjarmörkum (400 m - 1.620 m³)	B-C	2,5				7/8
Byggða- og sjóminjasafn - Helgarétt (150 m - 1.200 m³)	C				1,9	7/8
Helgarétt - Neðra Hof, styrking á hluta (200 m - 500 m³)	C				0,8	7/8
Neðra Hof - Lambastaðir (120 m - 2.000 m³)	C				3,1	7/8
Hólmsvöllur í Leiru (170 m - 2.000 m³)	C			3,1		7/8
Reykjanesbær						
Keflavík, við Bakkastíg (200 m - 3.500 m³)	C				5,4	7/8
Vatnsleysustrandarhreppur						
Minni Vogar, í átt að Grænuborg (150 m - 2.500 m³)	C			4,1		7/8
Brunnastaðahverfi, Halakot (15 m - 150 m³ og 300 m styrking - 1.350 m³, alls 1.500 m³)	C				2,5	7/8
Brunnastaðahverfi, Skjaldarkot (200 m - 3.000 m³ + 500 m³ styrking, alls 3.500 m³)	C	5,7				7/8
Auðnar (80 m - 800 m³)	C				1,3	7/8
Bessastaðahreppur						
Kasttangi - Grund (300 m - 4.800 m³)	C				9,9	7/8
Kasthúsatjörn, styrking (250 m - 4.500 m³)	B-C		9,3			7/8
Sunnan við sjómerki, Akrakot (100 m - 1.000 m³ og endurröðun)	C			3,6		7/8
Við Hlið (70 m - 500 m³ og 100 m - 300 m³, alls 800 m³)	C				1,7	7/8
Seltjarnarneskaupstaður						
Kotagrandi, styrking við Bakkatjörn (160 m - 2.400 m³)	B-C		5,7			7/8
Kotagrandi, styrking við Bakkatjörn og sunnan við hana (270 m - 4.000 m³)	C			9,5		7/8
Við Sandvík, austast að Steinavör (100 m - 600 m³)	C				1,4	7/8
Frá Melshúsabryggju austur fyrir Lambastaðavör (150 m + styrking 70 m - 1.800 m³)	B-C				4,3	7/8
Lambastaðagrandi - botn víkurinnar (80 m - 800 m³ - fyrirh. skólpdælustöð)	B-C			1,9		7/8
Lambastaðagrandi - bæjarmörk, hækkun á krónu (140 m - 400 m³)	C				1,2	7/8
		8,9	**15,0**	**28,8**	**44,4**	
VESTURLAND til REYKJANESS		**82,1**	**81,9**	**85,7**	**83,2**	
HEILDARKOSTNAÐUR, ALLT LANDIÐ		**332,9**				
Hlutur ríkis		291,9				
Hlutur sveitarfélaga		41,0				

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Lög um sjóvarnir, nr. 28/1997, gengu í gildi 1. janúar 1998 og eru fyrsta lagasetningin á þessu sviði. Þetta er fyrsta fjögurra ára sjóvarnaáætlunin sem lögð er fram sem þingsályktunartillaga. Í meginatriðum er byggt á mati á sjóvörnum hjá þeim sveitarfélögum sem sendu inn erindi en einnig er stuðst við yfirlitsskýrslu um sjóvarnir sem var fyrst birt 1995, var svo endurskoðuð 1998 og aftur nú í ár (Fjarhitun hf./Siglingastofnun Íslands september 2000). Hverju sveitarfélagi sem nefnt er í yfirlitsskýrslunni hefur verið sendur sá hluti hennar sem fjallar um það.

Sjóvarnaáætlunin var unnin í samráði við hafnaráð og lauk þeirri vinnu með umfjöllun á fundi 1. nóvember síðastliðinn.

Framkvæmdum var raðað í forgangsröð miðað við tiltekna forgangsflokka, A, B, og C (sjá skýringar síðar). A-framkvæmdum er lokið og flestum B-framkvæmdum. Því eru í þessari áætlun aðallega B–C-framkvæmdir og C-framkvæmdir.

Heildarkostnaður við framkvæmdir í flokki C og ofar er áætlaður um 333 millj. kr. Miðast framkvæmdaáætlun fyrir árin 2001–2004 við að ljúka þessum framkvæmdum. Að auki er í yfirlitsskýrslunni fjallað um verkefni sem eru til athugunar (neðar en C). Kostnaður við verkefnin sem ekki komust á áætlunina er áætlaður um 110 millj. kr.

Leggja verður áherslu á að sjóvarnaverkefnum verður ekki lokið með þessum áætluðu framkvæmdum. Töluvert er af sjóvörnum 15–20 ára og eldri og þarfnast þær styrkingar sem ekki er gert ráð fyrir hér. Svo er á hitt að líta að meira en 10 ár eru frá síðasta stórflóði suðvestanlands en 5–6 ár á Norðurlandi og Vestfjörðum. Stórflóð gerði frekari framkvæmdir nauðsynlegar. Reynslan sýnir að stórflóð verða á 10–20 ára fresti.

Áætlaður kostnaður hvert ár í sjóvarnaáætlun 2001–2004 er rúmlega 80 millj. kr., þar af er hlutur ríkisins $^{7}/_{8}$. Að meðtöldu óskiptu fé er áætluð fjárveiting ríkissjóðs 73,8 millj. kr. árin 2001 og 2002 en 78,2 millj. kr. árin 2003 og 2004.

2. Vinnureglur við úthlutun.

1. gr. laga um sjóvarnir, nr. 28/1997, fjallar um tilgang sjóvarna og hljóðar svo:

> Sjóvarnir eru varnir gegn sjávarflóðum og landbroti af völdum ágangs sjávar. Byggð svæði og svæði þar sem til staðar eru dýrmæt mannvirki eða menningarminjar skulu að jafnaði njóta forgangs við gerð sjóvarna.
>
> Samgönguráðherra fer með yfirstjórn mála er varða sjóvarnir en Siglingastofnun með framkvæmd þeirra.
>
> Framlög til sjóvarna ákvarðast af fjárlögum hverju sinni.

Í 3. gr. laganna er fjallað um mat á nauðsyn framkvæmda og forgangsröðun. Hún er svohljóðandi:

> Umsóknir um framlög úr ríkissjóði til sjóvarna skulu sveitarfélög senda Siglingastofnun sem sér um gerð áætlana um sjóvarnir. Í áætlunum skal meta nauðsyn framkvæmda, með hliðsjón af hættu á sjávarflóðum og landbroti af völdum ágangs sjávar, og áætlaðan kostnað. Jafnframt skal leggja mat á hagrænt gildi þeirra aðgerða sem lagðar eru til á hverju svæði og gera tillögu um flokkun framkvæmda í forgangsröð. Þá skal koma fram umsögn um fyrirkomulag framkvæmda og gerð þeirra mannvirkja sem reisa þarf við ströndina.

Í sjóvarnaáætlun er leitast við að uppfylla eftirfarandi atriði sem tilgreind eru í 3. gr. sjóvarnalaga sem undirbúningur fyrir sjóvarnaáætlun:

- „meta nauðsyn framkvæmda, með hliðsjón af hættu á sjávarflóðum og landbroti af völdum ágangs sjávar“
- Það var gert með því að meta sjávarógn. Leitast var við að meta flóðahættu og ölduorku, landhæð og fjarlægð mannvirkja frá sjávarkambi og jarðfræði strandar vegna landbrotshættu. Skráð tjón af völdum sjávargangs og flóða komu einnig til skoðunar í þessu sambandi.
- „Jafnframt skal leggja mat á hagrænt gildi þeirra aðgerða sem lagðar eru til á hverju svæði“

  Metin voru verðmæti að baki sjávarkambi sem hugsanlega gætu orðið fyrir tjóni. Einnig var á nokkrum stöðum tekið tillit til mikilvægis þess að fyrirbyggja að sjórinn breytti verulega strandlínu eða strandlandslagi með því t.d. að brjóta niður granda eða eiði.
- „gera tillögu um flokkun framkvæmda í forgangsröð“

  Framkvæmdum var raðað í forgangsröð með hliðsjón af sjávarógn, verðmætum að baki sjávarkambi og fjarlægð frá mannvirkjum, landhæð og jarðfræði strandar, sbr. þá tvo þætti sem taldir eru hér að framan.
- „Þá skal koma fram umsögn um fyrirkomulag framkvæmda og gerð þeirra mannvirkja sem reisa þarf við ströndina“

  Fyrirhuguðum sjóvörnum er lýst, lengd sjóvarnar er tilgreind og mat lagt á uppbyggingu þversniðs og magntölur á hverjum stað.
- „áætlaðan kostnað“

  Á grundvelli magntalna, sbr. næsta lið hér á undan, eru gerðar kostnaðaráætlanir fyrir allar sjóvarnaframkvæmdir. Einingarverð fer eftir aðstæðum og fjarlægð frá grjótnámi og getur verið mjög mismunandi. Verðlag miðast við meðalbyggingarvísitölu árið 2000 sem er áætluð 244 stig.

3. Hvaða sjóvarnir eru styrkhæfar?

Sjóvarnagerð með ríkisstyrk hefur langmest verið við byggð svæði eða þar sem hús og önnur dýrmæt mannvirki hafa verið í hættu. Mun minna hefur verið um styrki til að verja land eingöngu, sérstaklega seinni árin, þótt dæmi séu um sjóvarnir við nytjaland, en kostnaður við sjóvörn verður oft mun hærri en nemur verðmæti landsins sem á að verja.

Golfvellir höfðu ekki fengið ríkisstyrki til sjóvarna fram til 1999 nema í einu eða tveimur tilvikum. Á árinu 2000 fékk Hólmsvöllur í Leiru fjárstyrk til sjóvarna og nú hafa golfvellir verið teknir með í áætlunina. Ekki er mikil þörf á sjóvörnum við golfvelli. Kostnaður við framkvæmdir er áætlaður 10–15 millj. kr. Verðmæti þess sem er varið er töluvert því að talið er að ein golfbraut kosti að meðaltali um 5 millj. kr.

Fiskeldisstöðvar hafa fram til þessa heldur ekki fengið fjárveitingar frá ríkinu til sjóvarna. Varnir við tvær fiskeldisstöðvar eru teknar í áætlunina en mun minni þörf er talin vera á vörnum við fiskeldisstöðvar en við golfvelli. Kostnaður við framkvæmdir er áætlaður um 5 millj. kr.

Sjóvörn á nýjum landfyllingum og landvinningum og við hús eða mannvirki sem þar hafa verið byggð hefur yfirleitt verið án styrkja frá ríkissjóði nema að því marki sem kostað hefði að verja gömlu strandlínuna.

4. Sjóvarnir og skipulag.

Gert er ráð fyrir að tekið verði á sjóvörnum á lágsvæðum þegar í skipulagi til þess að tryggja öryggi og minnka þörf fyrir sjóvarnir. Reiknað er með að það verði gert með skipulagsákvæðum um lágmarkslandhæð og gólfkóta og eins lágmarksfjarlægð frá fjörukambi eða sjóvörn. Reiknað er með að ríkisstyrkur til sjóvarna á landfyllingum miðist, þar sem það á við, við sjóvörn á gömlu strandlínunni. Siglingastofnun hefur í nokkrum tilvikum gert fyrirvara um skipulag byggðar á varasömum stöðum nálægt sjó og vakið athygli á lágmarksfjarlægð milli húsa og fjörukambs eða sjóvarnargarðs.

5. Sjóvarnir og hækkun sjávarborðs vegna gróðurhúsaáhrifa.

Hækkun sjávarborðs vegna gróðurhúsaáhrifa hefur áhrif á sjóvarnir, sbr. eftirfarandi tilvitnun í nefndarálit íslensku vísindanefndarinnar um loftslagsbreytingar (sept. 2000):

> Nauðsynlegt er að ákvæði séu í skipulags- og byggingarlögum og/eða reglugerðum sem setja ákveðin skilyrði varðandi mannvirki á hafnarsvæðum og öðrum lágsvæðum. Þegar skipuleggja þarf byggð á lágsvæðum og ákveða lægstu gólfhæðir húsa og lóða þá er talið rétt að miða við 100 ára tímabil eða fram til ársins 2100. ... Bæta verður við þá lágmarkshæð sem talin er þörf á í dag um 0,5 m auk 0,15 m hækkunar vegna landsigs og öryggisstuðuls eða samtals 0,65 m þar sem landsig á sér stað en um 0,5 m þar sem landsig er ekki umtalsvert.

6. Um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.

Samkvæmt 7. gr. sjóvarnalaga greiðir ríkissjóður allt að $^7/_8$ hluta kostnaðar við undirbúning og framkvæmd við sjóvarnir sem gerðar eru í samræmi við lög um sjóvarnir. Í sjóvarnaáætluninni er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði $^7/_8$ kostnaðar við sjóvarnir en viðkomandi sveitarsjóður eða landeigendur $^1/_8$. Þó kann að verða frá þessu vikið í nokkrum tilvikum til að auka hlut sveitarfélaga eða landeigenda. Dæmi eru um að umráðamenn lands hafi lagt mun meira en $^1/_8$ úr eigin sjóðum til að auka við framkvæmdina.

7. Nánar um forgangsröðun framkvæmda.

Í skýrslu sem Hafnamálastofnun (nú Siglingastofnun) lét vinna árið 1983 var framkvæmdum í fyrsta skipti raðað í forgangsflokka, A, B, C, D. Rúmlega áratug síðar, í „Yfirlitsskýrslu um sjóvarnir" frá 1995, urðu aðalflokkarnir þrír og til viðbótar flokkurinn „til athugunar", þ.e. framkvæmdir sem ekki komust á áætlun:

A:	Áhættukafli samkvæmt reynslu. Mikil verðmæti í húfi og öryggismál fyrir íbúana. Mjög aðkallandi framkvæmd.
B:	Nokkur áhætta og töluverð verðmæti eru í húfi en ekki eins mikil og í A, t.d. færri hús eða minni líkur á að tjón verði mikið. Nauðsynleg framkvæmd sem kemur á eftir A-framkvæmdum.
C:	Minni áhætta en í B og/eða minni verðmæti í húfi en æskileg eða nauðsynleg framkvæmd engu að síður. Gæti þurft að endurmeta flokkun síðar, t.d. ef landbrot hefur stytt vegalengd að mannvirki eða grafið hefur frá undirstöðum húss. Æskileg eða nauðsynleg framkvæmd.
Til athugunar.	Verk sem eru neðar en í C-flokki en geta samt sem áður verið nauðsynleg þótt síðar verði.

B–C-flokkur er á milli B og C þannig að áætlunarflokkarnir eru í raun fjórir en þar sem A-framkvæmdum er lokið, a.m.k. þar til næsta stóra sjávarflóð kemur, og B-framkvæmdum lýkur árið 2001, þá eru flokkarnir eftir það tveir, B–C og C.

Til þess að raða framkvæmdum í flokka var með stigagjöf lagt mat á:

a. sjávarógn, þ.e. ölduálag og flóðahættu,
b. fjarlægð frá sjávarkambi og landhæð,
c. verðmæti að baki (einkum hús og mannvirki en einnig land).

Hver þessara þátta fékk ákveðið vægi og síðan hver framkvæmd stig fyrir hvern þátt, sem voru svo vegin og lögð saman. Þau svæði sem fengu flest stig lentu í B-flokki, en annars í B–C- eða C-flokki. Að lokum eru allmargar framkvæmdir sem lentu í flokknum til athugunar.

Í aðalatriðum er farið eftir þessari röðunaraðferð. Frávik geta þó orðið af hagkvæmnisástæðum, t.d. er oft leitast við að vinna samtímis nokkra litla áfanga í sama sveitarfélagi eða grannsveitarfélagi. Eins er reynt að stilla saman framkvæmdum við sjóvarnargarða og grjótgarða sem eru á hafnaáætlun.

402. Frumvarp til laga [320. mál]

um breytingar á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Markmið. Gildissvið.

Markmið laga þessara er að stuðla að eflingu innlendrar menningar og kynningar á sögu landsins og náttúru með tímabundnum stuðningi við kvikmyndir og sjónvarpsefni sem framleitt er hér á landi.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að endurgreiða úr ríkissjóði hlutfall af framleiðslukostnaði sem til fellur við framleiðslu kvikmynda eða sjónvarpsefnis hér á landi.

Nú fellur meira en 80% af heildarframleiðslukostnaði kvikmyndar eða sjónvarpsefnis til á Íslandi og skal þá endurgreiðsla reiknast af þeim heildarframleiðslukostnaði sem til fellur á Evrópska efnahagssvæðinu.

Með framleiðslukostnaði er átt við allan kostnað sem fellur til hér á landi og heimilt er að draga frá tekjum af atvinnurekstri samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt. Laun og verktakagreiðslur teljast eingöngu til framleiðslukostnaðar séu þau sannanlega skattlögð hér á landi.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Umsókn um endurgreiðslu framleiðslukostnaðar skal send iðnaðarráðuneytinu. Endurgreiðslubeiðni, ásamt fylgigögnum, skal berast áður en framleiðsla hefst hér á landi. Sérstök

fjögurra manna nefnd fer yfir umsóknir og gerir tillögur til ráðherra um afgreiðslu. Iðnaðarráðherra skipar nefndina og skulu menntamálaráðherra, fjármálaráðherra og Kvikmyndasjóður Íslands tilnefna sinn mann hver, en sá fjórði skal skipaður án tilnefningar og vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Atkvæði formanns ræður úrslitum falli atkvæði jöfn.

Nefndin skal hafa að leiðarljósi að kvikmynd eða sjónvarpsefni stuðli að eflingu innlendrar menningar, eftir atvikum, með skírskotun til sögu lands og náttúru.

4. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Við mat á því hvort endurgreiða skuli hlutfall af framleiðslukostnaði kvikmyndar eða sjónvarpsefnis skal eftirfarandi skilyrðum vera fullnægt:

a. að viðkomandi framleiðsla sé til þess fallin að koma íslenskri menningu á framfæri og kynna sögu lands og náttúru,
b. að viðkomandi framleiðsla sé til þess fallin að stuðla að aukinni reynslu, þekkingu og listrænum metnaði þeirra sem að framleiðslunni standa,
c. að stofnað sé sérstakt félag um framleiðsluna á Íslandi; íslenskt útibú eða umboðsskrifstofa félags sem skráð er í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið telst sérstakt félag,
d. að fyrir liggi sundurliðuð áætlun um framleiðslukostnað og greinargerð umsækjanda um að framleiðslan falli að markmiðum laganna,
e. að fyrir liggi upplýsingar um efni fyrirhugaðrar framleiðslu kvikmyndar eða sjónvarpsefnis, svo sem handrit og upplýsingar um tökustaði,
f. að framleiðsluáætlun geri ráð fyrir að framleiðslu sé lokið innan þriggja ára frá því að endurgreiðslubeiðni er móttekin,
g. að fyrir liggi að hið framleidda efni sé ætlað til almennrar dreifingar í kvikmyndahús eða til sjónvarpsstöðva.

Verði breyting á áætluðum framleiðslukostnaði, sbr. d-lið 1. mgr., eftir að framleiðsla hefst skal iðnaðarráðuneyti send ný kostnaðaráætlun.

Við mat á umsókn um endurgreiðslu skal nefnd skv. 3. gr. hafa heimild til þess að afla álits sérfróðra aðila um ætlað listrænt gildi viðkomandi framleiðslu.

5. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Hlutfall endurgreidds framleiðslukostnaðar skal vera 12% af framleiðslukostnaði skv. 2. gr.

Iðnaðarráðherra ákvarðar endurgreiðslu að fenginni tillögu nefndar skv. 3. gr. Skilyrði endurgreiðslu er að umsækjandi færi bókhald vegna þess kostnaðar sem hann æskir endurgreiðslu á í samræmi við lög um bókhald og lög um ársreikninga. Kostnaðaruppgjör skal enn fremur vera staðfest og áritað af löggiltum endurskoðanda.

Þá er það skilyrði endurgreiðslu að framleiðslu kvikmyndar eða sjónvarpsefnis sé lokið og að ekki séu fyrir hendi vangreiddir skattar og gjöld til ríkis og sveitarfélaga hér á landi vegna framleiðslunnar.

6. gr.

6. gr. laganna fellur brott og breytist greinatala í samræmi við það.

7. gr.

7. gr. laganna, er verður 6. gr., orðast svo:

Hafi umsækjandi hlotið styrk úr Kvikmyndasjóði Íslands til framleiðslu sömu kvikmyndar eða sjónvarpsefnis dregst styrkurinn frá þeirri upphæð sem telst innlendur framleiðslukostnaður.

Samanlagður styrkur úr Kvikmyndasjóði Íslands og heildarfjárhæð endurgreiðslu skv. 5. gr. skal ekki fara yfir 50% af heildarframleiðslukostnaði sömu kvikmyndar eða sjónvarpsefnis.

8. gr.

8. gr. laganna, er verður 7. gr., orðast svo:

Iðnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara. Í henni skal m.a. kveðið á um framkvæmd endurgreiðslna samkvæmt lögum þessum, heimildir ráðherra til að fresta endurgreiðslum sem kunna að vera umfram fjárveitingar Alþingis hverju sinni, skilyrði endurgreiðslna, umsóknir, afgreiðslu umsókna og um ákvörðun um endurgreiðslu.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Hinn 31. desember 2006 falla úr gildi lög nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, með síðari breytingum. Endurgreiðslubeiðnir sem samþykktar hafa verið fyrir þau tímamörk halda þó gildi sínu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 22. mars 1999 voru samþykkt lög um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999. Fljótlega eftir samþykkt laganna gerði Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, athugasemdir við tiltekin atriði þeirra þar sem m.a. kom fram að stofnunin teldi að þau stönguðust á við ríkisstyrkjareglur EES-samningsins. Frumvarp þetta sem samið er í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytunum tekur mið af þeim athugasemdum sem ESA hefur gert við lögin. Við frumvarpssmíðina var haft samráð við þau ráðuneyti sem tilnefna fulltrúa í nefnd skv. 3. gr. laganna, þ.e. menntamála- og fjármálaráðuneyti, auk þess sem notið var aðstoðar sérfræðinga utanríkisráðuneytisins. Þá átti ráðuneytið og gott samstarf við starfsmenn Kvikmyndasjóðs Íslands og við samtök kvikmyndagerðarmanna.

Til upplýsingar er rétt að gera stuttlega grein fyrir þeim atriðum sem ESA gerði einkum athugasemdir við. Þau atriði eru: menningarlegt innihald, stuðningshlutfall, framleiðsla í öðru aðildarríki og samrýmanleiki við EES-samninginn. Svo vikið sé að hverju þessara atriða gerði ESA athugasemd við það að lögin væru ekki nægilega markviss hvað varðaði menningarlega skírskotun, þ.e. að markmið laganna hvað varðaði eflingu kvikmyndagerðar sem listrænnar iðju kæmi ekki nógu skýrt fram. Þá taldi stofnunin skorta rök fyrir því að endurgreiðsla skyldi nema mishárri hlutfallstölu eftir upphæð framleiðslukostnaðar, svo og að framleiðsla sem næði ekki ákveðinni lágmarksupphæð ætti ekki að njóta endurgreiðslu. Að lokum taldi stofnunin að lögin samrýmdust ekki meginreglu EES-samningsins um frjáls þjónustuviðskipti þar sem skilyrði endurgreiðslu í þessu tilfelli sé bundið við þann kostnað sem eingöngu falli til á Íslandi, auk þess sem áskilið væri að stofna þyrfti íslenskan lögaðila utan um hverja framleiðslu til að njóta endurgreiðslu. Með því séu settar hömlur við því að endurgreiðsluþegi geti átt viðskipti á Evrópska efnahagssvæðinu, þ.e. fyrirheit um endurgreiðslu beini viðskiptum frá öðru EES-ríki til Íslands og skekki með því samkeppni innan EES. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að hafa í huga að ESA byggir sínar athugasemdir á túlkunum

sem framkvæmdastjórn ESB hefur beitt gagnvart aðildarríkjum ESB í sambærilegum tilvikum frá árinu 1998.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í athugasemdum ESA kemur fram að stofnunin telji að menningarlega skírskotun vanti í lögin. Í greininni er leitast við að bæta úr þessu.

Um 2. gr.

Eins og áður hefur komið fram hefur ekki reynt á framkvæmd laganna. Óvissa er því um fjölda umsókna eða heildarfjárhæð væntanlegra endurgreiðslna. Í reglugerð sem sett verður með heimild í lögunum verður frekari útfærsla á framkvæmd endurgreiðslna. Verður þar m.a. að finna heimild til handa ráðherra til að fresta greiðslu samþykktra endurgreiðslna, annaðhvort að öllu leyti eða að hluta til. Slíkt er nauðsynlegt þar sem ljóst er að ráðstöfunarfé til endurgreiðslu verður ekki meira en þau framlög sem eru á fjárlögum hverju sinni.

Samkvæmt núgildandi lögum er eingöngu heimilt að endurgreiða hlutfall þess framleiðslukostnaðar sem fellur til á Íslandi. ESA gerði athugasemd við þá framkvæmd og taldi óheimilt að gera þann áskilnað þar sem með því væri brotið gegn ákvæðum EES-samningsins um þjónustufrelsi. Sú skoðun byggist á fordæmum og viðmiðum sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sett fram í sambærilegum málum. Lagt er til að ákvæðinu verði breytt til samræmis við þær tillögur og viðmið og ákvæðið verði sambærilegt því sem gerist annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Samkvæmt þessu gerir frumvarpið ráð fyrir að við útreikning á endurgreiðslu vegna framleiðslukostnaðar skuli heimilt að endurgreiða kostnað sem eingöngu fellur til á Íslandi að því gefnu að 80% eða minna af framleiðslukostnaði þeim sem fellur til á Evrópska efnahagssvæðinu falli til á Íslandi. Falli meira en 80% framleiðslukostnaðar til á Íslandi skuli endurgreiðsla reiknast af heildarframleiðslukostnaði á Evrópska efnahagssvæðinu.

Eftirfarandi dæmi skýra þetta:

Kvikmynd A kostar 200 milljónir í framleiðslu. Af þessum 200 milljónum falla 160 milljónir til á Íslandi og 40 milljónir í Kanada. Endurgreiðsla verður í þessu dæmi 19,2 milljónir, þ.e. 12% af 160 milljónum. Ekkert endurgreiðist vegna þess kostnaðar sem fellur til í Kanada.

Kvikmynd B kostar 200 milljónir í framleiðslu. Af þessum 200 milljónum falla 170 milljónir til á Íslandi, 20 milljónir í Danmörku og 10 milljónir í Kanada. Endurgreiðsla verður í þessu dæmi 22,8 milljónir, þ.e. 12% af 170 milljónum og 12% af 20 milljónum.

Kvikmynd C kostar 200 milljónir í framleiðslu. Af þessum 200 milljónum falla 150 milljónir til á Íslandi og 50 milljónir í Danmörku. Endurgreiðsla verður í þessu dæmi 18 milljónir, þ.e. 12% af 150 milljónum. Ekkert endurgreiðist vegna þess kostnaðar sem til fellur í Danmörku þar sem minna en 80% heildarframleiðslukostnaðar fellur til á Íslandi.

Um 3. gr.

Í samræmi við það álit ESA að menningarlega skírskotun hafi vantað í lögin gerir frumvarpið nú ráð fyrir að endurgreiðslunefnd sé fjögurra manna en í gildandi lögum er nefndin þriggja manna. Gerir frumvarpið ráð fyrir að Kvikmyndasjóður Íslands tilnefni einn mann auk þeirra þriggja ráðuneyta sem nú tilnefna í nefndina. Auk þess er skýrt kveðið á um að nefndin skuli í starfi sínu hafa það að leiðarljósi að viðkomandi framleiðsla sé til eflingar innlendri menningu.

Um 4. gr.

Grein þessi breytist nokkuð samkvæmt frumvarpinu. Er nú skýrar kveðið á um skilyrði endurgreiðslu í samræmi við álit ESA. Rétt er að benda á nokkur atriði sérstaklega. Íslenskt útibú eða umboðsskrifstofa félags sem skráð er í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið telst nú jafnsett sérstökum íslenskum lögaðila. Felld hafa verið út ákvæði um lágmarksframleiðslukostnað en í staðinn hefur verið bætt inn að framleiðslan skuli ætluð til almennrar dreifingar í kvikmyndahús eða til sjónvarpsstöðva. Með þessu er verið að tryggja það að auglýsingar eða auglýsingatengt efni, svo og fréttatengt efni, njóti ekki endurgreiðslna. Sem dæmi um efni sem ætla má að ekki komi til með að njóta endurgreiðslna eru stuttmyndir, upptökur frá íþróttaatburðum og upptökur frá skemmtunum. Hið almenna viðmið verður það að íslensk menning, saga og náttúra verði á einhvern hátt sýnileg sem stærstum hópi áhorfenda.

Um 5. og 6. gr.

Sú breyting hefur verið gerð frá gildandi lögum að endurgreiðsluhlutfallið er fastsett við 12% af framleiðslukostnaði. Áður var gert ráð fyrir mishárri endurgreiðslu eftir framleiðslukostnaði auk þess sem endurgreiðsluhlutfallið átti að lækka á gildistíma laganna.

Í umfjöllun um 2. gr. kemur fram að endurgreiðslur framleiðslukostnaðar verði ávallt háðar fjárhæðum sem gert verði ráð fyrir í fjárlögum hverju sinni. Gert verður ráð fyrir því í reglugerð að verði sótt um endurgreiðslur umfram framlög í fjárlögum verði ráðherra heimilt að færa endurgreiðslur til á milli fjárlagaára.

Þá eru ákvæði 6. gr. laganna felld inn í 5. gr. og 6. gr. felld brott.

Um 7. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir efnislegri breytingu á þessari grein frá lögunum. Í gildandi lögum segir að hafi framleiðandi hlotið styrk úr Kvikmyndasjóði Íslands skuli hann útilokaður frá endurgreiðslu samkvæmt lögunum. Í reynd hefði verið erfitt að framfylgja þessu ákvæði þar sem fyrirhuguð framleiðsla tekur oft verulegum breytingum frá því að styrkur er t.d. fenginn til handritsgerðar frá Kvikmyndasjóði og þangað til endanlegri framleiðslu kvikmyndar er lokið. Þá komu fram mótmæli íslenskra kvikmyndagerðarmanna sem töldu ákvæðinu beinlínis beint gegn íslenskri kvikmyndagerð og til þess fallið að draga úr henni. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þeir sem hlotið hafa styrk úr Kvikmyndasjóði Íslands eigi nú möguleika á endurgreiðslu. Frumvarpið gerir enn fremur ráð fyrir að samanlagður styrkur úr Kvikmyndasjóði og upphæð endurgreiðslu fari aldrei yfir 50% heildarframleiðslukostnaðar. Er þetta skilyrði sett að kröfu ESA og er í samræmi við kröfu sem gerð er annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um nánari útfærslu laganna þar sem m.a. verði kveðið á um framkvæmd endurgreiðslna og um hugsanlega frestun þeirra. Slíkt er nauðsynlegt til að taka af öll tvímæli um að ráðherra sé heimilt að færa endurgreiðslur á milli ára komi til þess að endurgreiðslur verði umfram heimildir á fjárlögum. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 9. gr.

Í ljósi þess að lögin komu ekki til framkvæmda á meðan þau voru til umfjöllunar hjá ESA var talið eðlilegt að færa gildistíma þeirra til sem þeirri töf nam. Þó er gert ráð fyrir, sbr. 4.

gr. frumvarpsins, að endurgreiðslubeiðnir sem samþykktar hafa verið fyrir árslok 2006 haldi gildi sínu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999.

Frumvarpið er til komið vegna athugasemda ESA við skilyrði endurgreiðslu á kostnaði við gerð kvikmynda hér á landi. Þær breytingar sem hafa áhrif á útgjöld ríkisins eru ferns konar. Í fyrsta lagi er hlutfall kostnaðar sem er endurgreiðsluhæfur samræmt í 12% en það var 9–12% áður. Einnig endurgreiðist nú kostnaður sem fellur til á Evrópska efnahagssvæðinu, enda falli a.m.k. 80% heildarkostnaðar til hér á landi. Í þriðja lagi er nú hægt að fá endurgreiðslur fyrir kvikmyndir sem Kvikmyndasjóður styrkir. Í fjórða lagi er ákvæði um lágmarkskostnað styrkhæfra mynda fellt niður.

Ef gert er ráð fyrir að hlutar úr þremur erlendum stórmyndum verði teknir hér á Íslandi geta árlegar umsóknir numið 60–200 m.kr. Þess má geta að kostnaður sem til fellur hér á landi við tökur erlendu stórmyndarinnar sem nú standa yfir er áætlaður um 150 m.kr. Fyrirhugaður sýningartími þessa hluta er um 10 mínútur. Gera má ráð fyrir töku þriggja íslenskra mynda í fullri lengd árlega og nokkrum smærri verkefnum. Umsóknir vegna þeirra gæti numið um 50 m.kr. Alls er því hægt að gera ráð fyrir að umsóknir vegna ákvæða frumvarpsins muni nema 110–450 m.kr. á ári eða alls 660–2.250 m.kr. til ársins 2006 þegar lögin falla úr gildi. Gert er ráð fyrir 50 m.kr. í fjárlögum fyrir árið 2000 og 50 m.kr. í fjárlagafrumvarpi ársins 2001 til þeirra hluta. Mikinn fyrirvara verður að gera við áætlaðar umsóknir þar sem þær ráðast alfarið af frumkvæði kvikmyndagerðarmanna. Nefndin verður í starfi sínu að miða endurgreiðslur til kvikmyndagerðar við fjárheimild í fjárlögum hverju sinni, þó þannig að að tekið verði tillit til hugsanlegra inneigna eða skulda á fjárlagaliðnum um áramót. Miðað er við að fjárlagaliðurinn verði án skuldbindinga fram yfir heimildir í árslok 2006.

403. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá Ögmundi Jónassyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **09-811 Barnabætur**			
1.11 Barnabætur	4.230,0	500,0	4.730,0

404. Svar [296. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Soffíu Gísladóttur um skýrslu vinnuhóps um nám í landsbyggðarlækningum og -hjúkrun.

1. *Hafa umsagnir um skýrslu vinnuhóps um nám í landsbyggðarlækningum og -hjúkrun borist landlækni? Ef svo er, hver er staða málsins og hver er stefna ráðherra í málinu?*

Samkvæmt nýjum upplýsingum hafa ekki borist umsagnir allra þeirra aðila sem fengu til umsagnar „Nám í landsbyggðarlækningum/-hjúkrun. Fyrstu tillögur vinnuhóps". Landlæknir hefur því ekki sent umsagnirnar til vinnuhópsins til frekari umfjöllunar og úrvinnslu.

Ráðherra telur eðlilegt að bíða frekari tillagna vinnuhópsins sem landlæknir hafði frumkvæði að því að skipa. Ljóst er að ýmsar þær aðgerðir munu krefjast fjárveitinga, lagabreytinga og reglugerðabreytinga, auk þess sem fleiri ráðuneyti kæmu að málinu.

2. *Hefur verið gerð viðhorfskönnun meðal læknanema og unglækna um afstöðu þeirra til heimilislækninga og starfa í dreifbýli samkvæmt tillögu vinnuhópsins? Ef svo er, hver er niðurstaða hennar?*

Í ofangreindum fyrstu tillögum vinnuhópsins er lagt til að landlæknisembættið láti gera könnun á því hvers vegna störf að heimilislækningum og í dreifbýli vekja ekki áhuga þeirra lækna sem velja sér þá sérgrein.

Þar eð landlæknir hefur ekki fengið svör allra umsagnaraðila hefur þessi þáttur tillagnanna ekki verið framkvæmdur enn sem komið er. Vænst er síðustu svara umsagnaraðila fljótlega.

405. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá Ögmundi Jónassyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
1.15 Örorkulífeyrir	2.130,0	320,0	2.450,0

406. Fyrirspurn [321. mál]

til landbúnaðarráðherra um nýtingu sláturúrgangs í dýrafóður.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig er háttað eftirliti með framleiðslu kjötmjöls í landinu?
2. Telur ráðherra koma til greina að breyta reglugerð nr. 660/2000, um meðferð og nýtingu

á sláturúrgangi og dýraúrgangi, þannig að kjötmjöl verði ekki notað í fóður fyrir eldisfiska eða skepnur sem ætlaðar eru til manneldis, svo sem alifugla og svín?

407. Fyrirspurn [322. mál]

til menntamálaráðherra um menntun í ferðaþjónustugreinum.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

Hvaða menntun er í boði í ferðaþjónustugreinum og í hvaða skólum:
a. á framhaldsskólastigi,
b. á háskólastigi?

Skriflegt svar óskast.

408. Fyrirspurn [323. mál]

til menntamálaráðherra um rannsóknir á sviði ferðaþjónustu.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar á sviði ferðaþjónustu á vegum háskóla- og rannsóknastofnana?
2. Hvaða rannsóknarstyrkir hafa verið veittir til rannsókna á sviði ferðaþjónustu?

Skriflegt svar óskast.

409. Frumvarp til laga [324. mál]

um breyting á lögum um Útflutningsráð Íslands, nr. 114/1990, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögunum orðast svo:

Verði ekki annað ákveðið með lögum fellur markaðsgjald skv. 1. tölul. 3. gr. laga þessara niður frá og með 1. janúar 2003, þó þannig að álagning gjaldsins fari fram árið 2003 vegna gjaldstofns ársins 2002.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði við lög um Útflutningsráð Íslands, nr. 114/1990, bar að endurskoða lögin á árinu 1998 og var kveðið á um það að ella félli markaðsgjaldið, helsti tekjustofn ráðsins, niður í árslok 1998. Með lögum nr. 137/1998, um breyting á lögum um Útflutningsráð Íslands, með síðari breytingum, var kveðið á um ýmsar breytingar í starfi ráðsins, í ljósi niðurstöðu ráðherraskipaðrar nefndar um starfsemi Útflutningsráðs Íslands. Í lögunum var hins vegar að finna nýtt ákvæði til bráðabirgða sem kvað á um að markaðsgjaldið, eins og því var breytt með lögunum, félli niður í ársbyrjun 2001 nema annað væri ákveðið með lögum. Í frumvarpi því sem hér er lagt fram er lagt til að gjaldið verði framlengt óbreytt um tvö ár til viðbótar.

Starfsemi Útflutningsráðs Íslands hefur verið afar mikilvæg fyrir útflutning vöru og þjónustu. Þær breytingar sem gerðar voru á starfi ráðsins með lagabreytingunni árið 1998 hafa styrkt starfsemi ráðsins enn frekar. Fækkað var í stjórn ráðsins en jafnframt komið á fót samráðsnefnd um starfsemi ráðsins þar sem fulltrúar allra hagsmunaaðila hafa átt færi á að koma að stjórn þess. Samstarf Útflutningsráðs og viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins hefur jafnframt aukist. Þá var með lagabreytingunni árið 1998 kveðið á um nánara samstarf Útflutningsráðs og Fjárfestingastofu og sérstakur tekjustofn markaður til sameiginlegra verkefna á þessu sviði. Að síðustu var helsta tekjustofni ráðsins, markaðsgjaldinu, breytt á þann veg að hætt var að leggja það á virðisaukaskattsskylda veltu en þess í stað er gjaldið tengt tryggingagjaldsstofni og innheimt með tryggingagjaldi.

Þegar allt er virt hafa þær breytingar sem gerðar voru á skipulagi Útflutningsráðs árið 1998 skilað árangri. Samstaða er um mikilvægi þess starfs sem ráðið sinnir. Almenn sátt er nú um gjaldtökuna. Gjaldtaka af þessum toga er hins vegar háð reglulegu endurmati. Er því lagt til að gjaldið verði framlengt óbreytt um önnur tvö ár.

Að síðustu er rétt að minna á að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá maí 1999 er lýst því markmiði að áfram verði unnið að markaðssókn fyrir íslenskar vörur og þjónustu á erlendum mörkuðum og að efnt verði til samstarfs við erlend fyrirtæki og þjóðir og hvatt til fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi. Þá er kveðið á um að starfsemi þeirra opinberu aðila, sem sinna alþjóðlegu kynningar- og markaðsstarfi fyrir íslenskt atvinnulíf, verði einnig sameinuð eða samræmd í þeim tilgangi að bæta þjónustu og auka skilvirkni. Mikilvægt er að eðlilegt ráðrúm skapist til samráðs milli ráðuneyta og stofnana á þessum grunni, án þess að skapa óvissu um framtíðarfjármögnun Útflutningsráðs.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um Útflutningsráð Íslands, nr. 114/1990, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að framlengja bráðabirgðaákvæði laga um Útflutningsráð Íslands, nr. 114/1990, til 1. janúar 2003. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

410. Tillaga til þingsályktunar [325. mál]

um aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun og framboði ofbeldisefnis.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón A. Kristjánsson, Katrín Fjeldsted, Jónína Bjartmarz, Sigríður Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa áætlun um aðgerðir til að draga úr framboði efnis þar sem ofbeldi, þar með talið kynferðisofbeldi, er sýnt í einhverju formi. Sérstaklega verði athygli beint að hvers kyns efni eða athöfnum sem líklegt má telja að börn eða unglingar verði fyrir áhrifum af.

Áætlunin miðist m.a. að því að takmarka eins og kostur er:

a. hvers kyns ofbeldi, misþyrmingar, limlestingar og manndráp í myndefni sjónvarpsstöðva, kvikmyndahúsa og á myndböndum,
b. tölvuleiki, leiktæki og leikföng sem byggjast á ofbeldi,
c. ofbeldi á tölvunetum,
d. ofbeldi í sýndarveruleikatækjum,
e. ofbeldisefni í bókum, blöðum og tímaritum,
f. annað efni eða athafnir þar sem ofbeldi er hafið til vegs, réttlætt eða dýrkað, þar sem ástæðulausar eða tilgangslausar ofbeldisathafnir eru sýndar eða ofbeldi yfirleitt án listræns eða fræðandi gildis,
g. aðgengi barna og unglinga að ofbeldisefni.

Forsætisráðherra skipi nefnd með fulltrúum allra þingflokka til að vinna með viðkomandi ráðuneytum, stofnunum og samtökum að gerð framkvæmdaáætlunar um aðgerðir á þessu sviði, þar með talið fræðslu, sem lögð verði fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur þrívegis áður verið lögð fram en ekki orðið útrædd. Efni hennar er áfram í fullu gildi. Ef eitthvað er fjölgar enn vísbendingum um samhengi á milli ofbeldishegðunar og ýmiss konar agavandamála annars vegar og mikils áreitis frá ofbeldisefni á unga aldri hins vegar, einkum ef við bætast erfiðar félagslegar aðstæður. Tillagan er því endurflutt óbreytt ásamt greinargerð og fylgiskjölum.

„Fagna ber aukinni umræðu um ofbeldi í samfélaginu, orsakir þess og hvað beri að gera til að sporna við því. Lagaákvæði hafa verið hert og vonir eru bundnar við starfsemi nýrra eða nýlegra stofnana eða embætta, eins og Barnaverndarstofu og umboðsmanns barna. Eftir stendur að engin heildstæð áætlun er til um samræmdar aðgerðir á þessu sviði. Það er því óbreytt skoðun flutningsmanna að brýn þörf sé fyrir aðgerðir af því tagi sem tillagan gerir ráð fyrir. Bætt er við einu fylgiskjali, blaðaumfjöllun um tölvuleik, sem veitir innsýn í heim ofbeldisleikja er mætti verða ýmsum umhugsunarefni. Að öðru leyti vísast til upphaflegrar greinargerðar sem fylgir hér á eftir.

Sú tilhneiging foreldra að vernda börn sín og hlífa fyrir ljótleika tilverunnar hefur án efa fylgt manninum frá ómunatíð. Í daglegu lífi er reynt að forðast að láta börn horfa upp á þjáningar fólks, þau eru ekki látin vera viðstödd ef aflífa þarf skepnur o.s.frv. Fyrir daga nútímafjölmiðlunar voru aðstæður foreldra í þessu sambandi viðráðanlegar í þeim skilningi að hægt var að halda börnum frá tilteknum stöðum eða sjá til þess að þau væru ekki þátttakendur í athöfnum sem ekki voru taldar við hæfi. Nú er öldin önnur. Ofbeldi í einhverju formi er svo

hversdagslegt og útbreitt fyrirbæri á svo fjölmörgum sviðum að ógerningur er að einangra nokkurn þjóðfélagsþegn, þar með talin börn, frá snertingu við það.

Um heim allan hafa áhyggjur manna af áhrifum aukins framboðs ofbeldisefnis, einkum í sjónvarpi og kvikmyndum, aukist síðustu ár og áratugi. Nægir að vísa í því sambandi til fjölda kannana sem gerðar hafa verið á áhrifum þess að börn sem fullorðnir horfi á ofbeldismyndir. Allur þessi fjöldi kannana, allt það fé sem lagt hefur verið í rannsóknir á samhengi ofbeldis í samfélaginu og ofbeldis í fjölmiðlum staðfestir þessar áhyggjur. Hér er hvorki ætlunin að fullyrða neitt né fjölyrða um áhrif ofbeldisefnis í fjölmiðlum eða annars staðar þar sem það er að finna. Vandaðar kannanir sýna svo ekki verður um villst að fylgni er t.d. milli ofbeldishegðunar og mikils áhorfs á ofbeldisefni, þótt heimili, félagslegar aðstæður og fleiri þættir skipti vissulega einnig miklu máli. Vísast í því sambandi m.a. til fylgiskjals I með tillögu þessari.

Á síðustu árum hefur framboð ofbeldisefnis aukist gífurlega en einnig hefur orðið breyting á eðli þess og gerð. Til að tíunda aðeins það helsta má nefna tölvuleiki í heimilistölvum og sérstakar leikjatölvur sem tengja má við sjónvarp. Uppistaðan í leikjum í slíkum tækjum er því miður oftast tengd ofbeldi. Sama gildir um sýndarveruleikatæki, leiktæki í spilasölum og leikföng. Ofbeldi í einhverri mynd sem einhvers konar bardagi eða hernaður er langoftast undirstaðan.

Tæknin kemur hér einnig við sögu að því leyti að efnið sem er framleitt er raunverulegt að allri gerð. Tækninni (tölvugerð mynda) sem unnt er að beita til að gera ofbeldisatriðin eðlileg og lifandi ef svo má segja eru orðin lítil takmörk sett.

Síðast en ekki síst er sífellt að verki vítahringur stigmögnunarinnar. Rétt eins og um annað hliðstætt efni virðist það lögmál gilda að hver mynd eða hver tölvuleikur þurfi helst að taka því næsta á undan fram hvað svæsni snertir. Það þarf með öðrum orðum aðeins stærri skammt í hverri umferð, meiri grimmd, afkastameiri drápstól, miskunnarlausari ofurhetjur, meira blóð.

Þótt ekki sé ætlunin að draga hér upp eina allsherjarhryllingsmynd af ástandinu er fróðlegt að taka dæmi af því ofbeldisefni sem venjulegt skólabarn „gæti“ haft aðgang að á einum degi, t.d. grunnskólanemi á 12. ári, í 7. bekk:

„Það er föstudagur 13. september 1996 og Siggi í 7AB Háuhólaskóla kemur heim til sín ásamt Bjössa, einum skólafélaga, um kl. 14.30. Þeir kveikja á sjónvarpinu og á Stöð 2 er verið að sýna kvikmyndina Alive sem er bönnuð innan 16 ára. Næst ákveða þeir að fara í tölvuleiki. Annar tengir leikjatölvu, Super Nintendo, við sjónvarpið og leikur um stund leikinn Mortal Kombat, sem byggir á hrottafengnum bardaga. Hinn fer í heimilistölvuna og þar er að finna í safni leikja, sem eldri bróðir Sigga hefur sett inn, m.a. leikina Doom og Quake.

Á eftir fara þeir um stund niður í herbergi Sigga. Þar hanga á veggjum myndir af ofurhetjum og illmennum og meðal leikfanga eru að sjálfsögðu orrustuþotur, skriðdrekar, herskip, eldflaugar, byssur og rifflar, kylfur, sverð o.s.frv.

Nú er klukkan að verða fjögur og móðir Sigga og yngri systkini koma heim. Bjössi á hins vegar að sjá um sig sjálfur fram undir kvöldmat þar sem faðir hans kemur seint heim og móðir hans sem vinnur vaktavinnu er ekki væntanleg fyrr en um miðnætti. Vinirnir fá leyfi til að leigja spólu og horfa á hana heima hjá Bjössa. Þeir fara á myndbandaleigu og fá leigða án teljandi erfiðleika myndina Broken Arrow sem er bönnuð innan 16 ára. Á leiðinni heim koma þeir við í leiktækjasal þar sem meðal annars er að finna leiki þar sem skotið er úr eftirlíkingum af vélbyssum á skotmörk á tölvuskjá í viðeigandi tækjum. Þarna leika þeir sér um stund óáreittir, þrátt fyrir 14 ára aldurstakmark, fyrir afganginn af vasapeningum vikunnar.

Eftir að hafa horft á myndina og blaðað í hasarmyndablöðum, þar sem menn falla eins og hráviði fyrir kúlum ofurhetjunnar, fer Siggi heim til sín. Á báðum heimilum er horft á kvöldfréttir ríkissjónvarpsins og bæði á undan og eftir fréttunum eru sýndar án nokkurrar viðvörunar auglýsingar um kvikmyndir sem bannaðar eru börnum innan 16 ára. Þrjár myndir (The Quest, Diabolique og White Sguall) eru auglýstar kl. 19.50, rétt fyrir fréttir og tvær myndir (Dead Man Walking og The Quest) kl. 20.35, rétt eftir fréttir."

Síðan skulum við vona að þeir Siggi og Bjössi hafi átt friðsælt kvöld yfir námsbókunum og að þeir búi við góðar fjölskylduaðstæður, ekki mun af veita.

Það fer tæpast hjá því að fjölmargar spurningar vakni með þeim sem velta þessum málum fyrir sér. Fyrst kemur auðvitað spurningin: Hvað á að gera? Er eitthvað hægt að gera? Jafnvel: Er ástæða til að gera nokkuð?

Það er eindregin skoðun tillögumanna að bregðast verði við. Við getum ekki horft aðgerðalaus upp á sívaxandi ofbeldi gegnsýra allt umhverfi okkar og barnanna okkar. Jafnvel þótt vísindalegar sannanir liggi ekki fyrir í einstökum atriðum um samhengi vaxandi ofbeldis í samfélaginu og aukins framboðs á ofbeldisefni, enda erfitt um vik, réttlætir það ekki að láta skeika að sköpuðu. Margt fleira en beint orsakasamband milli aukins framboðs ofbeldisefnis og ofbeldishegðunar og glæpatíðni kallar líka á að brugðist sé við. Við viljum væntanlega ekki sætta okkur við það að tilvera okkar og umhverfi sé fyllt ljótleika og ofbeldi, slíkir hlutir gegnsýri allt afþreyingarefni ogýti öðru til hliðar.

Við Íslendingar ráðum að sjálfsögðu litlu um heimsmarkaðinn og komum ekki til með að hafa úrslitaáhrif á stefnuna hvað varðar framleiðslu á ofbeldisefni. En við getum sett sjálfum okkur reglur, við getum haldið fram meðvitaðri stefnu um að takmarka ofbeldisefnisflauminn og talað fyrir henni á norrænum vettvangi og alþjóðlega.

Í framkvæmdaáætlun um að draga úr framboði ofbeldisefnis er hægt að hugsa sér ýmsar aðgerðir:

1. Setja má strangar reglur um sýningartíma efnis sem bannað er börnum.
2. Banna ætti auglýsingar á efni sem ekki er leyft til sýningar fyrir alla aldurshópa nema seint í kvölddagskrá sjónvarpsstöðva. Einnig á undan efni í kvikmyndahúsum sem leyft er til sýningar fyrir alla.
3. Aðgöngumiðar að kvikmyndum og útleiga á myndböndum sem sýna ofbeldisefni gæti borið viðbótargjald sem síðan mætti verja til fræðslu- og forvarnarstarfs á viðkomandi sviði.
4. Stórefla þarf kvikmyndaskoðun og bæta aðstöðu barnaverndaryfirvalda og löggæslu til eftirlits, sbr. 9. gr. laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 47/1995.
5. Framfylgja þarf ströngum reglum um að kvikmyndir séu ekki sýndar eða myndbönd leigð út eða afhent öðrum en þeim sem aldur hafa til að horfa á viðkomandi efni.
6. Framfylgja þarf ströngum reglum um aðgang að leiktækjum sem byggjast á ofbeldisefni.
7. Beina þarf fræðslustarfi að foreldrum jafnt sem börnum þar sem hvatt er til þess að virða aldurstakmörk og takmarka áhorf að ofbeldismyndum eða aðgang að öðru ofbeldisefni o.s.frv.

Flutningsmenn telja brýnt að mál þetta komist formlega á dagskrá og til skoðunar hjá yfirvöldum uppeldis- og menntamála, fjölmiðlunar, félagsmála og heilbrigðismála og annars staðar þar sem ástæða er til og þá auðvitað ekki síst meðal almennings og fjölskyldna í landinu".

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Árni Matthíasson: Til liðs við hið illa. (Mbl. 23. ágúst 1997.)

II. Hilmar Thor Bjarnason: Úr skýrslu umboðsmanns barna um ofbeldi í sjónvarpi (október 1996).

III. Fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar til menntamálaráðherra um ofbeldisefni í fjölmiðlum og munnlegt svar menntamálaráðherra (Björns Bjarnasonar) (235. mál 120. löggjafarþings). Sjá þskj. 317 í A-deild Alþt. 1995–96, bls. 1893, og svar ráðherra í B-deild, d. 2844–45.

IV. Fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar til viðskiptaráðherra um kvikmyndaauglýsingar í sjónvarpi og munnlegt svar viðskiptaráðherra (Finns Ingólfssonar) (236. mál, 120. löggjafarþings). Sjá þskj. 318 í A-deild Alþt. 1995–96, bls. 1894, og svar ráðherra í B-deild, d. 2842–43.

411. Frumvarp til laga [326. mál]

um breytingu á vopnalögum, nr. 16 25. mars 1998.

Flm.: Ásta Möller, Arnbjörg Sveinsdóttir, Árni Steinar Jóhannsson, Drífa Hjartardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Katrín Fjeldsted.

1. gr.

32. gr. laganna orðast svo:

Bannað er að selja eða afhenda skotelda barni yngra en 18 ára. Heimilt er þó að selja börnum eldri en 15 ára skotelda til notkunar innan húss.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt 1. gr. vopnalaga, nr. 16/1998, er með skoteldum átt við flugelda, reyk- og hvellsprengjur og ýmiss konar skrautelda. VI. kafli vopnalaga fjallar um meðferð skotelda. Þar er m.a. kveðið á um að sala eða afhending skotelda til barna yngri er 16 ára er bönnuð sé þess getið í leiðbeiningum með skoteldum og að öll sala á skoteldum til barna yngri en 12 ára sé óheimil.

Ráðherra er heimilt skv. 33. gr. vopnalaga að setja reglur um að ekki megi selja almenningi ýmsar skaðlegar tegundir skotelda og um sérstakt eftirlit í því skyni. Núgildandi reglugerð um sölu og meðferð skotelda, nr. 536/1988, er frá 19. desember 1988, en samkvæmt svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn um skotelda á 125. löggjafarþingi (fylgiskjal I) hefur reglugerðin verið til endurskoðunar um nokkurt skeið í ráðuneytinu. Markmið endurskoðunarinnar er að samræma og endurbæta þessar reglur og auka öryggi í meðferð skotelda. Samkvæmt upplýsingum dómsmálaráðuneytisins verður hún birt innan skamms.

Hér á landi hefur athygli og umræður um skotelda og slys af völdum þeirra að öllu jöfnu verið bundin við áramót, enda er almenn notkun og sala skotelda til almennings einungis

heimil á tímabilinu 27. desember til 6. janúar að báðum dögum meðtöldum, nema með leyfi lögreglustjóra, samkvæmt núgildandi reglugerð um sölu og meðferð skotelda.

Samkvæmt 32. gr. vopnalaga er leyfilegt að selja og afhenda skotelda til barna undir 16 ára aldri sé þess getið í leiðbeiningum. Sala á skoteldum er óheimil til barna undir 12 ára aldri. Samkvæmt þessu ákvæði er það lagt í hendur framleiðanda eða innflytjanda vörunnar að taka ákvörðun um hvort heimilt sé að selja vöruna börnum yngri en 16 ára, en það er í verkahring hans að sjá um að leiðbeiningar um meðferð vörunnar séu límdar á hana.

Almenn notkun skotelda um áramót er mikil. Tíðni slysa af völdum skotelda hér á landi er há og á það sérstaklega við um slys á börnum. Nauðsynlegt er að herða öryggisreglur um meðhöndlun skotelda, reglur um sölu á skoteldum og endurskoða aldursmörk við sölu þeirra. Í því sambandi er sérstaklega litið til þróunar í nálægum löndum þar sem aldursmörk um sölu á skoteldum hafa verið færð upp til 18 ára aldurs og tekin hefur verið upp flokkun á skoteldum.

Með þessu frumvarpi er lagt til að aldursmörk við sölu skotelda séu færð úr 16 ára aldri til 18 ára aldurs. Þó sé heimilt að selja börnum frá 15 ára aldri skotelda til notkunar innan húss. Gert er ráð fyrir að ný reglugerð um skotelda sem væntanleg er innan tíðar setji fastari reglur um flokkun skotelda. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til á 32. gr. vopnalaga yrði það ekki lengur á valdi framleiðanda eða innflytjanda að ákvarða hvaða skotelda megi selja til yngri aldurshópsins, heldur yrði skýrt kveðið á um það í lögum og nánar útfært í reglugerð um skotelda.

Sala skotelda.

Á undanförnum árum hefur orðið gríðarleg aukning á innlendri framleiðslu, innflutningi og sölu skotelda hér á landi. Má í eiginlegri og óeiginlegri merkingu tala um sprengingu í þessu sambandi. Í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn á 125. löggjafarþingi um skotelda (fylgiskjal II) kemur fram að framleiðsla á skoteldum á Íslandi hefur aukist verulega undanfarin ár. Framleiðsla skotelda hér á landi jókst um 36% milli áranna 1998 og 1999, en um 60% á fimm ára tímabili 1995–99, í stykkjum talið. Að sama skapi hefur innflutningur á skoteldum margfaldast á undanförnum árum; hann jókst um 100% milli áranna 1998 og 1999, en hefur nær fjórfaldast á fimm ára tímabili 1995–99 (úr 147 tonnum á árinu 1995 í rúmlega 550 tonn 1999).

Augljóslega hafa þau sérstöku tímamót sem urðu við síðustu áramót haft áhrif á aukna sölu skotelda, en samkvæmt könnun Gallup stefndu um 71% Íslendinga að því að skjóta upp flugeldum um síðustu áramót. Þá hefur aukin almenn velmegun í landinu einnig haft sitt að segja í þessum efnum. Til þess bendir m.a. mikil aukning á innflutningi og sölu skotelda sl. fimm ár. Líklegt má telja að innflutningur og sala á skoteldum í tilefni næstu áramóta verði mikill þótt ekki sé líklegt að um aukningu frá fyrra ári verði að ræða.

Slys af völdum skotelda.

Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar um slys af völdum skotelda hér á landi. Í athugun augnlæknanna Haraldar Sigurðssonar, Guðmundar Viggóssonar og Friðberts Jónassonar um augnáverka af völdum augnslysa, sem birtist í Læknablaðinu árið 1991, voru skoðaðir augnáverkar af völdum skotelda á 13 ára tímabili 1978–91. Á tímabilinu höfðu 15 manns hlotið áverka á augum af völdum skotelda og voru lagðir inn á sjúkrahús vegna áverkanna. Langflestir þeirra voru undir 20 ára aldri eða 12 talsins, þrír þeirra voru undir 10 ára aldri. Það eru aðallega drengir sem slasast. Flest slysin voru um áramótin 1987–88 eða fimm og höfðu þrír

þeirra fengið áverka af völdum „tívolíbomba“ sem voru bannaðar í kjölfarið. Átak í fræðslu um meðhöndlun skotelda áramótin á eftir leiddi til fækkunar augnslysa.

Í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn á 125. löggjafarþingi um tíðni slysa af völdum skotelda (fylgiskjal III) kemur fram að á sólarhringstímabilinu frá kl. 12 á gamlársdag til sama tíma á nýársdag leituðu 23 manns til slysa- og bráðamóttöku Sjúkrahúss Reykjavíkur (nú Landspítala – háskólasjúkrahúss, Fossvogi) vegna áverka af völdum einhvers konar sprengna, blysa, terta eða flugelda. Karlmenn voru í meiri hluta (19) og voru flestir á aldrinum 3–10 ára (9) og 37–47 ára (10). Þrjá þurfti að leggja inn á sjúkrahús. Yfirleitt höfðu hinir slösuðu ekki notað öryggisbúnað eins og hlífðargleraugu og hlífðarhanska. Stórar sprengjur ollu alvarlegustu áverkunum. Þetta eru tvöfalt fleiri slys en vant er um áramót.

Í samantekt Haraldar Sigurðssonar augnlæknis um skoteldaslys um áramótin síðustu, dags. 31. janúar 2000, kemur fram að sex sjúklingar (þar af þrír sem komu ekki frá SHR), allt karlmenn og helmingur undir tvítugu, leituðu til augndeildar Landspítalans vegna áverka af völdum þeirra. Þar af þurftu fjórir sérhæfða þjónustu, en tveir fengu skoðun án innlagnar. Tveir munu sennilega bera varanlegan skaða eftir þessi slys. Enginn þeirra notaði öryggisgleraugu. Þessar tölur benda til alvarlegs ástands þessara mála og slaga hátt í áramótin 1987–88 sem mikil viðbrögð voru við.

Samkvæmt athugun yfirlæknis slysa- og bráðamóttöku og í samantekt Slysavarnafélagsins Landsbjargar um flugelda áramótin 1999–2000, sem birtist í tímariti samtakanna „Fréttir“, 1. tbl., 2. árg. 2000, bls. 20, kemur fram að á tímabilinu 28. desember 1999 til 2. janúar 2000 leituðu alls 35 manns til slysa- og bráðavaktar Sjúkrahúss Reykjavíkur vegna slysa af völdum skotelda. Þar af var 21 á aldrinum 0–19 ára og 13 þeirra á aldrinum 10–14 ára. Af hinum slösuðu var 31 karlkyns. Upplýsingar um slys af völdum skotelda frá öðrum landshlutum liggja ekki fyrir.

Í samantekt Landsbjargar kemur fram að undanfarin áramót hafi á nýársnótt að meðaltali um tíu manns leitað á slysadeild Reykjavíkur vegna flugeldaslysa, en ljóst er að rúmlega tvöfalt fleiri þurftu aðstoð og aðhlynningu um síðustu áramót en áður. Athygli vekur hve margir hinna slösuðu eru ungir, en 60% þeirra eru 19 ára og yngri og 37% af öllum slösuðum eru strákar á aldrinum 10–14 ára. Þegar slys eiga sér stað má í mörgum tilvikum kenna um óvitaskap, óvarkárni og því að ekki er farið eftir leiðbeiningum.

Samkvæmt niðurstöðum ýmissa rannsókna um áverka af völdum skotelda kemur fram að brunar og sár á höndum og andliti eða öðrum hlutum líkamans séu algengastir, auk augnáverka, heyrnarskemmda og beinbrota.

Slysa- og bráðasvið Sjúkrahúss Reykjavíkur (nú Landspítala – háskólasjúkrahúss, Fossvogi) gerði athugun á fjölda og áverka slasaðra sem komu á slysa- og bráðamóttöku sjúkrahússins um áramótin 1999/2000 vegna sprengjuslysa. Þar kemur fram að áverkar í andliti og/eða augum hafi verið algengastir, en einnig var um að ræða áverka á höndum og fingrum. Í nær öllum tilvikum var um bruna að ræða, en nokkrir hlutu sár og skurði, sem og beinbrot. Einnig kemur fram í athugun deildarinnar að hefðbundinn öryggisbúnaður, eins og hlífðargleraugu og hanskar, var í fæstum tilvikum notaður.

Undanfarin ár hefur verið rekinn áróður fyrir gætilegri umgengni við skotelda til að forðast slys af völdum þeirra. Fyrir síðustu áramót var gefinn út bæklingur í samvinnu Árvekni, dóms- og kirkjumálaráðuneytis, Löggildingarstofu og Sambands íslenskra tryggingafélaga þar sem gefnar eru upplýsingar um meðhöndlun skotelda, um öryggisútbúnað og aðrar leiðbeiningar. Var bæklingnum dreift víða og jafnframt vakin athygli á honum í fjölmiðlum. Nauðsynlegt er að finna þessum áróðri fastar skorður.

Tíðni slysa af völdum skotelda.

Margt bendir til að slys af völdum skotelda séu nokkru algengari hér á landi en t.d. annars staðar á Norðurlöndum og í Bretlandi.

Miðað við framangreindar tölur var tíðni slysa af völdum skotelda á Íslandi um síðustu áramót 12,7/100.000 íbúa og er þá eingöngu byggt á upplýsingum frá slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur en tölur frá öðrum landshlutum liggja ekki fyrir. Vonir standa til að upplýsingar um slys af völdum skotelda verði ítarlegri þegar samræmdri slysaskráningu um allt land verður komið á á næstu mánuðum.

Erfitt er að fá tölur um tíðni slysa af völdum skotelda í öðrum löndum og hafa örfáar rannsóknir þess efnis birst í fagtímaritum. Í danska læknablaðinu, *Ugeskrift for læger,* frá desember 1997 er birt niðurstaða rannsókna Ipsen og Jörgsholm um áverka af völdum skotelda í Danmörku um áramótin 1995–96 og 1996–97, þar sem upplýsingar fengust frá öllum slysamóttökum í landinu. Fjöldi áverka fyrra tímabilið var 381/5.300.000 þar sem 59 þurftu innlagnar við og seinna tímabilið 433/5.300.000 en 90 þurftu innlagnar við. Í um helmingi tilfella var um skaða á höndum að ræða og í um 20% tilvika var um augnslys að ræða. Þriðjungur áverka var af völdum ólöglegra skotelda. Tíðni slysa af völdum skotelda í Danmörku um áramótin 1995–96 var því 7,1/100.000 íbúa, en ári seinna, um áramótin 1996–97, var tíðnin 8,2/100.000 íbúa.

Í sömu grein er vísað til athugunar frá Umeå í Svíþjóð þar sem kemur fram að tíðni skaða af völdum skotelda er 7/125.000, þ.e. 5,6/100.000 íbúa.

Í ársskýrslu Department of Trade and Industry í Bretlandi, þar sem greint er frá áverkum af völdum skotelda á árinu 1998, kemur fram að í öllu landinu hafði 831 leitað til heilbrigðisstofnana af völdum skotelda í kringum „Bonfire Night" sem er í byrjun nóvember ár hvert, en þá fagnar almenningur með skoteldum. Tíðnin í Bretlandi er 1,4/100.000 íbúa. Þess ber að geta að ný reglugerð tók gildi í lok árs 1997 þar sem aldursmörk voru hækkuð í 18 ár, settar voru reglur um hvaða skoteldar mættu vera í almennri sölu og um merkingar ákveðinna tegunda skotelda. Veruleg fækkun hefur orðið á slysum af völdum skotelda í Bretlandi sem á síðari árum náði hámarki á árunum 1994 og 1995 með 1.500–1.600 slysum í kringum þessi hátíðahöld.

Ný lög og reglur um skotelda í nágrannalöndunum.

Á undanförnum árum hefur verið gert átak í þessum málum í ýmsum nágrannalöndum okkar og hafa lög verið endurskoðuð og nýjar reglugerðir settar.

Helstu atriði sem hafa verið endurskoðuð varða eftirtalda þætti:

- Aldursmörk þeirra sem má selja skotelda hækkuð.
- Skoteldar flokkaðir, ákveðið hvaða skoteldar eru í hvaða flokki, hvað flokkar skotelda eru ætlaðir til sölu til almennings og hverjir eingöngu til sýninga.
- Gerðar kröfur um öryggi, gæði, merkingu skotelda og t.d. magn púðurs í skoteldum sem flytja má inn.
- Settar kröfur um prófun skotelda áður en þeir fara í sölu eða vottun sem viðurkennd er innan ESB á sama máta og rafvörur.
- Gerðar kröfur til söluaðila varðandi sölu á varningnum, aldur þeirra sem afgreiða og geymslu skotelda.

Í nokkrum löndum Evrópu hafa aldursmörk við sölu á skoteldum verið endurskoðuð. Ný reglugerð um öryggi skotelda tók gildi í Danmörku seint á síðasta ári. Í Danmörku er sala á skoteldum til barna undir 18 ára aldri bönnuð, en heimilt að selja og afhenda börnum eldri en 15 ára stjörnuljós og aðrar álíka vörur sem flokkast undir skotelda og eru yfirleitt ætlaðar

til notkunar innan húss. Í Noregi tók ný endurskoðuð reglugerð sama efnis gildi 1. júlí 1999. Í Noregi er almennt miðað við 18 ára aldursmörk við sölu á skoteldum, en 16 ár við minni háttar skotelda í flokki 1 sem eru ætlaðir til notkunar innan húss. Í Bretlandi er almennt miðað við 18 ára aldur við sölu og afhendingu skotelda og tók sú breyting gildi með nýrri reglugerð sem sett var í árslok 1997.

Bretland hefur verið talið í fararbroddi þeirra landa sem hafa látið sig varða öryggi skotelda og hefur staðall um mismunandi flokka skotelda verið notaður sem fyrirmynd ýmissa Evrópuríkja um staðlagerð og laga- og reglugerðarumgjörð í þessum málum. Drög að evrópskum staðli um skotelda hefur verið í vinnslu um nokkurt skeið og hafa Bretar leitt þá vinnu. Þessi flokkun skotelda er í notkun m.a. í Danmörku, Noregi, Bretlandi og Þýskalandi. Í drögum að nýrri endurskoðaðri reglugerð um meðferð og notkun skotelda sem verður gefin út innan tíðar af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu eru skoteldar flokkaðir á svipaðan máta.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Svar dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um sölu og eftirlit með skoteldum. Sjá þskj. 1175, 442. mál 125. löggjafarþings, í A-deild Alþt. 1999–2000, bls. 5451–5455.

II. Svar dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um skotelda. Sjá þskj. 1176, 441. mál 125. löggjafarþings, í A-deild Alþt. 1999–2000, bls. 5455–5457.

III. Svar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um tíðni slysa af völdum skotelda. Sjá þskj. 695, 334. mál 125. löggjafarþingi, í A-deild Alþt. 1999–2000, bls. 3857–3859.

412. Tillaga til þingsályktunar [327. mál]

um hafnaáætlun 2001–2004.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar skv. 24. gr. hafnalaga, nr. 23/1994, að árin 2001–2004 skuli framkvæmdum í hafnamálum hagað samkvæmt eftirfarandi hafnaáætlun.

I. Áætlaðar fjárveitingar ríkissjóðs.

a) Til hafnaframkvæmda samkvæmt hafnalögum.
Upphæðir í millj. kr. Tölur í svigum tákna að til er ónotuð fjárveiting.

Kjördæmi	2001			2002			2003			2004			
Höfn	Til ný-fram-kvæmda	Til upp-gjörs	Fjárveit-ingar alls	Til ný-fram-kvæmda	Til upp-gjörs	Fjárveit-ingar alls	Til ný-fram-kvæmda	Til upp-gjörs	Fjárveit-ingar alls	Til ný-fram-kvæmda	Til upp-gjörs	Fjárveit-ingar alls	**Samtals 2001–2004**
Vesturland													
Akranes	0,0		0,0	52,8	0,0	52,8	59,4	0,0	59,4	67,0	0,0	67,0	179,2
Borgarnes	0,0		0,0	0,0	0,0	0,0	2,4	(0,1)	2,3	0,0	0,0	0,0	2,3
Snæfellsbær	31,9	6,5	38,4	60,7	0,0	60,7	43,3	0,0	43,3	37,1	0,0	37,1	179,5
Grundarfjörður	83,1		83,1	21,0	0,0	21,0	9,8	0,0	9,8	0,0	0,0	0,0	113,9
Stykkishólmur	1,4	7,4	8,8	13,2	0,0	13,2	8,3	0,0	8,3	46,2	0,0	46,2	76,5
Búðardalur	0,0		0,0	0,0	0,0	0,0	1,5	0,0	1,5	0,0	0,0	0,0	1,5
	116,4	**13,9**	**130,3**	**147,7**	**0,0**	**147,7**	**124,7**	**(0,1)**	**124,6**	**150,3**	**0,0**	**150,3**	**552,9**
Vestfirðir													
Reykhólahöfn	0,0		0,0	2,7	(0,1)	2,6	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	2,6
Vesturbyggð	2,0	(0,4)	1,6	16,3	0,0	16,3	0,0	0,0	0,0	11,0	0,0	11,0	28,9
Tálknafjörður	3,8	(2,3)	1,5	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,5
Bolungarvík	20,7	(5,9)	14,8	8,2	0,0	8,2	12,0	0,0	12,0	6,0	0,0	6,0	41,0
Ísafjarðarbær	33,4	(24,8)	8,6	33,8	0,0	33,8	49,8	0,0	49,8	59,6	0,0	59,6	151,8
Súðavík	4,2	(0,6)	3,6	9,7	0,0	9,7	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	13,3
Drangsnes	4,2	0,3	4,5	1,0	0,0	1,0	2,5	0,0	2,5	0,0	0,0	0,0	8,0
Hólmavík	5,7	(5,7)	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	6,0	0,0	6,0	6,0
	74,0	**(39,4)**	**34,6**	**71,7**	**(0,1)**	**71,6**	**64,3**	**0,0**	**64,3**	**82,6**	**0,0**	**82,6**	**253,1**
Norðurland vestra													
Hvammstangi	13,1	(13,1)	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Skagaströnd	1,5	0,7	2,2	7,7	0,0	7,7	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	9,9
Skagafjörður	41,5	(2,3)	39,2	43,4	0,0	43,4	0,2	0,0	0,2	18,2	0,0	18,2	101,0
Siglufjörður	54,1	(4,6)	49,5	9,4	0,0	9,4	18,9	0,0	18,9	40,2	0,0	40,2	118,0
	110,2	**(19,3)**	**90,9**	**60,5**	**0,0**	**60,5**	**19,1**	**0,0**	**19,1**	**58,4**	**0,0**	**58,4**	**228,9**
Norðurland eystra													
Hafnasamlag Eyja-fjarðar	0,0	18,4	18,4	47,5	0,0	47,5	36,8	0,0	36,8	18,3	0,0	18,3	121,0
Hafnasamlag Norður-lands	65,9	(4,8)	61,1	25,1	0,0	25,1	34,7	0,0	34,7	40,8	0,0	40,8	161,7
Grímsey	0,0		0,0	7,0	(1,5)	5,5	0,6	0,0	0,6	10,8	0,0	10,8	16,9
Húsavík	192,8	32,4	225,2	0,0	155,6	155,6	88,8	0,0	88,8	12,0	33,4	45,4	515,0
Kópasker	3,7	(1,3)	2,4	4,6	0,0	4,6	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	7,0
Raufarhöfn	9,1	(4,5)	4,6	8,7	0,0	8,7	229,5	0,0	229,5	0,0	0,0	0,0	242,8
Þórshöfn	56,3	(1,0)	55,3	63,9	0,0	63,9	24,6	0,0	24,6	97,6	0,0	97,6	241,4
	327,8	**39,2**	**367,0**	**156,8**	**154,1**	**310,9**	**415,0**	**0,0**	**415,0**	**179,5**	**33,4**	**212,9**	**1.305,8**
Austurland													
Bakkafjörður	0,0		0,0	10,9	0,0	10,9	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	10,9
Vopnafjörður	14,6	0,3	14,9	104,9	0,0	104,9	73,4	0,0	73,4	11,4	0,0	11,4	204,6
Borgarfjörður eystri	5,6		5,6	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	5,6
Hafnasamlag A-Héraðs og Fella	0,0		0,0	0,0	0,0	0,0	21,1	0,0	21,1	0,0	0,0	0,0	21,1
Seyðisfjörður	39,7	(1,8)	37,9	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	37,9
Fjarðabyggð	78,1	11,8	89,9	88,2	0,0	88,2	11,2	0,0	11,2	26,2	0,0	26,2	215,5

Kjördæmi	2001			2002			2003			2004			
Höfn	Til ný-fram-kvæmda	Til upp-gjörs	Fjárveit-ingar alls	Til ný-fram-kvæmda	Til upp-gjörs	Fjárveit-ingar alls	Til ný-fram-kvæmda	Til upp-gjörs	Fjárveit-ingar alls	Til ný-fram-kvæmda	Til upp-gjörs	Fjárveit-ingar alls	**Samtals 2001–2004**
Fáskrúðsfjörður	19,2	0,7	19,9	0,0	0,0	0,0	22,1	0,0	22,1	9,5	0,0	9,5	51,5
Breiðdalsvík	5,0	(5,0)	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Djúpivogur	83,2	(36,4)	46,8	28,3	0,0	28,3	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	75,1
Hornafjörður	40,8	1,1	41,9	7,8	0,0	7,8	96,4	0,0	96,4	137,1	0,0	137,1	283,2
	286,2	**(29,3)**	**256,9**	**240,1**	**0,0**	**240,1**	**224,2**	**0,0**	**224,2**	**184,2**	**0,0**	**184,2**	**905,4**
Suðurland													
Vestmannaeyjar	91,5	35,0	126,5	108,4	0,0	108,4	121,0	15,1	136,1	128,1	11,7	139,8	510,8
Þorlákshöfn	17,9	1,5	19,4	6,3	34,0	40,3	39,5	12,0	51,5	19,9	3,6	23,5	134,7
	109,4	**36,5**	**145,9**	**114,7**	**34,0**	**148,7**	**160,5**	**27,1**	**187,6**	**148,0**	**15,3**	**163,3**	**645,5**
Reykjanes													
Grindavík	50,5	157,5	208,0	101,4	10,0	111,4	0,0	93,1	93,1	91,4	61,8	153,2	565,7
Sandgerði	64,0	24,3	88,3	45,6	0,0	45,6	29,6	0,0	29,6	0,0	85,3	85,3	248,8
Hafnasamlag Suðurnesja	0,0	9,4	9,4	17,3	0,0	17,3	0,0	0,0	0,0	57,8	0,0	57,8	84,5
Hafnarfjörður	0,0	9,0	9,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	9,0
	114,5	**200,2**	**314,7**	**164,3**	**10,0**	**174,3**	**29,6**	**93,1**	**122,7**	**149,2**	**147,1**	**296,3**	**908,0**
Óskipt til slysavarna o.fl.	8,7	(7,5)	1,2	8,2	0,0	8,2	10,5	0,0	10,5	22,0		22,0	41,9
Rannsóknir o.fl.	10,0		10,0	15,0		15,0	15,0		15,0	15,0		15,0	55,0
Samtals	**1.157,2**	**194,3**	**1.351,5**	**979,0**	**198,0**	**1.177,0**	**1.062,9**	**120,1**	**1.183,0**	**989,2**	**195,8**	**1.185,0**	**4.896,5**

b) Önnur hafnamannvirki.

	2001	2002	2003	2004
Lendingarbætur	2,8	3,0	3,0	3,0
Ferjubryggjur	5,7	6,0	6,0	6,0
Samtals	**8,5**	**9,0**	**9,0**	**9,0**

II. Sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum.

Skýringar við töflu: Frumáætlun Siglingastofnunar um heildarkostnað við framkvæmdir. Í aftasta dálki þátttökuhlutfall ríkissjóðs.

Verðlag miðast við áætlað meðaltal ársins 2001 (byggingarvísitala 254 stig). Upphæðir í millj. kr.

Höfn Verkefni	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**	**Hlutur ríkis-sjóðs**
VESTURLAND					
Akranes					
Dýpkun við aðalhafnargarð í 8–9 m (~3.000 m² spr.) og viðhaldsdýpkun		52,0			75%
Stálþil aðalhafnargarði, 1.–3. áfangi, 160 m, dýpi 8–9 m, lagnir og þekja (3.200 m²)		23,0	80,0	57,0	60%
Klæðning á austurhlið Ferjubryggju, 60 m þybbuklæðning úr asobe og uppsetning á þybbum				5,7	60%
Endurröðun og styrking á grjótvörn aðalhafnargarði (150 m – ~8.000 m³)				24,0	75%
Endurnýjun skipalyftu. Hliðarfærslusleði, nemabúnaður og raflagnir			19,0	19,0	60%
Borgarnes					
Bryggjurif, grjót og kjarnafylling (~3.200 m³) við gömlu bryggjuna og frágangur við þá nýju			4,0		60%
Snæfellsbær					
Arnarstapi:					
Lenging grjótgarðs (30–35 m, ~14.000 m³) og dýpka (spr. svæði ~2.000 m²)	38,0	38,0			75%
(Viðhaldsdýpkun/ ljós í bryggjustiga, sjá Ólafsvík)					75%

Höfn Verkefni	2001	2002	2003	2004	Hlutur ríkis-sjóðs
Rifshöfn:					
Staurakista, endurbygging og lenging um 10 m, stálþil (35 m, dýpi 4 m)		24,0			60%
Ljúka endurbyggingu trébryggju (5×18 m, dýpi 3,5 m) og rif á eldri bryggju		24,0			60%
Lenging stálþils, 80 m, dýpi 6 m lagnir og þekja (1.600 m²)			50,8	23,0	60%
(Viðhaldsdýpkun/ ljós í bryggjustiga, sjá Ólafsvík)					60%
Ólafsvík:					
Lenging á flotbryggjum, 20 m og 10 m og slitlag á tengibraut (klæðning ~300 m²)	5,7				60%
Ljós í bryggjustiga Ólafsvík, Rifi og Arnarstapa (40 stigar alls)		4,3			60%
Endurbygging á fenderklæðningu trébryggju			20,0		60%
Styrking og endurbygging grjótvarnar Suðurgarðs				19,0	75%
Dýpkun, viðhalda dýpi í innsiglingum og höfnum Ólafsvík, Rifi og Arnarstapa (~25.000 m³)		1,0	1,0	12,0	75%
Grundarfjörður					
Lenging Stórubryggju, stálþil (100 m, dýpi 8 m), lagnir, lýsing og þekja	88,0	35,0			60%
Lenging Stórubryggju, grjótvörn norðan á (~18.000 m³)	40,4				75%
Smábátaaðstaða, dýpkun (~3.000 m³)			3,4		75%
Smábátaaðstaða, uppsátur (5×30 m), flotbryggja (10 m), fylling, frág. fláa, lýsing vatns- og raflögn			10,0		60%
Öryggismál, stigar á flotbryggju, laga og setja ljós í stiga Stórubryggju og Suðurgarði			2,0		60%
Stykkishólmur					
Skipavík, ljósamasturs- og vatnshús	2,4				60%
Stálþil næst brúarbás Súgandisey, 20 m, dýpi 6 m, lagnir og þekja (300 m²)		16,0	5,0		60%
Dýpkun í höfn við þil Súgandisey og víðar (gröbbun ~5.000 m³)			7,0		75%
Dráttarbraut Skipavík, styrkja braut, nýr sleði, 16 hliðarf.vagnar, rif á görðum og st. plan (3.000 m²)		6,0		77,0	60%
Dalabyggð					
Gamla bryggjan Búðardal, endurbyggja kanttré, þybbur, stiga og þekju (70 m²)			2,5		60%
	174,5	**223,3**	**204,7**	**236,7**	
VESTFIRÐIR					
Reykhólar					
Dýpkun, grabbað upp meðfram bryggju (~1.500 m³)		3,6			75%
Vesturbyggð					
Patreksfjörður:					
Innsigling lagfærð, dýpkun (grafið ~11.000 m³) og grjótvörn á enda Oddans		21,7			75%
Endurbygging þekju (1.000 m²)				8,3	60%
Endurbygging stálþils, undirbúningsframkvæmd (um 280 m þil byggt 1948)				10,0	60%
Bíldudalur:					
Flotbryggja, lenging (20 m)	3,4				60%
Tálknafjörður					
Þekja við stálþil, lagnir og lýsing (steypt 300 m², klæðning 900 m²)	6,3				60%
Ísafjarðarbær					
Þingeyri					
Rífa gömlu trébryggjuna við ytri hafnargarð og ganga frá kanti		4,8			60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5×30 m)	3,4				60%
Flateyri					
Endurbygging hafnarkants, frágangur, lagnir og þekja (1.400 m²)	16,1				60%
Suðureyri					
Stækkun smábátahafnar		14,0			60%
Dýpkun innsiglingarrennu í 5 m (10.000 m³, dæling)				6,4	75%
Ísafjörður					
Tengibraut Ásgeirsbakki – Sundahöfn (uppgjör)	20,0				60%
Sundahöfn, lagnir, lýsing og þekja (1.400 m²) við stálþilsbakka	16,1	6,1			60%
Endurbyggja flotbryggju Sundahöfn (70 m)		11,5			60%
Viðgerðarbryggja skipasmíðastöðvar, staurabr. úr stáli og harðviði (38 m)		19,8			60%
Bátahöfn við Olíumúla, lokið endurbyggingu			28,0		60%
Dýpkun við Olíumúla og viðgerðarbryggju (~24.000 m³ – gröftur)			44,0		75%
Ferjubryggja Sundahöfn, lenging, staurabryggja úr harðviði (17 m)				11,4	60%

Höfn Verkefni	2001	2002	2003	2004	Hlutur ríkis-sjóðs
Ásgeirsbakki, endurbygging, 1. áfangi, stálþil með kantbita (85 m, dýpi 8 m)				50,0	60%
Dráttarbraut, endurbygging á braut, vagni og spili m.v. 400 þungatonna skip				30,0	60%
Bolungarvík					
Grundargarður, breikkun og grjótvörn á ~300 m kafla (24.000 m³)	27,6				75%
Brjóturinn, niðurrif skjólveggs og þekja að 20 m línu (~600 m²)		13,6			60%
Tengibraut Lækjarbryggja – Grundargarður			20,0		60%
Brjóturinn, endurbygging stálþils efst við Brjótinn – undirbúningsframkvæmd				10,0	60%
Súðavík					
Viðlegubryggja við Suðurgarð lengd (15 m léttbyggð timburbryggja – dýpi 3 m)	7,0				60%
Suðurgarður, þvergarður og styrking á núverandi garði (~7.000 m³)		12,9			75%
Drangsnes					
Drangsnesbryggja, hækkun efri hluta bryggju, steypt þekja (400 m²) og veggur (18 m)	7,0				60%
Kokkálsvík, slitlag við bryggjur (klæðning 1.000 m²)		1,7			60%
Kokkálsvík, flotbryggja (20 m)			4,1		60%
Hólmavík					
Bæta aðstöðu smábáta, flotbryggja	9,5				60%
Stálþilsbryggja endurbyggð, undirbúningsframkvæmdir				10,0	60%
	116,4	**109,7**	**96,1**	**136.1**	
NORÐURLAND VESTRA					
Hvammstangi					
Dýpkun hafnar í 5–6 m og innsiglingin í 7 m, sprengt að hluta (5.000 m³)	17,5				75%
Skagaströnd					
Upplýsingakerfi fyrir sjófarendur	2,0				75%
Dýpkun í höfn og innsiglingu (10.000 m³ dæling/gröftur)		10,3			75%
Skagafjörður					
Sauðárkrókur					
Stálþil Norðurgarði, endurbygging og lenging, 130 m, dýpi 8,5 m, lagnir og þekja (2.600 m²)	62,8	52,0			60%
Dýpkun, snúningssvæði og innsigling í 8 m, við þil í 8,5 m (30.000 m³)		16,2			75%
Sandfangari, lenging um 30 m				14,0	75%
Tengibraut Hafnargarður – Sandeyri (800 m² – var á áætlun '99 en frestað)				5,5	60%
Hofsós					
Lenging þvergarðs um 5 m (~1000 m³)	4,8				75%
Norðurgarður, styrking á grjótvörn				5,9	75%
Haganesvík					
Viðhaldsdýpkun	0,3		0,3		75%
Siglufjörður					
Óskarsbryggja, 75 m þil, dýpi 10 m, steypt þekja 1.500 m²	65,4	15,7			60%
Dýpkun í 9 m við Óskarsbryggju og á siglingaleið (30.000 m³ dæling)	16,2				75%
Togarabryggja, endurnýjun þekju (malbik)	4,5				60%
Smábátahöfn, viðlegubryggja við vesturkant (40 m)			11,8		60%
Styrking á grjótvörn norðan við Brjót			5,7		60%
Roaldsbryggja við Síldarminjasafn (göngubryggja 75×3,0 m)			14,0		60%
Bæjarbryggja, endurbygging, 1. áfangi, stálþil (100 m, dýpi 8 m)				67,0	60%
	173,5	**94,2**	**31,8**	**92,4**	
NORÐURLAND EYSTRA					
Hafnasamlag Eyjafjarðar					
Ólafsfjörður:					
Loðnulöndunarkantur, endurnýja staura (84 m, ~1/3 hluti)		24,9			60%
Togarabryggja, rífa trébryggju, 40 m stálþil, dýpi 7 m, lagnir og þekja (800 m³)		30,9	12,7		60%
Viðhaldsdýpkun í innsiglingu og höfn (dæling, 12.000 m³)				6,5	75%
Innsigling í Vesturhöfn, frágangur garðsenda				20,0	60%

Höfn Verkefni	2001	2002	2003	2004	Hlutur ríkis-sjóðs
Dalvík:					
Endurröðun og styrking grjótvarnar Suðurgarði, öldudempandi flái við verbúð (alls ~8.000 m³)		18,0			75%
Timburbryggja Suðurgarði, endurbygging (65 m)			38,6		60%
Árskógssandur/Hauganes:					
Upptökubraut Árskógssandi (5×20 m)				2,3	60%
Hauganes, grjótvörn á hafnarsvæði við gömlu bryggjuna (~500 m³)		1,0			60%
Hrísey					
Aðstaða fyrir ferju, lenging stálþils/dýpkun (óvisst)			10,0		60%
Hafnasamlag Norðurlands					
Hjalteyri:					
Viðhaldsdýpkun	0,3		1,1		75%
Akureyri:					
Fiskihöfn, dýpkun, 2. áfangi (91.000 m³)	41,2				75%
Fiskihöfn, Vesturbakki, stálþil, 2. áfangi (70 m, dýpi 9 m, þekja 1.400 m²)	51,4	19,7			60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5×20 m)	2,3				60%
Tangabryggja lengd, Sverrisbryggja rifin, stálþil 30 m, dýpi 8 m, lagnir og þekja (600 m²)	4,4	22,1	8,1		60%
Dýpkun, Krossanes, 2. áfangi (40.000 m³) og uppgjör, dýpkun fyrir olíuskip (framkv. 2000, 13 m.kr.)			34,6		75%
Stálþil við Krossanes, 2. áfangi (80 m, dýpi 9 m), rekið niður þil og steyptur kantur			5,0	63,0	60%
Ísbryggja ÚA endurbyggð, undirbúningsframkvæmdir				5,0	60%
Grímsey					
Endurbygging fremsta hluta hafnargarðs, þekja (~300 m²) og skvettmúr		11,6			60%
Úttekt og endurbygging á kervegg við fremri hluta aðalhafnargarðs (25 m)			1,0	8,4	60%
Lokið styrkingu grjótvarnar á hafnargarði, grjót úr landi (500 m³)				7,7	75%
Húsavík					
Brimvarnargarður við Böku (300.000 m³ – grjót á lager 30.000 m³)	509,0				75%
Stálþilsbryggja, endurbygging/nýbygging			148,0	20,0	60%
Kópasker					
Endurbyggja steypta þekju á bryggju (330 m²)	3,0				60%
Viðlegubryggja smábáta (15 m flotbryggja)	3,2				60%
Dýpkun hafnar (10.000 m³ dæling)		6,1			75%
Raufarhöfn					
Löndunarbryggja við bræðslu, lagnir, lýsing og steypt þekja (1.000 m²)	15,2				60%
Dýpkun innsiglingarrennu í 8,5–10 m (22.300 m² klapparsprenging)		7,5	306,0		75%
Frágangur vegna niðurrifs á bryggjum, grjóthleðsla við Hótel Norðurljós (120 m)		5,1			60%
Þórshöfn					
Dýpkuð innsigling í 8,5 m, höfn í 8–9 m snúningssvæði og að stálþili (~80.000 m³ gröftur, spr. að hluta)	75,0			124,0	75%
Stálþil 135 m, dýpi 9 m, lagnir og þekja (2.700 m²)		106,5	36,5		60%
Ytri leiðarljós			3,6		75%
Grjótflái við tengibraut (á áætlun 2000 en frestað)				7,7	60%
	705,0	**253,4**	**605,2**	**264,6**	
AUSTURLAND					
Bakkafjörður					
Lenging Löndunarbryggju, harðviðarbryggja (20 m, dýpi 3 m)		11,2			60%
Lenging Sjafnarbryggju, léttbyggð furubryggja (20 m, dýpi 2,5 m)		7,0			60%
Vopnafjörður					
Löndunarbryggja, stálþil, lagnir og þekja (1.600 m²)	24,3				60%
Skjólgarður sunnan Ásgarðs (~125.000 m³)		136,3			75%
Tengibraut, Miðbryggja – Lýsisbryggja (~1.800 m² klæðning og lýsing)		4,5			60%
Brimvarnargarður, út í Miðhólma og þaðan í átt að Húkk (75.000 m³)			97,8		75%
Miðbryggja lagfærð				19,0	60%

Höfn Verkefni	2001	2002	2003	2004	Hlutur ríkis-sjóðs
Borgarfjörður eystri					
Dýpkun sunnan gömlu bryggju og í bátakví (~3.600 m³)	7,4				75%
Hafnasamlag Austur-Héraðs og Fella					
Dýpkun og skjólgarður vegna ferju Lagarfljóti			15,6		75%
Bryggja fyrir Lagarfljótsferju, trébryggja 35 m, dýpi 2,5 m			15,6		60%
Seyðisfjörður					
Dýpkun rennu við Fjarðarhöfn í 8 m dýpi og dýpkun við dráttarbraut (~90.000 m³)	50,0				75%
Bryggja við Fjarðarhöfn, frágangur	3,6				60%
Fjarðabyggð					
Neskaupstaður:					
Lenging Togarabryggju, stálþil (70 m, dýpi 9 m, þekja 1.400 m²)	49,7	19,6			60%
Dýpkun vegna færslu flotbryggju (15.000 m³) og stækkun hafnar (100.000 m³)	8,4	57,9			75%
Skjólgarður norðan hafnar (~200 m, dælt undir garð og efni tekið úr núverandi garði að hluta)	56,0	44,0			75%
Stálþil við bræðslu lengt um 52 m, í 100 m, dýpi 9 m, 1. áfangi, þil með kanti				43,7	60%
Eskifjörður:					
Hafskipakantur, efniskostnaður vegna lengingar stálþils úr 80 í 130 m (uppgjör)			18,6		60%
Fáskrúðsfjörður					
Stækkun Loðnulöndunarbryggju (harðviðarbryggja 40 m, dýpi 7 m)	32,0				60%
Endurbygging Bæjarbryggju, 1. áfangi (50 m, dýpi 7 m), lagnir, lýsing og þekja (1.000 m²)			36,9	15,8	60%
Breiðdalsvík					
Gengið frá lögnum og lokið við þekju (1.080 m²) – á áætlun '99 en frestað	8,4				60%
Djúpivogur					
Dýpkun Gleðivík (3.500 m² í 9 m, gröftur, að hluta sprengt)	36,5				75%
Löndunarkantur 75 m, dýpi 9 m, grjótvarin fylling (49.000 m³), lagnir og þekja (1.425 m²)	93,0	47,1			60%
Hornafjörður					
Faxeyrarhöfn, umhverfismat og undirbúningur	10,0				75%
Viðhaldsdýpkun (25.000 m³ hvert ár – er 15.000 í núgildandi áætlun)	10,4	10,4	10,4	10,4	75%
Leiðigarðar norðan og sunnan hafnarmynnis og leiðigarður út frá Mikley (~8.000 m³)	18,0				75%
Smábátaaðstaða vestan Óslandsbryggju	20,0				60%
Faxeyrarhöfn, skjólgarður (~15.000 m³) og dýpkun (~400.000 m³)			24,0	108,0	75%
Grynnslin dýpkun, undirbúningsframkvæmd			30,0	35,0	75%
Stálþilsbryggja, 100 m, dýpi 8 m, lagnir og þekja (2.000 m²)			80,1	30,3	60%
Raflögn í Hvanneyjarvita				5,0	75%
	427,7	**338,0**	**329,0**	**267,2**	
SUÐURLAND					
Vestmannaeyjar					
Nausthamarsbryggja, lokið endurbyggingu (þil 360 m, dýpi 5–9 m, þekja 4.640 m² steypt)	67,2	47,3			60%
Dýpkun við bryggjur í 8 m, Nausthamar, Friðarhafnarkantur (dæling/gröftur ~35.000 m³)	22,2				75%
Friðarhöfn, Ísk./suðurk., endurbætt þil 140 m, dýpi 9 m, lagnir, þekja (steypt 1.500/malb. 1.200 m²)	57,5	64,3			60%
Smábátahöfn, flotbryggjur 30 m og 2×40 m, lýsing og lagnir við bryggjur		22,2			60%
Friðarhöfn, norður-/austurk., endurbætt þil 150 m, dýpi 8 m, lagnir, þekja (steypt 3.400 m²)		46,9	75,1		60%
Dýpkun hafnar, Pyttur í 8 m, snúningssv. 210 m í 7,5 m (grafið/dælt 78.000 m³, að hluta spr.)			50,0	50,0	75%
Friðarhöfn, vesturk., endurbætt þil 195 m, dýpi 8 m, lagnir, þekja (steypt ~2.200 m²)			64,0	86,0	60%
Dýpkun í innsiglingu, viðhaldsdýpkun (gröftur 35.000 m³)				52,0	75%
Þorlákshöfn					
Dýpkun innan hafnar (~50.000 m³ sprengt og grafið að hluta)	90,0				75%
Tunna á garðsenda Suðurvarargarði, úrbætur samkvæmt tillögum frá maí '97		8,4			75%

Höfn Verkefni	2001	2002	2003	2004	Hlutur ríkis-sjóðs
Loðnulöndunarbryggja, stálþil 70 m, dýpi 9 m			65,9	22,3	60%
Dýpkun í innsiglingu og höfn, viðhaldsdýpkun (~20.000 m³ dæling)				10,8	60%
	236,9	**189,1**	**255,0**	**221,1**	
REYKJANES					
Grindavík					
Skjólgarður vestan innsiglingar (80.000 m³)	101,9				75%
Skjólgarður austan innsiglingar (100.000 m³)		135,2			75%
Rif á þverbryggju við Svíragarð, og flotbryggja (uppgjör)				21,0	60%
Dýpkun hafnar við Svíragarð (6.200 m² í 7–8 m) og dýpkun á svæðum A–E (uppgjör 25 millj. kr.)				105,0	75%
Sandgerði					
Dýpkun á svæði A við Norðurgarð í 8 m og B við Suðurbryggju í 5 m (14.500 m² spr.)	165,3				75%
Norðurgarður, lenging, stálþil 50 m, dýpi 8 m, lagnir og þekja (1.000 m²)	42,1	15,3			60%
Suðurbryggja norðurhlið, stálþil 80 m, dýpi 6 m, lagnir og þekja (1.600 m²)		60,6	24,3		60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5×30 m)			3,2		60%
Löndunarbryggja við Fiskmarkað, harðviðarbryggja (30 m, dýpi 5 m)			21,9		60%
Hafnasamlag Suðurnesja					
Reykjanesbær:					
Öldudempari Helguvík, sprengt berg við suðurhluta hafnar		16,1			75%
Festipollar við vestur- og austurenda viðlegu í Helguvík (2 stk. 100 t pollar)		2,4			60%
Grjótgarður Njarðvík styrktur og lengdur, 60 m		5,0		77,0	75%
	309,3	**234,6**	**49,4**	**203,0**	
ALLT LANDIÐ					
Óskipt til slysavarna o.fl. (styrkhæfni ýmist 60% eða 75%, meðaltal áætlað 67%)	13,0	12,2	15,7	32,8	67%
	2.156,3	**1.454,5**	**1.586,9**	**1.453,9**	
Samtals árin 2001–2004:				**6.651,6**	
Þar af hlutur ríkisins:				4.483,1	
Hlutur hafnarsjóða:				2.168,5	

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Þingsályktun um hafnaáætlun 1999–2002 var samþykkt á Alþingi í febrúar 1999.

Undirbúningur að gerð hafnaáætlunar fyrir árin 2001–2004 hófst með því að sent var bréf til hafnarstjórna í janúar 2000. Óskað var eftir að þær gerðu grein fyrir framkvæmdaþörf og æskilegri forgangsröðun verkefna. Svör bárust frá 45 aðilum af þeim 48 sem fengu send gögn. Lauslega áætlað var heildarkostnaður við framkvæmdir, sem sveitarfélögin töldu þörf á að lokið yrði á áætlunartímabilinu, rúmir 16,5 milljarðar kr. (verðlag í ársbyrjun 2000).

Við val verkefna nú var, eins og við gerð síðustu hafnaáætlunar, stuðst við reiknilíkan sem gefur framkvæmdum stig á grundvelli þarfagreiningar. Stigagjöfin er samsett úr tveimur aðalþáttum. Annars vegar er tekið mið af umsvifum hafnanna og hins vegar af þeim úrbótum sem hver framkvæmd skilar viðkomandi höfn. Þarfagreiningin, sem gefin var út í Hafnalýsingu (Vita- og hafnamálastofnun, september 1996), var endurskoðuð og notuð sem forsendur í reiknilíkanið.

Samhliða því sem ný hafnaáætlun er lögð fram er hún send út til umsagnar hjá hafnarstjórnum og þeim gefinn frestur til að skila umsögn og athugasemdum til Siglingastofnunar Íslands eins og kveðið er á um í hafnalögum og reglugerð um hafnamál. Athugasemdum mun verða komið á framfæri við samgöngunefnd áður en tillagan verður afgreidd frá henni.

Nú er í gangi vinna við gerð samgönguáætlunar sem nær til hafna, flugvalla og vega og er fyrirhugað að leggja hana fram haustið 2002. Einnig er verið að semja frumvarp til nýrra hafnalaga. Þetta hvort tveggja mun hafa áhrif á það hvenær hafnaáætlun verður næst tekin til endurskoðunar.

Allar kostnaðartölur í áætluninni eru á áætluðu verðlagi um mitt ár 2001 (byggingarvísitala 254 stig).

2. Meginþættir hafnaáætlunar.

Samkvæmt tillögu að hafnaáætlun eru eftirfarandi framkvæmdir áformaðar:

Árið 2001 er áætlað að framkvæma fyrir um 2.156 m.kr. hjá 31 hafnarsjóði.

Árið 2002 er áætlað að framkvæma fyrir um 1.455 m.kr. hjá 29 hafnarsjóðum.

Árið 2003 er áætlað að framkvæma fyrir um 1.587 m.kr. hjá 25 hafnarsjóðum.

Árið 2004 er áætlað að framkvæma fyrir um 1.454 m.kr. hjá 22 hafnarsjóðum.

Samtals er kostnaður við ríkisstyrkta hafnargerð áætlaður 6.652 m.kr. á árunum 2001–2004. Hlutur sveitarfélaganna í þessum framkvæmdum er 2.169 m.kr. en hlutur ríkissjóðs 4.483 m.kr., en um 800 m.kr. af þeirri upphæð er í raun aflað með hinu sérstaka vörugjaldi sem er álag á vörugjöld í höfnum.

Á árinu 2001 koma til framkvæmda þau verk sem voru á hafnaáætlun árið 2000 (ríkisframlag um 300 m.kr.), en frestað var um eitt ár vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar til að draga úr þenslu. Af þeirri ástæðu eru framkvæmdir mestar árið 2001.

Þann 31. mars 2000 gaf samgönguráðuneytið út reglugerð nr. 247 um slysavarnir í höfnum. Í reglugerðinni er kveðið á um þann öryggisbúnað sem á að vera í höfnum, bryggjustiga, frágang bryggjukanta, lýsingu á hafnarsvæðum, björgunartæki o.fl. Við gerð þessarar áætlunar hafa verkefni sem lúta að slysavörnum fengið forgang þar sem sótt hefur verið um framlög til slíkra hluta. Framlög undir liðnum „Óskipt til slysavarna o.fl." eru áætluð tæplega 42 m.kr. á árunum 2001–2004 (8,7 m.kr. 2001, 8,2 m.kr. 2002, 10,5 m.kr. 2003 og 22 m.kr. 2004).

Nánari sundurliðun kostnaðar við einstakar hafnir er að finna í I. og II. kafla áætlunarinnar.

Í kafla I a) er yfirlit yfir áætlaða fjárveitingaþörf til hafnarmannvirkja, þ.e. framlag til nýframkvæmda og uppgjörs hvert ár. Í kafla I b) er gerð grein fyrir áætlaðri fjárveitingaþörf til framkvæmda við ferjubryggjur og til lendingarbóta utan hafna.

Í II. kafla er sundurliðun framkvæmda við hafnarmannvirki í einstökum höfnum ásamt kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélags. Á Raufarhöfn og Þórshöfn er gert ráð fyrir umfangsmiklum dýpkunarframkvæmdum á áætlunartímabilinu og að þessi verkefni verði boðin út í einu lagi. Því er gert ráð fyrir að tímasetning framkvæmda geti breyst með tilliti til hagkvæmni. Unnið er að gerð hafnarreglugerðar fyrir Hafnasamlag Austur-Héraðs og Fella og er stefnt að því að þeirri vinnu verði lokið áður en til framkvæmda kemur.

3. Uppgjör eldri framkvæmda.

Óuppgerður hluti ríkissjóðs vegna framkvæmda á árinu 2000 eða fyrr, sem kemur til greiðslu af fjárveitingum 2001 eða síðar, er áætlaður 552 m.kr. Ónotuð fjárveiting frá fyrri árum sem nýtist til uppgjörs eða nýframkvæmda er 193,6 m.kr. Þessar tölur byggjast á bráðabirgðauppgjöri Siglingastofnunar frá 31. október 2000. Miðað er við að gera eldri skuldir upp við hafnarsjóðina á áætlunartímabilinu. Lagt er til að 69,9 m.kr. af ónotaðri fjárveitingu renni til að gera upp skuldir, en eftirstöðvarnar, 123,7 m.kr., renni til nýrra framkvæmda. Áætlunin gerir ráð fyrir að heimila framkvæmdir árið 2001 alls 349,8 m.kr. umfram fjárveitingar á Húsavík, í Grindavík, Þorlákshöfn og Sandgerði. Skuld ríkisins vegna framkvæmda á þessum

stöðum verður gerð upp síðar á tímabilinu þannig að í árslok 2004 er áætlað að ríkissjóður verði skuldlaus við hafnarsjóðina.

4. Kostnaðarskipting milli ríkis og hafnarsjóða.

Við gerð þessarar hafnaáætlunar er fylgt sömu meginreglu við ákvörðun á greiðsluþátttöku ríkissjóðs og í fyrri áætlun. Ríkissjóður greiðir þannig 75% í hafnargörðum (öldubrjótum), dýpkunum og siglingarmerkjum (skv. 21. gr. hafnalaga er hámarkið 90%). Ríkið greiðir enn fremur 60% í bryggjum og öðrum innri mannvirkjum hafna sem styrkhæf eru samkvæmt hafnalögum (hámark skv. 21. gr. hafnalaga). Í samræmi við ákvæði í 28. gr. hafnalaga er gert ráð fyrir að Hafnabótasjóður veiti styrk sem nemur 15% af heildarframkvæmdarkostnaði til tekjulágra hafna í fámennum sveitarfélögum. Hlutur þessara minni sveitarfélaga í hafnargörðum og dýpkunum getur því áfram náð því hámarki sem kveðið er á um í hafnalögum.

5. Almenn verkefni ríkisins á sviði hafnamála.

Við það er miðað að hafnasvið Siglingastofnunar Íslands vinni að þessum verkefnum og fái til þess fjárveitingar af rekstrarliðum stofnunarinnar samkvæmt sundurliðun í töflu hér að neðan (upphæðir í m.kr.):

Verkefni	2001	2002	2003	2004
Yfirumsjón hafnamála	20	20	20	20
Áætlanir	13	13	13	13
Rannsóknir	32	40	40	40
Samtals	65	73	73	73

Að auki er á hafnaáætlun gert ráð fyrir fjárveitingu árlega til rannsókna sem beint tengjast hafnarmannvirkjum.

Yfirumsjón hafnamála:

Áætlaður kostnaður 20 m.kr. á ári. Undir þennan lið fellur fjárhagsleg umsjón, vinna að ýmsum laga- og reglugerðarbreytingum er snerta hafnamál, gögn og upplýsingar er varða starfsemi hafna, stjórnvaldsverkefni, erlend samskipti o.fl. er varðar yfirstjórn.

Áætlanir:

Áætlaður kostnaður 13 m.kr. á ári. Undir þennan lið fellur vinna við greiningu hafnaþarfa, en árlega þarf að endurskoða margvísleg gögn og upplýsingar sem snerta hafnir. Vinna við hagrænar athuganir, samgönguáætlun, hafnaáætlun og sjóvarnaáætlun er einnig undir þessum lið.

Rannsóknir:

Kostnaður við frumrannsóknir árið 2001 er áætlaður 32 m.kr., en 40 m.kr. á ári 2002–2004. Verði samþykkt að ráðast í rannsóknir er tengjast nýjum mannvirkjum öðrum en hefðbundnum fiskihöfnum verður að ætla þeim rannsóknum sérstakar fjárveitingar. Með frumrannsóknum er átt við öflun ýmissa grunnupplýsinga, mælingar og rannsóknir sem stuðla að öryggi sjófarenda og réttum ákvörðunum við val á lausnum við mannvirkjagerð. Helstu verkefnisflokkar eru eftirfarandi:

Grunnkort af höfnum. Árlegur kostnaður 3,5 m.kr. Áhersla verður lögð á að endurnýja dýptarmælingar, staðsetja hafnir (lengd og beidd) í landskerfinu (ÍSN93) og gera hafnakort með þessum upplýsingum aðgengileg á heimasíðu Siglingastofnunar.

Sjávarföll og sjávarflóð. Árlegur kostnaður 3 m.kr. Með hliðsjón af fyrirsjáanlegri sjávarborðshækkun þarf að fylgjast vel með þróun sjávarborðs og breytinga við ströndina. Kvörðun sjávarfallamæla verður haldið áfram í samstarfi við Landmælingar Íslands og mælarnir tengdir landshæðakerfinu. Reklíkan fyrir dreifingu olíu og rek hluta verður sett upp sem hluti af upplýsingakerfinu. Unnið verður að viðvörunarkerfi fyrir aftakaveður og sjávarflóð.

Líkantilraunir og frumáætlanir. Árlegur kostnaður 14–18 m.kr. Gert er ráð fyrir líkantilraunum á eftirtöldum stöðum: Þorlákshöfn, framtíðarþróun hafnarinnar. Neskaupstaður, athugun á nýjum brimvarnargarði. Rifshöfn, endurbætur á innsiglingu. Sífellt er verið að takast á við hærri hönnunaröldu og þróa hönnun bermugarða. Stefnt er að því að setja upp öldurennu fyrir stöðugleikatilraunir fyrir brimvarnargarða. Einnig þarf að endurnýja tækjabúnað við líkantilraunir.

Ölduranns óknir. Árlegur kostnaður 5 m.kr. Unnið verður að öldureikningum fyrir hafnirnar á Akranesi, Rifshöfn, Bolungavíkurhöfn, hafnir í Eyjafirði, Raufarhöfn, Neskaupstað, Hornafirði, Þorlákshöfn og Kópavogi.

Efnisflutningar og botnrannsókn. Árlegur kostnaður 1–5 m.kr. Meiri djúprista skipa kallar á viðhaldsdýpkanir í innsiglingum og höfnum. Nauðsynlegt er að fylgjast náið með botnbreytingum, læra af þróuninni og geta sagt fyrir um hvenær þurfi að dýpka. Jafnframt er æskilegt að þróa áfram öldureikningana og bæta við hugbúnaði til að meta botnbreytingar og sjá fyrir hve hratt efni berst í innsiglingarrennur. Þannig þarf að rannsaka innsiglingarrennu utan Hornafjarðaróss og botnbreytingar við Þorlákshöfn auk margra annarra hafna. Samhliða þessum athugunum þarf að gera botnrannsóknir á þessum stöðum. Sífellt verður meiri þörf á að verjast rofi frá skipsskrúfum við bryggjur og þarf að fara fram könnun á umfangi á rofi og gera tillögur til úrbóta.

Aðrar rannsóknir. Árlegur kostnaður 5,5 m.kr.

Brimvarnargarðar: Unnið verður áfram að þróun aðferða til að takast á við meiri ölduáraun við hönnun bermugarða. Stefnt er að því að nota stærra grjót en gert hefur verið. Eiginleikar grjóts verða kannaðir með tilliti til stærðar, styrks og veðrunarþols. Haldið verður áfram þátttöku í alþjóðlegri nefnd á vegum PIANC um bermugarða.

Áhættumat minni fiskiskipa í hættulegum öldum: Rannsóknir Siglingastofnunar Íslands á hreyfistöðugleika skipa í samvinnu við innlendar verkfræðistofur og erlenda aðila hafa leitt til einfaldari útfærslu á stöðugleikagögnum fyrir fiskiskip og þróuð hafa verið tengsl milli hreyfistöðugleika skipa og áhættumats á brotöldum sem fyrir liggur í upplýsingakerfi stofnunarinnar. Til að gera vinnu um borð í fiskiskipum öruggari er grundvallaratriði að draga úr veltingi eins og hægt er. Þetta er gert m.a. með andveltigeymi og í þróun er búnaður til að hámarka nýtingu andveltigeyma með samhæfingu við hleðslu og stöðugleikaforrit og stöðugleikamæli (RT-stöðugleikavakt) sem þegar er í notkun í nokkrum skipum. Meginmarkmiðið er að gera stöðugleikagögn fiskiskipa aðgengileg og notendavæn þannig að upplýsingar um stöðugleika skips liggi ljósar fyrir stjórnanda þess á hverjum tíma.

Gagnagrunnur fyrir upplýsingakerfi Siglingastofnunar: Gerður hefur verið gagnagrunnur sem heldur utan um raunmælingar og spágögn sem birt eru á heimasíða Siglingastofnunar. Öflugur gagnagrunnur er forsenda varðandi grunnupplýsingar, mælingar og rannsóknir sem stuðla að öryggi sjófarenda og við mannvirkjagerð.

413. Framhaldsnefndarálit [156. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2000.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Í ræðu formanns nefndarinnar við 2. umræðu um frumvarpið kom fram að fjallað hefði verið um nokkur mál í nefndinni sem frestað yrði til 3. umræðu að taka ákvörðun um. Umfjöllun um þau mál er nú lokið.

Tekjur lækka frá frumvarpinu um 1,1 milljarð kr.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verið **samþykkt** með þeim breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstökum þingskjölum. Þær varða 1. gr. frumvarpsins, sbr. sundurliðun 1 og 2, 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2000, um lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir, og 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2000, þ.e. heimildagrein. Breytingar á sundurliðun 2 nema alls 452,1 m.kr. Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

01 Forsætisráðuneyti

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um 12,2 m.kr. aukafjárveitingu vegna uppgjörs kostnaðar auðlindanefndar, en nefndin var kosin á Alþingi í kjölfar þingsályktunar í júní 1998. Forsætisráðuneyti annaðist þjónustu við nefndina, þ.m.t. greiðslu kostnaðar við nefndarstarfið. Heildarkostnaður við nefndarstarfið er 22,7 m.kr.

6.53 Stafkirkja í Vestmannaeyjum. Lögð er til 3 m.kr. aukafjárveiting vegna uppgjörs á framkvæmdum við byggingu stafkirkju í Vestmannaeyjum. Smíði kirkjunnar lauk með vígslu í byrjun ágúst sl. Nú liggja fyrir drög að uppgjöri sem gera ráð fyrir 52,5 m.kr. heildarkostnaði sem er 3 m.kr. umfram fyrri áætlun.

02 Menntamálaráðuneyti

201 Háskóli Íslands.

1.02 Rannsóknir og önnur verkefni. Lagt er til að gjöld og sértekjur skólans verði hækkuð um 4,9 m.kr. til samræmis við leiðréttingu á tekjum af sóknargjöldum á lið 06-735 Sóknargjöld við 2. umræðu fjárlaga fyrir árið 2001.

451 Símenntun og fjarvinnsluverkefni.

1.11 Símenntun og fjarvinnsluverkefni. Gerð er tillaga um 6 m.kr. aukafjárveitingu til símenntunarmiðstöðva til að bregðast við símakostnaði. Menntamálaráðuneytið gengur frá úthlutun af liðnum.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands.

1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Lagt er til að Sinfóníuhljómsveit Íslands verði veitt 10,2 m.kr. aukafjárveiting til að gera upp gamla skuld við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

989 Ýmis íþróttamál.

1.90 Ýmis íþróttamál. Gerð er tillaga um að veita sérstakan 12 m.kr. styrk til að gera upp halla sem varð á landsmóti hestamanna á Melgerðismelum í Eyjafjarðarsveit sumarið 1998. Hestaveira sem kom upp í fyrsta sinn hér á landi nokkrum vikum fyrir mótið setti

allar fjárhagsáætlanir úr skorðum. Aðsókn varð minni en gert hafði verið ráð fyrir og áætlanir um tekjur stóðust því ekki.

03 Utanríkisráðuneyti

320 Sendiráð, almennt.

1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld sendiráða og fastanefnda. Lögð er til 77,3 m.kr. aukafjárveiting vegna aukins kostnaðar við sendiráð og fastanefndir. Hlutdeild ráðuneytisins í greiðslu skólagjalda, flutnings starfsmanna, sjúkrasjóðs og tungumálanáms hefur aukist á undanförnum árum umfram það sem áætlanir gerðu ráð fyrir.

401 Alþjóðastofnanir.

1.85 Friðargæsla. Lagt er til að 43 m.kr. verði felldar niður af þessum lið.

611 Útflutningsráð Íslands.

1.10 Útflutningsráð Íslands. Lögð er til 9 m.kr. viðbótarfjárveiting. Í endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur af markaðsgjaldi er gert ráð fyrir auknum tekjum og því er farið fram á ráðstöfun þeirra í samræmi við lög.

07 Félagsmálaráðuneyti

331 Vinnueftirlit ríkisins.

1.01 Vinnueftirlit ríkisins. Lögð er til 5 m.kr. hækkun á fjárveitingu stofnunarinnar í kjölfar endurskoðunar á áætlun um ríkistekjur af hlutdeild í tryggingagjaldi.

400 Barnaverndarstofa.

1.12 Heimili fyrir börn og unglinga. Gerð er tillaga um 12,5 m.kr. fjárveitingu til Götusmiðjunnar – Virkisins til þess að ganga frá þjónustusamningi við félagsmálaráðuneytið í samræmi við aukið umfang.

711 Styrktarfélag vangefinna.

1.20 Sambýli. Gerð er tillaga um 8 m.kr. aukafjárveitingu til Styrktarfélags vangefinna. Upphæðinni er ætlað að gera kleift að ljúka þjónustusamningi við félagsmálaráðuneytið sem er á lokastigi.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Jöfnunarsjóður fær 1,4% af skatttekjum ríkisins og samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun hækka tekjur ríkisins af beinum og óbeinum sköttum um 3 milljarða kr. Framlag af beinum og óbeinum sköttum hækkar því um 30 m.kr. Heildarframlag af skatttekjum mun því skila sjóðnum tæplega 2.300 m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

208 Slysatryggingar.

1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna. Gerð er tillaga um 33 m.kr. fjárveitingu til greiðslu á kaupi og aflahlut sjómanna. Greiðslur þessar eru fjármagnaðar með slysatryggingagjaldi á laun sjómanna en færast jafnframt sem ríkistekjur. Afkoma ríkissjóðs er því óbreytt eftir sem áður.

301 Landlæknir.

1.01 Yfirstjórn. Gerð er tillaga um 30 m.kr. aukaframlag til að bregðast við uppsöfnuðum rekstrarvanda embættisins en fjármál þess hafa verið endurskipulögð. Enn fremur er gerð tillaga um 30 m.kr. tímabundið framlag í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2001 til sama verkefnis.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.

1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Gerð er tillaga um 41,4 m.kr. aukafjárveitingu til

að leiðrétta framlag til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla sjúkrahússins samkvæmt mati Ríkisendurskoðunar á síðasta ári. Mat Ríkisendurskoðunar var byggt á upplýsingum stjórnenda sjúkrahússins um fjárhagsstöðu þess. Í ljós hefur komið að ónotað framlag til stofnframkvæmda hafði verið talið með rekstrartekjum sjúkrahússins og uppsafnaður halli árið 1999 var því lægri sem fjárveitingunni nemur.

6.01 Tæki og búnaður. Lagt er til að Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri verði veittar 11 m.kr. upp í kostnað vegna nýrrar vararafstöðvar sem nauðsynlegt reyndist að kaupa í tengslum við framkvæmdir í nýrri álmu sjúkrahússins.

371 Ríkisspítalar.

1.01 Ríkisspítalar. Lögð er til 173,4 m.kr. aukafjárveiting til að leiðrétta framlag til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla sjúkrahússins samkvæmt mati Ríkisendurskoðunar á síðasta ári. Mat Ríkisendurskoðunar var byggt á upplýsingum stjórnenda sjúkrahússins um fjárhagsstöðu þess. Í ljós hefur komið að ónotað framlag til stofnframkvæmda hafði verið talið með rekstrartekjum sjúkrahússins og uppsafnaður halli árið 1999 var því lægri sem fjárveitingunni nemur.

373 Sjúkrahús í Reykjavík.

1.01 Ýmis skipulags- og rekstrarverkefni. Lagt er til 150 m.kr. aukaframlag til að standa undir kostnaði við sameiningu Ríkisspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur. Gerð er tillaga um tímabundið 150 m.kr. framlag til sama verkefnis í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2001.

385 Framkvæmdasjóður aldraðra.

6.01 Stofnkostnaður og endurbætur. Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur árið 2000 gerir ráð fyrir 15 m.kr. tekjuauka af gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra skv. 12. gr. laga um málefni aldraðra.

431 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands.

6.21 Stofnkostnaðarstyrkur til heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands. Gerð er tillaga um 6 m.kr. aukafjárveitingu til stofnunarinnar vegna skemmda á vatnsveitu og bilana á gömlum heitavatnslögnum.

510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík.

1.01 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík. Gerð er tillaga um 12,5 m.kr. aukafjárveitingu til að leiðrétta framlag til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla Heilsuverndarstöðvarinnar samkvæmt mati Ríkisendurskoðunar á síðasta ári. Mat Ríkisendurskoðunar var byggt á upplýsingum stjórnenda Heilsuverndarstöðvarinnar um fjárhagsstöðu hennar. Í ljós hefur komið að ónotað framlag til endurbóta á Miðstöð mæðraverndar hafði verið talið með rekstrartekjum og uppsafnaður halli árið 1999 var því lægri sem fjárveitingunni nemur.

777 Heilbrigðisstofnun Austurlands.

1.01 Heilsugæslusvið og *1.11 Sjúkrasvið.* Lagt er til að veitt verði 15 m.kr. aukaframlag til að standa undir kostnaði við stofnun Heilbrigðisstofnunar Austurlands og samhæfa starfsemi heilbrigðisstofnana á svæðinu undir eina yfirstjórn, 5 m.kr. á heilsugæslusvið og 10 m.kr. á sjúkrasvið.

09 Fjármálaráðuneyti

721 Fjármagnstekjuskattur.

1.11 Fjármagnstekjuskattur. Gerð er tillaga um að fjárheimild vegna fjármagnstekjuskatts sem ríkissjóður greiðir af eigin vaxtatekjum og söluhagnaði eigna verði lækkuð um 380 m.kr. Skýrist það af því að gert er ráð fyrir að sala á eignum ríkisins verði minni á árinu en fyrirhugað var í fjárlögum.

999 Ýmislegt.

1.71 Aðstoð vegna snjóflóðs á Flateyri. Gerð er tillaga um 50 m.kr. aukafjárveitingu sem varið verði til uppbyggingar og endurnýjunar gatna á Flateyri við Önundarfjörð. Uppbygging nútímalegs gatnakerfis í þorpinu hafði einkum farið fram í efri hluta þess á árunum áður en snjóflóðið féll. Þar er byggð nú lítil og nýtist sú fjárfesting því lítið eða ekki. Við flutning byggðarinnar niður á eyrina mæðir meira en áður á götum sem eru í afar lélegu ásigkomulagi og er fjárveitingin ætluð til að byggja upp og lagfæra götur á neðanverðri eyrinni.

1.75 Aðstoð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi. Gerð er tillaga um að framlag vegna jarðskjálfta á Suðurlandi verði hækkað um 150 m.kr. en í frumvarpinu hefur þegar verið gert ráð fyrir framlagi að fjárhæð 200 m.kr. Meginhluti framlagsins er ætlaður til að útvega þeim bráðabirgðahúsnæði sem misstu hús sín í jarðskjálftunum. Eftir nánara mat hefur komið í ljós að útvega þarf meira húsnæði til bráðabirgða en í fyrstu var gert ráð fyrir. Þá hefur orðið tjón hjá sveitarfélögum og fyrirtækjum á svæðinu. Loks þarf að mæta nokkrum kostnaði hjá rannsóknastofnunum vegna aukinnar vöktunar og rannsókna. Á móti þessum auknu útgjöldum kemur síðan andvirði húsanna þegar þau verða seld.

10 Samgönguráðuneyti

190 Ýmis verkefni.

1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar. Lögð er til 10 m.kr. viðbótarfjárveiting vegna samnings um áætlunarflug. Samgönguráðuneytið gerði samkomulag við Flugfélag Íslands byggt á útboði um flug á Norðurlandi frá 1. september til ársloka 2000. Samkomulagið kveður á um að greidd verði 80% af andvirði hagstæðasta tilboðs á samningstíma, eða tæplega 13,4 m.kr. Miðað við þær fjárveitingar sem ráðuneytið hefur til ráðstöfunar á árinu vantar 10 m.kr. fjárveitingu vegna samningsins.

12 Viðskiptaráðuneyti

402 Fjármálaeftirlitið.

1.01 Fjármálaeftirlitið. Gerð er tillaga um 7,4 m.kr. lækkun gjalda í samræmi við endurskoðaða rekstraráætlun fyrir árið 2000. Um er að ræða lækkun launakostnaðar miðað við áætlun fjárlaga þar sem ráðningu sérfræðinga hefur verið frestað. Jafnframt er gert ráð fyrir að ríkistekjur af eftirlitsgjaldi til fjármögnunar á starfseminni aukist um 6,9 m.kr.

Alþingi, 3. des. 2000.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Árni Johnsen.
Hjálmar Jónsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Ísólfur Gylfi Pálmason.

Kristján Pálsson.

414. Breytingartillögur [156. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2000.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, EOK, ArnbS, ÁJ, HjálmJ, ÍGP, KPál).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. **Við 01-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.90 Ýmis verkefni	10,0	12,2	22,2
b. 6.53 Stafkirkja í Vestmannaeyjum	0,0	3,0	3,0
2. **Við 02-201 Háskóli Íslands**			
a. 1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	0,0	4,9	4,9
b. Sértekjur	0,0	-4,9	-4,9
3. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-451 Símenntun og fjarvinnsluverkefni			
1.11 Símenntun og fjarvinnsluverkefni	0,0	6,0	6,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*6,0*	*6,0*
4. **Við 02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands**			
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	1,5	10,2	11,7
5. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-989 Ýmis íþróttamál			
1.90 Ýmis íþróttamál	0,0	12,0	12,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*12,0*	*12,0*
6. Við **03-320 Sendiráð, almennt**			
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld sendiráða og fastanefnda	0,0	77,3	77,3
7. Við **03-401 Alþjóðastofnanir**			
1.85 Friðargæsla	0,0	-43,0	-43,0
8. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
03-611 Útflutningsráð Íslands			
1.10 Útflutningsráð Íslands	0,0	9,0	9,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*9,0*	*9,0*
9. Við **07-331 Vinnueftirlit ríkisins**			
a. 1.01 Vinnueftirlit ríkisins	0,0	5,0	5,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*5,0*	*5,0*
10. Við **07-400 Barnaverndarstofa**			
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	5,3	12,5	17,8
11. Við **07-711 Styrktarfélag vangefinna**			
1.20 Sambýli	25,0	8,0	33,0
12. Við **07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**			
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	801,4	30,0	831,4
13. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-208 Slysatryggingar			
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	0,0	33,0	33,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*33,0*	*33,0*

14. Við **08-301 Landlæknir**			
1.01 Yfirstjórn	8,8	30,0	38,8
15. Við **08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**			
a. 1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	3,5	41,4	44,9
b. 6.01 Tæki og búnaður	0,0	11,0	11,0
16. Við **08-371 Ríkisspítalar**			
1.01 Ríkisspítalar	36,3	173,4	209,7
17. Við **08-373 Sjúkrahús í Reykjavík**			
1.01 Ýmis skipulags- og rekstrarverkefni	46,3	150,0	196,3
18. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra			
6.01 Stofnkostnaður og endurbætur	0,0	15,0	15,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*15,0*	*15,0*
19. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-431 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands			
6.21 Stofnkostnaðarstyrkur til heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands	0,0	6,0	6,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*6,0*	*6,0*
20. Við **08-510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík**			
1.01 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	20,6	12,5	33,1
21. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	0,0	5,0	5,0
b. 1.11 Sjúkrasvið	0,0	10,0	10,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*15,0*	*15,0*
22. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
09-721 Fjármagnstekjuskattur			
1.11 Fjármagnstekjuskattur	0,0	-380,0	-380,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*-380,0*	*-380,0*
23. Við **09-999 Ýmislegt**			
a. 1.71 Aðstoð vegna snjóflóðs á Flateyri	0,0	50,0	50,0
b. 1.75 Aðstoð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi	200,0	150,0	350,0
24. Við **10-190 Ýmis verkefni**			
1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	0,0	10,0	10,0
25. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
12-402 Fjármálaeftirlitið			
a. 1.01 Fjármálaeftirlitið	0,0	-7,4	-7,4
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*0,0*	*6,9*	*6,9*
c. *Viðskiptahreyfingar*	*0,0*	*-14,3*	*-14,3*

415. Breytingartillaga [156. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2000.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, EOK, ArnbS, ÁJ, HjálmJ, ÍGP, KPál).

Sundurliðun 1 (**Tekjur A-hluta**) orðist svo:

Sundurliðun 1
Tekjur A-hluta

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**	m.kr.	m.kr.
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	5.091,0	4.887,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	526,0	510,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur	1.530,0	1.530,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**7.147,0**	**6.927,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	598,0	581,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	-380,0	-380,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	15,0	15,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**-365,0**	**-365,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**7.380,0**	**7.143,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	33,0	33,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	1.459,0	1.530,0
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	-550,0	-550,0
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**942,0**	**1.013,0**
	Tryggingagjöld	**942,0**	**1.013,0**
3	**Skattar á launagreiðslur**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	7,0	7,0
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	434,0	428,0
4.2.2.1	Eignarskattar, lögaðilar	11,0	14,0
	Skattar á hreina eign	**445,0**	**442,0**

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	209,0	209,0
4.4.1	Stimpilgjöld	-127,0	-128,0
4.5.2.5	Sértækir eignarskattar á aðrar eignir	-90,0	-90,0
	Eignarskattar	**437,0**	**433,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	7.981,0	7.699,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	-302,0	-248,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	-174,0	-183,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	-424,0	-406,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	-98,0	-98,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	222,0	222,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	107,0	103,0
5.1.2.5	Hagnaður af einkasölu	-212,0	-212,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	-176,0	-165,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	67,0	67,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**6.991,0**	**6.779,0**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	-92,0	-90,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	576,0	576,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	4,8	4,8
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	8,3	8,3
	Neyslu- og leyfisgjöld	**497,1**	**499,1**
	Skattar á vörur og þjónustu	**7.488,1**	**7.278,1**
6	**Aðrir skattar**		
6.1	Aðrir skattar á atvinnurekstur	9,0	9,0
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	62,0	62,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**71,0**	**71,0**
	Aðrir skattar	**71,0**	**71,0**
	Skatttekjur, samtals	**16.325,1**	**15.945,1**

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	-183,0	-183,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	-410,0	-410,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**-593,0**	**-593,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	470,0	175,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	1.140,0	1.140,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	445,0	445,0
	Aðrar eignatekjur	**2.055,0**	**1.760,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**1.462,0**	**1.167,0**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	6,9	6,9
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**1.468,9**	**1.173,9**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna, þ.m.t. söluhagnaður**		
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	-3.400,0	-3.400,0
	Sala eigna, samtals	**-3.400,0**	**-3.400,0**
IV	**Fjármagnstilfærslur**		
16	**Fjármagnstilfærslur frá öðrum en opinberum aðilum**		
16.1.1.10	Endurgreiddur kostnaður við virkjanarannsóknir frá Landsvirkjun	-50,0	-50,0
	Fjármagnstilfærslur, samtals	**-50,0**	**-50,0**
	Heildartekjur samtals	**14.344,0**	**13.669,0**

416. Breytingartillaga [156. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2000.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, EOK, ArnbS, ÁJ, HjálmJ, ÍGP, KPál).

Við 3. gr.

a. 1. tölul. orðist svo: Í stað orðanna „allt að 5.000 m.kr.“ í 1. tölul. kemur: allt að 25.500 m.kr.
b. Við 3. tölul. bætist þrír nýir stafliðir og breytist röð annarra liða samkvæmt því:
   b. Í stað orðanna „allt að 29.264 m.kr.“ í lið 3.2 kemur: allt að 28.564 m.kr.
   c. Í stað orðanna „allt að 1.461 m.kr.“ í lið 3.3 kemur: allt að 1.037 m.kr.
   d. Í stað orðanna „allt að 2.373 m.kr.“ í lið 3.5 kemur: allt að 2.797 m.kr.

417. Breytingartillögur [156. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2000.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, EOK, ArnbS, ÁJ, HjálmJ, ÍGP, KPál).

1. Við 4. gr. Nýr liður:
   Liður 8.12 í lögunum orðast svo: Að greiða Varasjóði viðbótarlána framlag til innlausnar íbúða í félagslega íbúðakerfinu.
2. Við 4. gr. Nýr liður:
   8.19 Að greiða 700 m.kr. aukaframlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem verði ráðstafað til þjónustuframlaga til sveitarfélaga á grundvelli 12. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 44/1999, og til sveitarfélaga þar sem íbúafækkun hefur orðið. Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um úthlutunina í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

418. Framhaldsnefndarálit [156. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2000.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Við lokaumræðu um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2000 er eðlilegt að horfa til baka og bera saman forsendur fjárlaganna og áætlaða útkomu ársins. Fjárlög ársins gerðu ráð fyrir að útgjöld næmu 193,2 milljörðum kr. og tekjur 209,9 milljörðum kr. Tekjujöfnuður var því áætlaður 16,7 milljarðar kr. Nú liggur fyrir að útgjöld aukast um rúma 8,2 milljarða kr. umfram fjárlög og að tekjur verði 224,1 milljarður kr. sem er 14,2 milljörðum kr. hærri fjárhæð

en gert var ráð fyrir. Tekjujöfnuður er því áætlaður tæpir 23 milljarðar kr. Útgjöld ríkissjóðs hafa aukist að raungildi um rúma 50 milljarða kr. frá árinu 1994.

Áætlað var að ríkissjóður tæki á árinu löng lán sem næmu 5,0 milljörðum kr. Nú er ljóst að lántökur verða mun meiri eða sem nemur 25,5 milljörðum kr. Ástæður þessa eru þær sem minni hlutinn benti á í fyrra við umræður um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2000, þ.e. veik gjaldeyrisstaða vegna mikils viðskiptahalla. Ríkissjóður hefur ekki getað greitt niður erlend lán vegna stöðu gengisins og hefur því þurft að taka ný erlend lán til að gera upp þau eldri.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um efnahagsforsendur fjárlaga fyrir árið 2000. Þær brugðust allar eins og fram kom í nefndaráliti 1. minni hluta við 2. umræðu um fjáraukalagafrumvarpið. Tekjuauki ríkissjóðs endurspeglar þá þenslu sem verið hefur á árinu. Þannig er áætlað að tekjuskattur einstaklinga hækki um rúm 14% frá árinu 1999 og að virðisaukaskattur aukist um 10% á milli ára. Gert er ráð fyrir að tekjur af reglulegri starfsemi ríkissjóðs, án sölu eigna o.fl., hafi hækkað um 8,4% milli ára. Allt eru þetta hækkanir langt umfram forsendur fjárlaga.

Viðskiptahallinn hefur aukist um 14 milljarða kr. á árinu og stefnir í að verða 54 milljarðar kr. í árslok. Gangi það eftir verður halli á viðskiptajöfnuði 6,5% til 8,0% af landsframleiðslu í fjögur ár í röð. Ekki eru dæmi um svo mikinn halla í jafnlangan tíma frá 1970. Þjóðhagsstofnun spáir því að hallinn verði svipaður á næsta ári eða um 8% af landsframleiðslu og nemi þá tæplega 60 milljörðum kr. OECD, sem gerþekkir íslenskt efnahagslíf, er þó miklu svartsýnni fyrir hönd íslensks efnahagslífs. Stofnunin spáir því að viðskiptahallinn í ár verði miklu meiri en Þjóðhagsstofnun telur, eða 70 milljarðar kr. sem jafngildir 9,1% af landsframleiðslunni. OECD spáir svo að á næsta ári aukist viðskiptahallinn enn, eða í 10% af landsframleiðslu.

Þessi mikli viðskiptahalli og skuldasöfnunin sem honum fylgir hefur aukið jafnt og þétt þrýstinginn á gengi íslensku krónunnar og hefur Seðlabankinn hvað eftir annað þurft að grípa inn í. Í þjóðhagsáætlun Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 2001 er varað við afleiðingum af svo miklum og langvarandi viðskiptahalla en þar segir m.a.: „Mikill og langvarandi viðskiptahalli þjóða hefur því stundum verið undanfari skarprar gengislækkunar.“ Við slíkar aðstæður er mikil hætta á að verðbólga aukist enn frekar.

Gert er ráð fyrir að hrein skuldastaða þjóðarbúsins verði um 78% af landsframleiðslu í lok þessa árs eða 11,2% hærri en um síðustu áramót. Reiknað er með að hrein skuldastaða hækki í 85% af landsframleiðslu fyrir lok næsta árs. Óhjákvæmilega hefur þessi þensla og væntingar landsmanna aukið á skuldasöfnun heimilanna og er áætlað að skuldir þeirra nemi um 600 milljörðum kr. í árslok samanborið við 510 milljarða kr. í árslok 1999. Þannig mun hlutfall milli skulda og ráðstöfunartekna heimilanna aukast verulega milli ára. Ekki má mikið út af bregða í efnahagsstjórninni til að illa fari hjá mörgum heimilum við slíkar aðstæður.

Við 3. umræðu um frumvarpið leggur meiri hlutinn til útgjaldahækkanir að upphæð 452,1 millj. kr. Stærstu liðirnir lúta að heilbrigðisstofnunum. Um er að ræða leiðréttingar á rekstrargrunni ársins 1999 eins og það er orðað í greinargerð. Samtals nema þær leiðréttingar tæpum 230 millj. kr. Auk þess eru veittar 150 millj. kr. til að mæta kostnaði við sameiningu stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík. Í greinargerð Ríkisendurskoðunar sem birt var í nóvember sl. var gert ráð fyrir að halli á sjúkrastofnunum næmi um 600 millj. kr. í árslok 2000 þannig að enn virðist einhver vandi heilbrigðisstofnana eiga að bíða 3. umræðu fjárlaga fyrir árið 2001. Því er ljóst að þær lagfæringar sem gerðar voru á rekstrargrunni sjúkrastofnana við gerð fjárlaga fyrir árið 2000 hafa ekki haldið að öllu leyti.

Að undanförnu hafa komið upp nokkur slæm dæmi um aðhaldsleysi við stjórn ríkisfjármála bæði vegna lélegrar áætlanagerðar og skorts á eftirliti. Nöturlegt dæmi um þetta eru ný-

legar upplýsingar um framkvæmdir við Þjóðmenningarhúsið. Þær framkvæmdir eru alfarið á ábyrgð forsætisráðuneytisins eins og Ríkisendurskoðun hefur bent á. Við 1. umræðu um fjáraukalagafrumvarpið óskuðu fulltrúar Samfylkingarinnar eindregið eftir skýringum fjármálaráðherra á þeim mistökum sem urðu í tengslum við framkvæmdir í Þjóðmenningarhúsinu. Engin svör bárust. Við umfjöllun fjárlaganefndar um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2000 kom hins vegar fram að í sumar óskaði forsætisráðuneytið eftir því að Ríkisendurskoðun gerði rannsókn „á því hvað fór úrskeiðis þannig að læra mætti af mistökunum“ eins og segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar um málið. Tilurð skýrslunnar var upplýst í minnisblaði frá forsætisráðuneytinu til fjárlaganefndar eftir að óskað hafði verið eftir skýringum á því á fundi nefndarinnar með fulltrúa forsætisráðuneytisins hvað hefði valdið því að framkvæmdirnar höfðu farið 100 millj. kr. fram úr heimildum á fjárlögum ársins. Það er einkar athyglisvert að þrátt fyrir að upplýsingar hafi legið fyrir í forsætisráðuneytinu frá því í ágúst hafði ráðuneytið ekkert frumkvæði að því að upplýsa fjárlaganefnd um málið. Þetta er ámælisvert og enn eitt dæmið um skort á upplýsingum til nefndarinnar. Fyrir 2. umræðu um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2000 óskuðu fulltrúar Samfylkingarinnar í fjárlaganefnd eftir að fá í hendur téða skýrslu. Hún barst þó ekki fyrr en að lokinni umræðunni.

Í skýrslunni kemur m.a. fram að strax í janúar sl. var ljóst í hvað stefndi því þá þegar var verkið komið um 70 millj. kr. umfram fjárheimildir. Þessar upplýsingar komu fram á fundi sem m.a. fulltrúi forsætisráðuneytisins sat. Að mati Ríkisendurskoðunar áttu þessar upplýsingar að vera næg ástæða til viðbragða. Ekkert var aðhafst og örfáum mánuðum síðar taldi forsætisráðherra framkvæmdirnar vera til fyrirmyndar vegna þess m.a. að allar áætlanir hefðu staðist. Ef upplýsingastreymið innan forsætisráðuneytisins er með þessum hætti er erfitt að gera þá kröfu til ráðuneytisins að það hafi frumkvæði að því að upplýsa fjárlaganefnd um jafnalvarlega framúrkeyrslu og varð við framkvæmdirnar í Þjóðmenningarhúsinu.

Fleira var merkilegt við janúarfundinn því þá fyrst voru lögð fram gögn um fjárhagsstöðu verksins þrátt fyrir að forsætisráðuneytið ætti að fá árlega skýrslu um stöðu verksins samkvæmt skipunarbréfi hússtjórnarinnar. Slík skýrsla var aldrei gerð af hálfu hússtjórnarinnar og aldrei kallaði forsætisráðuneytið eftir þessum upplýsingum á verktímanum þótt ráðuneytið sjálft hefði ákveðið að þessar upplýsingar ættu að vera fyrir hendi. Allt bendir til þess að framkvæmdirnar við Þjóðmenningarhúsið geti verið skólabókardæmi um hvernig ekki eigi að standa að slíkum framkvæmdum.

Alþingi, 3. des. 2000.

Einar Már Sigurðarson, frsm. Gísli S. Einarsson. Össur Skarphéðinsson.

419. Framhaldsnefndarálit [156. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2000.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2000 kemur nú til 3. umræðu. Vísað er til nefndarálits 2. minni hluta við 2. umræðu um almenn atriði og tillögur að þingræðislegri vinnu við fjár-

lagagerðina og það jafnframt að útgjöld séu samþykkt fyrir fram með fjáraukalögum. Aðeins bráða- eða neyðartilvik réttlæta aðra tilhögun. Samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins ber framkvæmdarvaldinu að kynna aukna fjárþörf fyrir fjárlaganefnd strax og hún er ljós og leita heimildar á fjáraukalögum. Áður hefur verið bent á þær ástæður að Alþingi hafi samþykkt lög, t.d. á vorþingi, sem krefjast útgjalda á því sama ári og getur því verið nauðsynlegt að bregðast strax við með samþykkt fjáraukalaga. Því er hér ítrekað það mat 2. minni hluta að fjárreiðulögum verði illa framfylgt nema til komi sú breytta tilhögun að Alþingi samþykki fjáraukalög í lok vorþings og svo aftur í upphafi haustþings ef nauðsyn krefur. Ekki skiptir máli í þessu sambandi hvort meiri hluti ríkisstjórnarinnar sé nægur til að tryggja ákvarðanir framkvæmdarvaldsins heldur er hitt aðalatriðið að farið sé að lögum og ákvarðanir um aukin útgjöld teknar á þingræðislegan hátt.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir er gert ráð fyrir að rekstrartekjur ríkissjóðs á árinu 2000 verði um 224 milljarðar kr. en þær voru áætlaðar á fjárlögum um 210 milljarðar kr. og hafa því aukist um 14 milljarða kr. frá fjárlögum. Rekstrargjöld samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2000 voru áætluð liðlega 193 milljarðar kr., en samkvæmt þeim tillögum sem nú liggja fyrir við 3. umræðu fjáraukalaga eru þau áætluð rúmir 200 milljarðar kr. og rekstrarafgangur ársins um 23 milljarðar kr. Samkvæmt fjárlögum ársins 2000 var rekstrarafgangur áætlaður 17 milljarðar kr.

Ljóst er að meiri þensla hefur verið í efnahagslífinu en ráð var fyrir gert á árinu 2000 frá samþykktum fjárlögum ársins. Standist þær áætlanir sem fylgja fjáraukalagafrumvarpinu mun landsframleiðsla aukast nokkru meir en ætlað var, eða úr 2,9% í 3,6%. Jafnframt eykst kaupmáttur ráðstöfunartekna samkvæmt áætlun fjárlaga, eða um 1,5%. Atvinnuleysi er lítið á landsmælikvarða, eða um 1,5% af mannafla.

Þær efnahagsforsendur sem víkja hvað mest frá áætlun fjárlaga eru fjárfestingar. Gert er ráð fyrir aukningu úr 2,7% í 11,1%. Innflutningur vöru og þjónustu eykst úr 1,9% samkvæmt áætlun fjárlaga í um 7% og ef olía er ekki tekin með er aukningin 4,4%. Ýmislegt bendir til að aukningin í innflutningi verði meiri í árslok en hér er spáð um.

Viðskiptahallinn hefur verið nálægt 7% af landsframleiðslu og nálgast 8% en nýjustu spár benda til að hann verði á bilinu 57–60 milljarðar kr. eða hartnær tvöfalt meiri en fjárlög ársins gerðu ráð fyrir.

Hinn mikli viðskiptahalli og útflæði fjármagns hefur leitt til þess að ríkissjóður hefur ekki getað greitt niður skuldir erlendis án þess að veikja gengi krónunnar. Þrátt fyrir góðan rekstrarafgang er takmarkað hægt að greiða niður innlendar skuldir án þess að valda aukinni þenslu á innlendum peningamarkaði. Stefna ríkisins og jafnframt skilaboð til Seðlabankans er að halda genginu innan settra vikmarka. Hreyfingar á gengisvísitölu krónunnar samsvara um 9% gengisfellingu á þessu ári. Samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar frá 5. október sl. verða skuldir ríkissjóðs í árslok 2000 um 214 milljarðar kr. og hafa þá lækkað um 12 milljarða kr. á árinu. Erlendar skuldir nema um 119 milljörðum kr. og hækka um tæpan milljarð króna.

Skuldir sveitarfélaganna hafa vaxið mjög á undanförnum árum og á þessu ári er gert ráð fyrir að þær aukist úr 46,8 milljörðum kr. í 50,3 milljarða kr. Skuldastaða sveitarfélaganna er afar misjöfn sem og möguleikar þeirra til að standa við skuldbindingar sínar. Þrátt fyrir sérstakt tekjujöfnunar- og fólksfækkunarframlag á fjáraukalögum og nokkra lagfæringu á tekjustofnum sveitarfélaga á næsta ári er staða sumra sveitarfélaga afar bág. Skuldir einstakra sveitarfélaga og lágar tekjur á íbúa er ein mesta ógnun við samfélagsþjónustuna og jafnvægi í búsetu í landinu. Brýnt er að aukinn jöfnuður verði í tekjum og gjöldum hins opinbera. En nú hallar verulega á sveitarfélögin. Eðlilegt hefði verið að ráðstafa auknum rekstrarafgangi

ríkisins á þessu ári til þeirra sveitarfélaga sem verst standa, t.d. með því að létta skuldbindingum af sveitarfélögum sem bágast standa vegna félagslega húsnæðiskerfisins. Allur ójöfnuður og mismunun af þessum toga leiðir til spennu og óstöðugleika í efnahags- og atvinnulífi.

Hrein erlend skuldastaða þjóðarbúsins var um 419 milljarðar kr. í árslok 1999 eða um 78% af landsframleiðslu en samkvæmt spá þjóðhagsstofnunar frá í október verður hrein skuldastaða þjóðarbúsins í árslok 2000 531 milljarður kr. eða 85% af landsframleiðslu og hefur þá á góðæristímanum frá 1995 farið úr 236 milljörðum kr. eða um 51% af landsframleiðslu.

Samkvæmt hagtölum Seðlabankans hafa innlán aukist um tæpa 30 milljarða kr. á árinu til októberloka. En á sama tíma hafa útlán aukist um 204 milljarða kr. Ljóst er því að lánastofnanir hafa fjármagnað útlán sín að langmestu leyti með erlendum lántökum enda hefur erlend skuldastaða þeirra versnað á sama tíma um tæpa 182 milljarða kr. Nettó erlend skuldastaða innlánsstofnana nemur í októberlok 327,5 milljörðum kr. en var 95,5 milljarðar kr. í árslok 1998 og 145,8 milljarðar kr. í árslok 1999.

Það er því ljóst að ýmislegt hefur farið á annan veg en þjóðhagsáætlun og stefna ríkisins í efnahagsmálum gerðu ráð fyrir.

Alþingi, 3. des. 2000.

Jón Bjarnason.

420. Breytingartillaga [156. mál]

við brtt. á þskj. 417 [Fjáraukalög 2000].

Frá fjármálaráðherra.

2. tölul. orðist svo:

Við 4. gr. Nýr liður:

8.19 Að greiða 700 m.kr. aukaframlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um úthlutunina í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

421. Frumvarp til fjárlaga [1. mál]

fyrir árið 2001.

(Eftir 2. umr., 4. des.)

Samhljóða þskj. 1 með þessum breytingum:

A-hluti.
Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

1. gr. hljóðar svo:

Árið 2001 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Skatttekjur	**214.555,0**	**201.999,0**
Skattar á tekjur einstaklinga	49.570,0	47.460,0
Skattar á tekjur lögaðila	12.440,0	11.230,0
Tryggingagjöld	19.734,0	19.133,0
Eignarskattar	10.686,0	10.456,0
Virðisaukaskattur	80.230,0	72.210,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	40.000,5	39.620,5
Skattar ótaldir annars staðar	1.894,5	1.889,5
Aðrar rekstrartekjur	**17.619,6**	**13.875,6**
Arðgreiðslur	1.978,0	1.898,0
Vaxtatekjur	10.445,0	6.787,0
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	5.196,6	5.190,6
Sala eigna	7.316,0	7.316,0
Fjárframlög	809,4	809,4
Tekjur samtals	**240.300,0**	**224.000,0**
Æðsta stjórn ríkisins	1.999,6	1.999,6
Forsætisráðuneyti	1.032,8	1.032,8
Menntamálaráðuneyti	23.746,1	23.746,1
Utanríkisráðuneyti	4.082,8	4.186,9
Landbúnaðarráðuneyti	10.351,7	10.351,7
Sjávarútvegsráðuneyti	2.562,4	2.562,4
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	11.880,0	11.880,0
Félagsmálaráðuneyti	15.922,8	15.922,8
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	79.358,7	79.333,7
Fjármálaráðuneyti	27.178,9	19.504,8
Samgönguráðuneyti	15.280,6	15.766,9

Iðnaðarráðuneyti	2.614,5	2.614,5
Viðskiptaráðuneyti	1.319,3	1.319,3
Hagstofa Íslands	369,5	369,5
Umhverfisráðuneyti	3.048,4	3.048,4
Vaxtagjöld ríkissjóðs	13.000,0	12.200,0
Gjöld samtals	**213.748,0**	**205.839,4**
Tekjujöfnuður	**26.552,0**	

A-hluti.
Sjóðstreymi ríkissjóðs.

2. gr. hljóðar svo:
Árið 2001 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

	M.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	26.552,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-6.690,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-8.450,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-600,0
Handbært fé frá rekstri	**10.812,0**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-400,0
Veitt löng lán	-4.100,0
Afborganir veittra lána	15.650,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-300,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	9.300,0
Fjármunahreyfingar samtals	**20.150,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**30.962,0**
Fjármögnun	
Skammtímalán	
Tekin löng lán	1.200,0
Afborganir lána	-32.730,0
Fjármögnun samtals	**-31.530,0**
Breyting á handbæru fé	**-568,0**

Sundurliðun 2.

Fjármál ríkisaðila í A-hluta.

Eftirtaldir liðir í sundurliðun 2, **fjármál ríkisaðila í A-hluta**, breytast eða bætast við og hljóða svo:

	M.kr.
00-201 Alþingi	
Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	475,4
1.02 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	46,7
1.03 Fastanefndir	72,9
1.04 Alþjóðasamstarf	74,0
1.06 Almennur rekstur	421,2
1.07 Sérverkefni	21,4
1.10 Rekstur fasteigna	108,7
Almennur rekstur samtals	1.220,3
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	26,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	40,0
Gjöld samtals	**1.286,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,2
Gjöld umfram tekjur	**1.278,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.278,1
01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	129,5
1.20 Stjórnarráðshús	13,6
Almennur rekstur samtals	143,1
Gjöld samtals	**143,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	143,1

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag	4,0
1.12 Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar	6,5
1.13 Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag	6,0
1.14 Ritun sögu Stjórnarráðsins	13,2
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	15,4
1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	3,4
1.23 Hrafnseyri	4,0
1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi	12,0
1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	3,0
1.42 Grænlandssjóður	1,0
1.52 Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	26,3
1.53 Landafundanefnd	13,5
1.55 Íslenskt bókasafn við háskólann í Manitoba, Kanada	10,0
1.90 Ýmis verkefni	8,1
Almennur rekstur samtals	126,4
Gjöld samtals	**126,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**125,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	125,4

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	1.820,4
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	1.989,7
Almennur rekstur samtals	3.810,1
Viðhaldsverkefni:	
5.50 Fasteignir	135,0
Stofnkostnaður:	
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	205,0
Gjöld samtals	**4.150,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-881,0

Gjöld umfram tekjur	**3.269,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.859,4
Innheimt af ríkistekjum	409,7

02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald	35,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Stofnkostnaður	255,0
Gjöld samtals	**290,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	290,0

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:	
1.15 Nýsköpunarsjóður	20,0
1.61 Norræna eldfjallastöðin	15,8
1.71 Rannsóknasetrið Vestmannaeyjum, humarrannsóknir	2,0
1.73 Reykjavíkurakademían	10,0
1.90 Háskóla- og rannsóknastarfsemi	43,2
1.91 Háskólar, óskipt	142,5
Almennur rekstur samtals	233,5
Gjöld samtals	**233,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	233,5

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt	443,0
6.95 Tæki og búnaður, óskipt	31,0
Stofnkostnaður samtals	474,0
Gjöld samtals	**474,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	474,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.11 Sameiginleg þjónusta	19,1
1.12 Orlof kennara	49,2
1.13 Forfallakennsla	48,0
1.14 Sérkennsla	197,3
1.15 Prófkostnaður	48,7
1.16 Nýjungar í skólastarfi	36,7
1.17 Námsskrárgerð	31,4
1.18 Námsefnisgerð	17,1
1.19 Kennslueftirlit	5,4
1.20 Framhaldsdeildir	7,8
1.21 Nám tannsmiða	7,2
1.22 Námskeið skipstjórnarmanna	6,0
1.23 Ólympíuleikar í eðlisfræði	0,6
1.26 Þróunarsjóður	14,0
1.27 Íslenskukennsla	15,3
1.28 Mat á skólastarfi	30,7
1.30 Endurmenntun	22,7
1.33 Myndlistarskólinn Akureyri	9,5
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík	10,6
1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi	1,0
1.36 Viðskipta- og tölvuskólinn	29,8
1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu	65,5
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	293,0
Almennur rekstur samtals	966,6
Gjöld samtals	**966,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	966,6

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	203,5
1.09 Önnur verkefni	7,7
Almennur rekstur samtals	211,2
Gjöld samtals	**211,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,5
Gjöld umfram tekjur	**208,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 204,8
Innheimt af ríkistekjum 3,9

02-725 Námsgagnastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Námsgagnastofnun 399,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -104,2

Gjöld umfram tekjur **295,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 295,7

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðminjasafn Íslands 202,4
1.10 Byggða- og minjasöfn 55,7
1.11 Hönnunarsafn Íslands 4,1
Almennur rekstur samtals 262,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,0
6.41 Samgöngusafn Íslands í Skógum undir Eyjafjöllum 12,0
6.42 Endurbygging Kútters Sigurfara 6,0
Stofnkostnaður samtals 20,0

Gjöld samtals **282,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -10,9

Gjöld umfram tekjur **271,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 271,3

02-903 Þjóðskjalasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðskjalasafn Íslands 92,8

1.11 Héraðsskjalasöfn	10,0
Almennur rekstur samtals	102,8
Gjöld samtals	**102,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,9
Gjöld umfram tekjur	**96,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	96,9

02-919 Söfn, ýmis framlög

Almennur rekstur:	
1.10 Listasafn ASÍ	2,0
1.11 Nýlistasafn	5,0
1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	5,0
1.41 Galdrasýning á Ströndum	15,0
1.90 Söfn	19,5
Almennur rekstur samtals	46,5
Stofnkostnaður:	
6.22 Sögusetrið á Hvolsvelli	7,0
6.23 Hvalamiðstöð á Húsavík	6,0
6.24 Tölvuvæðing bókasafna	4,0
6.25 Geysisstofa í Haukadal	7,0
6.26 Endurbygging vélbátsins Blátinds, Vestmannaeyjum	6,0
6.27 Endurbygging á Herjólfsbæ, Vestmannaeyjum	10,0
6.28 Sögusafnið í Reykjavík	18,0
6.30 Bátasafn á Suðurnesjum	8,5
6.31 Sjóminja- og smiðjumunasafn	3,0
6.32 Sjóminjasafn Íslands	2,5
6.33 Jöklasafn	5,0
6.34 Safnasafnið á Svalbarðsströnd	3,0
6.35 Endurbygging Tryggvaskála á Selfossi	4,0
6.36 Síldarminjasafnið á Siglufirði	6,0
6.37 Faktorshúsið í Neðstakaupstað á Ísafirði	6,0
Stofnkostnaður samtals	96,0
Gjöld samtals	**142,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	142,5

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana	400,0
6.92 Kaupvangur á Vopnafirði	14,0
6.93 Duushúsin í Reykjanesbæ	10,0
Stofnkostnaður samtals	424,0
Gjöld samtals	**424,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	424,0

02-979 Húsafriðunarsjóður

Stofnkostnaður:	
6.10 Húsafriðunarsjóður	52,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	52,0

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:	
1.10 Fræðistörf	4,3
1.11 Styrkir til útgáfumála	5,5
1.13 Bókaútgáfa Leifs Eiríkssonar	10,0
1.15 Sögufélagið	0,5
1.16 Hið íslenska fornritafélag	0,5
1.17 Launasjóður höfunda fræðirita	8,2
1.20 Iðnsaga Íslands	6,8
1.21 Tónlistarsaga Íslands	3,2
1.23 Hið íslenska bókmenntafélag	4,0
Almennur rekstur samtals	43,0
Gjöld samtals	**43,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	43,0

02-985 Alþjóðleg samskipti

Almennur rekstur:	
1.90 Alþjóðleg samskipti	76,9
1.91 Aðildargjöld ESB	271,8

1.95 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	14,5
Almennur rekstur samtals	363,2
Gjöld samtals	**363,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	363,2

02-988 Æskulýðsmál

Almennur rekstur:	
1.10 Æskulýðsráð ríkisins	2,0
1.12 Ungmennafélag Íslands	22,0
1.13 Bandalag íslenskra skáta	12,5
1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni	2,0
1.15 Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi	1,5
1.17 Landssamband KFUM og KFUK	11,0
1.18 Æskulýðsrannsóknir	1,5
1.90 Æskulýðsmál	3,0
Almennur rekstur samtals	55,5
Gjöld samtals	**55,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	55,5

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:	
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	57,7
1.12 Ólympíunefnd fatlaðra	3,0
1.14 Íþróttasamband fatlaðra	12,5
1.15 Skólaíþróttir	3,0
1.16 Íþróttasjóður	18,3
1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	2,0
1.18 Íþróttamiðstöð Íslands	1,0
1.20 Glímusamband Íslands	3,5
1.21 Skáksamband Íslands	7,0
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák	7,0
1.25 Skákskóli Íslands	5,1
1.29 Afreksmannasjóður	10,0
1.30 Bridgesamband Íslands	3,0
1.90 Ýmis íþróttamál	13,3
Almennur rekstur samtals	146,4

Stofnkostnaður:
6.52 Skíðasvæðið í Tungudal við Skutulsfjörð 10,0
6.53 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri 10,0
Stofnkostnaður samtals 20,0

Gjöld samtals **166,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 166,4

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.11 Forvarnastarf í skólum 5,0
1.13 Útvarpsréttarnefnd 2,5
1.43 Skriðuklaustur 7,1
1.44 Snorrastofa 5,7
1.45 Eiríksstaðanefnd 20,0
1.46 Hestamiðstöð Íslands 5,0
1.90 Ýmis framlög 26,5
Almennur rekstur samtals 71,8

Stofnkostnaður:
6.93 Snorrastofa 6,0

Gjöld samtals **77,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 77,8

03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 42,0
1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli 204,0
1.20 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli 205,8
1.30 Fíkniefnaeftirlit 10,2
Almennur rekstur samtals 462,0

Viðhaldsverkefni:
5.20 Fasteignir 1,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 3,0

Gjöld samtals **466,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -22,0

Gjöld umfram tekjur **444,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 335,1
Innheimt af ríkistekjum 108,9

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN 31,4
1.13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO 9,6
1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA 6,1
1.16 Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO 2,1
1.18 Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, lánveitingar til fátækra ríkja (ESAF) 22,3
1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið 7,8
1.39 Evrópuráðið 16,4
1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD 12,9
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO 35,2
1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA 37,2
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA 50,7
1.72 EFTA-dómstóllinn 16,8
1.73 Þróunarsjóður EFTA 91,6
1.75 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE 14,8
1.81 Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn 1,7
1.85 Friðargæsla 181,5
1.91 Átak í lækkun skulda þróunarríkja 67,0
Almennur rekstur samtals 605,1

Gjöld samtals **605,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 605,1

04-101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 138,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,2

Gjöld umfram tekjur **133,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 133,8

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.11 Framkvæmd búvörusamnings 12,6
1.12 Mat á búvörum 10,0
1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða 9,1
1.16 Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 4,7
1.21 Landþurrkun 0,6
1.31 Skógræktarfélag Íslands 14,0
1.40 Landgræðslu- og skógræktaráætlanir 4,0
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO 3,8
1.55 Tilraunastöðin Stóra-Ármóti 2,0
1.90 Ýmis verkefni 34,8
Almennur rekstur samtals 95,6

Gjöld samtals 95,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 85,6
Innheimt af ríkistekjum 10,0

04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins 287,0

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald 4,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 3,7
6.20 Fasteignir 1,3
Stofnkostnaður samtals 5,0

Gjöld samtals 296,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -122,1

Gjöld umfram tekjur 173,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 173,9

04-221 Veiðimálastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðimálastofnun	79,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-42,2
Gjöld umfram tekjur	**37,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	37,2

04-261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði	192,7
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhaldsfé	4,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	7,0
6.20 Fasteignir og lóðir	7,0
Stofnkostnaður samtals	14,0
Gjöld samtals	**210,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-75,0
Gjöld umfram tekjur	**135,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	135,9

04-283 Garðyrkjuskóli ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Garðyrkjuskóli ríkisins	87,5
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald	5,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,2
6.21 Fasteignir 20,0
Stofnkostnaður samtals 22,2

Gjöld samtals **114,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -10,9

Gjöld umfram tekjur **104,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 104,0

04-311 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Landgræðsla ríkisins 294,6
1.90 Fyrirhleðslur 37,3
Almennur rekstur samtals 331,9

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhaldsfé 5,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 6,5

Gjöld samtals **343,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -80,0

Gjöld umfram tekjur **263,4**
Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 263,4

04-343 Landshlutabundin skógrækt

Almennur rekstur:
1.10 Suðurlandsskógar 69,2
1.13 Vesturlandsskógar 34,0
1.15 Skjólskógar, Vestfjörðum 30,0
1.16 Norðurlandsskógar 50,0
1.17 Austurlandsskógar 10,0
Almennur rekstur samtals 193,2

Gjöld samtals	**193,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	193,2

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	3.377,0
1.02 Lífeyrissjóður bænda	127,0
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk	270,0
Almennur rekstur samtals	3.774,0
Gjöld samtals	**3.774,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.774,0

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	1.663,0
1.02 Lífeyrissjóður bænda	66,3
1.03 Jöfnunargreiðslur	62,0
1.05 Niðurgreiðslur á ull	229,0
1.06 Álag vegna uppkaupa á greiðslumarki	114,0
1.10 Þjónustu- og þróunarkostnaður	244,0
1.30 Uppkaup á greiðslumarki	732,0
1.35 Fagmennska í sauðfjárrækt	36,0
Almennur rekstur samtals	3.146,3
Gjöld samtals	**3.146,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.146,3

04-811 Bændasamtök Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Leiðbeiningastarfsemi, landsþjónusta	118,4
1.92 Leiðbeiningastarfsemi, héraðsþjónusta	72,7
Almennur rekstur samtals	191,1

Stofnkostnaður:	
6.95 Búfjárrækt	58,0
6.97 Jarðabætur á lögbýlum og ýmis þróunarverkefni	55,0
Stofnkostnaður samtals	113,0
Gjöld samtals	**304,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	304,1

04-841 Fiskeldisrannsóknir

Almennur rekstur:	
1.01 Fiskeldisrannsóknir	24,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	24,0

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.20 Eldi sjávardýra	19,1
1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	16,0
1.23 Matvælasetur	5,3
1.25 Verðlagsráð sjávarútvegsins	1,1
1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	19,8
1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	10,0
1.49 Úrskurðarnefndir	13,4
1.51 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	7,8
1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)	16,9
1.90 Ýmislegt	68,2
Almennur rekstur samtals	177,6
Gjöld samtals	**177,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	177,6

05-202 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	709,7
1.30 Rannsóknaskip	352,2
Almennur rekstur samtals	1.061,9

Stofnkostnaður:	
6.31 Tæki og búnaður í skip	18,0
6.90 Tæki og búnaður deilda og útibúa	15,0
Stofnkostnaður samtals	33,0
Gjöld samtals	**1.094,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-186,6
Gjöld umfram tekjur	**908,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	908,3

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fiskistofa	411,1
1.10 Landamærastöðvar	36,7
1.11 Eftirlit með úthafsveiðum	34,9
Almennur rekstur samtals	482,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	4,0
Gjöld samtals	**486,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,7
Gjöld umfram tekjur	**474,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	474,0

05-901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	44,6
1.30 Keldnaholt	44,9
Almennur rekstur samtals	89,5
Viðhaldsverkefni:	
5.30 Keldnaholt, viðhald	8,5

Gjöld samtals	**98,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,8
Gjöld umfram tekjur	**95,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	95,2

06-232 Opinber réttaraðstoð

Almennur rekstur:	
1.10 Opinber réttaraðstoð	58,5
1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga	10,0
1.16 Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana	4,3
Almennur rekstur samtals	72,8
Gjöld samtals	**72,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,9
Gjöld umfram tekjur	**71,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	71,9

06-301 Ríkissaksóknari

Almennur rekstur:	
1.05 Ríkissaksóknari	66,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	66,6

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögreglustjóri	446,6
1.05 Innheimta sekta	17,3
1.11 Rekstur lögreglubifreiða	112,0
Almennur rekstur samtals	575,9

Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	18,0
6.11 Bifreiðar	91,0
Stofnkostnaður samtals	109,0
Gjöld samtals	**684,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-199,4
Gjöld umfram tekjur	**485,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	485,5

06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík	1.539,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,0
Gjöld samtals	**1.542,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,4
Gjöld umfram tekjur	**1.536,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.536,1

06-341 Áfengis- og fíkniefnamál

Almennur rekstur:	
1.20 Fíkniefnamál	1,5
1.25 Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála	61,9
Almennur rekstur samtals	63,4
Gjöld samtals	**63,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	63,4

06-390 Ýmis löggæslumál

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis löggæslukostnaður	61,5
1.13 Undirbúningur að smíði varðskips	43,9
1.22 Löggæsla vegna skemmtanahalds	7,5
Almennur rekstur samtals	112,9
Gjöld samtals	**112,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	112,9

06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	192,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,5
Gjöld umfram tekjur	**191,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	191,8

06-414 Sýslumaðurinn í Stykkishólmi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	42,7
1.20 Löggæsla	61,7
Almennur rekstur samtals	104,4
Gjöld samtals	**104,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	104,4

06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	105,2
1.20 Löggæsla	151,4
1.40 Tollgæsla	10,2
Almennur rekstur samtals	266,8
Gjöld samtals	**266,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,0

Gjöld umfram tekjur **263,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 263,8

06-429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 22,3
1.20 Löggæsla 26,0
Almennur rekstur samtals 48,3

Gjöld samtals **48,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 48,3

06-434 Sýslumaðurinn í Keflavík

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 92,7
1.20 Löggæsla 194,5
1.40 Tollgæsla 13,1
Almennur rekstur samtals 300,3

Gjöld samtals **300,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,6

Gjöld umfram tekjur **294,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 294,7

06-436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 122,9
1.20 Löggæsla 187,1
1.40 Tollgæsla 14,6
Almennur rekstur samtals 324,6

Gjöld samtals	**324,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,2
Gjöld umfram tekjur	**324,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	324,4

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður	21,6
1.11 Útgáfa ökuskírteina	12,3
1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	95,3
1.60 Gagnalínukostnaður	23,6
1.63 Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins	64,3
1.65 Þjónusta við upplýsingakerfi sýslumanna	26,0
Almennur rekstur samtals	243,1
Gjöld samtals	**243,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	243,1

06-701 Biskup Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðkirkja Íslands	759,7
1.15 Kirkjumiðstöð Austurlands	1,2
1.16 Langamýri í Skagafirði	1,2
1.91 Skálholtsskóli	7,2
Almennur rekstur samtals	769,3
Stofnkostnaður:	
6.21 Skálholtsstaður	6,0
6.22 Hallgrímskirkja	16,0
6.23 Hóladómkirkja	3,0
6.25 Dómkirkjan í Reykjavík	6,0
6.26 Auðunarstofa	33,0
6.27 Rannsóknarstofnun í helgisiðum í Skálholti	8,5
Stofnkostnaður samtals	72,5
Gjöld samtals	**841,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-28,2

Gjöld umfram tekjur	**813,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	813,6

06-733 Kirkjugarðsgjöld

Almennur rekstur:	
1.11 Kirkjugarðar	535,0
1.13 Kirkjugarðasjóður	46,0
Almennur rekstur samtals	581,0
Gjöld samtals	**581,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	581,0

07-400 Barnaverndarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	50,2
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	369,3
1.50 Meðferðarstöð ríkisins	88,0
Almennur rekstur samtals	507,5
Gjöld samtals	**507,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	507,5

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.50 Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	84,8
1.80 Starfsþjálfun	20,0
1.81 Tölvumiðstöð fatlaðra	5,0
1.90 Ýmis verkefni	111,9
1.91 Sambýli vegna útskrifta af Kópavogshæli	24,4
Almennur rekstur samtals	246,1
Gjöld samtals	**246,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	246,1

07-711 Styrktarfélag vangefinna

Almennur rekstur:	
1.01 Styrktarfélag vangefinna	366,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,1
Gjöld umfram tekjur	**351,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	351,1

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	5.193,0
1.12 Jöfnun húsaleigubóta	306,0
Almennur rekstur samtals	5.499,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Einsetning grunnskóla	265,0
Gjöld samtals	**5.764,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5.764,0

07-980 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	317,3
1.11 Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit	10,3
Almennur rekstur samtals	327,6
Gjöld samtals	**327,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-181,8
Gjöld umfram tekjur	**145,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	145,8

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:	
1.10 Félagsdómur	7,0
1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	5,0
1.90 Ýmislegt	16,7
Almennur rekstur samtals	28,7
Gjöld samtals	**28,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,7

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	1.590,0
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	55,0
1.16 Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana Vinnumálastofnunar	110,0
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva	133,0
1.31 Kjararannsóknarnefnd	27,0
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	115,0
1.41 Framlög og styrkir	139,0
1.45 Starfsmenntasjóður	60,0
1.51 Rekstur úthlutunarnefnda	55,0
1.81 Vaxtatekjur	-0,3
Almennur rekstur samtals	2.283,7
Gjöld samtals	**2.283,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-43,7
Gjöld umfram tekjur	**2.240,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.240,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	32,0
1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992	118,1
1.30 Sjómannastofur	0,5
1.31 Félagasamtök, styrkir	39,6

1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	6,0
1.35 Félag heyrnarlausra	5,2
1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík	24,7
1.41 Stígamót	15,5
1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili	13,5
1.44 Byrgið, líknarfélag	7,2
1.47 Félagsþjónusta við nýbúa	1,4
1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum	7,0
1.60 Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna	12,9
1.90 Ýmis framlög	13,5
Almennur rekstur samtals	297,1
Stofnkostnaður:	
6.41 Blindrafélagið, burstavél	10,0
Gjöld samtals	**307,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	307,1

08-201 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	706,7
1.90 Rekstrarhagræðing	15,0
Almennur rekstur samtals	721,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	30,5
Gjöld samtals	**752,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-86,5
Gjöld umfram tekjur	**665,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	665,7

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	2.480,0
1.15 Lyf	4.755,0

1.21 Hjálpartæki	940,0
1.25 Hjúkrun í heimahúsum	100,0
1.31 Þjálfun	865,9
1.35 Tannlækningar	1.070,0
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	140,0
1.45 Brýn meðferð erlendis	500,0
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	110,0
1.55 Sjúkradagpeningar	250,0
1.91 Annað	90,0
Almennur rekstur samtals	11.300,9
Gjöld samtals	**11.300,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11.300,9

08-209 Sjúklingatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúklingatryggingar	68,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	68,1

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	132,7
1.10 Læknaráð	2,4
1.20 Sjúkraflutningaráð	0,7
1.30 Slysavarnaráð	11,3
1.40 Siðaráð	0,9
Almennur rekstur samtals	148,0
Gjöld samtals	**148,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	148,0

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Geislavarnir ríkisins	45,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,9

Gjöld samtals	**49,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,4
Gjöld umfram tekjur	**43,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	36,7
Innheimt af ríkistekjum	7,2

08-330 Manneldisráð

Almennur rekstur:	
1.01 Manneldisráð	17,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**17,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,0

08-340 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.10 Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	94,6
1.20 Sjálfsbjörg Akureyri	5,1
1.30 Sumardvalarheimili í Reykjadal	12,1
1.40 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	15,8
1.50 Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	2,6
1.60 Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	5,6
1.70 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri	3,5
1.80 Gigtarráð	3,6
1.90 Ýmis starfsemi	1,7
Almennur rekstur samtals	144,6
Stofnkostnaður:	
6.90 Styrkir til ýmissa framkvæmda	9,0
Gjöld samtals	**153,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	153,6

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	2.206,6
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Fasteign	21,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	55,0
6.50 Nýbygging	35,0
Stofnkostnaður samtals	90,0
Gjöld samtals	**2.317,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-116,6
Gjöld umfram tekjur	**2.201,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.201,0

08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi

Almennur rekstur:	
1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	130,5
Stofnkostnaður:	
6.50 Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar	60,0
Gjöld samtals	**190,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	190,5

08-373 Landspítali, háskólasjúkrahús

Almennur rekstur:	
1.01 Landspítali, háskólasjúkrahús	19.309,1
Viðhaldsverkefni:	
5.60 Viðhald	248,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	218,0

6.21 Barnaspítali	285,0
6.70 Nýframkvæmdir	39,0
Stofnkostnaður samtals	542,0
Gjöld samtals	**20.099,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1.785,7
Gjöld umfram tekjur	**18.313,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18.213,4
Innheimt af ríkistekjum	100,0

08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðhaldsverkefni:	
5.50 Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	20,0
Stofnkostnaður:	
6.60 Tækjakaup, óskipt	17,4
6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	270,0
Stofnkostnaður samtals	287,4
Gjöld samtals	**307,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	307,4

08-420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið

Almennur rekstur:	
1.01 Sjúkrastofnanir SÁÁ	349,5
Stofnkostnaður:	
6.21 Sjúkrastofnanir SÁÁ, byggingastyrkur	15,0
Gjöld samtals	**364,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,5
Gjöld umfram tekjur	**356,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 356,0

08-501 Sjúkraflutningar

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkraflutningar 247,3
1.12 Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða 50,2
1.15 Sjúkraflug 65,6
Almennur rekstur samtals 363,1

Gjöld samtals **363,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 363,1

08-510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík 444,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -17,0

Gjöld umfram tekjur **427,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 427,9

08-621 Forvarnasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Áfengis- og vímuvarnaráð 7,4
1.90 Forvarnasjóður 72,9
Almennur rekstur samtals 80,3

Gjöld samtals **80,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 80,3

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 391,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 6,0
6.21 Bifreiðar 4,0
Stofnkostnaður samtals 10,0

Gjöld samtals **401,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,0

Gjöld umfram tekjur **396,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 396,0

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum 440,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 440,0

09-811 Barnabætur

Almennur rekstur:
1.11 Barnabætur 4.430,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4.430,0

09-821 Vaxtabætur

Almennur rekstur:
1.11 Vaxtabætur 3.885,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3.885,0

09-984 Fasteignir ríkissjóðs

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 33,3

1.11 Rekstur fasteigna	208,2
Almennur rekstur samtals	241,5
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteigna	434,5
Gjöld samtals	**676,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-676,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:	
1.90 Launa- og verðlagsmál	1.150,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.150,0

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	9,3
1.16 Landflutningasjóður	1,0
1.20 Rannsóknanefnd sjóslysa	18,1
1.21 Lög- og réttindaskráning sjómanna	1,4
1.22 Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	3,0
1.23 Slysavarnaskóli sjómanna	43,9
1.24 Tilkynningaskylda íslenskra skipa	21,8
1.25 Staðsetningarkerfi	8,0
1.26 Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	1,1
1.28 Sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa	26,3
1.29 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	10,9
1.32 Slysavarnafélagið Landsbjörg	44,7
1.34 Flugskóli Íslands	9,7
1.41 Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1,0
1.42 Gestastofur og markaðsstarf	10,0
1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	50,0
1.45 Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu	4,0
1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	61,0
1.48 Hestamiðstöð Íslands	5,0
1.51 Úrskurðarnefnd í póst- og fjarskiptamálum	5,2

1.90 Ýmislegt	4,6
Almennur rekstur samtals	340,0
Stofnkostnaður:	
6.41 Hlutur ríkisins í flughermi fyrir flugskóla	10,0
Gjöld samtals	**350,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	349,0
Viðskiptahreyfingar	1,0

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	418,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	20,7
6.60 Vitabyggingar	11,5
6.70 Hafnamannvirki	1.157,2
6.74 Lendingabætur	2,8
6.76 Ferjubryggjur	5,7
6.80 Sjóvarnargarðar	73,8
6.90 Hafnabótasjóður, framlag	18,0
Stofnkostnaður samtals	1.289,7
Gjöld samtals	**1.708,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-118,2
Gjöld umfram tekjur	**1.590,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.783,2
Innheimt af ríkistekjum	1,3
Viðskiptahreyfingar	-194,3

10-471 Flugmálastjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn	645,0
1.11 Styrkir til innanlandsflugs	60,7
1.70 Alþjóðaflugþjónusta	1.209,0

1.81 Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO	90,7
Almennur rekstur samtals	2.005,4
Gjöld samtals	**2.005,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1.395,0
Gjöld umfram tekjur	**610,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	531,2
Innheimt af ríkistekjum	79,2

10-651 Ferðamálaráð

Almennur rekstur:	
1.01 Ferðamálaráð	47,2
1.11 Ferðamálasamtök landshluta	22,0
1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	10,2
1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir	47,6
1.81 Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994	72,0
Almennur rekstur samtals	199,0
Gjöld samtals	**199,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,1
Gjöld umfram tekjur	**195,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	195,9

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	79,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	1,1
Gjöld samtals	**80,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	80,7

11-251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi

Almennur rekstur:	
1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	75,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	75,0

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	255,5
1.50 Þjóðskráin	95,5
Almennur rekstur samtals	351,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	14,6
Gjöld samtals	**365,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,1
Gjöld umfram tekjur	**357,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	249,5
Innheimt af ríkistekjum	108,0

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.23 Ýmis umhverfisverkefni	53,2
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	12,7
1.35 Umhverfisvöktun	28,0
1.40 Alþjóðastofnanir	14,8
1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	13,5
1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME	5,2
1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum	5,3
1.56 Vernd Breiðafjarðar	1,5
1.57 Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur	2,7
1.58 Náttúrugripasöfn	3,0
1.59 Náttúruverndarráð	8,0

1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	9,3
1.90 Ýmis verkefni	3,0
Almennur rekstur samtals	160,2
Gjöld samtals	**160,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	160,2

14-301 Skipulagsstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Skipulagsstofnun	110,5
1.11 Mat á umhverfisáhrifum	20,4
1.12 Skipulag miðhálendis	1,7
Almennur rekstur samtals	132,6
Gjöld samtals	**132,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-17,5
Gjöld umfram tekjur	**115,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	115,1

14-381 Ofanflóðasjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	7,0
Stofnkostnaður:	
6.60 Ofanflóðasjóður	393,0
Gjöld samtals	**400,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	400,0

Sundurliðun 2

Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta

		Þús. kr.
1.	**Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-269 5.21 og 6.21).**	
	1. Kennaraháskóli Íslands, nýbygging	100.000
	viðhald Laugarvatni	15.000
	2. Háskólinn á Akureyri, nýbygging	110.000
	3. Háskóli Íslands, Atvinnudeildarhús afhent menntamálaráðuneytinu	30.000
	4. Tækniskóli Íslands, viðhald og búnaður	15.000
	5. Tilraunastöð Háskólans að Keldum, viðhald	10.000
	6. Viðhald, óskipt	10.000
	Samtals	**290.000**
2.	**Framhaldsskólar, stofnkostnaður (02-318 6.90 og 6.95).**	
	1. Framhaldsskólar í Reykjavík, óskipt	70.000
	2. Menntaskólinn í Reykjavík, uppgjör og lok framkvæmda við tengibyggingu	30.000
	3. Sjómannaskólahús	40.000
	4. Menntaskólinn í Kópavogi, uppgjör samkvæmt samningi	90.000
	5. Fjölbrautaskóli Suðurnesja, undirbúningur fyrir viðbyggingu	15.000
	6. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, uppgjör samkvæmt samningi	43.000
	7. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	5.000
	8. Verkmenntaskólinn á Akureyri, heimilisfræði-, handavinnu- og rafiðngreinar	50.000
	9. Menntaskólinn á Egilsstöðum, undirbúningur fyrir viðbyggingu	5.000
	10. Framhaldsskólinn A-Skaftafellssýslu, samningur um nýtt húsnæði	38.000
	11. Menntaskólinn að Laugarvatni	30.000
	12. Fjölbrautaskóli Suðurlands, undirbúningur fyrir viðbyggingu	7.000
	13. Til framkvæmda, óskipt	20.000
	14. Tæki og búnaður, óskipt	31.000
	Samtals	**474.000**
3.	**Söfn, ýmis framlög (02-919 1.90).**	
	1. Sædýrasafnið, Höfnum	3.000
	2. Steinaríki Íslands	2.000
	3. Íslenska stríðsárasafnið	2.000
	4. Kirkjubæjarstofa	5.000
	Óskipt	7.500
	Samtals	**19.500**
4.	**Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-969 6.21).**	
	1. Þjóðminjasafn	200.000
	2. Verndun gamalla húsa	65.000
	3. Landsbókasafn – Háskólabókasafn, bókageymslur í Reykholti	25.000
	4. Byggðasöfn	25.000

5.	Þjóðleikhús	10.000
6.	Þjóðskjalasafn	20.000
7.	Listasafn Íslands	15.000
8.	Lista- og menningarmiðstöðin Skaftfell	10.000
9.	Brydebúð	5.000
	Óskipt	25.000
	Samtals	**400.000**

5. Listir, framlög (02-982 1.90).

1.	Á seyði, Skaftfell – menningarmiðstöð	1.000
2.	Bláa kirkjan, sumartónleikar	400
3.	BRJÁN, rokk- og djassklúbbur í Neskaupstað	400
4.	Djassklúbbur Egilsstaða	400
5.	Efling Stykkishólms	400
6.	Eiríksstaðanefnd – Leifsstaðir	400
7.	Félag íslenskra tónlistarmanna	1.000
8.	Jöklasýning á Hornafirði	500
9.	Leikbrúðuland	800
10.	Listahátíð ungs fólks, Austurlandi	400
11.	Listvinafélag Vestmannaeyja	400
12.	Reykholtshátíð	400
13.	Samband íslenskra myndlistarmanna	1.500
14.	Sumartónleikar í Akureyrarkirkju	400
15.	Sumartónleikar í Skálholtskirkju	1.800
16.	Sumartónleikar við Mývatn	400
17.	Tónleikahald í Skaftárhreppi	400
18.	Tónlistarfélag Hveragerðis og Ölfuss	400
19.	Tónlistarfélag Ísafjarðar	400
20.	Þjóðlagahátíð í Gnúpverjahreppi	400
	Óskipt	30.200
	Samtals	**42.400**

6. Styrkir til útgáfumála (02-983 1.11).

1.	Færeysk orðabók	2.500
2.	Örlygur Hálfdánarson „Aldahvörf“	1.000
3.	Jón Björnsson, „Íslensk skip“	1.000
	Óskipt	1.000
	Samtals	**5.500**

7. Norræn samvinna (02-984 1.90).

	Norræna félagið	3.000
	Óskipt	11.500
	Samtals	**14.500**

8. Æskulýðsmál (02-988 1.90).

1.	Alþjóðleg ungmennaskipti	300
2.	AFS á Íslandi	400

	Óskipt	2.300
	Samtals	**3.000**

9. Ýmis íþróttamál (02-989 1.90).

1.	Félag áhugafólks um íþróttir aldraða	300
2.	Landssamband íslenskra akstursfélaga	500
3.	Torfærusamband Íslands	500
	Óskipt	12.000
	Samtals	**13.300**

10. Ýmis framlög (02-999 1.90).

1.	Heimilisiðnaðarskólinn	1.800
2.	Kvenréttindafélag Íslands	1.000
3.	Kvennasögusafn Íslands	600
4.	Steinunn Kristjánsdóttir, fornleifarannsóknir um mörk heiðni og kristni	1.000
5.	Fornleifastofnun Íslands	800
6.	ÍSARK, vegna ráðstefnu árið 2001	500
7.	Kvenfélagasamband Íslands	1.800
8.	Gláma, endurbygging	400
9.	Fræðasetur, Sandgerðisbæ	600
10.	Surtseyjarfélagið	500
11.	Heimili og skóli	600
12.	Zontaklúbbur Akureyrar, Nonnahús	700
13.	Óperustúdíó, Eiðum	2.000
14.	Vestnorrænt menningarhús, Hafnarfirði	1.000
15.	Rannsóknir á Vatnajökli	2.000
16.	Klúbbur matreiðslumeistara	2.500
17.	Samband íslenskra kristniboðsfélaga	1.500
18.	Sænautasel	2.000
19.	Menningarhátíð á Ísafirði	1.000
20.	Menningarsjóður í Bretlandi	1.500
	Óskipt	2.700
	Samtals	**26.500**

11. Ýmis verkefni (04-190 1.90).

1.	Flóaáveitufélagið	500
2.	Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	4.000
3.	Æðarræktarfélag Íslands	300
4.	Nytjaland, upplýsingakerfi	5.000
5.	Gæðamat á ferðaþjónustu í dreifbýli	4.000
6.	Landvernd	3.000
7.	Frumvinna við tölvuvæðingu ferðaþjónustu í dreifbýli	1.500
8.	Líf í fersku vatni	1.500
9.	Rannsóknir á glerál	700
10.	Skrúður við Dýrafjörð	500
11.	Túnvottunarstofa	2.000
12.	Rannsóknir á íslenska kúakyninu	5.000

Óskipt	6.800
Samtals	**34.800**

12. Fyrirhleðslur (04-311 1.90).

a. Fyrirhleðslur:

1. Héraðsvötn	4.000
2. Hornafjarðarfljót	1.000
3. Kotá í Öræfum	1.000
4. Skaftá	500
5. Kúðafljót	800
6. Klifandi/Hafursá	4.000
7. Markarfljót	15.000
8. Þjórsá	1.000
Samtals	**27.300**

b. Fyrirhleðslur og viðhald:

1. Vesturlandskjördæmi	1.000
2. Vestfjarðakjördæmi	500
3. Norðurlandskjördæmi vestra	1.500
4. Norðurlandskjördæmi eystra	2.000
5. Austurlandskjördæmi	1.500
6. Suðurlandskjördæmi	3.500
Samtals	**10.000**

Samtals	**37.300**

13. Félagasamtök, styrkir (07-999 1.31).

1. Barnaheill	700
2. Blindrafélagið	5.000
3. Daufblindrafélag Íslands	700
4. Félag ábyrgra feðra	100
5. Félag einstæðra foreldra	1.200
6. Félag heyrnarlausra	3.000
7. Foreldra- og kennarafélag Öskjuhlíðarskóla	4.000
8. Foreldrafélag misþroska barna	500
9. Fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur	500
10. Geðhjálp	3.500
11. Kvennaráðgjöfin	600
12. Landssamband eldri borgara	1.200
13. Leigjendasamtökin.	200
14. Ný dögun	600
15. Samtök um vinnu og verkþjálfun	500
16. Samtökin '78	800
17. Sjálfsbjörg	1.000
18. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	1.600
19. Systkinasmiðjan	200
20. Umsjónarfélag einhverfra	600

21.	Vernd	800
22.	Þroskahjálp	4.000
	Óskipt	8.300
	Samtals	**39.600**

14. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 6.90).

1.	Sjúkrahúsið Akranesi	26.000
2.	Heilsugæslustöðin og hjúkrunarheimilið Þingeyri	4.500
3.	Hjúkrunarheimilið Hólmavík	11.100
4.	Hjúkrunarheimilið Hvammstanga	4.000
5.	Sjúkrahúsið Blönduósi	11.000
6.	Sjúkrahúsið Sauðárkróki	4.900
7.	Heilsugæslustöðin Akureyri	24.000
8.	Sjúkrahúsið Húsavík	6.000
9.	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	7.500
10.	Heilsugæslustöðin Egilsstöðum	12.000
11.	Heilsugæslustöðin Hornafirði	7.000
12.	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	30.000
13.	Sjúkrahús Suðurlands	50.000
14.	Heilsugæslustöðin Hveragerði	5.000
15.	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	44.000
16.	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	8.000
17.	Heilsugæslustöðin Grafarvogi	15.000
	Samtals	**270.000**

15. Ýmis framlög (08-399 1.90).

1.	Umhyggja	800
2.	Tourette-samtökin á Íslandi	200
3.	Landssamtök hjartasjúklinga	500
4.	Félag heilablóðfallsskaðaðra	400
5.	Húsnæðisfélag SEM	1.300
6.	Gigtarfélag Íslands	1.100
7.	Vímulaus æska	1.500
8.	Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimers-sjúklinga	700
9.	Samtökin Lífsvog	300
10.	Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	400
11.	Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	1.000
12.	Geðhjálp, geðræktarverkefni	2.000
13.	Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	1.200
14.	LAUF, landssamtök áhugafólks um flogaveiki	800
15.	Heimili og skóli	1.500
16.	Samtök sykursjúkra	500
17.	MS-félag Íslands	500
18.	Krossgötur	300
19.	Alnæmissamtökin	500

Óskipt	9.200
Samtals	**24.700**

16. Vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-190 1.12).

a. Almennir styrkir:

1. Knarrarnes, Mýrabátur	150
2. Snæfellsbær, undir Jökli	140
3. Dalahérað	180
4. Reykhólahreppur	350
5. Mjólkurflutningar í Vestur-Barðastrandarsýslu	90
6. Vesturbyggð	500
7. Súðavíkurhreppur	90
8. Hólmavík – Nauteyrarhreppur	140
9. Ísafjarðarbær	450
10. Árneshreppur	1.150
11. Djúpavík og Gjögur	140
12. Kaldrananeshreppur	200
13. Skagahreppur	120
14. Skefilsstaðahreppur	120
15. Fljótahreppur	180
16. Ólafsfjarðarsveit	90
17. Svarfaðardalur	140
18. Grýtubakkahreppur	70
19. Hálshreppur	70
20. Mývatnssveit	90
21. Fjallahreppur	370
22. Öxarfjörður – Kópasker	50
23. Þórshöfn	50
24. Bakkafjörður	50
25. Vopnafjörður	50
26. Borgarfjörður eystri	280
27. Austur-Hérað	160
28. Norður-Hérað	180
29. Möðrudalur	90
30. Svínafell í Nesjum	150
31. Mýrdalshreppur	220
Samtals	**6.110**

b. Sérleyfi

1. Fjarðarheiði	640
2. Oddskarð	640
3. Breiðdalsvík	200
4. Djúpivogur	300
Samtals	**1.780**

c. Stofnstyrkir:

1. Fljótahreppur	500

	2. Grýtubakkahreppur, snjótroðari	300
	Samtals	**800**
d.	Styrkir til flugfélaga:	
	Óskipt	9.700
e.	Óskipt	610
	Samtals	**19.000**

17. Hafnamannvirki (10-335 6.70).

a.	Vesturland:	
	1. Snæfellsbær	38.400
	2. Grundarfjörður	83.100
	3. Stykkishólmur	8.800
	Samtals	**130.300**
	Vestfirðir:	
	1. Vesturbyggð	1.600
	2. Tálknafjörður	1.500
	3. Ísafjarðarbær	8.600
	4. Bolungarvík	14.800
	5. Súðavík	3.600
	6. Drangsnes	4.500
	Samtals	**34.600**
	Norðurland vestra:	
	1. Skagaströnd	2.200
	2. Skagafjörður	39.200
	3. Siglufjörður	49.500
	Samtals	**90.900**
	Norðurland eystra:	
	1. Hafnasamlag Eyjafjarðar	18.400
	2. Hafnasamlag Norðurlands	61.100
	3. Húsavík	225.200
	4. Kópasker	2.400
	5. Raufarhöfn	4.600
	6. Þórshöfn	55.300
	Samtals	**367.000**
	Austurland:	
	1. Vopnafjörður	14.900
	2. Borgarfjörður eystri	5.600
	3. Seyðisfjörður	37.900
	4. Fjarðabyggð	89.900
	5. Fáskrúðsfjörður	19.900

	6. Djúpivogur	46.800
	7. Hornafjörður	41.900
	Samtals	**256.900**
	Suðurland:	
	1. Vestmannaeyjar	126.500
	2. Þorlákshöfn	19.400
	Samtals	**145.900**
	Reykjanes:	
	1. Grindavík	208.000
	2. Sandgerði	88.300
	3. Hafnasamlag Suðurnesja	9.400
	4. Hafnarfjörður	9.000
	Samtals	**314.700**
b.	Óskipt til slysavarna o.fl.	1.200
c.	Rannsóknir o.fl.	10.000
	Samtals	**1.351.500**
18.	**Lendingarbætur (10-335 6.74).**	
1.	Búðir og Hellnar á Snæfellsnesi	300
2.	Haukabergsvaðall	200
3.	Hesteyri	200
4.	Lagarfljótsbrú	1.000
5.	Breiðdalsvík	700
6.	Reykjafjörður nyrðri	200
7.	Gjögur	200
	Samtals	**2.800**
19.	**Sjóvarnargarðar (10-335 6.80).**	
1.	Snæfellsbær	1.000
2.	Eyrarsveit	5.100
3.	Vesturbyggð	6.000
4.	Ísafjarðarbær	23.000
5.	Árneshreppur	900
6.	Blönduósbær	8.800
7.	Dalvíkurbyggð	4.400
8.	Hríseyjarhreppur	100
9.	Árskógssandur	700
10.	Grýtubakkahreppur	5.700
11.	Sveitarfélagið Ölfus	10.200
12.	Sandgerðisbær	600
13.	Gerðahreppur	2.200
14.	Reykjanesbær	100
15.	Vatnsleysustrandarhreppur	5.000
	Samtals	**73.800**

20. Ýmis verkefni (14-190 1.90).

Umhverfisverndarsamtök Íslands	2.000
Óskipt	1.000
Samtals	**3.000**

422. Breytingartillaga [156. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2000.

Frá Jóni Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við bætist nýr fjárlagaliður:			
00-610 Umboðsmaður Alþingis			
6.01 Tæki og búnaður	0,0	2,0	2,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*2,0*	*2,0*

423. Breytingartillaga [156. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2000.

Frá Jóni Bjarnasyni, Steingrími J. Sigfússyni og Þuríði Backman.

Við 4. gr.

a. Liður 4.36 orðist svo: Að selja eignarhluta Skógræktar ríkisins í jörðinni Straumi í Hafnarfirði að hluta eða í heild og verja söluandvirðinu í þágu Skógræktar ríkisins.
b. Liður 4.37 falli brott.

424. Nefndarálit [165. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnheiði Snorradóttur, Ólaf Pál Gunnarsson, Bolla Þór Bollason og Björn Rúnar Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti og Þórð Jónasson og Sigurð Thoroddsen frá Lánasýslu ríkisins. Jafnframt barst minnisblað frá fjármálaráðuneyti og umsagnir frá Seðlabanka Íslands, Íbúðalánasjóði, Verslunarráði Íslands, Sambandi íslenskra viðskiptabanka og Landsbanka Íslands.

Frumvarpið er lagt fram vegna ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins frá 14. júlí 2000 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að núgildandi ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga um ríkisábyrgðir færi í bága við ákvæði EES-samningsins. Nefndin telur brýnt að lögunum verði breytt á þann veg að aðstaða lántakenda sem njóta ríkisábyrgðar á lánum verði jöfn, hvort sem lánveitendur eru innlendir eða útlendir.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Gunnar Birgisson og Hjálmar Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. nóv. 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. | Jóhanna Sigurðardóttir. | Einar K. Guðfinnsson.

Guðmundur Hallvarðsson. | Ögmundur Jónasson.

425. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til l. um dómtúlka og skjalaþýðendur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá dómstólaráði, Lögmannafélagi Íslands, Félagi löggiltra dómtúlka og skjalaþýðenda og Íslenskri málnefnd.

Með frumvarpinu er lögð til heildarendurskoðun á gildandi lögum um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur, nr. 32/1914. Frumvarpið felur í sér nokkuð ítarlegri ákvæði en gildandi lög gera ráð fyrir. Frumvarp sama efnis var til umfjöllunar hjá nefndinni á 125. löggjafarþingi en var ekki afgreitt og var ein ástæðan sú að nefndin taldi ákvæði sem fjölluðu um hæfisskilyrði umsækjenda um löggildingu of ströng. Er það nú til umfjöllunar á ný í breyttri mynd að því er þau ákvæði varðar.

Nefndin fjallaði sérstaklega um ákvæði frumvarpsins sem snýr að gjaldtöku fyrir að þreyta prófraun sem umsækjendur um löggildingu sem dómtúlkar eða skjalaþýðendur þurfa að gangast undir og kallaði jafnframt eftir upplýsingum um kostnað við próf sem haldin hafa verið. Í kostnaðaráætlun fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins kemur fram að kostnaður við árlegar prófanir umsækjenda geti numið um 1 millj. kr. Í upplýsingum þeim sem nefndinni bárust frá dómsmálaráðuneyti kom fram að undanfarin 20 ár hefðu verið haldin nokkuð reglulega á tveggja ára fresti próf fyrir þá sem vildu öðlast réttindin. Heildarkostnaður við prófin hefði verið á bilinu 950.000 – 1.250.000 kr. og mun hann fyrst og fremst hafa falist í vinnu prófdómenda og prófstjórnar, svo og vinnu við að undirbúa prófið og halda það. Jafnframt kom fram að miðað við kostnað undanfarinna þriggja prófa (árin 1993, 1995 og 1997) megi ætla að kostnaður hvers próftaka verði um 50.000 kr. Nefndin minnir á að prófgjöldin eru þjónustugjöld og því óheimilt að innheimta hærra gjald en nemur raunverulegum kostnaði við prófin.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Leggur nefndin til að skyldu dómsmálaráðherra skv. 5. gr. til að fella löggildingu úr gildi ef viðkomandi fullnægir ekki lengur hæfisskilyrðum a-liðar 1. mgr. 2. gr. verði breytt í heimild. Vegna athugasemda sem nefndinni bárust vill nefndin leggja áherslu á að ef til niðurfellingar löggildingar kemur gilda ákvæði stjórnsýslulaga. Aðrar breytingar sem nefndin leggur til eru orðalagsbreytingar.

Hjálmar Jónsson, Jónína Bjartmarz og Sverrir Hermannsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. nóv. 2000.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Ásta Möller.	Guðrún Ögmundsdóttir.
Katrín Fjeldsted.	Lúðvík Bergvinsson.	Ólafur Örn Haraldsson.

426. Breytingartillögur [80. mál]

við frv. til l. um dómtúlka og skjalaþýðendur.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. Inngangsmálsliður 1. mgr. orðist svo: Rétt til að öðlast löggildingu sem dómtúlkur eða skjalaþýðandi hefur sá sem fullnægir þessum skilyrðum.
2. Við 5. gr. Í stað orðsins „skal“ í 1. mgr. komi: má.

427. Fyrirspurn [328. mál]

til viðskiptaráðherra um skuldir fyrirtækja og einstaklinga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig skiptast heildarskuldir við innlánsstofnanir eftir neðangreindum útlánaflokkum milli einstaklinga annars vegar og fyrirtækja hins vegar:
   a. skuldabréfalán,
   b. víxillán,
   c. innleystar ábyrgðir,
   d. yfirdráttur á ávísana- og hlaupareikningi,
   e. afurðalán,
   f. endurlánað erlent lánsfé?
2. Hvernig var yfirdráttur einstaklinga hjá innlánsstofnunum um síðustu áramót og aftur nú 1. desember í ár? Hvernig hefur meðaltal yfirdráttar breyst á þessu tímabili, hve háar voru yfirdráttarheimildir hjá einstaklingum 1. desember 2000 og hversu margir eru með slíka heimild?

Skriflegt svar óskast.

428. Frumvarp til laga [329. mál]

um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Svanfríður Jónasdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Lúðvík Bergvinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Einar Már Sigurðarson, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristján L. Möller, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Úthlutun sóknardaga til báta sem hafa rétt til veiða samkvæmt þessari grein skal skert um ⅕ á fiskveiðiárinu 2001/2002, um ¼ á fiskveiðiárinu 2002/2003, um ⅓ á fiskveiðiárinu 2003/2004 og um ½ á fiskveiðiárinu 2004/2005.

Fiskveiðiárið 2005/2006 og framvegis fá þessir bátar einungis úthlutað aflahlutdeild í samræmi við 2. tölul. 7. gr.

Bátum sem hafa réttindi til veiða á sóknardögum samkvæmt þessari grein er einnig heimilt til og með fiskveiðiárinu 2004/2005 að róa aðra daga á tímabilinu 1. apríl til 31. október ár hvert enda hafi þeir þá lokið veiðum sínum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar um sóknardaga, tilkynnt um það til Fiskistofu og leigt til sín veiðiréttindi samkvæmt reglum þar um.

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Veiðar á þeim tegundum sjávardýra, sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla skv. 3. gr., eru frjálsar öllum þeim skipum sem leyfi fá til veiða í atvinnuskyni skv. 4. gr. með þeim takmörkunum sem leiðir af almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri og veiðitíma. Heimilt er að svæðisbinda veiðar einstakra tegunda enda liggi fyrir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um hámarksveiðiþol þeirrar fisktegundar sem um ræðir á viðkomandi svæði.

Veiðiheimildum á þeim tegundum sem heildarafli er takmarkaður af skal úthlutað til einstakra skipa, sbr. þó ákvæði 6. gr. Skal hverju skipi úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar. Nefnist það aflahlutdeild skips. Aflahlutdeild öðlast skip með eftirfarandi hætti:

1. Á fiskveiðiárinu 2001/2002 fær skipið úthlutað aflahlutdeild í samræmi við þau réttindi sem það á samkvæmt því kerfi sem við lýði var við gildistöku þessara laga, að frádreginni skerðingu sem nemur $\frac{1}{10}$ aflahlutdeildar.

   Eftir það skal skerða upphaflegu hlutdeildina árlega fyrir úthlutun um sama hundraðshluta til viðbótar að teknu tilliti til flutnings aflahlutdeildar til skipsins og frá.

   Á fiskveiðiárinu 20010/2011 og framvegis fá þessi skip einungis úthlutað aflahlutdeild í samræmi við 2. tölul. þessarar greinar.
2. Skip öðlast aflahlutdeild með því að leigja hana til sín, sbr. þó 1. tölul. Aflahlutdeild sem skip leigir til sín samkvæmt þessu ákvæði lýtur ekki skerðingarákvæðum 1. tölul.
3. Aflamark skips á hverju fiskveiðiári, veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla viðkomandi tegundar og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla skv. 1. og 2. tölul.

   Skal Fiskistofa senda útgerð hvers skips sérstaka tilkynningu um aflamark þess í upphafi veiðitímabils eða vertíðar.

3. gr.

Við lögin bætist ný grein, 7. gr. a, svohljóðandi:

Aflahlutdeild sem ekki er ráðstafað á annan hátt í lögum þessum skal boðin til leigu í einingum með stöðugu og jöfnu framboði.

Hver eining er hlutdeild í veiði á tiltekinni fisktegund til fimm ára í senn. Skal hæstbjóðandi hljóta hverja einingu enda setji hann tryggingu fyrir greiðslu.

Fiskiskipaflotinn skiptist í eftirfarandi útgerðarflokka og skal heildaraflahlutdeild í hverjum útgerðarflokki vera samanlögð aflahlutdeild allra skipa og báta í flokknum við gildistöku þessara laga og skal bjóða þá aflahlutdeild sem losnar frá skipum í hverjum flokki til leigu til skipa innan hans:

1. flokkur: Almennur flokkur fiskiskipa sem ekki tilheyra 2. og 3. útgerðarflokki samkvæmt þessari grein og bátar undir 6 brúttótonnum sem velja þennan kost.
2. flokkur: Fiskiskip sem veiða með botnvörpu, flotvörpu og dragnót og falla undir 1. flokk skipa samkvæmt skilgreiningu í 5. gr. laga nr. 79 26. maí 1997.
3. flokkur: Bátar undir 6 brúttótonnum. Bátum úr þessum útgerðarflokki skal heimilt að leigja til sín aflamark frá skipum utan flokksins.

Heimildir til sérveiða skulu boðnar til leigu sérstaklega aðgreint eftir svæðum og tegundum.

Útgerðir allra skipa sem leyfi hafa til veiða samkvæmt lögum þessum skulu hafa jafnan rétt til að bjóða í þær aflaheimildir sem í boði verða hafi þær rétt til veiða á viðkomandi svæði og í viðkomandi útgerðarflokki. Sé atvinnuöryggi í sjávarbyggð ógnað vegna skorts á afla til vinnslu er ráðherra þó heimilt að láta bjóða aflaheimildir sérstaklega til leigu til útgerða sem skuldbinda sig til að landa afla til vinnslu þar. Heimildin er háð því skilyrði að Byggðastofnun hafi að beiðni sveitarstjórnar metið aðstæður og lagt til að heimildinni verði beitt.

Heimilt er að skila aflahlutdeild sem skip hafa hlotið skv. 2. tölul. 7. gr. og skal þá bjóða hana til leigu að nýju svo fljótt sem auðið er með sambærilegum hætti og aðrar veiðiheimildir. Greitt skal sérstakt umsýslugjald vegna slíks útboðs.

Heimilt skal þeim útgerðum sem leigja til sín aflahlutdeild að framleigja 50% aflamarks og skipta á veiðiheimildum innan síns útgerðarflokks á því fiskveiðiári sem stendur hverju sinni.

Fiskistofa skal sjá um framkvæmd útboða á þeim aflaheimildum sem samkvæmt lögum þessum á að bjóða til leigu á markaði og ber ábyrgð á framkvæmd og eftirliti með þessari starfsemi. Fiskistofa getur falið öðrum aðilum framkvæmd einstakra þátta, þar á meðal innheimtu leigugjalds.

Leigugjaldinu skal skila til ríkissjóðs.

Leigugjald vegna veiða á viðkomandi fiskveiðiári skal innheimta með þremur jöfnum greiðslum í samræmi við þá aflahlutdeild sem skipið hefur fengið úthlutað til veiða á því ári skv. 2. tölul. 7. gr. Skulu eindagar greiðslnanna vera 1. september, 1. janúar og 1. maí.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skiptingu flotans í útgerðarflokka, uppboð, leigu og innskilun aflahlutdeildar samkvæmt þessari grein.

4. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Verði veiðar takmarkaðar skv. 3. gr. á tegundum sjávardýra sem ekki hafa áður verið bundnar ákvæðum um leyfðan heildarafla skal bjóða aflaheimildirnar til leigu samkvæmt ákvæðum 7. gr. a.

5. gr.

9. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Við 6. mgr. 11. gr. laganna bætist eftirfarandi málsliður: Ekki er heimilt að framselja aflahlutdeild sem skip hefur hlotið samkvæmt ákvæðum 2. tölul. 7. gr.

7. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða XXIV í lögunum bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Frá og með fiskveiðiárinu 2001/2002 skal skerða aflahlutdeild krókabáta um 1/10 á ári þannig að fiskveiðiárið 2009/2010 jafngildi úthlutuð aflahlutdeild 1/10 af aflahlutdeild bátsins á fiskveiðiárinu 2001/2002 að teknu tilliti til flutnings aflahlutdeildar til og frá bátnum.

Á fiskveiðiárinu 2010/2011 og framvegis fá þessir bátar einungis úthlutað aflahlutdeild í samræmi við 2. tölul. 7. gr.

8. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða XXV í lögunum bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Frá og með fiskveiðiárinu 2001/2002 skal skerða úthlutanir aflaheimilda samkvæmt ákvæði þessu um 1/10 á ári þannig að fiskveiðiárið 2009/2010 jafngildi úthlutuð aflahlutdeild samkvæmt ákvæði þessu 1/10 af því sem hún væri óskert en falli niður að loknu því ári.

9. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (XXVIII.)

Sjávarútvegsáðherra skal með útgáfu reglugerðar heimila löndun á fiski utan kvóta á næstu tveimur fiskveiðiárum og ákveða verð sem fyrir hann skal greiða til útgerða. Skal við það miðað að útgerðir geti ekki hagnast á að gera sérstaklega út á slíkar veiðar en skaðist þó ekki á því að koma með aflann að landi.

Fiskur, sem landað er samkvæmt þessari heimild, skal seldur hæstbjóðanda og mismunur þess verðs sem útgerðin fær til sín og þess verðs sem fæst fyrir fiskinn skal renna til Hafrannsóknastofnunarinnar.

b. (XXIX.)

Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd fimm sérfróðra manna til þess að fylgjast með framkvæmd laganna og gera tillögur um breytingar ef ástæða þykir til, svo sem um framsalsreglur og um framkvæmd aðstoðar við sjávarbyggðir sem eiga við alvarleg atvinnuvandamál að etja vegna skorts á afla til vinnslu. Nefndin skal skila skýrslu til Alþingis um framkvæmd og áhrif þessara laga innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. september 2001.

Greinargerð.

Meginatriði frumvarpsins.

Frumvarpið felur í sér tillögur um verulegar breytingar á nokkrum mikilvægum þáttum gildandi fiskveiðistjórnunarlaga. Megintilgangur breytinganna er að tryggja jafnræði og atvinnufrelsi.

Jafnhliða er gert ráð fyrir breytingum á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, nr. 92/1994, og um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

1. Úthlutun aflahlutdeilda án endurgjalds verður afnumin í jöfnum áföngum á tíu árum en útgerðum fiskiskipa þess í stað gefinn kostur á öflun aflahlutdeilda til fimm ára í senn á markaði, þar sem öllum útgerðum sambærilegra fiskiskipa er fenginn jafn réttur og nýliðun þar með auðvelduð. Greiðslum fyrir veiðheimildir verður dreift á það ár sem þær eru nýttar á. Allar aflahlutdeildir verða komnar á markað eftir tíu ár.
2. Fiskveiðiflotanum verður skipt í þrjá útgerðarflokka, m.a. til að tryggja hagsmuni landvinnslunnar og strandveiðiflotans, og fær hver um sig tiltekinn hluta heildaraflahlutdeilda. Smábátunum er heimilað að leigja til sín aflakvóta frá öðrum útgerðarflokkum en útgerðarmenn annarra fiskiskipa öðlast ekki heimild til að leigja til sín aflakvóta frá smábátum.
3. Sérstakt tillit verður hægt að taka til sjávarbyggða þar sem við mikla atvinnuerfiðleika er að etja vegna skorts á afla til vinnslu með því að heimila sérstakt útboð á aflahlutdeildum til útgerða sem skuldbinda sig til að landa fiski til vinnslu á viðkomandi stað.
4. Vilji útgerð ekki nýta aflahlutdeild sem hún hefur aflað sér á markaði er henni ekki heimilt að framselja hlutdeildina heldur skal skila henni inn og verður hún þá umsvifalaust boðin öðrum. Einungis verður hægt að leigja frá sér innan ársins allt að 50% af aflaheimildum hvers árs, enda hafi útgerð staðið skil á greiðslu vegna heimildanna. Framsalskerfi aflahlutdeilda og aflamarks samkvæmt núverandi úthlutunarkerfi verður óbreytt þau tíu ár sem tekur að hverfa frá því.
5. Tekið er á brottkasti. Næstu tvö fiskveiðiár skal löndun á afla utan kvóta heimiluð. Verð aflans skal miðast við að útgerðir hagnist ekki á slíkum veiðum en skaðist þó ekki við að koma með fiskinn að landi. Slíkur afli skal seldur hæstbjóðanda og mismunur af andvirði þess sem útgerðin fær og greidds verðs skal renna til Hafrannsóknastofnunarinnar.
6. Fiskistofu verður falið að hafa umsjón með útboðum aflahlutdeilda en henni jafnframt gefin heimild til þess að fela öðrum aðilum einstaka þætti framkvæmdarinnar. Innheimta leigugjalda á sér stað þrisvar á ári á leigutímanum, jafnóðum og veiðum vindur fram. Leigutekjur renna í ríkissjóð og er m.a. ætlað að standa undir kostnaði hins opinbera af nýtingu auðlindarinnar, svo sem vegna hafrannsókna og eftirlits.
7. Skipuð verður sérstök nefnd sérfræðinga til þess að fylgjast með áhrifum og afleiðingum þessara breytinga, svo sem hvað varðar framsal aflaheimilda og vanda sjávarbyggða, og getur hún lagt til breytingar ef þurfa þykir hvenær sem er á tímabili kerfisbreytingarinnar. Innan fimm ára skal nefndin skila Alþingi sérstakri skýrslu um málið.
8. Á aðlögunartímanum verður útgerðum sem kaupa eða hafa keypt aflahlutdeild í núverandi stjórnkerfi heimilað að afskrifa þær. Útgjöld vegna leigðra aflahlutdeilda eða aflamarks innan árs verða talin til rekstrarútgjalda eins og útgjöld vegna annarra aðfanga.
9. Þróunarsjóðsgjald verður aðeins innheimt af þeim hluta aflamarks sem úthlutað verður samkvæmt núgildandi kerfi og verður þróunarsjóðsgjaldið aðlagað þeim breytingum svo að sjóðurinn geti lokið verkefnum sínum.
10. Þá verður lagt til að óheimilt verði að fresta greiðslu skatta af hagnaði af sölu hlutabréfa eða komast hjá skattgreiðslu af slíkum hagnaði með kaupum á nýjum hlutabréfum.

Grundvöllur stefnumörkunar.

Stjórn fiskveiða hefur um árabil verið eitt helsta deilumál meðal þjóðarinnar. Eftir að ljóst varð að takmarka þyrfti aðgang að auðlindinni hefur verið harðlega gagnrýnt að sameign þjóðarinnar skuli hafa verið afhent tilteknum aðilum án endurgjalds og að þeir hafi síðan verið sjálfráðir um hvort þeir nýttu veiðiréttindi sín til eigin veiða, leigðu þau öðrum eða seldu. Atvinnuréttindum í greininni og aðgangi að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar var þannig breytt í sérréttindi. Þar með var jafnræði og atvinnufrelsi í þessari grein raskað. Útgerðarmenn hafa fengið að hagnast í skjóli sérréttinda samkvæmt núgildandi kerfi. Það verður aldrei sátt meðal þjóðarinnar um núgildandi úthlutun veiðiréttinda. Það stangast á við réttlætiskennd landsmanna að helsta auðlind hennar skuli þannig afhent fáum sem ígildi eignar.

Við framboð Samfylkingarinnar var sú stefna mótuð að komið skyldi á jafnræði þeirra sem nýta sjávarauðlindina. Í tillögum auðlindanefndar sem nú liggja fyrir er gert ráð fyrir tveimur leiðum til gjaldtöku og úthlutun veiðiréttinda. Önnur er svokölluð veiðigjaldsleið þar sem gert er ráð fyrir áframhaldandi úthlutun veiðiréttinda til útgerðarmanna líkt og verið hefur en með innheimtu gjalds af nýtingu auðlindarinnar. Nefndin gerir að tillögu sinni að verði veiðigjaldsleiðin farin skuli auka sveigjanleika og aðgengi að greininni með því að skylda útgerðarmenn til að selja hæstbjóðanda hluta af aflahlutdeild sinni árlega á opnum markaði. Útgerðarmenn fengju andvirðið og gætu líka keypt á þessum markaði meira eða minna en þeir seldu. Fyrirsjáanlegt er að nokkrum erfiðleikum verður bundið að fara þessa leið þannig að jafnræði og réttlæti verði tryggt til frambúðar. Einnig er ástæða til að óttast að í þessu felist áframhaldandi einokun og að greinin verði áfram undir pilsfaldi stjórnvalda þar sem gert er ráð fyrir pólitískum ákvörðunum um upphæð veiðigjaldsins. Þessi tillaga auðlindanefndarinnar er auk þess ekki í samræmi við meginlínu tillagna nefndarinnar. Þar er gert ráð fyrir jafnræði aðila til nýtingar auðlinda í þjóðareign með útboðum nýtingarréttinda, að því tilskildu að samkeppniaðstæður séu fyrir hendi. Tillaga auðlindanefndarinnar um svokallaða fyrningarleið er hins vegar í þeim anda. Þetta frumvarp þingflokks Samfylkingarinnar er því í samræmi við aðaltillögu auðlindanefndar. Sú tillaga er jafnframt í samræmi við tillögur Samfylkingarinnar um ráðstöfun annarra auðlinda í þjóðareign þar sem jafnræði og opinn aðgangur að nýtingunni er haft að leiðarljósi.

Þær vonir voru bundnar við niðurstöðu auðlindanefndar að tillögur hennar gætu skapað grundvöll sátta um nýtingu auðlinda í þjóðareign. Enginn vafi er á því að fyrningarleiðin, og þar með þetta frumvarp þingflokks Samfylkingarinnar, leysir úr aðalágreiningnum um aðgang og gjaldtöku fyrir aðgang að sjávarauðlindinni. Veiðigjaldsleiðin gerir það einungis að hluta og verði sú leið farin er hætt við að átökin um auðlindina haldi áfram til óbætanlegs tjóns fyrir útgerð á Íslandi og þar með eiganda auðlindarinnar, þjóðina sjálfa.

Úthlutun aflaheimilda á leigumarkaði.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að úthlutun aflaheimilda verði í stigvaxandi mæli í formi leigukvóta til hæstbjóðanda. Með vísan til þess sem fram kemur í þessari greinargerð um að löggjafinn hafi heimildir til að breyta núgildandi fiskveiðistjórnunarkerfi sýnist þingflokknum ekkert því til fyrirstöðu að komið verði á kerfi sem byggist á úthlutun aflaheimilda til þeirra sem reiðubúnir eru að greiða fyrir þær hæst verð enda sé jafnræðis gætt meðal bjóðenda. Það er mat þingflokksins, stutt lögfræðilegum úttektum, að kerfi af þeim toga sem lagt er til að komið verði á rúmist fyllilega innan marka stjórnskipunarinnar.

Aflamarkskerfið hefur verið notað annars vegar sem fiskveiðistjórnunarkerfi og hins vegar í hagrænum tilgangi. Leiga veiðiheimilda er aðferð sem tryggir að mati hagfræðinga að fiskveiðiarðurinn verði áfram til staðar en hann mun skiptast með öðrum hætti en hann gerir

nú. Sú aðferð sem notuð verður við uppboð veiðiréttarins mun ráðast af þeim markmiðum sem stefnt verður að. Þingflokkur Samfylkingarinnar telur að með þeim reglum sem settar verði skuli gæta sérstaklega að eftirfarandi:

a. að fulls jafnræðis milli þeirra sem starfa í greininni verði gætt,
b. að stöðugleiki skapist í greininni,
c. að reglur verði einfaldar og skýrar og þátttaka á markaðnum aðgengileg um allt land,
d. að framboði veiðiheimilda verði dreift með það að markmiði að verðlag verði sem stöðugast og útgerðarmenn hafi gott ráðrúm til að meta stöðu sína með tilliti til verðlags á heimildunum.

Heildarafli einstakra fisktegunda verður áfram ákveðinn árlega samkvæmt tillögum vísindamanna og fiskveiðiárið verður óbreytt. Lagt er til að sú leið verði valin að leigja út aflahlutdeild. Með því móti verður auðveldara að gefa útgerðinni kost á veiðiheimildum til lengri tíma og það einfaldar kerfið hvað varðar breytileika fiskstofnanna.

Leiga veiðiheimilda innan ársins hefur verið hluti af viðskiptum með aflaheimildir á undanförnum árum. Eftir að frjálst framsal aflaheimilda var leyft árið 1990 myndaðist strax markaður með slíkar leiguheimildir. Útgerðarmenn þekkja vel til þessa leigukerfis. Takmarkað framboð hefur hins vegar spennt leiguverð langt upp fyrir þau mörk sem jafnvel bestu útgerðir geta borgað. Verðið sem þar hefur ríkt er jaðarverð sem ræðst af ýmsum öðrum aðstæðum en hagnaði af veiðum á viðkomandi tegund. Að loknu aðlögunartímabili, þegar allar aflaheimildir eru komnar á markað, má ætla að leigugjald verði í samræmi við afkomumöguleika útgerðarinnar.

Framsal aflaheimilda.

Aflahlutdeildir sem útgerðir leigja til sín til fimm ára verða ekki framseljanlegar. Útgerðirnar geta hins vegar skilað aflahlutdeildinni til baka ef þær af einhverjum ástæðum sjá sér ekki hag í að nýta sér hana. Er með því horfið frá meginreglu núgildandi laga um óheft framsal aflahlutdeildar. Þingflokkurinn telur þó ekki skynsamlegt að breyta reglum um framsal aflahlutdeilda eða aflamarks í núgildandi kerfi meðan á aðlögunartímanum stendur. Fráleitt væri hins vegar að leyfa eingöngu þeim sem eru handhafar heimilda úr því kerfi að leigja frá sér og til sín. Af þessum ástæðum og til að viðhalda nauðsynlegum sveigjanleika í kerfinu er lagt til að þeir sem leigja til sín aflahlutdeild eftir nýju kerfi geti leigt frá sér 50% aflamarks innan ársins, enda hafi þeir þá staðið skil á leigugjaldinu.

Leigugjald verður innheimt árlega á þremur gjalddögum. Í því er fólgið mikið hagræði fyrir útgerðina þar sem aðgangur hennar að veiðiheimildum verður allur annar en ef reiða þyrfti fram fimm ára leigu á einu bretti. Þetta auðveldar líka aðgang nýliða að greininni.

Aðlögunartími.

Þingflokkur Samfylkingarinnar telur mikilvægt að útgerðinni verði gert fært að laga sig að þeim breytingum sem hér er lagt til að gerðar verði á stjórn fiskveiða. Í frumvarpinu er lagt til að aðlögun að leigukerfinu ljúki á fiskveiðiárinu 2009/2010. Að því er þá báta varðar sem stunda veiðar samkvæmt kerfi um sóknardaga er gert ráð fyrir að full skerðing eigi sér stað á fimm árum. Með vísan til reifunar Hæstaréttar í máli nr. 145/1998 er ástæða til að telja að slíkur aðlögunartími standist lög.

Aðlögunartíminn miðast við að komið verði í veg fyrir fjárhagsleg áföll útgerðarinnar eða annarra sem hagsmuna eiga að gæta, m.a. vegna fyrri fjárfestinga í aflahlutdeildum. Hann má þó ekki vera mjög langur vegna þess að hann skekkir verulega samkeppnisaðstöðu útgerða á leigumarkaðnum. Úthlutun samkvæmt eldra kerfi til þeirra útgerða sem hafa besta kvóta-

stöðu veitir þeim forskot í samkeppninni og virkar með sama hætti og um ríkisstyrk væri að ræða.

Í núgildandi lögum um stjórn fiskveiða kemur sú regla fram í 2. mgr. 7. gr. að veiðiheimildum á þeim tegundum sem heildarafli er takmarkaður af skuli úthlutað til einstakra skipa. Hverju skipi er úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar og nefnist hún aflahlutdeild skips. Aflahlutdeild skips helst óbreytt frá ári til árs og er því varanleg.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að varanleg aflahlutdeild þeirra sem notið hafa úthlutunar á grundvelli núgildandi laga skerðist til fulls á tíu árum. Lagt er til að á aðlögunartímanum verði veiðirétturinn skertur jafnmikið öll árin. Með þessari aðferð fæst einföld og jöfn aðlögun. Þessi leið er valin með það fyrir augum að koma á jafnræði og sanngirni í atvinnugreininni en á sama tíma að veita þeim sem hafa aflahlutdeild samkvæmt núgildandi kerfi hæfilegt svigrúm til aðlögunar að breyttum aðstæðum.

Atvinnuréttindi og stjórnarskrárvernd.

Þar sem sjómenn eða útgerðarmenn hafa ef til vill áunnið sér ákveðin réttindi í skjóli núgildandi kerfis um stjórn fiskveiða, svo sem eignarréttindi eða atvinnuréttindi, er njóta stjórnarskrárverndar hafa spurningar vaknað um valdheimildir löggjafans til að breyta kerfinu og svipta með því rétthafa samkvæmt núgildandi kerfi þessum réttindum sínum. Ávallt verður að hafa í huga í þessu sambandi að skv. 1. gr. laga nr. 38/1990 myndar úthlutun veiðiheimilda „ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum". Um efnið hefur margt verið rætt og ritað á sviði lögfræði og virðist það almennt álit fræðimanna að breytinga sé vissulega kostur en að hugsanlega séu valdheimildum löggjafans sett ákveðin takmörk að því leyti.

Í ritgerð Þorgeirs Örlygssonar, þáverandi lagaprófessors, sem birt var í Tímariti lögfræðinga í febrúar 1998 og bar yfirskriftina *Hver á kvótann?* kemst hann meðal annars að þeim niðurstöðum um heimildir löggjafans til að breyta núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi að löggjafinn geti afnumið núverandi kerfi og tekið upp annað, án þess að slíkt leiði til bótaskyldu, enda eigi núverandi rétthafar aðgang að nýju kerfi og njóti þar jafnræðis á við aðra. Enn fremur kemur fram í ritgerð Þorgeirs að telja verði að löggjafinn hafi rúmar heimildir til þess að breyta eða lagfæra núverandi kerfi, enda sé við slíkar breytingar gætt jafnræðis og málefnalegra sjónarmiða að öðru leyti.

Ekki er ástæða til að rekja hér þær lögfræðilegu röksemdir sem framangreindu liggja til grundvallar heldur látið við það sitja að benda á að telja verði að það leiði af almennum valdheimildum löggjafans, m.a. til að kveða á um breytt skipulag atvinnu- og efnahagsmála, að hann geti gert breytingar á gildandi fyrirkomulagi fiskveiðistjórnunar. Ætla verður að slíkar breytingar mundu eiga sér stað bótalaust nema gengið yrði svo hart að einstökum aðilum að eignarnám gæti talist.

Það er skoðun þingflokks Samfylkingarinnar að frumvarpið styðjist við jafnræði og almennan efnislegan mælikvarða, sbr. áðurnefnd sjónarmið sem liggja breytingunum til grundvallar, og veiti handhöfum veiðiheimilda samkvæmt núgildandi kerfi fullnægjandi svigrúm til að aðlagast breyttum aðstæðum. Af því leiðir að þingflokkurinn fær ekki séð að kerfið sem frumvarpið miðast við feli í sér brot gegn einstökum greinum í stjórnarskrá lýðveldisins.

Eftir skoðun sérfróðra manna liggja þær niðurstöður fyrir að ekki standi efni til að ætla annað en að tillögur þær sem fram koma í þessu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða standist ákvæði stjórnarskrár:

1. Tillögur um skerðingu varanlegra aflaheimilda á ákveðnu tímabili stangast ekki á við eignarréttarákvæði stjórnarskrár eða önnur ákvæði hennar.

2. Hugmyndir um leigu á aflaheimildum til hæstbjóðanda í samræmi við það fyrirkomulag sem er undirstaða 3. gr. frumvarpsins eru hvorki í ósamræmi við jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrár né eignarréttarákvæðið í 72. gr.
3. Takmörkun á rétti til framsals aflahlutdeildar og aflamarks, þótt mismunandi sé eftir því hvort aflahlutdeild er úr eldra kerfi eða því sem frumvarpið ráðgerir, er innan þeirra marka sem löggjafinn hefur til að meta nauðsyn slíkra reglna.

Öryggisráðstafanir.

Við breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða þarf að leitast við að skapa greininni sem best starfsumhverfi og tækifæri til að laga sig að breyttum aðstæðum og eru þær breytingar sem hér er lagt til að verði gerðar við þetta miðaðar.

Margir óttast að rask geti orðið á útgerðarmynstri við breytingar á aðgangi að veiðiheimildum. Stórar og öflugar útgerðir geti náð til sín enn meiri veiðirétti og aukið vanda smærri útgerðarstaða og útgerða. Þingflokkurinn telur rétt að farið verði varlega í þessu efni meðan reynsla kemst á nýja skipan. Þess vegna er lagt til að heimilt verði að skipta flotanum í útgerðarflokka og eru þrír útgerðarflokkar skilgreindir sérstaklega. Með þessu er stórskipaútgerðin skilin frá grunnslóðarveiðiflotanum og smábátum afmarkaður sérstakur „pottur". Þessi tilhögun á að tryggja að tilfærslur veiðiheimilda valdi ekki stórkostlegri röskun. Einnig munu allar heimildir til sérveiða verða boðnar sérstaklega til leigu.

Enginn vafi er á að staða sjávarbyggðanna mun batna við þá breytingu sem hér er lögð til ef stjórnvöld móta reglur um aðlögun að nýju kerfi og meðferð leiguheimilda með jafnræði og réttlæti í huga. Stöðugt framboð leiguheimilda og lækkun stofnkostnaðar í útgerð mun tryggja stöðu nýliða í greininni. Sjávarbyggðirnar munu líka hafa allt aðra og betri stöðu en þær hafa nú í samkeppninni um veiðiréttinn.

Þó telur þingflokkurinn rétt að gæta fyllstu varúðar hvað varðar byggðarlög sem standa höllum fæti og er þess vegna gert ráð fyrir að Byggðastofnun geti, að ósk viðkomandi sveitarstjórnar, lagt mat á stöðu slíkra útgerðarstaða. Ráðherra getur á grundvelli slíks mats tekið til ráðstöfunar veiðiheimildir í því skyni að tryggja atvinnu á viðkomandi svæði.

Hlutverk Fiskistofu og ráðstöfun leigugjalds.

Lagt er til að Fiskistofa beri ábyrgð á útleigu veiðiheimildanna. Stofnunin sér um eftirlit með veiðum og að þær séu í samræmi við úthlutaðar heimildir. Allar upplýsingar um flotann og veiðirétt hans eru þar ævinlega til reiðu og þess vegna er skynsamlegt og hagkvæmt að fela stofnuninni þetta verkefni. Fiskistofu yrði hins vegar gefin heimild til að fela öðrum aðilum að sjá um framkvæmd einstakra þátta en bæri þá ábyrgð á eftirliti með þeirri starfsemi.

Í frumvarpinu er lagt til að þeir fjármunir sem til falla vegna leigu veiðiheimilda renni í ríkissjóð. Þingflokkur Samfylkingarinnar telur að við ákvarðanir um nýtingu fjármunanna hljóti hafrannsóknir og annar kostnaður við nýtingu auðlindarinnar að verða efst á blaði en einnig að taka eigi sérstakt tillit til byggðasjónarmiða og hagsmuna sveitarfélaga þegar þessum fjármunum verður ráðstafað.

Jafnframt er gert ráð fyrir breytingum á öðrum lögum:

A. Breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

Í þeim breytingum felst að útgjöld vegna leigu veiðiheimilda á uppboði skuli heimilt að færa til rekstrargjalda innan hvers rekstrarárs í samræmi við það hvernig útgjöldin falla til. Jafnframt skuli heimilt að afskrifa á næstu tíu árum með 10% afskriftahlutfalli ár hvert þær aflahlutdeildir sem keyptar hafa verið og óafskrifaðar eru.

Einnig verða lagðar til þær breytingar á 17. gr. laganna að óheimilt verði að fresta greiðslu skatts af söluhagnaði hlutabréfa eða komast hjá skattgreiðslu söluhagnaðar af hlutabréfum með kaupum á nýjum.

B. Breytingar á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, nr. 92/1994.

Í þeim breytingum felst að gjald í Þróunarsjóð sjávarútvegsins (þróunarsjóðsgjald) skuli aðeins greiða af þeim afla sem ekki er til kominn vegna uppboðs á aflahlutdeild og skal þróunarsjóðsgjaldið aðlagað þeim breytingum þannig að sjóðurinn geti lokið þeim verkefnum sem hann nú hefur innan tiltekins tíma.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Bátar á sóknardögum eru einu bátarnir í núgildandi kerfi sem ekki eru hluti af aflamarkskerfinu. Þær reglur sem þeim er ætlað að starfa eftir eru nýjar og tæpast komnar til framkvæmda. Hins vegar þykir rétt að koma til móts við hagsmuni þessa hóps með fyrrgreindum hætti. Þessi flokkur báta er of smár og með of lítinn hluta aflaheimildanna til að skynsamlegt sé að hafa um hann sérreglur. Veiðiréttur hvers báts í þessum flokki er afar takmarkaður og augljóst virðist að þeir verði betur settir í almenna kerfinu sem á að taka við. Þess vegna er lagt til að aðlögun þessara báta að breyttu kerfi gangi hraðar fyrir sig en annarra hluta flotans og að þeir verði komnir undir almennar reglur kerfisins á fiskveiðiárinu 2005/2006.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að aflahlutdeild skips skerðist árlega um 1/10 hluta þess sem hún er á yfirstandandi fiskveiðiári og fyrnist þannig á tíu árum. Fiskveiðiárið 2010/2011 hafi skip því einungis þá aflahlutdeild sem það hefur öðlast með leigu á markaði.

Um 3. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að skip öðlist hlutdeild í heildarafla hverrar tegundar á aðlögunartímanum með því að leigja hana til sín á grundvelli útboða til viðbótar því sem skipið fær úthlutað af ófyrntri aflahlutdeild skv. 2. gr.

Lagt er til að aflahlutdeildir sem losna samkvæmt ákvæðum 2. gr. laga þessara verði boðnar út til fimm ára í senn. Þær verða boðnar út í þremur flokkum skipa, m.a. til að tryggja það að röskun á útgerðarmynstri verði ekki mikil á aðlögunartímanum.

Þótt aflahlutdeild sé leigð til fimm ára er einungis greitt fyrir hvert fiskveiðiár í senn og skal greiðslan innt af hendi á þremur gjalddögum. Ef útgerð nýtir ekki þá aflahlutdeild sem hún hefur tryggt sér skilar hún henni inn svo hún verði boðin öðrum. Ekki er heimilt að skila inn aflahlutdeild vegna yfirstandandi fiskveiðiárs. Umsýslugjald er aðeins vegna kostnaðar við nýtt útboð. Einungis verður heimilt að leigja frá sér 50% aflahlutdeildar innan ársins, enda er meginreglan sú að menn hafi ekki ráðstöfunarrétt á öðru en því sem þeir hafa greitt fyrir.

Fiskistofu verður falið að sjá um útboðið, enda sá aðili sem hefur allar upplýsingar um aflahlutdeild skipa og þær breytingar sem á þeim verða. Fiskistofu verður þó heimilt að fela öðrum framkvæmd einstakra þátta. Leigugjaldið rennur í ríkissjóð og er m.a. hugsað til þess að standa undir kostnaði hins opinbera af nýtingu auðlindarinnar, svo sem við hafrannsóknir og eftirlit.

Í þessari grein eru jafnframt úrræði fyrir stjórnvöld að bregðast við ef atvinnuöryggi í sjávarbyggð er ógnað vegna skorts á afla til vinnslu. Þetta úrræði er í samræmi við meginhugsun frumvarpsins um jafnræði hvað varðar aðgang að auðlindinni en sjávarútvegsráðherra

verður heimilt að bjóða til leigu aflaheimildir sem þau skip ein geta boðið í sem skuldbinda sig til að landa aflanum til vinnslu í viðkomandi sveitarfélagi.

Um 4. gr.

Verði veiðar takmarkaðar eftir að þessi lög taka gildi á tegundum sjávardýra sem ekki hafa áður verið takmarkaðar er lagt til að allar slíkar veiðiheimildir verði boðnar til leigu.

Um 5. gr.

Þetta frumvarp miðar að því að breyta aðgangi að aflaheimildum. Þess vegna væri ekki eðlilegt að auka hlut þeirra sem fengju úthlutað á grundvelli aflahlutdeildar með heimildum sem ætlaðar eru til uppbóta.

Um 6.–8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Margir telja brottkast afla einn af verstu fylgifiskum núgildandi aflamarkskerfis. Stöðugt ganga sögur um að afla sé fleygt í sjóinn. Án vafa er fiski hent í nokkrum mæli en afar erfitt hefur hins vegar reynst að meta hve mikið meint brottkast er. Mjög mikilvægt er að fá um það örugga vissu hvort og í hve miklum mæli fiski er fleygt fyrir borð vegna kvótakerfisins. Hér er lagt til að gerð verði umfangsmikil athugun á þessu máli sem standi yfir í tvö ár. Að slíkri athugun lokinni er hægt að meta á grundvelli fullnægjandi þekkingar hvort og þá hvernig skuli bregðast við.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

429. Frumvarp til laga [330. mál]

um breytingu á lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Jóhann Ársælsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Á eftir 6. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Ráðherra skal, þrátt fyrir ákvæði 2. og 6. mgr., bjóða árlega út veiðiheimildir á norsk-íslenska síldarstofninum. Ráðherra skal ákveða útboðsskilmála og skal þar kveðið á um hámark þess aflamarks sem heimilt er að bjóða í vegna einstaks fiskiskips, skilafrest á tilboðum og önnur atriði er máli skipta vegna útboðsins. Hæstu tilboðum skal jafnan tekið meðan aflaheimildir hrökkva til. Séu tvö eða fleiri tilboð jafnhá en heildaraflamark ekki nægjanlegt til þess að taka þeim að fullu skal tilboðunum tekið með hlutfallslegri skerðingu. Tilboðsgjafi er bundinn af tilboði sínu en á þó rétt á að falla frá því sé um slíka skerðingu að ræða. Aflamark skal skráð á viðkomandi fiskiskip þegar gengið hefur verið frá tryggingu vegna greiðslu. Tekjur af útboði aflaheimilda skulu renna í ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Greinargerð.

Í 3. gr. laga um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, nr. 38/1998, segir að sjávarútvegsráðherra skuli fyrir 1. nóvember árið 2000 leggja fyrir Alþingi frumvarp um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum eftir árið 2000. Þrátt fyrir þetta ákvæði hefur sjávarútvegsráðherra lagt til með frumvarpi að lögin um norsk-íslenska síldarstofninn verði áfram í gildi. Frestun þess að leggja fram nýtt frumvarp um veiðarnar byggir hann á þeirri forsendu að sú efnislega endurskoðun sem mælt er fyrir um í 3. gr. laganna verði framkvæmd samhliða heildstæðri endurskoðun sem nú er unnið að á lögum um stjórn fisk veiða á vegum nefndar sem sjávarútvegsráðherra skipaði á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða XXVII í lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990. Þetta frumvarp gerir hins vegar ráð fyrir að veiðarnar fari fram skv. 5. gr. laganna um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og þingmenn Samfylkingarinnar leggja því til breytingar á þeim til samræmis við það sem Samfylkingin leggur til varðandi úthlutun aflaheimilda samkvæmt lögunum um stjórn fiskveiða.

Eins og alkunna er voru veiðar íslenskra fiskiskipa úr norsk-íslenska síldarstofninum ekki stundaðar svo neinu næmi í yfir 30 ár. Á síðustu árum hefur orðið þar breyting á. Norsk-íslenski síldarstofninn hefur verið í framför eftir langvarandi lægð. Með samningum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum milli síldveiðiþjóðanna á norðanverðu Atlantshafi, hafa Íslendingar tryggt sér veiðiréttindi úr stofninum á hafsvæðunum utan íslensku fiskveiðilögsögunnar. Vegna þess hve langur tími leið frá því að síldveiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum voru stundaðar af íslenskum fiskiskipum var ekki á veiðireynslu að byggja hjá þeim flota sem tekið hefur þátt í veiðunum. Síldveiðiskipin, sem veiðarnar stunduðu fyrir þrjátíu árum, hafa flest horfið úr íslenska flotanum og útgerðir margra þeirra eru hættar störfum. Það fyrirkomulag sem gilt hefur við veiðarnar á undanförnum árum átti ekki að skapa grunn að fastri aflahlutdeild, sbr. álit meiri hluta sjávarútvegsnefndar um frumvarp til laga um veiðar utan lögsögu, 57. mál á 121. þingi, þar sem segir: „Veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum verði á grundvelli leyfa til veiðanna á sambærilegum forsendum og verið hafa. Veiðireynsla úr þessum stofni myndi ekki grunn að fastri aflahlutdeild."

Samfylkingin telur að löngu sé tímabært að skipa þessum málum til frambúðar og skapa veiðum úr norsk-íslenska síldarstofninum lagaramma og starfsumhverfi þannig að útgerðir þeirra viti að hverju þær ganga. Lagt er til að um veiðarnar gildi lögin um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og að veiðarnar séu boðnar út, einnig að sjávarútvegsráðherra ákveði útboðsskilmála og skal þar kveðið á um hámark þess aflamarks sem heimilt er að bjóða í vegna einstaks fiskiskips, skilafrest á tilboðum og önnur atriði er máli skipta vegna útboðsins.

Þessi stefna er í samræmi við þá stefnu Samfylkingarinnar að bjóða eigi út nýtingu takmarkaðra gæða sem eru í þjóðareign eða þjóðarforsjá.

Frumvarp sama efnis var flutt á 122. löggjafarþingi af Sighvati Björgvinssyni og fleiri þingmönnum en varð ekki útrætt.

430. Frumvarp til laga [331. mál]

um réttindagæslu fatlaðra.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Réttindagæsla fatlaðra er annars vegar í höndum réttindagæslumanns sem þjónar landinu öllu og hins vegar trúnaðarmanna í kjördæmum landsins.

2. gr.

Með fötlun er í lögum þessum átt við skerta hæfni sem leiðir til þess að einstaklingur þarf fjölþætta þjónustu og aðstoð til langframa.

Skipun og verksvið réttindagæslumanns fatlaðra.

3. gr.

Félagsmálaráðherra skipar réttindagæslumann fatlaðra til fjögurra ára. Hann skal hafa menntun á háskólastigi ásamt reynslu af málefnum fatlaðra og þekkingu á því sviði.

4. gr.

Helstu verkefni réttindagæslumanns eru að:

a. fylgjast með því, í samvinnu við trúnaðarmenn fatlaðra, að fatlaðir njóti lögbundinnar þjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og öðrum lögum, einkum á sviði heilbrigðisþjónustu, almannatrygginga, mennta- og atvinnumála,
b. aðstoða trúnaðarmenn fatlaðra og leiðbeina þeim í störfum þeirra,
c. fylgjast með því að trúnaðarmenn fatlaðra sinni skyldum sínum,
d. kynna með reglubundnum hætti verksvið sitt,
e. gefa félagsmálaráðherra árlega skýrslu um störf sín og trúnaðarmanna.

5. gr.

Við störf réttindagæslumanns er lúta að rétti fatlaðra til lögbundinnar þjónustu skal réttindagæslumaður gæta sérstaklega að því að þjónusta við einstaklinga á sviði félagsþjónustu, heilbrigðis- og skólamála sé samfelld.

Skipun og verksvið trúnaðarmanna fatlaðra.

6. gr.

Félagsmálaráðherra skipar trúnaðarmenn fatlaðra í kjördæmum landsins til fjögurra ára í samráði við hagsmunasamtök fatlaðra, Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands.

Trúnaðarmenn vinna eingöngu að málefnum einstaklinga.

Trúnaðarmaður skal kynna sig og verksvið sitt.

7. gr.

Einstaklingar eiga rétt á aðstoð trúnaðarmanns og beitir hann sér einkum fyrir eftirfarandi þáttum:

a. að veitt sé lögbundin aðstoð og þjónusta samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og öðrum lögum eftir því sem við á, einkum á sviði heilbrigðisþjónustu, almannatrygginga, mennta- og atvinnumála;
b. að veitt þjónusta samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sé eftir þörfum og við hæfi hvers og eins.

8. gr.

Trúnaðarmaður kannar mál tafarlaust.

Við meðferð máls hefur trúnaðarmaður ávallt samvinnu við hinn fatlaða eða talsmann hans.

Trúnaðarmaður á samstarf við réttindagæslumann, sbr. 4. gr., eftir því sem hann telur þörf á.

Þyki hinum fatlaða á sig hallað við ákvörðun félagsmálanefndar aðstoðar trúnaðarmaður við málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Ef um er að ræða kvörtun er tengist framkvæmd á einstökum þáttum félagsþjónustu veitir trúnaðarmaður stuðning til að greiða úr því máli með þeim hætti sem við á hverju sinni.

Málum sem heyra undir stjórnvöld utan félagsþjónustunnar vísar trúnaðarmaður til rétts aðila og fylgir þeim eftir.

Að öðru leyti vinnur trúnaðarmaður að lausn mála í samráði við skjólstæðing sinn eða talsmann hans eftir því sem við á hverju sinni.

Þagnarskylda.

9. gr.

Réttindagæslumanni fatlaðra og trúnaðarmönnum ber að gæta þagnarskyldu um þau atvik sem þeim verða kunn í starfi og leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum. Að öðru leyti fer um þagnarskyldu réttindagæslumanns og trúnaðarmanna eftir almennum reglum um starfsmenn ríkisins.

Kostnaður.

10. gr.

Kostnaður við störf réttindagæslumanns fatlaðra og trúnaðarmanna greiðist úr ríkissjóði.

Reglugerð.

11. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um störf og starfshætti réttindagæslumanns fatlaðra og trúnaðarmanna fatlaðra eins og hæfiskröfur og starfsumhverfi.

Gildistaka.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skulu endurskoðuð innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra.

Við endurskoðun laganna skal hugað sérstaklega að reynslu af störfum réttindagæslumanns og trúnaðarmanna. Meta skal hvort enn sé þörf á sérlögum um réttindagæslu fatlaðra og ef svo reynist vera hvort málaflokkurinn skuli heyra áfram undir félagsmálaráðherra eða hvort honum verði betur fyrir komið á annan hátt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi ásamt þremur öðrum tengdum frumvörpum. Það er nú endurflutt óbreytt. Við meðferð málsins í félagsmálanefnd var það sent ýmsum aðilum til umsagnar og bárust nefndinni allmörg svör. Farið var yfir athugasemdir, sem bárust nefndinni, við endurflutning málsins.

Frumvarpi fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er samið jafnhliða frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga í tengslum við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga.

Nefnd þeirri sem félagsmálaráðherra skipaði 27. ágúst 1997 til að semja frumvarp til laga um málefni fatlaðra í tilefni af yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga var jafnframt ætlað að huga að því hvernig réttindagæslu fatlaðra yrði best háttað. Var það í samræmi við lög nr. 161/1996 þar sem yfirfærsla málefna fatlaðra til sveitarfélaga var ákveðin. Þessi mikla áhersla á réttindagæslu fatlaðra kom inn í áðurnefnd lög með breytingartillögu félagsmálanefndar Alþingis. Í athugasemdum við frumvarp, er síðar varð að lögum nr. 161/1996, var lögð áhersla á að réttindi fatlaðra skyldu í engu verða fyrir borð borin við yfirfærsluna, án þess að réttindagæsla fatlaðra væri þar nefnd sérstaklega umfram aðra þjónustu við fatlaða. Með breytingartillögu félagsmálanefndar varð ljós sú áhersla sem löggjafinn lagði á réttindagæslu fatlaðra við yfirfærsluna til sveitarfélaga. Var sú áhersla í samræmi við ályktun Landssamtakanna Þroskahjálpar frá 18. og 19. október 1996 þar sem lögð var áhersla á að réttindagæsla fatlaðra yrði efld. Það lá því fyrir að við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga skyldi tekið á réttindagæslu fatlaðra sem sérstöku málefni.

Landssamtökin Þroskahjálp hafa lagt á það ríka áherslu að um leið og málefni fatlaðra verði færð til sveitarfélaga og samofin almennri löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga sé brýnt að taka sérstaklega á réttindagæslu þessa hóps. Það hlutverk eigi að vera í höndum ríkisins sem sé best fallið til að hafa eftirlit með framkvæmd félagsþjónustu hjá sveitarfélögum. Um leið og sveitarfélög taki við þjónustu við fatlaða, sem ríkið tryggir þeim nú samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, sé eðlilegt að á vegum ríkisins sé haldið uppi öflugu réttindagæslukerfi fatlaðra. Bent er á hversu viðkvæmur málaflokkurinn er og því sé skilyrði fyrir því að vel takist til um þjónustu við fatlaða hjá sveitarfélögum að rekin sé sérstök réttindagæsla fatlaðra. Þótt Landssamtökin Þroskahjálp séu eindregið þeirrar skoðunar að það sé framför að fatlaðir heyri nú undir almenna félagsmálalöggjöf telji samtökin þörf á sérstakri réttindagæslu til að tryggja að réttindi fatlaðra séu virt. Yfirfærsla málefna fatlaðra til sveitarfélaga réttlæti þannig fyllilega að hvikað sé frá baráttumáli hagsmunasamtaka fatlaðra um að blöndun fatlaðra og ófatlaðra komi fram í löggjöf og enn um sinn a.m.k. verði því að vera fyrir hendi sérlög um fatlaða þó að í öðrum og þrengra mæli sé en nú.

Í starfi nefndar sem samdi frumvarp þetta var fjallað um þá leið að hagsmunasamtök fatlaðra tækju að sér að annast réttindagæslu þeirra gegn greiðslu frá ríkinu samkvæmt þjónustusamningi. Rök fyrir þeirri leið voru þau að meginhlutverk hagsmunasamtaka fatlaðra sé að þrýsta á stjórnvöld um bætta þjónustu við skjólstæðinga sína. Verkefni sérstakrar réttindagæslu fatlaðra væri því náskylt meginverkefni hagsmunasamtaka fatlaðra. Fulltrúar hagsmunasamtaka fatlaðra í nefndinni töldu aftur á móti að ekki væri tímabært að samtökin tækju slíkt verkefni að sér. Þessu veigamikla verkefni væri við núverandi aðstæður best borgið hjá ríkinu.

Landssamtökin Þroskahjálp lögðu fyrir nefndina tillögur um réttindagæslukerfi fatlaðra á vegum ríkisins. Kerfið var fjórþætt og skiptist þannig:

1. Embætti umboðsmanns fatlaðra.
2. Fötlunarráð.

3. Réttindagæslumenn.
4. Trúnaðarmenn.

Þegar afstaða hagsmunasamtaka fatlaðra lá fyrir þess efnis að þau teldu það ekki í sínum verkahring að annast réttindagæslu, féllst nefndin á að leggja til að ríkið annaðist réttindagæsluna. Á hinn bóginn féllst nefndin ekki á að leggja til að komið yrði á fót því umfangsmikla réttindagæslukerfi sem Landssamtökin Þroskahjálp kynntu fyrir nefndinni, enda var nefndinni einungis ætlað að huga að réttindagæslu fatlaðra í tengslum við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga.

Til að koma til móts við sjónarmið Þroskahjálpar er lagt til að komið verði á fót sérstöku réttindagæslukerfi með réttindagæslumanni og trúnaðarmönnum. Jafnframt féllst nefndin á það sjónarmið Þroskahjálpar að úr því talið er að setja þurfi í lög sérákvæði um réttindagæslu fatlaðra, þrátt fyrir ákvæði í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga sem leggur í því efni ríkar skyldur á félagsmálanefnd, eigi málaflokkurinn heima í sérlögum, enda vandséð hvernig koma megi svo sértæku efni fyrir í lögum með öðrum hætti.

Lögfesting á sérstökum réttindagæslumanni fatlaðra og trúnaðarmönnum í hverju kjördæmi er í undirstöðuatriðum ekki nýmæli, heldur framhald á verksviði trúnaðarmanns fatlaðra sem lögfest var í fyrsta sinn með lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, sbr. 37. gr. þeirra laga. Trúnaðarmenn fatlaðra eru skipaðir af svæðisráði á hverju svæði. Um verkefni þeirra segir svo í lögunum: „Í því skyni að treysta réttindi fatlaðra einstaklinga á heimilum fatlaðra skv. 3.–6. tölul. 10. gr. á sviði einkalífs og meðferðar fjármuna þeirra skulu svæðisráð skipa sérstakan trúnaðarmann fatlaðra á hverju svæði.“ Hafa trúnaðarmenn fatlaðra verið skipaðir á öllum svæðum, samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Vísunin í 3.–6. tölul. 10. gr. laganna þýðir að starfsvettvangur trúnaðarmanna takmarkast við þá fatlaða sem búa á sérstökum heimilum fatlaðra, svo sem sambýlum og vistheimilum. Nánar verður fjallað um það atriði í athugasemd við 1. gr. þessa frumvarps.

Ítrekað skal að sérstök löggjöf um réttindagæslu fyrir fatlaða, sem taki við af trúnaðarmönnum fatlaðra skv. 37. gr. laga um málefni fatlaðra, tengist fyrst og fremst yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga og réttlætist í raun af þeirri yfirfærslu. Samkvæmt því er meginverkefni réttindagæslumanns og trúnaðarmanna að fylgjast með því að fötluðum sé veitt lögbundin þjónusta samkvæmt lögum um félagsþjónustu og hvernig sú þjónusta er veitt, sbr. 7. gr. frumvarpsins, en einnig öðrum lögum sem tengjast með einum eða öðrum hætti félagsþjónustu, svo sem um heilbrigðismál, almannatryggingar, skólamál og atvinnumál. Bent skal á að félagsmálanefnd sveitarfélags er ætlað að gæta þess að lögbundin réttindi fólks séu virt, sbr. 2. og 10. gr. frumvarps til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, og nær það til allra íbúa, fatlaðra sem annarra. Hvað varðar þennan meginþátt réttindagæslu fatlaðra er sú réttindagæsla sem hér er lögð til því viðbót við þá réttindagæslu sem félagsmálanefndum sveitarfélaga er ætluð.

Auk þeirrar einstaklingsbundnu réttindagæslu sem frumvarp þetta felur í sér er lagt til í ákvæði til bráðabirgða I. í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga að komið verði á annars konar réttindagæslu, eins konar eftirlitsnefnd með yfirfærslunni til sveitarfélaga. Nefnist sú nefnd samstarfsnefnd málefna fatlaðra og í henni sitji fulltrúar fjögurra ráðuneyta, þrír frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir frá hagsmunasamtökum fatlaðra. Skal samstarfsnefndin fylgjast með hvernig til tekst með yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga næstu fimm árin. Þörf á þeirri tegund réttindagæslu er talin tímabundin.

Með framangreindum tveimur leiðum, tímabundinni samstarfsnefnd málefna fatlaðra og sérstökum lögum um réttindagæslu fatlaðra, telur nefnd sú er samdi tvö hlutaðeigandi frumvörp að komið hafi verið til móts við kröfu löggjafans um að huga að réttindagæslu fatlaðra

í tengslum við yfirfærsluna til sveitarfélaga, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/1996.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Réttindagæsla fatlaðra er ekki efnisleg nýjung heldur framhald á verksviði trúnaðarmanns fatlaðra skv. 37. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

Sú breyting sem lögð er til frá því fyrirkomulagi sem nú er ríkjandi er að réttindagæsla fatlaðra verði tvíþætt. Annars vegar skipi ráðherra réttindagæslumann sem þjóni landinu öllu og hins vegar trúnaðarmenn í kjördæmi landsins. Réttindagæslumaður hafi m.a. það hlutverk að aðstoða trúnaðarmenn fatlaðra við að sinna verkefnum sínum samkvæmt lögum þessum. Trúnaðarmenn, aftur á móti, veita einstaklingum aðstoð.

Komið verði á fót sérstakri skrifstofu réttindagæslumanns sem verður að teljast umtalsverð breyting frá því sem nú er og styrkja starfsemi þessa.

Jafnframt er lögð til sú veigamikla breyting að svið réttindagæslu verði rýmkað í þeim skilningi að það nái til allra fatlaðra, en ekki einungis þeirra sem búa á sérstökum heimilum fatlaðra eins og nú er. Slík takmörkun á verksviði trúnaðarmanns er nú úrelt orðin. Meginatriðið er að fatlaðir geti leitað til trúnaðarmanns óháð því hvernig þeir búa. Frá því að lög nr. 59/1992 tóku gildi hefur fjölgað þeim fötluðum sem búa út af fyrir sig á eigin heimili. Miðað við núverandi aðstæður hjá fötluðum og þróunina í búsetumálum þeirra eru ekki lengur talin rök fyrir því að takmarka rétt fatlaðra til að eiga aðgang að trúnaðarmanni við sérstaka tegund búsetu.

Um 2. gr.

Hugtakið fötlun er hér notað í sömu merkingu og gert er í lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, sbr. 2. gr. þeirra laga. Sú skilgreining sem hér er stuðst við er efnislega sú sama og fram kemur í athugasemdum frumvarps til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem flutt er samhliða frumvarpi þessu, þar segir svo:

„Með hugtakinu fötlun er átt við það ástand þegar einstaklingur þarf fjölþætta þjónustu og aðstoð til langframa.“ Felur skilgreining þessi í sér sams konar merkingu og í lögum um málefni fatlaðra eins og áður sagði, enda tekið fram í athugasemd við 1. gr. frumvarps til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð að ekki sé verið að útvíkka hugtakið fötlun frá því sem fram kemur í gildandi lögum um málefni fatlaðra.

Sams konar merkingu í hugtakinu fötlun er að finna í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, sbr. athugasemdir við 2. gr. þess frumvarps.

Um 3. gr.

Þar sem lagt er til að réttindagæsla fatlaðra verði á ábyrgð ríkisins er lagt til að félagsmálaráðherra skipi réttindagæslumann og sjái honum fyrir starfsaðstöðu.

Um 4. gr.

Réttindagæslumaður fatlaðra hefur samkvæmt frumvarpinu yfirumsjón með réttindagæslu á Íslandi, hann samræmir vinnubrögð trúnaðarmanna og hefur eftirlit með að þeir ræki skyldur sínar. Það gerir kröfur til þess að hann búi yfir góðri menntun og hafi víðtæka þekkingu á og yfirsýn yfir réttindi og þarfir fatlaðra.

Réttindagæslumaður vinnur almennt að réttindamálum fatlaðra og er ekki gert ráð fyrir að einstaklingar leiti beint með mál sín til hans, heldur séu þau unnin af trúnaðarmanni. Á

hinn bóginn er gert ráð fyrir að réttindagæslumaður aðstoði trúnaðarmenn í einstaklingsmálum, leiti trúnaðarmenn eftir því.

Auk samstarfs við trúnaðarmenn má ætla að réttindagæslumaður hafi samstarf við aðra sem fara með réttindagæslu fatlaðra, svo sem félagsmálanefndir sveitarfélaga og samstarfsnefnd málefna fatlaðra, sbr. ákvæði til bráðabirgða I. í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Um a–e-lið greinarinnar skal tekið fram:

a. Réttindagæslumanni er ætlað að fylgjast með því í samvinnu við trúnaðarmenn að fatlaðir njóti lögbundinnar þjónustu. Hann þarf því að búa yfir haldgóðri þekkingu á þeim lögum er varða á einhvern hátt rétt fatlaðra til þjónustu. Hann þarf jafnframt að fylgjast með nýrri lagasetningu og þeim breytingum sem verða á gildandi lögum er varða rétt fatlaðra til þjónustu. Þannig er honum ætlað að hafa yfirsýn yfir lagaleg réttindi fatlaðra.
b. Réttindagæslumanni er ætlað að aðstoða og leiðbeina trúnaðarmönnum. Starf trúnaðarmanna verður viðamikið, það getur verið vandasamt og erfitt. Aftur á móti má búast við því að mismunandi mörg mál berist til þeirra, þannig að ekki er hægt að ætla að þeir búi ávallt yfir nægilegum upplýsingum og þekkingu um öll þau mál sem þeim er ætlað að leysa úr. Þess vegna er gert ráð fyrir að réttindagæslumaður veiti þeim aðstoð og stuðning eftir því sem þörf er á og óskað er eftir. Hann á að vera bakhjarl, búa yfir haldgóðri þekkingu og reynslu, hann á að upplýsa trúnaðarmenn, samræma vinnubrögð þeirra og leiðbeina þeim í störfum. Er hér m.a. átt við að hann upplýsi trúnaðarmenn ef breyting verður á lögum sem hafa áhrif á réttindi fatlaðra.
c. Réttindagæslumanni er ætlað að fylgjast með að trúnaðarmenn ræki skyldur sínar. Þrátt fyrir að réttindagæslumanni sé ekki ætlað að fást við einstaklingsmál getur fólk sem telur að trúnaðarmaður sinni ekki skyldum sínum leitað til hans og ber honum þá að kanna málið og aðstoða og leiðbeina trúnaðarmanni við lausn málsins.
d. Réttindagæslumanni er ætlað að kynna verksvið sitt með reglubundnum hætti. Þannig er honum ætlað að fara um og kynna hlutverk sitt og réttindi fatlaðra. Þótt kynningunni sé fyrst og fremst ætlað að beinast gagnvart fötluðu fólki og aðstandendum þeirra er einnig mikilvægt að opinberir aðilar sem veita fötluðum þjónustu séu upplýstir um skyldur og hlutverk réttindagæslumanns. Ekki er óeðlilegt að ætla að í einhverjum tilfellum fari réttindagæslumenn og trúnaðarmenn saman og kynni verksvið sín, enda er þeim báðum ætlað það hlutverk.
e. Réttindagæslumanni er ætlað að halda saman upplýsingum um störf sín og trúnaðarmanna, svo sem um fjölda mála og efni þeirra. Skal hann koma þessum upplýsingum árlega á framfæri við félagsmálaráðherra í skýrsluformi.

Um 5. gr.

Samstarfsnefnd málefna fatlaðra, sbr. ákvæði til bráðabirgða I í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, er ætlað að sjá um, bæði almennt og í einstökum málum, að lögbundin þjónusta við fatlaða á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála sé samfelld og án eyðu. Jafnframt er í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga lögð áhersla á að félagsmálanefnd gæti heildarsýnar í störfum og að hún eigi samstarf við önnur stjórnvöld og aðila sem vinna að málefnum sem tengjast félagsþjónustunni, svo sem skóla og heilsugæslu.

Ákvæði þetta er í sama anda og að framan greinir. Í því felst að réttindagæslumaður fatlaðra sé sérstaklega á verði um að ekki verði eyður eða gloppur í þjónustu, sem fatlaðir eiga rétt á lögum samkvæmt, á sviði félagsþjónustu, heilbrigðis- og skólamála.

Gert er ráð fyrir að réttindagæslumaður vinni að þessu verkefni fyrst og fremst með almennum hætti. Óski trúnaðarmaður hins vegar eftir aðstoð réttindagæslumanns á þessum vettvangi vegna málefnis einstaklings aðstoðar réttindagæslumaður trúnaðarmann í því efni.

Sem dæmi um verkefni á þessu sviði má nefna að fatlað barn fái sumardvöl í skólaleyfum, að fatlaðir njóti sérstakrar aðstoðar á sjúkrahúsi eða stuðnings í skóla.

Um 6. gr.

Talið er sjálfsagt að trúnaðarmenn séu skipaðir í samráði við hagsmunasamtök fatlaðra, þ.e. Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands, enda þekkja þau samtök best til hvaða einstaklingar séu fallnir til starfsins.

Í stað svæðisbundins fyrirkomulags málefna fatlaðra, sem verður aflagt við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga, er lagt til að skipun trúnaðarmanns miðist við kjördæmi. Hugsanlegt er að í ljós komi þörf fyrir fleiri en einn trúnaðarmann í fjölmennum kjördæmum og á þeim svæðum þar sem landfræðilegar aðstæður mæla með slíku. Væntanleg kjördæmabreyting getur einnig breytt einhverju. Fjöldi trúnaðarmanna í hverju kjördæmi fer því eftir aðstæðum og þörfum og því er ekki lagt til að hann verði lögákveðinn.

Um 7. gr.

Grein þessi, sem fjallar um rétt einstaklinga til aðstoðar trúnaðarmanns og um verksvið hans, er tvíþætt:

Í a-lið er fjallað um að lögbundinn réttur fatlaðra til þjónustu og aðstoðar skuli virtur. Er hér um grundvallaratriði í hlutverki trúnaðarmanns að ræða. Sjónum er fyrst og fremst beint að lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Sú áhersla tengist yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga og því að ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga eiga að taka til þjónustu sem fatlaðir eiga nú rétt á samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Hér er því um brýnt verkefni trúnaðarmanns að ræða.

Í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er lögð áhersla á tengsl milli félagsþjónustu og annarrar þjónustu, svo sem varðandi heilbrigðismál, skólamál og atvinnumál. Sú áhersla er óbreytt í frumvarpi þessu og því gert ráð fyrir að til réttindagæslumanns sé einnig leitað ef einstaklingur telur sig ekki njóta lögbundins réttar á því sviði. Er það þá verkefni trúnaðarmanns að styðja skjólstæðing sinn í slíkri réttindabaráttu og vísa málum til rétts aðila og fylgja þeim eftir.

Í b-lið greinarinnar er tekið á því hvort sú þjónusta sem veitt er samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sé eftir þörfum og við hæfi hvers og eins. Í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga kemur fram sú grundvallarsýn að þjónusta taki mið af þörfum fólks og sé við hæfi þess, sbr. 2. gr. þess frumvarps. Rétt þykir að trúnaðarmanni sé sérstaklega ætlað að vinna að slíkum málum. Sem dæmi má nefna persónulega þjónustu sem fatlaðir fá á heimili sínu, þ.e. heimaþjónustu og liðveislu. Með heimili er átt við einkaheimili sem og sambýli eða áfangastaði. Mikilsvert er að slík þjónusta sé við hæfi hvers og eins, hún sé veitt í samráði við einstakling, honum sé sýnd virðing og þjónustan sé hvorki of né van. Einnig er í þessu sambandi bent á þjónustu stuðningsfjölskyldu, skammtímavistun, heimili fyrir fötluð börn o.s.frv.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið í aðalatriðum á um hvernig trúnaðarmaður skuli bregðast við erindi hins fatlaða, þ.e. hvernig starfshættir hans skuli vera. Tvö meginatriði skulu strax nefnd. Trúnaðarmaður skal ávallt vinna í samvinnu við hinn fatlaða eða talsmann hans. Trúnaðar-

maður getur ávallt leitað til réttindagæslumanns og fengið aðstoð og leiðbeiningar, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Við lausn mála kemur í meginatriðum eftirfarandi til greina: Sé um að ræða ákvörðun félagsmálanefndar viðkomandi sveitarfélags sem hinn fatlaði unir ekki við aðstoðar trúnaðarmaður skjólstæðing sinn við málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og fylgir máli eftir.

Ef um er að ræða kvörtun, er tengist framkvæmd á einstökum þáttum félagsþjónustu, svo sem hvernig heimaþjónusta og liðveisla fer fram o.fl., veitir trúnaðarmaður stuðning til að greiða úr því máli eftir því sem við á hverju sinni.

Heyri mál undir stjórnvöld eða stofnanir utan félagsþjónustunnar sér trúnaðarmaður um að vísa máli til rétts aðila og fylgja því eftir.

Talsmaður í grein þessari er notað í sömu merkingu og í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, sbr. athugasemd við 10. gr. þess frumvarps. Þar segir svo um það efni: „Með talsmanni er hér átt við tvennt: Annars vegar lögráðamann eða ráðsmann samkvæmt lögræðislögum og forráðamann barna yngri en 18 ára samkvæmt barnalögum. Hins vegar getur verið um að ræða óformlega talsmenn þeirra sem treysta sér ekki til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri sjálfir vegna fötlunar. Þar er fyrst og fremst átt við aðstandendur, en ef þeir eru ekki fyrir hendi geta t.d. hagsmunasamtök fatlaðra verið talsmenn einstaklings."

Að öðru leyti verður kveðið á um starfshætti trúnaðarmanna í reglugerð, sbr. 11. gr.

Um 9. gr.

Það leiðir af eðli starfa réttindagæslumanns og trúnaðarmanna að þagnarskylda er órjúfanlegur þáttur í slíku starfi. Ákvæðið þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 10. gr.

Eins og frumvarp þetta ber með sér er lagt til að réttindagæsla fatlaðra verði á vegum ríkisins og þar með á þess kostnað.

Um 11. gr.

Nauðsynlegt er talið að setja með reglugerð nánari reglur um störf réttindagæslumanns og trúnaðarmanna, svo sem um starfshætti trúnaðarmanna, skrifstofuhald réttindagæslumanns, o.fl.

Um 12. gr.

Gildistaka helst í hendur við gildistöku laga um félagsþjónustu sveitarfélaga en frumvarp til þeirra laga er flutt samhliða frumvarpi þessu.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þar sem lagt er til að réttindagæslumenn verði skipaðir til fjögurra ára er lagt til að lögin verði endurskoðuð að þeim tíma liðnum. Metið verði hvernig reynslan hafi verið. Sérstaklega er brýnt að svara því hvort þá sé enn talin þörf fyrir sérstaka réttindagæslu af þessu tagi fyrir einn þjóðfélagshóp, þ.e. fatlaða, og ef svo er hvort rétt sé að hún heyri undir félagsmálaráðherra.

Fylgiskjal I.

Bókun Landssamtakanna Þroskahjálpar um frumvarp til laga um réttindagæslu fatlaðra.

Þrjár ástæður liggja að baki því að ég styð frumvarp þetta. Í fyrsta lagi er hér um að ræða sérlög um réttindagæslu fatlaðra, en þau hafa verið baráttumál Landssamtakanna Þroskahjálpar; þá nær réttindagæslan til allra fatlaðra óháð búsetu og loks nær hún til allra laga þótt meginhersla sé á félagsþjónustu sveitarfélaga. Við endurskoðun laganna má ætla að réttindagæslan muni ná jafnt til allra þátta þjóðfélagsins. Þess má geta að hugtökin „fatlaður" og „fötlun" koma fyrir í 26 íslenskum lögum. Í mörgum þeirra er fötluðum tryggður veigamikill réttur.

Lög um málefni fatlaðra frá 1992 eru réttindalög þar sem svæðisráðum er ætlað það hlutverk að standa vörð um réttindi fatlaðra til þjónustu. Þá er trúnaðarmönnum ætlað að gæta réttar fatlaðra á stofnunum. Þetta fyrirkomulag réttindagæslu hefur ekki gefist vel. Tvær ástæður skulu tilgreindar; svæðisráð hafa engan starfsmann og ekkert eftirlit er með því að trúnaðarmenn, sem eru í hlutastarfi, sinni skyldum sínum.

Það fyrirkomulag á réttindagæslu, sem hér er lagt til, á að geta risið undir nafni ef vel tekst til. Réttindagæslumaður á landsvísu skal halda öllum þráðum í hendi sér. Hann aðstoðar trúnaðarmenn í störfum þeirra en fylgist jafnframt með því að þeir sinni skyldum sínum. Árlega þarf réttindagæslumaður að gefa félagsmálaráðherra skýrslu um störf sín og trúnaðarmanna.

Til að trúnaðarmenn geti sinnt hlutverki sínu þurfa þeir að vera í fullu starfi og nauðsynlegt er að ákveða lágmarksfjölda þeirra, einn í hverju kjördæmi. Ekkert stendur um það í frumvarpinu.

Í ákvæði til bráðabirgða I. í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er fjallað um Samstarfsnefnd málefna fatlaðra. Eðlilegt er að eitthvert formlegt samband sé á milli réttindagæslumanns og nefndarinnar.

Hugmyndir Landssamtakanna Þroskahjálpar.

Landssamtökin Þroskahjálp mæltu eindregið með því að sett yrðu sérlög um réttindagæslu fatlaðra enda vandséð að ákvæði um hana ætti samleið með félagsþjónustu sveitarfélaga. Í umboði samtakanna lagði ég fram hugmyndir um fyrirkomulag réttindagæslu. Þær voru mótaðar af réttindagæslunefnd samtakanna og samþykktar á formannafundi aðildarfélaga Landssamtakanna Þroskahjálpar.

Markmið tillagnanna er tvíþætt. Annars vegar að ná fram betri og persónulegri réttindagæslu en nú er og hins vegar skapa vettvang til að vinna að þróunarstarfi, framtíðarskipulagi og jafnréttismálum fatlaðra. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að markmið laga um málefni fatlaðra er „að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til að lifa eðlilegu lífi". Ekki er hægt að sjá hvernig þessu markmiði verði náð nema með markvissri áætlun, aðgerðum og fjármagni.

Tillögur Landssamtakanna Þroskahjálpar um réttindagæslu fela í sér eftirfarandi:

Embætti umboðsmanns fatlaðra og fötlunarráð.

Hlutverk umboðsmanns verði að stuðla að því að fatlaðir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna, að koma í veg fyrir mismunun fatlaðra og ófatlaðra með sérstökum aðgerðum, vera talsmaður fatlaðra í samfélaginu og hafa hagsmuni og réttindi þeirra að leiðarljósi.

Helstu verkefni umboðsmanns verði:

a. að skoða og meta hvaða samfélagsþættir skipta máli til að flýta fyrir jafnrétti fatlaðra og ófatlaðra;
b. að safna þekkingu á þjóðfélagsstöðu fatlaðra og afleiðingum fötlunar fyrir einstaklinga, fjölskyldur og þjóðfélag þannig að á einum stað verði til nauðsynleg þekking á málaflokknum og yfirsýn;
c. að veita stjórnvöldum og stofnunum ráðgjöf, sem og fyrirtækjum og einstaklingum sem leituðu til hans, svo að úrbætur í þágu fatlaðra verði markvissar og byggist á nauðsynlegri þekkingu;
d. að fylgjast með setningu laga og reglugerða, kanna áhrif þeirra á hagi fatlaðra og benda viðkomandi stjórnvöldum á það ef áhrif eða afleiðingar lagasetninga leiddu til mismununar eða skerðingar á lífskjörum fatlaðra;
e. að fylgjast með þróun mála, lagasetningu eða öðru sem snertir málaflokkinn annars staðar á Norðurlöndum, innan Evrópusambandsins sem og á alþjóðavettvangi og beita sér fyrir umræðu um þróun eða nýjungar og koma ábendingum þar að lútandi til stjórnvalda;
f. að leita umsagnar heildarhagsmunasamtaka fatlaðra um mál sem fjallað verði um;
g. að gefa Alþingi árlega skýrslu um stöðu fatlaðra í þjóðfélaginu.

Í *fötlunarráði* eigi sæti sjö manns og sé umboðsmaður fatlaðra formaður ráðsins. Ráðið verði umboðsmanni fatlaðra til ráðuneytis. Í samvinnu við umboðsmann hafi ráðið frumkvæði að tillögum um breytingar í samfélaginu til bóta fyrir fatlaða og veiti jafnframt yfirvöldum umsagnir í málefnum sem snerta fatlaða.

Ráðið vaki yfir yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga, þ.e. fylgist með að ríki og sveitarfélög standi við þá samninga sem gerðir hafa verið í tilefni af yfirfærslunni, og hafi með höndum eftirlit með því hvernig sveitarfélögin skila sínu nýja hlutverki í málaflokknum.

Samkvæmt frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga fellur þetta síðarnefnda í hlut Samstarfsnefndar um málefni fatlaðra.

Réttindagæslumenn.

Starfssvæði réttindagæslumanna verði þau sömu og landshlutaskipting samtaka sveitarfélaga. Þeir heyri undir umboðsmann fatlaðra og fötlunarráð og séu launaðir af ríkinu. Þeir hafi aðsetur og skrifstofu miðsvæðis í sínu umdæmi.

Réttindagæslumenn séu fulltrúar umboðsmanns fatlaðra hver í sínu umdæmi og tengiliðir umboðsmanns við fatlaða og svæðisbundin hagsmunasamtök þeirra. Réttindagæslumaður hafi milligöngu um ráðningu trúnaðarmanna og veiti þeim aðstoð og stuðning í starfi.

Réttindagæslumaður komi fram sem talsmaður fatlaðra í umdæmi sínu við meðferð mála fatlaðra í félagsþjónustunni eða fyrir úrskurðarnefnd í samvinnu við hinn fatlaða og/eða trúnaðarmann hans.

Trúnaðarmenn.

Trúnaðarmenn séu skipaðir eftir tilnefningu hins fatlaða sjálfs og/eða réttindagæslumanns í því umdæmi þar sem hinn fatlaði býr. Mikilvægt er að hinn fatlaði hafi möguleika á að velja sér sjálfur trúnaðarmann. Samið verði við hagsmunasamtök fatlaðra um að taka að sér að finna einstaklinga til að sinna hlutverki trúnaðarmanns.

Lokaorð.

Eins og hér hefur verið rakið er frumvarp til laga um réttindagæslu fatlaðra, sem nefndin stendur að, öllu veigaminna en hugmyndir Landssamtakanna Þroskahjálpar. Þrátt fyrir það vil ég ítreka þá skoðun mína að frumvarp nefndarinnar geti orðið veigamikill bakhjarl í baráttu fatlaðra til að ná fram rétti sínum.

Gerður Steinþórsdóttir.

Fylgiskjal II.

Athugasemd fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga við undirritun frumvarps til laga um réttindagæslu fatlaðra.

Í frumvarpinu er réttindagæslu fatlaðra beint með sérstökum hætti að félagsþjónustu sveitarfélaga, sbr. 7. gr. Undirritaður telur að réttindagæsla fatlaðra eigi að taka til allra réttinda fatlaðra með sama hætti, hver sem ber ábyrgð á þjónustunni.

Reykjavík 22. október 1999.

Jón Björnsson
fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í nefnd
til endurskoðunar laga nr. 40/1991,
um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um réttindagæslu fatlaðra.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi og er nú endurflutt óbreytt. Það er samið samhliða frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga í tengslum við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Frumvarpið er byggt á ákvæðum 37. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, en gert er ráð fyrir að þau lög falli niður við samþykkt frumvarps um félagsþjónustu sveitarfélaga. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að komið verði á fót skrifstofu réttindagæslumanns fatlaðra sem skipaður verði af félagsmálaráðherra og þjóni landinu öllu. Samkvæmt frumvarpinu er hlutverk réttindagæslumanns að aðstoða trúnaðarmenn fatlaðra við að gæta réttinda allra fatlaðra en ekki eingöngu þeirra sem búa t.d. á sérstökum heimilum, eins og er samkvæmt núgildandi lögum. Hlutverk réttindagæslumanns í samvinnu við trúnaðarmenn er að fylgjast með að sveitarfélög og aðrar stofnanir veiti fötluðum lögbundna þjónustu. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að aukin útgjöld ríkisins nemi um 6,0–6,5 m.kr. Í frumvarpinu eru ákvæði um að lögin skuli endurskoðuð innan fjögurra ára frá gildistöku.

431. Tillaga til þingsályktunar [332. mál]

um textun íslensks sjónvarpsefnis.

Flm.: Sigríður Jóhannesdóttir, Ólafur Örn Haraldsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Katrín Fjeldsted, Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að íslenskt sjónvarpsefni verði textað eftir því sem við verður komið til hagsbóta fyrir heyrnardauft fólk sem við núverandi aðstæður á erfitt með að fylgjast með íslensku efni í sjónvarpi.

Greinargerð.

Ljóst er að þeir sem eru heyrnarlausir eða heyrnardaufir eiga mun erfiðara með að fylgjast með innlendu sjónvarpsefni en erlendu þar sem aðaltengiliður þeirra við efnið er skrifaði textinn sem fylgir með. Hann hefur fram að þessu aðeins fylgt erlendu efni sem hefur verið íslenskað. Hópur þeirra sem eru heyrnarlausir eða svo heyrnardaufir að þeir eiga í erfiðleikum með að fylgjast með töluðu orði í ljósvakamiðlum er mjög stór. Þeir sem nota heyrnartæki að staðaldri eru 15–18 þúsund og auk þess geta margir heyrnardaufir ekki nýtt sér heyrnartæki. Alls er talið að 25–30 þúsund Íslendingar séu heyrnarskertir en þeir vilja lifa í íslensku málsamfélagi og geta það. Þetta er sennilega stærsti hópur fatlaðra í samfélaginu.

Því miður hefur í mörgum tilfellum gengið erfiðlega að dempa aukahljóð í heyrnartækjum þannig að sumir heyrnardaufir varast að nota þau þegar þeir horfa á sjónvarp. Mörgum finnst orðið brýnt jafnréttismál að texta íslenskt sjónvarpsefni eftir því sem við verður komið. Slíkt hefur tíðkast í nágrannalöndum okkar, sumum nokkuð lengi. Auðvitað hlýtur alltaf eitthvert efni að vera undanskilið, svo sem fréttir sem berast á síðustu stundu og beinar útsendingar frá umræðum, en það yrði strax til mikilla bóta ef hafist yrði handa við að texta efni sem hægt væri að vinna þannig með góðu móti.

Þess má geta að annars staðar á Norðurlöndum er textun innlends efnis orðin sjálfsögð í rekstri sjónvarpsstöðva. Einnig má benda á að textun íslensks efnis ýtir mjög undir bætta lestrargetu heyrnarskertra barna og unglinga, auk þess sem slík textun er mikilvægur stuðningur við nýbúa sem eru að læra málið. Það auðveldar þeim að skilja efnið geti þeir fylgst með skjátextanum jafnframt því sem þeir hlusta.

432. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93/1995, um matvæli.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingimar Sigurðsson frá umhverfisráðuneyti, Elínu Guðmundsdóttur og Sjöfn Sigurgísladóttur frá Hollustuvernd ríkisins, Halldór Runólfsson yfirdýralækni, Ágúst Elíasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Öldu Möller, sjálfstætt starfandi ráðgjafa, Friðrik Blomsterberg frá SÍF og Finn Garðarsson frá SH-þjónustu.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Læknafélagi Íslands, Öldu Möller, SH-þjónustu, Samtökum fiskvinnslustöðva og SÍF.

Einnig ákvað nefndin að styðjast við umsagnir frá 125. löggjafarþingi en þá bárust umsagnir frá Manneldisráði Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, rannsóknarþjónustunni Sýni ehf., Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, yfirdýralækni, Rannsóknarráði Íslands, Félagi heilbrigðisfulltrúa, Hollustuvernd ríkisins, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum iðnaðarins, Iðntæknistofnun, Fiskistofu og umhverfisráðuneyti.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem nefnd á vegum umhverfisráðuneytis gerði tillögur um í kjölfar alvarlegra tilvika kampýlóbakter-sýkingar árið 1999 sem rakin voru til neyslu matvæla. Markmið breytinganna er að draga úr kampýlóbakter-mengun í matvælum og sýkingum af völdum kampýlóbakter í mönnum, m.a. með því að auka fræðslu, eftirlit og vöktun. Með breytingunum er í fyrsta lagi lagt til að hlutaðeigandi ráðherra, umhverfisráðherra, landbúnaðarráðherra eða sjávarútvegsráðherra eftir því um hvers konar eftirlit er að ræða, geti sett reglur þess efnis að þeir sem starfi við framleiðslu og dreifingu matvæla sæki námskeið um meðferð þeirra. Þrátt fyrir að um heimildarákvæði sé að ræða gengur nefndin út frá því að viðkomandi ráðherra muni setja slíkar reglur þar sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að mikið skorti á að þeir sem starfa við matvælaframleiðslu hér á landi hafi til þess nægjanlega þekkingu eða hljóti fullnægjandi fræðslu áður en þeir taka til starfa. Þar sem námskeið hlýtur að taka mið af viðkomandi starfsemi þyrfti í reglunum m.a. að taka fram hvernig slík námskeið skuli vera og hverjum sé skylt að sækja þau. Til að markmið frumvarpsins náist er nauðsynlegt að tryggja að varúðar sé gætt við meðferð matvæla og að viðkomandi starfsmenn séu vel upplýstir í þeim efnum en setning fyrrnefndra reglna er mikilvægur þáttur þess.

Í öðru lagi er tekinn af allur vafi um að eftirlitsaðilum sé einnig skylt að vinna að því að fyrirbyggja að matvæli geti valdið heilsutjóni og þeir skuli eins fljótt og kostur er grípa til viðeigandi ráðstafana ef vart verður matarsjúkdóma eða smithættu.

Þá er lagt til að sú skylda verði lögð á eftirlitsaðila, matvælafyrirtæki og þá sem starfa að rannsóknum og greiningu á matvælum að tilkynna hlutaðeigandi stofnunum ef hætta getur stafað af matvælum, enda sé um að ræða sjúkdóma sem ógnað geta almannaheill og eru nú þegar tilkynningarskyldir samkvæmt ákvæðum sóttvarnalaga, nr. 19/1997. Í umsögnum um málið hefur verið bent á að ef slík skylda verður lögð á þá sem annast rannsóknir og greiningu matvæla muni það hafa í för með sér trúnaðarbrest milli viðkomandi aðila. Þar sem tilkynningarskyldan er takmörkuð við ákveðna alvarlega sjúkdóma sem varðað geta almannaheill telur nefndin nauðsynlegt að rannsóknaraðilar og aðrir er starfa að greiningu matvæla verði ekki undanþegnir þessari skyldu, enda er það í eðlilegu samræmi við skyldur lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna samkvæmt fyrrnefndum sóttvarnalögum og skyldur dýralækna samkvæmt lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, að tilkynna til yfirvalda ef þeir uppgötva sýkingar sem geta verið skaðlegar fólki. Hins vegar tekur nefndin fram að þeir sem framleiða matvæli eða dreifa þeim bera fyrst og fremst ábyrgð á því að tryggja í starfsemi sinni að matvæli valdi ekki heilsutjóni og hvorki tilkynningarskylda annarra né áréttuð skylda eftirlitsaðila dregur úr þeirri ábyrgð.

Loks eru lagðar til breytingar á frumvarpinu til samræmis við kröfur sem gerðar eru um lagaheimildir fyrir þjónustugjöldum.

Þá telur nefndin rétt að benda á að brátt er þörf á heildarendurskoðun laganna í ljósi breytinga á matvælalöggjöf í Evrópu. Fyrr á þessu ári gaf Evrópusambandið út svokallaða Hvítbók (White Paper on Food Safety) en í henni greinir m.a. að innan skamms sé stefnt að

nýrri löggjöf um matvælaöryggi og neytendavernd af hálfu Evrópusambandsins og að stofnuð verði ný matvælastofnun í Evrópu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Í stað orðsins „matvælafyrirtæki“ komi: þeir sem framleiða matvæli eða dreifa þeim.

Kolbrún Halldórsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. des. 2000.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Kristján Pálsson.	Ásta Möller.
Katrín Fjeldsted.	Gunnar Birgisson.	Jóhann Ársælsson.

433. Frumvarp til laga [333. mál]

um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI
Breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 1. gr. laganna:

a. Skilgreining á tollyfirvaldi orðast svo: Tollstjórar.
b. Í stað orðsins „ríkistollstjóra“ í skilgreiningu á hugtakinu „Rammaskeyti“ kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „ríkistollstjóra“ í skilgreiningu á hugtakinu „Gagnaflutningsnet“ kemur: ráðherra.
d. Hugtakið „Tölvukerfi ríkistollstjóra“ verður: *Tölvukerfi tollyfirvalda.*

2. gr.

Í stað orðsins „ríkistollstjóra“ í 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: tollstjórum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ríkistollstjóra“ í 2. mgr. kemur: tollyfirvalda.
b. Í stað orðsins „ríkistollstjóra“ í 4. mgr. kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „Ríkistollstjóri“ í 5. mgr. kemur: Ráðherra.
d. Í stað orðsins „ríkistollstjóra“ í 5. mgr. kemur: tollyfirvalda.
e. Í stað orðsins „Ríkistollstjóri“ í 11. mgr. kemur: Ráðherra.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Ríkistollstjóri“ í 1. mgr. kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „Ríkistollstjóri“ í 2. mgr. kemur: Tollstjórinn í Reykjavík.
c. Í stað orðsins „ríkistollstjóri“ í 3. mgr. kemur: ráðherra.

5. gr.

Í stað 2.–4. mgr. 28. gr. laganna koma fjórar málsgreinar svohljóðandi:

Ráðherra ákveður með reglugerð hvar tollhafnir skuli vera, að fengnum tillögum viðkomandi tollstjóra, enda sé fullnægt skilyrðum 64. gr. laganna.

Við ráðstöfun á hafnarsvæðum, hafnarlóðum og öðrum svæðum, sem ætluð eru til uppskipunar eða geymslu á ótollafgreiddum vörum, skulu sveitar- og hafnarstjórnir hafa samráð við viðkomandi tollstjóra.

Séu skilyrði til tolleftirlits og vörslu á vörum í aðaltollhöfn eða tollhöfn ófullnægjandi getur ráðherra afturkallað tollhafnarréttindi að fenginni umsögn viðkomandi tollstjóra og tollstjórans í Reykjavík.

Tollstjórinn í Reykjavík skal annast úttektir á aðaltollhöfnum og tollhöfnum í umboði ráðherra. Tollstjórinn í Reykjavík skal hafa samráð við viðkomandi tollstjóra við úttekt á aðaltollhöfnum og tollhöfnum.

6. gr.

Í stað orðsins „ríkistollstjóra“ í 1. mgr. 29. gr. laganna kemur: tollstjóranum í Reykjavík.

7. gr.

30.–37. gr. laganna, ásamt fyrirsögnum, orðast svo:

Yfirstjórn tollamála.

a. (30. gr.)

Ráðherra er æðsti yfirmaður tollamála samkvæmt lögum þessum og hefur eftirlit með því að tollstjórar og ríkistollanefnd ræki skyldur sínar. Hann hefur rétt til að athuga aðflutnings- og útflutningsskýrslur og öll gögn varðandi þær og krefja framangreinda aðila skýringa á öllu því er varðar framkvæmd laga þessara. Sama skal gilda um framtöl og gögn varðandi þau sem um ræðir í lögum um tekjuskatt og eignarskatt og lögum um virðisaukaskatt og talin eru varða tollamál sem tekið hefur verið til athugunar.

Tollstjórar.

b. (31. gr.)

Tollstjórar eru tollstjórinn í stjórnsýsluumdæmi Reykjavíkur og sýslumenn í öðrum stjórnsýsluumdæmum, sbr. lög nr. 92/1989, um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, með síðari breytingum.

Ráðherra skipar tollstjórann í Reykjavík til fimm ára í senn og skal hann fullnægja sömu almennu hæfisskilyrðum og héraðsdómarar til skipunar í embætti, sbr. lög nr. 92/1989, um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, með síðari breytingum.

Tollstjórar, hver í sínu tollumdæmi, annast álagningu og innheimtu tolla og annarra skatta og gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum. Þeir annast jafnframt hver í sínu tollumdæmi eftirlit með innflutningi, umflutningi og útflutningi á vörum til og frá landinu og ferðum og flutningi fara og fólks til og frá landinu, svo og flutningi á ótollafgreiddum varningi innan lands, auk annars eftirlits lögum samkvæmt.

Ráðherra skipar aðaldeildarstjóra og deildarstjóra til fimm ára í senn. Tollstjóri skipar aðra tollverði og ræður aðra starfsmenn við embætti sitt, sbr. 39. gr. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsheiti tollvarða.

c. (32. gr.)

Fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra geta ákveðið að þar sem henta þykir skuli lögreglumenn annast tolleftirlit jafnframt öðrum löggæslustörfum.

Fela má starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands að annast tolleftirlit.

Þegar lögreglumönnum, starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands eða öðrum er falið að vinna tollgæslustörf, án þess að þeir hafi tollgæslu að aðalstarfi, hafa þeir sömu heimildir til starfa og gegna sömu starfsskyldum og tollverðir.

Tollstjórar geta falið tollvörðum að gegna almennum löggæslustörfum, hverjum í sínu tollumdæmi.

Eftirlit og samræming.

d. (33. gr.)

Ráðherra hefur eftirlit með því að tollframkvæmdin sé í samræmi við lög, reglur og önnur fyrirmæli varðandi tollamálefni og alþjóðasamninga um þau efni sem Ísland er aðili að. Hann getur kannað tollskjöl aðila og hvert það atriði er varðar framkvæmd laga þessara og annarra laga um tolla og aðra skatta eða gjöld sem lögð eru á af tollstjórum eða umboðsmönnum þeirra. Getur hann í því skyni krafist allra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á frá tollstjórum, umboðsmönnum þeirra og öðrum þeim sem fram koma gagnvart tollstjórum vegna tollafgreiðslu samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum, svo og þeim sem um ræðir í 24. og 122. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík skal í umboði ráðherra annast samræmingu tollframkvæmdar og eftirlits- og rannsóknarstarfa á tollsvæði íslenska ríkisins. Hann getur, að eigin frumkvæði eða samkvæmt kæru, hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar innflutning, umflutning og útflutning á vörum til og frá landinu og ferðir og flutning fara og fólks til og frá landinu, svo og flutning á ótollafgreiddum varningi innan lands samkvæmt lögum þessum eða öðrum lagafyrirmælum. Aðrir tollstjórar skulu veita nauðsynlega aðstoð við framkvæmd starfanna.

Ráðherra annast framkvæmd og samskipti við erlend tollyfirvöld samkvæmt þeim milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að og lúta að framkvæmd tollamála, nema annað sé þar ákveðið eða ráðherra ákveði annað.

e. (34. gr.)

Ráðherra setur, að fengnum tillögum tollstjórans í Reykjavík, reglur varðandi tollframkvæmd sem gilda skulu um starfsemi tollstjóra og umboðsmanna þeirra.

Tollstjóranum í Reykjavík ber að veita tollstjórum og umboðsmönnum þeirra leiðbeiningar um tollframkvæmdina og kynna þeim dóma, úrskurði og aðrar ákvarðanir sem þýðingu kunna að hafa fyrir störf þeirra. Hann skal einnig gefa út leiðbeiningar, úrskurði og önnur gögn sem hann metur að rétt sé að kynna fyrirtækjum og almenningi.

f. (35. gr.)

Við embætti tollstjórans í Reykjavík skal vera tollskóli er veiti tollstarfsmönnum fræðslu í tollamálum. Gera má það að skilyrði fyrir ráðningu í fasta stöðu að viðkomandi hafi lokið prófi frá skólanum. Ráðherra setur nánari reglur um nám við skólann. Ráðherra er heimilt

að ákveða að innheimt skuli gjald vegna kostnaðar sem hlýst af námskeiðshaldi við skólann fyrir aðra en tollstarfsmenn.

g. (36. gr.)

Tollstjórinn í Reykjavík skal sjá um þróun og rekstur þess tölvu- og upplýsingakerfis sem notað er af hálfu tollyfirvalda við tollafgreiðslu samkvæmt lögum þessum. Hann skal setja innflytjendum, útflytjendum, farmflytjendum og öðrum, sem senda tollyfirvöldum upplýsingar vegna tollafgreiðslu um gagnaflutningsnet, samskiptareglur.

Ráðherra ákveður form tollskjala og eyðublaða sem notuð eru við tollframkvæmdina og hvaða atriði skuli tilgreina þar.

h. (37. gr.)

Telji tollstjórinn í Reykjavík rétt að ákvörðun um atriði sem lúta að framkvæmd laga þessara eða annarra laga um tollamál, m.a. ákvörðun um gjöld og skatta sem tollstjórar leggja á og innheimta, sé endurskoðuð getur hann skriflega og með rökstuddum hætti mælt fyrir um að málið skuli tekið upp að nýju, enda séu skilyrði 98. og 99. gr. uppfyllt ef um hækkun gjalda er að ræða.

Ákvæði 1. mgr. taka ekki til úrskurðar og ákvörðunar tollstjóra skv. 100. og 142. gr.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:

a. Orðin „og ríkistollstjóri“ í 1. mgr. falla brott.
b. Orðin „og ríkistollstjóra“ í 2. mgr. falla brott.

9. gr.

Fyrirsögn VI. kafla orðast svo: **Tollsvæði, tollumdæmi, tollhafnir, tollstjórar o.fl.**

10. gr.

Í stað orðsins „Ríkistollstjóri“ í 4. mgr. 46. gr. laganna kemur: Ráðherra.

11. gr.

Í stað orðsins „Ríkistollstjóri“ í 2. mgr. 47. gr. laganna kemur: Ráðherra.

12. gr.

1. mgr. 50. gr. laganna orðast svo:

Tollstjórar annast rannsókn brota á lögum þessum að svo miklu leyti sem slík rannsókn er ekki í höndum lögreglu. Skulu þeir, hvenær sem þess er þörf, hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um refsivert brot. Hafi tollstjóri utan embættis tollstjórans í Reykjavík grun um að stórfelld tollsvik hafi verið framin skal hann þegar tilkynna það til tollstjórans í Reykjavík. Um rannsókn skulu að öðru leyti gilda ákvæði laga um meðferð opinberra mála.

13. gr.

Í stað orðsins „Ríkistollstjóri“ í 53. gr. laganna kemur: Ráðherra.

14. gr.

Í stað orðsins „Ríkistollstjóri“ í 70. gr. laganna kemur: Ráðherra.

15. gr.

Í stað orðsins „ríkistollstjóra“ í 3. mgr. 100. gr. laganna kemur: ráðherra.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 101. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Innflytjandi getur skotið úrskurði tollstjóra um endurákvörðun skv. 99. gr., úrskurði tollstjóra skv. 100. gr., þó ekki úrskurði sem kæranlegur er til ráðherra skv. 102. gr., og ákvörðun tollstjóra skv. 142. gr. til ríkistollanefndar innan 60 daga, talið frá póstlagningu úrskurðar eða ákvörðunar.
b. Í stað orðsins „Ríkistollstjóri“ í 2. mgr. kemur: Tollstjórinn í Reykjavík.
c. Í stað orðsins „ríkistollstjóra“ í 4. mgr. kemur: tollstjóranum í Reykjavík.
d. Í stað orðsins „ríkistollstjóra“ í 11. mgr. kemur: ráðherra.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 102. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Heimilt er að skjóta úrskurðum tollstjóra, öðrum en þeim sem sæta kæru til ríkistollanefndar, til ráðherra innan 60 daga frá uppkvaðningu úrskurðar.
b. Í stað orðsins „Ríkistollstjóri“ 2. og 3. mgr. kemur: Ráðherra.
c. Í stað orðsins „ríkistollstjóra“ 2. mgr. kemur: ráðherra.
d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Kærur til ráðherra.*

18. gr.

Í stað orðsins „ríkistollstjóra“ í 4. mgr. 142. gr. laganna kemur: tollstjóranum í Reykjavík.

19. gr.

Í stað orðsins „Ríkistollstjóri“ í 146. gr. laganna kemur: Ráðherra.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ríkistollstjóri“ í 2. mgr. kemur: tollstjórinn í Reykjavík.
b. Í stað orðsins „ríkistollstjóra“ í 2. mgr. kemur: fjármálaráðherra.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

21. gr.

Í stað orðsins „ríkistollstjóra“ í 2. mgr. 36. gr. laganna kemur: fjármálaráðherra.

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi, með síðari breytingum.

22. gr.

Í stað orðsins „ríkistollstjóra“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: fjármálaráðherra.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

23. gr.

8. tölul. 22. gr. laganna orðast svo: Tollstjórinn í Reykjavík og tollverðir.

VI. KAFLI

Breyting á lögreglulögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum.

24. gr.

4. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Tollstjórar, löglærðir fulltrúar þeirra og tollverðir fara með lögregluvald á sínu starfssviði og þegar þeir annast eða aðstoða við löggæslu.

VII. KAFLI

Starfsmenn, gildistaka o.fl.

25. gr.

Við gildistöku laga þessara verður embætti ríkistollstjóra lagt niður og skulu starfsmönnum embættisins boðin störf hjá þeim tollyfirvöldum sem taka við verkefnum ríkistollstjóra, eftir því sem tök eru á. Um réttarstöðu starfsmanna embættisins fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001. Eftir gildistöku breytinga samkvæmt lögum þessum á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, skal fella meginmál breytinganna inn í þau lög, ásamt síðari breytingum, og gefa lögin út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fjármálaráðherra og tollstjórinn í Reykjavík taka við almennum réttindum og skyldum embættis ríkistollstjóra og við samningum við þriðja aðila eftir því sem við getur átt samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lögð til breyting á yfirstjórn tollkerfisins. Megininntak breytingarinnar er að embætti ríkistollstjóra er lagt niður og verkefni þess falin fjármálaráðherra og tollstjóranum í Reykjavík.

Skipulag tollkerfisins.

Samkvæmt tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, er landinu skipt upp í 27 tollumdæmi og fer tollstjóri með stjórn hvers tollumdæmis. Sýslumenn eru tollstjórar hver í sínu umdæmi nema í Reykjavík þar sem er sérstakur tollstjóri. Tollstjórar annast tollheimtu og tolleftirlit hver í sínu umdæmi. Þeir sjá um álagningu og innheimtu hvers konar tolla, skatta og gjalda sem lögð eru á og innheimt af innfluttum vörum, þ.m.t. virðisaukaskatts. Þeir fylgjast einnig með framkvæmd tollalaga og tollgæslu, jafnframt því að veita einstaklingum og fyrirtækjum þjónustu og upplýsingar.

Samkvæmt tollalögum er fjármálaráðherra æðsti yfirmaður tollamála og hefur eftirlit með því að ríkistollstjóri, ríkistollanefnd og tollstjórar ræki skyldur sínar. Ríkistollstjóri fer hins vegar, í umboði ráðherra, með yfirstjórn tollheimtu og tolleftirlits hvarvetna á tollsvæði ríkisins.

Embætti ríkistollstjóra er miðlægt stjórnsýsluembætti sem sinnir eftirlits- og samræmingarhlutverki. Einkum er fjallað um hlutverk þess í 31.–35. gr. tollalaga.

Meginviðfangsefni embættisins eru eftirfarandi:

- Yfirstjórn tollheimtu og tolleftirlits hvarvetna á tollsvæði ríkisins.
- Eftirlit með störfum tollstjóra.
- Framkvæmd milliríkjasamninga og erlend samskipti á sviði tollamála.
- Eftirlits- og rannsóknarstörf varðandi innflutning og útflutning vara.
- Endurákvörðun gjalda sem tollstjórar hafa ákveðið.
- Gerð starfsreglna og útgáfa leiðbeininga.
- Útgáfa leiðbeininga fyrir fyrirtæki og almenning.
- Þróun og rekstur tölvu- og upplýsingakerfa á sviði tollafgreiðslu.
- Fræðslumál tollstarfsmanna.

Með hliðsjón af smæð íslenska stjórnsýslukerfisins skiptir miklu máli að skipulag einstakra þátta þess sé einfalt og skilvirkt þannig að þekking og starfskraftar nýtist sem best til þess að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Miðað við gildandi skipulag er í vissum tilvikum verið að sinna sambærilegum verkefnum hjá embætti ríkistollstjóra og embættum einstakra tollstjóra. Jafnframt er stefnumótun ýmist á hendi fjármálaráðuneytisins eða ríkistollstjóra. Af því leiðir að starfskraftar þeirra sem að þessum málum koma eru oft dreifðari en æskilegt væri vegna skörunar verkefna.

Með hliðsjón af framangreindu er því lagt til í frumvarpi þessu að embætti ríkistollstjóra verði lagt niður og verkefni þess færð undir fjármálaráðuneytið og tollstjórann í Reykjavík. Samhliða því verði starfsemi einstakra tollstjóra efld, sem og þáttur fjármálaráðuneytisins í yfirumsjón með tollkerfinu.

Breytingar á skipulagi tollkerfisins.

Núgildandi fyrirkomulag.

Eins og að framan greinir er landinu skipt upp í 27 tollumdæmi. Embætti tollstjórans í Reykjavík er þar langstærst, en um það umdæmi fara 80–90% af öllum innflutningi til landsins. Í því sambandi má benda á að Reykjavíkurhöfn er ein af stærstu gámahöfnum á Norðurlöndum. Flest hinna tollumdæmanna eru hins vegar fremur smá. Auk tollumdæmanna er starfrækt embætti ríkistollstjóra sem hefur það meginverkefni að hafa eftirlit með tollstjórum, sinna tiltekinni rannsóknarvinnu á landsvísu, fara með samræmingarhlutverk, sjá um þróun og rekstur tölvukerfis tollyfirvalda, sjá um fræðslu tollstarfsmanna og útgáfumál sem og almenna miðlun upplýsinga. Loks er ráðherra æðsti yfirmaður tollamála.

Tilflutningur verkefna til fjármálaráðuneytis.

Með þeim tillögum sem lagðar eru til í frumvarpi þessu er stefnt að því að samnýta sem best krafta starfsmanna í tollkerfinu með því að fækka stjórnsýsluembættum þess. Jafnframt verður hlutverk fjármálaráðuneytisins við stefnumótun í tollamálum eflt til muna. Af breytingunum leiðir að ábyrgð ráðherra á tollkerfinu verður skýrari og hlutverk hans í stefnumótun og uppbyggingu tollkerfisins markvissara en nú er.

Eftir breytinguna mun fjármálaráðherra bera mun ríkari ábyrgð en áður á eftirlitsþætti tollkerfisins, sem og eftirliti með einstökum tollstjórum. Auk þess hefur Ríkisendurskoðun almennt eftirlit með starfsemi einstakra tollstjóra hér eftir sem hingað til.

Samkvæmt tollalögum getur innflytjandi skotið úrskurði tollstjóra um gjaldskyldu, tollflokkun, tollverð og fjárhæð aðflutningsgjalda til ríkistollanefndar og verður engin breyting gerð á því. Á hinn bóginn munu aðrir úrskurðir tollstjóra, svo sem ákvörðun um niðurfell-

ingu og endurgreiðslu aðflutningsgjalda, í öllum tilvikum sæta kæru til fjármálaráðherra, en samkvæmt gildandi lögum er það úrskurðarvald á hendi embættis ríkistollstjóra.

Þá verður leitast við að tryggja að boðleiðir og forræði á stjórnun aðgerða sé með skýrum hætti og um leið lögð áhersla á virkt samráð milli einstakra tollumdæma og ráðuneytisins.

Tilflutningur verkefna til tollstjórans í Reykjavík.

Samhliða fyrrgreindri tilfærslu verkefna til fjármálaráðuneytis verður tollstjóranum í Reykjavík falið að fara með tiltekið samræmingarhlutverk svo og að stýra, í samráði við viðkomandi tollstjóra, eftirlitsaðgerðum á landsvísu. Með slíkri hagræðingu er unnt að nýta betur þá fjármuni sem nú er varið til tollkerfisins til þess að styrkja mikilvæga þætti í starfsemi þess. Þar er einkum horft til herts fíkniefnaeftirlits og bættrar tollheimtu. Gert er ráð fyrir að tollstjórinn í Reykjavík geti haft umsjón með rannsókn tollamála hvar sem er á landinu gerist þess þörf. Þrátt fyrir að tollstjóranum í Reykjavík sé falið að annast, í umboði ráðherra, tiltekna yfirumsjón þessara mála er lögð á það rík áhersla að hann hafi virkt samráð við tollstjóra í hverju umdæmi og að þeir fari með umsjón aðgerða í sínu umdæmi eftir því sem kostur er. Með því er einstökum tollstjórum gert kleift að sækja liðsstyrk til stærsta tollstjóraembættisins um leið og staðarþekking þeirra er nýtt til hins ýtrasta.

Með því að fela stærsta tollumdæminu að annast samræmingu starfa og gerð kynningarefnis og eyðublaða, svo og aðra uppbyggingu á þjónustu tollkerfisins, skapast jafnframt betri skilyrði til að meta þarfir einstaklinga og fyrirtækja með markvissari hætti en áður.

Eftirlit með innflutningi fíkniefna.

Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi hefur ríkistollstjóri með höndum stefnumótun á sviði fíkniefnaeftirlits auk þess sem hann hefur heimild til að sinna eftirliti á landsvísu. Tollstjórar fara hins vegar með framkvæmd tollgæslu hver í sínu umdæmi. Eins og að framan greinir fer langmest af vöruflutningi til og frá landinu um umdæmi tollstjórans í Reykjavík. Af því leiðir að starfsmenn hans koma óhjákvæmilega mest að framkvæmd daglegs eftirlits og hafa því góða innsýn inn í þau verkefni sem fengist er við hverju sinni. Starfsmenn tollstjórans í Reykjavík hafa enn fremur nokkra reynslu af samvinnu við önnur tollumdæmi á sviði fíkniefnaeftirlits.

Með breytingum á hlutverki tollstjórans í Reykjavík, samkvæmt frumvarpi þessu, aukast möguleikar tollyfirvalda til að nýta þessa reynslu í þágu virkara eftirlits með ólöglegum innflutningi fíkniefna. Embættið verður þannig betur í stakk búið til að undirbúa eftirlit með nákvæmari áhættugreiningu en nú er og getur þannig sinnt tollgæslu með markvissari hætti. Sú þekking ætti einnig að nýtast öðrum tollstjórum við skipulagningu tollgæslu í sínum umdæmum. Þannig ætti svigrúm embættisins til frekara samráðs við önnur tollstjóraembætti að aukast, svo og aðgangur þeirra að sérhæfðum tollgæslumönnum með sérþjálfaða hunda og nauðsynlegan búnað til slíkra verkefna.

Almennt tolleftirlit.

Auk eftirlits með ólöglegum innflutningi fíkniefna er mikilvægt að efla almennt eftirlit með tollheimtu. Vegna nýrrar tækni við afgreiðslu aðflutningsskýrslna með rafrænum hætti hefur sjálfvirkni í tollafgreiðslu innfluttra vara aukist verulega. Þetta birtist einkum í því að nú eiga innflytjendur möguleika á að senda aðflutningsskýrslur með tölvuskeyti til viðkomandi tollstjóra. Af því leiðir að innflytjendur þurfa ekki að leggja fram kvittanir fyrir innfluttum vörum og farmskírteini í tengslum við hverja tollafgreiðslu. Auknar kröfur til meiri hraða og skilvirkni við tollafgreiðslu og stóraukið vöruflæði hefur leitt til þess að

starfsmenn tollyfirvalda koma æ minna að hverri tollafgreiðslu með beinum hætti. Aðstæður til tollendurskoðunar eru því gjörbreyttar. Þessi þróun hefur leitt til þess að nú er nauðsynlegt að sinna tolleftirliti úti í fyrirtækjunum sjálfum og byggja eftirlitsaðgerðir á vel skilgreindu áhættumati þar sem leitast er við að greina hvar helst sé líklegt að brot séu framin. Þessi starfsemi kallar á nýjar áherslur, aukna menntun og sérhæfingu starfsmanna tollsins. Með þeim skipulagsbreytingum sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu verður tollkerfið hæfara til að sinna þessum verkefnum þar sem mannafli þess ætti að nýtast betur.

Samhæfing tollembætta.

Með framangreindum skipulagsbreytingum verður í engu dregið úr tollgæslu. Hins vegar verður tollstjórinn í Reykjavík hæfari til að veita liðsinni við tolleftirlit í öðrum umdæmum þegar nauðsynlegt er að efla það þar tímabundið og jafnframt að samhæfa eftirlitsaðgerðir í fleiri en einu umdæmi. Í tengslum við það er mikilvægt að komið verði á fót viðvarandi samráði tollstjóra varðandi skipulag tolleftirlits á landsvísu, sem og reglubundnu samráði milli ráðherra og tollyfirvalda.

Gert er ráð fyrir að gerður verði nýr árangursstjórnunarsamningur við embætti tollstjórans í Reykjavík þar sem kveðið verði nánar á um starfsemi þess, þ.m.t. samskipti þess við önnur tollstjóraembætti.

Starfsmannamál.

Starfsmenn ríkistollstjóra eru nú 23 talsins og starfa þeir í fjórum deildum. Í tengslum við þær skipulagsbreytingar sem boðaðar eru í þessu frumvarpi verður leitast við að bjóða þeim starfsmönnum áframhaldandi störf í tollkerfinu, sambærileg þeim sem þeir gegna nú, eftir því sem kostur er, enda afar mikilvægt að nýta sem best þá sérfræðiþekkingu sem núverandi starfsmenn embættisins búa yfir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á skilgreiningum til samræmis við tillögur frumvarpsins.

Um 2. gr.

Með vísan til almennra athugasemda er lagt til að mælt verði fyrir um að Seðlabanka Íslands beri að tilkynna tollstjórum um opinbert viðmiðunargengi erlendrar myntar í stað ríkistollstjóra.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að ráðherra setji almennar reglur um skjalausa sendingu gagna um tölvukerfi tollyfirvalda og hafi heimild til að stöðva móttöku skeyta sem send eru um það. Skv. g-lið 8. gr. frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir því að tollstjórinn í Reykjavík sjái um þróun og rekstur tölvukerfisins.

Um 4. gr.

Lagt er til að ráðherra verði falið að móta form og efni aðflutningsskýrslna og þeirra fylgiskjala sem þeim skulu fylgja. Þetta hlutverk er nú í höndum ríkistollstjóra.

Um 5. gr.

Samkvæmt gildandi lögum ákveður ráðherra hvar tollhafnir skulu vera að fenginni tillögu ríkistollstjóra. Jafnframt er mælt fyrir um það að sveitar- og hafnarstjórnir skuli hafa samráð við ríkistollstjóra um skipulag hafnarsvæða. Loks er gert ráð fyrir að ríkistollstjóri geti afturkallað tollhafnarréttindi ef hann telur skilyrði til tolleftirlits og vörslu á vörum ekki viðunandi.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra fari nú með þetta hlutverk ríkistollstjóra að fenginni umsögn viðkomandi tollstjóra. Með því er tryggt að sjónarmið viðkomandi tollstjóra liggi fyrir við töku ákvarðana sem tengjast tollhöfnum í umdæmi þeirra. Til að gæta samræmis í framkvæmd er gert ráð fyrir að tollstjórinn í Reykjavík annist úttekt á tollhöfnum í umboði ráðherra.

Um 6. gr.

Með því að mæla fyrir um að tilkynna skuli um leyfi sem veitt eru skv. 29. gr. til tollstjórans í Reykjavík er tryggt að hann hafi heildaryfirsýn yfir komu þeirra skipa og flugvéla til landsins sem losa eða lesta vörur utan tollhafna. Það er nauðsynlegur þáttur í því samræmingarhlutverki sem tollstjóranum í Reykjavík er ætlað samkvæmt frumvarpinu.

Um 7. gr.

Í greininni er nánari útfærsla á þeim breytingum á skipulagi tollkerfisins sem grein er gerð fyrir í almennum athugasemdum. Í 31. gr. gildandi tollalaga er vikið að skipun ríkistollstjóra og annarra starfsmanna embættisins. Með vísan til almennra athugasemda er lagt til að greinin verði felld brott.

Um a-lið (30. gr.).

Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða utan þess að orðið „ríkistollstjóri" er fellt brott. Í greininni er vísað til laga um tekjuskatt og eignarskatt og laga um virðisaukaskatt án þess að númer þeirra séu tilgreind. Það er gert til þess að ekki þurfi að breyta ákvæðinu sérstaklega ef þessir lagabálkar fá ný númer í framtíðinni. Nú gilda lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, auk síðari breytinga, og lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, auk síðari breytinga.

Um b-lið (31. gr).

Lagt er til að 36. gr. tollalaga verði 31. gr. laganna. Hér er einungis um formbreytingu að ræða.

Um c-lið (32. gr.).

Lagt er til að 37. gr. tollalaga verði 32. gr. laganna. Hér er einungis um formbreytingu að ræða.

Um d-lið (33. gr.).

Samkvæmt 30. gr. tollalaganna er ráðherra æðsti yfirmaður tollamála og hefur eftirlit með því að tollstjórar og ríkistollanefnd ræki skyldur sínar. Í 32. gr. laganna er svo mælt fyrir um það að ríkistollstjóri skuli hafa eftirlit með störfum tollstjóra og umboðsmanna þeirra. Í samræmi við þær breytingar sem gerð er grein fyrir í almennum athugasemdum við frumvarp þetta er lögð til sú breyting að ráðherra verði falið með beinum hætti að hafa eftirlit með því að tollframkvæmdin sé í samræmi við lög, reglur og önnur fyrirmæli.

Þá er lagt til að tollstjórinn í Reykjavík annist, í umboði ráðherra, samræmingu tollframkvæmdar og eftirlits- og rannsóknarstarfa á tollsvæði íslenska ríkisins. Einnig að hann geti, að eigin frumkvæði eða samkvæmt kæru, hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar innflutning, umflutning og útflutning á vörum til og frá landinu og ferðir og flutning fara

og fólks til og frá landinu, svo og flutning á ótollafgreiddum varningi innan lands samkvæmt lögum þessum eða öðrum lagafyrirmælum. Aðrir tollstjórar skulu veita nauðsynlega aðstoð við framkvæmd starfanna. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er lögð áhersla á að tollstjórinn í Reykjavík fari með þessa heimild í góðu samstarfi við viðkomandi tollstjóra. Enn fremur er eðlilegt að stjórnun rannsóknarverkefna, úrvinnsla þeirra og eftirfylgni verði eftir því sem nokkur kostur er í höndum viðkomandi tollstjóra.

Loks er lagt til að ráðherra annist framkvæmd og samskipti við erlend tollyfirvöld samkvæmt þeim milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að og lúta að framkvæmd tollamála, nema hann ákveði annað.

Um e-lið (34. gr.).

Samkvæmt gildandi lögum setur ríkistollstjóri reglur varðandi tollframkvæmd sem gilda skulu um starfsemi tollstjóra og umboðsmanna þeirra. Í 1. mgr. greinarinnar er lagt til að ráðherra setji þessar reglur, að fenginni umsögn tollstjórans í Reykjavík. Þetta er eðlilegt í ljósi þess að tollstjórinn í Reykjavík fer með samræmingar- og eftirlitshlutverk í umboði ráðherra. Að öðru leyti er greinin efnislega sambærileg 1. mgr. 33. gr. tollalaga.

Um f-lið (35. gr.).

Greinin er efnislega samhljóða 2. mgr. 33. gr. tollalaga utan þess að tollstjóranum í Reykjavík er falið að annast fræðslumál tollstarfsmanna.

Um g-lið (36. gr.).

1. mgr. greinarinnar er efnislega sambærileg 34. gr. tollalaga utan þess að tollstjóranum í Reykjavík eru falin þau störf sem ríkistollstjóri hefur nú með höndum.

Í 2. mgr. mgr. er lagt til að ráðherra ákveði form og efni tollskjala og eyðublaða í stað ríkistollstjóra.

Um h-lið (37. gr.).

Lagt er til að tollstjóranum í Reykjavík verði heimilt að fela tollstjórum að taka upp mál að nýju telji hann ástæðu til þess að fyrri ákvörðun tollstjóra verði endurskoðuð. Þessi heimild er nauðsynleg til þess að tollstjórinn í Reykjavík geti sinnt eftirlits og samræmingarhlutverki sínu. Heimildin er nú í höndum ríkistollstjóra, sbr. 35. gr. tollalaganna, þó með nokkuð öðrum hætti sé.

Um 8. gr.

Í 39. gr. tollalaga er mælt fyrir um að tollstjórar og ríkistollstjóri skipi tollverði og sé heimilt að setja tollverði tímabundið til starfa. Með vísan til almennra athugasemda er lagt til að orðið „ríkistollstjóri“ verði fellt brott úr greininni.

Um 9. gr.

Með greininni er orðið „ríkistollstjóri“ fellt brott úr fyrirsögn kaflans.

Um 10. gr.

Með vísan til almennra athugasemda er lagt til að ráðherra verði, í stað ríkistollstjóra, falið að setja reglur um notkun handjárna og gasvopna.

Um 11. gr.

Með vísan til almennra athugasemda er lagt til að ráðherra verði, í stað ríkistollstjóra, falið að ákveða gerð innsigla og notkun þeirra.

Um 12. gr.

Til skýringar er vísað til almennra athugasemda með frumvarpinu.

Um 13. gr.

Með vísan til almennra athugasemda er lagt til að ráðherra verði, í stað ríkistollstjóra, falið að ákveða form og efni skýrslna vegna fara í utanlandsferðum.

Um 14. gr.

Með vísan til almennra athugasemda er lagt til að ráðherra verði, í stað ríkistollstjóra, falið að veita sérstök leyfi til að annast flutning á ótollafgreiddum vörum innan lands.

Um 15. gr.

Um skýringar vísast til athugasemda við 17. gr. frumvarpsins.

Um 16. gr.

Í a-lið greinarinnar er mælt fyrir um að tilteknir úrskurðir tollstjóra sæti kæru til ríkistollanefndar með sama hætti og nú er. Aðrir úrskurðir tollstjóra sæta kæru til fjármálaráðherra í stað ríkistollstjóra eins og nú er.

Í b-lið greinarinnar er gert ráð fyrir að tollstjórinn í Reykjavík geti kært tiltekna úrskurði tollstjóra til til ríkistollanefndar. Samkvæmt gildandi lögum er þessi heimild nú í höndum ríkistollstjóra. Um röksemdir fyrir breytingunni er vísað til almennra athugasemda með frumvarpinu varðandi samræmingarhlutverk tollstjórans í Reykjavík.

Í c-lið er lagt til að ríkistollanefnd sendi tollstjóranum í Reykjavík, í stað ríkistollstjóra nú, afrit af kæru innflytjanda ásamt fylgigögnum.

Um d-lið greinarinnar er vísað til athugasemda við 17. gr. frumvarpsins.

Um 17. gr.

Lagt er til að úrskurðir tollstjóra, aðrir en þeir sem sérstök heimild er til að kæra til ríkistollanefndar, sæti kæru til fjármálaráðherra. Samkvæmt gildandi lögum er meginreglan sú að slíkir úrskurðir sæti kæru til ríkistollstjóra. Í þeim tilvikum sem hér um ræðir er oft mikilvægt fyrir þann sem kærir að fá skjóta úrlausn sinna mála. Í ljósi þess og að almennt er um að ræða fremur litla fjárhagslega hagsmuni er lagt til að þeir úrskurðir tollstjóra sem kveðið er á um í 102. gr. tollalaga sæti kæru til fjármálaráðherra.

Um 18. gr.

Með vísan til samræmingarhlutverks tollstjórans í Reykjavík og almennra athugasemda er lagt til að tollstjóranum í Reykjavík verði, í stað ríkistollstjóra, send tiltekin gögn er varða bindandi upplýsingar um tollflokkun vöru.

Um 19. gr.

Með vísan til almennra athugasemda er lagt til að ráðherra verði, í stað ríkistollstjóra, falið að setja reglur um skil tollstjóra á upplýsingum úr aðflutnings- eða útflutningsskjölum og öðrum gögnum að höfðu samráði við Hagstofu Íslands.

Um II.–VI. kafla

Í II.–VI. kafla frumvarpsins, þ.e. 20.–24. gr., er mælt fyrir um breytingar á nokkrum lögum þar sem kveðið er á um hlutverk ríkistollstjóra. Í þeim tilvikum er gert ráð fyrir að

hlutverk ríkistollstjóra verði falið fjármálaráðherra eða tollstjóranum í Reykjavík eftir atvikum í samræmi við þá stefnumótun sem gerð er grein fyrir í almennum athugasemdum við frumvarpið.

Um 20. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga um vörugjald, nr. 97/1987, með síðari breytingum, getur gjaldskyldur aðili og ríkistollstjóri skotið úrskurði tollstjóra skv. 1. mgr. 11. gr. laganna til ríkistollanefndar. Þó er mælt fyrir um að úrskurður tollstjóra um niðurfellingu eða lækkun gjalda á grundvelli 3., 5. eða 6. gr. tollalaga sæti kæru til ríkistollstjóra.

Með hliðsjón af því samræmingar- og eftirlitshlutverki sem tollstjóranum í Reykjavík er ætlað að fara með í umboði fjármálaráðherra er lagt til að mælt verði fyrir um að tollstjórinn í Reykjavík geti skotið úrskurðum skv. 1. mgr. 11. gr. laga um vörugjald til ríkistollanefndar. Enn fremur er gert ráð fyrir að úrskurður tollstjóra um niðurfellingu eða lækkun gjalda á grundvelli 3., 5. eða 6. gr. tollalaga sæti kæru til fjármálaráðherra sem æðsta yfirmanns tollamála. Um röksemdir fyrir því er vísað til athugasemda með 17. gr. frumvarpsins.

Um 21. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt sætir úrskurður tollstjóra um niðurfellingu eða endurgreiðslu virðisaukaskatts skv. 1.–6. tölul. 1. mgr. sömu greinar, kæru til ríkistollstjóra. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að nefndir úrskurðir sæti kæru til fjármálaráðherra. Um röksemdir fyrir því er vísað til athugasemda með 17. gr. frumvarpsins.

Um 22. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga um gjald af áfengi, nr. 96/1995, með síðari breytingum, sætir úrskurður tollstjóra um niðurfellingu eða endurgreiðslu áfengisgjalds skv. 6. gr. laganna kæru til ríkistollstjóra í samræmi við 102. gr. tollalaga. Lagt er til að umræddir úrskurðir tollstjóra sæti kæru til fjármálaráðherra sem æðsta yfirmanns tollamála. Um röksemdir fyrir því er vísað til athugasemda með 17. gr. frumvarpsins.

Um 23. gr.

Samkvæmt 8. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, er ríkistollstjóri, tollstjórinn í Reykjavík og tollverðir embættismenn. Þar sem gert er ráð fyrir því í frumvarpi þessu að embætti ríkistollstjóra verði lagt niður er lagt til að orðið „ríkistollstjóri“ verði fellt brott úr þessari upptalningu.

Um 24. gr.

Í 4. mgr. 9. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, er mælt fyrir um að ríkistollstjóri sé handhafi lögregluvalds. Þar sem gert er ráð fyrir því í frumvarpi þessu að embætti ríkistollstjóra verði lagt niður er lagt til að orðið „ríkistollstjóri“ verði fellt brott úr lögunum.

Um 25. gr.

Ákvæðið tekur til þeirra starfsmanna embættis ríkistollstjóra sem ekki verða fluttir á grundvelli 36. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en undir það ákvæði falla tollverðir sem hafa skipun til starfsins, sbr. 8. tölul. 1. mgr. 22. gr. og 23. gr. þeirra laga.

Stefnt er að því að starfsmönnum ríkistollstjóra verði boðin störf við sömu eða sambærileg verkefni og þeir gegna nú, enda mikilvægt að nýta áfram sem best þá reynslu og sérþekkingu sem starfsmenn embættisins búa yfir. Með ákvæðinu er leitast við að tryggja að þrátt fyrir breytingarnar fái núverandi starfsmenn ríkistollstjóra áfram starf við sitt hæfi.

Um 26. gr.

Í greininni er mælt fyrir um gildistöku laganna.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, og fleiri lögum er varða tollgæslu og tollheimtu.

Með frumvarpinu er lögð til sú meginbreyting að embætti ríkistollstjóra verði lagt niður og verkefni þess falin fjármálaráðherra og tollstjóranum í Reykjavík. Samhliða því verði starfsemi tollstjórans í Reykjavík efld, sem og þáttur fjármálaráðuneytisins í yfirumsjón með tollkerfinu.

Að mati fjármálaráðuneytisins mun breytingin ekki hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs þar sem hún mun einfalda skipulag og bæta nýtingu starfskrafta.

434. Tillaga til þingsályktunar [334. mál]

um eyðingu villts minks og rannsóknir á minkastofninum.

Flm.: Árni Gunnarsson, Ólafur Örn Haraldsson,
Drífa Hjartardóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að skipa nefnd sem geri tillögur um stórauknar aðgerðir til eyðingar villiminks. Jafnframt verði nefndinni falið, í samvinnu við veiðistjóraembættið, að gera tillögur um fjármögnun aukinna minkaveiða og frekari rannsókna á minkastofninum og áhrifum hans á íslenska náttúru. Nefndin verði skipuð fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bændasamtökum Íslands og embætti veiðistjóra.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er lögð fram til að vekja athygli á alvarlegu ástandi sem skapast með fjölgun minka í íslenskri náttúru og gera tillögur til úrbóta. Flest bendir til þess að minkurinn sé mun meiri vágestur í lífríkinu en hingað til hefur verið talið og er ljóst að hefja þarf nýja sókn í veiðum á mink til að halda stofninum niðri. Samhliða því þarf að auka rannsóknir.

Landnám minks hér má rekja til eldisdýra sem sluppu úr búum loðdýraræktenda á fyrri hluta 20. aldar. Saga villts minks á Íslandi er því ekki nema nokkurra áratuga löng. Fyrstu staðfestu tölur um veiði minks frá veiðistjóraembættinu eru frá 1957 en þá veiddust rúmlega 1.800 dýr. Árið 2000 er gert ráð fyrir að veiddir verði um 6.350 minkar. Lauslega má áætla að sveitarfélög greiði veiðimönnum um 30 millj. kr. á þessu ári fyrir minkaveiðar. Af þeirri upphæð endurgreiðir ríkið helming.

Náttúruvísindamenn og veiðimenn eru sammála um að flest bendi til að minkastofninn hér á landi stækki enn. Þetta merkja menn m.a. af því að minkagreni finnast nú lengra inn í landi og fjær ám og vötnum en verið hefur. Einnig hefur komið í ljós í rannsóknum á afföllum rjúpu að minkurinn er meiri valdur að afföllum hennar en menn höfðu gert ráð fyrir. Tiltölulega litlar upplýsingar liggja fyrir um íslenska minkastofninn. Þannig hafa menn t.d. ekki treyst sér til að meta stofnstærðina, né heldur hversu mikið þarf að veiða af mink á ári til að hefta útbreiðslu hans. Í veiðidagbók 2000 segir veiðistjóri um minkaveiðina: „Í þeim tilraunum okkar að halda minkastofninum niðri erum við í besta falli á skipulögðu undanhaldi, í versta falli er stríðið tapað með núverandi aðferðum."

Miklir hagsmunir eru í húfi. Ekki einungis fyrir æðarbændur, veiðiréttarhafa í ám og vötnum og aðra er horfa upp á beint tekjutap vegna búsifja af völdum minks. Frekari útbreiðsla minks getur haft mjög skaðleg áhrif á ýmsa fuglastofna hér á landi. Í Finnlandi eru stundaðar ítarlegar rannsóknir á skaðsemi minks í finnska skerjagarðinum en þær hafa meðal annars leitt í ljós að minkur hefur veruleg áhrif á afkomu andartegunda og minni sjófugla á svæðinu.

435. Fjáraukalög [156. mál]

fyrir árið 2000.

(Afgreidd frá Alþingi 5. des.)

Samhljóða þskj. 366 (sbr. 156) með þessum breytingum:

A-hluti.
Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

1. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2000, sbr. sundurliðun 1 og 2:

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Skatttekjur	**16.325,1**	**15.945,1**
Skattar á tekjur og hagnað	7.380,0	7.143,0
Tryggingagjöld	942,0	1.013,0
Eignarskattar	437,0	433,0
Skattar á vörur og þjónustu	7.488,1	7.278,1
Aðrir skattar	78,0	78,0
Aðrar rekstrartekjur	1.468,9	1.173,9
Sala eigna	-3.400,0	-3.400,0

Fjármagnstilfærslur	-50,0	-50,0
Tekjur samtals	**14.344,0**	**13.669,0**
Æðsta stjórn ríkisins	130,0	130,0
Forsætisráðuneyti	142,2	142,2
Menntamálaráðuneyti	483,7	483,7
Utanríkisráðuneyti	1.199,3	1.199,3
Landbúnaðarráðuneyti	200,6	200,6
Sjávarútvegsráðuneyti	-68,0	-68,0
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	270,0	270,0
Félagsmálaráðuneyti	433,9	425,9
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	2.220,6	2.220,6
Fjármálaráðuneyti	878,0	878,0
Samgönguráðuneyti	700,2	878,2
Iðnaðarráðuneyti	192,0	192,0
Viðskiptaráðuneyti	36,2	50,5
Hagstofa Íslands	35,0	35,0
Umhverfisráðuneyti	187,0	187,0
Vaxtagjöld ríkissjóðs	1.200,0	6.820,0
Gjöld samtals	**8.240,7**	**14.045,0**
Tekjujöfnuður	**6.103,3**	

A-hluti.
Sjóðstreymi ríkissjóðs.

2. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2000:

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	6.103,3
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-2.560,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-65,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-454,3
Handbært fé frá rekstri	**3.024,0**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	4.908,0
Veitt löng lán	887,0
Afborganir veittra lána	340,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	50,0

Sala hlutabréfa og eignarhluta	-5.934,0
Fjármunahreyfingar samtals	**250,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**3.274,0**
Fjármögnun	
Tekin stutt lán	-3.900,0
Tekin löng lán	24.400,0
Afborganir lána	-7.900,0
Fjármögnun samtals	**12.600,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	-7.000,0
Breyting á handbæru fé	**8.874,0**

Ýmis ákvæði.

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.

3. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2000:

1. Í stað orðanna „allt að 5.000 m.kr.“ í 1. tölul. kemur: allt að 25.500 m.kr.

2. Á 2. tölul. verða eftirtaldar breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 6.015 m.kr.“ í inngangsmálslið kemur: allt að 5.128 m.kr.
   b. Liður 2.2 fellur niður.

3. Á 3. tölul. verða eftirtaldar breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 11.800 m.kr.“ í lið 3.1 kemur: allt að 13.200 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 29.264 m.kr.“ í lið 3.2 kemur: allt að 28.564 m.kr.
   c. Í stað orðanna „allt að 1.461 m.kr.“ í lið 3.3 kemur: allt að 1.037 m.kr.
   d. Í stað orðanna „allt að 2.373 m.kr.“ í lið 3.5 kemur: allt að 2.797 m.kr.
   e. Í stað orðanna „allt að 1.800 m.kr.“ í lið 3.7 kemur: allt að 2.300 m.kr.
   f. Við 3. tölul. bætist nýr liður, svohljóðandi:
      3.9 Rafmagnsveitum ríkisins, allt að 550 m.kr., sbr. 62. gr. orkulaga, nr. 58/1967 með áorðnum breytingum.

Ýmis ákvæði

Heimildir

4. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi breyting verður á 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2000:

Breyting á heimildum:

Liður 8.12 í lögunum orðast svo: Að greiða Varasjóði viðbótarlána framlag til innlausnar íbúða í félagslega íbúðakerfinu.

Nýir liðir:

1.8 Að fella niður eða endurgreiða toll og tengd gjöld af farþegaferjunni Lagarfljótsorminum.

2.44 Að selja fasteignina að Aragötu 3 í Reykjavík og verja andvirðinu í þágu Háskólabókasafns í samræmi við erfðaskrá dr. Jóns Steffensens.

3.25 Að selja hlut ríkissjóðs í Laugardalshöllinni.
3.26 Að selja 15% af eignarhlut ríkissjóðs í sundlaug Grensásdeildar.

4.31 Að selja jörðina Hól, Hjaltastaðaþinghá, Suður-Múlasýslu.
4.32 Að selja jörðina Hólshjáleigu, Hjaltastaðaþinghá, Suður-Múlasýslu.
4.33 Að selja jörðina Ormsstaði í Eiðaþinghá, Suður-Múlasýslu.
4.34 Að selja jörðina Gröf í Eiðaþinghá, Suður-Múlasýslu.
4.35 Að selja jörðina Þuríðarstaði, í Eyvindarárdal, Suður-Múlasýslu.
4.36 Að selja eignarhluta Skógræktar ríkisins í jörðinni Straumi í Hafnarfirði.
4.37 Að selja eignarhluta Skógræktar ríkisins í jörðinni Hvítsstöðum, Álftaneshreppi, Mýrasýslu.

7.38 Að kaupa húsnæði fyrir Vinnueftirlits ríkisins á Akranesi.
7.39 Að kaupa húsnæði fyrir Svæðisvinnumiðlun Vesturlands á Akranesi.

8.18 Að taka við fasteigninni Bygggörðum 7 á Seltjarnarnesi að gjöf frá Læknafélagi Íslands vegna Nesstofusafns.

8.19 Að greiða 700 m.kr. aukaframlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um úthlutunina í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Sundurliðun 1.
Tekjur A-hluta.

Sundurliðun 1, **Tekjur A-hluta**, hljóðar svo:

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	5.091,0	4.887,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	526,0	510,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur	1.530,0	1.530,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**7.147,0**	**6.927,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	598,0	581,0

1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	-380,0	-380,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	15,0	15,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**-365,0**	**-365,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**7.380,0**	**7.143,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	33,0	33,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	1.459,0	1.530,0
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	-550,0	-550,0
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**942,0**	**1.013,0**
	Tryggingagjöld	**942,0**	**1.013,0**
3	**Skattar á launagreiðslur**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	7,0	7,0
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	434,0	428,0
4.2.2.1	Eignarskattar, lögaðilar	11,0	14,0
	Skattar á hreina eign	**445,0**	**442,0**
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	209,0	209,0
4.4.1	Stimpilgjöld	-127,0	-128,0
4.5.2.5	Sértækir eignarskattar á aðrar eignir	-90,0	-90,0
	Eignarskattar	**437,0**	**433,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	7.981,0	7.699,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	-302,0	-248,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	-174,0	-183,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	-424,0	-406,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	-98,0	-98,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	222,0	222,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	107,0	103,0
5.1.2.5	Hagnaður af einkasölu	-212,0	-212,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	-176,0	-165,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	67,0	67,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**6.991,0**	**6.779,0**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	-92,0	-90,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	576,0	576,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	4,8	4,8

5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	8,3	8,3
	Neyslu- og leyfisgjöld	**497,1**	**499,1**
	Skattar á vörur og þjónustu	**7.488,1**	**7.278,1**
6	**Aðrir skattar**		
6.1	Aðrir skattar á atvinnurekstur	9,0	9,0
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	62,0	62,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**71,0**	**71,0**
	Aðrir skattar	**71,0**	**71,0**
	Skatttekjur, samtals	**16.325,1**	**15.945,1**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	-183,0	-183,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	-410,0	-410,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**-593,0**	**-593,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	470,0	175,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	1.140,0	1.140,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	445,0	445,0
	Aðrar eignatekjur	**2.055,0**	**1.760,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**1.462,0**	**1.167,0**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	6,9	6,9
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**1.468,9**	**1.173,9**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna, þ.m.t. söluhagnaður**		
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	-3.400,0	-3.400,0
	Sala eigna, samtals	**-3.400,0**	**-3.400,0**

IV	**Fjármagnstilfærslur**		
16	**Fjármagnstilfærslur frá öðrum en opinberum aðilum**		
16.1.1.10	Endurgreiddur kostnaður við virkjanarannsóknir	-50,0	-50,0
	Fjármagnstilfærslur, samtals	**-50,0**	**-50,0**
		Heildartekjur samtals	**14.344,0**	**13.669,0**

Sundurliðun 2.
Fjármál ríkisaðila í A-hluta.

Eftirtaldir liðir í sundurliðun 2, **Fjármál ríkisaðila í A-hluta**, breytast eða bætast við og hljóða svo:

		M.kr.
00-610	**Umboðsmaður Alþingis**	
	Stofnkostnaður:	
	6.01 Tæki og búnaður	2,0
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	2,0
01-190	**Ýmis verkefni**	
	Almennur rekstur:	
	1.14 Ritun sögu Stjórnarráðsins	3,9
	1.23 Hrafnseyri	6,0
	1.52 Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	19,2
	1.53 Landafundanefnd	16,9
	1.55 Íslenskt bókasafn við háskólann í Manitoba, Kanada	10,0
	1.90 Ýmis verkefni	22,2
	Almennur rekstur samtals	78,2
	Stofnkostnaður:	
	6.53 Stafkirkja í Vestmannaeyjum	3,0
	Gjöld samtals	**81,2**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	81,2

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	90,0
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	4,9
Almennur rekstur samtals	94,9
Gjöld samtals	**94,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,9
Gjöld umfram tekjur	**90,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	90,0

02-451 Símenntun og fjarvinnsluverkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Símenntun og fjarvinnsluverkefni	6,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,0

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	11,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,7

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:	
1.90 Ýmis íþróttamál	12,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,0

03-320 Sendiráð, almennt

Almennur rekstur:	
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld sendiráða og fastanefnda	77,3

Stofnkostnaður:
6.21 Sendiráð Íslands í Berlín 23,0
6.26 Sendiráð Íslands í Ottawa 110,0
6.27 Sendiráð Íslands í Tókíó 800,0
6.90 Tæki og búnaður 48,0
Stofnkostnaður samtals 981,0

Gjöld samtals **1.058,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.058,3

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:
1.18 Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, lánveitingar til fátækra ríkja (ESAF) 20,0
1.85 Friðargæsla ..... -43,0
1.91 Átak í lækkun skulda þróunarríkja 67,0
Almennur rekstur samtals 44,0

Gjöld samtals **44,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 44,0

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:
1.10 Útflutningsráð Íslands 9,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,0

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Vinnueftirlit ríkisins 5,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 8,0

Gjöld samtals **13,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0
Viðskiptahreyfingar 8,0

07-400 Barnaverndarstofa

Almennur rekstur:
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga 17,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 17,8

07-711 Styrktarfélag vangefinna

Almennur rekstur:
1.20 Sambýli 33,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 33,0

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 831,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 831,4

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna 33,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 33,0

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 38,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,8

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	44,9
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	11,0
6.50 Nýbygging	35,0
Stofnkostnaður samtals	46,0
Gjöld samtals	**90,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	90,9

08-371 Ríkisspítalar

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisspítalar	209,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	209,7

08-373 Sjúkrahús í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Ýmis skipulags- og rekstrarverkefni	196,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	196,3

08-385 Framkvæmdasjóður aldraða

Stofnkostnaður:	
6.01 Stofnkostnaður og endurbætur	15,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,0

08-431 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands

Stofnkostnaður:	
6.21 Stofnkostnaðarstyrkur til heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands	6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

08-510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík 33,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 33,1

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 5,0
1.11 Sjúkrasvið 10,0
Almennur rekstur samtals 15,0

Gjöld samtals **15,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:
1.11 Fjármagnstekjuskattur ..... -380,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -380,0

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.60 Dómkröfur 50,0
1.71 Aðstoð vegna snjóflóðs á Flateyri 50,0
1.75 Aðstoð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi 350,0
Almennur rekstur samtals 450,0

Gjöld samtals **450,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 450,0

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	10,0
1.23 Slysavarnaskóli sjómanna	7,4
Almennur rekstur samtals	17,4
Gjöld samtals	**17,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,4

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaeftirlitið	-7,4
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	6,9
Viðskiptahreyfingar	-14,3

436. Frumvarp til laga [177. mál]

um breyting á lögum um Blindrabókasafn Íslands, nr. 35/1982, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 5. des.)

1. gr.

2. gr. laganna hljóðar svo:

Blindrabókasafn Íslands miðlar skáldverkum, fræðiritum og öðru efni, þar á meðal námsgögnum, til blindra og til þeirra sem eiga við lestrarörðugleika að etja í sem bestu samræmi við óskir og þarfir lesandans.

Blindrabókasafn fylgist með nýjungum á sínu sviði og kynnir þær. Safnið skal hafa samstarf við aðila sem standa að skipulagningu bókasafnsmála, þá sem vinna að framleiðslu og dreifingu námsefnis og þá sem starfa að málefnum blindra og sjónskertra og annarra hópa fatlaðra sem njóta þjónustu safnsins.

2. gr.

Í stað orðanna „Bókavarðafélagi Íslands“ í c-lið 1. mgr. 3. gr. laganna og „Bókavarðafélag Íslands“ í 10. gr. laganna kemur: Upplýsingu – Félagi bókasafns- og upplýsingafræða, og: Upplýsingu – Félag bókasafns- og upplýsingafræða.

3. gr.

5. gr. laganna hljóðar svo:

Blindrabókasafn skiptist í þrjár deildir, útláns- og upplýsingadeild, námsbókadeild og tæknideild. Að öðru leyti skal starfsskipting stofnunarinnar ákveðin í reglugerð, sbr. 10. gr. Verkefni deilda eru í megindráttum þessi:

a. Útláns- og upplýsingadeild. Þar fer fram flokkun og skráning safnkosts, upplýsingaþjónusta, útlán og kynning á þjónustu Blindrabókasafnsins í heild.
b. Námsbókadeild. Aflar og gefur út námsefni við hæfi blindra, sjónskertra og annarra sem ekki geta fært sér venjulegt prentað letur í nyt.
c. Tæknideild. Sér um framleiðslu útlánsefnis, varðveislu frumgagna og viðhald safnkosts.

4. gr.

6. gr. laganna hljóðar svo:

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Blindrabókasafns Íslands til fimm ára að fenginni umsögn stjórnar safnsins. Forstöðumaðurinn annast yfirstjórn safnsins, er í fyrirsvari fyrir safnið út á við, ber ábyrgð á rekstri þess og stjórnar daglegum rekstri. Jafnframt annast hann ráðningar annarra starfsmanna.

5. gr.

7. gr. laganna hljóðar svo:

Stjórn Blindrabókasafns skipar þriggja manna bókvalsnefnd til tveggja ára í senn. Hlutverk hennar er að móta stefnu í bókvali og gæta jafnvægis milli fræðslu- og skemmtiefnis. Í henni skulu sitja einn bókmenntafræðingur, einn sérkennari og einn fulltrúi Blindrafélagsins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

437. Þingsályktun [55. mál]

um rannsóknir á ferjuaðstöðu við Bakkafjöru undan Vestmannaeyjum.

(Afgreidd frá Alþingi 5. des.)

Samhljóða þskj. 55.

438. Fyrirspurn [335. mál]

til sjávarútvegsráðherra um löndun á þorski erlendis sem veiddur var á Íslandsmiðum og stærðarflokkun þorskaflans á árunum 1930–80.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Hversu mörgum tonnum af þorski, sem veiddur var eða skráður sem þorskafli á Íslandsmiðum, var landað á árunum 1930–80 í Bretlandi af breskum skipum, sundurliðað eftir árum? Hve mikið af þessum afla var flokkað sem þyrsklingur („codling“) í tonnum talið og sem hlutfall af heildarafla þorsks af Íslandsmiðum á áðurnefndu tímabili, sundurliðað eftir árum?
2. Hve miklu var landað af íslenskum skipum á sömu árum í Bretlandi eða öðrum löndum, sundurliðað eftir stærðarflokkum og árum?
3. Hversu mikill var þorskafli annarra þjóða en Breta og Íslendinga á tímabilinu, sundurliðað eftir árum?
4. Er til sundurliðun um stærðarsamsetningu þorsks í skráðum heimildum um þorskafla annarra þjóða en Breta og Íslendinga og ef svo er, hvernig er stærðarsamsetning aflans og um hvaða stærðarviðmið er að ræða? Er til stærðarflokkur sambærilegur við þyrskling („codling“) sem seldur var í Bretlandi á áðurnefndu tímabili og ef svo er, hvert er magn hans í tonnum og hlutfall af heildarþorskafla?
5. Hversu miklu var landað af þorski til fiskmjölsframleiðslu hérlendis á áðurnefndu tímabili, sundurliðað eftir árum og veiðarfærum?
6. Hvar var aflinn veiddur og á hvaða höfnum eða hjá hvaða fiskimjölsverksmiðjum var landað?

Skriflegt svar óskast.

439. Fyrirspurn [336. mál]

til umhverfisráðherra um íslenska rjúpnastofninn.

Frá Árna Gunnarssyni.

1. Hver er áætluð stærð rjúpnastofnsins að vori annars vegar og að hausti hins vegar?
2. Hve mikil eru náttúruleg afföll áætluð?
3. Hve margar rjúpur hafa verið skotnar á ári samkvæmt veiðiskýrslum sl. tíu ár?
4. Hefur veiðiálag breyst?
5. Hve margir stunda rjúpnaveiðar á ári hverju samkvæmt veiðiskýrslum?
6. Hvaða aðferðir koma til greina til að stækka varpstofn rjúpunnar?

Skriflegt svar óskast.

440. Fyrirspurn [337. mál]

til umhverfisráðherra um íslenska hrafninn.

Frá Árna Gunnarssyni.

1. Hafa rannsóknir á viðkomu hrafna undanfarna tvo áratugi leitt í ljós marktækar breytingar á stærð hrafnastofnsins?
2. Hefur verið sýnt fram á að fækkun hrafna geti haft áhrif á aðra stofna í lífríkinu?

Skriflegt svar óskast.

441. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá Kristjáni L. Möller, Gísla S. Einarssyni, Einari Má Sigurðarsyni og Össuri Skarphéðinssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **06-390 Ýmis löggæslumál**			
1.16 Sérstakt átak í umferðarmálum	0,0	100,0	100,0

442. Svar [255. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um ráðningar í stöðu dómara.

1. *Hvaða stöður dómara við Hæstarétt og héraðsdóma hafa losnað sl. fimm ár?*
2. *Hve margir sóttu um hverja dómarastöðu, skipt eftir kyni?*
3. *Hvernig var hver umsagnarnefnd fyrir sig skipuð, skipt eftir kyni, við ráðningu í hverja stöðu í héraðsdómi á þessu tímabili?*

Á tímabilinu hefur losnað ein staða hæstaréttardómara og átta stöður héraðsdómara.

Fjöldi umsækjenda um þessar stöður og skipting þeirra, auk umsagnarnefnda, eftir kyni var eftirfarandi:

Hæstiréttur (2000): 4 umsækjendur, 1 karl og 3 konur.

Héraðsdómur Reykjavíkur (1996): 17 umsækjendur, 9 konur og 8 karlar, umsagnarnefnd var skipuð 3 körlum.

Héraðsdómur Austurlands (1997): 7 umsækjendur, 6 karlar og 1 kona, umsagnarnefnd var skipuð 3 körlum.

Héraðsdómur Reykjaness (1997): 10 umsækjendur, 4 konur og 6 karlar, umsagnarnefnd var skipuð 3 körlum.
Héraðsdómur Suðurlands (1997): 9 umsækjendur, 4 konur og 5 karlar, umsagnarnefnd var skipuð 3 körlum.
Héraðsdómur Vestfjarða (1998): 2 umsækjendur, karlar, umsagnarnefnd var skipuð 3 körlum.
Héraðsdómur Suðurlands (1998): 8 umsækjendur, 3 konur og 5 karlar, umsagnarnefnd var skipuð 3 körlum.
Héraðsdómur Reykjavíkur (1999): 13 umsækjendur, 6 konur og 7 karlar, umsagnarnefnd var skipuð 3 körlum.
Héraðsdómur Suðurlands (1999): 13 umsækjendur, 6 konur og 7 karlar, umsagnarnefnd var skipuð 2 körlum og 1 konu.

4. *Hve margar konur skipa stöðu dómara við Hæstarétt og héraðsdóma og hve hátt hlutfall er það af heildarfjölda dómara og við hvern dómstól fyrir sig?*

Í Hæstarétti skipar 1 kona stöðu dómara og 8 karlar, 11% konur, 89% karlar.
Í Héraðsdómi Reykjavíkur situr 21 dómari, 8 konur og 13 karlar, 38% konur, 62% karlar.
Í Héraðsdómi Vesturlands situr 1 karl.
Í Héraðsdómi Vestfjarða situr 1 karl.
Í Héraðsdómi Norðurlands vestra situr 1 karl.
Í Héraðsdómi Norðurlands eystra sitja 2 karlar.
Í Héraðsdómi Austurlands situr 1 karl.
Í Héraðsdómi Suðurlands sitja 3 dómarar, 1 kona og 2 karlar, 33% konur og 67% karlar.
Í Héraðsdómi Reykjaness sitja 7 dómarar, 1 kona og 6 karlar, 14% konur, 86% karlar.

443. Svar [184. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um málefni barna og unglinga í hópi nýbúa.

Fyrir liggur ítarleg skýrsla, „Um stöðu og þátttöku útlendinga í íslensku samfélagi“, sem nefnd um málefni útlendinga skipuð af menntamálaráðherra skilaði í júní 1997. Í nefndarálitinu er m.a. fjallað um stefnu í málefnum útlendinga og þá þætti sem hafa áhrif á aðlögun útlendinga að nýju samfélagi. Fjallað er um fjölda útlendinga hér á landi, skilgreiningar á hugtökum, frumréttarstöðu útlendinga hér á landi og rætt um réttindi útlendinga hvað varðar kennslu, félagslega þjónustu, heilbrigðisþjónustu, almannatryggingar og vinnumarkað auk þess sem túlkunar- og upplýsingamálum eru gerð skil. Í kjölfar þessa nefndarálits var ákveðið að Páll Pétursson félagsmálaráðherra hefði forustu um það á vegum ríkisstjórnarinnar að skipa vinnuhóp með fulltrúum ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga til að fjalla um málefni nýbúa.

1. *Hverjir eru fimm stærstu málhóparnir á Íslandi nú, auk þess íslenska, og hve margir eru í hverjum þeirra?*

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands fluttust árið 1999 1.918 erlendir ríkisborgarar til Íslands, en 954 erlendir ríkisborgarar frá landinu, þ.e. 964 aðfluttir umfram brottflutta.

Á eftirfarandi yfirliti má sjá búferlaflutninga til Íslands árið 1999 eftir ríkisfangi, þ.e. 10 fjölmennustu löndin.

Búferlaflutningur til Íslands árið 1999, eftir ríkisfangi, 10 stærstu hóparnir:

1.	Pólland	255
2.	Danmörk	182
3.	Júgóslavía	166
4.	Svíþjóð	126
5.–6.	Bandaríkin	99
5.–6.	Filippseyjar	99
7.	Tæland	91
8.	Þýskaland	81
9.	Noregur	76
10.	Bretland	61

Á eftirfarandi töflu má sjá yfirlit frá Hagstofu Íslands um mannfjölda á Íslandi 31. desember 1999 eftir ríkisfangslandi, þ.e. stærstu hópana. Samtals voru þá á þjóðskrá 7.271 einstaklingur með annað ríkisfangsland en Ísland.

Mannfjöldi á Íslandi eftir ríkisfangslandi 31. desember 1999, 10 stærstu hóparnir:

1.	Pólland	1.189
2.	Danmörk	941
3.	Bandaríkin	568
4.	Tæland	395
5.	Þýskaland	352
6.	Bretland	347
7.	Filippseyjar	341
8.	Júgóslavía	331
9.	Svíþjóð	305
10.	Noregur	302

2. *Hve stór hluti þessara hópa eru börn og unglingar á grunn- eða framhaldsskólaaldri?*

Nemendur á grunnskólaaldri.

Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar hjá Hagstofu Íslands og ná til nemenda í grunnskóla sem skráðir eru hjá Hagstofunni með erlent móðurmál haustið 1999.

Nemendur í grunnskóla með erlent móðurmál að hausti 1999.

	Alls	Á höfuðborgarsvæði, %	Utan höfuðborgarsvæðis, %
Alls	**920**	**58,0**	**42,0**
Enska	159	67,9	32,1
Tælenska	93	48,4	51,6
Pólska	91	28,6	71,4
Filippeysk mál	66	54,5	45,5
Sænska	51	68,6	31,4
Danska	48	62,5	37,5
Norska	43	46,5	53,5
Serbókróatíska	43	32,6	67,4
Víetnamska	38	97,4	2,6
Þýska	37	59,5	40,5
Albanska	35	60,0	40,0
Rússneska	31	77,4	22,6
Spænska	20	55,0	45,0
Franska	18	61,1	38,9
Portúgalska	18	44,4	55,6
Finnska	14	78,6	21,4
Færeyska	14	42,9	57,1
Ungverska	13	15,4	84,6
Hollenska	12	50,0	50,0
Kínverska	10	80,0	20,0
Önnur mál og óskilgreint [1)]	66	80,3	19,7

[1)] Tungumál sem færri en 10 grunnskólanemendur tala sem móðurmál og nemendur með ótilgreint móðurmál.
Skilgreining: Forráðamenn nemandans (annar eða báðir) hafa annað tungumál að móðurmáli en íslensku og nota það að staðaldri í daglegum samskiptum sínum við nemandann.

Nemendur á framhaldsskólaaldri.

Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar frá Hagstofu Íslands og miðast við haustið 1999. Fyrir framhaldsskólanema er einungis hægt að byggja á ríkisfangi framhaldsskólanemenda. Meðfylgjandi er tafla yfir ríkisfang nemenda í framhaldsskólum. Sumir þessara nemenda eru væntanlega skiptinemar, auk þess sem ekki er sjálfgefið að nemendurnir séu af erlendum uppruna þótt þeir hafi erlent ríkisfang.

Nemendur í framhaldsskólum haustið 1999 eftir ríkisfangi.

Ríkisfang		Fjöldi nemenda
DK	Danmörk	49
US	Bandaríkin	26
DE	Þýskaland	16
SE	Svíþjóð	15
GB	Bretland	12
NO	Noregur	12
TH	Tæland	9
PL	Pólland	8
AT	Austurríki	7
BE	Belgía	6
PH	Filippseyjar	6
RU	Rússland	6

A.m.k. 5 nemendur með ríkisfang.

3. *Í hvaða sveitarfélögum eiga þessi börn og unglingar heima?*

Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar frá Hagstofu Íslands og miðað er við haustið 1999. Um er að ræða upplýsingar um fimm algengustu erlendu móðurmál nemenda grunnskóla, skipt eftir sveitarfélögum ef fleiri en 5 nemendur tala viðkomandi mál í sveitarfélaginu.

Nemendur grunnskóla með erlent móðurmál eftir sveitarfélögum skóla haustið 1999.

Sveitarfélag	Fjöldi nemenda
Enska	*159*
Reykjavík	92
Fjarðabyggð	9
Akureyri	8
Húsavík	8
Garðabær	7
Reykjanesbær	7
Önnur sveitarfélög	28
Tælenska	*93*
Reykjavík	37
Sandgerði	9
Vatnsleysustrandarhreppur	7
Önnur sveitarfélög	40
Pólska	*91*
Reykjavík	23
Eyrarsveit	9
Ísafjarðarbær	9
Fjarðabyggð	8
Snæfellsbær	6
Önnur sveitarfélög	36
Filippeysk mál	*66*
Reykjavík	32
Önnur sveitarfélög	34
Sænska	*51*
Reykjavík	21
Önnur sveitarfélög	30

Skýringar: Fimm algengustu erlendu móðurmál nemenda
Greint eftir sveitarfélagi ef fleiri en fimm nemendur hafa tungumál

4. *Hvaða lögboðnu þjónustu eiga grunnskólanemendur í þessum hópi rétt á varðandi*
   a. *íslenskunám,*
   b. *móðurmálsnám,*
   c. *almenna aðlögun að því samfélagi sem þeir búa í?*

Íslenskunám.

Í lögum um grunnskóla, nr. 66/1995, eru ákvæði um sérstaka íslenskukennslu. Þar segir: „Nemendur, sem hafa annað móðurmál en íslensku, eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku. Heimilt er að veita þessum nemendum undanþágu frá því að þreyta samræmt lokapróf í íslensku og leggja fyrir þá sérstakt lokapróf í íslensku. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um kennslu þessara nemenda.“

Reglugerð nr. 391/1996, um íslenskukennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku, var sett af menntamálaráðherra í kjölfar gildistöku grunnskólalaga. Þar segir að nemendur í grunnskóla er hafa annað móðurmál en íslensku og hafa fasta búsetu hér á landi eigi rétt á sérstakri kennslu í íslensku. Markmið kennslunnar sé að gera nemendur færa um að skilja og nota íslenskt mál, stunda nám í íslenskum grunnskólum og taka þátt í íslensku samfélagi. Þar

segir að menntamálaráðherra setji náminu markmið í aðalnámskrá grunnskóla og hafi eftirlit með framkvæmd þess. Skólanefnd þess skóla er nemandi stundar nám í skal sjá til þess að hann fái þá kennslu í íslensku sem skólastjóri og sérfræðiþjónusta skóla telur þörf á meðan nemandi stundar þar nám. Í reglugerðinni kemur fram að miða skal við að hver nemandi með annað móðurmál en íslensku fái tvær stundir á viku í sérstakri íslenskukennslu á meðan hann er að ná tökum á íslensku máli. Samkvæmt mati skólastjóra og sérfræðiþjónustu skóla getur kennslan verið mismunandi eftir skyldleika móðurmáls nemanda við íslensku. Í reglugerðinni er einnig tekið fram að um heildarfjölda kennslustunda nemenda með annað móðurmál en íslensku gilda sömu reglur og um aðra nemendur.

Í aðalnámskrá grunnskóla sem tók gildi 1999 með þriggja ára aðlögunartíma eru í fyrsta sinn sett markmið fyrir íslenskukennslu fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Íslenska sem annað tungumál er námsgrein fyrir nemendur sem hafa ekki nægilegt vald á íslensku til þess að geta stundað nám í íslenskum skólum til jafns við aðra nemendur. Þetta á jafnt við um nemendur af íslenskum og erlendum uppruna. Nemendur með annað móðurmál en íslensku hafa ólíkan bakgrunn hvað varðar menningu, mál og nám. Þessir nemendur hafa því misjafnar forsendur til að takast á við almennt nám í íslenskum skólum.

Framkvæmd og eðli kennslu í íslensku sem öðru máli tekur einnig mið af alþjóðlegum sáttmálum sem Ísland er aðili að, svo sem barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 29. gr., sem segir að menntun allra barna skuli stuðla að því að móta virðingu fyrir foreldrum barnsins, menningararfleifð þess, tungu og gildismati, þjóðernislegum gildum þess lands sem það býr í og þess lands er það kann að vera upprunnið frá og fyrir öðrum menningarháttum sem frábrugðnir eru menningu þess sjálfs. Með kennslu í íslensku sem öðru tungumáli er stefnt að því að nemendur verði hæfir til þess að taka fullan þátt í íslensku samfélagi sem tvítyngdir einstaklingar með rætur og innsæi í tvo menningarheima og auðgi með því íslenskt mannlíf (Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti: 84).

Móðurmálsnám.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga ekki, samkvæmt íslenskri löggjöf, lögbundinn rétt á að stunda nám í eða á eigin móðurmáli í íslenskum grunnskólum. Hins vegar segir í reglugerð nr. 391/1996, um íslenskukennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku, að í skólum þar sem því verður við komið og með samþykki viðkomandi sveitarstjórnar, skulu nemendur með annað móðurmál en íslensku fá kennslu í og á eigin móðurmáli í samráði við forráðamenn. Með kennslunni skal stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda. Nemendur skulu hvattir til að halda móðurmáli sínu við og rækta það. Einnig segir í reglugerð nr. 387/1996, um valgreinar í grunnskólum, að heimilt sé að bjóða nemendum með annað móðurmál en íslensku eigið móðurmál sem valgrein í grunnskóla að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Einnig er skólum heimilt að viðurkenna skipulagt nám þessara nemenda í móðurmáli, utan grunnskóla, sem valgrein.

Almenn aðlögun að samfélagi.

Í aðalnámskrá grunnskóla, íslenska sem annað tungumál, er tekið skýrt fram að með kennslu í íslensku sem öðru tungumáli sé stefnt að því að nemendur verði hæfir til að taka fullan þátt í íslensku samfélagi sem tvítyngdir einstaklingar með rætur og innsæi í tvo eða fleiri menningarheima og auðgi með því íslenskt mannlíf. Markmiðin fela í sér að íslenska sem annað tungumál sé lykill að íslensku skólastarfi, íslensku samfélagi, virku tvítyngi og tveimur menningarheimum. Í aðalnámskrá grunnskóla, kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði, er ítrekað að með vaxandi fjölda nýbúabarna frá ólíkum menningarsvæðum þurfi skólinn að huga að því, í samvinnu við heimili þeirra, hvernig koma má til móts við óskir um að þau fái fræðslu um eigin trú og menningu. Þá er æskilegt að nýta þá möguleika sem blandað-

ur nemendahópur gefur til að kynna nemendum ólíka trú og siði og stuðla þannig að auknum skilningi, virðingu og umburðarlyndi.

5. *Eru gerðar sömu kröfur til þessara nemenda á samræmdum íslenskuprófum og þeirra sem eiga íslensku að móðurmáli?*

Í 36. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995, segir að heimilt sé að veita nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku undanþágu frá því að þreyta samræmt lokapróf í íslensku og leggja fyrir þá sérstakt lokapróf í íslensku. Menntamálaráðuneytið hefur á undanförnum árum oft veitt slíka undanþágu frá samræmdri próftöku. Í stað þess hefur viðkomandi skóli lagt fyrir nemandann sérstakt lokapróf sem miðast við stöðu nemandans í íslenskunámi. Hins vegar eru allir nemendur í grunnskóla skyldir til að gangast undir samræmd próf í 4. og 7. bekk njóti þeir ekki undanþágu samkvæmt 5. mgr. 35. gr., 36. gr. og 48. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla, eða eru sannanlega forfallaðir vegna veikinda á prófdegi. Ráðuneytið hefur á grundvelli þessa ákvæðis veitt nokkrum nemendum með annað móðurmál undanþágu frá samræmdu íslenskuprófi í 4. og 7. bekk.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku geta einnig sótt um frávik frá almennum reglum um fyrirlögn samræmdra lokaprófa eins og aðrir nemendur þegar um er að ræða líkamlega fötlun, langvarandi veikindi eða aðra erfiðleika af líffræðilegum orsökum, svo sem lesblindu, enda séu þessar aðstæður nemandans staðfestar af sérfræðingi á viðkomandi sviði. Ef nemendur með annað móðurmál en íslensku ákveða að þreyta samræmt próf í íslensku þurfa þeir að gangast undir sömu kröfur og aðrir nemendur.

6. *Hvaða lögboðnu þjónustu eiga framhaldsskólanemar í þessum hópi rétt á varðandi*
   a. *íslenskunám,*
   b. *móðurmálsnám,*
   c. *almenna aðlögun að því samfélagi sem þeir búa í?*

Íslenskunám.

Í lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, eru ákvæði um sérstaka íslenskukennslu. Þar segir: „Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku. Menntamálaráðherra getur heimilað að stofnað verði til sérstaks grunnnáms í íslensku við framhaldsskóla fyrir þessa nemendur. Íslenskir nemendur sem hafa dvalist langdvölum erlendis og hafa þar af leiðandi litla kunnáttu í móðurmálinu skulu eiga kost á sérstakri kennslu í íslensku. Í reglugerð skal kveðið nánar á um rétt þessara nemenda til kennslu í íslensku, svo og um tilhögun og mat á náminu."

Reglugerð nr. 329/1997, um sérstaka íslenskukennslu í framhaldsskólum, var sett af menntamálaráðherra í kjölfar gildistöku laga um framhaldsskóla. Þar segir að nemendur er hafa annað móðurmál en íslensku og hafa fasta búsetu hér á landi skuli eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku. Markmið kennslunnar er að nemendur verði færir um að skilja og nota íslenskt mál, stunda nám í íslenskum framhaldsskóla og taka þátt í íslensku samfélagi. Í aðalnámskrá skal gera grein fyrir markmiðum og skipulagi kennslunnar með tilliti til þarfa námshópsins. Námsmat nemenda skal taka mið af þeirri sérstöku kennslu sem veitt er. Menntamálaráðherra er heimilt að veita þessum nemendum undanþágu frá því að þreyta samræmt lokapróf í íslensku.

Í aðalnámskrá framhaldsskóla frá 1999 er um tvær leiðir að ræða fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Fyrri leiðin miðar að því að kenna nemendum sem mesta íslensku á sem skemmstum tíma. Þessi leið er fyrir nemendur sem koma til Íslands með góða undirstöðu í námi og læsi. Síðari leiðin er fyrir nemendur sem kunna eitthvað fyrir sér í íslensku

en eru illa í stakk búnir til að takast á við nám í framhaldsskólum. Aðaláhersla í íslenskunámi þessara nemenda er á eflingu læsis og námsleikni, og á undirstöðu í námsgreinum meðfram þjálfun í íslensku.

Móðurmálsnám.

Engin ákvæði eru í lögum um framhaldsskóla um að nemendur með annað móðurmál en íslensku eigi rétt á að stunda nám í eða á eigin móðurmáli í íslenskum framhaldsskólum.

Almenn aðlögun að samfélagi.

Í aðalnámskrá framhaldsskóla, íslenska sem annað tungumál, segir eftirfarandi: „Með kennslu í íslensku sem öðru tungumáli er stefnt að því að nemendur verði hæfir til að taka fullan þátt í íslensku samfélagi sem tvítyngdir einstaklingar með rætur og innsæi í tvo eða fleiri menningarheima. Markmiðin fela í sér að íslenska sem annað tungumál er lykill að – íslensku skólastarfi – íslensku samfélagi – virku tvítyngi – tveimur menningarheimun." Einnig segir: „Til að stuðla að virku tvítyngi nemenda er nauðsynlegt að nemendur eigi greiðan aðgang að lesefni á eigin tungumáli og fræðandi efni á móðurmáli í einstökum greinum."

7. *Eru gerðar sömu inntökukröfur í framhaldsskólum til þessara nemenda og þeirra sem eiga íslensku að móðurmáli?*

Í lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, er ákvæði um að allir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið hafa jafngilda undirstöðumenntun eigi rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Jafnframt er ákvæði um að þeim nemendum sem ekki hafa náð tilskildum árangri við lok grunnskóla standi til boða fornám eða nám í sérstökum deildum á framhaldsskólastigi. Í lögunum segir einnig að menntamálaráðherra geti heimilað að stofnað verði til sérstaks grunnnáms í íslensku fyrir þá nemendur sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli. Það eru því ekki gerðar sömu kröfur til þessara nemenda í íslensku og til íslenskra nemenda. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er inntaka nemenda í framhaldsskóla á ábyrgð skólameistara.

8. *Eru gerðar sömu kröfur til þessara nemenda á íslenskuprófum í framhaldsskólum og þeirra sem eiga íslensku að móðurmáli?*

Í aðalnámskrá framhaldsskóla, íslenska sem annað tungumál, í kafla um lokamarkmið og námsmat, segir eftirfarandi: „Að öðru leyti eru lokamarkmið í íslensku sem öðru tungumáli þau sömu og almenn lokamarkmið íslensku. Námsmat í íslensku sem öðru tungumáli byggist einnig á sömu viðmiðunum og almennt í íslensku og því verður ekki gerð grein fyrir sérstöku námsmati en vísað til námsmats í íslensku."

9. *Hvert er brottfall þessara nemenda úr framhaldsskólum samanborið við brottfall íslenskra nemenda?*

Eins og fram kemur í 2. lið svarsins hér að framan eru upplýsingar um nýbúa í framhaldsskólum í gögnum Hagstofunnar takmörkunum háðar og á þeim tíma sem fyrirspurnin hefur verið til meðferðar í ráðuneytinu hefur verið ógerlegt að fá frekari upplýsingar teknar saman í skólunum almennt vegna verkfalls sem nú stendur yfir í framhaldsskólunum. Fyrir liggur að mjög fáir nýbúar í eiginlegri merkingu þess orðs eru skráðir í heildstætt nám í framhaldsskólunum. Í flestum tilfellum eru þeir skráðir í einstaka áfanga, einkum í íslensku, en einnig eitthvað í tölvufræði o.fl. Samkvæmt athugunum í einum stærstu skólanna hafa á bilinu 21–36 nemar af erlendu bergi brotnir verið skráðir í skólann undanfarnar þrjár annir, flestir nú á haustönn 2000. Haustið 1999 voru skráningar 23 og af þeim gengu 18 til prófs og á vorönn 21 og af þeim gengu 18 til prófs. Þetta er svipað hlutfall og annarra nemenda en ekki

liggja fyrir upplýsingar um hve margir stóðust prófin eða í hversu mörgum einingum þessir nemendur stunduðu nám.

444. Tillaga til þingsályktunar [338. mál]

um herminjasafn á Suðurnesjum.

Flm.: Árni R. Árnason, Hjálmar Árnason,
Árni Johnsen, Drífa Hjartardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að eiga samstarf við sveitarfélögin á Suðurnesjum um undirbúning að stofnun og starfrækslu herminjasafns.

Greinargerð.

Á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum sem haldinn var í Garði 13. og 14. október sl. var samþykkt að hefja tillögugerð um hvernig mætti auka samstarf og sérhæfingu safna á Suðurnesjum til að auka menningartengda ferðaþjónustu. Samþykktin er birt sem fylgiskjal I með þessari tillögu. Á fundinum var sérstaklega rætt um að á Suðurnesjum væru bæði fleiri og meiri minjar um dvöl herliðs en í öðrum landshlutum. Á Keflavíkurflugvelli er enda eina herstöð landsins sem á samfellda starfssögu um nærfellt hálfrar aldar skeið og lengur ef miðað er við fyrri herverndarsamning Íslands og Bandaríkjanna frá 1941 en á grundvelli hans tóku Bandaríkin að sér hervernd Íslands og hernámslið Breta hvarf á braut.

Á grundvelli samþykktarinnar hefur markaðs- og atvinnumálaskrifstofa Reykjanesbæjar tekið saman greinargerð um stöðu safna á Suðurnesjum sem birt er sem fylgiskjal II með tillögunni. Þar er fjallað um þau átta söfn sem eru starfrækt á Suðurnesjum og framtíðarsýn, m.a. hugmyndir um framtíðartengsl safnanna, eflingu þeirra og ný söfn. Þá er fjallað um aðrar safnminjar og ástand fornminja á Suðurnesjum, m.a. segir í kaflanum Aðrar safnminjar:

„Sögulegar fornminjar eru víða á Suðurnesjum og flestar illa varðveittar. Dugir hér að minnast á landnámsbæi eins og Hólminn, Í Vogi (nú Gamli-Kirkjuvogur) og fleiri staði."

Vert er að geta þess að Ari fróði segir frá því að Ketill gufa Örlygsson hafi komið út síðla á landnámstíð og tekið Rosmhvalanes. Hann hafi leitað fyrir sér í landnámi Ingólfs, m.a. að Gufuskálum í Leiru. Þau Steinuðr, þ.e. Steinunn gamla að Hólmi í Leiru, keyptu saman, þ.e. sömdu, að hann skyldi á brott fara en vermannastöð skyldi vera ávallt frá Hólmi. Ketill gufa nam síðar land í Reykhólasveit og bjó í Gufufirði. Samningur þeirra Steinunnar gömlu varð upphaf þess fyrirkomulags um verstöðvar, verbúðir og vertolla sem síðan gilti á Íslandi í 1100 ár, allt fram yfir aldamótin 1900. Þá gerði vélbátaútvegur gömlu varirnar endanlega ófullnægjandi til útgerðar og hratt af stað hafnargerð í sjávarþorpum. Þorpin tóku við sjávarútvegi landsmanna og fólk sem lifði af sjávarfangi og fiskveiðum fluttist í þorpin sem urðu til víða við sjávarsíðuna. Til Suðurnesja kom um ellefu alda skeið mikill fjöldi manna frá öðrum landshlutum til vetrarvertíðar og fór heim að vori með hlut sinn. Suðurnesjamenn fóru aftur gjarnan á Austfirði til sumarvertíðar og komu að hausti heim með sinn hlut. Minjar um verbúðir og útveg frá þessu langa skeiði má finna víða á Suðurnesjum auk minja um búsetu og starfshætti Suðurnesjamanna, líf og starf við eina af gullkistum landsmanna, auðug fiskimið sem sjaldan brugðust, en í nábýli og baráttu við ægikrafta úthafs og jarðelda sem hafa reglulega sannað reginmátt sinn.

Þar sem nú er minnst þúsund ára kristni á Íslandi má og geta þess að á bæ sem enn er setinn á Suðurnesjum gerðust atburðir sem telja má síðustu hefndaraðgerðir kaþólskra manna og norðlenskra vegna aftöku Jóns biskups Arasonar og sona hans í Skálholti. Enn má greina minjar um þessa atburði á Suðurnesjum auk þess sem þeir, og eftirmál þeirra og fleiri aftökur, eru kunnir í sögunni.

Þetta tvennt er hér nefnt til að draga fram í stuttu máli að á Suðurnesjum eru minjar sem spanna öll tímaskeið búsetu á Íslandi, frá landnámi til nútímans. Tillaga þessi fjallar einmitt um varðveislu nútímaminja.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum hefur sent sveitarstjórnum á svæðinu greinargerðina til umfjöllunar. Ákvarðanir sveitarstjórnanna og framkvæmd fer eftir ákvæðum laga um þjóðminjar og söfn.

Í greinargerðinni er fjallað um framtíðarsýn og vikið að sértækum söfnum. Í kaflanum Herminjasafn segir m.a.:

„Eitt af sérkennum svæðisins er að hér hefur verið herstöð í yfir 50 ár. Hægt væri að koma upp sérstöku herminjasafni í Rockville þar sem allar byggingar eru nú þegar til staðar. Þetta safn yrði ekki eingöngu safn herminja heldur yrði það um leið stjórnmálasögusafn því fá mál hafa vakið heitari umræður á stjórnmálasviðinu á þessari öld en hersetan."

Flutningsmenn styðja þessa hugmynd. Hvergi á landinu er eðlilegra að upp rísi minjasafn af þessu tagi því að hvergi annars staðar á landinu hefur jafnlengi verið erlendur her og áhrif af herstöð og varnarstarfsemi eru því meiri þar en annars staðar.

Árið 1941 hófst samstarf Íslands og Bandaríkjanna í öryggis- og varnarmálum með gerð tvíhliða herverndarsamnings. Bandaríkin voru þá ekki aðilar að heimsstyrjöldinni síðari, en á grundvelli samningsins lauk hernámi Breta á Íslandi. Samstarf ríkjanna á þessu sviði var endurnýjað með aðild beggja að stofnun Atlantshafsbandalagsins árið 1949 og tvíhliða varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna árið 1951. Á grundvelli þess samnings stofnuðu Bandaríkin varnarliðið á Íslandi, en Ísland hefur ekki á að skipa eigin sveitum til landvarna.

Á næsta ári verður minnst 50 ára frá undirritun varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna og 50 ára starfs varnarliðsins á Íslandi. Varnarliðið hefur á þeim tíma haft fjölskipaða bækistöð á Íslandi, varnarstöðina á Keflavíkurflugvelli, og tímabundnar og fámennar ratsjárstöðvar í öðrum landsfjórðungum, einna lengst á Stokksnesi í Austur-Skaftafellssýslu.

Samfelld dvöl bandarískra varnarliðsmanna og bandarískra þjónustuaðila varnarstöðvar í fimm áratugi og jafnlöng búseta bandarískra fjölskyldna til skamms og langs tíma hefur haft áhrif á mannlíf á Suðurnesjum því að varnarstöðin á Keflavíkurflugvelli hefur alla tíð verið fjölmenn. Suðurnesjamönnum fjölgaði undir lok fimmta áratugarins og enn meira á sjötta áratugnum. Fólksflutninga til Suðurnesja á þeim tíma má rekja bæði til vaxandi umsvifa í sjávarútvegi og til framkvæmda varnarliðsins. Það byggði á fáum árum Keflavíkurflugvöll, einn af stærstu alþjóðaflugvöllum á Vesturlöndum, með húsbyggingum, flugbrautum og öðrum mannvirkjum sem öll voru langtum stærri en það sem hér hafði þekkst fram að því. Um tveimur áratugum síðar var hrundið af stað mikilli langtímaáætlun um mannvirkjagerð sem stóð fram undir þennan áratug.

Svo löng dvöl fjölmenns erlends varnarliðs og erlendra fyrirtækja og búseta fjölskyldna varnarliðsmanna og annarra sem tengjast umsvifum þess á Íslandi á sér ekki hliðstæðu. Á vegum utanríkisráðuneytisins hefur verið safnað myndum og öðru efni um starf og sögu íslensku utanríkisþjónustunnar í 60 ár. Þegar minnst verður fimm áratuga samstarfs Íslands og Bandaríkjanna um öryggis- og varnarmál er eðlilegt að huga að varðveislu minja um upphaf þess sem var svo umdeilt að þjóðin skiptist í fylkingar í afstöðu til þess, um framkvæmd þess

og helstu tímamót, svo og um áhrif þess á þjóðlíf okkar og samfélag á Suðurnesjum þar sem það hefur lengst farið fram og verið samfellt.

Þegar sveitarfélögin á Suðurnesjum huga að málefnum minjasafna og varðveislu minja um varnarsamstarfið er eðlilegt að ríkisstjórnin eigi við þau samstarf til að tryggja aðgang að gögnum sem varðveitt eru á hennar vegum, svo og á vegum varnarliðsins á Íslandi, en til þess þarf atbeina utanríkisráðuneytisins og varnarmálaskrifstofu þess.

Fylgiskjal I.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.
(23. aðalfundur SSS haldinn í samkomuhúsinu
í Gerðahreppi 13. og 14. október 2000.)

Ályktun um Safna- og ferðamál.

Aðalfundur SSS haldinn í Garði 13. og 14. okt. 2000 samþykkir að óska eftir við MOA að vinna að tillögugerð um hvernig hægt væri að auka samstarf og sérhæfingu safna hér á Suðurnesjum til að auka menningartengda ferðaþjónustu.

Til Suðurnesja koma flestir ferðamenn í upphafi og í lok ferða til landsins. Ferðaþjónusta er ung atvinnugrein á Suðurnesjum sem hefur verið að stóraukast á liðnum árum. Suðurnesin hafa upp á margt að bjóða til dægrastyttingar fyrir gesti sem hingað koma, s.s. margar tegundir safna, hvalaskoðun, fuglalíf, stórbrotna náttúru, Bláa lónið og margt fleira.

Aðalfundur SSS hvetur MOA og hagsmunaaðila í ferðaþjónustu að sameina krafta sína í að kynna Suðurnesin með markvissum hætti sem góðan valkost til að heimsækja.

Samþykkt samhljóða.

Fylgiskjal II.

Staða safna á Suðurnesjum og framtíðarsýn.
Unnið á markaðs- og atvinnumálaskrifstofu Reykjanesbæjar
af Valgerði Guðmundsdóttur menningarfulltrúa og
Johani D. Jónssyni ferðamálafulltrúa Suðurnesja.
(Október 2000.)

Inngangur.

Þessi úttekt, Staða safna á Suðurnesjum og framtíðarsýn, er unnin samkvæmt samþykkt aðalfundar SSS sem haldinn var dagana 13. og 14. október 2000 í Gerðahreppi.

Markaðs- og atvinnumálaskrifstofu Reykjanesbæjar var falið að vinna að tillögugerð um málið samkvæmt eftirfarandi samþykkt SSS.:

„Ályktun um Safna- og ferðamál.

Aðalfundur SSS haldinn í Garði 13. og 14. okt. 2000 samþykkir að óska eftir við MOA

að vinna að tillögugerð um hvernig hægt væri að auka samstarf og sérhæfingu safna hér á Suðurnesjum til að auka menningartengda ferðaþjónustu.

Til Suðurnesja koma flestir ferðamenn í upphafi og í lok ferða til landsins. Ferðaþjónusta er ung atvinnugrein á Suðurnesjum sem hefur verið að stóraukast á liðnum árum. Suðurnesin hafa upp á margt að bjóða til dægrastyttingar fyrir gesti sem hingað koma, s.s. margar tegundir safna, hvalaskoðun, fuglalíf, stórbrotna náttúru, Bláa lónið og margt fleira.

Aðalfundur SSS hvetur MOA og hagsmunaaðila í ferðaþjónustu að sameina krafta sína í að kynna Suðurnesin með markvissum hætti sem góðan valkost til að heimsækja."

Skýrslan er unnin af Valgerði Guðmundsdóttur menningarfulltrúa og Johani D. Jónssyni ferðamálafulltrúa Suðurnesja.

Skýrslunni er ætlað að gera í stuttu máli grein fyrir stöðu safnamála á Suðurnesjum, rekstri safnanna og stöðu, eins og þau eru rekin í dag. Þá verður reynt að rýna í framtíðina og gera sér grein fyrir því hvernig æskilegt væri að söfnin þróuðu starfsemi sína, samstarf, sérhæfingu og fleira sem því við kemur til næstu ára.

Á Suðurnesjum eru nú starfrækt átta söfn sem tengjast byggðarsögu og náttúru. Náttúrufræðisöfnin eru tvö og er nokkur sérhæfing milli þeirra þó svo að nokkuð í starfsemi þeirra sé mjög líkt. Annað þeirra er í einkarekstri sem er Sædýrasafnið í Höfnum og hitt er Fræðasetrið í Sandgerði sem er rekið af Sandgerðisbæ. Byggðasöfnin eru rekin af sveitarfélögum. Þau má flokka að mestu leyti undir hefðbundin byggðasöfn þótt þar standi Stekkjarkot aðeins á „ská" og má flokkast sem sértækt safn. Þá er Byggðasafn Gerðahrepps að koma á fót vísi að báta- og vélasafni. Aðstaða byggðasafnanna er alls staðar mjög þröng og tækifæri til sérsýninga mjög takmörkuð. Þá er á engu safnanna starfsmaður sérmenntaður í þeim fræðum er nýtast til uppbyggingar byggðasafna heldur áhugamenn sem drifið hafa söfnunina og söfnin sjálf áfram. Eitt safnanna á Suðurnesjum er þó alsértækt en það er minjasafn SVFÍ í Garði.

Söfn á Suðurnesjum.

Byggðasöfn.

Byggðasafnið í Reykjanesbæ, opnað 1979.

Safnið er staðsett á nokkrum stöðum. Aðalsafnið er á Vatnsnesvegi 8, gömlu íbúðarhúsi sem gefið var sérstaklega til þessara nota. Um er að ræða þriggja hæða hús að grunnfleti 60 m^2. Þar kennir ýmissa grasa og sérstaklega má nefna mikið ljósmyndasafn frá því um 1920. Í Innri Njarðvík er einnig gamalt hús, 53 m^2 að grunnfleti með hlöðnum geymslukjallara og risi. Er það að mestu óbreytt eins og síðustu íbúar hússins skildu við það. Einnig má telja Stekkjarkot til byggðasafnsins, gömul þurrabúð á Fitjunum. Geymsluhúsnæði safnsins er í leiguhúsnæði, 340 m^2 í Röstinni.

Einn starfsmaður er í fullu starfi við safnið, safnvörðurinn sjálfur. Að auki er annar í 19% starfi við vörslu á sunnudögum. Auglýstur opnunartími er á sunnudögum frá 13.30 til 17.00 en annars eftir samkomulagi. Söfnunarstefna safnsins hefur verið sú að safna öllu er við kemur sögu sveitarfélagsins. Ekki hefur verið lögð áhersla á neinn einn flokk umfram annan en þó má benda á mikið ljósmyndasafn sem séreinkenni og einnig ýmsa muni tengda verslun. Heildarupphæð sveitarfélagsins til safnsins var 7.280.000 fyrir árið 2000. Að auki fékkst styrkur frá Þjóðminjasafninu sem var u.þ.b. 600.000.

Byggðasafn Gerðahrepps, opnað 1995.

Safnið er til húsa í útihúsum við Garðskagavita. Húsið er 113 m^2 að stærð og að hluta til á tveimur hæðum. Safnið tekur við og varðveitir alla þá hluti sem tilheyra gömlum búskaparháttum til sjós og lands. Safnið á gott vélasafn. Einn starfsmaður er á launum frá 1. maí til

30. ágúst frá 13.00 til 17.00. Á öðrum tímum eftir samkomulagi. Safnið fær styrk frá Gerðahreppi upp á eina og hálfa milljón á ári. Rétt við safnið er gamli Garðskagavitinn sem er orðinn meira en 100 ára.

Náttúrufræðisöfn.

Fræðasetrið í Sandgerði var stofnað 1995.

Verkefni safnsins er að sýna þann hluta náttúru landsins sem umlykur Sandgerði ásamt því að vera í mjög nánu samstarfi við botndýrarannsóknarstöð BIO Ice sem er á neðri hæð hússins. Safnið sýnir botndýr í kerum og sýningarskápum sem og fugla. Hópar geta pantað ferð í náttúruskoðun í fjöru eða tjarnir, sýnum er safnað og þau greind í viðsjám í Fræðasetrinu. Safnið er rekið af Sandgerðisbæ og eru þar tvö starfsgildi. Framlag bæjarfélagsins til safnsins er að frádregnum tekjum um 4,6 milljónir króna í ár. Fjöldi gesta í ár er áætlaður yfir 7000. Safnið er opið alla daga vikunnar frá 09.00 til 17.00, um helgar frá 13.00 til 17.00.

Sædýrasafnið í Höfnum, opnað 1994.

Safnið sýnir fjöldann allan af fisk- og krabbadýrum sem lifa í sjónum í kringum land í þar til gerðum kerum. Þar er einnig fuglabjarg með flestum þeim tegundum fugla sem búa í fuglabjörgunum á Reykjanesi. Eins og í fræðasetrinu í Sandgerði er tekið á móti fjölda skólahópa sem vinna ákveðin umhverfisverkefni.

Safnið er í einkaeign og hefur verið rekið frá 1994. Um 20 þúsund gestir komu í safnið fyrsta árið sem það var rekið. Í safninu er nú um eitt starfsgildi.

Sértæk söfn.

Minjasafn Slysavarnafélags Íslands í Garði, opnað 1998.

Eina sérsafnið sem er opið á Suðurnesjum en það er helgað björgunarsögu SVFÍ. Safnið fræðir um flesta þætti starfsemi SVFÍ og sögu slysavarna og björgunarstarfs á Íslandi. Á safninu er hálft starfsgildi. Safnið er opið alla daga yfir sumarið 13.00 til 17.00 og á sama tíma um helgar yfir vetrarmánuðina.

Poppminjasafnið.

Poppminjasafnið var opnað 1998. Safnið hefur verið til húsa á veitingahúsinu Glóðinni í Keflavík. Safnað hefur verið saman ýmsum munum sem tengjast upphafi bítlatímabilsins á Suðurnesjum sem er svo lýst í texta og myndum. Framtíðarhúsnæði er óráðið.

Íþróttaminjasafn.

Íþróttaminjasöfn þar sem íþróttaminjar eru til sýnis fyrir almenning. Vísir af íþróttaminjasafni hefur verið til sýnis í Sundmiðstöðinni í Keflavík. Nokkurt safn muna, mynda og fréttaskota úr íþróttasögu bæjarfélaganna er varðveitt. Íþróttamiðstöðin í Garði heldur sýningu á verðlaunagripum Garðbúa sem líta má á sem vísi að íþróttaminjasafni.

Gjáin í Eldborg.

Gjáin – vísindasetur var opnað 1999. Mikið fræðslusetur um jarðfræði Reykjaness og Íslands sem rétt er að telja til sértækra safna. Gjáin er í eign Hitaveitu Suðurnesja og tengjast tveir starfsmenn Eldborgar Gjánni.

Framtíðarsýn.

Eðlilegast er þegar verið er að fjalla um framtíðarsýn í safnamálum á Suðurnesjum að horfa á heildarmyndina í einu samhengi. Hvaða söfn verða á svæðinu? Hvar verða þau staðsett? Hvar nýtast þau best með tilliti til t.d. fjölda íbúa, fjölda ferðamanna, umverfisþátta eins og tengingar við náttúru og starfsemi safns við atvinnulíf og fleira? Gæta þarf að sérhæfingu og aðgreiningu safna svæðisins. Tryggja þarf samstöðu bæjarfélaga um safnastefnu fyrir Suðurnes. Ljóst er að vel uppbyggð söfn auka úrval fjölbreytni afþreyingar á Suðurnesjum.

Byggðasöfn.

Nauðsynlegt er að koma á sameiginlegri yfirstjórn safnanna. Ráðinn yrði menntaður svæðisminjavörður sem hefði yfirstjórn yfir öllum minjasöfnunum. Þannig væri auðveldara að koma á sérhæfingu hvers safns fyrir sig og samvinnu milli þeirra eða jafnvel sameiningu. Safnið í Gerðahreppi gæti þá einbeitt sér að t.d. sjóminjum og vélum á meðan Keflavíkurdeildin væri með byggða- og verslunarsöguna og eitthvað fleira o.s.frv.

Náttúrufræðasöfn.

Margir möguleikar eru til að þróa náttúrufræðasöfn sérstaklega með tilliti til tækniþróunar í upplýsingamiðlun og rannsóknum. Það sem hér verður tekið til umræðu er frekar stefna og verksvið safnanna. En hvað er rétt, ef eitthvað er RÉTT, í uppbyggingu, rekstri og fjölda náttúrufræðatengdra safna og stofnana á Suðurnesjum?

Nú þegar líður að opnun Náttúrustofu Reykjaness er verðugt að reyna að gera sér grein fyrir verkefnum hennar í tengslum við þau tvö/þrjú söfn tengd náttúrufræði sem eru á svæðinu. Verður náttúrustofan rekin ein og sér eða sjáum við fram á virk tengsl milli nefndrar stofnunar og safna á svæðinu? Eðlilegast væri að svo yrði. Með því móti fengist gegnheil safnastefna á þessu sviði á Suðurnesjum. Væri t.d. hugsanlegt að sameina Sædýrasafnið og Fræðasetrið í Sandgerði? Stofna náttúrusafn með áherslu á fuglalíf og jarðfræði í Höfnum? Með þessu móti væri sjávarlífinu komið fyrir á einum stað og komið á fót náttúrufræðasafni í Höfnum. Þessi röðun mundi hafa afgerandi áhrif á aðsókn og þar með möguleika í rekstri safnanna til uppbyggingar sérsviða þeirra.

Sértæk söfn.

Minjasafn Slysavarnafélags Íslands.

Minjasafn SVFÍ í Garðinum er gott dæmi um sértæk söfn. Þar er byggt á ákveðinni sögu er tengist sérstöku starfssviði og ákveðnu félagi. Nokkur slík söfn gætu verið á Suðurnesjum. Staðsetning þeirra ætti að vera á þeim stöðum þar sem lítil áhrif frá öðrum söfnum eru og hafa því lítil áhrif á uppbyggingu þeirra og aðsókn.

Saltfisksafn.

Hugmyndir eru uppi um stofnun Saltfisksafns í Grindavík. Hér eins og með minjasafn SVFÍ er um mjög sértækt safn að ræða sem þarf samt sína ákveðnu staðsetningu vegna tengsla við atvinnulífið. Verður að álíta að vegna hefðar við saltfiskvinnslu í Grindavík sé því þar vel fyrir komið og framtíð örugg vegna náinna tengsla við lifandi verkun eins og áætlanir eru til um.

Herminjasafn.

Eitt af séreinkennum svæðisins er að hér hefur verið herstöð í yfir 50 ár. Hægt væri að koma upp sérstöku herminjasafni í Rockville þar sem allar byggingar eru nú þegar til staðar.

Þetta safn yrði ekki eingöngu safn herminja heldur yrði það um leið stjórnmálasögusafn því fá mál hafa vakið heitari umræður á stjórnmálasviðinu á þessari öld en hersetan.

Poppminjasafn.

Poppminjasafn er tvímælalaust hluti af menningu Suðurnesja. Heimili þess getur tæplega annar staðar verið en í Keflavík eða Njarðvík. Finna þarf framtíðarlausn á húsnæðisvanda safnsins. Skoða þarf tengingu við Byggðasafn Suðurnesja – poppdeild þar sem sams konar efni af Suðurnesjum verði komið fyrir.

Íþróttaminjasöfn.

Eðlilegt er að þau þróist í tengslum við íþróttafélög hvers bæjarfélags og verði búin aðstaða þar sem almenningur á greiðan aðgang að þeim annaðhvort í íþrótta- eða sundmiðstöðvum.

Gjáin í Eldborg.

Gjáin í Eldborg er eins konar fræðslusetur byggt á ákveðnum forsendum jarðfræði og vísinda og stendur eitt og út af fyrir sig. Framtíð þess byggist að öllum líkindum á framkvæmdum og þróunarverkefnum HS í tengslum við jarðhitanýtingu í framtíðinni.

Aðrar safnminjar.

Þegar rætt er um safnminjar erum við að ræða um staði eins og Selatanga, Básenda og lík fyrirbrigði. Sögulegar fornminjar eru víða á Suðurnesjum og flestar illa varðveittar. Dugir hér að minnast á landnámsbæi eins og Hólminn, Í Vogi (nú Gamli Kirkjuvogur) og fleiri staði. Hér er sóknarfæri í að gera svæðið að sögulegri einingu. Hér þarf að gera átak í að „lífga við" þessa fornfrægu staði og tengja söguna saman, heimamönnum og ferðafólki til ánægju. Mikil vinna við skráningu og merkingu þessara staða er fram undan.

Tenging við ferðaþjónustu.

Þannig er málum nú einu sinni fyrir komið að ímynd svæðis tekur oft mið af auglýsingum og áróðri sem svæði hafa í frammi á ferðaþjónustusviðinu. Ef fólk fær ánægju af að ferðast um ákveðin svæði þar sem það fær fræðslu, góða upplifun og hefur ánægjulegar endurminningar þá gefur það viðkomandi svæðum yfirleitt góðar ímyndunareinkunnir. Reykjanes er þar engin undantekning. Fastlega má gera ráð fyrir því að ferðaþjónusta á svæðinu muni eflast verulega með tilkomu sameiningar krafta þekkingar- og vísindamanna á sviði safna og menningar við ferðaþjónustuaðila. Hægt væri að tengja söfnin og þær minjar sem tilheyra sögunni, t.d. vitana, í einhvers konar hring þar sem fólk væri leitt af einum stað á annan eftir einhvers konar ferðalykli og fengi þá um leið heildarmynd af sögu lands og þjóðar. Inn í þennan hring kæmu ný söfn, s.s. saltfisksafn í Grindavík og herminjasafn í Rockville.

Markaðssetning.

Fjármunir til markaðssetningar safna virðast alltaf vera af skornum skammti.

Nauðsynlegt er að sem mest samvinna náist á milli safna í kynningar- og útgáfumálum.

Ná þarf þeim árangri að skapa heildstæða mynd af safna- og söguskoðun á svæðinu sem og auðveldar aðgengi almennings að söfnum og sögustöðum.

Aukin fræðsla um uppruna og arfleifð er þáttur sem nýtist vel í sameiginlegri markaðssetningu svæðisins, þáttur sem styrkir ákveðna ímyndaruppbyggingu og eflir sjálfsímynd íbúanna.

445. Nefndarálit [215. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Friðrik J. Arngrímsson og Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Hólmgeir Jónsson og Sævar Gunnarsson frá Sjómannasambandi Íslands, Grétar M. Jónsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands. Þá átti nefndin símafund með Þorvaldi Jóhannessyni frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi.

Með frumvarpinu er lagt til að gildistími laga nr. 38/1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, verði framlengdur um eitt ár svo að þau gildi fyrir árið 2001, ella falla þau úr gildi um næstu áramót. Ráðgert er að sú efnislega endurskoðun sem mælt er fyrir um í 3. gr. laganna fari fram samhliða heildstæðri endurskoðun sem nú er unnið að á lögum um stjórn fiskveiða á vegum nefndar sem sjávarútvegsráðherra hefur skipað. Þar sem nú stendur yfir heildarendurskoðun á fiskveiðilöggjöfinni er ekki ástæða til að taka lög nr. 38/1998 upp sérstaklega.

Á árinu var gerð sú breyting á lögum nr. 38/1998 að af skipum sem stunduðu síldveiðar á viðmiðunarárunum 1995, 1996 og 1997 og skipum sem komið hafa í þeirra stað var heimilað að framselja aflahámark án takmarkana. Þetta hefur m.a. haft þau áhrif að framsal á þessu ári var 31,2% en var 11,6% á síðasta ári.

Nefndin aflaði sér upplýsinga um ráðstöfun afla íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum á árunum 1995–2000 og einnig um landaðan afla íslenskra skipa úr norsk- íslenska síldarstofninum skipt eftir mánuðum á árunum 1995–2000. Má af þeim upplýsingum ráða að nokkur breyting hefur orðið á ráðstöfun aflans. Einnig er athyglisvert að æ meira veiðist af norsk-íslenska síldarstofninum í júní en minna í maí. Raunar var lítil sem engin veiði úr þessum stofni í maí í ár. Þetta má sjá í töflum í fylgiskjali með nefndaráliti þessu.

Nefndin vill vekja athygli á því að talsverðar breytingar hafa orðið á sókn í norsk-íslensku síldina og er hún veidd af stærri skipum en áður þar sem nú er að bætast í nótaveiðiflotann talsvert af stórum og nýjum skipum. Samkvæmt gildandi lögum ráðast aflaheimildir skipa að nokkru af stærð þeirra og því er ljóst að tilkoma stærri skipa getur skert veiðirétt þeirra sem fyrir eru.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 6. des. 2000.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Hjálmar Árnason.
Kristinn H. Gunnarsson.	Vilhjálmur Egilsson.	Guðmundur Hallvarðsson.

Fylgiskjal.

Fiskistofa:

Yfirlit yfir aflahámark og afla úr norsk-íslenska síldarstofninum.
(4. desember 2000.)

Tafla 1. Aflahámark, millifærslur aflahámarks og afli úr norsk-íslenska síldarstofninum 1999 og 2000.

	1999	2000
Samtals úthlutað aflahámark	202.000 lestir	194.230 lestir
Samtals flutt magn	23.427 lestir	60.602 lestir
Flutt magn sem hlutfall af heildarúthlutun	11,6 %	31,2 %
Skip sem fluttu frá sér aflahámark*	31	34
Skip sem lönduðu síldarafla	49	44
Heildarafli	203.493 lestir	185.642 lestir

*Tölur um flutning aflahámarks eru veltutölur.
Hafi sama aflahámark verið flutt milli skipa oftar en einu sinni er það talið í hvert sinn sem það er flutt.

Tafla 2. Ráðstöfun afla íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum 1995–2000.

Ár	Landfryst	Sjófryst	Saltað	Til bræðslu	Selt erlendis	Innanlands-neysla	Samtals
1995	284	0	40	170.287	3.497	0	174.109
1996	45	19	0	164.738	152	3	164.957
1997	0	0	0	216.108	3.933	0	220.041
1998	276	1.797	537	195.604	1.921	0	200.135
1999	71	183	24	203.215	0	0	203.493
2000	1.842	138	0	163.419	20.243	0	185.642

Tafla 3. Landaður afli íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum eftir mánuðum 1995–2000, í lestum.

Ár	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Samtals
1995	142.342	31.767	0	0	0	0	174.109
1996	136.434	28.504	19	0	0	0	164.957
1997	184.719	25.522	1.836	0	5.206	2.758	220.041
1998	95.274	97.337	669	152	2.581	4.122	200.135
1999	55.691	147.802	0	0	0	0	203.493
2000	2.198	166.174	10.131	0	7.139	0	185.642

446. Nefndarálit [215. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Í frumvarpinu er lagt til að gildistími laganna verði framlengdur um eitt ár án breytinga. Að tillögu sjávarútvegsráðherra var sl. vor gerð sú breyting á lögum nr. 38/1998 að skipum sem stunduðu síldveiðar árin 1995, 1996 og1997 eða skipum sem hafa komið í þeirra stað var heimilað að framselja aflahámark sitt án takmarkana. Tilgangur þessa ákvæðis átti að vera að tryggja betur en áður að úthlutaðar aflaheimildir í norsk-íslensku síldinni veiddust að fullu. Að sönnu hefur framsal aukist úr 11,6% á síðasta ári í 31,2% á þessu ári. Það tókst sem sagt að auka kvótabraskið við veiðar á norsk-íslensku síldinni. Önnur markmið með auknu framsali virðast ekki hafa náðst. Heildarveiðin var minni en árið á undan, sbr. að árið 1999 var úthlutað aflahámark 202.000 tonn en það ár varð heildarveiðin 203.493 tonn. Allur kvótinn var veiddur. Í ár var úthlutað 194.230 tonnum en aðeins 185.642 tonn veiddust eftir að kvótaframsalið var frjálst.

Árið 1999 var landað innan lands 203.493 tonnum, eða öllu sem veiðarnar gáfu, en árið 2000 var 165.399 tonnum landað hérlendis en 20.243 tonnum erlendis. Mest var saltað af norsk-íslensku síldinni árið 1998, alls 537 tonnum, 24 tonn fóru í söltun 1999 en ekkert árið 2000. Mest var sjófryst árið 1998, 1.797 tonn, en aðeins 138 tonn árið 2000. Þróun veiðanna sl. fjögur ár hefur verið sú að allt frá 1997 hefur veiðin í júní farið vaxandi en minnkað að sama skapi í maí, sbr. töflu.

	Maí	Júní
1997	184.719	25.522
1998	95.274	97.337
1999	55.691	147.802
2000	2.198	166.174

Þessi þróun síldveiðanna úr norsk-íslenska stofninum hefur að sjálfsögðu að hluta orðið vegna breytinga á göngum síldarinnar en einnig vegna þess að síldin fitnar þegar líður fram á sumarið og verður þar með afurðameira hráefni.

Júníveiðarnar jukust mest 1997–98 eða um 72.485 tonn og síðan aftur 1998–99, eða um 50.465 tonn, en minnst var aukningin eftir að frjálsa framsalið var leyft 1999–2000, eða um 17.372 tonn. Sýnilegur árangur af breytingunni er því enginn. Árið 2000 veiddust ekki tæp 9.000 tonn af kvótanum en aftur allur kvótinn árið 1999, með takmörkuðu framsali. Til erlendrar fiskvinnslu var landað rúmlega 20.000 tonnum árið 2000 en engu 1999.

Þessar staðreyndir benda ekki til þess að atvinna og verðmætasköpun innan lands hafi aukist við breytinguna yfir í frjálst framsal aflamarks í norsk-íslensku síldveiðunum.

Sjávarútvegsráðherra lýsti því yfir við breytingu á lögunum að „markmiðið væri að ná öllum kvótanum“. Það hefur ekki tekist eins og staðreyndir málsins sanna. Lagabreytingin var því óþörf og einu rökin sem eftir standa nú eru að endurskoðun laga um stjórn fiskveiða stendur yfir.

Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 6. des. 2000.

Guðjón A. Kristjánsson.

447. Beiðni um skýrslu [339. mál]

frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um forvarnir gegn krabbameinum og öðrum sjúkdómum þeim tengdum.

Frá Árna R. Árnasyni, Drífu Hjartardóttur, Ástu Möller, Láru Margréti Ragnarsdóttur, Þorgerði K. Gunnarsdóttur, Sigríði Jóhannesdóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur, Guðmundi Hallvarðssyni og Katrínu Fjeldsted.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um krabbameinsleit og aðrar forvarnir gegn krabbameinum og tengdum sjúkdómum.

Óskað er eftir upplýsingum um eftirtalin atriði:

1. Hvaða árangur hefur orðið af starfi Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins og annarra aðila innan heilbrigðiskerfisins sem annast krabbameinsleit og öðrum forvörnum gegn krabbameinum og sjúkdómum þeim tengdum?
2. Til hverra nær þetta starf, hve almenn hefur þátttaka þeirra verið sem það stendur til boða og hvernig er brugðist við lítilli þátttöku?
3. Að hvaða krabbameinssjúkdómum beinist starfið, hvaða líkamshlutum og líffærum?
4. Hvaða breytingar hafa orðið á tíðni nýgengis krabbameina og tíðni þeirra sem dánarorsakar frá því að skipuleg krabbameinsleit og forvarnir voru hafnar? Má rekja slíkar breytingar til árangurs af þessu starfi?
5. Hvaða áhrif hefur ofangreint starf og árangur þess haft á heilbrigðisþjónustuna?
6. Hvaða áhrif hefur þetta starf og árangur þess haft á lífslíkur Íslendinga?
7. Hve lengi hefur þetta starf staðið? Hversu margir hafa unnið að því? Hversu mikill hefur kostnaðurinn af starfinu verið og hvernig er það fjármagnað?
8. Hver er grundvöllur þessa starfs, byggist það á lagaákvæðum, telst það til heilbrigðisþjónustunnar, hver fer með skipulag þess og stjórn og hvernig er eftirliti með því háttað?
9. Hvernig og hverjum hafa rannsóknaniðurstöður þessa starfs verið kynntar og hvernig eru þær notaðar af vísindamönnum, læknum og starfsfólki heilbrigðisþjónustunnar almennt? Hafa þær niðurstöður verið tengdar niðurstöðum genarannsókna eða erfðarannsókna á lífsýnum frá þeim einstaklingum sem í hlut eiga, hafa þær verið tengdar fjölskyldu- eða ættfræðiupplýsingum einstaklinganna og hafa þeir veitt heimild sína til þess með upplýstu samþykki eða öðrum hætti?
10. Hefur þetta starf skilað þekkingu um hvernig forðast megi slíka sjúkdóma eða hefta framgang þeirra með líferni eða lífsháttum, svo sem fæðuvali? Hefur sú þekking verið kynnt vísindamönnum, læknum og starfsfólki heilbrigðisþjónustunnar almennt á námskeiðum, í upplýsingaritum eða á netsíðum, hefur hún verið notuð í námsefni uppvax-

andi æskufólks og gerð almenningi aðgengileg í námsefni skólakerfisins, í upplýsingaritum eða á netsíðum?

Greinargerð.

Skipuleg leit að krabbameinum í brjóstum og leghálsi kvenna hefur farið fram hérlendis um langt skeið. Ástæða er til að lagt verði mat á það starf, áhrif þess og árangur fyrir íslenskar konur, fyrir heilbrigðisþjónustuna, fyrir læknavísindin og almenna þekkingu um slíka sjúkdóma og framgang þeirra og metið hvernig þeirri þekkingu verði best beitt í baráttunni við þá.

Sú þekking og upplýsingar á grunni hennar koma að gagni ekki einungis fyrir læknavísindin eða þau störf lækna sem beinast að þessum sjúkdómum meðal kvenna eða að heilsufari kvenna yfirleitt, þær gagnast einnig í baráttu við aðra krabbameinssjúkdóma og aðra tengda sjúkdóma, þar á meðal þá sem þekktir eru eða eru álitnir undanfari krabbameina, þá sem þekktir eru eða eru taldir leiða til eða orsaka krabbamein einir eða ásamt öðrum áhrifaþáttum, þá sem þekktir eru eða eru taldir bera í sér hvata eða frumubreytingar sem verði eða geti orðið krabbamein og fleiri sjúkdóma sem á annan hátt tengjast ferli krabbameinssjúkdóma. Þær koma enn fremur að gagni við umfjöllun um hvort ástæða kunni að vera til að taka upp aðrar aðferðir eða leita nýrra leiða í þessari baráttu. Síðast en ekki síst koma þær að gagni við umfjöllun um sambærilega leit að öðrum krabbameinssjúkdómum eða við undirbúning annarra forvarna gegn sjúkdómum.

Skýrslu um forvarnir gegn krabbameinum og sjúkdómum þeim tengdum er óskað í þeim tilgangi að Alþingi verði gerð grein fyrir árangri og áhrifum þess starfs og mat lagt á hvernig þau verði best nýtt sem grundvöllur að skipulagningu almennari krabbameinsleitar og forvarna gegn fleiri krabbameinssjúkdómum og öðrum sjúkdómum þeim tengdum svo og metið verði hvernig nýta megi þá þekkingu sem fengist hefur til fræðslu heilbrigðisstétta og almennings og hafa þannig áhrif á viðbrögð heilbrigðisþjónustunnar og lífshætti fólks.

Skýrslubeiðendur gera sér grein fyrir því að baráttan gegn krabbameinum og tengdum sjúkdómum felst ekki einungis í leit og forvörnum og greiningu einkenna sem þá koma í ljós, hvort heldur þau benda til frumstiga eða meina. Þar er jafnframt um að ræða og ekki síður mikilvægt starf sem lýtur að greiningu einkenna sem upp koma við læknisskoðanir eða rannsóknir á sjúkdómseinkennum. Það starf hefur oft leitt til þess að læknar á sérfræðisviðum hafa í raun mótað aðferðir og skipulagt eiginlega leit þó ekki sé hún almenn. Að þessu er vikið í 1. lið þar sem spurt er um starf annarra aðila en Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins að krabbameinsleit og öðrum forvörnum gegn þessum sjúkdómum. Skiptir þó máli í því samhengi sem skýrslubeiðnin er sett fram að gera greinarmun á því starfi annars vegar og starfi Leitarstöðvarinnar hins vegar.

Beiðni þessi er um skýrslu sem fjalla skal um afmarkaðan þátt í baráttunni við krabbamein og aðra sjúkdóma er þeim tengjast.

Tilgangur skýrslubeiðenda er að fá fram greinargerð sem fjallar sérstaklega um þær forvarnir sem viðhafðar eru, þ.m.t. leit að einkennum og frumstigum krabbameina, til hverra þær ná, að hvaða krabbameinssjúkdómum þær beinast og um árangur af þeim; um þann mikilvæga þátt í öllu forvarnastarfi að fá almenning til þátttöku. Beiðnin er sett fram í því ljósi að eftir því sem þekkingu og læknavísindum fleygir fram fjölgar möguleikum til að greina einkenni á frumstigi og koma við vörnum gegn því að alvarleg mein nái að þroskast, hindra framgang þeirra eða að öðrum kosti hefja fyrr en ella viðeigandi meðferð.

448. Fyrirspurn [340. mál]

til menntamálaráðherra um útvarpsgjald.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Lítur ráðherra á útvarpsgjald, afnotagjald Ríkisútvarpsins, sem skatt eða þjónustugjald? Flokkist það sem þjónustugjald, hvernig er þá þjónustan sem er keypt skilgreind?
2. Hverjir njóta undanþágu frá greiðslu útvarpsgjalds eða fá afslátt af því og á grundvelli hvaða laga?
3. Telst undanþága frá greiðslu útvarpsgjalds til skattskyldra hlunninda?

Skriflegt svar óskast.

449. Fyrirspurn [341. mál]

til menntamálaráðherra um rekstrarform í menntakerfinu.

Frá Pétri H. Blöndal.

Hversu stór hluti grunnskóla-, framhaldsskóla-, háskóla- og fullorðinsfræðslu hér á landi er ekki í höndum opinberra aðila? Svar óskast sundurgreint miðað við mannafla.

Skriflegt svar óskast.

450. Fyrirspurn [342. mál]

til dómsmálaráðherra um rekstrarform í löggæslu.

Frá Pétri H. Blöndal.

Hversu stór hluti löggæslu, þ.m.t. öryggis- og eignagæslu, hér á landi er ekki í höndum opinberra aðila miðað við mannafla?

Skriflegt svar óskast.

451. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til l. um Námsmatsstofnun.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Margréti Harðardóttur og Þórunni Hafstein frá menntamálaráðuneyti, Einar Guðmundsson frá Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, Ólaf Proppé frá Kennaraháskóla Íslands, Friðrik K. Jónsson frá Háskóla Íslands, Guðmund Frímannsson frá Háskólanum á Akureyri og Elnu K. Jónsdóttur frá Kennarasambandi Íslands. Umsagnir um málið bárust frá Tækniskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, fræðslu- og menningarsviði Mosfellsbæjar og Félagi íslenskra framhaldsskóla.

Með frumvarpinu fer fram endurskoðun á lögum um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, nr. 76/1993, í samræmi við breytingar sem orðið hafa á síðustu árum á löggjöf á sviði menntamála. Í frumvarpinu er lagt til að heiti Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála verði breytt í Námsmatsstofnun og hlutverki hennar breytt þannig að hún annist hluta þeirra verkefna sem unnin hafa verið á vegum Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála. Lagt er til að lögbundið hlutverk Námsmatsstofnunar verði að annast prófagerð og prófaframkvæmd og rannsóknir tengdar námsmati, þar á meðal samanburðarrannsóknir við skólastarf í öðrum löndum. Gert er ráð fyrir að aðrar rannsóknir á sviði uppeldis- og menntamála færist til háskóla landsins en innan þriggja þeirra er unnið að rannsóknum á því sviði. Við umfjöllun málsins kom fram að rannsóknir í háskólum eru mjög að eflast og breytingin því til þess fallin að styrkja þá í því starfi. Nefndin vill þó taka fram að mikilvægt er að áfram verði lögð áhersla á þann þátt rannsókna sem snýr að námsmati hjá Námsmatsstofnun þrátt fyrir breytingar á hlutverki hennar og telur nefndin afar brýnt að hún hafi möguleika á að vinna úr niðurstöðum samanburðarrannsókna við útlönd.

Varðandi umfang stofnunarinnar kom fram í máli fulltrúa menntamálaráðuneytis að ekki væri búist við því að umsvif stofnunarinnar ykjust verulega við breytinguna. Prófadeildin, sem er umfangsmesta deildin, mundi líklega stækka enn frekar vegna fyrirhugaðra samræmdra prófa í framhaldsskólum. Að öðru leyti yrðu umsvif stofnunarinnar ekki meiri en verið hefur.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að forstöðumaður stofnunarinnar þurfi að uppfylla nein hæfnisskilyrði. Ræddi nefndin það nokkuð og varð niðurstaðan sú að leggja til breytingu við frumvarpið þannig að gerðar yrðu svipaðar hæfniskröfur til forstöðumannsins og gerðar eru til háskólakennara en þó er ekki gert ráð fyrir dómnefnd við valið. Felur breytingartillaga nefndarinnar í sér að forstöðumaður skuli hafa lokið meistaraprófi eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu og hafa sýnt þann árangur í starfi að hann njóti viðurkenningar á starfssviði sínu.

Í 6. gr. frumvarpsins er að finna mjög almenna reglugerðarheimild. Að mati nefndarinnar er einungis þörf á reglugerðarheimild við 2. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um verkefni stofnunarinnar og leggur til breytingu í samræmi við það.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Kolbrún Halldórsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara. Einar Már Sigurðarson og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. des. 2000.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Árni Johnsen.	Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.
Ólafur Örn Haraldsson.	Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Tómas Ingi Olrich.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

452. Breytingartillögur [176. mál]

við frv. til l. um Námsmatsstofnun.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr. Við bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Menntamálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um verkefni stofnunarinnar.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Forstöðumaður Námsmatsstofnunar er skipaður af menntamálaráðherra til fimm ára að fenginni umsögn stjórnar stofnunarinnar. Hann skal hafa lokið meistaraprófi eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu og skal jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að hann njóti viðurkenningar á starfssviði sínu. Forstöðumaðurinn annast yfirstjórn stofnunarinnar og daglegan rekstur, ber ábyrgð á fjárreiðum hennar og ræður aðra starfsmenn. Forstöðumaðurinn kemur fram fyrir hönd stofnunarinnar út á við.
3. Við 6. gr. Greinin falli brott.

453. Frumvarp til laga [343. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

4. málsl. 4. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við setningu viðmiðunarreglna fyrir staðgreiðsluárið 2001.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, er fjallað um reiknað endurgjald. Skv. 4. mgr. þeirrar greinar ber ríkisskattstjóra árlega að setja viðmiðunarreglur til leiðbeiningar fyrir skattstjóra varðandi ákvörðun reiknaðs endurgjalds og reglu um framkvæmd greinarinnar að öðru leyti. Í ákvæðinu er sérstaklega kveðið á um að viðmiðunartekjur þeirra sem landbúnað stunda skuli miðaðar við vinnuþátt í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða að frádregnum einum þriðja, þó að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni, svo sem þess hvort bændur nái heildartekjum grundvallarbúsins vegna þróunar afurðaverðs eða annarra atriða er máli skipta að mati ríkisskattstjóra. Sérregla þessi um bændur er úrelt þar sem verðlagsgrundvöllur landbúnaðarafurða er ekki lengur til, a.m.k. ekki í því formi sem lagður var til grundvallar við setningu laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Í ljósi þessa er lagt til að 4. málsl. 6. gr. falli brott. Í því felst að ríkisskattstjóri mun setja viðmiðunarreglur vegna reiknaðs endurgjalds bænda með sama hætti og gildir um endurgjald annarra starfsstétta. Þannig verða sömu grunnsjónarmið látin gilda um allar starfsstéttir.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að sérregla 4. málsl. 4. mgr. 6. gr. laganna um viðmiðunartekjur þeirra sem stunda landbúnað verði felld niður. Þessi sérregla er úrelt þar eð verðlagsgrundvöllur landbúnaðarafurða er ekki lengur til í því formi sem lagður var til grundvallar við setningu laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Samkvæmt frumvarpinu mun ríkisskattssjóri setja viðmiðunarreglur vegna reiknaðs endurgjalds bænda með sama hætti og gildir um aðrar starfsstéttir. Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það hafa áhrif á tekju ríkissjóðs en ekki verður séð að það hafi áhrif á gjöld ríkissjóðs.

454. Frumvarp til laga [344. mál]

um útlendinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Ákvæði laga þessara gilda um heimild útlendinga til að koma til landsins og dvöl þeirra hér á landi.

Um útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið gilda sérreglur, sbr. ákvæði VI. kafla.

Íslenskir ríkisborgarar geta einnig borið skyldur samkvæmt lögunum.

Íslensk skip í siglingum erlendis falla ekki undir gildissvið laganna.

2. gr.

Tilgangur.

Lögin veita heimild til að hafa eftirlit með komu til landsins og för úr landi og með dvöl útlendinga hér á landi í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni.

Lögunum er ætlað að tryggja réttaröryggi útlendinga sem koma til landsins eða fara frá því, dveljast hér eða sækja um leyfi samkvæmt lögunum.

Lögin kveða á um rétt flóttamanna til hælis og um vernd þeirra og annarra útlendinga gegn ofsóknum, sbr. ákvæði VII. kafla.

3. gr.

Framkvæmd laganna.

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum og setur nánari reglur um heimild útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér á landi.

Framkvæmd laganna að öðru leyti annast Útlendingastofnun, lögregla og önnur stjórnvöld.

Dómsmálaráðherra skipar forstjóra Útlendingastofnunar til fimm ára í senn. Forstjórinn skal vera lögfræðingur.

Dómsmálaráðherra kveður á um starfssvið þeirra sem annast framkvæmd laganna að því leyti sem lögin kveða ekki á um það.

II. KAFLI

Koma og brottför.

4. gr.

Vegabréfaeftirlit.

Hver sá sem kemur til landsins skal þegar í stað gefa sig fram við vegabréfaeftirlitið eða næsta lögregluyfirvald. Hver sá sem fer af landi brott skal sæta brottfarareftirliti og skal við brottför gefa sig fram við vegabréfaeftirlitið eða næsta lögregluyfirvald. Undanskilin er för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins, svo og að öðru leyti samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Koma til landsins og för úr landi skal fara fram á stöðum og afgreiðslutímum sem dómsmálaráðherra ákveður. Lögreglustjóri getur veitt undanþágu frá þessu. För yfir innri landamæri Schengen-svæðisins er heimil utan viðurkenndra landamærastöðva. Ákvæði tollalaga gilda um för yfir innri landamæri.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um komu- og brottfarareftirlit og um undantekningu frá ákvæðum 1. og 2. mgr. um för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins. Hann setur einnig reglur um skyldu stjórnanda skips eða loftfars til að ganga úr skugga um að farþegar hafi gild ferðaskilríki.

5. gr.
Vegabréf.

Útlendingur, sem kemur til landsins, skal, nema annað sé ákveðið í reglum sem dómsmálaráðherra setur, hafa vegabréf eða annað kennivottorð sem viðurkennt er sem ferðaskilríki.

Dómsmálaráðherra setur reglur um hvaða skilyrðum vegabréf eða annað kennivottorð þarf að fullnægja til að teljast gilt til ferðar til landsins og dvalar.

Útlendingastofnun getur, ef sérstaklega stendur á, undanþegið útlending þeirri skyldu að hafa vegabréf eða viðurkennt önnur skilríki en leiðir af almennum reglum.

6. gr.
Vegabréfsáritanir.

Útlendingur þarf að hafa vegabréfsáritun til að mega koma til landsins nema annað sé ákveðið í reglum sem dómsmálaráðherra setur. Útlendingur, sem hefur dvalarleyfi gefið út af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu, er undanþeginn áritunarskyldu. Sama gildir um útlending sem hefur bráðabirgðadvalarleyfi gefið út af þátttökuríki í samstarfinu, enda hafi hann auk þess ferðaskilríki gefin út af sama ríki.

Vegabréfsáritun gefin út af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu gildir til komu og dvalar hér á landi þann tíma sem tilgreindur er ef það kemur fram í árituninni.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um skyldu til að hafa vegabréfsáritun til að fara um flugvöll.

Vegabréfsáritun skal gilda fyrir eina eða fleiri komur til landsins og til allt að þriggja mánaða dvalar á nánar tilgreindu tímabili.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um umsókn um útgáfu vegabréfsáritunar. Fela má utanríkisþjónustunni að taka ákvörðun um slíkar umsóknir. Enn fremur er heimilt að fela utanríkisþjónustu annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu að verða við umsókn um vegabréfsáritun.

7. gr.
Áhafnir skipa og loftfara.

Útlendingur, sem lætur af starfi um borð í skipi eða loftfari, eða er laumufarþegi, má ekki ganga hér á land án leyfis lögreglunnar. Ákvæði um stjórnvald í málum vegna frávísunar og um málskot gilda eftir því sem við á.

Dómsmálaráðherra setur reglur um landgönguleyfi útlendra sjómanna við dvöl skips í höfn og um heimild til að meina þeim landgöngu.

III. KAFLI
Dvöl og búseta.
8. gr.
Dvöl án dvalarleyfis.

Útlendingur, sem þarf vegabréfsáritun til landgöngu, má ekki dveljast hér á landi lengur en áritunin segir til um nema sérstakt leyfi komi til. Öðrum útlendingum er óheimilt án sérstaks leyfis að dveljast hér lengur en þrjá mánuði frá komu til landsins. Dvöl í öðru ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu telst jöfn dvöl hér á landi. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um dvöl umfram þrjá mánuði ef það leiðir af þjóðréttarsamningi, svo og nánari reglur um hvernig reikna skuli dvalartíma.

Dönskum, finnskum, norskum og sænskum ríkisborgurum er heimilt að dveljast hér án dvalarleyfis. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um frekari undanþágu frá kröfu um dvalarleyfi.

9. gr.

Hverjir þurfa dvalarleyfi.

Útlendingur, sem hyggst ráða sig í vinnu, fyrir endurgjald eða án þess, eða stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi hér á landi, þarf, auk atvinnuleyfis þar sem það er áskilið að lögum, að hafa dvalarleyfi, nema dvöl sé heimil án dvalarleyfis skv. 2. mgr. 8. gr.

Útlendingur, sem hyggst dveljast hér lengur en honum er heimilt skv. 1. mgr. 8. gr., þarf að hafa dvalarleyfi.

10. gr.

Útgáfa dvalarleyfis.

Dvalarleyfi, sem veitt er í fyrsta sinn, skal hafa verið gefið út áður en komið er til landsins. Frá þessu má þó víkja ef ríkar sanngirnisástæður mæla með.

Dvalarleyfi sem veitt er í fyrsta sinn skal að jafnaði gefið út til eins árs. Heimilt er að gefa leyfið út til skemmri tíma eða allt að tveimur árum ef rétt þykir vegna tilgangs dvalarinnar eða af öðrum ástæðum.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um dvalarleyfi.

11. gr.

Skilyrði dvalarleyfis.

Veita má útlendingi dvalarleyfi, að fenginni umsókn, ef:

a. framfærsla hans, sjúkratrygging og húsnæði er tryggt, samkvæmt nánari reglum sem dómsmálaráðherra setur,
b. skilyrðum fyrir dvalarleyfi sem sett eru í reglum skv. 1. mgr. 3. gr. er fullnægt og
c. ekki liggja fyrir atvik sem valdið geta því að honum verði meinuð landganga hér á landi eða dvöl samkvæmt öðrum ákvæðum laganna.

Veita má útlendingi dvalarleyfi, þótt skilyrðum sé annars ekki fullnægt, ef rík mannúðarsjónarmið standa til þess eða vegna sérstakra tengsla útlendingsins við landið.

12. gr.

Sameiginleg vernd vegna fjöldaflótta.

Þegar um er að ræða fjöldaflótta getur dómsmálaráðherra ákveðið að beita skuli ákvæðum greinar þessarar. Ráðherra ákveður einnig hvenær heimild til að veita sameiginlega vernd skv. 2. og 3. mgr. skuli falla niður.

Útlendingi, sem fellur undir fjöldaflótta og kemur til landsins eða er hér þegar ákvæðum greinarinnar er beitt, má, að fenginni umsókn, veita vernd á grundvelli hópmats (sameiginlega vernd). Felur það í sér að útlendingnum verður veitt dvalarleyfi skv. 2. mgr. 11. gr. Leyfið myndar ekki rétt til búsetuleyfis.

Leyfið má endurnýja eða framlengja í allt að þrjú ár frá þeim tíma þegar umsækjandi fékk fyrst leyfi. Síðan má veita leyfi sem getur myndað rétt til búsetuleyfis. Að liðnu einu ári með slíkt leyfi skal gefa út búsetuleyfi, enda séu skilyrðin fyrir því að halda leyfinu enn fyrir hendi og skilyrðum að öðru leyti fullnægt, sbr. 15. gr.

Umsókn útlendings, sem fellur undir 2. mgr., um hæli má leggja til hliðar í allt að þrjú ár frá því að umsækjandinn fékk fyrst leyfi. Þegar heimildin til að veita sameiginlega vernd er

niður fallin, sbr. 1. mgr., eða þegar liðin eru þrjú ár frá því að umsækjandinn fékk fyrst leyfi skal tilkynna umsækjandanum að hælisumsóknin verði því aðeins tekin til meðferðar að hann láti í ljós ótvíræða ósk um það innan tiltekins frests.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um leyfi og um að leggja umsókn til hliðar.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur.

13. gr.

Dvalarleyfi fyrir aðstandendur.

Nánustu aðstandendur íslensks ríkisborgara eða annars norræns ríkisborgara sem búsettur er hér á landi eða útlendings sem dvelst eða fær að dveljast löglega í landinu samkvæmt dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum eða búsetuleyfi eiga, að fenginni umsókn, rétt á dvalarleyfi, enda liggi ekki fyrir atvik sem greinir í c-lið 1. mgr. 11. gr. Framfærsla, sjúkratrygging og húsnæði skal að jafnaði vera tryggt, sbr. a-lið 1. mgr. 11. gr.

Nánustu aðstandendur í skilningi 1. mgr. eru maki, sambúðarmaki, niðjar yngri en 18 ára og á framfæri viðkomandi og ættmenni hans eða maka að feðgatali og á þeirra framfæri.

Dvalarleyfi aðstandanda útlendings skal að jafnaði gefið út til sama tíma og leyfi þess síðarnefnda, þó þannig að það gildi ekki lengur en leyfi hans.

14. gr.

Endurnýjun.

Endurnýja má dvalarleyfi útlendings, að fenginni umsókn, ef fullnægt er skilyrðum 1. mgr. 11. gr.

Endurnýjað dvalarleyfi skal að jafnaði gefið út til eins árs eða tveggja ára en heimilt er að gefa leyfið út fyrir annað tímabil ef rétt þykir vegna tilgangs dvalarinnar eða af öðrum ástæðum.

Heimila má útlendingi, sem sækir um endurnýjun dvalarleyfis, áframhaldandi dvöl með sömu skilyrðum þar til ákvörðun hefur verið tekin um umsóknina og hann á rétt á því ef hann leggur umsókn fram a.m.k. mánuði áður en leyfið fellur úr gildi.

15. gr.

Búsetuleyfi.

Útlendingur, sem dvalist hefur hér á landi samfellt síðustu þrjú ár samkvæmt dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum og sótt hefur námskeið í íslensku fyrir útlendinga, á samkvæmt umsókn rétt á að fá útgefið búsetuleyfi ef ekki liggja fyrir ástæður sem valdið geta því að honum verði vísað úr landi, sbr. 1. mgr. 20. gr.

Búsetuleyfi felur í sér rétt til ótímabundinnar dvalar.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um búsetuleyfi. Ákvæði 3. mgr. 14. gr. gilda um umsóknir um búsetuleyfi eftir því sem við á.

Búsetuleyfi fellur niður þegar leyfishafi hefur verið búsettur eða dvalist í raun erlendis samfellt lengur en tólf mánuði. Útlendingastofnun tekur ákvörðun um að fella leyfi úr gildi. Að fenginni umsókn má heimila útlendingi lengri dvöl erlendis án þess að búsetuleyfið falli úr gildi.

Dómsmálaráðherra setur reglur um námskeið í íslensku fyrir útlendinga skv. 1. mgr. Þar skal kveðið á um lengd námskeiðs, lágmarkstímasókn og vottorð til staðfestingar á þátttöku. Einnig er heimilt í reglugerðinni að kveða á um undanþágu frá þátttöku í námskeiði fyrir útlendinga sem náð hafa viðhlítandi þekkingu í íslensku og um próf því til staðfestingar. Þá er í reglugerðinni heimilt að kveða á um gjald vegna þátttöku í námskeiði eða prófi.

16. gr.

Afturköllun.

Útlendingastofnun er heimilt að afturkalla dvalarleyfi og búsetuleyfi ef útlendingur hefur við umsókn, gegn betri vitund, veitt rangar upplýsingar eða leynt atvikum sem hefðu getað haft verulega þýðingu við leyfisveitinguna eða ekki er lengur fullnægt skilyrðum fyrir veitingu dvalarleyfis eða búsetuleyfis eða það leiðir að öðru leyti af almennum stjórnsýslureglum.

17. gr.

Tilkynningarskylda.

Útlendingur, sem fengið hefur dvalarleyfi áður en hann kom til landsins, skal innan viku frá komu gefa sig fram við lögregluna á dvalarstaðnum. Sama á við um útlending sem hyggst sækja um eða að öðru leyti þarfnast slíks leyfis.

Útlendingur, sem flytur heimili sitt meðan mál samkvæmt lögunum er til meðferðar, skal tilkynna lögreglunni um flutninginn.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að útlendingur sem ekki þarf dvalarleyfi skuli tilkynna lögreglunni um heimili sitt hér á landi og um vinnu sína eða starf.

IV. KAFLI
Frávísun og brottvísun.

18. gr.

Frávísun við komu til landsins.

Heimilt er að vísa útlendingi frá landi við komu til landsins eða allt að sjö sólarhringum frá komu ef:

a. hann fullnægir ekki reglum sem settar eru um vegabréf, vegabréfsáritun eða komu til landsins,
b. honum hefur verið vísað úr landi hér á landi eða í öðru norrænu ríki og endurkomubann er enn í gildi og honum hefur ekki verið veitt heimild til að koma til landsins,
c. hann hefur ekki tilskilið leyfi til dvalar eða vinnu eða getur ekki leitt líkur að þeim tilgangi sem gefinn er upp fyrir dvölinni,
d. hann getur ekki sýnt fram á að hann hafi eða eigi tryggð nægileg fjárráð til dvalar hér á landi og til heimferðar,
e. hann hefur hlotið refsingu eins og greinir í b- eða c-lið 1. mgr. 20. gr. eða sérstök ástæða er til af öðrum ástæðum að óttast að hann muni fremja hér á landi eða í öðru norrænu landi refsiverðan verknað sem varðað getur fangelsi lengur en þrjá mánuði,
f. reglur 6. gr. norræna vegabréfaeftirlitssamningsins eiga við og ætla má að útlendingurinn muni fara til annars norræns ríkis og að honum muni að öllum líkindum verða vísað þar frá vegna þess að ekki er fullnægt reglum um vegabréf eða vegabréfsáritun, eða frávísun er heimil af öðrum ástæðum í viðkomandi ríki,
g. hann samkvæmt mati þar til bærs heilbrigðisstarfsmanns er augljóslega haldinn alvarlegum geðtruflunum,
h. hann hefur ekki greitt kostnað hins opinbera við fyrri færslu hans úr landi, sbr. 1. mgr. 55. gr.,
i. hann er skráður í Schengen-upplýsingakerfið í því skyni að honum verði synjað um komu,
j. það er nauðsynlegt vegna allsherjarreglu, þjóðaröryggis eða alþjóðasamskipta ríkisins eða annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu.

Nægjanlegt er að meðferð máls hefjist innan sjö sólarhringa frestsins.

Nú ber útlendingur að hann sé flóttamaður eða veitir að öðru leyti upplýsingar sem benda til að ákvæði 1. mgr. 45. gr. eigi við, og skal þá leggja málið fyrir Útlendingastofnun til meðferðar og ákvörðunar.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. að því er varðar þann sem hefur vegabréfsáritun eða dvalarleyfi gefið út af ríki sem tekur þátt í Schengensamstarfinu.

19. gr.

Frávísun eftir komu til landsins.

Heimilt er að vísa útlendingi frá landi eftir reglum 1. mgr. 18. gr. þótt sjö sólarhringa fresturinn sé liðinn.

Ekki má vísa útlendingi sem hefur dvalarleyfi eða búsetuleyfi frá landi samkvæmt ákvæði þessu.

20. gr.

Brottvísun.

Heimilt er að vísa útlendingi úr landi ef:

a. hann hefur brotið alvarlega eða margsinnis gegn einu eða fleiri ákvæðum laganna eða kemur sér hjá að hlíta ákvörðun sem felur í sér að hann skuli yfirgefa landið,
b. hann hefur á síðustu fimm árum afplánað refsingu erlendis eða verið dæmdur þar til refsingar fyrir háttsemi sem að íslenskum lögum getur varðað fangelsi lengur en þrjá mánuði; samsvarandi gildir um sérstakar ráðstafanir sem ákvarðaðar eru vegna slíkrar refsiverðrar háttsemi,
c. hann hefur verið dæmdur hér á landi til refsingar eða til að sæta öryggisráðstöfunum fyrir háttsemi sem getur varðað fangelsi lengur en þrjá mánuði eða oftar en einu sinni verið dæmdur á síðustu þremur árum til fangelsisrefsingar,
d. það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins.

Brottvísun skv. a-, b- og c-lið 1. mgr. skal ekki ákveða ef það með hliðsjón af málsatvikum og tengslum útlendingsins við landið mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu ættingjum hans. Útlendingi sem hefur dvalarleyfi eða norrænum ríkisborgara sem átt hefur heimili hér á landi lengur en þrjá mánuði má því aðeins vísa úr landi að hin refsiverða háttsemi geti varðað eins árs fangelsi eða meira.

Brottvísun felur í sér bann við komu til landsins síðar. Endurkomubannið getur verið fyrir fullt og allt eða um tiltekinn tíma, en að jafnaði ekki skemur en tvö ár. Samkvæmt umsókn má heimila þeim sem vísað hefur verið úr landi endurkomu en að jafnaði ekki fyrr en tvö ár eru liðin frá brottför.

21. gr.

Frávísun og brottvísun útlendings sem hefur búsetuleyfi o.fl.

Óheimilt er að vísa frá landi eða úr landi útlendingi sem fæddur er hér á landi og hefur átt hér fast heimili óslitið síðan.

Útlendingi sem hefur búsetuleyfi má því aðeins vísa frá landi eða úr landi að:

a. það sé nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins, sbr. d-lið 1. mgr. 20. gr.,
b. hann hafi afplánað refsingu eða verið dæmdur til refsingar fyrir háttsemi sem að íslenskum lögum getur varðað þriggja ára fangelsi eða meira og það átti sér stað á síðustu fimm

árum erlendis eða á síðasta ári hér á landi. Samsvarandi gildir um sérstakar ráðstafanir sem ákvarðaðar eru vegna slíkrar refsiverðrar háttsemi.

Brottvísun skv. b-lið 2. mgr. skal ekki ákveða ef það með hliðsjón af málsatvikum og tengslum útlendingsins við landið mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu ættingjum hans.

22. gr.

Stjórnvald og undirbúningur máls.

Lögreglustjóri tekur ákvörðun um frávísun skv. a–i-lið 1. mgr. 18. gr. Útlendingastofnun tekur aðrar ákvarðanir samkvæmt kafla þessum.

Lögregla undirbýr mál sem Útlendingastofnun tekur ákvörðun um. Nú telur lögregla skilyrði vera til að vísa útlendingi frá landi eða úr landi og sendir hún þá Útlendingastofnun gögn málsins til ákvörðunar.

V. KAFLI
Málsmeðferð.

23. gr.

Almennar reglur um málsmeðferð.

Stjórnsýslulögin gilda um meðferð mála nema annað leiði af lögum þessum.

24. gr.

Andmælaréttur.

Áður en ákvörðun er tekin í máli útlendings skal hann eiga þess kost að tjá sig um efni máls skriflega eða munnlega, enda komi ekki fram í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Réttur til að tjá sig skriflega er þó ekki fyrir hendi þegar útlendingi ber að tjá sig munnlega við vegabréfaeftirlit eða lögreglu.

Í máli vegna umsóknar um hæli eða máli þar sem ákvæði 45. gr. eiga við, svo og í máli er varðar frávísun eða brottvísun, skal stjórnvald, eftir því sem unnt er, sjá um að útlendingurinn eigi kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á tungumáli sem hann getur tjáð sig á svo að viðunandi sé.

25. gr.

Leiðbeiningarskylda.

Í máli er varðar frávísun, brottvísun eða afturköllun leyfis, svo og í máli vegna umsóknar um hæli, skal stjórnvald leiðbeina útlendingnum um að honum sé heimilt, á eigin kostnað, að leita aðstoðar lögmanns eða annars fulltrúa, um rétt hans á að fá sér skipaðan talsmann, sbr. 2. mgr. 34. gr., og um rétt hans til að hafa samband við fulltrúa heimalands síns, fulltrúa Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og mannúðar- eða mannréttindasamtök hér á landi.

Að öðru leyti gildir almenn leiðbeiningarskylda skv. 7. gr. stjórnsýslulaga.

26. gr.

Miðlun upplýsinga úr landi.

Stjórnvöldum sem fara með málefni útlendinga er heimilt að láta erlendum stjórnvöldum í té upplýsingar um útlending vegna meðferðar á máli er varðar vegabréfsáritun, dvalarleyfi eða hæli að því marki sem nauðsynlegt er vegna skuldbindinga Íslands sem þátttakanda í Schengen-samstarfinu og samstarfi samkvæmt Dyflinnarsamningnum frá 15. júní 1990.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um hvaða upplýsingar megi veita og um skilyrði sem þarf að fullnægja til að upplýsingar verði veittar.

27. gr.
Vanhæfi.

Opinber starfsmaður, sem tekið hefur þátt í meðferð opinbers máls á hendur viðkomandi útlendingi, má ekki taka þátt í undirbúningi að ákvörðun eða taka sjálfur ákvörðun í máli um frávísun, dvalarleyfi, búsetuleyfi eða brottvísun. Ákvæði þetta tekur ekki til mála vegna brota á ákvæðum laga þessara eða reglna sem settar eru samkvæmt þeim.

28. gr.
Öflun gagna fyrir dómi.

Útlendingi, svo og stjórnvaldi sem fer með mál útlendings, er heimilt að krefjast þess að upplýsinga, sem ekki verður aflað á annan hátt svo að fullnægjandi sé í máli samkvæmt lögunum, verði aflað fyrir dómi eftir reglum XII. kafla laga um meðferð einkamála um öflun sönnunargagna án þess að mál hafi verið höfðað. Dómari ákveður hvort skilyrði eru til að fallast á beiðni.

Heimild skv. 1. mgr. gildir ekki þegar til meðferðar er mál gegn útlendingi um frávísun eða þegar sá sem óskað er að gefi skýrslu fyrir dómi er erlendis.

29. gr.
Rannsóknarúrræði.

Útlendingi er skylt að veita atbeina sinn til að upplýsa hver hann er, að því marki sem stjórnvald skv. 2. mgr. 3. gr. krefst þess. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um hvað skylda má útlending til að gera til að fullnægja þessari skyldu.

Ef vafi leikur á hver útlendingur er við komu til landsins eða síðar getur lögregla lagt hald á ferðaskilríki, farseðla og annað sem getur verið til upplýsinga um hver hann er. Sama gildir þegar vafi er um fyrri dvalarstað og það skiptir máli um rétt til dvalar hér á landi. Lögregla skal benda útlendingi á að hann geti borið réttmæti haldlagningar undir dómara samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála.

Ef rökstuddur grunur leikur á að útlendingur, í bága við fyrirmæli sem greinir í 1. mgr., haldi eftir eða leyni upplýsingum um hver hann er eða, í bága við fyrirmæli sem greinir í 53. gr., haldi eftir eða leyni upplýsingum um fyrri dvalarstað má lögregla leita á útlendingnum, á heimili hans eða herbergi eða í öðrum hirslum.

Í þágu máls má taka ljósmyndir og fingraför og gera rannsókn á erfðaefni af útlendingi sem:

a. ekki getur fært sönnur á hver hann er eða ef ástæða er til að ætla að útlendingurinn gefi rangt upp hver hann er,
b. leitar hælis eða sækir um leyfi samkvæmt lögunum,
c. hefur verið synjað um hæli eða leyfi samkvæmt lögunum eða
d. hefur verið vísað frá landi eða úr landi eða ætla má að dveljist hér ólöglega.

Fingraför, sem tekin eru skv. 4. mgr., má færa í tölvufærða fingrafaraskrá. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um færslu og notkun skrárinnar.

Ef útlendingur neitar að gefa upp hver hann er eða rökstuddur grunur er um að útlendingur gefi rangar upplýsingar um hver hann er er heimilt að handtaka útlendinginn og úrskurða í gæsluvarðhald samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Gæsla má ekki standa lengur en í 12 vikur samanlagt nema sérstaklega standi á.

30. gr.

Kæruheimild.

Ákvörðun lögreglunnar, svo og ákvörðun sendiráðs, fastanefndar eða ræðismanns skv. 5. mgr. 6. gr., má kæra til Útlendingastofnunar. Ákvörðun Útlendingastofnunar sem æðra stjórnvalds verður ekki kærð. Að öðru leyti má kæra ákvörðun til dómsmálaráðuneytisins.

Nú vill útlendingur nýta heimild til kæru og skal hann þá lýsa kæru innan 15 daga frá því að honum var kynnt ákvörðunin fyrir þeim sem það gerir. Að öðru leyti fer um kæru skv. VII. kafla stjórnsýslulaga um stjórnsýslukæru.

31. gr.

Hvenær ákvörðun getur komið til framkvæmda.

Ákvörðun um frávísun skv. 18. gr. má framkvæma þegar í stað. Synjun á umsókn um endurnýjun dvalarleyfis eða um búsetuleyfi, sem sótt er um innan frests skv. 3. mgr. 14. gr., má ekki framkvæma fyrr en ákvörðunin er endanleg. Sama gildir um ákvörðun um afturköllun skv. 16. gr. og um ákvörðun um brottvísun útlendings sem hefur dvalarleyfi eða búsetuleyfi eða norræns ríkisborgara sem hefur dvalið hér á landi lengur en þrjá mánuði. Að öðru leyti gilda ákvæði 29. gr. stjórnsýslulaga um frestun réttaráhrifa.

Synjun á umsókn um dvalarleyfi sem sótt er um í fyrsta sinn og á umsókn um endurnýjun sem greinir í 1. mgr. og sótt er um að liðnum fresti skv. 3. mgr. 14. gr. má ekki framfylgja fyrr en útlendingurinn hefur fengið færi á að leggja fram kæru og aldrei fyrr en liðnir eru tveir sólarhringar frá því að útlendingnum var tilkynnt um ákvörðunina.

32. gr.

Hvenær ákvörðun í málum um hæli eða vernd gegn ofsóknum getur komið til framkvæmda.

Nú ber útlendingur að aðstæður séu þannig að ákvæði 1. mgr. 45. gr. eigi við og má þá ekki framkvæma ákvörðun um að hann skuli yfirgefa landið fyrr en ákvörðunin er endanleg. Þetta gildir þó ekki í málum þar sem Útlendingastofnun telur augljóst að aðstæður séu ekki þannig og í málum þar sem útlendingurinn á umsókn um hæli til meðferðar í öðru landi eða slíkri umsókn hefur verið hafnað þar.

Lögregla skal leggja ákvörðun um frestun á framkvæmd fyrir Útlendingastofnun ef útlendingur ber fyrir sig aðstæður sem greinir í 1. mgr. 45. gr. þegar framkvæma á ákvörðunina og ekki kemur fram að afstaða hafi þegar verið tekin til þeirra aðstæðna sem borið er við. Nú telur Útlendingastofnun augljóst að aðstæður séu ekki þannig og má hún þá ákveða að ákvörðunin komi til framkvæmda.

Ákvæði IV., V. og VII. kafla stjórnsýslulaga um andmælarétt, um birtingu ákvörðunar, rökstuðning o.fl. og um stjórnsýslukæru gilda ekki um ákvarðanir skv. 1. og 2. mgr.

33. gr.

Framkvæmd ákvörðunar.

Ákvörðun, sem felur í sér að útlendingur skuli yfirgefa landið, skal framkvæma þannig að lagt er fyrir útlendinginn að hverfa þegar á brott eða innan tiltekins frests. Ef útlendingurinn fer ekki úr landi svo sem fyrir er lagt eða yfirgnæfandi líkur eru á að hann muni ekki gera það má lögregla færa hann úr landi. Ef sérstaklega stendur á má færa útlendinginn til annars lands en þess sem hann kom frá. Ákvarðanir sem varða framkvæmd verða ekki kærðar sérstaklega.

Útlendingi, sem fellur undir ákvæði 1. mgr. og ekki hefur gild ferðaskilríki, er skylt að afla sér þeirra.

Til að tryggja að ákvörðun skv. 1. mgr. verði framkvæmd getur lögregla lagt fyrir útlendinginn að:

a. tilkynna sig,
b. afhenda vegabréf eða annað kennivottorð, sbr. 5. gr., og
c. halda sig á ákveðnu svæði.

Fyrirmæli sem greinir í 3. mgr. má því aðeins gefa að sérstök ástæða sé til að ætla að útlendingurinn muni koma sér undan framkvæmd. Við mat á þessu má taka tillit til almennrar reynslu af undankomu. Fyrirmælin gilda ekki lengur en í tvær vikur nema útlendingurinn samþykki eða dómari ákveði samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála.

Ef nauðsyn ber til, til að tryggja framkvæmd, er heimilt að handtaka útlendinginn og úrskurða í gæsluvarðhald samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Samsvarandi gildir ef útlendingur gerir ekki það sem nauðsynlegt er til að afla sér ferðaskilríkja, sbr. 2. mgr., og tilgangurinn er að færa útlendinginn fyrir fulltrúa lands sem við á í því skyni að fá útgefin ferðaskilríki.

Gæsla skal ekki ákveðin lengur en í tvær vikur. Gæslutíma má því aðeins framlengja að útlendingurinn fari ekki sjálfviljugur úr landi og yfirgnæfandi líkur séu á að hann muni annars koma sér undan framkvæmd ákvörðunar sem greinir í 1. mgr. Má þá framlengja frestinn í allt að tvær vikur, en þó ekki oftar en tvisvar.

Útlending má hvorki handtaka né úrskurða í gæsluvarðhald ef það með hliðsjón af eðli máls og atvikum að öðru leyti mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun, eða dómarinn telur fullnægjandi að útlendingurinn sæti þess í stað úrræðum skv. 3. mgr.

Þvingunarúrræðum skv. 3. og 5. mgr. má beita þegar ákvörðun um að útlendingur skuli yfirgefa landið er tekin og þegar mál sem getur leitt til slíkrar ákvörðunar er til meðferðar.

34. gr.

Réttaraðstoð.

Dómari skal skipa útlendingi talsmann úr hópi lögmanna þegar krafist er gæslu skv. 6. mgr. 29. gr. eða 5. mgr. 33. gr. Sama gildir þegar fyrir dómi er krafist úrræða skv. 3. og 4. mgr. 33. gr. nema það hafi í för með sér sérstakt óhagræði eða töf eða dómarinn telur ekki varhugavert að láta hjá líða að skipa talsmann.

Þegar kærð er ákvörðun sem varðar frávísun, brottvísun eða afturköllun leyfis og í máli vegna umsóknar um hæli skal útlendingur eiga rétt á að stjórnvald skipi sér talsmann. Þetta gildir þó ekki í málum vegna brottvísunar skv. b- og c-lið 1. mgr. 20. gr., b-lið 2. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 43. gr. þegar um er að ræða háttsemi sem greinir í 2. málsl., eða þegar útlendingur sem sótt hefur um hæli kærir að hann hafi einungis fengið dvalarleyfi skv. 2. mgr. 11. gr. Ef dómari tekur til greina beiðni um að afla upplýsinga fyrir dómi skv. 28. gr. skal kostnaður útlendingsins við lögfræðiaðstoð meðan öflun upplýsinganna fer fram greiðast úr ríkissjóði.

Ákvæði VI. kafla laga um meðferð opinberra mála gilda, eftir því sem við á, um réttaraðstoð skv. 1. og 2. mgr. Krefja skal útlending um endurgreiðslu kostnaðar af réttaraðstoð að hluta til eða að öllu leyti ef hann hefur ráð á því.

VI. KAFLI
Útlendingar sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn).

35. gr.
Dvalarleyfi.

Útlendingur, sem fellur undir reglur EES-samningsins um frjálsa fólksflutninga (EES-útlendingur), má koma til landsins án sérstaks leyfis og dveljast hér á landi í allt að þrjá mánuði frá komu hans til landsins, eða allt að sex mánuði ef hann er í atvinnuleit. Dvöl í öðru norrænu landi skal ekki draga frá dvalartímanum.

EES-útlendingur, sem dvelst eða starfar hér á landi lengur en greinir í 1. mgr., skal hafa dvalarleyfi. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágur frá reglum um dvalarleyfi og sett reglur um tilkynningarskyldu.

Dvalarleyfi, sem sótt er um í fyrsta sinn, má sækja um eftir komu til landsins.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um dvalarleyfi.

36. gr.
Skilyrði dvalarleyfis.

EES-útlendingur á rétt á dvalarleyfi samkvæmt umsókn þess efnis ef hann framvísar þeim ferðaskilríkjum sem hann komst inn í landið með og gögnum sem sýna að hann:

a. er launþegi sem fellur undir lög um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 2. tölul. V. viðauka við EES-samninginn,
b. ætlar að stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi hér á landi eða veita eða njóta hér þjónustu,
c. þiggur nægilegar fastar reglubundnar greiðslur eða á nægilegt eigið fé og fellur undir sjúkratryggingu sem ábyrgist alla áhættu meðan dvöl hans hér á landi varir eða
d. er innritaður hjá viðurkenndri námsstofnun með það að meginmarkmiði að öðlast þar starfsþjálfun.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa.

Heimilt er að synja um dvalarleyfi skv. 1. mgr. ef þær aðstæður eru fyrir hendi sem geta veitt tilefni til að meina útlendingnum komu til landsins, dvöl eða vinnu samkvæmt öðrum lagaákvæðum.

37. gr.
Dvalarleyfi fyrir aðstandendur.

Aðstandandi útlendings sem hefur eða öðlast dvalarleyfi skv. 1. mgr. 36. gr. á rétt á dvalarleyfi samkvæmt umsókn þess efnis að uppfylltum skilyrðum í reglum sem dómsmálaráðherra setur.

38. gr.
Áframhaldandi dvöl að loknu starfi.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um rétt útlendings sem fellur undir a- og b-lið 1. mgr. 36. gr. til áframhaldandi dvalar að loknu starfi, svo og aðstandenda hans skv. 37. gr.

39. gr.
Gildistími og efni dvalarleyfis.

Dvalarleyfi, sem gefið er út í fyrsta sinn skv. 36., 37. og 38. gr., skal að jafnaði gefið út til fimm ára.

Ef starfi er ætlað að standa lengur en þrjá mánuði en skemur en eitt ár skal leyfi til útlendings skv. a-lið 1. mgr. 36. gr. gefið út til samsvarandi tíma.

Leyfi til útlendings sem ætlar að veita þjónustu eða njóta þjónustu, sbr. b-lið 1. mgr. 36. gr., skal hafa sama gildistíma og þjónustan verður veitt eða hennar notið.

Leyfi, sem gefið er út í fyrsta sinn til útlendings skv. c-lið 1. mgr. 36. gr., má takmarka við tvö ár ef umsækjandinn getur ekki sýnt fram á að skilyrði fyrir leyfinu verði uppfyllt í fimm ár.

Leyfi til útlendings skv. d-lið 1. mgr. 36. gr. skal gefið út til tíma sem svarar til lengdar námsins, þó ekki lengur en í eitt ár.

Dvalarleyfi veitir rétt til að dveljast og til að ráða sig í vinnu eða starfa sjálfstætt hvar sem er á landinu nema annað sé tekið fram í leyfinu eða leiði af reglum sem settar eru samkvæmt lögunum.

40. gr.

Endurnýjun dvalarleyfis.

Dvalarleyfi skv. 36., 37. og 38. gr. skal endurnýja samkvæmt umsókn ef skilyrðum er enn fullnægt. Dvalarleyfi skal að jafnaði endurnýjað til fimm ára nema tilgangur vinnu eða dvalar eða aðrar ástæður gefi tilefni til styttri gildistíma.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um endurnýjun dvalarleyfis.

41. gr.

Afturköllun dvalarleyfis.

Heimilt er að afturkalla dvalarleyfi ef svo stendur á sem greinir í 16. gr. Afturköllun er þó ekki heimil eingöngu af því að útlendingurinn er ekki lengur í starfi, hvort heldur er vegna veikinda eða slyss eða vegna þess að hann er atvinnulaus gegn vilja sínum.

Enn fremur er heimilt að afturkalla dvalarleyfi sem gefið var út í fyrsta sinn til útlendings sem fellur undir a–c-lið 1. mgr. 36. gr. ef um er að ræða búseturof sem varað hefur lengur en sex samfellda mánuði og ekki er tilkomið vegna herþjónustu.

42. gr.

Frávísun.

Heimilt er að vísa EES-útlendingi frá landi við komu til landsins eða allt að sjö sólarhringum eftir komu ef:

a. hann fullnægir ekki reglum sem settar eru um vegabréf, vegabréfsáritun eða komu til landsins,
b. honum hefur verið vísað úr landi hér á landi eða í öðru norrænu landi og endurkomubann er enn í gildi og honum hefur ekki verið veitt heimild til að koma til landsins,
c. um er að ræða háttsemi sem greinir í 1. mgr. 43. gr. eða
d. það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins eða krefjandi þjóðarhagsmuna.

Lögreglustjóri tekur ákvörðun um frávísun skv. a- og b-lið 1. mgr., en Útlendingastofnun skv. c- og d-lið. Nægilegt er að meðferð máls hefjist innan sjö sólarhringa frestsins.

Ef meðferð máls skv. 1. mgr. hefur ekki hafist innan sjö sólarhringa má vísa EES-útlendingi, sem ekki hefur dvalarleyfi, frá landi með ákvörðun Útlendingastofnunar samkvæmt ákvæðum b-, c- og d-liðar.

43. gr.

Brottvísun.

Heimilt er að vísa EES-útlendingi úr landi ef það er nauðsynlegt með skírskotun til allsherjarreglu og almannaöryggis.

Brottvísun skv. 1. mgr. má framkvæma ef útlendingurinn sýnir af sér eða ætla má að um sé að ræða persónubundna háttsemi sem felur í sér raunverulega og nægilega alvarlega ógn gagnvart grundvallarþjóðfélagssjónarmiðum. Ef útlendingurinn hefur verið dæmdur til refsingar eða sérstakar ráðstafanir ákvarðaðar má brottvísun af þessari ástæðu að jafnaði því aðeins fara fram að um sé að ræða háttsemi sem getur gefið til kynna að útlendingurinn muni fremja refsivert brot á ný.

Einnig er heimilt að vísa EES-útlendingi úr landi ef hann fullnægir ekki skilyrðum um dvöl skv. 36.–38. gr.

Brottvísun skal ekki ákveða ef það með hliðsjón af málsatvikum og tengslum útlendingsins við landið mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu ættingjum hans.

Brottvísun felur í sér bann við komu til landsins síðar. Endurkomubannið getur verið fyrir fullt og allt eða um tiltekinn tíma en að jafnaði ekki skemur en tvö ár. Samkvæmt umsókn má fella endurkomubannið úr gildi ef nýjar aðstæður mæla með því.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um brottvísun, svo og um heimild útlendings sem vísað hefur verið úr landi til endurkomu.

VII. KAFLI
Vernd gegn ofsóknum og flóttamenn.

44. gr.

Flóttamannahugtakið.

Flóttamaður samkvæmt lögunum telst vera útlendingur sem fellur undir ákvæði A-liðar 1. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 (flóttamannasamningsins), sbr. viðauka við samninginn frá 31. janúar 1967.

Ákveða má að flóttamaður sem fellur undir C–F-lið í 1. gr. flóttamannasamningsins skuli ekki, að öllu leyti eða að hluta til, njóta réttinda og verndar samkvæmt ákvæðum þessa kafla, annarra en málsmeðferðarreglna. Flóttamaður sem fellur undir C–E-lið í 1. gr. skal þó njóta verndar skv. 45. gr.

45. gr.

Vernd gegn ofsóknum.

Ekki má samkvæmt lögunum senda útlending til svæðis þar sem hann hefur ástæðu til að óttast ofsóknir sem geta leitt til þess að hann skuli teljast flóttamaður eða ef ekki er tryggt að hann verði ekki sendur áfram til slíks svæðis. Samsvarandi verndar skal útlendingur njóta sem vegna svipaðra aðstæðna og greinir í flóttamannahugtakinu er í yfirvofandi hættu á að láta lífið eða verða fyrir ómannúðlegri meðferð.

Ef stjórnvald í máli samkvæmt lögunum kemst að því að ákvæði 1. mgr. eigi ekki við um útlendinginn skal það að eigin frumkvæði taka til skoðunar hvort beita skuli ákvæðum 2. mgr. 11. gr.

Útlendingur nýtur ekki verndar skv. 1. mgr. ef ætla má að hann sé hættulegur öryggi ríkisins eða hann hefur hlotið endanlegan dóm fyrir mjög alvarlegt afbrot og er af þeim sökum hættulegur samfélaginu. Útlendingur nýtur ekki heldur verndarinnar þegar svo háttar sem um ræðir í F-lið 1. gr. flóttamannasamningsins.

Vernd skv. 1. mgr. á við um hvers konar ákvarðanir samkvæmt lögum þessum.

46. gr.

Réttur til hælis.

Flóttamaður, sem er hér á landi eða kemur hér að landi, á samkvæmt umsókn rétt á að fá hér hæli. Þetta gildir þó ekki um flóttamann sem:

a. fellur undir undanþágur frá reglum um vernd í 2. mgr. 44. gr. og 3. mgr. 45. gr.,
b. veitt hefur verið hæli í öðru ríki,
c. komið hefur til landsins að eigin frumkvæði eftir að hafa hlotið vernd í öðru ríki eða eftir að hafa dvalist í ríki eða á svæði þar sem hann þurfti ekki að sæta ofsóknum og hafði ekki ástæðu til að óttast að verða sendur aftur til heimalands síns,
d. krefja má annað norrænt ríki um að taka við samkvæmt reglum norræna vegabréfaeftirlitssamningsins,
e. krefja má annað ríki sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990 um að taka við,
f. synja má um hæli vegna krefjandi þjóðarhagsmuna.

Ekki skal endursenda flóttamann til annars ríkis skv. c-, d- og e-lið 1. mgr. ef hann hefur slík sérstök tengsl við landið að nærtækast sé að hann fái hér vernd.

Maki flóttamanns eða sambúðarmaki og börn undir 18 ára aldri án maka eða sambúðarmaka eiga rétt á hæli nema sérstakar ástæður mæli því í mót.

Með umsókn um hæli skal afhenda vegabréf eða önnur ferðaskilríki sem umsækjandi hefur í fórum sínum.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að útlendingur sem sækir um hæli skuli dveljast í tilteknu sveitarfélagi og í húsnæði sem lagt er til þar til endanleg ákvörðun liggur fyrir um umsóknina.

47. gr.

Réttaráhrif hælis.

Hælisveiting hefur í för með sér að útlendingurinn hefur réttarstöðu flóttamanns og fær dvalarleyfi. Hann hefur þá réttarstöðu sem leiðir af íslenskum lögum og flóttamannasamningnum eða öðrum þjóðréttarsamningum um flóttamenn.

Hælisveitingu má afturkalla ef flóttamaður fellur ekki lengur undir flóttamannahugtakið skv. 44. gr. eða það að öðru leyti leiðir af almennum stjórnsýslureglum. Útlendingastofnun tekur ákvörðun um afturköllun.

48. gr.

Ferðaskírteini fyrir flóttamenn og vegabréf fyrir útlendinga.

Flóttamanni, sem dvelst eða fær að dveljast löglega í landinu, skal að fenginni umsókn veita ferðaskírteini fyrir flóttamenn til ferða erlendis, enda mæli sérstakar ástæður því ekki í mót. Nú hefur flóttamaður ferðaskilríki gefin út af öðru ríki og skal hann þá því aðeins fá skírteini gefið út að honum hafi verið veitt hér hæli eða búsetuleyfi eða skylt sé að gefa hér út ferðaskírteini fyrir flóttamenn í samræmi við þjóðréttarsamning.

Útlendingur, sem hefur eða fær dvalarleyfi hér á grundvelli umsóknar um hæli, en án þess að vera veitt hæli, skal fá vegabréf fyrir útlendinga til ferða erlendis samkvæmt nánari reglum sem dómsmálaráðherra setur. Þar má og heimila útgáfu vegabréfs fyrir útlendinga í öðrum tilvikum.

Með umsókn um ferðaskírteini fyrir flóttamenn eða vegabréf fyrir útlendinga skal afhenda vegabréf eða önnur ferðaskilríki sem umsækjandi hefur í fórum sínum.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um útgáfu, gildissvið, endurnýjun og afturköllun ferðaskírteinis fyrir flóttamenn og vegabréfs fyrir útlendinga og nánari skilyrði í þessu sambandi.

49. gr.

Gildi erlendra ákvarðana um stöðu flóttamanns.

Útlendingur, sem veitt hefur verið hæli eða ferðaskírteini fyrir flóttamenn í öðru ríki, skal talinn flóttamaður með fasta búsetu í því ríki. Sæki slíkur flóttamaður um hæli eða ferðaskírteini fyrir flóttamenn hér á landi skal fyrri ákvörðun um stöðu hans sem flóttamanns ekki vefengd nema sú ákvörðun sé röng eða aðrar ástæður liggi til þess.

50. gr.

Stjórnvald og málsmeðferð.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun í málum um vernd gegn sendingu úr landi, réttarstöðu flóttamanns og hæli, svo og um ferðaskírteini fyrir flóttamenn og vegabréf fyrir útlendinga.

Útlendingastofnun tekur einnig ákvörðun um hvort útlendingi, sem kemur til landsins á grundvelli 51. gr., skuli veitt réttarstaða flóttamanns.

Við meðferð máls skv. 1. og 2. mgr. skal Útlendingastofnun af sjálfsdáðum afla nauðsynlegra og aðgengilegra upplýsinga. Þrátt fyrir lagaákvæði um þagnarskyldu má kynna Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna efni málsskjala. Einnig má kynna mannúðar- eða mannréttindasamtökum efni málsskjala að því leyti sem það er nauðsynlegt í tengslum við öflun upplýsinga.

51. gr.

Flóttamannahópar.

Útlendingastofnun heimilar hópum flóttamanna landgöngu í samræmi við stefnu stjórnvalda um móttöku flóttamanna. Sama gildir um hópa útlendinga sem ekki teljast flóttamenn.

Ákvæði IV. og V. kafla stjórnsýslulaga um andmælarétt og um birtingu ákvörðunar, rökstuðning o.fl., og viðeigandi ákvæði V. kafla laga þessara, gilda ekki um ákvarðanir skv. 1. mgr. Ákvörðun verður einungis kærð af þeim sem bein afstaða er tekin til í máli.

Útlendingur, sem heimiluð er koma skv. 1. mgr., skal fá dvalarleyfi. Þegar endanleg ákvörðun hefur verið tekin um að útlendingur skuli hafa réttarstöðu flóttamanns, sbr. 2. mgr. 50. gr., á hann rétt til hælis og ferðaskírteinis fyrir flóttamenn, sbr. 46.–48. gr.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

52. gr.

Sérákvæði vegna öryggis ríkisins o.fl.

Meina má landgöngu og synja um útgáfu dvalarleyfis og búsetuleyfis eða setja takmarkanir eða skilyrði ef nauðsynlegt þykir vegna utanríkisstefnu ríkisins, öryggis ríkisins eða krefjandi þjóðarhagsmuna. Af sömu ástæðum má framkvæma ákvörðun fyrr en greinir í 31. og 32. gr. Útlendingastofnun tekur ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein.

Dómsmálaráðherra getur, ef nauðsynlegt þykir vegna öryggis ríkisins, sett nánari reglur um tilkynningarskyldu en segir í 17. gr. eða reglum skv. 54. gr.

53. gr.

Upplýsinga- og tilkynningarskylda útlendinga.

Útlendingi er skylt að kröfu lögreglunnar að sýna skilríki og, ef þörf er á, veita upplýsingar svo að ljóst sé hver hann er og um lögmæti dvalar hans í landinu.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að útlendingar, aðrir en danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar, skuli ávallt bera vegabréf eða annað kennivottorð við dvöl hér á landi. Ráðherra getur undanþegið aðra útlendinga skyldu þessari.

Við undirbúning máls samkvæmt lögunum má leggja fyrir útlending sem málið varðar að mæta sjálfur og veita upplýsingar sem geta haft þýðingu við úrlausn þess.

54. gr.

Tilkynningarskylda annarra.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um:

a. að sá sem rekur gististað, af hvers kyns tagi, eða heldur tjaldsvæði og þess háttar skuli halda skrá yfir þá sem þar gista og tilkynna lögreglunni um þá, svo og að aðrir skuli einnig veita Útlendingastofnun upplýsingar um útlendinga sem hjá þeim gista ef ástæða þykir til vegna öryggissjónarmiða eða sérstaks viðbúnaðar,
b. að stjórnandi loftfars sem kemur frá eða fer til útlanda skuli láta lögreglunni í té skrá um farþega og áhöfn,
c. að stjórnandi skips sem siglir yfir mörk landhelginnar á leið til eða frá íslenskri höfn skuli láta lögreglunni í té skrá um farþega og áhöfn,
d. að sá sem fær útlending í þjónustu sína eða ræður útlending í launaða atvinnu skuli tilkynna það Útlendingastofnun áður en vinnan hefst,
e. að atvinnumiðlanir skuli tilkynna Útlendingastofnun um útlendinga sem leita eða fá atvinnu,
f. að þjóðskráin skuli tilkynna Útlendingastofnun um útlendinga sem tilkynntir eru á skrá eða af,
g. að menntastofnanir skuli samkvæmt beiðni láta Útlendingastofnun í té skrá um erlenda námsmenn,
h. að stjórnvöld skuli, samkvæmt beiðni, láta Útlendingastofnun eða lögreglunni í té upplýsingar um nafn útlendings og heimili til nota í máli samkvæmt lögunum þrátt fyrir reglur um þagnarskyldu í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og barnaverndarlögum.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um hvaða upplýsingar skrár skv. 1. mgr. skuli hafa að geyma.

Þeim sem tilkynna á um er skylt að láta í té þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tilkynningarskyldunni verði fullnægt.

55. gr.

Ábyrgð á kostnaði.

Útlendingur, sem færður er úr landi samkvæmt lögunum, skal greiða kostnað af brottför sinni. Útlendingurinn skal einnig greiða kostnað af gæslu þegar hennar er þörf vegna þess að útlendingurinn fer ekki úr landi af sjálfsdáðum. Krafan er aðfararhæf og hún getur auk þess verið grundvöllur frávísunar við síðari komu til landsins, sbr. h-lið 1. mgr. 18. gr. Lögreglunni er heimilt að leggja hald á farseðla sem finnast í fórum útlendingsins til notkunar við brottför.

Nú er útlendingi, sem komið hefur með skipi eða loftfari, vísað frá landi skv. 18., 19. eða 42. gr. og skal þá eigandi farsins eða leigutaki, og á þeirra vegum stjórnandi þess eða um-

boðsmaður hér á landi, annaðhvort taka útlendinginn um borð á ný eða flytja hann úr landi á annan hátt eða greiða kostnað sem hið opinbera hefur af því að færa útlendinginn úr landi. Á sama hátt er þeim skylt að taka fylgdarmenn um borð og greiða kostnað af fylgd með útlendingnum úr landi ef lögregla telur þess þörf.

Kostnaður við að færa útlending úr landi, sem ekki fæst greiddur skv. 1. eða 2. mgr., greiðist úr ríkissjóði.

Nú gengur útlendingur, sem þarf leyfi lögreglunnar skv. 7. gr., á land án þess að hafa fengið slíkt leyfi og fer þá eftir reglum 2. mgr. um ábyrgð á kostnaði. Sama gildir þá að jafnaði einnig um kostnað sem hið opinbera kann að hafa af dvöl útlendingsins hér í allt að þrjá mánuði.

Ábyrgð skv. 2. og 4. mgr. gildir ekki við komu yfir innri landamæri Schengen-svæðisins.

56. gr.

Refsiákvæði.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef maður:

a. af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn lögunum eða reglum, banni, boði eða skilyrðum sem sett eru samkvæmt lögunum eða
b. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veitir í máli samkvæmt lögunum upplýsingar sem eru í verulegum atriðum rangar eða augljóslega villandi.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef maður:

a. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi nýtir starfskrafta útlendings sem ekki hefur tilskilið leyfi lögum samkvæmt eða
b. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hefur milligöngu um vinnu eða húsnæði fyrir útlending eða gefur út eða miðlar yfirlýsingum, umsögnum eða skjölum til notkunar í máli samkvæmt lögunum ef hann með því notfærir sér ótilhlýðilega aðstæður útlendingsins eða
c. af ásetningi með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd, eða á annan ótilhlýðilegan hátt, tælir útlending til að koma til landsins í því skyni að setjast þar að eða
d. lætur öðrum í té vegabréf, ferðaskírteini fyrir flóttamenn, önnur ferðaskilríki eða svipuð skilríki sem nota má sem ferðaskilríki og hlutaðeigandi veit eða má vita að útlendingur getur notað þau til að koma til landsins eða til annars ríkis eða
e. í hagnaðarskyni aðstoðar útlending til að dveljast ólöglega hér á landi eða í öðru ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu eða
f. í hagnaðarskyni aðstoðar útlending við að koma ólöglega til landsins eða annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að fimm árum að reka í hagnaðarskyni skipulagða starfsemi til að aðstoða útlendinga við að koma ólöglega til landsins eða til annars ríkis.

Nú er útlendingur fluttur til landsins án þess að hafa fullnægjandi ferðaskilríki og er þá heimilt að gera flytjanda sekt.

Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðilanum sekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

Tilraun eða hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

IX. KAFLI
Reglugerð og gildistaka.

57. gr.
Reglugerð.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laganna.

58. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2001.

Jafnframt falla úr gildi lög um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 19 26. mars 1991, nr. 133 31. desember 1993, nr. 90 13. júní 1996, nr. 82 16. júní 1998, nr. 23 16. mars 1999 og nr. 25 9. maí 2000.

Frá sama tíma breytast eftirfarandi lagaákvæði:

1. Í stað orðsins „Útlendingaeftirlitið“ í 2. mgr. 14. gr. laga um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73 25. nóvember 1952, kemur: Útlendingastofnun.
2. Í stað orðsins „útlendingaeftirlits“ í 6. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54 27. apríl 1962, kemur: Útlendingastofnunar.
3. Lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133 21. desember 1994, breytast þannig:
   a. Í stað orðanna „ótímabundið dvalarleyfi á Íslandi, sbr. lög um eftirlit með útlendingum“ í b-lið 2. mgr. 8. gr. kemur: búsetuleyfi, sbr. lög um útlendinga.
   b. Í stað orðsins „útlendingaeftirlitsins“ í 2. mgr. 12. gr. kemur: Útlendingastofnunar.
   c. Í stað orðanna „útlendingaeftirlitinu heimilt að vísa honum úr landi, sbr. ákvæði laga um eftirlit með útlendingum“ í 17. gr. kemur: heimilt að vísa honum úr landi, sbr. lög um útlendinga.
   d. Í stað orðsins „útlendingaeftirlitinu“ í 1. mgr. 19. gr. kemur: Útlendingastofnun.
4. Í stað orðanna „forstjóri Útlendingaeftirlitsins“ í 7. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70 11. júní 1996, sbr. lög nr. 150 27. desember 1996 og lög nr. 23 16. mars 1999 kemur: forstjóri Útlendingastofnunar.
5. Lög um vegabréf, nr. 136 22. desember 1998, sbr. lög nr. 23 16. mars 1999, breytast þannig:
   a. Í stað orðsins „Útlendingaeftirlitinu“ í 1. mgr. 2. gr., 1. mgr. 7. gr. og 9. gr. kemur: Útlendingastofnun.
   b. Í stað orðsins „Útlendingaeftirlitið“ í 1. mgr. 8. gr. kemur: Útlendingastofnun.
6. B-liður 1. mgr. 6. gr. laga um Schengen-upplýsingakerfið, nr. 16 14. apríl 2000, orðast svo: þegar synja á útlendingi um komu til landsins vegna endurkomubanns sem enn er í gildi á grundvelli brottvísunar:
   1. skv. a-lið 1. mgr. 20. gr. laga um útlendinga,
   2. skv. b-, c- eða d-lið 1. mgr. 20. gr. laga um útlendinga og ákvörðunin er reist á því að dvöl hlutaðeigandi í landinu geti stofnað allsherjarreglu, almannaöryggi eða öryggi ríkisins í hættu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu. Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, og er því ætlað að leysa þau af hólmi.

Í frumvarpinu er að finna reglur um réttarstöðu útlendinga hér á landi, við komu þeirra, dvöl og brottför. Því er lagt til að heiti nýrra laga vísi til útlendinga almennt en ekki verði einvörðungu vísað til eftirlits með útlendingum. Í því sambandi er og gert ráð fyrir breyttu heiti á Útlendingaeftirlitinu sem farið hefur með framkvæmd laga um eftirlit með útlendingum. Þá eru í frumvarpinu settar reglur um rétt flóttamanna til hælis hér á landi og um vernd gegn ofsóknum. Við samningu frumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af norrænni löggjöf um þetta efni og að verulegu leyti stuðst við norsku útlendingalögin. Þykja norsk lög heppileg fyrirmynd þar sem Ísland og Noregur eru einu ríkin á Norðurlöndum sem eiga aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum) en ekki Evrópusambandinu (ESB), auk þess sem ríkin hafa hliðstæða stöðu gagnvart ESB innan Schengen-samstarfsins. Að því er varðar rétt útlendinga til atvinnu er miðað við óbreytt fyrirkomulag, þ.e. að um það efni gildi sérstök löggjöf undir yfirstjórn félagsmálaráðherra, sbr. lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133 21. desember 1994.

Í frumvarpinu hefur verið tekið tillit til almennrar þróunar sem á undanförnum árum hefur orðið á löggjöf og viðhorfi til málefna útlendinga, svo sem breytinga á stjórnarskránni árið 1995, þróunar á sviði stjórnsýsluréttar og mannréttinda, svo og þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi, bæði norrænu og evrópsku, aðildar að mannréttindasamningum og flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna o.fl.

Með stjórnarskipunarlögum, nr. 97 28. júní 1995, voru sett ákvæði í 2. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að með lögum skuli skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi. Ákvæði þetta var nýmæli. Í athugasemdum við þetta ákvæði í frumvarpi til laganna sagði að með þessu væri fyrst og fremst lögð skylda á löggjafann að setja lög til að girða fyrir að framkvæmdarvaldið hafi ákvörðunarvald þar um án skýrra lögákveðinna skilyrða. Löggjafinn hefur á hinn bóginn frjálsar hendur um efni slíkra skilyrða innan þeirra marka sem leiðir af almennum jafnræðisreglum og þjóðréttarlegum skuldbindingum. Í ýmsum greinum frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð. Þau ákvæði er varða efnisreglur tilgreina að jafnaði það svið sem kveða skal á um í reglugerð. Meginreglur allar koma hins vegar fram í frumvarpsgreinunum en reglugerðarheimild varðar þá útfærslu tiltekinna reglna. Með þessu hafa stjórnvöld óvíræða heimild til að setja nauðsynlegar reglur samhliða því að afmarka glögglega efni slíkra reglna. Er stjórnvöldum þannig fengin skýrari staða til að framkvæma þær reglur sem fara á eftir í stað þess að ákvæði yrði að túlka á grundvelli lögskýringarreglna. Gert er ráð fyrir að samtímis gildistöku nýrra útlendingalaga verði sett heildarreglugerð um þessi efnisatriði og að öðru leyti um atriði sem varða framkvæmd laganna. Jafnframt er ljóst að framkvæmd málefna útlendinga að samþykktum nýjum útlendingalögum eins og frumvarpið liggur fyrir mun gera auknar kröfur til stjórnsýslu málaflokksins, hvort heldur er hjá lögreglunni, Útlendingastofnun eða ráðuneyti.

Ákvæði frumvarpsins eru verulega ítarlegri en gildandi löggjöf (57 efnisgreinar í stað 22). Í því sambandi ber að hafa í huga að sérreglur, sem settar voru í tengslum við aðild Íslands að EES-samningnum, þar sem kveðið var á um réttarstöðu útlendinga sem falla undir ákvæði þess samnings um frjálsa fólksflutninga, voru settar í reglugerð.

Drög að frumvarpi til laga um útlendinga voru send ýmsum aðilum til kynningar og umsagnar í maí 1998 og var þess óskað að athugasemdir og ábendingar yrðu sendar dómsmálaráðuneytinu. Umsagnir, athugasemdir og ábendingar bárust frá félagsmálaráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu, Flóttamannaráði Íslands, Hagstofu Íslands (þjóðskrá), heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Íslandsdeild Amnesty International, lögreglustjóranum í Reykjavík, Mannréttindaskrifstofu Íslands, menntamálaráðuneytinu, Rauða krossi Íslands, refsiréttarnefnd,

réttarfarsnefnd, ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara, ríkistollstjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, samgönguráðuneytinu, Siglingastofnun Íslands, Sýslumannafélagi Íslands, tölvunefnd, utanríkisráðuneytinu, Útlendingaeftirlitinu og útlendingaráði. Í ljósi athugasemda og ábendinga voru gerðar nokkrar breytingar á texta frumvarpsins, einkum í athugasemdum, og var frumvarpið síðan lagt fyrir Alþingi til kynningar á 123. löggjafarþingi vorið 1999.

Eftir að frumvarpið var lagt fram á Alþingi hefur það verið til nánari athugunar í dómsmálaráðuneytinu og hafa verið gerðar á því nokkrar breytingar. Þær breytingar leiðir einkum af fyrirhugaðri þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu, en fyrra frumvarp tók ekki mið af þeim reglum sem gilda á vettvangi Schengen-ríkjanna. Breytingar á frumvarpinu af þessum sökum eru hliðstæðar þeim sem gerðar voru á lögum um eftirlit með útlendingum með lögum nr. 25 9. maí 2000 að því frátöldu að bætt hefur verið við ákvæðum um meðferð umsókna um hæli í samræmi við þær reglur sem gilda innan Schengen-samstarfsins. Um Schengen-samstarfið er nánar fjallað í III. kafla 5 og 6.

II.

Löggjöf um málefni útlendinga á sér nokkurn aðdraganda svo sem hér verður nánar rakið. Með ályktun Alþingis 13. ágúst 1919 var skorað á landsstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um „heimild utanríkismanna til þess að ná landsvist á landi hér ... og um það, hvenær þeim verði úr landi vísað, og hvaða ráðstafanir stjórnvöld skuli gera í því skyni". Í kjölfarið voru síðan samþykkt á Alþingi lög um eftirlit með útlendingum, nr. 10 18. maí 1920, og voru það fyrstu heildarlög um málefni útlendinga. Fram að þeim tíma var hins vegar að finna einstök ákvæði í löggjöfinni sem vörðuðu útlendinga. Í lögunum var meðal annars kveðið á um heimild útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér og heimild stjórnvalda til að vísa útlendingum úr landi.

Lög um eftirlit með útlendingum voru leyst af hólmi með lögum um sama efni, nr. 59 23. júní 1936. Þau lög fólu ekki í sér verulega breytingu frá fyrri lögum að því frátöldu að þar var að finna ítarlegri ákvæði um eftirlit með útlendingum. Þannig voru lögin í raun viðauki við fyrri lög fremur en breyting á ákvæðum þeirra.

Í stað laganna frá árinu 1936 komu síðan gildandi lög um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965. Sú endurskoðun laganna miðaði fyrst og fremst að því að gera nauðsynlegar breytingar til að Ísland gæti orðið aðili að samningi Norðurlandanna frá 12. júní 1957 um afnám vegabréfaskoðunar við landamæri milli Norðurlandanna. Jafnframt voru lögin endurskoðuð að öðru leyti og kveðið nánar á um ýmis atriði, meðal annars með sérstöku ákvæði um réttarstöðu flóttamanna, án þess þó að verulega væri hnikað frá ákvæðum fyrri laga.

Með lögum nr. 133 31. desember 1993 voru gerðar breytingar á lögum um eftirlit með útlendingum í tilefni af aðild Íslands að EES-samningnum. Í þeim samningi felst að þær reglur, sem gilda innan ESB um frjálsa fólksflutninga, gilda einnig á Evrópska efnahagssvæðinu. Af þessum sökum var nauðsynleg að gera breytingar á lögunum varðandi aukinn rétt útlendinga, sem falla undir EES-samninginn, til að koma til landsins og dveljast hér og um meðferð mála, sem þetta varða, fyrir stjórnvöldum.

Lögum um eftirlit með útlendingum var á ný breytt með lögum nr. 23 16. mars 1999. Með þeim lögum fékk Útlendingaeftirlið sérstakan forstjóra, en fram til þess hafði lögreglustjórinn í Reykjavík og síðar ríkislögreglustjóri, eftir stofnun þess embættis, veitt Útlendingaeftirlitinu forstöðu. Með lögum þessum var starfsemi og rekstur Útlendingaeftirlitsins að fullu skilinn frá starfsemi lögreglu. Að baki þeirri breytingu voru meðal annars þau rök að málefni sem Útlendingaeftirlitið sinnti væru ekki í eðli sínu löggæslustörf.

Með lögum nr. 25 9. maí 2000 voru síðan gerðar nauðsynlegar breytingar á lögum um eftirlit með útlendingum vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Þau lög öðlast hins vegar ekki gildi fyrr en 25. mars 2001 en þá er fyrirhugað að Ísland hefji ásamt öðrum norrænum ríkjum þátttöku í Schengen-samstarfinu. Með þessum lögum var fellt niður persónueftirlit hér á landi með einstaklingum á ferð til og frá öðrum ríkjum sem taka þátt í Schengen-samstarfinu en eftirlitið gagnvart ferðum til og frá ríkjum utan Schengen-samstarfsins samræmt þeim kröfum sem gerðar eru innan þess. Einnig voru gerðar breytingar á ákvæðum um heimild útlendinga til að dvelja hér á landi og um vegabréfsáritanir í samræmi við reglur Schengen-samstarfsins.

III.

Ísland hefur gerst aðili að ýmsum þjóðréttarsamningum sem varða málefni útlendinga og réttarstöðu þeirra. Við samningu frumvarpsins hefur verið tekið tillit til þessara alþjóðlegu skuldbindinga Íslands þannig að sem best samræmi verði milli laga og þjóðréttarreglna. Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir helstu þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af á þessu sviði.

1. Samningur um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951.

Hinn 30. nóvember 1955 var fullgiltur af Íslands hálfu samningur um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 (hér eftir nefndur flóttamannasamningurinn en samningurinn hefur einnig verið nefndur Genfarsamningurinn) og tók hann gildi hér á landi 1. mars 1956. Hinn 26. apríl 1968 var einnig fullgiltur viðbótarsamningur um breytingu á samningnum um stöðu flóttamanna frá 31. janúar 1968. Flóttamannasamningurinn og viðaukinn eru birtir sem fylgiskjal I með frumvarpi þessu.

Í 1. gr. flóttamannasamningsins er hugtakið fóttamaður skilgreint. Samkvæmt A-lið ákvæðisins telst sá útlendingur flóttamaður sem „er utan heimalands síns ... af ástæðuríkum ótta við að verða ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar í sérstökum félagsmálaflokkum eða stjórnmálaskoðana, og getur ekki eða vill ekki, vegna slíks ótta, færa sér í nyt vernd þess lands; eða [sá], sem er ríkisfangslaus, og er utan þess lands, þar sem hann áður hafði reglulegt aðsetur, vegna slíkra atburða og getur ekki eða vill ekki, vegna slíks ótta, hverfa þangað aftur". Samkvæmt þessu verður útlendingur að hafa raunverulega ástæðu til að óttast ofsóknir til að skilgreiningin eigi við um hann. Ekki er fyrir hendi samræmd alþjóðleg túlkun á flóttamannahugtakinu sem einstök lönd eru bundin af. Það er því hvers lands að taka afstöðu til þess hvort útlendingur telst flóttamaður. Hins vegar hefur Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna gefið út handbók sem gefur leiðbeiningar um túlkun hugtaksins.

Þótt ekki sé fyrir hendi einhlít túlkun á flóttamannahugtakinu hefur verið talið að mat á því hvort útlendingur teljist flóttamaður verði á hvíla á hlutlægum grundvelli. Þannig má sá sem hefur það mat á hendi ekki láta hafa áhrif á matið jákvæða eða neikvæða afstöðu til útlendings eða heimalands hans. Kjarni flóttamannahugtaksins felst í því að útlendingur hafi ástæðuríkan ótta við að verða ofsóttur (well-founded fear of being persecuted) og að ofsóknir verði raktar til kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar í sérstökum félagsmálaflokkum eða stjórnmálaskoðana. Þannig falla þeir utan hugtaksins sem flýja heimaland af öðrum ástæðum, svo sem vegna náttúruhamfara, hungursneyðar eða bágs efnahagsástands.

Samkvæmt flóttamannasamningnum getur útlendingur ekki gert kröfu um það eitt og sér að verða viðurkenndur sem flóttamaður. Mat í þeim efnum fer ekki fram nema við úrlausn þess hvort útlendingi verði veitt tiltekin réttindi sem bundin eru við flóttamenn, svo sem með veitingu hælis eða útgáfu ferðaskilríkja samkvæmt flóttamannasamningnum.

Í C–F-liðum 1. gr. samningsins er mælt fyrir um að við ákveðnar aðstæður falli niður réttur útlendings til þeirrar verndar sem hann hefur notið samkvæmt samningnum eða að hann sé útilokaður frá slíkri vernd. Í C-lið er að finna brottfallsástæður en meginefni ákvæðisins er að samningurinn hætti að gilda um útlending sem sjálfviljugur notfærir sér á ný vernd heimalands, endurheimtir þar sjálfviljugur ríkisfang, öðlast nýtt ríkisfang eða flytur til heimalands. Einnig fellur niður vernd samkvæmt samningnum ef ekki eru lengur fyrir hendi þær aðstæður sem leiddu til þess að útlendingur var viðurkenndur sem flóttamaður. Samkvæmt D–F-liðum nýtur útlendingur ekki verndar samkvæmt samningnum ef hann nýtur verndar eða aðstoðar hjá stofnunum eða deildum Sameinuðu þjóðanna öðrum en erindreka Sameinuðu þjóðanna í málefnum flóttamanna eða ef stjórnvöld þess lands sem útlendingur hefur sest að í hafa viðurkennt að hann njóti þeirra réttinda og beri þær skyldur sem fylgja ríkisfangi í því landi. Einnig nýtur útlendingur ekki verndar flóttamannasamningsins ef hann hefur framið glæp gegn friði, stríðsglæp eða glæp gegn mannkyninu eins og slíkir glæpir eru skilgreindir í alþjóðlegum samningum. Sama gildir er útlendingur hefur framið alvarlegan ópólitískan glæp utan þess lands þar sem leitað er hælis eða hann hefur orðið sekur um athafnir sem brjóta í bága við tilgang og meginreglur Sameinuðu þjóðanna.

Flóttamannasamningurinn hefur að geyma skuldbindingar fyrir aðildarríkin um að veita flóttamönnum tiltekna réttarvernd. Samningurinn mælir ekki fyrir um skyldu aðildarríkjanna til að veita flóttamönnum hæli heldur hefur hann að geyma ákvæði um réttarstöðu flóttamanns meðan hann dvelur í samningsríki. Þannig segir í 3. gr. samningsins að beita skuli ákvæðum hans um alla flóttamenn án manngreinarálits vegna kynþátta, trúarbragða eða ættlands. Í 4. gr. er mælt fyrir um frelsi flóttamanna til að iðka trú sína og til trúarlegrar uppfræðslu barna sinna. Í 12. gr. er að finna ákvæði um persónu- og sifjaréttindi flóttamanns og í 13. og 14. gr. er mælt fyrir um vernd eignaréttinda hans. Þá er í 15. gr. ákvæði um félagafrelsi og í 16. gr. ákvæði um rétt flóttamanns til að leita til dómstóla. Í III. kafla samningsins er síðan að finna ákvæði um atvinnuréttindi flóttamanns og IV. kafli hefur að geyma ýmis ákvæði um velferðarmál flóttamanna.

Í V. kafla flóttamannasamningsins er að finna reglur um þá vernd sem flóttamenn njóta. Skv. 31. gr. skulu aðildarríkin ekki beita refsingum gagnvart flóttamönnum vegna ólöglegrar komu þeirra til landsins eða dvalar þar ef komið er beint frá landi þar sem lífi þeirra eða frelsi er ógnað, enda gefi þeir sig tafarlaust fram við stjórnvöld og beri fram gildar ástæður fyrir ólöglegri komu eða dvöl. Einnig skal flóttamanni, sem löglega dvelur í aðildarríki, ekki vísað úr landi nema vegna öryggis landsins eða allsherjarreglu, sbr. 32. gr. Þá er í 33. gr. að finna bann við því að senda flóttamann brott eða endursenda hann til ríkis, þar sem lífi hans eða frelsi er ógnað vegna kynþáttar hans, þjóðernis, aðildar að sérstökum félagsmálaflokkum eða stjórnmálaskoðana. Þetta á þó ekki við ef skynsamlegar ástæður eru til að álíta flóttamann hættulegan öryggi landsins eða ef hann er talinn hættulegur þjóðfélaginu vegna þess að hann hefur með endanlegum dómi verið fundinn sekur um mjög alvarlegan glæp. Því hefur verið haldið fram að þessi regla um bann gegn brottvísun eða endursendingu (non-refoulement) sé þjóðréttarregla á grundvelli þjóðréttarvenju og sé því bindandi fyrir ríki án tillits til alþjóðasamninga.

2. Samningar á sviði mannréttinda.

Ísland á aðild að ýmsum mannréttindasamningum sem gerðir hafa verið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Þessir samningar geta haft áhrif á réttarstöðu útlendinga en þar er að finna ákvæði sem mæla fyrir um tiltekin réttindi þeirra, svo sem hér verður nánar rakið. Þeir þjóðréttarsamningar á þessu sviði sem koma til álita eru:

— samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950, ásamt samningsviðaukum, öðru nafni mannréttindasáttmála Evrópu, sem nú hefur lagagildi hér á landi, sbr. lög nr. 62 19. maí 1994 og lög nr. 25 24. mars 1998,
— samningur um afnám alls kynþáttamisréttis frá 7. mars 1966,
— samningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi frá 19. desember 1966,
— samningur um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, ásamt bókun, frá 19. desember 1966,
— samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum frá 18. desember 1979,
— samningur gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 10. desember 1984, með breytingu frá 9. september 1992, og
— samningur um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989.

Þjóðréttarsamningar á sviði mannréttinda eru venjulega ekki bundnir við ríkisborgara eða þá sem búsettir eru í viðkomandi aðildarríki og eiga því einnig við um útlendinga sem þar dveljast. Þannig segir í 1. mgr. 2. gr. samnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi að sérhvert ríki sem er aðili að samningnum takist á hendur að virða og ábyrgjast öllum einstaklingum innan landsvæðis síns og undir lögsögu sinni réttindi þau sem viðurkennd séu í samningnum. Þá segir í 6. gr. samnings um afnám alls kynþáttamisréttis að aðildarríkin skuli tryggja öllum innan lögsögu sinnar raunhæfa vernd og úrræði, með til þess bærum dómstólum eða öðrum ríkisstofnunum, vegna allra athafna sem í felast kynþáttamisrétti og brjóta gegn mannréttindum þeirra og grundvallarfrelsi samkvæmt samningnum. Loks segir í 1. mgr. 2. gr. samnings um réttindi barnsins að aðildarríkin skuli virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningnum.

Hliðstætt við þau ákvæði sem hér hafa verið rakin segir í 1. gr. mannréttindasáttmála Evrópu að samningsaðilar skuli tryggja hverjum þeim sem innan yfirráðasvæðis þeirra dvelst réttindi þau og frelsi sem skilgreind eru í I. kafla samningsins. Í 16. gr. er þó gildissvið samningsins takmarkað gagnvart útlendingum og aðildarríkjunum veitt heimild til að setja skorður við stjórnmálaumsvifum þeirra. Þetta ákvæði hefur verið gagnrýnt og þing Evrópuráðsins hefur farið þess á leit að það verði fellt út gildi.

Mannréttindasáttmáli Evrópu hefur að geyma ákvæði um heimild til að vísa útlendingum úr landi. Í 4. gr. samningsviðauka nr. 4 er lagt bann við því að hópar útlendinga séu gerðir landrækir. Í þessu felst að meta verður hvert mál sjálfstætt og því verður útlendingi ekki vísað úr landi af þeirri ástæðu einni að hann sé hluti af einhverjum hópi útlendinga. Í 1. gr. samningsviðauka nr. 7 eru síðan réttarfarsreglur um brottvísun útlendinga. Þar segir að útlendingi, sem löglega er búsettur á landsvæði ríkis, skuli ekki vísað þaðan nema eftir ákvörðun sem tekin hefur verið í samræmi við lög. Einnig skal útlendingi vera heimilt að bera fram ástæður gegn brottvísun sinni, fá mál sitt tekið upp að nýju og fá erindi sitt flutt í þessu skyni fyrir réttu stjórnvaldi eða manni eða mönnum sem það stjórnvald tilnefnir. Heimilt er þó að vísa útlendingi brott áður en hann neytir þessara réttinda þegar slík brottvísun er nauðsynleg vegna allsherjarreglu eða á grundvelli þjóðaröryggis.

Í samningnum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi er einnig vikið að réttindum útlendinga sem vísa á úr landi. Þar segir í 13. gr. að aðeins megi vísa úr landi útlendingi, sem er á löglegan hátt á landsvæði aðildarríkis, eftir ákvörðun sem tekin hefur verið í samræmi við lög og skal, nema þar sem brýnar ástæður vegna þjóðaröryggis krefjast annars, leyfast að skjóta ástæðum gegn brottvísuninni til lögbærs stjórnvalds eða manns eða manna sem sérstaklega eru til þess tilnefndir af því lögbæra stjórnvaldi, og fá mál sitt tekið til endurskoðunar og hafa málsvarnarmann í þessu skyni. Við fullgildingu samningsins var af Íslands hálfu gerður fyrirvari við þetta ákvæði að því leyti sem það var ekki í samræmi við gildandi lög um rétt útlendings til að koma að andmælum vegna ákvörðunar um brottvísun hans. Fallið var frá þessum fyrir-

vara á grundvelli breytinga á lögum um eftirlit með útlendingum með lögum nr. 133 31. desember 1993.

Í samningi gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu er vikið að réttindum útlendinga. Skv. 3. gr. samningsins skal ekkert aðildarríki vísa úr landi, endursenda (refouler) eða framselja mann til annars ríkis ef veruleg ástæða er til að ætla að hann eigi þar á hættu að sæta pyndingum. Þegar ákveðið er hvort slíkar aðstæður séu fyrir hendi skulu þar til bær yfirvöld hafa hliðsjón af öllum atriðum sem máli skipta, þar á meðal, eftir því sem við á, hvort í ríki því sem um ræðir viðgangist gróf, augljós eða stórfelld mannréttindarbrot.

3. Samstarf Norðurlandanna.

Norðurlöndin hafa um langa hríð haft með sér samvinnu um útlendingamálefni og landamæraeftirlit og hluti af því samstarfi er það sem nefnt hefur verið Norræna vegabréfasambandið. Í samstarfinu felst að sameiginlegar reglur gilda um réttindi norrænna ríkisborgara í löndunum og um réttarstöðu útlendinga sem ekki eru norrænir ríkisborgarar. Þetta samstarf hvílir á tveimur meginstoðum, en þær eru annars vegar bókun frá 22. maí 1954 um að leysa ríkisborgara annarra Norðurlanda undan skyldu til að hafa í höndum vegabréf og dvalarleyfi við dvöl í öðru norrænu landi en heimalandinu og hins vegar samningur frá 12. júlí 1957 um afnám vegabréfaskoðunar við landamæri milli Norðurlandanna, ásamt viðbótarbókun frá 20. maí 1963, breytingum frá 27. júlí 1979 og viðaukum frá 2. apríl 1973 og 18. september 2000. Bókunin tók gildi að því er Ísland varðar 1. desember 1955 en samningurinn (sem gengur undir nafninu norræni vegabréfaeftirlitssamningurinn) 1. janúar 1966. Bókunin er birt sem fylgiskjal nr. II með frumvarpinu og samningurinn með öllum breytingum og viðaukum sem fylgskjal nr. III.

Bókunin og samningurinn eru grundvöllur að frjálsri för fólks á milli Norðurlandanna. Í því felst að ríkisborgarar Norðurlandanna eru undanþegnir vegabréfaskyldu og útlendingum, sem ekki eru norrænir ríkisborgarar, er leyft að ferðast beint frá einu landi til annars innan landanna á viðurkenndum landamærastöðvum án þess að vera háðir vegabréfaskoðun. Af þessu leiðir að vegabréfaskoðun fer eingöngu fram við norræn útmörk ríkjanna og þurfa bæði norrænir ríkisborgarar og ríkisborgarar annarra ríkja að sæta slíku eftirliti, sbr. 2. gr. samningsins. Þótt vegabréfaskoðun sé felld niður milli Norðurlandanna er ríkjunum heimilt að framkvæma úrtaksskoðun við landamæri sín og annars norræns ríkis, en í því felst að útlendingi verður gert að sýna vegabréf sitt og láta í té þær upplýsingar sem óskað er eftir, sbr. 8. gr.

Með því að fella niður vegabréfaskoðun við landamæri milli Norðurlanda hafa ríkin falið hvort öðru að framkvæma sameiginlega vegabréfaskoðun á norrænum landamærum gagnvart öðrum ríkjum. Þetta semeiginlega eftirlit hvílir á þeirri forsendu að hvert landanna skuldbindur sig til að taka aftur við útlendingi sem ekki er norrænn ríkisborgari og hafna hefði átt af hlutaðeigandi ríki við útmörk þess ef útlendingurinn hefur ferðast án heimildar frá þessu ríki til annars norræns ríkis, sbr. 10. gr. samningsins. Einnig skuldbinda ríkin sig til að leyfa ekki útlendingi, sem annað norrænt ríki hefur vísað úr landi, að koma inn í landið án sérstaks leyfis, sbr. 9. gr.

Í 1. mgr. 6. gr. samningsins segir að ríkin eigi að vísa burt við hin norrænu útmörk sín sérhverjum útlendingi sem:

a. ekki hefur í höndum gilt vegabréf eða önnur ferðaskilríki, sem hlutaðeigandi yfirvöld í aðildarildarríkjunum geta viðurkennt sem gilt vegabréf,
b. hvorki hefur nauðsynlegt leyfi til að fara inn í hlutaðeigandi ríki eða vinna þar, né slíkt leyfi í öðru norrænu ríki sem útlendingurinn ætlar að ferðast til,
c. álíta verður að hvorki hafi nægjanlegt fé til fyrirhugaðrar dvalar né heimferðar,

d. álíta verður að muni ekki vinna fyrir sér á heiðarlegan hátt,
e. hefur áður verið dæmdur til fangelsisrefsingar og gera má ráð fyrir að muni fremja afbrot í norrænu ríki eða búast má við að muni fremja skemmdarverk, stunda njósnir eða óleyfilegt fréttastarf í ríkjunum,
f. er í einhverju ríkjanna færður á skrá yfir útlendinga sem vísað hefur verið úr landi.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. er ríkjunum einnig heimilt að hafna hvaða útlendingi sem er þegar af öðrum ástæðum á ekki að veita honum leyfi til að koma inn í eitt eða fleiri af ríkjunum.

Norræni vegabréfaeftirlitssamningurinn felur ekki í sér skyldu fyrir ríkin í einstökum tilvikum til að vísa útlendingi frá landi og fær engan veginn haggað því að hvert ríki fyrir sig tekur sjálfstæða ákvörðun í þeim efnum. Hins vegar verða ríkin að haga löggjöf sinni í samræmi við 6. gr. samningsins og hafa hliðsjón af því ákvæði þegar tekin er ákvörðun um hvort útlendingi verði vísað frá landi.

Auk þess sem hér hefur verið rakið hefur samningurinn einnig að geyma nánari reglur um sameiginlegt eftirlit með útlendingum sem þurfa að hafa vegabréfsáritun, sbr. 2. og 4. gr., og um skyldu ríkjanna til að krefjast þess að útlendingar, sem dveljast í ríki lengur en þrjá mánuði, skuli sækja um dvalarleyfi, sbr. 5. gr. samningsins.

Vegna fyrirhugaðrar þátttöku Norðurlandanna í Schengen-samstarfinu hafa ríkin gert með sér samkomulag sem undirritað var 18. september 2000 um viðauka við vegabréfaeftirlitssamninginn þar sem kveðið er á um frávik frá honum að því leyti sem það er nauðsynlegt til að fullnægja skuldbindingum samkvæmt Schengen-samningnum. Í viðaukanum segir meðal annars að þrátt fyrir ákvæði f-liðar 1. mgr. 6. gr. samningsins geti samningsríki því aðeins vísað burt útlendingi, sem færður er á skrá annars samningsríkis yfir útlendinga sem vísað hefur verið úr landi, að útlendingurinn hafi jafnframt verið tilkynntur sem óæskilegur í Schengen-upplýsingakerfið. Einnig segir að þrátt fyrir ákvæði 9. gr. samningsins geti samningsríki því aðeins meinað útlendingi, sem annað samningsríki hefur vísað úr landi, að koma án sérstaks leyfis að útlendingurinn hafi verið tilkynntur sem óæskilegur í Schengen-upplýsingakerfið. Þá er tekið fram í viðaukanum að túlka beri samninginn í samræmi við viðeigandi Schengen-reglur og frekari þróun þeirra. Breytingar eru þó ekki aðrar en nauðsynlegt er vegna Schengen-samstarfsins og rýmri ákvæði sem samrýmast Schengen-reglum standa óbreytt. Þannig er heimilt að leyfa útlendingi sem hefur dvalarleyfi í norrænu landi að njóta hagstæðari reglu við dvöl í öðru norrænu landi en útlendingi sem hefur dvalarleyfi í Schengen-landi sem ekki er norrænt. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir Schengen-samstarfinu og þeim skuldbindingum sem felast í þátttöku í því samstarfi á sviði löggjafar um málefni útlendinga.

4. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið.

Með lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2 13. janúar 1993, var samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið lögfestur. Á grundvelli samningsins njóta útlendingar sem eru ríkisborgarar í aðildarríkjunum réttinda af ýmsu tagi hér á landi. Samningurinn hefur því mikil áhrif á réttarstöðu þeirra útlendinga sem falla undir samninginn.

Í 1. mgr. 1. gr. EES-samningsins segir að markmið hans sé að stuðla að stöðugri og jafnri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla við sömu samkeppnisskilyrði og eftir sömu reglum með það fyrir augum að mynda einsleitt Evrópskt efnahagssvæði. Til að ná þessu markmiði felur samstarfið í sér sex þætti og er einn þeirra frjálsir fólksflutningar, sbr. b-lið 2. mgr. sömu greinar. Frjálsir fólksflutningar eru reyndar einn hluti af hinu fjórþætta frelsi Evrópusambandsins (ESB) en það tekur að auki til frjáls flæðis vöru, þjónustu og fjármagns.

EES-samningurinn felur í sér að reglur ESB gilda um rétt launþega og sjálfstætt starfandi fólks til að flytja búferlum innan Evrópska efnahagssvæðisins og setjast að þar sem það getur

hafið störf. Þessi réttur nær einnig til fjölskyldu viðkomandi, svo og þeirra sem látið hafa af störfum vegna aldurs og óska eftir að dvelja áfram þar sem þeir höfðu síðast stundað atvinnu. Þá nær þessi réttur einnig til námsmanna og fleiri. Ákvæði um þetta eru í 1.–3. kafla III. hluta samningsins og í V. og VIII. viðauka við samninginn.

Í 28. gr. EES-samningsins er fjallað um frjálsa för launþega en þar er því slegið föstu að slíkt frelsi skuli vera tryggt á EES-svæðinu. Þetta frelsi felur í sér afnám allrar mismununar launþega í aðildarríkjunum sem byggð er á ríkisfangi og lýtur að atvinnu, launakjörum og öðrum starfs- og ráðningarskilyrðum. Á grundvelli þessa frelsis hefur launþegi meðal annars rétt til að þiggja atvinnutilboð sem raunverulega eru lögð fram og fara að vild í þeim tilgangi um yfirráðasvæði aðildarríkjanna, dvelja í ríkjunum í atvinnuskyni í samræmi við lög og stjórnsýslufyrirmæli um starfskjör ríkisborgara viðkomandi ríkis og loks að dvelja áfram í ríki eftir að hafa starfað þar. Nánari ákvæði um frelsi launþega til flutninga eru síðan í viðeigandi gerðum ESB sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn, en þær er að finna V. viðauka samningsins. Einni af þessum gerðum, reglugerð nr. 1612/68/EBE, sbr. reglugerðir nr. 312/76/EBE og nr. 2434/92/EBE, eins og henni var breytt með EES-samningnum, var veitt lagagildi hér á landi með lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993.

Í 29. gr. samningsins er fjallað um réttindi launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga til almannatrygginga. Þetta ákvæði miðar að því að greiða fyrir frjálsum fólksflutningum, en mikilvæg forsenda fyrir slíku frelsi er að réttur til almannatrygginga glatist ekki við búferlaflutninga milli landa. Einnig eru ákvæði í 30. gr. til að auðvelda frjálsa fólksflutninga, en þar segir að aðildarríkin skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir varðandi gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi, svo og samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum samningsaðila varðandi rétt launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga til að hefja og stunda starfsemi.

EES-samningurinn felur í sér heimild fyrir borgara aðildarríkjanna til að setjast að og hefja atvinnurekstur hvar sem er á EES-svæðinu. Um svokallaðan staðfesturétt er fjallað í 31.–35. gr. EES-samningsins en sá réttur nær bæði til einstaklinga og fyrirtækja. Staðfesturéttur felur í sér rétt til að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi og til að stofna og reka fyrirtæki með þeim skilyrðum sem gilda að landslögum um ríkisborgara þess ríkis þar sem staðfestan er fengin. Innan ramma ákvæða EES-samningsins skulu engin höft vera á rétti ríkisborgara aðildarríkis til að öðlast staðfestu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, sbr. 31. gr. samningsins. Í VIII. viðauka samningsins er að finna þær gerðir ESB, sem gilda um staðfesturétt og hafa verið teknar upp í EES-samninginn.

Í 36.–39. gr. EES-samningsins er fjallað um frelsi ríkisborgara aðildarríkjanna til að veita þjónustu á yfirráðasvæði aðildarríkis, enda þótt viðkomandi hafi staðfestu í öðru aðildarríki. Skv. 37. gr. samningsins er þeim sem veitir þjónustu heimilt að stunda starfsemi sína tímabundið í því ríki þar sem þjónustan er veitt með sömu skilyrðum og það ríki setur eigin ríkisborgurum. Með þjónustu í skilningi ákvæðisins er einkum átt við starfsemi á sviði iðnaðar, viðskipta, starfsemi handverksmanna og sérfræðistörf.

5. Schengen-samstarfið.

Aðild Íslands að Schengen-samstarfinu byggist á samningi milli Evrópusambandsins annars vegar og Íslands og Noregs hins vegar um þátttöku síðargreindu landanna í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sem undirritaður var í Brussel 18. maí 1999. Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 26. maí 2000 að undangengnu samþykki Alþingis. Í athugasemdum með þingsályktunartillögu þess efnis er ítarlega fjallað um Schengen-samstarfið. Fyrirhugað

er að framkvæmd samstarfsins á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum hefjist 25. mars 2001, svo sem áður er getið.

Kjarni Schengen-samstarfsins felst í því að tryggja frjálsa för einstaklinga um innri landamæri þátttökuríkjanna og fella niður persónueftirlit með einstaklingum á ferð milli ríkjanna. Schengen-samstarfið tekur einnig til annarra málefni á sviði útlendingalöggjafar og má þar helst nefna samræmingu á persónueftirliti á ytri landamærum þátttökuríkjanna, samvinnu um vegabréfsáritanir, sem meðal annars felur í sér að samræmd áritun gildir á öllu Schengen-svæðinu, og sameiginlegar reglur um vissa þætti málsmeðferðar vegna beiðni um hæli.

Í Schengen-samstarfinu hafa ítarlegar reglur verið settar um landamæraeftirlit og önnur málefni sem varða útlendinga og réttarstöðu þeirra. Þessi ákvæði er einkum að finna í II. bálki (2.–38. gr.) samnings frá 19. júní 1990 um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 (hér eftir nefndur Schengen-samningurinn), en sá bálkur ber heitið „Afnám eftirlits á innri landamærum og för fólks". Bálkurinn skiptist í sjö kafla og verður hér gerð grein fyrir efni hans í grófum dráttum. Þessi hluti samningsins er birtur sem fylgiskjal nr. IV með frumvarpinu að undanskildum 7. kafla sem gildir ekki gagnvart Íslandi. Auk Schengen-samningsins hafa ýmsar aðrar Schengen-gerðir þýðingu varðandi málefni á sviði útlendingalöggjafar og verður gerð grein fyrir þeim á viðeigandi stöðum í frumvarpinu.

Um 1. kafla – farið yfir innri landamæri.

Samkvæmt 2. gr. samningsins er heimilt að fara yfir innri landamæri ríkjanna hvar sem er án þess að persónueftirliti sé framfylgt. Þegar allsherjarregla og þjóðaröryggi krefst þess getur ríki þó ákveðið, að höfðu samráði við önnur þátttökuríki, að taka tímabundið upp landamæraeftirlit á innri landamærum í samræmi við tilefni. Ef bregðast þarf við af þessum sökum án tafar skal gripið til nauðsynlegra ráðstafana og öðrum þátttökuríkjum tilkynnt um þær svo fljótt sem unnt er.

Þótt fella beri niður persónueftirlit á innri landamærum hefur samningurinn hvorki áhrif á heimildir ríkja til löggæslu innan eigin landamæra né skyldu einstaklinga til að hafa meðferðis og framvísa leyfum og skilríkjum í samræmi við reglur hlutaðeigandi ríkis.

Um 2. kafla – farið yfir ytri landamæri.

Þegar farið er yfir ytri landamæri skal það gert á landamærastöðvum og á ákveðnum afgreiðslutímum. Skuldbinda þátttökuríkin sig til að taka upp viðurlög ef farið er í heimildarleysi yfir ytri landamæri utan landamærastöðva og afgreiðslutíma þeirra, sbr. 3. gr. samningsins.

Samkvæmt 4. gr. samningsins skulu flugfarþegar, sem koma til þátttökuríkis frá þriðja ríki, sæta persónueftirliti og eftirliti með handfarangri áður en þeir skipta yfir í innansvæðisflug. Einnig skulu farþegar, sem koma með flugi innan Schengen-svæðisins, sæta sama eftirliti við brottför úr flughöfn þaðan sem flogið er til þriðja ríkis.

Í 1. mgr. 5. gr. samningsins er að finna heimild til að veita útlendingi leyfi til að koma inn og dvelja á Schengen-svæðinu í allt að þrjá mánuði ef hann hefur gild skilríki sem veita heimild til að fara yfir landamæri og gilda vegabréfsáritun ef þess er krafist. Einnig þarf útlendingur að geta lagt fram viðhlítandi gögn til staðfestingar á tilgangi dvalar og að hann hafi nægjanleg fjárráð til að geta séð fyrir sér meðan á dvöl stendur. Enn fremur þarf útlendingur að geta greitt fargjald til heimaríkis eða þriðja ríkis þar sem honum hefur verið tryggður aðgangur. Loks má útlendingur ekki koma inn á Schengen-svæðið ef hann er á skrá yfir þá sem synja á um komu eða af honum stafar ógnun við allsherjarreglu, þjóðaröryggi eða alþjóðasamskipti einhvers þátttökuríkjanna. Ef útlendingur fullnægir ekki þeim skilyrðum sem hér hafa verið rakin skal honum synjað um komu inn á Schengen-svæðið nema þátttökuríki telji nauðsynlegt að víkja frá þess-

um skilyrðum af mannúðarástæðum eða vegna þjóðarhagsmuna eða alþjóðlegra skuldbindinga. Er þá heimild til komu inn á Schengen-svæðið bundin við hlutaðeigandi ríki og skal öðrum þátttökuríkjum tilkynnt um slíka ákvörðun, sbr. 2. mgr. 5. gr. Í 3. mgr. segir síðan að útlendingi, sem hefur dvalarleyfi eða vegabréfsáritun til endurkomu sem þátttökuríki hefur gefið út, eða hvorutveggja ef það á við, skuli heimilað að fara um annað þátttökuríki, sem komið er til frá þriðja ríki, nema það ríki hafi lýst viðkomandi útlending óæskilegan.

Á ytri landamærum skal persónueftirliti framfylgt af þar til bærum yfirvöldum samkvæmt samræmdum reglum og innlendri löggjöf með sameiginlega hagsmuni allra þátttökuríkjanna að leiðarljósi. Við eftirlitið skulu ekki aðeins ferðaskilríki sannprófuð heldur ber einnig að rannsaka atriði sem geta falið í sér ógnun við þjóðaröryggi og allsherjarreglu þátttökuríkjanna. Við komu skulu allir sæta eftirliti með ferðaskilríkjum, en eftirlit með útlendingum skal vera ítarlegra. Allir útlendingar skulu einnig sæta eftirliti við brottför. Þegar sérstakar aðstæður hamla eftirliti skal forgangsraðað og þá skal eftirlit með komu hafa forgang fram yfir eftirlit með brottför, sbr. 6. gr. samningsins.

Í 7. gr. samningsins segir að þátttökuríkin skuli aðstoða hvert annað og hafa nána og stöðuga samvinnu við að halda uppi öflugu eftirliti. Skulu þau meðal annars skiptast á mikilvægum upplýsingum um annað en nafngreinda einstaklinga, nema til þess standi heimild, og samræma fyrirmæli til þeirra yfirvalda sem sinna eftirliti og stuðla að samræmdri þjálfun eftirlitsmanna.

Um 3. kafla – vegabréfsáritanir.

Samkvæmt 9. gr. samningsins skuldbinda þátttökuríkin sig til að fylgja sameiginlegri stefnu í málefnum sem varða för fólks og þá sérstaklega með tilliti til reglna um vegabréfsáritanir.

Taka skal upp samræmda vegabréfsáritun sem gildir á öllu Schengen-svæðinu og má gefa út slíka áritun til dvalar í allt að þrjá mánuði, sbr. 10. gr. samningsins. Vegabréfsáritun gildir fyrir eina eða fleiri komur inn á svæðið, en hvorki samanlagður né samfelldur dvalartími má vera lengri en þrír mánuðir á hálfs árs tímabili miðað við þann dag þegar fyrst er komið inn á svæðið. Einnig er heimilt að gefa út vegabréfsáritun vegna gegnumferðar sem veitir handhafa heimild til þess að fara einu sinni, tvisvar eða oftar í undantekningartilvikum um Schengen-svæðið til þriðja ríkis, enda taki gegnumferðin að hámarki fimm daga, sbr. 11. gr. samningsins.

Vegabréfsáritun skal gefin út af sendiráðum eða ræðisskrifstofum þátttökuríkjanna. Það ríki, sem för er heitið til, skal gefa út vegabréfsáritun. Þegar ákvörðunarstaður verður ekki ákveðinn fyrir fram skal áritun gefin út af því þátttökuríki sem fyrst er komið til, sbr. 12. gr. samningsins.

Samkvæmt 13. gr. samningsins skal ekki setja vegabréfsáritun í ferðaskilríki sem fallin eru úr gildi. Þau skulu einnig hafa lengri gildistíma en vegabréfsáritunin og skal tekið tillit til þess hve lengi má fresta því að nota áritunina. Enn fremur skal gildistími ferðaskilríkja vera nægilega langur til að útlendingur geti snúið aftur til heimaríkis eða þriðja ríkis. Þá skal ekki setja vegabréfsáritun í ferðaskilríki sem ekki gilda hjá neinu þátttökuríki. Ef ferðaskilríki gilda aðeins hjá einu eða nokkrum þátttökuríkjum skal áritunin takmörkuð við það eða þau ríki, sbr. 14. gr. samningsins.

Vegabréfsáritun má að meginreglu ekki gefa út nema útlendingur fullnægi skilyrðum fyrir komu inn á Schengen-svæðið, sbr. 15. gr. samningsins. Þó getur þátttökuríki vikið frá þessu af mannúðarástæðum eða vegna þjóðarhagsmuna eða alþjóðlegra skuldbindinga, en þá takmarkast vegabréfsáritunin við yfirráðasvæði viðkomandi þátttökuríkis og skal það gera öðrum ríkjum grein fyrir þessari ákvörðun, sbr. 16. gr. samningsins.

Samkvæmt 18. gr. samningsins skulu vegabréfsáritanir til lengri dvalar en þriggja mánaða gefnar út í samræmi við löggjöf hvers þátttökuríkis. Slík vegabréfsáritun felur í sér heimild fyrir útlending til gegnumferðar um önnur þátttökuríki til þess ríkis sem gaf út áritunina nema hann

fullnægi ekki skilyrðum fyrir komu inn á Schengen-svæðið eða sé á skrá yfir óæskilega útlendinga hjá því þátttökuríki sem farið er um.

Um 4. kafla – skilyrði fyrir för útlendinga.

Útlendingur, sem er handhafi samræmdrar vegabréfsáritunar á Schengen-svæðinu og hefur komið löglega inn á svæðið, getur ferðast frjálst um yfirráðavæði allra þátttökuríkjanna meðan vegabréfsáritunin er í gildi að því tilskildu að hann fullnægi komuskilyrðum, sbr. 19. gr. samningsins. Þeir útlendingar, sem eru undanþegnir skyldu til að afla vegabréfsáritunar, geta hins vegar ferðast frjálst um þátttökuríkin í allt að þrjá mánuði á sex mánaða tímabili frá því að þeir komu fyrst inn á svæðið ef þeir fullnægja skilyrðum fyrir komu, sbr. 20. gr. samningsins. Þá er útlendingum með gild ferðaskilríki og dvalarleyfi, sem gefið er út af þátttökuríki, heimilt að ferðast um yfirráðasvæði annarra þátttökuríkja í þrjá mánuði, enda fullnægi þeir skilyrðum fyrir komu og séu ekki á innlendri skrá viðkomandi þátttökuríkis um óæskilega útlendinga, sbr. 21. gr. samningsins.

Samkvæmt 22. gr. samningsins er útlendingi, sem kemur löglega til Schengen-ríkis, skylt að tilkynna sig hjá þar til bærum yfirvöldum eftir þeim reglum sem gilda í viðkomandi ríki. Slík tilkynningarskylda getur verið við komu eða innan þriggja virkra daga frá komu. Þessi skylda tekur einnig til útlendinga sem búsettir eru í einu af þátttökuríkjunum og ferðast til annars þátttökuríkis. Undantekningar frá þessum reglum um tilkynningarskyldu ákveður hvert þátttökuríki fyrir sig.

Útlendingur, sem fullnægir ekki lengur skilyrðum fyrir stuttri dvöl í þátttökuríki, skal tafarlaust yfirgefa Schengen-svæðið. Hafi viðkomandi útlendingur dvalarleyfi eða bráðabirgðadvalarleyfi útgefið af öðru þátttökuríki skal hann tafarlaust fara til þess ef hann yfirgefur ekki svæðið. Ef útlendingur fer ekki sjálfviljugur úr landi eða ætla má að hann muni ekki fara úr landi, eða hann verður að yfirgefa landið tafarlaust vegna þjóðaröryggis eða allsherjarreglu, skal í samræmi við lög viðkomandi þátttökuríkis vísa honum úr landi til heimaríkis hans eða annars ríkis sem veitir honum viðtöku. Þetta hefur ekki áhrif á rétt þátttökuríkjanna til að beita eigin löggjöf um hæli eða reglum samningsins um réttarstöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951, sbr. 23. gr. Schengen-samningsins.

Um 5. kafla – dvalarleyfi og skráning þegar synja á um komu.

Þegar til stendur að gefa út dvalarleyfi til útlendings sem er á skrá yfir þá sem meina á komu inn á Schengen-svæðið skal viðkomandi þátttökuríki fyrir fram hafa samráð við það þátttökuríki sem stendur að þeirri skráningu og taka tillit til hagsmuna þess. Í þessum tilvikum skal dvalarleyfi ekki veitt nema ríkar ástæður mæli með, svo sem mannúðarástæður eða ástæður sem leiðir af alþjóðlegum skuldbindingum. Ef dvalarleyfi er gefið út skal það ríki, sem skráð hefur útlendinginn óæskilegan á Schengen-svæðinu, afturkalla þá skráningu en getur þess í stað fært hann á landsskrá yfir útlendinga sem meina ber landgöngu.

Ef útlendingur, sem hefur undir höndum gilt dvalarleyfi útgefið af þátttökuríki, er á skrá yfir þá sem meina á komu á svæðið skal það ríki sem skráð hefur viðkomandi útlending hafa samráð við það ríki sem gaf út dvalarleyfið um hvort fullnægjandi ástæður séu til að afturkalla dvalarleyfið. Verði leyfi ekki afturkallað skal ríki, sem skráði útlendinginn óæskilegan á Schengen-svæðinu, afturkalla skráninguna en getur fært hann á landsskrá yfir útlendinga sem meina ber landgöngu.

Um 6. kafla – viðbótarráðstafanir.

Með fyrirvara um þær skuldbindingar sem leiðir af flóttamannasamningnum skuldbinda þátttökuríkin sig til að lögfesta reglur um að sá sem í atvinnuskyni flytur útlending sem synjað er um komu inn á Schengen-svæðið að ytri landamærum beri ábyrgð á honum og skuli flytja hann til baka ef þess er krafist. Einnig skuldbinda þátttökuríkin sig til að mæla fyrir um viðurlög á hendur þeim sem í atvinnuskyni flytur útlending til svæðisins frá þriðja ríki án þess að hann hafi viðhlítandi ferðaskilríki undir höndum, sbr. 26. gr. samningsins. Þá skuldbinda ríkin sig til að taka upp viðeigandi viðurlög gegn þeim sem í hagnaðarskyni aðstoðar eða reynir að aðstoða útlending við að komast til þátttökuríkis eða dvelja þar í andstöðu við lög hlutaðeigandi ríkis, sbr. 27. gr. samningsins.

Um 7. kafla – ábyrgð á meðferð beiðna um hæli.

Í þessum kafla er fjallað um hvaða þátttökuríki ber ábyrgð á meðferð beiðni um hæli sem lögð er fram á Schengen-svæðinu. Með samningi milli aðildarríkja Evrópusambandsins um sama efni, sem undirritaður var í Dyflinni 15. júní 1990 (hér eftir nefndur Dyflinnarsamningurinn), hefur þessi kafli Schengen-samningsins verið leystur af hólmi. Því er tekið fram í 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn um þátttöku Íslands og Noregs í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna að ákvæði kaflans gildi ekki gagnvart löndunum. Þess í stað er gert ráð fyrir því í 7. gr. samningsins að sérstaklega verði samið milli Evrópusambandsins og landanna tveggja um ábyrgð á meðferð hælisbeiðna og er slíkt samkomulag forsenda fyrir þátttöku Íslands og Noregs í Schengen-samstarfinu. Samningaviðræðum um þátttöku landanna í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins er ekki lokið. Hér á eftir er gerð grein fyrir efni Dyflinnarsamningsins en hann er birtur sem fylgiskjal V með frumvarpinu.

6. Dyflinnarsamningurinn.

Dyflinnarsamningurinn hefur að geyma ákvæði um í hvaða ríki eigi að fjalla um umsókn um hæli þegar vafi leikur á hvar slík umsókn skuli tekin til meðferðar. Samningnum er ætlað að tryggja að umsókn hljóti meðferð í einu aðildarríkjanna og fyrirbyggja að umsækjandi verði sendur frá einu aðildarríki til annars án þess að nokkurt þeirra viðurkenni ábyrgð sína á meðferð umsóknar. Með samningnum er því bætt réttarstaða þeirra sem sækja um hæli á samningssvæðinu.

Samkvæmt Dyflinnarsamningnum skal aðeins eitt ríki bera ábyrgð á meðferð beiðni um hæli. Í 4.–8. gr. samningsins eru nákvæmlega afmörkuð þau atriði sem ráða því hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð beiðni hverju sinni. Einnig getur hvert aðildarríki tekið umsókn til meðferðar þótt því sé það ekki skylt, enda samþykki umsækjandi það. Þá færist ábyrgð á meðferð beiðni til þess ríkis.

Komi fram beiðni um hæli í ríki sem ekki ber ábyrgð á meðferð málsins getur það óskað eftir því að umækjandi verði fluttur til ríkis þar sem taka ber málið til meðferðar. Skylt er að verða við slíkum tilmælum ef beiðni þar að lútandi berst innan sex mánaða frá því að beiðni um hæli var móttekin, sbr. 10. og 11. gr. samningsins. Einnig ber ríki sem ber ábyrgð á máli að taka aftur við umsækjanda um hæli eða útlendingi sem synjað hefur verið um hæli ef sá sem í hlut á dvelur ólöglega í öðru aðildarríki, sbr. 10. og 13. gr. samningsins.

Um meðferð á beiðni um hæli fer eftir reglum þess ríkis sem ber ábyrgð á meðferð umsóknar.

Samkvæmt 15. gr. samningsins skulu aðildarríkin senda öðru aðildarríki eftir beiðni þær upplýsingar um einstök mál sem nauðsynlegar eru til að kanna hvort ríki beri ábyrgð á meðferð máls og til að meta umsókn um hæli. Þetta tekur bæði til upplýsinga um persónulega hagi um-

sækjanda og um þær ástæður sem hann færði fyrir umsókn sinni. Einnig ber að veita upplýsingar um rökstuðning fyrir þeim ákvörðunum sem ríki kann að hafa tekið í máli viðkomandi umsækjanda.

Í öllum tilvikum er miðlun upplýsinga háð samþykki umsækjanda og má aðeins fara fram milli þeirra stjórnvalda sem aðildarríkin hafa tilnefnt. Þá verður upplýsingum sem hefur verið miðlað einungis miðlað áfram til stjórnvalda og dómstóla sem ákveða hvaða ríki ber ábyrgð á beiðni og meta umsókn um hæli eða skuldbindingar samkvæmt samningnum.

Ríki sem miðlar upplýsingum skal sjá um að þær séu nákvæmar og uppfærðar. Komi í ljós að aðildarríki hafi veitt ónákvæmar upplýsingar eða upplýsingar sem ekki hefði átt að veita skal viðkomandi ríki sem tók við upplýsingum skýrt frá því. Ber ríkjunum að leiðrétta þessar upplýsingar eða eyða þeim.

Umsækjandi um hæli á samkvæmt beiðni rétt á að fá í hendur þær upplýsingar sem veittar hafa verið um hann meðan þær eru tiltækar. Ef hann sýnir fram á að þessar upplýsingar séu rangar eða ekki hafi átt að miðla þeim getur hann krafist þess að upplýsingar verði leiðréttar eða þeim eytt.

Upplýsingar skulu ekki geymdar lengur en nauðsyn krefur með hliðsjón af tilgangi upplýsingaskipta. Viðkomandi aðildarríki skal þegar við á athuga nauðsyn þess að varðveita upplýsingar.

Upplýsingar sem hefur verið miðlað skulu að minnsta kosti njóta sömu verndar og sambærilegar upplýsingar í því ríki sem við upplýsingum tekur.

IV.

Meðal helstu atriða frumvarpsins má nefna:

— Lagt er til að Útlendingaeftirlitið fái nýtt heiti, Útlendingastofnun.
— Reglur um komu- og brottfarareftirlit eru samræmdar Schengen-reglum.
— Miðað er við að veita megi útlendingi dvalarleyfi og að endurnýja megi slík leyfi. Eftir þriggja ára samfellda búsetu á útlendingur hins vegar rétt á búsetuleyfi sem er ótímabundið dvalarleyfi.
— Ákvæði eru um dvalarleyfi af mannúðarástæðum.
— Ákvæði eru um sameiginlega vernd vegna fjöldaflótta.
— Ákvæði eru sem tryggja eiga rétt nánustu aðstandenda útlendings með dvalarleyfi eða búsetuleyfi til að fá dvalarleyfi.
— Ákvæði eru um afturköllun dvalarleyfis og búsetuleyfis.
— Ítarleg ákvæði eru um frávísun og um brottvísun.
— Lögregla getur vísað útlendingi frá landi allt að sjö sólarhringum eftir landgöngu og Útlendingastofnun þótt lengri tími líði.
— Ekki má vísa útlendingi sem fæddur er hér á landi og átt hefur hér óslitið lögheimili frá landi, né heldur vísa honum úr landi.
— Takmarkanir eru á heimild til að vísa þeim sem hefur búsetuleyfi frá landi eða úr landi.
— Að jafnaði má ekki vísa útlendingi úr landi ef það með hliðsjón af málsatvikum og tengslum við landið mundi leiða til ósanngjarnar niðurstöðu fyrir hann eða nánustu ættingja hans.
— Leiðbeina skal útlendingi sem vísa skal frá landi eða úr landi, ef afturkalla á leyfi eða ef hann sækir um hæli um rétt hans til að ráða sér á eigin kostnað lögmann eða annan fulltrúa, að fá sér skipaðan talsmann þegar það á við og um að hafa samband við fulltrúa heimaríkis síns, fulltrúa Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og mannúðar- eða mannréttindasamtök hér á landi.

— Ákvæði eru um miðlun upplýsinga úr landi.
— Ákvæði eru um heimild til að taka ljósmyndir og fingraför af útlendingum og færslu fingrafara í fingrafarabanka. Einnig eru ákvæði um heimild til að gera rannsókn á erfðaefni útlendings.
— Ákvæði eru um skipun talsmanns fyrir dómi, svo sem þegar krafist er gæsluvarðhalds, og um skipun talsmanns þegar kærð er ákvörðun um frávísun, brottvísun eða afturköllun leyfis og í máli vegna umsóknar um hæli, svo og um ábyrgð ríkissjóðs á þeim kostnaði.
— Ákvæði eru um ábyrgð á kostnaði við brottflutning.
— Sérstakur kafli er um vernd gegn ofsóknum og um flóttamenn.

Frumvarpið skiptist í níu kafla. Efnisskipan frumvarpsins og helstu nýmæli eru þessi:

Í I. kafla eru almenn ákvæði, um gildissvið og tilgang, svo og ákvæði um hverjir skuli annast framkvæmd laganna.

Í II. kafla eru almennar reglur um komu og brottför. Í kaflanum eru reglur um vegabréfaeftirlit, vegabréf og vegabréfsáritanir, svo og ákvæði um áhafnir skipa og loftfara.

Í III. kafla eru reglur um dvöl og búsetu. Þar eru ákvæði um dvöl án dvalarleyfis, hverjir þurfi dvalarleyfi, um útgáfu dvalarleyfis, skilyrði dvalarleyfis, meðal annars um dvalarleyfi af mannúðarástæðum, endurnýjun dvalarleyfis, um búsetuleyfi og afturköllun leyfa. Þar eru og ákvæði um dvalarleyfi fyrir aðstandendur og um tilkynningarskyldu. Þá eru þar ákvæði um dvalarleyfi vegna sameiginlegrar verndar vegna fjöldaflótta og um dvalarleyfi fyrir hópa vinnuþega.

Í IV. kafla eru reglur um frávísun og brottvísun. Um er að ræða mun ítarlegri reglur en að gildandi lögum um skilyrði þess að vísa megi útlendingi frá landi og úr landi.

Í V. kafla eru reglur um meðferð mála en í gildandi lögum eru fá ákvæði um málsmeðferð. Þannig eru þar ákvæði um andmælarétt, leiðbeiningarskyldu, miðlun upplýsinga úr landi, vanhæfi, öflun sönnunargagna fyrir dómi, rannsóknarúrræði, kæruheimild, hvenær ákvörðun getur komið til framkvæmda og um framkvæmd ákvörðunar og loks um réttaraðstoð.

Í VI. kafla eru sérreglur um útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Um er að ræða reglur um dvalarleyfi og um synjun landgöngu og brottvísun EES-útlendinga. Reglur um þetta efni eru nú í sérstakri reglugerð um dvöl útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið hér á landi. Eðlilegt þykir að meginákvæði um þetta efni verði í lögum.

Í VII. kafla er að finna reglur um vernd gegn ofsóknum og um flóttamenn. Ákvæði þessi eru verulega ítarlegri en í gildandi lögum, til dæmis er flóttamannahugtakið skilgreint. Í kaflanum eru ákvæði um vernd gegn ofsóknum, um rétt til hælis, réttaráhrif hælis, ferðaskírteini fyrir flóttamenn og vegabréf fyrir útlendinga og um flóttamannahópa.

Í VIII. kafla er að finna ýmis ákvæði. Þar eru sérákvæði vegna öryggis ríkisins, um upplýsinga- og tilkynningarskyldu og um ábyrgð á kostnaði og refsiákvæði.

IX. kafli hefur loks að geyma almenna reglugerðarheimild og ákvæði um gildistöku.

V.

Til að gefa gleggri mynd af málefnum útlendinga hér á landi hefur Útlendingaeftirlitið tekið saman ýmsar tölfræðilegar upplýsingar. Í þeim upplýsingum kemur fram fjöldi erlendra farþega til landsins og hve margir af þeim voru áritunarskyldir, fjöldi útgefinna dvalarleyfa, fjöldi synjana um vegabréfsáritun og landgöngu og fjöldi brottvísana á árunum 1990–1999. Einnig kemur fram fjöldi erlendra ríkisborgara með búsetu hér á landi á árunum 1981–1999.

Tafla 1. Fjöldi erlendra farþega til landsins.



Tafla 2. Fjöldi áritunarskyldra farþega til landsins.



Tafla 3. Fjöldi útgefinna dvalarleyfa.



Tafla 4. Fjöldi synjana um vegabréfsáritun.



Tafla 5. Fjöldi synjana um landgöngu.



Tafla 6. Fjöldi brottvísana.



Tafla 7. Fjöldi erlendra ríkisborgara með búsetu á Íslandi.



Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla er að finna almenn ákvæði, um gildissvið nýrra laga og um tilgang þeirra, auk ákvæðis um hverjir skuli annast framkvæmd laganna.

Um 1. gr.

Í þessari grein er fjallað um gildissvið laganna. Ákvæðum laganna er ætlað að gilda um yfirráðasvæði hins íslenska ríkis en þó fyrst og fremst landið sjálft þar sem um er að ræða ákvæði um heimild útlendinga til að koma til landsins og dvöl þeirra hér á landi.

Eins og nánar er rakið í almennum athugasemdum voru með stjórnarskipunarlögum, nr. 97 28. júní 1995, sett ákvæði í 2. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar um að rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi, skuli skipað með lögum. Í athugasemdum við þetta ákvæði í frumvarpi til stjórnarskipunarlaganna sagði að með þessu sé fyrst og fremst lögð skylda á löggjafann að setja lög til að girða fyrir að framkvæmdarvaldið hafi ákvörðunarvald um þessi efni án skýrra lögákveðinna skilyrða. Ákvæði frumvarpsins eru í samræmi við þennan áskilnað stjórnarskrárinnar.

Í 1. mgr. segir að ákvæði laganna gildi um heimild útlendinga til að koma til landsins og dvöl þeirra hér. Ákvæðið nefnir ekki för úr landi. Er skýring á því sú að skv. 3. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar verður engum meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara. Þó má stöðva brottför manns úr landi með lögmætri handtöku. Þetta kemur hins vegar ekki í veg fyrir að settar séu reglur um eftirlit með brottför úr landi, sbr. 1. mgr. 2. gr. og 4. gr.

Samkvæmt 1. mgr. kemur fram að ákvæðunum er ætlað að gilda um útlendinga, en útlendingur telst hver sá sem ekki er íslenskur ríkisborgari samkvæmt lögum um íslenskan ríkisborgararétt, sbr. lög nr. 100 23. desember 1952. Ákvæðið kemur ekki í veg fyrir að mismunandi reglur gildi um einstaka flokka útlendinga. Þannig hafa ýmis ákvæði frumvarpsins að geyma sérreglur um norræna ríkisborgara. Þá leiðir af aðild Íslands að þjóðréttarsamningum, annars vegar samningi um stjórnmálasamband frá 18. apríl 1961, sbr. lög nr. 16 31. mars 1971, og hins vegar samningi um ræðissamband frá 24. apríl 1963, sbr. lög nr. 4 24. febrúar 1978, að ákvæðin geta ekki nema að hluta til náð til útlendinga sem eru starfsmenn sendiráða eða sendiræðisskrifstofa eða fjölskyldna þeirra. Sama er um aðra útlendinga sem njóta úrlendisréttar. Sérreglur

gilda um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna samkvæmt viðbæti við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna, sbr. lög nr. 110 19. desember 1951. Um útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið gilda og sérreglur sem fram koma í VI. kafla, sbr. 2. mgr.

Með 3. mgr. er lögð áhersla á að íslenskir ríkisborgarar geta einnig borið skyldur samkvæmt lögunum. Þannig segir í 4. gr. að hver sá sem kemur til landsins skuli gefa sig fram við vegabréfaeftirlitið. Þá verður tilkynningarskylda lögð á íslenska ríkisborgara skv. 54. gr. og refsiábyrgð skv. 56. gr.

Í 4. mgr. er tekið fram að íslensk skip í siglingum erlendis falli ekki undir gildissvið laganna. Lögin gilda hins vegar um íslensk skip sem verið hafa í siglingum erlendis þegar þau koma til íslenskrar hafnar.

Um 2. gr.

Í þessari grein er tilgangi laganna lýst. Í 1. mgr. segir að lögunum sé ætlað að veita heimild til að halda uppi nauðsynlegu eftirliti með komu til landsins og för úr landi og með dvöl útlendinga hér á landi. Útlendingur á að þjóðarétti ekki rétt til að flytja inn í annað land til að setjast þar að. Um það fer þá eftir landslögum. Stjórnvöldum er þannig nauðsyn að hafa stjórn á og eftirlit með flutningi útlendinga til landsins. Skal þetta gert í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni. Stefna stjórnvalda mundi meðal annars koma fram í þeim reglum sem settar verða um framkvæmd laga um útlendinga. Stefnan getur varðað almennar takmarkanir á komu útlendinga til landsins. Hún getur einnig varðað takmarkanir á komu til landsins sérstaklega með hliðsjón af vinnuaflsþörf í landinu, svo og tekið mið af almennri stefnu í utanríkismálum eða af atriðum sem varða öryggi ríkisins. Frumvarpið hefur þannig að geyma sérstakan kafla um komu og brottför (II. kafla), auk annarra ákvæða um þetta efni, til dæmis III. kafla um dvöl og búsetu og ákvæða um brottvísun. Gert er ráð fyrir að nánari ákvæði um þetta verði sett í reglugerð, sbr. 1. mgr. 3. gr.

Samkvæmt 2. mgr. er lögunum ætlað að tryggja réttaröryggi útlendinga sem falla undir þau. Þannig eru í V. kafla ítarlegar reglur um málsmeðferð sem meðal annars kveða á um leiðbeiningarskyldu, um skipun réttargæslumanns eða talsmanns og um réttaraðstoð.

Í 3. mgr. er tekið fram að lögin kveði á um rétt flóttamanna til hælis og um vernd þeirra og annarra útlendinga gegn ofsóknum. Um það efni eru ákvæði í VII. kafla.

Um 3. gr.

Í greininni er tiltekið hverjir skuli annast framkvæmd laganna og hvernig verkaskiptingu milli þeirra skuli háttað. Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum og setur nánari reglur um heimild útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér á landi. Nauðsynlegt verður að setja reglur er kveði nánar á um heimild útlendinga til að koma til landsins, hvaða skilyrðum þeir þurfi að fullnægja í því sambandi o.s.frv. Þessar reglur og beiting þeirra mundu taka mið af stefnu stjórnvalda hverju sinni að því er varðar heimild útlendinga til að koma til landsins, dveljast hér á landi og starfa, sbr. 1. mgr. 2. gr.

Samkvæmt 2. mgr. verður framkvæmd laganna einkum í höndum Útlendingastofnunar og lögreglunnar. Útlendingastofnun er nýtt heiti á Útlendingaeftirlitinu sem þykir betur hæfa hlutverki stofnunarinnar. Af öðrum stjórnvöldum sem koma að framkvæmd laganna má nefna að gert er ráð fyrir að sendiráðum, fastanefndum og ræðismönnum verði ætlað að taka á móti umsóknum um vegabréfsáritun og dvalarleyfi og gefa út áritanir að fenginni heimild Útlendingastofnunar, svo sem verið hefur. Sendiráðum, fastanefndum og ræðismönnum kann einnig að verða heimilað að taka ákvörðun um útgáfu vegabréfsáritana, sbr. 5. mgr. 6. gr. Utanríkisráðuneytið sjálft hefur einnig hlutverki að gegna, svo sem að því er varðar erlenda stjórnarerindreka,

við gerð milliríkjasamninga um afnám vegabréfsáritana og við framkvæmd reglna um vegabréfsáritanir. Þá sinna bæði utanríkisráðuneytið og félagsmálaráðuneytið málum sem varða flóttamenn, auk þess sem félagsmálaráðuneytið fer með mál er varða atvinnuréttindi útlendinga.

Samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu nr. 96 31. desember 1969, fer utanríkisráðuneytið með mál er varða framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, „þar á meðal innan marka varnarsvæðanna, lögreglumál, og önnur þau mál, er leiðir af dvöl hins erlenda varnarliðs í landinu“, sbr. lög um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl., nr. 106 17. desember 1954. Utanríkisráðherra fer þannig með mál er varða málefni útlendinga vegna framkvæmdar varnarsamningsins.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra kveði á um starfssvið einstakra stofnana að því leyti sem lögin kveða ekki á um það, svo sem að því er varðar tengsl Útlendingastofnunar, lögreglunnar og utanríkisþjónustunnar.

Um II. kafla.

Í II. kafla er að finna almennar reglur um komu til landsins og brottför. Í kaflanum eru ákvæði um vegabréfaeftirlit, vegabréfaskyldu og vegabréfsáritanir, svo og ákvæði um áhafnir skipa og loftfara.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um vegabréfaeftirlit. Gert er ráð fyrir að slíku eftirliti verði hagað í samræmi við þær reglur sem gilda innan Schengen-samstarfsins.

Samkvæmt 1. mgr. skal hver sá sem kemur til landsins þegar í stað gefa sig fram við vegabréfaeftirlitið eða næsta lögregluyfirvald. Sama skylda hvílir einnig á þeim sem fer af landi brott. Þessi skylda hvílir ekki aðeins á útlendingum heldur einnig íslenskum ríkisborgurum. Ákvæðið tekur mið af 6. gr. Schengen-samningsins sem gerir ráð fyrir eftirliti á landamærum bæði við komu og brottför af Schengen-svæðinu. Eftirlitinu ber að haga í samræmi við þá grein samningsins en í grófum dráttum má segja að það feli í sér athugun á því hvort fullnægt sé skilyrðum fyrir komu og brottför af Schengen-svæðinu. Þessi könnun á meðal annars að taka tillit til þess hvort fyrir hendi sé eitthvert þeirra atriða sem leiða á til þess að útlendingi verði vísað frá við komu til landsins, sbr. 18. gr. frumvarpsins. Eftirlit samkvæmt þessari grein á við um ytri landamæri Schengen-svæðisins og gildir því gagnvart þeim sem koma frá ríkjum sem ekki taka þátt í því samstarfi. Beinlínis er tekið er fram að eftirlitið eigi ekki við um þá sem fara yfir innri landamæri Schengen-svæðisins og er hér fylgt ákvæðum 1. mgr. 2. gr. Schengen-samningsins um að persónueftirliti skuli ekki framfylgt við för yfir innri landamæri. Með innri landamærum er átt við sameiginleg landamæri þátttökuríkjanna á landi, svo og flughafnir fyrir innanSvæðisflug og hafnir fyrir reglubundnar ferjusiglingar sem eru eingöngu á milli hafna á yfirráðasvæðum þátttökuríkjanna án viðkomu í höfnum sem eru utan þessara yfirráðasvæða, sbr. skilgreiningu í 1. gr. samningsins. Frá tilkynningarskyldu má að öðru leyti víkja með reglum sem dómsmálaráðherra setur. Slík undanþága gæti til dæmis náð til þeirra sem eru í áhöfn skips eða loftfars og láta ekki af starfi, sbr. 7. gr. Afnám persónueftirlits á innri landamærum hefur hins vegar engin áhrif á tollgæslu þar sem 4. mgr. 2. gr. samningsins um eftirlit með vörum gildir ekki gagnvart Íslandi og Noregi, sbr. 1. hluta viðauka A við Brussel-samning um þátttöku Íslands og Noregs í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerða frá 18. maí 1999.

Í 2. mgr. segir að koma til landsins og för úr landi skuli fara fram á stöðum og afgreiðslutímum sem dómsmálaráðherra ákveður. Þetta ákvæði er efnislega samhljóða 1. mgr. 3. gr. Schengen-samningsins og í samræmi við gildandi reglur, sbr. auglýsingu um komu- og brottfararstaði, nr. 276/1987. Með þessu ákvæði frumvarpsins verður traustari lagastoð skotið undir

þá tilhögun. Lagt er til að víkja megi frá reglum um landamærastöðvar og afgreiðslutíma með leyfi hlutaðeigandi lögreglustjóra. Einnig er tekið fram í samræmi við 1. mgr. 2. gr. Schengen-samningsins að fara megi yfir innri landamæri svæðisins utan viðurkenndra landamærastöðva. Sú heimild breytir hins vegar engu um tollgæslu á landamærum og er það sérstaklega áréttað.

Samkvæmt 3. mgr. setur dómamálaráðherra nánari reglur um komu- og brottfarareftirlit, sbr. 6. gr. Schengen-samningsins, svo og um undantekningu frá ákvæðum 1. og 2. mgr. og er þá höfð hliðsjón af 2. mgr. 2. gr. Schengen-samningsins sem felur í sér heimild til að taka upp tímabundið persónueftirlit á innri landamærum vegna allsherjarreglu eða þjóðaröryggis. Einnig er gert ráð fyrir að settar verði reglur um skyldu stjórnanda skips eða loftfars til að ganga úr skugga um að ferðamenn hafi gild ferðaskilríki.

Um 5. gr.

Þessi grein fjallar um skyldu útlendinga til að hafa vegabréf eða annað kennivottorð sem viðurkennt er sem ferðaskilríki við komu til landsins nema annað sé ákveðið í reglum sem dómsmálaráðherra setur. Undanþágu frá vegabréfaskyldu getur leitt af samningum við önnur ríki, sbr. samkomulag Norðurlandanna frá 1954 um það efni.

Þá er í 2. mgr. gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji reglur um hvaða skilyrðum vegabréf eða annað kennivottorð þurfi að fullnægja til að teljast gilt til ferðar til landsins og dvalar. Helstu kröfur sem gerðar eru til vegabréfs eru að það sé gefið út af þar til bæru yfirvaldi í því ríki sem handhafinn er ríkisborgari, að það veiti handhafa þess rétt til að koma aftur til útgáfuríkisins eða þriðja ríkis og að það hafi að geyma fullnægjandi upplýsingar svo að greina megi hver handhafi þess er. Þá þarf vegabréf að bera með sér að það sé í gildi. Ýmis önnur ferðaskilríki eru viðurkennd sem ferðaskilríki í stað vegabréfs, svo sem kennivottorð gefin út af ýmsum ríkjum á meginlandi Evrópu. Samkvæmt EES-samningnum er skylt að viðurkenna slík kennivottorð gefin út í aðildarríkjunum. Hér koma einnig til álita önnur skilríki, til dæmis ferðaskírteini fyrir sjómenn (sjóferðabækur) o.fl.

Í 3. mgr. er loks lagt til að Útlendingastofnun geti, ef sérstaklega stendur á, undanþegið útlending þeirri skyldu að hafa vegabréf eða viðurkennt önnur skilríki en leiðir af almennum reglum. Slík undanþága kann að verða veitt fyrir fram og þá meðhöndluð á svipaðan hátt og umsókn um vegabréfsáritun. Álitaefnið kann og að koma upp við komu til landsins. Ákvörðun um slíka undanþágu verður að byggjast á mati á aðstæðum hverju sinni.

Um 6. gr.

Í þessari grein er fjallað um vegabréfsáritanir.

Í 1. mgr. er lagt til að meginreglan verði sú að útlendingur þurfi að hafa vegabréfsáritun til að mega koma til landsins. Ef áritunarskyldur útlendingur kemur til landsins án áritunar er heimilt að vísa honum frá landi skv. a-lið 1. mgr. 18. gr. Þessi meginregla um áritunarskyldu er afdráttarlausari en ákvæði gildandi laga. Þar segir í 2. mgr. 1. gr. að dómsmálaráðherra geti kveðið á um hvort í vegabréfi skuli vera áritun um heimild til að koma til landsins. Að gildandi lögum er áritunarskylda því ekki fyrir hendi nema svo hafi verið ákveðið sérstaklega.

Gert er ráð fyrir að dómsmálaráðherra geti sett reglur um að áritunar sé ekki þörf. Þessar undanþágur gætu varðað ríkisborgara einstakra landa, eftir atvikum bundið við tiltekin erindi, til dæmis ferðamenn, svo sem verið hefur. Slíkar undanþágur byggjast að sumu leyti á gagnkvæmum samningum ríkja en geta einnig verið ákveðnar einhliða. Í inngangsorðum norræna vegabréfaeftirlitssamningsins kemur fram að löndin „vilja í meginatriðum stefna að því að samræma kröfur um vegabréfsáritun og vilja leitast við að koma á samræmdum venjum að því er snertir veitingu vegabréfsáritana“. Þá segir í 9. gr. Schengen-samningsins að þátttökuríkin

skuldbindi sig til að fylgja sameiginlegri stefnu í málefnum sem varði för fólks, „sérstaklega með tilliti til reglna um vegabréfsáritanir“. Í 3. kafla II. bálks samningsins eru síðan nánari ákvæði um vegabréfsáritanir, svo sem rakið er í kafla III.5 í almennum athugasemdum. Í reglum sem dómsmálaráðherra setur er gert er ráð fyrir að mælt verði fyrir um hvenær lögreglunni skuli heimilt samkvæmt ákvörðun Útlendingastofnunar og að fullnægðum nánari skilyrðum að leyfa útlendingi sem kemur til landsins án áritunar landgöngu.

Vegabréfsáritun felur í sér heimild fyrir handhafa áritunarinnar til að koma til landsins og dveljast hér tiltekið tímabil. Þessi heimild er þó háð almennum takmörkunum sem gilda um rétt til að koma til landsins og dveljast hér á landi, þar á meðal reglum um frávísun. Ástæða þessa er bæði sú að könnun sem fram fer við meðferð á umsókn um vegabréfsáritun byggist oft á ótraustum forsendum, svo og að aðstæður útlendingsins eftir að áritunin var gefin út kunna að hafa breyst þannig að nú liggi fyrir forsendur til að vísa honum frá landi eða úr landi. Vegabréfsáritun getur hvort heldur verið færð inn á vegabréf eða gefin út á sérstöku skjali.

Lagt er til að útlendingur sem hefur dvalarleyfi útgefið af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu verði undanþeginn áritunarskyldu. Þetta tekur mið af því að útlendingur með slíkt leyfi getur ferðast frjálst um yfirráðasvæði hinna Schengen-ríkjanna í allt að þrjá mánuði, sbr. 1. mgr. 21. gr. Schengen-samningsins. Í 1. gr. samningsins kemur fram að með dvalarleyfi er átt við leyfi sem þátttökuríki gefur út og veitir rétt til dvalar á yfirráðasvæði þess. Með dvalarleyfi er hins vegar ekki átt við bráðabirgðaleyfi til dvalar á yfirráðasvæði þátttökuríkis á meðan beiðni um hæli eða umsókn um dvalarleyfi er til meðferðar. Skv. 2. mgr. 21. gr. samningsins hefur útlendingur með slíkt bráðabirgðaleyfi og ferðaskilríki útgefin af sama ríki sömu heimild til að ferðast um Schengen-svæðið og útlendingur með dvalarleyfi. Því er lagt til að útlendingur með þessi leyfi verði einnig undanþeginn áritunarskyldu.

Í 2. mgr. er lagt til að vegabréfsáritun sem gefin er út af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu hafi gildi hér á landi. Þetta er nauðsynlegt til að fullnægja skuldbindingum skv. 9. og 10. gr. Schengen-samningsins um samræmda vegabréfsáritun og sameiginlega stefnu ríkjanna í þeim málum. Til að vegabréfsáritun útgefin af öðru ríki hafi gildi hér á landi verður það að koma fram í sjálfri árituninni. Í 16. gr. Schengen-samningsins er gert ráð fyrir að þátttökuríkin geti gefið út vegabréfsáritun sem gildir eingöngu fyrir viðkomandi ríki. Áritun annars Schengen-ríkis af því tagi hefur því ekki gildi hér á landi.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra geti sett reglur um skyldu til að hafa vegabréfsáritun til að fara um flugvöll. Slíkar reglur yrðu meðal annars að taka mið af b-lið 11. gr. Schengen-samningsins þar sem fjallað er um þessar áritanir. Varðandi tilhögun við útgáfu vegabréfsáritana hafa verið gefin út sameiginleg fyrirmæli til sendiráða og ræðisskrifstofa, en þar kemur fram í lið 2.1.1 í I. hluta að vegabréfsáritun til farar um flugvöll heimili útlendingi, sem sætir slíkri áritunarskyldu, að fara um gegnumfararsvæði flughafnar vegna millilendingar eða þegar skipt er um vél á alþjóðlegri flugleið með viðkomu á tveimur stöðum. Áritunin er bundin við þetta svæði flughafnarinnar og því má viðkomandi ekki yfirgefa það og fara inn á landsvæði ríkisins.

Samkvæmt 4. mgr. getur vegabréfsáritun gilt fyrir eina eða fleiri komur til landsins og til allt að þriggja mánaða dvalar á nánar tilgreindu tímabili. Ákvörðun um hvort veita skuli vegabréfsáritun og til hve langs tíma hlýtur að ráðast af tilefni og öðrum ástæðum.

Í 5. mgr. er tekið fram að Útlendingastofnun taki ákvörðun um umsókn um útgáfu vegabréfsáritunar. Miðað er við að umsóknir um vegabréfsáritun verði lagðar fram í skrifstofum sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa erlendis og þær sendar Útlendingastofnun til fyrirsagnar svo sem verið hefur. Viðkomandi sendiráð, fastanefnd eða ræðisskrifstofa mun síðan gefa áritunina út að fenginni heimild Útlendingastofnunar. Þá er gert ráð fyrir að dómsmálaráð-

herra geti heimilað utanríkisþjónustunni að taka ákvörðun um slíkar umsóknir. Slík heimild yrði veitt að höfðu samráði við utanríkisráðuneytið. Hún gæti náð til tiltekinna sendiráða, fastanefnda eða ræðisskrifstofa en ekki annarra. Í reglugerð um eftirlit með útlendingum, nr. 148/1965, er þannig heimild en hún hefur nánast ekkert verið notuð um langt skeið heldur hefur verið leitað fyrirsagnar Útlendingaeftirlitsins áður en áritun er veitt. Loks er lagt til að heimilt verði að fela utanríkisþjónustu annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu að verða við umsókn um vegabréfsáritun fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Í þessu felst eingöngu heimild til að gefa út áritun en ekki til að synja um hana. Ef forsendur til að gefa út áritun teljast ekki fyrir hendi mundi umsækjanda tilkynnt að ekki væri unnt að taka umsókn til meðferðar og honum vísað á íslensk stjórnvöld. Gert er ráð fyrir þessari tilhögun í Schengen-samstarfinu og er nánari reglur þar að lútandi að finna í lið 1.1.2. í II. hluta í sameiginlegum fyrirmælum til sendiráða og ræðisskrifstofa. Í Schengen-samstarfinu er eingöngu gert ráð fyrir að sendiráð og útsendir ræðismenn gefi út vegabréfsáritun. Því mun falla niður heimild kjörræðismanna til að gefa út áritun. Til að bæta þjónustuna við þá sem hingað ætla er heppilegt að unnt verði að nýta sendiráð og ræðismenn annarra þátttökuríkja í samstarfinu.

Um 7. gr.

Greinin geymir sérreglu um áhafnir skipa og loftfara, svo og um laumufarþega. Útlendingur sem lætur af starfi um borð í skipi eða loftfari má ekki ganga á land án leyfis lögreglunnar. Samkvæmt gildandi lögum er þetta verkefni nú á vegum Útlendingaeftirlitsins. Nánari reglur um framkvæmd þessa munu verða settar í reglugerð. Ábyrgð á þessu mundi hvíla á skipstjóra eða umboðsmanni útgerðar sem tilkynnir lögreglunni um fyrirhugaða afskráningu og leitar heimildar til landgöngu. Sama gildir um laumufarþega. Ákvæði um stjórnvald í málum vegna synjunar landgöngu og um málskot gilda eftir því sem við á, sbr. 22. og 30. gr. Ef laumufarþegi ber fyrir sig aðstæður sem greinir í 1. mgr. 45. gr. mundi eiga að leggja mál fyrir Útlendingastofnun til meðferðar og ákvörðunar, sbr. 3. mgr. 18. gr.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að settar verði sérstakar reglur um landgönguleyfi útlendra sjómanna við dvöl skips í höfn og um heimild til að meina landgöngu. Þær reglur gætu falið í sér almenna heimild áhafna til landgöngu meðan skip er í höfn, þó þannig að lögregla geti meinað þeim landgöngu ef nauðsyn ber til, auk þess sem heimild væri til eftirlits þegar ástæða þykir.

Um III. kafla.

Í III. kafla er að finna reglur um dvöl og búsetu. Þar eru ákvæði um dvöl án dvalarleyfis, hverjir þurfi á dvalarleyfi að halda, um útgáfu dvalarleyfis, skilyrði fyrir útgáfu þess og endurnýjun, um búsetuleyfi, um afturköllun dvalarleyfis og búsetuleyfis, um sameiningu fjölskyldna og um tilkynningarskyldu. Þá eru þar ákvæði um dvalarleyfi vegna sameiginlegrar verndar vegna fjöldaflótta og um dvalarleyfi fyrir hópa launþega.

Um 8. gr.

Hér eru ákvæði um dvöl án dvalarleyfis. Ákvæðið tekur mið af 20. og 21. gr. Schengen-samningsins.

Samkvæmt 1. mgr. má útlendingur sem fengið hefur vegabréfsáritun ekki dveljast hér á landi lengur en þann tíma sem áritunin segir til um nema sérstakt leyfi komi til. Öðrum útlendingum er óheimilt án sérstaks leyfis að dveljast hér lengur en þrjá mánuði frá komu til landsins. Dvöl í öðru ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu telst jöfn dvöl hér á landi. Gert er ráð fyrir að dómsmálaráðherra geti sett reglur um dvöl umfram þrjá mánuði ef það leiðir af þjóðréttarsamningi. Þessi heimild er í samræmi við 2. mgr. 20. gr. Schengen-samningsins. Þá er lagt til

að unnt verði að setja nánari reglur um útreikning dvalartíma. Þær reglur yrðu að taka mið af Schengen-samningnum og norræna vegabréfaeftirlitssamningnum. Til lengri dvalar þarf jafnan sérstakt leyfi.

Samkvæmt 2. mgr. eru norrænir ríkisborgarar undanþegnir áskilnaði um dvalarleyfi í samræmi við samkomulag Norðurlandanna um það efni frá 1954. Þá er og gert ráð fyrir að setja megi frekari reglur um undanþágu frá dvalarleyfi. Slík undanþága gæti til dæmis náð til þeirra sem koma til stuttrar dvalar og undanþegnir eru atvinnuleyfi skv. 14. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um hverjir þurfi dvalarleyfi. Hver útlendingur sem hyggst ráða sig í vinnu, hvort heldur er fyrir endurgjald eða án þess, eða stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi hér á landi þarf, auk atvinnuleyfis þar sem það er áskilið að lögum, að hafa dvalarleyfi nema dvöl sé heimil án dvalarleyfis skv. 2. mgr. 8. gr.

Í 2. mgr. er tekið fram að útlendingur sem hyggst dveljast hér lengur en honum er heimilt skv. 1. mgr. 8. gr. þarf að hafa dvalarleyfi. Þetta gildir um þann tíma sem er lengur en vegabréfsáritun kveður á um varðandi þá sem þurfa að hafa slíka áritun eða lengri dvöl en þrjá mánuði að því er varðar þá sem heimil er koma til landsins án leyfis.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um útgáfu dvalarleyfis. Meginreglan er sú að sótt skal um fyrsta dvalarleyfi og það veitt áður en komið er til landsins. Er það í samræmi við gildandi meginreglu að leyfis skuli aflað áður en komið er til landsins. Reglan á við um útlendinga sem ekki þurfa vegabréfsáritun jafnt sem áritunarskylda. Gert er ráð fyrir að frá þessu megi víkja ef ríkar sanngirnisástæður mæla með, en það gæti til dæmis átt við ef um er að ræða náin fjölskyldutengsl við einhvern búsettan hér á landi.

Samkvæmt 2. mgr. skal dvalarleyfi sem veitt er fyrsta sinni að jafnaði gefið út til eins árs. Þetta mundi vera meginreglan. Hins vegar er heimilt að gefa út dvalarleyfi til skemmri tíma eða allt að tveimur árum ef rétt þykir vegna tilgangs dvalarinnar eða af öðrum ástæðum. Sem dæmi um dvalarleyfi til skemmri tíma má nefna það ef tilefni dvalar, t.d. vinna, nær einungis til takmarkaðs tíma eða þegar dvöl skyldmennis ræðst af dvalarleyfi ættingja. Óheppilegt er að dvalarleyfi gildi lengur en nemur raunverulegri dvöl. Skiptir það máli, svo sem vegna eftirlits ef útlendingur er horfinn af landi brott. Sama er ef leyfishafi fullnægir ekki lengur skilyrðum leyfis. Þá kynni að þurfa að beita afturköllun. Dvalarleyfi til lengri tíma mundi eins geta ráðist af tilgangi dvalar, til dæmis vinnu sem fyrirhuguð er í afmarkaðan tíma. Hámarkslengd dvalarleyfis er þó bundin við tvö ár.

Í 3. mgr. er loks kveðið á um að Útlendingastofnun taki ákvörðun um dvalarleyfi.

Um 11. gr.

Hér er kveðið á um hver skuli vera skilyrði dvalarleyfis. Það að skilyrðum er fullnægt veitir heimild til útgáfu dvalarleyfis en ekki rétt til leyfis. Skilyrðin eru tilgreind í a–c-lið 1. mgr.

Útlendingur skal í fyrsta lagi hafa trygga framfærslu, sjúkratryggingu og húsnæði. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um þetta. Trygg framfærsla getur ráðist af launatekjum eða greiðslum fyrir sjálfstæða starfsemi, en einnig af lífeyrisgreiðslum, fjármagnstekjum, námslánum, rannsókna- eða námsstyrksgreiðslum, svo að eitthvað sé nefnt. Greiðslur úr félagslega kerfinu mundu hins vegar ekki veita rétt til dvalarleyfis. Sjúkratrygging er nauðsynleg þar til

útlendingur öðlast rétt til almannatrygginga samkvæmt reglum sem um þær gilda. Þá mundi húsnæði þurfa að fullnægja kröfum heilbrigðisyfirvalda.

Þá skal útlendingur fullnægja skilyrðum fyrir dvalarleyfi sem sett eru í reglum skv. 1. mgr. 3. gr. Í þeim reglum mundu koma fram meginskilyrði fyrir útgáfu dvalarleyfis.

Loks er það skilyrði dvalarleyfis að ekki liggi fyrir atvik sem valdið geta því að útlendingnum verði meinuð landganga hér á landi eða dvöl samkvæmt öðrum ákvæðum laganna. Þau atvik, sem geta leitt til synjunar, eru ákvæðin um frávísun og brottvísun í 18.–20. gr., sbr. og ákvæði 52. gr. Miða ber við að fyrir hendi sé ástæða sem muni leiða til synjunar.

Samkvæmt 2. mgr. má veita útlendingi dvalarleyfi, þótt skilyrðum sé annars ekki fullnægt, ef rík mannúðarsjónarmið standa til þess eða vegna sérstakra tengsla útlendingsins við landið. Undir fyrra atriðið mundu geta fallið útlendingar sem ekki mundu njóta reglna 1. mgr. 44. gr. eða 1. mgr. 45. gr. Síðara atriðið gæti til dæmis náð til útlendings sem áður hefur búið í landinu eða ættingja sem ekki falla undir ákvæði 13. gr.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra geti tekið ákvörðun um að við sérstakar aðstæður þegar fjöldi fjöldi flóttamanna flýr tiltekið landsvæði skuli beitt sérstökum ákvæðum greinarinnar sem fela í sér heimild til að veita dvalarleyfi á grundvelli sameiginlegrar verndar. Ákvörðun um það hvenær slíkt ástand hefur skapast að ástæða sé til að tala um fjöldaflótta mundi að jafnaði vera tekin að undangengnu nánara samráði, innan lands sem utan, þar á meðal við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Með sama hætti mun dómsmálaráðherra taka ákvörðun um hvenær slík ákvörðun skuli niður falla. Ákvæði þessa efnis voru tekin í norsk lög á árinu 1997 og var þeim beitt í sambandi við flóttafólk frá Kósóvó en áður höfðu þar verið sett sérstök lög er tóku til flóttafólks frá Bosníu-Hersegóvínu.

Gert er ráð fyrir að þegar ákvörðun skv. 1. mgr. hefur verið tekin verði unnt að veita þeim sem frá slíku svæði koma vernd á grundvelli hópmats (sameiginlega vernd) og að útlendingar sem þannig koma fái dvalarleyfi sem ekki myndar rétt til búsetuleyfis. Slíkt leyfi mundi mega hvort heldur er endurnýja eða framlengja í allt að þrjú ár frá því að leyfi var fyrst veitt, sbr. 3. mgr. Heimild til að framlengja leyfi felur í sér að Útlendingastofnun getur af sjálfsdáðum framlengt leyfi. Þá er miðað við að endurnýjun eða framlenging verði að jafnaði til eins árs í senn. Að árunum þremur liðnum mundi mega veita dvalarleyfi á grundvelli sameiginlegrar verndar sem myndar rétt til búsetuleyfis. Á þessu stigi kann útlendingur hins vegar að leggja fram ósk um að umsókn hans um hæli verði tekin til meðferðar, sbr. 4. mgr., og ef orðið verður við þeirri ósk eða dvalarleyfi verður veitt af mannúðarástæðum, sbr. 2. mgr. 11. gr., mundi dvalarleyfi sem reist er á mati á einstaklingnum koma í stað dvalarleyfis sem byggt er á sameiginlegri vernd. Að liðnu einu ári með slíkt dvalarleyfi sem byggist á sameiginlegri vernd má gefa út búsetuleyfi, enda séu skilyrði til að halda slíku leyfi enn fyrir hendi og skilyrðum að öðru leyti fullnægt, sbr. 15. gr.

Ákvörðun um sameiginlega vernd mundi fyrst og fremst ná til útlendinga frá viðkomandi svæði sem koma til landsins eftir að ákvörðunin er tekin. Útlendingur, sem er í landinu og á mál óafgreitt hjá stjórnvöldum, mundi einnig falla undir ákvörðunina. Ákvörðunin útilokar ekki að mál hljóti meðferð sem umsókn um hæli en skv. 4. mgr. verður hins vegar heimilt að leggja slíkar umsóknir til hliðar í allt að þrjú ár. Að því leyti sem ákvörðun um að tilteknir flóttamenn frá viðkomandi svæði megi koma til landsins í flóttamannahópi sem ekki er kominn til landsins þegar ákvörðun er tekin skv. 1. mgr. mundi slíkur hópur hins vegar ekki falla undir ákvörðun um sameiginlega vernd.

Samkvæmt 4. mgr. má leggja umsókn um hæli til hliðar í allt að þrjú ár frá því að umsækjandinn fékk fyrst leyfi. Þegar heimildin til að veita sameiginlega vernd er niður fallin eða þegar þrjú ár eru liðin frá því að umsækjandinn fékk fyrst leyfi verður umsókn um hæli þó ekki tekin sjálfkrafa til meðferðar. Er þá áskilið að umsækjanda um hæli skuli tilkynnt að umsóknin verði ekki tekin til meðferðar nema hann láti í ljós ótvíræða ósk um það innan tilskilins frests.

Um 13. gr.

Hér er kveðið á um rétt útlendings sem telst til nánustu aðstandenda íslensks ríkisborgara eða annars norræns ríkisborgara sem búsettur er hér á landi, eða útlendings sem dvelst eða fær að dveljast löglega í landinu samkvæmt dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum eða búsetuleyfi, til að fá dvalarleyfi. Réttur manna til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu nýtur verndar skv. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Með dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum er átt við leyfi sem getur orðið grundvöllur búsetuleyfis, sbr. 15. gr. Útlendingi, sem telst til nánustu aðstandenda, er með ákvæðinu tryggður réttur til dvalar hér á landi samkvæmt nánari reglum. Er þar einkum um að ræða að ekki liggi fyrir atvik sem tilgreind eru í c-lið 1. mgr. 11. gr., auk áskilnaðar um framfærslu, sjúkratryggingu og húsnæði.

Í 2. mgr. er rakið hverjir teljist nánustu aðstandendur íslensks ríkisborgara eða útlendings í skilningi 1. mgr. Er átt við maka, sambúðarmaka, niðja yngri en 18 ára og á framfæri viðkomandi og ættmenni hans eða maka að feðgatali og á þeirra framfæri.

Í 3. mgr. er tekið fram að dvalarleyfi aðstandanda útlendings skuli gefið út til sama tíma og leyfi þess síðarnefnda, þó þannig að það gildi ekki lengur en leyfi hans. Réttur aðstandandans til dvalarleyfis er leiddur af dvalarleyfi útlendingsins og er því eðlilegt að dvalarleyfi aðstandandans taki mið af því.

Um 14. gr.

Greinin fjallar um endurnýjun dvalarleyfis. Eins og um fyrsta dvalarleyfi er hér um heimild til útgáfu að ræða en ekki rétt til leyfis, enda sé fullnægt skilyrðum 1. mgr. 11. gr.

Endurnýjað dvalarleyfi skal að jafnaði gefið út til eins árs eða tveggja. Gert er ráð fyrir að gefa megi leyfið út fyrir annað tímabil, til dæmis níu eða átján mánuði, ef rétt þykir vegna tilgangs dvalarinnar eða af öðrum ástæðum. Um þetta má að öðru leyti vísa til athugasemda við 2. mgr. 10. gr.

Í 3. mgr. er kveðið á um rétt útlendings til dvalar meðan umsókn um endurnýjun dvalarleyfis er til meðferðar. Er kveðið svo á að útlendingi, sem sækir um endurnýjun dvalarleyfis, megi heimila áframhaldandi dvöl með sömu skilyrðum þar til ákvörðun hefur verið tekin um umsóknina og að hann eigi rétt á því ef hann leggur umsókn fram a.m.k. mánuði áður en leyfið fellur úr gildi.

Um 15. gr.

Greinin fjallar um búsetuleyfi sem er nýmæli. Í framkvæmd hefur þó útlendingum, sem svo háttar um sem lýst er í greininni, verið veitt svonefnt óbundið dvalarleyfi sem felur í sér rétt til ótímabundinnar dvalar hér á landi. Hér er um að ræða rétt útlendings, sem dvalist hefur í landinu samfellt síðustu þrjú ár samkvæmt dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum, þ.e. leyfi sem gefið er út með varanlega dvöl í huga, til að fá útgefið búsetuleyfi. Gert er ráð fyrir að skemmri dvöl erlendis, til dæmis vegna orlofs, starfs eða náms, leiði ekki til þess að dvölin teljist ekki samfelld. Forsendur fyrir rétti til búsetuleyfis mundu vera að skilyrðum fyrir útgáfu dvalarleyfisins sé enn fullnægt þannig að leyfið verði ekki afturkallað. Rétturinn er háður því skilyrði að ekki liggi fyrir ástæður sem valdið geta því að honum verði vísað úr landi, sbr. 1. mgr. 20. gr.,

og að hann hafi sótt námskeið í íslensku fyrir útlendinga. Markmið með slíku námskeiði væri að veita útlendingi innsýn í tungumálið til að auðvelda honum að aðlagast íslensku þjóðfélagi. Eðlilegt er að gera kröfu til þess að sá sem leitar eftir búsetuleyfi hafi lokið slíku námskeiði. Á hinn bóginn þykir ekki ástæða til að gera sérstakar kröfur um námsárangur, til að mynda að sá sem lokið hefur námskeiði hafi náð góðum tökum á málinu eða tali það reiprennandi.

Búsetuleyfi felur í sér rétt til ótímabundinnar dvalar. Sá sem hefur búsetuleyfi nýtur ríkari verndar gegn frávísun og brottvísun, sbr. 21. gr. Ákvæði 3. mgr. 14. gr. gilda um umsóknir um búsetuleyfi eftir því sem við á.

Forsenda búsetuleyfis er að hlutaðeigandi búi hér á landi. Því er tekið fram í 4. mgr. að búsetuleyfi falli niður þegar leyfishafi hefur verið búsettur eða dvalist í raun erlendis samfellt lengur en tólf mánuði. Gert er ráð fyrir að Útlendingastofnun þurfi að taka sjálfstæða ákvörðun um brottfall búsetuleyfis. Þá er gert ráð fyrir að fallast megi á umsókn útlendings um lengri dvöl erlendis án þess að búsetuleyfi falli úr gildi.

Í 5. mgr. er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji reglur um námskeið í íslensku fyrir útlendinga. Þar skal meðal annars kveðið á um lengd námskeiðs, lágmarkstímasókn og vottorð til staðfestingar þátttöku. Gert er ráð fyrir að hvert námskeið standi í u.þ.b. 2–3 mánuði og verði stundað samhliða vinnu. Þá er heimilt að mæla fyrir um undanþágu frá þátttöku í námskeiði fyrir útlendinga sem náð hafa viðhlítandi þekkingu í íslensku og staðist hafa próf því til staðfestingar. Loks er lagt til að heimilt verði á ákveða með reglugerð gjald fyrir þátttöku í námskeiði skv. 1. mgr. og fyrir að þreyta próf til að fá undanþágu frá því að sitja námskeið. Í samræmi við almennar reglur er miðað við að slíkt gjald taki mið af kostnaði við námskeiðahald og próf, þ.m.t. umsjón og skipulag, kennslu- og námsgögn og launakostnaður. Gert er ráð fyrir að gjaldið yrði áætlað með hliðsjón af meðalþátttöku og því tæki það ekki mið af raunverulegri þátttöku í hvert og eitt skipti sem námskeið eða próf yrðu haldin.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um afturköllun dvalarleyfis og búsetuleyfis. Gert er ráð fyrir að Útlendingastofnun verði heimilt að afturkalla dvalarleyfi og búsetuleyfi ef útlendingur hefur við umsókn, gegn betri vitund, veitt rangar upplýsingar eða leynt atvikum sem hefðu getað haft verulega þýðingu við leyfisveitinguna eða ekki er lengur fullnægt skilyrðum fyrir veitingu dvalarleyfis eða búsetuleyfis eða það að öðru leyti leiðir af almennum stjórnsýslureglum. Meta verður hverju sinni hvort heimild þessi skuli nýtt.

Um 17. gr.

Greinin kveður á um skyldu útlendings til að tilkynna lögreglunni um komu sína og dvöl. Í fyrsta lagi er útlendingi sem fengið hefur dvalarleyfi áður en hann kom til landsins skylt að gefa sig fram við lögregluna á dvalarstaðnum innan viku frá komu. Meginreglan er að dvalarleyfi fyrsta sinni skuli gefið út áður en komið er til landsins, sbr. 10. gr. Nauðsynlegt er að yfirvöld hafi vitneskju um komu þeirra sem fá dvalarleyfi fyrir fram til landsins, meðal annars til að ákvarða gildistíma dvalarleyfisins. Gert er ráð fyrir að útlendingurinn mæti sjálfur hjá lögreglunni á dvalarstað sínum. Jafnframt mundi lögregla þá ganga eftir því að skilyrðum dvalarleyfis sé fullnægt, til dæmis um læknisvottorð, ef því er að skipta. Sama tilkynningarskylda hvílir á útlendingi sem hyggst sækja um dvalarleyfi eða að öðru leyti þarfnast slíks leyfis. Slíkt mundi einkum eiga við um þá sem undanþegnir eru meginreglunni um að fyrsta dvalarleyfi skuli hafa verið veitt fyrir komu til landsins, sbr. 1. mgr. 10. gr.

Í 2. mgr. er ákvæði þess efnis að útlendingur sem flytur heimili sitt meðan mál samkvæmt lögunum er til meðferðar skuli tilkynna lögreglunni um flutninginn. Hins vegar er ekki gert ráð

fyrir almennri lagaskyldu útlendings til að tilkynna lögreglunni um heimili sitt. Gert er ráð fyrir að nægilegt sé að almennri tilkynningarskylda til þjóðskrár sé fullnægt, en skv. f-lið 1. mgr. 54. gr. má ákveða að þjóðskráin skuli tilkynna Útlendingastofnun um útlendinga sem tilkynntir eru á skrá eða af.

Í 3. mgr. er loks gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra geti sett reglur um að útlendingur sem ekki þarf dvalarleyfi skuli tilkynna lögreglunni um heimili sitt hér á landi og um vinnu sína og starf. Þótt heimildin sé almennt orðuð er einkum höfð í huga tilkynningarskylda þeirra sem ekki þurfa dvalarleyfi skv. 2. málsl. 2. mgr. 8. gr.

Um IV. kafla.

Í IV. kafla er að finna reglur um frávísun og brottvísun. Um er að ræða mun ítarlegri reglur en eru í 10.–12. gr. gildandi laga um skilyrði þess að synja megi útlendingi landgöngu og vísa brott úr landi. Hugtakið frávísun kemur í stað synjunar landgöngu um það þegar útlendingi er meinuð landganga. Er gert ráð fyrir að heimild til að vísa útlendingi frá landinu verði einnig notuð eftir komu hans til landsins. Á því ekki lengur við að tala um synjun landgöngu í þessu sambandi.

Um 18. gr.

Í greininni er fjallað um heimildir til að vísa útlendingi frá landi. Heimild til að vísa útlendingi frá landi samkvæmt greininni gildir við komu til landsins og í allt að sjö sólarhringa þar á eftir. Oftast mun ákvörðun verða tekin þegar við komu til landsins, en annars er nægilegt að meðferð máls hefjist innan sjö sólarhringa frestsins, sbr. 2. mgr.

Heimildir til að vísa útlendingi frá landi eru nánar tilgreindar í 1. mgr. Í 21. gr. er hins vegar að finna takmarkanir á þessari heimild að því er varðar útlendinga sem fæddir eru hér á landi eða fullnægja skilyrðum til að fá búsetuleyfi.

Lögreglustjóri tekur ákvörðun um frávísun skv. a–i-lið 1. mgr., en aðrar ákvarðanir um frávísun tekur Útlendingastofnun, sbr. 1. mgr. 22. gr.

Ákvæði greinarinnar taka mið af 6. gr. norræna vegabréfaeftirlitssamningsins og 5. gr. Schengen-samningsins. Norræna samninginn ber þá að skoða með hliðsjón af viðauka við þann samning sem gerður var til að fullnægja skuldbindingum Norðurlandanna samkvæmt Schengen-samningnum þannig að ákvæði þessara tveggja samninga rekist ekki á.

Samkvæmt a-lið er heimilt að vísa frá landi útlendingi sem ekki fullnægir reglum sem settar eru um vegabréf, vegabréfsáritun eða komu til landsins. Reglur um þetta munu byggjast á ákvæðunum í II. kafla um komu og dvöl. Vegabréf þarf þannig að vera gilt bæði að formi til og efni, þar á meðal að því er varðar gildistíma. Ákvæðið svarar að nokkru til 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. gildandi laga og er hliðstætt a-lið 1. mgr. 6. gr. norræna vegabréfaeftirlitssamninginn og a- og b-lið 1. mgr. 5. gr. Schengen-samningsins.

Samkvæmt b-lið er heimilt að vísa frá landi þeim sem vísað hefur verið úr landi hér eða í öðru norrænu ríki og ef endurkomubann er enn í gildi og honum hefur ekki verið veitt heimild til að koma til landsins. Ákvæðið svarar til 7. tölul. 1. mgr. 10. gr. gildandi laga. Um endurkomubann er fjallað í 3. mgr. 20. gr. frumvarpsins. Skv. f-lið 1. mgr. 6. gr. norræna vegabréfaeftirlitssamningsins gildir brottvísun og endurkomubann til hinna Norðurlandanna einnig hér. Þrátt fyrir það er íslenskum stjórnvöldum heimilt að leyfa þeim sem er með endurkomubann að koma til landsins.

Samkvæmt c-lið er heimilt að vísa frá landi þeim sem ekki hefur tilskilið leyfi til dvalar eða vinnu, sbr. b-lið 1. mgr. 6. gr. norræna vegabréfaeftirlitssamningsins. Meginreglan er að leyfa þessara skal aflað áður en komið er til landsins. Einnig er heimilt að vísa útlendingi frá landi

ef hann getur ekki leitt líkur að þeim tilgangi sem gefinn er upp fyrir dvölinni. Hér er fylgt efnislega samhljóða ákvæði í c-lið 1. mgr. 5. gr. Schengen-samningsins. Hvaða kröfur verða gerðar í þessum efnum verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Við það mat ber að hafa hliðsjón af sameiginlegri handbók sem gefin hefur verið út um landamæraeftirlit á Schengen-svæðinu.

Samkvæmt d-lið er heimilt að vísa frá landi þeim sem ekki getur sýnt fram á að hann hafi eða eigi tryggð nægileg fjárráð til dvalar hér á landi og til heimferðar, sbr. og c-lið 1. mgr. 6. gr. norræna vegabréfaeftirlitssamningsins og c-lið 1. mgr. 5. gr. Schengen-samningsins. Meta þarf hverju sinni hvenær útlendingur telst hafa nægileg fjárráð til framfærslu og til heimferðar. Skilyrði um nægileg fjárráð til framfærslu mundi til dæmis teljast fullnægt ef útlendingur hefur fengið útgefið dvalar- og atvinnuleyfi áður en hann kemur til landsins eða, ef um ferðamann er að ræða, hann hefur nægilegan farareyri. Skilyrði um nægileg fjárráð til heimferðar yrði til dæmis fullnægt með framvísun farmiða.

Samkvæmt e-lið er heimilt að vísa frá landi þeim sem hlotið hefur refsingu eins og greinir í b- eða c-lið 1. mgr. 20. gr. (um brottvísun) eða sérstök ástæða er til af öðrum ástæðum að óttast að hann muni fremja hér á landi eða í öðru norrænu landi refsiverðan verknað sem varðað getur fangelsi lengur en þrjá mánuði, sbr. einnig e-lið 1. mgr. 6. gr. norræna vegabréfaeftirlitssamningsins. Heimildir til frávísunar og til brottvísunar eru þær sömu þegar svo stendur á að útlendingur hefur á síðustu fimm árum afplánað refsingu erlendis eða verið dæmdur þar til refsingar fyrir háttsemi sem getur varðað meira en þriggja mánaða fangelsi að íslenskum lögum. Það er sjálfur refsiramminn samkvæmt íslenskum lögum sem hér skiptir máli. Sem dæmi um tilvik sem fallið geta undir þetta má nefna útlendinga sem fremja auðgunarbrot sem ferðamenn og óróaseggi sem fylgja keppnisliðum í knattspyrnu. Ákvæðið getur einnig náð til þess að útlendingur hlýtur refsingu hér á landi eftir komu til landsins. Ekki er þörf á að meta hvort ástæða sé til að ætla að útlendingurinn muni brjóta af sér eftir komu til landsins. Það að útlendingurinn hefur framið refsiverðan verknað er í sjálfu sér talið hafa í för með sér ítrekunarhættu. Ef á hinn bóginn eitthvað bendir til að ástæðulaust sé að óttast nýjan refsiverðan verknað mundi þó tæplega rétt að vísa útlendingi frá landinu. Ástæður, sem greinir í síðari hluta e-liðar, um að útlendingur kunni að fremja refsiverðan verknað, og hér gætu komið til, geta til dæmis verið upplýsingar frá alþjóðalögreglunni Interpol eða að vopn eða tæki finnast í fórum útlendings sem benda til að hann komi til landsins til að fremja afbrot.

Samkvæmt f-lið er heimilt að vísa frá landi útlendingi ef reglur 6. gr. norræna vegabréfaeftirlitssamningsins eiga við og ætla má að hann muni fara til annars norræns ríkis og að honum muni að öllum líkindum verða vísað frá landi þar vegna þess að ekki er fullnægt reglum um vegabréf eða vegabréfsáritun, eða frávísun er heimil af öðrum ástæðum í viðkomandi ríki. Ákvæðið vísar til allra frávísunarástæðna í 6. gr. samningsins. Beiting þessa ákvæðis verður að byggjast á mati á því hvort útlendingurinn ætli að fara annað. Farmiði til annars ríkis gæti þannig verið fullnægjandi tilefni.

Samkvæmt g-lið er heimilt að vísa frá landi útlendingi ef hann að mati þar til bærs heilbrigðisstarfsmanns er augljóslega haldinn alvarlegum geðtruflunum. Ákvæðinu er ætlað að ná til þeirra sem ekki geta ráðið persónulegum högum sínum sjálfir meðan á dvöl hér stendur og/eða geta með framkomu sinni valdið sér eða öðrum tjóni.

Samkvæmt h-lið er heimilt að vísa frá landi útlendingi ef hann hefur ekki greitt kostnað hins opinbera af fyrri færslu hans úr landi. Um þetta vísast til 1. mgr. 55. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt i-lið er heimilt að vísa frá landi útlendingi sem er skráður í Schengen-upplýsingakerfið í því skyni að honum verði synjað um komu til landsins. Þetta ákvæði leiðir af d-lið 1. mgr. 5. gr. Schengen-samningsins.

Loks má skv. j-lið vísa útlendingi frá landi ef það er nauðsynlegt vegna allsherjarreglu, þjóðaröryggis eða alþjóðasamskipta ríkisins eða annars ríkis sem tekur þátt í Schengen- samstarfinu. Þetta ákvæði er samhljóða e-lið 1. mgr. 5. gr. Schengen-samningsins.

Samkvæmt 2. mgr. er nægjanlegt að meðferð máls hefjist innan sjö sólarhringa frestsins sem greinir í upphafi 1. mgr. Að jafnaði mun ákvörðun um frávísun tekin í beinum tengslum við komu til landsins. Meðferð máls telst að öðru leyti hefjast þegar útlendingi er tilkynnt að honum kunni að verða vísað frá landi eða eftir atvikum að hann er handtekinn eða færður til yfirheyrslu.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ef útlendingur ber að hann sé flóttamaður eða veitir að öðru leyti upplýsingar sem benda til að ákvæði 1. mgr. 45. gr. eigi við skuli leggja málið fyrir Útlendingastofnun til meðferðar og ákvörðunar. Ákvæði þetta svarar til 4. mgr. 10. gr. gildandi laga.

Loks er lagt til að í 4. mgr. verði að finna heimild til að setja reglur sem víkja frá skilyrðum 1. mgr. þegar í hlut á útlendingur sem hefur vegabréfsáritun eða dvalarleyfi útgefið af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu. Á grundvelli þessarar heimildar verður unnt að fullnægja skuldbindingum skv. 3. mgr. 5. gr. og 18. gr. Schengen-samningsins um heimild útlendinga til gegnumferðar á leið til annarra ríkja sem taka þátt í samstarfinu.

Um 19. gr.

Samkvæmt 18. gr. er heimilt að vísa útlendingi frá landi við komu til landsins eða allt að sjö sólarhringum þar á eftir. Í þessari grein er heimilað að vísa útlendingi frá landi eftir reglum 1. mgr. 18. gr. þótt sjö sólarhringa fresturinn sé liðinn. Þau atvik sem geta valdið því að vísa beri útlendingi frá landi kunna að koma upp eftir að sá frestur er liðinn. Ákvörðun um frávísun samkvæmt þessari heimild tekur Útlendingastofnun en ekki lögreglustjóri, sbr. 1. mgr. 22. gr.

Samkvæmt 2. mgr. verður útlendingi sem hefur dvalarleyfi eða búsetuleyfi ekki vísað frá landi samkvæmt greininni. Ákvæðið nær þannig einkum til ferðamanna og þeirra sem eru í heimsókn o.þ.h.

Um 20. gr.

Í greininni er fjallað um heimildir til að vísa útlendingi úr landi (brottvísun).

Ástæður brottvísunar eru þrenns konar. Í fyrsta lagi þegar útlendingur hefur brotið gegn ákvæðum laganna eða hann kemur sér hjá að hlíta ákvörðun sem felur í sér að hann skuli yfirgefa landið, í öðru lagi ef útlendingur hefur verið dæmdur fyrir alvarleg brot erlendis eða hérlendis og í þriðja lagi ef það það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins.

Takmarkanir á heimild til brottvísunar koma fram í 2. mgr., svo og í 21. gr. að því er varðar útlendinga sem fæddir eru hér á landi eða hafa búsetuleyfi. Ákvörðun um brottvísun verður tekin hvort heldur útlendingurinn er hér á landi eða ekki, enda felur brottvísun í sér bann við að koma aftur til landsins.

Við beitingu reglna um brottvísun ber að hafa hliðsjón af ákvæðum um vernd gegn ofsóknum, sbr. 4. mgr. 45. gr.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. er í fyrsta lagi heimilt að vísa útlendingi úr landi ef hann hefur brotið alvarlega eða margsinnis gegn einu eða fleiri ákvæðum laganna. Hér undir mundu geta fallið fleiri en eitt brot gegn lögunum sem hvert fyrir sig telst ekki alvarlegt. Skv. c-lið 1. mgr. 11. gr. er það skilyrði dvalarleyfis að ekki liggi fyrir atvik sem valdið geta því að útlendingi verði meinuð landganga eða dvöl. Útlendingur sem vísa má úr landi á þannig ekki kröfu á dvalarleyfi þótt öðrum skilyrðum sé fullnægt. Í annan stað er heimilt að vísa útlendingi úr landi ef hann kemur sér hjá að hlíta ákvörðun sem felur í sér að hann skuli yfirgefa landið. Undir þetta mundu geta fallið ákvarðanir um að vísa útlendingi frá landi, synjun á umsókn um fyrsta dvalarleyfi

eða endurnýjun leyfis eða synjun á umsókn um hæli þegar dvalarleyfi verður heldur ekki gefið út á grundvelli mannúðarsjónarmiða eða um afturköllun leyfis. Þessir útlendingar hafa ekki lengur leyfi til að dveljast í landinu. Aðrir útlendingar kunna hins vegar að dveljast ólöglega í landinu án þess að fyrir liggi ákvörðun um að þeir skuli yfirgefa landið. Þá mundi eftir atvikum mega beita brottvísun á grundvelli fyrri hluta a-liðar eða frávísun á grundvelli 19. gr., sbr. c-lið 1. mgr. 18. gr.

Samkvæmt b-lið 1. mgr. nær heimild til brottvísunar til þess ef útlendingur hefur afplánað refsingu erlendis á síðustu fimm árum eða verið dæmdur þar til refsingar á sama tíma enda geti brotið að íslenskum lögum varðað fangelsi lengur en þrjá mánuði. Það er því refsiramminn sem slíkur samkvæmt íslenskum lögum sem skiptir máli. Samsvarandi gildir um sérstakar ráðstafanir sem ákvarðaðar eru vegna refsiverðrar háttsemi sem fellur undir liðinn.

Samkvæmt c-lið 1. mgr. er heimilt að vísa útlendingi úr landi ef hann hefur verið dæmdur hér á landi til refsingar eða til að sæta öryggisráðstöfunum fyrir háttsemi sem getur varðað fangelsi lengur en þrjá mánuði eða dæmdur oftar en einu sinni verið á síðustu þremur árum til fangelsisrefsingar. Einnig hér er það refsiramminn sem skiptir máli.

Samkvæmt d-lið 1. mgr. er loks heimilt að vísa útlendingi úr landi ef það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins.

Í 2. mgr. er kveðið á um að við ákvörðun um það hvort vísa skuli útlendingi úr landi skv. a-, b- og c-lið 1. mgr. skuli horft til málsatvika og tengsla útlendingsins við landið. Skal ekki ákveða brottvísun ef hún af þessum ástæðum mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu ættingjum hans. Þannig ber ekki einungis að líta til sjálfs refsirammans heldur og til dæmdrar refsingar og þess hvort um er að ræða fleiri dóma. Þá getur verið eðlilegt og sanngjarnt að meira þurfi til að vísa útlendingi sem dvalist hefur í landinu um lengri tíma úr landi en þeim sem haft hefur stutta viðdvöl. Fjölskyldutengsl koma hér og til álita. Þannig er ákveðið í 2. málsl. 2. mgr. að útlendingi sem hefur dvalarleyfi og norrænum ríkisborgara sem hefur átt heimili hér á landi lengur en þrjá mánuði megi því aðeins vísa úr landi að hin refsiverða háttsemi geti varðað eins árs fangelsi eða meira.

Samkvæmt 3. mgr. hefur brottvísun í för með sér bann við komu til landsins síðar. Endurkomubannið getur verið fyrir fullt og allt eða um tiltekinn tíma sem að jafnaði skal vera ekki skemmri en tvö ár. Endurkomubannið felur jafnframt í sér bann við komu útlendings sem ekki er norrænn ríkisborgari til annars norræns lands án sérstaks leyfis. Samkvæmt umsókn er þó heimilt að heimila þeim sem vísað hefur verið úr landi endurkomu en það skal að jafnaði ekki gert fyrr en tvö ár eru liðin frá brottför. Slík ákvörðun gæti þá náð til einstakrar ferðar til landsins en þyrfti ekki að fela í sér brottfall bannsins. Við ákvörðun um hvort útlendingi skuli heimiluð endurkoma skal meðal annars taka mið af persónuhögum viðkomandi og fjölskyldu hans. Ákvörðun um brottvísun er í höndum Útlendingastofnunar, sbr. 1. mgr. 22. gr.

Um 21. gr.

Í greininni felast takmarkanir á heimild til að vísa frá landi eða úr landi útlendingi sem hefur tiltekin tengsl við landið.

Samkvæmt 1. mgr. er óheimilt að vísa frá landi eða úr landi útlendingi sem fæddur er hér á landi og hefur átt hér fast heimili óslitið síðan. Auk fæðingar hér á landi þarf að hafa verið um að ræða órofna búsetu hér allan tímann. Skemmri dvöl erlendis mundi þó ekki leiða til þess að búseta teljist rofin, sbr. athugasemdir við 1. mgr. 15. gr.

Samkvæmt 2. mgr. eru svo takmarkanir á heimild til að vísa frá landi eða úr landi útlendingi sem hefur búsetuleyfi. Þessum útlendingum má því aðeins vísa frá landi eða úr landi að þess sé annaðhvort nauðsyn vegna öryggis ríkisins (a-liður) eða að um hafi verið að ræða afplánun

refsingar eða refsidóm fyrir háttsemi þar sem refsirammi að íslenskum lögum er þriggja ára fangelsi eða meira (b-liður), þ.e. hærri en segir í 18. og 20. gr. Þá er áskilið að ef um er að ræða afplánun refsingar eða refsidóm hér á landi hafi það átt sér stað árið áður. Eins og í b-lið 1. mgr. 20. gr. er tekið fram að samsvarandi gildi um sérstakar ráðstafanir sem ákvarðaðar eru vegna refsiverðrar háttsemi.

Samkvæmt 3. mgr. gilda um brottvísun skv. b-lið 2. mgr. auk þessa sömu sjónarmið og fram koma í 1. málsl. 2. mgr. 20. gr.

Um 22. gr.

Í greininni er kveðið á um hvaða stjórnvald fari með mál og undirbúning máls sem varðar frávísun eða brottvísun.

Samkvæmt 1. mgr. er það meginregla að lögreglustjóri taki ákvörðun um frávísun. Undan eru þó skilin mál skv. j-lið 1. mgr. 18. gr., mál þar sem reynir á ákvæði 1. mgr. 45. gr., sbr. 3. mgr. 18. gr., og mál sem falla undir 19. gr. Útlendingastofnun tekur aðrar ákvarðanir.

Samkvæmt 2. mgr. skal lögregla undirbúa mál sem Útlendingastofnun tekur ákvörðun um. Telji lögregla að skilyrði séu til að vísa útlendingi frá landi eða úr landi sendir hún gögn málsins Útlendingastofnun til ákvörðunar.

Um V. kafla.

Í kaflanum er að finna reglur um meðferð mála. Gildandi lög geyma fá ákvæði um það efni en frumvarpið gerir meðal annars ráð fyrir að lögfestar verði heimildir um rannsóknarúrræði, að kæruheimildir verði rýmkaðar og að settar verði reglur um framkvæmd ákvarðana. Nýmæli er einnig að gert er ráð fyrir að við tilteknar aðstæður skuli útlendingi veitt réttaraðstoð með skipun talsmanns og að hann skuli njóta þjónustu túlks.

Um 23. gr.

Greinin felur í sér almenna tilvísun til þess að við meðferð mála samkvæmt lögunum skuli fara eftir stjórnsýslulögum, sbr. lög nr. 37 30. apríl 1993, nema annað leiði af öðrum ákvæðum laganna. Mál samkvæmt lögunum falla undir stjórnsýslu ríkisins og því gilda stjórnsýslulögin um þau. Ákvæðið er því fyrst og fremst sett í upplýsingaskyni. Þar sem frumvarpið hefur að geyma sérákvæði munu þau ákvæði hins vegar gilda.

Um 24. gr.

Í 1. mgr. segir að áður en ákvörðun sé tekin í máli útlendings skuli hann eiga þess kost að tjá sig um efni máls skriflega eða munnlega, enda komi ekki fram í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Þegar útlendingur beinir til stjórnvalda umsókn samkvæmt lögunum ætti afstaða hans að hafa komið fram með fullnægjandi hætti og því þyrfti venjulega ekki að veita honum frekara færi á að tjá sig um málið. Réttur útlendings til að tjá sig skriflega er ekki fyrir hendi þegar honum ber að tjá sig munnlega við vegabréfaeftirlit eða lögreglu.

Samkvæmt 2. mgr. skal stjórnvald sjá um að í máli vegna umsóknar um hæli eða máli þar sem ákvæði 45. gr. eiga við, svo og í máli er varðar frávísun eða brottvísun, eigi útlendingur kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á tungumáli sem hann getur tjáð sig á svo að viðunandi sé. Þetta felur ekki í sér rétt útlendings til að leggja fram sjónarmið á eigin máli eða máli heimalands. Af ákvæðinu leiðir að stjórnvaldinu ber að útvega túlk þegar þess er þörf þannig að útlendingurinn geti tjáð sig svo að viðunandi sé. Stjórnvaldi ber að sjá til þess að útlendingurinn hafi hæfilegan tíma til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Frestur ræðst af

eðli ákvörðunar hverju sinni og kann því að vera stuttur í málum vegna frávísunar. Frest má þó ekki ákvarða svo stuttan að útlendingurinn eigi þess ekki raunverulegan kost að tjá sig.

Um 25. gr.

Í greininni er kveðið á um sérstaka leiðbeiningarskyldu stjórnvalda í málum er varða útlendinga. Í þeim málum sem ákvæðið nær til skal stjórnvald leiðbeina útlendingi hvaða rétt hann á til að leita aðstoðar lögmanns eða annars fulltrúa, um rétt hans á að fá sér skipaðan talsmann, sbr. 2. mgr. 34. gr., og um rétt hans til að hafa samband við fulltrúa heimalands síns (sendiráð eða ræðisskrifstofu) og til að hafa samband við fulltrúa Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og mannúðar- eða mannréttindasamtök hér á landi, svo sem Rauða kross Íslands. Leiðbeiningarskyldan hvílir á stjórnvaldi þegar mál hefst og því fyrst og fremst á lögreglunni.

Leiðbeiningarskylda þessi kemur til viðbótar almennum ákvæðum 7. gr. stjórnsýslulaga. Ákvæðið stendur ekki í vegi fyrir að útlendingur hafi samband við hvern þann sem hann óskar. Leiðbeiningarskyldan gildir um tiltekin mál, þ.e. um mál er varða frávísun, brottvísun eða afturköllun leyfis, svo og í máli vegna umsóknar um hæli. Það leiðir af eðli máls að sá sem sækir um hæli mun að jafnaði ekki leita eftir sambandi við fulltrúa heimalands síns.

Um 26. gr.

Með greininni er lagt til að stjórnvöldum sem fara með málefni útlendinga verði heimilt að láta erlendum stjórnvöldum í té upplýsingar um útlending vegna meðferðar á máli er varðar vegabréfsáritun, dvalarleyfi eða hæli að því marki sem nauðsynlegt er vegna skuldbindinga Íslands sem þátttakandi í Schengen-samstafinu og samstarfi samkvæmt Dyflinnarsamningnum. Einnig er lagt til að dómsmálaráðherra geti sett nánari reglur um hvaða upplýsingar megi veita og um skilyrði sem þarf að fullnægja til að upplýsingar verði veittar. Þessi heimild er til að fullnægja þeim þjóðréttarlegu skuldbindingum sem Ísland hefur gengist undir með þátttöku í Schengen-samstarfinu.

Í Schengen-samstarfinu er í ákveðnum tilvikum gert ráð fyrir upplýsingagjöf milli þátttökuríkjanna um málefni sem varða útlendinga. Skv. 16. gr. Schengen-samningsins skal ríki, sem gefur út vegabréfsáritun til útlendings af mannúðarástæðum eða vegna þjóðarhagsmuna eða alþjóðlegra skuldbindinga, þótt hann fullnægi ekki skilyrðum fyrir komu inn á Schengen-svæðið, gera öðrum ríkjum grein fyrir þeirri ákvörðun. Í slíkri tilkynningu þarf að veita upplýsingar um viðkomandi útlending, svo sem nafn, fæðingardag, þjóðerni, útgáfudag og útgáfustað áritunar og ástæður fyrir útgáfu hennar. Nánari reglur um miðlun upplýsinga vegna vegabréfsáritana er að finna í 14. viðauka við sameignleg fyrirmæli til sendiráða og ræðisskrifstofa. Einnig er gert ráð fyrir að upplýsingum um útlendinga verði miðlað milli þátttökuríkjanna vegna útgáfu dvalarleyfis til útlendings sem er skráður í Schengen-upplýsingakerfið til að honum verði meinuð koma á svæðið, sbr. 25. gr. Schengen-samningsins. Þá er gert ráð fyrir miðlun upplýsinga skv. 15. gr. Dyflinnarsamningsins, svo sem nánar var rakið í kafla III.6 í almennum athugasemdum. Eftir því sem samstarf þátttökuríkjanna þróast má gera ráð fyrir að teknar verði ákvarðanir um frekari upplýsingagjöf milli ríkjanna um málefni sem varða útlendinga.

Um 27. gr.

Greinin fjallar um sérstakt vanhæfi stjórnvalds til meðferðar máls. Opinber starfsmaður, sem tekið hefur þátt í meðferð opinbers máls á hendur útlendingi, má ekki taka þátt í undirbúningi að ákvörðun eða taka sjálfur ákvörðun í máli um frávísun, dvalarleyfi, búsetuleyfi eða brottvísun. Tilgangur ákvæðisins er að greina á milli starfa lögreglunnar að málum útlendinga annars vegar og starfa við meðferð refsimála hins vegar. Vanhæfið tekur þó ekki til mála vegna

brota á ákvæðum laganna eða ákvæðum sem sett eru samkvæmt þeim. Að öðru leyti gilda vanhæfisreglur stjórnsýslulaga um meðferð mála.

Um 28. gr.

Greinin fjallar um heimild útlendings og stjórnvalds sem fer með mál hans samkvæmt lögunum til að afla upplýsinga fyrir dómi. Greinin felur í sér undantekningu frá meginreglunni um rannsóknarskyldu stjórnvalds. Bæði stjórnvald og útlendingur geta lagt fram beiðni. Skilyrði er að upplýsinganna verði ekki aflað á annan hátt svo að fullnægjandi sé. Sem dæmi má nefna að nauðsynlegt þyki að yfirheyra vitni í þágu rannsóknar máls en viðkomandi neiti að tjá sig fyrir stjórnvaldi. Það er dómari sem ákveður hvort skilyrði eru til að fallast á beiðni. Um meðferð mála er vísað til XII. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991.

Samkvæmt 2. mgr. gildir heimild til öflunar gagna fyrir dómi ekki þegar til meðferðar er mál gegn útlendingi um frávísun. Heimildin tekur þá ekki heldur til máls samkvæmt lögunum sem er til meðferðar samtímis máli vegna frávísunar, til dæmis beiðni um hæli. Nauðsynlegt er að meðferð máls vegna frávísunar sé hraðað. Því þarf að koma í veg fyrir að útlendingur geti notað heimild til að leita eftir skýrslutöku fyrir dómi í þeim tilgangi að tefja mál. Þá tekur heimildin ekki heldur til öflunar gagna þegar sá sem óskað er að gefi skýrslu fyrir dómi er erlendis.

Um 29. gr.

Í greininni eru rakin þau úrræði sem stjórnvald hefur til að fá úr því skorið hver útlendingur er. Mjög hefur færst í vöxt að útlendingar komi til landsins án þess að hafa nokkur skilríki eða þeir framvísa fölsuðum skilríkjum. Margir farga skilríkjum sínum og gera stjórnvöldum þannig erfitt um vik að ganga úr skugga um hverjir þeir raunverulega eru. Miðað er við að útlendingur, sem ekki framvísar tilskildum skilríkjum, fái ekki landgöngu. Hins vegar þykir nauðsynlegt að gengið sé úr skugga um að útlendingur fái landvist á réttum forsendum, ekki síst með hliðsjón af þeirri grundvallarreglu að stjórnvöld skulu við úrlausn máls gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Þá telst það vera andstætt þjóðfélagshagsmunum að í landinu sé búsettur fjöldi einstaklinga sem ekki er vitað hverjir raunverulega eru.

Í 1. mgr. er fyrst tekið á því að vafi kann að vera um hvort útlendingur er sá sem hann segist vera. Meðan það liggur ekki ljóst fyrir er útlendingnum skylt að veita atbeina sinn til að upplýsa það. Stjórnvald skv. 2. mgr. 3. gr. sem fer með mál getur gefið slík fyrirmæli. Vafi kann einnig að koma upp um deili á útlendingi sem stjórnvöld hafa talið sig vita deili á. Þótt útlendingur hafi um árabil dvalist í landinu og deili á honum hafa virst rétt getur hlutaðeigandi stjórnvald lagt fyrir útlendinginn að veita atbeina sinn í þessu skyni, enda sé ástæða til að ætla að það sem skráð er um deili á útlendingnum sé ekki rétt. Gert er ráð fyrir að nánari reglur verði settar um hvað skylda má útlending til að gera til að fullnægja þessari skyldu. Hér gæti til dæmis verið um að ræða uppýsingagjöf, afhendingu nánar tilgreindra skjala eða þátttöku í tungumálaprófi.

Samkvæmt 2. mgr. er lögreglunni heimilt, ef vafi leikur á hver útlendingur sé, við komu til landsins eða síðar, að leggja hald á ferðaskilríki, farseðla og annað sem getur verið til upplýsinga um hver hann er. Sama er ef vafi er um fyrri dvalarstað útlendings og það skiptir máli um rétt til dvalar hér á landi. Réttmæti haldlagningar má bera undir dómara, sbr. 79. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, og skal lögregla benda útlendingi á þann rétt.

Í 3. mgr. er kveðið á um úrræði sem lögregla hefur ef útlendingur veitir ekki atbeina til að upplýsa hver hann er eða um fyrri dvalarstað. Er þá annars vegar um að ræða að útlendingurinn, í bága við fyrirmæli sem greinir í 1. mgr., haldi eftir eða leyni upplýsingum um hver hann er og hins vegar að hann, í bága við fyrirmæli sem greinir í 53. gr., haldi eftir eða leyni upplýsingum um fyrri dvalarstað. Þegar þannig stendur á er lögreglunni heimilt að leita á útlendingnum

sjálfum, á heimili hans eða herbergi eða í öðrum hirslum. Heimild til leitar felur í sér heimild til leitar í fötum útlendingsins og í farartæki hans.

Með 4. mgr. er lögreglunni veitt heimild til að taka ljósmyndir og fingraför og rannsaka erfðaefni útlendings. Þau tilvik þar sem heimild þessi gildir eru tilgreind nánar í fjórum liðum. Í fyrsta lagi þegar útlendingur getur ekki fært sönnur á hver hann er eða ef ástæða er til að ætla að útlendingurinn gefi rangt upp hver hann er. Slíkt mundi til dæmis heimilt ef grunur er um að útlendingur framvísi fölsuðu vegabréfi eða vegabréfi sem varðar annan mann en hann sjálfan. Í öðru lagi ef útlendingur leitar hælis eða sækir um leyfi samkvæmt lögunum. Í þriðja lagi ef útlendingi hefur verið synjað um hæli eða leyfi samkvæmt lögunum og í fjórða lagi ef útlendingi hefur verið vísað frá landi eða úr landi eða ætla má að hann dveljist hér ólöglega.

Í 5. mgr. er tekið fram að fingraför megi færa í tölvufærða fingrafaraskrá samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur. Við það er miðað að fingrafaraskrá útlendinga verði aðskilin öðrum skrám lögreglu. Við færslu skrárinnar og notkun ber að sjálfsögðu að fylgja reglum um vernd persónuupplýsinga.

Í 6. mgr. eru loks úrræði ef útlendingur neitar að gefa upp hver hann er eða rökstuddur grunur er um að hann gefi rangar upplýsingar um hver hann er. Er lögreglu þá heimilt að handtaka útlendinginn og síðan er unnt úrskurða hann í gæsluvarðhald en til þess þarf atbeina dómara. Fer þá um það samkvæmt reglum XII. og XIII. kafla laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við á. Skv. 34. gr. skal þá skipa útlendingi talsmann. Gæsla má ekki standa lengur en 12 vikur samanlagt nema sérstaklega standi á. Þá þörf metur dómari. Ef í beinu framhaldi af gæslu skv. 6. mgr. á að undirbúa framkvæmd ákvörðunar um að færa útlending úr landi er unnt að beita ákvæði 6. mgr. 33. gr. Geta þá sex vikur bæst við gæslutímann.

Um 30. gr.

Í greininni er kveðið á um kærurétt til æðra stjórnvalds. Tekið er fram að ákvörðun lögreglunnar, svo og ákvörðun sendiráðs, fastanefndar eða ræðismanns skv. 5. mgr. 6. gr., megi kæra til Útlendingastofnunar en að öðru leyti megi kæra ákvörðun til dómsmálaráðuneytisins. Heimildir til að kæra ákvörðun eru þannig rýmkaðar og taka til allra ákvarðana en ekki einungis til ákvarðana um synjun dvalarleyfis, brottfall eða afturköllun dvalarleyfis, brottvísun eða synjun hælis, sbr. 12. gr. a í gildandi lögum. Ákvörðun Útlendingastofnunar sem æðra stjórnvalds verður ekki kærð.

Lagt er til að kærufrestur verði óbreyttur frá því sem ákveðið var með lögum nr. 133/ 1993, 15 dagar, en almennur kærufrestur skv. 27. gr. stjórnsýslulaga, þrír mánuðir, þykir of langur í málum þessum. Kæru skal lýsa fyrir þeim sem kynnir ákvörðun sem kemur kærunni þá á framfæri við æðra stjórnvald. Kæru á frávísun skal þannig lýsa fyrir lögreglu. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að um kæru fari skv. VII. kafla stjórnsýslulaga.

Um 31. gr.

Í greininni eru ákvæði um hvenær einstakar ákvarðanir geta komið til framkvæmda. Um ákvarðanir í málum um hæli eða vernd gegn ofsóknum eru ákvæði í 32. gr.

Samkvæmt 1. málsl. 1. mgr. má framkvæma ákvörðun um frávísun skv. 18. gr. þegar í stað í samræmi við almennar reglur. Gagnstæð regla um að kæra fresti ákvörðun mundi skapa verulega erfiðleika við framkvæmd útlendingaeftirlits. Ákvæðið felur hins vegar ekki í sér skyldu til að framkvæma ákvörðun um frávísun þegar í stað heldur verður það undir mati stjórnvalds komið. Um kærufrest fer skv. 2. mgr. 30. gr. Ákvæðið breytir ekki þeirri reglu að æðra stjórnvald megi ákveða að kæra fresti framkvæmd ákvörðunar. Þá ber að gæta þess að útlendingi sem vill kæra ákvörðun gefist tími til að leggja fram kæru. Skv. 2. málsl. 1. mgr. má ekki fram-

kvæma synjun á umsókn um endurnýjun dvalarleyfis eða um búsetuleyfi ef sótt er um innan þess frests sem greinir í 3. mgr. 14. gr., þ.e. a.m.k. mánuði áður en leyfið fellur úr gildi, fyrr en ákvörðunin er endanleg. Ákvörðun er endanleg þegar kærufrestur er úti eða fyrir liggur endanleg stjórnsýsluákvörðun í kærumáli. Sama á við skv. 3. málsl. um ákvörðun um afturköllun skv. 16. gr. og um ákvörðun um brottvísun útlendings sem hefur dvalarleyfi eða búsetuleyfi eða norræns ríkisborgara sem hefur dvalið hér á landi lengur en þrjá mánuði. Hvað norræna ríkisborgara varðar er haft í huga að þeir þurfa ekki dvalarleyfi, sbr. 2. mgr. 8. gr. Af ákvæðinu leiðir að réttarstaða norræna ríkisborgara verður ekki lakari en útlendinga með dvalarleyfi, en slíkt leyfi þarf ef útlendingur hyggst dveljast hér lengur en þrjá mánuði. Skv. 4. málsl. gilda ákvæði 29. gr. stjórnsýslulaga að öðru leyti um frestun réttaráhrifa. Ákvörðun getur þá komið til framkvæmda þótt ákvörðun sé ekki orðin endanleg, einnig áður en kærufrestur rennur út, sbr. þó 2. mgr.

Samkvæmt 2. mgr. gilda sérákvæði um synjun á umsókn um dvalarleyfi sem sótt er um í fyrsta sinn og á umsókn um endurnýjun sem greinir í 1. mgr. og sótt er um að liðnum fresti skv. 3. mgr. 14. gr. Þeirri synjun má ekki framfylgja fyrr en útlendingurinn hefur fengið færi á að leggja fram kæru og aldrei fyrr en liðnir eru tveir sólarhringar frá því að honum var tilkynnt um ákvörðunina.

Um 32. gr.

Greinin hefur að geyma sérákvæði um hvenær ákvörðun í málum um hæli eða vernd gegn ofsóknum geti komið til framkvæmda.

Meginreglan er sú skv. 1. mgr. að þegar útlendingur ber að aðstæður séu þannig að ákvæði 1. mgr. 45. gr. eigi við má ekki framkvæma ákvörðun um að hann skuli yfirgefa landið fyrr en ákvörðunin er endanleg. Undir ákvæðið falla ekki einungis þeir sem sækja um hæli heldur og þeir sem bera fyrir sig vernd gegn sendingu úr landi skv. 45. gr. Tvær undantekningar eru þó frá þessari reglu. Annars vegar er nefnt að Útlendingastofnun telji augljóst að aðstæður séu ekki þannig. Getur þá skipt máli hvert heimaríki hlutaðeigandi er eða fyrsta griðland sem senda á útlendinginn til. Hins vegar eru mál þar sem útlendingur á umsókn um hæli til meðferðar í öðru landi eða slíkri umsókn hefur verið hafnað þar. Þetta ákvæði byggist einnig á reglunni um fyrsta griðland. Ákvörðun í öðru landi um að útlendingur sé ekki flóttamaður verður þó ekki sjálfkrafa lögð til grundvallar hér á landi heldur verður að fara fram sjálfstætt mat á þeirri ákvörðun í máli sem er til meðferðar hverju sinni.

Framkvæmd ákvarðana verður í höndum lögreglu. Skv. 2. mgr. skal lögregla leggja ákvörðun um frestun á framkvæmd fyrir Útlendingastofnun ef útlendingur ber fyrir sig aðstæður sem greinir í 1. mgr. 45. gr. þegar framkvæma á ákvörðunina og ekki kemur fram að afstaða hafi verið tekin til þeirra aðstæðna sem borið er við. Ef útlendingur ber fyrir sig aðstæður sem greinir í 1. mgr. 45. gr. þarf að taka afstöðu til verndar gegn sendingu úr landi áður en ákvörðun er tekin. Heimilt er þá að framkvæma ákvörðun ef útlendingur ber á ný fyrir sig sömu aðstæður. Útlendingurinn kann hins vegar að bera fyrir sig nýjar aðstæður í máli og álitaefni um vernd gegn sendingu úr landi kann fyrst að koma fram eftir að fyrir liggur ákvörðun sem á að framkvæma. Lögregla hefur hins vegar ekki heimild til að taka afstöðu til þess hvort útlendingurinn nýtur verndar skv. 1. mgr. 45. gr. og ber henni að leggja málið fyrir Útlendingastofnun. Ef Útlendingastofnun telur augljóst að slík skilyrði séu ekki fyrir hendi getur hún ákveðið að ákvörðunin skuli koma til framkvæmda. Ef hún hins vegar telur ekki augljóst að skilyrðin séu fyrir hendi verður að fresta framkvæmd þar til leyst hefur verið úr álitaefninu.

Í 3. mgr. er tekið fram að reglur stjórnsýslulaga um andmælarétt, um birtingu ákvörðunar og rökstuðning o.fl. og um kæru gildi ekki um ákvarðanir skv. 1. og 2. mgr. Af þessu leiðir að ákvörðun er unnt að taka munnlega og á grundvelli munnlegrar greinargerðar frá lögreglu.

Um 33. gr.

Í greininni er kveðið á um þau úrræði sem beita má þegar nauðsynlegt er að framkvæma ákvörðun um að útlendingur skuli yfirgefa landið. Útlendingi, sem ekki þarf vegabréfsáritun til dvalar hér á landi, ber að yfirgefa landið þegar sá tími er liðinn sem hann má dveljast hér án dvalarleyfis. Þeir sem hafa vegabréfsáritun skulu yfirgefa landið þegar áritunin rennur út og þeir sem hafa dvalarleyfi skulu hverfa af landi þegar leyfið er fallið úr gildi. Dvöl fram yfir þetta er þannig óheimil. Þeir sem dveljast hér lengur eiga á hættu að ákvörðun verði tekin um að þeir skuli yfirgefa landið og gilda þá ákvæði greinarinnar.

Samkvæmt 1. mgr. skal framkvæma ákvörðun sem felur í sér að útlendingur skuli yfirgefa landið þannig að lagt er fyrir útlendinginn að hverfa þegar á brott eða innan tiltekins frests. Í 31. og 32. gr. eru ákvæði um hvenær ákvörðun getur í fyrsta lagi komið til framkvæmda. Ef ekki kemur fram í ákvörðun hvenær hún skuli koma til framkvæmda tiltekur lögregla frest til brottfarar. Við ákvörðun um frest til brottfarar ber að taka tillit til aðstæðna útlendings. Útlendingnum er skylt að hverfa úr landi innan tilskilins frests og á eigin kostnað.

Þá segir í 1. mgr. að ef útlendingurinn fer ekki úr landi svo sem fyrir er lagt eða yfirgnæfandi líkur eru á að hann muni ekki gera það megi lögregla færa hann úr landi. Miðað er við að flestir fari sjálfviljugir úr landi og án útgjalda fyrir hið opinbera. Í öðrum tilvikum kann að vera nauðsynlegt að fylgja ákvörðun eftir. Einnig kann að vera nauðsynlegt að tryggja að útlendingurinn fari úr landi. Getur það meðal annars átt við um hælisleitendur sem fengið hafa synjun eða þá sem hlotið hafa refsidóm. Lögregla metur þörfina. Meginregla er að útlendingur sé fluttur til þess lands sem hann kom frá og er það að jafnaði heimaland útlendingsins. Ef sérstaklega stendur á má færa hann til annars lands en þess sem hann kom frá, sbr. 3. málsl. Forsenda er þá að sjálfsögðu að hlutaðeigandi land heimili útlendingnum komu þangað. Í niðurlagi 1. mgr. segir að ákvarðanir sem varða framkvæmd verði ekki kærðar sérstaklega.

Í 2. mgr. er tekið fram að útlendingi, sem fellur undir ákvæði 1. mgr. og ekki hefur gild ferðaskilríki, sé skylt að afla sér þeirra. Útlendingur kann að hafa komið til landsins án slíkra skilríkja eða fargað þeim eða gildistími þeirra hefur runnið á enda meðan á dvöl hér stendur. Sumir þeirra sem fá synjun á dvöl í landinu leita ekki eftir nýjum ferðaskilríkjum til heimferðar. Ákvæðinu er ásamt ákvæði 2. málsl. 5. mgr. ætlað að bregðast við þessum vanda.

Samkvæmt 3. mgr. er lögreglunni, til að tryggja að ákvörðun um brottför verði framkvæmd, veitt heimild til leggja fyrir útlending að tilkynna sig, að afhenda vegabréf eða annað kennivottorð, sbr. 5. gr., og að halda sig á ákveðnu svæði. Þessi fyrirmæli má skv. 4. mgr. því aðeins gefa að sérstök ástæða sé til að ætla að útlendingurinn muni koma sér undan framkvæmd og má við mat á þessu taka tillit til almennrar reynslu af undankomu, þ.e. matið þarf ekki á byggjast á reynslu af hlutaðeigandi sjálfum. Slík fyrirmæli eru tímabundin og mega ekki standa lengur en í tvær vikur án samþykkis útlendingsins eða ákvörðunar dómara samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála, sbr. 110. gr. þeirra laga.

Með 5. mgr. eru veittar frekari heimildir til að tryggja framkvæmd brottfarar. Er þannig heimilt, ef nauðsyn ber til, að handtaka útlending og úrskurða í gæsluvarðhald samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Fer mál þá fyrir dómara þar sem skipa skal útlendingi löglærðan talsmann ef þess er krafist, sbr. 1. mgr. 34. gr. Samsvarandi gildir ef útlendingur gerir ekki það sem nauðsynlegt er til að afla sér ferðaskilríkis, sbr. 2. mgr., og tilgangurinn er að færa útlendinginn fyrir fulltrúa lands sem við á í því skyni að fá útgefin ferða-

skilríki. Það getur verið heimaland útlendingsins en einnig annað land ef óvissa er um þjóðerni hans.

Samkvæmt 6. mgr. eru takmörk á því hve lengi gæsla má standa. Skal gæsla ekki ákveðin lengur en í tvær vikur. Lögregla á ekki að leita eftir lengri gæslutíma en nauðsynlegt er. Nokkrir dagar eiga að jafnaði að nægja. Gæslutímann má þó framlengja ef útlendingurinn fer ekki sjálfviljugur úr landi og yfirgnæfandi líkur eru á að hann muni koma sér undan framkvæmd ákvörðunar. Má þá framlengja frestinn í allt að tvær vikur, en þó ekki oftar en tvisvar. Gæsla samkvæmt þessu ákvæði getur þannig orðið alls sex vikur. Þessi gæslutími kemur til viðbótar gæslu sem nauðsynleg er vegna undirbúnings ákvörðunar skv. 6. mgr. 29. gr.

Með 7. mgr. eru settar takmarkanir á rétti til að handtaka útlending eða úrskurða í gæsluvarðhald. Má ekki beita þessu úrræði ef það með hliðsjón af eðli máls og atvikum að öðru leyti mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun eða ef dómarinn telur vægari úrræði skv. 3. mgr. fullnægjandi.

Í 8. mgr. er loks tekið fram að úrræðum skv. 3. og 5. mgr. megi beita þegar ákvörðun um að útlendingur skuli yfirgefa landið er tekin og þegar mál sem getur leitt til slíkrar ákvörðunar er til meðferðar.

Um 34. gr.

Í grein þessari er kveðið á um rétt útlendings til að fá réttaraðstoð. Nauðsynlegt þykir að útlendingi, sem á mál til meðferðar, gefist kostur á réttaraðstoð þegar tiltekin mál er varða réttarstöðu hans eru til meðferðar. Er um að ræða skipun talsmanns annars vegar við meðferð mála fyrir dómi og hins vegar við meðferð mála í stjórnsýslu.

Samkvæmt 1. mgr. skal skipa útlendingi talsmann þegar krafist er gæslu skv. 6. mgr. 29. gr. eða 5. mgr. 33. gr. Sama er þegar fyrir dómi er krafist úrræða skv. 3. og 4. mgr. 33. gr. nema það muni hafa í för með sér sérstakt úrræði eða töf eða dómarinn telur ekki varhugavert að láta hjá líða að skipa talsmann. Hlutverk talsmanns er að koma fram fyrir hönd útlendings og veita honum liðsinni. Þar sem mál samkvæmt þessum ákvæðum eru rekin fyrir dómi þykir rétt að talsmaður sé skipaður úr hópi lögmanna.

Samkvæmt 2. mgr. á útlendingur rétt á að stjórnvald skipi sér talsmann þegar kærð er ákvörðun sem varðar frávísun, brottvísun eða afturköllun leyfis og í máli vegna umsóknar um hæli. Undanþegin eru þó nánar tiltekin mál þar sem ekki eru talin efni til að mæla sérstaklega fyrir um réttaraðstoð. Þegar talsmaður er skipaður við meðferð máls fyrir stjórnsýslu þykir ekki nauðsynlegt að gera kröfu um að hann sé lögmaður eins og þegar talsmaður er skipaður skv. 1. mgr. Skv. 2. mgr. á útlendingur og rétt á að kostnaður hans við lögfræðiaðstoð meðan öflun upplýsinga fer fram fyrir dómi skv. 28. gr. greiðist úr ríkissjóði.

Samkvæmt 3. mgr. skulu ákvæði VI. kafla laga um meðferð opinberra mála gilda, eftir því sem við á, um réttaraðstoð skv. 1. og 2. mgr. Af því leiðir að þóknun réttargæslumanns eða talsmanns greiðist úr ríkissjóði. Hins vegar skal krefja útlending um endurgreiðslu kostnaðar við réttaraðstoð að hluta til eða að öllu leyti ef hann hefur ráð á því.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla er að finna reglur um útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn). Svo sem rakið er í kafla III.4 í almennum athugasemdum var EES-samningurinn sem slíkur lögfestur með lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2 13. janúar 1993. Jafnframt var lögum um eftirlit með útlendingum breytt með lögum nr. 133 31. desember 1993. Í athugasemdum með frumvarpi er varð að þeim lögum er gerð grein fyrir reglum um frjálsa fólksflutninga innan EES og þeim EBE-gerðum sem þar skipta máli. Er vísað

til þeirra athugasemda, sbr. Alþt. 1993, 103. mál, þskj. 106. Í kjölfar þessa var gefin út reglugerð um dvöl útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið hér á landi, nr. 674 20. desember 1995 (reglugerð um EES-útlendinga). Eðlilegt þykir nú að lögfesta meginreglur þessar en gert er ráð fyrir að nánari reglur verði einnig settar í reglugerð.

Um 35. gr.

Í greininni er að finna reglur um heimild EES-útlendings til að koma til landsins og dveljast hér. Er ákvæðið í samræmi við 1. gr. reglugerðar um EES-útlendinga. Samsvarandi reglur um útlendinga almennt er að finna í 8. gr. frumvarpsins.

EES-útlendingur má skv. 1. mgr. dveljast hér án dvalarleyfis í allt að þrjá mánuði frá komu til landsins og allt að sex mánuðum ef hann er í atvinnuleit. Hér er um að ræða rýmkun úr þremur mánuðum að því er varðar þann sem er í atvinnuleit. Ástæða breytingarinnar er túlkun EB-dómstólsins (mál C-292/89 – Antonissen) á því ákvæði Rómarsáttmálans sem svarar til 28. gr. EES-samningsins að sá sem er í atvinnuleit skuli hafa hæfilegan frest til að leita atvinnu sem svarar hæfni hans. Var fresturinn í því tilviki talinn hæfilegur sex mánuðir. Til að sanna rétt sinn til dvalar umfram þrjá mánuði þarf útlendingurinn að geta sýnt fram á að hann sé í atvinnuleit. Gert er ráð fyrir að settar verði reglur um undanþágu frá dvalarleyfi og reglur um tilkynningarskyldu, sbr. nú 1. og 2. gr. reglugerðar um EES-útlendinga.

Um 36. gr.

Í greininni eru talin þau skilyrði sem EES-útlendingur þarf að fullnægja til að fá dvalarleyfi. Eru þau í meginatriðum í samræmi við 3. gr. reglugerðar um EES-útlendinga. Varðandi tilskipun 90/366/EBE um búseturétt námsmanna, sem greint er frá í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 133/1993, er þess að geta að rétt tilvísun er nú tilskipun 93/96/ EBE. Gert er ráð fyrir að nánari reglur verði settar um framkvæmd þessa, sbr. nú ákvæði 4.–7. gr. reglugerðar um EES-útlendinga.

Um 37. gr.

Greinin fjallar um dvalarleyfi fyrir aðstandendur EES-útlendings. Greinin er samhljóða 8. gr. reglugerðar um EES-útlendinga. Um nánari skilyrði vísast til 9. og 10. gr. reglugerðarinnar.

Um 38. gr.

Greinin heimilar dómsmálaráðherra að setja reglur um heimild EES-útlendings og aðstandenda til áframhaldandi dvalar hér á landi að loknu starfi. Um efni þessa vísast til 11.–21. gr. reglugerðar um EES-útlendinga.

Um 39. gr.

Greinin fjallar um gildistíma og efni dvalarleyfis fyrir EES-útlendinga. Meginreglan er að dvalarleyfi skal gefa út til fimm ára. Ákvæðið svarar til 22. gr. reglugerðar um EES-útlendinga.

Um 40. gr.

Greinin fjallar um endurnýjun dvalarleyfis fyrir EES-útlending. Um ákvæðið og nánari reglur samkvæmt því vísast til 23. gr. reglugerðar um EES-útlendinga.

Um 41. gr.

Greinin fjallar um afturköllun dvalarleyfis fyrir EES-útlending og svarar til 25. gr. reglugerðar um EES-útlendinga.

Um 42. gr.

Greinin fjallar um hvenær vísa megi EES-útlendingi frá landi. Heimildir eru þrengri en gilda um útlendinga almennt skv. 18. og 19. gr. Ákvæðið er í meginatriðum í samræmi við 26. gr. reglugerðar um EES-útlendinga. Breytt tilvísun í c-lið stafar af breyttri uppbyggingu 43. gr. frumvarpsins miðað við 27. gr. reglugerðarinnar.

Um 43. gr.

Greinin fjallar um hvenær heimilt er að vísa EES-útlendingi úr landi. Heimildir til brottvísunar eru þrengri en gilda um útlendinga almennt skv. 20. gr. Ákvæðinu er skipað á nokkuð annan hátt en þar og í 27. gr. reglugerðar um EES-útlendinga.

Lagt er til að skírskotun til allsherjarreglu og almannaöryggis, sbr. c-lið 27. gr. reglugerðarinnar, verði tilgreind í 1. mgr. sem megingrundvöllur brottvísunar í samræmi við ákvæði 3. mgr. 28. gr. og 33. gr. EES-samningsins og tilskipun 64/221/EBE. Í 1. mgr. 28. gr. reglugerðar um EES-útlendinga er nánar greint frá hvað falist getur í skírskotun til allsherjarreglu og almannaöryggis, og er þar nefnt að útlendingur sé háður fíkniefnum eða öðrum eiturlyfjum eða haldinn alvarlegum geðrænum truflunum eða geðrænum truflunum sem einkennast af uppnámi, óráði, ofskynjunum eða hugsanabrenglsum. Jafnframt er lagt til að felld verði niður skírskotun til almannaheilbrigðis, sbr. c-lið 27. gr. reglugerðarinnar, sem skilgreind er nánar í 3. mgr. 28. gr. Þykir sú skírskotun ekki raunhæf lengur og ekki er skylt að vísa til hennar á grundvelli EES-samningsins.

Þá er lagt til að ný 2. mgr. komi í stað ákvæða sem eru í b-lið (um refsiverða háttsemi) og d-lið (öryggi ríkisins) 27. gr. reglugerðarinnar, en þessi atriði falla undir skilgreininguna „allsherjarregla og almannaöryggi“ þar sem nánar er kveðið á um hvenær brottvísun er heimil með skírskotun til allsherjarreglu og almannaöryggis.

Ákvæði 3. mgr. svarar til a-liðar 27. gr. reglugerðar um EES-útlendinga.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla er að finna reglur sem tryggja eiga réttarvernd þeirra sem leita hér hælis sem flóttamenn. Að flóttamönnum er einungis vikið í 4. mgr. 10. gr. gildandi laga. Ákvæði kaflans eru ekki bundin við pólitíska flóttamenn heldur er byggt á skilgreiningu flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1951. Enn fremur er gert ráð fyrir að veita megi útlendingi vernd vegna svipaðra aðstæðna og greinir í flóttamannahugtakinu. Ákvæði kaflans taka mið af flóttamannasamningnum frá 28. júlí 1951 og alþjóðasamningum á sviði mannréttinda sem Ísland á aðild að.

Um 44. gr.

Samkvæmt 1. mgr. telst sá útlendingur flóttamaður sem fellur undir ákvæði A-liðar 1. gr. flóttamannasamningsins. Réttur til hælis ræðst því af hinu alþjóðlega flóttamannahugtaki en um það er nánar fjallað í kafla III.1 í almennum athugasemdum.

Samkvæmt 2. mgr. má ákveða að flóttamaður, sem fellur undir C–F-liði í 1. gr. flóttamannasamningsins, skuli ekki, að öllu leyti eða að hluta til, njóta tiltekinna réttinda og verndar samkvæmt ákvæðum VII. kafla, annarra en málsmeðferðarreglna. Ákvæði flóttamannasamningsins taka ekki til þessara flóttamanna. Tekið er fram að flóttamaður sem fellur undir C–E-liði í 1. gr. skuli njóta verndar gegn ofsóknum skv. 45. gr. Stjórnvald sem hverju sinni fer með mál flóttamanns tekur ákvörðun skv. 2. mgr.

Um 45. gr.

Greinin lýtur að því að veita útlendingum vernd, hvort sem þeir fullnægja skilyrðum 46. gr. um hæli eða ekki. Greinin hefur að geyma reglur um bann við sendingu útlendings til svæðis þar sem hann hefur ástæðu til að óttast ofsóknir sem geta leitt til þess að hann skuli teljast flóttamaður eða ef ekki er tryggt að hann verði ekki sendur áfram til slíks svæðis. Reglur um slíkt bann eru í 1. mgr. 33. gr. flóttamannasamningsins þar sem lagt er bann við brottvísun eða endursendingu útlendings sem fellur undir flóttamannahugtakið. Lagt er til að útlendingum verði veitt nokkuð víðtækari vernd og að bann við endursendingu taki jafnframt til þeirra sem vegna svipaðra aðstæðna og greinir í flóttamannahugtakinu eru í yfirvofandi hættu á að láta lífið eða verða fyrir ómannúðlegri meðferð. Þykir þetta rétt í ljósi 3. gr. samnings gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Ef fyrir liggur, þegar taka á ákvörðun í máli sem felur í sér að útlendingur skuli yfirgefa landið, að beita skuli verndarreglunni skal ekki taka slíka ákvörðun, sbr. 4. mgr. Þessi regla kemur og fram í 3. mgr. 18. gr.

Vernd samkvæmt greininni lýtur að ákvörðunum samkvæmt útlendingalögunum. Verndin tekur því ekki til ákvarðana um framsal sakamanna, enda gilda um það efni sérstök lög, sbr. 5.–7. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984.

Samkvæmt 2. mgr. kann útlendingi sem ekki fellur undir flóttamannahugtakið eftir sem áður að verða veitt dvalarleyfi af mannúðarástæðum á grundvelli 2. mgr. 11. gr. Ber stjórnvaldi sem fer með mál að eigin frumkvæði að taka til skoðunar hvort ákvæðinu skuli beitt.

Samkvæmt 3. mgr. nýtur útlendingur ekki verndar ef ætla má að hann sé hættulegur öryggi ríkisins eða hann hefur hlotið endanlegan dóm fyrir mjög alvarlegt afbrot og er af þeim sökum hættulegur samfélaginu. Þær takmarkanir eru í samræmi við 2. mgr. 33. gr. flóttamannasamningsins.

Í 4. mgr. er tekið fram að vernd skv. 1. mgr. eigi við um hvers konar ákvarðanir samkvæmt lögunum. Vernd gegn ofsóknum gengur þannig framar öðrum ákvæðum. Því skal ekki taka ákvörðun um frávísun eða brottvísun eða synja umsókn um dvöl ef verndarákvæðin eiga við, enda falli útlendingurinn ekki undir ákvæði 3. mgr. Ef útlendingur ber verndarákvæðið ekki fyrir sig fyrr en kemur að framkvæmd ákvörðunar gilda ákvæði 2. mgr. 32. gr.

Um 46. gr.

Rétt til hælis hér á landi á, samkvæmt umsókn, flóttamaður sem er hér á landi eða kemur hér að landi. Flóttamaður er útlendingur sem fellur undir flóttamannahugtakið, sbr. 1. mgr. 44. gr. Réttur þessi nær hins vegar ekki til flóttamanna sem eru utan marka landsins. Réttur til hælis nær ekki til flóttamanna sem svo er ástatt um sem rakið er í a–e-liðum 1. mgr. Rétt er þó að taka fram að þótt ekki sé skylt að veita þessum flóttamönnum hæli er það ávallt heimilt. Meta verður hverju sinni hvort undanþágu skuli beita. Ef beita á undanþágu er þó ekki nauðsynlegt að staðreyna fyrst hvort hlutaðeigandi fellur undir flóttamannahugtakið þar sem undanþágunni má beita þótt útlendingurinn falli undir hugtakið.

Í c-lið er að finna regluna um fyrsta griðland. Samkvæmt þeirri reglu skal hælisumsókn afgreidd í fyrsta ríki sem flóttamaður kemur til og veitt getur honum vernd. Reglunni er ætlað að varna því að flóttamenn verði sendir frá einu ríki til annars án þess að mál þeirra fái viðeigandi meðferð. Miðað er við að útlendingur hafi átt færi á að koma hælisumsókn á framfæri við stjórnvöld í ríkinu. Í því sambandi er nægjanlegt að hlutaðeigandi hafi átt þar mjög stutta dvöl, til dæmis farið um vegabréfaeftirlit á flugvelli. Þessari reglu er beitt með einum eða öðrum hætti í flestum löndum. Reglan kemur meðal annars fram í Schengen- og Dyflinnarsamningun-

um. Forsenda þess að reglu þessari sé beitt er að sjálfsögðu að hlutaðeigandi ríki samþykki að taka við honum.

Ákvæði d-liðar er á sinn hátt viðbót við c-lið. Norðurlöndin hafa með norræna vegabréfaeftirlitssamningnum skuldbundið sig til að taka aftur við útlendingi sem komið hefur frá öðru norrænu ríki samkvæmt nánari reglum. Ef útlendingur sem á beiðni um hæli til meðferðar í öðru norrænu ríki kemur hingað til lands áður en meðferð umsóknar hans er lokið verður hann að jafnaði sendur þangað aftur. Ef útlendingur hefur hins vegar fengið endanlega synjun í öðru norrænu ríki þarf að taka umsókn til sérstakrar meðferðar hér, enda kveður vegabréfaeftirlitssamningurinn ekki á um að endanleg synjun í einu landi verði lögð til grundvallar í öðru. Synjun hér veitir hins vegar rétt til að senda hlutaðeigandi til þess norræna ríkis sem hann kom frá.

Í e-lið er að finna ákvæði af sama meiði og í c- og d-lið og er það nauðsynlegt vegna þátttöku landsins í Schengen-samstarfinu og í samstarfi ríkja á grundvelli Dyflinnarsamningsins, svo sem nánar er rakið í kafla III.5 og III.6 í almennun athugasemdum.

Með 2. mgr. er kveðið á um að ekki skuli endursenda flóttamann til annars ríkis skv. c-, d- og e-lið 1. mgr. ef hann hefur slík tengsl við landið að nærtækast sé að hann fái hér vernd. Á þessu stigi þarf ekki að liggja fyrir hvort útlendingurinn er flóttamaður.

Í 3. mgr. eru ákvæði um rétt náinna aðstandenda flóttamanns til hælis hér á landi.

Í 4. og 5. mgr. eru ákvæði um meðferð umsókna, þar á meðal heimild til að setja reglur um að útlendingur sem sækir um hæli skuli dveljast í tilteknu sveitarfélagi og í húsnæði sem lagt er til þar til endanleg ákvörðun liggur fyrir um umsókn.

Um 47. gr.

Greinin fjallar um réttaráhrif hælis. Hælisveiting veitir útlendingi réttarstöðu flóttamanns og hann fær dvalarleyfi. Hann hefur þá réttarstöðu sem leiðir af lögum um útlendinga og öðrum íslenskum lögum, svo og flóttamannasamningnum eða öðrum þjóðréttarsamningum um flóttamenn. Flóttamannasamningurinn tilgreinir ýmis réttindi sem flóttamaður skal njóta. Nánari útfærsla þeirra réttinda, umfram það sem fram kemur í frumvarpi þessu, kemur fram í þeirri löggjöf sem gildir um viðkomandi svið en á ekki heima í lögum um útlendinga.

Í 2. mgr. er heimild til að afturkalla hælisveitingu ef flóttamaður fellur ekki lengur undir flóttamannahugtakið skv. 44. gr. eða það að öðru leyti leiðir af almennum stjórnsýslureglum. Ástæða þess að hugtakið á ekki lengur við mundi að jafnaði vera breytt ástand í heimalandinu. Þá mundi það geta leitt til afturköllunar ef hæli hefur verið veitt á röngum forsendum.

Um 48. gr.

Greinin kveður á um rétt flóttamanns til að fá útgefið ferðaskírteini fyrir flóttamenn. Ákvæði um ferðaskilríki fyrir flóttamenn er í samræmi við 28. gr. flóttamannasamningsins. Greinin kveður og á um rétt útlendings sem sótt hefur um hæli en ekki verið veitt það til sérstaks vegabréfs fyrir útlendinga. Um útgáfu þessara skilríkja skal setja nánari reglur og má þar ákveða að vegabréf fyrir útlendinga megi gefa út í öðrum tilvikum.

Þessir flokkar skilríkja hafa verið gefnir út á grundvelli 3. mgr. 1. gr. laga um eftirlit með útlendingum, sbr. og f-lið 11. gr. laga um vegabréf, nr. 136 22. desember 1998, en rétt þykir að kveða í lögum nánar á um útgáfu þeirra.

Um 49. gr.

Greinin fjallar um áhrif þess að útlendingi hefur verið ákvörðuð staða flóttamanns í öðru ríki. Á því er byggt að ákvörðun í einu ríki um stöðu flóttamanns bindur ekki stjórnvöld í öðru

ríki. Hins vegar er eðlilegt og í samræmi við ályktun Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna að slík ákvörðun sé ekki vefengd nema ákvörðunin sé röng eða aðrar ástæður liggi til þess.

Um 50. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er lagt til að Útlendingastofnun skuli taka ákvörðun í málum sem varða flóttamenn, þ.e. um vernd gegn sendingu úr landi, réttarstöðu flóttamanns og hæli, svo og um ferðaskírteini fyrir flóttamenn og vegabréf fyrir útlendinga.

Þá er Útlendingastofnun skv. 2. mgr. ætlað að taka sjálfstæða ákvörðun um hvort útlendingi sem kemur til landsins á grundvelli ákvörðunar stjórnvalda um móttöku flóttamanna skuli veitt réttarstaða flóttamanns. Val á flóttamönnum sem til landsins koma er að jafnaði byggt á gögnum frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og viðtölum sérstakrar sendinefndar. Lagt er til að endanleg ákvörðun um flóttamannastöðu einstakra flóttamanna verði ekki tekin fyrr en eftir að flóttamannahópur er kominn til landsins og Útlendingastofnun hefur gefist aðstaða til að taka skýrslu af hlutaðeigandi.

Í 3. mgr. er lögð sérstök rannsóknarskylda á Útlendingastofnun þar sem tekið er fram að hún skuli af sjálfsdáðum afla nauðsynlegra og aðgengilegra gagna við meðferð máls. Þessi skylda kemur einnig fram í 10. gr. stjórnsýslulaga, sbr. og 23. gr. frumvarpsins. Upplýsinga til nota í flóttamannamálum má afla frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, frá mannúðar- eða mannréttindasamtökum hér á landi, til dæmis Rauða krossinum eða Amnesty, um hendur utanríkisþjónustunnar o.s.frv. Tekið er sérstaklega fram að þrátt fyrir lagaákvæði um þagnarskyldu megi kynna Flóttamannastofnuninni efni málsskjala. Flóttamannastofnun getur komið að máli hvort heldur er að frumkvæði umsækjanda eða umboðsmanns hans eða að frumkvæði stjórnvalds. Sama heimild til að kynna efni málsskjala gildir einnig gagnvart mannúðar- og mannréttindasamtökum að því leyti sem það er nauðsynlegt í tengslum við öflun upplýsinga. Taka verður sjálfstæða afstöðu til þess hver slík samtök skuli falla undir ákvæðið og meta hvaða skjöl skuli kynnt þeim. Þegar þessum aðilum hafa þannig verið kynnt málsskjöl hvílir þagnarskyldan á þeim.

Um 51. gr.

Greinin fjallar um flóttamannahópa sem koma til landsins í samræmi við stefnu stjórnvalda um móttöku flóttamanna. Þeirri skipan hefur verið komið á að ríkisstjórnin tekur að fenginni tillögu félagsmálaráðherra ákvörðun um að taka á móti hópi flóttamanna. Felur ákvörðunin í sér fjölda flóttamanna sem taka á á móti, þjóðerni þeirra og dvalarstað. Í ákvörðuninni mun jafnframt koma fram hverjar eru forsendur hennar að öðru leyti. Er tillaga ráðherra gerð á grundvelli tillagna frá flóttamannaráði. Ráðið er skipað fulltrúum fimm ráðuneyta, dóms- og kirkjumálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis, auk félagsmálaráðuneytis en fulltrúi þess er formaður ráðsins. Flóttamannaráði er meðal annars ætlað að gera tillögur um heildarstefnu og skipulag á móttöku flóttamanna og hafa yfirumsjón með framkvæmd hennar. Framkvæmd ákvörðunar ríkisstjórnarinnar er síðan á ábyrgð félagsmálaráðuneytisins sem annast undirbúning og móttöku flóttamannanna í samráði við flóttamannaráð, Rauða kross Íslands og hlutaðeigandi sveitarfélög. Val á flóttamönnum hefur farið þannig fram að sérstök sendinefnd, skipuð fulltrúum Rauða krossins og hlutaðeigandi sveitarfélags, hefur verið send á vettvang í því skyni. Útlendingaeftirlitið hefur hins vegar ekki átt formlega aðild að vali flóttamannanna. Nauðsynlegt er að Útlendingastofnun fjalli formlega um mál slíkra flóttamanna og réttarstöðu þeirra, en sú ákvörðun skal tekin í samræmi við stefnu stjórnvalda, sbr. og 2. mgr. 50. gr. Stjórnvöld kunna og að ákveða að taka á móti hópum útlendinga sem ekki teljast flóttamenn. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna kann að telja þörf

á að finna slíkum hópum samastað. Samkvæmt niðurlagi 1. mgr. skal Útlendingastofnun heimila komu slíkra hópa til landsins eins og ef um hópa flóttamanna væri að ræða.

Af tilvísun til IV. og V. kafla stjórnsýslulaga í 2. mgr. leiðir meðal annars að ákvarðanir skv. 1. mgr. þarf ekki að rökstyðja.

Um VIII. kafla.

Í þessum kafla er að finna ýmis ákvæði sem lúta að öryggi ríkisins, upplýsinga- og tilkynningarskyldu og ábyrgð á kostnaði við að flytja útlending úr landi, svo og refsiákvæði.

Um 52. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um að réttur sem útlendingur ella hefur til að koma til landsins eða dveljast í landinu gildi ekki ef nauðsynlegt þykir vegna utanríkisstefnu ríkisins, öryggis ríkisins eða krefjandi þjóðarhagsmuna.

Ef þessar aðstæður eru til staðar má þannig meina útlendingi landgöngu og synja um útgáfu dvalarleyfis og búsetuleyfis eða setja takmarkanir eða skilyrði. Einnig má við þessar aðstæður framkvæma ákvörðun fyrr en greinir í 31. og 32. gr.

Vegna öryggis ríkisins má einnig, ef nauðsyn þykir, setja nánari reglur um tilkynningarskyldu en greinir í 17. gr. eða reglum skv. 54. gr.

Um 53. gr.

Greinin kveður á um upplýsinga- og tilkynningarskyldu útlendinga og kemur í stað 9. gr. gildandi laga. Ekki er ætlast til að lögð verði frekari skylda á útlendinga en nauðsynlegt er.

Samkvæmt 1. mgr. er útlendingi skylt að kröfu lögreglunnar að sýna skilríki og, ef þörf krefur, veita upplýsingar svo að ljóst verði hver hann er og um lögmæti dvalar hans í landinu. Ákvæðið gildir um útlendinga sem dveljast í landinu en um útlending sem kemur til landsins gilda ákvæði 5. gr. Skilríki, sem áskilin eru, geta verið vegabréf eða annað kennivottorð sem er viðurkennt sem ferðaskilríki, sbr. 5. gr., en annars konar skilríki mundu og geta verið fullnægjandi, til dæmis ökuskírteini, nafnskírteini með mynd og greiðslukort. Bent skal á að skv. 4. mgr. 15. gr. lögreglulaga, nr. 90 13. júní 1996, er lögreglunni heimilt að krefjast þess að hver maður segi til nafns síns, kennitölu og heimilisfangs og sýni skilríki því til sönnunar. Ef útlendingur getur ekki gert grein fyrir sér eða hann sýnir ekki skilríki getur komið til að beita þurfi úrræðum skv. 29. gr. Hér má og nefna b-lið 1. mgr. 16. gr. lögreglulaganna, en þar er ákvæði sem heimilar lögreglu að handtaka þann sem ekki hefur hér landvistarleyfi.

Í 2. mgr. er að finna heimild til að setja reglur um skyldu útlendinga til að bera vegabréf eða annað kennivottorð við dvöl hér á landi. Tekið er fram að norrænir ríkisborgarar skuli undanþegnir þeirri skyldu, sbr. samkomulag Norðurlandanna um það efni, auk þess sem ákveða má að aðrir útlendingar skuli undanþegnir.

Ákvæði 3. mgr. er nýmæli. Upplýsingaskylda samkvæmt því ákvæði hvílir aðeins á útlendingi sem er aðili máls til meðferðar. Er honum gert skylt að mæta sjálfur og veita upplýsingar sem geta haft þýðingu við úrlausn máls. Stjórnvald, sem fer með mál, eftir atvikum lögregla eða Útlendingastofnun, getur lagt þessa skyldu á útlending.

Um 54. gr.

Greinin felur í sér heimild til ráðherra að ákveða að þeir einstaklingar og stofnanir sem þar eru taldir skuli veita lögreglunni eða Útlendingastofnun tilteknar upplýsingar. Stjórnvöldum, sem fara með málefni útlendinga, ber nauðsyn til að vita hvernig háttað er dvöl þeirra í landinu, svo sem hvar hlutaðeigandi dvelst eða hvort hann stundar eða hyggst stunda atvinnu, svo að

staðreyna megi að fylgt sé reglum um dvalarleyfi og atvinnuleyfi. Tilkynningarskyldan er bundin við tiltekin atriði, sbr. nánar a–g-lið 1. mgr., sem ráðherra er bundinn af þegar reglur eru settar. Ákvæði um þagnarskyldu sem vísað er til í h-lið eru í 62. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40 27. mars 1991, og 5. gr. barnaverndarlaga, nr. 58 2. júní 1992.

Samkvæmt 2. mgr. getur ráðherra sett nánari reglur um hvaða upplýsingar skrár skuli hafa að geyma. Þær upplýsingar mundu einkum lúta að nafni útlendings, fæðingardegi/kennitölu og þjóðerni. Önnur atriði geta einnig átt við, svo sem upplýsingar um dvalarstað, komudag eða ferðaskilríki.

Til að tilkynningarskyldunni verði fullnægt er þeim sem gefa skal upplýsingar um skylt að láta þær í té. Ekki verður þó krafist annarra upplýsinga en þeirra sem nauðsynlegar eru, sbr. 3. mgr. Skylda þessi getur náð til íslenskra ríkisborgara, sbr. a-, b- og c-lið 1. mgr.

Um 55. gr.

Greinin kveður á um hver beri ábyrgð á kostnaði sem hlýst af því að útlendingur verður að fara úr landi. Greinin kemur í stað 16. gr. gildandi laga.

Samkvæmt 1. mgr. skal útlendingur, sem færður er úr landi, greiða kostnað vegna brottfarar sinnar. Útlendingurinn skal einnig greiða kostnað við gæslu þegar hennar er þörf vegna þess að hann fer ekki úr landi af sjálfsdáðum. Út frá því er gengið að útlendingur fari sjálfviljugur úr landi og á eigin kostnað áður en heimilaður dvalartími er liðinn. Ef hins vegar útlendingur er færður úr landi skal hann greiða kostnað sem skapast af því, svo og kostnað af gæslu sem þörf er á í því sambandi, en það getur verið kostnaður við gæslu fyrir brottför og vegna fylgdarmanna. Stjórnvöld þurfa að geta sýnt fram á nauðsyn gæslu og fylgdar, til dæmis þannig að útlendingurinn hafi reynt að komast undan framkvæmd ákvörðunar um að yfirgefa landið eða lýst því yfir að hann muni reyna það. Þá er í ákvæðinu kveðið á um aðfararhæfi kröfunnar og að krafan geti verið grundvöllur frávísunar við síðari komu til landsins, sbr. h-lið 1. mgr. 18. gr., svo og um heimild lögreglu til að leggja hald á farseðla, sem finnast í fórum útlendingsins, til notkunar við brottför.

Í 2. mgr. eru ákvæði um ábyrgð eiganda skips eða loftfars eða leigutaka farsins, svo og stjórnanda fars eða umboðsmann. Ef útlendingi ,sem komið hefur með fari, er vísað frá landi bera þessir aðilar ábyrgð á að færa útlendinginn úr landi. Er þá um þrjá kosti að ræða, að taka útlendinginn aftur um borð, að flytja hann úr landi með öðrum hætti eða greiða kostnað sem hið opinbera hefur af því að færa útlendinginn úr landi. Auk þess ber þeim skylda til að taka fylgdarmenn um borð og greiða kostnað vegna fylgdar með útlendingnum úr landi ef lögregla telur þess þörf. Útlendingur ber ábyrgð á kostnaði þessum skv. 1. mgr. en ábyrgð farsins er til vara. Í reynd mun það hins vegar yfirleitt lenda á flytjanda að innheimta kostnaðinn hjá útlendingum.

Ef útlendingur greiðir ekki sjálfur kostnað við að færa hann úr landi og greiðsla fæst heldur ekki frá flytjanda stendur ríkissjóður straum af kostnaði, sbr. 3. mgr.

Í 4. mgr. er ákvæði um ábyrgð á kostnaði vegna útlendings sem lætur af starfi um borð í skipi eða loftfari eða er laumufarþegi og gengur í land án leyfis.

Samkvæmt 5. mgr. eru flytjendur undanþegnir ábyrgð skv. 2. og 4. mgr. þegar farið er um innri landamæri Schengen-svæðisins. Telja verður í ósamræmi við reglur Schengen-svæðisins um afnám persónueftirlits á innri landamærum að leggja slíka ábyrgð á flytjendur.

Um 56. gr.

Í greininni er greint frá því hvaða háttsemi skuli refsiverð samkvæmt lögunum, hver sé refsirammi og hverjar saknæmiskröfur. Bæði íslenskir ríkisborgarar og erlendir geta bakað sér refsi-

ábyrgð. Gert er ráð fyrir að brot geti varðað sektum eða fangelsi. Refsihámark er sex mánuðir skv. 1. mgr. og tvö ár skv. 2. mgr. Skv. 3. mgr. er refsihámark enn hærra eða fimm ár ef um er að ræða skipulagða starfsemi sem rekin er í hagnaðarskyni til að aðstoða útlendinga við að koma með ólögmætum hætti til landsins eða til annars lands. Þessu til viðbótar gilda ákvæði 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga en þar er heimilað að dæma fésektir jafnframt refsivist þegar ákærði hefur aflað sér eða öðrum fjárvinnings með broti eða það hefur vakað fyrir honum.

Í e- og f-lið 2. mgr. er að finna refsiákvæði sem svara til 1. mgr. 27. gr. Schengen-samningsins.

Í 4. mgr. er að finna heimild til að gera flytjanda sekt ef útlendingur er fluttur til landsins án þess að hafa fullnægjandi ferðaskilríki. Í þessu felst að sá sem annast flutning verður að kanna og fullvissa sig um að útlendingur hafi ferðaskilríki áður en hann er fluttur hingað, sbr. reglur skv. 3. mgr. 4. gr. Ef slíkt brot er framið í starfsemi lögaðila fer um refsiábyrgð eftir 5. mgr. Með þessu ákvæði er fullnægt skuldbindingu skv. 26. gr. Schengen-samningsins.

Samkvæmt 5. mgr. er heimilt að leggja sekt á lögaðila ef brot er framið í starfsemi lögaðilans, til dæmis eiganda skips eða loftfars. Um slíka refsiábyrgð fer eftir II. kafla A almennra hegningarlaga.

Samkvæmt 6. mgr. er loks tekið fram að refsa skuli fyrir tilraun eða hlutdeild í broti eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Um IX. kafla.

Í þessum kafla er að finna reglugerðarheimild og ákvæði um gildistöku.

Um 57. gr.

Í mörgum greinum er veitt heimild til að setja reglur um einstök atriði. Þær ná bæði til efnisreglna og reglna um framkvæmd. Greinin veitir hins vegar heimild til að setja nánari reglur um framkvæmd laganna. Hún er því til fyllingar öðrum ákvæðum en takmarkast við reglur um framkvæmd.

Um 58. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. júlí 2001. Nauðsynlegt er að nokkur tími líði frá því að lögin verða samþykkt og þar til þau koma til framkvæmda. Áður en lögin koma til framkvæmda verður nauðsynlegt að setja í reglugerð ítarleg ákvæði um einstök atriði og þarf að ætla hæfilegan tíma til þess.

Jafnframt er gert ráð fyrir að gildandi lög um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, með síðari breytingum, falli úr gildi.

Loks er lagt til að ákvæðum nokkurra annarra laga verði breytt til samræmis við ákvæði frumvarpsins.

Fylgiskjal I.

AUGLÝSING

um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna.

Hinn 30. nóvember 1955 var forstjóra sameinuðu þjóðanna afhent aðildarskjal Íslands að alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna, sem lagður var fram til undirritunar í Genf 28. júlí 1951, en Alþingi veitti ríkisstjórninni, með þingsályktun frá 9. febrúar 1955, heimild til þess að fullgilda nefndan samning.

Samkvæmt samningnum gengur hann í gildi, að því er varðar Ísland, hinn 1. marz 1956.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 9. desember 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UM STÖÐU FLÓTTAMANNA

Formáli.

Aðildarríkin,

álíta að Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna og Almenna mannréttindayfirlýsingin, sem samþykkt var af Allsherjarþinginu 10. desember 1948, hafi staðfest þá meginreglu, að allir menn skuli njóta mannréttinda og mannfrelsis án manngreinarálits,

álíta að Sameinuðu þjóðirnar hafi við ýmis tækifæri sýnt mikla umhyggju fyrir flóttamönnum og leitazt við að tryggja þeim sem bezta möguleika til þess að njóta mannréttinda og mannfrelsis,

álíta að æskilegt sé að endurskoða og sameina fyrri samninga þjóða í milli um stöðu flóttamanna, svo og með nýjum samningi að auka svið þessara samninga og vernd þá, sem þeir veita,

álíta að það geti lagt óhæfilega þungar byrðar á einstök lönd að veita mönnum griðland, og að viðunandi lausn vandamáls, sem Sameinuðu þjóðirnar hafa viðurkennt að sé alþjóðlegt að eðli og um-

CONVENTION RELATING TO THE STATUS OF REFUGEES

Preamble.

The High Contracting Parties,

Considering that the Charter of the United Nations and the Universal Declaration of Human Rights approved on 10 December 1948 by the General Assembly have affirmed the principle that human beings shall enjoy fundamental rights and freedoms without discrimination,

Considering that the United Nations has, on various occasions, manifested its profound concern for refugees and endeavoured to assure refugees the widest possible exercise of these fundamental rights and freedoms,

Considering that it is desirable to revise and consolidate previous international agreements relating to the status of refugees and to extend the scope of and the protection accorded by such instruments by means of a new agreement,

Considering that the grant of asylum may place unduly heavy burdens on certain countries, and that a satisfactory solution of a problem of which the United Nations has recognized the inter-

fangi, fáist því ekki án samvinnu þjóða milli,

láta í ljós þá ósk, að öll ríki, sem viðurkenna hið félagslega og mannúðlega eðli flóttamannavandamálsins, geri allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir að vandamál þetta verði ágreiningsefni milli ríkja,

taka það fram, að erindreki Sameinuðu þjóðanna í málum flóttamanna hefur það hlutverk, að hafa umsjón með alþjóðasamningum, sem veita flóttamönnum vernd og viðurkenna að raunveruleg samræming þeirra ráðstafana, sem gerðar eru til úrlausnar þessu vandamáli, byggist á samvinnu ríkjanna við erindrekann, *og*

hafa þau því orðið ásátt um eftirfarandi:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Skýring orðsins „flóttamaður".

A. Að því er tekur til þessa samnings, skal orðið „flóttamaður" eiga við hvern þann mann, sem:

1. hefur verið talinn flóttamaður samkvæmt samkomulagi frá 12. maí 1926 og 30. júní 1928, eða samkvæmt samningum frá 28. október 1933 og 10. febrúar 1938, viðbótarsamningi frá 14. september 1939 eða stofnskrá Alþjóðaflóttamannastofnunarinnar.

   Ákvarðanir, sem Alþjóðaflóttamannastofnunin hefur tekið meðan hún starfaði, um það, að maður skuli ekki talinn flóttamaður, skulu ekki koma í veg fyrir það, að hann njóti réttar sem flóttamaður, ef hann fullnægir skilyrðum annars töluliðs þessa stafliðs.

2. er utan heimalands síns vegna atburða, sem gerðust fyrir 1. janúar 1951, og af ástæðurfkum óttu við að verða ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar í sérstökum félagsmálaflokkum eða

national scope and nature cannot therefore be achieved without international co-operation,

Expressing the wish that all States, recognizing the social and humanitarian nature of the problem of refugees, will do everything within their power to prevent this problem from becoming a cause of tension between States,

Noting that the United Nations High Commissioner for Refugees is charged with the task of supervising international conventions providing for the protection of refugees, and recognizing that the effective co-ordination of measures taken to deal with this problem will depend upon the co-operation of States with the High Commissioner,

Have agreed as follows:

CHAPTER I

General Provisions.

Article 1

Definition of the Term "Refugee".

A. For the purposes of the present Convention, the term "refugee" shall apply to any person who:

(1) Has been considered a refugee under the Arrangements of 12 May 1926 and 30 June 1928 or under the Conventions of 28 October 1933 and 10 February 1938, the Protocol of 14 September 1939 or the Constitution of the International Refugee Organization;

   Decisions of non-eligibility taken by the International Refugee Organization during the period of its activities shall not prevent the status of refugee being accorded to persons who fulfil the conditions of paragraph 2 of this section;

(2) As a result of events occurring before 1 January 1951 and owing to well-founded fear of being persecuted for reasons of race, religion, nationality, membership of a particular social group or

stjórnmálaskoðana, og getur ekki, eða vill ekki, vegna slíks ótta, færa sér í nyt vernd þess lands; eða þann, sem er ríkisfangslaus, og er utan þess lands, þar sem hann áður hafði reglulegt aðsetur, vegna slíkra atburða og getur ekki eða vill ekki, vegna slíks ótta, hverfa aftur þangað.

Þegar um er að ræða mann, sem hefur fleiri en eitt ríkisfang, skulu orðin „heimaland hans" taka til sérhvers þess lands, sem hann á ríkisfang í, og mann skal ekki talið skorta vernd heimalands síns, ef hann hefur ekki fært sér í nyt vernd einhvers þeirra ríkja, sem hann á ríkisfang í, án þess að til þess liggi gildar ástæður, byggðar á ástæðuríkum ótta.

B. 1. Að því er tekur til þessa samnings skulu orðin „atburðir, sem gerðust fyrir 1. janúar 1951" í A-lið 1. gr. skilin á þann veg, að þau tákni annaðhvort
   a. „atburði, sem gerðust í Evrópu fyrir 1. janúar 1951", eða
   b. „atburði, er gerðust í Evrópu eða annars staðar fyrir 1. janúar 1951",
   og sérhvert aðildarríki skal, um leið og það undirritar, fullgildir eða gerist aðili, tiltaka hvorum skilningnum það beitir með tilliti til skuldbindinga þess samkvæmt samningi þessum.

   2. Sérhvert aðildarríki, sem hefur tekið kost þann, er í a-lið greinir, getur hvenær sem er aukið skuldbindingar sínar með því að samþykkja þann kost, sem greinir í b-lið, skal það gert með tilkynningu stílaðri til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

C. Samningur þessi skal hætta að gilda um hvern þann mann, sem heimfæra má undir skilgreiningu stafliðs A, ef:

political opinion, is outside the country of his nationality and is unable or, owing to such fear, is unwilling to avail himself of the protection of that country; or who, not having a nationality and being outside the country of his former habitual residence as a result of such events, is unable or, owing to such fear, is unwilling to return to it.

In the case of a person who has more than one nationality, the term "the country of his nationality" shall mean each of the countries of which he is a national, and a person shall not be deemed to be lacking the protection of the country of his nationality if, without any valid reason based on wellfounded fear, he has not availed himself of the protection of one of the countries of which he is a national.

B. (1) For the purposes of this Convention, the words "events occurring before 1 January 1951" in article 1, section A, shall be understood to mean either
   (a) "events occurring in Europe before 1 january 1951"; or
   (b) "events occurring in Europe or elsewhere before 1 January 1951";
   and each Contracting State shall make a declaration at the time of signature, ratification or accession, specifying which of these meanings it applies for the purpose of its obligations under this Convention.

   (2) Any Contracting State which has adopted alternative *(a)* may at any time extend its obligations by adopting alternative *(b)* by means of a notification addressed to the Secretary-General of the United Nations.

C. This Convention shall cease to apply to any person falling under the terms of section A if:

1. hann hefur sjálfviljugur notfært sér á ný vernd heimalands síns; eða
2. hann hefur sjálfviljugur endurheimt ríkisfang sitt, sem hann hafði glatað; eða
3. hann hefur öðlazt nýtt ríkisfang og nýtur verndar hins nýja heimalands síns; eða

4. hann hefur sjálfviljugur setzt að á ný í landi því, sem hann yfirgaf, eða dvaldi ekki í, vegna ótta við ofsóknir; eða
5. hann getur ekki lengur neitað að hagnýta sér vernd heimalands síns, vegna þess að aðstæður þær, sem höfðu það í för með sér, að hann var viðurkenndur flóttamaður, eru ekki lengur fyrir hendi;

   Þó skal þessi töluliður ekki taka til flóttamanns, sem fellur undir A-lið 1 í þessari grein, ef hann getur borið fyrir sig ríkar ástæður til þess að neita að hagnýta sér vernd heimalands síns vegna fyrri ofsókna;

6. hann getur horfið aftur til landsins, sem hann áður hafði reglulegt aðsetur í, vegna þess að aðstæður þær, sem leiddu til þess að hann var viðurkenndur flóttamaður, eru ekki lengur fyrir hendi, ef um ríkisfangslausan mann er að ræða;

   Þó skal þessi töluliður ekki taka til flóttamanns, sem fellur undir A-lið 1 í þessari grein, ef hann getur borið fyrir sig ríkar ástæður til þess að neita að hverfa aftur til landsins, sem hann áður hafði fast aðsetur í, vegna fyrri ofsókna.

D. Samningur þessi skal ekki taka til manna, sem nú njóta verndar eða aðstoðar hjá stofnunum eða deildum Sameinuðu þjóðanna öðrum en erindreka Sameinuðu þjóðanna í málefnum flóttamanna.

(1) He has voluntarily re-availed himself of the protection of the country of his nationality; or
(2) Having lost his nationality, he has voluntarily reacquired it; or

(3) He has acquired a new nationality, and enjoys the protection of the country of his new nationality; or
(4) He has voluntarily re-established himself in the country which he left or outside which he remained owing to fear of persecution; or
(5) He can no longer, because the circumstances in connexion with which he has been recognized as a refugee have ceased to exist, continue to refuse to avail himself of the protection of the country of his nationality;

   Provided that this paragraph shall not apply to a refugee falling under section A (1) of this article who is able to invoke compelling reasons arising out of previous persecution for refusing to avail himself of the protection of the country of nationality;
(6) Being a person who has no nationality he is, because the circumstances in connexion with which he has been recognized as a refugee have ceased to exist, able to return to the country of his former habitual residence;

   Provided that this paragraph shall not apply to a refugee falling under section A (1) of this article who is able to invoke compelling reasons arising out of previous persecution for refusing to return to the country of his former habitual residence.

D. This Convention shall not apply to persons who are at present receiving from organs or agencies of the United Nations other than the United Nations High Commissioner for Refugees protection or assistance.

Þegar slík vernd eða aðstoð hefur fallið niður af einhverri ástæðu, án þess að högum slíks manns hafi verið endanlega ráðið í samræmi við viðeigandi ályktanir gerðar af Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, skulu þessir menn *ipso facto* eiga rétt á að njóta góðs af samningi þessum.

E. Samningur þessi tekur ekki til manns, sem þar til bær stjórnvöld þess lands, sem hann hefur setzt að í, hafa viðurkennt að njóti þeirra réttinda og beri þær skyldur, sem fylgja ríkisfangi í því landi.

F. Ákvæði þessa samnings skulu ekki taka til neins manns, sem ríkar ástæður eru til að ætla að:

a. hafi framið glæp gegn friði, stríðsglæp eða glæp gegn mannkyninu, eins og þetta er skilgreint í alþjóðlegum samningum, sem gerðir eru til þess að setja ákvæði um slíka glæpi;
b. hafi framið alvarlegan ópólitískan glæp utan lands þess, sem hann nýtur hælis í, áður en honum var veitt viðtaka sem flóttamanni í því landi;
c. hafi orðið sekur um athafnir, sem brjóta í bág við tilgang og meginreglur Sameinuðu þjóðanna.

2. gr.
Almennar skuldbindingar.

Sérhver flóttamaður hefur skyldum að gegna gagnvart landi því, sem hann dvelur í, en þær eru fyrst og fremst fólgnar í því, að hann hagi sér samkvæmt lögum þess og reglugerðum, svo og þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru til þess að halda uppi allsherjar reglu.

3. gr.
Jafnrétti.

Aðildarríkin skulu beita ákvæðum þessa samnings um alla flóttamenn, án manngreinarálits vegna kynþátta, trúarbragða eða ættlands.

When such protection or assistance has ceased for any reason, without the position of such persons being definitively settled in accordance with the relevant resolutions adopted by the General Assembly of the United Nations, these persons shall *ipso facto* be entitled to the benefits of this Convention.

E. This Convention shall not apply to a person who is recognized by the competent authorities of the country in which he has taken residence as having the rights and obligations which are attached to the possession of the nationality of that country.

F. The provisions of this Convention shall not apply to any person with respect to whom there are serious reasons for considering that:

(a) he has committed a crime against peace, a war crime, or a crime against humanity, as defined in the international instruments drawn up to make provision in respect of such crimes;
(b) he has committed a serious non-political crime outside the country of refuge prior to his admission to that country as a refugee;
(c) he has been guilty of acts contrary to the purposes and principles of the United Nations.

Article 2
General Obligations.

Every refugee has duties to the country in which he finds himself, which require in particular that he conforms to its laws and regulations as well as to measures taken for the maintenance of public order.

Article 3
Non-discrimination.

The Contracting States shall apply the provisions of this Convention to refugees without discrimination as to race, religion or country of origin.

4. gr.
Trúarbrögð.

Aðildarríkin skulu veita flóttamönnum, sem í löndum þeirra dvelja, að minnsta kosti eins góða aðstöðu og það veitir sínum eigin borgurum, að því er tekur til frjálsræðis til þess að iðka trú sína og til trúarlegrar uppfræðslu barna sinna.

Article 4
Religion.

The Contracting States shall accord to refugees within their territories treatment at least as favourable as that accorded to their nationals with respect to freedom to practice their religion and freedom as regards the religious education of their children.

5. gr.
Réttindi veitt utan þessa samnings.

Ekkert í samningi þessum skal talið skerða nokkur þau réttindi eða hagsbætur, sem samningsríki veitir flóttamönnum utan þessa samnings.

Article 5
Rights granted apart from this Convention.

Nothing in this Convention shall be deemed to impair any rights and benefits granted by a Contracting State to refugees apart from this Convention.

6. gr.
Orðin „við sömu aðstæður".

Að því er tekur til þessa samnings, þýða orðin „við sömu aðstæður" það, að flóttamaðurinn verður að uppfylla sérhverjar kröfur (þar með taldar kröfur um lengd og skilyrði dvalar eða aðseturs), sem umræddur einstaklingur yrði að uppfylla til þess að njóta réttinda þeirra, sem um er að ræða, ef hann væri ekki flóttamaður, að undanskildum þeim kröfum, sem flóttamanni er ómögulegt að uppfylla vegna eðlis þeirra.

Article 6
The Term "in the same circumstances".

For the purpose of this Convention, the term "in the same circumstances" implies that any requirements (including requirements as to length and conditions of sojourn or residence) which the particular individual would have to fulfil for the enjoyment of the right in question, if he were not a refugee, must be fulfilled by him, with the exception of requirements which by their nature a refugee is incapable of fulfilling.

7. gr.
Undanþága frá gagnkvæmi.

1. Aðildarríki skal veita flóttamönnum sömu aðbúð og það veitir útlendingum almennt, nema þegar samningur þessi hefur að geyma hagkvæmari ákvæði.
2. Að loknu þriggja ára aðsetri, skulu allir flóttamenn njóta undanþágu frá gagnkvæmi að lögum í löndum aðildarríkjanna.
3. Þar sem ekki er um gagnkvæmi að ræða, skal sérhvert aðildarríki halda áfram að veita flóttamönnum þau réttindi og hagsbætur, sem þeir áttu þegar rétt til er samningur þessi gekk í gildi fyrir það ríki.

Article 7
Exemption from Reciprocity.

1. Except where this Convention contains more favourable provisions, a Contracting State shall accord to refugees the same treatment as is accorded to aliens generally.
2. After a period of three years' residence, all refugees shall enjoy exemption from legislative reciprocity in the territory of the Contracting States.
3. Each Contracting State shall continue to accord to refugees the rights and benefits to which they were already entitled, in the absence of reciprocity, at the date of entry into force of this Convention for that State.

4. Þar sem ekki er um gagnkvæmi að ræða, skulu aðildarríkin athuga með velvilja þann möguleika, að veita flóttamönnum réttindi og hagsbætur fram yfir það, sem þeir eiga rétt til samkvæmt 2. og 3. tölulið, og færa undanþáguna frá gagnkvæmi út þannig að hún taki til flóttamanna, sem ekki uppfylla kröfur þær, sem settar eru í 2. og 3. tölulið.
5. Ákvæði 2. og 3. töluliðs taka bæði til réttinda og hagsbóta, sem nefnd eru í 13., 18., 19., 21. og 22. gr. þessa samnings, svo og réttinda og hagsbóta, sem þessi samningur kveður ekki á um.

4. The Contracting States shall consider favourably the possibility of according to refugees, in the absence of reciprocity, rights and benefits beyond those to which they are entitled according to paragraphs 2 and 3, and to extending exemption from reciprocity to refugees who do not fulfil the conditions provided for in paragraphs 2 and 3.
5. The provisions of paragraphs 2 and 3 apply both to the rights and benefits referred to in articles 13, 18, 19, 21 and 22 of this Convention and to rights and benefits for which this Convention does not provide.

8. gr.
Undanþága frá sérstökum ráðstöfunum.

Að því er varðar sérstakar ráðstafanir, sem gerðar kunna að vera gagnvart persónu, eignum eða hagsmunum þegna annars ríkis, skulu aðildarríkin ekki beita slíkum ráðstöfunum við flóttamann, sem er formlega þegn þess ríkis, einungis vegna slíks þegnréttar hans. Þau aðildarríki, sem vegna löggjafar sinnar geta ekki beitt þeirri almennu reglu, sem sett er fram í þessari grein, skulu í þeim tilfellum, sem það á við, veita undanþágur vegna slíkra flóttamanna.

Article 8
Exemption from Exceptional Measures.

With regard to exceptional measures which may be taken against the person, property or interests of nationals of a foreign State, the Contracting States shall not apply such measures to a refugee who is formally a national of the said State solely on account of such nationality. Contracting States which, under their legislation, are prevented from applying the general principle expressed in this article, shall, in appropriate cases, grant exemption in favour of such refugees.

9. gr.
Bráðabirgðaráðstafanir.

Ekkert í þessum samningi skal vera því til fyrirstöðu, að aðildarríki geri, á ófriðartímum eða öðrum óvenjulegum alvarlegum tímum, bráðabirgðaráðstafanir, sem það telur nauðsynlegar vegna öryggis þjóðarinnar, varðandi sérstakan mann, þar til samningsríkið hefur tekið ákvörðun um það, hvort sá maður sé í raun og veru flóttamaður og að áframhald slíkra ráðstafana sé nauðsynlegt, að því er hann snertir, til verndar öryggi þjóðarinnar.

Article 9
Provisional Measures.

Nothing in this Convention shall prevent a Contracting State, in time of war or other grave and exceptional circumstances, from taking provisionally measures which it considers to be essential to the national security in the case of a particular person, pending a determination by the Contracting State that that person is in fact a refugee and that the continuance of such measures is necessary in his case in the interest of national security.

10. gr.
Samfellt aðsetur.

1. Þegar flóttamaður hefur, meðan á annarri heimsstyrjöldinni stóð, verið

Article 10
Continuity of Residence.

1. Where a refugee has been forcibly displaced during the Second World

færður nauðugur úr heimkynnum sínum og fluttur til lands samningsríkis og hefur aðsetur þar, skal slík nauðungardvöl talin löglegt aðsetur í því landi.

2. Þegar flóttamaður hefur verið fluttur nauðugur frá landi aðildarríkis meðan á annarri heimsstyrjöldinni stóð og hefur, fyrir gildistöku samnings þessa, horfið þangað aftur í þeim tilgangi að setjast þar að, skal litið á aðseturstímann fyrir og eftir slíkan nauðungarflutning sem eitt óslitið tímabil að því er tekur til hvers tilviks, þar sem samfellds aðseturs er krafizt.

War and removed to the territory of a Contracting State, and is resident there, the period of such enforced sojourn shall be considered to have been lawful residence within that territory.

2. Where a refugee has been forcibly displaced during the Second World War from the territory of a Contracting State and has, prior to the date of entry into force of this Convention, returned there for the purpose of taking up residence, the period of residence before and after such enforced displacement shall be regarded as one uninterrupted period for any purposes for which uninterrupted residence is required.

11. gr.
Landflótta sjómenn.

Þegar um er að ræða flóttamenn, sem stunda að staðaldri sjómennsku á skipum, sem sigla undir fána aðildarríkis, skal það ríki taka til velviljaðrar athugunar að þeir setjist að í landi þess og að gefa út ferðaskírteini þeim til handa, eða leyfa þeim landvist um stundarsakir, einkum með tilliti til þess, að auðvelda þeim að setjast að í öðru landi.

Article 11
Refugee Seamen.

In the case of refugees regularly serving as crew members on board a ship flying the flag of a Contracting State, that State shall give sympathetic consideration to their establishment on its territory and the issue of travel documents to them or their temporary admission to its territory particularly with a view to facilitating their establishment in another country.

II. KAFLI
Réttarstaða.

CHAPTER II
Juridical Status.

12. gr.
Persónulegur réttur.

1. Persónulegur réttur flóttamanns skal fara eftir lögum þess lands, sem hann á lögheimili í, en eigi hann hvergi lögheimili, þá skal réttur hans fara eftir lögum þess lands, sem hann hefur aðsetur í.
2. Aðildarríki skal virða réttindi þau, sem flóttamaður hefur áður áunnið sér og byggjast á persónulegum rétti, einkum og sér í lagi réttindi, sem tengd eru hjúskap, með því skilyrði, að ef nauðsyn krefur, sé fullnægt formsskilyrðum, sem lög þess ríkis krefjast, enda sé um þau réttindi að

Article 12
Personal Status.

1. The personal status of a refugee shall be governed by the law of the country of his domicile or, if he has no domicile, by the law of the country of his residence.

2. Rights previously acquired by a refugee and dependent on personal status, more particularly rights attaching to marriage, shall be respected by a Contracting State, subject to compliance, if this be necessary, with the formalities required by the law of that State, provided that

ræða, sem hefðu verið viðurkennd af því ríki, ef hann hefði ekki orðið flóttamaður.

13. gr.
Lausafé og fasteignir.

Aðildarríkin skulu veita flóttamönnum eins góða aðstöðu og mögulegt er, og að minnsta kosti ekki síðri en veitt er útlendingum almennt við sömu aðstæður, að því er varðar öflun lausafjár og fasteigna og önnur réttindi í sambandi við það, svo og leigu og aðra samninga varðandi lausafé og fasteignir.

14. gr.
Réttur til hugverka og einkenna.

Að því er tekur til verndar réttar til hugverka og einkenna, svo sem uppfinninga, teikninga eða líkana, vörumerkja, vörunafna, svo og til ritverka, lista- og vísindaverka, skal veita flóttamanni, í landi þar sem hann hefur fast aðsetur, sömu vernd og veitt er borgurum þess lands. Í landi sérhvers annars aðildarríkis skal hann njóta sömu verndar og í því landi er veitt borgurum þess lands, sem hann hefur fast aðsetur í.

15. gr.
Réttur til aðildar í félögum.

Aðildarríki skal veita flóttamönnum, sem löglega dvelja í landi þess, þá beztu aðstöðu, sem veitt er borgurum annars ríkis, við sömu aðstæður, að því er tekur til félaga, sem ekki starfa á stjórnmálalegum eða fjáröflunar grundvelli, og stéttarfélaga.

16. gr.
Réttur til að leita til dómstóla.

1. Flóttamanni skal frjálst að leita til dómstóla í löndum allra aðildarríkjanna.
2. Í aðildarríki, þar sem flóttamaður hefur fast aðsetur, skal hann njóta

the right in question is one which would have been recognized by the law of that State had he not become a refugee.

Article 13
Movable and Immovable Property.

The Contracting States shall accord to a refugee treatment as favourable as possible and, in any event, not less favourable than that accorded to aliens generally in the same circumstances, as regards the acquisition of movable and immovable property and other rights pertaining thereto, and to leases and other contracts relating to movable and immovable property.

Article 14
Artistic Rights and Industrial Property.

In respect of the protection of industrial property, such as inventions, designs or models, trade marks, trade names, and of rights in literary, artistic and scientific works, a refugee shall be accorded in the country in which he has his habitual residence the same protection as is accorded to nationals of that country. In the territory of any other Contracting State, he shall be accorded the same protection as is accorded in that territory to nationals of the country in which he has his habitual residence.

Article 15
Right of Association.

As regards non-political and non-profitmaking associations and trade unions the Contracting States shall accord to refugees lawfully staying in their territory the most favourable treatment accorded to nationals of a foreign country, in the same circumstances.

Article 16
Access to Courts.

1. A refugee shall have free access to the courts of law on the territory of all Contracting States.
2. A refugee shall enjoy in the Contracting State in which he has his

sömu aðstöðu og ríkisborgari í þeim efnum, er varða leitun til dómstóla, þar með talin lögfræðileg aðstoð og undanþága frá því að setja tryggingu fyrir væntanlegum málskostnaði (cautio judicatum solvi).

3. Í öðrum löndum en því, sem flóttamaður hefur fast aðsetur í, skal honum veitt sama aðstaða og ríkisborgurum þess lands, sem hann hefur fast aðsetur í, að því er tekur til þeirra atriða, sem um getur í 2. tölulið.

habitual residence the same treatment as a national in matters pertaining to access to the Courts, including legal assistance and exemption from *cautio judicatum solvi*.

3. A refugee shall be accorded in the matters referred to in paragraph 2 in countries other than that in which he has his habitual residence the treatment granted to a national of the country of his habitual residence.

III. KAFLI
Arðbær atvinna.

17. gr.
Launuð atvinna.

1. Aðildarríkin skulu veita flóttamönnum, sem löglega dvelja í löndum þeirra, beztu aðstöðu sem þau veita þegnum annars ríkis við sömu aðstæður, að því er varðar réttinn til að stunda launaða atvinnu.

2. Hvað sem öðru líður, skal takmörkunum, sem beint er gegn útlendingum eða atvinnu útlendinga til verndar vinnumarkaði landsins, ekki beitt gegn flóttamanni, sem þegar var undanþeginn þeim er samningur þessi gekk í gildi fyrir hlutaðeigandi ríki, eða fullnægir einhverju eftirfarandi skilyrða:

   a. Að hann hafi haft aðsetur í landinu í þrjú ár;
   b. Að maki hans eigi ríkisborgararétt í aðsetурslandinu. Flóttamaður getur ekki krafizt að njóta góðs af þessu ákvæði, ef hann hefur yfirgefið maka sinn;
   c. Að hann eigi eitt eða fleiri börn, sem eigi ríkisborgararétt í aðsetурslandinu.

3. Aðildarríkin skulu taka til velviljaðrar athugunar að samræma réttindi allra flóttamanna, að því er snertir launaða atvinnu, þeim réttindum, sem ríkisborgararnir njóta, og sér í lagi réttindi þeirra flótta-

CHAPTER III
Gainful Employment.

Article 17
Wage-earning Employment.

1. The Contracting States shall accord to refugees lawfully staying in their territory the most favourable treatment accorded to nationals of a foreign country in the same circumstances, as regards the right to engage in wage-earning employment.
2. In any case, restrictive measures imposed on aliens or the employment of aliens for the protection of the national labour market shall not be applied to a refugee who was already exempt from them at the date of entry into force of this Convention for the Contracting State concerned, or who fulfils one of the following conditions:
   (a) He has completed three years' residence in the country.
   (b) He has a spouse possessing the nationality of the country of residence. A refugee may not invoke the benefit of this provision if he has abandoned his spouse;
   (c) He has one or more children possessing the nationality of the country of residence.
3. The Contracting States shall give sympathetic consideration to assimilating the rights of all refugees with regard to wage-earning employment to those of nationals, and in particular of those refugees who have

manna, sem hafa komið til landa þeirra samkvæmt áætlunum um ráðningu vinnuafls eða reglum um innflutning fólks.

entered their territory pursuant to programmes of labour recruitment or under immigration schemes.

18. gr.
Sjálfstæð atvinna.

Aðildarríkin skulu veita flóttamanni, sem löglega dvelur í löndum þeirra, eins góða aðstöðu og mögulegt er og alls ekki lakari en veitt er útlendingum almennt við sömu aðstæður, að því er tekur til réttarins til þess að vinna fyrir eigin reikning að landbúnaði, iðnaði, handiðn og verzlun, og að stofna félög um verzlun og iðnað.

Article 18
Self-employment.

The Contracting States shall accord to a refugee lawfully in their territory treatment as favourable as possible and, in any event, not less favourable than that accorded to aliens generally in the same circumstances, as regards the right to engage on his own account in agriculture, industry, handicrafts and commerce and to establish commercial and industrial companies.

19. gr.
Menntastéttir.

1. Sérhvert aðildarríki skal veita flóttamönnum, sem löglega dvelja í landi þess, hafa prófskírteini viðurkennd af þar til bærum stjórnvöldum þess ríkis og vilja stunda störf, er menntun þarf til, eins góða aðstöðu og mögulegt er, og aldrei óhagstæðari en veitt er útlendingum almennt við sömu aðstæður.

2. Aðildarríkin skulu gera það sem í þeirra valdi stendur og samrýmist lögum þeirra og stjórnarskrám, til þess að tryggja það, að slíkir flóttamenn setjist að í löndum, sem þau fara með utanríkismál fyrir, öðrum en aðallandinu.

Article 19
Liberal Professions.

1. Each Contracting State shall accord to refugees lawfully staying in their territory who hold diplomas recognized by the competent authorities of that State, and who are desirous of practising a liberal profession, treatment as favourable as possible and, in any event, not less favourable than that accorded to aliens generally in the same circumstances.
2. The Contracting States shall use their best endeavours consistently with their laws and constitutions to secure the settlement of such refugees in the territories, other than the metropolitan territory, for whose international relations they are responsible.

IV. KAFLI
Velferðarmál.

CHAPTER IV
Welfare.

20. gr.
Skömmtun.

Þar sem skömmtunarkerfi er til almennrar dreifingar vara, sem skortur er á, og það nær til landsmanna yfirleitt, skulu flóttamenn njóta sama réttar og ríkisborgarar.

Article 20
Rationing.

Where a rationing system exists, which applies to the population at large and regulates the general distribution of products in short supply, refugees shall be accorded the same treatment as nationals.

21. gr.
Húsnæðismál.

Að því er tekur til húsnæðis, skulu aðildarríkin, að svo miklu leyti sem því máli er skipað með lögum eða reglugerðum, eða er háð eftirliti opinberra stjórnvalda, veita flóttamönnum, sem löglega dvelja í löndum þeirra, eins góða aðstöðu og mögulegt er, og aldrei lakari en veitt er útlendingum almennt við sömu aðstæður.

Article 21
Housing.

As regards housing, the Contracting States, in so far as the matter is regulated by laws or regulations or is subject to the control of public authorities, shall accord to refugees lawfully staying in their territory treatment as favourable as possible and, in any event, not less favourable than that accorded to aliens generally in the same circumstances.

22. gr.
Almenn menntun.

1. Aðildarríkin skulu veita flóttamönnum sömu aðstöðu og veitt er ríkisborgurum, að því er tekur til barnafræðslu.
2. Aðildarríkin skulu veita flóttamönnum eins góða aðstöðu og mögulegt er og aldrei lakari en veitt er útlendingum almennt við sömu aðstæður, að því er snertir menntun aðra en barnafræðslu, einkum að því er varðar aðgang að námi, viðurkenningu vottorða og prófskirteina frá erlendum skólum, eftirgjöf á skólagjöldum og kostnaði og veitingu námsstyrkja.

Article 22
Public Education.

1. The Contracting States shall accord to refugees the same treatment as is accorded to nationals with respect to elementary education.
2. The Contracting States shall accord to refugees treatment as favourable as possible, and, in any event, not less favourable than that accorded to aliens generally in the same circumstances, with respect to education other than elementary education and, in particular, as regards access to studies, the recognition of foreign school certificates, diplomas and degrees, the remission of fees and charges and the award of scholarships.

23. gr.
Opinber aðstoð.

Aðildarríki skulu veita flóttamönnum, sem löglega dvelja í löndum þeirra, sama rétt til opinberrar aðstoðar og hjálpar og veittur er ríkisborgurum þeirra.

Article 23
Public Relief.

The Contracting States shall accord to refugees lawfully staying in their territory the same treatment with respect to public relief and assistance as is accorded to their nationals.

24. gr.
Vinnulöggjöf og félagslegt öryggi.

1. Aðildarríkin skulu veita flóttamönnum, sem löglega dvelja í löndum þeirra, sömu aðstöðu og ríkisborgurum er veitt, að því er tekur til eftirtalinna atriða:
   a. Laun, þar með taldar fjölskyldubætur þar sem þær eru hluti af launum, vinnutími, eftirvinna, orlof með launum, takmarkanir á

Article 24
Labour Legislation and Social Security.

1. The Contracting States shall accord to refugees lawfully staying in their territory the same treatment as is accorded to nationals in respect of the following matters:
   (a) In so far as such matters are governed by laws or regulations or are subject to the control of administrative authorities: re-

heimavinnu, lágmarksaldur við vinnu, iðnnám og þjálfun, vinna kvenna og unglinga, og neyzla hagsbóta af sameiginlegum samningagerðum, að svo miklu leyti sem þessum málum er ráðið með lögum eða reglugerðum eða eru háð eftirliti opinberra stjórnvalda.

b. Félagslegt öryggi (lagaákvæði, sem varða atvinnuslys, atvinnusjúkdóma, meðgöngu og barnsburð, sjúkdóma, örorku, elli, dauða, atvinnuleysi, fjölskyldufframfæri og hver þau önnur tilfelli, sem félagslegar tryggingar taka til samkvæmt lögum eða reglugerðum) með eftirtöldum takmörkunum:

i) Það getur verið um að ræða viðeigandi ráðstafanir til viðhalds áunnum réttindum og réttindum, sem verið er að ávinna.

ii) Lög eða reglugerðir aðsetursslandsins geta kveðið á um sérstakar ráðstafanir varðandi styrki eða hluta af styrkjum, sem greiða ber algerlega af almannafé, svo og varðandi greiðslur til manna, sem ekki uppfylla iðgjaldaskilyrði, sem sett eru fyrir veitingu venjulegs lífeyris.

2. Rétturinn til bóta fyrir dauða flóttamanns, sem leiddi af atvinnuslysi eða atvinnusjúkdómi, skal ekki skertur vegna þess að bótaþeginn hefur aðsetur utan aðildarríkisins.

3. Aðildarríkin skulu láta flóttamenn njóta góðs af samningum, sem þau hafa gert með sér eða kunna síðar að gera með sér, varðandi viðhald áunninna réttinda og réttinda, sem verið er að ávinna, í sambandi við

muneration, including family allowances where these form part of remuneration, hours of work, overtime arrangements, holidays with pay, restrictions on home work, minimum age of employment, apprenticeship and training, women's work and the work of young persons, and the enjoyment of the benefits of collective bargaining;

(b) Social security (legal provisions in respect of employment injury, occupational diseases, maternity, sickness, disability, old age, death, unemployment, family responsibilities and any other contingency which, according to national laws or regulations, is covered by a social security scheme), subject to the following limitations:

(i) There may be appropriate arrangements for the maintenance of acquired rights and rights in course of acquisition;

(ii) National laws or regulations of the country of residence may prescribe special arrangements concerning benefits or portions of benefits which are payable wholly out of public funds, and concerning allowances paid to persons who do not fulfil the contribution conditions prescribed for the award of a normal pension.

2. The right to compensation for the death of a refugee resulting from employment injury or from occupational disease shall not be affected by the fact that the residence of the beneficiary is outside the territory of the Contracting State.

3. The Contracting States shall extend to refugees the benefits of agreements concluded between them, or which may be concluded between them in the future, concerning the maintenance of acquired rights and

félagslegt öryggi, með þeim skilyrðum einum, sem gilda fyrir borgara þeirra ríkja, sem undirritað hafa samninga þá, sem um er að ræða.

4. Aðildarríkin munu taka til velviljaðrar athugunar að láta flóttamenn, eftir því sem mögulegt er, njóta góðs af hliðstæðum samningum, sem á hverjum tíma kunna að vera í gildi milli slíkra aðildarríkja og ríkja, sem ekki eru aðilar að samningnum.

rights in the process of acquisition in regard to social security, subject only to the conditions which apply to nationals of the States signatory to the agreements in question.

4. The Contracting States will give sympathetic consideration to extending to refugees so far as possible the benefits of similar agreements which may at any time be in force between such Contracting States and non-contracting States.

V. KAFLI
Ráðstafanir framkvæmdavalds.

25. gr.
Aðstoð framkvæmdavalds.

1. Þegar þannig er ástatt, að flóttamaður þarfnast yfirleitt aðstoðar erlendra stjórnvalda, til neyzlu réttar síns, en nær ekki til þeirra, skulu aðildarríkin, sem hann hefur aðsetur í, sjá um að þeirra eigin stjórnvöld eða fjölþjóðleg stjórnvöld veiti honum slíka aðstoð.

2. Stjórnvald það eða stjórnvöld, sem um getur í 1. tölulið, skulu afhenda eða láta undir sínu eftirliti afhenda flóttamönnum þess konar skjöl eða skilríki, sem venjulega mundu látin útlendingum í té af stjórnvöldum heimaríkja þeirra, eða fyrir atbeina þeirra.

3. Skjöl og skilríki, sem þannig eru látin í té, skulu koma í stað opinberra skilríkja, sem látin eru útlendingum í té af stjórnvöldum heimaríkja þeirra, eða fyrir atbeina þeirra, og skulu þau talin gild þar til annað reynist sannara.

4. Með þeim undantekningum, sem gerðar kunna að vera um fátækt fólk, má krefjast gjalds fyrir þá þjónustu, sem hér um getur, en slíkum gjöldum skal í hóf stillt og þau skulu vera sambærileg við þau gjöld, sem krafizt er af ríkisborgurum fyrir sams konar þjónustu.

CHAPTER V
Administrative Measures.

Article 25
Administrative Assistance.

1. When the exercise of a right by a refugee would normally require the assistance of authorities of a foreign country to whom he cannot have recourse, the Contracting States in whose territory he is residing shall arrange that such assistance be afforded to him by their own authorities or by an international authority.

2. The authority or authorities mentioned in paragraph 1 shall deliver or cause to be delivered under their supervision to refugees such documents or certifications as would normally be delivered to aliens by or through their national authorities.

3. Documents or certifications so delivered shall stand in the stead of the official instruments delivered to aliens by or through their national authorities, and shall be given credence in the absence of proof to the contrary.

4. Subject to such exceptional treatment as may be granted to indigent persons, fees may be charged for the services mentioned herein, but such fees shall be moderate and commensurate with those charged to nationals for similar services.

5. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki skerða ákvæði 27. og 28. greinar.

26. gr.
Ferðafrelsi.

Sérhvert aðildarríki skal veita flóttamönnum, sem löglega dvelja í landi þess, rétt til að kjósa sér aðsetursstað og vera frjálsir ferða sinna um land þess, að teknu tilliti til hverra þeirra reglugerða, sem beita má um útlendinga almennt við sömu aðstæður.

27. gr.
Nafnskírteini.

Aðildarríkin skulu gefa út nafnskírteini til handa sérhverjum flóttamanni, sem dvelur í löndum þeirra og hefur ekki gilt ferðaskírteini.

28. gr.
Ferðaskírteini.

1. Aðildarríkin skulu láta flóttamönnum, sem löglega dvelja í löndum þeirra, í té ferðaskírteini til ferða utan landa þeirra, nema ríkar ástæður vegna öryggis landsins eða allsherjar reglu séu því til fyrirstöðu, og skulu ákvæði fylgiskjals þessarar samþykktar gilda um slík skírteini. Aðildarríkin geta látið sérhverjum öðrum flóttamanni í landi sínu slík ferðaskírteini í té. Sérstaklega skulu þau taka til velviljaðrar athugunar að láta slík ferðaskírteini í té flóttamönnum, sem dvelja í löndum þeirra og geta ekki fengið ferðaskírteini frá landi því, sem þeir eiga löglegt aðsetur í.

2. Ferðaskírteini, sem látin hafa verið flóttamönnum í té samkvæmt fyrri fjölþjóðlegum samningum af aðilum slíks samnings, skulu aðildarríkin viðurkenna og með fara á sama hátt og væru þau gefin út eftir þessari grein.

29. gr.
Fjárhagslegar álögur.

1. Aðildarríkin skulu ekki leggja á flóttamenn skyldur, álögur eða skatta

5. The provisions of this article shall be without prejudice to articles 27 and 28.

Article 26
Freedom of Movement.

Each Contracting State shall accord to refugees lawfully in its territory the right to choose their place of residence and to move freely within its territory, subject to any regulations applicable to aliens generally in the same circumstances.

Article 27
Identity Papers.

The Contracting States shall issue identity papers to any refugee in their territory who does not possess a valid travel document.

Article 28
Travel Documents.

1. The Contracting States shall issue to refugees lawfully staying in their territory travel documents for the purpose of travel outside their territory, unless compelling reasons of national security or public order otherwise require, and the provisions of the Schedule to this Convention shall apply with respect to such documents. The Contracting States may issue such a travel document to any other refugee in their territory; they shall in particular give sympathetic consideration to the issue of such a travel document to refugees in their territory who are unable to obtain a travel document from the country of their lawful residence.
2. Travel documents issued to refugees under previous international agreements by parties thereto shall be recognized and treated by the Contracting States in the same way as if they had been issued pursuant to this article.

Article 29
Fiscal Charges.

1. The Contracting States shall not impose upon refugees duties, charges

hverju nafni sem nefnast aðra eða hærri en lagt er á ríkisborgara þeirra við svipaðar aðstæður.

2. Ekkert í undanfarandi tölulið skal koma í veg fyrir það, að beitt sé gagnvart flóttamönnum lögum og reglugerðum um gjöld fyrir útgáfu á opinberum skjölum, þar á meðal nafnskírteinum til handa útlendingum.

or taxes, of any description whatsoever, other or higher than those which are or may be levied on their nationals in similar situations.

2. Nothing in the above paragraph shall prevent the application to refugees of the laws and regulations concerning charges in respect of the issue to aliens of administrative documents including identity papers.

30. gr.
Flutningur eigna.

1. Aðildarríki skal í samræmi við lög sín og reglugerðir leyfa flóttamönnum að flytja eignir, sem þeir hafa komið með inn í land þess, til annars lands, þar sem þeim hefur verið veitt leyfi til að taka sér bólfestu að nýju.

2. Samningsríki skal taka til velviljaðrar athugunar umsóknir flóttamanna um leyfi til þess að flytja eignir, sem eru þeim nauðsynlegar, er þeir taka sér bólfestu í öðru ríki, sem hefur leyft þeim landvist, hvar sem þær eignir kunna að vera.

Article 30
Transfer of Assets.

1. A Contracting State shall, in conformity with its laws and regulations, permit refugees to transfer assets which they have brought into its territory, to another country where they have been admitted for the purposes of resettlement.

2. A Contracting State shall give sympathetic consideration to the application of refugees for permission to transfer assets wherever they may be and which are necessary for their resettlement in another country to which they have been admitted.

31. gr.
Ólögleg landvist flóttamanna.

1. Aðildarríkin skulu ekki beita refsingum gagnvart flóttamönnum vegna ólöglegrar komu þeirra til landsins eða vistar þar, ef þeir koma beint frá landi, þar sem lífi þeirra eða frelsi var ógnað í merkingu 1. gr., og koma inn í lönd þeirra eða eru þar án heimildar, enda gefi þeir sig tafarlaust fram við stjórnvöldin og beri fram gildar ástæður fyrir hinni ólöglegu komu sinni eða vist þar.

2. Aðildarríkin skulu ekki setja takmarkanir á ferðir slíkra flóttamanna fram yfir það sem nauðsyn krefur, og slíkum takmörkunum skal einungis beitt þar til staða þeirra í landinu er komin á fastan grundvöll, eða þeim hefur verið veitt leyfi til þess að koma til annars lands. Samnings-

Article 31
Refugees unlawfully in the Country of Refuge.

1. The Contracting States shall not impose penalties, on account of their illegal entry or presence, on refugees who, coming directly from a territory where their life or freedom was threatened in the sense of article 1, enter or are present in their territory without authorization, provided they present themselves without delay to the authorities and show good cause for their illegal entry or presence.

2. The Contracting States shall not apply to the movements of such refugees restrictions other than those which are necessary and such restrictions shall only be applied until their status in the country is regularized or they obtain admission into another country. The Contracting States shall

ríkin skulu veita slíkum flóttamönnum hæfilegan frest og alla nauðsynlega fyrirgreiðslu til þess að afla sér heimildar til þess að koma til annars lands.

allow such refugees a reasonable period and all the necessary facilities to obtain admission into another country.

32. gr.
Brottvísun.

1. Aðildarríkin skulu ekki vísa úr landi flóttamanni, sem löglega dvelur í löndum þeirra, nema vegna öryggis landsins eða allsherjarreglu.
2. Brottvísun slíks flóttamanns skal einungis framkvæmd eftir úrskurði, sem kveðinn sé upp með lögákveðnum hætti. Þar sem knýjandi ástæður vegna öryggis landsins eru því ekki til fyrirstöðu, skal flóttamanninum leyft að leggja fram sannanir fyrir sakleysi sínu og áfrýja og láta mæta fyrir sig í því skyni fyrir lögbæru stjórnvaldi eða manni eða mönnum, sem sérstaklega eru tilnefndir af lögbæru stjórnvaldi.
3. Aðildarríkin skulu gefa slíkum flóttamanni hæfilegan frest til þess að leita löglegrar landvistar í öðru landi. Aðildarríkin áskilja sér rétt til þess að beita þeim ráðstöfunum innan lands, sem það telur nauðsynlegar, meðan þessi frestur er að líða.

Article 32
Expulsion.

1. The Contracting States shall not expel a refugee lawfully in their territory save on grounds of national security or public order.
2. The expulsion of such a refugee shall be only in pursuance of a decision reached in accordance with due process of law. Except where compelling reasons of national security otherwise require, the refugee shall be allowed to submit evidence to clear himself, and to appeal to and be represented for the purpose before competent authority or a person or persons specially designated by the competent authority.
3. The Contracting States shall allow such a refugee a reasonable period within which to seek legal admission into another country. The Contracting States reserve the right to apply during that period such internal measures as they may deem necessary.

33. gr.
Bann gegn brottvísun eða endursendingu.

1. Ekkert aðildarríki skal vísa flóttamanni brott eða endursenda hann á nokkurn hátt til landamæra ríkis, þar sem lífi hans eða frelsi mundi vera ógnað vegna kynþáttar hans, trúarbragða, þjóðernis, aðildar í sérstökum félagsmálaflokkum eða stjórnmálaskoðana.
2. Þó getur flóttamaður samt sem áður ekki krafizt þess að njóta góðs af þessu ákvæði, ef skynsamlegar ástæður eru til að álíta hann hættulegan öryggi landsins, sem hann dvelur í, eða ef hann er talinn hættulegur þjóðfélaginu vegna þess að hann hefur með endanlegum dómi verið dæmdur sekur um mjög alvarlegan glæp.

Article 33
Prohibition of Expulsion or Return („Refoulement").

1. No Contracting State shall expel or return ("refouler") a refugee in any manner whatsoever to the frontiers of territories where his life or freedom would be threatened on account of his race, religion, nationality, membership of a particular social group or political opinion.
2. The benefit of the present provision may not, however, be claimed by a refugee whom there are reasonable grounds for regarding as a danger to the security of the country in which he is, or who, having been convicted by a final judgement of a particularly serious crime, constitutes a danger to the community of that country.

34. gr.
Veiting ríkisborgararéttar.

Aðildarríkin skulu, eftir því sem mögulegt er, greiða fyrir því, að flóttamenn geti samlagazt aðstæðunum í landinu og öðlazt þar þegnrétt. Einkum skulu þau gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að flýta fyrir veitingu ríkisborgararéttar og lækka svo sem frekast er unnt öll gjöld og kostnað, sem henni eru samfara.

Article 34
Naturalization.

The Contracting States shall as far as possible facilitate the assimilation and naturalization of refugees. They shall in particular make every effort to expedite naturalization proceedings and to reduce as far as possible the charges and costs of such proceedings.

VI. KAFLI
Framkvæmda- og bráðabirgðaákvæði.

CHAPTER VI
Executory and Transitory Provisions.

35. gr.
Samvinna stjórnvalda einstakra ríkja við Sameinuðu þjóðirnar.

1. Samningsríkin skuldbinda sig til þess að hafa samvinnu við Skrifstofu erindreka Sameinuðu þjóðanna í flóttamannamálum, eða hverja þá aðra stofnun Sameinuðu þjóðanna, sem koma kann í hennar stað, um framkvæmd ætlunarverka hennar og skulu þau sér í lagi auðvelda henni að fullnægja skyldu sinni til að hafa eftirlit með beitingu ákvæða þessa samnings.
2. Í því skyni að gera Skrifstofu erindrekans, eða hverri þeirri annarri stofnun Sameinuðu þjóðanna, er koma kann í hennar stað, mögulegt að gefa skýrslur til hlutaðeigandi aðila hjá Sameinuðu þjóðunum, skuldbinda aðildarríkin sig til þess að láta þeim í té í viðeigandi formi upplýsingar og hagskýrslur, sem um er beðið og varða:
   a. stöðu flóttamanna,
   b. framkvæmd samnings þessa, og
   c. lög, reglugerðir og úrskurði, sem í gildi eru eða kunna síðar að ganga í gildi, varðandi flóttamenn.

Article 35
Co-operation of the National Authorities with the United Nations.

1. The Contracting States undertake to co-operate with the Office of the United Nations High Commissioner for Refugees, or any other agency of the United Nations which may succeed it, in the exercise of its functions, and shall in particular facilitate its duty of supervising the application of the provisions of this Convention.

2. In order to enable the Office of the High Commissioner or any other agency of the United Nations which may succeed it, to make reports to the competent organs of the United Nations, the Contracting States undertake to provide them in the appropriate form with information and statistical data requested concerning:
   (a) the condition of refugees,
   (b) the implementation of this Convention, and
   (c) laws, regulations and decrees which are, or may hereafter be, in force relating to refugees.

36. gr.
Upplýsingar um landslög.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna lög þau og reglugerðir, sem þau kunna að

Article 36
Information on National Legislation.

The Contracting States shall communicate to the Secretary-General of the United Nations the laws and regulations

setja til þess að tryggja framkvæmd þessa samnings.

37. gr.
Afstaða til fyrri samninga.

Að teknu tilliti til 2. málsgreinar 28. greinar þessa samnings kemur hann, að því er snertir samband milli aðila að honum, í stað samkomulags frá 5. júlí 1922, 31. maí 1924, 12. maí 1926, 30. júní 1928 og 30. júlí 1935, samninganna frá 28. október 1933 og 10. febrúar 1938, viðbótarsamnings frá 14. september 1939 og samningsins frá 15. október 1946.

which they may adopt to ensure the application of this Convention.

Article 37
Relation to Previous Conventions.

Without prejudice to article 28, paragraph 2, of this Convention, this Convention replaces, as between parties to it, the Arrangements of 5 July 1922, 31 May 1924, 12 May 1926, 30 June 1928 and 30 July 1935, the Conventions of 28 October 1933 and 10 February 1938, the Protocol of 14 September 1939 and the Agreement of 15 October 1946.

VII. KAFLI
Lokaákvæði.

38. gr.
Lausn deilumála.

Sérhverri deilu milli aðila þessa samnings varðandi skýringu eða framkvæmd hans, sem ekki er hægt að leysa á annan hátt, skal vísa til Alþjóðadómstólsins að beiðni hvors deiluaðila sem er.

CHAPTER VII
Final Clauses.

Article 38
Settlement of Disputes.

Any dispute between parties to this Convention relating to its interpretation or application, which cannot be settled by other means, shall be referred to the International Court of Justice at the request of any one of the parties to the dispute.

39. gr.
Undirritun, fullgilding og upptaka aðildar.

1. Samningur þessi skal lagður fram til undirritunar í Genf 28. júlí 1951, og skal honum síðan komið til varðveizlu hjá framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Hann skal vera til undirritunar í Evrópuskrifstofu Sameinuðu þjóðanna frá 28. júlí til 31. ágúst 1951, og skal aftur vera til undirritunar í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna frá 17. september 1951 til 31. desember 1952.
2. Samningur þessi skal vera til undirritunar fyrir öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna, og einnig fyrir hvert það annað ríki, sem boðin var þátttaka í ráðstefnu sendiherra um stöðu flóttamanna og ríkisfangslausra, eða ríki, sem Allsherjarþingið hefur boðið að undirrita hann. Hann skal fullgiltur og fullgildingarskjölunum

Article 39
Signature, Ratification and Accession.

1. This Convention shall be opened for signature at Geneva on 28 July 1951 and shall thereafter be deposited with the Secretary-General of the United Nations. It shall be open for signature at the European Office of the United Nations from 28 July to 31 August 1951 and shall be re-opened for signature at the Headquarters of the United Nations from 17 September 1951 to 31 December 1952.
2. This Convention shall be open for signature on behalf of all States Members of the United Nations, and also on behalf of any other State invited to attend the Conference of Plenipotentiaries on the Status of Refugees and Stateless Persons or to which an invitation to sign will have been addressed by the General Assembly. It

komið til varðveizlu hjá framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

3. Frá 28. júlí 1951 skal ríkjum þeim, sem átt er við í 2. tölulið þessarar greinar, heimilt að gerast aðilar að þessum samningi. Upptaka aðildar er framkvæmd þannig, að aðildarskjal er afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

40. gr.
Ákvæði um beitingu samningsins á sérstökum landsvæðum.

1. Sérhvert ríki getur, um leið og það undirritar, fullgildir eða gerist aðili, lýst yfir að þessi samningur skuli taka til allra eða einhverra landsvæða, sem það fer með umboð fyrir í samskiptum þjóða í milli. Slík yfirlýsing gengur í gildi samtímis gildistöku samningsins fyrir hlutaðeigandi ríki.
2. Hvenær sem er síðar, skal hver slík aukning gildissviðs gerð með tilkynningu stílaðri til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og gilda frá nítugasta degi eftir að framkvæmdastjórinn tók við þessari tilkynningu, eða frá gildistökudegi samningsins fyrir hlutaðeigandi ríki, hvort þessa sem síðar ber að.
3. Að því er snertir þau landsvæði, sem samningur þessi er ekki látinn taka til við undirskrift, fullgildingu eða upptöku aðildar, skal sérhvert hlutaðeigandi ríki athuga möguleikana á því, að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að láta samning þenna taka til slíkra landsvæða, enda komi samþykki ríkisstjórna slíkra landsvæða til, þar sem það er nauðsynlegt af stjórnarfarslegum ástæðum.

41. gr.
Ákvæði um sambandsríki.

Þegar um sambandsríki er að ræða, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

shall be ratified and the instruments of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

3. This Convention shall be open from 28 July 1951 for accession by the States referred to in paragraph 2 of this article. Accession shall be effected by the deposit of an instrument of accession with the Secretary-General of the United Nations.

Article 40
Territorial Application Clause.

1. Any State may, at the time of signature, ratification or accession, declare that this Convention shall extend to all or any of the territories for the international relations of which it is responsible. Such a declaration shall take effect when the Convention enters into force for the State concerned.
2. At any time thereafter any such extension shall be made by notification addressed to the Secretary-General of the United Nations and shall take effect as from the ninetieth day after the day of receipt by the Secretary-General of the United Nations of this notification, or as from the date of entry into force of the Convention for the State concerned, whichever is the later.
3. With respect to those territories to which this Convention is not extended at the time of signature, ratification or accession, each State concerned shall consider the possibility of taking the necessary steps in order to extend the application of this Convention to such territories subject, where necessary for constitutional reasons, to the consent of the Governments of such territories.

Article 41
Federal Clause.

In the case of a Federal or non-unitary State, the following provisions shall apply:

a. Að því er tekur til þeirra greina samnings þessa, sem falla undir lögsögu löggjafarvalds sambandsríkisins, skulu skyldur ríkisstjórnar sambandsríkisins að þessu marki vera hinar sömu og þeirra aðildarríkja, sem ekki eru sambandsríki.

b. Að því er tekur til þeirra greina samnings þessa, sem falla undir lögsögu einstakra ríkja í sambandsríkinu, fylkja eða kantóna, sem samkvæmt stjórnarskipun sambandsríkisins geta ekki sett lög, skal sambandsríkisstjórnin svo fljótt sem mögulegt er vekja athygli viðeigandi stjórnvalda ríkja, fylkja eða kantóna á slíkum greinum og senda þeim meðmæli sín með þeim.

c. Sambandsríki, sem er aðili að samningi þessum, skal, eftir beiðni einhvers annars aðildarríkis, sem borin er fram fyrir milligöngu framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, láta í té skýrslu um lög og venjur sambandsríkisins og hinna einstöku hluta þess, varðandi hvert einstakt ákvæði samningsins, þar sem sýnt sé í hve ríkum mæli því ákvæði sé veitt gildi með löggjöf eða öðrum hætti.

(a) With respect to those articles of this Convention that come within the legislative jurisdiction of the federal legislative authority, the obligations of the Federal Government shall to this extent be the same as those of Parties which are not Federal States;

(b) With respect to those articles of this Convention that come within the legislative jurisdiction of constituent States, provinces or cantons which are not, under the constitutional system of the federation, bound to take legislative action, the Federal Government shall bring such articles with a favourable recommendation to the notice of the appropriate authorities of states, provinces or cantons at the earliest possible moment.

(c) A Federal State Party to this Convention shall, at the request of any other Contracting State transmitted through the Secretary-General of the United Nations, supply a statement of the law and practice of the Federation and its constituent units in regard to any particular provision of the Convention showing the extent to which effect has been given to that provision by legislative or other action.

42. gr.
Fyrirvarar.

1. Sérhvert ríki getur, um leið og það undirritar, fullgildir eða gerist aðili, gert fyrirvara um greinar samningsins að undanteknum 1., 3., 4., 16. (1), 33. og 36.—46. gr., að báðum meðtöldum.
2. Sérhvert ríki, sem gert hefur fyrirvara í samræmi við ákvæði 1. töluliðs þessarar greinar, getur hvenær sem er tekið slíkan fyrirvara aftur með tilkynningu þar um, stílaðri til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

Article 42
Reservations.

1. At the time of signature, ratification or accession, any State may make reservations to articles of the Convention other than to articles 1, 3, 4, 16 (1), 33, 36—46 inclusive.
2. Any State making a reservation in accordance with paragraph 1 of this article may at any time withdraw the reservation by a communication to that effect addressed to the Secretary-General of the United Nations.

43. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi gengur í gildi á nítugasta degi, talið frá þeim degi, er

Article 43
Entry into force.

1. This Convention shall come into force on the ninetieth day following the

sjötta fullgildingar- eða aðildarskjalið er afhent.

2. Að því er tekur til sérhvers ríkis, sem fullgildir samninginn eða gerist aðili að honum eftir að sjötta fullgildingar- eða aðildarskjalið var afhent, skal samningurinn ganga í gildi á nítugasta degi frá þeim degi að telja, er slíkt ríki afhenti fullgildingar- eða aðildarskjal sitt.

44. gr.
Uppsögn.

1. Sérhvert aðildarríki getur hvenær sem er sagt samningi þessum upp með tilkynningu stílaðri til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.
2. Slík uppsögn skal taka gildi, að því er snertir hlutaðeigandi aðildarríki, einu ári eftir að framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna tók við henni.
3. Hvert það ríki, sem gefið hefur yfirlýsingu eða tilkynningu samkvæmt 40. gr., getur hvenær sem er síðar, með tilkynningu til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, lýst því yfir, að samningurinn skuli hætta að taka til slíks landsvæðis þegar eitt ár er liðið frá því að framkvæmdastjórinn tók við slíkri tilkynningu.

45. gr.
Endurskoðun.

1. Sérhvert aðildarríki getur hvenær sem er með tilkynningu, stílaðri til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, krafizt endurskoðunar á samningi þessum.
2. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna skal mæla með þeim ráðstöfunum, ef nokkrar eru, sem gera ber eftir slíkri beiðni.

46. gr.
Tilkynningar framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna og þeim ríkjum öðrum, sem nefnd eru í 39. gr.:

day of deposit of the sixth instrument of ratification or accession.

2. For each State ratifying or acceding to the Convention after the deposit of the sixth instrument of ratification or accession, the Convention shall enter into force on the ninetieth day following the date of deposit by such State of its instrument of ratification or accession.

Article 44
Denunciation.

1. Any Contracting State may denounce this Convention at any time by a notification addressed to the Secretary-General of the United Nations.
2. Such denunciation shall take effect for the Contracting State concerned one year from the date upon which it is received by the Secretary-General of the United Nations.
3. Any State which has made a declaration or notification under article 40 may, at any time thereafter, by a notification to the Secretary-General of the United Nations, declare that the Convention shall cease to extend to such territory one year after the date of receipt of the notification by the Secretary-General.

Article 45
Revision.

1. Any Contracting State may request revision of this Convention at any time by a notification addressed to the Secretary-General of the United Nations.
2. The General Assembly of the United Nations shall recommend the steps, if any, to be taken in respect of such request.

Article 46
Notifications by the Secretary-General of the United Nations.

The Secretary-General of the United Nations shall inform all Members of the United Nations and non-member States referred to in article 39:

a. yfirlýsingar og tilkynningar í samræmi við B-lið 1. greinar;
b. undirskriftir, fullgildingar og upptöku aðildar í samræmi við 39. gr.;
c. yfirlýsingar og tilkynningar í samræmi við 40. gr.;
d. fyrirvara og afturkallanir í samræmi við 42. gr.;
e. gildistökudag samnings þessa í samræmi við 43. gr.;
f. uppsagnir og tilkynningar í samræmi við 44. gr.;
g. beiðnir um endurskoðun í samræmi við 45. gr.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fengið fullt umboð, undirritað þenna samning, hver fyrir hönd sinnar ríkisstjórnar.

Gert í Genf í dag, tuttugasta og áttunda dag júlímánaðar nítján hundruð fimmtíu og eitt, í einu eintaki, en hinn enski og franski texti þess skulu jafngildir, og skal það varðveitt í skjalasafni Sameinuðu þjóðanna og staðfest afrit þess skulu afhent öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna og þeim ríkjum öðrum, sem nefnd eru í 39. gr.

(a) Of declarations and notifications in accordance with section B of article 1;
(b) Of signatures, ratifications and accessions in accordance with article 39;
(c) Of declarations and notifications in accordance with article 40;
(d) Of reservations and withdrawals in accordance with article 42;
(e) Of the date on which this Convention will come into force in accordance with article 43;
(f) Of denunciations and notifications in accordance with article 44;
(g) Of requests for revision in accordance with article 45.

In faith whereof the undersigned, duly authorized, have signed this Convention on behalf of their respective Governments.

Done at Geneva, this twenty-eighth day of July, one thousand nine hundred and fifty-one, in a single copy, of which the English and French texts are equally authentic and which shall remain deposited in the archives of the United Nations, and certified true copies of which shall be delivered to all Members of the United Nations and to the non-member States referred to in article 39.

Fylgiskjal.

1. gr.

1. Ferðaskírteini það, sem um ræðir í 28. gr. þessa samnings, skal vera á þekkt fyrirmynd þeirri, sem fylgir hér með.
2. Skírteinið skal gefið út á að minnsta kosti tveim tungumálum og sé annað þeirra enska eða franska.

2. gr.

Að teknu tilliti til reglugerða útgáfulandsins, má telja börn með í ferðaskírteini foreldris eða, í undantekningartilfellum, í ferðaskírteini annars fullorðins flóttamanns.

Schedule.

Paragraph 1

1. The travel document referred to in article 28 of this Convention shall be similar to the specimen annexed hereto.
2. The document shall be made out in at least two languages, one of which shall be English or French.

Paragraph 2

Subject to the regulations obtaining in the country of issue, children may be included in the travel document of a parent or, in exceptional circumstances, of another adult refugee.

3. gr.

Gjald það, sem tekið er fyrir útgáfu skírteinis, skal ekki vera hærra en lægsta gjald fyrir vegabréf ríkisborgara landsins.

4. gr.

Þegar ekki er um sérstakar ástæður eða undantekningar-tilfelli að ræða, skal skírteinið látið gilda fyrir eins mörg lönd og mögulegt er.

5. gr.

Skírteinið skal gilda í annaðhvort eitt eða tvö ár, eftir vild þess stjórnvalds, sem gefur það út.

6. gr.

1. Endurnýjun eða framlenging á gildi skírteinisins heyrir undir stjórnvaldið, sem gaf það út, á meðan eigandi þess hefur ekki tekið sér löglegt aðsetur í öðru landi og dvelur löglega í landi nefnds stjórnvalds. Útgáfa nýs skírteinis heyrir með sömu skilyrðum undir stjórnvaldið, sem gaf fyrra skírteinið út.

2. Sendiherrum og ræðismönnum, sem til þess hafa sérstaka heimild, skal gefið fullt umboð til þess að framlengja gildi ferðaskírteina, sem ríkisstjórnir þeirra hafa gefið út, þó ekki til lengri tíma en sex mánaða.

3. Aðildarríkin skulu taka til velviljaðrar athugunar að endurnýja eða framlengja gildi ferðaskírteina eða að gefa út ný skírteini til handa flóttamönnum, sem ekki hafa lengur löglegt aðsetur í löndum þeirra og geta ekki fengið ferðaskírteini frá landi, þar sem þeir hafa löglegt aðsetur.

7. gr.

Aðildarríkin skulu viðurkenna gildi skírteina, sem gefin eru út í samræmi við ákvæði 28. gr. þessa samnings.

8. gr.

Þar til bær stjórnvöld í landi því, sem flóttamaðurinn æskir að fara til, skulu árita skírteini hans, ef þau eru

Paragraph 3

The fees charged for issue of the document shall not exceed the lowest scale of charges for national passports.

Paragraph 4

Save in special or exceptional cases, the document shall be made valid for the largest possible number of countries.

Paragraph 5

The document shall have a validity of either one or two years, at the discretion of the issuing authority.

Paragraph 6

1. The renewal or extension of the validity of the document is a matter for the authority which issued it, so long as the holder has not established lawful residence in another territory and resides lawfully in the territory of the said authority. The issue of a new document is, under the same conditions, a matter for the authority which issued the former document.
2. Diplomatic or consular authorities, specially authorized for the purpose, shall be empowered to extend, for a period not exceeding six months, the validity of travel documents issued by their Governments.
3. The Contracting States shall give sympathetic consideration to renewing or extending the validity of travel documents or issuing new documents to refugees no longer lawfully resident in their territory who are unable to obtain a travel document from the country of their lawful residence.

Paragraph 7

The Contracting States shall recognize the validity of the documents issued in accordance with the provisions of article 28 of this Convention.

Paragraph 8

The competent authorities of the country to which the refugee desires to proceed shall, if they are prepared to

reiðubúin að taka við honum og vegabréfsáritun er nauðsynleg.

9. gr.

1. Aðildarríkin undirgangast að veita flóttamönnum vegabréfsáritun til ferðar yfir lönd þeirra, ef þeir hafa fengið vegabréfsáritun til ákvörðunarlandsins.
2. Synja má um slíkar vegabréfsáritanir af þeim ástæðum, sem myndu réttlæta synjun um vegabréfsáritun fyrir hvaða útlending sem væri.

10. gr.

Gjöld fyrir vegabréfsáritanir, er heimila för úr landi, komu til lands eða för yfir land, skulu eigi vera hærri en lægstu gjöld fyrir áritanir á erlend vegabréf.

11. gr.

Þegar flóttamaður hefur löglega tekið sér aðsetur í landi annars aðildarríkis, skal útgáfa nýs skírteinis samkvæmt skilmálum og skilyrðum 28. gr. hvíla á þar til bæru stjórnvaldi þess lands og er flóttamanni rétt að snúa sér til þess.

12. gr.

Stjórnvald, sem gefur út nýtt skírteini, skal taka aftur eldra skírteinið og endursenda það til útgáfulandsins, ef það er tekið fram í skírteininu að það skuli þannig endursent, ella skal það taka skírteinið og ógilda það.

13. gr.

1. Sérhvert aðildarríki undirgengst, að eigandi ferðaskírteinis, er það hefur gefið út í samræmi við 28. gr. þessa samnings, megi koma inn í land þess hvenær sem er meðan það er í gildi.
2. Að teknu tilliti til ákvæða undanfarandi töluliðs, getur aðildarríki krafizt þess að skírteinishafinn fullnægi þeim formsskilyrðum, sem tiltekin kunna að vera að því er snertir för úr landi þess eða endurkomu þangað.

admit him and if a visa is required, affix a visa on the document of which he is the holder.

Paragraph 9

1. The Contracting States undertake to issue transit visas to refugees who have obtained visas for a territory of final destination.
2. The issue of such visas may be refused on grounds which would justify refusal of a visa to any alien.

Paragraph 10

The fees for the issue of exit, entry or transit visas shall not exceed the lowest scale of charges for visas on foreign passports.

Paragraph 11

When a refugee has lawfully taken up residence in the territory of another Contracting State, the responsibility for the issue of a new document, under the terms and conditions of article 28, shall be that of the competent authority of that territory, to which the refugee shall be entitled to apply.

Paragraph 12

The authority issuing a new document shall withdraw the old document and shall return it to the contry of issue if it is stated in the document that it should be so returned; otherwise it shall withdraw and cancel the document.

Paragraph 13

1. Each Contracting State undertakes that the holder of a travel document issued by it in accordance with article 28 of this Convention shall be readmitted to its territory at any time during the period of its validity.
2. Subject to the provisions of the preceding sub-paragraph, a Contracting State may require the holder of the document to comply with such formalities as may be prescribed in regard to exit from or return to its territory.

3. Í undantekingartilfellum eða þegar flóttamanni er leyfð dvöl í ákveðinn tíma þegar skírteinið er gefið út, áskilja samningsríkin sér rétt til þess að takmarka tímann, sem flóttamanninum er heimil endurkoma, við ákveðinn tíma, er eigi sé skemmri en þrír mánuðir.

14. gr.

Að teknu tilliti einungis til ákvæða 13. gr., skulu ákvæði þessa fylgiskjals á engan hátt hafa áhrif á lög og reglugerðir, er gilda um skilyrði fyrir komu til landa aðildarríkjanna, ferðum yfir þau, aðsetri og upptöku bólfestu í þeim, svo og fyrir brottför úr þeim.

15. gr.

Hvorki útgáfa skírteinisins né komur til landsins samkvæmt því ákveða eða hafa áhrif á stöðu eiganda þess, sér í lagi að því er varðar ríkisfang.

16. gr.

Útgáfa skírteinisins veitir eiganda þess á engan hátt vernd sendiherra eða ræðismanns landsins, sem gefur það út, og veitir ekki þessum aðilum rétt til að láta slíka vernd í té.

3. The Contracting States reserve the right, in exceptional cases, or in cases where the refugee's stay is authorized for a specific period, when issuing the document, to limit the period during which the refugee may return to a period of not less than three months.

Paragraph 14

Subject only to the terms of paragraph 13, the provisions of this Schedule in no way affect the laws and regulations governing the conditions of admission to, transit through, residence and establishment in, and departure from, the territories of the Contracting States.

Paragraph 15

Neither the issue of the document nor the entries made thereon determine or affect the status of the holder, particularly as regards nationality.

Paragraph 16

The issue of the document does not in any way entitle the holder to the protection of the diplomatic or consular authorities of the country of issue, and does not confer on these authorities a right af protection.

Viðauki.

Fyrirmynd að ferðaskírteini.

Skírteinið skal vera í bæklings formi (nálægt 15 × 10 sentímetrar).

Mælt er með því, að það sé þannig prentað, að auðvelt sé að greina útstrikanir og breytingar, sem gerðar eru efnafræðilega eða á annað hátt og að orðin „Samningur frá 28. júlí 1951" séu prentuð í samfelldri endurtekningu á sérhverri síðu á tungumáli útgáfulandsins.

(Kápa bæklingsins.)

FERÐASKÍRTEINI

(Samningur frá 28. júlí 1951.)

Annex.

Special Travel Document.

The document will be in booklet form (approximately 15×10 centimetres).

It is recommended that it be so printed that any erasure or alteration by chemical or other means can be readily detected, and that the words "Convention of 28 July 1951" be printed in continuous repetition on each page, in the language of the issuing country.

(Cover of booklet.)

TRAVEL DOCUMENT

(Convention of 28 July 1951.)

Nr. .....

(1)

FERÐASKÍRTEINI

(Samningur frá 28. júlí 1951.)

Skírteini þetta gengur úr gildi .... nema gildi þess sé framlengt eða endurnýjað.

Nafn .....

Skírnarnöfn .....

Í fylgd með skírteinishafa er(u) ..... barn (börn).

1. Skírteini þetta er gefið út einungis með það fyrir augum að veita eiganda þess ferðaskírteini, sem komið geti í stað vegabréfs. Það skerðir ekki og hefur engin áhrif á ríkisborgararétt eiganda þess.
2. Eiganda er heimilt að koma aftur til ..... [hér skal nefna land þess stjórnvalds, sem gefur skírteinið út] hinn ..... eða fyrr, nema seinni dagsetning sé tiltekin hér á eftir. [Tími sá, sem eiganda er leyfð endurkoma má ekki vera skemmri en þrír mánuðir.]
3. Ef eigandi sezt að í öðru landi en því, sem gaf þetta skírteini út, verður hann, ef hann vill ferðast á ný, að sækja um nýtt skírteini til hlutaðeigandi stjórnvalda aðsetursiands síns. [Stjórnvald það, sem gefur hið nýja skírteini út, skal taka aftur hið eldra ferðaskírteini og endursenda það stjórnvaldi því, sem gaf það út.][1])

(Skírteini þetta er .. síður fyrir utan kápu.)

1) Setninguna í hornklofunum skulu ríkisstjórnir, þær sem þess óska, færa inn.

No. .....

(1)

TRAVEL DOCUMENT

(Convention of 28 July 1951.)

This document expires on .... unless its validity is extended or renewed.

Name .....

Forename(s) .....

Accompanied by ..... child (children).

1. This document is issued solely with a view to providing the holder with a travel document which can serve in lieu of a national passport. It is without prejudice to and in no way affects the holder's nationality.
2. The holder is authorized to return to .... [state here the country whose authorities are issuing the document] on or before ..... unless some later date is hereafter specified. [The period during which the holder is allowed to return must not be less than three months.]
3. Should the holder take up residence in a country other than that which issued the present document, he must, if he wishes to travel again, apply to the competent authorities of his country of residence for a new document. [The old travel document shall be withdrawn by the authority issuing the new document and returned to the authority which issued it.][1])

(This document contains .. pages, exclusive of cover.)

1) The sentence in brackets to be inserted by Governments which so desire.

(2)

Fæðingarstaður og fæðingardagur .....
.....
Staða .....
Núverandi aðsetursstaður .....
.....
*Meyjarnafn og skírnarnöfn eiginkonu
.....
*Nafn og skírnarnöfn eiginmanns .....
.....

Lýsing.

Hæð .....
Háralitur .....
Augnalitur .....
Nef .....
Andlitsfall .....
Litarháttur .....
Sérkenni .....

Börn í fylgd með skírteinishafa:

Nöfn	Skírnarnöfn	Fæðingarstaður og fæðingardagur	Kyn
.....	.....	.....	.....
.....	.....	.....	.....
.....	.....	.....	.....
.....	.....	.....	.....

*Strikið út það, sem ekki á við.

(Skírteini þetta er .. síður fyrir utan kápu.)

(2)

Place and date of birth .....
.....
Occupation .....
Present residence .....
.....
*Maiden name and forename(s) of wife
.....
*Name and forename(s) of husband ...
.....

Description.

Height .....
Hair .....
Colour of eyes .....
Nose .....
Shape of face .....
Complexion .....
Special peculiarities .....

Children accompanying holder

Name	Forename(s)	Place and date of birth	Sex
.....	.....	.....	.....
.....	.....	.....	.....
.....	.....	.....	.....
.....	.....	.....	.....

*Strike out whichever does not apply.

(This document contains .. pages, exclusive of cover.)

(3)

Mynd skírteinishafa og stimpill stjórnvalds þess, er skírteinið gefur út.
Fingraför skírteinishafa (sé þeirra krafizt).
Undirskrift skírteinishafa .....
.....

(Skírteini þetta er .. síður fyrir utan kápu.)

(3)

Photograph of holder and stamp of issuing authority.
Finger-prints of holder (if required).

Signature of holder .....
.....

(This document contains .. pages, exclusive of cover.)

(4)

1. Skírteini þetta gildir fyrir eftirtalin lönd:
.....
.....
.....
.....

(4)

1. This document is valid for the following countries:
.....
.....
.....
.....

2. Skjal það eða skjöl, sem útgáfa þessa skírteinis byggist á:

.....
.....
.....

Útgefið í .....

Dagsetning .....

Undirskrift og stimpill stjórnvalds, sem gefur skírteinið út:

Gjald greitt:

(Skírteini þetta er .. síður fyrir utan kápu.)

2. Document or documents on the basis of which the present document is issued:

.....
.....
.....

Issued at .....

Date .....

Signature and stamp of authority issuing the document:

Fee paid:

(This document contains .. pages, exclusive of cover.)

---

(5)
Framlenging eða endurnýjun.

Gjald greitt: Frá .....
Til .....

Gert í ..... Dagsetning .....

Undirskrift og stimpill stjórnvalds, sem framlengir eða endurnýjar skírteinið:

(5)
Extension or renewal of validity

Fee paid: From .....
To .....

Done at ..... Date .....

Signature and stamp of authority extending or renewing the validity of the document:

Framlenging eða endurnýjun.

Gjald greitt: Frá .....
Til .....

Gert í ..... Dagsetning .....

Undirskrift og stimpill stjórnvalds, sem framlengir eða endurnýjar skírteinið:

(Skírteini þetta er .. síður fyrir utan kápu.)

Extension or renewal of validity

Fee paid: From .....
To .....

Done at ..... Date .....

Signature and stamp of authority extending or renewing the validity of the document:

(This document contains .. pages, exclusive of cover.)

---

(6)
Framlenging eða endurnýjun.

Gjald greitt: Frá .....
Til .....

(6)
Extension or renewal of validity

Fee paid: From .....
To .....

Gert í ..... Dagsetning .....

Undirskrift og stimpill stjórnvalds, sem framlengir eða endurnýjar skírteinið:

Framlenging eða endurnýjun.

Gjald greitt: Frá .....

Til .....

Gert í ..... Dagsetning .....

Undirskrift og stimpill stjórnvalds, sem framlengir eða endurnýjar skírteinið:

(Skírteini þetta er .. síður fyrir utan kápu.)

(7—32)

Áritanir.

Nafn skírteinishafa verður að endurtaka í sérhverri áritun.

(Skírteini þetta er .. síður fyrir utan kápu.)

Done at ..... Date.....

Signature and stamp of authority extending or renewing the validity of the document:

Extension or renewal of validity

Fee paid: From .....

To .....

Done at ..... Date.....

Signature and stamp of authority extending or renewing the validity of the document:

(This document contains .. pages, exclusive of cover.)

(7—32)

Visas.

The name of the holder of the document must be repeated in each visa.

(This document contains .. pages, exclusive of cover.)

AUGLÝSING

um fullgildingu breytinga á alþjóðasamningnum um réttarstöðu flóttamanna.

Hinn 26. apríl 1968 var framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent fullgildingarskjal Íslands að viðbótarsamningi, gerðum í New York hinn 31. janúar 1967, um breytingar á samningnum um réttarstöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 (sbr. Samninga Íslands við erlend ríki I, nr. 90, bls. 586—616). Tóku breytingarnar gildi að því er Ísland snertir sama dag.

Viðbótarsamningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 7. maí 1968.

Emil Jónsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal.

PROTOCOL RELATING TO THE STATUS OF REFUGEES

The States Parties to the present Protocol,

Considering that the Convention relating to the Status of Refugees done at Geneva on 28 July 1951 (hereinafter referred to as the Convention) covers only those persons who have become refugees as a result of events occurring before 1 January 1951,

Considering that new refugee situations have arisen since the Convention was adopted and that the refugees concerned may therefore not fall within the scope of the Convention,

Considering that it is desirable that equal status should be enjoyed by all refugees covered by the definition in the Convention irrespective of the dateline 1 January 1951,

Have agreed as follows:

Article I
General Provision.

1. The States Parties to the present Protocol undertake to apply articles 2 to 34 inclusive of the Convention to refugees as hereinafter defined.
2. For the purpose of the present Protocol, the term „refugee" shall, except as regards the application of paragraph 3 of this article, mean any person within the definition of article 1 of the Convention as if the words „As a result of events occurring before 1 January 1951 and . . ." and the words „ . . . as a result of such events", in article 1 A (2) were omitted.
3. The present Protocol shall be applied by the States Parties hereto without any geographic limitation, save that existing declarations made by States already Parties to the Convention in accordance with article 1 B (1) (a) of the Convention, shall, unless extended under article 1 B (2) thereof, apply also under the present Protocol.

Article II
Co-operation of the National Authorities with the United Nations.

1. The States Parties to the present Protocol undertake to co-operate with the Office of the United Nations High Commissioner for Refugees, or any other agency of the United Nations which may succeed it, in the exercise of its functions, and shall in particular facilitate its duty of supervising the application of the provisions of the present Protocol.
2. In order to enable the Office of the High Commissioner, or any other agency of the United Nations which may succeed it, to make reports to the competent organs of the United Nations, the States Parties to the present Protocol undertake to provide them with the information and statistical data requested, in the appropriate form, concerning:
   (a) The condition of refugees;
   (b) The implementation of the present Protocol;
   (c) Laws, regulations and decrees which are, or may hereafter be, in force relating to refugees.

Article III
Information on National Legislation.

The States Parties to the present Protocol shall communicate to the Secretary-General of the United Nations the laws and regulations which they may adopt to ensure the application of the present Protocol.

Article IV
Settlement of Disputes.

Any dispute between States Parties to the present Protocol which relates to its interpretation or application and which cannot be settled by other means shall be referred to the International Court of Justice at the request of any one of the parties to the dispute.

Article V
Accession.

The present Protocol shall be open for accession on behalf of all States Parties to the Convention and of any other State Member of the United Nations or member of any of the specialized agencies or to which an invitation to accede may have been addressed by the General Assembly of the United Nations. Accession shall be effected by the deposit of an instrument of accession with the Secretary-General of the United Nations.

Article VI
Federal Clause.

In the case of a Federal or non-unitary State, the following provisions shall apply:

(a) With respect to those articles of the Convention to be applied in accordance with article I, paragraph 1, of the present Protocol that come within the legislative jurisdiction of the federal legislative authority, the obligations of the Federal Government shall to this extent be the same as those of States Parties which are not Federal States;

(b) With respect to those articles of the Convention to be applied in accordance with article I, paragraph 1, of the present Protocol that come within the legislative jurisdiction of constituent States, provinces or cantons which are not, under the constitutional system of the federation, bound to take legislative action, the Federal Government shall bring such articles with a favourable recommendation to the notice of the appropriate authorities of States, provinces or cantons at the earliest possible moment;

(c) A Federal State Party to the present Protocol shall, at the request of any other State Party hereto transmitted through the Secretary-General of the United Nations, supply a statement of the law and practice of the Federation and its constituent units in regard to any particular provision of the Convention to be applied in accordance with article I, paragraph 1, of the present Protocol, showing the extent to which effect has been given to that provision by legislative or other action.

Article VII
Reservations and Declarations.

1. At the time of accession, any State may make reservations in respect of article IV of the present Protocol and in respect of the application in accordance with article I of the present Protocol of any provisions of the Convention other than those contained in articles 1, 3, 4, 16 (1) and 33 thereof, provided that in the case of a State Party to the Convention reservations made under this article shall not extend to refugees in respect of whom the Convention applies.
2. Reservations made by States Parties to the Convention in accordance with article 42 thereof shall, unless withdrawn, be applicable in relation to their obligations under the present Protocol.
3. Any State making a reservation in accordance with paragraph 1 of this article may at any time withdraw such reservation by a communication to that effect addressed to the Secretary-General of the United Nations.
4. Declaration made under article 40, paragraphs 1 and 2, of the Convention by a State Party thereto which accedes to the present Protocol shall be deemed to apply in respect of the present Protocol, unless upon accession a notification

to the contrary is addressed by the State Party concerned to the Secretary-General of the United Nations. The provisions of article 40, paragraphs 2 and 3, and of article 44, paragraph 3, of the Convention shall be deemed to apply **mutatis mutandis** to the present Protocol.

Article VIII
Entry into Force.

1. The present Protocol shall come into force on the day of deposit of the sixth instrument of accession.
2. For each State acceding to the Protocol after the deposit of the sixth instrument of accession, the Protocol shall come into force on the date of deposit by such State of its instrument of accession.

Article IX
Denunciation.

1. Any State Party hereto may denounce this Protocol at any time by a notification addressed to the Secretary-General of the United Nations.
2. Such denunciation shall take effect for the State Party concerned one year from the date on which it is received by the Secretary-General of the United Nations.

Article X
Notifications by the Secretary-General of the United Nations.

The Secretary-General of the United Nations shall inform the States referred to in article V above of the date of entry into force, accessions, reservations and withdrawals of reservations to and denunciations of the present Protocol, and of declarations and notifications relating hereto.

Article XI
Deposit in the Archives of the Secretariat of the United Nations.

A copy of the present Protocol, of which the Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, signed by the President of the General Assembly and by the Secretary-General of the United Nations, shall be deposited in the archives of the Secretariat of the United Nations. The Secretary-General will transmit certified copies thereof to all States Members of the United Nations and to the other States referred to in article V above.

In accordance with article XI of the Protocol, we have appended our signatures this thirty-first day of January one thousand nine hundred and sixty-seven.

A. R. Pazhwak
President of the General Assembly of the United Nations.

U Thant
Secretary-General of the United Nations.

Fylgiskjal II.

Kaupmannahöfn, 22. maí 1954.

Bókun um að leysa ríkisborgara Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs, og Svíþjóðar undan skyldu til að hafa í höndum vegabréf og dvalarleyfi við dvöl í öðru norrænu landi en heimalandinu.

Protokol vedrörende fritagelse for statsborgere i Island, Danmark, Finland, Norge og Sverige for at være i besiddelse af pas og opholdstilladelse under ophold i andet nordisk land end hjemlandet.

Den danske, den finske, den norske og den svenske regering har hver for sig besluttet med virkning fra den 1. juli 1954 at fritage statsborgere i Danmark, Finland, Norge og Sverige fra pligten til at være forsynet med pas eller anden rejselegitimation ved rejse fra et af disse lande til et af de andre lande og ligeledes fra pligten til at være i besiddelse af opholdstilladelse under opholdet i andet nordisk land end hjemlandet.

Overenskomsten af 14. juli 1952 mellem Danmark, Finland, Norge og Sverige om gensidig tilbagetagelse af ulovligt indrejste udlændinge forbliver i kraft.

Om personer, der opholder sig i et andet nordisk land end hjemlandet, og som formodes at være statsborgere i et andet nordisk land, skal der direkte mellem politimyndighederne kunne udveksles oplysninger, der er nødvendige for at fastslå vedkommendes statsborgerskab og identitet.

Såfremt en af de pågældende staters regeringer skulle finde det nødvendigt at genindføre pligten til at være i besiddelse af pas og opholdstilladelse for statsborgere i et eller flere af disse lande, erklærer de pågældende staters regeringer herved, at dette ikke vil ske, uden at de øvrige staters regeringer så vidt muligt er blevet underrettet herom, og der er blevet gjort forsøg på at bilægge eventuelle uoverensstemmelser, og ligeledes at en rimelig opsigelsesfrist vil blive givet. Enhver af staternes regeringer kan dog med øjeblikkelig virkning genindføre fornævnte forpligtelser for statsborgere i en eller flere af de øvrige stater i tilfælde af krig eller fare for krig, eller såfremt lignende ekstraordinære internationale eller nationale forhold gør det påkrævet, i hvilket tilfælde de andre regeringer øjeblikkelig skal underrettes om indholdet af en sådan beslutning.

Sålænge denne protokol har gyldighed, skal protokollen af 14. juli 1952 angående pasfrihed anses for at være ude af kraft.

Denne protokol omfatter ikke Færøerne og Grønland. Den skal endvidere ikke være til hinder for, at der udfærdiges specielle bestemmelser for områder, hvor særlige sikkerheds- eller forsvarshensyn gør sig gældende.

Ved noteveksling kan den islandske regering under forudsætning af gensidighed tilslutte sig de i nærværende protokol omhandlede lettelser for statsborgere i Danmark, Finland, Norge og Sverige.

Með erindaskiptum milli Íslands og Danmerkur, dags. 11. og 20. október 1955, Íslands og Finnlands, dags. 3. og 9. nóvember 1955, Íslands og Noregs, dags. 14. nóvember 1955, og Íslands og Svíþjóðar, dags. 3. nóvember 1955, var gengið frá aðild Íslands að ofannefndu samkomulagi hinna Norðurlandanna frá 22. maí 1954. Miðaðist gildistaka aðildar Íslands við 1. desember 1955, skv. auglýsingu utanríkisráðuneytisins nr. 76, dags. 9. desember 1955.

Fylgiskjal III.

SAMNINGUR

milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um afnám vegabréfaskoðunar við landamæri milli Norðurlandanna.

Aðildarríkin,

sem álíta að það sé æskilegt að auðvelda ferðalög milli Norðurlandanna,

sem áður hafa algerlega afnumið vegabréfaskyldu fyrir ríkisborgara Norðurlandanna,

sem eru sammála um að leyfa útlendingum að ferðast beint frá einu landi til annars innan Norðurlandanna á landamærastöð, sem er viðurkennd til ferða inn í landið og til útlanda, án þess að vera háðir vegabréfaskoðun, og

sem vilja í meginatriðum stefna að því að samræma kröfur um vegabréfsáritun og vilja leitast við að koma á samræmdum venjum að því er snertir veitingu vegabréfaáritana fyrir verslunarferðir, námsferðir, skemmtiferðir og aðrar ferðir, sem taka álíka skamman tíma, hafa orðið sammála um eftirfarandi:

1. gr.

Í þessum samningi er með orðinu útlendingur átt við hvern þann, sem er ekki ríkisborgari í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

Með orðunum norræn ríki eða Norðurlöndin er í þessum samningi átt við Danmörku (að Grænlandi og Færeyjum undanteknum), Finnland, Noreg (að Svalbarða og Jan Mayen undanteknum) og Svíþjóð.

Með orðunum norræn útmörk er í þessum samningi átt við:

a) landamæri milli norræns ríkis og ríkis utan Norðurlandanna,
b) flugvöll í norrænu ríki, sem hefur reglulegar flugsamgöngur við ríki utan Norðurlandanna,
c) höfn í norrænu ríki, sem hefur reglulegar skipa- eða ferjusamgöngur við ríki utan Norðurlandanna,
d) höfn eða flugvöll í norrænu ríki, sem skip og flugvélar frá ríki utan Norðurlandanna koma óreglulega til, eða þaðan sem skip eða flugvélar fara til ríkis utan Norðurlandanna.

2. gr.

[Sérhvert aðildarríkjanna á að framkvæma vegabréfaskoðun hjá þeim sem koma inn í landið við norræn útmörk þess. Aðildarríki ákveður að hvaða marki vegabréfaskoðun skuli framkvæmd hjá þeim sem fara út úr landinu við norræn útmörk þess.

Sérhvert aðildarríkjanna á að nota skráningarspjöld (komuspjöld) sem hjálpargögn við komueftirlit með:

a) útlendigum með vegabréf sem eru áritunarskyld í einhverju aðildarríkjanna, ef þetta aðildarríki krefst skráningarspjalda,
b) útlendingum sem aðildarríki hefur í sambandi við ákvörðun um brottvísun úr landi tilkynnt bann við endurkomu til þess ríkis án sérstaks leyfis.][1]

[1] 1. gr. samkomulags frá 27. júlí 1979.

3. gr.

[Það ríki sem komið er til skal geyma komuspjaldið. Hafi útlendingurinn fengið vegabréfsáritun til annars norræns ríkis, skal senda því ríki afrit af spjaldinu.][1]

[1]2. gr. samkomulags frá 27. júlí 1979.

4. gr.

Vilji eitthvert aðildarríkjanna afnema eða koma á áritunarskyldu á vegabréf gagnvart ríki utan Norðurlandanna eða gera aðrar verulegar breytingar á samkomulagi sínu um áritanir við ríki utan Norðurlandanna, skal hið fyrrnefnda ríki fyrirfram tilkynna aðildarríkjunum um hinar fyrirhuguðu ráðstafanir, svo framarlega sem ekki eru brýnar ástæður fyrir hendi, sem gera það nauðsynlegt að framkvæma þessar ráðstafanir strax. Ef svo stendur á, skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um framkvæmd þessara ráðstafana eins fljótt og auðið er, þegar þeim er lokið.

Það, sem sagt er í 1. málsgrein, á einnig við um setningu annarra almennra ákvæða um komu og brottför útlendinga og dvöl í hlutaðeigandi ríki.

5. gr.

Sérhvert aðildarríkjanna skal krefjast þess, að útlendingur, sem ber vegabréf, sem ekki er áritunarskylt, og óskar að dveljast í hlutaðeigandi ríki lengur en 3 mánuði, eftir að hann er kominn inn í norrænt ríki frá ríki utan Norðurlandanna, skuli sækja um dvalarleyfi í því norræna ríki, sem hann dvelst í, þegar þriggja mánaða tímabilið rennur út.

Hafi útlendingur fengið dvalarleyfi í norrænu ríki, gildir leyfið aðeins fyrir dvöl í því ríki. Innan þess tímabils, sem dvalarleyfið gildir fyrir, skulu hin aðildarríkin, þar sem útlendingurinn er ekki skyldur til að útvega sér áritun á vegabréf sitt, leyfa honum að dvelja í landinu í 3 mánuði án dvalarleyfis. Þetta á ekki við, ef útlendingurinn ætlar að dvelja í ríkinu lengri tíma en þessa 3 mánuði eða hyggst leita eftir atvinnu eða taka við starfi eða reka sjálfstæðan atvinnurekstur þar, svo framarlega sem þess er krafist samkvæmt löggjöf hlutaðeigandi ríkis að sækja skuli um dvalarleyfi fyrr en við lok þriggja mánaða tímabilsins.

Þegar beitt er ákvæðum í 1. málsgrein, skal telja það tímabil, sem dvalarleyfis er ekki krafist fyrir, frá og með komudegi, þó skal, ef útlendingurinn hefur, áður en hann kom síðast inn í landið, dvalist í norrænu ríki, draga frá því tímabili, sem hann má dvelja þar án dvalarleyfis, það tímabil, sem útlendingurinn hefur dvalist í norrænu ríki á síðustu 6 mánuðum, áður en hann síðast kom til landsins.

Þegar beitt er ákvæðum í 2. málsgrein, skal telja það tímabil, sem dvalarleyfis er ekki krafist fyrir, frá og með komudegi í hlutaðeigandi ríki, þó skal, ef útlendingurinn hefur, áður en hann síðast kom til landsins, dvalist áður í þessu landi, draga frá því tímabili, sem hann má dvelja þar án dvalarleyfis, það tímabil, sem útlendingurinn hefur dvalist í þessu landi á síðustu 6 mánuðum, áður en hann síðast kom til landsins.

6. gr.

Aðildarríkin eiga að vísa burt við hin norrænu útmörk sín sérhverjum útlending,

a) sem ekki hefur í höndum gilt vegabréf eða annað ferðaskírteini, sem hlutaðeigandi yfirvöld í aðildarríkjunum geta viðurkennt, sem gilt vegabréf,
b) sem hvorki hefur nauðsynlegt leyfi til að fara inn í hlutaðeigandi ríki eða vinna þar, né slík leyfi í hinu eða hinum norrænu ríkjunum, sem útlendingurinn ætlar að ferðast til,
c) sem álíta verður, að hvorki hafi nauðsynlegt fé til að dvelja í þessu ríki né þeim öðrum aðildarríkjanna, þar sem hann ætlar að dveljast, ásamt fé til heimferðarinnar,
d) sem álíta verður, að ekki muni vinna fyrir sér á heiðarlegan hátt,

e) sem áður hefur verið dæmdur til fangelsisvistar, og gera má ráð fyrir að muni fremja hegningarverðan verknað í norrænu ríki, eða sem vegna fyrri athafna sinna eða af öðrum ástæðum má búast við að muni fremja skemmdarverk, stunda njósnir eða óleyfilegt fréttastarf í einhverju aðildarríkjanna,
f) sem í einhverju aðildarríkjanna er færður á skrá yfir útlendinga, sem vísað hefur verið úr landi.

Að öðru leyti er hægt að hafna hvaða útlendingi sem er, þegar af öðrum ástæðum á ekki að veita honum leyfi til að koma inn í eitt eða fleiri af aðildarríkjunum.

Ákvæðin í bókstafsliðunum b) – f) eiga ekki við um útlending, sem ætlar að ferðast til eins af aðildarríkjunum, sem hann hefur leyfi til að ferðast til, eða þar sem hann hefur dvalarleyfi, sem gefur honum heimild til að koma inn í það land.

7. gr.

[Ákvæði 2. og 6. gr. eiga ekki við um útlendinga sem koma frá ríki utan Norðurlanda sem einn af áhöfn skips. Þó skal útlendingur sem kemur frá ríki utan Norðurlanda sem einn af áhöfn skips og er afskráður í norrænu ríki sæta komueftirliti samkvæmt ákvæðum 2. og 6. gr.][1]

Hvert um sig af aðildarríkjunum á rétt á því að ákveða, að maður af áhöfn skips megi án sérstaks leyfis dvelja í landi, meðan skipið dvelur í höfn vanalegan tíma.

Ákvæði þessarar greinar eiga á sama hátt við um fólk, sem tilheyrir útlendri áhöfn flugvélar.

[1]3. gr. samkomulags frá 27. júlí 1979.

8. gr.

[Aðildarríki skal heimilt að framkvæma úrtaksskoðun við landamæri sín og annars norræns ríkis. Aðildarríki getur auk þess einnig framkvæmt vegabréfaskoðun við landamæri sín og annars norræns ríkis, þegar það er talið nauðsynlegt til að koma í veg fyrir veruleg brögð að því að menn fari með ólöglegum hætti inn í ríkið vegna mismunar á áritunarskyldu aðildarríkjanna. Ákvörðun um þess háttar eftirlit má hverju sinni gilda í sex mánuði hið lengsta.

Framkvæmi aðildarríki vegabréfaskoðun samkvæmt 1. málsgr. má gera útlendingi það skylt að sýna vegabréf sitt og láta í té þær upplýsingar sem óskað er eftir.

Nú tekur aðildarríki ákvörðun um að framkvæma vegabréfaskoðun við landamæri sín og annars norræns ríkis samkvæmt 2. og 3. málslið 1. málsgr. og fellur þá niður skylda hins norræna ríkissins samkvæmt 10. gr. til að taka aftur við þeim, sem hafa komið inn í landið á slíku tímabili.

Sérhvert aðildarríkjanna getur við landamæri sín og annars aðildarríkis vísað frá sérhverjum útlendingi sem ekki hefur leyfi til að fara inn í hlutaðeigandi ríki.][1]

[1]4. gr. samkomulags frá 27. júlí 1979.

9. gr.

Aðildarríki má ekki leyfa útlendingi, sem annað aðildarríki hefur vísað úr landi, að koma inn í landið án sérstaks leyfis. Slíks leyfis er þó ekki krafist, ef aðildarríkið vill senda útlending, sem það hefur vísað úr landi, gegnum yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

Hafi útlendingur, sem vísað hefur verið úr landi í einu Norðurlandanna, dvalarleyfi í einhverju af hinum Norðurlöndunum, er síðarnefnda landið skyldugt til að taka við útlendingnum, ef þess er óskað.

10. gr.

Sérhvert aðildarríkjanna skuldbindur sig til að taka aftur við útlendingi, sem í samræmi við 6. grein, bókstafsliðina a) og b), að því er snertir leyfi til að koma inn í landið, eða samkvæmt bókstafslið f) hefði átt að vera hafnað af hlutaðeigandi ríki við útmörk þess, og sem án leyfis hefur ferðast frá þessu ríki til annars norræns ríkis.

Sömuleiðis skuldbindur sérhvert aðildarríkjanna sig til þess að taka aftur við útlendingi, sem án fullgilds vegabréfs og án sérstaks leyfis, þar sem þess er krafist, hefur ferðast beint frá hlutaðeigandi ríki til annars norræns ríkis.

[Reglur þær sem gefnar eru í 1. og 2. málsgr. eiga ekki við um útlending, sem dvalist hefur í því ríki, sem krefst endursendingar, í að minnsta kosti 6 mánuði talið frá þeim tíma, þegar hann með ólöglegum hætti kom inn í ríkið, eða sem eftir að hafa komið með ólöglegum hætti inn í ríkið, hefur fengið dvalar- og eða atvinnuleyfi þar. Skylda til að taka aftur við manni er háð því skilyrði, að tilmæli þar um hafið verið borin fram innan eins mánaðar eftir að yfirvöldum varð kunnugt um dvöl útlendingsins í ríkinu.][1]

[1]5. gr. samkomulags frá 27. júlí 1979.

11. gr.

[Að ósk aðildarríkis er hinum aðildarríkjunum skylt að framkvæma eftirgrennslan eftir útlendingi. Eftirgrennslan skal gerð án tafar þegar tilmæli um hana berast. Tilmæli um eftirgrennslan skulu hafa að geyma eins fullkomnar upplýsingar um útlendinginn og unnt er.

Í tilkynningu um að útlendingur óskist færður á eða felldur af skrám hinna aðildarríkjanna um útlendinga, sem vísað hefur verið úr landi, skal eftir því sem unnt er að greina í stuttu máli ástæðuna til þess.][1]

[1]6. gr. samkomulags frá 27. júlí 1979.

12. gr.

Það, sem í þessum samningi er tilgreint um útlendinga, sem vísað hefur verið úr landi, á einnig við um útlendinga, sem samkvæmt finnskum eða sænskum lögum „förvisats“ eða „förpassats“ og hefur verið bannað að koma aftur án sérstaks leyfis.

13. gr.

Í þeim tilgangi að samræma eftirlitið með útlendingum í aðildarríkjunum og að öðru leyti bera fram og ræða atriði, sem snerta hið sameiginlega vegabréfaeftirlitssvæði á Norðurlöndunum, skal skipa samvinnunefnd (Det nordiske udlændingsudvalg). Í nefndinni skal eiga sæti einn fulltrúi fyrir hvert aðildarríkjanna. Fulltrúarnir geta kvatt sérfróða menn sér til aðstoðar, ef nauðsyn krefur.

14. gr.

Að undangengnum samningum getur ríkisstjórn Íslands gerst aðili að þessum samningi. Að undangegnum samningum má einnig bæta því ákvæði við þennan samning, að hann nái til Færeyja og Grænlands.

15. gr.

Samninginn skal fullgilda og koma fullgildingarskjölunum fyrir í Kaupmannahöfn til geymslu.

Samningurinn öðlast gildi strax og öllum fullgildingarskjölum hefur verið komið fyrir til geymslu, þó ekki fyrr en 1. janúar 1958.

Sérhvert aðildarríkjanna getur sagt samningnum upp með 6 mánaða fyrirvara.

Sérhvert aðildarríkjanna getur fyrirvaralaust fellt samninginn úr gildi, að því er snertir eitt eða fleiri af hinum ríkjunum, þegar stríð kemur eða hætta er á stríði, eða ef sérstakar aðstæður aðrar, annaðhvort í því ríki sjálfu eða erlendis, gera þetta nauðsynlegt. Þegar svo stendur á, skal tafarlaust tilkynna ríkisstjórnum hinna ríkjanna um þær ráðstafanir, sem hafa verið gerðar.

Til staðfestingar á ofanrituðu hafa fulltrúar hlutaðeigandi ríkja undirskrifað samninginn og sett innsigli sitt undir.

Gert í Kaupmannahöfn 12. júlí 1957 í eintaki á dönsku, finnsku, norsku og sænsku og skal danska utanríkisráðuneytið fá ríkisstjórnum hinna aðildarríkjanna staðfest afrit.

VIÐBÓTARBÓKUN

við samning frá 12. júlí 1957 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um afnám vegabréfaskoðunar við sameiginleg landamæri Norðurlanda.

Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð, sem hinn 12. júlí 1957, gerðu með sér samning um afnám vegabréfaskoðunar við hin sameiginlegu landamæri Norðurlanda, hafa orðið ásátt um eftirfarandi viðbót við samninginn:

1. gr.

Leiðbeiningar þær fyrir vegabréfaskoðunarmenn, er skráð eru í fylgiskjali 1 með samningnum, skal nota á samsvarandi hátt í þeim tilvikum, er nafnskírteini eru tekin gild sem vegabréf, þó þannig, að sleppa má komu- og brottfararstimplun.

2. gr.

Leiðbeiningareglur þær um brottvísun útlendinga við ytri landamæri Norðurlandanna, er skráðar eru í 6. grein samningsins, skal nota á samsvarandi hátt, þegar spurning rís um að fjarlægja útlending af yfirráðasvæði einhvers samningsríkjanna innan þess tíma, er ekki er krafist dvalarleyfis.

3. gr.

Viðbótarbókun þessi gengur í gildi hinn 1. júní 1963.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, er hafa til þess umboð, undirritað bókun þessa.

Gert í Kaupmannahöfn hinn 20. maí 1963 í einu eintaki á dönsku, finnsku, norsku og sænsku.

Eintak þetta er geymt í danska utanríkisráðuneytinu.

Staðfest eftirrit af viðbótarbókun þessari, skal sent hinum aðilunum frá danska utanríkisráðuneytinu.

SAMKOMULAG

milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um viðauka við samkomulag sömu ríkja frá 12. júlí 1957 um afnám vegabréfaeftirlits við landamæri milli Norðurlandanna.

Samningaríkin hafa orðið sammála um eftirfarandi viðauka við samkomulag milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 12. júlí 1957 um afnám vegabréfaeftirlits við landamæri milli Norðurlandanna (hér á eftir nefnt vegabréfaeftirlitssamningurinn), sem Ísland gerðist aðili að 24. september 1965.

1. gr.

Að því leyti sem það er nauðsynlegt til að fullnægja skuldbindingum, sem 1. júlí 1973 hvíla á samningsríki gagnvart ríki, sem ekki er aðili að samningnum, getur samningsríkið gert eftirfarandi frávik frá vegabréfaeftirlitssamningnum:

a) Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. 5. gr. getur samningsríki fallið frá kröfu um dvalarleyfi fyrir sérstaka flokka vinnuþega.
b) Þrátt fyrir ákvæði 3. málsgr. 5. gr. getur samningsríki við útreikning á því tímabili, sem dvalarleyfis er ekki krafist fyrir, látið hjá líða að draga frá tíma vegna fyrri dvalar í samningsríki.
c) Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. getur samningsríki látið hjá líða að vísa útlendingi frá, enda mundi ákvörðun um frávísun hans ekki reist á tilliti til allsherjarreglu, öryggis eða heilbrigðis í því samningsríki.

   Nú hefur ríki samkvæmt undanþáguákvæði þessu látið hjá líða að vísa útlendingi frá, og er það þá samt, með þeirri takmörkun, sem greinir í 3. málsgr. 10. gr., skuldbundið til að taka aftur við útlendingnum, ef hann er kominn inn í annað samningsríki. Sama gildir, ef samningsríki til að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart ríki, sem ekki er aðili að samningnum, hefur ekki vísað frá útlendingi, sem síðar er kominn inn í annað samningsríki án þess að hafa tilskilið vinnuleyfi þar.
d) Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. 9. gr. getur samningsríki leyft útlendingi, sem annað samningsríki hefur vísað úr landi, að koma inn í landið án sérstaks leyfis, ef láta má hjá líða að vísa honum frá samkvæmt ákvæðum í staflið c).

2. gr.

Nú er á sviði samstarfs samningsríkis við ríki, sem ekki er aðili að samningnum, lögð fram tillaga um ákvæði, sem ekki samrýmast vegabréfaeftirlitssamningnum og samkomulagi þessu, og skulu þá, eftir að hinum samningsríkjunum hefur samkvæmt 2. málsgr. 4. gr. vegabréfaeftirlitssamningsins verið tilkynnt um tillöguna, eftir kröfu samningsríkis, fara fram viðræður milli samningsríkjanna. Viðræðurnar skulu fara fram áður en ákvörðun er tekin um tillöguna, nema brýnar ástæður geri það nauðsynlegt að taka slíka ákvörðun strax. Í síðast nefndu tilviki skulu viðræður fara fram svo fljótt sem unnt er eftir að ákvörðun er tekin.

Í viðræðunum skulu samningsríkin leitast við að skýra, hver áhrif hin nýju ákvæði muni hafa á hið norræna samstarf um vegabréfaeftrilit, og íhuga, hverjar breytingar muni þurfa að gera á vegabréfaeftirlitssamningnum eða á samkomulagi þessu.

Samkomulag þetta skal fullgilda og fullgildinarskjölunum skal komið fyrir til geymslu í Kaupmannahöfn.

Samkomulagið öðlast gildi 1. júlí 1973. Það helst í gildi að því er varðar samningsríki á meðan vegabréfaeftirlitssamningurinn er í gildi að því er varðar það ríki.

Samkomulagið skal geyma í danska utanríkisráðuneytinu, og staðfest eftririt af því skal láta ríkisstjórnum hinna samningsríkjanna í té.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar samningsríkjanna undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Kaupmannahöfn hinn 2. apríl 1973 í einu eintaki á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku.

SAMKOMULAG

milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um viðauka við norræna vegabréfaskoðunarsamninginn frá 12. júlí 1957 sem breytt var með samkomulagi frá 27. júlí 1979 og með viðaukasamkomulagi frá 2. apríl 1973.

Samningsríkin,

sem með samkomulagi frá 12. júlí 1957 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hafa afnumið vegabréfaskoðun við samnorrænu landamærin (hér á eftir nefnt vegabréfaskoðunarsamningurinn), sem Ísland gerðist aðili að 24. september 1965, og sem breytt var með samkomulagi frá 27. júlí 1979 og samkomulagi frá 2. apríl 1973 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um viðauka við vegabréfaskoðunarsamninginn frá 12. júlí 1957,

sem samkvæmt bókun um samþættingu Schengen-gerðanna innan Evrópusambandsins við Amsterdam-sáttmálann, sem undirrituð var 2. október 1997, eiga að taka upp nánara samstarf innan ramma Evrópusambandsins eða sem 18. maí 1999 undirrituðu samning um þátttöku í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna við Evrópusambandið,

sem telja að þörf sé á að kveða nánar á um beitingu einstakra ákvæða í vegabréfaskoðunarsamningnum með hliðsjón af þátttöku Norðurlandanna í Schengen-samstarfinu,

hafa orðið sammála um eftirfarandi viðauka við vegabréfaskoðunarsamninginn:

1. gr.

Við vegabréfaskoðunarsamninginn skulu ennfremur gilda eftirfarandi skilgreiningar:

Skilgreiningar:

Schengen-ríki	*Ríki, sem samkvæmt bókun um samþættingu Schengen-gerðanna innan Evrópusambandsins á að taka upp nánara samstarf innan Evrópusambandsins eða sem gerst hefur aðili að samningnum um Schengen-samstarf, sem undirritaður var 18. maí 1999 við Evrópusambandið, og sem tekur þátt í hinu raunverulega samstarfi innan Schengen.*
Schengen-ríki sem ekki er norrænt	*Schengen-ríki, annað en Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð.*
Schengen-upplýsingakerfið (SIS)	*Sameiginlega upplýsingakerfið sem komið var á fót samkvæmt samningnum frá 19. júní 1990 um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985.*
Útlendingur	*Maður sem hvorki er ríkisborgari í einhverju aðildarríkja Evrópubandalaganna né á Íslandi eða í Noregi.*

2. gr.

Að því leyti sem það er nauðsynlegt til að fullnægja skuldbindingum sem hvíla á samningsríkjunum samkvæmt Schengen-samningnum gilda eftirfarandi frávik frá vegabréfaskoðunarsamningnum:

a) Ákvæði vegabréfaskoðunarsamningsins um vegabréfaskoðun eiga ekki við, ef norræn útmörk eru landamæri að Schengen-ríki sem ekki er norrænt.
b) Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. (3. mgr. í norska textanum) 2. gr. og 3. gr. getur samningsríki látið hjá líða að nota komuspjöld.
c) Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. getur samningsríki leyft útlendingi, sem hefur dvalarleyfi í eða vegabréfsáritun til annars samningsríkis eða Schengen-ríkis sem ekki er norrænt, að ferðast inn á svæði samningsríkisins án sérstaks leyfis í því skyni að halda för áfram til útgáfulandsins.
d) Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. getur samningsríki við útreikning á því tímabili, sem dvalarleyfis er ekki krafist fyrir, talið það sem eitt dvalartímabil, ef hvorki lengd samfelldrar dvalar né heildarlengd fleiri dvalartímabila sem koma hvert á eftir öðru fer fram úr 3 mánuðum á 6 mánaða skeiði, talið frá fyrsta komudegi til samningsríkis eða Schengen-ríkis sem ekki er norrænt.
e) Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 5. gr. má leyfa útlendingi, sem hefur dvalarleyfi í samningsríki eða í Schengen-ríki sem ekki er norrænt, innan þess tímabils sem dvalarleyfið gildir, að dvelja á landssvæði hinna samningsríkjanna í allt að 3 mánuði.
f) Þrátt fyrir ákvæði f-liðar 1. mgr. 6. gr. getur samningsríki því aðeins vísað burt útlendingi, sem færður er á skrá annars samningsríkis yfir útlendinga sem vísað hefur verið úr landi, að útlendingurinn hafi jafnframt verið tilkynntur sem óæskilegur í Schengen-upplýsingakerfinu.
g) Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 6. gr. skal ekki vísa burt samkvæmt a-lið 1. mgr. 6. gr.
h) Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 6. gr. getur samningsríki þó vísað burt útlendingi, ef útlendingurinn er færður á skrá samningsríkisins yfir útlendinga sem vísað hefur verið úr landi.
i) Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 8. gr. getur samningsríki einungis tímabundið framkvæmt vegabréfaskoðun við innri norræn landamæri, þegar tillit til allsherjarreglu eða þjóðaröryggis krefst þess, sbr. 2. mgr. 2. gr. Schengen-samningsins.
j) Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 9. gr. getur samningsríki því aðeins meinað útlendingi, sem annað samningsríki hefur vísað úr landi, að koma án sérstaks leyfis, að útlendingurinn hafi verið tilkynntur sem óæskilegur í Schengen-upplýsingakerfinu.
k) 11. gr. fellur brott.
l) Ákvæði vegabréfaskoðunarsamningsins ber að túlka í samræmi við viðeigandi reglur sem settar hafa verið á grundvelli Schengen-samningsins og frekari þróun þeirra.

3. gr.

Nú er innan ramma þátttöku samningsríkjanna í Schengen-samstarfinu lögð fram tillaga um ákvæði sem ekki samrýmast vegabréfaskoðunarsamningnum, og skulu þá eftir kröfu eins samningsríkis fara fram viðræður milli samningsríkjanna. Viðræður skulu fara fram áður en ákvörðun er tekin um tillöguna, nema brýnar ástæður geri það nauðsynlegt að taka slíka ákvörðun strax. Í síðast nefndu tilviki skulu viðræðurnar fara fram svo fljótt sem unnt er eftir að ákvörðunin er tekin.

Í viðræðunum skulu samningsríkin leitast við að skýra hver áhrif hin nýju ákvæði muni hafa á hið norræna samstarf um vegabréfaskoðun og íhuga hverjar breytingar muni þurfa að gera á vegabréfaskoðunarsamningnum.

4. gr.

Samkomulag þetta öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag þegar öll samningsríki hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu um staðfestingu þeirra á samkomulaginu. Samkomulagið getur þó í fyrsta falli öðlast gildi frá þeim degi sem ráð Evrópusambandsins hefur tekið ákvörðun um hina raunverulegu framkvæmd Schengen-samstarfsins á Norðurlöndunum.

Danska utanríkisráðuneytið tilkynnir hinum samningsríkjunum um móttöku þessara tilkynninga og um það hvenær samkomulagið öðlast gildi.

5. gr.

Samkomulagið heldur gildi fyrir samningsríki meðan vegabréfaskoðunar-samningurinn er í gildi fyrir viðkomandi ríki.

6. gr.

Samkomulagið skal geyma í danska utanríkisráðuneytinu, og staðfest afrit þess skulu látin ríkisstjórnum hinna samningsríkjanna í té.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar samningsríkjanna undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Kaupmannahöfn 18. september 2000 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og eru allir textarnir jafngildir.

Fylgiskjal IV.

Úr samningi um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985.

II. BÁLKUR

Afnám eftirlits á innri landamærum og för fólks

1. KAFLI

Farið yfir innri landamæri

2. gr.

1. Fara má yfir innri landamærin hvar sem er án þess að persónueftirliti sé framfylgt.

2. Þegar allsherjarregla eða þjóðaröryggi krefst þess getur samningsaðili þó ákveðið, að höfðu samráði við aðra samningsaðila, að taka tímabundið upp landamæraeftirlit á innri landamærum í samræmi við tilefni. Ef allsherjarregla eða þjóðaröryggi krefst þess að brugðist verði við án tafar skal viðkomandi samningsaðili grípa til nauðsynlegra ráðstafana og tilkynna hinum samningsaðilunum um þær eins fljótt og unnt er.

3. Afnám persónueftirlits á innri landamærum skal hvorki hafa áhrif á beitingu ákvæða 22. gr. né framkvæmd lögregluvalds þar til bærra yfirvalda samkvæmt löggjöf hvers samningsaðila, á gervöllu yfirráðasvæði hans né þær skyldur, sem kveðið er á um í löggjöf hans, til að eiga, hafa meðferðis og framvísa leyfum og skilríkjum.

4. Eftirliti með vörum skal framfylgt í samræmi við viðeigandi ákvæði þessa samnings.[1]

---

[1]Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir ákvæðið ekki fyrir Ísland og Noreg.

2. KAFLI
Farið yfir ytri landamæri

3. gr.

1. Meginreglan er sú að aðeins má fara yfir ytri landamærin á landamærastöðvum og á ákveðnum afgreiðslutímum. Framkvæmdanefndin setur frekari ákvæði um þetta og einnig um undantekningar og reglur um staðbundna landamæraumferð, svo og reglur um sérstaka flokka skipasiglinga eins og skemmtisiglingar og strandveiðar.

2. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að taka upp viðurlög við því að fara í heimildarleysi yfir ytri landamærin utan landamærastöðvanna eða utan ákveðins afgreiðslutíma.

4. gr.[2]

1. Samningsaðilarnir skulu tryggja að frá og með árinu 1993 þurfi farþegar, sem koma með flugi frá þriðja ríki, að sæta persónueftirliti og eftirliti með handfarangri við komu í flughöfn úr flugi frá viðkomandi þriðja ríki áður en þeir skipta yfir í innansvæðisflug. Farþegar, sem koma með innansvæðisflugi og skipta yfir í flug til þriðja ríkis, sæta persónueftirliti og eftirliti með handfarangri við brottför úr flughöfn þaðan sem flogið er til viðkomandi þriðja ríkis.

2. Samningsaðilarnir skulu grípa til nauðsynlegra ráðstafana til þess að eftirliti sé framfylgt í samræmi við ákvæði 1. mgr.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. hafa ekki áhrif á eftirlit með skráðum farangri; það fer annaðhvort fram í þeirri flughöfn, sem er lokaákvörðunarstaður, eða þeirri sem er upprunalegur brottfararstaður.

4. Fram að þeim tíma, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal litið á flughafnir fyrir innansvæðisflug sem ytri landamæri þrátt fyrir skilgreininguna á innri landamærum.

5. gr.

1. Útlendingur getur fengið leyfi til að koma inn og dvelja í allt að þrjá mánuði á yfirráðasvæði samningsaðilanna ef hann uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a. hann þarf að hafa ein eða fleiri gild skilríki samkvæmt ákvörðun framkvæmdanefndarinnar sem veita heimild til að fara yfir landamærin;
b. hann þarf að hafa gilda vegabréfsáritun ef þess er krafist;
c. honum ber eftir atvikum að framvísa skjölum til staðfestingar á tilgangi dvalar og aðstæðum, meðan á dvölinni stendur, og að hann geti séð fyrir sér, meðan á fyrirhugaðri dvöl stendur, og greitt fyrir ferð til baka til upprunalandsins eða í gegnum þriðja ríki þar sem honum hefur verið tryggður aðgangur eða sýna fram á að hann sé í aðstöðu til að sjá fyrir sér á löglegan hátt;
d. hann má ekki vera á skrá yfir þá sem synja á um komu;
e. hann má ekki teljast geta verið ógnun við allsherjarreglu, þjóðaröryggi eða alþjóðasamskipti neins samningsaðilanna.

2. Útlendingi, sem uppfyllir ekki öll framangreind skilyrði, skal synja um komu inn á yfirráðasvæði samningsaðilanna, nema samningsaðili telji nauðsynlegt að víkja frá þessari meginreglu af mannúðarástæðum, vegna þjóðarhagsmuna eða alþjóðlegra skuldbindinga. Í þeim tilvikum verður aðgangur takmarkaður við yfirráðasvæði viðkomandi samningsaðila og skal hinum samningsaðilunum tilkynnt um þetta.

---

[2]Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir ákvæðið ekki fyrir Ísland og Noreg, að því er tekur til eftirlits með farangri.

Þessar reglur hafa ekki áhrif á beitingu sérstakra ákvæða um rétt til hælis eða þeirra ákvæða sem mælt er fyrir um í 18. gr.

3. Útlendingi, sem hefur dvalarleyfi eða vegabréfsáritun fyrir ferð til baka, sem einn samningsaðilanna hefur gefið út, eða hvor tveggja skilríkin ef þess er krafist, skal heimilað að fara í gegn, nema hann sé á landsskrá yfir þá sem synja á um komu hjá þeim samningsaðila þar sem hann óskar að koma yfir ytri landamærin.

6. gr.

1. Ferðir yfir ytri landamærin skulu vera undir eftirliti þar til bærra yfirvalda. Því skal framfylgt eftir samræmdum meginreglum, innan valdsviðs hvers ríkis og í samræmi við innlenda löggjöf og með tilliti til hagsmuna allra samningsaðilanna á yfirráðasvæðum þeirra.

2. Hinar samræmdu meginreglur, sem um getur í 1. mgr., eru:

a) Til þess að önnur skilyrði fyrir komu, dvöl, vinnu og brottför séu uppfyllt skal persónueftirlit ekki aðeins taka til sannprófunar ferðaskilríkja heldur einnig til rannsóknar á og varna gegn ógnunum við þjóðaröryggi og allsherjarreglu samningsaðilanna. Eftirlitið skal einnig taka til ökutækja fólks, sem fer yfir landamærin, og þeirra hluta sem það hefur meðferðis. Eftirlitinu skal framfylgt í samræmi við innlenda löggjöf hvers samningsaðila, sérstaklega þau ákvæði sem varða leit.

b) Allir skulu að minnsta kosti einu sinni sæta eftirliti sem gerir kleift að staðfesta hverjir þeir eru á grundvelli ferðaskilríkja sem þeir framvísa.

c) Útlendingar skulu sæta ítarlegu eftirliti við komu samkvæmt a- lið.

d) Við brottför skal því eftirliti framfylgt sem er nauðsynlegt til að tryggja hagsmuni allra samningsaðilanna samkvæmt lögum um útlendinga og er tilgangurinn með því rannsókn á og varnir gegn ógnunum við þjóðaröryggi og allsherjarreglu samningsaðilanna. Allir útlendingar skulu sæta slíku eftirliti.

e) Ef ekki er hægt að framfylgja slíku eftirliti af sérstökum ástæðum verður að raða í forgangsröð. Þá gildir sú meginregla að eftirlit við komu hefur forgang fram yfir eftirlit við brottför.

3. Þar til bær yfirvöld skulu halda uppi eftirliti með færanlegum einingum á ytri landamærunum á milli landamærastöðva; hið sama skal gilda um landamærastöðvar utan venjulegs afgreiðslutíma. Þetta eftirlit skal fara þannig fram að það hvetji ekki fólk til þess að komast hjá eftirliti á landamærastöðvunum. Framkvæmdanefndin kveður nánar á um tilhögun eftirlitsins ef svo ber undir.

4. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að hafa yfir að ráða nægilegum fjölda hæfra starfsmanna til að sinna eftirliti á ytri landamærunum.

5. Halda skal uppi sams konar eftirliti alls staðar á ytri landamærunum.

7. gr.

Samningsaðilarnir skulu aðstoða hver annan og hafa nána og stöðuga samvinnu við að halda uppi öflugu eftirliti. Þeir skulu einkum skiptast á öllum mikilvægum upplýsingum sem máli skipta, að undanskildum upplýsingum um nafngreinda einstaklinga, nema þessi samningur kveði á um annað, og á sama hátt skulu þeir samræma, eftir því sem unnt er, fyrirmæli til þeirra yfirvalda sem sinna eftirliti auk þess að stuðla að því að þjálfun eftirlitsmanna, þar með talin framhaldsþjálfun, verði samræmd. Slík samvinna getur falist í gagnkvæmum skiptum á tengifulltrúum.

8. gr.

Framkvæmdanefndin skal taka nauðsynlegar ákvarðanir um einstök hagnýt atriði er varða framkvæmd eftirlits á landamærunum.

3. KAFLI
Vegabréfsáritanir

1. þáttur
Vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar

9. gr.

1. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til þess að fylgja sameiginlegri stefnu í því sem varðar för fólks, sérstaklega með tilliti til reglna um vegabréfsáritanir. Með þetta í huga skulu þeir veita hver öðrum gagnkvæma aðstoð. Samningsaðilarnir skuldbinda sig einhuga til að samræma enn frekar stefnuna í málum sem varða vegabréfsáritanir.

2. Sameiginlegum reglum samningsaðilanna um vegabréfsáritanir fyrir ríkisborgara frá þriðju ríkjum, sem gilda við undirritun þessa samnings eða verða teknar upp síðar, verður aðeins breytt með samþykki allra samningsaðilanna. Í undantekningartilvikum getur samningsaðili vikið frá sameiginlegum reglum um vegabréfsáritanir gagnvart þriðja ríki þegar brýn þörf er á skjótri ákvörðun með tilliti til innlendrar stefnu þess aðila. Sá aðili skal hafa samráð við hina samningsaðilana fyrir fram og taka tillit til hagsmuna þeirra þegar ákvörðun er tekin og taka tillit til þeirra afleiðinga sem hún hefur í för með sér.

10. gr.

1. Taka skal upp samræmda vegabréfsáritun sem gildir á yfirráðasvæði allra samningsaðilanna. Þessa vegabréfsáritun má gefa út til dvalar í allt að þrjá mánuði; sjá þó nánar ákvæði 11. gr. um gildistíma.

2. Þangað til vegabréfsáritun af þessu tagi hefur verið tekin upp skulu samningsaðilarnir viðurkenna vegabréfsáritanir hinna landanna svo framarlega sem þær eru gefnar út á grundvelli sameiginlegra skilyrða og viðmiðana samkvæmt viðkomandi ákvæðum þessa kafla.[3]

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. áskilur hver samningsaðili sér rétt til að takmarka gildissvæði vegabréfsáritunarinnar á grundvelli sameiginlegs fyrirkomulags samkvæmt viðkomandi ákvæðum þessa kafla.

11. gr.

1. Vegabréfsáritunin, sem kveðið er á um í 10. gr., getur verið:

a) vegabréfsáritun sem gildir fyrir eina eða fleiri komur inn á svæðið, en hvorki samfelldur né samanlagður dvalartími nokkurra heimsókna í röð má vera lengri en þrír mánuðir á hálfs árs tímabili miðað við þann dag sem fyrst er komið inn á svæðið;

b) vegabréfsáritun vegna gegnumferðar sem veitir handhafa heimild til þess að fara einu sinni, tvisvar eða oftar í undantekningartilvikum um yfirráðasvæði samningsaðilanna yfir á yfirráðasvæði þriðja ríkis, enda taki gegnumferðin að hámarki fimm daga.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir að samningsaðili geti, ef með þarf, gefið út á framangreindu hálfs árs tímabili nýja vegabréfsáritun sem gildir eingöngu á yfirráðasvæði þess aðila.

---

[3]Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir ákvæðið ekki fyrir Ísland og Noreg.

12. gr

1. Samræmda vegabréfsáritunin, sem kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr., skal gefin út af sendiráðum eða ræðisskrifstofum samningsaðilanna og, þar sem við á, af þeim yfirvöldum samningsaðilanna sem tilgreind eru í 17. gr.

2. Meginreglan er sú að þar til bær samningsaðili til útgáfu slíkrar vegabréfsáritunar er samningsaðilinn þar sem aðalákvörðunarstaður ferðarinnar er. Ef ekki er hægt að fastákveða þennan ákvörðunarstað er meginreglan sú að vegabréfsáritun er gefin út af sendiráði eða ræðisskrifstofu þess samningsaðila sem fyrst er komið inn til.

3. Framkvæmdanefndin kveður nánar á um framkvæmdina og einkum þær viðmiðanir sem verða notaðar við að úrskurða hver teljist aðalákvörðunarstaður ferðarinnar.

13. gr.

1. Ekki má setja vegabréfsáritun í ferðaskilríki sem eru fallin úr gildi.

2. Ferðaskilríki skulu hafa lengri gildistíma en vegabréfsáritunin og þá skal tekið tillit til þess hve lengi má fresta því að nota vegabréfsáritunina. Vegabréfsáritun skal taka til ferðar útlendings til baka til upprunalands síns eða komu inn í þriðja ríki.

14. gr.

1. Ekki má setja vegabréfsáritun í ferðaskilríki sem gilda ekki hjá neinum samningsaðila. Ef ferðaskilríkin gilda aðeins hjá einum samningsaðila eða nokkrum samningsaðilum skal vegabréfsáritunin, sem sett er í þau, takmörkuð við þann eða þá samningsaðila.

2. Ef ferðaskilríki eru ekki tekin gild hjá einum eða fleiri samningsaðilum má gefa út leyfi sem kemur í stað vegabréfsáritunar.

15. gr.

Meginreglan er sú að aðeins má gefa út vegabréfsáritanirnar, sem um getur í 10. gr., til handa útlendingi sem uppfyllir komuskilyrðin sem kveðið er á um í a-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 5. gr.

16. gr.

Telji samningsaðili nauðsynlegt að víkja frá meginreglunni, sem mælt er fyrir um í 15. gr., af einhverri þeirra ástæðna sem kveðið er á um í 2. mgr. 5. gr., og gefa út vegabréfsáritun til handa útlendingi sem uppfyllir ekki öll komuskilyrðin sem um getur í 1. mgr. 5. gr., gildir vegabréfsáritunin aðeins á yfirráðasvæði þess samningsaðila og skal hann gera hinum samningsaðilunum grein fyrir þessu.

17. gr.

1. Framkvæmdanefndin skal setja sameiginlegar reglur um meðferð umsókna um vegabréfsáritun, fylgjast með því að þær séu notaðar rétt og laga þær að nýjum aðstæðum og tilvikum.

2. Framkvæmdanefndin skal einnig ákveða í hvaða tilvikum útgáfa vegabréfsáritunar er háð samráði við miðlægt yfirvald þess samningsaðila, sem fékk umsóknina til meðferðar, og, ef við á, við miðlæg yfirvöld hinna samningsaðilanna.

3. Framkvæmdanefndin skal jafnframt taka nauðsynlegar ákvarðanir um eftirfarandi atriði:

a) ferðaskilríki sem mega bera vegabréfsáritun;
b) þá aðila sem eru þar til bærir að gefa út vegabréfsáritanir;
c) skilyrði fyrir útgáfu vegabréfsáritana á landamærum;

d) útlit, efni og gildistíma vegabréfsáritana og gjald sem skal innheimt fyrir útgáfu þeirra;
e) skilyrði fyrir framlengingu eða synjun um vegabréfsáritanirnar, sem um getur í c- og d-lið, með tilliti til hagsmuna allra samningsaðilanna;
f) takmarkanir á gildissvæði vegabréfsáritana;
g) meginreglur sem gilda um gerð sameiginlegrar skrár yfir þá sem synja á um komu, sbr. þó ákvæði 96. gr.

2. þáttur
Vegabréfsáritanir til langrar dvalar

18. gr.

Vegabréfsáritanir til lengri dvalar en þriggja mánaða eru áritanir viðkomandi lands sem einstakir samningsaðilar gefa út í samræmi við eigin löggjöf. Vegabréfsáritun af því tagi heimilar handhafa að fara í gegnum yfirráðasvæði hinna samningsaðilanna til þess að komast inn á yfirráðasvæði þess samningsaðila sem gaf vegabréfsáritunina út, nema hann uppfylli ekki komuskilyrðin sem um getur í a-, d- og e-lið 1. mgr. 5. gr. eða sé á skrá yfir þá sem synja á um komu hjá þeim samningsaðila sem ræður yfirráðasvæðinu sem hann óskar að fara í gegnum.

4. KAFLI
Skilyrði fyrir för útlendinga

19. gr.

1. Útlendingar, sem eru handhafar samræmdrar vegabréfsáritunar og hafa komið löglega inn á yfirráðasvæði eins samningsaðila, hafa frelsi til að fara um yfirráðasvæði allra samningsaðilanna á meðan vegabréfsáritunin er í gildi, að því tilskildu að þeir uppfylli komuskilyrðin sem um getur í a-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 5. gr.

2. Þangað til samræmd vegabréfsáritun verður tekin upp hafa útlendingar, sem eru handhafar vegabréfsáritunar sem er gefin út af einum samningsaðilanna og hafa komið löglega inn á yfirráðasvæði eins samningsaðila, frelsi til að fara um yfirráðasvæði allra samningsaðilanna á meðan vegabréfsáritunin er í gildi í allt að þrjá mánuði frá þeim degi sem þeir komu fyrst inn á svæðið, að því tilskildu að þeir uppfylli komuskilyrðin sem um getur í a-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 5. gr.[4]

3. Ekki skal beita ákvæðum 1. og 2. mgr. um vegabréfsáritanir sem hafa takmarkað gildissvæði í samræmi við ákvæði 3. kafla þessa bálks.

4. Ákvæði þessarar greinar gilda með fyrirvara um ákvæði 22. gr.

20. gr.

1. Útlendingar, sem falla ekki undir kvöð um vegabréfsáritun, hafa frelsi til að fara um yfirráðasvæði samningsaðilanna í allt að þrjá mánuði á sex mánaða tímabili frá þeim degi sem þeir komu fyrst inn á svæðið, að því tilskildu að þeir uppfylli komuskilyrðin sem um getur í a-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 5. gr.

2. Ákvæði 1. mgr. hafa ekki áhrif á rétt hvers samningsaðila um sig til að heimila á yfirráðasvæði sínu að útlendingur dvelji lengur en þrjá mánuði í undantekningartilvikum eða vegna framkvæmdar tvíhliða samkomulags sem gert hefur verið áður en þessi samningur öðlast gildi.

3. Ákvæði þessarar greinar gilda með fyrirvara um ákvæði 22. gr.

---

[4]Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir ákvæðið ekki fyrir Ísland og Noreg.

21. gr.

1. Útlendingar, sem eru handhafar gilds dvalarleyfis, sem er gefið út af einum samningsaðilanna, og gildra ferðaskilríkja, hafa frelsi til að fara um yfirráðasvæði hinna samningsaðilanna í allt að þrjá mánuði, að því tilskildu að þeir uppfylli komuskilyrðin, sem um getur í a-, c- og e-lið 1. mgr. 5. gr., og séu ekki á innlendri skrá viðkomandi samningsaðila yfir þá sem synja á um komu.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um útlendinga sem eru handhafar bráðabirgðadvalarleyfis, sem er gefið út af einum samningsaðilanna, og ferðaskilríkja sem eru gefin út af sama samningsaðila.

3. Samningsaðilarnir skulu senda framkvæmdanefndinni skrá yfir þau skjöl sem þeir gefa út sem dvalarleyfi eða bráðabirgðadvalarleyfi og sem ferðaskilríki í skilningi þessarar greinar.

4. Ákvæði þessarar greinar gilda með fyrirvara um ákvæði 22. gr.

22. gr.

1. Útlendingum, sem hafa komið löglega inn á yfirráðasvæði eins samningsaðilanna, er skylt að tilkynna sig hjá þar til bærum yfirvöldum á yfirráðasvæði þess samningsaðila, sem komið er til, í samræmi við þau skilyrði sem hver samningsaðili um sig setur. Hver samningsaðili um sig getur valið um hvort tilkynningin á sér stað við komu eða innan þriggja virkra daga frá komudegi inn á yfirráðasvæði viðkomandi samningsaðila.

2. Útlendingar, sem eru búsettir á yfirráðasvæði eins samningsaðila og ferðast inn á yfirráðasvæði annars samningsaðila, falla undir tilkynningarskyldu skv. 1. mgr.

3. Hver samningsaðili um sig skal ákveða undantekningar frá 1. og 2. mgr. og tilkynna framkvæmdanefndinni um þær.

23. gr.

1. Útlendingar, sem uppfylla ekki eða uppfylla ekki lengur þau skilyrði fyrir stuttri dvöl sem gilda á yfirráðasvæði eins samningsaðila, skulu fylgja þeirri meginreglu að yfirgefa tafarlaust yfirráðasvæði samningsaðilanna.

2. Ef útlendingur er handhafi gilds dvalarleyfis eða bráðabirgðadvalarleyfis sem annar samningsaðili hefur gefið út skal hann fara tafarlaust yfir á yfirráðasvæði þess samningsaðila.

3. Fari viðkomandi útlendingur ekki sjálfviljugur úr landi, eða ef ætla má að hann muni ekki fara úr landi, eða verði útlendingur að fara tafarlaust úr landi vegna þjóðaröryggis eða allsherjarreglu skal vísa honum brott af yfirráðasvæði samningsaðilans, þar sem hann var handtekinn, í samræmi við innlend lög þess samningsaðila. Ef brottvísun er óheimil samkvæmt þessum lögum má viðkomandi samningsaðili heimila útlendingnum dvöl á yfirráðasvæði sínu.

4. Viðkomandi útlendingi má vísa brott af yfirráðasvæði þess ríkis til upprunalands síns eða til einhvers annars lands sem hann má koma til, einkum samkvæmt viðeigandi ákvæðum samninga um endurviðtöku sem samningsaðilarnir hafa samþykkt.

5. Ákvæði 4. mgr. hafa ekki áhrif á innlend ákvæði um rétt til hælis, ákvæði Genfarsamningsins frá 28. júlí 1951 um réttarstöðu flóttamanna, eins og honum var breytt með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967, né ákvæði 2. mgr. þessarar greinar né 1. mgr. 33. gr. þessa samnings.

24. gr.

Með fyrirvara um viðeigandi hagnýtar viðmiðanir og fyrirkomulag, sem framkvæmdanefndin ákveður, skulu samningsaðilarnir jafna sín á milli þann mismun á kostnaði sem getur leitt

af brottvísunarskyldu eins og kveðið er á um í 23. gr. þegar viðkomandi útlendingur getur ekki staðið straum af kostnaði við brottvísunina.

5. KAFLI
Dvalarleyfi og skráning þegar synja á um komu

25. gr.

1. Hafi samningsaðili í hyggju að veita útlendingi, sem er á skrá yfir þá sem synja á um komu, dvalarleyfi er haft samráð fyrir fram við þann samningsaðila sem skráði hann og skal taka tillit til hagsmuna þess aðila; dvalarleyfi skal aðeins veitt þegar um þungvægar ástæður er að ræða, sérstaklega mannúðarástæður eða ástæður sem leiðir af alþjóðlegum skuldbindingum.

Ef dvalarleyfi er gefið út skal samningsaðilinn, sem skráði viðkomandi útlending, afturkalla skráninguna en er þó heimilt að hafa hann á sinni landsskrá.

2. Komi í ljós að útlendingur, sem hefur undir höndum gilt dvalarleyfi útgefið af einum samningsaðilanna, hefur verið skráður sem einstaklingur sem synja á um komu skal samningsaðilinn, sem skráði hann, hafa samráð við samningsaðilann, sem gaf út dvalarleyfið, um það hvort fullnægjandi ástæður eru til þess að afturkalla dvalarleyfið.

Ef dvalarleyfið er ekki afturkallað skal samningsaðilinn, sem skráði hann, afturkalla skráninguna en er þó heimilt að hafa hann á sinni landsskrá.

6. KAFLI
Viðbótarráðstafanir

26. gr.

1. Með fyrirvara um þær skuldbindingar, sem leiðir af Genfarsamningnum frá 28. júlí 1951 um réttarstöðu flóttamanna, eins og honum var breytt með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967, skuldbinda samningsaðilarnir sig til að taka upp eftirfarandi reglur í innlenda löggjöf:

a) Ef útlendingi er synjað um komu inn á yfirráðasvæði eins samningsaðilanna skal flutningsaðilinn, sem flutti hann að ytri landamærunum, hvort sem það var loft-, sjó- eða landleiðis, taka tafarlaust á sig ábyrgð á viðkomandi. Að kröfu þeirra yfirvalda, sem annast landamæraeftirlit, skal flutningsaðilinn flytja útlendinginn til baka til þess þriðja ríkis, sem hann kom frá, til þess þriðja ríkis, sem gaf út ferðaskilríkin sem hann notaði á ferðalaginu, eða til einhvers annars þriðja ríkis sem tryggir honum aðgang.

b) Flutningsaðilanum ber skylda til að grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að fullvissa sig um að útlendingur, sem er fluttur loft- eða sjóleiðis, hafi undir höndum nauðsynleg ferðaskilríki til komu inn á yfirráðasvæði samningsaðilanna.

2. Með fyrirvara um þær skuldbindingar, sem leiðir af Genfarsamningnum frá 28. júlí 1951 um réttarstöðu flóttamanna, eins og honum var breytt með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967, skuldbinda samningsaðilarnir sig til að taka upp viðurlög, hver í samræmi við eigin stjórnskipunarlög, gagnvart þeim flutningsaðilum sem flytja útlendinga, sem hafa ekki nauðsynleg ferðaskilríki undir höndum, loft- eða sjóleiðis frá þriðja ríki inn á yfirráðasvæði samningsaðilanna.

3. Ákvæði b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. skulu einnig gilda um flutningsaðila sem annast alþjóðlega hópflutninga fólks í langferðabifreiðum, að undanskildum ferðum yfir landamæri.

27. gr.

1. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að taka upp viðeigandi viðurlög gagnvart öllum þeim sem í hagnaðarskyni hjálpa eða reyna að hjálpa útlendingi við að komast inn á yfirráðasvæði eins samningsaðila eða dvelja þar í andstöðu við lög þess aðila um komu og dvöl útlendinga.

2. Fái samningsaðili upplýsingar um málsatvik, eins og um getur í 1. mgr., sem stríða gegn löggjöf annars samningsaðila skal hann upplýsa þann síðarnefnda um málsatvik.

3. Hafi löggjöf eins samningsaðila verið brotin, og hann farið þess á leit við annan samningsaðila að hefja lögsókn vegna málsatvikanna sem um getur í 1. mgr., skulu þar til bær yfirvöld gefa út opinbera tilkynningu eða staðfestingu á því hvaða lagaákvæði hafa verið brotin.

7. KAFLI[5]

Ábyrgð á meðferð beiðna um hæli

...

Fylgiskjal V.

SAMNINGUR
um það, hvaða ríki beri ábyrgð á umfjöllun um beiðni um hæli sem lögð er fram í einhverju aðildarríkja Evrópubandalaganna.

Hans hátign konungur Belgíu,
hennar hátign drottning Danmerkur,
forseti Sambandslýðveldisins Þýskalands,
forseti lýðveldisins Grikklands,
hans hátign konungur Spánar,
forseti lýðveldisins Frakklands,
forseti Írlands,
forseti ítalska lýðveldisins,
hans konunglega tign stórhertoginn af Lúxemborg,
hennar hátign drottning Hollands,
forseti portúgalska lýðveldisins,
hennar hátign drottning Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands,

sem hafa hliðsjón af því markmiði sem ákveðið var á fundi evrópska ráðsins í Strassborg 8. og 9. desember 1989, um samræmingu stefnu sinnar um veitingu hælis,

sem hafa einsett sér, í samræmi við sameiginlegar mannúðarhefðir sínar, að veita flóttamönnum fullnægjandi vernd samkvæmt skilmálum Genfarsamnings frá 28. júlí 1951, eins og honum var breytt með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967, um réttarstöðu flóttamanna, hér á eftir nefnd „Genfarsamningurinn“ og „New York-bókunin“,

---

[5]Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir kaflinn ekki fyrir Ísland og Noreg.

sem líta til þess sameiginlega markmiðs sem felst í landsvæði án innri landamæra þar sem sérstaklega frjáls för fólks er tryggð eins og kveðið er á um í stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu eins og honum hefur verið breytt með einingarlögum Evrópu,

sem er ljós nauðsyn þess, þegar stefnt er að þessu markmiði, að gera ráðstafanir til að hindra að upp komi aðstæður þar sem umsækjendur um hæli þurfa of lengi að velkjast í vafa um sennilegan árangur umsókna sinna, og umhugað um að tryggja öllum umsækjendum um hæli að umsóknir þeirra fái umfjöllun í einu aðildarríki og að séð verði til þess að umsækjendum um hæli verði ekki þráfaldlega vísað frá einu aðildarríki til annars án þess að neitt þeirra játi sig bært til að fjalla um umsókn um hæli,

sem vilja halda áfram viðræðum við flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna til að ná ofangreindum markmiðum,

sem hafa einsett sér að eiga náið samstarf um framkvæmd samnings þessa með ýmsum ráðum, þar á meðal með skiptum á upplýsingum,

hafa ákveðið að gera með sér samning þennan og hafa í því skyni tilnefnt sem umboðsmenn sína með fullri heimild:

hans hátign konungur Belgíu Melchior Wathelet varaforsætisráðherra, ráðherra dómsmála og ráðherra málefna lítilla og meðalstórra fyrirtækja og sjálfstæðra atvinnurekenda,

hennar hátign drottning Danmerkur Hans Engell dómsmálaráðherra,

forseti Sambandslýðveldisins Þýskalands dr. Helmut Rückriegel, sendiherra Sambandslýðveldisins Þýskalands í Dublin, Wolfgang Schäuble, innanríkisráðherra Sambandslýðveldisins,

forseti lýðveldisins Grikklands Ioannis Vassiliades innanríkisráðherra,

hans hátign konungur Spánar José Luis Corcuera innanríkisráðherra,

forseti lýðveldisins Frakklands Pierre Joxe innanríkisráðherra,

forseti Írlands Ray Burke, dómsmála- og samgönguráðherra,

forseti ítalska lýðveldisins Antonio Gava innanríkisráðherra,

hans konunglega tign stórhertoginn af Lúxemborg Marc Fischbach, menntamála-, dómsmála- og stjórnsýsluráðherra,

hennar hátign drottning Hollands Ernst Maurits Henricus Hirsch Ballin dómsmálaráðherra,

forseti portúgalska lýðveldisins Manuel Pereira innanríkisráðherra,

hennar hátign drottning Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands David Waddington innanríkisráðherra, sir Nicholas Maxted Fenn, KCMG, sendiherra Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands í Dublin,

sem hafa skipst á trúnaðarskjölum og fundið þau gild og í réttu formi, hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

1. Í samningi þessum:

a. merkir „útlendingur“ hvern þann mann, sem ekki er ríkisborgari aðildarríkis,

b. merkir „umsókn um hæli“ beiðni útlendings um vernd aðildarríkis samkvæmt Genfarsamningnum, með vísan til þess að hann hafi réttarstöðu flóttamanns í merkingu 1. gr. þess samnings eins og honum hefur verið breytt með New York-bókuninni,

c. merkir „umsækjandi um hæli“ útlending sem sótt hefur um hæli meðan ekki hefur enn verið tekin endanleg ákvörðun um umsókn hans,

d. merkir „umfjöllun um umsókn um hæli“ allar ráðstafanir vegna umfjöllunar, ákvarðanir og dómsúrlausnir þar til bærra yfirvalda varðandi umsókn um hæli, að frátalinni málsmeð-

ferð til að ákvarða hvaða ríki beri að fjalla um umsókn um hæli samkvæmt samningi þessum,

e. merkir „dvalarleyfi“ hverja þá heimild, sem yfirvöld aðildarríkis gefa út, er veitir útlendingi rétt til dvalar á forráðasvæði þess, að frátöldum vegabréfsáritunum og dvalarleyfum um stundarsakir sem gefin eru út meðan fjallað er um umsókn um dvalarleyfi eða hæli,

f. merkir „komuáritun“ heimild eða ákvörðun aðildarríkis er gerir útlendingi kleift að koma til forráðasvæðis þess að öðrum komuskilyrðum uppfylltum,

g. merkir „gegnumfararáritun“ heimild eða ákvörðun aðildarríkis er gerir útlendingi kleift að fara um forráðasvæði þess eða um gegnumfararsvæði hafnar eða flugvallar að öðrum gegnumfararskilyrðum uppfylltum.

2. Meta skal í ljósi þeirra skilgreininga, sem settar eru fram í f- og g-lið 1. mgr., hvers konar vegabréfsáritun um er að ræða.

2. gr.

Aðildarríkin staðfesta skuldbindingar sínar samkvæmt Genfarsamningnum eins og honum hefur verið breytt með New York-bókuninni, án þess að neinar takmarkanir séu gerðar varðandi staðarlegt gildi þeirra, svo og ásetning sinn um að eiga samstarf við flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna um framkvæmd þeirra.

3. gr.

1. Aðildarríkin skuldbinda sig til að fjalla um umsókn hvers þess útlendings um hæli, sem setur fram slíka umsókn á landamærum eða forráðasvæði þeirra.

2. Fjalla skal um þessa umsókn af einu aðildarríki, sem ákvarða skal eftir þeim forsendum sem settar eru fram í samningi þessum. Þær forsendur, sem kveðið er á um í 4.–8. gr., skulu gilda í þeirri röð sem þær eru settar fram.

3. Fjalla skal um þessa umsókn af því ríki eftir landslögum og þjóðréttarlegum skuldbindingum þess.

4. Hvert aðildarríki á rétt á að fjalla um umsókn um hæli, sem útlendingur leggur fram við það, þrátt fyrir að því sé óskylt að fjalla um hana samkvæmt þeim forsendum sem kveðið er á um í samningi þessum, enda fallist sá á það, sem um hæli sækir.

Skyldur þess aðildarríkis, sem ber að fjalla um umsóknina samkvæmt áðurgreindum forsendum, falla þá niður og færast til þess aðildarríkis sem lét í ljós vilja sinn til að fjalla um umsóknina. Hafi umsókn verið vísað til hins síðargreinda ríkis skal það skýra því ríki frá því, sem forsendurnar eiga við um.

5. Hvert aðildarríki heldur rétti sínum til að senda umsækjanda um hæli til þriðja ríkis samkvæmt landslögum sínum eftir því sem kveðið er á um í Genfarsamningnum eins og honum hefur verið breytt með New York-bókuninni.

6. Málsmeðferð til ákvörðunar á hvaða aðildarríki beri að fjalla um umsókn um hæli samkvæmt samningi þessum skal hafin um leið og umsókn um hæli er fyrst lögð fram í aðildarríki.

7. Nú er umsækjandi um hæli í öðru aðildarríki og leggur þar fram umsókn um hæli eftir að hafa afturkallað umsókn sína meðan ákvörðunar er leitað á því, hvaða ríki skuli fjalla um umsókn hans, og skal þá það aðildarríki sem sú umsókn um hæli var lögð fram við taka aftur við honum með þeim hætti sem í 13. gr. segir, með tilliti til þess að leitt verði til lykta hvaða ríki beri ábyrgð á því að fjalla um hælisumsóknina.

Skylda þessi á ekki lengur við ef hælisumsækjandi hefur síðan yfirgefið forráðasvæði aðildarríkjanna í að minnsta kosti þrjá mánuði, eða hefur fengið dvalarleyfi í aðildarríki er gildir lengur en í þrjá mánuði.

4. gr.

Eigi umsækjandi um hæli fjölskyldumeðlim í aðildarríki, sem viðurkennt er að hafi réttarstöðu flóttamanns í skilningi Genfarsamningsins eins og honum hefur verið breytt með New York-bókuninni, og dvelur ólöglega þar, ber því ríki að fjalla um umsókn hans, enda sé það vilji þeirra einstaklinga sem málið varðar.

Viðkomandi fjölskyldumeðlimur má aðeins vera maki umsækjanda um hæli eða ógift barn umsækjandans sem er ólögráða og ekki hefur náð átján ára aldri, eða faðir eða móðir umsækjanda ef umsækjandi er sjálfur ógiftur og ólögráða og hefur ekki náð átján ára aldri.

5. gr.

1. Hafi umsækjandi um hæli gilt dvalarleyfi ber aðildarríki því sem gaf út leyfið að fjalla um hælisumsókn hans.
2. Hafi umsækjandi um hæli gilda vegabréfsáritun ber aðildarríki því sem gaf út vegabréfsáritunina að fjalla um hælisumsókn hans, nema við eftirtaldar aðstæður:
   a. Hafi vegabréfsáritunin verið útgefin samkvæmt skriflegri heimild annars aðildarríkis, ber því aðildarríki að fjalla um hælisumsóknina. Ef aðildarríki leitar fyrst samráðs hjá miðlægu stjórnvaldi annars aðildarríkis, m.a. af öryggisástæðum, skal samþykki hins síðargreinda ekki talið fela í sér skriflega heimild í skilningi þessa ákvæðis.
   b. Hafi umsækjandi um hæli gegnumfararáritun og leggur fram umsókn sína í öðru aðildarríki þar sem ekki er gerð til hans krafa um vegabréfsáritun, ber því aðildarríki að fjalla um hælisumsóknina.
   c. Hafi umsækjandi um hæli gegnumfararáritun og leggur umsókn sína fram við það ríki sem áritunina gaf út, og það ríki hefur veitt viðtöku skriflegri staðfestingu sendiráðs eða ræðismanns þess aðildarríkis þar sem ákvörðunarstaður er, þess efnis að sá útlendingur sem fallið var frá áritunarkröfu gagnvart fullnægi skilyrðum til að mega koma til þess ríkis, ber síðargreinda ríkinu að fjalla um hælisumsóknina.
3. Hafi umsækjandi um hæli fleiri en eitt gilt dvalarleyfi eða vegabréfsáritanir, sem fleiri en eitt aðildarríki hafa gefið út, ber aðildarríkjunum að fjalla um hælisumsókn hans í þessari röð:
   a. ríkið sem gaf út það dvalarleyfi sem veitir rétt til lengstrar dvalar, en sé gildistími allra dvalarleyfanna sá sami, það ríki sem veitti það dvalarleyfi er síðast rennur út,
   b. séu hinar ýmsu vegabréfsáritanir af sama tagi, ríkið sem gaf út þá vegabréfsáritun sem síðast rennur út,
   c. séu vegabréfsáritanirnar af mismunandi tagi, ríkið sem gaf út þá vegabréfsáritun sem lengst gildir, en séu gildistímar hinir sömu, það ríki sem gaf út þá vegabréfsáritun sem síðast rennur út. Ákvæði þetta skal ekki gilda ef umsækjandi hefur eina eða fleiri gegnumfararáritanir, sem útgefnar hafa verið gegn framvísun komuáritunar annars aðildarríkis. Í því tilviki ber það ríki ábyrgð á umfjölluninni.
4. Hafi umsækjandi um hæli aðeins eitt eða fleiri dvalarleyfi sem runnið hafa út fyrir skemmri tíma en tveimur árum, eða eina eða fleiri vegabréfsáritanir sem runnið hafa út fyrir skemmri tíma en sex mánuðum, er gert hafa honum kleift að koma til forráðasvæðis aðildarríkis í raun, skulu ákvæði 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar gilda meðan útlendingurinn hefur ekki yfirgefið forráðasvæði aðildarríkjanna.

Hafi umsækjandi um hæli eitt eða fleiri dvalarleyfi sem runnið hafa út fyrir lengri tíma en tveimur árum, eða eina eða fleiri vegabréfsáritanir sem runnið hafa út fyrir lengri tíma en sex mánuðum, er gert hafa honum kleift að koma til forráðasvæðis aðildarríkis, og útlendingurinn hefur ekki yfirgefið landsvæði bandalagsins, hvílir umfjöllunarskyldan á því aðildarríki sem umsóknin er lögð fram við.

6. gr.

Þegar unnt er að sýna fram á að umsækjandi um hæli hafi ólöglega farið yfir landamæri aðildarríkis á landi, sjó eða í lofti frá ríki utan Evrópubandalaganna, ber því ríki sem hann kom til að fjalla um hælisumsóknina.

Skylda þess ríkis fellur þó niður ef sýnt er fram á að umsækjandi hafi búið í því aðildarríki sem umsókn hans um hæli er lögð fram við, í að minnsta kosti sex mánuði áður en hann leggur fram umsókn sína. Sé svo ber hinu síðargreinda aðildarríki að fjalla um hælisumsóknina.

7. gr.

1. Skylda til að fjalla um umsókn um hæli hvílir á því aðildarríki sem ber að hafa eftirlit með komu útlendingsins til landsvæðis aðildarríkjanna, nema útlendingurinn, eftir að hann hefur löglega komið til aðildarríkis, þar sem vegabréfsáritun fyrir hann er ekki krafist, leggi fram umsókn um hæli í öðru aðildarríki, þar sem vegabréfsáritunar er ekki heldur krafist fyrir hann til að mega koma þangað. Sé svo ber hinu síðargreinda aðildarríki að fjalla um umsókn hans um hæli.
2. Þar til samningur aðildarríkjanna um fyrirkomulag um för yfir ytri landamæri öðlast gildi skal ekki líta svo á að aðildarríki sem heimilar gegnumför án vegabréfsáritunar um gegnumfararsvæði flugvalla sinna sé ábyrgt fyrir komueftirliti hvað varðar ferðamenn sem ekki yfirgefa gegnumfararsvæðið.
3. Sé sótt um hæli þegar farið er um flugvöll aðildarríkis ber því aðildarríki að fjalla um umsóknina.

8. gr.

Sé ekki unnt að ákvarða út frá öðrum forsendum sem tilgreindar eru í samningi þessum hvaða aðildarríki ber að fjalla um umsókn um hæli, ber því aðildarríki sem umsókn er lögð fram við að fjalla um hana.

9. gr.

Hvert aðildarríki getur, enda þótt því beri ekki að fjalla um umsókn samkvæmt þeim forsendum sem kveðið er á um í samningi þessum, fjallað um umsókn um hæli að beiðni annars aðildarríkis af mannúðarástæðum, einkum með tilliti til fjölskyldu- og menningarsjónarmiða, enda standi vilji umsækjanda til þess.

Ef aðildarríkið sem þannig er leitað til fellst á beiðnina flyst skylda til að fjalla um umsóknina til þess ríkis.

10. gr.

1. Aðildarríki það sem fjalla ber um umsókn samkvæmt þeim forsendum sem kveðið er á um í samningi þessum skal:
   a. Taka umsækjanda, sem lagt hefur fram beiðni um hæli í öðru aðildarríki, í sína umsjá samkvæmt því sem í 11. gr. segir,
   b. ljúka umfjöllun um hælisumsóknina,
   c. veita að nýju viðtöku eða taka aftur samkvæmt því sem í 13. gr. segir umsækjanda sem hefur lagt fram umsókn til umfjöllunar og dvelur ólöglega í öðru aðildarríki,
   d. taka aftur samkvæmt því sem í 13. gr. segir umsækjanda er afturkallað hefur umsókn sem er til umfjöllunar og lagt fram umsókn í öðru aðildarríki,
   e. taka aftur samkvæmt því sem í 13. gr. segir útlending sem fengið hefur synjun á umsókn sinni og dvelur ólöglega í öðru aðildarríki.

2. Veiti aðildarríki umsækjanda dvalarleyfi sem gildir lengur en í þrjá mánuði flytjast þær skyldur, sem tilgreindar eru í a-e liðum 1. mgr. til þess aðildarríkis.
3. Þær skyldur sem tilgreindar eru í a-d liðum 1. mgr. falla niður ef útlendingurinn hefur yfirgefið forráðasvæði aðildarríkisins í að minnsta kosti þrjá mánuði.
4. Þær skyldur, sem tilgreindar eru í d-e liðum 1. mgr., falla niður ef ríki það, sem fjalla ber um umsókn um hæli, tekur og framfylgir nauðsynlegum ráðstöfunum til að senda útlendinginn aftur til heimalands síns eða annars lands sem hann fær löglega komið til, eftir að umsókn hans hefur verið afturkölluð eða hennar synjað.

11. gr.

1. Telji aðildarríki sem umsókn um hæli hefur verið lögð fram við, að öðru aðildarríki beri að fjalla um umsóknina, getur það eins fljótt og unnt er og eigi síðar en innan sex mánaða eftir þann dag er umsókn var lögð fram, skorað á hitt aðildarríkið að taka umsækjanda í sína umsjá.

Verði það ekki gert innan hins sex mánaða frests ber því ríki, þar sem umsóknin var lögð fram, að fjalla um umsóknina um hæli.
2. Með beiðni um að umsækjandi sé tekinn í umsjá hins aðildarríkisins skulu fylgja upplýsingar er gera stjórnvöldum þess ríkis kleift að ganga úr skugga um hvort því beri að fjalla um umsókn samkvæmt þeim forsendum sem kveðið er á um í samningi þessum.
3. Þegar ákvarðað er hvaða ríki beri að fjalla um umsókn samkvæmt þessum forsendum skal miða við stöðu máls þegar umsækjandi um hæli lagði fyrst fram umsókn sína við aðildarríki.
4. Aðildarríki skal taka afstöðu til umsóknar um viðtöku innan þriggja mánaða frá því er áskorunin er sett fram. Bregðist það ekki við innan þess frests skal það talið jafngilt því að hún sé samþykkt.
5. Flytja verður umsækjanda um hæli frá því aðildarríki þar sem umsókn er lögð fram og til þess aðildarríkis sem fjalla ber um umsóknina eigi síðar en einum mánuði eftir að beiðni um að taka hann í umsjá er samþykkt, eða einum mánuði eftir að meðferð kærumáls lýkur, er umsækjandi hefur átt frumkvæði að til að bera brigður á ákvörðun um flutning hans, hafi sú málsmeðferð frestunaráhrif.
6. Ráðstafanir samkvæmt 18. gr. geta síðar ráðið þeirri málsmeðferð í einstökum atriðum, sem viðhöfð er til að taka umsækjanda í umsjá.

12. gr.

Leggi umsækjandi fram umsókn um hæli til viðeigandi stjórnvalda aðildarríkis meðan hann er staddur á forráðasvæði annars aðildarríkis, skal það aðildarríki þar sem umsækjandi er staddur ákvarða hvaða aðildarríki beri að fjalla um umsókn hans um hæli. Það aðildarríki sem við umsókninni tekur skal án tafar skýra hinu síðargreinda aðildarríki frá umsókninni, og skal hvað framkvæmd samnings þessa snertir líta svo á að það aðildarríki sé aðildarríkið þar sem umsókn um hæli er lögð fram.

13. gr.

1. Umsækjanda um hæli skal taka aftur í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 7. mgr. 3. gr. og 10. gr., eins og hér segir:

a. í beiðni um að umsækjandi sé tekinn aftur skulu vera skýringar, er gera því ríki sem hún er lögð fram við kleift að ákvarða hvort því beri að fjalla um umsóknina samkvæmt 7. mgr. 3. gr. og 10. gr.;

b. ríkið sem ætlast er til að taki umsækjanda aftur skal svara beiðninni innan átta daga frá því er málinu er vísað til þess. Viðurkenni það skyldu sína skal það taka umsækjanda aftur eins fljótt og unnt er og eigi síðar en einum mánuði eftir að það fellst á að gera það.

2. Með ráðstöfunum sem gerðar eru samkvæmt 18. gr. má síðar kveða nánar á um með hverjum hætti taka skuli umsækjanda aftur.

14. gr.

1. Aðildarríki skulu eiga með sér gagnkvæm samskipti með tilliti til:
   - ráðstafana á sviði innlendrar löggjafar, stjórnsýslureglna eða starfshátta er varða hæli;
   - tölfræðilegra upplýsinga um mánaðarlegar komur umsækjenda um hæli og sundurliðun þeirra eftir þjóðerni. Slíkar upplýsingar skal senda ársfjórðungslega fyrir milligöngu skrifstofu ráðs Evrópubandalaganna, sem sjá skal til þess að þær séu framsendar aðildarríkjum, framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna og flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna.
2. Aðildarríkin geta átt með sér gagnkvæm samskipti með tilliti til:
   - almennra upplýsinga um nýja þróun varðandi hælisumsóknir;
   - almennra upplýsinga um ástand í þeim löndum sem umsækjendur eru frá eða þaðan sem þeir koma.
3. Vilji aðildarríki sem sendir upplýsingar samkvæmt 2. mgr. að þeim sé haldið leyndum skulu hin aðildarríkin virða það.

15. gr.

1. Hvert aðildarríki skal senda hverju öðru aðildarríki sem þess óskar þær upplýsingar um einstök mál sem nauðsynlegar eru til að:
   - ákvarða hvaða aðildarríki beri að fjalla um hælisumsókn,
   - fjalla um hælisumsókn,
   - framkvæma allar skuldbindingar samkvæmt samningi þessum.
2. Í þeim upplýsingum skulu aðeins vera:
   - atriði sem varða persónu umsækjanda, og, þar sem við á, fjölskyldu hans (fullt nafn, og þar sem við á fyrra nafn, gælunöfn eða uppfundin nöfn, núverandi og fyrrverandi ríkisfang, fæðingardagur og fæðingarstaður),
   - persónu- og ferðaskilríki (tilvísanir, gildi, útgáfudagur, útgáfustjórnvald, útgáfustaður o.s.frv.),
   - aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að sýna fram á hver umsækjandi er,
   - dvalarstaðir og ferðaleiðir,
   - dvalarleyfi og vegabréfsáritanir sem aðildarríki hefur útgefið,
   - umsóknarstaður,
   - hvenær fyrri umsókn var lögð fram, ef um það er að ræða, hvenær núverandi umsókn er lögð fram, hvaða stigi málsmeðferð hefur náð, og hvaða ákvörðun hefur verið tekin ef því er að skipta.
3. Enn fremur getur aðildarríki farið þess á leit við annað aðildarríki að það skýri sér frá á hverju umsækjandi byggir umsókn sína, og, þar sem við á, rök fyrir þeim ákvörðunum, sem kunna að hafa verið teknar varðandi umsækjandann. Það ríki sem um upplýsingarnar er beðið hefur ákvörðunarvald um hvort þær verði látnar í té. Í öllum tilvikum er afhending umbeðinna upplýsinga háð samþykki hælisumsækjanda.

4. Upplýsingaskipti þessi skulu fara fram að beiðni aðildarríkis og mega einungis eiga sér stað milli þeirra stjórnvalda sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt og tilkynnt nefnd þeirri sem kveðið er á um í 18. gr.
5. Upplýsingar þær sem skipst er á má aðeins nota í þeim tilgangi sem kveðið er á um í 1. mgr. Í hverju aðildarríki má aðeins senda slíkar upplýsingar þeim stjórnvöldum, dómstólum og úrskurðaraðilum sem falið er að:
   - ákvarða hvaða aðildarríki beri að fjalla um hælisumsókn,
   - fjalla um hælisumsókn,
   - framkvæma allar skuldbindingar samkvæmt samningi þessum.
6. Aðildarríki það sem upplýsingarnar sendir skal sjá um að þær séu nákvæmar og uppfærðar.

Ef í ljós kemur að það aðildarríki hafi veitt ónákvæmar upplýsingar eða upplýsingar sem ættu ekki að hafa verið veittar, skal aðildarríki því sem við þeim tekur þegar skýrt frá því. Þeim ber þá að leiðrétta upplýsingarnar eða eyða þeim.
7. Umsækjandi um hæli á rétt til að fá í hendur, samkvæmt beiðni, þær upplýsingar sem skipst er á varðandi hann meðan þær eru tiltækar.

Sýni umsækjandi fram á að upplýsingarnar séu ónákvæmar eða að ekki hefði átt að veita þær, á hann rétt á að fá þær leiðréttar eða þeim eytt. Réttar þessa skal neytt í samræmi við þau skilyrði sem kveðið er á um í 6. mgr.
8. Í hverju aðildarríki sem um er að ræða skal skrá sendingu þeirra upplýsinga sem skipst er á og viðtöku þeirra.
9. Upplýsingarnar skulu ekki geymdar lengur en nauðsyn krefur með tilliti til tilgangs upplýsingaskiptanna. Viðkomandi aðildarríki skal þegar við á fjalla um nauðsyn þess að þær séu geymdar.
10. Hvernig sem á stendur skulu þær upplýsingar sem sendar eru njóta að minnsta kosti sömu verndar og veittar eru sambærilegum upplýsingum í því aðildarríki sem við þeim tekur.
11. Ef úrvinnsla gagna fer ekki fram með sjálfvirkum hætti og þau sæta annarri meðhöndlun skal hvert aðildarríki gera viðeigandi raunhæfar eftirlitsráðstafanir til að tryggja að ákvæðum greinar þessarar sé fylgt. Ef aðildarríki hefur eftirlitsstofnun af því tagi sem fjallað er um í 12. mgr. má fela henni þetta eftirlitshlutverk.
12. Vilji eitt eða fleiri aðildarríki tölvuvæða þær upplýsingar sem nefndar eru í 2.–3. mgr. að einhverju eða öllu leyti getur aðeins af því orðið ef viðkomandi ríki hafa leitt í landslög reglur um slíka gagnavinnslu í samræmi við Strassborgarsamning frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga, og ef þau hafa falið viðeigandi ríkisstofnun að hafa sjálfstætt eftirlit með vinnslu og notkun gagna sem send eru samkvæmt samningi þessum.

16. gr.

1. Hvert aðildarríki getur lagt fram við nefnd þá sem kveðið er á um í 18. gr. tillögur um endurskoðun samnings þessa í því skyni að bæta úr vandkvæðum við framkvæmd hans.
2. Reynist nauðsynlegt að endurskoða eða breyta samningi þessum svo að náð verði þeim markmiðum sem kveðið er á um í 8. gr. a í stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, sérstaklega ef samræming á stefnu um veitingu hælis og sameiginleg stefna varðandi vegabréfsáritanir er háð því að þeim markmiðum verði náð, skal það ríki sem fer með forsæti í ráði Evrópubandalaganna kalla nefnd þá, sem kveðið er á um í 18. gr., saman til fundar.
3. Öll endurskoðun samnings þessa, svo og allar breytingar á honum, skulu samþykktar af nefnd þeirri sem kveðið er á um í 18. gr. Skal endurskoðun eða breyting öðlast gildi samkvæmt ákvæðum 22. gr.

17. gr.

1. Ef aðildarríki verður fyrir alvarlegum erfiðleikum vegna verulegra breytinga á þeim aðstæðum sem ríkja við gerð samnings þessa getur það ríki borið málið fram fyrir nefnd þá sem kveðið er á um í 18. gr. svo hún geti lagt til við aðildarríkin aðgerðir til að bregðast við því ástandi eða samþykkt endurskoðun eða breytingar eins og nauðsynlegt virðist, og skal endurskoðun eða breyting öðlast gildi eins og kveðið er á um í 3. mgr. 16. gr.
2. Vari það ástand, sem í 1. mgr. getur, enn að sex mánuðum liðnum, getur nefndin samkvæmt því sem í 2. mgr. 18. gr. segir heimilað því aðildarríki þar sem breytingin hefur áhrif sín tímabundna frestun á framkvæmd ákvæða samnings þessa, þó þannig að frestunin hamli ekki því að náð verði þeim markmiðum sem kveðið er á um í 8. gr. a í stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu eða gangi gegn öðrum þjóðréttarlegum skuldbindingum aðildarríkjanna.
3. Meðan á frestun stendur skal nefndin halda áfram umræðum sínum í því skyni að endurskoða ákvæði samnings þessa, hafi hún þá ekki þegar náð samkomulagi.

18. gr.

1. Stofnuð skal nefnd þar sem í eiga sæti einn fulltrúi frá ríkisstjórn hvers aðildarríkis.
Það aðildarríki sem er í forsæti í ráði Evrópubandalaganna skal veita nefndinni forstöðu.
Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins getur tekið þátt í umræðum nefndarinnar og starfshópa þeirra sem fjallað er um í 4. mgr.
2. Að beiðni eins eða fleiri aðildarríkja skal nefndin fjalla um öll almenn atriði varðandi framkvæmd eða túlkun samnings þessa.
Nefndin skal ákvarða þær ráðstafanir sem fjallað er um í 6. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 13. gr., og veita heimildir samkvæmt 2. mgr. 17. gr.
Nefndin skal samþykkja ákvarðanir um endurskoðun eða breytingar á samningi þessum samkvæmt 16. og 17. gr.
3. Nefndin skal taka ákvarðanir sínar samhljóða, nema þegar hún starfar samkvæmt 2. mgr. 17. gr., en þá skulu ákvarðanir hennar teknar með tveimur þriðju hlutum atkvæða nefndarmanna.
4. Nefndin skal setja sér starfsreglur, og getur hún sett á fót starfshópa.
Skrifstofa ráðs Evrópubandalaganna skal annast skrifstofuhald fyrir nefndina og starfshópa hennar.

19. gr.

Hvað konungsríkið Danmörk snertir skulu ákvæði samnings þessa ekki gilda um Færeyjar og Grænland nema konungsríkið Danmörk gefi yfirlýsingu um það. Slíka yfirlýsingu má hvenær sem er gefa með orðsendingu til ríkisstjórnar Írlands, sem skal tilkynna öðrum aðildarríkjum um hana.

Hvað snertir lýðveldið Frakkland skulu ákvæði samnings þessa aðeins gilda á evrópsku forráðasvæði þess.

Hvað snertir konungsríkið Holland skulu ákvæði samnings þessa aðeins gilda á evrópsku forráðasvæði þess.

Hvað snertir Sameinaða konungsríkið skulu ákvæði samnings þessa aðeins gilda í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi. Þau skulu ekki gilda á landsvæðum í Evrópu, sem Sameinaða konungsríkið hefur fyrirsvar fyrir á sviði utanríkismála, nema Sameinaða konungsríkið gefi yfirlýsingu um það. Slíka yfirlýsingu má hvenær sem er gefa með orðsendingu til ríkisstjórnar Írlands, sem skal tilkynna öðrum aðildarríkjum um hana.

20. gr.

Enga fyrirvara má gera við samning þennan.

21. gr.

1. Hverju því ríki, sem gerist aðili að Evrópubandalögunum, er heimil aðild að samningi þessum. Aðildarskjöl skulu afhent ríkisstjórn Írlands til varðveislu.
2. Gagnvart hverju því ríki sem gerist aðili að samningi þessum skal hann öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að aðildarskjal þess hefur verið afhent.

22. gr.

1. Samningur þessi er háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykkt. Fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjöl skulu afhent ríkisstjórn Írlands til varðveislu.
2. Ríkisstjórn Írlands skal tilkynna ríkisstjórnum annarra aðildarríkja um afhendingar fullgildingar-, viðurkenningar- og samþykktarskjala.
3. Samningur þessi skal öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að síðasta fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjal undirritunarríkis er afhent.

Ríki það sem fullgildingar-, viðurkenningar- og samþykktarsjöl eru lögð fram við skal tilkynna aðildarríkjunum um gildistökudag samnings þessa.

Til staðfestingar þessu hafa undirritaðir umboðsmenn undirritað þennan samning.

Gjört í Dyflinni fimmtánda júní nítján hundruð og níutíu í einu frumriti á dönsku, ensku, frönsku, hollensku, grísku, írsku, ítölsku, portúgölsku, spænsku og þýsku tungumáli og eru textarnir jafngildir og skulu varðveittir í skjalasafni írsku ríkisstjórnarinnar sem skal senda staðfest endurrit til hvers annars aðildarríkis.

Fylgiskjal VI.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um útlendinga.

Með frumvarpinu er miðað við að ákvarða reglur um réttarstöðu útlendinga hér á landi, við komu þeirra, dvöl og brottför. Frumvarpið var flutt á 123. löggjafarþingi og hafa verið gerðar á því nokkrar breytingar. Frumvarpinu er ætlað að koma í stað laga um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, og eru ákvæði þess mun ítarlegri en gildandi löggjöf. Í ýmsum greinum frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð. Í því hefur verið tekið tillit til breytinga á stjórnarskrá frá árinu 1995, þróunar á sviði stjórnsýsluréttar og mannréttinda og skuldbindinga sem leiðir af þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi. Að mestu leyti hafa framangreind efnisatriði þegar komið til framkvæmda. Með fjölgun kæruheimilda frumvarpsins kann kærumálum að fjölga og ítarlegri reglur að leiða til krafna um vandaðri málsmeðferð, svo sem öflun upplýsinga um aðstæður í upprunalöndum málsaðila. Í máli útlendings á hann rétt á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á því tungumáli sem hann getur tjáð sig á áður en stjórnvald tekur ákvörðun.

Ef frumvarpið verður samþykkt er ljóst að stjórnsýsla málaflokksins hjá Útlendingastofu og ráðuneyti mun aukast og þarf að fullnægja auknum kröfum. Erfitt er að meta aukin útgjöld

ríkissjóðs verði frumvarpið að lögum þar sem þau ráðast að mestu leyti af áhrifum þess á fjölgun erinda og úrskurða sem kveða þarf upp og fjölda mála er sæta kæru. Enn fremur mun ráða miklu hvort ákvæði frumvarpsins hafa áhrif á fjölda þeirra er leita hælis hér á landi en á undan förnum árum hafa þeir verið 4–6 en þeir voru 24 árið 1998. Áætlað er að frumvarpið leiði í heild til tveggja nýrra starfa hjá Útlendingastofu og að varanleg útgjöld ríkisins muni aukast við það um 8,5 m.kr. og um 0,5 m.kr. vegna aukins húsnæðiskostnaðar. Auk þess er áætlað að tímabundin útgjöld nemi í heild 1 m.kr. á fyrsta ári til að skapa nýjum starfsmönnum starfsaðstöðu að tölvubúnaði meðtöldum.

Samkvæmt 15. gr. frumvarpsins á útlendingur sem haft hefur dvalarleyfi hér á landi í þrjú ár rétt á búsetuleyfi hafi hann sótt námskeið í íslensku fyrir útlendinga. Í sömu grein er gert ráð fyrir að tekið verði gjald fyrir þátttöku í slíkum námskeiðum sem standi undir kostnaði við þau að öllu leyti eins og nánar er tilgreint í athugasemdum við frumvarpið.

455. Nefndarálit [194. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 110/1999, um Póst- og fjarskiptastofnun.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Minni hlutinn er sammála því að veita nýtt leyfi til GSM-fjarskipta á tíðnisviði 900 MHz.

Minni hlutinn telur að í ljósi þess að einungis er pláss fyrir eitt leyfi til viðbótar þeim sem fyrir eru (Landssíminn, TAL) á því tíðnisviði miðað við núverandi tækni eigi að úthluta því á annan hátt en tillögur meiri hlutans gera ráð fyrir.

Í ljósi þess að leyfi á 900 MHz tíðnisviðinu er verðmætt og afhending þess er úthlutun á takmörkuðum gæðum telur minni hlutinn að réttara hefði verið að bjóða leyfið út í stað þess að afhenda það einum umsækjanda á fyrir fram ákveðnu verði. Minni hlutinn vill taka fram að það er erfitt fyrir stjórnvöld að meta þetta leyfi til verðs eins og lagt er til í tillögum meiri hlutans, auk þess sem erfitt verður fyrir stjórnvöld að gera upp á milli umsækjenda sæki fleiri en einn um leyfið.

Miðað við þá tækni sem nú þekkist er mun ódýrara að koma upp dreifikerfi á 900 MHz tíðnisviðinu en t.d. 1800 sökum þess að til þess að koma upp dreifikerfi á því tíðnisviði þarf mun fleiri stöðvar. Það er því ljóst að úthlutun síðasta leyfisins á þessu tíðnisviði er úthlutun á verulegum verðmætum miðað við þá tækni sem nú þekkist. Hvort framtíðin ber það í skauti sér að mögulegt verði að úthluta fleiri leyfum á þessu tíðnisviði er atriði sem ekki er hægt að taka afstöðu til nú og því ekki raunhæft að bera það fyrir sig í þessari umræðu.

Að öllu þessu samandregnu er það skoðun minni hlutans að í tilvikum eins og þessu þar sem verið er að úthluta takmörkuðum gæðum sé eðlilegast að úthluta þeim á eins hlutlægan hátt og kostur er. Þá er það skoðun minni hlutans að markaðurinn sé færari um að meta þetta leyfi til raunvirðis en stjórnvöld. Það má því spyrja hvort stjórnvöld séu með þessari ákvörðun að afhenda opinbert leyfi á verði sem er langt undir því sem markaðurinn er tilbúinn að borga. Svar við þeirri spurningu fæst ekki að þessu sinni verði hugmyndir meiri hlutans að veruleika því í ákvæðinu er gert ráð fyrir föstu verði.

Það er skoðun minni hlutans að þau leyfi sem þegar hafa verið veitt skapi ekki fordæmi fyrir það leyfi sem stjórnvöld hyggjast nú veita. Aðstæður þá voru aðrar, auk þess sem leiða má líkur að því að leyfin hafi verið allt of ódýr ef mið er tekið af þeim tekjum sem nýting

þessara leyfa skilar þeim fyrirtækjum sem þau hafa. Það er því skoðun minni hlutans að vafasamar aðgerðir fortíðar eigi ekki að vera fordæmi fyrir nútíð og framtíð.

Þá er vert að benda á að í þeim tillögum sem svokölluð auðlindanefnd sendi nýlega frá sér er lagt til að meginreglan verði útboð þegar að því kemur að úthluta takmörkuðum verðmætum. Minni hlutinn tekur undir þá grundvallarhugmynd.

Þá má enn fremur benda á að í leyfisskilmálunum sem fylgja frumvarpinu kemur fram að leyfishafi skuli innan ákveðins tíma hafa komið upp dreifikerfi sem nær til u.þ.b. 80% landsmanna. Ef svæðið frá Hvolsvelli að Borgarnesi er tekið, auk Vestmannaeyja og Akureyrar, verður þessu markmiði auðveldlega náð. Það liggur hins vegar fyrir að nú þegar eru tvö dreifikerfi á þessum svæðum, þ.e. Landssíminn og TAL, og því má velta því fyrir sér hvort ekki væri rétt að gefa nýju fyrirtæki möguleika á því að byggja sig upp með svokölluðum reikisamningum við hin símafélögin í stað þess að gera ónauðsynlega fjárfestingu að skilyrði. Þá má enn fremur velta fyrir sér þeirri spurningu hvort ekki ætti frekar að gefa nýju félagi kost á að byggja upp dreifikerfi á svæðum þar sem ekkert kerfi er fyrir í stað þess að binda skilyrðin við að byggja upp kerfi fyrir 80% landsmanna þar sem tvö kerfi eru fyrir. Það er spurning hvort réttlætanlegt sé að gera kröfu um jafnónauðsynlega fjárfestingu í ljósi veruleikans, en tvö kerfi eru fyrir.

Alþingi, 7. des. 2000.

Lúðvík Bergvinsson, frsm. Kristján L. Möller.

456. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft fjárlagafrumvarpið til athugunar frá því að 2. umræða fór fram 30. nóvember sl. Til viðræðna við nefndina komu forsvarsmenn B-hluta stofnana, þ.e. Ríkisútvarpsins og Íbúðalánasjóðs. Fulltrúar Þjóðhagsstofnunar og efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frumvarpsins og horfur í þjóðarbúskapnum.

Í nefndarálitinu er fyrst gerð grein fyrir meginbreytingum sem verða á tekjuhlið frumvarpsins. Þá er gerð grein fyrir þeim breytingum sem lagt er til að verði gerðar á sundurliðunum 2–4. Að lokum er gerð grein fyrir breytingum sem lagt er til að verði gerðar á 5. og 6. gr. frumvarpsins. Framsögumaður meiri hlutans mun gera grein fyrir helstu breytingum sem lagt er til að gerðar verði á 7. gr. í ræðu sinni við upphaf 3. umræðu.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að tekjur verði 253,1 milljarður kr. sem er 12,8 milljarða kr. hækkun frá frumvarpinu. Þar vega þyngst auknar tekjur af sölu á varanlegum rekstrarfjármunum að fjárhæð 8,2 milljarðar kr.

Tillögur meiri hlutans er varða útgjöld A-hluta ríkissjóðs leiða til hækkunar útgjalda um 5.410,7 m.kr.

Hér á eftir fylgja skýringar á breytingartillögum meiri hlutans.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

201 Alþingi.

1.04 Alþjóðasamstarf. Lögð er til 5 m.kr. hækkun á fjárveitingu til alþjóðasamstarfs. Veruleg aukning hefur orðið á ráðstefnuhaldi á Íslandi síðustu ár en oft eru ákvarðanir um slíkar ráðstefnur ekki fyrirliggjandi við undirbúning fjárlagatillagna. Nú liggur fyrir að haldin verður ráðstefna á vegum Vestnorræna ráðsins og nýlega hefur verið tekin ákvörðun um fund á vegum þingmannanefndar um norðurheimskautsmál. Þá munu fleiri ráðstefnur á döfinni.

6.21 Fasteignir. Lögð er til 25 m.kr. tímabundin hækkun fjárveitinga til að ljúka endurskipulagningu á húsnæði Alþingis sem hafin var með leigutöku Austurstrætis 8–10 og 10A. Breyting verður á notkun Austurstrætis 12–14, Þórshamars, Vonarstrætis 8 og Blöndalshúss. Kirkjuhvoll verður tekinn úr leigu og hluti Austurstrætis 12, en 3. hæð Austurstrætis 10A verður tekin á leigu. Í tengslum við þessar breytingar er heimild í 7. gr. til að selja Skólabrú 2 en söluandvirðið rennur í ríkissjóð.

620 Ríkisendurskoðun.

6.21 Fasteignir. Gerð er tillaga um 28 m.kr. fjárveitingu vegna húsnæðismála Ríkisendurskoðunar, þar af eru 5 m.kr. vegna innréttinga. Um tveggja ára skeið hafa farið fram viðræður Ríkisendurskoðunar og skrifstofustjóra fjárreiðu- og eignaskrifstofu fjármálaráðuneytis um viðbótarhúsnæði fyrir stofnunina. Einkum hefur verið horft til húseignar ríkisins að Skúlatúni 6 sem er áfast húsnæði stofnunarinnar. Í viðræðum við fjármálaráðuneyti og Fasteignir ríkissjóð hefur komið fram tillaga um að skynsamlegast væri að byggja tvær hæðir ofan á húsið. Þannig fengist besta nýtingin á þeirri aðstöðu sem fyrir hendi er. Núverandi húsnæði Ríkisendurskoðunar er í umsjón Fasteigna ríkissjóðs og greiðir stofnunin leigugjöld af því. Óskir stofnunarinnar í sambandi við viðbótarhúsnæðið eru þær að Fasteignir ríkissjóðs komi húseign þeirri sem hún á að Skúlatúni 6 í leiguhæft ástand að óskum stofnunarinnar sem hún síðan mundi greiða leigugjald fyrir.

02 Menntamálaráðuneyti

205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.

1.01 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Lagt er til að Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi verði veittar 4 m.kr. til viðgerða og umhirðu handrita. Nokkrar stórar skinnbækur í safninu þarfnast mikilla viðgerða og mikið af safnkostinum þarfnast minni háttar viðgerða og eftirlits. Stofnunin þarf að geta ráðið mann í fullt starf við þessi verkefni.

318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður.

6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt. Lögð er til 20 m.kr. hækkun á liðnum vegna framkvæmda við Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi en gengið hefur verið frá samningi við menntamálaráðuneyti um þær.

451 Símenntun og fjarvinnsluverkefni.

1.11 Símenntun og fjarvinnsluverkefni. Lögð er til 30 m.kr. hækkun á þessum lið og er fjárhæðin ætluð til að sinna framboði á námi á háskólastigi á Austurlandi og Vestfjörðum í samræmi við þingsályktun um stefnu í byggðamálum. Einnig er hún ætluð til að styrkja fræðslumiðstöðvar vegna kostnaðar þeirra vegna mikilla fjarlægða og fjarskiptakostnaðar. Auk þess er ráðuneytinu heimilt að styrkja fámenn byggðarlög til kaupa á fjarnámsbúnaði.

Þá er lögð til 56 m.kr. fjárveiting til rekstrar símenntunarmiðstöðva og er það liður í átaki til eflingar fjarkennslu. Stöðvarnar eru átta og fær hver þeirra 7 m.kr. fjárveitingu sem færist á eftirfarandi viðfangsefni sem öll eru ný:

1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi.
1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða.
1.23 Farskóli Norðurlands vestra.
1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar.
1.25 Fræðslumiðstöð Þingeyinga.
1.26 Fræðslunet Austurlands.
1.27 Fræðslunet Suðurlands.
1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

564 Listdansskólinn.

1.02 Annað en kennsla. Lagt er til að tekjur af innritunargjöldum, 5,3 m.kr., verði færðar sem ríkistekjur en ekki sértekjur á sama hátt og tekjur annarra skóla af innritunargjöldum.

902 Þjóðminjasafn Íslands.

1.10 Byggða- og minjasöfn. Gerð er tillaga um 5 m.kr. hækkun á liðnum svo að hægt verði að ráða minjavörð á Norðurlandi eystra. Jafnframt er lagt til að Minjasafni Egils Ólafssonar, Hnjóti, verði veitt 2 m.kr. tímabundin fjárveiting upp í kostnað við kaup á fasteign til að leysa geymsluvanda safnsins.

5.25 Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum. Gerð er tillaga um að veita 2,5 m.kr. til viðhalds á stafkirkju í Vestmannaeyjum samkvæmt samkomulagi Vestmannaeyjabæjar, Þjóðminjasafns og Biskupsstofu.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana. Gerð er tillaga um 16 m.kr. framlag til viðhaldsverkefna í Þjóðleikhúsinu. Fjárhæðin færist af óskiptu fé liðarins og er því ekki um hækkun liðar að ræða.

982 Listir, framlög.

1.90 Listir. Gerð er tillaga um 0,4 m.kr. hækkun á safnliðnum og er fjárhæðin ætluð hópi áhugafólks um eflingu menningar á Vopnafirði, Menningu um landið.

983 Ýmis fræðistörf.

1.11 Styrkir til útgáfumála. Gerð er tillaga um að veita 2 m.kr. framlag til að styrkja útgáfu Sögu íslenskrar utanlandsverslunar 900–2002 sem unnið er að á vegum Sagnfræðistofnunar. Hækkar því safnliðurinn um 2 m.kr.

988 Æskulýðsmál.

1.90 Æskulýðsmál. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. hækkun safnliðarins og er fjárhæðin ætluð til að styrkja Norræn samtök um ungmennastarf, NSU, við áframhaldandi uppbyggingu samtakanna.

989 Ýmis íþróttamál.

1.23 Landsmót ungmennafélaga í Stykkishólmi. Gerð er tillaga um að veita Stykkishólmsbæ 5 m.kr. framlag upp í kostnað við uppbyggingu íþróttamannvirkja í bænum í tengslum við unglingalandsmót UMFÍ sem haldið verður í Stykkishólmi sumarið 2002. Farið er fram á sömu fjárveitingu árið 2002.

1.30 Bridgesamband Íslands. Lögð er til 7 m.kr. hækkun til Bridgesambands Íslands. Til stendur að minnast þess að tíu ár eru síðan Íslendingar urðu heimsmeistarar í bridge og er ætlunin að þjálfa upp nýtt landslið til að keppa um titilinn árið 2002.

999 Ýmislegt.

1.43 Skriðuklaustur. Gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag til kaupa á innanstokksmunum í Gunnarsstofnun, Skriðuklaustri.

1.90 Ýmis framlög. Lagt er til að veitt verði 0,3 m.kr. tímabundið framlag upp í kostnað við að reisa listaverk eftir Ásmund Sveinsson til minningar um Guðríði Þorbjarnardóttur á fæðingarstað hennar, Laugarbrekku undir Jökli.

6.93 Snorrastofa. Gerð er tillaga um að veita 7 m.kr. tímabundna fjárveitingu vegna ófyrirséðrar hækkunar á kostnaði við að ganga frá byggingu Snorrastofu og umhverfi hennar. Samið var við menntamálaráðuneytið haustið 1999 um 18 m.kr. framlag sem greiddist á þremur árum. Ekki eru ákvæði um verðtryggingu í samningnum en verulegur vaxtakostnaður hefur bæst við vegna lántöku sem þurfti til þess að hægt væri að ljúka framkvæmdum. Áætlaður kostnaður var 109,7 m.kr. en hann reyndist verða 120,6 m.kr. Nú vantar nær 21 m.kr. til þess að greiða skuldir vegna framkvæmdanna.

03 Utanríkisráðuneyti

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.02 Varnarmálaskrifstofa. Lagt er til að greiðsla úr ríkissjóði hækki um 10 m.kr. Við gerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 2001 var fyrir mistök gert ráð fyrir auknum ríkistekjum af lóðaleigu á varnarsvæðum.

211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli.

1.01 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli. Gjöld stofnunarinnar hækka um 1,3 m.kr. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun um tekjur af lendingargjaldi er gert ráð fyrir að þær verði 487 m.kr. árið 2001. Flugstöð Leifs Eiríkssonar varð hlutafélag 1. október 2000. Við þá breytingu féll niður 25% hluti áætlaðra lendingargjalda sem hafa runnið til Flugstöðvarinnar í B-hluta. Í fjárlögum fyrir árið 2000 var sá hluti 112 m.kr. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að tekjur af lendingargjaldi verði 487 m.kr. og 25% hlutdeild er 121,8 m.kr. Framlagið verður notað til að greiða niður skuldir Flugmálastjórnar og færist sem viðskiptahreyfing í fjárlögum fyrir árið 2001.

04 Landbúnaðarráðuneyti

190 Ýmis verkefni.

1.31 Skógræktarfélag Íslands. Lagt er til að Skógræktarfélagi Íslands verði veitt 5,7 m.kr. framlag til stuðnings við rekstur félagsins.

221 Veiðimálastofnun.

1.01 Veiðimálastofnun. Gerð er tillaga um að veita 3 m.kr. til þess að styrkja rekstur Norðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar á Hólum.

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu.

1.01 Beinar greiðslur til bænda. Lagt er til að beingreiðslur til bænda vegna mjólkurframleiðslu hækki um 67 m.kr. vegna 4,99% hækkunar á grundvallarverði mjólkur sem tekur gildi 1. janúar 2001, en þegar hefur verið gert ráð fyrir 4% hækkun í forsendum fjárlagafrumvarps. Einnig er gert ráð fyrir að neysla innan lands aukist um 1 milljón lítra og verði 103 milljónir lítra á næsta ári. Beingreiðslur ríkisins reiknast sem hlutfall af grundvallarverði mjólkur.

1.02 Lífeyrissjóður bænda. Lagt er til að greiðslur til Lífeyrissjóðs bænda hækki um 2,5 m.kr. Framlag ríkissjóðs miðast við fast hlutfall af beingreiðslum til bænda.

818 Búnaðarsjóður.

1.10 Búnaðarsjóður. Farið er fram á 66 m.kr. hækkun á framlagi ríkisins til Búnaðarsjóðs til jafns við áætlaða innheimtu búnaðargjalds. Áætlanir um innheimtu búnaðargjalds á næsta ári hafa verið endurskoðaðar í ljósi innheimtu það sem af er þessu ári og endurskoðunar á stofni gjaldsins. Búnaðargjald skiptist þannig að um 58% af gjaldinu renna til sjóðsins og um 42% til Lánasjóðs landbúnaðarins. Breytingin hefur ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem um skil á mörkuðum tekjum er að ræða og hækka tekjur og gjöld um sömu fjárhæð.

823 Lánasjóður landbúnaðarins.

6.60 Lánasjóður landbúnaðarins. Farið er fram á 30 m.kr. hækkun á framlagi ríkisins til Lánasjóðs landbúnaðarins til samræmis við endurskoðaða áætlun um innheimtu búnaðargjalds. Áætlanir um innheimtu búnaðargjalds hafa verið endurskoðaðar í ljósi raunverulegrar innheimtu og áætlana um gjaldstofn næsta árs. Um 42% tekna af gjaldinu renna til sjóðsins og um 58% til Búnaðarsjóðs. Breytingin hefur ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem um skil á mörkuðum tekjum er að ræða.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

190 Ýmis verkefni.

1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla. Við 2. umræðu um frumvarpið var gerð tillaga um að veita 5,5 m.kr. tímabundið framlag til hafrannsóknarskipsins Drafnar sem nýtt er sem skólaskip 60 daga á ári. Fjárveitingin var færð á lið 05-202 1.30 en er nú færð af honum á þennan lið því að þar hafði þegar verið áætlað fyrir helmingi kostnaðar við rekstur skipsins sem er um 11 m.kr. á ári.

202 Hafrannsóknastofnunin.

1.01 Almenn starfsemi. Lögð er til 9 m.kr. fjárveiting til Hafrannsóknastofnunarinnar til að styrkja útibú hennar á Ísafirði og í Ólafsvík.

1.30 Rannsóknaskip. Sem fyrr greinir millifærast af þessu viðfangsefni 5,5 m.kr. á lið 05-190-1.21 til hafrannsóknarskipsins Drafnar.

203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

1.01 Almenn starfsemi. Lagt er til að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins verði veitt 10 m.kr. framlag til að styrkja útibú stofnunarinnar svo að hægt verði að vinna að sjálfstæðum rannsóknarverkefnum og auka sérhæfingu hvers útibús.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

210 Héraðsdómstólar.

1.01 Héraðsdómstólar. Lagt er til 7 m.kr. framlag til að ráða aðstoðardómara við héraðsdómstólana á Vestfjörðum og Austurlandi.

395 Landhelgisgæsla Íslands.

5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta. Gerð er tillaga um að veita Landhelgisgæslunni 40 m.kr. tímabundið framlag til að gera breytingar á stýrisbúnaði varðskipanna Týs og Ægis.

413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi.

1.20 Löggæsla. Nauðsynlegt er að efla umferðarlöggæslu og auka umferðareftirlit á þjóðvegum. Því er lagt til að lögreglumönnum verði fjölgað á þremur stöðum á landinu. Í Borgarnesi er lagt til að bætt verði við einu stöðugildi lögreglumanns og fjárveitingar því hækkaðar um 4,5 m.kr.

421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki.

1.20 Löggæsla. Á Sauðárkróki er lagt til að bætt verði við einu stöðugildi lögreglumanns og fjárveitingar því hækkaðar um 4,5 m.kr.

430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal.

1.20 Löggæsla. Í Vík er lagt til að bætt verði við hálfu stöðugildi lögreglumanns og fjárveitingar því hækkaðar um 2 m.kr.

701 Biskup Íslands.

1.01 Þjóðkirkja Íslands. Lagt er til að veittar verði 4 m.kr. vegna prests í Grafarvogsprestakalli og er um lokagreiðslu að ræða.

07 Félagsmálaráðuneyti

190 Ýmis verkefni og 313 Jafnréttisstofa.

1.23 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál, 1.26 Jafnréttisráð og *1.01 Jafnréttisstofa.* Millifærðar eru 6,9 m.kr. af liðnum 1.23 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál. Á liðinn 07-190-1.26 Jafnréttisráð fara 3,5 m.kr. og á liðinn 1.01 Jafnréttisstofa fara 3,4 m.kr.

722 Sólheimar í Grímsnesi.

1.70 Sólheimar í Grímsnesi. Lagt er til að heiti viðfangsefnisins verði Sólheimar í Grímsnesi en það var Vistheimilið að Sólheimum, Grímsnesi.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Lögbundið framlag ríkissjóðs í sjóðinn tekur mið af innheimtum skatttekjum ríkisins innan ársins og útsvarsstofni næstliðins árs. Í ljósi endurskoðunar á áætluðum skatttekjum ríkissjóðs árið 2001 er farið fram á að framlagið verði hækkað um 36 m.kr.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

1.31 Félagasamtök, styrkir. Gerð er tillaga um 6,9 m.kr. hækkun á safnliðnum. Skulu 3 m.kr. renna til Íslenskrar ættleiðingar, 2 m.kr. til Kristskirkju, Landakoti, 1,5 m.kr. til Sjálfsbjargar og 0,4 m.kr. til hækkunar á framlagi til Leigjendasamtakanna.

1.47 Félagsþjónusta við nýbúa. Gerð er tillaga um 1 m.kr. fjárveitingu til að styrkja starf prests sem þjónar nýbúum án tillits til trúar eða þjóðernis og starfar með félagsráðgjöfum Félagsstofnunar Reykjavíkurborgar.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.

1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Farið er fram á 25 m.kr. fjárveitingu til að leiðrétta framlag til sjúkrahússins samkvæmt mati Ríkisendurskoðunar árið 1999. Matið var byggt á upplýsingum stjórnenda sjúkrahússins um fjárheimildir þess. Í ljós hefur komið að ónotað framlag til stofnframkvæmda hafði ranglega verið talið með rekstrartekjum sjúkrahússins og afkoman því ofmetin. Framlag til sjúkrahússins var því áætlað lægra sem fjárbeiðninni nemur.

373 Landspítali, háskólasjúkrahús.

1.01 Landspítali, háskólasjúkrahús. Lagt er til 150 m.kr. tímabundið framlag til greiðslu kostnaðar við sameiningu Ríkisspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur.

379 Sjúkrahús, óskipt.

1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa. Við afgreiðslu fjáraukalaga fyrir árið 1999 og fjárlaga ársins 2000 voru verulegir fjármunir veittir til heilbrigðisstofnana í kjölfar endurmats á rekstrarkostnaði þeirra. Ákvörðun um aukafjármagn var háð því að heilbrigðisstofnanir yrðu reknar innan fjárheimilda á árinu 2000. Af þeim upplýsingum sem

fjárlaganefnd hefur fengið hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti er ljóst að ekki hefur tekist að laga rekstrarumfang nokkurra heilbrigðisstofnana að þeim fjárheimildum á árinu 2000 sem að var stefnt. Hér er um að ræða tiltölulega fáar stofnanir af þeim 87 heilbrigðisstofnunum sem reknar eru með framlögum frá ríkinu.

Meiri hlutinn telur miðað við forsögu þessa máls og ákvarðanir Alþingis að stofnanir geti ekki lengur vikist undan því að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að laga umfang rekstrar að fjárheimildum hverju sinni. Meiri hlutinn leggur til að veita 200 m.kr. til óskipts liðar hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti sem ráðstafað yrði á árinu 2001 til þeirra heilbrigðisstofnana sem ekki hafa náð því á árinu 2000 að laga starfsemi sína að fjárheimildum. Skilyrði fyrir því að stofnun fái framlög af óskipta liðnum eru:

— að fyrir liggi áætlun um ráðstöfun sem tryggir að rekstur verði í samræmi við fjárheimildir,
— að gengið verði til þeirra nauðsynlegu aðgerða við stjórn viðkomandi stofnana sem tryggi betur að ákvörðun Alþingis nái fram að ganga.

Þá er enn fremur gert ráð fyrir að hluta af þessum fjármunum verði ráðstafað sem langtímaframlagi til þeirra heilbrigðisstofnana sem áforma endurskipulagningu á rekstri eða sameiningu við aðra heilbrigðisstofnun í hagræðingarskyni.

Ákvörðun um einstök framlög er háð samþykki fjárlaganefndar, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis.

Þá er jafnframt lagt til að veitt verði 30 m.kr. framlag til greiðslu á uppsöfnuðum rekstrarhalla landlæknisembættisins. Fyrir liggja áætlanir sem eiga að tryggja að rekstur embættisins verði innan fjárheimilda á næsta ári. Í fjáraukalagafrumvarpi er 30 m.kr. framlag til þessa verkefnis þannig að það verður alls 60 m.kr. á tveimur árum. Áður en framlaginu er úthlutað skal leggja mat á afkomu embættisins á árinu 2001 og hrinda nauðsynlegum aðgerðum í framkvæmd til að tryggja að reksturinn verði innan fjárheimilda.

385 Framkvæmdasjóður aldraðra.

1.01 Kostnaður skv. 3.–5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra og *6.01 Stofnkostnaður og endurbætur.* Gerð er tillaga um 100 m.kr. hækkun á framlagi í Framkvæmdasjóð aldraðra sem skiptist jafnt á rekstrarverkefni og stofnkostnað. Annars vegar er tillaga um 71 m.kr. hækkun vegna áforma um að hækka sérstakt gjald sem rennur í sjóðinn. Lagt hefur verið fram frumvarp til laga um að sérstakt gjald sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og renna skal í Framkvæmdasjóð aldraðra skuli nema 4.578 kr. á hvern gjaldanda árið 2001 í stað 4.065 kr. í gildandi lögum. Hins vegar er áætlað að tekjur sjóðsins hækki um 29 m.kr. vegna leiðréttingar á álagningu. Samtals aukast því tekjur sjóðsins um 100 m.kr. sem skiptast til helminga á milli rekstrar og stofnkostnaðar eins og áður sagði.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

1.90 Ýmis framlög. Lagt er til að safnliðurinn hækki um 1 m.kr. vegna verkefnisins Heilsubærinn Bolungarvík á nýrri öld.

430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun.

5.21 Viðhald fasteignar. Gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag til að vinna að brunavörnum í húsi Sjálfsbjargar.

490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna.

1.01 Vistun ósakhæfra afbrotamanna. Lagt er til að veittar verði 6 m.kr. til að mæta auknum rekstrarkostnaði Sogns vegna ósakhæfra afbrotamanna en alvarlegum fíkniefnamálum hefur fjölgað og erfiðum málum tengdum þeim. Gripið hefur verið til ýmissa að-

gerða til að draga úr útgjöldum stofnunarinnar en þrátt fyrir það er talið nauðsynlegt að hækka rekstrarframlagið.

09 Fjármálaráðuneyti

721 Fjármagnstekjuskattur.

1.11 Fjármagnstekjuskattur. Gerð er tillaga um að fjárheimild vegna fjármagnstekjuskatts sem ríkissjóður greiðir af eigin vaxtatekjum og söluhagnaði eigna verði hækkuð um 820 m.kr. Skýrist það af því að gert er ráð fyrir að sala á eignum ríkisins verði meiri á árinu en fyrirhugað var í fjárlagafrumvarpinu. Sama fjárhæð færist til tekna hjá ríkissjóði þannig að afkoman verður óbreytt eftir sem áður.

989 Launa- og verðlagsmál.

1.90 Launa- og verðlagsmál. Gerð er tillaga um 150 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa liðar. Fjárheimildin er ætluð til að mæta nokkurri hækkun á forsendum frumvarpsins um almenna verðlagsþróun milli áranna 2000 og 2001. Tillagan gerir ráð fyrir að verðlagshækkunin verði um 4,5% að meðaltali á milli ára í stað 4% hækkunar sem miðað var við í frumvarpinu.

999 Ýmislegt.

1.73 Vöktun á Eyjafjallajökli og Kötlu. Lagt er til að felld verði niður 23,8 m.kr. fjárveiting í frumvarpinu sem ætluð var til að mæta tímabundnum kostnaði á árinu 2000 vegna kaupa á búnaði og vöktunar hjá nokkrum stofnunum í tengslum við jarðhræringar í Eyjafjallajökli og á Kötlusvæðinu.

1.74 Vöktun og rannsóknir vegna jarðskjálfta á Suðurlandi. Gerð er tillaga um 40 m.kr. fjárveitingu sem varið verði til að mæta kostnaði við vöktun og rannsóknir í kjölfar jarðskjálfta á Suðurlandi. Í fjáraukalögum fyrir árið 2000 hefur þegar verið gert ráð fyrir framlagi til að standa straum af hluta þessa kostnaðar hjá rannsóknastofnunum, auk þess að bæta ýmis tjón og fjármagna bráðabirgðahúsnæði fyrir þá sem misstu hús sín. Á næsta ári er gert ráð fyrir 40 m.kr. kostnaðarauka vegna meiri vöktunar og rannsókna nokkurra stofnana og er miðað við að fjárheimildinni verði skipt samkvæmt tillögum nefndar ráðuneytisstjóra sem hefur málið til umfjöllunar. Jafnframt er unnið að því að tryggja sem best skipulag þessarar starfsemi og gott samstarf milli allra viðkomandi stofnana.

10 Samgönguráðuneyti

190 Ýmis verkefni.

1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar. Í sérstöku yfirliti, 16, fellur niður d-liður, styrkir til flugfélaga að fjárhæð 9,7 m.kr., og var sú fjárhæð millifærð við 2. umræðu fjárlaga á nýtt viðfangsefni hjá Flugmálastjórn, 10-471-1.11 Styrkir til innanlandsflugs.

1.29 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum. Gerð er tillaga um að veita Slysavarnafélaginu Landsbjörg 5 m.kr. tímabundna hækkun á fjárveitingum til að byggja upp rústabjörgunaraðstöðu að Gufuskálum. Áætlaður kostnaður er 22 m.kr.

335 Siglingastofnun Íslands.

6.80 Sjóvarnargarðar. Gerð er tillaga um að framlag til sjóvarnargarða hækki um 2,8 m.kr. vegna sjóvarna í Leiru í Gerðahreppi og er þetta lokagreiðsla til sjóvarna þar.

471 Flugmálastjórn.

1.11 Styrkir til innanlandsflugs. Farið er fram á 7 m.kr. fjárveitingu vegna samnings sem gerður var á yfirstandandi ári um áætlunarflug til Gjögurs. Samkvæmt nýgengnu útboði er kostnaður samgönguráðuneytis 60,7 m.kr. vegna útboðs á flugi til nokkurra staða á

landinu. Gjögur var hins vegar ekki í því útboði. Við 2. umræðu um fjárlagafrumvarpið voru millifærðar 9,7 m.kr. af viðfangsefninu 10-190-1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar á nýtt viðfangsefni hjá Flugmálastjórn 10-471-1.11 sem höfðu verið ætlaðar til þessa verkefnis.

651 Ferðamálaráð.

1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar. Lagt er til að karlakórnum Heimi verði veitt 0,5 m.kr. tímabundin fjárveiting til að styrkja ferð kórsins til Grænlands.

1.81 Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994. Gerð er tillaga um 5 m.kr. framlag til rannsókna í ferðaþjónustu.

11 Iðnaðarráðuneyti

371 Orkusjóður.

6.11 Virkjanarannsóknir. Lögð er til 25 m.kr. hækkun á þessum lið til að flýta framkvæmd rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma með það fyrir augum að geta gefið umsögn um nokkra virkjunarkosti til samanburðar við áformaða Kárahnjúkavirkjun seint á árinu 2001.

399 Ýmis orkumál.

1.18 Hitaveitur á köldum svæðum. Liðurinn hækkar um 18 m.kr. til að standa undir kostnaði við jarðhitaleitarátak en það er kostnaður iðnaðarráðuneytis af átakinu á árunum 2000 og 2001.

411 Byggðastofnun.

1.10 Byggðastofnun. Lagt er til að Byggðastofnun verði veitt 50 m.kr. fjárveiting í afskriftarsjóð. Jafnframt er lagt til að veittar verði 5,5 m.kr. til byggðarannsókna til þess að fjármagna samning Byggðastofnunar, Háskólans á Akureyri og iðnaðarráðuneytis frá sl. sumri.

1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni. Lögð er til 38 m.kr. hækkun til atvinnuþróunarfélaga Byggðastofnunar en framlagið hefur verið 65 m.kr. í nokkur ár og stofnunin hefur bætt við framlagið svo að greiðsla til félaganna hefur orðið 103 m.kr. Með þessari fjárveitingu er kleift að endurnýja samninga við atvinnuþróunarfélögin.

12 Viðskiptaráðuneyti

402 Fjármálaeftirlitið.

1.01 Fjármálaeftirlitið. Gert er ráð fyrir að gjöld Fjármálaeftirlitsins hækki um 18,8 m.kr. Í fjárlagafrumvarpinu eru gjöld stofnunarinnar áætluð 209,2 m.kr. en samkvæmt endurskoðaðri rekstraráætlun eru þau nú áætluð 228 m.kr. Þá er fyrirhugað að innheimta 195,4 m.kr. gjald hjá eftirlitsskyldum aðilum en það er 13,8 m.kr. lækkun frá því sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu. Mismunur á útgjöldum og rekstrartekjum er 32,6 m.kr. og verður hann fjármagnaður með rekstrarafgangi ársins 2000 sem gert er ráð fyrir að færist á milli ára. Sá mismunur kemur því fram á fjárlagaliðnum í sundurliðun 2 í frumvarpinu sem viðskiptahreyfing.

14 Umhverfisráðuneyti

190 Ýmis verkefni.

1.23 Ýmis umhverfisverkefni. Gerð er tillaga um tvær hækkanir á þessu viðfangsefni. Annars vegar er lagt til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag til Fræðasetursins í Sandgerði til að bæta aðstöðu sem sýni eru geymd í og tryggja betur varðveislu þeirra. Áætlaður kostnaður er um 5 m.kr. þar sem klæða þarf veggi með eldvarnarklæðningu

og setja upp viðvörunarkerfi. Hins vegar er gerð tillaga um að veita 1 m.kr. framlag vegna vinnu við Staðardagskrá 21 í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga.

1.57 Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur. Gerð er tillaga um 10 m.kr. fjárveitingu til undirbúnings stofnun þjóðgarðs á utanverðu Snæfellsnesi. Er fjárhæðin ætluð til að standa straum af ýmsum kostnaði, svo sem ráðningu þjóðgarðsvarðar frá og með miðju ári, stofnkostnaði og kynningarmálum á friðlýstum svæðum.

1.90 Ýmis verkefni. Lagt er til að safnliðurinn hækki um 1 m.kr. og verði alls 4 m.kr.

403 Náttúrustofur.

1.10 Náttúrustofa Neskaupstað. Gerð er tillaga um 3,5 m.kr. hækkun á framlagi til Náttúrustofu Austurlands til að efla grunnrannsóknir á hreindýrastofninum og til að stofnunin geti sinnt á fullnægjandi hátt þeim verkefnum sem henni hafa verið falin á sviði rannsókna og ráðgjafar vegna hreindýrastofnsins. Náttúrustofunni er ætlað að sinna hagnýtum rannsóknum, m.a. vegna vöktunar stofnsins, og almennum rannsóknum til að auka þekkingu á líffræði og lifnaðarháttum hreindýranna. Þá ber henni að meta ágang hreindýra á land.

1.12 Náttúrustofa Bolungarvík. Lögð er til 5 m.kr. fjárveiting til Náttúrustofu Vestfjarða til að halda áfram rannsóknum í Hornstrandafriðlandi. Megináherslan var í upphafi lögð á rannsóknir á refum en nú hafa rannsóknir á gróðri aukist. Áætlaður kostnaður stofunnar við þessar rannsóknir næsta ár er 7 m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

801 Vaxtagjöld ríkissjóðs.

1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs. Gerð er tillaga um að fjárheimild vegna gjaldfærðra vaxta verði aukin um 3,2 milljarða kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu og að greiðsluheimild verði aukin um 3 milljarða kr. Breytt áætlun um þennan lið skýrist að miklu leyti af endurskoðaðri stefnu um lánsfjármögnun ríkissjóðs á næsta ári. Sú stefnumörkun hefur farið fram í samráði við Seðlabanka Íslands og Lánasýslu ríkisins að undanförnu og hefur hún verið kynnt fyrir aðilum á fjármagnsmarkaði. Þau áform miða að því að ríkissjóður þrengi ekki með aðgerðum sínum að gjaldeyrisstöðu Seðlabankans og að stuðlað verði að styrkari verðmyndun markaðsbréfa ríkissjóðs. Breyttar forsendur frá frumvarpinu felast einkum í þrennu: Í fyrsta lagi er nú gert ráð fyrir að gefa út ríkisbréf og ríkisvíxla í auknum mæli og nota fjárinnstreymið til ráðstafana á fjármagnsmarkaði sem geta t.d. falið í sér forinnlausn á spariskírteinum og aukningu á inneign ríkissjóðs hjá Seðlabankanum. Leiðir það til þess að gjaldfærðir vextir ríkisbréfa og víxla verða hærri en reiknað var með í frumvarpinu. Í öðru lagi er nú fyrirhugað að mæta öllum gjaldföllnum afborgunum af erlendum lánum með nýjum erlendum lánum en að auka í staðinn verulega greiðslur á skuldbindingu ríkissjóðs hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Hefur það í för með sér að vaxtagjöld af erlendum lánum verða hærri en gert var ráð fyrir í fyrri áætlun. Loks er nú reiknað með að vaxtagjöld af erlendum lánum verði talsvert hærri en samkvæmt fyrri áætlun þar sem gengi helstu gjaldmiðla hefur hækkað gagnvart íslensku krónunni og vaxtastig hefur farið hækkandi. Skýrir það um þriðjung hækkunarinnar á gjaldfærðu vöxtunum frá frumvarpinu.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR VIÐ SUNDURLIÐUN 3 (B-HLUTA) OG SUNDURLIÐUN 4 (C-HLUTA)

B- og C-hluta áætlanir hafa verið endurmetnar frá því að frumvarp til fjárlaga var lagt fram í október. Í endurskoðuðum áætlunum hefur verið tekið tillit til ýmissa leiðréttinga á fyrri áætlunum, áhrifa af ráðstöfunum í A-hluta fjárlaga, breytinga á lántökum og nýrra upplýsinga um fyrirhugaða starfsemi fyrirtækja og sjóða. Í framhaldi af því gerir meiri hlutinn tillögu um breytingar á einni áætlun í B-hluta og fimm áætlunum í C-hluta.

31 Iðnaðarráðuneyti

321 Rafmagnsveitur ríkisins. Framlag til fyrirtækisins úr ríkissjóði hækkar um 8 m.kr. frá frumvarpinu og verður 169 m.kr. Sú hækkun er leiðrétting sem gerð er til samræmis við fyrirhugað framlag í A-hluta frumvarpsins. Við þessa breytingu batnar staða á handbæru fé í árslok um sömu fjárhæð.

42 Menntamálaráðuneyti

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Áætlun sjóðsins hefur verið endurskoðuð. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir 4% verðlags- og gengisbreytingu milli áranna 2000 og 2001 í stað 3% í frumvarpinu. Einnig er gert ráð fyrir að leggja tæplega 358 m.kr. sem svarar til 9,8% útlánafjárhæðar í afskriftarsjóð í samræmi við forsendur Ríkisendurskoðunar, en í frumvarpinu var ekki gert ráð fyrir framlagi í sjóðinn. Aðrar rekstrartekjur eru áætlaðar 12,4 m.kr. sem er 9,4 m.kr. hækkun frá frumvarpinu. Annars vegar er áætlað fyrir 6,6 m.kr. sértekjum á móti kostnaði við úthlutun styrkja til jöfnunar á námskostnaði framhaldsskólanemenda en sjóðurinn hefur tekið að sér þá þjónustu. Hins vegar er gert ráð fyrir 2,8 m.kr. auknum tekjum af greiðslu- og tilkynningargjöldum. Önnur rekstrargjöld sjóðsins hækka um 8,6 m.kr. og munar þar mest um kostnað við þjónustu tengda svonefndum dreifbýlisstyrkjum. Áætlað er að sjóðurinn veiti 85 m.kr. lán á markaðskjörum sem er 10 m.kr. lækkun frá frumvarpinu vegna færri umsókna. Útlán eru áætluð 3.665 m.kr. samanborið við 3.540 m.kr. í frumvarpinu og skýrist breytingin að mestu af breyttum verðlags- og gengisforsendum. Gert er ráð fyrir að innheimta 2.500 m.kr. í afborgunum af veittum lánum sem er 100 m.kr. hækkun frá frumvarpinu. Varanlegir rekstrarfjármunir eru áætlaðir 24 m.kr. sem er 8 m.kr. hækkun frá frumvarpinu. Stærsti hluti kostnaðarins er vegna viðhalds og endurbóta á hugbúnaði sjóðsins. Framangreindar breytingar leiða til þess að talið er að sjóðurinn þurfi að taka 2.900 m.kr. lán á árinu 2001, sem er 200 m.kr. minna en var áætlað áður, og að hann greiði 2.615 m.kr. í afborganir sem er 100 m.kr. lækkun frá frumvarpinu. Framlag úr ríkissjóði breytist ekki, en það er áætlað 2.150 m.kr. Framlagið reiknast sem 52% útlána eða 1.905,8 m.kr. að viðbættum 182,6 m.kr. rekstrargjöldum sjóðsins, 50 m.kr. vaxtastyrk sem er einnig talinn til rekstrargjalda og 24 m.kr. til fjárfestingar, en frá dragast 12,4 m.kr. rekstrartekjur.

44 Landbúnaðarráðuneyti

823 Lánasjóður landbúnaðarins. Aðrar tekjur hækka um 30 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um innheimtu búnaðargjalds á árinu 2001. Aðrar breytingar eru ekki gerðar á tekjum eða gjöldum og eykst því hagnaður sjóðsins um 30 m.kr. og handbært fé í árslok eykst sem því nemur.

47 Félagsmálaráðuneyti

201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild. Áætlun sjóðsins hefur verið endurskoðuð. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að fjármunatekjur lækki um 176 m.kr. og fjármagnsgjöld um 195 m.kr. Hreinar fjármunatekjur hækka því um 19 m.kr. Því er gert ráð fyrir að húsbréfadeild verði rekin með 1.253 m.kr. hagnaði árið 2001. Áætlað er að rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi lækki um 1,1 milljarð kr. og verði því 8 milljarðar kr. Á yfirstandandi ári hafa umsóknir um lán í húsbréfakerfinu dregist saman og er ekki gert ráð fyrir aukningu á árinu 2001 eins og gert var í frumvarpinu. Samkvæmt endurskoðuðum forsendum er gert ráð fyrir að veitt löng lán verði 27,6 milljarðar kr. eða 4,3 milljörðum kr. lægri en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Framangreindar breytingar leiða til þess að lánsþörf sjóðsins minnkar og tekin löng lán eru áætluð 27,3 milljarðar kr. sem er 4,2 milljörðum kr. lægri lánsfjárþörf en gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

51 Iðnaðarráðuneyti

371 Orkusjóður. Gert er ráð fyrir 25 m.kr. hækkun á framlagi úr ríkissjóði til að flýta framkvæmd rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma með það fyrir augum að geta gefið umsögn um nokkra virkjunarkosti til samanburðar við áformaða Kárahnjúkavirkjun seint á árinu 2001. Önnur rekstrargjöld hækka þá í sama mæli þar sem framlaginu verður ráðstafað til Orkustofnunar til að standa undir kostnaði við þessar rannsóknir og áætlanagerð.

411 Byggðastofnun. Gerð er tillaga um að framlag úr ríkissjóði til stofnunarinnar hækki um 93,5 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu og verði alls 591,9 m.kr. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að stofnunin fái aukið framlag til að hún geti lagt 50 m.kr. í afskriftarsjóð sinn vegna útlánatapa. Í öðru lagi er um að ræða 38 m.kr. hækkun á framlagi til að endurnýja samninga við atvinnuþróunarfélög miðað við 103 m.kr. heildarkostnað en framlag til þess í fjárlögum hefur numið 65 m.kr. og hefur stofnunin greitt það sem á hefur vantað. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 5,5 m.kr. framlagi til að standa undir kostnaði við samning um byggðarannsóknir sem gerður var á milli stofnunarinnar, Háskólans á Akureyri og iðnaðarráðuneytisins í sumar. Við þessa breytingu á framlaginu frá ríkissjóði hækka þá framlög í afskriftarsjóð útlána um 50 m.kr. og önnur rekstrargjöld um 43,5 m.kr. í framsetningu á fjárreiðum stofnunarinnar. Loks er lagt til, að tillögu stjórnenda sjóðsins, að veitt lán árið 2001 lækki um 200 m.kr. og verði 2.000 m.kr. en staða á handbæru fé í árslok batnar þá sem því nemur.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR VIÐ 5. GR.

Nokkrar breytingar eru lagðar til á 5. gr. frumvarpsins. Nú er ráðgert að ríkissjóður taki allt að 27,6 milljarða kr. að láni á næsta ári í stað 1,2 milljarða kr. Afborganir af teknum lánum aukast úr 32,7 milljörðum kr. í 36,8 milljarða kr. eða um 4,1 milljarð kr., einkum vegna aðgerða á innlendum fjármálamarkaði. Aukin lántökuheimild skýrist að öðru leyti af því að ekki er áformað að greiða niður erlend lán eins og áður var ráðgert og munar þar 15,6 milljörðum kr. Þá er nú áformað að styðja við vaxtamyndun á innlendum skuldabréfamarkaði með auknum skammtímalántökum sem nema um 6 milljörðum kr. og útgáfu á óverðtryggðum ríkisbréfum sem nemur sömu fjárhæð.

Í 2. tölul. er lagt til að lántökuheimild Lánasjóðs íslenskra námsmanna lækki um 200 m.kr. og verði 2,9 milljarðar kr. Stafar breytingin af endurskoðun á áætlunum sjóðsins um útlán og fjármunahreyfingar á árinu.

Loks er lagt til að lántökur húsbréfadeildar Íbúðalánasjóðs lækki um 4,2 milljarða kr. og verði alls 27,3 milljarðar kr. Í ljósi þróunar útlána það sem af er þessu ári er nú áætlað að lántakendum fækki heldur og að meðalfjárhæð hvers láns lækki frá því sem áður var áætlað.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR VIÐ 6. GR.

Lagðar eru til tvær breytingar á 6. gr. frumvarpsins. Í samræmi við breytingar á útgjöldum Endurbótasjóðs menningarstofnana sem samþykktar voru við 2. umræðu um frumvarpið hækkar óskert framlag um 20 m.kr., úr 480 m.kr. í 500 m.kr. Þá er lagt til að 2. tölul., skerðingarákvæði um erfðafjárskatt, falli brott í samræmi við frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 2001. Í því frumvarpi er lagt til að lög um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, nr. 12/1952, falli úr gildi og að tekjur af erfðafjárskatti og erfðafé renni framvegis í ríkissjóð í stað Erfðafjársjóðs.

Alþingi, 7. des. 2000.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Árni Johnsen.
Ísólfur Gylfi Pálmason.	Hjálmar Jónsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
	Kristján Pálsson.	

Fylgiskjal I.

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2001, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í samræmi við 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, hefur nefndin fjallað um 1. gr. fjárlagafrumvarpsins, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs. Nefndin fékk á sinn fund Bolla Þór Bollason og Kjartan J. Bendtsen frá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis og Þórð Friðjónsson og Katrínu Ólafsdóttur frá Þjóðhagsstofnun til að skýra málið frekar.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2001 voru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar 240,3 milljarðar kr. Þessi áætlun hefur nú verið endurskoðuð. Enn fremur hafa þjóðhagsforsendur fyrir árin 2000 og 2001 breyst nokkuð frá því sem gengið var út frá í fjárlagafrumvarpi sl. haust.

Að öllu samanlögðu er nú talið að tekjur ríkissjóðs á árinu 2001 geti numið 253 milljörðum kr., eða 12,7 milljörðum kr. umfram áætlun fjárlagafrumvarps. Meginskýringu á auknum tekjum má rekja til fyrirhugaðrar sölu eigna ríkissjóðs, en gert er ráð fyrir að söluhagnaður

hlutabréfa skili 8,2 milljörðum kr. á árinu 2001. Þar er stærsti þátturinn fyrirhuguð sala Landssímans á næsta ári.

Helstu frávik einstakra tekjuliða koma fram í tekjuskatti einstaklinga vegna hækkunar á tekjugrunni ársins 2000 og meiri tekjubreytinga en gert var ráð fyrir við fyrri áætlun. Á móti vegur lækkun skatthlutfallsins um 0,33%. Samanlagt hækkar áætlun um tekjuskatt um tæplega 1,7 milljarða kr. Tekjuskattur lögaðila lækkar hins vegar um rúma 2,7 milljarða kr. vegna fyrirsjáanlegrar lakari afkomu þeirra og lægri álagningar á árinu 2000 en gert var ráð fyrir. Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði hækkar um 820 m.kr. vegna meiri eignasölu en áður var gert ráð fyrir. Þá eru tekjur af virðisaukaskatti taldar hækka um tæpa 2 milljarða kr. vegna hækkunar á tekjugrunni ársins 2000. Jafnframt eru vaxtatekjur ríkissjóðs taldar hækka um tæpa 2 milljarða kr. vegna aukinnar inneignar í Seðlabanka Íslands og fyrirframgreiðslu á framlagi í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Samanlagt er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs vegna breytinga á einstökum tekjuliðum fjárlagafrumvarps aukist um tæplega 2,6 milljarða kr.

Þær skattalagabreytingar sem fyrirhugaðar eru lúta einkum að lækkun á skatthlutfalli tekjuskatts einstaklinga, eins og áður var getið, en sú breyting mun hafa 1.250 m.kr. áhrif til lækkunar á tekjum ríkissjóðs. Jafnframt munu fyrirhugaðar breytingar á barnabótakerfinu hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð upp á 700 m.kr. á árinu 2001. Auk þess mun lækkun kílómetragjalds þungaskatts leiða til 300 m.kr. lækkunar á tekjum ríkissjóðs. Ekki er reiknað með sérstökum tekjuauka ríkissjóðs vegna frumvarps sem snýr að frestun á skattlagningu einstaklinga vegna söluhagnaðar af hlutabréfum og öðrum skattalagabreytingum.

Helstu breytingar efnahagsforsendna sem varða tekjuáætlun fyrir árið 2001 eru að gert er ráð fyrir að einkaneysla minnki úr 2,6% í 1,7% og að fjárfesting dragist saman um 2,5% í stað 1,5%. Þá er reiknað með að kaupmáttur aukist um 0,5% á árinu 2001 í stað 1,5%.

Reiknað er með að töluvert dragi úr hagvexti á árinu 2001 og hann nemi 1,6% sem er óbreytt frá þjóðhagsáætlun. Vegna lækkunar á gengi íslensku krónunnar hafa verðlagshorfur hins vegar versnað. Í þjóðhagsspá var reiknað með 4% hækkun milli áranna 2000 og 2001, en nú er gert ráð fyrir 5,8% verðlagshækkun milli ára. Þá eru líkur á að viðskiptahalli nemi 68 milljörðum kr. á árinu 2001, en á árinu 2000 var gert ráð fyrir 61,5 milljarða kr. viðskiptahalla. Hér er um að ræða 9,3% af landsframleiðslu. Í máli fulltrúa Þjóðhagsstofnunar kom hins vegar fram að helmingurinn af þessum mun skýrðist af breyttum uppgjörsaðferðum stofnunarinnar á þáttatekjum.

Gunnar Birgisson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. des. 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form.
Kristinn H. Gunnarsson.
Sigríður A. Þórðardóttir.
Einar K. Guðfinnsson.
Hjálmar Árnason.

Fylgiskjal II.

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2001, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur á einum stuttum fundi með fulltrúum fjármálaráðuneytis fjallað um þær breytingar sem gerðar hafa verið á tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 2001. Jafnframt var á þessum eina fundi farið yfir með fulltrúum Þjóðhagsstofnunar endurskoðaðar horfur í efnahagsmálum 2001 og framvindu þessa árs. Í ljós kom að veigamiklar breytingar hafa orðið bæði hvað varðar tekjuáætlun og horfur í efnahagsmálum. Því átelur minni hlutinn það harðlega að nefndinni var ekki gefinn meiri tími til umfjöllunar og skoðunar á einstökum tekjuliðum og breyttri spá Þjóðhagsstofnunar.

Í umsögn sinni um frumvarp til fjárlaga fyrir ári varaði minni hlutinn alvarlega við þróun í efnahagsmálum þjóðarinnar og sagði að ef ekki væri gripið til róttækra aðgerða af hálfu stjórnvalda stefndi í óefni. Sömu viðvörunarorð voru viðhöfð af öllum helstu sérfræðingum okkar í efnahagsmálum.

Viðbrögð stjórnarflokkanna voru engin og fjárlög, sem og ýmis önnur þingmál sem juku á vandann í efnahagsmálum, voru afgreidd af stjórnarflokkum á síðasta þingi. Ljóst er af yfirferð Þjóðhagsstofnunar að vandinn sem við blasti fyrir ári hefur enn vaxið og ríkisstjórnin er að stefna þjóðinni í hreinar ógöngur.

Gengi krónunnar hefur hríðfallið á undanförnum mánuðum, halli á vöruskiptum við útlönd verður meiri en búist var við, 34,3 milljarðar kr. en ekki 32,6 milljarðar kr. eins og þjóðhagsáætlun gerði ráð fyrir, og í heild er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn nemi á þessu ári um 61,5 milljörðum kr. sem jafngildir um 9,1% af landsframleiðslu. Þetta er í fullu samræmi við spá OECD um þróun efnahagsmála hér á landi. Ef miðað er við stöðu annarra landa innan OECD er aðeins Portúgal með meiri viðskiptahalla en Ísland á þessu ári. Spá Þjóðhagsstofnunar gerir ekki ráð fyrir að dragi úr viðskiptahallanum á árinu 2001. Þvert á móti er reiknað með auknum viðskiptahalla sem nemur um 6,5 milljörðum kr. Viðskiptahallinn verði 68 milljarðar kr. sem jafngildir 9,3% af landsframleiðslu. Spá OECD er ekki bjartari, hún gerir ráð fyrir að viðskiptahallinn verði 10% af landsframleiðslu og eins og áður verði það aðeins í Portúgal sem sjá megi meiri viðskiptahalla. Þessi gífurlegi viðskiptahalli hefur á undanförnum mánuðum veikt stöðu krónunnar og Seðlabankinn ítrekað þurft að grípa til aðgerða til varnar krónunni. Þær aðgerðir hafa þó ekki dugað til og gengi krónunnar hefur haldið áfram að síga.

Þennan vanda má rekja til þess að ríkisstjórnarflokkarnir brugðust ekki við í tíma þrátt fyrir ítrekaðar aðvaranir frá stjórnendum Seðlabankans og Fjármálaeftirlitinu. Alþingi afgreiddi á síðasta vori lög sem fólu í sér verulega rýmkun á heimild til lífeyrissjóðanna til fjárfestingar erlendis. Það er alveg ljóst að stöðugt vaxandi fjárfestingar lífeyrissjóðanna erlendis hafa í núverandi efnahagsástandi stuðlað að því að krónan hefur veikst. Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið vöruðu sterklega við því síðastliðið vor að auka heimildir sjóðanna og við þeim afleiðingum sem það gæti haft á efnahagslífið, auknum viðskiptahalla og að veiking krónunnar þýddi hækkandi vaxtastig í landinu.

Ríkisstjórnin hefur ekki tekið á þessum viðvörunum. Þannig hefur ríkisstjórnin í gegnum tíðina gert hver mistökin á fætur öðrum í efnahagsstjórn landsins og kosið að hunsa ráðleggingar og aðvaranir þeirra sem betur vita. Afleiðingarnar blasa við, mikill viðskiptahalli, verðbólgan hefur rokið upp, vextirnir hækkað og eru þeir nú mun hærri en hjá þeim þjóðum sem við berum okkur saman við.

Aukinn viðskiptahalli endurspeglast vissulega í betri afkomu ríkissjóðs, en sá bati byggist á fölsku öryggi og honum fylgir mikil skuldasöfnun erlendis.

Í upphafi þessa kjörtímabils lýsti forsætisráðherra mikilvægi þess að ná tökum á viðskiptajöfnuði og lækka erlendar skuldir. Þetta markmið í efnahagsstjórn hefur ekki náðst hjá ríkisstjórninni frekar en önnur. Hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins voru þegar þessi ríkisstjórn tók við rúmlega 50% af landsframleiðslu.

Í ár er reiknað með að þessi tala verði komin í 56,4% af landsframleiðslu og á næsta ári verði erlendar skuldir þjóðarbúsins 65,7% af landsframleiðslu.

Ef hins vegar er miðað við heildarskuldastöðu eru þessar tölur enn verri. Þá er reiknað með að hrein erlend skuldastaða sem hlutfall af landsframleiðslu verði á næsta ári yfir 90%.

Stefnuleysi ríkisstjórnarinnar veldur ekki einungis versnandi stöðu þjóðarbúsins, skuldir heimilanna hafa einnig aukist gífurlega. Í lok ársins 1999 voru skuldir heimilanna um 500 milljarðar kr. en áætlað er að þær hækki á þessu ári um nærfellt 100 milljarða kr. og verði yfir 600 milljarðar kr. í árslok. Röng efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar veldur því að Seðlabankinn hefur orðið að hækka vexti verulega. Það ásamt vaxandi verðbólgu og hærra vöruverði bitnar af fullum þunga á skuldsettum fjölskyldum.

Þær forsendur sem menn gáfu sér í kjarasamningum í upphafi þessa árs eru að bresta. Ráðaleysi ríkisstjórnarinnar bitnar af fullum þunga á heimilunum. Þjóðhagsstofnun gerir nú ráð fyrir að kaupmáttur launa aukist aðeins um 0,5% á næsta ári í stað 1,5% í fyrri spá. Þá er reiknað með að fjárfestingar dragist saman, töluvert dragi úr hagvexti og nú er gert ráð fyrir 5,8% verðlagshækkun milli ára og áframhaldandi háum vöxtum.

Þótt spáð sé minni fjárfestingu og minni einkaneyslu en ráð var fyrir gert í fyrri spá Þjóðhagsstofnunar skilar virðisaukaskatturinn auknum tekjum í ríkissjóð. Það skýrist af hækkandi verðlagi.

Í fjárlagafrumvarpinu var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs yrðu 240,3 milljarðar kr. Við endurskoðun er nú talið að tekjurnar verði um 253 milljarðar kr., hækki um 12,7 milljarða kr.

Stærsti hluti þessarar tekjuaukningar er tilkominn vegna fyrirhugaðrar sölu Landssímans og annarra eigna almennings í landinu. Í frumvarpi til fjárlaga var gert ráð fyrir að sala eigna skilaði um 7 milljörðum kr. en ný áætlun hljóðar upp á 15,5 milljarða kr., hækkun um 8,2 milljarða kr. Ýmsar spurningar vakna vegna fyrirhugaðrar eignasölu Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, enda liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um það hvernig staðið verður að henni.

Það er umhugsunarvert hversu skynsamlegt er að hraða sölu eigna við þær ótryggu efnahagsaðstæður sem við búum við. Það getur skipt sköpum, þegar um er að ræða svo háar upphæðir sem ríkið ætlar að taka inn vegna sölu eigna, hvernig þeim er ráðstafað í hagkerfinu.

Það vekur athygli að alla efnahagslega stefnumótun um einkavæðingu skortir. Í ótryggu efnahagsástandi er nauðsynlegt að fyrir liggi áður en Alþingi samþykkir fjárlög hvernig ríkisstjórnin hyggst ráðstafa þeim fjárhæðum sem fást af eignasölu. Af fenginni reynslu af efnahagsstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks varar minni hlutinn alvarlega við fyrirhugaðri eignasölu ríkisstjórnarinnar.

Önnur helstu frávik frá fjárlagafrumvarpinu koma fram í skattahækkun á einstaklinga en tekjuskatturinn á að skila tæplega 1,7 milljörðum kr. meira en gert var ráð fyrir þrátt fyrir lækkun tekjuskatts til móts við útsvarshækkun. Hins vegar lækkar tekjuskattur lögaðila um rúma 2,7 milljarða kr. vegna lægri álagningar en á þessu ári. Virðisaukaskatturinn á að skila tæplega 2 milljörðum kr. í auknar tekjur og skýrist það fyrst og fremst af hækkandi verðlagi. Vaxtatekjur ríkissjóðs eiga að hækka um tæpa 2 milljarða kr. vegna aukinnar inneignar í Seðlabankanum og fyrirframgreiðslu á framlagi í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Barnabætur hafa verið skertar verulega á undanförnum árum. Í síðustu kosningum lofaði Framsóknarflokkurinn bót og betrun í þeim efnum. Þau loforð hafa ekki gengið eftir. Nú á að sýna lit og gera breytingar á barnabótakerfinu sem munu kosta ríkissjóð 700 milljónir kr. Sú upphæð mun þó í engu duga til þess að bæta aðrar álögur sem ráðstafanir ríkisstjórnarinnar hafa haft í för með sér fyrir barnafjölskyldur.

Minni hlutinn gagnrýnir harðlega óstjórn ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum landsins. Ný þjóðhagsspá og tekjuforsendur fjárlaga sýna vaxandi viðskiptahalla, aukna verðbólgu, hækkandi vexti og verðlag, aukna erlenda skuldasöfnun þjóðarbúsins.

Efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar eru á kostnað launafólks og stefnir í aukið félagslegt og efnahagslegt misrétti í landinu.

Alþingi 7. des. 2000.

Margrét Frímannsdóttir.
Jóhanna Sigurðardóttir.
Ögmundur Jónasson.

457. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, EOK, ArnbS, ÁJ, HjálmJ, ÍGP, KPál).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **00-201 Alþingi**			
a. 1.04 Alþjóðasamstarf	74,0	5,0	79,0
b. 6.21 Fasteignir	0,0	25,0	25,0
2. Við **00-620 Ríkisendurskoðun**			
6.21 Fasteignir	0,0	28,0	28,0
3. Við **02-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi**			
1.01 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	69,0	4,0	73,0
4. Við **02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður**			
a. 6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt	443,0	20,0	463,0
b. Í sérstakt yfirlit, 2, bætist nýr töluliður, svohljóðandi:			
13. Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi			20,0

5. Við **02-451 Símenntun og fjarvinnsluverkefni**			
a. 1.11 Símenntun og fjarvinnsluverkefni	63,3	30,0	93,3
b. 1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi	0,0	7,0	7,0
c. 1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða	0,0	7,0	7,0
d. 1.23 Farskóli Norðurlands vestra	0,0	7,0	7,0
e. 1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar	0,0	7,0	7,0
f. 1.25 Fræðslumiðstöð Þingeyinga	0,0	7,0	7,0
g. 1.26 Fræðslunet Austurlands	0,0	7,0	7,0
h. 1.27 Fræðslunet Suðurlands	0,0	7,0	7,0
i. 1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	0,0	7,0	7,0
6. Við **02-564 Listdansskólinn**			
a. Sértekjur	-5,7	5,3	-0,4
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*0,0*	*5,3*	*5,3*
7. Við **02-902 Þjóðminjasafn Íslands**			
a. 1.10 Byggða- og minjasöfn	55,7	7,0	62,7
b. 5.25 Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum	0,0	2,5	2,5
8. Við **02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana			
Sérstakt yfirlit, 4, breytist þannig:			
5. Þjóðleikhús			26,0
Óskipt			9,0
9. Við **02-982 Listir, framlög**			
a. 1.90 Listir	42,4	0,4	42,8
b. Í sérstakt yfirlit, 5, bætist nýr töluliður, svohljóðandi:			
21. Menning um landið			0,4
10. Við **02-983 Ýmis fræðistörf**			
a. 1.11 Styrkir til útgáfumála	5,5	2,0	7,5
b. Í sérstakt yfirlit, 6, bætist nýr töluliður, svohljóðandi:			
4. Saga íslenskrar utanlandsverslunar 900–2002			2,0
11. Við **02-988 Æskulýðsmál**			
a. 1.90 Æskulýðsmál	3,0	1,5	4,5
b. Í sérstakt yfirlit, 8, bætist nýr töluliður, svohljóðandi:			
3. Norræn samtök um ungmennastarf (NSU)			1,5
12. Við **02-989 Ýmis íþróttamál**			
a. 1.23 Landsmót ungmennafélaga í Stykkishólmi	0,0	5,0	5,0
b. 1.30 Bridgesamband Íslands	3,0	7,0	10,0
13. Við **02-999 Ýmislegt**			
a. 1.43 Skriðuklaustur	7,1	3,0	10,1
b. 1.90 Ýmis framlög	26,5	0,3	26,8
c. Í sérstakt yfirlit, 10, bætist nýr töluliður, svohljóðandi:			
21. Minnisvarði um Guðríði Þorbjarnardóttur			0,3
d. 6.93 Snorrastofa	6,0	7,0	13,0
14. Við **03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
a. *Greitt úr ríkissjóði*	*586,8*	*10,0*	*596,8*
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*20,0*	*-10,0*	*10,0*

15. Við **03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli**			
a. 1.01 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	348,6	1,3	349,9
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*475,9*	*11,1*	*487,0*
c. *Viðskiptahreyfingar*	*-104,1*	*-9,8*	*-113,9*
16. Við **04-190 Ýmis verkefni**			
1.31 Skógræktarfélag Íslands	14,0	5,7	19,7
Greitt úr ríkissjóði	*85,6*	*5,7*	*91,3*
17. Við **04-221 Veiðimálastofnun**			
1.01 Veiðimálastofnun	79,4	3,0	82,4
18. Við **04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu**			
a. 1.01 Beinar greiðslur til bænda	3.377,0	67,0	3.444,0
b. 1.02 Lífeyrissjóður bænda	127,0	2,5	129,5
19. Við **04-818 Búnaðarsjóður**			
1.10 Búnaðarsjóður	183,0	66,0	249,0
20. Við **04-823 Lánasjóður landbúnaðarins**			
6.60 Lánasjóður landbúnaðarins	150,0	30,0	180,0
21. Við **05-190 Ýmis verkefni**			
1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	16,0	5,5	21,5
22. Við **05-202 Hafrannsóknastofnunin**			
a. 1.01 Almenn starfsemi	709,7	9,0	718,7
b. 1.30 Rannsóknaskip	352,2	-5,5	346,7
23. Við **05-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins**			
1.01 Almenn starfsemi	254,8	10,0	264,8
24. Við **06-210 Héraðsdómstólar**			
1.01 Héraðsdómstólar	495,8	7,0	502,8
25. Við **06-395 Landhelgisgæsla Íslands**			
5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta	60,3	40,0	100,3
26. Við **06-413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi**			
1.20 Löggæsla	49,6	4,5	54,1
27. Við **06-421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki**			
1.20 Löggæsla	43,2	4,5	47,7
28. Við **06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal**			
1.20 Löggæsla	17,5	2,0	19,5
29. Við **06-701 Biskup Íslands**			
1.01 Þjóðkirkja Íslands	759,7	4,0	763,7
30. Við **07-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.23 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	11,9	-6,9	5,0
b. 1.26 Jafnréttisráð	0,0	3,5	3,5
31. Við **07-313 Jafnréttisstofa**			
1.01 Jafnréttisstofa	24,2	3,4	27,6
32. Við **07-722 Sólheimar í Grímsnesi**			
Við 1.70 Vistheimilið að Sólheimum, Grímsnesi. Liðurinn orðast svo: 1.70 Sólheimar í Grímsnesi	128,8	0,0	128,8
33. Við **07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**			
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	5.193,0	36,0	5.229,0
34. Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
a. 1.31 Félagasamtök, styrkir	39,6	6,9	46,5

	b. Í sérstöku yfirliti, 13, breytast tveir töluliðir og verða svohljóðandi:			
	13. Leigjendasamtökin			0,6
	17. Sjálfsbjörg			2,5
	c. Í sérstakt yfirlit, 13, bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:			
	23. Íslensk ættleiðing			3,0
	24. Kristskirkja, Landakoti			2,0
	d. 1.47 Félagsþjónusta við nýbúa	1,4	1,0	2,4
35.	Við **08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**			
	1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	2.206,6	25,0	2.231,6
36.	Við **08-373 Landspítali, háskólasjúkrahús**			
	1.01 Landspítali, háskólasjúkrahús	19.309,1	150,0	19.459,1
	Greitt úr ríkissjóði	*18.213,4*	*150,0*	*18.363,4*
37.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	08-379 Sjúkrahús, óskipt			
	a. 1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	0,0	230,0	230,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*230,0*	*230,0*
38.	Við **08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra**			
	a. 1.01 Kostnaður skv. 3.–5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra	312,5	50,0	362,5
	b. 6.01 Stofnkostnaður og endurbætur	262,5	50,0	312,5
39.	Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
	a. 1.90 Ýmis framlög	24,7	1,0	25,7
	b. Í sérstakt yfirlit, 15, bætist nýr töluliður, svohljóðandi:			
	20. Heilsubærinn Bolungarvík á nýrri öld			1,0
40.	Við **08-430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun**			
	5.21 Viðhald fasteignar	5,0	2,0	7,0
41.	Við **08-490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna**			
	1.01 Vistun ósakhæfra afbrotamanna	114,8	6,0	120,8
42.	Við **09-721 Fjármagnstekjuskattur**			
	1.11 Fjármagnstekjuskattur	750,0	820,0	1.570,0
43.	Við **09-989 Launa- og verðlagsmál**			
	a. 1.90 Launa- og verðlagsmál	1.150,0	200,0	1.350,0
	b. Sértekjur	0,0	-50,0	-50,0
44.	Við **09-999 Ýmislegt**			
	a. 1.73 Vöktun á Eyjafjallajökli og Kötlu	23,8	-23,8	0,0
	b. 1.74 Vöktun og rannsóknir vegna jarðskjálfta á Suðurlandi	0,0	40,0	40,0
45.	Við **10-190 Ýmis verkefni**			
	a. 1.12 Vetrarsamgöngur og vetrarflutningar. Við sérstakt yfirlit, 16, d-liður falli brott og niðurstöðutala breytist:			
	Samtals			**9,3**
	b. 1.29 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	10,9	5,0	15,9

c. *Greitt úr ríkissjóði*	*349,0*	*5,0*	*354,0*
46. Við **10-335 Siglingastofnun Íslands**			
a. 6.80 Sjóvarnargarðar	73,8	2,8	76,6
b. Við sérstakt yfirlit, 19, bætist nýr liður:			
16. Leira			2,8
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.783,2*	*2,8*	*1.786,0*
47. Við **10-471 Flugmálastjórn**			
1.11 Styrkir til innanlandsflugs	60,7	7,0	67,7
Greitt úr ríkissjóði	*531,2*	*7,0*	*538,2*
48. Við **10-651 Ferðamálaráð**			
a. 1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	10,2	0,5	10,7
b. 1.81 Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994	72,0	5,0	77,0
49. Við **11-371 Orkusjóður**			
6.11 Virkjanarannsóknir	50,0	25,0	75,0
50. Við **11-399 Ýmis orkumál**			
1.18 Hitaveitur á köldum svæðum	45,0	18,0	63,0
51. Við **11-411 Byggðastofnun**			
a. 1.10 Byggðastofnun	133,4	55,5	188,9
b. 1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	65,0	38,0	103,0
52. Við **12-402 Fjármálaeftirlitið**			
a. 1.01 Fjármálaeftirlitið	209,2	18,8	228,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*18,8*	*18,8*
c. *Innheimt af ríkistekjum*	*209,2*	*-13,8*	*195,4*
d. *Viðskiptahreyfingar*	*0,0*	*13,8*	*13,8*
53. Við **14-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.23 Ýmis umhverfisverkefni	53,2	6,0	59,2
b. 1.57 Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur	2,7	10,0	12,7
c. 1.90 Ýmis verkefni	3,0	1,0	4,0
d. Sérstakt yfirlit, 20, orðist svo:			
20. Ýmis verkefni (14-190 1.90).			
Umhverfisverndarsamtök Íslands			2,0
Óskipt			2,0
Samtals			**4,0**
54. Við **14-403 Náttúrustofur**			
a. 1.10 Náttúrustofa Neskaupstað	5,2	3,5	8,7
b. 1.12 Náttúrustofa Bolungarvík	5,2	5,0	10,2
55. Við **19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs**			
a. 1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	13.000,0	3.200,0	16.200,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*12.200,0*	*3.000,0*	*15.200,0*
c. *Viðskiptahreyfingar*	*800,0*	*200,0*	*1.000,0*

458. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, EOK, ArnbS, ÁJ, HjálmJ, ÍGP, KPál).

Sundurliðun 1 (**Tekjur A-hluta**) orðist svo:

Sundurliðun 1
Tekjur A-hluta

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	45.500,0	43.650,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	1.700,0	1.450,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur	4.050,0	3.970,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**51.250,0**	**49.070,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	9.700,0	8.943,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	1.570,0	1.570,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	687,0	675,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**2.257,0**	**2.245,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**63.207,0**	**60.258,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	160,0	160,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	16.926,0	16.373,0
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	3.118,0	3.056,0
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**20.204,0**	**19.589,0**
	Tryggingagjöld	**20.204,0**	**19.589,0**
3	**Skattar á launagreiðslur**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	152,0	152,0
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	3.510,0	3.430,0
4.2.2.1	Eignarskattar, lögaðilar	2.380,0	2.230,0
	Skattar á hreina eign	**5.890,0**	**5.660,0**

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	607,0	607,0
4.4.1	Stimpilgjöld	3.290,0	3.290,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	339,0	339,0
4.5.2.5	Sértækir eignarskattar á aðrar eignir	560,0	560,0
	Sértækir eignarskattar	**899,0**	**899,0**
	Eignarskattar	**10.686,0**	**10.456,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	82.220,0	74.010,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	2.350,0	2.305,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	800,0	800,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	5.150,0	4.990,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	2.180,0	2.180,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	6.026,0	6.026,0
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	35,0	35,0
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	641,0	641,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	6.448,5	6.315,9
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	1.728,7	1.728,7
5.1.2.5	Hagnaður af einkasölu	2.915,0	2.915,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	2.597,2	2.547,2
5.1.2.15	Útflutningsgjöld	17,0	17,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	1.285,1	1.285,1
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	1,3	1,3
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**114.394,8**	**105.797,2**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	2.650,0	2.650,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	4.342,0	4.342,0
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	149,7	149,7
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	109,1	109,1
5.2.2.15	Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra leyfa	2,5	2,5
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	340,8	346,1
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	458,1	460,4
5.2.2.35	Ýmislegt	17,0	17,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**8.069,2**	**8.076,8**
	Skattar á vörur og þjónustu	**122.464,0**	**113.874,0**

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	136,7	136,7
6.1.15	Markaðsgjald	189,8	189,8
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	50,0	50,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**376,5**	**376,5**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	36,0	36,0
	Aðrir skattar	**412,5**	**412,5**
	Skatttekjur, samtals	**217.125,5**	**204.741,5**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	300,0	220,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	1.678,0	1.678,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**1.978,0**	**1.898,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	5.245,0	2.237,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	6.600,0	4.800,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	600,0	550,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	27,0	27,0
	Aðrar eignatekjur	**12.472,0**	**7.614,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**14.450,0**	**9.512,0**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld (1.-3.gr.) ofl.	525,0	525,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	110,0	110,0
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	1.625,0	1.625,0
9.1.3.5	Skólagjöld	228,9	228,9
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	100,0	100,0
9.1.3.15	Lendingargjöld o.fl.	574,6	574,6
9.1.3.17	Leiðaflugsgjöld vegna innanlandsflugs	45,0	45,0
9.1.3.20	Prófgjöld	47,4	47,4
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	99,0	99,0

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	530,8	530,8
9.1.3.35	Ýmislegt	250,1	244,1
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	248,8	248,8
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	53,6	53,6
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**4.438,2**	**4.432,2**
	Ýmsar tekjur	**4.438,2**	**4.432,2**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	400,0	400,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	110,0	110,0
10.3	Ýmsar sektir	45,0	45,0
	Sektir	**555,0**	**555,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	145,0	145,0
12.5.1	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	24,0	24,0
	Aðrar eigna- og aukatekjur	**169,0**	**169,0**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**19.612,2**	**14.668,2**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	15.500,0	15.500,0
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	16,0	16,0
	Sala eigna, samtals	**15.516,0**	**15.516,0**

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	194,4	194,4
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	145,0	145,0
18.1.15	Hluti Seðlabanka Íslands í rekstri Vísindasjóðs	145,0	145,0
	Rekstrarframlög	**484,4**	**484,4**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	325,0	325,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**809,4**	**809,4**
	Fjárframlög, samtals	**809,4**	**809,4**
	Heildartekjur samtals	**253.063,1**	**235.735,1**

459. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, EOK, ArnbS, ÁJ, HjálmJ, ÍGP, KPál).

Sundurliðun 3 (**Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta**) orðist svo:

Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta.

22 Menntamálaráðuneyti, B-hluti

22-201 Happdrætti Háskóla Íslands

Rekstraráætlun:	m.kr.
Rekstrartekjur	2.080,0
Rekstrargjöld	1.770,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	15,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**325,0**
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	1,0
Hagnaður (-tap)	**326,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	326,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	25,0
Handbært fé frá rekstri	**351,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	10,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-10,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	20,0
Greitt til Háskóla Íslands	305,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-325,0**
Breyting á handbæru fé	**16,0**
Handbært fé í ársbyrjun	160,0
Handbært fé í árslok	176,0

m.kr.

22-971 Ríkisútvarpið

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	960,0
Rekstrargjöld	2.635,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	50,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-1.625,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	1.625,0

Sjóðstreymi:

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	250,0
Handbært fé frá rekstri	**250,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	200,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	200,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**0,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	100,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-100,0**
Breyting á handbæru fé	**150,0**
Handbært fé í ársbyrjun	100,0
Handbært fé í árslok	250,0

m.kr.

22-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	46,0
Rekstrargjöld	399,1
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	11,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-342,1**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	174,8
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	137,3
Hagnaður (-tap)	**-30,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-30,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	30,0
Handbært fé frá rekstri	**0,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	0,5
Handbært fé í árslok	0,5

m.kr.

23 Utanríkisráðuneyti, B-hluti

23-118 Ratsjárstofnun

Rekstrarásætlun:

Rekstrartekjur	1.011,6
Rekstrargjöld	1.011,6
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**0,0**

Sjóðstreymi:

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	26,6
Handbært fé frá rekstri	**26,6**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	7,3
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-7,3**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	19,3
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-19,3**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	84,0
Handbært fé í árslok	84,0

m.kr.

23-121 Umsýslustofnun varnarmála

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	80,0
Rekstrargjöld	75,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	1,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**6,0**
Hagnaður (-tap)	**6,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	6,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	3,5
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-3,0
Handbært fé frá rekstri	**6,5**
Fjármögnunarhreyfingar	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	5,0
Greidd Lífeyrisskuldbinding	0,5
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-5,5**
Breyting á handbæru fé	**1,0**
Handbært fé í ársbyrjun	2,2
Handbært fé í árslok	3,2

m.kr.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	12.238,0
Rekstrargjöld	9.323,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-25,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**2.890,0**
Hagnaður (-tap)	**2.890,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	2.890,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	91,0
Handbært fé frá rekstri	**2.981,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	82,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	3,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-79,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	115,0
Arðgreiðsla í ríkissjóð	2.915,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-3.030,0**
Breyting á handbæru fé	**-128,0**
Handbært fé í ársbyrjun	633,0
Handbært fé í árslok	505,0

m.kr.

30 Samgönguráðuneyti, B-hluti

30-471 Alþjóðaflugþjónustan

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	1.723,3
Rekstrargjöld	1.814,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-90,7**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	90,7

Sjóðstreymi:

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	160,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-80,0
Handbært fé frá rekstri	**80,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	108,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-108,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	150,0
Afborganir af teknum löngum lánum	120,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**30,0**
Breyting á handbæru fé	**2,0**
Handbært fé í ársbyrjun	2,0
Handbært fé í árslok	4,0

m.kr.

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

31-321 Rafmagnsveitur ríkisins

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	5.133,0
Rekstrargjöld	5.360,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-91,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-318,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	169,0
Hagnaður (-tap)	**-149,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-149,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	965,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	50,0
Handbært fé frá rekstri	**866,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	850,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	15,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-835,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	137,0
Arðgreiðsla í ríkissjóð	212,0
Skammtímalán	80,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-269,0**
Breyting á handbæru fé	**-238,0**
Handbært fé í ársbyrjun	103,0
Handbært fé í árslok	-135,0

460. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, EOK, ArnbS, ÁJ, HjálmJ, ÍGP, KPál).

Sundurliðun 4 (**Fjármál lánastofnana í C-hluta**) orðist svo:

Fjármál lánastofnana í C-hluta.

42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti

42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Rekstraráætlun:	m.kr.
Fjármunatekjur	2.450,0
Fjármagnsgjöld	2.350,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	980,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	358,0
Hreinar fjármunatekjur	**-1.238,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	2.150,0
Aðrar rekstrartekjur	12,4
Önnur rekstrargjöld	250,6
Hagnaður (-tap)	**673,8**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	673,8
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	208,0
Handbært fé frá rekstri	**881,8**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt stutt lán, nettó	85,0
Veitt löng lán	3.665,0
Afborganir af veittum löngum lánum	2.500,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	24,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.274,0**

Fjármögnunarhreyfingar	m.kr.
Tekin löng lán	2.900,0
Afborganir af teknum löngum lánum	2.615,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**285,0**
Breyting á handbæru fé	**-107,2**
Handbært fé í ársbyrjun	351,0
Handbært fé í árslok	243,8

m.kr.

44 Landbúnaðarráðuneyti, C-hluti

44-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	15,0
Fjármagnsgjöld	3,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	3,0
Hreinar fjármunatekjur	**9,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	170,0
Aðrar rekstrartekjur	40,0
Önnur rekstrargjöld	250,0
Hagnaður (-tap)	**-31,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-31,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	4,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	10,0
Handbært fé frá rekstri	**-17,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**5,0**
Breyting á handbæru fé	**-12,0**
Handbært fé í ársbyrjun	237,0
Handbært fé í árslok	225,0

m.kr.

44-823 Lánasjóður landbúnaðarins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.261,0
Fjármagnsgjöld	1.116,3
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	140,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	50,0
Hreinar fjármunatekjur	**-45,3**
Aðrar rekstrartekjur	180,0
Önnur rekstrargjöld	113,2
Hagnaður (-tap)	**21,5**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	21,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	55,1
Handbært fé frá rekstri	**76,6**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	1.800,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.158,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-642,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	1.800,0
Afborganir af teknum löngum lánum	1.144,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**656,0**
Breyting á handbæru fé	**90,6**
Handbært fé í ársbyrjun	-3,7
Handbært fé í árslok	86,9

m.kr.

45 Sjávarútvegsráðuneyti, C-hluti

45-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	176,0
Fjármagnsgjöld	270,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	-37,0
Hreinar fjármunatekjur	**-57,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	560,0
Önnur rekstrargjöld	55,0
Hagnaður (-tap)	**448,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	448,0
Handbært fé frá rekstri	**448,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	469,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**469,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	850,0
Afborganir af teknum löngum lánum	1.806,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-956,0**
Breyting á handbæru fé	**-39,0**
Handbært fé í árslok	-39,0

m.kr.

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

47-201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	21.383,0
Fjármagnsgjöld	19.863,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-28,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	296,0
Hreinar fjármunatekjur	**1.252,0**
Aðrar rekstrartekjur	319,0
Önnur rekstrargjöld	318,0
Hagnaður (-tap)	**1.253,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	1.253,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	8.003,0
Handbært fé frá rekstri	**9.256,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	27.576,0
Afborganir af veittum löngum lánum	5.013,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-22.568,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	27.300,0
Afborganir af teknum löngum lánum	10.408,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**16.892,0**
Breyting á handbæru fé	**3.580,0**
Handbært fé í ársbyrjun	10.132,0
Handbært fé í árslok	13.712,0

m.kr.

47-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	351,0
Fjármagnsgjöld	430,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-32,0
Hreinar fjármunatekjur	**-47,0**
Hagnaður (-tap)	**-47,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-47,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	-201,0
Handbært fé frá rekstri	**-248,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	3.650,0
Afborganir af veittum löngum lánum	92,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-3.558,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	3.900,0
Afborganir af teknum löngum lánum	69,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**3.831,0**
Breyting á handbæru fé	**25,0**
Handbært fé í ársbyrjun	56,0
Handbært fé í árslok	81,0

m.kr.

47-211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	520,0
Fjármagnsgjöld	413,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-29,0
Hreinar fjármunatekjur	**136,0**
Hagnaður (-tap)	**136,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	136,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	152,0
Handbært fé frá rekstri	**288,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	2.800,0
Afborganir af veittum löngum lánum	18,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-2.782,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	2.600,0
Afborganir af teknum löngum lánum	75,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**2.525,0**
Breyting á handbæru fé	**31,0**
Handbært fé í ársbyrjun	73,0
Handbært fé í árslok	104,0

m.kr.

47-215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	9.792,0
Fjármagnsgjöld	10.008,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	282,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	296,0
Hreinar fjármunatekjur	**-794,0**
Aðrar rekstrartekjur	319,0
Önnur rekstrargjöld	318,0
Hagnaður (-tap)	**-793,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-793,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	-3.145,0
Handbært fé frá rekstri	**-3.938,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	4.805,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**4.800,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	7.500,0
Afborganir af teknum löngum lánum	8.216,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-716,0**
Breyting á handbæru fé	**146,0**
Handbært fé í ársbyrjun	17,0
Handbært fé í árslok	163,0

m.kr.

50 Samgönguráðuneyti, C-hluti

50-335 Hafnabótasjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	59,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	23,0
Hreinar fjármunatekjur	**36,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	18,0
Önnur rekstrargjöld	161,0
Hagnaður (-tap)	**-107,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-107,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	18,0
Handbært fé frá rekstri	**-89,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt stutt lán, nettó	20,0
Veitt löng lán	20,0
Afborganir af veittum löngum lánum	40,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**0,0**
Breyting á handbæru fé	**-89,0**
Handbært fé í ársbyrjun	203,5
Handbært fé í árslok	114,5

m.kr.

50-651 Ferðamálasjóður

Rekstrarásetlun:

Fjármunatekjur	105,0
Fjármagnsgjöld	70,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	5,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	10,0
Hreinar fjármunatekjur	**20,0**
Aðrar rekstrartekjur	0,5
Önnur rekstrargjöld	15,0
Hagnaður (-tap)	**5,5**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	5,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	10,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-1,0
Handbært fé frá rekstri	**14,5**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	190,0
Afborganir af veittum löngum lánum	155,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-35,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	100,0
Afborganir af teknum löngum lánum	71,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**29,0**
Breyting á handbæru fé	**8,5**
Handbært fé í ársbyrjun	53,0
Handbært fé í árslok	61,5

m.kr.

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

51-371 Orkusjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	7,5
Fjármagnsgjöld	4,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	20,0
Hreinar fjármunatekjur	**-16,5**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	108,3
Önnur rekstrargjöld	142,3
Hagnaður (-tap)	**-50,5**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-50,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	20,0
Handbært fé frá rekstri	**-30,5**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	45,0
Afborganir af veittum löngum lánum	18,3
Áhættufjármunir	20,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-6,7**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	0,5
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-0,5**
Breyting á handbæru fé	**-37,7**
Handbært fé í ársbyrjun	101,0
Handbært fé í árslok	63,3

m.kr.

51-411 Byggðastofnun

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	800,0
Fjármagnsgjöld	450,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	60,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	230,0
Hreinar fjármunatekjur	**60,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	591,9
Aðrar rekstrartekjur	10,6
Önnur rekstrargjöld	440,0
Hagnaður (-tap)	**222,5**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	222,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	400,0
Handbært fé frá rekstri	**622,5**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	2.000,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.200,0
Áhættufjármunir	300,0
Leiðréttinga viðskiptakrafna	20,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.120,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	1.300,0
Afborganir af teknum löngum lánum	800,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**500,0**
Breyting á handbæru fé	**2,5**
Handbært fé í ársbyrjun	250,0
Handbært fé í árslok	252,5

m.kr.

52 Viðskiptaráðuneyti, C-hluti

52-101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	540,0
Fjármagnsgjöld	25,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	150,0
Hreinar fjármunatekjur	**365,0**
Önnur rekstrargjöld	250,0
Hagnaður (-tap)	**115,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	115,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	-4,0
Handbært fé frá rekstri	**111,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	150,0
Afborganir af veittum löngum lánum	140,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	10,0
Áhættufjármunir	500,0
Sala áhættufjármuna	150,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-370,0**
Breyting á handbæru fé	**-259,0**
Handbært fé í ársbyrjun	4.534,0
Handbært fé í árslok	4.275,0

461. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, EOK, ArnbS, ÁJ, HjálmJ, ÍGP, KPál).

Við 5. gr.
a. Í stað fjárhæðarinnar „1.200 m.kr.“ í 1. tölul. komi: 27.600 m.kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „4.100 m.kr.“ í 2. tölul. komi: 3.900 m.kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „3.100 m.kr.“ í lið 2.1 komi: 2.900 m.kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „31.500 m.kr.“ í lið 3.2 komi: 27.300 m.kr.

462. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, EOK, ArnbS, HjálmJ, KPál, ÍGP, ÁJ).

Við 6. gr. Eftirfarandi breytingar verða á greininni:
a. Í stað fjárhæðarinnar „480 m.kr.“ í 1. tölul. komi: 500 m.kr.
b. 2. tölul. falli brott.

463. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, EOK, ArnbS, ÁJ, HjálmJ, ÍGP, KPál).

1. Við 7. gr. Liðir 2.2, 2.13 og 2.25 falli brott.
2. Við 7. gr. Liður 2.11 orðist svo:
   Að kaupa húsnæði fyrir lögregluna á Ólafsfirði og taka til þess nauðsynleg lán.
3. Við 7. gr. Liður 2.30 orðist svo:
   Að selja skrifstofuhúsnæði á Ólafsfjarðarflugvelli.
4. Við 7. gr. Nýir liðir:
   2.35 Að selja húsnæði lögreglunnar að Ólafsbraut 34, Ólafsvík, og kaupa annað hentugra.
   2.36 Að selja fasteignina Bjarkargötu 6, Reykjavík, og verja andvirðinu til Háskóla Íslands.
   2.37 Að selja íbúðarhús á jörðinni Bjarnarnesi I, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.
   2.38 Að selja íbúðarhúsið á jörðinni Vattarnesi, Fáskrúðsfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
5. Við 7. gr. Liður 3.2 orðist svo:
   Að selja eignarhluta ríkissjóðs í læknisbústöðum að Urðargötu 17 og Mýrum 11, Patreksfirði, og kaupa annað hentugra húsnæði.

6. Við 7. gr. Liður 3.11 orðist svo:
   Að selja íbúðarblokk við Kópavogsbraut, sem nú er nýtt fyrir fatlaða, ásamt landspildum í nágrenni hennar.
7. Við 7. gr. Nýr liður:
   3.15 Að selja hluta af eign ríkissjóðs í Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.
8. Við 7. gr. Liður 4.41 falli brott.
9. Við 7. gr. Nýir liðir:
   4.46 Að selja jörðina Randversstaði, Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.
   4.47 Að selja jörðina Reykjakot II, Ölfusi, Árnessýslu.
   4.48 Að selja eignarhluta Skógræktar ríkisins í jörðinni Straumi í Hafnarfirði.
   4.49 Að selja eignarhluta Skógræktar ríkisins í jörðinni Hvítsstöðum.
   4.50 Að selja jörðina Reyki í Hjaltadal, Skagafirði, Skagafjarðarsýslu.
   4.51 Að selja hluta af jörðinni Skinnastöðum, Torfalækjarhreppi, Austur-Húnavatnssýslu.
   4.52 Að selja hluta af jörðinni Bjalla, Holta- og Landsveit, Rangárvallasýslu.
   4.53 Að selja hluta af jörðinni Efra-Seli, Holta- og Landsveit, Rangárvallasýslu.
   4.54 Að selja hluta af jörðinni Neðra-Seli, Holta- og Landsveit, Rangárvallasýslu.
   4.55 Að selja eignarhluta ríkisins í jörðinni Vestra-Stokkseyrarseli, Árborg, Árnessýslu.
   4.56 Að selja land ríkissjóðs innan þéttbýlismarka í Grundarfirði.
   4.57 Að selja jörðina Bjarnarnes I, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.
   4.58 Að selja jörðina Ás, Hornafirði, Austur Skaftafellssýslu.
10. Við 7. gr. Nýr liður:
   6.4 Að afhenda Félagsstofnun stúdenta eignina Efri-Hlíð (Norðurmýrarblett 35) til afnota fyrir barnaheimili fyrir börn stúdenta við Háskóla Íslands.
11. Við 7. gr. Liður 7.11 orðist svo:
   Að kaupa sumarbústaði í þjóðgarðinum á Þingvöllum og jarðir í næsta nágrenni hans og taka til þess nauðsynleg lán.
12. Við 7. gr. Nýir liðir:
   7.25 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir landlæknisembættið.
   7.26 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir heilsugæslusel á Reyðarfirði.
   7.27 Að kaupa húsnæði fyrir Svæðisvinnumiðlun Austurlands.
   7.28 Að leigja eða kaupa hentugt húsnæði fyrir Hollustuvernd ríkisins.
   7.29 Að kaupa viðbótarhúsnæði til nota fyrir embætti sýslumannsins í Búðardal og taka til þess nauðsynleg lán.
13. Við 7. gr. Nýir liðir:
   8.16 Að veita meðeiganda ríkissjóðs að mannvirkjum á ríkisjörðinni Gufudal í Ölfusi heimild til að veðsetja hluta af henni fyrir láni allt að 3,5 m.kr.
   8.17 Að greiða 700 m.kr. aukaframlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um úthlutunina í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.
   8.18 Að heimila, með samþykki heilbrigðisráðherra, þátttöku ríkissjóðs í hlutafélagi til þróunar öndunarhreyfingamælis.
   8.19 Að ganga til samninga við Reykjavíkurborg og aðra aðila um byggingu og rekstur tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík og greiða nauðsynlegan kostnað við samningsgerðina.

8.20 Að gera bráðabirgðasamkomulag við Vesturbyggð um fjárhagslega fyrirgreiðslu í tengslum við fyrirhuguð kaup ríkisins á eignarhluta sveitarfélagsins í Orkubúi Vestfjarða.

8.21 Að semja, með þátttöku samgönguráðherra, við hafnarsjóð Seyðisfjarðar og Smyril Line um þátttöku ríkissjóðs í kostnaði og önnur atriði vegna nýrrar ferjuhafnar á Seyðisfirði.

8.22 Að semja við Samband íslenskra sveitarfélaga, sbr. IX. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, um framlög aðila til stofnstyrkja vegna bygginga eða kaupa á leiguíbúðum, sbr. tillögur nefndar um leigumarkað og leiguíbúðir.

464. Svar [71. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um arðgreiðslur og einkahlutafélög.

Meðfylgjandi töflur eru byggðar á upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra. Upplýsingar um árið 1996 liggja ekki fyrir á aðgengilegu formi og er því sleppt í svari þessu.

1. *Hve mörg einkahlutafélög greiddu arð og þá hve mikinn á árunum 1996, 1997, 1998 og 1999?*

Arðgreiðslur einkahlutafélaga.

Taflan sýnir fjölda félaga sem greiddu arð til eigenda.

Ár	Fjöldi	Arður alls í millj. kr.
1997	506	655
1998	718	1.261
1999	530	1.937

2. *Hve miklar voru skattgreiðslur af arði þessi ár, sundurliðað eftir starfsgreinum og fjölda skattgreiðenda?*

Áætlaðar skattgreiðslur af arði einstaklinga sem eiga hlut í einkahlutafélagi.

	Fjöldi einstaklinga / Skattur af arði í þúsundum króna		
Heiti atvinnugreinar	**1997**	**1998**	**1999**
Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	168 / 67	224 / 171	181 / 25
Fiskveiðar	528 / 12.085	555 / 13.459	558 / 17.628
Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu	14 / 1.000	21 / 1.240	15 / 1.771
Iðnaður	1.637 / 5.041	1.900 / 24.639	2.028 / 18.471
Veitur	85 / 0	143 / 0	115 / 0
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	582 / 1.723	806 / 5.362	778 / 6.436
Verslun og ýmis viðgerðaþjónusta	1.656 / 12.725	2.260 / 21.222	1.875 / 35.869
Hótel- og veitingahúsarekstur	201 / 51	269 / 50	268 / 533
Samgöngur og flutningar	327 / 458	469 / 1.008	485 / 4.932

	Fjöldi einstaklinga / Skattur af arði í þúsundum króna		
Heiti atvinnugreinar	**1997**	**1998**	**1999**
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og vátr.	55 / 45	49 / 48	82 / 97
Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	2.002 / 21.540	3.168 / 39.038	2.738 / 79.087
Fræðslustarfsemi	2 / 0	14 / 0	92 / 0
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	140 / 2.159	232 / 859	214 / 3.503
Önnur samfélagsþjónusta, félagsstarfsemi, menningarstarfsemi o.fl.	141 / 155	317 / 721	280 / 2.035
Engin starfsemi	883 / 5.005	705 / 10.567	408 / 1.814
Ótilgreind starfsemi	120 / 355	230 / 211	222 / 2.643
Samtals	**8.541 / 62.411**	**11.362 / 118.596**	**10.339 / 174.844**

3. *Hver voru laun og arðgreiðslur eigenda einkahlutafélaga og hver var fjöldi þeirra sem jafnframt eru framkvæmdastjórar eða starfsmenn hlutafélaganna, flokkað eftir fjárhæðum launa annars vegar og arðgreiðslna hins vegar, hvert áranna 1996–99?*

Arður og laun eigenda einkahlutafélaga.

Töflur 1.a –1.c sýna fjölda eigenda einkahlutafélaga sem fengu greidd laun frá félögum sínum árin 1997 til 1999 og skiptingu launa og arðgreiðslna þar sem félög eru flokkuð eftir fjárhæð launagreiðslu til eigenda.

Tafla 1.a – 1997.

Fjárhæðir í þúsundum króna.

Neðri mörk launa	**Fjöldi**	**Laun samtals**	**Arður**	**Arður og laun**
0 – 500	641	134.049	53.509	187.558
500 – 1.000	550	409.486	37.662	447.148
1.000 – 1.500	414	509.735	34.431	544.166
1.500 – 2.000	303	535.398	36.343	571.741
2.000 – 2.500	250	564.994	62.280	627.274
2.500 – 3.000	162	437.214	19.908	457.123
3.000 – 3.500	125	405.396	25.224	430.619
3.500 – 4.000	106	394.110	50.480	444.590
4.000 – 4.500	66	281.427	43.642	325.069
4.500 – 5.000	41	194.174	6.815	200.989
5.000 – 5.500	40	211.146	2.958	214.105
5.500 – 6.000	31	176.389	6.863	183.252
6.000 – 6.500	13	81.415	3.073	84.488
6.500 – 7.000	16	107.555	2.601	110.156
7.000 – 7.500	11	79.905	7.271	87.176
7.500 – 8.000	6	46.584	8.509	55.093
8.000 – 10.000	38	337.612	43.673	381.285
10.000 – 28.500	34	479.822	6.677	486.500
Samtals	**2.847**	**5.386.411**	**451.921**	**5.838.332**

Tafla 1.b – 1998.

Fjárhæðir í þúsundum króna.

Neðri mörk launa	Fjöldi	Laun samtals	Arður	Arður og laun
0 – 500	808	167.400	103.599	270.998
500 – 1.000	671	503.859	117.075	620.934
1.000 – 1.500	534	661.219	53.195	714.415
1.500 – 2.000	448	778.936	49.796	828.732
2.000 – 2.500	360	807.370	50.405	857.775
2.500 – 3.000	269	733.476	48.398	781.874
3.000 – 3.500	200	643.603	75.395	718.999
3.500 – 4.000	154	575.400	69.692	645.092
4.000 – 4.500	109	459.972	88.182	548.154
4.500 – 5.000	58	273.608	35.141	308.749
5.000 – 5.500	63	329.087	25.615	354.702
5.500 – 6.000	34	194.763	10.225	204.988
6.000 – 6.500	35	218.973	7.290	226.264
6.500 – 7.000	22	147.632	8.945	156.577
7.000 – 7.500	10	71.759	1.428	73.187
7.500 – 8.000	9	69.202	2.542	71.744
8.000 – 10.000	27	234.553	26.725	261.278
10.000 – 25.000	50	654.584	28.217	682.801
Samtals	**3.861**	**7.525.397**	**801.864**	**8.327.262**

Tafla 1.c – 1999.

Fjárhæðir í þúsundum króna.

Neðri mörk launa	Fjöldi	Laun samtals	Arður	Arður og laun
0 – 500	682	147.414	144.698	292.112
500 – 1.000	684	514.148	74.412	588.559
1.000 – 1.500	477	593.027	204.627	797.654
1.500 – 2.000	401	692.468	70.051	762.519
2.000 – 2.500	323	722.851	76.988	799.840
2.500 – 3.000	258	702.773	50.769	753.542
3.000 – 3.500	222	715.527	96.731	812.258
3.500 – 4.000	173	643.511	56.776	700.287
4.000 – 4.500	103	434.908	40.236	475.143
4.500 – 5.000	96	454.100	88.471	542.572
5.000 – 5.500	62	325.038	32.303	357.341
5.500 – 6.000	42	241.700	35.207	276.907
6.000 – 6.500	25	155.891	13.683	169.574
6.500 – 7.000	20	134.608	66.130	200.738
7.000 – 7.500	16	115.140	28.137	143.277
7.500 – 8.000	16	124.004	9.752	133.757
8.000 – 10.000	37	327.911	60.375	388.286
10.000 – 20.000	43	581.310	78.241	659.551
Samtals	**3.680**	**7.626.330**	**1.227.587**	**8.853.917**

Töflur 2.a – 2.c sýna fjölda eigenda einkahlutafélaga sem fengu greidd laun frá félögum sínum árin 1997 til 1999 og skiptingu launa og arðgreiðslna þar sem félög eru flokkuð eftir fjárhæð arðgreiðslu.

Tafla 2.a – 1997.

Fjárhæðir í þúsundum króna.

Arðgreiðsla	Fjöldi	Laun samtals	Arður	Arður og laun
0	1.846	2.812.574	0	2.812.574
1 – 500	865	2.180.721	80.868	2.261.590
500 – 1.000	37	85.332	23.570	108.903
1.000 – 1.500	31	79.952	38.760	118.712
1.500 – 2.000	15	34.114	25.570	59.684
2.000 – 2.500	5	27.501	11.512	39.013
2.500 – 3.000	15	35.982	39.479	75.461
3.000 – 3.500	7	21.120	22.121	43.241
3.500 – 4.000	5	6.086	18.917	25.003
4.000 – 4.500	5	36.879	21.511	58.390
4.500 – 5.500	3	4.895	14.262	19.157
5.500 – 6.000	3	10.164	17.640	27.804
6.000 – 30.500	1	3.741	30.660	34.401
Samtals	**2.847**	**5.386.411**	**451.921**	**5.838.332**

Tafla 2.b – 1998.

Fjárhæðir í þúsundum króna.

Arðgreiðsla	Fjöldi	Laun samtals	Arður	Arður og laun
0	2.515	4.016.247	0	4.016.247
1 – 500	1.065	2.467.943	100.493	2.568.435
500 – 1.000	96	400.014	65.428	465.442
1.000 – 1.500	71	242.140	81.670	323.810
1.500 – 2.000	32	130.800	52.967	183.768
2.000 – 2.500	12	31.577	26.342	57.919
2.500 – 3.000	23	81.812	61.077	142.889
3.000 – 3.500	6	18.855	18.833	37.688
3.500 – 4.000	4	12.521	15.226	27.747
4.000 – 4.500	8	40.260	32.167	72.427
4.500 – 5.000	3	8.549	14.382	22.931
5.000 – 6.000	3	13.003	15.304	28.307
6.000 – 10.000	11	29.846	79.897	109.743
10.000 – 70.000	12	31.830	238.078	269.908
Samtals	**3.861**	**7.525.547**	**801.864**	**8.327.262**

Tafla 2.c – 1999.
Fjárhæðir í þúsundum króna.

Arðgreiðsla	Fjöldi	Laun samtals	Arður	Arður og laun
0	2.660	4.605.870	0	4.605.870
1 – 500	675	1.760.501	88.672	1.849.173
500 – 1.000	116	384.156	82.589	466.746
1.000 – 1.500	72	282.567	82.307	364.875
1.500 – 2.000	35	156.607	59.201	215.807
2.000 – 2.500	23	72.688	49.454	122.142
2.500 – 3.000	21	55.217	56.910	112.128
3.000 – 3.500	12	39.271	36.278	75.548
3.500 – 4.000	9	30.976	34.284	65.260
4.000 – 4.500	5	34.362	20.940	55.302
4.500 – 5.000	3	12.700	14.255	26.955
5.000 – 5.500	8	24.779	40.000	64.779
5.500 – 6.000	6	28.555	33.285	61.840
6.000 – 10.000	22	87.451	166.823	254.275
10.000 – 73.000	13	50.630	462.589	513.219
Samtals	**3.680**	**7.626.330**	**1.227.587**	**8.853.917**

4. *Er ástæða til að ætla að eigendur einkahlutafélaga taki verulegan hluta launa sinna út í arði og skrái að einhverju leyti einkaneyslu á rekstur fyrirtækisins? Hefur slík athugun farið fram á vegum skattyfirvalda? Ef ekki, mun ráðherra beita sér fyrir slíkri athugun?*

Með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum, sbr. töflur hér að framan, virðist ekki ástæða til að ætla að eigendur einkahlutafélaga taki verulegan hluta launa sinna út í formi arðs.

Í skattalögum má víða finna ákvæði um skatteftirlit og skattrannsóknir. Þau ákvæði endurspegla þann skilning löggjafans að þörf sé á sérstöku aðhaldi gagnvart gjaldendum við framtal tekna þeirra og eigna. Almennt skatteftirlit í landinu hvílir á skattstjórum landsins og ríkisskattstjóra. Því starfi er sinnt á faglegan og málefnalegan hátt án aðkomu fjármálaráðuneytisins. Undir hið almenna skatteftirlit fellur eftirlit með því að eigendur einkahlutafélaga sem annarra fyrirtækja skrái ekki einkaneyslu á rekstur fyrirtækisins. Hefur fjármálaráðherra ekki í hyggju að beita sér fyrir sérstökum athugunum í því efni.

465. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni, Jóni Bjarnasyni, Þuríði Backman og Sverri Hermannssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
1.15 Lyf	4.755,0	420,0	5.175,0

466. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni, Jóni Bjarnasyni, Þuríði Backman og Sverri Hermannssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
a. 1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	7.090,0	410,0	7.500,0
b. 1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	2.840,0	160,0	3.000,0
2. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
1.55 Sjúkradagpeningar	250,0	250,0	500,0

467. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá Ögmundi Jónassyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **09-811 Barnabætur**			
1.11 Barnabætur	4.430,0	500,0	4.930,0

468. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá Ögmundi Jónassyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
1.15 Örorkulífeyrir	2.130,0	320,0	2.450,0

469. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá Jóni Bjarnasyni, Árna Steinari Jóhannssyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
1.60 Efling félagslegs forvarnastarfs, langtímaverkefni	0,0	100,0	100,0

470. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Spá Þjóðhagsstofnunar fyrir þetta ár og næsta gefur mun dekkri mynd af stöðu efnahagsmála en Samfylkingin hafði spáð. Þar er í reynd staðfest að efnahagsstefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar hefur rekið upp á sker. Allt hefur þróast með öðrum hætti en forsætisráðherra hefur margsinnis spáð. Verðbólga er á uppleið, andstætt spám hans, vextir hækka, þrátt fyrir gagnstæðar spár forsætisráðherra, og viðskiptahallinn hefur, þrátt fyrir orð forsætisráðherra, náð sögulegri stærð og vex enn. Spá Þjóðhagsstofnunar staðfestir allt sem Samfylkingin hefur haldið fram á síðustu missirum. Þá er óhjákvæmilegt að rifja upp nýstárlega kenningu sem forsætisráðherra hefur sett fram innan hagfræðinnar og felur í sér að núverandi viðskiptahalli stafi einkum af einkaneyslu og sé því góðkynja. Síðustu mánuðir hafa sýnt hið gagnstæða. Mikill og vaxandi viðskiptahalli hefur grafið undan genginu, eins og Samfylkingin spáði, og gengið hefur nú þegar fallið um 10%. Um þessar mundir er því haldið uppi nánast með handafli Seðlabankans.

Meginmarkmið frumvarps ríkisstjórnarinnar til fjárlaga fyrir árið 2000 var að treysta stöðugleika. Nú er ljóst að það hefur brugðist. Viðskiptahalli fer hraðvaxandi, vextir hækkandi og verðbólga er sömuleiðis á uppleið. Nú ræða sérfræðingar í efnahagsmálum ekki lengur um hvernig megi ná mjúkri lendingu heldur hvort unnt sé að forðast harðan skell. Ríkisstjórnin fór ekki að ráðum Samfylkingarinnar um að beita aðhaldsaðgerðum til að draga úr ríkisumsvifum meðan tækifærið gafst. Ekki var notaður sá byr sem uppsveiflan hafði skapað til að treysta stöðu ríkisfjármála. Í þessu sambandi er óhjákvæmilegt að minna á að Samfylkingin bauð í upphafi kjörtímabilsins upp á samstarf um að draga saman seglin í ríkisbúskapnum. Því var hafnað. Á síðasta sumri, þegar ljóst var að syrti í álinn, bauð hún á ný upp á samstarf við stjórnarflokkana með þátttöku aðila vinnumarkaðarins í því skyni að skapa þjóðarsátt um viðnám gegn verðbólgu. Ábyrgðarleysi ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar endurspeglast best í því að hún hafnaði einnig því tilboði.

Helsta ráð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar nú er að selja eignir til erlendra fyrirtækja og fá með því erlendan gjaldeyri inn í landið til að sporna gegn taumlausum viðskiptahalla og

styrkja þar með krónuna. Fyrirhuguð er sala fimmtungs hlutafjár í Landssímanum og ljóst að Landsbanki og Búnaðarbanki eru sömuleiðis á sölulista ríkisstjórnarinnar. Með þessu á að bæta afkomu ríkissjóðs um 15 milljarða kr.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2000 og þær breytingar sem urðu á því í meðförum þingsins sýna skýrt þá lausung sem viðhöfð hefur verið, upp á „hundruð milljóna", svo að vitnað sé í orð varaformanns fjárlaganefndar. Í engu var brugðist við viðvörunum og varnaðarorðum Samfylkingarinnar um hættur í efnahagsþróuninni, hvað þá að reynt væri að bregðast við eins og 1. minni hluti fjárlaganefndar lagði til í nefndaráliti um fjárlög fyrir árið 2000.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2001 var áætlað að gjöld næmu 209.970 millj. kr. og tekjur 240.300 millj. kr. Tekjuafgangur var þannig áætlaður 30.330 millj. kr. Síðan frumvarpið var lagt fram hafa útgjöldin verið aukin um 9.188,7 millj. kr. Um 600 millj. kr. má rekja til vanda heilbrigðisstofnana. Tekjur ríkissjóðs hafa einnig hækkað frá því að frumvarpið var lagt fram um 12.800 millj. kr. Þetta þýðir að tekjuafgangur er nú áætlaður 33.941,3 millj. kr., eða sem nemur 3.611,3 millj. kr. hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir í frumvarpinu.

Fyrirsjáanlegur vandi.

Áður hefur verið bent á að margt bendi til að enn sé óleystur vandi í heilbrigðiskerfinu og að í menntamálunum sé vandinn verulegur hjá mörgum framhaldsskólum og skólum á háskólastigi. Ekki er nægjanlega tekið á þeim vanda. Ekki er heldur tekið á velferðarmálum eins og Samfylkingin hefur lagt fram hugmyndir um, þ.e. með því að tryggja afkomu þeirra sem lakast eru settir, og ekkert hefur verið gert til að greina á milli aldraðra, öryrkja og einstæðra foreldra eftir mismunandi kjörum sem þeir búa við. Samfylkingin krefst þess að gripið verði til ráðstafana til að leysa þann vanda sem lýtur að þeim sem lakast eru settir og lýsir megnri andúð á aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar í þessum efnum.

Lánsfjáráætlun.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2001 var gert ráð fyrir að lántökur næmu 1,2 milljörðum kr. Á þeim 67 dögum sem liðnir eru frá framlagningu þess hefur áætlunin breyst og fyrirhugað er að taka að láni 27,6 milljarða kr. Afborganir hækka um 4,1 milljarð kr. og verða 36,8 milljarðar kr. Allt þetta má rekja til aðgerða á innlendum fjármálamarkaði, sem sagt gengislækkunar. Þetta er eðlilegt framhald af vandræðaganginum á þessu ári en nú liggur fyrir að lántökur ársins 2000 verða einnig langt umfram áætlanir fjárlaga. Í stað þess að lántökur næmu 5 milljörðum kr. er nú áætlað að þær nemi 25,5 milljörðum kr.

Ástæða er til að vitna til framhaldsnefndarálits 1. minni hluta frá liðnu ári en þar stóð m.a.: „Miðað við fyrirsjáanlegan viðskiptahalla á næsta ári, ásamt þeirri staðreynd að ekki dregur úr neyslu, er alveg ljóst að þessi áætlun stenst ekki og að lántökur ríkissjóðs verða talsvert umfram það sem áætlað var. Að sama skapi yrði ekki greitt eins mikið niður af erlendum lánum og gert var ráð fyrir. Liggur þá ekki annað fyrir en að afgangurinn verði frystur í Seðlabanka." Þetta sýnir að ríkisstjórnin hefur léleg tök á efnahagsmálum og bregst ekki við breyttum aðstæðum fyrr en um seinan.

Þjóðhagsforsendur.

Á undanförnum árum hafa tekjuliðir frumvarps til fjárlaga breyst við 3. umræðu í kjölfar endurskoðaðrar þjóðhagsspár. Nú bregður svo við að ekki er talin ástæða til þessa þrátt fyrir að endurskoðuð þjóðhagsspá víki í veigamiklum atriðum frá forsendum frumvarpsins. Spá

Þjóðhagsstofnunar gerir nú ráð fyrir að verðbólga verði allt að 5,8% í stað 4% í forsendum frumvarpsins. Þessi mikla breyting er m.a. rakin til 3,5–4% lækkunar á gengi krónunnar. Vegna þessa er nú aðeins reiknað með 0,5% kaupmáttaraukningu á næsta ári. Útlit er fyrir 68 milljarða kr. viðskiptahalla, sem svarar til 9,3% áætlaðrar landsframleiðslu. OECD er til muna svartsýnni og spáir 10% halla á næsta ári.

Samanburður á forsendum fjárlaga og endurskoðaðri spá Þjóðhagsstofnunar (magnbreytingar í %).

	Fjármálaráðuneytið			Þjóðhagsstofnun	
	Fjárlög 2000	Áætlun 2000	Spá 2001	Áætlun 2000	Spá 2001
Einkaneysla	3,0	4,0	2,6	4,0	1,7
Samneysla	2,5	3,5	3,0	3,5	3,0
Fjárfesting	2,7	10,5	-1,5	10,8	-2,6
Þjóðarútgjöld alls	2,8	5,1	1,7	5,3	0,9
Útflutningur vöru og þjónustu	1,9	0,9	-0,9	2,5	0,0
Innflutningur vöru og þjónustu	1,9	4,7	-0,3	5,9	-1,2
Landsframleiðsla	2,9	3,7	1,6	4,0	1,6
Vísitala neysluverðs	4,5	5,5	4,0	5,2	5,8
Ráðstöfunartekjur á mann	5,9	6,9	5,6	7,2	5,3
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	1,6	1,4	1,5	2,0	0,5

Veikist gengi krónunnar enn má búast við enn meiri verðhækkunum. Það þarf ekki skarpa sérfræðinga til að sjá hvaða áhrif þetta hefur á skuldir heimilanna sem hafa aukist verulega á þessu ári. Viðskiptahallinn í ár verður um 61,5 milljarðar kr. og spáð er að hann verði kominn um og yfir 70 milljarða kr. í árslok 2001. Ljóst er að fjármálastjórn ríkisins ræður ekki við það ástand sem er að skapast í hagkerfinu. Hagfræðistofnun benti nýlega á í skýrslu um eðli og orsakir viðskiptahalla að skattahækkanir og lækkun ríkisútgjalda yllu í senn minni eftirspurn og minni viðskiptahalla. Síðan segir orðrétt í skýrslunni: „Ef við viljum ráða niðurlögum verðbólgu með því að draga úr innlendri eftirspurn en jafnframt minnka viðskiptahallann verðum við að beita öflugri fjármálastefnu. Peningamálastefnan ein og sér getur ekki náð báðum markmiðum á sama tíma.“ Bent er á að kostir peningamálastefnunnar felast í hversu fljótvirk hún er en fjármálastefnan er hins vegar svifaseinni. Í ljósi þessa þarf að leggja áherslu á öflugt eftirlit með bönkum og að náið sé fylgst með stöðugleika fjármálakerfisins. Eins og fram hefur komið hafa útgjöld ríkissjóðs aukist að raungildi um 50 milljarða kr. frá árinu 1994 og stefnir í að þau aukist að raungildi um 5 milljarða kr. á árinu 2001. Þegar horft er til þess að nú er seinni hluti kjörtímabils þessarar ríkisstjórnar að renna upp er ekki að vænta aðhaldssamrar fjármálastjórnar á næstu árum.

Tekjuhlið frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir tekjum sem nema 253,1 milljarði kr. Þar af er gert ráð fyrir tekjum af sölu eigna (sjá álit efnahags- og viðskiptanefndar) sem nema 15,5 milljörðum kr. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að tekjur af reglulegri starfsemi ríkisins (án sölu eigna o.fl.) aukist um 6,4% á milli ára. Ef tekið er tillit til óreglulegra liða nemur tekjuaukinn 12,9%. Ein af breytingunum frá frumvarpinu er tæplega 3 milljarða kr. lækkun á tekjuskatti lögaðila og er nú

gert ráð fyrir að sá skattur dragist saman um 10,2% frá árinu 2000. Versnandi afkoma fyrirtækja er vissulega áhyggjuefni. Þetta eykur þrýsting á hækkun verðlags og jafnvel gengislækkun.

Tekjuáætlun fjárlaga er háð sveiflum í efnahagslífinu eins og reynslan sýnir. Á undanförnum árum hafa tekjur aukist jafnt og þétt og yfirleitt verið umfram áætlun fjárlaga. Þetta hefur gefið svigrúm til að auka útgjöld án þess að hafa veruleg áhrif á tekjujöfnuð. Með þessu er umfang ríkisrekstrarins aukið meira en góðu hófi gegnir og skapar það erfiðleika þegar tekjur dragast saman. Því er ákaflega mikilvægt að útgjöld fari ekki fram úr áætlun fjárlaga. Það getur og hefur leitt til þess að fjármálamarkaðurinn hætti að treysta efnahagsstjórninni. Á þetta atriði lagði 1. minni hluti áherslu í framhaldsnefndaráliti 1999 við þriðju umræðu fjárlaga en þar segir: „Það er einnig áhyggjuefni að markaðurinn virðist ekki bregðast við afkomu ríkissjóðs eins og ætla mætti. Þetta þýðir að aðgerðir og áætlanir í ríkisfjármálum vekja ekki traust hjá almenningi og fyrirtækjum. Því þarf að beita mun meira aðhaldi í peninga- og vaxtamálum ef takast á að vinna gegn þenslunni og viðskiptahallanum og auka tiltrú markaðarins á stjórn ríkisfjármála."

Eins og fyrr segir er áætluð sala Landssímans og sala á Landsbanka og Búnaðarbanka. Það eru augljós markmið ríkisstjórnar að selja þessar eignir og afla með því gjaldeyristekna til styrktar krónunni, með því skal reynt að koma á jafnvægi í efnahagsmálum. Þá er nauðsynlegt að kanna áhrif sameiningar bankanna á markaðinn, ekki síst á atvinnumál á landsbyggðinni því að óhjákvæmilega fækkar útibúum við sameininguna. Þá hefur reynslan sýnt að bankakerfið á í erfiðleikum með að hagræða í rekstri þannig að hægt sé að draga úr vaxtamun hér innan lands. Samfylkingin bendir á að svona efnahagsaðgerðir hafa aðeins skammtímavirkni. Hið eina sem getur skilað árangri er að ríkissjóður dragi úr útgjöldum og beiti ýtrasta aðhaldi. Sparnaður er eini raunhæfi kosturinn til að draga úr þenslu og auka framlegð fyrirtækja.

Vesturbyggð og Orkubú Vestfjarða.

Fyrsti minni hluti er þeirrar skoðunar að ekki komi til greina að skilyrða sölu á hlutum sveitarfélaga í Orkubúi Vestfjarða fjárhagslegu uppgjöri við ríkið.

Ljóst er að verulegur fjárhagsvandi steðjar að mörgum sveitarfélögum vegna laga sem kveða á um innlausnarskyldu þeirra á íbúðum í félagslega húsnæðiskerfinu. Sá vandi er hins vegar ekki að öllu leyti bundinn við Vestfirði. Í breytingartillögum ríkisstjórnarinnar við fjárlagafrumvarpið er hins vegar lagt til að framkvæmdarvaldið fái heimild til að gera bráðabirgðasamkomulag við eitt tiltekið sveitarfélag, Vesturbyggð, um fjárhagslega fyrirgreiðslu „í tengslum við fyrirhuguð kaup ríkisins á eignarhluta sveitarfélagsins í Orkubúi Vestfjarða". Fyrsti minni hluti er þeirrar skoðunar að sveitarfélög á Vestfjörðum eigi vissulega að hafa svigrúm til að selja hlut sinn í Orkubúi Vestfjarða. Það á hins vegar að vera frjáls framkvæmd, algerlega ótengd uppgjöri við ríkið vegna fjárhagsvandans sem stafar af félagslega húsnæðiskerfinu. Þess vegna mun 1. minni hluti ekki styðja umrætt ákvæði.

Þessu til viðbótar er rétt að rifja upp að 3. gr. laga um Orkubú Vestfjarða, nr. 66 31. maí 1976, heimilar því aðeins tilteknu sveitarfélagi að selja hlut sinn í Orkubúinu að fyrir liggi að allir sameigendur hafi gefið leyfi sitt til þess að viðkomandi sveitarfélag gangi úr félaginu. Samfylkingin vekur athygli á því að slíkar heimildir liggja ekki fyrir.

Lokaorð.

Fjárlagafrumvarp er sett fram við lokaumræðu miðað við óbreyttar forsendur frá því að það var lagt fram. Verulegur mismunur er á forsendum þess og nýrri spá Þjóðhagsstofnunar

en stofnunin hefur nú sem áður nokkra fyrirvara á spánni. Úr þeim fyrirvörum má lesa að efnahagskerfið sé ákaflega viðkvæmt um þessar mundir. Þróun olíuverðs, launahækkanir, viðskiptahalli, staða krónunnar og aflabrögð eru allt óvissuþættir sem hver um sig gæti haft veruleg áhrif á afkomu þjóðarbúsins ef þróun þeirra verður önnur en spáð er.

Alþingi, 7. des. 2000.

Gísli S. Einarsson, frsm. Einar Már Sigurðarson. Össur Skarphéðinsson.

471. Nefndarálit [215. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Í 3. gr. laga um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, nr. 38/1998, segir að sjávarútvegsráðherra skuli fyrir 1. nóvember árið 2000 leggja fyrir Alþingi frumvarp um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum eftir árið 2000. Þrátt fyrir þetta ákvæði hefur sjávarútvegsráðherra lagt til með frumvarpi að lögin um norsk-íslenska síldarstofninn verði áfram í gildi. Frestun þess að leggja fram nýtt frumvarp um veiðarnar byggir hann á þeirri forsendu að sú efnislega endurskoðun sem mælt er fyrir um í 3. gr. laganna verði framkvæmd samhliða heildstæðri endurskoðun sem nú er unnið að á lögum um stjórn fiskveiða á vegum nefndar sem sjávarútvegsráðherra skipaði á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða XXVII í lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990. Norsk-íslenski síldarstofninn er hins vegar deilistofn og ættu veiðarnar því að fara fram skv. 5. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151/1996. Þingmenn Samfylkingarinnar leggja til, í sérstöku frumvarpi, sbr. þskj. 429, 330. mál, breytingar á 5. gr. þeirra laga til samræmis við það sem Samfylkingin leggur til varðandi úthlutun aflaheimilda í lögunum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, sbr. þskj. 428, 329. mál.

Eins og alkunna er voru veiðar íslenskra fiskiskipa úr norsk-íslenska síldarstofninum ekki stundaðar svo neinu næmi í yfir 30 ár. Á síðustu árum hefur orðið þar breyting á. Norsk-íslenski síldarstofninn hefur verið í framför eftir langvarandi lægð. Með samningum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum milli síldveiðiþjóðanna á norðanverðu Atlantshafi hafa Íslendingar tryggt sér veiðiréttindi úr stofninum á hafsvæðunum utan íslensku fiskveiðilögsögunnar. Vegna þess hve langur tími leið frá því að síldveiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum voru stundaðar af íslenskum fiskiskipum var ekki á veiðireynslu að byggja hjá þeim flota sem tekið hefur þátt í veiðunum. Síldveiðiskipin, sem veiðarnar stunduðu fyrir þrjátíu árum, hafa flest horfið úr íslenska flotanum og útgerðir margra þeirra eru hættar störfum. Það fyrirkomulag sem gilt hefur við veiðarnar á undanförnum árum hefur verið til bráðabirgða, sbr. fyrrgreint ákvæði 3. gr. laga nr. 38/1998, að sjávarútvegsráðherra skuli fyrir 1. nóvember árið 2000 leggja fyrir Alþingi frumvarp um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum. Bráðabirgðaástandi varðandi fyrirkomulag veiðanna var heldur ekki ætlað að skapa grunn að fastri aflahlutdeild, sbr. álit meiri hluta sjávarútvegsnefndar við afgreiðslu frumvarps til

laga um veiðar utan lögsögu, 57. mál á 121. þingi, þar sem segir í nefndaráliti meiri hlutans: „Veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum verði á grundvelli leyfa til veiðanna á sambærilegum forsendum og verið hafa. Veiðireynsla úr þessum stofni myndi ekki grunn að fastri aflahlutdeild.“ Ástæða þykir til að árétta þetta hér því útvegsmenn virðast almennt ganga að því sem vísu að þeir séu að ávinna sér rétt til úthlutunar samkvæmt veiðireynslu þegar þar að kemur.

Annar minni hluti sjávarútvegsnefndar telur að löngu sé tímabært að skipa þessum málum til frambúðar og skapa veiðum úr norsk-íslenska síldarstofninum lagaramma og starfsumhverfi þannig að útgerðir þeirra viti að hverju þær ganga. Skoðun 2. minni hluta er að um veiðarnar eigi að gilda lögin um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151/1996 og að veiðarnar verði boðnar út. Þessi stefna er í samræmi við þá stefnu Samfylkingarinnar að bjóða eigi út nýtingu takmarkaðra gæða sem eru í þjóðareign eða þjóðarforsjá.

Annar minni hluti mun því ekki styðja frumvarp sjávarútvegsráðherra um framlengingu gildandi laga.

Alþingi, 7. des. 2000.

Svanfríður Jónasdóttir, frsm. Jóhann Ársælsson.

472. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá Sigríði A. Þórðardóttur, Árna Johnsen, Einari Má Sigurðarsyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Kristni H. Gunnarssyni, Ólafi Erni Haraldssyni, Sigríði Jóhannesdóttur og Tómasi Inga Olrich.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-982 Listir, framlög.**			
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	15,6	15,9	31,5
2. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:			

Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982 1.70).

	Þús. kr.
1. Atli Heimir Sveinsson	1.500
2. Árni Kristjánsson	1.500
3. Ásgerður Búadóttir	1.500
4. Erró	1.500
5. Fríða Á. Sigurðardóttir	1.500
6. Guðbergur Bergsson	1.500
7. Guðbjörg Þorbjarnardóttir	1.500
8. Gunnar Eyjólfsson	1.500

9.	Hannes Pétursson	1.500
10.	Herdís Þorvaldsdóttir	1.500
11.	Jón Nordal	1.500
12.	Jórunn Viðar	1.500
13.	Kristján Davíðsson	1.500
14.	Matthías Johannessen	1.500
15.	Róbert Arnfinnsson	1.500
16.	Rúrik Haraldsson	1.500
17.	Stefán Hörður Grímsson	1.500
18.	Thor Vilhjálmsson	1.500
19.	Þorsteinn frá Hamri	1.500
20.	Þráinn Bertelsson	1.500
21.	Þuríður Pálsdóttir	1.500
	Samtals	**31.500**

473. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Inngangur.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2001 kemur nú til lokaafgreiðslu við 3. umræðu. Vísað er til nefndarálits 2. minni hluta við 2. umræðu. Enn fremur er vísað til álits minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar varðandi tekjuhlið frumvarpsins og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs á næsta ári sem fylgir framhaldsnefndaráliti meiri hlutans.

Áætlað er að tekjur ríkissjóðs á næsta ári verði 253 milljarðar kr., 12,8 milljörðum kr. hærri en frumvarpið gerði ráð fyrir. Heildarútgjöld ríkissjóðs eru áætluð 219 milljarðar kr. Tekjuafgangur ríkissjóðs er áætlaður 34 milljarðar kr.

Nýrra vinnubragða við fjárlagagerðina er þörf.

Ríkisstjórnin leggur fram frumvarp til fjárlaga í upphafi þings. Að því búnu fer það til fjárlaganefndar til frekari vinnu. Sú hefð hefur skapast að við 2. umræðu eru lagðar fram meginbreytingar þingsins á gjaldahlið frumvarpsins. 2. umræða hefur þó í auknum mæli snúist um efnahagshorfur og stefnu í ríkisfjármálum þrátt fyrir að endurskoðuð þjóðhagsspá og tekjuáætlun fyrir næsta ár liggi ekki fyrir. Við 3. umræðu er lögð fram endurskoðuð tekjuáætlun fyrir næsta ár og jafnframt þær efnahagsforsendur sem ríkisfjármálin byggjast á á næsta ári.

Ítarleg umræða fer fram innan fjárlaganefndarinnar um sundurliðaða gjaldahlið frumvarpsins. Fjölmargir aðilar koma fyrir nefndina og skýra einstaka útgjaldaliði.

Tekjuhlið frumvarpsins fær aftur á móti afar litla umfjöllun fjárlaganefndar sem er þó hin hlið fjárlagafrumvarpsins. Má nefna í því sambandi að endurskoðuð tekjuáætlun var kynnt í nefndinni rétt um það leyti sem hún afgreiddi frumvarpið frá sér. Þá kom fram tillaga ríkisstjórnarinnar um stórfellda sölu á ríkiseignum á næsta ári og þar með talið hluta í Landssímanum. Ekki fengust ræddar í nefndinni forsendur eða tilhögun sölunnar.

Mun eðlilegra hefði verið að við 2. umræðu hefði verið fjallað um tekjuáætlun, efnahagsforsendur og stefnu í ríkisfjármálum. Við þá umræðu væri tekjuhlið frumvarpsins ákveðin. Við 3. umræðu væru útgjöldin endanlega ákveðin. Það er góður siður á vönduðum heimilum að telja fyrst í buddunni og ákveða síðan útgjöldin. Þannig ætti það einnig að vera hjá Alþingi gagnvart ríkisfjármálunum.

Stefnan í ríkisfjármálum.

Fjárlög ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2001 eru nú afgreidd við mikla óvissu í efnahagsmálum þjóðarinnar. Forsendur í þjóðhagsáætlun hafa tekið stöðugum breytingum og hið sama gildir um ráðstafanir ríkisstjórnarinnar. Þannig var viðskiptahalli þessa árs áætlaður 32 milljarðar kr. í þjóðhagsspá fyrir ári, en stefnir nú í að verða 62 milljarðar kr. og ekki víst að öll kurl séu komin til grafar. Við búum enn við „góðæri" á yfirborðinu því að atvinna er næg þótt henni sé ef til vill misskipt eftir landshlutum. Landsframleiðsla vex enn og fjárfesting er mikil.

Samt kveður við holan hljóm. Ljóst er að við núverandi horfur í efnahagsmálum ber ríkisvaldinu skylda til þess að sýna aðhald í rekstri og koma í veg fyrir þenslu. Það er að vissu leyti gert með þessum fjárlögum, en að vísu dálítið seint því að áhrif slíkra aðgerða taka nokkurn tíma að koma fram.

Mikil óvarkárni einkenndi fjárlög á árinu 1998 í aðdraganda síðustu kosninga. Þau mistök ásamt ábyrgðarleysi í einkavæðingu, svo sem ríkisbankanna, varð til þess að verðbólga rauk upp og hefur verið 4–6% síðan. Mikilvægt er að aðhaldið komi fram á réttum stöðum og framlög til þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu séu ekki skert. Þeir hafa hins vegar fengið næsta lítið í sinn hlut af góðærinu, en þurft að bera æ meiri byrðar, t.d. vegna húsnæðis-, lyfja- og lækniskostnaðar. Þar vill Vinstri hreyfingin – grænt framboð sjá aðrar áherslur. Grein Ólafs Ólafssonar fyrrverandi landlæknis, sem birt er sem fylgiskjal með þessu áliti, sýnir hversu bág kjör margir ellilífeyrisþegar búa við, en 7.390 manns hafa lægri mánaðartekjur en 58.500 kr. fyrir skatta.

Vaxtastefnan.

Mikil oftrú hefur ríkt á mætti vaxtaaðgerða til þess að slá á eftirspurn, en vaxtahækkanir hafa einungis orðið til þess að fyrirtæki flytja sig á erlenda fjármagnsmarkaði og hafa bankarnir fengið rýmri fjárráð til þess að auka útlán til einstaklinga. Afleiðingin, a.m.k. til skemmri tíma, hefur verið aukin þensla. Hávaxtastefna ríkisstjórnarinnar hefur aftur á móti einnig leitt af sér gífurlegan viðskiptahalla sem er spáð að aukist enn frekar á næsta ári.

Að vissu leyti er mönnum vorkunn. Frelsið á fjármagnsmarkaði hér á landi er tiltölulega nýtt og lítil reynsla hefur fengist af því. Samt sem áður hefur ákveðin grunnhyggni einkennt gerðir manna. Menn virðast hafa tekið stöðugleikann sem sjálfsagðan hlut. Það mátti öllum vera ljóst að mikil aukning peningamagns í umferð, sem lengst af var samfara vaxtahækkunum Seðlabankans, hlyti að vera mjög þensluhvetjandi.

Ef þetta ástand verður viðvarandi er fyrirséð að íslensk heimili beri ofurþungan fjármagnskostnað sem kann að reynast mörgum ofviða þegar áfram sækir. Enn fremur munu háir vextir koma afar illa við smærri fyrirtæki og hefta alla nýsköpun. Með öðrum orðum: háir vextir grafa undan framtíð Íslendinga þegar til lengdar lætur.

Eru bjargráðin erlendar lántökur?

Ríkisstjórnin virðist hafa tekið fjármagnsinnstreymi sem sjálfsagðan hlut og lítið kapp var lagt á að greiða niður erlend lán ríkissjóðs á meðan peningarnir streymdu inn. Loksins þegar

til átti að taka á næsta ári eru slíkar niðurgreiðslur ómögulegar. Áætlun stjórnarinnar frá í haust var sú að nota tekjuafganginn til þess að greiða niður erlendar skuldir. Það er hins vegar ekki hægt eins nú kemur fram vegna þess hve gjaldeyrisstreymi til landsins er viðkvæmt. Í stað þess að greiða niður lánin eru erlendar skuldir auknar.

Þetta er mjög alvarlegt, sérstaklega í ljósi þess að ríkissjóður er nú í þeirri stöðu að þurfa að taka erlend lán til þess að viðhalda genginu. Þá var óvarlegt að rýmka erlendar fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna í upphafi þessa árs. Meðal annars í kjölfar þess hefur gjaldeyrisútstreymi orðið mikið vandamál. Það verkefni stjórnvalda að viðhalda stöðugleika hefur því orðið mun erfiðara en annars hefði þurft að vera og það að ófyrirsynju.

Öllu verra er þó að eftir nær fullkomið andvaraleysi skiptir nú yfir í mikinn ótta um gengi krónunnar og fjármagnsjöfnuð landsins. Gengismálin hafa tekið yfir nær öll önnur markmið í hagstjórn. Það sést greinilega af einkavæðingaráformum ríkisstjórnarinnar. Hér er markmiðið ekki að hagræða eða bæta þjónustu eins og svo oft er haldið fram um einkavæðingu. Markmiðið virðist vera aðeins það eitt að fá aukinn gjaldeyri inn í landið með öllum tiltækum leiðum, þar með talið sölu ríkisfyrirtækja.

Gengi krónunnar skiptir efnahagslífið og kjör fólks að sjálfsögðu miklu máli. Atvinnulífið er mjög skuldsett í erlendum gjaldmiðlum og þolir illa gengislækkun. Sama gildir um fjárhag heimilanna, en lægra gengi hækkar vöruverð og höfuðstól verðtryggðra lána. Sú staða sem þjóðarbúið stendur nú frammi fyrir kom ekki til af sjálfu sér. Hún er afleiðing þeirra hagstjórnarákvarðana sem ríkisstjórnin hefur tekið á síðustu árum.

Þingflokkur vinstri grænna lýsir miklum áhyggjum af gangi mála. Ef þetta ástand varir miklu lengur er hætta á því að útflutningsgeta þjóðarbúsins skaðist þegar til lengri tíma er litið. Jafnvægi í efnahagslífinu innan lands og aukinn útflutningur er eina varanlega lausnin á viðskiptahallanum. Það skal viðurkennt að einkavæðing getur skapað gjaldeyristekjur, en aðeins einu sinni. Þegar eignirnar hafa verið seldar án þess að taka á undirliggjandi vanda er allt sem áður var.

Áherslur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að ríkisfjármálum sé beitt til að auka jöfnuð í samfélaginu. Mikilvægt er að létta af þeirri spennu sem hefur magnast á síðustu árum vegna aukins tekjumunar í þjóðfélaginu og kerfisbundinnar mismununar á lífskjörum fólks. Allir þegnar þjóðfélagsins skulu eiga tryggð mannsæmandi samfélagslaun. Öll mismunun á lífskjörum leiðir til hættulegrar spennu og þenslu í þjóðfélaginu, sem og röskunar fjölskyldubanda, byggðar og atvinnulífs.

Gegn þessu ójafnvægi verður að berjast með öllum tiltækum ráðum. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggja til að tekjum ríkisins verði í auknum mæli varið til menntunar og rannsókna, að framlög til umhverfismála verði aukin og að tekið verði upp „grænt bókhald“ þegar meta skal arðsemi í rekstri og framkvæmdum.

Alþingi, 8. des. 2000.

Jón Bjarnason.

Fylgiskjal.

Ólafur Ólafsson,
fyrrverandi landlæknir:

Tæpur þriðjungur ellilífeyrisþega nær ekki „lágmarksframfærslumörkum".
(Morgunblaðið, 7. desember 2000.)

Um 23.000 ellilífeyrisþegar fá óskertan grunnlífeyri þ.e. 17.715 kr. á mánuði en rúm 10.000 af þeim fá til viðbótar óskerta tekjutryggingu, þ.e. 30.461 kr. á mánuði eða samtals 48.176 kr. á mánuði. Rúm 4.000 fá heimilisbætur að upphæð 14.564 kr. á mánuði og 361 fá 7.124 kr. sem sérstakar heimilisbætur.

Úr almennum lífeyrissjóðum verkafólks fá 3.486 manns 5.637 kr. á mánuði að meðaltali en 3.627 manns fá 14.743 kr. að meðaltali á mánuði, skattlagning hefst við 63.878 kr. fyrir einstakling en um 130.000 kr. fyrir fólk í sambúð.

Hverjar eru rauntekjur ellilífeyrisþega þegar á heildina er litið. FEB óskaði eftir úttekt ríkisskattstjóra á málinu. Samkvæmt útreikningum sérfræðinga skattstjórans er tekjudreifing ellilífeyrisþega þessi. Tekið er tillit til allra tekna, skatta, útsvara, ívilnunar skv. 66. gr. og skv. 80. gr. ásamt persónuafslætti.

Tekjur og skattar ellilífeyrisþega árið 1999.

Fjöldi	Meðaltal á ári	Skattar
890	124.000	4.000
1.271	299.000	2.000
1.917	522.000	3.000
3.312	702.000	12.000
4.296	909.000	68.000
4.912	1.097.000	130.000
3.121	1.292.000	186.000
7.147	1.495.000	206.000
26.866	1.233.000	168.000

Úr þessari töflu má lesa að 7.390 manns, þ.e. 28%, hafa lægri mánaðartekjur (meðaltal) en 58.500 kr. fyrir skatta og 11.686, þ.e. 44%, um 75.000 kr. fyrir skatta. Eignarskattstofn þessara einstaklinga er rúmar 3–4 milljónir, óljóst er um skuldir. En tilraun verður gerð að áætla þær. Einnig verður kannaður hagur dvalarheimilisvistmanna en nú bíða um 560 manns þar af um 230 í brýnni þörf. Vissulega er hátekjufólk í hópnum en um 400 manns þ.e. 1,5% hafa á milli 370.000–735.000 á mánuði með eignarskattsstofn á milli 10–16 milljónir. Hagstofa Íslands hefur ekki reiknað út áætlaðan lágmarksframfærslukostnað eins og Hagstofur nágrannalandanna gera reglulega.

En með hliðsjón af að skattleysismörk eru tæpar 64.000 kr. á mánuði og LÍN áætlar að námsmenn þurfi 66.500 kr. á mánuði til framfærslu má ætla að lágmarksframfærslukostnaður í dag sé á þeim slóðum. Ætla má að þriðjungur ellilífeyrisþega (þar á meðal öryrkjar) bera ekki úr býtum lágmarksframfærslutekjur. Samanburðurinn verður óhagstæðari ef kíkt er á síðustu neyslukönnun Hagstofu Íslands frá 1995. Þar kemur í ljós að miðað við 16,3% verðlagshækkun fram til ársins 2000 eyðir hver einstaklingur um 100.000 kr. á mánuði til lífsnauðsynja.

Ástandið verður skýrara þegar litið er til þróunar kaupmáttar á síðustu árum. Þó að kaupmáttur lífeyrisþega hafi hækkað nokkuð á allra síðustu árum er ljóst að kaupmáttur þeirra

hefur ekki tekið mið af launaþróun verkamanna eins og eldri borgarar hafa krafist. Þessar niðurstöður hafa öðlast viðurkenningu í „ráðherrasamráðsnefndinni“.

Starfstengda lífeyrissjóðskerfið nær ekki að brúa þetta bil á næstu 15–20 árum. Langt er því í land áður en „lífeyrir 69 ára ellilífeyrisþega verður 70% af meðaltalsatvinnutekjum fólks á aldrinum 40–60 ára (að viðbættum 11% af atvinnutekjum á grunnlífeyri)“ eins og menn ætla í ritinu „Lífeyriskerfi og umönnunar tryggingar“ sem gefið var út á ári aldraðra 1999 af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Hvers vegna er verið að rýra kjör margra aldraðra? Athyglisvert er að á árunum 1995–1999 fjölgaði lífeyrisþegum er búsettu sig í útlöndum um 64%.

Hvað er til ráða? Þarf að fara með málið til mannréttindadómstóls Evrópu til þess að úrbætur fáist?

474. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá Einari K. Guðfinnssyni, Rannveigu Guðmundsdóttur, Kristni H. Gunnarssyni, Ögmundi Jónassyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
1.91 Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum	0,0	25,0	25,0
2. Við **09-999 Ýmislegt**			
1.18 Styrkur til stjórnmálaflokka í samræmi við heimild í 7. gr.	136,0	28,0	164,0

475. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá Árna Steinari Jóhannssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **11-399 Ýmis orkumál**			
1.16 Styrking dreifikerfis í sveitum	138,0	180,0	318,0

476. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá Jóni Bjarnasyni, Árna Steinari Jóhannssyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	293,0	250,0	543,0
2. Við **02-971 Ríkisútvarpið**			
1.20 Framlag úr ríkissjóði til að bæta rekstrarstöðu og og styrkja dreifikerfi	0,0	380,0	380,0
3. Við **07-205 Leiguíbúðir**			
6.22 Átak í byggingu félagslegs leiguhúsnæðis	0,0	750,0	750,0
4. Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
1.85 Efling félagslegs forvarnastarfs, langtímaverkefni	0,0	50,0	50,0
5. Við **10-190 Ýmis verkefni**			
1.52 Bætt fjarskipti og aukin flutningsgeta grunnnetsins	0,0	250,0	250,0
6. Við **14-205 Náttúruvernd ríkisins**			
5.01 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	25,0	90,0	115,0

477. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá Jóni Bjarnasyni, Árna Steinari Jóhannssyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

Við 7. gr. Liður 8.6 falli brott.

478. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 463 [Fjárlög 2001].

Frá Jóni Bjarnasyni, Árna Steinari Jóhannssyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

Við 7. gr. Liður 8.20 orðist svo:
Að semja, með þátttöku félagsmálaráðherra, við sveitarfélög í fjárhagserfiðleikum um fjárhagslega endurskipulagningu með þátttöku ríkisins.

479. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 457 [Fjárlög 2001].

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur, Árna Steinari Jóhannssyni, Jóni Bjarnasyni, Steingrími J. Sigfússyni, Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

Við 53. tölul., d-liður orðist svo:
d. Sérstakt yfirlit, 20, orðist svo:

20. Ýmis verkefni (14-190 1.90).

Umhverfisverndarsamtök Íslands	2,0
Náttúruverndarsamtök Íslands	2,0
Samtals	4,0

480. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá Jóni Bjarnasyni, Árna Steinari Jóhannssyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 1:			
Við **I. Skatttekjur**			
a. 1.1.1.5 Sérstakur tekjuskattur	1.670,0	300,0	1.970,0
b. 1.1.5.1 Skattur á fjármagnstekjur	4.050,0	800,0	4.850,0
c. 1.5.1.1 Tekjuskattur, lögaðilar	12.440,0	1.200,0	13.640,0
d. 5.1.2.1.50 Áfengisgjald	6.448,5	300,0	6.748,5
e. 5.1.2.5 Hagnaður af einkasölu	2.915,0	400,0	3.315,0

481. Svar [30. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um fyrirkomulag viðskipta og samninga um gagnaflutninga og önnur tölvusamskipti.

1. *Hver voru heildarviðskipti fjármálaráðuneytisins fyrir hönd ráðuneyta við Landssímann og dótturfyrirtæki hans árin 1998–2000, sundurliðað eftir árum og ráðuneytum, svo og eftir stofnkostnaði annars vegar og rekstrarkostnaði hins vegar?*

Við vinnslu fyrirspurnarinnar leitaði fjármálaráðuneytið liðsinnis Ríkisbókhalds til að vinna upplýsingar úr bókhaldskerfum ríkisins. Til að nálgast upplýsingar er vörðuðu viðskipti allra ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins við Landssímann hf., dótturfyrirtæki hans og önnur fjarskiptafyrirtæki var valin sú leið að senda spurningalista til ráðuneyta og stofnana og biðja þau um að senda inn nauðsynlegar upplýsingar. Þessi ferill var umfangsmikill og tímafrekur þar sem bíða þurfti svara frá öllum.

Bókhald ríkisins er mjög dreifstýrt þegar kemur að stofnunum og fyrirtækjum í eigu ríkisins. Margar stofnanir reka sitt eigið bókhaldskerfi sem getur verið uppbyggt með öðrum hætti en BÁR sem flestar stofnanir og ráðuneyti nota. Við vinnslu svarsins var sundurliðað eftir fjárlaganúmerum og því koma fram allmörg númer sem ekki eru eiginlegar stofnanir eða fyrirtæki. Alls eru 386 fjárlaganúmer með BÁR en 109 með sérkerfi.

Taka ber fram að tölur fyrir árið 2000 eru ótryggar þar sem stofnanir eru komnar misjafnlega langt í uppgjörum fyrir þetta ár.

Í spurningunni var sérstaklega óskað eftir sundurliðun á viðskiptum eftir stofnkostnaði annars vegar og rekstrarkostnaði hins vegar. Mismunandi er eftir ráðuneytum og stofnunum hvernig viðskipti við Landssímann voru færð. Í flestum tilfellum eru öll viðskiptin bókfærð sem rekstrarkostnaður en stofnkostnaður ekki tilgreindur sérstaklega. Upplýsingarnar voru þar að auki sundurliðaðar eftir fyrir fram skilgreindum kennitölum Landssímans hf. og annarra fjarskiptafyrirtækja en ekki eftir sérstökum viðfangsefnum. Af þessum sökum reyndist ekki tæknilega unnt að tilgreina sérstaklega stofnkostnað og rekstrarkostnað. Fjölbreytni viðskiptanna gerir það einnig að verkum að í sumum tilfellum er alls ekki um sérstakan stofnkostnað eða rekstrarkostnað að ræða heldur getur verið um að ræða vörukaup eða einskiptis þjónustu svo dæmi sé tekið. Af þessum sökum reyndist ekki unnt að vinna gögn sem sýna sundurliðun í stofnkostnað og rekstrarkostnað.

Upplýsingar um viðskipti fjármálaráðuneytisins, fyrir hönd ráðuneyta, við Landssímann og dótturfyrirtæki hans árin 1998–2000 er að finna í fylgiskjali I. Um er að ræða heildartölur undir fjárlagalið hvers ráðuneytis fyrir sig.

2. *Hver voru heildarviðskipti stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins við sömu aðila árin 1998–2000, sundurliðað eftir árum og stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stofnkostnaði annars vegar og rekstrarkostnaði hins vegar?*

Upplýsingarnar koma fram í fylgiskjali II.

Hvað varðar skiptingu í stofnkostnað og rekstrarkostnað eru sömu ástæður og tilgreindar voru í svari við 1. lið þess valdandi að ekki var tæknilega mögulegt að sýna sundurliðun eftir þessum þáttum.

3. *Hver voru heildarviðskipti ráðuneytisins/ríkisins við önnur fyrirtæki á markaði sem veita þjónustu á þessu sviði árin 1998–2000, sundurliðað á sama hátt?*

Við vinnslu svars við þessum lið varð í fyrstu að skilgreina hvaða fyrirtæki sinntu fjarskiptaþjónustu og leita svo eftir þeim kennitölum í bókhaldi ríkisins. Að auki voru stofnanir og fyrirtæki sem reka eigið bókhaldskerfi beðin um að tilgreina sérstaklega viðskipti sín við fyrirtæki á fjarskiptasviði. Í fylgiskjali II er þessar upplýsingar að finna og var reynt að setja þær upp á svipaðan hátt og upplýsingar um Landssímann og dótturfyrirtæki hans.

Rétt er að geta þess í samanburði á viðskiptum ríkisins við Landssímann og dótturfyrirtæki hans og annarra fjarskiptafyrirtækja að viðskipti við Landssímann fela í sér kaup á mun breiðari fjarskiptaþjónustu en við hin fyrirtækin. Þannig býður Landssíminn upp á hefðbundna talsímaþjónustu, farsímaþjónustu, internetþjónustu, gagnaflutningsþjónustu, upplýsingaveitur, breiðbandsþjónustu og ýmiss konar flug- og skipaþjónustu. Keppinautar Landssímans hafa hins vegar sérhæft sig í einstökum tegundum þjónustu og því er heildartala viðskipta við Landssímans ekki sambærileg við önnur fyrirtæki.

4. *Grundvallast viðskipti ríkisins við Landssímann á skriflegum samningum og útboðum eða eru þau byggð á gjaldskrá? Ef viðskiptin byggjast á skriflegum samningum eða útboðum óskast upplýsingar um dagsetningar og framkvæmd þeirra.*

Þróun á fjarskiptamarkaði hefur verið hröð á undanförnum árum bæði hér á landi og erlendis. Á grundvelli fjarskiptalaga frá 1984 og eldri laga hafði ríkið einkarétt á að veita fjarskiptaþjónustu á Íslandi og voru undanþágur fáar. Þessi einkaréttur var takmarkaður með breytingu á lögum 1993 og náði frá þeim tíma aðeins til almennrar talsímaþjónustu og eignarréttar og rekstrar á almennu fjarskiptaneti. Hinn 1. janúar 1998 var þessi einkaréttur afnuminn með öllu í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Stórt skref var stigið í átt til samkeppnisumhverfis þegar Póst- og símamálastofnun var breytt í hlutafélag í eigu ríkisins með lögum 1996. Það hóf starfsemi sama ár og í framhaldi af því var Landssími Íslands hf. stofnaður hinn 27. desember 1997. Með gildandi fjarskiptalögum, nr. 107/1999, var aftur stigið stórt skref í frjálsræðisátt. Meginmarkmið fjarskiptalaganna voru að tryggja aðgang allra landsmanna að ákveðinni lágmarksþjónustu, svokallaðri alþjónustu, og hins vegar að laga íslenska löggjöf að nýjum tilskipunum ESB um fjarskiptamál sem eiga að tryggja aukna samkeppni og jafnræði á markaði. Þar sem um miklar breytingar var að ræða hafa ákvæði laganna verið innleidd á mismunandi tímum. Þannig má nefna ákvæði um númeraflutning og fast forval sem hefur mikil áhrif á samkeppni þar sem viðskiptavinunum var auðveldað að flytja viðskipti sín til annarra fjarskiptafyrirtækja, enda kallar slíkur flutningur eftir breytinguna ekki á nýtt símanúmer og allt sem því fylgir, svo sem auglýsingar, prentun o.s.frv. Reglur um númeraflutning í fastanetinu komu til framkvæmda 15. september sl., um númeraflutning milli símstöðvasvæða 15. febrúar nk. og í farsímanetum 1. júní 2001. Ýmis önnur ákvæði laganna, svo sem opið aðgengi að fjarskiptanetum, heimtaug, samtengingar, reikisamninga o.s.frv., hafa verið að festa sig í sessi og nokkur reynsla er komin á framkvæmd þessara atriða.

Í kjölfar nýju fjarskiptalaganna hefur verið mikil gróska á fjarskiptamarkaði, sérstaklega eftir að reynsla hefur skapast af framkvæmd þeirra. Meðfylgjandi tafla sýnir hverjir hafa fengið rekstrarleyfi fyrir fjarskiptaþjónustu:

Starfsemi	Fyrirtæki
Rekstur grunnkerfa	Landssími Íslands hf., Lína.Net hf., Íslandssími hf., Fjarskiptafélagið Títan ehf., Halló!–Frjáls fjarskipti hf., Hringiðan ehf., Innn ehf., Internet á Íslandi hf., IRJA ehf., Islandia Internet ehf., Landsnet ehf., Margmiðlun–Internet ehf., Skýrr hf., Tal hf., Teleglobe Norge AS.
Talsímaþjónusta	Landssími Íslands hf., Fjarskiptafélagið Títan ehf., Halló!–Frjáls fjarskipti hf., Hringiðan ehf., Innn ehf., Internet á Íslandi hf., Islandia Internet ehf., Íslandssími hf., Landsnet ehf., Margmiðlun–Internet ehf., Neyðarlínan hf., Skýrr hf., Tal hf.
Gagnaflutningur	Landssími Íslands hf., Íslandssími hf., Lína.Net hf., Skýrr hf., Fjarskiptafélagið Títan ehf., Internet á Íslandi hf., Margmiðlun–Internet ehf., SITA, Tal hf.
Útlandasímtöl	Landssími Íslands hf., Íslandssími hf., Frjáls fjarskipti hf., Netheimur ehf., Landsnet ehf.
Farsímaþjónusta	Landssími Íslands hf., Tal hf., Frjáls fjarskipti ehf., Íslandssími GSM ehf., IMC Ísland ehf., Lína.Net hf.
TETRA- fjarskipti	Stikla ehf., Irja hf.
Hljóðvarp, sjónvarp	Íslenska útvarpsfélagið hf., Ríkisútvarpið.
Gervihnattafjarskipti	Iridium C. G. GmbH, Martel ehf. (Globalstar), ORBCOMM á Íslandi ehf., Radíómiðun ehf. (Inmarsat).

Flest þessara fyrirtækja eru innan við eins eða tveggja ára gömul en fjarskiptaþjónusta er tiltölulega nýtt svið hjá þeim fyrirtækjum sem eldri eru. Tal hf. hefur veitt Landssímanum mesta samkeppni á farsímamarkaði og hefur verið starfandi í liðlega tvö ár.

Þrátt fyrir mikla grósku hefur Landssíminn hf. enn yfirburðastöðu á íslenskum fjarskiptamarkaði á flestum sviðum fjarskiptaþjónustu og ljóst er að staða Landssímans í viðskiptum við ríkisstofnanir er einnig mjög sterk.

Mismunandi er hvernig staðið hefur verið að þessum málum bæði eftir því um hvers konar þjónustu er að ræða og eftir því hvers eðlis stofnanirnar eru. Þær stofnanir sem eru utan höfuðborgarsvæðisins búa við það að lítil samkeppni er enn sem komið er á flestum sviðum fjarskiptaþjónustu. Útboð hefur því almennt ekki verið viðhaft við kaup á fjarskiptaþjónustu á þessu svæði.

Hvað varðar gagnaflutninga hafa einstakar ríkisstofnanir í auknum mæli leitað tilboða í viðskipti enda hefur komist á samkeppni á þeim markaði, a.m.k. á höfuðborgarsvæðinu. Má þar nefna samninga við Línu.Net ehf. og Íslandssíma um ljósleiðaratengingu á milli Landspítala – háskólasjúkrahúss í Fossvogi og á Hringbraut sem undirritaður var í mars sl. og samning Íslandssíma hf. við Íslandspóst hf. sem undirritaður var í júní sl.

Rétt er að taka það fram að skylda til útboðs samkvæmt íslenskum lögum og reglum og tilskipunum ESB um opinber innkaup, nær ekki til útboðs á öllum tegundum fjarskiptaþjónustu. Má þar nefna talsímaþjónustu, fjarritaþjónustu, þráðlausa talsíma, boðkerfis- og gervihnattaþjónustu. Þá ber einnig að taka fram að ef litið er til kaupa einstakra stofnana á fjarskiptaþjónustu þá er ljóst að flestar þeirra eru undir þeim viðmiðunarmörkum sem sett eru

í reglugerð um innkaup ríkisins, nr. 302/1996, þ.e. 3 millj. kr. og þar af leiðandi undir viðmiðunarmörkum EES.

Í ljósi þeirrar stöðu sem skapast hefur á fjarskiptamarkaði þar sem fleiri fyrirtæki bjóða þessa þjónustu er gerð krafa um að ríki og ríkisstofnanir leiti tilboða í þá þætti þjónustunnar sem falla undir útboðsskyldu.

Fylgiskjal I.

Útgjöld til fjarskiptafyrirtækja á ráðuneyti.

	Fyrirtæki Landssíma Íslands	Önnur fyrirtæki	Samtals
1998			
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	106.862.073	6.447.323	113.309.396
Félagsmálaráðuneyti	18.324.123	1.354.191	19.678.314
Fjármálaráðuneyti	77.438.548	6.565.765	84.004.313
Fjármálaráðuneyti (framkvæmdasýsla fyrir aðrar stofnanir)	3.531.087	343.496	3.874.583
Forsætisráðuneyti	4.646.520	459.918	5.106.438
Hagstofa Íslands	1.469.907	79.995	I .549.902
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	126.638.874	5.183.790	131.822.664
Iðnaðarráðuneyti	11.770.605	907.001	12.677.606
Landbúnaðarráðuneyti	13.342.375	679.311	14.021.686
Menntamálaráðuneyti	170.585.370	25.198.919	195.784.289
Samgönguráðuneyti	72.504.087	2.655.996	75.160.083
Sjávarútvegsráðuneyti	15.801.675	1.283.702	17.085.377
Umhverfisráðuneyti	33.238.952	4.372.951	37.611.903
Utanríkisráðuneyti	17.315.132	242.230	17.557.362
Viðskiptaráðuneyti	5.741.532	925.260	6.666.792
Æðsta stjórn ríkisins	15.244.274	1.593.379	16.837.653
Samtals 1998			**752.748.361**
1999			
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	102.640.204	4.906.905	107.547.109
Félagsmálaráðuneyti	22.589.260	2.335.909	24.925.169
Fjármálaráðuneyti	66.903.751	8.784.672	75.688.423
Fjármálaráðuneyti (framkvæmdasýsla fyrir aðrar stofnanir)	1.561.958	13.543	1.575.501
Forsætisráðuneyti	7.857.422	476.294	8.333.716
Hagstofa Íslands	408.125	4.372	412.497
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	164.962.221	10.011.121	174.973.342
Iðnaðarráðuneyti	11.347.043	2.331.736	13.678.779
Landbúnaðarráðuneyti	16.431.701	1.435.912	17.867.613
Menntamálaráðuneyti	313.996.957	39.791.031	353.787.988
Samgönguráðuneyti	94.332.166	4.698.450	99.030.616
Sjávarútvegsráðuneyti	17.438.876	2.090.411	19.529.287
Umhverfisráðuneyti	37.192.778	4.865.351	42.058.129
Utanríkisráðuneyti	26.981.250	317.615	27.298.865
Viðskiptaráðuneyti	7.581.380	3.166.390	10.747.770
Æðsta stjórn ríkisins	32.811.523	2.929.108	35.740.631
Samtals 1999			**1.013.195.435**

	Fyrirtæki Landssíma Íslands	Önnur fyrirtæki	Samtals
2000			
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	82.925.276	23.037.688	105.962.964
Félagsmálaráðuneyti	20.895.399	1.898.936	22.794.335
Fjármálaráðuneyti	47.284.171	5.610.671	52.894.842
Fjármálaráðuneyti (framkvæmdasýsla fyrir aðrar stofnanir)	523.484	2.154	525.638
Forsætisráðuneyti	7.578.175	456.984	8.035.159
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	118.555.519	13.949.408	132.504.927
Iðnaðarráðuneyti	5.665.406	851.737	6.517.143
Landbúnaðarráðuneyti	13.614.494	956.773	14.571.267
Menntamálaráðuneyti	172.219.824	30.890.875	203.110.699
Samgönguráðuneyti	198.303.119	3.099.585	201.402.704
Sjávarútvegsráðuneyti	18.871.932	1.091.530	19.963.462
Umhverfisráðuneyti	29.289.555	2.821.883	32.111.438
Utanríkisráðuneyti	17.742.720	171.764	17.914.484
Viðskiptaráðuneyti	6.251.618	769.654	7.021.272
Æðsta stjórn ríkisins	25.528.673	1.563.628	27.092.301
Samtals 2000			**852.422.635**

Fylgiskjal II.

Útgjöld til fjarskiptafyrirtækja á stofnun.

	Fyrirtæki Landssíma Íslands	Önnur fyrirtæki	Samtals
1998			
00 Æðsta stjórn ríkisins			
101 Embætti forseta Íslands	2.021.109	120.900	2.142.009
201 Alþingi	11.454.231	1.472.479	12.926.710
401 Hæstiréttur	19.779		19.779
610 Umboðsmaður Alþingis	597.604		597.604
620 Ríkisendurskoðun	1.151.551		1.151.551
Æðsta stjórn ríkisins samtals			**16.837.653**
01 Forsætisráðuneyti			
101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	1.073.028	17.928	1.090.956
190 Ýmis verkefni	610.770	24.777	635.547
201 Fasteignir forsætisráðuneytisins	133.433		133.433
211 Þjóðhagsstofnun	1.388.873	9.264	1.398.137
231 Norræna ráðherranefndin	282.264	5.156	287.420
241 Umboðsmaður barna	407.800	279.324	687.124
251 Safnahús	197.285		197.285
901 Húsameistari ríkisins	13.006		13.006
902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	540.061	123.469	663.530
Forsætisráðuneyti samtals			**5.106.438**

	Fyrirtæki Landssíma Íslands	Önnur fyrirtæki	Samtals
02 Menntamálaráðuneyti			
101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.356.324	566.660	1.922.984
201 Háskóli Íslands	43.472.920	8.262.959	51.735.879
202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	1.243.868		1.243.868
203 Raunvísindastofnun Háskólans	484.726		484.726
204 Stofnun Sigurðar Nordals	397.756		397.756
205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	26.215		26.215
206 Orðabók Háskólans	22.042		22.042
207 Íslensk málstöð	61.174		61.174
208 Örnefnastofnun Íslands	224.512	24.900	249.412
210 Háskólinn á Akureyri	4.190.439	357.973	4.548.412
211 Tækniskóli Íslands	710.548	662.781	1.373.329
215 Kennaraháskóli Íslands	19.414.842	6.285.566	25.700.408
223 Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	763.848		763.848
231 Rannsóknarráð Íslands	824.677	524.475	1.349.152
237 Tæknisjóður	1.219.663		1.219.663
299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi	8.102		8.102
301 Menntaskólinn í Reykjavík	423.368	315.018	738.386
302 Menntaskólinn á Akureyri	898.828	220.557	1.119.385
303 Menntaskólinn á Laugarvatni	378.226		378.226
304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	935.122		935.122
305 Menntaskólinn við Sund	912.787		912.787
306 Framhaldsskóli Vestfjarða	308.126	22.785	330.911
307 Menntaskólinn á Egilsstöðum	617.848		617.848
308 Menntaskólinn í Kópavogi	1.946.364	156.870	2.103.234
309 Kvennaskólinn í Reykjavík	1.151.776	22.815	1.174.591
317 Sameignir skólanna á Laugarvatni	350.890		350.890
319 Framhaldsskólar, almennt	258.444		258.444
350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.285.942	92.553	1.378.495
351 Fjölbrautaskólinn Ármúla	593.944	125.999	719.943
352 Flensborgarskóli	1.123.592	19.613	1.143.205
353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	728.245	72.020	800.265
354 Fjölbrautaskóli Vesturlands	1.350.722	15.971	1.366.693
355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	249.542		249.542
356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	780.527	95.870	876.397
357 Fjölbrautaskóli Suðurlands	984.796	226.595	1.211.391
358 Verkmenntaskóli Austurlands	936.788		936.788
359 Verkmenntaskólinn á Akureyri	967.916	6.470	974.386
360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	870.068	204.812	1.074.880
361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	487.648	14.447	502.095
362 Framhaldsskólinn á Húsavík	610.973	8.217	619.190
363 Framhaldsskólinn á Laugum	453.103	57.090	510.193
365 Borgarholtsskóli	1.143.811	145.417	1.289.228
430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	420.236	23.457	443.693

	Fyrirtæki Landssíma Íslands	Önnur fyrirtæki	Samtals
441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra	329.691		329.691
506 Vélskóli Íslands	192.255		192.255
507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík	241.968		241.968
514 Iðnskólinn í Reykjavík	1.434.678	876.561	2.311.239
516 Iðnskólinn í Hafnarfirði	316.497	52.044	368.541
541 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	19.072		19.072
551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	77.863		77.863
561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands	1.129.459	24.590	1.154.049
562 Leiklistarskóli Íslands	442.476		442.476
564 Listdansskólinn	269.250		269.250
571 Sjómannaskólahúsið	203.537		203.537
606 Framhaldsskólinn Skógum	115.201		115.201
610 Fasteignir héraðsskóla	73.165		73.165
720 Grunnskólar, almennt		8.715	8.715
725 Námsgagnastofnun	1.532.593	945.985	2.478.578
804 Kvikmyndaskoðun	39.901		39.901
902 Þjóðminjasafn Íslands	1.408.455	13.354	1.421.809
903 Þjóðskjalasafn Íslands	1.047.819	20.948	1.068.767
905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn Íslands	83.790	36.675	120.465
906 Listasafn Einars Jónssonar	221.383		221.383
907 Listasafn Íslands	1.105.781	14.568	1.120.349
909 Blindrabókasafn Íslands	333.138		333.138
969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	18.697		18.697
972 Íslenski dansflokkurinn	783.490		783.490
973 Þjóðleikhús	2.681.848	258.561	2.940.409
976 Menningarsjóður		71.712	71.712
978 Listasjóðir		29.133	29.133
981 Kvikmyndasjóður	1.306.581	87.590	1.394.171
983 Ýmis fræðistörf	52.822		52.822
984 Norræn samvinna	10.834		10.834
999 Ýmislegt	5.209	13.419	18.628
Menntamálaráðuneyti samtals			**132.054.486**
03 Utanríkisráðuneyti			
101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	14.289.506	242.230	14.531.736
201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	2.063.457		2.063.457
211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	745.231		745.231
390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	216.938		216.938
Utanríkisráðuneyti samtals			**17.557.362**
04 Landbúnaðarráðuneyti			
101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	1.819.653		1.819.653
190 Ýmis verkefni	124.810		124.810
211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	2.157.656	182.574	2.340.230
221 Veiðimálastofnun	797.960	14.757	812.717
233 Yfirdýralæknir	347.080		347.080

	Fyrirtæki Landssíma Íslands	Önnur fyrirtæki	Samtals
236 Aðfangaeftirlit ríkisins	39.927		39.927
261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði	1.784.902	286.234	2.071.136
271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	1.309.499		1.309.499
283 Garðyrkjuskóli ríkisins	473.419		473.419
293 Hagþjónusta landbúnaðarins	231.226		231.226
311 Landgræðsla ríkisins	2.692.793	195.746	2.888.539
321 Skógrækt ríkisins	1.212.338		1.212.338
324 Landgræðslusjóður	185.923		185.923
331 Héraðsskógar	142.103		142.103
831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	23.086		23.086
Landbúnaðarráðuneyti samtals			**14.021.686**
05 Sjávarútvegsráðuneyti			
101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	1.303.212	83.664	1.386.876
202 Hafrannsóknastofnunin	5.346.914	6.986	5.353.900
203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	2.056.307	588.161	2.644.468
204 Fiskistofa	6.454.441	590.444	7.044.885
211 Kvótaþing	2.707		2.707
213 Verðlagsstofa skiptaverðs	106.616		106.616
272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	44.214		44.214
901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	487.264	14.447	501.711
Sjávarútvegsráðuneyti samtals			**17.085.377**
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti			
101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.472.098	98.939	1.571.037
102 Stjórnartíðindi	103.368		103.368
105 Lögbirtingablað	151.052		151.052
111 Kosningar	38.479		38.479
190 Ýmis verkefni	135.740		135.740
201 Hæstiréttur	2.571.786	674.633	3.246.419
211 Héraðsdómur Reykjavíkur	1.974.467	24.490	1.998.957
212 Héraðsdómur Vesturlands	282.680	66.948	349.628
213 Héraðsdómur Vestfjarða	211.314		211.314
214 Héraðsdómur Norðurlands vestra	208.552	11.589	220.141
215 Héraðsdómur Norðurlands eystra	207.613	42.840	250.453
216 Héraðsdómur Austurlands	327.457	28.796	356.253
217 Héraðsdómur Suðurlands	373.090	10.750	383.840
218 Héraðsdómur Reykjaness	536.452	19.675	556.127
231 Málskostnaður í opinberum málum	3.328		3.328
290 Dómsmál, ýmis kostnaður	19.181		19.181
301 Ríkissaksóknari	568.931	131.282	700.213
303 Ríkislögreglustjóri	3.935.025	515.081	4.450.106
305 Lögregluskóli ríkisins	959.139		959.139
311 Lögreglustjórinn í Reykjavík	22.837.001	229.711	23.066.712
321 Almannavarnir ríkisins	2.181.791	14.568	2.196.359
331 Umferðarráð	999.246	1.180.104	2.179.350

	Fyrirtæki Landssíma Íslands	Önnur fyrirtæki	Samtals
390 Ýmis löggæslumál	78.643		78.643
395 Landhelgisgæsla Íslands	6.722.849	502.464	7.225.313
411 Sýslumaðurinn í Reykjavík	1.566.294	485.413	2.051.707
412 Sýslumaðurinn á Akranesi	1.371.966	3.571	1.375.537
413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi	779.578	57.284	836.862
414 Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	2.371.856	144.636	2.516.492
415 Sýslumaðurinn í Búðardal	435.635	60.768	496.403
416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði	789.063	57.316	846.379
417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík	320.131	11.330	331.461
418 Sýslumaðurinn á Ísafirði	2.407.778	47.334	2.455.112
419 Sýslumaðurinn á Hólmavík	851.520	12.212	863.732
420 Sýslumaðurinn á Blönduósi	641.512	28.560	670.072
421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	793.334	7.142	800.476
422 Sýslumaðurinn á Siglufirði	422.166	59.200	481.366
423 Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	744.715	39.840	784.555
424 Sýslumaðurinn á Akureyri	2.305.434	21.420	2.326.854
425 Sýslumaðurinn á Húsavík	1.097.533	32.133	1.129.666
426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	2.530.906	100.216	2.631.122
427 Sýslumaðurinn í Neskaupstað	748.661	18.090	766.751
428 Sýslumaðurinn á Eskifirði	968.708	4.557	973.265
429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	775.650	42.844	818.494
430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	633.562	99.964	733.526
431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	975.252		975.252
432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	984.918	110.671	1.095.589
433 Sýslumaðurinn á Selfossi	2.110.802	41.841	2.152.643
434 Sýslumaðurinn í Keflavík	3.112.122	21.422	3.133.544
436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	3.400.284	131.164	3.531.448
437 Sýslumaðurinn í Kópavogi	2.387.418	53.913	2.441.331
490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	17.657.005		17.657.005
491 Húsnæði og búnaður sýslumanna	893.813	1.015.516	1.909.329
501 Fangelsismálastofnun ríkisins	3.952.049	119.582	4.071.631
701 Biskup Íslands	1.933.126	67.514	2.000.640
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti samtals			**113.309.396**
07 Félagsmálaráðuneyti			
101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.183.250		1.183.250
302 Ríkissáttasemjari	582.619	84.103	666.722
311 Jafnréttisráð	457.896	2.428	460.324
331 Vinnueftirlit ríkisins	5.013.937	350.179	5.364.116
400 Barnaverndarstofa	1.959.436	330.221	2.289.657
401 Barnaverndarráð	192.228		192.228
701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	780.830	19.080	799.910
702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi	1.641.383	395.802	2.037.185
703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi	590.135		590.135
704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	408.920		408.920

	Fyrirtæki Landssíma Íslands	Önnur fyrirtæki	Samtals
705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	329.811		329.811
707 Málefni fatlaðra, Austurlandi	370.120		370.120
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	304.013		304.013
710 Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	47.762		47.762
711 Styrktarfélag vangefinna		6.000	6.000
720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	1.258.415		1.258.415
730 Þroskahjálp á Suðurnesjum	78.982		78.982
750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	885.160		885.160
972 Bjargráðasjóður Íslands	146.692	130.673	277.365
980 Vinnumálastofnun	1.707.771	35.705	1.743.476
999 Félagsmál, ýmis starfsemi	371.537		371.537
Félagsmálaráðuneyti samtals			**19.665.088**
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti			
101 Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.535.410	59.327	1.594.737
201 Tryggingastofnun ríkisins	6.839.726	607.000	7.446.726
206 Sjúkratryggingar		12.656	12.656
208 Slysatryggingar	286.632		286.632
301 Landlæknir	1.525.700	348.167	1.873.867
311 Héraðslæknir í Reykjavík	87.923		87.923
324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	958.452	27.983	986.435
326 Sjónstöð Íslands	280.869	31.498	312.367
327 Geislavarnir ríkisins	770.949	198.868	969.817
330 Manneldisráð	48.134	14.878	63.012
358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	5.487.494	14.447	5.501.941
368 Sólvangur, Hafnarfirði	640.999		640.999
370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	5.866	4.482	10.348
371 Ríkisspítalar	36.879.864	1.421.629	38.301.493
373 Sjúkrahús í Reykjavík	19.036.664	837.086	19.873.750
379 Sjúkrahús, óskipt	308.820		308.820
393 Lyfjamál	34.207	9.561	43.768
395 Lyfjaeftirlit ríkisins	388.349	153.563	541.912
396 Lyfjanefnd	312.049	39.719	351.768
399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	117.360	12.450	129.810
400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	1.383.492	149.499	1.532.991
409 Hjúkrunarheimilið Skjól	953.632	92.730	1.046.362
410 Hjúkrunarheimilið Eir	952.542	59.176	1.011.718
414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	130.620		130.620
415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	157.928	5.134	163.062
416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	117.230		117.230
417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	52.100		52.100
421 Víðines	220.716		220.716
422 Hlaðgerðarkot	232.830	72.646	305.476
430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	907.884		907.884
431 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	2.420.310	14.447	2.434.757

	Fyrirtæki Landssíma Íslands	Önnur fyrirtæki	Samtals
432 Vistheimilið Bjarg	147.869	8.910	156.779
490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna	327.556		327.556
500 Heilsugæslustöðvar, almennt	12.885	622.500	635.385
510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	1.933.547	99.758	2.033.305
511 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra	1.163.994	8.130	1.172.124
512 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra	1.355.634	17.502	1.373.136
513 Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi	114.800	32.508	147.308
514 Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi	1.050.781		1.050.781
515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík	328.078	13.446	341.524
522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi	811.629		811.629
524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	479.469		479.469
526 Heilsugæslustöðin Búðardal	355.287		355.287
551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	143.283		143.283
552 Heilsugæslustöðin Dalvík	216.710		216.710
558 Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu	364.163		364.163
561 Heilsugæslustöðin Vopnafirði	181.938		181.938
565 Heilsugæslustöðin Eskifirði	418.054		418.054
566 Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	271.510		271.510
567 Heilsugæslustöðin Djúpavogi	154.762		154.762
571 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	147.812		147.812
572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	200.552		200.552
574 Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	187.302		187.302
575 Heilsugæslustöðin Hellu	249.700		249.700
576 Heilsugæslustöðin Laugarási	380.169		380.169
578 Heilsugæslustöðin Hveragerði	185.583		185.583
579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	162.659		162.659
582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	4.190.452	16.749	4.207.201
583 Heilsugæslustöðin Garðabæ	841.227		841.227
584 Heilsugæslustöðin Kópavogi	784.047		784.047
585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	2.640.536	3.735	2.644.271
586 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	861.029	21.029	882.058
621 Forvarnasjóður	196.123		196.123
711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi	4.289.295	49.007	4.338.302
715 St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	845.165	3.521	848.686
721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	1.259.710		1.259.710
725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	1.651.571	14.447	1.666.018
735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	686.494	32.354	718.848
741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	523.190		523.190
745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	1.000.643		1.000.643
751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	1.477.713	6.138	1.483.851
755 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	666.666		666.666
761 Heilbrigðisstofnunin Húsavík	1.464.983	18.520	1.483.503
765 Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum	965.531		965.531
771 Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði	34.910	24.590	59.500

	Fyrirtæki Landssíma Íslands	Önnur fyrirtæki	Samtals
775 Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað	1.906.698		1.906.698
781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	1.154.374		1.154.374
785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi	1.578.401		1.578.401
791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	2.806.904		2.806.904
899 NN	55.378		55.378
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti samtals			**131.481.307**
09 Fjármálaráðuneyti			
101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.326.856	391.994	1.718.850
103 Ríkisbókhald	409.152		409.152
104 Ríkisfjárhirsla	50.701		50.701
105 Ríkislögmaður	113.918	3.858	117.776
201 Ríkisskattstjóri	3.379.008	19.940	3.398.948
202 Skattstofan í Reykjavík	1.559.368		1.559.368
203 Skattstofa Vesturlands	368.002		368.002
204 Skattstofa Vestfjarða	180.499		180.499
205 Skattstofa Norðurlands vestra	342.322		342.322
206 Skattstofa Norðurlands eystra	1.079.590		1.079.590
207 Skattstofa Austurlands	288.834		288.834
208 Skattstofa Suðurlands	373.977		373.977
209 Skattstofa Vestmannaeyja	25.808		25.808
211 Skattstofa Reykjaness	539.859		539.859
214 Yfirskattanefnd	267.825	14.878	282.703
215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins	1.064.288	22.162	1.086.450
250 Innheimtukostnaður	5.695.791		5.695.791
251 Gjaldheimtan í Reykjavík, lokauppgjör	12.284		12.284
261 Ríkistollstjóri	1.629.880	14.447	1.644.327
262 Tollstjórinn í Reykjavík	10.927.079	41.215	10.968.294
402 Fasteignamat ríkisins	3.704.912	345.264	4.050.176
901 Framkvæmdasýslan	2.021.121	121.841	2.142.962
905 Ríkiskaup	1.631.802	297.454	1.929.256
972 Lánasýsla ríkisins		495.601	495.601
980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	315.332	3.233.731	3.549.063
984 Fasteignir ríkissjóðs	854.481	299.380	1.153.861
995 Skýrsluvélakostnaður	6.331.588	1.251.923	7.583.511
999 Ýmis verkefni	32.896.680	12.077	32.908.757
Fjármálaráðuneyti samtals			**83.956.722**
10 Samgönguráðuneyti			
101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	1.974.817	12.807	1.987.624
190 Ýmis verkefni	194.787	2.227	197.014
211 Vegagerðin	37.934.405	1.159.090	39.093.495
471 Flugmálastjórn	28.804.234	621.327	29.425.561
481 Rannsóknarnefnd flugslysa	200.008		200.008
512 Póst- og fjarskiptastofnunin	2.068.465	492.154	2.560.619

	Fyrirtæki Landssíma Íslands	Önnur fyrirtæki	Samtals
651 Ferðamálaráð	1.327.371	368.391	1.695.762
Samgönguráðuneyti samtals			**75.160.083**
11 Iðnaðarráðuneyti			
101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	424.960		424.960
102 Einkaleyfastofan	284.166		284.166
201 Iðntæknistofnun Íslands	5.977.958	413.557	6.391.515
203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	1.316.233	183.172	1.499.405
301 Orkustofnun	3.656.107	310.272	3.966.379
699 Staðlaráð Íslands	111.181		111.181
Iðnaðarráðuneyti samtals			**12.677.606**
12 Viðskiptaráðuneyti			
101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.727.941		1.727.941
302 Löggildingarstofa	2.470.414	369.018	2.839.432
401 Vátryggingaeftirlitið	362.364	220.405	582.769
902 Samkeppnisstofnun	1.180.813	335.837	1.516.650
Viðskiptaráðuneyti samtals			**6.666.792**
13 Hagstofa Íslands			
101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	1.469.907	79.995	1.549.902
Hagstofa Íslands samtals			**1.549.902**
14 Umhverfisráðuneyti			
101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	1.728.571	9.960	1.738.531
190 Ýmis verkefni	144.719		144.719
202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	78.491		78.491
205 Náttúruvernd ríkisins	929.854		929.854
210 Veiðistjóri	451.066	33.308	484.374
221 Hollustuvernd ríkisins	1.562.716	465.505	2.028.221
301 Skipulagsstofnun	1.254.229	367.607	1.621.836
310 Landmælingar Íslands	1.407.901	188.747	1.596.648
321 Brunamálastofnun ríkisins	1.040.419	220.431	1.260.850
401 Náttúrufræðistofnun Íslands	1.507.960	370.165	1.878.125
407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	31.562		31.562
410 Veðurstofa Íslands	23.101.464	2.717.228	25.818.692
Umhverfisráðuneyti samtals			**37.611.903**
22 Menntamálaráðuneyti			
872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.359.640	674.273	2.033.913
970 Ríkisútvarp	57.508.303	3.530.100	61.038.403
974 Synfóníuhljómsveit Íslands	648.686	8.801	657.487
Menntamálaráðuneyti samtals			**63.729.803**
27 Félagsmálaráðuneyti			
970 Sameiginlegur rekstur lífeyrissjóða	13.226		13.226
Félagsmálaráðuneyti samtals			**13.226**

	Fyrirtæki Landssíma Íslands	Önnur fyrirtæki	Samtals
28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti			
311 Ríkisspítalar, þvottahús	211.171		211.171
312 Dauðhreinsunardeild	21.887		21.887
374 Ríkisspítalar vísinda- og rannsóknarv.	104.299	4.000	108.299
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti samtals			**341.357**
29 Fjármálaráðuneyti			
934 Tollstöðvarhús	47.591		47.591
Fjármálaráðuneyti samtals			**47.591**
99 Fjármálaráðuneyti			
901 Framkvæmdasýsla, Bókhald vegna annarra stofnana	3.531.087	343.496	3.874.583
Fjármálaráðuneyti samtals			**3.874.583**
Samtals 1998			**752.748.361**
1999			
00 Æðsta stjórn ríkisins			
101 Embætti forseta Íslands	3.380.070	917.760	4.297.830
201 Alþingi	27.672.172	2.011.348	29.683.520
610 Umboðsmaður Alþingis	445.936		445.936
620 Ríkisendurskoðun	1.313.345		1.313.345
Æðsta stjórn ríkisins samtals			**35.740.631**
01 Forsætisráðuneyti			
101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	1.974.968	24.991	1.999.959
190 Ýmis verkefni	2.042.708	94.627	2.137.335
201 Fasteignir forsætisráðuneytisins	309.037		309.037
211 Þjóðhagsstofnun	1.521.749	47.873	1.569.622
231 Norræna ráðherranefndin	338.952		338.952
241 Umboðsmaður barna	435.622	182.847	618.469
251 Safnahús	343.862	8.104	351.966
261 Óbyggðanefnd	183.826		183.826
271 Ríkislögmaður	186.333	3.922	190.255
902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	520.365	113.930	634.295
Forsætisráðuneyti samtals			**8.333.716**
02 Menntamálaráðuneyti			
101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.911.133	325.853	2.236.986
201 Háskóli Íslands	45.497.548	10.884.652	56.382.200
202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	1.622.233		1.622.233
203 Raunvísindastofnun Háskólans	525.039		525.039
204 Stofnun Sigurðar Nordals	357.824		357.824
205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	66.629		66.629
207 Íslensk málstöð	138.608		138.608
208 Örnefnastofnun Íslands	307.726	39.882	347.608
210 Háskólinn á Akureyri	4.073.496	534.352	4.607.848
211 Tækniskóli Íslands	911.385	1.250.442	2.161.827
215 Kennaraháskóli Íslands	19.314.344	10.708.954	30.023.298

	Fyrirtæki Landssíma Íslands	Önnur fyrirtæki	Samtals
223 Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	936.182	32.095	968.277
231 Rannsóknarráð Íslands	1.406.821	943.644	2.350.465
237 Tæknisjóður	5.066.664		5.066.664
269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður	2.112.413		2.112.413
301 Menntaskólinn í Reykjavík	563.501	291.384	854.885
302 Menntaskólinn á Akureyri	969.534	235.480	1.205.014
303 Menntaskólinn á Laugarvatni	748.698	38.237	786.935
304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	1.025.754	65.349	1.091.103
305 Menntaskólinn við Sund	828.442	31.298	859.740
306 Framhaldsskóli Vestfjarða	413.744	21.155	434.899
307 Menntaskólinn á Egilsstöðum	1.370.227	29.877	1.400.104
308 Menntaskólinn í Kópavogi	2.064.893	122.633	2.187.526
309 Kvennaskólinn í Reykjavík	1.090.945	46.582	1.137.527
316 Fasteignir framhaldsskóla	1.066		1.066
317 Sameignir skólanna á Laugarvatni	71.051		71.051
319 Framhaldsskólar, almennt	2.535		2.535
350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.423.386	88.645	1.512.031
351 Fjölbrautaskólinn Ármúla	918.928	145.888	1.064.816
352 Flensborgarskóli	1.112.379	75.970	1.188.349
353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	1.006.990	115.359	1.122.349
354 Fjölbrautaskóli Vesturlands	1.000.027	81.586	1.081.613
355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	409.542		409.542
356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	404.136	46.263	450.399
357 Fjölbrautaskóli Suðurlands	1.106.211	88.419	1.194.630
358 Verkmenntaskóli Austurlands	1.291.684		1.291.684
359 Verkmenntaskólinn á Akureyri	2.165.378	43.409	2.208.787
360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	1.291.516	303.584	1.595.100
361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	956.586	17.529	974.115
362 Framhaldsskólinn á Húsavík	471.615	7.470	479.085
363 Framhaldsskólinn á Laugum	622.027	95.110	717.137
365 Borgarholtsskóli	1.121.598	174.798	1.296.396
430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	527.554	335.688	863.242
441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra	366.542	5.599	372.141
506 Vélskóli Íslands	253.170	49.974	303.144
507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík	266.722	780	267.502
514 Iðnskólinn í Reykjavík	1.832.594	2.182.445	4.015.039
516 Iðnskólinn í Hafnarfirði	533.759	68.123	601.882
561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands	843.649	9.958	853.607
562 Leiklistarskóli Íslands	453.965	26.824	480.789
564 Listdansskólinn	268.558		268.558
571 Sjómannaskólahúsið	326.054		326.054
610 Fasteignir héraðsskóla	134.694		134.694
725 Námsgagnastofnun	1.693.977	1.701.787	3.395.764
804 Kvikmyndaskoðun	48.698	59.308	108.006

	Fyrirtæki Landssíma Íslands	Önnur fyrirtæki	Samtals
902 Þjóðminjasafn Íslands	2.012.621	61.251	2.073.872
903 Þjóðskjalasafn Íslands	1.231.259	17.787	1.249.046
905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	119.168	109.746	228.914
906 Listasafn Einars Jónssonar	264.552	9.099	273.651
907 Listasafn Íslands	1.282.131	22.837	1.304.968
909 Blindrabókasafn Íslands	283.803	6.770	290.573
969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	45.494		45.494
972 Íslenski dansflokkurinn	753.367		753.367
973 Þjóðleikhús	2.806.002	151.743	2.957.745
976 Menningarsjóður		4.482	4.482
978 Listasjóðir		32.619	32.619
979 Húsafriðunarsjóður	356.448		356.448
981 Kvikmyndasjóður	1.851.150	212.477	2.063.627
982 Listir, framlög	144.304		144.304
983 Ýmis fræðistörf	45.370		45.370
984 Norræn samvinna	21.952		21.952
988 Æskulýðsmál		1.600	1.600
999 Ýmislegt	46.242	365.509	411.751
Menntamálaráðuneyti samtals			**159.836.542**
03 Utanríkisráðuneyti			
101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	21.346.034	297.907	21.643.941
201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	3.350.356	19.708	3.370.064
211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	2.075.585		2.075.585
313 Fastanefnd Íslands hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu	39.293		39.293
320 Sendiráð, almennt	29.645		29.645
390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	140.337		140.337
Utanríkisráðuneyti samtals			**27.298.865**
04 Landbúnaðarráðuneyti			
101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	2.047.016		2.047.016
190 Ýmis verkefni	71.689		71.689
211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	2.019.878	630.701	2.650.579
221 Veiðimálastofnun	876.664		876.664
233 Yfirdýralæknir	326.958		326.958
236 Aðfangaeftirlit ríkisins	63.602		63.602
261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði	1.423.445	321.836	1.745.281
271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	2.240.377	243.121	2.483.498
283 Garðyrkjuskóli ríkisins	839.271	11.658	850.929
293 Hagþjónusta landbúnaðarins	226.567		226.567
311 Landgræðsla ríkisins	2.797.446	228.596	3.026.042
321 Skógrækt ríkisins	3.165.248		3.165.248
324 Landgræðslusjóður	106.946		106.946
331 Héraðsskógar	226.594		226.594
Landbúnaðarráðuneyti samtals			**17.867.613**

	Fyrirtæki Landssíma Íslands	Önnur fyrirtæki	Samtals
05 Sjávarútvegsráðuneyti			
101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	1.289.606	106.199	1.395.805
190 Ýmis verkefni		12.450	12.450
202 Hafrannsóknastofnunin	6.341.921		6.341.921
203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	2.621.205	522.593	3.143.798
204 Fiskistofa	6.484.154	1.326.617	7.810.771
208 Bygging hafrannsóknaskips	46.039		46.039
211 Kvótaþing	38.374	19.915	58.289
213 Verðlagsstofa skiptaverðs	101.611	25.348	126.959
272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	49.106		49.106
901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	466.860	77.289	544.149
Sjávarútvegsráðuneyti samtals			**19.529.287**
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti			
101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.324.895	3.529	1.328.424
102 Stjórnartíðindi	174.340		174.340
105 Lögbirtingablað	24.463	24.924	49.387
111 Kosningar	137.925	23.800	161.725
190 Ýmis verkefni	50.496	12.450	62.946
201 Hæstiréttur	1.427.256	2.034.381	3.461.637
210 Héraðsdómstólar	100.192		100.192
211 Héraðsdómur Reykjavíkur	1.521.498		1.521.498
212 Héraðsdómur Vesturlands	302.647	79.052	381.699
213 Héraðsdómur Vestfjarða	202.159		202.159
214 Héraðsdómur Norðurlands vestra	203.909	13.980	217.889
215 Héraðsdómur Norðurlands eystra	184.243		184.243
216 Héraðsdómur Austurlands	317.335	7.142	324.477
217 Héraðsdómur Suðurlands	337.333		337.333
218 Héraðsdómur Reykjaness	585.192		585.192
231 Málskostnaður í opinberum málum	990.722		990.722
301 Ríkissaksóknari	488.176	149.226	637.402
303 Ríkislögreglustjóri	4.638.486	179.087	4.817.573
305 Lögregluskóli ríkisins	779.066	25.620	804.686
311 Lögreglustjórinn í Reykjavík	18.834.313	38.110	18.872.423
321 Almannavarnir ríkisins	1.959.174	15.322	1.974.496
331 Umferðarráð	1.235.969	544.630	1.780.599
390 Ýmis löggæslumál	8.285		8.285
395 Landhelgisgæsla Íslands	6.126.493	281.291	6.407.784
397 Schengen-samstarf	87.718		87.718
398 Útlendingaeftirlitið	575.856	19.708	595.564
411 Sýslumaðurinn í Reykjavík	1.985.080	270.920	2.256.000
412 Sýslumaðurinn á Akranesi	930.190		930.190
413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi	698.299		698.299
414 Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	2.373.013		2.373.013
415 Sýslumaðurinn í Búðardal	333.549		333.549

	Fyrirtæki Landssíma Íslands	Önnur fyrirtæki	Samtals
416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði	758.414		758.414
417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík	424.504		424.504
418 Sýslumaðurinn á Ísafirði	1.659.338	14.842	1.674.180
419 Sýslumaðurinn á Hólmavík	701.926	2.580	704.506
420 Sýslumaðurinn á Blönduósi	766.955	7.140	774.095
421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	963.479		963.479
422 Sýslumaðurinn á Siglufirði	516.337	2.677	519.014
423 Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	526.867	29.880	556.747
424 Sýslumaðurinn á Akureyri	2.927.792		2.927.792
425 Sýslumaðurinn á Húsavík	1.396.108		1.396.108
426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	2.023.951	9.064	2.033.015
427 Sýslumaðurinn í Neskaupstað	542.034		542.034
428 Sýslumaðurinn á Eskifirði	1.195.260		1.195.260
429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	580.702		580.702
430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	852.560		852.560
431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	1.177.616	3.525	1.181.141
432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	872.929		872.929
433 Sýslumaðurinn á Selfossi	2.168.133	46.581	2.214.714
434 Sýslumaðurinn í Keflavík	3.140.235		3.140.235
436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	3.241.854		3.241.854
437 Sýslumaðurinn í Kópavogi	2.521.251		2.521.251
490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	15.847.382		15.847.382
491 Húsnæði og búnaður sýslumanna	92.346	1.008.023	1.100.369
501 Fangelsismálastofnun ríkisins	6.760.833	3.424	6.764.257
701 Biskup Íslands	2.043.126	55.997	2.099.123
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti samtals			**107.547.109**
07 Félagsmálaráðuneyti			
101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.215.150		1.215.150
302 Ríkissáttasemjari	584.137	48.105	632.242
311 Jafnréttisráð	534.739	67.958	602.697
331 Vinnueftirlit ríkisins	5.024.578	664.272	5.688.850
400 Barnaverndarstofa	2.155.470	238.500	2.393.970
401 Barnaverndarráð	171.726		171.726
701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	1.329.660	430.862	1.760.522
702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi	2.152.500	477.802	2.630.302
703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi	865.877		865.877
704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	745.839		745.839
705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	90.936		90.936
707 Málefni fatlaðra, Austurlandi	554.572	4.445	559.017
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	564.783	54.406	619.189
711 Styrktarfélag vangefinna		34.165	34.165
720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	1.224.609		1.224.609
730 Þroskahjálp á Suðurnesjum	190.954		190.954
750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	1.119.831	144.899	1.264.730

	Fyrirtæki Landssíma Íslands	Önnur fyrirtæki	Samtals
972 Bjargráðasjóður Íslands	194.790	105.151	299.941
980 Vinnumálastofnun	3.332.449	65.344	3.397.793
981 Vinnumál	19.854		19.854
999 Félagsmál, ýmis starfsemi	516.806		516.806
Félagsmálaráðuneyti samtals			**24.925.169**
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti			
101 Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.858.946	102.074	1.961.020
201 Tryggingastofnun ríkisins	9.767.433	636.549	10.403.982
208 Slysatryggingar	34.544		34.544
301 Landlæknir	2.089.094	1.138.296	3.227.390
311 Héraðslæknir í Reykjavík	80.507		80.507
315 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	131.519		131.519
324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	1.051.720	68.675	1.120.395
326 Sjónstöð Íslands	437.033	30.997	468.030
327 Geislavarnir ríkisins	809.306	275.533	1.084.839
330 Manneldisráð	73.886	127.883	201.769
358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	7.149.086	18.188	7.167.274
368 Sólvangur, Hafnarfirði	872.145	11.157	883.302
370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi		4.482	4.482
371 Ríkisspítalar	49.278.087	4.079.370	53.357.457
373 Sjúkrahús í Reykjavík	21.962.181	978.239	22.940.420
379 Sjúkrahús, óskipt	218.720		218.720
393 Lyfjamál	44.964		44.964
395 Lyfjaeftirlit ríkisins	444.932	144.911	589.843
396 Lyfjanefnd	412.853	92.230	505.083
399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	527.208	8.684	535.892
400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	1.143.047	140.433	1.283.480
409 Hjúkrunarheimilið Skjól	972.971	146.768	1.119.739
410 Hjúkrunarheimilið Eir	1.452.612	127.680	1.580.292
414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	179.792		179.792
415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	299.591	15.706	315.297
416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	246.119	8.572	254.691
417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	98.491		98.491
421 Víðines	423.481		423.481
422 Hlaðgerðarkot	406.125	131.490	537.615
430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	1.177.863		1.177.863
431 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	2.636.596	18.848	2.655.444
432 Vistheimilið Bjarg	150.357	15.600	165.957
490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna	398.987		398.987
500 Heilsugæslustöðvar, almennt	34.980	70.344	105.324
505 Heilsugæsla í Reykjavík	6.035.370	336.375	6.371.745
510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	2.412.041	156.222	2.568.263
515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík	566.927		566.927
522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi	611.575	22.740	634.315

	Fyrirtæki Landssíma Íslands	Önnur fyrirtæki	Samtals
524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	663.684		663.684
525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði	178.281	31.036	209.317
526 Heilsugæslustöðin Búðardal	453.026	22.740	475.766
551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	300.812	10.507	311.319
552 Heilsugæslustöðin Dalvík	344.974	21.008	365.982
558 Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu	1.043.411	20.348	1.063.759
561 Heilsugæslustöðin Vopnafirði	262.560	21.008	283.568
565 Heilsugæslustöðin Eskifirði	562.748		562.748
566 Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	543.221		543.221
567 Heilsugæslustöðin Djúpavogi	456.635	14.636	471.271
571 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	167.264		167.264
572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	224.800		224.800
574 Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	331.961		331.961
575 Heilsugæslustöðin Hellu	483.222		483.222
576 Heilsugæslustöðin Laugarási	573.413	23.174	596.587
578 Heilsugæslustöðin Hveragerði	260.171		260.171
579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	195.033		195.033
582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	2.189.797	118.463	2.308.260
583 Heilsugæslustöðin Garðabæ	927.402	79.904	1.007.306
584 Heilsugæslustöðin Kópavogi	1.507.424		1.507.424
585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	1.110.187	208.958	1.319.145
586 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	1.164.932	38.542	1.203.474
621 Forvarnasjóður	153.094	23.399	176.493
711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi	8.322.730	62.495	8.385.225
715 St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	1.063.550	17.529	1.081.079
721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	3.479.551		3.479.551
725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	2.331.837	18.188	2.350.025
735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	734.984	45.480	780.464
741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	762.715	21.008	783.723
745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	1.254.848	19.708	1.274.556
751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	2.028.038		2.028.038
755 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	861.669		861.669
761 Heilbrigðisstofnunin Húsavík	2.132.415	34.255	2.166.670
765 Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum	1.482.460		1.482.460
771 Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði	900.176	86.216	986.392
775 Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað	1.475.264	158.116	1.633.380
781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	1.124.159	6.357	1.130.516
785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi	1.887.921		1.887.921
791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	4.128.509		4.128.509
899 NN	46.368		46.368
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti samtals			**174.617.456**
09 Fjármálaráðuneyti			
101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	2.401.014	185.749	2.586.763
103 Ríkisbókhald	356.817		356.817

	Fyrirtæki Landssíma Íslands	Önnur fyrirtæki	Samtals
104 Ríkisfjárhirsla	68.301		68.301
201 Ríkisskattstjóri	4.246.689		4.246.689
202 Skattstofan í Reykjavík	2.252.745	23.607	2.276.352
203 Skattstofa Vesturlands	229.034		229.034
204 Skattstofa Vestfjarða	197.056		197.056
205 Skattstofa Norðurlands vestra	300.902		300.902
206 Skattstofa Norðurlands eystra	889.157		889.157
207 Skattstofa Austurlands	257.341		257.341
208 Skattstofa Suðurlands	515.285		515.285
211 Skattstofa Reykjaness	800.449	13.902	814.351
214 Yfirskattanefnd	1.195.927	18.622	1.214.549
215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins	992.056	362.220	1.354.276
261 Ríkistollstjóri	416.327	18.848	435.175
262 Tollstjórinn í Reykjavík	8.445.176	463.754	8.908.930
402 Fasteignamat ríkisins	4.159.463	451.438	4.610.901
721 Fjármagnstekjuskattur		19.650	19.650
901 Framkvæmdasýslan	2.109.143	478.264	2.587.407
905 Ríkiskaup	1.405.328	609.046	2.014.374
972 Lánasýsla ríkisins	568.719	294.214	862.933
980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	1.118.819	4.072.138	5.190.957
984 Fasteignir ríkissjóðs	1.327.270	318.743	1.646.013
995 Skýrsluvélakostnaður	5.645.974	1.454.477	7.100.451
999 Ýmis verkefni	26.978.955		26.978.955
Fjármálaráðuneyti samtals			**75.662.619**
10 Samgönguráðuneyti			
101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	2.252.944	23.889	2.276.833
190 Ýmis verkefni	20.402.465	59.044	20.461.509
211 Vegagerðin	38.928.888	1.224.628	40.153.516
335 Siglingastofnun Íslands		561	561
471 Flugmálastjórn	28.921.910	597.658	29.519.568
481 Rannsóknarnefnd flugslysa	277.726		277.726
512 Póst- og fjarskiptastofnunin	2.173.198	751.689	2.924.887
651 Ferðamálaráð	1.375.035	2.040.981	3.416.016
Samgönguráðuneyti samtals			**99.030.616**
11 Iðnaðarráðuneyti			
101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	397.563		397.563
102 Einkaleyfastofan	345.209	40.283	385.492
201 Iðntæknistofnun Íslands	5.055.104	1.208.410	6.263.514
203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	1.623.285	653.491	2.276.776
299 Iðja og iðnaður, framlög	59.577		59.577
301 Orkustofnun	3.866.305	429.552	4.295.857
Iðnaðarráðuneyti samtals			**13.678.779**
12 Viðskiptaráðuneyti			
101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.876.743	11.205	1.887.948

	Fyrirtæki Landssíma Íslands	Önnur fyrirtæki	Samtals
190 Ýmis verkefni	10.580		10.580
302 Löggildingarstofa	2.298.189	1.064.319	3.362.508
402 Fjármálaeftirlitið	2.494.031	335.007	2.829.038
902 Samkeppnisstofnun	901.837	1.755.859	2.657.696
Viðskiptaráðuneyti samtals			**10.747.770**
13 Hagstofa Íslands			
101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	408.125	4.372	412.497
Hagstofa Íslands samtals			**412.497**
14 Umhverfisráðuneyti			
101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	1.960.665	23.174	1.983.839
190 Ýmis verkefni	146.858	8.156	155.014
202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	151.689		151.689
205 Náttúruvernd ríkisins	1.133.677		1.133.677
210 Veiðistjóri	374.354	39.875	414.229
221 Hollustuvernd ríkisins	2.203.971	432.918	2.636.889
301 Skipulagsstofnun	1.466.297	382.046	1.848.343
310 Landmælingar Íslands	5.209.161	103.866	5.313.027
321 Brunamálastofnun ríkisins	1.179.880	559.073	1.738.953
401 Náttúrufræðistofnun Íslands	1.894.081	590.168	2.484.249
407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	216.511	12.450	228.961
410 Veðurstofa Íslands	21.255.634	2.713.625	23.969.259
Umhverfisráðuneyti samtals			**42.058.129**
22 Menntamálaráðuneyti			
872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.190.988	515.023	1.706.011
970 Ríkisútvarp	184.451.337	6.946.012	191.397.349
974 Synfóníuhljómsveit Íslands	840.395	7.691	848.086
Menntamálaráðuneyti samtals			**193.951.446**
28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti			
311 Ríkisspítalar, þvottahús	266.483		266.483
312 Dauðhreinsunardeild	20.020		20.020
374 Ríkisspítalar vísinda- og rannsóknarv.	69.383		69.383
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti samtals			**355.886**
29 Fjármálaráðuneyti			
934 Tollstöðvarhús	25.804		25.804
Fjármálaráðuneyti samtals			**25.804**
99 Fjármálaráðuneyti			
901 Framkvæmdasýsla, Bókhald vegna annarra stofnana	1.561.958	13.543	1.575.501
Fjármálaráðuneyti samtals			**1.575.501**
Samtals 1999			**1.013.195.435**
2000			
00 Æðsta stjórn ríkisins			
101 Embætti forseta Íslands	3.117.811	105.579	3.223.390
201 Alþingi	20.959.915	1.363.596	22.323.511

	Fyrirtæki Landssíma Íslands	Önnur fyrirtæki	Samtals
610 Umboðsmaður Alþingis	526.264	94.453	620.717
620 Ríkisendurskoðun	924.683		924.683
Æðsta stjórn ríkisins samtals			**27.092.301**
01 Forsætisráðuneyti			
101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	2.050.115	28.919	2.079.034
190 Ýmis verkefni	1.698.913	312.293	2.011.206
201 Fasteignir forsætisráðuneytisins	204.622		204.622
211 Þjóðhagsstofnun	1.305.326	35.966	1.341.292
231 Norræna ráðherranefndin	161.316		161.316
241 Umboðsmaður barna	378.061	7.918	385.979
251 Safnahús	907.030	14.447	921.477
261 Óbyggðanefnd	135.717		135.717
271 Ríkislögmaður	145.533		145.533
902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	513.926	57.441	571.367
Forsætisráðuneyti samtals			**7.957.543**
02 Menntamálaráðuneyti			
101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.391.978	629.177	2.021.155
201 Háskóli Íslands	19.108.406	12.391.638	31.500.044
202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	1.403.721		1.403.721
203 Raunvísindastofnun Háskólans	551.546		551.546
204 Stofnun Sigurðar Nordals	218.755		218.755
205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	125.326		125.326
207 Íslensk málstöð	31.253		31.253
208 Örnefnastofnun Íslands	67.468	25.224	92.692
210 Háskólinn á Akureyri	2.500.009	182.418	2.682.427
211 Tækniskóli Íslands	866.663	659.228	1.525.891
215 Kennaraháskóli Íslands	5.239.130	1.744.016	6.983.146
223 Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	564.394	22.613	587.007
231 Rannsóknarráð Íslands	1.294.679	167.450	1.462.129
236 Vísindasjóður	26.959		26.959
301 Menntaskólinn í Reykjavík	615.684	239.235	854.919
302 Menntaskólinn á Akureyri	31.050	211.531	242.581
303 Menntaskólinn á Laugarvatni	445.494	199.794	645.288
304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	315.285	930.540	1.245.825
305 Menntaskólinn við Sund	588.885	162.495	751.380
306 Framhaldsskóli Vestfjarða	290.421		290.421
307 Menntaskólinn á Egilsstöðum	1.007.041	174.283	1.181.324
308 Menntaskólinn í Kópavogi	1.562.515	312.289	1.874.704
309 Kvennaskólinn í Reykjavík	593.668	292.992	886.660
316 Fasteignir framhaldsskóla	2.318.326		2.318.326
318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður	1.295		1.295
350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	858.988	96.457	955.445
351 Fjölbrautaskólinn Ármúla	689.092	66.415	755.507
352 Flensborgarskóli	1.394.137	189.678	1.583.815

	Fyrirtæki Landssíma Íslands	Önnur fyrirtæki	Samtals
353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	642.898	76.177	719.075
354 Fjölbrautaskóli Vesturlands	822.648	67.635	890.283
355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	252.073	15.309	267.382
357 Fjölbrautaskóli Suðurlands	580.244	7.918	588.162
358 Verkmenntaskóli Austurlands	742.892	71.479	814.371
359 Verkmenntaskólinn á Akureyri	687.443	206.493	893.936
360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	541.610	594.496	1.136.106
361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	443.493	12.450	455.943
362 Framhaldsskólinn á Húsavík	335.428	13.690	349.118
363 Framhaldsskólinn á Laugum	456.239	205.113	661.352
365 Borgarholtsskóli	838.287	464.290	1.302.577
430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	336.677	107.698	444.375
441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra	289.656	58.668	348.324
506 Vélskóli Íslands	304.733	134.847	439.580
507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík	258.145	210.622	468.767
514 Iðnskólinn í Reykjavík	1.244.429	999.395	2.243.824
516 Iðnskólinn í Hafnarfirði	106.087	223.153	329.240
562 Leiklistarskóli Íslands	203.949	42.105	246.054
564 Listdansskólinn	218.430	12.450	230.880
571 Sjómannaskólahúsið	228.949	121.563	350.512
610 Fasteignir héraðsskóla	47.814		47.814
725 Námsgagnastofnun	1.144.921	1.138.040	2.282.961
804 Kvikmyndaskoðun	95.375	42.374	137.749
884 Jöfnun á námskostnaði		20.642	20.642
902 Þjóðminjasafn Íslands	1.072.782	103.990	1.176.772
903 Þjóðskjalasafn Íslands	806.926	22.238	829.164
905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	127.739	1.168.925	1.296.664
906 Listasafn Einars Jónssonar	148.709	27.620	176.329
907 Listasafn Íslands	1.129.820	36.829	1.166.649
909 Blindrabókasafn Íslands	244.577	40.620	285.197
969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	47.021		47.021
972 Íslenski dansflokkurinn	611.626	11.877	623.503
973 Þjóðleikhús	2.754.173	129.485	2.883.658
978 Listasjóðir		8.030	8.030
979 Húsafriðunarsjóður	216.137	1.389	217.526
981 Kvikmyndasjóður	1.506.908	272.015	1.778.923
982 Listir, framlög	132.165		132.165
983 Ýmis fræðistörf	45.148		45.148
988 Æskulýðsmál		990	990
996 Íslenska upplýsingasamfélagið	87.270		87.270
999 Ýmislegt	108.119	444.677	552.796
Menntamálaráðuneyti samtals			**89.776.373**

	Fyrirtæki Landssíma Íslands	Önnur fyrirtæki	Samtals
03 Utanríkisráðuneyti			
101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	12.750.444	143.512	12.893.956
201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	3.545.071	28.252	3.573.323
211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	1.322.680		1.322.680
390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	124.525		124.525
Utanríkisráðuneyti samtals			**17.914.484**
04 Landbúnaðarráðuneyti			
101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	1.295.075	424	1.295.499
190 Ýmis verkefni	68.077		68.077
211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	1.634.227	261.316	1.895.543
221 Veiðimálastofnun	701.394	5.939	707.333
233 Yfirdýralæknir	433.408		433.408
236 Aðfangaeftirlit ríkisins	47.251		47.251
261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði	1.611.428	302.059	1.913.487
271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	1.690.322	139.257	1.829.579
283 Garðyrkjuskóli ríkisins	1.549.782	65.293	1.615.075
293 Hagþjónusta landbúnaðarins	180.228		180.228
311 Landgræðsla ríkisins	2.735.164	182.485	2.917.649
321 Skógrækt ríkisins	1.544.450		1.544.450
331 Héraðsskógar	123.688		123.688
Landbúnaðarráðuneyti samtals			**14.571.267**
05 Sjávarútvegsráðuneyti			
101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	870.399	61.752	932.151
202 Hafrannsóknastofnunin	5.592.497	7.678	5.600.175
203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	1.697.201	292.540	1.989.741
204 Fiskistofa	6.828.352	662.305	7.490.657
208 Bygging hafrannsóknaskips	246.734		246.734
211 Kvótaþing	5.471	7.918	13.389
213 Verðlagsstofa skiptaverðs	128.085	6.599	134.684
272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	3.085.881		3.085.881
901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	417.312	52.738	470.050
Sjávarútvegsráðuneyti samtals			**19.963.462**
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti			
101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.049.078	78.871	1.127.949
102 Stjórnartíðindi	335.900	4.760	340.660
105 Lögbirtingablað	25.268	23.378	48.646
190 Ýmis verkefni	77.102	21.911	99.013
201 Hæstiréttur	1.314.629	243.045	1.557.674
210 Héraðsdómstólar	72.217		72.217
211 Héraðsdómur Reykjavíkur	1.234.809	1.659	1.236.468
212 Héraðsdómur Vesturlands	223.324	67.261	290.585
213 Héraðsdómur Vestfjarða	113.554		113.554
214 Héraðsdómur Norðurlands vestra	118.223	9.912	128.135
215 Héraðsdómur Norðurlands eystra	133.460		133.460

	Fyrirtæki Landssíma Íslands	Önnur fyrirtæki	Samtals
216 Héraðsdómur Austurlands	170.692	6.242	176.934
217 Héraðsdómur Suðurlands	244.765		244.765
218 Héraðsdómur Reykjaness	416.228		416.228
231 Málskostnaður í opinberum málum	878.939		878.939
301 Ríkissaksóknari	416.971	108.389	525.360
303 Ríkislögreglustjóri	5.114.768	21.202.594	26.317.362
305 Lögregluskóli ríkisins	644.242	7.918	652.160
311 Lögreglustjórinn í Reykjavík	15.609.945	240.282	15.850.227
321 Almannavarnir ríkisins	1.647.904	106.422	1.754.326
331 Umferðarráð	1.557.731	245.963	1.803.694
390 Ýmis löggæslumál	108.324		108.324
395 Landhelgisgæsla Íslands	5.081.647	45.566	5.127.213
397 Schengen-samstarf	278.909	41.900	320.809
398 Útlendingaeftirlitið	1.006.431	423.455	1.429.886
411 Sýslumaðurinn Í Reykjavík	1.363.915	22.410	1.386.325
412 Sýslumaðurinn á Akranesi	739.209	4.075	743.284
413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi	685.725	3.013	688.738
414 Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	1.478.857		1.478.857
415 Sýslumaðurinn í Búðardal	259.845		259.845
416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði	684.771	311	685.082
417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík	321.587		321.587
418 Sýslumaðurinn á Ísafirði	1.182.590	20.560	1.203.150
419 Sýslumaðurinn á Hólmavík	419.293		419.293
420 Sýslumaðurinn á Blönduósi	663.546	2.097	665.643
421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	724.366		724.366
422 Sýslumaðurinn á Siglufirði	432.945	1.505	434.450
423 Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	309.812		309.812
424 Sýslumaðurinn á Akureyri	1.930.866		1.930.866
425 Sýslumaðurinn á Húsavík	1.040.808	4.007	1,044.815
426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	1.422.181	3.315	1,425.496
428 Sýslumaðurinn á Eskifirði	1.630.712		1.630.712
429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	532.104		532.104
430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	710.706		710.706
431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	880.837	10.571	891.408
432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	814.784	2.724	817.508
433 Sýslumaðurinn á Selfossi	2.118.919	12.036	2.130.955
434 Sýslumaðurinn í Keflavík	2.692.408		2.692.408
436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	2.610.346		2.610.346
437 Sýslumaðurinn í Kópavogi	2.101.455	382	2.101.837
490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	9.775.536	37.350	9.812.886
491 Húsnæði og búnaður sýslumanna		13.857	13.857
501 Fangelsismálastofnun ríkisins	5.825.798	12.029	5.837.827
701 Biskup Íslands	1.696.295	7.918	1.704.213
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti samtals			**105.962.964**

	Fyrirtæki Landssíma Íslands	Önnur fyrirtæki	Samtals
07 Félagsmálaráðuneyti			
101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.200.757	6.670	1.207.427
302 Ríkissáttasemjari	906.700	28.624	935.324
311 Jafnréttisráð	341.460	58.923	400.383
331 Vinnueftirlit ríkisins	4.225.254	74.837	4.300.091
400 Barnaverndarstofa	1.820.047	124.579	1.944.626
401 Barnaverndarráð	176.644		176.644
701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	1.614.975	273.445	1.888.420
702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi	1.984.405	455.650	2.440.055
703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi	622.692	2.388	625.080
704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	495.629		495.629
707 Málefni fatlaðra, Austurlandi	490.951		490.951
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	598.795	45.688	644.483
711 Styrktarfélag vangefinna		16.668	16.668
720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	854.772	2.303	857.075
730 Þroskahjálp á Suðurnesjum	101.081		101.081
750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	877.553	59.348	936.901
972 Bjargráðasjóður Íslands	141.805	60.846	202.651
980 Vinnumálastofnun	4.059.654	688.967	4.748.621
999 Félagsmál, ýmis starfsemi	382.225		382.225
Félagsmálaráðuneyti samtals			**22.794.335**
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti			
101 Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.983.727	12.957	1.996.684
201 Tryggingastofnun ríkisins	4.778.452	489.823	5.268.275
208 Slysatryggingar	64.697	31.501	96.198
301 Landlæknir	1.792.723	765.188	2.557.911
311 Héraðslæknir í Reykjavík	177.722	17.519	195.241
315 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	89.474	3.037	92.511
324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	789.972	26.700	816.672
326 Sjónstöð Íslands	272.484	18.960	291.444
327 Geislavarnir ríkisins	516.721	167.156	683.877
330 Manneldisráð	51.200	123.255	174.455
358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	6.242.930	27.390	6.270.320
368 Sólvangur, Hafnarfirði	814.880	7.918	822.798
371 Ríkisspítalar	30.826.749	2.716.781	33.543.530
373 Sjúkrahús í Reykjavík	16.613.260	4.615.958	21.229.218
393 Lyfjamál	35.883		35.883
395 Lyfjaeftirlit ríkisins	271.277	126.776	398.053
396 Lyfjanefnd	686.712	49.239	735.951
399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	565.568	29.163	594.731
400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	1.143.047	65.008	1.208.055
409 Hjúkrunarheimilið Skjól	700.203	59.215	759.418
410 Hjúkrunarheimilið Eir	1.038.141	63.474	1.101.615
414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	155.831		155.831

	Fyrirtæki Landssíma Íslands	Önnur fyrirtæki	Samtals
415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	211.054	13.750	224.804
416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	136.926	9.795	146.721
417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	50.047		50.047
421 Víðines	322.859		322.859
422 Hlaðgerðarkot	497.211	55.061	552.272
430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	1.165.667	139.347	1.305.014
431 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	1.607.546	5.841	1.613.387
432 Vistheimilið Bjarg	163.429	7.920	171.349
490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna	476.045		476.045
500 Heilsugæslustöðvar, almennt		164.963	164.963
505 Heilsugæsla í Reykjavík	6.285.168	1.188.143	7.473.311
510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	2.437.159	496.694	2.933.853
515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík	527.025		527.025
522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi	555.036	29.660	584.696
524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	421.592		421.592
525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði	182.425	61.540	243.965
526 Heilsugæslustöðin Búðardal	370.492	33.541	404.033
551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	167.354	11.972	179.326
552 Heilsugæslustöðin Dalvík	239.945	7.918	247.863
571 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	199.141		199.141
572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	145.034		145.034
574 Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	574.794		574.794
576 Heilsugæslustöðin Laugarási	531.534	159.247	690.781
578 Heilsugæslustöðin Hveragerði	362.994		362.994
579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	137.725		137.725
582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	1.155.485	123.213	1.278.698
583 Heilsugæslustöðin Garðabæ	624.369	109.560	733.929
584 Heilsugæslustöðin Kópavogi	1.084.815	14.352	1.099.167
585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	1.025.509	197.703	1.223.212
586 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	753.190	14.056	767.246
621 Forvarnasjóður	102.502	893.241	995.743
711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi	2.472.445	54.116	2.526.561
715 St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	948.694	37.796	986.490
721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	1367.012		1.367.012
725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	978.922		978.922
735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	474.608	53.188	527.796
741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	577.544	34.062	611.606
745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	884.667		884.667
751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	1.327.729	8.964	1.336.693
755 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	797.306	52.825	850.131
761 Heilbrigðisstofnunin Húsavík	2.796.471		2.796.471
777 Heilbrigðisstofnun Austurlands	7.361.937	543.212	7.905.149
781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	968.039	10.710	978.749
785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi	1.910.920		1.910.920

	Fyrirtæki Landssíma Íslands	Önnur fyrirtæki	Samtals
791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	3.091.755		3.091.755
996 Íslenska upplýsingasamfélagið	190.571		190.571
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti samtals			**132.223.753**
09 Fjármálaráðuneyti			
101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.676.673	110.281	1.786.954
103 Ríkisbókhald	264.477		264.477
104 Ríkisfjárhirsla	88.746		88.746
201 Ríkisskattstjóri	3.025.862	4.495	3.030.357
202 Skattstofan í Reykjavík	1.235.121	9.716	1.244.837
203 Skattstofa Vesturlands	136.720		136.720
204 Skattstofa Vestfjarða	123.512		123.512
205 Skattstofa Norðurlands vestra	283.315		283.315
206 Skattstofa Norðurlands eystra	618.082		618.082
207 Skattstofa Austurlands	126.009		126.009
208 Skattstofa Suðurlands	391.868		391.868
211 Skattstofa Reykjaness	643.091	26.971	670.062
214 Yfirskattanefnd	349.819		349.819
215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins	929.606	264.012	1.193.618
261 Ríkistollstjóri	1.112.814		1.112.814
262 Tollstjórinn í Reykjavík	6.519.574	398.927	6.918.501
402 Fasteignamat ríkisins	4.845.302	162.784	5.008.086
901 Framkvæmdasýslan	1.737.852	286.888	2.024.740
905 Ríkiskaup	1.063.716	522.156	1.585.872
972 Lánasýsla ríkisins	717.394	185.434	902.828
980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	409.471	2.585.883	2.995.354
984 Fasteignir ríkissjóðs	792.798	100.078	892.876
995 Skýrsluvélakostnaður	3.419.801	950.098	4.369.899
999 Ýmis verkefni	16.756.307	2.948	16.759.255
Fjármálaráðuneyti samtals			**52.878.601**
10 Samgönguráðuneyti			
101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	2.637.510	17.587	2.655.097
190 Ýmis verkefni	158.607	14.441	173.048
211 Vegagerðin	32.063.987	392.765	32.456.752
335 Siglingastofnun Íslands	6.778.679	518.855	7.297.534
471 Flugmálastjórn	24.925.880	386.723	25.312.603
481 Rannsóknarnefnd flugslysa	265.452	12.450	277.902
512 Póst- og fjarskiptastofnunin	130.524.413	439.281	130.963.694
651 Ferðamálaráð	948.591	1.317.483	2.266.074
Samgönguráðuneyti samtals			**201.402.704**
11 Iðnaðarráðuneyti			
101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	339.977		339.977
102 Einkaleyfastofan	263.837		263.837
203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	1.131.132	226.463	1.357.595
299 Iðja og iðnaður, framlög	63.720		63.720

	Fyrirtæki Landssíma Íslands	Önnur fyrirtæki	Samtals
301 Orkustofnun	3.866.740	625.274	4.492.014
Iðnaðarráðuneyti samtals			**6.517.143**
12 Viðskiptaráðuneyti			
101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.045.854		1.045.854
190 Ýmis verkefni	8.910		8.910
302 Löggildingarstofa	3.231.870	521.688	3.753.558
402 Fjármálaeftirlitið	1.281.443		1.281.443
902 Samkeppnisstofnun	683.541	247.966	931.507
Viðskiptaráðuneyti samtals			**7.021.272**
14 Umhverfisráðuneyti			
101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	2.423.812	7.918	2.431.730
190 Ýmis verkefni	122.795		122.795
202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	89.376		89.376
205 Náttúruvernd ríkisins	1.066.885		1.066.885
210 Veiðistjóri	308.979	14.940	323.919
221 Hollustuvernd ríkisins	1.477.636	381.575	1.859.211
301 Skipulagsstofnun	642.988	558.673	1.201.661
310 Landmælingar Íslands	1.818.021	68.901	1.886.922
321 Brunamálastofnun ríkisins	859.797	12.937	872.734
401 Náttúrufræðistofnun Íslands	1.825.248	170.979	1.996.227
407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	108.043	12.450	120.493
410 Veðurstofa Íslands	18.545.975	1.593.510	20.139.485
Umhverfisráðuneyti samtals			**32.111.438**
21 Forsætisráðuneyti			
210 NN	77.616		77.616
Forsætisráðuneyti samtals			**77.616**
22 Menntamálaráðuneyti			
872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	918.560	1.090.967	2.009.527
970 Ríkisútvarp	106.700.106	3.972.348	110.672.454
974 Synfóníuhljómsveit Íslands	637.450	14.895	652.345
Menntamálaráðuneyti samtals			**113.334.326**
28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti			
311 Ríkisspítalar, þvottahús	229.477		229.477
312 Dauðhreinsunardeild	21.699		21.699
374 Ríkisspítalar vísinda- og rannsóknarv.	29.998		29.998
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti samtals			**281.174**
29 Fjármálaráðuneyti			
934 Tollstöðvarhús	16.241		16.241
Fjármálaráðuneyti samtals			**16.241**
99 Fjármálaráðuneyti			
901 Framkvæmdasýsla, Bókhald vegna annarra stofnana	523.484	2.154	525.638
Fjármálaráðuneyti samtals			**525.638**
Samtals 2000			**852.422.635**

482. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar (EMS, ÖS, GE).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 1:			
1. Við **I Skatttekjur**			
a. 1.1.1.1 Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	43.850,0	3.350,0	47.200,0
b. 1.5.1.1 Tekjuskattur, lögaðilar	12.440,0	250,0	12.690,0
c. 5.1.1.1 Virðisaukaskattur	80.230,0	350,0	80.580,0
d. 5.1.2.1.15 Vörugjald af innfluttum ökutækjum	5.150,0	150,0	5.300,0
Breytingar á sundurliðun 2:			
2. Við **02-441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra**			
1.01 Kennsla	97,2	25,0	122,2
3. Við **02-451 Símenntun og fjarvinnsluverkefni**			
a. Heiti fjárlagaliðarins verði: **Símenntun og fjarkennsla**			
b. 1.11 Símenntun og fjarvinnsluverkefni. Liðurinn orðist svo: Símenntun og fjarkennsla			
4. Við **02-725 Námsgagnastofnun**			
1.01 Námsgagnastofnun	399,9	100,0	499,9
5. Við **05-202 Hafrannsóknastofnunin**			
a. 1.42 Þorskeldisrannsóknir	0,0	25,0	25,0
b. Sértekjur	-186,6	-600,0	-786,6
6. Við **05-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins**			
Sértekjur	-161,9	-20,0	-181,9
7. Við **05-204 Fiskistofa**			
Sértekjur	-12,7	-130,0	-142,7
8. Við **06-190 Ýmis verkefni**			
1.54 Átak í umferðaröryggismálum	0,0	100,0	100,0
9. Við **07-205 Leiguíbúðir**			
6.21 Leiguíbúðir	50,0	625,0	675,0
10. Við **07-700 Málefni fatlaðra**			
1.90 Ýmis verkefni	111,9	200,0	311,9
11. Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
1.70 Þjónusta við langveik börn	0,0	300,0	300,0
12. Við **08-373 Landspítali, háskólasjúkrahús**			
1.01 Landspítali, háskólasjúkrahús	19.309,1	50,0	19.359,1
Greitt úr ríkissjóði	*18.213,4*	*50,0*	*18.263,4*
13. Við **09-250 Innheimtukostnaður**			
1.21 Hert skatteftirlit	0,0	50,0	50,0
14. Við **09-811 Barnabætur**			
1.11 Barnabætur	4.430,0	1.285,0	5.715,0

15. Við **09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**

6.05 Stjórnarráðsbyggingar	208,0	-190,0	18,0

16. Við **09-989 Launa- og verðlagsmál**

1.90 Launa og verðlagsmál	1.150,0	450,0	1.600,0

17. Við **11-399 Ýmis orkumál**

1.24 Niðurgreiðsla á húshitun	0,0	160,0	160,0

18. Við 7. gr. Nýir liðir:
    - 8.16 Að lækka önnur gjöld ráðuneyta um 860 m.kr.
    - 8.17 Að fela ráðuneytum að skera niður ferða- og risnukostnað um 450 m.kr.
    - 8.18 Að innheimta 2.700 kr. gjald á hverja þorskígildislest af úthlutuðu aflamarki, sbr. 6. gr. laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, og ráðstafa 750 m.kr. sem þannig innheimtast: til Hafrannsóknastofnunarinnar 600 m.kr., til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins 20 m.kr. og til Fiskistofu 130 m.kr.
    - 8.19 Að lækka sérfræðikostnað hjá A-hluta stofnunum um 500 m.kr.
    - 8.20 Að veita fé til reksturs sambýla sem Hússjóður Öryrkjabandalagsins kemur á fót árið 2001, sbr. viljayfirlýsingu félagsmálaráðuneytisins og Hússjóðs Öryrkjabandalagsins frá 2. des. 2000.

483. Breytingartillögur [1. mál]

við brtt. á þskj. 472 [Fjárlög 2001].

Frá Sverri Hermannssyni.

1. Við 1. tölul. Liðurinn orðist svo:

1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	15,6	17,4	33,0

2. Við 2. tölul. bætist:

Jón Þórarinsson			1.500

484. Frumvarp til laga [345. mál]

um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Markmið laga þessara er að draga úr heilsutjóni og dauðsföllum af völdum tóbaks með því að minnka tóbaksneyslu og vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksreyks.

Virða skal rétt hvers manns til að þurfa ekki að anda að sér lofti sem er mengað tóbaksreyk af völdum annarra.

Þeir sem bera ábyrgð á barni skulu stuðla að því að það njóti réttar skv. 2. mgr., einnig þar sem reykingar eru ekki bannaðar skv. III. kafla þessara laga.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Með tóbaki er í lögum þessum átt við tóbaksjurtir (nicotiana) og allan varning unninn að öllu eða einhverju leyti úr þeim til neyslu, svo sem sígarettur, vindla, reyktóbak, neftóbak og munntóbak.

Með reykfærum er í lögum þessum átt við áhöld og búnað tengdan tóbaksreykingum, svo sem sígarettupappír, reykjarpípur og tæki til að vefja sígarettur, svo og annan slíkan varning.

Með munntóbaki er í lögum þessum átt við allar vörur, unnar að öllu eða einhverju leyti úr tóbaki til töku í munn, að undanskildum þeim sem eru ætlaðar til reykinga.

Með skrotóbaki er í lögum þessum átt við munntóbak í bitum eða ræmum, einkum ætlað til að tyggja.

Með neftóbaki er í lögum þessum átt við duft eða mylsnu, gerða að öllu eða einhverju leyti úr tóbaki til töku í nef.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda ekki um tóbak sem notað er sem lyf samkvæmt lyfjalögum eða sem eiturefni samkvæmt lögum um eiturefni og hættuleg efni.

4. gr.

3. tölul. 2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Að efna og hvetja til átaks í tóbaksvörnum og leitast við að samræma tóbaksvarnir í landinu.

5. gr.

Á eftir 3. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein og orðast svo:

Sá sem framleiðir, flytur inn eða selur tóbak má ekki án samþykkis heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gefa með orðum eða táknum sínar eigin upplýsingar á umbúðum vörunnar um heilsufarsleg áhrif af neyslu hennar.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „þar á meðal“ í 1. tölul. 3. mgr. komi orðið: vörukynningar.

b. 3. tölul. 3. mgr. orðast svo: hvers konar umfjöllun í fjölmiðlum um einstakar vörutegundir til annars en að vara sérstaklega við skaðsemi þeirra.
c. Við bætast þrjár nýjar málsgreinar sem orðast þannig:

Óheimilt er að setja á markað hér á landi tóbak undir vörumerkjum sem eru þekkt sem eða notuð sem merki fyrir aðra vöru eða þjónustu.

Hvers kyns framlög til viðburða eða starfsemi sem miðar að því eða hafa þau beinu eða óbeinu áhrif að kynna tóbak eru bönnuð.

Tóbaki skal komið þannig fyrir á útsölustöðum að það sé ekki sýnilegt viðskiptavinum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „neftóbak og munntóbak“ í 5. mgr. koma orðin: neftóbak og allt munntóbak.
b. Við bætast fjórar nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Þeir einir sem orðnir eru 18 ára mega selja tóbak. Heilbrigðisnefnd á viðkomandi eftirlitssvæði getur veitt tímabundna undanþágu frá þessu ákvæði um aldurstakmark. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um undanþágur um aldurstakmark.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákveður í reglugerð, að höfðu samráði við tóbaksvarnanefnd og í samræmi við gildandi tilskipanir Evrópusambandsins, hver skuli vera hæstu leyfileg mörk skaðlegra efna í tóbaki og tóbaksreyk og hvernig háttað skuli mælingum og eftirliti með því að þessi mörk séu virt.

Til þess að selja tóbak í smásölu þarf sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar á viðkomandi eftirlitssvæði. Skal leyfi veitt til fimm ára í senn og verður einungis veitt einstaklingum eða lögaðilum sem fullnægja almennum skilyrðum laga um verslunaratvinnu. Heimilt er sveitarfélögum að innheimta gjald fyrir leyfi og eftirlit með starfsemi leyfishafa að fenginni umsögn heilbrigðisnefnda. Um gjaldtöku fer skv. 3. mgr. 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt í samráði við umhverfisráðherra að setja í reglugerð nánari ákvæði um leyfisveitingu samkvæmt grein þessari.

Þeim sem selur tóbak í heildsölu er óheimilt að selja eða afhenda tóbak öðrum en þeim sem hafa leyfi til að selja tóbak í smásölu samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Tóbaksreykingar eru óheimilar í þjónusturými stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka, svo sem á veitinga- og skemmtistöðum og þar sem menningar- og félagsstarfsemi fer fram, þar með talið íþrótta- og tómstundastarf.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má leyfa reykingar á veitinga- og skemmtistöðum á afmörkuðum svæðum, en tryggja skal fullnægjandi loftræstingu, sbr. 4. mgr. Meiri hluti veitingarýmis skal þó ávallt vera reyklaus og tryggja skal að aðgangur að því liggi ekki um reykingasvæði.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má leyfa reykingar í tilteknum gistiherbergjum á hótelum og gistiheimilum. Í gistiskálum má hvorki leyfa reykingar í herbergjum né svefnskálum.

Þar sem reykingar eru leyfðar samkvæmt grein þessari skal séð fyrir loftræstingu sem fullnægir kröfum heilbrigðiseftirlits og þess gætt að reykingarnar mengi ekki andrúmsloftið þar sem þær eru ekki leyfðar.

Stjórnendur veitingastaða skulu af fremsta megni leitast við að vernda starfsfólk gegn tóbaksreyk.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um reykingar á veitinga- og gististöðum í samráði við samgönguráðherra og umhverfisráðherra, þar á meðal um flokkun þessara staða með tilliti til reykinga og loftræstingar.

Tóbaksreykingar eru bannaðar í öllu húsrými í sameign fjöleignarhúsa.

Ráðherra skal í samráði við menntamálaráðherra og Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setja reglur um takmarkanir á tóbaksneyslu utan húss á íþróttasvæðum.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „grunnskólum“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: vinnuskólum sveitarfélaga.
b. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður sem orðast svo: Í fangelsum. Leyfa má þó reykingar í fangaklefum.
c. Við bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:
   Öll önnur tóbaksneysla er jafnframt bönnuð í grunnskólum, vinnuskólum sveitarfélaga, leikskólum, hvers konar dagvistum barna og húsakynnum sem eru fyrst og fremst ætluð til félags-, íþrótta- og tómstundastarfa ungmenna. Sama gildir um allar samkomur sem einkum eru ætlaðar ungmennum.
d. 2. mgr. verður 3. mgr. og síðari málsliður hennar fellur brott.

10. gr.

Í stað orðanna „1. mgr. 17. gr.“ í 11. gr. laganna kemur: 1. mgr. 18. gr.

11. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Með þeirri undantekningu sem leiða kann af 2. og 3. mgr. 9. gr., sbr. þó 5. mgr. sömu greinar, skal hver maður eiga rétt á reyklausu andrúmslofti innan dyra á vinnustað sínum og vinnuveitandi sjá til þess að hann njóti þess réttar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal setja reglur í samráði við félagsmálaráðherra og samgönguráðherra um takmarkanir á reykingum á vinnustöðum, þar á meðal í skipum, í samræmi við 1. mgr. og með tilliti til 1. gr. laga þessara.

12. gr.

2. og 3. mgr. 13. gr. laganna falla brott.

13. gr.

Inngangsmálsliður 1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Menntamálaráðuneytið skal í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og tóbaksvarnanefnd sjá til þess að fram fari reglubundin fræðsla í því skyni að draga úr tóbaksneyslu.

14. gr.

1. mgr. 15. gr. orðast svo:

Skylt er að verja a.m.k. 0,9% af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarna.

15. gr.

Í stað 2. mgr. 17. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar og orðast svo:

Nú er brotið gegn ákvæðum II. kafla og ekki farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar og getur nefndin þá beitt sömu úrræðum og talin eru upp í 27. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Brjóti leyfishafi skv. 8. gr. gegn ákvæðum þeirrar greinar getur heilbrigðisnefnd á viðkomandi eftirlitssvæði að undangenginni áminningu svipt hann leyfinu. Við ítrekað brot ber heilbrigðisnefnd að svipta hann leyfinu og eins ef brot er stórfellt.

Rísi ágreiningur um ákvarðanir heilbrigðisnefndar er heimilt að vísa málinu til úrskurðarnefndar sem starfar skv. 31. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

16. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Brot gegn ákvæðum 6. og 7. gr. eða reglum sem settar eru á grundvelli þessara laga og tengjast þeim greinum varða sektum en fangelsi allt að tveimur árum séu sakir miklar eða brot ítrekað.

Brot gegn ákvæðum 8. gr. eða reglum sem settar eru á grundvelli þessara laga og tengjast þeirri grein varða auk leyfissviptingar skv. 17. gr. sektum.

Um tilraun til brots eða hlutdeild gilda ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2001.

Ákvæði 9. mgr. 8. gr. laganna um leyfisveitingar á tóbaki í smásölu og eftirlit með henni skal endurskoða innan fimm ára frá því að lög þessi öðlast gildi, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, sbr. breytingu á þeim lögum, nr. 101/1996, og gefa þau út svo breytt með samfelldri hefðbundinni greinatölu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Heilbrigðisráðherra, Ingibjörg Pálmadóttir, fól tóbaksvarnanefnd að gera tillögur að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir. Í ljósi reynslunnar af síðustu breytingum á lögunum, aukinnar þekkingar á skaðsemi reykinga og harðari afstöðu almennings til þessa vágests, bæði hér á landi og í alþjóðasamfélaginu, er tímabært að leita frekari leiða til að draga úr reykingum. Íslendingar hafa verið í fararbroddi í tóbaksvörnum meðal þjóða heims og er það ætlun ráðherra og tóbaksvarnanefndar að svo verði áfram.

Allmiklar breytingar voru gerðar á lögum um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, með lögum nr. 101/1996, í því skyni að efla tóbaksvarnir í landinu. Í ljós hefur komið að enn þarf að bæta þessa löggjöf með nýjum og fyllri ákvæðum, einkum varðandi markaðssetningu og sölu tóbaks og vernd gegn tóbaksmengun andrúmslofts. Frumvarp þetta er byggt á tillögum nefndarinnar og unnið í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Í nefndinni eiga sæti læknarnir Þorsteinn Njálsson, sem er formaður hennar, Helgi Guðbergsson og Sveinn Magnússon.

Alkunna er að tóbaksneysla veldur miklum og margvíslegum heilsuspjöllum. Okkur er því skylt að gera ráðstafanir til að hefta útbreiðslu þessa vágests í nútímasamfélagi og berum ábyrgð á því gagnvart komandi kynslóðum. Hafa ber í huga að þeir sem deyja í dag af völd-

um reykinga eru reykingamenn gærdagsins. Þeir sem deyja á morgun eru þeir sem reykja og byrja að reykja í dag.

Undir forustu Gro Harlem Brundtland, fyrrverandi forsætisráðherra Noregs, hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) sett baráttu gegn tóbaki og reykingum á oddinn og gefið þeim forgang umfram hefðbundna smitsjúkdóma sem stofnunin hefur barist við árum og áratugum saman. Reykingar valda heilsutjóni og dauðsföllum sem hægt er að koma í veg fyrir eða draga stórlega úr með því að fá börn og unglinga til að byrja ekki að reykja og reykingamenn til að hætta reykingum eða draga úr þeim. Um þessar mundir undirbýr Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) setningu reglna til að draga úr tóbaksnotkun og samhæfa aðgerðir á alþjóðavísu. Alþjóðabankinn hefur ítrekað bent á að reykingar skaði ekki bara einstaklingana heldur einnig efnahag þjóðfélaga eins og ríkja Austur-Evrópu og þriðja heimsins þar sem obbinn af vinnandi fólki reykir mikið og er líklegt til að deyja langt fyrir aldur fram þess vegna.

Samkvæmt upplýsingum frá Hjartavernd deyja um 370 manns á ári á Íslandi af völdum reykinga eða einn Íslendingur á dag, alla daga ársins. Annað efni sem gæti hugsanlega valdið dauðsfalli yrði tekið af markaði eins og dæmin sanna. Fimmta hvert dauðsfall á Íslandi er af völdum reykinga. Þriðja hvert dauðsfall hjá fólki í blóma lífsins á Íslandi, 35–69 ára, má rekja til reykinga.

Heilbrigðisáætlun til ársins 2010 hefur sett það meginmarkmið að ná hlutfalli daglegra reykinga meðal fullorðinna niður fyrir 20%. Til að ná þessu markmiði verður að taka til hendinni. Ná þarf til unglinga sem er helsti áhættuhópurinn, fá þá sem reykja til að draga úr reykingum og hætta helst þeim lífshættulega ávana. Árangur fólks, sem reynir að hætta að reykja, er ekki ávallt góður og margir þurfa aðstoð og hvatningu. Fækka þarf svæðum þar sem reykingar eru leyfðar því að rannsóknir sýna að með því að banna og takmarka reykingar sem víðast dregur úr reykingum og reykingamönnum veitist auðveldara að hætta.

Skaðsemi reykinga er óumdeilanleg og hið sama á við óbeinar reykingar. Sé það val reykingamanns að reykja er það að sama skapi réttur þess sem ekki reykir að þurfa ekki að anda að sér tóbaksreyk reykingamanns. Börn eiga skilyrðislausan rétt á reyklausu umhverfi, bæði á heimilum sínum og annars staðar. Allir eru sammála um að vernda eigi börn fyrir tóbaksreyk og grípa verður til úrræða sem nauðsynleg eru í því skyni.

Eftir að Bandaríkjamenn fóru að sækja skaðabótamál á hendur tóbaksfyrirtækjum hefur tekist að fá upplýsingar um aðferðir við framleiðslu tóbaks. Þær liggja fyrir hjá tóbaksvarnanefnd og eru fróðleg lesning. Vitað er að í tóbaki og tóbaksreyk er mikill fjöldi af eitruðum, hættulegum og krabbameinsvaldandi efnum sem nú væru ekki leyfð í nokkurri annarri vöru sem ætluð væri til innöndunar eða inntöku.

Tóbaksiðnaðurinn hefur samkvæmt þeim upplýsingum, sem framleiðendurnir hafa sjálfir þurft að afhenda dómstólum í Bandaríkjunum, reynst vera þróaður efnaiðnaður. Efnum er bætt í tóbakið og önnur efni tekin út til að ná fram „réttum“ áhrifum. Við framleiðsluna er bætt í tóbakið aukaefnum sem draga úr ertingu í öndunarvegum, minnka ertingu af óbeinum reykingum, víkka út öndunarvegi, bæta bragð og tryggja fullkomið frásog á nikótíni út í blóðrás og inn í heila (yfir heilablóðþröskuld). Síðast en ekki síst er bætt í tóbakið efnum sem er sérstaklega ætlað að festa nýja og unga reykingamenn betur og fyrr við ávanann. Ammóníak er „bætiefni“ í tóbaki, þ.m.t. íslenska neftóbakinu, en er þess utan aðeins leyft sem hreinsiefni.

Tóbaksframleiðendur hafa reynst mjög færir í áróðursstríðinu og eru iðulega skrefi á undan þeim sem sinna tóbaksvörnum. Iðnaðurinn hefur fundið rannsóknum, sem sýna fram á

skaðsemi tóbaks, allt til foráttu en blæs á sama tíma út þýðingu fáeinna rannsókna sem draga skaðsemi þess í efa.

Þeirrar tilhneigingar hefur gætt að taka varnir gegn ólöglegum fíkniefnum fram yfir tóbaksforvarnir. Vissulega eru vandamál af völdum þeirra efna stóralvarleg en á hitt ber að líta að útbreiðsla tóbaks er margfalt meiri og tóbaksvandamálið því síst veigaminna. Auk þess sýna rannsóknir að reykingar eru undanfari fíkniefnaneyslu og oft áfengisneyslu líka. Það heyrir raunar til algjörra undantekninga að þeir sem leita sér aðstoðar vegna áfengis- eða vímuefnaneyslu séu ekki reykingamenn. Með því að taka á tóbaksdraugnum strax í skólum er hægt að draga úr líkum á öðrum vandamálum sem iðulega koma í kjölfar tóbaksreykinga.

Í frumvarpinu er lagt til að meira fé verði lagt til forvarna. Tóbaksvarnanefnd hefur þegar varið tugum milljóna króna í fræðsluefni handa skólum en telur að gera verði betur til að vernda kynslóðir framtíðarinnar. Hingað til hefur ekki verið hægt að tryggja að öll grunnskólabörn fái tóbaksvarnafræðslu þótt lög geri ráð fyrir að svo sé. Með auknu framlagi til forvarna og frekari samvinnu við sveitarstjórnir er unnt að leysa þann vanda.

Rannsóknir staðfesta að það er fjárhagslega mjög hagkvæmt að fjárfesta í tóbaksvörnum, koma í veg fyrir að menn byrji að reykja, fá menn til að draga úr reykingum og sannfæra þá um að þeim beri að hætta að reykja. Algjört forgangsverkefni er að koma í veg fyrir að börn og unglingar fari að reykja því að rannsóknir sýna að átta af hverjum tíu reykingamönnum byrjuðu að reykja fyrir 18 ára aldur. Það er einnig afar mikilvægt að geta veitt reykingamönnum stuðning við að hætta að reykja. Um 80% þeirra vilja hætta en mörgum reynist það erfitt.

Skoðum að lokum nokkrar staðreyndir:

— Helmings líkur eru á því að 35 ára karl sem hefur reykt í a.m.k. tíu ár látist á aldrinum 40–69 ára af völdum reykinga.
— Konur sem reykja eins og karlar deyja úr hjartaáföllum eins og karlar.
— Það eru 70–80% líkur á því að einstaklingur sem fær hjartaáfall á aldrinum 30–39 ára sé reykingamaður.
— Helmingur þeirra sem deyja á miðjum aldri deyr af völdum tóbaks og glatar að jafnaði 20 árum ævinnar.
— Reykingamaður á aldrinum 30–39 ára er með 6,3-faldar líkur á hjartaáfalli, 40–49 ára með 4,9-faldar líkur og 50–59 ára með 3,1-faldar líkur.

Nokkur helstu nýmæli frumvarpsins.

— Réttur fólks til reyklauss andrúmslofts er viðurkenndur og sérstaklega kveðið á um rétt barna (1. gr.).
— Óheimilt er að setja hér á markað tóbak undir vörumerkjum annarar vöru eða þjónustu (6. gr.).
— Bönnuð er „kostun“ viðburða eða starfsemi í því skyni eða með þeim áhrifum að kynna tóbak (6. gr.)
— Uppstilling á tóbaki á sölustöðum er bönnuð (6. gr.).
— Yngri en 18 ára mega ekki selja tóbak (7. gr.).
— Ákveðið skal hámark skaðlegra efna í tóbaki og tóbaksreyk (7. gr.).
— Sérstakt leyfi þarf til að selja tóbak í smásölu (7. gr.).
— Sveitarfélögum er heimilt að innheimta gjald vegna leyfisveitinga og eftirlits (7. gr).
— Heimildir til að leyfa reykingar á veitingastöðum eru þrengdar (8. gr.).
— Hótel og aðrir gististaðir skulu vera með reyklaus gistiherbergi (8. gr.).

— Skýrt er kveðið á um bann við reykingum í öllum húsakynnum sem almenningur hefur aðgang að vegna þátttöku í menningar- og félagsstarfsemi (8. gr.).
— Reykingar eru bannaðar í sameignarhúsrými í fjölbýlishúsum (8. gr.).
— Setja skal reglur um takmarkanir á reykingum utan húss á íþróttasvæðum (8. gr.).
— Til viðbótar algeru reykingabanni er öll önnur tóbaksneysla bönnuð í grunnskólum, leikskólum og í húsakynnum og á samkomum sem einkum eru fyrir ungmenni (9. gr.).
— Staðfest er skylda vinnuveitenda til að sjá til þess að starfsfólk njóti réttar til að vinna í reyklausu umhverfi (11. gr.).
— Fjárveitingar til tóbaksvarna eru auknar (14. gr.).
— Heimilt er að svipta leyfishafa leyfi gerist hann brotlegur (15. gr.).
— Refsiviðurlög við brotum á ákvæðum laganna eru samræmd og viðurlög þyngd (16. gr.).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Efnislega er 1. mgr. óbreytt frá 1. gr. gildandi laga. Með breyttu orðalagi er einkum vísað til þeirrar ógnvænlegu staðreyndar að tóbaksneysla veldur á hverju ári hundruðum dauðsfalla hér á landi svo sem rannsóknir Hjartaverndar hafa nú rækilega staðfest.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru nýmæli. Réttur til hreins og ómengaðs andrúmslofts er meðal mikilvægustu og jafnframt sjálfsögðustu réttinda hvers manns. Hvar sem reykt er mengast loftið með þeim þúsundum efnasambanda sem eru í reyknum. Meðal þeirra eru fjölmörg eiturefni og hættuleg efni, bæði lofttegundir og fastar efnisagnir, þar á meðal ertandi efni og krabbameinsvaldar. Ákvæði 2. mgr. er eðlileg afleiðing þessara staðreynda og ákvæði III. kafla laganna, um takmörkun á tóbaksreykingum, byggjast á því.

Í 3. mgr. er lögð sú skylda á hvern þann sem ber ábyrgð á barni að forða því svo sem frekast er kostur frá óbeinum reykingum. Börn eru sérlega viðkvæm fyrir tóbaksreyk og margar rannsóknir hafa sýnt að þeim er öðrum fremur hætt við sjúkdómum og lasleika af völdum óbeinna reykinga. Með ákvæðinu er stefnt að því að bægja þessari áhættu frá þeim.

Sambærilegt ákvæði er í sóttvarnalögum, nr. 19/1997. Þar segir í 7. gr.: „Það er almenn skylda að gjalda sem mesta varúð við smitsjúkdómum og gera sér allt far um að sýkja hvorki sjálfan sig né aðra, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er.“ Í 3. mgr. er varnaðarskylda lögð sérstaklega á ábyrgðarmenn barna enda mest um vert að þeir séu börnunum skjól í þessu sem öðru. Mikilvægt er þó að menn finni almennt til slíkrar skyldu gagnvart börnum, sbr. sóttvarnalög. Síðasta setning greinarinnar („einnig þar sem“ o.s.frv.) vísar einkum til þess að forðast beri að vera með börn í reykingarýmum í veitingahúsum. Skylda ábyrgðarmanns samkvæmt meginákvæði greinarinnar nær þó til alls umhverfis barns, ekki síst heimilis þess og annarra dvalarstaða.

Þess má geta að könnun Hagvangs í janúar 1992 sýndi að 83% þeirra sem afstöðu tóku töldu æskilegt að staðfesta með lögum rétt barna til reyklauss umhverfis. Ólíklegt er að hlutfallstala þeirra sem þá afstöðu taka hafi lækkað síðan. Fremur má búast við hinu gagnstæða.

Um 2. gr.

Breytingin á 1. mgr. (innskotsorðin: að öllu eða einhverju leyti) er til samræmingar og staðfestir þann skilning sem lagður hefur verið í ákvæðið.

Þá er lagt til að 2. mgr. 2. gr. verði felld niður. Um er að ræða ákvæði um að lögin gildi einnig um varning sem ætlaður er til neyslu með sama hætti og tóbak þótt hann innihaldi ekki tóbak. Í athugasemd um ákvæði þetta í frumvarpi til laga um tóbaksvarnir, sem samþykkt var sem lög nr. 74/1984, voru svokallaðar gervisígarettur teknar sem dæmi um slíkan varning.

Ekki hefur reynt á þetta ákvæði. Eftirlitsstofnun EFTA hefur bent á að það kunni að brjóta gegn 11. gr. EES-samningsins um frjálst vöruflæði innan Evrópska efnahagssvæðisins. Því er þetta ákvæði fellt niður.

2. mgr. samkvæmt frumvarpinu er samhljóða 3. gr. í lögunum. Flutningur þessa ákvæðis milli greina miðar að því að allar orðskýringar séu í 2. gr. laganna en ákvæði um gildissvið í 3. gr. þeirra.

Í 3.–5. mgr. í frumvarpinu er skýrð merking orðanna munntóbak, skrotóbak og neftóbak. Reyklausu tóbaki, þ.e. tóbaki sem ekki er ætlast til að sé reykt, má einkum skipta í þrjá flokka, í fyrsta lagi tóbak í „föstu“ formi (bitum, ræmum) sem er ætlað til að tyggja eða láta liggja í munni (enska: chewing tobacco, sænska: tuggtobak), í öðru lagi rakt smámulið tóbak, ýmist laust eða í smápokum, ætlað til að setja í munn (moist snuff, fuktsnus) og í þriðja lagi mun þurrara tóbaksduft eða mylsna, ætlað fyrst og fremst til töku í nef (dry snuff, torrt snus). Yfirleitt hefur mismunandi bragðefnum verið bætt í tóbakið. Fyrri flokkarnir tveir falla undir munntóbak eins og það er skýrt í 4. mgr. en þriðji flokkurinn er neftóbak samkvæmt skýrgreiningu orðsins í 5. mgr. Raki í því er venjulega undir 15%.

Um 3. gr.

3. gr. samkvæmt frumvarpinu er samhljóða 3. mgr. 2. gr. í lögunum.

Um 4. gr.

Ein breyting verður á ákvæðum 5. gr. laganna um hlutverk tóbaksvarnanefndar.

Í 3. tölul. 2. mgr. 5. gr. laganna er það talið meðal hlutverka tóbaksvarnanefndar að „hvetja aðra aðila til átaks í reykingavörnum og leitast við að samræma störf þeirra“. Reyndin er sú, eins og alkunna er, að tóbaksvarnanefnd hefur jafnframt staðið sjálf fyrir slíkum átaksverkefnum, m.a. á reyklausum dögum, oft í samvinnu við aðra. Hefur það gefist vel. Þykir rétt að staðfesta þá tilhögun og jafnframt, í samræmi við hlutverk nefndarinnar að öðru leyti, að tala um *tóbaksvarnir* í þessu sambandi og um samræmingu þeirra í landinu.

Um 5. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr. Af henni leiðir að það er á valdi heilbrigðisráðherra hvaða upplýsingar um skaðleg áhrif tóbaksneyslu framleiðendur eða innflytjendur setja á umbúðir vöru sinnar. Hliðstætt ákvæði er í norsku tóbaksvarnalögunum. Tilgangur þess er að tryggja að slíkar upplýsingar séu trúverðugar.

Um 6. gr.

Um a-lið.

Breytingin á 1. tölul. 3. mgr. 7. gr. er af gefnu tilefni til þess að staðfesta að kynningar á tóbaki í formi *vörukynninga*, t.d. í verslunum og á veitinga- og skemmtistöðum, séu auglýsingar í merkingu laganna og því bannaðar.

Um b-lið.

Breytingin á 3. tölul. 3. mgr. 7. gr. snýst um það af hvaða toga *umfjöllun um einstakar tegundir tóbaks* þurfi að vera til þess að vera ekki metin sem auglýsing fyrir viðkomandi tegundir. Lagt er til að orðin „til annars en að vara sérstaklega við skaðsemi þeirra“ komi í stað orðanna „nema ljóst sé að hún miði beinlínis að því að koma á framfæri upplýsingum sem draga úr skaðsemi tóbaksneyslu“. Það orðalag verður að skýra með vísan til athugasemda í nefndaráliti heilbrigðis- og tryggingarnefndar 9. maí 1996 um frumvarp til laga um breytingar á lögum um tóbaksvarnir. Þar segir: „Ef kæmu á markað tóbakstegundir sem hefðu sannan-

lega minna af skaðlegum efnum en þær sem fyrir eru væri heimilt að fjalla um það í fjölmiðlum.“ Svo óljós og teygjanleg undanþága frá banni við að fjalla í fjölmiðlum um einstakar tóbaksvörutegundir getur leitt til réttaróvissu. Hún virðist einnig vera með öllu óþörf og jafnvel andstæð þeim sjónarmiðum sem nú eru almennt viðurkennd, að t.d. sígarettur sem sagðar hafa verið hættuminni en aðrar séu engu síður mjög varhugaverðar.

Um c-lið.

Við 7. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar sem verða 4.–6. mgr. Í 4. mgr. er kveðið á um að ekki megi markaðssetja tóbak undir vörumerkjum sem þekkt eru sem merki fyrir aðra vöru eða þjónustu eða þannig notuð. Ákvæði þetta, sem á sér hliðstæðu í norsku tóbaksvarnalögunum, er sett til þess að girða fyrir að orðspor slíkra vörumerkja, t.d. fyrir vinsælan fatnað, tískuvörur, snyrtivörur, drykkjarvörur eða ökutæki, sé notað til að koma tóbaki á framfæri.

Í 5. mgr. er sett bann við hvers konar *framlögum til viðburða eða starfsemi* sem miða að því eða hafa þau áhrif, beint eða óbeint, að kynna tóbak. Dæmi um slíka viðburði og starfsemi eru íþróttamót og annars konar keppni, tónleikar og sýningar af ýmsum toga, myndbanda- og kvikmyndagerð, íþróttafélög, söfn og margs kyns stofnanir aðrar sem tóbaksframleiðendur hafa kappkostað að tengja vörumerki sín við eða styrkt með leynd í auglýsinga- og útbreiðsluskyni.

Í 6. mgr. er kveðið á um að tóbaki skuli *komið þannig fyrir* á sölustöðum að það blasi ekki við viðskiptavinum. Þótt leyft sé að selja tóbak er ekki þar með sagt að nauðsynlegt sé eða jafnvel réttlætanlegt að láta það bera fyrir augu manna á sölustöðum, enda vitað um sölustaði sem hafa sett það „undir lás og slá“. Það að hafa vöru sýnilega á sölustað minnir á hana og hefur því tvímælalaust auglýsingargildi. Að því er varðar tóbak getur slík uppstilling komið illa við þá sem eru að hætta tóbaksneyslu og gefið börnum og unglingum í skyn að tóbak sé eðlileg og jafnvel sjálfsögð neysluvara.

Um 7. gr.

Um a-lið.

Borið hefur á þeim skilningi á 5. mgr. 8. gr. laganna að orðið „fínkornótt“ eigi við hvort tveggja, neftóbak og munntóbak. Ákvæðið var sett með lögum nr. 101/1996, um breytingar á lögum nr. 74/1984. Ljóst er af meðferð málsins á þingi að umræddur skilningur fær ekki staðist, heldur nær bannákvæði 5. mgr. 8. gr. til fínkornótts neftóbaks og *alls* munntóbaks, annars en skrotóbaks, enda væri sú undantekning marklaus ef bannið ætti einungis við „fínkornótt“ munntóbak því að skrotóbak er í bitum en ekki kornótt. Nægir að vísa til fyrrnefnds álits heilbrigðis- og trygginganefndar þar sem segir: „Loks er lagt til að gildistöku ákvæðis um bann við innflutningi, framleiðslu og sölu *á munntóbaki og fínkornóttu neftóbaki* verði frestað ...“ Bannið tekur því til allra tegunda af tóbaksdufti sem ætlað er til töku í munn, án tillits til kornastærðar og þess hvort það er selt í lausu formi eða í smápokum (grisjupokum). Breyting sú sem hér er lögð til á að taka af allan vafa um þetta. Eftir breytinguna orðast 5. mgr. 8. gr.: „Bannað er að flytja inn, framleiða og selja fínkornótt neftóbak og allt munntóbak, að undanskildu skrotóbaki.“

Um b-lið.

Við 8. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar sem verða 7.–10. mgr. Í 7. mgr. er kveðið á um að þeir einir megi selja tóbak sem orðnir eru 18 ára. Ekki má selja eða afhenda mönnum tóbak nema þeir hafi náð þeim aldri og eðlilegast er að sama aldursmark gildi um heimild til að hafa tóbak með höndum til að selja það öðrum. Ein af ástæðum þess hve banni við tóbakssölu til ungmenna hefur verið slælega framfylgt er að líkindum sú að afgreiðslu-

menn yngri en 18 ára treysti sér ekki til að neita jafnöldrum sínum um að fá keypt tóbak. Ákvæðinu er ætlað að setja undir þann leka og þó ekki síður að forða ungmennum frá því að vera settir til að selja heilsuspillandi og ávanabindandi efni. Skv. 2. málsl. 7. mgr. er þó heimilt að veita tímabundna undanþágu frá ákvæðinu varðandi aldurstakmarkið þar sem erfitt getur verið að manna sölustaði.

Vakin er athygli á að skv. 58. gr. barnaverndarlaga frá 1992 er börnum innan 18 ára aldurs óheimilt að starfa á stöðum sem hafa leyfi til áfengisveitinga nema það sé liður í viðurkenndu iðnnámi.

Í 8. mgr. 8. gr. er ákvæði um hámark skaðlegra efna í tóbaki og tóbaksreyk. Með tilskipun nr. 90/239/EB var kveðið upp úr um það að sígarettur sem væru markaðssettar í aðildarríkjum EES eftir 31. desember 1992 mættu ekki gefa meiri tjöru (í aðalreyk) en 15 mg hver, og ekki meira en 12 mg eftir 31. desember 1997. Með ákvæðinu er verið að hrinda í framkvæmd tilskipun EB/90/239, en þar var kveðið upp úr um það að sígarettur sem væru markaðssettar í aðildarríkjum EES eftir 31. desember 1992 mættu ekki gefa meiri tjöru (í aðalreyk) en 15 mg hver, og ekki meira en 12 mg eftir 31. desember 1997. Með ákvæði þessu er verið að styrkja lagagrundvöll fyrir reglugerð, en farið hefur verið eftir þessu hér á landi, sbr. reglur nr. 529/1996, sbr. breytingu nr. 206/1997. Í 8. mgr. er ráðherra veitt *almenn heimild* til að ákveða í reglugerð hver skuli vera hæstu leyfileg mörk skaðlegra efna í tóbaki og tóbaksreyk. Að svo miklu leyti sem ráðherra nýtir þessa heimild ákveður hann hvernig mælingum og eftirliti skuli háttað.

Í 9. mgr. er lagt til að sérstakt leyfi heilbrigðisnefnda þurfi til að selja tóbak í smásölu. Full ástæða er til að kveða á um það með lögum *hverjir megi selja* tóbak og binda smásölu þess við sérstakt leyfi.

Skráning sú sem leiðir af leyfisskyldu ætti að auðvelda eftirlit með sölustöðum tóbaks og yfirsýn yfir söluna og vænta má að leyfisskylda verði til þess að sölustöðum fækki og við það dragi úr heildarsölu tóbaks.

Heilbrigðisnefndir veita leyfi til fimm ára í senn að fullnægðum almennum skilyrðum laga um verslunaratvinnu. Sveitarfélögum er heimilað að fenginni umsögn heilbrigðisnefnda að innheimta gjald fyrir leyfin og vegna eftirlits. Heimilað er að setja reglugerð með nánari ákvæðum um leyfisveitingar.

Enda þótt bannað sé að selja börnum og unglingum tóbak er það vel þekkt að unglingar eiga ekki í neinum erfiðleikum með að fá tóbak keypt. Brýnt er að leita leiða til að hindra þá sölu eða draga sem mest úr henni. Í því sambandi er einkum mikilvægt að fá heimild til leyfissviptingar eins og kveðið er á um í 15. gr. þessa frumvarps. Það ætti að veita seljendum aukið aðhald um að fylgja ákvæðum laganna.

Samkvæmt könnun Hagvangs í maí 1992 voru 85% þeirra sem afstöðu tóku hlynnt þeirri hugmynd að binda tóbakssölu við sérstök leyfi sem sölustaðir gætu misst fyrir að selja börnum tóbak.

Þess má geta að samkvæmt skýrslu bandarískra heilbrigðisyfirvalda um tóbaksvarnalöggjöf einstakra ríkja í Bandaríkjunum (State Laws on Tobacco Control) var í 30 þessara ríkja krafist leyfis til að selja tóbak í smásölu („over-the-counter“) í árslok 1998. Í öllum nema fjórum er tekið leyfisgjald. Í meira en helmingi varða endurtekin brot gegn banni við að selja ungmennum tóbak leyfissviptingu.

10. mgr. tengist ákvæðinu hér á undan og þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Í 9. gr. laganna er kveðið á um bann við reykingum í húsnæði þar sem almenningur leitar aðgangs vegna afgreiðslu eða þjónustu.

Þær efnislegu breytingar sem gerðar eru á grein þessari miða að því að tryggja betur rétt manna til reyklauss andrúmslofts. Er það í samræmi við síaukna þekkingu á skaðsemi óbeinna reykinga, breytt viðhorf til þeirra hér á landi og þróun víða um lönd.

Um 1. mgr.

Auk þess sem hnykkt er, með lítið eitt breyttu orðalagi, á hinni víðtæku meginreglu í 1. mgr. 9. gr. gildandi laga um bann við reykingum í þjónusturými stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka þar sem almenningur sækir sér afgreiðslu eða þjónustu er hér kveðið á um reykingabann innan húss í þeim húsakynnum sem almenningur hefur aðgang að vegna þátttöku í menningar- og félagsstarfsemi, þar með talið á veitingahúsum. Sumt af þeirri starfsemi hefur verið á mörkunum að geta fallið undir hugtökin afgreiðsla eða þjónusta. Undir þann leka er nú sett. Fer þar með ekki milli mála að bannið nær m.a. til hvers kyns menningar-, íþrótta- og tómstundahúsa sem almenningur á kost á að sækja, svo og sýninga og safna, auk almennra funda og samkoma. Geta má þess að í félags- og menningarmiðstöðvum (félagsheimilum) aldraðra eru reykingar alls ekki leyfðar eða sæta þar mjög miklum takmörkunum hvort sem þessar miðstöðvar (heimili) eru á vegum sveitarfélaga eða félaga eldri borgara.

Um 2. mgr.

Með lögum nr. 74/1984 voru „veitinga- og skemmtistaðir“ sérstaklega undanþegnir reykingabanni á afgreiðslu- og þjónustustöðum (sjá hér á undan) að öðru leyti en því að þeir skyldu hafa „afmarkaðan fjölda“ veitingaborða þannig merktan að reykingar við þau væru bannaðar. Með lögum nr. 101/1996 var nánar kveðið á um skyldu til að hafa „reyklaus svæði“ á þeim veitingastöðum sem legðu megináherslu á kaffiveitingar og matsölu. Þeirri skyldu hefur almennt verið slælega framfylgt og virðingarverð áform í því efni hafa ekki reynst nægilega haldgóð. Alger undanþága samkvæmt lögum nr. 101/1996 fyrir aðra veitingastaði, svo og skemmtistaði, bætir ekki úr skák. Hefur gætt æ meiri óánægju með alla þessa tilhögun í þeim vaxandi hópi fólks sem leggur mikið upp úr því að geta notið veitinga og skemmtana í reyklausu andrúmslofti en á þess sáralítinn kost hér á landi eins og nú er ástatt. Við þessar aðstæður er ekki heldur fýsilegt að fara með börn inn á veitingastaði, með fáeinum heiðarlegum undantekningum þó. Þá er mikil hætta á að ungt fólk ánetjist tóbaki með þrásetu á veitingastöðum þar sem reykingar eru almennar. Reykmettað andrúmsloft í veitingasölum setur og starfsfólkið þar í hættu, sbr. 5. mgr. 9. gr. og athugasemdir við hana. Allt ber að sama brunni, að þetta ástand er gjörsamlega óviðunandi. Er orðið fyllilega tímabært að snúa dæminu við og hafa réttinn til hreins lofts í fyrirrúmi á þessu sviði, eins og orðið er nánast alls staðar annars staðar á opinberum vettvangi í íslensku samfélagi, sbr. og 2. mgr. 1. gr. í frumvarpi þessu.

Að því ráði er einmitt horfið í 9. gr. samkvæmt frumvarpinu. Er kveðið á um það í 2. mgr. hvar megi leyfa reykingar á veitingastöðum. Er aðalreglan sú samkvæmt frumvarpinu að reykingar eru bannaðar á veitinga- og skemmtistöðum, en heimilt er þó að leyfa reykingar á afmörkuðum svæðum. Heimildina til að leyfa reykingar ber að skoða með tilliti til 4. mgr. og skal loftræstingu þannig fyrir komið að ekki sé um að ræða reykmettun andrúmslofts frá svæðum þar sem reykingar eru leyfðar. Í hverju tilviki er það eigandi/ forráðamaður sem ákveður hvort heimildin til að leyfa reykingar er notuð. Þessar heimildir til að leyfa reykingar á afmörkuðu svæði í veitingarými byggjast einkum á því mati að óraunhæft sé að sinni að banna reykingar með öllu á veitinga- og skemmtistöðum.

Allvíða erlendis gilda strangar reglur um takmarkanir eða bann við reykingum á veitingastöðum, ekki síst í Bandaríkjunum. Á það bæði við um ríki og einstakar borgir. Samkvæmt skýrslunni sem til er vitnað í athugasemdum við nýja 9. mgr. 8. gr. um tóbaksvarnalöggjöf einstakra ríkja (State Laws on Tobacco Control) í árslok 1998 voru reykingar alfarið bannaðar á veitingahúsum í tveimur ríkjum, Utah og Vermont, og sættu mjög miklum takmörkunum í Kaliforníu. Alls höfðu þrjátíu ríki lögfest meiri eða minni takmarkanir á þessu sviði. Samkvæmt nýjum heimildum (The Associated Press) hafa reykingar síðan verið bannaðar á veitingahúsum í Maryland og Maine. Fyrir skömmu var ár liðið síðan þetta bann tók gildi í Maine. Tóbaksframleiðendur og fylgismenn þeirra höfðu spáð því að bannið mundi stórskaða veitingahúsarekstur í ríkinu. Sú hefur ekki orðið raunin, heldur hið gagnstæða, og þrjár kannanir sem gerðar hafa verið þar síðan í fyrra sýna mikinn og vaxandi stuðning við lögin. Nýlegar kannanir frá öðrum stöðum í Bandaríkjunum sýna hið sama, að reykingabann dregur ekki úr aðsókn að veitingastöðum.

Ástæða er til að minna á hve vel hefur tekist að gera allan tóbaksreyk útlægan úr kaffistofum og mötuneytum á vinnustöðum. Ber ekki á öðru en að reykingamenn hafi almennt sætt sig mjög vel við þá breytingu og þá væntanlega margir uppgötvað að ekki var nauðsynlegt að fá sér sígarettu með kaffinu. Vafalaust hafa vinnustaðareglurnar hjálpað ýmsum til að hætta eða draga úr reykingum og jafnvel dregið úr nýliðun í hópi reykingamanna. Við hinu sama má búast af ákvæðinu í 2. mgr. 9. gr. verði það lögfest.

Í könnun sem gerð var fyrir tóbaksvarnanefnd á síðastliðnu ári sögðust 81% þeirra sem afstöðu tóku vilja eiga þess kost að geta setið á reyklausu svæði á kaffi- og veitingahúsum. Meðal þeirra sem reyktu daglega tóku 64% þessa afstöðu.

Um 3. mgr.

Eftirspurn eftir reyklausum gistiherbergjum á hótelum og öðrum gististöðum hefur farið ört vaxandi að undanförnu og víða á slíkum stöðum er nú, hér á landi sem erlendis, gefinn kostur á fleiri eða færri herbergjum þar sem reykingar eru ekki leyfðar. Dæmi eru um að það nái til allra gistiherbergja á staðnum. Hér er í fyrsta sinn kveðið á um þetta efni í íslenskum lögum. Er gerður greinarmunur á hótelum og gistiheimilum annars vegar, en þar má leyfa reykingar í tilteknum herbergjum, og gistiskálum hins vegar, en þar leyfist ekki að reykja.

Um 4. mgr.

Hætt er við að reykmettun andrúmslofts verði mikil á veitingastöðum þar sem reykingar eru leyfðar. Til þess að draga úr henni og þar með skaða af völdum óbeinna reykinga er þörf á mjög öflugri og stöðugri loftræstingu. Skal hún samkvæmt þessari málsgrein jafnan fullnægja kröfum heilbrigðiseftirlits. Einnig skal þess gætt í samræmi við markmið laganna að tóbaksreykur mengi ekki loftið utan reykrýma.

Um 5. mgr.

Rannsóknir benda til að vinna í reykmettuðu rými á veitingastöðum auki hættu á lungnakrabbameini og jafnvel fleiri reykingatengdum sjúkdómum. Með 5. mgr. 9. gr. er sérstaklega brýnt fyrir stjórnendum á stöðum þessum að gera allt sem unnt er til að hlífa starfsfólkinu við tóbaksreyk, sbr. og 4. mgr. sömu greinar. Minnt er á fyrirspurn sem lögð var fram á Alþingi í febrúar 1999 um þær aðstæður sem starfsfólk veitinga- og skemmtistaða ætti við að búa með því að staðir þessir væru undanþegnir reglum 9. gr. tóbaksvarnalaga um reykingabann.

Um 6. mgr.

Hér er heilbrigðisráðherra heimilað að setja nánari reglur um reykingar á *veitinga- og gististöðum*. Skal haft um þær reglur samráð við samgönguráðherra, en hann fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði, og við umhverfisráðherra með tilliti

til lykilhlutverks heilbrigðisnefnda í eftirliti með framkvæmd slíkra reglna. Slíkar reglur gætu m.a. kveðið á um flokkun veitinga og gististaða með tilliti til reykinga, merkingar til leiðbeiningar um hvar megi eða megi ekki reykja, tengsl milli reykherbergja og reyklauss húsrýmis á veitingastöðum o.s.frv.

Um 7. mgr.

Bann við reykingum í *sameignarhúsrými í fjöleignarhúsum*, sem hér er kveðið á um, er löngu tímabært. Má fullyrða að margir bíði þess með óþreyju. Rök fyrir því eru og nánast hin sömu og fyrir reykingabanni skv. 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna. Reykingar á göngum, í þvottahúsum og í öðru sameignarhúsnæði eru mörgum til mikils ama og óþæginda og fara raunar í bág við þá skyldu sem lög um fjöleignarhús, nr. 26/1994, leggja á eigendur, að virða rétt og hagsmuni annarra eigenda við hagnýtingu sameignar.

Um 8. mgr.

Sterk rök eru fyrir því að takmarka reykingar og aðra tóbaksneyslu *utan dyra á* íþróttasvæðum með almennum reglum svo sem hér er kveðið á um. Er þar bæði litið til heilbrigðissjónarmiða og mikilvægis þess að sýna gott fordæmi. Reglurnar skulu settar í samráði við menntamálaráðherra og Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands. Brýnast er að setja slíkar reglur um áhorfendasvæði þar sem eru bæði börn og fullorðnir og oft þröngt setinn bekkurinn. Einnig eiga slíkar reglur að ná til æfingarsvæða og mótssvæða. Óhætt er að segja að ákvæði 8. mgr. 9. gr. samræmist þeirri forvarnastefnu sem íþróttasamtökin hafa sett sér.

Um 9. gr.

Um a-lið.

Kveðið er á um að algert bann við reykingum skv. 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. nái einnig til *vinnuskóla sveitarfélaga*. Þess má geta að sett var í starfsreglur Vinnuskóla Reykjavíkur árið 1995 ákvæði þess efnis að skólinn væri með öllu tóbakslaus vinnustaður.

Um b-lið.

Við 1. mgr. 10. gr. bætist nýr töluliður þar sem kveðið er á um algert bann við tóbaksreykingum í *fangelsum* utan fangaklefa en þar má leyfa að reykingar. Verður það ákvörðun stjórnenda í hverju tilviki hvort reykingar eru leyfðar. Með ákvæði þessu, sem sett er í samráði við Fangelsismálastofnun ríkisins, er stuðlað að betri líðan og heilsu fanga og fangavarða.

Um c-lið.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. Samkvæmt henni eru ekki einungis reykingar heldur og *öll önnur tóbaksneysla* bönnuð í grunnskólum, vinnuskólum sveitarfélaga, leikskólum, öðrum dagvistum barna, húsakynnum sem eru fyrst og fremst ætluð til félags-, íþrótta- og tómstundastarfsemi ungmenna og á öllum samkomum sem eru einkum ætlaðar ungmennum. Með *ungmennum* er hér átt við þá sem eru yngri en 18 ára. Bannið við neyslu reyklauss tóbaks er að því er varðar starfsfólk sett fyrst og fremst af „fordæmisástæðum“, sem reykingabannið á slíkum stöðum styðst líka við að nokkru, og þykir ekki fráleitt að skipa ákvæðinu í 10. gr. laganna þótt það snerti ekki varnir gegn tóbaksmengun andrúmslofts.

Um d-lið.

Með lögum nr. 101/1996 voru forstöðumenn opinberra stofnana sem lög mæla ekki fyrir um að séu með öllu reyklausar skyldaðir til að gera í samráði við starfsfólk áætlun um bann við reykingum innan viðkomandi stofnunar er kæmi til framkvæmda eigi síðar en fyrir árslok 2000. Heimilt er að gera ráð fyrir afdrepi þar sem reykingar eru leyfðar. Hér er kveðið á um að sú heimild falli niður og allar opinberar stofnanir, jafnt ríkis sem sveitarfélaga, verði því

orðnar reyklausar við upphaf nýrrar aldar. Með því gefur „hið opinbera“ ótvírætt fordæmi um hvernig draga má úr mikilvægu heilbrigðis- og umhverfisvandamáli. Verulegur undirbúningur hefur farið fram í opinberum stofnunum vegna umrædds ákvæðis laga nr. 101/1996 og margar þeirra hafa orðið reyklausar eftir að þau voru sett.

Um 10. gr.

Leiðrétt er númer lagagreinar þeirrar sem vísað er til í síðari málslið 11. gr. laganna.

Um 11. gr.

Reglur um tóbaksvarnir á vinnustöðum, nr. 487/1985, voru fyrst settar í árslok 1985. Síðan þá hafa viðhorf til reykinga á vinnustöðum breyst mjög og þær mjög víða verið takmarkaðar meira en skylt var samkvæmt þeim reglum og jafnvel bannaðar með öllu. Í samræmi við þessa þróun voru á síðasta ári settar nýjar reglur um tóbaksvarnir á vinnustöðum, nr. 88/1999, þar sem reykingar sæta mun meiri takmörkunum en samkvæmt fyrri reglum. Þessi stefna er jafnt í hag starfsmönnum sem vinnuveitendum. Má fullyrða að skorður við tóbaksreykingum á vinnustöðum séu mikilvægur þáttur vinnu- og umhverfisverndar. Reglurnar frá 1999 voru settar eftir góða samvinnu við stjórn Vinnueftirlits ríkisins sem, eins og kunnugt er, er m.a. skipuð fulltrúum launþegasamtakanna og vinnuveitenda.

Í þessu ljósi ber að skoða þá breytingu sem hér er gerð á 12. gr. laganna. Kveðið er á um það í 1. mgr. að hver maður skuli eiga rétt á reyklausu andrúmslofti innan dyra á vinnustað sínum og vinnuveitanda beri að tryggja starfsmanni þann rétt. Þeir sem starfa í „löglegum“ reykingarýmum á veitingastöðum njóta þó augljóslega ekki slíks réttar þar, svo sem vísað er til í greininni, en einnig við þær aðstæður ber yfirmanni að taka eins og unnt er mið af ákvæði 5. mgr. 9. gr. samkvæmt frumvarpinu, sbr. einnig 4. mgr. sömu greinar.

Í 2. mgr. 12. gr. er mælt fyrir um að setja skuli, í samræmi við ákvæði 1. mgr. og með tilliti til 1. gr. laganna, reglur um takmarkanir á reykingum á vinnustöðum, þar á meðal í skipum, sjá athugasemdir við 12. gr. frumvarpsins. Skulu þær settar í samráði við félagsmálaráðherra og samgönguráðherra.

Um 12. gr.

Þær breytingar verða á 13. gr. laganna að annars vegar er felld niður heimild skv. 2. mgr. til að leyfa reykingar í hluta farþegarýmis í atvinnuflugi milli landa og hins vegar er fellt niður ákvæði 3. mgr. um að setja skuli sérreglugerð um tóbaksreykingar um borð í skipum.

Fyrri breytingin er í samræmi við reglugerð samgönguráðuneytisins nr. 86/1995 þar sem lagt var bann við reykingum í öllu atvinnuflugi með farþega milli Íslands og annarra landa frá og með 26. mars 1995. Var það bann sett af öryggisástæðum og átti sér rætur í samþykktum á alþjóðavettvangi flugmála.

Seinni breytingin helst í hendur við það ákvæði í 8. gr. frumvarpsins að reglur um takmarkanir á reykingum á vinnustöðum skuli einnig taka til skipa. Þær reglur sem settar voru, skv. 3. mgr. 13. gr. laganna, um tóbaksreykingar um borð í skipum (nr. 124/1993) voru að mestu sniðnar eftir áður nefndum reglum nr. 487/1985 um tóbaksvarnir á vinnustöðum, enda tilgangurinn hinn sami. Ekki virðist þörf á að hafa sérreglur fyrir vinnustaði í skipum fremur en aðra vinnustaði sem tengst geta híbýlum starfsfólks. Sérreglur um skip verða þó í gildi þar til reglum um tóbaksvarnir á vinnustöðum hefur verið breytt með hliðsjón af framansögðu.

Um 13. gr.

Sú breyting verður á 1. mgr. 14. gr. laganna að menntamálaráðuneytið skal nú hafa samráð við tóbaksvarnarnefnd og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti um fræðslu í því skyni að draga úr tóbaksneyslu.

Um 14. gr.

Ríkisframlag til tóbaksvarna hækkar verulega við þá breytingu á 1. mgr. 15. gr. sem hér er kveðið á um. Skal verja 0,9% af brúttósölu tóbaks til þeirra mála í stað 0,7% samkvæmt gildandi lögum.

Um 15. gr.

Bætt er við 2. mgr. 17. gr. laganna ákvæði þess efnis að brjóti sá sem leyfi hefur skv. 8. gr., þ.e. til smásölu tóbaks, gegn ákvæðum þeirrar greinar sé heibrigðisnefnd heimilt eða eftir atvikum skylt að svipta hann leyfinu, þó að undangenginni áminningu. Ágreiningi um ákvarðanir heilbrigðisnefnda má vísa til úrskurðanefndar sem starfar skv. 31. gr. laga, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Tilgangur þessa ákvæðis er, eins og minnt er á í athugasemdum við 9. mgr. 8. gr. samkvæmt frumvarpinu, að veita seljendum aðhald um að fylgja ákvæðum laganna og þá ekki síst ákvæði 1. mgr. 8. gr. um bann við að selja ungmennum tóbak. Bent skal í þessu sambandi á ákvæði í VII. kafla lyfjalaga, nr. 93/1994, um leyfi til lyfjasölu, leyfisgjald og heimild til leyfissviptingar.

Um 16. gr.

Ákvæði um refsiviðurlög við brotum gegn ákvæðum 6., 7. og 8. gr. laganna eru hér samræmd og viðurlögin þyngd. Brot gegn 6. og 7. gr. varða nú sektum eða fangelsi í allt að tvö ár en brot gegn 8. gr. sektum og leyfissviptingu. Heimild til að fella niður refsingu fyrir að selja tóbak einstaklingum yngri en 18 ára ef málsbætur eru miklar er felld brott. Í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 74/1984 segir að kveðið sé á um þessa heimild „þar sem oft er erfitt að henda reiður á aldri einstaklinga“. Heimildin virðist ástæðulaus eftir að krafist var með lögum nr. 101/1996 að kaupandi sannaði aldur sinn með skilríkjum ef með þyrfti.

Um 17. gr.

Í 2. mgr. er kveðið á um endurskoðun eftirlitsákvæða laganna samkvæmt ákvæðum laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur, en í 4. gr. þeirra laga er kveðið á um að eftirlitsreglur skuli hafa takmarkaðan gildistíma eða endurskoðunarákvæði sem að hámarki skuli vera fimm ár.

Í 3. mgr. er kveðið á um að fella skuli lögin inn í meginmál laga nr. 74/1984, með síðari breytingum. Þykir hagkvæmt þar sem um töluverðar breytingar á lögunum er að ræða að gefa þau út í heild sinni þannig að þeir sem með lögin vinna hafi lagatextann allan á einum stað. Jafnframt er gert ráð fyrir að greinatölusetning laganna verði færð í hefðbundið form, í samræmi við íslenska lagahefð, í stað þeirrar greina- og málsgreinamerkingar sem er í lögunum frá 1984.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996.

Með frumvarpi þessu er verið að leggja til breytingar á núgildandi lögum um tóbaksvarnir með nýjum og fyllri ákvæðum, einkum varðandi markaðssetningu og sölu tóbaks og vernd gegn tóbaksmengun andrúmslofts. Í frumvarpinu er lagt til að meira fé verði veitt til forvarna og að skylt verði að verja a.m.k. 0,9% af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarna í stað 0,7% samkvæmt gildandi lögum. Verði frumvarpið að lögum mun ríkisframlag til tóbaksvarnastarfs aukast úr 40 m.kr. í rúmlega 52 m.kr. miðað við rauntölur af brúttósölu tóbaks árið 1999, útgjöld ríkisins hækki því um 12 m.kr. Áætluð brúttósala tóbaks árið 2000 er óbreytt frá fyrra ári samkvæmt spá Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

485. Fyrirspurn [346. mál]

til dómsmálaráðherra um úthald og öryggishlutverk landhelgisgæsluskipanna.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Hvernig var úthald landhelgisgæsluskipanna á síðasta ári, sundurliðað eftir mánuðum?
2. Verður tryggt að tvö skip verði við gæslu og öryggisstörf samtímis á komandi vetrar- og loðnuvertíð?

486. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [1. mál]

í málinu: Frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá Sverri Hermannssyni.

Þar sem fjárlög eru, í núverandi mynd sinni, verðbólguhvetjandi, samþykkir Alþingi að fresta afgreiðslu þeirra um sjö daga svo að fjárlaganefnd gefist kostur á tillögugerð um stórfelldan niðurskurð á útgjaldahlið þeirra.

487. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001 og brtt. á þskj. 457.

Frá Jóni Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við 5. tölul. á þskj. 457. A-liður orðist svo:			
1.11 Símenntun og fjarvinnsluverkefni	63,3	-33,3	30,0
2. Við **06-190 Ýmis verkefni**			
1.83 Kristskirkja, Landakoti	0,0	2,0	2,0
3. Við 34. tölul. á þskj. 457			
a. A-liður orðist svo:			
1.31 Félagasamtök, styrkir	39,6	4,9	44,5
b. Undirliður 24 í c-lið falli brott.			

488. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur og Gísla S. Einarssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **08-373 Landspítali, háskólasjúkrahús**			
1.01 Landspítali, háskólasjúkrahús	19.309,1	200,0	19.509,1

489. Fjárlög [1. mál]

fyrir árið 2001.

(Afgreidd frá Alþingi 11. des.)

Samhljóða þskj. 421 (sbr. 1) með þessum breytingum:

A-hluti.
Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

1. gr. hljóðar svo:

Árið 2001 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Skatttekjur	**217.125,5**	**204.741,5**
Skattar á tekjur einstaklinga	51.250,0	49.070,0
Skattar á tekjur lögaðila	9.700,0	8.943,0
Tryggingagjöld	20.204,0	19.589,0
Eignarskattar	10.686,0	10.456,0
Virðisaukaskattur	82.220,0	74.010,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	40.244,0	39.864,0
Skattar ótaldir annars staðar	2.821,5	2.809,5
Aðrar rekstrartekjur	**19.612,2**	**14.668,2**
Arðgreiðslur	1.978,0	1.898,0
Vaxtatekjur	12.445,0	7.587,0
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	5.189,2	5.183,2
Sala eigna	15.516,0	15.516,0
Fjárframlög	809,4	809,4
Tekjur samtals	**253.063,1**	**235.735,1**
Æðsta stjórn ríkisins	2.057,6	2.057,6
Forsætisráðuneyti	1.057,8	1.057,8
Menntamálaráðuneyti	23.849,7	23.849,7
Utanríkisráðuneyti	4.084,1	4.198,0
Landbúnaðarráðuneyti	10.525,9	10.525,9
Sjávarútvegsráðuneyti	2.581,4	2.581,4
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	11.944,0	11.944,0
Félagsmálaráðuneyti	15.964,7	15.964,7
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	79.872,7	79.847,7
Fjármálaráðuneyti	28.193,1	20.519,0
Samgönguráðuneyti	15.300,9	15.787,2
Iðnaðarráðuneyti	2.751,0	2.751,0
Viðskiptaráðuneyti	1.338,1	1.324,3

Hagstofa Íslands	369,5	369,5
Umhverfisráðuneyti	3.073,9	3.073,9
Vaxtagjöld ríkissjóðs	16.200,0	15.200,0
Gjöld samtals	**219.164,4**	**211.051,7**
Tekjujöfnuður	**33.898,7**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr. hljóðar svo:
Árið 2001 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

	M.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	33.898,7
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-15.890,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur (breyting)	-8.280,0
Viðskiptaskuldir (breyting)	-560,0
Handbært fé frá rekstri	**9.168,7**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-400,0
Veitt löng lán	-3.900,0
Afborganir veittra lána	15.650,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-300,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	18.500,0
Fjármunahreyfingar samtals	**29.550,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**38.718,7**
Fjármögnun	
Skammtímalán	6.000,0
Tekin löng lán	21.600,0
Afborganir lána	-36.800,0
Fjármögnun samtals	**-9.200,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	-15.000,0
Breyting á handbæru fé	**14.518,7**

B-hluti
Fjárreiður ríkisfyrirtækja

3. gr. hljóðar svo:

Árið 2001 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

	Hagnaður tap m.kr.	Arður til ríkissj. m.kr.	Fjár-festing m.kr.	Lán-tökur m.kr.
Happdrætti Háskóla Íslands	326,0	0,0	10,0	0,0
Ríkisútvarpið	0,0	0,0	200,0	0,0
Sinfóníuhljómsveit Íslands	-30,0	0,0	0,0	0,0
Ratsjárstofnun	0,0	0,0	7,3	0,0
Umsýslustofnun varnarmála	6,0	5,0	0,0	0,0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	2.890,0	2.915,0	82,0	0,0
Alþjóðaflugþjónustan	0,0	0,0	108,0	150,0
Rafmagnsveitur ríkisins	-149,0	212,0	850,0	0,0
Samtals	**3.043,0**	**3.132,0**	**1.257,3**	**150,0**

C-hluti
Fjárreiður lánastofnana

4. gr. hljóðar svo:

Árið 2001 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

	Hagnaður tap m.kr.	Veitt lán m.kr.	Fjár-festing m.kr.	Lán-tökur m.kr.
Lánasjóður íslenskra námsmanna	673,8	3.665,0	24,0	2.900,0
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	-31,0	0,0	0,0	0,0
Lánasjóður landbúnaðarins	21,5	1.800,0	0,0	1.800,0
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	448,0	0,0	0,0	850,0
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	1.253,0	27.576,0	5,0	27.300,0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	-47,0	3.650,0	0,0	3.900,0
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	136,0	2.800,0	0,0	2.600,0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. -ríkis og -verkam.	-793,0	0,0	5,0	7.500,0
Hafnabótasjóður	-107,0	20,0	0,0	0,0
Ferðamálasjóður	5,5	190,0	0,0	100,0
Orkusjóður	-50,5	45,0	0,0	0,0
Byggðastofnun	222,5	2.000,0	0,0	1.300,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	115,0	150,0	10,0	0,0
Samtals	**1.846,8**	**41.896,0**	**44,0**	**48.250,0**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

5. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 27.600 m.kr. og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Að endurlána allt að 3.900 m.kr. til eftirtalinna aðila:
   2.1 Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 2.900 m.kr.
   2.2 Þróunarsjóðs sjávarútvegsins allt að 850 m.kr.
   2.3 Alþjóðaflugþjónustunnar allt að 150 m.kr.

3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 2001 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í liðum 3.1 til 3.8, sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins:
   3.1 Landsvirkjun, allt að 14.200 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
   3.2 Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs, allt að 27.300 m.kr., sbr. 10. og 17. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   3.3 Íbúðalánasjóði til lána vegna leiguíbúða, allt að 3.900 m.kr., sbr. 10. og 33. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál.
   3.4 Íbúðalánasjóði til endurfjármögnunar á skuldum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, allt að 7.500 m.kr., sbr. 10. og 53. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   3.5 Íbúðalánasjóði til viðbótarlána sem sjóðnum er ætlað að fjármagna, allt að 2.600 m.kr., sbr. 10. og 30. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál.
   3.6 Lánasjóði landbúnaðarins, allt að 1.800 m.kr., sbr. 2. gr. laga nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins.
   3.7 Byggðastofnun, allt að 1.300 m.kr., sbr. 15. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.
   3.8 Ferðamálasjóði, allt að 100 m.kr., sbr. 28. gr. laga nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, með áorðnum breytingum.

4. Ýmis ákvæði.
   4.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.
   4.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.
   4.3 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:
      a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;
      b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði

til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;

c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

4.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 4.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Ýmis ákvæði

Skerðingarákvæði

6. gr. hljóðar svo:

Skerðingarákvæði í samræmi við ákvæði annarra greina.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. 3.–6. gr., laga nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum, skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 500 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 2001.

2. Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, greiðist á árinu 2001 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu samkvæmt 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr.

Ýmis ákvæði

Heimildir

7. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

1.1 Að fella niður eða endurgreiða toll og vörugjald af sæsímastrengjum milli Íslands og annarra landa. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

1.2 Að fella niður eða endurgreiða tolla, vörugjald og virðisaukaskatt af byggingarefni, vélum, tækjum og búnaði sem keypt er í tengslum við stækkun og breytingar á Flugstöð Leifs Eiríkssonar, svo og að endurgreiða virðisaukaskatt af vinnu manna í tengslum við framkvæmdirnar.

Sala húsnæðis

2.1 Að selja fasteignina Blesugróf 27, Reykjavík, og nota andvirði hennar til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir fullorðinsfræðslu fatlaðra.

2.2 Að selja fasteignina Sæbraut 2, Seltjarnarnesi, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.

2.3 Að selja skrifstofuhúsnæði embættis sýslumanns við Auðbrekku 10, Kópavogi.

2.4 Að selja húsnæði lögreglunnar í Keflavík, Hringbraut 130, Keflavík, og kaupa annað hentugra.

2.5 Að selja skrifstofuhúsnæði embættis sýslumanns við Aðalgötu 7, Stykkishólmi.

2.6 Að selja geymsluhúsnæði embættis sýslumanns við Skúlagötu 10, Stykkishólmi.
2.7 Að selja flugafgreiðslu á Holtsflugvelli, Önundarfirði.
2.8 Að selja húseignirnar Sundstræti 28 og Árholt 5, Ísafirði.
2.9 Að selja fasteignina að Urðarvegi 78, Ísafirði, og ráðstafa andvirði hennar á vegáætlun.
2.10 Að kaupa húsnæði fyrir lögregluna á Ólafsfirði og taka til þess nauðsynleg lán.
2.11 Að selja húsnæði lögreglunnar á Þórshöfn og kaupa annað hentugra.
2.12 Að selja fasteign Rafmagnsveitu ríkisins að Gunnarsbraut 4–6, Dalvík.
2.13 Að selja aðveitustöðvarhús Rafmagnsveitu ríkisins í Reykjahlíð við Mývatn.
2.14 Að selja íbúðarhús Rafmagnsveitu ríkisins að Koltröð 21, Egilsstöðum.
2.15 Að selja húsnæði heilsugæslulæknisins að Hrísbraut 11, Höfn í Hornafirði, og kaupa annað hentugra húsnæði.
2.16 Að selja tvær íbúðir hjúkrunarfræðinga að Garðsbrún 2, Höfn í Hornafirði, og kaupa annað hentugra húsnæði.
2.17 Að selja húsnæði heilsugæslunnar í Hverageröi að Breiðamörk 15 og nota andvirðið til kaupa á nýju húsnæði fyrir heilsugæsluna.
2.18 Að selja prestssetrið Bólstað, Bólstaðarhlíðarhreppi, Húnavatnsprófastsdæmi.
2.19 Að selja íbúðarhúsið Austurveg 8, Hrísey, Eyjafjarðarsýslu, og verja andvirðinu til uppbyggingar einangrunarstöðvar gæludýra í Hrísey.
2.20 Að selja íbúðarhús að Hálsi 2, Suður-Þingeyjarsýslu, Þingeyjarprófastsdæmi.
2.21 Að selja dýralæknisbústaði og verja hluta af andvirði þeirra til kaupa á húsnæði fyrir dýralæknamiðstöðvar í héruðum þar sem það er talið hagkvæmt.
2.22 Að selja fasteignirnar Tjarnarbraut 39a, 39b og 39c, Egilsstöðum, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.23 Að selja eða semja við sveitarfélög eða ferðamálasamtök um yfirtöku á snyrtiaðstöðu fyrir ferðamenn.
2.24 Að selja flugafgreiðslu á Kópaskersflugvelli.
2.25 Að selja flugafgreiðslu á Breiðdalsvíkurflugvelli.
2.26 Að selja flugafgreiðslu á Raufarhöfn.
2.27 Að selja skrifstofuhúsnæði á Ólafsfjarðarflugvelli.
2.28 Að selja eignir Flugmálastjórnar við Nauthólsvík, Reykjavík.
2.29 Að selja núverandi skrifstofuhúsnæði Ríkisspítalanna að Rauðarárstíg 31, Reykjavík.
2.30 Að selja þjónustuhús Ferðamálaráðs við Gullfoss, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.
2.31 Að selja fasteignina Skólabrú 2, Reykjavík.
2.32 Að selja húsnæði lögreglunnar að Ólafsbraut 34, Ólafsvík, og kaupa annað hentugra.
2.33 Að selja fasteignina Bjarkargötu 6, Reykjavík, og verja andvirðinu til Háskóla Íslands.
2.34 Að selja íbúðarhús á jörðinni Bjarnarnesi I, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.
2.35 Að selja íbúðarhúsið á jörðinni Vattarnesi, Fáskrúðsfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.

Sala eignarhluta í húsnæði

3.1 Að selja eignarhlut Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðarinnar í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.
3.2 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í læknisbústöðum að Urðargötu 17 og Mýrum 11, Patreksfirði, og kaupa annað hentugra húsnæði.
3.3 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 41, Húsavík, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðisstofnuninni á Húsavík.

3.4 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 71, Húsavík, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðisstofnuninni á Húsavík.
3.5 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í gamla sjúkrahúsinu á Seyðisfirði eða semja um hugsanlega yfirtöku eignarinnar.
3.6 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fjölbýlishúsinu Miðgarður 4, Egilsstöðum.
3.7 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í læknisbústað að Þrúðvangi 22, Hellu, og verja andvirðinu til kaupa á hentugra húsnæði.
3.8 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Fossheiði 54, Selfossi.
3.9 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í starfsaðstöðu sýslumannsins á Akureyri í ráðhúsinu við Goðabraut, Dalvík, og kaupa annað hentugra húsnæði.
3.10 Að selja eignarhlut ríkisins í Heilsuverndarstöðinni í Reykjavík.
3.11 Að selja íbúðarblokk við Kópavogsbraut, sem nú er nýtt fyrir fatlaða, ásamt landspildum í nágrenni hennar.
3.12 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.13 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í félagsheimilum sem ekki eru lengur notuð sem slík og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.14 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólahalds og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.15 Að selja hluta af eign ríkissjóðs í Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.

Sala lóða og jarða

4.1 Að selja spildur úr landi Keldna og Keldnaholts og verja hluta andvirðisins til eflingar vísindarannsóknum.
4.2 Að selja spildur úr landi Útskála, Kjalarnesprófastsdæmi.
4.3 Að selja jörðina Hólsland, Eyja- og Miklaholtshreppi, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.
4.4 Að selja jörðina Framnes, Kaldrananeshreppi, Strandasýslu.
4.5 Að selja jörðina Lyngholt, Bæjarhreppi, Strandasýslu.
4.6 Að selja jörðina Geitafell, Húnaþingi vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.
4.7 Að selja jörðina Nýrækt, Skagafirði, Skagafjarðarsýslu.
4.8 Að selja jörðina Þverá, Ólafsfirði, Eyjafjarðarsýslu.
4.9 Að selja jörðina Blábjörg, Djúpavogshreppi, Suður-Múlasýslu.
4.10 Að selja jörðina Krók, Austur-Skaftafellssýslu.
4.11 Að selja jörðina Digurholt, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.
4.12 Að selja jörðina Ytri-Lynga II, Skaftárhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.
4.13 Að selja jörðina Kotmúla, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
4.14 Að selja hluta af jörðinni Björnskoti, Skeiðahreppi, Árnessýslu.
4.15 Að selja hluta af jörðinni Norðurgarði, Skeiðahreppi, Árnessýslu.
4.16 Að selja jörðina Gufudal, Ölfusi, Árnessýslu.
4.17 Að selja jörðina Gufudal II, Ölfusi, Árnessýslu.
4.18 Að selja jörðina Reykjakot, Ölfusi, Árnessýslu.
4.19 Að selja jörðina Minni-Ólafsvelli, Skeiðahreppi, Árnessýslu.
4.20 Að selja hluta af jörðinni Reykjum, Ölfusi, Árnessýslu.
4.21 Að selja jörðina Hjalla, Reykdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.22 Að selja jörðina Eyjar II, Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.

4.23 Að selja jörðina Gröf, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsýslu.
4.24 Að selja jörðina Kirkjubæ, Tunguhreppi, Norður-Múlasýslu.
4.25 Að selja jörðina Hrærekslæk, Tunguhreppi, Norður-Múlasýslu.
4.26 Að selja jörðina Hræringsstaði, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsýslu.
4.27 Að selja jörðina Iðunnarstaði, Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu.
4.28 Að selja jörðina Kvígsstaði, Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu, og verja andvirðinu í þágu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.
4.29 Að selja jörðina Leiti, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.
4.30 Að selja jörðina Lynghaga, Hvolhreppi, Rangárvallasýslu.
4.31 Að selja jörðina Eystri-Torfastaði, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
4.32 Að selja jörðina Kvoslæk, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
4.33 Að selja jörðina Svínhaga, Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu.
4.34 Að selja hluta af jörðinni Hrólfsstaðahelli, Holta- og Landsveit, Rangárvallasýslu.
4.35 Að selja hluta af jörðinni Húsagarði, Holta- og Landsveit, Rangárvallasýslu.
4.36 Að selja hluta af jörðinni Kálfholti, Ásahreppi, Rangárvallasýslu.
4.37 Að selja jörðina Ása, Saurbæjarhreppi, Dalasýslu.
4.38 Að selja jörðina Bárustaði, Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu, og verja andvirðinu í þágu landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.
4.39 Að selja prestssetursjörðina Ása í Skaftártungu, Skaftafellsprófastsdæmi.
4.40 Að selja prestssetursjörðina Vatnsfjörð, Ísafjarðarprófastsdæmi.
4.41 Að semja um makaskipti á landspildum við Litla-Hraun, Eyrarbakka, Árnessýslu.
4.42 Að selja prestssetursjörðina Bergþórshvol í Vestur-Landeyjum, Rangárvallaprófastsdæmi.
4.43 Að selja jörðina Setberg, Dalabyggð, Dalasýslu.
4.44 Að selja jörðina Straum, Dalabyggð, Dalasýslu.
4.45 Að selja jörðina Randversstaði, Breiðdalshreppi, SuðurMúlasýslu.
4.46 Að selja jörðina Reykjakot II, Ölfusi, Árnessýslu.
4.47 Að selja eignarhluta Skógræktar ríkisins í jörðinni Straumi í Hafnarfirði.
4.48 Að selja eignarhluta Skógræktar ríkisins í jörðinni Hvítsstöðum.
4.49 Að selja jörðina Reyki í Hjaltadal, Skagafirði, Skagafjarðarsýslu.
4.50 Að selja hluta af jörðinni Skinnastöðum, Torfalækjarhreppi, Austur-Húnavatnssýslu.
4.51 Að selja hluta af jörðinni Bjalla, Holta- og Landsveit, Rangárvallasýslu.
4.52 Að selja hluta af jörðinni Efra-Seli, Holta- og Landsveit, Rangárvallasýslu.
4.53 Að selja hluta af jörðinni Neðra-Seli, Holta- og Landsveit, Rangárvallasýslu.
4.54 Að selja eignarhluta ríkisins í jörðinni Vestra-Stokkseyrarseli, Árborg, Árnessýslu.
4.55 Að selja land ríkissjóðs innan þéttbýlismarka í Grundarfirði.
4.56 Að selja jörðina Bjarnarnes I, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.
4.57 Að selja jörðina Ás, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.

Sala hlutabréfa

5.1 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Íslenskum aðalverktökum hf.
5.2 Að selja allt að 25% af hlut ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf.
5.3 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Barra hf. og verja hluta af andvirðinu í þágu Skógræktar ríkisins og Héraðsskóga.
5.4 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Stofnfiski hf. og verja andvirðinu til greiðslu skulda Laxeldisstöðvar ríkisins við Endurlán ríkisins og til sérstakra rekstrarlána fiskeldisfyrirtækja.

5.5 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Endurvinnslunni hf.
5.6 Að selja hlutafé Hafrannsóknastofnunarinnar í Fiskeldi Eyjafjarðar og láta andvirðið renna í sjóð í vörslu sjávarútvegsráðuneytis, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, og skal því varið til eldis sjávardýra og hafrannsókna.
5.7 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Flugskóla Íslands hf.

Ráðstöfun annarra eigna

6.1 Að afhenda safnaðarstjórn Eiðasóknar Eiðakirkju.
6.2 Að selja r/s Árna Friðriksson RE 100 og ráðstafa andvirðinu til endurbóta á r/s Bjarna Sæmundssyni RE 30.
6.3 Að afhenda Þroskahjálp á Norðurlandi eystra eignir gjafasjóðs Sólborgar.
6.4 Að afhenda Félagsstofnun stúdenta eignina Efri-Hlíð (Norðurmýrarblett 35) til afnota fyrir barnaheimili fyrir börn stúdenta við Háskóla Íslands.

Kaup og leiga fasteigna

7.1 Að kaupa fasteignir í nágrenni Arnarhvols í Reykjavík fyrir Stjórnarráðið og taka til þess nauðsynleg lán.
7.2 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta og taka til þess nauðsynleg lán.
7.3 Að kaupa fasteignir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
7.4 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir heilsugæslustöð í Voga- og Heimahverfi í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
7.5 Að kaupa hentugt húsnæði fyrir Einkaleyfastofuna.
7.6 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir náttúrustofu í Sandgerði og taka til þess nauðsynleg lán.
7.7 Að kaupa jarðir og semja um makaskipti á nálægum jörðum vegna fyrirhugaðs þjóðgarðs á Snæfellsnesi og taka til þess nauðsynleg lán.
7.8 Að kaupa húsnæði eða viðbót við núverandi húsnæði fyrir héraðsdóm Vestfjarða og taka til þess nauðsynleg lán.
7.9 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal og taka til þess nauðsynleg lán.
7.10 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
7.11 Að kaupa sumarbústaði í þjóðgarðinum á Þingvöllum og jarðir í næsta nágrenni hans og taka til þess nauðsynleg lán.
7.12 Að kaupa jörðina Vestaraland II í Öxarfirði vegna þjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum og taka til þess nauðsynleg lán.
7.13 Að kaupa húsnæði fyrir varamann sendiherra í Washington og taka til þess nauðsynleg lán.
7.14 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir skrifstofur sendiráðs Íslands í Moskvu og taka til þess nauðsynleg lán.
7.15 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir sendiherra Íslands í Moskvu og taka til þess nauðsynleg lán.
7.16 Að kaupa húsnæði fyrir varamann sendiherra Íslands í Moskvu og taka til þess nauðsynleg lán.
7.17 Að kaupa húsnæði fyrir sendiherra Íslands í Vín og taka til þess nauðsynleg lán.
7.18 Að kaupa eða leigja land fyrir Selfossflugvöll.

7.19 Að kaupa flugskýli númer 7 á Akureyrarflugvelli.
7.20 Að kaupa embættisbústað fyrir sýslumanninn í Vestmannaeyjum.
7.21 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir náttúrustofu á Sauðárkróki.
7.22 Að kaupa læknisbústað á Blönduósi og taka til þess nauðsynleg lán.
7.23 Að kaupa dýralæknisbústað á Egilsstöðum og taka til þess nauðsynleg lán.
7.24 Að kaupa húsnæði við Eiríksgötu fyrir starfsemi Ríkisspítala.
7.25 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir landlæknisembættið.
7.26 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir heilsugæslusel á Reyðarfirði.
7.27 Að kaupa húsnæði fyrir Svæðisvinnumiðlun Austurlands.
7.28 Að leigja eða kaupa hentugt húsnæði fyrir Hollustuvernd ríkisins.
7.29 Að kaupa viðbótarhúsnæði til nota fyrir embætti sýslumannsins í Búðardal og taka til þess nauðsynleg lán.

Ýmsar heimildir

8.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest frá Alþingi árið 2001 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.
8.2 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 2001, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.
8.3 Að heimila, með samþykki samgönguráðherra, þátttöku ríkissjóðs í hlutafélagi sem fyrirhugað er að stofna ásamt Hugrúnu ehf. og fleirum til að efla þróunarstarf og stuðla að útflutningi á íslenskri þekkingu á sviði upplýsingatækni um veður og sjólag til sjófarenda.
8.4 Að semja við einstaklinga um bætur, í samræmi við tillögur nefndar um ágreiningsmál skv. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og að höfðu samráði við ríkislögmann, vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við læknismeðferð.
8.5 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af lifrarbólgu C við blóðgjafir hér á landi fyrir október 1992. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
8.6 Að kaupa eignarhlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða og taka til þess nauðsynleg lán.
8.7 Að ráðstafa allt að 20% arðs af eign ríkissjóðs í Kísiliðjunni hf. til sjóðs sem ætlað er að kosta eflingu atvinnulífs í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta af starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn.
8.8 Að endurgreiða verðjöfnunargjöld við útflutning á unnum vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni, í samráði við landbúnaðarráðherra.
8.9 Að semja við Reykjavíkurborg um uppgjör skuldbindinga samkvæmt samningi ríkis og Reykjavíkurborgar frá 17. desember 1998 um Sjúkrahús Reykjavíkur.
8.10 Að semja við Reykjavíkurborg um makaskipti á byggingarrétti á lóð við Tunguháls og annarri hentugri fyrir fangelsi í borgarlandi Reykjavíkur.
8.11 Að semja við sveitarfélög eða samtök þeirra um uppgjör vegna innlausnar íbúða í félagslega íbúðakerfinu.
8.12 Að styrkja stjórnmálaflokka samkvæmt umsóknum, í hlutfalli við atkvæðamagn þeirra, enda hafi þeir hlotið a.m.k. 2,5% atkvæða í næstliðnum alþingiskosningum, sbr. fjárlagalið 09-999-1.18.

8.13 Að heimila sjúkrahúsum að taka þátt í eða eiga samstarf við fyrirtæki sem vinna að vísindarannsóknum og þróun nýjunga á sviði heilbrigðismála og læknisfræði. Samningar, sem fela í sér fjárskuldbindingar, skulu lagðir fyrir ráðherra heilbrigðismála og fjármála til staðfestingar.

8.14 Að semja við Reykhólahrepp um lokauppgjör skulda vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar í kjölfar sölu á hitaveitu Reykhólahrepps.

8.15 Að semja, með samþykki samgönguráðherra, við meðeigendur ríkissjóðs í ferjufélögum um ráðstöfun eigna og skulda félaganna.

8.16 Að veita meðeiganda ríkissjóðs að mannvirkjum á ríkisjörðinni Gufudal í Ölfusi heimild til að veðsetja hluta af henni fyrir láni allt að 3,5 m.kr.

8.17 Að greiða 700 m.kr. aukaframlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um úthlutunina í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

8.18 Að heimila, með samþykki heilbrigðisráðherra, þátttöku ríkissjóðs í hlutafélagi til þróunar öndunarhreyfingamælis.

8.19 Að ganga til samninga við Reykjavíkurborg og aðra aðila um byggingu og rekstur tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík og greiða nauðsynlegan kostnað við samningsgerðina.

8.20 Að gera bráðabirgðasamkomulag við Vesturbyggð um fjárhagslega fyrirgreiðslu í tengslum við fyrirhuguð kaup ríkisins á eignarhluta sveitarfélagsins í Orkubúi Vestfjarða.

8.21 Að semja, með þátttöku samgönguráðherra, við hafnarsjóð Seyðisfjarðar og Smyril Line um þátttöku ríkissjóðs í kostnaði og önnur atriði vegna nýrrar ferjuhafnar á Seyðisfirði.

8.22 Að semja við Samband íslenskra sveitarfélaga, sbr. IX. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, um framlög aðila til stofnstyrkja vegna bygginga eða kaupa á leiguíbúðum, sbr. tillögur nefndar um leigumarkað og leiguíbúðir.

Sundurliðun 1.
Tekjur A-hluta.

Sundurliðun 1, **Tekjur A-hluta,** hljóðar skv. brtt. á þskj. 458.

Sundurliðun 2.
Fjármál ríkisaðila í A-hluta.

Eftirtaldir liðir í sundurliðun 2, **Fjármál ríkisaðila í A-hluta,** breytast eða bætast við og hljóða svo:

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:		
1.01	Alþingiskostnaður	475,4
1.02	Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	46,7
1.03	Fastanefndir	72,9
1.04	Alþjóðasamstarf	79,0

1.06 Almennur rekstur	421,2
1.07 Sérverkefni	21,4
1.10 Rekstur fasteigna	108,7
Almennur rekstur samtals	1.225,3
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	26,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	40,0
6.21 Fasteignir	25,0
Stofnkostnaður samtals	65,0
Gjöld samtals	**1.316,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,2
Gjöld umfram tekjur	**1.308,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.308,1

00-620 Ríkisendurskoðun

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisendurskoðun	243,9
Stofnkostnaður:	
6.21 Fasteignir	28,0
Gjöld samtals	**271,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,9
Gjöld umfram tekjur	**261,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	261,0

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag	4,0

1.12	Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar	6,5
1.13	Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag	6,0
1.14	Ritun sögu Stjórnarráðsins	13,2
1.15	Útboðs- og einkavæðingarverkefni	15,4
1.17	Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	3,4
1.23	Hrafnseyri	4,0
1.25	Vesturfarasetrið á Hofsósi	12,0
1.40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	3,0
1.42	Grænlandssjóður	1,0
1.52	Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	26,3
1.53	Landafundanefnd	13,5
1.55	Íslenskt bókasafn við háskólann í Manitoba, Kanada	10,0
1.90	Ýmis verkefni	8,1
1.91	Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum	25,0
Almennur rekstur samtals		151,4
Gjöld samtals		**151,4**
Sértekjur:		
Sértekjur		-1,0
Gjöld umfram tekjur		**150,4**
Fjármögnun:		
Greitt úr ríkissjóði		150,4

02-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi

Almennur rekstur:		
1.01	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	73,0
1.20	Bókaútgáfa	10,4
Almennur rekstur samtals		83,4
Gjöld samtals		**83,4**
Sértekjur:		
Sértekjur		-5,2
Gjöld umfram tekjur		**78,2**
Fjármögnun:		
Greitt úr ríkissjóði		78,2

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt	463,0
6.95 Tæki og búnaður, óskipt	31,0
Stofnkostnaður samtals	494,0
Gjöld samtals	**494,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	494,0

02-451 Símenntun og fjarkennsla

Almennur rekstur:	
1.11 Símenntun og fjarkennsla	30,0
1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi	7,0
1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða	7,0
1.23 Farskóli Norðurlands vestra	7,0
1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar	7,0
1.25 Fræðslumiðstöð Þingeyinga	7,0
1.26 Fræðslunet Austurlands	7,0
1.27 Fræðslunet Suðurlands	7,0
1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	7,0
Almennur rekstur samtals	86,0
Gjöld samtals	**86,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	86,0

02-564 Listdansskólinn

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	22,9
1.02 Annað en kennsla	12,8
Almennur rekstur samtals	35,7
Gjöld samtals	**35,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**35,3**

Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,0
Innheimt af ríkistekjum	5,3

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðminjasafn Íslands	202,4
1.10 Byggða- og minjasöfn	62,7
1.11 Hönnunarsafn Íslands	4,1
Almennur rekstur samtals	269,2
Viðhaldsverkefni:	
5.25 Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum	2,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,0
6.41 Samgöngusafn Íslands í Skógum undir Eyjafjöllum	12,0
6.42 Endurbygging Kútters Sigurfara	6,0
Stofnkostnaður samtals	20,0
Gjöld samtals	**291,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,9
Gjöld umfram tekjur	**280,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	280,8

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana	400,0
6.92 Kaupvangur á Vopnafirði	14,0
6.93 Duushúsin í Reykjanesbæ	10,0
Stofnkostnaður samtals	424,0
Gjöld samtals	**424,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	424,0

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:	
1.14 Bókasafnssjóður höfunda	19,3
1.15 Þýðingarsjóður	7,6
1.16 Bókmenntakynningarsjóður	6,5
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga	17,2
1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga	5,5
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa	25,0
1.25 Starfsemi hljómsveita	5,5
1.27 Tónlist fyrir alla	4,5
1.28 Barnamenningarsjóður	2,5
1.29 Íslensk tónverkamiðstöð	8,6
1.30 Íslenska óperan	65,1
1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi	53,7
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	31,5
1.76 Menningarsjóður félagsheimila	8,7
1.80 Listahátíð í Reykjavík	12,0
1.81 Kvikmyndahátíð í Reykjavík	1,5
1.82 Reykjavík, menningarborg Evrópu árið 2000	50,0
1.83 Menningarhátíð landsbyggðarinnar	5,0
1.90 Listir	42,8
Almennur rekstur samtals	372,5
Gjöld samtals	**372,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	372,5

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:	
1.10 Fræðistörf	4,3
1.11 Styrkir til útgáfumála	7,5
1.13 Bókaútgáfa Leifs Eiríkssonar	10,0
1.15 Sögufélagið	0,5
1.16 Hið íslenska fornritafélag	0,5
1.17 Launasjóður höfunda fræðirita	8,2
1.20 Iðnsaga Íslands	6,8
1.21 Tónlistarsaga Íslands	3,2
1.23 Hið íslenska bókmenntafélag	4,0
Almennur rekstur samtals	45,0
Gjöld samtals	**45,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,0

02-988 Æskulýðsmál

Almennur rekstur:
1.10 Æskulýðsráð ríkisins 2,0
1.12 Ungmennafélag Íslands 22,0
1.13 Bandalag íslenskra skáta 12,5
1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni 2,0
1.15 Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi 1,5
1.17 Landssamband KFUM og KFUK 11,0
1.18 Æskulýðsrannsóknir 1,5
1.90 Æskulýðsmál 4,5
Almennur rekstur samtals 57,0

Gjöld samtals **57,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 57,0

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands 57,7
1.12 Ólympíunefnd fatlaðra 3,0
1.14 Íþróttasamband fatlaðra 12,5
1.15 Skólaíþróttir 3,0
1.16 Íþróttasjóður 18,3
1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri 2,0
1.18 Íþróttamiðstöð Íslands 1,0
1.20 Glímusamband Íslands 3,5
1.21 Skáksamband Íslands 7,0
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák 7,0
1.23 Landsmót ungmennafélaga í Stykkishólmi 5,0
1.25 Skákskóli Íslands 5,1
1.29 Afreksmannasjóður 10,0
1.30 Bridgesamband Íslands 10,0
1.90 Ýmis íþróttamál 13,3
Almennur rekstur samtals 158,4

Stofnkostnaður:
6.52 Skíðasvæðið í Tungudal við Skutulsfjörð 10,0
6.53 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri 10,0
Stofnkostnaður samtals 20,0

Gjöld samtals **178,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 178,4

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.11 Forvarnastarf í skólum 5,0
1.13 Útvarpsréttarnefnd 2,5
1.43 Skriðuklaustur 10,1
1.44 Snorrastofa 5,7
1.45 Eiríksstaðanefnd 20,0
1.46 Hestamiðstöð Íslands 5,0
1.90 Ýmis framlög 26,8
Almennur rekstur samtals 75,1

Stofnkostnaður:
6.93 Snorrastofa 13,0

Gjöld samtals **88,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 88,1

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 493,0
1.02 Varnarmálaskrifstofa 62,0
1.53 Þýðingamiðstöð 47,7
Almennur rekstur samtals 602,7

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 9,2

Gjöld samtals **611,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,1

Gjöld umfram tekjur **606,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 596,8
Innheimt af ríkistekjum 10,0

03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	349,9
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Fasteignir	15,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	26,6
Gjöld samtals	**392,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-19,1
Gjöld umfram tekjur	**373,1**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	487,0
Viðskiptahreyfingar	-113,9

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Framkvæmd búvörusamnings	12,6
1.12 Mat á búvörum	10,0
1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	9,1
1.16 Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993	4,7
1.21 Landþurrkun	0,6
1.31 Skógræktarfélag Íslands	19,7
1.40 Landgræðslu- og skógræktaráætlanir	4,0
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	3,8
1.55 Tilraunastöðin Stóra-Ármóti	2,0
1.90 Ýmis verkefni	34,8
Almennur rekstur samtals	101,3
Gjöld samtals	**101,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	91,3
Innheimt af ríkistekjum	10,0

04-221 Veiðimálastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðimálastofnun	82,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -42,2

Gjöld umfram tekjur **40,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 40,2

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:
1.01 Beinar greiðslur til bænda 3.444,0
1.02 Lífeyrissjóður bænda 129,5
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk 270,0
Almennur rekstur samtals 3.843,5

Gjöld samtals **3.843,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3.843,5

04-818 Búnaðarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Búnaðarsjóður 249,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 249,0

04-823 Lánasjóður landbúnaðarins

Stofnkostnaður:
6.60 Lánasjóður landbúnaðarins 180,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 180,0

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.20 Eldi sjávardýra 19,1
1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla 21,5
1.23 Matvælasetur 5,3

1.25	Verðlagsráð sjávarútvegsins	1,1
1.32	Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	19,8
1.33	Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	10,0
1.49	Úrskurðarnefndir	13,4
1.51	Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	7,8
1.52	Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)	16,9
1.90	Ýmislegt	68,2
	Almennur rekstur samtals	183,1
	Gjöld samtals	**183,1**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	183,1

05-202 Hafrannsóknastofnunin

	Almennur rekstur:	
1.01	Almenn starfsemi	718,7
1.30	Rannsóknaskip	346,7
	Almennur rekstur samtals	1.065,4
	Stofnkostnaður:	
6.31	Tæki og búnaður í skip	18,0
6.90	Tæki og búnaður deilda og útibúa	15,0
	Stofnkostnaður samtals	33,0
	Gjöld samtals	**1.098,4**
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-186,6
	Gjöld umfram tekjur	**911,8**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	911,8

05-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

	Almennur rekstur:	
1.01	Almenn starfsemi	264,8
	Stofnkostnaður:	
6.01	Tæki og búnaður	15,1
	Gjöld samtals	**279,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -161,9

Gjöld umfram tekjur **118,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 118,0

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.10 Fastanefndir 38,2
1.11 Námsleyfi lögfræðinga 2,6
1.40 Alþjóðasamstarf 5,7
1.45 Mannréttindaskrifstofa Íslands 4,0
1.51 Innheimta meðlaga 3,3
1.53 Kostnaður vegna lögræðislaga 6,0
1.61 Orator, almenn lögfræðiaðstoð 0,3
1.82 Biblíuþýðingar 3,8
1.83 Kristskirkja, Landakoti 2,0
1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður 1,7
Almennur rekstur samtals 67,6

Gjöld samtals **67,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -17,4

Gjöld umfram tekjur **50,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 47,6
Innheimt af ríkistekjum 2,6

06-210 Héraðsdómstólar

Almennur rekstur:
1.01 Héraðsdómstólar 502,8
1.11 Meðdómsmenn 11,6
Almennur rekstur samtals 514,4

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 36,5

Gjöld samtals **550,9**

	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	550,9

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

	Almennur rekstur:	
	1.90 Landhelgisgæsla Íslands	926,1
	Viðhaldsverkefni:	
	5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta	100,3
	Stofnkostnaður:	
	6.01 Tæki og búnaður	5,0
	Gjöld samtals	**1.031,4**
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-29,0
	Gjöld umfram tekjur	**1.002,4**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	1.002,4

06-413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi

	Almennur rekstur:	
	1.01 Yfirstjórn	33,2
	1.20 Löggæsla	54,1
	Almennur rekstur samtals	87,3
	Gjöld samtals	**87,3**
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-1,8
	Gjöld umfram tekjur	**85,5**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	85,5

06-421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	36,0
1.20 Löggæsla	47,7
1.40 Tollgæsla	1,4
Almennur rekstur samtals	85,1
Gjöld samtals	**85,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,6
Gjöld umfram tekjur	**84,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	84,5

06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	18,5
1.20 Löggæsla	19,5
Almennur rekstur samtals	38,0
Gjöld samtals	**38,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,2
Gjöld umfram tekjur	**37,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	37,8

06-701 Biskup Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðkirkja Íslands	763,7
1.15 Kirkjumiðstöð Austurlands	1,2
1.16 Langamýri í Skagafirði	1,2
1.91 Skálholtsskóli	7,2
Almennur rekstur samtals	773,3

Stofnkostnaður:	
6.21 Skálholtsstaður	6,0
6.22 Hallgrímskirkja	16,0
6.23 Hóladómkirkja	3,0
6.25 Dómkirkjan í Reykjavík	6,0
6.26 Auðunarstofa	33,0
6.27 Rannsóknarstofnun í helgisiðum í Skálholti	8,5
Stofnkostnaður samtals	72,5
Gjöld samtals	**845,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-28,2
Gjöld umfram tekjur	**817,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	817,6

07-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Fjölskylduráð	3,3
1.13 Úrskurðarnefnd félagsþjónustu	2,4
1.14 Kærunefndir fjöleignarhúsamála og húsaleigumála	3,3
1.15 Kærunefnd húsnæðismála	3,0
1.17 Kærunefnd jafnréttismála	4,6
1.18 Úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála	4,0
1.19 Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga	1,5
1.21 Reynslusveitarfélög	3,3
1.23 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	5,0
1.25 Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum	4,1
1.26 Jafnréttisráð	3,5
1.90 Ýmislegt	2,2
Almennur rekstur samtals	40,2
Gjöld samtals	**40,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	40,2

07-313 Jafnréttisstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Jafnréttisstofa	27,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,6

07-722 Sólheimar í Grímsnesi

Almennur rekstur:
1.70 Sólheimar í Grímsnesi 128,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 128,8

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 5.229,0
1.12 Jöfnun húsaleigubóta 306,0
Almennur rekstur samtals 5.535,0
Stofnkostnaður:
6.21 Einsetning grunnskóla 265,0

Gjöld samtals **5.800,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5.800,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga 32,0
1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992 118,1
1.30 Sjómannastofur 0,5
1.31 Félagasamtök, styrkir 44,5
1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða 6,0
1.35 Félag heyrnarlausra 5,2
1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík 24,7
1.41 Stígamót 15,5
1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili 13,5
1.44 Byrgið, líknarfélag 7,2
1.47 Félagsþjónusta við nýbúa 2,4
1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum 7,0
1.60 Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna 12,9
1.90 Ýmis framlög 13,5
Almennur rekstur samtals 303,0

Stofnkostnaður:
6.41 Blindrafélagið, burstavél 10,0

Gjöld samtals **313,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 313,0

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri 2.231,6

Viðhaldsverkefni:
5.01 Fasteign 21,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 55,0
6.50 Nýbygging 35,0
Stofnkostnaður samtals 90,0

Gjöld samtals **2.342,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -116,6

Gjöld umfram tekjur **2.226,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.226,0

08-373 Landspítali, háskólasjúkrahús

Almennur rekstur:
1.01 Landspítali, háskólasjúkrahús 19.459,1

Viðhaldsverkefni:
5.60 Viðhald 248,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 218,0
6.21 Barnaspítali 285,0
6.70 Nýframkvæmdir 39,0
Stofnkostnaður samtals 542,0

Gjöld samtals **20.249,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.785,7

Gjöld umfram tekjur **18.463,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 18.363,4
Innheimt af ríkistekjum 100,0

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa 230,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 230,0

08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra

Almennur rekstur:
1.01 Kostnaður skv. 3.–5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra . 362,5

Stofnkostnaður:
6.01 Stofnkostnaður og endurbætur 312,5

Gjöld samtals **675,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 675,0

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.13 Úrskurðarnefnd almannatrygginga 19,2
1.14 Lyfjaverðsnefnd 5,6
1.15 Nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði 42,2
1.17 Vísindasiðanefnd 9,3
1.30 Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning 14,6
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit .. 170,2
1.32 Krabbameinsfélag Íslands, styrkir 13,0
1.35 Hjartavernd, rannsóknarstöð 35,8
1.36 Stórstúka Íslands 1,5
1.38 Félagið Heyrnarhjálp 5,4
1.40 Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975 2,1

1.42	Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	47,3
1.45	Útgáfa lyfjaskráa	3,0
1.50	Tannverndarsjóður	10,0
1.53	Tóbaksvarnir	38,4
1.58	Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	19,1
1.67	Verkefnisstjórn um slysavarnir fyrir börn og unglinga	7,0
1.71	Norræni heilsugæsluskólinn	7,2
1.81	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	9,1
1.90	Ýmis framlög	25,7
1.95	Kynsjúkdómar, alnæmi	5,7
	Almennur rekstur samtals	491,4
	Gjöld samtals	**491,4**
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-43,8
	Gjöld umfram tekjur	**447,6**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	447,6

08-430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun

	Almennur rekstur:	
1.01	Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	258,0
	Viðhaldsverkefni:	
5.21	Viðhald fasteignar	7,0
	Gjöld samtals	**265,0**
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-6,8
	Gjöld umfram tekjur	**258,2**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	258,2

08-490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna

	Almennur rekstur:	
1.01	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	120,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **120,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 120,4

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:
1.11 Fjármagnstekjuskattur 1.570,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.570,0

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:
1.90 Launa- og verðlagsmál 1.350,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -50,0

Gjöld umfram tekjur **1.300,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.300,0

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið 37,8
1.11 Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir 25,6
1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni 6,6
1.13 Kjarasamningar 14,0
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum 33,2
1.15 Kjararannsóknir 6,2
1.17 Ýmis sameiginlegur kostnaður 18,6
1.18 Styrkur til stjórnmálaflokka í samræmi við heimild í 7. gr. .. 164,0
1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga 20,0
1.31 Lífeyrissjóður bænda 90,0
1.45 Ýmsar nefndir 3,6

1.50	Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	1,4
1.60	Dómkröfur	56,8
1.65	Kjaradómur og kjaranefnd	13,6
1.74	Vöktun og rannsóknir vegna jarðskjálfta á Suðurlandi	40,0
1.81	Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	5,0
1.90	Óviss útgjöld	16,4
Almennur rekstur samtals		552,8
Stofnkostnaður:		
6.91	Hagræðingarmál	6,5
Gjöld samtals		**559,3**
Fjármögnun:		
Greitt úr ríkissjóði		559,3

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:		
1.12	Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	9,3
1.16	Landflutningasjóður	1,0
1.20	Rannsóknanefnd sjóslysa	18,1
1.21	Lög- og réttindaskráning sjómanna	1,4
1.22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	3,0
1.23	Slysavarnaskóli sjómanna	43,9
1.24	Tilkynningaskylda íslenskra skipa	21,8
1.25	Staðsetningarkerfi	8,0
1.26	Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	1,1
1.28	Sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa	26,3
1.29	Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	15,9
1.32	Slysavarnafélagið Landsbjörg	44,7
1.34	Flugskóli Íslands	9,7
1.41	Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1,0
1.42	Gestastofur og markaðsstarf	10,0
1.44	Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	50,0
1.45	Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu	4,0
1.47	Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	61,0
1.48	Hestamiðstöð Íslands	5,0
1.51	Úrskurðarnefnd í póst- og fjarskiptamálum	5,2
1.90	Ýmislegt	4,6
Almennur rekstur samtals		345,0
Stofnkostnaður:		
6.41	Hlutur ríkisins í flughermi fyrir flugskóla	10,0
Gjöld samtals		**355,0**

	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	354,0
	Viðskiptahreyfingar	1,0

10-335 Siglingastofnun Íslands

	Almennur rekstur:	
	1.01 Yfirstjórn	418,7
	Stofnkostnaður:	
	6.01 Tæki og búnaður	20,7
	6.60 Vitabyggingar	11,5
	6.70 Hafnamannvirki	1.157,2
	6.74 Lendingabætur	2,8
	6.76 Ferjubryggjur	5,7
	6.80 Sjóvarnargarðar	76,6
	6.90 Hafnabótasjóður, framlag	18,0
	Stofnkostnaður samtals	1.292,5
	Gjöld samtals	**1.711,2**
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-118,2
	Gjöld umfram tekjur	**1.593,0**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	1.786,0
	Innheimt af ríkistekjum	1,3
	Viðskiptahreyfingar	-194,3

10-471 Flugmálastjórn

	Almennur rekstur:	
	1.01 Flugmálastjórn	645,0
	1.11 Styrkir til innanlandsflugs	67,7
	1.70 Alþjóðaflugþjónusta	1.209,0
	1.81 Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO	90,7
	Almennur rekstur samtals	2.012,4
	Gjöld samtals	**2.012,4**
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-1.395,0
	Gjöld umfram tekjur	**617,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 538,2
Innheimt af ríkistekjum 79,2

10-651 Ferðamálaráð

Almennur rekstur:
1.01 Ferðamálaráð 47,2
1.11 Ferðamálasamtök landshluta 22,0
1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar 10,7
1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir 47,6
1.81 Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994 77,0
Almennur rekstur samtals 204,5

Gjöld samtals **204,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,1
Gjöld umfram tekjur **201,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 201,4

11-371 Orkusjóður

Almennur rekstur:
1.01 Rekstur Orkusjóðs 2,5
1.11 Nýting innlendra orkulinda 16,8
1.13 Jarðhitaleit 12,0
1.23 Notendur utan samveitna 2,0
Almennur rekstur samtals 33,3

Stofnkostnaður:
6.11 Virkjanarannsóknir 75,0

Gjöld samtals **108,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 108,3

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:
1.13 Hafsbotnsrannsóknir 17,0

1.15	Niðurgreiðsla á rafhitun	790,0
1.16	Styrking dreifikerfis í sveitum	138,0
1.17	Fjárfestingarstofan, orkusvið	10,0
1.18	Hitaveitur á köldum svæðum	63,0
1.21	Nýskipan orkumála	4,0
1.23	Þróunarverkefni o.fl.	31,0
	Almennur rekstur samtals	1.053,0
	Gjöld samtals	**1.053,0**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	1.053,0

11-411 Byggðastofnun

	Almennur rekstur:	
1.10	Byggðastofnun	188,9
1.11	Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	103,0
	Almennur rekstur samtals	291,9
	Stofnkostnaður:	
6.41	Þátttaka í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni	300,0
	Gjöld samtals	**591,9**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	591,9

12-402 Fjármálaeftirlitið

	Almennur rekstur:	
1.01	Fjármálaeftirlitið	228,0
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	18,8
	Innheimt af ríkistekjum	195,4
	Viðskiptahreyfingar	13,8

14-190 Ýmis verkefni

	Almennur rekstur:	
1.23	Ýmis umhverfisverkefni	59,2
1.29	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	12,7
1.35	Umhverfisvöktun	28,0

1.40	Alþjóðastofnanir	14,8
1.41	Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	13,5
1.42	Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME	5,2
1.54	Rannsóknastöð að Kvískerjum	5,3
1.56	Vernd Breiðafjarðar	1,5
1.57	Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur	12,7
1.58	Náttúrugripasöfn	3,0
1.59	Náttúruverndarráð	8,0
1.61	Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	9,3
1.90	Ýmis verkefni	4,0
	Almennur rekstur samtals	177,2
	Gjöld samtals	**177,2**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	177,2

14-403 Náttúrustofur

	Almennur rekstur:	
1.10	Náttúrustofa Neskaupstað	8,7
1.11	Náttúrustofa Vestmannaeyjum	5,2
1.12	Náttúrustofa Bolungarvík	10,2
1.13	Náttúrustofa Stykkishólmi	5,2
1.14	Náttúrustofa Sauðárkróki	5,2
1.15	Náttúrustofa Sandgerði	5,2
	Almennur rekstur samtals	39,7
	Gjöld samtals	**39,7**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	39,7

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

	Almennur rekstur:	
1.10	Vaxtagjöld ríkissjóðs	16.200,0
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	15.200,0
	Viðskiptahreyfingar	1.000,0

Sundurliðun 2

Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta

		Þús. kr.
1.	**Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-269 5.21 og 6.21)**	
1.	Kennaraháskóli Íslands, nýbygging	100.000
	viðhald Laugarvatni	15.000
2.	Háskólinn á Akureyri, nýbygging	110.000
3.	Háskóli Íslands, Atvinnudeildarhús afhent menntamálaráðuneytinu	30.000
4.	Tækniskóli Íslands, viðhald og búnaður	15.000
5.	Tilraunastöð Háskólans að Keldum, viðhald	10.000
6.	Viðhald, óskipt	10.000
	Samtals	**290.000**
2.	**Framhaldsskólar, stofnkostnaður (02-318 6.90 og 6.95)**	
1.	Framhaldsskólar í Reykjavík, óskipt	70.000
2.	Menntaskólinn í Reykjavík, uppgjör og lok framkvæmda við tengibyggingu	30.000
3.	Sjómannaskólahús	40.000
4.	Menntaskólinn í Kópavogi, uppgjör samkvæmt samningi	90.000
5.	Fjölbrautaskóli Suðurnesja, undirbúningur fyrir viðbyggingu	15.000
6.	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, uppgjör samkvæmt samningi	43.000
7.	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	5.000
8.	Verkmenntaskólinn á Akureyri, heimilisfræði-, handavinnu- og rafiðngreinar	50.000
9.	Menntaskólinn á Egilsstöðum, undirbúningur fyrir viðbyggingu	5.000
10.	Framhaldsskólinn A-Skaftafellssýslu, samningur um nýtt húsnæði	38.000
11.	Menntaskólinn að Laugarvatni	30.000
12.	Fjölbrautaskóli Suðurlands, undirbúningur fyrir viðbyggingu	7.000
13.	Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi	20.000
14.	Til framkvæmda, óskipt	20.000
15.	Tæki og búnaður, óskipt	31.000
	Samtals	**494.000**
3.	**Söfn, ýmis framlög (02-919 1.90).**	
1.	Sædýrasafnið, Höfnum	3.000
2.	Steinaríki Íslands	2.000
3.	Íslenska stríðsárasafnið	2.000
4.	Kirkjubæjarstofa	5.000
	Óskipt	7.500
	Samtals	**19.500**

4. Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-969 6.21).

1.	Þjóðminjasafn	200.000
2.	Verndun gamalla húsa	65.000
3.	Landsbókasafn – Háskólabókasafn, bókageymslur í Reykholti	25.000
4.	Byggðasöfn	25.000
5.	Þjóðleikhús	26.000
6.	Þjóðskjalasafn	20.000
7.	Listasafn Íslands	15.000
8.	Lista- og menningarmiðstöðin Skaftfell	10.000
9.	Brydebúð	5.000
	Óskipt	9.000
	Samtals	**400.000**

5. Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982 1.70).

1.	Atli Heimir Sveinsson	1.500
2.	Árni Kristjánsson	1.500
3.	Ásgerður Búadóttir	1.500
4.	Erró	1.500
5.	Fríða Á. Sigurðardóttir	1.500
6.	Guðbergur Bergsson	1.500
7.	Guðbjörg Þorbjarnardóttir	1.500
8.	Gunnar Eyjólfsson	1.500
9.	Hannes Pétursson	1.500
10.	Herdís Þorvaldsdóttir	1.500
11.	Jón Nordal	1.500
12.	Jórunn Viðar	1.500
13.	Kristján Davíðsson	1.500
14.	Matthías Johannessen	1.500
15.	Róbert Arnfinnsson	1.500
16.	Rúrik Haraldsson	1.500
17.	Stefán Hörður Grímsson	1.500
18.	Thor Vilhjálmsson	1.500
19.	Þorsteinn frá Hamri	1.500
20.	Þráinn Bertelsson	1.500
21.	Þuríður Pálsdóttir	1.500
	Samtals	**31.500**

6. Listir, framlög (02-982 1.90).

1.	Á seyði, Skaftfell – menningarmiðstöð	1.000
2.	Bláa kirkjan, sumartónleikar	400
3.	BRJÁN, rokk- og djassklúbbur í Neskaupstað	400
4.	Djassklúbbur Egilsstaða	400
5.	Efling Stykkishólms	400
6.	Eiríksstaðanefnd – Leifsstaðir	400
7.	Félag íslenskra tónlistarmanna	1.000
8.	Jöklasýning á Hornafirði	500
9.	Leikbrúðuland	800

10.	Listahátíð ungs fólks, Austurlandi	400
11.	Listvinafélag Vestmannaeyja	400
12.	Reykholtshátíð	400
13.	Samband íslenskra myndlistarmanna	1.500
14.	Sumartónleikar í Akureyrarkirkju	400
15.	Sumartónleikar í Skálholtskirkju	1.800
16.	Sumartónleikar við Mývatn	400
17.	Tónleikahald í Skaftárhreppi	400
18.	Tónlistarfélag Hveragerðis og Ölfuss	400
19.	Tónlistarfélag Ísafjarðar	400
20.	Þjóðlagahátíð í Gnúpverjahreppi	400
21.	Menning um landið	400
	Óskipt	30.200
	Samtals	**42.800**

7. Styrkir til útgáfumála (02-983 1.11).

1.	Færeysk orðabók	2.500
2.	Örlygur Hálfdánarson „Aldahvörf“	1.000
3.	Jón Björnsson „Íslensk skip“	1.000
4.	Saga íslenskrar utanlandsverslunar 900–2002	2.000
	Óskipt	1.000
	Samtals	**7.500**

8. Norræn samvinna (02-984 1.90).

	Norræna félagið	3.000
	Óskipt	11.500
	Samtals	**14.500**

9. Æskulýðsmál (02-988 1.90).

1.	Alþjóðleg ungmennaskipti	300
2.	AFS á Íslandi	400
3.	Norræn samtök um ungmennastarf (NSU)	1.500
	Óskipt	2.300
	Samtals	**4.500**

10. Ýmis íþróttamál (02-989 1.90).

1.	Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra	300
2.	Landssamband íslenskra akstursfélaga	500
3.	Torfærusamband Íslands	500
	Óskipt	12.000
	Samtals	**13.300**

11. Ýmis framlög (02-999 1.90).

1.	Heimilisiðnaðarskólinn	1.800
2.	Kvenréttindafélag Íslands	1.000
3.	Kvennasögusafn Íslands	600

4.	Steinunn Kristjánsdóttir, fornleifarannsóknir um mörk heiðni og kristni	1.000
5.	Fornleifastofnun Íslands	800
6.	ÍSARK, vegna ráðstefnu árið 2001	500
7.	Kvenfélagasamband Íslands	1.800
8.	Gláma, endurbygging	400
9.	Fræðasetur, Sandgerðisbæ	600
10.	Surtseyjarfélagið	500
11.	Heimili og skóli	600
12.	Zontaklúbbur Akureyrar, Nonnahús	700
13.	Óperustúdíó, Eiðum	2.000
14.	Vestnorrænt menningarhús, Hafnarfirði	1.000
15.	Rannsóknir á Vatnajökli	2.000
16.	Klúbbur matreiðslumeistara	2.500
17.	Samband íslenskra kristniboðsfélaga	1.500
18.	Sænautasel	2.000
19.	Menningarhátíð á Ísafirði	1.000
20.	Menningarsjóður í Bretlandi	1.500
21.	Minnisvarði um Guðríði Þorbjarnardóttur	300
	Óskipt	2.700
	Samtals	**26.800**

12. Ýmis verkefni (04-190 1.90).

1.	Flóaáveitufélagið	500
2.	Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	4.000
3.	Æðarræktarfélag Íslands	300
4.	Nytjaland, upplýsingakerfi	5.000
5.	Gæðamat á ferðaþjónustu í dreifbýli	4.000
6.	Landvernd	3.000
7.	Frumvinna við tölvuvæðingu ferðaþjónustu í dreifbýli	1.500
8.	Líf í fersku vatni	1.500
9.	Rannsóknir á glerál	700
10.	Skrúður við Dýrafjörð	500
11.	Túnvottunarstofa	2.000
12.	Rannsóknir á íslenska kúakyninu	5.000
	Óskipt	6.800
	Samtals	**34.800**

13. Fyrirhleðslur (04-311 1.90).

a. Fyrirhleðslur:

1.	Héraðsvötn	4.000
2.	Hornafjarðarfljót	1.000
3.	Kotá í Öræfum	1.000
4.	Skaftá	500
5.	Kúðafljót	800
6.	Klifandi/Hafursá	4.000
7.	Markarfljót	15.000

	8.	Þjórsá	1.000
		Samtals	**27.300**
b.	Fyrirhleðslur og viðhald:		
	1.	Vesturlandskjördæmi	1.000
	2.	Vestfjarðakjördæmi	500
	3.	Norðurlandskjördæmi vestra	1.500
	4.	Norðurlandskjördæmi eystra	2.000
	5.	Austurlandskjördæmi	1.500
	6.	Suðurlandskjördæmi	3.500
		Samtals	**10.000**
		Samtals	**37.300**
14.	**Félagasamtök, styrkir (07-999 1.31).**		
	1.	Barnaheill	700
	2.	Blindrafélagið	5.000
	3.	Daufblindrafélag Íslands	700
	4.	Félag ábyrgra feðra	100
	5.	Félag einstæðra foreldra	1.200
	6.	Félag heyrnarlausra	3.000
	7.	Foreldra- og kennarafélag Öskjuhlíðarskóla	4.000
	8.	Foreldrafélag misþroska barna	500
	9.	Fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur	500
	10.	Geðhjálp	3.500
	11.	Kvennaráðgjöfin	600
	12.	Landssamband eldri borgara	1.200
	13.	Leigjendasamtökin	600
	14.	Ný dögun	600
	15.	Samtök um vinnu og verkþjálfun	500
	16.	Samtökin '78	800
	17.	Sjálfsbjörg	2.500
	18.	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	1.600
	19.	Systkinasmiðjan	200
	20.	Umsjónarfélag einhverfra	600
	21.	Vernd	800
	22.	Þroskahjálp	4.000
	23.	Íslensk ættleiðing	3.000
		Óskipt	8.300
		Samtals	**44.500**
15.	**Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 6.90).**		
	1.	Sjúkrahúsið Akranesi	26.000
	2.	Heilsugæslustöðin og hjúkrunarheimilið Þingeyri	4.500
	3.	Hjúkrunarheimilið Hólmavík	11.100
	4.	Hjúkrunarheimilið Hvammstanga	4.000
	5.	Sjúkrahúsið Blönduósi	11.000

6.	Sjúkrahúsið Sauðárkróki	4.900
7.	Heilsugæslustöðin Akureyri	24.000
8.	Sjúkrahúsið Húsavík	6.000
9.	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	7.500
10.	Heilsugæslustöðin Egilsstöðum	12.000
11.	Heilsugæslustöðin Hornafirði	7.000
12.	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	30.000
13.	Sjúkrahús Suðurlands	50.000
14.	Heilsugæslustöðin Hveragerði	5.000
15.	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	44.000
16.	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	8.000
17.	Heilsugæslustöðin Grafarvogi	15.000
	Samtals	**270.000**

16. Ýmis framlög (08-399 1.90).

1.	Umhyggja	800
2.	Tourette-samtökin á Íslandi	200
3.	Landssamtök hjartasjúklinga	500
4.	Félag heilablóðfallsskaðaðra	400
5.	Húsnæðisfélag SEM	1.300
6.	Gigtarfélag Íslands	1.100
7.	Vímulaus æska	1.500
8.	Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimers-sjúklinga	700
9.	Samtökin Lífsvog	300
10.	Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	400
11.	Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	1.000
12.	Geðhjálp, geðræktarverkefni	2.000
13.	Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	1.200
14.	LAUF, landssamtök áhugafólks um flogaveiki	800
15.	Heimili og skóli	1.500
16.	Samtök sykursjúkra	500
17.	MS-félag Íslands	500
18.	Krossgötur	300
19.	Alnæmissamtökin	500
20.	Heilsubærinn Bolungarvík á nýrri öld	1.000
	Óskipt	9.200
	Samtals	**25.700**

17. Vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-190 1.12).

a. Almennir styrkir:

1.	Knarrarnes, Mýrabátur	150
2.	Snæfellsbær, undir Jökli	140
3.	Dalahérað	180
4.	Reykhólahreppur	350
5.	Mjólkurflutningar í Vestur-Barðastrandarsýslu	90
6.	Vesturbyggð	500
7.	Súðavíkurhreppur	90

	8.	Hólmavík – Nauteyrarhreppur	140
	9.	Ísafjarðarbær	450
	10.	Árneshreppur	1.150
	11.	Djúpavík og Gjögur	140
	12.	Kaldrananeshreppur	200
	13.	Skagahreppur	120
	14.	Skefilsstaðahreppur	120
	15.	Fljótahreppur	180
	16.	Ólafsfjarðarsveit	90
	17.	Svarfaðardalur	140
	18.	Grýtubakkahreppur	70
	19.	Hálshreppur	70
	20.	Mývatnssveit	90
	21.	Fjallahreppur	370
	22.	Öxarfjörður – Kópasker	50
	23.	Þórshöfn	50
	24.	Bakkafjörður	50
	25.	Vopnafjörður	50
	26.	Borgarfjörður eystri	280
	27.	Austur-Hérað	160
	28.	Norður-Hérað	180
	29.	Möðrudalur	90
	30.	Svínafell í Nesjum	150
	31.	Mýrdalshreppur	220
		Samtals	**6.110**
b.	Sérleyfi:		
	1.	Fjarðarheiði	640
	2.	Oddskarð	640
	3.	Breiðdalsvík	200
	4.	Djúpivogur	300
		Samtals	**1.780**
c.	Stofnstyrkir:		
	1.	Fljótahreppur	500
	2.	Grýtubakkahreppur, snjótroðari	300
		Samtals	**800**
d.		Óskipt	610
		Samtals	**9.300**

18. Hafnamannvirki (10-335 6.70).

a.	Vesturland:		
	1.	Snæfellsbær	38.400
	2.	Grundarfjörður	83.100

3.	Stykkishólmur	8.800
	Samtals	**130.300**

Vestfirðir:

1.	Vesturbyggð	1.600
2.	Tálknafjörður	1.500
3.	Ísafjarðarbær	8.600
4.	Bolungarvík	14.800
5.	Súðavík	3.600
6.	Drangsnes	4.500
	Samtals	**34.600**

Norðurland vestra:

1.	Skagaströnd	2.200
2.	Skagafjörður	39.200
3.	Siglufjörður	49.500
	Samtals	**90.900**

Norðurland eystra:

1.	Hafnasamlag Eyjafjarðar	18.400
2.	Hafnasamlag Norðurlands	61.100
3.	Húsavík	225.200
4.	Kópasker	2.400
5.	Raufarhöfn	4.600
6.	Þórshöfn	55.300
	Samtals	**367.000**

Austurland:

1.	Vopnafjörður	14.900
2.	Borgarfjörður eystri	5.600
3.	Seyðisfjörður	37.900
4.	Fjarðabyggð	89.900
5.	Fáskrúðsfjörður	19.900
6.	Djúpivogur	46.800
7.	Hornafjörður	41.900
	Samtals	**256.900**

Suðurland:

1.	Vestmannaeyjar	126.500
2.	Þorlákshöfn	19.400
	Samtals	**145.900**

Reykjanes:

1.	Grindavík	208.000
2.	Sandgerði	88.300
3.	Hafnasamlag Suðurnesja	9.400

	4.	Hafnarfjörður	9.000
		Samtals	**314.700**
b.		Óskipt til slysavarna o.fl.	1.200
c.		Rannsóknir o.fl.	10.000
		Samtals	**1.351.500**
19.	**Lendingarbætur (10-335 6.74).**		
	1.	Búðir og Hellnar á Snæfellsnesi	300
	2.	Haukabergsvaðall	200
	3.	Hesteyri	200
	4.	Lagarfljótsbrú	1.000
	5.	Breiðdalsvík	700
	6.	Reykjafjörður nyrðri	200
	7.	Gjögur	200
		Samtals	**2.800**
20.	**Sjóvarnargarðar (10-335 6.80).**		
	1.	Snæfellsbær	1.000
	2.	Eyrarsveit	5.100
	3.	Vesturbyggð	6.000
	4.	Ísafjarðarbær	23.000
	5.	Árneshreppur	900
	6.	Blönduósbær	8.800
	7.	Dalvíkurbyggð	4.400
	8.	Hríseyjarhreppur	100
	9.	Árskógssandur	700
	10.	Grýtubakkahreppur	5.700
	11.	Sveitarfélagið Ölfus	10.200
	12.	Sandgerðisbær	600
	13.	Gerðahreppur	2.200
	14.	Reykjanesbær	100
	15.	Vatnsleysustrandarhreppur	5.000
	16.	Leira	2.800
		Samtals	**76.600**
21.	**Ýmis verkefni (14-190 1.90).**		
		Umhverfisverndarsamtök Íslands	2.000
		Óskipt	2.000
		Samtals	**4.000**

Sundurliðun 3
Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta

Sundurliðun 3, **Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta,** hljóðar skv. brtt. á þskj. 459.

Sundurliðun 4
Fjármál lánastofnana í C-hluta

Sundurliðun 4, **Fjármál lánastofnana í C-hluta,** hljóðar skv. brtt. á þskj. 460.

490. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 121/1994, um neytendalán.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tryggva Axelsson frá viðskiptaráðuneyti, Magnús M. Norðdahl frá ASÍ, Önnu Birnu Halldórsdóttur frá Samkeppnisstofnun og Guðjón Rúnarsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka. Jafnframt bárust gögn frá viðskiptaráðuneyti og umsagnir um málið frá Alþýðusambandi Íslands, Verslunarráði Íslands, Samkeppnisstofnun, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Fjármálaeftirlitinu og Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna.

Frumvarpið er samið að fenginni reynslu af framkvæmd laga um neytendalán frá árinu 1994. Því er ætlað að fella brott ákvæði sem reynst hafa óþörf eða hafa gegnt sínu hlutverki og jafnframt að lagfæra orðalag. Auk þess er frumvarpinu ætlað að bæta í lögin tilvísun til þess Evrópuréttar sem þau byggjast á.

Nefndin bendir á að í umsögn Samkeppnisstofnunar um frumvarpið kom fram að stofnunin hefði aldrei fengið sérstaka fjárveitingu til að standa undir kostnaði við eftirlit með lögum um neytendalán. Þá kemur fram í umsögninni að í ljósi þeirra breytinga sem frumvarpið hefur í för með sér sé nauðsynlegt að ráðist verði í kynningu á ákvæðum laganna fyrir neytendur og lánveitendur og leggur Samkeppnisstofnun áherslu á að henni verði gert kleift að ráðast í slíka kynningu. Nefndin bendir á að við þessa kynningu væri hægt að hafa samráð og samstarf við hagsmunaaðila. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að í 13. gr. laganna verði að finna sérstaka heimild til að setja reglugerð um framkvæmd upplýsingaskyldu. Nefndin vekur athygli á því að við samningu reglugerðarinnar sé rétt að haft verði samráð við helstu hagsmunaaðila, en Alþýðusamband Íslands hefur sérstaklega óskað eftir slíku samráði.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. a. Lagt er til að tilvísun í númer laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði verði felld brott svo að ekki þurfi að breyta lögum um neytendalán á ný ef númer laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði breytist.
   b. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að f-lið 1. mgr. 2. gr. laganna, sem kveður á um að lánssamningar sem tryggðir eru með veði í fasteign séu undanþegnir lögum um neytendalán, verði breytt þannig að hann taki til lánssamninga sem Íbúðalánasjóður gerir eða annarra sambærilegra fasteignaveðlánasamninga sem gerðir eru vegna öflunar íbúðarhúsnæðis. Við athugun málsins kom í ljós að annars staðar á Norðurlöndunum falla lánveitendur sem veita lán með veði í fasteign til lengri tíma undir ákvæði laga um neytendalán. Ástæðulaust þykir að undanskilja slíka aðila ákvæðum laganna og þeirri skyldu að veita lántakanda upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar af láni. Við meðferð málsins í nefndinni kom í ljós að Íbúðalánasjóður, sem er sá aðili sem gerir flesta lánssamninga vegna öflunar íbúðarhúsnæðis, er ekki mótfallinn því

að ákvæði laga um neytendalán taki einnig til slíkra samninga. Með hliðsjón af þessu leggur nefndin jafnframt til að f-liður 1. mgr. 2. gr. laganna falli brott.

2. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að g-liður 1. mgr. 2. gr. laganna verði felldur brott, en þar er vísað í 3. gr. sem fjallar um yfirdráttarheimild. Lánssamningar sem fela í sér yfirdráttarheimild á tékkareikningi verða því ekki lengur undanþegnir ákvæðum laganna og upplýsingaskyldan samkvæmt þeim mun því ná til slíkra samninga. Því er nauðsynlegt að samræma 3. gr. laganna hinni fyrirhuguðu breytingu. Þær breytingar felast einkum í því að bætt er við greinina nýjum staflið, e-lið, þar sem tekið er fram að í samningi um yfirdráttarheimild skuli lántakanda greint frá árlegri hlutfallstölu kostnaðar við mismunandi notkun á heimildinni, en ljóst er að sú tala kann að vera breytileg eftir því hvernig heimildin er notuð hverju sinni. Einnig er gert ráð fyrir því í 2. málsl. að neytanda verði árlega sendar almennar upplýsingar með dæmum um útreikning kostnaðar samkvæmt þessum lið. Þannig væri t.d. hægt að taka fram hver árleg hlutfallstala kostnaðar væri miðað við að ákveðin yfirdráttarheimild væri nýtt að fullu, að hálfu leyti eða að einum tíunda. Loks er í 3. málsl. gert ráð fyrir því að þrátt fyrir ákvæði 5. gr. laganna um að lánssamningar samkvæmt lögunum skuli gerðir skriflega verði heimilt að breyta yfirdráttarheimild á tékkareikningi að munnlegri beiðni neytanda. Þá væri hægt að senda skriflegan samning til neytanda eftir á þar sem hlutfallstalan fyrir nýju heimildina væri gefin upp.
3. Lagt er til að tilvísun í númer laga um Evrópska efnahagssvæðið verði felld brott.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Kristinn H. Gunnarsson og Sigríður A. Þórðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. des. 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Lúðvík Bergvinsson.	Ögmundur Jónasson.	Gunnar Birgisson.

Hjálmar Árnason.

491. Breytingartillögur [90. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 121/1994, um neytendalán.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „sbr. lög nr. 123/1993“ komi: sbr. lög um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.
   b. C-liður falli brott.
   c. D-liður orðist svo: F-, g- og h-liður falla brott.

2. Við bætist ný grein sem verði 2. gr., svohljóðandi:
   3. gr. laganna orðast svo:
   Í samningi um yfirdráttarheimild af tékkareikningi svo og sambærilegum lánssamningi með breytilegum höfuðstól skulu neytanda í upphafi slíkra viðskipta veittar upplýsingar um:
   a. Hvaða takmörk eru á lánsupphæðinni sé um slíkt að ræða.
   b. Hverjir vextir eru og hvaða gjöld falli á lánið frá þeim tíma er gengið er frá samningnum, svo og við hvaða skilyrði megi breyta þeim.
   c. Með hvaða hætti samningi skuli sagt upp.
   d. Hvort breytingar geti orðið á vöxtum eða umsömdum gjöldum á samningstímanum. Í þeim tilvikum skal neytandi upplýstur um það með hvaða hætti breytingar verða tilkynntar honum. Slíkt má gera með því að vekja sérstaklega athygli á breytingunum í reikningsyfirliti, með auglýsingum í fjölmiðlum eða á annan sambærilegan hátt.
   e. Árlega hlutfallstölu kostnaðar, sbr. 10.–12. gr., við mismunandi notkun á heimildinni. Árlega skal senda neytanda almennar upplýsingar með dæmum um útreikning kostnaðar samkvæmt þessum lið. Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. er heimilt að munnlegri beiðni neytanda að breyta yfirdráttarheimild á tékkareikningi.
   Heimilt er að kveða nánar á um framkvæmd upplýsingaskyldu samkvæmt þessari grein í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 13. gr.
3. Við 3. gr. sem verði 4. gr. Orðin „nr. 2/1993“ falli brott.

492. Nefndarálit [232. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason og Jónínu S. Lárusdóttur frá viðskiptaráðuneyti og Pál Gunnar Pálsson, Ástu Þórarinsdóttur, Þorstein Marinósson og Jóhann Albertsson frá Fjármálaeftirlitinu. Jafnframt bárust umsagnir um málið frá Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta, Samtökum fjármálafyrirtækja, Verðbréfaþingi Íslands, Samtökum iðnaðarins, Íbúðalánasjóði, Seðlabanka Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Landssamtökum lífeyrissjóða.

Í lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi kemur fram að þeir aðilar sem eru eftirlitsskyldir samkvæmt lögunum skuli standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins. Árlega skal viðskiptaráðherra gefin skýrsla um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Með hliðsjón af skýrslunni tekur ráðherra síðan ákvörðun um hvort ástæða sé til að breyta eftirlitsgjaldinu með lögum. Frumvarp þessa efnis er nú lagt fyrir Alþingi í fyrsta sinn.

Nefndin tekur fram að strax á næsta ári hyggst hún taka til umfjöllunar skýrslur Fjármálaeftirlitsins til viðskiptaráðherra um starfsemi þess og áætlaðan rekstrarkostnað árið 2001, þ.m.t. meginatriði athugasemda eftirlitsskyldra aðila við rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2001.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Kristinn H. Gunnarsson og Sigríður A. Þórðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. des. 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Lúðvík Bergvinsson.	Ögmundur Jónasson.	Gunnar Birgisson.

Hjálmar Árnason.

493. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bolla Þór Bollason, Björn Rúnar Guðmundsson, Ragnheiði Snorradóttur, Ólaf Pál Gunnarsson og Maríönnu Jónasdóttur frá fjármálaráðuneyti, Rannveigu Sigurðardóttur og Ara Skúlason frá Alþýðusambandi Íslands, Þráin Hallgrímsson og Dögg Pálsdóttur frá fjölskylduráði, Margréti Berndsen frá Félagi einstæðra foreldra og Indriða H. Þorlákssyni ríkisskattstjóra. Jafnframt bárust gögn frá fjármálaráðuneyti og umsagnir um málið frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Tryggingastofnun ríkisins, Samtökum atvinnulífsins, Félagi einstæðra foreldra, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum iðnaðarins, Félagi ábyrgra feðra, Seðlabanka Íslands, Verslunarráði Íslands, fjölskylduráði og ríkisskattstjóra.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að teknar verði upp ótekjutengdar barnabætur fyrir börn yngri en sjö ára. Þannig verður dregið úr tekjutengingu barnabótakerfisins auk þess sem tekjuskerðingarhlutföll verða lækkuð. Næstu þrjú ár munu barnabætur síðan hækka til samræmis við almennar launahækkanir samkvæmt kjarasamningum. Jafnframt gerir frumvarpið ráð fyrir því að eignaskerðing barnabóta verði afnumin.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Sigríður A. Þórðardóttir og Gunnar Birgisson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Jóhanna Sigurðardóttir, Ögmundur Jónasson og Jóhann Ársælsson rita undir nefndarálitið með fyrirvara og munu flytja breytingartillögu þess efnis að ótekjutengdar barnabætur verði teknar upp fyrir börn að 16 ára aldri.

Alþingi, 9. des. 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Einar K. Guðfinnsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

Hjálmar Árnason.

494. Nefndarálit [312. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2000, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Nikulás Hannigan frá utanríkisráðuneyti og Jónínu S. Lárusdóttur frá viðskiptaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2000, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn. Sú gerð sem um ræðir varðar ramma Evrópubandalagsins um rafræna undirskrift. Ákvörðunin kallar á lagabreytingar hér á landi og er stefnt að því að frumvarp til laga um rafrænar undirskriftir verði lagt fram á Alþingi snemma á árinu 2001.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Einar K. Guðfinnsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Jón Kristjánsson og Sighvatur Björgvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. des. 2000.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Jónína Bjartmarz.
Steingrímur J. Sigfússon.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	

495. Frumvarp til laga [347. mál]

um breytingu á lögum nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á árunum 2001–2003 skal verja ákveðinni fjárhæð úr Atvinnuleysistryggingasjóði til átaks í fræðslumálum ófaglærðra samkvæmt samkomulagi milli Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins annars vegar og Verkamannasambands Íslands hins vegar.

Fjárhæð framlagsins ákvarðast við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Undir lok kjarasamninga síðastliðið vor milli Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins annars vegar og Verkamannasambands Íslands hins vegar var gert samkomulag um þriggja ára átak í fræðslumálum ófaglærðra. Þá gerðu félagsmálaráðherra og forvígismenn atvinnu-

rekenda samkomulag um að í stað þess að greitt yrði í fræðslusjóði sem stæðu undir þessu átaki með álagsprósentu á laun, líkt og tíðkast hefur hjá fjölmörgum stéttum, rynni ákveðið fjármagn á árunum 2001–2003, alls 200 millj. kr., úr Atvinnuleysistryggingasjóði til fræðslusjóðanna.

Fræðslusjóðirnir eru tveir og eiga álíka margir aðild að þeim. Á hinn bóginn er ljóst að kostnaður við fræðslustarfið er af landfræðilegum ástæðum meiri hjá fræðslusjóði Samtaka atvinnulífsins og Verkamannasambandsins (Landsmennt) og því var honum ætlað heldur meira fé en fræðslusjóði samtakanna og Flóabandalagsins (Starfsafli).

Þannig er gert ráð fyrir að á árinu 2001 renni 104 millj. kr. til sjóðanna (50 millj. kr. til Starfsafls, 54 millj. kr. til Landsmenntar), 53 millj. kr. árið 2002 (25. millj. kr. til Starfsafls, 28 millj. kr. til Landsmenntar) og 43 millj. kr. árið 2003 (15. millj. kr. til Starfsafls, 28 millj. kr. til Landsmenntar).

Á móti greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði greiða stéttarfélögin sem mynda Flóabandalagið og stóðu að samkomulaginu 10 millj. kr. á ári til verkefnisins. Stéttarfélögin í Verkamannasambandinu greiða einnig 10 millj. kr. á ári í sjóðinn.

Frumvarpi þessu er ætlað að setja fyrirkomulaginu lagastoð svo að fræðslusjóðunum verði tryggt fjármagn úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar.

Frumvarpi þessu er ætlað tryggja Atvinnuleysistryggingasjóði heimild til að verja ákveðinni fjárhæð til að styrkja átak í fræðslumálum ófaglærðra samkvæmt samkomulagi milli Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins annars vegar og Verkamannasambandsins hins vegar. Skal fjárhæðin ákveðin í fjárlögum ár hvert.

Í greinargerð er vísað til samkomulags milli félagsmálaráðherra og forvígismanna atvinnulífsins um að greiddar verði alls 200 m.kr. af mörkuðum tekjum Atvinnuleysistryggingasjóðs til þessa verkefnis á árunum 2001–2003.

496. Frumvarp til laga [348. mál]

um áhafnir íslenskra skipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til áhafna allra íslenskra skipa sem skráð eru hér á landi samkvæmt lögum um skráningu skipa.

2. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Alþjóðasamþykktin* er alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW) frá 1978 með síðari breytingum.
2. *Fiskiskipasamþykktin* er alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna á fiskiskipum (STCW–F) frá 1995.
3. *Skip* er hvert það skip sem skráð er samkvæmt lögum um skráningu skipa og lög þessi taka til.
4. *Farþegaskip* er hvert það skip, skrásett sem farþegaskip, sem getur flutt fleiri en 12 farþega til og frá landinu, milli hafna innan lands og utan.
5. *Flutningaskip* er hvert það skip, skrásett sem flutningaskip, er siglir með varning til og frá landinu, milli hafna innan lands og utan.
6. *Fiskiskip* er hvert það skip sem notað er í atvinnuskyni til að veiða fisk eða aðrar lífrænar auðlindir hafsins.
7. *Varðskip* er hvert það skip sem er skrásett sem varðskip og notað til landhelgisgæslu og björgunarstarfa undir yfirstjórn Landhelgisgæslu Íslands.
8. *Skemmtibátur* er hvert það skip sem er ekki notað í atvinnuskyni og ætlað til skemmtisiglinga, óháð þeirri orku sem knýr skipið. Leiki vafi á hvort skip teljist skemmtibátur sker Siglingastofnun Íslands úr um það.
9. *Önnur skip* er hvert það skip sem er notað í atvinnuskyni og fellur ekki undir 4.–8. tölul. Skal Siglingastofnun Íslands skera úr um undir hvaða ákvæði slík skip falla samkvæmt lögum þessum að teknu tilliti til eðlis þeirrar starfsemi sem skipið á að sinna og á hvaða farsviði það er notað.
10. *Áritun* er viðurkenning skírteina erlendra ríkisborgara til starfa á íslenskum skipum samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.
11. *Skipstjóri* er sá sem fer með æðsta vald á skipi.
12. *Yfirstýrimaður* er skipstjórnarmaður sem gengur næst skipstjóra og tekur við skipstjórn í forföllum hans.
13. *Yfirvélstjóri* er æðsti vélstjóri um borð og ber ábyrgð á vélum sem knýja skipið, rekstri og viðhaldi vél- og rafbúnaðar þess.
14. *1. vélstjóri* er sá vélstjóri sem gengur næst yfirvélstjóra og ber ábyrgð á vélum sem knýja skipið, rekstri og viðhaldi vél- og rafbúnaðar þess í forföllum yfirvélstjóra. 1. vél-

stjóri er sá sami og telst annar vélstjóri samkvæmt alþjóðasamþykktinni og skal uppfylla sömu kröfur og þar eru gerðar.

15. *Alþjóðaradíóreglugerðin* eru reglur um fjarskipti sem eru, eða eru taldar vera, viðauki við nýjustu alþjóðafjarskiptasamþykktina sem er í gildi á hverjum tíma.
16. *Fjarskiptamaður* er lögmætur handhafi skírteinis sem er gefið út eða viðurkennt af Siglingastofnun Íslands samkvæmt ákvæðum alþjóðaradíóreglugerðarinnar.
17. *Skírteini* er staðfesting á réttindum samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Í skírteininu skal tilgreina á hvaða ábyrgðarsviði handhafi þess má vinna, á skipi hvaða gerðar og stærðar og með hvaða vélarafli og vélbúnaði.
18. *Sjómannaskóli* er menntastofnun sem er viðurkennd af menntamálaráðherra eða samgönguráðherra og uppfyllir skilyrði alþjóðasamþykktarinnar um nám og kennslu.
19. *Innanlandssigling* er sigling innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.
20. *Öryggismönnun* er ákvörðun Siglingastofnunar Íslands um lágmarksfjölda í áhöfn farþega- og flutningaskipa skv. 12. gr.
21. *Brúttótonn* er mælieining fyrir heildarstærð skips eins og hún er ákvörðuð samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktar um skipamælingar frá 23. júní 1969.
22. *Ábyrgðarsvið* tekur til menntunar og þjálfunar, skiptingar starfa og ábyrgðar um borð í flutninga- eða farþegaskipi og skiptist í stjórnunarsvið, rekstrarsvið og stoðsvið:
    a. Á *stjórnunarsviði* mega þeir starfa sem öðlast hafa skírteini samkvæmt lögum þessum og reglum alþjóðasamþykktarinnar sem skipstjóri, yfirvélstjóri, yfirstýrimaður og 1. vélstjóri.
    b. Á *rekstrarsviði* mega þeir starfa sem öðlast hafa skírteini samkvæmt lögum þessum og reglum alþjóðasamþykktarinnar sem stýrimenn og vélstjórar undir stjórn yfirmanna á stjórnunarsviði.
    c. Á *stoðsviði* mega þeir starfa sem öðlast hafa skírteini samkvæmt lögum þessum og reglum alþjóðasamþykktarinnar og starfa hvorki á stjórnunar- né rekstrarsviði.
23. *Vélarafl* er mesta samfellda heildarhámark ásafls allra aðalvéla skipsins í kílóvöttum (kW) eins og það er skráð í skráningarskírteini skipsins eða öðrum opinberum skjölum.
24. *Útgerðarmaður* er sá sem mannar skipið, ræður ferðum þess, ber kostnaðinn af þeim og nýtur arðsins af þeim.

3. gr.

Menntun og þjálfun.

Sjómannaskólar sem annast menntun og þjálfun áhafna íslenskra skipa skulu að lágmarki uppfylla ákvæði laga þessara og reglugerða samkvæmt þeim, alþjóðasamþykktarinnar, fiskiskipasamþykktarinnar og samnings um Evrópska efnahagssvæðið hvað varðar nám og kennslu. Nám og kennsla í sjómannaskólum skal vera samkvæmt viðurkenndu gæðastjórnunarkerfi.

Starfsgreinaráð um sjávarútvegsgreinar og siglingar, sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla, gerir tillögu til menntamálaráðherra, að fenginni umsögn Siglingastofnunar Íslands, um námskrár sjómannaskóla.

Um Slysavarnaskóla sjómanna gilda lög nr. 33/1991 og staðfestir samgönguráðherra námskrá skólans.

Menntamálaráðuneytið hefur eftirlit með að námskrár sjómannaskóla uppfylli kröfur alþjóðasamninga og Siglingastofnun Íslands hefur eftirlit með að nám við sjómannaskóla uppfylli kröfur alþjóðasamninga.

4. gr.

Skírteini.

Sýslumenn úti á landi og tollstjórinn í Reykjavík gefa út íslensk atvinnuskírteini samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Áður en atvinnuskírteini er gefið út skal leita staðfestingar Siglingastofnunar Íslands um réttindi umsækjanda um atvinnuskírteini. Siglingastofnun Íslands gefur út alþjóðleg skírteini og áritanir samkvæmt lögum þessum. Skírteini skulu rituð á þar til gerð eyðublöð eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið ákveður og skulu þau vera bæði á íslensku og ensku. Útgáfa alþjóðlegra skírteina og áritana skal vera samkvæmt viðurkenndu gæðastjórnunarkerfi.

Íslenskur ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, alþjóðasamþykktarinnar og samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um siglingatíma, aldur, heilbrigði, sjón og heyrn, menntun og þjálfun, hæfni og próf, á rétt á að fá útgefið viðeigandi skírteini sér til handa og starfa samkvæmt því um borð í skipum. Þennan rétt hafa einnig ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 2. mgr. 6. gr. laganna.

Skipstjóri á íslensku skipi skal ávallt vera íslenskur ríkisborgari. Þó geta ríkisborgarar annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu starfað sem skipstjórar á íslenskum skipum hafi þeir staðist sérstakt próf um kunnáttu og færni í íslensku og þekkingu á íslenskum lögum og reglum er varða þau störf sem þeir fá réttindi til að gegna.

Yfirmenn á stjórnunarsviði, þ.e. skipstjóri, yfirstýrimaður, yfirvélstjóri og 1. vélstjóri, skulu hafa þekkingu á íslenskum lögum og reglum sem varða störf þeirra og tryggt skal að þeir geti tjáð sig á íslensku eða ensku um ábyrgðarsvið sitt.

Frumrit skírteinis sem krafist er skal ávallt vera um borð í því skipi sem skírteinishafi er skráður eða ráðinn á.

Siglingastofnun Íslands heldur skrá yfir útgefin skírteini.

5. gr.

Gildistími og endurnýjun skírteina.

Skírteini sem gefin eru út samkvæmt lögum þessum skulu gilda í fimm ár frá útgáfudegi. Endurnýjun skal veitt til fimm ára í senn. Við endurnýjun skírteina skal umsækjandi sem hefur skírteini og starfar á sjó eða ætlar að hverfa aftur til starfa á sjó eftir nokkurn tíma í landi:

1. fullnægja sömu heilbrigðiskröfum og áður þurfti til að öðlast skírteini og
2. hafa að baki siglingatíma í stöðu sem skírteini veitir honum rétt til að minnsta kosti í eitt ár á síðustu fimm árum eða
3. með því að hafa verið í starfi sem samsvarar viðkomandi skírteini og telst að minnsta kosti sambærilegt við siglingatíma sem krafist er skv. 2. tölul. eða með því að:
   a. standast viðurkennt próf eða
   b. ljúka á fullnægjandi hátt viðurkenndu námskeiði eða
   c. hafa siglingatíma sem yfirmaður í a.m.k. þrjá mánuði í næstu lægri stöðu sem hann á tilkall til samkvæmt skírteini sínu.

Endurmenntunarnámskeið samkvæmt þessari grein skulu samþykkt af Siglingastofnun Íslands.

6. gr.

Viðurkenning erlendra skírteina.

Siglingastofnun Íslands viðurkennir erlend skírteini í samræmi við lög þessi og reglugerðir samkvæmt þeim, alþjóðasamþykktina og samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Skír-

teini gefin út af ríki sem er ekki aðili að alþjóðasamþykktinni eða af ríki sem er aðili að alþjóðasamþykktinni en hefur ekki fullnægt kröfum hennar skulu ekki viðurkennd. Siglingastofnun Íslands er heimilt að veita í allt að þrjá mánuði lögmætum handhöfum erlendra skírteina leyfi til að gegna tilteknu starfi á tilteknu skipi, þar sem krafist er skírteinis, ef lögð eru fram fullgild vottorð eða skírteini á meðan eða þar til Siglingastofnun Íslands hefur sannreynt viðkomandi gögn og viðurkennt erlenda skírteinið, enda geti viðkomandi skilið fyrirmæli yfirmanna skipsins og stjórnað verkum í þeirra umboði.

Um umsóknir frá ríkisborgurum Evrópska efnahagssvæðisins um viðurkenningu á réttindum til starfa á skipum sem lög þessi taka til skal fara eftir ákvæðum tilskipunar ráðsins 92/51/EBE, sbr. lög um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, nr. 83/1993, með síðari breytingum.

Um umsóknir frá ríkisborgurum utan Evrópska efnahagssvæðisins um viðurkenningu á réttindum til starfa á skipum sem lög þessi taka til skal fara eftir ákvæðum tilskipunar ráðsins 94/58/EB, um lágmarksþjálfun sjómanna, með síðari breytingum.

Siglingastofnun Íslands heldur skrá yfir viðurkennd erlend skírteini.

7. gr.

Vaktstaða.

Skipstjóri skal tryggja að fyrirkomulag vakta sé á þann veg að ávallt sé staðin örugg vakt um borð, hvort sem skipið er á siglingu, í höfn, á legu eða við akkeri. Undir yfirumsjón skipstjóra eru stýrimenn ábyrgir fyrir öruggri siglingu skipsins á sinni vakt og ber þeim sérstaklega að varast árekstur og strand.

Yfirvélstjóri er ábyrgur fyrir öruggri vakt í vélarrúmi og skal tryggja að vélstjóri sé tiltækur til að gegna vakt í ómönnuðu vélarrúmi og standa þar vaktir ef þörf krefur.

Þeir sem gegna starfi fjarskiptamanns eru á sinni vakt ábyrgir fyrir samfelldri hlustun á viðeigandi tíðnum.

Samgönguráðherra setur reglugerð um vaktir og hvíldartíma þeirra sem standa vaktir. Vaktir skulu þannig skipulagðar að þeir sem standa vakt séu ávallt vel hvíldir svo að ekki dragi úr árvekni þeirra. Sérstaklega skal þessa gætt við fyrstu vakt og í upphafi sjóferðar.

8. gr.

Undanþágur.

Í undantekningartilfellum og þegar menn með tilskilin skírteini vantar til starfa getur Siglingastofnun Íslands, telji hún að öryggi mannslífa, eigna eða umhverfis verði ekki stefnt í hættu, veitt tilteknum manni undanþágu til að gegna stöðu á tilteknu skipi í tiltekinn tíma, hafi hann ekki tilskilin réttindi. Undanþágu í umræddda stöðu má þó ekki veita lengur en til sex mánaða, enda sé viðkomandi að mati Siglingastofnunar Íslands hæfur til að annast starfið á öruggan hátt.

Undanþáguna má aðeins veita þeim sem hefur skírteini til að gegna næstu lægri stöðu. Ef ekki er krafist skírteinis í næstu stöðu fyrir neðan má veita þeim undanþágu sem að mati Siglingastofnunar Íslands hefur til þess þekkingu og reynslu. Undanþágu má ekki veita til að gegna stöðu skipstjóra eða yfirvélstjóra á farþegaskipum og flutningaskipum nema í neyðartilvikum og þá aðeins í eins skamman tíma og unnt er. Undanþágu til að gegna starfi fjarskiptamanns má ekki veita nema slíkt sé heimilað í alþjóðaradíóreglugerðinni.

9. gr.

Eldri skírteini.

Sá sem er lögmætur handhafi skírteinis samkvæmt lögum sem falla úr gildi við gildistöku þessara laga skal halda réttindum sínum óskertum, enda fullnægi hann öðrum kröfum laga þessara. Heimilt er að gefa út ný skírteini samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim í stað eldri skírteina, enda séu réttindi þeirra skírteinishafa í engu skert.

Sá sem er lögmætur handhafi skírteinis til að vera skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi sem er 30 rúmlestir eða minna skal öðlast rétt til að vera skipstjóri eða stýrimaður á skipi 50 brúttótonn eða minna í innanlandssiglingum.

Til að öðlast skírteini til starfa á farþegaskipum samkvæmt lögum þessum skal viðkomandi gangast undir sérstakt námskeið um farþegaflutninga með skipum og stjórnun mannfjölda á neyðarstundu sem sjómannaskóli skipuleggur í samráði við Siglingastofnun Íslands.

Nú hefur skipstjórnarmaður skírteini til skipstjórnarstarfa samkvæmt brúttórúmlesta-viðmiðun á skipi sem vegna breytinga á mælingum skipa mælist stærra en eldra skírteini hans veitti réttindi til eða aðrar hliðstæðar ástæður eru fyrir hendi og er þá heimilt að veita honum skírteini til starfa á sama skipi eða skipi sem eins háttar um að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna.

10. gr.

Ábyrgð útgerðarmanns og skipstjóra.

Útgerðarmaður og skipstjóri viðkomandi skips bera ábyrgð á því að ákvæðum þessara laga sé framfylgt við útgerð skips.

II. KAFLI
Farþegaskip og flutningaskip.

11. gr.

Skírteini.

Rétt til starfa um borð í farþegaskipum og flutningaskipum sem skipstjórnarmaður, vélstjórnarmaður eða til að gegna öðrum störfum þar sem krafist er skírteinis samkvæmt alþjóðasamþykktinni hefur einungis lögmætur handhafi viðeigandi skírteinis og skal hann uppfylla skilyrði 2. mgr. 4. gr. til að starfa á því ábyrgðarsviði sem skírteinið kveður á um, sbr. 22. tölul. 2. gr.

Heimilt er að gera vægari kröfur um réttindi til starfa sem krafist er skírteinis til þegar um er að ræða farþegaskip sem sigla á tilteknu farsviði og á tilteknu tímabili að því marki sem alþjóðasamþykktin gefur svigrúm til.

12. gr.

Öryggismönnun.

Manna skal sérhvert íslenskt farþegaskip og flutningaskip á öruggan hátt svo að unnt sé að sinna öllum þáttum sem tryggja öryggi áhafnar, farþega og skips. Farþegaskip og flutningaskip skal manna þannig að unnt sé að fylgja öllum lögum og reglum um verndun umhverfis, einkum er varðar mengunarvarnir sjávar og lífríkis.

Við ákvörðun um fjölda skipverja á farþegaskipum og flutningaskipum skal taka fullt tillit til alþjóðasamþykktarinnar og krafna hennar um siglingatíma, aldur, heilbrigði, menntun og þjálfun, hæfni og próf. Við mönnun farþegaskipa og flutningaskipa skal tekið sérstakt tillit til skipulags vakta um borð og nauðsynlegs hvíldartíma skipverja í samræmi við alþjóðasamþykktina.

Siglingastofnun Íslands ákveður mönnun farþegaskipa og flutningaskipa og gefur út öryggismönnunarskírteini fyrir þau þar sem kveðið er á um lágmarksfjölda í áhöfn, samsetningu áhafnar og skírteini fyrir einstakar stöður.

III. KAFLI
Fiskiskip.

13. gr.
Skírteini og mönnun.

Rétt til starfa sem skipstjórnar- eða vélstjórnarmaður eða til að gegna öðrum störfum þar sem krafist er skírteinis samkvæmt fiskiskipasamþykktinni um borð í fiskiskipum hefur einungis lögmætur handhafi viðeigandi skírteinis.

Sérhvert íslenskt fiskiskip skal svo mannað að unnt sé að sinna öllum þáttum sem tryggja öryggi áhafnar og skips og að framfylgt sé öllum lögum og reglum um verndun umhverfis og þá sérstaklega reglum er varða mengunarvarnir sjávar og lífríkis.

14. gr.
Fjöldi skipstjórnarmanna.

Á hverju fiskiskipi skal vera skipstjóri. Lágmarksfjöldi stýrimanna skal vera sem hér segir:

a. Á skipum 700 brúttótonn og stærri: tveir stýrimenn.
b. Á skipum stærri en 50 brúttótonn og allt að 700 brúttótonnum: einn stýrimaður.
c. Á skipum 50 brúttótonn og minni: einn stýrimaður. Þó er ekki skylt að stýrimaður sé í áhöfn ef útivera slíks skips fer ekki fram úr 36 klst. á tímabilinu frá 1. apríl til 30. september, en 24 klst. þess utan.

Siglingastofnun Íslands hefur heimild til þess að ákveða frávik frá ákvæðum þessarar greinar hvort sem er til fjölgunar eða fækkunar skipstjórnarmanna ef tilefni gefst til að mati stofnunarinnar, svo sem vegna tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips. Skal við þá ákvörðun taka tillit til vinnuálags sem breytingin kann að hafa í för með sér. Siglingastofnun getur heimilað tímabundna mönnun skips til reynslu með skilyrðum sem hún setur, þó aldrei lengur en 6 mánuði í senn.

15. gr.
Fjöldi vélstjórnarmanna.

Lágmarksfjöldi vélstjórnarmanna skal vera sem hér segir:

a. Á skipi með 75 kW vél til og með 375 kW vél: vélstjóri, sem má vera hinn sami og skipstjóri á skipum að 50 brúttótonnum, enda eini réttindamaðurinn í áhöfn og útivera skemmri en 24 klst., nema á tímabilinu frá 1. apríl til 30. september þegar útivera má vera allt að 36 klst. Ekki er skylt að vélstjóri sé í áhöfn skipsins ef hægt er að stjórna vél úr stýrishúsi og gerður hefur verið þjónustusamningur við þjónustuaðila um viðhald vélbúnaðar skipsins og sá samningur er staðfestur af Siglingastofnun Íslands.
b. Á skipi með 376 kW vél til og með 750 kW vél: vélstjóri.
c. Á skipi með 751 kW vél til og með 3000 kW vél: yfirvélstjóri og 1. vélstjóri.
d. Á skipi með 3001 kW vél og stærri: yfirvélstjóri, 1. vélstjóri og 2. vélstjóri.

Siglingastofnun Íslands hefur heimild til þess að ákveða frávik frá ákvæðum þessarar greinar hvort sem er til fjölgunar eða fækkunar vélstjórnarmanna ef tilefni gefst til að mati stofnunarinnar, svo sem vegna tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips. Skal við þá ákvörðun taka tillit til vinnuálags sem breytingin kann að hafa í för með sér. Siglingastofnun

getur heimilað tímabundna mönnun skips til reynslu með skilyrðum sem hún setur, þó aldrei lengur en sex mánuði í senn.

IV. KAFLI
Varðskip.

16. gr.
Mönnun varðskipa.

Rétt til starfa sem skipstjórnar- eða vélstjórnarmaður eða til að gegna öðrum störfum sem krafist er skírteinis til um borð í varðskipum hefur einungis lögmætur handhafi viðeigandi skírteinis.

Á hverju varðskipi skal vera skipherra og yfirvélstjóri, en fjöldi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna skal að öðru leyti vera sem hér segir:

a. á varðskipum allt að 900 brúttótonnum: tveir stýrimenn,
b. á varðskipum 900 brúttótonn og stærri: þrír stýrimenn,
c. um fjölda vélstjórnarmanna á varðskipum fer skv. 15. gr.

V. KAFLI
Skemmtibátar.

17. gr.
Skemmtibátar.

Sá sem annast skipstjórn um borð í skemmtibáti skal vera lögmætur handhafi skírteinis og uppfylla kröfur um menntun, þjálfun, öryggisfræðslu, próf, skírteini og heilbrigðiskröfur sem ráðherra kveður nánar á um í reglugerð.

Þeir sem annast kennslu til réttinda á skemmtibáta skulu kenna samkvæmt námskrá sem menntamálaráðuneytið setur að fenginni umsögn Siglingastofnunar Íslands.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skemmtibáta, þar á meðal um menntun og þjálfun skipstjóra, öryggisfræðslu, próf og skírteini og skilyrði þeirra.

VI. KAFLI
Önnur skip.

18. gr.
Önnur skip.

Rétt til starfa sem skipstjórnar- eða vélstjórnarmaður um borð í öðrum skipum hefur einungis lögmætur handhafi viðeigandi skírteinis.

Um fjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna fer eftir ákvörðun Siglingastofnunar Íslands.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

19. gr.
Úrskurðarnefnd siglingamála.

Ákvarðanir Siglingastofnunar Íslands samkvæmt lögum þessum má kæra til úrskurðarnefndar siglingamála.

Í úrskurðarnefnd siglingamála sitja þrír menn skipaðir af samgönguráðherra og jafnmargir til vara. Formaður og varamaður skulu fullnægja almennum skilyrðum um hæfi héraðsdómara. Aðrir nefndarmenn og varamenn þeirra skulu hafa þekkingu á skipstjórn og vélstjórn. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Skrifleg kæra skal berast innan fjögurra vikna frá því aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Úrskurður nefndarinnar skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja vikna frá því kæra berst og er hann endanlegur á stjórnsýslustigi. Um starfshætti Siglingastofnunar Íslands og nefndarinnar um meðferð einstakra erinda og kærumála, svo sem um kærurétt, upplýsingaskyldur til hagsmunaaðila, málskotsgjald og málsmeðferð að öðru leyti, skal kveðið nánar á í reglugerð sem ráðherra setur.

20. gr.
Gjöld.

Greiða skal fyrir útgáfu skírteina, viðurkenningu erlendra skírteina, veitingu undanþágna og útgáfu öryggismönnunarskírteina samkvæmt lögum þessum og skulu þau gjöld standa undir kostnaði Siglingastofnunar Íslands vegna afgreiðslu þeirra. Gjöld skulu ákveðin í gjaldskrá stofnunarinnar.

21. gr.
Refsiákvæði o.fl.

Brot gegn lögum þessum varða refsingum og réttindasviptingu skv. XV. kafla siglingalaga nr. 34/1985, eftir því sem við getur átt, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð. Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að afturkalla skírteini ef lögmætur handhafi þess fullnægir ekki lengur skilyrðum þessara laga til að öðlast slíkt skírteini eða vera skírteinishafi.

22. gr.
Reglugerð.

Samgönguráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um menntun og þjálfun áhafna íslenskra skipa samkvæmt lögum þessum, bæði um borð í skipi og í landi, öryggisfræðslu, próf, skírteini og skilyrði þeirra, heilbrigðiskröfur, viðurkenningu erlendra skírteina, ábyrgð útgerðarmanna, vaktstöður og mönnun skipa.

Samgönguráðherra skal, í samráði við menntamálaráðherra, setja reglur um eftirlit með menntun og þjálfun áhafna íslenskra skipa.

23. gr.
Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 17. gr. um skemmtibáta öðlast gildi 1. janúar 2002. Fyrir þann tíma skulu viðkomandi afla sér tilskilinna skírteina.

Við gildistöku þessara laga falla úr gildi lög um áhafnir íslenskra kaupskipa, nr. 59/1995, með síðari breytingum, lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, og lög um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Allir þeir sem starfa á farþegaskipum skulu eigi síðar en 1. júní 2002 sækja námskeið um farþegaflutninga með skipum og stjórnun mannfjölda á neyðarstundu sem sjómannaskóli skipuleggur í samráði við Siglingastofnun Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er að mestu byggt á tillögum nefndar sem samgönguráðherra skipaði í framhaldi af því að frumvarp til laga um áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta varð ekki útrætt á síðasta Alþingi, 189. mál á 125. löggjafarþingi, en frá þeim hefur verið vikið í eftirfarandi atriðum:

1. Í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins er lagt til að útgáfa atvinnuskírteina verði áfram í höndum sýslumanna og tollstjórans í stað þess að hún flytjist til Siglingastofnunar Íslands eins og nefndin lagði til. Eðlilegt þykir að slík útgáfa fari fram sem víðast til að tryggja góða og aðgengilega þjónustu. Til að tryggja samræmi í útgáfu skírteina er lagt til að sýslumenn og tollstjórinn í Reykjavík leiti staðfestingar Siglingastofnunar Íslands um rétt umsækjanda til atvinnuskírteinis.
2. Í a-lið 15. gr. frumvarpsins er lagt til að lágmarksfjöldi vélstjórnarmanna á fiskiskipum miðist við 75–375 kW í stað 75–450 kW eins og nefndin lagði til. Þykir 450 kW of há viðmiðun.
3. Nefndin lagði til að mönnunarnefnd flutningaskipa starfaði skv. 12. gr. frumvarpsins og tæki ákvarðanir um mönnun flutningaskipa. Þar sem nefndin lagði til að mönnunarnefnd fiskiskipa og undanþágunefnd skyldu lagðar niður og verkefni þeirra fengin Siglingastofnun Íslands, ásamt því að sett yrði á fót úrskurðarnefnd siglingamála sem hægt væri að skjóta ákvörðunum Siglingastofnunar til, þykir eðlilegt að sama skipan gildi um mönnun flutningaskipa. Því er í 3. mgr. 12. gr. frumvarpsins lagt til að Siglingastofnun Íslands ákveði mönnun flutningaskipa og verða ákvarðanir hennar kæranlegar til úrskurðarnefndar siglingamála skv. 19. gr. frumvarpsins.

Í skipunarbréfi nefndarinnar kemur fram að henni var ætlað að gera tillögur til ráðuneytisins um frumvarp með það að markmiði að það verði lagt fram á yfirstandandi Alþingi og hljóti afgreiðslu fyrir næstu áramót. Jafnframt var nefndinni falið að gera tillögur um skipan þessara mála að því er áhafnir fiskiskipa varðar. Í nefndinni áttu sæti Guðjón Guðmundsson alþingismaður, sem var formaður nefndarinnar, Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, Guðjón Petersen, framkvæmdastjóri Skipstjóra- og stýrimannafélags Íslands, Helgi Laxdal, formaður Vélstjórafélags Íslands, Jónatan Sveinsson hæstaréttarlögmaður, Ólafur J. Briem, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, Pétur Ágústsson skipstjóri og Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda. Starfsmaður nefndarinnar var Helgi Jóhannesson, lögfræðingur í samgönguráðuneytinu.

Í starfi sínu hefur nefndin byggt á því frumvarpi sem lagt var fram á 125. löggjafarþingi, þ.e. frumvarpi til laga um áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta. Nefndin hefur jafnframt tekið til umfjöllunar breytingartillögur samgöngunefndar sem fram komu í áliti hennar á þingskjali 1021. Þær breytingar sem nefndin leggur til á frumvarpinu, eins á það lá fyrir eftir 2. umræðu á Alþingi vorið 2000, eru einkum eftirfarandi:

1. Nefndin leggur til að gildissvið frumvarpsins verði víkkað og það taki til allra skipa sem skráð eru á skipaskrá samkvæmt lögum um skráningu skipa. Fiskiskip falla því undir frumvarpið og er lagt til að Ísland fullgildi alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna á fiskiskipum frá 1995 (STCW–F). Í áliti sínu í vor lagði samgöngunefnd áherslu á að atvinnuréttindalög nr. 112/1984 og 113/1984 yrðu tekin til heildarendurskoðunar með það að markmiði að setja heildarlöggjöf um áhafnir allra íslenskra skipa.
2. Uppsetningu frumvarpsins hefur verið breytt að því leyti að það er kaflaskipt. Í almenn-

um ákvæðum eru ákvæði sem taka til allra skipa og síðan eru sérákvæði sett um tiltekna flokka skipa.

3. Innan nefndarinnar hafa verið skiptar skoðanir um þær tillögur samgöngunefndar að mönnunarnefndir og undanþágunefnd verði lagðar niður og verkefni þeirra fengin Siglingastofnun Íslands og samhliða verði sett á fót úrskurðarnefnd siglingamála. Meiri hluti nefndarinnar leggur til óbreytt fyrirkomulag að því er varðar farþegaskip og flutningaskip. Hins vegar er meiri hluti fyrir því að mönnunarnefnd fiskiskipa og undanþágunefnd verði lagðar niður og verkefni þeirra fengin Siglingastofnun Íslands og úrskurðarnefnd siglingamála.
4. Nefndin er sammála um að með upptöku brúttótonnaviðmiðunar réttinda skipstjórnarmanna í stað brúttórúmlesta séu ekki efni til að miða minnstu réttindi skipstjórnarmanna við hærri mörk en 50 brúttótonn og er því ekki fallist á þau sjónarmið samgöngunefndar að eðlilegt sé að miða við 75 brúttótonn í því efni. Með 9. gr. frumvarpsins á að vera tryggt að enginn glati atvinnuréttindum vegna viðmiðunar réttindanna við brúttótonn.
5. Nefndin leggur til að gerðar verði nokkrar breytingar á gildandi ákvæðum um fjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna um borð í fiskiskipum sem fela það í sér að lögbundinn lágmarksfjöldi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna minnkar í tilteknum stærðarflokkum skipa. Í áliti sínu í vor lagði samgöngunefnd áherslu á að réttindi til vélstjórnar yrðu skoðuð sérstaklega með hliðsjón af nýrri tækni í vélarrúmi skipa og því að hvaða leyti hún geti haft áhrif á mönnun skipa og lengd náms vélstjóra. Mæltist nefndin til að þeirri vinnu yrði hraðað og lagt yrði fram frumvarp í upphafi næsta þings á grundvelli hennar. Fulltrúar Vélstjórafélags Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands eru andvígir þeim breytingum.
6. Nefndin leggur til að felld verði brott ákvæði um farþegabáta og ákvæði um farþegaskip taki til þeirra. Hins vegar er lagt til að heimilt verði að gera vægari kröfur vegna farþegaskipa sem sigla á takmörkuðu farsviði á tímabilinu 1. apríl til 31. september.
7. Aðrar breytingar sem nefndin leggur til á frumvarpinu eins og það lá fyrir eftir 2. umræðu á Alþingi í vor eru fyrst og fremst orðalagsbreytingar.

Frumvarp það sem lagt var fram á 125. löggjafarþingi var samið af nefnd sem samgönguráðherra skipaði 8. maí 1998. Nefndinni var falið að undirbúa framkvæmd og gera tillögur um nauðsynlegar laga- og reglugerðarbreytingar vegna aðlögunar að tilskipun ráðsins 94/58/EB, um lágmarksþjálfun sjómanna, með síðari breytingum. Jafnframt bar nefndinni að miða við að fullnægt yrði ákvæðum alþjóðasamþykktar um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöðu áhafna fiskiskipa frá árinu 1995 (STCW–F) sem og þeirra breytinga sem orðið hafa á alþjóðasamþykktinni frá 1978 um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna, eða „STCW“, sem er skírskotun til heitis hennar á ensku, „Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Seafarers“.

Nefndin skilaði áfangaskýrslu 9. september 1998 og lokaskýrslu 26. nóvember 1998 en í starfi sínu hafði hún samvinnu og samráð við hagsmunaaðila. Í nefndinni voru Helgi Jóhannesson, lögfræðingur í samgönguráðuneytinu, formaður, Þórður Þórðarson, deildarstjóri í Siglingastofnun Íslands, og Sverrir H. Konráðsson frá Siglingastofnun Íslands, Guðjón Ármann Eyjólfsson, skólameistari Stýrimannaskólans í Reykjavík, Björgvin Þór Jóhannsson, skólameistari Vélskóla Íslands, Hilmar Snorrason, skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna og Hörður Lárusson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu. Vilmundur Víðir Sigurðsson var í nefndinni meðan hann starfaði sem skólameistari Stýrimannaskólans í Reykjavík, þegar Guðjón Ármann Eyjólfsson fór í námsleyfi skólaárið 1998–99.

Megintilgangur frumvarpsins er að laga íslenska löggjöf að alþjóðasamþykkt um menntun

og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978 (STCW), sem tekur til áhafna flutninga- og farþegaskipa og breytt var í verulegum atriðum árið 1995. Evrópusambandið hefur fullgilt samþykktina og sett tilskipun um lágmarksþjálfun sjómanna, 94/58/EB, sem er breytt með tilskipun 98/35/EB. Þær tilskipanir eru hluti þeirra gerða sem taka verður inn í íslenska löggjöf á grundvelli EES-samningsins.

I. Alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna.

Alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW 1978) var samþykkt á allsherjarþingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) í Lundúnum sumarið 1978. Hún öðlaðist gildi 28. apríl 1984 þegar hún hafði verið fullgilt af 25 ríkjum sem áttu meira en helming af samanlögðum kaupskipaflota heimsins. Samþykktin var fyrsta tilraun þjóða heims til að setja alþjóðlegar lágmarkskröfur um þjálfun og menntun áhafna kaupskipa. Hún er talin ein mikilvægasta alþjóðasamþykkt sem gerð hefur verið til að auka öryggi sjómanna.

Tilefni samþykktarinnar var í upphafi ekki síst að mikils misræmis hafði gætt um menntunar- og þjálfunarkröfur sjómanna á farþegaskipum og flutningaskipum í einstökum aðildarríkjum IMO. Áður hafði hvert ríki sett eigin kröfur í þessum efnum og engir alþjóðastaðlar voru til um útgáfu atvinnuskírteina til handa skipstjórnar- og vélstjórnarmönnum á farþegaskipum og flutningaskipum. Brýnt var því að samræma þessar kröfur til að auka öryggi skipa og áhafna.

Í samþykktinni er kveðið á um lágmarksstaðla sem samningsaðilum er skylt að uppfylla en þeir mega þó setja strangari kröfur og ganga sum ríki lengra í námskröfum sínum til atvinnuréttinda. Með gildistöku samþykktarinnar átti hún því að hafa þau heildaráhrif að auka hæfniskröfur til sjómanna um heim allan.

Ísland varð fullgildur aðili að samþykktinni 21. júní 1995 og voru þá sett lög um áhafnir íslenskra kaupskipa og lögum um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna breytt til samræmis við kröfur samþykktarinnar.

Seint á níunda áratugnum kom í ljós að samþykktin náði ekki í öllum tilvikum tilgangi sínum þótt stuðningur við hana væri orðinn mjög víðtækur, en hinn 1. júlí 1995 höfðu 113 ríki sem áttu 94,6% af skipastóli heims fullgilt hana. Meginorsök þessa virtist vera að aðilar samþykktarinnar höfðu ekki samræmda túlkun á framkvæmd hennar. Mörg ríki vanræktu að tryggja að farið væri með fullnægjandi hætti að kröfum hennar. Af þeim sökum var ekki lengur hægt að treysta á STCW-skírteini til sönnunar á hæfni. Með því að dró úr trúverðugleika samþykktarinnar og stjórnmálamenn og almenningur höfðu af því áhyggjur að sjóslys voru í auknum mæli rakin til mannlegra mistaka jókst gagnrýni á samþykktina og IMO.

Af fyrrgreindum ástæðum var ákveðið að gera grundvallarbreytingar á samþykktinni. Meginmál hennar var óbreytt en nýr viðauki var tekinn inn í stað þess gamla auk þess sem svokallaður STCW-kóði (STCW-code) var tekinn inn í hana. Í meginmáli og viðauka eru lagalegar kröfur en þær eru nánar útlistaðar í kóðanum. Hin endurskoðaða alþjóðasamþykkt var undirrituð 7. júlí 1995 af 71 aðildarríki, þar á meðal Íslandi, og tók gildi 1. febrúar 1997. Fram til 1. febrúar 2002 mega samningsaðilar þó gefa út og viðurkenna skírteini sem giltu fyrir þann dag og varða sjómenn sem hófu nám eða byrjuðu að safna siglingatíma fyrir 1. ágúst 1998. Í ársbyrjun 2002 eiga allir skipstjórnar- og vélstjórnarmenn á farþegaskipum og flutningaskipum að hafa fengið í hendur skírteini gefin út samkvæmt samþykktinni. Nýju skírteinin eiga að tryggja að lögmætir handhafar þeirra hafi þá þekkingu og hæfni sem kveðið er á um í samþykktinni. Önnur skírteini verða ekki viðurkennd og þar með er komið í veg

fyrir að skipstjórnar- og vélstjórnarmenn gegni ábyrgðarstöðum um borð í farþegaskipum og flutningaskipum án löglegra skírteina.

Almennt hefur verið talið að menntun íslenskra sjómanna sé í samræmi við þær lágmarkskröfur sem samþykktin kveður á um enda hafa íslenskir stýrimenn og vélstjórar vandkvæðalaust fengið atvinnuskírteini sín viðurkennd í öðrum löndum. Íslensku sjómannaskólarnir hafa lagað nám og námskrár sínar að samþykktinni. Með frumvarpi þessu eru gerðar nauðsynlegar breytingar til samræmis við endurskoðuðu samþykktina. Engin bein úttekt hefur verið gerð af hálfu IMO á menntun sjómanna á Íslandi en í endurskoðuðu samþykktinni er kveðið á um að samningsaðilar skuli senda IMO gögn um framkvæmd hennar innan lands og hvernig menntun og þjálfun sé háttað. Nefnd sú sem áður getur vann og tók saman ítarleg gögn á ensku um framkvæmd menntunar og þjálfunar sjómanna á Íslandi, sem höfðu m.a. að geyma námskrár Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands, gildandi atvinnuréttindalög og ýmsar reglugerðir þeim tengdar og voru þau gögn send til IMO í lok júlí 1998. Þessi gögn hafa nú verið metin innan IMO af þar til kvöddum sérfræðingum og nýlega var gefinn út svokallaður hvítlisti (white list) sem er skrá yfir þau ríki sem að mati IMO uppfylla ákvæði samþykktarinnar. Mjög mikilvægt er að Ísland komist á þennan hvítlista til þess að menntun og skírteini íslenskra sjómanna verði viðurkennd á alþjóðavettvangi. Afleiðingar þess ef Ísland kæmist ekki á listann yrðu m.a. þær að skírteini okkar manna yrðu litin hornauga og íslensk skip jafnvel stöðvuð í erlendum höfnum. Þannig kynnu Íslendingar að verða settir í hóp með vanþróuðum þjóðum á sviði siglinga og stýrimenn og vélstjórar með íslensk skírteini kynnu að eiga erfitt með að fá störf um borð í erlendum skipum en þeir íslenskir skipstjórnar- og vélstjórnarmenn sem eru við störf erlendis núna ættu á hættu að missa störf sín.

Dagana 27. nóvember til 6. desember 2000 var haldinn í Lundúnum 73. fundur siglingaöryggisnefndar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO). Til umfjöllunar var m.a. áðurnefndur hvítlisti yfir þau lönd sem að mati IMO standast kröfur STCW-samþykktarinnar um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður farmanna. Á hvítlistanum eru 72 ríki, en 98 ríki sendu inn upplýsingar fyrir 1. ágúst 1998. Þess má geta að aðildarríki IMO eru 135. Nú er orðið ljóst að nafn Íslands prýðir hvítlistann en það er afar mikilvægt vegna þess að það er skilyrði fyrir því að Siglingastofnun geti gefið út skírteini í samræmi við STCW-samþykktina frá 1995. Með því móti er tryggt að íslenskir farmenn halda vinnu sinni eða fái vinnu á kaupskipum sem sigla undir erlendum fána. Jafnframt þýðir þetta að íslensk kaupskip og skip í eigu íslenskra aðila munu ekki lenda í erfiðleikum í hafnarríkiseftirliti erlendis af þessum sökum. Rétt er að taka fram að ekki verður þó hægt að gefa út umrædd alþjóðaskírteini fyrr en breytingarnar frá 1995 á STCW-samþykktinni hafa verið teknar inn í íslenska löggjöf, m.a. í formi þessa frumvarps.

Afhending ofannefndra gagna er nauðsynlegt aðhald fyrir samningsaðila til að tryggja að þeir hrindi ákvæðum samþykktarinnar í framkvæmd. Eftir 1. ágúst 1998 var þess krafist að kennsla í öllum viðurkenndum sjómannaskólum yrði í samræmi við endurskoðuðu samþykktina. Sjómenn sem hófu nám í viðurkenndum sjómannaskólum eftir áðurnefndan dag og standast próf verða þar af leiðandi að uppfylla kröfur um fræðilegt nám. Auk þess er krafist tiltekins siglingatíma.

II. Tilskipun Evrópusambandsins.

Öll aðildarríki Evrópusambandsins hafa gerst aðilar að alþjóðasamþykktinni og hefur ráð þess gefið út sérstaka tilskipun um lágmarksþjálfun sjómanna, 94/58/EB. Gerðar voru breytingar á þeirri tilskipun með tilskipun 98/35/EB þar sem tekið var tillit til þeirra breytinga sem

urðu á alþjóðasamþykktinni árið 1995. Tilskipanirnar taka fullt mið af alþjóðasamþykktinni og eru þær nú orðnar hluti af þeim reglum sem öðlast hafa gildi á EES-svæðinu.

III. Alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna á fiskiskipum (STCW–F).

Þegar endurskoðun STCW-samþykktarinnar stóð yfir var samþykkt á sérstakri ráðstefnu að gera samning um menntun, þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna á fiskiskipum (STCW–F). Í þeirri samþykkt er kveðið á um skírteinisútgáfu til handa skipstjórum, stýrimönnum, vélstjórum og fjarskiptamönnum um borð í fiskiskipum 24 metrar að lengd og lengri. Í fyrstu var ætlunin að fiskiskipasamþykktin yrði í formi sérstakrar bókunar við STCW-samþykktina en horfið var frá því. Samþykktin er fyrsta tilraun til þess að samræma bindandi lágmarksstaðla um menntun og þjálfun áhafna fiskiskipa. Fiskiskipasamþykktin öðlast gildi 12 mánuðum eftir að 15 ríki fullgilda hana. Nú hafa tvö ríki fullgilt samþykktina, Danmörk og Rússland.

Í 3. ályktun samþykktarinnar er kveðið á um að endurskoða skuli leiðbeiningarrit IMO, ILO og FAO frá 1985 um menntun og þjálfun og skírteini áhafna fiskiskipa sem eru 12 til 24 metrar að lengd (Document for Guidance on Fishermens' Training and Certification). Þeirri endurskoðun er nú lokið og var Ísland fulltrúi IMO í vinnuhópnum sem sá um það og gegndi Þórður Þórðarson, deildarstjóri hjá Siglingastofnun, formennsku í honum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi fjallar um gildissvið laganna og er þeim ætlað að taka til allra íslenskra skipa sem skráð eru á skipaskrá samkvæmt lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

Um 2. gr.

Hér eru einstök hugtök sem notuð eru í frumvarpinu skilgreind. Byggt er á sömu skilgreiningum og notaðar eru í alþjóðasamþykktinni og fiskiskipasamþykktinni.

Nokkur ný hugtök eru skilgreind sem hafa ekki verið skilgreind eða notuð í íslenskri löggjöf áður, t.d. fjarskiptamaður, öryggismönnun, sjómannaskóli, ábyrgðarsvið, stjórnunarsvið, rekstrarsvið og stoðsvið.

Hugtakið skírteini er skilgreint sem staðfesting er nær bæði til skírteina sem eru útgefin af viðkomandi yfirvaldi og áritana í samræmi við ákvæði laganna og alþjóðasamþykktarinnar. Tekið er fram að skírteini nái til ábyrgðarsviðs sem tilgreint er, til ákveðinnar tegundar skipa, t.d. olíu- og efnaflutningaskipa, eða ákveðinna vélagerða, t.d. eimvéla eða gastúrbínuvéla og svo dísilvéla.

Hugtakið sjómannaskóli er skilgreint sem menntastofnun sem viðurkennd er af menntamálaráðherra eða samgönguráðherra, en það er með tilliti til þess að Slysavarnaskóli sjómanna heyrir undir samgönguráðuneytið samkvæmt lögum nr. 33/1991.

Um 3. gr.

Með þessari grein er gerð krafa um að allir skólar sem annast menntun og þjálfun áhafna skipa sem frumvarpið tekur til skuli uppfylla kröfur laganna, alþjóðasamþykktarinnar, fiskiskipasamþykktarinnar og skuldbindinga samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, er miðað við að starfsgreinaráð sjávarútvegs og siglinga geri tillögur til menntamálaráðherra um námskrár framhaldsskóla (sjómannaskóla), þar með talið menntun og þjálfun áhafna farþegaskipa og flutningaskipa. Miðað er við að starfsgreinaráð leiti umsagnar Siglingastofnunar Íslands um efni slíkra námskráa enda ber Siglingastofnun Íslands ábyrgð á framkvæmd alþjóðasamþykktarinnar gagnvart IMO sem setur reglur um menntun og þjálfun áhafna skipa á alþjóðavettvangi.

Um Slysavarnaskóla sjómanna gilda lög nr. 33/1991. Skólinn fellur undir samgönguráðuneytið og er því miðað við að samgönguráðherra staðfesti námskrá skólans hvað varðar menntun og þjálfun sjómanna.

Miðað er við að menntamálaráðuneytið hafi eftirlit með því að námskrár sjómannaskóla uppfylli kröfur alþjóðasamninga og Siglingastofnun Íslands hafi eftirlit með því að nám við sjómannaskóla uppfylli kröfur alþjóðasamninga.

Um 4. gr.

Samkvæmt gildandi lögum eru skírteini til skipstjórnar- og vélstjórnarmanna gefin út af sýslumönnum úti á landi og tollstjóranum í Reykjavík, sbr. 13. gr. laga nr. 112/1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, og 9. gr. laga nr. 113/1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum. Í 1. mgr. er miðað við óbreytt fyrirkomulag í þeim efnum. Hins vegar er lagt til að sýslumenn og tollstjórinn í Reykjavík leiti staðfestingar Siglingastofnunar Íslands um réttindi umsækjanda um atvinnuskírteini til að tryggja að samræmi verði í útgáfu skírteinanna hjá öllum embættum sem hafa slíka útgáfu með höndum. Jafnframt er lagt til að Siglingastofnun Íslands gefi út alþjóðleg skírteini og áritanir samkvæmt lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og er það ekki breyting frá því sem ákveðið var árið 1995, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, og 5. mgr. 9. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum. Þykir sú skipan nauðsynleg til að tryggja samræmda útgáfu skírteinanna þar sem um verður að ræða alþjóðleg skírteini sem geta veitt réttindi til starfa á öllum farþegaskipum og flutningaskipum sem skráð eru í ríkjum sem aðilar eru að alþjóðasamþykktinni, en þau eru núna um 130 talsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um að hver sem fær útgefið skírteini verði að uppfylla kröfur um siglingatíma, aldur, heilbrigði, menntun og þjálfun, hæfni og próf. Um þessi skilyrði verður nánar fjallað í reglugerð, sbr. 22. gr. frumvarpsins. Ákvæði þetta er í samræmi við gildandi atvinnuréttindalög.

Í 3. mgr. er kveðið á um að skipstjóri á íslensku skipi skuli ávallt vera íslenskur ríkisborgari. Hins vegar er gert ráð fyrir því að ríkisborgarar á EES-svæðinu geti starfað sem skipstjórar á íslenskum farþegaskipum og flutningaskipum hafi þeir nauðsynlega þekkingu í íslensku tal- og ritmáli. Þessi regla er í samræmi við reglur annarra ríkja á EES-svæðinu þar sem einstök lönd gera kröfu um að skipstjórar á skipum þeirra séu innlendir.

Í 4. mgr. er kveðið á um að yfirmenn á stjórnunarsviði sem þar eru taldir upp skuli hafa þekkingu á íslenskum lögum og reglum sem varða störf þeirra og geti tjáð sig innbyrðis á sama tungumáli um starfssvið sitt.

Í 5. mgr. er gerð krafa um að frumrit skírteinis skuli vera um borð í skipinu sem skírteinishafi starfar á. Þetta ákvæði er í samræmi við alþjóðasamþykktina og gildandi atvinnuréttindalög nr. 112/1984, með síðari breytingum, og nr. 113/1984, með síðari breytingum. Þessi krafa er nauðsynleg vegna alþjóðlegs hafnarríkiseftirlits.

Í 6. mgr. er miðað við að Siglingastofnun Íslands haldi skrá yfir öll útgefin skírteini.

Um 5. gr.

Þetta ákvæði er í samræmi við 3. mgr. 13. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna í íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, 3. mgr. 9. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða í íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum, og ákvæði reglugerðar um atvinnuskírteini skipstjórnar- og vélstjórnarmanna, nr. 118/1996, með síðari breytingum.

Atvinnuskírteini skulu gefin út til fimm ára í senn. Gengið er út frá því að skírteinishafi viðhaldi þekkingu sinni og er þess krafist við endurnýjun skírteina að hann hafi siglingatíma í þeirri stöðu sem skírteinið veitir honum rétt til sem nemur að lágmarki einu ári á síðustu 5 árum. Hafi hann það ekki er gerð krafa um að hann hafi verið í starfi sem svari til skírteinisins. Ef það á ekki við verður umsækjandi að standast viðurkennt próf eða ljúka viðurkenndu námskeiði eða hafa siglingatíma sem yfirmaður í að minnsta kosti 3 mánuði í næstu lægri stöðu sem hann á tilkall til samkvæmt skírteini sínu.

Ákvæðið byggist á ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar (regla I/11, bls. 30–31, og A–I/11, bls. 19–20 í kóðanum) og fiskiskipasamþykktarinnar (regla 7 og 8 á bls. 49 og 50).

Um 6. gr.

Hér er fjallað um viðurkenningu erlendra skírteina. Megintilgangur með alþjóðasamþykktinni er að gera samræmdar kröfur um menntun og þjálfun sjómanna á flutninga- og farþegaskipum. Í þeim tilgangi gátu aðildarríki samþykktarinnar fyrir 1. ágúst 1998 sent IMO gögn um menntun og þjálfun sjómanna í sínu heimalandi. Um 100 ríki sendu slík gögn og á undanförnum mánuðum hafa fulltrúar á vegum IMO farið yfir þau gögn og metið hvort ríkin uppfylli kröfur alþjóðasamþykktarinnar. Nýlega birti IMO svokallaðan hvítlista, „white list“, sem er listi yfir þau ríki sem hafa uppfyllt ákvæði samþykktarinnar að mati IMO. Á listanum eru 72 ríki, þar á meðal Ísland.

Meginreglan er sú að ekki er heimilt að viðurkenna skírteini sem gefin eru út af ríki sem ekki er aðili að samþykktinni eða af ríkjum sem eru aðilar að samþykktinni en hafa ekki uppfyllt ákvæði hennar. Á grundvelli alþjóðasamþykktarinnar er Siglingastofnun Íslands heimilt að viðurkenna skírteini frá ríkjum sem eru aðilar að alþjóðasamþykktinni og er lagt til að gerðar verði sömu menntunarkröfur til erlendra ríkisborgara og innlendra.

Tilskipun ráðsins 89/48/EBE fjallar um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi, sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár. Tilskipun ráðsins 92/51/EBE, sem vísað er til í lagagreininni, fjallar hins vegar um viðurkenningu á starfsmenntun og starfsþjálfun sem fyrrnefnda tilskipunin tekur ekki til og ekki er fjallað um í sérstökum tilskipunum. Í tilskipuninni er gerð grein fyrir hvernig farið skuli með umsóknir um viðurkenningu á starfsmenntun og starfsþjálfun. Almennt er miðað við að hafi umsækjandi fengið útgefið prófskírteini í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins sé ekki unnt að synja honum um heimild til að starfa í viðkomandi starfsgrein með sömu skilyrðum og ríkisborgurum viðkomandi ríkis. Þrátt fyrir þetta getur gistiríkið gert vissar ráðstafanir, ef verulegur munur er á menntun umsækjanda og þeirri menntun sem gerð er krafa um í gistiríkinu. Hér má nefna að í slíkum tilvikum getur gistiríkið gert kröfu um að umsækjandinn ljúki tilteknum aðlögunartíma eða taki hæfnispróf.

Í tilskipun Evrópusambandsins, sem jafnframt gildir á Evrópska efnahagssvæðinu, um lágmarksþjálfun sjómanna, 94/58/EB, sbr. breytingu 98/35/EB, er fjallað um hvernig standa eigi að viðurkenningu á skírteinum ríkisborgara utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Um 7. gr.

Ákvæði 7. gr. frumvarpsins byggjast á ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar. Við það er miðað að í reglugerð verði nánari ákvæði um vaktstöður. Þessar reglur eru þær fyrstu sem settar hafa verið í íslensk lög um vaktstöðu á íslenskum skipum. Ríki sem eru aðilar að alþjóðasamþykktinni hafa tekið þau ákvæði beint úr henni. Hér er því um samræmdar alþjóðlegar reglur að ræða, en vaktreglur alþjóðasamþykktarinnar hafa verið kenndar í íslenskum sjómannaskólum frá 1981. Þessar vaktreglur IMO voru endurskoðaðar ásamt alþjóðasamþykktinni árið 1995 og hafa verið þýddar í heild á íslensku og munu birtast í væntanlegri reglugerð.

Um vaktstöðu á fiskiskipum er fjallað í fiskiskipasamþykktinni í IV. kafla, bls. 53–57.

Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO) hefur sett reglur um hvíldartíma og vinnutíma sjómanna (ILO 180) á farþegaskipum og flutningaskipum, en Ísland hefur ekki enn fullgilt þær. Í undirbúningi eru innan Evrópusambandsins tilskipanir um vinnutíma og hvíldartíma sem taka m.a. til farþegaskipa og flutningaskipa og munu þær væntanlega taka gildi innan fárra ára á EES-svæðinu.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um hvernig með skuli fara ef veita á undanþágu til að gegna tilteknu starfi um borð í skipi. Miðað er við að Siglingastofnun Íslands geti, í undantekningartilfellum og þegar menn með tilskilin réttindi vantar til starfa, veitt undanþágur til að gegna stöðu á tilteknu skipi til allt að 6 mánaða í senn.

Í 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins er tekið fram að undanþágu megi aðeins veita þeim sem hefur skírteini til að gegna næstu lægri stöðu. Ef tekið er mið af 14. og 15. gr. frumvarpsins raðast stöður skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á fiskiskipum á eftirfarandi hátt verði frumvarpið að lögum:

Skipstjórnarmenn:

1. stýrimaður á skipum 50 brúttótonn og minni í innanlandssiglingum.
2. skipstjóri á skipum 50 brúttótonn og minni í innanlandssiglingum.
3. stýrimaður á skipum allt að 700 brúttótonnum.
4. skipstjóri á skipum allt að 700 brúttótonnum.
5. 1. stýrimaður á skipum 700 brúttótonn og stærri.
6. yfirstýrimaður á skipum 700 brúttótonn og stærri.
7. skipstjóri á skipum 700 brúttótonn og stærri.

Vélstjórnarmenn:

1. vélstjóri á skipi með aðalvél til og með 375 kW.
2. vélstjóri á skipi með aðalvél til og með 750 kW.
3. 2. vélstjóri á skipi með aðalvél 3001 kW og stærri.
4. 1. vélstjóri á skipi með aðalvél 3001 kW og stærri.
5. yfirvélstjóri á skipi með aðalvél 3000 kW og stærri.

Ákvæði greinarinnar byggjast á ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar (gr. VIII, bls. 11) og fiskiskipasamþykktarinnar (regla 9, bls. 21).

Um 9. gr.

Hér er gert ráð fyrir að þeir sem hafa skírteini fyrir gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum, haldi réttindum sínum óskertum enda fullnægi þeir öðrum kröfum frumvarpsins, t.d. um endurnýjun og viðhald skírteina. Við gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum, er heimilt að fá gefin út ný skírteini þó að gildistími þeirra sé ekki runninn út.

Í 2. mgr. er miðað við að svokölluð 30 brúttórúmlesta námskeið verði hér eftir nefnd 50

brúttótonna námskeið í samræmi við breyttar mælingareglur skipa. Miðað er við að þeir sem hafa lokið 30 brúttórúmlesta námskeiðinu við gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum, fái samsvarandi réttindi á skip sem eru 50 brúttótonn eða minni í innanlandssiglingum.

Í 3. mgr. er miðað við að þeir sem hafa réttindi til starfa á farþegaskipum skuli gangast undir sérstakt námskeið sem sjómannaskóli skipuleggur í samráði við Siglingastofnun Íslands um farþegaflutninga með skipum og stjórnun mannfjölda á neyðarstundu (sjá jafnframt ákvæði til bráðabirgða með frumvarpinu).

Í 4. mgr. er miðað við að breyttar mælingareglur eigi ekki að leiða til þess að skírteinishafi missi réttindi til að starfa á skipi ef stærð þess mælist svo í brúttótonnum að skírteinishafinn hefur ekki lengur réttindi til að starfa á því skipi eða samsvarandi skipi sem hann áður hafði samkvæmt brúttórúmlestastærð skipsins.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um að útgerðarmaður og skipstjóri skips beri ábyrgð á því að ákvæðum laganna sé framfylgt við útgerð skipsins, t.d. um að áhöfn hafi tilskilda menntun og þjálfun og viðeigandi skírteini og skipið sé rétt mannað. Ákvæði þetta byggist á ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar.

Um 11. gr.

Með þessari grein er kveðið á um að sérstakt skírteini þurfi til að gegna starfi skipstjórnarmanns, vélstjórnarmanns eða öðrum störfum sem krafist er skírteina til á farþegaskipum og flutningaskipum. Um skilyrði slíkra réttinda, þ.m.t. um menntun og þjálfun, siglingatíma og heilbrigðiskröfur, verður nánar fjallað í reglugerð, þar sem tekið verður mið af alþjóðasamþykktinni.

Með 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins er fyrst og fremst verið að fjalla um skip og báta sem stunda hvers konar skemmtisiglingar meðfram ströndum landsins með ferðafólk yfir sumartímann. Nú er talið að allt að 30 skip og bátar stundi þessar siglingar víðs vegar á landinu. Þessir bátar eru misjafnir að stærð og gerð enda í mörgum tilfellum smíðaðir í upphafi til annarra nota. Flestir þessara báta hafa takmarkað farsvið, bæði hvað varðar fjarlægð frá landi og tímalengd ferðar. Þessir bátar fara nánast aðeins á sjó þegar veður er gott. Ákvæðið gefur heimild til þess að í tilvikum sem þessum megi gera vægari kröfur um réttindi til starfa en gerðar eru til starfa á stórum farþegaskipum sem sigla á milli landa. Áhafnir þessara farþegaskipa verða að sjálfsögðu eins og aðrar áhafnir að sækja námskeið fyrir 1. júní 2002 um farþegaflutninga með skipum og stjórnun mannfjölda á neyðarstundu, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. og ákvæði til bráðabirgða.

Um 12. gr.

Hér er kveðið á um hvernig ákveða skuli mönnun farþegaskipa og flutningaskipa. Meginreglan er sú að sérhvert farþegaskip og flutningaskip skuli mannað þannig að öryggi áhafnar, farþega og skips sé tryggt.

Í 3. mgr. er kveðið á um að Siglingastofnun Íslands ákveði mönnun farþegaskipa og flutningaskipa og er það í samræmi við 1. gr. laga nr. 74/1998 sem kveður á um breytingar í þessa átt á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, hvað farþegaskip varðar. Miðað er við að Siglingastofnun Íslands gefi út öryggismönnunarskírteini fyrir hvert farþegaskip og flutningaskip þar sem kveðið er á um lágmarksmönnun, samsetningu áhafnar og skírteini fyrir einstakar stöður.

Um 13. gr.

Með þessari grein er kveðið á um að sérstakt skírteini þurfi til að gegna starfi skipstjórnarmanns eða vélstjórnarmanns eða öðrum störfum á fiskiskipum. Um skilyrði slíkra réttinda, þ.m.t. um menntun og þjálfun, siglingatíma og heilbrigðiskröfur, verður nánar fjallað í reglugerð.

Um 14. gr.

Með greininni eru gerðar nokkrar breytingar frá því sem nú gildir um fjölda skipstjórnarmanna á fiskiskipum, sbr. 3. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum. Þessar breytingar eru fólgnar í eftirfarandi:

a. Viðmiðun atvinnuskírteina er breytt í brúttótonn í stað brúttórúmlesta.
b. Skv. 7. gr. laga nr. 112/1984 hefur sá sem lokið hefur prófum í sjómanna- og skipstjórnarfræðum frá viðurkenndum skóla í samræmi við reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur öðlast réttindi sem skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi sem er 30 rúmlestir eða minna. Skráð fiskiskip 30 rúmlestir og minni eru 1628. Með frumvarpinu er lagt til að í stað 30 rúmlesta verði miðað við 50 brúttótonn. Fjöldi fiskiskipa 50 brúttótonn og minni er 1652. Gera má því ráð fyrir að þeir sem þegar hafa aflað sér 30 brl. réttinda öðlist réttindi á um 25 fleiri fiskiskip.
c. Lagt er til að á skipum 50 brúttótonn og minni sé ekki skylt að stýrimaður sé í áhöfn skips ef útivera slíks skips fer ekki fram úr 36 klst. á tímabilinu frá 1. apríl til 30. september, en 24 klst. þess utan. Breytingar frá gildandi lögum felast í því að nú er miðað 50 brúttótonn og minna í stað 20 rúmlesta og minna áður sem skilyrði þessi að stýrimaður þurfi ekki að vera um borð ef útivera skips fer ekki fram úr tilgreindu marki. Fjöldi fiskiskipa 50 brúttótonn og minni er 1652 og fjöldi skipa 20 rúmlestir og minni er 1571 og má því gera ráð fyrir að þessi heimild taki nú til allt að 80 fleiri skipa, verði frumvarpið að lögum.
d. Með frumvarpinu er lagt til að gerð verði krafa um tvo stýrimenn á fiskiskipum sem eru 700 brúttótonn og stærri. Samkvæmt gildandi lögum er gerð krafa um tvo stýrimenn á fiskiskipum stærri en 301 rúmlest, sbr. 4. gr. laga nr. 112/1984, með síðari breytingum. Þegar frumvarpið var lagt fram á síðasta þingi var lagt til að miðað yrði við 500 brúttótonn í þessu efni, en sú tillaga byggðist á því að krafa um 2. stýrimann tæki til sama fjölda skipa og þegar miðað er við 301 rúmlest. Lagt er til að ekki verði gerð krafa um tvo stýrimenn fyrr en fiskiskip er orðið 700 brúttótonn. 39 fiskiskip mælast á bilinu 500–700 brúttótonn.

Með 2. mgr. 14. gr. frumvarpsins er Siglingastofnun veitt heimild til þess að ákveða frávik frá ákvæðum greinarinnar hvort sem er til fjölgunar eða fækkunar á skipstjórnarmönnum ef tilefni gefst til að mati stofnunarinnar, svo sem vegna tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips. Siglingastofnun er jafnframt heimilt að heimila tímabundna mönnun skips til reynslu með skilyrðum sem stofnunin setur. Slíkur reynslutími skal þó aldrei vera lengri en 6 mánuðir í senn. Þetta ákvæði er sambærilegt við gildandi ákvæði 19. gr. laga nr. 112/1984, með síðari breytingum, að öðru leyti en því að Siglingastofnun Íslands hefur tekið við hlutverki sérstakrar mönnunarnefndar.

Í Danmörku er kveðið á um í lögum um mönnun skipa nr. 15/1997 að á fiskiskipum 20–500 brúttótonn skuli vera skipstjóri og stýrimaður. Fyrir fiskiskip stærri en 500 brúttótonn er mönnun ákveðin af Siglingastofnun. Í slíkum tilvikum þarf eigandi fiskiskips að leggja inn umsókn til Siglingastofnunar um mönnun þess og gera tillögu um mönnunina. Umsóknin er síðan send til umsagnar viðeigandi samtaka sjómanna og skipaeigenda og gefinn mánaðar-

frestur til svara. Á grundvelli þessara umsagna er fjöldi skipstjórnarmanna ákveðinn af Siglingastofnun. Þeirri ákvörðun má skjóta til mönnunarnefndar sem skipuð er fulltrúum frá samtökum skipaeigenda og sjómanna og er ákvörðun hennar endanleg á stjórnsýslustigi. Í framkvæmd hefur verið miðað við að þegar fiskiskip er minna en 3000 brúttótonn þurfi að vera á því skipstjóri með skírteini sem „Fiskeskipper af 1. grad“ og einn eða tveir stýrimenn með skírteini sem „Styrmand af 1. grad i fiskeskibe“.

Í Noregi eru ekki ákvæði í lögum sem kveða á um lágmarksfjölda skipstjórnarmanna á fiskiskipum, utan þess að kveðið er á um að ef fiskiskip ætli að vera á veiðum lengur en 12 klst. skuli tveir skipstjórnarmenn vera um borð, þ.e. skipstjóri og yfirstýrimaður.

Í Færeyjum er gerð krafa um að á fiskiskipum innan fiskveiðilögsögunnar séu skipstjóri og stýrimaður ef skipið er minna en 800 brúttótonn, en skipstjóri og tveir stýrimenn ef skipið er stærra en 800 brúttótonn. Á fiskiskipum utan lögsögunnar er miðað við að á skipum 100–800 brúttótonn séu skipstjóri og stýrimaður, en skipstjóri og tveir stýrimenn ef skipið er stærra en 800 brúttótonn.

Um 15. gr.

Þegar frumvarp til laga um áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta var til umræðu í samgöngunefnd Alþingis í vor lagði nefndin áherslu á í áliti sínu að atvinnuréttindalög nr. 112/1984 og 113/1984 yrðu tekin til heildarendurskoðunar með það að markmiði að setja heildarlöggjöf um áhafnir allra íslenskra skipa. Jafnframt lagði nefndin áherslu á að réttindi til vélstjórnar yrðu skoðuð sérstaklega með hliðsjón af nýrri tækni í vélarrúmi skipa og því að hvaða leyti hún geti haft áhrif á mönnun skipa og lengd náms vélstjóra. Mæltist nefndin til að þeirri vinnu yrði hraðað og lagt yrði fram frumvarp í upphafi næsta þings á grundvelli hennar.

Með greininni eru gerðar nokkrar breytingar sem nú gilda um lágmarksfjölda vélstjóra á fiskiskipum, sbr. 2. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984. Þessar breytingar eru fólgnar í eftirfarandi:

a. Samkvæmt gildandi lögum hefur sá sem lokið hefur námskeiði í vélgæslu, sem haldið er á vegum vélskóla samkvæmt reglugerð sem menntamálaráðherra setur, rétt til að vera vélgæslumaður á skipi að 20 rúmlestum með aðalvél minni en 221 kW. Skráð fiskiskip minni en 20 rúmlestir og með aðalvél minni en 221 kW eru 1496. Með frumvarpi þessu er miðað við að starfsheitin vélgæslumaður og vélavörður verði lögð niður og tekið verði upp starfsheitið vélstjóri á skipum með aðalvél minni en 375 kW. Miðað er við að í reglugerð, sbr. 3. gr. frumvarpsins, verði nánar kveðið á um lengd og efni námskeiðs til að öðlast slík réttindi. Gert er ráð fyrir að þeir sem þegar hafa aflað sér réttinda til að gegna starfi vélgæslumanns eða vélavarðar fái réttindi til að gegna starfi vélstjóra á skipum með aðalvél minni en 375 kW en þeir sem hefja nám eftir gildistöku laganna falla undir breytta tilhögun námskeiðsins.
b. Í greininni er kveðið á um að á skipi með 75–375 kW vél megi vélstjóri vera hinn sami og skipstjóri á skipum 50 brúttótonn og minni, enda eini réttindamaðurinn í áhöfn og útivera skemmri en 24 klst., nema á tímabilinu frá 1. apríl til 30. september þegar útivera má vera allt að 36 klst. Breytingar frá gildandi lögum felast í því að samkvæmt frumvarpinu er miðað 375 kW sem hámarksvélarstærð skips í stað 220 kW samkvæmt gildandi lögum og frumvarpið miðar við 50 brúttótonn og minna í stað skipa minni en 20 rúmlestir samkvæmt gildandi lögum sem skilyrði þessi að skipstjóri gegni jafnframt vélstjórnarstörfum um borð. Fjöldi fiskiskipa 50 brúttótonn og minni og með aðalvél minni en 375 kW á skipaskrá er 1622, en fjöldi fiskiskipa minni en 20 rúmlestir og með aðal-

vél minni en 220 kW á skipaskrá er 1496. Miðað við fjölda fiskiskipa skráðra á skipaskrá má gera ráð fyrir að þessi heimild taki nú til allt að 125 fleiri skipa verði frumvarpið að lögum. – Þá er það nýmæli að ekki sé skylt að vélstjóri sé í áhöfn skips ef hægt er að stjórna vél úr stýrishúsi og gerður hefur verið þjónustusamningur við þjónustuaðila um viðhald vélar skipsins og sá samningur er staðfestur af Siglingastofnun Íslands.

c. Samkvæmt gildandi lögum hefur sá sem lokið hefur 1. stigi vélskóla rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með aðalvél minni en 375 kW. Skráð fiskiskip með aðalvél 75–375 kW eru 938. Með frumvarpi þessu er miðað við að starfsheitið vélavörður verði lagt niður og tekið verði upp starfsheitið vélstjóri á skipum með aðalvél minni en 750 kW. Miðað er við að í reglugerð verði nánar kveðið á um lengd og efni náms til að öðlast slík réttindi. Gert er ráð fyrir að þeir sem þegar hafa aflað sér réttinda til að gegna starfi yfirvélstjóra á skipi með aðalvél minni en 375 kW fái réttindi til að gegna starfi vélstjóra á skipum með aðalvél minni en 750 kW en þeir sem hefja nám eftir gildistöku laganna falla undir breytta tilhögun námskeiðsins. Skráð fiskiskip með aðalvél minni en 750 kW eru 1091.

d. Með frumvarpinu er lagt til að fjöldi vélstjórnarmanna á skipum með 751–1500 kW aðalvél verði tveir, þ.e. yfirvélstjóri og 1. vélstjóri. Það eru sömu kröfur og gerðar eru samkvæmt gildandi lögum, sbr. d-lið 2. gr. laga nr. 113/1984, með síðari breytingum. Á skipaskrá eru 60 fiskiskip með aðalvél í þessum stærðarflokki.

e. Með frumvarpinu er lagt til að fjöldi vélstjórnarmanna á skipum með 1501–3000 kW aðalvél verði tveir, þ.e. yfirvélstjóri og 1. vélstjóri. Samkvæmt gildandi lögum er auk þessa tveggja vélstjórnarmanna gerð krafa um vélavörð eða aðstoðarmann í vél á skipum með aðalvél 1501–1800 kW. Með frumvarpinu er lagt til að ekki verði lengur gerð krafa um vélavörð eða aðstoðarmann á fiskiskipum í þeim stærðarflokki, en þau eru 24 á skipaskrá. Á fiskiskipum með aðalvél stærri en 1800 kW er samkvæmt gildandi lögum auk þessara tveggja vélstjórnarmanna gerð krafa um 2. vélstjóra. Með frumvarpinu er lagt til að ekki verði lengur gerð krafa um 2. vélstjóra á fiskiskipum með aðalvél 1800–3000 kW en þau eru 43 á skipaskrá. Samkvæmt upplýsingum frá undanþágunefnd hefur á tímabilinu frá 1. janúar 2000 til 30. nóvember 2000 verið sótt um undanþágu til að gegna starfi 2. vélstjóra á 28 fiskiskipum í þessum flokki.

f. Með frumvarpinu er lagt til að fjöldi vélstjórnarmanna á fiskiskipum með 3001 kW aðalvél og stærri verði þrír, þ.e. yfirvélstjóri, 1. og 2. vélstjóri. Það eru sömu kröfur og gerðar eru samkvæmt gildandi lögum, sbr. f-lið 2. gr. laga nr. 113/1984, með síðari breytingum. Á skipaskrá eru 9 fiskiskip með aðalvél í þessum stærðarflokki. Samkvæmt upplýsingum frá undanþágunefnd hefur á tímabilinu frá 1. janúar 2000 til 30. nóvember verið sótt um undanþágu til að gegna störfum 2. vélstjóra á 8 fiskiskipum í þessum flokki.

Með 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins er Siglingastofnun Íslands veitt heimild til þess að ákveða frávik frá ákvæðum greinarinnar hvort sem er til fjölgunar eða fækkunar á vélstjórnarmönnum ef tilefni gefst til að mati stofnunarinnar, svo sem vegna tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips. Siglingastofnun er jafnframt heimilt að heimila tímabundna mönnun skips til reynslu með skilyrðum sem stofnunin setur. Slíkur reynslutími skal þó aldrei vera lengri en 6 mánuðir í senn. Þetta ákvæði er sambærilegt við gildandi ákvæði 6. gr. laga nr. 113/1984, með síðari breytingum, að öðru leyti en því að Siglingastofnun Íslands hefur tekið við hlutverki sérstakrar mönnunarnefndar.

Í Danmörku er kveðið á um í lögum um mönnun skipa nr. 15/1997 að á fiskiskipum í strandsiglingum stærri en 20 brúttótonn, með aðalvél 100–750 kW, og þegar hægt er að stjórna vél úr stýrishúsi skuli vera einn vélavörður (duelighedsbevis i motorpasning), en tveir

vélaverðir utan strandsiglinga. Fyrir önnur fiskiskip stærri en 20 brúttótonn og með aðalvél stærri en 100 kW er mönnun vélstjórnarmanna ákveðin af Siglingastofnun. Í slíkum tilvikum þarf eigandi fiskiskips að leggja fram umsókn til Siglingastofnunar um mönnun þess og gera tillögu um mönnunina. Umsóknin er síðan send til umsagnar viðeigandi samtaka sjómanna og skipaeigenda og gefinn mánaðarfrestur til svara. Á grundvelli þessara umsagna er mönnun vélstjórnarmanna ákveðin af Siglingastofnun. Þeirri ákvörðun má skjóta til mönnunarnefndar sem skipuð er fulltrúum frá samtökum skipaeigenda og sjómanna og er ákvörðun hennar endanleg á stjórnsýslustigi.

Í Færeyjum eru gerðar eftirfarandi kröfur um lágmarksfjölda vélstjórnarmanna á fiskiskipum:

1. 100–449 kW: einn vélstjórnarmaður með „duelighedsbevis i motorpasning“ (160 klst. nám og siglingatími).
2. 450–749 kW: einn vélstjórnarmaður með „motorpasser“ (5 mánaða námskeið og siglingatími).
3. 750–1499 kW: yfirvélstjóri, sem uppfyllir kröfu STCW–III/3, og 2. vélstjóri sem uppfyllir kröfu STCW–III/3.
4. 1500–3000 kW: sama og skv. 3. tölul., en þar að auki einn vélstjórnarmaður sem er „skibsmaskinist af 1. grad i nærfart“.
5. Yfir 3000 kW: yfirvélstjóri, sem uppfyllir kröfu STCW–III/2, 2. vélstjóri sem uppfyllir kröfu STCW–III/2 og einn vélstjórnarmaður sem uppfyllir kröfu STCW–III/1.

Um 16. gr.

Með þessari grein er kveðið á um að sérstakt skírteini þurfi til að gegna starfi skipstjórnarmanns eða vélstjórnarmanns í íslenskum varðskipum. Um skilyrði slíkra réttinda, þ.m.t. um menntun og þjálfun, siglingatíma og heilbrigðiskröfur, verður nánar fjallað í reglugerð.

Um fjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á varðskipum er ákvæði í 4. gr. laga nr. 112/1984, með síðari breytingum, og 2. gr. laga nr. 113/1984, með síðari breytingum. Með frumvarpi þessu er lagt til að á hverju varðskipi skuli vera skipherra og yfirvélstjóri. Fjöldi stýrimanna miðast við 900 brúttótonn í stað 400 rúmlesta samkvæmt gildandi lögum. Flest varðskipanna eru stærri en 900 brúttótonn og þurfa því þrjá stýrimenn og vélar þeirra eru stærri en 3000 kW og þurfa því þrjá vélstjórnarmenn um borð, sbr. 15. gr. frumvarpsins.

Um 17. gr.

Hér er fjallað um skemmtibáta, en skv. 2. gr. frumvarpsins er skemmtibátur hvert það skip sem ekki er notað í atvinnuskyni og ætlað er til skemmtisiglinga óháð þeirri orku sem knýr skipið. Skv. 1. gr. frumvarpsins tekur það aðeins til skemmtibáta sem skráðir eru á skipaskrá. Samkvæmt lögum um skráningu skipa á að skrá skip á skipaskrá sem eru 6 metrar á lengd eða lengri, mælt milli stafna. Núna eru á íslenskri skipaskrá um 230 skemmtibátar og eru flestir þeirra um 5–30 brúttótonn. Þetta er í fyrsta sinn sem fjallað er sérstaklega um skemmtibáta í lögum og krafist skírteinis til að stjórna slíkum skipum. Erlendis hafa í mörg ár gilt ítarleg ákvæði um menntun og þjálfun þeirra sem stjórna skemmtibátum. Margir þeirra sem eiga skemmtibát hafa hins vegar aflað sér menntunar á þessu sviði.

Það krefst kunnáttu og þekkingar að stjórna skemmtibáti eins og öðrum bátum. Því er nauðsynlegt að þeir sem stjórna slíkum bátum hafi til þess þá lágmarksþekkingu sem krafist er af öðrum sem um svæðið sigla og nauðsynleg er til að fyllsta öryggis sé gætt. Þeir þurfa að geta sannað þekkingu sína með einhverjum hætti. Stjórnendur skemmtibáta verða að kunna að haga sér í samræmi við siglingareglur á umferðarleiðum til að tryggja öryggi báts-

ins og manna um borð og annarra sem á sjó sigla. Þeir þurfa einnig að geta staðsett bátinn og komist aftur til lands þótt aðstæður séu erfiðar. Einnig verða þeir að geta brugðist rétt við hættum á neyðarstundu. Aukin hætta er á mistökum ef kunnáttan er lítil. Mistök og vanþekking getur valdið tjóni, jafnt á skemmtibátnum sjálfum sem öðrum skipum og umhverfi, auk meiðsla á fólki. Það tjón sem hlýst af mistökum eða vanþekkingu ber síðan tryggingafélag bátsins.

Með hliðsjón af þessu er eðlilegt að gerðar séu kröfur til stjórnenda skemmtibáta á sama hátt og gert er um önnur farartæki. Í reglugerð verður nánar kveðið á um þær námskröfur sem gerðar eru til þeirra sem óska eftir að fá skírteini til að stjórna skemmtibáti.

Í 23. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði 17. gr. taki gildi 1. janúar 2002. Eftir þann tíma verða allir sem sigla skemmtibátum að hafa aflað sér tilskilinnar menntunar og þjálfunar og hafa fengið útgefið skírteini sem 17. gr. gerir kröfu um.

Um 18. gr.

Með þessari grein er kveðið á um að sérstakt skírteini þurfi til að gegna starfi skipstjórnarmanns eða vélstjórnarmanns á öðrum skipum en nefnd eru sérstaklega í 11.–17. gr. frumvarpsins. Um skilyrði slíkra réttinda, þ.m.t. um menntun og þjálfun, siglingatíma og heilbrigðiskröfur, verður nánar fjallað í reglugerð. Hér getur verið um að ræða sanddæluskip, dráttarbáta, hafnsögubáta, vinnubáta og björgunarskip.

Um 19. gr.

Lagt er til að sett verði á fót úrskurðarnefnd siglingamála sem hafi endanlegt ákvörðunarvald á stjórnsýslustigi. Verði unnt að skjóta til hennar ákvörðunum Siglingastofnunar Íslands samkvæmt lögunum, svo sem um útgáfu skírteina, áritana, veitingu undanþágna og mönnun skipa. Verði nefndin skipuð þremur sérfróðum mönnum. Miðað er við að niðurstöður nefndarinnar geti legið fyrir svo fljótt sem unnt er, enda oft um mikilsverða hagsmuni að ræða.

Um 20. gr.

Hér er kveðið á um að Siglingastofnun Íslands sé heimilt að taka gjöld fyrir veitta þjónustu samkvæmt lögunum til að standa undir beinum kostnaði stofnunarinnar. Lagt er til að þau verði ákveðin í gjaldskrá Siglingastofnunar Íslands.

Um 21. gr.

Grein þessi þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 22. gr.

Miðað er við að samgönguráðherra setji nánari reglur um útfærslu laganna. Reglugerðin verður samin í nánu samráði við menntamálaráðuneytið sem fer með gerð námskrár fyrir sjómannaskóla, sbr. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerðir samkvæmt lögum um framhaldsskóla sem fjalla um námskrár, skipulag og lengd náms.

Um 23. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að frumvarp þetta, verði það að lögum, taki þegar gildi. Hins vegar er lagt til að ákvæði 17. gr. um skemmtibáta taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 2002. Er það gert til að gefa viðkomandi aðilum tiltekið svigrúm til að afla sér þeirrar menntunar, þjálfunar og skírteinis sem 17. gr. gerir kröfu um.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Til að bæta menntun og þjálfun áhafna farþegaskipa og til að auka hæfni þeirra við að bregðast rétt við á neyðarstundu er lagt til að allir sem starfa á farþegaskipum skuli fyrir 1. júní 2002 sækja námskeið um farþegaflutninga með skipum og stjórnun mannfjölda á neyðarstundu. Eftir þann tíma verður það skilyrði fyrir útgáfu skírteina til að gegna störfum á farþegaskipum að viðkomandi hafi sótt slíkt námskeið.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um áhafnir íslenskra skipa.

Tilgangur frumvarpsins er að aðlaga íslenska löggjöf að alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna skipa frá 1978 (STCW) sem tekur til áhafna flutninga- og farþegaskipa. Jafnframt tekur frumvarpið til sömu atriða hjá sjómönnum á fiskiskipum (STCW-F). Frumvarpið er lagt fram í framhaldi af þrennum lögum sem falla niður verði frumvarpið óbreytt að lögum. Lög þessi eru lög nr. 112/1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, lög nr. 113/1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, og lög nr. 59/1995, um áhafnir íslenskra kaupskipa.

Samkvæmt núgildandi lögum eru að störfum þrjár nefndir sem ekki er gert ráð fyrir að starfi áfram heldur verði verkefni þeirra flutt til Siglingastofnunar Íslands. Þær eru: mönnunarnefnd fiskiskipa, mönnunarnefnd flutningaskipa og nefnd sem veitir undanþágur frá atvinnuréttindindum vélstjóra og skipstjórnarmanna. Árlegur kostnaður af þessum nefndum er 1,5–1,8 m.kr. á ári og lækka útgjöld samgönguráðuneytis sem því nemur. Siglingastofnun er einnig ætlað í samvinnu við menntamálaráðuneytið að fylgjast með að menntun sjómanna uppfylli kröfur STCW-samningsins og að lokum munu starfsmenn stofnunarinnar taka þátt í gerð námskráa um menntun sjómanna. Að öllu meðtöldu er áætlaður kostnaður Siglingastofnunar vegna aukinna verkefna 4–5 m.kr.

Í frumvarpinu er jafnframt gert ráð fyrir að sett verði á laggirnar úrskurðarnefnd siglingamála, skipuð þremur mönnum, til þess að fjalla um kærur sem kunna að rísa vegna ákvarðana Siglingastofnunar. Gert er ráð fyrir að árlegur kostnaður af henni verði 0,7 m.kr. á ári miðað við reglubundna starfsemi.

Áætlaður kostnaður ríkissjóðs af frumvarpinu er því um 5 m.kr. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2001 hefur verið gert ráð fyrir þessari útgjaldaaukningu hjá Siglingastofnun með fyrirvara um að frumvarpið verði að lögum.

497. Frumvarp til laga [349. mál]

um rétt íslensks ríkisborgara til fiskveiða á eigin bát minni en 30 brl.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

Um rétt íslensks ríkisborgara til fiskveiða á eigin bát minni en 30 brl.

Íslenskur ríkisborgari má stunda fiskveiðar í atvinnuskyni á eigin skipi að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Hann skal hafa atvinnuréttindi sem skipstjóri á fiskiskipi og hafa stundað fiskveiðar sem aðalstarf í a.m.k. fimm ár eftir 15 ára aldur. Námstími við réttindanám í sjómannaskólum jafngildir starfi.
2. Skipið skal hafa fullgilt haffærisvottorð og almennt veiðileyfi útgefið af Fiskistofu.

Á hverju fiskveiðiári á sami maður rétt til 30 sóknardaga einu sinni á sama fiskiskip. Þótt skipið sé selt skapast ekki nýr veiðiréttur á sama fiskveiðiári. Sóknardagar teljast í klukkustundum, samtals 720 klst. Stunda má þessar veiðar á tímabilinu 15. mars til 15. nóvember ár hvert með tveimur sjálfvirkum handfæravindum.

Allar veiðar sjávardýra sem ekki eru takmarkaðar eru þeim frjálsar sem fengið hafa útgefið almennt veiðileyfi.

2. gr.

Um rétt manna til að gera fiskveiðar að heilsársstarfi.

Allir sem haldið hafa úti eigin fari til fiskveiða eftir almennu 30 sóknardaga veiðileyfi með handfærum í þrjú ár og nýtt $^2/_3$ daganna, samtals 480 klst., ár hvert og hafa haft meira en 70% tekna sinna af sjómennsku, þar með taldar lífeyristekjur sjómanna, eiga eftir það rétt til að stunda handfæraveiðar í 50 daga. Við annan mann ráðinn heimilast þrjár sjálfvirkar handfæravindur alls. Þeir sem verið hafa í dagakerfi eða gert út bát undir 30 brl. sl. ár eiga rétt til 70 veiðidaga strax með þremur sjálfvirkum handfæravindum eða fjórum á tvo menn eða fimm á þrjá menn. Sama rétt eiga sjómenn með 25 ára starfsreynslu af sjómennsku að uppfylltum skilyrðum laga um atvinnuréttindi til skipstjórnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í mörg ár hafa staðið deilur um að fiskveiðiauðlindin hafi verið færð á eignarhönd fárra, þeirra sem voru hér í útgerð á ákveðnu tímabili og stunduðu fiskveiðar. Þannig má segja að rétturinn til fiskveiða hafi verið lokaður og aðeins verið hægt fyrir duglega fiskimenn að gerast leiguliðar annarra sem réttindin til fiskveiða fengu eða kaupa hann af þeim sem selja vildi. Lengst af hefur sá aðgangur verið seldur á okurverði og allt gert af útgerðarmanna hálfu til þess að halda við því okurverði. Þannig hafa verið sýnd verðmæti sem bankar og fjárfestar hafa lánað út á eða fjárfest í.

Hver sú atvinnugrein sem um langan tíma er lokuð nýliðum ber aðeins í sér feigð. Þeir sem hafa kjark og dug til þess að sýna getu sína verða að fá að komast að. Þeim einstaklingum sem hæfileika hafa til fiskveiða og útgerðar er með þessu frumvarpi opnuð leið til þess að sýna hæfni sína og jafnframt er 25 ára starfsreynsla ávísun á fiskveiðirétt. Rétt er að ítreka

að þessi einstaklingsréttur er ekki söluvara, gefur aðeins arð svo framarlega sem viðkomandi stundar fiskveiðar. Það er skoðun flutningsmanns að það væri mikið gæfuspor að opna nýliðum leið inn í þann lokaða sérhagsmunaklúbb sem útgerðin er orðin.

Þeir sem safnað hafa til sín miklum fiskveiðikvótum frá hverri sjávarbyggðinni á fætur annarri hafa valdið fólki þar miklum búsifjum. Ýmsir mega vissulega horfast í augu við það að veiðiréttur sá sem þeir hafa hrifsað til sín verður smátt og smátt færður aftur til þeirra sem hafa sjálfir kraft til þess að sýna hæfni sína til fiskveiða.

Að stórum hluta hefur uppsöfnun kvótans verið greidd af þjóðinni með kaupum á uppsöfnuðu tapi, en ekki þeim sem nú eru fyrir veiðiréttindunum skráðir.

Það er vissulega kominn tími til þess að snúa frá einstefnuþróun stórrekstrar í fiskveiðum og setja einstaklingsframtak og frelsi á ný í öndvegi.

498. Breytingartillögur [197. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Margréti Frímannsdóttur, Ögmundi Jónassyni og Jóhanni Ársælssyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „sjö“ í 1. efnismgr. b-liðar komi: 18.
2. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. A-liðar 69. gr. laganna skulu barnabætur greiddar með öllum börnum yngri en 16 ára árin 2001 og 2002.

499. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um landmælingar og kortagerð, nr. 95/1997, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Magnús Jóhannesson, Sigríði Auði Arnardóttur og Ingimar Sigurðsson frá umhverfisráðuneytinu, Magnús Guðmundsson frá Landmælingum Íslands og Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá LÍSU, samtökum um landupplýsingar á Íslandi fyrir alla.

Einnig ákvað nefndin að notast við umsagnir frá 125. löggjafarþingi en þá bárust umsagnir frá Landmælingum Íslands, Landsvirkjun, Landgræðslu ríkisins, Arkitektafélagi Íslands, Landmati, raunvísindadeild Háskóla Íslands, Náttúruverndarráði, Skipulagsstofnun, Fasteignamati ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að þriggja manna stjórn Landmælinga Íslands verði lögð niður. Er sú breyting í samræmi við stefnu umhverfisráðuneytisins um að forstjórum stofnana, sem heyra undir ráðuneytið, verði falin sú ábyrgð sem stjórnir viðkomandi stofnana höfðu áður.

Þá er að finna nýmæli um verkefni Landmælinga Íslands. Í fyrsta lagi er lagt til að eitt af verkefnum hennar verði fjarkönnun sem felst í öflun, úrvinnslu og miðlun gagna á sviði loft- og gervitunglamynda. Verkefnið fékk fjárveitingu í fjárlögum fyrir árið 2000 og er það nú þegar hafið. Í öðru lagi er lagt til að Landmælingar Íslands annist skráningu og miðlun upplýsinga um landfræðileg gagnasöfn af Íslandi sem séu í eign íslenska ríkisins. Er það skilningur meiri hluta nefndarinnar að ekki sé ætlunin að Landmælingar Íslands taki yfir þau gögn sem nú þegar er að finna hjá öðrum aðilum heldur skuli stofnunin eingöngu halda utan um gagnagrunn þessara upplýsinga. Þá er Landmælingum Íslands falið að miðla upplýsingum um örnefni í samráði við Örnefnastofnun Íslands en áður var eingöngu kveðið á um kortlagningu stofnunarinnar á þessum upplýsingum. Einnig er lagt til að ráðherra setji reglugerð um vottun þeirra mælingamanna sem sjá eiga um mælingar eignamarka landa og lóða til að tryggja að þeir uppfylli ákveðnar hæfniskröfur, auk ákvæða um réttindi þeirra og skyldur. Þá skal kveðið á um í reglugerðinni að Landmælingar Íslands fari með eftirlit með vottuninni og störfum mælingamannanna í umboði ráðherra. Loks eru fjármögnunarheimildir Landmælinga Íslands gerðar skýrari og lagðar til breytingar í þeim efnum til að styrkja starfsemi stofnunarinnar.

Nefndinni bárust ábendingar um gjaldskrá Landmælinga Íslands. Telur meiri hluti nefndarinnar ljóst að verðlagning Landmælinga Íslands vegna gagna sem lúta höfundarétti ríkisins þarf að vera sanngjörn og í samræmi við markaðinn svo að viðskiptavinir stofnunarinnar geti nýtt sér þjónustu hennar.

Að lokum bendir meiri hlutinn á að þörf er á heildrænni stefnu vegna aðgangs almennings að upplýsingum í eigu ríkisins þar sem hugað verði að því hvort rétt sé að taka gjöld vegna slíks eða almenningur eigi rétt á ótakmörkuðum aðgangi sér að kostnaðarlausu.

Leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 12. des. 2000.

Ólafur Örn Haraldsson, form.	Kristján Pálsson, frsm.	Ásta Möller.
Katrín Fjeldsted.	Gunnar Birgisson.	Jónas Hallgrímsson.

Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.

500. Nefndarálit [317. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um málefni aldraðra, nr. 125/1999.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Ólaf Ólafsson, fyrrverandi landlækni, Benedikt Davíðsson frá Landssambandi eldri borgara og Rannveigu Sigurðardóttur frá ASÍ.

Í frumvarpinu er kveðið á um hækkun á gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra. Samkvæmt athugasemdum við frumvarpið hefur gjaldið ekki breyst frá 1. janúar 1997 og er sú hækkun

sem lögð er til í frumvarpinu miðuð við hækkun vísitölu byggingarkostnaðar frá árinu 1997. Í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 125/1999 segir að gjald þetta skuli koma til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert og telur meiri hlutinn að hækkunin sé í samræmi við ákvæðið og að rétt sé að miða hana við hækkun vísitölu byggingarkostnaðar eins og gert er í frumvarpinu.

Fyrir liggur að stórum hluta sjóðsins hefur verið varið til rekstrar í stað uppbyggingar eins og upphaflega var gert ráð fyrir. Meiri hlutinn leggur áherslu á að viðbótarfé það sem innheimtist, verði frumvarpið að lögum, renni til uppbyggingar enda má ætla af athugasemdum við frumvarpið að slíkt sé ætlunin. Þar kemur fram að á höfuðborgarsvæðinu bíði um 560 manns eftir vistrými og þar af séu um 230 manns í mjög brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými. Meiri hlutinn telur brýnt að hraða uppbyggingu til að mæta þeirri þörf sem fyrir er.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Jón Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Þuríður Backman skrifar undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 11. des. 2000.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Katrín Fjeldsted.
Ásta Möller.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Þuríður Backman, með fyrirvara.

501. Svar [323. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Arnbjargar Sveinsdóttur um rannsóknir á sviði ferðaþjónustu.

1. *Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar á sviði ferðaþjónustu á vegum háskóla- og rannsóknastofnana?*

Ferðamálasetur Íslands.

Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri starfrækja sameiginlega Ferðamálasetur Íslands á Akureyri. Ferðamálasetrið er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum.

Markmið Ferðamálaseturs Íslands eru:

a. að efla og samhæfa rannsóknir í ferðamálum á Íslandi;
b. að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði ferðamála;
c. að gefa út fræðirit og kynna niðurstöður rannsókna í ferðamálafræðum;
d. að veita upplýsingar og ráðgjöf í ferðamálafræðum;
e. að gangast fyrir námskeiðum, ráðstefnum og fyrirlestrum í ferðamálafræðum.

Í stjórn Ferðamálaseturs Íslands sitja tveir fulltrúar hvors háskóla auk fulltrúa Ferðamálaráðs, Samtaka ferðaþjónustunnar og Hólaskóla.

Nám í ferðamálafræði á háskólastigi.

Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri bjóða upp á nám í ferðamálafræðum á háskólastigi.

Árið 1998 hófst nám í ferðamálafræðum í raunvísindadeild innan jarð- og landfræðiskorar. Um er að ræða hagnýtt 45 eininga nám sem endar með diplóma. Í undirbúningi er nám í ferðamálafræðum til B.Sc.-gráðu. Einnig er hægt að velja ferðamálafræði sem aukagrein með allmörgum öðrum greinum, utan sem innan raunvísindadeildar.

Háskólinn á Akureyri býður einnig upp á nám á ferðaþjónustusviði við rekstrarbraut og var kennt í fyrsta sinn við deildina háskólaárið 1998–1999. Um að ræða þriggja ára nám til B.Sc.-gráðu. Samstarf er við Hólaskóla og einnig verður samstarf við fyrirtæki í atvinnugreininni um framkvæmd námsins.

Þar sem ferðamálafræðin er ný grein á háskólastigi er verið að byggja upp rannsóknir innan skólanna. Þrátt fyrir að hér sé um að ræða mjög unga námsgrein á háskólastigi er nú þegar unnið að mörgum áhugaverðum verkefnum innan beggja skólanna. Oft er um samvinnuverkefni að ræða með stofnunum eða öðrum aðilum utan skólanna. Eftirfarandi eru dæmi um verkefni á sviði ferðaþjónustu sem verið er að vinna að eða er nýlokið. Nokkur verkefni eru í undirbúningi.

Rannsóknarverkefni háskólastofnana.

Þolmörk ferðamennsku á Íslandi (2000).

Sumarið 2000 verða eftirfarandi þrjú rannsóknarsvæði athuguð: Landmannalaugar, Skaftafell og Lónsöræfi. Undirbúningur rannsóknarinnar hófst með hönnun spurningalista og viðtölum við ferðamenn. Einnig voru skoðuð gróðurkort og loftmyndir af svæðinu til að velja göngustíga og gróðurlendi sem henta til rannsókna. Síðan hefst úrvinnsla og niðurstöður skoðaðar með hliðsjón af kenningum í ferðamálafræðum og vistfræði. Jaðvegssýni verða meðhöndluð og efnagreind á tilraunastofu. Niðurstöður þessara þátta verða fluttar í landfræðilegan gagnagrunn þar sem hægt er að skoða staðbundið samspil þeirra þátta sem hafa áhrif á þolmörk ferðamennsku. (Verkefnið er unnið á vegum Háskóla Íslands.)

„Coping strategies and regional policies – Social capital in the Nordic countries" (2000–2001).

Rannsóknarverkefni er í undirbúningi um atvinnulíf á landsbyggðinni sem tengist ferðaþjónustu. Verkefnið nefnist „Coping strategies and regional policies – Social capital in the Nordic countries" og er fjármagnað af norrænu byggðarannsóknastofnuninni Nordregio. Rannsakað verður með ítarlegum athugunum á tilteknum dæmum hvernig fyrirtæki, frumkvöðlar, ríkisvald, stofnanir og sveitarfélög geta best unnið saman til þess að efla nýsköpun. Á Íslandi verða meðal annars tekin dæmi úr ferðaþjónustunni. Um er að ræða þverfaglegt verkefni sem landfræðingar og mannfræðingar eiga hlut að. (Verkefnið er unnið á vegum Háskóla Íslands.)

Hagsmunir tengdir ferðamennsku norðan Vatnajökuls (1999–2000).

Hér er um að ræða tvær meginspurningar, annars vegar hverjir eru hagsmunir ferðamennsku á hálendinu norðan Vatnajökuls og hins vegar hvort hagsmunir ferðamennsku fari saman við hagsmuni náttúruverndar og virkjana. Vegna þess að nokkuð skortir á að rannsóknir hafi verið unnar sem varpa skýru ljósi á þetta álitamál er farin sú leið að greina frá því sem rannsakað hefur verið hérlendis og þeim hugmyndum sem erlendir fræðimenn hafa sett fram og gætu gagnast umfjöllun um þetta efni. Greint er frá aðferðum sem hægt væri að beita við mat á hagsmunum ferðamennsku, taldir eru upp helstu kostir sem í stöðunni eru og óvissuþættir hvers þeirra. Í framhaldi af því eru settar fram rannsóknartillögur. (Háskóli Íslands fyrir Ferðamálaráð Íslands.)

Ferðaþjónusta í byggðarlögum við sjávarsíðuna (2000).
Greining á styrkleikum, veikleikum, tækifærum og ógnunum (SVÓT) ferðaþjónustu í sjávarbyggðum á Íslandi. Unnið fyrir þróunarsvið Byggðastofnunar sem hluti umfangsmeiri úttektar á stöðu sjávarbyggðanna. (Háskóli Íslands fyrir þróunarsvið Byggðastofnunar).

„Ósnortin víðerni", ferðamennska og miðhálendi Íslands (2000).
Landfræðingar við Háskóla Íslands hafa að undanförnu skoðað þýðingu „ósnortinna víðerna" fyrir ferðamennsku. Fjallað er á gagnrýninn hátt um markaðssetningu „ósnortinna víðerna" og þá hugmyndafræði sem í hugtakinu felst. (Unnið á vegum Háskóla Íslands.)

Almenningssamgöngur með áætlunarbílum á landsbyggðinni (1999).
(Háskóli Íslands, unnið fyrir samgönguráðuneytið og Vegagerðina.)

Áhrif virkjana norðan Vatnajökuls á ferðamennsku (1998).
Rannsókn á áhrifum virkjunar jökulánna norðan Vatnajökuls, þ.e. Jökulsár á Fjöllum, Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, á ferðamennsku. Fyrri hluti skýrslunnar fjallar því um áhrif virkjana á ferðamennsku almennt og þá aðferðafræði sem liggur að baki rannsóknum á efninu. Í síðari hluta skýrslunnar er skýrt frá niðurstöðum kannana sem gerðar voru á ferðamennsku á hálendinu norðan Vatnajökuls og á ferðavenjum Íslendinga. (Háskóli Íslands, unnið fyrir Landsvirkjun og iðnaðarráðuneytið.)

Visthæf ferðamennska á Norðurlöndunum (1995–1998).
Í verkefninu er fjallað um þróun visthæfrar ferðamennsku á Norðurlöndunum (Ecoturism i Norden). Ýmsar tegundir náttúruferðamennsku eru metnar út frá ákveðnum viðmiðunum sem settar hafa verið fram af alþjóðlegum stofnunum. Skoðaðar eru meðal annars hestaferðir, gönguferðir, bátabröltsferðir (river rafting) og hvalaskoðunarferðir og möguleikar þeirra metnir til þess að uppfylla ströngustu skilyrði sem gerð eru til visthæfra ferða. Unnið fyrir norrænu embættismannanefndina – Natur og friluftslivsgruppen. (Háskóli Íslands og norrænir samstarfsaðilar.)

Rannsókn á innanlandsflugi (2000).
Rannsókn fyrir flugmálastjórn á innanlandsflugi. Skilgreina leiðir og aðferðir til að byggja upp líkan af flutningum í lofti innan lands, einkum farþegaflutningum. (Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri og Ferðamálasetur Íslands fyrir Flugmálastjórn.)

Verkefni í ferðaþjónustu (1999).
Markmið verkefnisins er að styrkja rannsóknarverkefni í ferðaþjónustu við Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, m.a. að sinna skipulegum rannsóknum á sviði ferðaþjónustu, einkum því sem snýr að rekstri og rekstrarumhverfi fyrirtækja í greininni, viðhorfi ferðamanna og starfsfólks í ferðaþjónustu og afþreyingu fyrir ferðafólk. Markmiðið er að byggja upp gagnabanka um ferðaþjónustu í samvinnu við Ferðamálaráð. Stefnt er að því að gagnabanki þessi verði aðgengilegur öllum þeim sem starfa í ferðaþjónustu eða vinna að rannsóknum á því sviði. (Háskólinn á Akureyri fyrir samgönguráðuneytið.)

Byggðastefna til nýrrar aldar (1998).
Fjallað er um búsetukjör, mennta- og menningarmál, atvinnuskilyrði, samgöngu- og ferðamál, upplýsinga- og fjarskiptatækni og heilbrigðismál. Á þeim grundvelli eru mótaðar tillög-

ur um aðgerðir í byggðamálum til næstu fjögurra ára. (Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri fyrir Byggðastofnun.)

Umhverfið, ferðaþjónusta og EES (1998).

Innan Evrópusambandsins starfar sérstök ferðamáladeild. Verkefni hennar eru margvísleg, en á síðustu árum hefur starfið beinst mjög að umhverfismálum. Felst það einkum í stuðningi við evrópsk samstarfsverkefni og rannsóknir fyrirtækja, stofnana og samtaka á sviði ferðaþjónustu og umhverfismála. Einnig hafa alþjóðastofnanir á sviði ferðaþjónustu, t.d. WTO, WTTC og OECD, unnið nokkurt starf á þessu sviði. Meginmarkmið verkefnisins er að heimfæra þá miklu þekkingu sem tekin hefur verið saman af ferðamáladeild ESB og öðrum alþjóðastofnunum til eflingar umhverfisvænni ferðaþjónustu. Með þessu er atvinnugreininni gert auðveldara fyrir að nýta rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun í anda sjálfbærrar ferðaþjónustu. Tekin verður saman aðgengileg skýrsla um verkefni þessi og rannsóknir og að því hugað hvernig verkefnin gætu nýst íslenskri ferðaþjónustu. Um er að ræða umfangsmikinn gagnabrunn sem Íslendingar geta sótt í við uppbyggingu eigin ferðaþjónustu. (Unnið á vegum Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri.)

Undirbúningur fyrir stofnun fræðagarðs í Mývatnssveit (1997).

Framkvæma á tilraun við nýja útfærslu í ferðaþjónustu sem mætti kalla fræðsludægradvöl og auka fyrirgreiðslu við rannsóknarhópa. Stofnun fræðagarðs í Mývatnssveit er sprottin úr hugmyndum heimamanna um náttúruskóla fyrir vettvangskennslu skólabarna og niðurstöðum þróunarverkefnis sem er kennt við Fræðslustofuna Kríu: samvinna um fræðslu, rannsóknir og ferðaþjónustu. Rannsóknir í líffræði og jarðfræði Mývatnssveitar hafa skilað þekkingu sem vert er að nýta til að auka gildi dvalar ferðamanna á svæðinu. (Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn og Skútustaðahreppur.)

2. Hvaða rannsóknarstyrkir hafa verið veittir til rannsókna á sviði ferðaþjónustu?

Rannsóknarráð Íslands gerði úttekt á rannsóknum vegna ferðamála árið 1994 og gaf út skýrslu um niðurstöður 1995. Haft var samráð við Ferðamálaráð og aðila sem tengjast ferðamálum á Íslandi. Í skýrslunni eru gerðar tillögur um leiðir til að efla rannsóknir og þróunarstarf í þágu greinarinnar, m.a. með því að skilgreina betur markmið og inntak slíkra rannsókna. Var umfjöllun um umsóknir til sjóða Rannsóknarráðs sett í ákveðinn farveg hjá fagráðum þess. Á þeim grunni hefur stuðningur sjóða Rannsóknarráðs byggst á síðari árum. Stuðningur Rannsóknarráðs beinist að því að treysta fræðilegan og vísindalegan grunn ferðaþjónustunnar og tengja hana við vísindastarfsemina í landinu, en hún fer fram á ýmsum stöðum enda enginn einn aðili sem nær yfir þá fjölbreytni sem þar kemur til álita.

Styrkir til rannsóknarverkefna.

Eftirfarandi er yfirlit um fjölda umsókna og veittra styrkja til verkefna á tímabilinu 1994–1999.

Ár	Fjöldi umsókna	Fjöldi veittra styrkja	Upphæð
1994	7	2	1.550
1995	5	2	1.500
1996	5	2	2.000
1997	5	2	1.750
1998	4	2	2.100
1999	6	5	4.600
			Alls 13.500

Sjá meðfylgjandi lista yfir stofnanir og umsóknir þeirra í Tæknisjóð 1994–2000.

Fjölmargir aðilar styrkja rannsóknarverkefni á sviði ferðaþjónustu, svo sem Landvernd, Ferðamálaráð og önnur frjáls félagasamtök. Hér er einungis listi yfir þau verkefni sem Rannsóknarráð styrkir úr sjóðum á vegum menntamálaráðuneytisins. Jafnframt hafa íslenskir aðilar fengið styrki til samstarfsverkefna á sviði ferðaþjónustu úr sjóðum Evrópusambandsins (s.s. Leonardo da Vinci-áætluninni og rammaáætlunum ESB um rannsóknir og þróun).

Umsóknir í Tæknisjóð RANNÍS 1994–2000.
Styrkir á sviði rannsókna og þróunar í ferðaþjónustu.

Umsókn / Verkefnisstjóri	Fyrsti umsækjandi	Heiti verkefnis	Framlag R&Þ stofn.	Framlag fyrir-tækis	Framlag annarra	Sótt	Fagl. mat	Aths. Fagr.	Styrkur
941450094 Ævar Harðarson	Fiska- og sjávarútvegssafn	Fiska- og sjávarútvegssafn	0	0	1.000	750	A	Styrkt	**750**
941450095 Ævar Harðarson	Fiska- og sjávarútvegssafn	Fiska- og sjávarútvegssafn	0	400	800	800	A	Styrkt	**800**
952180095 Jakob K. Kristjánsson	Iðntæknistofnun Íslands	Fræðslumiðstöð í hveralíffræði	605	600	500	700	A	Styrkur ekki nýttur	
952250095 María Hildur Maack	María Hildur Maack	Samteng. náttúru-ranns. og fræðslu v/ferðaþj. á Ísl.	1.594	0	2.398	1.500	A	Styrkt	**1500**
952250096 María Hildur Maack	María Hildur Maack	Samteng. fræðslu og náttúrurannsókna við ferðaþjón. á Ísl.	1.619	0	1.935	1.500	A	Styrkt	**1500**
961230096 Rögnvaldur Guðmundsson	Ferðamálasamtök Íslands	Góðir Íslendingar '96	0	250	2.850	600	A	Styrkt	**600**
961230097 Rögnvaldur Guðmundsson	Ferðamálasamtök Íslands	Góðir Íslendingar '96	0	1.400	0	650	A	Styrkt	**650**
970460097 Jón Helgason	Skaftárhreppur	Þróun ferðaþjónustu og rannsókna í Skaftárhreppi	0	2.290	1.000	1.000	A	Styrkt	**1000**
970460098 Helga Guðmundsdóttir	Skaftárhreppur	Þróun ferðaþjónustu og rannsókna í Skaftárhreppi	0	5.350	1.000	1.500	A	Styrkt	**1500**
970460099 Helga Guðmundsdóttir	Skaftárhreppur	Þróun ferðaþjónustu og rannsókna í Skaftárhreppi				500	A	Styrkt	**500**
980590098 Sólveig K. Pétursdóttir	Iðntæknistofnun Íslands	Heilsuböð á jarðhitasvæðum við Mývatn	1.478	320	837	1.482	A-Forv.	Styrkt	**600**
990570099 Björn Sigurjónsson	Ferðamálaráð Íslands	Samanburður landshluta með tilliti til samsetningar ferðamanna	0	0	0	7.076	B-Forv.	Styrkt	**500**
990740099 Ævar Harðarson	AB4 ehf., ráðgjöf – hönnun	Sagnagarður – frásagnarlist	0	0	3.800	2.500	B	Styrkt	**2500**
980590099 Sólveig K. Pétursdóttir	Iðntæknistofnun Íslands	Heilsuböð við Mývatn	1.999	160	0	3.029	A-Forv.	Styrkt	**600**
991540099 Dóra Stefánsdóttir	Hornafjarðarbær	Jöklasafn	0	0	932	500	A-Forv.	Styrkt	**500**
		Samtals:	**7.295**	**10.770**	**170.522**	**24.087**			**13500**

502. Svar [287. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um eignarhluti í Landsvirkjun.

1. *Hverjir eru eigendur Landsvirkjunar og hver er eignarhlutur hvers þeirra?*

Í 1. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, segir að Landsvirkjun sé sameignarfyrirtæki ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar. Eignarhlutir eigenda í fyrirtækinu skiptast á eftirfarandi hátt:

Ríkið	50,000%
Reykjavíkurborg	44,525%
Akureyrarbær	5,475%

2. *Hvaða eignir lögðu eigendurnir fram fyrir sínum eignarhlut, hvenær var það gert og hvert er núvirði eignanna miðað við andvirði þeirra þegar þær voru lagðar inn í Landsvirkjun?*

Landsvirkjun var stofnuð 1. júlí 1965 og var fram til 1. júlí 1983 í helmingseigu ríkisins og Reykjavíkurborgar. Í upphafi lögðu eigendurnir fram eftirfarandi eignir til fyrirtækisins:

Ríkið:
Eignarhlut í Sogsvirkjun ásamt vatnsréttindum.
Vatnsréttindi í Þjórsá og undirbúningskostnað vegna Búrfellsvirkjunar.

Reykjavíkurborg:
Eignarhlut í Sogsvirkjun ásamt vatnsréttindum.
Eimhverfilsstöð borgarinnar við Elliðaár og spennistöð ásamt tilheyrandi lóðum.

Einnig lögðu þessir eigendur fram fé á árunum 1966, 1972, 1974, 1975, 1976, 1979 og 1980 til að styrkja eiginfjárstöðu fyrirtækisins.

Hinn 1. júlí 1983 varð Akureyrarbær eignaraðili að Landsvirkjun og lagði fram eignarhlut sinn í Laxárvirkjun. Jafnframt lagði ríkið, sem átti 35% í Laxárvirkjun, sinn hluta til Landsvirkjunar.

Á verðlagi í september 2000 nema uppsöfnuð og endurmetin eiginfjárframlög 16,7 milljörðum króna.

3. *Hvaða greiðslur hefur Landsvirkjun innt af hendi til eignaraðila? Tegundir greiðslna og upphæðir á núvirði óskast tilgreindar.*

Landsvirkjun greiddi eigendum sínum árlega arð á árunum 1986–1991 og nema þær greiðslur á verðlagi í september sl. 675 millj. kr. Í samræmi við eigendasamkomulag frá 28. október 1996 skal eigendum reiknaður 5,5% árlegur arður af eigendaframlögum. Útreiknaður arður hefur á árunum 1997–2000 numið 3.884 millj. kr. Af þessari fjárhæð hafa verið greiddar út 959 millj. kr. en ógreiddum arði að fjárhæð 2.925 millj. kr. hefur verið bætt við eigendaframlög. Samtals nemur því útgreiddur arður á árunum 1986–2000 1.634 millj. kr.

Landsvirkjun hefur á árunum 1988–2000 greitt eigendum sínum ábyrgðargjald vegna þeirra lána sem þeir eru í ábyrgð fyrir. Þetta gjald er greitt til ríkisins samkvæmt lögum en stjórn Landsvirkjunar ákvað að greiða Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ hliðstætt gjald, enda eru allir eignaraðilar Landsvirkjunar ábyrgir fyrir skuldbindingum fyrirtækisins, sbr. 2. mgr.

1. gr. laga um Landsvirkjun. Samtals hafa greiðslur ábyrgðargjaldsins numið 1.500 millj. kr. á verðlagi í september sl.

4. *Hafa eigendur Landsvirkjunar á einhvern hátt notið betri kjara en almennir viðskiptavinir, og ef svo er, í hvaða formi og hver er heildarávinningur hvers eignaraðila á núvirði?*

Að öðru leyti en því sem fram kemur í svari við 3. lið fyrirspurnarinnar, hvað varðar arðgreiðslur og ábyrgðargjald, hafa eigendur Landsvirkjunar ekki notið betri kjara en aðrir viðskiptavinir fyrirtækisins.

503. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um landmælingar og kortagerð, nr. 95/1997, með síðari breytingum.

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Magnús Jóhannesson, Sigríði Auði Arnardóttur og Ingimar Sigurðsson frá umhverfisráðuneytinu, Magnús Guðmundsson frá Landmælingum Íslands og Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Umsagnir frá 125. löggjafarþingi frá Landmælingum Íslands, Landsvirkjun, Landgræðslu ríkisins, Arkitektafélagi Íslands, Landmati, raunvísindadeild Háskóla Íslands, Náttúruverndarráði, Skipulagsstofnun, Fasteignamati ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands lágu fyrir hjá nefndinni. Umsagnir um málið frá LÍSU, samtökum um landupplýsingar á Íslandi fyrir alla bárust til nefndarinnar nú.

Með 1. gr. frumvarpsins er lagt til að þriggja manna stjórn Landmælinga Íslands verði lögð niður. Þessi breyting er í samræmi við stefnu umhverfisráðuneytisins sem vill að forstjórar beri alla ábyrgð á rekstri og stjórnun stofnana af þessu tagi.

Minni hlutinn telur að skýrt hafi komið fram í umfjöllun um málið að sú stjórn sem verið hefur yfir stofnuninni hefur verið afar gagnleg fyrir rekstur hennar og stefnumótun undanfarin ár og er þess vegna andvígur breytingunni. Aðrar breytingar sem eru lagðar til með þessu frumvarpi eru til bóta. Fjarkönnun verður samkvæmt frumvarpinu eitt af verkefnum stofnunarinnar en hún felst í öflun, úrvinnslu og miðlun gagna á sviði loft- og gervitunglamynda. Þetta verkefni fékk fjárveitingu í fjárlögum fyrir árið 2000 og er þegar hafið. Einnig er lagt til að Landmælingar Íslands annist skráningu og miðlun upplýsinga um landfræðileg gagnasöfn af Íslandi sem eru og verða í eigu íslenska ríkisins. Ekki er ætlunin að Landmælingar Íslands taki við gögnum sem nú eru hjá öðrum aðilum heldur skal stofnunin eingöngu halda utan um gagnagrunn þessara upplýsinga. Landmælingum Íslands er falið að miðla upplýsingum um örnefni í samráði við Örnefnastofnun Íslands. Áður var eingöngu kveðið á um kortlagningu stofnunarinnar á þessum upplýsingum. Þá er lagt til að ráðherra setji reglugerð um vottun réttinda mælingamanna sem eiga að sjá um mælingar eignamarka landa og lóða. Þetta er gert til að uppfylla hæfniskröfur mælingamanna en einnig til að kveða á um réttindi þeirra og skyldur. Kveðið skal á um það í reglugerðinni að Landmælingar Íslands skuli fara með eftirlit með vottuninni og störfum mælingamannanna í umboði ráðherra. Fjármögnunarheimildir Landmælinga Íslands eru gerðar skýrari og lagðar eru til breytingar til að styrkja starfsemina.

Fram kom hjá umsagnaraðilum að þeir sem þurft hafa á gögnum að halda sem eru hjá stofnuninni hafi jafnvel leitað annað og nýtt sér í sumum tilvikum lélegri gögn en eru í eigu Landmælinga vegna hárrar verðlagningar stofnunarinnar. Minni hlutinn telur að verðlagning Landmælinga Íslands á gögnum sem lúta höfundarétti ríkisins verði að vera sanngjörn svo að viðskiptavinir stofnunarinnar geti nýtt sér þjónustu hennar. Minni hlutinn telur einnig álitamál að aðgangur skuli seldur að kortagrunni Landmælinga Íslands í samkeppni við aðila sem hafa ekki aðgang að sömu grunngögnum. Þetta hefur valdið því að ekki eru notuð bestu fáanleg gögn í öllum tilvikum.

Marka þarf aðgangi almennings að upplýsingum í eigu ríkisins stefnu. Við þá stefnumörkun þarf að taka afstöðu til þess hvort taka eigi gjöld fyrir slíkar upplýsingar eða hvort almenningur eigi rétt á ótakmörkuðum aðgangi að þeim sér að kostnaðarlausu. Minni hlutinn er andvígur 1. gr. frumvarpsins og mun greiða atkvæði gegn henni en styðja aðrar greinar þess.

Alþingi, 12. des. 2000.

Jóhann Ársælsson, frsm. Þórunn Sveinbjarnardóttir.

504. Frumvarp til laga [350. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði vegna fæðingarorlofs, svo og greiðslur launagreiðanda vegna fæðingarorlofs, þó ekki hærri fjárhæð en sem nemur þeim hluta slíkra greiðslna sem launagreiðandinn fær endurgreiddan úr Fæðingarorlofssjóði.

2. gr.

Lögin öðlast gildi 1. janúar 2001 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu tryggingagjalds á því ári og álagningu gjalda á árinu 2002.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lögð til breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum. Lagt er til að greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði vegna fæðingarorlofs, sbr. lög nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, verði undanþegnar tryggingagjaldi.

Í 9. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, er kveðið á um undanþágur frá gjaldstofni tryggingagjalds. Samkvæmt ákvæðinu eru m.a. eftirlaun og lífeyrir sem Tryggingastofnun ríkisins eða lífeyrissjóðir greiða undanþegin tryggingagjaldi auk annarra bóta sem greiddar eru af Tryggingastofnun ríkisins, þ.m.t. fæðingarorlof.

Í lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, sem taka gildi 1. janúar 2001, kemur fram að Fæðingarorlofssjóður skuli annast greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi. Skv. 3. og 4. gr. laganna verður Fæðingarorlofssjóður sérstakur lögaðili með sjálfstæðan fjárhag í umsjá

félagsmálaráðherra, en sjóðurinn skal skv. 2. mgr. 4. gr. laganna vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins. Þar sem greiðslur vegna fæðingarorlofs koma úr Fæðingarorlofssjóði en ekki frá Tryggingastofnun ríkisins nær undanþáguákvæði 9. gr. tryggingagjaldslaga ekki til umræddra greiðslna. Því er nauðsynlegt að kveða sérstaklega á um það eins og hér er lagt til.

Í frumvarpinu er lagt til að undanþága frá tryggingagjaldi nái jafnframt til greiðslna launagreiðanda sem hann fær endurgreiddar úr Fæðingarorlofssjóði, sbr. 2. málsl. 4. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof.

Með lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldrorlof, verður sú breyting að ríkisstarfsmenn í fæðingarorlofi fá greitt úr Fæðingarorlofssjóði en ekki launagreiðslur úr ríkissjóði eins og verið hefur samkvæmt gildandi lögum. Tryggingagjald vegna launagreiðslna ríkisstarfsmanna í fæðingarorlofi hefur á undanförnum árum numið um 10–20 millj. kr. á ári.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta varðar undanþágu frá gjaldstofni tryggingagjalds vegna greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Samkvæmt frumvarpinu verða allar greiðslur úr sjóðnum undanþegnar tryggingagjaldi en samkvæmt núgildandi lögum njóta greiðslur vegna fæðingarorlofs greiddar af Tryggingastofnun ríkisins slíkrar undanþágu. Með lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, verður sú breyting að fæðingarorlof ríkisstarfsmanna verður greitt úr Fæðingarorlofssjóði en ekki með launagreiðslum úr ríkissjóði eins og verið hefur. Tryggingagjald vegna launagreiðslna ríkisstarfsmanna í fæðingarorlofi hefur á undanförnum árum numið um 10–20 milljónum kr. á ári. Ríkissjóður verður af þeim tekjum ef frumvarpið verður lögfest en ekki verður séð að það muni hafa áhrif á gjöld ríkissjóðs.

505. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um breyt. á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingimar Sigurðsson og Kristínu Lindu Árnadóttur frá umhverfisráðuneyti, Stefán Thors frá Skipulagsstofnun ríkisins og Ívar Pálsson frá Borgarskipulagi Reykjavíkur.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Hollustuvernd ríkisins, Veðurstofu Íslands, Orkustofnun, Almannavörnum ríkisins, Samtökum iðnaðarins, Akraneskaupstað, Skipulagsstofnun, Landgræðslu ríkisins, Vinnueftirliti ríkisins, Ísafjarðarbæ, Félagi húsgagna- og innanhússarkitekta, Meistarafélagi húsasmiða, Rafmagnsveitum ríkisins, Landsvirkjun, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, embætti borgarverkfræðings Reykjavíkurborgar, Samtökum at-

vinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði, Borgarskipulagi Reykjavíkur, Samtökum atvinnulífsins, Arkitektafélagi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Í athugasemdum við frumvarpið greinir að tilgangur þess sé að taka á þeim vanköntum sem komið hafa í ljós við framkvæmd laganna síðustu tæp þrjú ár. Í frumvarpinu er m.a. lagt til að kostnaður við rekstur Skipulagsstofnunar verði greiddur að öllu leyti úr ríkissjóði og stofnaður sérstakur gegnumstreymissjóður í umsjón Skipulagsstofnunar, Skipulagssjóður, sem skuli standa undir fjárframlögum ríkisins til skipulagsgerðar sveitarfélaganna. Þá er að finna ákvæði sem varða málsmeðferð deiliskipulags og grenndarkynningar, auk þess sem lagt er til að heimilt verði að beita sérstakri svæðisskipulagsmeðferð, þ.e. skipulagsmeðferð fleiri en eins sveitarfélags, í tilteknum tilvikum. Enn fremur er lagt til að fyrirtæki þar sem starfa löggiltir hönnuðir eða byggingarstjórar geti tekið á sig skyldur þeirra enda hafi þau lögboðna ábyrgðartryggingu. Þá er í frumvarpinu að finna ákvæði um löggildingu ráðherra sem m.a. er ætlað að tryggja jafnræði milli stétta. Loks er að finna heimild fyrir ráðherra til að veita undanþágur frá einstökum greinum byggingarreglugerðar og skipulagsreglugerðar að fengnum umsögnum Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarfélags.

Á fundi nefndarinnar með fulltrúum umhverfisráðuneytis kom fram að undanþáguheimild ráðherra skv. 3. og 8. gr. frumvarpsins eigi eingöngu við vegna örlítilla frávika frá ákvæðum skipulagsreglugerðar og byggingarreglugerðar. Vill meiri hlutinn ítreka þann skilning á undanþáguheimildinni. Þá vill meiri hlutinn benda á að heimild sveitarstjórnar til að auglýsa samhliða tillögur að deiliskipulagi og samsvarandi breytingu á aðalskipulagi samkvæmt b-lið 5. gr. frumvarpsins verði að framkvæma með birtingu á tveimur samhliða auglýsingum vegna mismunandi réttarstöðu þeirra sem gera athugasemdir við tillögurnar.

Leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Í fyrsta lagi leggur meiri hlutinn til að landeigandi eða framkvæmdaraðili geti auk tillögu til sveitarstjórnar um deiliskipulag gert tillögu um breytingu á því á sinn kostnað. Í öðru lagi telur hann að b-lið 7. gr., b-lið 13. gr. og 1. tölul. 15. gr. frumvarpsins beri að fella brott og bíða heildarendurskoðunar laganna sem hefjast mun á næsta ári. Þá kom fram við umfjöllun nefndarinnar að frestur til 1. júlí 2001 fyrir námskeið til löggildingar í 10. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum mun ekki standast sökum mikillar aðsóknar á námskeiðin og leggur meiri hlutinn því til að fresturinn verði lengdur til 1. júlí 2002 en að umsóknarfrestur renni þó út 1. september 2001.

Alþingi, 12. des. 2000.

Ólafur Örn Haraldsson, form.	Kristján Pálsson, frsm.	Ásta Möller.
Katrín Fjeldsted.	Gunnar Birgisson.	Jónas Hallgrímsson.
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.		Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara.

506. Breytingartillögur [190. mál]

við frv. til l. um breyt. á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar (ÓÖH, KPál, ÁMöl, GunnB, KF, JHall, JÁ, ÞSveinb).

1. Við 5. gr. Á eftir orðinu „deiliskipulagi“ í a-lið komi: eða breytingu á deiliskipulagi.
2. Við 7. gr. B-liður falli brott.
3. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   1. málsl. 3. mgr. 48. gr. laganna orðast svo: Arkitektar, byggingarfræðingar, verkfræðingar, tæknifræðingar, innanhússarkitektar, landslagsarkitektar og rafiðnfræðingar er sækja um löggildingu skulu standast próf sem þriggja manna prófnefnd sérfróðra aðila annast.
4. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað 2. tölul. 2. mgr. 51. gr. laganna koma tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
   2. Arkitektar, byggingarverkfræðingar, byggingartæknifræðingar, byggingarfræðingar og aðrir verkfræðingar og tæknifræðingar með hliðstæða menntun á byggingarsviði.
   3. Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfar aðili sem uppfyllir skilyrði 1. eða 2. tölul., enda annist hann störf byggingarstjóra.
5. Við 19. gr. Á eftir a-lið komi nýr stafliður er orðist svo: Í stað orðanna „1. júlí 2001“ í 4. málsl. 10. tölul. kemur: 1. júlí 2002, en sækja skal um að fara á námskeið samkvæmt þessu ákvæði fyrir 1. september 2001.

507. Nefndarálit [320. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kjartan Gunnarsson og Þóru Margréti Hjaltested frá iðnaðarráðuneyti.

Með frumvarpinu er brugðist við athugasemdum sem Eftirlitsstofnun EFTA gerði við lög um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999, en talið var að þau stönguðust á við reglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um ríkisstyrki. Hér er einkum um að ræða atriði varðandi menningarlega skírskotun þeirra kvikmynda og sjónvarpsefnis sem endurgreiðsla fæst fyrir samkvæmt ákvæðum laganna, ákvæði um af hversu háu hlutfalli heildarframleiðslukostnaðar endurgreiðsla samkvæmt lögunum skal reiknast og ákvæði um framleiðslu í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þá er það ekki lengur gert að skilyrði að þeir sem sækja um endurgreiðslu samkvæmt lögunum þurfi að stofna sérstakt félag hér á landi, heldur er nægilegt að viðkomandi aðili hafi útibú eða umboðsskrifstofu skráða í aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Í frumvarpinu eru ákvæði laganna að auki gerð markvissari og skýrari. Þá er Kvikmyndasjóði Íslands veittur tilnefningarréttur í stjórn endurgreiðslunefndar, auk þess sem bætt er við lögin ákvæði um að þeir sem hlotið hafi styrk úr Kvikmyndasjóði séu ekki útilokaðir frá

endurgreiðslu samkvæmt lögunum, heldur verði styrkupphæðin dregin frá innlendum framleiðslukostnaði viðkomandi kvikmyndar eða sjónvarpsefnis.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með því að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Pétur H. Blöndal, Ísólfur Gylfi Pálmason og Bryndís Hlöðversdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. des. 2000.

Hjálmar Árnason, form., frsm. | Guðjón Guðmundsson. | Svanfríður Jónasdóttir.

Drifa Hjartardóttir. | Árni R. Árnason.

508. Nefndarálit [320. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Minni hlutinn telur að málið hefði þurft lengri tíma í meðförum nefndarinnar. Eins og fram kom við 1. umræðu málsins hefði verið rétt að vísa því til umsagnar menntamálanefndar og efnahags- og viðskiptanefndar, enda koma efnisatriði frumvarpsins inn á verksvið beggja þessara nefnda.

Að öðru leyti er minni hlutinn sammála áliti meiri hlutans.

Alþingi, 11. des. 2000.

Árni Steinar Jóhannsson.

509. Lög [300. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 342.

510. Lög [301. mál]

um breytingu á lögum nr. 111/2000, um sjúklingatryggingu.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 343.

511. Lög [177. mál]

um breyting á lögum um Blindrabókasafn Íslands, nr. 35/1982, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 436.

512. Lög [118. mál]

um breytingu á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 118.

513. Breytingartillögur [196. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Ögmundi Jónassyni og Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Við bætist ný grein sem verði 2. gr., svohljóðandi:
   Í stað fjárhæðarinnar „320.616“ í 1. mgr. A-liðar 68. gr. laganna kemur: 326.136.
2. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   a. Þrátt fyrir ákvæði b-liðar ákvæðis til bráðabirgða XXXIX skal persónuafsláttur við staðgreiðslu opinberra gjalda árið 2001 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2002 vegna tekna og eigna árið 2001 vera 305.544 kr.
   b. Þrátt fyrir ákvæði c-liðar ákvæðis til bráðabirgða XXXIX skal persónuafsláttur við staðgreiðslu opinberra gjalda árið 2002 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2003 vegna tekna og eigna árið 2002 vera 317.388 kr.

514. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Múla Jónasson og Auðun Sæmundsson frá Fiskistofu og Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Hafrannsóknastofnuninni, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Byggðastofnun, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Þjóðhagsstofnun, Verslunarráði Íslands, Vélstjórafélagi Íslands og Sjómannasambandi Íslands.

Með frumvarpinu er leitað nýrra leiða til að kanna brottkast á afla og jafnframt til að koma í veg fyrir það. Er því lagt til að Fiskistofu sé heimilað í ákveðnum tilvikum að setja eftirlitsmenn um borð á kostnað útgerðar. Miðað er við að afli tiltekins skips skeri sig að einhverju leyti úr afla annarra skipa sem stunda sambærilegar veiðar og því sé ástæða til að ætla að fiski hafi verið hent fyrir borð. Í slíkum tilvikum skal Fiskistofa setja veiðieftirlitsmann um borð í skipið til að fylgjast með veiðum þess. Þegar veiðieftirlitsmaður hefur verið um borð í skipi í sjö daga skal Fiskistofa ákveða hvort hann skuli vera áfram um borð. Ef ákveðið er að veiðieftirlitsmaður skuli vera áfram um borð í skipi greiðir útgerð þess allan kostnað af veru hans um borð frá og með áttunda degi en fram að því er hann um borð á kostnað Fiskistofu.

Nefndin vekur athygli á að heimild Fiskistofu nær til þess að afli tiltekins skips sé að gæðum frábrugðinn afla annarra skipa sem stunda sambærilegar veiðar og bendir á að slík heimild sé matskennd og vandasöm úrlausnar. Leggur nefndin til að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins verði falið að móta gæðastaðla sem miða skuli við þegar heimildinni er beitt.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þegar veiðieftirlitsmaður hefur verið um borð í skipi í sjö daga geti Fiskistofa ákveðið að hann skuli vera þar áfram. Innan nefndarinnar var rætt hvernig heimildinni skyldi beitt þegar um dagróðrabáta væri að ræða. Telur nefndin eðlilegt að í slíkum tilvikum sé miðað við sjö einstakar veiðiferðir á fiskveiðiári. Til að taka af tvímæli leggur nefndin til breytingu í samræmi við það. Jafnframt leggur nefndin áherslu á að með orðinu veiðiferðir er verið að taka af allan vafa um að hver veiðiferð þurfi ekki að standa yfir í heilan sólarhring þegar um dagróðrabáta er að ræða.

Innan nefndarinnar var talsvert rætt hvort fortakslaus skylda Fiskistofu, samkvæmt orðanna hljóðan í frumvarpinu, til að setja veiðieftirlitsmann um borð mundi íþyngja stofnuninni um of og hvort almenn heimild væri nægjanleg í þessu skyni. Í 3. mgr. 17. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum, er almenn heimild fyrir Fiskistofu til að setja veiðieftirlitsmenn um borð í skip. Telur nefndin að auk þessarar almennu heimildar sé nauðsynlegt að kveðið sé skýrt á um að Fiskistofa skuli grípa til aðgerða gefi samsetning afla skips tilefni til þess.

Nefndin ræddi einnig ýmis atriði er snúa almennt að framkvæmd veiðieftirlitsins. Ekki síst þau er lúta að tímabundinni sviptingu veiðileyfa vegna brota er augljóslega stafa af gáleysi eða mannlegum mistökum. Af þeim sökum hefur sjávarútvegsráðherra hafið vinnu við endurskoðun þessara þátta sem framkvæmd verður í samráði við hagsmunaaðila. Leggur nefndin áherslu á að því starfi verði hraðað.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 2. málsl. efnismálsgreinar 1. gr. orðist svo: Hafi veiðieftirlitsmaður í þessu skyni verið um borð í veiðiskipi sjö daga eða sjö veiðiferðir samtals á sama fiskveiðiári skal Fiskistofa ákveða hvort ástæða sé til að fylgjast sérstaklega með veiðum skipsins áfram.
2. Í stað orðanna „Verði eftirlitsmaður áfram um borð í skipinu“ í lokamálslið efnismálsgreinar 1. gr. komi: Hafi veiðieftirlitsmaður á sama fiskveiðiári verið fleiri en sjö daga eða sjö veiðiferðir um borð í veiðiskipi samkvæmt þessari grein.

Vilhjálmur Egilsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Svanfríður Jónasdóttir, Jóhann Ársælsson og Guðjón A. Kristjánsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 12. des. 2000.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Guðmundur Hallvarðsson.
Jónas Hallgrímsson.	Hjálmar Árnason.	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.
Svanfríður Jónasdóttir, með fyrirvara.	Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.	

515. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um breyt. á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingimar Sigurðsson og Kristínu Lindu Árnadóttur frá umhverfisráðuneyti, Stefán Thors frá Skipulagsstofnun ríkisins og Ívar Pálsson frá Borgarskipulagi Reykjavíkur.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Hollustuvernd ríkisins, Veðurstofu Íslands, Orkustofnun, Almannavörnum ríkisins, Samtökum iðnaðarins, Akraneskaupstað, Skipulagsstofnun, Landgræðslu ríkisins, Vinnueftirliti ríkisins, Ísafjarðarbæ, Félagi húsgagna- og innanhússarkitekta, Meistarafélagi húsasmiða, Rafmagnsveitum ríkisins, Landsvirkjun, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, embætti borgarverkfræðings Reykjavíkurborgar, Samtökum atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði, Borgarskipulagi Reykjavíkur, Samtökum atvinnulífsins, Arkitektafélagi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Tíu af þessum umsögnum höfðu borist að morgni 11. desember, þegar málið var tekið fyrir í nefndinni, níu bárust á meðan nefndin fundaði um málið og tvær eftir að nefndin hafði lokið við afgreiðslu málsins og sent það frá sér. Öll umfjöllun nefndarinnar fór fram á einum degi, 11. desember, sama dag og umsagnarfrestur um frumvarpið rann út.

Það er mat minni hluta nefndarinnar að hér hafi umsagnaraðilum verið sýnd óvirðing þar sem ekki gafst færi á að lesa umsagnir allra áður en málið var afgreitt frá nefndinni. Segja má að engin umsagnanna hafi fengið verðuga umfjöllun en þó er það ámælisverðast að þegar þetta er skrifað má vel vera að enn séu einhverjar umsagnir ókomnar í hendur nefndarmanna. Ekki skal fjölyrt um þá óvirðingu sem nefndinni sjálfri er sýnd með vinnubrögðum af þessu tagi.

Vegna þessa flýtis við afgreiðslu málsins telur minni hlutinn sér ekki fært að undirrita nefndarálit meiri hlutans og leggja það til að Alþingi afgreiði málið fyrir jólahlé. Miklum mun farsælla væri að slá öllu málinu á frest fram yfir áramót og vinna það þá á þann faglega máta sem málið á skilið, nefndin sjálf og allir umsagnaraðilar.

Minni hlutinn leggur til að málið komi ekki til afgreiðslu.

Alþingi, 12. des. 2000.

Kolbrún Halldórsdóttir.

516. Þingsályktun [312. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2000, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 372.

517. Frumvarp til laga [80. mál]

um dómtúlka og skjalaþýðendur.

(Eftir 2. umr., 12. des.)

1. gr.

Með dómtúlki og skjalaþýðanda er í lögum þessum átt við þann sem öðlast hefur löggildingu til að annast túlkun fyrir dómi og þýðingu skjala sem hafa réttarlegt gildi.

Dómtúlkar og skjalaþýðendur eru opinberir sýslunarmenn. Njóta þeir réttinda og bera skyldur samkvæmt því.

2. gr.

Rétt til að öðlast löggildingu sem dómtúlkur eða skjalaþýðandi hefur sá sem fullnægir þessum skilyrðum:

a. er lögráða og svo á sig kominn andlega að hann sé fær um að annast túlkun og þýðingar,
b. hefur staðist próf skv. 3. gr.

Heimilt er að synja manni um löggildingu ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

3. gr.

Sá sem óskar eftir að öðlast löggildingu sem dómtúlkur eða skjalaþýðandi skal standast próf sem sýni að hann hafi þá þekkingu og færni sem nauðsynleg er til að gegna starfinu.

Til að annast framkvæmd prófs skipar dómsmálaráðherra þriggja manna prófstjórn til fjögurra ára í senn. Til að meta úrlausnir í einstökum tungumálum skipar ráðherra þriggja manna prófnefnd fyrir hvert tungumál. Skipun prófnefndar gildir fyrir hvert próf sem haldið er.

Í reglugerð sem dómsmálaráðherra setur að fengnum tillögum prófstjórnar skal kveðið nánar á um framkvæmd prófs og mat prófúrlausna. Efnt skal til prófraunar að jafnaði annað hvert ár.

Sé óskað réttinda í tungumáli sem ekki er unnt að efna til prófs í sökum þess að ekki er fyrir hendi viðhlítandi þekking á því tungumáli hér á landi er dómsmálaráðherra heimilt að veita löggildingu samkvæmt tillögu prófstjórnar, enda hafi umsækjandi sýnt fram á kunnáttu sína í íslensku sem og í hinu erlenda tungumáli á þann hátt sem prófstjórn metur gildan. Einnig er ráðherra heimilt að veita löggildingu til skjalaþýðingar á grundvelli erlendrar löggildingar, enda taki sú löggilding til íslensku.

Að fenginni tillögu prófstjórnar ákveður dómsmálaráðherra gjald sem umsækjendum ber að greiða fyrir að þreyta prófraun. Skal upphæð þess miðuð við kostnað við prófraunina. Gjaldið er óendurkræft þótt umsækjandi hverfi frá prófi eða standist það ekki.

4. gr.

Umsókn um löggildingu skal beint til dómsmálaráðherra. Umsækjandi skal leggja fram gögn til stuðnings því að hann fullnægi skilyrðum 2. gr. Hann skal vinna að því skriflegt heit að viðlögðum drengskap að hann muni rækja af trúmennsku og samviskusemi öll þau störf sem honum kunna að verða falin sem dómtúlki eða skjalaþýðanda og gæta fyllsta trúnaðar gagnvart viðskiptamönnum sínum. Fyrir útgáfu löggildingar skal greiða gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Dómsmálaráðherra gefur út löggildingarskírteini fyrir dómtúlka og skjalaþýðendur. Sá einn getur hlotið löggildingu sem dómtúlkur sem jafnframt er löggiltur sem skjalaþýðandi. Heimilt er að veita löggildingu til að þýða af erlendu máli á íslensku án þess að veitt sé löggilding til að þýða af íslensku á erlenda málið og öfugt.

Skjalaþýðendur skulu auðkenna og undirrita skjöl þau er þeir þýða eftir því sem nánar er mælt fyrir um í reglugerð sem dómsmálaráðherra setur.

Dómsmálaráðherra skal halda skrá um þá sem hafa löggildingu sem dómtúlkar og skjalaþýðendur. Þeir skulu tilkynna ráðuneytinu hvar starfsstöð þeirra er og breytingar á henni.

5. gr.

Nú fullnægir skjalaþýðandi eða dómtúlkur ekki skilyrðum a-liðar 1. mgr. 2. gr. til að fá löggildingu og má dómsmálaráðherra þá fella löggildingu hans úr gildi.

Hafi löggilding verið felld úr gildi skal hún veitt að nýju eftir umsókn án endurgjalds eða prófraunar ef fullnægt er öllum skilyrðum til að öðlast löggildingu.

6. gr.

Sá einn má nefna sig dómtúlk eða skjalaþýðanda sem hefur til þess löggildingu. Öðrum er óheimilt að nota íslensk eða erlend heiti sem til þess eru fallin að villast megi á þeim og þessum heitum hvort sem um er að ræða starfsheiti einstakra manna eða firmaheiti. Brot gegn þessu varða sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2001. Falla þá úr gildi lög um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur, nr. 32 2. nóvember 1914, með síðari breytingum.

518. Fyrirspurn [351. mál]

til forsætisráðherra um viðskiptahalla.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hver hefur viðskiptahallinn verið árin 1997–1999 og hver er hann áætlaður árin 2000 og 2001?
2. Hver er uppsafnaður halli fyrrgreindra fimm ára?
3. Hvernig skiptist þessi halli milli fjárfestingar og neyslu?
4. Hve stór hluti neysluhallans er með ábyrgð opinberra aðila (samneysla) og hversu mikið er einkaneysla?
5. Hversu mikil er áætluð hlutdeild einkaneyslu í viðskiptahalla á
   a. íbúa,
   b. fjögurra manna fjölskyldu, fyrrgreind fimm ár?
6. Hvernig er hallinn á einkaneyslu fjármagnaður og er vitað hvernig ábyrgðum eða tryggingum fyrir lántökum er háttað?

Skriflegt svar óskast.

519. Fyrirspurn [352. mál]

til menntamálaráðherra um endurheimt íslenskra fornminja frá Danmörku.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að taka upp samningaviðræður að nýju við Dani um að endurheimta íslenskar fornminjar heim frá danskri grund?

520. Fyrirspurn [353. mál]

til heilbrigðisráðherra um öryrkja og örorkubætur.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hversu margir öryrkjar eru bundnir hjólastólum?
2. Hvað voru margir hjólastólaöryrkjar án örorkubóta um sl. áramót?
3. Er kunnugt um hve margir þeirra sem misst hafa útlim eða útlimi voru án örorkubóta á sama tíma?
4. Hvað voru margir 75% öryrkjar án örorkubóta á sama tíma?
5. Hve margir 65% öryrkja voru þá á bótum?
6. Er meira farið eftir tekjum en hreyfigetu við úthlutun bifreiðastyrkja til öryrkja og hvert er eftirlitið með störfum úthlutunarnefndarinnar?

Skriflegt svar óskast.

521. Fyrirspurn [354. mál]

til heilbrigðisráðherra um örorkubætur.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hve margir öryrkjar misstu bætur á síðasta ári vegna langdvalar á stofnunum? Er von til þess að þeirri reglu verði breytt sem kveður á um að örorkubætur falli niður hjá bótaþegum sem þurfa að dvelja lengur en fjóra mánuði á tveimur árum á stofnunum?

522. Nefndarálit [317. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um málefni aldraðra, nr. 125/1999.

Frá minni hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar.

Minni hlutinn lýsir ábyrgð á fyrirhugaðri skattahækkun samkvæmt frumvarpinu á hendur ríkisstjórninni.

Minni hlutinn er andvígur frumvarpinu í núverandi mynd.

Í fyrsta lagi byggist afstaða minni hlutans á því að í upphafi hafi einungis verið ætlast til þess að fé úr sjóðnum rynni til uppbyggingar hjúkrunarrýmis, vistheimila o.s.frv. Með lögum nr. 12/1991 var fyrst heimilað að veita fé úr sjóðnum til rekstrar. Um var að ræða tímabundið rekstrarfé til stofnana aldraðra sem breyta eða hefja starfsemi eftir að fjárlagaár hefst. Eins og sjá má var hér einungis um mjög þrönga heimild að ræða. Með lögum nr. 109/1992 var þessu ákvæði breytt á ný með þeim hætti að heimilt var að nýta 55% af framlögum í sjóðinn

til rekstrar á árunum 1993, 1994 og 1995 auk þess sem fyrri heimild hélst inni, enda erfiðleikar í efnahagsmálum þjóðarinnar á þeim tíma. Á árinu 1999 voru síðan samþykkt ný heildarlög um málefni aldraðra, nr. 125/1999. Í þeim lögum er enn inni heimild til að verja fé úr sjóðnum til rekstrar. Samkvæmt lögunum er heimild til að verja fé úr sjóðnum til rekstrar stofnanaþjónustu fyrir aldraða í sérstökum tilvikum án þess að kveðið sé á um hámark slíkra fjárveitinga. Nú liggur fyrir að um 55% þess fjár sem í sjóðinn rennur fer til rekstrar þrátt fyrir svokallað góðæri og virðist sem venja hafi skapast um þetta hlutfall með lögum nr. 109/1992. Minni hlutinn telur að með þessu sé framkvæmdin kominn langt út fyrir upphaflegt markmið sjóðsins sem í upphafi átti eingöngu að renna til uppbyggingar á þjónustu og hjúkrunarrýmum en ekki til rekstrar þess. Með því að færa framkvæmdina nær hinum upprunalega tilgangi telur minni hlutinn að hækkun gjaldsins sé óþörf. Í þessu sambandi leggur minni hlutinn til að óheimilt verði að ráðstafa meiru en 25% af framlögum í sjóðinn til rekstrar. Minni hlutinn vill einnig benda á að greinargerð frumvarpsins sé villandi þar sem þar er látið skína í að allt fé úr sjóðnum renni til uppbyggingar en slíkt á ekki við rök að styðjast.

Í öðru lagi byggir hún á því að hér sé um svokallaðan „nefskatt“ að ræða sem felur í sér að allir sem á annað borð borga skatta borga sömu upphæðina óháð tekjum að öðru leyti. Slík skattlagning hlýtur alltaf að vera óréttlát því hún skerðir tekjur hinna lægstlaunuðu hlutfallslega meira en þeirra sem hærri hafa launin. Því telur minni hlutinn að ef þörf er á auknu fé til uppbyggingar eigi það að greiðast beint úr ríkissjóði.

Í þriðja lagi vill minni hlutinn benda á að þótt hér sé ekki um háar upphæðir að ræða samsvari þessi hækkun um 15% þeirrar launahækkunar sem lægstlaunuðu félagsmenn ASÍ o.fl. eiga von á um áramótin næstkomandi.

Með vísun til framangreinds leggur minni hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að fyrsta grein frumvarpsins verði felld niður þannig að upphæð gjaldsins standi óbreytt. Í stað þessa er lagt til að í 1. gr. verði kveðið á um að óheimilt sé að nýta meira en 25% af framlögum til sjóðsins til rekstrar.
2. Þá er lagt til að við frumvarpið bætist ný grein þar sem örorkulífeyrisþegar verði undanþegnir gjaldinu á sama hátt og aldraðir.

Alþingi, 12. des. 2000.

Ásta R. Jóhannesdóttir, frsm. Bryndís Hlöðversdóttir.

523. Breytingartillögur [317. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um málefni aldraðra, nr. 125/1999.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur og Bryndísi Hlöðversdóttur.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Við 4. tölul. 2. mgr. 9. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Óheimilt er að nýta meira en 25% af því fé sem í sjóðinn rennur til rekstrar.

2. Á eftir 1. gr. komi ný grein er orðist svo:
1. málsl. 2. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Undanþegin gjaldinu eru börn innan 16 ára aldurs, þeir sem eru 70 ára og eldri í lok tekjuárs og örorkulífeyrisþegar.

524. Nefndarálit [318. mál]

um frv. til l. um jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2001.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneytinu og Gústaf Arnar frá Póst- og fjarskiptastofnun.

Með frumvarpinu er lagt til jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2001. Í 15. gr. fjarskiptalaga, nr. 107/1999, er kveðið á um að jöfnunargjald skuli ákveðið árlega með lögum. Í frumvarpinu er lagt til að jöfnunargjaldið fyrir árið 2001 verði 0,12% af bókfærðri veltu fjarskiptafyrirtækja af almennri þjónustu.

Samkvæmt lögum nr. 72/2000, um jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2000, nam gjaldið 0,18% af bókfærðri veltu fyrir árið 2000. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að gjaldið lækki í 0,12% á árinu 2001. Prósentuhlutfallið er fundið út með því að miða við veltu gjaldskyldra aðila á árinu 1999 og fjárþörf sjóðsins árið 2001.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. des. 2000.

Árni Johnsen, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Kristján L. Möller.
Guðmundur Hallvarðsson.	Jón Bjarnason.	Jón Kristjánsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.		Lúðvík Bergvinsson.

525. Lög [196. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 206.

526. Frumvarp til laga [74. mál]

um breytingu á lögum nr. 93/1995, um matvæli.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Hlutaðeigandi ráðherra er heimilt að setja reglur um að þeir sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla skuli sækja námskeið um meðferð matvæla þar sem sérstök áhersla er lögð á innra eftirlit og öryggi matvæla.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Eftirlitsaðilar skulu einnig með öðrum hætti vinna að því að fyrirbyggja að matvæli geti valdið heilsutjóni og skulu grípa til viðeigandi ráðstafana ef vart verður við matarsjúkdóma eða smithættu.

2. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Eftirlitsaðilar og þeir sem framleiða matvæli eða dreifa þeim skulu tilkynna til hlutaðeigandi stofnana, sem eru ráðuneytum til ráðgjafar samkvæmt ákvæðum III. kafla laganna, ef gögn sem þessir aðilar hafa undir höndum eða aðrar ástæður benda til hættu á heilsutjóni vegna neyslu matvæla. Sama tilkynningarskylda á við um þá sem starfa við rannsóknir og greiningu á matvælum ef þeir greina í matvælum örverur sem geta valdið sjúkdómum í mönnum sem eru tilkynningarskyldir samkvæmt ákvæðum sóttvarnalaga, nr. 19/1997, eða reglna settra með stoð í þeim lögum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Gjaldtaka Hollustuverndar ríkisins, Fiskistofu og yfirdýralæknis skal taka mið af kostnaði við undirbúning, ferð, skoðun, frágang, sýnatöku og rannsókn sýna vegna matvælaeftirlits.
b. Í stað orðsins „heilbrigðiseftirlit“ í 2. mgr. kemur: mengunarvarnir.

4. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Hlutaðeigandi ráðherra skal setja gjaldskrá vegna útgáfu starfsleyfa og vottorða skv. VIII. og IX. kafla laganna, svo og vegna skráningar og móttöku umsókna um heimild til notkunar aukefna og annarra slíkra leyfisveitinga. Gjaldskrá skal taka mið af kostnaði sem hlýst af útgáfu starfsleyfa og vottorða, skráningu og móttöku umsókna og leyfisveitingum og má ákvörðun gjalds ekki vera hærri en sá kostnaður.

5. gr.

Við 27. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Gjaldtaka skal taka mið af kostnaði við rannsókn og má ákvörðun gjalds ekki vera hærri en sá kostnaður.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

527. Frumvarp til laga [176. mál]

um Námsmatsstofnun.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

1. gr.

Námsmatsstofnun er sjálfstæð stofnun sem heyrir stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

Hlutverk stofnunarinnar er að annast framkvæmd samræmdra prófa á grunn- og framhaldsskólastigi, svo sem mælt er fyrir um í lögum, reglugerðum og aðalnámskrám, auk annarra verkefna á sviði námsmats og rannsókna sem tengjast því svo sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

2. gr.

Helstu verkefni Námsmatsstofnunar eru að:

a. sjá um samningu, framkvæmd og úrvinnslu samræmdra prófa og könnunarprófa í grunn- og framhaldsskólum,
b. sjá um birtingu niðurstaðna samræmdra prófa gagnvart nemendum, skólum og fræðsluyfirvöldum og útgáfu heildaryfirlits með niðurstöðum í hverju prófi og prófþáttum eftir skólum og á landsvísu og öðrum upplýsingum sem skýra niðurstöður samræmdra prófa,
c. miðla upplýsingum til skóla um nýtingu og túlkun á niðurstöðum prófa í einstökum skólum þannig að þau nýtist til þróunar skólastarfs þar og
d. vinna að námsmatsrannsóknum og samanburðarrannsóknum við árangur skólastarfs í öðrum löndum.

Stofnunin getur unnið að öðrum verkefnum á sviði námsmats og prófagerðar á grundvelli sérstakra samninga við menntamálaráðuneytið og aðra aðila.

Menntamálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um verkefni stofnunarinnar.

3. gr.

Forstöðumaður Námsmatsstofnunar er skipaður af menntamálaráðherra til fimm ára að fenginni umsögn stjórnar stofnunarinnar. Hann skal hafa lokið meistaraprófi eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu og skal jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að hann njóti viðurkenningar á starfssviði sínu. Forstöðumaðurinn annast yfirstjórn stofnunarinnar og daglegan rekstur, ber ábyrgð á fjárreiðum hennar og ræður aðra starfsmenn. Forstöðumaðurinn kemur fram fyrir hönd stofnunarinnar út á við.

4. gr.

Forstöðumanni er heimilt að semja við aðra aðila um að sinna þjónustu sem stofnuninni er að lögum falið að annast.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar þrjá menn í stjórn stofnunarinnar til fjögurra ára í senn svo sem hér segir: einn samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins, einn samkvæmt tilnefningu Kennarasambands Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórnin staðfestir starfsáætlanir stofnunarinnar og fylgist með framkvæmd þeirra. Stjórnin veitir menntamálaráðherra umsögn um ráðningu forstöðumanns.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 76/1993, um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umboð núverandi ráðgjafarnefndar Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála fellur niður við gildistöku laga þessara.

Núverandi forstöðumaður Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála gegnir embætti sínu út yfirstandandi skipunartímabil sitt. Að því loknu skal skipa forstöðumann Námsmatsstofnunar í samræmi við ákvæði laga þessara.

Starfsmenn Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála við gildistöku laga þessara skulu halda óbreyttum starfskjörum.

Námsmatsstofnun tekur við skuldbindingum sem gerðar hafa verið í nafni Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála við gildistöku laga þessara.

528. Frumvarp til laga [194. mál]

um breytingu á lögum nr. 110/1999, um Póst- og fjarskiptastofnun.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Vegna úthlutunar tíðni til starfrækslu þriðja rekstrarleyfishafans á GSM 900 MHz þjónustu skal heimilt að taka 16.600.000 kr. gjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

529. Frumvarp til laga [90. mál]

um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fyrri málsgrein 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sbr. lög nr. 19/1989“ í d-lið kemur: sbr. lög um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.
b. Orðin „eða hærri fjárhæð en 1.500.000 kr.“ í e-lið falla brott.

c. F-, g- og h-liður falla brott.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Í samningi um yfirdráttarheimild af tékkareikningi, svo og sambærilegum lánssamningi með breytilegum höfuðstól, skulu neytanda í upphafi slíkra viðskipta veittar upplýsingar um:

a. Hvaða takmörk eru á lánsupphæðinni sé um slíkt að ræða.
b. Hverjir vextir eru og hvaða gjöld falli á lánið frá þeim tíma er gengið er frá samningnum, svo og við hvaða skilyrði megi breyta þeim.
c. Með hvaða hætti samningi skuli sagt upp.
d. Hvort breytingar geti orðið á vöxtum eða umsömdum gjöldum á samningstímanum. Í þeim tilvikum skal neytandi upplýstur um það með hvaða hætti breytingar verða tilkynntar honum. Slíkt má gera með því að vekja sérstaklega athygli á breytingunum í reikningsyfirliti, með auglýsingum í fjölmiðlum eða á annan sambærilegan hátt.
e. Árlega hlutfallstölu kostnaðar, sbr. 10.–12. gr., við mismunandi notkun á heimildinni. Árlega skal senda neytanda almennar upplýsingar með dæmum um útreikning kostnaðar samkvæmt þessum lið. Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. er heimilt að munnlegri beiðni neytanda að breyta yfirdráttarheimild á tékkareikningi.

Heimilt er að kveða nánar á um framkvæmd upplýsingaskyldu samkvæmt þessari grein í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 13. gr.

3. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Á starfsstöð lánveitanda, svo og í auglýsingum og tilboðum, er skylt að upplýsa um árlega hlutfallstölu kostnaðar við lánssamninga sem lög þessi taka til. Ef lánveitandi er jafnframt seljandi vöru eða þjónustu skal einnig gefa upp staðgreiðsluverð hins selda. Um framkvæmd upplýsingaskyldu samkvæmt þessari grein skal nánar mælt fyrir í reglugerð er ráðherra setur.

4. gr.

Við lögin bætist ný grein, 28. gr., svohljóðandi:

Lög þessi eru sett í samræmi við ákvæði í XIX. viðauka EES-samningsins, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, og til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar ráðsins nr. 102 frá 22. desember 1986, um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán, ásamt síðari breytingum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

530. Lög [80. mál]

um dómtúlka og skjalaþýðendur.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 517.

531. Lög [81. mál]

um breytingar á Norðurlandasamningum um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð og um innheimtu meðlaga.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 81.

532. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hákon Sigurgrímsson og Sigríði Norðmann frá landbúnaðarráðuneyti. Þá bárust umsagnir um málið frá Sambandi íslenskra loðdýraræktenda, Landssamtökum sauðfjárbænda, Landssambandi kúabænda, Bændasamtökum Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, yfirdýralækni, Dýraverndunarsambandi Íslands og Hundaræktarfélagi Íslands.

Í frumvarpinu eru ekki lagðar til breytingar á núverandi skipan sóttvarna og einangrunar vegna innflutnings dýra. Hins vegar er lagt til að ákvæði laga nr. 54/1990, um innflutning dýra, verði aðlöguð því fyrirkomulagi á rekstri sóttvarna- og einangrunarstöðva sem komist hefur á og að landbúnaðarráðherra geti falið einstaklingum, fyrirtækjum eða félagasamtökum rekstur þeirra undir eftirliti yfirdýralæknis. Með þeirri breytingu væri á engan hátt slakað á kröfum um sóttvarnir sem gildandi lög kveða á um. Að öðru leyti fela ákvæði frumvarpsins í sér aðlögun laga um innflutning dýra, nr. 54/1990, að þeirri þróun löggjafar á þessu sviði sem orðið hefur frá því að lögin voru sett árið 1990.

Nefndin vekur athygli á að í 11. gr. laga nr. 54/1990 segir: „Hreinræktun innfluttra kynja og blöndun þeirra við innlent búfé skal vera undir stjórn viðkomandi búfjárræktarnefnda sem starfa eftir lögum um búfjárrækt.“ Skv. 7. gr. frumvarpsins væri framangreindri setningu breytt á þann hátt að í stað orðanna „búfjárræktarnefnda sem starfa“ í 11. gr. laganna kæmi: fagráðs sem starfar. Þar sem lög um búfjárrækt, nr. 48/1989, voru leyst af hólmi með búnaðarlögum, nr. 70/1998, væri um tilvísun í brottfallin lög að ræða að óbreyttu.

Guðjón A. Kristjánsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Einar Oddur Kristjánsson og Guðmundur Árni Stefánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

7. gr. orðist svo:

Í stað orðanna „búfjárræktarnefnda sem starfa eftir lögum um búfjárrækt“ í 11. gr. laganna kemur: fagráðs sem starfar samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998.

Alþingi, 13. des. 2000.

Hjálmar Jónsson, form., frsm. Guðjón Guðmundsson. Jónína Bjartmarz.

Jónas Hallgrímsson. Drífa Hjartardóttir.

533. Svar [72. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um þriggja fasa rafmagn.

Svarið er byggt á upplýsingum sem fengnar eru frá Hitaveitu Suðurnesja, Orkubúi Vestfjarða, Orkuveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitum ríkisins.

1. *Hversu margir hafa fengið aðgang að þriggja fasa rafmagni undanfarin þrjú ár, greint eftir kjördæmum?*

Reykjavík.

Samkvæmt upplýsingum frá Orkuveitu Reykjavíkur hefur fyrirtækið frá ársbyrjun 1998 tengt 2.040 nýjar heimtaugar og af þeim eru 1.261 þrífasa.

Reykjanes.

Samkvæmt upplýsingum frá Hitaveitu Suðurnesja er allt dreifikerfi þriggja fasa, þannig að hver sem óskar eftir tengingu við þriggja fasa rafmagn getur fengið slíkt.

Orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins.

Á síðustu þremur árum hafa 174 aðilar tekið inn þriggja fasa rafmagn í sveitum á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins og er skipting þeirra á milli kjördæma eftirfarandi:

Vesturland	40
Norðurland vestra	18
Norðurland eystra	16
Austurland	22
Suðurland	78

Þessum notendum má í meginatriðum skipta í tvo flokka varðandi stöðu þeirra gagnvart raforkukerfinu. Annars vegar er um að ræða orkunotendur sem voru áður tengdir við einfasa línur og hafa nú fengið og nýtt sér aðgang að þriggja fasa rafmagni samfara því að Rafmagnsveiturnar hafa verið að leggja þriggja fasa jarðstrengi til endurnýjunar á eldri loftlínum. Hins vegar er um að ræða notendur sem voru tengdir þriggja fasa línum en höfðu ekki nýtt sér það að óska eftir þriggja fasa rafmagni en hafa nú fengið þriggja fasa rafmagn samfara endurnýjun þessara þriggja fasa lína með þriggja fasa jarðstrengjum og uppsetningu nýrra spennistöðva.

Orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða.

Allflestar sveitalínur á Vestfjörðum eru einfasa og gefa ekki möguleika á þriggja fasa rafmagni, en mjög lítið hefur borið á því að bændur hafi breytt kerfum sínum í þrífasa kerfi á síðustu þremur árum. Á orkuveitusvæðinu eru 35 bæir sem eiga möguleika á að fá þriggja fasa rafmagn en þar af eru 22 tengdir. Á síðustu þremur árum hefur einn bær tekið þriggja fasa tengingu. Á næstu mánuðum opnast möguleiki fyrir átta bæi til viðbótar til að fá þriggja fasa tengingu.

2. *Var þeim sem fengið hafa slíkan aðgang á þessum tíma forgangsraðað á einhvern hátt?*

Rafdreifikerfi Orkuveitu Reykjavíkur er uppbyggt með það fyrir augum að geta veitt öllum notendum sem þess óska þriggja fasa tengingu og tengir Orkuveitan öll ný einbýlis- og raðhús þriggja fasa heimtaug fyrir svipað verð og einfasa er í dag. Í elstu borgarhlutum er eitthvað um annmarka á þriggja fasa tengingu vegna tvíleiðarastrengja í heimtaugum. Sama á við um nokkra staði utan þéttbýlis þar sem notaðir hafa verið einfasa loftlínuspennar.

Á Suðurnesjum er allt dreifikerfið þriggja fasa, þannig að hver sem óskar eftir tengingu við þriggja fasa rafmagn getur fengið slíkt.

Því fjármagni sem varið hefur verið til styrkingar og endurnýjunar rafdreifikerfis Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða í dreifbýli hefur fyrst og fremst verið varið til verkefna sem taka mið af flutningstakmörkunum, öldrun og ástandi línukerfisins auk veðurfarslegra ástæðna. Með þessu er leitast við að tryggja næga flutningsgetu til allra notenda með viðunandi afhendingaröryggi og spennugæðum. Þessar þarfir hafa ráðið verkefnavali auk þess sem orðið er við óskum notenda um þrífösun gegn greiðslu þeirra á hluta kostnaðar samkvæmt gjaldskrá.

3. *Hver hefur verið kostnaður við að tryggja núverandi aðgang að þriggja fasa rafmagni?*

Rafdreifikerfið til sveita hefur frá upphafi verið byggt upp með það að markmiði að það næði til sem flestra notenda með sem minnstum tilkostnaði en hefði þó næga flutningsgetu og viðunandi rekstraröryggi. Í upphafi voru línur næst aðveitustöðvum því reistar þriggja fasa en þar var flutningsþörfin mest. Álmur heim að einstökum bæjum og línur fjarri aðveitustöðvum voru hins vegar einfasa til að halda niðri kostnaði. Til að mæta aukinni flutningsþörf hafa línur síðan verið þrífasaðar, reistar nýjar þriggja fasa línur og nú á síðari árum lagðir þriggja fasa jarðstrengir eftir að þeir urðu samkeppnisfærir í verði.

Endurmetið stofnverð rafdreifikerfisins í sveitum á orkuveitusvæðum Rafmagnsveitna ríkisins er nú um 10 milljarðar og af þeirri upphæð má áætla að um 4 milljarðar séu verðmæti þess hluta kerfisins sem nú er þriggja fasa, enda þótt það sé ekki sérgreint í bókhaldi.

4. *Hvernig er gert ráð fyrir að aðgangur landsmanna að þriggja fasa rafmagni þróist á næstu árum?*

Öll endurnýjun 11 og 19 kV dreifikerfisins í sveitum er nú með þriggja fasa jarðstrengjum og á þá strengi eru að jafnaði settar þriggja fasa spennistöðvar og í öllum tilvikum sé þess óskað. Á þennan hátt fjölgar jafnt og þétt þeim sem hafa aðgang að þriggja fasa rafmagni. Ef þrífasa á þá 4400 km af dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins sem er einfasa og setja upp þriggja fasa spennistöðvar hjá öllum notendum sem ekki hafa þriggja fasa rafmagn í dag er um verulega fjármuni að ræða. Rafmagnsveiturnar hafa metið lauslega að slíkt myndi kosta um 9 milljarða króna. Sérstakt athugunarefni er, hvort rétt sé að leggja í slíkan kostnað eingöngu til þess að allir hafi aðgang að þriggja fasa rafmagni til sveita þar sem yfirleitt dugar einfasa rafmagn til heimilisnota, húshitunar og til almennra búnota. Í þessu sambandi

er rétt að benda á að í dag má knýja flesta þriggja fasa hreyfla sem þörf er á í almennum búrekstri og léttum iðnaði með einfasa rafmagni í gegnum hraðabreyta.

Hluta raforkukerfisins er hins vegar orðið brýnt að endurnýja og á það jafnt við um einfasa kerfið og þriggja fasa kerfið. Sú endurnýjun verður með þriggja fasa jarðstrengjum og mun allt í senn auka rekstraröryggi, flutningsgetu, bæta spennugæði, draga úr rekstrarkostnaði og veita notendum aðgang að þriggja fasa rafmagni. Þessari endurnýjun þarf því að hraða svo sem kostur er.

534. Nefndarálit [93. mál]

um till. til þál. um flutning eldfimra efna um jarðgöng.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Hallgrímsson vegamálastjóra, Gest Guðjónsson, umhverfis- og öryggisfulltrúa hjá Olíudreifingu ehf., og Hörð Gunnarsson, framkvæmdastjóra Olíudreifingar ehf.

Samkvæmt tillögunni er því beint til ríkisstjórnarinnar að setja reglur um flutning á eldfimum efnum um jarðgöng. Í tillögunni er lagt til að í reglunum verði m.a. kveðið á um hvort slíkir flutningar skuli leyfðir og þá með hvaða skilyrðum, þ.e. flutningstækjum, ökuhraða, eftirliti og hvort loka skal göngum fyrir annarri umferð meðan flutningurinn fer fram.

Nefndin telur að hér sé um mjög brýnt mál að ræða. Reynslan erlendis hefur sýnt að flutningur hættulegra efna um jarðgöng getur valdið hörmulegum slysum.

Nefndin telur þær reglur sem nú eru í gildi og birtar eru sem fylgiskjal með tillögunni ekki fullnægjandi og að nauðsynlegt sé að setja skýrari og ítarlegri reglur um þessi mál.

Nefndin vekur athygli á því að undanfarin ár hefur verið unnið á vegum OECD að viðamiklu verkefni um flutning hættulegra efna í jarðgöngum og er niðurstaðna að vænta í lok þessa árs. Vegagerðin hefur fylgst með þessu verkefni og telur nefndin eðlilegt að tekið verði mið af niðurstöðunum.

Nefndin styður tillöguna með þeirri breytingu að lagt er til að í stað þess að einskorða tillöguna við flutning á eldfimum efnum skuli ríkisstjórninni falið að setja reglur um flutning á *hættulegum* efnum um jarðgöng og er gerð breytingartillaga um þetta. Í þessu sambandi vísar nefndin til skilgreiningar á hættulegum farmi, sbr. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar um flutning á hættulegum farmi, nr. 192/1998. Með breytingartillögu þessari mælist nefndin til þess að tekið verði á þessum málum í víðara samhengi en tillagan gerir nú ráð fyrir.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi:

BREYTINGU:

1. mgr. tillögugreinarinnar orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja reglur um flutning á hættulegum efnum um jarðgöng.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. des. 2000.

Árni Johnsen, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Kristján L. Möller.
Lúðvík Bergvinsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Jón Kristjánsson.
Jón Bjarnason.	Guðmundur Hallvarðsson.	

535. Tillaga til þingsályktunar [355. mál]

um frestun á innflutningi fósturvísa úr kúm.

Flm.: Þuríður Backman, Kolbrún Halldórsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að skora á landbúnaðarráðherra að afturkalla nú þegar heimild til afmarkaðrar tilraunar með innflutning á fósturvísum úr norska NRF-kúastofninum þrátt fyrir heimild í lögum.

Greinargerð.

Nýlega heimilaði landbúnaðarráðherra innflutning á fósturvísum úr norskum kúm í tilraunaskyni í því augnamiði að gerð verði afmörkuð tilraun sem ætlað er að leiða í ljós hvort hagkvæmt sé að taka kýr af þeim stofni eða blendingsgripi af íslenskum og norskum stofni til notkunar við mjólkurframleiðslu á Íslandi. Tilraun þessi var heimiluð með ákveðnum skilyrðum og á fyrsti hluti hennar að hefjast í næstkomandi janúarmánuði.

Hugmyndir um innflutning á norska kúakyninu hafa verið alllengi til umræðu og verið mjög umdeildar. Hér skulu á engan hátt tíunduð þau trúverðugu rök sem fram hafa verið færð gegn slíkum innflutningi þar sem t.d. hefur verið bent á mikilvægi þess að vernda fágæta dýrastofna, en af slíkum stofni er íslenska kýrin, og vakin athygli á einstæðum kostum hennar til mjólkurframleiðslu. Undir þessi rök er að sönnu tekið. Í þessari þingsályktunartillögu er hins vegar eingöngu vísað til hættu á að með leyfi til innflutnings á fósturvísum úr norskum kúm séu felldar úr gildi eða veiktar verulega þær varnir sem drýgstar hafa verið til verndunar íslenskum dýrastofnum og opnaðar leiðir fyrir alvarlega smitsjúkdóma sem haft gætu ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Eftir langa einangrun á eylandi er íslenskt búfjárkyn viðkvæmt og innflutningsbann hefur verið sú vörn gegn smitsjúkdómum sem best hefur reynst að mati færustu sérfræðinga. Hvað eftir annað hafa dunið yfir stór áföll í kjölfar ógætilegs innflutnings og annarra óhappa sem ekki öll verða skýrð. Nægir í því sambandi að vísa til hitasóttar í hrossum sem olli miklum usla fyrir tveimur árum. Minnt skal á að þrátt fyrir varnarlínur sem upp voru settar og aðrar varúðarráðstafanir sem áttu að koma í veg fyrir smit dreifðist hrossapestin um land allt. Það eitt sannar að komi upp nýr smitsjúkdómur af einhverju tagi í búfé er mjög erfitt eða jafnvel útilokað að tryggja að smit berist ekki frá einu landsvæði til annars.

Nokkur undanfarin ár hefur kúariðu og skyldra sjúkdóma orðið vart í Evrópulöndum. Í Englandi hafa þessir sjúkdómar valdið miklum usla og haft veruleg áhrif á útflutning þarlendra landbúnaðarafurða, t.d. til Frakklands. Kúariða hefur einnig komið upp í Þýskalandi og Portúgal svo dæmi séu nefnd. Þar til nýlega hafa Norðurlöndin ekki orðið fyrir áföllum af þessu tagi. Hins vegar vildi svo til að sama dag og landbúnaðarráðherra heimilaði umrædda tilraun var greint frá því að nýtt afbrigði af hinum alvarlega og ólæknanlegi heilahrörnunarsjúkdómi sem kenndur er við Creutzfeldt Jakob hefði komið upp í Noregi en sjúkdómurinn er það afbrigði kúariðusmits sem finnst í mönnum.Við nánari athugun reyndist þetta ekki vera nýja afbrigðið heldur það sem áður var þekkt. Hins vegar sýnir þetta hve tæpt við stöndum hvað varðar varnir landsins.

Danir hafa til þessa talið sig lausa við sjúkdóminn en svo reynist ekki vera, þar fannst kúariða í danskfæddri kú snemma á þessu ári og upplýst var í vönduðum sjónvarpsþætti dönskum að kvöldi 12. desember að allar líkur séu til þess að dönsk kýr sem flutt var til Írlands fyrir nokkru hafi borið sjúkdóminn með sér þangað. Auk þess hefðu verið fluttar þúsundir tonna af kjöt- og beinamjöli til Danmerkur frá löndum þar sem kúariða hefur fundist og það þótt slíkur innflutningur hafi verið bannaður í áratugi (frá 1933). Kúariða getur því verið að búa um sig á nýjum stöðum í Danmörku. Í Noregi hefur sauðfjárriða verið útbreidd. Norðmenn telja sig lausa við kúariðu en þeir hafa flutt lifandi nautgripi frá Danmörku hundruðum saman síðustu árin í þeirri trú að kúariða væri ekki í Danmörku. Enn fremur kom fyrir fáum dögum í ljós að norskar kýr hafa verið fóðraðar á kjöt- og beinamjöli sem ekki var samþykkt af heilbrigðisyfirvöldum þar. Það kæmi því ekki á óvart að kúariða sé farin að búa um sig í Noregi þótt hún hafi ekki fundist enn þá. Slíkur sjúkdómur getur dulist í áratug áður en hans verður vart.

Smitleiðir kúariðu eru ekki að fullu ljósar, en hins vegar er vitað að kúariða getur smitast milli dýrategunda og í menn. Sjúkdómurinn er skyldur riðuveiki í sauðfé en óþarft er að minna á hvílíkum skaða sá sjúkdómur hefur valdið hér á landi og hversu erfitt hefur verið að ráða niðurlögum hans. Því hefur verið haldið fram að litlar líkur séu á því að kúariða geti smitast með fósturvísum. Það hefur hins vegar ekki verið afsannað og í ljós hefur komið að smitandi slímhúðarpest í nautgripum (BVD) getur smitast með fósturvísum.

Að lokum skal vísað til greinargerðar Sigurðar Sigurðarsonar, dýralæknis á Keldum, sem snemma á þessu ári varaði við hættu sem fylgt gæti innflutningi á norsku kúakyni. Þar segir m.a.:

„Sagt er: Þetta er óraunhæf sjúkdómahræðsla. Hafa ekki verið flutt inn gæludýr og svín og frjóvguð egg alifugla um árabil án vandræða? Svarið er: Innflutningur á nýju kúakyni til Íslands er ekki sambærilegur við þetta. Í svínum, hænsnum og gæludýrum eru margir sömu smitsjúkdómar og finnast í nágrannalöndum, meðal annars vegna innflutningsins. Það er ekki hvað kýrnar varðar. Erlendis þekkjast smitsjúkdómar af ýmsum toga í kúm, sem ekki hafa borist hingað enn þá. Svín eru lokuð inni alla sína ævi við stranga sjúkdómavörn og sama gildir um fiðurfé, en kýrnar hafa fengið og fá vonandi áfram að ganga frjálsar úti hluta ársins. Oft eru þær í bland við aðrar dýrategundir, m.a. sauðfé. Smithætta frá kúm er því allt önnur og meiri ef illa fer. Sauðfé gæti sýkst af innfluttum kúasjúkdómi og dreift honum um landið. Þannig tilkominn sauðfársjúkdómur gæti breiðst út án þess að vörnum yrði við komið og orðið landsplága. Slíkt hefur gerst áður. Varla eru menn búnir að gleyma því hvernig hrossapestin dreifðist um allt land þrátt fyrir varnarlínur. Hún gæti valdið árlegu tjóni um ókomin ár ef hún er landlæg orðin hér."

Full ástæða er fyrir okkur Íslendinga að gæta ýtrustu varúðar við allar breytingar á búfjárstofnum okkar enda hafa þeir vissulega notið þeirrar einangrunar sem við búum við hér á

landi. Undanfarin ár hefur verið lagt kapp á að kynna íslenskar landbúnaðarafurðir erlendis og vinna þeim markað sem hreinni, ómengaðri vöru.

Neytendur eru – ekki síst vegna kúariðufársins í Evrópu – mjög á varðbergi og krefjast þess að gæði, hreinleiki og heilbrigði allrar vöru sé sannað og staðfest. Tilraun af því tagi sem hér er fjallað um getur haft ófyrirséðar afleiðingar fyrir markaðssetningu íslenskra landbúnaðarafurða og gert að engu það brautryðjendastarf sem þegar hefur verið unnið á þeim vettvangi.

Í ljósi þess sem hér er komið fram er því skorað á landbúnaðarráðherra að afturkalla nú þegar heimild til tilraunar með innflutning á fósturvísum úr norskum kúm þannig að tryggt verði að slík tilraun verði hvorki til þess að spilla ímynd landsins út á við á þessum viðkvæma tíma né opna smitleiðir fyrir alvarlega sjúkdóma í búfénaði og landsmönnum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Með þingsályktunartillögu þessari eru sem fylgiskjöl tvær blaðagreinar sem birtust í Morgunblaðinu snemma á þessu ári.

Fylgiskjal I.

Sigurður Sigurðarson,
dýralæknir á Keldum:

Innflutningur fósturvísa norskra kúa er ótímabær.
(Morgunblaðið, 15. janúar 2000.)

Inngangur.

Stjórn Landssambands kúabænda hefur sótt um leyfi til innflutnings á fósturvísum af norsku kúakyni (NRF) í tilraunaskyni. Undir þessa ósk tekur meiri hluti stjórnar Bændasamtaka Íslands og gerir að sinni, þrátt fyrir dræman stuðning íslenskra kúabænda svo ekki sé meira sagt og verulega andstöðu þjóðarinnar, sem kom fram í skoðanakönnun á jólaföstu 1999. Það er samt þungur skriður á innflutningsmönnum enn einu sinni og hætt við því, að samþykki stjórnvalda verði þvingað fram. Í lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998 segir í 2. gr., að dýralæknar skuli leitast við að girða fyrir hættur m.a. af innflutningi og vera á verði gagnvart því að einstaklingar eða samfélagið í heild bíði tjón af völdum dýrasjúkdóma. Ég tek þetta til mín og bendi á smithættu, sem ekki er hægt að útiloka, og fyrirsjáanlega mikla aukningu á framleiðslusjúkdómum og fótameinum með nýju kúakyni. Ég bendi á fleira, sem að mínum dómi mælir gegn innflutningi fósturvísa, m.a. hugsanlega aukningu á sykursýki í börnum við kúaskiptin og hættu á útrýmingu íslenska kúakynsins, sem hefur ýmsa einstæða kosti eins og íslenski hesturinn, sauðfé og geitin. Ég legg þunga áherslu á að stjórnvöld hafni þessari umsókn. Langtíma áhrif af innflutningi fósturvísa fyrir íslenska búfjárrækt tel ég vera margþætt. Brotið yrði skarð í varnargarð, sem dugað hefur vel gegn því að hingað berist nýir smitsjúkdómar í nautgripi. Það skarð yrði tæpast fyllt aftur. Mikilvægast er að standa gegn því með fullri einurð, að spillt verði þeim vörnum landsins gegn smitsjúkdómum, sem best hafa reynst. Fram undan eru víðtækir samningar við Evrópusambandið og Heimsviðskiptastofnunina WTO. Samningsstaða okkar veikist, ef innflutningur verður þá hafinn frá Noregi, sem nú þegar hefur neyðst til þess að opna í hálfa gátt fyrir innflutningi og strax fengið smitsjúkdóma nokkrum sinnum af þeim sökum. Hins vegar mun einörð afstaða Íslendinga gegn innflutningi njóta skilnings. Auðvelt er að rökstyðja þá

afstöðu með sérstakri viðkvæmni íslenskra búfjárkynja eftir mjög langa einangrun á eylandi og vísa til hinna miklu áfalla, sem dunið hafa hvað eftir annað yfir í kjölfar innflutnings og annarra óhappa, sem ekki verða öll skýrð. Nýjasta dæmi um það er smitandi hitasótt í hrossum, sem reið hér öllu á slig fyrir rúmu ári. Ekki er hægt með neinum ráðum að útiloka alla hættu á þekktum smitsjúkdómum við innflutning á fósturvísum kúa. Það var niðurstaða þriggja manna dýralæknanefndar, sem falið var að meta áhættuna. Yfirdýralæknir setti upp varúðarreglur í mörgum liðum til að fara eftir við innflutning, byggðar á mati nefndarinnar. Hann telur, ef reglum er fylgt, hverfandi líkur á því að smitsjúkdómar berist með fósturvísunum. Ég er ósammála þessu. Reglurnar eru flóknar og dýrar en þó myndi draga verulega úr smithættu, ef þeim yrði fylgt. Þar stendur hnífurinn í kúnni. Reynslan sýnir að ýmis góð áform um strangt eftirlit hafa runnið út í sandinn. Svo gæti enn farið og enginn verið ábyrgur, þegar óbætanlegur skaði er staðreynd. Eftirlit er erfitt og varúð sljóvgast, þegar frá líður. Verði reglurnar sniðgengnar er voðinn vís, en fleira kemur til. Ekki er hægt að prófa fyrir sjúkdómum sem eru enn þá lítið þekktir eða óþekktir þótt þeir séu á staðnum. Loks vil ég geta þess að ég er mjög efins um öryggi einangrunarstöðvarinnar í Hrísey fyrir uppeldi fósturvísa. Stöðin er allt annað en hún var. Ástæðan er stöðugur innflutningur lifandi dýra þangað af ýmsum öðrum tegundum, sem gætu þó borið með sér smitefni, sem eru varasöm fyrir nautgripi. Umferð manna er mikil þar. Faglegt eftirlit með stöðinni og starfseminni þar hefur verið skert verulega.

Ekki sambærilegt við innflutning alifugla og svína.

Innflutningur á nýju kúakyni til Íslands er alls ekki sambærilegur við innflutning á frjóvguðum hænueggjum eða lifandi svínum, sem framkvæmdur hefur verið. Í þeim dýrategundum eru flestir þeir smitsjúkdómar hérlendis sem finnast í nágrannalöndunum. Það er ekki hvað kýrnar varðar. Erlendis þekkjast smitsjúkdómar af ýmsum toga í kúm, sem ekki hafa borist hingað enn þá. Svín eru lokuð inni á húsi alla sína ævi við stranga sjúkdómavörn og sama gildir um fiðurfé, en kýrnar hafa fengið og fá vonandi áfram að ganga frjálsar úti hluta ársins. Oft eru þær í bland við aðrar dýrategundir, m.a. sauðfé. Sauðfé gæti sýkst af innfluttum kúasjúkdómum og dreift þeim um landið. Það gæti orðið óbætanlegur skaði. Enn er í fersku minni, hvernig hrossapestin dreifðist um allt, þrátt fyrir varnarlínur. Innflutningur á dýrum og erfðaefni er bannaður. Landbúnaðarráðherra getur einn gefið undanþágu. Ómaklegt er að gagnrýna hann eins og gert hefur verið, þótt dregist hafi að afgreiða umsóknina. Hann hefur rétt og skyldu til að taka þann tíma sem þarf til að meta aðstæður og málsgögn. Í lögum um innflutning dýra nr. 54 16. maí 1990 segir í 4. gr.: „Áður en leyfi til innflutnings á búfé eða erfðaefnis þess er veitt skal ráðherra leita álits búfjárræktarnefndar í viðkomandi búgrein og skal hún meta þörf eða hugsanlegan ábata fyrir íslenska búfjárrækt af slíkum innflutningi.“ Fagráð í nautgriparækt segir í febrúar 1998 „að innflutningur erlends kúakyns kunni að vera hagkvæmur en úr því verði ekki skorið til fulls nema með tilraunainnflutningi“. Hvorki hefur verið metin þörf né ábati. Svona umsögn er því ekki boðleg. Villandi er að segja tilraun nauðsynlega hér á landi til að geta áætlað hugsanlegan ávinning. Flutningur fósturvísa til landsins áður en raunhæft hagkvæmnismat fer fram virðist vera brot á fyrrnefndum lögum og gæti kostað alvarlegar athugasemdir, ef til vill málaferli. Ef slík tilraun telst nauðsynleg á vitanlega að gera hana í Noregi. Þá eru fyrrnefndir vankantar úr sögunni. Styðja þarf sterkum rökum afdrifaríka og dýra „tilraun“, gerða á kostnað allra bænda, líka þeirra sem eru á móti innflutningi. Ríkissjóður yrði að leggja verulegt fé í þessa svokölluðu tilraun, fjármuni almennings sem virðist mótfallinn innflutningi. Efalaust verður sótt í styrk frá Rannsóknarráði Íslands líka og þá skert fé til annars. Málið er illa undirbúið, sannfærandi rök vantar fyrir

þörfinni, hagkvæmnismat er ekkert raunhæft. Áhættan virðist veruleg. Margir af dýralæknum landsins eru sammála þessu, þótt fáir þeirra hafi látið til sín heyra, og vilja ekki að tekin sé slík áhætta, þar á meðal er Páll A. Pálsson fyrrverandi yfirdýralæknir. Ég tel skyldu mína sem eini sérfræðingur landsins í nautgripasjúkdómum á Íslandi og í Noregi að vara við því enn einu sinni að þetta skref sé stigið.

Íslenskt búfé er viðkvæmt fyrir smiti.

Veirusjúkdóma þarf einkum að hafa í huga. Slíkir sjúkdómar gera lítt vart við sig í löndum þar sem þeir hafa verið lengi og eru landlægir en geta valdið usla í búfjárstofnum, sem lengi hafa verið einangraðir eins og íslensku búfjárkynin. Þar með er talinn kúastofninn íslenski. Við höfum bitra reynslu af innflutningi. Þar eru áföll af völdum sjúkdóma fyrr og síðar. Ég nefni aðeins mæðiveiki, garnaveiki og riðuveiki. Áður óþekktir kvillar og sjúkdómar geta komið fram. Fyrir þeim er ekki hægt að prófa. Menn átta sig kannske ekki á því, að annað kastið koma fram nýir sjúkdómar. Smithætta er fyrir hendi um nokkurt skeið áður en óþekktur sjúkdómur er greindur, einnig þótt fram komi þekktur sjúkdómur, sem menn áttu ekki von á. Þekktur sjúkdómur getur lýst sér öðru vísi en lesa má á bókum, komi hann fram á nýju svæði og í nýju búfjárkyni. Dæmi um þetta gæti verið smitandi hitasótt í hrossum, sem upp kom í febrúar 1998 og breiddist út um allt land án þess að við yrði ráðið og er sjálfsagt landlægur orðinn hér. Sumir telja þennan hrossasjúkdóm landlægan ytra, þótt hann sjáist ekki. Ekki hefur enn tekist að greina með vissu hver þessi sjúkdómur var. Það er athyglisvert og gefur til kynna takmarkanir okkar við sjúkdómagreiningu og varnir. Dýrkeypt varð sú reynsla en þó vorum við heppin að ekki drapst nema ríflega stórt hundrað hrossa, en tugir þúsunda hrossa munu hafa veikst. Allt eins hefði getað borist hingað mun alvarlegri drepsótt. Nóg er af þeim í öðrum löndum og því miður er enn þá greið leið inn í landið fyrir nýja smitsjúkdóma í hrossum vegna agaleysis og kæruleysis okkar sjálfra. Ég legg til að lögfestar verði hér, líkt og erlendis, reglur sem banna mönnum að koma í gripahús hér heima fyrr en liðnir eru 2 sólarhringar frá því að þeir hafa verið í snertingu við skepnur ytra. Hægt væri að sækja ýmsa góða kosti í útlend hestakyn t.d. meiri stærð, meiri hraða, fallegri liti, reisulegra byggingarlag, glæsilegar hreyfingar eða hver veit hvað? Væri ekki erfiðara að neita slíkum innflutningi t.d. frá Noregi, ef búið væri að leyfa innflutning á nýju kyni nautgripa þaðan? Væri slík beiðni verri en innflutningur á nýju kúakyni? Líklega myndu hestamenn sjálfir hafa vit fyrir umsækjendum og afsegja slíkt? Það hafa 70% kúabænda gert á fundum. Skoðanir þess meiri hluta verða lítils metnar, ef innflutningur verður leyfður. Smithætta er stundum við lýði í nokkur ár áður en bera fer á nýjum sjúkdómi, einnig eftir að hans verður vart, meðan greining er enn óklár. Það er vegna óvissu, tregðu og jafnvel óvilja til að greina hann og skrá í viðkomandi landi. Varnarviðbrögð verða sein og fálmandi. Hvernig var með kúariðuna? Henni veldur örsmátt og ótrúlega lífseigt prótein, talið komið frá riðufé. Hún var búin að malla í 4–8 ár í Englandi áður en hún var greind 1986. Ótrúlegur feluleikur og undanbrögð viðgengust lengi vel og jafnvel enn þá í Englandi m.a. af hálfu stjórnvalda til að reyna að forða þeim frá fjárhagstjóni, sjálfsagt í þeirri von að allt myndi sleppa. Allt það tímabil og í nokkur ár á eftir var selt erfðaefni, lifandi gripir, smitmengað fóður og fleira frá Englandi í ýmsar áttir með alvarlegum afleiðingum fyrir viðkomandi lönd eins og alkunnugt er orðið vegna mikillar umræðu. Árið 1988 var meira að segja seld kýr með kúariðusmit frá Englandi til Danmerkur. Nokkru síðar og áður en vitað var hvað yrði úr kúariðusmitinu fluttum við fósturvísa af holdakyni nautgripa frá Danmörku til Íslands. Þetta fór framhjá undirrituðum, hann var ekki spurður. Dýralæknirinn danski, sem kom með fósturvísana, mun hafa undrast eftirlitsleysið með innflutningnum. Við megum víst þakka fyrir að ekki fór verr. Er ráðlegt fyrir okkur, sem

miðar vel við útrýmingu á riðuveiki úr sauðfé með ærnum kostnaði, að fá fósturvísa úr nautgripum frá Noregi þar sem riðuveiki í sauðfé er mjög útbreidd og óvissa ríkjandi um það hvar hún er ekki? Þar eru ekki varnarhólf eins og á Íslandi og mun síðar var gripið til aðgerða gegn riðunni þar en hér. Ég mótmæli slíkri ógætni.

Smitandi slímhúðapest (BVD).

Smitandi slímhúðapest í nautgripum, Bovine viral diarrhoea, er pestarveirusjúkdómur, sem sýkir einnig sauðfé. Prófun, sem gerð var á tankmjólk frá 253 kúabúum og blóðsýnum úr einstökum gripum víðs vegar af Íslandi, hefur gefið tærar og hreinar niðurstöður. Þótt próf þurfi alltaf að taka með fyrirvara, styrkir það þessar niðurstöður, að engin einkenni sýkingar í nautgripum eða sauðfé af þeim toga hafa sést hérlendis. Veira þessi er í kúm og sauðfé í Noregi og hefur valdið miklu tjóni en hefur látið undan síga í nautgripum vegna kostnaðarsamra aðgerða um árabil (400 milljónir á ári). Aðgerðir hófust þar til að ná betri samningsstöðu við Evrópusambandið. EES-samningurinn skuldbindur til sem frjálsastrar verslunar. Ef færð eru gild rök fyrir því að land sé laust við ákveðna sjúkdóma eða skipulegar aðgerðir í gangi til að uppræta þá, gefur það færi á að neita innflutningi frá Evrópu á því sem felur í sér smithættu. Staða Íslands hvað varðar þennan sjúkdóm er einstæð í Norður-Evrópu að dómi Stefans Alenius, sérfræðings í veirusjúkdómum dýra í Svíþjóð, sem prófað hefur sýnin fyrir okkur, og óráðlegt er að hans dómi að taka nokkra áhættu fyrir svæði og lönd sem laus eru við sjúkdóminn. Við þurfum ekki að berjast fyrir þeirri stöðu okkar lands eða kosta neinu til. Eigum við að leggja slíka stöðu í hættu?

BVD-smit getur borist með fósturvísum.

Fyrr voru fósturvísaflutningar taldir hættulausir. Nú er vitað að það er rangt. Veiran getur borist með fósturvísum nautgripa. Áður en það vitnaðist voru fluttir fósturvísar holdanauta hingað frá Danmörku eins og áður segir. Við vorum heppin að fá ekki veiruna með þeim. Veiran berst einnig með sæði. Sagt var frá rannsókn á þessari veiru nýlega í ensku dýralæknariti. Hún fannst í eggjastokkum, eggjum og fósturvísum. Þetta er ný vitneskja. Veiran veldur bítlaveiki í sauðfé og geitum, Border disease, og er náskyld svínapest, Swine fever. Sauðfé smitar nautgripi og nautgripir sauðfé skv. nýrri doktorsritgerð sænskri um þennan sjúkdóm. Veiran finnst í norsku sauðfé og þótt menn nái smitinu niður í kúm þar í landi með ærnum kostnaði er sauðféð eftir sem áður smitað og getur e.t.v. sýkt nautgripi á ný. Unnt er að prófa foreldra fósturvísa og taka aðeins erfðaefni úr þeim gripum, sem engin mótefni eru með, en öll slík próf eru ónákvæm og skilja eftir óvissu. Þvo má og sótthreinsa erfðaefnið og minnka enn áhættuna. Þó er enn eftir óvissa. Sú óvissa og smithætta magnast við endurtekinn innflutning. Auk þess sljóvgast varúð manna á löngum tíma, einkum ef vel gengur í fyrstu. Það sem unnt er að fyrirbyggja að mestu eða öllu leyti með mikilli varúð við innflutning í eitt skipti er erfiðara að girða fyrir svo tryggt sé, þegar mörgum sinnum þarf að flytja inn eins og óhjákvæmilegt verður, ef farið yrði af stað með tilraun þessa. Mikil þarf ávinningsvonin að vera til að réttlæta slíka áhættu.

Smitandi hvítblæði (EBL).

Smitandi hvítblæði (Enzootic bovine leucosis) er illskeytt og ólæknandi retroveirusýking í kúm og kindum í flokki með mæði og eyðni. Hún er þó ekki talin sýkja fólk. Hún barst til Noregs fyrir ekki löngu. Ég veit ekki til þess að henni hafi verið útrýmt þar. Sá sjúkdómur hefur aldrei borist til Íslands. Erfitt er að útiloka að veiran berist með fósturvísum.

Smitandi berkjulungnabólga (RSV).

RS-veirusýking í öndunarfærum kálfa og kúa (Respiratory syncytial-virus) barst til Noregs með innflutningi fyrir 4–5 árum, olli þar talsverðu tjóni og uppnámi og er enn við lýði þar. Hún hefur heldur aldrei verið staðfest hér á landi.

Smitandi barkabólga/fósturlát (IBR/IPV).

Þetta er herpesveirusýking, sem aldrei hefur fundist hér. Grunur vaknaði um þennan sjúkdóm í Noregi á síðasta ári, meira að segja inni á sæðingarstöð. Það olli miklu uppnámi en varð þó ekki staðfest. Erfitt er að losna við þennan sjúkdóm ef hann birtist. Bólusetning dugar þó til að halda honum í skefjum. Fleira verður ekki talið að sinni.

Sykursýki í börnum.

Nýlega hefur Stefán Aðalsteinsson fv. framkvæmdastjóri Norræna genabankans fyrir búfé vakið athygli á því, að íslenskar kýr eru ólíkar kúakynjum í nágrannalöndunum hvað varðar tvö mjólkurprótein. Hvort tveggja er hagstætt íslenskum kúm. Annað er heppilegt við ostagerð, kappa-kasein B, og finnst í miklum mæli í íslenskri mjólk en hitt, sem er varasamt, beta-kasein A1, finnst í mun meira mæli í norskri mjólk en íslenskri. Þetta prótein getur valdið sykursýki í músum og því telja menn að það geti í vissum tilfellum valdið sykursýki í börnum. Insúlínháð sykursýki í börnum undir fermingu er helmingi tíðari í Noregi en á Íslandi. Grunur hefur fallið á efnasamsetningu mjólkur. Ný rannsókn styrkir þessa tilgátu en frekari rannsóknar er þörf til fullkominnar sönnunar. Stefán hefur gert áætlun um það hvernig losna má alveg við þetta prótein úr íslenskri mjólk með markvissu úrvali á kúm. Hann telur að það megi gera á 6 árum. Ætti ekki að uppræta svo alvarlega óvissu strax? Þá gætum við e.t.v. framleitt mjólkurduft, sem minnkar hættu á sykursýki í börnum hér og flutt út þá heilsuvöru fyrir börn í öðrum löndum. Mun erfiðara er að hreinsa þennan grunaða erfðavísi úr öðrum kúakynjum í Evrópu. Þrjár af hverjum fjórum norskum kúm og nautum eru með hann. Yfirdýralæknir gerði kröfu um að eingöngu yrðu valdir sem foreldrar fósturvísa gripir, sem eru lausir við hann. En jafnframt þarf að velja fyrir öðrum heppilegum eiginleikum. Þess vegna hafa innflutningsaðilar beðist undan svo gressilegri takmörkun á vali sínu úr norska kyninu. Sýnt er hvert stefnir. Það má ekki gerast, að mjólk verði spillt með innflutningi á öðru kúakyni þannig að sykursýki aukist fyrir komandi kynslóðir. Við flytjum inn mjólkurduft, sem e.t.v. stuðlar að sykursýki. Hvers vegna eru ekki nein viðbrögð opinberra aðila við þessum ábendingum ítrekuðum? Hvar eru neytendasamtökin nú? Landlæknar, fyrrverandi og núverandi, hafa báðir tekið undir þessi sjónarmið. Ég legg til að tekið verði tillit til þessa við ræktun hér á landi og stefnan tekin strax á að uppræta úr íslensku kúakyni genið, sem grunað er um að valda sykursýki. Prófin eru til og fremur ódýr. Þau má nota á sæði ferskt og fryst. Fyrsta skrefið er að prófa allt nautasæði sem til er í geymslu á nautastöð Bændasamtakanna á Hvanneyri og öll ný naut áður en þau verða tekin í notkun.

Er tími kominn til að endurskoða ræktunarstefnuna?

Þegar mjólk vantaði í landinu var eðlilegt að láta nythæð vega þyngst í kynbótastarfi. Það hefur skilað þeim árangri að offramleiðsla hefur oft verið á mjólk og auðvelt er að auka að mun mjólkurframleiðslu með íslenska kúastofninum. Hér vantar því ekki mjólk og ekki heldur nautakjöt. Varla þarf að búast við verulega aukinni neyslu mjólkurafurða. Leggja ætti áherslu á að bæta júgur og spena og láta gott heilsufar og endingu hafa meira vægi en verið hefur í ræktunarstefnu? Norskar kýr eru flestar hyrndar. Hér hefur verið lögð áhersla á koll-

óttar kýr og vel tekist til. Er skynsamlegt að stefna á hyrnt kúakyn þar sem afhorna þarf alla kálfa? Hvað skyldi það kosta og hvað með dýravernd í því sambandi?

Breyttir búskaparhættir, byggðaröskun.

Það stefnir í það víða erlendis, allt undir merkjum samkeppni og hagkvæmni, að kýr standi sem lengst inni, jafnvel allt árið. Síðan er farið að gefa hormón til að auka afköstin, og næringarríkt skólp til að spara fóðurkostnað. Eftir ameríska forskrift mætti framleiða alla okkar mjólk á algjörri innistöðu í einu búi fyrir sunnan og öðru fyrir norðan. Er slík þróun æskileg hérlendis? Eða verðum við að halda samkeppnisleiknum áfram, ef við hefjum hann? Eigum við að setja mörk um það hve langt má ganga í slíkum búskaparháttum eða búa enn um sinn við íslenskt kúakyn og markvissa þróun þess? Almenningur er sáttur við íslensku kúna, ekki við innflutningsmenn. Hánytjakýrnar stóru og þungu í útlöndum þurfa hlutfallslega meira kjarnfóður en íslenskar. Meira korn þyrfti fyrir sama magn mjólkur. Það yrði tekið frá fólki í hungruðum heimi. Stór skref yrðu tekin frá vistvænum búskap sem margir telja vænlegan hér á landi og lífrænum, frá graskúnni í kornkú. Eru líkur á því að þröngt verði í gömlum fjósum fyrir nýjar og stærri kýr? Fá menn fjármagn til að endurnýja og stækka fjósin sín? Hvar verða þeir peningar teknir? Er hætta á því að bændur sem tæpt standa, en það er víða á landinu, flæmist frá búskap löngu fyrr en þeir ætluðu vegna óviðráðanlegs kostnaðar? Hvað þá með byggðasjónarmið? Varla er tal stjórnmálamanna um það tómt hjóm og einskis virði. Hver er stefnan?

Eru grannar okkar lengra komnir í að fræða sína menn?

Við vitum um menn í flestum sveitum hér á landi, sem búa við hámjólka kýr án umtalsverðra sjúkdóma og ná lágri frumutölu. Hærri frumutala í mjólk hér en í grannlöndunum er vegna þess að við erum að byrja nú en þeir hafa unnið að því að ná henni niður í meira en áratug. Há tala gefur til kynna bólgu í júgri. Getur verið að þá grundvallarfræðslu vanti að menn skemmi óvitandi júgrin með rangri stærð af spenagúmmíum? Úrvalskúm má ekki gefa annað en úrvals heyfóður. Hvers vegna geta sumir bændur en ekki allir verkað slíkt hey hvernig sem viðrar? Mig grunar, að skilvirka fræðslu vanti um fóður og fóðrun á fullorðnum gripum og meðferð á ungviði, sem enn er hrakleg víða hér því miður. Þekkingin er til. Hún er undirstaða fyllstu afurða. Á meðan talsverður hópur manna nær afbragðs árangri með íslenskar kýr geta menn vonað að markvissar aðgerðir til að efla þekkingu og nýtingu hennar stækki verulega hóp úrvals kúabænda. Nú þegar eru 10 bú hér með meira er 6.000 lítra meðalnyt en því ná ekki nærri öll norsk bú. Einstaka bú hér ná ekki 3.000 lítrum úr sama kyni. Hvers vegna? Á námskeiði um fjölþátta sjúkdómagreiningu á kúabúum, sem ég sótti á Hvanneyri í sumar, sýndist mér sem við gætum bætt ýmislegt til að auka hagkvæmni kúabúa og miðað við það sem t.d. Danir hafa náð. Væri ráð að bera saman vinnubrögð skepnuhirða og þjónustuaðila á norskum búum við það sem þekkist á Íslandi? Eru grannar okkar komnir lengra en við í því að fræða og þjóna kúabændum? Er fóðrið fjölbreyttara og minni sveiflur í samsetningu þess? Gæti það átt þátt í mun á afurðasemi kynjanna eða er kannske ekki umtalsverður munur þegar öllu er á botninn hvolft? Væri ekki rétt að láta reyna á það betur hvað íslenska kýrin dugar á réttum forsendum? Spyrja má hvers vegna fleiri og fleiri Norðmenn séu að verða fráhverfir sínu ágæta kúakyni og telja önnur kyn betri. Ég hef reynt að fylgjast vel með því hvað gerist í Noregi. Mér sýnist að innflutningsmenn vilji komast í rauða samnorræna erfðapottinn, ekki stöðvast við norsku kýrnar, heldur stíga fyrsta skrefið af mörgum, ef látið verður undan þrýstingi núna. Fordæmin sjást hjá svínabændum hér, sem

fara úr einu landi í annað, fyrst er náð í svín til Noregs sem reynast fótfúin, svo er farið til Finnlands, kannski víðar? Svínaskarðið stendur opið. Hvenær verður slys þar?

Ný vandamál – Meta þarf sjúkdómahættuna alla strax.

Þeir sem eiga erfitt með að búa við íslenskar kýr munu lenda í því sama og jafnvel enn meiri vanda með þær norsku. Þeirra vandi mun ekki leysast við innflutning. Eru menn viðbúnir því, sem fylgja mun hinu þunga kyni, að meðalaldur kúnna verði aðeins fjögur ár, að tvö mjaltaskeið náist að jafnaði og að endurnýja þurfi 40% kúnna árlega? Berum það saman við Gullhúfu og Skjöldu, sína af hvoru horni Íslands, sem heilsugóðar entust vel með hányt í 18 ár. Það eru sérstakar aðstæður núna meðan verið er að ná frumutölu í mjólkinni niður og kostar förgun á óvenjulega mörgum kúm. Það lækkar meðalaldurinn meðan á því stendur en mun breytast aftur. Stærri og þyngri kýr og lægri meðalaldur í nýju kúakyni leiðir til meiri kjötframleiðslu. Það gæti aukið enn vandann við sölu á nautakjöti og rýrt hag holdanautabænda. Meta þarf sjúkdómaþáttinn allan strax. Ekki var ætlast til þess af dýralæknanefndinni, sem yfirdýralæknir byggði á. Meta þarf sjúkdóma, sem gætu borist til landsins en ekki má gleyma framleiðslusjúkdómum, sem munu aukast stórlega. Nýr og þyngri kúastofn færir okkur ný vandamál. Þegar slíkt kyn kæmi í íslensk fjós gæti það leitt til sjúkdóma, sem íslenskir bændur eru ekki búnir undir svo sem aukins súrdoða, snúnings á vinstur, vambarsúrnar, kvikubólgu eða klaufsperru, sólamars og varanlegra vöðvaskemmda í legukúm. Ófrjósemi er vandamál í Noregi og júgurbólga er ekki síðri vandi þar en hér á landi þrátt fyrir betra júgur og spena. Óvíst er hvort stórkýrnar standast kalda sumarveðráttu okkar eins og þær sem aðlagast hafa aðstæðum í þúsund ár. Með nýju kyni yrði e.t.v. tekin stefna á algjöra innistöðu. Væri ástæða til að athuga nánar hvernig sú mikla tilraun hefur reynst Færeyingum, þegar skipt var yfir í norskar kýr. Þeir útrýmdu sinni kú og búa nú við norskan stofn á innistöðu. Norsku þungu kýrnar spörkuðu út og spilltu landi, þoldu ekki aðstæðurnar og voru ekki hafandi úti. Vitnað hefur verið í tilraun, sem gerð var í Færeyjum þar sem bornar voru saman íslenskar kvígur og norskar. Niðurstaðan hefur verið túlkuð í hag þeim norsku. Var samanburðurinn sanngjarn? Hóparnir voru ekki sambærilegir í upphafi. Á tilraunatímanum bættu þær íslensku á sig holdum en hinar lögðu af. Þetta var ekki metið. Þær íslensku eru seinni til en endast betur. Sverrir Patursson bóndi í Kirkjubæ varar við því að skipta um kúakyn. Hann segir færeyska bændur ekki hafa orðið feita og ríka á norsku kúnum en það hafi dýralæknar þeirra orðið. Kollegar mínir í Noregi munu einnig hafa góðar tekjur af þarlendum kúm. Það er athyglisvert, að ýmsir dýralæknar íslenskir, sem hafa starfað í Noregi og þekkja norsku kýrnar, eru andvígir innflutningi vegna sjúkdóma þar.

Við höfum skuldbundið okkur til að varðveita íslenska kúakynið með alþjóðlegum samningum. Það býr yfir kostum, sem einstæðir virðast og gætu kannske reynst okkur gullmoli fyrir framtíðina eins og íslenski hesturinn, ef við spilum ekki tækifærinu úr höndum okkar. Ekki verður aftur snúið, ef við afrækjum íslensku kúna. Hætt verður kynbótum og viðhaldi kynsins, ef innblöndun hefst. Þá þarf að gera sérstakar dýrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir útrýmingu. Rétt er að taka þann kostnað með í hagkvæmnismat við innflutning. Tilraunaáætlunin er ófullkomin. Munur í hag norska kyninu á tilraunatíma vegna meiri bráðþroska og blendingsþróttar óskyldra kynja hverfur, þegar frá líður, en verður þó túlkaður sem réttlæting til að halda áfram með kynskiptin. Við vitum hvað við höfum. Enn má bæta íslenska kúastofninn verulega og leiðbeina íslenskum kúabændum betur. Okkur má ekki liggja svo á að verk okkar verði óbætanlegt slys. Frestum ákvörðun um innflutning þar til íslensku

kýrnar hafa verið rannsakaðar betur, sem nauðsynlegt er. Ég trúi, að þær muni standa sig vel við samanburðinn, ef ekki er gleymt mikilvægum þáttum og dæmið reiknað af réttsýni.

Búkolla mín baular nú
og biður menn að hafa trú
á litskrúðugri landnámskú,
sem lífið þakka megum.
Hennar mjólk er holl og góð
heilsubrunnur vorri þjóð.
Kynið hreina sýnir sjóð,
sem við bestan eigum.

Fylgiskjal II.

Stefán Aðalsteinsson,
doktor í búfjárfræði:

Kúainnflutningur: Er óhagkvæmt að flytja inn norskar kýr?
(Morgunblaðið, 3. febrúar 2000.)

Mikil umræða hefur verið manna á meðal á undanförnum misserum um innflutning á norskum NRF-kúm til Íslands. Sótt hefur verið um að flytja inn í tilraunaskyni fósturvísa úr völdum norskum kúm og fá úr þeim norskar kvígur, til að bera saman við íslenskar kvígur á Íslandi. Gert er ráð fyrir að bera kvígurnar saman á fyrsta mjaltaskeiði.

Andstaða gegn innflutningi hefur verið áberandi, bæði meðal íslenskra kúabænda, almennra borgara og sérfræðinga.

Sjúkdómar í kúm og sykursýki í börnum.

Sigurður Sigurðarson, sérfræðingur í nautgripasjúkdómum í Noregi og á Íslandi, hefur varað við hættu á að alvarlegir smitsjúkdómar í nautgripum, sem eru til í Noregi en ekki hér, berist til landsins. Sumir þessir sjúkdómar leggjast einnig á sauðfé. Sigurður bendir sérstaklega á að áhættan aukist við margendurtekinn innflutning, sem verða myndi staðreynd ef norskar kýr yfirtækju íslensk fjós.

Undirritaður hefur varað við að flytja inn norskar kýr vegna þess að í þeim er há tíðni á sérstöku mjólkurprótíni, betakaseíni A1, sem er grunað um að valda sykursýki í börnum. Tíðni gensins sem framleiðir þetta prótín er mun lægri í íslenskum kúm en norskum. Í íslenskri mjólk er þar að auki há tíðni á heppilegu ostaprótíni, kappakaseíni B, sem eykur nýtingu ostefnis í mjólkinni við ostagerð.

Andmælendur innflutnings hafa bent á að norsku kýrnar væru mun stærri og þyngri en þær íslensku, þær þyrftu stærri bása, træðu frekar upp sumarbeitiland í votviðratíð, þær væru hyrndar og þyrfti að afhorna alla kálfa, og þær entust illa.

Einnig hefur verið bent á að margir bændur á Íslandi nái yfir 6.000 lítra nyt úr íslenskum kúm og mjólkurmagn á Íslandi hafi aukist upp úr öllu valdi fyrir ári, væntanlega fyrir aukna kjarnfóðurnotkun, þegar bændum var boðið að leggja inn alla þá mjólk sem þeir gátu framleitt.

Sumir íslenskir bændur eru alltaf með miklar afurðir eftir kýr sínar. Aðrir ná aldrei miðlungsafurðum. Þó eru kýrnar hjá bestu og lökustu bændum að mestu leyti undan sömu nautum. Það er vitað að munur á nythæð einstakra kúa á sama búi stafar að langmestu leyti (80–85%) af mismun í aðbúð, en ekki nema að litlu leyti (15–20%) af arfgengum mun á kúnum. Þess vegna má auka afurðir kúabúa á Íslandi afar mikið án þess að skipta um kúakyn.

Ísland ber ábyrgð á því að varðveita alla sína búfjárstofna frá útrýmingu, þar með talið kúastofninn, ef hann skyldi lenda í útrýmingarhættu. Ekkert hefur heyrst frá innflutningsmönnum um það hvernig þeir telji best að varðveita íslensku kúna, ef farið verði alfarið yfir í norskar kýr, hvorki hvar hún skuli varðveitt né hvernig eigi að standa undir kostnaði af því.

Innflutningur óhagkvæmur ef sykursýki eykst.

Ekki var lagt mat á væntanlegan ábata af innflutningi þegar Landssamband kúabænda sótti um leyfi fyrir innflutningi á fósturvísum úr norskum kúm í tilraunaskyni, enda þótt lög kveði á um að slíkt skuli gert. Hins vegar var nýlega gerð takmörkuð könnun á hagkvæmni þess að flytja inn norskar kýr. Sú könnun var unnin sem prófverkefni fyrir BS-gráðu í hagfræði- og viðskiptadeild Háskóla Íslands.

Aðalniðurstaða könnunarinnar var sú, að innflutningur væri mjög óhagkvæmur ef hann ylli aukningu í sykursýki, en hún gæti meira en tvöfaldast á tímanum sem það tæki að skipta úr íslenskum kúm í norskar, sé reiknað með að betakaseín A1 valdi sykursýki.

Innflutningsmenn leggja áherslu á að orsakasamband betakaseíns og sykursýki í börnum sé ekki sannað. Þó er vitað að betakaseín A1 veldur sykursýki í tilraunamúsum. Til að mæta þeim möguleika að betakaseín A1 valdi sykursýki í börnum vilja þeir velja norska fósturvísa þannig að ekki verði aukning í sykursýki á Íslandi við innflutning á þeim.

Sú hugmynd verður fánýt þegar fram í sækir ef alfarið verður farið yfir í norskar kýr hér á landi. Þá væri Ísland orðið hluti af norrænni ræktunarheild rauðra kúa, þar sem eitt yrði látið yfir alla ganga. Þá yrði aukin sykursýkihætta staðreynd.

Í könnuninni sem að ofan getur var fengið álit tveggja forstöðumanna í mjólkuriðnaði á því hvers virði það sé fyrir Ísland að vera með kúastofn sem hefur lægri tíðni en aðrir kúastofnar á geninu sem grunað er um að valda sykursýki.

Annar aðilinn taldi óvíst að hægt væri að ná auknum markaði fyrir mjólkurvörur á þessum forsendum og því væri tæplega verið að fórna neinu á erlendum mörkuðum með innflutningi. Hinn aðilinn taldi hins vegar, að ef umrætt prótín væri sannanlega fátíðara í íslenskri mjólk en norskri þá yrði að skoða málið mjög vandlega áður en innflutningur yrði leyfður.

Ef gott verð fengist fyrir duft úr íslenskri mjólk gæti orðið um gífurlega framleiðsluaukningu á mjólk að ræða á Íslandi, því að núverandi mjólkurmagn hrekkur skammt, ef duftið næði vinsældum erlendis. Hér gæti því orðið um að ræða mikla búbót fyrir þjóðarbúið í heild og sérstaklega bændur. Hér er gert ráð fyrir að úr duftinu yrði framleitt barnamjólkurduft fyrir pelabörn.

Talið er mögulegt að útrýma geninu fyrir betakaseín A1 alveg úr íslenska kúastofninum með snörpu úrvali á innan við áratug. Þannig gæti duft úr íslenskri mjólk orðið alveg laust við þetta varasama prótín. Það gæti orðið ný og verðmæt afurð. Það yrði í fyrsta skipti sem leiðir gætu opnast fyrir mikla framleiðslu á verðmætri mjólkurafurð til útlanda.

Nú virðist full ástæða til að staldra við og slá innflutningi um sinn á frest. Þess í stað þarf að einbeita sér að því að rannsaka nánar samband betakaseíns A1 og sykursýki í börnum. Ef ekki er um orsakasamband að ræða, má alltaf taka upp innflutningsþráðinn aftur.

Ef fyrri grunur um orsakasamband verður staðfestur liggur beint við að hefja framleiðslu á mjólkurdufti til útflutnings úr íslenskri mjólk sem væri með öllu laust við betakaseín A1.

Samtímis þessum aðgerðum þarf að útrýma betakaseín A1-geninu úr kúastofninum og bæta með úrvali þá ágalla aðra á stofninum sem mestu máli skipta.

536. Frumvarp til laga [119. mál]

um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 13. gr. laganna kemur ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Telji Fiskistofa að afli tiltekins skips sé að stærðarsamsetningu, aflasamsetningu eða gæðum frábrugðinn afla annarra skipa sem stunda sambærilegar veiðar skal Fiskistofa setja veiðieftirlitsmann um borð í skipið til að fylgjast sérstaklega með veiðum þess. Hafi veiðieftirlitsmaður í þessu skyni verið um borð í veiðiskipi sjö daga eða sjö veiðiferðir samtals á sama fiskveiðiári skal Fiskistofa ákveða hvort ástæða sé til að fylgjast sérstaklega með veiðum skipsins áfram. Skal útgerð skipsins tilkynnt ákvörðun Fiskistofu. Hafi veiðieftirlitsmaður á sama fiskveiðiári verið fleiri en sjö daga eða sjö veiðiferðir um borð í veiðiskipi samkvæmt þessari grein skal útgerð skipsins greiða allan kostnað, þar með talinn launakostnað, af veru hans um borð frá og með áttunda degi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

537. Svar [307. mál]

dóms- og kirkjumálaráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um Jöfnunarsjóð sókna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mikið fé hefur runnið til Jöfnunarsjóðs sókna árin 1987–2000, sbr. II. kafla laga um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987?*
2. *Hvernig hefur fjármunum sjóðsins verið varið árin 1987–2000?*

Leitað var til biskupsstofu um svör við fyrirspurninni. Umbeðnar upplýsingar koma fram í töflunum hér á eftir.

Tekjur Jöfnunarsjóðs sókna 1988–2000.

Ár	Þús. kr. á verðlagi hvers árs.
1988	77.731
1989	99.085
1990	105.792
1991	124.457
1992	138.400
1993	141.614
1994	142.986
1995	146.398
1996	151.652
1997	161.039
1998	172.391
1999	195.801
2000	215.500

Styrkir Jöfnunarsjóðs sókna, í þús. kr. á verðlagi hvers árs.

	Samtals	2000	1999	1998	1997	1996	1995	1994	1993	1992	1991	1990	1989	1988
Höfuðkirkjur														
Dómkirkjan í Reykjavík	31.500	7.500	5.000						5.000	7.000	5.000	2.000	0	0
Hallgrímskirkja í Reykjavík	84.000	6.000	5.000	8.000	9.500	7.000	8.000	5.000	9.000	7.000	6.000	6.000		7.500
Hallgrímskirkja í Saurbæ	6.000	0	600	500	500		600	500	500	600	400	600	700	500
Hóladómkirkja	63.000	3.500	2.000	2.000	3.000	3.500	4.000	5.000	2.500	4.500	5.000	8.000	10.000	10.000
Kapella Jóns Steingrímssonar	4.900	400	300	1.000	1.000	300	300		300	100	200	400	300	300
Skálholt	165.500	16.000	18.000	18.500	17.000	21.000	17.000	14.000	13.000	10.000	10.000	4.000	2.000	5.000
Múlaprófastsdæmi	**46.250**	**4.400**	**2.600**	**2.850**	**3.600**	**3.200**	**5.700**	**6.700**	**5.900**	**4.900**	**3.800**	**2.000**	**600**	**0**
Ássókn	2.000	500	500	500				500		0	0	0	0	0
Desjamýrarsókn	3.000	1.000	500	500	1.000									
Egilsstaðasókn	0			0					0	0	0	0	0	0
Eiðasókn	300			0					0	0	0	0	300	0
Eiríksstaðasókn	400			200					0	200	0	0	0	0
Hjaltastaðasókn	3.650	300	300	250	500	500	600		500	500	200	0	0	0
Hofssókn	5.550	300	300	150	100	500	2.000	400	800	500	500	0	0	0
Kirkjubæjarsókn	1.750	150		0		300			500	200	100	200	300	0
Klyppsstaðarkirkja	200			0					200	0	0	0	0	0
Seyðisfjarðarsókn	10.300			0	500		1.000	2.000	0	2.500	3.000	1.300	0	0
Skeggjastaðasókn	2.350	400	300	150			500		500	0	0	500	0	0
Sleðbrjótssókn	1.350	150		0		300			400	500	0	0	0	0
Vallanessókn	1.400	600		0		400	400							
Valþjófsstaðarsókn	1.400		200	200				1.000	0	0	0	0	0	0
Vopnafjarðarsókn	10.700	500	500	500	1.000	1.000	1.200	2.500	3.000	500	0	0	0	0
Þingmúlasókn	1.900	500		400	500	200		300		0	0	0	0	0
Austfjarðaprófastsdæmi	**100.050**	**11.800**	**6.700**	**4.800**	**6.300**	**9.500**	**9.800**	**10.300**	**11.000**	**11.900**	**8.200**	**6.400**	**3.350**	**0**
Berufjarðarsókn	500	300	200											
Berunessókn	700	200		100			400							
Djúpavogssókn	25.800	2.300	1.500	600	1.800	5.000	4.000	4.000	4.000	2.000	0	500	100	0
Eskifjarðarsókn	24.400	6.000	4.000	2.200	2.700	2.500	2.000		2.000	2.000	1.000	0	0	0
Fáskrúðsfjarðarsókn	550			0					0	0	0	400	150	0
Heydalasókn	2.700	300	300	400		400	500	500	0	0	0	0	300	0
Kolfreyjustaðarsókn	4.600	400	400	400			100	300	500	500	1.500	500	0	0
Mjóafjarðarsókn	1.600			0					0	400	200	500	500	0
Norðfjarðarsókn	9.800	300	300	400	500	800	1.000	2.000	2.500	2.000	0	0	0	0
Papeyjarkirkja	100			0			100							
Reyðarfjarðarsókn	12.300	2.000		400	800	800	1.500	1.000	2.000	2.500	1.000	0	300	0
Stöðvarfjarðarsókn	17.000			300	500		200	2.500		2.500	4.500	4.500	2.000	0

	Samtals	2000	1999	1998	1997	1996	1995	1994	1993	1992	1991	1990	1989	1988
Skaftafellsprófastsdæmi	**15.100**	**2.000**	**1.000**	**900**	**500**	**1.500**	**1.600**	**1.200**	**700**	**1.000**	**1.400**	**1.300**	**500**	**1.500**
Bjarnanessókn	1.500	300	300						0	0	200	700	0	0
Grafarsókn	1.200							1.200	0	0	0	0	0	0
Hafnarkirkja	2.400	500	500	400		1.000								
Langholtssókn	1.100						600		500	0	0	0	0	0
Reynissókn	400	200	200											
Skeiðflatarsókn	2.000				500	500	1.000							
Skógasókn	0								0	0	0	0	0	0
Stafafellssókn	3.600								200	400	400	600	500	1.500
Víkursókn	1.200			400					0	300	500	0	0	0
Prestsbakkasókn á Síðu	1.100	1.000		100										
Þykkvabæjarklausturssókn	600									300	300	0	0	0
Rangárvallaprófastsdæmi	**21.000**	**2.600**	**2.100**	**1.200**	**2.500**	**2.300**	**3.900**	**1.400**	**2.700**	**1.000**	**800**	**500**	**0**	**0**
Ásólfsskálasókn	400			100	300									
Breiðabólsstaðarsókn	4.700	700	700	500	1.000	1.000	800							
Eyvindarstaðasókn	600			200			400							
Þykkvabæjarsókn–Hábæjarkirkja	1.400	400					1.000							
Hagasókn	4.400	700	700					1.000	2.000	0	0	0	0	0
Hlíðarendasókn	3.500		300	400	1.000	1.000	800							
Keldnasókn	700								700	0	0	0	0	0
Krosssókn	800				200		600							
Marteinstungusókn	2.400	500	400						0	1.000	500	0	0	0
Oddasókn	300	300												
Skógasókn	700					300		400						
Stóradalssókn	1.100						300			0	300	500	0	0
Árnesprófastsdæmi	**20.600**	**2.400**	**1.450**	**2.800**	**600**	**1.400**	**2.000**	**2.700**	**3.000**	**2.400**	**500**	**600**	**500**	**250**
Bræðratungukirkja	200	200												
Eyrarbakkakirkja	700	300		0			400							
Gaulverjabæjarsókn	1.100	300	300	0		500								
Haukadalssókn	250		250											
Hjallasókn (Þorláks–Hjalla)	2.150	500	400	600					0	200	0	0	200	250
Hraungerðissókn	3.300			0				800	1.200	1.300	0	0	0	0
Hrepphólasókn	2.300			0	300	500	500	400	600	0	0	0	0	0
Hrunasókn	2.400			0			600	600	1.200	0	0	0	0	0
Hveragerðissókn	1.000	500	500	0					0	0	0	0	0	0
Kotstrandarsókn	500			100				200	0	200	0	0	0	0
Laugardælasókn	200			0				200	0	0	0	0	0	0
Miðdalssókn	300			0					0	0	0	0	300	0
Mosfellssókn	300			0	300									

	Samtals	2000	1999	1998	1997	1996	1995	1994	1993	1992	1991	1990	1989	1988
Ólafsvallasókn	300	300												
Selfosssókn	1.700			0		400	500		0	300	500	0	0	0
Stóra-Núpssókn	900	300		0					0	0	0	600	0	0
Villingaholtssókn	3.000			2.100				500		400	0	0	0	0
Kjalarnesprófastsdæmi	**94.050**	**9.000**	**7.300**	**5.850**	**8.100**	**7.000**	**9.700**	**9.000**	**8.400**	**7.200**	**7.200**	**6.000**	**3.600**	**5.700**
Brautarholtssókn	3.000	1.500							0	0	200	0	600	700
Garðasókn	21.500	3.000	3.000	1.000	1.000		4.000	4.000	3.500	2.000	0	0	0	0
Hafnarfjarðarsókn	10.300				1.800	1.500	3.000	2.000	2.000	0	0	0	0	0
Hvalsnessókn	7.500	600	600	500	1.300		1.500	700	1.000	800	500	0	0	0
Innri-Njarðvíkursókn	4.050			50					0	1.500	0	500	1.000	1.000
Kálfatjarnarsókn	3.000	300		100	200			300	600	500	0	0	0	1.000
Keflavíkursókn	6.000	2.000	2.000	2.000										
Kirkjuvogssókn	2.300	300				500	400	600	200	0	300	0	0	0
Lágafellssókn	2.200				500		400	700	600	0	0	0	0	0
Landasókn	5.500								0	0	3.000	2.500	0	0
Mosfellssókn	1.000			200		800			0	0	0	0	0	0
Reynivallakirkja	3.400	700	700	800	1.000	200								
Saurbæjarsókn	1.300						400		300	400	200	0	0	0
Ytri-Njarðvíkursókn	4.300			1.000	1.300	2.000			0	0	0	0	0	0
Útskálasókn	800		400	200					200	0	0	0	0	0
Vídalínskirkja	2.000					2.000								
Víðistaðasókn	15.900	600	600		1.000			700		2.000	3.000	3.000	2.000	3.000
Reykjavíkurprófastsdæmi eystra	**133.950**	**9.500**	**8.500**	**9.450**	**10.000**	**8.000**	**15.000**	**14.000**	**17.500**	**10.000**	**8.500**	**4.500**	**10.000**	**9.000**
Árbæjarsókn	4.000	500	500						0	0	0	1.000	2.000	0
Breiðholtssókn	26.250	1.000	1.000	1.250	1.500	2.000	4.000	500	1.500	2.000	2.000	3.500	3.000	3.000
Digranessókn	16.000	1.000		1.000	1.500	1.500	4.000	7.000	0	0	0	0	0	0
Fella- og Hólasókn	7.000	500							1.000	0	500	0	2.000	3.000
Grafarvogssókn	49.500	6.000	6.000	5.000	4.000	3.000	4.000	5.000	9.000	3.500	4.000	0	0	0
Hjallasókn	9.600			600	1.000		2.000		4.000	2.000	0	0	0	0
Kársnessókn	2.000			1.000	1.000				0	0	0	0	0	0
Seljasókn	19.600	500	1.000	600	1.000	1.500	1.000	1.500	2.000	2.500	2.000	0	3.000	3.000
Reykjavíkurprófastsdæmi vestra	**90.600**	**12.000**	**9.500**	**2.700**	**6.000**	**8.000**	**11.000**	**5.000**	**5.000**	**5.900**	**1.500**	**7.000**	**8.500**	**8.500**
Ássókn	13.500			1.000	1.000	1.500			1.500	2.500	500	2.000	2.000	1.500
Háteigssókn	9.500	2.000	500	0	1.000	1.000	5.000							
Bústaðasókn	400			0					0	400	0	0	0	0
Grensássókn	32.000	7.000	7.000	1.000	3.000	4.000	5.000	5.000	0	0	0	0	0	0
Langholtssókn	18.900	1.000	1.000	700	1.000	1.000	1.000		1.000	1.200	1.000	3.000	3.000	4.000
Laugarnessókn	10.300	2.000	1.000	0		500			1.500	800	0	2.000	1.500	1.000
Seltjarnarnessókn	6.000			0					1.000	1.000	0	0	2.000	2.000

	Samtals	2000	1999	1998	1997	1996	1995	1994	1993	1992	1991	1990	1989	1988
Borgarfjarðarprófastsdæmi	**73.500**	**4.000**	**10.450**	**4.400**	**1.900**	**3.000**	**4.100**	**5.000**	**7.700**	**7.800**	**6.900**	**8.700**	**5.950**	**3.600**
Akrasókn	400								0	0	0	0	0	400
Akranessókn	1.200						500	700	0	0	0	0	0	0
Álftanessókn	3.550						800	500	800	300	300	300	300	250
Álftártungusókn	600								0	0	200	400	0	0
Borgarsókn	700		200						0	500	0	0	0	0
Borgarnessókn	10.500	1.000	250			800		1.500	2.000	1.000	2.000	1.200	750	0
Bæjarsókn	2.900			200	200	500	500	700	200	200	100	200	100	0
Fitjasókn	1.100							200	300	200	200	200	0	0
Gilsbakkasókn	450							200	0	200	0	0	0	50
Húsafellssókn	200						100		0	100	0	0	0	0
Hvammssókn	500								0	0	500	0	0	0
Hvanneyrarsókn	500					200			0	300	0	0	0	0
Innra-Hólmssókn	2.350						500		400	400	300	500	150	100
Leirársókn	1.350							200	0	0	400	600	150	0
Lundarsókn	800			200	200				300	0	0	0	0	100
Norðtungusókn	300								300	0	0	0	0	0
Reykholtssókn	44.300	3.000	10.000	4.000	1.500	1.500	1.500	1.000	3.000	4.000	2.500	5.300	4.500	2.500
Síðumúlasókn	100								0	0	0	0	0	100
Stafholtssókn	900								0	500	400	0	0	0
Stóra-Ássókn	800						200		400	100	0	0	0	100
Snæfells- og Dalaprófastsdæmi	**80.640**	**5.850**	**6.630**	**4.400**	**6.100**	**5.860**	**9.300**	**7.800**	**6.300**	**6.000**	**5.500**	**8.100**	**6.800**	**2.000**
Breiðabólsstaðarsókn	400						400							
Brimilsvallasókn	900									500	400	0	0	0
Búðasókn	100								0	0	100	0	0	0
Fáskrúðarbakkasókn	1.060	300	300			60		200	200	0	0	0	0	0
Grundarfjarðarsókn	1.900								500	500	300	0	600	0
Helgafellssókn	450								0	0	200	0	250	0
Hellnasókn	750	150		100			200	200	0	0	100	0	0	0
Hjarðarholtssókn	2.600						400	600	700	400	200	0	300	0
Hvammssókn	1.400	500		400	500									
Ingjaldshólssókn	10.300	1.500	1.100	400	1.800	1.500	2.000	2.000	0	0	0	0	0	0
Kolbeinsstaðasókn	200								200	0	0	0	0	0
Ólafsvíkursókn	4.800	600	600	1.000	800	800			0	0	500	500	0	0
Setbergssókn	4.300	500	500	500	500	500	1000	800	0	0	0	0	0	0
Staðarhraunssókn	1.350								0	300	400	400	250	0
Staðarstaðarsókn	2.850		250		200		300		700	300	300	400	400	0
Stykkishólmssókn	46.980	2.000	3.880	2.000	2.300	3.000	5.000	4.000	4.000	4.000	3.000	6.800	5.000	2.000
Stóra-Vatnshornssókn	300	300												

	Samtals	2000	1999	1998	1997	1996	1995	1994	1993	1992	1991	1990	1989	1988
Barðastrandarprófastsdæmi	**27.450**	**3.550**	**2.750**	**1.900**	**3.700**	**4.850**	**3.000**	**2.900**	**2.000**	**1.100**	**600**	**300**	**800**	**0**
Bíldudalssókn	3.700		500	300		1.000	300	500	200	0	300	300	300	0
Breiðavíkursókn	850	50					300	300	0	0	200	0	0	0
Brjánslækjarsókn	550					150			400	0	0	0	0	0
Flateyjarsókn	5.350	750	400		400	800	800	800	0	1.000	0	0	400	0
Gufudalssókn	2.400		600	300	200	300	500		500	0	0	0	0	0
Héraðssjóður Barðastrandarprófastsd.	0								0	0	0	0	0	0
Patreksfjarðarsókn	5.900	200	500	400	1.000	2.000		1.000	800	0	0	0	0	0
Reykhólasókn	600						500		0	0	0	0	100	0
Sauðlauksdalssókn	5.750	1.000	750	600	2.000	500	500	100	100	100	100	0	0	0
Saurbæjarsókn á Rauðasandi	50	50												
Stóra-Laugardalssókn	1.800	1.500		300										
Skálmarnesmúlasókn	500				100	100	100	200	0	0	0	0	0	0
Ísafjarðarprófastsdæmi	**65.670**	**4.650**	**4.970**	**4.150**	**5.000**	**8.400**	**11.300**	**11.200**	**7.600**	**4.200**	**1.800**	**1.300**	**400**	**700**
Eyrarsókn	300							200		100	0	0	0	0
Flateyrarsókn	4.200	500	500				1.500	1.200	500	0	0	0	0	0
Hólssókn, Bolungarvík	8.500	500	1.000	500	500	1.000	1.000	1.000	1.000	1.500	500	0	0	0
Holtssókn	500							300	0	0	200	0	0	0
Ísafjarðarsókn	33.500	1.500	1.500	2.000	3.000	5.000	8.000	8.000	4.500	0	0	0	0	0
Mýrarsókn	1.500					500			400	600	0	0	0	0
Nauteyrarsókn	1.100								0	0	0	200	400	500
Núpssókn	400						400							
Staðarsókn	1.650	300	500	250					0	0	200	200	0	200
Stóra-Laugardalssókn	0								0	0	0	0	0	0
Suðureyrarkirkja	1.100				600	500								
Súðavíkursókn	4.800	300	500	300	600	500		300	500	1.000	300	500	0	0
Sæbólssókn	350			250					0	0	100	0	0	0
Unaðsdalssókn	2.700	300	300					200	400	1.000	500	0	0	0
Vatnsfjarðarsókn	2.070	250	170	250	300	400	400		300	0	0	0	0	0
Þingeyrarsókn	3.000	1.000	500	600		500			0	0	0	400	0	0
Húnavatnsprófastsdæmi	**76.100**	**6.250**	**4.400**	**3.050**	**3.400**	**8.300**	**1.900**	**2.900**	**8.300**	**9.500**	**9.800**	**8.400**	**7.400**	**2.500**
Árnessókn	4.300								0	1.000	3.000	0	300	0
Auðkúlusókn	1.450			150	200	300	400		400	0	0	0	0	0
Bergstaðir	900	250		150	200	300								
Blönduóssókn	28.600	2.000	1.000	800	1.000	2.800		1.000	4.000	4.500	3.500	3.000	3.000	2.000
Bólstaðarhlíðarsókn	1.300			200		500			400	0	0	0	200	0
Breiðabólsstaðarsókn	1.700		200						400	600	200	300	0	0
Hofssókn	600								0	0	0	0	600	0

	Samtals	2000	1999	1998	1997	1996	1995	1994	1993	1992	1991	1990	1989	1988
Hólmavíkursókn	500	500												
Höfðasókn – Hólaneskirkja	22.200	1.500	1.000	400	1.000	800	1.500	1.000	2.000	2.500	2.500	4.500	3.000	500
Hvammstangasókn	1.800	500				700			0	300	0	0	300	0
Höskuldsstaðasókn	2.600	500	500	500	500	600								
Kollafjarðarnessókn	500		500											
Melstaðarsókn	2.300					1.000		400	600	0	0	300	0	0
Óspakseyrarkirkja	200					200								
Staðarsókn, Hrútafirði	900			100				200	200	200	200	0	0	0
Tjarnarsókn	200								0	0	200	0	0	0
Vesturhópshólasókn	1.100		200						0	400	200	300	0	0
Víðidalstungusókn	1.100					500		300	300	0	0	0	0	0
Undirfellskirkja	100					100								
Þingeyrarsókn	3.750	1.000	1.000	750	500	500								
Skagafjarðarprófastsdæmi	**39.350**	**2.650**	**3.050**	**2.650**	**3.600**	**4.700**	**3.800**	**3.100**	**2.800**	**6.900**	**1.300**	**4.500**	**300**	**0**
Ábæjarsókn	250			50	100	100								
Glaumbæjarsókn	4.800	300	300	300	500	500	1.500	1.000	400	0	0	0	0	0
Goðdalasókn	4.900	750	750	400	1.000	1.500	500		0	0	0	0	0	0
Hofsóssókn	1.300								0	0	300	1.000	0	0
Hofstaðasókn	800					300			0	0	200	0	300	0
Hvammssókn	800					100	200	300	200	0	0	0	0	0
Miklabæjarsókn	1.250	600		300		200			0	100	50	0	0	0
Reynistaðarsókn	2.300			300		200	500	300	400	400	200	0	0	0
Rípursókn	900						300		0	400	200	0	0	0
Sauðárkrókssókn	14.100			500	500	1.000	800	1.000	1.800	5.000	0	3.500	0	0
Siglufjarðarsókn	7.600	1.000	2.000	800	1.500	800		500	0	1.000	0	0	0	0
Silfrastaðasókn	50								0	0	50	0	0	0
Víðvíkursókn	300								0	0	300	0	0	0
Eyjafjarðarprófastsdæmi	**109.350**	**15.300**	**13.150**	**10.000**	**2.700**	**8.300**	**7.100**	**6.800**	**6.800**	**8.000**	**4.900**	**8.000**	**11.800**	**6.500**
Akureyrarsókn	32.500	7.000	4.000	1.500	1.000	1.000	1.500	500	2.000	3.000	1.500	3.000	5.000	1.500
Bakkasókn	2.200	300	300	200		300	300	300	300	0	200	0	0	0
Dalvíkursókn	5.600						800	800	0	1.000	1.000	1.000	0	1.000
Glerársókn	22.000							3.000	3.000	3.000	1.500	3.500	5.000	3.000
Hólasókn	1.250			100	100	200	200		200	100	200	0	150	0
Hríseyjarsókn	3.400	700	700	1.000		1.000			0	0	0	0	0	0
Kaupangssókn	600					300			0	100	0	0	200	0
Kirkjugarðar Akureyrar	0								0	0	0	0	0	0
Lögmannshlíðarsókn – Glerárkirkja	11.000	2.000	2.000	2.000	1.000	1.500	2.500							
Miðgarðssókn – Grímsey	700		200				500							
Munkaþverársókn	1.800					800			0	0	0	0	0	1.000

	Samtals	2000	1999	1998	1997	1996	1995	1994	1993	1992	1991	1990	1989	1988
Möðruvellir, Eyjafirði	450						300		0	0	0	0	150	0
Möðruvellir, Hörgárdal	2.400	300						300	500	200	300	500	300	0
Ólafsfjarðarsókn	16.500	4.000	4.000	4.000		1.500	500	1.500	0	0	0	0	1.000	0
Stærri-Árskógssókn	200								0	0	200	0	0	0
Tjarnarsókn	2.650		150	200	100	200	200	400	800	600	0	0	0	0
Upsasókn	2.200		500	200	500	1.000								
Urðasókn	300		300											
Vallasókn	3.600	1.000	1.000	800		500	300							
Þingeyjarprófastsdæmi	**44350**	**10.050**	**8.000**	**8.500**	**1.600**	**1.600**	**5.200**	**1.500**	**2.500**	**2.300**	**2.000**	**700**	**400**	**0**
Einarsstaðasókn	100								0	100	0	0	0	0
Grenjaðarstaðarsókn	1.000						400	300	0	0	300	0	0	0
Hálssókn	3.400	1.000		400	500	700	800							
Húsavíkursókn – Flateyjarkirkja	850		150						0	200	500	0	0	0
Laufássókn	1.600	250	250		200		400	300	200	0	0	0	0	0
Ljósavatnssókn	8.800	2.000	2.000	2.500			1.000		0	1.000	300	0	0	0
Nessókn	2.500	200	200		400	500	600	400	200	0	0	0	0	0
Raufarhafnarsókn	1.900	300	300	200	200	400	300		0	200	0	0	0	0
Reykjahlíðarsókn	1.300	300							300	100	300	300	0	0
Sauðanessókn	10.400	5.000	4.000	400			1.000							
Skútustaðasókn	2.500						500	300	500	500	300	400	0	0
Snartastaðasókn	1.400	700	700											
Víðirhólssókn	700	300	400											
Þóroddstaðasókn	1.900				300		200	200	300	200	300	0	400	0
Þórshafnarsókn	6.000			5.000					1.000	0	0	0	0	0
Kirkjuleg starfsemi	364.978	65.090	61.977	68.300	42.011	24.200	14.500	16.000	18.400	10.900	14.800	14.800	11.850	2.150
Árbók kirkjunnar, Krsj.	2.000	500	500	700	300									
Barnakórar	800		200					300	300					
Biblíufélagið, Kmsj.	3.500				3500									
Biblíuskólinn við Holtaveg	0									0	0	0	0	0
Bygginga- og listanefnd, Krsj.	4.450	750	1.000	1.000	1.000	700								
Brauðamat, þjónustuþörf	1.500	1300	200											
Dr. Michael Fell vegna útgáfu	200				200									
Djáknanám	1.640	940		400				300	0	0				
Ellimálanefnd	700	100					300	300		0	0	0	0	0
Félag guðfræðinema	200						200							
Félagsmiðstöð Geðhjálpar	0									0	0	0	0	0
Fjölskylduþjónusta kirkjunnar Kmsj.	30000	5500	4500	5000	5000	4500		2000	0	1500	2.000	0	0	0
Friðrikskapella	1.500					300		200	1.000	0	0	0	0	0
Fræðsludeild	54.700	10.000	9.000	10.000	7.000	5.000	2.000	4.000	1.000	2.000	2.200	1.100	1.400	0

	Samtals	2000	1999	1998	1997	1996	1995	1994	1993	1992	1991	1990	1989	1988
Grensáskirkja	3.500								3.000	0	0	0	500	0
Handleiðslunefnd	1.500					600	400	500	0	0	0	0	0	0
Háteigskirkja	200						200							
Héraðssjóður Barðastrandarprófastsd.	1200	200	200	100	200	200	200	100	0					
Héraðssjóður Snæfells og Dala	400	400												
Hið íslenska biblíufélag	8.200	1.000	2.700	4.500										
Hjálparstarf kirkjunnar	23.200	4.000	3.000	2.500		1.000	1.000	2.000		1.500	1.000	3.000	3.000	1.200
Hjálpræðisherinn, gospel	200						200							
Iceland complete, margmiðlunardiskur	500	500												
Ísl. söfnuðurinn í Kaupmannahöfn	3.100	400	400				200	100	2.000	0	0	0	0	0
Ísl. söfnuðurinn í London	900	400	400				100							
Ísl. söfnuðurinn í Gautaborg	1.000	400	400				200							
Ísl. söfnuðurinn í Ósló	600	300	300											
KFUM & K	2.600	1.000	800	800										
Kandídatsþjálfun	5.600		2.500	3.100										
Krísuvíkursamtökin	200						200							
Kirkja heyrnarlausra	4.050	800	800	400	400	200	200	400	0	0	200	200	100	350
Kirkjueignanefnd	2.200	800	300	1.100										
Kirkjukórasamband Íslands	4.500		300	300	300	300	300	300	100	600	600	800	500	100
Kirkjulistahátíð 1993/1995	2.600				500		300	200	400	200	1.000	0	0	0
Kirkjulistavika Akureyri	800					200	300		300	0	0	0	0	0
Kirkjumálasjóður, laun kirkjuráðs	8.311		2.500	3.200	2.611									
Kirkjumiðstöð Austurlands	22.250	1.000	750	1.000	1.700	1.000			3.500	1.000	4.000	4.300	4.000	0
Kirkjumiðstöð við Eiðavatn	2.400						1.200	1.000	200	0	0	0	0	0
Kirkjumiðstöðin við Vestmannsvatn	6.000	750	750	1.000	1.000	1.000	1.500							
Kirkjumiðstöð Sauðlauksdals	1.000								0	1.000	0	0	0	0
Kirkjuritið v. Kristjáns Björnssonar	100				100									
Kirkjusaga	300								0	0	0	0	300	0
Kirkjuþing	1.300			1.300										
Kristnihátíð, ýmis útgjöld	3.250	2.500	750											
Kristnihátíðarsjóður	1.500	500	500	500										
Kvennakirkjan	1.100	600	200	300										
Landsbókasafn v. passíusálma	400				400									
Landssamband KFUM & K	3.100				500	400	400		0	500	300	1.000	0	0
Langamýri, Kmsj.	10.402	0	2.502	2.100	2.500	1.000			0	0	0	500	1.300	500
Leikmannastefna	400							200	0	200	0	0	0	0
Listvinafélag Hallgrímskirkju	400					400								
Lifandi myndir	500							500						

	Samtals	2000	1999	1998	1997	1996	1995	1994	1993	1992	1991	1990	1989	1988
Löngumýrarskóli	4.400	2.000		1.400			1.000							
Nefnd um samkynhneigð	100				100									
Passíusálmar á dönsku	300						300							
Prestssetrasjóður, Kmsj.	18.000	6.000	6.000	6.000										
Prestur nýbúa	5.550	1.800	1.750	2.000										
Ráðstöfunarfé biskups	3.000	2.000	1.000											
Ritnefnd Orðsins	100						100							
Saga biskupsstólanna	850	850												
Safnaðaruppbygging	21.200	500	2.500	5.300	3.600	1.000		2.000	2.800	1.000	1.500	500	500	0
Samband íslenskra kristniboðsfélaga	2200							400	400	500	300	600	0	0
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra	75		75											
Samstarfsnefnd um orðstöðulykil	400								0	0	400	0	0	0
Sauðlauksdalur	400				400									
Sendiráðsprestur í London	100								0	0	0	100	0	0
Siðfræðistofnun	1.500	500	1.000											
Skálholtsbúðir	5.000				500				2.000	0	500	2.000	0	0
Skálholtsskóli	32.100	8.000	8.300	6.300	4.000	3.500	2.000							
Skálholtsútgáfan	3.200			800	1.000		600	800						
Sumarbúðir KFUM & K	600								0	300	300	0	0	0
Sumarbúðir ÆSK, Vestmannsvatni	800							400	400	0	0	0	0	0
Söngmálastjóri	15.450	3.000	4.000	3.000	2.200	1.500			500	0	500	500	250	0
Ungt fólk með hlutverk	500						100		0	200	0	200	0	0
Upplýsingamál, fréttabréf	1.900	1.000	700	200										
Upplýsingamál, heimasíða o.fl.	2.650	1.500	150	1.000										
Úrskurðar- og áfrýjunarnefnd, Krsj.	3.000	3.000												
Utanríkismál aðildagj., ferðir, Krsj.	8.800		0	3.000	3.000	1.000	1.000		400	400	0	0	0	0
Útgáfa bæklinga	650		650											
Þjóðmálanefnd	700	300	400											
ÆSK, Vest.	400					400								
ÆSKR (eldri deild)	100								100	0	0	0	0	0
Samtals kr.	**1.757.888**	**204.490**	**185.427**	**167.900**	**138.611**	**141.910**	**148.800**	**132.000**	**146.900**	**130.200**	**106.100**	**104.100**	**85.750**	**65.700**

538. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta landbúnaðarnefndar.

Þingmenn Samfylkingarinnar í 1. minni hluta landbúnaðarnefndar telja mikilvægt að vel sé staðið að öllum útbúnaði sóttvarna- og einangrunarstöðva þegar kemur að innflutningi dýra. Slíkt er óumdeilt.

Það er hins vegar arfur liðins tíma að rekstur slíkra stöðva skuli heyra beint undir landbúnaðarráðuneytið eins og verið hefur, ellegar að útvaldir aðilar sjái um slíkan rekstur í umboði ráðuneytisins og geri það nánast á reikning þess eins og lagt er til í frumvarpi þessu.

Í því sambandi má nefna rekstur einangrunarstöðvar fyrir gæludýr í Hrísey sem hefur kostað ríkissjóð umtalsverða fjármuni. Fyrir hefur legið áhugi dýralækna og annarra sérfræðinga á því að bjóða upp á svipaða þjónustu á höfuðborgarsvæðinu fyrir innflytjendur gæludýra og verið hefur í Hrísey. Engin rök eru fyrir því að standa gegn slíkum áformum svo fremi reksturinn falli í einu og öllu að gildandi lögum og reglugerðum og öðrum nauðsynlegum skilyrðum sem eru og verða sett um aðbúnað og rekstur slíkra sóttvarna- og einangrunarstöðva.

Landbúnaðarráðherra hefur aftur á móti lýst því yfir að hann hafi ekki hug á að heimila nýjum aðilum rekstur á þessum vettvangi. 1. minni hluti telur hins vegar alls óljóst, miðað við þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu og meiri hlutinn hefur lýst yfir stuðningi við, hvort landbúnaðarráðherra hafi í raun heimild til að hafna umsóknum nýrra aðila um slíkan rekstur. Ljóst er hins vegar að túlkun ráðherra á frumvarpinu, rétt eða röng, liggur fyrir.

Til að taka af öll tvímæli í þessum efnum flytur 1. minni hluti breytingartillögu við frumvarpið sem kveður skýrt á um það að einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum skuli heimilt að reka sóttvarna- og einangrunarstöðvar undir eftirliti yfirdýralæknis. Þá skuli landbúnaðarráðherra enn fremur ákveða með reglugerð, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvaða kröfur séu gerðar um útbúnað slíkra stöðva og hvaða skilyrði þær þurfi að uppfylla til að hljóta starfsleyfi.

Með samþykkt þessarar breytingartillögu yrði það ekki lengur á geðþóttavaldi landbúnaðarráðherra hver hlyti slíkt starfsleyfi né heldur væri óljóst um rétt þeirra sem sækjast eftir slíkri leyfisveitingu.

1. minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Efnismálsgrein 5. gr. orðist svo:

Vegna innflutnings á dýrum og erfðaefni samkvæmt lögum þessum skal starfrækja sóttvarna- og einangrunarstöðvar. Landbúnaðarráðherra gefur út starfsleyfi fyrir rekstri slíkra stöðva. Einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum skal vera heimilt að reka sóttvarna- og einangrunarstöðvar undir eftirliti yfirdýralæknis. Landbúnaðarráðherra ákveður með

reglugerð, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvaða kröfur eru gerðar um útbúnað sóttvarna- og einangrunarstöðva og hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að hljóta starfsleyfi.

Alþingi, 14. des. 2000.

Guðmundur Árni Stefánsson, frsm. Sigríður Jóhannesdóttir.

539. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta landbúnaðarnefndar.

Með frumvarpinu eru ekki gerðar breytingar á núverandi skipan sóttvarna og einangrunar vegna innflutnings dýra. Hins vegar er lagt til að ákvæði laga nr. 54/1990 verði aðlöguð þeirri framkvæmd á rekstri sóttvarna- og einangrunarstöðva sem þróast hefur og að landbúnaðarráðherra geti falið einstaklingum, fyrirtækjum eða félagasamtökum rekstur þeirra undir eftirliti yfirdýralæknis.

Það verklag sem þróast hefur við innflutning dýra síðan lög nr. 54/1990, um innflutning dýra, voru sett hefur í meginatriðum gengið áfallalaust og er því ekki ástæða til að mæla gegn því að því tilskildu að í engu sé slakað á í kröfum um sóttvarnir.

Því er mikilvægt að settar verði í reglugerðir skýrari reglur um útbúnað sóttvarna- og einangrunarstöðva og eins um rekstur þeirra, eins og gert er ráð fyrir í lögunum. Þetta er mikilvægt þar sem margir aðilar reka sóttvarna- og einangrunarstöðvar í dag og þeim mun að öllum líkindum fjölga með lagabreytingunni þrátt fyrir yfirlýsingar landbúnaðarráðherra um hið gagnstæða varðandi gæludýr. Það er ljóst að töluverður áhugi er á því að hafa sóttvarna- og einangrunarstöðvar fyrir gæludýr nær höfuðborgarsvæðinu. Þessi áhugi er viðskiptalegs eðlis en einnig mikið hagsmunamál eigenda gæludýra og með lagabreytingunni verður erfitt að hafa einungis eina sóttvarna- og einangrunarstöð fyrir gæludýr.

Eftirlit með sóttvarna- og einangrunarstöðvunum verður að vera virkt og á ábyrgð hins opinbera. Mikilvægt er að fjölga stöðugildum sóttvarnadýralækna í samræmi við fjölda einangrunarstöðva og eins aukinna verkefna.

Mjög alvarlegar athugasemdir komu fram í umsögn varðandi einangrun gæludýra við flutning þeirra eftir komu til landsins að sóttvarna- og einangrunarstöðinni í Hrísey. Því er treyst að brugðist verði við þessum athugasemdum.

Embætti yfirdýralæknis leggur til að sett verði í lögin hæfileg refsiákvæði vegna brota á lögunum og reglum sem settar verða samkvæmt þeim.

Ákvæði um sóttvarna- og einangrunarstöðvar eru sett til að forðast sýkingu í íslenska dýrastofninum, ekki eingöngu í þeim dýrategundum sem flutt eru inn heldur einnig í öðrum sem gætu tekið smit frá sýktum dýrum.

Alþingi, 14. des. 2000.

Þuríður Backman.

540. Framhaldsnefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um breyt. á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Eftir að málið var afgreitt úr nefndinni bárust umsagnir frá Samtökum atvinnulífsins, Arkitektafélagi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Náttúruvernd ríkisins, Landvernd, Siglingastofnun, skipulagsfulltrúa Garðabæjar og skipulagsstjóra Hafnarfjarðar og Brunamálastofnun.

Vegna umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem barst nefndinni eftir að umsagnarfresti lauk, ákvað nefndin að taka málið til frekari umfjöllunar. Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga greinir m.a. að frumvarpið hafi árlega í för með sér aukinn útgjaldaauka fyrir sveitarfélögin vegna afnáms árlegra greiðslna úr ríkissjóði til Skipulagsstofnunar. Fékk nefndin á sinn fund Ingimar Sigurðsson og Kristínu Lindu Árnadóttur frá umhverfisráðuneyti, Stefán Thors frá Skipulagsstofnun og Þórð Skúlason og Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Á fundinum kom hins vegar fram að framlög úr skipulagsgjaldasjóði til sveitarfélaganna yrðu óbreytt og því muni ekki fylgja frumvarpinu útgjaldaauki fyrir sveitarfélögin.

Nefndin stendur nú öll að afgreiðslu málsins og leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Ólafur Örn Haraldsson var fjarstaddur lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. des. 2000.

Kristján Pálsson, varaform., frsm.	Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.
Gunnar Birgisson.	Jónas Hallgrímsson.	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.
Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara.		Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.

541. Svar [142. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Hólmfríðar Sveinsdóttur og Ástu R. Jóhannesdóttur um hlutfall kynjanna í nefndum og ráðum á vegum ríkisins.

1. Hvernig er kynjahlutfallið í nefndum og ráðum sem nú starfa á vegum ríkisins?

Af þeim 4.087 einstaklingum sem sitja eða setið hafa í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkisins á yfirstandandi ári eru 1.082 konur og 3.005 karlar. Hlutfall kvenna er því 26,5%.

Til samanburðar má nefna að samkvæmt svari forsætisráðherra við fyrirspurn um skipan nefnda og stöðuveitingar á vegum ráðuneyta á 121. löggjafarþingi (337. mál, þskj. 850) var hlutfall kvenna í verkefnanefndum er þá störfuðu á vegum ráðuneyta 23%.

Bent er á að í mörgum tilvikum er svo staðið að skipan í nefndir, ráð og stjórnir að flestir hljóta skipan samkvæmt tilnefningu þriðja aðila ellegar eru kosnir til slíkrar setu.

2. *Hvernig er kynjahlutfallið sundurliðað eftir ráðuneytum?*

Hlutfall karla og kvenna í nefndum, stjórnum og ráðum getur að líta í töflu 1 og á mynd 1. Í töflunni eru jafnframt upplýsingar um fjölda nefnda, ráða og stjórna og þeirra sem í þeim eiga sæti:

Tafla 1.

	Karlar	Konur	Fjöldi nefnda	Fjöldi nefndarmanna
Forsætisráðuneyti	63,2%	36,8%	20	106
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	73,7%	26,3%	38	167
Félagsmálaráðuneyti	65,7%	34,3%	74	400
Fjármálaráðuneyti	79,1%	20,9%	61	296
Hagstofa Íslands	100,0%	0,0%	2	7
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	59,1%	40,9%	106	540
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti	83,5%	16,5%	105	388
Landbúnaðarráðuneyti	86,9%	13,1%	63	283
Menntamálaráðuneyti	68,8%	31,2%	238	1103
Samgönguráðuneyti	92,1%	7,9%	48	253
Sjávarútvegsráðuneyti	82,0%	18,0%	27	128
Umhverfisráðuneyti	74,8%	25,2%	64	341
Utanríkisráðuneyti	93,3%	6,7%	15	75
samtals:			861	4087

Mynd 1.



3. Hvernig er kynjahlutfallið sundurliðað eftir kjördæmum?

Kynjahlutfall í nefndum, ráðum og stjórnum, sundurliðað eftir kjördæmum, sést í töflu 2 og á mynd 2.

Tafla 2.

	Reykv.	Reykn.	Vesturl.	Vestf.	Norðurl. v.	Norðurl. e.	Austurl.	Suðurl.
Karlar	73,4%	79,8%	77,4%	75,0%	75,6%	80,5%	70,6%	79,7%
Konur	26,6%	20,2%	22,6%	25,0%	24,4%	19,5%	29,4%	20,3%

Mynd 2.



Taka ber fram að upplýsingar frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti voru ekki sundurliðaðar eftir kyni og kjördæmum og eru því ekki taldar með í svari við þessum lið fyrirspurnarinnar.

4. Hvernig skiptist launakostnaður ríkisins vegna nefnda og ráða á milli kynjanna?

Ekki er hægt að veita fullnægjandi svar við þessum lið. Ærið verkefni er að taka saman launatölur fyrir hvern þeirra rúmlega 4.000 einstaklinga sem eiga sæti í nefndum, ráðum og stjórnum, m.a. vegna þess að laun og þóknanir greiðast af mismunandi aðilum. Þá er þess að geta að þóknun til verkefnanefnda er oftast ákveðin í lok hvers árs. Sundurliðaðar upplýsingar bárust þó frá fimm ráðuneytum. Þær benda til þess að hlutur kvenna af greiddum launum og þóknunum sé nánast hinn sami og hlutfall kvenna af heildarfjölda þeirra sem eiga sæti í nefndum, ráðum og stjórnum. Raunar eru konur 22,6% nefndarmanna hjá þessum fimm ráðuneytum en fá 23,6% launanna.

Nefna má að stærstur hluti þóknana til nefnda á vegum ráðuneyta er ákvarðaður af þóknananefnd og er þá að jafnaði ákvörðuð föst þóknun til nefndarmanna, en hærri þóknun til formanns. Eðli máls samkvæmt ná slíkar ákvarðanir til beggja kynja, enda sitja oftast einstaklingar af báðum kynjum í nefndum sem þóknananefnd ákvarðar þóknanir til.

5. *Hve margar konur eru formenn nefnda og ráða sem nú starfa á vegum ríkisins?*

Alls gegna konur formennsku í 158 nefndum, ráðum og stjórnum af 861 sem starfar eða hefur starfað á yfirstandandi ári. Það jafngildir 18,4%. Það skekkir þennan samanburð að ekki er í öllum tilvikum tekið fram af hvoru kyni formaður nefndar, ráðs eða stjórnar er. Það þýðir að hlutfall kvenna er örugglega hærra en 18,4%.

Þess má geta að í svari forsætisráðherra við fyrrnefndri fyrirspurn um skipan nefnda og stöðuveitingar á vegum ráðuneyta á 121. löggjafarþingi kom fram að þá gegndu konur formennsku í 20% verkefnanefnda á vegum ráðuneytanna.

Mynd 3.



542. Fyrirspurn [356. mál]

til fjármálaráðherra um lífeyrisskuldbindingu vegna opinberra starfsmanna.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hver er reiknuð og áætluð skuldbinding lífeyrissjóða með beinni ábyrgð ríkissjóðs frá árslokum 1996–2000? Hvaða lífeyrissjóðir eru þetta, hvaða eignir standa á móti þessum skuldbindingum um hver áramót og hver er skuldbinding ríkissjóðs og aðildarfyrirtækja? Hver er árleg aukning skuldbindingarinnar?
2. Hvað hafa ríkissjóður og aðildarfyrirtæki greitt aukalega á hverju ári frá 1997–2000 umfram hefðbundið iðgjald til þessara sjóða?
3. Hver er heildaraukning skuldbindingar ríkissjóðs og aðildarfyrirtækja auk aukagreiðslu skv. 2. lið frá árslokum 1996 til ársloka 2000?
4. Hvað eru margir sjóðfélagar í fyrrgreindum lífeyrissjóðum sem eru starfandi?
5. Hver er heildaraukning skuldbindingar skv. 3. lið á hvern starfandi sjóðfélaga skv. 4. lið?

6. Hver er heildaraukning skuldbindingar skv. 3. lið sem hlutfall af iðgjaldsskyldum launum starfandi sjóðfélaga skv. 4. lið?
7. Hver er áætluð heildarskuldbinding ríkissjóðs og aðildarfyrirtækja í árslok 2000 auk aukagreiðslna árin 1997–2000 á:
   a. hvern skattgreiðanda,
   b. hvern íbúa,
   c. hverja fjögurra manna fjölskyldu?

Skriflegt svar óskast.

543. Fyrirspurn [357. mál]

til forsætisráðherra um aðgengi og verðlagningu opinberra rannsóknargagna.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur og Jóhanni Ársælssyni.

Hefur ríkisstjórnin mótað stefnu um aðgengi og verðlagningu opinberra rannsóknargagna og ef svo er, hver er sú stefna?

544. Fyrirspurn [358. mál]

til samgönguráðherra um einbreiðar brýr.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvaða einbreiðu brýr hafa verið breikkaðar ár hvert frá 1998 og hver hefur heildarkostnaðurinn verið á ári á núgildandi verðlagi?
2. Hvaða einbreiðu brýr verða breikkaðar á tímabili gildandi vegáætlunar og hver verður heildarkostnaður ár hvert á núgildandi verðlagi?
3. Hvað má áætla að margar einbreiðar brýr, þar sem umferð er meiri en 400 bílar á dag, verði enn í notkun að loknu gildandi vegáætlunartímabili?

Skriflegt svar óskast.

545. Fyrirspurn [359. mál]

til félagsmálaráðherra um tekjur sveitarfélaga af fasteignagjöldum.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hverjar hafa verið árlegar heildartekjur sveitarfélaga af fasteignagjöldum árin 1995–2000 miðað við núgildandi verðlag?
2. Hverjar hafa verið árlegar heildartekjur fimm stærstu sveitarfélaganna af fasteignagjöldum árin 1995–2000, sundurliðað eftir sveitarfélögum, og hverjar eru áætlaðar tekjur þeirra af fasteignagjöldum árið 2001? Svar óskast birt á núgildandi verðlagi.
3. Hverjar hafa verið árlegar tekjur fimm stærstu sveitarfélaganna á íbúa af fasteignagjöldum árin 1995–2000 miðað við núgildandi verðlag?

Skriflegt svar óskast.

546. Skýrsla [360. mál]

félagsmálaráðherra um þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) sem haldið var á árinu 1999.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Formáli.

Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO), sem er sérstök stofnun á vegum Sameinuðu þjóðanna, var sett á stofn árið 1919. Ísland gerðist aðili að stofnuninni árið 1945. Þau ákvæði sem lágu til grundvallar stofnuninni er að finna í friðarsamningunum sem voru undirritaðir í Versölum 28. júní 1918. Er þar kveðið á um að komið skuli á fót sérstakri stofnun sem hafi það hlutverk að reyna að ráða bót á þeim félagslegu vandamálum sem öll ríki eigi við að stríða og verði aðeins unnið á með sameiginlegu félagslegu átaki þjóðanna.

Starf ILO beinist einkum að grundvallarréttindum í atvinnulífinu, atvinnu, félagslegri vernd og samráði aðila vinnumarkaðarins. Á vettvangi ILO hafa verið sett alþjóðleg viðmið um grundvallarréttindi við vinnu sem birtast í fjölmörgum samþykktum og tilmælum stofnunarinnar um félagafrelsi, réttinn til að gera kjarasamninga, afnám nauðungarvinnu, takmörkun barnavinnu, jafnrétti til vinnu og fjölmörg önnur réttindamál tengd vinnu.

Sérstaða ILO byggist mjög á hinu þríhliða samstarfi innan stofnunarinnar, sem felur í sér að fulltrúar launafólks og atvinnurekenda taka ásamt fulltrúum ríkisstjórna þátt í umræðum og ákvörðunum stofnunarinnar. Starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar byggist sér í lagi á Alþjóðavinnumálaþinginu, stjórnarnefnd ILO og alþjóðavinnumálaskrifstofunni.

Alþjóðavinnumálaþingið kemur saman í Genf í júní ár hvert. Sendinefndir aðildarríkja ILO á þinginu eru skipaðar tveimur ríkisstjórnarfulltrúum, fulltrúa atvinnurekenda og fulltrúa launafólks auk sérfræðinga. Venjulega eru vinnumálaráðherrar aðildarríkjanna í forsvari fyrir sendinefndunum. Á Alþjóðavinnumálaþinginu er fjallað um réttindi tengd vinnu og alþjóðleg viðmið um það efni samþykkt. Á þinginu er jafnframt samþykkt fjárhagsáætlun stofnunarinnar og stjórnarnefnd hennar kosin.

Stjórnarnefnd ILO er framkvæmdastjórn stofnunarinnar og kemur saman þrisvar á ári í Genf. Þar eru teknar ákvarðanir um stefnu ILO og jafnframt samþykkt framkvæmdaráætlun og fjárhagsáætlun sem eru lagðar fyrir Alþjóðavinnumálaþingið til umfjöllunar og afgreiðslu. Kosningar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar fara þar einnig fram. Samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eiga 56 fulltrúar sæti í stjórnarnefnd hennar. Þar af eru 28 ríkisstjórnarfulltrúar, fjórtán fulltrúar launafólks og fjórtán fulltrúar atvinnurekenda. Tíu ríkisstjórnarfulltrúanna eru tilnefndir af ríkisstjórnum iðnríkja en hinir átján eru kosnir af fulltrúum ríkisstjórna á Alþjóðavinnumálaþinginu.

Alþjóðavinnumálaskrifstofan starfar undir eftirliti stjórnarnefndarinnar og undir yfirstjórn forstjóra skrifstofunnar sem er kosinn til fimm ára í senn. Á vegum skrifstofunnar starfa um 1900 starfsmenn frá yfir 110 þjóðum í höfuðstöðvunum í Genf og á 40 skrifstofum sem settar hafa verið upp víða um heim vegna sérstakra verkefna. Því til viðbótar starfa fjölmargir sérfræðingar í sendinefndum ILO við tækni- og þróunaraðstoð.

1. INNGANGUR

Hinn 4. mars 1999 tók nýr forstjóri, Juan Somavia, sem hefur verið fastafulltrúi Chile hjá Sameinuðu þjóðunum í New York, við stöðu forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar af Michel Hansenne sem hefur gegnt því starfi frá 1989. Af þessu tilefni var sett upp sérstök skrifstofa til að undirbúa forstjóraskiptin og vinna að skilgreiningu verkefna og framtíðaráhersluatriða ILO. Jafnframt undirbjó skrifstofan skýrslu forstjórans um starfsemi og áhersluatriði stofnunarinnar til 87. Alþjóðavinnumálaþingsins 1999.

Í skýrslu hins nýja forstjóra til Alþjóðavinnumálaþingsins er einkum lögð áhersla á að skilgreina meginmarkmið Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til framtíðar sem er mannsæmandi vinna *(decent work)*. Forstjórinn lagði einnig fram skýrslu um skipulag tækni- og þróunaraðstoðar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Í henni er lagt til að aðstoðin grundvallist á fjórum meginmarkmiðum stofnunarinnar sem eru grundvallarréttindi í atvinnulífinu, atvinna, félagsleg vernd og samráð aðila vinnumarkaðarins.

Á 87. Alþjóðavinnumálaþinginu náðist einstæð samstaða um afgreiðslu nýrrar samþykktar um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd. Aðildarríki samþykktarinnar skuldbinda sig til að leggja bann við og afnema barnavinnu eins og hún gerist verst samkvæmt nánari skilgreiningu í samþykktinni. Samþykktin kemur til fyllingar samþykkt ILO nr. 138, um lágmarksaldur við vinnu, sem Ísland fullgilti árið 1999. Þá fór fram fyrsta umræða í sérstakri þingnefnd um endurskoðun samþykktar nr. 103 frá 1952, um mæðravernd, til undirbúnings gerðar nýrrar samþykktar um efnið á 88. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2000.

Ein fjölmennasta nefnd þingsins var að venju nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna. Ýmsum viðurlögum er beitt í þeirri nefnd til að freista þess að fá aðildarríkin til að sjá að sér og bæta framkvæmd á ákvæðum samþykkta ILO sem þau hafa brotið. Hörðustu viðurlögin felast í því að aðildarríkis er getið í sérstökum hluta skýrslu nefndarinnar til allsherjarþings vinnumálaþingsins. Að þessu sinni var þessum viðurlögum beitt gagnvart tveimur ríkjum, annars vegar Burma vegna brota á samþykkt nr. 29, um nauðungarvinnu, og nr. 87, um félagafrelsi, og hins vegar Kamerún vegna brota á samþykkt nr. 87.

Á allsherjarþinginu var samþykkt harðorð ályktun þar sem Burma var fordæmt vegna viðvarandi brota á samþykkt nr. 29 og þess að ríkið hefur hunsað að fara eftir niðurstöðum og tilmælum eftirlitsaðila Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um úrbætur.

Eins og undanfarin ár er gerð grein fyrir starfi þríhliða nefndar sem fer með málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og um framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu á árinu 1999 í fylgiskjali með skýrslu þessari. Þá er í viðauka við skýrsluna greint frá athugasemdum sem

sérfræðinganefnd Evrópuráðsins hefur gert við framkvæmd Íslands á ákvæðum sáttmálans á árunum 1992–1996.

Með vísan til 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er hér með lögð fyrir Alþingi skýrsla um 87. vinnumálaþingið.

2. 87. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 1999

2.1. SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

Alþjóðavinnumálaþingið var sett í 87. skipti í Þjóðabandalagshöllinni í Genf 1. júní 1999. Forseti þingsins var kosinn Alhaji Muhammed Mumuni, félags- og vinnumálaráðherra Gana. Kjörnir voru varaforsetar úr röðum þeirra þriggja hópa sem eiga fulltrúa á þinginu: Sem ríkisstjórnarfulltrúi Ali M. Khalil, ráðherra félags- og atvinnumála í Sýrlandi, Tom Diju Owuor, fulltrúi atvinnurekenda í Kenía, og Patricia O'Donovan, fulltrúi launafólks á Írlandi.

Sendinefnd Íslands skipuðu eftirtaldir:

Frá félagsmálaráðuneyti: Elín Blöndal, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, og Gylfi Kristinsson, ráðgjafi hjá fastanefnd Íslands hjá Evrópusambandinu í Brussel. Frá utanríkisráðuneyti: Benedikt Jónsson, sendiherra Íslands hjá alþjóðastofnunum í Genf. Varamenn voru: Haukur Ólafsson sendiráðunautur og Þórður Ingvi Guðmundsson, fyrsti sendiráðsritari. Fulltrúar atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur Vinnuveitendasambands Íslands. Varamaður hennar var Jón H. Magnússon, lögfræðingur VSÍ. Fulltrúar launafólks: Hervar Gunnarsson, fyrsti varaforseti Alþýðusambands Íslands. Varamaður hans var Ástráður Haraldsson, lögfræðingur Alþýðusambandsins.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni:

1. Skýrsla forstjóra og stjórnarnefndar.
2. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun.
3. Framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna.
4. Tillaga um samþykkt um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd.
5. Endurskoðun samþykktar og tillögu frá 1952 um mæðravernd.
6. Tækni- og þróunaraðstoð ILO.
7. Kjörbréf.

Daginn fyrir þingsetningu, 31. maí, voru haldnir óformlegir samráðsfundir fulltrúa hinna einstöku hópa sem eiga aðild að þinginu, þ.e. ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Á fundunum var gengið frá tilnefningum fulltrúa til setu í þingnefndum. Samþykkt var stofnun eftirtalinna þingnefnda: fjárhagsnefndar, nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna, nefndar sem fjallaði um drög að samþykkt um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd, nefndar um mæðravernd, nefndar um tækni- og þróunarsamvinnu, þingskapanefndar og nefndar um framvindu þingsins. Fulltrúar Íslands tóku þátt í starfi nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og nefndar um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd.

Á 87. Alþjóðavinnumálaþinginu fóru fram kosningar til setu í stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Kosnir voru átján ríkisstjórnarfulltrúar, fjórtán fulltrúar launafólks og fjórtán fulltrúar ríkisstjórna.

Sérstakir heiðursgestir forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Juan Somavia, og Alþjóðavinnumálaþingsins voru Ruth Dreifuss, forseti Sviss, Konan Bédié, forseti Fílabeinsstrandarinnar, og prófessor Amartya Sen, nóbelsverðlaunahafi í hagfræði. Auk þess ávarpaði Bandaríkjaforseti, William J. Clinton, þingið.

2.2. SKÝRSLA FORSTJÓRA

Sem fyrr segir lagði nýr forstjóri ILO, Juan Somavia, að þessu sinni fram fyrstu skýrslu sína til þingsins og bar skýrslan heitið Mannsæmandi vinna *(Decent Work)*. Í því hugtaki felst einkum tilvísun til baráttu ILO fyrir störfum og starfsskilyrðum alls launafólks og áhersla á þau réttindi sem allt starfandi fólk á tilkall til. Það vísar einnig til þeirra fjögurra meginmarkmiða Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem stjórnarnefnd hennar samþykkti á fundi sínum í mars 1999, grundvallarréttinda í atvinnulífinu, atvinnu, félagslegrar verndar og samráðs aðila vinnumarkaðarins. Í skýrslunni er jafnframt lögð áhersla á að búa stofnunina undir þá áskorun sem felst í breytingum á sviði vinnumála og þróun alþjóðahagkerfisins í byrjun nýrrar aldar.

Í skýrslunni eru gerðar margar tillögur um breytingar á störfum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Þegar hefur nokkrum af þessum breytingum verið hrundið af stað, svo sem gerð nýrrar fjárhags- og framkvæmdaáætlunar sem byggist á framangreindum fjórum meginmarkmiðum ILO. Framangreind atriði eru nánar útfærð í skýrslunni sem almennt mæltist mjög vel fyrir hjá þingfulltrúunum. Virðist svo sem hinn nýi forstjóri njóti mikils álits og þess sé vænst að honum takist að efla starf stofnunarinnar verulega.

Í viðauka við skýrslu forstjórans er fjallað um aðstæður launafólks á hernumdu svæðunum fyrir botni Miðjarðarhafsins. Fjallað var sérstaklega um þetta málefni í allsherjarþinginu.

2.3. FJÁRMÁL

Alþjóðavinnumálaþingið afgreiðir starfs- og fjárhagsáætlun fyrir Alþjóðavinnumálastofnunina til tveggja ára í senn. Fjallað er um fjármálin í sérstakri þingnefnd, fjárhagsnefnd, sem í eiga sæti fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkjanna. Formaður nefndarinnar var kjörinn Bjorn Jonzon frá Svíþjóð og varaformaður P. Klekner frá Ungverjalandi.

Fjárhagsáætlunin fyrir árin 1998–1999 var 481 millj. Bandaríkjadala (702.333.000 svissneskir frankar) en tillaga fyrir árin 2000–2001 hljóðaði upp á 467.470.000 Bandaríkjadala (715.229.100 svissneskir frankar). Hlutdeild Íslands í árgjöldunum er 0,031%. Árgjald Íslands á árinu 2000 verður samkvæmt því 110.861 svissneskir frankar.

2.4. FRAMKVÆMD SAMÞYKKTA OG TILLAGNA

Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta er ein fjölmennasta nefnd Alþjóðavinnumálaþingsins. Á 87. Alþjóðavinnumálaþinginu sátu í nefndinni 228 fulltrúar með atkvæðisrétt, 109 fulltrúar ríkisstjórna, 25 fulltrúar atvinnurekenda og 94 fulltrúar launafólks. Auk þess sátu 189 áheyrnarfulltrúar þessara hópa fundi nefndarinnar. Þá áttu 44 alþjóðasamtök áheyrnarfulltrúa í nefndinni.

Formaður nefndarinnar var að þessu sinni kosin R. Dimapilis-Baldos, ríkisstjórnarfulltrúi frá Filippseyjum. Varaformenn voru kosnir þeir sömu og undanfarin vinnumálaþing: Alfred Wisskirchen, fulltrúi atvinnurekenda í Þýskalandi, og Willy Peirens, fulltrúi launafólks í Belgíu. Af hálfu Íslands sátu í nefndinni Elín Blöndal, Gylfi Kristinsson, Ástráður Haraldsson, Hrafnhildur Stefánsdóttir og Jón Magnússon.

Nefndin hélt samtals 18 fundi. Umræður í henni byggjast á skýrslu sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna. Í skýrslunni gerir sérfræðinganefndin almennt grein fyrir framvindu mála varðandi framkvæmd samþykkta og tillagna sem hafa verið afgreiddar af Alþjóðavinnumálaþinginu. Stærsti hluti skýrslu sérfræðinganefndarinnar fjallar um framkvæmd einstakra aðildarríkja á samþykktum sem þau hafa fullgilt. Einnig er að finna upplýsingar um það hvernig aðildarríkin uppfylla aðrar skuldbindingar, t.d. þá að kynna fyrir löggjafarsamkomu samþykktir Alþjóðavinnu-

málaþingsins og hvort alþjóðavinnumálaskrifstofunni í Genf hafa borist skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta eins og áskilið er í stofnskrá ILO.

Störf þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta hefjast á umræðum um almenna hluta skýrslu sérfræðinganna. Fjölmargir fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks tóku þátt í umræðunum. Formaður sérfræðinganefndarinnar, William Douglas, var viðstaddur almennar umræður í nefndinni.

Að vanda gerðu margir að umtalsefni skoðanaskipti sem hafa orðið um hlutverk annars vegar þingnefndarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og hins vegar sérfræðinganefndar ILO. Einnig var fjallað um fjölda fullgildinga, skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta og nokkur önnur atriði sem fram koma í almennum hluta skýrslunnar.

Fulltrúi Svíþjóðar hafði að þessu sinni orð fyrir fulltrúum ríkisstjórna Norðurlandanna. Í ræðu sinni benti hann m.a. á mikilvægi nefndar ILO sem fjallar um mál varðandi félagafrelsi. Hann kvað einnig mikilvægt skref hafa verið stigið með samþykkt yfirlýsingar um grundvallarréttindi launafólks á Alþjóðavinnumálaþinginu 1998 sem styrkti mjög möguleika Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til að fylgja eftir þeim grundvallarmannréttindum sem starf stofnunarinnar byggist á. Fulltrúinn tók sérstaklega til umfjöllunar það vandamál að sífellt færri ríki fullgilda nýjar samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Í því sambandi sé mikilvægt að þau alþjóðlegu viðmið sem stofnunin setji séu raunhæf og gagnleg ríkjum. Þannig þurfi m.a. að vanda betur undirbúning nýrra samþykkta. Loks lýsti hann yfir stuðningi við hugmyndir um að breyta starfsskipulagi nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna, m.a. þannig að styttri tíma verði eytt í almennar umræður en meiri áhersla lögð á að fjalla um brot ríkja á samþykktum stofnunarinnar.

Í nefndinni kom einnig til umfjöllunar skýrsla nefndar sem fjallar um endurskoðun samþykkta og tillagna ILO. Nefndin hefur unnið að því að fara yfir samþykktir og tillögur stofnunarinnar í því tilliti að gera tillögur um að þær sem eru úreltar eða koma ekki lengur að gagni við að ná fram markmiðum hennar verði felldar úr gildi. Byggist þetta á breytingum á stofnskrá ILO sem afgreiddar voru á 85. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 1997. Ísland fullgilti þessar breytingar í lok árs 1999.

Í síðari hluta almennra umræðna var fjallað um skýrslu sérfræðinganefndarinnar um framkvæmd samþykkta nr. 97 (1949) og 143 (1975) er varða réttindi farandverkafólks. Ástæða þess að stjórnarnefnd ILO ákvað að hafa þetta málefni á dagskrá 87. Alþjóðavinnumálaþingsins var einkum sú staðreynd að tiltölulega fá ríki hafa fullgilt þessar samþykktir. Þannig hafði 41 ríki fullgilt samþykkt nr. 97 í lok árs 1998 og 18 ríki fullgilt samþykkt nr. 143 á sama tíma. Þá höfðu aðeins 12 ríki fullgilt báðar þessar samþykktir.

Í umræðunum var m.a. fjallað um stóraukinn fólksflutning á milli landa og mikilvægi þess að Alþjóðavinnumálastofnunin fjalli áfram um þetta málefni. Skiptar skoðanir voru aftur á móti um hvernig rétt sé að standa að málum, svo sem með því að endurskoða gildandi samþykktir, með þríhliða ráðstefnu um fólksflutninga eða með almennri umræðu um málið á Alþjóðavinnumálaþinginu.

Umfjöllun um framkvæmd einstakra ríkja á alþjóðasamþykktum.

Að venju var mestum hluta af starfstíma þingnefndarinnar varið í umfjöllun um framkvæmd aðildarríkjanna á alþjóðasamþykktum og um athugasemdir sem sérfræðinganefndin gerir við framkvæmd aðildarríkjanna á ákvæðum í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eða í samþykktum sem hafa verið afgreiddar af Alþjóðavinnumálaþinginu. Athugasemdirnar eru í árlegri skýrslu sérfræðinganefndarinnar til þingsins. Þar sem athugasemdirnar eru mun fleiri en nokkur kostur er að taka til umfjöllunar á þinginu vinnur nefndin eftir skrá

yfir mál sem fulltrúar aðila vinnumarkaðarins koma sér saman um að tekin verði til athugunar í nefndinni. Á seinni árum hefur málum verið skipt í tvo flokka. Annars vegar eru málefni sem rekja má til vanrækslu af hálfu aðildarríkjanna. Misbrestur á því að kynna löggjafarsamkomu nýjar samþykktir eða tillögur er dæmi um mál af þessu tagi. Hinn flokkinn fylla alvarleg brot aðildarríkja á samþykktum. Þessi mál eru tekin til efnislegrar umfjöllunar sem getur tekið nokkrar klukkustundir allt eftir efni og alvarleika. Brot á grundvallarsamþykktum ILO eru litin sérstaklega alvarlegum augum.

Samtals var fulltrúum 23 aðildarríkja stefnt fyrir nefndina til að taka þátt í umræðum um meint brot á alþjóðasamþykktum og mættu fulltrúar 21 ríkis. Ríkin tvö (Afganistan og Djíbútí) sem ekki sendu fulltrúa fyrir nefndina höfðu ekki sent sendinefnd til þingsins.

Sérstakar ábendingar.

Ýmsum viðurlögum er beitt í þingnefndinni til að freista þess að fá aðildarríkin til að sjá að sér og bæta framkvæmd á ákvæðum samþykkta sem þau hafa brotið. Alþjóðavinnumálastofnunin getur ekki þvingað aðildarríkin með valdi til að fara eftir ábendingum sínum. Þess í stað er höfðað til heiðurs hlutaðeigandi og skapað viðhorf meðal annarra aðildarríkja verknaðarins. Hörðustu viðurlögin felast í því að aðildarríkis er getið í sérstökum hluta skýrslu nefndarinnar til allsherjarþings vinnumálaþingsins. Að þessu sinni var þessum viðurlögum beitt gagnvart tveimur ríkjum, annars vegar Burma vegna brota á samþykkt nr. 29 um nauðungarvinnu og nr. 87 um félagafrelsi og hins vegar Kamerún vegna brota á samþykkt nr. 87. Hér á eftir verður gerð stuttlega grein fyrir málum þeirra.

Burma.

Sérfræðinganefnd ILO hefur fordæmt framkvæmd nauðungarvinnu í Burma í yfir 35 ár. Þrátt fyrir það hefur ríkisstjórnin ekki gripið til neinna aðgerða til að tryggja að ákvæði samþykktar nr. 29 um bann við nauðungarvinnu séu virt. Þvert á móti virðist sem nauðungarvinna hafi orðið algengari og umfangsmeiri með árunum. Þannig sýna gögn að almenningur í landinu er neyddur af ríkisstjórninni og hernum til ýmiss konar vinnu, svo sem til burðar, byggingarvinnu, vegavinnu, brúargerðar og gerðar járnbrauta, viðhalds og þjónustu í herbúðum og annarrar vinnu í þágu ríkisins og hersins og jafnvel í þágu einkaaðila. Þessi nauðungarvinna bitnar m.a. illa á konum, börnum, eldra fólki og minnihlutahópum í Burma. Þetta er í fjórða skipti á síðastliðnum átta árum sem þingnefndin fjallar um brot ríkisins á samþykkt nr. 29 og árið 1996 var máls Burma getið í sérstökum hluta skýrslu hennar sem dæmi um alvarlegt brot á að uppfylla skyldur samkvæmt fullgiltri samþykkt.

Við umræður um málið flutti fulltrúi ríkisstjórnar Bretlands ræðu í nafni þrettán ríkisstjórna, þar á meðal ríkisstjórnar Íslands. Hann lýsti yfir þungum áhyggjum þessara ríkja af ástandi mála í Burma og skeytingarleysi ríkisstjórnarinnar gagnvart skýrslum, niðurstöðum og aðvörunum nefnda ILO. Þrátt fyrir yfirlýsingar ríkisstjórnarfulltrúa Burma annars efnis væri ljóst af nýlegri skýrslu forstjóra ILO að ríkið hefði ekki farið að tilmælum rannsóknarnefndar ILO og að almenningur í ríkinu þjáðist áfram vegna kerfisbundinnar misnotkunar og mannréttindabrota. Fulltrúinn varaði við því að Alþjóðavinnumálastofnunin og eftirlitskerfi hennar mundi bíða hnekki ef ekki væru teknar ótvíræðar og afgerandi ákvarðanir af hálfu stofnunarinnar til að tryggja að stjórnvöld í Burma uppfylltu skuldbindingar sínar gagnvart henni án frekari tafa. Því ætti að skoða allar tiltækar ráðstafanir í því efni og þingnefndin ætti að gefa stofnuninni sem skýrast umboð til slíkra aðgerða.

Í niðurstöðu þingnefndarinnar segir m.a. að þær skýringar sem ríkisstjórnin hafi látið í té séu ekki í samræmi við þær upplýsingar sem nefndir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafi

aflað um ástand mála. Lýst var vonbrigðum yfir að ríkisstjórn Burma hefði ekki heimilað rannsóknarnefnd ILO að heimsækja ríkið til að meta ástandið. Þá beindi nefndin því til stjórnarnefndar, sérfræðinganefndar og skrifstofu ILO að halda áfram öllum mögulegum aðgerðum til að tryggja að ríkið fylgdi tilmælum rannsóknarnefndarinnar sem fram koma í skýrslu hennar frá því í ágúst 1998 en þær staðfesta og fela í sér nánari útfærslu á niðurstöðum sérfræðinganefndarinnar.

Þingnefndin hefur einnig fjallað ár eftir ár um framkvæmd Burma á samþykkt nr. 87 um félagafrelsi. Í skýrslum sérfræðinganefndarinnar til Alþjóðavinnumálaþingsins hefur árum saman komið fram að ríkisstjórnin hafi ekki gripið til neinna aðgerða til að tryggja að ákvæði samþykktarinnar væru virt þrátt fyrir síendurtekin loforð um umbætur. Í niðurstöðum nefndarinnar var, með hliðstæðum hætti og að framan greinir varðandi samþykkt nr. 29, getið síendurtekinna og viðvarandi alvarlegra brota ríkisins á samþykkt nr. 87 í sérstökum hluta skýrslu nefndarinnar til allsherjarþingsins.

Kamerún.

Þingnefndin samþykkti að geta Kamerún í sérstökum hluta skýrslu sinnar til allsherjarþingsins vegna alvarlegra brota á samþykkt nr. 87 um félagafrelsi. Í niðurstöðu nefndarinnar bendir hún á að mál Kamerún hefur oftsinnis verið til umfjöllunar í nefndinni og lýsir hún yfir vonbrigðum með að þrátt fyrir það hafi engar umbætur átt sér stað. Nefndin hvatti ríkið til að grípa til virkra ráðstafana til að afnema hindranir á félagafrelsi, þar á meðal kröfur um leyfi til að stofna stéttarfélög og til að tryggja að allt launafólk eigi rétt á að ganga í og setja á stofn stéttarfélög að eigin vali. Nefndin lýsti yfir áhyggjum yfir að Kamerún hefur ekki skilað skýrslum um framkvæmd samþykktarinnar árum saman og hvatti ríkið til að skila sérfræðinganefndinni nákvæmri skýrslu um aðgerðir til að færa löggjöf og framkvæmd til samræmis við skuldbindingar samkvæmt samþykktinni.

Íran.

Til viðbótar við framangreint er rétt að gera grein fyrir umfjöllun um mál Írans í þingnefndinni.

Á 87. Alþjóðavinnumálaþinginu flutti fulltrúi ríkisstjórnar Hollands ræðu í nafni 14 ríkisstjórna, þar á meðal Íslands, við umræðu um framkvæmd Írans á samþykkt nr. 111 (1958) er varðar misrétti með tilliti til atvinnu eða starfa. Málið, sem varðar mismunun með tilliti til kynferðis og trúar, hefur verið oftsinnis til umræðu í nefndinni, frá 1983 til 1990 og 1993. Árin 1996 og 1997 var ríkisins getið í sérstökum hluta skýrslu þingnefndarinnar til allsherjarþingsins.

Í ræðu sinni kvað fulltrúinn ljóst að nokkur árangur hefur átt sér stað að því er snertir aukna atvinnuþátttöku og menntun kvenna. Þrátt fyrir þann árangur sé frekari aðgerða þörf í þessu efni, sérstaklega varðandi menntun bæði karla og kvenna og til að afnema mismunun með tilliti til trúar. Þannig leiddi sú staðreynd að aðeins hluti trúarlegra minnihlutahópa væri viðurkenndur af hálfu ríkisins til mismununar með tilliti til atvinnu og menntunar. Þetta ætti sérstaklega við um Baháa-trúarhópinn sem er stærsti trúflokkur í Íran en samt sem áður ekki viðurkenndur sem slíkur. Fulltrúinn kvað mikilvægt að ríkisstjórn Írans hefði samþykkt samvinnu við alþjóðlegar stofnanir, þar á meðal Alþjóðavinnumálastofnunina, en jákvæðari viðhorf væru ekki nægileg heldur væri kominn tími til fyrir ríkisstjórnina að uppfylla skyldur sínar samkvæmt samþykkt nr. 111 að fullu.

Í niðurstöðu þingnefndarinnar er með jákvæðum hætti gefinn gaumur að þeim framförum sem hafa átt sér stað í Íran til að stuðla að atvinnu kvenna og trúarlegra minnihlutahópa en

um leið bent á að enn sé óljóst hverjar raunverulegar niðurstöður um árangur eru í þessu efni. Nefndin lýsti jafnframt yfir ánægju sinni með ósk ríkisstjórnar Íran um að sérstök nefnd ILO kanni framkvæmd stjórnvalda varðandi þau atriði sem sérfræðinganefndin gerði athugasemdir við í skýrslu sinni. Þá tók nefndin mið af jákvæðu viðhorfi ríkisstjórnarinnar í þá átt að bæta framkvæmd samþykktarinnar. Hún óskaði eftir frekari upplýsingum um málið og lýsti yfir þeirri von að ríkisstjórn Íran mundi sem fyrst geta gefið skýrslu til sérfræðinganefndarinnar sem staðfesti að löggjöf og framkvæmd í ríkinu væru í fullu samræmi við samþykkt nr. 111.

Athugasemdir við framkvæmd Íslands á fullgiltum alþjóðasamþykktum.

Í skýrslu sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til Alþjóðavinnumálaþingsins koma ekki fram allar ábendingar eða athugasemdir sem hún gerir við framkvæmd aðildarríkjanna á fullgiltum alþjóðasamþykktum. Í kafla um framkvæmd samþykktar nr. 98 er þó að finna umfjöllun vegna samþykktarinnar en þar kemur fram að nefndin veitir athygli breytingum á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, árið 1996 en gerir ekki athugasemdir að öðru leyti.

Framkvæmd samþykktar nr. 98 um félagafrelsi og réttinn til að gera kjarasamninga.

Í skýrslunni til 87. Alþjóðavinnumálaþingsins vísar sérfræðinganefndin til fyrri athugasemda sinna varðandi mikilvægi þess að ríkisstjórnin forðist að grípa inn í kjarasamninga sem gerðir hafi verið með frjálsum samningaviðræðum aðila vinnumarkaðarins þar sem slíkt skerði rétt launafólks og atvinnurekenda til að semja um kjör og vinnuskilyrði. Nefndin kveðst veita athygli upplýsingum í skýrslu ríkisstjórnarinnar um að vinnuhópur um samskiptareglur á vinnumarkaði sem félagsmálaráðherra skipaði í október 1994 hafi skilað áfangaskýrslu í nóvember 1995 eftir 48 fundi. Í framhaldi af tillögum starfshópsins hafi verið lagt fram frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur árið 1996 og það síðan verið samþykkt á Alþingi sem lög nr. 75/1996. Nefndin veitir því athygli að lagabreytingarnar mæla ekki fyrir um bindandi gerðadóma að ósk annars aðila eða að frumkvæði yfirvalda.

Framkvæmd annarra samþykkta.

Í skýrslu sérfræðinganefndarinnar er ekki fjallað frekar um framkvæmd Íslands á alþjóðasamþykktum ILO en niðurstöður nefndarinnar að því er Ísland varðar byggðust á skýrslum ríkisstjórnarinnar frá 1998 um framkvæmd eftirfarandi samþykkta: Nr. 2 um ráðstafanir gegn atvinnuleysi, nr. 29 um nauðungarvinnu, nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess, nr. 98 um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, nr. 100 um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, nr. 102 um lágmark félagslegs öryggis, nr. 108 um persónuskírteini sjómanna, nr. 122 um stefnu í atvinnumálum og nr. 139 um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini. Hins vegar kemur fram í skýrslunni að ríkisstjórninni hafi verið sendar bréflega ábendingar og athugasemdir við framkvæmd samþykkta.

Að því er snertir alþjóðasamþykkt nr. 108, um persónuskírteini sjómanna, bendir sérfræðinganefndin á að ekki er vísað til samþykktar nr. 108 í sjóferðabókum sem gefnar eru út á Íslandi. Með vísan til 2. mgr. 4. gr. samþykktarinnar óskar nefndin eftir því að íslensk stjórnvöld grípi til viðeigandi aðgerða til að bæta úr þessu.

Þá kveðst sérfræðinganefndin gefa gaum að þeim upplýsingum sem veittar eru í skýrslu ríkisstjórnarinnar um framkvæmd samþykktar nr. 139, um varnir gegn og eftirlit með áhættu

í starfi vegna efna sem valda krabbameini og óskar eftir nánari upplýsingum um ýmis atriði í næstu skýrslu ríkisstjórnarinnar.

2.5. AFNÁM BARNAVINNU Í SINNI VERSTU MYND

Á þinginu fór fram önnur umræða um drög að samþykkt um bann við og afnám barnavinnu í sinni verstu mynd í sérstakri þingnefnd. Nefndin kaus A. Atsain, ríkisstjórnarfulltrúa frá Fílabeinsströndinni, sem formann. Varaformenn voru kosnir B. Botha, fulltrúi atvinnurekenda í Suður-Afríku, og L. Trotman, fulltrúi launafólks á Barbadoseyjum.

Nefndin hélt samtals 20 fundi. Fyrir henni lá það verkefni að komast að niðurstöðu um texta sem kæmi til viðbótar samþykkt nr. 138, um lágmarksaldur við vinnu, og hefði það að markmiði að útrýma barnavinnu eins og hún gerist verst. Í nefndinni varð mikil umfjöllun um hermennsku barna, þ.e. hvort leggja ætti bann við henni í samþykktinni. Var m.a. uppi það álitamál hvort láta ætti nefnd, sem hefur unnið að gerð viðauka við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, eftir að fjalla um þetta málefni eða hvort málefnið ætti undir samþykktina. Fulltrúar margra ríkja, svo sem Bandaríkjanna, voru einarðir í þeirri afstöðu sinni að ekki kæmi til greina að banna hermennsku einstaklinga yngri en 18 ára með öllu. Málamiðlunin varð sú að leggja bann við að börn séu skylduð eða neydd til að gegna hermennsku. Með börnum er í samþykktinni átt við einstaklinga undir 18 ára aldri.

Fulltrúi ríkisstjórnar Kanada flutti ræðu, m.a. í nafni ríkisstjórnar Íslands, við umræðu um skýrslu nefndarinnar um barnavinnu á allsherjarþinginu. Í henni var lýst yfir afdráttarlausum stuðningi við samþykktina og lýst yfir þeirri trú að hún muni verða mikilvægt tæki til verndar börnum. Fulltrúinn kvað mikilvægt að tafarlausum aðgerðum verði beitt gegn barnavinnu í sinni verstu mynd. Í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sé miðað við 15 ára aldur varðandi hermennsku barna en í þessari nýju samþykkt sé lágmarksaldurinn hækkaður í 18 ár og um leið staðfest að hún sé meðal verstu tegunda barnavinnu. Litið sé á þessa samþykkt sem fyrsta skrefið í þá átt að 18 ára aldur verði alþjóðlegt viðmið um algjört bann við hermennsku og þátttöku barna í stríði. Aðildarríki ILO voru í yfirlýsingunni hvött til að nota tækifærið og tryggja að þetta viðmið verði sett í viðauka við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þá voru ríkin einnig hvött til að greiða atkvæði með þessari samþykkt.

Við atkvæðagreiðslu í allsherjarþinginu kom í ljós sú einstæða samstaða sem var um afgreiðslu málsins en þar greiddu 415 þingfulltrúar atkvæði með afgreiðslu samþykktarinnar, ekkert atkvæði var á móti og enginn fulltrúi sat hjá.

Samþykktinni er ætlað að koma til fyllingar samþykkt ILO nr. 138, um lágmarksaldur við vinnu, sem fullgilt var af Íslands hálfu árið 1999. Samkvæmt samþykktinni skuldbinda aðildarríki hennar sig til að leggja bann við og afnema verstu tegundir barnavinnu. Undir það fellur, samkvæmt skilgreiningu samþykktarinnar, þrælkun eða athæfi sem líkja má við þrælkun, vændi, klám, notkun barna í ólögmætum tilgangi, svo sem við sölu eiturefna og vinna sem er hættuleg heilsu, öryggi eða siðferði barna. Ísland fullgilti samþykkt nr. 182, um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd, í lok maí 2000. Er staðfestur skráningardagur fullgildingarskjals Íslands 29. maí og í samræmi við ákvæði 10. gr. samþykktarinnar. Hún mun því ganga í gildi hvað Ísland varðar 29. maí 2001.

2.6. MÆÐRAVERND

Sérstök þingnefnd tók til fyrstu umræðu drög að samþykkt um vernd barnshafandi kvenna. Formaður nefndarinnar var kosin A. Andersen, ríkisstjórnarfulltrúi frá Danmörku. Varaformenn voru kosin A. Knowles, fulltrúi atvinnurekenda á Nýja-Sjálandi, og U. Engelen-Kefer, fulltrúi launafólks í Þýskalandi.

Nefndin hélt samtals 19 fundi. Fyrir henni lá það verkefni að ræða tillögur um endurskoðaðan texta eldri samþykktar um sama efni nr. 103 frá 1952 með hliðsjón af breyttum viðhorfum og aðstæðum varðandi vernd kvenna í tengslum við barnsburð og fæðingu. Jafnframt lá fyrir að nokkur ákvæði eldri samþykktarinnar þykja of ósveigjanleg og því hafa tiltölulega fá ríki fullgilt hana.

Í skýrslu nefndarinnar til allsherjarþingsins eru lagðar til talsverðar breytingar frá réttindum samkvæmt samþykkt nr. 103, svo sem að því er snertir gildissvið samþykktarinnar, fæðingarorlof, greiðslur í fæðingarorlofi, aukna vernd barnshafandi kvenna gegn brottrekstri úr starfi og aðferðir til að vernda barnshafandi konur gegn mismunun í starfi.

Þessi fyrsta umræða um samþykktina leggur grunn að síðari umræðu um málið á 88. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2000 en þá reynir á hvort það tekst að ná samkomulagi um efni nýrrar samþykktar um mæðravernd.

2.7. TÆKNI- OG ÞRÓUNARSAMVINNA

Almenn umræða fór fram í sérstakri þingnefnd um tæknisamvinnu og þróunaraðstoð. Málefnið sem er reglulega til umræðu var síðast til umfjöllunar á 80. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 1993 og samþykkti stjórnarnefnd ILO að það yrði á ný á dagskrá 87. Alþjóðavinnumálaþingsins. Formaður nefndarinnar var kostinn Rafael Alburquerque, ríkisstjórnarfulltrúi í Dóminíska lýðveldinu, og varaformenn Azad Jeetun, fulltrúi atvinnurekenda á Máritíus, og William Brett, fulltrúi launafólks í Bretlandi. Nefndin hélt samtals 8 fundi. Alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði fyrir þingið tekið saman skýrslu um þetta efni og auk þess lá fyrir skýrsla forstjóra ILO um skipulag tækni- og þróunarsamvinnu. Í skýrslu forstjórans eru lagðar til nýjar leiðir í þessu efni og lagt til að aðstoðin grundvallist á fjórum meginmarkmiðum stofnunarinnar sem eru grundvallarréttindi í atvinnulífinu, atvinna, félagsleg vernd og samráð aðila vinnumarkaðarins. Lögð er áhersla á að markmið þurfi að vera skýr, í takt við tímann og í samræmi við þarfir þeirra sem aðstoðarinnar njóta. Tæknileg samvinna eigi ekki að takmarkast við aðstoð til ríkja svo þau geti fullgilt samþykktir ILO heldur sé markmiðið einnig að hún stuðli að möguleikum samtaka aðila vinnumarkaðarins til að taka að fullu þátt í þróuninni. Aðstoðin á að leiða til varanlegs árangurs, efla samtök aðila vinnumarkaðarins og þríhliða samstarf þeirra og ríkisstjórna, auk þess að stuðla að félagslegu jafnvægi á lands-, svæðis- og alþjóðavísu. Umræður í nefndinni snerust einkum um hlutverk ILO varðandi tækni- og þróunaraðstoð og lýstu fulltrúar almennt yfir stuðningi sínum við áætlunina sem grundvallast eins og að framan greinir á fjórum grundvallarmarkmiðum stofnunarinnar og átta framkvæmdaáætlunum sem þeim tengjast, svokölluðum „InFocus“-áætlunum. Í ályktun nefndarinnar, sem samþykkt var af allsherjarþinginu, var því jafnframt beint til skrifstofu ILO að hún tæki framkvæmd aðstoðarinnar til endurskoðunar í því skyni að hámarka áhrif hennar og sýnileika. Í ályktuninni er einnig lögð áhersla á þörfina fyrir að styrkja samstarfið við stofnanir Sameinuðu þjóðanna og Bretton Woods-stofnanirnar.

Þess má geta að útgjöld stofnunarinnar á árinu 1998 vegna tæknisamvinnu og þróunaraðstoðar voru 95 millj. Bandaríkjadala sem varið var til yfir 1.500 verkefna af margvíslegum toga, svo sem til baráttu gegn barnavinnu, félagslegri útilokun og mismunun, til að stuðla að atvinnu og öryggi og hollustu á vinnustöðum, til að styrkja stéttarfélög og samtök atvinnurekenda og til að stuðla að samráði aðila vinnumarkaðarins.

2.8. ÁLYKTUN VEGNA NAUÐUNGARVINNU Í BURMA

Til viðbótar við harðorðar niðurstöður nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta vegna brota Burma á samþykktum ILO nr. 29 og 87 var á 87. Alþjóðavinnumálaþinginu samþykkt

harðorð ályktun þar sem ríkið var fordæmt vegna viðvarandi brota á samþykkt nr. 29 um nauðungarvinnu og þess að það hefur hunsað að fara eftir niðurstöðum og tilmælum eftirlitsaðila Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um úrbætur. Í ágúst 1998 skilaði sérstök rannsóknarnefnd ILO niðurstöðum sínum vegna máls Burma. Þar kemur fram að víðtæk nauðungarvinna á sér stað í ríkinu. Í skýrslu forstjóra ILO til stjórnarnefndarinnar frá 21. mars 1999 um aðgerðir ríkisstjórnar Burma í framhaldi af skýrslu rannsóknarnefndarinnar kemur fram að ekki hafi verið farið að þeim tilmælum sem þar er beint til hennar.

Í ályktun allsherjarþingsins segir að viðhorf og hegðun ríkisstjórnar Burma sé verulega í ósamræmi við þau skilyrði og grundvallarviðmið sem aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni byggist á. Einnig að stöðva eigi alla tæknilega samvinnu og þróunaraðstoð til Burma af hálfu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nema um sé að ræða beina aðstoð í þeim tilgangi að hrinda tafarlaust í framkvæmd tilmælum rannsóknarnefndarinnar. Þá segir að ríkisstjórn Burma skuli verða útilokuð frá því að sækja fundi og ráðstefnur á vegum ILO nema í þeim tilgangi einum að tryggja tafarlausa og fulla framkvæmd á tilmælum rannsóknarnefndarinnar. Ályktunin var samþykkt í allsherjarþinginu með 333 atkvæðum gegn 27 en 47 þingfulltrúar sátu hjá við atkvæðagreiðsluna. Ályktuninni er ætlað að vera í gildi þar til Burma hefur hrint í framkvæmd tilmælum rannsóknarnefndarinnar um að endurskoða löggjöf sína og færa hana til samræmis við samþykkt nr. 29 og þar að auki látið af þeim brotum á grundvallarmannréttindum sem eiga sér stað í ríkinu.

2.9. SAMSTARF VIÐ FULLTRÚA ANNARRA RÍKJA

Alþjóðavinnumálaþingið er meðal umfangsmeiri alþjóðaþinga sem haldin eru. Í þessari skýrslu kemur fram að þingstörfum er fram haldið samtímis á allsherjarþingi og í fjölmörgum þingnefndum. Ljóst er að það er borin von fyrir litla sendinefnd eins og þá íslensku að geta fylgst með öllu sem fram fer. Þess vegna skiptir samstarf við aðra miklu máli. Þar vega þyngst vikulegir samráðsfundir fulltrúa ríkisstjórna Norðurlandanna. Á þeim fer fram kynning á stöðu málefna í einstökum nefndum og lögð á ráðin um sameiginlegt ræðuhald Norðurlandanna á allsherjarþinginu og í nefndum.

Annað atriði, sem er til þess fallið að létta sendinefndinni þingstörfin, er samráðsfundir fulltrúa vestrænna iðnríkja (IMEC). Þessir fundir eru haldnir daglega og á þeim er farið yfir þau málefni sem eru efst á baugi hverju sinni. Með þátttöku í þessum fundum má fá gott yfirlit yfir það sem er að gerast á þessu fjölmenna alþjóðaþingi. Fundirnir eru einnig góður vettvangur til að kynna tillögur sem fulltrúar einstakra ríkja ráðgera að flytja í þingnefndum. Á þeim er einnig fjallað um mál sem eru til umfjöllunar í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta, einkum ef þau snerta ríki sem eiga aðild að hópnum. Loks eru oft tekin til umfjöllunar drög að ræðum sem fulltrúar einstakra ríkja hyggjast flytja annaðhvort í eigin nafni eða fyrir hönd fleiri ríkja eða hópsins í heild.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 182, um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlausar aðgerðir til að afnema hana.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar,

sem kom saman til 87. þingsetu sinnar í Genf 1. júní 1999 að kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar og

með hliðsjón af því að þörf er á að setja ný viðmið um að banna barnavinnu í sinni verstu mynd og afnema hana og að veita ber slíkum aðgerðum sem mestan forgang bæði innan einstakra ríkja og á alþjóðavettvangi, meðal annars með alþjóðlegri samvinnu og aðstoð, til fyllingar samþykkt og tilmælum um lágmarksaldur við vinnu frá 1973 sem áfram eru grundvallarviðmið um barnavinnu og

að teknu tilliti til þess að raunverulegt afnám barnavinnu í sinni verstu mynd krefst tafarlausra og víðtækra aðgerða þar sem tillit verði tekið til mikilvægis grundvallarmenntunar börnum að kostnaðarlausu og þess að taka verður börn sem þannig er ástatt um úr allri slíkri vinnu og sjá þeim fyrir endurhæfingu og félagslegri aðlögun um leið og brugðist er við þörfum fjölskyldna þeirra og

sem minnist ályktunar um afnám barnavinnu sem samþykkt var á 83. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 1996,

sem gerir sér grein fyrir að barnavinna er að miklu leyti afleiðing fátæktar og að langtímalausn á þessu vandamáli felst í viðvarandi hagvexti sem leiðir til félagslegra framfara, einkum til afnáms fátæktar og að allir eigi kost á menntun og

sem minnist Samningsins um réttindi barnsins sem samþykktur var af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hinn 20. nóvember 1989,

sem minnist yfirlýsingar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um grundvallarviðmið og réttindi við vinnu og ályktunar um hvernig henni verður fylgt eftir sem samþykktar voru á 86. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 1998,

sem minnist þess að aðrir alþjóðasáttmálar taka til barnavinnu í nokkrum verstu myndum sínum, einkum samþykkt um nauðungarvinnu eða skylduvinnu frá 1930 og samningur Sameinuðu þjóðanna um afnám þrælahalds og þrælasölu frá 1956 og

sem hefur komið sér saman um ákveðnar tillögur varðandi barnavinnu sem er fjórða mál á dagskrá þingsins og

að tekinni ákvörðun um að tillögur þessar skuli birtast í formi alþjóðasáttmála,

gerir hinn sautjánda júní árið 1999 eftirfarandi samþykkt sem vísa má til sem Samþykktar um barnavinnu í sinni verstu mynd frá 1999.

1. gr.

Hvert aðildarríki sem fullgildir samþykkt þessa skal þegar í stað gera virkar ráðstafanir til að tryggja bann við og afnám barnavinnu í sinni verstu mynd og skal litið á það sem brýnt verkefni.

2. gr.

Í samþykkt þessari á orðið barn við um hvern þann einstakling sem ekki hefur náð 18 ára aldri.

3. gr.

Í samþykkt þessari á hugtakið „barnavinna í sinni verstu mynd“ við um eftirfarandi:

a. Hvers konar þrælkun eða framkvæmd sem jafna má til þrælkunar, svo sem sölu og verslunar með börn, skuldaránauð, aðra ánauð og nauðungar- eða skylduvinnu, þar með talið að börn séu neydd eða skylduð til þátttöku í vopnuðum átökum.
b. Notkun, öflun eða framboð barna til vændis, til framleiðslu á klámi eða til klámsýninga.
c. Notkun, öflun eða framboð barna til ólöglegra athafna, einkum til framleiðslu og verslunar með ávana- og fíkniefni eins og þau eru skilgreind í viðeigandi alþjóðasáttmálum.
d. Störf sem vegna eðlis síns eða þeirra aðstæðna sem þau eru unnin við eru líkleg til að skaða heilsu, öryggi eða siðferði barna.

4. gr.

1. Tilgreina skal hvaða störf falla undir d-lið 3. gr. með landslögum eða reglum eða af þar til bæru yfirvaldi að höfðu samráði við viðkomandi samtök atvinnurekenda og launafólks og með tilliti til viðeigandi alþjóðlegra viðmiða, einkum 3. og 4. gr. tilmæla um barnavinnu í sinni verstu mynd frá 1999.

2. Þar til bært yfirvald skal að höfðu samráði við viðkomandi samtök atvinnurekenda og launafólks tilgreina hvar störf sem þannig hafa verið ákvörðuð eru stunduð.

3. Skrá um þau störf sem tilgreind eru samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar skal yfirfarin reglulega og endurskoðuð eins og þörf krefur í samráði við viðkomandi samtök atvinnurekenda og launafólks.

5. gr.

Hvert aðildarríki skal að höfðu samráði við samtök atvinnurekenda og launafólks koma á viðeigandi tilhögun til að fylgjast með framkvæmd þeirra ákvæða sem ætlað er að tryggja virkni samþykktar þessarar eða fela viðeigandi aðilum að gera það.

6. gr.

1. Hvert aðildarríki skal hafa sem forgangsverkefni að setja sér og framkvæma aðgerðaáætlanir til að uppræta barnavinnu í sinni verstu mynd.

2. Slíkar aðgerðaáætlanir skulu gerðar og framkvæmdar í samráði við viðeigandi stofnanir ríkisvaldsins og samtök atvinnurekenda og launafólks og taka eins og við kann að eiga tillit til sjónarmiða annarra hópa sem þær varða.

7. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja innleiðingu og framkvæmd þeirra ákvæða sem ætlað er að tryggja virkni samþykktar þessarar og framfylgja þeim, þar á meðal með því að mæla fyrir um refsiviðurlög og beitingu þeirra eða önnur viðurlög eins og við kann að eiga.

2. Með tilliti til mikilvægis menntunar við að uppræta barnavinnu skal hvert aðildarríki gera virkar ráðstafanir innan ákveðins frests til að:

a. koma í veg fyrir að börn séu sett í barnavinnu í sinni verstu mynd,
b. veita nauðsynlega og viðeigandi beina aðstoð til að taka börn úr barnavinnu í sinni verstu mynd og til endurhæfingar þeirra og félagslegrar aðlögunar,
c. tryggja aðgang að grundvallarmenntun barna, þeim að kostnaðarlausu, og starfsmenntun hvarvetna þar sem það er nauðsynlegt og viðeigandi, fyrir öll börn sem tekin eru úr barnavinnu í sinni verstu mynd,
d. finna börn sem háð eru sérstakri áhættu og ná til þeirra og
e. taka tillit til sérstakra aðstæðna stúlkna.

3. Hvert aðildarríki skal tilgreina það yfirvald sem ber ábyrgð á innleiðingu þeirra ákvæða sem ætlað er að tryggja virkni samþykktar þessarar.

8. gr.

Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að aðstoða hvert annað við að hrinda í framkvæmd ákvæðum samþykktar þessarar með aukinni alþjóðlegri samvinnu og/eða aðstoð, þar með talið stuðningi við félagslega og efnahagslega uppbyggingu, áætlunum til afnáms fátæktar og menntun fyrir alla.

9. gr.

Formlegar fullgildingar þessarar samþykktar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

10. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.
2. Hún skal öðlast gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.
3. Síðan gengur samþykktin í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

11. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynning um uppsögn skal send forstjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í 1. mgr., rétt þann til uppsagnar sem þar er kveðið á um, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil en er síðan heimilt að segja henni upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

12. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum stofnun arinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar sem honum berst skal hann vekja athygli þeirra á því hvaða dag samþykktin gengur í gildi.

13. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, skv. 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

14. gr.

Þegar stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

15. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt sem breytir þessari samþykkt að nokkru eða öllu leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg skal:
   a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, þrátt fyrir ákvæði 11. gr. hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist.

b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt hefur öðlast gildi.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað snertir form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

16. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar er jafngildur.

Fylgiskjal II.

Tilmæli nr. 190, um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlausar aðgerðir til að afnema hana.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar,

sem kom saman til 87. þingsetu sinnar í Genf 1. júní 1999 að kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

sem undirritað hefur Samþykkt um barnavinnu í sinni verstu mynd frá 1999 og

sem hefur ákveðið að samþykkja ákveðnar tillögur varðandi barnavinnu sem er fjórða mál á dagskrá þingsins og

sem hefur ákveðið að tillögur þessar verði í formi tilmæla, til fyllingar samþykkt um barnavinnu í sinni verstu mynd 1999,

samþykkir hinn sautjánda júní 1999 eftirfarandi tilmæli sem vísa má til sem tilmæli um barnavinnu í sinni verstu mynd 1999.

1. Ákvæði tilmæla þessara eru til fyllingar samþykkt um barnavinnu í sinni verstu mynd 1999 (hér á eftir nefnd samþykktin), og ber að beita þeim jafnhliða henni.

I. Aðgerðaáætlanir.

2. Aðgerðaáætlanir, sem um er fjallað í 6. gr. samþykktarinnar, ætti að ákveða og hrinda í framkvæmd með hraði, í samráði við viðeigandi ríkisstofnanir og samtök atvinnurekenda og launafólks að teknu tilliti til sjónarmiða þeirra barna sem barnavinna í sinni verstu mynd kemur beint niður á og fjölskyldna þeirra og eins og við getur átt annarra hópa sem vinna að markmiðum samþykktarinnar og tilmæla þessara. Með slíkum áætlunum ætti meðal annars að stefna að því að:

a. finna og fordæma barnavinnu í sinni verstu mynd,
b. koma í veg fyrir að börn séu sett í barnavinnu í sinni verstu mynd, taka þau úr slíkri vinnu, vernda þau fyrir hefndaraðgerðum og sjá þeim fyrir endurhæfingu og félagslegri aðlögun með ráðstöfunum sem beinast að þörfum þeirra til menntunar sem og líkamlegum og sálfræðilegum þörfum þeirra;
c. veita sérstaka athygli:
   i. ungum börnum,
   ii. stúlkubörnum
   iii. því vandamáli sem felst í duldum vinnuaðstæðum þar sem stúlkur búa við sérstaka áhættu,
   iv. öðrum hópum barna sem þarfnast sérstakrar verndar eða hafa sérstakar þarfir,
d. finna samfélög þar sem börn búa við sérstaka áhættu, ná til þeirra og starfa með þeim,

e. upplýsa almenning og gera hann meðvitaðan um vandann og nýta almenningsálit og hópa sem láta sig slíkt varða, þar á meðal börn og fjölskyldur þeirra.

II. Hættuleg störf.

3. Þegar ákvarðað er hvaða vinna fellur undir d-lið 3. gr. samþykktarinnar og skilgreint hvar slík vinna er stunduð ætti meðal annars að líta til:

a. vinnu þar sem börn eiga á hættu líkamlegt eða sálrænt ofbeldi eða kynferðislega misnotkun,
b. vinnu neðanjarðar eða undir vatnsyfirborði, í hættulegri hæð eða í þröngu rými,
c. vinnu við hættulegar vélar, búnað eða verkfæri eða þar sem þung vara er meðhöndluð eða flutt með handafli,
d. vinnu við heilsuspillandi aðstæður þar sem börnum er til dæmis hætta búin af efnum, skaðvöldum eða vinnsluferlum, hitastigi, hávaðastigi eða titringi sem spillt getur heilsu þeirra,
e. vinnu við sérstaklega erfiðar aðstæður, svo sem langan vinnutíma, næturvinnu eða vinnu þar sem barn er með óréttmætum hætti bundið við vinnustað sinn.

4. Að því er snertir þá vinnu sem vísað er til í d-lið 3. gr. samþykktarinnar og 3. gr. hér að framan gætu landslög eða reglur eða þar til bært yfirvald heimilað starf eða vinnu frá 16 ára aldri að höfðu samráði við viðkomandi samtök atvinnurekenda og launafólks með þeim skilyrðum að gætt sé til hlítar heilsu, öryggis og siðferðis þeirra barna sem í hlut eiga og að þeim hafi með fullnægjandi hætti verið veittar sérstakar leiðbeiningar eða starfsþjálfun í viðkomandi grein.

III. Framkvæmd.

5.1. Safna ætti og halda við ítarlegum upplýsingum og tölfræðilegum gögnum um eðli og umfang barnavinnu, til að mynda grundvöll fyrir ákvörðun forgangsverkefna sem miða að afnámi barnavinnu í aðildarríki, einkum til að banna og afnema barnavinnu í sinni verstu mynd.

2. Að því marki sem unnt er þyrftu upplýsingarnar og hin tölfræðilegu gögn að fela í sér sundurliðaðar upplýsingar eftir kynferði, aldri, starfi, atvinnugrein, atvinnustöðu, skólasókn og staðsetningu. Taka ætti tillit til þess hversu mikilvæg fæðingarskráning er, þar á meðal útgáfa fæðingarvottorða.

3. Taka ætti saman og halda við upplýsingum um brot gegn landslögum um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og afnám hennar.

6. Taka ætti réttmætt tillit til friðhelgi einkalífs við söfnun og meðferð upplýsinga þeirra og gagna sem fjallað er um í 5. gr. hér að framan.

7. Senda ætti alþjóðavinnumálaskrifstofunni reglulega þær upplýsingar sem safnað er samkvæmt ákvæðum 5. gr.

8. Aðildarríki ættu að koma á eða tilgreina viðeigandi tilhögun innan lands til að fylgjast með framkvæmd landslaga um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og afnám hennar, að höfðu samráði við samtök atvinnurekenda og launafólks.

9. Aðildarríki ættu að tryggja að þau yfirvöld sem bera ábyrgð á að framkvæma reglur landslaga um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og afnám hennar hafi samstarf sín á milli og samræmi störf sín.

10. Ákvarða ætti í landslögum eða reglugerðum eða af þar til bæru yfirvaldi hverja draga ber til ábyrgðar ef ákvæðum landslaga um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og afnám hennar er ekki fylgt.

11. Aðildarríki ættu að því marki sem samræmist landslögum að taka þátt í alþjóðlegri samvinnu sem miðar að banni við og afnámi barnavinnu í sinni verstu mynd, þar sem mikið liggur við að það verði gert, með því að:

a. safna saman og skiptast á upplýsingum um refsilagabrot, þar á meðal brot tengd skipulagðri alþjóðlegri samvinnu,
b. finna og sækja til saka þá sem fást við sölu barna og verslun með börn eða nýtingu, útvegun eða framboð á börnum til ólögmætrar starfsemi, til vændis, framleiðslu á klámi eða til klámsýninga,
c. skrá þá sem slík brot fremja.

12. Aðildarríki ættu að kveða svo á að eftirtalin barnavinna í sinni verstu mynd feli í sér refsilagabrot:

a. þrælkun í hvaða formi sem er eða framkvæmd sem er áþekk þrælkun, svo sem sala og verslun með börn, skuldaránauð, önnur ánauð og nauðungar- eða skylduvinna, þar með talið að börn séu neydd eða skylduð til þátttöku í vopnuðum átökum,
b. nýting, öflun eða framboð á barni til vændis, til framleiðslu á klámi eða til klámsýninga og
c. nýting, öflun eða framboð á barni til ólöglegra athafna, einkum til framleiðslu og verslunar með ávana- og fíkniefni eins og þau eru skilgreind í viðeigandi alþjóðasáttmálum, eða til athafna sem fela í sér ólöglega meðferð eða notkun á skotvopnum eða öðrum vopnum.

13. Aðildarríki ættu að tryggja að viðurlögum, þar með talið ef við getur átt refsiviðurlögum, sé komið fram vegna brota gegn landslögum um bann við störfum af hverju því tagi sem fjallað er um í d-lið 3. gr. samþykktarinnar og afnám slíkra starfa.

14. Aðildarríki ættu jafnframt að sjá til þess með hraði að þar sem við á séu fyrir hendi refsiréttarleg og borgaraleg úrræði og stjórnsýsluúrræði til að tryggja að landslögum um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og afnám hennar sé framfylgt með virkum hætti, svo sem með sérstöku eftirliti með fyrirtækjum sem nýtt hafa sér barnavinnu í sinni verstu mynd og ef um er að ræða ítrekuð brot að tekið sé til athugunar að afturkalla rekstrarleyfi tímabundið eða til frambúðar.

15. Aðrar ráðstafanir sem miða að banni við barnavinnu í sinni verstu mynd og afnámi hennar gætu meðal annars falið í sér að:

a. upplýsa almenning, gera hann meðvitaðan um vandann og fá liðveislu hans, þar á meðal forustumenn í landsmálum og sveitarstjórnarmálum, þingmenn og dómara,
b. fá til liðs samtök atvinnurekenda og launafólks og almannasamtök og veita þeim leiðsögn,
c. veita þeim opinberu starfsmönnum sem um þessi mál fjalla, einkum eftirlitsmönnum og löggæslumönnum, svo og öðru viðkomandi fagfólki, viðeigandi þjálfun,
d. sjá til þess að þeir ríkisborgarar aðildarríkis sem fremja afbrot samkvæmt landslögum þess um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og afnám hennar verði sóttir til saka í heimalandi sínu, jafnvel þótt slík brot hafi verið framin í öðru landi,
e. einfalda lagalega og stjórnsýslulega málsmeðferð og tryggja að hún sé viðeigandi og tafarlaus,
f. hvetja til stefnumótunar með aðgerðum sem miði að því að ná fram markmiðum samþykktarinnar,
g. fylgjast með og kynna opinberlega þær starfsaðferðir sem best hafa gefist við afnám barnavinnu,

h. kynna opinberlega lagaákvæði eða aðrar ráðstafanir um barnavinnu á mismunandi tungumálum eða mállýskum,
i. koma á sérstökum kæruleiðum og gera ráðstafanir til að vernda gegn mismunun og hefndaraðgerðum þá sem löglega koma upp um brot gegn ákvæðum samþykktarinnar, og koma á aðstoðarleiðum eða sambandsstöðvum og umboðsmannaembættum,
j. gera viðeigandi ráðstafanir til að bæta innra skipulag menntakerfisins og þjálfa kennara til að uppfylla þarfir drengja og stúlkna,
k. taka svo sem unnt er í aðgerðaáætlunum í hverju landi tillit til:
   i. þarfa foreldra og fullorðinna í fjölskyldum barna er starfa við aðstæður sem samþykktin tekur til, fyrir atvinnusköpun og starfsmenntun og
   ii. þess að foreldrar verða að vera meðvitaðir um það vandamál sem vinna barna við slíkar aðstæður er.

16. Aukin alþjóðleg samvinna og/eða aðstoð aðildarríkjanna í milli til að banna og afnema í raun barnavinnu í sinni verstu mynd ætti að styrkja það sem gert er innan lands og getur eftir því sem við á verið mótuð og framkvæmd í samráði við samtök atvinnurekenda og launafólks. Slík alþjóðleg samvinna og/eða aðstoð ætti að fela í sér:
a. að nauðsynleg framlög verði veitt til framkvæmdaáætlana innan lands og á alþjóðavettvangi,
b. gagnkvæma lagalega aðstoð,
c. tæknilega aðstoð, þar með talin upplýsingaskipti,
d. stuðning við félagslega og efnahagslega uppbyggingu, útrýmingu fátæktar og almenna menntun.

Fylgiskjal III.

Skýrsla um starf nefndar sem fer með málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og um framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu á árinu 1999.

Á 61. Alþjóðavinnumálaþinginu, sem haldið var í Genf árið 1976, var afgreidd samþykkt nr. 144, um samstarf ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála. Ísland fullgilti samþykktina árið 1981. Samþykktin endurspeglar það samstarf fulltrúa ríkisstjórna og aðila vinnumarkaðarins sem fram fer innan Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og skapar henni sérstöðu meðal annarra stofnana sem starfa innan vébanda Sameinuðu þjóðanna. Í öllum nefndum og ráðum stofnunarinnar eiga sæti fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Í anda samþykktar nr. 144 var skipuð 16. apríl 1982 samstarfsnefnd ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins (hér eftir kölluð ILO-nefndin) sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina. Á árinu 1999 skipuðu eftirtaldir nefndina: Fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Ástráður Haraldsson, lögfræðingur ASÍ, fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands (síðar Samtaka atvinnulífsins), Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur VSÍ. Fulltrúi félagsmálaráðuneytisins, sem jafnframt gegnir formennsku í nefndinni, er Elín Blöndal, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu.

Verkefni nefndarinnar eru svipuð frá ári til árs, þ.e. að fara yfir drög að skýrslum til alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf um framkvæmd fullgiltra alþjóðasamþykkta, svara spurningaskrám sem skrifstofan sendir aðildarríkjunum þegar undirbúin eru drög að nýjum samþykktum og fjalla um athugasemdir sem sérfræðinganefnd ILO gerir við framkvæmd á

alþjóðasamþykktum. Nefndin ræðir einnig framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu.

Nefndin hélt samtals 16 fundi á árinu 1999. Helstu viðfangsefni nefndarinnar voru eftirfarandi:

Málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

a. Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði vinnumála.

Samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er aðildarríki skylt að gefa stofnuninni skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Þannig skulu aðildarríkin gefa ILO reglulega skýrslur um framkvæmd þeirra samþykkta sem þau hafa fullgilt. Þá getur stjórnarnefnd ILO falið alþjóðavinnumálaskrifstofunni að óska eftir skýrslum frá aðildarríkjunum um framkvæmd ákvæða í öðrum samþykktum sem þau hafa ekki fullgilt. Gert er ráð fyrir að stjórnvöld hafi samráð við aðila vinnumarkaðarins um samningu þessara skýrslna.

Á árinu 1999 undirbjó ILO-nefndin skýrslur ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykkta sem Ísland hefur fullgilt:

Nr. 11, um félagafrelsi landbúnaðarverkafólks.
Nr. 98, um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega.
Nr. 105, um afnám nauðungarvinnu.
Nr. 111, varðandi misrétti með tilliti til atvinnu eða starfa.
Nr. 144, varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála.
Nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, 1981.
Nr. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra, 1983.

b. Undirbúningur fyrir þátttöku á 87. Alþjóðavinnumálaþinginu.

ILO-nefndin fjallaði á fundum sínum fyrri hluta árs 1999 um dagskrármál 87. Alþjóðavinnumálaþingsins. Á fundunum var farið yfir drög að samþykkt um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd og skýrslu ILO um endurskoðun á samþykkt nr. 103, um mæðravernd. Enn fremur var farið yfir skýrslur sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman til undirbúnings umræðum um helstu dagskrármál vinnumálaþingsins.

c. Fullgilding alþjóðasamþykkta.

Á árinu fjallaði nefndin um hugsanlega fullgildingu Íslands á eftirfarandi alþjóðasamþykktum:

Nr. 138, um lágmarksaldur við vinnu.
Nr. 147, um lágmarkskröfur á kaupskipum.
Nr. 156, um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð.
Nr. 173, um vernd launa við gjaldþrot.
Nr. 174, um ráðstafanir til að koma í veg fyrir meiri háttar iðnaðarslys.
Nr. 182, um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd.

Nefndin mælti á árinu með fullgildingu samþykkta nr. 138, 147 og 156. Þá ítrekaði nefndin þá afstöðu sína að rétt væri að fullgilda gerð um breytingu á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem samþykkt var á 85. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 1997. Í breytingunni felst að bætt er við nýrri málsgrein við gildandi 19. gr. stofnskrárinnar. Samkvæmt henni getur stjórnarnefnd ILO lagt til við Alþjóðavinnumálaþingið að felldar séu úr gildi alþjóðasamþykktir sem eru úreltar eða koma ekki lengur að gagni við að ná markmiðum stofnunar-

innar. Gerð þessi var fullgilt af Íslands hálfu 22. nóvember 1999. Ekki þurfti að breyta íslenskri löggjöf vegna fullgildingarinnar.

Samþykkt nr. 138 (1973), um lágmarksaldur við vinnu, var fullgilt af Íslands hálfu 6. desember 1999. Á sama tíma var tilkynnt um uppsögn Íslands á samþykkt nr. 15, um lágmarksaldur kyndara og kolamokara (1921). Þá fól fullgilding samþykktarinnar sjálfkrafa í sér uppsögn endurskoðaðrar samþykktar nr. 58, um lágmarksaldur barna við sjómennsku (1936). Samþykktin tekur gildi fyrir Ísland 6. desember 2000. Fullgilding samþykktarinnar kallaði ekki á lagabreytingar hér á landi.

Ísland fullgilti samþykkt nr. 147, um lágmarkskröfur á kaupskipum, 11. maí 1999 (gildistaka 11. maí 2000).

Nefndin gerði tillögu til félagsmálaráðherra um lagaákvæði vegna samþykktar nr. 156, (1981) um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð, en fyrir lá að breyta þyrfti lögum hér á landi vegna fullgildingar samþykktarinnar. Var það vegna ákvæðis hennar um að fjölskylduábyrgð skuli ekki vera gild ástæða til uppsagnar starfs. Frumvarpið var lagt fram á 124. löggjafarþingi vorið 1999 en varð ekki útrætt. Það var lagt fram að nýju á 125. löggjafarþingi haustið 1999.

Á síðari hluta ársins fór nefndin yfir íslenska þýðingu á samþykkt ILO nr. 182, um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd og hóf jafnframt umfjöllun um efni hennar. Sú umfjöllun var vel á veg komin í lok árs 1999.

Félagsmálasáttmáli Evrópu.

Umfjöllun um aðild Íslands að félagsmálasáttmála Evrópu er meðal verkefna sem falin hafa verið ILO-nefndinni. Helstu viðfangsefni nefndarinnar í sambandi við félagsmálasáttmálann voru gerð skýrslu um framkvæmd nokkurra ákvæða sáttmálans, athugun á athugasemdum sérfræðinganefndar Evrópuráðsins við framkvæmd Íslands á sáttmálanum og könnun á hugsanlegri fullgildingu Íslands á endurskoðaðri gerð félagsmálasáttmála Evrópu frá árinu 1996.

a. Skýrsla um framkvæmd félagsmálasáttmálans.

Ráðherranefnd Evrópuráðsins samþykkti á fundi sínum 17. september 1992 að breyta til reynslu fyrirkomulagi á skýrslugjöf um framkvæmd sáttmálans. Samkvæmt 21. gr. sáttmálans skulu aðildarríki taka saman á tveggja ára fresti skýrslu um framkvæmdina. Samkvæmt því hafa aðildarríkin tekið saman annað hvert ár skýrslu um framkvæmd allra fullgiltra ákvæða sáttmálans. Enn fremur hefur þeim verið skipt í tvo hópa og hafa ríkjahóparnir skipst á um að senda Evrópuráðinu skýrslur sínar. Þessu var breytt þannig að taka skal saman á hverju ári skýrslu um framkvæmd á tilteknum fjölda greina. Aðildarríkin hafa því í raun skilað skýrslu á tveimur árum um framkvæmd ákvæða sáttmálans. Síðar var ákveðið að létta aðildarríkjunum skýrslugjöfina með því að óska einungis eftir skýrslu fjórða hvert ár um tilteknar greinar sáttmálans. Af þessum breytingum hefur leitt að sérfræðinganefnd Evrópuráðsins hefur nú getað lagt samtímis mat á framkvæmd allra aðildarríkjanna á ákvæðum sáttmálans. Það hefur leitt til þess að betri samanburður fæst á framkvæmd ríkjanna á sáttmálanum.

Í samræmi við breyttar reglur um skýrslur um framkvæmd á félagsmálasáttmálanum óskaði Evrópuráðið eftir skýrslu á árinu 1999 um framkvæmd á eftirtöldum greinum sáttmálans fyrir tímabilið 1. janúar 1997 til 31. desember 1998: 1. gr. (réttur til vinnu), 5. gr. (félagafrelsi), 6. gr. (réttur til að gera kjarasamninga), 12. og 13. gr. (réttur til félagslegs öryggis og

til félags- og heilbrigðisaðstoðar) og 16. gr. (réttur fjölskyldunnar til félagslegrar, lagalegrar og efnahagslegrar verndar).

Skýrslan var unnin í samráði við ýmsa aðila, einkum fjármálaráðuneytið, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið, sjávarútvegsráðuneytið, Hagstofu Íslands, Þjóðhagsstofnun og Vinnumálastofnun.

b. Athugasemdir við framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmálans.

Nefndin fjallaði á árinu um athugasemdir við framkvæmd Íslands á nokkrum ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu sem koma fram í skýrslu sérfræðinganefndar Evrópuráðsins sem var gefin út í niðurstöðum XIV–2 í desember 1998. Athugasemdirnar eru birtar í viðauka með þessari skýrslu.

c. Hugsanleg fullgilding á endurskoðaðri gerð félagsmálasáttmálans.

Árið 1990 samþykktu evrópskir félagsmálaráðherrar tillögu Lalumiere, þáverandi framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, um endurskoðun á ákvæðum félagsmálasáttmálans. Í framhaldi af samþykkt tillögunnar var hafin endurskoðun sáttmálans af sérstakri nefnd á vegum Evrópuráðsins. Nefndin afgreiddi til ráðherranefndar Evrópuráðsins árið 1991 drög að bókun við félagsmálasáttmálann þar sem skýrar er kveðið á um hlutverk sérfræðinganefndar Evrópuráðsins. Í henni er einnig kveðið skýrar á um verkefni nefndar sem í eiga sæti fulltrúar aðildarríkja sáttmálans, svokallaðrar embættismannanefndar. Að tillögu nefndarinnar samþykkti ráðherranefndin árið 1995 viðauka við sáttmálann sem veitir heildarsamtökum vinnumarkaðarins rétt til að kæra framkvæmd sáttmálans til Evrópuráðsins. Þriðja skjalið sem nefndin afgreiddi til ráðherranefndarinnar er ný gerð sáttmálans þar sem eldri ákvæði hafa verið færð í nútímalegra horf en jafnframt bætt við 11 nýjum efnisgreinum. ILO-nefndin fór á árinu yfir breytingar sem hafa verið gerðar frá eldri gerð sáttmálans. Markmiðið hefur verið að kanna hugsanlega fullgildingu Íslands á þessari endurskoðuðu gerð félagsmálasáttmálans. Sú umfjöllun stóð enn yfir í árslok 1999.

VIÐAUKI
Athugasemdir nefndar óháðra sérfræðinga við framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmála Evrópu á árunum 1992–1996.

Hér á eftir eru birtar athugasemdir sem nefnd óháðra sérfræðinga á vegum Evrópuráðsins (European Committee on Social Rights) hefur gert við framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu. Um er að ræða athugasemdir í framhaldi af 12. skýrslu Íslands um framkvæmd 3. og 5. mgr. 2. gr., 1.–3. mgr. 3. gr. og 2., 4. og 5. mgr. 4. gr. félagsmálasáttmála Evrópu á tímabilinu 1. janúar 1992 til 31. desember 1996 og 1. mgr. 2. gr., 1. og 3. mgr. 4. gr. og 15. gr. fyrir tímabilið 1. janúar 1994 til 31. desember 1996. Athugasemdirnar eru birtar í skýrslu sérfræðinganefndarinnar, European Social Charter, Committee of Independent Experts of the European Social Charter, Conclusions XIV–2, Strasbourg, desember 1998. Það skal tekið fram athugasemdir sérfræðinganefndarinnar eru ekki tilfærðar orðrétt heldur er um að ræða efnislega samantekt.

1. gr.
Réttur til vinnu.

4. mgr. Starfsráðgjöf, þjálfun og endurhæfing.

Nefndin gefur í skýrslu sinni gaum að ítarlegum upplýsingum sem fylgdu með skýrslu Ís-

lands varðandi starfsmenntun og starfsþjálfun en nefndin hafði óskað eftir svörum um þetta efni í fyrri niðurstöðum sínum. Nefndin vísar þar til upplýsinga um lög um starfsmenntun í atvinnulífinu og um hlutverk Starfsmenntaráðs.

Í því skyni að koma á fót samstæðu kerfi starfsmenntunar eiga félagsmálaráðuneytið og Starfsmenntaráð samstarf við Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og Vinnuveitendasamband Íslands (VSÍ). Nefndin óskar eftir frekari upplýsingum um framvindu þessarar samvinnu og um árangur við mörkun samhæfðrar stefnu í menntunar- og þjálfunarmálum.

Varðandi atvinnumál fatlaðra, sbr. 2. mgr. 15. gr. félagsmálasáttmálans, frestar nefndin því að komast að niðurstöðu með tilliti til þess hve takmarkaðar upplýsingar er að finna í skýrslu Íslands. Hún óskar eftir því að ítarlegar upplýsingar verði veittar í næstu skýrslu um atvinnuleysi fatlaðra, um ábyrgð vinnuveitenda þegar fötlun stafar af vinnuslysi eða veikindum, svo og um launakjör fatlaðra og jafnræði í meðferð fatlaðra einstaklinga sem eru ríkisborgarar annarra aðildarríkja félagsmálasáttmálans.

Með tilliti til mikilvægis þeirra spurninga sem enn er ósvarað frestar nefndin því að komast að niðurstöðu um hvort framkvæmd á Íslandi sé í samræmi við 4. mgr. 1. gr. félagsmálasáttmálans.

2. gr.

Réttur til sanngjarnra vinnuskilyrða.

1. mgr. Sanngjarn daglegur og vikulegur vinnutími.

Nefndin veitir athygli upplýsingum í skýrslu Íslands um lög nr. 88/1971, um 40 stunda vinnuviku. Samkvæmt upplýsingum nefndarinnar takmarka lögin dagvinnutíma við átta klukkustundir á dag og fjörutíu klukkustundir á viku. Lögin mæla enn fremur svo fyrir að aðilar vinnumarkaðarins skuli með kjarasamningum ákveða skiptinguna milli dagvinnutíma og yfirvinnutíma.

Auk þess er takmörkun á vinnutíma samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, sem mæla svo fyrir að starfsmenn eigi rétt á a.m.k. 10 klukkustunda hvíld á hverjum sólarhring auk heils hvíldardags á hverju sjö daga vinnutímabili. Í undantekningartilvikum og með samkomulagi aðila vinnumarkaðarins er heimilt að stytta hvíldartímann niður í algert lágmark, sem er 8 klukkustundir, í vinnu svo sem vaktavinnu, við gæslustörf, landbúnaðarstörf og björgunarstörf.

Samkvæmt þessum lagaramma er í samningum um kaup og kjör, sem ná til allra vinnandi manna á vinnumarkaðnum, gert ráð fyrir fjörutíu klukkustunda vinnuviku að meðtöldum launuðum hléum. Nefndin gefur gaum að því í upplýsingum frá Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) að aðilar vinnumarkaðarins hafa gert með sér samninga árið 1997 (utan viðmiðunartímans) til að innleiða tilskipun ESB 93/104 varðandi tiltekna þætti skipulags á vinnutíma. Nefndin óskar eftir frekari upplýsingum í næstu skýrslu um þessa kjarasamninga.

Hins vegar gefur nefndin gaum að því að virkar vinnustundir eru miklu fleiri en að framan getur; reyndar eru meðalvinnuvikur langsamlega lengstar á Íslandi af öllum aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (43 klst. að meðaltali að meðtöldu starfsfólki í hlutastarfi og 50,2 klst. að meðaltali hjá starfsfólki í fullu starfi). Auk þess vinna karlmenn í fullu starfi að meðaltali 53 klst. á viku en konur 44 klst. að meðaltali. Nefndin kveður skýringuna á miklum mun á lögbundnum eðlilegum vinnutíma og raunverulegum vinnutíma kunna að vera að hefð sé fyrir mikilli yfirvinnu á íslenska vinnumarkaðnum vegna skorts á vinnuafli, svo og vegna þess mikla hvata sem fólginn er í tiltölulega háum yfirvinnulaunum (sjá einnig athugasemdir í 2. mgr. 4. gr.). Samkvæmt þeim tölum, sem birtar eru í skýrslunni, var meðalvinnutími þegar á heildina er litið 42,7 klst. 1994 og jókst í 43,7 klst. 1996. Gera má ráð fyrir

að þessar tölur nái einnig til fólks í hlutastörfum þótt þess sé ekki nákvæmlega getið í skýrslunni.

Í skýrslunni eru einnig tilgreindar vikulegar vinnustundir í hinum ýmsu starfsgreinum. Í iðnaði var meðaltalið 46,5 klst. 1996, í þjónustugreinum 41,2 klst. og sameiginlegt meðaltal í landbúnaði og fiskiðnaði var 54,7 klst., sem nefndin telur mjög langan vinnutíma. Vikulegt meðaltal í fiskiðnaði var 60,6 klst. sem nefndin telur óhóflegan vinnutíma og hugsanlega skaðlegan fyrir heilsu og öryggi viðkomandi starfsmanna. En þar eð aðeins u.þ.b. 5% vinnuafls er starfandi í fiskiðnaði á Íslandi brýtur ástandið í þessari atvinnugrein út af fyrir sig ekki í bága við ákvæði 33. gr. félagsmálasáttmálans.

Þótt löggjöf um eðlilegan daglegan og vikulegan vinnutíma brjóti sem slík ekki í bága við kröfur félagsmálasáttmálans kemst nefndin að þeirri niðurstöðu að yfirvinna, lögbundinn daglegur vinnutími og virkur vinnutími séu áhyggjuefni. Nefndin bendir á að vinnustundir eru metnar ekki aðeins með tilliti til eðlilegs vinnutíma heldur einnig yfirvinnutíma. Samkvæmt félagsmálasáttmálanum er þess krafist að settar skuli reglur um yfirvinnutíma og að takmarka skuli notkun og/eða lengd yfirvinnutíma til þess að vernda starfsmenn fyrir áhættu varðandi heilsu og öryggi. Á Íslandi er yfirvinnutími greinilega afmarkaður í samningum um kaup og kjör en eina takmörkunin á lengd hans virðist vera framangreind ákvæði um daglegan og vikulegan hvíldartíma í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Á grundvelli þessa er nefndin þeirrar skoðunar að ákvæðin um daglegan hvíldartíma heimili í raun allt að 16 klst. vinnutíma á einum sólarhring í tilteknum atvinnugreinum og við sérstakar aðstæður en slíkt telur nefndin vera of langan vinnutíma til að hann geti talist sanngjarn. Engin takmörkun er á vikulegum vinnustundum nema einn hvíldardagur á hverju sjö daga tímabili sem er því unnt að framlengja umfram það sem nefndin telur eðlilegt.

Loks má geta þess að þær tölur, sem fyrir hendi eru, benda til þess að raunverulegur vinnutími sé mjög langur á Íslandi. Nefndin minnir á að skuldbindingin í 1. mgr. 2. gr. um sanngjarnan vinnutíma er ætluð til að vernda heilsu og öryggi starfsmanna og þar af leiðandi líf þeirra og veita einkalífi og fjölskyldulífi starfsmanna viðunandi vernd.

Niðurstaða nefndarinnar er neikvæð þar eð skortur á eðlilegri takmörkun á daglegum yfirvinnutíma kann í tilteknum tilvikum að stuðla að allt að 16 klst. vinnutíma og að vikulegar vinnustundir geti einnig orðið óhóflega margar.

3. mgr. Árlegt launað leyfi.

Nefndin gefur gaum að því í skýrslu Íslands að ástandið, sem hún hefur þegar talið viðunandi, hefur ekki breyst. Hún kemst því að jákvæðri niðurstöðu á ný. Hún óskar þó eftir að gefnar verði ítarlegar upplýsingar um framkvæmd ákvæðisins í næstu skýrslu Íslands um framkvæmd þess. Sérstaklega óskar hún eftir upplýsingum um hvort starfsmenn sem verða veikir eða verða fyrir slysi í árlegu leyfi sínu eða hluta af því eigi rétt á að fá jafnmarga frídaga á öðrum tíma, a.m.k. að því marki sem nauðsynlegt kann að reynast til að njóta tveggja vikna leyfis árlega samkvæmt ákvæðum félagsmálasáttmálans. Hún óskar enn fremur eftir því að í næstu skýrslu verði útskýrt hver sé staða starfsmanna í hlutastarfi varðandi þetta ákvæði félagsmálasáttmálans.

5. mgr. Vikulegur hvíldartími.

Nefndin gefur gaum að því í skýrslu Íslands að ástandið, sem hún hefur þegar talið viðunandi, hefur ekki breyst. Hún kemst því að jákvæðri niðurstöðu á ný. Hún óskar þó eftir að gefnar verði ítarlegar upplýsingar um framkvæmd ákvæðisins í næstu skýrslu Íslands um framkvæmd þess. Sérstaklega óskar hún eftir að í næstu skýrslu komi fram um hvaða undantekningar sé að ræða á reglunni um vikulegan hvíldartíma og hvort þær heimili starfsmanni að vinna í meira en tólf daga samfellt.

3. gr.

Réttur til öryggis og heilbrigðis við vinnu.

1. mgr. Útgáfa öryggis- og heilbrigðisreglna.

Nefndin kveðst veita athygli þeim upplýsingum sem er að finna í skýrslu Íslands. Hún óskar þess að með næstu skýrslu fylgi ensk þýðing á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Samkvæmt lögum nr. 46/1980 er almenn ábyrgð vinnuveitenda fólgin í því að sjá um að tryggja heilbrigði og öryggi á vinnustað, að starfsmenn séu varaðir við slysahættu og hættu fyrir heilsu þeirra sem getur leitt af starfi þeirra og að starfsmenn fái nauðsynlegar leiðbeiningar og þjálfun um framkvæmd verka sinna með þeim hætti að vinnan valdi ekki hættu. Nefndin spyr hvort tilskipun Evrópusambandsins nr. 89/391/EBE, um ráðstafanir til að hvetja til endurbóta á öryggi og heilbrigði starfsmanna við vinnu, hafi verið innleidd í landslög og, ef svo er, hvort það hafi valdið nokkrum breytingum varðandi almennar skyldur vinnuveitenda.

Nefndin lýsir því áliti sínu að í íslenskri löggjöf og reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi við vinnu sé að finna ákvæði um vernd fyrir flestum áhættuþáttum varðandi hættuleg efni og efnasambönd. En þar eð nefndinni hefur ekki tekist að fá staðfest hvaða reglugerð gildir um vernd fyrir jónandi geislun frestar hún mati sínu og óskar þess að í næstu skýrslu verði að finna ítarlegar upplýsingar um þetta efni.

Nefndin gerir eftirfarandi athugasemdir varðandi ráðstafanir til verndar og forvarna sem reglugerðir veita á Íslandi:

- Vernd fyrir hættulegum efnum og efnasamböndum:

Nefndin gefur því gaum í fyrri skýrslu að með reglugerð nr. 74/1983 var bannað að flytja inn og nota asbest og að í leiðbeiningum nr. 2/1984 var mælt fyrir um öryggisráðstafanir við notkun asbests. Auk þess bendir þessi skýrsla til þess að reglugerð nr. 379/1996 hrindi í framkvæmd tilskipun ESB 83/477 eins og henni var breytt með tilskipun 91/382. Nefndin óskar eftir ítarlegri upplýsingum um inntak þessara texta og spyr hvort ráðstafanir hafi verið gerðar til að tryggja að gerður verði listi yfir byggingar sem innihalda asbest.

- Vernd fyrir áhættu í tengslum við tilteknar atvinnugreinar og störf:

Þar eð nefndin hefur gefið gaum að því að fjöldi vinnuslysa var sérstaklega hár í fiskiðnaði óskar hún eftir því að í næstu skýrslu verði upplýst hvaða ráðstafanir séu ráðgerðar til að vinna bug á áhættuþáttum í þessari atvinnugrein og bæta ástandið í þessum efnum.

- Vernd fyrir tiltekna hópa starfsmanna sem eru í sérstakri hættu.

Nefndin spyr hvort einhverjar reglur eða sérstakar aðgerðir hafi verið samþykktar til að taka tillit til sérstakra aðstæðna starfsmanna sem ráðnir hafa verið til tiltekins tíma eða samkvæmt tímabundnum samningum til þess að tryggja að þeir njóti sömu verndar og aðrir starfsmenn fyrirtækja.

Samkvæmt fyrri skýrslum eiga lög nr. 46/1980 ekki við um þá sem starfa við fiskveiðar, siglingar og flug. Um slík störf gilda sérstakar öryggisráðstafanir samkvæmt öðrum lögum (svo sem siglingalögum nr. 34/1985). Nefndin vísar til framangreindrar spurningar um vernd fiskimanna.

„Heimilisstörf á einkaheimilum“ eru einnig undanþegin gildissviði laganna og nefndin spyr því hvernig réttur starfsmanna á heimilum sé tryggður varðandi heilbrigði og öryggi við vinnu. Hún óskar þess einnig að í næstu skýrslu verði útskýrt að hve miklu leyti heilbrigðis- og öryggisreglur gildi um vinnu á heimilum.

Nefndin kveðst fresta niðurstöðu sinni um hvort framkvæmd á Íslandi sé í samræmi við

ákvæði 1. mgr. með tilliti til þess hve mikilvægt er að fá svör við þeim spurningum sem hún hefur óskað svara við.

2. mgr. Ákvæði um framkvæmd öryggis- og heilbrigðisreglna með ráðstöfunum varðandi eftirlit.

Að því er snertir vinnuslys og sjúkdóma gefur nefndin gaum að því í Árbók Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um tölfræði vinnumarkaðarins (1997) að fjöldi vinnuslysa, sem tilkynnt voru Vinnueftirliti ríkisins, jókst verulega á viðmiðunartímanum, úr 636 árið 1994 í 980 árið 1996. Miðað við heildarfjölda vinnandi manna á sama tímabili vitna þessar tölur einnig um jafnvel meiri fjölgun slysa, þ.e. 0,8 slys á hverja 100 starfsmenn árið 1996 miðað við 0,46 árið 1994. Þessi neikvæða þróun kemur einnig fram í skýrslu þar sem upplýst er að á tímabilinu 1991–1996 urðu 4.282 slys eða að meðaltali 713 slys á ári, samanborið við alls 2.300 slys á tímabilinu 1986–1990. Nefndin minnir á að hún hefur þegar tekið eftir fjölgun vinnuslysa í fyrri niðurstöðum sínum (niðurstöðum XIII–1, bls. 96) sem íslensk stjórnvöld skýrðu með breytingu árið 1990 á reglum um tilkynningar um vinnuslys. Auk þess kemur fram í fyrri skýrslu að raunverulegur fjöldi slysa hafi verið miklu meiri en fjöldi tilkynntra slysa.

Miðað við þær tölur, sem koma fram í skýrslunni, sýnist nefndinni að vinnuslys séu flest í fiskiðnaði, eða 13% af öllum slysum frá 1991 til 1996. Nefndin spyr hvort slysin hafi orðið við sjálfar veiðarnar og/eða við vinnslu aflans (fjöldi hlutaðeigandi starfsmanna í þessum tveimur atvinnugreinum er mismunandi). Önnur mesta slysatíðni er í byggingariðnaði þar sem starfsmenn eru 7% af öllu vinnuafli en 11% slysa þar urðu á sama tíma og 22% banaslysa. Nefndin óskar eftir því að í næstu skýrslu verði greint frá algengustu orsökum slysa.

Nefndin veitir því athygli að frá 1991 til 1996 ollu 27 slys dauða starfsmanna, þ.e. 4,5 banaslys að meðaltali en frá 1986 til 1990 urðu 3,6 banaslys á ári. Hæsta hlutfall banaslysa á tímabilinu 1991–1996 var við landbúnaðarstörf (30% af öllum banaslysum). Nefndin gefur gaum að því að á viðmiðunartímanum voru banaslys 0,6% af öllum slysum, sem er hátt hlutfall miðað við önnur aðildarríki, og að ástandið hefur versnað í samanburði við fyrra viðmiðunartímabil.

Nefndin kveðst hafa áhyggjur vegna ástandsins á Íslandi:

- Í fyrsta lagi vegna verulegrar fjölgunar banaslysa. Nefndin vekur athygli íslenskra stjórnvalda á því að með því að samþykkja 3. gr. félagsmálasáttmálans hafa þau skuldbundið sig til þess að tryggja rétt til heilbrigðis og öryggis við vinnu. Nefndin fylgist með virkri framkvæmd þessa réttar skv. 2. mgr. þessa ákvæðis og telur að hvað þetta varðar skipti fjölgun banaslysa miklu máli,
- í öðru lagi vegna þess að óttast megi að tölur um fjölda slysa, sem tilkynnt eru yfirvöldum, endurspegli ekki raunverulegt ástand mála. Nefndin kveðst leggja áherslu á mikilvægi gildrar og raunhæfrar tölfræði, einkum með tilliti til þess að settar verði viðeigandi reglur og endurtekur spurningu sína úr fyrri niðurstöðum um fyrirhugaðar lagabreytingar sem gera hlutaðeigandi yfirvöldum kleift að fá allar upplýsingar um vinnuslys.

Nefndin spyr hvernig á því standi að ekki séu fyrir hendi neinar tölur um atvinnusjúkdóma. Þar sem ekki eru fyrir hendi upplýsingar um ný tilfelli atvinnusjúkdóma óskar nefndin eftir að í næstu skýrslu verði vikið að þróun í fjölda sjúkdóma þar sem bætur hafa verið greiddar.

Samkvæmt lögum nr. 46/1980 ber Vinnueftirlit ríkisins, sem starfar á vegum félagsmálaráðuneytisins, ábyrgð á því að lögum og reglum varðandi heilbrigði og öryggi við vinnu sé framfylgt og að stuðlað sé að ráðstöfunum til forvarna á vinnustöðum. Nefndin vísar í því sambandi til skýrslu Íslands þar sem fram kemur að eftirlitsmenn séu 26, þ.e. 1–3 á hverju svæði en 11 í Reykjavík. Samkvæmt skýrslunni eru að meðaltali 5.000 fyrirtæki af 25.000

fyrirtækjum árið 1992 og af 30.000 fyrirtækjum 1996 heimsótt bæði árin, sem er örlítil aukning á fjölda heimsókna miðað við fyrra viðmiðunartímabil. Milli 600 og 1.000 heimsóknir eiga sér stað til lögbýla og milli 5.000 og 8.000 skoðanir fara fram árlega á þungavinnuvélum. Mikilvægustu fyrirtækin og hættuleg starfsemi hefur forgang (ein heimsókn á ári). Nefndin óskar eftir upplýsingum um það í næstu skýrslu til hve margra starfsmanna slíkar heimsóknir ná.

Brot á þessum reglum geta varðað sektum samkvæmt lögum nr. 46/1980 nema mælt sé fyrir um þyngri refsingar í öðrum lögum. En í skýrslunni segir að yfirleitt nægi forvarnaaðgerðir (formleg tilkynning til þess að fá fram lagfæringu á ástandi eða innsiglun húsnæðis) til þess að fá menn til að bæta fyrir brot sitt. Nefndin óskar eftir að fá frekari upplýsingar um brot á reglum á sviði heilbrigðis og öryggis við vinnu, í hvaða atvinnugreinum þau hafa átt sér stað og hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar.

Loks má nefna að nefndin óskar eftir því að í næstu skýrslu verði að finna tölur um slíkt eftirlit, einkum varðandi starfsmenn í fiskiðnaði, en nefndin hefur veitt því athygli að önnur ráðuneyti bera ábyrgð á atvinnugreinum (fiskveiðar, siglingar og flug) sem lög nr. 46/1980 ná ekki til.

Nefndin kveðst að lokum fresta niðurstöðu sinni þangað til henni hafa borist umbeðnar upplýsingar og þangað til ástandið hefur batnað varðandi banaslys.

3. mgr. Samráð við samtök vinnuveitenda og launafólks um öryggi og heilbrigði.

Nefndin kveðst minnast þess að á Íslandi tilnefna samtök starfsmanna og vinnuveitenda stjórnarmenn Vinnueftirlits ríkisins sem ber ábyrgð á að reglur og leiðbeiningar séu samdar um heilbrigði og öryggi við vinnu samkvæmt lögum nr. 46/1980. Nefndin æskir staðfestingar á því að stjórn Vinnueftirlits ríkisins komi einnig að gerð og breytingum laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Hún óskar einnig eftir því að fá upplýsingar um hvernig 3. mgr. 3. gr. félagsmálasáttmálans er beitt á þeim sviðum sem lög nr. 46/1980 (fiskveiðar, siglingar og flug) ná ekki til.

Hvað varðar samráð á vettvangi fyrirtækja kveðst nefndin veita athygli upplýsingum um að í fyrirtækjum, sem fleiri en fimmtíu starfsmenn vinna hjá, skuli stofnuð öryggisnefnd. Nefndin óskar eftir að fá upplýsingar um útnefningu nefndarmanna, svo og hvernig framfylgd 3. mgr. 3. gr. er háttað í fyrirtækjum með færri en fimmtíu starfsmenn.

Nefndin kveðst telja að Ísland fullnægi þessu ákvæði félagsmálasáttmálans en óskar eftir að þær upplýsingar sem hún hefur óskað eftir samkvæmt framansögðu verði veittar í næstu skýrslu Íslands um framkvæmd þess.

4. gr.

Réttur til sanngjarnra launa.

1. mgr. Viðeigandi umbun.

Nefndin bendir á að samkvæmt skýrslu Íslands eru lágmarkslaun ákveðin í almennum kjarasamningum samtaka launafólks og atvinnurekenda. Samkvæmt lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, hafa slíkir samningar almennt gildi varðandi lágmarkslaun þannig að allir starfsmenn á Íslandi njóta verndar almennra kjarasamninga.

Nefndin kveðst hafa heimildir fyrir því að lágmarkslaun séu mismunandi eftir atvinnugreinum og landshlutum en að umsamin lágmarkslaun ófaglærðra verkamanna séu viðurkennd sem lágmark fyrir allt landið. Í skýrslu Íslands segir að á samantekt talna um tímakaup og föst laun á Íslandi séu nú að verða róttækar breytingar. Á grundvelli talna, sem Kjararannsóknarnefnd hefur tekið saman, og launavísitölu Hagstofu Íslands er í skýrslunni hins vegar

að finna áætlanir um meðalkaup, lágt kaup (ófaglærðir verkamenn og verslunarmenn) og lágmarkslaun.

Árið 1996 voru heildarmánaðarlaun að meðaltali talin vera 138.000 kr. Gera megi ráð fyrir að hér sé um að ræða meðaltal fyrir allt landið þótt það sé ekki tekið sérstaklega fram í skýrslunni. Lágmarksmánaðarkaup sama ár var 54.743 kr., þ.e. aðeins um 40% af meðaltalinu. Til samanburðar: Meðalmánaðarkaup ófaglærðs karlmanns við verkamannastörf var 82.805 kr. og meðalmánaðarkaup karlmanns við verslunarstörf var 94.575 kr. Í skýrslunni er ekki að finna upplýsingar um nettókaup að frádregnum almannatryggingagjöldum og sköttum. Nefndin kveðst vænta þess að fá slíkar upplýsingar um nettófjárhæð, bæði meðalkaups og lágmarkskaups í næstu skýrslu um framkvæmd ákvæðisins.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) fá innan við 0,5% vinnandi fólks lágmarkslaun á landsvísu. Nefndin kveðst vænta þess að fá nýjar upplýsingar um þetta efni í næstu skýrslu.

Nefndin bendir á að Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) áætlar að heildarmánaðarkaup að meðaltali hjá iðnverkamanni árið 1996 hafi verið 125.917 kr. og að samsvarandi nettómeðaltal hafi verið 98.571 kr. Nefndin kveðst veita því athygli að jafnvel þegar heildarlágmarkskaup er borið saman við meðaltal Efnahags- og framfarastofnunarinnar er útkoman aðeins u.þ.b. 56%. Tvö atriði valda nefndinni áhyggjum: Í fyrsta lagi er líklegt að nettómeðaltal Efnahags- og framfarastofnunarinnar varðandi sérhvern iðnverkamann sé lægra en nettómeðaltalið fyrir allt landið og í öðru lagi er framangreint lágmarkskaup heildarkaup sem líklegt er að sé lægra þegar miðað er við nettókaup. Efnahags- og framfarastofnunin hefur reiknað út að frá kaupi sérhvers einstaks iðnverkamanns, sem hefur í kaup 2/3 af meðalkaupi, séu dregin 12,1% vegna almannatryggingagjalda og skatta. Sambærilegur frádráttur frá lágmarkskaupi ylli því að það yrði lægra en 50% af meðalkaupi en slíkt telst ekki samræmast kröfum félagsmálasáttmálans.

Þar eð nefndinni hafa ekki borist nægilegar upplýsingar um nettókaup, einkum nettógildi lágmarkskaups, frestar hún því að taka afstöðu til málsins. Auk þeirra upplýsinga, sem óskað er eftir samkvæmt framansögðu, biður nefndin stjórnvöld að upplýsa hvernig lágmarkskaup, sem er svo miklu lægra en meðaltalið í samfélaginu, geti nægt til að tryggja verkamanni viðunandi lífskjör.

Nefndin frestar því niðurstöðu sinni um það hvort framkvæmd á Íslandi sé í samræmi við ákvæðið þar til henni hafa borist þær upplýsingar sem hún hefur óskað eftir.

2. mgr. Hærra kaup fyrir yfirvinnu.

Nefndin óskar eftir svari við almennri spurningu sinni um afleiðingar sveigjanlegs vinnutíma varðandi þóknun eða laun fyrir yfirvinnu í næstu skýrslu Íslands um framkvæmd ákvæðisins.

Álag vegna yfirvinnu er tiltölulega hátt. Samkvæmt upplýsingum frá Efnahags- og framfarastofnuninni er venjulegt yfirvinnukaup samkvæmt almennum kjarasamningum 180% hærra en dagvinnukaup og enn hærra fyrir vinnu á helgidögum. Nefndin kveðst vonast til að fá nýjar upplýsingar um yfirvinnukaup í næstu skýrslu.

Niðurstaða nefndarinnar er að framkvæmd á Íslandi sé í samræmi við þetta ákvæði félagsmálasáttmálans.

3. mgr. Bann við mismunun karla og kvenna varðandi laun.

Nefndin kveðst veita athygli upplýsingum sem fram koma í skýrslu Íslands um að jafnræðisregla hafi verið sett í stjórnarskrá Íslands 1995 en hún kveður á um að „karlar og konur skuli njóta jafnræðis að öllu leyti“.

Þær tölur sem fram koma í skýrslunni sýna að launamunur eykst töluvert með aukinni menntun. Meðal ófaglærðra starfsmanna var munur milli kaups karla og kvenna minni en 8% á viðmiðunartímanum. Í störfum, þar sem krafist var meiri menntunar, varð munurinn milli 20 og 30%.

Samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðavinnumálastofnuninni hefur könnun á vegum félagsmálaráðuneytisins leitt til þess að mælt er með því að komið verði á fót tilraunaverkefni um ókynbundið starfsmat á allmörgum opinberum og einkareknum vinnustöðum. Nefndin óskar eftir að fá upplýsingar um árangurinn af þessari ráðstöfun.

Nefndin frestaði fyrri niðurstöðu sinni vegna skorts á upplýsingum um til hvaða úrræða samkvæmt íslenskum lögum starfsmenn geta gripið ef þeim hefur verið sagt upp störfum í refsingarskyni fyrir að leitast við að framfylgja réttinum til jafnra launa. Samkvæmt fordæmisrétti nefndarinnar ættu að vera í landslögum ákvæði um endurráðningu í slíkum tilvikum. Ef því verður ekki við komið eða ef starfsmaður óskar ekki eftir því kunna fébætur að koma til greina en þó því aðeins að þær nægi til að hafa varnaðaráhrif gagnvart vinnuveitandanum og bæta starfsmanni það tjón sem hann hefur orðið fyrir (niðurstöður XIII–5, bls. 254–255). Í fyrri skýrslum Íslands hefur komið fram að réttur til endurráðningar sé ekki fyrir hendi. Nefndin spyr hvort sú sé enn raunin. Hún endurtekur spurningu sína um réttarvenju við úrskurði um bætur til handa starfsmönnum sem hefur verið sagt upp í refsingarskyni.

Nefndin kveðst ekki komast hjá því að fresta því enn einu sinni að komast að niðurstöðu þangað til henni hafa borist umbeðnar upplýsingar.

4. mgr. Hæfilegur uppsagnarfrestur.

Nefndin óskar eftir að í næstu skýrslu Íslands verði að finna svör við spurningum hennar um stöðu starfsmanna í hlutastarfi sem inna af hendi færri en 775 vinnustundir á ári og stöðu allra starfsmanna sem starfa í minna en 12 mánuði. Nefndin óskar eftir ítarlegum upplýsingum um þetta efni í næstu skýrslu Íslands um framkvæmd ákvæðisins.

5. mgr. Takmörkun á frádrætti frá launum.

Í skýrslu Íslands segir að engar breytingar hafi orðið á stöðu mála sem nefndin hefur ávallt talið fullnægja ákvæðum félagsmálasáttmálans. Hún áréttar því jákvæða niðurstöðu sína.

15. gr.

Réttur fatlaðra til starfsþjálfunar, endurhæfingar og félagslegrar aðlögunar.

1. mgr. Starfsþjálfun fatlaðra.

Nefndin kveðst gefa gaum að þeim upplýsingum sem veittar eru í skýrslu Íslands. Að því er snertir mat á starfshæfni fatlaðra bendir hún á að í skýrslunni segir að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins beri ábyrgð á greiningu fötlunar og ráðgjöf handa foreldrum fatlaðra og öðrum þeim sem taka þátt í umönnun, meðferð og menntun þeirra. Nefndin óskar eftir að fá ítarlegri upplýsingar um möguleika fatlaðra til að taka þátt í þessu stigi rannsóknar og greiningar og spyr hvort starfsemi stöðvarinnar nái til mats á starfshæfi fatlaðra. Ef svo er óskar nefndin eftir upplýsingum um hvernig slíkt fer fram.

Hvað varðar aðstöðu til starfsþjálfunar kveðst nefndin hafa heimildir fyrir því að samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytisins sé einum degi á ári í grunnskólum og framhaldsskólum varið til þess að miðla upplýsingum um vandamál fatlaðra. Í skýrslunni er að finna stuttorða lýsingu á þeirri þjónustu sem fatlaðir njóta samkvæmt lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra. Nefndin veitir því athygli að þau eiga aðeins við um sérhæfðar stofnanir (sambýli, vistunarheimili fyrir börn og heimili handa fötluðum) og fjalla ekki um starfs-

þjálfun. Svipaðar upplýsingar voru veittar í annarri skýrslu Íslands varðandi þetta ákvæði. Nefndin vísar því til þeirra athugasemda sem hún gerði þá. Hún óskar eftir því að í næstu skýrslu um framkvæmd ákvæðisins verði einnig að finna upplýsingar um möguleika ungra fatlaðra til að njóta menntunar í almennum skólum en samkvæmt jafnræðisreglunni um aðgang að menntun og félagslegri þjónustu og heilbrigðisþjónustu, samkvæmt lögum nr. 59/1992, ber að auka þá möguleika. Nefndin óskar eftir að fá frekari upplýsingar um stöðu þeirra sem verða fatlaðir af völdum atvinnusjúkdóma eða vinnuslysa hvað varðar aðstöðu til endurhæfingar í starfsþjálfun.

Samkvæmt upplýsingum í skýrslu Íslands er þjálfun starfsfólks við endurhæfingu á Íslandi á ábyrgð Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Nefndin óskar eftir að fá ítarlegri upplýsingar um menntun starfsmanna sem sjá um endurhæfingu, sérstaklega um möguleika á frekari þjálfun/endurþjálfun á þessu sviði.

Nefndin kveðst ekki geta metið, út frá þeim tölum sem gefnar eru upp í skýrslunni um fjölda þeirra sem njóta hinna ýmsu tegunda þjónustu, hvort aðstaða til starfsþjálfunar er fullnægjandi. Hún óskar eftir ítarlegri upplýsingum í næstu skýrslu þar sem fram kemur fjöldi umsókna og fjöldi plássa sem eru fyrir hendi á sérhverjum stað þar sem starfsþjálfun fer fram, svo og upplýsingar um fjölda starfsmanna sem sjá um starfsþjálfun fatlaðra.

Síðustu upplýsingar um fjárveitingar ríkisins vegna fatlaðra, sem nefndinni er kunnugt um, fengust á 10. eftirlitshringnum (á viðmiðunartímabilinu 1984–1986). Nefndin óskar eftir að fá nýjustu tölur í næstu skýrslu. Hún óskar einnig eftir upplýsingum um hvaða hlutfall þetta sé af heildarfjárveitingum til starfsþjálfunar.

Í skýrslunni er ekki svarað þeirri spurningu nefndarinnar hvort þegnar annarra aðildarríkja félagsmálasáttmálans, sem eru löglega búsettir eða starfandi til langframa á Íslandi, njóti starfsþjálfunar til jafns við íslenska ríkisborgara. Nefndin fer fram á að fá upplýsingar um þetta efni næstu skýrslu.

Niðurstaða nefndarinnar hvað þetta ákvæði varðar er að staða mála á Íslandi fullnægi kröfum félagsmálasáttmálans.

2. mgr. Vistun fatlaðra.

Í skýrslunni er gefið til kynna að fatlaðir hafi sama aðgang og aðrir að faglegum leiðbeiningum, vinnumiðlun og vistunarþjónustu. Nefndin gefur gaum að því að aðeins 72 fatlaðir notfærðu sér vistunarþjónustu í því skyni að fá vinnu sem ætluð er fötluðum en 166 fatlaðir notfærðu sér þessa þjónustu til að finna annars konar vinnu. Nefndinni er ekki alveg ljós munurinn á vinnu fyrir fatlaða og annars konar vinnu. Henni er ekki ljóst hvort tiltekin störf eru aðeins ætluð fötluðum sem hluti af kvótakerfi, til dæmis, eða hvort um er að ræða verndaða vinnustaði. Hún óskar eftir frekari upplýsingum um þetta atriði í næstu skýrslu. Hún óskar einnig eftir því að næsta skýrsla geymi tölulegar upplýsingar um atvinnuleysi fatlaðra.

Nefndin minnir á að eftir gildistöku laga nr. 59/1992 er nú lögð áhersla á að fatlaðir fái vinnu á almennum vinnumarkaði. Með reglugerð nr. 376/1996, um vinnu fatlaðra, er lokið vinnu til stuðnings þátttöku fatlaðra á almennum vinnumarkaði með því að koma á fót ýmiss konar þjónustu (107 einstaklingar komu við sögu á viðmiðunartímanum). Nefndin gefur gaum að því að þetta átti m.a. við um sérhæfða einstaklingsþjónustu við fatlaða sem voru að hefja störf (63 fatlaðir komu við sögu) og eftirlit sérstaklega ráðins einstaklings til þess að hafa eftirlit með hinum fatlaða (17 fatlaðir komu við sögu). Hún gefur einnig gaum að því að ráðstafanir hafa verið gerðar um verndaða vinnuaðstöðu í einkafyrirtækjum sem gera fötluðum kleift að njóta verndaðrar vinnuaðstöðu á venjulegum vinnustað (9 fatlaðir komu

við sögu). Samkvæmt upplýsingum í skýrslunni eru þeir, sem njóta aðstoðar í starfi sínu á almennum vinnumarkaði, einkum á aldrinum 26–40 ára og flestir vinna hlutastarf.

Nefndin óskar eftir að fá upplýsingar um hvort einhverjar sérstakar skuldbindingar (útvegun nýrrar vinnu fyrir fatlaða starfsmenn) eru lagðar á vinnuveitendur þegar starfsmaður þeirra verður fatlaður af völdum vinnuslyss eða atvinnusjúkdóms.

Í fyrri skýrslu voru upplýsingar um aukningu fjárveitinga til atvinnuleitar og aðstoðar á vinnumarkaði síðan 1990. Vegna skorts á nýjum upplýsingum í síðustu skýrslu er nefndinni ekki kleift að meta frekari þróun. Hún óskar því eftir að í næstu skýrslu verði upplýsingar um næsta viðmiðunartímabil, þar sem sérstaklega er tekið fram hvaða fjárhæð verður varið til virkra ráðstafana, varðandi vinnu fatlaðra. Loks óskar nefndin eftir upplýsingum um launakjör fatlaðra, bæði á hinum almenna vinnumarkaði og á vernduðum vinnustöðum.

Að því er snertir jafna meðferð þegna annarra aðildarríkja félagsmálasáttmálans leggur nefndin áherslu á að í næstu skýrslu um framkvæmd sáttmálans verði upplýst hvaða aðgengi fatlaðir þegnar annarra aðildarríkja, sem eru löglega búsettir eða vinna reglulega á Íslandi, hafi að útvegun starfa og aðlögun.

Með tilliti til mikilvægis óútkljáðra mála frestar nefndin niðurstöðu sinni um hvort framkvæmd á Íslandi sé í samræmi við ákvæðið.

547. Lög [74. mál]

um breytingu á lögum nr. 93/1995, um matvæli.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 526.

548. Lög [75. mál]

um breyting á lögum um landmælingar og kortagerð, nr. 95/1997, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 75.

549. Lög [119. mál]

um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 536.

550. Lög [215. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 226.

551. Lög [176. mál]

um Námsmatsstofnun.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 527.

552. Lög [194. mál]

um breytingu á lögum nr. 110/1999, um Póst- og fjarskiptastofnun.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 528.

553. Lög [320. mál]

um breytingar á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 402.

554. Lög [317. mál]

um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 392.

555. Lög [90. mál]

um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 529.

556. Lög [165. mál]

um breyting á lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 167.

557. Lög [232. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 250.

558. Lög [197. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 207.

559. Nefndarálit [347. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Gissur Pétursson frá Vinnumálastofnun, Ara Edwald frá Samtökum atvinnulífsins, Rannveigu Sigurðardóttur frá ASÍ, Kristján Bragason frá Starfsgreinasambandi Íslands og Friðbert Traustason frá Sambandi íslenskra bankamanna.

Með frumvarpinu er lagt til að ákveðinni fjárhæð úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sem ákvarðist við afgreiðslu fjárlaga hvers árs, verði varið til þriggja ára átaks í fræðslumálum ófaglærðra. Er frumvarpið í samræmi við samkomulag félagsmálaráðherra og forvígismanna atvinnurekanda um fyrrnefnt fyrirkomulag í kjölfar samkomulags Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins annars vegar og Verkamannasambands Íslands og Landssambands iðnverkafólks (nú Starfsgreinasamband Íslands) hins vegar síðastliðið vor um fræðsluátakið.

Nefndin bendir á að eingöngu er um tímabundið átak að ræða sem ekki er fordæmisgefandi og leggur áherslu á að þessi leið verði ekki almennt farin í starfsmenntunarmálum, enda gilda sérstök lög um starfsmenntun í atvinnulífinu, nr. 19/1992. Þá vill nefndin benda á nauðsyn þess að komið verði á því kerfi sem samkomulag varð um til að tryggja að fjármunir séu vel nýttir og að í lok átaksins verði óháður aðili fenginn til að leggja mat á árangur verkefnisins og hvaða ávinningi það hafi skilað atvinnulífinu.

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að verkefnið er þegar hafið og var m.a. nefnd til sögunnar íslenskukennsla fyrir útlendinga og lýsir nefndin ánægju sinni með það verðuga verkefni.

Loks vill nefndin benda á að huga þarf að stöðu fleiri hópa launamanna, ekki síst bankastarfsmanna, vegna breytts starfsumhverfis.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á árunum 2001–2003 skal verja ákveðinni fjárhæð úr Atvinnuleysistryggingasjóði í samræmi við fjárlög hvers árs til átaks í fræðslumálum ófaglærðra samkvæmt samkomulagi milli Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins annars vegar og Verkamannasambands Íslands og Landssambands iðnverkafólks, sem nú mynda Starfsgreinasamband Íslands, hins vegar.

Alþingi, 14. des. 2000.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Kristján Pálsson.	Drífa Hjartardóttir.
Jónas Hallgrímsson.	Jónína Bjartmarz.	Pétur H. Blöndal.
Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

560. Frumvarp til laga [361. mál]

um eldi nytjastofna sjávar.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Markmið þessara laga er að stuðla að ábyrgu eldi nytjastofna og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna.

2. gr.

Til eldis samkvæmt lögum þessum teljast geymsla, gæsla og fóðrun nytjastofna, hafbeit, klak- og seiðaeldi, hvort sem er á landi eða í sjó.

Til nytjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru eða kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi, landgrunni eða á landi með eldi. Ferskvatnsfiskar teljast ekki til nytjastofna samkvæmt þessum lögum.

3. gr.

Til eldis nytjastofna þarf rekstrarleyfi sjávarútvegsráðherra. Áður en ráðherra gefur úr slíkt leyfi skal hann afla umsagnar fiskeldisnefndar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar og Hollustuverndar. Er eldi nytjastofna óheimilt á Íslandi eða í fiskveiðilandhelgi Íslands án slíks leyfis.

Umsókn um rekstrarleyfi skal vera skrifleg. Ráðherra getur krafist þess að umsókn fylgi þau gögn sem nauðsynleg eru til þess að lagt verði mat á það hvort viðkomandi rekstur samræmist tilgangi laga þessara.

Ráðherra getur bundið rekstrarleyfi þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til þess að tryggja að tilgangi þessara laga verði náð.

Ráðherra skal setja reglugerð á grundvelli þessara laga sem mælir fyrir um þau skilyrði sem umsóknaraðilar um rekstrarleyfi samkvæmt lögunum þurfa að uppfylla til að fá útgefið leyfi.

4. gr.

Í fiskeldisnefnd eiga sæti fjórir menn. Landbúnaðarráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn, einn nefndarmann án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar og einn samkvæmt tilnefningu veiðimálastjóra. Landbúnaðarráðherra skipar formann nefndarinnar. Varamenn skal skipa með sama hætti og aðalmenn. Fiskeldisnefnd skal vera til ráðgjafar og stefnumótunar um eldi vatnafiska og nytjastofna bæði á landi og í sjó og fara með þau mál sem henni eru falin samkvæmt lögum.

5. gr.

Fiskistofa og eftirlitsmenn í hennar þjónustu annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og skulu ákvæði laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á um það eftirlit, sbr. þó ákvæði 6. gr.

6. gr.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Ráðherra getur svipt leyfishafa rekstrarleyfi fyrir brot á leyfisskilyrðum eða reglum sem settar eru á grundvelli laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í tengslum við frumvarp til laga um breytingar á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum. Í því frumvarpi er m.a. kveðið á um að sett verði á laggirnar fiskeldisnefnd er sé til ráðgjafar og stefnumótunar um fiskeldi bæði á landi og í sjó. Þá skal nefndin fara með þau mál sem henni eru falin samkvæmt þeim lögum. Ákvæði laga um lax- og silungsveiði varðandi fiskeldi taka einungis til ferskvatnsfiska eins og þeir eru þar skilgreindir. Við auðlindastjórnun er mikilvægt að leitast við að samræma ólíka hagsmuni, t.d. hagsmuni af fiskveiðum, af eldi á vatnafiski og af eldi nytjastofna. Til að tryggja samræmda stefnumótun og framkvæmd reglna varðandi fiskeldi er mikilvægt að þeir ráðherrar sem að þessum málum koma hafi aðgang að sambærilegum upplýsingum og njóti sambærilegrar ráðgjafar. Ekki er í gildi löggjöf um eldi nytjastofna sjávar sem sambærileg er þeirri sem gildir um eldi vatnafiska og er brýnt að úr því verði bætt. Fiskeldisnefndinni er m.a. ætlað að vera sjávarútvegsráðherra til ráðgjafar við þá vinnu sem fram undan er við framangreindar úrbætur. Ákvæðum þessa frumvarps er ætlað að brúa bilið þar til allsherjarendurskoðun hefur farið fram á þessu sviði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um tilgang laganna. Tilvísun til ábyrgs eldis annars vegar og til réttmætra hagsmuna þeirra sem nýta villta nytjastofna hins vegar er ætlað leggja þá skyldu á ráðherra að hann vegi og meti þá hagsmuni sem kunna annars vegar að felast í fyrirhuguðu fiskeldi en hins vegar í nýtingu villtra nytjastofna.

Um 2. gr.

Orðið eldi er notað í sömu merkingu og orðið fiskeldi í lax- og silungsveiðilögum með þeirri breytingu sem leiðir af því að í þeim lögum er það skilgreiningaratriði að um eldi vatnafiska sé að ræða. Í frumvarpi þessu nær eldi hins vegar til bæði sjávardýra og sjávargróðurs. Ekki skiptir hér máli hvort eldið fer fram á landi eða í sjó.

Með hugtakinu nytjastofnar er átt við auðlindir jafnt úr jurta- og dýraríkinu, hvort heldur sem slíkar lífverur þrífast á hafsbotni eða í hafinu yfir honum. Ástæða þess að ferskvatnsfiskar eru undanskildir við skilgreiningu hugtaksins nytjastofnar er sú að lög um lax- og silungsveiði eiga við um það eldi svo sem að framan er rakið.

Um 3. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að rekstrarleyfi þurfi til eldis nytjastofna. Áður hefur þessa ekki verið krafist með svo almennum hætti sem nú er gert. Í lögum um ostrurækt, nr. 21/1939, er að finna hliðstætt ákvæði á hinu takmarkaða gildissviði þeirra laga. Fyrirmynd

að því ákvæði sem hér er gerð tillaga um er að finna í lax- og silungsveiðilögum sem þó er mun ítarlegra. Er sjávarútvegsráðherra rétt að krefjast hliðstæðra gagna og þar er gerð krafa um að fylgi umsókn og að hann megi setja sambærileg skilyrði fyrir leyfisveitingu og þau lög kveða á um, að teknu tilliti til mismunandi aðstæðna. Ráðherra er gert að setja reglugerð varðandi þau skilyrði sem umsóknaraðilar um rekstrarleyfi þurfa að uppfylla. Í reglugerðinni skal meðal annars tilgreina viðmið varðandi stærð stöðvar, eldisrými, framleiðslugetu og önnur vistfræðileg og sjúkdómsskyld sjónarmið.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um skipan fiskeldisnefndar. Um nefnd þessa er fjallað í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði sem nú liggur fyrir Alþingi. Vísast til athugasemda við það frumvarp í þessu sambandi. Rétt er að árétta það sem segir í almennum athugasemdum hér að framan um mikilvægi þess að sjávarútvegsráðherra geti notið ráðgjafar nefndarinnar í þeirri stefnumótunarvinnu og lagasmíð sem fram undan er á þessu sviði.

Um 5. gr.

Í þessari grein er fjallað um eftirlit Fiskistofu með framkvæmd laganna. Þau ákvæði núgildandi fiskveiðistjórnunarlaga sem gilt gætu um eftirlitið eru einkum 2. mgr. 15. gr. og 17. gr. laganna. Tilvísun til ákvæða 6. gr. skýrir sig sjálf. Ákvæðið á sér hliðstæðu í 13. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996.

Um 6.–8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um eldi nytjastofna.

Frumvarpið er lagt fram í tengslum við frumvarp til laga um breytingar á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Tilgangurinn með frumvarpinu er að stuðla að hagkvæmu og ábyrgu eldi nytjastofna og verndun villtra stofna þeirra. Í frumvarpinu er lagt til að til eldis nytjastofna þurfi rekstrarleyfi sem sjávarútvegsráðherra gefur út. Í frumvarpinu er ekki kveðið á um gjaldtöku vegna rekstrarleyfisins. Jafnframt er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra tilnefni einn fulltrúa í fiskeldisnefnd sem gegni formennsku þegar nefndin vinnur að málefnum sem snúa að valdsviði hans. Landbúnaðarráðherra skipar nefndina og er gert ráð fyrir kostnaði við hana hjá landbúnaðarráðuneytinu. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

561. Nefndarálit [214. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, nr. 62 30. apríl 1973, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Atla Frey Guðmundsson, Kristínu Haraldsdóttur, Benedikt Árnason og Jónínu S. Lárusdóttur frá viðskiptaráðuneyti og Gunnar G. Þorsteinsson frá stjórn Flutningsjöfnunarsjóðs sements. Jafnframt bárust gögn frá viðskiptaráðuneyti og umsagnir um málið frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Samtökum iðnaðarins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Verslunarráði Íslands, Sementsverksmiðjunni hf. og Samtökum atvinnulífsins.

Frumvarpinu er ætlað að laga lög um jöfnun flutningskostnaðar á sementi að samkeppni á sementsmarkaði. Þá er lagt til að innheimtu flutningsjöfnunargjaldi verði skilað beint til Flutningsjöfnunarsjóðs sements í stað þess að greiðast fyrst til viðskiptaráðuneytis og endurgreiðast þaðan til sjóðsins.

Nefndin leggur til í sérstöku þingskjali að gerðar verði tvær breytingar á frumvarpinu. Sú fyrri snýr að 2. gr. laganna og er þess efnis að við lögin skuli bætt ákvæði um að ekki skuli leggja flutningsjöfnunargjald á sement sem notað er til framleiðslu á viðgerðarefnum eða tilbúnum múrblöndum. Þá greiði Flutningsjöfnunarsjóður ekki flutningskostnað á sementi til þeirra nota. Nefndin tekur undir þau sjónarmið að núgildandi lög skekki samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja sem fást við framleiðslu á sementsblöndum gagnvart innflytjendum slíkra efna þar sem innflytjendur greiði ekki flutningsjöfnunargjald af því sementi sem í efnunum sé. Síðari breytingin snýr að 2. mgr. 6. gr. laganna sem fjallar um heimild viðskiptaráðuneytis til að fella niður flutningsjöfnunargjald á sementi sem flutt er til landsins eða framleitt innan lands og notað er til byggingar orkuvera eða annarra meiri háttar framkvæmda, en Flutningsjöfnunarsjóður greiðir ekki flutningskostnað á sementi til þeirra nota. Leggur nefndin til að málsgreinin verði felld brott þar sem hér er í raun um að ræða óvirkt ákvæði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem tillaga er gerð um í sérstöku þingskjali.

Margrét Frímannsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. des. 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Einar K. Guðfinnsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.
Gunnar Birgisson.		Hjálmar Árnason.

562. Breytingartillögur [214. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, nr. 62 30. apríl 1973, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:
   a. 2. mgr. orðast svo:
      Flutningsjöfnunargjaldið skal reikna og greiða á hvert selt tonn af sementi. Skulu innlendir framleiðendur og innflytjendur, sem stunda endursölu á sementi á minnst tveimur verslunarstöðum sem jafnframt eru aðaltollhafnir, greiða gjaldið til flutningsjöfnunarsjóðs sements af sölu í hverjum mánuði eigi síðar en á síðasta virka degi að tveimur mánuðum liðnum frá lokum sölumánaðar. Flutningsjöfnunargjald af öðru innfluttu sementi skal innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórar innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til flutningsjöfnunarsjóðs sements.
   b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:
      Þrátt fyrir 1. mgr. skal ekki leggja flutningsjöfnunargjald á sement sem notað er til framleiðslu á viðgerðarefnum eða tilbúnum múrblöndum. Flutningsjöfnunarsjóður greiðir ekki flutningskostnað á sementi til þeirra nota.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:
   a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Er stjórninni meðal annars heimilt að ákveða að jöfnun flutningskostnaðar milli tiltekinna verslunarstaða, þar á meðal framleiðslustaðar eða aðaltollhafnar og annarra verslunarstaða, skuli takmörkuð við kostnað af þeim flutningsháttum sem ódýrastir eru á hverjum tíma og skemmstu flutningsleið.
   b. 2. mgr. fellur brott.

563. Nefndarálit [324. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Útflutningsráð Íslands, nr. 114/1990, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Höskuldsson, Högna S. Kristjánsson og Stefán Hauk Jóhannesson frá utanríkisráðuneyti. Þá bárust nefndinni gögn frá Útflutningsráði og umsagnir um málið frá Samtökum iðnaðarins og Verslunarráði Íslands.

Frumvarpinu er ætlað að framlengja heimild Útflutningsráðs til að leggja á markaðsgjald til byrjunar ársins 2003, en markaðsgjaldið er helsti tekjustofn ráðsins. Nefndin telur brýnt að áfram verði unnið að markaðssókn fyrir íslenskar vörur og þjónustu erlendis og að Útflutningsráð hafi aðstöðu til að sinna hlutverki sínu, þ.e. að koma á auknu samstarfi fyrirtækja, samtaka og stjórnvalda í málum er lúta að eflingu útflutnings og veita útflytjendum alhliða þjónustu og ráðgjöf í því skyni að greiða fyrir og auka útflutning á vöru og þjónustu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.
Margrét Frímannsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. des. 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Ögmundur Jónasson.
Gunnar Birgisson.		Hjálmar Árnason.

564. Nefndarálit [310. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 2001.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og sent það til umsagnar allsherjarnefndar, félagsmálanefndar og menntamálanefndar. Umsagnir bárust frá meiri og minni hluta allsherjarnefndar, meiri hluta og 1. og 2. minni hluta félagsmálanefndar og meiri og minni hluta menntamálanefndar um einstaka þætti málsins.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að breyting verði gerð á frumvarpinu í samræmi við þá ákvörðun Alþingis, sem samþykkt var við 2. umræðu til fjárlaga, að greiða 20 millj. kr. til viðbótar í Endurbótasjóð menningarstofnana.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með því að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað fjárhæðarinnar „480 m.kr.“ komi: 500 m.kr.

Alþingi, 14. des. 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Kristinn H. Gunnarsson.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Gunnar Birgisson.	Hjálmar Árnason.

565. Fyrirspurn [362. mál]

til dómsmálaráðherra um sporhunda hjálparsveitar skáta í Hafnarfirði.

Frá Gunnari Birgissyni.

1. Hvernig hefur ríkisvaldið nýtt sér sporhunda sem hjálparsveit skáta í Hafnarfirði hefur þjálfað til leitar að fólki?
2. Hvernig hefur greiðslum ríkisvaldsins til hjálparsveitar skáta í Hafnarfirði verið háttað á árunum 1996–2000, sundurgreint eftir árum, og hvernig verður þeim háttað árið 2001?
3. Er eða hefur verið í gildi samningur milli dómsmálaráðuneytisins og hjálparsveitar skáta í Hafnarfirði um að halda sporhundana? Ef svo er ekki, stendur þá til að gera samning og þá hvenær?

Skriflegt svar óskast.

566. Fyrirspurn [363. mál]

til samgönguráðherra um Vegagerðina.

Frá Gunnari Birgissyni.

1. Hve margir starfa nú hjá Vegagerðinni og hve margir störfuðu þar árin 1990 og 1995?
2. Hvenær stendur til að öll slitlagsgerð sem framkvæmd er af Vegagerðinni verði boðin út?
3. Hvernig hefur einingaverð í kostnaðaráætlunum Vegagerðarinnar breyst frá 1. ágúst 1999 til 1. desember 2000 með tilliti til þess að miklar hækkanir hafa orðið á olíuverði, þungaskatti, tryggingaiðgjöldum, varahlutaverði o.fl.?
4. Hve margir yfirmenn Vegagerðarinnar eru:
   a. verkfræðingar,
   b. tæknifræðingar,
   c. viðskiptafræðingar?

567. Fyrirspurn [364. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um málefni heyrnarskertra.

Frá Ástu Möller.

Hver er framtíðarskipan í heilbrigðisþjónustu við heyrnarskerta?

568. Fyrirspurn [365. mál]

til heilbrigðisráðherra um Framkvæmdasjóð aldraðra.

Frá Ástu Möller.

1. Hver er heildarfjárhæð sem runnið hefur til Framkvæmdasjóðs aldraðra árin 1990–2000, sbr. 10. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999?
2. Hvernig hefur fjármunum sjóðsins verið varið árin 1990–2000, skipt í samræmi við 1.–6. tölul. 9. gr. sömu laga og verkefnum hvers liðar?
3. Hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar við ákvörðun um úthlutun fjármunanna?
4. Hverjir hafa átt sæti í stjórn sjóðsins frá 1990?

Skriflegt svar óskast.

569. Breytingartillaga [214. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, nr. 62 30. apríl 1973, með síðari breytingum.

Frá Margréti Frímannsdóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur og Ögmundi Jónassyni.

Við bætist svohljóðandi bráðabirgðaákvæði:
Lögin skal endurskoða innan árs frá gildistöku þessara laga.

570. Frumvarp til laga [366. mál]

um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Við lokamálslið 2. mgr. 13. gr. laganna (1. gr. nýsamþykktra laga) bætist: eða áttundu veiðiferð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi sjávarútvegsráðherra til breytinga á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum, 119. máli, þskj. 119, var lagt til að lokamálsliður efnismálsgreinar 1. gr. væri svohljóðandi: „Verði eftirlitsmaður áfram um borð í skipinu skal útgerð skipsins greiða allan kostnað, þar með talinn launakostnað, af veru hans um borð frá

og með áttunda degi.“ Eftir umfjöllun sjávarútvegsnefndar um frumvarpið samþykkti nefndin eftirfarandi breytingu á lokamálslið efnismálsgreinar 1. gr., sbr. þskj. 514: „Hafi veiðieftirlitsmaður á sama fiskveiðiári verið fleiri en sjö daga eða sjö veiðiferðir um borð í veiðiskipi samkvæmt þessari grein skal útgerð skipsins greiða allan kostnað, þar með talinn launakostnað, af veru hans um borð frá og með áttunda degi.“ Með þessari breytingu var frumvarpið samþykkt við 3. umræðu 14. desember 2000. Við framangreinda breytingu nefndarinnar á lokamálslið efnismálsgreinar 1. gr. láðist hins vegar að bæta við málsliðinn orðunum „eða áttundu veiðiferð“. Með frumvarpinu er bætt úr þessum annmarka.

571. Frumvarp til laga [154. mál]

um breytingu á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 15. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað liðarins „Búfjárræktarnefnd“ kemur í réttri stafrófsröð nýr liður er orðast svo: *Fagráð:* Nefnd sem mótar stefnu í kynbótum, rannsóknum, fræðslumálum og þróunarstarfi búgreinar samkvæmt ákvæðum búnaðarlaga, nr. 70/1998.
b. Liðurinn „Einangrunarstöð“ orðast svo: Sóttvarnaraðstaða fyrir loðdýr, gæludýr, fugla og fiska.
c. Liðurinn „Sóttvarnardýralæknir“ orðast svo: Faglegur opinber eftirlitsaðili sóttvarnastöðvar þar sem dýr hafa verið flutt inn samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „búfjárræktarnefndar“ og „hún“ í 1. málsl. kemur: fagráðs, og: það.
b. Í stað orðsins „nefndin“ í 2. málsl. kemur: fagráð.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skal annast og bera ábyrgð á“ í 1. málsl. kemur: hefur eftirlit með og ber ábyrgð á.
b. Í stað orðanna „Á sama hátt annast það“ í upphafi 2. málsl. kemur: Á sama hátt hefur það eftirlit með.
c. Í stað orðsins „búgreinasamtökum“ í 2. málsl. kemur: búgreinasamböndum.
d. Í stað orðsins „búfjárræktarnefnd“ í 2. málsl. kemur: fagráð.

5. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Vegna innflutnings á dýrum og erfðaefni samkvæmt lögum þessum skal starfrækja sóttvarna- og einangrunarstöðvar. Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvaða kröfur eru gerðar um útbúnað sóttvarna- og einangrunarstöðva. Ráðherra getur falið einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum rekstur stöðvanna.

6. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Sóttvarnardýralæknir sóttvarnastöðvar getur verið viðkomandi héraðsdýralæknir eða dýralæknir sem yfirdýralæknir ræður sérstaklega til þeirra verka. Yfirdýralæknir setur sóttvarnardýralækni erindisbréf með ákvæðum um skyldur hans varðandi smitgát vegna starfa við sóttvarnastöðina.

7. gr.

Í stað orðanna „búfjárræktarnefnda sem starfa eftir lögum um búfjárrækt“ í 11. gr. laganna kemur: fagráðs sem starfar samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998.

8. gr.

Í stað orðsins „búfjárræktarnefnd“ í 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: fagráð.

9. gr.

Í stað orðsins „búfjárræktarnefndar“ í 13., 16. og 18. gr. laganna kemur: fagráðs.

10. gr.

17. gr. laganna fellur brott og breytist greinatala samkvæmt því.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

572. Frumvarp til laga [190. mál]

um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 15. des.)

1. gr.

Skilgreining á nýtingarhlutfalli í 2. gr. laganna orðast svo: Hlutfall milli brúttóflatarmáls bygginga á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Kostnaður við rekstur Skipulagsstofnunar greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar veitt undanþágu frá einstökum greinum skipulagsreglugerðar.

4. gr.

1. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo: Heimilt er að beita sérstakri svæðisskipulagsmeðferð vegna mannvirkja og áætlana sem ná til fleiri en eins sveitarfélags, svo sem þjóðvega, orkumannvirkja, fjarskiptalína og áætlana um framkvæmdir eða aðra ráðstöfun lands til nýtingar eða verndar.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein, 1. mgr., svohljóðandi:
   Sveitarstjórn ber ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags. Landeiganda eða framkvæmdaraðila er þó heimilt að gera tillögu til sveitarstjórnar að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi á sinn kostnað.
b. Við 1. mgr., sem verður 2. mgr., bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sveitarstjórn getur þó auglýst tillögu að deiliskipulagi samhliða auglýsingu tillögu að samsvarandi breytingu á aðalskipulagi.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Skipulagsstofnun“ í 2. tölul. kemur: Skipulagssjóði.
b. 3. tölul. orðast svo: Þar sem sveitarstjórn annast reglulega gerð aðalskipulags og endurskoðun þess án sérstaks samnings skal helmingur innheimtra skipulagsgjalda í sveitarfélaginu yfirfærður árlega til sveitarsjóðs úr Skipulagssjóði.
c. Í stað orðanna „gert sérstakan samning við Skipulagsstofnun og getur hún tekið þátt í kostnaði við gerð eða endurskoðun aðalskipulags sem nemur allt að helmingi kostnaðar“ í 1. málsl. 4. tölul. kemur: fengið greiddan allt að helmingi kostnaðar við gerð eða endurskoðun aðalskipulags úr Skipulagssjóði.
d. Orðið „Skipulagsstofnunar“ í 2. málsl. 4. tölul. fellur brott.
e. Við 5. tölul. bætist: sbr. þó 1. mgr. 23. gr.
f. Í stað orðsins „Skipulagsstofnunar“ í 6. tölul. kemur: Skipulagssjóðs.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Til að standa straum af kostnaði við gerð skipulagsáætlana skal innheimt í ríkissjóð sérstakt gjald af mannvirkjum er nefnist skipulagsgjald. Skipulagsgjald rennur í gegnumstreymissjóð, Skipulagssjóð. Skipulagsstofnun annast vörslu sjóðsins og greiðslur úr honum. Sjóðurinn skal vera óháður fjárhagslegum rekstri stofnunarinnar.
b. Við 3. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sýslumaður skal innheimta skipulagsgjald af húsbyggingum í lögsagnarumdæmi sínu og af öðrum gjaldskyldum mannvirkjum, sbr. 3. málsl. 2. mgr., í eigu lögaðila sem hafa lögheimili í umdæminu. Í Reykjavík skal tollstjóri annast innheimtuna. Skipulagsgjald innheimtist samkvæmt fyrirmælum frá Fasteignamati ríkisins.
c. 4. mgr. fellur brott.

8. gr.

Á eftir 4. mgr. 37. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar veitt undanþágu frá einstökum greinum byggingarreglugerðar.

9. gr.

2. mgr. 42. gr. laganna orðast svo:

Byggingarvörur á markaði, þ.m.t. byggingarefni, raðframleiddar byggingareiningar og raðframleidd hús, skulu uppfylla ákvæði reglugerða um viðskipti með byggingarvörur.

10. gr.

Við 7. mgr. 43. gr. laganna bætist: Heimilt er skipulagsnefnd að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafa lýst skriflega yfir því með áritun á uppdrátt að þeir geri ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd eða breytingu á deiliskipulagi, áður en fjórar vikur eru liðnar.

11. gr.

Í stað orðsins „byggingarnefnd“ í 2. mgr. 45. gr. laganna kemur: sveitarstjórn.

12. gr.

3. mgr. 47. gr. laganna orðast svo:

Hönnuður, einstaklingur eða fyrirtæki þar sem löggiltur hönnuður starfar sem leggur uppdrætti fyrir byggingarnefnd eða byggingarfulltrúa skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu.

13. gr.

1. málsl. 3. mgr. 48. gr. laganna orðast svo: Arkitektar, byggingarfræðingar, verkfræðingar, tæknifræðingar, innanhússarkitektar, landslagsarkitektar og rafiðnfræðingar er sækja um löggildingu skulu standast próf sem þriggja manna prófnefnd sérfróðra aðila annast.

14. gr.

Við 50. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að ákveða gjald sem umsækjendur greiða fyrir að þreyta próf. Gjöld skulu aldrei vera hærri en sem nemur kostnaði við framkvæmd prófs.

15. gr.

Í stað 2. tölul. 2. mgr. 51. gr. laganna koma tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

2. Arkitektar, byggingarverkfræðingar, byggingartæknifræðingar, byggingarfræðingar og aðrir verkfræðingar og tæknifræðingar með hliðstæða menntun á byggingarsviði.
3. Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfar aðili sem uppfyllir skilyrði 1. eða 2. tölul., enda annist hann störf byggingarstjóra.

16. gr.

2. málsl. 2. mgr. 52. gr. laganna orðast svo: Iðnmeistarar, sem hafa meistarabréf og hafa lokið prófi frá meistaraskóla eða hafa a.m.k. sambærilega menntun á hlutaðeigandi sviði, geta hlotið slíka löggildingu, enda séu þeir starfandi sem meistarar í iðn sinni.

17. gr.

2. og 3. málsl. 53. gr. laganna orðast svo: Jafnframt er þeim heimilt að innheimta gjöld fyrir útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té. Gjöld þessi mega ekki nema hærri upphæð en sem nemur kostnaði við útgáfu leyfa, útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té og skulu vera í samræmi við gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

18. gr.

3. málsl. 1. mgr. 54. gr. laganna orðast svo: Sveitarstjórn getur sett sérstaka gjaldskrá um bílastæðagjöld í sveitarfélaginu sem sveitarfélagið birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða í lögunum:

a. 3. tölul. orðast svo: Sveitarstjórn getur án þess að fyrir liggi staðfest aðal- eða svæðisskipulag eða samþykkt deiliskipulag og að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar leyft einstakar framkvæmdir sem um kann að verða sótt og er unnt að binda slíkt leyfi tilteknum skilyrðum. Sveitarstjórn getur einnig án þess að fyrir liggi staðfest aðal- eða svæðisskipulag auglýst tillögu að deiliskipulagi að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar. Heimilt er að vísa niðurstöðu Skipulagsstofnunar varðandi slíkt erindi til úrskurðarnefndar, sbr. 8. gr.
b. Í stað orðanna „1. júlí 2001“ í 4. málsl. 10. tölul. kemur: 1. júlí 2002, en sækja skal um að fara á námskeið samkvæmt þessu ákvæði fyrir 1. september 2001.
c. Við bætast tveir nýir töluliðir sem orðast svo:
   13. Þar sem ekki er fyrir hendi aðalskipulag er heimilt að gera deiliskipulag á grundvelli svæðisskipulags fyrir einstök svæði eða reiti þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, ef í svæðisskipulagi er mörkuð stefna um viðkomandi málaflokka.
   14. Á meðan ekki eru til samhæfðir staðlar og/eða tæknisamþykki til þess að ákvæði 2. mgr. 42. gr. verði virk skulu byggingarvörur á markaði hafa vottun eða umsögn um að þær uppfylli kröfur byggingarreglugerðar, standist staðla og falli að verklagi og sérislenskum aðstæðum. Hliðsjón skal höfð af kröfum sem settar eru fram í ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins varðandi hlutverk framleiðanda og tilnefnds aðila við staðfestingu á samræmi við kröfur. Ef ekki liggja fyrir samþykktir frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins varðandi einstaka vöruflokka skal höfð hliðsjón af ákvörðunum um hliðstæðar vörur. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Brunamálastofnun eða aðrir þar til bærir aðilar sem umhverfisráðuneytið viðurkennir skulu gegna samsvarandi hlutverki og tilnefndur aðili vegna ákvæða þessarar greinar. Þessir aðilar annast staðfestingu á samræmi og gefa út vottorð eða umsögn þar að lútandi.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

573. Lög [318. mál]

um jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2001.

(Afgreidd frá Alþingi 15. des.)

Samhljóða þskj. 400.

574. Þingsályktun [93. mál]

um flutning hættulegra efna um jarðgöng.

(Afgreidd frá Alþingi 15. des.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja reglur um flutning á hættulegum efnum um jarðgöng.

Í reglunum verði m.a. kveðið á um hvort slíkir flutningar skuli leyfðir og þá með hvaða skilyrðum, þ.e. flutningstækjum, ökuhraða, eftirliti og hvort loka skal göngum fyrir annarri umferð meðan flutningurinn fer fram.

575. Frumvarp til laga [347. mál]

um breytingu á lögum nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar.

(Eftir 2. umr., 15. des.)

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á árunum 2001–2003 skal verja ákveðinni fjárhæð úr Atvinnuleysistryggingasjóði í samræmi við fjárlög hvers árs til átaks í fræðslumálum ófaglærðra samkvæmt samkomulagi milli Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins annars vegar og Verkamannasambands Íslands og Landssambands iðnverkafólks, sem nú mynda Starfsgreinasamband Íslands, hins vegar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

576. Frumvarp til laga [214. mál]

um breytingu á lögum um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, nr. 62 30. apríl 1973, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 15. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Flutningsjöfnunargjaldið skal reikna og greiða á hvert selt tonn af sementi. Skulu innlendir framleiðendur og innflytjendur, sem stunda endursölu á sementi á minnst tveimur verslunarstöðum sem jafnframt eru aðaltollhafnir, greiða gjaldið til flutningsjöfnunarsjóðs sements af sölu í hverjum mánuði eigi síðar en á síðasta virka degi að tveimur mánuðum liðnum frá lokum sölumánaðar. Flutningsjöfnunargjald af öðru innfluttu sementi skal innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórar innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til flutningsjöfnunarsjóðs sements.

b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:

Þrátt fyrir 1. mgr. skal ekki leggja flutningsjöfnunargjald á sement sem notað er til framleiðslu á viðgerðarefnum eða tilbúnum múrblöndum. Flutningsjöfnunarsjóður greiðir ekki flutningskostnað á sementi til þeirra nota.

2. gr.

1. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Viðskiptaráðherra skipar til fjögurra ára í senn flutningsjöfnunarsjóði þriggja manna stjórn án tilnefningar og skipar viðskiptaráðherra formann sjóðstjórnar.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Er stjórninni meðal annars heimilt að ákveða að jöfnun flutningskostnaðar milli tiltekinna verslunarstaða, þar á meðal framleiðslustaðar eða aðaltollhafnar og annarra verslunarstaða, skuli takmörkuð við kostnað af þeim flutningsháttum sem ódýrastir eru á hverjum tíma og skemmstu flutningsleið.

b. 2. mgr. fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

577. Nefndarálit [310. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 2001.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Efnahags- og viðskiptanefnd fékk til umfjöllunar frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 2001. Í frumvarpinu eru í fyrsta lagi lagðar til skerðingar á sérstökum eignarskatti sem lagður er á og skal varið til þess að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana. Í frumvarpinu er lagt til að allar tekjur af þessum sérstaka eignarskatti umfram 480 millj. kr. skuli renna í ríkissjóð á árinu 2001. Við 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga var ákveðið að 20 millj. kr. til viðbótar rynnu í endurbótasjóð menningarstofnana og skulu 17 af þessum 20 fara í endurbætur á Þjóðleikhúsinu. Skerðingin nemur engu að síður um 130 millj. kr. á næsta ári. Enn liggja fyrir mörg brýn verkefni sem bíða úrlausna. Eðlilegra væri að nýta þá fjármuni sem endurbótasjóðurinn á lögum skv. að fá til þess að sinna þessum brýnu verkefnum en að taka hluta þeirra til almennra útgjalda úr ríkissjóði.

Í öðru lagi er í frumvarpinu lagt til að lögin um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, nr. 12/1952, falli úr gildi og í framhaldi af því er lögð til sú breyting á lögum um erfðafjárskatt, nr. 83/1984, að erfðafjárskatturinn renni í ríkissjóð. Ef þessi fyrirætlun ríkisstjórnarinnar verður samþykkt er vandséð hvernig tryggja á fjármagn til margvíslegrar starfsemi fyrir fatlaða, svo sem til hæfingar- og endurhæfingarstofnana, dagþjónustustofnana fatlaðra, áfangastaða, skammtímavistana og verndaðra vinnustaða. Frá árinu 1995 hafa markaðir tekjustofnar til þess að sinna þessum verkefnum verið skertir um 1,8 milljarða króna. Sú skerðing er með öllu óskiljanleg í ljósi þess að enn eru langir biðlistar eftir ýmsum þjónustuúrræðum fyrir fatlaða og enn er langt í land að þessi hópur fólks búi við jafnan rétt á ýmsum sviðum þjóðfélagsins sem stjórnvöldum ber þó skylda til að tryggja. Á meðan svo er tekur minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar undir efasemdir sem fram hafa komið frá Samtökum fatlaðra, Þroskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands þess efnis að ekki sé tímabært að afnema fasta tekjustofna vegna málefna fatlaðra.

Enn er verulegur skortur á húsnæði fyrir fatlaða. Ekki verður séð að nýleg viljayfirlýsing félagsmálaráðherra í þeim efnum leysi þann vanda. Af skýrslu félagsmálaráðherra um kostnað vegna þjónustu við fatlaða frá því í október 2000 verður ekki annað séð en að fyrirhugaðar séu grundvallarbreytingar á fjármögnun sambýla fyrir fatlaða. Þar má sjá tillögur um stofnun hlutafélags um flestar eða allar húseignir sem notaðar eru í þjónustu við þennan hóp og að fötluðum er ætlað að mæta rekstrarkostnaði með auknum leigugreiðslum, þeir greiði að jafnaði sem svarar um 4% af stofnkostnaði í leigu og að árleg niðurgreiðsla húsnæðiskostnaðar verði sem nemur 6% af stofnkostnaði eins og segir í skýrslunni. Ekki verður annað skilið af innihaldi skýrslunnar en að þar séu uppi hugmyndir um að auka leigugreiðslur íbúa um 220 millj. kr. en á móti eiga einungis að koma 40 millj. kr. í húsaleigubætur. Minni hlutinn varar alvarlega við því ef gera á þær grundvallarbreytingar á þjónustu við fatlaða að íbúar í húsnæði fyrir fatlaða eigi að fara að standa undir verulegum hluta rekstrarkostnaðarins. Þá hefur Alþingi samþykkt þingsályktanir um stefnumótun í málefnum langveikra barna og fyrir liggur að þjónusta við langveik börn verði eftir því sem við á í samræmi við lög um málefni fatlaðra og félagsþjónustu sveitarfélaga. Fram hefur komið í tengslum við yfirlýsingar félagsmálaráðuneytis og Öryrkjabandalags að veita á auknu fjármagni til málefna fatlaðra vegna bættrar þjónustu við langveik börn. Það styður það álit minni hlutans að fjarstæða er að

leggja niður tekjustofn sem ætlaður er til uppbyggingar og þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra.

Þá bendir minni hlutinn á skýrslu sem skilað var til félagsmálaráðherra fyrir rúmu ári um möguleika fatlaðra til menningar- og tómstundastarfa. Þar kemur fram að verulegra úrbóta er þörf og stór verkefni bíða úrlausna ríkis og sveitarfélaga. Minni hlutinn mótmælir því þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 2001 og fela í sér að lögbundin ráðstöfun tekna af erfðafjárskatti og erfðafé í framkvæmdasjóð fatlaðra verði afnumin. Minni hlutinn mun því greiða atkvæði gegn ákvæðum þessa frumvarps.

Efnahags- og viðskiptanefnd sendi málið til umsagnar félagsmálanefndar, menntamálanefndar og allsherjarnefndar.

Alþingi, 15. des. 2000.

Margrét Frímannsdóttir, frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Ögmundur Jónasson.

578. Nefndarálit [343. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Pál Gunnarsson frá fjármálaráðuneyti.

Með frumvarpinu er felld brott sérregla um reiknað endurgjald í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda þess efnis að viðmiðunartekjur þeirra sem stunda landbúnað skuli miðaðar við vinnuþátt í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða að frádregnum einum þriðja, þó að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni, svo sem þess hvort bændur nái heildartekjum grundvallarbúsins vegna þróunar afurðaverðs eða annarra atriða er máli skipta að mati ríkisskattstjóra. Þar sem verðlagsgrundvöllur landbúnaðarafurða er ekki lengur til er reglan úrelt og eðlilegt að hún verði felld brott úr lögum. Nefndin bendir á að eftir stendur að skv. 3. málsl. 4. mgr. 6. gr. laganna mun ríkisskattstjóri eftir sem áður hafa hliðsjón af gildandi kjarasamningum og raunverulegum tekjum í viðkomandi starfsgrein við setningu árlegra viðmiðunarreglna um reiknað endurgjald. Þannig koma sömu reglur til með að gilda um bændur og aðrar starfsstéttir.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Kristinn H. Gunnarsson og Gunnar Birgisson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. des. 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Margrét Frímannsdóttir.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Ögmundur Jónasson.

Hjálmar Árnason.

579. Nefndarálit [350. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Pál Gunnarsson frá fjármálaráðuneyti.

Í frumvarpinu er lagt til að greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði vegna fæðingarorlofs verði undanþegnar tryggingagjaldi. Hér er um að ræða aðlögun á lögum um tryggingagjald vegna nýrra laga um fæðingar- og foreldraorlof sem taka gildi um næstu áramót, en með þeim lögum verður sú breyting að fæðingarorlof ríkisstarfsmanna verður greitt úr Fæðingarorlofssjóði en ekki með launagreiðslum úr ríkissjóði eins og verið hefur. Undanþágan hefur ekki áhrif á rétt manna til atvinnuleysisbóta, en skv. 2. mgr. 14. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof reiknast fæðingarorlof til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, þar á meðal rétti til atvinnuleysisbóta.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Kristinn H. Gunnarsson og Gunnar Birgisson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. des. 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Margrét Frímannsdóttir.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Ögmundur Jónasson.

Hjálmar Árnason.

580. Frumvarp til laga [367. mál]

um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Við 4. mgr. 66. gr. laganna, sbr. lög nr. 36/1999, bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sá sem á hagsmuna að gæta getur kært ákvörðun ríkissaksóknara til dómsmálaráðherra. Nú er ákvörðun ríkissaksóknara felld úr gildi og setur ráðherra þá sérstakan saksóknara til að fara með málið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu að undangengnu samráði við réttarfarsnefnd. Með því er lagt til að unnt verði að kæra til dómsmálaráðherra ákvörðun ríkissaksóknara um hvort opinber rannsókn á grundvelli 4. mgr. 66. gr. laganna skuli fara fram eða ekki.

Með 20. gr. laga nr. 36/1999 var nýju ákvæði bætt í 4. mgr. 66. gr. laganna um rannsókn opinberra mála. Samkvæmt ákvæðinu er ríkissaksóknara heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að mæla fyrir um rannsókn opinbers máls þótt ætla megi að refsingu verði ekki við komið, svo sem vegna þess að sök sé fyrnd, ef ríkir almanna- og einkahagsmunir mæla með því.

Samkvæmt 1. mgr. 66. gr. laganna er rannsókn opinberra mála í höndum lögreglu nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Skal lögregla hefja rannsókn hvenær sem þess er þörf út af vitneskju eða grun um að refsivert brot hafi verið framið hvort sem henni hefur borist kæra eða ekki. Ríkissaksóknari getur gefið fyrirmæli í þeim efnum, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Skv. 1. mgr. 76. gr. er ákvörðun lögreglu um hvort rannsókn fer fram kæranleg til ríkissaksóknara. Almennt sætir því ákvörðun um rannsókn opinberra mála endurskoðun hjá æðra settu stjórnvaldi.

Í 4. mgr. 66. gr. laganna er ríkissaksóknara falið að taka ákvörðun um hvort opinber rannsókn fari fram. Ákvörðun ríkissaksóknara um hvort opinber rannsókn skuli fara fram eða ekki er fullnaðarákvörðun og verður því ekki kærð til æðra stjórnvalds, sbr. 1. mgr. 76. gr. Með frumvarpi þessu er lagt til að unnt verði að endurskoða ákvörðun ríkissaksóknara skv. 4. mgr. 66. gr. Þetta er til samræmis við almennar reglur um að mál geti fengið skoðun öðru sinni. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra geti fellt úr gildi ákvörðun ríkissaksóknara og sett sérstakan saksóknara til að taka ákvörðun um hvort rannsókn fari fram og til að fara síðan með málið. Þetta fyrirkomulag um kæru á ákvörðunum ríkissaksóknara á sér hliðstæðu í 2. mgr. 26. gr. laganna en samkvæmt því ákvæði er unnt að kæra ákvörðun ríkissaksóknara um að fella niður mál að lokinni lögregluranns ókn. Það skal áréttað sérstaklega að hér er um mjög þrönga undantekningu að ræða frá meginreglunni um sjálfstæði ákæruvaldsins. Helgast hún af sérstöðu þeirra mála sem 4. mgr. 66. gr. á við um og nauðsyn þess að unnt sé að endurskoða slíka ákvörðun eins og á almennt við um ákvarðanir um rannsókn opinberra mála.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Frumvarp þetta miðar að því að heimilt verði að kæra til dómsmálaráðherra ákvörðun ríkissaksóknara um hvort opinber rannsókn skuli fara fram þótt ætla megi að refsingu verði ekki við komið, svo sem þegar sök er fyrnd. Gera má ráð fyrir að rannsóknir mála af þessum toga verði sjaldgæfar. Ógerlegt er að áætla kostnaðinn fyrir fram þar sem hann fer eftir eðli máls, umfangi rannsóknar og hvaða aðilar koma að rannsókn mála. Gera má ráð fyrir að til lengri tíma verði kostnaðurinn innan útgjaldaramma ráðuneytisins þótt frávik kunni að verða vegna einstakra mála.

581. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason og Jónínu S. Lárusdóttur frá viðskiptaráðuneyti, Pál Gunnar Pálsson og Jóhann Albertsson frá Fjármálaeftirlitinu, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Helgu Hlín Hákonardóttur frá Íslandsbanka-FBA, Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands, Ólöfu Nordal og Ólaf Arinbjörn Sigurðsson frá Verðbréfaþingi Íslands og Helga Sigurðsson og Ingólf Helgason frá Kauphingi. Jafnframt bárust gögn frá viðskiptaráðuneyti og umsagnir um málið frá Lífeyrissjóði bænda, Samtökum fjármálafyrirtækja, ríkisskattstjóra, Landssamtökum lífeyrissjóða, Samtökum iðnaðarins, Félagi löggiltra endurskoðenda, Seðlabanka Íslands, Þjóðhagsstofnun, Samtökum atvinnulífsins, Verðbréfaþingi Íslands, Verslunarráði Íslands, Lögmannafélagi Íslands og Fjármálaeftirlitinu.

Frumvarpið er flutt í framhaldi af áliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar í 420. máli á 125. löggjafarþingis, en í frumvarpinu sem þar var til meðferðar var lagt til að viðskiptaráðherra yrði veitt heimild til að setja reglugerðir um viðskipti fruminnherja og almenn útboð. Meiri hluti nefndarinnar taldi óeðlilegt að slíkar reglur yrðu settar í reglugerð þar sem þær þyrftu að eiga sér skýra lagastoð og beindi þeim tilmælum til viðskiptaráðherra að samið yrði frumvarp sem fæli í sér helstu efnisreglur um framangreind atriði, auk lokaðra útboða.

Frumvarpið skiptist því í tvo meginhluta. Í öðrum þeirra er að finna ákvæði um útboð verðbréfa þar sem settar eru fram reglur sem skulu gilda um almenn útboð og tilgreint skýrlega við hvaða aðstæður eða um hvaða verðbréf þær reglur gilda ekki. Hinn meginhlutinn fjallar um meðferð trúnaðarupplýsinga, viðskipti innherja og markaðsmisnotkun, en í frumvarpinu eru skilgreindir þrír flokkar innherja og settar fram reglur um aukið aðhald með þeim.

Meiri hluti nefndarinnar gerir breytingartillögur við frumvarpið í þremur töluliðum á sérstöku þingskjali, en þær lúta að 1., 6. og 7. gr. frumvarpsins.

Í 1. gr. er um að ræða samræmingaratriði vegna breyttrar fyrirsagnar V. kafla frumvarpins.

Tvær breytingartillögur eru gerðar við 6. gr. Sú fyrri miðar að því að áfram verði í lögum um verðbréfaviðskipti að finna ákvæði þess efnis að Seðlabanki Íslands geti sett reglur um fyrsta söludag einstakra almennra útboða í því skyni að draga úr sveiflum í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðinum. Við samningu frumvarpsins var gert ráð fyrir að ákvæðið yrði fellt úr lögum, þar sem það væri þýðingarlaust, en að höfðu samráði við Seðlabankann er ljóst að bankinn telur nauðsynlegt að hafa þessa heimild áfram. Því er lagt til að ákvæðið standi óbreytt, en meiri hlutinn bendir á að reglur um fyrsta söludag þarfnast endurskoðunar og æskilegt er að þær séu gerðar einfaldari og viðurhlutaminni fyrir útgefendur og fjármálafyrirtæki. Seinni breytingartillagan við 6. gr. frumvarpsins er gerð við e-lið og lagt til að undir undanþágu frá ákvæðum um almennt útboð falli hlutabréf eða samvinnuhlutabréf sem einungis séu boðin eigendum í félagi, enda séu þeir færri en 50 og hlutafé eða stofnsjóður B-deildar samvinnufélags lægri en 50 millj. kr. Með þessari breytingu er t.d. svokölluðum sprotafyrirtækjum gert hægara um vik að auka hlutafé sitt þegar hluthafar eru tiltölulega fáir.

Viðamestu breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar eru gerðar við 7. gr. frumvarpsins, en þær eru í fimm liðum. Sú fyrsta miðar að því að laga ákvæði a-liðar 7. gr. frumvarpsins að 5. gr. tilskipunar ESB nr. 89/592 og samningsskuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið þannig að hér á landi verði gildissvið reglna um meðferð trúnaðarupplýsinga, viðskipti innherja og markaðsmisnotkun ekki takmarkað við viðskipti með verðbréf sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið eftir skráningu á í kauphöll eða skipulegum tilboðsmarkaði hér á landi. Með vísan í 10. tölul. 2. gr. laganna um skipulegan verðbréfamarkað má ljóst vera að ákvæðið á einnig við um viðskipti sem eiga sér stað hér á landi með verðbréf sem skráð hafa verið í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði í einhverju af aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Önnur tillaga meiri hlutans lýtur að 1. tölul. 1. mgr. b-liðar 7. gr. og miðar að því að ákvæðið verði skýrara og markvissara í framkvæmd. Þar er tekið út það skilyrði að innherjaviðskipti verði að vera innherjanum sjálfum eða öðrum til hagsbóta. Þar sem innherjaviðskipti kunna að vera ólögmæt þótt enginn hagnist á þeim þótti orðalag ákvæðisins vera villandi og því lagt til að þetta skilyrði verði fellt brott. Meiri hlutinn telur að ákvæðið sé mikilvægt en eftir er að koma í ljós hvort það reynist fullnægjandi í dómsmálum sem varða innherjaviðskipti.

Í þriðja lagi leggur meiri hlutinn til breytingu á c-lið 7. gr., en þar er að finna matskennda reglu þar sem segir að fruminnherjar skuli *forðast* að eiga viðskipti með verðbréf félags þegar ætla megi að fyrir liggi trúnaðarupplýsingar hjá útgefanda, svo sem skömmu fyrir birtingu ársreiknings eða milliuppgjörs eða skömmu fyrir tilkynningu um mikilvægar ákvarðanir eða atvik sem varða útgefanda verðbréfanna. Hér er um að ræða skyldur fruminnherja til að sinna eðlilegri rannsóknarskyldu sinni áður en þeir eiga viðskipti með verðbréf í félagi sem þeir eru fruminnherjar í. Meiri hlutinn lítur hins vegar svo á að ákvæðið eins og það er sett fram í frumvarpinu sé matskenndara en svo að það fullnægi þeim kröfum sem gera verður til reglna þar sem brot varða refsiábyrgð. Með hliðsjón af því er lagt til að hert verði á orðalagi ákvæðisins með þeim hætti að fruminnherjum verði gert skylt að ganga úr skugga um það áður en þeir eiga viðskipti með verðbréf félags, sem þeir eru fruminnherjar í, að ekki liggi fyrir trúnaðarupplýsingar innan félagsins.

Í fjórða lagi leggur meiri hluti nefndarinnar til að orðalagsbreyting verði gerð á h-lið 7. gr. þar sem segir að tilgreina skuli í reglum félags hver beri ábyrgð innan félagsins á að reglunum sé framfylgt. Orðalag frumvarpsins er óskýrt og til þess fallið að valda vafa um réttar-

stöðu innherjans og þess sem ábyrgur er þegar reglum er ekki framfylgt. Því leggur nefndin til að þess í stað verði tilgreint hver hafi eftirlit með því að reglum sé framfylgt.

Fimmta og síðasta breytingartillagan sem meiri hlutinn leggur til varðandi 7. gr. er við 2. mgr. h-liðar, þar sem því er bætt við að Fjármálaeftirlitið skuli ekki einungis fá reglur stjórnar félags heldur einnig staðfesta þær. Slík málsmeðferð er í samræmi við 21. gr. laganna sjálfra um verklagsreglur fyrirtækja í verðbréfaþjónustu vegna eigin viðskipta fyrirtækja og starfsmanna.

Töluverðar umræður sköpuðust um það í nefndinni hvort ástæða væri til að setja í lögin skilgreiningu á fagfjárfestum í stað þess að skilgreina hugtakið í reglugerð. Hjá eftirlitsaðilum sambærilegum Fjármálaeftirlitinu í Evrópu mun ekki vera venja að setja slíka skilgreiningu í lög og hana mun í fæstum tilvikum vera að finna í reglugerð heldur. Meiri hlutinn bendir þó á að vel verði að fylgjast með þróun mála og umræðu í Evrópu hvað þetta atriði varðar og bregðast við með lagasetningu ef ástæða gefst síðar til.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrgreindum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Gunnar Birgisson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. des. 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. Einar K. Guðfinnsson. Kristinn H. Gunnarsson.

Sigríður A. Þórðardóttir. Hjálmar Árnason.

582. Breytingartillögur [233. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, EKG, KHG, SAÞ, HjÁ).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Inngangsmálsliður 2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Lög þessi, að undanskildum ákvæðum V. kafla um meðferð trúnaðarupplýsinga, viðskipti innherja og markaðsmisnotkun og VI. kafla um samningsbundið uppgjör afleiðusamninga, taka ekki til.
2. Við 6. gr.
   a. Við d-lið (28. gr.) bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:
      Seðlabanki Íslands getur sett nánari reglur um fyrsta söludag einstakra almennra útboða í því skyni að draga úr sveiflum í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðinum.
   b. Við 1. tölul. e-liðar (29. gr.) bætist nýr stafliður, b-liður, svohljóðandi: Hlutabréf eða samvinnuhlutabréf eru einungis boðin eigendum í félagi enda séu þeir færri en 50 og hlutafé eða stofnsjóður B-deildar samvinnufélags lægri en 50 milljónir króna.
3. Við 7. gr.
   a. A-liður (30. gr.) orðist svo:
      Ákvæði þessa kafla taka til viðskipta með verðbréf sem skráð hafa verið eða ósk-

að hefur verið eftir að verði skráð á skipulegum verðbréfamarkaði skv. 13. tölul. 2. gr.

b. 1. tölul. 1. mgr. b-liðar (31. gr.) orðist svo: nýta trúnaðarupplýsingar, beint eða óbeint, til öflunar eða ráðstöfunar verðbréfa.

c. C-liður (32. gr.) orðist svo:

Fruminnherjar skulu ganga úr skugga um það áður en þeir eiga viðskipti með verðbréf félags, sem þeir eru fruminnherjar í, að ekki liggi fyrir trúnaðarupplýsingar innan félagsins.

d. Í stað orðanna „hver beri ábyrgð innan félagsins á“ í síðari málslið 1. mgr. h-liðar (37. gr.) komi: hver hafi eftirlit með því innan félagsins.

e. 2. mgr. h-liðar (37. gr.) orðist svo:

Stjórn viðkomandi félags skal setja sér reglur skv. 1. mgr. og senda þær Fjármálaeftirlitinu og kauphöll eða skipulegum tilboðsmarkaði þar sem verðbréf félagsins eru skráð eða óskað hefur verið skráningar þeirra. Reglurnar skulu staðfestar af Fjármálaeftirlitinu.

583. Frumvarp til laga [368. mál]

um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, og lögum nr. 2/1995, um hlutafélög.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Breyting á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist nýr töluliður, 7. tölul., svohljóðandi:

7. *Safnskráning:* Þjónusta verðbréfafyrirtækis sem felur í sér að fyrirtækinu er heimilt að halda utan um eignir viðskiptamanna sinna á eigin reikningi (safnreikningi) og taka við greiðslum fyrir hönd viðskiptamanna sinna frá einstökum útgefendum verðbréfa.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skal halda fjármunum og verðbréfum viðskiptamanna tryggilega aðgreindum frá eignum fyrirtækisins. Skulu fjármunir viðskiptamanns varðveittir á sérstökum nafnskráðum reikningi.

b. Við bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Verðbréfafyrirtæki er heimilt að varðveita verðbréf í eigu viðskiptamanna sinna á safnreikningi (safnskráning), enda hafi fyrirtækið gert viðskiptamanni grein fyrir réttaráhrifum þess og hann veitt samþykki sitt. Verðbréfafyrirtæki ber að halda skrá yfir eignarhlut hvers viðskiptamanns fyrir sig.

Komi til þess að bú verðbréfafyrirtækis sé tekið til gjaldþrotaskipta eða farið sé fram á greiðslustöðvun, slit fyrirtækisins eða sambærilegar ráðstafanir getur viðskiptamaður á grundvelli skrárinnar skv. 5. mgr. tekið verðbréf sín út af safnreikningi, enda sé ekki ágreiningur um eignarhald viðskiptamannsins.

Ráðherra getur sett reglugerð um safnskráningu, m.a. um sviptingu heimildar til að skrá verðbréf á safnreikning skv. 5. mgr. og auðkenningu safnreiknings, þar á meðal upplýsingar um fjölda eigenda á safnreikningi.

Breyting á lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997.

3. gr.

1. mgr. 24. gr. laganna orðast svo:

Á reikning í verðbréfamiðstöð skal eignarskrá rafbréf reikningseiganda. Á hvern reikning skal skrá reikningsstofnun eða reikningsstofnanir sem hafa heimild til eignarskráningar á reikninginn. Reikningsstofnun er heimilt að annast safnskráningu á reikning í samræmi við lög um verðbréfaviðskipti. Ef reikningur er safnreikningur skal hann auðkenndur sem slíkur. Verðbréfamiðstöð skal gefa út reikningsyfirlit um þau réttindi sem þar eru skráð.

Breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995.

4. gr.

2. mgr. 30. gr. laganna orðast svo:

Í hlutaskrá skulu hlutir eða hlutabréf skráð í númeraröð og skal fyrir sérhvern hlut eða hlutabréf tekið fram um nafn eiganda, kennitölu og heimilisfang eða þeirra sem heimild hafa til safnskráningar, ef við á, samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti.

Gildistaka.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við meðferð 233. máls á 126. löggjafarþingi, frumvarps til laga um breytingar á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum, var athygli efnahags- og viðskiptanefndar vakin á því að einnig væri æskilegt að lögfest væru ákvæði um safnskráningu verðbréfa. Í framhaldi af þeirri umræðu sem átti sér stað um málið ákvað nefndin að flytja sjálfstætt frumvarp þess efnis að unnt væri að safnskrá verðbréf með ákveðnum skilyrðum.

Frá því að fyrstu lög um verðbréfaviðskipti, lög um verðbréfamiðlun, nr. 27/1986, voru sett, hefur verið kveðið á um það að fjármunir viðskiptamanns séu varðveittir á sérstökum nafnskráðum reikningi og verðbréf í hans eigu varðveitt með tryggilegum hætti.

Í frumvarpinu er lagt til að verðbréfafyrirtækjum verði heimilað að halda utan um eignir viðskiptamanna sinna á eigin reikningi (safnreikningi) og taka við greiðslum fyrir hönd viðskiptamanna sinna frá einstökum útgefendum verðbréfa. Hér er um að ræða atriði sem á ensku hefur verið kallað *nominee registration* eða *omnibus registration*.

Í nágrannalöndunum er verðbréfafyrirtækjum almennt heimilt að varðveita verðbréf viðskiptamanna sinna á safnreikningi, enda fylgir því mikið hagræði. Á það sérstaklega við þegar fjárfest er yfir landamæri. Heimildin hefur einnig mikla þýðingu fyrir það að unnt sé að skrá erlend verðbréf á skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi. En þá er nauðsynlegt að fjármálafyrirtæki hér á landi geti tekið að sér að halda utan um eignarhald verðbréfa hérlendra fjárfesta og samskiptin við hlutaskrá útgefanda verðbréfanna.

Í frumvarpinu er lögð rík áhersla á að eignarhlutur viðskiptamanna verði ekki skráður á safnreikning nema að fengnu samþykki viðskiptamanns. Mikilvægt er að viðskiptamönnum sé gerð grein fyrir því að í safnskráningunni felst ákveðin hætta á að réttindi viðskiptamanns tapist, t.d. í tengslum við gjaldþrot fyrirtækis í verðbréfaþjónustu. Hættan er sú að verðbréf

viðskiptamanna verði ósundurgreinanleg frá verðbréfum fyrirtækis í verðbréfaþjónustu.

Frumvarpinu er ekki ætlað að leiða til þess að upplýsingar um eigendur verðbréfa verði óaðgengilegar, enda er sú skylda lögð á fyrirtæki í verðbréfaþjónustu að halda skrá yfir eignarhlut hvers viðskiptamanns fyrir sig.

Í 31. gr. hlutafélagalaga, nr. 2/1995, segir að sá er eignast hefur hlut geti ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutunum. Þetta á þó ekki við um rétt til arðs eða annarrar greiðslu og rétt til nýrra hluta við hækkun hlutafjár. Samkvæmt ákvæðinu nýtur hluthafi því ekki atkvæðisréttar á hluthafafundum nema nafn hans sé skráð í hlutaskrá. Hið sama gildir um verðbréfafyrirtæki sem skráð er fyrir safnreikningnum þar sem hluthafi hefur ekki þau réttindi að geta veitt einhverjum umboð til að fara með atkvæðisréttinn. Safnreikningum fylgir því ekki atkvæðisréttur á hluthafafundum. Ætla má að þeir hluthafar sem fyrst og fremst munu óska eftir því að vera skráðir með þessum hætti séu smáir hluthafar sem hafa hvorki áhuga né möguleika á því að hafa áhrif á ákvarðanir hlutafélagsins. Þessir aðilar greiða fyrst og fremst atkvæði „með fótunum“, en með því er átt við að þeir selji bréfin sín ef stjórnendur félagsins standa sig ekki að þeirra mati. Þeir hafa hins vegar hvorki forsendur né aðstöðu til að hafa áhrif á stjórnun félagsins með öðrum hætti.

Safnskráning gefur skýrt til kynna um hvers konar hóp fjárfesta er að ræða og er því að mörgu leyti meira lýsandi er þegar verið er að nafnskrá hvern einasta fjárfesti. Þessi skráning felur í sér verulega einföldun, auðveldar afstemmingar og kemur í veg fyrir tvíverknað við skráningu. Hluthöfum í félögum hefur farið mjög fjölgandi auk þess sem eignarhald á hlutum er styttra en áður og því erfitt að halda utan um hlutaskrár.

Safnskráning breytir í engu gildi flöggunarreglna laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998. Eignarhlutur viðskiptamanns á safnreikningi skal talinn með þegar meta þarf hvort viðkomandi sé flöggunarskyldur. Í raun koma flöggunarreglurnar í veg fyrir að unnt sé að nýta sér safnskráningu til þess að ná fram ráðandi stöðu. Samkvæmt flöggunarreglum þarf að tilkynna opinberlega þegar náð er, farið yfir eða niður fyrir ákveðin mörk og eru fyrstu flöggunarmörkin miðuð við 5%. Þegar haft er í huga að hér á landi er tiltölulega lítil dreifing á hlutafé í félögum skiptir 5% eignarhlutur yfirleitt litlu máli í þeim skilningi að með honum náist fram ráðandi staða í félaginu.

584. Nefndarálit [283. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur, Tómas N. Möller, Kjartan J. Bendtsen og Telmu Halldórsdóttur frá fjármálaráðuneyti. Þá bárust gögn frá fjármálaráðuneyti og umsagnir um málið frá Eimskip innanlands hf., Almenningsvögnum bs., Samtökum iðnaðarins, Samtökum ferðaþjónustunnar og Bændasamtökum Íslands.

Frumvarpinu er ætlað að lækka kílómetragjald þungaskatts um 10%. Þetta er gert til að koma til móts við eigendur bifreiða sem greiða gjald samkvæmt mæli, en að undanförnu hefur veruleg hækkun orðið á útsöluverði dísilolíu. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir framlengingu á undanþágu frá greiðslu þungaskatts vegna bifreiða sem nota í tilraunaskyni aðra orku-

gjafa en bensín, dísilolíu eða annað eldsneyti unnið úr olíu um tvö ár til viðbótar. Nefndin leggur til þá breytingu á frumvarpinu að í bráðabirgðaákvæði verði greint hvernig bregðast skuli við þegar ekki er komið með ökutæki til álestrar á réttum tíma.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Ný gjaldskrá B-liðar 4. gr. laganna tekur gildi 11. febrúar 2001. Nýja gjaldið fyrir hvern ekinn kílómetra tekur gildi strax að loknu fyrsta álestrartímabili sem er frá 20. janúar til 10. febrúar 2001, sbr. 2. mgr. B-liðar 7. gr. laganna. Sé ekki komið með ökutæki til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Þá skal hið nýja gjald innheimt eftir meðaltalsakstri eftir lok fyrrgreinds álestrartímabils.

Gunnar Birgisson var fjarverandi við afgreiðslu málsins en er samþykkur álitinu.

Margrét Frímannsdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir skrifa undir álitið með fyrirvara og munu flytja breytingartillögu við málið þess efnis að þungaskattur verði felldur niður af almenningsvögnum.

Alþingi, 15. des. 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Einar K. Guðfinnsson.
Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Kristinn H. Gunnarsson.	Ögmundur Jónasson.
Sigríður A. Þórðardóttir.		Hjálmar Árnason.

585. Frumvarp til laga [369. mál]

um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Fegrunar- og snyrtiefni eru efni eða efnablöndur sem ætlaðar eru til notkunar á mannslíkamann, svo sem hörund, hár, neglur, varir, tennur eða slímhúð í munni. Fegrunar- og snyrtiefnum er einkum ætlað að hreinsa, breyta útliti, veita ilm, bæta líkamsþef eða vernda og halda líkamshlutum í góðu ástandi.

b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Markmið þessara laga er að eiturefni, hættuleg efni og fegrunar- og snyrtiefni séu notuð með gát og varúð þannig að hvorki hljótist af tjón á mönnum eða dýrum né matvæli eða umhverfi mengist af efnunum.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein, 17. gr. A, sem orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um framleiðslu, innflutning, dreifingu, sölu, notkun, innihald, eftirlit og merkingu fegrunar- og snyrtiefna, hvort sem efnin flokkast sem eiturefni eða hættuleg efni eða ekki.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Yfirstjórn mála er varða eiturefni, hættuleg efni og fegrunar- og snyrtiefni er í höndum umhverfisráðherra.

b. Á eftir 5. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að taka gjald fyrir vinnu við og útgáfu starfsleyfa til handa þeim sem starfa við garðaúðun í atvinnuskyni, starfsleyfa til handa meindýraeyðum og leyfisskírteina fyrir notendur varnarefna og eiturefna, viðurkenningu sótthreinsiefna og áritun innflutningsskjala.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að taka gjald fyrir vinnu stofnunarinnar við skráningu, breytingu á skráningu, undanþágu frá skráningu, samhliðaskráningu og endurnýjun á skráningu varnarefna. Í skráningu varnarefna felst m.a. úttekt sérfræðinga á þörf fyrir notkun viðkomandi efna og á áhættu við notkun þeirra.

Þá er Hollustuvernd ríkisins heimilt að krefja umsækjanda, sbr. 6. og 7. mgr., um endurgreiðslu alls kostnaðar sem fellur til vegna sérstakra rannsókna eða úttekta utanaðkomandi sérfræðinga, enda hafi verið haft samráð við umsækjanda um fyrirhugaðar rannsóknir eða úttektir og umsækjanda gefinn kostur á að draga umsókn sína til baka áður en til slíks kostnaðar er stofnað.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, sett gjaldskrá vegna þeirrar starfsemi sem talin er upp í 6., 7. og 8. mgr. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 13. júní 2000, skipaði umhverfisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, nefnd til að endurskoða lög nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

Nefndinni er sérstaklega ætlað að huga að löggjöf Evrópusambandsins og lagaþróun í Evrópu á sviði eiturefna og hættulegra efna og efna almennt, svo sem í tengslum við snyrtivörur, og að fenginni reynslu af framkvæmd gildandi laga. Í nefndinni eiga sæti:

Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneyti, formaður, Kristín Linda Árnadóttir, deildarsérfræðingur í umhverfisráðuneyti, dr. Þorkell Jóhannesson læknir, fyrrverandi prófessor, Sigurbjörg Gísladóttir, forstöðumaður eiturefna- og hollustuverndarsviðs Hollustuverndar ríkisins, Víðir Kristjánsson, deildarstjóri hjá Vinnueftirliti ríkisins, Gunnlaug Einarsdóttir, efnafræðingur hjá Hollustuvernd ríkisins, Helga Hreinsdóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Austurlands, og Sigurbjörg Sæmundsdóttir, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, sem er ritari nefndarinnar.

Nefndinni er ætlað að skila tillögum í formi frumvarps til laga um eiturefni og hættuleg efni til ráðherra vorið 2001.

Þegar nefndin tók til starfa kom fljótlega í ljós að nauðsynlegt væri að lagfæra sem fyrst nokkur atriði í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, og ekki væri hægt að bíða með þær lagfæringar þar til heildarendurskoðun yrði lokið með samþykkt nýrra laga sem vænta mætti árið 2002. Þau atriði sem hér um ræðir varða gjaldtökuheimildir, hvar fegrunar- og snyrtiefnum skal komið fyrir í löggjöf og um yfirstjórn málaflokksins. Ýmist er um að ræða nauðsynlegar breytingar vegna þess að ekki er tekið á málum í lögum eða til að eyða réttaróvissu. Nefndin hefur því lagt til að sem fyrst verði gerðar breytingar á lögunum í þessu skyni og er frumvarp þetta fram komið í tilefni þess.

Þær breytingar sem fram koma í frumvarpi þessu felast fyrst og fremst í eftirfarandi:

Lagt er til að sett verði í lögin skýr og ótvíræð ákvæði um að fegrunar- og snyrtiefni falli undir lögin. Nauðsynlegt er að taka á snyrtivörum í þessari löggjöf til að tryggja að á markaði séu ekki vörur sem innihalda eiturefni og hættuleg efni. Þannig á að vera tryggt að við eðlilega notkun séu fegrunar- og snyrtiefni ekki skaðleg heilsu manna.

Gerð er tillaga um að Hollustuvernd ríkisins geti tekið gjald fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast samkvæmt lögum um eiturefni og hættuleg efni. Þetta er í samræmi við önnur lög sem stofnunin starfar eftir og einnig er það eðlilegt í alla staði að þjónusta við fyrirtæki og einstaklinga sé greidd af þeim sem þjónustunnar njóta.

Loks er gerð tillaga sem telst hrein leiðrétting, þess efnis að umhverfisráðherra fari með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum en málaflokkurinn færðist í reynd milli ráðuneyta 1. júní 1994 án þess þó að þessum lögum væri breytt í því skyni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru fegrunar- og snyrtiefni skilgreind sem efni eða efnablöndur sem ætlaðar eru til notkunar á mannslíkamann, svo sem hörund, hár, neglur, varir, tennur eða slímhúð í munni. Dæmi um aðra hluta líkamans sem fegrunar- og snyrtiefni eru ætluð til notkunar á eru ytri kynfæri. Hér er því ekki um tæmandi talningu að ræða. Fegrunar- og snyrtiefnum er einkum ætlað að hreinsa, breyta útliti, veita ilm, bæta líkamsþef eða vernda og halda líkamshlutum í góðu ástandi. Skilgreining er að mestu sú sama og í reglugerð nr. 776/1998, um snyrtivörur, og er tekið mið af skilgreiningu í tilskipun 76/768/EBE, um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur, ásamt síðari breytingum.

Lagt er til í b-lið að við 1. gr. bætist ný málsgrein sem kveður á um það markmið laganna að nota beri efni og vörur sem lögin fjalla um með gát og varúð þannig að hvorki hljótist af tjón á mönnum eða dýrum né matvæli eða umhverfi mengist af efnunum. Sama ákvæði er í gildandi lögum en fegrunar- og snyrtiefnum hefur verið bætt inn, sbr. a-lið.

Um 2. gr.

Lagt er til að við bætist ný grein sem kveður á um heimild ráðherra til þess að setja í reglugerð ákvæði um framleiðslu, innflutning, dreifingu, sölu, notkun, innihald og merkingu fegrunar- og snyrtiefna, hvort sem efnin flokkast sem eiturefni eða hættuleg efni eða ekki. Nokkur óvissa hefur ríkt um það hvort snyrtiefni féllu undir lögin og er hér með gerð tillaga um að úr því verði bætt. Hér er því ekki um nýtt eftirlit að ræða. Óeðlilegt, ef ekki ógerlegt, er að skilja á milli þessara efna eftir því hvort um er að ræða fegrunar- og snyrtiefni sem innihalda eiturefni og hættuleg efni eða ekki og jafnvel skipta eftirlitinu þá milli tveggja aðila. Best er að hafa þetta á einni hendi.

Um 3. gr.

Málefni eiturefna og hættulegra efna fluttust til umhverfisráðuneytisins 1. júní 1994 án þess að gerð væri viðeigandi breyting í þessari löggjöf. Því er lagt til í a-lið að kveðið verði á um að yfirstjórn mála, er varða eiturefni, hættuleg efni og fegrunar- og snyrtiefni, verði í höndum umhverfisráðherra.

Í b-lið er lagt til að á eftir 5. mgr. komi fjórar nýjar málsgreinar þar sem Hollustuvernd ríkisins er veitt heimild til gjaldtöku vegna þeirra verkefna sem talin eru þar upp.

Lagt er til að í nýrri 6. mgr. verði Hollustuvernd ríkisins veitt heimild til að taka gjald fyrir vinnu við og útgáfu starfsleyfa til handa þeim sem starfa við garðaúðun í atvinnuskyni, en það eru leyfi til handa þeim sem stunda úðun garða í einkaeign og almenningseign með efnum í hættuflokki X, A, B og C, svo og starfsleyfa meindýraeyða, en það eru leyfi til að fá að kalla sig meindýraeyði og leyfi til að eyða rottum, músum og skordýrum annars staðar en í tengslum við garðyrkju og landbúnað. Vinna Hollustuverndar ríkisins við slík leyfi felst m.a. í upplýsingagjöf, útsendingu til umsagnaraðila, mati stofnunarinnar á hæfi og þörf umsækjanda til notkunar varnarefna og til að starfa við garðaúðun eða eyðingu meindýra.

Gjald fyrir leyfisskírteini vegna notkunar varnarefna og eiturefna er innheimt hjá sýslumönnum eða lögreglustjórum í samræmi við lög um aukatekjur ríkissjóðs. Fagleg vinna við slíkar umsóknir er hins vegar alfarið í höndum Hollustuverndar og hafa engar greiðslur komið til stofnunarinnar vegna þessarar vinnu. Ákveðið hefur verið að umsóknir um leyfisskírteini vegna notkunar varnarefna og eiturefna verði framvegis afgreiddar hjá Hollustuvernd ríkisins og er því lagt til að stofnuninni verði heimilt að taka gjald fyrir kostnaði af vinnu við útgáfu slíkra skírteina. Vinna Hollustuverndar ríkisins við slík leyfi felst m.a. í upplýsingagjöf, öflun umsagna og mati stofnunarinnar á hæfi og þörf umsækjanda til notkunar varnarefna á grunni framkominna gagna. Einnig er lagt til að heimilt verði að taka gjald fyrir viðurkenningu sótthreinsiefna en vinna Hollustuverndar ríkisins vegna þessa felst í að skoða gögn sem fylgja hverri umsókn og meta hvort varan geti haft óæskileg áhrif á umhverfið eða fyrir þá sem þurfa að nota vöruna við vinnu sína og hvort merkingar vöru eru fullnægjandi. Samhliða frumvarpi þessu þarf að leggja fram frumvarp til að fella úr gildi 2. og 3. tölul. 12. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991.

Nokkur vinna fylgir áritun innflutningsheimilda fyrir Hollustuvernd ríkisins. Kanna þarf hvort um er að ræða sérstakar takmarkanir á innflutningi efnisins og sé um ný efni að ræða þá þarf að kalla eftir upplýsingum um efnainnihald. Jafnframt er innflutningur skráður í gagnabanka stofnunarinnar.

Í tillögu að nýrri 7. mgr. er m.a. fjallað um skráningu varnarefna, þ.e. eiturefna og hættulegra efna til notkunar í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, sbr. illgresiseyða og plöntulyf. Vinna við skráningu felur m.a. í sér úttekt sérfræðinga á þörf fyrir notkun viðkomandi efna og á áhættu við notkun þeirra. Skoðuð eru m.a. hugsanleg áhrif á heilsu manna og dýra, skaðleg áhrif á umhverfið og hugsanleg uppsöfnun efna í afurðum. Jafnframt er metið öryggi umbúða og að vara sé tryggilega merkt þannig að gætt sé öryggis notenda, umhverfis og neytenda afurða. Sækja ber um skráningu varnarefna til umhverfisráðuneytisins en Hollustuvernd ríkisins fer með faglega umfjöllun um málið og afgreiðir það til lokaafgreiðslu umhverfisráðherra. Skráning varnarefna tekur ætíð nokkra mánuði og oft mun lengri tíma. Ekki er um samfellda vinnu að ræða heldur ganga málin fram og til baka milli Hollustuverndar og umsækjanda þar til þau verða endanlega afgreidd til umhverfisráðuneytisins. Aðkeyptur sérfræðingur kemur að afgreiðslu flestallra mála en lögð er til heimild fyrir gjaldtöku fyrir slíka vinnu í tillögu að nýrri 8. mgr. Vinna við samhliðaskráningu og undanþágu frá skráningu er sambærileg vinnu við nýskráningu að því undanskildu að umfang

nýrra gagna er að jafnaði minna og undanþáguumsóknir, sem oftast eru til komnar vegna sérstakra vandamála, eru unnar á mun skemmri tíma.

Lagt er til í nýrri 8. gr. að Hollustuvernd ríkisins sé heimilt að krefja umsækjanda, sbr. 6. og 7. mgr., um endurgreiðslu alls kostnaðar sem fellur til vegna sérstakra rannsókna eða úttekta utanaðkomandi sérfræðinga, enda hafi verið haft samráð við umsækjanda sé krafist sérstakra rannsókna eða úttekta og umsækjanda gefinn kostur á að draga umsókn sína til baka áður en til slíks kostnaðar er stofnað. Eðlilegt er að kostnaður vegna rannsókna eða úttekta sérfræðinga verði greiddur af þeim sem sækir um leyfi eða skráningu. Hér er þó um að ræða heimildarákvæði sem leyfir stofnuninni að krefja umsækjanda um endurgreiðslu kostnaðar. Við sérstakar aðstæður er hugsanlegt að stjórnvöld kjósi að nýta ekki þessa heimild. Í nýrri 9. mgr. er kveðið á um að ráðherra geti sett gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni sem Hollustuvernd ríkisins er falið að annast samkvæmt 6., 7. og 8. mgr. Nauðsynlegt þykir að stofnunin geti tekið gjald fyrir þau þjónustuverkefni sem hún innir af hendi. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Er þetta í samræmi við ákvæði laga sem stofnunin starfar eftir, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 93/1995, um matvæli, sem nýlega var lagt fram á Alþingi.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að skilgreina yfirstjórn málaflokksins og treysta gjaldtökuheimildir.

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er Hollustuvernd ríkisins heimilt að innheimta kostnað vegna þjónustu og leyfisveitinga um meðferð eiturefna og hættulegra efna.

Ef frumvarpið verður óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að Hollustuvernd ríkisins innheimti um 0,5 m.kr. auknar tekjur án þess að útgjöld stofnunarinnar aukist.

586. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Þegar frumvarp um verðbréfaviðskipti var til umfjöllunar á síðasta þingi var ekki tekið á ýmsum mikilvægum málum um verðbréfaviðskipti sem snerta innherjaviðskipti, meðferð

trúnaðarupplýsinga, viðskipti með óskráð verðbréf, framkvæmd útboða og viðskipti verðbréfafyrirtækja fyrir eigin reikning. Minni hlutinn gagnrýndi mjög þessa málsmeðferð og flutti breytingartillögu sem tók á þessum málum en ýmis mál hafa komið upp á undanförnum missirum sem lúta að óeðlilegri meðferð trúnaðarupplýsinga og gagnrýnisverðum innherjaviðskiptum.

Ákvæði frumvarpsins nú þegar það kemur aftur fyrir Alþingi eru vissulega mörg til bóta og mun minni hlutinn styðja þau. Um margt ber þó frumvarpið þess merki að hagsmunaaðilar hafi tekið þátt í samningu þess, enda eru lausatök á ýmsum mikilvægum ákvæðum sem snúa að meðferð trúnaðarupplýsinga, innherjaviðskiptum og framkvæmd útboða. Jafnframt má benda á að ákvæði frumvarpsins eru ekki nægjanlega markviss og skýr til að komið verði í veg fyrir að óskráðum verðbréfum sé dreift til almennings og hefði verið rétt að styrkja ákvæði frumvarpsins frekar í því skyni.

Minni hlutinn gagnrýnir einnig vinnubrögð viðskiptaráðherra í þessu máli, en tvær nefndir á vegum ráðherra fjölluðu um málið, annars vegar nefnd um útboð verðbréfa og hins vegar nefnd um innherjaviðskipti. Í báðum þessum nefndum áttu sæti fulltrúar hagsmunaaðila, eins og Kauphings og Íslandsbanka-FBA, og er ástæða til að gagnrýna að skipaðir hafi verið til verka þeir sem verulegra hagsmuna hafa að gæta í málinu og þeir látnir ganga frá leikreglum sem þeir eiga sjálfir að vinna eftir á verðbréfamarkaðinum. Jafnframt má draga í efa réttmæti þess að eftirlitsaðilar, eins og Verðbréfaþing og Fjármálaeftirlitið, semji frumvarp í samráði við hagsmunaaðila og þurfi þar með að leggja blessun sína yfir málamiðlunarniðurstöðu. Þetta veikir stöðu opinberra eftirlitsaðila í því að sinna ráðgefandi hlutverki sínu gagnvart löggjafanum. Eðlilegra hefði verið að þeir væru umsagnaraðilar um málið en ekki beinir samningsaðilar við hagsmunaðila um niðurstöðuna sem varð um ákvæði frumvarpsins.

Afar mikilvægt er að vel sé gengið frá öllum efnisreglum sem lúta að útboði og trúnaðarupplýsingum og að girt sé fyrir alla möguleika á innherjasvikum. Ýmis ákvæði frumvarpsins eru til þess fallin að styrkja eðlilegar leikreglur á fjármálamarkaðinum. Of losaralega er þó frá ýmsum þáttum gengið og framkvæmdin í of miklum mæli látin í hendur verðbréfafyrirtækjunum með matskenndum ákvæðum um mikilvæga þætti verðbréfamarkaðarins.

Þar má t.d. nefna 6. gr. frumvarpsins, en þar eru verðbréfafyrirtækin sjálf látin meta hvaða einstaklingar geti átt viðskipti með verðbréf sem ekki falla undir almennt útboð. Ákvæðið lýtur að því að fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eigi að leggja mat á faglega þekkingu, fjárhag og reynslu viðskiptavina og meta á þeim grundvelli hvort viðskiptavinir, aðrir en fagfjárfestar, búi yfir nægjanlegri þekkingu, reynslu eða fjárhagslegum styrk til að eiga viðskipti með verðbréf sem ekki falla undir reglur um almennt útboð. Fjármálafyrirtækið á með öðrum orðum að leggja mat á hvað telst nægjanleg reynsla, nægjanlegur fjárhagslegur styrkur og fagleg þekking. Út frá réttarfarssjónarmiði er ótækt að hafa ákvæðið svo matskennt, enda getur verðbréfafyrirtæki þurft að sæta ábyrgð ef viðskiptavinur telur sig hafa orðið fyrir tjóni vegna verðbréfakaupa samkvæmt þessu ákvæði frumvarpsins. Ákvæðið er því allt of óljóst og háð mati og virðist bjóða upp á að verðbréfafyrirtækin sjálf meti hvort þau hafi óskráð bréf til sölu án útboðs til almennings og jafnframt opnað fyrir að verðbréfafyrirtækin geti dreift til almennings óskráðum bréfum sem eru ótraust og veruleg áhættufjárfesting án þess að kaupandi bréfanna geri sér næga grein fyrir áhættunni.

Ljóst er að umfang óskráðra verðbréfa er mjög mikið og lítið minna að magni en skráðra verðbréfa. Ríkisskattstjóri hefur áætlað að nafnverð hlutafjár í óskráðum félögum samkvæmt hlutafjármiðum sé 45 milljarðar kr., en 25 milljarðar kr. þar af eru í eigu einstaklinga. Ákvæði frumvarpsins munu vafalaust stuðla að því að efla hlut óskráðra bréfa á verðbréfamarkaðinum og sú spurning hlýtur að vakna hvort eðlilegt sé að engar leikreglur gildi um svo

stóran hluta hlutafjármarkaðarins sem í miklum mæli er veruleg áhættufjárfesting. Einnig er ljóst að ákvæði frumvarpsins tryggja hvergi fullnægjandi upplýsingagjöf til almennings við sölu óskráðra verðbréfa.

Minni hlutinn bendir einnig á að nauðsynlegt er að skilgreina fjárfestingarstefnu hlutabréfasjóða í lögum, en þeir virðast geta fjárfest í hverju sem er. Löggjafinn hefur þegar sett ákveðnar reglur um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og verðbréfasjóða en ekki er síður nauðsynlegt að setja reglur um fjárfestingarstefnu hlutabréfasjóða, ekki síst í ljósi ákvæða þessa frumvarps þar sem fyrirtækin eru sjálf látin meta hvort þau bjóða almenningi bréf án útboðs. Það væri mikið öryggisatriði ef sett yrði löggjöf um fjárfestingarstefnu hlutabréfasjóðanna.

Minni hlutinn telur að til verulegra bóta væri ef komið yrði á skipulegum tilboðsmarkaði sem mundi auðvelda minni fyrirtækjum að skrá verðbréf sín og gera þann kost fýsilegri en nú er. Fjármálaeftirlitið er á sömu skoðun og minni hlutinn um að skipulegur tilboðsmarkaður mundi draga úr viðskiptum með óskráð verðbréf, en minni hlutinn óskaði eftir skriflegum upplýsingum frá því um ýmis atriði sem lúta að ákvæðum þessa frumvarps, t.d. um óskráð verðbréf. Fyrirspurn minni hlutans til Fjármálaeftirlitsins er birt sem fylgiskjal I með nefndaráliti þessu og svar Fjármálaeftirlitsins sem fylgiskjal II.

Í frumvarpinu er ekkert sem takmarkar að verðbréfafyrirtækin sjálf versli með hlutabréf fyrir eigin reikning. Í því er vissulega fólgin sú hætta að þau haldi uppi of háu gengi á bréfunum og hafi óeðlileg áhrif á það. Full ástæða er til að draga í efa að Kínamúrarnir svokölluðu dugi til að aðskilja á eðlilegan hátt viðskipti innan fyrirtækjanna eða starfssvið og að nægjanlega vel sé frá málum gengið þegar verðbréfafyrirtækjunum er treyst fyrir ávöxtun á eignasöfnum viðskiptavinanna á sama tíma og þau stunda sjálf viðskipti fyrir eigin reikning. Þar er veruleg hætta á hagsmunaárekstrum. Má segja að Fjármálaeftirlitið taki í sama streng, en í skriflegu svari þess við fyrirspurnum minni hlutans kemur fram að upplýsingar eða áætlanir um heildarumfang viðskipta fyrirtækja í verðbréfaþjónustu fyrir eigin reikning liggja ekki fyrir. Síðan segir að á jafnsmáum eða grunnum markaði eins og um er að ræða hér á landi kunni að skapast hætta á að umfangsmikil viðskipti fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og annarra sem heimild hafa til verðbréfaviðskipta hafi áhrif á gengi verðbréfanna. Bendir Fjármálaeftirlitið á að auk Kínamúra séu í nágrannalöndunum reglur um eigin viðskipti verðbréfafyrirtækja og viðskipti starfsmanna þeirra.

Afar sérkennilegt ákvæði er um innherjaviðskipti í 7. gr. frumvarpsins. Í stað þess að banna fruminnherjum að eiga viðskipti með verðbréf þegar ætla má að fyrir liggi trúnaðarupplýsingar hjá útgefanda, svo sem skömmu fyrir birtingu ársreiknings eða milliuppgjörs eða skömmu fyrir tilkynningu um mikilvægar ákvarðanir eða atvik sem varða útgefanda verðbréfanna, er lagt til að fruminnherjar „skuli forðast“ að eiga slík viðskipti. Þetta ákvæði endurspeglar einmitt helsta gagnrýnisatriði minni hlutans um hve losaralega og huglægt er tekið á ýmsum mikilvægum þáttum verðbréfaviðskipta í frumvarpinu. Enn og aftur vaknar spurning um réttarstöðu aðila ef þessi ákvæði um meðferð trúnaðarupplýsinga eru brotin og hvaða lögformlega þýðingu svona óljós og matskennd ákvæði hafa. Meiri hlutinn hefur aðeins bætt hér úr með breytingartillögu, en áfram er ákvæðið þó afar óljóst.

Minni hlutinn bendir einnig á að fram kom hjá fulltrúum verðbréfafyrirtækja sem mættu á fund efnahags- og viðskiptanefndar og hafa átt þátt í að semja frumvarpið að þeir hafa margt að athuga við leiðbeiningar Fjármálaeftirlitsins um efni reglna fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti sem sendar voru til umsagnar eftirlitsskyldra aðila á fjármálamarkaði í júlí sl.

Ljóst er að reglurnar ganga í veigamiklum atriðum mun lengra en frumvarpið sem staðfestir gagnrýni minni hlutans á vinnubrögð við meðferð málsins. Þegar borin eru saman

ákvæði frumvarpsins sem lúta að innherjaviðskiptum, útboði og meðferð trúnaðarupplýsinga er ekki hægt að draga aðra ályktun en að ákvæði frumvarpsins gangi mun skemmra en leiðbeiningarreglur Fjármálaeftirlitsins, en þar má m.a. finna eftirfarandi atriði:

— að viðskipti starfsmanna með óskráð verðbréf séu óheimil,
— að hægt sé að gera kröfu um lágmarkseignarhaldstíma starfsmanna verðbréfafyrirtækja,
— að tryggt sé að viðskiptamaður sé upplýstur um eigendahagsmuni fjármálafyrirtækisins þegar ráðlagt er um viðskipti með verðbréf,
— að starfsmönnum sé óheimilt að taka þátt í útboðum á verðbréfum sem fjármálafyrirtæki sem hann vinnur hjá gefur út eða útboðum sem fjármálafyrirtækið annast fyrir aðra útgefendur nema því aðeins að í útboðum sé óskað eftir tilboðum um hlut á föstu gengi,
— að starfsmönnum sem eru faglegir ráðgjafar eða trúnaðarmenn útgefenda verðbréfa sé óheimilt að eiga viðskipti með verðbréf viðkomandi útgefenda frá því að störf hefjast og næstu þrjá mánuði eftir að störfum þeirra fyrir viðkomandi lýkur,
— að starfsmönnum sé óheimilt að taka þátt í fjárfestingarhópum sem hafa þann tilgang að þátttakendur standi sameiginlega að kaupum á verðbréfum.

Hér hefur aðeins verið tæpt á örfáum atriðum í leiðbeiningarreglunum en Fjármálaeftirlitið telur sig geta knúið á um að þessar reglur séu settar, m.a. með beitingu dagsekta, því að fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sé skylt að setja sér reglur um innherjaviðskipti og reglur sem komi í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi fyrirtækja sem Fjármálaeftirlitið þarf að staðfesta.

Minni hlutinn styður þau ákvæði frumvarpsins sem horfa til bóta, styrkja verðbréfamarkaðinn og auka trúverðugleika hans. Með hliðsjón af ýmsum gagnrýnisatriðum sem hér hafa komið fram og meiri hlutinn hefur ekki tekið tillit til við meðferð málsins vísar minni hlutinn ábyrgðinni á málinu á hendur stjórnarmeirihlutanum.

Alþingi, 15. des. 2000.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm. Margrét Frímannsdóttir. Ögmundur Jónasson.

Fylgiskjal I.

Fyrirspurn minni hlutans til Fjármálaeftirlitsins.

Óskað er eftir að Fjármálaeftirlitið svari skriflega neðangreindum spurningum vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti sem nú liggur fyrir efnahags- og viðskiptanefnd, en nefndinni var kynnt á síðasta fundi hennar að þessa yrði farið á leit við Fjármálaeftirlitið. Þess er óskað að svörin liggi fyrir skriflega sem allra fyrst og eigi síðar en fyrir 2. umræðu málsins á Alþingi.

1. Hvernig er háttað viðskiptum verðbréfafyrirtækja fyrir eigin reikning annars staðar á Norðurlöndunum og er ekki hætta á hagsmunaárekstrum þegar verðbréfafyrirtækjum sem eru í miklum viðskiptum fyrir eigin reikning er um leið trúað fyrir ávöxtun á eignasöfnum viðskiptavina? Er annars staðar á Norðurlöndunum eða eftir atvikum í einhverjum löndum OECD settar einhverjar aðrar skorður við slíkum viðskiptum en svokallaðir „Kínamúrar“?

2. Hvert er áætlað heildarumfang viðskipta fyrir eigin reikning og má áætla að þessi viðskipti verðbréfafyrirtækjanna hafi óeðlileg áhrif á gengi hlutabréfa og hvernig er eftirliti Fjármálaeftirlitsins háttað með þessum viðskiptum?
3. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóraembættisins er nafnverð hlutafjár í óskráðum félögum samkvæmt hlutafjármiðum að nafnverði 45 milljarðar kr., en 25 milljarðar kr. þar af eru í eigu einstaklinga. Er það eðlilegt að mati Fjármálaeftirlitsins að svo stór hluti hlutafjármarkaðarins „leiki lausum hala“ og engin laga- eða reglugerðarákvæði gildi sérstaklega um hann?
4. Eru ákvæði um skaðabótaskyldu verðbréfafyrirtækja vegna óábyrgrar ráðgjafar til einstaklinga um verðbréf sem undanþegin eru reglum um almennt útboð nægjanleg neytendavernd að mati Fjármálaeftirlitsins? Hve oft hefur reynt á skaðabótaskyldu í þessu efni og þarf að styrkja ákvæði um ábyrgð verðbréfafyrirtækja og réttarstöðu einstaklinga vegna viðskipta einstaklinga með óskráð verðbréf?
5. Hvað lög og reglur gilda um óskráð hlutabréf innan OECD, sérstaklega er þó spurt um Norðurlöndin?
6. Telur Fjármálaeftirlitið að tryggilega sé gengið frá ákvæðum í frumvarpinu til að koma í veg fyrir svik í innherjaviðskiptum? Má líta svo á að ákvæði frumvarpsins feli í sér eftirfarandi skilyrði varðandi innherjaviðskipti (sbr. leiðbeiningar Fjármálaeftirlitsins um efni reglna fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti):
   - að viðskipti starfsmanna með óskráð verðbréf séu óheimil,
   - að hægt sé að gera kröfu um lágmarkseignarhaldstíma starfsmanna verðbréfafyrirtækja,
   - að tryggt sé að viðskiptamaður sé upplýstur um eigendahagsmuni fjármálafyrirtækisins þegar ráðlagt er um viðskipti með verðbréf,
   - að starfsmönnum sé óheimilt að taka þátt í útboðum á verðbréfum sem fjármálafyrirtæki sem hann vinnur hjá gefur út eða útboðum sem fjármálafyrirtækið annast fyrir aðra útgefendur, nema því aðeins að í útboðum sé óskað eftir tilboðum um hlut á föstu gengi,
   - að starfsmönnum sé óheimilt að nýta sér innri greiningu fyrirtækis til að hagnast persónulega í verðbréfaviðskiptum,
   - að starfsmönnum sé óheimilt að taka þátt í fjárfestingarhópum sem hafa þann tilgang að þátttakendur standi sameiginlega að kaupum á verðbréfum?
7. Telur Fjármálaeftirlitið að tryggður sé framgangur allra ákvæða í leiðbeiningarreglum Fjármálaeftirlitsins (sent til umsagnar í júlí sl.) með ákvæðum frumvarpsins um verðbréfaviðskipti eða telur eftirlitið að rétt sé að styrkja ákvæði frumvarpsins og þá hvaða til að tryggja öryggi þess að eftir reglunum sé farið með lagastoð?
8. Telur Fjármálaeftirlitið að ákvæði frumvarpins séu nægjanlega örugg til að koma í veg fyrir að dreift sé óskráðum verðbréfum til almennings eða er rétt að styrkja ákvæði frumvarpsins frekar í því skyni?
9. Má ekki líta svo á að ákvæði frumvarpsins séu of opin að því er varðar að verðbréfafyrirtækin sjálf geti metið hvort þau eru með óskráð bréf til sölu án útboðs til almennings?
10. Er ekki eðlilegra að mati Fjármálaeftirlitsins að orða 32. gr. c í frumvarpinu með ákveðnari hætti þannig að fruminnherjar megi ekki eiga viðskipti (í stað þessa að forðast að eiga viðskipti) með verðbréf félagsins, þegar ætla má að fyrir liggi trúnaðarupplýsingar, t.d. skömmu fyrir birtingu ársreikninga eða milliuppgjörs?

11. Er ákvæðum um innherjaviðskipti í frumvarpinu ekki einnig ætlað að vernda fjárfesta þó ekki sé um skipulega verðbréfamarkaði að ræða?
12. Er fyrirtækjum á fjármálamarkaði skylt að fara að fyrirliggjandi leiðbeiningareglum Fjármálaeftirlitsins og getur eftirlitið gert kröfu til þess að þeir breyti sínum reglum í samræmi við leiðbeiningarreglur eftirlitsins?
13. Gefur nýfallinn dómur um viðskipti með óskráð verðbréf tilefni til að herða frekar á ákvæðum um viðskipti með verðbréf og hvað er það í frumvarpinu sem hefði getað breytt niðurstöðum dómsins?
14. Er ekki rétt að taka upp í lög bann við innherjaviðskiptum í ákveðinn tíma fyrir og eftir ársuppgjör eða milliuppgjör fyrirtækja og hve oft hefur orðið misbrestur á því að farið sé að tilmælum Verðbréfaþings þar að lútandi?
15. Er ekki rétt að taka af skarið um það í lögum hver ber ábyrgð á því innan fyrirtækja að ekki eigi sér stað ólögleg innherjaviðskipti og misbrestur á meðferð trúnaðarupplýsinga?
16. Eiga ákvæði hegningarlaga við um ólögleg innherjaviðskipti og hvaða ákvæðum er hægt beita þegar slík tilvik koma upp?
17. Hvernig hefur Fjármálaeftirlitið brugðist við í þeim tilvikum sem eftirlitið hefur haft mál til meðferðar vegna meintra innherjasvika?
18. Er rétt að setja í lög ákvæði sem skilgreina fjárfestingarstefnu hlutabréfasjóða?
19. Gæti það dregið úr viðskiptum með óskráð bréf ef komið væri á skipulegum tilboðsmarkaði og telur Fjármálaeftirlitið það rétt að beita stjórntækjum, reglum eða lagafyrirmælum sem væru til þess fallin að draga verulega úr viðskiptum með óskráð hlutabréf?
20. Hvaða áhrif hefur það ákvæði laga um verðbréfaviðskipti haft sem heimilar lokað útboð svo framarlega sem hópurinn er ekki stærri en 25 aðilar og hefur það ákvæði verið misnotað að mati Fjármálaeftirlitsins?
21. Telur Fjármálaeftirlitið að ákvæðið um skilgreiningu á hvað eru fagfjárfestar nægjanlega skilgreint og hver eru rökin fyrir að miða skilgreininguna við að eiga markaðsverðbréf að verðmæti 100 milljónir króna? Falla einstaklingar undir þessa skilgreiningu?
22. Er eitthvað í frumvarpinu sem kemur í veg fyrir „kennitölusöfnun" í kringum útboð á hlutafé? Ef ekki, er æskilegt að taka upp ákvæði í lög eða reglur sem takmarka slíkt?
23. Er ekki rétt að mati Fjármálaeftirlitsins að breyta h-lið (37. gr.) í þá veru að reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga skv. 1. mgr. skulu sendar eftirlitinu til staðfestingar?
24. Er, að mati Fjármálaeftirlitsins, fjárhags- og eiginfjárstaða og viðskiptahættir allra fjármálafyrirtækja sem eru eftirlitsskyld með þeim hætti að öryggi viðskiptavina sé tryggt?

Fylgiskjal II.

Svar Fjármálaeftirlitsins.
(14. desember 2000.)

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvubréfs yðar, sem eftirlitinu barst þann 7. þ.m., þar sem óskað er svara við tilteknum spurningum vegna frumvarps til breytinga á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, sem nú liggur fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. Svör Fjármálaeftirlitsins, að svo miklu leyti sem upplýsingar eru fyrir hendi um einstök efnisatriði, fara hér á eftir.

1. Lagaheimildir um viðskipti verðbréfafyrirtækja fyrir eigin reikning eru byggðar á svipuðum grunni á Norðurlöndunum og hér á landi. Fjármálaeftirlitinu er hins vegar ekki kunnugt um að gerður hafi verið samanburður á milli þessara landa á því hvernig heimildunum er beitt eða hvernig viðskiptahættir fjármálafyrirtækja hafa þróast að þessu leyti. Auk Kínamúra eru í nágrannalöndunum fyrir hendi reglur um eigin viðskipti verðbréfafyrirtækja og viðskipti starfsmanna þeirra.

2. Upplýsingar eða áætlanir um heildarumfang viðskipta fyrirtækja í verðbréfaþjónustu fyrir eigin reikning liggja ekki fyrir. Á jafn smáum eða grunnum markaði eins og um er að ræða hér á landi kann að skapast hætta á að umfangsmikil viðskipti fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og annarra, sem hafa heimild til verðbréfaviðskipta, hafi áhrif á gengi viðkomandi verðbréfa. Slík viðskipti þurfa hins vegar ekki ávallt að vera óeðlileg. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með viðskiptum af þessu tagi með ýmsu móti, m.a. við reglubundið eftirlit með starfsemi viðkomandi, athugun erinda frá viðskiptamönnum fyrirtækjanna og með því að fylgjast með viðskiptum á Verðbréfaþingi. Í ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins kemur fram að það hyggist á næstu misserum byggja upp styrkara eftirlit með starfsháttum á verðbréfamarkaði og í því skyni byggja upp markaðsvakt, sem bæti yfirsýn eftirlitsins yfir verðbréfamarkaðinn og gefi því færi á að grípa fyrr inn í mál sem upp koma.

3. Fjármálaeftirlitið lítur almennt svo á að hagsmunir fjárfesta og verðbréfamarkaðar í heild séu best tryggðir með því að verðbréf séu skráð á kauphöllum eða skipulegum tilboðsmörkuðum og lúti þeim reglum sem gilda á slíkum mörkuðum. Viðskipti með óskráð verðbréf eiga hins vegar fullkominn rétt á sér og geta verið heppileg, sbr. svar við tl. 19. Fjármálaeftirlitið telur ekki nauðsynlegt að um slík viðskipti verði sett sérstök laga- eða reglugerðarákvæði að öðru leyti en því sem snýr að tilboðum til almennings um viðskipti með óskráð verðbréf, þ.e. reglur um almennt útboð verðbréfa, en þær eiga einnig við um óskráð verðbréf. Breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu miða að því að tryggja aðgang almennings að fullnægjandi upplýsingum um verðbréf sem honum eru boðin.

4. Ákvæði 6. gr. c. í fyrirliggjandi frumvarpi kemur til viðbótar almennu ákvæði 15. gr. laganna um leiðbeiningar- og upplýsingaskyldu fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Tilvitnað ákvæði frumvarpsins staðfestir skyldur verðbréfafyrirtækja til þess að meta faglega þekkingu, fjárhag og reynslu viðskiptavinar. Komi til ágreinings vegna meintrar ónógrar ráðgjafar verður fyrirtækið að sýna fram á að það hafi fylgt þessum ákvæðum og takist það ekki kann það að hafa áhrif á mat hugsanlegrar bótaskyldu gagnvart viðskiptamanni. Fjármálaeftirlitinu er einungis kunnugt um tvö tilvik þar sem dómstólar hafa skorið úr um bótaskyldu vegna þessa. Hins vegar er Fjármálaeftirlitinu kunnugt um ýmis tilvik þar sem ágreiningur af þessu tagi hefur verið leystur með samkomulagi.

5. Fjármálaeftirlitið hefur ekki upplýsingar um reglur innan OECD eða á Norðurlöndum sérstaklega um óskráð hlutabréf. Löggjöf aðildarríkja EES-samningsins byggir hins vegar á ýmsum tilskipunum Evrópusambandsins sem taka að hluta til viðskipta með óskráð verðbréf, svo sem tilskipun um almennt útboð verðbréfa.

6. Ekki verður fullyrt að lagaákvæði geti komi að öllu leyti í veg fyrir innherjasvik. Hins vegar telur Fjármálaeftirlitið ákvæði frumvarpsins til verulegra bóta í þessu sambandi og líkleg til að auka aðhald að innherjum og draga úr líkum á því að þeir eigi ólögmæt innherjaviðskipti. Að því er varðar önnur atriði sem spurt er um skal tekið fram að nánar tilgreind upptalning úr drögum að leiðbeiningum Fjármálaeftirlitsins um reglur um verðbréfaviðskipti er ekki sérstaklega tengd innherjaákvæðum laganna eða skilyrðum fyrir viðskiptum innherja, enda þótt einstök atriði reglnanna skarist við slík viðskipti. Tilvitnaðar reglur (verklagsreglur) skal setja samkvæmt 15. gr. laga nr. 13/1996 (Kínamúrar) og 21. gr. sömu laga (reglur

um viðskipti fyrirtækis og starfsmanna), og er ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi fyrirtækis. Reglurnar taka því til fleiri atriða en innherjaviðskipta.

7. Drög að leiðbeiningarreglum sem vísað er til eru nánari útfærsla Fjármálaeftirlitsins á þeim atriðum sem talið er eðlilegt að fram komi í reglum sem fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu er ætlað að setja sér samkvæmt 15. og 21. gr. laga nr. 13/1996. Frumvarpið eins og það liggur nú fyrir tekur ekki sérstaklega til þessara reglna. Fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu er skylt samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum að setja sér þessar reglur, en verða að fá staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á þeim. Sú staðfesting fæst ekki nema Fjármálaeftirlitið telji þær ásættanlegar. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið knúið á um að þær reglur séu settar, m.a. með beitingu dagsekta. Með hliðsjón af þessu verður ekki séð að nauðsynlegt sé að styrkja ákvæði frumvarpsins að þessu leyti.

8. Ákvæðum frumvarpsins er ekki ætlað að koma í veg fyrir viðskipti almennings með óskráð verðbréf heldur er þeim ætlað að tryggja fullnægjandi upplýsingagjöf til almennings við sölu óskráðra verðbréfa. Með því er dregið úr hættunni á að almenningur eigi viðskipti með óskráð verðbréf á grundvelli ófullnægjandi upplýsinga. Í þessu ljósi telur Fjármálaeftirlitið ákvæði frumvarpsins fullnægjandi.

9. Fjármálaeftirlitið lítur ekki svo á að ákvæði frumvarpsins um þetta efni séu of opin. Eðlilegt verður að teljast að mat af þessu tagi sé í höndum fyrirtækja í verðbréfaþjónustu sem eru í beinum tengslum við fjárfesta í starfsemi sinni. Um ábyrgð verðbréfafyrirtækja vísast að öðru leyti til svars við spurningu 4.

10. Ákvæði þetta kemur til viðbótar 7. gr. b. í frumvarpinu og er ætlað að auka aðhald að fruminnherjum í viðskiptum þeirra. Ákvæðið styrkir jafnframt eftirlit með viðskiptum innherja, en af ákvæðinu leiðir að þeir þurfa að sýna fram á að þeir hafi með beinum hætti gengið úr skugga um að trúnaðarupplýsingar liggi ekki fyrir. Að mati Fjármálaeftirlitsins kemur til greina að orða ákvæði c-liðar 7. gr. frumvarpsins (32. gr.) með ákveðnari hætti en nú er gert ráð fyrir, þannig að notað verði orðalagið að „ganga úr skugga um“ í stað þess að „forðast“.

11. Um þetta vísast til athugasemda með a-lið 7. gr. frumvarpsins (30. gr.).

12. Líta verður svo á að fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sé skylt að framfylgja þeim leiðbeiningarreglum sem Fjármálaeftirlitið mun gefa út í tengslum við reglur fyrirtækjanna samkvæmt 21. gr. gildandi laga, enda yrði það forsenda fyrir staðfestingu reglnanna af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Að öðru leyti er vísað í svar við spurningu 7.

13. Umræddur dómur fjallar ekki sérstaklega um viðskipti með óskráð verðbréf sem slík. Dómurinn fjallar um hvort tiltekin sala verðbréfa hafi talist almennt útboð í skilningi laga nr. 13/1996 og reglugerðar nr. 505/1993 og hvort skylt hafi verið að gefa út útboðslýsingu. Ákvæði frumvarpsins eins og það liggur fyrir taka ekki mið af dómnum, enda hafði frumvarpið verið samið áður en dómurinn féll. Verði frumvarpið samþykkt verða ítarlegri efnisákvæði um almennt útboð sett í lög í stað reglugerðar, en dómur fjallaði m.a. um gildi núgildandi reglugerðar um almennt útboð verðbréfa.

14. Ákvæði 7. gr. c. í frumvarpinu kveður á um rannsóknarskyldu innherja þegar þeir eiga viðskipti. Fjármálaeftirlitið telur ekki skynsamlegt að setja í lög ákvæði um bann við viðskiptum á tilteknum tímabilum, þar sem þau geta slævt vitund innherja um stöðu sína og þar með skapað falskt öryggi. Einstakir útgefendur geta sett sér eigin reglur um bann við viðskiptum á tilteknum tímabilum með hliðsjón af aðstæðum hjá viðkomandi, sbr. 7. gr. h. í frumvarpinu. Að öðru leyti er vísað til athugasemda með grein 7. c. í frumvarpinu.

15. Kveðið er á um þetta í 7. gr. h. í frumvarpinu. Felist í spurningunni tilvísun til d-liðar 7. gr. fyrirliggjandi frumvarps telur Fjármálaeftirlitið eðlilegt að stjórn viðkomandi fyrirtækis

beri ábyrgð á að tilnefna þann aðila sem ákvæðið vísar til að teknu tilliti til skipulags fyrirtækisins.

16. Ákvæði IV. kafla og 2. mgr. 62. gr. laga um verðbréfaviðskipti eru sérrefsilagabrot og tæma sök í innherjamálum að mati Fjármálaeftirlitsins. Ákvæði hegningarlaga eiga því ekki við um slík brot.

17. Af þeim meintu ólögmætu innherjaviðskiptum sem Fjármálaeftirlitið hefur haft til rannsóknar hefur einu máli verið vísað til Ríkislögreglustjóra til frekari rannsóknar. Í öðrum málum hafa, að mati Fjármálaeftirlitsins, ekki reynst forsendur til slíkrar málsmeðferðar.

18. Fjármálaeftirlitið svo og forveri þess, bankaeftirlit Seðlabanka Íslands, hefur bent á nauðsyn þess að sett verði löggjöf um hvers konar sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum.

19. Tilkoma skipulegs tilboðsmarkaðar, þar sem gerðar væru vægari kröfur til skráningar félaga en gerðar eru vegna skráningar í kauphöll, kynni að auðvelda minni fyrirtækjum að skrá verðbréf sín og gera það fýsilegri kost en nú er. Með því myndi eðli máls samkvæmt draga úr viðskiptum með óskráð verðbréf. Hins vegar teldi Fjármálaeftirlitið heppilegt að slík þróun yrði án lagaboða eða stjórnvaldsreglna. Hafa ber í huga að nauðsynlegt kann að vera að ný fyrirtæki hafi möguleika til að afla sér fjár til starfsemi sinnar án skráningar í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði. Meginatriðið er að verðbréf þeirra verði ekki boðin almenningi nema tryggt sé að fullnægjandi upplýsingar séu fyrir hendi.

20. Ekki hefur verið gerð almenn athugun á framkvæmd svonefndra lokaðra útboða af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið, og áður bankaeftirlitið, hefur í ýmsum tilvikum krafist þess að sala á tilteknum verðbréfum væri stöðvuð og framkvæmd sölunnar færð til samræmis við reglur um almennt útboð verðbréfa.

21. Fjármálaeftirlitið vísar til umfjöllunar í skýrslu nefndar um útboð verðbréfa sem fylgir frumvarpinu, kafla 5.2.3. Fjármálaeftirlitið telur ekki rétt á þessu stigi að mæla með því að einstaklingar geti talist til fagfjárfesta. Mikilvægt er hins vegar að hafa svigrúm til að móta skilgreiningu á fagfjárfestum í reglugerð.

22. Frumvarpið hefur ekki að geyma ákvæði sem koma í veg fyrir „kennitölusöfnun“. Eigi að koma í veg fyrir viðskipti af því tagi telur Fjármálaeftirlitið eðlilegra að það verði gert í útboðsskilmálum hvers útboðs fyrir sig en verði ekki lögbundið.

23. Sú breyting sem hér er lögð til kæmi til greina að mati Fjármálaeftirlitsins og kynni að felast í henni samræmi við málsmeðferð samkvæmt 21. gr. gildandi laga.

24. Eiginfjárstaða fjármálafyrirtækja sem falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins fullnægir eiginfjárkröfum gildandi laga. Fjármálaeftirlitið hefur ekki ástæðu til að ætla eða upplýsingar sem gefa til kynna að fjárhagsstaða þeirra að öðru leyti sé ótraust. Fjármálaeftirlitið hefur gert athugasemdir við viðskiptahætti einstakra fjármálafyrirtækja sem falla undir eftirlit þess og krafist úrbóta af þeirra hálfu. Hafa athugasemdir Fjármálaeftirlitsins verið teknar til greina af viðkomandi fyrirtækjum. Um eftirlit Fjármálaeftirlitsins er að öðru leyti vísað til ársskýrslu þess.

Virðingarfyllst,
FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Ragnar Hafliðason. *Jóhann H. Albertsson.*

587. Fyrirspurn [370. mál]

til dómsmálaráðherra um stöðu lögreglumála í Árnessýslu.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu margir lögreglumenn í Árnessýslu stóðu vaktir 1997, hversu margir þeirra höfðu lokið námi í Lögregluskólanum og hver er staðan núna?
2. Hver hefur verið fjölgun íbúa á sama svæði á þessum tíma, þ.e. árin 1997– 2000:
   a. íbúa með fasta búsetu, heildarfjölgun og skipt niður á ár,
   b. íbúa í sumarhúsabyggð, heildarfjölgun og skipt niður á ár?
3. Hver hefur verið fjölgun skráðra bifreiða í lögregluumdæminu 1997–2000, heildarfjölgun og skipt niður á ár?
4. Hversu mörg afbrot voru framin í umdæminu 1997–2000, skipt eftir árum og brotaflokkum?
5. Hver hefur árleg fjölgun stöðugilda í lögreglunni verið á sama tíma?
6. Hver hefur verið þróun fjárveitinga á þessum árum, skipt niður á ár?

Skriflegt svar óskast.

588. Fyrirspurn [371. mál]

til dómsmálaráðherra um samanburð á launakjörum lögreglumanna hér á landi og í Danmörku.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hver eru mánaðargrunnlaun almennra lögreglumanna sem lokið hafa lögreglunámi hér á landi eftir 1 árs, 5, 10, 15, 20 og 25 ára starf? Hver eru mánaðargrunnlaun lögreglumanna með lögreglumenntun í Danmörku, skipt niður á sömu ár? Hver eru mánaðarlaun menntaðra lögreglumanna hér á landi með föstu vaktaálagi, skipt niður á sömu starfsár? Hver eru mánaðarlaun menntaðra lögreglumanna í Danmörku með föstu vaktaálagi, skipt niður á sömu starfsár? Hvert er meðaltal yfirvinnutíma á mánuði á hvern menntaðan lögreglumann sem gengur almennar vaktir hér á landi, skipt niður á embætti og sömu starfsár? Hvert er sambærilegt meðaltal yfirvinnutíma í Danmörku?
2. Hver eru mánaðargrunnlaun almennra lögreglumanna sem hafa ekki lokið lögreglunámi hér á landi eftir 1 árs, 5, 10, 15, 20 og 25 ára starf? Hver eru mánaðargrunnlaun lögreglumanna án lögreglumenntunar í Danmörku, skipt niður á sömu ár? Hver eru mánaðarlaun ómenntaðra lögreglumanna hér á landi með föstu vaktaálagi, skipt niður á sömu starfsár? Hver eru mánaðarlaun ómenntaðra lögreglumanna í Danmörku með föstu vaktaálagi, skipt niður á sömu starfsár? Hvert er meðaltal yfirvinnutíma á mánuði á hvern ómenntaðan lögreglumann sem gengur almennar vaktir hér á landi, skipt niður á embætti og sömu starfsár? Hvert er sambærilegt meðaltal yfirvinnutíma í Danmörku?

3. Hver eru mánaðargrunnlaun varðstjóra í lögreglunni hér á landi eftir 1 árs, 5, 10, 15, 20 og 25 ára starf? Hver eru mánaðargrunnlaun varðstjóra í lögreglunni í Danmörku eftir sama starfsárafjölda? Hver eru mánaðargrunnlaun ásamt föstu álagi hér á landi og í Danmörku, skipt niður á sömu ár? Hvert er meðaltal yfirvinnutíma varðstjóra á mánuði, skipt niður á lögregluumdæmi? Hvert er meðaltal yfirvinnutíma á mánuði hjá varðstjóra eða manni í sambærilegri stöðu í Danmörku?

Skriflegt svar óskast.

589. Fyrirspurn [372. mál]

til dómsmálaráðherra um framlög til lögregluumdæmis Árnessýslu.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hvernig er lögregluumdæminu í Árnessýslu á næstu 3–4 árum ætlað að mæta 32 millj. kr. halla sem safnast hefur upp undanfarin ár? Mun það skerða þjónustu lögreglunnar í umdæminu og þá á hvern hátt?

590. Fyrirspurn [373. mál]

til samgönguráðherra um framkvæmdir tengdar Reykjanesbraut.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur og Steingrími J. Sigfússyni.

1. Á hvaða stigi er undirbúningur framkvæmda við Reykjanesbraut og hvenær má vænta að einstakir verkáfangar verði boðnir út og framkvæmdum ljúki?
2. Hefur verið athugað að grípa til bráðabirgðaaðgerða, svo sem uppsetningar vegriða, til að auka öryggi á hættulegum vegarköflum þar til tvöföldun er lokið?
3. Hvað líður athugun á rafbraut frá höfuðborgarsvæðinu til Keflavíkur?

591. Fyrirspurn [374. mál]

til dómsmálaráðherra um einbreiðar brýr.

Frá Katrínu Fjeldsted.

Hefur dómsmálaráðuneytið kannað þann valkost að koma umferðarmerkjum (biðskyldu eða stöðvunarskyldu) fyrir til bráðabirgða við einbreiðar brýr á landinu til að tryggja að umferðarréttur sé skýr og draga þar með úr slysahættu?

592. Nefndarálit [264. mál]

um frv. til. l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnheiði Snorradóttur, Ólaf Pál Gunnarsson, Maríönnu Jónasdóttur og Bolla Þór Bollason frá fjármálaráðuneyti, Guðjón Rúnarsson og Kristján Gunnar Valdimarsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Finn Sveinbjörnsson frá Verðbréfaþingi Íslands, Rannveigu Sigurðardóttur frá Alþýðusambandi Íslands, Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands, Indriða H. Þorlákssson ríkisskattstjóra, Skúla Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóra og Andra V. Sigurðsson og Vilhjálm Vilhjálmsson frá Kaupþingi. Þá bárust gögn frá fjármálaráðuneyti og umsagnir um málið frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Verðbréfaþingi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, skattrannsóknarstjóra ríkisins, Þjóðhagsstofnun, Samtökum atvinnulífsins, Félagi löggiltra endurskoðenda, Seðlabanka Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Samtökum iðnaðarins, ríkisskattstjóra, Verslunarráði Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þær helstu snúa að reglum um frestun á skattlagningu söluhagnaðar hlutabréfa og skattalegri meðferð söluhagnaðarins, en lagt er til að regla, sem hefur verið í gildi frá árinu 1996 um að einstaklingar hafi heimild til að fresta skattlagningu söluhagnaðar um tvenn áramót, verði felld úr gildi. Hins vegar er gert ráð fyrir því að reglan um frestun skattlagningar söluhagnaðar haldi áfram gildi sínu gagnvart lögaðilum. Jafnhliða fyrirhugaðri niðurfellingu heimildar einstaklinga til frestunar er lagt til að söluhagnaður þeirra af hlutabréfum verði allur skattlagður um 10% eins og aðrar fjármagnstekjur í stað gildandi reglu um að söluhagnaður yfir ákveðnum fjárhæðarmörkum sé skattlagður eins og um almennan tekjuskatt sé að ræða. Þá er í frumvarpinu lagt til að skýrt verði kveðið á um kæruleiðir vegna fyrirframgreiðslu barnabóta og vaxtabóta og tekinn af allur vafi um kauprétt starfsmanns hlutafélags að hlutabréfum, en reglan er sú að einungis megi kaupa fyrir 600 þús. kr. árlega og óheimilt er að flytja ónýttar kaupréttarheimildir milli ára.

Við meðferð málsins í nefndinni kom í ljós að vafi lék á að bráðabirgðaákvæði um meðferð söluhagnaðar þeirra sem fengið hafa frestun skattlagningar á árunum 1998 og 1999 stæðist ákvæði stjórnarskrárinnar um bann við afturvirkni skattalaga þar sem ekki var gert ráð fyrir sérstökum ráðstöfunum þeim til handa sem keypt hafa hlutabréf á árinu 2000 með það í huga að óska eftir frestun skattlagningar á söluhagnað af þeim bréfum á næstkomandi ári. Með hliðsjón af þessu gerir meiri hlutinn því breytingartillögu við frumvarpið þess efnis að unnt sé að fara fram á frestun á tekjufærslu söluhagnaðar vegna sölu hlutabréfa einstaklinga á árinu 2000 um ein áramót frá söludegi að svo miklu leyti sem fjárhæð söluhagnaðarins er umfram ákveðin mörk. Þannig hafa þeir sem keypt hafa bréf á árinu 2000 tíma fram til ársloka 2001 til að kaupa ný bréf.

Meiri hlutinn flytur einnig breytingartillögu þess efnis að að öðrum skilyrðum greinarinnar uppfylltum gildi reglur um samsköttun móðurfélags og dótturfélags í 57. gr. B einnig um dótturfélag í eigu samvinnufélags. Þá er gerð breytingartillaga þess efnis að lagaheimild til innheimtu hátekjuskatts verði framlengd til ársins 2002 með bráðabirgðaákvæði þar að lútandi.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrgreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. des. 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. | Einar K. Guðfinnsson. | Drífa Hjartardóttir.

Gunnar Birgisson. | Hjálmar Árnason.

593. Breytingartillögur [264. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, EKG, DrH, GunnB, HjÁ).

1. Á eftir 6. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
   a. (7. gr.)
      Fyrirsögn 57. gr. B laganna verður svohljóðandi: **Samsköttun félaga.**
   b. (8. gr.)
      Á eftir 4. mgr. 57. gr. B laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
      Nú er dótturfélag í eigu samvinnufélags og gilda þá ákvæði þessarar greinar, enda sé skilyrðum hennar fullnægt.
2. Við 11. gr. Í stað orðanna „Fella skal niður álagið samkvæmt þessari málsgrein“ í a-lið komi: Álag samkvæmt þessari málsgrein skal þó fellt niður.
3. Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Unnt er að fara fram á frestun á tekjufærslu söluhagnaðar vegna sölu hlutabréfa einstaklinga á árinu 2000 um ein áramót frá söludegi að svo miklu leyti sem fjárhæð söluhagnaðarins er umfram 3.230.672 kr. hjá einstaklingum og 6.461.344 kr. hjá hjónum. Séu önnur hlutabréf keypt í stað hinna seldu innan þess tíma færist söluhagnaðurinn til lækkunar á kaupverði hinna nýju bréfa. Nemi kaupverð hinna keyptu hlutabréfa lægri fjárhæð en söluhagnaðurinn telst mismunurinn til skattskyldra tekna á kaupári hinna keyptu bréfa. Ef hlutabréf eru ekki keypt innan tilskilins tíma telst hagnaðurinn með skattskyldum tekjum á því ári þegar hann myndast og skattleggst hann þá skv. 3. mgr. 67. gr. laganna. Ákvæði þessarar málsgreinar taka ekki til söluhagnaðar sem myndaðist í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.
4. Við bætist þrjú ný ákvæði til bráðabirgða:
   a. (II.)
      Á tekjuskattsstofn manna vegna tekna árið 2001 skal árið 2002 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.
      Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 3.359.899 kr. eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 6.719.798 kr. skal reikna sérstakan 7% tekjuskatt.
      Ef hjón hafa bæði tekjuskattsstofn umfram 3.359.899 kr. reiknast þeim sinn hlutinn hvoru hins sérstaka tekjuskatts. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna lægri en 3.359.899 kr. reiknast hinu hjóna allur sérstaki tekjuskatturinn.

Sérstakur tekjuskattur samkvæmt ákvæði þessu skal ekki innheimtur með staðgreiðslu opinberra gjalda.

b. (III.)

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 2002 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember 2001. Fyrirframgreiðslan skal vera 7% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 2001 vegna tekna á árinu 2000 umfram 3.359.899 kr. hjá einstaklingi og umfram 6.719.798 kr. hjá hjónum.

Gjalddagar fyrirframgreiðslu skv. 1. mgr. skulu vera fyrstu dagar mánaðanna ágúst til og með desember. Um framkvæmd fyrirframgreiðslunnar skal kveða nánar á í reglugerð.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða skv. 1. mgr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra sem úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema hann geti sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hafi orðið hjá honum milli ára. Ríkisskattstjóri setjur nánari reglur um þetta atriði.

Nú kemur í ljós við álagningu á sérstökum tekjuskatti að fyrirframgreiðsla samkvæmt þessu ákvæði hefur verið of há og skal bæta 2,5% álagi við mismuninn.

c. (IV.)

Um sérstakan tekjuskatt samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II og III skulu ákvæði VIII.–XIII. kafla laganna gilda eftir því sem við á.

594. Tillaga til þingsályktunar [375. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 15. desember 2000 eða síðar, ef nauðsyn krefur, enda verði það kvatt saman til fundar á ný eigi síðar en 23. janúar 2001.

595. Frumvarp til laga [376. mál]

um Kristnihátíðarsjóð.

Flm.: Sigríður A. Þórðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir,
Kristinn H. Gunnarsson, Ögmundur Jónasson,
Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, Kristnihátíðarsjóð, til að minnast þess að 1000 ár eru liðin frá því að kristinn siður var lögtekinn á Íslandi. Sjóðurinn er eign ríkisins. Varsla hans og dagleg umsýsla heyrir undir forsætisráðuneytið.

Starfstími sjóðsins er fimm ár, til ársloka 2005.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er tvíþætt:

a. að efla fræðslu og rannsóknir á menningar- og trúararfi þjóðarinnar og stuðla að umræðum um lífsgildi hennar, siðferði og framtíðarsýn;
b. að kosta fornleifarannsóknir á helstu sögustöðum þjóðarinnar, m.a. á Þingvöllum, í Skálholti og á Hólum.

3. gr.

Alþingi kýs stjórn Kristnihátíðarsjóðs, þrjá aðalmenn og þrjá til vara. Stjórnin velur formann og varaformann úr hópi aðalmanna. Kosningin gildir fyrir starfstíma sjóðsins, sbr. 2. mgr. 1. gr.

Stjórn sjóðsins skal eiga samvinnu við menntamálaráðuneytið, kirkjumálaráðuneytið, þjóðkirkjuna og önnur trúfélög, Þjóðminjasafnið og háskólana í Reykjavík og á Akureyri, svo og frjáls félagasamtök, um viðfangsefni sjóðsins.

4. gr.

Stjórnin skiptir því fé sem er til ráðstöfunar milli verkefnasviða, sbr. 2. gr., og ákveður framlög úr sjóðnum. Hún skipar verkefnisstjórn fyrir hvert meginsvið og gera þær tillögur til stjórnar um verkefni og framlög til þeirra fyrir hvert starfsár. Stjórn sjóðsins getur sett verkefnisstjórnum nánari reglur, þar á meðal um faglegt eftirlit þeirra með verkefnum og framvindu þeirra, svo og um megináherslur í starfi þeirra og tillögum.

5. gr.

Sjóðstjórn semur greiðsluáætlun fyrir sjóðinn ár hvert og skulu greiðslur úr honum aðeins fara fram samkvæmt skriflegri beiðni sjóðstjórnar.

Þeir sem fá fé úr Kristnihátíðarsjóði skulu gera grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari reglum sjóðstjórnar. Verði misbrestur á, eða önnur skilyrði stjórnar fyrir styrkveitingu eru ekki uppfyllt, er henni heimilt að stöðvar greiðslur eða eftir atvikum fara fram á endurgreiðslu styrksins.

Lögð skal fyrir Alþingi skýrsla um starfsemi Kristnihátíðarsjóðs eftir hvert starfsár hans.

6. gr.

Ríkissjóður leggur sjóðnum til 100 millj. kr. fyrir hvert starfsár samkvæmt sérstökum lið á fjárlögum.

7. gr.

Kristnihátíðarsjóður ber allan kostnað af starfsemi sinni.

8. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lögin falla úr gildi í árslok 2005.

Greinargerð.

Á hátíðarfundi Alþingis á Þingvöllum 2. júlí sl. var samþykkt eftirfarandi þingsályktun sem flutt var af formönnum þingflokka, þeim sömu og flytja þetta frumvarp:

„Alþingi ályktar, í tilefni þess að 1000 ár eru liðin frá því að kristinn siður var lögtekinn á Íslandi, að stofna sjóð, Kristnihátíðarsjóð, er njóti framlaga af fjárlögum næstu fimm ár, 100 millj. kr. á ári, og hafi að markmiði:

a. að efla fræðslu og rannsóknir á menningar- og trúararfi þjóðarinnar og stuðla að umræðum um lífsgildi hennar, siðferði og framtíðarsýn;

b. að kosta fornleifarannsóknir á helstu sögustöðum þjóðarinnar, m.a. á Þingvöllum, í Skálholti og á Hólum.

Alþingi kjósi sjóðnum stjórnarnefnd.

Stjórnarnefndin eigi samvinnu við menntamálaráðuneytið, kirkjumálaráðuneytið, þjóðkirkjuna og önnur trúfélög, Þjóðminjasafnið og háskólana í Reykjavík og á Akureyri, svo og frjáls félagasamtök, um viðfangsefni sjóðsins, skipti fé hans milli meginverkefna, skipi verkefnisstjórnir, hvora á sínu sviði, og staðfesti áætlanir þeirra.“

Frumvarp þetta er flutt til að festa í lög ályktun Alþingis, svo og til að setja sjóðnum stjórn og skipulag. Gerð er tillaga um að sjóðurinn heyri stjórnskipulega undir forsætisráðuneytið og er ráðgert að stjórn sjóðsins geti ráðið starfsmann, e.t.v. í hlutastarf, til að annast daglega umsýslu, skjalavörslu og önnur störf sem stjórnin ákveður.

Ríkissjóður leggur sjóðnum til 100 millj. kr. ár hvert samkvæmt sérstökum fjárlagalið. Stjórn sjóðsins ákveður skiptingu fjárins milli þeirra tveggja meginsviða sem tilgreind eru í 2. gr. frumvarpsins.

Skipulag sjóðsins, stjórn hans og hvernig staðið verður að úthlutun fjár, er að mestu sniðið eftir lögum nr. 125/1994, um Lýðveldissjóð. Góð reynsla fékkst af því skipulagi á starfstíma sjóðsins, 1995–1999. Verkefnisstjórnir um hafrannsóknir og eflingu íslenskrar tungu voru faglegir ráðgjafar stjórnar Lýðveldissjóðs og undirbjuggu með tillögum úthlutun fjár eftir þeim meginlínum sem stjórn sjóðsins lagði, bæði í upphafi starfsins og fyrir hvert ár. Auk þess voru verkefnisstjórnirnar faglegur vettvangur til eftirlits með framvindu verkefna. Meginreglan var að styrkir voru veittir samkvæmt auglýsingu en stjórnin ákvað þó sjálf að verja nokkru fé til verkefna sem hún taldi mikilvæg, að höfðu samráði við ýmsa aðila á þeim sviðum sem sjóðurinn styrkti. Mikilvægt er að stjórn Kristnihátíðarsjóðs setji sér skýrar reglur um styrkveitingar.

Eins og fram kemur í 3. gr. frumvarpsins, sbr. einnig þingsályktunina frá síðasta sumri, er stjórninni ætlað að hafa samstarf og samvinnu við menntamálaráðuneytið, kirkjumálaráðuneytið, þjóðkirkjuna og önnur trúfélög, Þjóðminjasafnið og háskólana í Reykjavík og á Akureyri, svo og frjáls félagasamtök, um viðfangsefni sjóðsins. Er eðlilegt að stjórn sjóðsins leiti álits þessara aðila, eða fulltrúa þeirra, þegar meginlínur verða lagðar í upphafi um verkefni sem sjóðurinn styrkir á starfstíma sínum. Í þessu sambandi verður jafnframt að geta þess að

leyfi til fornleifagraftar eru háð samþykki þjóðminjavarðar og því er samstarf við hann sérstaklega mikilsvert.

Þá er ástæða til að minna á að í greinargerð með þingsályktunartillögunni, sem flutt var og samþykkt á hátíðarfundinum á Þingvöllum, var tekið fram að stefnt yrði að því að a.m.k. önnur tveggja verkefnisstjórna hefði aðsetur á landsbyggðinni.

Í greinargerðinni er rækilega gerð grein fyrir tilefni stofnunar sjóðsins og viðfangsefnum sem honum er ætlað að styrkja, og er til hennar vísað (þskj. 1421). Í tillögunni er lögð áhersla á að verkefni sjóðsins verði fjölþætt og að þar geti komið að skólar, stofnanir, söfnuðir, félagasamtök og einstaklingar og að þess verði gætt að verkefnin dreifist um allt land.

Mikilvægt er að styrkveitingar úr Kristnihátíðarsjóði verði ekki til þess að skerða árleg framlög til verkefna á þeim sviðum sem sjóðurinn á að styðja, t.d. til fornleifarannsókna sem standa yfir hér á landi eða eru áformaðar með fé úr ríkissjóði, frá sveitarfélögum, rannsóknasjóðum eða öðrum, heldur komi fé sjóðsins sem viðbót til rannsókna þau fimm ár sem honum er ætlað að starfa.

596. Breytingartillögur [283. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Frá Margréti Frímannsdóttur og Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein er orðist svo:
   3. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:
   Bifreiðar erlendra sendisveita, bifreiðar erlendra ræðismanna sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar, belta- og námubifreiðar sem eingöngu eru notaðar utan vega eða á lokuðum vinnusvæðum sem og almenningsvagnar í áætlanaferðum eru undanþegnir skattskyldu.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Lokamálsliður 5. mgr. B-liðar 4. gr. laganna fellur brott.

597. Breytingartillaga [264. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (JóhS, MF, ÖJ).

Við 3. gr. B-liður orðist svo: 5. og 7. mgr. falla brott.

598. Skýrsla [155. mál]

viðskiptaráðherra um iðgjaldahækkanir tryggingafélaganna, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Hinn 31. október 2000 var samþykkt á Alþingi beiðni á þskj. 155, 155. mál 126. löggjafarþings, um skýrslu frá viðskiptaráðherra um iðgjaldahækkanir tryggingafélaganna.

Er í beiðninni óskað að viðskiptaráðherra flytji Alþingi skýrslu um iðgjaldahækkanir tryggingafélaganna árin 1999 og 2000, helstu ástæður þeirra og áhrif á efnahagsumhverfi og neytendur. Jafnframt var óskað svara við 26 spurningum sundurliðað eftir tryggingafélögum.

Í greinargerð með skýrslubeiðninni segir m.a.: „Á undanförnum tveimur árum hafa orðið gífurlegar hækkanir á bifreiðatryggingum eða um 70–80%. Ekki eru nein augljós rök fyrir þessum miklu hækkunum sem eru úr samhengi við allar aðrar verðlagshækkanir í þjóðfélaginu og hafa haft í för með sér verulega útgjaldaaukningu fyrir bifreiðaeigendur.

Tryggingafélögin hafa m.a. teflt fram sem rökum áhrifum breytinga á skaðabótalögum og auknum tjónum og slysatíðni. Mikilvægt er að málið komi til kasta Alþingis, enda er hér um gífurlega hækkun á lögboðinni skyldutryggingu bifreiða að ræða og jafnframt beita tryggingafélögin fyrir sig lögum sem Alþingi hefur sett sem rökum fyrir mikilli þörf á iðgjaldahækkunum.

Þegar Alþingi fjallaði um skaðabótalögin á sínum tíma fengust engar haldbærar upplýsingar frá tryggingafélögunum um hvaða áhrif breytingar á skaðabótalögunum gætu haft á iðgjöld bifreiðatrygginga. Með sama hætti reynist nú erfiðleikum bundið fyrir alþingismenn að fá nauðsynlegar upplýsingar frá tryggingafélögunum til að geta skoðað ítarlega áhrif gífurlegra iðgjaldahækkana síðastliðin tvö ár og meta réttmæti þeirra.

Í ljósi framangreinds og þess að hér er verið að fjalla um hækkanir á lögboðnum skyldutryggingum er óskað eftir að viðskiptaráðherra flytji Alþingi skýrslu um málið og afli nauðsynlegra upplýsinga hjá hverju tryggingafélagi um iðgjaldahækkanirnar í samræmi við efni skýrslubeiðninnar til að Alþingi geti fjallað eðlilega um málið.“

Eftirlit með starfsemi vátryggingafélaga.

Eftirlit með vátryggingafélögum er í höndum Fjármálaeftirlitsins, sbr. 3. tölul. 2. gr. laga nr. 87/1998. Fjármálaeftirlitið fylgist með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Taki Fjármálaeftirlitið rekstur eftirlitsskylds aðila til skoðunar hefur eftirlitið aðgang að öllu bókhaldi, fundargerðum, skjölum og öðrum gögnum í vörslu viðkomandi eftirlitsskylds aðila. Fjármálaeftirlitið getur enn fremur gert vettvangskannanir og óskað upplýsinga á annan hátt svo oft sem það telur þörf á. Í 2. mgr. 55. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, er enn fremur að finna ákvæði sem felur Fjármálaeftirlitinu að fylgjast með vátryggingarskilmálum sem í boði eru hérlendis og gæta þess að þeir séu í samræmi við lög og góða viðskiptahættu. Í ákvæðinu felst að eftirlitinu er ætlað að grípa til aðgerða komi annað tveggja í ljós: að vátryggingafélög eigi ekki fyrir þeim skuldbindingum sem þau hafa tekið á sig eða að tiltekin iðgjöld séu svo há að þau teljist ósanngjörn í garð vátryggingartaka.

Fjármálaeftirlitið hefur tvívegis tekið til sérstakrar skoðunar hækkanir vátryggingafélaga á iðgjöldum ökutækjatrygginga. 31. október 1999 birti Fjármálaeftirlitið greinargerð vegna athugunar á iðgjaldahækkunum á lögboðnum ökutækjatryggingum í maí sama ár. Vátrygg-

ingafélögin rökstuddu hækkun með vísan til mats félaganna á áhrifum nýlegra breytinga á skaðabótalögum á tjónskostnað og vegna endurskoðunar á iðgjaldagrundvelli fyrri ára, vegna áhrifa breytinga á skaðabótalögum frá 1996 og lækkana á iðgjöldum í tengslum við samkeppni frá erlendum aðila á markaði. Niðurstaða athugunar Fjármálaeftirlitsins var m.a. sú að eftirlitið taldi fyrirliggjandi upplýsingar ekki gefa ástæðu til að vefengja mat vátryggingafélaganna á áhrifum breytinga á skaðabótalögum á fjárhæð tjónabóta og á iðgjaldahækkun sem af því mati leiddi. Í einstökum tilvikum var þó gerð athugasemd við vinnubrögð félaganna. Fjármálaeftirlitið taldi þó að hækkanir umfram það sem rekja mætti til breytinga á skaðabótalögum hefðu ekki verið nauðsynlegar í öllum tilvikum þegar horft væri til fjárhagsstöðu félaganna og stöðu tjónaskuldar. Í ljósi óvissu um áhrif skaðabótalaga, mat á tjónaskuld og þróun tjónakostnaðar taldi Fjármálaeftirlitið brýnt að hvert vátryggingafélag tæki forsendur iðgjaldaákvarðana sinna til endurskoðunar um leið og frekari reynsla væri fengin. Ekki var talin ástæða til að grípa til aðgerða gagnvart félögunum á þeim grundvelli að um ósanngjörn iðgjöld væri að ræða gagnvart vátryggingartökum, sbr. 55. gr. laga um vátryggingastarfsemi. Bent var á að hafa yrði í huga að vátryggingafélögin störfuðu á samkeppnismarkaði og að félögin sem kepptu á vátryggingamarkaði ættu að hafa talsvert svigrúm til iðgjaldaákvarðana. Því var lýst yfir að Fjármálaeftirlitið mundi í kjölfar athugunarinnar hlutast til um að vátryggingafélögin gerðu betur grein fyrir stöðu lögboðinna ökutækjatrygginga í skýringum með ársreikningum sínum og upplýsingagjöf til eftirlitsins. Ástæða var talin til að gera starfsreglur vátryggingafélaganna skýrari og að gagnsæi í reikningsskilum yrði aukið, þar á meðal um stöðu vátryggingargreina. Þá var því lýst yfir að skoðað yrði hvort gera ætti breytingar á reglugerð nr. 613/1996, um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga.

Í kjölfar umfjöllunar Fjármálaeftirlitsins um málið skipaði viðskiptaráðherra nefnd sem skyldi vinna að endurskoðun reglugerðar um ársreikninga vátryggingafélaga. Þess er að vænta að nefndin ljúki störfum á næstu vikum.

Fjármálaeftirlitið tók enn fremur til athugunar hækkanir á ökutækjatryggingum vátryggingafélaganna á vormánuðum 2000 og gaf út fréttatilkynningu um efni þeirrar athugunar hinn 24. júlí 2000. Vátryggingafélögin rökstuddu hækkunina með því að umferðaróhöppum hefði fjölgað gífurlega, slys á fólki virtust alvarlegri en áður þar sem miskastig og örorkumat hefði farið hækkandi, tjónabætur hefðu hækkað vegna launaþróunar í landinu, fleiri væru á vinnumarkaði en áður og viðgerðarkostnaður hefði hækkað. Loks væri bílafloti landsmanna yngri en áður og bifreiðar stærri og verðmætari en þær hefðu verið. Niðurstaða athugunar Fjármálaeftirlits leiddi í ljós að vátryggingafélögin hefðu almennt bætt rökstuðning fyrir iðgjaldahækkunum gagnvart viðskiptamönnum sínum. Fjármálaeftirlitið taldi enn fremur að þrátt fyrir að fjárhagsstaða vátryggingafélaganna væri sterk og fé hefði losnað úr tjónaskuld fyrri ára, hefðu félögin sýnt fram á aukinn tjónskostnað og óstöðugleika í greininni. Við þær aðstæður og að teknu tilliti til fyrirliggjandi upplýsinga taldi Fjármálaeftirlitið sig ekki hafa forsendur til að grípa til aðgerða á grundvelli þess að iðgjöld væru ósanngjörn í skilningi 2. mgr. 55. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi. Jafnframt var tekið fram í niðurstöðunni að brýnt væri að hvert vátryggingafélag tæki forsendur iðgjaldaákvarðana sinna til endurskoðunar um leið og frekari reynsla fengist, þau fylgdust vel með þróun í greininni og brygðust við henni með iðgjaldabreytingum, til hækkunar eða lækkunar gæfist tilefni til. Jafnframt væri nauðsynlegt að vátryggingafélögin héldu áfram að bæta upplýsingagjöf til neytenda.

Með bréfi dags. 15. ágúst 2000 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis svara hjá Fjármálaeftirlitinu við 49 spurningum varðandi skaðatryggingar og sérstaklega lögbundnar

ökutækjatryggingar og skilaði eftirlitið skýrslu til nefndarinnar í september sama ár sem unnin var upp úr upplýsingum sem lágu fyrir hjá eftirlitinu.

Skýrslubeiðni Alþingis.

Í 54. gr. stjórnarskrár Íslands og 46. gr. þingskaparlaga er að finna heimild alþingismanna til að óska þess að ráðherra láti vinna skýrslu um opinbert málefni. Þessi skýrsla sem Alþingi hefur lagt fyrir viðskiptaráðherra að vinna varðar málefni einkafyrirtækja sem lúta á engan hátt boðvaldi viðskiptaráðherra. Viðskiptaráðherra hefur ekki lagaheimild til að krefja einkafyrirtæki svara við spurningum þeim sem fram koma í skýrslunni, jafnvel þótt félögin selji lögboðnar ökutækjatryggingar. Auk þess er rétt að benda á að tvö félög, Sjóvá-Almennar tryggingar hf. og Tryggingamiðstöðin hf., eru skráð á almennan hlutabréfamarkað og geta ekki gefið aðrar upplýsingar en liggja fyrir og eru aðgengilegar hluthöfum félaganna. Svör ráðherra verður að skoða í því ljósi.

Með bréfi dags. 9. nóvember 2000 var Alþjóðlegri miðlun, Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Tryggingamiðstöðinni hf., Vátryggingafélagi Íslands hf. og Verði-Vátryggingafélagi send skýrslubeiðni Alþingis og óskað svara við spurningum sem þar koma fram fyrir lok vinnudags 11. desember 2000. Svör bárust frá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Tryggingamiðstöðinni hf. og Vátryggingafélagi Íslands hf. Enn fremur bárust ráðuneytinu ýmsar upplýsingar varðandi iðgjöld ökutækjatrygginga sem unnar hafa verið af Sambandi íslenskra tryggingafélaga (SÍT) og hafa verið afhent efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. Rétt er að benda á að vátryggingafélög starfa á samkeppnismarkaði og eru á engan hátt skuldbundin að svara spurningum viðskiptaráðherra sem til þeirra var beint.

Í fylgiskjali með skýrslunni eru bréf Sjóvár-Almennra trygginga hf. og Vátryggingafélags Íslands hf. sem fylgdu svörum félaganna, ásamt ýmsum gögnum sem SÍT tók saman og afhenti ráðuneytinu.

Hér á eftir er að finna svör við þeim spurningum sem óskað var svara við í skýrslubeiðninni og bárust ráðuneytinu.

1. *Hafa tryggingafélögin gert úttektir á áhrifum skaðabótalaga og sé svo, hverjar eru niðurstöður þeirra?*

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.:

Samband íslenskra tryggingafélaga (SÍT) veitti umsagnir á öllum stigum málsins við undirbúning að setningu skaðabótalaga og vegna lagabreytinga 1996 og 1999. Tóku fulltrúar Sjóvár-Almennra trygginga hf. virkan þátt í því starfi og er af hálfu félagsins vísað til umsagna þeirra. Hefur félagið falið SÍT að gera grein fyrir umsögnum og upplýsingum sem veittar voru, en allsherjarnefnd Alþingis mun hafa öll gögn undir höndum.

Tryggingamiðstöðin hf. (TM):

TM gerði úttekt á því hvaða áhrif þessar lagabreytingar hefðu og félagið fylgist stöðugt með þróun tjónafjárhæða.

Áhrif setningar skaðabótalaga 1. júlí 1993 á bótafjárhæðir.

Til 1. júlí 1993 gilti ólögfestur skaðabótaréttur byggður á venjum og dómafordæmi. Hinn 1. júlí 1993 voru sett skaðabótalög sem sögðu til um hvernig bæta skyldi líkamstjón til þriðja aðila. Þessum lögum hefur verið breytt tvisvar, 1. júlí 1996 og 1. maí 1999. Tryggingamiðstöðin gerði ekki spá um áhrif af setningu skaðabótalaganna 1993

á heildartjónafjárhæðir, en ljóst var að dreifing bótanna tæki talsverðum breytingum, alvarlegri slys yrðu bætt með hærri fjárhæðum en minni háttar slys með lægri fjárhæðum.

Reynslan hefur sýnt að ekki varð marktæk breyting á meðalfjárhæð tjóna við setningu skaðabótalaganna 1. júlí 1993. Meðalslysatjón reiknað á föstu verðlagi var 1.250 þús. kr. á tímabilinu 1. janúar 1991 til 30. júní 1993 en virðist stefna í 1.260 þús. kr. á tímabilinu 1. júlí 1993 til 30. júní 1996 sem er hækkun um 0,8%.

Áhrif breytinga á skaðabótalögunum 1. júlí 1996 á bótafjárhæðir.

Athugun TM benti til þess að slysatjón mundu hækka um 13% að meðaltali og að tjón samtals í lögboðnum ökutækjatryggingum, þegar búið er að vega saman slysa- og munatjón, mundu hækka um 8,5%.

Reynslan sýnir lítið eitt meiri hækkun, meðalslysatjón reiknað á föstu verðlagi var 1.260 þús. kr. á tímabilinu 1. júlí 1993 til 30. júlí 1996 en virðist stefna í 1.480 þús. kr. á tímabilinu 1. júlí 1996 til 30. apríl 1999 sem er 17,5% hækkun.

Í athugun TM var ekki gert ráð fyrir að uppgjörskostnaður slysatjóna mundi hækka, en reyndin hefur orðið sú að lögmenn hafa séð sér færi á að hækka þóknun sína á þeim grundvelli að þeir séu að innheimta hærri fjárhæðir en áður. Auk þess má nefna önnur atriði óháð skaðabótalögunum sem hafa áhrif til hækkunar tjónabóta. Laun hækkuðu og bera fór á hærra örorkumati frá örorkunefnd og læknum.

TM telur nú, í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur, að lagabreytingin 1996 hafi leitt til 14% hækkunar slysatjóna, hækkanir umfram það séu af öðrum ástæðum.

Áhrif breytinga á skaðabótalögunum 1. maí 1999.

Athugun TM benti til þess að slysatjón mundu hækka um 38% að meðaltali og að tjón samtals í lögboðnum ökutækjatryggingum, þegar búið er að vega saman slysa- og munatjón, mundu hækka um 25%.

Reynslan sýnir mun meiri hækkun, meðalslysatjón reiknað á föstu verðlagi var 1.480 þús. kr. á tímabilinu 1. júlí 1996 til 30. apríl 1999 en virðist nú stefna í 2.300 þús. kr. sem er 55% hækkun.

Í þessari athugun TM var heldur ekki gert ráð fyrir auknum lögmannskostnaði, en fyrirsjáanlegt er að þessi breyting skaðabótalaganna verður mikil búbót fyrir lögmenn. Einnig er álitamál hvort nægjanlegt tillit hafi verið tekið til aukningar á vaxtagreiðslum. Auk þess eru ýmis önnur atriði sem ekki er hægt að rekja beint til skaðabótalaganna sem hafa valdið hækkun meðalslysatjóns eins og félagið hefur bent á við ýmis tækifæri. Má þar nefna stórhækkun örorkumats frá örorkunefnd og læknum og hækkandi launa tjónþola.

TM telur nú, í ljósi þeirrar takmörkuðu reynslu sem komin er af uppgjöri tjóna eftir þessa breytingu að breyting skaðabótalaganna 1. maí 1999 hafi leitt til 40% hækkunar, en það sem þar er umfram sé af öðrum orsökum.

Þegar áhrif lagabreytinganna 1. maí 1999 voru metin í maí 1999 voru skoðuð öll umferðarslys sem félagið bætir og urðu á tímabilinu 1. júlí 1993 til 31. desember 1993. Þetta voru samtals 127 tjón sem ýmist voru uppgerð eða langt komin í uppgjöri. Fyrir hvert tjón var lagt mat á alla kostnaðarþætti samkvæmt lögunum eins og þau voru fyrir og eftir lagabreytinguna. Sundurliðaðar niðurstöður voru eftirfarandi:

Tjón gerð upp og áætluð á grundvelli skaðabótalaganna fyrir og eftir breytingu 1. 5. 1999.

	Fyrir breytingu	Eftir breytingu	Breyting, %
Miskabætur	44.497.324	44.497.324	0%
Varanlegt tekjutap	100.995.398	183.762.144	82%
Tímabundin örorka	31.543.396	31.543.396	0%
Þjáningarbætur	12.015.167	12.015.167	0%
Sjúkrakostnaður	6.903.944	6.903.944	0%
Útfararkostnaður	250.000	250.000	0%
Makabætur	0	0	-
Barnalífeyrir	0	0	-
Vextir	9.088.005	13.255.190	46%
Uppgjörskostnaður	16.004.440	16.004.440	0%
Annar kostnaður	7.725.672	7.725.672	0%
Tjón, samtals	**229.023.347**	**315.957.278**	**38%**

Vátryggingafélag Íslands hf.:

Þegar ný skaðabótalög voru samþykkt á Alþingi í lok mars 1999 hóf félagið umfangsmikla athugun á líklegum áhrifum þeirra. Athugunin byggðist m.a. á ítarlegum upplýsingum félagsins um tjónareynslu fyrri ára. Niðurstaða þeirrar athugunar var að búast mætti við hækkun tjónakostnaðar vegna líkamstjóna um a.m.k. 40% samkvæmt lögunum sem tóku gildi 1. maí 1999 miðað við skaðabótalögin sem giltu frá 1. júlí 1996.

Samband íslenskra tryggingafélaga lét athuga ýmis áhrif nýju skaðabótalaganna. SÍT hefur sent efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis margvísleg gögn um áhrif breytinga á skaðabótalögunum og bendir félagið sérstaklega á minnisblað SÍT nr. 3 frá því í desember 2000.

Uppgjör slysatjóna tekur yfirleitt langan tíma vegna eðlis málsins. Félagið hefur gengið frá nokkrum uppgjörum á grundvelli skaðabótalaganna frá 1. maí 1999. Túlkun nokkurra atriða eru enn nokkuð óljós og það virðist vera að koma í ljós að hækkun tjónakostnaðar í reynd kann að vera meiri en fyrrgreint mat frá 1999 gerði ráð fyrir.

Samband íslenskra tryggingafélaga (SÍT):

Minnisblað SÍT nr. 3 um áhrif skaðabótalaga vegna spurninga efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis til SÍT er fylgiskjal með skýrslu þessari.

2. *Er í skaðabótalögum gengið of langt á einhverjum sviðum miðað við tilefni í að bæta tjónþola tjón sem hefur haft veruleg áhrif á iðgjaldahækkun?*

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.:

Vísað er til svars við spurningu 1. SÍT hefur ítrekað bent á ýmis atriði sem betur mega fara í skaðabótalögunum, t.d. skýrari ákvæði um framkvæmd laganna og einnig atriði þar sem augljós mistök hafa orðið við lagasmíðina. Spyrja má hvort Alþingi eigi ekki að hafa frumkvæði að því að láta rannsaka þá skerðingu á tekjuöflunarhæfi sem raunverulega hefur orðið hjá þeim sem lenda í slysum og fá gert upp fjárhagstjón sitt samkvæmt skaðabótalögum. Þannig mætti afla vitneskju sem leiddi til þess að slösuðum væru greiddar fullar bætur sem væru bæði raunhæfar og sanngjarnar.

Tryggingamiðstöðin hf. (TM):

TM telur að gengið hafi verið of langt á ýmsum sviðum varðandi bótafjárhæðir. Sem dæmi þar um má nefna að ákvörðun lágmarkslauna er allt of há þegar miðað er við bætur til fólks sem komið er á vinnumarkað. Ekki getur talist eðlilegt að skylda tjónvalda til að ofbæta tjón.

Vátryggingafélag Íslands hf.:

Þegar bætur fyrir varanlega örorku eru reiknaðar út samkvæmt núgildandi skaðabótalögum má ekki miða við lægri árslaun en 1.200.000 kr. (miðað við lánskjaravísitölu í júlí 1993). Í desember 2000 er þessi fjárhæð 1.459.206 kr., sbr. 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga eins og henni var breytt með lögum nr. 37/1999. Þessi viðmiðunarfjárhæð er hærri en lágmarkslaun sem greidd eru í landinu og veldur því að vátryggingafélögin þurfa að greiða, fyrir hönd tjónvalda, mörgum tjónþolum sem slasast eftir 1. maí 1999 mun hærri bætur en ef miðað væri við rauntekjur tjónþolans. Ákvæði þetta stangast algjörlega á við þá meginreglu skaðabótaréttarins að tjónþoli skuli fá bætur sem gera hann fjárhagslega eins settan og hefði hann ekki orðið fyrir tjóni og veldur verulegri hækkunarþörf á iðgjöldum fyrir ábyrgðartryggingar, m.a. fyrir ökutæki.

Með lögum nr. 37/1999 var fellt niður ákvæði um að ekki skuli greiða bætur fyrir miska sem er minni en 5%. Fullyrða má að afleiðingar slyss séu oft mjög óverulegar þegar miski er metinn undir 5% og hinn slasaði verði því ekki fyrir teljandi tjóni. Þessi breyting veldur því aftur á móti að miklu fleiri munu leita eftir bótum og kostnaður við að afla gagna og meta þessi tjón mun verða umtalsverður, auk þeirra bóta sem greiða þarf þeim sem metnir eru með miska á bilinu 1–5 stig. Þessi breyting kallar því á hærri iðgjöld til að bæta tjónþolum oft og tíðum óverulegt tjón.

3. *Hvernig hefur skattgreiðslum af hagnaði tryggingafélaganna verið háttað árlega á undanförnum árum með tilliti til framlaga í bótasjóðina?*

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.:

Félagið greiðir tekjuskatt af hagnaði í samræmi við lög um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, og hefur við útreikning á skattstofni verið tekið tillit til framlaga í tjónaskuld (áður nefnt bótasjóður), í samræmi við 6. tölul. 31. gr. sömu laga, sem og annarra rekstrargjalda.

Tryggingamiðstöðin hf. (TM):

Hér á eftir eru upplýsingar um hagnað fyrir skatt, tekju- og eignarskatt og hækkun eigin tjónaskuldar fyrir tímabilið 1995–1999 í millj. kr.

	1995	1996	1997	1998	1999
Hagnaður fyrir skatt	233,5	389,7	362,5	405,2	351,2
Tekju- og eignarskattur	64,9	110,1	84,0	86,3	115,8
Hækkun eigin tjónaskuldar	400,9	626,3	359,8	420,4	702,2

Vátryggingafélag Íslands hf.:

Ár	Breyting eigin tjóna-skuldar '000	Breyting út-jöfnunar-skuldar '000	Breyting samtals '000	Álagning tekju- og eignarskatts '000
1996	666.843	74.400	741.243	4.498
1997	515.231	11.100	526.331	99.709
1998	334.217	30.000	364.217	121.302
1999	726.858	-100.000	626.858	34.246

4. *Hvernig eru bótasjóðir tryggingafélaganna ávaxtaðir og með hvaða kjörum og hve stór hluti fjármagnstekna af framlögum í bótasjóðina rennur í sjóðina til að mæta tjónaskuld?*

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.:

Í ársreikningum félagsins er reiknaður liður, fjárfestingartekjur af vátryggingarekstri, og reiknast hann í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga, nr. 613/1996. Þar segir að við útreikninginn skuli nota ákveðna ávöxtunarkröfu á markaði frekar en ávöxtun félagsins sjálfs. Þessi ávöxtun er því ekki á valdi félagsins, en hefur áhrif á skiptingu afkomu milli vátryggingarekstrar og fjármálarekstrar. Innifalin í þessum útreikningi er ávöxtun á tjónaskuld (áður nefnt bótasjóður) félagsins. Tengsl tjónaskuldar við ákveðnar eignir félagsins eru þau að í reglugerð um jöfnun eigna á móti vátryggingarskuld vátryggingafélaga, nr. 646/1995, er kveðið á um ramma fyrir fjárfestingarstefnu fyrir eignir sem nema sömu fjárhæð og vátryggingarskuldin (þ.m.t. tjónaskuldin). Félaginu ber að halda skrá yfir þessar eignir en ávöxtun þeirra er ekki sérstaklega tilgreind í ársreikningi. Fjárfestingartekjur af vátryggingarekstri, og þar með af tjónaskuld, hafa verið reiknaðar á þennan hátt frá gildistöku fyrrnefndrar reglugerðar, nr. 613/1996, en áður var þessi tekjuliður ekki sérstaklega skilgreindur. Tjónaskuld er sama hugtak og nefnt var bótasjóður fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

Tryggingamiðstöðin hf. (TM):

Tryggingamiðstöðin ávaxtar vátryggingarskuld félagsins í samræmi við reglugerð nr. 646/1995, um jöfnun eigna á móti vátryggingarskuld vátryggingafélaga. Reglugerðin gefur ákveðin fyrirmæli um áhættudreifingu eigna á móti vátryggingarskuldinni og setur félaginu ákveðnar skorður um ávöxtun hennar.

Vátryggingarskuldin er á hverjum tíma ákvörðuð þannig að hún samsvari óuppgerðum heildarskuldbindingum félagsins vegna gerðra vátryggingasamninga að mati félagsins, sbr. 34. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, og 33. og 49.–56. gr. reglugerðar nr. 613/1996, um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga. Ákvæði laga og reglugerða eru skýr og afdráttarlaus í þessu sambandi og í samræmi við þau tryggingafræðilegu lögmál sem starfsemin lýtur. Það er algerlega óháð öðrum þáttum í rekstri félagsins hvernig vátryggingarskuldin er metin og ákvörðuð. Ekki er rétt að segja að vextir af vátryggingarskuld eða öðrum eignum renni í vátryggingarskuld heldur eru hverri vátryggingargrein reiknaðar fjármunatekjur sem

ákvarðast af meðalfjárhæð eigin vátryggingarskuldar ásamt verðlagsbreytingum og ávöxtunarmöguleikum á fjármálamarkaði, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 613/1996.

Vátryggingafélag Íslands hf.:

Til að forðast allan misskilning þegar spurt er um ávöxtun bótasjóða er hugtakið „bótasjóðir" ekki lengur notað við rekstur vátryggingastarfseminnar heldur hugtakið vátryggingarskuld. Vátryggingarskuld skiptist í fjórar mismunandi tegundir efnahagsliða. Í fyrsta lagi er um að ræða tjónaskuld sem er sú fjárhæð sem lögð er til hliðar til þess að mæta greiðslum vegna óuppgerðra tjóna. Í öðru lagi er það útjöfnunarskuld sem er sú fjárhæð sem lögð er til hliðar til að mæta sveiflum í tjónareynslu félagsins frá ári til árs. Í þriðja lagi er iðgjaldaskuld, sem er sá hluti bókfærðra iðgjalda á árinu sem tilheyrir vátryggingartímabili næsta árs, og í fjórða lagi ágóðaskuld sem er skuld félagsins við vátryggingartaka vegna samnings um hlutdeild í afkomu einstakra vátryggingargreina eða viðskipta.

Ógreiddar bætur vegna skaðabótaskyldra líkamstjóna sem færast undir tjónaskuld eru verðtryggðar og bera að auki 4,5% vexti frá og með tjónsdegi samkvæmt núgildandi skaðabótalögum. Tekið er tillit til þessarar verðtryggingar og vaxta við reglulegt endurmat tjónsáætlunar. Af þessum sökum hækkar tjónaskuldin vegna vaxta og verðlagsþróunar á hverjum tíma.

Samkvæmt lögum skal vátryggingafélag sjá til þess að fyrir hendi séu eignir sérstaklega tilgreindar á móti vátryggingarskuldinni til að tryggja að félagið geti staðið við vátryggingarskuldbindingar sínar. Samkvæmt reglugerð nr. 646 frá 15. desember 1995, um jöfnun eigna á móti vátryggingarskuld vátryggingafélaga, eru settar reglur um hvernig félagið megi ávaxta þessar tilteknu eignir. VÍS ávaxtar umræddar eignir í einu og öllu í samræmi við ákvæði fyrrgreindrar reglugerðar.

Í reglugerð um ársreikninga vátryggingafélaga nr. 613 frá 26. nóvember 1996 er kveðið á um hvernig skipting fjármagnstekna félagsins er milli vátryggingastarfsemi og tekna félagsins af fjármálarekstri. Í 10. gr. reglugerðarinnar segir: „Undir lið 2 Fjárfestingartekjur af vátryggingarekstri, skal færa reiknaða ávöxtun af meðaltali eigin vátryggingarskuldar við upphaf og lok reikningsársins auk reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á eigin vátryggingarskuld sbr. 20 gr. Við vaxtaútreikninginn skal nota vaxtafót sem er jafnhár og meðaltal ávöxtunarkröfu á reikningsárinu af þriggja til fimm ára verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs í viðskiptum á Verðbréfaþingi Íslands og skal Vátryggingaeftirlið (innsk. Fjármálaeftirlitið) birta vátryggingafélögunum þessa viðmiðun." Í þessu felst að vátryggingafélagi ber að skila vátryggingarekstrinum, og þar af leiðandi hverri tryggingargrein innan vátryggingarekstrarins, tiltekinni ávöxtun af eignum sem eru á móti vátryggingarskuld án tillits til þess hvernig tekist hefur til við ávöxtun viðkomandi eigna. Þessar fjármagnstekjur eru færðar til tekna á viðkomandi vátryggingargrein.

Skipting fjármagnstekna milli vátryggingastarfsemi og fjármálastarfsemi hefur verið eftirfarandi árin 1995 til 1999:

	Heildar-fjármagnstekjur '000	Hlutdeild vátryggingarekstrar í fjármagnstekjum '000
1995	840.162	776.989
1996	1.000.017	783.340
1997	1.089.330	862.940
1998	1.090.139	730.443
1999	1.961.397	1.278.176

5. *Er þörf á að breyta reglum um mat á tjónaskuld?*

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.:

Reglur um mat á tjónaskuld er að finna í lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, og í reglugerð nr. 613/1996, um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga. Við mat á tjónaskuld Sjóvár-Almennra trygginga hf. er ákvæðum þessara laga og reglugerðar fylgt. Reglugerðin er að stofni til lögfesting á EES-ákvæðum. Ekki verður talið að rök styðji að teknar séu upp sérislenskar reglur um mat á tjónaskuld. Íslensk vátryggingafélög starfa í opnu samkeppnisumhverfi og því eðlilegt að starfsskilyrði þeirra séu sem líkust því sem þekkist annars staðar.

Tryggingamiðstöðin hf. (TM):

Reglur þær sem hér gilda um tjónaskuld eru, eftir því sem við best vitum, sambærilegar við það sem gildir í samkeppnislöndum okkar. Félagið telur ástæðulaust að breyta þeim hér á landi sérstaklega.

Vátryggingafélag Íslands hf.:

Fjallað er um mat á tjónaskuld í 50.–53. gr. reglugerðar nr. 613/1996, um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga. Miðað við reynslu undanfarinna ára telur félagið ekki þörf á breytingum á reglum um mat á tjónaskuld.

6. *Gáfu breytingar á mati á tjónaskuld tilefni til breytinga á iðgjöldum bifreiðatrygginga á árunum 1999 og 2000?*

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.:

Ýmsir samverkandi þættir í rekstri vátryggingafélags hafa áhrif á iðgjaldaþörf. Þar vegur tjónakostnaður að sjálfsögu þyngst. Afkoma af ökutækjatryggingum hefur í mörg ár verið neikvæð og reyndar farið enn versnandi á allra síðustu árum. Við gildistöku skaðabótalaga 1. júlí 1993 breyttust bótaforsendur mikið og fylgdi þessari breytingu nokkur óvissa um þróun bótagreiðslna. Við breytingu á lögunum 1996 og 1999 jókst óvissa um þróun bótagreiðslna enn til muna. Útreikningar félagsins bentu strax til þess að bótagreiðslur vegna breytinga á skaðabótalögum mundu stóraukast. Tíminn hefur síðan leitt í ljós að bætur vegna líkamstjóna hafa hækkað stórlega umfram áætlanir. Í raun er ekki tímabært að segja til um hver endanleg heildaráhrif breytinganna munu verða. Þegar lagt er mat á iðgjaldaþörf er horft til afkomu í greininni og tekið tillit til áætlana um þróun bótagreiðslna, þ.e. tjónaskuldar, og einnig er rekstrarkostnaður tekinn inn í

myndina. Iðgjöld lögboðinna ökutækjatrygginga voru hækkuð um mitt ár 1999 og aftur um mitt ár 2000. Ástæða hækkunar á árinu 1999 var fyrst og fremst breyting á skaðabótalögum en versnandi afkoma í greininni vegna hækkaðra tjónabóta og hærri tjónatíðni hafði einnig sín áhrif. Á árinu 2000 hélt afkoma greinarinnar enn áfram að versna svo að iðgjaldahækkun reyndist óumflýjanleg.

Tryggingamiðstöðin hf. (TM):

Almennt eiga breytingar sem gera þarf á tjónaskuld félags vegna aukinna eða minnkandi tjónabóta að hafa áhrif á iðgjöld. Vegna markaðsaðstæðna var ekki hægt að ákveða iðgjöld bifreiðatrygginga áranna 1999 og 2000 á fyrrgreindum grundvelli.

Vátryggingafélag Íslands hf.:

Breytingar á mati á tjónaskuld einar gefa ekki tilefni til breytinga á iðgjöldum heldur heildartjónakostnaður á hverjum tíma.

Nokkurs misskilnings virðist gæta bæði í þessari spurningu og þeirri 11. um eðli og samspil tjónaskuldar og tjónakostnaðar.

Tjónaskuld endurspeglar áætlaðar ógreiddar bætur vegna óuppgerðra tjóna eins og fram kemur í svari við spurningu 4 en tjónakostnaður segir til um heildarkostnað vegna tjóna viðkomandi tímabils, greiddan og ógreiddan. Iðgjöld eru síðan m.a. afleiðing tjónakostnaðar.

Uppgjörstími tjóna er mjög mismunandi. Það tekur tiltölulega stuttan tíma að gera upp eignatjón en oft tekur langan tíma að gera upp líkamstjón vegna slysa. Ástæða fyrir löngum uppgjörstíma líkamstjóna, t.d. vegna umferðarslysa, er sú að iðulega er beðið endurhæfingar þess sem slasast og endanlegs örorkumats vegna líkamstjóns.

Tjónaskuldin er stöðugt endurmetin í samræmi við nýjar upplýsingar um ógreidd tjón og getur endurmatið leitt til lækkunar hennar eða hækkunar. Fjárhæð tjónaskuldar tekur þess vegna sífelldum breytingum. Heildartjónaskuld getur því hækkað ef vátryggingarstofn fer stækkandi, tjónatíðni eykst eða ef kostnaður einstakra tjóna vex, t.d. vegna verðlagsbreytinga, vaxta eða breytinga á lagaumhverfi. Á sama hátt getur tjónaskuld lækkað, t.d. ef meðaluppgjörstími tjóna styttist eða meðaltjón lækkar. Af þessum sökum endurspeglar breyting tjónaskuldar ekki ein þróun tjónakostnaðar heldur þarf að meta heildartjónakostnað tímabils, greiddan og ógreiddan.

7. *Hvernig hefur eigið fé, hagnaður, sjóðir og bankainnstæður tryggingafélaganna vaxið samanborið við vátryggingarskuld?*

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.:

Það liggur í hlutarins eðli að breytingar á tjónaskuld til hækkunar eða lækkunar hafa áhrif á afkomu félagsins að öðru óbreyttu. Eigið fé breytist venjulega í samræmi við afkomu félagsins, hagnaður eykur eigið fé en tap lækkar það. Sjóðir og bankainnstæður hjá félaginu eru á engan hátt bundnar af breytingum á hagnaði, eigin fé eða vátryggingarskuld.

Tryggingamiðstöðin hf. (TM):

Vátryggingarskuld á móti eigin fé, hagnaði, sjóði og bankainnstæðum hefur þróast eins og hér segir á undanförnum árum í millj. kr.:

	1995	1996	1997	1998	1999
Eigið fé	1.113,6	1.388,0	1.656,7	2.987,8	3.636,9
Hagnaður	168,6	279,7	278,5	318,9	235,4
Sjóður og bankar	1.114,1	871,4	980,6	805,9	734,8
Samtals	**2.396,2**	**2.539,0**	**2.915,8**	**4.112,5**	**4.607,1**
Vátryggingarskuld	**7.013,0**	**7.611,0**	**8.207,0**	**8.829,0**	**9.322,0**
Vátryggingarskuld, samtals	**2,93**	**3,00**	**2,81**	**2,15**	**2,02**

Vátryggingafélag Íslands hf.:

Eftirfarandi yfirlit sýnir framangreindar stærðir fyrir VÍS árin 1996–1999 í þús. kr.

Ár	Eigið fé	Hagnaður	Sjóðir og bankainnstæður	Eigin vátryggingarskuld
1996	1.579.298	306.831	1.516.029	11.288.425
1997	1.918.067	305.066	1.185.550	11.660.459
1998	2.220.128	311.342	1.314.611	12.095.434
1999	2.600.214	358.864	1.255.310	13.005.835

8. *Hvaða áhrif hafa afkoma og afkomuhorfur á iðgjaldaákvarðanir tryggingafélaganna?*

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.:

Afkoma og afkomuhorfur til lengri tíma hafa úrslitaáhrif á iðgjaldaákvarðanir félagsins. Eins og í öðrum fyrirtækjarekstri þarf verð útseldrar vöru eða þjónustu að vera þannig að jákvæð rekstrarafkoma náist. Sé því um neikvæða afkomu að ræða í vátryggingarekstri leiðir það venjulega til hækkunar iðgjalda en góð afkoma getur leitt til lækkunar iðgjalda eða rýmkunar skilmála.

Tryggingamiðstöðin hf. (TM): (svar við spurningum 8–10)

TM reynir að ákvarða iðgjöld á grundvelli afkomuhorfa í hverri vátrygginagrein. Félagið gerir það ekki með skipulegum hætti að reka eina vátryggingargrein með miklum hagnaði til þess að halda niðri iðgjöldum í annarri grein eða að nota slaka afkomu í einni grein til að réttlæta há iðgjöld í öðrum. Félagið tekur ákvörðun um iðgjöld í hverri grein fyrir sig óháð afkomu í öðrum greinum.

Vátryggingafélag Íslands hf.:

Hluti af reglulegu starfi félagsins er mat á afkomuhorfum einstakra tryggingargreina. Ákvörðun um iðgjöld byggist síðan á niðurstöðum þessara athugana og markaðsverði á hverjum tíma.

9. *Nota tryggingafélögin góða afkomu í einni grein trygginga til að halda niðri iðgjöldum í annarri grein?*

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.:

Aðalreglan er sú að hver og ein vátryggingargrein þarf að standa undir þeim tjónakostnaði sem henni fylgir. Ýmsar ytri aðstæður geta síðan haft áhrif á hversu reglulega breytingar eru gerðar á iðgjöldum einstakra vátryggingargreina. Þar hefur t.d. áhrif verð-

lagning samkeppnisaðila, horfur til lengri tíma um afkomu greinarinnar ásamt afkomuhorfum félagsins í heild. Afkoma einstakra vátryggingargreina getur sveiflast allnokkuð milli ára vegna breytinga á tjónatíðni eða stórtjóna, svo að dæmi sé tekið. Þegar til lengri tíma er litið er markmiðið að iðgjöld hverrar einstakrar vátryggingargreinar standi undir þeim kostnaði sem henni fylgir.

Tryggingamiðstöðin hf. (TM):
Sjá svar við spurningu nr. 8.

Vátryggingafélag Íslands hf.:
Nei.

10. *Nota tryggingafélögin slaka afkomu í einni grein trygginga til að halda iðgjöldum of háum í annarri grein?*

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.:
Sjá svar við spurningu nr. 9.

Tryggingamiðstöðin hf. (TM):
Sjá svar við spurningu nr. 9.

Vátryggingafélag Íslands hf.:
Nei.

11. *Var ekki eðlilegt að líta til bæði heildarafkomu tryggingafélaganna við iðgjaldaákvörðun á þessu og síðasta ári, sem og mats á tjónaskuld í bílatryggingum? Voru 2 milljarðar króna sem losnuðu úr tjónaskuld áranna 1991–1996 dregnir frá og höfðu þar með áhrif til lækkunar á iðgjaldaþörf þessa og síðasta árs?*

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.:
Félagið lítur svo á að betri afkomu í einni grein vátrygginga skuli ekki nýta til að halda niðri iðgjöldum í annarri grein. Félagið telur það ósanngjarnt gagnvart vátryggingartökum í þeirri grein sem góða afkomu gefur. Þeir eigi að njóta lækkunar iðgjalda eða rýmkunar skilmála á sinni vátryggingargrein en ekki sjá á eftir góðri afkomu yfir til vátryggingartaka í greinum sem bera of lág iðgjöld. Heildarafkoma félagsins er ekki eingöngu afkoma af vátryggingarekstrinum heldur telst þar með t.d. ávöxtun eigin fjár félagsins og afkoma annarra rekstrarliða en vátryggingarekstrar. Eðlilegt er að líta til mats á tjónaskuld við iðgjaldaákvarðanir, hvort sem um er að ræða lögboðnar ökutækjatryggingar eða aðrar vátryggingargreinar og var það gert við ákvörðun iðgjalda á þessu og síðasta ári. Félagið hefur ekki haft undir höndum þá 2 milljarða sem í spurningunni eru sagðir hafa losnað úr tjónaskuld áranna 1991–1996 og getur því ekki tjáð sig um meðferð þeirra. Meginreglan er hins vegar sú að lækki tjónaskuld færist sú upphæð til tekna hjá félaginu en hækki tjónaskuld færist sú upphæð til gjalda.

Tryggingamiðstöðin hf. (TM):
Heildarafkoma vátryggingafélags ræðst af afkomu vátryggingarekstrar, árangri í fjármálarekstri og ef til vill óreglulegum tekjum. Ef afkoma félagsins er mjög góð og hagn-

aður meiri en hæfilegt getur talist er líklegt að iðgjöld í einhverjum vátryggingargreinum séu óþarflega há og það megi lækka þau í þeim greinum sem þannig háttar til um. Á sama hátt þarf að huga að því ef tap er af rekstri félagsins eða hagnaður óviðunandi miðað við það fjármagn sem bundið er í rekstrinum hvort afkoma einhverra vátryggingargreina sé svo slæm að nauðsynlegt sé að hækka iðgjöld í þeim greinum.

Hvort sem afkoma félagsins er góð eða slæm er það skylda félagsins að fylgjast með afkomu hverrar vátryggingargreinar og sjá til þess að iðgjöld sem boðin eru séu sanngjörn í garð vátryggingartaka og í samræmi við þá áhættu sem í vátryggingunni felst og eðlilegan rekstrarkostnað sbr. 55. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi. Það er andstætt fyrrnefndu lagaákvæði og góðum vátryggingavenjum að bæta sér upp of lág iðgjöld í einni grein með of háum iðgjöldum í öðrum greinum. Komið hefur í ljós að á undanförnum árum hafa iðgjöld í ökutækjatryggingum verið of lág miðað við áhættu. Félagið hefur reynt að bregðast við því með iðgjaldabreytingum sl. sumar. Félagið telur reyndar að ef ekki komi til bætt umferðarmenning og fækkun tjóna, einkum slysa, vanti enn nokkuð upp á að rekstur ökutækjatrygginga sé kominn í viðunandi horf. Félagið telur þó að ekki sé rétt að hækka iðgjöldin meira að sinni, reyna verði til þrautar að ná niður tjónaþunganum áður en iðgjöld hækka meira.

Við mat á rekstrargrundvelli ökutækjatrygginga er horft til mats á tjónaskuld og matsþróunar, þ.e. hvort eitthvað losnar úr tjónaskuld umfram það sem greitt er. Spurt er um 2 milljarða króna sem losnuðu úr tjónaskuld áranna 1991–1996. Í fréttatilkynningu sinni frá 24. júlí 2000 talar Fjármálaeftirlitið reyndar um 1,9 milljarða króna sem losnað hafi úr tjónaskuld vegna 1998 og fyrr. TM getur ekki svarað fyrir þessar fjárhæðir og hefur engin tök á að sannreyna þær. Hjá TM losnuðu 142 millj. kr. úr tjónaskuldinni á árinu 1999 vegna 1998 og fyrr.

TM leggur metnað sinn í að vanda til mats á vátryggingarskuld félagsins og fullyrðir að hún samsvari óuppgerðum heildarskuldbindingum félagsins vegna gerðra vátryggingarsamninga eins og ætlast er til.

Sem svar við því hvort afkoma félagsins gefi tilefni til að endurskoða iðgjaldagrundvöll félagsins í heild sinni skal bent á hagnað félagsins sem hlutfall af eigin fé, í millj. kr.

	1995	1996	1997	1998	1999
Eigið fé	1.113,6	1.388,0	1.656,7	2.987,8	3.636,9
Hagnaður	168,6	279,7	278,5	318,9	235,4
Hagnaður, eigið fé	15,1%	20,2%	16,8%	10,7%	6,5%

Hér sést að ávöxtun eigin fjár hefur farið stöðugt lækkandi frá 1996 og var á árinu 1999 langt frá því að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til fyrirtækja á Verðbréfaþingi Íslands.

Vátryggingafélag Íslands hf.:

Stefna Vátryggingafélags Íslands er að hver einstök tryggingargrein standi undir sér eins og kostur er á hverjum tíma. Félagið hefur átt því láni að fagna að ávöxtun á fjármagnsmarkaði hefur verið góð undanfarin ár og hefur það gert félaginu mögulegt, m.a. með tilliti til heildarafkomu, að fresta iðgjaldabreytingum í nokkrum tilvikum.

Hvað varðar seinni hluta spurningarinnar virðist koma fram sami misskilningur um eðli og samspil tjónaskuldar og tjónakostnaðar og í spurningu 6. Allar breytingar á

tjónaskuld koma fram í tjónakostnaði félagsins til hækkunar eða lækkunar og hafa þannig, ásamt öðrum þáttum, áhrif á iðgjaldaákvörðun á hverjum tíma. Vísast að öðru leyti til svara við spurningu 6 hér að framan.

12. *Hafði slakur kaupmáttur á fyrri hluta síðasta áratugar áhrif á iðgjaldaákvarðanir tryggingafélaganna og hefur vaxandi kaupmáttur á undanförnum árum haft áhrif?*

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.:

Í fyrri svörum hefur verið gerð grein fyrir því hvernig félagið metur iðgjaldaþörf til lengri tíma. Kaupmáttur sem slíkur hefur aldrei verið viðmiðun við iðgjaldaákvarðanir hjá félaginu. Hækki hins vegar laun í landinu (sem ekki þarf að þýða aukinn kaupmátt) má búast við hækkandi tjónabótum í þeim vátryggingargreinum þar sem tekið er mið af launum manna (við uppgjör líkamstjóna) og er þess vegna líklegt að iðgjöld í þessum greinum hækki.

Tryggingamiðstöðin hf. (TM):

TM reynir að byggja iðgjaldsákvarðanir sínar á grundvelli tjónareynslu í hverri vátryggingargrein. Laun í landinu eru aðeins einn liðursem áhrif hefur á tjónareynsluna og hafa iðgjöld félagsins ekki einvörðungu tekið breytingum vegna launabreytinga í landinu.

Vátryggingafélag Íslands hf.:

Í lögboðnum ökutækjatryggingum, sem virðast tilefni spurninganna, er ábyrgðar- og bótasvið ákveðið í lögum og er því eins fyrir öll vátryggingafélög, innlend og erlend. Iðgjaldaákvarðanir taka því mið af þeirri vernd sem löggjafinn ákveður að þegnarnir skuli njóta og eru fyrst og fremst afleiðing ákvörðunar löggjafarvaldsins. Kaupmáttarhugleiðingarnar hafa væntanlega verið vandlega íhugaðar á vettvangi löggjafarsamkomunnar, en þær eru ekki áhrifaþáttur við iðgjaldaákvörðun félagsins í þessari grein trygginga sem ákveðin er með lögum.

13. *Hver hefur árleg aukning tekna af iðgjöldum bifreiðatrygginga með vaxandi bílaflota landsmanna verið frá árinu 1995?*

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.:

Erfitt er að tengja saman stækkun bílaflota landsmanna og breytingu á iðgjaldatekjum félagsins. Samsetning bílaflotans sem félagið tryggir er breytileg, t.d. gæti hlutfallsleg fjölgun stórra bíla ein og sér leitt til iðgjaldaaukningar en hlutfallsleg fjölgun lítilla bíla leiðir í fyrstu til lækkunar á iðgjaldatekjum. Þá spilar breyting á markaðshlutdeild einstakra félaga einnig inn í iðgjaldatekjur þeirra.

Árleg breyting iðgjaldatekna af lögboðnum ökutækjatryggingum 1995–1999 var eftirfarandi:

	Bókfærð iðgjöld, kr.	Breyting frá árinu á undan, %
1995	1.181.000.000	
1996	1.196.000.000	1,2
1997	1.262.000.000	5,5
1998	1.423.000.000	12,7
1999	1.899.000.000	33,5

Tryggingamiðstöðin hf. (TM): (svar við spurningum 13–14)

Hér á eftir eru bókfærð iðgjöld og greidd tjón á árunum 1995–1999. Athygli er vakin á því að bókfærð iðgjöld eru útgefin iðgjöld hvers árs. Iðgjöld eru að jafnaði greidd eitt ár fyrir fram. Þess vegna getur verið nokkur munur á bókfærðum iðgjöldum á árinu og iðgjöldum vegna þeirrar áhættu sem félagið ber á árinu. Greidd tjón eru allar tjónagreiðslur á viðkomandi reikningsári óháð því hvenær tjónin urðu. Oft tekur langan tíma að meta afleiðingar slyss. Greidd tjón á árinu 1999 eru því fjarri því að gefa til kynna fjárhæð bóta vegna tjóna sem urðu á því ári. Vegna breytinga á skaðabótalögum 1996 og einkum 1999 má reikna með því að tjónagreiðslur vegna tjóna sem urðu á árinu 1999 verði miklu hærri en sú fjárhæð sem greidd var á árinu 1999.

	1995	1996	1997	1998	1999
Bókfærð iðgjöld	942.034.773	958.676.570	900.256.540	961.588.805	1.130.161.898
Greidd tjón	701.484.631	772.166.890	798.278.498	920.451.281	1.222.797.410
Bílastofn TM, skírteinisár	26.251	27.852	31.306	35.098	40.450
Bílafloti landsmanna	140.525	145.063	149.170	157.624	168.429
Iðgjöld TM, bílastofn TM	35.886	34.420	28.757	27.397	27.940
Greidd tjón, fjöldi skírteina	26.722	27.724	25.499	26.225	30.230
Greidd tjón, bókfærð iðgjöld	0,74	0,81	0,89	0,96	1,08

Vátryggingafélag Íslands hf.:

Árleg þróun ársiðgjalda lögboðinna ökutækjatrygginga hefur verið eftirfarandi:

	Ársiðgjöld '000
1995	1.623.995
1996	1.621.080
1997	1.503.479
1998	1.397.500
1999	1.545.338

14. *Hver hefur orðið aukning á iðgjaldstekjum vegna fjölgunar bíla samanborið við aukningu á bótagreiðslum?*

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.:

Að hluta til sama spurning og nr. 13 og á svar við þeirri spurningu því hér við að hluta. Ekki er tilgreint hvaða tímabil er átt við, en eins og fram kemur í svari við spurningu nr. 13 hefur félagið ekki upplýsingar um aukningu iðgjaldatekna eingöngu vegna fjölgunar bíla þar sem aðrir þættir hafa einnig haft áhrif á iðgjaldatekjurnar undanfarin

ár. Félagið hefur heldur ekki upplýsingar um þá aukningu á greiddum bótum sem rekja má til fjölgunar bíla og veldur það því að erfitt er að fá fram sambærilegar stærðir.

Tjón áranna 1995–1999 í lögboðnum ökutækjatryggingum.

	Samtals tjón	Breyting frá árinu á undan, %
1995	1.187.000.000	
1996	1.663.000.000	40,2
1997	1.292.000.000	-22,3
1998	1.423.000.000	10,2
1999	2.501.000.000	75,7

Tryggingamiðstöðin hf. (TM):

Sjá svar við spurningu nr. 13.

Vátryggingafélag Íslands hf.:

Árleg þróun heildariðgjalda og tjóna lögboðinna ökutækjatrygginga hefur verið þessi:

	Ársiðgjöld '000	Tjónakostnaður '000
1995	1.623.995	1.736.408
1996	1.621.080	1.893.931
1997	1.503.479	1.858.421
1998	1.397.500	1.630.830
1999	1.545.338	2.397.596

15. *Hvernig sundurliðast iðgjaldaþörf þessa og síðasta árs hjá tryggingafélögunum eftir einstökum áhættuþáttum?*

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.:

Ekki er ljóst við hvaða áhættuþætti er átt.

Tryggingamiðstöðin hf. (TM):

Helstu áhættuþættir iðgjalds eru áhættuflokkur (gerð og notkun ökutækis), búseta vátryggingartaka og aldur. Hver áhættuþáttur hefur sinn stuðul, en þeir til samans ákvarða iðgjaldið. Félagið vill ekki birta þessa stuðla, en er reiðubúið til að sýna þeim nefndarmönnum sem þess óska nánar hvernig iðgjaldaskráin er byggð upp.

Vátryggingafélag Íslands hf.:

Iðgjöld skiptast almennt í áhættuþátt (risk premium), rekstrarkostnað, fjármagnsliði og hagnað.

Sundurliðun á verðlagningu þjónustu á samkeppnismarkaði eru samkeppnisupplýsingar sem félagið birtir ekki opinberlega.

16. Hvernig hafa iðgjöld vegna bifhjólatrygginga þróast síðastliðin fimm ár og hvernig hefur slysatíðni og tjónaútgjöldum verið háttað á sama tíma?

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.:

Hjá félaginu hefur þróunin verið þessi (samtals fyrir tímabilið 1994–1999):

Samtals iðgjöld	44.529.186 kr.
Samtals tjón	94.742.201 kr.
Tjónahlutfall	213%
Tjónatíðni	3%

Tryggingamiðstöðin hf. (TM):

Iðgjöld, tjón og tjónatíðni vegna mótorhjólatrygginga undanfarin ár hafa verið sem hér segir.

	1995	1996	1997	1998	1999
Iðgjöld ársins	6.767.876	7.726.973	16.011.801	17.290.119	22.315.388
Tjón ársins	256.847	8.906.605	34.826.771	42.072.477	119.904.280
Þar af vegna slysa	4.560	8.526.163	34.162.720	41.066.168	117.283.981
Þar af vegna muna	252.287	380.442	664.051	1.006.309	2.620.299
Tjónatíðni, %	3,17	5,33	3,83	2,90	3,39
Þar af vegna slysa, %	0,79	3,33	2,37	1,39	1,98
Þar af vegna muna, %	2,38	2,00	1,46	1,51	1,41
Tjón, iðgjöld, %	4	115	218	243	537

Vátryggingafélag Íslands hf.:

Heildartjónaprósenta undanfarin 5 ár er 98%. Frekari sundurliðun er ekki birt opinberlega af samkeppnisástæðum.

17. Hve mikla afslætti veita tryggingafélögin af öðrum tryggingum en bílatryggingum þegar allar tryggingar viðskiptavina falla til eins og sama tryggingafélags?

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.:

Bent er á að gerður er greinarmunur á afslætti og því sem kallað er bónus í ökutækjatryggingum. Aðalreglan er sú, og gildir hún bæði fyrir afslátt og bónus, að tjónareynsla viðskiptavinar skiptir mestu um þau kjör sem honum bjóðast. Þeir viðskiptavinir Sjóvár-Almennra trygginga hf. sem hafa Fjölskyldutryggingu hjá félaginu ásamt tveimur öðrum grunntryggingum eru meðlimir í Stofni. Stofnaðild veitir 10% afslátt af ákveðnum tryggingum hjá félaginu. Vátryggi viðskiptavinur tvö ökutæki hjá félaginu gefur það rétt til 20% afsláttar af Fjölskyldutryggingu. Hafi viðskiptavinur fjórar eða fleiri grunntryggingar hjá félaginu og er að auki tjónlaus og skilvís fær hann í lok árs 10% endurgreiðslu iðgjalds á öllum grunn- og viðbótartryggingum Stofns, nema líftryggingum.

Tryggingamiðstöðin hf. (TM): (svar við spurningum 17–18)

Af samkeppnisástæðum vill félagið ekki gefa nákvæmar upplýsingar um þá afslætti sem gefnir eru, en staðalafslættir til þeirra sem eru í TM-öryggi eru hæst 10%.

Vátryggingafélag Íslands hf.:

Ef viðskiptavinur félagsins er með F plús fjölskyldutryggingu fær hann 15% afslátt af lögboðnum ökutækjatryggingum einkabifreiða hjá félaginu. Auk þess á hann kost á 55% hámarksbónus í kaskótryggingu einkabifreiða (hæsti almenni bónus í kaskótryggingu er 50%).

Ef viðskiptavinur félagsins er með Kjarna-fjölskyldutryggingu fær hann 10% afslátt af lögboðnum ökutækjatryggingum einkabifreiða hjá félaginu. Auk þess á hann kost á 55% hámarksbónus í kaskótryggingu einkabifreiða (hæsti almenni bónus í kaskótryggingu er 50%).

Allir viðskiptavinir félagsins eiga kost á afslætti (bónus) af lögboðinni ökutækjatryggingu miðað við tjónareynslu hvers og eins. Hámarksafsláttur (bónus) er 75%.

18. *Hve mikla afslætti veita tryggingafélögin af bílatryggingum og hvert er hlutfall viðskiptavina í hverjum afsláttarflokki fyrir sig, skipt eftir aldri og kyni.*

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.:

Viðskiptavinir félagsins fá 10% afslátt af ökutækjatryggingum ef þeir eru meðlimir í Stofni. Ekki er gert upp á milli kynja við ákvörðun iðgjalda í ökutækjatryggingum. Bónus í ökutækjatryggingum ræðst annars vegar af aldri og hins vegar af ökuferli hvers einstaks ökumanns. Samkvæmt reglum félagsins fá 17 ára vátryggingartakar við upphaf viðskipta 10% bónus. Bónusinn hækkar síðan árlega ef ekið er tjónlaust þar til hámarksbónus er náð (75% í ábyrgðartryggingu ökutækja). Ef undanskildir eru yngri ökumenn en 24 ára þá er bónus ekki skoðaður út frá aldri heldur ökuferli ökumanns.

Tryggingamiðstöðin hf. (TM):

Sjá svar við spurningu nr. 17.

Vátryggingafélag Íslands hf.:

Varðandi afslætti vísast til spurningar 17. Aðrir liðir spurningarinnar fela í sér viðskiptaupplýsingar sem félagið birtir ekki opinberlega.

19. *Hvert er hlutfall 17–18 ára ökumanna í bifreiðatryggingum hjá tryggingafélögunum?*

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.:

Fjöldi viðskiptavina á aldrinum 17–18 ára sem vátryggir bifreið hjá félaginu gefur ekki vísbendingu um það hversu margir ökumenn á þessu aldursbili aka ökutækjum sem vátryggð eru hjá félaginu. Ekki er gerð krafa til þess að eigandi bifreiðar tilkynni félaginu að 17–18 ára ökumaður hafi bæst í hóp þeirra sem aka bifreiðinni. Þannig mun fjöldi ungra ökumanna aka um á ökutæki skráðu á foreldra eða aðra vandamenn. Í vissum tilfellum getur ungur ökumaður séð sér í því hag að fá lægri iðgjöld með því að vátryggja bifreið í nafni foreldra, jafnvel þótt hann aki eingöngu á henni sjálfur. Þetta er nokkuð algengt en við því getur félagið lítið gert nema til komi lagabreyting. Í 88. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, er skýrt kveðið á um að ökutæki skuli vátryggt gegn tjónum sem verða vegna notkunar þess. Það er því ekki unnt að tengja vátrygginguna einungis við ákveðinn ökumann.

Tryggingamiðstöðin hf. (TM):
Hlutfall 17–18 ára vátryggingartaka í ökutækjatryggingum í vátryggingarstofni TM er 0,32%.

Vátryggingafélag Íslands hf.:
Miðað við viðskiptamannastofn félagsins í desember 2000 þá er fjöldi 17 og 18 ára vátryggingartaka hjá félaginu innan við 1% af heildarfjölda þeirra einstaklinga sem eru með lögboðna ökutækjatryggingu hjá félaginu.

20. *Hver hefur verið þróun í bílalánum tryggingafélaganna síðustu 10 árin í upphæðum, fjölda og hlutfalli af heildareignum?*

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.:
Hér er um samkeppnisupplýsingar að ræða sem ekki verður svarað. Rétt er þó að geta þess að heldur hefur dregið úr útlánum síðustu 2 ár.

Tryggingamiðstöðin hf. (TM):
Fjárhæðir bílalána hjá TM undanfarin ár eru sem hér segir.

Ár	Fjárhæð bílalána	Fjöldi bílalána	Eignir samkvæmt efnahagsreikningi	Hlutfall, %
1996	1.604,0	2.657	9.527,4	16 ,8
1997	2.245,4	3.484	10.360,9	21,7
1998	2.506,0	3.984	12.684,3	19,8
1999	3.253,6	4.704	13.477,0	24,1

Vátryggingafélag Íslands hf.:
Fram til loka ársins 1994 voru bílalán VÍS óveruleg en eftir það hefur þróun bílalána verið eftirfarandi miðað við 31. desember ár hvert.

	Bílalán, millj. kr.	Hlutfall af heildareignum, %
1995	788	6,4
1996	1.716	11,8
1997	2.261	14,8
1998	2.541	15,6
1999	3.038	17,3
31.10.2000	3.503	18,6

21. *Hafa tryggingafélögin markaða stefnu um bílalán til ungra ökumanna eða þeirra sem ítrekað hafa valdið miklum tjónum í umferðinni og hvernig skiptast bílalán milli aldurshópa?*

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.:
Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafa ekki birt opinbera stefnu í lánamálum til ungra ökumanna. Hins vegar er ekki sóst eftir lántakendum yngri en 20 ára og ekki reynt að höfða til þeirra. Við afgreiðslu lánsumsókna er tekið tillit til tjónareynslu umsækjenda

og reynt að stýra lánveitingum til þeirra sem hafa viðunandi tjónareynslu. Ekki verða veittar upplýsingar um aldursskiptingu lántakenda bílalána á undanförnum árum.

Tryggingamiðstöðin hf. (TM):

TM hefur ekki sérstaka markaða stefnu um bílalán til ákveðinna hópa viðskiptavina sinna. Meginreglan er sú að ef menn eru taldir æskilegir viðskiptavinir og eru taldir traustir lántakendur þá fá þeir lán til bílakaupa samkvæmt útlánareglum félagsins án erfiðleika.

Skipting bílalána eftir aldurshópum.

Aldur	0–20	21–29	30–39	40–49	50–59	60–99	Fyrirtæki	Samtals
%	1,9	17,0	22,7	20,5	12,1	4,4	21,4	100,0

Vátryggingafélag Íslands hf.:

Lánshæfismat félagsins á væntanlegum lántakanda á bílaláni tekur ekki mið af því, hvort hann hefur valdið tjónum. Félagið hefur ekki heldur þrengt eða víkkað matið í þeim tilvikum að umsækjandi er ungur að árum.

Innan við 1% af bílalánum VÍS eru til ungra ökumanna, 20 ára og yngri.

Frekari opinber sundurliðun á upplýsingum um viðskiptamannahóp félagsins á sviði bílalána telur félagið óviðkomandi tilefni fyrirspurnanna, þ.e. hækkun iðgjalda ökutækjatrygginga.

22. *Hvert er hlutfall 17–20 ára í bílalánum og hvert er hlutfall þess aldurshóps í tjónum og slysabótum? Eiga tjónvaldar kost á nýjum lánum til endurnýjaðra bifreiðakaupa?*

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.:

Til að geta tekið lán þurfa aðilar að vera fjárráða, en það verða þeir við 18 ára aldur. Hlutfall lántakenda hjá félaginu á aldrinum 18–20 ára er um 1%.

Á árinu 1999 ollu 17–20 ára ökumenn 1.334 tjónum sem var 13% fjölgun frá fyrra ári. Í þessum tjónum skemmdust 2.713 bifreiðar auk líkamstjóna og nam heildarkostnaður vegna þessara tjóna 667 milljónum sem var 29% hækkun frá árinu á undan. Tjónvaldi er almennt ekki neitað um bílalán á þeim forsendum, enda uppfylli hann öll skilyrði sem félagið setur.

Tryggingamiðstöðin hf. (TM):

Ungir ökumenn eiga sem kunnugt er þátt í miklum fjölda umferðaróhappa og slysa, miklu fleiri en sem svarar þátttöku þeirra í umferðinni. Samanburður á greiddum tjónum á tryggingarskírteini eftir aldurshópum sýnir þetta greinilega.



Tjónakostnaður er lægstur hjá vátryggingartökum á aldrinum 30–34 ára og 60–69 ára. Tjónakostnaður vegna vátryggingartaka á aldrinum 17–18 er að meðaltali sex sinnum hærri en þeirra sem eru 30–34 ára. Einnig má sjá að tjónakostnaður vátryggingartaka á aldrinum 40–49 ára er mun hærri en hjá þeim sem eru í næstu aldurshópum. Talið er að ástæðuna megi rekja til þess að á heimilum þessa aldurshóps eru ungmenni sem fá afnot af bifreiðum foreldra sinna.

Ekki er ástæða til að tengja þetta bílalánum á nokkur hátt. Ekki er staðið öðru vísi að bílalánum til eins aldurshóps en annars eins og fram kom í svari við spurningu 13. Tjónvaldar geta fengið ný bílalán ef ekki er neitt óeðlilegt við þau tjón sem þeir hafa lent í og þeir uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til lántakenda.

Vátryggingafélag Íslands hf.:

Sjá svar við spurningu 21 að því er varðar hlutfall 18 til 20 ára ökumanna í bílalánum félagsins. Yngri ökumenn en 18 ára eru ekki lántakar, enda ekki fjárráða.

Miðað við upplýsingar um tjón fyrir árin 1998 og 1999 þá veldur 17–20 ára aldurshópur um 19,5% fjölda tjóna í lögboðnum ökutækjatryggingum einkabíla og um 24,3% tjónakostnaðar fyrir sama tímabil. Hér er um að ræða tjónvalda óháð því hvort þeir eru eigendur bifreiðar með bílalán eða vátryggingartakar.

Við lánshæfismat á væntanlegum lántökum er ekki látið ráða, hvort þeir hafi valdið tjóni, hvorki munatjóni né slysatjóni.

23. *Hve hátt er hlutfall til hvers lántakenda miðað við heildarverðmæti bíls?*

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.:
Meðallánshlutfall er nokkuð breytilegt eftir tímabilum, en að jafnaði virðist það liggja á bilinu 53–57% af kaupverði bifreiða.

Tryggingamiðstöðin hf. (TM):
Að jafnaði er lánað allt að 75% af kaupverði nýrra bíla, hlutfallið fer lækkandi eftir aldri bíls og að jafnaði er ekki lánað til kaupa á eldri bílum en fjögurra ára.

Vátryggingafélag Íslands hf.:
Hámarkslán í nýjum bíl er 75% af söluverði hans. Lánshlutfallið lækkar svo eftir aldri þess bíls sem óskað er eftir láni til kaupa á.

24. *Eru 17–20 ára lántakendur bílalána hjá tryggingafélögunum frekar í vanskilum en aðrir lántakendur?*

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.:
Með vísan í svar við spurningu 22 má segja að slíkur munur sé vart mælanlegur vegna fárra lántakenda og því ekki hægt að bera saman við aðra hópa eða lánasafnið í heild.

Tryggingamiðstöðin hf. (TM):
17–18 ára lántakendur bílalána eru ekki í meiri vanskilum en aðrir lántakendur hjá TM. Reyndin er sú að þeir standa betur í skilum en flestir aldurshópar.

Vátryggingafélag Íslands hf.:
Ungir lántakendur bílalána hjá VÍS eru ekki lakari skilamenn en aðrir aldurshópar.

25. *Hvernig stóðu tryggingafélögin að útreikningum við skiptingu í áhættusvæði? Óskað er eftir dæmum um útreikninga áhættusvæðaskiptingar tryggingafélaganna úr hverju kjördæmi fyrir sig.*

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.:
Vísað er til bréfs SÍT til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 3. ágúst sl. þar sem gerð er grein fyrir þeirri athugun er Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur vann heildstætt á áhættuþáttum ökutækjatrygginga, skiptingu eftir landsvæðum og aldri tjónvalda. Fjármálaeftirlitinu var gerð grein fyrir þessum niðurstöðum.

Tryggingamiðstöðin hf. (TM):
Þegar áhættusvæðaskipting í ökutækjatryggingum var ákveðin sl. sumar var það gert þannig að þrjú vátryggingafélög lögðu fram upplýsingar um tjón og skírteinisfjölda í hverju póstnúmeri fyrir árin 1994–1999. Þrír tryggingastærðfræðingar, einn tilnefndur af hverju félagi, unnu úr gögnunum og lögðu til við félögin þá áhættusvæðaskiptingu

sem nú er notuð. Við úrvinnsluna var fyrst og fremst tekið tillit til tjónaþunga en einnig horft til landfræðilegra þátta svo sem næstu grenndar og til bæja og sveitarfélaga af svipaðri stærð og legu með tilliti til þjóðbrauta. Félagið vill ekki láta frá sér nákvæmar upplýsingar um einstök póstnúmer. Kjördæmi eru þessu máli algerlega óviðkomandi.

Vátryggingafélag Íslands hf.:

Félagið vinnur stöðugt að því að gjaldskrá þess í ökutækjatryggingum endurspegli áhrif tjónareynslu í tryggingargreininni eins og kostur er á hverjum tíma. Uppbygging á gjaldskrá félagsins miðast m.a. við stærð ökutækis og aldur þess, búsetu, aldur og tjónareynslu hvers vátryggingartaka. Landinu hefur verið skipt í áhættusvæði í gegnum árin. Á grundvelli reglugerðar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 3932/92, um heimild fyrirtækja innan vátryggingastarfseminnar um samstarf á sviði tölfræðivinnslu, var Samband íslenskra tryggingafélaga beðið um að gera sérstaka athugun á tjónaþróun hinnar landfræðilegu áhættuskiptingar. Tryggingastærðfræðingur sem SÍT fékk til verksins fékk tölfræðilegar upplýsingar frá fjórum innlendum tryggingafélögum og voru gögn allra félaganna sameinuð fyrir þessa úrvinnslu.

Niðurstaðan leiddi til þess að félagið ákvað að skipta landinu í þrjú áhættusvæði í stað tveggja áður og var hlutfallsleg skipting milli áhættusvæða eftirfarandi:

	Ábyrgðar-trygging ökutækja, %	**Slysatrygging ökumanns og eiganda, %**
Svæði 1	100,0	100,0
Svæði 2	79,5	94,3
Svæði 3	55,8	77,3

Samband íslenskra tryggingafélaga hefur gert efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sérstaklega grein fyrir þessari vinnu í bréfi sínu til nefndarinnar frá 3. ágúst 2000.

Samband íslenskra tryggingafélaga (SÍT):

Bréf SÍT til efnahags- og viðskiptanefndar dags. 3. ágúst 2000 ásamt athugun Bjarna Guðmundssonar tryggingastærðfræðings á áhættuþáttum bifreiðatrygginga skipt eftir landsvæðum og ökumönnum er birt sem fylgiskjal með skýrslu þessari.

26. *Hvaða aðgerðir hafa tryggingafélögin gert eða tekið þátt í til að fyrirbyggja tjón í umferðinni?*

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.:

Á hverju ári ræðst félagið í margvísleg verkefni til varnar tjónum. Áherslan hefur jafnan beinst sérstaklega að umferðarslysum. Í sumum tilvikum er um samstarfsverkefni að ræða, t.d. með Umferðarráði, öðrum bifreiðatryggingafélögum (gjarnan undir merki Fararheillar) eða með ýmsum áhugasamtökum um bættar forvarnir. Á liðnum árum, í desember, hefur félagið verið þátttakandi í átaki gegn ölvunarakstri. Þá lagði félagið um tíma út fyrir launum svæðisfulltrúa sem starfaði á vegum Umferðarráðs og menntamálaráðuneytisins að umferðarfræðslu á landsbyggðinni. Í annan stað stendur félagið eitt að ýmsum forvarnaverkefnum og má þá helst nefna að haldið er úti mjög öflugu fræðslu-

starfi fyrir unga ökumenn. Það námskeið hefur skilað sér í verulegri lækkun á tjónatíðni hjá þeim sem sótt hafa. Félagið hefur staðið fyrir námskeiðum fyrir bifreiðastjóra ýmissa fyrirtækja en tjón hjá þessum hópum hafa verið tíð. Félagið hefur tekið þátt í ökukennslu margra ökuskóla ásamt því að heimsækja 10. bekki grunnskóla í sama tilgangi. Á sumrin hefur félagið, í samstarfi við Bindindisfélag ökumanna og Umferðarráð, heimsótt vinnuskóla víða um land með umferðarfræðslu og ökuleikni. Þá hefur félagið útbúið margmiðlunardisk með umferðarfræðslu fyrir ökunema sem dreift er endurgjaldslaust. Forvarnastarfinu sinna nú tveir starfsmenn. Félagið rekur einnig Veltibílinn í samstarfi við Umferðarráð og Bindindisfélag ökumanna. Hann er notaður til að vekja athygli á mikilvægi bílbeltanna. Félagið hefur einnig unnið með félögum eldri borgara víða um land með það að markmiði að auka öryggi eldri borgara í umferðinni. Á heimasíðu félagsins er mikið efni sem tengist forvörnum í umferð og bæklingurinn „Byrgjum brunninn ...“ endurspeglar það efni. Honum er ætlað að vera uppflettirit um þessi mál ásamt öryggismálum fólks á heimilum. Árlega lætur félagið framleiða um 23.000 endurskinsmerki mismunandi að gerðsem dreift er til barna, unglinga og eldri borgara á haustin. Hér eru aðeins helstu verkefnin talin upp. Ótalin eru ýmis önnur forvarnaátök sem standa yfir í lengri eða skemmri tíma. Í lokin má þó geta þess að á umferðarþingi Umferðarráðs, sem lauk 1. desember sl., fengu Sjóvá-Almennar tryggingar hf. „Umferðarljósið“, verðlaunagrip sem Umferðarráð veitir þeim einstaklingi eða samtökum sem unnið hafa sérstaklega árangursríkt og/eða eftirtektarvert starf á sviði umferðaröryggismála.

Tryggingamiðstöðin hf. (TM):

TM hefur um árabil tekið þátt í ýmsum verkefnumsem leitt gætu til betri og öruggari umferðar og fækkunar slysa. Nú síðast má nefna þátttöku TM í umferðaröryggisátakinu „Bætt umferðarmenning – burt með mannfórnir“sem er á vegum dómsmálaráðuneytisins og „Endum ekki jólagleðina með ölvunarakstri“ í samvinnu við önnur bifreiðatryggingafélög og Landsbjörg.

Vátryggingafélag Íslands hf.:

Forvarnastarf VÍS á sér áratuga langa sögu, m.a. í starfi klúbbanna „Öruggur akstur“ sem störfuðu á vegum Samvinnutrygginga um allt land.

Árið 1994 hófst svo nýr kafli í forvarnastarfi VÍS með ráðningu forvarna- og öryggismálafulltrúa í fullt starf. Frá þeim tíma hefur verið unnið markvisst að áframhaldandi uppbyggingu öflugs öryggis- og forvarnastarfs hjá félaginu.

Umferðarfundir með ungu fólki hafa verið haldnir reglulega frá þeim tíma í húsakynnum VÍS, innan íþróttahreyfingarinnar og í flestum framhaldsskólum landsins. Á umferðarfundum VÍS er fjallað um afleiðingar umferðarslysa með sérstakri skírskotun til ungs fólks. Rúmlega 17.000 manns á aldrinum 15–25 ára hafa sótt umferðarfundi VÍS. Í vetur eru fyrirhugaðir 150 umferðarfundir í grunn- og framhaldsskólum landsins.

Árangur fundanna samkvæmt upplýsingum úr tjónastofni félagsins er sá að tjónatíðni er mun lægri hjá ungum ökumönnumsem sótt hafa umferðarfundi VÍS, og er munurinn mestur hjá 17 ára ökumönnum þar sem tjónatíðni er 33% lægri en meðal jafnaldra, en tjónatíðni 17–20 ára ökumanna er að meðaltali 26% lægri en annarra sem ekki hafa sótt umferðarfundi VÍS.

VÍS hefur framleitt fjölda vandaðra forvarnamyndbanda til notkunar á umferðarfundunum, auk fjölda forvarnaauglýsinga fyrir ljósvaka- og prentmiðlasem miða að því að koma í veg fyrir umferðarslys meðal ungra ökumanna. Auglýsingar VÍS hafa fengið

fjölda verðlauna í öllum auglýsingaflokkum. Félagið ver miklum fjármunum árlega í auglýsingar vegna forvarna og þá sérstaklega í kvikmyndahúsum, sjónvarpi og skólablöðum ungmenna.

VÍS leigir út einhverja fullkomnustu og öruggustu barnabílstóla sem völ er á í heiminum. Má þar m.a. nefna bakvísandi barnabílstóla fyrir börn upp að þriggja ára aldri sem VÍS innleiddi fyrst allra hér á landi.

Félagið hefur auk þess boðið upp á námskeið meðal fólks- og vöruflutningabílstjóra þar sem fjallað er um öryggismál við akstur og meðferð þessara ökutækja. Haldin hafa verið 20 námskeið á síðustu tveimur árum.

Um 4.000 eldri borgarar um land allt hafa notið forvarnastarfs VÍS en félagið býður eldri borgurum upp á forvarnadagskrá þar sem m.a. er fjallað um slysavarnir jafnt innan húss sem utan.

Vátryggingafélag Íslands býður einnig til sölu öryggisvörur á vefsíðu sinni (www.vis.is) og eru þar m.a. seldir vandaðir og viðurkenndir reiðhjólahjálmar. Á vefsíðunni gefst verðandi ökumönnum, og öðrum sem vilja búa sig undir leiðbeinandahlutverkið úti í umferðinni, færi á að taka Bílpróf VÍS sem innifelur 415 krossaspurningar um umferðarmál. Hvert verkefni (bílpróf) samanstendur af 30 spurningum með þremur atriðum í hverri spurningu.

VÍS hefur tekið þátt í fjölmörgum forvarnaverkefnum bæði með frjálsum félagasamtökum og opinberum aðilum. Það hefur verið gert bæði með fjárhagslegum stuðningi og ekki síður með beinni þátttöku í mótun forvarnastarfs þessara aðila og upplýsingagjöf. Sem dæmi má nefna að á þessu ári hefur félagi unnið með JC hreyfingunni, Landssambandi slökkviliðsmanna og Slysavarnafélaginu Landsbjörg, svo eitthvað sé nefnt svo, og opinberum aðilum.

Vátryggingafélag Íslands hefur tekið virkan þátt í forvarnastarfi á vegum Sambands íslenskra tryggingafélaga og er þá sérstaklega vísað í bréf samtakanna til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá desember 2000 þar að lútandi.

Samband íslenskra tryggingafélaga (SÍT):

Minnisblað SÍT nr. 1 um tjónavarnarstarf, vegna spurninga efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, er birt sem fylgiskjal með skýrslu þessari.

Ráðuneytinu bárust svör við spurningum frá Sjóvá-Almennu tryggingum hf., Tryggingamiðstöðinni hf. og Vátryggingafélagi Íslands hf. sem birtast óbreytt eftir hverri spurningu. Jafnframt barst nokkuð af gögnum sem Samband íslenskra tryggingafélaga hefur tekið saman en aðeins hluti þeirra er birtur með skýrslunni. Eftirfarandi fylgiskjöl birtast með skýrslunni en unnt er að nálgast önnur gögn í ráðuneytinu sé þess óskað.

Fylgibréf frá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og Vátryggingafélagi Íslands hf. til iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis.

Gögn frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga (SÍT):

- Bréf til viðskiptaráðuneytis dags. 8. september 2000.
- Bréf SÍT dags. 3. ágúst 2000 til efnahags- og viðskiptanefndar, ásamt athugun Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings, á áhættuþáttum bifreiðatrygginga, skipt eftir landsvæðum og aldri ökumanna.
- Bréf SÍT til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 8. desember 2000.
- Minnisblað SÍT nr. 1. um tjónavarnarstarf, vegna spurninga efnahags- og viðskiptanefndar.

- Minnisblað SÍT nr. 3 um skaðabótalög, vegna spurninga efnahags- og viðskiptanefndar.

Fylgiskjal I.

Sjóvá-Almennar tryggingar:

Fylgibréf til iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins.
(11. desember 2000.)

Bréfi þessu fylgja svör Sjóvá-Almennra trygginga hf. við spurningum sem lagðar voru fram í bréfi ráðuneytisins dags. 9. nóvember sl. Leitast var við að svara því sem fram var sett en í sumum tilvikum voru fyrirspurnir óljósar og reyndist því ekki unnt að setja fram svör. Í annan stað snertu spurningar atriði sem af samkeppnisástæðum er ekki hægt gefa svör við. Að lokum er vísað til samantektar Sambands íslenska tryggingafélaga (SÍT) sem ráðuneytinu á að hafa borist. Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafa á liðnum árum, ásamt öðrum íslenskum bifreiðatryggingafélögum, staðið að athugunum á því hvaða áhrif breytingar á skaðabótalögum hafa á iðgjaldsþörf í lögboðnum ökutækjatryggingum. Athuganir þessar hafa verið gerðar í nafni SÍT. Verður því að líta svo á að með greinargerð SÍT sé félagið að hluta til einnig að svara þeim spurningum sem fram hafa verið settar.

Virðingarfyllst,

Einar Sveinsson.

Inngangur

Því miður má lesa úr greinargerð sem fylgir beiðni níu Alþingismanna um „skýrslu frá viðskiptaráðherra um iðgjaldahækkanir tryggingafélaganna“ ákveðið þekkingarleysi á grundvallaratriðum í rekstri íslenskra vátryggingafélaga.

Vátryggingastarfsemin er hluti af velferðarkerfi þjóðarinnar og því eru gerðar ríkar kröfur til hennar. Miklu skiptir að starfsemin sé á traustum grunni og því eru í gildi sérlög um starf semina og er með þeim lögum og ýmsum reglugerðum smíðaður sá rammi sem starfað skal innan. Sem dæmi má nefna:

- Lög um vátryggingasamninga, nr. 20/1954.
- Lög um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994.
- Lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.
- Reglugerð um ársreikninga vátryggingafélaga (o.fl.), nr. 613/1996.
- Reglugerð um jöfnun eigna á móti vátryggingaskuld, nr. 646/1995 (581/1997).

Í greinargerðinni er haldið fram, að engin augljós rök séu fyrir því sem nefnt er „gífulegar hækkanir á bifreiðatryggingum“. Að auki er fullyrt að hækkanir séu úr takti við aðrar verðlagshækkanir í þjóðfélaginu. Í þessu sambandi er upprifjunar greinilega þörf. Þann 1. júlí 1993 tóku gildi skaðabótalög (lög nr. 50/1993). Eins og búast mátti við voru ekki allir á eitt sáttir um ágæti laganna. Áður en marktæk reynsla var fengin af þessari nýju lagasetningu samþykkti Alþingi breytingu á lögunum og tók hún gildi 1. júlí 1996. Framlagðir útreikningar til allsherjarnefndar Alþingis unnir af hálfu Sambands íslenskra tryggingafélaga (SÍT) gáfu til kynna að breytingin hefði í för með sér 13% hækkun á bótagreiðslum vegna líkamstjóna

sem leiddi til 9% heildarhækkunar tjóna í lögboðnum ökutækjatryggingum. Þann 1. maí 1999 var lögunum enn breytt. Að þessu sinni bentu framlagðir útreikningar SÍT til þess að lögin hefðu í för með sér 58% hækkun á bótum vegna líkamstjóna.

Í greinargerðinni kemur einnig fram að vátryggingafélögin hafi ekki fengist til að gefa haldbærar upplýsingar um áhrif skaðabótalaga. Sjóvá-Almennar tryggingar hf. voru aðili að athugunum sem SÍT lét framkvæma og lagði fyrir allsherjarnefnd Alþingis þegar frumvörp til setningar og síðar breytinga á skaðabótalögum voru til meðferðar. Nær væri að halda fram, að SÍT hafi óumbeðið lagt fram upplýsingar um áhrif þeirra lagabreytinga sem til meðferðar voru á Alþingi en að staðið hafi á upplýsingum frá vátryggingafélögunum.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafa eins og lög og reglur gera ráð fyrir svarað Fjármálaeftirlitinu í athugunum þess á forsendum iðgjaldsbreytinga í lögboðnum ökutækjatryggingum bæði fyrir árin 1999 og 2000. Í júlí sl. birtu Sjóvá-Almennar tryggingar hf. opinberlega 18 blaðsíðna. greinargerð um iðgjaldabreytingar í lögboðnum ökutækjatryggingum (sjá heimasíðu sjova.is).

Jafnframt er vakin athygli á heimasíðu Fjámálaeftirlitsins (fme.is) en þar má finna ítarleg svör við 49 spurningum frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis frá því í ágúst sl. Því má segja að efnislega hafi verið svarað flestu af því sem hér er spurt um í 26 liðum og unnt er að svara. Að auki skal skal minnt á, að fulltrúi félagins kom þann 3. ágúst sl. til sérstaks fundar við hluta nefndarmanna í efnahags- og viðskiptanefnd og sat þar ásamt mörgum öðrum fyrir svörum. Þar voru lögð fram ýmis gögn þar á meðal greinargerð félagsins sem áður er vitnað til. Fulltrúar vátryggingafélaganna kváðust í lok fundarins reiðubúnir að koma til framhaldsfundar þar sem skýra mætti málið enn frekar. Í bréfi til efnahags- og viðskiptanefndar þann 3. október sl. var þetta boð ítrekað af hálfu Sjóvá-Almennra trygginga hf. (afrit fylgir). Áhugi nefndarinnar hefur hins vegar ekki verið meiri en svo að eftir þeim fundi hefur ekki verið óskað.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafa viðhaft fagleg vinnubrögð við mat á áhrifum skaðabótalaga og öllu því er tengist iðgjaldsþörf í lögboðnum ökutækjatryggingum og vísar því alfarið á bug þeirri fullyrðingu að engar haldbærar upplýsingar hafi verið lagðar fram af hálfu félagsins. Fjármálaeftirlitið hefur ekki gert athugasemdir við verklag félagsins í þessu efni.

Fylgiskjal II.

Vátryggingafélag Íslands:

Fylgibréf til iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins.

(8. desember 2000.)

Í bréfi ráðuneytisins frá 9. nóvember 2000 er óskað eftir svörum við spurningum um iðgjaldahækkanir Vátryggingafélags Íslands og margt fleira, vegna beiðni nokkurra þingmanna á Alþingi (þingskjal 155) til viðskiptaráðherra um skýrslu vegna iðgjaldahækkana tryggingafélaga. Þar er m.a. óskað svara við 26 spurningum um margvísleg málefni er snerta rekstur tryggingafélagsins. Í bréfi ráðuneytisins frá 23. nóvember 2000, vegna fyrirspurnar félgsins frá 20. nóvember, kemur fram að ráðuneytið fyrirhugar að birta opinberlega svarbréf félagsins og því ljóst að svör félagsins verða að taka mið af þeirri meðferð upplýsinganna, vegna

samkeppnissjónarmiða, en margar spurninganna fjalla um viðkvæmar samkeppnisupplýsingar. Tekið skal fram að allar upplýsingar um rekstur félagsins sem beðið er um af lögmæltum eftirlitsaðila, Fjármálaeftirlitinu, eru sendar eftirlitinu, enda gilda um slíkar upplýsingar ákvæði um fullan trúnað í meðferð uppplýsinganna. Þetta á m.a. við um upplýsingar um undirbúning og forsendur við ákvörðun um nýlega hækkun iðgjalda í lögboðnum ökutækjatryggingum.

Þar sem svarað er spurningum ráðuneytisins er snúa að „tryggingafélögunum", eiga svörin eingöngu við um VÍS, nema annað sé tekið fram.

Hörð samkeppni ríkir á íslenskum vátryggingamarkaði meðal innlendra og erlendra vátryggingafélaga. Verðákvörðun vöru og þjónustu á Íslandi, m.a. á sviði vátrygginga, er frjáls innan ramma þeirra laga og reglugerða er við eiga. Vátryggingafélögum ber m.a. að gæta að ákvæðum 55. gr. laga um vátryggingastarfsemi þar sem segir um iðgjaldagrundvöll vátrygginga að iðgjöld „séu sanngjörn í garð vátryggingataka og í samræmi við þá áhættu sem í vátryggingum felst og eðlilegan restrarkostnað".

Virðingarfyllst,

Axel Gíslason,
forstjóri.

Fylgiskjal III.

Samband íslenskra tryggingafélaga:

Bréf til viðskiptaráðuneytisins.
(8. september 2000.)

Bréfi þessu fylgja gögn frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, sem í dag hafa verið send efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis vegna fyrirspurna nefndarinnar um atriði er snúa beint og óbeint að ökutækjatryggingum. Í gögnum þessum er m.a. að finna upplýsingar um afstöðu og aðkomu vátryggingastarfseminnar og samtaka þeirra vegna frumvarpa/breytinga á skaðabótalögum, og um mat á áhrifum slíkra breytinga. Einnig er vikið að tjónavarnarstarfi SÍT og aðildarfélaga þeirra. Ráðuneytið mun hafa fyrir nokkru ritað vátryggjendum, sem hér á landi hafa með höndum lögboðnar ökutækjatryggingar, og óskað upplýsinga vegna skýrslugerðar viðskiptaráðherra um iðgjaldaþróun í ökutækjatryggingum í kjölfar beiðni Alþingis þar um. Að ósk bifreiðartryggingarfélaga innan SÍT sendast ráðuneytinu meðfylgjandi gögn.

Í beiðni nokkurra alþingismanna um fyrrgreinda skýrslu frá viðskiptaráðherra segir í greinargerð, sjá þingskjal 155 – 155. mál, að þegar Alþingi hafi fjallað um skaðabótalögin hafi engar haldbærar upplýsingar frá tryggingafélögunum borist um það hvaða áhrif breytingar á þeim lögum gætu haft á iðgjöld í ökutækjatryggingum. Að mati undirritaðs er þessi staðhæfing alröng, þar sem miklum upplýsingum hefur verið komið á framfæri við allsherjarnefnd Alþingis af hálfu vátryggingastarfseminnar í öllum tilvikum er skaðabótalög og hugs-

anlegar breytingar á þeim hafa verið þar til umfjöllunar. Eru þessar upplýsingar í formi m.a. umsagna, ábendinga og útreikninga, sem unnir hafa verið af tryggingastærðfræðingi SÍT.

Virðingarfyllst,

Sigmar Ármannsson,
framkvæmdastjóri.

Bréf til efnahags- og viðskiptanefndar.
(8. desember 2000.)

Á fundi í efnahags- og viðskiptanefnd þann 3. ágúst sl., sem m.a. undirritaður sat ásamt Einari Sveinssyni, framkvæmdastjóra Sjóvá-Almennra trygginga hf. og Gunnari Felixsyni, forstjóra Tryggingamiðstöðvarinnar hf., var umræðuefnið iðgjöld í ökutækjatryggingum. Á þeim fundi var af hálfu fulltrúa vátryggingastarfseminnar gerð grein fyrir málefninu eins og efni stóðu til og tími leyfði. Einnig voru lögð fram nokkur gögn til skýringar. Í lok fundar gáfu fulltrúar vátryggingastarfseminnar vilyrði fyrir því að mæta á fund nefndarinnar aftur og ræða málefnið frekar.

Í kjölfar þess sendi nefndin Sambandi íslenskra tryggingafélaga bréf þann 15. ágúst sl. ásamt lista með 18 spurningum, sbr. meðfylgjandi afrit. Þann 16. ágúst sl. var staðfest í bréfi nefndarinnar, sbr. meðfylgjandi afrit, að stefnt yrði að fundinum í september nk. Af ástæðum, sem undirritaður kann ekki skýringu og á engan hátt verða raktar til fulltrúa vátryggingastarfseminnar, varð ekkert af fundi með nefndinni.

Undirritaður hafði í haust undirbúið sig fyrir slíkan fund og tekið saman þrjú minnisblöð með fylgigögnum varðandi þær spurningar efnahags- og viðskiptanefndar sem fyrst og fremst sneru að Sambandi íslenskra tryggingafélaga. Undirritaður, að gefnu tilefni, sendir þessi þrjú minnisblöð sín til efnahags- og viðskiptanefndar nú. Þau eru nánast óbreytt eins og undirritaður hafði gengið frá þeim í drögum sl. haust, þó með minni háttar viðbótum í minnisblaði nr. 1 (tjónavarnastarf).

Afrit bréfs þessa er sent til viðskiptaráðuneytisins ásamt áðurgreindum minnisblöðum og fylgigögnum þeirra. Einnig er viðskiptaráðuneytinu sent afrit af bréfi undirritaðs, sem hann afhenti á fundi efnahags- og viðskiptanefndar þann 3. ágúst sl.

Virðingarfyllst,

Sigmar Ármannsson.

Bréf til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.
(3. ágúst 2000.)

Samband íslenskra tryggingafélaga hefur að undanförnu varið vinnu í að huga að nokkrum þáttum varðandi tjón í ökutækjatryggingum. Í þetta verkefni hefur verið ráðist að gefnu tilefni og hafa einvörðungu þau atriði verið til umfjöllunar sem skýlaust er heimilt að hafa samstarf um innan vátryggingastarfseminnar, sbr. reglugerð framkvæmdastjórnar EB nr. 3932/92, um beitingu 3. mgr. 85. gr. Rómarsáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga,

ákvarðana og samstilltra aðgerða á vátryggingarsviði. Með öðrum orðum hafa athuganir SÍT snúist um tjónaþátt málsins eingöngu, en ekki iðgjöld eða iðgjaldsákvarðanir, enda er sá þáttur málsins auðvitað í höndum einstakra félaga. Þannig hefur þessi vinna SÍT fyrst og fremst miðað að því að stuðla að raunhæfu og sanngjörnu áhættumati, jafnt einstaklingsbundnu sem á landsvísu. Fjármálaeftirlitinu hefur verið gerð grein fyrir þessu starfi jöfnum höndum. Við tölfræðilegar kannanir á tjónum og þróun þeirra hefur fyrst og fremst verið stuðst við upplýsingar frá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Tryggingamiðstöðinni hf. og Vátryggingafélagi Íslands hf. Tryggingastærðfræðingur SÍT hefur unnið kannanirnar í samstarfi við sérfræðinga frá þessum félögum. Samband íslenskra tryggingafélaga hefur komið þessum niðurstöðum tryggingastærðfræðingsins á framfæri við alla vátryggjendur sem hér á landi hafa með höndum lögboðnar ökutækjatryggingar, þ.e. til áðurnefndra þriggja félaga og Varðar – vátryggingafélags, sem öll eru innan SÍT, og einnig til Alþjóðlegrar miðlunar ehf. vegna Lloyd's of London, en Lloyd's stendur utan SÍT. Einnig hefur gögnum um hugsanlegar skilmálabreytingar vegna upplýsinga um tjónareynslu vátryggingartaka verið komið á framfæri við öll félög.

Bréfi þessu fylgja til glöggvunar fyrir efnahags- og viðskiptanefnd eftirtalin gögn, sem snúa að þeirri vinnu á vegum SÍT sem hér að framan hefur verið drepið á:

1. Athugun tryggingastærðfræðings SÍT, Bjarna Guðmundssonar cand. act. á þróun tíðni tjóna og meðaltjóna 1995–1999 í bifreiðatryggingum, ásamt þróun örorku- og miskastigs hjá örorkunefnd. Athugunin er dags. 1. mars 2000 og var kynnt Fjármálaeftirlitinu fljótlega í kjölfar þess, m.a. með sérstöku bréfi SÍT.
2. Bréf SÍT til Fjármálaeftirlitsins, dags. 25. maí 2000, þar sem vikið er að skilmálunum í ábyrgðartryggingum ökutækja og breytingum í því sambandi vegna bónus- /malusreglna félaga við ákvörðun iðgjalds.
3. Athugun Bjarna Guðmundssonar cand. act. á áhættuþáttum bifreiðatrygginga, skipting í landsvæði og aldur tjónvalda. Athugunin í endanlegri gerð er dags. 5. júní 2000, og var henni komið á framfæri við Fjármálaeftirlitið bæði í drögum og í endanlegri gerð.

Að frumkvæði SÍT var Samkeppnisstofnun gerð grein fyrir þessum verkefnum fyrr í sumar og afhent öll gögn varðandi þau.

Með vinsemd og virðingu,

Sigmar Ármannsson.

Fskj.

Bjarni Guðmundsson cand. act.,
tryggingastærðfræðingur:

Til framkvæmdastjóra SÍT, Sigmars Ármannssonar.
Athugun á áhættuþáttum bifreiðatrygginga,
skipt eftir landsvæðum og aldri ökumanna.

Að beiðni þinni hefi ég gert könnun varðandi áhrif búsetu á tjón í ökutækjatryggingum á síðustu árum. Upplýsinga var aflað hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Tryggingamiðstöðinni hf. og Vátryggingafélagi Íslands hf.

Hvert félag lét í té gögn varðandi ábyrgðartryggingu ökutækja, slysatryggingu ökumanns og eigenda og húftryggingar fyrir árin 1994–1999. Upplýst var um samanlagða lengd tryggingatíma bifreiða hvert ár (bílár) og bókuð tjón miðað við stöðu í lok árs 1999, hvoru tveggja skipt eftir póstnúmeri tryggingartaka.

Úrvinnsla var með þeim hætti að gögnum allra félaganna var steypt saman og innan hvers árs og tryggingargreinar var fyrir hvert póstnúmer reiknað tjón á hvert bílár sem hlutfall af tjónum á bílár fyrir landið allt. Eingöngu var stuðst við upplýsingar um einkabíla.

Áhætta eftir póstnúmerum hefur verið metin með reiknilíkani sem tekur mið af niðurstöðu hvers póstnúmers og landsmeðaltali að teknu tilliti til fjölda bílára innan póstnúmers. Póstnúmerum hefur verið raðað í þrjú áhættusvæði með tilliti til niðurstöðu reiknilíkans og landfræðilegrar legu.

Sams konar röðun var framkvæmd fyrir húftryggingar og er póstnúmerum raðað í tvö svæði með tilliti til áhættu í þeirri grein.

Meðfylgjandi eru listi yfir röðun póstnúmera í áhættusvæði og töflur yfir tjón á hvert bílár innan hvers svæðis sem hlutfall af tjónum á bílár fyrir landið allt.

Einnig fylgir línurit sem sýnir fjölda tjóna sem ökumenn valda í ábyrgðartryggingu bifreiða eftir aldri, sett fram sem hlutfall af fjölda tjóna sem 30 ára ökumenn valda.

Ásamt undirrituðum hafa Benedikt Jóhannesson stærðfræðingur og Ragnar Ragnarsson tölfræðingur unnið að úrvinnslu gagnanna.

Virðingarfyllst,

Bjarni Guðmundsson.

Athugun SÍT á áhættuþáttum ökutækjatrygginga.

Ábyrgðartrygging ökutækja – tjón á bílár sem hlutfall af landsmeðaltali.

	ár, %						
svæði	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**	**1998**	**1999**	**Samtals**
1	109,94	110,82	108,88	106,28	107,02	105,83	107,91
2	90,17	71,98	75,74	92,44	89,95	86,00	83,96
3	47,77	56,40	60,36	64,80	58,62	68,14	60,18
Landið	**100,00**	**100,00**	**100,00**	**100,00**	**100,00**	**100,00**	**100,00**

Svæði sem hlutfall af svæði 1.

svæði	Samtals, %
1	100,00
2	77,80
3	55,76

Slysatrygging ökumanns og eiganda – tjón á bílar sem hlutfall af landsmeðaltali.

	ár, %						
svæði	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**	**1998**	**1999**	**Samtals**
1	100,32	103,30	102,55	102,93	107,59	98,83	103,62
2	133,44	94,00	78,90	79,93	101,05	102,41	94,69
3	71,32	84,65	99,69	96,72	45,69	106,68	80,14
Landið	**100,00**	**100,00**	**100,00**	**100,00**	**100,00**	**100,00**	**100,00**

Svæði sem hlutfall af svæði 1.

svæði	**Samtals, %**
1	100,00
2	91,38
3	77,34

Athugun SÍT á áhættuþáttum ökutækjatryggingar.

Póst-númer	**Heiti**	**Svæði**
101	Reykjavík, Miðbær	1
103	Reykjavík, Kringla	1
104	Reykjavík, Vogar	1
105	Reykjavík, Austurbær	1
107	Reykjavík, Vesturbær	1
108	Reykjavík, Bústaðahverfi	1
109	Reykjavík, Seljahverfi	1
110	Reykjavík, Ártúnshverfi	1
111	Reykjavík, Breiðholt	1
112	Reykjavík, Grafarvogur	1
116	Reykjavík, Kjalarnes	1
121	Reykjavík, Miðbær, hólf	1
123	Reykjavík, Kringla, hólf	1
124	Reykjavík, Vogar, hólf	1
125	Reykjavík, Austurbær, hólf	1
127	Reykjavík, Vesturbær, hólf	1
128	Reykjavík, Bústaðahverfi, hólf	1
129	Reykjavík, Seljahverfi, hólf	1
130	Reykjavík, Ártún, hólf	1
131	Reykjavík, Breiðholt, hólf	1
132	Reykjavík, Grafarvogur, hólf	1
150	Ríkisstofnanir	1
155	Bankar	1
170	Seltjarnarnes	1
172	Seltjarnarnes, hólf	1
190	Vogar	1
200	Kópavogur	1
202	Kópavogur, hólf	1
210	Garðabær	1
212	Garðabær, hólf	1
220	Hafnarfjörður	1
221	Hafnarfjörður	1
222	Hafnarfjörður, hólf	1
225	Bessastaðahreppur	1
230	Keflavík	1
232	Keflavík, hólf	1
233	Hafnir	1
235	Keflavíkurflugvöllur	1
240	Grindavík	1
245	Sandgerði	1
250	Garður	1
260	Njarðvík	1
270	Mosfellsbær	1
300	Akranes	1
301	Akranes, dreifb.	2
310	Borgarnes	2
311	Borgarnes, dreifb.	3
320	Reykholt, Borgarf.	3
340	Stykkishólmur	2
345	Flatey Breiðaf.	3
350	Grundarfjörður	2
355	Ólafsvík	2
360	Hellissandur	2
370	Búðardalur	3
371	Búðardalur, dreifb.	3
380	Króksfjarðarnes	3

Póst-númer	Heiti	Svæði			
400	Ísafjörður	2	650	Laugar	3
401	Ísafjörður, dreifb.	3	660	Reykjahlíð	3
410	Hnífsdalur	2	670	Kópasker	2
415	Bolungarvík	2	671	Kópasker, dreifb.	3
420	Súðavík	2	675	Raufarhöfn	2
425	Flateyri	2	680	Þórshöfn	2
430	Suðureyri	2	681	Þórshöfn, dreifb.	3
450	Patreksfjörður	3	685	Bakkafjörður	3
451	Patreksfjörður, dreifb.	3	690	Vopnafjörður	3
460	Tálknafjörður	3	700	Egilsstaðir	3
465	Bíldudalur	3	701	Egilsstaðir, dreifb.	3
470	Þingeyri	3	705	Egilsstaðir, dreifb.	3
471	Þingeyri, dreifb.	3	707	Egilsstaðir, dreifb.	3
500	Brú	3	710	Seyðisfjörður	3
510	Hólmavík	3	715	Mjóifjörður	3
520	Drangsnes	3	720	Borgarfjörður eystri	3
522	Kjörvogur	3	730	Reyðarfjörður	3
523	Finnbogastaðir	3	735	Eskifjörður	3
524	Norðurfjörður	3	740	Neskaupstaður	3
530	Hvammstangi	3	750	Fáskrúðsfjörður	3
531	Hvammstangi, dreifb.	3	755	Stöðvarfjörður	3
540	Blönduós	2	760	Breiðdalsvík	3
541	Blönduós, dreifb.	3	765	Djúpivogur	3
545	Skagaströnd	2	780	Höfn	3
550	Sauðárkrókur	2	781	Höfn, dreifb.	3
551	Sauðárkrókur, dreifb.	3	785	Fagurhólsmýri	3
560	Varmahlíð	3	800	Selfoss	1
565	Hofsós	2	801	Selfoss, dreifb.	3
566	Hofsós, dreifb.	3	802	Selfoss, hólf	1
570	Fljót	3	810	Hveragerði	1
580	Siglufjörður	2	815	Þorlákshöfn	1
600	Akureyri	1	820	Eyrarbakki	1
601	Akureyri, dreifb.	3	825	Stokkseyri	1
602	Akureyri, hólf	1	840	Laugarvatn	2
603	Akureyri, utan Glerár	1	845	Flúðir	3
610	Grenivík	2	850	Hella	2
611	Grímsey	2	851	Hella, dreifb.	3
620	Dalvík	1	860	Hvolsvöllur	2
621	Dalvík, dreifb.	2	861	Hvolsvöllur, dreifb.	3
625	Ólafsfjörður	2	870	Vík	3
630	Hrísey	2	871	Vík, dreifb.	3
640	Húsavík	2	880	Kirkjubæjarklaustur	3
641	Húsavík, dreifb.	3	900	Vestmannaeyjar	2
645	Fosshóll	3	902	Vestmannaeyjar, hólf	2

Húftrygging ökutækja – tjón á bílar sem hlutfall af landsmeðaltali.

	ár, %						
svæði	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**	**1998**	**1999**	**Samtals**
1	91,19	91,40	92,90	94,10	91,06	93,89	93,42
2	110,96	111,06	110,59	108,96	114,11	110,24	110,02
Landið	**100,00**	**100,00**	**100,00**	**100,00**	**100,00**	**100,00**	**100,00**

Svæði sem hlutfall af svæði 1.

svæði	samtals, %
1	100,00
2	117,78
	100,00

Athugun SÍT á áhættuþáttum ökutækjatrygginga, húftrygging.

Póst-númer	Heiti	Svæði	210	Garðabær	1
			212	Garðabær, hólf	1
101	Reykjavík, Miðbær	1	220	Hafnarfjörður	1
103	Reykjavík, Kringla	1	222	Hafnarfjörður, hólf	1
104	Reykjavík, Vogar	1	225	Bessastaðahreppur	1
105	Reykjavík, Austurbær	1	230	Keflavík	2
107	Reykjavík, Vesturbær	1	232	Keflavík, hólf	2
108	Reykjavík, Bústaðahverfi	1	233	Hafnir	2
109	Reykjavík, Seljahverfi	1	235	Keflavíkurflugvöllur	2
110	Reykjavík, Ártúnshverfi	1	240	Grindavík	2
111	Reykjavík, Breiðholt	1	245	Sandgerði	2
112	Reykjavík, Grafarvogur	1	250	Garður	2
116	Reykjavík, Kjalarnes	1	260	Njarðvík	2
121	Reykjavík, Miðbær, hólf	1	270	Mosfellsbær	1
123	Reykjavík, Kringla,hólf	1	300	Akranes	2
124	Reykjavík, Vogar, hólf	1	301	Akranes, dreifb.	2
125	Reykjavík, Austurbær, hólf	1	310	Borgarnes	2
127	Reykjavík, Vesturbær, hólf	1	311	Borgarnes, dreifb.	2
128	Reykjavík, Bústaðahverfi, hólf	1	320	Reykholt, Borgarf.	2
129	Reykjavík, Seljahverfi, hólf	1	340	Stykkishólmur	2
130	Reykjavík, Ártún, hólf	1	345	Flatey Breiðaf.	2
131	Reykjavík, Breiðholt, hólf	1	350	Grundarfjörður	2
132	Reykjavík, hólf	1	355	Ólafsvík	2
150	Ríkisstofnanir	1	360	Hellissandur	2
155	Bankar	1	370	Búðardalur	2
170	Seltjarnarnes	1	371	Búðardalur, dreifb.	2
172	Seltjarnarnes, hólf	1	380	Króksfjarðarnes	2
190	Vogar	2	400	Ísafjörður	2
200	Kópavogur	1	401	Ísafjörður, dreifb.	2
202	Kópavogur, hólf	1	410	Hnífsdalur	2

Póst-númer	Heiti	Svæði			
415	Bolungarvík	2	670	Kópasker	2
420	Súðavík	2	671	Kópasker, dreifb.	2
425	Flateyri	2	675	Raufarhöfn	2
430	Suðureyri	2	680	Þórshöfn	2
450	Patreksfjörður	2	681	Þórshöfn, dreifb.	2
451	Patreksfjörður, dreifb.	2	685	Bakkafjörður	2
450	Tálknafjörður	2	690	Vopnafjörður	2
465	Bíldudalur	2	700	Egilsstaðir	2
470	Þingeyri	2	701	Egilsstaðir, dreifb.	2
471	Þingeyri, dreifb.	2	710	Seyðisfjörður	2
500	Brú	2	715	Mjóifjörður	2
510	Hólmavík	2	720	Borgarfjörður eystri	2
520	Drangsnes	2	730	Reyðarfjörður	2
522	Kjörvogur	2	735	Eskifjörður	2
523	Finnbogastaðir	2	740	Neskaupstaður	2
524	Norðurfjörður	2	750	Fáskrúðsfjörður	2
530	Hvammstangi	2	755	Stöðvarfjörður	2
531	Hvammstangi, dreifb.	2	760	Breiðdalsvík	2
540	Blönduós	2	765	Djúpivogur	2
541	Blönduós, dreifb.	2	780	Höfn	2
545	Skagaströnd	2	781	Höfn, dreifb.	2
550	Sauðárkrókur	2	785	Fagurhólsmýri	2
551	Sauðárkrókur, dreifb.	2	800	Selfoss	2
560	Varmahlíð	2	801	Selfoss, dreifb.	2
565	Hofsós	2	802	Selfoss, hólf	2
566	Hofsós, dreifb.	2	810	Hveragerði	2
570	Fljót	2	815	Þorlákshöfn	2
580	Siglufjörður	2	820	Eyrarbakki	2
600	Akureyri	2	825	Stokkseyri	2
601	Akureyri, dreifb.	2	840	Laugarvatn	2
602	Akureyri, hólf	2	845	Flúðir	2
603	Akureyri, utan Glerár	2	850	Hella	2
610	Greinivík	2	851	Hella, dreifb.	2
611	Grímsey	2	860	Hvolsvöllur	2
620	Dalvík	2	861	Hvolsvöllur, dreifb.	2
621	Dalvík, dreifb.	2	870	Vík	2
625	Ólafsfjörður	2	871	Vík, dreifb.	2
630	Hrísey	2	880	Kirkjubæjarklaustur	2
640	Húsavík	2	900	Vestmannaeyjar	2
641	Húsavík, dreifb.	2	902	Vestmannaeyjar, hólf	2
645	Fosshóll	2	999	Óstaðsett	2
650	Laugar	2			
660	Reykjahlíð	2			

Árlegur tjónafjöldi á mann sem hundraðshluti af fjölda tjóna sem 30 ára ökumenn valda



Minnisblað nr. 1. um tjónavarnastarf,
vegna spurninga efnahags- og viðskiptanefndar.
(Desember 2000.)

Spurst er fyrir um það hvort af hálfu vátryggingafélaga hafi verið settar fram tillögur um hvernig draga megi úr tjónum í umferðinni. Þá er spurst fyrir um hvort ástæða sé til að hækka ökuréttindaaldur, gefa út skilyrt ökuskírteini eða beita öðrum aðgerðum sem draga kunni úr tjónatíðni ungra ökumanna. Loks er spurst fyrir um aðgerðir sem tryggingafélögin hafa tekið þátt í til að fyrirbyggja tjón.

SÍT hefur í áranna rás við fjölmörg tækifæri sett fram ábendingar og tillögur, sem miða að því að fækka tjónum í umferðinni. Slíkt hið sama hafa einstök vátryggingafélög gert. Tillögur hafa verið settar fram um breytingar á lögum og reglum, t.d. umferðarlögum, ábendingar hafa verið settar fram til stjórnvalda varðandi lagaframkvæmd og tilmæli hafa verið sett fram til aðila sem að öryggis- og forvarnamálum koma í umferðinni. Sumt hefur náð fram að ganga, en annað ekki.

Slysavarnaráð og Umferðarráð starfa samkvæmt lögum og á SÍT fulltrúa í þessum ráðum. Hefur SÍT staðið að og tekið þátt í að kosta fjölmörg verkefni, þ.m.t. átök og kynningarherferðir, í samstarfi við þessa aðila, og raunar fleiri opinbera aðila, þar á meðal ráðuneyti. Þá hefur SÍT styrkt margs konar rannsóknarverkefni sérfræðinga eða hópa einstaklinga á sviði slysarannsókna, forvarna og læknisfræði, þar á meðal vegna meðferðar slasaðra. Á vegum SÍT starfar sérstakur starfshópur, sem lætur sig varða öryggismál í umferðinni og leiðir til að fækka tjónum í umferðinni. Stjórn SÍT vísar iðulega ýmsum málum þangað til úrlausnar og skoðunar.

SÍT hefur löngum lýst stuðningi við hugmyndir um að hækka ökuréttindaaldur hér á landi úr 17 ára aldri í 18 ára. Jafnframt hefur SÍT lagt til að ökunámið sjálft gæti þó hafist við 16 ára aldur með tilheyrandi æfingaakstri leiðbeinanda, rétt eins og nú er. SÍT hefur ítrekað hvatt til þess að reist verði æfingasvæði, svonefnt ökugerði, fyrir ökunema og aðra ökumenn, sem vilja frekari þjálfun. Slíkt æfingasvæði kostar mikla fjármuni og hafa SÍT og aðildarfélög þess boðist til að leggja fé í slíka framkvæmd ásamt öðrum aðilum, einkum opinberum, sem hér ættu að koma að málum. Þetta mál hefur verið í umræðunni árum saman. Flestir virðast sammála um gagnsemi slíks ökugerðis/æfingasvæðis og vitna m.a. til nágrannalandanna í því efni. Málinu hefur þó lítt miðað þar til nú allra síðustu vikur, en nú stefnir í stofnun félags um gerð slíks svæðis, m.a með þátttöku SÍT/bifreiðatryggingafélaganna. Íslensku vátryggingafélögin hafa tekið upp sérstaka fræðslu og námskeið fyrir unga ökumenn. Slíkt mun fátítt erlendis og hefur vakið athygli. Iðgjöld ungra ökumanna eru stórum hærri en hinna reyndari, sem lítt eða ekki hafa lent í tjónum. Þetta eru þau úrræði sem félögin eiga gagnvart ungum ökumönnum. Þau ná þó skammt og miklu meira verður að koma til.

SÍT hefur ekki einvörðungu komið með ábendingar um efnisreglur umferðarlaga heldur hefur SÍT einnig hreyft þeirri hugmynd að skoðað verði hvort ekki sé tímabært að framkvæmd umferðarlaga verði færð frá dómsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis. Rök hníga að því að það ráðuneyti sem hefur yfirstjórn vegamála með höndum eigi einnig að hafa á sinni könnu framkvæmd umferðarlöggjafarinnar, þ.m.t. öryggisþátt málsins. Samgönguráðuneytið annast framkvæmd loftferðalaga og siglingalaga og vitaskuld eru öryggismál þessara samgönguhátta ekki undanskilin og færð undir annað ráðuneyti. Ábyrgðin á vegamannvirkjum og umferðaröryggi almennt sýnist einnig eiga að vera á einni hendi. SÍT telur þessa hugmynd vel þess virði að hún verði skoðuð alvarlega, enda ljóst að skoða verður þennan málaflokk gaumgæfilega og frá öllum hliðum.

Minnisblaði þessu fylgja efnahags- og viðskiptanefnd til glöggvunar nýleg gögn úr fórum SÍT varðandi málefnið, þ.e. annars vegar samantekt varaformanns SÍT um umferðarslys og vátryggingar, dags. 10. maí sl. og nokkrar ábendingar frá SÍT til dómsmálaráðuneytis að gefnu tilefni, dags. 5. september sl. Til upplýsingar í dæmaskyni um forvarnaverkefni SÍT og aðildarfélaga þess fylgja gögn um átak sem nú stendur yfir gegn ölvunarakstri á aðventu og um áramót.

Sigmar Ármannsson.

Minnisblað nr. 3 um skaðabótalög,
vegna spurninga efnahags- og viðskiptanefndar.
(Desember 2000.)

Efnahags- og viðskiptanefnd spyrst fyrir um úttektir á áhrifum skaðabótalaga og um niðurstöður slíkra úttekta. Þá er spurst fyrir um álit á því hvort talið sé að of langt hafi verið gengið í skaðabótalögunum á einhverjum sviðum miðað við það tilefni að tjónþola skuli bætt tjón.

Skaðabótaréttur á hverjum tíma er það réttarsvið, sem varðar starfsemi vátryggingafélaga hvað mestu. Fagleg umfjöllun um íslenskan skaðabótarétt hefur verið mikil innan SÍT á undanförnum árum. Flókið getur verið að meta áhrif breytinga á gildandi skaðabótarétt, einkum þó ef um er að ræða bætur og bótarétt vegna líkamstjóna. Það mál kemur inn á svið ýmissa sérfræðinga, m.a tryggingastærðfræðinga, lækna og lögfræðinga. Íslensk skaðabótalög komu fyrst til framkvæmda 1. júlí 1993, þ.e. lög nr. 50/1993, en þá hafði slík löggjöf verið lengi við lýði annars staðar á Norðurlöndunum. Fyrir setningu skaðabótalaganna byggðist íslenskur skaðabótaréttur að mestu á fyrri úrlausnum dómstóla (fordæmum) og venjum að nokkru.

Dönsk skaðabótalög voru aðalfyrirmynd íslensku skaðabótalaganna. Eftir gildistöku skaðabótalaga, nr. 50/1993, hafa lögin oft verið til umfjöllunar á Alþingi. Í fórum allsherjarnefndar er væntanlega að finna margvísleg gögn frá SÍT um þetta mál, þ.m.t. umsagnir og útreikninga af ýmsu tagi sem nefndin óskaði eftir. Í sumum tilvikum hefði mátt vanda betur frumvörp og tillögur til breytinga á skaðabótalögum og í flestum ef ekki öllum tilvikum hefur alveg vantað upplýsingar um fjárhagsleg áhrif slíkra tillagna, yrðu þær að lögum. Af hálfu SÍT hefur því verið leitast við að bæta úr þessu. Bent hefur verið á augljósar misfellur og efnisatriði sem endurskoðunar þyrftu við á þessum tillögum, auk þess sem fjárhagsleg áhrif tillagnanna hafa verið metin. Tekið hefur verið tillit til örfárra ábendinga SÍT í þessum efnum en annarra ekki. Mesta undrun undirritaðs hefur þó vakið að svo virðist sem ýmsum þingmönnum hafi komið alveg á óvart að iðgjöld í þeim greinum vátrygginga þar sem reynir á reglur skaðabótalaganna skuli hafa hækkað í kjölfar gjörbreyttra og stórhækkaðra viðmiðana og margföldunarstuðla í lögum varðandi útreikning skaðabóta vegna líkamstjóns.

Vegna fyrirspurnar efnahags- og viðskiptanefndar skal því enn eftirfarandi tilfært:

I.

Í júní 1995 voru þeir Gestur Jónsson og Gunnlaugur Claessen fengnir til að endurskoða m.a. reiknistuðla skaðabótalaganna. Í nóvember 1995 skiluðu þeir tillögum sínum til breytinga á lögunum. SÍT fékk tryggingastærðfræðing sinn, Bjarna Guðmundsson cand act., til að meta áhrif tillagnanna. Var það gert með samanburði við tjón samkvæmt lögmæltum ökutækjatryggingum frá síðari hluta ársins 1993. Athugun Bjarna, dags. 8. desember 1995, gaf

til kynna um 47% hækkun bóta vegna líkamstjóna. Bjarni endurskoðaði þetta mat sitt, sbr. athugun hans dags. 19.3. 1996. Niðurstöður seinni athugunarinnar bentu til 45% hækkunar slysatjóna. Tillögurnar urðu ekki að lögum. Útreikningum tryggingastærðfræðingsins ásamt fleiri gögnum kom SÍT á framfæri við allsherjarnefnd.

II.

Með lögum nr. 42/1996, sem tóku gildi 1. júlí 1996, var skaðabótalögunum breytt nokkuð, m.a. var margföldunarstuðull 6. gr. laganna hækkaður úr 7,5 í 10. Miðað við athugun Bjarna Guðmundssonar á hækkunaráhrifum þeirra lagabreytinga á tjónasafnið frá árinu 1993 mátti ætla að líkamstjónin mundu hækka um 13% og heildarhækkun tjóna í lögboðnum ökutækjatryggingum gæti þannig orðið 9%. SÍT kom m.a. þessum útreikningum á framfæri við allsherjarnefnd.

III.

Í október 1996 voru þau Gestur Jónsson, Guðmundur Jónsson og Sigrún Guðmundsdóttir skipuð í nefnd til að endurskoða skaðabótalögin. Nefndin skilaði af sér í ágúst/september 1998 og skilaði Sigrún séráliti. Í nóvember 1998 var lagt fram á Alþingi frumvarp til breytinga á skaðabótalögum í fullu samræmi við tillögur meiri hluta nefndarinnar. Tryggingastærðfræðingur SÍT, Bjarni Guðmundsson, mat hækkunaráhrifin álíkamstjón miðað við uppgerð tjón frá seinni árshelmingi 1993 til 30%, en athugun hans er dags. 11. nóvember 1998. SÍT afhenti allsherjarnefnd ítarlega umsögn um frumvarp til skaðabótalaga, dags. 7. desember 1998. Í þeirri umsögn er m.a. bent á að rýmkaður skaðabótaréttur hækki iðgjöld í þeim vátryggingargreinum þar sem reynir á skaðabótareglur við uppgjör líkamstjóns. Fjárhagsleg áhrif frumvarpsins séu þó ekki bundin við hækkun á vátryggingaiðgjöldum heldur hafi frumvarpið bein áhrif á útgjöld allra aðila sem bakað geta sér skaðabótaskyldu, þ.e. einstaklinga, fyrirtækja og opinberra stofnana, ekki síst ríkissjóðs sjálfs. Fulltrúar SÍT sátu einnig tvo fundi með allsherjarnefnd vegna þessa frumvarps, þ.e. 8. desember 1998 og 1. febrúar 1999. Var þar farið yfir og rædd sjónarmið og ábendingar SÍT, m.a varðandi hugsanleg hækkunaráhrif yrði frumvarpið að lögum.

IV.

Alþingi breytti frumvarpinu við lokaafgreiðslu þess rétt undir þinglok og hækkaði enn margföldunarstuðla. Var af SÍT hálfu m.a. tímans vegna ekki unnt að láta kanna fjárhagsleg áhrif frumvarpsins í lokagerð þess, þ.e. áður en frumvarpið var tekið til endanlegrar afgreiðslu. Var heldur ekki af hálfu allsherjarnefndar beðið um slíkt mat en fyrri útreikningar SÍT um þetta efni höfðu að nokkru verið unnir að beiðni allsherjarnefndar. Þessi hækkun Alþingis á margföldunarstuðlum kom raunar flestum í opna skjöldu þar sem í frumvarpinu hafði orðið einhver skekkja sem gerði það að verkum að stuðlarnir lækkuðu eftir aldri en hækkuðu svo aftur eftir 63 ára aldur. Vakti SÍT athygli á þessu í umsögn sinni. Í stað þess að láta við það sitja að leiðrétta þessa misfellu virðist sem að lítt athuguðu máli hafi tækifærið verið nýtt til að hækka stuðlana enn frekar. Lögin voru gefin út sem lög nr. 37/1999 og tóku gildi 1. maí 1999. Samkvæmt meðfylgjandi athugun Bjarna Guðmundssonar, dags. 29. mars 1999, má ætla að hækkun líkamstjóna yrði 58% ef „samanburðartjónasafnið“ hefði verið gert upp samkvæmt hinum nýju lögum en um 66% ef jafnframt yrði tekið tillit til launaþróunar, sbr. samantekt Bjarna Guðmundssonar, dags. 7. apríl 1999.

V.

Af SÍT hálfu hefur jafnan verið lögð áhersla á að skaðabótalög eigi að tryggja tjónþolum sanngjarnar bætur og í löggjöf eigi að mæla fyrir um skynsamlegar reglur sem nái því markmiði. Vátryggingaiðgjöldin hljóti svo að vera afleidd stærð. Að mati SÍT hafa ýmsar þær breytingar sem gerðar hafa verið á upphaflegu skaðabótalögunum, þ.e. lögum nr. 50/1993, vægt til orða tekið orkað tvímælis. Þá hefur ekki verið skeytt um að huga að ýmsum öðrum atriðum laganna sem hefðu þó bersýnilega verið til þess fallin að styrkja lögin og framkvæmd þeirra. Minnisblaði þessu fylgir áðurnefnd umsögn SÍT til Alþingis frá 7. desember 1998. Verður ekki betur séð en að þau sjónarmið sem þar koma fram séu flest enn í fullu gildi. Þannig má m.a. nefna ábendingar SÍT um sárlega vöntun skýrari leiðbeininga á skaðabótalögunum um markmið og innihald þeirra matsgerða sem eiga að vera grundvöllur bóta vegna líkamstjóns, þ.e. vegna varanlegs miska (læknisfræðilegt mat) annars vegar og varanlegrar örorku (fjárhagslegt mat) hins vegar. Í því efni vísast í meðfylgjandi athugun, dags. 1. mars 2000, sem lýsir þróun metinnar örorku og metins miska hjá örorkunefnd. Sýnir athugunin að varanleg örorka í stigum mælt hefur stórhækkað á árabilinu 1995–1999 á sama tíma og miskastigin (læknisfræðilega matið) hefur lítið breyst. Ástæður þessarar matsþróunar eru því ekki að slysin hafi almennt orðið alvarlegri en áður. Sést það á því að miskinn sem nánast byggist á læknisfræðilegu mati hefur ekki hækkað á tímabilinu. Verður tæpast öðru um kennt en því að ósamræmi hafi ríkt í matsstarfinu. Er það að vonum þar sem eins og áður segir er fátt um leiðbeiningar í skaðabótalögunum um efni og markmið slíkra matsgerða. Gagnrýni SÍT á ákvörðun um lágmarkslaunaviðmiðanir laganna og uppbyggingu margföldunarstuðla, sem m.a taka almennt mið af því að fólk hafi vinnutekjur til 75 ára aldurs í stað ellilífeyrisaldurs eða eðlilegs starfslokaaldurs eins og tíðkast í nágrannalöndunum, stendur enn. Einnig er ljóst að mistök hafa verið gerð við frágang ákvæðis laganna þar sem fjallað er um bætur vegna andláts framfæranda/maka. Þegar skaðabótalögin voru samþykkt á Alþingi og gefin út sem lög nr. 50/1993 hafði þess verið vænst að það væri beinlínis tekið fram í athugasemdum með frumvarpinu að kostnaður vegna lögmanna sem tengdust uppgjörum líkamstjóna ætti að lækka, enda allar reglur varðandi uppgjörið orðnar einfaldari og skýrari. Hér á landi hefur kostnaður vegna þóknunar lögmanna sem tengjast ágreiningslausum uppgjörum líkamstjóna verið stórum hærri en t.a.m. í Danmörku þar sem þóknun er hófleg og ræðst af vinnuframlagi í stað gjaldskrár sem hér á landi hefur gilt og miðast við hlutfall af greiddum bótum. Engin breyting varð á þóknunarkröfum lögmanna gagnvart vátryggingafélögunum eftir gildistöku skaðabótalaga. Vegna fyrirspurnar alþingismanns til SÍT um þýðingu breytinga á skaðabótalögum og hækkun bótagreiðslna á lögmannsþóknun sendi SÍT meðfylgjandi bréf um það efni, dags. 7. febrúar 1996, til Ágústs Einarssonar alþingismanns. Mun einhverjum fleiri þingmönnum hafa verið sent bréfið. Við endurskoðun skaðabótalaganna hefur Alþingi af einhverjum ástæðum ekki þótt ástæða til að huga að þessu máli, þótt augljóst sé að kostnaður vegna sérfræðinga (einkum lögfræðinga og lækna) við uppgjör líkamstjóna sé umtalsverður hér á landi, og að sínu leyti hafi hann bein áhrif á iðgjöldin rétt eins og annar tjónskostnaður.

VI.

Flest tilvitnuð gögn og útreikningar hér að framan eiga að vera til í fórum allsherjarnefndar og þykir því ekki ástæða til, a.m.k. að svo komnu, að láta fylgja þessu minnisblaði til efnahags- og viðskiptanefndar nema tiltölulega fá gögn.

Brýnt er að friður og festa fari að skapast um íslenskan skaðabótarétt. Eins og staðan er nú eru vátryggjendur að gera upp skaðabótaskyld tjón samkvæmt fjórum leiðum eða réttar-

reglum, allt eftir því hvenær tjón varð. Í fyrsta lagi er um að ræða tjón sem urðu fyrir gildistöku skaðabótalaga, nr. 50/1993, þ.e. 1. júlí 1993. Í öðru lagi tjón sem hafa orðið frá því tímamarki og til 1. júlí 1996, er lögunum var breytt og bætur hækkaðar. Í þriðja lagi frá þeim tíma og til 1. maí 1999. Þá tóku gildi stórfelldar breytingar á skaðabótalögunum sem nú eru í gildi og er það þar með fjórða uppgjörsleiðin! Vátryggingafélögunum er fyrir margra hluta sakir afar erfitt að starfa í svo rysjóttu lagaumhverfi og líklega eru svo örar breytingar á grundvallarlöggjöf eins og skaðabótarétti einsdæmi í ríkjum sem við berum okkur saman við. SÍT er því ekki að hvetja til enn einnar kollsteypunnar á sviði skaðabótaréttar. Hins vegar getur SÍT ekki annað en mælt með því að þau ákvæði skaðabótalaganna verði endurskoðuð sem eru óljós og hvetja til ágreinings eða bersýnilega valda því að bætur verða umfram raunverulegt fjártjón. Á sama hátt þarf að huga að þeim atriðum þar sem skortur á skýrum fyrirmælum í skaðabótalögunum getur leitt til sömu niðurstöðu. Vilji löggjafarvaldið á hinn bóginn hafa lögin að öllu leyti óbreytt og bjóða slíkan „lúxus“ áfram er rétt að allir geri sér grein fyrir því að sá lúxus kostar.

Sigmar Ármannsson.

599. Nefndarálit [333. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, o.fl.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur, Tómas N. Möller og Kjartan J. Bendtsen frá fjármálaráðuneyti, Tryggva Valdimarsson og Ragnar G. Þórhallsson, fulltrúa starfsmanna embættis ríkistollstjóra, og Hörð D. Harðarson frá Tollvarðafélagi Íslands. Gögn bárust frá fjármálaráðuneyti og umsagnir bárust um málið frá tollstjóranum í Reykjavík, Sýslumannafélagi Íslands, Tollvarðafélagi Íslands og ríkistollstjóra.

Með frumvarpinu er lagt til að embætti ríkistollstjóra verði lagt niður frá og með áramótum og þeim verkefnum sem það hefur haft með höndum skipt niður á fjármálaráðuneyti og embætti tollstjórans í Reykjavík. Til fjármálaráðuneytis verða flutt verkefni varðandi almenna stefnumótun, eftirlit með tollstjórum, erlend samskipti, gerð starfsreglna og úrskurði í kærumálum, öðrum en þeim sem sæta kæru til ríkistollanefndar. Embætti tollstjórans í Reykjavík verður eflt, en þau auknu verkefni sem embættinu verða falin samkvæmt frumvarpinu eru helst samræming tollgæslu-, tollheimtu- og rannsóknarstarfa, gerð leiðbeininga, útgáfa kynningarefnis fyrir tollstjóra og almenning, þróun og rekstur tölvu- og upplýsingakerfis tollyfirvalda og fræðslumál starfsmanna. Frumvarpið miðar þannig að því að efla mjög hlutverk fjármálaráðuneytis við stefnumótun í tollamálum og skýra ábyrgð ráðherra á tollkerfinu og gera hlutverk hans í stefnumótun og uppbyggingu þess markvissara. Tollstjórinn í Reykjavík mun hins vegar frekar hafa samræmingarhlutverk með höndum og mun einnig stýra eftirlitsaðgerðum um allt land. Það skal þó gert í virku samráði við tollstjóra í hverju tollumdæmi. Stefnt er að því að slík hagræðing hafi m.a. í för með sér mjög hert eftirlit með fíkniefnum.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.
Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. des. 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. | Einar K. Guðfinnsson. | Sigríður A. Þórðardóttir.

Gunnar Birgisson. | Jón Kristjánsson.

600. Fyrirspurn [377. mál]

til dómsmálaráðherra um fjölda og orsakir umferðarslysa á Reykjanesbraut.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur og Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hver er heildarfjöldi slysa og umferðaróhappa á Reykjanesbraut frá því brautin var tekin í notkun, sundurgreint eftir árum:
   a. innan höfuðborgarsvæðis að Krýsuvíkurvegi,
   b. frá Krýsuvíkurvegi til Keflavíkur?
2. Í hversu mörgum tilfellum hafa orðið meiðsl á fólki, sundurgreint eftir árum:
   a. alvarleg meiðsl,
   b. minna alvarleg meiðsl,
   c. dauðsföll,
   og hver hefur bílbeltanotkun verið í hverju tilfelli?
3. Hefur farið fram greining á orsökum umferðarslysa á Reykjanesbraut frá því brautin var tekin í notkun? Ef svo er, hverjar eru þá taldar orsakir slysa þar sem orðið hafa meiðsl á fólki, sundurgreint eftir árum?
4. Hverjar hafa verið orsakir alvarlegustu slysanna?
5. Hver er tíðni slysa og umferðaróhappa á Reykjanesbraut borið saman við aðrar helstu umferðaræðar sem talist geta sambærilegar?
6. Hver eru áform löggæsluyfirvalda til að tryggja að virtar séu hraðatakmarkanir á Reykjanesbraut og hefur í því sambandi verið rætt um notkun löggæslumyndavéla?

Skriflegt svar óskast.

601. Frumvarp til laga [283. mál]

um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 16. des.)

1. gr.

2. mgr. B-liðar 4. gr. laganna orðast svo:

Kílómetragjald ökutækja skv. 1. mgr. þessa stafliðar skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
4.000–4.999	6,40	18.000–18.999	15,38
5.000–5.999	6,80	19.000–19.999	16,56
6.000–6.999	7,35	20.000–20.999	17,44
7.000–7.999	7,72	21.000–21.999	18,45
8.000–8.999	8,06	22.000–22.999	19,61
9.000–9.999	8,42	23.000–23.999	20,55
10.000–10.999	8,94	24.000–24.999	21,47
11.000–11.999	9,27	25.000–25.999	22,52
12.000–12.999	10,08	26.000–26.999	23,52
13.000–13.999	10,80	27.000–27.999	24,57
14.000–14.999	11,64	28.000–28.999	25,61
15.000–15.999	12,53	29.000–29.999	26,66
16.000–16.999	13,53	30.000–30.999	27,70
17.000–17.999	14,51	31.000 og yfir	28,75

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 5. gr. eru bifreiðar, sem nota í tilraunaskyni annan orkugjafa en bensín, dísilolíu eða annað eldsneyti unnið úr olíu, undanþegnar greiðslu þungaskatts frá gildistöku laga þessara til 31. desember 2002.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi að undanskilinni 1. gr. laganna sem öðlast gildi 11. febrúar 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ný gjaldskrá B-liðar 4. gr. laganna tekur gildi 11. febrúar 2001. Nýja gjaldið fyrir hvern ekinn kílómetra tekur gildi strax að loknu fyrsta álestrartímabili sem er frá 20. janúar til 10. febrúar 2001, sbr. 2. mgr. B-liðar 7. gr. laganna. Sé ekki komið með ökutæki til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Þá skal hið nýja gjald innheimt eftir meðaltalsakstri eftir lok fyrrgreinds álestrartímabils.

602. Frumvarp til laga [310. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 2001.

(Eftir 2. umr., 16. des.)

Um breytingu á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. 3.–6. gr. laganna, skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 500 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 2001.

Um afnám laga nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

2. gr.

Lögin falla úr gildi 1. janúar 2001.

3. gr.

Ríkissjóður yfirtekur eignir og skuldir erfðafjársjóðs miðað við stöðu þeirra 31. desember 2000.

Um breytingu á lögum nr. 83/1984, um erfðafjárskatt.

4. gr.

Í stað orðanna „til erfðafjársjóðs“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: í ríkissjóð.

Um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingu.

5. gr.

a. 1. tölul. 39. gr. laganna fellur brott.
b. Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 161/1996, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra greiðist á árinu 2001 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu skv. 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr. laganna.

Um breytingu á erfðalögum, nr. 8/1962.

6. gr.

a. Í stað orðsins „erfðafjársjóð“ í fyrri málslið 1. mgr. 55. gr. laganna kemur: ríkissjóð.
b. Síðari málsliður 1. mgr. 55. gr. laganna fellur brott.

Gildistaka.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

603. Lög [154. mál]

um breytingu á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. des.)

Samhljóða þskj. 571.

604. Lög [190. mál]

um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. des.)

Samhljóða þskj. 572.

605. Lög [347. mál]

um breytingu á lögum nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar.

(Afgreidd frá Alþingi 16. des.)

Samhljóða þskj. 575.

606. Lög [214. mál]

um breytingu á lögum um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, nr. 62 30. apríl 1973, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. des.)

Samhljóða þskj. 576.

607. Lög [324. mál]

um breyting á lögum um Útflutningsráð Íslands, nr. 114/1990, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. des.)

Samhljóða þskj. 409.

608. Fyrirspurn [378. mál]

til dóms- og kirkjumálaráðherra um úthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna.

Frá Ástu Möller.

Hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar ákvörðun um úthlutun fjármuna úr Jöfnunarsjóði sókna, sbr. II. kafla laga um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987?

609. Nefndarálit [264. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Meginákvæði frumvarpsins snýr að því að fella úr gildi frestun á skattlagningu á söluhagnaði hjá einstaklingum. Auk þess er lagt til að skattlagning söluhagnaðar yfir tilteknum mörkum, 3,2 millj. kr. hjá einstaklingum og 6,4 millj. kr. hjá hjónum, verði 10% en ekki 38% eins og áður. Áfram á að gilda heimild til frestunar á söluhagnaði hjá lögaðilum. Fram hefur komið hjá embætti ríkisskattstjóra að vegna þessarar heimildar í skattalögum sem lögfest var árið 1996 hafi einstaklingar nýtt sér að fresta um 20 milljörðum kr. á árunum 1998 og 1999. Hér er um fámennan hóp að ræða eða 636 einstaklinga. Þar kemur einnig fram að ætla megi að ríki og sveitarfélög hafi tapað í skatttekjum allt að 8,5 milljörðum kr. á þessum tveimur árum vegna þessarar heimildar. Sá fyrirvari er þó gerður að það verði að teljast nokkuð ólíklegt að sala hlutabréfa á þessum árum hefði orðið jafnmikil ef frestunarheimildin hefði ekki verið til staðar. Engu síður er ljóst að ríki og sveitarfélög hafa tapað verulegum skatttekjum vegna þessa lagaákvæðis.

Minni hlutinn gagnrýnir mjög hvernig hér er staðið að málum. Í fyrsta lagi er gagnrýnisvert að skilja eftir óbreytta heimild til frestunar á skattlagningu á söluhagnaði fyrir lögaðila, en vafalaust er ekki um minni fjárhæðir að ræða sem frestað hefur verið að skattleggja hjá lögaðilum en einstaklingum. Í öðru lagi er það afar gagnrýnisvert að ríkisstjórnin skuli lækka skatt á forríkum fjármagnseigendum úr 38% í 10% á sama tíma og hún beitir sér fyrir almennri skattlagningu í landinu sem nemur um 2,5 milljörðum kr. og stefnir með því kjarasamningum í algjört uppnám. Í þriðja lagi hefur svo stjórnarmeirihlutinn við meðferð málsins í nefnd lagt til að fresta gildistöku ákvæðisins um að afnema frestun á skattlagningu hjá einstaklingum um eitt ár.

Skattrannsóknarstjóri segir í umsögn sinni að mismunandi skattlagning eftir uppruna tekna bjóði upp á ýmiss konar undanskot. Orðrétt segir skattrannsóknarstjóri: „Frá árinu 1996 hefur t.d. greinilega orðið vart við aukningu á fjölda einkahlutafélaga og um leið hefur einstaklingum sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur í skattalegum skilningi fækkað. Augljósir hagsmunir eru af því að láta atvinnureksturinn vera skattlagðan í skattprósentu hlutafélaga og leitast er við að ná sem mestum fjármunum út úr félögum í formi arðs sem skattlagður er í 10% skattþrepi. Þá eru það einnig ríkir hagsmunir að skattlagningin fari fram í 10% en ekki hinni reglulegu skattprósentu einstaklinga og af þeim sökum er greinileg tilhneiging að haga lög-

legum ráðstöfunum þannig að til skattlagningar í 10% skatti komi. Ekki er ósennilegt að ríkissjóður hafi orðið af einhverjum tekjum vegna þess.“

Minni hlutinn gagnrýnir harðlega frestun á gildistökuákvæðinu sem meiri hlutinn leggur til sem enn mun gefa sterkum fjármagnseigendum svigrúm til að sniðganga skatt vegna þessarar heimildar. Um nauðsyn þess að ákvæðið taki til sölu hlutabréfa á árinu 2000 segir ríkisskattstjóri.: „Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að breytingin gagnvart frestun á söluhagnaði komi til framkvæmda vegna sölu á hlutabréfum á árinu 2000. Telur ríkisskattstjóri mikilvægt að svo verði, m.a. til að komist verði hjá ráðstöfunum sem ella er líklegt að gripið verði til í þeim tilgangi einum að nýta frestunarheimildina á meðan hún er til staðar. Afnám heimildar til ívilnunar gagnvart áhrifum skattskyldu sem þegar var fyrir hendi við sölu hlutabréfanna verður vart talin afturvirk skattlagning. Í þessu efni er einnig til þess að líta hversu takmarkað almennt gildi ívilnunarinnar er, þ.e. til hve fámenns og afmarkaðs hóps hún getur raunverulega tekið, sbr. framangreint.“ Minni hlutinn tekur undir með ríkisskattstjóra um nauðsyn þess að gildistakan verði með þeim hætti að hún nái til söluhagnaðar vegna hlutabréfa á árinu 2000. Jafnframt er því mótmælt að hér sé um afturvirkt ákvæði að ræða eins og meiri hlutinn heldur fram. Miklu nær væri að líta svo á að þetta ákvæði hafi verið brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar þar sem ívilnunin nær til mjög fámenns hóps í þjóðfélaginu sem fær sérstaka meðferð í skattkerfinu sem fært hefur þessum hópi fleiri milljarða í skattfríar tekjur.

Jafnframt mótmælir minni hlutinn því að ekki sé afnumin frestun á heimild til skattlagningar hjá lögaðilum og þeim heimiluð áfram þessi ívilnun. Auk þess er opnað fyrir það að þeir sem áður nýttu sér heimild til frestunar sem einstaklingar geti nú stofnað einkahlutafélag eða eignarhaldsfélag til að nýta heimildina sem áfram verður til staðar fyrir lögaðila. Meiri hlutinn ber fulla ábyrgð á því að verið er að viðhalda þessari skattasmugu sem er ósanngjörn með tilliti til jafnræðis sem á að ríkja í öflun tekna óháð uppruna þeirra, auk þess sem ríkissjóður verður af verulegum tekjum vegna þessa.

Minni hlutinn mun flytja breytingartillögu um að afnema þessa heimild hjá lögaðilum sem er í samræmi við frumvarp þingmanna Samfylkingarinnar sem hefur einnig verið til meðferðar í efnahags- og viðskiptanefnd.

Jafnframt leggst minni hlutinn gegn því að lækka skattprósentuna á söluhagnað eins og meiri hlutinn leggur til.

Minni hlutinn styður að sjálfsögðu afnám á heimild til skattlagningar á söluhagnaði einstaklinga en leggst gegn gildistökuákvæðinu með þeim rökum sem embætti ríkisskattstjóra hefur fært fram.

Önnur atriði eru flest hver minni háttar, svo sem skýrari ákvæði um framkvæmd á kauprréttarákvæðum og kæruleiðir í skattkerfinu, sem og breyting á ákvörðun um hvenær álagning gjalda skuli fara fram og hvernig skilafrestir eru ákveðnir. Helstu breytingar á skattalögunum sem lagðar eru til í frumvarpinu eru þessar, og gerir minni hlutinn athugasemdir við nokkrar þeirra:

- Kveðið er skýrar á um kæruleiðir vegna ágreinings um fyrirframgreiddar barnabætur og vaxtabætur. Þessi breyting kemur fram í 11. gr. frumvarpsins en minni hlutinn styður ekki a-lið um 15% álag á mismun fyrirframgreiddra barnabóta og endanlegra barnabóta, reynist þær aðrar. Sú aðgerð gæti verið harkaleg þar sem barnabótakerfið er flókið og almenningur á oft erfitt með að skilja það og því eru forsendur til að andmæla ákvörðun skattstjóra oft erfiðar.
- Sveigjanleiki vegna álagningar er aukinn í kjölfar aukinna skila á rafrænu formi. Heimilt verður skattstjóra að eigin frumkvæði eða að beiðni skattaðila að endurupptaka skatt-

framtöl allt að sex ár aftur í tímann þegar skattaframkvæmd hefur verið breytt með dómi hjá yfirskattanefnd eða dómstólum. Vegna ákvæða í 15. gr. frumvarpsins leggur minni hlutinn áherslu á þær athugasemdir að þar sem heimilað verði að „leiðrétta“ álagningu opinberra gjalda allt að sex árum aftur í tímann með hliðsjón af niðurstöðum dómstóla um álitaefni varðandi framkvæmd laganna megi slík „leiðrétting“ aðeins vera gjaldandanum í hag. Útilokað er að hægt verði að nýta þetta lagaákvæði til hækkunar á sköttum í þjóðfélaginu mörg ár aftur í tímann vegna niðurstöðu dómstóla um álitaefni.

- Skattleysismörk barna og sjómannaafsláttur eiga að hækka í takt við hækkun á persónuafslætti í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við gerð kjarasamninga í vor. Í því sambandi minnir minni hlutinn á að raungildi skattleysismarka hefur raskast vegna áforma ríkisstjórnarinnar um almenna skattahækkun. Tillögur minni hlutans um að hækka skattleysismörkin voru felldar.
- Áætlað kaupverð hlutabréfa sem skráð eru í kauphöll miðast við meðalverð undangenginna 10 skráningardaga en ekki gangverð á kaupdegi til að milda hugsanlegar sveiflur á markaðsverði bréfanna.
- Tekin eru af öll tvímæli um það fyrir hve háa upphæð má gera kaupréttarsamninga árlega. Upphæðin sem gera má slíka samninga fyrir er 600 þús. kr. og verður ekki hægt að safna upp slíkum heimildum milli ára verði frumvarpið að lögum. Þær tekjur eru skattlagðar með 10% fjármagnstekjuskatti og hafa ASÍ og BSRB m.a. gagnrýnt að tekjurnar séu ekki skattlagðar eins og aðrar launatekjur með 38,37% skatti.

Loks var við meðferð málsins lögð fram af hálfu meiri hlutans tillaga um að framlengja svokallaðan hátekjuskatt. Gagnrýna verður þau vinnubrögð að sú breyting hafi ekki verið í frumvarpinu, en ástæða hefði verið til að skoða þá tillögu nánari og meta tekjutengingaráhrif þeirra á einstaka tekjuhópa.

Gagnrýni minni hlutans beinist þó fyrst og fremst að því hvernig stjórnarmeirihlutinn ætlar áfram að hygla forríkum fjármagnseigendum í þjóðfélaginu og auka um leið skattbyrði á almenning í landinu. Á því ber stjórnarmeirihlutinn fulla ábyrgð.

Alþingi, 16. des. 2000.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm. Margrét Frímannsdóttir. Ögmundur Jónasson.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Bréf ríkisskattstjóra til þingflokks Samfylkingarinnar. (21. nóvember 2000.)
II. Umsögn ríkisskattstjóra til efnahags- og viðskiptanefndar. (7. desember 2000.)
III. Upplýsingar um skattlagningu söluhagnaðar í nokkrum löndum.

610. Nefndarálit [333. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, o.fl.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Óvönduð vinnubrögð hafa einkennt málsmeðferðina á þessu frumvarpi sem keyra á í gegnum Alþingi nokkrum dögum eftir að það var lagt fram án þess að það hafi fengið fullnægjandi skoðun í þingnefnd.

Vel speglast í þessari málsmeðferð óvirðing meiri hlutans við löggjafarþingið og lýðræðið þegar minni hlutanum er ekki gefið eðlilegt svigrúm til að fjalla um málið eða meta áhrif þeirra grundvallarbreytinga sem verið er að gera á stjórnskipulagi tollamála í landinu með því að leggja niður ríkistollstjóraembættið.

Starfsfólki er að venju sýnd fullkomin óvirðing með tilkynningu um niðurlagningu á störfum þeirra örfáum dögum áður en leggja á niður embættið og ekkert samráð haft við starfsfólk um málið né tillit tekið til sjónarmiða þeirra en margt starfsfólk sem vinnur hjá ríkistollstjóraembættinu er með áratuga reynslu á þessu starfssviði. Trúnaðarmenn starfsfólks sem á fund nefndarinnar komu draga mjög í efa kosti þessarar breytingar og telja að með henni sé verið að hverfa aftur til fortíðar og með lagaboði færa skipulag tollamál til fyrra horfs. Trúnaðarmenn starfsfólks leggja áherslu á að hér verði ekki rasað um ráð fram og að nokkrir mánuðir gefist til að kanna ítarlega þessa skipulagsbreytingu, en engin úttekt hefur farið fram á kostum og göllum þess að gera slíka breytingu.

Í umsögn ríkistollstjóra kemur fram að hann telji það ekki framfaraspor né í samræmi við grundvallarreglur stjórnsýsluréttar að sama stjórnsýsluvald fari bæði með vald staðbundins stjórnsýsluvalds og eftirlit og boðvald gagnvart hliðsettum stjórnvöldum. Telur ríkistollstjóri sem að eigin ósk lætur að störfum um nk. áramót að það gangi þvert á þá þróun sem orðið hefur á undanförnum árum á þessu sviði.

Orðrétt segir síðan: „Ákvörðun fjármálaráðherra 1990 um að færa slíkt vald frá tollstjóranum í Reykjavík til sjálfstæðs embættis og lagabreytingar sem Friðrik Sophusson, þáverandi fjármálaráðherra, beitti sér fyrir 1996 endurspegla þessa réttarþróun. Skoðun mín er því sú að fram komið frumvarp sé ekki réttarbót og ekki framfaraspor á sviði tollamála. Nær hefði verið að taka nokkru lengri tíma til að huga fremur að heildarendurskoðun skatt- og tollkerfisins eins og bent var á í frumvarpi því sem lagt var fyrir Alþingi 1996. Þær hugmyndir sem fram komu í greinargerð með frumvarpi að síðastnefndum lögum, tengjast einnig löngu tímabærum breytingum sem óhjákvæmilega þarf að gera á skipulagi stjórnsýsluumdæmanna sem varla getur talist í takt við þá byggða- og þjóðfélagsþróun sem orðið hefur síðustu áratugina."

Meginathugasemd ríkistollstjóra um að sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu sé ekki í samræmi við grundvallarreglur stjórnsýsluréttar að sama stjórnsýsluvald, þ.e. fari bæði með vald staðbundins stjórnsýsluvalds og eftirlit og boðvald gagnvart hliðsettum stjórnvöldum, er rauði þráðurinn í athugasemdum Sýslumannafélags Íslands og Tollvarðafélags Íslands.

Athyglisvert er einnig að á Alþingi 1996 hélt þáverandi fjármálaráði á lofti sömu afhugasemdum og sagði að það væri grundvallaratriði í allri stjórnsýslu að réttarstaða þeirra væri skýr sem framfylgja eiga eða hlíta þeirri löggjöf sem gildir á hverjum tíma um tollamál. Gildir það jafnt um sambandið á milli æðra og lægra setts stjórnvalds og um samskipti borgaranna við þessi stjórnvöld. Sagði þáverandi fjármálaráðherra að ekki gengi til lengdar að eitt hliðsettra stjórnvalda, tollstjórinn í Reykjavík, hefði bæði eftirlit með eigin gerðum

og annarra tollstjóra og því var fyrirhugað að þessi skipan mála væri tekin til endurskoðunar að fenginni nokkurri reynslu.

Hér verður tekinn kafli úr ræðu fyrrverandi fjármálaráðherra, Friðriks Sophussonar, þegar hann mælti fyrir breytingu á tollalögum fyrir aðeins fjórum árum en hann segir allt sem segja þarf í þessu máli: „Frumvarp þetta er liður í áformum sem fram koma í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að kveða skýrar á um hlutverk, ábyrgð og verkaskiptingu milli æðri sem lægri stjórnsýslustiga innan tollakerfisins til að gera það skilvirkara. Jafnframt að tryggja borgurunum betur en nú rétt til að fá efnislega umfjöllun sinna mála, m.a. þegar ágreiningur rís um tollmeðferð vöru.“

Síðan segir: „Við gildistöku tollalaga, nr. 55/1987, var ákveðið að stofna nýtt embætti ríkistollstjóra. Sérstakt heimildarákvæði var jafnframt sett í lögin þar sem gert var ráð fyrir að ákveða mætti að tollstjórinn í Reykjavík gegndi starfi ríkistollstjóra auk starfa sinna sem tollstjóri. Þetta fyrirkomulag var einungis hugsað sem liður í undirbúningi að stofnun sjálfstæðs embættis sem hefði með höndum yfirstjórn framkvæmdar tollheimtu og tolleftirlits og eftirlit og boðvald gagnvart einstökum tollstjórum.

Ljóst var að ekki gengi til lengdar að eitt hliðsettra stjórnvalda, tollstjórinn í Reykjavík, hefði bæði eftirlit með eigin gerðum og annarra tollstjóra og því var fyrirhugað að þessi skipan mála væri tekin til endurskoðunar að fenginni nokkurri reynslu. Nú að tæpum níu árum liðnum frá setningu tollalaga er fengin nokkur reynsla af þeirri skipan tollstjórnarinnar og ýmsum þeim lagafyrirmælum sem þá voru lögfest. Verður að telja í ljósi fenginnar reynslu að nauðsynlegt sé að gera á lögunum ýmsar breytingar bæði að því er varðar yfirstjórn tollamála og einstök ákvæði er mæla fyrir um tolleftirlit, álagningu, innheimtu og úrlausn ágreiningsmála. Grundvallaratriði í allri stjórnsýslu er að réttarstaða þeirra sé skýr sem framfylgja eiga eða hlíta þeirri löggjöf sem gildir á hverjum tíma um tollamál. Gildir það jafnt um sambandið á milli æðra og lægra setts stjórnvalds og samskipta borgaranna við þessi stjórnvöld.“

Við setningu tollalaga árið 1987 var sá kostur valinn að heimila ráðherra að fela tollstjóranum í Reykjavík að hafa eftirlit með og boðvald yfir hliðsettu stjórnvaldi. Jafnframt var ákveðið að setja tollgæsluna í heild sinni undir yfirstjórn ríkistollstjóra og fela sérstökum tollgæslustjóra stjórn hennar líkt og áður.

Fram kom hjá þáverandi fjármálaráðherra að reynslan af þessu fyrirkomulagi hafi leitt í ljós að staða þessara aðila væri stjórnunarlega og stjórnskipulega óæskileg og valdmörk milli þeirra óljós. Orðrétt sagði fjármálaráðherra: „Sé á annað borð talin ástæða til þess að færa yfirstjórn vissra þátta tollamála sem stjórnunarlega eiga undir fjármálaráðuneyti ætti tvímælalaust að fela hana sjálfstæðu embætti og kveða nánar í lögum á um verkefni sem það bæri ábyrgð á, svo og að kveða skýrt á um stöðu lægra settra tollyfirvalda gagnvart slíku embætti.“

Ljóst er að engin úttekt hefur farið fram á kostum og göllum þeirra kerfisbreytinga sem nú stendur til að gera með því að færa skipulag tollamála til fyrra horfs eins og Friðrik Sophusson, fyrrverandi fjármálaráðherra, gagnrýndi mjög fyrir fjórum árum. Þessi hugmynd virðist að mestu snúast um að nota tækifæri til breytingar af því að núverandi ríkistollstjóri lætur af störfum nú um áramót. Mikið virðist vanta á að faglega sé að verki staðið og haldbær rök hafa ekki verið sett fram fyrir því að flýta þurfi svo þessari breytingu að ekki sé hægt að gefa Alþingi eðlilegan tíma til að fjalla um málið. Þetta er skýrt dæmi um hroðvirknisleg og ómarkviss vinnubrögð og virðist ganga gegn grundvallarreglu stjórnsýsluréttar.

Á meðal þess sem þyrfti að kanna eru hugmyndir fyrrverandi fjármálaráðherra um að breyta núverandi skipan á þann veg að taka rannsóknarþátt tollamála frá ríkistollstjóra líkt og gert var árið í skattamálum. Nefndi fyrrverandi fjármálaráðherra að skoðað hefði verið

hvort ekki væri æskilegt að færa rannsóknarþáttinn undir embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins og sameina vissa þætti tolla- og skattamála. Ekki gafst ráðrúm í nefndinni til að kanna þennan þátt málsins fremur en annað sem að þessu máli snýr.

Nauðsynlegt hefði einnig verið að athuga hvort forsendur væru til að leggja niður embætti ríkislögreglustjóra vegna þessarar stefnubreytingar ríkisstjórnarinnar sem gefur skoðun og stefnu fyrrverandi fjármálaráðherra langt nef í þessu máli.

Embætti ríkislögreglustjóra hefur þanist út á kostnað almennrar löggæslu í landinu, en verksvið þess embættis er hliðstætt embætti ríkistollstjóra, að hafa með höndum samræmingar, eftirlits- og rannsóknarstarf.

Í umsögn Tollvarðafélags Íslands kemur m.a. fram að þeirri spurningu sé ekki nógu vel svarað hvers vegna embætti ríkistollstjóra er lagt niður og allt tal um hagræðingu og betri nýtingu mannskaps og auðveldari rannsókn mála hljómar einkennilega á sama tíma og stjórnvöld eru að gera embætti ríkislögreglustjóra og ríkisskattstjóra veigameiri til að auðvelda fyrrgreind atriði. Í ljósi þess sé mjög erfitt að skilja framlagningu frumvarpsins og tilflutning verkefna til ráðherra og tollstjórans í Reykjavík.

Samkvæmt frumvarpinu verður tollstjóranum í Reykjavík m.a. falið samræmingarhlutverk á landsvísu og umsjón með rannsókn tollamála hvar sem er á landinu og að stuðla að bættri tollheimtu tollembættanna og þar með talið síns eigin.

Ef ekki er staðið rétt að málum gæti breyting sem þessi aukið enn á óskýrleika stjórnsýslukerfisins og ljóst er að með því að setja hliðsett stjórnvald yfir önnur á sama sviði er verið að bjóða upp á hagsmunaárekstra. Stjórnsýsla ríkisins er stigskipt á þann hátt að æðri stjórnvöld hafa yfirstjórn og eftirlit með þeim stjórnvöldum sem lægra eru sett og breytingar á innbyrðis sambandi stofnana eða annarra stjórnvalda hljóta því að þurfa mikillar skoðunar við áður en þær eru framkvæmdar. Þróun stjórnsýslukerfisins hér á landi hefur hin síðustu ár verið ákaflega ómarkviss og handahófskennd og frumvarp þetta er þar engin undantekning á. Minni hlutinn leggur til að mótuð verði framtíðarstefna um þróun stjórnsýslukerfisins þar sem m.a. er tekin afstaða til þess í hvaða tilvikum sé réttlætanlegt að setja á fót eða leggja niður stjórnsýslustofnanir á borð við þá sem hér er til umræðu. Slíkar breytingar á ekki að framkvæma með hraði og án þess að afleiðingarnar séu ljósar.

Minni hlutinn gagnrýnir harðlega öll vinnubrögð í þessu máli bæði gagnvart starfsfólki og þessari endurskipulagningu í heild sinni og telur að þetta mál hefði þurft mun meiri athugunar við eins og fyrr greinir.

Alþingi, 16. des. 2000.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm.	Margrét Frímannsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

611. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [333. mál]

í málinu: Frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, o.fl.

Frá Ögmundi Jónassyni, Jóhönnu Sigurðardóttur og Margréti Frímannsdóttur.

Með vísan til rökstuðnings í nefndaráliti minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (þskj. 610) þar sem fram kemur hörð gagnrýni á aðdraganda og meðferð málsins og þess að fram hefur komið í umfjöllun nefndarinnar að ótímabært er að afgreiða málið samþykkir Alþingi að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

612. Frumvarp til laga [233. mál]

um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 16. des.)

1. gr.

Inngangsmálsliður 2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Lög þessi, að undanskildum ákvæðum V. kafla um meðferð trúnaðarupplýsinga, viðskipti innherja og markaðsmisnotkun og VI. kafla um samningsbundið uppgjör afleiðusamninga, taka ekki til.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Á eftir 3. tölul. koma þrír nýir töluliðir, 4., 5. og 6. tölul., svohljóðandi:

4. *Trúnaðarupplýsingar:* Upplýsingar um útgefanda verðbréfa, verðbréfin sjálf eða önnur atriði sem ekki hafa verið gerð opinber en eru líkleg til að hafa áhrif á markaðsverð verðbréfanna ef opinber væru. Upplýsingar teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað á verðbréfamarkaðinum með opinberum og viðurkenndum hætti. Tilkynningar til kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan, sbr. lög um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.
5. *Innherjar:*
   a. Fruminnherjar:

      Aðilar sem búa yfir eða hafa að jafnaði aðgang að trúnaðarupplýsingum vegna eignaraðildar, aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti eða vegna annarra starfa á vegum útgefanda verðbréfa sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið eftir að verði skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi.

      Einstaklingar eða lögaðilar sem eiga beinan eða óbeinan eignarhlut í útgefanda verðbréfa, sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið eftir skráningu á í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi, og eiga fulltrúa í stjórn viðkomandi útgefanda á grundvelli eignarhlutarins.

b. Aðrir innherjar:

Aðili sem ekki telst fruminnherji skv. a-lið en hefur vegna starfs síns, stöðu eða skyldna tímabundinn aðgang að trúnaðarupplýsingum.

Aðili sem ekki telst fruminnherji skv. a-lið en hefur fengið vitneskju um trúnaðarupplýsingar, enda hafi viðkomandi vitað eða mátt vita hvers eðlis upplýsingarnar voru.

6. *Viðskiptalota:* Fjöldi verðbréfa í sama flokki, eða lágmarksmarkaðsverðmæti sem þarf til þess að geta átt samfelld viðskipti í viðskiptakerfi kauphallar eða skipulegs tilboðsmarkaðar, samkvæmt reglum sem stjórn kauphallar eða skipulegs tilboðsmarkaðar setur.

b. 4. tölul., sem verður 7. tölul., orðast svo: *Almennt útboð:* Sala verðbréfa í sama verðbréfaflokki sem boðin eru almenningi til kaups með kynningu eða með öðrum hætti.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilvísunum í III. kafla laganna:

a. Í stað „45. gr.“ í 7. gr. kemur: 55. gr.
b. Í stað „43. gr.“ í 10. gr. kemur: 53. gr.
c. Í stað „IV. kafla“ í 1. mgr. 21. gr., sem verður 20. gr., kemur: V. kafla.

4. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu er óheimilt að annast milligöngu um verðbréfaviðskipti hafi starfsmenn þeirra vitneskju um eða ástæðu til að ætla að viðskiptin brjóti í bága við ákvæði V. kafla.

5. gr.

20. gr. laganna fellur brott og breytist greinatala samkvæmt því.

6. gr.

Á eftir III. kafla laganna kemur nýr kafli, IV. kafli, **Útboð verðbréfa**, með fimm nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (25. gr.)

Almennt útboð verðbréfa, hvort heldur í upphaflegri sölu eða síðari sölu, er háð því að útboðslýsing hafi verið gefin út í samræmi við ákvæði laga þessara, sbr. þó 29. gr.

b. (26. gr.)

Hafi útboðslýsing verið birt í samræmi við 25. gr. er ekki þörf á að birta nýja útboðslýsingu í tengslum við almennt útboð nema liðnir séu meira en 12 mánuðir frá birtingu útboðslýsingar til fyrsta söludags í nýju útboði eða ef orðið hafa breytingar á högum útgefanda sem ætla má að hafi veruleg áhrif á markaðsverð verðbréfanna.

c. (27. gr.)

Sala eða milliganga fyrirtækis í verðbréfaþjónustu á verðbréfum til annarra en fagfjárfesta, sem ekki fellur undir reglur um almennt útboð, er háð því að lagt hafi verið mat á faglega þekkingu, fjárhag og reynslu viðskiptavinar. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu er heimilt að synja um milligöngu með verðbréf sem ekki falla undir almennt útboð ef það telur viðskiptavini ekki búa yfir nægjanlegri þekkingu, reynslu eða fjárhagslegum styrk.

d. (28. gr.)

Almennt útboð verðbréfa skal fara fram fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækja skv. 8. gr. eða annarra aðila sem til þess hafa heimild í lögum.

Fjármálaeftirlitið skal hafa umsjón með athugun á útboðslýsingum. Þó skulu kauphallir annast athugun á skráningarlýsingum samkvæmt lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða þegar óskað er eftir skráningu í viðkomandi kauphöll, enda sé hún tekin sem gild útboðslýsing. Fjármálaeftirlitið getur falið skipulegum verðbréfamörkuðum að annast athugun á útboðslýsingum öðrum en þeim sem kveðið er á um í 2. málsl.

Seðlabanki Íslands getur sett nánari reglur um fyrsta söludag einstakra almennra útboða í því skyni að draga úr sveiflum í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðinum.

Þóknun fyrir athugun á útboðslýsingum er ákveðin af Fjármálaeftirlitinu eða skipulegum verðbréfamarkaði skv. 2. mgr.

Ráðherra skal setja reglugerð um útboð verðbréfa þar sem m.a. verði kveðið á um aðdraganda að útboðslýsingu og útboðstímabil, efni og tilhögun við dreifingu útboðslýsingar, heimildir Fjármálaeftirlitsins til að veita undanþágur frá birtingu útboðslýsingar að hluta eða öllu leyti, viðvarandi upplýsingaskyldu og skilgreiningu á fagfjárfestum.

e. (29. gr.)

Undanþegin ákvæðum 25. gr. eru:

1. Útboð þar sem eitt eða fleiri eftirtalinna tilvika eiga við:
   a. Hlutabréf eða samvinnuhlutabréf eru einungis boðin forgangsréttarhöfum í félagi og hömlur eru lagðar á viðskipti með bréfin.
   b. Hlutabréf eða samvinnuhlutabréf eru einungis boðin eigendum í félagi, enda séu þeir færri en 50 og hlutafé eða stofnsjóður B-deildar samvinnufélags lægri en 50 milljónir króna.
   c. Verðbréf eru boðin tilgreindum afmörkuðum hópi aðila án auglýsingar eða kynningar, enda séu ekki fleiri en 25 aðilar í hópnum.
   d. Áætlað heildarsöluverð verðbréfanna nemur ekki meira en fimm milljónum króna, sbr. þó 2. mgr.
   e. Hver fjárfestir þarf að reiða af hendi a.m.k. fimm milljónir króna til kaupa á verðbréfunum, sbr. þó 2. mgr.
   f. Verðbréf eru boðin fagfjárfestum.
2. Verðbréf af eftirfarandi gerðum:
   a. Verðbréf sem gefin eru út að áætluðu markaðsverði a.m.k. fimm milljónir króna hvert, sbr. þó 2. mgr.
   b. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða með starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu.
   c. Verðbréf sem gefin eru út í tengslum við yfirtökutilboð.
   d. Verðbréf sem gefin eru út í tengslum við samruna fyrirtækja.
   e. Jöfnunarhlutabréf og önnur hlutabréf sem hluthafar fá afhent án endurgjalds.
   f. Hlutabréf eða verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa ef þau eru boðin í skiptum fyrir hlutabréf í sama félagi, hafi boðið á hinum nýju verðbréfum ekki í för með sér hækkun á hlutafé í félaginu.
   g. Verðbréf sem vinnuveitandi eða fyrirtæki tengt honum býður eingöngu núverandi eða fyrrverandi fastráðnum starfsmönnum sínum eða verðbréf sem boðin eru fram í þágu þeirra.
   h. Verðbréf sem til eru komin vegna breytinga á breytanlegum skuldabréfum eða vegna þess að neytt er réttinda sem kaupréttur að hlut veitir, svo og hlutabréf sem boðin eru

í skiptum fyrir skiptanleg skuldabréf, enda hafi útboðslýsing á hinum breytanlegu eða skiptanlegu skuldabréfum, eða þeim skuldabréfum sem kaupréttur að hlut fylgir, verið gefin út á Íslandi.

i. Verðbréf sem gefin eru út af lögaðilum, sem ekki eru reknir í hagnaðarskyni í þeim tilgangi að afla fjár til framdráttar markmiðum sínum, og lúta ekki að hag sjálfra lögaðilanna.

j. Framseljanleg verðbréf sem gefin eru út af ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu eða eru með ríkisábyrgð.

Fjárhæðir í 1. mgr. skulu aldrei vera lægri en 40 þúsund evrur miðað við opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands eins og það er skráð á hverjum tíma.

7. gr.

Í stað IV. kafla laganna kemur nýr kafli, V. kafli, **Meðferð trúnaðarupplýsinga, viðskipti innherja og markaðsmisnotkun**, með níu nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (30. gr.)

Ákvæði þessa kafla taka til viðskipta með verðbréf sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið eftir að verði skráð á skipulegum verðbréfamarkaði skv. 13. tölul. 2. gr.

b. (31. gr.)

Innherjum er óheimilt að:

1. nýta trúnaðarupplýsingar, beint eða óbeint, til öflunar eða ráðstöfunar verðbréfa,
2. láta þriðja aðila trúnaðarupplýsingar í té, nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir,
3. ráðleggja þriðja aðila á grundvelli trúnaðarupplýsinga að afla verðbréfa eða ráðstafa þeim eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með verðbréfin.

Ákvæði 1. mgr. nær einnig til lögaðila og einstaklinga sem taka þátt í ákvörðun um viðskipti með verðbréf fyrir reikning lögaðilans.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um viðskipti ríkisins, Seðlabanka Íslands eða aðila sem annast viðskipti fyrir þeirra hönd, enda séu viðskiptin liður í stefnu ríkisins í peningamálum, gengismálum eða lánasýslu.

c. (32. gr.)

Fruminnherjar skulu ganga úr skugga um það áður en þeir eiga viðskipti með verðbréf félags, sem þeir eru fruminnherjar í, að ekki liggi fyrir trúnaðarupplýsingar innan félagsins.

d. (33. gr.)

Fruminnherjar skulu tilkynna aðila sem útnefndur hefur verið í samræmi við reglur skv. 37. gr. fyrir fram um fyrirhuguð viðskipti sín eða aðila sem eru fjárhagslega tengdir honum með verðbréf félagsins og jafnóðum og viðskiptin hafa farið fram. Viðkomandi félag skal samdægurs tilkynna um viðskiptin til kauphallar eða skipulegs tilboðsmarkaðar þar sem viðkomandi verðbréf eru skráð eða óskað hefur verið eftir skráningu á þeim.

e. (34. gr.)

Kauphöll eða skipulegur tilboðsmarkaður skal birta opinberlega með viðurkenndum hætti upplýsingar um viðskipti fruminnherja sem eru tilkynningarskyld skv. 33. gr., enda uppfylli viðskiptin eftirtalin skilyrði:

1. Markaðsvirði viðskiptanna nemur a.m.k. einni viðskiptalotu, sbr. 6. tölul. 2. gr.
2. Markaðsvirði eignarhlutar eftir viðskipti samsvari tíu viðskiptalotum.
3. Markaðsvirði eignarhlutar eftir viðskipti fer niður fyrir tíu viðskiptalotur.

Í tilkynningu skv. 1. mgr. skal tilgreina:

1. nafn útgefanda verðbréfa,
2. dagsetningu tilkynningar,
3. nafn fruminnherja,
4. tengsl fruminnherja við útgefanda verðbréfa,
5. dagsetningu og stund viðskipta,
6. tegund verðbréfa,
7. hvort um var að ræða kaup eða sölu,
8. nafnverð og gengi í viðskiptum,
9. nafnverð eignarhlutar fruminnherja og fjárhagslega tengdra aðila eftir viðskipti,
10. dagsetningu lokauppgjörs viðskiptanna.

f. (35. gr.)

Fjármálaeftirlitið skal halda skrá yfir innherja skv. a-lið og 1. mgr. b-liðar 5. tölul. 2. gr. í félögum sem skráð eru eða hafa óskað skráningar í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði. Félögin skulu senda Fjármálaeftirlitinu, á því formi sem það ákveður, eftirfarandi upplýsingar:

1. heiti félags,
2. kauphöll eða skipulegan tilboðsmarkað sem félag er skráð á eða hefur óskað skráningar á,
3. nafn, kennitölu og heimilisfang innherja,
4. tengsl innherja við félag,
5. ástæðu skráningar innherja,
6. nöfn aðila sem eru fjárhagslega tengdir innherja.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að kveða nánar á um upplýsingar sem veittar skulu skv. 1. mgr. Allar breytingar á upplýsingum skv. 1. mgr. skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu samdægurs. Endurskoðaðan lista yfir innherja skal senda Fjármálaeftirlitinu eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

Upplýsingar skv. 1. og 2. mgr. skulu einnig sendar kauphöll eða skipulegum tilboðsmarkaði þar sem verðbréf félags eru skráð eða óskað hefur verið eftir skráningu þeirra.

Upplýsingar um fruminnherja í innherjaskrá Fjármálaeftirlitsins skulu gerðar opinberar með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

g. (36. gr.)

Félög sem tilgreint hafa innherja til Fjármálaeftirlitsins skv. 35. gr. skulu tilkynna viðkomandi innherja um það skriflega. Jafnframt skal tilkynna innherja skriflega þegar hann hefur verið tekinn af skránni.

Félög skulu greina innherjum frá þeim réttarreglum sem gilda um innherja og meðferð trúnaðarupplýsinga.

h. (37. gr.)

Stjórn félags sem skráð er í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði, eða félags sem óskað hefur eftir skráningu í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði, skal setja reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga og viðskipti innherja. Í reglunum skal m.a. kveðið á um með

hvaða hætti skuli komið í veg fyrir að trúnaðarupplýsingar berist til annarra en þarfnast þeirra vegna starfa sinna, hvernig viðskiptum innherja skuli háttað, hver hafi eftirlit með því innan félagsins að reglunum sé framfylgt og skráningu samskipta sem fram fara á grundvelli reglnanna.

Stjórn viðkomandi félags skal setja sér reglur skv. 1. mgr. og senda þær Fjármálaeftirlitinu og kauphöll eða skipulegum tilboðsmarkaði þar sem verðbréf félagsins eru skráð eða óskað hefur verið skráningar þeirra. Reglurnar skulu staðfestar af Fjármálaeftirlitinu.

Stjórnvöld og aðrir aðilar sem fá reglulega trúnaðarupplýsingar í starfsemi sinni skulu setja sér reglur samkvæmt þessari grein.

i. (38. gr.)

Óheimilt er einstaklingum eða lögaðilum að taka þátt í, stuðla að eða hvetja til viðskipta með verðbréf eða annarra aðgerða í því skyni að gefa ranga mynd af umfangi viðskipta með tiltekin verðbréf eða hafa óeðlileg eða óhæfileg áhrif á verðmyndun í verðbréfaviðskiptum.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilvísunum í V., VI., VII., VIII., X., XI., XII., XIII. og XV. kafla laganna:

a. Í stað „32. gr.“ í 33. gr., sem verður 40. gr., kemur: 39. gr.
b. Í stað „32. gr.“ í 34. gr., sem verður 41. gr., kemur: 39. gr.
c. Í stað „33. gr.“ hvarvetna í 35. gr., sem verður 42. gr., kemur: 43. gr.
d. Í stað „32. gr.“ og „23. gr.“ hvarvetna í 36. gr., sem verður 43. gr., kemur: 42. gr., og: 22. gr.
e. Í stað „56. gr.“ í 3. mgr. 38. gr., sem verður 45. gr., kemur: 66. gr.
f. Í stað „32. gr.“ hvarvetna í 40. gr., sem verður 47. gr., kemur: 42. gr.
g. Í stað „39. gr.“ og „40. gr.“ hvarvetna í 44. gr., sem verður 51. gr., kemur: 49. gr., og: 50. gr.
h. Í stað „XI. kafla“ og „X. kafla“ í 51. gr., sem verður 58. gr., kemur: XIII. kafla, og: XII. kafla.
i. Í stað „37. gr.“ og „32. gr.“ í 2. mgr. 52. gr., sem verður 59. gr., kemur: 47. gr., og: 42. gr.
j. Í stað „32. gr.“ og „37. gr.“ í 53. gr., sem verður 60. gr., kemur: 42. gr., og: 47. gr.
k. Í stað „VII. kafla“ í 55. gr., sem verður 62. gr., kemur: IX. kafla.
l. Í stað „IV. kafla“ í 5. mgr. 56. gr., sem verður 63. gr., kemur: V. kafla.
m. Í stað „IV. kafla“ hvarvetna í 62. gr., sem verður 69. gr., kemur: V. kafla.

9. gr.

Á eftir 4. mgr. 56. gr. laganna, sem verður 63. gr., kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið getur aflað upplýsinga um framkvæmd útboðs hjá aðila sem býður fram verðbréf í útboði. Telji Fjármálaeftirlitið að ekki hafi verið farið að reglum um almennt útboð verðbréfa getur það stöðvað útboðið og veitt frest til úrbóta, sé þess kostur. Fjármálaeftirlitið getur birt opinberlega yfirlýsingu um umrætt mál og lagt á aðila dagsektir samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

613. Lög [310. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 2001.

(Afgreidd frá Alþingi 16. des.)

Samhljóða þskj. 602.

614. Lög [343. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. des.)

Samhljóða þskj. 453.

615. Lög [350. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. des.)

Samhljóða þskj. 504.

616. Lög [283. mál]

um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. des.)

Samhljóða þskj. 601.

617. Frumvarp til laga [264. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 16. des.)

1. gr.

Við 2. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr töluliður, 7. tölul., sem orðast svo:

7. Vextir af stofnsjóðseign í félögum skv. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. skulu teljast til tekna þegar þeir eru færðir eiganda til eignar eða ráðstöfunar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 8. gr. B:

a. Við 1. tölul. bætist nýr málsliður er orðast svo: Hlutabréfum og hlutum starfsmanna skulu fylgja sömu réttindi og öðrum hlutabréfum eða hlutum félags.
b. 4. tölul. orðast svo: Kaupverð sé eigi lægra en vegið meðalverð í viðskiptum með hluti/hlutabréf félags tíu heila viðskiptadaga fyrir samningsdag ef slík viðskipti hafa verið skráð í kauphöll. Ef slík skráning hefur ekki átt sér stað skal miða við gangverð eins og það er skilgreint í 8. gr. A.
c. Í stað „kaupréttar“ í 7. tölul. kemur: kaupa.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Lokamálsliður 3. mgr. orðast svo: Ríkisskattstjóri skal birta með aðgengilegum hætti jöfnunarstuðul fyrir hlutabréf eða hluti í félögum, þ.e. hlutfall jöfnunarverðmætis, sem skattstjóri hefur staðfest samkvæmt þessari grein, og nafnverðs hlutabréfa eða hluta í félögum.
b. 7. mgr. fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „reikningsár“ í 2. málsl. 5. mgr. 1. tölul. B-liðar 1. mgr. kemur: sem endurskoðaður hefur verið í samræmi við ákvæði 1. mgr. 63. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga.
b. Í stað fjárhæðanna „22.368.780“ og „44.737.560“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: 27.000.000, og: 54.000.000.
c. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Fjárhæðir samkvæmt þessari málsgrein skulu hækka árlega með verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr.

5. gr.

Við 41. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fjárhæðir samkvæmt þessari grein skulu hækka árlega með verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr.

6. gr.

Orðin „kaupleigu eða“ í 4. tölul. 52. gr. falla brott.

7. gr.

Fyrirsögn 57. gr. B laganna verður svohljóðandi: **Samsköttun félaga.**

8. gr.

Á eftir 4. mgr. 57. gr. B laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú er dótturfélag í eigu samvinnufélags og gilda þá ákvæði þessarar greinar, enda sé skilyrðum hennar fullnægt.

9. gr.

Við 1. mgr. 60. gr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Hafni skattstjóri ósk aðila um breytt reikningsár sætir sú ákvörðun kæru til ríkisskattstjóra og skal úrskurður ríkisskattstjóra vera endanleg úrlausn málsins á stjórnsýslustigi.

10. gr.

3. mgr. 64. gr. laganna fellur brott.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 67. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „83.933“ í 2. mgr., sbr. c-lið í ákvæði til bráðabirgða VI með lögum nr. 65/1997, kemur: 86.451.
b. 3. og 4. málsl. 3. mgr. falla brott.
c. Í stað orðanna „Sama gildir“ í 5. málsl. 3. mgr. kemur: Þó skal ákvæði 1. mgr. þessarar greinar gilda.

12. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „671“ í 4. mgr. B-liðar 68. gr. laganna kemur: 691.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

a. 7. mgr. A-liðar orðast svo:

Komi í ljós að maður hefur fengið greiddar barnabætur án þess að eiga rétt á þeim skal honum gert að endurgreiða þær að viðbættu 15% álagi. Álag samkvæmt þessari málsgrein skal þó fellt niður ef maður færir rök fyrir því að honum verði eigi kennt um þá annmarka á framtali er leiddu til ákvörðunar skattstjóra.

b. Við 9. mgr. A-liðar bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ákvörðun skattstjóra um fyrirframgreiðslu barnabóta er kæranleg til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu ákvörðunar. Ríkisskattstjóri skal kveða upp úrskurð sinn innan 15 daga frá því að kæra berst honum og skal úrskurður hans vera endanleg úrlausn málsins á stjórnsýslustigi.
c. Á eftir orðinu „fyrirframgreiðsluna“ í 12. mgr. B-liðar kemur: til skattstjóra.
d. Við 12. mgr. B-liðar bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Ákvörðun skattstjóra um fyrirframgreiðslu vaxtabóta er kæranleg til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu ákvörðunar. Ríkisskattstjóri skal kveða upp úrskurð sinn innan 15 daga frá því að kæra berst honum og skal úrskurður hans vera endanleg úrlausn málsins á stjórnsýslustigi.

14. gr.

2. málsl. 4. tölul. 71. gr. laganna fellur brott.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 93. gr. laganna:

a. Í stað 1.–3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Í upphafi hvers árs skal fjármálaráðherra að fengnum tillögum ríkisskattstjóra ákveða með auglýsingu hvenær álagningu skuli vera lokið. Álagningu skal þó vera lokið eigi síðar en tíu mánuðum eftir lok tekjuárs, sbr. 60. gr.

Ríkisskattstjóri skal í upphafi hvers árs ákveða fresti skattaðila til að skila framtali,

sbr. 91. gr., og þeim gögnum sem um ræðir í 92. gr. Heimilt er að breyta þeim frestum ef nauðsyn krefur.

b. 5. mgr. fellur brott.

16. gr.

Í stað orðanna „Eigi síðar en 30. júní ár hvert skulu skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skv. 95. gr. og eftir því sem við á skv. 3. mgr. 96. gr. og skulu skattstjórar þá“ í 1. málsl. 1. mgr. 98. gr. laganna kemur: Þegar skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skulu þeir.

17. gr.

Á eftir 3. mgr. 101. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ríkisskattstjóri getur að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni leiðrétt álagningu á skattaðila eða falið það skattstjóra ef yfirskattanefnd eða dómstólar hafa í hliðstæðu máli hnekkt skattframkvæmd sem skattskil eða ákvörðun skattstjóra var byggð á. Breyting af þessu tilefni getur tekið til skattstofns eða skatts frá og með því tekjuári sem um var fjallað í máli því sem hliðstætt er talið, þó lengst sex ár aftur í tímann, talið frá því ári þegar úrskurður eða dómur var kveðinn upp. Beiðni um endurupptöku skal borin fram innan eins árs frá því að skattaðila var eða mátti vera kunnugt um tilefni hennar. Skattaðila er heimilt að kæra breytingar til yfirskattanefndar, sbr. lög nr. 30/1992, svo og má bera synjun um breytingu á skattákvörðun samkvæmt þessari málsgrein undir yfirskattanefnd.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. mgr. 117. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ríkisskattstjóra“ kemur: skattstjóra.
b. Orðin „eða ábendingu skattstjóra“ falla brott.

19. gr.

118. gr. laganna orðast svo:

Ríkisskattstjóra er heimilt að breyta tímaákvörðunum og frestum skv. 99. gr. ef nauðsyn krefur.

20. gr.

Á eftir orðinu „fjármagnstekjur“ í 1. málsl. 1. mgr. 121. gr. laganna kemur: og við mismun sem í ljós kemur við álagningu fjármagnstekjuskatts lögaðila, sbr. 4. mgr. 72. gr.

21. gr.

a. Ákvæði 1., 2., 3., 4., 6., 7., 8., 9., 10., b- og c-liðar 11. gr., 13. gr., 14. gr., 15. gr., 16. gr., 17. gr., 18. gr., 19. gr. og ákvæði til bráðabirgða öðlast þegar gildi.
b. Ákvæði a-liðar 11. gr. og 12. gr. öðlast gildi 1. janúar 2001 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu á því ári.
c. Ákvæði 5. gr. og 20. gr. öðlast gildi 1. janúar 2001 og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2002 vegna tekna og eigna á árinu 2001.
d. Hækka skal fjárhæðir sem um ræðir í 2. mgr. 67. gr. og B-lið 68. gr. laganna sem hér segir: 1. janúar 2002 skulu umræddar fjárhæðir hækka um 3,0% og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2003 vegna tekna á árinu 2002 og eigna í lok þess árs. 1. janúar 2003 skulu umræddar fjárhæðir hækka um 2,25%

og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2004 vegna tekna á árinu 2003.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Um skattlagningu söluhagnaðar manna sem fengið hafa frestun skattlagningar söluhagnaðar skv. 7. mgr. 17. gr. laganna vegna sölu hlutabréfa og hluta á árunum 1998 og 1999 og nýta ekki heimildir til fjárfestinga í öðrum hlutabréfum innan frests skv. 7. mgr. 17. gr. laganna eins og hún hljóðaði fyrir gildistöku laga þessara skal fara skv. 3. mgr. 67. gr. laganna.

Unnt er að fara fram á frestun á tekjufærslu söluhagnaðar vegna sölu hlutabréfa einstaklinga á árinu 2000 um ein áramót frá söludegi að svo miklu leyti sem fjárhæð söluhagnaðarins er umfram 3.230.672 kr. hjá einstaklingum og 6.461.344 kr. hjá hjónum. Séu önnur hlutabréf keypt í stað hinna seldu innan þess tíma færist söluhagnaðurinn til lækkunar á kaupverði hinna nýju bréfa. Nemi kaupverð hinna keyptu hlutabréfa lægri fjárhæð en söluhagnaðurinn telst mismunurinn til skattskyldra tekna á kaupári hinna keyptu bréfa. Ef hlutabréf eru ekki keypt innan tilskilins tíma telst hagnaðurinn með skattskyldum tekjum á því ári þegar hann myndast og skattleggst hann þá skv. 3. mgr. 67. gr. laganna. Ákvæði þessarar málsgreinar taka ekki til söluhagnaðar sem myndaðist í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

II.

Á tekjuskattsstofn manna vegna tekna árið 2001 skal árið 2002 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.

Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 3.359.899 kr. eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 6.719.798 kr. skal reikna sérstakan 7% tekjuskatt.

Ef hjón hafa bæði tekjuskattsstofn umfram 3.359.899 kr. reiknast þeim sinn hlutinn hvoru hins sérstaka tekjuskatts. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna lægri en 3.359.899 kr. reiknast hinu hjóna allur sérstaki tekjuskatturinn.

Sérstakur tekjuskattur samkvæmt ákvæði þessu skal ekki innheimtur með staðgreiðslu opinberra gjalda.

III.

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 2002 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember 2001. Fyrirframgreiðslan skal vera 7% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 2001 vegna tekna á árinu 2000 umfram 3.359.899 kr. hjá einstaklingi og umfram 6.719.798 kr. hjá hjónum.

Gjalddagar fyrirframgreiðslu skv. 1. mgr. skulu vera fyrstu dagar mánaðanna ágúst til og með desember. Um framkvæmd fyrirframgreiðslunnar skal kveða nánar á í reglugerð.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða skv. 1. mgr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra sem úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema hann geti sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hafi orðið hjá honum milli ára. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um þetta atriði.

Nú kemur í ljós við álagningu á sérstökum tekjuskatti að fyrirframgreiðsla samkvæmt þessu ákvæði hefur verið of há og skal bæta 2,5% álagi við mismuninn.

IV.

Um sérstakan tekjuskatt samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II og III skulu ákvæði VIII.–XIII. kafla laganna gilda eftir því sem við á.

618. Þingsályktun [375. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 16. des.)

Samhljóða þskj. 594.

619. Lög [233. mál]

um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. des.)

Samhljóða þskj. 612.

620. Lög [366. mál]

um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. des.)

Samhljóða þskj. 570.

621. Lög [264. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. des.)

Samhljóða þskj. 617.

622. Lög [333. mál]

um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 16. des.)

Samhljóða þskj. 433.

623. Lög [368. mál]

um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, og lögum nr. 2/1995, um hlutafélög.

(Afgreidd frá Alþingi 16. des.)

Samhljóða þskj. 583.

624. Frumvarp til laga [379. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117 20. desember 1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Ef ⅔ tekna þess hjóna sem örorkulífeyris nýtur nema lægri fjárhæð en 300.000 kr. á ári skal, þrátt fyrir ákvæði 2. málsl., aldrei greiða því lægri tekjutryggingu en nemur því sem á vantar að ⅔ tekna þess nái þeirri fjárhæð.
b. Við 6. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Ef ⅔ tekna annars hvors hjónanna nema lægri fjárhæð en 300.000 kr. á ári skal, þrátt fyrir ákvæði 2. málsl., aldrei greiða því lægri tekjutryggingu en nemur því sem á vantar að ⅔ tekna þess nái þeirri fjárhæð.
c. Við 7. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Ef ⅔ tekna þess hjóna sem örorkulífeyris nýtur nema lægri fjárhæð en 300.000 kr. á ári skal, þrátt fyrir ákvæði 1. málsl., aldrei greiða því lægri tekjutryggingu en nemur því sem á vantar að ⅔ tekna þess nái þeirri fjárhæð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. febrúar 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þeir örorkulífeyrisþegar sem 2. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 14. gr. laga nr. 148/1994, átti við tímabilið 1. janúar 1997 til 31. desember 1998 og þeir sem 5.–7. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998, hefur átt við tímabilið 1. janúar 1999 til 31. janúar 2001 skulu eiga rétt á greiðslum á tekjutryggingu örorkulífeyris vegna umræddra tímabila eftir þeim reglum sem hér greinir:

a. Fyrir tímabilið 1. janúar 1997 til 31. desember 1998 skal greiða tekjutryggingu sem reiknast eftir ákvæði 2. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 14. gr. laga nr. 148/1994, en án þeirrar skerðingar skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995 sem fólst í því að telja helming samanlagðra tekna beggja hjóna til tekna lífeyrisþegans. Frá tekjutryggingu reiknaðri með þessum hætti skulu dragast þær greiðslur tekjutryggingar sem viðkomandi örorkulífeyrisþegi hefur þegar fengið.
b. Fyrir tímabilið 1. janúar 1999 til 31. janúar 2001 skal greiða tekjutryggingu sem reiknast á þann hátt sem greinir í 1. gr. laga þessara. Frá tekjutryggingu reiknaðri með þessum hætti skulu dragast þær greiðslur tekjutryggingar sem viðkomandi örorkulífeyrisþegi hefur þegar fengið.

II.

Útreikningur tekjutryggingar samkvæmt bráðabirgðaákvæði I skal gerður eftir þeim viðmiðunarfjárhæðum sem hafa verið í gildi á hverju tímabili fyrir sig. Fjárhæðirnar í 1. gr. laga þessara skulu við útreikninga skv. b-lið í bráðabirgðaákvæði I bakreiknast til viðkomandi tímabila til samræmis við breytingar sem orðið hafa á fjárhæðum tekjutryggingar skv. 17. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Greiðslurnar skulu bera 5,5% ársvexti frá þeim degi er lífeyrisþeginn fyrst gat átt rétt á að fá greiðslu viðkomandi tímabils samkvæmt ákvæðum laga nr. 117/1993 um það efni. Vextir skulu greiðast þó að ekki hafi legið fyrir umsókn um tekjutryggingu frá viðkomandi lífeyrisþega.

III.

Tryggingastofnun ríkisins skal hafa frumkvæði að greiðslum samkvæmt bráðabirgðaákvæðum I og II í þeim tilvikum þar sem hún hefur í höndum umsóknir frá lífeyrisþegum og upplýsingar sem duga til að reikna út fjárhæðirnar sem greiða skal. Liggi fyrir umsóknir án nægilegra upplýsinga skal Tryggingastofnun ríkisins beina áskorun til viðkomandi lífeyrisþega um að bæta þar úr innan hæfilegs frests sem stofnunin ákveður. Miðað skal við að allar greiðslur sem stofnunin getur sjálf reiknað án atbeina frá lífeyrisþega hafi átt sér stað fyrir 1. apríl 2001.

IV.

Þeir örorkulífeyrisþegar sem telja sig eiga rétt á tekjutryggingu skv. 1. gr. laga þessara, en hafa ekki sótt um fyrir umrædd tímabil, geta sótt um tekjutryggingu sér til handa og skulu þeir þá fá úrlausn í samræmi við reglur þessa bráðabirgðaákvæðis að því tilskildu að sótt sé um fyrir 1. júlí 2001. Eftir þann dag gilda ákvæði 48. gr. laga nr. 117/1993 um allar nýjar umsóknir um lífeyrisgreiðslur.

V.

Greiðsla tekjutryggingar og vaxta samkvæmt lögum þessum telst til skattskyldra tekna ársins 2001. Tryggingastofnun ríkisins skal halda eftir staðgreiðslu af tekjutryggingunni samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er bótaþega heimilt allt til ársloka 2001 að óska eftir því að greiðslur á tekjutryggingu vegna tekjuáranna 1997, 1998, 1999 og 2000, samkvæmt bráðabirgðaákvæðunum að framan, skuli færðar honum til skattskyldra tekna viðkomandi ár. Um endurákvörðun opinberra gjalda fer þá skv. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, vegna dóms Hæstaréttar Íslands frá 19. desember 2000 í málinu nr. 125/2000: Tryggingastofnun ríkisins gegn Öryrkjabandalagi Íslands og gagnsök.

Í umræddum dómi Hæstaréttar var viðurkennt að Tryggingastofnun ríkisins hefði verið óheimilt frá 1. janúar 1994 á grundvelli 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995 að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap með því að telja helming samanlagðra tekna beggja hjóna til tekna lífeyrisþegans í því tilviki, er maki hans er ekki lífeyrisþegi. Einnig var viðurkennt að óheimilt hefði verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. janúar 1999 skv. 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998.

Hinn 22. desember 2000 ákvað ríkisstjórnin að skipa sérstakan starfshóp til að greina með sem nákvæmustum hætti hvaða leiðir væru færar til að bregðast við dómi Hæstaréttar og semja drög að frumvarpi til laga um breyting á lögum um almannatryggingar sem stefnt skyldi að því að lögfesta svo fljótt sem verða mætti. Jafnframt var starfshópnum falið að stýra greiningu á því hvort þær meginreglur sem dómurinn var reistur á kynnu að hafa víðtækari áhrif en kveðið væri á í dóminum. Starfshópurinn skilaði skýrslu sinni til forsætisráðherra 7. janúar 2001 og er skýrslan birt sem fylgiskjal III með frumvarpinu. Starfshópurinn gerði tillögu að frumvarpi er fylgdi skýrslu hópsins til forsætisráðherra. Tillaga starfshópsins er að bætt verði inn í lög um almannatryggingar sérreglu sem ætlað er að tryggja að öryrki hafi sjálfur að minnsta kosti ákveðnar lágmarkstekjur án tillits til tekna maka. Starfshópurinn telur að sú tekjutrygging geti verið 300.000 kr. á ári, eða 25.000 kr. á mánuði og muni hún þá tryggja að öryrkinn hafi að lágmarki 43.424 kr. á mánuði að grunnlífeyri meðtöldum, í stað 18.424 kr. samkvæmt gildandi reglum. Í tillögu starfshópsins er lagt til að eigin tekjur örorkulífeyrisþega hafi áhrif á sérregluna um krónu fyrir krónu en jafnframt er bent á að ákvörðun um hvernig eigin tekjur hafi áhrif á sérregluna sé pólitísks eðlis. Í frumvarpinu er lagt til að ⅔ hlutar tekna öryrkjans skuli hafa áhrif á sérregluna. Þannig nýtur giftur örorkulífeyrisþegi þessarar sérreglu þegar eigin tekjur hans eru allt að 450.000 kr. á ári, en þá eru heildartekjur hans, að örorkulífeyri meðtöldum, að lágmarki 671.088 kr. án tillits til tekna maka. Með því er m.a. komið til móts við þau meginsjónarmið sem uppi hafa verið á undanförnum árum í almannatryggingakerfinu að hvetja öryrkja til vinnu og sem virkastrar þátttöku í samfélaginu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að við 5. mgr. 17. gr. laganna bætist nýr málsliður með sérreglu sem tryggi ákveðinn lágmarksrétt til handa örorkulífeyrisþega sem er í hjúskap og maki hans er ekki örorkulífeyrisþegi. Í reglunni felst að samanlögð eigin tekjuöflun örorkulífeyrisþega og tekjutrygging hans geti aldrei, þrátt fyrir sameiginlegt frítekjumark hjóna, numið lægri fjárhæð en 300.000 kr. á ári eða 25.000 kr. á mánuði. Af þessu leiðir að enginn örorkulífeyrisþegi fær vegna tekna maka lægri lífeyri en sem nemur 43.424 kr. á mánuði þegar lágmark tekjutryggingar að viðbættum eigin tekjum hefur verið lagt við grunnlífeyri skv. 12.

gr. laganna. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að ⅔ tekna öryrkjans hafi áhrif á fjárhæð sérreglunnar. Þannig mun sérreglan verða til þess að auka tekjur örorkulífeyrisþega sem er með allt að 450.000 kr. í árstekjur í tilvikum þar sem tekjutrygging öryrkja er skert samkvæmt gildandi reglum vegna tekna maka hans.

Í b- og c-lið greinarinnar er lagt til að sömu breytingar verði gerðar á 6. og 7. mgr. 17. gr., en þau ákvæði fjalla einnig um tekjutryggingu til örorkulífeyrisþega í hjúskap.

Um 2. gr.

Til að unnt sé að undirbúa gildistöku laganna er lagt til að þau öðlist gildi 1. febrúar 2001.

Um ákvæði til bráðabirgða I–IV.

Í 7. kafla þeirrar skýrslu sem birt er sem fylgiskjal III með frumvarpinu er fjallað um þessi ákvæði til bráðabirgða og vísast þangað um nánari skýringu.

Um ákvæði til bráðabirgða V.

Í 1. mgr. er áréttuð sú meginregla gildandi laga að þegar um óvissar tekjur er að ræða skuli telja þær til tekna þegar krafa myndast þeirra vegna á hendur einhverjum, sbr. 2. mgr. 60. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981. Þá þykir jafnframt rétt að skýrt komi fram að greiðanda bótanna, Tryggingastofnun ríkisins, beri að halda eftir staðgreiðslu af tekjutryggingunni, sbr. 7. tölul. 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Þar segir að til launa teljist: „Hvers konar greiðslur skv. 1.–6. tölul. þessarar greinar sem inntar eru af hendi að gengnum úrskurði stjórnvalda, dómi, dómsátt eða öðru samkomulagi eftir að raunverulegu launatímabili lýkur."

Í 2. mgr. er lögð til regla sem víkur frá 1. mgr. og þar með gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt þar sem gert er ráð fyrir að bótaþegi geti allt til ársloka 2001 óskað eftir því að endurgreidd tekjutrygging verði færð honum til skattskyldra tekna á viðkomandi ár í stað þess að öll fjárhæðin komi til álagningar á árinu 2002. Í því felst að skattstjóri þarf að taka upp framtal hvers bótaþega og endurákvarða opinber gjöld hans vegna þeirra ára.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Áætlað er að kostnaður við 1. gr. frumvarpsins nemi um 100 m.kr. árlega. Er sú áætlun samkvæmt útreikningum sem Þjóðhagsstofnun hefur gert, en stofnunin áætlar að ákvæðið nái til um 19% öryrkja í hjúskap eða óvígðri sambúð og að áætlaður árlegur kostnaður nemi um 95–100 m.kr. Í ákvæðum til bráðabirgða er kveðið á um að greiða skuli þeim örorkulífeyrisþegum sem hafa fengið skertar bætur vegna tekna maka leiðréttingu fjögur ár aftur í tímann. Fyrir árin 1997 og 1998 er byggt á útreikningum Tryggingastofnunar ríkisins á kostnaðarauka við það að fella niður tengingu við helming tekna maka lífeyrisþega miðað við bætur í janúar hvort ár og kostnaðurinn síðan áætlaður fyrir árið í heild, sbr. a-lið í ákvæði til bráða-

birgða I. Fyrir árin 1999 og 2000 er byggt á framangreindum útreikningum Þjóðhagsstofnunar um kostnað við breytingar skv. 1. gr. frumvarpsins í samræmi við b-lið í ákvæði til bráðabirgða I. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II er miðað við þær viðmiðunarfjárhæðir sem voru í gildi á hverjum tíma og að greiddir verði 5,5% ársvextir á upphæðirnar. Niðurstaðan er að kostnaðurinn verður um 630 m.kr. og þar við bætast um 100 m.kr. í vexti, eða samtals um 730 m.kr. Mikla fyrirvara verður að gera við þá áætlun þar sem hún er byggð á greiðslum sem miðast við einn mánuð, en þegar Tryggingastofnun endurúrskurðar bæturnar verður að skoða hvern einstakling sérstaklega og reikna bætur fyrir hann allt árið. Þá er óvissa um fjölda þeirra sem hugsanlega hafa ekki sótt um tekjutryggingu vegna þess að þeir töldu tekjur maka það háar að ekki yrði um slíkar greiðslur að ræða. Ekki er tekið tillit til þeirra í þessu mati.

Fylgiskjal II.

Þjóðhagsstofnun:

Dæmi um breytingu tekjutryggingar öryrkja í hjúskap eða sambúð.
Miðað við 25 þús. kr. tryggingu á mánuði og skerðingu um ⅓.
(9. janúar 2001.)

Tekjur, þús. kr. á mánuði			Tekjutrygging kr. á mánuði		Breyting tekjutryggingar	
Lífeyrisþegi	Maki	Samtals	Í dag	Verður	krónur á mánuði	% af heimilistekjum
0	100	100	32.566	32.566	0	0,0%
0	150	150	29.029	29.029	0	0,0%
0	200	200	17.779	25.000	7.221	3,6%
0	250	250	6.529	25.000	18.471	7,4%
0	400	400	0	25.000	25.000	6,3%

Tekjur, þús. kr. á mánuði			Tekjutrygging kr. á mánuði		Breyting tekjutryggingar	
Lífeyrisþegi	Maki	Samtals	Í dag	Verður	krónur á mánuði	% af heimilistekjum
0	150	150	29.029	29.029	0	0,0%
5	150	155	27.904	27.904	0	0,0%
10	150	160	26.779	26.779	0	0,0%
15	150	165	25.654	25.654	0	0,0%
20	150	170	24.529	24.529	0	0,0%
25	150	175	23.404	23.404	0	0,0%
30	150	180	22.279	22.279	0	0,0%

Tekjur, þús. kr. á mánuði			Tekjutrygging kr. á mánuði		Breyting tekjutryggingar	
Lífeyrisþegi	Maki	Samtals	Í dag	Verður	krónur á mánuði	% af heimilis-tekjum
0	200	200	17.779	25.000	7.221	3,6%
5	200	205	16.654	21.667	5.013	2,4%
10	200	210	15.529	18.333	2.804	1,3%
15	200	215	14.404	15.000	596	0,3%
20	200	220	13.279	13.279	0	0,0%
25	200	225	12.154	12.154	0	0,0%
30	200	230	11.029	11.029	0	0,0%

Tekjur, þús. kr. á mánuði			Tekjutrygging kr. á mánuði		Breyting tekjutryggingar	
Lífeyrisþegi	Maki	Samtals	Í dag	Verður	krónur á mánuði	% af heimilis-tekjum
0	250	250	6.529	25.000	18.471	7,4%
5	250	255	5.404	21.667	16.263	6,4%
10	250	260	4.279	18.333	14.054	5,4%
15	250	265	3.154	15.000	11.846	4,5%
20	250	270	2.029	11.667	9.638	3,6%
25	250	275	904	8.333	7.429	2,7%
30	250	280	0	5.000	5.000	1,8%
35	250	285	0	1.667	1.667	0,6%
40	250	290	0	0	0	0,0%

Tekjur, þús. kr. á mánuði			Tekjutrygging kr. á mánuði		Breyting tekjutryggingar	
Lífeyrisþegi	Maki	Samtals	Í dag	Verður	krónur á mánuði	% af heimilis-tekjum
0	400	400	0	25.000	25.000	6,3%
5	400	405	0	21.667	21.667	5,3%
10	400	410	0	18.333	18.333	4,5%
15	400	415	0	15.000	15.000	3,6%
20	400	420	0	11.667	11.667	2,8%
25	400	425	0	8.333	8.333	2,0%
30	400	430	0	5.000	5.000	1,2%
35	400	435		1.667	1.667	0,4%
40	400	440		0	0	0,0%

Fylgiskjal III.

Skýrsla starfshóps um hvernig bregðast beri við dómi Hæstaréttar 19. desember 2000 í málinu nr. 125/2000.

(7. janúar 2001.)

Þann 22. desember 2000 ákvað ríkisstjórnin að skipa sérstakan starfshóp til að greina með sem nákvæmustum hætti hvaða leiðir séu færar til að bregðast við dómi Hæstaréttar frá 19. desember 2000 í málinu nr. 125/2000: Tryggingastofnun ríkisins gegn Öryrkjabandalagi Íslands og gagnsök. Hópnum var falið að stýra vinnu við undirbúning á frumvarpi til breytinga á lögum um almannatryggingar, jafnframt því að stýra greiningu á hvort þær meginreglur sem dómurinn byggist á kunni að hafa víðtækari áhrif en kveðið er á um í dóminum. Í starfshópinn voru skipaðir Jón Sveinsson hrl., tilnefndur af utanríkisráðherra, Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóri, tilnefndur af fjármálaráðherra, Þórir Haraldsson aðstoðarmaður ráðherra, tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og sem formaður hópsins Jón Steinar Gunnlaugsson hrl., tilnefndur af forsætisráðherra. Ritarar starfshópsins hafa verið Kristján Andri Stefánsson deildarstjóri í forsætisráðuneytinu og í forföllum hans Benedikt Bogason skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Í erindisbréfi starfshópsins er sagt, að hann sé skipaður á grundvelli minnisblaðs, sem fylgdi bréfinu. Í minnisblaðinu kemur fram að verkefni starfshópsins skuli vera þríþætt. Í fyrsta lagi eigi hann að kanna, hvort leiðrétta þurfi bætur til bótaþega aftur í tímann og þá hversu langt. Í öðru lagi skuli hann athuga, að hvaða marki þurfi að endurskoða þau lagaákvæði sem dómurinn fjalli um. Í þriðja lagi eigi hann að huga að mögulegri endurskoðun gagnvart öðrum hópum en þeim sem dómurinn fjallar beint um.

Starfshópurinn hefur nú lokið störfum sínum með þeirri skýrslu sem hér fer á eftir. Jafnframt fylgja hjálögð drög að lagafrumvarpi (fylgiskjal nr. 3) sem í skýrslunni er talið að leggja þurfi fyrir Alþingi.

1.

Málið nr. 125/2000, sem dæmt var í Hæstarétti 19. desember 2000, var höfðað af Öryrkjabandalagi Íslands með heimild í 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þar sem segir, að félög eða samtök manna geti í eigin nafni rekið mál til viðurkenningar á tilteknum réttindum félagsmanna eða til lausnar undan tilteknum skyldum þeirra, enda samrýmist það tilgangi félagsins eða samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem dómkrafan tekur til. Hæstiréttur var skipaður fimm dómurum við meðferð málsins. Þeir voru allir sammála um, að frá 1. janúar 1994 hafi Tryggingastofnun ríkisins verið óheimilt á grundvelli tilgreindra ákvæða í reglugerð nr. 485/1995 að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap með því að telja helming samanlagðra tekna beggja hjóna til tekna lífeyrisþegans í því tilviki, þegar maki er ekki lífeyrisþegi. Byggðist þessi niðurstaða á því, að í settum lögum á þessum tíma hafi ekki verið heimild til að skerða með reglugerð tilkall bótaþega til fullrar tekjutryggingar vegna tekna maka, en í lögunum voru aðeins skýr ákvæði um skerðingu vegna tekna bótaþegans sjálfs. Þessi viðurkenning dómsins tók til tímabilsins þar til lög nr. 149/1998 tóku gildi 1. janúar 1999. Þau lög fólu m.a. í sér breytingu á 17. gr. almannatryggingalaga, þannig að í lögin var tekin heimild til skerðingar á tekjutryggingunni vegna sameiginlegra tekna hjóna. Samkvæmt heimildinni gátu tekjur maka skert tekjutryggingu örorkulífeyrisþega.

Meiri hluti Hæstaréttar, þrír dómarar af fimm, varð síðan einnig við dómkröfum Öryrkjabandalags Íslands varðandi þetta tímabil og veitti viðurkenningu á,

„...að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. janúar 1999 samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998.“

Tveir dómarar skiluðu sératkvæði um þennan þátt málsins og töldu Alþingi hafa verið innan valdheimilda sinna þegar það setti lagaregluna. Fyrir liggur að það er einkum þessi síðari hluti dómsins sem hefur gefið tilefni til skipunar starfshópsins, þ.e.a.s. viðurkenning meiri hluta dómendanna á að skerðingin eftir 1. janúar 1999, sem studdist við sett lög, hafi ekki staðist ákvæði stjórnarskrár.

Við mat á réttaráhrifum og fordæmisgildi dóma er jafnan ástæða til að hafa varfærni ríkt í huga. Hvert dómsmál snertir aðeins þær dómkröfur sem þar er dæmt um. Málsaðilarnir hafa forræði á kröfugerð sinni og málsástæðum sem teflt er fram þeim til stuðnings. Dómsniðurstöður ráðast af því, hvernig að þessu er staðið af hálfu málsaðilanna. Þar að auki hafa dómar aðeins beina þýðingu fyrir þau lagaatriði sem beinlínis er dæmt um og önnur sem telja má algerlega sambærileg. Við athugun á réttaráhrifum þess dóms, sem hér er til athugunar, verður síðan sérstaklega að hafa í huga, að um viðurkenningardóm er að ræða en ekki dóm um einstakar kröfur örorkulífeyrisþega.

Dómsorðin um þann þátt málsins sem hér skiptir mestu hljóða, svo sem að framan greinir, um viðurkenningu á, að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. janúar 1999 samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998. Við túlkun á þessum dómsorðum verður að hafa í huga, að 5. mgr. 17. gr. fjallar ekki eingöngu um þá skerðingu tekjutryggingar, sem einstaklingur í hjúskap verður fyrir vegna tekna maka síns, heldur er þar einnig að finna regluna um sjálfan rétt hans til tekjutryggingarinnar, auk þess sem í ákvæðinu felst regla um skerðingu tekjutryggingar vegna tekna sem lífeyrisþeginn kann að hafa aflað sjálfur. Þar að auki felst í ákvæðinu sú regla, örorkulífeyrisþega til hagsbóta, að frítekjumarkið er mun hærra, þegar hann er í hjúskap og makinn nýtur ekki örorkulífeyris, en hjá einstaklingi utan hjónabands. Þetta skiptir miklu máli fyrir lífeyrisþega sem aflar sjálfur megintekna hjónanna, eins og dæmi eru um. Það er ljóst, að með dómsorðunum er ekki verið að fella 5. mgr. 17. gr. úr gildi sem slíka. Þannig er til dæmis sýnilega ekki verið að dæma ólögmæta þá skerðingu á örorkulífeyri sem í ákvæðinu felst og stafar af tekjuöflun örorkulífeyrisþegans sjálfs. Stefnandi málsins, Öryrkjabandalag Íslands, krafðist ekki slíkrar viðurkenningar og um hana var ekkert fjallað í málatilbúnaði aðila eða forsendum dómsins. Hér er raunar að finna augljóst dæmi um, hvernig túlka verður dómsorð með hliðsjón af kröfugerð málsaðila. Það eitt verður lesið úr dóminum, að ekki standist að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap *á þann hátt* sem gert er í 5. mgr. 17. gr. Þetta orðalag er raunar notað í forsendum dómsins. Í dóminum felst því ekki, að með öllu sé óheimilt að láta tekjur maka hafa áhrif á tekjutryggingu örorkulífeyrisþega. Það er aðeins samkvæmt dómsorðunum óheimilt að gera á þann hátt, sem gert er í 5. mgr. 17. gr. Til að ákveða hvað teljast megi heimilt og hvað ekki í þessu efni, þarf nánari athugun á forsendum dómsins. Fjallað verður um það í 2. kafla hér á eftir.

2.

Starfshópurinn lítur svo á, að honum sé aðeins falið að meta hvaða breytingar sé nauðsynlegt að gera á íslenskum lögum í kjölfar dómsins, til að verða við þeim kröfum sem í honum felast. Undir verksvið starfshópsins getur ekki átt að meta, hvort gera beri breytingar umfram það sem þessi nauðsyn krefur. Ákvarðanir um það efni eru pólitísks eðlis og því starfi hópsins óviðkomandi. Hafa verður þetta í huga við lestur skýrslunnar.

Af forsendum dómsins verður ráðið, að tenging bóta við tekjur maka þurfi ekki í sjálfri sér að fara gegn stjórnarskrá. Niðurstaða hans ræðst sýnilega af því, að sá háttur sem 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998, kveður á um í þessu efni, nái ekki að mati dómsins að uppfylla þá efnislegu kröfu sem felist í 76. gr. stjórnarskrárinnar, að hverjum einstaklingi séu tryggð ákveðin lágmarksréttindi, sem miðuð séu við einstakling. Þessi niðurstaða er rökstudd með því að vísa til 65. gr. stjórnarskrár, en þá verður að hafa í huga, að sú grein mælir fyrir um hvort tveggja, að menn skuli vera jafnir fyrir lögunum og njóta mannréttinda, án tillits til þeirra atriða sem greinin telur upp. Áherslan í dóminum liggur á síðara atriðinu, þannig að vísun til 65. gr. er notuð til að styrkja þá niðurstöðu, að fyrrgreint fyrirkomulag laganna nái ekki að tryggja þau réttindi sem í 76. gr. eru talin felast. Hugsunin virðist vera sú, að vegna 65. gr. stjórnarskrár, felist í 76. gr. hennar réttur til handa örorkulífeyrisþega í hjúskap til lágmarkslífeyris, sem óheimilt sé að skerða vegna tekna maka hans. Í þessu verður ekki talið felast, að óheimilt sé að láta tekjur makans hafa áhrif á lífeyrinn eftir að þessu lágmarki hefur verið náð. Þetta skýrist, þegar farið er yfir efni í IV. og V. kafla dómsins, þar sem meginniðurstöður hans eru leiddar fram.

Í IV. kaflanum er m.a. sagt svo:

„Samkvæmt framanrituðu verður 76. gr. stjórnarskrárinnar skýrð á þann veg að skylt sé að tryggja að lögum rétt sérhvers einstaklings til að minnsta kosti einhverrar lágmarks framfærslu eftir fyrirfram gefnu skipulagi, sem ákveðið sé á málefnalegan hátt. Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar hefur almenni löggjafinn vald um það hvernig þessu skipulagi skuli háttað. Skipulag, sem löggjafinn ákveður, verður þó að fullnægja þeim lágmarksréttindum, sem felast í ákvæðum 76. gr. stjórnarskrárinnar. Þá verður það að uppfylla skilyrði 65. gr. stjórnarskrárinnar um að hver einstaklingur njóti samkvæmt því jafnréttis á við aðra sem réttar njóta, svo og almennra mannréttinda.“

Í V. kafla dómsins eru reifaðar reglur laganna um þau atriði sem hér um ræðir og síðan sagt:

„Skipulag þetta getur leitt til þess að öryrki í hjúskap eða sambúð, sem ekki hefur aðrar tekjur en lífeyri almannatrygginga, fái aðeins í tekjur grunnörorkulífeyri, sem nú nemur 17.715 krónum á mánuði.“

Síðar í sama kafla segir svo:

„Verður tæpast annað sagt en að réttur öryrkja til framfærslu fjölskyldu sinnar verði smár hafi hann aðeins tekjur, sem nema grunnörorkulífeyri.“

Enn segir orðrétt í þessum kafla dómsins:

„Svo sem áður greinir verður að telja að í 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar felist ákveðin lágmarksréttindi, sem miðuð séu við einstakling. Þrátt fyrir svigrúm almenna löggjafans til mats á því, hvernig þessi lágmarksréttindi skuli ákvörðuð, geta dómstólar ekki vikið sér undan því að taka afstöðu til þess, hvort það mat samrýmist grundvallarreglum stjórnarskrárinnar. Þegar litið er til skipulags réttinda örorkulífeyrisþega samkvæmt almannatryggingalögum og þeirra afleiðinga, sem í raun geta af því leitt fyrir einstaklinga, verður þetta skipulag ekki talið tryggja þeim þau lágmarksréttindi, sem í framangreindu stjórnarskrárákvæði (þ.e. 1. mgr. 76. gr.) *felast, á þann hátt að þeir fái notið þeirra mannréttinda, sem 65. gr. stjórnarskrárinnar mælir þeim, svo sem það ákvæði verður skilið að íslenskum rétti...“*

Nokkru fyrr í þessum niðurstöðukafla dómsins er einnig sagt:

„Getur það því átt við málefnaleg rök að styðjast að gera nokkurn mun á greiðslum til einstaklinga úr opinberum sjóðum eftir því hvort viðkomandi er í sambúð eða ekki.“

Telja verður framangreindan rökstuðning sýna, að dómurinn telur það í sjálfu sér standast stjórnarskrá að taka mið af tekjum maka við ákvörðun örorkubóta, sé það gert á þann hátt,

að fullnægt sé kröfu 76. gr. um ákveðin lágmarksréttindi, sem miðuð séu við einstakling. Í tillögum starfshópsins um breytingar á 17. gr. laganna um almannatryggingar, sem grein er gerð fyrir í 6. kafla, eru því áhrif makatekna ekki felld brott, en þeim áhrifum breytt og hagað þannig, að viðurkenning dómsins hljóti að teljast að fullu virt.

3.

Tillögur starfshópsins um viðbrögð við dóminum, sem grein verður gerð fyrir í 6. kafla hér á eftir, eru miðaðar við sjónarmiðin í 2. kafla. Helgast það meðal annars af því sem fyrr sagði, að starfshópurinn telur það ekki vera verkefni sitt að gera tillögur um aðrar og meiri breytingar á lögum en nauðsyn krefur vegna dómsins. Tillögurnar miða einnig að því að gera nauðsynlegar breytingar á þann hátt, að ekki fylgi jafnframt skerðingar á réttindum annarra örorkulífeyrisþega en þeirra sem dómurinn tekur til. Til álita gæti komið, að breyta rétti lífeyrisþega í hjúskap til tekjutryggingar á þann hátt, að felldar yrðu niður sérreglurnar í 5.–7. mgr. 17. gr. laganna um almannatryggingar sem um þá gilda. Þeir myndu þá framvegis skoðast sem einstaklingar utan hjúskapar með þeim afleiðingum, að þeir hættu að njóta þeirra hagsbóta, sem felast í ákvæðunum og grein var gerð fyrir í 1. kafla. Þetta myndi leiða til miklu meiri breytinga en dómurinn gefur tilefni til, auk þess, sem réttur fjölmargra lífeyrisþega í hjónabandi myndi skerðast verulega frá því sem nú er. Þannig er sameiginlegt frítekjumark hjóna nú kr. 1.611.360,- en einstaklings utan hjúskapar kr. 402.840,-. Af þessu sést að tekjutrygging örorkulífeyrisþega í hjúskap myndi í tilvikum, þar sem hann sjálfur aflar einhvers verulegs hluta af samanlögðum tekjum hjónanna, byrja að skerðast miklu fyrr en samkvæmt núgildandi reglu. Starfshópurinn óskaði, til skýringar á þessu, eftir því, að Þjóðhagsstofnun gerði útreikninga á áhrifum slíkra breytinga. Fylgja þeir með skýrslunni ásamt öðrum útreikningum, sem stofnunin gerði að ósk starfshópsins, á fylgiskjali nr. 1.

4.

Í erindisbréfi starfshópsins er honum falið að kanna, hvort þær meginreglur sem dómurinn byggist á kunni að hafa víðtækari áhrif en kveðið er á um í dóminum. Hér á eftir (kafli 6) verður gerð grein fyrir þeim breytingum á lögunum um almannatryggingar, sem starfshópurinn telur nauðsynlegt að gera vegna dóms Hæstaréttar. Í þeim tillögum verður ráðgert, að gerðar verði breytingar á 5. mgr. 17. gr. laganna, sem fjallað var um í málinu og varðar bótarétt örorkulífeyrisþega í hjúskap, þar sem svo stendur á að makinn nýtur ekki örorkulífeyris. Í 6. mgr. 17. gr. er fjallað um hjón sem bæði njóta örorkulífeyris og í 7. mgr. 17. gr. um hjón sem bæði eru lífeyrisþegar, annað örorkulífeyrisþegi en hitt ellilífeyrisþegi. Starfshópurinn telur sömu sjónarmið eiga við þessa hópa alla. Verður því lagt til að gerðar verði sambærilegar lagabreytingar um þá alla.

Til athugunar kemur, hvort draga megi þá ályktun af dóminum, að hann hafi fordæmisgildi fyrir ellilífeyrisþega, þannig að breyta verði ákvæðum laganna að því er bætur til þeirra snertir. Í niðurstöðukafla dómsins er vikið að almennum samanburði milli öryrkja og ellilífeyrisþega með þessum orðum:

„Staða öryrkja getur þó verið að því leyti ólík stöðu ellilífeyrisþega að margir þeirra greiða ekki í sama mæli í lífeyrissjóð og geta því ekki öðlast sams konar réttindi úr lífeyrissjóðum.“

Verður ekki betur séð en dómurinn sé með hinum tilvitnuðu orðum að veita beina vísbendingu um, að ekki megi heimfæra niðurstöðu hans beint á ellilífeyrisþega. Með vísan til þess sem fyrr var sagt um varfærni við túlkun á fordæmisgildi dóma, verður þegar af þessari ástæðu ekki talið að dómurinn hafi slíkt gildi fyrir ellilífeyrisþega. Það verður því að teljast

pólitísk ákvörðun, sem ekki á undir starfshópinn að fjalla um, hvort gera beri breytingar á reglum laganna um ellilífeyri til samræmis við þær breytingar sem gerðar verða á reglunum um örorkulífeyri.

Því hefur verið hreyft, að hæstaréttardómurinn frá 19. desember 2000 kunni að hafa fordæmisáhrif fyrir námsmenn á þann hátt, að óheimilt sé að láta tekjur maka hafa áhrif á námslán. Þessi sjónarmið eru væntanlega á því byggð, að 2. mgr. 76. gr. stjórnarskrár kveði á um, að öllum skuli í lögum tryggður réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. Að mati starfshópsins fá þessi sjónarmið ekki staðist. Þetta leiðir þegar af þeirri ástæðu, að 2. mgr. 76. gr stjórnarskrárinnar getur ekki talist leggja þá skyldu á löggjafann að bjóða námsmönnum námslán af opinberu fé.

5.

Starfshópurinn hefur til fróðleiks og hliðsjónar aflað upplýsinga um fyrirkomulag á Norðurlöndum um hliðstæð efni þeim sem hér er fjallað um. Er stutta frásögn af þessum upplýsingum að finna á fylgiskjali nr. 2 með skýrslu þessari. Kemur þar fram, að þar gildir sú meginregla sem gilt hefur hér á landi, að örorkulífeyrir sætir skerðingum vegna tekna maka lífeyrisþegans.

6.

Með vísan til þeirra sjónarmiða sem fram koma að framan, sýnir starfshópurinn með drögum að frumvarpi á fylgiskjali nr. 3, hvaða breytingar megi gera á lögunum um almannatryggingar til að fullnægja þeim kröfum sem felast í dómi Hæstaréttar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að við ákvæði 5. mgr. 17. bætist málsliður með sérreglu sem tryggi ákveðinn lágmarksrétt til handa lífeyrisþega sem er í hjúskap og makinn er ekki örorkulífeyrisþegi. Hljóðar reglan um, að samanlögð eigin tekjuöflun þess hjóna, sem örorkulífeyris nýtur og tekjutrygging hans geti aldrei, þrátt fyrir skerðingarregluna samkvæmt 2. málslið, numið lægri fjárhæð en kr. 300.000,- á ári, eða m.ö.o. kr. 25.000,- á mánuði. Þetta þýðir að enginn lífeyrisþegi færi vegna makatekna niður úr kr. 43.424,-, þegar þetta sérstaka lágmark tekjutryggingar hefði verið lagt við grunnlífeyri samkvæmt 12. gr. laganna. Kæmi þessi fjárhæð í stað lágmarksins sem greinir í forsendum hæstaréttardómsins og nam þá kr. 17.715,- (nú kr. 18.424,-). Við ákvörðun á viðmiðunarfjárhæð þessarar sérreglu er rétt að taka tillit til þess, sem fram kemur í dómsforsendum Hæstaréttar, að það geti átt við málefnaleg rök að styðjast að gera nokkurn greinarmun á greiðslum til einstaklinga úr opinberum sjóðum eftir því hvort viðkomandi er í sambúð eða ekki. Verður því fjárhæð sérreglunnar eðlilega nokkru lægri en fjárhæð óskertrar tekjutryggingar einhleypings. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sams konar breytingar verði gerðar á 6. og 7. mgr. 17. gr., sem einnig fjalla um tekjutryggingu til örorkulífeyrisþega í hjúskap.

Starfshópurinn telur, að með þeim fjárhæðum sem að framan greinir sé fullnægt þeim kröfum sem í dómi Hæstaréttar felast. Það er síðan pólitísk ákvörðun, sem ekki á undir starfshópinn að taka, hvort rétt sé að tryggja lífeyrisþegunum hærri tekjutryggingu með sérreglunni en frumvarpsdrögin gera ráð fyrir, sem og hvort einungis eigi að láta ákveðið hlutfall eigin tekna lífeyrisþegans hafa áhrif á tekjutrygginguna samkvæmt sérreglunni.

Frumvarpsdrögin eru samin með það í huga að ekki sé dregið úr réttindum þeirra örorkulífeyrisþega sem hafa notið hærri örorkulífeyris vegna hjúskapar síns, en vera myndi utan hjúskapar.

Í frumvarpsdrögunum er einnig að finna bráðabirgðaákvæði, sem fjalla um, hvernig fara skuli með kröfur einstakra örorkulífeyrisþega um leiðréttingu á lífeyri aftur í tímann, en um sjónarmið sem ráða þeirri tillögugerð er vísað til 7. kafla hér á eftir.

Ennfremur er þar að finna ákvæði um skattalega meðferð þeirra greiðslna aftur í tímann, sem frumvarpið mælir fyrir um.

Þær tillögur sem felast í frumvarpsdrögunum eru eingöngu miðaðar við nauðsynleg viðbrögð nú þegar við hæstaréttardóminum 19. desember 2000, sbr. erindisbréf starfshópsins. Við þá heildarendurskoðun sem nú fer fram á lögunum um almannatryggingar verður því hins vegar ráðið til lykta, hvernig þeim ákvæðum, sem frumvarpið tekur til, verði fyrir komið til frambúðar.

7.

Svo sem fram kom í upphafi þessarar skýrslu, er starfshópnum ætlað að kanna, hvort leiðrétta þurfi bætur til bótaþega aftur í tímann og þá hversu langt. Verður nú að þessu vikið.

Í VI. kafla dóms Hæstaréttar er rætt um réttarstöðu einstakra lífeyrisþega eftir dóminn. Eftir að þar hefur verið tekið fram, að gagnáfrýjandi (Öryrkjabandalag Íslands) hafi lögvarða hagsmuni af því að fá viðurkenningardóm um réttmæti skerðingar tekjutryggingar segir svo:

„Hins vegar er tekjutrygging háð umsóknum, sem rökstyðja á til dæmis með skattframtölum og skýrum upplýsingum um hagi bótaþega, sbr. 18. gr. almannatryggingalaga. Í 48. gr. sömu laga eru jafnframt ákvæði sem huga verður að við ákvörðun lífeyris til hvers örorkulífeyrisþega um sig. Af ákvæðum þessum leiðir að af niðurstöðu máls þessa verður ekki dregin ályktun um rétt hvers einstaks lífeyrisþega, enda er hér samkvæmt kröfugerð gagnáfrýjanda einungis því ráðið til lykta hvort skerðingarákvæði 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga samrýmist ákvæðum stjórnarskrár.“

Með þessum orðum gerir dómurinn skýran greinarmun á viðurkenningardómi sínum og rétti hvers einstaks lífeyrisþega. Í dóminum segir jafnframt, að ekki verði dregin ályktun um rétt hvers einstaks lífeyrisþega af niðurstöðu málsins. Starfshópurinn telur ekki unnt að taka þessi orð bókstaflega. Dómurinn felur vissulega í sér viðurkenningu á því, að ekki hafi mátt skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap á þann hátt sem gert hefur verið undanfarin ár. Í þeirri niðurstöðu hlýtur að felast sú afstaða, að þeir lífeyrisþegar, sem viðurkenningin nær til, teljist hafa fengið lægri lífeyri greiddan frá Tryggingastofnun ríkisins en þeir hafi átt rétt á. Verður að ætla, að stofnuninni sé skylt að leiðrétta greiðslur sínar aftur í tímann eftir þeim kröfuréttarlegu reglum sem um þetta verða taldar gilda og nánari grein verður gerð fyrir hér á eftir.

Það vekur athygli, að Hæstiréttur skuli í textanum, sem tekinn var upp að framan, vísa um rétt einstakra lífeyrisþega til 48. gr. laganna um almannatryggingar. Þar er fjallað um umsóknir bótaþega um bætur og meðal annars sagt, að aldrei skuli úrskurða bætur lengra aftur í tímann en tvö ár. Mætti ætla, að í orðum Hæstaréttar felist ráðagerð um, að þeir bótaþegar, sem óski nú leiðréttingar fyrir liðinn tíma, skuli sækja um slíka leiðréttingu og megi þá veita hana tvö ár aftur í tímann. Þetta getur þó að mati starfshópsins varla verið svo einfalt, því allir örorkulífeyrisþegar, sem notið hafa tekjutryggingar samkvæmt 17. gr. laganna, hafa auðvitað sótt um hana á sínum tíma eftir þeim reglum sem um slíkar umsóknir hafa gilt hjá Tryggingastofnun ríkisins. Á því tímabili, sem þeim hefur verið greiddur of lágur lífeyrir samkvæmt dómi Hæstaréttar, hefur því legið fyrir umsókn frá þeim hjá Tryggingastofnun ríkisins. Það fær varla staðist almennar reglur kröfuréttar að miða það tímabil, sem þeir eigi að fá leiðrétt, við nýja umsókn nú samkvæmt reglu 48. gr.

Úrlausnarefnið um leiðréttingu aftur í tímann snertir ekki aðeins þá sem sótt hafa um og fengið tekjutryggingu til viðbótar lífeyri á liðnum tíma. Hér þarf líka að huga að réttarstöðu þeirra örorkulífeyrisþega, sem alls ekki hafa sótt um tekjutryggingu vegna þess að þeim var ljóst að umsókn yrði synjað vegna tekna maka þeirra. Jafnræðissjónarmið valda því að mati

starfshópsins að ekki er unnt að gera rétt þessa hóps til leiðréttingar lakari en hinna. Raunar kemur hér líka til athugunar einn hópur enn, þ.e.a.s. þeir sem í sjálfu sér hefðu getað fengið greidda tekjutryggingu en hafa ekki af einhverjum ástæðum sótt um. Út af fyrir sig væri réttlætanlegt að beita 48. gr. um þennan hóp. Á hitt er þó að líta, að forsendur þeirra fyrir ákvörðun um umsókn hafa nú breyst aftur í tímann við dóminn. Fyrir þá sök og til einföldunar verður því að miða við að þessi hópur eigi sama rétt til leiðréttingar og hinir.

Af því sem að framan hefur verið rakið leiðir, að lífeyrisþegar eigi rétt á leiðréttingu svo langt aftur í tímann, sem kröfur þeirra eru ófyrndar samkvæmt íslenskum lögum. Almennar lagareglur um fyrningu er að finna í lögum nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Þar er í 2. tl. 3. gr. m.a. kveðið svo á, að kröfur um gjaldkræfan lífeyri fyrnist á 4 árum. Sýnist þessi regla eiga hér beint við. Má einnig til hliðsjónar um þennan fyrningartíma nefna 4. gr. laga nr. 29/1995 um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, þar sem mælt er fyrir um 4 ára fyrningartíma fyrir kröfur samkvæmt lögunum og svo einnig í dæmaskyni dóm Hæstaréttar 30. nóvember 2000 í málinu nr. 160/2000, þar sem endurkrafa á hendur íslenska ríkinu um oftekið lyfjaeftirlitsgjald var talin fyrnast á 4 árum frá greiðslu þess, en Hæstiréttur hafði í dómi 5. nóvember 1998 (H.1998.3460) talið töku gjaldsins ólögmæta, þar sem álagning þess hefði ekki fullnægt kröfum stjórnarskrárinnar.

Samkvæmt fyrningarlögum rofnar fyrningarfrestur á tvennan hátt; við viðurkenningu skuldunauts á skuld sinni við kröfueiganda (6. gr.) eða við málssókn hins síðarnefnda (11. gr.). Ljóst er að málssókn Öryrkjabandalags Íslands í því máli, sem dæmt var í Hæstarétti 19. desember 2000 rauf ekki fyrningu á kröfum einstakra lífeyrisþega um leiðréttingu á lífeyri sínum. Það er niðurstaða starfshópsins að eðlilegast sé að kveða nú á um það í lögum, hversu langt aftur í tímann eigi að leiðrétta þá tekjutryggingu sem of lág hefur verið greidd samkvæmt hæstaréttardóminum. Við þá lagasetningu verði höfð hliðsjón af þeim lagareglum um fyrningu sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Verði þannig ákveðið að leiðrétta lífeyrisgreiðslur aftur til 1. janúar 1997.

Þá kemur til athugunar við hvaða útreikninga leiðréttingar skuli miðast. Svo sem rakið var að framan felst í dómi Hæstaréttar sú afstaða, að skerðing tekjutryggingarinnar hafi verið meiri en svo að samrýmst geti 76. gr. stjórnarskrár um ákveðin lágmarksréttindi, sem miðuð séu við einstakling. Tillögur starfshópsins um breytingar á ákvæðum 5. mgr. (og raunar einnig 6.–7. mgr.) 17. gr. laganna um almannatrygginga, sem grein er gerð fyrir í 6. kafla að framan, eru við það miðaðar að úr þessu sé bætt. Hafa verður í huga, það sem fyrr var sagt í skýrslu þessari, að hæstaréttardómurinn getur ekki talist hafa fellt úr gildi ákvæði 5. mgr. 17. gr. heldur einungis þann efnisþátt ákvæðisins sem gerði þessar bætur lægri en svo að stæðist 76. gr. stjórnarskrár. Af þessu leiðir, að leiðrétting aftur í tímann skuli miðast við sams konar reglur og felast í tillögunum um lagabreytingarnar nú. Þetta getur þó ekki gilt lengra aftur en til 1. janúar 1999, er lög nr. 149/1998 tóku gildi. Regla þeirra laga fól samkvæmt dómi Hæstaréttar í sér meiri skerðingu en heimilt var. Lýtur leiðréttingin nú að því að bæta úr því þetta tímabil og mun allstór hópur öryrkja njóta hennar. Ekki er gert ráð fyrir að neinn glati réttindum sem hann hefur notið á tímabilinu 1. janúar 1999 til 31. janúar 2001. Það verður því ekki í neinu tilviki um íþyngjandi afturvirka ákvörðun að ræða. Fyrir 1. janúar 1999 studdist skerðing lífeyrisins vegna tekna maka alls ekki við sett lög heldur reglugerð sem ekki naut lagaheimildar samkvæmt dómi Hæstaréttar. Þetta þýðir að bæta verður einstökum örorkulífeyrisþegum alla skerðinguna, sem af tekjum maka leiddi, fyrir þetta tímabil, þ.e.a.s. tímabilið 1. janúar 1997 til 1. janúar 1999. Við útreikningana koma þá aðeins til skerðingar tekjur lífeyrisþegans sjálfs á þann hátt sem 2. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr.

14. gr. laga nr. 148/1994, kvað á um með þeim fjárhæðum greinarinnar sem giltu á tímabilinu.

Þær fjárhæðir, sem greiða ber til leiðréttingar, reiknast á verðlagi bótanna á hverjum tíma. Fyrir seinna tímabilið 1. janúar 1999 – 31. janúar 2001 þarf þá að reikna fjárhæðirnar í frumvarpinu, sem fylgir skýrslu þessari, til baka til viðkomandi tímabila til samræmis við breytingar sem orðið hafa á fjárhæðum tekjutryggingar samkvæmt 17. gr laganna um almannatryggingar. Ekki verður, eins og hér stendur á, talið skylt að greiða dráttarvexti af þessum viðbótargreiðslum. Stafar það af því, að Tryggingastofnun ríkisins hefur á hverjum tíma greitt lífeyrinn til örorkulífeyrisþeganna eftir þeim lagareglum, sem að formi til voru í gildi. Hefði stofnuninni verið óheimilt að greiða hærri lífeyri til þeirra en gert hefur verið. Það hefur því ekki verið um nein bein vanskil að ræða á greiðslunum í hefðbundnum skilningi þess hugtaks. Skal einnig haft í huga í þessu sambandi, að dómurinn í máli Öryrkjabandalags Íslands frá 19. desember 2000 var, eins og fyrr var rakið, viðurkenningardómur og fól ekki í sér neina greiðsluskyldu fyrir Tryggingastofnun ríkisins, samanber það sem segir um þetta í dóminum sjálfum og vikið var að fyrr í þessum kafla. Engar lagareglur standa til þess, að skylt sé að greiða vexti af þeim fjárhæðum, sem greiddar verða á grundvelli lagabreytinganna. Þannig eiga hvorki við 5. gr. né 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Þrátt fyrir þetta telur starfshópurinn viss sanngirnisrök mæla með greiðslu vaxta og leggur því til, að greiddir verði 5,5% ársvextir frá þeim degi, er lífeyrisþeginn fyrst gat átt rétt á að fá greiðslu viðkomandi tímabils, og til greiðsludags.

Lagt er til að Tryggingastofnun ríkisins hafi sjálf frumkvæði að leiðréttingum í þeim tilvikum, þar sem hún hefur í höndum umsóknir og upplýsingar, sem duga til að reikna út leiðréttingarnar. Liggi fyrir umsóknir án nægilegra upplýsinga, er lagt til að stofnunin beini áskorun til viðkomandi lífeyrisþega um að bæta þar úr. Skal þá gefinn til þess ákveðinn frestur. Miða skal við að allar leiðréttingar sem stofnuninni ber að hafa frumkvæði að samkvæmt þessu, hafi átt sér stað fyrir 1. apríl 2001. Fyrir 1. júlí 2001 geta þeir aðrir lífeyrisþegar, sem telja sig eiga rétt á tekjutryggingu á örorkulífeyri, samkvæmt því sem hér hefur verið rakið og fest verður í lög, sótt um tekjutryggingu sér til handa og skal hún þá miðast við ofangreind tímamörk 1. janúar 1997. Eftir 1. júlí 2001 taka svo við á ný reglur 48. gr. laganna um allar nýjar umsóknir um lífeyri samkvæmt lögunum.

Í þeim drögum að lagafrumvarpi, sem starfshópurinn hefur samið og fylgja skýrslu þessari á fylgiskjali nr. 3, er gert ráð fyrir bráðabirgðaákvæðum um þær leiðréttingar sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Enginn vafi leikur á, að nauðsynlegt er að kveða á um þetta í settum lögum, því ekki liggur fyrir dómur um greiðsluskyldu Tryggingastofnunar ríkisins. Til þess að stofnunin megi greiða þarf annað tveggja, slíkan dóm eða beina lagaheimild. Þar að auki er ekki í dómi Hæstaréttar leyst úr neinum þeim álitaefnum sem hér koma við sögu á þann hátt að af verði dregnar ályktanir um rétt hvers einstaks lífeyrisþega. Laganna er þörf svo að Tryggingastofnun ríkisins fái lagaheimild fyrir greiðslum sínum og jafnframt fyrirmæli um þær aðferðir sem beita beri við útreikning þeirra.

8.

Starfshópurinn óskaði eftir því við Þjóðhagsstofnun að hún reiknaði út fjárhagsleg áhrif af tillögum hans og sýndi með dæmum hvernig þær kæmu út. Fylgja þessir útreikningar skýrslunni á fylgiskjali nr. 1. Kostnaður við leiðréttingar vegna tímabilsins janúar 1999 til og með janúar 2001, miðað við tölurnar í frumvarpsdrögunum á fylgiskjali nr. 3, nemur samkvæmt þessum útreikningum 180–200 milljónum króna að meðtöldum vöxtum en myndi að sjálfsögðu hækka ef ákveðið yrði að hækka viðmiðunarfjárhæðir frumvarpsins eða láta að-

eins ákveðið hlutfall eigin tekna lífeyrisþegans sjálfs hafa áhrif á tekjutrygginguna samkvæmt sérreglunni. Samkvæmt lauslegum upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins má ætla, að kostnaður við greiðslur samkvæmt tillögum starfshópsins vegna áranna 1997 og 1998 verði um 430 milljónir króna auk vaxta.

Reykjavík, 7. janúar 2000.

Jón Steinar Gunnlaugsson — Jón Sveinsson

Baldur Guðlaugsson — Þórir Haraldsson

Fylgiskjal 1.

Þjóðhagsstofnun:

Fjárhagsleg áhrif af tillögum starfshópsins.
(7. janúar 2001.)

1) **Áhrif tillagna um breytingar á 17. gr. almannatryggingalaga.**
Trygging 300 þús. kr. á ári á tekjur undir 300 þús. kr. á ári myndi kosta 75–85 m.kr. og ná til 14,6% öryrkja í hjónabandi/sambúð. Eins og bent hefur verið á er þetta mat háð verulegri óvissu og því talið rétt að leggja fram kostnaðarbil fremur en sem eina tölu.
2) **Uppgjör vegna áranna 1999 til 2000.**
Mat á kostnaði vegna uppgjörs tímabilsins frá janúar 1999 til janúar 2001 verður að taka með fyrirvara, en þó teljum við að það gefi viðunandi mat. Kostnaður við uppgjörið hefur verið metinn eftir þeim fjárhæðum trygginga og tekjuviðmiðana sem fram koma í 1. lið. Þær fjárhæðir hafa verið bakreiknaðar eftir breytingum á óskertri tekjutryggingu, en aðrar fjárhæðir eru þær sem í gildi voru á hverjum tíma. Tekjur til skerðingar eru samkvæmt framtölum hvers tíma. Reiknaðir hafa verið 5,5% ársvextir með hefðbundnum vaxtareikningi. Niðurstaðan er að kostnaður verði á bilinu 180–200 m.kr.
3) **Áhrif hjónatekna felld alveg niður.**
Af þessari breytingu myndi hljótast kostnaður á bilinu 235–275 m. kr. á ári, en hér er gert ráð fyrir að bætur yrðu skertar með tilliti til frítekjumarks einhleypings. Mat stofnunarinnar er að 47% þess hóps sem hér um ræðir myndi fá hærri greiðslur og 21% fengi lægri greiðslur, en bætur 32% breyttust ekki.

Dæmi um breytingar á tekjutryggingu giftra öryrkja.
M.v. tillögu um 25 þús. kr. tryggingu á mánaðartekjur undir 25 þús. kr.

Tekjur, þús. kr. á mánuði			Tekjutrygging	
Lífeyrisþegi	Maki	Samtals	Í dag	Verður
0	100	100	32.566	32.566
0	150	150	29.029	29.029
0	200	200	17.779	25.000
0	250	250	6.529	25.000
0	400	400	0	25.000

Tekjur, þús. kr. á mánuði			Tekjutrygging	
Lífeyrisþegi	Maki	Samtals	Í dag	Verður
0	150	150	29.029	29.029
5	150	155	27.904	27.904
10	150	160	26.779	26.779
15	150	165	25.654	25.654
20	150	170	24.529	24.529
25	150	175	23.404	23.404
30	150	180	22.279	22.279

Tekjur, þús. kr. á mánuði			Tekjutrygging	
Lífeyrisþegi	Maki	Samtals	Í dag	Verður
0	200	200	17.779	25.000
5	200	205	16.654	20.000
10	200	210	15.529	15.529
15	200	215	14.404	14.404
20	200	220	13.279	13.279
25	200	225	12.154	12.154
30	200	230	11.029	11.029

Tekjur, þús. kr. á mánuði			Tekjutrygging	
Lífeyrisþegi	Maki	Samtals	Í dag	Verður
0	250	250	6.529	25.000
5	250	255	5.404	20.000
10	250	260	4.279	15.000
15	250	265	3.154	10.000
20	250	270	2.029	5.000
25	250	275	904	904
30	250	280	0	0

Tekjur, þús. kr. á mánuði			Tekjutrygging	
Lífeyrisþegi	Maki	Samtals	Í dag	Verður
0	400	400	0	25.000
5	400	405	0	20.000
10	400	410	0	15.000
15	400	415	0	10.000
20	400	420	0	5.000
25	400	425	0	0
30	400	430	0	0

Fylgiskjal 2.

Norrænn réttur.

Þegar litið er til hinna Norðurlandanna gildir sú meginregla, að þegar eigin tekjur lífeyrisþegans, eða tekjur maka hans, eru komnar yfir ákveðin mörk þá skerðist tekjutrygging. Skerðing lífeyris öryrkja vegna tekna maka, eins og tíðkast hefur hér á landi, er því ekki undantekning heldur meginregla.

Um áratugaskeið hafa verið gefnar út norrænar hagtölur um heilbrigðis- og félagsmál, af svonefndri NOSOSKO-nefnd. Í skýrslum nefndarinnar er að finna yfirlit um þær reglur sem gilda í hverju landi og útgjöld til þessara málaflokka. Þar er meðal annars gerður samanburður á lágmarkslífeyri til einstaklinga og hjóna. Nær sá samanburður jafnt til aldraðra sem öryrkja sem ekki hafa aðrar tekjur en lífeyrinn. Nýjustu samanburðartölur eru frá árinu 1998, en frá þeim tíma hafa ekki orðið neinar grundvallarbreytingar á skipan þessara mála í löndunum.

Samanburður á lífeyrisgreiðslum, þ.e. grunnlífeyri og tekjutryggingu, þessara hópa á jafnvirðisgengi (KKP) sýnir, að kjör einstaklinga sem búa einir eru samkvæmt þeim viðmiðum sem stuðst er við best á Íslandi en þar næst í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og loks í Finnlandi. Ísland er hins vegar í þriðja sæti á eftir Danmörku og Noregi þegar kjör hjóna eru borin saman. (Sjá meðfylgjandi töflu.)

Samkvæmt skýrslu NOSOSKO-nefndarinnar og upplýsingum frá heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytum annars staðar á Norðurlöndum hafa tekjur maka öryrkja og ellilífeyrisþega alls staðar áhrif á upphæð lífeyrisgreiðslna, þ.e. grunnlífeyri og tekjutryggingu viðkomandi einstaklings. Þær ráðast alls staðar af hjúskaparstöðu og tekjum og byrja að skerðast þegar samanlagðar tekjur hjóna, eða sambúðarfólks, eru komnar yfir ákveðið mark, sbr. meðfylgjandi yfirlit.

Um lagastoð fyrir sérstökum skerðingum vegna tekna maka skal til dæmis bent á:

Í Noregi; lög nr. 19 frá 28. feb. 1997 om folketrygd, einkum grein 3-2 og greinar 3-24 og 3-25, sbr. grein 3-26.

Í Danmörku; lög nr. 22 frá 14.01.1998 om Social pension, sérstaklega 29. grein.

Til frekari skýringar má til dæmis benda á að í Danmörku samanstendur örorkulífeyririnn af grunnlífeyri og tekjutryggingu eða viðbótarupphæð. Öryrki, sem er giftur eða í sambúð, fær töluvert lægri upphæð til ráðstöfunar en öryrki sem býr einn. Á árinu 2000 var árleg tekjutrygging fyrir þá sem búa einir 49.140 DKR en fyrir þá sem eru giftir eða í sambúð 22.536 DKR. Þar að auki er þessi upphæð ekki aðeins háð öðrum tekjum öryrkjans, heldur er hún einnig háð tekjum makans. Tekjutryggingin til dæmis byrjar að skerðast þegar saman-

lagðar tekjur hjóna eða sambúðarfólks eru orðnar hærri en 93.200 DKR (svonefnd viðmiðunarupphæð) á ári. Þetta felur í sér að fyrir öryrkja sem er giftur launþega með meðaltekjur fellur tekjutryggingin, eða viðbótarupphæðin venjulega niður.

Sá hluti örorkulífeyrisins í Danmörku sem kallast grunnlífeyrir á Íslandi er að mestu leyti aðeins háður tekjum öryrkja, en ekki tekjum maka. Tekjutryggingarhluti lífeyris öryrkja skerðist hins vegar í samræmi við sameiginlegar tekjur hjóna, eða sambúðarfólks. Þá eru ýmsar aðrar bætur einnig háðar tekjum, svo sem styrkur vegna húsnæðiskostnaðar sem ræðst af heildartekjum heimilisins.

Að einu leyti er Ísland frábrugðið hinum löndum en það varðar tekjutengingu sérstakra uppbóta og viðbótargreiðslna til aldraðra og öryrkja. Þrátt fyrir þessar tekjutengingar verður ekki annað ráðið af fyrirliggjandi gögnum en að staða öryrkja á Íslandi sé sambærileg við það sem víðast þekkist á Norðurlöndum. Allar líkur eru jafnframt á því að uppbygging kraftmikilla lífeyrissjóða hér á landi undanfarna áratugi muni á næstu árum skapa forsendur fyrir því að tryggja enn betur stöðu þeirra öryrkja og aldraðra sem verst eru settir.

Tafla 1. Mánaðarlegur lágmarkslífeyrir á árinu 1998.

	Danmörk	Finnland[1]	Ísland[2]	Noregur[3]	Svíþjóð
Einstaklingar:					
Mánaðarlegur lágmarkslífeyrir KR/FM					
– Grunnlífeyrir	3.910	...	15.123	3.781	2.854
– Tekjutrygging	3.867	...	43.396	2.999	1.650
Mánaðarlegur lágmarkslífeyrir					
– Fyrir skatt KR/FM	7.768	2.591	58.519	6.780	4.504
– Fyrir í KKP	812	373	621	549	422
– Eftir skatt KR/FM	5.682	2.591	58.519	6.780	4.504
– Eftir skatt í KKP	602	373	621	549	422
Hjón:					
Mánaðarlegur lágmarkslífeyrir KR/FM					
– Grunnlífeyrir	7.802	...	27.222	5.672	4.668
– Tekjutrygging	3.428	...	57.996	5.998	3.300
Mánaðarlegur lágmarkslífeyrir					
– Fyrir skatt KR/FM	11.230	4.544	85.188	11.670	7.968
– Fyrir skatt í KKP	1.190	653	904	944	734
– Eftir skatt KR/FIM	8.801	4.544	85.188	11.510	7.968
– Eftir skatt í KKP	932	653	904	931	734

[1] Grunnlífeyririnn og tekjutryggingin voru sameinuð í eina upphæð 1. janúar 1997.
[2] Nær aðeins til grunnfjárhæðar grunnlífeyris og tekjutryggingar.
[3] Lágmarkslífeyrir fyrir aldraða. Aldraðir eru skattlagðir eftir hagstæðari reglum en öryrkjar frá 1998.

Tabel 7.3 Tillæg til grundpensionen/garanteret mindstepension 1998

	Danmark	Finland	Island	Norge	Sverige
Børnetillæg	Ordinært og særligt børne-tilskud	Nej[2)]	Ja	Ja	Nej[5)]
– Indkomstreguleret?	Nej	-	Nej	Ja	-
– Skattepligtigt?	Nej	-	Nej	Ja	-
Tillæg til personer, som kun oppebærer grundpensi-on/garanteret mindstepensi-on	Ja	.[3)]	Ja	Ja	Ja[6)]
– Indkomstreguleret?	Ja	.[3)]	Ja	Ja	Ja[7)]
– Skattepligtigt?	Ja	.[3)]	Ja	Ja	Ja
Boligtilskud	Ja[1)]	Ja	Nej[4)]	Ja	Ja
– Indkomstreguleret?	Ja	Ja	Ja	Ja	Ja
– Skattepligtigt?	Nej	Nej	Ja	Nej	Nej
Ægtefælletillæg hvis kun den ene ægtefælle oppebærer pension	Nej	Nej	Ja	Ja	Nej
– Indkomstreguleret?	-	-	Ja	Ja	-
– Skattepligtigt?	-	-	Ja	Ja	-
Hustru-/ægtefælletillæg	Nej	Nej[2)]	Nej	Nej	Nej[5)]
Hjælpe- eller plejetillæg til handicappede	Ja	Ja	Ja	Ja	Ja
– Indkomstreguleret?	Nej	Nej	Ja	Nej	Nej
– Skattepligtigt?	Nej	Nej	Ja	Nej	Nej

1 Til pensionister kan der gives en boligydelse afhængig af indtægt og boligens størrelse. Ydelsen er ikke en del af pensionen.

2 Fra og med 1996 tildeles der ikke børnetillæg og ægtefælletillæg. Børnetillægget vil være helt afviklet i år 2001 og ægtefælletillægget i år 2002.

3 Folkepensionen er fuldstændig afhængig af arbejdspensionen. Der er garanteret et minimumsbeløb til de som enten har en lille eller ingen arbejdspension. Grundpensionen er skattepligtig.

4 Der findes særlige pensionstillæg, som ikke er knyttet direkte til boligudgifter, men de gives i reglen til pensionister, der har høje boligudgifter.

5 Siden 1990 er der ikke givet nye børnetillæg og børnetillægget vil være helt afviklet år 2005. Hustrutillægget har gradvist været under afvikling siden 1990 og gives kun i særlige tilfælde efter overgangsbestemmelser.

6 Gives kun til personer med en lav ATP.

7 Kun for ATP.

Fylgiskjal 3.

Drög að frumvarpi til laga um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117 20. desember 1993, með síðari breytingum.
(7. janúar 2001.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Við 5. mgr. 17. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ef tekjur þess hjóna, sem örorkulífeyris nýtur eru lægri en 300.000 kr. á ári, skal þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. aldrei greiða því lægri tekjutryggingu en nemur því sem á vantar að tekjur þess nái þessari fjárhæð.
b. Við 6. mgr. 17. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ef tekjur annars hvors hjónanna eru lægri en 300.000 kr. á ári, skal þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. aldrei greiða því lægri tekjutryggingu en nemur því sem á vantar að tekjur þess nái þessari fjárhæð.
c. Við 7. mgr. 17. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ef tekjur þess hjóna, sem örorkulífeyris nýtur eru lægri en 300.000 kr. á ári, skal þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. aldrei greiða því lægri tekjutryggingu en nemur því sem á vantar að tekjur þess nái þessari fjárhæð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. febrúar 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þeir örorkulífeyrisþegar, sem 2. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 14. gr. laga nr. 148/1994, átti við tímabilið 1. janúar 1997 til 31. desember 1998, og þeir sem 5.–7. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998, hefur átt við tímabilið 1. janúar 1999 til 31. janúar 2001 skulu eiga rétt á greiðslum á tekjutryggingu örorkulífeyris vegna umræddra tímabila eftir þeim reglum sem hér greinir:

a. Fyrir tímabilið 1. janúar 1997 til 31. desember 1998 skal greiða tekjutryggingu sem reiknast eftir ákvæði 2. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 14. gr. laga nr. 148/1994, en án þeirrar skerðingar skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995, sem fólst í því að telja helming samanlagðra tekna beggja hjóna til tekna lífeyrisþegans. Frá tekjutryggingu reiknaðri með þessum hætti skulu dragast þær greiðslur tekjutryggingar sem viðkomandi örorkulífeyrisþegi hefur þegar fengið.
b. Fyrir tímabilið 1. janúar 1999 til 31. janúar 2001 skal greiða tekjutryggingu sem reiknast á þann hátt sem greinir í 1. gr. laga þessara. Frá tekjutryggingu reiknaðri með þessum hætti skulu dragast þær greiðslur tekjutryggingar, sem viðkomandi örorkulífeyrisþegi hefur þegar fengið.

II.

Útreikningur tekjutryggingar samkvæmt bráðabirgðaákvæði I. skal gerður eftir þeim viðmiðunarfjárhæðum, sem hafa verið í gildi á hverju tímabili fyrir sig. Fjárhæðirnar í 1. gr. laga þessara skulu við útreikninga skv. b-lið í bráðabirgðaákvæði I. bakreiknast til viðkomandi tímabila til samræmis við breytingar sem orðið hafa á fjárhæðum tekjutryggingar skv. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar með síðari breytingum. Greiðslurnar skulu bera 5,5% ársvexti frá þeim degi, er lífeyrisþeginn fyrst gat átt rétt á að fá greiðslu viðkomandi

tímabils samkvæmt ákvæðum laga nr. 117/1993 um það efni. Vextir skulu greiðast þó að ekki hafi legið fyrir umsókn um tekjutryggingu frá viðkomandi lífeyrisþega.

III.

Tryggingastofnun ríkisins skal hafa frumkvæði að greiðslum samkvæmt bráðabirgðaákvæðum I. og II. í þeim tilvikum þar sem hún hefur í höndum umsóknir frá lífeyrisþegum og upplýsingar sem duga til að reikna út fjárhæðirnar sem greiða skal. Liggi fyrir umsóknir án nægilegra upplýsinga, skal Tryggingastofnun ríkisins beina áskorun til viðkomandi lífeyrisþega um að bæta þar úr innan hæfilegs frests, sem stofnunin ákveður. Miðað skal við, að allar greiðslur sem stofnunin getur sjálf reiknað án atbeina frá lífeyrisþega, hafi átt sér stað fyrir 1. apríl 2001.

IV.

Þeir örorkulífeyrisþegar sem telja sig eiga rétt á tekjutryggingu skv. 1. gr. laga þessara, en hafa ekki sótt um fyrir umrædd tímabil, geta sótt um tekjutryggingu sér til handa og skulu þeir þá fá úrlausn í samræmi við reglur þessa bráðabirgðaákvæðis að því tilskildu að sótt sé um fyrir 1. júlí 2001. Eftir þann dag gilda ákvæði 48. gr. laga nr. 117/1993 um allar nýjar umsóknir um lífeyrisgreiðslur.

V.

Greiðsla tekjutryggingar og vaxta samkvæmt lögum þessum telst til skattskyldra tekna ársins 2001. Tryggingastofnun ríkisins skal halda eftir staðgreiðslu af tekjutryggingunni skv. lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er bótaþega heimilt allt til ársloka 2001 að óska eftir því að greiðslur á tekjutryggingu vegna tekjuáranna 1997, 1998, 1999 og 2000, samkvæmt bráðabirgðaákvæðunum að framan, skuli færðar honum til skattskyldra tekna viðkomandi ár. Um endurákvörðun opinberra gjalda fer þá skv. 101. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, vegna dóms Hæstaréttar Íslands frá 19. desember 2000 í málinu nr. 125/2000: Tryggingastofnun ríkisins gegn Öryrkjabandalagi Íslands og gagnsök.

Í umræddum dómi Hæstaréttar var viðurkennt að Tryggingarstofunun ríkisins hefði verið óheimilt frá 1. janúar 1994 á grundvelli 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995 að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap með því að telja helming samanlagðra tekna beggja hjóna til tekna lífeyrisþegans í því tilviki, er maki hans er ekki lífeyrisþegi. Einnig var viðurkennt að óheimilt hefði verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. janúar 1999 skv. 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998.

Hinn 22. desember 2000 ákvað ríkisstjórnin að skipa sérstakan starfshóp til að greina með sem nákvæmustum hætti hvaða leiðir væru færar til að bregðast við dómi Hæstaréttar og semja drög að frumvarpi til laga um breyting á lögum um almannatryggingar, sem stefnt skyldi að því að lögfesta svo fljótt sem verða mætti. Jafnframt var starfshópnum falið að stýra greiningu á því hvort þær meginreglur sem dómurinn var reistur á kynnu að hafa víðtækari áhrif en kveðið væri á í dóminum. Starfshópurinn skilaði skýrslu sinni til forsætisráðherra 7. janúar 2001 og er skýrslan birt sem fylgiskjal með frumvarpinu. Þær tillögur sem er

að finna í frumvarpinu er reistar á tillögum starfshópsins og vísast til skýrslu hans um nánari útlistun á efnisatriðum frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að við 5. mgr. 17. gr. laganna bætist nýr málsliður með sérreglu sem tryggi ákveðinn lágmarksrétt til handa örorkulífeyrisþega sem er í hjúskap og maki hans er ekki örorkulífeyrisþegi. Í reglunni felst að samanlögð eigin tekjuöflun örorkulífeyrisþega og tekjutrygging hans geti aldrei þrátt fyrir sameiginlegt frítekjumark hjóna numið lægri fjárhæð en 300.000 kr. á ári eða 25.000 kr. á mánuði. Af þessu leiðir að enginn örorkulífeyrisþegi fær vegna makatekna lægri lífeyri en sem nemur 43.424 kr. á mánuði þegar lágmark tekjutryggingar hefur verið lagt við grunnlífeyri skv. 12. gr. laganna.

Í b- og c-lið greinarinnar er lagt til að sömu breytingar verði gerðar á 6. og 7. mgr. 17. gr., en þau ákvæði fjalla einnig um tekjutryggingu til örorkulífeyrisþega í hjúskap.

Um 2. gr.

Til að unnt sé að undirbúa gildistöku laganna er lagt til að þau öðlist gildi 1. febrúar 2001.

Um ákvæði til bráðabirgða I–IV.

Í 7. kafla þeirrar skýrslu sem birt er sem fylgiskjal með frumvarpinu er fjallað um þessi ákvæði til bráðabirgða og vísast þangað um nánari skýringu.

Um ákvæði til bráðabirgða V.

Í 1. mgr. er áréttuð sú meginregla gildandi laga að þegar um óvissar tekjur er að ræða skuli telja þær til tekna þegar krafa myndast þeirra vegna á hendur einhverjum, sbr. 2. mgr. 60. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981. Þá þykir jafnframt rétt að skýrt komi fram að greiðanda bótanna, Tryggingastofnun ríkins, beri að halda eftir staðgreiðslu af tekjutryggingunni, sbr. 7. tölul. 5. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda. Þar segir að til launa teljist „*Hvers konar greiðslur skv. 1.–6. tölul. þessarar greinar sem inntar eru af hendi að gengnum úrskurði stjórnvalda, dómi, dómsátt eða öðru samkomulagi eftir að raunverulegu launatímabili lýkur.*“

Í 2. mgr. er lögð til regla sem víkur frá 1. mgr. og þar með gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt þar sem gert er ráð fyrir að bótaþegi geti allt til ársloka 2001 óskað eftir því að endurgreidd tekjutrygging verði færð honum til skattskyldra tekna á viðkomandi ár í stað þess að öll fjárhæðin komi til álagningar á árinu 2002. Í því felst að skattstjóri þarf að taka upp framtal hvers bótaþega og endurákvarða opinber gjöld hans vegna þeirra ára.

625. Skýrsla [51. mál]

dómsmálaráðherra um samanburð á lagaumhverfi á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum varðandi löggjöf og eftirlit með klámi, vændi o.fl., samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Skýrsla þessi er lögð fram af dómsmálaráðherra sem svar við beiðni Guðrúnar Ögmundsdóttur o.fl. þingmanna um skýrslu frá dómsmálaráðherra um samanburð á lagaumhverfi á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum varðandi löggjöf og eftirlit með klámi, vændi o.fl. Beiðnin var fyrst flutt á 125. löggjafarþingi 1999–2000 (þskj. 942) en var endurflutt á 126. löggjafarþingi og samþykkt 9. október 2000 (þskj. 51). Skýrslan var tekin saman á vegum dómsmálaráðuneytisins sem fól Svölu Ólafsdóttur lögfræðingi að vinna að samningu hennar.

Í greinargerð með beiðninni segir að mikilvægt sé að skoða hvernig nágrannalöndin hagi löggjöf sinni á þessum sviðum, hvernig hún hafi reynst og hvaða breytingum hún hafi tekið á síðastliðnum árum. Með því að taka saman skýrslu af þessum toga sé hægt að nýta þá þróun sem orðið hafi annars staðar á Norðurlöndum og vinna að endurskoðun og stefnumörkun í þessum málum hér á landi.

Skýrslan var unnin á tímabilinu maí–október 2000 og miðast við réttarstöðuna eins og hún var 1. september 2000.

Sólveig Pétursdóttir
dómsmálaráðherra.

I. ÍSLAND

1. Klám

1.1 Almennt

Mikilvægustu ákvæðin um klám í íslenskri löggjöf er að finna í 210. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 (hgl.). Greinin stóð óbreytt allt frá gildistöku hegningarlaganna til ársins 1996, þegar nýju ákvæði um barnaklám var bætt við hana, sbr. 4. mgr.[1] Hinn 27. apríl 2000 voru samþykkt á Alþingi lög er breyttu á ný 2. og 4. mgr. greinarinnar.[2] Breytingarnar fólu annars vegar í sér að refsihámark var hækkað vegna barnakláms[3] og hins vegar var refsivernd gegn barnaklámi aukin.[4] Þá er rétt að nefna að með 105. gr. laga nr. 82/1998 var gerð smávægileg breyting á 1. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga, í framhaldi af því að varðhald, sem sérstök refsitegund, var afnumið úr íslenskri löggjöf.

Ákvæði 210. gr. hgl. hljóðar nú svo:

---

[1] Sbr. 1. gr. laga nr. 126/1996.
[2] Sbr. lög nr. 39/2000.
[3] Sbr. a-lið 7. gr. laga nr. 39/2000.
[4] Sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 39/2000.

210. gr.

Ef klám birtist á prenti, skal sá, sem ábyrgð ber á birtingu þess eftir prentlögum, sæta sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Sömu refsingu varðar það að búa til eða flytja inn í útbreiðsluskyni, selja, útbýta eða dreifa á annan hátt út klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum, eða hafa þá opinberlega til sýnis, svo og að efna til opinbers fyrirlestrar, eða leiks, sem er ósiðlegur á sama hátt. Þegar slíkt efni sýnir börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt getur refsing þó orðið fangelsi allt að 2 árum.

Það varðar ennfremur sömu refsingu, að láta af hendi við unglinga, yngri en 18 ára, klámrit, klámmyndir eða aðra slíka hluti.

Hver sem flytur inn eða hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt skal sæta sektum. Sömu refsingu varðar að flytja inn eða hafa í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn í kynferðisathöfnum með dýrum eða nota hluti á klámfenginn hátt.

1.2 Hugtakið

Hugtakið „klám“ er hvorki skilgreint í 210. gr. hgl. né í greinargerð. Þá er skilgreiningu á hugtakinu ekki að finna í öðrum lögum. Frá því að hegningarlögin voru sett árið 1940 er ljóst að inntak hugtaksins hefur tekið breytingum í samræmi við breytta þjóðfélagsháttu og frjálslyndari og opnari umfjöllun um kynferðismál. Umburðarlyndi fólks á þessu sviði fer vaxandi og æ meira þarf til þess að gengið sé fram af því í þessum efnum og þar með að lögregluyfirvöld sjái ástæðu til að grípa til aðgerða. Það má sjá af þeim fáu dómum Hæstaréttar sem gengið hafa og fjalla um klám að það sem féll undir hugtakið t.d. fyrir þrjátíu árum mundi tæplega gera það nú. Inntak hugtaksins er þannig breytilegt frá einum tíma til annars og erfitt að gefa eina nákvæma skilgreiningu á því. Þetta viðhorf er m.a. staðfest í dómi Hæstaréttar *H 1984:855 (Spegilsmál).*

Fræðimenn í lögfræði hafa freistað þess að setja fram skilgreiningar á hugtakinu þótt ekki hafi það verið gert í löggjöfinni sjálfri. Þannig skýrir Jónatan Þórmundsson lagaprófessor hugtakið í skýrslu nauðgunarmálanefndar frá árinu 1992:[5]

> Klámi má lýsa svo, að í því felist lostug lýsing á kynfærum, kynferðislegum stellingum, athöfnum eða hugsunum, en lostug telst lýsingin því aðeins, að sérstök áhersla sé lögð á hið lostavekjandi (nákvæm lýsing, veigamikill hluti verks) eða hún feli í sér eitthvað afbrigðilegt eða ýkt og þar af leiðandi hneykslanlegt samkvæmt almennu siðamati í kynferðismálum.

Árið 1986 var af hálfu sérfræðinganefndar Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna gerður greinarmunur á hugtökunum „klámi“ (pornografia) og „kynþokkalist“ (erotika). Skilgreining hennar á klámi hljóðar svo í íslenskri þýðingu:[6]

---

[5] Skýrsla nauðgunarmálanefndar, gefin út af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu í Reykjavík 1989, bls. 114. Þessi skilgreining hafði áður birst árið 1985 í fjölriti eftir Jónatan Þórmundsson sem bar heitið: Um kynferðisbrot, inngangur.

[6] Sbr. H 1990:1103 (bls. 1110) og H 1998:969 (bls. 975–976).

> Klám er ögrandi framsetning á kynlífi í auðgunartilgangi, án ástar, blíðu eða ábyrgðar, en kynþokkalist er bókmenntaleg eða listræn tjáning ástar.

Hér þykir einnig rétt að nefna skilgreiningu sem kom fram í greinargerð með frumvarpi er síðar varð að lögum nr. 126/1996 og fjallaði um barnaklám. Þar eru hugtökin „kynferðislegur“ og „klámfenginn“ skilgreind í tengslum við barnaklám. Þar segir:[7]

> Með hugtökunum „kynferðislegur“ og „klámfenginn“ er í ákvæðinu átt við kynferðislega lýsingu (ásýnd) sem virkar stuðandi eða er á annan hátt til þess fallin að vera lítillækkandi eða niðrandi, þar með taldar kynferðislegar lýsingar með notkun barna, dýra, ofbeldis, þvingunar og kvalalosta.

Allar þessar skilgreiningar geta hjálpað og verið leiðbeinandi í þeim tilfellum þegar nauðsynlegt er að skera úr um það hvort efni telst klám eða ekki.

1.3 Birting kláms á prenti

Samkvæmt 1. mgr. 210. gr. hgl. er refsivert að birta klám á prenti. Í V. kafla prentlaga, nr. 57/1956, með síðari breytingum, er kveðið á um hver beri ábyrgð á efni rita. Í 14. gr. laganna er m.a. fjallað um ábyrgð á efni blaða eða tímarita sem fjalla aðallega um „lostugt efni“.

Brot gegn 1. mgr. 210. gr. getur varðað sektum eða fangelsi í allt að 6 mánuði. Í *H 1984:855 (Spegilsmál)* var ritstjóri tímarits dæmdur til greiðslu sektar m.a. fyrir brot gegn 1. mgr. 210. gr. hgl. Þetta er eini dómur Hæstaréttar þar sem sakfellt hefur verið fyrir brot gegn 1. mgr. 210. gr. Dómurinn er reifaður nánar í kafla 1.18.

1.4 Dreifing á klámefni o.fl.

Í 2. mgr. 210. gr. hgl., sbr. a-lið 7. gr. laga nr. 39/2000, er lögð refsing við því að búa til eða flytja inn í útbreiðsluskyni, selja, útbýta eða dreifa á annan hátt út klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum eða hafa þá opinberlega til sýnis. Þá er jafnframt lögð refsing við því að efna til opinbers fyrirlestrar eða leiks sem er ósiðlegur á sama hátt. Ekki er því refsivert að búa til, eiga eða flytja inn klámefni til eigin nota eða efna til fyrirlestrar eða ósiðlegs leiks sem ekki er opinber. Þetta tekur þó ekki til klámefnis sem sýnir börn, sbr. 4. mgr. 210. gr. hgl., sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 39/2000.

Samkvæmt 1. málsl. 2. mgr. 210. gr. hgl. getur refsing vegna brots á þessu ákvæði varðað viðkomandi sektum eða fangelsi í allt að 6 mánuði, sbr. orðin „sömu refsingu“ sem vísa til refsimarka 1. mgr. 210. gr. Með lögum nr. 39/2000 var 2. málsl. bætt við 2. mgr. 210. gr., sbr. a-lið 7. gr. þeirra laga. Þar er heimilað refsihámark fangelsi í allt að 2 ár þegar um er að ræða dreifingu klámefnis sem sýnir börn. Í ræðu dómsmálaráðherra á Alþingi, þar sem hann mælir fyrir frumvarpi því er varð að lögum nr. 39/2000, segir að með þessari breytingu sé leitast við að veita börnum frekari vernd gegn þeirri misnotkun sem felst í framleiðslu og dreifingu barnakláms, auk þess sem lögð sé sérstök áhersla á alvarleika þessara brota.[8]

Í Hæstarétti hafa gengið nokkrir dómar þar sem sakfellt hefur verið fyrir brot á 2. mgr. 210. gr. hgl. Eru það *H 1973:452 („plakötˮ), H 1984:855 (Spegilsmál), H 1990:1103 (Stöð*

---

[7] Alþingistíðindi A 1996–1997, bls. 562.

[8] Alþingistíðindi B 1999–2000, bls. 4285.

2), H 1998:516 (netið) og *H 1998:969 (myndbönd)*. Í *H 1973:452 („plaköt")* var ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið í 2 ár. Í hinum fjórum voru ákærðu dæmdir til greiðslu sektar.[9] Nánar er fjallað um þessa dóma í kafla 1.18.

Þeirri spurningu má varpa fram hvort 2. mgr. 210. gr. geti tekið til nektarsýninga á veitinga- og skemmtistöðum, sbr. orðalagið að „efna til opinbers fyrirlestrar eða leiks sem er ósiðlegur". Tæpast verður þó talið að venjulegar nektarsýningar geti almennt talist svo klámfengnar að þær falli undir ákvæði 2. mgr. Þetta verður þó að meta í hverju einstöku tilviki. Í lögreglusamþykktum fyrir einstök sveitarfélög er heldur ekki að finna ákvæði sem unnt er að beita til að stemma stigu við slíkum sýningum. Þó er bent á að í lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36/1988, er að finna ákvæði í 3. gr. sem heimilar að settar séu í lögreglusamþykktir fyrir hvert sveitarfélag reglur um skemmtanahald. Hugsanlegt er að á grundvelli þessa ákvæðis sé unnt að setja nánari reglur sem lúta að nektarsýningum og framkvæmd þeirra. Ekki verður þó talið að á grundvelli ákvæðisins sé beinlínis hægt að banna þær.

1.5 Afhending klámefnis til ungmenna

Í 3. mgr. 210. gr. hgl. er refsing lögð við því að afhenda ungmennum yngri en 18 ára klámefni. Brot gegn því getur varðað sektum eða fangelsi í allt að sex mánuði, sbr. orðin „sömu refsingu" sem vísa til refsimarka 1. mgr. 210. gr. Tilgangur ákvæðisins var án efa að vernda börn og ungmenni gegn skaðlegum áhrifum sem klámefni var talið hafa.

Til er einn dómur Hæstaréttar þar sem sakfellt var m.a. fyrir brot gegn 3. mgr. 210. gr. hgl., sbr. *H 1992:1705 (sex unglingsstúlkur)*. Í því máli var ákærði sakfelldur fyrir brot gegn áfengislögum, 3. mgr. 210. gr. og 1. mgr. 200. gr. hgl. (sbr. nú 1. mgr. 202. gr. laganna) Refsing var ákveðin fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Dómurinn er reifaður nánar í kafla 1.18.

1.6 Barnaklám

Í 4. mgr. 210. gr. hgl., sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 39/2000, er að finna ákvæði er lýtur sérstaklega að barnaklámi. Samkvæmt fyrri málslið þess er refsing lögð við því að flytja inn eða hafa í vörslu sinni klámefni sem sýnir börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Ákvæðið er að því leyti frábrugðið 2. mgr. 210. gr. hgl. að hér er refsing lögð við innflutningi og vörslu á slíku efni óháð því hvort til stóð að dreifa því eða ekki. Samkvæmt því er það eitt að hafa barnaklám undir höndum refsivert, óháð því hvort það er ætlað til eigin nota eða dreifingar. Sá sem dreifir efni með barnaklámi getur aftur á móti sætt strangari refsiviðurlögum skv. 2. mgr. 210. gr. hgl. Fram kemur í greinargerð sem fylgdi með frumvarpi því er varð að lögum nr. 126/1996[10] að með vörslum sé ekki endilega átt við að maður eigi efnið, heldur nægi að viðkomandi hafi það á leigu, að láni eða í geymslu.[11] Þá er gert ráð fyrir því í ákvæðinu að efni sem sýnir börn á *kynferðislegan eða klámfenginn hátt* sé ólöglegt og er það ekki skilyrði refsiábyrgðar að um *gróft* barnaklám sé að ræða, svo sem þar sem börn eru sýnd í samförum eða öðrum kynferðismökum. Það er því refsivert að hafa í vörslu sinni efni með hvers kyns barnaklámi og er ekki skilyrði að við töku myndefnis hafi verið framið kynferðis-

---

[9] Í *H 1998:969* var ákærði að auki sakfelldur fyrir brot gegn áfengislögum og lögum um ávana- og fíkniefni.

[10] Það var fyrst með lögum nr. 126/1996, sbr. 1. gr., sem fjórðu málsgreininni, sem fjallaði sérstaklega um barnaklám, var bætt við 210. gr. hgl. Ákvæðum hennar var síðan breytt með lögum nr. 39/2000. Þar sem 4. mgr. var orðuð að nýju í breytingalögum nr. 39/2000, þótt ekki væri um miklar breytingar á henni að ræða, er látið nægja að vísa til þeirra laga í tengslum við umfjöllun um 4. mgr. 210. gr.

[11] Alþingistíðindi A 1996–1997, bls. 565.

brot gegn barninu.[12] Um hugtökin „kynferðislegan“ og „klámfenginn“ hátt segir í greinargerðinni að átt sé við kynferðislega lýsingu (ásýnd) sem virkar stuðandi eða er á annan hátt til þess fallin að vera lítillækkandi eða niðrandi, þar með taldar kynferðislegar lýsingar með notkun barna, dýra, ofbeldis, þvingunar og kvalalosta.[13]

Rétt er að nefna að upphaflega gerði frumvarpið, er síðar varð að lögum nr. 126/1996, ráð fyrir því í 2. málsl. ákvæðisins að börn væru sýnd nota hluti á „grófan“ klámfenginn hátt. Þessu var breytt í meðförum þingsins og skilyrðið um „grófan“ klámfenginn hátt fellt niður. Um þetta segir í nefndaráliti allsherjarnefndar:[14]

> Nefndin leggur til að gerð verði sú breyting á 1. gr. frumvarpsins að það varði refsingu að sýna börn nota hluti á klámfenginn hátt en slíkt verði ekki bundið við grófan klámfenginn hátt.

Hér má til fróðleiks nefna að lagt var fyrir 120. löggjafarþing (1995–1996) frumvarp er gerði ráð fyrir því að einungis varsla á *grófu barnaklámi* yrði gerð refsiverð. Í því frumvarpi hljóðaði ákvæðið á þessa leið:[15]

> Hver sem hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn í holdlegu samræði eða öðrum kynferðismökum skal sæta sektum. Sömu refsingu varðar að hafa í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn í kynferðisathöfnum með dýrum eða nota hluti á grófan klámfenginn hátt.

Þetta orðalag ákvæðisins, sem gerði ráð fyrir að einungis varsla á grófu barnaklámi væri refsiverð, mætti mikilli andstöðu í þinginu og fór svo að frumvarpið varð eigi útrætt. Frumvarpið var lagt fram að nýju af dómsmálaráðherra á næsta löggjafarþingi á eftir (121. löggjafarþing, 1996–1997) með nokkrum breytingum.[16] Helsta breytingin fólst í því að lagt var til í fyrri málslið málsgreinarinnar að refsivert yrði að hafa í vörslu sinni myndefni með *hvers kyns barnaklámi* og ekki var því lengur skilyrði að myndefnið sýndi að kynferðisbrot hefði verið framið á barni eins og fyrra frumvarpið gerði ráð fyrir með því að áskilja að myndefnið sýndi börn í holdlegu samræði eða öðrum kynferðismökum. Frumvarpið var samþykkt óbreytt að öðru leyti en því að úr síðari málslið ákvæðisins var fellt niður orðið „grófan“ eins og áður hefur komið fram og varð það þannig að lögum nr. 126/1996.

Í XXII. kafla hgl., sem ber heitið *Kynferðisbrot*, er að finna ýmis ákvæði til verndar börnum og ungmennum gegn kynferðisbrotum. Má þar nefna 201. og 202. gr. er varða börn sérstaklega. Ákvæði þeirra áskilja ekki sérstakar vítaverðar aðferðir við framningu brots, heldur geta t.d. ákveðið aldursmark eða ákveðin fjölskyldutengsl nægt til refsiábyrgðar. Önnur ákvæði XXII. kafla geta að sjálfsögðu einnig átt við um börn og ungmenni ef því er að skipta, t.d. getur barn verið beitt nauðung og því notið refsiverndar 194. eða 195. gr. Væri brotaþoli í slíkum tilvikum yngri en 14 ára bæri einnig að beita 1. mgr. 202. gr. samhliða. Þá

---

[12] Alþingistíðindi A 1996–1997, bls. 562.

[13] Alþingistíðindi A 1996–1997, bls. 562.

[14] Alþingistíðindi A 1996–1997, bls. 1864.

[15] Þskj. 582 – 333. mál.

[16] Þskj. 29 – 29. mál.

eru sérstakar refsihækkunarheimildir í 1. og 2. mgr. 200. gr., þegar þannig háttar til að kynferðisbrot er framið gagnvart barni yngra en 16 ára. Þannig kæmi til greina að beita öðrum ákvæðum XXII. kafla samhliða 2. eða 4. mgr. 210. gr. ef því væri að skipta.[17]

Með síðari málslið 2. mgr. 210. gr., sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 39/2000, er lögð þyngri refsing við þeim brotum sem þar eru talin upp þegar klámefni sýnir börn. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 39/2000 er með þessu móti reynt að veita börnum frekari vernd gegn þeirri misnotkun sem felst í framleiðslu og dreifingu barnakláms.[18]

Stefna sú sem 4. mgr. 210. gr. hgl. vitnar um er í samræmi við alþjóðlega þróun. Sameinuðu þjóðirnar, Evrópuráðið og Norðurlandaráð höfðu þá skorað á aðildarríki sín að lýsa vörslu barnakláms refsiverða í heimalöndum sínum. Með því móti er reynt að vinna gegn þessum þætti klámiðnaðar í heiminum og halda fram þeim siðgæðisviðhorfum að börn og kynlíf fari ekki saman. Fram kemur í greinargerð með frumvarpi því er síðar varð að lögum nr. 126/1996 að markmið löggjafans með því að lýsa vörslu efnis með barnaklámi refsiverða sé að auka vernd barna gegn kynferðislegri misnotkun, þar sem bann við því að hafa slíkt efni í vörslu sinni sé talið geta dregið úr eða jafnvel fyrirbyggt kynferðislega misnotkun barna í tengslum við gerð þess. Þá segir orðrétt:[19]

> Þegar efni með barnaklámi er framleitt eru jafnframt framin alvarleg refsiverð brot gegn börnunum. Með því að banna vörslu á efni með barnaklámi er mótuð skýr afstaða gegn kynferðislegri misnotkun á börnum, jafnframt því sem það getur stuðlað að því að bæta réttarstöðu barna. Ef ríki heims gera vörslu á efni með barnaklámi refsiverða er það til þess fallið að takmarka eftirspurn eftir slíku efni og þar með kynferðislega misnotkun barna í tengslum við framleiðslu þess.

Vorið 2000 voru samþykkt á Alþingi breytingalög sem rýmkuðu efni 4. mgr. 210. gr. hgl. Með þeim var innflutningur á efni með barnaklámi einnig lýstur refsiverður, hvort sem honum fylgdu vörslur á efninu eða ekki, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 39/2000. Var breytingin rökstudd með því að í framkvæmd hefðu þekkst dæmi um að barnaklám hefði fundist í flutningi áður en það var afhent viðtakanda og hefði ekki verið talið unnt að sækja menn til sakar í slíkum tilvikum miðað við gildandi löggjöf.[20]

1.7 Frumvarp til breytinga á 210. gr. hgl.

Hinn 7. mars 2000 lögðu þingmennirnir Kolbrún Halldórsdóttir og Þuríður Backman fram frumvarp á Alþingi er gerði m.a. ráð fyrir breytingum á 210. hgl.[21] Helstu breytingarnar sem lagðar voru til voru þessar:

1. Refsihámark skv. 1. mgr. fyrir að birta klám á prenti skyldi hækka úr fangelsi í allt 6 mánuði í fangelsi allt að einu ári.

---

[17] Um þetta efni vísast nánar til skýrslu um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum (Heggur sá er hlífa skyldi) frá árinu 1997.

[18] Þskj. 613 – 359. mál.

[19] Alþingistíðindi A 1996–1997, bls. 561–562.

[20] Þskj. 613 – 359. mál.

[21] Þskj. 693 – 428. mál.

2. Gert var ráð fyrir nýjum málslið í 2. mgr., er yrði 1. málsl. Þar yrði kveðið á um refsingu þess sem er ábyrgur fyrir að auglýsa í fjölmiðlum eða á opinberum vettvangi aðgang að klámi í hvaða mynd sem það er fram borið.

Frumvarp þetta beið enn fyrstu umræðu er þingi var slitið vorið 2000.

1.8 Póstsendingar

Í 1. mgr. 27. gr. laga um póstþjónustu, nr. 142/1996, kemur fram að póstsending megi ekki innihalda neitt sem bannað er að flytja eða dreifa eða sem að ytra útliti ber með sér eitthvað ólögmætt, ósæmilegt eða móðgandi. Hér undir gæti því fallið klámefni. Þá kemur fram í 2. mgr. að óskylt sé að taka við póstsendingu sem hætta getur stafað af eða erfiðleikar eru á að flytja, svo og hlutum sem óheimilt er að flytja samkvæmt öðrum lögum eða reglum. Í 45. gr., sbr. 229. gr. laga nr. 82/1998, er kveðið á um viðurlög við brotum á lögunum.

1.9 Auglýsingar

Í 3.–5. mgr. 22. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, með síðari breytingum, er sérstaklega fjallað um börn og auglýsingar. Í 3. mgr. kemur fram að auglýsingar skuli miðast við að börn sjái þær og heyri og megi þær á engan hátt misbjóða þeim. Þá er jafnframt hnykkt á þessu í 1. og 13. gr. siðareglna Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingar. Í 1. gr. þeirra segir að auglýsingar skuli ekki innihalda boðskap, í orðum eða myndum, sem brjóti gegn almennri velsæmiskennd. Þá segir í 2. mgr. 13. gr. að auglýsingar, sem beint er til barna eða unglinga eða eru líklegar til að hafa áhrif á þá aldursflokka, skuli ekki innihalda staðhæfingar eða myndir sem gætu skaðað hina yngri geðrænt, siðferðilega eða líkamlega. Þessum ákvæðum er m.a. ætlað að stemma stigu við því að auglýsingar séu klámfengnar og að auglýsendur haldi sig innan þeirra marka sem samræmast almennum hugmyndum um velsæmi eins og þær eru í þjóðfélaginu á hverjum tíma.

Samkeppnisráð hefur það hlutverk að framfylgja samkeppnislögum. Sérstök nefnd, auglýsinganefnd, er ráðinu til ráðgjafar. Hlutverk hennar er að fjalla um auglýsingar og gæta þess að þær brjóti ekki gegn 21. eða 22. gr. laganna. Þá starfar jafnframt svonefnd siðanefnd sem komið var á fót að frumkvæði Sambands íslenskra auglýsingastofa. Hún hefur það hlutverk að framfylgja siðareglum Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingar.

Í útvarpslögum, nr. 53 17. maí 2000, er að finna ákvæði sem ætlað er að vernda börn gegn ótilhlýðilegum auglýsingum í útvarpi. Í 1. mgr. 20. gr. kemur fram sú meginregla að auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi skuli þannig gerðar og fluttar að þær valdi börnum ekki siðferðilegum eða líkamlegum skaða. Þá eru jafnframt tiltekin sérstaklega nokkur tilvik sem eru óleyfileg samkvæmt lögunum. Annað ákvæði í útvarpslögunum, sem varðar sjónvarpsútsendingar sérstaklega og sett er til verndar börnum, er að finna í 14. gr. þeirra. Þar segir að sjónvarpsstöðvum sé óheimilt að senda út dagskrárefni, þar á meðal auglýsingar, sem gæti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi dagskrárefni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi, á þeim dagskrártíma sem hætta er á að börn sjái viðkomandi efni. Í greininni er einnig að finna reglur um það hvenær og hvernig skuli standa að útsendingu slíks efnis í sjónvarpi.

Þessum ákvæðum útvarpslaganna er ætlað að vera til fyllingar ákvæðum samkeppnislaga og eru efnislega í samræmi við sjónvarpstilskipun Evrópusambandsins, nr. 89/552/EBE, eins

og henni var breytt með tilskipun nr. 97/36/EB.[22] Í kaflanum hér á eftir verður viðeigandi ákvæðum sjónvarpstilskipunarinnar lýst.

Rétt þykir að nefna í þessu sambandi 5. gr. útvarpslaganna, sem heimilar tímabundna stöðvun á endursendingum sjónvarps frá EES-ríkjum í ákveðnum tilvikum, t.d. þegar dagskrárefni felur í sér klám. Hér undir gæti fallið klámfengið efni í auglýsingum.

Þá er í gildi reglugerð nr. 611/1989 um auglýsingar í útvarpi. Í 1. mgr. 2. gr. hennar eru talin upp skilyrði í ellefu töluliðum sem auglýsingar, sem ætlaðar eru til flutnings í útvarpi, skulu fullnægja. Skv. 2. tölul. skulu auglýsingar ekki brjóta í bága við almennt velsæmi. Í 3. tölul. er kveðið svo á að auglýsingar megi ekki brjóta í bága við íslensk lög, svo sem almenn hegningarlög. Þá er sérstaklega fjallað um börn og auglýsingar í 8. tölul. Þar segir m.a. að auglýsingar skuli miðast við að börn sjái þær og heyri og að þær megi á engan hátt misbjóða þeim. Jafnframt segir að auglýsingar, sem beint er til barna eða eru líklegar til að hafa áhrif á börn, skuli ekki geyma staðhæfingar eða myndir sem gætu skaðað þau geðrænt eða siðferðilega. Hér undir geta augljóslega fallið klámfengnar auglýsingar.

1.10 Sjónvarpsefni

Í V. kafla áðurnefndrar sjónvarpstilskipunar Evrópusambandsins er fjallað um vernd barna og ungmenna. Kaflinn er aðeins ein grein, 22. gr., sem hljóðar svo:

> Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að sjónvarpssendingar sjónvarpenda sem lögsaga þeirra nær yfir innihaldi ekki dagskrárefni sem gæti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna og ungmenna, einkum og sér í lagi dagskrár sem í felst klám eða tilefnislaust ofbeldi. Þetta ákvæði skal einnig ná til dagskrárefnis sem líklegt er til þess að skaða líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna og ungmenna, nema þegar tryggt er, með vali á útsendingartíma eða með einhverjum tæknilegum ráðstöfunum, að börn og ungmenni á því svæði er útsendingin nær til muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá slíkar útsendingar ...

Í 14. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000, sem byggð er á ákvæðum sjónvarpstilskipunar Evrópusambandsins, eru ákvæði sem hafa það hlutverk að vernda börn gegn *sjónvarpsefni* sem talið er geta haft alvarleg skaðvænleg áhrif á þroska þeirra eða er til þess fallið að hafa slík áhrif. Skv. 1. mgr. er sjónvarpsstöðvum óheimilt að senda út dagskrárefni sem gæti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna á þeim dagskrártíma sem hætta er á að börn sjái viðkomandi efni. Í ákvæðinu er sérstaklega nefnt efni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi. Í 2. mgr. eru ákvæði þess efnis að dagskrárefni, sem ekki er talið við hæfi barna, skuli einungis sýnt á þann hátt að tryggt sé með tæknilegum ráðstöfunum að börn á því svæði sem útsendingin nær til muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá slíkar útsendingar. Á undan slíku efni skal fara munnleg viðvörun eða það auðkennt með sjónrænu merki allan þann tíma sem útsendingin stendur yfir. Þá er ráðherra falið í 3. mgr. að setja nánari reglur um útsendingartíma eða tæknilegar ráðstafanir þegar um slíkt efni er að ræða til að koma í veg fyrir svo sem verða má að börn sjái það eða heyri.

---

[22] Sbr. tilskipun ráðsins frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur (89/552/EBE). Vísað er til tilskipunarinnar í X. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Þá er heimild til þess fyrir íslensk yfirvöld í 5. gr. útvarpslaganna að stöðva tímabundið sjónvarpssendingar frá öðrum EES-ríkjum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, ef útsendingin er talin brjóta ljóslega, verulega og alvarlega gegn ákvæðum 14. gr. laganna eða telst að öðru leyti geta haft alvarleg skaðleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna. Dagskrárefni sem felur í sér klám er eitt af því sem sérstaklega er nefnt í ákvæðinu í dæmaskyni. Lagagreinin styðst við fyrrnefnda sjónvarpstilskipun Evrópusambandsins. Í greinargerð með frumvarpi því er varð að útvarpslögum, nr. 53/2000, segir um þetta ákvæði:[23]

> Í flestum tilvikum væri hér um að ræða efni sem refsivert telst samkvæmt hegningarlögum, sbr. 210. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Efnið þyrfti þó ekki að vera svo alvarlegs eðlis því að ætlast er til að einnig verði mögulegt að banna tímabundið samkvæmt heimild greinarinnar sjónvarp á efni sem fellur undir 2. mgr. 14. gr. frumvarpsins.

Reynt hefur á túlkun sjónvarpstilskipunar Evrópusambandsins fyrir EFTA-dómstólnum. Samkvæmt túlkun hans á þessum ákvæðum sjónvarpstilskipunarinnar eru það siðferðileg viðhorf í mótttökuríkinu sem eiga að ráða í því mati sem hér á reynir, en ekki siðferðileg viðhorf í útsendingarríkinu. Ekki eru talin vera til staðar sameiginleg siðferðisviðhorf í þessum efnum innan EES-svæðisins.[24] Þá hafa Mannréttindadómstóll Evrópu og Evrópudómstóllinn jafnframt talið að hvert ríki fyrir sig hafi rúm valdmörk til ákvarðana þegar um siðferðileg álitaefni er að ræða.[25]

1.11 Kvikmyndir

Samkvæmt lögum um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 47/1995, er starfrækt á vegum ríkisins nefnd undir heitinu Kvikmyndaskoðun.[26] Hlutverk hennar er að skoða allar kvikmyndir, sem ætlaðar eru til sýningar eða dreifingar á Íslandi, með það fyrir augum hvort þær teljist vera ofbeldiskvikmyndir í skilningi laganna og hvort þær teljist vera við hæfi barna. Sjónvarpsstöðvar, sem leyfi hafa til útvarps, annast þó sjálfar þessa skoðun á kvikmyndum sem sýna á í dagskrá að höfðu samráði við Kvikmyndaskoðun, sbr. 5. gr. Það eru því fyrst og fremst þær kvikmyndir sem ætlaðar eru til sýninga í kvikmyndahúsum, til leigu á myndbandaleigum eða til sölu í myndbandaleigum eða verslunum sem Kvikmyndaskoðun skoðar og metur með hliðsjón af 1.–3. gr. laganna. Sala, dreifing eða sýning kvikmyndar er þannig með öllu óheimil, nema fyrir liggi skoðunarvottorð Kvikmyndaskoðunar. Telji Kvikmyndaskoðun kvikmynd geta haft skaðleg áhrif á siðferði eða sálarlíf barna ákveður hún hvort banna skuli að sýna eða afhenda kvikmyndina börnum innan 16 ára aldurs eða á tilteknum aldursskeiðum innan þess aldurs samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna og reglugerð um Kvikmyndaskoðun, nr. 388/1995, með síð-

---

[23] Alþingistíðindi A 1999–2000, bls. 2014.

[24] Hér vísast til ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins frá 12. júní 1998 í máli E-8/97: TV 1000 Sverige AB gegn ríkisstjórn Noregs.

[25] Alþingistíðindi A 1999–2000, bls. 2014.

[26] Lög nr. 47/1995 leystu af hólmi lög nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum, og komu í staðinn fyrir ákvæði sem áður hafði verið að finna í VI. kafla laga um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966.

ari breytingum.[27] Það er hlutverk barnaverndarnefnda og lögreglunnar að hafa reglubundið eftirlit með því að úrskurðum Kvikmyndaskoðunar sé framfylgt og að aðeins séu sýndar kvikmyndir, eða þeim dreift, sem viðurkenndar eru af Kvikmyndaskoðun, sbr. 9. gr. laga nr. 47/1995.

1.12 Tölvuleikir

Í 11. gr. laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 47/1995, var að finna nýmæli. Ákvæðið heimilar ráðherra að setja reglur um skoðun tölvuleikja, þ.e. tölvuforrita sem hafa að geyma gagnvirka leiki, til að tryggja að notkun þeirra sé ekki í ósamræmi við tilgang laganna. Samkvæmt almennum athugasemdum í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laganna kemur fram að hlutverk þeirra sé að „stemma stigu við sýningu kvikmynda þar sem gróft ofbeldi er birt án þess að þjóna tilgangi upplýsinga eða listar, svo og að vernda börn eins og kostur er gegn öðru kvikmyndaefni sem talið er þeim skaðvænlegt“.[28] Þá segir jafnframt að haga skuli skoðun á tölvuleikjum með áþekkum hætti og skoðun kvikmynda að fengnum tillögum Kvikmyndaskoðunar. Með þessu ákvæði er ráðherra fengin heimild til þess að fella tölvuleiki undir sambærilega skoðunarskyldu og kvikmyndir lúta samkvæmt lögunum. Orðrétt segir í greinargerðinni:[29]

> „Myndefni“ af þessu tagi er tiltölulega nýtt fyrirbæri en í örri útbreiðslu og kann að reynast full ástæða til að fylgjast með því hvaða viðfangsefni börnum eru fengin á þeim vettvangi.

Ekki er að finna ákvæði sem lýtur að skoðun á tölvuleikjum í reglugerð um Kvikmyndaskoðun nr. 388 frá árinu 1995, með síðari breytingum, sem sett er með heimild í lögum nr. 47/1995.

Á 121. löggjafarþingi (1996–1997) lagði menntamálaráðherra fram frumvarp á Alþingi til breytinga á gildandi lögum um Kvikmyndaskoðun, nr. 47/1995. Rót þessara frumvarpsdraga var að rekja til bréfs umboðsmanns barna til ráðherra þar sem hann lagði til að lögin um Kvikmyndaskoðun yrðu endurskoðuð með það að markmiði að tryggja börnum betur þá vernd sem m.a. væri kveðið á um í stjórnarskrá, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og tilteknum ákvæðum tilskipana EB. Í bréfi umboðsmanns barna komu fram tillögur til gagngerra lagabreytinga og voru þær hafðar til hliðsjónar við samningu frumvarpsins.[30] Í 3. gr. frumvarpsins var gert ráð fyrir því að ráðherra væri ekki aðeins heimilt, heldur skylt, að setja reglur um skoðun tölvuleikja þannig að þeir yrðu látnir lúta hliðstæðum skoðunarreglum og kvikmyndir. Frumvarp þetta varð ekki útrætt og hefur ekki verið lagt fram á ný.

1.13 Opinberar sýningar og skemmtanir

Samkvæmt 56. gr. barnaverndarlaga, nr. 58/1992, með síðari breytingum, skal barnaverndarnefnd, eftir því sem hún telur ástæðu til, hafa eftirlit með leiksýningum hvers konar og opinberum sýningum eða skemmtunum ætluðum börnum. Telji barnaverndarnefnd að skemmtun sé með einhverjum hætti skaðleg börnum getur hún bannað að börn innan

---

[27] Reglugerðinni hefur tvisvar sinnum verið breytt, sbr. reglugerð nr. 303/1996 og reglugerð nr. 258/1998.
[28] Alþingistíðindi A 1994 (118. löggjafarþing), bls. 1624.
[29] Alþingistíðindi A 1994 (118. löggjafarþing), bls. 1624.
[30] Alþingistíðindi A 1996–1997, bls. 4679–4681.

ákveðins aldurs fái aðgang að henni. Hér undir gætu að sjálfsögðu fallið sýningar sem innihéldu klámfengið efni.

1.14 Símaþjónusta (símaklám)

Almenningur hefur aðgang að fjölmörgum símalínum sem bera yfirgjald. Í 4. mgr. 30. gr. laga um fjarskipti, nr. 107/1999, sem tóku gildi 1. janúar 2000, er að finna ákvæði sem eiga að vernda neytendur fyrir kostnaði við þessa þjónustu. Málsgreinin kemur í stað 27. gr. eldri laga um fjarskipti, nr. 143/1996, um eftirlit með símatorgsþjónustu. Samkvæmt henni kom það í hlut Póst- og fjarskiptastofnunar að hafa eftirlit með þessari þjónustugrein og gæta hagsmuna neytenda. Í 2. mgr. 27. gr. sagði að teldi Póst- og fjarskiptastofnun að símatorgsþjónusta væri andstæð almennu siðferði, svo sem vegna kláms eða þvíumlíks, gæti hún mælt fyrir um fyrirvaralausa stöðvun starfseminnar.

Með heimild í eldri lögum um fjarskipti, þ.e. lögum nr. 143/1996, setti samgönguráðherra nánari reglur um símatorgsþjónustu í reglugerð. Reglugerðin er nr. 359 frá árinu 1997. Í 1. gr. hennar kemur fram að símatorg sé upplýsingaþjónusta. Upplýsingar skulu lesnar inn á sjálfvirkan svörunarbúnað og má nálgast þær með því að hringja í sérstök uppkallsnúmer. Heimilt er að taka aukagjald fyrir símtöl við símatorgsnúmer. Sá sem óskar eftir að veita upplýsingaþjónustu á símatorgi þarf m.a. í umsókn sinni að gefa upplýsingar um fyrirhugaða upplýsingaþjónustu, sbr. 2. gr. Öll svörun í númer á símatorgi skal vera sjálfvirk, sbr. 3. gr. Þá segir í 13. gr. reglugerðarinnar:

> Óheimilt er að hafa á símatorgi efni, sem brýtur gegn almennum siðgæðisreglum svo sem efni, sem hvetur til ofbeldis og glæpa eða efni, sem kynnir eða tengist kynferðislegum athöfnum eða líkir eftir þeim.

Þá er jafnframt tekið fram í 15. gr. að auglýsingar og kynning á símatorgsþjónustu skuli ekki brjóta í bága við ákvæði 13. gr.

Í 18. gr. reglugerðarinnar segir að Póst- og fjarskiptastofnun hafi eftirlit með því að rekstrarleyfishafar og upplýsingaveitendur fylgi ákvæðum fjarskiptalaga og reglugerðarinnar. Eftirlit stofnunarinnar skal m.a. felast í upphringingum í uppkallsnúmer upplýsingaveitanda. Við mat á því hvort upplýsingar, sem veittar eru á símatorgi, brjóti gegn ákvæðum 13. gr. reglugerðarinnar um almennar siðgæðisreglur getur Póst- og fjarskiptastofnunin leitað til sérstakrar símatorgsnefndar, sem samgönguráðherra skipar til þriggja ára í senn. Hlutverk hennar samkvæmt reglugerðinni er að gefa álit á því hvort efni á símatorgi stríði gegn almennum siðgæðisreglum. Ef Póst- og fjarskiptastofnunin telur að upplýsingaveitandi veiti upplýsingar sem brjóta gegn almennu siðgæði er henni heimilt að loka fyrirvaralaust uppkallsnúmeri hans, sbr. 19. gr.

Ljóst er þegar ákvæði reglugerðarinnar eru skoðuð og þau borin saman við auglýsingar í fjölmiðlum, t.d. í dagblaðinu DV þar sem þær birtast flestar, að á þeim fáu árum sem liðið hafa frá því að reglugerð um símatorg tók gildi hefur markaðurinn fyrir símatorgsþjónustu tekið miklum breytingum og þjónustan sem þar er boðið upp á teygt sig langt út fyrir það sem ákvæði reglugerðarinnar mæla fyrir um. Sem dæmi má nefna að mikið hefur verið auglýst af efni, t.d. í DV síðustu ár, sem einmitt „kynnir eða tengist kynferðislegum athöfnum eða líkir eftir þeim“. Þá er ekki lengur um það að ræða að símalínurnar séu allar upplýsingalínur þar sem svörunin er sjálfvirk, heldur eru margar þeirra samtalslínur og eins er auglýst á sumum þeirra.

Í hinum nýju lögum um fjarskipti, sem tóku gildi 1. janúar 2000, er ekki að finna ákvæði sem svarar að öllu leyti til 27. gr. eldri laganna. Gildandi lög nota ekki orðin „símatorgsþjónusta", heldur „símtöl sem bera yfirgjald" og einungis er í 4. mgr. 30. gr. gildandi laga, sem kemur í stað 27. gr. eldri laga, kveðið á um neytendavernd varðandi þann *kostnað* sem af slíkum upphringingum getur hlotist, en ekki lengur varðandi það *efni* sem boðið er upp á eins og var í 27. gr. eldri laganna. Í lok 4. mgr. 30. gr. gildandi fjarskiptalaga segir að nánar skuli kveðið á um símtöl með yfirgjaldi í reglugerð. Sú reglugerð hefur ekki verið sett þegar þetta er skrifað. Skv. 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 110/1999, sem gengu í gildi 1. janúar 2000, er það áfram eitt af hlutverkum stofnunarinnar að hafa eftirlit með því að ákvæði laga um fjarskipti, auk reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, séu virt.

Eftir gildistöku laga um fjarskipti, nr. 107/1999, er það vafamál hvort ákvæði reglugerðar um símatorgsþjónustu, nr. 359/1997, eigi sér nægilega lagastoð, sérstaklega í ljósi þess að ekki er að finna í hinum nýju lögum ákvæði sem er hliðstætt 27. gr. eldri laga, nr. 143/1996.

1.15 Netið

Engar sérreglur er að finna í íslenskri löggjöf um birtingu og dreifingu kláms á netinu. Gilda því um það sömu reglur og um klám yfirleitt. Einn dóm er að finna í dómasafni Hæstaréttar þar sem klám á netinu var til umfjöllunar, *H 1998:516*. Í því máli var maður ákærður fyrir brot gegn 2. mgr. 210. gr. hgl. fyrir birtingu og dreifingu á klámi með því að hafa veitt almenningi aðgang að heimasíðu sinni á netinu þar sem var að finna klámfengnar myndir. Dómurinn er ítarlegar reifaður í kafla 1.18 hér á eftir.

1.16 Brot gegn blygðunarsemi

Í 209. gr. hgl., sbr. 15. gr. laga nr. 40/1992 og 104. gr. laga nr. 82/1998, er fjallað um brot gegn blygðunarsemi. Þar segir:

> Hver sem með lostugu athæfi særir blygðunarsemi manna eða er til opinbers hneykslis skal sæta fangelsi allt að 4 árum, en fangelsi allt að 6 mánuðum eða sektum ef brot er smávægilegt.

Samkvæmt athugasemdum í greinargerð er fylgdi með frumvarpi því er varð að breytingalögum nr. 40/1992, segir m.a.:[31]

> Af nýjum sérákvæðum í 200.–202. gr., sbr. 8.–10. gr. frumvarpsins um kynferðislega áreitni, leiðir hins vegar að undir 209. gr. fellur nú fyrst og fremst ýmiss konar háttsemi önnur en káf og þukl á líkama, t.d. gægjur á glugga, berháttun og önnur strípihneigð, klúrt orðbragð í síma.

Um muninn á 209. og 210. gr. hgl. segir Jónatan Þórmundsson lagaprófessor:[32]

---

[31] Alþingistíðindi A 1991–1992, bls. 791–792.

[32] Jónatan Þórmundsson: Um kynferðisbrot, inngangur, Reykjavík 1985, bls. 17.

Sá munur er á 209. og 210. gr. hgl., að 209. gr. leggur refsingu við því *athæfi* sjálfu, sem þar er lýst, en 210. gr. er stefnt gegn tiltekinni *tjáningu* hugsunar eða *lýsingu* í ýmsu formi.

1.17 Eftirlit með klámi

Lögreglu ber að hafa gætur á afbrotum og eru brot gegn 210. gr. hgl. þar meðtalin. Eins og sjá má hér að framan kemur það einnig í hlut ýmissa fleiri aðila að hafa eftirlit með því að ekki sé gengið of nærri almennu velsæmi í landinu. Má þar nefna starfsmenn póstþjónustunnar, samkeppnisráð, auglýsinganefnd og siðanefnd, útvarpsréttarnefnd, Kvikmyndaskoðun, barnaverndarnefndir og Póst- og fjarskiptastofnun. Öllum þessum aðilum er ætlað það hlutverk samkvæmt lögum og reglugerðum að hafa eftirlit með efni sem hugsanlega brýtur gegn almennum velsæmisreglum. Vel má hugsa sér að efni sé álitið brjóta gegn einstökum ákvæðum sérlaga hvað þetta varðar, þótt ekki verði það talið brjóta gegn 210. gr. hgl.

Í tengslum við gerð skýrslu þessarar var öllum lögreglustjóraembættum landsins, ásamt embætti ríkissaksóknara, sent bréf í lok júlí árið 2000 þar sem beðið var um upplýsingar um fjölda kæra vegna kláms síðastliðin fimm ár og afdrif þeirra. Rétt þykir að gera grein fyrir þessum tölulegu upplýsingum í skýrslunni, enda varpa þær ljósi á þýðingu klámákvæða í íslenskri löggjöf, þ.e. túlkun þeirra og raunverulega framkvæmd. Hafa ber þann fyrirvara að ekki er víst að tölurnar séu að öllu leyti nákvæmar þar sem mál af þessu tagi voru skráð undir heitinu kynferðisbrot fram til ársins 1997. Þá er hugsanlegt að einstök mál hafi farið á milli lögreglustjóraembætta og séu þar af leiðandi talin oftar en einu sinni. Enn fremur er mögulegt að mál vegna brota gegn 210. gr. hafi verið hluti af öðrum og stærri málum og þar af leiðandi ekki skráð sérstaklega sem brot gegn 210. gr. í málaskrá ríkissaksóknara eða að ríkissaksóknari hafi skráð fleiri en eina kæru á sama málanúmer. Þessar upplýsingar eru þó allnákvæmar og gefa skýra mynd af því hve margar kærur berast yfirvöldum á ári hverju vegna ætlaðra brota á 210. gr. og af afdrifum þeirra.

Samkvæmt upplýsingum *lögreglustjóra utan Reykjavíkur* var um að ræða 18 kærur á þessu tímabili. Níu málanna voru send ríkissaksóknara til afgreiðslu, einu þeirra lauk með sáttargerð, sex voru felld niður eða rannsókn þeirra hætt og tvö þeirra eru enn í rannsókn.

Í svari *lögreglustjórans í Reykjavík* kom í ljós að á árunum 1995 til júlíloka árið 2000 höfðu samtals 26 mál af þessu tagi verið til afgreiðslu hjá embættinu. Ellefu þeirra voru send embætti ríkissaksóknara til meðferðar, fjögur voru felld niður, fjögur voru lögð upp, þar af eitt vegna andláts sakbornings, eitt var sett í geymslu og sex eru enn í rannsókn.

Þá hafði embætti *rannsóknarlögreglu ríkisins* sjö kærur til meðferðar á árunum 1995–1997, en embættið var lagt niður 1. júlí 1997. Fimm málanna voru send embætti ríkissaksóknara til afgreiðslu og tvö þeirra voru lögð upp.

Samkvæmt upplýsingum frá *embætti ríkissaksóknara* eru skráð samtals 28 mál af þessu tagi í málaskrá embættisins á umræddu tímabili. Tvö árið 1995, fimm árið 1996, þrjú árið 1997, átta árið 1998, sex árið 1999 og fjögur í lok júlí árið 2000. Átta þeirra lauk með dómi (þar af einn frávísunardómur), sjö með viðurlagaákvörðun og ellefu þeirra voru felld niður. Í einu málinu hefur verið gefin út ákæra og eitt mál bíður enn afgreiðslu. Öll þessi mál voru framsend embættinu frá lögreglustjórum á landinu, að einu frátöldu sem var kært beint til ríkissaksóknara.

Miðað við framboð hér á landi á efni af kynferðislegum toga hljóta þetta að teljast tiltölulega fá mál sem leiða til málshöfðunar. Til þess að varpa ljósi á túlkun og framkvæmd ákvæða hegningarlaganna sem varða klám voru 14 þeirra mála sem leiddu til sakfellingar, ýmist með dómi eða viðurlagaákvörðun, skoðuð sérstaklega. Í ljós kemur að sex mál lúta að

barnaklámi. Í fimm þeirra var sakfellt fyrir vörslur, sbr. 4. mgr. 210. gr. hgl. Í einu þeirra var sakfellt fyrir vörslur og dreifingu, sbr. 2. og 4. mgr. 210. gr.

Í hinum átta málunum var sakfellt fyrir dreifingu annars klámefnis, sbr. 2. mgr. 210. gr. Þremur þessara mála lauk með viðurlagaákvörðun og er þar af leiðandi takmarkaðar upplýsingar að finna um eðli þess kláms er þar var um að ræða. Í þeim fimm dómum sem varða dreifingu kláms er í tveimur málanna tekið fram að ekki hafi verið um að ræða klám sem „almennt er til þess fallið að misbjóða siðferðisvitund fullorðins fólks". Í tveimur tilvikum, þar sem um var að ræða tiltölulega umfangsmikla dreifingu, má ráða af dómunum að m.a. hafi verið um klám af grófara tagi að ræða. Öðrum þessara dóma var áfrýjað til Hæstaréttar, sbr. *H 1998:969*, og er hann reifaður í kafla 1.18 hér á eftir. Í einu málanna var um að ræða dreifingu kláms á netinu. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar, sbr. *H 1998:516*, og er hann reifaður í kafla 1.18 hér á eftir.

Erfitt er að draga ályktanir af svo fáum dómum um framkvæmd á klámákvæði hegningarlaganna. Þannig virðist málshöfðun ekki sérstaklega vera bundin við umfangsmikla dreifingu eða gróft klám. Þvert á móti virðast umsvifin í sumum tilvikum hafa verið fremur lítil (í einu tilvikinu var um sex myndbandsspólur að ræða) og í öðrum var klámið ekki talið „til þess fallið að misbjóða siðferðisvitund fullorðins fólks", eins og það er orðað í tveimur dómanna. Þannig verður tæpast dregin önnur ályktun en sú að framkvæmd ákvæðisins sé fremur tilviljanakennd frekar en að fylgt sé samræmdum viðmiðum um hvenær lögregla aðhefst nokkuð í slíkum málum.

1.18 Dómar Hæstaréttar

Þegar dómasafn Hæstaréttar er skoðað kemur í ljós að fáir dómar hafa gengið þar sem reynt hefur á klámákvæði almennra hegningarlaga. Verða þeir nú reifaðir í tímaröð.

H 1972:397 (*klámritið „Kynblendingsstúlkan"*).

Saksóknari ríkisins gaf út ákæru á hendur tveimur mönnum fyrir að hafa gefið út og haft til sölu á almennum innlendum markaði klámrit, og var það talið varða við 210. gr. hgl. Í ákæru var hinum ákærðu nánar gefið að sök að hafa gerst brotlegir við nefnda lagagrein með:

> ... útgáfu og dreifingu klámritsins „Kynblendingsstúlkan" til almennrar sölu á innlendum markaði sumarið 1970 eftir að hafa fengið bók þessa þýdda úr dönsku ...

Héraðsdómari vísaði málinu frá dómi þar sem í ákæru var eigi vitnað til einstaks eða einstakra kafla, blaðsíðna, málsgreina, setninga né orða í bókinni til að renna stoðum undir að hún væri klámrit. Saksóknari ríkisins kærði frávísunardóminn til Hæstaréttar sem staðfesti hann með skírskotun til forsendna hans.

H 1973:452 („*plaköt*").

Í málinu voru G og H ákærðir:

> ... fyrir brot samkvæmt 210. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með því að hafa látið prenta 2000 myndspjöld („plaköt"), en á hverju þessara spjalda voru 12 klámfengnar myndir af fólki í ýmiss konar samræðisstellingum. Komu ákærðu síðan nokkrum hluta upplagsins til sölu í verzlun Karnabæjar ... í janúarmánuði 1972, en gáfu ennfremur nokkur af þeim.

Málavextir voru þeir að bræðurnir G og H stofnuðu sameignarfélagið P og var tilgangur þess útgáfustarfsemi. G kvaðst hafa látið gera erlendis teikningar af veggspjöldum með

stjörnumerkjum. Sýndu þau fólk í 12 samræðisstellingum. G kvað þessar teikningar hafa verið gerðar að fyrirmynd mismunandi erlendra veggspjalda, sem hefðu verið á boðstólum í verslunum í Englandi og Bandaríkjunum. G bar teikningarnar síðan undir H sem féllst á að P gæfi þær út. Voru þær prentaðar hér á landi í 2000 eintaka upplagi. H geymdi um helming upplagsins en G hinn helminginn. G kom um 200 eintökum til sölu í verslunina K. Kvaðst kaupmaður í K hafa selt spjöld þessi, sem voru þar til sýnis og sölu, á 300 kr. eintakið og skyldi K fá 100 kr. umboðssölulaun. G kvaðst hafa gefið nokkrum mönnum spjöld þessi og hefði enginn þeirra verið undir 18 ára aldri. Af hálfu lögregluyfirvalda var sala spjaldanna stöðvuð og lagt hald á samtals 1603 eintök. Kynlífsteikningar þessar voru skuggamyndir og sýndu líkamsstöður en eigi t.d. kynfæri. Eigi varð talið að veggspjöld þessi helguðust af neinum listrænum tilgangi öðrum en þeim að gera myndirnar að söluvarningi. Þær voru til sölu í K sem höfðaði mjög til ungs fólks með auglýsingum sínum og vörum sem þar voru á boðstólum.

Ákærðu héldu því fram undir rekstri málsins að veggspjöldin væru ekki klám og því hefðu þeir ekki framið refsiverðan verknað. Í héraðsdómi segir m.a.:

> Kynlífsteikningarnar tólf eru skuggamyndir, „silhouettur“, en þó þannig, að helztu líkamslínurnar, sem ekki markast af fletinum sjálfum, eru sýndar negatívar, þ.e. hvítar. Sýnd stjörnumerkjanna er hins vegar öfug við þetta: Þau eru hvít á svörtum grunni og innlínurnar því svartar. Teikningarnar eru kunnáttusamlega gerðar, og í þeim er á engan hátt leitazt við að draga neitt fram umfram líkamsstöðurnar, sem þær sýna, t.d. eru kynfæri ekki sýnd.
>
> Spjald þetta er veggspjald, ætlað til þess að hanga uppi og því auðsætt hverjum, þar sem það er. Er að þessu leyti um að ræða beinni og opnari skírskotun myndanna heldur en væri í blaði eða bók.
>
> Ekki verður séð, að veggspjald þetta helgist af neinum listrænum tilgangi né heldur neinum öðrum tilgangi en þeim að gera nefndar myndir að söluvarningi. Í því sambandi ber að líta á það, að eini staðurinn, þar sem spjöldin voru falboðin, var verzlun, sem höfðar mjög til ungs fólks með auglýsingum sínum og vörum þeim, er hún hefur á boðstólum.
>
> Af hálfu ákærðu hefur ekki verið bent á neitt, sem hér á landi hefur verið gefið út myndaefnis, er gangi jafnlangt í klámkennda átt. Þykir dóminum ekki rétt, að hann gangi fram fyrir skjöldu til þess að rýmka mörkin í þessum efnum. Samkvæmt þessu þykja ákærðu hafa gerzt brotlegir gegn 210. gr., 2. mgr., almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.
>
> Með tilliti til þess, að skiptar skoðanir geta verið um, hvað teljast skuli klám, og að ákærðu kunni að hafa haft nokkra ástæðu til að ætla, að gerð og dreifing fyrrgreindra veggspjalda væri innan marka þess, sem leyfilegt væri talið, þykir mega ákveða, að þeim skuli eigi refsing gerð.

Hæstiréttur komst svo að orði um veggspjöld þessi:

> Fallast ber á það mat héraðsdóms, að veggspjöld þessu [sic] séu ekki liður í listrænni tjáningu. Myndir þessar eru klámfengnar, og tilbúningur þeirra og dreifing með þeim hætti, er í héraðsdómi greinir, varðar báða ákærðu refsingu samkvæmt 210. gr., 2. málsgrein, almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Hæstiréttur taldi þó, svo sem sakarefni var háttað, að rétt væri að fresta ákvörðun refsingar skilorðsbundið miðað við 2 ár, sbr. 57. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr.

laga nr. 22/1955. Þá voru veggspjöldin, sem lögreglan hafði lagt hald á við rannsókn málsins, gerð upptæk.

H 1983:1568.

Í dóminum er fjallað um kærumál vegna haldlagningar lögreglu á tímaritum er talin voru innihalda m.a. klámfengið efni. Mál var síðar höfðað til refsingar, sbr. H 1984:855 (*Spegilsmál*).

H 1984:855 (*Spegilsmál).*

Ákæruvaldið höfðaði mál á hendur Ú fyrir að hafa, með útgáfu og dreifingu tveggja tímarita, gerst brotlegur gegn 125. gr. (guðlast) og 210. gr. hgl. og gegn lögum um prentrétt.

Dómur Hæstaréttar féll á þann veg að Ú var sakfelldur fyrir brot á 125. gr. hgl. vegna ummæla í tímaritunum. Fólu þau í sér háð um grundvallartrúarkenningar Þjóðkirkjunnar. Jók það á saknæmi brotsins að við háðið um trúarkenningar voru í lesmáli tengdir mjög alvarlegir glæpir.

Þá var Ú sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 210. gr. hgl. vegna greinar er tjáðist vera útdráttur úr dagbók nafngreinds manns, en þar var vikið að kynrænum efnum. Um þennan hluta ákæruskjalsins segir í dómi Hæstiréttar:

> Lesefnið er rakin smekkleysa, sem lýtur að nafngreindum mönnum, og ósæmilegt með öllu, en verður ekki talið klám svo sem skýra þykir eiga það orð í 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eftir þeim viðhorfum, sem nú ríkja um umfjöllun um kynræn efni, m.a. í rituðu máli. Ber því að sýkna ákærða af ákæru fyrir brot á nefndu ákvæði.

Í héraði hafði Ú aftur á móti verið sakfelldur fyrir þennan ákærulið með eftirfarandi orðum héraðsdómarans m.a.:

> Orð þessi eru lágkúruleg, illkvittin, ófyrirleitin, móðgandi og í alla staði hin grófasta árás á einkalíf fólks og virðast aðeins sett fram í því skyni að svívirða hjónin á hinn grófasta hátt og selja blaðið til hagsbóta fyrir útgefandann. Ófyrirleitin kynlífsumfjöllun af þessu tagi, sem þjónar engum jákvæðum tilgangi, álítur dómurinn vera brot á 1. og 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga, og hefur ákærði unnið sér til refsingar samkvæmt henni.

Ú var síðan sakfelldur í Hæstarétti vegna myndar er sýndi konu og barn og svo karlmann sem mundaði sveðju að nöktum getnaðarlimi sínum. Í dóminum segir m.a.:

> Þessi sorafengna mynd þykir, þegar hún er virt heildstætt, vera með þeim hætti, að hún varði ákærða refsingu samkvæmt 210. gr. almennra hegningarlaga.

Þá var Ú einnig sakfelldur fyrir brot á prentlögum. Ú var dæmdur til að greiðslu sektar að fjárhæð 16.000 kr. Þá voru þær blaðsíður tímaritanna sem geymdu refsiverð ummæli dæmd upptæk, ásamt þeim myndmótum og offsetfilmum er vörðuðu þetta efni.

H 1990:1103 (*Stöð 2*).

J var ákærður fyrir að hafa, sem útvarpsstjóri sjónvarpsstöðvarinnar Stöð 2, sýnt á Stöð 2 tvær klámmyndir, „Í nautsmerkinu“ og „Í tvíburamerkinu“. Í ákæru segir orðrétt:

... í báðum myndunum koma fyrir mörg klámfengin atriði, þar sem lögð er áhersla á að sýna með lostafullum hætti kynfæri karla og kvenna, kynmök samkynja fólks og ósamkynja, mök fleiri en tveggja í einu og fólk við sjálfsfróun ...

Í ákæruskjali var þetta talið varða við 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga, svo og útvarpslög. Um sakarefnið segir svo í dómi héraðsdóms:

Af hálfu sérfræðinganefndar Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna var í mars 1986 gerður greinarmunur á hugtökunum klámi (pornografia) og kynþokkalist (erotika), þannig að klám var skilgreint sem ögrandi framsetning á kynlífi í auðgunartilgangi, án ástar, blíðu eða ábyrgðar, en kynþokkalist sem bókmenntaleg eða listræn tjáning ástar.

Í kvikmyndum þeim, sem til umfjöllunar eru í máli þessu, er greinilega lögð áhersla á að sýna á ögrandi hátt í langflestum þeim atriðum, sem ákært er út af ... oft í nærmynd kynfæri karla og kvenna, kynmök fólks og fólk við sjálfsfróun, án þess að séð verði, að það þjóni neinu augljósu markmiði öðru en að sýna kynlífsathafnir. Listrænn, fagurfræðilegur eða leikrænn tilgangur þessara atriða í myndunum þykir eigi vera sýnilegur.

Var það álit héraðsdóms að í öllum þeim tilvikum sem ákært var út af, að undanskildum tveimur, væri um klám að ræða í skilningi 2. mgr. 210. gr. hgl. Var ákærði dæmdur til greiðslu sektar að fjárhæð 200.000 kr. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest í Hæstarétti.

H 1992:1705 (*sex unglingsstúlkur*).

H var sakfelldur fyrir að veita nokkrum stúlkum undir lögaldri áfengi á heimili sínu frá mars til ágúst 1991, fyrir að sýna þeim klámkvikmyndir í myndbandstæki, svo og fyrir að hafa haft samfarir við þrjár þeirra, fæddar 1977, 1978 og 1979, er þær voru ölvaðar, eftir að hann hafði veitt þeim áfengi. H var ljós aldur stúlknanna. H braut þannig gegn áfengislögum og 1. mgr. 202. gr. hgl., eins og henni var breytt með 10. gr. laga nr. 40/1992, hvað varðaði að veita stúlkunum áfengi og hafa mök við þrjár þeirra undir lögaldri. Athæfi hans að sýna þeim klámmyndir í myndbandstæki á heimili sínu varðaði við 3. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga. Refsing var ákveðin tveggja ára og sex mánaða fangelsi.

H 1998:516 (*netið*).

Þ var ákærður fyrir brot gegn 2. mgr. 210. gr. hgl. fyrir birtingu og dreifingu á klámi með því að hafa veitt almenningi aðgang að heimasíðu sinni á netinu þar sem var að finna klámfengnar myndir. Þ skráði heimasíðu sína hjá leitarstöð á vegum H og einnig í erlendri leitarstöð. Ekki varð séð af skráningunum, að hann hefði merkt heimasíðu sína á þann hátt að þar væri að finna svonefnt „heitt" efni, en hann setti myndirnar á heimasíðu sína án þess að búa svo um að aðgangur annarra að þeim væri háður heimild hans. Var því litið svo á að hann hefði boðið öðrum aðgang að myndunum og þar með miðlað efninu í gegnum netið. Slík miðlun taldist dreifing í skilningi 2. mgr. 210. gr. hgl.

Í dómi héraðsdóms segir um sakarefnið:

Ekki þykir orka tvímælis, að þær 67 myndir, sem ákært er út af og sýna kynfæri karla og kvenna, kynmök og aðrar kynlífsathafnir á opinskáan hátt, án þess að séð verði, að listrænn, fagurfræðilegur eða leikrænn tilgangur liggi að baki, eru klámmyndir í skilningi 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga.

Hæstiréttur féllst á það með héraðsdómi að umræddar myndir væru klám í skilningi 2. mgr. 210. gr. hgl. Þar sem brotið var ekki stórfellt, ekki drýgt í auðgunarskyni og Þ vakti ekki

sérstaka athygli annarra á myndefninu þótti refsing hans hæfilega ákveðin 20.000 kr. sekt í ríkissjóð.

H 1998:969 (*myndbönd*).

M var m.a. ákærður fyrir að hafa á tímabilinu frá 1. september til 1. nóvember 1996 haft til láns og leigu 102 kvikmyndir með klámfengnu efni í myndbandaleigu sinni, „en á öllum myndunum, sem lögregla lagði hald á við húsleit ... er meginmyndefnið klámfengin atriði, þar sem lögð er áhersla á að sýna með lostafullum hætti kynfæri karla og kvenna í margs konar kynmökum", eins og segir í ákæru. Var þetta talið varða við 2. mgr. 210. gr. hgl.

Í héraðsdómi segir:

> Í dómi sakadóms Reykjavíkur 28. febrúar 1990 í málinu nr. 124/1990: Ákæruvaldið gegn J ..., en sá dómur var staðfestur í Hæstarétti ..., er tilgreind skilgreining sérfræðinganefndar Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna á klámi. Í forsendum dómsins segir: „Af hálfu sérfræðinganefndar Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna var í mars 1986 gerður greinarmunur á hugtökunum klámi (pornografia) og kynþokkalist (erotika), þannig að klám var skilgreint sem ögrandi framsetning á kynlífi í auðgunartilgangi, án ástar, blíðu eða ábyrgðar, en kynþokkalist sem bókmenntaleg eða listræn tjáning ástar." Dómendur telja, að við þessa skilgreiningu megi styðjast, þegar metið er, hvort myndbönd þau, sem ákært er fyrir dreifingu á í þessu máli, innihaldi klám.
>
> Að mati dómenda eru öll þau myndskeið, sem þeir skoðuðu ... klámfengin, þó að misgróf séu. Hið sama gildir um öll þau myndskeið, sem lýst er í ... skoðunarskýrslu, en þar er lýst myndskeiðum úr öllum þeim myndböndum, sem ákært er út af. Lögð er áhersla á að sýna kynfæri og kynmök og sjálfsfróun á ögrandi hátt. Ögrunin felst m.a. í því, að myndskeið eru dregin á langinn, kynfæri sýnd í nærmynd við kynmök og sjálfsfróun og stundum lögð áhersla á afbrigðileg kynmök. Klámið er þó ekki af grófasta tagi; á myndböndunum virðist ekki að finna barna- eða dýraklám eða klám tengt grófu ofbeldi. Að mati dómenda örlaði ekki á kynþokkalist í þeim myndskeiðum, sem þeir skoðuðu. Að þeirra mati er augljóst, að framleiðsla myndbandanna í máli þessu hefur ekki listrænan eða fagurfræðilegan tilgang, heldur eru þau einungis gerð í hagnaðarskyni. Dómendur telja, að í öllum myndböndum málsins sé klám, sem falli undir ákvæði 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í Hæstarétti var M dæmdur fyrir brot gegn 2. mgr. 210. gr. hgl. Hann var einnig sakfelldur fyrir brot gegn áfengislögum og lögum um ávana- og fíkniefni. Var hann dæmdur til greiðslu 450.000 kr. sektar í ríkissjóð.

2. Vændi

2.1 Almennt

Í XXII. kafla almennra hegningarlaga (Um kynferðisbrot), 206. gr., sbr. 13. gr. laga nr. 40/1992 og 103. gr. laga nr. 82/1998, er að finna ákvæði um vændi. Þá er í 208. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 40/1992, sérstök ítrekunarheimild, sem heimilar aukna refsingu þegar sá sem sæta skal refsingu eftir 206. gr., hefur áður verið dæmdur fyrir brot á því ákvæði eða hann hefur áður verið dæmdur til fangelsisvistar fyrir auðgunarbrot.

Ákvæði 207. gr. hgl., sem fjallaði sérstaklega um kynferðismök samkynhneigðra gegn greiðslu, var fellt niður með 16. gr. laga nr. 40/1992 í samræmi við breyttan tíðaranda gagnvart samkynhneigðum.

2.2 Stundan vændis

Samkvæmt 1. mgr. 206. gr. hgl., með síðari breytingum, er lögð refsing við því að stunda vændi sér til framfærslu, en þar segir:

> Hver sem stundar vændi sér til framfærslu skal sæta fangelsi allt að 2 árum.

Ákvæði 1. mgr. 206. gr. var áður að finna í XX. kafla hgl., 181. gr. Það var síðan með breytingalögum nr. 40/1992, 13. gr., sem það var flutt úr XX. kafla laganna, Brot á reglum um framfærslu og atvinnuháttu, yfir í XXII. kafla, sem fjallar um kynferðisbrot. Þótti það eðlilegra fyrirkomulag að flokka þetta brot með öðrum kynferðisbrotum, þar sem þau varða öll kynlíf og kynhegðun fólks. Þá voru jafnframt gerðar orðalagsbreytingar á ákvæðinu þótt það héldi sér efnislega. Í 181. gr. var m.a. talað um að „afla sér framfærslu með ólöglegu móti, svo sem með ... lauslæti". Hugtakið „vændi" kemur því ekki fyrir í íslenskri löggjöf fyrr en með breytingalögum, nr. 40/1992. Refsimörkin í 1. mgr. 206. gr. eru þau sömu og kveðið var á um í 181. gr. Refsihámarkið er 2 ára fangelsi og þar sem ekkert sérstakt refsilágmark er tiltekið, gilda um það ákvæði 34. gr. hgl.

Hugtakið „vændi" er hvorki skilgreint í lagatextanum sjálfum né í greinargerð. Þá var hugtakið „lauslæti" í 181. gr. laganna, eins og hún hljóðaði fyrir breytinguna árið 1992, heldur ekki skilgreint, hvorki í texta laganna sjálfra né greinargerð. Rétt er að gera ráð fyrir því að almennur skilningur á hugtakinu vændi feli í sér að aðilar (kaupandi og seljandi) semji svo um að kynferðisathafnir fari fram á milli þeirra gegn greiðslu. Greiðslan getur hvort heldur verið í formi peninga eða annarra verðmæta.

Jónatan Þórmundsson lagaprófessor skilgreinir hugtakið vændi í grein er birtist í Morgunblaðinu árið 1980 og hljóðar skilgreiningin svo:[33]

> Hugtakið vændi (prostitution) má nota um þá hegðun karls eða konu að gefa hverjum sem er öðrum, karli eða konu, kost á líkama sínum til einhvers konar kynferðismaka fyrir borgun.

Orðin „að stunda vændi sér til framfærslu" í 1.mgr. 206. gr. vísa til umfangs vændisins. Það hefur þá merkingu að til þess að vændi sé refsiverð háttsemi, þurfi að vera um að ræða hátterni sem stundað er í svo ríkum mæli að endurgjald fyrir það skipti verulegu máli í framfærslu viðkomandi. Það getur verið eina „atvinna" viðkomandi, aðal-„atvinna" eða a.m.k. stundað svo reglubundið að verulega muni um þau verðmæti sem fyrir vændið fást í framfærslu viðkomandi. Í þessum tilvikum er um ólöglega framfærsluleið að ræða. Að öðru leyti er vændi (lauslæti) ekki refsivert.

Í samræmi við réttrarþróun í öðrum löndum var sú stefna tekin við endurskoðun kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga árið 1992, sem leiddi til breytingalaga nr. 40/1992, að ákvæði hans urðu ókynbundin. Ákvæði 1. mgr. 206. gr. nær þannig jafnt til karla og kvenna sem seljenda þessarar þjónustu, þ.e. konur sem karlar geta gerst sek um vændi, og eins tekur ákvæðið til vændis gagnkynhneigðra sem og samkynhneigðra, þ.e. kaupandi þjónustunnar getur hvort heldur sem er verið af sama kyni og seljandinn eða af gagnstæðu kyni.

---

[33] Morgunblaðið 20. mars 1980, bls. 20–21. Í kandídatsritgerð Ástu Sigrúnar Helgadóttur við lagadeild Háskóla Íslands frá því í maí árið 1993, sem ber heitið Vændi og hagnýting þess, er hugtakið vændi skilgreint á sama hátt, sbr. bls. 24. Vísað er til ritgerðarinnar með leyfi höfundar.

Það er athyglisvert til samanburðar að skv. 207. gr. hgl., sem felld var niður með 16. gr. laga nr. 40/1992, varðaði það mann refsingu að hafa kynferðismök við annan mann, sama kyns, fyrir borgun. Hér virðist því hafa dugað til refsiábyrgðar eitt einstakt skipti, ef því var að skipta. Eins og áður hefur komið fram var ákvæði þetta, sem þótti vitna um fordóma í garð samkynhneigðra, fellt úr lögunum árið 1992 í samræmi við breytt viðhorf gagnvart þessum hópi fólks.

Árið 1992, lá frumvarp að breytingalögum nr. 40/1992 fyrir Alþingi, og spunnust þá miklar umræður innan þingsins um það hvort yfirleitt væri rétt og eðlilegt að refsa mönnum fyrir vændi sér til framfærslu. Voru skiptar skoðanir um það efni meðal þingmanna. Allsherjarnefnd, sem hafði frumvarpið til umfjöllunar á sínum tíma, klofnaði í afstöðu sinni. Meiri hluti hennar var fylgjandi því að hafa ákvæði sem þetta áfram í íslenskum hegningarlögum,[34] en minni hlutinn vildi fella úr lögunum ákvæði sem lýsti vændi sér til framfærslu refsivert.[35] Helstu rökin sem fram komu hjá þingmönnum gegn því að rétt væri að refsa fyrir vændi sér til framfærslu voru í fyrsta lagi að flestir sem gripu til þessa ráðs sér til viðurværis gerðu það út úr mikilli neyð og að oft á tíðum færi saman eiturlyfjaneysla og vændi. Í öðru lagi mundi slíkt refsiákvæði vinna gegn því að þeir sem stunduðu vændi og yrðu fyrir kynferðislegu ofbeldi við þær aðstæður kærðu slík brot til lögreglunnar af hættu við að koma upp um sjálfa sig. Í þriðja lagi töldu þingmenn að óeðlilegt væri að aðeins öðrum aðilanum væri refsað, þ.e. þeim er stundar vændið, en ekki hinum, þ.e. þeim sem kaupir þjónustuna.[36] Rökin fyrir ákvæðinu eru fyrst og fremst þau að ákvæði sem þetta sé til þess fallið að hafa áhrif á almennt siðgæði í landinu, hafa varnaðaráhrif.[37] Slíku ákvæði sé ætlað að vera „skilaboð til þjóðfélagsins um hug löggjafarvaldsins til verknaðarins", eins og einn ræðumanna á Alþingi komst að orði er frumvarpið var þar til meðferðar.[38] Enginn ágreiningur varð aftur á móti um það innan þingsins að rétt væri að refsa fyrir hagnýtingu vændis, sbr. 2.–5. mgr. 206. gr. hgl.

2.3 Hagnýting vændis

Í 2.–5. mgr. 206. gr. hgl., sbr. 13. gr. laga nr. 40/1992 og 103. gr. laga nr. 82/1998, er að finna ýmis ákvæði er lúta að hagnýtingu vændis í einni eða annarri mynd. Í ákvæðunum er ekki notað orðið „vændi" heldur orðið „lauslæti". Í kandídatsritgerð Ástu Sigrúnar Helgadóttur, sem áður hefur verið vitnað til, segir: „Telja verður að tilgangurinn með því að nota orðið lauslæti sé að gera ákvæðin víðtækari, þ.e. að ákvæðin nái yfir fleiri athafnir en vændi samkvæmt lagaskilningi, þ.e. orðið lauslæti er víðtækara."[39] Það er sameiginlegt með verknuðunum sem lýst er í 2.–5. mgr. 206. gr. að þeir eru almennt unnir í hagnaðarskyni og miða refsiákvæðin öll að því að gera þá sem nefna mætti „milligöngumenn" eða „vændismiðlara" í þessu sambandi refsiábyrga. Það er einkenni flestra vændisbrota að þeir einstaklingar sem þau fremja eru oftar en ekki illa á vegi staddir heilsufarslega, andlega og/eða félagslega. Það sýnir hversu alvarlegum augum löggjafinn lýtur það er menn hafa eymd og neyð annarra að

---

[34] Alþingistíðindi A 1991–1992, bls. 5042–5043.

[35] Alþingistíðindi A 1991–1992, bls. 5082–5084.

[36] Alþingistíðindi A 1991–1992, bls. 5082–5084, og Alþingistíðindi B 1991–1992, bls. 1350–1351 og 8668–8669.

[37] Sjá t.d. Alþingistíðindi B 1991–1992, bls. 8393 og 8398–8399.

[38] Alþingistíðindi B 1991–1992, bls. 8396–8397.

[39] Vændi og hagnýting þess, bls. 46.

féþúfu að refsihámark fyrir brot á þessum ákvæðum er hærra en skv. 1. mgr. 206. gr., eða fjögur ár.

a) Atvinna eða viðurværi af lauslæti annarra
Ákvæði 2. mgr. 206. gr., sbr. 13. gr. laga nr. 40/1992, er svohljóðandi:

> Hver sem hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

Fyrir breytinguna, sem gerð var á hegningarlögunum með lögum nr. 40/1992, var samsvarandi ákvæði að finna í 181. gr. laganna. Samkvæmt orðalagi þeirrar lagagreinar var það m.a. ólögleg framfærsluleið að fá „... viðurværi sitt frá kvenmanni sem hefur ofan af fyrir sér með lauslæti ...“ Slík háttsemi gat varðað allt að tveggja ára fangelsi, enda lægi ekki þyngri refsing við broti eftir öðrum lögum. Með 13. gr. laga nr. 40/1992 var refsihámarkið fyrir þetta brot hækkað úr tveimur árum í fjögur. Tilgangur ákvæðisins er að koma í veg fyrir að milligöngumenn notfæri sér lauslæti annarra í hagnaðarskyni.

b) Ginning, hvatning eða aðstoð við ungmenni til að hafa viðurværi sitt af lauslæti
Ákvæði 3. mgr. 206. gr., sbr. 13. gr. laga nr. 40/1992, er svohljóðandi:

> Sömu refsingu varðar það að ginna, hvetja eða aðstoða ungmenni, yngra en 18 ára, til þess að hafa viðurværi sitt af lauslæti.

Ákvæðið svarar til 2. mgr. 206. gr. hgl. eins og hún hljóðaði áður en breytingalög nr. 40/1992 tóku gildi. Ákvæðin eru efnislega samhljóða, aðeins voru gerðar smávægilegar breytingar á orðalagi. Í greinargerð með frumvarpi því er varð að almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, kemur fram í skýringum með ákvæðinu að þar sé lögð refsing við verknaði sem miði að því að spilla siðferði barna og unglinga.[40] Hinn refsiverði verknaður er fólginn í því að fá ungmenni, sem ekki hafa náð 18 ára aldri, til þess að hafa viðurværi sitt af lauslæti með einhverri þeirri aðferð sem tiltekin er í ákvæðinu. Í greinargerð kemur fram að sá verknaður sé refsiverður þótt hann sé ekki framinn í ávinningsskyni.[41]
Orðin „sömu refsingu“ vísa til 2. mgr. 206. gr. þar sem fram kemur að brot gegn ákvæðinu geti varðað fangelsi allt að fjórum árum.

c) Flutningur fólks milli landa í því skyni að það hafi viðurværi sitt af lauslæti
Í 4. mgr. 206. gr., sbr. 13. gr. laga nr. 40/1992, er að finna eftirfarandi ákvæði:

> Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að því að nokkur maður flytji úr landi eða til landsins í því skyni að hann hafi viðurværi sitt af lauslæti ef viðkomandi er yngri en 21 árs eða honum er ókunnugt um þennan tilgang fararinnar.

Ákvæðið svarar til 3. mgr. 206. gr. eins og hún hljóðaði fyrir gildistöku breytingalaga nr.

---

[40] Safn greinargerða við almenn hegningarlög, nr. 19/1940, ásamt breytingum, Úlfljótur, kennslurit I, 1978, bls. 60.
[41] Safn greinargerða við almenn hegningarlög, nr. 19/1940, ásamt breytingum, bls. 60.

40/1992. Með 13. gr. breytingalaganna voru þær efnislegu breytingar gerðar á ákvæðinu að það var látið taka bæði til þess að stuðla að því að maður flytti *úr landi* og *til landsins* í því skyni að hann hefði viðurværi sitt af lauslæti. Ákvæðið, eins og það hljóðaði fyrir breytinguna, tók aðeins til þess verknaðar að stuðla að flutningi manns úr landi í því skyni að hann hefði ofan af fyrir sér erlendis með lauslæti. Þessi verknaðarlýsing þótti vera of þröng þar sem það gæti átt sér stað að stuðlað væri að því að fólk flytti hingað til lands í sama tilgangi.

Samkvæmt 4. mgr. 206. gr. er annars vegar refsivert að hafa milligöngu um að maður, sem er yngri en 21 árs, flytji úr landi eða til þess í því skyni að hann hafi viðurværi sitt af lauslæti. Aldursmörkin eru höfð óbreytt frá því sem þau voru er ákvæðið var sett í almenn hegningarlög árið 1940. Á þeim tíma varð fólk lögráða 21 árs en verður nú lögráða við 18 ára aldur. Vafalaust hefur löggjafinn litið svo á þegar endurskoðun fór fram á XX. kafla hegningarlaganna árið 1992 að fólk sem væri 20 ára eða yngra væri enn svo ungt og reynslulaust að rétt væri að ákvæðið tæki til þess aldurshóps, óháð því hvenær menn öðluðust lögræði samkvæmt lögræðislögum. Þá skiptir það ekki máli um refsinæmi verknaðar hvort viðkomandi ungmenni var kunnugt um þennan tilgang fararinnar eða ekki. Samþykki svo ungrar manneskju leysir milligöngumann þannig ekki undan refsiábyrgð. Fram kemur í frumvarpi því er varð að almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, að refsiákvæði þetta sé sett til verndar siðferði barna og unglinga.[42]

Hins vegar varðar það refsingu skv. 4. mgr. 206. gr. að hafa milligöngu um inn- eða útflutnings manns sem orðinn er 21 árs í því skyni að hann hafi viðurværi sitt af lauslæti sé honum ókunnugt um þennan tilgang dvalarinnar. Þegar þessar aðstæður eru fyrir hendi skiptir aldur viðkomandi engu máli. Ef manni er ókunnugt um þennan tilgang fararinnar fylgir því ávallt refsiábyrgð fyrir milligöngumanninn. Hafi viðkomandi aftur á móti verið kunnugt um tilganginn fylgir því ekki refsiábyrgð fyrir milligöngumanninn, nema viðkomandi sé yngri en 21 árs.

Með „sömu refsingu“ er með vísan til 2. mgr. 206. gr. átt við fangelsi í allt að fjögur ár.

d) Hvatning til þess að aðrir hafi kynferðismök gegn greiðslu eða hagnýting lauslætis annarra

Ákvæði 5. mgr. 206. gr., sbr. 13. gr. laga nr. 40/1992, er svohljóðandi:

> Hver sem stuðlar að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu að aðrir hafi holdlegt samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu eða gerir sér lauslæti annarra að tekjulind, svo sem með útleigu húsnæðis eða öðru, skal sæta fangelsi allt að 4 árum en sektum eða fangelsi allt að 1 ári ef málsbætur eru.

Ákvæðið svarar til 1. mgr. 206. gr. hgl., eins og hún hljóðaði áður en breytingalög nr. 40/1992 tóku gildi. Með 13. gr. breytingalaganna var efni ákvæðisins rýmkað frá því sem áður var að því leyti að sá sem með ginningum, hvatningum eða milligöngu stuðlar að því að aðrir hafi holdlegt samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu skal sæta refsingu eins og sá sem gerir sér lauslæti annarra að tekjulind.[43] Þá er þess nú freistað að skýra hvað átt sé við með orðunum „að gera sér lauslæti annarra að tekjulind“. Sem dæmi er nefnd útleiga hús-

---

[42] Safn greinargerða við almenn hegningarlög, nr. 19/1940, ásamt breytingum, bls. 60.

[43] Alþingistíðindi A 1991–1992, bls. 791.

næðis. Fleiri dæmi eru nefnd í greinargerð, svo sem útvegun ungmenna til þátttöku í kynlífsmyndum eða milliganga um að manneskja sem er háð vímuefnum eigi kynferðismök í einstakt skipti eða oftar.[44]

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 40/1992 var refsihámark ákvæðisins látið halda sér, en sett voru sérrefsimörk þess efnis að væru málsbætur fyrir hendi mætti dæma menn í sektir eða varðhald allt að 1 ári (nú fangelsi, sbr. 103. gr. laga nr. 82/1998).

Dómar sem gengið hafa í Hæstarétti Íslands varðandi vændi varða allir brot gegn 5. mgr. 206. gr. hgl. (áður 1. mgr. sömu lagagreinar).

2.4 Ítrekun

Í 208. gr. hgl., sbr. 14. gr. laga nr. 40/1992, er að finna eftirfarandi ítrekunarákvæði:

> Nú hefur maður, sem sæta skal refsingu eftir 206. gr., áður verið dæmdur fyrir brot á þeirri grein, eða hann hefur áður verið dæmdur til fangelsisvistar fyrir auðgunarbrot, má þyngja refsingu svo bætt sé við hana allt að helmingi hennar.

Greinin er að mestu leyti óbreytt miðað við hljóðan hennar fyrir breytingalög nr. 40/1992. Aðeins voru gerðar á henni lítilsháttar orðalagsbreytingar til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru á hegningarlögunum með breytingalögunum.

Samkvæmt 208. gr. er heimilt að láta brot gegn 206. gr. hafa ítrekunaráhrif, þ.e. hafa áhrif til aukinnar refsingar, ef sakborningur hefur áður verið dæmdur fyrir brot gegn sama lagaákvæði eða hann hefur áður verið dæmdur til fangelsisvistar fyrir auðgunarbrot. Ákvæði 208. gr. felur þannig í sér refsihækkunarástæðu og heimilar að refsing sakbornings verði þyngd þannig að bætt sé við hana allt að helmingi hennar. Áður en ítrekunarheimild 208. gr. verður beitt, ber dómara að ganga úr skugga um hvort hin almennu skilyrði fyrir ítrekunaráhrifum sem tilgreind eru í 71. gr. hgl. séu fyrir hendi.

2.5 Lögreglusamþykktir

Samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36/1988, skal í lögreglusamþykktum sveitarfélaga kveða á um það sem varðar allsherjarreglu, svo sem reglu og velsæmi á og við almannafæri, sbr. 1. mgr. 3. gr. Sem dæmi má nefna að í nýlegri lögreglusamþykkt fyrir Dalvíkurbyggð, nr. 525/1999, er þetta orðað svo í 1. mgr. 2. gr. að enginn megi sýna öðrum áreitni á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega hegðun, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði. Hér undir gætu fallið þau tilvik er þeir sem stunda vændi byðu upp á þjónustu sína á almannafæri (götuvændi). Einnig er hugsanlegt að slík hegðun gæti heyrt undir undir 209. gr. hgl.

2.6 Hjúalög

Í tengslum við umfjöllun um lagaákvæði sem lúta að vændi og lauslæti í íslenskri löggjöf er rétt að gera í örstuttu máli grein fyrir ákvæðum hjúalaga, nr. 22/1928, sem þetta varða. Þótt telja verði að ákvæði þessi séu orðin úrelt vegna breyttra þjóðfélagshátta þykir rétt að gera grein fyrir þeim hér þar sem þau eru þrátt fyrir allt gildandi lög í landinu.

Ákvæði 23. gr. hjúalaga hljóðar svo:

---

[44] Alþingistíðindi A 1991–1992, bls. 791.

23. gr.

Hjúi er vítalaust að koma ekki í vistina, ef það getur sannað, að húsbóndinn hafi á síðasta ári áður en vistarráðin áttu að hefjast misþyrmt hjúi eða svelt það, leitast við að tæla hjú til illverka eða lauslætis, enda hafi hjúi verið ókunnugt um þessar sakir, þegar samningar um vistina tókust.

Ef hjú er komið í vistina, þegar það fær vitneskju um eitthvert þeirra afbrota af hálfu húsbónda sem nefnd voru, er því heimilt að víkja úr vistinni fyrirvaralaust, enda geri það svo innan 14 daga eftir að það fékk vitneskju um verknaðinn. Kaups getur hjúið aðeins krafist fyrir þann tíma, sem það var í vistinni.

Þá er 24. gr. hjúalaga svohljóðandi:

Hjúi er heimilt að ganga fyrirvaralaust úr vistinni, þegar það getur sannað að húsbóndi hafi gerst sekur um alvarlegt brot á skyldum sínum gagnvart því, svo sem ef hann:

...

2. leitast við að tæla hjúið til illverka eða lauslætis, eða ef aðrir heimilismenn gera sig bera að slíku og húsbóndi veitir ekki hjúinu tilhlýðilega vernd, þótt það beri sig upp undan því við hann.

Loks er að finna ákvæði í 27. gr. laganna:

Húsbóndi má þegar vísa hjúi úr vist, er hann getur sannað, að hjúið hafi gerst mjög brotlegt gegn skyldum sínum, eða ef framferði þess er mjög ábótavant, svo sem ef hjúið:

...

6. raskar heimilisfriði með lauslætisframferði.

Ákvæði þessi þarfnast tæplega frekari skýringa, enda hafa þau enga þýðingu í framkvæmd. Þess má þó geta að ekki er víst að hugtakið „lauslæti“ í hjúalögunum yrði skýrt með sama hætti og í 206. gr. hgl.

2.7 Húsaleigusamningar

Í 61. gr. húsaleigulaga, nr. 36/1994, kemur fram að leigusala sé heimilt að rifta húsaleigusamningi ef leigjandi nýtir húsnæðið á annan hátt en húsaleigulögin eða leigusamningur mæla fyrir um og landslög leyfa að öðru leyti og lætur ekki af misnotkun þess þrátt fyrir skriflega áminningu leigusala. Sem dæmi um tilvik sem gæti átt hér undir væri ef leigjandi stundaði vændi í hinu leigða húsnæði.

2.8 Kaup á vændi barna og ungmenna

Ef barn yngra en 14 ára býður líkama sinn til kaups verður kaupandinn ávallt refsiábyrgur skv. 1. mgr. 202. gr. hgl., sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992. Hegðun barnsins væri aftur á móti refsilaus þar sem það hefði ekki náð lögbundnum sakhæfisaldri.[45] Hafi kaupandi ekki gert sér grein fyrir ungum aldri seljandans ber að beita vægari refsingu að tiltölu, sbr. 204. gr. hgl., sbr. 102. gr. laga nr. 82/1998 og 11. gr. laga nr. 40/1992. Kaupandi kynlífsþjónustu af ungmenni á aldrinum 14–16 ára, verður aftur á móti ekki refsiábyrgur nema hann hafi beitt

[45] Samkvæmt 14. gr. hgl. verður einstaklingur sakhæfur 15 ára gamall.

einhverjum þeim aðferðum sem fram koma í 2. mgr. 202. gr. hgl. Ólíklegt er að það geti átt við ef að það er ungmennið sjálft sem hefur átt frumkvæði að því að bjóða fram þjónustu sína.

Þá má minna á áðurnefnda 3. mgr. 206. gr. hgl. þar sem lögð er refsing við því að ginna, hvetja eða aðstoða ungmenni yngra en 18 ára til þess að hafa viðurværi sitt af lauslæti.

2.9 Eftirlit með vændi

Eftirlit með vændi og hagnýtingu þess er í höndum lögreglunnar eins og eftirlit með afbrotum yfirleitt.

Í bréfi frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík til dómsmálaráðuneytisins, dags. 7. júlí sl., kemur fram að á árinu 1999 hafi embættið komið á fót sérstöku skipulagi í sambandi við óformlegar upplýsingar er lúta að vændi. Þessum upplýsingum er nú beint til upplýsinga- og eftirlitsdeildar embættisins þar sem farið er yfir þær með hliðsjón af því hvort ástæða þyki til að hefja rannsókn á grundvelli þeirra. Þá segir orðrétt í bréfinu:

> Safnað hefur verið saman upplýsingum sem borist hafa embættinu sl. tvö ár og leitast við að kanna hvort þessar upplýsingar væru á rökum reistar og hvort mögulegt væri að staðfesta saknæmt athæfi. Ekki er hægt að nefna ákveðinn fjölda í sambandi við svona upplýsingar vegna eðlis þeirra, þar sem oft er sami upplýsingaaðili að nefna fleiri en einn stað og persónu og upplýsingar stundum mjög óljósar.
>
> Mikið af þessum upplýsingum hafa ekki verið um brot á 206. gr. alm. hegningarlaga, heldur um klám, nektardans og um einstakar konur sem selja blíðu sína án þess að stunda vændi sér til framfærslu. Deildin hefur upplýsingar um á þriðja tug kvenna sem hafa verið grunaðar um að selja blíðu sína, hefur kannað mál þeirra og rætt við sumar þeirra án þess að það hafi leitt til frekari rannsóknar eða kæru.
>
> Sérsaklega hefur eitt hús í Reykjavík verið skoðað, en það hefur lengi haft orð á sér að þar væri rekin skipulögð vændisstarfsemi. Þrátt fyrir það tókst ekki að afla neinna þeirra gagna sem leitt gætu til kæru eða frekari rannsóknar.
>
> ...
>
> Þess skal getið að jafnan berast öðru hvoru upplýsingar um vændi sem sagt er stundað í tengslum við svokallaða nektardansstaði. Embættið hefur haft reglulegt eftirlit með þessum stöðum og stúlkunum sem þar dansa en engar staðfestingar fengist um brot á 206. gr. alm. hegningarlaga. Eftirlitið með þessum stöðum hefur nú fremur verið aukið vegna breyttra aðstæðna, m.a. vegna lagabreytinga.

2.10 Vændi á Íslandi

Um umfang vændis og hagnýtingu þess á Íslandi er afar erfitt að staðhæfa nokkuð. Þessi starfsemi er oftast dulin og því erfitt að fá nokkra raunhæfa mynd af raunverulegu umfangi hennar í gegnum upplýsingar um fjölda kæra.

Dómsmálaráðuneytið fór þess á leit við lögreglustjóraembætti landsins og embætti ríkissaksóknara snemma árs 1999, í kjölfar fyrirspurnar eins alþingismanns um eftirlit með vændi,[46] að þau létu ráðuneytinu í té upplýsingar um fjölda kæra sem embættum þeirra hefðu borist vegna brota á 206. og 208. gr. hgl. undanfarin fimm ár, svo og fjölda ákæra sem gefnar hefðu verið út í kjölfar slíkra kæra.

---

[46] Þskj. 842 – 524. mál (123. löggjafarþing).

Lögreglustjórar utan Reykjavíkur sögðust engar kærur hafa haft til meðferðar vegna brota á tilvitnuðum hegningarlagagreinum á tilgreindu tímabili. Í svari *lögreglustjórans í Reykjavík* kom fram að frá árinu 1994 hefðu 17 mál vegna ætlaðra brota gegn 206. gr. hgl. verið tilkynnt til lögreglu.[47] Í svari dómsmálaráðherra kom ekkert fram um það hvort eitthvert þeirra hefði leitt til málshöfðunar. Ekki kom heldur fram í svarinu hvort ríkissaksóknari hefði haft einhver slík mál til meðferðar á umræddu tímabili. Því var leitað eftir upplýsingum um það í tengslum við gerð skýrslu þessarar og kom í ljós að embætti ríkissaksóknara hafði ekki haft neitt mál af þessu tagi til meðferðar á tilgreindu tímabili. Þá voru jafnframt könnuð afdrif þessara 17 kæra sem lögreglustjórinn í Reykjavík hafði tilgreint. Kom í ljós að unnið hafði verið að þremur þessara mála innan embættisins. Eitt þeirra var sett í geymslu og tvö lögð upp. Ellefu málanna voru send rannsóknarlögreglu ríkisins, sem þá var starfandi, og þrjú þeirra annað. Í ljósi þess að ekkert mál var höfðað á vegum embættis ríkissaksóknara fyrir brot gegn 206. gr. hgl. á þessu tímabili, en hann fer með ákæruvald í málum af þessu tagi, er ljóst að ekkert þeirra hefur leitt til málshöfðunar fyrir dómi.

Í tengslum við gerð þessarar skýrslu var lögreglustjórum á landinu ásamt embætti ríkissaksóknara sent bréf í lok júlí 2000 þar sem beðið var um upplýsingar um fjölda kæra vegna brota gegn 206. gr. hgl. árið 1999 fram á mitt árið 2000.

Í svari *ríkissaksóknara* kom fram að aðeins eitt mál (tvær kærur) hefði komið til kasta embættis hans á umræddu tímabili og var það fellt niður. Það mál barst embættinu frá lögreglustjóranum í Reykjavík. Í svari sem barst frá embætti *lögreglustjórans í Reykjavík*, dags. 7. júlí sl., segir m.a.:[48]

> Frá 1. jan. 1999 hafa 3 mál vegna ætlaðra brota á 206. gr. almennra hegningarlaga verið skráð í málaskrá lögreglu. Þar af eru tvö mál vegna ætlaðra brota á 5. mgr. 206. gr. en þau eru í raun og veru eitt mál sem fjallar um tvær auglýsingar sem hengdar voru upp á almannafæri. Þessi mál voru felld niður [af ríkissaksóknara] þar sem sakarefni var ekki talið nægilegt til sakfellis. Eitt mál er skráð sem ætlað brot á 3. málsgr. 206. gr. Því máli er ekki lokið þar sem ekki hefur náðst í vitni en verður líklega fellt niður enda á mörkum þess að hægt sé að flokka sakarefnið undir þessa grein hegningarlaganna.

Þau tvö mál, sem skráð eru hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík vegna auglýsinga á almannafæri, voru eins og áður kom fram send ríkissaksóknara til frekari meðferðar. Þar eru þau skráð sem eitt mál.

Í svari *lögreglustjóra utan Reykjavíkur* kom fram að ekkert mál vegna ætlaðs brots gegn 206. gr. hgl. hefði verið kært til embætta þeirra á umræddu tímabili.

Þessar tölur gefa til kynna að afar fá mál af þessu tagi séu kærð til lögreglu á ársgrundvelli. Hvort það þýðir að þessi brot fyrirfinnist vart í raun hér á landi eða hvort rétt sé að gera ráð fyrir að brotastarfsemi þessi sé að mestu leyti dulin skal ekki fullyrt hér. Til fróðleiks má vitna í nýlega grein eftir Áshildi Bragadóttur stjórnmálafræðing sem birtist í tímaritinu Veru.[49] Þar segir m.a.:

---

[47] Þskj. 1013 – 524. mál (123. löggjafarþing).

[48] Svar frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík með bréfi dags. 7. júlí 2000.

[49] Vera, tímarit um konur og kvenfrelsi, 1. tbl. 2000, bls. 25–27.

Ekki er hægt með neinni vissu að alhæfa um útbreiðslu vændis hér á landi, né hvernig vændismarkaðurinn er, enda engar marktækar rannsóknir verið gerðar.

Til Stígamóta, samtaka kvenna gegn kynferðislegu ofbeldi, hafa leitað yfir þrjátíu einstaklingar sem voru um lengri eða skemmri tíma í vændi. Í langflestum tilvikum er um konur að ræða. Ástæðan fyrir komu þeirra til Stígamóta var ekki vændið eitt og sér heldur kynferðisofbeldi sem þær höfðu orðið fyrir í bernsku og/eða á unglingsárum.

Með því að hjálpa þessum einstaklingum að vinna úr afleiðingum kynferðisofbeldisins og vændisins fengust allgóðar upplýsingar um vændismarkaðinn hér á landi. Vitað er að hér eru starfrækt vændishús þar sem einn aðili á eða stjórnar starfseminni, tekur á móti pöntunum og útvegar viðskiptavininum hold. Vændið fer ýmist fram innan veggja vændishússins, á hótelum, vinnustöðum viðskiptavinarins eða heimili hans. Þetta er eitt skipulagðasta form vændis hér á landi. Einnig eru ákveðin veitingahús nefnd þar sem eigendur eða rekstraraðilar voru milliliðir milli viðskiptavinarins og þess sem seldi sig. Enn eitt form vændis eins og það birtist hér á landi eru fylgisþjónusturnar. Í flestum tilvikum verða stúlkurnar sér sjálfar úti um viðskiptavini með einum eða öðrum hætti. Hér á landi þrífst einnig vændi þar sem karlmenn gera skipulega út konur. Eru þeir oft á tíðum kærastar eða makar þeirra sem eru í vændinu. Síðast en ekki síst þrífst hér á landi það sem við getum kallað tilviljanakennt götuvændi. Er í flestum tilvikum um barnungar stúlkur að ræða sem selja líkama sinn fyrir mjög lítinn pening til þess að fjármagna eiturlyfjaneyslu með skjótum hætti.

Vændi hefur oft verið nefnt í tengslum við nektardansstaðina hér á landi en litlar upplýsingar eru til um hversu umfangsmikil sú starfsemi er.

Undanfarna mánuði hefur mikil umræða átt sér stað í þjóðfélaginu um hina fjölmörgu nektardansstaði sem skotið hafa upp kollinum hér á landi á síðastliðnum árum og fer sífellt fjölgandi. Umræðan hefur m.a. lotið að því hvort vændi sé stundað innan vébanda þessara staða eða á þeirra vegum. Í ræðu á Alþingi hinn 14. október 1999 sagði dómsmálaráðherra, Sólveig Pétursdóttir, m.a.: „Sá orðrómur hefur gengið fjöllunum hærra um nokkurt skeið að skemmtistaðir hér í borg þar sem boðið er upp á nektardanssýningar séu tengdir vændi. Ekki hefur þó tekist að staðfesta þetta og er lögreglunni erfitt um vik að ljóstra upp um slík brot ...“[50] Algengast er að stúlkur komi til sýningarstarfa á þessum stöðum erlendis frá. Til þess að yfirvöld geti fylgst betur með þessari starfsemi voru samþykktar á Alþingi vorið 2000 breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994. Fram til þess höfðu þessar erlendu stúlkur verið undanþegnar kröfu um atvinnuleyfi til vinnu í allt að fjórar vikur hér á landi á þeim grundvelli að þær væru listamenn. Þessu hefur nú verið breytt með lögum nr. 41/2000. Samhliða frumvarpi því er varð að breytingalögum nr. 41/2000 var til meðferðar á Alþingi frumvarp er laut að breytingu á lögum um veitinga- og gististaði, nr. 167/1995, með síðari breytingum. Það frumvarp var síðan samþykkt sem lög nr. 66/2000. Þessar tvær lagabreytingar voru gerðar í kjölfar starfs viðræðunefndar sem komið var á fót vorið 1999 að frumkvæði Reykjavíkurborgar og hafði það hlutverk að finna leiðir til að sporna við starfsemi svonefndra „erótískra veitingastaða“.[51] Lagabreytingarnar eru gerðar með það fyrir

---

[50] Alþingistíðindi B 1999–2000, bls. 461–462.

[51] Nefndin var skipuð fulltrúum frá Reykjavíkurborg, dómsmálaráðuneytinu, félagsmálaráðuneytinu og samgönguráðuneytinu. Í greinargerð nefndarinnar, dags. 18. nóv. 1999, kemur eftirfarandi fram varðandi hlutverk hennar: „Tilefni þess að Reykjavíkurborg óskaði eftir viðræðum við framangreind ráðuneyti var sú þróun sem

augum að auðvelda stjórnvöldum stjórn og eftirlit með starfsemi nektardansstaða í landinu.

Á 125. löggjafarþingi (1999–2000) var borin fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar um könnun á umfangi vændis. Samkvæmt henni átti að fara þess á leit við dómsmálaráðherra að hann skipaði „þverfaglegan" vinnuhóp sem hefði það hlutverk að kanna umfang vændis á Íslandi. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni segir m.a.:[52]

> Mikil umræða hefur farið fram á síðustu mánuðum um það hvort vændi sé stundað á Íslandi og þá hvert sé eðli þess og umfang. Ekki hafa verið gerðar nýlega rannsóknir sem hægt væri að nýta í þeim tilgangi að skoða þessi mál. ... Mikilvægt er að skoða eðli vændis, þ.e. fylgdarþjónustu, símaþjónustu, netið, dansstaði o.fl., og hvort það er frábrugðið því sem gerist annars staðar, t.d. í öðrum norrænum ríkjum. Áríðandi er að athuga hvaða hópar stundi vændi hér á landi.

Þingsályktunartillagan var ekki samþykkt og vinnuhópurinn því aldrei skipaður.

2.11 Frumvarp til breytinga á 206. gr. hgl.

Á 125. löggjafarþingi (1999–2000) lögðu tveir þingmenn fram frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum. Frumvarpið, sem er tvær greinar auk gildistökuákvæðis, gerði ráð fyrir breytingum á 206. gr. annars vegar og 210. gr. hins vegar.[53]

Helstu breytingar, sem frumvarpið gerði ráð fyrir að yrðu gerðar á 206. gr. laganna, voru eftirfarandi:

1. Gildandi 1. mgr. 206. gr., þar sem refsing er lögð við því að stunda vændi sér til framfærslu, yrði felld á brott.

2. Í stað hennar kæmi ný málsgrein, er yrði 1. mgr., þar sem lögð yrði refsing við *kaupum* á vændi. Í frumvarpinu hljóðar málsgreinin svo:

> Hver sem greiðir fyrir kynlífsþjónustu af einhverju tagi skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

Segir m.a. í greinargerð með frumvarpinu að með þessu sé vakin „... athygli á þeirri áherslu sem lögð er á að draga notendur kynlífsþjónustu til ábyrgðar ekki síður en seljendur hennar."[54]

3. Refsihámark gildandi 2. mgr. yrði hækkað úr 4 árum í 6 ár.

4. Þá gerði frumvarpið ráð fyrir því að nýrri málsgrein yrði bætt við 206. gr., sem yrði þar með 6. mgr. hennar, þar sem lögð væri refsing við því að bjóða upp á kynferðislegar nektar-

---

verið hefur í málefnum nektarstaða eða svonefndra „erótískra veitingastaða" en í dag eru starfandi sjö slíkir staðir í borginni, þar af hafa fjórir þeirra hafið starfsemi frá því haustið 1998. Ekkert lát virðist á fjölgun þessara staða og borgaryfirvöld hafa fá úrræði til að sporna við eða hafa nokkra stjórn á þessari starfsemi. Eina virka úrræðið er eftirlit lögreglu með þessum stöðum. Í ljósi þeirra takmörkuðu úrræða, sem fyrir hendi eru, var það álit borgaryfirvalda að til þyrfti að koma breyting á gildandi löggjöf. Því óskaði Reykjavíkurborg eftir viðræðum við framangreind ráðuneyti um slíkar breytingar."

[52] Þskj. 763 – 483. mál.

[53] Þskj. 693 – 428. mál.

[54] Þskj. 693 – 428. mál.

sýningar og skipuleggja og reka kerfisbundna klámþjónustu í gegnum síma eða tölvur. Í frumvarpinu hljóðar ákvæðið svo:

> Hver sem býður upp á kynferðislegar nektarsýningar og hefur þar með nekt annarra sér að féþúfu og til sölu skal sæta allt að 4 ára fangelsi. Sömu refsingu varðar það að skipuleggja og reka kerfisbundna klámþjónustu gegnum síma eða tölvur.

Um þetta segir m.a. í greinargerð með frumvarpinu:

> Að undanförnu hafa miklar umræður orðið í íslensku samfélagi um klám og kynlífsþjónustu og þykir flestum mikilvægt að nú þegar verði brugðist við.
>
> Samkomustaðir, svokallaðir nektardansstaðir, hafa skotið upp kollinum bæði í Reykjavík og annars staðar á landinu. Mikilvægt er að takmarka eða koma í veg fyrir starfrækslu slíkra staða hérlendis, enda þykir líklegt að á þeim eða í tengslum við þá sé stundað vændi í einhverjum mæli þótt ekki liggi fyrir neinar skjalfestar sannanir í því efni. Þá hefur vakið athygli hvernig viðgengist hafa alls kyns auglýsingar, t.d. í dagblöðum, um ýmiss konar kynlífsþjónustu, auk þess sem talið er að í tengslum við ákveðnar vefsíður sé stundað skipulagt vændi.
>
> Með breytingum sem hér er lagt til að gerðar verði á almennum hegningarlögum er lögð áhersla á að refsingar við brotum sem hér er fjallað um beinist að þeim sem kaupa kynlífsþjónustu hvers konar eða hafa líkama annarra sér að féþúfu. Sömuleiðis er hér leitast við að stemma stigu við þeirri opinberu og ógeðfelldu klámþjónustu sem greinilega er stunduð á vegum símafyrirtækja og mikið auglýst í fjölmiðlum, bæði prentmiðlum og á öldum ljósvakans.

Frumvarp þetta, sem var lagt fram 7. mars 2000, beið enn fyrstu umræðu er þingi var slitið um vorið.

2.12 Dómar Hæstaréttar

Í dómsafni Hæstaréttar er aðeins að finna fjóra dóma er lúta að vændi. Þrír þeirra eru frá svonefndum „ástandsárum“ en sá fjórði frá árinu 1990. Verða þeir nú reifaðir.

H 1954:695.

I og H voru ákærðir fyrir að hafa gert sér lauslæti annarra að tekjulind skv. 1. mgr. 206. gr. hgl. (nú 5. mgr. sömu greinar):

> ... með því á tímabilinu júlí–október 1952 að koma karlmönnum, aðallega erlendum hermönnum og sjómönnum, í kynni við stúlkur og láta þeim í té húsnæði til holdlegs samræðis og annarra kynferðismaka í herbergi, sem meðákærði H hafði á leigu ... gegn þóknun frá karlmönnum í peningum eða áfengi, tóbaki o.fl.

Með vætti margra vitna og að nokkru með játningu I og H var sannað að á tímabilinu júlí eða ágúst til október 1952 stuðluðu þeir oft að því sem milligöngumenn að hermenn og erlendir sjómenn kæmust í samband við íslenskar stúlkur til lauslætis og drykkjuskapar og létu þeim í þessu skyni í té herbergi sem H hafði á leigu, og var I og H ljóst að karlar þessir og konur höfðu þar öðru hverju samfarir. Sannað var að I og H fengu ókeypis áfengi og vindlinga fyrir milligöngu sína. Þeir höfðu með þessu brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 206. gr. hgl.

I var dæmd refsing, fjögurra mánaða fangelsi, en hann hafði auk þess gerst sekur um fjárdrátt. H var dæmd fangelsisrefsing í þrjá mánuði.

H 1955:47.

Konan G var m.a. ákærð fyrir að hafa gert sér lauslæti annarra að tekjulind skv. 1. mgr. 206. gr. hgl. (nú 5. mgr. sömu greinar):

> ... með því á tímabilinu frá júlí til september 1952 að leigja út af íbúð sinni ... annað herbergi íbúðarinnar til eins sólarhrings í senn til karlmanna, sem oftast fengu kvenfólk í heimsókn til sín í herbergið, en leiga fyrir herbergið yfir sólarhringinn er talin hafa verið 80 krónur, en með þessu er ákærða talin hafa gert sér lauslæti annarra að tekjulind ...

Héraðsdómari leit svo á að ekki væri næg sönnun fengin fyrir því að lauslæti hefði átt sér stað í herbergi því sem ákærða leigði út af íbúð sinni. Segir í dóminum:

> En 1) framangreindur háttur ákærðu á útleigu herbergis aðeins til einnar nætur í senn, stundum til Íslendinga, en mestmegnis til hermanna, án þess að halda skrá yfir þá eða spyrja þá um nafn sitt, 2) upphæð leigu eftir herbergið og loks 3) tíð samdvöl stúlkna og leigjenda þar, sem ákærða skipti sér ekkert af, sýna ótvírætt hjá ákærðu ásetning í verki, sem miðar að því að gera sér lauslæti annarra að tekjulind í skilningi 206. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

G var með þessum orðum héraðsdómarans sakfelld fyrir tilraun til brots á 1. mgr. 206. gr. hgl. Hæstiréttur taldi það aftur á móti sannað eftir framhaldsrannsókn sem fór fram í þágu málsins að um fullframið brot gegn 1. mgr. 206. gr. hgl. hefði verið að ræða og staðfesti refsiákvörðun héraðsdóms. G var þannig dæmd til 45 daga fangelsisrefsingar, sem var gerð skilorðsbundin í 2 ár (G var jafnframt sakfelld fyrir brot á lögum um eftirlit með útlendingum).

H1955:53.

Konan A var m.a. ákærð fyrir að hafa gert sér lauslæti annarra að tekjulind skv. 1. mgr. 206. gr. hgl. (nú 5. mgr. sömu greinar):

> *með því* á tímabilinu frá febrúar/marz til september 1952 að leigja eitt herbergi íbúðarinnar til einnar nætur í senn til karlmanna, sem oftast fengu heimsóknir kvenfólks, sem oft var þar um nætur, en leiga fyrir herbergið er talin hafa verið 60 krónur fyrir sólarhringinn, en með þessu er ákærða talin hafa gert sér lauslæti annarra að tekjulind ...

Með framhaldsákæru var ákærða m.a. ákærð fyrir brot á 1. mgr. 206. gr. hgl.:

> *með því* á tímabilinu frá nóvember 1952 til apríl 1953 að leigja út úr húsi sínu ... herbergi til stutts tíma í senn til karlmanna, sem voru í fylgd með kvenfólki eða fengu heimsóknir kvenfólks, sem oft var þar um nætur, en greiðsla fyrir þetta er talin hafa verið 85–100 krónur fyrir manninn yfir sólarhringinn eða part úr sólarhring, en með þessu er ákærða talin hafa gert sér lauslæti annarra að tekjulind ...

Héraðsdómari taldi fullsannað í málinu að ákærða hefði gert sér lauslæti annarra að tekjulind og þannig gerst brotleg gegn 1. mgr. 206. gr. hgl. Hún var jafnframt sakfelld fyrir brot

á lögum um eftirlit með útlendingum. Var hún dæmd til fangelsisrefsingar í 3 mánuði.

Framhaldsrannsókn fór fram í málinu eftir uppsögu héraðsdóms. Í Hæstarétti var sakfelling héraðsdómara staðfest og ákvörðun um refsingu ákærðu, að öðru leyti en því að Hæstarétti þótti rétt að skilorðsbinda hana til þriggja ára.

H 1990:305.

Mál var höfðað á hendur manninum J:

> fyrir að hafa á árinu 1988 og til 2. febrúar 1989 í ávinningsskyni margsinnis haft milligöngu um það í Reykjavík, að fólk hefði holdlegar samfarir, og í þessu skyni haft á sínum snærum fimm nafngreindar stúlkur, sem hann kom í sambönd við karla, er leituðu til hans samkvæmt auglýsingum frá honum, og jafnframt selt á leigu herbergi heima hjá sér til kynmakanna, en að jafnaði greiddi hver karl ákærða kr. 2.000 fyrir hvert skipti með einhverri stúlknanna, sem voru á vegum ákærða ...

Var þetta talið varða við 1. mgr. 206. gr. hgl. (nú 5. mgr. 206. gr.). J var sakfelldur í héraðsdómi samkvæmt ákæru og dæmdur í 6 mánaða fangelsi, þar af þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi. Héraðsdómurinn var staðfestur í Hæstarétti.

3. Alþjóðlegar skuldbindingar sem varða kynferðislega misnotkun á börnum

Ísland hefur undirgengist ýmsar alþjóðlegar skuldbindingar sem varða kynferðislega misnotkun á börnum. Taka þær bæði til vændisþjónustu barna og ungmenna og til þátttöku þeirra í gerð klámefnis.

Fyrstan ber að nefna samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989 sem Ísland fullgilti 28. október 1992. Í 34. gr. hans kemur fram að aðildarríkin skuldbindi sig til að vernda börn fyrir hvers kyns kynferðislegri notkun eða misnotkun í kynferðislegum tilgangi. Í þeim tilgangi skuli þau einkum gera allt sem við á, bæði innan lands og með tvíhliða og fjölhliða ráðstöfunum, til að koma í veg fyrir: a) Að börn séu talin á eða þvinguð til að taka þátt í hvers konar ólögmætri kynferðislegri háttsemi. b) Að börn séu notuð til vændis eða annarra ólögmætra kynferðisathafna. c) Að börn séu notuð í klámsýningum eða til að búa til klámefni. Þess má geta að 7. september 2000 undirritaði forsætisráðherra tvær bókanir við þennan samning. Önnur þeirra var gerð til að bregðast við aukinni tíðni á mansali barna, barnavændi og barnaklámi.

Þá má geta þess að 5. mars 1992 samþykkti mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna aðgerðaáætlun varðandi sölu á börnum, barnavændi og barnaklám, sbr. ályktun 1992/74.

Enn fremur ber að nefna ályktun Evrópuráðsins nr. (91)11 um kynferðislega notkun, klám, vændi og verslun með börn og ungmenni. Í henni er því m.a. beint til aðildarríkjanna að þau hugi að því hvort ráðlegt sé að gera vörslur á barnaklámi refsiverðar. Í þessu sambandi ber einnig að geta tilmæla Norðurlandaráðs nr. 9/1994 um sama efni.[55]

Að síðustu skal nefnt að Ísland fullgilti í maí 2000 samþykkt ILO nr. 182 um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd. Í samþykktinni á hugtakið (barnavinna í sinni verstu mynd) við um hvers konar þrælkun eða framkvæmd sem jafna má til þrælkunar, notkun barna til vændis, framleiðslu á klámi eða til klámsýninga o.s.frv. Samkvæmt samþykktinni skulu aðildarríki framkvæma aðgerðaráætlanir til að uppræta barnavinnu í sinni verstu mynd.

---

[55] Sjá nánar um þessar alþjóðlegu skuldbindingar greinargerð með frumvarpi til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (barnaklám), Alþingistíðindi A 1996–1997, bls. 563.

II. DANMÖRK

1. Klám

1.1 Almennt

Ákvæði um klám er að finna í 24. kafla dönsku hegningarlaganna (borgerlig straffelov, nr. 126/1930), sem ber heitið: Forbrydelser mot kønssædeligheden, 234. og 235. gr. Ákvæðin hafa tekið miklum breytingum frá upphaflegri gerð þeirra í átt til meira frjálsræðis á þessu sviði, að undanskildu ákvæðinu um barnaklám sem sett var í lögin árið 1980. Verður gerð grein fyrir þessum ákvæðum og þeim breytingum sem þau hafa sætt hér á eftir.

1.2 Helstu breytingar á ákvæðum um klám

Seint á sjöunda áratugnum voru gerðar verulegar breytingar á þeim ákvæðum dönsku hegningarlaganna er lúta að klámi. Annars vegar var bann við birtingu eða dreifingu *klámrita* afnumið, sbr. lög nr. 248/1967, og hins vegar var sams konar bann er laut að *klámmyndum* afnumið stuttu síðar, sbr. lög nr. 224/1969. Vert er að vekja hér sérstaka athygli á þeim mun sem gerður var á klámritum (utugtige/pornografiske skrifter) annars vegar og klámmyndum (utugtige/pornografiske billeder) hins vegar. Sérstakt ákvæði var þó áfram í lögunum sem ætlað var að vernda börn og ungmenni yngri en 16 ára. Þar var lagt bann við því að selja þeim klámmyndir eða aðra slíka hluti. Gerð verður nákvæmari grein fyrir þessum breytingum í a og b-liðum hér á eftir.

Fram að þessu hafði bann við klámi verið grundvallað á tveimur sjónarmiðum, annars vegar því að klám væri siðferðilega hneykslanlegt og hins vegar því að klám hefði skaðvænleg áhrif, sérstaklega á börn og ungmenni. Tvenns konar rök voru færð fyrir því að afnema lagaákvæði er bönnuðu birtingu og dreifingu á klámfengnu efni. Í fyrsta lagi að ekki hefði verið hægt að sýna fram á skaðvænleg áhrif kláms á fólk og í öðru lagi að þeim sem telja klám hneykslanlegt væri í lófa lagið að forðast slíkt efni, sérstaklega þegar um er að ræða klámrit. Til viðbótar var þetta talið samræmast betur meginreglum um tjáningarfrelsi og rétt manna til aðgangs að því efni sem þeir kjósa.[56] Þrátt fyrir þau sjónarmið sem að framan eru rakin er engu að síður að finna í danskri löggjöf ákvæði sem takmarka aðgengi að klámefni og setja því mörk hve langt má ganga í að hafa „hneykslanlega“ hluti til sýnis (skrifter og billeder af „anstødelig karakter“) .

Rétt er að benda hér á ákvæði 235. gr. dönsku hegningarlaganna um barnaklám sem sett var inn árið 1980 og gerð verður grein fyrir hér á eftir.

a) Afnám banns við birtingu eða dreifingu klámrita

Með lögum nr. 248 frá 9. júní 1967 var 234. gr. dönsku hegningarlaganna m.a. breytt á þann veg að bann 2. tölul. 1. mgr. við birtingu eða dreifingu klámrita var afnumið með öllu. Bann við því að búa til eða flytja inn í útbreiðsluskyni klámrit var jafnframt afnumið. Þá leiddi af þessari breytingu að bann við því að bjóða eða afhenda ungmennum undir 18 ára aldri klámrit var einnig afnumið, sbr. 1. tölul. 1. mgr.

Fyrir breytinguna var ákvæðið svohljóðandi:

> **§ 234.** Med bøde, hæfte eller under skærpende omstændigheder med fængsel indtil 6 måneder straffes den, som

---

[56] Waaben, Knud: Strafferettens specielle del, bls. 64–65.

1) tilbyder eller overlader en person under 18 år utugtige *skrifter,* billeder eller genstande,
2) offentliggør eller udbreder eller i sådan hensigt forfærdiger eller indfører utugtige *skrifter,* billeder eller genstande,
3) foranstalter offentligt foredrag, forestilling eller udstilling af utugtigt indhold.

Stk.2. Begås de ovenfor nævnte handlinger i erhvervsmæssigt øjemed, kan kun under særlig formildende omstændigheder straf af bøde anvendes.

Stk. 3. Den, der for vindings skyld offentliggør eller udbreder eller i sådan hensigt forfærdiger eller indfører skrifter eller billeder, der, uden at de kan anses for egentlig utugtige, udelukkende må antages at have forretningsmæssig spekulation i sanselighed til formål, straffes med bøde eller hæfte.

Eftir lagabreytinguna 1967 hljóðaði ákvæðið svo:

§ 234. Med bøde, hæfte eller under skærpende omstændigheder med fængsel indtil 6 måneder straffes den, der
1) tilbyder eller overlader en person under 18 år utugtige billeder eller genstande.
2) offentliggør eller udbreder eller i sådan hensigt forfærdiger eller indfører utugtige billeder eller genstande.
3) foranstalter offentlige foredrag, forestillinger eller udstillinger af utugtigt indhold.

Ákvæði 2. mgr., er laut að hækkun refsingar ef brot gegn 1. mgr. var framið í atvinnuskyni, var afnumið. Eins var ákvæði 3. mgr. afnumið.

Í tengslum við þessa lagabreytingu hafði það verið til endurskoðunar hjá dönsku refsiréttarnefndinni (straffelovrådet) hvort rétt væri að láta breytingarnar jafnframt ná til klámmynda eða sambærilegra hluta (utugtige billeder eller genstande). Niðurstaða nefndarinnar var sú að gera það ekki. Þegar danski dómsmálaráðherrann lagði fram frumvarp það er varð að lögum nr. 248/1967 á danska Þjóðþinginu sagði hann m.a. að velta mætti fyrir sér hvort eðlilegt væri að láta mismunandi reglur gilda um klámrit annars vegar og klámmyndir eða sambærilega hluti hins vegar. Í nefndinni sem fékk frumvarpið til meðferðar voru uppi skiptar skoðanir um þetta efni. Niðurstaðan varð að lokum sú að afnema ekki að svo stöddu bann við birtingu eða dreifingu klámmynda eða sambærilegra hluta. Þau rök voru m.a. tilfærð að með því væri réttarstaðan í þessum efnum sú sama og í Svíþjóð, en það væri æskilegt.[57]

b) Afnám banns við birtingu eða dreifingu á klámmyndum eða sambærilegum hlutum

Með lögum nr. 224 frá 4. júní 1969 var 234. gr. dönsku hegningarlaganna aftur breytt í frjálsræðisátt. Með þeim var einnig afnumið bann við birtingu eða dreifingu á klámmyndum eða sambærilegum hlutum. Meðal röksemda fyrir lagabreytingunni má nefna eftirfarandi: Í fyrsta lagi var talið að þótt bann við birtingu og dreifingu klámmynda eða annarra sambærilegra hluta yrði afnumið mundi það ekki endilega leiða til aukinnar framleiðslu eða útbreiðslu á slíku efni, enda hefði ekki verið sýnt fram á að afnám banns við birtingu og dreifingu klámrita tveimur árum áður hefði haft slík áhrif. Í öðru lagi væri ómögulegt fyrir lögreglu að fylgjast með og framfylgja banni gegn klámmyndum, svo mikið væri framboðið á klámfengnu efni og verndin sem þetta veitti blygðunarsemi fólks væri þar af leiðandi tiltölulega unarkennd. Í þriðja lagi væri aðstaðan í raun oftast þannig að ekki reyndi á afskipti lögreglu

[57] Justitsmin. L.A. 1968-20002-25, bls. 3051.

fyrr en búið væri að dreifa hinu klámfengna efni. Í fjórða lagi reyndist afmörkun á klámfengnu efni annars vegar og öðru erótísku efni hins vegar afar erfið í framkvæmd. Að síðustu var bent á að jafnvel þótt þetta bann væri afnumið mundi það ekki þýða að menn gætu haft klámmyndir eða sambærilega hluti til sýnis hvar sem þeim sýndist þar sem blygðunarsemisákvæði hegningarlaganna og ákvæði lögreglusamþykkta mundu setja því skorður.[58]

Með lögum nr. 224/1969 voru 2. og 3. tölul. 234. gr. felldir niður. Ákvæði 1. tölul., sem hafði það að markmiði að vernda siðgæði barna og ungmenna, var látið halda sér en efni þess þó þrengt. Í stað þess að refsivert væri að bjóða eða afhenda ungmennum klámmyndir eða sambærilega hluti var nú eingöngu refsivert að selja þeim slíkt efni. Þá voru aldursmörkin lækkuð úr 18 árum í 16 ár.

Eftir breytinguna 1969 hljóðar 234. gr. dönsku hegningarlaganna svo:

> **§ 234.** Den, som sælger utugtige billeder eller genstande til en person under 16 år, straffes med bøde.

Rökin fyrir því að lækka aldursmörkin voru þau að eðlilegt væri að miða við sömu aldursmörk og notuð eru í reglum um skoðun og eftirlit með kvikmyndum.[59]

1.3 Sala á klámmyndum eða sambærilegum hlutum til barna

Ástæða er til þess að gera frekari grein fyrir banninu í 234. gr. dönsku hegningarlaganna við því að selja börnum yngri en 16 ára klámmyndir eða sambærilega hluti.

Samkvæmt orðalagi 234. gr., eins og hún hljóðar nú, er einungis *sala* klámmynda eða sambærilegra hluta til barna undir 16 ára aldri bönnuð. Samkvæmt þessu er t.d. afhending til láns, leigu, geymslu eða sem gjöf ekki refsiverð. Ásetningur er hér skilyrði refsiábyrgðar og engu ákvæði sem svarar til 226. gr. dönsku hegningarlaganna um gáleysi varðandi aldur ungmennis er til að dreifa í þessu sambandi.[60]

Í tengslum við 234. gr. er mikilvægt að skilgreina klámmyndir og sambærilega hluti. Slíka skilgreiningu er ekki að finna í lögum. Miðað hefur verið við skilgreiningu sem sett var fram árið 1969 í tengslum við breytingar sem þá voru gerðar á hegningarlöggjöfinni:[61]

> Hovedkriteriet vil være om et billede rummer en detailpræget og stærkt anstødelig gengivelse af sexuelle emner – herunder kønsdele – uden at gengivelsen kan anses for legitimeret ved udførelsens kunstneriske værdi eller ved et videnskabeligt eller undervisningsmæssigt formål.

Hvað varðar vernd almennings að öðru leyti fyrir klámmyndum og þess háttar, sem telja má hneykslanlegar, má benda á 232. gr. dönsku hegningarlaganna og lögreglusamþykktir sem banna að efni hneykslanlegs eðlis sé hengt upp á almannafæri eða því dreift til almennings. Þá eru einnig ákvæði í lögreglusamþykktum sem banna að slíku efni sé dreift í hús án

---

[58] Justitsmin. L.A. 1968-20002-25, bls. 3053.

[59] Justitsmin. L.A. 1968-20002-25, bls. 3055.

[60] Waaben, Knud: Strafferettens specielle del, bls. 65–66.

[61] Waaben, Knud: Strafferettens specielle del, bls. 66.

óskar íbúanna. Þá er að finna ákvæði í póstlögum varðandi sendingar er innihalda ólöglegt efni.

1.4 Barnaklám

Eftir framangreinda lagabreytingu var ekki að finna ákvæði í dönskum lögum sem mælti fyrir um refsingu fyrir dreifingu eða vörslur á barnaklámi frekar en öðru klámefni, að undanskildu banni hegningarlaganna við að selja ungmennum undir 16 ára aldri klámmyndir eða sambærilega hluti.

Það var síðan með breytingalögum nr. 252 frá árinu 1980 sem ákvæði, sem lagði bann við *dreifingu* á barnaklámi að viðlagðri sektarrefsingu, var bætt inn í dönsku hegningarlögin sem nýrri 235. gr. Samkvæmt því var dreifing á barnaklámi í atvinnuskyni bönnuð („erhvervsmæssigt sælger eller på anden måde udbreder"). Með breytingalögum nr. 272/1989 var refsimörkum ákvæðisins breytt á þann veg að brot gegn því gat varðað sökunaut sektum, varðhaldi eða fangelsi í allt að 6 mánuði. Rökin fyrir þessari breytingu voru í fyrsta lagi þau að með hækkuðu refsihámarki kæmi betur í ljós andúð samfélagsins á brotum af þessu tagi og í öðru lagi væri þetta til þess fallið að auka varnaðaráhrifin.[62]

Með lögum nr. 1100 frá árinu 1994 var nýrri málsgrein, er varð 2. mgr., bætt við 235. gr. dönsku hegningarlaganna í samræmi við tilmæli frá alþjóðlegum stofnunum eins og Sameinuðu þjóðunum, Evrópuráðinu og Norðurlandaráði. Í henni var mælt fyrir um bann við *vörslum* á grófari tegundum barnakláms. Í athugasemdum í greinargerð kemur fram að tilgangurinn með ákvæðinu sé að mæla fyrir um refsingu við vörslum á grófu barnaklámi („grovere former for børnepornografi"). Rökin fyrir því séu fyrst og fremst þau að það hljóti að teljast réttmætt að leggja refsingar við vörslum á efni með grófu barnaklámi þegar ljóst er að við framleiðslu þess séu framin alvarleg refsiverð brot gegn börnum. Þá vitni slíkt bann um skýra andstöðu löggjafans gegn kynferðislegri misnotkun barna og stuðli að því að réttindi barna séu virt. Í þriðja lagi sé slíkt bann fallið til þess að draga úr eftirspurn eftir slíku efni og þar með framleiðslu þess.[63] Sú millileið var farin við lögfestingu ákvæðisins að einungis varsla á grófu barnaklámi var lýst refsiverð, og var það byggt á því að við framleiðslu slíks efnis væru oft framin alvarleg kynferðisbrot gegn börnum. Ákvæðið var þannig takmarkað við myndir eða sambærilega hluti er sýndu börn „der har samleje eller anden kønslig omgængelse end samleje". Með þessum rökum var varsla á myndum eða sambærilegum hlutum sem ekki flokkuðust undir gróft barnaklám ekki mæld refsiverð. Ákvæði 1. mgr. 235. gr., sem fjallar um dreifingu á barnaklámi, er ekki bundið við gróft barnaklám. Þar er lagt bann við dreifingu klámmynda eða sambærilegra hluta sem sýna börn („utugtige fotografier, film eller lignende af børn").

Í upphaflega frumvarpinu, sem lagt var fram á danska Þjóðþinginu, var gert ráð fyrir að einungis yrði lagt bann við því að hafa undir höndum myndir sem sýndu börn í holdlegu samræði eða öðrum kynferðismökum. Við meðferð frumvarpsins í þinginu var vörslubannið rýmkað á þann veg að það var einnig látið taka til klámmynda eða sambærilegra hluta er sýndu börn í kynferðisathöfnum með dýrum eða nota hluti á grófan kynferðislegan hátt.[64] Brot gegn 2. mgr. 235. gr. gat varðað viðkomandi sektum.

---

[62] Sérprent af greinargerð með lovforslag nr. L 281, Foketinget 1999–2000, bls. 17.

[63] Sérprent af L 281, bls. 17.

[64] Sérprent af L 281, bls. 17.

Í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 1100/1994 segir um skýringu á hugtakinu „vörslur“:[65]

> ... at spørgsmålet om, hvorvidt en person kan siges at »besidde« børnepornografisk materiale som omhandlet i bestemmelsen, undertiden kan give anledning til tvivl, navnlig hvor materialet udbredes via elektroniska medier.
>
> Ved betragtning af tv-udsendelser (eksempelsvis sendt via satellit) eller billeder, der overføres fra en database til egen edb-skærm, vil billedet ikke kunne siges at være i betragterens besiddelse. Er der derimod tale om, at billedet lagres, det være sig på videobånd, harddisk, diskette eller lignende, således at den pågældende selv kan kalde det frem igen, må materialet anses for at være i vekommende besiddelse.

Meginmarkmiðið með því að leggja refsingar við dreifingu og vörslum á barnaklámi, er að vernda börn gegn þeirri kynferðislegu misnotkun sem þau verða fyrir í tengslum við framleiðslu efnisins. Hinir fullorðnu, sem taka þátt í kynferðisathöfnunum með börnunum, geta t.d. gerst brotlegir við 216. gr. dönsku hegningarlaganna (nauðgun), 222. gr. (samræði við barn undir lögaldri), sbr. 224. eða 225. gr., eða 232. gr. (brot gegn blygðunarsemi), allt eftir aðstæðum hverju sinni. Framangreind ákvæði taka aftur á móti ekki til þeirra sem koma að þessu efni eftir að framleiðslu er lokið og hafa það hlutverk að koma því á framfæri við neytendur. Þessir milliliðir á milli framleiðslu og neytenda, svo sem dreifingar- eða söluaðilar, hafa ekki endilega átt beinan þátt í framleiðslu klámefnisins og hafa þar af leiðandi ekki gerst brotlegir gegn framannefndum ákvæðum hegningarlaganna. Þá verður kaupandi efnisins ekki heldur dreginn til ábyrgðar fyrir brot gegn framangreindum ákvæðum. Til þess að ná árangri í baráttunni gegn kynferðislegri misnotkun barna var talið nauðsynlegt að ná til þessara milliliða sem og kaupanda efnisins og því voru ákvæði 235. gr. sett í lög.[66]

Vorið 2000 var lagt fram frumvarp á danska Þjóðþinginu til breytinga á dönsku hegningarlögunum þar sem m.a. var gert ráð fyrir breytingum á 235. gr. laganna.[67] Frumvarpið varð að lögum nr. 441 frá 31. maí 2000 og gengu þau í gildi 1. júlí sama ár. Eftir breytinguna hljóðar 235. gr. svo:

> **§ 235.** Den, som erhvervsmæssigt sælger eller på anden måde udbreder utugtige fotografier, film eller lignende af børn, straffes med bøde, hæfte eller fængsel indtil 2 år. På samme måde straffes den, som i en videre kreds udbreder sådanne fremstillinger.
>
> **Stk. 2.** Den, som besidder eller mod vederlag gør sig bekendt med fotografier, film eller lignende af børn, der
>
> 1) har samleje eller anden kønslig omgængelse end samleje,
> 2) har kønslig omgang med dyr eller
> 3) anvender genstande på groft utugtig måde,
>
> straffes med bøde eller under skærpende omstændigheder med hæfte eller fængsel indtil 6 måneder.

---

[65] Sérprent af L 281, bls. 17–18.

[66] Sérprent af L 281, bls. 22.

[67] Lovforslag L 281/2000.

Breytingarnar sem gerðar voru miðuðu að því að styrkja enn frekar vernd barna og ungmenna gegn kynferðislegri misnotkun. Helstu breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Eins og 1. mgr. hljóðaði áður, var einungis hægt að refsa manni fyrir dreifingu klámmynda af börnum eða sambærilegra hluta ef hægt var að sanna að dreifingin hefði átt sér stað í *atvinnuskyni*. Væri ekki hægt að sýna fram á það var einungis hægt að refsa manni fyrir vörslur samkvæmt 2. mgr. 235. gr. og gat brot þá ekki varðað þyngri refsingu en sektum. Í ljósi þeirra tækniframfara sem hafa átt sér stað á undanförnum árum, svo sem á sviði tölvutækni, þótti efnissvið 1. mgr. vera of þröngt þar sem það var bundið við dreifingu á barnaklámi í atvinnuskyni. Orðalag hennar var því rýmkað á þann veg að nú tekur hún til dreifingar á barnaklámi hvort sem hún er stunduð í atvinnuskyni eða ekki („udbredelse i en videre kreds"), sbr. 2. málsl. 1. mgr. 235. gr. T.d. er ljóst að dreifing á barnaklámi á netinu er ekki öll stunduð í atvinnuskyni, en útbreiðsla þess ýtir undir framleiðslu barnakláms. Með því að lögleiða refsiábyrgð fyrir dreifingu barnakláms, þótt sú dreifing eigi sér ekki stað í atvinnuskyni, er stuðlað að því að hamla enn frekar gegn kynferðislegri misnotkun á börnum, rétt eins og með því að banna dreifingu þess í atvinnuskyni.[68] Til þess að til refsiábyrgðar geti komið samkvæmt 1. mgr. 235. gr. þarf að vera um dreifingu á barnaklámi að ræða. Þannig dugir ekki til refsiábyrgðar að senda t.d. einum eða fáum einstaklingum slíkt efni á netinu. Þá mundi 2. mgr. 235. gr. eiga við um athæfið þannig að refsiábyrgðin byggðist á vörslum á efni með barnaklámi.[69]

Í greinargerð kemur fram að síðastliðin fimm ár hafi kærum er varða brot gegn 235. gr. dönsku hegningarlaganna fjölgað verulega. Fjölgunin er að hluta til skýrð með aukinni notkun netsins og útbreiðslu barnakláms þar.[70]

2. Refsihámark 1. mgr. var hækkað. Með hliðsjón af þeim mikilvægu verndarhagsmunum sem búa að baki var álitið að refsihámarkið væri of lágt (fangelsi í 6 mánuði). Brot þessi geta nú varðað fangelsisrefsingu í allt að tvö ár.[71]

3. Efnissvið 2. mgr., sem lýtur að vörslum grófs barnakláms, var rýmkað. Hinn almenni skilningur á vörsluhugtakinu í tengslum við 235. gr. hefur verið sá að barnaklámið birtist í „hefðbundnu formi", svo sem á pappír, ljósmyndum, myndbandsspólum, og að vörsluhafinn geti raunverulega haft hönd á því (fysisk besiddelse). Í greinargerð er bent á að í sumum tilfellum geti það verið vafa undirorpið hvort efni með barnaklámi teljist vera í „vörslum" (besiddelse) viðkomandi, t.d. í tilvikum þegar efni er dreift með rafrænum miðlum. Samkvæmt athugasemdum í greinargerð er eingöngu hægt að tala um vörslur í skilningi 2. mgr. 235. gr. þegar um rafræna miðla er að ræða að maður hafi gert eitthvað til þess að varðveita efnið með afritun þess þannig að hann geti kallað það fram hvenær sem er.[72] Þá segir jafnframt í greinargerðinni:[73]

> De mere tilfældighedsprægede situationer, hvor Internetbrugere kommer ind på særlige områder, hvort der måtte væri fri adgang til børnepornografi, uden at de har noget ønske

---

[68] Sérprent af L 281, bls. 19.

[69] Sérprent af L 281, bls. 34.

[70] Sérprent af L 281, bls. 18.

[71] Sérprent af L 281, bls. 21.

[72] Sérprent af L 281, bls. 23 og 35.

[73] Sérprent af L 281, bls. 23.

om at se børnepornografi eller der er tale om et enskelt nysgerrigt (gratis) besøg, falder uden for det strafbare område. Dette gælder dog ikke, hvis der sker en lagring, hvorved der etableres en besiddelse.

Með framþróun tækninnar hafa ýmsir aðrir möguleikar opnast fólki í þessum efnum. Þannig getur fólk orðið sér úti um barnaklám með hjálp tölvutækninnar, svo sem á netinu, án þess að hafa raunverulega hönd á því og því ekki hægt að tala um vörslur í hefðbundnum skilningi. Af þeim sökum þótti ástæða til að rýmka 2. mgr. 235. gr. þannig að hún tæki ekki einungis til varslna á barnaklámi, heldur væri nú einnig refsivert „at gøre sig bekendt med" gróft barnaklám gegn endurgjaldi, eins og t.d. er hægt á netinu. Af orðum greinargerðarinnar virðist eiga að skilja ákvæðið þannig að brot teljist fullframið þegar viðkomandi hefur opnað sér að aðgang að efninu með greiðslu.[74]

4. Þá voru gerðar breytingar á refsiviðurlögum 2. mgr. 235. Áður gat brot gegn ákvæðinu einungis varðað sektum. Eftir breytinguna er heimilt að dæma mann til að sæta varðhaldi eða fangelsi í allt að 6 mánuði *ef um sérstaklega refsiþyngjandi aðstæður* er að ræða (skærpende omstændigheder). Meðal refsiþyngjandi aðstæðna eru í greinargerðinni m.a. nefnd tilfelli þar sem um er að ræða að maður hafi greitt háar fjárhæðir fyrir efni með grófu barnaklámi eða fyrir aðgang að slíku efni á netinu. Þá er það enn fremur nefnt til refsiþyngingar ef maður hefur í vörslum sínum eða hefur gegn greiðslu skapað sér aðgang að miklu magni af grófu barnaklámi eða sérlega grófu efni, svo sem þar sem börnum er nauðgað.[75]

Í greinargerðinni kemur fram að í tengslum við þá endurskoðun sem fór fram á 235. gr. hafi það komið til athugunar hvort rétt væri að fella undir lagagreinina klámmyndir af börnum sem ekki byggðu á raunverulegum kynferðisathöfnum (fiktiv børnepornografi), þ.e. teikningar eða myndir unnar með tölvutækni sem líta út fyrir að sýna atburði sem raunverulega hafa átt sér stað. Í greinargerðinni er lögð áhersla á að reglurnar um barnaklám miði fyrst og fremst að því að vernda börn gegn kynferðislegri misnotkun. Þegar um sé að ræða tilbúnar (fiktiv) myndir lýsi þær ekki raunverulegum atburðum þar sem börn hafa verið misnotuð. Þess vegna taldi nefndin sem samdi frumvarpið að ekki væri nauðsynlegt að lögin tækju til slíks tilbúins efnis. Þetta er í samræmi við þau viðhorf sem áður hafa verið uppi í þessum efnum í danskri löggjöf.[76]

Í 235. gr. er talað um klámmyndir eða sambærilega hluti af börnum. Ekki er tilgreint sérstakt aldursmark í þessu sambandi. Í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 441/2000 kemur fram að með orðinu „börn" í 235. gr. sé miðað við einstaklinga sem hafa líkamlegan þroska barns undir 15 ára aldri og eru þar af leiðandi ekki orðin kynþroska eða kynþroski þeirra er rétt hafinn. Líkamlegur þroski barnsins sem klámefnið sýnir skiptir þannig sköpum fyrir refsinæmi verknaðarins en ekki nákvæmur aldur barnsins í árum.[77]

1.5 Þátttaka barna og ungmenna í klámmyndum

Til að uppfylla ákvæði ILO-samþykktar nr. 182, um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd (sbr. kafla 3 í I. hluta), bættu Danir nýrri lagagrein, 230. gr., við dönsku hegningarlögin með

---

[74] Sérprent af L 281, bls. 35.

[75] Sérprent af L 281, bls. 35.

[76] Sérprent af L 281, bls. 18–19.

[77] Sérprent af L 281, bls. 12.

breytingalögum nr. 441/2000. Hún kveður á um bann við þátttöku barna og ungmenna undir 18 ára aldri í klámmyndum (bæði ljósmyndum og kvikmyndum) eða sambærilegum hlutum og er liður í því að auka vernd barna og ungmenna gegn kynferðislegri misnotkun. Ekkert ákvæði í dönsku hegningarlögunum kvað beinlínis á um þetta þótt margar greinar væri þar að finna er tækju til kynferðislegrar misnotkunar á börnum.

Nýja lagaákvæðið er svohljóðandi:

> **§ 230.** Den, der optager utugtige fotografier, film eller lignende af en person under 18 år med forsæt til at sælge eller på anden måde udbrede materialet, straffes med hæfte eller fængsel indtil 2 år, under formildende omstændigheder med bøde. § 226 finder anvendelse.

Af hálfu löggjafans var m.a. talið að sérstök þörf væri á að auka vernd barna og ungmenna gegn því að vera notuð sem „klámmyndafyrirsætur" og einnig að ná til aldurshópsins 15–17 ára. Þátttaka barna á þessum vettvangi yki hættuna á kynferðislegri misnotkun þeirra og eins væru þau of ung til að geta tekið skynsamlega ákvörðun um þátttöku í gerð klámefnis. Þá væri auðvelt að beita svo ungt fólk þrýstingi og þar af leiðandi oft vafamál hvort þátttakan er í raun af fúsum og frjálsum vilja.[78]

Ákvæðið tekur til þeirra sem *taka* (optager) klámljósmyndir, klámkvikmyndir eða þess háttar af einstaklingum undir 18 ára aldri, í þeim tilgangi að selja þær eða dreifa þeim á annan hátt. Hlutdeild er jafnframt refsiverð, sbr. 23. gr. dönsku hegningarlaganna. Ákvæðið nær þar af leiðandi ekki til þeirra sem síðar hafa þessar myndir í fórum sínum án þess að hafa átt hlut í gerð þeirra. Þeir sem kaupa slíkt myndefni falla heldur ekki undir ákvæðið. Kaupendum slíkra mynda mætti refsa samkvæmt 235. gr. ef myndirnar sýndu börn eða ungmenni sem ekki hefðu náð kynþroska.[79]

1.6 Breytingar á lögum um meðferð opinberra mála

Í tengslum við áðurnefndar breytingar sem gerðar voru á 235. gr. dönsku hegningarlaganna um dreifingu og vörslur á barnaklámi með breytingalögum nr. 441/2000 var jafnframt gerð breyting á dönsku réttarfarslögunum (lov om rettens pleje) í því skyni að auðvelda lögreglu rannsókn þessara mála. Skilyrðum fyrir beitingu þvingunarráðstafana sem fela í sér inngrip í friðhelgi einkalífsins (samskiptafrelsi, á dönsku: indgreb i meddelelseshemmeligheden) var breytt til þess að auðvelda rannsókn mála er lúta að barnaklámi. Hér er átt við rannsóknaraðgerðir eins og símhleranir, hleranir á samtölum með annars konar fjarskiptabúnaði, að fá upplýsingar um símtöl við tiltekið símtæki eða fjarskipti við tiltekið fjarskiptatæki, opnun bréfa og stöðvun póstsendinga til að auðvelda rannsókn.

Rökin fyrir þessari breytingu voru fyrst og fremst þau að sú þróun sem hefur orðið á sviði tölvutækni hafi gert það að verkum að það geti reynst lögreglu afar erfitt að rannsaka mál af þessu tagi með venjubundnum rannsóknaraðferðum. Því hafi verið talið nauðsynlegt við rannsókn mála er varða barnaklám að veita lögreglu rýmri heimildir til að grípa til þving-

---

[78] Sérprent af L 281, bls. 11.

[79] Sérprent af L 281, bls. 12.

unaraðgerða í þágu rannsóknar máls en hún ella hefði. Er þetta talið auka líkurnar á því að árangur náist í baráttunni gegn þessum brotum.[80]

1.7 Nektardans

Samkvæmt dönskum lögum eru nektardanssýningar háðar leyfum sem lögreglustjórar veita. Þessi leyfi eru háð ákveðnum skilyrðum sem danska dómsmálaráðuneytið hefur mælt fyrir um í sérstökum reglum.[81] Gildandi reglur hljóða svo:

1. Að sýningin fari fram í nægilega rúmgóðu húsnæði, þannig að gott rými sé á milli sýnenda og áhorfenda (miða skal við u.þ.b. 4 m). Frá þessu má þó veita undanþágu í ákveðnum tilvikum ef aðstæður eru með þeim hætti.
2. „Live-show“ eru ekki leyfð. Með „live-show“ er m.a. átt við það þegar tveir eða fleiri sýnendur láta vel hvor/hver að öðrum, svo sem með því að afklæða hvor/hver annan, sýna hvor/hver öðrum ástaratlot, þvo eða bera sápu hvor/hver á annan.
3. Börnum yngri en 18 ára er óheimilt að taka þátt í slíkum sýningum.

Áður gerðu reglurnar jafnframt ráð fyrir því að óheimilt væri að sýnendur færu um meðal áhorfenda og að þeir beruðu kynfæri sín í slíkum sýningum. Þessi bönn voru afnumin árið 1995.

2. Vændi

2.1 Almennt

Lagaákvæði um vændi er að finna í 24. kafla dönsku hegningarlaganna (Forbrydelser mod kønssædeligheden). Þá var jafnframt allt til ársins 1999 að finna lagaákvæði um þetta efni í 22. kafla laganna, sem heitir: Betleri og skadelig erhvervsvirksomhed. Á árunum 1999 og 2000 hafa orðið miklar breytingar í Danmörku á þeim hegningarlagaákvæðum sem lúta að vændi. Verður nú gerð grein fyrir gildandi réttarástandi og þeim breytingum sem hafa átt sér stað að undanförnu.

2.2 Stundan vændis

Allt fram til ársins 1999 var að finna í 22. kafla dönsku hegningarlaganna (Betleri og skadelig erhvervsvirksomhed) lagaákvæði sem fjallaði um *ólöglega atvinnuháttu* og var svohljóðandi:

> **§ 199.** Hengiver nogen sig til lediggang under sådanne forhold, at der er grund til at antage, at han ikke søger at ernære sig på lovlig vis, skal der af politiet gives ham pålæg om at søge lovligt erhverv inden en fastsat rimelig frist og så vidt muligt anvises ham sådant erhverv. Efterkommes pålægget ikke, straffes den pågældende med hæfte eller med fængsel indtil 1 år. Pålægget har gyldighed for 5 år.
>
> **Stk. 2.** Som lovligt erhverv anses ikke spil, utugt eller understøttelse fra kvinder, der ernærer sig ved utugt.

Samkvæmt lagagreininni var heimilt að refsa manni með sektum eða fangelsi í allt að 1 ár ef hann sinnti ekki áminningu lögreglu um að leita sér löglegrar atvinnu. Að baki þessu lagaákvæði, sem og öðrum lagaákvæðum 22. kafla dönsku hegningarlaganna, bjuggu ekki

---

[80] Sérprent af L 281, bls. 27–29.

[81] „Cirkulæreskrivelse til samtlige politimestre og Politidirektøren i København“, dags. 11. ágúst 1995.

síst hagsmunir samfélagsins af því að þegnar þess sæju fyrir sér á löglegan máta.[82] Þá var í 2. mgr. talið upp í dæmaskyni hvað teldist ekki vera lögleg atvinna. Vændi og það að þiggja viðurværi sitt af kvenmanni sem stundar vændi voru þar á meðal. Ákvæði 199. gr. fjallaði þannig um skyldu þegnanna til að sjá fyrir sér með löglegum hætti en ekki um bann við vændi sem slíku. Samkvæmt ákvæðum 199. gr. tók greinin aðeins til þeirra sem sáu fyrir sér með ólöglegri atvinnustarfsemi. Þeir sem öfluðu aukatekna með ólöglegri atvinnustarfsemi, svo sem vændi, féllu ekki undir lagagreinina. Ákvæði 199. gr. tók bæði til vændis gagnkynhneigðra og samkynhneigðra.[83]

Á haustdögum 1998 lagði dómsmálaráðherra Danmerkur fram frumvarp á Þjóðþinginu til breytinga á dönsku hegningarlögunum.[84] Frumvarpið var samþykkt sem lög nr. 141 frá 17. mars 1999. Samkvæmt þeim voru 198. og 199. gr. hegningarlaganna felldar brott. Þetta hafði þá stefnubreytingu í för með sér að ekki er lengur refsivert að hafa framfæri sitt af vændi eða kvenmanni sem stundar vændi, svo framarlega sem ekki er um hagnýtingu/milligöngu að ræða, sbr. 228. og 229. gr. dönsku hegningarlaganna.

Í greinargerð kemur fram að ákvæðum 199. gr. hafi á árum áður nánast eingöngu verið beitt gegn ógiftum vændiskonum sem ekki stunduðu jafnframt aðra atvinnu. Þá segir að í framkvæmd sé ákvæðinu ekki lengur beitt. Í greinargerðinni segir m.a. orðrétt:[85]

> Straffelovens bestemmelse om straf for at overtræde et påbud om at søge lovligt erhverv anvendes ikke længere i praksis. Den foreslåede afkriminalisering af prostitution m.v. har således alene til formål at markere, at prostitution i sig selv ikke bør anses som en kriminel aktivitet. Prostitution er derimod både et udtryk for og årsag til sociale problemer, sem bedst løses i det socialpolitiske regi.

Þá kemur einnig fram að ekki þyki rétt að viðhalda ákvæðum 199. gr. í lögum af þeirri ástæðu að nauðsynlegt sé að hjálpa fólki sem hefur komið sér í þessa stöðu en ekki refsa því.[86] Við meðferð frumvarpsins á danska Þjóðþinginu komu sterkt fram þau sjónarmið að vændi væri fyrst og fremst félagslegt vandamál sem ætti að fyrirbyggja og freista þess að leysa í félagsmálalöggjöfinni. Vændi kallaði á ráðstafanir til að hjálpa þeim sem það stunda en ekki á refsingar.[87]

Tekið er fram berum orðum í 2. mgr. 2. gr. breytingalaga nr. 141/1999 að afnám 199. gr. úr dönskum hegningarlögunum, hafi ekki í för með sér að litið sé á vændi (og það að þiggja framfæri sitt af kvenmanni sem stundar vændi) sem löglega atvinnugrein. Ákvæðið hljóðar svo:

> Loven medfører ikke, at spil, prostitution og understøttelse fra kvinder, som ernærer sig ved prostitution, anses som lovlige erhverv.

---

[82] Greve, Vagn o.fl.: Kommenteret straffelov, speciel del, bls. 200.

[83] Greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 141/1999, lovforslag nr. L 43, bls. 2.

[84] Lovforslag nr. L 43, Folketinget 1998–1999, fremsat den 8. oktober 1998 af justitsministeren (Frank Jensen).

[85] Greinargerð með L 43, bls. 2.

[86] Greinargerð með L 43, bls. 3.

[87] Karen Rønde (Venstre), tirsdag den 20. oktober 1998 (L 43), bls. 254.

Með afnámi 199. gr. úr dönsku hegningarlögunum var því ekki verið að lögleiða vændi í Danmörku (legalisering) heldur er eingöngu um það að ræða að vændi sem slíkt (og það að þiggja framfæri sitt af vændiskonu) er ekki lengur refsivert (afkriminalisering).

Í umræðum um frumvarpið kom fram það sjónarmið að með því að fella niður 199. gr. kynni „markaðssetning" á vændi að verða sýnilegri og opinskárri. Ákvæði 233. gr. hegningarlaganna (sbr. kafla 2.7 hér á eftir) og ákvæði í lögreglusamþykktum setja því þó skorður hvernig þeir sem stunda vændi geta komið þjónustu sinni á framfæri.

Þá segir jafnframt í áðurnefndri greinargerð að með afnámi 199. gr. sé einungis verið að koma til móts við breytt viðhorf gagnvart þeim sem stunda vændi, þeim þurfi að hjálpa en ekki refsa. Það breyti aftur á móti ekki því að áfram verði barist af fullum þunga gegn hagnýtingu vændis (milligöngumönnum/vændismiðlurum). Stjórnvöld í Danmörku hafa gert ýmislegt á undanförnum árum í því skyni að aðstoða þá sem stunda vændi. Má sem dæmi nefna svokallað PRO-Center sem komið var á fót árið 1997. Hlutverk stofnunarinnar er m.a. að vera stjórnvöldum og stofnunum til ráðgjafar um það hvernig hægt sé að fyrirbyggja og draga úr vændi í landinu ásamt því að leita lausna á félagslegum og heilbrigðislegum vandamálum þeirra sem stunda vændi.[88]

2.3 Hagnýting vændis

Um stuðning við vændi og hagnýtingu þess er fjallað í 228. og 229. gr. dönsku hegningarlaganna. Ákvæðin miða að því að refsa svonefndum milligöngumönnum og taka bæði til vændis gagnkynhneigðra og samkynhneigðra.[89] Ákvæðin hljóða svo:

> **§ 228.** Den, der
> 1) forleder nogen til at søge tjeneste ved kønslig usædelighed med andre,
> 2) for vindings skyld forleder nogen til kønslig usædelighed med andre eller afholder nogen, der driver erhverv ved kønslig usædelighed, fra at opgive det, eller
> 3) holder bordel,
>
> straffes for rufferi med fængsel indtil 4 år.
>
> **Stk. 2.** På samme måde straffes den, der tilskynder eller bistår en person under 21 år til at søge erhverv ved kønslig usædelighed, samt den, der medvirker til en persons befordring ud af riget, for at denne i udlandet skal drive erhverv ved kønslig usædelighed eller benyttes til sådan usædelighed, når den befordrede person er under 21 år eller uvidende om formålet.
>
> **§ 229.** Den, der fremmer kønslig usædelighed ved for vindings skyld eller i oftere gentagne tilfælde at optræde som mellemmand, eller som udnytter en andens erhverv ved kønslig usædelighed, straffes med fængsel indtil 3 år eller under formildende omstændigheder med hæfte eller bøde.
>
> **Stk. 2.** Den, der udlejer værelse i hotel eller gæstgiveri til benyttelse til erhvervsmæssig utugt, straffes med hæfte eller med fængsel intil 1 år eller under formildende omstændigheder med bøde.

---

[88] Greinargerð með L 43, bls. 3.

[89] 230. gr. dönsku hegningarlaganna var afnumin með breytingalögum árið 1967, en hún fjallaði sérstaklega um vændi samkynhneigðra. (Athuga ber þó að ný 230. gr. kom inn í lögin vorið 2000 og fjallar um bann við töku klámmynda af ungmennum sem ætlaðar eru til dreifingar.)

Hugtakið „prostitution" er ekki notað í lagatextanum heldur „kønslig usædelighed". Í bók Knuds Waabens *Strafferettens specielle del* er að finna skilgreiningu á orðunum „kønslig usædelighed":[90]

> Dette udtryk omfatter navnlig tilfældige kønslige forbindelser mod betaling; nogle forskelle mellem bestemmelserne følger af de ord som bestemmer fuldbyrdelsesmomentet og af udtryk som »for vindings skyld«, »søge fortjeneste«, »drive (søge) erhverv« m.v.

Hugtakið „prostitution" kemur fyrir í nýju ákvæði dönsku hegningarlaganna, 223. gr. a, sem lögfest var árið 1999 og fjallar um kaup á vændi barna yngri en 18 ára. Í greinargerð sem fylgdi með því er hugtakið „prostitution" skilgreint sem: *levering af seksuelle ydelser mod betaling.*[91] Þá segir jafnframt að ákveðið hafi verið að nota hugtakið „prostitution" í hinu nýja ákvæði í staðinn fyrir „utugt", sem notað er í 229. og 233. gr., þar sem það sé mun nútímalegra.

Orðin „lauslæti" og „vændi" verða hér eftir, sem hingað til, notuð jöfnum höndum í sömu merkingunni: *að veita kynlífsþjónustu gegn greiðslu,* en þessi orð eru notuð í íslensku hegningarlögunum.

a) Ginning til lauslætis o.fl. (rufferi)

Samkvæmt 1. mgr. 228. gr. er þrenns konar milliganga refsiverð. Skv. 1. tölul. er refsivert að ginna aðra manneskju til lauslætis. Ákvæðið gerir ráð fyrir því að sá sem lauslætið stundar geri það í hagnaðarskyni, en ekki er nauðsynlegt að milligöngumaðurinn hafi af því ávinning.[92] Skv. 2. tölul. er annars vegar refsivert að ginna aðra manneskju til lauslætis og hins vegar að hindra hana í því að hætta að stunda vændi (søge erhverv). Þá er skv. 3. tölul. refsivert að reka vændishús. Skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. er það skilyrði refsiábyrgðar að milligöngumaðurinn vinni verknaðinn í ávinningsskyni.

Litið hefur verið svo á að ákvæði 1. og 2. tölul. 1. mgr. 228. gr. taki jafnframt til kynlífsathafna sem eru liður í myndatökum, þ.e. framleiðslu klámkvikmynda eða klámljósmynda þar sem fólk er sýnt í kynferðisathöfnum með öðrum.[93] Samkvæmt ákvæðinu er því hægt að refsa þeim sem hafa milligöngu um að fólk taki þátt í gerð slíks efnis.

b) Ungmenni hvatt til að sjá fyrir sér með vændi eða stuðlað að flutningi manns úr landi í því skyni að hann hafi viðurværi sitt af vændi

Í 2. mgr. 228. gr. er lögð refsing við tvenns konar verknaði, annars vegar að stuðla að því að ungmenni, sem ekki hefur náð 21 árs aldri, hafi viðurværi sitt af vændi og hins vegar að eiga þátt í því að maður flytji úr landi í því skyni að sjá fyrir sér með vændi. Þetta er það sem nefnt hefur verið „hvít þrælasala".[94] Bæði er ólöglegt að stuðla að því að ungmenni yngra en 21 árs flytji úr landi í þessu skyni, óháð því hvort því er kunnugt um ástæðuna eða ekki, og eins er ólöglegt að stuðla að útflutningi manns sem er 21 árs eða eldri sé honum ókunnugt

---

[90] Bls. 68.

[91] Greinargerð með L 43, bls. 7.

[92] Greve, Vagn o.fl.: Kommenteret straffelov, speciel del, bls. 243.

[93] Greve, Vagn o.fl.: Kommenteret straffelov, speciel del, bls. 242.

[94] Greve, Vagn o.fl.: Kommenteret straffelov, speciel del, bls. 244, og Waaben, Knud: Strafferettens specielle del, bls. 69.

um tilgang fararinnar. Samþykki ungmennis sem er yngra en 21 árs leysir milligöngumanninn því ekki undan refsiábyrgð. Aldursmörkin hér eru þau sömu og í 4. mgr. 206. gr. íslensku hegningarlaganna og ákvæðin efnislega samhljóða. Með þeim breytingum sem gerðar voru á íslenska ákvæðinu árið 1992 hefur það þó verið rýmkað í samanburði við hið danska þar sem íslenska ákvæðið tekur jafnframt til flutnings fólks til landsins í þessu skyni.

Þar sem 2. mgr. 228. gr. tekur eingöngu til flutnings fólks úr landi ber að beita öðrum lagaákvæðum þegar um ólöglegan flutning fólks til landsins er að ræða. Slík háttsemi varðar við lög um útlendinga.

Til umræðu hefur komið í danska Þjóðþinginu að lækka aldursmörkin sem ákvæðið miðast við í samræmi við breyttan lögræðisaldur, en tillögur þess efnis hafa ekki náð fram að ganga.[95]

c) Rekstur vændishúss

Í 3. tölul. 1. mgr. 228. gr. er rekstur vændishúsa mæltur refsiverður. Í danskri réttarframkvæmd hefur afmörkun hugtaksins „vændishúss“ reynst erfið.[96] Ekki þykir ástæða til þess að gera grein fyrir því hér.

d) Stuðlað að lauslæti annarra eða hagnýting þess

Árið 1961 var fyrri hluta 1. mgr. 229. gr. breytt í þeim tilgangi m.a. að ákvæðið tæki til þeirra sem störfuðu í „þjónustugeiranum“ og litu á það sem hluta af þjónustu sinni við viðskiptavininn að benda á aðila sem stunduðu vændi, hvort sem það var gert gegn greiðslu eða ekki. Eins og ákvæðið hljóðar eftir breytinguna varðar það refsiábyrgð að koma fram sem milliliður, þ.e. að vísa endurtekið eða í ávinningsskyni á aðila sem stunda vændi. Sem dæmi um þá sem geta fallið undir ákvæðið má nefna leigubílstjóra, barþjóna, þjóna á veitingahúsum og hótelstarfsmenn. Ef greitt er fyrir milligönguna nægir aðeins eitt skipti til refsiábyrgðar.[97]

Þá er samkvæmt síðari hluta 1. mgr. 229. gr. refsivert að hagnýta sér vændi annarra. Til að hægt sé að tala um hagnýtingu þarf að vera nokkuð viðvarandi samband á milli þess sem stundar vændi og milliliðarins. Hér má sem dæmi nefna endurtekið lán á húsnæði gegn greiðslu þess sem stundar vændi. Lán á íbúðarherbergi gegn greiðslu í eitt einstakt skipti dygði því ekki til refsiábyrgðar samkvæmt ákvæðinu heldur yrði slíkt „lán“ á íbúðarhúsnæði að eiga sér stað nokkuð reglulega. Um skýringu á þessu ákvæði segir í bók Vagn Greve o.fl.:[98]

> Anvendelse af § 229, stk. 1, 2. led, forudsætter, at gerningsmanden har »udnyttet« den prostituerede, hvilket ifølge mot. indebærer, at »Bestemmelsen kun kommer til Anvendelse, hvort der er Tale om Forhold af en vis varigere Karakter, og hvor det drejer sig om økonomisk Fordel, som Modtageren ikke har retligt eller naturligt Krav paa at motdtage« (strl. bet. 1923, mot 328.)

Samkvæmt 2. mgr. 229. gr. er refsivert að leigja út herbergi á hótelum eða gistihúsum í

---

[95] Greve, Vagn o.fl.: Kommenteret straffelov, speciel del, bls. 244.

[96] Sjá nánar Greve, Vagn o.fl.: Kommenteret straffelov, speciel del, bls. 243.

[97] Greve, Vagn o.fl.: Kommenteret straffelov, speciel del, bls. 245–246.

[98] Greve, Vagn o.fl.: Kommenteret straffelov, speciel del, bls. 246.

þeim tilgangi að þar sé stundað vændi. Dugir eitt einstakt skipti til refsiábyrgðar.[99]

Á dönsku hefur hegðun sú sem lýst er í 1. og 2. mgr. 229. gr. verið kölluð „aktivt alfonseri". „Aktive alfonser" eru þeir „... som enten udnytter en andens erhverv som prostitueret, eller som for vindings skyld eller oftere gentaget optræder som mellemmænd".[100]

e) Framfærsla af tekjum vændiskonu (passivt alfonseri)

Með breytingalögum nr. 141/1999 voru 3.–5. mgr. 229. gr. dönsku hegningarlaganna felldar niður. Þótt ákvæði þessi séu ekki lengur í dönskum lögum þykir til fróðleiks rétt að gera stuttlega grein fyrir þeim. Ákvæðin voru svohljóðandi:

> **Stk. 3.** Med fængsel indtil 4 år straffes den mandsperson, som helt eller delvis lader sig underholde af en kvinde, der driver utugt som erhverv.
>
> **Stk. 4.** Med fængsel intil 1 år straffes den mandsperson, som imod politiets advarsel deler bolig med en kvinde, der driver utugt som erhverv. En af politiet meddelt advarsel har gyldighed for 5 år.
>
> **Stk. 5**. De i stk. 3 og 4 givne straffebestemmelser finder ikke anvendelse på mandspersoner under 18 år, over for hvem kvinden har underholdspligt.

Ákvæði 3. og 4. mgr. tóku til svonefnds „passivt alfonseri" (eða „soutenørvirksomhed"),[101] þ.e. til þeirra aðstæðna er karlmenn lifðu af tekjum vændiskvenna, án þess að stuðla beinlínis að vændinu. Þetta gátu t.d. verið eiginmenn þeirra og í raun gátu þeir verið alfarið á móti þessari iðju. Synir vændiskvenna, yngri en 18 ára, sem þeim var skylt samkvæmt lögum að framfæra, gátu þó ekki gerst brotlegir fyrir að þiggja lífsviðurværi sitt af konu sem sá fyrir sér með vændi, sbr. 5. mgr. Í framkvæmd gat verið erfitt að gera greinarmun á því hvort rétt væri að heimfæra brot undir 2. tölul. 1. mgr. 228. gr. eða 3. mgr. 229. gr. Það hafði þó ekki sérstaka þýðingu í raun þar sem refsimörkin voru hin sömu.

Í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 141/1999 kemur m.a. fram að í tengslum við þá ákvörðun að fella niður refsiábyrgð fyrir það að stunda vændi í atvinnuskyni (þ.e. að fella niður 199. gr. dönsku hegningarlaganna) sé eðlilegt að fella niður refsiábyrgð skv. 3.–5. mgr. 229. gr. Segir þar orðrétt:[102]

> Hvis prostitution ikke længere er forbundet med et (indirekt) strafansvar, bør det efter Justitsministeriets opfattelse heller ikke være strafbart at leve sammen med eller lade sig underholde af en prostituetret, medmindre der er tale om udnyttelse af den prostituerede.

Þrátt fyrir að 3.–5. mgr. 229. gr. hafi verið felldar niður verður milligöngumönnum, sem leggja því með einhverjum hætti lið að einstaklingur stundi vændi, refsað skv. 1. eða 2. mgr. lagagreinarinnar („aktive alfonser").

---

[99] Waaben, Knud: Strafferettens specielle del, bls. 69.

[100] Greinargerð með L 43, bls. 4.

[101] Greinargerð með L 43, bls. 4.

[102] Greinargerð með L 43, bls. 4.

2.4 Ítrekun

Í 231. gr. dönsku hegningarlaganna er að finna ítrekunarákvæði sem svarar til 208. gr. íslensku hegningarlaganna. Þar segir:

> **§ 231.** Har den, som skal dømmes efter §§ 228 eller 229, tidligere været dømt for nogen i disse bestemmelser omhandlet forbrydelse eller for løsgængeri, eller har han for en berigelsesforbrydelse været dømt til fængsel, kan straffen forhøjes med indtil det halve.

2.5 Vændi samkynhneigðra

Allt frá árinu 1905 og fram til ársins 1967 var að finna sérstakt ákvæði í dönsku hegningarlögunum um vændi samkynhneigðra. Ákvæðið var í 230. gr. laganna og hljóðaði svo:

> **§ 230.** Modtager nogen betaling for at øve kønslig usædelighed med en person af samme køn, straffes han med hæfte eller med fængsel indil 1 år.

Með lögum nr. 248/1967 var ákvæðið, sem lagði bann við því að viðlagðri refsingu að taka við greiðslu fyrir kynferðisathafnir með manneskju sama kyns, afnumið. Ákvæðið var að því leyti ólíkt 199. gr. dönsku hegningarlaganna að einungis eitt einstakt skipti dugði til refsiábyrgðar skv. 230. gr. og skipti engu máli í því sambandi þótt viðkomandi stundaði löglega atvinnu sér til framfærslu. Þá var refsiábyrgðin heldur ekki háð undanfarandi viðvörun eins og gert var ráð fyrir í 199. gr.

Ákvæði 228. og 229. gr. dönsku hegningarlaganna taka bæði til vændis gagnkynhneigðra og samkynhneigðra og er ekki lengur gerður neinn greinarmunur þar á. Sömu sögu er að segja um 223. gr. a, sbr. 225. gr. eins og henni var breytt með lögum nr. 141/1999, sem kom inn í lögin fyrri hluta árs 2000.

2.6 Kaup á vændi

Samkvæmt dönskum rétti hefur það ekki varðað refsingu að kaupa vændisþjónustu. Þess ber þó að geta að kynferðismök við börn yngri en 15 ára voru og eru refsiverð samkvæmt 222. gr. dönsku hegningarlaganna (sambærilegt ákvæði er að finna í 202. gr. íslensku hegningarlaganna). Þetta á að sjálfsögðu við þótt atvik séu þannig að maður kaupi vændisþjónustu af barninu.

Með breytingalögum nr. 141 frá 17. mars 1999 var nýrri lagagrein bætt við dönsku hegningarlögin, 223. gr. a. Hún fjallar um kaup á vændisþjónustu af einstaklingum sem eru yngri en 18 ára og hljóðar svo:

> **§ 223 a.** Den, der som kunde har samleje med en person under 18 år, der helt eller delvis ernærer sig ved prostitution, straffes med bøde, hæfte eller fængsel indtil 2 år.

Samkvæmt ákvæðinu er nú refsivert að kaupa kynlífsþjónustu af einstaklingi yngri en 18 ára. Í greinargerð kemur fram að lögfesting þessa lagaákvæðis sé liður í því að spyrna á móti þeirri kynferðislegu misnotkun á börnum og ungmennum sem útbreidd er víða um heim. Þá sé það í samræmi við alþjóðlegt samstarf á þessu sviði sem hafi það að markmiði að vinna gegn kynferðislegri misnotkun barna. Með lögfestingu þessa lagaákvæðis, til viðbótar við

lagaákvæði er leggja refsingu við milligöngu, sé vonast til að eftirspurn eftir kynlífsþjónustu þessa aldurshóps minnki. [103]

Ákvæðið tekur til þess að hafa samræði, sem og önnur kynferðismök, við barn yngra en 18 ára, sbr. 224. gr. dönsku hegningarlaganna eins og henni var breytt með 3. tölul. 1. mgr. laga nr. 141/1999. Þá tekur það til þess þegar um kaupendur sama kyns er að ræða, sbr. 225. gr. dönsku hegningarlaganna eins og henni var breytt með 4. tölul. 1. mgr. laga nr. 141/1999.

Með orðinu „kunde" (viðskiptavinur) í lagatextanum er efni ákvæðisins takmarkað við að greiðsla fyrir þjónustuna fari fram eða að loforð hafi verið gefið um greiðslu. Ekki skiptir máli í því sambandi hvort kaupandinn sjálfur eða þriðji maður innir greiðsluna af hendi. Þá þarf ekki að vera um beina peningagreiðslu að ræða, en endurgjaldið þarf að vera hægt að meta til fjár. Það er ekki heldur skilyrði refsiábyrgðar að seljandinn hafi aðaltekjur sínar af vændi. Það nægir að aðeins hluti tekna ungmennisins sé fenginn með þessum hætti.[104]

Brot gegn ákvæðinu getur varðað sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. Sé seljandi þjónustunnar yngri en 15 ára fellur brotið undir 222. gr. dönsku hegningarlaganna sem mælir fyrir um enn þyngri viðurlög. Einungis er hægt að refsa manni fyrir brot gegn 223. gr. a að honum hafi verið kunnugt um að ungmennið stundaði vændi og að kynlífsathafnirnar væru liður í því. Hafi brotið verið framið af gáleysi um aldur viðkomandi skal skv. 226. gr. dönsku hegningarlaganna beita vægari viðurlögum.[105]

Aldur kaupandans hefur ekki áhrif á refsiábyrgð svo framarlega sem hann hefur náð sakhæfisaldri. Hann gæti því sjálfur verið yngri en 18 ára.[106]

Að lokum er rétt að minnast hér á 227. gr. dönsku hegningarlaganna þar sem heimilað er að fella refsingu niður vegna brots gegn 223. gr. a ef sá sem stundar vændi og viðskiptavinurinn ganga síðar að eigast.

2.7 Takmarkanir á auglýsingum á vændi

Í 233. gr. dönsku hegningarlaganna er að finna svohljóðandi ákvæði:

> **§ 233.** Den, som opfordrer eller indbyder til utugt eller stiller usædelig levevis til skue på anden måde, der er egnet til at forulempe andre eller vække offentlig forargelse, straffes med hæfte eller med fængsel indtil 1 år eller under formildende omstændigheder med bøde.

Þessari lagagrein, eins og 228. og 229. gr., er sérstaklega ætlað að vinna gegn vændi. Ákvæðið leggur m.a. refsingu við því að hvetja til lauslætis eða bjóða upp á lauslæti, þar með vændisþjónustu, á þann hátt að öðrum sé misboðið eða að það sé til þess fallið að vekja almenna hneykslan. Ákvæðið setur einkum þeim sem stunda vændi á götum úti mörk að því er varðar hegðun og aðferðir við að afla sér viðskiptavina. Á sama hátt setur þetta efni auglýsinga um slíka þjónusta, svo sem í blöðum og tímaritum, mörk að því er varðar efni og framsetningu. Þessar auglýsingar, svo og hegðun þeirra sem leita viðskiptavina, mega ekki

---

[103] Greinargerð með L 43, bls. 2–5.

[104] Greinargerð með L 43, bls. 6.

[105] Greinargerð með L 43, bls. 8.

[106] Greinargerð með L 43, bls. 8.

fara út fyrir mörk almenns velsæmis.[107] Lagagreinin tekur einungis til mjög grófs eða sérstaklega hneykslanlegs verknaðar. Ákvæði 5. og 6. gr. lögreglusamþykktar (normalpolitivedtægten) eru greininni til frekari fyllingar. Þau hljóða svo:

> **§ 5.** Det er forbudt på eller ud til en vej eller andre steder, hvortil der er almindelig adgang, at vise uanstændig opførsel, f.eks. ved uanstændige ord eller handlinger, ved uanstændlige blottelse af legemet eller ved at opfordre til utugt.
>
> **§ 6.** Politiet kan forbyde enhver, der opholder sig på en vej, at stå stille der eller að færdes frem og tilbage på kortere strækninger, når den pågældendes ophold eller færden medfører ulempe for omboende eller forbipasserende, eller der er begrundet formodning om, at den pågældende på dette sted udøver et ulovligt erhverv.

Orðunum „stiller usædelig levevis til skue“ var upphaflega beint gegn hneykslanlegum kynferðissýningum en ekki eingöngu vændi. Ákvæðinu má beita gegn viðskiptavinum þeirra sem stunda vændi ef hegðun þeirra er misbjóðandi.[108]

Í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 141/1999 kemur fram að tilvitnuðum ákvæðum lögreglusamþykktarinnar sé að jafnaði beitt vegna þeirrar hegðunar sem annars fellur undir 233. gr. Af þessum sökum hafi 233. gr. lítt eða ekki verið beitt í réttarframkvæmd. Þá kemur einnig fram að í tengslum við frumvarpið hafi verið íhugað hvort ekki væri rétt að fella 233. gr. niður. Niðurstaðan varð sú að þrátt fyrir að ákvæðið hefði fram til þessa ekki haft mikla þýðingu í framkvæmd væri rétt að hafa það áfram í gildi. Er sérstaklega á það bent að ákvæði lögreglusamþykktarinnar taki ekki til auglýsinga. Því var talið að ástæða væri til að hafa ákvæðið áfram í lögum þar sem ekki væri hægt að útiloka að þörf kynni að vera á vernd gegn mjög grófum og hneykslanlegum auglýsingum um kynferðislega þjónustu.[109]

III. NOREGUR

1. Klám

1.1 Almennt

Hinn 13. júní 2000 samþykkti Stórþing Norðmanna margvíslegar og umfangsmiklar breytingar á 19. kafla norsku hegningarlaganna, almindelig borgerlig straffelov, nr. 10 frá 22. maí 1902, með síðari breytingum. Kaflinn, sem nú heitir Seksualforbrytelser í stað Forbrytelser mot sedeligheten, hefur sætt gagngerri endurskoðun. Tilgangurinn var annars vegar að einfalda ákvæði kaflans og gera þau nútímalegri og hins vegar að styrkja vernd kvenna og barna gegn kynferðislegri misnotkun.[110] Hin nýju breytingalög eru nr. 76 frá 11. ágúst 2000.

Þessar nýlegu breytingar á norsku hegningarlögunum eiga að miklu leyti rót sína að rekja til skýrslu sem svonefnd kynferðisbrotanefnd (Seksuallovbruttutvalg) skilaði árið 1997. Í henni var gerð nákvæm úttekt á ákvæðum norsku hegningarlaganna er lutu að kynferðisbrotum og tillögur gerðar til breytinga á þeim.[111]

---

[107] Greve, Vagn o.fl.: Kommenteret straffelov, speciel del, bls. 251–252.

[108] Greve, Vagn o.fl.: Kommenteret straffelov, speciel del, bls. 252.

[109] Greinargerð með L 43, bls. 3–4.

[110] Ot. prp. nr. 28 (1999–2000), om lov om endringer i straffeloven mv. (seksuallovbrudd), bls. 7.

[111] Seksuallovbrudd, Straffelovkommisjonens delutredning VI, NOU 1997:23.

Áður en breytingalög nr. 76/2000 gengu í gildi var ákvæði norsku hegningarlaganna um klám að finna í 211. gr. Ákvæðið sætti nokkrum sinnum breytingum í gegnum árin. Mikilvægustu breytingarnar voru gerðar árin 1985 og 1992. Meðal breytinga árið 1985 voru þær að hugtakið „pornografi" var tekið upp í efni greinarinnar samhliða hugtakinu „utuktig", og voru bæði hugtökin skilgreind í greininni sjálfri.[112] Þá var ákvæði um bann við barnaklámi bætt við greinina árið 1992.[113]

Í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 76/2000 kemur fram að breytingarnar sem frumvarpið gerir ráð fyrir á klámákvæðum hegningarlaganna eigi ekki að leiða til aukins frjálsræðis á þessu sviði. Yfirvöld séu sannfærð um að klám hafi óheppileg áhrif, bæði á þjóðfélagið í heild sinni sem og á hvern þann einstakling sem umgangist það. Þá séu hin neikvæðu áhrif sem klám geti haft á ungt fólk, sem ekki hefur tekið út kynferðislegan þroska eða öðlast skilning á þessum efnum, yfirvöldum sérstakt áhyggjuefni. Einnig sé erfitt að sjá jákvæð gildi þess að auka enn frekar aðgengi fullorðinna að klámi. Klám sé að miklu leyti lýsingar á kynferðislegri hegðun sem eigi sér enga stoð í raunveruleikanum og aukin útbreiðsla þess meðal fullorðins fólks geti haft í för með sér að grafið sé undan þeirri siðferðisvitund sem þjóðfélagið byggist á og hefur rétt til að vernda. Þá segir að þeir sem vilja verða sér úti um klám geti gert það á tiltölulega auðveldan og löglegan hátt utan lögsögu Noregs, að efni með barnaklámi frátöldu. Þetta sé t.d. hægt að gera með því að flytja inn myndbönd eða tímarit, gerast áskrifandi að sjónvarpsstöðvum sem bjóða upp á þess konar efni eða á netinu. Markmið yfirvalda með bönnum á þessu sviði sé að hindra að klámiðnaður nái að vaxa og dafna í Noregi með öllum þeim neikvæðu áhrifum sem honum fylgja.[114]

Lög nr. 76/2000 hafa ýmsar breytingar í för með sér. Sem dæmi má nefna að ákvæði um barnaklám var rýmkað á þann veg að það tekur nú til framleiðslu og afhendingar á slíku efni til viðbótar við vörslur og innflutning. Þá er skilgreiningin á því hvað telst til barnakláms ekki lengur bundin við ákveðinn aldur. Í greinargerðinni er þetta skýrt þannig að líta beri á 16 ára aldursmörkin, sem er hinn „kynferðislegi lögaldur" (seksuell lavalder) samkvæmt norskum lögum, sem leiðbeinandi viðmiðun í því efni. Til barnakláms telst klámefni sem sýnir raunveruleg börn eða einhvern sem lítur út fyrir að vera barn eða er látinn líta út fyrir að vera barn. Þá er lagt bann við því að ginna börn eða ungmenni yngri en 18 ára til þátttöku í ljósmyndum eða kvikmyndum sem eru af kynferðislegum toga. Sömuleiðis er lagt bann við því að framleiða slíkar myndir ef þær sýna einstaklinga yngri en 18 ára.

Ákvæði 211. gr. norsku hegningarlaganna, eins og það var fyrir þessa breytingu, hafði litla þýðingu í réttarframkvæmd.[115]

Eftir hina umfangsmiklu endurskoðun á 19. kafla norsku hegningarlaganna er aðalákvæðið um klám nú að finna í 204. gr. laganna (í stað 211. gr. áður). Það hljóðar svo:

§ 204. Den som
a) utgir, selger eller på annen måte søker å utbre pornografi,
b) innfører pornografi med sikte på utbredelse,
c) overlater pornografi til personer under 18 år,

---

[112] Breytingalög nr. 31 frá 24. maí 1985.

[113] Breytingalög nr. 49 frá 22. maí 1992.

[114] Op. prp. nr. 28, bls. 98.

[115] Andenæs, Johs. og Bratholm, Anders: Spesiell Strafferett, bls. 129.

d) produserer, innfører, besitter, overlater til en annen eller mot vederlag gjør seg kjent med barnepornografi,
e) holder offentlig foredrag eller istandbringer offentlig forestilling eller utstilling med pornografisk innhold, eller
f) forleder noen under 18 år til å la seg avbilde som ledd i kommersiell fremstilling av rørlige og urørlige bilder med seksuelt innhold, eller produserer slike fremstillinger hvor noen under 18 år er avbildet,

straffes med bøter eller med fengsel inntil 2 år.

Med pornografi menes i denne paragrafen kjønnslige skildringer som virker støtende eller på annen måte er egnet til å virke menneskelig nedverdigende eller forrående, herunder kjønnslige skildringer hvor det gjøres bruk av barn, lik, dyr, vold og tvang. Med barnepornografi menes kjønnslige skildringer i rørlige og urørlige bilder hvor det gjøres bruk av barn, noen som må regnes som barn eller noen som er fremstilt som barn. Som pornografi regnes ikke kjønnslige skildringer som må anses forsvarlige ut fra et kunstnerisk, vitenskapelig, informativt eller lignende formål.

Den som uaktsomt foretar handling som nevnt i første ledd a til f, straffes med bøter eller med fengsel inntil 6 måneder. På samme måte straffes den innehaver eller overordnede som forsettlig eller uaktsomt unnlater å hindre at det i en virksomhet blir foretatt handling som nevnt i denne paragrafen.

Paragrafen gjelder ikke for film eller videogram som Statens filmtilsyn ved forhåndskontroll har godkjent til erhvervsmessig fremvisning eller omsetning.

Ákvæði 1. mgr. skiptist í sex liði. Ákvæði f-liðar er nýmæli. Refsihámark fyrir brot gegn einstökum liðum getur samkvæmt lokaorðum málsgreinarinnar varðað fangelsi allt að 2 árum. Skilyrði refsiábyrgðar fyrir brot gegn 1. mgr. 204. gr. er að þau hafi verið framin af ásetningi. Í 3. mgr. 204. gr., sem svarar til eldri 4. mgr. 211. gr., eru brot gegn 1. mgr, sem framin eru af gáleysi, jafnframt lýst refsiverð. Refsihámarkið er þó lægra en fyrir ásetningsbrot, eða fangelsi í allt að sex mánuði.

Nánar verður gerð grein fyrir einstökum liðum 1. mgr. 204. gr. í köflum 1.3–1.8 hér á eftir.

1.2 Skilgreining hugtaka

Hugtakið *klám* (pornografi) er skilgreint í 1. málsl. 2. mgr. 204. gr. norsku hegningarlaganna. Samkvæmt skilgreiningunni er klám:

> ... kjønnslige skildringer som virker støtende eller på annen måte er egnet til å virke menneskelig nedverdigende eller forrående, herunder kjønnslige skildringer hvort det gjøres bruk av barn, lik, dyr, vold og tvang.

Skilgreiningin samsvarar þeirri sem gilt hefur og kom fram í eldri 2. mgr. 211. gr., en gerðar voru nokkrar orðalagsbreytingar á ákvæðinu í samræmi við breytt tungutak. Orðið „utukt“ er ekki lengur haft með í skilgreiningunni, enda var það talið óþarft í ljósi þess að „utukt“ og „pornografi“ væru samheiti og að orðið „utukt“ væri að mestu leyti horfið úr daglegu máli. Þá var misnotkun líks bætt við skilgreininguna til að taka af allan vafa, en litið hafði verið svo á að kynferðisleg misnotkun á líki félli undir skilgreininguna á klámi samkvæmt eldri 2. mgr. 211. gr. þótt það væri ekki tekið fram í ákvæðinu berum orðum.

Í 2. málsl. 2. mgr. 204. gr. er hugtakið *barnaklám* (barnepornografi) sérstaklega skilgreint.

Slíka skilgreiningu var að finna í eldri d-lið 1. mgr. 211. gr., en í 2. mgr. 204. gr. hefur hún hefur verið rýmkuð og sérstök aldursmörk afnumin. Skilgreiningin er nú svohljóðandi:

> Med barnepornografi menes kjønnslige skildringer i rørlige og urørlige bilder hvor det gjøres bruk av barn, noen som må regnes som barn eller noen som er fremstillt som barn.

Skilgreiningin tekur til kyrrmynda og hreyfimynda, óháð því hvaða tækni er notuð til að gera þær.[116] Til barnakláms telst það þegar myndir innihalda kynferðislegar lýsingar á börnum, þ.e. á einstaklingum sem í raun og veru eru börn. Þá telst það einnig til barnakláms þegar klámefni inniheldur kynferðislegar lýsingar á einstaklingum sem gera má ráð fyrir að séu börn eða eru látnir líta út fyrir að vera börn. Í eldri 2. mgr. 211. gr. var í skilgreiningunni miðað við kynferðislegar lýsingar á börnum yngri en 16 ára eða einstaklingum sem litu út fyrir að hafa ekki náð þeim aldri. Nú hafa sérstök aldursmörk verið afnumin og miðað er við að þeir einstaklingar, sem ekki hafa tekið út kynferðislegan þroska, séu börn í skilningi ákvæðisins. Þrátt fyrir að sérstök aldursmörk hafi verið afnumin úr ákvæðinu er sá lágmarksaldur sem börn verða að hafa náð samkvæmt norskum lögum til að heimilt sé að stunda með þeim kynlíf (seksuel lavalder) áfram viðmiðunin í þessu efni.

Í 3. málsl. 2. mgr. 204. gr. er það nánar afmarkað hvers konar kynferðislegar lýsingar teljist ekki til kláms. Þar segir:

> Som pornografi regnes ikke kjønnslige skildringer som må anses forsvarlige ut fra et kunstnerisk, vitenskapelig, informativt eller lignende formål.

1.3 Dreifing

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 204. gr. er bannað að gefa út, selja eða að leitast við að dreifa klámi á annan hátt. Ákvæðið eins og það hljóðar nú tekur til alls klámefnis, óháð birtingarformi þess. Þannig fellur nú klámefni sem dreift er í gegnum rafræna miðla, svo sem netið og gervihnetti, undir ákvæðið, svo framarlega sem tilgangurinn er að dreifa því.[117] Til samanburðar má geta þess að ákvæðið tók áður til kláms sem birtist á prenti (skrifter), á myndum, í kvikmyndum, í myndböndum eða sambærilegum hlutum. Ákvæðið hefur ekki í för með sér að óheimilt sé að verða sér úti um og hafa í vörslum sínum klámefni til eigin nota, að efni með barnaklámi frátöldu, sbr. d-lið.

1.4 Innflutningur

Samkvæmt b-lið 1. mgr. 204. gr. er óheimilt að flytja inn klámefni sem ætlað er til dreifingar. Að öðru leyti er heimilt að flytja inn klámefni til eigin nota, sbr. þó d-lið.

1.5 Afhending klámefnis til barna og ungmenna

Markmið c-liðar 1. mgr. 204. gr. er að veita einstaklingum undir 18 ára aldri sérstaka vernd, en samkvæmt liðnum er óheimilt að láta þeim í té (overlate) klámefni. Með orðunum „að láta í té“ er átt við að börnum eða ungmennum sé fengið efnið í hendur þannig að þau hafi umráð þess. Þannig nægir ekki til refsiábyrgðar að barni sé sýnd klámmynd í eitt einstakt

---

[116] Ot. prp. nr. 28, bls. 119.

[117] Ot. prp. nr. 28, bls. 118.

skipti. Klámefnið þarf að vera í umráðum barns eða ungmennis til að háttsemin falli undir verknaðarlýsingu ákvæðisins.[118]

1.6 Barnaklám

Ákvæði um barnaklám kom fyrst inn í norsku hegningarlögin árið 1992.[119] Verknaðarlýsing ákvæðisins, eins og það er nú eftir breytinguna sem gerð var á hegningarlögunum með lögum nr. 76/2000, er nokkuð rýmri en áður var. Skv. d-lið 1. mgr. 204. gr. er nú óheimilt að framleiða, flytja inn, hafa í vörslum sínum, láta öðrum í té eða kynna sér gegn endurgjaldi efni með barnaklámi. Ekki skiptir máli hvort efnið er ætlað til eigin nota eða til dreifingar. Ákvæðið felur í sér fortakslaust bann við slíku efni.

Í greinargerð með breytingalögunum kemur fram að með orðunum „mot vederlag gjør seg kjent med barnepornografi" sé verið að ná til þeirrar háttsemi þegar fólk, gegn greiðslu peninga eða gegn annars konar endurgjaldi (svo sem með skiptum (býtti)), fær aðgang að myndum á tölvuskjám án þess að hægt sé að tala um að efnið sé beinlínis í vörslum þess.[120]

Bann við því að að framleiða, flytja inn, hafa í vörslum sínum, láta öðrum í té eða kynna sér gegn endurgjaldi efni með barnaklámi skv. d-lið 1. mgr. 204. gr. gildir ekki eingöngu um brot sem framin eru í Noregi, heldur tekur það einnig til norskra ríkisborgara á erlendri grundu. Þetta leiðir af breytingu sem gerð var á a-lið 3. mgr. 12. gr. norsku hegningarlaganna með lögum nr. 76/2000, en með breytingunni er gildissvið laganna rýmkað að því er barnaklámsbrot varðar. Er það í samræmi við þá alþjóðlegu stefnu að vernda börn og ungmenni almennt fyrir kynferðislegri misnotkun, hvar sem þau eru búsett í heiminum.

Um skilgreiningu og skýringar á hugtakinu barnaklám (børnepornografi) vísast til kafla 1.2 hér að framan.

1.7 Sýningar o.fl. á opinberum vettvangi

Samkvæmt e-lið 1. mgr. 204. gr. er lagt bann við því að halda fyrirlestur (þ.m.t. upplestur), efna til sýningar eða stilla upp klámefni á opinberum vettvangi. Um skýringu á því hvað telst vera „opinber vettvangur" vísast til 2. mgr. 7. gr. norsku hegningarlaganna. Ákvæðið tekur m.a. til auglýsinga (svo sem á vegum leikhúsa, kvikmyndahúsa, sirkusa, nektardansstaða og „liveshow"-sýningarstaða), sjónvarpssendinga, skilta, plakata og útstillinga (svo sem í búðargluggum).[121] Að baki ákvæði sem þessu búa þeir hagsmunir að vernda almenning fyrir því að þurfa að þola að efni, sem stríðir gegn almennri velsæmiskennd, sé haft fyrir fólki án þess að það eigi um það nokkurt val.

1.8 Þátttaka barna og ungmenna í klámmyndum

Ákvæði f-liðar 1. mgr. 204. gr. er nýmæli í lögunum. Með orðunum „kommersiell utnyttelse" er átt við kynferðislega notkun (nýtingu) barns í hagnaðarskyni.[122] Í f-lið er annars vegar lagt bann við því að tæla einstaklinga yngri en 18 ára (t.d. með peningum eða öðrum fjárverðmætum) til að láta taka af sér myndir sem hafa kynferðislegt innihald (bilder med

---

[118] Ot. prp. nr. 28, bls. 92.

[119] Sbr. lög nr. 49 frá 22. maí 1992.

[120] Ot. prp. nr. 28, bls. 118.

[121] Ot. prp. nr. 28, bls. 92 og Matningsdal, Magnus: Straffeloven (Karnov kommenterte lover), bls. 209.

[122] Ot. prp. nr. 28, bls. 64.

seksuelt innhold) í ágóðaskyni. Hins vegar er bannað að framleiða efni með kynferðislegu innihaldi í ágóðaskyni sem sýnir einstakling undir 18 ára aldri.

Markmiðið með þessu lagaákvæði er annars vegar að veita 16 og 17 ára ungmennum, sem enn eru ólögráða, sérstaka vernd gegn misnotkun í tengslum við hinn umfangsmikla klámmyndaiðnað og hins vegar er verið að vernda þau fyrir þeim óæskilegu áhrifum sem það getur haft á allt líf þeirra að hafa setið fyrir á myndum sem hafa kynferðislegt innihald en flokkast þó ekki endilega undir klámmyndir (pornografi), svo sem nektarmyndum sem birtast í tímaritum. Orðrétt segir í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 76/2000:[123]

> Departementet har vurdet hvilke kjønnslige skildringer som skal være omfattet. En mulighet er å begrense dette til deltakelse i pornografiske skildringer, jf. lovens legaldefinisjon av pornografi. Etter departementets mening bør forbudet ha et videre nedslagsfelt. Også deltakelse foran kamera ved mykpornografisk nakenfotografering bør omfattes fordi formålet bl.a. er å beskytte ungdom mot handlinger som de senere kan komme til å angre på. Det må være en målsetting med forbudet å forhindre at 16–17 åringer poserer som nakenmodeller i blader og videofilmer etc. selv om de handlinger de gjør med seg selv eller andre på bildene ikke vil omfattes av pornografidefinisjonen. Det kan ikke forventes at ungdom i denne alderen fullt ut innser hvilken belastning det kan være – rent umiddelbart og i fremtiden – å fremstå som modell i mer eller mindre pornografiske skildringer. Departementet mener det billedmaterialet det her snakkes om, best kan uttrykkes som «bilder med seksuelt innhold».

Ungmennið sjálft getur ekki brotið gegn ákvæðinu með þátttöku sinni heldur sá sem fær það til þátttökunnar, t.d. ljósmyndari, leikstjóri og útgefandi svo einhverjir séu nefndir. Vonast er til að ákvæði af þessu tagi leiði til þess að þeir sem standa að framleiðslu klámefnis eða efnis með kynferðislegu innihaldi gangi úr skugga um aldur þeirra sem þeir fá til að sitja fyrir á myndum eða til að „leika“ í kvikmyndum, sérstaklega í ljósi þess að gáleysisbrot eru jafnframt refsiverð, sbr. 3. mgr. 204. gr.[124]

Bannið tekur einungis til töku á kyrr- eða hreyfimyndum sem er liður í framleiðslu á varningi sem ætlunin er að hagnast á (kommersiell produktion) en ekki til einkamyndatöku eða myndatöku sem líta verður á sem forsvaranlega, t.d. út frá listrænum eða vísindalegum sjónarmiðum.[125]

1.9 Kvikmyndir

Í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 21/1987 „om film og videogram“ er að finna svohljóðandi ákvæði:

> Statens filmtilsyn må ikke godkjenne for framsyning i næring bilete som tilsynet meiner krenkjer sømd eller strir mot straffelova § 382.

---

[123] Ot. prp. nr. 28, bls. 99–100.

[124] Ot. prp. nr. 28, bls. 100.

[125] Ot. prp. nr. 28, bls. 100.

Hafi Kvikmyndaeftirlit ríkisins (Statens filmtilsyn) skoðað kvikmynd og gefið leyfi til sýningar hennar eða verslunar með hana í atvinnuskyni er refsiábyrgð skv. 1. mgr. 204. gr. þar með útilokuð, sbr. 4. mgr. 204. gr. Það sama á við um myndbönd.[126]

1.10 Hlutdeild

Í 3. mgr. 211. gr. norsku hegningarlaganna, eins og hún hljóðaði áður en breytingalög nr. 76/2000 tóku gildi, var ákvæði þess efnis að við hlutdeild í brotum gegn 1. mgr. 211. gr. lægi sama refsing og endranær. Með breytingalögum nr. 76/2000 var ákvæði þessa efnis fellt niður úr lagagreininni sem fjallar um klám. Þess í stað var lögfest nýtt almennt hlutdeildarákvæði, 205. gr., sem tekur til allra brota í 19. kafla laganna.

2. Vændi

2.1 Almennt

Gildandi ákvæði um vændi er að finna í 19. kafla norsku hegningarlaganna (Seksuallovbrudd), 202. gr., en var fyrir gildistöku breytingalaga nr. 76/2000 í 206. gr. Áður en tilvitnuð lög gengu í gildi var hugtakið „vændi" (prostitusjon) hvergi að finna í norskri löggjöf. Þrátt fyrir það var hugtakið þekkt og notað í daglegu máli í merkingunni „sala á kynlífsþjónustu".[127] Í 206. gr. norsku hegningarlaganna, sem fjallaði um hagnýtingu vændis áður en breytingalög nr. 76/2000 gengu í gildi, var talað um „utukt som erverv" eða „ervervsmessig utukt". Með lögum nr. 76/2000 voru þessi „gamaldags" orðasambönd felld niður og hugtakið „prostitusjon" tekið upp í lagatextann í staðinn. Ekki var látið þar við sitja heldur var hugtakið jafnframt skilgreint til að taka af allan vafa um merkingu þess, sbr. 3. mgr. 202. gr. Skilgreiningin er svohljóðandi:

> Med prostitusjon menes at en person har seksuell omgang eller handling med en annen mot vederlag.

Eins og fram kemur í greinargerð er aðalmarkmiðið með skilgreiningunni „å få fram at det er tale om kjøp og salg av seksuelle tjensester".[128]

Form endurgjaldsins skiptir ekki máli. Oftast er um peningagreiðslur að ræða, en endurgjaldið getur einnig verið í formi fíkniefna, áfengis eða annarra verðmæta.

Skilgreiningin tekur til þeirra sem stunda vændi, hvort sem það eru karlmenn eða konur. Ekki skiptir heldur máli hvort viðskiptavinurinn er sama kyns og sá sem selur vændisþjónustuna eða af gagnstæðu kyni.

2.2 Stundan vændis

Það er ekki refsivert að stunda vændi í Noregi, svo framarlega sem þeir sem það gera sýna ekki af sér hneykslanlega hegðun á almannafæri. Með slíkri háttsemi gætu þeir brotið gegn 201. gr. norsku hegningarlaganna (áður 378. gr.) sem hljóðar svo:

---

[126] Ot. prp. nr. 28, bls. 101.

[127] Ot. prp. nr. 28, bls. 85.

[128] Ot. prp. nr. 28, bls. 117.

§ 201. Den som i ord eller handling utviser seksuelt krenkende eller annen uanstendig adferd
a) på offentlig sted,
b) i nærvær av eller overfor noen som ikke har samtykket til det, eller
c) i nærvær av eller overfor barn under 16 år,
straffes med bøter eller med fængsel inntil 1 år.

Í fræðiritum á sviði lögfræði kemur fram að ákvæðið sé „lite brukt“[129] og að um sé að ræða því sem næst „en sovende paragraf“.[130]

Í greinargerð með frumvarpi er varð að lögum nr. 76/2000 kemur fram að í tengslum við endurskoðunina á 19. kafla norsku hegningarlaganna hafi sala á vændi verið til umræðu. Niðurstaðan varð sú að ekki væri ástæða til að hreyfa við gildandi löggjöf hvað það varðar. Stundan vændis yrði áfram refsilaus verknaður í norskri löggjöf. Rétt væri aftur á móti að styrkja þau ákvæði sem beint væri gegn milligöngumönnum/vændismiðlurum (á norsku: bakmenn). Í greinargerðinni segir orðrétt:[131]

Riktignok er prostitusjon et samfunnsmessig onde som må begrenses i størst mulig grad. Straffelovgivningen bør imidlertid rette seg mot dem som står bak og utnytter og profiterer på andres prostitusjon. De prostituerte er for det meste en svak gruppe som ikke bør trues med straff, men heller tilbys hjelp til å komme ut av en eventuell vanskelig livssituasjon som kan ha ført dem ut i prostitusjonen.

Þá segir jafnframt að bann við vændi nú bryti í bága við ríkjandi réttarhefð í Noregi á þessu sviði og eins mælti samnorræn réttareining gegn slíkum hugmyndum þar sem stundan vændis væri refsilaus í meiri hluta hinna norrænu ríkja.[132]

2.3 Viðurværi af þeim sem stundar vændi

Árið 1963 var 3. mgr. bætt við 206. gr. norsku hegningarlaganna og var hún í gildi allt þar til breytingalög nr. 76/2000 gengu í gildi. Samkvæmt henni var refsivert að þiggja viðurværi sitt af vændiskonu. Ákvæðið hljóðaði svo:

En mann som helt eller delvis lar seg underholde av en kvinne som driver utukt som erverv, straffes med fengsel inntil 2 år.

Tilgangurinn með ákvæðinu var að styðja enn frekar bann laganna um milligöngu þar sem það hafði sýnt sig að oft var erfiðleikum bundið að sanna að karlmaður styddi eða hagnýtti sér vændi kvenmanns í orði eða verki. Hámarksrefsing fyrir brot gegn ákvæðinu var minni en fyrir brot gegn 1. eða 2. mgr. 206. gr., eða fangelsi í allt að 2 ár í stað fangelsis allt að 5 árum. Með breytingalögum nr. 76/2000 var ákvæðið fellt niður með þeim rökum að orðalag þess væri allt of rúmt þar sem það tæki til allra sem væru á framfæri vændiskonu, óháð því

---

[129] Slettan, Svein og Øie, Toril-Marie: Forbrytelse og straff, bls. 420.

[130] Andenæs, Johs. og Bratholm, Anders: Speciell strafferet, bls. 127.

[131] Ot. prp. nr. 28, bls. 82.

[132] Ot. prp. nr. 28, bls. 82.

hvort viðkomandi hvetti hana til vændis á einhvern hátt eða ekki. Það gæti því hæglega leitt til ósanngjarnrar niðurstöðu.[133] Til enn frekari stuðnings afnámi ákvæðisins var vísað til þess að í Danmörku hefði nýlega verið afnumið ákvæði í refsilöggjöf sem hefði kveðið á um „passivt alfonseri" með þeim rökum: „at så lenge ikke prostitusjon i seg selv er straffbart, bør det heller ikke være straffbart å leve sammen med eller la seg underholde av en prostituert, med mindre det er tale om utnyttelse."[134]

Í þessu samhengi er rétt að benda á 4. gr. laga „om Løsgjængeri, Betleri og Drukkenskab", nr. 5/1900. Smávægilegar orðalagsbreytingar án efnisbreytinga voru gerðar á greininni með breytingalögum nr. 76/2000. Ákvæði 1. mgr. 4. gr. hljóðar nú svo:

> Den, som hengir sig til ørkesløshet eller driver omkring under saadanne forhold, at der er grund til at anta, at han helt eller delvis skaffer sig midlerne til sin livsførsel ved strafbare handlinger eller ved andres prostitusjon, straffes for løsgjængeri med fængsel indtil 3 maaneder.

Þetta lagaákvæði er náskylt 202. gr., en hér er það skilyrði að sá sem hefur viðurværi sitt að hluta eða að öllu leyti af vændi annarra stundi ekki atvinnu heldur slæpist bara um (hengir sig til ørkesløshet eller driver omkring). Þannig er ekki hægt að beita ákvæðinu ef viðkomandi lifir nokkuð reglubundnu lífi og stundar vinnu af og til. Þá væri aftur á móti hægt að beita 202. gr., svo framarlega sem hægt væri að sanna að skilyrðin sem þar koma fram séu uppfyllt.

2.4 Hagnýting vændis

Ákvæðum 202. gr. norsku hegningarlaganna er beint að svonefndum milligöngumönnum (bakmenn), þ.e. þeim sem standa að baki vændi annarra (hagnýta sér/notfæra sér vændi annarra) á einhvern máta, yfirleitt í auðgunartilgangi. Fyrir breytinguna sem gerð var á 19. kafla með breytingalögum nr. 76/2000 var samsvarandi ákvæði að finna í 206. gr. laganna.

Gildandi ákvæði 202. gr. er svohljóðandi:

> **§ 202.** Den som
> a) forleder nogen til å drive med prostitusjon eller til å fortsette med det,
> b) fremmer eller utnytter andres prostitusjon, eller
> c) leier ut lokaler og forstår at lokalene skal brukes til prostitusjon eller utviser grov uaktsomhet i så måte,
>
> straffes med bøter eller fengsel inntil 5 år.
>
> Den som i offentlig kunngjøring utvetydig tilbyr, formidler eller etterspør prostitusjon, straffes med bøter eller med fengsel inntil 6 måneder.
>
> Med prostitusjon menes i denne bestemmelsen at en person har seksuell omgang eller handling med en annen mot vederlag.

Markmiðið með ákvæðum 1. mgr. 202. gr. er að vernda þá sem leiðast út á braut vændis fyrir óþroskuðum einstaklingum sem hafa það að markmiði að hagnast á því sjálfir. Í greinar-

---

[133] Ot. prp. nr. 28, bls. 87–88.

[134] Ot. prp.nr. 28, bls. 88.

gerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 76/2000 segir um milligöngumenn:[135]

> Straffetrusler mot prostitusjonens bakmenn er, sammen med hjelpetiltak rettet mot de prostituerte, den beste måten å bekjempe uønsket prostitusjon på.

a) Stundan vændis vegna þrýstings frá öðrum

Samkvæmt a-lið 1. mgr. er refsivert að tæla (lokka, ginna) aðra manneskju til þess að leggja stund á vændi eða halda áfram slíkri iðju.

Með orðinu „forleder" í þessu samhengi er átt við: „psykisk påvirkning til enten å innlede eller å fortsette prostitusjon".[136] Sem dæmi um „ulike former for psykisk påvirkning" má nefna „lokking eller luring"[137] (sem á íslensku mætti þýða með að lokka eða ginna).

Samkvæmt ákvæðinu ber að líta á þátt milligöngumannsins sem stuðning við þessa atvinnustarfsemi – í formi andlegs þrýstings. Hann beitir áhrifamætti sínum til þess að lokka annan mann til að leggja út á braut vændis eða hindra hann í því að hætta slíkri iðju. Hér er því mælt fyrir um refsingu fyrir það að beita annan mann þrýstingi í því skyni að fá hann til að stunda vændi, á meðan þeim er vændið stundar verður ekki refsað.

b) Tilstuðlun eða hagnýting vændis annarra

Samkvæmt b-lið 1. mgr. er refsivert að stuðla að eða hagnýta sér vændi annarra. Um skýringar á orðunum „fremmer eller utnytter" segir í greinargerð:[138]

> Å fremme andres utukt innebærer å bidra til at utukten kan finne sted. Dette kan skje på mange måter, f. eks. ved mellommannsvirksomhet eller ved organisering av sex-klubber. ... Utnyttelse forutsetter at gjerningsmannen selv oppnår en fordel av den prostituertes virksomhet. Grensen mellom de ulike alternativene er ikke klar.

c) Útleiga húsnæðis

Samkvæmt c-lið er refsivert að leigja út vistarverur til þess að hægt sé að stunda þar vændi. Skilyrði sakfellingar er að leigusali hafi unnið verknaðinn af ásetningi eða sýnt af sér stórfellt gáleysi.

d) Auglýsingar

Ákvæði sem m.a. bannaði auglýsingar á vændi var að finna í 378. gr. norsku hegningarlaganna allt fram til þess að breytingalög nr. 76/2000 gengu í gildi. Í greinargerð kemur fram að 378. gr. „er så å si ikke i bruk".[139] Þá hefur ákvæðið ekki verið til umfjöllunar í Hæstarétti Noregs síðan árið 1955.

Með lögum nr. 76/2000 var 378. gr. laganna felld úr gildi, en við 202. gr. var bætt nýrri málsgrein, 2. mgr., sem fjallar um þetta efni. Hún hljóðar svo:

---

[135] Ot. prp. nr. 28, bls. 88.

[136] Matningsdal, Magnus: Straffeloven, bls. 206.

[137] Ot. prp. nr. 28, bls. 116.

[138] Ot. prp. nr. 28, bls. 87.

[139] Ot. prp. nr. 28, bls. 88.

Den som i offentlig kunngjøring utvetydig tilbyr, formidler eller etterspør prostitusjon, straffes med bøter eller med fengsel inntil 6 måneder.

Samkvæmt ákvæðinu er refsivert að auglýsa vændi opinberlega. Fram kemur í greinargerð að ákvæðið beri að skýra svo að það taki til auglýsinga sem ganga langt, þ.e. eru til þess fallnar að hneyksla þá sem þær sjá, heyra eða lesa. Þetta bann tekur jafnt til auglýsinga frá milligöngumönnum og þeim sem stunda vændi. Þá má einnig refsa þeim sem prenta þess háttar auglýsingar eða dreifa þeim. Ákvæðið heimilar jafnframt að þeim sé refsað sem auglýsir eftir vændisþjónustu. Um nánari skýringu á ákvæðinu segir í greinargerð:[140]

Departementet er videre enig med utvalget i at bare den utvetydige formidling bør rammes. En slik begrensing kan lette håndhevingen av bestemmelsen. I den grad beskyttelsen av det offentlige rom begrunner forbudet, bør bare den klare formidling rammes, idet det er først og fremst den som virker støtende på ufrivillige lesere, lyttere eller seere.

Um skýringu á orðinu „offentlig" vísast til 2. mgr. 7. gr. norsku hegningarlaganna.

e) Hlutdeild
Um hlutdeild í brotum gegn 202. gr. vísast til 205. gr. norsku hegningarlaganna.

2.5 Kaup á vændi
Fram til þess að breytingalög nr. 76/2000 gengu í gildi var það refsilaust í Noregi að kaupa vændisþjónustu. Aftur á móti gátu viðskiptavinirnir brotið gegn öðrum ákvæðum 19. kafla norsku hegningarlaganna ef því var að skipta, t.d. 195. eða 196. gr., ef þeir keyptu kynlífsþjónustu af einstaklingum sem voru yngri en 16 ára eða beittu ofbeldi, nauðung eða álíka.

a) Almennt bann
Við undirbúning frumvarps þess er síðar varð samþykkt sem lög nr. 76/2000 var það eitt af viðfangsefnunum að vega og meta hvort rétt væri að leggja refsingu við þeirri háttsemi að kaupa vændisþjónustu. Niðurstaðan varð að ekki væri rétt að setja ákvæði í refsilöggjöfina sem legði almennt bann við kaupum á þjónustu af þessu tagi. Rökin voru m.a. að þrátt fyrir að slíkt refsiákvæði gæti hugsanlega dregið úr framboði á vændi gætu risið af slíku banni ýmis önnur vandamál, svo sem að starfsemi í kringum vændi yrði enn duldari með þeim afleiðingum að mun erfiðara yrði hafa uppi á þeim sem stunduðu vændi, m.a. í þeim tilgangi að veita þeim aðstoð til að koma undir sig fótunum með öðrum hætti. Þá gæti slíkt bann orðið til þess að styrkja stöðu milligöngumanna og auka áhrif þeirra. Þá gæti það enn fremur leitt til þess að þeir sem stunduðu vændi yrðu tregari en ella til að kæra ofbeldi sem þeir yrðu fyrir af hálfu viðskiptavina. Að síðustu gæti slíkt bann valdið því að þeir sem stunduðu vændi og væru háðir fíkniefnum leiddust út í afbrot til að afla fjár til að standa undir neyslunni.[141] Niðurstaðan varð sú að leggja ekki refsingu við kaupum á vændi almennt að svo stöddu. Jafnframt var ákveðið að taka þetta til endurskoðunar og endurmats að tveimur árum liðnum.

---

[140] Ot. prp. nr. 28, bls. 90.

[141] Ot. prp. nr. 28, bls. 82–85.

b) Bann við kaupum á vændi barna og ungmenna

Í breytingalögum nr. 76/2000 er að finna nýmæli sem leggur á fortakslaust bann við kaupum á vændisþjónustu einstaklinga sem ekki hafa náð 18 ára aldri. Ákvæðið er að finna í 203. gr. norsku hegningarlaganna og hljóðar svo:

> **§ 203.** Den som mot vederlag har seksuell omgang eller handling med en person under 18 år, straffes med bøter eller med fengsel inntil 2 år.

Rökin fyrir ákvæði af þessu tagi eru fyrst og fremst þau að rík þörf sé á að vernda svo ungt fólk fyrir kynferðislegri misnotkun. Líta beri á það sem mun alvarlegri verknað að kaupa kynlífsþjónustu af svo ungu fólki en þegar um fullorðna einstaklinga er að ræða. Þá er slíkt ákvæði í samræmi við þá stefnu sem tekin hefur verið á alþjóðlegum vettvangi sem er að vernda einstaklinga undir 18 ára aldri fyrir kynferðislegri misnotkun.[142] Aldur þess sem kaupir þjónustuna hefur ekki áhrif á refsinæmi verknaðar, svo framarlega sem viðkomandi hefur náð sakhæfisaldri.

Ákvæðið hefur aðeins raunhæfa þýðingu gagnvart 16 og 17 ára ungmennum þar sem hegningarlögin hafa að geyma ákvæði sem leggja bann við því að stunda kynlíf með ungmennum yngri en 16 ára, sbr. 195. og 196. gr.

Refsing við verknaði þessum varðar sektum eða fangelsi í allt að 2 ár. Hafi viðskiptavinurinn sýnt af sér gáleysi varðandi aldur seljandans má jafnframt refsa honum. Tilraun er refsiverð, sbr. 49. gr. norsku hegningarlaganna, sem og hlutdeild, sbr. 205. gr. sömu laga.

Með breytingalögum nr. 76/2000 hefur gildissvið norsku hegningarlaganna verið rýmkað á þann veg að þau taka einnig til brota sem lýst er í 203. gr. sem norskir þegnar fremja utan heimalandsins, óháð því hvort háttsemin er refsiverð samkvæmt lögum viðkomandi lands eða ekki, sbr. a-lið 3. mgr. 12. gr. norsku laganna. Breytingin er gerð í samræmi við þá alþjóðlegu stefnu að vernda börn og ungmenni almennt fyrir kynferðislegri misnotkun, hvar sem þau eru búsett í heiminum.

IV. SVÍÞJÓÐ[143]

1. Klám

1.1 Almennt

Klám er að mestu leyti löglegt í Svíþjóð. Þó er að finna í sænskri hegningarlöggjöf ákvæði þar sem lagt er bann við ákveðnum tegundum kláms, þ.e. barnaklámi og klámefni sem inniheldur ofbeldi og þvingun. Einnig er að finna reglur er setja meðferð á löglegu klámefni skorður. Þessi ákvæði er að finna í 16. kafla sænsku hegningarlaganna, Brottsbalk frá 21. desember 1962, með síðari breytingum, sem heitir Om brott mot allmän ordning, 10. gr. a, 10. gr. b, 10. gr. c, 11. gr. og 12. gr. Þá er í 6. kafla laganna (Om sexualbrott) að finna ákvæði þar sem lagt er bann við þátttöku barna og ungmenna í klámmyndum, sbr. 7. gr.

---

[142] Ot. prp. nr. 28, bls. 84.

[143] Kaflinn er að verulegu leyti byggður á upplýsingum sem fengust frá sænska dómsmálaráðuneytinu, sbr. bréf dags. 4. maí 2000.

1.2 Barnaklám

a) Verknaðarlýsing

Í 16. kafla sænsku hegningarlaganna, 10. gr. a., er að finna ákvæði um barnaklám. Það hljóðar svo:

10 a § Den som

1. skildrar barn i pornografisk bild,
2. sprider, överlåter, upplåter, förevisar eller på annat sätt gör en sådan bild av barn tillgänglig för någon annan,
3. förvärvar eller bjuder ut en sådan bild av barn,
4. förmedlar kontakter mellan köpare och säljare av sådana bilder av barn eller vidtar någon annan liknande åtgärd som syftar till at främja handel med sådana bilder, eller
5. innehar en sådan bild av barn,

döms för barnpornografibrott till fängelse i högst två eller, om brottet är ringa, till böter eller fängelse i högst sex månader.

Med barn avses en person vars pubertetsutveckling inter är fullbordad eller som, när det fremgår av bilden och omständigheterna kring den, är under 18 år.

Den som i yrkesmässig verksamhet eller annars i förvärvssyfte av oaktsamhet sprider en sådan bild som avses i första stycket, döms som sägs där.

Är brott som avses i första stycket att anse som grovt skall dömas för grovt barnpornografibrott till fängelse lägst sex månader och högst fyra år. Vid bedömande av om brottet är grovt skall särskilt beaktas om det har begåtts yrkesmässigt eller i vinstsyfte, utgjort ett led i brottslig verksamhet som utövats systematiskt eller i större omfattning, avsett en särskilt stor mängd bilder eller avsett bilder där barn utsätts för särskilt hänsynslös behandling.

Förbuden mot skildring och innehav gäller inte den som tecknar, målar eller på något annat liknande hantverksmässigt sätt framställer en sådan bild som avses i första stycket, om bilden inter är avsedd att spridas, överlåtas, upplåtas, förevisas eller på annat sätt göras tillgänglig för andra. Även i andra fall skall en gärning inte utgöra brott, om gärningen med hänsyn till omständigheterna är försvarlig. Lag (1998:1444).

Þeir verknaðir sem lýst er í 1.–5. tölul. 1. mgr. kallast á sænsku *barnepornogafibrott*, sbr. lok málsgreinarinnar. Þessir verknaðir eru bundnir við klámefni sem sýnir börn en eru annars löglegir þegar um annars konar klámmyndir er að ræða. Skv. 1. tölul. má klámmynd ekki sýna barn. Skv. 2. tölul. er bannað að dreifa, afhenda, lána, leigja eða sýna öðrum barnaklámmyndir eða á annan hátt hafa þær aðgengilegar öðrum. Skv. 3. tölul. eru kaup og sala slíkra mynda bönnuð. Skv. 4. tölul. er bannað að hafa milligöngu um kaup og sölu slíkra mynda eða aðhafast nokkuð sem stuðlar að því að slík viðskipti eigi sér stað. Þá er í 5. tölul. lagt bann við vörslu slíkra mynda. Þá kemur fram í 5. mgr. að sé verknaður forsvaranlegur miðað við aðstæður sé hann ekki refsiverður.

Í 5. mgr. er sérstaklega tekið fram að refsing við því að sýna barn í klámmynd eða að hafa í vörslum sínum klámmynd sem sýnir barn taki ekki til þeirra sem teikna, mála eða á annan sambærilegan hátt búa til slíkar myndir, svo framarlega sem ekki er ætlunin að dreifa þeim, láta þær af hendi, sýna þær öðrum eða hafa þær aðgengilegar öðru fólki. Þá er heldur ekki refsivert að hafa slíkar myndir undir höndum ef hægt er að sýna fram á að handhöfn þeirra sé forsvaranleg miðað við aðstæður. Sem dæmi má nefna ef handhöfn mynda af þessu tagi er liður í rannsóknum á þessu sviði eða verið er að vinna að fréttatengdu efni um þessi mál.

b) Hugtakið „klám“

Í skýrslu frá árinu 1993, sem unnin var á vegum sænska dómsmálaráðuneytisins, kemur fram hvaða viðmiðun beri að nota þegar metið er hvort mynd telst vera klámmynd.[144]

> Allmänt kan sägas att en bild är pornografisk, om den på ett ohöljt och utmanande sätt återger ett sexuellt motiv i syfte att påverka betraktaren sexuellt. Bilden är således inte pornografisk, om den har ett vetenskapligt, undervisande eller påtagligt konstnärligt ändamål.

Í þessari skilgreiningu er lögð áhersla á þann tilgang myndar að höfða til kynferðishvata áhorfandans.

c) Hugtakið „barn“

Hugtakið „barn“ er skilgreint í 2. mgr. 10. gr. a. Þar kemur fram að átt sé við einstakling sem ekki hefur náð fullum kynþroska eða einstakling sem virðist eftir myndinni og öllum aðstæðum að dæma vera yngri en 18 ára.

d) Viðurlög, tilraun og hlutdeild

Brot gegn 1. mgr. 10. gr. a getur varðað fangelsi í allt að tvö ár. Ef brot er minni háttar má dæma í sektir eða fangelsi í allt að 6 mánuði. Þá kemur fram í 4. mgr. sömu greinar að sé brot stórfellt varði það fangelsi ekki skemur en 6 mánuði og allt að 4 árum. Þá eru nokkrar leiðbeiningar gefnar í 4. mgr. sem hafa skal í huga við mat á því, hvort brot gegn ákvæðum 1. mgr. telst vera stórfellt. Sem dæmi er nefnt hvort verknaður hafi verið unninn í atvinnu- eða hagnaðarskyni, hvort brot sé liður í skipulagðri starfsemi, hvort um mikinn fjölda mynda hafi verið að ræða eða hvort myndirnar hafi sýnt ófyrirleitna meðferð á börnum. Skv. 3. mgr. 10. gr. a nægir gáleysi til refsiábyrgðar fyrir sum brotin.

Tilraun til barnaklámsbrota er refsiverð skv. 16. kafla, 17. gr., sbr. 23. kafla. Í 17. gr. segir:

> **17 §** För förberedelse eller stämpling till eller underlåtenhet att avslöja myteri döms till ansvar enligt vad som sägs i 23 kap. Detsamma skall gälla försök eller förberedelse till grovt dobbleri, försök til sådant barnpornografibrott som avses i 10 a § första stycket, om det inte är ringa, och försök eller förberedelse till grovt barnpornografibrott. Lag (1998: 1444).

Þá er kveðið á um hlutdeild í 23. kafla sænsku hegningarlaganna, sbr. 4. gr.

e) Brot framin utan Svíþjóðar

Til þess að sænsk yfirvöld geti höfðað mál á hendur sænskum ríkisborgurum fyrir barnaklámsbrot sem þeir hafa framið utan Svíþjóðar er það skilyrði að verknaðurinn sé refsiverður í landinu þar sem brotið er framið, sbr. 2. kafla sænsku hegningarlaganna, 2. gr.

---

[144] Justitiedepartementet: Ökat skydd för barn, ytterligare åtgärder mot sexuella övergrepp m.m., Ds 1993:80, bls. 27.

f) Smygl

Í lögum nr. 1443 frá árinu 1998, Om förbud mot införsel och utförsel av barnpornografi, sbr. lög nr. 418/1960, Om straff för varesmuggling, er kveðið á um smygl á barnaklámi til eða frá Svíþjóð. Lögin eru ein grein og hljóðar hún svo:

> En skildring av barn i pornografisk bild får inte föras in i eller ut ur Sverige.
> Bestämmelser om straff för olovlig införsel m.m. finns i lagen (1960:418) om straf för varusmuggling.

Refsimörkin fyrir smygl eru sektir eða fangelsi í allt að tvö ár, sbr. 1. gr. laga nr. 418/1960. Sé brot minni háttar skal dæma sektir, sbr. 2. gr. sömu laga, en fyrir stórfellt brot er lögbundin lágmarksrefsing fangelsi ekki skemur en í 6 mánuði og hámarksrefsing er fangelsi allt að 6 árum, sbr. 3. gr. sömu laga.

g) Eignaupptaka

Í lögum nr. 1478 frá árinu 1994, Lag om förverkande av barnpornografi, er kveðið á um upptöku á efni með barnaklámi. Lögin eru aðeins ein grein og hljóðar hún svo:

> En skildring av barn i pornografisk bild skall förklaras förverkad.
> Förverkande får underlåtas om förverkandet är oskäligt.
> Första stycket tillämpas inte, om en skildring kan förverkas enligt bestämmelser i brottsbalken eller i lagen (1960:418) om straff för varusmuggling. Lag (1998:1445).

Samkvæmt lögunum skulu myndir með barnaklámi sæta skilyrðislausri upptöku, svo framarlega sem upptaka er ekki talin vera ósanngjörn miðað við aðstæður. Þetta þýðir að slíkt efni ber ávallt að gera upptækt og þurfa þau skilyrði sem sett eru endranær í refsilöggjöfinni fyrir upptöku eigna í tengslum við brot ekki að vera fyrir hendi. Sem dæmi má nefna mann sem tekur myndbandstæki á leigu og rekst á myndband með barnaklámi sem gleymst hefur í tækinu. Hann kemur því í hendur lögreglunnar sem sér ekki ástæðu til að hefja opinbera rannsókn. Þrátt fyrir það hefur hún heimild til upptöku efnisins. Ekki ber aftur á móti að beita upptöku samkvæmt þessum lögum ef upptökuheimild hegningarlaganna eða laga um smygl eiga við um aðstæður.

1.3 Klámmyndir er sýna ofbeldi og kúgun

Í 16. kafla, 10. gr. b, sænsku hegningarlaganna er að finna ákvæði sem leggur refsingu við því að dreifa eða hafa ásetning um að dreifa myndum sem sýna kynferðislegt ofbeldi eða kúgun gagnvart mönnum eða dýrum, svo framarlega sem verknaðurinn telst ekki forsvaranlegur miðað við aðstæður. Það hljóðar svo:

> **10 b §** Den som i bild skildrar sexuellt våld eller tvång med uppsåt at bilden eller bilderna sprids eller som sprider en sådan skildring, döms, om inte gärningen med hänsyn till omständigheterna är forsvarlig, för olaga våldsskildring till böter eller fängelse i högst två år. Detsamma gäller den som i rörliga bilder närgånget eller utdraget skildrar grovt våld mot människor eller djur med uppsåt att bilderna sprids eller som sprider en sådan skildring.

Sprider någon av oaktsamhet en skildring som avses i första stycket och sker spridningen i yrkesmässig verksamhet eller eljest i förvärvssyfte, döms såsom i första stycket sägs.

Första og och andra styckena gäller inte filmer eller videogram som Statens biografbyrå har godkänt för visning. De gäller inte heller en teknisk upptagning med rörliga bilder med samma innehåll som en film eller ett videogram som har godkänts av biografibyrån. Vidare gäller första och andra styckena inte offentliga förevisningar av filmer eller videogram.

Har en teknisk upptagning med rörliga bilder försetts med ett intyg om att en film eller ett videogram med samma innehåll har godkänts av Statens biografbyrå, skall inte dömas till ansvar enligt första eller andra stycket för spridning av upptagningen. Detta gäller dock inte om intyget var oriktigt och den som har spritt upptagningen har insett eller bort inse detta. Lag (1998:1444).

Refsing við broti gegn 1. mgr. getur varðað sektum eða fangelsi í allt að 2 ár. Þá er einnig refsing lögð við brotum sem framin eru af gáleysi í auðgunartilgangi, sbr. 2. mgr. Þá er í 3. og 4. mgr. m.a. nánar kveðið á um þau tilvik þegar myndir hafa hlotið leyfi Kvikmyndaeftirlits ríkisins til sýninga. Falla þær þá ekki undir 1. mgr.

Bann laganna við klámmyndum af því tagi sem lýst er í 10. gr. b er mun þrengra en þegar um barnaklám er að ræða samkvæmt 10. gr. a. Verknaðarlýsing í 10. gr. a er mun víðtækari. Þar er lagt fortakslaust bann við myndum með barnaklámi, hvort sem þær eru til einkanota eða ætlaðar til dreifingar.

1.4 Þátttaka barna og ungmenna í klámmyndum

Í 6. kafla 7. gr. sænsku hegningarlaganna er að finna ákvæði sem fjallar m.a. um kynferðislega áreitni gagnvart börnum og ungmennum. Hljóðar það svo:

7 § Den som, i annat fall än som avses förut i detta kapitel, sexuellt berör barn under femton år eller förmår barnet att företa eller medverka i någon handling med sexuell innebörd, döms för sexuellt ofredande till böter eller fängelse i högst två år.

För sexuellt ofredande döms även den som genom tvång, förledande eller annan otillbörlig påverkan förmår någon som har fyllt femton men inte arton år att företa eller medverka i en handling med sexuell innebörd, om handlingen är ett led i framställning av pornografisk bild eller utgör en posering i annat fall än när det är fråga om framställning av en bild.

Detsamma skall gälla, om någon blottar sig för annan på sätt som är ägnat att väcka anstöt eller eljest genom ord eller handling på ett uppenbart sedlighetssårande sätt uppträder anstötligt mot anna. Lag (1994:1499)

Í 1. mgr. er lögð refsing við því að sýna börnum yngri en 15 ára kynferðislega áreitni eða fá þau til að taka þátt í verknaði sem er kynferðislegs eðlis (svo sem að sitja fyrir á nektarmyndum eða taka þátt í kynferðisathöfnum sem eru liður í framleiðslu á klámmyndum). Getur slíkt brot varðað sektum eða fangelsi í allt að 2 ár. Í 2. mgr. er mælt fyrir um kynferðislega misnotkun ungmenna á aldrinum 15–18 ára. Í því sambandi er rétt að taka fram að í sænskri löggjöf er byggt á því að ungmenni sem hafa náð 15 ára aldri séu fær um að taka sjálf ákvarðanir er varða kynlíf sitt, sbr. 6. kafla, síðari málslið 1. mgr. 4. gr. Engu að síður er talið rétt að vernda ungmenni á aldrinum 15–18 ára gegn misnotkun í tengslum við framleiðslu

barnakláms. Ungmenni eru oft áhrifagjörn og geta þannig látið tilleiðast til að taka þátt í gerð barnakláms án þess að gera sér nokkra grein fyrir neikvæðum afleiðingum ákvörðunar sinnar þegar til lengri tíma er litið. Ákvæði 2. mgr. 7. gr. hefur þannig þýðingu í baráttu yfirvalda gegn framleiðslu á barnaklámi.[145] Brot gegn 2. mgr. varðar sektum eða fangelsi í allt að 2 ár. Í 3. mgr. er loks að finna almennt blygðunarsemisákvæði, sem tekur ekki sérstaklega til barna.

1.5 Takmarkanir á meðferð löglegs klámefnis

Þrátt fyrir að klám sé löglegt í Svíþjóð, að barnaklámi og klámi er inniheldur ofbeldi og kúgun undanskildu, eru því settar skorður af hálfu hins opinbera hversu áberandi (sýnilegt) það má vera. Löggjafinn hefur þannig sett reglur um meðferð kláms t.d. á almannafæri í þeim tilgangi að vernda almennt velsæmi. Þessar reglur er að finna í 16. kafla, 11. gr., sænsku hegningarlaganna. Ákvæði 12. gr. í 16. kafla er af sama meiði, en gerð verður grein fyrir því í kafla 1.6 hér á eftir.

Í fyrri málslið 11. gr. er ákvæði sem bannar að klámmyndir, sem eru til þess fallnar að vekja hneykslan fólks, séu hafðar til sýnis á almannafæri, svo sem á auglýsingaskiltum eða plakötum. Lagagreinin hljóðar svo:

> **11 §** Den som på eller vid allmän plats genom skyltning eller annat liknande förfarande förevisar pornografisk bild på sätt som är ägnat att väcka allmän anstöt dömes för otillåtet förfarande med pornografisk bild till böter eller fängelse i högst sex månader. Det samma gäller den som med posten sänder eller på annat sätt tillställer någon pornografisk bild utan föregående beställning. Lag (1970:225).

Þá er í 10. gr. Allmänna ordningsstadga, nr. 617 frá árinu 1956, með síðari breytingum, að finna bann við því að hafa klám til sýnis á opinberum vettvangi. Þar segir:

> **10 §** Offentlig tillställning som utgör pornografisk föreställning får inte anordnas.

Viðurlög við broti gegn þessu banni getur varðað viðkomandi sektum eða fangelsi í allt að 6 mánuði, sbr. 29. gr.

Þá er í síðari málslið 11. gr. lagt bann við því með sömu rökum að dreifa klámmyndum í pósti nema viðkomandi hafi sérstaklega beðið um það.

1.6 Afhending klámefnis til barna og ungmenna

Í 16. kafla sænsku hegningarlaganna, 12. gr., er svohljóðandi ákvæði:

> **12 §** Den som bland barn eller ungdom sprider en skrift, bild eller teknisk upptagning som genom sitt innehåll kan verka förråande eller eljest medföra allvarlig fara för de ungas sedliga fostran, döms för förledande av ungdom till böter eller fängelse i högst sex månader. Lag (1998:1444).

Samkvæmt ákvæðinu er bannað að dreifa á meðal barna og ungmenna ritmáli, myndum eða upptökum sem innihalda efni sem er til þess fallið að hafa skaðleg áhrif á siðferðisvitund

---

[145] Ökat skydd för barn, bls. 22–23.

þeirra. Refsing við broti þessu eru sektir eða fangelsi í allt að 6 mánuði. Ákvæðinu er fyrst og fremst beint að þeim sem standa fyrir skipulegri dreifingu á efni af þessu tagi til barna og ungmenna, t.d. þegar það er gert í grennd við skóla, félagsmiðstöðvar eða aðra staði þar sem börn og ungmenni safnast saman.

1.7 Netið

Ákvæði sænsku hegningarlaganna sem banna barnaklám og klám er inniheldur ofbeldi eða kúgun gegn mönnum eða dýrum taka einnig til dreifingar þess á netinu. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á lögum nr. 112 frá árinu 1998, Om ansvar för elektroniska anslagstavlor. Lögin fjalla um rekstur svonefndra „netþjóna" þar sem menn geta m.a. sett upp eða vistað heimasíður sem eru aðgengilegar hverjum þeim sem tengdur er við netið. Í 5. gr. laganna er mælt fyrir um skyldu þess er rekur netþjóninn til þess að eyða eða stöðva frekari útbreiðslu efnis af ákveðnu tagi, þ.m.t. barnakláms. Brot gegn ákvæði þessu getur varðað sektum eða fangelsi í allt að 6 ár.

1.8 Kvikmyndir

Í Svíþjóð starfar kvikmyndaeftirlit á vegum hins opinbera sem sinnir eftirliti bæði með kvikmyndum ætluðum börnum og fullorðnum. Samkvæmt lögum nr. 886/1990, Om granskning och kontroll av filmer och videogram (granskningslagen), skulu allar kvikmyndir og myndbönd sem ætluð eru til opinberra sýninga hljóta samþykki frá Kvikmyndaeftirlitinu (biografbyrå). Ef mynd, eða hluti af henni, telst vera skaðleg á einhvern hátt, svo sem vegna þess að hún inniheldur kynferðislegt ofbeldi eða nauðung eða sýnir barn á klámfenginn hátt, er sýning hennar ekki leyfð. Refsing við því að sýna opinberlega, af ásetningi eða gáleysi, mynd, sem hefur ekki hlotið tilskilið leyfi kvikmyndaeftirlitsins, er sektir eða fangelsi í allt að 6 mánuði, sbr. 19. gr. laga nr. nefndra laga.

1.9 Sjónvarp

Sjónvarpssendingar eru í ákveðnum tilvikum háðar opinberu leyfi. Ýmis skilyrði eru sett í slík leyfi, m.a. að forsvarsmenn sýni sérstaka aðgát við val á efni og útsendingartímum, sbr. 3. kafla, 9. tölul. 2. gr., laga nr. 884/1996, um hljóðvarp. Þannig ber að sýna sérstaka aðgát þegar sýnt er efni sem inniheldur ofbeldi eða er kynferðislegs eðlis.

Þá er jafnframt að finna í nefndum lögum ákvæði er býður öllum þeim sem senda út sjónvarpsefni sem inniheldur klám að gera það á þeim tímum sólarhrings sem ólíklegt er að börn séu að horfa, sbr. 6. kafla 2. gr. nefndra laga. Þá ber að vara fólk við áður en slíkar útsendingar hefjast.

2. Vændi

2.1 Almennt

Ekki er refsivert að stunda vændi í Svíþjóð. Aftur á móti er að finna ákvæði í sænsku hegningarlögunum sem m.a. leggur bann við því að hafa í frammi hneykslanlega hegðun á almannafæri. Þetta ákvæði setur einkum þeim sem stunda götuvændi takmörk varðandi það á hvaða hátt þeir geta vakið athygli á þjónustu sinni. Þá er að finna í sænskri refsilöggjöf ákvæði er hafa það að markmiði að stemma stigu við vændi. Þannig er refsivert að hagnýta sér vændi annarra (koppleri) og kaupa vændisþjónustu.

2.2 Stundan vændis

Á undanförnum árum hefur verið nokkur umræða um það í Svíþjóð hvort rétt væri að leggja refsingu við því að stunda vændi með þeim rökum að það kynni að draga úr því. Gegn því hefur aftur á móti m.a. verið bent á neikvæðar afleiðingar þess fyrir þá sem stunda vændi, auk þess sem sönnunarerfiðleikar séu miklir.[146] Niðurstaðan hefur ávallt orðið sú að að leggja ekki refsingu við vændi.

2.3 Hagnýting vændis

Um hagnýtingu vændis (koppleri) er fjallað í 6. kafla, 8. gr., sænsku hegningarlaganna. Í Norstedts Juridiska Ordbog er hugtakið „koppleri" skilgreint á eftirfarandi hátt:

> **Koppleri** är ett sexual*brott* som består i att främja eller på otillbörligt sätt utnyttja att annan har tillfälliga sexuella förbindelser mot ersättning.

Orðið er þýtt sem „vændismiðlun" í sænsk – íslenskri orðabók.
Tilvitnuð lagagrein hljóðar svo:

> **8 §** Den som främjar eller på ett otillbörligt sätt ekonomiskt utnyttjar att annan har tillfälliga sexuella förbindelser mot ersättning, döms för koppleri till fängelse i högst fyra år.
>
> Om en person som med nyttjanderätt har upplåtit en lägenhet får veta att lägenheten helt eller till väsentlig del används för tillfälliga sexuella förbindelser mot ersättning och inte gör vad som skäligen kan begäras för att få upplåtelsen att upphöra, skall han eller hon, om verksamheten fortsätter eller återupptas i lägenheten, anses ha främjat verksamheten och dömas till ansvar enligt första stycket. Lag (1998:393).

Samkvæmt 1. mgr. ber að refsa þeim fyrir milligöngu sem í ávinningsskyni stuðla að eða á ósæmandi hátt hagnýta sér vændi annarra. Þá ber 2. mgr. einnig að refsa þeim fyrir milligöngu sem lána (leigja) húsnæði vitandi að þar er stundað vændi eða gera ekki ráðstafanir til að segja upp leigunni (láninu), heldur láta starfsemina viðgangast í húsakynnum sínum. Refsing fyrir milligöngu er sektir eða fangelsi í allt 4 ár.

Í 6. kafla sænsku hegningarlaganna, 9. gr., er fjallað um stórfellda vændismiðlun eða hagnýtingu (grovt koppleri). Við því broti liggur þyngri refsing en fyrir brot gegn 8. gr. eða fangelsi ekki skemur en tvö ár og allt að sex árum. Lagagreinin hljóðar svo:

> **9 §** Är brott som avses i 8 § grovt, skall dömas för grovt koppleri till fängelse, lägst två och högst sex år.
>
> Vid bedömande av om brottet är grovt skall särskilt beaktas, om den som har begått gärningen främjat tillfälliga sexuella förbindelser mot ersättning i större omfattning eller hänsynslöst utnyttjat annan. Lag (1984:399).

Samkvæmt 2. mgr. skal sérstaklega, við mat á því hvort brot vændismiðlarans eða milligöngumannsins telst vera stórfellt, líta til umfangs þeirrar vændisstarfsemi sem hann hefur stuðlað að og eins til þess hvort hann hefur notfært sér þann sem vændið stundar á ófyrirleitinn hátt. Sem dæmi má nefna ef vændismiðlari nýtir sér vímuefnafíkn annars einstaklings,

---

[146] Ökat skydd för barn, bls. 25.

misþyrmir honum eða hótar honum ofbeldi o.s.frv., allt í því skyni að fá hann til að stunda vændi eða haldi slíkri iðju áfram.

Samkvæmt 6. kafla 12. gr. sænsku hegningarlaganna er tilraun til vændismiðlunar og stórfelldrar vændismiðlunar refsiverð, ásamt því að undirbúa eða sammælast um slíkan verknað. Vísast nánar til 23. kafla laganna í þessu sambandi.

2.4 Kaup á vændi

a) Kaup á vændi barna og ungmenna

Allt frá árinu 1965 hefur það verið refsivert í Svíþjóð að kaupa vændisþjónustu af börnum eða ungmennum yngri en 18 ára. Gildandi ákvæði er að finna í 6. kafla sænsku hegningarlaganna, 10. gr., og hljóðar það svo:

> **10 §** Den som genom att utlova eller ge ersättning skaffar eller söker skaffa sig tillfälligt sexuellt umgänge med någon som är under arton år, döms för förförelse av ungdom till böter eller fängelse i högst sex månader. Lag (1984:399).

Samkvæmt ákvæðinu varðar það þann sektum eða fangelsi í allt að 6 mánuði sem gegn greiðslu eða loforði um greiðslu verður sér úti um eða reynir að verða sér úti um vændisþjónustu einstaklings sem ekki hefur náð 18 ára aldri. Slíkt brot nefnist á sænsku *förförelse af ungdom*. Ef seljandinn er yngri en 15 ára gerist kaupandinn jafnframt brotlegur við ákvæði 6. kafla, 2. málsl. 1. mgr. 4. gr., sænsku hegningarlaganna, sem bannar skilyrðislaust kynferðisathafnir með börnum yngri en 15 ára. Refsing við því broti er fangelsi í allt að 4 ár. Ef brotið er stórfellt getur refsing orðið fangelsi í allt að sex ár, en lágmarksrefsing er fangelsi í sex mánuði.

Ákvæði 11. gr. í sama kafla er 10. gr. til frekari fyllingar. Það hljóðar svo:

> **11 §** Till ansvar som i detta kapitel är föreskrivet för en gärning som begås mot någon under en viss alder skall dömas även den som inte insåg men hade skälig anledning anta att den andra personen inte uppnått sådan alder. Lag (1998:393).

Lagagreinin á við um öll kynferðisbrot skv. 6. kafla sænsku hegningarlaganna sem framin eru gegn börnum og ungmennum sem ekki hafa náð ákveðnum aldri. Samkvæmt þessu ákvæði getur sá sem kaupir vændisþjónustu af ungmenni ekki borið fyrir sig að honum hafi ekki verið kunnugt um aldur seljandans hafi honum mátt vera ljóst að viðkomandi hafði ekki náð 18 ára aldri.

Í upplýsingum frá sænska dómsmálaráðuneytinu, dags. 7. janúar 1999, kemur fram að aðeins fá mál komi upp árlega vegna kaupa á vændisþjónustu ungmenna. Til að mynda voru einungis 12 einstaklingar dæmdir fyrir þess konar brot á árunum 1992–1997, þar af aðeins tveir á árunum 1995–1997.[147]

---

[147] Þetta kemur fram í svari danska dómsmálaráðuneytisins við 6. spurningu frá „Folketingets Retsudvalg" sem sett var fram í tengslum við meðferð og umfjöllun frumvarps til breytinga á dönsku hegningarlögunum í danska Þjóðþinginu, varðandi það hvort rétt væri að lögleiða refsingu fyrir kaup á vændisþjónustu ungmenna (L 43 – bilag 6–9).

b) Kaup á vændi almennt

Með lögum nr. 498/1998, lag om förbud mot köp av sexuella tjänster, er lögð refsing við kaupum á vændi í Svíþjóð. Lögin eru aðeins ein grein og hljóðar hún svo:

> Den som mot ersättning skaffar sig en tillfällig sexuell förbindelse, döms – om inte gärningen är belagd med straff enligt brottsbalken – för köp av sexuella tjänster till böter eller fängelse i högst sex månader.
>
> För försök döms till ansvar engligt 23 kap. brottsbalken.

Brot á undir þessi lög að svo miklu leyti sem hegningarlögin eiga ekki við um háttsemina. Þá er tilraun refsiverð. Eitt einstakt tilvik nægir til refsiábyrgðar og taka lögin til allrar vændisþjónustu óháð því hvar hún býðst, svo sem á götum úti, á hótelum og gistiheimilum eða á svonefndum nuddstofum (massageinstitut). Með greiðslu er bæði átt við peninga og annars konar verðmæti, svo sem eiturlyf eða áfengi. Í þeim tilvikum sem sá er býður greiðslu fyrir kynlífsþjónustu er annar en sá sem greiðir fyrir hana gerast báðir brotlegir við lögin, svo framarlega sem loforðið um greiðslu var forsenda þess að þjónustan var veitt. Þá verður þeim sem vændið stundar ekki refsað samkvæmt þessum lögum fremur en endranær.

2.5 Bann við klámsýningum

Í 2. kafla, 14. gr., ordningslagen, nr. 1617 frá árinu 1993, er eftirfarandi ákvæði:

> **14 §** Offentlig tillställning som utgör pornografisk föreställning får ikke anordnas.

Samkvæmt þessu eru bannaðar klámfengnar sýningar sem almenningur hefur aðgang að. Markmiðið er að sporna gegn vændi. Bannið tekur til sýninga þar sem fólk er í kynferðislegum athöfnum eða hefur í frammi hegðun sem er blygðunarlaus og ögrandi. Brot gegn banni þessu varðar sektum eða fangelsi í allt að 6 mánuði, sbr. 29. gr. laganna.

2.6 „Bastuklúbbar“ og sambærileg starfsemi

Í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 375 frá árinu 1987, Om förbud mot s.k. bastuklubbar och andra liknande verksamheter, er eftirfarandi ákvæði að finna:

> Tillställning eller sammankomst till vilken allmänheten har tillträde får inte anordnas, om den med hänsyn till utforming, inredning eller beskaffenhet i övrigt av den lokal eller plats där den skall äga rum och den verksamhet som förekommer eller är avsedd att förekomma eller annan omständighet är särskilt ägnad att underlätta för besökare att ha sexuellt umgänge i lokalen eller på platsen med annan besökare.

Lögin taka til staða sem eru reknir með það fyrir augum að fólk hittist þar til að stofna til kynferðislegra skyndikynna og að þar séu aðstæður til að þau geti farið fram. Viðskiptavinirnir greiða fyrir aðstöðu og aðra þjónustu, en greiðslur fara ekki fram á milli þeirra sjálfra. Lögin lýsa því ekki hefðbundinni vændisstarfsemi. Þau miða fyrst og fremst að því að stemma stigu við því að kynsjúkdómar breiðist út og er þannig ekki beinlínis beint gegn vændi sem slíku. Refsiábyrgð sæta þeir sem standa fyrir rekstri af þessu tagi og þeir sem leggja slíkum rekstri lið, svo sem með fjárhagslegum stuðningi. Refsing fyrir brot gegn þessu ákvæði er fangelsi í allt að 2 ár, sbr. 3. gr. laganna. Fyrir minni háttar brot má dæma sektir.

Lög þessi eiga ekki við um vændishús (bordel) þar sem þau eiga einungis við þegar viðskiptavinirnir hafa kynferðisleg samskipti án þess að greiðslur fari á milli þeirra.

2.7 Húsaleigulög o.fl.

Fasteignaeigendum er heimilt að segja upp leigjendum og búseturéttarhöfum þegar húsnæði er notað undir vændisstarfsemi, sbr. 12. kafla, 1. mgr. 9. tölul. 42. gr., Jordabalken, og 7. kafla, 8. tölul. 18. gr., bostadsrättslagen (nr. 614/1991).

V. FINNLAND

1. Klám

1.1 Almennt

Allt fram til 1. janúar 1999 var ákvæði um dreifingu á klámi að finna í sérstökum lögum sem hétu Lag ang. undertryckande av osedliga publikationers spridning, nr. 23 frá árinu 1927, með síðari breytingum. Með lögum nr. 563/1998, sem lögleiddu ýmsar breytingar á finnsku hegningarlögunum, Strafflagen frá 19. desember 1889 (nr. 39/1889), og gengu í gildi 1. janúar 1999, voru ákvæði um klám og dreifingu þess tekin upp í 17. kafla hegningarlaganna, Om brott mot allmän ordning.

1.2 Dreifing á klámi

Eins og áður var nefnt giltu í Finnlandi sérstök lög frá árinu 1927 um dreifingu kláms og voru þau í gildi þar til sambærileg ákvæði voru tekin upp í 17. kafla hegningarlaganna, sbr. lög nr. 563/1998. Samkvæmt lögum nr. 23/1927 var bannað *að hafa á boðstólnum, selja eða dreifa með öðrum hætti klámefni*. Lögin tóku til klámefnis sem birtist í formi „tryckalster, skrift, bildlig framställning eller annat alster“ (t.d. styttur, hljóðsnældur, kvikmyndir og myndbönd) eins og sagði í 1. mgr. 1. gr. laganna. Þá var lagt bann við inn- og útflutningi klámefnis í þessum tilgangi. Samkvæmt lögunum var leyfilegt að hafa klámefni undir höndum til einkanota, ásamt því að flytja það til landsins eða úr landi ef ekki stóð til að dreifa því eða hafa það aðgengilegt almenningi.

Árið 1957 var nýtt ákvæði tekið upp í lög nr. 23/1927 sem mælti fyrir um stofnun sérstakrar nefndar („övervakningsnämnd“) er skyldi m.a. hafa það hlutverk að fylgjast með útgáfu á klámefni og vera dómsmálaráðuneytinu til ráðgjafar um framkvæmd laganna og hugsanlegar breytingar á þeim.

Orðið „pornografi“ kom ekki fyrir í lögunum frá 1927, heldur var notast við orðin: „som sårar tukt och anständighet“ og „osedlig“. Í daglegu tali var orðið „pornografi“ notað í sömu merkingu og þessi orð. Því var orðalagi laganna breytt í nútímalegra horf með breytingalögum nr. 563/1998 og orðið „pornografi“ tekið upp í lagatextann.

Hugtakið klám hefur tekið miklum breytingum með árunum. Það sem álitið var klám í byrjun aldarinnar og um miðbik hennar þarf ekki að vera það nú. Inntak hugtaksins er því háð tíma og stað hverju sinni, auk þess sem það er háð viðhorfum hvers aldurshóps fyrir sig á hverjum tíma. Með þessum rökum hafa Finnar ekki talið forsendur fyrir því að taka upp í lagatexta skilgreiningu á hugtakinu.

Rökin að baki ákvæðunum sem bönnuðu dreifingu kláms voru á sínum tíma þau ætluðu skaðlegu áhrif sem klám hefði á samfélagið. Áhrifin voru talin birtast í fjölgun kynferðisbrota og auknu kynferðislegu óeðli. Síðari tíma rannsóknir hafa aftur á móti ekki stutt þetta.

Skorður við klámi nú á dögum byggjast á mismunandi uppeldislegum og menningarlegum sjónarmiðum.[148]

Markmiðið með endurskoðun á klámákvæðum laga nr. 23/1927 með breytingalögum nr. 563/1998 var að þrengja refsiákvæði sem lúta að dreifingu kláms. Haft var að leiðarljósi að almenningur gæti sjálfur ráðið því hvort hann yrði sér úti um klám til einkanota eða ekki, en rétt þótti að koma í veg fyrir að klám væri haft opinberlega til sýnis þannig að fólk hefði val um það hvort það kæmi fyrir augu þess eða ekki.[149] Þrenns konar klámefni (klámmyndum) er þó bannað með öllu að dreifa samkvæmt gildandi finnskri löggjöf, þ.e. barnaklámi, klámi sem felur í sér ofbeldi og klámi sem sýnir kynferðisathafnir með dýrum.

Ákvæði er lýtur að dreifingu klámmynda er nú að finna í 17. kafla, 18. gr., finnsku hegningarlaganna. Það ber heitið *Spridning av pornografisk bild* og hljóðar svo:

> **18 §** Den som saluför eller till uthyrning bjuder ut eller sprider eller i detta syfte tillverkar eller i landet för in bilder eller bildupptagningar som på ett sedlighetssårande sätt visar barn, våld eller tidelag, skall för *spridning av pornografisk bild* dömas till böter eller fängelse i högst två år.
>
> Vad som bestäms i 17 § 2 mom. gäller också bilder och bildupptagningar som avses i denna paragraf.

Samkvæmt 1. mgr. er bannað að bjóða til kaups eða leigu, dreifa eða í þessu skyni framleiða eða flytja til landsins myndir eða myndupptökur sem sýna börn á klámfenginn hátt, kynferðislegt ofbeldi eða kynferðislegar athafnir með dýrum. Slíkt brot nefnist *spridning av pornografisk bild* og varðar viðkomandi sektum eða fangelsi í allt að tvö ár. Þá fellur dreifing á myndum á netinu (över datanet) undir ákvæðið.

Ákvæðið tekur til mynda og myndupptaka. Sú spurning getur vaknað hvers konar konar myndir eða myndupptökur falli hér undir. Ljósmyndir og eftirprentanir þeirra falla hér augljóslega undir og einnig hreyfanlegar myndir, svo sem kvikmyndir og myndbönd. Þar sem eitt aðalmarkmið lagaákvæðisins er að koma í veg fyrir að kynferðisbrot séu framin á börnum við gerð klámefnis þótti ekki nauðsynlegt að láta það taka til mynda sem eru málaðar, teiknaðar eða unnar á svipaðan hátt nema fyrirmyndin hafi verið barn eins og um ljósmynd hafi verið að ræða og að hún sýni það á kynferðislegan hátt.[150]

Þar sem oft er ógjörningur að staðhæfa aldur barns sem sýnt er á klámmynd, er miðað við „... att bilden kan konstateras föreställa en person som inte ännu har uppnått en fullvuxen människas sexuella mognadsnivå." Við matið er rétt að hafa til hliðsjónar 6. gr. 20. kafla, eins og henni var breytt með breytingalögum nr. 563/1998, sem leggur refsingu við því að hafa kynferðismök við barn sem ekki hefur náð 16 ára aldri.[151]

Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. 17. kafla, sbr. 2. mgr. 17. gr. í sama kafla, ber ekki að beita refsingu samkvæmt 1. mgr. 18. gr. ef myndefni sem annars er ólögmætt er dreift í forsvaranlegum tilgangi, svo sem því er dreift í upplýsingaskyni eða það hefur listrænt gildi. Þá er

---

[148] Greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 563/1998 (RP (Regerings proposition) 6/1997 rd), bls. 144.

[149] RP 6/1997 rd, bls. 145.

[150] RP 6/1997 rd, bls. 146.

[151] RP 6/1997 rd, bls. 146.

heldur ekki heimilt að beita refsingu samkvæmt 1. mgr. 18. gr. ef myndefni hefur verið skoðað af opinberum aðilum sem hafa það hlutverk að hafa eftirlit með sýningu og dreifingu á myndefni og þeir hafa gefið leyfi til sýningar/dreifingar þess, sbr. lag om filmgranskning, nr. 299/ 1965, með síðari breytingum, og lag om granskning av videoprogram och andra bildprogram, nr. 697/1987, með síðari breytingum.

1.3 Barnaklám

Um dreifingu á barnaklámi gilda ákvæði 18. gr. 17. kafla sem lýst er í kaflanum hér á undan.

Í 19. gr. 17. kafla finnsku hegningarlaganna, sbr. breytingalög nr. 563/1998, er að finna ákvæði er ber fyrirsögnina *Innehav av barnpornografisk bild* og lýtur sérstaklega að vörslum á barnaklámi. Það hljóðar svo:

> **19 §** Den som orättmätigt innehar ett fotografi, ett videoband, en film eller någon annan verklighetstrogen bildupptagning som visar ett barn som deltar i samlag eller i något därmed jämförbart sexuellt umgänge, eller som visar barn på något annat uppenbart sedlighetssårande sätt, skall för innehav av barnpornografisk bild dömas till böter eller fängelse i högst sex månader.

Markmiðið með ákvæði af þessu tagi, sem ekki var að finna í lögum nr. 23/1927, um dreifingu á klámefni, er fyrst og fremst að vernda börn fyrir kynferðislegri misnotkun sem þau verða fyrir við gerð þess konar efnis. Önnur röksemd er sú viðleitni að vernda einstaklinga fyrir þeim álitshnekki sem myndir af þessu tagi gætu valdið þeim síðar á lífsleiðinni. Þá óttast menn að kynferðislega brenglaðir einstaklingar noti barnaklámmyndir til að ginna börn til samlags við fullorðna.[152]

Í lögunum er að finna útlistun á því hvað telst vera barnaklám. Um barnaklám er án nokkurs vafa að ræða þegar mynd sýnir „ett barn som deltar i samlag eller i något därmed jämförbart sexuellt umgänge". Þá er það einnig barnaklám þegar mynd sýnir „barn på något annat uppenbart sedlighetssårande sätt". Síðari skilgreiningin er óljósari og getur verið erfiðara að sanna að myndir sem ekki beinlínis sýna kynferðismök eða hegðun sem jafna má til kynferðismaka séu klámmyndir. Sem dæmi má nefna nektarmyndir af börnum. Þær geta legið á þessum mörkum. Þær geta hvort tveggja verið kynferðislegs eðlis eða talist eðlilegar með öllu, svo sem þegar foreldrar mynda börn sín. Fer það allt eftir aðstæðum og framsetningu hverju sinni. Um skilgreiningu á hugtakinu „samlag" vísast til 1. mgr. 10. gr. 20. kafla, sbr. lög nr. 563/1998.

Um hugtakið barn vísast til umfjöllunar í kafla 1.2 um dreifingu klámmynda.

Í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 563/1998 er því lýst til hvers konar mynda ákvæðið tekur. Fram kemur að meginmarkmiðið með ákvæðinu sé að vernda börn gegn kynferðislegri misnotkun. Í samræmi við þetta taki ákvæðið eingöngu til mynda sem byggjast á raunverulegum atburðum, jafnvel þótt ekki sé hægt að bera kennsl á þá einstaklinga sem á myndunum eru. Á sama hátt féllu undir ákvæðið myndir af raunverulegu fólki sem skeytt hefði verið saman úr mörgum myndum og þannig búnar til aðstæður sem ekki væru raunverulegar. Skilyrðið væri ekki að um ljósmynd væri að ræða og gæti teikning eða annars konar vinnsla myndar, sem fæli í sér nákvæma lýsingu á kynferðislegu samneyti sem

---

[152] RP 6/1997 rd, bls. 148.

hefði átt sér stað, fallið undir ákvæðið. Aftur á móti ættu myndir sem að öllu leyti væru tilbúnar, t.d. með tölvutækni, ekki undir ákvæðið.[153]

Það er skilyrði samkvæmt ákvæðinu að varsla (handhöfn) myndanna sé ólögmæt (orättmätig). Varsla mynda af þessu tagi getur við ákveðnar kringumstæður verið réttlætanleg (lögmæt), svo sem í þeim tilvikum er lögreglan hefur þær undir höndum vegna rannsóknar máls, handhafar ákæruvalds vegna hugsanlegrar málshöfðunar eða dómarar sem hafa mál til meðferðar. Þá er hægt að hugsa sér að verið sé að nota þær í vísindaskyni eða til þess að vinna fréttaefni.

Ásetningur er skilyrði refsiábyrgðar samkvæmt ákvæðinu. Hafi efni með barnaklámi komist í vörslur einhvers sem ekki veit af því eða gerir sér enga grein fyrir því um hvers konar efni er að ræða verður honum ekki refsað.

Brot gegn ákvæðinu varðar sektum eða fangelsi í allt að 6 mánuði. Af refsimörkunum má merkja að litið er á vörslur á barnaklámi sem vægara brot en dreifingu þess, þar sem refsihámarkið er fangelsi í 2 ár. Sá sem gerist sekur um dreifingu á barnaklámi hefur oftast líka haft efnið í vörslum sínum. Í þeim tilvikum er látið nægja að dæma fyrir alvarlegra brotið, þ.e. dreifingu barnakláms."[154]

1.4 Markaðssetning á klámi sem söluvöru

Í 20. gr. 17. kafla er að finna ákvæði sem ber heitið *Sedlighetssårande marknadsföring*. Greinin setur því takmörk hvaða aðferðum má beita við kynningu og markaðssetningu efnis sem er til þess fallið að særa blygðunarsemi almennings í því skyni að auðgast á því, svo sem með því að selja það, nota það í skiptum eða leigja það út. Greinin hljóðar svo:

> **20 §** Den som i förvärvssyfte
> 1) till en person som inter har fyllt 15 år överlåter,
> 2) offentligt ställer ut till allmänt påseende,
> 3) utan mottagarens samtycke tillställer någon, eller
> 4) på ett sätt som väcker allmän anstöt offentligt i annons, broschyr, affisch eller annan reklam bjuder ut till försäljning eller förevisar
>
> bilder, bildupptagningar eller föremål som är sedlighetssårende och därigenom ägnade att väcka allmän anstöt, skall för sedlighetssårande marknadsföring dömas till böter eller fängelse i högst sex månader.
>
> För sedlighetssårande marknadsföring döms också den som på ett sätt som avses i 1 mom. 4 punkten bjuder ut till försäljning eller förevisar upptagningar som innehåller text eller ljud som är sedlighetssårende och därigenom ägnade att väcka allmän anstöt.

Ákvæði 20. gr. eru ekki bundin við ákveðnar tegundir kláms eins og 18. gr. gerir ráð fyrir, sem bannar eingöngu dreifingu á barnaklámi og klámi er inniheldur ofbeldi eða tengist dýrum, heldur taka þau til alls klámefnis sem er til þess fallið að særa blygðunarsemi fólks. Markmiðið með ákvæði af þessu tagi er að gera hverjum og einum þjóðfélagsþegni kleift að ráða því hvort klám verður á vegi hans eða ekki og að enginn þurfi að horfa upp á klám án

---

[153] RP 6/1997 rd, bls. 149.

[154] RP 6/1997 rd, bls. 150.

þess að bera sig eftir því.[155]

Samkvæmt 1. mgr. er ákvæðið takmarkað við myndir, myndupptökur eða hluti (t.d. stytt-ur) sem eru til þess fallnir að særa blygðunarsemi fólks og fólk getur ekki varist að sjá eða á erfitt með að verjast því. Þannig fellur ekki undir ákvæðið klámefni í ritmáli. Texti, sem birtist t.d. í bók eða tímariti, krefst beinnar þátttöku „þolandans" , þ.e. „þolandinn" þarf að hefja lestur og getur jafnframt hætt um leið og honum misbýður. Hljóðupptökur og upplestur geta fallið undir 1. mgr. 20. gr. eftir atvikum.[156]

a) Afhending klámefnis til barna

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. er bannað að afhenda börnum, sem ekki hafa náð 15 ára aldri, klámefni í auðgunarskyni. Með þessu móti er verið að vernda velsæmiskennd þessa við-kvæma aldurshóps, sem almennt hefur hvorki náð fullum kynþroska né mótað hugmyndir sínar um kynlíf og kynferðishegðun.

b) Klám til sýnis á almannafæri

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. er bannað að hafa til sýnis á almannafæri myndir, myndupp-tökur eða hluti sem eru til þess fallnir að særa blygðunarsemi þegnanna. Með þessu móti er verið að vernda borgarana gegn því að þurfa að horfa upp á klám án þess að hafa borið sig eftir því. Þannig er bannað að hafa hluti af þessu tagi til sýnis á stöðum sem almenningur hefur frjálsan aðgang, svo sem í verslunum, á veitingastöðum, í almenningsfarartækjum, á flugvöllum, brautarstöðvum, í almenningsgörðum og úti um stræti og torg.

c) Dreifing klámefnis án beiðni

Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. er bannað að senda fólki klámefni án beiðni eða samþykkis þess. Markmiðið með þessu ákvæði er að koma í veg fyrir að fólki sé sent efni af þessu tagi í pósti án þess að það hafi beðið sérstaklega um það. Þá geta ýmsir einkaaðilar jafnframt staðið fyrir dreifingu á slíku efni inn á heimili fólks, t.d. búðir sem selja kynlífsvarning. Þá segir í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 563/1998:[157]

> Verbet „tillställer" betyder här att en bild, en bildupptagning eller ett föremål sänds som sådan, inte t.ex. rundradio- eller kabeltelevisionssändning.

Þá getur verið að klámmyndir séu sendar fólki óumbeðið með tölvupósti eða með faxi. Þeir sendingarmátar falla jafnframt undir ákvæðið.[158]

d) Auglýsingar

Í 4. tölul. 1. mgr. er lagt bann við því að auglýsa klámframleiðslu á þann hátt að það særi blygðunarsemi fólks. Þannig gerist sá sem í hagnaðarskyni auglýsir klámmyndir, klámupp-tökur eða aðra klámfengna hluti á þann hátt að það vekur almenna hneykslan brotlegur gegn ákvæðinu. Auglýsingarnar geta hvort heldur sem er verið í formi mynda og/eða texta. Þannig

---

[155] RP 6/1997 rd, bls. 150.

[156] RP 6/1997 rd, bls. 150.

[157] RP 6/1997 rd, bls. 152.

[158] RP 6/1997 rd, bls. 152.

geta auglýsingar, sem eingöngu eru í textaformi og birtast t.d. í dagblöðum og bjóða til sölu klámfengið efni, verið svo grófar, t.d. vegna þess að þær innihalda nákvæma lýsingu á efni klámmyndar, að þær falli undir þessa málsgrein.[159]

Samsvarandi ákvæði, sem tekur til auglýsinga, sem eru til þess fallnar að særa blygðunarsemi manna, á upptökum sem innihalda hneykslanlega texta eða annars konar hljóð, er að finna í 2. mgr. greinarinnar.

1.5 Eignaupptaka

Í breytingalögum nr. 563/1998 er að finna nýmæli í 23. gr. 17. kafla, en hún ber fyrirsögnina *Bestämmelser om påföljder*. Lagagreinin fjallar um önnur refsikennd viðurlög tengd broti en eiginlega refsingu (refsivist eða fésektir). Í 3. mgr. greinarinnar er fjallað um heimild til eignaupptöku í tengslum við þau brot sem fjallað er um í 17. kafla. Þar segir:

> Filmer och andra upptagningar som har använts för spridning av våldsskildring och som gärningsmannen har i sin besittning, bilder och bildupptagningar som på ett sedlighetssårande sätt visar barn eller våld eller tidelag, barnpornografiska bilder och bildupptagningar, pornografiska bilder, bildupptagningar och föremål som har använts vid sedlighetssårande marknadsföring ... skall dömas förverkade till staten, oberoende av vem som äger dem.

Samkvæmt ákvæðinu er m.a. heimilt að gera eftirfarandi hluti upptæka: (i) klámmyndir og -upptökur sem lýst er í 18. gr., (ii) barnaklámmyndir og -upptökur sem lýst er í 19. gr. og (iii) myndir, upptökur og hluti sem notaðir hafa verið við markaðssetningu á klámi þannig að það varði við 20. gr.

Samkvæmt þessu tekur eignaupptökuheimildin ekki bara til þeirra hluta sem innihalda hið klámfengna efni, sbr. 18. og 19. gr., heldur einnig til auglýsinga, bæklinga, plakata og annars sambærilegs sem er liður í að koma slíkum hlutum á framfæri í söluskyni, sbr. 20. gr.[160]

Þá er í 4. mgr. 23. gr. ákvæði sem heimilar yfirvöldum að gera upptækt andvirði þeirra hluta sem taldir eru upp í 3. mgr. þegar þeir hafa verið afhentir öðrum, þeim eytt eða þeir hafa verið skemmdir. Þá er í ákvæðinu vísað til 2. kafla 16. gr. finnsku hegningarlaganna um hlutdeild í hagnaði af broti.

1.6 Brot gegn blygðunarsemi

Í 1. mgr. 9. gr. 20. kafla finnsku hegningarlaganna var að finna svohljóðandi ákvæði:

> Gör någon offentligen sig skyldig till handling, som sårar tukt och sedlighet och därigenom åstadkommer förargelse, skall han för *offentlig kränkning av sedligheten* dömas till fängelse i högst sex månader eller till böter.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 563/1998 kemur fram að ákvæði þessu hafi fyrst og fremst verið beitt í þrenns konar tilvikum: Í fyrsta lagi þegar einstaklingar beruðu sig á almannafæri (strípihneigð), í öðru lagi þegar fólk hafði kynferðismök á almannafæri og í þriðja lagi þegar um hneykslanlegar kynlífssýningar (sexshow) var að

---

[159] RP 6/1997 rd, bls. 152.

[160] RP 6/1997 rd, bls. 157.

ræða sem stóðu almenningi opnar, svo sem á veitingahúsum, börum eða sambærilegum stöðum, þar sem sýnendur höfðu kynmök. Með ákvæðinu er verið að vernda almenna velsæmiskennd og halda uppi lögum og reglu í samfélaginu. Hugmyndin að baki ákvæði sem þessu er ekki að hafa áhrif á kynhegðun viðkomandi, heldur hlífa almenningi við því að horfa upp á slíka hegðun.[161]

Til fyllingar ákvæðunum um klám, sem tekin voru upp í finnsku hegningarlögin með breytingalögum nr. 563/1998, var samsvarandi ákvæði tekið upp í 21. gr. 17. kafla, þó með breyttu orðalagi. Lagagreinin ber fyrirsögnina *Offentlig kränkning av sedligeten* og hljóðar svo:

> **21 §** Den som offentligt företar en sedlighetssårande handling på ett sätt som väcker anstöt skall, om straff för gärningen inte bestäms på något annat ställe i lag, för *offentlig kränkning av sedligheten* dömas till böter eller fängelse i högst sex månader.

Ekki er nánar útskýrt í ákvæðinu hvað átt er við með „en sedlighetssårande handling", enda erfitt að njörva niður slíka skilgreiningu í eitt skipti fyrir öll þar sem ógerlegt er að sjá fyrir allar þær aðstæður sem geta komið upp. Forsenda þess að hægt sé að beita þessu ákvæði er að hegðun veki hneykslun hjá áhorfanda. Ekki er skilyrði að hún veki almenna hneykslun, nægilegt er að hún veki hneykslun í fámenni. Ef blygðunarsemi áhorfendanna er ekki sérð með framferði viðkomandi hefur ekkert brot verið framið. Sá sem t.d. stendur fyrir sýningu kynferðisleg eðlis ætti þannig að láta áhorfendur vita fyrir fram hvers eðlis hún er til að koma í veg fyrir að hún veki hneykslun.[162]

Aðeins kemur til beitingar þessa ákvæðis að brot falli ekki undir önnur lagaákvæði, svo sem klámákvæðin í 17. kafla eða kynferðisbrotaákvæðin í 20. kafla finnsku hegningarlaganna.

Refsimörkin fyrir brot af þessu tagi eru þau sömu og þau voru áður en breytingalög nr. 563/1998 gengu í gildi, sektir eða fangelsi í allt að 6 mánuði.

1.7 Gildissvið finnskra refsilaga

Fyrsti kafli finnsku hegningarlaganna fjallar um gildissvið finnskra refsilaga. Í 11. gr. hans er m.a. að finna ákvæði sem kveður svo á að refsa skuli finnskum þegnum eftir finnskum refsilögum ef þeir fremja brot sem lýst er í 17. kafla, 18. og 19. gr., finnsku hegningarlaganna á erlendri grund, óháð því hvort verknaðurinn er refsiverður samkvæmt lögum þess lands þar sem hann er framinn eða ekki.

2. Vændi

2.1 Almennt

Gildandi ákvæði um vændi er að finna í 20. kafla finnsku hegningarlaganna. Kaflinn sætti gagngerri endurskoðun fyrir fáum árum sem leiddi til breytingalaga nr. 563/1998. Fram til þess tíma hafði hann einungis tvisvar sinnum sætt verulegum breytingum allt frá því að finnsku hegningarlögin voru sett árið 1889, annars vegar árið 1926 og hins vegar árið 1971. Árið 1971 miðuðu breytingarnar fyrst og fremst að því að koma til móts við breytt viðhorf til kynlífs, m.a. voru afnumin refsiákvæði sem vörðuðu kynhegðun samkynhneigðra. Til við-

---

[161] RP 6/1997 rd, bls. 153.

[162] RP 6/1997 rd, bls. 153–154.

bótar má nefna lagabreytingar sem gerðar voru árið 1994, en þær breyttu m.a. lagaákvæðum varðandi nauðgun og þvingun til samræðis með ólögmætri nauðung með þeim hætti m.a. að ekki var lengur gerður greinarmunur á því hvort brotin voru framin innan eða utan hjúskapar.

Með breytingalögum nr. 563/1998 var m.a. heiti kaflans breytt úr *Om sedlighetsbrott* í *Om sexualbrott* og eins var refsiákvæði, sem laut sérstaklega að því að hvetja til kynlífsathafna á milli einstaklinga af sama kyni, afnumið til samræmis við breytt viðhorf til samkynhneigðra.[163] Þá var þeim ákvæðum kaflans, sem höfðu fram til þessa verið kynbundin, þ.e. bundin við að karlmenn væru gerendur og konur þolendur, breytt á þann veg að þau urðu ókynbundin.

Eitt aðalmarkmiðið með endurskoðun 20. kafla var að sporna svo sem frekast væri unnt við kynferðislegri misnotkun barna og ungmenna. Liður í því var m.a. lögfesting nýmælis í 8. gr. er leggur bann við kaupum á kynlífsþjónustu af börnum eða ungmennum undir 18 ára aldri.

2.2 Stundan vændis

Ekki er lögð refsing við því að stunda vændi í Finnlandi. Í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 563/1998 segir að það mundi án efa hafa áhrif í þá átt að draga úr vændi yrðu þeir sem það stunda og viðskipavinir þeirra látnir sæta refsiábyrgð. Lögleiðing refsinga fyrir þessa háttsemi hefði þó vafalaust ýmis vandamál í för með sér, m.a. styrkja stöðu vændismiðlara (kopplare), þar sem þeir sem stunda vændi yrðu háðari þeim. Þá var talið að það kynni að leiða til þess að þeir sem stunda vændi færu síður í læknisskoðun og mundu ekki kæra brot sem þeir yrðu fyrir af hálfu viðskiptavina eða miðlara.[164]

2.3 Kynlífsathafnir samkynhneigðra

Árið 1971 var 2. mgr. bætt við 9. gr. í 20. kafla finnsku hegningarlaganna þar sem lögð var refsing við því að hvetja opinberlega til kynlífsathafna einstaklinga af sama kyni. Málsgreinin hljóðaði svo:

> Den som offentligen uppmanar till otukt mellan personer av samma kön, skall för *uppmaning till otukt mellan personer av samma kön* dömas till i 1 mom. nämnt straff.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. varðaði brot gegn ákvæðinu sektum eða fangelsi í allt að 6 mánuði.

Lögfesting 2. mgr. 9. gr. var á sínum tíma byggð á þeim rökum að vernda þyrfti ungt fólk sem ekki hefði mótaðar kynlífshugmyndir. Þá væri það staðreynd að almenn andúð væri á kynferðissamböndum milli einstaklinga af sama kyni þótt ekki væru þau refsiverð.[165]

Þannig var í 2. mgr. 9. gr. lögð refsing við því að hvetja opinberlega til athafna sem, samkvæmt finnskri löggjöf, voru refsilausar. Þetta þótti skjóta skökku við og brjóta í bága við meginreglur um tjáningarfrelsi. Þá voru Finnar gagnrýndir fyrir þetta lagaákvæði á alþjóðlegum vettvangi. Ákvæðið, sem þótti eingöngu til þess fallið að viðhalda fordómum gagnvart samkynhneigðum, var því afnumið með breytingalögum nr. 563/1998.

---

[163] Áður en breytingalög nr. 563/1998 gengu í gildi var þessi ákvæði að finna í 20. kafla, 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 9. gr.

[164] RP 6/1997 rd, bls. 167.

[165] RP 6/1997 rd, bls. 167–168.

2.4 Hagnýting vændis

a) Almennt

Í 9. gr. 20. kafla finnsku hegningarlaganna er að finna ákvæði um hagnýtingu vændis. Ákvæðið ber fyrirsögnina *Koppleri* (vændismiðlun) og er svohljóðandi:

> **9§** Den som för att skaffa sig eller någon annan ekonomisk vinning
> 1) ordnar ett rum eller något annat ställe för samlag eller en därmed jämförlig sexuell handling som utförs mot ersättning,
> 2) på annat sätt utnyttjar att någon utför sådana handlingar eller
> 3) förleder eller genom påtryckning förmår någon till sådana handlingar,
>
> skall för koppleri dömas till böter eller fängelse i högst tre år.
>
> Försök är straffbart.

Ákvæði 1. mgr. 9. gr. tekur til svonefndra vændismiðlara (milligöngumanna), þ.e. til þeirra sem notfæra sér vændi annarra sjálfum sér eða öðrum til fjárhagslegs ávinnings (ekonomisk vinning).

Í ákvæðinu er ekki notað hugtakið „prostitution" heldur orðalagið „samlag eller en därmed jämförlig sexuell handling som utförs mot ersättning" sem hefur í raun sömu merkingu. Vendipunkturinn í skilgreiningu á vændi er að kynferðisleg þjónusta sé látin í té gegn greiðslu (mot ersättning). Greiðslan getur hvort heldur sem er verið í formi peninga eða annarra verðmæta.

Refsimörkin fyrir vændismiðlun eru sektir eða fangelsi í allt að þrjú ár. Þá er tilraun refsiverð skv. 2. mgr. 9. gr.

b) Útvegun húsnæðis

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. er refsivert að láta þeim er stundar vændi í té herbergi eða annað húsnæði í þeim tilgangi að hann geti stundað þar iðju sína. Það er skilyrði samkvæmt ákvæðinu að verknaðurinn sé unninn í ávinningsskyni. Ávinningur milligöngumannsins getur t.d. falist í því að nýta sér aðstæður með þeim hætti að fara fram á óeðlilega háa leigu fyrir húsnæði eða taka við greiðslu í óvenjulegu formi. Þá getur vaknað grunur um hagnýtingu við útleigu hótelherbergja, t.d. þegar hótelherbergi eru leigð út í klukkustund.

c) Hagnýting með öðrum hætti

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. er lögð refsing við því að notfæra sér vændi annarra með öðrum hætti. Hér undir gæti fallið milliganga sem felst í því að verða þeim sem stundar vændi úti um viðskipavini. Í þessum tilvikum er algengt að greiðslan fyrir þjónustuna renni að hluta til milligöngumannsins. Ákvæðið er þó ekki bundið við að greiðsla komi frá þeim sem vændið stundar heldur gætu þær aðstæður verið fyrir hendi að viðskiptavinurinn greiddi milligöngumanninum fyrir að vísa sér á vændisþjónustu. Þá geta milligöngumenn hagnast á því að gefa upp símanúmer eða heimilisföng aðila sem stunda vændi í gegnum sérstakar símalínur sem bera ákveðið gjald (avgiftsbelagda telefonlinjer).[166]

---

[166] RP 6/1997 rd, bls. 185.

d) Hvatning eða þrýstingur

Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. er refsivert að hvetja aðra manneskju eða beita hana þrýstingi í því skyni að fá hana til að stunda vændi. Hér er mikilvægt að sýna fram á að milligöngumaðurinn hafi með hegðun sinni reynt að hafa afgerandi áhrif á ákvörðun einstaklings í þá átt að leggja út á braut vændis eða halda sig á henni eða hafi haft afgerandi áhrif á ákvörðun hans. Ef milligöngumaðurinn gengur lengra en lýst er í ákvæðinu, svo sem með beinum hótunum, ofbeldi eða öðrum slíkum aðgerðum, þvingar aðra manneskju til kynlífs með þriðja manni eða misnotar aðstöðu sína skv. 1. mgr. 5. gr. í 20. kafla, geta ákvæði um nauðgun, ólögmæta nauðung eða kynferðislega misnotkun átt við um verknaðinn. Auk þess sem önnur ákvæði hegningarlaganna geta komið til skoðunar.

2.5 Kaup á vændi

Í 8. gr. 20. kafla finnsku hegningarlaganna er lagt bann við því að kaupa kynlífsþjónustu af börnum og ungmennum yngri en 18 ára. Ákvæðið kom nýtt inn í lögin með breytingalögum nr. 563/1998, en fram að því hafði ekkert samsvarandi ákvæði verið að finna. Fyrirsögn 8. gr. er *Köp av sexuella tjänster av ung person* og hljóðar hún svo:

> **8 §** Den som genom att utlova eller ge ersättning får någon som är under aderton år att idka samlag eller företa en annan sexuell handling, skall för *köp av sexuella tjänster av ung person* dömas till böter eller fängelse i högst sex månader.
>
> Försök är straffbart.

Kaup á vændisþjónustu er að öðru leyti ekki refsiverður verknaður samkvæmt finnskri löggjöf.

Umrætt ákvæði var lögfest í Finnlandi í kjölfar aukinnar umræðu um sérstaka þörf fyrir vernd barna og ungmenna gegn kynferðislegri misnotkun. Mikilvæg rök þóttu vera fyrir því að gera skýran greinarmun á því hvort um börn og ungmenni var að ræða í þessu sambandi eða fullorðna einstaklinga. Því þótti ýmislegt mæla með því að lögfesta ákvæði er legði bann við því að kaupa vændisþjónustu af börnum og ungmennum, en ekki var litið svo á að sama gilti um kaup á vændisþjónustu af fullorðnum. Í greinargerð kemur m.a. fram að ungmenni séu að jafnaði ekki nægilega þroskuð til að meta áhrif gerða sinna til lengri tíma. Þá séu meiri líkur á því að vændismiðlarar misnoti þau. Einnig sé viss hætta á að ungmenni, sem háð eru fíkniefnum, freistist til þess að fjármagna neysluna með vændi. Þess sé vænst að með því að leggja refsingar við kaupum á vændisþjónustu af þessum aldurshópi megi stemma stigu við þessum vandamálum.

Enn fremur er í greinargerðinni að finna hugleiðingar um hvort eðlilegt sé og sanngjarnt að refsa aðeins kaupanda þjónustunnar en ekki seljandanum, ekki síst í ljósi þess að oft er það sá sem býður þjónustuna til sölu sem á frumkvæðið að viðskiptunum. Engu að síður megi ganga út frá því við þessar aðstæður að kaupandinn sé almennt þroskaðri einstaklingur og hafi sterkari stöðu. Hann ætti þannig bæði að gera sér grein fyrir slæmum afleiðingum til lengri tíma litið fyrir líf ungmennisins að stunda þessa iðju og þeim ástæðum sem búa þar að baki. Hann ætti því af siðferðilegum ástæðum ekki að notfæra sér þessar aðstæður.[167]

Samkvæmt 1. mgr. er refsivert að fá ungmenni, sem ekki hefur náð 18 ára aldri, til að stunda kynmök eða annars konar kynlífsathafnir gegn greiðslu eða loforði um greiðslu.

---

[167] RP 6/1997 rd, bls. 183.

Brotamaðurinn getur sjálfur verið yngri en 18 ára. Greiðslan er oftast í formi peninga en getur einnig verið í formi annarra verðmæta.

Um skilgreiningu á orðinu *samlag* vísast til 1. mgr. 10. gr. 20. kafla og um skilgreiningu á orðunum *annan sexuell handling* vísast til 2. mgr. sömu greinar, sbr. lög nr. 563/1998. Ákvæði 8. gr. taka til kynmaka og annarra kynlífsathafna á milli einstaklinga af gagnstæðu kyni sem og af sama kyni.

Til þess að hægt sé að refsa fyrir brot gegn 8. gr. þarf verknaðurinn að vera unninn af ásetningi. Sá sem brýtur gegn 8. gr. getur jafnframt gerst brotlegur við 9. gr. (koppleri) eða 6. eða 7. gr. (barn yngra en 16 ára). Refsing fyrir brot gegn ákvæðinu er sektir eða fangelsi í allt að 6 mánuði. Skv. 2. mgr. 8. gr. er tilraun jafnframt refsiverð.

2.6 Gildissvið finnskra refsilaga

Um gildissvið finnsku hegningarlaganna vegna brota á 8. og 9. gr. 20. kafla þeirra vísast til 11. gr. 1. kafla laganna (sbr. kafla 1.7 hér að framan). Þar er m.a. kveðið svo á að refsa skuli finnskum þegnum eftir finnskum refsilögum fyrir brot sem þeir hafa framið erlendis og lýst er í 6., 7., 8. eða 9. gr. (ef verknaður hefur beinst að ungmenni yngra en 18 ára) 20. kafla, óháð því hvort verknaðurinn er refsiverður samkvæmt lögum þess lands þar sem hann er framinn eða ekki.

VI. NIÐURSTÖÐUR

Í skýrslu þessari er að finna upplýsingar um lagaumhverfi á Íslandi, Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi varðandi löggjöf og eftirlit með klámi og vændi. Ekkert ríkjanna hefur sett sérstakar reglur um fylgdarþjónustu og símavændi, sbr. orðalag beiðni þeirrar sem er tilefni skýrslunnar. Fylgdarþjónusta og símavændi fellur undir reglur um vændi, að svo miklu leyti sem vændi er hluti af slíkri þjónustu. Þá fellur símaklám og klám á netinu undir almennar reglur um klám. Í samræmi við þetta lúta niðurstöður skýrslunnar að klámi annars vegar og vændi hins vegar.

1. Klám

1.1 Klámhugtakið

Hvað telst klám er breytilegt eftir tíðarandanum hverju sinni. Öll ríkin fimm nota áþekkar skilgreiningar á hugtakinu. Í aðalatriðum byggjast þær á því að klám sé efni sem leggur áherslu á kynlíf og það sem að því lýtur vegna kynlífsins sjálfs, án nokkurs annars sýnilegs tilgangs, t.d. listræns eða vísindalegs. Til viðbótar er lögð áhersla á að efnið sé ögrandi og framleitt í ávinningsskyni.

1.2 Almennt bann við birtingu og dreifingu

Almennt bann við birtingu og dreifingu á klámi er eingöngu í gildi í Noregi og á Íslandi. Önnur ríki hafa afnumið slíkt bann. Í Danmörku var það gert þegar á sjöunda áratugnum. Meginrökin fyrir því hafa verið þau að ekki hafi tekist að sýna fram á slík almenn skaðleg áhrif kláms að það réttlæti skerðingu á frelsi fólks til þess að nálgast það á löglegan hátt.

1.3 Takmarkanir á útbreiðslu kláms

Í löggjöf ríkjanna þriggja sem ekki hafa í löggjöf sinni almennt bann við birtingu og dreifingu á klámi, þ.e. Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands, er samt sem áður að finna reglur sem eiga að stuðla að því að klámi sé ekki haldið að fólki sem ekki kærir sig um það eða börn-

um og ungmennum. Þessar reglur miða að því að takmarka og hefta útbreiðslu kláms. Reglurnar lúta m.a. að því að klám sé ekki haft til sýnis á almannafæri og að auglýsingum um klám og innihaldi þeirra. Af því má vera ljóst að birting klámefnis er hvergi með öllu frjáls, auk þess sem aðferðum við markaðssetningu þess eru skorður settar.

1.4 Barnaklám

Barnaklám er lýst refsivert alls staðar á Norðurlöndum, hvort sem um er að ræða vörslur, framleiðslu, dreifingu, sýningu, kynningu, inn- eða útflutning o.s.frv. Þetta helst m.a. í hendur við alþjóðlegar skuldbindingar á þessu sviði. Reglurnar eru áþekkar í öllum ríkjunum, en ástæða er til að benda á eftirfarandi atriði:

a) Skilgreining á barni

Ekki kemur fram í 210. gr. íslensku hegningarlaganna hverjir teljast börn í tengslum við ákvæði er lúta að barnaklámi. Af greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 126/1996 er ljóst að miðað var við þá skilgreiningu sem fram kom í barnaverndarlögum á þeim tíma, eða 16 ár. Með lögum nr. 160/1998, 1. gr., var barnaverndarlögunum breytt og aldursmarkið hækkað í 18 ár. Af því leiðir að það kann að vera álitamál hvort íslensku lögin miða við 16 eða 18 ára aldur. Í samanburðarlöndunum er tekið á þessu álitamáli með allt öðrum hætti. Reglurnar þar miðast ekki við tiltekið aldursmark heldur líkamlegan þroska. Er þá venjulegast miðað við að einstaklingur hafi náð líkamlegum þroska sem jafngildir kynferðislegum lögaldri í viðkomandi landi. Í Danmörku er t.d. miðað við að myndir sýni einstakling sem hefur líkamlegan þroska er svarar til barna er ekki hafa náð 15 ára aldri. Það er í samræmi við kynferðislegan lögaldur í Danmörku, sem er 15 ár. Í Noregi er miðað við að einstaklingar sem ekki hafa tekið út kynþroska séu börn í skilningi norska ákvæðisins um barnaklám. Áður var miðað við 16 ára aldursmark og hefur sú regla nú verið afnumin. Í Svíþjóð er miðað við einstaklinga sem ekki hafa náð fullum kynþroska eða sem af mynd að dæma eða kringumstæðum að öðru leyti virðast yngri en 18 ára. Í Finnlandi teljast þeir einstaklingar börn sem ekki hafa náð fullum kynþroska og kemur fram í greinargerð að rétt sé að hafa til hliðsjónar kynferðislegan lögaldur sem er 16 ár þar í landi. Íslensku lögin og skýringar á þeim í greinargerð skera sig úr að því leyti að þar er hvorki að finna skírskotun til kynþroska né til kynferðislegs lögaldurs. Þetta var hins vegar gert í frumvarpi til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sem lagt var fram á 120. löggjafarþingi (1995–1996),[168] en dagaði uppi. Þegar nýtt frumvarp sama efnis var lagt fram á næsta löggjafarþingi á eftir höfðu athugasemdir þessa efnis verið teknar út. Ástæða virðist vera til að benda á hvort ekki sé rétt við skýringu íslenska ákvæðisins að leggja fremur áherslu á kynþroska en tiltekin aldursmörk, hvort sem þau eru 16 eða 18 ár. Það liggur í eðli þessara brota að þeir sem sækjast eftir efni af þessu tagi (pedofil) eru yfirleitt að leita eftir myndum af ókynþroska einstaklingum, einstaklingum sem eru rétt að byrja kynþroska eða eru sýndir í gervi og/eða umhverfi barna.

Bent skal á að skv. 1. mgr. 202. gr. íslensku hegningarlaganna er svonefndur kynferðislegur lögaldur á Íslandi 14 ár. Hann er því sá lægsti á Norðurlöndum. Í Danmörku og Svíþjóð er hann 15 ár en 16 ár í Noregi og Finnlandi.[169] Af þessu leiðir að samkvæmt íslenskum lög-

---

[168] Þskj. 582 – 333. mál.

[169] Hér má benda á að Finnar sáu ástæðu til að hækka kynferðislegan lögaldur úr 15 árum í 16 árið 1998, sbr. lög nr. 563/1998.

um eru kynferðismök við 14 ára ungling, með hans vilja og samþykki og án þess að hægt sé að sýna fram á að hann hafi verið tældur til þeirra (sbr. 2. mgr. 202. gr. hgl.), refsilaus verknaður. Sé hins vegar miðað við þann skilning sem fram kemur í greinargerð með íslensku lögunum er varsla á efni sem sýnir 14 ára ungmenni í kynferðismökum refsiverð. Hér virðist vera um nokkurt misræmi að ræða þar sem t.d. varsla á myndum af hugsanlega fullkomlega löglegu athæfi er refsiverð. Vegna þessa og í ljósi þjóðréttarskuldbindinga á þessu sviði er ástæða til að varpa því fram hvort ekki væri rétt að hækka kynferðislegan lögaldur samkvæmt íslenskum lögum.

b) Refsingar

Refsingar við barnaklámsbrotum eru í aðalatriðum sambærilegar. Þó sker Ísland sig úr að því leyti að eingöngu er hægt að dæma í sektir fyrir vörslur á barnaklámi en í samanburðarlöndunum er heimilt að dæma í fangelsi, í allt að sex mánuði í Danmörku og Finnlandi og í allt að tvö ár í Noregi og Svíþjóð. Þá sker Sviþjóð sig úr að því leyti að sé um stórfelld barnaklámsbrot að ræða er lágmarksrefsing 6 mánaða fangelsi og getur orðið allt 4 ára fangelsi.

c) Vörslur á barnaklámi

Að því er varðar vörslur á barnaklámi sker Danmörk sig úr að því leyti að það eru eingöngu vörslur á grófu barnaklámi sem lýstar eru refsiverðar.

d) Aðgangur að barnaklámi gegn greiðslu

Bent er á að í Danmörku og Noregi er það sérstaklega mælt refsivert að verða sér úti um aðgang að barnaklámi gegn greiðslu. Hér er einkum hafður í huga aðgangur manna að barnaklámefni um rafræna miðla, t.d. netið, án þess að efnið sé afritað eða aðrar ráðstafanir gerðar til þess að varðveita það. Það fellur illa að hefðbundnum skilningi á vörsluhugtakinu að líta svo á að maður sem kaupir sér aðgang að barnaklámefni í gegnum rafræna miðla án þess að afrita það hafi vörslur þess. Ástæða kann að vera til að endurskoða íslensku lögin að þessu leyti.

e) Þátttaka ungmenna í klámmyndum

Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er að finna sérstök ákvæði í hegningarlögum er leggja refsingar við því að fá börn eða ungmenni yngri en 18 ára til þátttöku í gerð klámefnis. Geta brot þessi varðað fangelsisrefsingu í allt að 2 ár. Þetta er í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Í íslenskum hegningarlögum er að finna ákvæði sem tekur til slíks atferlis, þ.e. 5. mgr. 206. gr., en ákvæðið tekur þó ekki sérstaklega til barna og ungmenna. Í ljósi samnings Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðlegra skuldbindinga sem Ísland hefur undirgengist hlýtur að koma til skoðunar að setja í íslensk lög ákvæði sem felur í sér skilyrðislaust bann við því að börn og ungmenni séu fengin til þátttöku í gerð klámefnis.

f) Gildissvið

Í Noregi og Finnlandi hefur gildissvið hegningarlaganna verið rýmkað á þann veg að þau taka einnig til barnaklámsbrota sem þegnar þeirra ríkja fremja utan heimalandsins, óháð því hvort verknaðurinn er refsiverður samkvæmt lögum þess lands þar sem hann er framinn. Samkvæmt íslenskum lögum er það aftur á móti skilyrði að háttsemin sé refsiverð í viðkomandi landi, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga.

g) Raunverulegar – tilbúnar barnaklámmyndir

Nokkur munur er á milli einstakra landa varðandi það hvort og að hvaða marki ákvæðin um barnaklám taka til tilbúinna mynda sem sýna börn í kynferðisathöfnum, svo sem teiknaðra, málaðra eða unninna með tölvutækni. Í Danmörku falla slíkar myndir ekki undir ákvæðið og ekki heldur í Finnlandi nema að nokkru leyti. Í Svíþjóð eru vörslur á tilbúnum myndum refsilausar, en óheimilt er að dreifa þeim. Í íslenskum og norskum rétti er ekki gerður greinarmunur á myndum sem sýna raunverulega atburði annars vegar og tilbúna atburði hins vegar.

h) Rannsókn mála

Rétt er að benda á að í Danmörku hefur verið farin sú leið að breyta skilyrðum fyrir beitingu þvingunarráðstafana sem fela í sér inngrip í friðhelgi einkalífs til þess að auðvelda rannsókn mála er lúta að barnaklámi. Ástæða þessarar lagabreytingar var einkum sú öra þróun sem hefur orðið á sviði tölvutækni og miðar breytingin að því að auðvelda lögreglu rannsókn brota þar sem þessi tækni er notuð til þess að dreifa barnaklámi.

1.5 Nektarsýningar

Í Danmörku hefur dómsmálaráðuneytið sett sérstakar reglur um nektardanssýningar. Á Norðurlöndunum er einnig að finna reglur sem varða svonefnd „live-show“, þ.e. opinskáar sýningar kynlífsathafna, þar sem settar eru skorður við slíkum sýningum. Að 2. mgr. 210. gr. hgl. frátalinni er ekki að finna neinar sérstakar reglur sem lúta að sýningum af þessu tagi. Benda má á að í lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36/1988, er að finna ákvæði í 3. gr. sem heimilar að settar séu í lögreglusamþykktir fyrir hvert sveitarfélag reglur um skemmtanahald. Hugsanlegt er að á grundvelli þessa ákvæðis sé unnt að setja nánari reglur sem lúta að nektarsýningum og framkvæmd þeirra. Ekki verður þó talið að beinlínis sé hægt að banna þær.

1.6 Afhending á klámefni til barna og ungmenna

Reglur um afhendingu klámefnis til barna og ungmenna eru nokkuð mismunandi á Norðurlöndunum. Á Íslandi og í Noregi og Svíþjóð er miðað við 18 ár, í Danmörku 16 ár og í Finnlandi 15 ár.

1.7 Eftirlit með efni á netinu

Að síðustu er vakin athygli á sænskum lögum frá árinu 1998 sem lúta að eftirlitsskyldu þeirra sem reka netþjóna með því efni sem þar er að finna.

2. Vændi

2.1 Stundan vændis

Ísland er eina ríkið á Norðurlöndum þar sem stundan vændis í framfærsluskyni er refsiverð. Afnám refsinga við vændi hefur verið stutt þeim rökum að vændi væri fyrst og fremst félagslegt vandamál sem ætti að fyrirbyggja með félagslegum úrræðum til handa þeim sem það stunda. Viðbrögð við vændi ættu að vera ráðstafanir til að hjálpa þessum ógæfusömu einstaklingum en ekki refsingar. Íslenska ákvæðið er því augljóslega úr takti við réttarþróun annars staðar á Norðurlöndunum.

2.2 Kaup á vændi

Almennt eru kaup á vændisþjónustu refsilaus á Norðurlöndunum, nema í Svíþjóð þar sem hafa verið sett sérstök lög um þetta efni. Í öllum ríkjunum, að Íslandi undanskildu, er þó að

finna sérstök ákvæði sem leggja refsingar við kaupum á vændisþjónustu barna og ungmenna. Þó ber að hafa í huga að í íslensku hegningarlögunum er að finna ákvæði sem geta átt við kaup á slíkri þjónustu ungmenna, sbr. 1. og 2. mgr. 202. gr. Þó er ljóst að þetta ákvæði veitir ekki sambærilega vernd og hin sérstöku ákvæði í lögum nágrannaríkjanna. Er í því sambandi m.a. bent á að þar er miðað við 18 ára aldur.

Enn fremur er vert að benda á að í Noregi og Finnlandi hefur gildissvið hegningarlaganna verið rýmkað að því er slík brot varðar og taka lögin líka til brota sem þegnar þessara ríkja fremja utan heimalands síns, óháð því hvort þau eru refsiverð í því landi þar sem þau eru framin.

Í ljósi þessa hlýtur að koma til skoðunar hvort ástæða sé til að lögfesta sambærilegt ákvæði í íslensk hegningarlög. Það væri um leið í góðu samræmi við 34. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar.

2.3 Hagnýting

Í löggjöf allra Norðurlanda, að Íslandi meðtöldu, er að finna ákvæði um milligöngumenn og hagnýtingu vændis. Ákvæðin eru misjafnlega útfærð en samanburður á þeim leiðir í ljós að þau veita svipaða vernd. Ástæða er þó til að benda sérstaklega á ákvæði í sænsku hegningarlögunum sem mælir fyrir um þyngri refsingar við brotum sem teljast stórfelld.

Ákvæðin um milligöngu og hagnýtingu vændis bera með sér að í öllum ríkjunum er leitast við að stemma stigu við vændi. Þetta sjónarmið kemur einnig fram í reglum sem er að finna í löggjöf þessara ríkja sem lúta að takmörkunum á auglýsingum á eða eftir vændisþjónustu.

2.4 Hugtakið „lauslæti“

Í 2.–5. mgr. 206. gr. íslensku hegningarlaganna er ávallt notað orðið lauslæti. Í 1. mgr. er aftur á móti notað orðið vændi. Orð sambærileg við lauslæti voru framan af notuð í lagatexta nágrannaríkjanna en hafa nú að mestu leyti vikið fyrir orðinu „prostitution“ (vændi) sem þykir mun nútímalegra orðfæri. Ástæða er til þess að hafa þetta í huga ef íslensku lögin verða endurskoðuð.

Ritaskrá

Alþingistíðindi
1991–1992, A-deild.
1991–1992, B-deild.
1994–1995, A-deild.
1995–1996, A-deild.
1996–1997, A-deild.
1998–1999, A-deild.
1999–2000, A-deild.
1999–2000, B-deild.

Andenæs, Johs. og Bratholm, Anders. Speciell strafferett. 3. útgáfa. Ósló 1997.

Andenæs, Johs. Alminnelig strafferett. 4. útgáfa. Ósló 1997.

Ásta Sigrún Helgadóttir. Vændi og hagnýting þess. Kandídatsritgerð við lagadeild Háskóla Íslands. Maí 1993.

v. Eyben, W.E. Juridisk Ordbog. Kaupmannahöfn 1992.

Forslag til lov om ændringer i borgerlig straffelov. (Forældelse, pornografi, homoseksuel prostitution m.v.) Folketingsåret 1966–67 (2. samling). Bls. 2450–2526.

Forslag til lov om ændring i borgerlig straffelov. (Pornografiske billeder m.v.) Justitsmin. L.A. 1968 – 20002 – 25, bls. 3050–3056.

Forslag til lov om ændring af straffeloven. (Afkriminalisering af prostitution m.v. samt kriminalisering af kunder til prostituerede under 18 år.) Lovforslag nr. L 43. Folketinget 1998–1999.

Forslag til lov om ændring af straffeloven og retsplejeloven. (Forældelse, styrket indsats mod seksuelt misbrug af børn og unge samt IT-efterforskning.) Lovforslag nr. L 281. Folketinget 1999–2000. Sérprent Justitsmin., j.nr. 1999 – 730 – 0026.

Greve, Vagn o.fl. Kommenteret straffelov. Speciel del. Kaupmannahöfn 1997.

Jónatan Þórmundsson. Um kynferðisbrot. Skýrsla nauðgunarmálanefndar, bls. 95–130. Reykjavík 1989. Einnig birt í Úlfljóti 1989, bls. 21–42.

Jónatan Þórmundsson. Afbrot og refsiábyrgð I. Reykjavík 1999.

Kriminalforsorgsudvalgets betænkning om prostitution. Udvalgets 4. betækning. Betækning Nr. 678. Kaupmannahöfn 1973.

Kutchinsky, Berl. Law, Pornography and Crime. The Danish Experience. Scandinavian Studies in Criminology, Vol. 16. Ósló 1999.

Matningsdal, Magnus. Straffeloven. Karnov kommenterte lover. Ósló 1995.

Martinger, Sven. Norstedts Juridiska Ordbok. 3. útgáfa. Kristianstad 1991.

Morgunblaðið, 20. mars 1980.

Om lov om endringer i straffeloven mv. (seksuallovbrudd). Ot. prp. nr. 28 (1999–2000).

Réttindi barna á Íslandi. Fyrsta skýrsla Íslands um framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna frá 20. nóvember 1989 um réttindi barnsins. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Reykjavík 1995.

Safn greinargerða við almenn hegningarlög, nr. 19 1940, ásamt breytingum. Úlfljótur. Kennslurit I. 1978.

Seksuallovbrudd. Straffelovkommisjonens delutredning VI. Norges Offentlige Utredninger (NOU) 1997:23.

Regeringens proposition 6/1997 (RP 6/1997 rd). Greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 563/1998 (Finnland).

Skýrsla nauðgunarmálanefndar. Dómsmálaráðuneytið. Reykjavík 1989.

Slettan, Svein og Øie, Toril-Marie. Forbrytelse og straff. Lærebok i strafferett. Ósló 1997.

Svala Ólafsdóttir. Skýrsla um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum. „Heggur sá er hlífa skyldi". Umboðsmaður barna. Reykjavík 1997.

Vera. Tímarit um konur og kvenfrelsi. 1. tbl. 2000.

Waaben, Knud. Strafferettens specielle del. 4. útgáfa. Kaupmannahöfn 1996.

Ökat skydd för barn. Ytterligare åtgärder mot sexuella övergrepp m.m. Ds 1993:80. Justitiedepartementet. Stockholm 1993.

Önnur skýrsla Íslands um framkvæmd samnings á vegum Sameinuðu þjóðanna frá 20. nóvember 1989 um réttindi barnsins. Ríkisstjórn Íslands. Janúar 2000.

Dómaskrá

Hæstaréttardómar
H 1954:695
H 1955:47
H 1972:397
H 1973:452
H 1983:1568
H 1984:855
H 1990:305
H 1990:1103
H 1992:1705
H 1998:516
H 1998:969

Ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins 12. júní 1998, mál nr. E-8/97.

626. Svar [259. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um húsnæðismál ráðuneyta og Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól.

1. *Hvernig sundurgreinast þær 107,2 millj. kr. (fjárlagaliður 09-980) og 676 millj. kr. (fjárlagaliður 09-984) sem áætlaðar eru sem sértekjur af fasteignum ríkissjóðs samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2001? Hve stór hluti sérteknanna eru leigugreiðslur frá ráðuneytum og hvernig skiptast greiðslurnar milli ráðuneyta? Við hvaða verð á fermetra er miðað?*

Þær sértekjur sem eru í fjárlagalið *09-980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól* eru þjónustugreiðslur frá ráðuneytum og stofnunum. Fermetragjaldið er 960 kr. á mánuði og fara greiðslur eftir stærð viðkomandi ráðuneyta eða stofnana, sbr. eftirfarandi yfirlit yfir húsnæði Stjórnarráðs Íslands. Leigugreiðslur fara til greiðslu opinberra gjalda af byggingunum, rafmagns og hita, ræstingar og ræstingarvara, hús- og öryggisvörslu, viðhalds og endurbóta, og reksturs mötuneytis. Hér á eftir er einnig sundurgreining á fjárlagalið *09-984 Fasteignir ríkissjóðs*. Tvö ráðuneyti greiða leigu af eigin húsnæði til stofnunarinnar en það eru heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Fermetragjald Fasteigna

ríkissjóðs á næsta ári er áætlað 197,76 kr. fyrir geymsluhúsnæði og 367,95 fyrir skrifstofuhúsnæði.

Húsnæði ráðuneyta Stjórnarráðs Íslands, desember 2000.

Húsnæði í eigu ríkissjóðs	
Forsætisráðuneyti við Lækjartorg	406,9 m²
Fjármálaráðuneyti Arnarhváli	1.299,0 m²
Fjármálaráðuneyti Sölvhóli	250,0 m²
Fjármálaráðuneyti Sölvhólsgötu 7	495,0 m²
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti Arnarhváli	629,0 m²
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti Arnarhváli	935,0 m²
Menntamálaráðuneyti Sölvhóli	2.637,0 m²
Landbúnaðarráðuneyti Sölvhólsgötu 7	676,0 m²
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti Laugavegi 116	819,0 m²
Utanríkisráðuneyti Rauðarárstíg 25	2.819,0 m²
Hagstofa Íslands Skuggasundi 3	1.470,0 m²
Hagstofa Íslands Lindargötu 9	361,0 m²
Samtals	*12.796,9 m²*
Leiguhúsnæði ráðuneyta	
Forsætisráðuneyti Hverfisgötu 4–6	627,0 m²
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti Hverfisgötu 4a	68,4 m²
Félagsmálaráðuneyti Hafnarhúsi	858,4 m²
Samgönguráðuneyti Hafnarhúsi	845,0 m²
Sjávarútvegsráðuneyti Skúlagötu 6	600,0 m²
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti Laugavegi 103 og 116	312,0 m²
Umhverfisráðuneyti Vonarstræti 4	640,0 m²
Umhverfisráðuneyti Lækjargötu 12	351,0 m²
Samtals	*4.301,8 m²*
Húsnæði ráðuneyta alls	**17.098,7 m²**

Greining á áætluðum sértekjum Fasteigna ríkissjóðs og ráðstöfun þeirra, fjárlög 2001, millj. kr.

	Uppruni	Ráðstöfun					
Stofnanir heyra til neðangreindra ráðuneyta	**Sértekjur Fasteigna ríkissjóðs**	**Fasteigna-gjöld og bruna-tryggingar**	**Húsa-leiga**	**Umsjón**	**Rekstur samtals**	**Viðhald**	**Útgjöld samtals**
0 Alþingi	6,8	2,1		0,6	2,7	4,1	6,8
1 Forsætisráðuneyti Aðalstræti 6	2,1		2,1		2,1		2,1
2 Menntamálaráðuneyti	35,6	10,8		3,2	14,0	21,6	35,6
Framhaldsskólar	103,7	15,0			15,0	88,7	103,7
LÍN	15,2		15,2		15,2		15,2
3 Utanríkisráðuneyti	10,5	3,2		1,0	4,2	6,4	10,5
5 Sjávarútvegsráðuneyti	2,4	0,7		0,2	0,9	1,4	2,4
6 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	169,7	51,6		15,3	66,9	102,8	169,7
7 Félagsmálaráðuneyti	10,6	3,2		1,0	4,2	6,4	10,6

	Uppruni	Ráðstöfun					
Stofnanir heyra til neðangreindra ráðuneyta	**Sértekjur Fasteigna ríkissjóðs**	**Fasteigna-gjöld og bruna-tryggingar**	**Húsa-leiga**	**Umsjón**	**Rekstur samtals**	**Viðhald**	**Útgjöld samtals**
Sáttasemjari	15,4		15,4		15,4		15,4
Barnaverndarstofa	7,2		7,2		7,2		7,2
Íbúðalánasjóður	38,1		38,1		38,1		38,1
8 Heilbrigðis- og tryggingamálar.	21,2	6,4		1,9	8,3	12,8	21,2
9 Fjármálaráðuneyti	92,6	28,2		8,4	36,5	56,1	92,6
FMR	19,1		19,1		19,1		19,1
Yfirskattanefnd	12,1		12,1		12,1		12,1
10 Samgönguráðuneyti							
Hringbraut 121	8,1		8,1		8,1		8,1
11 Iðnaðarráðuneyti	25,5	7,7		2,3	10,0	15,4	25,5
Lögildingarstofa	19,6		19,6		19,6		19,6
12 Viðskiptaráðuneyti	6,2	1,9		0,6	2,4	3,7	6,2
14 Umhverfisráðuneyti	16,6	5,1		1,5	6,6	10,1	16,6
Vegna ríkisstofnana/ráðuneyta	*638,4*	*135,9*	*136,9*	*35,9*	*308,7*	*329,7*	*638,4*
Leigt öðrum en ríkisstofnunum:							
Hringbraut 121	1,5		1,5		1,5		1,5
Borgartún 6	18,9	2,0			2,0	16,9	18,9
Kolaportið	16,7	1,8			1,8	14,9	16,7
Vegna annarra	*37,1*	*3,8*			*3,8*	*33,3*	*37,1*
Alls	**675,5**	**139,7**	**138,4**	**35,9**	**314,0**	**361,5**	**6.755,0**

2. *Hver tekur ákvörðun um ráðstöfun fjár til rekstrar, viðhalds og stofnkostnaðar samkvæmt fjárlagaliðnum 09-980 (Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól), 09-981 (Ýmsar fasteignir ríkissjóðs) og 09-984 (Fasteignir ríkissjóðs), samtals 1.063 millj. kr.?*

Stjórn rekstrarfélags stjórnarráðsbygginga gerir í upphafi hvers árs áætlun um almennan rekstur og framkvæmdir og þjónustugjöld ársins vegna fjárlagaliðar *09-980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól*. Ákvörðun um ráðstöfun fjár á fjárlagalið *09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs* hefur verið tekin af Alþingi, enda er þar um skilgreind verkefni að ræða, þ.e. að koma húsnæðismálum ráðuneyta í betra horf með uppbyggingu og endurnýjun húsnæðis á Sölvhólsgötu 11 og 13, sem er í eigu ríkisins. Ákvörðunarvald um framkvæmdir innan þess ramma sem settur hefur verið af Alþingi er hjá forsætisráðuneytinu. Varðandi fjárlagalið *09-984 Fasteignir ríkissjóðs* þá tekur stofnunin ekki ákvarðanir um stofnkostnað. Það er gert af viðkomandi fagráðuneyti eða eftir atvikum af viðkomandi stofnun í samræmi við heimildir fjárlaga. Rekstrargjöld eru fyrst og fremst fasteignagjöld og brunatryggingar. Ráðstöfun viðhaldsfjár fer þannig fram að stofnanir/notendur senda árlega ábendingar til Fasteigna ríkissjóðs um nauðsynlegt viðhald eða endurbætur á húsnæði. Fasteignir ríkissjóðs leggja jafnframt sjálfstætt mat á viðhaldsþörf húsnæðis og raða verkefnum í forgangsröð. Reynt er að halda jöfnuði tekna og gjalda innan hvers ráðuneytis þótt tekjum sé ráðstafað til viðhalds milli einstakra eigna.

3. *Hvernig er háttað starfsemi „Rekstrarfélags stjórnarráðsbygginga við Arnarhól"? Hverjir sitja í stjórn félagsins og hvernig eru þeir valdir?*

Aðilar að Rekstrarfélagi stjórnarráðsbygginga við Arnarhól eru menntamálaráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, Ríkisbókhald, Ríkisfjárhirsla, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Einkaleyfastofan og Hagstofa Íslands. Félagið rekur húsnæði þessara ráðuneyta og stofnana ásamt því að reka staðarnet Stjórnarráðsins og sinna tölvunotendaþjónustu fyrir nokkur ráðuneyti. Í stjórn félagsins sitja nú fulltrúar frá öllum framantöldum aðilum nema Ríkisfjárhirslu og Einkaleyfastofu. Ráðuneytin tilnefna fulltrúa sinn í stjórn félagsins.

4. *Hvernig er ætlað að verja þeim 208 millj. kr. sem samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2001 verður varið „til að koma húsnæðismálum ráðuneyta Stjórnarráðsins í betra horf", sbr. skýringar á fjárlagalið 09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs?*

Að undanförnu hefur verið unnið að gerð deiliskipulags fyrir stjórnarráðsreitinn. Reiturinn afmarkast af Ingólfsstræti, Klapparstíg, Skúlagötu og Lindargötu. Áformað er að skipulagið verði afgreitt í umhverfis- og skipulagsnefnd Reykjavíkurborgar á næstunni. Ákveðið er að á reitnum verði í framtíðinni aðsetur allra ráðuneyta annarra en forsætisráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins en þau verða til húsa þar sem þau eru nú. Þegar deiliskipulag liggur fyrir verður verður hafist handa við gerð langtímaáætlunar um uppbyggingu á reitnum. Fyrirsjáanlegt er að fljótlega þurfi að bæta úr húsnæðismálum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og umhverfisráðuneytisins. Heilbrigðisráðuneytið býr nú við óviðunandi aðstöðu vegna þrengsla og verður að finna lausn á því. Fjárveitingin sem óskað er eftir í frumvarpi til fjárlaga 2001 mun m.a. fara í að koma þessum ráðuneytum fyrir. Einnig þarf að huga að viðbyggingu austan við Arnarhvál, sem nýtast mun dóms- og kirkjumálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti.

5. *Hvaða húsrými, í fermetrum talið, hafa aðalskrifstofur ráðuneytanna til ráðstöfunar í árslok 2000, eigið húsnæði annars vegar og leiguhúsnæði hins vegar? Eru uppi áform um stækkun á húsnæði ráðuneytanna og þá hvaða ráðuneyta? Hver er kostnaður við þá stækkun á fermetra og hve mikil er hún?*

Hér að framan er listi yfir eigið húsnæði annars vegar og leiguhúsnæði hins vegar sem aðalskrifstofur ráðuneytanna hafa yfir að ráða. Eins og fram hefur komið þarf að bæta úr húsnæðismálum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og umhverfisráðuneytis, ásamt því að huga að viðbyggingu við Arnarhvál, sem nýtast mun dóms- og kirkjumálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Ekki er ljóst hver kostnaður á fermetra verður, enda liggur hönnun ekki fyrir og ekki hefur verið tekin ákvörðun um stækkun húsnæðis einstakra ráðuneyta. Þó má reikna með að heildarkostnaður á fermetra, hvort sem um er að ræða kaup á gömlu húsnæði og endurnýjun á því eða byggingu nýs, sé um 150–180 þús. kr. á fermetra. Eins og fram kemur í athugasemdum við fjárlagafrumvarpið er áætlað að heildarkostnaður við fyrsta áfanga þessara breytinga geti orðið nálægt 300 millj. kr.

627. Svar [308. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um óðalsjarðir.

1. Hve margar óðalsjarðir eru hér á landi, sundurliðað eftir sýslum?

Heildarfjöldi óðalsjarða á Íslandi er 102 eftir því sem næst verður komist. Nefnd sem unnið hefur að endurskoðun jarðalaga óskaði árið 1998 eftir upplýsingum um fjölda óðalsjarða í hverri sýslu frá öllum sýslumannsembættum landsins. Samkvæmt þeim upplýsingum sem bárust frá sýslumannsembættunum voru óðalsjarðir þá 107 og skiptust svo eftir umdæmum sýslumanna:

Reykjavík	10
Snæfellsnessýsla	4
Barðastrandarsýsla	5
Ísafjarðarsýslur	1
Strandasýsla	3
Húnavatnssýslur	5
Skagafjarðarsýsla	12
Eyjafjarðarsýsla	12
Suður-Þingeyjarsýsla	25
Norður-Múlasýsla	4
Suður-Múlasýsla	9
Rangárvallasýsla	1
Árnessýsla	16
Samtals	**107**

Eftir að framangreindar upplýsingar bárust frá sýslumannsembættunum hafa níu óðalsjarðir verið leystar úr óðalsböndum, þrjár í Eyjafjarðarsýslu, ein í Þingeyjarsýslu, ein í Norður-Múlasýslu og fjórar í Árnessýslu. Fjórar nýjar óðalsjarðir hafa einnig orðið til eftir þann tíma þegar eldri óðalsjörðum hefur verið skipt í ný óðalsbýli í samræmi við ákvæði jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Samtals eru óðalsjarðir á Íslandi samkvæmt framangreindum upplýsingum 102.

2. Hvaða kvaðir hvíla á óðalsjörðum?

Eftirtaldar kvaðir hvíla á óðalsjörðum:

1. Óðalsjörð erfist ekki með venjulegum hætti samkvæmt ákvæðum erfðalaga, nr. 8/1962, heldur gengur hún óskipt ásamt fylgifé til eftirgreindra aðila í þessari röð, ef óðalseigandi hefur ekki gert aðrar ráðstafanir:
   a. Til þess hjóna sem lengur lifir og heldur það réttinum á meðan það lifir.
   b. Til barna þess hjónanna sem óðalsréttinn stofnaði eða erfði. Á sama hátt fá kjörbörn óðalsrétt.
   c. Til barnabarna óðalsbónda, systkina hans og barna þeirra.

   Ef óðalsbóndi á enga ættingja samkvæmt a–c-lið er óðalsbónda og konu hans heimilt að gefa óðalið enda verði það ættaróðal þiggjanda. Ef óðalseigandi deyr barnlaus eiga næstu erfingjar rétt á að taka við óðalinu.
2. Óðalserfingi sem tekur við ættaróðali greiðir fyrir það fjárhæð sem svarar hálfu fasteignamatsverði til óðalseiganda eða erfingja hans. Frá þeirri greiðslu ber að draga

áhvílandi veðskuldir sem óðalserfingi tekur að sér. Við ákvörðun á búshluta maka óðalseiganda og erfðahlutum erfingja ber að meta óðal á því verði sem viðtakanda þess er gert að gjalda fyrir það.

3. Óðalsbóndi getur ekki selt óðalsjörð eða ráðstafað henni nema til viðtakandi óðalserfingja samkvæmt ákvæðum VII. kafla jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Ekki getur óðalsbóndi heldur selt eða ráðstafað með öðrum hætti hluta óðalsjarðar, m.a. getur óðalsbóndi ekki selt greiðslumark frá óðalsjörð.
4. Heimildir óðalsbónda til að veðsetja óðalsjörð eru mjög takmarkaðar og er honum einungis heimilt að veðsetja óðalsjörð fyrir lánum sem tekin eru hjá Lánasjóði landbúnaðarins, Lífeyrissjóði bænda og Orkusjóði vegna þeirra framkvæmda sem þessar stofnanir lána til.
5. Óheimilt er að gera fjárnám í óðalsjörð eða fylgifé hennar fyrir öðrum skuldum en áhvílandi veðskuldum frá Lánasjóði landbúnaðarins, Lífeyrissjóði bænda og Orkusjóði, svo og fyrir opinberum gjöldum.
6. Ef skipta á óðalsjörð þurfa ný býli sem þannig stofnast að uppfylla þau skilyrði sem óðalsjarðir þurfa að uppfylla og fram koma í 47. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, þ.e. að hvert býli geti framfært a.m.k. meðalfjölskyldu að mati jarðanefndar viðkomandi sýslu og Bændasamtaka Íslands, fyrir liggi samþykki barna óðalseiganda 18 ára og eldri og ekki hvíli aðrar skuldir á býlunum en tilgreindar eru í 5. lið hér að framan.
7. Skylt er þeim sem tekur við óðalsjörð að lofa fráfarandi óðalsbónda og konu hans að dveljast á óðalsjörðinni meðan þau kjósa.
8. Óðalsjörð kemur ekki til skipta milli hjóna við skilnað eins og aðrar eignir þeirra í samræmi við ákvæði hjúskaparlaga, nr. 31/1993, en það hjónanna sem erfði óðalið heldur því óskiptu eftir skilnað.
9. Enginn óðalseigandi getur átt nema eitt ættaróðal. Ef maður erfir fleiri en eitt ættaróðal verður hann að velja milli þeirra.
10. Óðalsbóndi fyrirgerir óðalsrétti sínum ef hann:
    a. greiðir ekki samningsbundna vexti og afborganir af þeim skuldum sem á ættaróðalinu hvíla, svo að það leiði til sölu sem hann getur ekki afstýrt,
    b. tekur sér heimili annars staðar en á ættaróðalinu eða hættir að reka þar búskap,
    c. ef hann situr óðalið svo illa að það mundi varða útbyggingu eftir ábúðarlögum.
11. Óðalsréttarhugtakið hefur verið skilgreint svo að óðalsjörð verði ekki eign óðalserfingja heldur sé hann einungis vörslumaður ættaróðalsins. Í áliti nefndar sem samdi frumvarp það sem varð að lögum nr. 63/1962, um breyting á lögum nr. 116/1943, um ættaróðul og erfðaábúð, segir m.a.: „Það sjónarmið liggur til grundvallar óðalsréttarhugtaki laganna, að jörðin verði ekki einkaeign einstaks aðila, heldur sjálfseignarstofnun í ævarandi umráðum þeirrar ættar, er óðalsréttinn hefur að lögum."

3. Hvernig eru óðalsjarðir skattlagðar?

Samkvæmt 54. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, greiðist enginn erfðafjárskattur af ráðstöfun ættaróðals til óðalserfingja.

Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað frá embætti ríkisskattstjóra eru engin sérákvæði í lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, um að tekjuskattur greiðist af ráðstöfun ættaróðals til óðalserfingja eða þegar ættaróðul eru leyst úr óðalsböndum.

Ættaróðal og fylgifé þess ber að telja fram á skattframtali viðtakanda óðalsins og myndar það stofn til útreiknings eignarskatts samkvæmt ákvæðum laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

4. *Hve margar óðalsjarðir hafa verið leystar undan óðalsákvæðum jarðalaga, sundurliðað eftir sýslum?*

Frá árinu 1976 þegar jarðalög, nr. 65/1976, tóku gildi hafa 52 óðalsjarðir verið leystar undan ákvæðum jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Þessar jarðir sundurliðast svo eftir sýslum:

Gullbringusýsla	2
Kjósarsýsla	2
Mýrasýsla	1
Snæfellsnessýsla	3
Vestur-Ísafjarðarsýsla	1
Eyjafjarðarsýsla	5
Skagafjarðarsýsla	8
Norður-Þingeyjarsýsla	2
Suður-Þingeyjarsýsla	12
Norður-Múlasýsla	3
Suður-Múlasýsla	2
Rangárvallasýsla	2
Árnessýsla	9
Samtals	**52**

628. Svar [229. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um kostnað við hafrannsóknarskip.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mikið hækkaði hafrannsóknarskipið Árni Friðriksson í verði á meðan það var í smíðum í Chile?*
2. *Hvað dróst afhending skipsins mikið miðað við upphaflegt tilboð og hve háar dagsektir greiddi skipasmíðastöðin vegna þessa?*
3. *Hvaða vandkvæði hafa komið upp og hvaða lagfæringar hefur þurft að gera á skipinu eftir að það kom heim og hvað hafa þær kostað?*
4. *Hversu mikill er heildarkostnaður orðinn við skipið sjálft?*
5. *Eru fyrirsjáanlegar frekari breytingar eða viðgerðir á skipinu og ef svo er, er þá til áætlun um kostnað við þau verk?*
6. *Hvernig var það tilboð sem Slippstöðin gerði í skipið?*

Viðbótarverk og viðbótarbúnaður vegna smíðar hafrannsóknarskipsins Árna Friðrikssonar hjá ASMAR skipasmíðastöðinni í Chile kostuðu 37,9 millj. kr. (515.696 Bandaríkjadalir, gengi 16. apríl 2000: 73,58). Þar af voru 17,9 milljónir (243.092 Bandaríkjadalir) til kaupa á KajoDenki Sonar, en ákveðið var að skipasmíðastöðin keypti búnaðinn og kaupandi greiddi hann við afhendingu skipsins. Tafir urðu hins vegar til þess að kostnaður við eftirlit og heim-

siglingu skipsins jókst um rúmar 30 millj. kr. Þar er um að ræða viðbótarlaunakostnað eftirlitsmanna, kostnað við uppihald og fargjöld.

Samkvæmt upphaflegum samningi við ASMAR-skipasmíðastöðina var gert ráð fyrir að skipið yrði afhent 31. maí 1999. Þegar við undirritun samnings var ljóst að afhendingardagur rafbúnaðar frá ALSTOM í Frakklandi, sem kaupandi útvegaði, stæðist ekki. Í samkomulagi við ASMAR var síðar af þessum sökum gert ráð fyrir frestun á afhendingu til 30. september 1999. Skipið var afhent 16. apríl 2000. Dráttur miðað við upphaflegan samning var því tíu og hálfur mánuður en sex og hálfur samkvæmt samkomulagi því sem gert var vegna dráttar á afhendingu rafbúnaðar. Smíðatími skipsins var því 26,5 mánuðir miðað við upphaflegan samning. Dagsektir sem seljandi greiddi voru 95,4 millj. kr. (1.297.000 Bandaríkjadalir, gengi 73,58).

Seljandi greiddi einnig 29,4 millj. kr. (400.000 Bandaríkjadalir, gengi 73,58) þar sem honum tókst ekki að uppfylla ákvæði samningsins um djúpristu skipsins og þyngd, og 15 millj. kr. (204.000 Bandaríkjadalir, gengi 73,58) vegna verka sem ekki stóðust kröfur í smíðalýsingu. Endanleg greiðsla til ASMAR var því 1.110,5 millj. kr. (15.314.696 Bandaríkjadalir, meðalgengi á greiðslum til ASMAR 72,51) en samningsverð var 16.700.000 Bandaríkjadalir eða 1.196 millj. króna (gengi 71,62 við opnun tilboða).

Eftir heimkomu og reynslusiglingar undanfarna fimm mánuði hafa lagfæringar verið gerðar á eftirfarandi búnaði: Raflögnum, lögnum fyrir rafeindatæki, þ.m.t. viðvörunarkerfi, innréttingum, vindubúnaði, háþrýstivökvakerfi, loftræstikerfi og stálvirki, auk ýmissa minni lagfæringa. Lagfæringar á skipinu og vinna við það eftir heimkomu hafa kostað 40,5 millj. kr. Hinn 3. nóvember sl. fór skipið í slipp í nokkra daga út af bilun á fellikili. Sú viðgerð er talin kosta um 6 millj. kr. og mun ASMAR bera þann kostnað.

Heildarkostnaður við skipið er nú um 1.700 millj. kr. Inni í þeirri upphæð eru öll veiðarfæri skipsins og rannsóknartæki. Kröfur hafa verið gerðar á ASMAR vegna viðgerða á ábyrgðartíma og nema þær nú um 20 millj. kr., en niðurstaða þar um liggur ekki fyrir. Til þess að mæta bilunum eða göllum sem upp koma innan árs frá afhendingu skipsins hefur ASMAR sett bankaábyrgð að upphæð 835.000 Bandaríkjadalir eða um 73 millj. kr.

Helstu breytingar og fyrirsjáanlegar viðgerðir eru viðgerð á innréttingum og loftum, endurbætur á loftræstikerfum og endurbætur á frysti- og kælikerfi. Ætla má að kostnaður við þá vinnu verði á bilinu 10–15 millj. kr.

Tilboð Slippstöðvarinnar á Akureyri hljóðaði upp á 1.596 millj. kr., en tilboð ASMAR-skipasmíðastöðvarinnar var eins og fyrr segir 1.196 millj. kr. á verðlagi í desember 1997 (gengi 71,62 Bandaríkjadalir). Smíðatími samkvæmt tilboði Slippstöðvarinnar var 18 mánuðir en 15 mánuðir í tilboði ASMAR. Báðir aðilar gerðu ráð fyrir 20% upphafsgreiðslu. Samkvæmt tilboði Slippstöðvarinnar áttu 80% að greiðast á smíðatíma samkvæmt framgangi verksins en tilboð ASMAR gerði ráð fyrir 80% við afhendingu skips. Eins og sjá má af meðfylgjandi sundurliðun má gera ráð fyrir að heildarkostnaður við smíði skipsins hefði að lágmarki verið á bilinu 2.050 til 2.100 millj. kr. ef tilboði Slippstöðvarinnar á Akureyri hefði verið tekið.

Samanburður á heildarupphæð tilboða sem bárust í smíði skipsins fylgir hér á eftir. Upphæðir miðast við gengi 8. desember 1997.

Sundurliðun kostnaðar við byggingu hafrannsóknarskips 15. nóvember 2000 og samanburður við tilboð Slippstöðvarinnar.

	ASMAR		Slippstöðin	
Í þús. kr.	**Útboð**	**Greiðslur**	**Útboð**	
Skip samkvæmt útboði	1.197.390 *	1.151.355 **/****	1.596.000 *	1.615.523 **
Viðbætur utan tilboðs:				
Rafbúnaður		247.689		247.689
Hönnunarkostnaður		19.455		19.455
Útboðs- og samningskostnaður		3.594		3.594
Siglingastofnun		2.724		2.724
Fiskleitar og magnmælingartæki		15.376		15.376
Rannsóknatæki		19.408		19.408
Multibeam		57.284		57.284
Tölvubúnaður		10.671		10.671
Viðhaldskerfi		502		502
Varaaflgjafi		3.219		3.219
Tölvukerfi		8.592		8.592
Viðbót við vinnslulínu		5.663		5.663
Annar tækjabúnaður		2.315		2.315
Annar búnaður		2.895		2.895
Varahlutir vegna véla		1.042		1.042
Veiðarfæri, togvírar, toghlerar		31.544		31.544
Viðbætur samtals		*431.973*		*431.973*
Eftirlitskostnaður		42.763		18.000 ****
Ferða- og uppihaldskostnaður		46.900		5.000 ****
Laun áhafnar í Chile og við heimsiglingu		12.113		
Annar kostnaður við heimsiglingu		13.061		
Samtals		**1.698.165**		**2.070.496**

* Á gengi útboðsdags USD=71,62.

** Meðalgengi greiðslna til ASMAR USD=72,51.

*** Greiðslur til ASMAR 1.1105 millj. kr. og lagfæringar sem voru unnar eftir heimkomu 40,5 millj. kr.

**** Áætlun.

Samanburður tilboða í nýtt hafrannsóknarskip, 8. desember 1997.

Tilboðsgjafi	Viðmiðunargjaldmiðill	Heildarverð	Heildarverð í ísl. kr.
Slippstöðin	USD	22.280.000	1.597.476.000
Mjellem & Karlsen	NOK	165.000.000	1.639.935.000
Leroux and Lotz	ISK	1.703.000.000	1.703.000.000
Mjellem & Karlsen	NOK	175.000.000	1.739.325.000
Flekkefjord	NOK	180.000.000	1.789.020.000
Kværne Kleven	NOK	190.000.000	1.888.410.000
J.M. Martinace	USD	31.200.000	2.237.040.000
Varðeldur	USD	12.730.000	912.741.000
China Shipbuilding	USD	15.300.000	1.097.010.000
Ching Fu Shipbuilding	USD	15.333.000	1.099.376.100
Liaoning Machinery	USD	16.132.000	1.156.664.400
ASMAR	USD	16.700.000	1.197.390.000
Vulcano	ESP	2.730.000.000	1.306.305.000
Fitjar	NOK	143.995.000	1.431.166.305
Huelva	ESP	2.980.000.000	1.425.930.000

629. Svar [341. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um rekstrarform í menntakerfinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu stór hluti grunnskóla-, framhaldsskóla-, háskóla- og fullorðinsfræðslu hér á landi er ekki í höndum opinberra aðila? Svar óskast sundurgreint miðað við mannafla.

Upplýsingum um starfsfólk í grunn-, framhalds- og háskólum er safnað af Hagstofu Íslands. Fyrirliggjandi eru upplýsingar um starfsfólk í grunnskólum skólaárið 1999–2000 en á framhalds- og háskólastigi skólaárið 1998–1999. Gera má ráð fyrir að hlutfallið sé svipað nú og það var umrædd skólaár, nema hvað varðar háskólastigið, þar sem Listaháskóli Íslands tók til starfa haustið 1999 með myndlistardeild og telst hann einkaskóli með ríkisstyrk.

Hlutfall starfsfólks árið 1999 í skólum á grunn-, framhalds- og háskólastigi sem ekki eru reknir af opinberum aðilum.

	Fjöldi starfsm. í einkask.	Stöðu-gildi	Starfsmenn alls	Stöðugildi alls	Hlutfall starfsmanna í einkask., %	Hlutfall stöðugilda í einkask., %
Grunnskólar						
Starfsfólk við kennslu	70	53	4.196	3.703	**1,7**	**1,4**
Annað starfsfólk	20	9	2.249	1.683	**0,9**	**0,6**
Framhaldsskólar						
Starfsfólk við kennslu	76	62	1.516	1.297	**5,0**	**4,7**
Annað starfsfólk	22	18	521	395	**4,2**	**4,5**
Háskólar						
Starfsfólk við kennslu	24	17	1.431	799	**1,7**	**2,1**
Annað starfsfólk	23	20	591	497	**3,9**	**4,0**

Skýringar: Tölur um starfsfólk grunnskóla miðast við október 1999 en febrúar 1999 hvað snertir starfsfólk framhalds- og háskóla. Einkareknir grunnskólar teljast Landakotsskóli, Skóli Ísaks Jónssonar, Suðurhlíðarskóli, Tjarnarskóli, Waldorfskólinn Sólstafir og Waldorfskólinn í Lækjarbotnum. Til framhaldsskóla teljast húsmæðraskólarnir í Reykjavík og á Hallormsstað og Verzlunarskóli Íslands. Til háskóla teljast Háskólinn í Reykjavík og Viðskiptaháskólinn Bifröst.

Ekki er mögulegt að veita sams konar upplýsingar um starfsfólk í fullorðinsfræðslu og um grunn-, framhalds- og háskólastig þar sem upplýsingum um starfsfólk á þessu sviði er ekki safnað á kerfisbundinn hátt. Ljóst er hins vegar að töluverður fjöldi fólks sinnir kennslu og/eða störfum sem tengjast fullorðinsfræðslu, en í flestum tilvikum er um mjög lágt starfshlutfall kennara að ræða. Ef litið er til þeirra átta símenntunarmiðstöðva sem eru starfandi þá eru 1–2 fastir starfsmenn á hverri þeirra. Lauslega áætlað má gera ráð fyrir að rúmlega 200 manns hafi sinnt kennslu á vegum símenntunarmiðstöðvanna á þessu ári. Nokkur sveitarfélög reka námsflokka/kvöldskóla þar sem fullorðinsfræðslu er sinnt. Ekki eru fyrirliggjandi nákvæmar upplýsingar um starfsfólk við kennslu á þeirra vegum, en sem dæmi má nefna að hjá Námsflokkum Reykjavíkur komu rúmlega 160 manns að kennslu á árinu og hjá Kvöldskóla Kópavogs 30 manns. Háskólastofnanir starfrækja endurmenntunar- eða símenntunarstofnanir sem má segja að flokkist til fullorðinsfræðslu. Við lauslega könnun á fjölda kennara hjá KHÍ og HÍ á þessum vettvangi kom í ljós að rúmlega 300 kennarar komu að kennslunni. Fastir starfsmenn hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands voru 16 árið 2000.

Rekstur sex grunnskóla var ekki í höndum opinberra aðila skólaárið 1999–2000. Flestir þeirra nutu stuðnings frá viðkomandi sveitarfélögum á einn eða annan hátt. Alls voru starfandi 192 grunnskólar á landinu sl. skólaár. Hlutfall grunnskóla þar sem rekstur var ekki í höndum opinberra aðila var 3,1% skólaárið 1999–2000.

Rekstur þriggja framhaldsskóla var ekki í höndum opinberra aðila skólaárið 1998–1999, en þeir nutu allir ríkisstyrks. Á framhaldsskólastigi voru 37 skólar það skólaár. Ekki eru taldir með skólar sem voru að hluta til á háskólastigi. Hlutfall framhaldsskóla þar sem rekstur var ekki í höndum opinberra aðila var 8,1% skólaárið 1998–1999.

Rekstur tveggja háskóla var ekki í höndum opinberra aðila skólaárið 1998–1999, en þeir nutu ríkisstyrks. Á háskólastigi voru tíu skólar það skólaár. Hlutfall háskóla þar sem rekstur var ekki í höndum opinberra aðila var 20% skólaárið 1998–1999.

Fullorðinsfræðsla er í höndum fjölmargra aðila hér á landi, í sumum tilfellum standa sveitarfélög að rekstri fullorðinsfræðslu eins og fyrr segir. Einnig má benda á fullorðinsfræðslu á vegum stéttarfélaga og annarra félagasamtaka. Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar

um rekstur fullorðinsfræðslu til að veita svar við því hve stórt hlutfall hennar er ekki í höndum opinberra aðila. En bent skal á að símenntunarmiðstöðvarnar átta njóta allar ríkisstyrks.

630. Frumvarp til laga [380. mál]

um breytingu á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13/1973, með síðari breytingum.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Gísli S. Einarsson, Hjálmar Árnason, Katrín Fjeldsted, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætast tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:

f. Skylt er þeim sem reka söfnunarkassa að koma fyrir á áberandi stað á kössunum viðvörun um þær hættur sem geta stafað af fjárhættuspilum.

g. Skylt er þeim sem reka söfnunarkassa að standa straum af kostnaði við neyðar- og ráðgjafarþjónustu fyrir þá sem haldnir eru spilafíkn og skal vakin athygli á þeirri þjónustu með áberandi hætti á kössunum sjálfum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum um söfnunarkassa, nr. 73/1994, en gerð er tillaga um samhljóða breytingu á þeim lögum.

Undanfarin ár hafa þingmenn úr öllum stjórnmálaflokkum reynt að leggja því lið að tekið verði á vandamálum sem tengjast spilakössum og happdrættisvélum, m.a. með því að leggja til að bannað verði að starfrækja tæki af því tagi. Enn sem komið er hefur ekki náðst samstaða um slíka aðgerð. Hins vegar bíður meðferðar þingsins tillaga til þingsályktunar um að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd með fulltrúum allra þingflokka til að leita leiða til að stemma stigu við útbreiðslu spilafíknar. Þeir þingmenn allra stjórnmálaflokka sem hafa sameinast um flutning fyrrgreindra þingmála líta svo á að með því að vinna málunum brautargengi leggi þeir sitt af mörkum við lausn vandamáls sem allt samfélagið stendur frammi fyrir. Með frumvarpi þessu og systurfrumvarpi þess er enn stigið skref sem ætlað er að draga úr þeim hörmungum sem spilafíknin getur leitt yfir einstaklinga og fjölskyldur.

Nú er svo komið að margir Íslendingar hafa tapað bæði aleigu sinni og annarra, misst vini sína, stofnað hjónaböndum og fjölskyldutengslum í hættu af völdum fíknar sinnar, í örvæntingarfullri von um að rétta af lélega fjárhagsstöðu sína. Nú munu vera tæplega eitt þúsund spilakassar á liðlega 370 stöðum á landinu. Ef við Íslendingar lútum svipuðum lögmálum og nágrannaþjóðir okkar má ætla að um 12 þúsund Íslendingar eigi við sjúklega spilafíkn að stríða. Þessu fólki standa takmörkuð úrræði til boða og ráðgjöf til þeirra sem vilja leita sér hjálpar hefur einnig verið takmörkuð.

Spilafíkn er sjúkdómur. SÁÁ skilgreinir sjúkdóminn þannig að spilafíkn sé sjúkleg, viðvarandi spilaárátta og síaukin löngun til að spila eða leggja undir eða að spilahegðunin setji í hættu eða eyðileggi stöðu einstaklingsins, félagslega og fjárhagslega, hvort sem er á heimili

eða vinnustað. Ef við horfumst í augu við þá staðreynd að álíka margir Íslendingar eru haldnir þessum sjúkdómi og gengur og gerist með öðrum þjóðum stöndum við frammi fyrir alvarlegu þjóðfélagsmeini sem ekki er síður mikilvægt að þjóðfélagið taki sameiginlega á en t.d. umferðarslysum og afleiðingum þeirra.

Eins og fyrr segir eru úrræði fá fyrir þá sem ánetjast hafa spilafíkninni. Hins vegar eru þekktar ýmsar leiðir bæði til forvarna og til að aðstoða þá sem gera sér grein fyrir þessum sjúkdómi sjálfs sín eða annarra. Fram hefur komið, m.a. hjá erlendum fyrirlesara sem Áhugahópur gegn spilafíkn fékk til landsins nýverið, að erlendis hefur gefist vel að starfrækja símalínur sem veita þeim sem eftir leita ráðgjöf og stuðning til að ná tökum á fíkn sinni og veita einnig leiðsögn fjölskyldu, vinum og vandamönnum sjúklinga sem fíkninni eru haldnir. Símalínur þessar eru starfræktar með svipuðu sniði og þekkist hérlendis, t.d. í tengslum við ráðgjafarstarf Kvennaathvarfsins, Vinalínuna o.fl.

Verði frumvarp þetta að lögum má ætla að stigið verði mikilvægt skref í átt til þess að efla ráðgjöf fyrir þá sem eiga við þá ógæfu að etja sem spilafíknin er. Í fyrsta lagi er lagt til að Háskóla Íslands, sem með lögum nr. 13/1973 er heimilað að reka happdrættisvélar og spilakassa, verði gert skylt að koma fyrir á áberandi hátt á tækjunum viðvörun um hættuna sem því kann að fylgja að spila í slíkum vélum. Þessu má líkja við ábendingarnar sem komið er fyrir á tóbaksumbúðum þar sem varað er við þeirri hættu sem fylgir tóbaksnotkun en fram hefur komið að slíkar ábendingar hafa gefið góða raun.

Í öðru lagi er lagt til að Háskóla Íslands verði gert skylt að standa straum af kostnaði við neyðar- og ráðgjafarþjónustu fyrir þá sem haldnir eru spilafíkn. Jafnframt felur frumvarpið í sér skyldu til að vekja athygli á rágjafarþjónustunni með áberandi hætti á kössunum sjálfum.

Eins og getið er í upphafi þessarar greinargerðar er samhliða þessu frumvarpi lögð til samhljóða breyting á lögum um söfnunarkassa, nr. 73/1994. Með þessum tveimur frumvörpum eru því gerðar sömu kröfur til allra sem heimild hafa til að reka söfnunarkassa og spilavélar.

631. Frumvarp til laga [381. mál]

um breytingu á lögum um söfnunarkassa, nr. 73/1994.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Gísli S. Einarsson, Hjálmar Árnason, Katrín Fjeldsted, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 1. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Skylt er þeim sem reka söfnunarkassa að koma fyrir á áberandi stað á kössunum viðvörun um þær hættur sem geta stafað af fjárhættuspilum.

Skylt er þeim sem reka söfnunarkassa að standa straum af kostnaði við neyðar- og ráðgjafarþjónustu fyrir þá sem haldnir eru spilafíkn og skal vakin athygli á þeirri þjónustu með áberandi hætti á kössunum sjálfum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, en gerð er tillaga um samhljóða breytingu á þeim lögum.

Með frumvarpinu er Íslenskum söfnunarkössum (ÍSK), félagi í eigu Rauða kross Íslands, Landsbjargar, Samtaka áhugamanna um áfengis- og vímuefnavandann og Slysavarnafélags Íslands, sem hafa samkvæmt lögum nr. 73/1994 leyfi til að starfrækja söfnunarkassa með peningavinningum, ætlað að koma fyrir á öllum kössum ábendingum um þær hættur sem stafað geta af fjárhættuspilum. Jafnframt er áðurnefndum aðilum gert að standa straum af kostnaði við neyðar- og ráðgjafarþjónustu fyrir þá sem haldnir eru spilafíkn og vekja athygli á þeirri þjónustu á kössunum sjálfum.

Hvað varðar rökstuðning fyrir þessum tillögum til lagabreytinga er vísað til greinargerðar með áðurnefndu systurfrumvarpi sem gerir sömu kröfu til Háskóla Íslands enda hefur háskólinn einnig heimild til að reka happdrættisvélar með peningavinningum.

632. Tillaga til þingsályktunar [382. mál]

um útvarps- og sjónvarpssendingar á öll heimili á Íslandi.

Flm.: Hjálmar Jónsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Jón Bjarnason, Guðjón Guðmundsson, Einar Már Sigurðarson, Einar Oddur Kristjánsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristján L. Möller, Drífa Hjartardóttir, Gísli S. Einarsson, Guðjón A. Kristjánsson, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á uppbyggingu dreifikerfis sjónvarps og útvarps sem nýtir innviði fjarskiptakerfa í landinu þannig að öll íslensk heimili geti nýtt sér dagskrár útvarps- og sjónvarpsstöðva. Könnun þessari verði lokið á árinu 2001 og í framhaldi hennar verði tímasett áætlun um framkvæmdir.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var lögð fram tillaga til þingsályktunar, þskj. 295, 242. mál, sem fjallaði um uppbyggingu dreifikerfis Sjónvarpsins þannig að öll heimili á Íslandi gætu nýtt sér dagskrá þess. Í greinargerð sem fylgdi tillögunni kom fram að 77 heimili í landinu ná ekki útsendingum Sjónvarpsins. Gekk tillagan út á það að endurnýja dreifikerfi Sjónvarpsins eða leita annarra lausna til að bæta útsendingar- og móttökuskilyrði. Þessi þingsályktunartillaga fjallar um að leita annarra lausna.

Unnið er að áætlun um ISDN-væðingu sveitabæja. Þar með er lagður grunnur að stafrænum flutningi til símnotenda alls staðar í landinu. Þennan grunn er unnt að nota til að flytja sjónvarps- og útvarpsefni frá dagskrárveitu til notenda ef fjarlægð frá stofnveitu fjarskiptakerfisins er innan hæfilegra marka. Dagskrárveita getur verið með efni frá Sjónvarpinu, Stöð 2, Skjá einum o.fl. og notandanum í sjálfsvald sett hvaða efni hann kýs að nýta sér auk þess að hafa kost á almennri internet-þjónustu.

Búnaður fyrir þjónustu af þessu tagi er í örri þróun og því sjálfsagt og eðlilegt að láta fara fram athugun á þeim tæknilegu möguleikum sem nú eru í boði og hvernig þeir geta nýst, sérstaklega þeim heimilum í landinu sem ekki ná útsendingum ljósvakamiðlanna vegna lélegra móttökuskilyrða. Víða um land bæði í dreifbýli og þéttbýli þarf að bæta móttökuskilyrði út

varps og sjónvarps því að víða eru þau slök þótt þau teljist viðunandi samkvæmt viðmiðunarreglum.

633. Fyrirspurn [383. mál]

til iðnaðarráðherra um niðurgreiðslu á húshitun með olíu.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvar á landinu háttar svo til að íbúar eiga ekki annan kost til húshitunar en olíu?
2. Telur ráðherra að lækkun kostnaðar við húshitun með olíu falli undir 1. lið í tillögum um aðgerðir í byggðamálum sem nefnd forsætisráðherra lagði fram í október 1998 þar sem segir að „Húshitunarkostnaður verði lækkaður í jöfnum áföngum, á næstu þremur árum...“ og/eða það sem segir í 12. tölul. í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001, sem samþykkt var á Alþingi 3. mars 1999, þar sem segir: „Áfram verði unnið að því að lækka kostnað við hitun íbúðarhúsnæðis“?

634. Fyrirspurn [384. mál]

til menntamálaráðherra um fjölda starfsmanna við íþrótta-, tómstunda- og æskulýðsstarf.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

Hversu margir starfa á vegum ríkisins, sveitarfélaga og félagasamtaka við íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarf, þ.e. við rekstur starfseminnar, umsjón mannvirkja og við þjálfunar- og leiðbeinendastörf?

Skriflegt svar óskast.

635. Fyrirspurn [385. mál]

til fjármálaráðherra um tekjur og gjöld ríkisins af íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Hverjar eru áætlaðar tekjur ríkissjóðs á árunum 1999–2000 af gjöldum, svo sem tollum og virðisaukaskatti, af íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi í landinu?
2. Hvaða tekjur aðrar fær ríkissjóður af þessari starfsemi?

3. Hver er sundurliðaður fjárhagslegur stuðningur ríkisins, þar með talið allra ráðuneyta, við starfsemina í ár og hver var hann síðastliðin fimm ár?

Skriflegt svar óskast.

636. Fyrirspurn [386. mál]

til utanríkisráðherra um notkun úranhúðaðra sprengiodda í loftárásum NATO á Júgóslavíu.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Var ríkisstjórn Íslands ljóst að til stæði að nota úranhúðaða sprengiodda í loftárásum á Júgóslavíu þegar hún samþykkti aðgerðirnar fyrir sitt leyti?
2. Hver hefur afstaða fulltrúa Íslands hjá NATO verið varðandi það að NATO afhendi upplýsingar og fallist á að vinna með óháðum aðilum að rannsókn á mengun og heilsutjóni af völdum loftárásanna og notkun sneydds úrans sérstaklega?
3. Hver er afstaða utanríkisráðherra eða ríkisstjórnarinnar til þess að notkun á sneyddu úrani verði bönnuð í aðgerðum á vegum NATO?

637. Fyrirspurn [387. mál]

til félagsmálaráðherra um tjón af völdum óskilagripa.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hver er afstaða ráðherra til þess að sveitarfélög beri eigendaábyrgð í þeim tilvikum þar sem ómerktir óskilagripir, sem ekki tekst að sanna eignarhald á, valda tjóni, t.d. óskilahross á vegum þar sem lausaganga er bönnuð?

638. Fyrirspurn [388. mál]

til heilbrigðisráðherra um biðlista hjá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

Frá Svanfríði Jónasdóttur og Kristjáni L. Möller.

1. Hve langur biðtími er að jafnaði eftir þjónustu Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands og hve margir voru á biðlista um síðustu áramót?
2. Hvaða áform eru uppi um betri þjónustu stöðvarinnar, þ.m.t. styttri biðtíma og þjónustu við landsbyggðina með heimsóknum?

639. Frumvarp til laga [389. mál]

um breyting á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætast eftirfarandi orðskýringar í réttri stafrófsröð:

Heilsárseldi: Hefðbundið laxeldi í sjókvíum frá 50 gramma göngustærð upp í markaðsstærð.

Skiptieldi: Eldi á laxi í strandeldi upp í 500–1000 grömm og framhaldseldi í sjókvíum upp í markaðsstærð.

Örmerkingar: Merkingar á laxi með örsmáum málmflísum í snoppuna.

2. gr.

3. mgr. 15. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

62. gr. laganna orðast svo:

1. Til fiskeldis og hafbeitar þarf rekstrarleyfi landbúnaðarráðherra að fenginni umsögn dýralæknis fisksjúkdóma, fiskeldisnefndar, fisksjúkdómanefndar, veiðimálanefndar og veiðimálastjóra. Landbúnaðarráðherra skal einnig leita umsagnar Veiðimálastofnunar um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar gefi tilefni til hættu á erfðablöndun.

2. Umsókn um rekstrarleyfi til fiskeldis eða hafbeitar skal vera skrifleg og skulu þar koma fram upplýsingar um m.a. eignaraðild að fiskeldis- eða hafbeitarstöð, fagþekkingu umsækjanda, stærð stöðvar, framleiðslumagn, eldistegundir, eldisaðferðir, matsskyldu framkvæmdar samkvæmt lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, o.fl. Umsókn skulu fylgja skilríki um afnot lands, vatns og sjávar, áætlun um fjármögnun mannvirkja og annars búnaðar, rekstraráætlun, leyfi til mannvirkjagerðar, leyfi til starfsemi samkvæmt ákvæðum annarra laga sem varða slíkan atvinnurekstur svo og önnur gögn sem landbúnaðarráðherra óskar eftir að lögð verði fram.

3. Við meðferð umsóknar um rekstrarleyfi til fiskeldis eða hafbeitar skal landbúnaðarráðherra leggja mat á sjúkdómstengda og vistfræðilega þætti sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar. Veiti fyrirliggjandi gögn ekki nægilegar upplýsingar til að leggja mat á þá getur landbúnaðarráðherra lagt fyrir umsækjanda að láta í té frekari upplýsingar áður en rekstrarleyfi er veitt, þar á meðal að framkvæma á eigin kostnað rannsóknir á hvort fyrirhuguð starfsemi fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar feli í sér aukna hættu á fisksjúkdómum og/eða óæskilegri blöndun fiskstofna, svo sem merkingar á fiski, samantekt á veðurfars- og haffræðilegum upplýsingum, samantekt á öðrum hagsmunum í veiðimálum og fiskeldi á svæðinu, mat á stöðu fiskstofna í helstu ám á svæðinu og mat á fari laxfiska í nágrenni fyrirhugaðrar eldisstöðvar.

4. Ef umsókn og önnur gögn eru fullnægjandi að mati landbúnaðarráðherra gefur hann út rekstrarleyfi til fimm ára. Í rekstrarleyfi skulu vera ákvæði um stærð fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar, hvort um sé að ræða seiðaeldi, hafbeit, strandeldi, skiptieldi eða heilsárseldi, leyfilegar tegundir í eldi, leyfilegt framleiðslumagn, hámark sleppinga á seiðum í hafbeit og

skyldu fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar til að annast vöktun og rannsóknir á nánasta umhverfi sínu. Jafnframt skulu í rekstrarleyfi vera ákvæði um varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Landbúnaðarráðherra getur ákveðið að gefa út rekstrarleyfi til skemmri tíma og/eða takmarka stærð eða framleiðslumagn fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar og hámark sleppinga á seiðum í hafbeit. Einnig getur landbúnaðarráðherra bundið rekstrarleyfi tilteknum skilyrðum, m.a. um að leyfishafi framkvæmi á eigin kostnað rannsóknir á hvort starfsemi fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar hafi í för með sér aukna hættu á fisksjúkdómum, sníkjudýrum og/eða óæskilegri blöndun fiskstofna, svo sem merkingar á fiski, samantekt á veðurfars- og haffræðilegum upplýsingum, samantekt á öðrum hagsmunum í veiðimálum og fiskeldi á svæðinu, mat á stöðu fiskstofna í helstu ám á svæðinu, mat á fari laxfiska í nágrenni fyrirhugaðrar eldisstöðvar, mat á fari eldisfiska með kerfisbundnum merkingum og sleppingum á eldisfiski, vöktun á nærliggjandi ám og vöktun á kynþroska og heilbrigði fiska í eldi. Óheimilt er að gefa út rekstrarleyfi fyrr en ákvörðun um matsskyldu eða úrskurður um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir, sbr. lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, eftir því sem við á. Ákvörðun um rekstrarleyfi skal vera í samræmi við úrskurð um mat á umhverfisáhrifum.

5. Rekstrarleyfi tekur fyrst gildi þegar dýralæknir fisksjúkdóma og veiðimálastjóri hafa gert úttekt á fiskeldis- eða hafbeitarstöð.

6. Ef breytingar verða á eldistegundum og/eða framleiðslumagni getur landbúnaðarráðherra fellt rekstrarleyfi úr gildi.

7. Framsal, leiga og veðsetning á rekstrarleyfi til fiskeldis- eða hafbeitar er óheimil.

8. Fyrir útgáfu rekstrarleyfis til fiskeldis- eða hafbeitar skal leyfishafi greiða gjald í ríkissjóð sem miðast við kostnað við meðferð umsóknar og útgáfu leyfisins samkvæmt gjaldskrá sem staðfest skal af landbúnaðarráðherra.

9. Fiskeldis- og hafbeitarstöðvum er óheimilt að hefja starfsemi eða flytja eldisfisk eða seiði í fiskeldis- eða hafbeitarstöð fyrr en rekstrarleyfi er fengið. Landbúnaðarráðherra getur veitt undanþágu til starfsemi og flutnings á eldisfiski og/eða seiðum í fiskeldis- eða hafbeitarstöð ef stöð hefur fengið starfsleyfi samkvæmt ákvæðum annarra laga sem varða slíkan atvinnurekstur.

4. gr.

72. gr. laganna orðast svo:

1. Fiskeldisstöð sem missir út eldisfisk er heimil, þrátt fyrir friðun á villtum fiski á svæðinu, veiði innan 200 metra frá stöðinni, enda sé það utan netlaga og veiðimálastjóra hafi verið tilkynnt um það. Heimild þessi takmarkast við þrjá sólarhringa frá því að fiskur slapp út ef þetta gerist á göngutíma laxfiska og skal framkvæmd í samráði við fulltrúa veiðimálastjóra.

2. Ef fiskeldisstöð hefur ekki byrjað veiði skv. 1. mgr. innan 12 klukkustunda eftir að hún missir út eldisfisk getur veiðimálastjóri gefið út almenna heimild til veiði á svæðinu með sömu skilyrðum og fram koma í 1. mgr.

3. Leyfishafa rekstrarleyfis er skylt að tilkynna embætti veiðimálastjóra ef fiskeldisstöð missir út eldisfisk. Ef um ítrekaðar slysasleppingar er að ræða getur landbúnaðarráðherra tekið rekstrarleyfi til endurskoðunar eða fellt það úr gildi.

5. gr.

Á eftir 73. gr. laganna koma fimm nýjar greinar og breytist greinatala samkvæmt því. Hinar nýju greinar orðast svo:

a. (74. gr.)
Ef fiskeldis- eða hafbeitarstöð hefur ekki hafið starfsemi að því marki sem gert var ráð fyrir í rekstraráætlun innan 12 mánaða frá útgáfu rekstrarleyfis er landbúnaðarráðherra heimilt að fella rekstrarleyfi úr gildi. Ef rekstraráætlun er ekki fylgt eftir þann tíma er landbúnaðarráðherra einnig heimilt að fella rekstrarleyfi úr gildi.

b. (75. gr.)
1. Veiðimálastjóri skal hafa eftirlit með starfsemi fiskeldis- og hafbeitarstöðva. Eftirlitsskyldir aðilar eru fiskeldis- og hafbeitarstöðvar sem hafa fengið rekstrarleyfi samkvæmt 62. gr. þessara laga.
2. Fyrir eftirlit veiðimálastjóra skulu fiskeldis- og hafbeitarstöðvar greiða árlegt gjald í ríkissjóð sem skal vera 0,25% af brúttósöluverði framleiðslu fiskeldis- og hafbeitarstöðva samkvæmt ársreikningi næstliðið ár á undan álagningu. Hafi tvær eða fleiri fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar sameinast skal miða fjárhæð brúttósöluverðs við samanlagða ársreikninga þeirra. Árlegt eftirlitsgjald skal þó aldrei vera lægra en 25.000 kr. Fjárhæð þessi skal taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs 1. janúar ár hvert, í fyrsta sinn 1. janúar 2002.
3. Eftirlitsgjald skal innheimt með einni greiðslu á ári eigi síðar en 1. september ár hvert. Veiðimálastjóri skal annast innheimtu eftirlitsgjaldsins og tilkynna eftirlitsskyldum aðilum bréflega um álagningu. Ef eftirlitsgjald er ekki greitt á eindaga reiknast hæstu lögleyfðu dráttarvextir á greiðslu gjaldsins frá gjalddaga.

c. (76. gr.)
1. Kynbættan eldislax er eingöngu heimilt að nýta til fiskeldis og óheimilt er að sleppa honum í fiskrækt eða hafbeit. Veiðimálastjóri getur veitt rannsóknaraðila undanþágu til sleppitilrauna í smáum stíl.
2. Flutningur eldistegunda sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi milli fiskeldis- og hafbeitarstöðva svo og flutningur og sleppingar lifandi fisks og frjóvgaðra hrogna milli ótengdra vatnasvæða er óheimill.
3. Veiðimálastjóri getur veitt undanþágu til flutnings á eldistegundum sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi milli fiskeldis- og hafbeitarstöðva svo og til flutnings á lifandi fiski og frjóvguðum hrognum milli ótengdra vatnasvæða að fenginni umsögn dýralæknis fisksjúkdóma og fisksjúkdómanefndar. Veiðimálastjóri skal leita umsagnar Veiðimálastofnunar um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar eða vatnasvæði gefa tilefni til aukinnar hættu á erfðablöndun.

d. (77. gr.)
Innflutningur á notuðum eldisbúnaði er óheimill.

e. (78. gr.)
Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa kafla með reglugerðum og öðrum stjórnvaldsreglum, m.a. um útgáfu rekstrarleyfa, örmerkingar á hluta af eða öllum laxaseiðum í kvíaeldi, fóðurnotkun, endurnýjun eldisbúnaðar, úttekt á fiskeldis- og hafbeitarstöðvum, eftirlit með starfsemi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, flutning eldistegunda milli fiskeldis- og hafbeitarstöðva, flutning fisks og frjóvgaðra hrogna milli ótengdra vatnasvæða o.fl. Landbúnaðarráðherra getur einnig að fenginni umsögn dýralæknis fisksjúkdóma, fiskeldisnefndar, veiðimálanefndar, veiðimálastjóra og Veiðimálastofnunar takmarkað eða bannað

fiskeldi, hafbeit eða ákveðnar eldisaðferðir í einstaka fjörðum, flóum eða landsvæðum sem teljast sérlega viðkvæm gagnvart slíkri starfsemi. Jafnframt getur landbúnaðarráðherra ákvarðað svæðaskiptingu fiskeldis meðfram strönd landsins og heildarframleiðslu á hverju svæði.

6. gr.

85. gr. laganna, er verður 90. gr., orðast svo:

1. Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn allra fiskeldis- og veiðimála.

2. Til aðstoðar landbúnaðarráðherra um stjórn fiskeldis- og veiðimála eru fiskeldisnefnd, veiðimálanefnd og veiðimálastjóri.

7. gr.

Á eftir 88. gr. laganna kemur ný grein er verður 94. gr. og breytist greinatala samkvæmt því. Greinin verður svohljóðandi:

1. Í fiskeldisnefnd eiga sæti fjórir menn. Landbúnaðarráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunar og einn samkvæmt tilnefningu veiðimálastjóra. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Varamenn skal skipa með sama hætti og aðalmenn.

2. Fiskeldisnefnd skal vera til ráðgjafar og stefnumótunar um fiskeldi bæði á landi og í sjó og fara með þau mál sem henni eru falin samkvæmt lögum.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilvísunum í lögunum:

a. Í stað „95. og 97. gr.“ í 3. mgr. 3. gr. kemur: 101. og 103. gr.
b. Í stað „94. og 96. gr.“ í 5. mgr. 14. gr. kemur: 101. og 103. gr.
c. Í stað „94. gr.“ í 6. mgr. 14. gr. kemur: 101. gr.
d. Í stað „94. og 96. gr.“ í 7. mgr. 14. gr. kemur: 101. og 103. gr.
e. Í stað „94. gr.“ í 4. mgr. 16. gr. kemur: 101. gr.
f. Í stað „94. gr.“ í 17. gr. kemur: 101. gr.
g. Í stað „94. gr.“ í 20. gr. kemur: 101. gr.
h. Í stað „94. gr.“ í 5. mgr. 30. gr. kemur: 101. gr.
i. Í stað „95. gr.“ hvarvetna í 2. mgr. 50. gr. kemur: 101. gr.
j. Í stað „94. gr.“ í 2. mgr. 59. gr. kemur: 101. gr.
k. Í stað „75. og 76. gr.“ í 1. mgr. 77. gr., sem verður 82. gr., kemur: 80. og 81. gr.
l. Í stað „83. gr.“ í 1. mgr. 84. gr., sem verður 89. gr., kemur: 88. gr.
m. Í stað „93. gr.“ í 94. gr., sem verður 100. gr., kemur: 99. gr.
n. Í stað „95. gr.“ í 96. gr., sem verður 102. gr., kemur: 101. gr.
o. Í stað „98. gr.“ í 99. gr., sem verður 105. gr., kemur: 104. gr.
p. Í stað „100. gr.“ í 101. gr., sem verður 107. gr., kemur: 106. gr.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði laga þessara skulu gilda um veitingu allra rekstrarleyfa sem verða gefin út eftir gildistöku laganna.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fiskeldis- og hafbeitarstöðvar sem eru í rekstri við gildistöku laga þessara skulu endurnýja rekstrarleyfi sín innan árs frá gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í þeim tilgangi að setja skýrari og ítarlegri ákvæði í IX. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, um fiskeldi og hafbeit. Ljóst er að löggjöf um fiskeldi hefur lengi verið ábótavant hér á landi. Núgildandi löggjöf um þennan málaflokk er fábrotin og gefur stjórnvöldum ekki nægjanlegt svigrúm til að hafa afgerandi áhrif á mótun og starfsemi atvinnugreinarinnar. Í löggjöfina vantar ýmis ákvæði sem eðlilegt og nauðsynlegt má telja að þar sé að finna.

Með frumvarpi þessu er leitast við að setja fram skýrari reglur um starfsemi fiskeldis og styrkja og treysta þau ákvæði laganna sem ætlað er að sporna gegn aukinni hættu á fisksjúkdómum, óæskilegri blöndun fiskstofna og öðrum vistfræðilegum vandamálum. Með lögum nr. 50/1998 voru gerðar nokkrar breytingar á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, sem höfðu þetta markmið en náðu eingöngu til hafbeitar. Sömu sjónarmið eiga hins vegar í mörgum tilvikum við um annars konar fiskeldi, einkum sjókvíaeldi þar sem alltaf fylgir því nokkur hætta á að eldisfiskur sleppi úr kvíum.

Helstu nýmæli í frumvarpinu eru að landbúnaðarráðherra veitir rekstrarleyfi en samkvæmt gildandi lögum veitir veiðimálastjóri rekstrarleyfi. Veiðimálastjóri verður hins vegar umsagnaraðili um veitingu rekstrarleyfa. Einnig er í frumvarpinu mikilvægt nýmæli þar sem settar eru skýrar og afdráttarlausar reglur um á hvaða grunnsjónarmiðum landbúnaðarráðherra ber að byggja meðferð umsókna um rekstrarleyfi til fiskeldis eða hafbeitar.

Annað nýmæli er að landbúnaðarráðherra ber við meðferð umsókna um rekstrarleyfi að leita umsagnar dýralæknis fisksjúkdóma, fiskeldisnefndar, fisksjúkdómanefndar og veiðimálastjóra auk veiðimálanefndar. Einnig ber landbúnaðarráðherra að leita umsagnar Veiðimálastofnunar um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði gefi tilefni til aukinnar hættu á erfðablöndun.

Með frumvarpinu er stofnuð sérstök nefnd, fiskeldisnefnd sem landbúnaðarráðherra skipar. Gert er ráð fyrir að fjórir menn eigi sæti í nefndinni, einn skipaður án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunar og einn samkvæmt tilnefningu veiðimálastjóra. Nefndinni er ætlað að vera til ráðgjafar og stefnumótunar um fiskeldi bæði á landi og í sjó og sinna öðrum verkefnum sem henni eru falin með gildandi lögum á hverjum tíma.

Í frumvarpinu eru að öðru leyti settar skýrari reglur um hvaða upplýsingar og gögn skuli fylgja umsókn um rekstrarleyfi. Nýmæli er að rekstrarleyfi skuli gefið út til 5 ára en landbúnaðarráðherra getur einnig ákveðið skemmri gildistíma rekstrarleyfis. Eðlilegt þykir að takmarka gildistíma rekstrarleyfis með þessum hætti þar sem takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir hjá stjórnvöldum um þessa atvinnugrein og því eðlilegt að stjórnvöld endurskoði reglulega ákvarðanir sínar um rekstrarleyfi og önnur atriði er varða slíka starfsemi. Einnig eru sett ákvæði um skilyrði sem nauðsynlegt þykir að landbúnaðarráðherra setji eða geti sett í rekstrarleyfi til fiskeldis- eða hafbeitar. M.a. er þar að finna ákvæði um að ef fyrirliggjandi gögn veita ekki nægilegar upplýsingar til að leggja mat á sjúkdómstengda og vistfræðilega þætti geti landbúnaðarráðherra lagt fyrir umsækjanda að láta í té frekari upplýsingar, m.a. að framkvæma tilteknar rannsóknir á hvort starfsemi fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar hafi í för með sér aukna hættu á fisksjúkdómum og/eða óæskilegri blöndun fiskstofna. Gert er ráð fyrir að landbúnaðarráðherra geti tekið ákvörðun um slíka rannsóknaskyldu áður en rekstrarleyfi er

gefið út en einnig að rekstrarleyfi sé gefið út í takmarkaðan tíma og rannsóknaskylda sé lögð á leyfishafa á gildistíma rekstrarleyfisins. Geta þá niðurstöður slíkra rannsókna verið lagðar til grundvallar við ákvörðun um hvort framlengja skuli gildistíma rekstrarleyfis, heimila meiri framleiðslu o.fl. Einnig er í frumvarpinu ákvæði um tengsl rekstrarleyfa við ákvæði laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, og laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Nýmæli er í frumvarpinu um að rekstrarleyfi taki fyrst gildi þegar dýralæknir fisksjúkdóma og veiðimálastjóri hafa gert úttekt á fiskeldis- eða hafbeitarstöð. Eftir gildandi lögum skal gera úttekt á stöð áður en rekstrarleyfi er gefið út en það ákvæði hefur ekki reynst raunhæft í framkvæmd þar sem mannvirki stöðvanna og búnaður er oft ekki fyrir hendi þegar umsóknir um rekstrarleyfi eru til meðferðar. Einnig má nefna ákvæði um að heimilt sé að fella rekstrarleyfi úr gildi ef breytingar verða á eldistegundum og/eða framleiðslumagni og ákvæði um bann við framsali, leigu og veðsetningu rekstrarleyfis.

Í frumvarpinu er nýmæli um gjaldtökuheimild fyrir útgáfu rekstrarleyfa svo og ákvæði um að embætti veiðimálastjóra skuli hafa eftirlit með fiskeldis- og hafbeitarstöðvum og um gjaldtöku fyrir slíkt eftirlit.

Mikilvægt ákvæði er í frumvarpinu um að ef fiskeldis- eða hafbeitarstöð hefur ekki hafið starfsemi að því marki sem gert var ráð fyrir í rekstraráætlun innan 12 mánaða frá útgáfu rekstrarleyfis geti landbúnaðarráðherra fellt rekstrarleyfi úr gildi. Sama gildir ef rekstraráætlun er ekki fylgt eftir þann tíma.

Enn fremur er í frumvarpinu nýmæli um að skylt sé að tilkynna embætti veiðimálastjóra ef fiskeldisstöð missir út eldisfisk og að ítrekaðar slysasleppingar geti leitt til þess að landbúnaðarráðherra taki rekstrarleyfi til endurskoðunar eða felli það jafnvel úr gildi, svo og ákvæði um að ef fiskeldisstöð hefur ekki byrjað veiði innan 12 klukkustunda eftir að hún missti út eldisfisk geti veiðimálastjóri gefið út almenna heimild til veiði á svæðinu.

Þá kemur þar fram afdráttarlaust ákvæði um að fiskeldis- og hafbeitarstöðvum sé óheimilt að hefja starfsemi og að óheimilt sé að flytja eldisfisk eða seiði í fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar fyrr en rekstrarleyfi er fengið. Landbúnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá því. Einnig má nefna mikilvægt nýmæli um bann við flutningi eldistegunda sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi milli fiskeldis- og hafbeitarstöðva og einnig bann við flutningum og sleppingum lifandi fisks og frjóvgaðra hrogna milli ótengdra vatnasvæða en veiðimálastjóri getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum. Í núgildandi löggjöf eru ekki skýr ákvæði um þetta en mjög mikilvægt er að slík ákvæði séu í lögum þar sem slíkur flutningur getur falið í sér verulega aukna hættu á fisksjúkdómum og óæskilegri blöndun fiskstofna.

Nýmæli er í frumvarpinu um að kynbættan eldislax megi eingöngu nýta til fiskeldis og lagt bann við því að hann sé nýttur til fiskræktar eða hafbeitar. Veiðimálastjóri getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði í vísindalegum tilgangi. Einnig er þar ákvæði um bann við innflutningi á notuðum eldisbúnaði.

Loks eru í frumvarpinu víðtækar heimildir fyrir landbúnaðarráðherra til að setja reglugerðir og aðrar stjórnvaldsreglur til að stýra eldisstarfseminni, m.a er þar mikilvægt ákvæði um að landbúnaðarráðherra geti takmarkað eða bannað fiskeldi eða hafbeit eða ákveðnar eldisaðferðir í einstaka fjörðum, flóum eða landsvæðum sem teljast sérlega viðkvæm gagnvart slíkri starfsemi, svo og ákvarðað heildarframleiðslu á hverju svæði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er bætt við 1. gr. laganna nokkrum orðskýringum í samræmi við efni frumvarpsins að öðru leyti.

Um 2. gr.

Lagt er til að ákvæði 3. mgr. 15. gr. laganna verði fellt brott en í 5. gr. frumvarpsins er nýtt ákvæði með svipuðu efni sem verður 78. gr. laganna en gengur þó mun lengra. Rétt þykir að þetta ákvæði verði í IX. kafla laganna um fiskeldi og hafbeit.

Um 3. gr.

Ákvæðið er að nokkru leyti samhljóða núgildandi ákvæði 62. gr. laga nr. 76/1970 en einnig eru gerðar á því ýmsar breytingar sem miða að því að gera það skýrara og ítarlegri ákvæði sett um ýmis atriði sem fjallað er um í ákvæðinu í núverandi mynd.

Helstu nýmæli í ákvæðinu eru að útgáfa rekstrarleyfa til fiskeldis- og hafbeitar færist til landbúnaðarráðherra en samkvæmt gildandi löggjöf skal veiðimálastjóri gefa út rekstrarleyfi. Einnig er hér annað mikilvægt nýmæli en það er að í frumvarpinu er tekin afdráttarlaus afstaða til þess að við meðferð umsókna um rekstrarleyfi skuli landbúnaðarráðherra leggja mat á sjúkdómstengda og vistfræðilega þætti fyrirhugaðrar starfsemi fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar. Enn fremur er það nýmæli að við meðferð umsókna um rekstrarleyfi ber landbúnaðarráðherra að leita umsagnar dýralæknis fisksjúkdóma, fiskeldisnefndar, fisksjúkdómanefndar og veiðimálastjóra auk veiðimálanefndar en eftir gildandi lögum ber veiðimálastjóra sem hefur á hendi útgáfu rekstrarleyfa eingöngu að leita umsagnar veiðimálanefndar. Landbúnaðarráðherra ber einnig að leita umsagnar Veiðimálastofnunar um hvort náttúrulegar aðstæður á svæðinu gefa tilefni til aukinnar hættu á erfðablöndun. Hér er um skyldubundið ákvæði að ræða. Eftir gildandi lögum er slík skylda eingöngu fyrir hendi þegar um er að ræða hafbeit og ef ljóst þykir að þessar aðstæður séu fyrir hendi.

Í ákvæðinu er að finna ítarlegri upptalningu en áður um ýmsar upplýsingar og gögn sem skila ber með umsókn um rekstrarleyfi, t.d. um eignaraðild að fiskeldis- og hafbeitarstöð, fagþekkingu umsækjanda, stærð stöðvar, framleiðslumagn, eldistegundir, áætlun um fjármögnun mannvirkja og annars búnaðar, rekstraráætlun, matsskyldu framkvæmdar samkvæmt lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, og starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Upptalning í ákvæðinu á upplýsingum og gögnum sem ber að leggja fram með umsókn um rekstrarleyfi er ekki tæmandi og getur landbúnaðarráðherra óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum ef hann telur ástæðu til. Lagt er í vald landbúnaðarráðherra að meta hverju sinni hvaða upplýsingar og gögn skuli lögð fram með umsókn önnur en þau sem tilgreind eru í ákvæðinu.

Hér er að finna upptalningu á ákvæðum sem skulu vera í rekstrarleyfi, t.d. um stærð fiskeldis- og hafbeitarstöðvar, hvers konar eldi um sé að ræða, leyfilegar tegundir í eldi, leyfilegt framleiðslumagn, hámark sleppinga á seiðum í hafbeit og skyldu fiskeldis- og hafbeitarstöðvar til annast vöktun og rannsóknir á nánasta umhverfi sínu samkvæmt lögum þessum. Jafnframt skulu vera í rekstrarleyfi ákvæði um varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur en afar þýðingarmikið er að í rekstrarleyfi komi fram hvernig rekstrarleyfishafi ætlar að bregðast við komi til þess að fiskur sleppi.

Einnig eru í ákvæðinu nýmæli um að ef fyrirliggjandi gögn veita ekki nægilegar upplýsingar til að leggja mat á sjúkdómstengda og vistfræðilega þætti sem kunna að fylgja rekstri fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar geti landbúnaðarráðherra áður en rekstrarleyfi er gefið út lagt

fyrir umsækjanda að láta í té frekari upplýsingar, m.a. að framkvæma á eigin kostnað tilteknar rannsóknir á hvort fyrirhuguð starfsemi fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar hafi í för með sér aukna hættu á fisksjúkdómum og/eða óæskilegri blöndun fiskstofna. Slíkar ákvarðanir landbúnaðarráðherra skulu vera skriflegar og innihalda upplýsingar um hvað á að rannsaka og hvenær niðurstöður eigi að liggja fyrir. Í ákvæðinu er að finna upptalningu á því í hverju slíkar rannsóknir geti verið fólgnar. Samkvæmt ákvæðinu er gert ráð fyrir að þetta ákvæði komi til framkvæmda ef landbúnaðarráðherra getur ekki tekið afstöðu til umsóknar um rekstrarleyfi nema slíkar rannsóknir liggi fyrir. Ljóst er að slíkar rannsóknir geta haft í för með sér verulegan kostnað og má telja eðlilegt að umsækjandi beri þann kostnað, einkum ef umsókn hans er þannig úr garði gerð eða aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði hans þannig að landbúnaðarráðherra getur ekki á grundvelli fyrirliggjandi gagna tekið afstöðu til þess hvort verða skuli við umsókn um rekstrarleyfi eða ekki. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að umsækjandi beri þennan kostnað. Hins vegar er ljóst að landbúnaðarráðherra ber við þessar ákvarðanir eins og aðrar að gæta meðalhófsreglu stjórnsýslulaga og að beita þessu ákvæði ekki með meira íþyngjandi hætti en tilefni er til hverju sinni.

Enn fremur er það nýmæli í ákvæðinu að rekstrarleyfi skuli gefin út til 5 ára en landbúnaðarráðherra getur þó ákveðið að rekstrarleyfi skuli gilda í skemmri tíma. Enn fremur er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra geti veitt slíkt rekstrarleyfi með skilyrði um að leyfishafi framkvæmi á eigin kostnað tilteknar rannsóknir tengdar aukinni hættu á fisksjúkdómum og/eða óæskilegri blöndun fiskstofna á gildistíma leyfisins eða hluta gildistímans. Í ákvæðinu er að finna upptalningu á því í hverju slíkar rannsóknir geta verið fólgnar. Niðurstöður slíkra rannsókna geta orðið grundvöllur að ákvörðun landbúnaðarráðherra um að framlengja gildistíma leyfisins og/eða grundvöllur að leyfilegri aukningu á framleiðslumagni fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar. Almennt verður að gera ráð fyrir að landbúnaðarráðherra beiti þessu ákvæði ekki nema það sé talið nauðsynlegt og ekki með meira íþyngjandi hætti en tilefni er til. Sömu sjónarmið eiga hér við og um rannsóknaskyldu áður en rekstrarleyfi er gefið út varðandi skyldu landbúnaðarráðherra til að gæta meðalhófsreglu stjórnsýslulaga.

Í ákvæðinu kemur einnig fram að óheimilt er að gefa út rekstrarleyfi fyrr en ákvörðun um matsskyldu eða úrskurður um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir, sbr. lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, eftir því sem við á. Mat á umhverfisáhrifum felur í sér að metin eru áhrif framkvæmdar og starfsemi hennar á umhverfið. Ákvörðun um hvort framkvæmd skuli sæta mati á umhverfisáhrifum er tekin á gundvelli 6. gr. laga nr. 106/2000. Ekki er því hægt að taka ákvörðun um veitingu rekstrarleyfis fyrr en fyrir liggur niðurstaða um hvort framkvæmd skuli fara í mat á umhverfisáhrifum og ef svo er þá ekki fyrr en fyrir liggur niðurstaða úr mati á umhverfisáhrifum.

Breytingar á eldistegundum og/eða framleiðslumagni geta samkvæmt ákvæðinu leitt til þess að landbúnaðarráðherra felli rekstrarleyfi úr gildi.

Enn fremur er í ákvæðinu nýmæli um að framsal, leiga og veðsetning á rekstrarleyfi til fiskeldis- eða hafbeitar sé óheimil. Rekstrarleyfi skulu samkvæmt því bundin við nafn leyfishafa. Með ákvæði þessu er gert ráð fyrir að rekstrarleyfi skuli bundið við þá fiskeldis- eða hafbeitarstöð sem fær það útgefið. Hér er átt við að óheimilt er að selja, leigja eða veðsetja rekstrarleyfi. Þetta ákvæði kemur þó ekki í veg fyrir að eigendaskipti geti orðið að fiskeldis- eða hafbeitarstöð ef sami lögaðili með sömu kennitölu er áfram handhafi rekstrarleyfisins. Með banni við framsali, leigu o.fl. er því átt við að óheimilt sé að selja rekstrarleyfi til annarra lögaðila eða einstaklinga en fengu leyfið útgefið. Samkvæmt því er hægt að selja fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar sem hafa rekstrarleyfi. Þetta þýðir hins vegar að ef einstaklingur er handhafi rekstrarleyfisins og rekstur fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar er á hans nafni getur

þessi sami einstaklingur ekki framselt rekstrarleyfið með því að selja það eða leigja það eða reksturinn.

Þá er í ákvæðinu heimild til gjaldtöku fyrir rekstrarleyfi. Gjaldið greiðist í ríkissjóð. Gert er ráð fyrir að slík gjaldtaka miðist eingöngu við kostnað við meðferð umsóknar og útgáfu rekstrarleyfis samkvæmt gjaldskrá sem staðfest verður af landbúnaðarráðherra.

Loks er í ákvæðinu það nýmæli að fiskeldis- eða hafbeitarstöðvum sé óheimilt að hefja starfsemi og óheimilt er að flytja eldisfisk eða seiði í fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar fyrr en þær hafa fengið rekstrarleyfi. Landbúnaðarráðherra getur þó veitt undanþágu til starfsemi og flutnings á eldisfiski eða seiðum í fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar ef stöð hefur fengið starfsleyfi samkvæmt ákvæðum annarra laga. Hér er einkum átt við leyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Önnur skilyrði eru ekki sett um þetta atriði og lagt í vald landbúnaðarráðherra að meta hvenær veita skuli slíkar undanþágur. Sambærilegt ákvæði er í núgildandi löggjöf um hafbeit en ekki annars konar fiskeldi.

Um 4. gr.

Ákvæðið er að hluta til sama efnis og 72. gr. núgildandi laga. Einnig er það nýmæli í ákvæðinu að fiskeldisstöðvum sem missa út eldisfisk sé skylt að tilkynna það embætti veiðimálastjóra og að ítrekaðar slysasleppingar geti leitt til þess að landbúnaðarráðherra taki rekstrarleyfi til endurskoðunar og jafnvel felli það úr gildi. Með ítrekuðum slysasleppingum er átt við að fiskeldisstöð missi út fisk í annað skipti á tilteknu tímabili, t.d. einu ári eða skemmri tíma. Einnig er hér ákvæði um að ef fiskeldisstöð hefur ekki byrjað veiði innan 12 klukkustunda eftir að hún missir út eldisfisk getur veiðimálastjóri gefið út almenna heimild til veiði á svæðinu með sömu skilyrðum og gilda um stöðina sjálfa. Ljóst er að mikil þörf er á þessu ákvæði og er lagt til að það verði lögfest með frumvarpi þessu.

Um 5. gr.

Um a-lið (74. gr.).

Í ákvæði þessu er gert ráð fyrir að ef fiskeldis- eða hafbeitarstöð hefur ekki hafið starfsemi í samræmi við rekstraráætlun innan 12 mánaða eftir útgáfu rekstrarleyfis sé landbúnaðarráðherra heimilt að fella rekstrarleyfi úr gildi og einnig ef fiskeldis- eða hafbeitarstöð fylgir ekki rekstraráætlun eftir þann tíma. Ákvæði þessu er ætlað að sporna við því að fiskeldis- og hafbeitarstöðvar eða aðrir aðilar afli sér rekstrarleyfa ef ekki er fyrirhugaður raunverulegur rekstur á grundvelli leyfisins. Fiskeldi er takmörkuð auðlind og því nauðsynlegt að koma í veg fyrir að aðilar helgi sér staði víðs vegar um landið sem hagkvæmir eru til starfsemi fiskeldis- og hafbeitarstöðva án þess að hafa í hyggju að nýta þá aðstöðu og takmarka þannig aðgang annarra að henni. Nokkur umræða hefur verið um að hætta sé á að aðilar vilji safna rekstrarleyfum í þeim tilgangi að auðvelt verði að koma þeim í verð síðar en með frumvarpi þessu er hins vegar girt fyrir þann möguleika þar sem í 7. mgr. 3. gr. frumvarpsins, sem verður 7. mgr. 62. gr. laganna, er ákvæði um bann við framsali, leigu og veðsetningu rekstrarleyfa.

Um b-lið (75. gr.).

Ákvæðið tengist að nokkru leyti ákvæði 69. gr. laganna en einnig er hér það nýmæli að embætti veiðimálastjóra skuli hafa eftirlit með starfsemi fiskeldis- og hafbeitarstöðva. Hér er m.a. átt við eftirlit með eldisrými, fóðurnotkun og framleiðslumagni en ekki er gert ráð fyrir að þessi listi sé tæmandi. Lagt er í vald veiðimálastjóra að meta hversu víðtækt slíkt eftirlit á að vera. Einnig er hér að finna heimild til gjaldtöku fyrir slíkt eftirlit veiðimálastjóra

en gert ráð fyrir að sú gjaldtaka verði fast árlegt gjald sem miðist við hlutfall af brúttósöluverði framleiðslu fiskeldis- og hafbeitarstöðva samkvæmt ársreikningi næstliðið ár á undan og er enn fremur bundið við lágmarksfjárhæð sem skal breytast um hver áramót í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Gjaldið greiðist í ríkissjóð. Rétt þótti að fara þessa leið við ákvörðun um gjaldtöku fyrir eftirlit þar sem ljóst er að erfitt er að koma við gjaldtöku samkvæmt gjaldskrá fyrir einstaka liði eftirlits en eftirlitið getur verið mismunandi eftir einstökum fiskeldis- eða hafbeitarstöðvum. Þá er í ákvæðinu fjallað um með hvaða hætti gjaldið skuli innheimt og viðurlög ef það er ekki greitt á eindaga. Í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er einnig gert ráð fyrir sérstöku eftirliti vegna starfsleyfis samkvæmt þeim lögum en þar er um að ræða annan eftirlitsaðila.

Um c-lið (76. gr.).

Hér er lögfest að kynbættan eldislax megi eingöngu nýta til fiskeldis og lagt bann við því að hann sé nýttur til fiskræktar og hafbeitar. Hins vegar er í ákvæðinu undanþága til að kanna slíka notkun vísindalega, sem gæti haft bæði hagnýta og vísindalega þýðingu.

Einnig er lagt til að lögfesta ákvæði um bann við flutningi eldistegunda sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi milli fiskeldis- og hafbeitarstöðva. Enn fremur er lagt til að lögfest verði bann við flutningi á lifandi fiski og frjóvguðum hrognum milli ótengdra vatnasvæða. Veiðimálastjóri getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum 2. mgr. að fenginni umsögn dýralæknis fisksjúkdóma og fisksjúkdómanefndar. Við ákvörðun um hvort undanþága skuli veitt eða ekki er gert ráð fyrir að veiðimálastjóri leggi sjálfstætt mat á hvort slíkir flutningar kunni að hafa í för með sér aukna hættu á fisksjúkdómum og/eða óæskilegri blöndun fiskstofna. Veiðimálastjóri skal einnig leita umsagnar Veiðimálastofnunar um hvort náttúrulegar aðstæður á svæðinu gefi tilefni til aukinnar hættu á óæskilegri blöndun fiskstofna. Í núgildandi löggjöf eru ekki sambærileg ákvæði en ljóst er að mjög mikilvægt er að slík ákvæði séu í lögum. Flutningar eldistegunda sem ekki eru fyrir í fiskeldis- eða hafbeitarstöðvum milli stöðva geta haft ófyrirsjáanleg og skaðleg áhrif. Einnig er ljóst að flutningur lifandi fisks og frjóvgaðra hrogna milli ótengdra vatnasvæða getur haft skaðleg áhrif, bæði sjúkdómstengd og vistfræðileg. Veiðimálastjóri mun ekki hafa óbundnar hendur við ákvarðanatöku samkvæmt þessu ákvæði en í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra setji reglugerð þar sem nánar verður kveðið á um framkvæmd þessa ákvæðis.

Um d-lið (77. gr.).

Nauðsynlegt þykir að setja ákvæði um bann við innflutningi á notuðum eldisbúnaði þar sem slíkur innflutningur getur haft í för með sér verulega sjúkdómahættu.

Um e-lið (78. gr.).

Í þessu ákvæði eru heimildir fyrir landbúnaðarráðherra til að setja reglugerðir og aðrar stjórnvaldsreglur sem nýttar verða til að stýra eldisstarfseminni bæði með tilliti til svæðaskiptingar og magns á hverju svæði svo og takmarkanir á fiskeldisstarfseminni á vissum viðkvæmum svæðum. Einnig er sett inn heimild til að krefjast örmerkinga á nokkrum hluta eða jafnvel öllum seiðum sem sett eru í sjókvíaeldi en umræða hefur verið um slíkt í nágrannalöndunum.

Um 6. gr.

Samkvæmt ákvæðinu fer landbúnaðarráðherra með yfirstjórn allra fiskeldis- og veiðimála og er það óbreytt frá gildandi lögum en í gildandi ákvæði segir að landbúnaðarráðherra fari með yfirstjórn allra veiðimála. Einnig kemur fram í ákvæðinu að til aðstoðar landbúnaðarráðherra um stjórn fiskeldis- og veiðimála séu fiskeldisnefnd, veiðimálanefnd og veiðimálastjóri. Hér hefur fiskeldisnefnd verið bætt við þá aðila sem hafa það hlutverk að aðstoða ráð-

herra við stjórn fiskeldis- og veiðimála en samkvæmt gildandi ákvæði eru það einungis veiðimálanefnd og veiðimálastjóri. Fiskeldisnefnd er nýmæli í lögum þessum og er gerð grein fyrir skipan hennar og hlutverki í 7. gr., sbr. umfjöllun um það ákvæði hér á eftir.

Um 7. gr.

Lagt er til að stofnuð verði sérstök nefnd, fiskeldisnefnd, sem í eiga sæti fjórir menn skipaðir af landbúnaðarráðherra til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunar og einn samkvæmt tilnefningu veiðimálastjóra. Hlutverk fiskeldisnefndar er að vera til ráðgjafar og að taka þátt í stefnumótun um fiskeldi bæði á landi og í sjó. Eins og tilnefningum í nefndina er háttað er hér um að ræða embættismannanefnd en í nefndinni eiga eingöngu sæti aðilar sem tilnefndir eru af opinberum stofnunum. Nefndinni er ætlað að tryggja samráð og samræma sjónarmið landbúnaðarráðuneytis og sjávarútvegsráðuneytis um fiskeldi á landi og í sjó en gera má ráð fyrir að verkefni nefndarinnar varði m.a. staðsetningu fiskeldis- og hafbeitarstöðva, leyfilegar eldistegundir, stærðir stöðva og eldiseininga, söfnun upplýsinga um fiskeldi í öðrum löndum, uppbyggingu stoðgreina sem þörf er á við fiskeldi og fleiri atriði sem geta varðað starfrækslu fiskeldis og hafbeitar. Einnig er nefndinni samkvæmt 62. gr. laganna ætlað að vera umsagnaraðili um veitingu rekstrarleyfa sem landbúnaðarráðherra gefur út. Þá er fiskeldisnefnd ætlað að vera umsagnaraðili við ákvarðanir landbúnaðarráðherra samkvæmt 78. gr. laganna um að takmarka eða banna fiskeldi eða hafbeit eða ákveðnar eldisaðferðir í einstaka fjörðum, flóum eða landsvæðum sem teljast sérlega viðkvæm gagnvart slíkri starfsemi og ákvarðanir um svæðaskiptingu meðfram strönd landsins og heildarframleiðslu á hverju svæði. Þá mun nefndin sinna þeim verkefnum sem henni eru falin samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma.

Um 8. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið samræmist ákvæði 4. mgr. 62. gr. núgildandi laga. Mikill misbrestur er á að þessu ákvæði hafi verið fylgt í framkvæmd. Ef þetta frumvarp verður að lögum verður fiskeldis- og hafbeitarstöðvum sem eru í rekstri í dag óheimilt að starfa að ári liðnu nema þær hafi fengið rekstrarleyfi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum.

Tilgangur með frumvarpinu er að setja skýrari og ítarlegri ákvæði um fiskeldi og hafbeit. Kveðið er á um aukinn leyfiskostnað og eftirlit. Gert er ráð fyrir að sótt verði um 5–10 leyfi til hafbeitar og fiskeldis árlega. Einnig verður innt af hendi eftirlit með um 60 eldisstöðvum. Skv. 3. gr. skulu leyfisgjöld og grunnrannsóknir vera greidd samkvæmt gjaldskrá staðfestri af landbúnaðarráðherra. Eftirlitsgjöld skv. 6.gr. frumvarpsins eru 0,25% af brúttósöluverði framleiðslu fiskeldis- og hafbeitarstöðva miðað við ársreikning næstliðið ár á undan álagningu. Ekki verður hægt að innheimta gjaldið fyrr en einu ári eftir gildistöku laganna og því er ekki gert ráð fyrir innheimtu fyrir árið 2001. Áætlað er að eftirlitsgjaldið skili um 8 m.kr. frá og með árinu 2002. Áætlað er að leyfis- og eftirlitsgjöld komi á móti auknum kostnaði sem frumvarpið hefur í för með sér. Einnig er kveðið á um að stofna skuli fiskeldisnefnd. Kostnaður við nefndina er áætlaður um 0,5 m.kr. og gert er ráð fyrir að sá kostnaður rúmist innan fjárheimilda landbúnaðarráðuneytisins.

640. Frumvarp til laga [390. mál]

um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum.

Flm.: Vilhjálmur Egilsson, Ásta Möller, Árni R. Árnason,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Pétur H. Blöndal.

1. gr.

Við lögin bætist ný grein, sem verður 6. gr., svohljóðandi:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal framselja einkaleyfi sitt til smásölu áfengis samkvæmt áfengislögum til matvöruverslana sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Rekstraraðili matvöruverslunar þarf að hafa fengið leyfi sveitarstjórnar til rekstrar áfengisútsölu samhliða annarri starfsemi sinni.
2. Það hillurými sem nýtt er undir áfengi skal að hámarki nema 5% af heildarhillurými viðkomandi verslunar og skulu áætlanir um hillurými fyrir áfengi og útreikningar þar að lútandi lagðir fyrir sveitarstjórn samhliða umsókn um leyfi til rekstrar áfengisútsölu.

Matvöruverslun sem selur áfengi samkvæmt 1. mgr. skal óheimill aðgangur að innkaupakerfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2001.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að opnað verði fyrir smásöluverslun með áfenga drykki í almennum matvöruverslunum. Smásöluverslun með áfengi er nú alfarið í höndum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins sem hefur einkaleyfi á þessari starfsemi samkvæmt áfengislögum. Öll þróun íslensks samfélags á síðustu áratugum bendir til þess að núverandi fyrirkomulag smásöluverslunar með áfengi sé orðið tímaskekkja. Aukin krafa viðskiptavina um þjónustu hefur leitt til þess að einokun ríkisins á smásöluverslun með áfengi þjónar ekki lengur nema að mjög litlu leyti þeim tilgangi að takmarka aðgang viðskiptavina að áfengi. Á undanförnum árum hafa margar útsölur verið opnaðar og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur neyðst til þess að koma til móts við viðskiptavini með ýmsum hætti. Lögum um verslun með áfengi var enn fremur breytt á vorþingi 1999 þar sem afgreiðslutími var rýmkaður og tekin af öll tvímæli um að heimilt væri að greiða fyrir vöruna með greiðslukortum.

Nú er svo komið að viðskiptavinir gera sífellt harðari kröfu um eðlilegan aðgang að vörunni, enda er neysla áfengis fyllilega lögleg þegar tilskildum aldri er náð og innan þess ramma sem áfengislög eða önnur lög setja. Sífellt fleiri viðskiptavinir vilja ekki vera neyddir til viðskipta við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og taka ekki undir þá skoðun að viðskipti þeirra séu slíkt vandamál að það þarfnist einokunar ríkisins á þeim.

Markmiðið með rekstri einkasölu ríkisins á áfengi í smásölu hefur verið að draga úr neyslu þess með takmörkuðum aðgangi að því. Með sífellt fleiri útsölum og bættri þjónustu hefur þetta markmið vikið og fyrirkomulag starfseminnar líkist æ meira venjulegum einokunarrekstri þar sem leitast er við að uppfylla þarfir viðskiptavinanna án þess að kosta of miklu til. Aldrei verður þó möguleiki á að koma svo til móts við viðskiptavini að þeir njóti sambærilegs aðgangs að vörunni og almennt gildir um matvöru.

Verði sú breyting að lögum sem lögð er til í frumvarpinu fá viðskiptavinir eðlilegan aðgang að þessari vöru. Sjálfsagt mun það hafa í för með sér meiri neyslu. Neysluaukningin mun þó væntanlega fyrst og fremst koma fram hjá þeim sem neyta áfengis í hófi því að þeir sem á annað borð stunda ofneyslu þess hafa hingað til ekki látið hinn takmarkaða aðgang aftra sér frá neyslu. Hófleg neysla áfengis er hins vegar almennt talin skaðlaus fyrir fullorðið fólk og í ýmsum tilvikum er hún til bóta fyrir heilsu og líðan.

Frumvarp þetta er einfalt í sniðum og gerir ráð fyrir því að hin formlega breyting feli í sér að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins verði skylt að framselja einkaleyfi sitt til annarra aðila sem uppfylla þau skilyrði sem sett eru. Þeir sem þannig fengju leyfi til smásölu hefðu sjálfir fullar heimildir til þess að ákveða framboð og tegundir innan þess ramma sem settur yrði. Þeir munu væntanlega eiga bein viðskipti við framleiðendur og heildsöluaðila í innkaupum sínum á áfengi.

Samkvæmt áfengislögum veita sveitarstjórnir leyfi fyrir áfengisútsölum og geta bundið leyfin ýmsum skilyrðum, svo sem um staðsetningu verslunar og afgreiðslutíma. Enn fremur eru gerðar kröfur til smásöluaðilans um að hann ábyrgist öryggis- og eftirlitsbúnað húsnæðisins og afmörkun og aðgreiningu frá öðrum rekstri. Dómsmálaráðherra getur kveðið nánar á um hámarksafgreiðslutíma og önnur skilyrði varðandi smásöluleyfi í reglugerð.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að áfengi verði selt í matvöruverslunum eins og aðrar vörur. Í öllum venjulegum bókhaldskerfum er unnt að halda viðskiptum með þessa vöru aðgreindum frá öðrum rekstri og unnt er að setja skilyrði um frágang á hillum, kælum eða annarri söluaðstöðu sem mæla fyrir um takmarkaðri afgreiðslutíma en á öðrum vörum ef það þykir við hæfi.

Smásöluaðilum yrði falið sjálfum að ákveða vöruframboð og þar sem hillurými sem undir vöruna fer er takmarkað má ætla að fyrst og fremst verði boðið fram léttvín og bjór. Það eru

þær áfengistegundir sem fyrst og fremst henta í matvöruverslunum og í samræmi við það sem tíðkast erlendis. Smásöluaðilunum er óheimill aðgangur að innkaupakerfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins skv. 2. mgr. 1. gr., en með því er tryggt að þeim verði ekki mismunað.

Í frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir því að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins verði lögð niður. Ætla má að áfram verði rekstrargrundvöllur fyrir sérhæfðar áfengisverslanir þótt matvöruverslanir fái takmarkaða möguleika til að bjóða vöruna til sölu. Þetta á þó fyrst og fremst við um fjölmenn byggðarlög þar sem sérhæfðar áfengisverslanir eru. Í fámennari byggðarlögum munu viðskiptin væntanlega færast í matvöruverslanirnar og það bætir líka úr þeirri grófu mismunun á aðgengi sem íbúar fámennra byggðarlaga hafa mátt þola.

641. Frumvarp til laga [391. mál]

um framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Gildissvið.

Nú fer Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn þess á leit, í samræmi við samþykkt dómstólsins frá 17. júlí 1998 (Rómarsamþykkt), að hér á landi verði framkvæmdar aðgerðir vegna rannsóknar eða meðferðar máls og skal þá farið með slíkar beiðnir í samræmi við ákvæði þessara laga. Sama gildir um beiðnir dómstólsins um fullnustu dóma.

Beiðni um aðgerðir skv. 1. mgr. skal send dómsmálaráðherra sem hefur að öðru leyti samskipti við dómstólinn fyrir hönd íslenska ríkisins.

2. gr.

Afhending manns til dómstólsins.

Að beiðni dómstólsins skal afhenda mann sem dvelur hér á landi og er grunaður um brot sem fellur undir lögsögu dómstólsins eða hefur verið ákærður eða dæmdur fyrir slíkt brot.

Um meðferð máls skv. 1. mgr. gilda ákvæði II. kafla laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum að því leyti sem þau eiga við.

Dómsmálaráðherra getur veitt heimild til þess að maður sem annað ríki hefur samþykkt að afhenda dómstólnum verði fluttur um yfirráðasvæði íslenska ríkisins.

3. gr.

Önnur aðstoð.

Íslenskir dómstólar og stjórnvöld geta að beiðni dómstólsins veitt þá aðstoð sem tilgreind er í 93. gr. Rómarsamþykktarinnar að því tilskildu að slík beiðni sé í samræmi við önnur ákvæði samþykktarinnar.

Að beiðni dómstólsins er dómsmálaráðherra heimilt að veita starfsmönnum dómstólsins leyfi til að yfirheyra vitni og framkvæma aðrar rannsóknaraðgerðir hér á landi. Um meðferð slíkra beiðna fer eftir lögum um meðferð opinberra mála.

4. gr.

Beiting þvingunarráðstafana.

Heimilt er að handtaka þann sem dómstóllinn hefur óskað afhendingar á skv. 1. mgr. 2. gr. og beita öðrum þvingunarráðstöfunum að beiðni dómstólsins. Um meðferð slíkra beiðna fer eftir lögum um meðferð opinberra mála.

Ef lög gera það að skilyrði fyrir beitingu þvingunarráðstafana að fyrir liggi rökstuddur grunur um refsivert brot skal leggja til grundvallar niðurstöðu dómstólsins um það atriði.

Maður sem úrskurðaður hefur verið í gæsluvarðhald skv. 1. mgr. getur gert kröfu um að hann skuli leystur úr gæsluvarðhaldi þar til afhending til dómstólsins fer fram. Krafa þess efnis skal borin fram við héraðsdóm.

Við mat á kröfu um lausn úr gæsluvarðhaldi skv. 3. mgr. þar til afhending fer fram skal dómari hafa hliðsjón af þeim atriðum sem fram koma í 4. mgr. 59. gr. Rómarsamþykktarinnar. Áður en héraðsdómur tekur slíka kröfu til úrskurðar skal tilkynning um meðferð kröfunnar fyrir héraðsdómi send dómstólnum og honum gefinn kostur á að gera athugasemdir af því tilefni.

5. gr.

Verjandi sakbornings.

Maður sem grunaður er um eða ákærður fyrir háttsemi sem fellur undir lögsögu dómstólsins skal eiga rétt á aðstoð verjanda að eigin vali vegna meðferðar málsins hér á landi. Skal honum tilkynnt um þennan rétt.

Þóknun verjanda greiðist úr ríkissjóði og skal ákveðin samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

6. gr.

Réttargæslumaður brotaþola.

Brotaþoli í máli sem fellur undir lögsögu dómstólsins getur óskað eftir að fá skipaðan réttargæslumann ef ástæða þykir til að ætla að hann hafi orðið fyrir verulegu tjóni á líkama eða heilsu vegna háttsemi ákærða og talið er nauðsynlegt að hann njóti aðstoðar réttargæslumanns.

Ákvæði VII. kafla laga um meðferð opinberra mála skulu gilda eftir því sem við á.

7. gr.

Ne bis in idem.

Maður verður ekki ákærður eða dæmdur hér á landi fyrir verknað sem dómur hefur fallið um hjá dómstólnum.

8. gr.

Fullnusta dóma Alþjóðlega sakamáladómstólsins hér á landi.

Að beiðni dómstólsins er heimilt að fullnægja dómum hans hér á landi. Dómum má fullnægja þótt dómþoli sé ekki íslenskur ríkisborgari eða búsettur hér á landi.

Fullnusta dóma hér á landi skal fara fram í samræmi við ákvæði 10. kafla Rómarsamþykktarinnar.

9. gr.

Refsingar fyrir brot gegn dómstólnum eða starfsmönnum hans.

Ákvæði XII., XV. og XVII. kafla almennra hegningarlaga eiga við um háttsemi sem beinist að dómstólnum eða starfsmönnum hans.

10. gr.

Reglugerðarheimild.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara og um samskipti við dómstólinn.

11. gr.

Gildistaka.

Ákvæði laga þessara taka gildi um leið og Rómarsamþykkt um Alþjóðlega sakamáladómstólinn öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Inngangur.

Frumvarp þetta er samið á vegum refsiréttarnefndar. Var Róbert R. Spanó, mag. jur., lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis og aðjúnkt við lagadeild Háskóla Íslands, fenginn til að semja drög að frumvarpinu, en þau voru síðan rædd á fundum nefndarinnar.

Hinn 28. maí 2000 samþykkti Alþingi tillögu til þingsályktunar um fullgildingu Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn. Eins og greint er frá í athugasemdum við tillöguna var á ríkjaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Róm 17. júlí 1998 samþykktur samningur um stofnun alþjóðlegs sakamáladómstóls sem nefndur hefur verið Rómarsamþykkt um Alþjóðlega sakamáladómstólinn í íslenskri þýðingu og er hún birt sem fylgiskjal með frumvarpi þessu. Samþykktin var undirrituð fyrir Íslands hönd 26. ágúst 1998 og fullgilt 25. maí 2000. Hinn 13. desember 2000 höfðu 116 ríki undirritað samþykktina en 25 ríki fullgilt hana. Skv. 1. mgr. 126. gr. samþykktarinnar öðlast hún gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru 60 dagar frá því að 60. skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði nauðsynleg ákvæði til að dómstólum og stjórnvöldum hér á landi verði unnt að framkvæma ákvæði Rómarsamþykktarinnar í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins. Lagt er til að þær breytingar og viðbætur sem gera verður á íslenskri löggjöf í samræmi við ákvæði Rómarsamþykktarinnar verði gerðar í sjálfstæðum og samfelldum lagabálki en ekki með viðbótum og breytingum á einstökum ákvæðum gildandi laga. Er þá meðal annars leitast við að haga löggjöf þessari í samræmi við fyrirmæli laga um réttaraðstoð við alþjóðadómstólinn sem fjallar um stríðsglæpi í fyrrum Júgóslavíu, nr. 49/1994.

II.

Sögulegur aðdragandi að stofnun varanlegs alþjóðlegs sakamáladómstóls.

Allt frá lokum síðari heimsstyrjaldar hefur innan Sameinuðu þjóðanna verið rætt um hvort stofna skuli varanlegan alþjóðlegan sakamáladómstól. Sögulega ná þó hugmyndir um stofnun slíks dómstóls að minnsta kosti allt aftur til undirritunar Versalasamningsins frá 28. júní 1919. Í ákvæði 229. gr. samningsins var gert ráð fyrir stofnun *ad hoc* alþjóðadómstóls sem hefði það hlutverk að saksækja og dæma í málum þýskra stríðsglæpamanna. Ekkert varð hins vegar af stofnun þessa dómstóls. Í kjölfarið var oft og tíðum rætt um að stofna slíkan dómstól á vettvangi Þjóðabandalagsins. Sú ógn sem á þessum tíma stafaði af alþjóðlegum hryðjuverkasamtökum varð til þess að 16. nóvember 1937 var samþykktur alþjóðasamningur um varnir gegn hryðjuverkum, en II. kafli samningsins laut að stofnun alþjóðlegs sakamáladómstóls. Af sögulegum ástæðum, einkum vegna stjórnmálalegs tíðaranda tengdum uppgangi nasisma og fasisma, kom hins vegar aldrei til þess að dómstóllinn yrði stofnaður.

Eins og vel er kunnugt leiddi síðari heimsstyrjöldin (1939–45) m.a. til stofnunar Alþjóðaherdómstólsins í Nürnberg í Þýskalandi með Stofnskrá fyrir Alþjóðaherdómstólinn sem var viðauki við Lundúnasamþykkt Breta, Bandaríkjamanna, Frakka og Sovétmanna frá 8. ágúst 1945. Hlutverk Nürnberg-dómstólsins var að saksækja og dæma í málum helstu stríðsglæpamanna Möndulveldanna í Evrópu. Með þessu var í fyrsta skipti stofnaður alþjóðlegur dómstóll til að saksækja einstaklinga, án tillits til stöðu þeirra, fyrir glæpi gegn friði (crimes against peace), stríðsglæpi (war crimes) og glæpi gegn mannúð (crimes against humanity).

Í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar var eins og fyrr greinir talsvert rætt um það innan Sameinuðu þjóðanna hvort stofna ætti varanlegan alþjóðlegan sakamáladómstól. Árið 1947 óskaði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna eftir því við alþjóðalaganefnd Sameinuðu þjóðanna (International Law Commission) að hún gerði uppkast að skrá yfir glæpi gegn friði og öryggi mannkyns (Code of Offences Against the Peace and Security of Mankind) og lauk nefndin verki sínu á árinu 1954. Uppkast nefndarinnar var hins vegar ekki rætt af stjórnmálalegum ástæðum. Hinn 9. desember 1948 hafði hins vegar verið samþykktur alþjóðasáttmáli um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir hópmorð sem fullgiltur var hér á landi, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda, nr. 95/1949, og gekk í gildi hér á landi 12. janúar 1951, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda, nr. 123/1950. Í 6. gr. samningsins er gert ráð fyrir stofnun alþjóðlegs sakamáladómstóls.

Lítið sem ekkert var um tilraunir til að setja á laggirnar varanlegan alþjóðlegan sakamáladómstól á næstu áratugum. Það var ekki fyrr en í upphafi tíunda áratugar tuttugustu aldar að verulegur skriður komst á málið innan Sameinuðu þjóðanna. Í lok kalda stríðsins og þegar styrjöldin á Balkanskaga hófst árið 1991 hafði alþjóðalaganefnd Sameinuðu þjóðanna þegar fengið það verkefni að nýju að útbúa drög að samningi um stofnun alþjóðlegs sakamáladómstóls og lauk nefndin því verki árið 1994. Á sama tíma hafði öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hins vegar tekið þá ákvörðun að setja á stofn alþjóðastríðsglæpadómstólinn í málefnum fyrrum Júgóslavíu, staðsettum í Haag, með ályktunum nr. 808 frá 22. febrúar 1993 og nr. 827 frá 25. maí sama ár. Hlutverk dómstólsins var hins vegar afmarkað í tíma og rúmi. Ári síðar ákvað öryggisráðið síðan að setja á stofn sambærilegan dómstól vegna ástandsins í Rúanda, staðsettum í Arusha í Tansaníu.

Ákvarðanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um að setja á stofn *ad hoc* alþjóðadómstólana voru gagnrýndar af stjórnmálamönnum og fræðimönnum á sviði alþjóðlegs refsiréttar, m.a. með tilliti til jafnræðissjónarmiða. Að auki komu upp veruleg vandkvæði við fjármögnun á starfsemi dómstólanna. Í ljósi þessa og aukins áhuga almennings á stofnun varanlegs alþjóðlegs sakamáladómstóls ákvað allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna að byggja á tillögum alþjóðalaganefndarinnar og kanna grundvöllinn að stofnun slíks dómstóls. Í kjölfarið var sett á fót undirbúningsnefnd Sameinuðu þjóðanna um stofnun varanlegs alþjóðlegs sakamáladómstóls. Endanleg drög nefndarinnar að alþjóðasamningi voru lögð fyrir ríkjaráðstefnu sem fram fór í Rómaborg dagana 15. júní til 17. júlí 1998 og var samningurinn samþykktur með miklum meiri hluta atkvæða.

Í athugasemdum við tillögu til þingsályktunar um fullgildingu íslenska ríkisins á Rómarsamþykkt um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, sem lögð var fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi, kemur fram að Ísland var í hópi rúmlega 60 ríkja á ríkjaráðstefnunni í Rómaborg sem lögðu mesta áherslu á að dómstóllinn yrði skilvirkt og öflugt tæki í baráttunni við alþjóðaglæpi. Í athugasemdunum er tekið sérstaklega fram að stofnun Alþjóðlega sakamáladómstólsins sé tvímælalaust eitt mikilvægasta framlag til verndar mannréttindum og friði í heiminum frá stofnun Sameinuðu þjóðanna.

III.

Almennt um efni Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir einstökum köflum og efnisákvæðum Rómarsamþykktarinnar. Jafnframt verður eftir atvikum leitast við að gera grein fyrir samræmi íslenskra laga og tiltekinna ákvæða hennar. Leggja verður hins vegar í upphafi sérstaka áherslu á hugtakanotkun samþykktarinnar sem eðli máls samkvæmt hefur haft veruleg áhrif á þýðingu hennar á íslensku og efni frumvarpsins.

Eins og nánar verður vikið að hér síðar þá greinist „dómstóllinn“ í rýmri merkingu í dómstjórn, áfrýjunardeild, réttardeild, forréttardeild, skrifstofu saksóknara og skrifstofu dómritara, sbr. 34. gr. samþykktarinnar. Þegar notað er hugtakið „dómstóllinn“ í þessu frumvarpi án frekari skýrgreiningar er almennt átt við dómstólinn í heild í þessari rúmu merkingu. Þrengri merking hugtaksins á því aðeins við þegar um er að ræða lýsingu á verkefnum dómstjórnar, áfrýjunardeildar, réttardeildar og forréttardeildar samkvæmt einstökum efnisákvæðum samþykktarinnar.

Rómarsamþykktin er 128 greinar og er skipt í 13. kafla. *Fyrsti kafli samþykktarinnar* hefur að geyma almenn ákvæði um stofnun dómstólsins. Í 3. málsl. 1. gr. er tekið fram að um lögsögu og starfsemi hans fari eftir ákvæðum samþykktarinnar. Með 2. gr. eru áréttuð tengsl dómstólsins við Sameinuðu þjóðirnar en fram kemur að þeim skuli komið á með samningi sem þing aðildarríkja, sbr. 11. kafla, samþykki. Gerir síðan forseti dómstólsins samninginn fyrir hans hönd. Þá er lagt til grundvallar í 3. gr. að dómstóllinn hafi aðsetur í Haag í Hollandi og skal hann hafa réttarstöðu sem alþjóðlegur lögaðili, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. samþykktarinnar. Skv. 2. mgr. 4. gr. getur hann innt störf sín af hendi og beitt valdheimildum sínum eins og kveðið er á um í samþykktinni á yfirráðasvæði hvers aðildarríkis og, samkvæmt sérstökum samningi, á yfirráðasvæði hvaða ríkis annars.

Annar kafli samþykktarinnar fjallar um lögsögu dómstólsins, skilyrði þess að mál sé tækt til meðferðar og réttarheimildir. Í 5. gr. eru með tæmandi hætti tilgreindir þeir glæpir sem falla undir lögsögu dómstólsins, þ.e. hópmorð, glæpir gegn mannúð, stríðsglæpir og glæpir gegn friði. Almennt hefur verið við það miðað að þessir glæpir falli undir samheitið „glæpir gegn mannkyninu“ vegna eðlis þeirra og grófleika. Í samræmi við grundvallarkröfur alþjóðlegra mannréttindasamninga um skýrar og aðgengilegar refsiheimildir er að finna ítarlegar skilgreiningar á hópmorðum, glæpum gegn mannúð og stríðsglæpum í ákvæðum 6.–8. gr. samþykktarinnar. Eins og ráða má af fyrri málsl. 2. mgr. 5. gr. mun lögsaga dómstólsins ekki taka til glæpa gegn friði fyrr en samþykkt hefur verið ákvæði í samræmi við 121. og 123. gr. þar sem glæpirnir eru skilgreindir og sett eru skilyrði fyrir því að dómstóllinn beiti lögsögu sinni að því er þá varðar. Dómstóllinn hefur einungis lögsögu að því er varðar glæpi sem eru framdir eftir að samþykktin öðlast gildi, sbr. 1. mgr. 11. gr. samþykktarinnar.

Í ákvæðum 12.–20. gr. samþykktarinnar er meðal annars að finna fyrirmæli um grunnforsendur fyrir því að dómstóllinn geti beitt lögsögu sinni, um frávísunarástæður, um forúrskurði um hvort mál sé tækt til meðferðar, um meðferð mála þegar mótmæli koma fram gegn því að dómstóllinn hafi lögsögu eða að mál sé tækt til meðferðar og um meginregluna um *ne bis in idem*. Lýsing á efni þessara reglna og samspili þeirra innbyrðis er nokkuð flókin og er því rétt að um þær verði fjallað á heildstæðan hátt í kafla IV. hér síðar.

Í 21. gr. samþykktarinnar eru taldar upp með tæmandi hætti þær réttarheimildir sem dómstóllinn skal beita í störfum sínum. Taka verður sérstaklega fram að skv. 3. mgr. 21. gr. er dómstólnum skylt að beita og túlka þær réttarreglur sem fram koma í ákvæðinu með þeim hætti að samrýmanlegt sé alþjóðlega viðurkenndum mannréttindareglum og vera án allrar mismununar.

Þriðji kafli samþykktarinnar hefur að geyma tilgreiningu á grundvallarreglum refsiréttar sem dómstólnum ber að leggja til grundvallar við mat á því hvort refsiábyrgð hafi stofnast í einstökum málum. Ákvæði 22.–24. gr. fjalla um meginregluna um lögbundnar refsiheimildir (*nullum crimen sine lege* og *nulla poena sine lege*) og bann við afturvirkni refsilaga. Þess skal getið að gert er ráð fyrir þessari meginreglu í 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 1. mgr. 7. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994. Þá skal sérstaklega vakin athygli á ákvæði 29. gr. samþykktarinnar en þar kemur fram sú meginregla að þeir glæpir sem falli undir lögsögu dómstólsins, sbr. 5. gr., fyrnist ekki. Með 26. gr. samþykktarinnar er lögsaga dómstólsins takmörkuð við einstaklinga sem eru 18 ára og eldri þegar ætlaður glæpur er framinn, sem fellur annars undir lögsögu dómstólsins.

Samkvæmt 1. mgr. 27. gildir samþykktin jafnt um alla án tillits til opinberrar stöðu. Fram kemur að einkum skuli maður í opinberri stöðu, sem er þjóðhöfðingi eða leiðtogi ríkisstjórnar, situr í ríkisstjórn eða á þjóðþingi eða er kjörinn fulltrúi eða embættismaður, undir engum kringumstæðum njóta undanþágu frá refsiábyrgð samkvæmt samþykktinni né heldur skuli staða hans sem slík vera ástæða til refsimildunar. Með þessu fyrirkomulagi er þannig gert ráð fyrir að menn í opinberum stöðum verði ekki undanþegnir lögsögu Alþjóðlega sakamáladómstólsins enda þótt þeir njóti friðhelgi að landslögum. Með 2. mgr. 27. gr. er nánar tekið fram að friðhelgi eða sérstakar málsmeðferðarreglur, sem kunna að vera bundnar opinberri stöðu manns samkvæmt landslögum eða þjóðarétti, skuli ekki koma í veg fyrir að dómstóllinn beiti lögsögu sinni gagnvart viðkomandi manni.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. stjórnarskrárinnar er forsetinn ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Hinu sama gegnir um handhafa forsetavalds á hverjum tíma. Fram kemur síðan í 2. mgr. 11. gr. að forseti verði ekki sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis. Í 1. mgr. 13. gr. er kveðið á um að forsetinn láti ráðherra framkvæma vald sitt og bera ráðherrar ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum, sbr. 1. málsl. 14. gr. stjórnarskrárinnar. Hefur samkvæmt þessu verið litið svo á að forsetinn sé jafnan ábyrgðarlaus og fari ráðherrar á hverjum tíma í raun og veru með valdið en ekki forseti.

Samkvæmt 2. málsl. 14. gr. stjórnarskrárinnar skal ráðherraábyrgð ákveðin með lögum, sbr. nú lög um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, sem leystu af hólmi lög um ábyrgð ráðherra Íslands, nr. 2/1904. Skv. 3. málsl. 14. gr. stjórnarskrárinnar getur Alþingi kært ráðherra fyrir embættisrekstur sinn. Enda þótt orðalag þessa ákvæðis 14. gr. stjórnarskrárinnar útiloki ekki að aðrir en Alþingi geti farið með ákæruvald vegna embættisbrota ráðherra, er þó almennt viðurkennt að svo sé í raun. Þannig kemur fram í 14. gr. laga nr. 4/1963 að málshöfðun eftir lögunum geti ekki átt sér stað ef Alþingi hefur ekki tekið ákvörðun um hana innan tiltekins frests. Sambærileg fyrirmæli koma fram í 11. gr. laga nr. 3/1963, en þar segir að landsdómur dæmi þau mál er Alþingi lætur höfða gegn ráðherra út af embættisrekstri hans. Hafa fræðimenn samkvæmt framangreindu jafnan gengið út frá því að Alþingi hafi eitt ákæruvald á hendur ráðherra vegna brota í embættisrekstri hans.

Samkvæmt 1. mgr. 49. gr. stjórnarskrárinnar má ekki, meðan Alþingi er að störfum, setja neinn alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða mál á móti honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp. Þá verður enginn alþingismaður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi. Í 1. mgr. 49. gr. stjórnarskrárinnar er samkvæmt framangreindu kveðið á um takmarkaða friðhelgi alþingismanna meðan á störfum Alþingis stendur, sbr. orðalagið „nema hann sé staðinn að glæp“.

Í ljósi þeirrar ríku lýðræðishefðar og virðingar fyrir mannréttindum sem lengi hefur einkennt stjórnskipun hér á landi og endurspeglast meðal annars í stjórnarskránni þykir harla ólíklegt að í raun reyni á álitaefni um ábyrgð forseta eða ráðherra. Af þeim sökum hefur 27.

gr. samþykktarinnar ekki verið talin standa því í vegi að fullgilda mætti samþykktina hér að óbreyttum ákvæðum laga um ábyrgð forseta og ráðherra. Er það sama niðurstaða og orðið hefur í öðrum ríkjum, sem búa við svipaða stjórnskipun, um ábyrgð þjóðhöfðingja og ráðherra að landsrétti.

Í ákvæðum 25. og 30. gr. samþykktarinnar er vikið að almennum reglum um hlutlæg og huglæg efnisskilyrði refsiábyrgðar. Í 28. gr. er hins vegar að finna sérákvæði um ábyrgð herforingja og annarra yfirmanna. Ákvæði 31.–33. gr. lúta síðan að refsileysisástæðum, staðreynda- eða lögvillu og skilyrðum fyrir því að fyrirskipun yfirboðara firri mann refsiábyrgð.

Fjórði kafli samþykktarinnar snýr að skipan og stjórn dómstólsins. Ekki er ástæða til að fara mörgum orðum um þau ákvæði. Rétt er þó að nefna sérstaklega 34. gr. en þar kemur fram að dómstóllinn skuli skiptast í dómstjórn, áfrýjunardeild, réttardeild, forréttardeild, skrifstofu saksóknara og skrifstofu dómritara. Er síðan að finna nánari ákvæði um einstakar starfseiningar dómstólsins í ákvæðum kaflans. Ákvæði 36. gr. samþykktarinnar fjallar um hæfniskröfur, tilnefningar og kjör dómara. Þá er að finna reglur um sjálfstæði, lausn og vanhæfi dómara í ákvæðum 40. og 41. gr. Ákvæði 48. gr. samþykktarinnar snýr síðan meðal annars að forréttindum og friðhelgi dómara, saksóknara, varasaksóknara og dómritara.

Samkvæmt 1. mgr. 50. gr. samþykktarinnar skulu opinber tungumál dómstólsins vera arabíska, enska, franska, kínverska, rússneska og spænska. Dóma, sem eru kveðnir upp af dómstólnum, svo og aðrar ákvarðanir sem leysa úr grundvallaratriðum fyrir dómstólnum, skal birta á hinum opinberu tungumálum, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 50. gr. Í 2. mgr. 50. gr. er sagt fyrir um að vinnumál dómstólsins verði enska og franska.

Í 51. og 52. gr. eru mikilvæg ákvæði um gerð reglna um málsmeðferð og sönnun fyrir dómstólnum og reglna um daglega starfsemi hans. Skv. 1. mgr. 51. gr. skulu reglurnar um málsmeðferð og sönnun öðlast gildi þegar tveir þriðju hlutar fulltrúa á þingi aðildarríkjanna hafa samþykkt þær. Tekið er sérstaklega fram í 5. mgr. 51. gr. að ef ósamræmi verður á milli samþykktarinnar og reglna um málsmeðferð og sönnun gangi samþykktin framar.

Fimmti kafli samþykktarinnar fjallar um rannsókn og saksókn mála. Saksóknari skal eftir að hafa metið þær upplýsingar sem hann hefur fengið hefja rannsókn nema hann ákveði að ekki séu gild rök til þess að halda málinu áfram á grundvelli samþykktarinnar, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 53. gr. Í a–c-liðum 2. málsl. 1. mgr. 53. gr. samþykktarinnar eru rakin þau sjónarmið sem saksóknarinn ber að leggja til grundvallar við mat sitt. Ákvæði 54. gr. hefur að geyma ákvæði um skyldur og valdheimildir saksóknara við rannsókn máls. Í 1. mgr. 54. gr. kemur fram sú grundvallarregla að saksóknaranum er skylt að leiða sannleikann í ljós, láta rannsóknina taka til allra staðreynda og sönnunargagna sem máli skipta til að meta hvort um sé að ræða refsiábyrgð á grundvelli samþykktarinnar og skal hann þá kanna jafnt þær aðstæður sem benda til sektar og þær sem benda til sakleysis. Þessi fyrirmæli samþykktarinnar eru í samræmi við grunnreglu íslensks sakamálaréttarfars, sbr. 31. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Í 2. mgr. 54. gr. samþykktarinnar er gert ráð fyrir að saksóknarinn geti stjórnað rannsókn á yfirráðasvæði ríkis í samræmi við ákvæði 9. kafla eða með leyfi forréttarstofu samkvæmt d-lið 3. mgr. 57. gr. samþykktarinnar. Gerir þetta ákvæði ráð fyrir, eins og nánar verður rakið síðar, að aðildarríki kveði á um slíkt fyrirkomulag í landslögum.

Ákvæði 55. gr. samþykktarinnar kveður á um réttindi einstaklinga við rannsókn máls. Engum vafa er undirorpið að með ákvæðinu er fullnægt þeim skilyrðum sem koma fram í alþjóðlegum mannréttindasamningum, svo sem 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994, og 9. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, og íslenskri löggjöf, sbr. 67. gr. stjórnarskrárinnar og lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Með ákvæðinu er raunar að sumu leyti gengið lengra í þá átt að vernda hagsmuni sak-

bornings en leiðir með óyggjandi hætti af gildandi kröfum þjóðaréttar og íslensks réttar, sbr. t.d. fyrirmæli b-liðar 2. mgr. 55. gr. samþykktarinnar, en þar kemur fram að sakborningi sé heimilt að neita að tjá sig við yfirheyrslu án þess að þögn hans hafi áhrif við mat á sekt hans eða sakleysi. Rétt er þó að taka fram að ekki er útilokað að íslensk löggjöf verði skýrð með þeim hætti að framangreind regla verði leidd af gildandi ákvæðum um réttarstöðu kærðra manna við yfirheyrslur hjá rannsóknara. Kemur hér einkum til skoðunar túlkun Mannréttindadómstóls Evrópu á ákvæði 6. gr. mannréttindasáttmálans, sbr. til hliðsjónar niðurstöðu dómstólsins í málinu nr. 35718/97, Condron gegn Englandi, sem upp var kveðinn 2. maí 2000.

Ákvæði 56.–58. gr. lúta að verkefnum og valdheimildum forréttarstofu. Mælt er í 59. gr. fyrir um málsmeðferð við handtöku í gæsluríki. Skv. 1. mgr. ákvæðisins skal aðildarríki, sem fengið hefur beiðni um handtöku og gæslu eða handtöku og afhendingu, þegar í stað gera ráðstafanir til þess að handtaka viðkomandi í samræmi við landslög og ákvæði 9. kafla. Þarna er skýrt kveðið á um að þegar formleg beiðni frá dómstólnum um handtöku tiltekins einstaklings berst aðildarríki skuli meðferð slíkrar beiðni hjá þar til bærum yfirvöldum í aðildarríki fara m.a. eftir landslögum. Eins og nánar verður fjallað um í kafla IV.3 verður íslensk löggjöf því að kveða á um slíka málsmeðferð með skýrum og glöggum hætti. Ákvæði 60.–61. gr. samþykktarinnar geyma loks ákvæði um upphaf málsmeðferðar fyrir dómstólnum, m.a. um staðfestingu ákæruatriða fyrir dómsmeðferð.

Sjötti kafli samþykktarinnar fjallar um meðferð máls fyrir dómi. Ákvæði 62.–63. gr. lúta að þingstað og kröfu um að ákærði sé viðstaddur dómsmeðferð. Þá hefur 64. gr. að geyma sérstök ákvæði um hlutverk og valdheimildir réttarstofu og fjalla fyrirmæli 65. gr. samþykktarinnar um meðferð máls við játningu. Í 1. mgr. 66. gr. samþykktarinnar kemur fram sú almenna grundvallarregla að sérhver maður teljist saklaus uns sekt hans er sönnuð fyrir dómstólnum. Þessi meginregla, sem jafnan er álitin ein af grunnstoðum réttarríkisins, er varin með 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar. Með 2. og 3. mgr. 66. gr. samþykktarinnar er kveðið á um að sönnunarbyrðin um sekt ákærða hvíli á saksóknaranum og verði dómstóllinn að vera sannfærður um að sekt hans sé hafin yfir skynsamlegan vafa.

Í 67. gr. samþykktarinnar er kveðið á um réttindi ákærða við dómsmeðferð máls. Fyrirmæli ákvæðisins eru ítarleg og eru sett með það í huga að fullnægja þeim kröfum sem leiðir af 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. hér á landi 1. gr. laga nr. 62/1994, og 14. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Telja verður að ákvæðið uppfylli að öllu leyti þau skilyrði um réttarstöðu ákærða sem fram koma í 70. gr. stjórnarskrárinnar og lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Rétt er að huga sérstaklega að ákvæði 68. gr. samþykktarinnar. Með 1. mgr. greinarinnar er dómstólnum gert skylt að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja öryggi, líkamlega og andlega velferð, sjálfsvirðingu og einkalíf brotaþola og vitna. Í því sambandi skal dómstóllinn hafa hliðsjón af öllum atriðum sem máli skipta, m.a. aldri þeirra, kynferði og heilsu, svo og eðli glæpsins, einkum, en þó ekki eingöngu, ef glæpurinn felst í kynlífsofbeldi eða kynbundnu ofbeldi eða ofbeldi gegn börnum. Í lokamálslið málsgreinarinnar kemur þó skýrt fram að þær ráðstafanir sem gripið er til við þessar aðstæður skuli ekki skerða eða vera í ósamræmi við réttindi ákærða og réttláta og óvilhalla dómsmeðferð. Í því skyni að vernda brotaþola og vitni eða ákærða geta stofur dómstólsins veitt undanþágu frá meginreglunni um dómþing fyrir opnum dyrum, sbr. 67. gr., og látið hvaða hluta dómsmeðferðarinnar sem er fara fram fyrir luktum dyrum eða heimilað að sönnunargögn séu lögð fram með rafrænum eða öðrum sérstökum hætti, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 68. gr. Einkum skuli slíkar ráðstafanir gerðar þegar um fórnarlömb kynlífsofbeldis er að ræða eða ef barn er brotaþoli eða vitni, nema

dómstóllinn ákveði annað með hliðsjón af öllum aðstæðum, einkum sjónarmiðum brotaþola eða vitnis, sbr. 2. málsl. sömu málsgreinar. Þegar persónulegir hagsmunir brotaþola eru í húfi skal dómstóllinn leyfa að sjónarmið þeirra og áhyggjuefni séu kynnt og að um þau verði fjallað á því stigi dómsmeðferðarinnar sem dómstóllinn telur réttast þó með þeim hætti að ekki skerði eða sé í ósamræmi við réttindi ákærða eða réttláta og óvilhalla dómsmeðferð, sbr. 1. málsl. 3. mgr. 68. gr. samþykktarinnar. Í þessu sambandi er hér rétt að geta ákvæðis 75. gr. en þar kemur fram að dómstóllinn skuli setja meginreglur um skaðabætur til fórnarlamba eða vegna þeirra, þar með talið endurafhendingu, bótagreiðslur og endurhæfingu.

Ákvæði 69. gr. lýtur að reglum um framlagningu sönnunargagna við dómsmeðferð máls. Almennt má segja að í samþykktinni sé fylgt lagahefð hins rómversk-germanska réttarkerfis um þetta atriði. Þá er nánar átt við að gengið sé út frá því að jafnan megi leggja fram öll sönnunargögn sem máli skipta fyrir dóminum, sbr. hér á landi þá meginreglu sem er í 1. mgr. 48. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Var þetta talið rétt og eðlilegt fyrirkomulag í ljósi þess að sönnunarfærsla fyrir dóminum mun ekki fara fram fyrir kviðdómi heldur munu reyndir og löglærðir dómarar meta hvort saksóknarinn hafi sýnt fram á sekt sakbornings umfram skynsamlegan vafa. Samkvæmt þessu kemur fram í 3. mgr. 69. gr. samþykktarinnar að málsaðilum sé heimilt að leggja fram sönnunargögn sem máli skipta. Þá er dómstólnum veittar valdheimildir til þess að krefjast þess að öll sönnunargögn sem hann telur nauðsynleg til þess að ákvarða hið sanna í málinu verði lögð fram. Í 7. mgr. 69. gr. er þó að finna mikilvæga undantekningu frá framangreindri meginreglu en í henni felst málamiðlun þeirra ríkja sem byggja á rómversk-germanskri réttarhefð og þeirra sem hafa byggt fyrirkomulag málsmeðferðar opinberra mála við reglur dómvenjuréttarins þar sem sönnunarfærsla fer jafnan fram fyrir kviðdómi. Í ákvæðinu kemur fram að sönnunargögn sem fengin eru með því að brjóta gegn ákvæðum samþykktarinnar eða alþjóðlega viðurkenndum mannréttindum skulu ekki talin tæk til framlagningar ef (a) brotið vekur verulegar efasemdir um áreiðanleika sönnunargagnanna eða (b) framlagning þeirra yrði talin andstæð réttlátri dómsmeðferð og mundi auk þess spilla henni mjög.

Með ákvæði 70. gr. samþykktarinnar er Alþjóðlega sakamáladómstólnum fengin lögsaga vegna tilgreindra brota á málsmeðferðarreglum hans þegar þau eru framin af ásetningi en verknaðarlýsing þessara brota kemur fram í a–f-liðum 1. mgr. 70. gr. Sem dæmi um slíka háttsemi má nefna þau tilvik þegar gefinn er rangur vitnisburður þó að viðkomandi hafi heitið því að segja sannleikann í samræmi við 1. mgr. 69. gr. og þegar lögð eru fram sönnunargögn sem viðkomandi veit að eru svikin eða fölsuð, sbr. a- og b-liði 1. mgr. 70. gr. samþykktarinnar. Samkvæmt a-lið 4. mgr. 70. gr. skal hvert aðildarríki um sig gera ráðstafanir til þess að ákvæði um refsingar að landsrétti ríkisins við brotum gegn málsmeðferðarreglum við rannsókn og dómsmeðferð opinberra mála skuli einnig ná til þeirra brota sem tilgreind eru í a–f-liðum 1. mgr. 70. gr. samþykktarinnar og framin eru á yfirráðasvæði ríkisins eða af ríkisborgara þess. Í ljósi þessa ákvæðis samþykktarinnar er lagt til í 9. gr. þessa frumvarps að nánar tilgreind refsiákvæði almennra hegningarlaga taki einnig til brota sem beinast að dómstólnum eða starfsmönnum hans.

Ákvæði 72. og 73. gr. lúta að upplýsingagjöf aðildarríkja til dómstólsins þegar til skoðunar koma sjónarmið um þjóðaröryggi eða þegar upplýsingarnar eða skjölin eru upphaflega komin frá þriðja aðila. Segir m.a. í 5. mgr. 72. gr. að ef framlagning upplýsinga mundi að mati ríkis skaða öryggishagsmuni þess beri því að gera allar réttmætar ráðstafanir til þess að leita lausnar með samstarfi og í samráði við saksóknara, ákærða, forréttarstofu eða réttarstofu. Þegar allar réttmætar ráðstafanir hafa verið gerðar til að leysa málið með samstarfi og ríkið telur að það geti ekki með neinu móti eða neinum skilyrðum veitt eða lagt fram upplýs-

ingarnar eða skjölin án þess að skaða öryggishagsmuni sína skal ríkið tilkynna saksóknara eða dómstólnum um það og lýsa nánar ástæðunum fyrir ákvörðun sinni, nema nánari lýsing á ástæðunum mundi óhjákvæmilega skaða öryggishagsmuni ríkisins, sbr. 6. mgr. 72. gr. Í slíkum tilvikum getur dómstóllinn gert tilteknar ráðstafanir, sem fram koma í a- og b-liðum 7. mgr. 72. gr., ef hann telur að sönnunargögnin skipti máli og séu nauðsynleg til þess að skera úr um sekt eða sakleysi ákærða.

Sjöundi kafli samþykktarinnar fjallar um viðurlög. Meginregla 1. mgr. 77. gr. kveður á um að hámark tímabundinnar fangelsisrefsingar sé 30 ár, sbr. a-lið ákvæðisins. Samkvæmt b-lið 1. mgr. 77. gr. er þó heimilt að láta sakfelldan mann sæta lífstíðarfangelsi ef grófleiki glæpsins og persónulegar aðstæður mannsins réttlæta það. Auk fangelsisvistar getur dómstóllinn mælt fyrir um sektir samkvæmt viðmiðum sem kveðið er á um í reglunum um málsmeðferð og sönnun, sbr. a-lið 2. mgr. 77. gr., og upptöku hagnaðar og eigna sem fengnar eru beint eða óbeint með umræddum glæp að óskertum réttindum þriðju aðila í góðri trú, sbr. b-lið sömu greinar.

Vert er að geta hér fyrirmæla 1. mgr. 79. gr. samþykktarinnar um að stofnaður skuli sjóður með ákvörðun þings aðildarríkjanna til styrktar fórnarlömbum glæpa sem falla undir lögsögu dómstólsins og fjölskyldum þeirra. Skal sjóðnum stjórnað í samræmi við viðmiðunarreglur sem þing aðildarríkjanna tekur ákvörðun um, sbr. 3. mgr. sama ákvæðis.

Áttundi kafli samþykktarinnar hefur að geyma fyrirmæli um áfrýjun og endurupptöku mála. Ekki er nauðsynlegt að fara mörgum orðum um efni þeirra. Rétt er þó að nefna að með setningu sjálfstæðra efnisákvæða um heimild dómþola til að áfrýja dómi er gætt að meginreglum þeim sem fram koma í 5. mgr. 14. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og 2. gr. samningsviðauka nr. 7 við mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið hér á landi með 1. gr. laga nr. 62/1994.

Í *níunda kafla samþykktarinnar* eru mikilvæg ákvæði um alþjóðasamstarf og réttaraðstoð. Tilgangur þessa frumvarps er að meginstefnu tengdur þeim skuldbindingum sem íslenska ríkið hefur undirgengist skv. 9. kafla samþykktarinnar. Sökum þessa er rétt að fjalla sérstaklega um þessi efnisákvæði í IV. kafla hér á eftir. Sama gildir um ákvæði *tíunda kafla samþykktarinnar* um fullnustu dóma Alþjóðlega sakamáladómstólsins og hlutverk aðildarríkja að samþykktinni í því efni.

Ellefti kafli samþykktarinnar fjallar um þing aðildarríkjanna. Með 1. mgr. 112. gr. er stofnað þing ríkja sem aðild eiga að Rómarsamþykktinni. Fram kemur í 2. málsl. 1. mgr. að hvert aðildarríki skuli eiga einn fulltrúa á þinginu og með honum megi vera varamenn og ráðgjafar. Hlutverk þingsins er skilgreint í 2. mgr. 112. gr. samþykktarinnar. Skal það meðal annars fjalla um og ganga frá fjárhagsáætlun dómstólsins, sbr. d-lið ákvæðisins. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að skv. 4. mgr. 112. gr. getur þing aðildarríkjanna komið á fót undirstofnunum ef nauðsynlegt þykir, þar á meðal sjálfstæðu eftirlitskerfi sem hefur með höndum eftirlit, mat og rannsókn á dómstólnum í því skyni að auka skilvirkni hans og fjárhagslega hagkvæmni.

Tólfti kafli samþykktarinnar snýr að fjármögnun dómstólsins. Skv. 114. gr. skulu útgjöld dómstólsins og þings aðildarríkjanna, þar með talið skrifstofu þess og undirstofnana, greidd úr sjóðum dómstólsins. Um sjóði dómstólsins og þings aðildarríkjanna er fjallað í 115. gr. samþykktarinnar. Þar segir að útgjöld dómstólsins og þings aðildarríkjanna skuli greiðast, eins og kveðið er á um í fjárhagsáætlun þings aðildarríkjanna, annars vegar með föstum fjárframlögum aðildarríkjanna og hins vegar af fé úr sjóðum Sameinuðu þjóðanna með fyrirvara um samþykkt allsherjarþingsins. Framlög aðildarríkjanna skulu ákveðin í samræmi við samþykktar reglur um kostnaðarskiptingu sem eru byggðar á þeim kvarða sem Sameinuðu þjóð-

irnar hafa samþykkt fyrir fasta fjárhagsáætlun sína og skal þeim jafnað niður í samræmi við meginreglurnar sem kvarðinn er byggður á, sbr. 117. gr. Þess ber að geta að skv. 116. gr. getur dómstóllinn tekið við og notað sem viðbótarsjóði frjáls framlög frá ríkisstjórnum, alþjóðastofnunum, einstaklingum, fyrirtækjum og öðrum aðilum, í samræmi við viðeigandi viðmið sem þing aðildarríkjanna samþykkir.

Þrettándi kafli samþykktarinnar hefur að geyma lokaákvæði. Skv. 120. gr. er óheimilt að gera fyrirvara við samþykktina. Með 124. gr. er ríkjum þó veitt heimild til þess að lýsa því yfir þegar það gerist aðili að samþykktinni að fyrstu sjö árin eftir að hún öðlast gildi gagnvart ríkinu gangist það ekki undir lögsögu dómstólsins að því er varðar stríðsglæpi, sbr. 8. gr., þegar slíkur glæpur er talinn hafa verið framinn af ríkisborgara þess ríkis eða á yfirráðasvæði þess. Ákvæði 121. og 122. gr. geyma fyrirmæli um hvernig mögulegt er að breyta ákvæðum samþykktarinnar. Þá kveður 123. gr. á um að sjö árum eftir að samþykktin hefur öðlast gildi skuli aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna boða til endurskoðunarráðstefnu til þess að fjalla um breytingar á samþykktinni. Áður er rakið að skv. 1. mgr. 126. gr. öðlast samþykktin gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru 60 dagar frá því að 60. skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu. Með 127. gr. er loks gert ráð fyrir því að aðildarríki sé heimilt að segja upp samþykktinni með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og skuli hún öðlast gildi einu ári eftir móttöku tilkynningarinnar nema kveðið sé á um síðari dagsetningu í tilkynningunni.

IV.
Helstu meginreglur Rómarsamþykktarinnar.

1. Fyllingarlögsaga.

Lögsaga Alþjóðlega sakamáladómstólsins er til fyllingar lögsögu einstakra ríkja til að saksækja og dæma í þeim málum sem hér um ræðir eins og skýrt kemur fram í tíundu málsgrein inngangsorða við Rómarsamþykktina. Er þetta fyrirkomulag frábrugðið því sem byggt er á í samþykktum Alþjóðastríðsglæpadómstólsins í málefnum fyrrum Júgóslavíu, eins og ráða má af efnisákvæðum laga um réttaraðstoð íslenska ríkisins við þann dómstól, sbr. lög nr. 49/1994. Lögsaga þess dómstóls er byggð á sjónarmiðum um að dómstóllinn hafi forgang til að saksækja og dæma í málum þeirra einstaklinga sem grunaðir eru um að hafa framið glæpi gegn alþjóðlegum mannúðarlögum á landsvæði Júgóslavíu fyrrverandi frá árinu 1991, sbr. 2. mgr. 9. gr. Haag-samþykktanna.

Meginregla Rómarsamþykktarinnar um fyllingarlögsögu styðst við sjónarmið um að gæta þurfi að fullveldisrétti aðildarríkja að samþykktinni þótt komið sé á fót varanlegum alþjóðlegum sakamáladómstóli. Er hún einnig áréttíng á þeirri grundvallarreglu þjóðaréttar sem vísað er sérstaklega til í sjöttu málsgrein inngangsorða samþykktarinnar um að það sé skylda sérhvers ríkis að beita refsilögsögu sinni gagnvart þeim sem bera ábyrgð á alþjóðaglæpum. Samkvæmt samþykktinni er það á valdi aðildarríkis að ákveða í upphafi hvort það muni sjálft annast rannsókn, saksókn og dómsmeðferð í málum sem annars mundu falla undir lögsögu Alþjóðlega sakamáladómstólsins. Í þessu sambandi er einnig rétt að nefna hér ákvæði áttundu málsgreinar inngangsorða samþykktarinnar en þar kemur fram að aðildarríkin leggja á það áherslu að engin ákvæði samþykktarinnar beri að skilja á þann veg að aðildarríki sé heimilt að blanda sér í hernaðarátök eða innanríkismál annars ríkis. Ljóst er að með þessum fyrirmælum hafa aðildarríki leitast við að gæta þeirrar meginreglu þjóðaréttar, sem fram kemur í 7. mgr. 2. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, að ríkjum sé óheimilt að skipta sér af innanríkismálum annarra ríkja með beinum eða óbeinum hætti.

Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn getur samkvæmt meginreglunni um fyllingarlögsögu aðeins krafist afhendingar sakbornings ef ríkið sem í hlut á, og hefur viðkomandi einstakling undir höndum, skortir vilja eða getu til að annast viðeigandi aðgerðir gegn honum, sbr. efnisákvæði 17. gr. samþykktarinnar. Skv. 2. og 3. mgr. 17. gr. er það hins vegar á valdi dómstólsins að meta hvort um sé að ræða skort á vilja eða getu ríkis í tilteknu máli. Að því er varðar hvort ríki skorti vilja til aðgerða metur dómstóllinn, með hliðsjón af meginreglum um réttláta málsmeðferð sem viðurkenndar eru að þjóðarétti, hvort eitthvert tilgreindra atriða sem fram koma í a–c-liðum 2. mgr. 17. gr. samþykktarinnar séu fyrir hendi. Varðandi það hvort skortur sé á getu ríkis til aðgerða metur dómstóllinn hvort ríkið geti ekki handtekið ákærða eða aflað nauðsynlegra sönnunargagna eða sé á annan hátt ófært um að rétta í málinu vegna þess að réttarkerfi þess sé með öllu eða að verulegu leyti óstarfhæft, sbr. 3. mgr. 17. gr. samþykktarinnar.

2. Hvenær verður lögsaga Alþjóðlega sakamáladómstólsins virk?

2.1. Inngangur.

Í viðræðum ríkja á fundum undirbúningsnefndar Sameinuðu þjóðanna um stofnun alþjóðlegs sakamáladómstóls var jafnan lagt til grundvallar af hálfu meiri hluta ríkja að einstök þjóðríki hefðu svokallaða „allsherjarlögsögu“ (universal jurisdiction) til að saksækja og dæma í málum einstaklinga er grunaðir væru um hópmorð, glæpi gegn mannúð eða stríðsglæpi. Væri slík lögsaga byggð á þjóðréttarvenju sem hefði stöðu *jus cogens*. Efnisinntak slíkrar lögsögu er að ríkjum er heimilt að rétta yfir manni án samþykkis annarra ríkja, svo sem þegnríkis hans eða ríkis þar sem hin meinta refsinæma háttsemi átti sér stað. Almennt er talið að rætur þessarar þjóðréttarvenju um allsherjarlögsögu megi leiða af áhrifum Nürnberg-réttarhaldanna á þróun alþjóðlegs refsiréttar. Sum ríki lögðu áherslu á að Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn hefði allsherjarlögsögu eins og einstök þjóðríki væru talin hafa að þjóðarétti. Lagði Þýskaland meðal annars fram formlega tillögu þess efnis á framangreindum fundum undirbúningsnefndar Sameinuðu þjóðanna en hún náði ekki fram að ganga. Eins og sjá má af ákvæðum 12. gr. samþykktarinnar var hins vegar farin skemmri leið, það er að veita Alþjóðlega sakamáladómstólnum sjálfvirka lögsögu (automatic/inherent jurisdiction).

2.2. Grunnforsendur lögsöguvalds.

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. samþykktarinnar viðurkennir ríki, sem gerist aðili að samþykktinni, lögsögu dómstólsins að því er varðar þá glæpi sem um getur í 5. gr., þ.e. hópmorð, glæpi gegn mannúð, stríðsglæpi og glæpi gegn friði, sbr. þó 2. mgr. 5. gr. samþykktarinnar. Með þessu ákvæði er lagður grunnurinn að meginreglunni um sjálfvirka lögsögu. Dómstóllinn er þannig ekki knúinn til að æskja samþykkis aðildarríkja í hverju tilviki heldur leiðir það af aðildinni einni og sér að viðurkennd sé lögsaga dómstólsins í einstökum tilvikum að öðrum grunnskilyrðum fullnægðum.

Grunnforsendur fyrir því að lögsaga dómstólsins verði virk í einstöku máli koma fram í 2. mgr. 12. og 13. gr. Í fyrrnefnda ákvæðinu er gert að skilyrði fyrir beitingu dómstólsins á lögsögu sinni að annaðhvort ríkið þar sem hin meinta refsinæma háttsemi átti sér stað (a-liður 2. mgr. 12. gr.) eða/og þegnríki sakbornings (b-liður 2. mgr. 12. gr.) eigi aðild að samþykktinni eða hafi viðurkennt lögsögu dómstólsins með yfirlýsingu til dómritara skv. 3. mgr. 12. gr. samþykktarinnar. Að uppfylltum þessum grunnskilyrðum getur dómstóllinn skv. 13. gr. samþykktarinnar í fyrsta lagi beitt lögsögu sinni ef aðildarríki vísar til saksóknara aðstæðum þar sem einn eða fleiri glæpir í merkingu 5. gr. hafa verið framdir, sbr. a-lið ákvæðisins. Nánar er kveðið á um tilvísun aðildarríkis í 14. gr. samþykktarinnar. Í öðru lagi getur dóm-

stóllinn beitt lögsögu sinni ef öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur á grundvelli VII. kafla sáttmála Sameinuðu þjóðanna vísað aðstæðum til saksóknara, sbr. b-lið 13. gr. Loks getur dómstóllinn beitt lögsögu sinni ef saksóknari hefur hafið rannsókn á slíkum glæpum í samræmi við efnisákvæði 15. gr. samþykktarinnar.

Að skilyrðum 17. gr. uppfylltum er jafnan ekkert því til fyrirstöðu að saksóknari hefji rannsókn á grundvelli tilvísana frá aðildarríkjum eða öryggisráði Sameinuðu þjóðanna telji hann að fyrir hendi sé rökstuddur grundvöllur til áframhaldandi aðgerða. Rétt er þó að geta þess að skv. 16. gr. er saksóknara óheimilt að hefja eða halda áfram rannsókn eða saksókn á grundvelli samþykktarinnar næstu 12 mánuði eftir að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur lagt fram beiðni í þá veru við dómstólinn í samræmi við ályktun ráðsins á grundvelli VII. kafla sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Með 2. málsl. ákvæðisins er síðan gert ráð fyrir að öryggisráðið geti endurnýjað beiðni sína með þessum hætti.

Almennt verður að telja að tilvísanir aðildarríkja eða öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna á grundvelli a- og b-liða 13. gr. verði sjaldgæfar ef miðað er við hefðbundin samskipti ríkja á alþjóðavettvangi og þau stjórnmálalegu sjónarmið sem liggja til grundvallar ályktunum öryggisráðsins skv. VII. kafla sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Má því ætla að dómstóllinn muni jafnan beita lögsögu sinni í tilefni af ákvörðun saksóknara um að hefja að eigin frumkvæði rannsókn á grundvelli upplýsinga um glæpi sem falla undir lögsögu dómstólsins, sbr. 1. mgr. 15. gr. samþykktarinnar. Til þess að koma í veg fyrir óheft vald saksóknarans til að hefja rannsókn að eigin frumkvæði er gert ráð fyrir að honum sé í slíkum tilvikum skylt að senda forréttarstofu beiðni um heimild til rannsóknar ásamt öllum stuðningsgögnum sem aflað hefur verið telji hann að fyrir hendi sé rökstuddur grundvöllur til þess að hefja rannsókn, sbr. 3. mgr. 15. gr. Skv. 4. mgr. sömu greinar tekur forréttarstofa beiðnina til efnislegrar athugunar og metur hvort tilefni sé til að hefja rannsóknina og hvort málið virðist falla undir lögsögu dómstólsins. Telji hún að svo sé heimilar hún saksóknaranum að hefja rannsóknina. Annars hafnar hún beiðninni en slík höfnun útilokar ekki að saksóknari geti lagt fram beiðni síðar á grundvelli nýrra staðreynda eða sönnunargagna um sömu aðstæður, sbr. 5. mgr. 15. gr. samþykktarinnar.

2.3. Forúrskurðir um hvort mál er tækt til meðferðar, mótmæli af því tilefni og gegn því að dómstóllinn hafi lögsögu.

Í samræmi við grundvallarreglu Rómarsamþykktarinnar um að lögsaga Alþjóðlega sakamáladómstólsins sé einungis til fyllingar lögsögu einstakra ríkja er gert ráð fyrir því í 1. mgr. 18. gr. samþykktarinnar að saksóknari tilkynni öllum aðildarríkjum, og þeim ríkjum sem mundu að öllu jöfnu fara með lögsögu að því er varðar þá glæpi sem um ræðir, að rannsókn sé hafin. Á þetta ákvæði við þegar aðstæðum hefur verið vísað til dómstólsins af hálfu aðildarríkis, sbr. a-lið 13. gr., og saksóknari hefur ákvarðað að rökstuddur grundvöllur sé til þess að hefja rannsókn, eða þegar saksóknari hefur hafið rannsókn að eigin frumkvæði samkvæmt c-lið 13. gr. og 15. gr. samþykktarinnar. Af þessu virðist mega ráða að ef öryggisráðið ákveður að vísa aðstæðum til saksóknara á grundvelli VII. kafla sáttmála Sameinuðu þjóðanna ber honum ekki skylda til þess að tilkynna það aðildarríkjunum.

Áður en mánuður er liðinn frá því að ríki tekur við tilkynningunni getur það upplýst dómstólinn um að það sé að rannsaka eða hafi rannsakað eigin ríkisborgara eða aðra sem heyra undir lögsögu þess í tengslum við refsiverða verknaði sem kunna að vera glæpir í merkingu 5. gr. og tengjast upplýsingunum sem fram koma í tilkynningunni til ríkjanna, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 18. gr. samþykktarinnar. Að beiðni viðkomandi ríkis eftirlætur saksóknari því ríki að rannsaka þessa menn nema forréttarstofa ákveði að beiðni saksóknara að heimila rann-

sóknina. Þann úrskurð forréttarstofu getur viðkomandi ríki kært til áfrýjunarstofu í samræmi við 82. gr. samþykktarinnar.

Dómstóllinn skal ganga úr skugga um að hann hafi lögsögu í hverju því máli sem vísað er til hans, sbr. 1. málslið 1. mgr. 19. gr., og getur hann ákvarðað slíkt að eigin frumkvæði þegar um atriði er að ræða sem fram koma í 17. gr. Í 2. mgr. 19. gr. eru taldir upp með tæmandi hætti þeir aðilar sem geta borið fram mótmæli gegn því að mál sé tekt til meðferðar eða að dómstóllinn hafi lögsögu af ástæðum sem um getur í 17. gr.

3. Samstarfsskylda aðildarríkja og fullnusta dóma.

3.1. Inngangur.

Meginregla Rómarsamþykktarinnar um fyllingarlögsögu, sem að framan hefur verið rakin, endurspeglar þýðingu og hlutverk einstakra ríkja við að koma lögum yfir þá einstaklinga sem fremja alþjóðaglæpi. Rómarsamþykktin felur hins vegar í sér stofnun varanlegs refsivörslukerfis á alþjóðavísu en leggur í sjálfu sér ekki frekari byrðar á einstök ríki en þegar leiðir af þjóðarétti að því er varðar rannsókn og saksókn alþjóðaglæpa hjá rannsóknaryfirvöldum og dómstólum í einstökum ríkjum. Aftur á móti gerir samþykktin talsverðar kröfur til aðildarríkja að því er varðar samstarf og réttaraðstoð við Alþjóðlega sakamáladómstólinn. Frumvarpið snýr því fyrst og fremst að því að lögfesta fyrirmæli og reglur sem að því lúta. Auk þess gerir frumvarpið ráð fyrir því að heimilt verði að fullnusta dóma Alþjóðlega sakamáladómstólsins hér á landi.

3.2. Alþjóðasamstarf og réttaraðstoð.

Með 86. gr. samþykktarinnar er mælt fyrir um almenna samstarfsskyldu aðildarríkja við Alþjóðlega sakamáladómstólinn. Þar sem Ísland hefur fullgilt samþykktina er ljóst að Ísland er þjóðréttarlega skuldbundið til að uppfylla þær skyldur um samstarf og réttaraðstoð sem leiðir af einstökum efnisákvæðum níunda kafla Rómarsamþykktarinnar þegar samþykktin öðlast gildi. Skv. a-lið 1. mgr. 87. gr. er dómstólnum heimilt að senda aðildarríkjunum beiðnir um samstarf og skulu þær sendar eftir diplómatískum eða öðrum viðeigandi leiðum. Með 3. mgr. sama ákvæðis er gert ráð fyrir að ríki, sem beiðni er beint til, fari með slíka beiðni um samstarf og öll stuðningsskjöl með henni sem trúnaðarmál nema að því marki sem nauðsynlegt er að veita upplýsingar til að framkvæma beiðnina.

Í 88., 89. og 92. gr. samþykktarinnar er að finna fyrirmæli sem haft hafa talsverða þýðingu við samningu þessa frumvarps. Skv. 88. gr. skulu aðildarríkin tryggja að gert sé ráð fyrir reglum um málsmeðferð í landslögum varðandi samstarf í hverju því formi sem fjallað er um í níunda kafla samþykktarinnar. Af meginreglu íslensks réttar um lögbundna stjórnsýslu, sem nefnd hefur verið lögmætisreglan, leiðir að lagaheimild þurfi til ef þjóðréttarlegar skuldbindingar gera kröfu um að yfirvöldum hér á landi verði fært að mæla fyrir um ráðstafanir sem hafa íþyngjandi áhrif á borgarana eða aðra einstaklinga sem staddir eru hér á landi og njóta réttarverndar. Í ljósi þessa er nauðsynlegt að gerður sé reki að því að lög veiti íslenskum yfirvöldum viðeigandi heimildir til að framkvæma þær ráðstafanir sem kunna að felast í beiðnum frá Alþjóðlega sakamáladómstólum. Dæmi um slíka ráðstöfun er þegar orðið er við beiðni um að maður verði afhentur dómstólnum, sbr. 89. gr. samþykktarinnar. Skv. 1. mgr. 89. gr. getur dómstóllinn sent beiðni um handtöku og afhendingu manns ásamt stuðningsskjölum til ríkis þar sem maðurinn kann að vera staddur. Skal þá dómstóllinn óska eftir samstarfi við það ríki um handtöku og afhendingu hans. Með 2. málsl. 1. mgr. er aðildarríkjunum gert skylt að verða við slíkri beiðni um handtöku og afhendingu í samræmi við ákvæði níunda kafla samþykktarinnar og reglur um málsmeðferð í landslögum. Með a-lið 3. mgr. 89. gr. er síðan

lögð sú skylda á aðildarríki að heimila að maður, sem óskað hefur verið afhendingar á hjá þriðja ríki, verði fluttur um yfirráðasvæði þess. Þá skal þess getið að skv. 1. mgr. 92. gr. samþykktarinnar getur dómstóllinn krafist handtöku og gæslu manns sem leitað er af hálfu dómstólsins, ef mál er brýnt, uns beiðni um afhendingu hefur verið lögð fram. Rétt er að taka fram að samkvæmt a-lið 102. gr. á hugtakið „afhending" (surrender) við þegar ríki afhendir Alþjóðlega sakamáladómstólnum mann á grundvelli ákvæða samþykktarinnar. Samkvæmt b-lið sama ákvæðis á hugtakið „framsal" (extradition) hins vegar aðeins við þegar ríki afhendir öðru ríki mann samkvæmt alþjóðasamningi eða á grundvelli landslaga.

Ákvæði 93. gr. fjallar um önnur form samstarfs sem aðildarríkjunum er skylt að sinna. Í 1. mgr. ákvæðisins eru einstök tilefni slíkra beiðna talin upp í a–k-liðum. Er þar meðal annars um að ræða beiðni um söfnun sönnunargagna, skýrslutökur sakborninga eða ákærðra, aðstoð við uppgröft og aðrar rannsóknir á greftrunarstöðum, framkvæmd leitar og vernd brotaþola og vitna. Þá er gert ráð fyrir að aðildarríki frysti eða leggi hald á hagnað af glæpum, hvers kyns eignir sem fengnar eru með glæpum og hluti sem notaðir eru til þess að fremja brot. Rétt er að leggja áherslu á að upptalningin í a–k-liðum er ekki tæmandi þar sem gert er ráð fyrir því samkvæmt l-lið 1. mgr. 93. gr. að aðildarríki skuli sinna beiðnum um sérhverja tegund aðstoðar sem ekki er bönnuð samkvæmt landslögum í þeim tilgangi að greiða fyrir rannsókn og saksókn vegna glæpa sem falla undir lögsögu dómstólsins, sbr. 5. gr. samþykktarinnar.

Í 100. gr. Rómarsamþykktarinnar segir að almenn útgjöld í tengslum við framkvæmd beiðna á yfirráðasvæði ríkis, sem beiðni er beint til, falli á það ríki að frátöldum tilgreindum útgjöldum, svo sem vegna ferða og öryggisgæslu vitna eða sérfræðinga, vegna þýðingar eða túlkunar og ferða- og uppihaldskostnaðar dómara eða saksóknara eða annars starfsliðs dómstólsins, sem greidd skulu af Alþjóðlega sakamáladómstólnum.

3.3. Fullnusta dóma Alþjóðlega sakamáladómstólsins hér á landi.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. Rómarsamþykktarinnar skal fangelsisdómur afplánaður í ríki sem dómstóllinn tilnefnir af skrá yfir ríki sem hafa tilkynnt dómstólnum að þau séu reiðubúin til að taka við dómþolum. Af ákvæðinu má ráða að á aðildarríkjum hvílir ekki þjóðréttarleg skuldbinding til að taka við dómþolum til refsifullnustu heldur er það á valdi hvers ríkis fyrir sig að ákveða hvort það muni veita slíkum mönnum viðtöku í þeim tilgangi. Fyrirkomulag Rómarsamþykktarinnar um fullnustu dóma í einstökum aðildarríkjum er þannig sambærilegt því sem byggt er á í 27. gr. Haag-samþykktar fyrir Alþjóðastríðsglæpadómstólinn sem fjallar um brot gegn alþjóðlegum mannúðarlögum í fyrrum Júgóslavíu sem framin hafa verið frá árinu 1991.

Með 1. mgr. 106. gr. Rómarsamþykktarinnar er gert ráð fyrir að fullnusta fangelsisdóms í aðildarríki skuli háð eftirliti dómstólsins. Nánar er tiltekið í 2. mgr. greinarinnar að um aðstæður í afplánun skuli fara eftir lögum fullnusturíkisins. Þá skuli þær vera í samræmi við almennt viðurkenndar viðmiðunarreglur sem fram koma í alþjóðasamningum sem lúta að meðferð fanga. Þá kemur fram sú eðlilega regla að slíkar aðstæður skuli hvorki vera betri né verri en þær aðstæður sem fangar, sem dæmdir eru fyrir sambærileg brot í fullnusturíkinu, búa við. Skv. 1. mgr. 110. gr. er fullnusturíkinu óheimilt að láta mann lausan fyrr en hann hefur afplánað að fullu refsingu sem Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn hefur dæmt. Dómstóllinn einn hefur rétt til að taka ákvörðun um eftirgjöf refsingar og skal hann úrskurða í málinu eftir að hafa veitt viðkomandi dómþola kost á að tjá sig.

Um fullnustu sektarákvarðana og upptöku eigna er fjallað í 109. gr. samþykktarinnar. Í 1. mgr. greinarinnar er lögð sú almenna skylda á aðildarríkin að láta framkvæma sektar-

ákvarðanir og ráðstafanir um eignaupptöku sem dómstóllinn hefur úrskurðað samkvæmt ákvæðum sjöunda kafla um viðurlög. Aðildarríki verður þó að gæta að því að láta óskert réttindi þriðju aðila í góðri trú og sjá til þess að framkvæmd slíkra ákvarðana og úrskurða sé í samræmi við málsmeðferð samkvæmt landslögum þess.

V.
Almennt um ákvæði frumvarpsins.

Áður er rakið að með frumvarpi þessu er lagt til að hér á landi verði lögfest nauðsynleg ákvæði til að yfirvöldum og dómstólum verði fært að framkvæma þær aðgerðir sem leiðir af þjóðréttarlegum skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt Rómarsamþykktinni um Alþjóðlega sakamáladómstólinn frá 17. júlí 1998.

Leitast er við að haga uppsetningu og efnistökum frumvarpsins þannig að gætt sé að meginstefnu samræmis við lög um réttaraðstoð við alþjóðadómstólinn sem fjallar um stríðsglæpi í fyrrum Júgóslavíu, nr. 49/1994. Rétt er að taka fram að í þessu frumvarpi er þó leitast við að einfalda nokkuð þau ákvæði sem lúta að málsmeðferð við framkvæmd á beiðnum dómstólsins um afhendingu sakbornings og um aðra aðstoð.

Ekki er talið rétt að lögfesta ákvæði um framkvæmd yfirvalda og dómstóla hér á landi á skuldbindingum Íslands samkvæmt Rómarsamþykktinni með breytingum á lögum nr. 49/1994. Að baki þeirri niðurstöðu liggur það sjónarmið að Alþjóðastríðsglæpadómstóllinn í Haag er ekki varanleg stofnun studd við ákvæði milliríkjasamnings heldur dómstóll sem settur var á laggirnar með ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna á grundvelli VII. kafla sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Lögsaga hans er því takmörkuð í tíma og rúmi. Þá hefur verið haft í huga að grunnreglur Rómarsamþykktarinnar að því er varðar samskipti dómstólsins og aðildarríkja eru eðlisólíkar þeim sem gilda um samskipti Alþjóðastríðsglæpadómstólsins og þeirra ríkja sem skuldbundin eru til að hlíta efnisákvæðum Haag-samþykktarinnar. Eins og fjallað var um í kafla IV.1 verður lögsaga Alþjóðlega sakamáladómstólsins á grundvelli Rómarsamþykktarinnar byggð á meginreglunni um fyllingarlögsögu, þ.e. hún verður aðeins til fyllingar lögsögu einstakra ríkja til að saksækja og dæma í þeim málum sem hér um ræðir. Lögsaga Alþjóðastríðsglæpadómstólsins byggist aftur á móti á því að dómstóllinn hafi forgang að þessu leyti og er því ríkjum skylt að afhenda dómstólnum sakborning enda þótt rannsókn í málinu sé hafin hjá yfirvöldum í ríkinu.

Við samningu þessa frumvarps hefur verið höfð hliðsjón af sambærilegum lagafrumvörpum sem lögð hafa verið fram í Danmörku og Noregi. Rétt er að taka fram að sú leið sem farin er í þessu frumvarpi er frekar í ætt við þá leið sem lögð var til grundvallar í Noregi enda þótt höfð hafi verið hliðsjón af ýmsum atriðum í danska frumvarpinu. Ástæðan fyrir því að réttara þótti að taka í meira mæli mið af norska frumvarpinu er einkum sú að í danska lagafrumvarpinu er lagt til að Rómarsamþykktin verði tekin í heild sinni inn í danska löggjöf en sú leið hefur ekki verið valin í þessu frumvarpi.

Greinar þessa frumvarps eru ellefu að meðtöldu gildistökuákvæði. Í fyrsta lagi er að finna ákvæði um gildissvið í 1. gr. Þá lúta ákvæði 2.–4. gr. að einstökum aðgerðum í tilefni af beiðnum frá Alþjóðlega sakamáladómstólnum, m.a. um afhendingu manns til dómstólsins, aðra aðstoð og beitingu þvingunarráðstafana. Ákvæði 5. og 7. gr. lúta að vernd réttaröryggis sakbornings, ákærða og dómþola, en ákvæði 6. gr. að réttargæslumanni brotaþola. Í 7. gr. er vikið að meginreglunni um *ne bis in idem* og í 8. gr. er fjallað um fullnustu dóma Alþjóðlega sakamáladómstólsins hér á landi. Með 9. gr. er svo lagt til að tiltekin ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, gildi einnig um háttsemi sem beinist að dómstólnum og starfsmönnum hans. Ákvæði 10. gr. hefur að geyma almenna reglugerðarheimild fyrir dómsmálaráð-

herra til að setja nánari ákvæði um framkvæmd laganna og um samskipti við dómstólinn. Ákvæði 11. gr. hefur loks að geyma gildistökuákvæði.

Með hliðsjón af meginreglu íslensks réttar um að skýra beri íslensk lög í samræmi við þjóðarétt er rétt að leggja á það áherslu að við skýringu ákvæða samkvæmt þessu frumvarpi, og þá eftir atvikum annarra laga sem til skoðunar koma samkvæmt ákvæðunum, svo sem laga um meðferð opinberra mála og laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, er rétt og nauðsynlegt að taka fullnægjandi tillit til þeirra efnisákvæða Rómarsamþykktarinnar sem við eiga hverju sinni. Til að mynda er mikilvægt að tekið sé mið af fyrirmælum samþykktarinnar um einstakar rannsóknaraðgerðir og um réttarstöðu sakbornings, ákærða, brotaþola og vitna, ef til kemur að framkvæmdar séu aðgerðir hér á landi í tilefni af beiðnum frá dómstólnum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er fjallað um gildissvið þess. Einnig má segja að greinin hafi að geyma helsta markmið frumvarpsins, þ.e. að gera íslenskum yfirvöldum og dómstólum fært að framkvæma efni Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn í samræmi við þjóðréttarlegar skuldbindingar íslenska ríkisins. Hafa verður það markmið í huga við skýringu ákvæða frumvarpsins í einstökum tilvikum.

Samkvæmt greininni fjalla ákvæði frumvarpsins að meginstefnu um hvernig fara skuli með beiðnir sem berast frá Alþjóðlega sakamáladómstólnum. Beiðni þarf að varða aðgerðir vegna rannsóknar eða meðferðar máls er lýtur að glæp sem fellur undir lögsögu dómstólsins, sbr. 5. gr. Rómarsamþykktar. Berist beiðni um aðgerðir hér á landi vegna rannsóknar eða meðferðar máls ber að miða við að dómstóllinn hafi lagt til grundvallar að hann hafi lögsögu í málinu, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 19. gr. samþykktarinnar. Íslensk stjórnvöld og dómstólar hafa því yfirleitt ekki mat um það hvort dómstóllinn er á grundvelli samþykktarinnar bær til að fjalla um viðkomandi mál. Beiðnir geta einnig varðað ósk dómstólsins um að íslensk stjórnvöld fullnusti dóma dómstólsins samkvæmt tíunda kafla Rómarsamþykktarinnar, sbr. nánar 8. gr. frumvarpsins.

Árétta skal framangreindar athugasemdir um hugtakanotkun samþykktarinnar sem haft hefur veruleg áhrif á samningu þessa frumvarps. Þegar notað er hugtakið „dómstóllinn“ í þessu frumvarpi án frekari skýrgreiningar er átt við allar starfseiningar dómstólsins, þar á meðal skrifstofu saksóknarans og skrifstofu dómritara, sbr. 34. gr. samþykktarinnar.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 87. gr. Rómarsamþykktar er dómstólnum heimilt að senda aðildarríkjunum beiðnir um samstarf og skulu þær sendar eftir diplómatískum eða öðrum viðeigandi leiðum. Með hliðsjón af þessu er í frumvarpinu gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra taki við beiðnum frá Alþjóðlega sakamáladómstólnum og hafi að öðru leyti samskipti við dómstólinn fyrir hönd íslenska ríkisins. Er þetta í samræmi við 2. málsl. 2. gr. laga um réttaraðstoð við alþjóðadómstólinn sem fjallar um stríðsglæpi í fyrrum Júgóslavíu, nr. 49/1994.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að lögfest verði sú skylda íslenskra yfirvalda að afhenda dómstólnum mann sem dvelur hér á landi og er grunaður um brot sem fellur undir lögsögu dómstólsins eða hefur verið ákærður eða dæmdur fyrir slíkt brot. Er þetta í samræmi við þá þjóðréttarlegu skuldbindingu sem leiðir af ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 89. gr. Rómarsamþykktar, sbr. meginreglu 86. gr. um almenna samstarfsskyldu aðildarríkja.

Leggja verður sérstaka áherslu á að samkvæmt þessu ákvæði er ekki heimilt að synja um

afhendingu manns til dómstólsins vegna þeirra atriða sem leiða til þess að synjað er um framsal til einstakra ríkja skv. I. kafla laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984. Eru fyrirmæli ákvæðisins að þessu leyti samhljóða 3. gr. laga um réttaraðstoð við alþjóðadómstólinn sem fjallar um stríðsglæpi í fyrrum Júgóslavíu, nr. 49/1994. Áréttað er að hugtakið „afhending“ er hér notað í frumvarpinu í samræmi við a-lið 102. gr. samþykktarinnar.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að um meðferð beiðni skv. 1. mgr. greinarinnar skuli gilda ákvæði II. kafla laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, að því leyti sem þau eiga við. Ákvæði nefnds kafla framsalslaganna fjalla um meðferð framsalsmála og eru þannig sérstaklega sniðin að málum er varða beiðni annarra ríkja um framsal á manni sem staddur er hér á landi. Er því lagt til að þau gildi að því leyti sem þau eiga við um meðferð beiðni Alþjóðlega sakamáladómstólsins um afhendingu manns sem svo er ástatt um.

Í 3. mgr. er dómsmálaráðherra gert kleift að heimila að maður sem annað ríki hefur samþykkt að afhenda dómstólnum verði fluttur um yfirráðasvæði íslenska ríkisins. Lagt er til að ráðherra verði veitt þessi heimild í ljósi efnisákvæðis a-liðar 3. mgr. 89. gr. Rómarsamþykktar. Er þetta ákvæði frumvarpsins efnislega samhljóða 3. mgr. 7. gr. laga nr. 49/1994.

Um 3. gr.

Með 1. mgr. er íslenskum dómstólum og stjórnvöldum veitt heimild til að grípa til aðgerða í tilefni af beiðni Alþjóðlega sakamáladómstólsins á grundvelli 93. gr. Rómarsamþykktar. Áður er rakið að þetta ákvæði samþykktarinnar fjallar um önnur form samstarfs sem aðildarríkjunum er skylt að sinna. Í 1. mgr. 93. gr. eru einstök tilefni slíkra beiðna talin upp í a–k-liðum. Rétt er að árétta að upptalning í stafliðunum er ekki tæmandi þar sem gert er ráð fyrir því samkvæmt l-lið 1. mgr. 93. gr. að aðildarríki skuli sinna beiðnum um sérhverja tegund aðstoðar sem ekki er bönnuð samkvæmt landslögum í þeim tilgangi að greiða fyrir rannsókn og saksókn vegna glæpa sem falla undir lögsögu dómstólsins, sbr. 5. gr. samþykktarinnar.

Ekki er nauðsynlegt að lögfesta sérstakt ákvæði um málsmeðferð hér á landi þegar fram kemur beiðni frá dómstólnum á grundvelli 93. gr. Rómarsamþykktar. Ástæðan er sú að með f-lið 2. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, er kveðið á um að ákvæði laganna gildi um meðferð erinda frá erlendum dómstólum og yfirvöldum um aðgerðir hér á landi í tengslum við opinber mál. Lagt er til grundvallar að ákvæðið eigi einnig við um beiðnir Alþjóðlega sakamáladómstólsins á grundvelli áðurnefndrar 93. gr. samþykktarinnar.

Í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra sé heimilt að veita starfsmönnum dómstólsins leyfi til að yfirheyra vitni og framkvæma aðrar rannsóknaraðgerðir hér á landi komi fram beiðni þess efnis frá dómstólnum. Við það ber að miða að slíkt samþykki ráðuneytisins þurfi til í hverju máli fyrir sig. Um meðferð slíkra beiðna skal farið eftir lögum um meðferð opinberra mála.

Um 4. gr.

Þessi grein frumvarpsins fjallar um beitingu þvingunarráðstafana hér á landi að beiðni dómstólsins. Sérstaklega er tekið fram að heimilt sé að handtaka þann sem dómstóllinn hefur óskað afhendingar á skv. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Þá er heimilt að beita öðrum þvingunarráðstöfunum, svo sem gæsluvarðhaldi.

Áréttað er að um meðferð slíkra beiðna skal farið eftir lögum um meðferð opinberra mála, sbr. nú lög nr. 19/1991, þar á meðal um heimildir til kæru úrskurða til Hæstaréttar. Þó verður að taka fram að lög um meðferð opinberra mála gera jafnan ráð fyrir að til staðar sé rökstuddur grunur um refsivert brot áður en heimilt er að beita tilteknum þvingunarráðstöfunum, sbr.

1. mgr. 97. gr. og 1. mgr. 103. gr. sem fjalla um skilyrði handtöku og gæsluvarðhalds. Í ljósi 1. mgr. 58. gr. og síðari málsliðar 4. mgr. 59. gr. Rómarsamþykktar er í 2. mgr. þessarar greinar mælt svo fyrir að leggja beri til grundvallar niðurstöður dómstólsins um það hvort rökstuddur grunur liggi fyrir svo heimilt sé að beita þvingunarráðstöfunum. Íslenskir dómstólar geta því ekki endurmetið úrlausnir dómstólsins um þetta atriði. Er þetta ákvæði frumvarpsins að þessu leyti í samræmi við 15. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984, og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 49/1994.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins er handteknum manni sem úrskurðaður hefur verið í gæsluvarðhald heimilt að gera kröfu um að hann skuli leystur tímabundið úr haldi þar til afhending til dómstólsins fer fram. Fram kemur í síðari málslið ákvæðisins að kröfu þess efnis skuli sakborningur bera fram við héraðsdóm. Leiðir þetta ákvæði af 3. mgr. 59. gr. Rómarsamþykktar. Í fyrri málslið 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins er síðan gert ráð fyrir að við mat á kröfu um lausn úr gæsluvarðhaldi skv. 3. mgr. skuli dómari hafa hliðsjón af þeim atriðum sem fram koma í 4. mgr. 59. gr. samþykktarinnar. Samkvæmt því ákvæði ber héraðsdómi að meta, með hliðsjón af því hversu alvarlegir þeir glæpir eru sem sakborningnum er gefið að sök, hvort fyrir hendi séu brýnar og sérstakar ástæður sem réttlæti lausn úr haldi og hvort nauðsynlegar tryggingar séu fyrir því að íslensk stjórnvöld geti uppfyllt skyldur sínar um að afhenda dómstólnum sakborninginn. Loks er á grundvelli ákvæðis 5. mgr. 59. gr. samþykktarinnar gert ráð fyrir því í síðari málslið 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins að héraðsdómi sé skylt að tilkynna dómstólnum um meðferð kröfu handtekins manns um lausn áður en héraðsdómur tekur slíka kröfu til úrskurðar. Skal dómstólnum þannig veittur kostur á að gera athugasemdir af því tilefni.

Um 5. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins skal maður sem grunaður er um eða ákærður fyrir háttsemi sem fellur undir lögsögu dómstólsins eiga rétt á aðstoð verjanda að eigin vali vegna meðferðar málsins hér á landi. Þetta ákvæði leiðir af c-lið 2. mgr. 55. gr. Rómarsamþykktar. Taka skal fram að kveðið er á um rétt sakbornings við rannsókn máls til að fá verjanda tilnefndan af lögreglu í 36. gr. laga um meðferð opinberra mála, sbr. 5. gr. laga nr. 36/1999. Þá er dómara skylt að verða við ósk sakbornings, eða eftir atvikum ákærða, um skipun verjanda ef þess hefur verið krafist að hann verði settur í gæsluvarðhald eða ef opinbert mál hefur verið höfðað gegn honum, sbr. a- og b-liði 1. mgr. 34. gr. laga um meðferð opinberra mála. Af niðurlagsákvæði upphafsmálsliðar 2. mgr. 55. gr. Rómarsamþykktar má ráða að tryggja eigi að sakborningi sé kynntur réttur sinn til verjanda og er því gert ráð fyrir þessu í síðari málslið 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins.

Með 2. mgr. þessarar greinar er gert ráð fyrir að ákvörðun um þóknun skipaðs verjanda skuli tekin í samræmi við 1. og 2. mgr. 44. gr. laga um meðferð opinberra mála. Þá er gert ráð fyrir að þóknunin greiðist úr ríkissjóði.

Um 6. gr.

Ákvæði Rómarsamþykktarinnar gera í sjálfu sér ekki miklar kröfur til aðildarríkja varðandi vernd brotaþola og vitna. Um slíkar ráðstafanir af hálfu dómstólsins sjálfs er hins vegar ítarlega fjallað í samþykktinni, sbr. einkum 68. gr. hennar. Þó er gert ráð fyrir í j-lið 1. mgr. 93. gr. að fram geti komið beiðni dómstólsins er lýtur að vernd brotaþola og vitna. Lagt er til grundvallar að með þessu ákvæði verði yfirleitt ekki gert ráð fyrir að íslenska ríkið verði beðið um að taka við brotaþolum og vitnum að utan í því skyni að veita þeim vernd hérlendis heldur að beiðnin muni taka til slíkra einstaklinga sem eru staddir hér á landi. Ekki er nánar

skýrgreint í ákvæðinu í hverju vernd íslenskra yfirvalda gæti verið fólgin. Er því við það miðað í þessu frumvarpi að ekki sé þörf á að setja sérstakar reglur í þessu efni að svo stöddu. Rétt er þó að minna á að refsiákvæði 232. og 233. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, geta átt við í þeim tilvikum þegar brotaþolar eða vitni eru ofsótt eða þeim hótað.

Í 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að brotaþoli í máli sem falla undir lögsögu dómstólsins geti óskað eftir að fá skipaðan réttargæslumann ef ástæða þykir til að ætla að hann hafi orðið fyrir verulegu tjóni á líkama eða heilsu vegna háttsemi ákærða og að talið er nauðsynlegt að hann njóti aðstoðar réttargæslumanns. Ákvæði þetta getur meðal annars haft þýðingu við framkvæmd á beiðni dómstólsins á grundvelli b-liðar 1. mgr. 93. gr. samþykktarinnar, sbr. 3. gr. frumvarpsins, en í því ákvæði samþykktarinnar er gert ráð fyrir að aðildarríki aðstoði dómstólinn við öflun sönnunargagna, m.a. með skýrslutöku vitna, þar á meðal brotaþola. Í ljósi þess að þau mál sem hér um ræðir varða alvarlegustu glæpi sem viðurkenndir eru að þjóðarétti er sýnt að þörf verður á að brotaþolar njóti aðstoðar réttargæslumanna ef til kemur að slíkar skýrslutökur verði framkvæmdar hér á landi.

Með 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ákvæði VII. kafla laga um meðferð opinberra mála gildi um skipun, réttindi og skyldur réttargæslumanns brotaþola skv. 1. mgr. eftir því sem við á. Ákvæði kaflans eru ný af nálinni en þau voru lögfest með lögum nr. 36/1999. Rétt er að farið sé eftir efnisákvæðum kaflans þegar skipaður er réttargæslumaður brotaþola vegna mála sem falla undir lögsögu Alþjóðlega sakamáladómstólsins.

Um 7. gr.

Samkvæmt þessari grein verður maður ekki ákærður eða dæmdur hér á landi fyrir verknað sem hefur verið dæmt um hjá dómstólnum. Ákvæði þetta er að hluta til í samræmi við 13. gr. laga nr. 49/1994 en gengur skemur sökum meginreglunnar um fyllingarlögsögu sem Rómarsamþykktin er byggð á eins og áður er rakið. Þá er með ákvæðinu lögfest fyrirmæli 2. mgr. 20. gr. samþykktarinnar en þar segir að ekki skuli rétta yfir manni fyrir öðrum dómstóli vegna glæps sem um getur í 5. gr. og dómstóllinn hefur áður sakfellt hann fyrir eða sýknað af.

Taka verður fram að meginreglan um *ne bis in idem* er þegar lögfest í íslenskum rétti í 8. gr. a í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940. Þar kemur fram að ef maður hefur hlotið refsidóm í ríki þar sem brot var framið eða í ríki sem er aðili að samningi um alþjóðlegt gildi refsidóma frá 28. maí 1970 skuli ekki höfða mál á hendur honum, dæma hann né fullnægja viðurlögum hér á landi fyrir sama brot og hann var dæmdur fyrir í því ríki ef (1) hann var sýknaður, (2) dæmdum viðurlögum hefur þegar verið fullnægt, verið er fullnægja þeim, þau fallin niður eða hafa verið gefin upp í samræmi við lög í því ríki þar sem dómur var kveðinn upp, eða (3) hann hefur verið sakfelldur án þess að refsing eða önnur viðurlög hafi verið ákvörðuð. Hafa verður í huga að ákvæði 8. gr. a almennra hegningarlaga tekur ekki til refsidóma sem kveðnir hafa verið upp hjá alþjóðlegum dómstólum og er því þörf á að sérstöku ákvæði um það efni í frumvarpi þessu að því er varðar dóma Alþjóðlega sakamáladómstólsins.

Um 8. gr.

Samkvæmt 1. mgr. þessar greinar er heimilt að fullnægja dómum Alþjóðlega sakamáladómstólsins hér á landi ef fram kemur beiðni hans um það atriði. Ákvæði þetta er samhljóða 1. málsl. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 49/1994. Samkvæmt öðrum málslið sama ákvæðis í lögum nr. 49/1994 er gert ráð fyrir að við fullnustu dóma Alþjóðastríðsglæpadómstólsins í Haag hér á landi gildi lög um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma, nr. 56/1993. Í þessu frum-

varpi er lagt til að þessu fyrirkomulagi verði ekki fylgt. Lög nr. 56/1993 eiga við þegar Ísland hefur gert tvíhliða eða marghliða samninga við önnur ríki um fullnustu refsidóma með heimild í lögunum, sbr. upphafsmálslið 1. mgr. 1. gr. laganna. Lögin eru því sérstaklega sniðin að samvinnu einstakra ríkja á þessu sviði en taka ekki til fullnustu dóma alþjóðlegra dómstóla. Um hlutverk ríkja við fullnustu dóma Alþjóðlega sakamáladómstólsins eru ítarleg ákvæði í tíunda kafla Rómarsamþykktarinnar, sjá nánari umfjöllun um þau ákvæði í kafla IV.3.3 hér að framan. Er því lagt til með 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins að fullnusta dóma dómstólsins hér á landi fari fram í samræmi við ákvæði tíunda kafla samþykktarinnar.

Hafa ber í huga, sérstaklega að því er varðar fullnustu fangelsisdóma, að skv. 2. mgr. 106. gr. samþykktarinnar fer um aðstæður í afplánun eftir lögum fullnusturíkisins, sbr. hér á landi lög um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, og reglugerð um fullnustu refsidóma, nr. 29/1993. Þá segir í ákvæðinu að aðstæðurnar skuli vera í samræmi við almennt viðurkenndar viðmiðunarreglur í alþjóðasamningum sem lúta að meðferð fanga og skuli þær hvorki vera betri né verri en þær aðstæður sem fangar, sem dæmdir hafa verið fyrir svipuð brot í fullnusturíkinu, búa við.

Um 9. gr.

Áður er rakið að með ákvæði 70. gr. Rómarsamþykktar er Alþjóðlega sakamáladómstólnum fengin lögsaga vegna tilgreindra brota á málsmeðferðarreglum hans þegar þau eru framin af ásetningi, en verknaðarlýsing þessara brota kemur fram í a–f-liðum ákvæðisins. Sem dæmi um slíka háttsemi má nefna það þegar gefinn er rangur vitnisburður þegar viðkomandi hefur heitið því að segja sannleikann í samræmi við 1. mgr. 69. gr. og þegar lögð eru fram sönnunargögn sem viðkomandi veit að eru svikin eða fölsuð, sbr. a- og b-liði 1. mgr. 70. gr. Samkvæmt a-lið 4. mgr. 70. gr. samþykktarinnar er lögð sú skylda á hvert aðildarríki að gera ráðstafanir til þess að ákvæði um refsingar að landsrétti ríkisins við brotum gegn málsmeðferðarreglum við rannsókn og dómsmeðferð opinberra mála skuli einnig ná til þeirra brota sem tilgreind eru í a–f-liðum 1. mgr. 70. gr. samþykktarinnar og framin eru á yfirráðasvæði ríkisins eða af ríkisborgara þess.

Almennt verður að miða við að ákvæði XII. kafla almennra hegningarlaga nái eingöngu til brota gegn opinberum starfsmönnum og framkvæmd opinberrar stjórnsýslu hér á landi, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Sem dæmi má nefna er lögð refsing við því í 1. mgr. 109. gr. almennra hegningarlaga að gefa, lofa eða bjóða opinberum starfsmanni gjöf eða annan ávinning til að fá hann til að gera eitthvað að láta eitthvað ógert sem tengist opinberum skyldum hans. Ákvæði 2. mgr. 109. gr. nær hins vegar til sömu háttsemi sem beinist að erlendum opinberum starfsmanni eða starfsmanni opinberrar alþjóðastofnunar í því skyni að ná eða halda viðskiptum eða öðrum ótilhlýðilegum ávinningi í alþjóðaviðskiptum. Með 9. gr. frumvarpsins er þannig meðal annars lagt til að ákvæði 109. gr. hegningarlaga taki til þess þegar maður gefur, lofar eða býður starfsmanni Alþjóðlega sakamáladómstólsins gjöf eða annan ávinning til að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert sem tengist skyldum hans samkvæmt Rómarsamþykktinni.

Ákvæði XV. kafla almennra hegningarlaga varða rangan framburð og rangar sakargiftir. Í 1. mgr. 142. gr. er lögð refsing við því að skýra rangt frá fyrir rétti. Ljóst er að þetta ákvæði á við enda þótt maður skýri rangt frá fyrir rétti hér á landi í tilefni af máli sem fellur undir lögsögu Alþjóðlega sakamáladómstólsins og fer fram vegna beiðni dómstólsins um aðstoð. Hins vegar verður að miða við að þau ákvæði sem varða ranga eða villandi upplýsingagjöf til stjórnvalda eigi aðeins við um íslensk yfirvöld. Með 9. gr. frumvarpsins verður þannig einnig gert refsivert að gefa dómstólnum eða starfsmönnum hans ranga yfirlýsingu að við-

lögðum drengskap, sbr. 145. gr. almennra hegningarlaga. Sama getur átt við í öðrum ákvæðum kaflans, svo sem 146., 147. og 149. gr.

Ákvæði XVII. kafla almennra hegningarlaga varða meðal annars brot er varða sýnileg sönnunargögn. Skv. 1. mgr. 162. gr. hegningarlaga er refsivert að rangfæra sönnunargögn eða koma fram með röng sönnunargögn í því skyni að hafa áhrif á úrslit dómsmáls. Með 9. gr. frumvarpsins verður lagt til grundvallar að slík háttsemi í því skyni að hafa áhrif á úrslit máls fyrir Alþjóðlega sakamáladómstólnum falli undir þessa verknaðarlýsingu hegningarlagaákvæðisins.

Um 10. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 15. gr. laga nr. 49/1994. Samkvæmt því er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd ákvæða samkvæmt frumvarpinu og um samskipti viðkomandi yfirvalda hér á landi við dómstólinn vegna einstakra mála.

Um 11. gr.

Áður er rakið að skv. 1. mgr. 126. gr. Rómarsamþykktarinnar öðlast hún gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru 60 dagar frá því að 60. skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu. Með þessari grein er því lagt til að lögin taki gildi um leið og Rómarsamþykktin öðlast gildi að því er Ísland varðar, samanber það tímamark sem greinir í framangreindri 1. mgr. 126. gr. samþykktarinnar.

Fylgiskjal I.

Rómarsamþykkt um Alþjóðlega sakamáladómstólinn.	**ROME STATUTE OF THE INTERNATIONAL CRIMINAL COURT**
Inngangsorð.	PREAMBLE
Ríkin, sem eru aðilar að samþykkt þessari,	*The States Parties to this Statute,*
gera sér grein fyrir því að allar þjóðir eru tengdar sameiginlegum böndum og menningararfur þeirra er samofinn en jafnframt óttast þau að þessi fíngerði vefur kunni að bresta hvenær sem er,	*Conscious* that all peoples are united by common bonds, their cultures pieced together in a shared heritage, and concerned that this delicate mosaic may be shattered at any time,
eru minnug þess að á þessari öld hafa milljónir barna, kvenna og karla orðið fórnarlömb óskiljanlegra grimmdarverka sem hafa gróflega misboðið samvisku mannkynsins,	*Mindful* that during this century millions of children, women and men have been victims of unimaginable atrocities that deeply shock the conscience of humanity,
viðurkenna að alvarlegir glæpir sem þessir ógni friði, öryggi og velferð í heiminum,	*Recognizing* that such grave crimes threaten the peace, security and well-being of the world,
lýsa því yfir að ekki megi láta órefsað fyrir hina alvarlegustu glæpi sem varða gjörvallt samfélag þjóðanna og tryggja þurfi að raunverulega sé sótt til saka	*Affirming* that the most serious crimes of concern to the international community as a whole must not go unpunished and that their effective prosecution must

fyrir þessa glæpi með því að gera ráðstafanir á innlendum vettvangi og efla alþjóðasamvinnu,

eru staðráðin í að binda enda á refsileysi gerenda þessara glæpa og á þann hátt stuðla að því að koma í veg fyrir slíka glæpi,

minna á að það er skylda sérhvers ríkis að beita refsilögsögu sinni gagnvart þeim sem bera ábyrgð á alþjóðaglæpum,

ítreka markmið og meginreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna, einkum að ekkert ríki skuli beita hótunum eða valdi gegn friðhelgi yfirráðasvæðis eða stjórnmálalegu sjálfstæði annars ríkis eða með annarri þeirri aðferð sem ekki samrýmist markmiðum Sameinuðu þjóðanna,

leggja áherslu á í þessu sambandi að engin ákvæði samþykktar þessarar beri að skilja á þann veg að aðildarríki sé heimilt að blanda sér í hernaðarátök eða innanríkismál annars ríkis,

eru staðráðin í að stofna í þessu skyni og í þágu núlifandi og komandi kynslóða sjálfstæðan og varanlegan alþjóðlegan sakamáladómstól, í tengslum við Sameinuðu þjóðirnar, sem hafi lögsögu yfir alvarlegustu glæpum sem varða gjörvallt samfélag þjóðanna,

leggja áherslu á að Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn, sem stofnaður er með samþykkt þessari, skuli vera til fyllingar refsilögsögu einstakra ríkja,

einsetja sér að tryggja til frambúðar virðingu fyrir alþjóðlegri réttvísi og framkvæmd hennar,

og hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. kafli: Stofnun dómstólsins.

1. gr.

Dómstóllinn.

Alþjóðlegur sakamáladómstóll („dómstóllinn“) er hér með stofnaður. Hann skal vera varanleg stofnun og hafa vald til þess að beita lögsögu sinni gagnvart einstaklingum fyrir hina alvarlegustu glæpi sem varða gjörvallt samfélag þjóðanna og tilgreindir eru í samþykkt þessari og skal hann vera til fyllingar refsilögsögu einstakra ríkja. Um lögsögu og starfsemi dómstólsins fer eftir ákvæðum þessarar samþykktar.

be ensured by taking measures at the national level and by enhancing international cooperation,

Determined to put an end to impunity for the perpetrators of these crimes and thus to contribute to the prevention of such crimes,

Recalling that it is the duty of every State to exercise its criminal jurisdiction over those responsible for international crimes,

Reaffirming the Purposes and Principles of the Charter of the United Nations, and in particular that all States shall refrain from the threat or use of force against the territorial integrity or political independence of any State, or in any other manner inconsistent with the Purposes of the United Nations,

Emphasizing in this connection that nothing in this Statute shall be taken as authorizing any State Party to intervene in an armed conflict or in the internal affairs of any State,

Determined to these ends and for the sake of present and future generations, to establish an independent permanent International Criminal Court in relationship with the United Nations system, with jurisdiction over the most serious crimes of concern to the international community as a whole,

Emphasizing that the International Criminal Court established under this Statute shall be complementary to national criminal jurisdictions,

Resolved to guarantee lasting respect for and the enforcement of international justice,

Have agreed as follows

PART 1. ESTABLISHMENT OF THE COURT

Article 1

The Court

An International Criminal Court ("the Court") is hereby established. It shall be a permanent institution and shall have the power to exercise its jurisdiction over persons for the most serious crimes of international concern, as referred to in this Statute, and shall be complementary to national criminal jurisdictions. The jurisdiction and functioning of the Court shall be governed by the provisions of this Statute.

2. gr.

Tengsl dómstólsins við Sameinuðu þjóðirnar.

Dómstóllinn skal vera tengdur Sameinuðu þjóðunum með samningi sem þing aðildarríkja þessarar samþykktar skal samþykkja og gerir síðan forseti dómstólsins samninginn fyrir hans hönd.

3. gr.

Aðsetur dómstólsins.

1. Dómstóllinn skal hafa aðsetur í Haag í Hollandi („gistiríkið").

2. Dómstóllinn skal gera samning um höfuðstöðvar sínar við gistiríkið sem þing aðildarríkja þessarar samþykktar skal samþykkja og gerir síðan forseti dómstólsins samninginn fyrir hans hönd.

3. Telji dómstóllinn það æskilegt getur hann komið saman annars staðar í samræmi við þessa samþykkt.

4. gr.

Réttarstaða og valdheimildir dómstólsins.

1. Dómstóllinn skal hafa réttarstöðu sem alþjóðlegur lögaðili. Hann skal einnig hafa það rétthæfi sem honum er nauðsynlegt til að starfa og ná markmiðum sínum.

2. Dómstóllinn getur innt störf sín af hendi og beitt valdheimildum sínum eins og kveðið er á um í samþykkt þessari á yfirráðasvæði hvers aðildarríkis og, samkvæmt sérstökum samningi, á yfirráðasvæði hvaða ríkis annars sem er.

2. kafli: Lögsaga, skilyrði þess að mál sé tekt til meðferðar og réttarheimildir.

5. gr.

Glæpir sem falla undir lögsögu dómstólsins.

1. Lögsaga dómstólsins skal takmarkast við hina alvarlegustu glæpi sem varða gjörvallt samfélag þjóðanna. Eftirtaldir glæpir falla undir lögsögu dómstólsins í samræmi við þessa samþykkt:

a) hópmorð;
b) glæpir gegn mannúð;
c) stríðsglæpir;
d) glæpir gegn friði.

2. Dómstóllinn skal beita lögsögu sinni að því er varðar glæpi gegn friði þegar samþykkt hefur verið ákvæði í samræmi við 121. og 123. gr. þar sem glæpirnir eru skilgreindir og sett eru skilyrði fyrir því að dómstóllinn beiti lögsögu sinni að því er þessa glæpi varðar. Það ákvæði skal vera í samræmi við viðeigandi ákvæði sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Article 2

Relationship of the Court with the United Nations

The Court shall be brought into relationship with the United Nations through an agreement to be approved by the Assembly of States Parties to this Statute and thereafter concluded by the President of the Court on its behalf.

Article 3

Seat of the Court

1. The seat of the Court shall be established at The Hague in the Netherlands ("the host State").

2. The Court shall enter into a headquarters agreement with the host State, to be approved by the Assembly of States Parties and thereafter concluded by the President of the Court on its behalf.

3. The Court may sit elsewhere, whenever it considers it desirable, as provided in this Statute.

Article 4

Legal status and powers of the Court

1. The Court shall have international legal personality. It shall also have such legal capacity as may be necessary for the exercise of its functions and the fulfilment of its purposes.

2. The Court may exercise its functions and powers, as provided in this Statute, on the territory of any State Party and, by special agreement, on the territory of any other State.

PART 2. JURISDICTION, ADMISSIBILITY AND APPLICABLE LAW

Article 5

Crimes within the jurisdiction of the Court

1. The jurisdiction of the Court shall be limited to the most serious crimes of concern to the international community as a whole. The Court has jurisdiction in accordance with this Statute with respect to the following crimes:

(a) The crime of genocide;
(b) Crimes against humanity;
(c) War crimes;
(d) The crime of aggression.

2. The Court shall exercise jurisdiction over the crime of aggression once a provision is adopted in accordance with articles 121 and 123 defining the crime and setting out the conditions under which the Court shall exercise jurisdiction with respect to this crime. Such a provision shall be consistent with the relevant provisions of the Charter of the United Nations.

6. gr.
Hópmorð.

Í þessari samþykkt merkir „hópmorð“ einhvern eftirtalinna verknaða sem framdir eru í þeim tilgangi að útrýma með öllu eða að hluta þjóð, þjóðernishópi, kynstofni eða trúflokki, sem slíkum:

a) að drepa einstaklinga úr viðkomandi hópi;

b) að valda einstaklingum úr viðkomandi hópi alvarlegum líkamlegum eða andlegum skaða;

c) að þröngva viðkomandi hópi af ásetningi til þess að búa við lífsskilyrði sem miða að líkamlegri eyðingu hópsins eða hluta hans;

d) að beita þvingunaraðgerðum sem miða að því að koma í veg fyrir barnsfæðingar í hópnum;

e) að flytja börn með valdi úr hópnum til annars hóps.

Article 6
Genocide

For the purpose of this Statute, "genocide" means any of the following acts committed with intent to destroy, in whole or in part, a national, ethnical, racial or religious group, as such:

(a) Killing members of the group;

(b) Causing serious bodily or mental harm to members of the group;

(c) Deliberately inflicting on the group conditions of life calculated to bring about its physical destruction in whole or in part;

(d) Imposing measures intended to prevent births within the group;

(e) Forcibly transferring children of the group to another group.

7. gr.
Glæpir gegn mannúð.

1. Í þessari samþykkt merkir „glæpir gegn mannúð“ einhvern eftirtalinna verknaða þegar þeir eru framdir sem hluti af víðtækri eða kerfisbundinni atlögu sem beint er gegn óbreyttum borgurum, vitandi vits um atlöguna:

a) morð;

b) útrýmingu;

c) þrælkun;

d) brottvísun eða nauðungarflutning íbúa;

e) fangelsun eða aðra alvarlega frelsissviptingu sem stríðir gegn grundvallarreglum þjóðaréttar;

f) pyndingar;

g) nauðgun, kynlífsþrælkun, þvingun til vændis, þungunar eða ófrjósemisaðgerðar eða annað álíka alvarlegt kynlífsofbeldi;

h) ofsóknir gegn afmörkuðum hópi eða samfélagi vegna stjórnmálaskoðana, kynþáttar, ríkisfangs, þjóðernis, menningar, trúarbragða, kynferðis eins og það er skilgreint í 3. mgr., eða af öðrum ástæðum sem almennt er viðurkennt að fái ekki staðist að þjóðarétti, í tengslum við einhvern þann verknað, sem um getur í þessari málsgrein, eða einhvern þann glæp sem fellur undir lögsögu dómstólsins;

i) mannshvörf af manna völdum;

j) kynþáttaaðskilnað;

k) aðra ómannúðlega verknaði af svipuðum toga sem ætlað er að valda miklum þjáningum eða alvarlegu líkamstjóni eða tjóni á andlegu eða líkamlegu heilbrigði.

2. Í 1. mgr.:

a) merkir „atlaga sem beint er gegn óbreyttum borgurum“ háttsemi sem felur í sér röð margendur-

Article 7
Crimes against humanity

1. For the purpose of this Statute, "crime against humanity" means any of the following acts when committed as part of a widespread or systematic attack directed against any civilian population, with knowledge of the attack:

(a) Murder;

(b) Extermination;

(c) Enslavement;

(d) Deportation or forcible transfer of population;

(e) Imprisonment or other severe deprivation of physical liberty in violation of fundamental rules of international law;

(f) Torture;

(g) Rape, sexual slavery, enforced prostitution, forced pregnancy, enforced sterilization, or any other form of sexual violence of comparable gravity;

(h) Persecution against any identifiable group or collectivity on political, racial, national, ethnic, cultural, religious, gender as defined in paragraph 3, or other grounds that are universally recognized as impermissible under international law, in connection with any act referred to in this paragraph or any crime within the jurisdiction of the Court;

(i) Enforced disappearance of persons;

(j) The crime of apartheid;

(k) Other inhumane acts of a similar character intentionally causing great suffering, or serious injury to body or to mental or physical health.

2. For the purpose of paragraph 1:

(a) "Attack directed against any civilian population" means a course of conduct involving the multi-

tekinna verknaða, sem um getur í 1. mgr. og beint er gegn óbreyttum borgurum, í samræmi við eða til að framfylgja stefnu ríkis eða samtaka um að gera slíka atlögu;

b) felur „útrýming“ það í sér að þröngva íbúunum af ásetningi til þess að búa við lífsskilyrði sem ætlað er að eyða hluta íbúanna, meðal annars þau að svipta þá aðgangi að mat og lyfjum;

c) merkir „þrælkun“ að beita einhverjum eða öllum þeim heimildum sem tengjast eignarrétti yfir einstaklingi, þar á meðal sem liður í mansali, einkum kvenna og barna;

d) merkir „brottvísun eða nauðungarflutningur íbúa“ nauðungarflutninga á fólki, með brottvísun eða öðrum þvingunaraðgerðum, af svæði þar sem fólkið er statt og hefur lögvarinn rétt til dvalar, án ástæðna sem eru heimilaðar að þjóðarétti;

e) merkir „pyndingar“ það ásetningsverk að valda manni, sem er í haldi hjá ákærða eða á valdi hans, miklum sársauka eða þjáningum, líkamlegum eða andlegum; í hugtakinu felst þó ekki sársauki eða þjáningar sem orsakast eingöngu af, felast í eða eru til komnar vegna löglegra refsiaðgerða;

f) merkir „þvingun til þungunar“ ólöglega frelsisskerðingu konu sem hefur verið gert barn með nauðung, með þeim ásetningi að hafa áhrif á samsetningu þjóðernishóps viðkomandi íbúa eða fremja önnur alvarleg brot að þjóðarétti. Þessa skilgreiningu ber á engan hátt að túlka þannig að hún hafi áhrif á lög einstakra ríkja um þungun;

g) merkir „ofsóknir“ vísvitandi og alvarlega sviptingu grundvallarréttinda sem stríðir gegn þjóðarétti, vegna þess hver hópurinn eða samfélagið er;

h) merkir „kynþáttaaðskilnaður“ ómannúðlega verknaði svipaðs eðlis og um getur í 1. mgr. sem framdir eru innan stofnanabundins kerfis þar sem einn kynþáttur kúgar annan eða aðra kynþætti með kerfisbundnum hætti og drottnar yfir honum eða þeim með þeim ásetningi að viðhalda því kerfi;

i) merkir „mannshvörf af manna völdum“ handtöku, hald eða brottnám manna af hálfu ríkis eða stjórnmálasamtaka eða með leyfi þeirra, stuðningi eða samþykki og þau neita síðan að viðurkenna að viðkomandi hafi verið sviptir frelsi eða neita að veita upplýsingar um örlög eða verustað þeirra með þeim ásetningi að svipta þá réttarvernd um lengri tíma.

3. Í þessari samþykkt er með hugtakinu „kynferði“ átt við bæði kynin, karl og konu, eins og það er notple commission of acts referred to in paragraph 1 against any civilian population, pursuant to or in furtherance of a State or organizational policy to commit such attack;

(b) "Extermination" includes the intentional infliction of conditions of life, *inter alia* the deprivation of access to food and medicine, calculated to bring about the destruction of part of a population;

(c) "Enslavement" means the exercise of any or all of the powers attaching to the right of ownership over a person and includes the exercise of such power in the course of trafficking in persons, in particular women and children;

(d) "Deportation or forcible transfer of population" means forced displacement of the persons concerned by expulsion or other coercive acts from the area in which they are lawfully present, without grounds permitted under international law;

(e) "Torture" means the intentional infliction of severe pain or suffering, whether physical or mental, upon a person in the custody or under the control of the accused; except that torture shall not include pain or suffering arising only from, inherent in or incidental to, lawful sanctions;

(f) "Forced pregnancy" means the unlawful confinement of a woman forcibly made pregnant, with the intent of affecting the ethnic composition of any population or carrying out other grave violations of international law. This definition shall not in any way be interpreted as affecting national laws relating to pregnancy;

(g) "Persecution" means the intentional and severe deprivation of fundamental rights contrary to international law by reason of the identity of the group or collectivity;

(h) "The crime of apartheid" means inhumane acts of a character similar to those referred to in paragraph 1, committed in the context of an institutionalized regime of systematic oppression and domination by one racial group over any other racial group or groups and committed with the intention of maintaining that regime;

(i) "Enforced disappearance of persons" means the arrest, detention or abduction of persons by, or with the authorization, support or acquiescence of, a State or a political organization, followed by a refusal to acknowledge that deprivation of freedom or to give information on the fate or whereabouts of those persons, with the intention of removing them from the protection of the law for a prolonged period of time.

3. For the purpose of this Statute, it is understood that the term "gender" refers to the two sexes, male

að í þjóðfélagslegu samhengi. Þetta hugtak gefur ekki til kynna neina aðra merkingu en þá sem greinir hér að framan.

8. gr.
Stríðsglæpir.

1. Dómstóllinn skal hafa lögsögu að því er varðar stríðsglæpi, einkum þegar þeir eru framdir sem þáttur í áætlun eða stefnu eða sem hluti af umfangsmiklum glæpaverkum af því tagi.

2. Í þessari samþykkt er merking hugtaksins „stríðsglæpir“ sem hér segir:

a) Alvarleg brot á Genfarsamningunum frá 12. ágúst 1949, nánar tiltekið einhver eftirtalinna verknaða gegn mönnum eða eignum sem njóta verndar samkvæmt ákvæðum viðkomandi Genfarsamninga:

i) manndráp af ásetningi;

ii) pyndingar eða ómannúðleg meðferð, þar með taldar líffræðilegar tilraunir;

iii) að valda af ásetningi miklum þjáningum eða alvarlegu líkams- eða heilsutjóni;

iv) umfangsmikil eyðilegging og upptaka eigna, sem ekki er réttlætanleg af hernaðarnauðsyn og er framkvæmd með ólöglegum og gerræðislegum hætti;

v) að þröngva stríðsfanga eða öðrum, sem nýtur verndar, til að gegna herþjónustu hjá óvinaríki;

vi) að neita af ásetningi stríðsfanga eða öðrum, sem nýtur verndar, um réttlát og eðlileg réttarhöld;

vii) ólögleg brottvísun eða flutningur eða ólöglegt varðhald;

viii) gíslataka.

b) Önnur alvarleg brot á lögum og venjum sem gilda um vopnuð átök alþjóðlegs eðlis, á viðurkenndum vettvangi þjóðaréttar, nánar tiltekið einhver eftirtalinna verknaða:

i) að leggja af ásetningi til atlögu gegn óbreyttum borgurum almennt eða gegn einstökum borgurum sem taka ekki beinan þátt í átökum;

ii) að ráðast af ásetningi á borgaralega hluti, þ.e. hluti sem hafa ekki hernaðarlegt gildi;

iii) að leggja af ásetningi til atlögu gegn starfsliði, stöðvum, búnaði, einingum eða ökutækjum sem notuð eru við mannúðaraðstoð eða friðargæslu í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna, svo fremi að þeim beri vernd svo sem óbreyttum borgurum eða borgaralegum hlutum samkvæmt þjóðréttarreglum um vopnuð átök;

iv) að leggja af ásetningi til atlögu, vitandi að slík atlaga geti, á tilviljunarkenndan hátt, kostað líf óbreyttra borgara eða valdið þeim líkamstjóni eða

and female, within the context of society. The term "gender" does not indicate any meaning different from the above.

Article 8
War crimes

1. The Court shall have jurisdiction in respect of war crimes in particular when committed as part of a plan or policy or as part of a large-scale commission of such crimes.

2. For the purpose of this Statute, "war crimes" means:

(a) Grave breaches of the Geneva Conventions of 12 August 1949, namely, any of the following acts against persons or property protected under the provisions of the relevant Geneva Convention:

(i) Wilful killing;

(ii) Torture or inhuman treatment, including biological experiments;

(iii) Wilfully causing great suffering, or serious injury to body or health;

(iv) Extensive destruction and appropriation of property, not justified by military necessity and carried out unlawfully and wantonly;

(v) Compelling a prisoner of war or other protected person to serve in the forces of a hostile Power;

(vi) Wilfully depriving a prisoner of war or other protected person of the rights of fair and regular trial;

(vii) Unlawful deportation or transfer or unlawful confinement;

(viii) Taking of hostages.

(b) Other serious violations of the laws and customs applicable in international armed conflict, within the established framework of international law, namely, any of the following acts:

(i) Intentionally directing attacks against the civilian population as such or against individual civilians not taking direct part in hostilities;

(ii) Intentionally directing attacks against civilian objects, that is, objects which are not military objectives;

(iii) Intentionally directing attacks against personnel, installations, material, units or vehicles involved in a humanitarian assistance or peacekeeping mission in accordance with the Charter of the United Nations, as long as they are entitled to the protection given to civilians or civilian objects under the international law of armed conflict;

(iv) Intentionally launching an attack in the knowledge that such attack will cause incidental loss of life or injury to civilians or damage to civilian ob-

skemmt borgaralega hluti eða valdið víðtækum, langvarandi og alvarlegum umhverfisspjöllum sem augljóslega væru langt umfram raunverulegan og beinan hernaðarlegan ávinning sem vænst er;

v) að ráðast eða varpa sprengjum, með hvaða hætti sem er, á borgir, þorp, bústaði eða byggingar sem eru óvarðar og hafa ekki hernaðarlegt gildi;

vi) að drepa eða særa hermann sem hefur lagt niður vopn eða hefur engin tök á að verja sig lengur og hefur gefist upp skilyrðislaust;

vii) að misnota griðafána, fána eða einkennismerki og einkennisbúning óvinahers eða Sameinuðu þjóðanna svo og sérstök tákn Genfarsamninganna, þannig að leiði til dauða eða alvarlegra meiðsla á mönnum;

viii) að hernámsríki flytji, beint eða óbeint, hluta eigin óbreyttra borgara inn á hernámssvæði sitt eða vísi á brott eða flytji alla íbúa hernumda svæðisins eða hluta þeirra annaðhvort innan þess svæðis eða út fyrir svæðið;

ix) að ráðast af ásetningi á byggingar, sem eru helgaðar trú, menntun, listum, vísindum eða góðgerðastarfsemi, eða á sögulega minnisvarða, sjúkrahús eða staði þar sem sjúkum og særðum er safnað saman, að því tilskildu að þessir staðir hafi ekki hernaðarlegt gildi;

x) að láta menn, sem eru á valdi óvina sinna, sæta limlestingum eða læknisfræðilegum eða vísindalegum tilraunum af hvaða tagi sem er sem hvorki er unnt að réttlæta sem læknismeðferð eða meðferð hjá tannlækni eða á sjúkrahúsi né meðferð í þeirra þágu og leiða til dauða eða stofna heilsu þeirra í alvarlega hættu;

xi) að drepa eða særa menn sem tilheyra óvinaþjóð eða óvinaher með sviksamlegum hætti;

xii) að lýsa því yfir að engin grið verði gefin;

xiii) að eyðileggja eða leggja hald á eignir óvinanna nema slíkt sé algjörlega óhjákvæmilegt af hernaðarnauðsyn;

xiv) að lýsa yfir að afnumin séu, felld úr gildi um tíma eða lýst ótæk fyrir dómi réttindi og gerðir borgara frá óvinaríkinu;

xv) að neyða borgara óvinaríkis til að taka þátt í stríðsaðgerðum gegn eigin landi jafnvel þótt þeir hafi verið í þjónustu hins stríðsaðilans áður en stríðið hófst;

xvi) að fara ránshendi um borg eða stað jafnvel þótt borgin eða staðurinn hafi verið tekinn með áhlaupi;

xvii) að nota eitur eða eiturvopn;

jects or widespread, long-term and severe damage to the natural environment which would be clearly excessive in relation to the concrete and direct overall military advantage anticipated;

(v) Attacking or bombarding, by whatever means, towns, villages, dwellings or buildings which are undefended and which are not military objectives;

(vi) Killing or wounding a combatant who, having laid down his arms or having no longer means of defence, has surrendered at discretion;

(vii) Making improper use of a flag of truce, of the flag or of the military insignia and uniform of the enemy or of the United Nations, as well as of the distinctive emblems of the Geneva Conventions, resulting in death or serious personal injury;

(viii) The transfer, directly or indirectly, by the Occupying Power of parts of its own civilian population into the territory it occupies, or the deportation or transfer of all or parts of the population of the occupied territory within or outside this territory;

(ix) Intentionally directing attacks against buildings dedicated to religion, education, art, science or charitable purposes, historic monuments, hospitals and places where the sick and wounded are collected, provided they are not military objectives;

(x) Subjecting persons who are in the power of an adverse party to physical mutilation or to medical or scientific experiments of any kind which are neither justified by the medical, dental or hospital treatment of the person concerned nor carried out in his or her interest, and which cause death to or seriously endanger the health of such person or persons;

(xi) Killing or wounding treacherously individuals belonging to the hostile nation or army;

(xii) Declaring that no quarter will be given;

(xiii) Destroying or seizing the enemy's property unless such destruction or seizure be imperatively demanded by the necessities of war;

(xiv) Declaring abolished, suspended or inadmissible in a court of law the rights and actions of the nationals of the hostile party;

(xv) Compelling the nationals of the hostile party to take part in the operations of war directed against their own country, even if they were in the belligerent's service before the commencement of the war;

(xvi) Pillaging a town or place, even when taken by assault;

(xvii) Employing poison or poisoned weapons;

xviii) að nota kæfandi, eitraðar eða annars konar gastegundir og hvers konar sambærilega vökva, efni eða búnað;

xix) að nota byssukúlur sem auðveldlega þenjast eða fletjast út í mannslíkamanum, svo sem byssukúlur með harðan hjúp sem þekur ekki allan kjarnann eða er settur skorum;

xx) að nota, andstætt þjóðréttarreglum um vopnuð átök, vopn, skotfæri, efni og hernaðaraðferðir sem eru þess eðlis að valda óþarfa áverkum eða þjáningum eða eru í eðli sínu tilviljunarkennd, að því tilskildu að slík vopn, skotfæri, efni og hernaðaraðferðir falli undir allsherjarbann og séu talin upp í viðauka við þessa samþykkt, með breytingu í samræmi við viðeigandi ákvæði 121. og 123. gr.;

xxi) að misbjóða mannlegri reisn, einkum með auðmýkjandi og niðurlægjandi meðferð;

xxii) að nauðga, halda í kynlífsþrælkun, þvinga til vændis, þvinga til þungunar, eins og skilgreint er í lið 2. mgr. 7. gr., gera ófrjósemisaðgerð með nauðung eða fremja hvers konar annað kynlífsofbeldi sem telst einnig til alvarlegra brota á Genfarsamningunum;

xxiii) að notfæra sér nærveru óbreytts borgara, eða annars manns sem nýtur verndar, til að ekki sé unnt að beita hernaðaraðgerðum gagnvart tilteknum stöðum, svæðum eða herafla;

xxiv) að ráðast af ásetningi á byggingar, búnað, sjúkraliðseiningar, sjúkraflutningatæki og starfslið sem notar sérstök tákn Genfarsamninganna í samræmi við þjóðarétt;

xxv) að nota vísvitandi þá hernaðaraðferð að svelta óbreytta borgara með því að svipta þá hlutum sem eru þeim ómissandi til að lifa af, þar með talið að koma af ásetningi í veg fyrir að þeim berist hjálpargögn, svo sem kveðið er á um í Genfarsamningunum;

xxvi) að kveðja eða skrá í ríkisher börn undir fimmtán ára aldri eða láta þau taka virkan þátt í átökum.

c) Alvarleg brot gegn 3. gr. sem er sameiginleg Genfarsamningunum fjórum frá 12. ágúst 1949, þegar um er að ræða vopnuð átök sem ekki eru alþjóðlegs eðlis, nánar tiltekið einhver eftirtalinna verknaða gegn mönnum sem taka ekki virkan þátt í átökum, að meðtöldum einstökum hermönnum sem hafa lagt niður vopn og þeim sem eru ekki vopnfærir vegna veikinda, sára, varðhalds eða af öðrum ástæðum:

(xviii) Employing asphyxiating, poisonous or other gases, and all analogous liquids, materials or devices;

(xix) Employing bullets which expand or flatten easily in the human body, such as bullets with a hard envelope which does not entirely cover the core or is pierced with incisions;

(xx) Employing weapons, projectiles and material and methods of warfare which are of a nature to cause superfluous injury or unnecessary suffering or which are inherently indiscriminate in violation of the international law of armed conflict, provided that such weapons, projectiles and material and methods of warfare are the subject of a comprehensive prohibition and are included in an annex to this Statute, by an amendment in accordance with the relevant provisions set forth in articles 121 and 123;

(xxi) Committing outrages upon personal dignity, in particular humiliating and degrading treatment;

(xxii) Committing rape, sexual slavery, enforced prostitution, forced pregnancy, as defined in article 7, paragraph 2 (f), enforced sterilization, or any other form of sexual violence also constituting a grave breach of the Geneva Conventions;

(xxiii) Utilizing the presence of a civilian or other protected person to render certain points, areas or military forces immune from military operations;

(xxiv) Intentionally directing attacks against buildings, material, medical units and transport, and personnel using the distinctive emblems of the Geneva Conventions in conformity with international law;

(xxv) Intentionally using starvation of civilians as a method of warfare by depriving them of objects indispensable to their survival, including wilfully impeding relief supplies as provided for under the Geneva Conventions;

(xxvi) Conscripting or enlisting children under the age of fifteen years into the national armed forces or using them to participate actively in hostilities.

(c) In the case of an armed conflict not of an international character, serious violations of article 3 common to the four Geneva Conventions of 12 August 1949, namely, any of the following acts committed against persons taking no active part in the hostilities, including members of armed forces who have laid down their arms and those placed *hors de combat* by sickness, wounds, detention or any other cause:

i) ofbeldi gegn lífi og limum, einkum hvers kyns morð, limlestingar, misþyrmingar og pyndingar;

ii) að misbjóða mannlegri reisn, einkum með auðmýkjandi og niðurlægjandi meðferð;

iii) gíslataka;

iv) að dæma menn til refsingar og taka þá af lífi án þess að lögbær dómstóll, sem tryggir öll þau mannréttindi sem almennt eru viðurkennd ófrávíkjanleg, hafi áður kveðið upp dóm þar að lútandi.

d) Ákvæði c-liðar 2. mgr. gildir um vopnuð átök sem ekki eru alþjóðlegs eðlis og á þannig ekki við um óróa og spennu innanlands, til dæmis uppþot, einangruð og tilfallandi ofbeldisverk eða aðra sambærilega verknaði.

e) Önnur alvarleg brot á lögum og venjum sem gilda um vopnuð átök sem ekki eru alþjóðlegs eðlis, á viðurkenndum vettvangi þjóðaréttar, nánar tiltekið einhver eftirtalinna verknaða:

i) að leggja af ásetningi til atlögu gegn óbreyttum borgurum almennt eða gegn einstökum borgurum sem taka ekki beinan þátt í átökum;

ii) að ráðast af ásetningi á byggingar, búnað, sjúkraliðseiningar, sjúkraflutningatæki og starfslið sem notar sérstök tákn Genfarsamninganna í samræmi við þjóðarétt;

iii) að leggja af ásetningi til atlögu gegn starfsliði, stöðvum, búnaði, einingum eða ökutækjum sem notuð eru við mannúðaraðstoð eða friðargæslu í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna, svo fremi að þeim beri vernd svo sem óbreyttum borgurum eða borgaralegum hlutum samkvæmt þjóðréttarreglum um vopnuð átök;

iv) að ráðast af ásetningi á byggingar sem eru helgaðar trú, menntun, listum, vísindum eða góðgerðastarfsemi, eða á sögulega minnisvarða, sjúkrahús eða staði þar sem sjúkum og særðum er safnað saman, að því tilskildu að þessir staðir hafi ekki hernaðarlegt gildi;

v) að fara ránshendi um borg eða stað jafnvel þótt borgin eða staðurinn hafi verið tekinn með áhlaupi;

vi) að nauðga, halda í kynlífsþrælkun, þvinga til vændis, þvinga til þungunar, eins og skilgreint er í flið 2. mgr. 7. gr., gera ófrjósemisaðgerð með nauðung eða fremja hvers konar annað kynlífsofbeldi sem telst einnig til alvarlegra brota gegn 3. gr. sem er sameiginleg Genfarsamningunum fjórum;

vii) að kveðja eða skrá í her eða herflokka börn undir fimmtán ára aldri eða láta þau taka virkan þátt í átökum;

viii) að fyrirskipa flutning á óbreyttum borgurum af ástæðum sem tengjast átökunum, nema því aðeins

(i) Violence to life and person, in particular murder of all kinds, mutilation, cruel treatment and torture;

(ii) Committing outrages upon personal dignity, in particular humiliating and degrading treatment;

(iii) Taking of hostages;

(iv) The passing of sentences and the carrying out of executions without previous judgement pronounced by a regularly constituted court, affording all judicial guarantees which are generally recognized as indispensable.

(d) Paragraph 2 (c) applies to armed conflicts not of an international character and thus does not apply to situations of internal disturbances and tensions, such as riots, isolated and sporadic acts of violence or other acts of a similar nature.

(e) Other serious violations of the laws and customs applicable in armed conflicts not of an international character, within the established framework of international law, namely, any of the following acts:

(i) Intentionally directing attacks against the civilian population as such or against individual civilians not taking direct part in hostilities;

(ii) Intentionally directing attacks against buildings, material, medical units and transport, and personnel using the distinctive emblems of the Geneva Conventions in conformity with international law;

(iii) Intentionally directing attacks against personnel, installations, material, units or vehicles involved in a humanitarian assistance or peacekeeping mission in accordance with the Charter of the United Nations, as long as they are entitled to the protection given to civilians or civilian objects under the international law of armed conflict;

(iv) Intentionally directing attacks against buildings dedicated to religion, education, art, science or charitable purposes, historic monuments, hospitals and places where the sick and wounded are collected, provided they are not military objectives;

(v) Pillaging a town or place, even when taken by assault;

(vi) Committing rape, sexual slavery, enforced prostitution, forced pregnancy, as defined in article 7, paragraph 2 (f), enforced sterilization, and any other form of sexual violence also constituting a serious violation of article 3 common to the four Geneva Conventions;

(vii) Conscripting or enlisting children under the age of fifteen years into armed forces or groups or using them to participate actively in hostilities;

(viii) Ordering the displacement of the civilian population for reasons related to the conflict, unless

að öryggi hlutaðeigandi borgara eða brýnar hernaðarástæður krefjist þess;

ix) að drepa eða særa óvinahermann með sviksamlegum hætti;

x) að lýsa því yfir að engin grið verði gefin;

xi) að láta menn, sem eru á valdi annars aðila að átökunum, sæta limlestingum eða gera á þeim læknisfræðilegar eða vísindalegar tilraunir af hvaða tagi sem er, og sem hvorki er unnt að réttlæta sem læknismeðferð eða meðferð hjá tannlækni eða á sjúkrahúsi né meðferð í þeirra þágu og leiða til dauða eða stofna heilsu þeirra í alvarlega hættu;

xii) að eyðileggja eða leggja hald á eignir óvinar nema slíkt sé algjörlega óhjákvæmilegt vegna átakanna.

f) Ákvæði e-liðar 2. mgr. gildir um vopnuð átök sem ekki eru alþjóðlegs eðlis og á þannig ekki við um óróa og spennu innanlands, til dæmis uppþot, einangruð og tilfallandi ofbeldisverk eða aðra sambærilega verknaði. Það gildir um vopnuð átök á yfirráðasvæði ríkis þegar langvinn vopnuð átök eiga sér stað milli stjórnvalda og skipulagðra vopnaðra hópa eða milli slíkra hópa.

3. Ekkert í c- og e-liðum 2. mgr. skal hafa áhrif á ábyrgð ríkisstjórnar á að halda uppi eða koma aftur á lögum og reglu í ríkinu eða að verja einingu og óskert forræði ríkisins með öllum löglegum ráðum.

9. gr.

Þáttagreining glæpa.

1. Dómstóllinn skal styðjast við þáttagreiningu glæpa við túlkun og beitingu 6., 7. og 8. gr. Skal hún samþykkt af tveimur þriðju hlutum fulltrúanna á þingi aðildarríkjanna.

2. Eftirtaldir aðilar geta lagt fram tillögur um breytingar á þáttagreiningu glæpa:

a) aðildarríki;

b) dómararnir með hreinum meiri hluta;

c) saksóknarinn.

Breytingar skulu samþykktar af tveimur þriðju hlutum fulltrúanna á þingi aðildarríkjanna.

3. Þáttagreining glæpa og breytingar á henni skal vera í samræmi við þessa samþykkt.

10. gr.

Ekkert í þessum kafla skal túlkað þannig að það takmarki eða hafi með einhverjum hætti áhrif á reglur þjóðaréttar sem í gildi eru eða í mótun, að því er varðar önnur svið en þessa samþykkt.

the security of the civilians involved or imperative military reasons so demand;

(ix) Killing or wounding treacherously a combatant adversary;

(x) Declaring that no quarter will be given;

(xi) Subjecting persons who are in the power of another party to the conflict to physical mutilation or to medical or scientific experiments of any kind which are neither justified by the medical, dental or hospital treatment of the person concerned nor carried out in his or her interest, and which cause death to or seriously endanger the health of such person or persons;

(xii) Destroying or seizing the property of an adversary unless such destruction or seizure be imperatively demanded by the necessities of the conflict;

(f) Paragraph 2 (e) applies to armed conflicts not of an international character and thus does not apply to situations of internal disturbances and tensions, such as riots, isolated and sporadic acts of violence or other acts of a similar nature. It applies to armed conflicts that take place in the territory of a State when there is protracted armed conflict between governmental authorities and organized armed groups or between such groups.

3. Nothing in paragraph 2 (c) and (e) shall affect the responsibility of a Government to maintain or re-establish law and order in the State or to defend the unity and territorial integrity of the State, by all legitimate means.

Article 9

Elements of Crimes

1. Elements of Crimes shall assist the Court in the interpretation and application of articles 6, 7 and 8. They shall be adopted by a two-thirds majority of the members of the Assembly of States Parties.

2. Amendments to the Elements of Crimes may be proposed by:

(a) Any State Party;

(b) The judges acting by an absolute majority;

(c) The Prosecutor.

Such amendments shall be adopted by a two-thirds majority of the members of the Assembly of States Parties.

3. The Elements of Crimes and amendments thereto shall be consistent with this Statute.

Article 10

Nothing in this Part shall be interpreted as limiting or prejudicing in any way existing or developing rules of international law for purposes other than this Statute.

11. gr.

Tímamörk lögsögunnar.

1. Dómstóllinn hefur einungis lögsögu að því er varðar glæpi sem eru framdir eftir að þessi samþykkt öðlast gildi.

2. Ef ríki gerist aðili að þessari samþykkt eftir að hún öðlast gildi getur dómstóllinn einungis beitt lögsögu sinni varðandi glæpi sem framdir eru eftir að samþykktin öðlast gildi að því er þetta ríki varðar, nema ríkið hafi gefið út yfirlýsingu skv. 3. mgr. 12. gr.

Article 11

Jurisdiction ratione temporis

1. The Court has jurisdiction only with respect to crimes committed after the entry into force of this Statute.

2. If a State becomes a Party to this Statute after its entry into force, the Court may exercise its jurisdiction only with respect to crimes committed after the entry into force of this Statute for that State, unless that State has made a declaration under article 12, paragraph 3.

12. gr.

Forsendur þess að dómstóllinn beiti lögsögu sinni.

1. Ríki, sem gerist aðili að þessari samþykkt, viðurkennir þar með lögsögu dómstólsins að því er varðar þá glæpi sem tilgreindir eru í 5. gr.

2. Þegar um er að ræða a- eða c-lið 13. gr. getur dómstóllinn beitt lögsögu sinni ef eitt eða fleiri eftirfarandi ríkja eiga aðild að þessari samþykkt eða hafa viðurkennt lögsögu dómstólsins í samræmi við 3. mgr.:

a) ríki sem ræður því yfirráðasvæði þar sem viðkomandi háttsemi átti sér stað eða, ef glæpurinn var framinn um borð í skipi eða loftfari, skráningarríki skipsins eða loftfarsins;

b) ríki þar sem sá sem ákærður er fyrir glæpinn á ríkisfang.

3. Ef nauðsynlegt er skv. 2. mgr. að ríki, sem er ekki aðili að þessari samþykkt, viðurkenni lögsögu dómstólsins getur það ríki samþykkt með yfirlýsingu til dómritara að dómstóllinn beiti lögsögu sinni að því er varðar viðkomandi glæp. Ríkið, sem hefur viðurkennt lögsögu dómstólsins, skal án tafar og undantekningarlaust hafa samvinnu við dómstólinn í samræmi við 9. kafla.

Article 12

Preconditions to the exercise of jurisdiction

1. A State which becomes a Party to this Statute thereby accepts the jurisdiction of the Court with respect to the crimes referred to in article 5.

2. In the case of article 13, paragraph (a) or (c), the Court may exercise its jurisdiction if one or more of the following States are Parties to this Statute or have accepted the jurisdiction of the Court in accordance with paragraph 3:

(a) The State on the territory of which the conduct in question occurred or, if the crime was committed on board a vessel or aircraft, the State of registration of that vessel or aircraft;

(b) The State of which the person accused of the crime is a national.

3. If the acceptance of a State which is not a Party to this Statute is required under paragraph 2, that State may, by declaration lodged with the Registrar, accept the exercise of jurisdiction by the Court with respect to the crime in question. The accepting State shall cooperate with the Court without any delay or exception in accordance with Part 9.

13. gr.

Beiting lögsögu.

Dómstóllinn getur beitt lögsögu sinni, að því er varðar glæp sem um getur í 5. gr., í samræmi við ákvæði þessarar samþykktar ef:

a) aðildarríki hefur, í samræmi við 14. gr., vísað til saksóknara aðstæðum þar sem einn eða fleiri slíkir glæpir virðast hafa verið framdir;

b) öryggisráðið hefur, skv. VII. kafla sáttmála Sameinuðu þjóðanna, vísað til saksóknara aðstæðum þar sem einn eða fleiri slíkir glæpir virðast hafa verið framdir; eða

c) saksóknari hefur hafið rannsókn á slíkum glæp í samræmi við 15. gr.

Article 13

Exercise of jurisdiction

The Court may exercise its jurisdiction with respect to a crime referred to in article 5 in accordance with the provisions of this Statute if:

(a) A situation in which one or more of such crimes appears to have been committed is referred to the Prosecutor by a State Party in accordance with article 14;

(b) A situation in which one or more of such crimes appears to have been committed is referred to the Prosecutor by the Security Council acting under Chapter VII of the Charter of the United Nations; or

(c) The Prosecutor has initiated an investigation in respect of such a crime in accordance with article 15.

14. gr.

Aðildarríki vísar aðstæðum til saksóknara.

1. Aðildarríki getur vísað til saksóknara aðstæðum þar sem einn eða fleiri glæpir, sem falla undir lögsögu dómstólsins, virðast hafa verið framdir og óskað þess að hann rannsaki aðstæðurnar í þeim tilgangi að ákvarða hvort einn eða fleiri tilteknir menn skuli ákærðir fyrir glæpina.

2. Ríkið, sem vísar aðstæðum til saksóknara, skal, eftir því sem unnt er, greina í tilvísuninni frá aðstæðum sem máli skipta og leggja fram með henni öll tiltæk stuðningsgögn.

15. gr.

Saksóknari.

1. Saksóknari getur hafið rannsókn *proprio motu* á grundvelli upplýsinga um glæpi sem falla undir lögsögu dómstólsins.

2. Saksóknari skal kanna hversu alvarlegar þær upplýsingar eru sem honum hafa borist. Í því skyni getur hann leitað viðbótarupplýsinga hjá ríkjum, stofnunum Sameinuðu þjóðanna, milliríkjastofnunum, frjálsum félagasamtökum eða öðrum áreiðanlegum aðilum eins og hann telur við eiga og getur hann móttekið skriflega eða munnlega vitnisburði á aðsetri dómstólsins.

3. Ef saksóknari kemst að þeirri niðurstöðu að gild rök séu til þess að hefja rannsókn skal hann senda forréttarstofu beiðni um heimild til rannsóknar ásamt öllum stuðningsgögnum sem safnað hefur verið. Fórnarlömbum er heimilt að leggja fram athugasemdir í forréttarstofu í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun.

4. Telji forréttarstofa, eftir að hafa athugað beiðnina og stuðningsskjöl með henni, að gild rök séu til þess að hefja rannsókn og að málið virðist falla undir lögsögu dómstólsins skal hún heimila að rannsókn verði hafin, með fyrirvara um síðari ákvarðanir dómstólsins um hvort mál falli undir lögsögu hans og sé tækt til meðferðar.

5. Hafni forréttarstofa beiðni um heimild til rannsóknar skal það ekki útiloka að saksóknari geti lagt fram beiðni síðar á grundvelli nýrra staðreynda eða sönnunargagna um sömu aðstæður.

6. Ef saksóknari kemst að þeirri niðurstöðu, að lokinni forrannsókninni sem um getur í 1. og 2. mgr., að upplýsingarnar, sem lagðar hafa verið fram, feli ekki í sér gild rök til rannsóknar skal hann til-

Article 14

Referral of a situation by a State Party

1. A State Party may refer to the Prosecutor a situation in which one or more crimes within the jurisdiction of the Court appear to have been committed requesting the Prosecutor to investigate the situation for the purpose of determining whether one or more specific persons should be charged with the commission of such crimes.

2. As far as possible, a referral shall specify the relevant circumstances and be accompanied by such supporting documentation as is available to the State referring the situation.

Article 15

Prosecutor

1. The Prosecutor may initiate investigations *proprio motu* on the basis of information on crimes within the jurisdiction of the Court.

2. The Prosecutor shall analyse the seriousness of the information received. For this purpose, he or she may seek additional information from States, organs of the United Nations, intergovernmental or non-governmental organizations, or other reliable sources that he or she deems appropriate, and may receive written or oral testimony at the seat of the Court.

3. If the Prosecutor concludes that there is a reasonable basis to proceed with an investigation, he or she shall submit to the Pre-Trial Chamber a request for authorization of an investigation, together with any supporting material collected. Victims may make representations to the Pre-Trial Chamber, in accordance with the Rules of Procedure and Evidence.

4. If the Pre-Trial Chamber, upon examination of the request and the supporting material, considers that there is a reasonable basis to proceed with an investigation, and that the case appears to fall within the jurisdiction of the Court, it shall authorize the commencement of the investigation, without prejudice to subsequent determinations by the Court with regard to the jurisdiction and admissibility of a case.

5. The refusal of the Pre-Trial Chamber to authorize the investigation shall not preclude the presentation of a subsequent request by the Prosecutor based on new facts or evidence regarding the same situation.

6. If, after the preliminary examination referred to in paragraphs 1 and 2, the Prosecutor concludes that the information provided does not constitute a reasonable basis for an investigation, he or she shall in-

kynna það þeim sem veittu upplýsingarnar. Skal það þó ekki útiloka að saksóknari taki til athugunar frekari upplýsingar, sem hann fær og varða sömu aðstæður, í ljósi nýrra staðreynda eða sönnunargagna.

16. gr.

Frestun rannsóknar eða saksóknar.

Ekki má hefja eða halda áfram rannsókn eða saksókn samkvæmt þessari samþykkt næstu 12 mánuði eftir að öryggisráðið hefur lagt fram beiðni í þá veru við dómstólinn í samræmi við ályktun sem samþykkt er skv. VII. kafla sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ráðið getur endurnýjað beiðnina með sama hætti.

17. gr.

Frávísunarástæður.

1. Með hliðsjón af tíundu málsgrein inngangsorðanna og 1. gr. skal dómstóllinn ákveða að vísa máli frá þegar:

a) ríki, sem hefur lögsögu í málinu, hefur hafið rannsókn eða saksókn í því, nema ríkið skorti vilja eða getu til að fylgja rannsókninni eða saksókninni eftir af fullri alvöru;

b) ríki, sem hefur lögsögu í málinu, hefur rannsakað það og ákveðið að sækja ekki viðkomandi mann til saka, nema sú ákvörðun stafi af skorti ríkisins á vilja eða getu til að sækja viðkomandi mann til saka af fullri alvöru;

c) viðkomandi maður hefur þegar verið dæmdur fyrir þá háttsemi sem er tilefni ákærunnar og dómstólnum er óheimilt að rétta í málinu skv. 3. mgr. 20. gr.;

d) málið er ekki nógu alvarlegt til að réttlætanlegt sé að dómstóllinn hafist frekar að í því.

2. Til þess að ákvarða hvort um sé að ræða skort á vilja í tilteknu máli skal dómstóllinn meta, með hliðsjón af meginreglum um réttláta málsmeðferð sem viðurkenndar eru að þjóðarétti, hvort um sé að ræða eitt eða fleiri eftirtalinna atriða, eftir því sem við á:

a) stofnað var eða stofnað er til réttarhaldanna eða ákvörðun hefur verið tekin innanlands um að firra viðkomandi mann refsiábyrgð á glæpum sem falla undir lögsögu dómstólsins og getið er í 5. gr.;

b) óréttmætar tafir hafa orðið á réttarhöldunum sem, miðað við aðstæður, samrýmist ekki þeim ásetningi að leiða viðkomandi mann fyrir rétt;

c) réttarhöldin fóru eða fara ekki fram á óháðan eða hlutlausan hátt og fóru eða fara fram með þeim

form those who provided the information. This shall not preclude the Prosecutor from considering further information submitted to him or her regarding the same situation in the light of new facts or evidence.

Article 16

Deferral of investigation or prosecution

No investigation or prosecution may be commenced or proceeded with under this Statute for a period of 12 months after the Security Council, in a resolution adopted under Chapter VII of the Charter of the United Nations, has requested the Court to that effect; that request may be renewed by the Council under the same conditions.

Article 17

Issues of admissibility

1. Having regard to paragraph 10 of the Preamble and article 1, the Court shall determine that a case is inadmissible where:

(a) The case is being investigated or prosecuted by a State which has jurisdiction over it, unless the State is unwilling or unable genuinely to carry out the investigation or prosecution;

(b) The case has been investigated by a State which has jurisdiction over it and the State has decided not to prosecute the person concerned, unless the decision resulted from the unwillingness or inability of the State genuinely to prosecute;

(c) The person concerned has already been tried for conduct which is the subject of the complaint, and a trial by the Court is not permitted under article 20, paragraph 3;

(d) The case is not of sufficient gravity to justify further action by the Court.

2. In order to determine unwillingness in a particular case, the Court shall consider, having regard to the principles of due process recognized by international law, whether one or more of the following exist, as applicable:

(a) The proceedings were or are being undertaken or the national decision was made for the purpose of shielding the person concerned from criminal responsibility for crimes within the jurisdiction of the Court referred to in article 5;

(b) There has been an unjustified delay in the proceedings which in the circumstances is inconsistent with an intent to bring the person concerned to justice;

(c) The proceedings were not or are not being conducted independently or impartially, and they were

hætti sem, miðað við aðstæður, samrýmist ekki þeim ásetningi að leiða viðkomandi mann fyrir rétt.

3. Til þess að ákvarða hvort um er að ræða skort á getu í tilteknu máli skal dómstóllinn meta hvort ríkið geti ekki, vegna þess að réttarkerfi þess er með öllu eða að verulegu leyti óstarfhæft, tekið ákærða höndum eða aflað nauðsynlegra sönnunargagna og vitnisburðar eða sé á annan hátt ófært um að rétta í málinu.

18. gr.

Forúrskurðir um hvort mál sé tækt til meðferðar.

1. Þegar aðstæðum hefur verið vísað til dómstólsins í samræmi við a-lið 13. gr. og saksóknari hefur ákvarðað að gild rök séu til þess að hefja rannsókn, eða þegar saksóknari hefur rannsókn skv. c-lið 13. gr. og 15. gr., skal hann tilkynna það öllum aðildarríkjunum og þeim ríkjum sem, samkvæmt þeim upplýsingum sem tiltækar eru, myndu að öllu jöfnu fara með lögsögu að því er varðar þá glæpi sem um ræðir. Saksóknari getur tilkynnt þessum ríkjum þetta í trúnaði og, ef hann telur nauðsynlegt að vernda menn, koma í veg fyrir að sönnunargögn séu eyðilögð eða að menn komist undan, getur hann takmarkað þær upplýsingar sem hann veitir ríkjum.

2. Áður en mánuður er liðinn frá því að ríki móttekur tilkynninguna getur það upplýst dómstólinn um að það sé að rannsaka eða hafi rannsakað eigin ríkisborgara eða aðra sem heyra undir lögsögu þess í tengslum við refsiverða verknaði sem kunna að vera glæpir, sem getið er um í 5. gr., og tengjast upplýsingunum sem koma fram í tilkynningunni til ríkjanna. Að beiðni viðkomandi ríkis eftirlætur saksóknari því ríki að rannsaka þessa menn, nema forréttarstofa ákveði, að beiðni saksóknara, að heimila rannsóknina.

3. Saksóknari getur endurskoðað ákvörðun sína um að eftirláta ríki rannsókn sex mánuðum eftir að hann tók ákvörðunina eða hvenær sem er hafi aðstæður breyst verulega sökum skorts á vilja eða getu til að fylgja rannsókninni eftir af fullri alvöru.

4. Viðkomandi ríki eða saksóknari getur áfrýjað úrskurði forréttarstofu til áfrýjunarstofu í samræmi við 82. gr. Áfrýjunin getur fengið flýtimeðferð.

5. Þegar saksóknari hefur eftirlátið ríki rannsóknir í samræmi við 2. mgr. getur hann óskað þess að fá upplýsingar frá viðkomandi ríki með reglubundnu millibili um framvindu rannsóknarinnar og, eftir atvikum, eftirfarandi saksókn. Aðildarríki skulu svara

or are being conducted in a manner which, in the circumstances, is inconsistent with an intent to bring the person concerned to justice.

3. In order to determine inability in a particular case, the Court shall consider whether, due to a total or substantial collapse or unavailability of its national judicial system, the State is unable to obtain the accused or the necessary evidence and testimony or otherwise unable to carry out its proceedings.

Article 18

Preliminary rulings regarding admissibility

1. When a situation has been referred to the Court pursuant to article 13 (a) and the Prosecutor has determined that there would be a reasonable basis to commence an investigation, or the Prosecutor initiates an investigation pursuant to articles 13 (c) and 15, the Prosecutor shall notify all States Parties and those States which, taking into account the information available, would normally exercise jurisdiction over the crimes concerned. The Prosecutor may notify such States on a confidential basis and, where the Prosecutor believes it necessary to protect persons, prevent destruction of evidence or prevent the absconding of persons, may limit the scope of the information provided to States.

2. Within one month of receipt of that notification, a State may inform the Court that it is investigating or has investigated its nationals or others within its jurisdiction with respect to criminal acts which may constitute crimes referred to in article 5 and which relate to the information provided in the notification to States. At the request of that State, the Prosecutor shall defer to the State's investigation of those persons unless the Pre-Trial Chamber, on the application of the Prosecutor, decides to authorize the investigation.

3. The Prosecutor's deferral to a State's investigation shall be open to review by the Prosecutor six months after the date of deferral or at any time when there has been a significant change of circumstances based on the State's unwillingness or inability genuinely to carry out the investigation.

4. The State concerned or the Prosecutor may appeal to the Appeals Chamber against a ruling of the Pre-Trial Chamber, in accordance with article 82. The appeal may be heard on an expedited basis.

5. When the Prosecutor has deferred an investigation in accordance with paragraph 2, the Prosecutor may request that the State concerned periodically inform the Prosecutor of the progress of its investigations and any subsequent prosecutions. States Parties

slíkum beiðnum án ótilhlýðilegra tafa.

6. Á meðan beðið er úrskurðar forréttarstofu, eða hvenær sem er þegar saksóknari hefur eftirlátið ríki rannsókn samkvæmt þessari grein, getur saksóknari, í undantekningartilvikum, leitað heimildar forréttarstofu til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna rannsóknarinnar í því skyni að tryggja sönnunargögn ef einstakt færi gefst til að afla mikilvægra sönnunargagna eða ef veruleg hætta er á að slík sönnunargögn verði ekki fáanleg síðar.

7. Ríki, sem hefur mótmælt úrskurði forréttarstofu samkvæmt þessari grein, getur mótmælt því að mál sé tækt til meðferðar skv. 19. gr. á grundvelli annarra upplýsinga, sem hafa verulega þýðingu, eða umtalsvert breyttra aðstæðna.

19. gr.

Mótmæli gegn því að dómstóllinn hafi lögsögu eða að mál sé tækt til meðferðar.

1. Dómstóllinn skal ganga úr skugga um að hann hafi lögsögu í hverju því máli sem er vísað til hans. Dómstóllinn getur ákvarðað að eigin frumkvæði hvort mál sé tækt til meðferðar í samræmi við 17. gr.

2. Eftirfarandi geta borið fram mótmæli gegn því að mál sé tækt til meðferðar eða að dómstóllinn hafi lögsögu af ástæðum sem um getur í 17. gr:

a) maður sem er ákærður eða maður sem hefur verið gefin út handtökuskipun á eða hefur fengið kvaðningu skv. 58. gr.;

b) ríki, sem hefur lögsögu í tilteknu máli, á þeim forsendum að það hafi þegar hafið rannsókn eða saksókn í málinu eða lokið henni;

c) ríki sem krafist er að viðurkenni lögsöguna skv. 12. gr.

3. Saksóknari getur leitað eftir úrskurði dómstólsins að því er lýtur að lögsögu eða hvort mál sé tækt til meðferðar. Í málum, er lúta að lögsögu eða hvort mál sé tækt til meðferðar, geta þeir sem hafa vísað aðstæðunum til saksóknara skv. 13. gr., svo og fórnarlömbin, komið athugasemdum á framfæri við dómstólinn.

4. Einstaklingur eða ríki, sem um getur í 2. mgr., getur einungis mótmælt því einu sinni að mál sé tækt til meðferðar eða að dómstóllinn hafi lögsögu. Mótmæli skulu borin fram áður en réttarhöldin hefjast eða við upphaf þeirra. Í undantekningartilvikum getur dómstóllinn leyft að mótmæli séu borin fram oftar en einu sinni eða eftir að réttarhöldin hefjast. Mótmæli gegn því að mál sé tækt til meðferðar, hvort sem þau eru borin fram við upphaf réttarhalda eða síðar með leyfi dómstólsins, er einungis unnt að byggja á c-lið 1. mgr. 17. gr.

shall respond to such requests without undue delay.

6. Pending a ruling by the Pre-Trial Chamber, or at any time when the Prosecutor has deferred an investigation under this article, the Prosecutor may, on an exceptional basis, seek authority from the Pre-Trial Chamber to pursue necessary investigative steps for the purpose of preserving evidence where there is a unique opportunity to obtain important evidence or there is a significant risk that such evidence may not be subsequently available.

7. A State which has challenged a ruling of the Pre-Trial Chamber under this article may challenge the admissibility of a case under article 19 on the grounds of additional significant facts or significant change of circumstances.

Article 19

Challenges to the jurisdiction of the Court or the admissibility of a case

1. The Court shall satisfy itself that it has jurisdiction in any case brought before it. The Court may, on its own motion, determine the admissibility of a case in accordance with article 17.

2. Challenges to the admissibility of a case on the grounds referred to in article 17 or challenges to the jurisdiction of the Court may be made by:

(a) An accused or a person for whom a warrant of arrest or a summons to appear has been issued under article 58;

(b) A State which has jurisdiction over a case, on the ground that it is investigating or prosecuting the case or has investigated or prosecuted; or

(c) A State from which acceptance of jurisdiction is required under article 12.

3. The Prosecutor may seek a ruling from the Court regarding a question of jurisdiction or admissibility. In proceedings with respect to jurisdiction or admissibility, those who have referred the situation under article 13, as well as victims, may also submit observations to the Court.

4. The admissibility of a case or the jurisdiction of the Court may be challenged only once by any person or State referred to in paragraph 2. The challenge shall take place prior to or at the commencement of the trial. In exceptional circumstances, the Court may grant leave for a challenge to be brought more than once or at a time later than the commencement of the trial. Challenges to the admissibility of a case, at the commencement of a trial, or subsequently with the leave of the Court, may be based only on article 17, paragraph 1 (c).

5. Ríki, sem um getur í b- og c-lið 2. mgr., skal bera fram mótmæli við fyrsta tækifæri.

6. Áður en ákæruatriði eru staðfest skal vísa mótmælum gegn því að mál sé tækt til meðferðar eða að dómstóllinn hafi lögsögu til forréttarstofu. Þegar ákæruatriði hafa verið staðfest skal þeim vísað til réttarstofu. Ákvörðunum, er varða lögsögu eða hvort mál sé tækt til meðferðar, má áfrýja til áfrýjunarstofu í samræmi við 82. gr.

7. Ef ríki, sem um getur í b- eða c-lið 2. mgr., ber fram mótmæli skal saksóknari fresta rannsókn þar til dómstóllinn tekur ákvörðun í samræmi við 17. gr.

8. Á meðan beðið er úrskurðar dómstólsins getur saksóknari leitað heimilda hjá dómstólnum til þess að:

a) gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna rannsóknarinnar og um getur í 6. mgr. 18. gr.;

b) taka við framburði eða skýrslugjöf vitnis eða ljúka söfnun og athugun sönnunargagna sem hafin var áður en mótmælin voru borin fram; og

c) koma í veg fyrir undankomu manna, sem saksóknari hefur þegar krafist handtökuskipunar á vegna skv. 58. gr., í samvinnu við viðkomandi ríki.

9. Mótmæli skulu ekki hafa áhrif á gildi aðgerða sem saksóknari hefur gripið til, eða skipana né annarra fyrirmæla sem dómstóllinn hefur gefið út, áður en mótmælin voru borin fram.

10. Hafi dómstóllinn ákvarðað að máli skuli vísað frá skv. 17. gr. getur saksóknari lagt fram beiðni um endurskoðun þeirrar ákvörðunar þegar hann hefur gengið úr skugga um að komið hafi fram nýjar staðreyndir sem ónýta þann grundvöll sem frávísun málsins skv. 17. gr. var áður byggð á.

11. Ef saksóknari eftirlætur ríki rannsókn, með hliðsjón af því sem segir í 17. gr., getur hann farið fram á að viðkomandi ríki veiti honum upplýsingar um meðferð málsins. Þær upplýsingar skulu, að ósk viðkomandi ríkis, vera trúnaðarmál. Ef saksóknari ákveður síðan að hefja rannsókn skal hann tilkynna það ríkinu sem hann eftirlét rannsóknina.

5. A State referred to in paragraph 2 (b) and (c) shall make a challenge at the earliest opportunity.

6. Prior to the confirmation of the charges, challenges to the admissibility of a case or challenges to the jurisdiction of the Court shall be referred to the Pre-Trial Chamber. After confirmation of the charges, they shall be referred to the Trial Chamber. Decisions with respect to jurisdiction or admissibility may be appealed to the Appeals Chamber in accordance with article 82.

7. If a challenge is made by a State referred to in paragraph 2 (b) or (c), the Prosecutor shall suspend the investigation until such time as the Court makes a determination in accordance with article 17.

8. Pending a ruling by the Court, the Prosecutor may seek authority from the Court:

(a) To pursue necessary investigative steps of the kind referred to in article 18, paragraph 6;

(b) To take a statement or testimony from a witness or complete the collection and examination of evidence which had begun prior to the making of the challenge; and

(c) In cooperation with the relevant States, to prevent the absconding of persons in respect of whom the Prosecutor has already requested a warrant of arrest under article 58.

9. The making of a challenge shall not affect the validity of any act performed by the Prosecutor or any order or warrant issued by the Court prior to the making of the challenge.

10. If the Court has decided that a case is inadmissible under article 17, the Prosecutor may submit a request for a review of the decision when he or she is fully satisfied that new facts have arisen which negate the basis on which the case had previously been found inadmissible under article 17.

11. If the Prosecutor, having regard to the matters referred to in article 17, defers an investigation, the Prosecutor may request that the relevant State make available to the Prosecutor information on the proceedings. That information shall, at the request of the State concerned, be confidential. If the Prosecutor thereafter decides to proceed with an investigation, he or she shall notify the State to which deferral of the proceedings has taken place.

20. gr.
Ne bis in idem.

1. Ekki skal réttað yfir manni fyrir dómstólnum vegna háttsemi sem lá til grundvallar glæpum sem dómstóllinn hefur áður sakfellt hann fyrir eða sýknað

Article 20
Ne bis in idem

1. Except as provided in this Statute, no person shall be tried before the Court with respect to conduct which formed the basis of crimes for which the

af, nema kveðið sé á um annað í þessari samþykkt.

2. Ekki skal réttað yfir manni fyrir öðrum dómstóli vegna glæps sem tilgreindur er í 5. gr. og dómstóllinn hefur áður sakfellt hann fyrir eða sýknað af.

3. Ef réttað hefur verið yfir manni fyrir öðrum dómstóli vegna háttsemi sem einnig er bönnuð skv. 6., 7. eða 8. gr. skal ekki réttað yfir honum fyrir dómstólnum vegna sömu háttsemi, nema réttarhöldin fyrir hinum dómstólnum:

a) hafi farið fram í því skyni að firra viðkomandi mann refsiábyrgð á glæpum sem falla undir lögsögu dómstólsins; eða

b) réttarhöldin hafi að öðru leyti ekki farið fram með óháðum eða óhlutdrægum hætti í samræmi við meginreglur um vandaða málsmeðferð sem viðurkenndar eru að þjóðarétti og hafi, miðað við aðstæður, farið fram með þeim hætti að ekki samrýmdist þeirri fyrirætlun að koma lögum yfir viðkomandi mann.

person has been convicted or acquitted by the Court.

2. No person shall be tried by another court for a crime referred to in article 5 for which that person has already been convicted or acquitted by the Court.

3. No person who has been tried by another court for conduct also proscribed under article 6, 7 or 8 shall be tried by the Court with respect to the same conduct unless the proceedings in the other court:

(a) Were for the purpose of shielding the person concerned from criminal responsibility for crimes within the jurisdiction of the Court; or

(b) Otherwise were not conducted independently or impartially in accordance with the norms of due process recognized by international law and were conducted in a manner which, in the circumstances, was inconsistent with an intent to bring the person concerned to justice.

21. gr.

Réttarheimildir.

1. Dómstóllinn skal beita:

a) í fyrsta lagi, þessari samþykkt, þáttagreiningu glæpa og reglum sínum um málsmeðferð og sönnun;

b) í öðru lagi, gildandi alþjóðasamningum og öðrum alþjóðareglum og grundvallarreglum þjóðaréttar, eftir því sem við á, að meðtöldum viðurkenndum grundvallarreglum þjóðaréttar um vopnuð átök;

c) þegar annað þrýtur, almennum grundvallarreglum laga sem dómstóllinn leiðir af landsrétti hinna ýmsu réttarkerfa heims, þar með talinn, þar sem við á, landsréttur ríkja sem að öðru jöfnu hefðu lögsögu yfir viðkomandi glæp, að því tilskildu að þessar grundvallarreglur séu ekki ósamrýmanlegar þessari samþykkt, þjóðarétti og alþjóðlega viðurkenndum reglum og viðmiðum.

2. Dómstóllinn getur beitt grundvallarreglum laga og réttarreglum eins og hann hefur túlkað þær í fyrri dómum sínum.

3. Beiting og túlkun réttarreglna samkvæmt þessari grein verður að samrýmast alþjóðlega viðurkenndum mannréttindareglum og vera án allrar mismununar, til dæmis á grundvelli kynferðis, eins og það er skilgreint í 3. mgr. 7. gr., aldurs, kynþáttar, litarháttar, tungumáls, trúarbragða eða trúar, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, ríkisfangs, þjóðernis eða félagslegs uppruna, ríkidæmis, ætternis eða annars konar stöðu.

Article 21

Applicable law

1. The Court shall apply:

(a) In the first place, this Statute, Elements of Crimes and its Rules of Procedure and Evidence;

(b) In the second place, where appropriate, applicable treaties and the principles and rules of international law, including the established principles of the international law of armed conflict;

(c) Failing that, general principles of law derived by the Court from national laws of legal systems of the world including, as appropriate, the national laws of States that would normally exercise jurisdiction over the crime, provided that those principles are not inconsistent with this Statute and with international law and internationally recognized norms and standards.

2. The Court may apply principles and rules of law as interpreted in its previous decisions.

3. The application and interpretation of law pursuant to this article must be consistent with internationally recognized human rights, and be without any adverse distinction founded on grounds such as gender as defined in article 7, paragraph 3, age, race, colour, language, religion or belief, political or other opinion, national, ethnic or social origin, wealth, birth or other status.

3. kafli: Grundvallarreglur refsiréttar.

22. gr.

Nullum crimen sine lege.

1. Maður skal ekki bera refsiábyrgð samkvæmt þessari samþykkt nema háttsemin sem um ræðir teljist, þegar hún á sér stað, vera glæpur sem fellur undir lögsögu dómstólsins.

2. Verknaðarlýsingu glæps skal túlka þröngt og henni verður ekki beitt með lögjöfnun. Í vafatilvikum skal túlka verknaðarlýsinguna þeim í hag sem sætir rannsókn, saksókn eða sakfellingu.

3. Þessi grein kemur ekki í veg fyrir að tiltekin háttsemi sé lýst refsiverð að þjóðarétti, óháð þessari samþykkt.

23. gr.

Nulla poena sine lege.

Maður, sem dómstóllinn hefur sakfellt, getur einungis hlotið refsingu í samræmi við þessa samþykkt.

24. gr.

Bann við afturvirkni.

1. Enginn skal bera refsiábyrgð samkvæmt þessari samþykkt á háttsemi sem átti sér stað áður en samþykktin öðlaðist gildi.

2. Ef réttarreglum, sem við eiga um tiltekið mál, er breytt áður en endanlegur dómur er genginn gilda þær reglur sem eru þeim í hag sem sætir rannsókn, saksókn eða sakfellingu.

25. gr.

Refsiábyrgð einstaklinga.

1. Dómstóllinn skal hafa lögsögu yfir einstaklingum samkvæmt þessari samþykkt.

2. Maður, sem fremur glæp er fellur undir lögsögu dómstólsins, ber persónulega ábyrgð á honum og sætir refsingu í samræmi við þessa samþykkt.

3. Í samræmi við þessa samþykkt ber maður refsiábyrgð og sætir refsingu fyrir glæp sem fellur undir lögsögu dómstólsins ef hann:

a) fremur slíkan glæp, hvort sem hann gerir það einn, með öðrum eða fyrir milligöngu annars, án tillits til þess hvort hinn maðurinn ber refsiábyrgð eða ekki;

b) fyrirskipar, mælist til eða hvetur til þess að slíkur glæpur sé framinn og hann er síðan í raun framinn eða gerð er tilraun til að fremja hann;

c) í þeim tilgangi að auðvelda framningu slíks

PART 3. GENERAL PRINCIPLES OF CRIMINAL LAW

Article 22

Nullum crimen sine lege

1. A person shall not be criminally responsible under this Statute unless the conduct in question constitutes, at the time it takes place, a crime within the jurisdiction of the Court.

2. The definition of a crime shall be strictly construed and shall not be extended by analogy. In case of ambiguity, the definition shall be interpreted in favour of the person being investigated, prosecuted or convicted.

3. This article shall not affect the characterization of any conduct as criminal under international law independently of this Statute.

Article 23

Nulla poena sine lege

A person convicted by the Court may be punished only in accordance with this Statute.

Article 24

Non-retroactivity ratione personae

1. No person shall be criminally responsible under this Statute for conduct prior to the entry into force of the Statute.

2. In the event of a change in the law applicable to a given case prior to a final judgement, the law more favourable to the person being investigated, prosecuted or convicted shall apply.

Article 25

Individual criminal responsibility

1. The Court shall have jurisdiction over natural persons pursuant to this Statute.

2. A person who commits a crime within the jurisdiction of the Court shall be individually responsible and liable for punishment in accordance with this Statute.

3. In accordance with this Statute, a person shall be criminally responsible and liable for punishment for a crime within the jurisdiction of the Court if that person:

(a) Commits such a crime, whether as an individual, jointly with another or through another person, regardless of whether that other person is criminally responsible;

(b) Orders, solicits or induces the commission of such a crime which in fact occurs or is attempted;

(c) For the purpose of facilitating the commission

glæps, hjálpar til við að fremja hann, ýtir undir hann eða á að öðru leyti þátt í að fremja hann eða gera tilraun til þess, þar með talið að útvega það sem þarf til verknaðarins;

d) á einhvern annan hátt stuðlar að því að slíkur glæpur sé framinn, eða að gerð sé tilraun til að fremja hann, af hópi manna sem vinnur að sameiginlegu markmiði. Slíkur atbeini skal hafa verið af ásetningi og annaðhvort:

i) hafa miðað að því að efla glæpastarfsemi eða glæpsamleg markmið hópsins ef slík starfsemi eða markmið fela í sér framningu glæps sem fellur undir lögsögu dómstólsins; eða

ii) hafa verið framinn vitandi um fyrirætlun hópsins um að fremja glæpinn;

e) þegar um hópmorð er að ræða, hefur eggjað aðra beint og opinberlega til þess að fremja hópmorð;

f) gerir tilraun til að fremja slíkan glæp með því að vinna verk, sem markar upphaf framkvæmdarinnar með mikilvægu skrefi, en ekki verður af glæpnum sökum atvika sem eru óháð fyrirætlunum hans. Hins vegar skal sá sem hverfur frá tilraun til að fremja glæp, eða kemur á annan hátt í veg fyrir fullframningu hans, ekki látinn sæta refsingu samkvæmt þessari samþykkt fyrir tilraun til að fremja glæpinn, enda hafi hann með öllu og af sjálfsdáðum horfið frá refsiverðum fyrirætlunum sínum.

4. Ekkert ákvæði í þessari samþykkt varðandi refsiábyrgð einstaklinga skal hafa áhrif á ábyrgð ríkja að þjóðarétti.

of such a crime, aids, abets or otherwise assists in its commission or its attempted commission, including providing the means for its commission;

(d) In any other way contributes to the commission or attempted commission of such a crime by a group of persons acting with a common purpose. Such contribution shall be intentional and shall either:

(i) Be made with the aim of furthering the criminal activity or criminal purpose of the group, where such activity or purpose involves the commission of a crime within the jurisdiction of the Court; or

(ii) Be made in the knowledge of the intention of the group to commit the crime;

(e) In respect of the crime of genocide, directly and publicly incites others to commit genocide;

(f) Attempts to commit such a crime by taking action that commences its execution by means of a substantial step, but the crime does not occur because of circumstances independent of the person's intentions. However, a person who abandons the effort to commit the crime or otherwise prevents the completion of the crime shall not be liable for punishment under this Statute for the attempt to commit that crime if that person completely and voluntarily gave up the criminal purpose.

4. No provision in this Statute relating to individual criminal responsibility shall affect the responsibility of States under international law.

26. gr.

Dómstóllinn hefur ekki lögsögu yfir einstaklingum undir átján ára aldri.

Dómstóllinn hefur ekki lögsögu yfir neinum einstaklingi sem var undir 18 ára aldri þegar ætlaður glæpur var framinn.

Article 26

Exclusion of jurisdiction over persons under eighteen

The Court shall have no jurisdiction over any person who was under the age of 18 at the time of the alleged commission of a crime.

27. gr.

Menn í opinberum stöðum njóta ekki friðhelgi.

1. Þessi samþykkt gildir jafnt um alla án tillits til opinberrar stöðu. Einkum skal maður í opinberri stöðu, sem er þjóðhöfðingi eða leiðtogi ríkisstjórnar, situr í ríkisstjórn eða á þjóðþingi, er kjörinn fulltrúi eða embættismaður, undir engum kringumstæðum njóta undanþágu frá refsiábyrgð samkvæmt þessari samþykkt né heldur skal staða hans sem slík vera ástæða til refsimildunar.

2. Reglur um friðhelgi eða sérstaka málsmeðferð, sem kunna að vera bundnar opinberri stöðu manns

Article 27

Irrelevance of official capacity

1. This Statute shall apply equally to all persons without any distinction based on official capacity. In particular, official capacity as a Head of State or Government, a member of a Government or parliament, an elected representative or a government official shall in no case exempt a person from criminal responsibility under this Statute, nor shall it, in and of itself, constitute a ground for reduction of sentence.

2. Immunities or special procedural rules which may attach to the official capacity of a person,

samkvæmt landslögum eða þjóðarétti, skulu ekki koma í veg fyrir að dómstóllinn beiti lögsögu sinni gagnvart viðkomandi manni.

28. gr.

Ábyrgð herforingja og annarra yfirmanna.

Auk annarra ástæðna refsiábyrgðar samkvæmt þessari samþykkt vegna glæpa sem falla undir lögsögu dómstólsins:

a) skal herforingi eða maður, sem gegnir í raun stöðu herforingja, bera refsiábyrgð á glæpum sem falla undir lögsögu dómstólsins og framdir eru af herliði sem er undir raunverulegri stjórn hans og eftirliti eða raunverulegu forræði hans og eftirliti, eftir því sem við á, þegar þeir eru afleiðing þeirrar vanrækslu hans að hafa ekki stjórn á herliðinu sem skyldi, ef:

i) herforinginn eða maðurinn annaðhvort vissi eða hefði mátt vita, miðað við aðstæður á þeim tíma, að herlið hans væri að fremja eða í þann mund að fremja slíka glæpi; og

ii) herforinginn eða maðurinn gerði ekki allar nauðsynlegar og réttmætar ráðstafanir sem í hans valdi voru til þess að koma í veg fyrir að glæpirnir væru framdir, til að bregðast við þeim eða leggja málið fyrir lögbær yfirvöld til rannsóknar og saksóknar.

b) Að því er varðar tengsl yfirmanns og undirmanns, sem ekki er lýst í a-lið, skal yfirmaður bera refsiábyrgð á glæpum sem falla undir lögsögu dómstólsins og framdir eru af undirmönnum sem í raun eru undir forræði hans og eftirliti og eru afleiðing þeirrar vanrækslu hans að hafa ekki stjórn á undirmönnunum sem skyldi, ef:

i) yfirmaðurinn annaðhvort vissi eða hafði vísvitandi að engu upplýsingar sem bentu greinilega til þess að undirmenn hans væru að fremja eða í þann mund að fremja slíka glæpi;

ii) glæpirnir tengdust starfsemi sem í raun var á ábyrgð og undir stjórn yfirmannsins; og

iii) yfirmaðurinn gerði ekki allar nauðsynlegar og réttmætar ráðstafanir sem í hans valdi voru til þess að koma í veg fyrir að glæpirnir væru framdir, til að bregðast við þeim eða leggja málið fyrir lögbær yfirvöld til rannsóknar og saksóknar.

29. gr.

Fyrningarreglur gilda ekki.

Glæpir sem falla undir lögsögu dómstólsins skulu ekki fyrnast.

whether under national or international law, shall not bar the Court from exercising its jurisdiction over such a person.

Article 28

Responsibility of commanders and other superiors

In addition to other grounds of criminal responsibility under this Statute for crimes within the jurisdiction of the Court:

(a) A military commander or person effectively acting as a military commander shall be criminally responsible for crimes within the jurisdiction of the Court committed by forces under his or her effective command and control, or effective authority and control as the case may be, as a result of his or her failure to exercise control properly over such forces, where:

(i) That military commander or person either knew or, owing to the circumstances at the time, should have known that the forces were committing or about to commit such crimes; and

(ii) That military commander or person failed to take all necessary and reasonable measures within his or her power to prevent or repress their commission or to submit the matter to the competent authorities for investigation and prosecution.

(b) With respect to superior and subordinate relationships not described in paragraph (a), a superior shall be criminally responsible for crimes within the jurisdiction of the Court committed by subordinates under his or her effective authority and control, as a result of his or her failure to exercise control properly over such subordinates, where:

(i) The superior either knew, or consciously disregarded information which clearly indicated, that the subordinates were committing or about to commit such crimes;

(ii) The crimes concerned activities that were within the effective responsibility and control of the superior; and

(iii) The superior failed to take all necessary and reasonable measures within his or her power to prevent or repress their commission or to submit the matter to the competent authorities for investigation and prosecution.

Article 29

Non-applicability of statute of limitations

The crimes within the jurisdiction of the Court shall not be subject to any statute of limitations.

30. gr.
Huglæg skilyrði.

1. Sé ekki kveðið á um annað skal maður því aðeins bera refsiábyrgð og sæta refsingu fyrir glæp sem fellur undir lögsögu dómstólsins að efnisþættir glæpsins hafi verið framdir viljandi og vitandi vits.

2. Í þessari grein telst maður hafa vilja til verks þegar:

a) að því er verknað varðar, viðkomandi ætlar sér að fremja hann;

b) að því er afleiðingar varðar, viðkomandi ætlar sér að valda þessum afleiðingum eða gerir sér grein fyrir að þær muni hljótast af verkinu miðað við venjulega framvindu atvika.

3. Í þessari grein merkir „vitandi vits" að viðkomandi geri sér grein fyrir því að tilteknar aðstæður eru fyrir hendi eða að tiltekin afleiðing muni hljótast af verkinu miðað við venjulega framvindu atvika. „Vita" og „vitandi" skulu túlkuð í samræmi við það.

Article 30
Mental element

1. Unless otherwise provided, a person shall be criminally responsible and liable for punishment for a crime within the jurisdiction of the Court only if the material elements are committed with intent and knowledge.

2. For the purposes of this article, a person has intent where:

(a) In relation to conduct, that person means to engage in the conduct;

(b) In relation to a consequence, that person means to cause that consequence or is aware that it will occur in the ordinary course of events.

3. For the purposes of this article, "knowledge" means awareness that a circumstance exists or a consequence will occur in the ordinary course of events. "Know" and "knowingly" shall be construed accordingly.

31. gr.
Refsileysisástæður.

1. Auk annarra refsileysisástæðna, sem kveðið er á um í þessari samþykkt, skal maður ekki bera refsiábyrgð, ef á þeim tíma sem verknaðurinn var framinn:

a) viðkomandi var haldinn geðsjúkdómi eða andlegum vanþroska sem eyðilagði getu hans til að skilja ólögmæti eða eðli háttsemi sinnar eða til að hafa stjórn á gerðum sínum í samræmi við kröfur laga;

b) viðkomandi var í vímu sem eyðilagði getu hans til að skilja ólögmæti eða eðli háttsemi sinnar eða hafa stjórn á gerðum sínum í samræmi við kröfur laga, nema hann hafi sjálfviljugur komið sér í vímu við aðstæður þar sem hann vissi eða virti að vettugi þá áhættu að vegna vímunnar væri hann líklegur til að sýna af sér háttsemi sem telst glæpur sem fellur undir lögsögu dómstólsins;

c) viðkomandi brást við með réttmætum hætti til þess að verja sjálfan sig eða aðra eða, þegar um stríðsglæpi er að ræða, til þess að verja eigur, sem voru honum sjálfum eða öðrum bráðnauðsynlegar til þess að lifa af, eða eigur sem voru bráðnauðsynlegar til þess að ljúka hernaðarlegu verkefni, gegn yfirvofandi og ólögmætri valdbeitingu þannig að í réttu hlutfalli var við hættuna sem vofði yfir honum sjálfum eða öðrum eða eigum sem verið var að verja. Sú staðreynd að viðkomandi tók þátt í varnaraðgerðum

Article 31
Grounds for excluding criminal responsibility

1. In addition to other grounds for excluding criminal responsibility provided for in this Statute, a person shall not be criminally responsible if, at the time of that person's conduct:

(a) The person suffers from a mental disease or defect that destroys that person's capacity to appreciate the unlawfulness or nature of his or her conduct, or capacity to control his or her conduct to conform to the requirements of law;

(b) The person is in a state of intoxication that destroys that person's capacity to appreciate the unlawfulness or nature of his or her conduct, or capacity to control his or her conduct to conform to the requirements of law, unless the person has become voluntarily intoxicated under such circumstances that the person knew, or disregarded the risk, that, as a result of the intoxication, he or she was likely to engage in conduct constituting a crime within the jurisdiction of the Court;

(c) The person acts reasonably to defend himself or herself or another person or, in the case of war crimes, property which is essential for the survival of the person or another person or property which is essential for accomplishing a military mission, against an imminent and unlawful use of force in a manner proportionate to the degree of danger to the person or the other person or property protected. The fact that the person was involved in a defensive operation conducted by forces shall not in itself consti-

herliðs er ekki í sjálfu sér refsileysisástæða samkvæmt þessum lið;

d) háttsemin, sem haldið er fram að sé glæpur sem fellur undir lögsögu dómstólsins, stafaði af nauðung vegna yfirvofandi hættu á bráðum bana eða viðvarandi eða yfirvofandi hættu á alvarlegu líkamstjóni hans sjálfs eða annars manns og brást viðkomandi við af nauðsyn og með réttmætum hætti til að afstýra þessari hættu, að því tilskildu að viðkomandi hafi ekki haft þann ásetning að valda meiri skaða en þeim sem reynt var að komast hjá. Slík hætta getur annaðhvort:

i) stafað frá öðrum mönnum; eða

ii) stafað af öðrum ástæðum sem ekki voru á valdi viðkomandi.

2. Dómstóllinn skal ákvarða hvort þær refsileysisástæður, sem kveðið er á um í þessari samþykkt, eigi við í máli sem lagt er fyrir hann.

3. Við dómsmeðferð getur dómstóllinn tekið til athugunar aðra refsileysisástæðu en þær sem tilgreindar eru í 1. mgr. ef slík ástæða á sér stoð í réttarheimildum skv. 21. gr. Kveðið skal á um málsmeðferð við athugun á slíkri ástæðu í reglunum um málsmeðferð og sönnun.

32. gr.

Staðreyndavilla eða lögvilla.

1. Staðreyndavilla skal því aðeins vera refsileysisástæða að hún útiloki að hin huglægu skilyrði fyrir glæpnum hafi verið fyrir hendi.

2. Lögvilla um hvort tiltekin tegund háttsemi sé glæpur, sem fellur undir lögsögu dómstólsins, skal ekki vera refsileysisástæða. Lögvilla getur þó verið refsileysisástæða ef hún útilokar að hin huglægu skilyrði fyrir glæpnum hafi verið fyrir hendi eða ef hún fellur undir 33. gr.

33. gr.

Fyrirskipanir yfirboðara og lagafyrirmæli.

1. Sú staðreynd að maður hefur framið glæp, sem fellur undir lögsögu dómstólsins, samkvæmt fyrirskipun ríkisstjórnar eða yfirboðara, hvort heldur yfirboðarinn er hermaður eða óbreyttur borgari, firrir hann ekki refsiábyrgð nema:

a) honum hafi borið lagaleg skylda til að hlýða fyrirskipunum viðkomandi ríkisstjórnar eða yfirboðara;

b) hann hafi ekki vitað að skipunin var ólögleg; og

tute a ground for excluding criminal responsibility under this subparagraph;

(d) The conduct which is alleged to constitute a crime within the jurisdiction of the Court has been caused by duress resulting from a threat of imminent death or of continuing or imminent serious bodily harm against that person or another person, and the person acts necessarily and reasonably to avoid this threat, provided that the person does not intend to cause a greater harm than the one sought to be avoided. Such a threat may either be:

(i) Made by other persons; or

(ii) Constituted by other circumstances beyond that person's control.

2. The Court shall determine the applicability of the grounds for excluding criminal responsibility provided for in this Statute to the case before it.

3. At trial, the Court may consider a ground for excluding criminal responsibility other than those referred to in paragraph 1 where such a ground is derived from applicable law as set forth in article 21. The procedures relating to the consideration of such a ground shall be provided for in the Rules of Procedure and Evidence.

Article 32

Mistake of fact or mistake of law

1. A mistake of fact shall be a ground for excluding criminal responsibility only if it negates the mental element required by the crime.

2. A mistake of law as to whether a particular type of conduct is a crime within the jurisdiction of the Court shall not be a ground for excluding criminal responsibility. A mistake of law may, however, be a ground for excluding criminal responsibility if it negates the mental element required by such a crime, or as provided for in article 33.

Article 33

Superior orders and prescription of law

1. The fact that a crime within the jurisdiction of the Court has been committed by a person pursuant to an order of a Government or of a superior, whether military or civilian, shall not relieve that person of criminal responsibility unless:

(a) The person was under a legal obligation to obey orders of the Government or the superior in question;

(b) The person did not know that the order was unlawful; and

c) fyrirskipunin hafi ekki augljóslega verið ólögleg.

2. Í skilningi þessarar greinar teljast fyrirskipanir um að fremja hópmorð eða glæpi gegn mannúð augljóslega ólöglegar.

4. kafli: Skipan og stjórn dómstólsins.

34. gr.

Starfseiningar dómstólsins.

Dómstóllinn skal skiptast í eftirfarandi starfseiningar:

a) dómstjórn;

b) áfrýjunardeild, réttardeild og forréttardeild;

c) skrifstofu saksóknara;

d) skrifstofu dómritara.

35. gr.

Störf dómara.

1. Allir dómarar, sem kjörnir eru til starfa hjá dómstólnum, skulu gegna fullu starfi og vera reiðubúnir til að starfa á þeim grundvelli frá upphafi starfstíma síns.

2. Dómarar, sem skipa dómstjórn, skulu gegna fullu starfi jafnskjótt og þeir hafa verið kjörnir.

3. Dómstjórn getur á hverjum tíma ákveðið, á grundvelli vinnuálags dómstólsins og í samráði við dómara hans, að hve miklu leyti aðrir dómarar skuli gegna fullu starfi. Slíkt fyrirkomulag skal ekki hafa áhrif á ákvæði 40. gr.

4. Fjárhagsleg skilyrði dómara, sem ekki gegna fullu starfi, skal ákveða í samræmi við 49. gr.

36. gr.

Hæfniskröfur, tilnefning og kjör dómara.

1. Dómarar skulu vera 18 talsins, sbr. þó ákvæði 2. mgr.

2. a) Dómstjórn getur, fyrir hönd dómstólsins, lagt til að dómarar verði fleiri en tilgreint er í 1. mgr. og skal geta um ástæður þess að slíkt er talið nauðsynlegt og réttmætt. Dómritari skal þegar í stað senda öllum aðildarríkjum slíkar tillögur.

b) Allar tillögur þessa efnis skulu teknar til umfjöllunar á þingfundi aðildarríkjanna sem boða skal til í samræmi við 112. gr. Tillagan telst samþykkt ef tveir þriðju hlutar fulltrúa á þingfundi aðildarríkjanna samþykkja hana í atkvæðagreiðslu og öðlast

(c) The order was not manifestly unlawful.

2. For the purposes of this article, orders to commit genocide or crimes against humanity are manifestly unlawful.

PART 4. COMPOSITION AND ADMINISTRATION OF THE COURT

Article 34

Organs of the Court

The Court shall be composed of the following organs:

(a) The Presidency;

(b) An Appeals Division, a Trial Division and a Pre-Trial Division;

(c) The Office of the Prosecutor;

(d) The Registry.

Article 35

Service of judges

1. All judges shall be elected as full-time members of the Court and shall be available to serve on that basis from the commencement of their terms of office.

2. The judges composing the Presidency shall serve on a full-time basis as soon as they are elected.

3. The Presidency may, on the basis of the workload of the Court and in consultation with its members, decide from time to time to what extent the remaining judges shall be required to serve on a full-time basis. Any such arrangement shall be without prejudice to the provisions of article 40.

4. The financial arrangements for judges not required to serve on a full-time basis shall be made in accordance with article 49.

Article 36

Qualifications, nomination and election of judges

1. Subject to the provisions of paragraph 2, there shall be 18 judges of the Court.

2. (a) The Presidency, acting on behalf of the Court, may propose an increase in the number of judges specified in paragraph 1, indicating the reasons why this is considered necessary and appropriate. The Registrar shall promptly circulate any such proposal to all States Parties.

(b) Any such proposal shall then be considered at a meeting of the Assembly of States Parties to be convened in accordance with article 112. The proposal shall be considered adopted if approved at the meeting by a vote of two thirds of the members of

hún gildi þann dag sem þing aðildarríkjanna ákveður.

c) i) Þegar tillaga um fjölgun dómara hefur verið samþykkt skv. b-lið skal kjör viðbótardómara fara fram á næsta þingfundi aðildarríkjanna í samræmi við 3. til 8. mgr. og 2. mgr. 37. gr.;

ii) Þegar tillaga um fjölgun dómara hefur verið samþykkt og er komin til framkvæmda skv. b-lið og i-lið c-liðar getur dómstjórn hvenær sem er borið fram tillögu um að fækka dómurum ef vinnuálag við dómstólinn réttlætir það, að því tilskildu að fjöldi dómara fari ekki niður fyrir þá tölu sem tilgreind er í 1. mgr. Fara skal með tillöguna í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í a- og b-lið. Ef tillagan er samþykkt skal fækka dómurum smám saman eftir því sem starfstími þeirra rennur út uns nauðsynleg fækkun hefur átt sér stað.

3. a) Dómarar skulu valdir úr hópi hinna grandvörustu manna sem eru óhlutdrægir og heiðarlegir og fullnægja þeim hæfniskröfum sem gerðar eru í heimalandi þeirra við skipun í æðstu dómarastöður.

b) Sérhver frambjóðandi til kjörs í dómstólinn skal:

i) hafa viðurkennda hæfni á sviði refsiréttar og opinbers réttarfars og nauðsynlega viðeigandi reynslu af meðferð opinberra mála, hvort heldur er sem dómari, saksóknari, lögmaður eða í öðru álíka starfi; eða

ii) hafa viðurkennda hæfni á viðeigandi sviðum þjóðaréttar, svo sem í mannúðar- og mannréttindamálum, og víðtæka reynslu af lögfræðilegum störfum sem skiptir máli í dómstörfum við dómstólinn;

c) Sérhver frambjóðandi til kjörs í dómstólinn skal hafa framúrskarandi þekkingu og ágætt vald á að minnsta kosti einu af vinnumálum dómstólsins.

4. a) Hvert aðildarríki að þessari samþykkt getur tilnefnt frambjóðanda í embætti dómara og skal gera það annaðhvort:

i) samkvæmt málsmeðferð um tilnefningu frambjóðenda í æðstu dómarastöður í viðkomandi ríki; eða

ii) samkvæmt málsmeðferð um tilnefningu frambjóðenda í Alþjóðadómstólinn sem kveðið er á um í samþykktum hans.

Með tilnefningu skal fylgja yfirlýsing þar sem fram kemur með nægilegri nákvæmni hvernig fram-

the Assembly of States Parties and shall enter into force at such time as decided by the Assembly of States Parties.

(c) (i) Once a proposal for an increase in the number of judges has been adopted under subparagraph (b), the election of the additional judges shall take place at the next session of the Assembly of States Parties in accordance with paragraphs 3 to 8, and article 37, paragraph 2;

(ii) Once a proposal for an increase in the number of judges has been adopted and brought into effect under subparagraphs (b) and (c) (i), it shall be open to the Presidency at any time thereafter, if the workload of the Court justifies it, to propose a reduction in the number of judges, provided that the number of judges shall not be reduced below that specified in paragraph 1. The proposal shall be dealt with in accordance with the procedure laid down in subparagraphs (a) and (b). In the event that the proposal is adopted, the number of judges shall be progressively decreased as the terms of office of serving judges expire, until the necessary number has been reached.

3. (a) The judges shall be chosen from among persons of high moral character, impartiality and integrity who possess the qualifications required in their respective States for appointment to the highest judicial offices.

(b) Every candidate for election to the Court shall:

(i) Have established competence in criminal law and procedure, and the necessary relevant experience, whether as judge, prosecutor, advocate or in other similar capacity, in criminal proceedings; or

(ii) Have established competence in relevant areas of international law such as international humanitarian law and the law of human rights, and extensive experience in a professional legal capacity which is of relevance to the judicial work of the Court;

(c) Every candidate for election to the Court shall have an excellent knowledge of and be fluent in at least one of the working languages of the Court.

4. (a) Nominations of candidates for election to the Court may be made by any State Party to this Statute, and shall be made either:

(i) By the procedure for the nomination of candidates for appointment to the highest judicial offices in the State in question; or

(ii) By the procedure provided for the nomination of candidates for the International Court of Justice in the Statute of that Court.

Nominations shall be accompanied by a statement in the necessary detail specifying how the candidate

bjóðandinn uppfyllir kröfurnar sem fram koma í 3. mgr.

b) Hvert aðildarríki getur átt einn frambjóðanda í hverju kjöri og er ekki nauðsynlegt að hann sé ríkisborgari þess ríkis en hann skal vera ríkisborgari aðildarríkis.

c) Þing aðildarríkjanna getur ákveðið, ef við á, að koma á fót ráðgjafarnefnd um tilnefningar. Skal þá þing aðildarríkjanna ákvarða skipan og umboð nefndarinnar.

5. Í kjöri skulu vera tveir listar frambjóðenda:

listi A með nöfnum frambjóðenda og upplýsingum um hæfni þeirra sem tilgreind er í i-lið b-liðar 3. mgr.; og

listi B með nöfnum frambjóðenda og upplýsingum um hæfni þeirra sem tilgreind er í ii-lið b-liðar 3. mgr.

Frambjóðandi, sem hefur nægilega hæfni til að bera til þess að vera á báðum listunum, getur valið um á hvorum listanum hann er. Við fyrsta kjör í dómstólinn skulu minnst níu dómarar kjörnir af lista A og minnst fimm dómarar af lista B. Síðari kjör skulu skipulögð með þeim hætti að sama hlutfall dómara af hvorum lista haldist við dómstólinn.

6. a) Dómararnir skulu kjörnir í leynilegri atkvæðagreiðslu á þingfundi aðildarríkjanna sem boðað er til í þessum tilgangi skv. 112. gr. Með fyrirvara um 7. mgr. skulu þeir 18 frambjóðendur, sem flest atkvæði hljóta, kjörnir í dómstólinn enda hljóti þeir atkvæði tveggja þriðju hluta fulltrúa aðildarríkjanna sem viðstaddir eru og greiða atkvæði.

b) Ef ekki er kjörinn nægilegur fjöldi dómara í fyrstu atkvæðagreiðslunni skulu síðari atkvæðagreiðslur fara fram í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í a-lið uns öll sæti eru skipuð.

7. Engir tveir dómarar mega vera ríkisborgarar sama ríkis. Maður, sem gæti talist ríkisborgari fleiri en eins ríkis með tilliti til setu í dómstólnum, skal teljast ríkisborgari þess ríkis þar sem hann neytir venjulega borgaralegra og stjórnmálalegra réttinda.

8. a) Þegar aðildarríkin velja dómara í dómstólinn skulu þau taka tillit til þess að nauðsynlegt er:

i) að helstu réttarkerfi heimsins eigi þar fulltrúa;

ii) að landfræðileg dreifing fulltrúanna sé sanngjörn; og

fulfils the requirements of paragraph 3.

(b) Each State Party may put forward one candidate for any given election who need not necessarily be a national of that State Party but shall in any case be a national of a State Party.

(c) The Assembly of States Parties may decide to establish, if appropriate, an Advisory Committee on nominations. In that event, the Committee's composition and mandate shall be established by the Assembly of States Parties.

5. For the purposes of the election, there shall be two lists of candidates:

List A containing the names of candidates with the qualifications specified in paragraph 3 (b) (i); and

List B containing the names of candidates with the qualifications specified in paragraph 3 (b) (ii).

A candidate with sufficient qualifications for both lists may choose on which list to appear. At the first election to the Court, at least nine judges shall be elected from list A and at least five judges from list B. Subsequent elections shall be so organized as to maintain the equivalent proportion on the Court of judges qualified on the two lists.

6. (a) The judges shall be elected by secret ballot at a meeting of the Assembly of States Parties convened for that purpose under article 112. Subject to paragraph 7, the persons elected to the Court shall be the 18 candidates who obtain the highest number of votes and a two-thirds majority of the States Parties present and voting.

(b) In the event that a sufficient number of judges is not elected on the first ballot, successive ballots shall be held in accordance with the procedures laid down in subparagraph (a) until the remaining places have been filled.

7. No two judges may be nationals of the same State. A person who, for the purposes of membership of the Court, could be regarded as a national of more than one State shall be deemed to be a national of the State in which that person ordinarily exercises civil and political rights.

8. (a) The States Parties shall, in the selection of judges, take into account the need, within the membership of the Court, for:

(i) The representation of the principal legal systems of the world;

(ii) Equitable geographical representation; and

iii) að dómarastöður séu skipaðar konum og körlum með sanngjörnum hætti.

b) Aðildarríkin skulu einnig taka tillit til þess að nauðsynlegt er að velja dómara sem hafa lögfræðiþekkingu á sérstökum sviðum, þar með talin, en þó ekki takmarkað við, svið er varða ofbeldi gegn konum og börnum.

9. a) Með fyrirvara um ákvæði b-liðar skulu dómarar gegna embætti í níu ár og skulu þeir ekki vera kjörgengir á ný, sbr. þó c-lið og 2. mgr. 37. gr.

b) Í fyrstu kosningu skal þriðjungur kjörinna dómara valinn með hlutkesti til að gegna embætti í þrjú ár, þriðjungur kjörinna dómara skal valinn með hlutkesti til að gegna embætti í sex ár en þeir sem eftir eru skulu gegna embætti í níu ár.

c) Dómari, sem valinn er með hlutkesti til að gegna embætti í þrjú ár skv. b-lið, skal vera kjörgengur á ný heilt starfstímabil.

10. Þrátt fyrir 9. mgr. skal dómari, sem hefur verið skipaður í réttarstofu eða áfrýjunarstofu í samræmi við 39. gr., gegna áfram embætti til þess að ljúka meðferð máls sem er þegar hafin í viðkomandi stofu.

37. gr.

Auð dómarasæti.

1. Verði sæti dómara autt skal fara fram kjör í samræmi við 36. gr. til þess að fylla sætið.

2. Dómari, sem er kjörinn til þess að fylla autt sæti, skal gegna embætti það sem eftir er af starfstíma fyrirrennara hans og, ef um er að ræða þrjú ár eða skemmri tíma, skal hann vera kjörgengur á ný heilt starfstímabil skv. 36. gr.

38. gr.

Dómstjórn.

1. Forseti og fyrsti og annar varaforseti skulu kjörnir með hreinum meiri hluta atkvæða dómaranna. Hver þeirra skal gegna embætti í þrjú ár eða þar til starfstíma þeirra sem dómara lýkur, hvort sem verður fyrr. Þeir eru kjörgengir á ný einu sinni.

2. Ef forseti er forfallaður eða vanhæfur tekur fyrsti varaforseti sæti hans. Annar varaforseti tekur sæti forseta ef bæði hann og varaforsetinn eru forfallaðir eða vanhæfir.

3. Forsetinn og fyrsti og annar varaforseti mynda dómstjórn sem ber ábyrgð á:

(iii) A fair representation of female and male judges.

(b) States Parties shall also take into account the need to include judges with legal expertise on specific issues, including, but not limited to, violence against women or children.

9. (a) Subject to subparagraph (b), judges shall hold office for a term of nine years and, subject to subparagraph (c) and to article 37, paragraph 2, shall not be eligible for re-election.

(b) At the first election, one third of the judges elected shall be selected by lot to serve for a term of three years; one third of the judges elected shall be selected by lot to serve for a term of six years; and the remainder shall serve for a term of nine years.

(c) A judge who is selected to serve for a term of three years under subparagraph (b) shall be eligible for re-election for a full term.

10. Notwithstanding paragraph 9, a judge assigned to a Trial or Appeals Chamber in accordance with article 39 shall continue in office to complete any trial or appeal the hearing of which has already commenced before that Chamber.

Article 37

Judicial vacancies

1. In the event of a vacancy, an election shall be held in accordance with article 36 to fill the vacancy.

2. A judge elected to fill a vacancy shall serve for the remainder of the predecessor's term and, if that period is three years or less, shall be eligible for re-election for a full term under article 36.

Article 38

The Presidency

1. The President and the First and Second Vice-Presidents shall be elected by an absolute majority of the judges. They shall each serve for a term of three years or until the end of their respective terms of office as judges, whichever expires earlier. They shall be eligible for re-election once.

2. The First Vice-President shall act in place of the President in the event that the President is unavailable or disqualified. The Second Vice-President shall act in place of the President in the event that both the President and the First Vice-President are unavailable or disqualified.

3. The President, together with the First and Second Vice-Presidents, shall constitute the Presidency, which shall be responsible for:

a) að stjórnsýsla dómstólsins, að skrifstofu saksóknara undanskilinni, sé eins og vera ber; og

b) öðrum störfum sem henni eru falin í samræmi við þessa samþykkt.

4. Dómstjórn skal, er hún sinnir störfum sínum skv. a-lið 3. mgr., hafa samráð við saksóknara og leita eftir samstarfi við hann í öllum málum sem snerta starfssvið beggja.

39. gr.

Stofur.

1. Eins fljótt og auðið er eftir að dómarar hafa verið kjörnir skal dómstóllinn skipa í deildir skv. b-lið 34. gr. Áfrýjunardeild skal skipuð forseta og fjórum öðrum dómurum, í réttardeild skulu vera eigi færri en sex dómarar og í forréttardeild eigi færri en sex dómarar. Skipun dómara í deildir skal grundvölluð á eðli þeirra starfa, sem eru unnin í hverri deild, og hæfni og reynslu dómaranna sem eru kjörnir í dómstólinn, þannig að í hverri deild sé að finna hæfilegt sambland sérþekkingar í refsirétti og opinberu réttarfari og þjóðarétti. Réttardeild og forréttardeild skulu að mestu skipaðar dómurum sem hafa reynslu af dómsmeðferð opinberra mála.

2. a) Stofur skulu fara með dómstörf dómstólsins í hverri deild.

b) i) Áfrýjunarstofa skal skipuð öllum dómurum áfrýjunardeildar.

ii) Þrír dómarar réttardeildar skulu starfa í réttarstofu.

iii) Með störf í forréttarstofu skulu annaðhvort fara þrír dómarar forréttardeildar eða einn dómari í þeirri deild í samræmi við þessa samþykkt og reglurnar um málsmeðferð og sönnun.

c) Ekkert í þessari málsgrein skal útiloka að stofnaðar séu fleiri en ein réttarstofa eða forréttarstofa þegar stýring á vinnuálagi dómstólsins krefst þess.

3. a) Dómarar, sem eru skipaðir í réttardeild og forréttardeild, skulu starfa í þessum deildum í þrjú ár og eftir það skulu þeir ljúka meðferð mála sem voru þegar hafin í viðkomandi deild.

b) Dómarar, sem eru skipaðir í áfrýjunardeild, skulu starfa í þeirri deild allan starfstíma sinn.

4. Dómarar, sem eru skipaðir í áfrýjunardeild, skulu eingöngu starfa í þeirri deild. Ekkert í þessari grein skal þó útiloka að dómarar í réttardeild starfi tímabundið í forréttardeild eða öfugt ef dómstjórn

(a) The proper administration of the Court, with the exception of the Office of the Prosecutor; and

(b) The other functions conferred upon it in accordance with this Statute.

4. In discharging its responsibility under paragraph 3 (a), the Presidency shall coordinate with and seek the concurrence of the Prosecutor on all matters of mutual concern.

Article 39

Chambers

1. As soon as possible after the election of the judges, the Court shall organize itself into the divisions specified in article 34, paragraph (b). The Appeals Division shall be composed of the President and four other judges, the Trial Division of not less than six judges and the Pre-Trial Division of not less than six judges. The assignment of judges to divisions shall be based on the nature of the functions to be performed by each division and the qualifications and experience of the judges elected to the Court, in such a way that each division shall contain an appropriate combination of expertise in criminal law and procedure and in international law. The Trial and Pre-Trial Divisions shall be composed predominantly of judges with criminal trial experience.

2. (a) The judicial functions of the Court shall be carried out in each division by Chambers.

(b) (i) The Appeals Chamber shall be composed of all the judges of the Appeals Division;

(ii) The functions of the Trial Chamber shall be carried out by three judges of the Trial Division;

(iii) The functions of the Pre-Trial Chamber shall be carried out either by three judges of the Pre-Trial Division or by a single judge of that division in accordance with this Statute and the Rules of Procedure and Evidence;

(c) Nothing in this paragraph shall preclude the simultaneous constitution of more than one Trial Chamber or Pre-Trial Chamber when the efficient management of the Court's workload so requires.

3. (a) Judges assigned to the Trial and Pre-Trial Divisions shall serve in those divisions for a period of three years, and thereafter until the completion of any case the hearing of which has already commenced in the division concerned.

(b) Judges assigned to the Appeals Division shall serve in that division for their entire term of office.

4. Judges assigned to the Appeals Division shall serve only in that division. Nothing in this article shall, however, preclude the temporary attachment of judges from the Trial Division to the Pre-Trial Di-

álítur að stýring á vinnuálagi dómstólsins krefjist þess, með þeim fyrirvara að dómari, sem hefur tekið þátt í meðferð máls áður en það kemur fyrir rétt, skal aldrei taka sæti í réttarstofu sem fjallar um málið.

40. gr.
Sjálfstæði dómaranna.

1. Dómararnir skulu vera sjálfstæðir í störfum sínum.

2. Dómarar skulu ekki taka þátt í neinni starfsemi sem er til þess fallin að trufla dómstörf þeirra eða vekja efasemdir um sjálfstæði þeirra.

3. Dómarar, sem eru í fullu starfi við dómstólinn, skulu ekki hafa önnur launuð störf af faglegum toga á hendi.

4. Taka skal ákvörðun um öll mál, er varða beitingu 2. og 3. mgr., með hreinum meiri hluta dómara. Dómari tekur ekki ákvörðun í máli sem varðar hann sjálfan.

41. gr.
Lausn og vanhæfi dómara.

1. Dómstjórn getur, að beiðni dómara og í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun, heimilað honum að víkja sæti við meðferð einstakra verkefna samkvæmt þessari samþykkt.

2. a) Dómari skal ekki taka þátt í meðferð máls þar sem með réttmætum hætti mætti draga óhlutdrægni hans í efa af einhverjum ástæðum. Í samræmi við þessa málsgrein skal dómari meðal annars teljast vanhæfur í máli sem hann hefur áður fjallað um á einhvern hátt fyrir dómstólnum, eða innlent refsimál sem tengist því, þar sem sá sem sætir rannsókn eða saksókn á hlut að máli. Einnig skal dómari teljast vanhæfur af öðrum ástæðum sem kveðið er á um í reglunum um málsmeðferð og sönnun.

b) Saksóknari eða maður, sem sætir rannsókn eða saksókn, getur farið fram á að dómari víki sæti samkvæmt þessari málsgrein.

c) Ákvarðanir um vanhæfi dómara skulu teknar með hreinum meiri hluta atkvæða dómara. Dómarinn, sem mótmælin beinast gegn, skal eiga rétt á því að koma sjónarmiðum sínum í málinu að en hann skal ekki eiga þátt í ákvörðuninni.

42. gr.
Skrifstofa saksóknara.

1. Skrifstofa saksóknara skal starfa sjálfstætt sem

vision or vice versa, if the Presidency considers that the efficient management of the Court's workload so requires, provided that under no circumstances shall a judge who has participated in the pre-trial phase of a case be eligible to sit on the Trial Chamber hearing that case.

Article 40
Independence of the judges

1. The judges shall be independent in the performance of their functions.

2. Judges shall not engage in any activity which is likely to interfere with their judicial functions or to affect confidence in their independence.

3. Judges required to serve on a full-time basis at the seat of the Court shall not engage in any other occupation of a professional nature.

4. Any question regarding the application of paragraphs 2 and 3 shall be decided by an absolute majority of the judges. Where any such question concerns an individual judge, that judge shall not take part in the decision.

Article 41
Excusing and disqualification of judges

1. The Presidency may, at the request of a judge, excuse that judge from the exercise of a function under this Statute, in accordance with the Rules of Procedure and Evidence.

2. (a) A judge shall not participate in any case in which his or her impartiality might reasonably be doubted on any ground. A judge shall be disqualified from a case in accordance with this paragraph if, *inter alia,* that judge has previously been involved in any capacity in that case before the Court or in a related criminal case at the national level involving the person being investigated or prosecuted. A judge shall also be disqualified on such other grounds as may be provided for in the Rules of Procedure and Evidence.

(b) The Prosecutor or the person being investigated or prosecuted may request the disqualification of a judge under this paragraph.

(c) Any question as to the disqualification of a judge shall be decided by an absolute majority of the judges. The challenged judge shall be entitled to present his or her comments on the matter, but shall not take part in the decision.

Article 42
The Office of the Prosecutor

1. The Office of the Prosecutor shall act independ-

sérstök starfseining innan dómstólsins. Hún ber ábyrgð á móttöku vísana aðstæðna til saksóknara og rökstuddra upplýsinga um glæpi, sem falla undir lögsögu dómstólsins, könnun þeirra, rannsókn og saksókn fyrir dómstólnum. Starfsmenn skrifstofunnar skulu hvorki leita eftir né bregðast við fyrirmælum frá utanaðkomandi aðilum.

2. Saksóknari veitir skrifstofunni forstöðu. Saksóknari hefur óskorað vald yfir stjórn og rekstri skrifstofunnar, að meðtöldu starfsliði, aðstöðu og öðru því sem henni viðkemur. Saksóknari skal njóta aðstoðar eins eða fleiri varasaksóknara sem skal heimilt að framkvæma öll þau verkefni sem krafist er af saksóknara samkvæmt þessari samþykkt. Saksóknari og varasaksóknarar skulu vera af ólíku þjóðerni. Þeir skulu gegna fullu starfi.

3. Saksóknari og varasaksóknarar skulu vera í hópi hinna grandvörustu manna, hafa mikla hæfni og víðtæka starfsreynslu í að annast saksókn eða dómsmeðferð í opinberum málum. Þeir skulu hafa framúrskarandi þekkingu og ágætt vald á að minnsta kosti einu af vinnumálum dómstólsins.

4. Saksóknari skal kjörinn leynilegri kosningu með hreinum meiri hluta atkvæða fulltrúa á þingi fulltrúa aðildarríkjanna. Varasaksóknarar skulu kjörnir á sama hátt af frambjóðendalista sem saksóknari leggur fram. Saksóknari skal tilnefna þrjá frambjóðendur í hverja stöðu varasaksóknara sem kjósa á í. Sé ekki tekin ákvörðun um styttri starfstíma þegar þeir eru kjörnir skulu saksóknari og varasaksóknarar gegna embætti í níu ár og eru þeir ekki kjörgengir á ný.

5. Hvorki saksóknari né varasaksóknarar skulu taka þátt í starfsemi sem er til þess fallin að trufla saksóknarastörf þeirra eða vekja efasemdir um sjálfstæði þeirra. Þeir skulu ekki hafa önnur launuð störf af faglegum toga á hendi.

6. Dómstjórn getur heimilað, að beiðni saksóknara eða varasaksóknara, að þeir víki sæti í tilteknu máli.

7. Hvorki saksóknari né varasaksóknarar skulu taka þátt í meðferð máls þar sem með réttmætum hætti mætti draga óhlutdrægni þeirra í efa af einhverjum ástæðum. Í samræmi við þessa málsgrein skulu þeir meðal annars teljast vanhæfir í máli sem þeir hafa áður fjallað um á einhvern hátt fyrir dómstólnum, eða innlent refsimál sem tengist því, þar sem sá sem sætir rannsókn eða saksókn á hlut að máli.

ently as a separate organ of the Court. It shall be responsible for receiving referrals and any substantiated information on crimes within the jurisdiction of the Court, for examining them and for conducting investigations and prosecutions before the Court. A member of the Office shall not seek or act on instructions from any external source.

2. The Office shall be headed by the Prosecutor. The Prosecutor shall have full authority over the management and administration of the Office, including the staff, facilities and other resources thereof. The Prosecutor shall be assisted by one or more Deputy Prosecutors, who shall be entitled to carry out any of the acts required of the Prosecutor under this Statute. The Prosecutor and the Deputy Prosecutors shall be of different nationalities. They shall serve on a full-time basis.

3. The Prosecutor and the Deputy Prosecutors shall be persons of high moral character, be highly competent in and have extensive practical experience in the prosecution or trial of criminal cases. They shall have an excellent knowledge of and be fluent in at least one of the working languages of the Court.

4. The Prosecutor shall be elected by secret ballot by an absolute majority of the members of the Assembly of States Parties. The Deputy Prosecutors shall be elected in the same way from a list of candidates provided by the Prosecutor. The Prosecutor shall nominate three candidates for each position of Deputy Prosecutor to be filled. Unless a shorter term is decided upon at the time of their election, the Prosecutor and the Deputy Prosecutors shall hold office for a term of nine years and shall not be eligible for re-election.

5. Neither the Prosecutor nor a Deputy Prosecutor shall engage in any activity which is likely to interfere with his or her prosecutorial functions or to affect confidence in his or her independence. They shall not engage in any other occupation of a professional nature.

6. The Presidency may excuse the Prosecutor or a Deputy Prosecutor, at his or her request, from acting in a particular case.

7. Neither the Prosecutor nor a Deputy Prosecutor shall participate in any matter in which their impartiality might reasonably be doubted on any ground. They shall be disqualified from a case in accordance with this paragraph if, *inter alia*, they have previously been involved in any capacity in that case before the Court or in a related criminal case at the national level involving the person being investigated or prosecuted.

8. Allar ákvarðanir um vanhæfi saksóknara eða varasaksóknara skulu teknar af áfrýjunarstofu.

a) Maður, sem sætir rannsókn eða saksókn, getur hvenær sem er farið fram á að saksóknari eða varasaksóknari víki sæti á grundvelli þessarar greinar.

b) Saksóknara eða varasaksóknara, eftir því sem við á, skal heimilt að koma að sjónarmiðum sínum í málinu.

9. Saksóknari skal tilnefna ráðgjafa með lögfræðiþekkingu á sérstökum sviðum, þar með talin, en þó ekki takmarkað við, svið er varða kynlífsofbeldi, kynbundið ofbeldi og ofbeldi gegn börnum.

43. gr.

Skrifstofa dómritara.

1. Skrifstofa dómritara skal annast þann hluta stjórnsýslunnar og þjónustu við dómstólinn sem tengist ekki dómstörfum, sbr. þó störf og valdheimildir saksóknara í samræmi við 42. gr.

2. Dómritari skal vera yfirmaður skrifstofunnar og er hann æðsti embættismaðurinn í stjórnsýslu dómstólsins. Dómritari skal inna störf sín af hendi undir stjórn dómforseta.

3. Dómritari og varadómritari skulu vera í hópi hinna grandvörustu manna, hafa mikla hæfni og framúrskarandi þekkingu og ágætt vald á að minnsta kosti einu af vinnumálum dómstólsins.

4. Dómarar skulu kjósa dómritara með hreinum meiri hluta atkvæða í leynilegri atkvæðagreiðslu, að teknu tilliti til hugsanlegra tilmæla þings aðildarríkjanna. Ef þörf krefur og að tilmælum dómritara skulu dómarar kjósa varadómritara á sama hátt.

5. Dómritari skal gegna embætti í fimm ár, vera kjörgengur á ný einu sinni og gegna fullu starfi. Varadómritari skal gegna embætti í fimm ár eða skemur ef hreinn meiri hluti dómara ákveður það og hann má kjósa á þeim forsendum að kalla megi hann til starfa eftir þörfum.

6. Dómritari skal koma á fót deild fyrir fórnarlömb og vitni hjá skrifstofunni. Í þeirri deild skal, í samráði við skrifstofu saksóknara, veita vitnum, fórnarlömbum sem koma fyrir dómstólinn og öðrum, sem geta verið í hættu vegna framburðar vitna, vernd, öryggi, ráðgjöf og aðra viðeigandi aðstoð. Deildin skal

8. Any question as to the disqualification of the Prosecutor or a Deputy Prosecutor shall be decided by the Appeals Chamber.

(a) The person being investigated or prosecuted may at any time request the disqualification of the Prosecutor or a Deputy Prosecutor on the grounds set out in this article.

(b) The Prosecutor or the Deputy Prosecutor, as appropriate, shall be entitled to present his or her comments on the matter.

9. The Prosecutor shall appoint advisers with legal expertise on specific issues, including, but not limited to, sexual and gender violence and violence against children.

Article 43

The Registry

1. The Registry shall be responsible for the non-judicial aspects of the administration and servicing of the Court, without prejudice to the functions and powers of the Prosecutor in accordance with article 42.

2. The Registry shall be headed by the Registrar, who shall be the principal administrative officer of the Court. The Registrar shall exercise his or her functions under the authority of the President of the Court.

3. The Registrar and the Deputy Registrar shall be persons of high moral character, be highly competent and have an excellent knowledge of and be fluent in at least one of the working languages of the Court.

4. The judges shall elect the Registrar by an absolute majority by secret ballot, taking into account any recommendation by the Assembly of States Parties. If the need arises and upon the recommendation of the Registrar, the judges shall elect, in the same manner, a Deputy Registrar.

5. The Registrar shall hold office for a term of five years, shall be eligible for re-election once and shall serve on a full-time basis. The Deputy Registrar shall hold office for a term of five years or such shorter term as may be decided upon by an absolute majority of the judges, and may be elected on the basis that the Deputy Registrar shall be called upon to serve as required.

6. The Registrar shall set up a Victims and Witnesses Unit within the Registry. This Unit shall provide, in consultation with the Office of the Prosecutor, protective measures and security arrangements, counselling and other appropriate assistance for witnesses, victims who appear before the Court, and

hafa á að skipa starfsliði sem hefur sérfræðiþekkingu í sálrænum áföllum, að meðtöldum áföllum vegna glæpa sem felast í kynlífsofbeldi.

44. gr.
Starfslið.

1. Saksóknari og dómritari skulu ráða hæft starfslið til starfa á skrifstofum sínum eftir þörfum. Saksóknari ræður meðal annars rannsóknarmenn til starfa.

2. Við ráðningu starfsliðs skulu saksóknari og dómritari tryggja að þeir sem ráðnir eru séu framúrskarandi duglegir, hæfir og heiðarlegir og skulu þeir, að breyttu breytanda, hafa hliðsjón af þeim viðmiðum sem mælt er fyrir um í 8. mgr. 36. gr.

3. Dómritari skal, að fengnu samþykki dómstjórnar og saksóknara, gera tillögur um starfsmannareglur þar sem meðal annars koma fram skilmálar og skilyrði fyrir ráðningu starfsliðs dómstólsins, kjör þess og starfslok. Þing aðildarríkjanna skal samþykkja starfsmannareglurnar.

4. Í undantekningartilvikum getur dómstóllinn notfært sér sérfræðiþekkingu ólaunaðs starfsliðs sem aðildarríkin, milliríkjastofnanir eða frjáls félagasamtök bjóða fram til aðstoðar við störf í einhverri af starfseiningum dómstólsins. Saksóknari getur þegið slíkt boð fyrir hönd skrifstofu sinnar. Ólaunað starfslið af þessu tagi skal ráðið í samræmi við viðmiðunarreglur sem þing aðildarríkjanna setur.

45. gr.
Hátíðleg yfirlýsing.

Dómarar, saksóknari, varasaksóknarar, dómritari og varadómritari skulu hver um sig, áður en þeir hefja störf samkvæmt þessari samþykkt, gefa hátíðlega yfirlýsingu í heyranda hljóði fyrir dómi um að þeir muni rækja störf sín af óhlutdrægni og samviskusemi.

46. gr.
Lausn frá störfum.

1. Dómari, saksóknari, varasaksóknari, dómritari eða varadómritari skal leystur frá störfum ef ákvörðun þess efnis hefur verið tekin í samræmi við 2. mgr., í þeim tilvikum að hann:

a) er fundinn sekur um alvarlegt misferli eða alvarlegt brot gegn skyldum sínum samkvæmt þessari samþykkt eins og kveðið er á um í reglunum um málsmeðferð og sönnun; eða

others who are at risk on account of testimony given by such witnesses. The Unit shall include staff with expertise in trauma, including trauma related to crimes of sexual violence.

Article 44
Staff

1. The Prosecutor and the Registrar shall appoint such qualified staff as may be required to their respective offices. In the case of the Prosecutor, this shall include the appointment of investigators.

2. In the employment of staff, the Prosecutor and the Registrar shall ensure the highest standards of efficiency, competency and integrity, and shall have regard, *mutatis mutandis,* to the criteria set forth in article 36, paragraph 8.

3. The Registrar, with the agreement of the Presidency and the Prosecutor, shall propose Staff Regulations which include the terms and conditions upon which the staff of the Court shall be appointed, remunerated and dismissed. The Staff Regulations shall be approved by the Assembly of States Parties.

4. The Court may, in exceptional circumstances, employ the expertise of gratis personnel offered by States Parties, intergovernmental organizations or non-governmental organizations to assist with the work of any of the organs of the Court. The Prosecutor may accept any such offer on behalf of the Office of the Prosecutor. Such gratis personnel shall be employed in accordance with guidelines to be established by the Assembly of States Parties.

Article 45
Solemn undertaking

Before taking up their respective duties under this Statute, the judges, the Prosecutor, the Deputy Prosecutors, the Registrar and the Deputy Registrar shall each make a solemn undertaking in open court to exercise his or her respective functions impartially and conscientiously.

Article 46
Removal from office

1. A judge, the Prosecutor, a Deputy Prosecutor, the Registrar or the Deputy Registrar shall be removed from office if a decision to this effect is made in accordance with paragraph 2, in cases where that person:

(a) Is found to have committed serious misconduct or a serious breach of his or her duties under this Statute, as provided for in the Rules of Procedure and Evidence; or

b) er ófær um að gegna þeim störfum sem krafist er í þessari samþykkt.

2. Ákvörðun um að leysa dómara, saksóknara eða varasaksóknara frá störfum skv. 1. mgr. skal tekin af þingi aðildarríkjanna í leynilegri atkvæðagreiðslu:

a) þegar um dómara er að ræða, með tveimur þriðju hlutum atkvæða aðildarríkjanna samkvæmt tillögu sem samþykkt er af tveimur þriðju hlutum hinna dómaranna;

b) þegar um saksóknara er að ræða, með hreinum meiri hluta atkvæða aðildarríkjanna;

c) þegar um varasaksóknara er að ræða, með hreinum meiri hluta atkvæða aðildarríkjanna, að tillögu saksóknara.

3. Ákvörðun um að leysa dómritara eða varadómritara frá störfum skal tekin af hreinum meiri hluta dómaranna.

4. Ef framferði dómara, saksóknara, varasaksóknara, dómritara eða varadómritara eða hæfi þeirra til að gegna embættisskyldum sínum, eins og kveðið er á um í þessari samþykkt, er vefengt samkvæmt þessari grein skulu þeir hafa fullt tækifæri til þess að leggja fram sönnunargögn og taka við þeim og gera athugasemdir í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun. Viðkomandi skal ekki taka þátt í meðferð málsins með öðrum hætti.

47. gr.

Agaviðurlög.

Dómari, saksóknari, varasaksóknari, dómritari eða varadómritari, sem hafa gerst sekir um misferli í starfi sem er ekki eins alvarlegs eðlis og um getur í 1. mgr. 46. gr., skulu sæta agaviðurlögum í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun.

48. gr.

Forréttindi og friðhelgi.

1. Dómstóllinn skal, á yfirráðasvæði hvers aðildarríkis, njóta þeirra forréttinda og þeirrar friðhelgi sem nauðsynleg eru til þess að hann geti náð markmiðum sínum.

2. Dómarar, saksóknari, varasaksóknarar og dómritari skulu, þegar þeir eru að störfum við dómstólinn eða sinna málefnum hans, njóta sömu forréttinda og friðhelgi og yfirmenn sendiskrifstofa og skulu þeir að starfstíma sínum loknum áfram njóta friðhelgi gagnvart hvers konar málarekstri vegna þess sem þeir hafa sagt eða skrifað og aðhafst í embætti sínu.

(b) Is unable to exercise the functions required by this Statute.

2. A decision as to the removal from office of a judge, the Prosecutor or a Deputy Prosecutor under paragraph 1 shall be made by the Assembly of States Parties, by secret ballot:

(a) In the case of a judge, by a two-thirds majority of the States Parties upon a recommendation adopted by a two-thirds majority of the other judges;

(b) In the case of the Prosecutor, by an absolute majority of the States Parties;

(c) In the case of a Deputy Prosecutor, by an absolute majority of the States Parties upon the recommendation of the Prosecutor.

3. A decision as to the removal from office of the Registrar or Deputy Registrar shall be made by an absolute majority of the judges.

4. A judge, Prosecutor, Deputy Prosecutor, Registrar or Deputy Registrar whose conduct or ability to exercise the functions of the office as required by this Statute is challenged under this article shall have full opportunity to present and receive evidence and to make submissions in accordance with the Rules of Procedure and Evidence. The person in question shall not otherwise participate in the consideration of the matter.

Article 47

Disciplinary measures

A judge, Prosecutor, Deputy Prosecutor, Registrar or Deputy Registrar who has committed misconduct of a less serious nature than that set out in article 46, paragraph 1, shall be subject to disciplinary measures, in accordance with the Rules of Procedure and Evidence.

Article 48

Privileges and immunities

1. The Court shall enjoy in the territory of each State Party such privileges and immunities as are necessary for the fulfilment of its purposes.

2. The judges, the Prosecutor, the Deputy Prosecutors and the Registrar shall, when engaged on or with respect to the business of the Court, enjoy the same privileges and immunities as are accorded to heads of diplomatic missions and shall, after the expiry of their terms of office, continue to be accorded immunity from legal process of every kind in respect of words spoken or written and acts performed by them in their official capacity.

3. Varadómritari og starfslið á skrifstofum saksóknara og dómritara skal njóta forréttinda og friðhelgi og þeirrar aðstöðu sem þarf til að geta rækt störf sín, í samræmi við samninginn um forréttindi og friðhelgi dómstólsins.

4. Lögmenn, sérfræðingar, vitni og aðrir, sem nauðsynlegt er að séu viðstaddir á aðsetri dómstólsins, skulu hljóta þá meðferð sem nauðsynleg er til að dómstóllinn geti rækt hlutverk sitt með fullnægjandi hætti, í samræmi við samninginn um forréttindi og friðhelgi dómstólsins.

5. Forréttindum og friðhelgi er unnt að svipta:

a) dómara eða saksóknara með ákvörðun hreins meiri hluta dómara;

b) dómritara með ákvörðun dómstjórnar;

c) varasaksóknara og starfslið á skrifstofu saksóknara með ákvörðun saksóknara;

d) varadómritara og starfslið á skrifstofu dómritara með ákvörðun dómritara.

49. gr.

Laun, hlunnindi og kostnaður.

Dómarar, saksóknari, varasaksóknarar, dómritari og varadómritarar skulu fá laun, hlunnindi og kostnað greidd eins og þing aðildarríkjanna ákveður. Þessi laun og hlunnindi skulu ekki lækka á starfstímanum.

50. gr.

Opinber tungumál og vinnumál.

1. Opinber tungumál dómstólsins skulu vera arabíska, enska, franska, kínverska, rússneska og spænska. Dóma, sem eru kveðnir upp af dómstólnum, svo og aðrar ákvarðanir sem leysa úr grundvallaratriðum fyrir dómstólnum, skal birta á hinum opinberu tungumálum. Dómstjórn skal ákvarða, í samræmi við þau viðmið sem fram koma í reglunum um málsmeðferð og sönnun, hvaða ákvarðanir skuli teljast leysa úr grundvallaratriðum samkvæmt þessari málsgrein.

2. Vinnumál dómstólsins skulu vera enska og franska. Í reglunum um málsmeðferð og sönnun skal kveðið á um í hvaða málum megi nota önnur opinber tungumál sem vinnumál.

3. Dómstóllinn skal, að beiðni málsaðila eða ríkis sem fengið hefur leyfi til aðgangs að meðferð máls, heimila málsaðilanum eða ríkinu að nota annað tungumál en ensku eða frönsku, að því tilskildu að

3. The Deputy Registrar, the staff of the Office of the Prosecutor and the staff of the Registry shall enjoy the privileges and immunities and facilities necessary for the performance of their functions, in accordance with the agreement on the privileges and immunities of the Court.

4. Counsel, experts, witnesses or any other person required to be present at the seat of the Court shall be accorded such treatment as is necessary for the proper functioning of the Court, in accordance with the agreement on the privileges and immunities of the Court.

5. The privileges and immunities of:

(a) A judge or the Prosecutor may be waived by an absolute majority of the judges;

(b) The Registrar may be waived by the Presidency;

(c) The Deputy Prosecutors and staff of the Office of the Prosecutor may be waived by the Prosecutor;

(d) The Deputy Registrar and staff of the Registry may be waived by the Registrar.

Article 49

Salaries, allowances and expenses

The judges, the Prosecutor, the Deputy Prosecutors, the Registrar and the Deputy Registrar shall receive such salaries, allowances and expenses as may be decided upon by the Assembly of States Parties. These salaries and allowances shall not be reduced during their terms of office.

Article 50

Official and working languages

1. The official languages of the Court shall be Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish. The judgements of the Court, as well as other decisions resolving fundamental issues before the Court, shall be published in the official languages. The Presidency shall, in accordance with the criteria established by the Rules of Procedure and Evidence, determine which decisions may be considered as resolving fundamental issues for the purposes of this paragraph.

2. The working languages of the Court shall be English and French. The Rules of Procedure and Evidence shall determine the cases in which other official languages may be used as working languages.

3. At the request of any party to a proceeding or a State allowed to intervene in a proceeding, the Court shall authorize a language other than English or French to be used by such a party or State, provided

dómstóllinn telji nægar ástæður til að heimila slíkt.

51. gr.
Reglur um málsmeðferð og sönnun.

1. Reglurnar um málsmeðferð og sönnun skulu öðlast gildi þegar tveir þriðju hlutar fulltrúa á þingi aðildarríkjanna hafa samþykkt þær.

2. Eftirtaldir geta gert tillögur um breytingar á reglunum um málsmeðferð og sönnun:

a) aðildarríki;

b) hreinn meiri hluti dómara; eða

c) saksóknari.

Slíkar breytingar skulu öðlast gildi þegar tveir þriðju hlutar fulltrúanna á þingi aðildarríkjanna hafa samþykkt þær.

3. Eftir að reglurnar um málsmeðferð og sönnun hafa verið samþykktar geta dómarar, í bráðatilvikum og þegar reglurnar ná ekki til sérstaks tilviks fyrir dómstólnum, samþykkt bráðabirgðareglur með tveimur þriðju hlutum atkvæða sem beita skal uns næsti reglulegi fundur eða aukafundur þings aðildarríkjanna samþykkir þær, breytir þeim eða hafnar.

4. Reglurnar um málsmeðferð og sönnun, breytingar á þeim og allar bráðabirgðareglur skulu vera samrýmanlegar þessari samþykkt. Breytingar á reglunum um málsmeðferð og sönnun, svo og bráðabirgðareglur, skulu ekki gilda afturvirkt í óhag manni sem sætir rannsókn eða saksókn eða sakfellingu.

5. Stangist samþykktin og reglurnar um málsmeðferð og sönnun á gengur samþykktin framar.

52. gr.
Reglur dómstólsins.

1. Dómararnir skulu, í samræmi við þessa samþykkt og reglurnar um málsmeðferð og sönnun, samþykkja með hreinum meiri hluta reglur dómstólsins sem nauðsynlegar eru fyrir daglega starfsemi hans.

2. Hafa skal samráð við saksóknara og dómritara þegar reglurnar eru samdar eða þeim er breytt.

3. Reglurnar og breytingar á þeim skulu öðlast gildi þegar þær eru samþykktar nema dómararnir ákveði annað. Jafnskjótt og reglurnar hafa hlotið samþykki skulu þær sendar aðildarríkjunum til umsagnar. Ef ekki berast mótmæli frá meiri hluta aðildarríkjanna innan sex mánaða skulu reglurnar gilda áfram.

that the Court considers such authorization to be adequately justified.

Article 51
Rules of Procedure and Evidence

1. The Rules of Procedure and Evidence shall enter into force upon adoption by a two-thirds majority of the members of the Assembly of States Parties.

2. Amendments to the Rules of Procedure and Evidence may be proposed by:

(a) Any State Party;

(b) The judges acting by an absolute majority; or

(c) The Prosecutor.

Such amendments shall enter into force upon adoption by a two-thirds majority of the members of the Assembly of States Parties.

3. After the adoption of the Rules of Procedure and Evidence, in urgent cases where the Rules do not provide for a specific situation before the Court, the judges may, by a two-thirds majority, draw up provisional Rules to be applied until adopted, amended or rejected at the next ordinary or special session of the Assembly of States Parties.

4. The Rules of Procedure and Evidence, amendments thereto and any provisional Rule shall be consistent with this Statute. Amendments to the Rules of Procedure and Evidence as well as provisional Rules shall not be applied retroactively to the detriment of the person who is being investigated or prosecuted or who has been convicted.

5. In the event of conflict between the Statute and the Rules of Procedure and Evidence, the Statute shall prevail.

Article 52
Regulations of the Court

1. The judges shall, in accordance with this Statute and the Rules of Procedure and Evidence, adopt, by an absolute majority, the Regulations of the Court necessary for its routine functioning.

2. The Prosecutor and the Registrar shall be consulted in the elaboration of the Regulations and any amendments thereto.

3. The Regulations and any amendments thereto shall take effect upon adoption unless otherwise decided by the judges. Immediately upon adoption, they shall be circulated to States Parties for comments. If within six months there are no objections from a majority of States Parties, they shall remain in force.

5. kafli: Rannsókn og saksókn.

53. gr.

Upphaf rannsóknar.

1. Saksóknari skal, eftir að hafa metið þær upplýsingar sem hann hefur fengið, hefja rannsókn nema hann ákveði að ekki séu gild rök til þess að halda málinu áfram samkvæmt þessari samþykkt. Við mat á því hvort hefja skuli rannsókn skal saksóknari athuga:

a) hvort fyrir hendi séu gild rök, samkvæmt þeim upplýsingum sem hann hefur undir höndum, til að ætla að framinn hafi verið glæpur eða að verið sé að fremja glæp sem fellur undir lögsögu dómstólsins;

b) hvort málið sé eða muni verða tækt til meðferðar skv. 17. gr.; og

c) hvort, þrátt fyrir alvarleika glæpsins og hagsmuni fórnarlambanna, séu engu að síður mikilvægar ástæður til að ætla að rannsókn væri ekki í þágu réttvísinnar.

Ef saksóknari ákveður, að rannsókn lokinni, að ekki séu gild rök til að halda máli áfram og hann byggir ákvörðun sína eingöngu á ákvæði c-liðar hér að framan skal hann tilkynna það til forréttarstofu.

2. Ef saksóknari telur, að rannsókn lokinni, að ekki sé nægur grundvöllur til saksóknar vegna þess:

a) að hvorki sé nægur lagagrundvöllur né nægar staðreyndir til að byggja á til þess að leita eftir heimild til handtöku eða kvaðningar skv. 58. gr.;

b) að málið sé ekki tækt til meðferðar skv. 17. gr.; eða

c) að saksókn yrði ekki í þágu réttvísinnar, með hliðsjón af öllum aðstæðum svo sem alvarleika glæpsins, hagsmunum fórnarlambanna og aldri eða heilsubresti ætlaðs geranda og þátttöku hans í ætluðum glæp, skal saksóknari tilkynna forréttarstofu og ríkinu, sem vísaði aðstæðunum til hans skv. 14. gr., eða öryggisráðinu í máli, sem fellur undir b-lið 13. gr., um niðurstöður sínar og um forsendur þeirra.

3. a) Að beiðni ríkisins sem vísaði aðstæðunum til saksóknara skv. 14. gr., eða að beiðni öryggisráðsins skv. b-lið 13 gr., getur forréttarstofa endurskoðað ákvörðun saksóknara skv. 1. eða 2. mgr. þess efnis að halda máli ekki áfram og getur hún farið fram á að saksóknari endurskoði þá ákvörðun.

b) Að auki getur forréttarstofa af sjálfsdáðum endurskoðað ákvörðun saksóknara um halda máli ekki áfram ef hún er eingöngu byggð á c-lið 1. mgr. eða c-lið 2. mgr. Í slíku tilviki gildir ákvörðun saksókn-

PART 5. INVESTIGATION AND PROSECUTION

Article 53

Initiation of an investigation

1. The Prosecutor shall, having evaluated the information made available to him or her, initiate an investigation unless he or she determines that there is no reasonable basis to proceed under this Statute. In deciding whether to initiate an investigation, the Prosecutor shall consider whether:

(a) The information available to the Prosecutor provides a reasonable basis to believe that a crime within the jurisdiction of the Court has been or is being committed;

(b) The case is or would be admissible under article 17; and

(c) Taking into account the gravity of the crime and the interests of victims, there are nonetheless substantial reasons to believe that an investigation would not serve the interests of justice.

If the Prosecutor determines that there is no reasonable basis to proceed and his or her determination is based solely on subparagraph (c) above, he or she shall inform the Pre-Trial Chamber.

2. If, upon investigation, the Prosecutor concludes that there is not a sufficient basis for a prosecution because:

(a) There is not a sufficient legal or factual basis to seek a warrant or summons under article 58;

(b) The case is inadmissible under article 17; or

(c) A prosecution is not in the interests of justice, taking into account all the circumstances, including the gravity of the crime, the interests of victims and the age or infirmity of the alleged perpetrator, and his or her role in the alleged crime; the Prosecutor shall inform the Pre-Trial Chamber and the State making a referral under article 14 or the Security Council in a case under article 13, paragraph (b), of his or her conclusion and the reasons for the conclusion.

3. (a) At the request of the State making a referral under article 14 or the Security Council under article 13, paragraph (b), the Pre-Trial Chamber may review a decision of the Prosecutor under paragraph 1 or 2 not to proceed and may request the Prosecutor to reconsider that decision.

(b) In addition, the Pre-Trial Chamber may, on its own initiative, review a decision of the Prosecutor not to proceed if it is based solely on paragraph 1 (c) or 2 (c). In such a case, the decision of the Prosecu-

ara því aðeins að forréttarstofa staðfesti hana.

4. Saksóknari getur, hvenær sem er, endurskoðað ákvörðun um hvort hefja skuli rannsókn eða saksókn á grundvelli nýrra staðreynda eða upplýsinga.

54. gr.
Skyldur og valdheimildir saksóknara við rannsókn máls.

1. Saksóknari skal:

a) til þess að leiða sannleikann í ljós, láta rannsóknina taka til allra staðreynda og sönnunargagna sem máli skipta til að meta hvort um sé að ræða refsiábyrgð samkvæmt þessari samþykkt og skal hann þá kanna jafnt þær aðstæður sem benda til sektar og þær sem benda til sýknu;

b) gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja skilvirka rannsókn og saksókn vegna glæpa sem falla undir lögsögu dómstólsins og taka tillit til hagsmuna og persónulegra aðstæðna fórnarlamba og vitna, svo sem aldurs, kynferðis eins og það er skilgreint í 3. mgr. 7. gr. svo og heilsu og til eðlis glæpsins, einkum ef hann lýtur að kynlífsofbeldi, kynbundnu ofbeldi eða ofbeldi gegn börnum; og

c) virða að fullu réttindi einstaklinga sem leiðir af þessari samþykkt.

2. Saksóknari getur stjórnað rannsókn á yfirráðasvæði ríkis:

a) í samræmi við ákvæði 9. kafla; eða

b) með leyfi forréttarstofu skv. d-lið 3. mgr. 57. gr.

3. Saksóknara er heimilt:

a) að safna sönnunargögnum og rannsaka þau;

b) að boða og yfirheyra menn sem sæta rannsókn, fórnarlömb og vitni;

c) að leita eftir samvinnu við hvaða ríki eða milliríkjastofnun eða fyrirkomulag sem er í samræmi við valdheimildir og/eða umboð hvers um sig;

d) að ganga til samkomulags eða samninga sem kunna að reynast nauðsynlegir til þess að auðvelda samstarf við ríki, milliríkjastofnun eða einstakling og ekki eru ósamrýmanlegir þessari samþykkt;

e) að samþykkja að gera ekki opinber á neinu stigi málsins skjöl eða upplýsingar sem saksóknari fær í hendur með þeim skilyrðum að þau séu trúnaðarmál og eingöngu afhent til þess að fá fram ný sönnunargögn, nema því aðeins að sá sem upplýsingarnar veitir gefi til þess samþykki sitt; og

f) að gera nauðsynlegar ráðstafanir, eða fara fram á að nauðsynlegar ráðstafanir verði gerðar, til þess að tryggja að farið sé með veittar upplýsingar sem

tor shall be effective only if confirmed by the Pre-Trial Chamber.

4. The Prosecutor may, at any time, reconsider a decision whether to initiate an investigation or prosecution based on new facts or information.

Article 54
Duties and powers of the Prosecutor with respect to investigations

1. The Prosecutor shall:

(a) In order to establish the truth, extend the investigation to cover all facts and evidence relevant to an assessment of whether there is criminal responsibility under this Statute, and, in doing so, investigate incriminating and exonerating circumstances equally;

(b) Take appropriate measures to ensure the effective investigation and prosecution of crimes within the jurisdiction of the Court, and in doing so, respect the interests and personal circumstances of victims and witnesses, including age, gender as defined in article 7, paragraph 3, and health, and take into account the nature of the crime, in particular where it involves sexual violence, gender violence or violence against children; and

(c) Fully respect the rights of persons arising under this Statute.

2. The Prosecutor may conduct investigations on the territory of a State:

(a) In accordance with the provisions of Part 9; or

(b) As authorized by the Pre-Trial Chamber under article 57, paragraph 3 (d).

3. The Prosecutor may:

(a) Collect and examine evidence;

(b) Request the presence of and question persons being investigated, victims and witnesses;

(c) Seek the cooperation of any State or intergovernmental organization or arrangement in accordance with its respective competence and/or mandate;

(d) Enter into such arrangements or agreements, not inconsistent with this Statute, as may be necessary to facilitate the cooperation of a State, intergovernmental organization or person;

(e) Agree not to disclose, at any stage of the proceedings, documents or information that the Prosecutor obtains on the condition of confidentiality and solely for the purpose of generating new evidence, unless the provider of the information consents; and

(f) Take necessary measures, or request that necessary measures be taken, to ensure the confidentiality of information, the protection of any person or the

trúnaðarmál, eða til þess að tryggja vernd einstaklinga eða vernd sönnunargagna.

55. gr.

Réttindi einstaklinga við rannsókn máls.

1. Við rannsókn samkvæmt þessari samþykkt:

a) skal enginn neyddur til að bera vitni gegn sjálfum sér eða játa sig sekan;

b) skal enginn sæta þvingunum af neinu tagi, nauðung eða hótunum, pyndingum eða annarri grimmilegri, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu;

c) skal maður, sem er yfirheyrður á öðru tungumáli en máli sem hann talar og skilur að fullu, fá sér að kostnaðarlausu aðstoð hæfs túlks og fá þýdd þau skjöl sem nauðsynleg teljast til að kröfum um réttlæti sé fullnægt; og

d) skal maður ekki tekinn fastur eða hafður í haldi á grundvelli geðþóttaákvörðunar og ekki sviptur frelsi nema af ástæðum og í samræmi við málsmeðferð sem kveðið er á um í þessari samþykkt.

2. Þegar ástæða er til að ætla að maður hafi framið glæp, sem fellur undir lögsögu dómstólsins, og saksóknari eða innlend yfirvöld, samkvæmt beiðni sem lögð er fram skv. 9. kafla, búast til að yfirheyra hann skal sá maður einnig hafa eftirtalin réttindi sem ber að upplýsa hann um áður en hann er yfirheyrður:

a) að vera upplýstur um það áður hann er yfirheyrður að ástæða sé til að ætla að hann hafi framið glæp sem fellur undir lögsögu dómstólsins;

b) að neita að tjá sig, án þess að þögn hans hafi áhrif við mat á sekt hans eða sakleysi;

c) að fá lögfræðiaðstoð að eigin vali eða, njóti maðurinn engrar lögfræðiaðstoðar, skipa honum lögfræðiaðstoð, þegar nauðsynlegt er talið í þágu réttvísinnar, honum að kostnaðarlausu ef hann skortir efni til að greiða sjálfur fyrir aðstoðina; og

d) að vera yfirheyrður í viðurvist verjanda nema hann hafi af sjálfsdáðum afsalað sér rétti til verjanda.

56. gr.

Hlutverk forréttarstofu þegar einstakt tækifæri gefst til rannsóknar.

1. a) Ef saksóknari telur við rannsókn máls að fyrir hendi sé einstakt tækifæri til að yfirheyra vitni eða afla framburðar þess eða til að rannsaka, afla eða preservation of evidence.

Article 55

Rights of persons during an investigation

1. In respect of an investigation under this Statute, a person:

(a) Shall not be compelled to incriminate himself or herself or to confess guilt;

(b) Shall not be subjected to any form of coercion, duress or threat, to torture or to any other form of cruel, inhuman or degrading treatment or punishment;

(c) Shall, if questioned in a language other than a language the person fully understands and speaks, have, free of any cost, the assistance of a competent interpreter and such translations as are necessary to meet the requirements of fairness; and

(d) Shall not be subjected to arbitrary arrest or detention, and shall not be deprived of his or her liberty except on such grounds and in accordance with such procedures as are established in this Statute.

2. Where there are grounds to believe that a person has committed a crime within the jurisdiction of the Court and that person is about to be questioned either by the Prosecutor, or by national authorities pursuant to a request made under Part 9, that person shall also have the following rights of which he or she shall be informed prior to being questioned:

(a) To be informed, prior to being questioned, that there are grounds to believe that he or she has committed a crime within the jurisdiction of the Court;

(b) To remain silent, without such silence being a consideration in the determination of guilt or innocence;

(c) To have legal assistance of the person's choosing, or, if the person does not have legal assistance, to have legal assistance assigned to him or her, in any case where the interests of justice so require, and without payment by the person in any such case if the person does not have sufficient means to pay for it; and

(d) To be questioned in the presence of counsel unless the person has voluntarily waived his or her right to counsel.

Article 56

Role of the Pre-Trial Chamber in relation to a unique investigative opportunity

1. (a) Where the Prosecutor considers an investigation to present a unique opportunity to take testimony or a statement from a witness or to examine,

sannreyna sönnunargögn, sem hugsanlega verður ekki unnt að fá síðar í tengslum við dómsmeðferð málsins, skal saksóknari tilkynna forréttarstofu um það.

b) Í því tilviki getur forréttarstofa, að beiðni saksóknara, gert þær ráðstafanir sem nauðsynlegar teljast til að tryggja skilvirka og heiðarlega málsmeðferð, einkum til að tryggja réttindi varnaraðila.

c) Saksóknari skal, nema forréttarstofa mæli fyrir um annað, veita þær upplýsingar, sem máli skipta, manni sem hefur verið handtekinn eða sótt hefur dómþing í tilefni kvaðningar í tengslum við þá rannsókn, sem um getur í a-lið, til þess að honum sé unnt að koma að sjónarmiðum sínum í málinu.

2. Ráðstafanirnar, sem um getur í b-lið 1. mgr., geta meðal annars verið sem hér segir:

a) að setja fram tilmæli eða fyrirmæli um málsmeðferðina sem fylgja skal;

b) að fyrirskipa að færð sé bók um réttarhöldin;

c) að tilnefna sérfræðing til aðstoðar;

d) að heimila verjanda manns, sem hefur verið handtekinn eða sótt hefur dómþing í tilefni kvaðningar, að taka þátt eða, þegar ekki hefur enn orðið af slíkri handtöku eða sókn í tilefni kvaðningar eða enginn verjandi verið skipaður, að skipa annan verjanda til að vera viðstaddur og gæta hagsmuna varnaraðila;

e) að tilnefna einn dómara sinna eða, ef þörf krefur, annan dómara úr forréttardeild eða réttardeild til að fylgjast með og setja fram tilmæli eða fyrirmæli um söfnun og varðveislu sönnunargagna og yfirheyrslur;

f) að gera aðrar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að safna sönnunargögnum eða varðveita þau.

3. a) Hafi saksóknari ekki óskað eftir því að gerðar séu ráðstafanir samkvæmt þessari grein en forréttarstofa telur að slíkt sé nauðsynlegt til þess að varðveita sönnunargögn, sem hún telur vera mikilvæg fyrir varnaraðila við dómsmeðferð, skal hún ráðfæra sig við saksóknara um hvort gildar ástæður hafi verið fyrir því að hann óskaði ekki eftir að slíkar ráðstafanir væru gerðar. Komist forréttarstofa að þeirri niðurstöðu, að því loknu, að ekki séu réttmætar ástæður fyrir því að saksóknari lét hjá líða að gera viðkomandi ráðstafanir getur forréttarstofa gert slíkar ráðstafanir að eigin frumkvæði.

b) Saksóknari getur áfrýjað ákvörðun forréttarstofu um að aðhafast að eigin frumkvæði samkvæmt þessari málsgrein. Áfrýjunin skal fá flýtimeðferð.

collect or test evidence, which may not be available subsequently for the purposes of a trial, the Prosecutor shall so inform the Pre-Trial Chamber.

(b) In that case, the Pre-Trial Chamber may, upon request of the Prosecutor, take such measures as may be necessary to ensure the efficiency and integrity of the proceedings and, in particular, to protect the rights of the defence.

(c) Unless the Pre-Trial Chamber orders otherwise, the Prosecutor shall provide the relevant information to the person who has been arrested or appeared in response to a summons in connection with the investigation referred to in subparagraph (a), in order that he or she may be heard on the matter.

2. The measures referred to in paragraph 1 (b) may include:

(a) Making recommendations or orders regarding procedures to be followed;

(b) Directing that a record be made of the proceedings;

(c) Appointing an expert to assist;

(d) Authorizing counsel for a person who has been arrested, or appeared before the Court in response to a summons, to participate, or where there has not yet been such an arrest or appearance or counsel has not been designated, appointing another counsel to attend and represent the interests of the defence;

(e) Naming one of its members or, if necessary, another available judge of the Pre-Trial or Trial Division to observe and make recommendations or orders regarding the collection and preservation of evidence and the questioning of persons;

(f) Taking such other action as may be necessary to collect or preserve evidence.

3. (a) Where the Prosecutor has not sought measures pursuant to this article but the Pre-Trial Chamber considers that such measures are required to preserve evidence that it deems would be essential for the defence at trial, it shall consult with the Prosecutor as to whether there is good reason for the Prosecutor's failure to request the measures. If upon consultation, the Pre-Trial Chamber concludes that the Prosecutor's failure to request such measures is unjustified, the Pre-Trial Chamber may take such measures on its own initiative.

(b) A decision of the Pre-Trial Chamber to act on its own initiative under this paragraph may be appealed by the Prosecutor. The appeal shall be heard

4. Um heimild til framlagningar sönnunargagna, sem hafa verið varðveitt eða hefur verið aflað vegna dómsmeðferðarinnar samkvæmt þessari grein, eða skráningu þeirra, fer, við dómsmeðferð, eftir ákvæðum 69. gr. og ákveður réttarstofa sönnunargildi þeirra.

57. gr.

Störf og valdheimildir forréttarstofu.

1. Forréttarstofa skal starfa í samræmi við ákvæði þessarar greinar, nema kveðið sé á um annað í þessari samþykkt.

2. a) Fyrirmæli eða úrskurðir forréttarstofu skv. 15., 18. og 19. gr., 2. mgr. 54. gr., 7. mgr. 61. gr. og 72. gr. verða að hljóta samþykki meiri hluta dómara við stofuna.

b) Í öllum öðrum tilvikum getur einn dómari við forréttarstofu innt af hendi þau störf sem kveðið er á um í þessari samþykkt nema kveðið sé á um annað í reglunum um málsmeðferð og sönnun eða meiri hluti forréttarstofu ákveði annað.

3. Auk annarra starfa samkvæmt þessari samþykkt getur forréttarstofa:

a) gefið út, að beiðni saksóknara, þau fyrirmæli og þær heimildir sem þörf er á vegna rannsóknar;

b) að beiðni manns, sem hefur verið handtekinn eða hefur sótt dómþing í tilefni kvaðningar skv. 58. gr., gefið út fyrirmæli, þ. á m. um þær ráðstafanir sem um getur í 56. gr., eða leitað samstarfs skv. 9. kafla sem kann að vera nauðsynlegt til þess að aðstoða viðkomandi við að undirbúa vörn sína;

c) gert ráðstafanir til að vernda fórnarlömb og vitni svo og einkalíf þeirra, ef þörf krefur, varðveita sönnunargögn, vernda menn, sem hafa verið handteknir eða hafa sótt dómþing í tilefni kvaðningar, og varðveita upplýsingar um þjóðaröryggi;

d) heimilað saksóknara að láta hefja sérstakar rannsóknaraðgerðir á yfirráðasvæði aðildarríkis án þess að hafa tryggt sér samvinnu við það ríki skv. 9. kafla, hafi forréttarstofa ákveðið að í því máli sé ríkið augljóslega ófært um að framkvæma beiðni um samstarf vegna þess að ekki eru fyrir hendi yfirvöld eða aðilar í dómskerfinu sem eru til þess bærir að framkvæma beiðni um samstarf skv. 9. kafla, þó þannig að tillit sé tekið til sjónarmiða viðkomandi ríkis eftir því sem unnt er;

e) leitað samstarfs við ríki skv. k-lið 1. mgr. 93. gr. um að gera verndarráðstafanir vegna eignaupptöku, einkum vegna hagsmuna fórnarlamba, þegar handtökuskipun eða kvaðning hefur verið gefin út on an expedited basis.

4. The admissibility of evidence preserved or collected for trial pursuant to this article, or the record thereof, shall be governed at trial by article 69, and given such weight as determined by the Trial Chamber.

Article 57

Functions and powers of the Pre-Trial Chamber

1. Unless otherwise provided in this Statute, the Pre-Trial Chamber shall exercise its functions in accordance with the provisions of this article.

2. (a) Orders or rulings of the Pre-Trial Chamber issued under articles 15, 18, 19, 54, paragraph 2, 61, paragraph 7, and 72 must be concurred in by a majority of its judges.

(b) In all other cases, a single judge of the Pre-Trial Chamber may exercise the functions provided for in this Statute, unless otherwise provided for in the Rules of Procedure and Evidence or by a majority of the Pre-Trial Chamber.

3. In addition to its other functions under this Statute, the Pre-Trial Chamber may:

(a) At the request of the Prosecutor, issue such orders and warrants as may be required for the purposes of an investigation;

(b) Upon the request of a person who has been arrested or has appeared pursuant to a summons under article 58, issue such orders, including measures such as those described in article 56, or seek such cooperation pursuant to Part 9 as may be necessary to assist the person in the preparation of his or her defence;

(c) Where necessary, provide for the protection and privacy of victims and witnesses, the preservation of evidence, the protection of persons who have been arrested or appeared in response to a summons, and the protection of national security information;

(d) Authorize the Prosecutor to take specific investigative steps within the territory of a State Party without having secured the cooperation of that State under Part 9 if, whenever possible having regard to the views of the State concerned, the Pre-Trial Chamber has determined in that case that the State is clearly unable to execute a request for cooperation due to the unavailability of any authority or any component of its judicial system competent to execute the request for cooperation under Part 9.

(e) Where a warrant of arrest or a summons has been issued under article 58, and having due regard to the strength of the evidence and the rights of the parties concerned, as provided for in this Statute and

skv. 58. gr. og að teknu tilhlýðilegu tilliti til styrkleika sönnunargagnanna og réttinda viðkomandi aðila eins og kveðið er á um í þessari samþykkt og reglunum um málsmeðferð og sönnun.

58. gr.

Útgáfa forréttarstofu á handtökuskipun eða kvaðningu.

1. Hvenær sem er eftir að rannsókn er hafin skal forréttarstofa, að beiðni saksóknara, gefa út handtökuskipun, eftir að hafa athugað beiðnina og sönnunargögnin eða aðrar upplýsingar sem saksóknari hefur lagt fram, hafi hún sannfærst um:

a) að gild rök séu til að ætla að maðurinn hafi framið glæp sem fellur undir lögsögu dómstólsins; og

b) að handtaka mannsins virðist nauðsynleg:

i) til að tryggja að maðurinn verði viðstaddur dómsmeðferð;

ii) til að tryggja að maðurinn hindri ekki eða stofni rannsókninni eða dómsmeðferðinni í tvísýnu; eða

iii) þar sem við á, til að koma í veg fyrir að maðurinn haldi áfram að fremja þennan glæp eða annan glæp, sem tengist honum og fellur undir lögsögu dómstólsins, sem gerist við sömu aðstæður.

2. Í beiðni saksóknara skal eftirfarandi koma fram:

a) nafn viðkomandi manns og aðrar upplýsingar sem máli skipta til að staðfesta hver hann er;

b) nákvæm tilvísun í glæpi sem falla undir lögsögu dómstólsins og manninum er gefið að sök að hafa framið;

c) nákvæm samantekt um þau atvik sem ætlað er að feli í sér slíka glæpi;

d) skrá yfir þau sönnunargögn og aðrar upplýsingar sem sýna að gild rök séu til þess að ætla að viðkomandi hafi framið þessa glæpi; og

e) ástæður þess að saksóknari telur nauðsynlegt að handtaka manninn.

3. Í handtökuskipuninni skal eftirfarandi koma fram:

a) nafn viðkomandi manns og aðrar upplýsingar sem máli skipta til að staðfesta hver hann er;

b) nákvæm tilvísun í þá glæpi sem falla undir lögsögu dómstólsins og leitað er eftir að handaka manninn fyrir; og

c) nákvæm samantekt um þau atvik sem ætlað er að feli í sér slíka glæpi.

the Rules of Procedure and Evidence, seek the cooperation of States pursuant to article 93, paragraph 1 (k), to take protective measures for the purpose of forfeiture, in particular for the ultimate benefit of victims.

Article 58

Issuance by the Pre-Trial Chamber of a warrant of arrest or a summons to appear

1. At any time after the initiation of an investigation, the Pre-Trial Chamber shall, on the application of the Prosecutor, issue a warrant of arrest of a person if, having examined the application and the evidence or other information submitted by the Prosecutor, it is satisfied that:

(a) There are reasonable grounds to believe that the person has committed a crime within the jurisdiction of the Court; and

(b) The arrest of the person appears necessary:

(i) To ensure the person's appearance at trial;

(ii) To ensure that the person does not obstruct or endanger the investigation or the court proceedings; or

(iii) Where applicable, to prevent the person from continuing with the commission of that crime or a related crime which is within the jurisdiction of the Court and which arises out of the same circumstances.

2. The application of the Prosecutor shall contain:

(a) The name of the person and any other relevant identifying information;

(b) A specific reference to the crimes within the jurisdiction of the Court which the person is alleged to have committed;

(c) A concise statement of the facts which are alleged to constitute those crimes;

(d) A summary of the evidence and any other information which establish reasonable grounds to believe that the person committed those crimes; and

(e) The reason why the Prosecutor believes that the arrest of the person is necessary.

3. The warrant of arrest shall contain:

(a) The name of the person and any other relevant identifying information;

(b) A specific reference to the crimes within the jurisdiction of the Court for which the person's arrest is sought; and

(c) A concise statement of the facts which are alleged to constitute those crimes.

4. Handtökuskipunin skal gilda þar til dómstóllinn ákveður annað.

5. Á grundvelli handtökuskipunarinnar getur dómstóllinn krafist handtöku og gæslu eða handtöku og afhendingar manns skv. 9. kafla.

6. Saksóknari getur óskað þess að forréttarstofa breyti handtökuskipun með því að breyta verknaðarlýsingu glæpanna eða bæta fleiri glæpum við. Forréttarstofa skal breyta handtökuskipuninni ef hún telur sýnt að gild rök séu til að ætla að maðurinn hafi framið þá glæpi sem falla undir breytta verknaðarlýsingu eða var bætt við.

7. Í stað þess að leita eftir handtökuskipun getur saksóknari óskað eftir því að forréttarstofa kveðji manninn fyrir dóm. Ef forréttarstofa telur sýnt að gild rök séu til að ætla að maðurinn hafi framið ætlaðan glæp og að kvaðning nægi til þess að tryggja að hann komi fyrir dóm skal hún gefa út kvaðningu, með eða án skilyrða sem takmarka frelsi hans (á annan hátt en með varðhaldi) ef kveðið er á um slíkt í landslögum. Í kvaðningunni skal eftirfarandi koma fram:

a) nafn viðkomandi manns og aðrar upplýsingar sem máli skipta til að staðfesta hver hann er;

b) dagurinn sem viðkomandi er kvaddur fyrir dóm;

c) nákvæm tilvísun í glæpi sem falla undir lögsögu dómstólsins og ætlað er að maðurinn hafi framið; og

d) nákvæm samantekt um þau atvik sem ætlað er að feli í sér glæpinn.

Kvaðningin skal birt viðkomandi manni.

59. gr.

Málsmeðferð við handtöku í gæsluríkinu.

1. Aðildarríki, sem hefur fengið beiðni um handtöku og gæslu eða handtöku og afhendingu, skal þegar í stað gera ráðstafanir til þess að handtaka viðkomandi í samræmi við landslög og ákvæði 9. kafla.

2. Maður, sem er handtekinn, skal þegar í stað leiddur fyrir lögbært dómsvald í gæsluríkinu sem skal ákveða í samræmi við landslög:

a) hvort handtökuskipunin eigi við manninn;

b) hvort maðurinn hafi verið handtekinn í samræmi við lögmæta málsmeðferð; og

c) hvort réttindi mannsins hafi verið virt.

3. Maður, sem hefur verið handtekinn, skal eiga rétt á að óska eftir því við lögbært yfirvald í gæsluríkinu að hann verði leystur úr haldi tímabundið þar

4. The warrant of arrest shall remain in effect until otherwise ordered by the Court.

5. On the basis of the warrant of arrest, the Court may request the provisional arrest or the arrest and surrender of the person under Part 9.

6. The Prosecutor may request the Pre-Trial Chamber to amend the warrant of arrest by modifying or adding to the crimes specified therein. The Pre-Trial Chamber shall so amend the warrant if it is satisfied that there are reasonable grounds to believe that the person committed the modified or additional crimes.

7. As an alternative to seeking a warrant of arrest, the Prosecutor may submit an application requesting that the Pre-Trial Chamber issue a summons for the person to appear. If the Pre-Trial Chamber is satisfied that there are reasonable grounds to believe that the person committed the crime alleged and that a summons is sufficient to ensure the person's appearance, it shall issue the summons, with or without conditions restricting liberty (other than detention) if provided for by national law, for the person to appear. The summons shall contain:

(a) The name of the person and any other relevant identifying information;

(b) The specified date on which the person is to appear;

(c) A specific reference to the crimes within the jurisdiction of the Court which the person is alleged to have committed; and

(d) A concise statement of the facts which are alleged to constitute the crime.

The summons shall be served on the person.

Article 59

Arrest proceedings in the custodial State

1. A State Party which has received a request for provisional arrest or for arrest and surrender shall immediately take steps to arrest the person in question in accordance with its laws and the provisions of Part 9.

2. A person arrested shall be brought promptly before the competent judicial authority in the custodial State which shall determine, in accordance with the law of that State, that:

(a) The warrant applies to that person;

(b) The person has been arrested in accordance with the proper process; and

(c) The person's rights have been respected.

3. The person arrested shall have the right to apply to the competent authority in the custodial State for interim release pending surrender.

til hann verður afhentur.

4. Þegar ákvörðun um slíka umsókn er tekin skal hið lögbæra yfirvald í gæsluríkinu athuga, með hliðsjón af því hversu alvarlegir hinir ætluðu glæpir eru, hvort fyrir hendi séu brýnar og sérstakar ástæður sem réttlæti tímabundna lausn úr haldi og hvort nauðsynlegar tryggingar séu fyrir því að gæsluríkið geti uppfyllt skyldur sínar um að afhenda dómstólnum viðkomandi mann. Það er ekki hins lögbæra yfirvalds í gæsluríkinu að meta hvort handtökuskipun hafi verið gefin út með réttum hætti í samræmi við a- og b-lið 1. mgr. 58. gr.

5. Forréttarstofu skal tilkynnt um allar beiðnir um tímabundna lausn úr haldi og skal hún setja fram tilmæli þar að lútandi til lögbæra yfirvaldsins í gæsluríkinu. Áður en hið lögbæra yfirvald í gæsluríkinu tekur ákvörðun skal það taka fullt tillit til þessara tilmæla, þar á meðal tilmæla um ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að maðurinn geti komist undan.

6. Ef viðkomandi maður er leystur úr haldi tímabundið getur forréttarstofa krafist þess að fá reglulega skýrslur um stöðu málsins.

7. Þegar gæsluríkið hefur fengið fyrirmæli um afhendingu skal viðkomandi maður færður fyrir dómstólinn eins fljótt og unnt er.

60. gr.

Upphaf málsmeðferðar fyrir dómstólnum.

1. Þegar viðkomandi maður er afhentur dómstólnum eða hann kemur sjálfviljugur fyrir dómstólinn eða í tilefni kvaðningar skal forréttarstofa ganga úr skugga um að viðkomandi hafi verið upplýstur um hvaða glæpi ætlað er að hann hafi framið og um réttindi hans samkvæmt þessari samþykkt, þar með talið rétt hans til að sækja um tímabundna lausn úr haldi þar til dómsmeðferð hefst.

2. Maður, sem handtökuskipun hefur verið gefin út á, getur sótt um tímabundna lausn úr haldi þar til dómsmeðferð hefst. Ef forréttarstofa telur sýnt að skilyrði 1. mgr. 58. gr. séu uppfyllt skal maðurinn hafður áfram í haldi. Ella skal forréttarstofa láta hann lausan með eða án skilyrða.

3. Forréttarstofa skal með reglulegu millibili endurskoða úrskurð sinn um lausn úr haldi eða hald viðkomandi manns og getur hún gert það hvenær sem er fari saksóknari eða viðkomandi maður fram á það. Við slíka endurskoðun getur hún breytt úrskurði sínum um hald, lausn eða skilyrði fyrir lausn úr haldi, telji hún sýnt að breyttar aðstæður krefjist þess.

4. Forréttarstofa skal sjá til þess að maður sé ekki

4. In reaching a decision on any such application, the competent authority in the custodial State shall consider whether, given the gravity of the alleged crimes, there are urgent and exceptional circumstances to justify interim release and whether necessary safeguards exist to ensure that the custodial State can fulfil its duty to surrender the person to the Court. It shall not be open to the competent authority of the custodial State to consider whether the warrant of arrest was properly issued in accordance with article 58, paragraph 1 (a) and (b).

5. The Pre-Trial Chamber shall be notified of any request for interim release and shall make recommendations to the competent authority in the custodial State. The competent authority in the custodial State shall give full consideration to such recommendations, including any recommendations on measures to prevent the escape of the person, before rendering its decision.

6. If the person is granted interim release, the Pre-Trial Chamber may request periodic reports on the status of the interim release.

7. Once ordered to be surrendered by the custodial State, the person shall be delivered to the Court as soon as possible.

Article 60

Initial proceedings before the Court

1. Upon the surrender of the person to the Court, or the person's appearance before the Court voluntarily or pursuant to a summons, the Pre-Trial Chamber shall satisfy itself that the person has been informed of the crimes which he or she is alleged to have committed, and of his or her rights under this Statute, including the right to apply for interim release pending trial.

2. A person subject to a warrant of arrest may apply for interim release pending trial. If the Pre-Trial Chamber is satisfied that the conditions set forth in article 58, paragraph 1, are met, the person shall continue to be detained. If it is not so satisfied, the Pre-Trial Chamber shall release the person, with or without conditions.

3. The Pre-Trial Chamber shall periodically review its ruling on the release or detention of the person, and may do so at any time on the request of the Prosecutor or the person. Upon such review, it may modify its ruling as to detention, release or conditions of release, if it is satisfied that changed circumstances so require.

4. The Pre-Trial Chamber shall ensure that a per-

hafður óhæfilega lengi í haldi áður en til dómsmeðferðar kemur vegna óafsakanlegra tafa af hálfu saksóknara. Verði slíkar tafir á málinu skal dómstóllinn íhuga að leysa manninn úr haldi með eða án skilyrða.

5. Ef þurfa þykir getur forréttarstofa gefið út handtökuskipun til þess að tryggja viðurvist manns sem hefur verið látinn laus.

61. gr.

Staðfesting ákæruatriða fyrir dómsmeðferð.

1. Með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. skal forréttarstofa, innan hæfilegs tíma eftir að maðurinn var afhentur eða kom sjálfviljugur fyrir dómstólinn, halda dómþing til þess að staðfesta ákæruatriði sem saksóknari hyggst leggja til grundvallar saksókn á hendur honum. Dómþingið skal haldið í viðurvist saksóknara og ákærða ásamt verjanda hans.

2. Forréttarstofa getur, að beiðni saksóknara eða að eigin frumkvæði, haldið dómþing í fjarveru ákærða til þess að staðfesta ákæruatriði, sem saksóknari hyggst leggja til grundvallar saksókn á hendur honum, hafi maðurinn:

a) afsalað sér rétti sínum til þess að vera viðstaddur; eða

b) flúið eða hann finnst ekki og allar skynsamlegar ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að tryggja að maðurinn komi fyrir dómstólinn og til að upplýsa hann um ákæruatriðin og að dómþing verði haldið til þess að staðfesta ákæruatriðin.

Í slíku tilviki skal verjandi mannsins gæta hagsmuna hans ef forréttarstofa telur að það sé í þágu réttvísinnar.

3. Innan hæfilegs tíma áður en dómþing hefst skal maðurinn fá:

a) afhent afrit af skjalinu með ákæruatriðunum sem saksóknari hyggst leggja til grundvallar saksókn á hendur honum; og

b) upplýsingar um þau sönnunargögn sem saksóknari hyggst styðjast við á dómþinginu.

Forréttarstofa getur gefið út fyrirmæli um hvernig haga beri aðgangi að upplýsingum vegna dómþingsins.

4. Áður en dómþing hefst getur saksóknari haldið rannsókninni áfram og breytt ákæruatriðum eða fallið frá einhverjum þeirra. Tilkynna skal manninum með hæfilegum fyrirvara fyrir dómþingið um sérhverja breytingu eða niðurfellingu ákæruatriða. Ef fallið er frá ákæruatriðum skal saksóknari tilkynna forréttarstofu um ástæður þess.

5. Á dómþinginu skal saksóknari renna stoðum

son is not detained for an unreasonable period prior to trial due to inexcusable delay by the Prosecutor. If such delay occurs, the Court shall consider releasing the person, with or without conditions.

5. If necessary, the Pre-Trial Chamber may issue a warrant of arrest to secure the presence of a person who has been released.

Article 61

Confirmation of the charges before trial

1. Subject to the provisions of paragraph 2, within a reasonable time after the person's surrender or voluntary appearance before the Court, the Pre-Trial Chamber shall hold a hearing to confirm the charges on which the Prosecutor intends to seek trial. The hearing shall be held in the presence of the Prosecutor and the person charged, as well as his or her counsel.

2. The Pre-Trial Chamber may, upon request of the Prosecutor or on its own motion, hold a hearing in the absence of the person charged to confirm the charges on which the Prosecutor intends to seek trial when the person has:

(a) Waived his or her right to be present; or

(b) Fled or cannot be found and all reasonable steps have been taken to secure his or her appearance before the Court and to inform the person of the charges and that a hearing to confirm those charges will be held.

In that case, the person shall be represented by counsel where the Pre-Trial Chamber determines that it is in the interests of justice.

3. Within a reasonable time before the hearing, the person shall:

(a) Be provided with a copy of the document containing the charges on which the Prosecutor intends to bring the person to trial; and

(b) Be informed of the evidence on which the Prosecutor intends to rely at the hearing.

The Pre-Trial Chamber may issue orders regarding the disclosure of information for the purposes of the hearing.

4. Before the hearing, the Prosecutor may continue the investigation and may amend or withdraw any charges. The person shall be given reasonable notice before the hearing of any amendment to or withdrawal of charges. In case of a withdrawal of charges, the Prosecutor shall notify the Pre-Trial Chamber of the reasons for the withdrawal.

5. At the hearing, the Prosecutor shall support each

undir hvert ákæruatriði um sig með nægum sönnunum til að sýna fram á að verulegar ástæður séu til að ætla að maðurinn hafi framið glæpinn sem hann er ákærður fyrir. Saksóknari getur lagt fram sannanir í formi skjala eða samantekta og þarf ekki að kalla fyrir vitnin sem gert er ráð fyrir að beri vitni við dómsmeðferð málsins.

6. Á dómþinginu getur maðurinn:

a) neitað sakargiftum;

b) vefengt sönnunargögn sem saksóknari leggur fram; og

c) lagt fram sönnunargögn.

7. Forréttarstofa skal, á grundvelli dómþingsins, ákvarða hvort fyrir hendi séu næg sönnunargögn til að telja að verulegar ástæður séu til að ætla að maðurinn hafi framið þá glæpi sem hann er ákærður fyrir. Á grundvelli þeirrar ákvörðunar skal forréttarstofa:

a) staðfesta þau ákæruatriði sem hún hefur ákvarðað að nægar sannanir séu fyrir og vísa viðkomandi manni til réttarstofu þar sem réttað verður vegna ákæruatriðanna sem voru staðfest;

b) neita að staðfesta þau ákæruatriði sem hún hefur ákvarðað að ekki séu nægar sannanir fyrir;

c) fresta dómþingi og óska þess að saksóknari íhugi:

i) að afla frekari sönnunargagna eða halda áfram rannsóknum að því er varðar tiltekin ákæruatriði; eða

ii) að breyta ákæruatriði vegna þess að sönnunargögnin, sem lögð voru fram, virðast sýna fram á annars konar glæp sem fellur undir lögsögu dómstólsins.

8. Neiti forréttarstofa að staðfesta ákæruatriði kemur það ekki í veg fyrir að saksóknari geti farið fram á staðfestingu síðar ef beiðnin er studd frekari sönnunargögnum.

9. Eftir að ákæruatriðin hafa verið staðfest og áður en dómsmeðferð hefst getur saksóknari, með leyfi forréttarstofu og eftir að hafa tilkynnt ákærða um það, breytt ákæruatriðunum. Óski saksóknari eftir að bæta við ákæruatriðum eða setja inn alvarlegri ákæruatriði í stað þeirra fyrri skal halda dómþing samkvæmt þessari grein til að staðfesta slík ákæruatriði. Eftir að dómsmeðferð hefst getur saksóknari, með leyfi réttarstofu, fallið frá ákæruatriðum.

10. Áður útgefnar heimildir, er lúta að ákæruatriðum sem hafa ekki verið staðfest af forréttarstofu eða saksóknari hefur fallið frá, skulu falla úr gildi.

11. Um leið og ákæruatriðin hafa verið staðfest í samræmi við þessa grein skal dómstjórn skipa réttar-

charge with sufficient evidence to establish substantial grounds to believe that the person committed the crime charged. The Prosecutor may rely on documentary or summary evidence and need not call the witnesses expected to testify at the trial.

6. At the hearing, the person may:

(a) Object to the charges;

(b) Challenge the evidence presented by the Prosecutor; and

(c) Present evidence.

7. The Pre-Trial Chamber shall, on the basis of the hearing, determine whether there is sufficient evidence to establish substantial grounds to believe that the person committed each of the crimes charged. Based on its determination, the Pre-Trial Chamber shall:

(a) Confirm those charges in relation to which it has determined that there is sufficient evidence, and commit the person to a Trial Chamber for trial on the charges as confirmed;

(b) Decline to confirm those charges in relation to which it has determined that there is insufficient evidence;

(c) Adjourn the hearing and request the Prosecutor to consider:

(i) Providing further evidence or conducting further investigation with respect to a particular charge; or

(ii) Amending a charge because the evidence submitted appears to establish a different crime within the jurisdiction of the Court.

8. Where the Pre-Trial Chamber declines to confirm a charge, the Prosecutor shall not be precluded from subsequently requesting its confirmation if the request is supported by additional evidence.

9. After the charges are confirmed and before the trial has begun, the Prosecutor may, with the permission of the Pre-Trial Chamber and after notice to the accused, amend the charges. If the Prosecutor seeks to add additional charges or to substitute more serious charges, a hearing under this article to confirm those charges must be held. After commencement of the trial, the Prosecutor may, with the permission of the Trial Chamber, withdraw the charges.

10. Any warrant previously issued shall cease to have effect with respect to any charges which have not been confirmed by the Pre-Trial Chamber or which have been withdrawn by the Prosecutor.

11. Once the charges have been confirmed in accordance with this article, the Presidency shall con-

stofu sem, með fyrirvara um 9. mgr. og 4. mgr. 64. gr., skal bera ábyrgð á eftirfarandi dómsmeðferð og getur annast öll störf forréttarstofu sem skipta máli og við eiga í dómsmeðferðinni.

stitute a Trial Chamber which, subject to paragraph 9 and to article 64, paragraph 4, shall be responsible for the conduct of subsequent proceedings and may exercise any function of the Pre-Trial Chamber that is relevant and capable of application in those proceedings.

6. kafli: Dómsmeðferð.

62. gr.

Þingstaður.

Dómsmeðferð skal fara fram þar sem dómstóllinn hefur aðsetur, nema annað sé ákveðið.

PART 6. THE TRIAL

Article 62

Place of trial

Unless otherwise decided, the place of the trial shall be the seat of the Court.

63. gr.

Dómsmeðferð að ákærða viðstöddum.

1. Ákærði skal vera viðstaddur dómsmeðferð.

2. Ef ákærði, sem er fyrir dómstólnum, truflar dómsmeðferð ítrekað getur réttarstofa látið vísa honum út og skal hún þá gera ráðstafanir til þess að hann geti fylgst með framvindu dómsmeðferðarinnar utan dómsalarins og gefið verjanda sínum fyrirmæli, með aðstoð fjarskiptatækni ef þörf krefur. Til slíkra ráðstafana skal einungis gripið í sérstökum tilvikum og því aðeins að önnur eðlileg úrræði hafi reynst ófullnægjandi og eigi skulu þær vara lengur en brýn þörf krefur.

Article 63

Trial in the presence of the accused

1. The accused shall be present during the trial.

2. If the accused, being present before the Court, continues to disrupt the trial, the Trial Chamber may remove the accused and shall make provision for him or her to observe the trial and instruct counsel from outside the courtroom, through the use of communications technology, if required. Such measures shall be taken only in exceptional circumstances after other reasonable alternatives have proved inadequate, and only for such duration as is strictly required.

64. gr.

Störf og valdheimildir réttarstofu.

1. Réttarstofa skal fara með störf sín og valdheimildir, sem mælt er fyrir um í þessari grein, í samræmi við þessa samþykkt og reglurnar um málsmeðferð og sönnun.

2. Réttarstofa skal sjá til þess að dómsmeðferð sé réttlát og skjót og fari fram með fullri virðingu fyrir réttindum ákærða og tekið sé tilhlýðilegt tillit til verndar fórnarlamba og vitna.

3. Þegar máli hefur verið vísað til dómsmeðferðar í samræmi við þessa samþykkt skal sú réttarstofa sem fengið hefur málið til meðferðar:

a) hafa samráð við málsaðila og samþykkja þær málsmeðferðarreglur sem eru nauðsynlegar til að tryggja réttláta og skjóta dómsmeðferð;

b) ákveða hvaða tungumál, eitt eða fleiri, skuli nota við dómsmeðferðina; og

c) sjá um að opinber skjöl og aðrar upplýsingar, sem hafa ekki verið birt áður, séu birt með nægum fyrirvara áður en dómsmeðferð hefst til þess að nægilegur undirbúningur fyrir dómsmeðferðina sé mögulegur, með fyrirvara um önnur ákvæði þessarar samþykktar sem máli skipta.

4. Réttarstofa getur, ef nauðsyn ber til svo að hún

Article 64

Functions and powers of the Trial Chamber

1. The functions and powers of the Trial Chamber set out in this article shall be exercised in accordance with this Statute and the Rules of Procedure and Evidence.

2. The Trial Chamber shall ensure that a trial is fair and expeditious and is conducted with full respect for the rights of the accused and due regard for the protection of victims and witnesses.

3. Upon assignment of a case for trial in accordance with this Statute, the Trial Chamber assigned to deal with the case shall:

(a) Confer with the parties and adopt such procedures as are necessary to facilitate the fair and expeditious conduct of the proceedings;

(b) Determine the language or languages to be used at trial; and

(c) Subject to any other relevant provisions of this Statute, provide for disclosure of documents or information not previously disclosed, sufficiently in advance of the commencement of the trial to enable adequate preparation for trial.

4. The Trial Chamber may, if necessary for its ef-

geti starfað með skilvirkum og réttlátum hætti, vísað undirbúningsatriðum til forréttarstofu eða, ef nauðsyn ber til, til annars dómara í forréttardeild sem tiltækur er.

5. Réttarstofa getur, eftir atvikum, tilkynnt málsaðilum að ákærur gegn fleiri en einum sem ákærðir eru verði lagðar í kröfusamlag eða að ákærurnar verði lagðar fram hver í sínu lagi.

6. Við störf sín áður en dómsmeðferð hefst eða meðan á henni stendur getur réttarstofa, eftir því sem þörf krefur:

a) innt af hendi öll störf forréttarstofu sem um getur í 11. mgr. 61. gr.;

b) krafist viðveru og framburðar vitna og að lögð séu fram skjöl og önnur sönnunargögn með því að óska eftir, ef þörf krefur, aðstoð ríkja eins og kveðið er á um í þessari samþykkt;

c) tryggt vernd trúnaðarupplýsinga;

d) ákveðið að frekari sönnunargögn skuli lögð fram til viðbótar þeim sem var safnað áður en dómsmeðferðin hófst eða málsaðilar hafa lagt fram meðan á dómsmeðferðinni stendur;

e) veitt ákærða, vitnum og fórnarlömbum vernd; og

f) úrskurðað um öll önnur málefni sem máli skipta.

7. Dómsmeðferðin skal fara fram fyrir opnum dyrum. Réttarstofa getur þó ákveðið að sérstakar aðstæður krefjist þess að tiltekin dómsmeðferð fari fram fyrir luktum dyrum í þeim tilgangi sem tiltekinn er í 68. gr., eða til þess að vernda trúnaðarupplýsingar eða aðrar viðkvæmar upplýsingar sem verða lagðar fram sem sönnunargögn.

8. a) Við upphaf dómsmeðferðar skal réttarstofa sjá til þess að ákæran, sem áður hefur verið staðfest af forréttarstofu, sé lesin fyrir ákærða. Réttarstofa skal ganga úr skugga um að ákærði skilji hvers eðlis ákæran er. Skal hún gefa honum kost á því að játa sekt sína í samræmi við 65. gr. eða lýsa sig saklausan.

b) Við dómsmeðferðina getur dómsforseti gefið leiðbeiningar um hvernig fara skuli með málið, meðal annars til þess að tryggja réttláta og óhlutdræga meðferð. Málsaðilar geta lagt fram sönnunargögn í samræmi við ákvæði þessarar samþykktar, með fyrirvara um leiðbeiningar frá dómsforseta.

9. Réttarstofa skal meðal annars, að beiðni málsaðila eða að eigin frumkvæði, hafa valdheimildir til þess að:

fective and fair functioning, refer preliminary issues to the Pre-Trial Chamber or, if necessary, to another available judge of the Pre-Trial Division.

5. Upon notice to the parties, the Trial Chamber may, as appropriate, direct that there be joinder or severance in respect of charges against more than one accused.

6. In performing its functions prior to trial or during the course of a trial, the Trial Chamber may, as necessary:

(a) Exercise any functions of the Pre-Trial Chamber referred to in article 61, paragraph 11;

(b) Require the attendance and testimony of witnesses and production of documents and other evidence by obtaining, if necessary, the assistance of States as provided in this Statute;

(c) Provide for the protection of confidential information;

(d) Order the production of evidence in addition to that already collected prior to the trial or presented during the trial by the parties;

(e) Provide for the protection of the accused, witnesses and victims; and

(f) Rule on any other relevant matters.

7. The trial shall be held in public. The Trial Chamber may, however, determine that special circumstances require that certain proceedings be in closed session for the purposes set forth in article 68, or to protect confidential or sensitive information to be given in evidence.

8. (a) At the commencement of the trial, the Trial Chamber shall have read to the accused the charges previously confirmed by the Pre-Trial Chamber. The Trial Chamber shall satisfy itself that the accused understands the nature of the charges. It shall afford him or her the opportunity to make an admission of guilt in accordance with article 65 or to plead not guilty.

(b) At the trial, the presiding judge may give directions for the conduct of proceedings, including to ensure that they are conducted in a fair and impartial manner. Subject to any directions of the presiding judge, the parties may submit evidence in accordance with the provisions of this Statute.

9. The Trial Chamber shall have, *inter alia,* the power on application of a party or on its own motion to:

a) úrskurða um hvort sönnunargögn séu tæk eða skipti máli; og

b) gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að halda uppi reglu meðan á dómþingi stendur.

10. Réttarstofa skal tryggja að færð sé nákvæm þingbók sem endurspeglar nákvæmlega framvindu dómsmeðferðarinnar og að henni sé haldið við og hún varðveitt hjá dómritara.

65. gr.

Málsmeðferð við játningu.

1. Ef ákærði játar sekt sína skv. a-lið 8. mgr. 64. gr. skal réttarstofa ákvarða hvort:

a) ákærði skilji eðli og afleiðingar játningar sinnar;

b) játningin sé gerð af frjálsum vilja, að höfðu nægilegu samráði við verjanda; og

c) játningin sé studd staðreyndum málsins sem koma fram í:

i) ákæru saksóknara sem ákærði hefur gengist við;

ii) efni sem saksóknari leggur fram til viðbótar ákærunni og ákærði viðurkennir; og

iii) hvers kyns öðrum sönnunargögnum, svo sem framburði vitnis, sem saksóknari eða ákærði leggur fram.

2. Ef réttarstofa telur sýnt að þau atriði, sem um getur í 1. mgr., liggi fyrir skal hún líta svo á að játningin ásamt öllum öðrum sönnunargögnum, sem lögð voru fram til viðbótar, feli í sér allar þær grundvallarstaðreyndir sem krafist er til að sanna glæpinn sem játningin varðar og getur hún þá sakfellt ákærða fyrir þann glæp.

3. Ef réttarstofa telur ekki sýnt að þau atriði, sem um getur í 1. mgr., liggi fyrir skal hún líta svo á að játning hafi ekki komið fram og mæla svo fyrir að dómsmeðferðinni skuli fram haldið samkvæmt þeim almennu málsmeðferðarreglum sem kveðið er á um í þessari samþykkt og getur hún vísað málinu til annarrar réttarstofu.

4. Ef réttarstofa telur það vera í þágu réttvísinnar, einkum í þágu fórnarlambanna, að fyllri staðreyndir verði leiddar í ljós getur réttarstofa:

a) óskað þess að saksóknari leggi fram frekari sönnunargögn, svo sem framburð vitna; eða

b) fyrirskipað að dómsmeðferðinni verði fram haldið samkvæmt þeim almennu málsmeðferðarreglum sem kveðið er á um í þessari samþykkt og skal

(a) Rule on the admissibility or relevance of evidence; and

(b) Take all necessary steps to maintain order in the course of a hearing.

10. The Trial Chamber shall ensure that a complete record of the trial, which accurately reflects the proceedings, is made and that it is maintained and preserved by the Registrar.

Article 65

Proceedings on an admission of guilt

1. Where the accused makes an admission of guilt pursuant to article 64, paragraph 8 (a), the Trial Chamber shall determine whether:

(a) The accused understands the nature and consequences of the admission of guilt;

(b) The admission is voluntarily made by the accused after sufficient consultation with defence counsel; and

(c) The admission of guilt is supported by the facts of the case that are contained in:

(i) The charges brought by the Prosecutor and admitted by the accused;

(ii) Any materials presented by the Prosecutor which supplement the charges and which the accused accepts; and

(iii) Any other evidence, such as the testimony of witnesses, presented by the Prosecutor or the accused.

2. Where the Trial Chamber is satisfied that the matters referred to in paragraph 1 are established, it shall consider the admission of guilt, together with any additional evidence presented, as establishing all the essential facts that are required to prove the crime to which the admission of guilt relates, and may convict the accused of that crime.

3. Where the Trial Chamber is not satisfied that the matters referred to in paragraph 1 are established, it shall consider the admission of guilt as not having been made, in which case it shall order that the trial be continued under the ordinary trial procedures provided by this Statute and may remit the case to another Trial Chamber.

4. Where the Trial Chamber is of the opinion that a more complete presentation of the facts of the case is required in the interests of justice, in particular the interests of the victims, the Trial Chamber may:

(a) Request the Prosecutor to present additional evidence, including the testimony of witnesses; or

(b) Order that the trial be continued under the ordinary trial procedures provided by this Statute, in which case it shall consider the admission of guilt as

hún þá líta svo á að játning hafi ekki komið fram og getur vísað málinu til annarrar réttarstofu.

5. Umræður milli saksóknara og varnaraðila um breytingar á ákæruatriðum, játningu eða viðurlög skulu ekki vera bindandi fyrir dómstólinn.

66. gr.

Sakleysi uns sekt er sönnuð.

1. Sérhver maður telst saklaus uns sekt hans er sönnuð fyrir dómstólnum í samræmi við gildandi rétt.

2. Sönnunarbyrðin um sekt ákærða hvílir á saksóknara.

3. Til þess að sakfella ákærða verður dómstóllinn að vera sannfærður um að sekt hans sé hafin yfir skynsamlegan vafa.

67. gr.

Réttindi ákærða.

1. Þegar ákvörðun um ákæru er tekin skal ákærði eiga rétt á að dómþing sé haldið fyrir opnum dyrum, með hliðsjón af ákvæðum þessarar samþykktar, að dómsmeðferð sé réttlát og óhlutdræg og að fulls jafnræðis sé gætt og skal hann hafa lágmarkstryggingu fyrir eftirfarandi:

a) að hann fái þegar í stað að vita í smáatriðum um eðli, ástæður og efni ákærunnar á tungumáli sem hann bæði skilur og talar að fullu;

b) að hann fái nægan tíma og aðstöðu til þess að undirbúa vörn sína og tala frjálst og í trúnaði við verjanda að eigin vali;

c) að hann verði yfirheyrður án ótilhlýðilegrar tafar;

d) með fyrirvara um 2. mgr. 63. gr., að hann fái að vera viðstaddur dómsmeðferðina, halda sjálfur uppi vörnum eða með aðstoð verjanda að eigin vali, vera upplýstur um rétt sinn til að fá verjanda ef hann hefur engan og, ef það er í þágu réttvísinnar, að dómstóllinn tilnefni verjanda fyrir hann honum að kostnaðarlausu ef hann skortir efni til að greiða fyrir verjanda;

e) að hann fái að yfirheyra eða láta yfirheyra vitni, sem leidd eru gegn honum, og að vitni, sem bera honum í vil, séu leidd fyrir rétt og yfirheyrð við sömu skilyrði og vitni sem leidd eru gegn honum. Ákærði skal einnig hafa rétt til að halda uppi vörnum og leggja fram önnur sönnunargögn sem heimil eru samkvæmt þessari samþykkt;

not having been made and may remit the case to another Trial Chamber.

5. Any discussions between the Prosecutor and the defence regarding modification of the charges, the admission of guilt or the penalty to be imposed shall not be binding on the Court.

Article 66

Presumption of innocence

1. Everyone shall be presumed innocent until proved guilty before the Court in accordance with the applicable law.

2. The onus is on the Prosecutor to prove the guilt of the accused.

3. In order to convict the accused, the Court must be convinced of the guilt of the accused beyond reasonable doubt.

Article 67

Rights of the accused

1. In the determination of any charge, the accused shall be entitled to a public hearing, having regard to the provisions of this Statute, to a fair hearing conducted impartially, and to the following minimum guarantees, in full equality:

(a) To be informed promptly and in detail of the nature, cause and content of the charge, in a language which the accused fully understands and speaks;

(b) To have adequate time and facilities for the preparation of the defence and to communicate freely with counsel of the accused's choosing in confidence;

(c) To be tried without undue delay;

(d) Subject to article 63, paragraph 2, to be present at the trial, to conduct the defence in person or through legal assistance of the accused's choosing, to be informed, if the accused does not have legal assistance, of this right and to have legal assistance assigned by the Court in any case where the interests of justice so require, and without payment if the accused lacks sufficient means to pay for it;

(e) To examine, or have examined, the witnesses against him or her and to obtain the attendance and examination of witnesses on his or her behalf under the same conditions as witnesses against him or her. The accused shall also be entitled to raise defences and to present other evidence admissible under this Statute;

f) að hann fái ókeypis aðstoð hæfs túlks og þýðingu á skjölum, sem þarf til að uppfylla kröfur um réttlæti, ef einhver hluti dómsmeðferðar eða skjöl, sem lögð eru fyrir dómstólinn, eru ekki á tungumáli sem hann skilur og talar að fullu;

g) að hann verði ekki þvingaður til þess að bera vitni eða játa sekt sína og hafi rétt til að tjá sig í engu án þess að þögn hans hafi áhrif á ákvörðun um sekt hans eða sakleysi;

h) að hann fái að gefa munnlega eða skriflega yfirlýsingu sér til varnar án þess að vera eiðsvarinn; og

i) að ekki verði lögð á hann öfug sönnunarbyrði eða kvöð um afsönnun.

2. Auk annarra upplýsinga, sem kveðið er á um í þessari samþykkt, skal saksóknari, eins fljótt og unnt er, birta varnaraðila upplýsingar um sönnunargögn sem hann hefur undir höndum eða hefur umráð yfir og hann telur sýna fram á eða benda til þess að ákæröi sé saklaus eða dragi úr sekt ákærða eða sem geta haft áhrif á trúverðugleika sönnunargagna ákæruvaldsins. Leiki vafi á því hvernig beita skuli þessu ákvæði sker dómstóllinn úr um það.

(f) To have, free of any cost, the assistance of a competent interpreter and such translations as are necessary to meet the requirements of fairness, if any of the proceedings of or documents presented to the Court are not in a language which the accused fully understands and speaks;

(g) Not to be compelled to testify or to confess guilt and to remain silent, without such silence being a consideration in the determination of guilt or innocence;

(h) To make an unsworn oral or written statement in his or her defence; and

(i) Not to have imposed on him or her any reversal of the burden of proof or any onus of rebuttal.

2. In addition to any other disclosure provided for in this Statute, the Prosecutor shall, as soon as practicable, disclose to the defence evidence in the Prosecutor's possession or control which he or she believes shows or tends to show the innocence of the accused, or to mitigate the guilt of the accused, or which may affect the credibility of prosecution evidence. In case of doubt as to the application of this paragraph, the Court shall decide.

68. gr.

Vernd fórnarlamba og vitna og þátttaka þeirra í dómsmeðferðinni.

1. Dómstóllinn skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja öryggi, líkamlega og andlega velferð, sjálfsvirðingu og einkalíf fórnarlamba og vitna. Í því sambandi skal dómstóllinn hafa hliðsjón af öllum atriðum sem máli skipta, m.a. aldri, kynferði eins og það er skilgreint í 3. mgr. 7. gr. og heilsu, svo og eðli glæpsins, einkum, en þó ekki eingöngu, ef glæpurinn felst í kynlífsofbeldi eða kynbundnu ofbeldi eða ofbeldi gegn börnum. Saksóknari skal einkum gera ráðstafanir af þessu tagi meðan á rannsókn og saksókn vegna slíkra glæpa stendur. Þær ráðstafanir skulu ekki skerða eða vera í ósamræmi við réttindi ákærða og réttláta og óhlutdræga dómsmeðferð.

2. Í því skyni að vernda fórnarlömb og vitni eða ákærða geta stofur dómstólsins veitt undanþágu frá meginreglunni um dómþing fyrir opnum dyrum, sem kveðið er á um í 67. gr., og látið hvaða hluta dómsmeðferðarinnar sem er fara fram fyrir luktum dyrum eða heimilað að sönnunargögn séu lögð fram með rafrænum eða öðrum sérstökum hætti. Einkum skulu slíkar ráðstafanir gerðar þegar um fórnarlamb kynlífsofbeldis er að ræða eða ef barn er fórnarlamb eða vitni, nema dómstóllinn ákveði annað með hliðsjón af öllum aðstæðum, einkum sjónarmiðum fórnarlambsins eða vitnis.

Article 68

Protection of the victims and witnesses and their participation in the proceedings

1. The Court shall take appropriate measures to protect the safety, physical and psychological well-being, dignity and privacy of victims and witnesses. In so doing, the Court shall have regard to all relevant factors, including age, gender as defined in article 7, paragraph 3, and health, and the nature of the crime, in particular, but not limited to, where the crime involves sexual or gender violence or violence against children. The Prosecutor shall take such measures particularly during the investigation and prosecution of such crimes. These measures shall not be prejudicial to or inconsistent with the rights of the accused and a fair and impartial trial.

2. As an exception to the principle of public hearings provided for in article 67, the Chambers of the Court may, to protect victims and witnesses or an accused, conduct any part of the proceedings *in camera* or allow the presentation of evidence by electronic or other special means. In particular, such measures shall be implemented in the case of a victim of sexual violence or a child who is a victim or a witness, unless otherwise ordered by the Court, having regard to all the circumstances, particularly the views of the victim or witness.

3. Þegar persónulegir hagsmunir fórnarlambanna eru í húfi skal dómstóllinn leyfa að sjónarmið þeirra og áhyggjuefni séu kynnt og að um þau verði fjallað á því stigi dómsmeðferðarinnar sem dómstóllinn telur réttast, þó með þeim hætti að ekki skerði eða sé í ósamræmi við réttindi ákærða og réttláta og óhlutdræga dómsmeðferð. Lögmenn fórnarlambanna geta kynnt sjónarmið og áhyggjuefni af þessu tagi þegar dómstóllinn telur það við hæfi í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun.

4. Deildin fyrir fórnarlömb og vitni getur leiðbeint saksóknara og dómstólnum um viðeigandi verndar- og öryggisráðstafanir og veitt ráðgjöf og aðstoð eins og um getur í 6. mgr. 43. gr.

5. Þegar lögð eru fram sönnunargögn eða upplýsingar samkvæmt þessari samþykkt sem geta stofnað öryggi vitnis eða fjölskyldu þess í alvarlega hættu getur saksóknari, að því er varðar dómþing sem fram fara áður en dómsmeðferðin hefst, látið vera að leggja fram slík sönnunargögn eða upplýsingar og í staðinn lagt fram samantekt um þau. Slíkar ráðstafanir skulu gerðar með þeim hætti að ekki skerði eða sé í ósamræmi við réttindi ákærða og réttláta og óhlutdræga dómsmeðferð.

6. Ríki getur óskað eftir því að nauðsynlegar ráðstafanir verði gerðar til að vernda starfsmenn þess eða fulltrúa og til að vernda trúnaðarupplýsingar eða viðkvæmar upplýsingar.

69. gr.

Sönnunargögn.

1. Áður en vitnaleiðslur hefjast skal sérhvert vitni, í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun, heita því að framburður þess verði sannleikanum samkvæmt.

2. Framburður vitnis við dómsmeðferð skal gefinn í eigin persónu, að frátöldu því sem kveðið er á um með ráðstöfunum sem mælt er fyrir um í 68. gr. eða í reglunum um málsmeðferð og sönnun. Dómstóllinn getur einnig heimilað munnlegan vitnisburð eða að leikin sé upptaka af framburði vitnis af myndbandi eða segulbandi svo og að lögð séu fram skjöl eða skriflegir vitnisburðir með fyrirvara um ákvæði þessarar samþykktar og í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun. Þessar ráðstafanir skulu ekki skerða eða vera í ósamræmi við réttindi ákærða.

3. Málsaðilar geta, í samræmi við 64. gr., lagt fram sönnunargögn í málinu sem máli skipta. Dómstóllinn skal hafa valdheimildir til þess að krefjast þess að öll sönnunargögn, sem hann telur nauðsynleg til þess að ákvarða hvað er hið sanna í málinu, verði lögð fram.

3. Where the personal interests of the victims are affected, the Court shall permit their views and concerns to be presented and considered at stages of the proceedings determined to be appropriate by the Court and in a manner which is not prejudicial to or inconsistent with the rights of the accused and a fair and impartial trial. Such views and concerns may be presented by the legal representatives of the victims where the Court considers it appropriate, in accordance with the Rules of Procedure and Evidence.

4. The Victims and Witnesses Unit may advise the Prosecutor and the Court on appropriate protective measures, security arrangements, counselling and assistance as referred to in article 43, paragraph 6.

5. Where the disclosure of evidence or information pursuant to this Statute may lead to the grave endangerment of the security of a witness or his or her family, the Prosecutor may, for the purposes of any proceedings conducted prior to the commencement of the trial, withhold such evidence or information and instead submit a summary thereof. Such measures shall be exercised in a manner which is not prejudicial to or inconsistent with the rights of the accused and a fair and impartial trial.

6. A State may make an application for necessary measures to be taken in respect of the protection of its servants or agents and the protection of confidential or sensitive information.

Article 69

Evidence

1. Before testifying, each witness shall, in accordance with the Rules of Procedure and Evidence, give an undertaking as to the truthfulness of the evidence to be given by that witness.

2. The testimony of a witness at trial shall be given in person, except to the extent provided by the measures set forth in article 68 or in the Rules of Procedure and Evidence. The Court may also permit the giving of *viva voce* (oral) or recorded testimony of a witness by means of video or audio technology, as well as the introduction of documents or written transcripts, subject to this Statute and in accordance with the Rules of Procedure and Evidence. These measures shall not be prejudicial to or inconsistent with the rights of the accused.

3. The parties may submit evidence relevant to the case, in accordance with article 64. The Court shall have the authority to request the submission of all evidence that it considers necessary for the determination of the truth.

4. Dómstóllinn getur, í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun, úrskurðað um hvort sönnunargagn skiptir máli eða sé tækt til meðferðar, meðal annars að teknu tilliti til sönnunargildis þess og hvort þetta sönnunargagn kunni að spilla fyrir því að dómsmeðferðin verði réttlát eða að sanngjarnt mat sé lagt á framburð vitnis.

5. Dómstóllinn skal virða sérréttindi að því er varðar trúnað eins og kveðið er á um í reglunum um málsmeðferð og sönnun.

6. Dómstóllinn skal ekki krefjast sannana á staðreyndum sem eru á allra vitorði en getur tekið þær til greina.

7. Sönnunargögn, sem fengin eru með því að brjóta gegn þessari samþykkt eða alþjóðlega viðurkenndum mannréttindum, skulu ekki teljast tæk ef:

a) brotið vekur verulegar efasemdir um áreiðanleika sönnunargagnanna; eða

b) það væri í andstöðu við heiðarlega dómsmeðferð og myndi spilla henni mjög ef sönnunargögnin teldust tæk.

8. Þegar dómstóllinn tekur ákvörðun um hvort sönnunargögn, sem ríki hefur aflað, skipti máli eða séu tæk skal hann ekki taka afstöðu til beitingar landslaga þess ríkis.

4. The Court may rule on the relevance or admissibility of any evidence, taking into account, *inter alia,* the probative value of the evidence and any prejudice that such evidence may cause to a fair trial or to a fair evaluation of the testimony of a witness, in accordance with the Rules of Procedure and Evidence.

5. The Court shall respect and observe privileges on confidentiality as provided for in the Rules of Procedure and Evidence.

6. The Court shall not require proof of facts of common knowledge but may take judicial notice of them.

7. Evidence obtained by means of a violation of this Statute or internationally recognized human rights shall not be admissible if:

(a) The violation casts substantial doubt on the reliability of the evidence; or

(b) The admission of the evidence would be antithetical to and would seriously damage the integrity of the proceedings.

8. When deciding on the relevance or admissibility of evidence collected by a State, the Court shall not rule on the application of the State's national law.

70. gr.

Brot á reglum um málsmeðferð fyrir dómi.

1. Dómstóllinn skal fara með lögsögu vegna eftirtalinna brota á reglum um málsmeðferð fyrir dómi þegar þau eru framin af ásetningi:

a) að gefa rangan vitnisburð þegar viðkomandi hefur heitið því að segja sannleikann skv. 1. mgr. 69. gr.;

b) að leggja fram sönnunargögn sem viðkomandi veit að eru svikin eða fölsuð;

c) að múta vitni, koma í veg fyrir eða hafa afskipti af mætingu eða framburði vitnis, grípa til hefndaraðgerða gegn vitni vegna framburðar þess eða eyðileggja eða falsa sönnunargögn eða hafa afskipti af söfnun sönnunargagna;

d) að hindra embættismann dómstólsins, hóta honum eða múta í þeim tilgangi að þvinga hann til eða telja hann á að rækja ekki skyldur sínar eða rækja þær á rangan hátt;

e) að grípa til hefndaraðgerða gegn embættismanni dómstólsins vegna skyldustarfa sem hann eða annar embættismaður hefur innt af hendi;

f) að leita eftir eða taka við mútum sem embættismaður dómstólsins í tengslum við opinber embættisstörf sín.

2. Í reglunum um málsmeðferð og sönnun skal

Article 70

Offences against the administration of justice

1. The Court shall have jurisdiction over the following offences against its administration of justice when committed intentionally:

(a) Giving false testimony when under an obligation pursuant to article 69, paragraph 1, to tell the truth;

(b) Presenting evidence that the party knows is false or forged;

(c) Corruptly influencing a witness, obstructing or interfering with the attendance or testimony of a witness, retaliating against a witness for giving testimony or destroying, tampering with or interfering with the collection of evidence;

(d) Impeding, intimidating or corruptly influencing an official of the Court for the purpose of forcing or persuading the official not to perform, or to perform improperly, his or her duties;

(e) Retaliating against an official of the Court on account of duties performed by that or another official;

(f) Soliciting or accepting a bribe as an official of the Court in connection with his or her official duties.

2. The principles and procedures governing the

kveða á um þær meginreglur og þá málsmeðferð sem ræður beitingu lögsögu dómstólsins vegna brota samkvæmt þessari grein. Um skilyrði fyrir því að veita dómstólnum alþjóðlega réttaraðstoð í tengslum við málsmeðferð hans samkvæmt þessari grein fer eftir landslögum ríkisins sem beiðni er beint til.

3. Ef til sakfellingar kemur getur dómstóllinn kveðið upp fangelsisdóm í allt að fimm ár, sektardóm í samræmi við í reglurnar um málsmeðferð og sönnun, eða hvort tveggja.

4. a) Hvert aðildarríki um sig skal rýmka ákvæði í refsirétti sínum og setja viðurlög við brotum gegn heiðarleika við eigin rannsókn eða réttarframkvæmd þannig að nái til brota gegn stjórnsýslu réttvísinnar sem um getur í þessari grein og framin eru á yfirráðasvæði þess eða af einhverjum ríkisborgara þess.

b) Að beiðni dómstólsins skal aðildarríki, þegar það telur ástæðu til, leggja málið fyrir lögbær yfirvöld sín til saksóknar. Viðkomandi yfirvöld skulu taka slík mál til vandlegrar meðferðar og veita nægilegu fjármagni til þess að unnt sé að vinna að þeim með skilvirkum hætti.

71. gr.

Viðurlög vegna óviðeigandi hátternis í dómsal.

1. Dómstóllinn getur refsað mönnum fyrir óviðeigandi hátterni í dómsal, svo sem að trufla dómsmeðferð eða neita beinlínis að fara að fyrirmælum dómstólsins, með stjórnsýsluaðgerðum öðrum en fangelsun svo sem með því að vísa þeim úr dómsal tímabundið eða endanlega, með sektum eða öðrum svipuðum ráðstöfunum sem kveðið er á um í reglunum um málsmeðferð og sönnun.

2. Kveðið skal á um málsmeðferð, er varðar ákvörðun um ráðstafanir skv. 1. mgr., í reglunum um málsmeðferð og sönnun.

72. gr.

Vernd upplýsinga er varða þjóðaröryggi.

1. Þessi grein gildir um sérhvert tilvik þegar framlagning upplýsinga eða skjala frá ríki myndi, að mati þess ríkis, skaða öryggishagsmuni þess. Til slíkra tilvika teljast sömu tilvik og falla undir gildissvið 2. og 3. mgr. 56. gr., 3. mgr. 61. gr., 3. mgr. 64. gr, 2. mgr. 67. gr., 6. mgr. 68. gr., 6. mgr. 87. gr. og 93. gr., svo og tilvik sem upp kunna að koma á öðrum stigum dómsmeðferðarinnar ef slík framlagning kemur til álita.

2. Þessi grein gildir einnig ef maður, sem hefur verið kvaddur til að veita upplýsingar eða bera vitni,

Court's exercise of jurisdiction over offences under this article shall be those provided for in the Rules of Procedure and Evidence. The conditions for providing international cooperation to the Court with respect to its proceedings under this article shall be governed by the domestic laws of the requested State.

3. In the event of conviction, the Court may impose a term of imprisonment not exceeding five years, or a fine in accordance with the Rules of Procedure and Evidence, or both.

4. (a) Each State Party shall extend its criminal laws penalizing offences against the integrity of its own investigative or judicial process to offences against the administration of justice referred to in this article, committed on its territory, or by one of its nationals;

(b) Upon request by the Court, whenever it deems it proper, the State Party shall submit the case to its competent authorities for the purpose of prosecution. Those authorities shall treat such cases with diligence and devote sufficient resources to enable them to be conducted effectively.

Article 71

Sanctions for misconduct before the Court

1. The Court may sanction persons present before it who commit misconduct, including disruption of its proceedings or deliberate refusal to comply with its directions, by administrative measures other than imprisonment, such as temporary or permanent removal from the courtroom, a fine or other similar measures provided for in the Rules of Procedure and Evidence.

2. The procedures governing the imposition of the measures set forth in paragraph 1 shall be those provided for in the Rules of Procedure and Evidence.

Article 72

Protection of national security information

1. This article applies in any case where the disclosure of the information or documents of a State would, in the opinion of that State, prejudice its national security interests. Such cases include those falling within the scope of article 56, paragraphs 2 and 3, article 61, paragraph 3, article 64, paragraph 3, article 67, paragraph 2, article 68, paragraph 6, article 87, paragraph 6 and article 93, as well as cases arising at any other stage of the proceedings where such disclosure may be at issue.

2. This article shall also apply when a person who has been requested to give information or evidence

neitar að gera það eða vísar málinu til ríkisins á þeim forsendum að framlagning myndi skaða öryggishagsmuni ríkisins og viðkomandi ríki staðfestir að það sé þeirrar skoðunar að framlagning mundi skaða öryggishagsmuni þess.

3. Ekkert ákvæði þessarar greinar skal hafa áhrif á kröfurnar um trúnað sem gilda skv. e- og f-lið 3. mgr. 54. gr. eða beitingu 73. gr.

4. Komist ríki að því að verið sé að leggja fram upplýsingar eða skjöl frá því ríki eða að líklegt sé að það verði gert á einhverju stigi dómsmeðferðarinnar og ríkið er þeirrar skoðunar að framlagning myndi skaða öryggishagsmuni þess skal það eiga rétt á að grípa inn í til að fá málið leyst í samræmi við þessa grein.

5. Ef framlagning upplýsinga myndi, að mati ríkis, skaða öryggishagsmuni þess ber því, ásamt saksóknara, varnaraðila eða forréttarstofu eða réttarstofu, eftir því sem við á, að gera allar réttmætar ráðstafanir til þess að leita lausnar á málinu með samstarfi. Slíkar ráðstafanir geta m.a. verið:

a) að breyta beiðninni eða skýra hana;

b) að dómstóllinn skeri úr um mikilvægi upplýsinganna eða sönnunargagnanna sem leitað er eftir, eða hvort gögnin, jafnvel þótt þau séu mikilvæg, séu fáanleg eða hafi verið fengin frá öðrum aðilum en ríkinu sem beiðni er beint til;

c) að fá upplýsingarnar eða sönnunargögnin frá öðrum aðilum eða í öðru formi; eða

d) að gera samning um með hvaða skilyrðum væri unnt að veita aðstoðina, þar með talið með því að útvega samantektir eða umskrifaða útdrætti, takmarka framlagningu, halda dómþing fyrir luktum dyrum (*in camera)* eða einhliða (*ex parte*) eða með öðrum verndarráðstöfunum sem heimilar eru samkvæmt þessari samþykkt og reglunum um málsmeðferð og sönnun.

6. Þegar allar réttmætar ráðstafanir hafa verið gerðar til að leysa málið með samstarfi og ríkið telur að það geti ekki með neinu móti eða neinum skilyrðum veitt eða lagt fram upplýsingarnar eða skjölin án þess að skaða öryggishagsmuni sína skal ríkið tilkynna saksóknara eða dómstólnum um það og lýsa nánar ástæðunum fyrir ákvörðun sinni, nema nánari lýsing á ástæðunum myndi óhjákvæmilega skaða öryggishagsmuni ríkisins.

7. Ef dómstóllinn ákvarðar, eftir þetta, að sönnunargögnin skipti máli og séu nauðsynleg til þess að

has refused to do so or has referred the matter to the State on the ground that disclosure would prejudice the national security interests of a State and the State concerned confirms that it is of the opinion that disclosure would prejudice its national security interests.

3. Nothing in this article shall prejudice the requirements of confidentiality applicable under article 54, paragraph 3 (e) and (f), or the application of article 73.

4. If a State learns that information or documents of the State are being, or are likely to be, disclosed at any stage of the proceedings, and it is of the opinion that disclosure would prejudice its national security interests, that State shall have the right to intervene in order to obtain resolution of the issue in accordance with this article.

5. If, in the opinion of a State, disclosure of information would prejudice its national security interests, all reasonable steps will be taken by the State, acting in conjunction with the Prosecutor, the defence or the Pre-Trial Chamber or Trial Chamber, as the case may be, to seek to resolve the matter by cooperative means. Such steps may include:

(a) Modification or clarification of the request;

(b) A determination by the Court regarding the relevance of the information or evidence sought, or a determination as to whether the evidence, though relevant, could be or has been obtained from a source other than the requested State;

(c) Obtaining the information or evidence from a different source or in a different form; or

(d) Agreement on conditions under which the assistance could be provided including, among other things, providing summaries or redactions, limitations on disclosure, use of *in camera* or *ex parte* proceedings, or other protective measures permissible under the Statute and the Rules of Procedure and Evidence.

6. Once all reasonable steps have been taken to resolve the matter through cooperative means, and if the State considers that there are no means or conditions under which the information or documents could be provided or disclosed without prejudice to its national security interests, it shall so notify the Prosecutor or the Court of the specific reasons for its decision, unless a specific description of the reasons would itself necessarily result in such prejudice to the State's national security interests.

7. Thereafter, if the Court determines that the evidence is relevant and necessary for the establish-

skera úr um sekt eða sakleysi ákærða getur dómstóllinn gert eftirfarandi ráðstafanir:

a) ef leitað er eftir framlagningu upplýsinganna eða skjalsins í tengslum við beiðni um samstarf skv. 9. kafla eða vegna aðstæðna sem lýst er í 2. mgr. og ríkið hefur borið fyrir sig þá ástæðu fyrir synjuninni sem um getur í 4. mgr. 93. gr.:

i) getur dómstóllinn, áður en sú niðurstaða fæst sem um getur í ii-lið a-liðar 7. mgr. og í því skyni að taka til athugunar athugasemdir ríkisins, óskað frekara samráðs um ráðstafanir eins og að halda dómþing fyrir luktum dyrum (*in camera)* eða einhliða (*ex parte)*, eftir því sem við á;

ii) getur dómstóllinn, ef hann kemst að þeirri niðurstöðu að með því að bera fyrir sig ástæðu fyrir synjun skv. 4. mgr. 93. gr. hafi ríkið sem beiðni er beint til, ekki, eins og málið er vaxið, rækt skuldbindingar sínar samkvæmt þessari samþykkt, vísað málinu áfram í samræmi við 7. mgr. 87. gr. og tilgreint nánar ástæðurnar fyrir niðurstöðu sinni; og

iii) getur dómstóllinn, við dómsmeðferð gegn ákærða, dregið þær ályktanir sem hann telur við eiga við fyrirliggjandi aðstæður um hvort staðreyndir séu fyrir hendi eða ekki; eða

b) við allar aðrar aðstæður:

i) getur dómstóllinn fyrirskipað framlagningu; eða

ii) fyrirskipi hann ekki framlagningu getur hann, við dómsmeðferð gegn ákærða, dregið þær ályktanir sem hann telur við eiga við fyrirliggjandi aðstæður um hvort staðreyndir séu fyrir hendi eða ekki.

73. gr.

Upplýsingar eða skjöl frá þriðja aðila.

Ef aðildarríki fær beiðni frá dómstólnum um að láta í té skjal eða upplýsingar, sem eru í vörslu þess eða eigu eða eru á valdi þess og voru fengin í trúnaði frá ríki, milliríkjastofnun eða alþjóðastofnun, skal aðildarríkið leita eftir samþykki viðkomandi ríkis eða stofnunar fyrir því að leggja fram skjalið eða upplýsingarnar. Ef þessi þriðji aðili er aðildarríki skal hann annaðhvort samþykkja framlagningu upplýsinganna eða skjalsins eða gera ráðstafanir til að leysa málið varðandi framlagninguna ásamt dómstólnum, með fyrirvara um ákvæði 72. gr. Ef þessi þriðji aðili er ekki aðildarríki og neitar að samþykkja framlagningu skal ríkið, sem beiðni er beint til, tilkynna dómstólnum að það geti ekki lagt fram skjalið eða upplýsingarnar vegna fyrri skuldbindinga um trúnað við þennan þriðja aðila.

ment of the guilt or innocence of the accused, the Court may undertake the following actions:

(a) Where disclosure of the information or document is sought pursuant to a request for cooperation under Part 9 or the circumstances described in paragraph 2, and the State has invoked the ground for refusal referred to in article 93, paragraph 4:

(i) The Court may, before making any conclusion referred to in subparagraph 7 (a) (ii), request further consultations for the purpose of considering the State's representations, which may include, as appropriate, hearings *in camera* and *ex parte*;

(ii) If the Court concludes that, by invoking the ground for refusal under article 93, paragraph 4, in the circumstances of the case, the requested State is not acting in accordance with its obligations under this Statute, the Court may refer the matter in accordance with article 87, paragraph 7, specifying the reasons for its conclusion; and

(iii) The Court may make such inference in the trial of the accused as to the existence or non-existence of a fact, as may be appropriate in the circumstances; or

(b) In all other circumstances:

(i) Order disclosure; or

(ii) To the extent it does not order disclosure, make such inference in the trial of the accused as to the existence or non-existence of a fact, as may be appropriate in the circumstances.

Article 73

Third-party information or documents

If a State Party is requested by the Court to provide a document or information in its custody, possession or control, which was disclosed to it in confidence by a State, intergovernmental organization or international organization, it shall seek the consent of the originator to disclose that document or information. If the originator is a State Party, it shall either consent to disclosure of the information or document or undertake to resolve the issue of disclosure with the Court, subject to the provisions of article 72. If the originator is not a State Party and refuses to consent to disclosure, the requested State shall inform the Court that it is unable to provide the document or information because of a pre-existing obligation of confidentiality to the originator.

74. gr.

Reglur um dómsákvörðun.

1. Allir dómarar réttarstofu skulu vera viðstaddir á öllum stigum dómsmeðferðarinnar í öllum umræðum. Dómstjórnin getur í hverju einstöku máli tilnefnt til vara, eftir því hverjir eru til taks, einn eða fleiri dómara sem skulu vera viðstaddir á öllum stigum dómsmeðferðarinnar og koma í stað dómara réttarstofu ef einhver þeirra getur ekki lengur verið viðstaddur.

2. Dómur réttarstofu skal byggður á mati hennar á sönnunargögnunum og á dómsmeðferðinni í heild. Dómurinn skal ekki ná lengra en staðreyndir og aðstæður, sem lýst er í ákærunni og hugsanlegum breytingum á henni, gefa tilefni til. Dómstóllinn getur einungis byggt dóm sinn á sönnunargögnum sem lögð eru fram og fjallað er um við dómsmeðferðina.

3. Dómararnir skulu leitast við að taka samhljóða ákvörðun en að öðrum kosti ræður meiri hluti atkvæða.

4. Umræður í réttarstofu skulu vera leynilegar.

5. Dómur skal vera skriflegur og hafa að geyma ítarlega og rökstudda greinargerð réttarstofu um athuganir hennar á sönnunargögnum og niðurstöðum. Réttarstofa skal kveða upp einn dóm. Ef ekki er um samhljóða niðurstöðu að ræða skulu í dóminum koma fram sjónarmið meiri hlutans og minni hlutans. Dómurinn eða samantekt hans skal kveðin upp í heyranda hljóði.

75. gr.

Skaðabætur til fórnarlamba.

1. Dómstóllinn skal setja meginreglur um skaðabætur til fórnarlamba eða vegna þeirra, þar með talið endurafhending, bótagreiðslur og endurhæfing. Á þeim grundvelli getur dómstóllinn, annaðhvort samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði við sérstakar aðstæður, ákvarðað gildissvið og umfang tjóns, taps eða skaða fórnarlamba eða vegna þeirra og tilgreint þær meginreglur sem hann byggir ákvörðun sína á.

2. Dómstóllinn getur gefið út fyrirmæli beint til sakfellds manns þar sem tilgreindar eru viðeigandi skaðabætur til fórnarlamba eða vegna þeirra sem geta meðal annars falist í endurafhendingu, bótagreiðslum og endurhæfingu.

Dómstóllinn getur mælt svo fyrir, þar sem við á, að greiðsla skaðabóta fari um sjóðinn sem kveðið er á um í 79. gr.

3. Áður en dómstóllinn gefur fyrirmæli samkvæmt þessari grein getur hann lýst eftir og ber að taka tillit til sjónarmiða hins dæmda og fórnarlambanna, eða

Article 74

Requirements for the decision

1. All the judges of the Trial Chamber shall be present at each stage of the trial and throughout their deliberations. The Presidency may, on a case-by-case basis, designate, as available, one or more alternate judges to be present at each stage of the trial and to replace a member of the Trial Chamber if that member is unable to continue attending.

2. The Trial Chamber's decision shall be based on its evaluation of the evidence and the entire proceedings. The decision shall not exceed the facts and circumstances described in the charges and any amendments to the charges. The Court may base its decision only on evidence submitted and discussed before it at the trial.

3. The judges shall attempt to achieve unanimity in their decision, failing which the decision shall be taken by a majority of the judges.

4. The deliberations of the Trial Chamber shall remain secret.

5. The decision shall be in writing and shall contain a full and reasoned statement of the Trial Chamber's findings on the evidence and conclusions. The Trial Chamber shall issue one decision. When there is no unanimity, the Trial Chamber's decision shall contain the views of the majority and the minority. The decision or a summary thereof shall be delivered in open court.

Article 75

Reparations to victims

1. The Court shall establish principles relating to reparations to, or in respect of, victims, including restitution, compensation and rehabilitation. On this basis, in its decision the Court may, either upon request or on its own motion in exceptional circumstances, determine the scope and extent of any damage, loss and injury to, or in respect of, victims and will state the principles on which it is acting.

2. The Court may make an order directly against a convicted person specifying appropriate reparations to, or in respect of, victims, including restitution, compensation and rehabilitation.

Where appropriate, the Court may order that the award for reparations be made through the Trust Fund provided for in article 79.

3. Before making an order under this article, the Court may invite and shall take account of representations from or on behalf of the convicted person,

fulltrúa þeirra, og annarra einstaklinga eða ríkja sem eiga hagsmuna að gæta.

4. Þegar dómstóllinn beitir valdheimildum sínum samkvæmt þessari grein getur hann, eftir að maður hefur verið dæmdur fyrir glæp sem fellur undir lögsögu dómstólsins, ákveðið hvort nauðsynlegt sé að leita eftir því að gerðar séu ráðstafanir skv. 1. mgr. 93. gr. til þess að fyrirmæli, sem dómstóllinn gefur samkvæmt þessari grein, komi til framkvæmda.

5. Aðildarríki skal láta ákvörðun samkvæmt þessari grein koma til framkvæmda eins og ákvæði 109. gr. giltu um þessa grein.

6. Ekkert í þessari grein skal túlkað þannig að það skerði réttindi fórnarlamba samkvæmt landslögum eða þjóðarétti.

victims, other interested persons or interested States.

4. In exercising its power under this article, the Court may, after a person is convicted of a crime within the jurisdiction of the Court, determine whether, in order to give effect to an order which it may make under this article, it is necessary to seek measures under article 93, paragraph 1.

5. A State Party shall give effect to a decision under this article as if the provisions of article 109 were applicable to this article.

6. Nothing in this article shall be interpreted as prejudicing the rights of victims under national or international law.

76. gr.

Dómsuppkvaðning og ákvörðun refsingar.

1. Ef um sakfellingu er að ræða skal réttarstofa íhuga hver sé hæfileg refsing og taka tillit til þeirra sönnunargagna, sem lögð hafa verið fram, og þeirra athugasemda sem fram hafa komið við dómsmeðferðina og máli skipta við ákvörðun refsingar.

2. Að frátöldum tilvikum þegar 65. gr. á við og áður en dómsmeðferðinni lýkur er réttarstofu heimilt, að eigin frumkvæði, en er það skylt að beiðni saksóknara eða ákærða, að halda nýtt dómþing til að kynna sér öll viðbótarsönnunargögn eða athugasemdir er skipta máli við ákvörðun refsingar í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun.

3. Þegar 2. mgr. á við skulu sjónarmið, sem fram koma skv. 75. gr., sett fram á hinu nýja dómþingi sem um getur í 2. mgr. og, ef þörf krefur, á sérhverju nýju dómþingi.

4. Dómurinn skal kveðinn upp í heyranda hljóði og, ef unnt er, að ákærða viðstöddum.

Article 76

Sentencing

1. In the event of a conviction, the Trial Chamber shall consider the appropriate sentence to be imposed and shall take into account the evidence presented and submissions made during the trial that are relevant to the sentence.

2. Except where article 65 applies and before the completion of the trial, the Trial Chamber may on its own motion and shall, at the request of the Prosecutor or the accused, hold a further hearing to hear any additional evidence or submissions relevant to the sentence, in accordance with the Rules of Procedure and Evidence.

3. Where paragraph 2 applies, any representations under article 75 shall be heard during the further hearing referred to in paragraph 2 and, if necessary, during any additional hearing.

4. The sentence shall be pronounced in public and, wherever possible, in the presence of the accused.

7. kafli: Viðurlög.

77. gr.

Viðurlög sem beita má.

1. Með fyrirvara um 110. gr. getur dómstóllinn dæmt mann, sem hefur verið sakfelldur fyrir glæp sem tilgreindur er í 5. gr. þessarar samþykktar, til refsingar sem hér segir:

a) fangelsi í tiltekinn árafjölda, þó ekki lengur en í 30 ár; eða

b) lífstíðarfangelsi ef grófleiki glæpsins og persónulegar aðstæður hins sakfellda réttlæta það.

2. Auk fangelsisvistar getur dómstóllinn mælt fyrir um:

PART 7. PENALTIES

Article 77

Applicable penalties

1. Subject to article 110, the Court may impose one of the following penalties on a person convicted of a crime referred to in article 5 of this Statute:

(a) Imprisonment for a specified number of years, which may not exceed a maximum of 30 years; or

(b) A term of life imprisonment when justified by the extreme gravity of the crime and the individual circumstances of the convicted person.

2. In addition to imprisonment, the Court may order:

a) sektir samkvæmt þeim viðmiðum sem kveðið er á um í reglunum um málsmeðferð og sönnun;

b) upptöku hagnaðar og eigna sem fengnar eru beint eða óbeint með umræddum glæp, að óskertum réttindum þriðju aðila í góðri trú.

78. gr.

Ákvörðun refsingar.

1. Við ákvörðun refsingar skal dómstóllinn, í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun, taka tillit til atriða eins og grófleika glæpsins og persónulegra aðstæðna hins sakfellda.

2. Þegar dómstóllinn dæmir mann til fangelsisrefsingar skal draga frá, ef við á, þann tíma sem hann hefur áður setið í haldi í samræmi við fyrirmæli dómstólsins. Dómstóllinn getur dregið frá allan þann tíma sem viðkomandi kann annars að hafa setið í nauðungarvist fyrir athæfi sem tengist glæpnum.

3. Ef maður hefur verið sakfelldur fyrir fleiri en einn glæp skal dómstóllinn ákvarða refsingu fyrir hvern glæp um sig og heildardóm fyrir þá alla saman þar sem tiltekinn er heildartími fangelsisvistar. Sá tími skal eigi vera skemmri en lengsta einstök refsing sem ákvörðuð var og eigi lengri en 30 ára fangelsi eða lífstíðarfangelsi í samræmi við b-lið 1. mgr. 77. gr.

79. gr.

Sjóður.

1. Stofna skal sjóð með ákvörðun þings aðildarríkjanna til styrktar fórnarlömbum glæpa sem falla undir lögsögu dómstólsins og fjölskyldum þeirra.

2. Dómstóllinn getur mælt svo fyrir að peningar og aðrar eignir, sem fást með sektum eða eignaupptöku, skuli færðar í sjóðinn að fyrirmælum dómstólsins.

3. Sjóðnum skal stjórnað í samræmi við viðmiðunarreglur sem þing aðildarríkjanna tekur ákvörðun um.

80. gr.

Engin áhrif á beitingu viðurlaga í einstökum ríkjum né að landsrétti þeirra.

Ekkert sem fram kemur í þessum kafla hefur áhrif á beitingu ríkja á viðurlögum sem mælt er fyrir um í landsrétti þeirra, né á landsrétt ríkja sem kveða ekki á um viðurlög sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

(a) A fine under the criteria provided for in the Rules of Procedure and Evidence;

(b) A forfeiture of proceeds, property and assets derived directly or indirectly from that crime, without prejudice to the rights of bona fide third parties.

Article 78

Determination of the sentence

1. In determining the sentence, the Court shall, in accordance with the Rules of Procedure and Evidence, take into account such factors as the gravity of the crime and the individual circumstances of the convicted person.

2. In imposing a sentence of imprisonment, the Court shall deduct the time, if any, previously spent in detention in accordance with an order of the Court. The Court may deduct any time otherwise spent in detention in connection with conduct underlying the crime.

3. When a person has been convicted of more than one crime, the Court shall pronounce a sentence for each crime and a joint sentence specifying the total period of imprisonment. This period shall be no less than the highest individual sentence pronounced and shall not exceed 30 years imprisonment or a sentence of life imprisonment in conformity with article 77, paragraph 1 (b).

Article 79

Trust Fund

1. A Trust Fund shall be established by decision of the Assembly of States Parties for the benefit of victims of crimes within the jurisdiction of the Court, and of the families of such victims.

2. The Court may order money and other property collected through fines or forfeiture to be transferred, by order of the Court, to the Trust Fund.

3. The Trust Fund shall be managed according to criteria to be determined by the Assembly of States Parties.

Article 80

Non-prejudice to national application of penalties and national laws

Nothing in this Part affects the application by States of penalties prescribed by their national law, nor the law of States which do not provide for penalties prescribed in this Part.

8. kafli: Áfrýjun og endurupptaka.

81. gr.

Áfrýjun dóms um sýknu, sakfellingu eða refsingu.

1. Heimilt er að áfrýja ákvörðun skv. 74. gr. í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun sem hér segir:

a) Saksóknari getur áfrýjað af einhverri af eftirfarandi ástæðum:

i) mistök í málsmeðferð,

ii) staðreyndavilla, eða

iii) lögvilla.

b) Hinn sakfelldi, eða saksóknari fyrir hans hönd, getur áfrýjað af einhverri af eftirfarandi ástæðum:

i) mistök í málsmeðferð,

ii) staðreyndavilla,

iii) lögvilla, eða

iv) af hvers konar ástæðum öðrum sem hafa áhrif á réttlæti eða áreiðanleika dómsmeðferðarinnar eða dómsákvörðunarinnar.

2. a) Saksóknara eða hinum sakfellda er heimilt, í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun, að áfrýja dómi á þeim forsendum að ekki sé samræmi á milli glæpsins og refsingarinnar.

b) Telji dómstóllinn þegar dómi um refsingu er áfrýjað að forsendur séu fyrir því að hnekkja sakfellingu að hluta eða í heild getur hann boðið saksóknara og hinum sakfellda að tilgreina ástæður skv. a- eða b-lið 1. mgr. 81. gr. og getur tekið ákvörðun um sakfellingu í samræmi við 83. gr.

c) Sama málsmeðferð gildir þegar dómi um sakfellingu eingöngu er áfrýjað og dómstóllinn telur að forsendur séu fyrir refsilækkun skv. a-lið 2. mgr.

3. a) Sakfelldur maður skal sitja í haldi meðan á áfrýjun stendur nema réttarstofa fyrirskipi annað.

b) Ef sakfelldur maður situr lengur í haldi en fangelsisdómur segir til um skal hann leystur úr haldi en lausn getur verið bundin skilyrðum skv. c-lið hér á eftir ef saksóknari áfrýjar einnig.

c) Ef ákærði er sýknaður skal hann þegar í stað leystur úr haldi með fyrirvara um eftirfarandi:

i) við sérstakar aðstæður, meðal annars með hliðsjón af raunverulegri hættu á því að viðkomandi reyni að komast undan, alvarleika glæpsins sem ákært er fyrir og líkum á því að áfrýjun beri árangur, getur réttarstofa, að beiðni saksóknara, haft viðkomandi áfram í haldi meðan á áfrýjuninni stendur;

PART 8. APPEAL AND REVISION

Article 81

Appeal against decision of acquittal or conviction or against sentence

1. A decision under article 74 may be appealed in accordance with the Rules of Procedure and Evidence as follows:

(a) The Prosecutor may make an appeal on any of the following grounds:

(i) Procedural error,

(ii) Error of fact, or

(iii) Error of law;

(b) The convicted person, or the Prosecutor on that person's behalf, may make an appeal on any of the following grounds:

(i) Procedural error,

(ii) Error of fact,

(iii) Error of law, or

(iv) Any other ground that affects the fairness or reliability of the proceedings or decision.

2. (a) A sentence may be appealed, in accordance with the Rules of Procedure and Evidence, by the Prosecutor or the convicted person on the ground of disproportion between the crime and the sentence;

(b) If on an appeal against sentence the Court considers that there are grounds on which the conviction might be set aside, wholly or in part, it may invite the Prosecutor and the convicted person to submit grounds under article 81, paragraph 1 (a) or (b), and may render a decision on conviction in accordance with article 83;

(c) The same procedure applies when the Court, on an appeal against conviction only, considers that there are grounds to reduce the sentence under paragraph 2 (a).

3. (a) Unless the Trial Chamber orders otherwise, a convicted person shall remain in custody pending an appeal;

(b) When a convicted person's time in custody exceeds the sentence of imprisonment imposed, that person shall be released, except that if the Prosecutor is also appealing, the release may be subject to the conditions under subparagraph (c) below;

(c) In case of an acquittal, the accused shall be released immediately, subject to the following:

(i) Under exceptional circumstances, and having regard, *inter alia,* to the concrete risk of flight, the seriousness of the offence charged and the probability of success on appeal, the Trial Chamber, at the request of the Prosecutor, may maintain the detention of the person pending appeal;

ii) ákvörðun réttarstofu skv. i-lið c-liðar má áfrýja í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun.

4. Með fyrirvara um ákvæði a- og b-liðar 3. mgr. skal fresta framkvæmd dóms eða refsingar svo lengi sem áfrýjunarfresturinn gildir og meðan á áfrýjun stendur.

82. gr.

Áfrýjun annarra ákvarðana.

1. Báðir aðilar geta áfrýjað eftirfarandi ákvörðunum í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun:

a) ákvörðun um lögsögu dómstólsins eða hvort mál sé tækt til meðferðar;

b) ákvörðun um að veita manni, sem sætir rannsókn eða saksókn, lausn úr haldi eða synja honum um hana;

c) ákvörðun forréttarstofu um að hafast að skv. 3. mgr. 56. gr. að eigin frumkvæði;

d) ákvörðun er varðar mál sem er þess eðlis að það hefði umtalsverð áhrif á að dómsmeðferð sé réttlát og skjót eða á niðurstöður hennar, enda gæti tafarlaus ákvörðun áfrýjunarstofu, að áliti forréttarstofu eða réttarstofu, bætt málsmeðferðina verulega.

2. Viðkomandi ríki eða saksóknari getur, að fengnu leyfi forréttarstofu, áfrýjað ákvörðun forréttarstofu skv. d-lið 3. mgr. 57. gr. Áfrýjunin skal fá flýtimeðferð.

3. Áfrýjun skal ekki í sjálfu sér hafa áhrif til frestunar nema áfrýjunarstofa mæli svo fyrir, að fenginni beiðni, í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun.

4. Lögmaður fórnarlambanna, hins sakfellda eða eiganda eignar í góðri trú, sem fyrirmæli skv. 75. gr. hafa skaðað, getur áfrýjað fyrirmælunum í því skyni að fá skaðabætur eins og kveðið er á um í reglunum um málsmeðferð og sönnun.

83. gr.

Málsmeðferð við áfrýjun.

1. Að því er varðar dómsmeðferð skv. 81. gr. og þessari grein skal áfrýjunarstofa hafa sömu valdheimildir og réttarstofa.

2. Ef áfrýjunarstofa telur að dómsmeðferðin, sem er tilefni áfrýjunarinnar, hafi verið óréttlát á þann hátt að haft hafi áhrif á áreiðanleika dómsins eða refsiákvörðunarinnar eða að staðreyndavilla, lögvilla eða mistök í málsmeðferð hafi haft veruleg áhrif á dóminn eða refsiákvörðunina sem er tilefni áfrýjun-

(ii) A decision by the Trial Chamber under subparagraph (c) (i) may be appealed in accordance with the Rules of Procedure and Evidence.

4. Subject to the provisions of paragraph 3 (a) and (b), execution of the decision or sentence shall be suspended during the period allowed for appeal and for the duration of the appeal proceedings.

Article 82

Appeal against other decisions

1. Either party may appeal any of the following decisions in accordance with the Rules of Procedure and Evidence:

(a) A decision with respect to jurisdiction or admissibility;

(b) A decision granting or denying release of the person being investigated or prosecuted;

(c) A decision of the Pre-Trial Chamber to act on its own initiative under article 56, paragraph 3;

(d) A decision that involves an issue that would significantly affect the fair and expeditious conduct of the proceedings or the outcome of the trial, and for which, in the opinion of the Pre-Trial or Trial Chamber, an immediate resolution by the Appeals Chamber may materially advance the proceedings.

2. A decision of the Pre-Trial Chamber under article 57, paragraph 3 (d), may be appealed against by the State concerned or by the Prosecutor, with the leave of the Pre-Trial Chamber. The appeal shall be heard on an expedited basis.

3. An appeal shall not of itself have suspensive effect unless the Appeals Chamber so orders, upon request, in accordance with the Rules of Procedure and Evidence.

4. A legal representative of the victims, the convicted person or a bona fide owner of property adversely affected by an order under article 75 may appeal against the order for reparations, as provided in the Rules of Procedure and Evidence.

Article 83

Proceedings on appeal

1. For the purposes of proceedings under article 81 and this article, the Appeals Chamber shall have all the powers of the Trial Chamber.

2. If the Appeals Chamber finds that the proceedings appealed from were unfair in a way that affected the reliability of the decision or sentence, or that the decision or sentence appealed from was materially affected by error of fact or law or procedural error, it may:

arinnar getur hún:

a) fellt dóminn eða refsinguna úr gildi eða kveðið á um breytingar þar á; eða

b) fyrirskipað nýja dómsmeðferð í annarri réttarstofu.

Í þessu skyni getur áfrýjunarstofa heimvísað álitamáli varðandi efnisatriði til réttarstofunnar sem fór upprunalega með málið og skal réttarstofa taka ákvörðun og gefa skýrslu um málið til hennar eða hún getur sjálf óskað eftir sönnunargögnum til að taka ákvörðun um málið. Þegar hinn sakfelldi, eða saksóknari fyrir hans hönd, hefur áfrýjað dóminum eða refsiákvörðuninni er ekki unnt að gera breytingu hinum sakfellda í óhag.

3. Ef áfrýjunarstofa telur, við áfrýjun refsiákvörðunar, að refsingin sé ekki í réttu hlutfalli við glæpinn getur hún breytt refsingunni í samræmi við 7. kafla.

4. Áfrýjunarstofa skal kveða upp dóm með atkvæðum meiri hluta dómaranna í heyranda hljóði á dómþingi. Í dóminum skal tilgreina forsendur hans. Þegar ekki er um samhljóða niðurstöðu að ræða skulu í dóminum koma fram bæði sjónarmið meiri hlutans og minni hlutans en dómari getur skilað sératkvæði um lagaleg atriði.

5. Áfrýjunarstofa getur kveðið upp dóm sinn í fjarveru þess sem er sýknaður eða sakfelldur.

(a) Reverse or amend the decision or sentence; or

(b) Order a new trial before a different Trial Chamber.

For these purposes, the Appeals Chamber may remand a factual issue to the original Trial Chamber for it to determine the issue and to report back accordingly, or may itself call evidence to determine the issue. When the decision or sentence has been appealed only by the person convicted, or the Prosecutor on that person's behalf, it cannot be amended to his or her detriment.

3. If in an appeal against sentence the Appeals Chamber finds that the sentence is disproportionate to the crime, it may vary the sentence in accordance with Part 7.

4. The judgement of the Appeals Chamber shall be taken by a majority of the judges and shall be delivered in open court. The judgement shall state the reasons on which it is based. When there is no unanimity, the judgement of the Appeals Chamber shall contain the views of the majority and the minority, but a judge may deliver a separate or dissenting opinion on a question of law.

5. The Appeals Chamber may deliver its judgement in the absence of the person acquitted or convicted.

84. gr.

Endurupptaka sakfellingar eða refsiákvörðunar.

1. Hinn sakfelldi eða, eftir fráfall hans, maki, börn, foreldrar eða maður, sem var á lífi þegar hinn ákærði lést og hefur fengið skýr skrifleg fyrirmæli frá ákærða um að setja fram slíka kröfu, eða saksóknari fyrir hans hönd, getur leitað eftir endurupptöku endanlegs dóms um sakfellingu eða refsingu við áfrýjunarstofu á eftirfarandi forsendum:

a) Fundist hafa ný sönnunargögn:

i) sem ekki lágu fyrir þegar dómsmeðferð fór fram og er þar hvorki með öllu eða að hluta um að kenna þeim sem leggur fram beiðnina; og

ii) sem eru svo mikilvæg að hefði verið tekið tillit til þeirra við dómsmeðferðina hefðu þau sennilega leitt til annarrar dómsniðurstöðu.

b) Nýlega hefur uppgötvast að afgerandi sönnunargögn, sem tillit var tekið til við dómsmeðferðina og sakfellingin byggist á, voru svikin eða fölsuð á einn eða annan hátt.

c) Einn eða fleiri dómarar, sem áttu þátt í sakfell-

Article 84

Revision of conviction or sentence

1. The convicted person or, after death, spouses, children, parents or one person alive at the time of the accused's death who has been given express written instructions from the accused to bring such a claim, or the Prosecutor on the person's behalf, may apply to the Appeals Chamber to revise the final judgement of conviction or sentence on the grounds that:

(a) New evidence has been discovered that:

(i) Was not available at the time of trial, and such unavailability was not wholly or partially attributable to the party making application; and

(ii) Is sufficiently important that had it been proved at trial it would have been likely to have resulted in a different verdict;

(b) It has been newly discovered that decisive evidence, taken into account at trial and upon which the conviction depends, was false, forged or falsified;

(c) One or more of the judges who participated in

ingunni eða staðfestingu ákærunnar, hafa, í þessu máli, framið verknað sem ber að líta á sem alvarlegt misferli eða brot á starfsskyldum sem eru svo alvarleg að þau réttlæta lausn þess dómara eða þeirra dómara úr starfi skv. 46. gr.

2. Áfrýjunarstofa skal hafna beiðninni ef hún telur hana ekki á rökum reista. Ef hún kemst að þeirri niðurstöðu að beiðnin sé á rökum reist getur hún, eftir því sem við á:

a) kallað upphaflegu réttarstofuna aftur saman;

b) stofnað nýja réttarstofu; eða

c) haldið lögsögu í málinu,

með það fyrir augum að ákvarða hvort dómurinn skuli endurupptekinn, eftir að aðilar hafa gert grein fyrir sjónarmiðum sínum á þann hátt sem kveðið er á um í reglunum um málsmeðferð og sönnun.

85. gr.

Skaðabætur til manna sem hafa verið handteknir eða sakfelldir.

1. Hver sá sem hefur verið handtekinn eða hafður í haldi með ólögmætum hætti skal eiga rétt á skaðabótum sem unnt er að fullnusta.

2. Ef maður hefur með endanlegum dómi verið sakfelldur fyrir refsiverðan verknað en dómurinn er síðan felldur úr gildi á þeim forsendum að nýjar eða nýlega framkomnar staðreyndir sýni svo óyggjandi sé að framið hafi verið réttarmorð skal sá sem hefur sætt refsingu vegna slíks dóms fá bætur samkvæmt lögum, nema sannað sé að maðurinn eigi sjálfur sök á því að einhverju eða öllu leyti að hinar ókunnu staðreyndir komu ekki fram á sínum tíma.

3. Við sérstakar aðstæður, þegar dómstóllinn telur að óyggjandi staðreyndir sýni að framið hafi verið alvarlegt og augljóst réttarmorð, getur hann að eigin ákvörðun veitt manni bætur, sem hefur verið sleppt úr haldi eftir að endanlegur dómur um sýknu er uppkveðinn eða eftir að dómsmeðferð lýkur af þessari ástæðu, samkvæmt þeim viðmiðum sem kveðið er á um í reglunum um málsmeðferð og sönnun.

9. kafli: Alþjóðasamstarf og réttaraðstoð.

86. gr.

Almenn samstarfsskylda.

Aðildarríkin skulu, í samræmi við ákvæði þessarar samþykktar, hafa náið samstarf við dómstólinn við rannsókn og saksókn vegna glæpa sem falla undir lögsögu dómstólsins.

conviction or confirmation of the charges has committed, in that case, an act of serious misconduct or serious breach of duty of sufficient gravity to justify the removal of that judge or those judges from office under article 46.

2. The Appeals Chamber shall reject the application if it considers it to be unfounded. If it determines that the application is meritorious, it may, as appropriate:

(a) Reconvene the original Trial Chamber;

(b) Constitute a new Trial Chamber; or

(c) Retain jurisdiction over the matter,

with a view to, after hearing the parties in the manner set forth in the Rules of Procedure and Evidence, arriving at a determination on whether the judgement should be revised.

Article 85

Compensation to an arrested or convicted person

1. Anyone who has been the victim of unlawful arrest or detention shall have an enforceable right to compensation.

2. When a person has by a final decision been convicted of a criminal offence, and when subsequently his or her conviction has been reversed on the ground that a new or newly discovered fact shows conclusively that there has been a miscarriage of justice, the person who has suffered punishment as a result of such conviction shall be compensated according to law, unless it is proved that the non-disclosure of the unknown fact in time is wholly or partly attributable to him or her.

3. In exceptional circumstances, where the Court finds conclusive facts showing that there has been a grave and manifest miscarriage of justice, it may in its discretion award compensation, according to the criteria provided in the Rules of Procedure and Evidence, to a person who has been released from detention following a final decision of acquittal or a termination of the proceedings for that reason.

PART 9. INTERNATIONAL COOPERATION AND JUDICIAL ASSISTANCE

Article 86

General obligation to cooperate

States Parties shall, in accordance with the provisions of this Statute, cooperate fully with the Court in its investigation and prosecution of crimes within the jurisdiction of the Court.

87. gr.

Beiðnir um samstarf: Almenn ákvæði.

1. a) Dómstólnum skal heimilt að senda aðildarríkjunum beiðnir um samstarf. Beiðnirnar skulu sendar eftir diplómatískum leiðum eða öðrum viðeigandi leiðum sem hvert aðildarríki um sig tilgreinir við fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild.

Síðari breytingar á þeim leiðum, sem hafa verið tilgreindar, skal hvert aðildarríki gera í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun.

b) Eftir atvikum, og með fyrirvara um ákvæði aliðar, má einnig senda beiðnir gegnum Alþjóðasamtök sakamálalögreglu (Interpol) eða viðeigandi svæðasamtök.

2. Beiðni um samstarf og öll stuðningsskjöl með henni skulu annaðhvort vera, eða henni skal fylgja þýðing, á opinberu tungumáli ríkisins, sem beiðni er beint til, eða á einu af vinnumálum dómstólsins í samræmi við val viðkomandi ríkis við fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild.

Síðari breytingar á því vali skulu gerðar í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun.

3. Ríki, sem beiðni er beint til, skal fara með beiðni um samstarf og öll stuðningsskjöl með henni sem trúnaðarmál, nema að því marki sem nauðsynlegt er að veita upplýsingar til að framkvæma beiðnina.

4. Í tengslum við beiðni um aðstoð, sem lögð er fram samkvæmt þessum kafla, getur dómstóllinn gert ráðstafanir, þar á meðal ráðstafanir er varða vernd upplýsinga sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að tryggja öryggi eða líkamlega eða andlega velferð fórnarlamba, hugsanlegra vitna og fjölskyldna þeirra. Dómstóllinn getur farið fram á að allar upplýsingar, sem eru gerðar aðgengilegar samkvæmt þessum kafla, skuli látnar í té og með þær farið á þann hátt að öryggi og líkamleg eða andleg velferð fórnarlamba, hugsanlegra vitna og fjölskyldna þeirra sé tryggð.

5. a) Dómstóllinn getur farið þess á leit við hvaða ríki sem er, sem er ekki aðili að þessari samþykkt, að það veiti aðstoð samkvæmt þessum kafla á grundvelli sérstaks fyrirkomulags eða samnings við það ríki eða á einhverjum öðrum viðeigandi grundvelli.

b) Ef ríki, sem ekki er aðili að þessari samþykkt en hefur gert sérstakt fyrirkomulag eða samning við dómstólinn, verður ekki við beiðnum samkvæmt því fyrirkomulagi eða þeim samningi getur dómstóllinn

Article 87

Requests for cooperation: general provisions

1. (a) The Court shall have the authority to make requests to States Parties for cooperation. The requests shall be transmitted through the diplomatic channel or any other appropriate channel as may be designated by each State Party upon ratification, acceptance, approval or accession.

Subsequent changes to the designation shall be made by each State Party in accordance with the Rules of Procedure and Evidence.

(b) When appropriate, without prejudice to the provisions of subparagraph (a), requests may also be transmitted through the International Criminal Police Organization or any appropriate regional organization.

2. Requests for cooperation and any documents supporting the request shall either be in or be accompanied by a translation into an official language of the requested State or one of the working languages of the Court, in accordance with the choice made by that State upon ratification, acceptance, approval or accession.

Subsequent changes to this choice shall be made in accordance with the Rules of Procedure and Evidence.

3. The requested State shall keep confidential a request for cooperation and any documents supporting the request, except to the extent that the disclosure is necessary for execution of the request.

4. In relation to any request for assistance presented under this Part, the Court may take such measures, including measures related to the protection of information, as may be necessary to ensure the safety or physical or psychological well-being of any victims, potential witnesses and their families. The Court may request that any information that is made available under this Part shall be provided and handled in a manner that protects the safety and physical or psychological well-being of any victims, potential witnesses and their families.

5. (a) The Court may invite any State not party to this Statute to provide assistance under this Part on the basis of an ad hoc arrangement, an agreement with such State or any other appropriate basis.

(b) Where a State not party to this Statute, which has entered into an ad hoc arrangement or an agreement with the Court, fails to cooperate with requests pursuant to any such arrangement or agreement, the

tilkynnt það til þings aðildarríkjanna, eða til öryggisráðsins hafi öryggisráðið vísað málinu til dómstólsins.

6. Dómstóllinn getur óskað eftir upplýsingum eða skjölum frá hvaða milliríkjastofnun sem er. Dómstóllinn getur einnig óskað eftir annars konar samstarfi og aðstoð sem unnt er að semja um við viðkomandi stofnun og er í samræmi við valdheimildir hennar eða umboð.

7. Ef aðildarríki fer ekki að beiðni um samstarf frá dómstólnum, andstætt ákvæðum þessarar samþykktar, og kemur þannig í veg fyrir að dómstóllinn geti rækt störf sín og beitt valdheimildum sínum samkvæmt þessari samþykkt getur dómstóllinn fært það til bókar og vísað málinu til þings aðildarríkjanna, eða til öryggisráðsins hafi öryggisráðið vísað málinu til dómstólsins.

88. gr.
Málsmeðferð skal vera tiltæk samkvæmt landslögum.

Aðildarríkin skulu tryggja að málsmeðferð varðandi samstarf í hverju því formi sem fjallað er um í þessum kafla sé tiltæk í landslögum þeirra.

89. gr.
Maður afhentur dómstólnum.

1. Dómstóllinn getur sent beiðni um handtöku og afhendingu manns, ásamt stuðningsskjölum sem um getur í 91. gr., til ríkis þar sem maðurinn kann að vera staddur og skal dómstóllinn óska eftir samstarfi við það ríki um handtöku og afhendingu hans. Aðildarríki skulu, í samræmi við ákvæði þessa kafla og málsmeðferð samkvæmt landslögum sínum, verða við beiðni um handtöku og afhendingu.

2. Ef maðurinn, sem leitað er eftir að fá afhentan, vefengir beiðnina fyrir innlendum dómstóli á grundvelli reglunnar *ne bis in idem* sem kveðið er á um í 20. gr., skal ríkið, sem beiðni er beint til, þegar í stað ráðfæra sig við dómstólinn til að fá upplýst hvort málið hafi verið úrskurðað tækt til meðferðar. Ef málið hefur verið úrskurðað tækt til meðferðar skal ríkið, sem beiðni er beint til, framkvæma beiðnina. Hafi málið enn ekki verið úrskurðað tækt til meðferðar getur ríkið, sem beiðni er beint til, frestað framkvæmd beiðni um afhendingu mannsins þar til dómstóllinn hefur tekið ákvörðun um hvort málið sé tækt til meðferðar.

3. a) Aðildarríki skal heimila, í samræmi við landslög sín um málsmeðferð, flutning gegnum yfirráðasvæði sitt á manni, sem annað ríki afhendir dóm-

Court may so inform the Assembly of States Parties or, where the Security Council referred the matter to the Court, the Security Council.

6. The Court may ask any intergovernmental organization to provide information or documents. The Court may also ask for other forms of cooperation and assistance which may be agreed upon with such an organization and which are in accordance with its competence or mandate.

7. Where a State Party fails to comply with a request to cooperate by the Court contrary to the provisions of this Statute, thereby preventing the Court from exercising its functions and powers under this Statute, the Court may make a finding to that effect and refer the matter to the Assembly of States Parties or, where the Security Council referred the matter to the Court, to the Security Council.

Article 88
Availability of procedures under national law

States Parties shall ensure that there are procedures available under their national law for all of the forms of cooperation which are specified under this Part.

Article 89
Surrender of persons to the Court

1. The Court may transmit a request for the arrest and surrender of a person, together with the material supporting the request outlined in article 91, to any State on the territory of which that person may be found and shall request the cooperation of that State in the arrest and surrender of such a person. States Parties shall, in accordance with the provisions of this Part and the procedure under their national law, comply with requests for arrest and surrender.

2. Where the person sought for surrender brings a challenge before a national court on the basis of the principle of *ne bis in idem* as provided in article 20, the requested State shall immediately consult with the Court to determine if there has been a relevant ruling on admissibility. If the case is admissible, the requested State shall proceed with the execution of the request. If an admissibility ruling is pending, the requested State may postpone the execution of the request for surrender of the person until the Court makes a determination on admissibility.

3. (a) A State Party shall authorize, in accordance with its national procedural law, transportation through its territory of a person being surrendered to

stólnum, nema gegnumferð um það ríki mundi hindra eða tefja fyrir afhendingu.

b) Beiðni dómstólsins um gegnumferð skal send í samræmi við 87. gr. Í beiðni um gegnumferð skal eftirfarandi koma fram:

i) lýsing á manninum sem flytja á;

ii) stutt greinargerð um staðreyndir málsins og lögfræðileg lýsing þeirra; og

iii) ákvörðun um handtöku og afhendingu.

c) Maður, sem er fluttur, skal hafður í haldi meðan á gegnumferð stendur.

d) Ekki er krafist neinnar heimildar ef maðurinn er fluttur flugleiðis og samkvæmt áætlun er ekki gert ráð fyrir að lenda á yfirráðasvæði ríkisins sem farið er gegnum.

e) Ef lent er á yfirráðasvæði ríkisins sem farið er gegnum án þess að það sé samkvæmt áætlun getur það ríki krafist þess að fá beiðni um gegnumferð frá dómstólnum eins og kveðið er á um í b-lið. Ríkið, sem farið er gegnum, skal hafa manninn, sem fluttur er, í haldi þar til það hefur fengið beiðni um gegnumferð og gegnumferðinni er lokið, að því tilskildu að varðhaldið samkvæmt þessum lið vari ekki lengur en 96 klukkustundir frá því að lent var án þess að það hafi verið samkvæmt áætlun, nema beiðnin hafi verið móttekin innan þess tíma.

4. Ef maðurinn, sem leitað er eftir að fá afhentan, sætir saksókn eða afplánar dóm í ríkinu, sem beiðni er beint til, fyrir annan glæp en þann sem er ástæða þess að dómstóllinn leitar eftir að fá hann afhentan skal ríkið, sem beiðni er beint til, hafa samráð við dómstólinn eftir að hafa tekið ákvörðun um að verða við beiðninni.

90. gr.

Árekstur beiðna um afhendingu.

1. Aðildarríki, sem fær beiðni frá dómstólnum um að afhenda mann skv. 89. gr., skal, ef það fær einnig beiðni frá öðru ríki um framsal sama manns fyrir sömu háttsemi, sem liggur til grundvallar glæpnum sem dómstóllinn leitar eftir að fá hann afhentan fyrir, tilkynna dómstólnum og ríkinu, sem leggur fram beiðni, um það.

2. Þegar ríkið, sem leggur fram beiðni, er aðildarríki skal ríkið, sem beiðni er beint til, veita beiðni dómstólsins forgang ef:

a) dómstóllinn hefur úrskurðað, skv. 18. eða 19. gr., að málið, sem er tilefni þess að leitað er eftir afhendingu, sé tækt til meðferðar og í úrskurðinum er tekið tillit til rannsóknar eða saksóknar ríkisins, sem leggur fram beiðni, í tengslum við framsalsbeiðni þess; eða

the Court by another State, except where transit through that State would impede or delay the surrender.

(b) A request by the Court for transit shall be transmitted in accordance with article 87. The request for transit shall contain:

(i) A description of the person being transported;

(ii) A brief statement of the facts of the case and their legal characterization; and

(iii) The warrant for arrest and surrender;

(c) A person being transported shall be detained in custody during the period of transit;

(d) No authorization is required if the person is transported by air and no landing is scheduled on the territory of the transit State;

(e) If an unscheduled landing occurs on the territory of the transit State, that State may require a request for transit from the Court as provided for in subparagraph (b). The transit State shall detain the person being transported until the request for transit is received and the transit is effected, provided that detention for purposes of this subparagraph may not be extended beyond 96 hours from the unscheduled landing unless the request is received within that time.

4. If the person sought is being proceeded against or is serving a sentence in the requested State for a crime different from that for which surrender to the Court is sought, the requested State, after making its decision to grant the request, shall consult with the Court.

Article 90

Competing requests

1. A State Party which receives a request from the Court for the surrender of a person under article 89 shall, if it also receives a request from any other State for the extradition of the same person for the same conduct which forms the basis of the crime for which the Court seeks the person's surrender, notify the Court and the requesting State of that fact.

2. Where the requesting State is a State Party, the requested State shall give priority to the request from the Court if:

(a) The Court has, pursuant to article 18 or 19, made a determination that the case in respect of which surrender is sought is admissible and that determination takes into account the investigation or prosecution conducted by the requesting State in respect of its request for extradition; or

b) dómstóllinn úrskurðar á þann veg sem lýst er í a-lið, í samræmi við tilkynningu ríkisins, sem beiðni er beint til, skv. 1. mgr.

3. Hafi dómstóllinn ekki kveðið upp úrskurð skv. a-lið 2. mgr. er ríkinu, sem beiðni er beint til, frjálst, á meðan beðið er úrskurðar dómstólsins skv. b-lið 2. mgr., að taka framsalsbeiðnina frá ríkinu, sem leggur fram beiðni, til umfjöllunar en ekki skal það framselja manninn fyrr en dómstóllinn hefur úrskurðað að málinu skuli vísað frá. Dómstóllinn skal kveða upp úrskurð sinn á grundvelli flýtimeðferðar.

4. Ef ríkið, sem leggur fram beiðni, á ekki aðild að þessari samþykkt skal ríkið, sem beiðni er beint til, ef það er ekki skuldbundið samkvæmt alþjóðasamningi til að framselja manninn til ríkisins sem leggur fram beiðni, veita beiðni dómstólsins um afhendingu forgang ef dómstóllinn hefur úrskurðað að málið sé tækt til meðferðar.

5. Ef dómstóllinn hefur ekki úrskurðað að mál skv. 4. mgr. sé tækt til meðferðar er ríkinu, sem beiðni er beint til, frjálst að halda áfram að fjalla um framsalsbeiðnina frá ríkinu sem leggur fram beiðni.

6. Í tilvikum þar sem 4. mgr. á við, nema þegar ríkið, sem beiðni er beint til, er skuldbundið á alþjóðavettvangi til að framselja manninn til ríkisins sem leggur fram beiðni og er ekki aðili að þessari samþykkt, skal ríkið, sem beiðni er beint til, ákveða hvort það afhendi dómstólnum manninn eða framselji hann til ríkisins sem leggur fram beiðni. Þegar ríkið, sem beiðni er beint til, tekur ákvörðun skal það hafa hliðsjón af öllum þáttum sem máli skipta, þar með talið, en þó ekki takmarkað við:

a) dagsetningu beiðnanna;

b) hagsmuni ríkisins sem leggur fram beiðni, þar á meðal, þegar við á, hvort glæpurinn var framinn á yfirráðasvæði þess og hvert er ríkisfang fórnarlambanna og mannsins sem leitað er afhendingar á; og

c) möguleika á því að ríkið, sem leggur fram beiðni, afhendi dómstólnum manninn síðar.

7. Ef aðildarríki, sem fær beiðni frá dómstólnum um að afhenda mann, fær einnig beiðni frá ríki um að framselja sama mann vegna háttsemi sem er önnur en glæpurinn sem dómstóllinn leitar eftir að fá manninn afhentan fyrir:

a) skal ríkið, sem beiðni er beint til, veita beiðni dómstólsins forgang ef það er ekki skuldbundið á alþjóðavettvangi til að framselja manninn til ríkisins sem leggur fram beiðni;

b) skal ríkið, sem beiðni er beint til, ef það er skuldbundið á alþjóðavettvangi til að framselja

(b) The Court makes the determination described in subparagraph (a) pursuant to the requested State's notification under paragraph 1.

3. Where a determination under paragraph 2 (a) has not been made, the requested State may, at its discretion, pending the determination of the Court under paragraph 2 (b), proceed to deal with the request for extradition from the requesting State but shall not extradite the person until the Court has determined that the case is inadmissible. The Court's determination shall be made on an expedited basis.

4. If the requesting State is a State not Party to this Statute the requested State, if it is not under an international obligation to extradite the person to the requesting State, shall give priority to the request for surrender from the Court, if the Court has determined that the case is admissible.

5. Where a case under paragraph 4 has not been determined to be admissible by the Court, the requested State may, at its discretion, proceed to deal with the request for extradition from the requesting State.

6. In cases where paragraph 4 applies except that the requested State is under an existing international obligation to extradite the person to the requesting State not Party to this Statute, the requested State shall determine whether to surrender the person to the Court or extradite the person to the requesting State. In making its decision, the requested State shall consider all the relevant factors, including but not limited to:

(a) The respective dates of the requests;

(b) The interests of the requesting State including, where relevant, whether the crime was committed in its territory and the nationality of the victims and of the person sought; and

(c) The possibility of subsequent surrender between the Court and the requesting State.

7. Where a State Party which receives a request from the Court for the surrender of a person also receives a request from any State for the extradition of the same person for conduct other than that which constitutes the crime for which the Court seeks the person's surrender:

(a) The requested State shall, if it is not under an existing international obligation to extradite the person to the requesting State, give priority to the request from the Court;

(b) The requested State shall, if it is under an existing international obligation to extradite the per-

manninn til ríkisins sem leggur fram beiðni, ákveða hvort það afhendi dómstólnum manninn eða framselji hann til ríkisins sem leggur fram beiðni. Þegar ríkið, sem beiðni er beint til, tekur ákvörðun skal það hafa hliðsjón af öllum þáttum sem máli skipta, þar með talið en þó ekki takmarkað við þá sem taldir eru upp í 6. mgr., en það skal taka sérstakt tillit til eðlis og alvarleika háttseminnar sem um ræðir.

8. Þegar dómstóllinn hefur, að fenginni tilkynningu samkvæmt þessari grein, úrskurðað að máli skuli vísað frá og framsali til ríkisins, sem leggur fram beiðni, er synjað í framhaldi af því skal ríkið, sem beiðni er beint til, tilkynna dómstólnum um þá ákvörðun.

91. gr.

Efni beiðna um handtöku og afhendingu.

1. Beiðni um handtöku og afhendingu skal vera skrifleg. Ef málið er brýnt má senda beiðni með hvers konar miðli sem getur komið henni skriflega til skila, að því tilskildu að beiðnin sé staðfest eftir þeim leiðum sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 87. gr.

2. Ef um er að ræða beiðni um handtöku og afhendingu manns, sem forréttarstofa hefur, skv. 58. gr., gefið út handtökuskipun á skal eftirfarandi koma fram í beiðninni eða fylgja henni til stuðnings:

a) nægileg lýsing á manninum, sem leitað er eftir, til þess að staðfesta hver maðurinn er ásamt upplýsingum um líklegan verustað hans;

b) afrit af handtökuskipuninni; og

c) skjöl, greinargerðir eða upplýsingar sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að uppfylla kröfur um málsmeðferð við afhendingu í ríkinu sem beiðni er beint til, nema hvað þær kröfur ættu ekki að vera strangari en þær sem gilda um beiðnir um framsal samkvæmt samningum eða fyrirkomulagi milli ríkisins, sem beiðni er beint til, og annarra ríkja og ættu þær, ef unnt er, að vera minni með tilliti til sérstaks eðlis dómstólsins.

3. Ef um er að ræða beiðni um handtöku og afhendingu manns, sem hefur þegar verið dæmdur, skal koma fram í beiðninni eða fylgja henni til stuðnings:

a) afrit af sérhverri skipun um handtöku þessa manns;

b) afrit af dóminum;

c) upplýsingar sem sýna að maðurinn, sem leitað er eftir, er sá sem um getur í dóminum; og

d) ef maðurinn, sem leitað er eftir, hefur verið dæmdur til refsingar, afrit af dóminum sem hann

son to the requesting State, determine whether to surrender the person to the Court or to extradite the person to the requesting State. In making its decision, the requested State shall consider all the relevant factors, including but not limited to those set out in paragraph 6, but shall give special consideration to the relative nature and gravity of the conduct in question.

8. Where pursuant to a notification under this article, the Court has determined a case to be inadmissible, and subsequently extradition to the requesting State is refused, the requested State shall notify the Court of this decision.

Article 91

Contents of request for arrest and surrender

1. A request for arrest and surrender shall be made in writing. In urgent cases, a request may be made by any medium capable of delivering a written record, provided that the request shall be confirmed through the channel provided for in article 87, paragraph 1 (a).

2. In the case of a request for the arrest and surrender of a person for whom a warrant of arrest has been issued by the Pre-Trial Chamber under article 58, the request shall contain or be supported by:

(a) Information describing the person sought, sufficient to identify the person, and information as to that person's probable location;

(b) A copy of the warrant of arrest; and

(c) Such documents, statements or information as may be necessary to meet the requirements for the surrender process in the requested State, except that those requirements should not be more burdensome than those applicable to requests for extradition pursuant to treaties or arrangements between the requested State and other States and should, if possible, be less burdensome, taking into account the distinct nature of the Court.

3. In the case of a request for the arrest and surrender of a person already convicted, the request shall contain or be supported by:

(a) A copy of any warrant of arrest for that person;

(b) A copy of the judgement of conviction;

(c) Information to demonstrate that the person sought is the one referred to in the judgement of conviction; and

(d) If the person sought has been sentenced, a copy of the sentence imposed and, in the case of a sen-

fékk og, ef um fangelsisdóm er að ræða, tilgreining þess tíma sem hann hefur þegar afplánað og þess tíma sem hann á eftir að afplána.

4. Að beiðni dómstólsins skal aðildarríki hafa samráð við dómstólinn annaðhvort almennt eða um sérstakt mál er varðar kröfur sem gerðar eru samkvæmt landslögum þess og kunna að eiga við skv. c-lið 2. mgr. Meðan á samráðinu stendur skal aðildarríkið upplýsa dómstólinn um hinar sérstöku kröfur í landslögum þess.

92. gr.

Handtaka og gæsla.

1. Ef mál er brýnt getur dómstóllinn krafist handtöku og gæslu mannsins sem leitað er eftir uns beiðnin um afhendingu og stuðningsskjöl með henni hafa verið lögð fram eins og tilgreint er í 91. gr.

2. Beiðni um handtöku og gæslu má senda með hvers konar miðli sem getur komið henni skriflega til skila og skal henni fylgja eftirfarandi:

a) nægileg lýsing á manninum, sem leitað er eftir, til þess að staðfesta hver maðurinn er ásamt upplýsingum um líklegan verustað hans;

b) stutt lýsing á glæpunum, sem eru ástæða þess að leitað er eftir handtöku mannsins, og staðreyndum um hina ætluðu glæpi, þar með talið stund og staður verknaðar, ef unnt er;

c) yfirlýsing um að fyrir liggi handtökuskipun eða dómur um sakfellingu mannsins sem leitað er eftir; og

d) yfirlýsing um að beiðni um afhendingu mannsins, sem leitað er eftir, muni fylgja.

3. Mann, sem er tekinn höndum og hafður í gæslu, má leysa úr haldi ef ríkið, sem beiðni er beint til, hefur ekki fengið beiðni um afhendingu og stuðningsskjöl með henni, eins og tilgreint er í 91. gr., innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í reglunum um málsmeðferð og sönnun. Þó getur viðkomandi maður fallist á afhendingu áður en sá frestur rennur út ef lög ríkisins, sem beiðni er beint til, leyfa það. Í því tilviki skal ríkið, sem beiðni er beint til, afhenda dómstólnum manninn eins fljótt og unnt er.

4. Sú staðreynd að maðurinn, sem leitað er eftir, hefur verið leystur úr haldi skv. 3. mgr. skal ekki koma í veg fyrir að hann verði handtekinn og afhentur síðar ef beiðnin um afhendingu og stuðningsskjöl með henni eru lögð fram seinna.

93. gr.

Önnur form samstarfs.

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við ákvæði þessa kafla og samkvæmt innlendum málsmeðferðarreglu-

tence for imprisonment, a statement of any time already served and the time remaining to be served.

4. Upon the request of the Court, a State Party shall consult with the Court, either generally or with respect to a specific matter, regarding any requirements under its national law that may apply under paragraph 2 (c). During the consultations, the State Party shall advise the Court of the specific requirements of its national law.

Article 92

Provisional arrest

1. In urgent cases, the Court may request the provisional arrest of the person sought, pending presentation of the request for surrender and the documents supporting the request as specified in article 91.

2. The request for provisional arrest shall be made by any medium capable of delivering a written record and shall contain:

(a) Information describing the person sought, sufficient to identify the person, and information as to that person's probable location;

(b) A concise statement of the crimes for which the person's arrest is sought and of the facts which are alleged to constitute those crimes, including, where possible, the date and location of the crime;

(c) A statement of the existence of a warrant of arrest or a judgement of conviction against the person sought; and

(d) A statement that a request for surrender of the person sought will follow.

3. A person who is provisionally arrested may be released from custody if the requested State has not received the request for surrender and the documents supporting the request as specified in article 91 within the time limits specified in the Rules of Procedure and Evidence. However, the person may consent to surrender before the expiration of this period if permitted by the law of the requested State. In such a case, the requested State shall proceed to surrender the person to the Court as soon as possible.

4. The fact that the person sought has been released from custody pursuant to paragraph 3 shall not prejudice the subsequent arrest and surrender of that person if the request for surrender and the documents supporting the request are delivered at a later date.

Article 93

Other forms of cooperation

1. States Parties shall, in accordance with the provisions of this Part and under procedures of national

um, fara að beiðnum dómstólsins um að veita eftirfarandi aðstoð við rannsókn eða saksókn:

a) auðkenning manna, upplýsingar um verustað þeirra eða upplýsingar um hvar hlutir eru niðurkomnir;

b) söfnun sönnunargagna, að meðtöldum framburði eiðsvarinna vitna, og öflun sönnunargagna, að meðtöldum álitsgerðum og skýrslum frá sérfræðingum sem dómstóllinn þarf á að halda;

c) yfirheyrslu manna sem verið er að rannsaka eða saksækja;

d) útvegun skjala, að meðtöldum lagalegum skjölum;

e) að greiða fyrir því að fá einstaklinga til að gefa sig fram sem vitni eða sérfræðingar fyrir dómstólnum;

f) tímabundinn flutning manna eins og kveðið er á um í 7. mgr.;

g) rannsóknir staða, þar með talið uppgröftur og rannsókn á greftrunarstöðum;

h) framkvæmd leitar og löghalds;

i) sendingu skráa og skjala, að meðtöldum opinberum skrám og skjölum;

j) vernd fórnarlamba og vitna og varðveislu sönnunargagna;

k) að finna, rekja og frysta eða leggja hald á hagnað af glæpum, hvers kyns eignir, sem fengnar eru með glæpum, og hluti, sem notaðir eru til þess að fremja brot, í þeim tilgangi að gera þau hugsanlega upptæk, að óskertum réttindum þriðju aðila í góðri trú; og

l) sérhverja aðra tegund aðstoðar, sem ekki er bönnuð samkvæmt lögum ríkisins sem beiðni er beint til, í þeim tilgangi að greiða fyrir rannsókn og saksókn vegna glæpa sem falla undir lögsögu dómstólsins.

2. Dómstólnum skal heimilt að veita vitni eða sérfræðingi, sem kemur fyrir dómstólinn, tryggingu fyrir því að viðkomandi verði ekki saksóttur, fangelsaður eða látinn sæta takmörkunum á persónufrelsi af hálfu dómstólsins vegna aðgerða eða aðgerðaleysis áður en maðurinn fór brott frá ríkinu sem beiðni er beint til.

3. Ef framkvæmd sérstakrar ráðstöfunar til aðstoðar, sem lýst er í beiðni sem lögð er fram skv. 1. mgr., er bönnuð í ríkinu sem beiðni er beint til samkvæmt gildandi grundvallarreglu í lögum sem hefur almennt gildi skal ríkið, sem beiðni er beint til, tafarlaust hafa samráð við dómstólinn og reyna að leysa málið. Í því samráði ætti að kanna hvort unnt sé að veita aðstoðina með öðru móti eða með skilyrðum. Ef málið

law, comply with requests by the Court to provide the following assistance in relation to investigations or prosecutions:

(a) The identification and whereabouts of persons or the location of items;

(b) The taking of evidence, including testimony under oath, and the production of evidence, including expert opinions and reports necessary to the Court;

(c) The questioning of any person being investigated or prosecuted;

(d) The service of documents, including judicial documents;

(e) Facilitating the voluntary appearance of persons as witnesses or experts before the Court;

(f) The temporary transfer of persons as provided in paragraph 7;

(g) The examination of places or sites, including the exhumation and examination of grave sites;

(h) The execution of searches and seizures;

(i) The provision of records and documents, including official records and documents;

(j) The protection of victims and witnesses and the preservation of evidence;

(k) The identification, tracing and freezing or seizure of proceeds, property and assets and instrumentalities of crimes for the purpose of eventual forfeiture, without prejudice to the rights of bona fide third parties; and

(l) Any other type of assistance which is not prohibited by the law of the requested State, with a view to facilitating the investigation and prosecution of crimes within the jurisdiction of the Court.

2. The Court shall have the authority to provide an assurance to a witness or an expert appearing before the Court that he or she will not be prosecuted, detained or subjected to any restriction of personal freedom by the Court in respect of any act or omission that preceded the departure of that person from the requested State.

3. Where execution of a particular measure of assistance detailed in a request presented under paragraph 1, is prohibited in the requested State on the basis of an existing fundamental legal principle of general application, the requested State shall promptly consult with the Court to try to resolve the matter. In the consultations, consideration should be given to whether the assistance can be rendered in

er enn óleyst að loknu samráði skal dómstóllinn breyta beiðninni eins og þurfa þykir.

4. Í samræmi við 72. gr. getur aðildarríki því aðeins synjað beiðni um aðstoð, að hluta eða með öllu, að beiðnin varði afhendingu skjala eða birtingu sönnunargagna sem lúta að þjóðaröryggi þess.

5. Áður en ríkið, sem beiðni er beint til, synjar beiðni um aðstoð skv. l-lið 1. mgr. skal það kanna hvort unnt sé að veita aðstoðina með tilteknum skilyrðum eða hvort veita megi aðstoðina síðar eða með öðrum hætti, að því tilskildu að þiggi dómstóllinn eða saksóknari aðstoðina með tilteknum skilyrðum skal dómstóllinn eða saksóknari virða þau.

6. Ef beiðni um aðstoð er synjað skal aðildarríkið, sem beiðni er beint til, þegar í stað upplýsa dómstólinn eða saksóknara um ástæðurnar fyrir synjuninni.

7. a) *Dómstóllinn getur farið fram á tímabundinn* flutning manns sem situr í haldi til þess að staðfesta megi hver maðurinn er eða fá vitnisburð eða aðra aðstoð. Heimilt er að flytja manninn að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

i) að viðkomandi maður gefi að frjálsum vilja upplýst samþykki sitt fyrir flutningnum; og

ii) að ríkið, sem beiðni er beint til, samþykki flutninginn með þeim skilyrðum sem það ríki og dómstóllinn kunna að koma sér saman um.

b) Maðurinn, sem fluttur er, skal hafður áfram í haldi. Þegar tilganginum með flutningnum hefur verið náð skal dómstóllinn skila manninum tafarlaust aftur til ríkisins sem beiðni er beint til.

8. a) Dómstóllinn skal tryggja að farið sé með skjöl og upplýsingar sem trúnaðarmál, nema að því marki sem nauðsynlegt er vegna rannsóknarinnar og málsmeðferðarinnar sem lýst er í beiðninni.

b) Ríkið, sem beiðni er beint til, getur, ef þörf krefur, sent saksóknara skjöl eða upplýsingar sem trúnaðarmál. Saksóknari getur þá eingöngu notað skjölin eða upplýsingarnar til þess að fá fram ný sönnunargögn.

c) Ríkið, sem beiðni er beint til, getur, að eigin frumkvæði eða að beiðni saksóknara, samþykkt síðar birtingu slíkra skjala eða upplýsinga. Þá má nota skjölin eða upplýsingarnar sem sönnunargögn samkvæmt ákvæðum 5. og 6. kafla og í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun.

9. a) i) Ef aðildarríki fær fleiri en eina beiðni á sama tíma, aðrar en um afhendingu eða framsal, frá dómstólnum og frá öðru ríki samkvæmt alþjóðlegri skuldbindingu skal aðildarríkið, í samráði við dóm-

another manner or subject to conditions. If after consultations the matter cannot be resolved, the Court shall modify the request as necessary.

4. In accordance with article 72, a State Party may deny a request for assistance, in whole or in part, only if the request concerns the production of any documents or disclosure of evidence which relates to its national security.

5. Before denying a request for assistance under paragraph 1 (l), the requested State shall consider whether the assistance can be provided subject to specified conditions, or whether the assistance can be provided at a later date or in an alternative manner, provided that if the Court or the Prosecutor accepts the assistance subject to conditions, the Court or the Prosecutor shall abide by them.

6. If a request for assistance is denied, the requested State Party shall promptly inform the Court or the Prosecutor of the reasons for such denial.

7. (a) *The Court may request the temporary transfer* of a person in custody for purposes of identification or for obtaining testimony or other assistance. The person may be transferred if the following conditions are fulfilled:

(i) The person freely gives his or her informed consent to the transfer; and

(ii) The requested State agrees to the transfer, subject to such conditions as that State and the Court may agree.

(b) The person being transferred shall remain in custody. When the purposes of the transfer have been fulfilled, the Court shall return the person without delay to the requested State.

8. (a) The Court shall ensure the confidentiality of documents and information, except as required for the investigation and proceedings described in the request.

(b) The requested State may, when necessary, transmit documents or information to the Prosecutor on a confidential basis. The Prosecutor may then use them solely for the purpose of generating new evidence.

(c) The requested State may, on its own motion or *at the request of the Prosecutor, subsequently* consent to the disclosure of such documents or information. They may then be used as evidence pursuant to the provisions of Parts 5 and 6 and in accordance with the Rules of Procedure and Evidence.

9. (a) (i) In the event that a State Party receives competing requests, other than for surrender or extradition, from the Court and from another State pursuant to an international obligation, the State

stólinn og hitt ríkið, leitast við að verða við beiðni beggja, ef þurfa þykir með því að fresta eða setja skilyrði fyrir annarri beiðninni eða báðum.

ii) Að öðrum kosti skal leysa úr fleiri en einni beiðni sem berast í samræmi við meginreglurnar sem settar eru fram í 90. gr.

b) Þegar beiðni dómstólsins lýtur hins vegar að upplýsingum, eignum eða mönnum sem falla undir stjórn þriðja ríkis eða alþjóðastofnunar samkvæmt alþjóðasamningi skulu ríkin, sem beiðni er beint til, upplýsa dómstólinn um það og beinir hann þá beiðninni til þriðja ríkisins eða alþjóðastofnunarinnar.

10. a) Dómstóllinn getur, sé þess óskað, haft samvinnu við og veitt aðildarríki aðstoð við rannsókn eða réttarhöld að því er varðar háttsemi sem telst vera glæpur sem fellur undir lögsögu dómstólsins eða er alvarlegur glæpur samkvæmt lögum ríkisins sem leggur fram beiðni.

b) i) Aðstoð, sem er veitt skv. a-lið, skal meðal annars felast í:

a. að senda greinargerðir, skjöl eða önnur sönnunargögn sem fengist hafa við rannsókn eða réttarhöld fyrir dómstólnum; og

b. að yfirheyra sérhvern þann mann sem hafður er í haldi að skipun dómstólsins.

ii) Þegar um er að ræða aðstoð skv. a-lið i-liðar í b-lið:

a. ef skjölin eða aðrar tegundir sönnunargagna eru fengin með aðstoð ríkis skal það ríki samþykkja sendinguna;

b. ef greinargerðirnar, skjölin eða aðrar tegundir sönnunargagna eru fengnar frá vitni eða sérfræðingi skal slík sending háð ákvæðum 68. gr.

c) Dómstóllinn getur, með þeim skilyrðum sem sett eru í þessari málsgrein, orðið við beiðni um aðstoð samkvæmt þessari málsgrein frá ríki sem ekki er aðili að þessari samþykkt.

94. gr.

Frestun framkvæmdar beiðni er varðar yfirstandandi rannsókn eða saksókn.

1. Ef tafarlaus framkvæmd beiðni gæti haft truflandi áhrif á yfirstandandi rannsókn eða saksókn annars máls en beiðnin lýtur að getur ríkið, sem beiðni er beint til, frestað framkvæmd beiðninnar í þann tíma sem um semst við dómstólinn. Þó skal frestunin eigi vera lengri en nauðsynlegt er til þess að ljúka viðkomandi rannsókn eða saksókn í ríkinu sem beiðni er beint til. Áður en ríkið, sem beiðni er beint

Party shall endeavour, in consultation with the Court and the other State, to meet both requests, if necessary by postponing or attaching conditions to one or the other request.

(ii) Failing that, competing requests shall be resolved in accordance with the principles established in article 90.

(b) Where, however, the request from the Court concerns information, property or persons which are subject to the control of a third State or an international organization by virtue of an international agreement, the requested States shall so inform the Court and the Court shall direct its request to the third State or international organization.

10. (a) The Court may, upon request, cooperate with and provide assistance to a State Party conducting an investigation into or trial in respect of conduct which constitutes a crime within the jurisdiction of the Court or which constitutes a serious crime under the national law of the requesting State.

(b) (i) The assistance provided under subparagraph (a) shall include, *inter alia*:

a. The transmission of statements, documents or other types of evidence obtained in the course of an investigation or a trial conducted by the Court; and

b. The questioning of any person detained by order of the Court;

(ii) In the case of assistance under subparagraph (b) (i) a:

a. If the documents or other types of evidence have been obtained with the assistance of a State, such transmission shall require the consent of that State;

b. If the statements, documents or other types of evidence have been provided by a witness or expert, such transmission shall be subject to the provisions of article 68.

(c) The Court may, under the conditions set out in this paragraph, grant a request for assistance under this paragraph from a State which is not a Party to this Statute.

Article 94

Postponement of execution of a request in respect of ongoing investigation or prosecution

1. If the immediate execution of a request would interfere with an ongoing investigation or prosecution of a case different from that to which the request relates, the requested State may postpone the execution of the request for a period of time agreed upon with the Court. However, the postponement shall be no longer than is necessary to complete the relevant investigation or prosecution in the requested State.

til, tekur ákvörðun um frestun skal það kanna hvort unnt sé að veita aðstoðina tafarlaust með tilteknum skilyrðum.

2. Ef tekin er ákvörðun um frestun skv. 1. mgr. getur saksóknari samt sem áður leitað eftir því að gerðar verði ráðstafanir til þess að varðveita sönnunargögn, í samræmi við j-lið 1. mgr. 93. gr.

95. gr.

Frestun framkvæmdar beiðni vegna kröfu um frávísun.

Ef dómstóllinn hefur kröfu um frávísun skv. 18. eða 19. gr. til umfjöllunar getur ríkið, sem beiðni er beint til, frestað framkvæmd beiðni samkvæmt þessum kafla á meðan beðið er ákvörðunar dómstólsins, nema dómstóllinn hafi sérstaklega mælt svo fyrir að saksóknara sé heimilt að halda áfram að safna slíkum sönnunargögnum skv. 18. eða 19. gr.

96. gr.

Efni beiðna um aðrar tegundir aðstoðar skv. 93. gr.

1. Beiðni um aðrar tegundir aðstoðar skv. 93. gr. skal vera skrifleg. Ef málið er brýnt má senda beiðni með hvers konar miðli sem getur komið henni skriflega til skila, að því tilskildu að beiðnin sé staðfest eftir þeim leiðum sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 87. gr.

2. Beiðnin skal, eftir því sem við á, innihalda, eða henni fylgja, eftirfarandi:

a) gagnorð greinargerð um tilganginn með beiðninni og umbeðinni aðstoð, þar með talið lagagrundvöllur hennar og ástæður fyrir beiðninni;

b) eins ítarlegar upplýsingar og unnt er um verustað eða auðkenni manns eða staðar sem þarf að finna eða staðfesta hver er svo að unnt sé að veita umbeðna aðstoð;

c) gagnorð greinargerð um mikilvægar staðreyndir sem beiðnin er grundvölluð á;

d) rökstudd og ítarleg greinargerð um skilyrði eða málsmeðferð sem þarf að fylgja;

e) upplýsingar sem kann að vera krafist samkvæmt lögum þess ríkis sem beiðni er beint til svo að unnt sé að verða við beiðninni; og

f) aðrar upplýsingar sem máli skipta svo að unnt sé að veita umbeðna aðstoð.

3. Að beiðni dómstólsins skal aðildarríki hafa samráð við dómstólinn annaðhvort almennt eða um sérstakt mál er varðar kröfur sem gerðar eru samkvæmt landslögum þess og kunna að eiga við skv. e-lið 2. mgr. Meðan á samráðinu stendur skal aðildarríkið upplýsa dómstólinn um hinar sérstöku kröfur í

Before making a decision to postpone, the requested State should consider whether the assistance may be immediately provided subject to certain conditions.

2. If a decision to postpone is taken pursuant to paragraph 1, the Prosecutor may, however, seek measures to preserve evidence, pursuant to article 93, paragraph 1 (j).

Article 95

Postponement of execution of a request in respect of an admissibility challenge

Where there is an admissibility challenge under consideration by the Court pursuant to article 18 or 19, the requested State may postpone the execution of a request under this Part pending a determination by the Court, unless the Court has specifically ordered that the Prosecutor may pursue the collection of such evidence pursuant to article 18 or 19.

Article 96

Contents of request for other forms of assistance under article 93

1. A request for other forms of assistance referred to in article 93 shall be made in writing. In urgent cases, a request may be made by any medium capable of delivering a written record, provided that the request shall be confirmed through the channel provided for in article 87, paragraph 1 (a).

2. The request shall, as applicable, contain or be supported by the following:

(a) A concise statement of the purpose of the request and the assistance sought, including the legal basis and the grounds for the request;

(b) As much detailed information as possible about the location or identification of any person or place that must be found or identified in order for the assistance sought to be provided;

(c) A concise statement of the essential facts underlying the request;

(d) The reasons for and details of any procedure or requirement to be followed;

(e) Such information as may be required under the law of the requested State in order to execute the request; and

(f) Any other information relevant in order for the assistance sought to be provided.

3. Upon the request of the Court, a State Party shall consult with the Court, either generally or with respect to a specific matter, regarding any requirements under its national law that may apply under paragraph 2 (e). During the consultations, the State Party shall advise the Court of the specific require-

landslögum þess.

4. Ákvæði þessarar greinar skulu einnig gilda, eftir því sem við á, fái dómstóllinn beiðni um aðstoð.

97. gr.

Samráð.

Ef aðildarríki fær beiðni samkvæmt þessum kafla sem það sér að kunni að hafa í för með sér vandamál sem gætu torveldað eða komið í veg fyrir að unnt sé að verða við beiðninni skal viðkomandi ríki tafarlaust hafa samráð við dómstólinn til þess að leysa málið. Slík vandamál geta meðal annars falist í:

a) því að ekki liggi fyrir nægar upplýsingar til að unnt sé að verða við beiðninni;

b) þegar um beiðni um afhendingu er að ræða, þeirri staðreynd að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur ekki tekist að finna manninn sem leitað er eða að rannsókn hefur leitt í ljós að maðurinn í ríkinu, sem beiðni er beint til, er bersýnilega ekki sá sem nafngreindur er í handtökuskipuninni; eða

c) því að framkvæmd beiðninnar í núverandi formi myndi leiða til þess að ríkið, sem beiðni er beint til, neyddist til að rjúfa samningsskuldbindingar sem það hefur áður tekist á hendur gagnvart öðru ríki.

98. gr.

Samstarf um afsal á friðhelgi og samþykki fyrir afhendingu.

1. Dómstóllinn getur ekki lagt fram beiðni um afhendingu eða aðstoð sem hefði í för með sér að ríkið, sem beiðni er beint til, yrði að gera eitthvað sem ósamrýmanlegt væri skuldbindingum þess að þjóðarétti að því er varðar ríkisfriðhelgi eða diplómatíska friðhelgi manns eða eigna frá þriðja ríki, nema dómstóllinn hafi áður samið við þriðja ríkið um afsal á friðhelgi.

2. Dómstóllinn getur ekki lagt fram beiðni um afhendingu sem hefði í för með sér að ríkið, sem beiðni er beint til, þyrfti að gera eitthvað sem ósamrýmanlegt væri skuldbindingum þess samkvæmt alþjóðasamningum þar sem krafist er samþykkis sendingarríkisins fyrir því að afhenda dómstólnum mann frá því ríki, nema dómstóllinn hafi áður fengið samþykki sendingarríkisins fyrir afhendingunni.

99. gr.

Framkvæmd beiðna skv. 93. og 96. gr.

1. Beiðni um aðstoð skal framkvæmd í samræmi við viðeigandi málsmeðferð samkvæmt lögum ríkisins sem beiðni er beint til og, nema bannað sé í þeim lögum, á þann hátt sem tiltekið er í beiðninni, þar

ments of its national law.

4. The provisions of this article shall, where applicable, also apply in respect of a request for assistance made to the Court.

Article 97

Consultations

Where a State Party receives a request under this Part in relation to which it identifies problems which may impede or prevent the execution of the request, that State shall consult with the Court without delay in order to resolve the matter. Such problems may include, *inter alia*:

(a) Insufficient information to execute the request;

(b) In the case of a request for surrender, the fact that despite best efforts, the person sought cannot be located or that the investigation conducted has determined that the person in the requested State is clearly not the person named in the warrant; or

(c) The fact that execution of the request in its current form would require the requested State to breach a pre-existing treaty obligation undertaken with respect to another State.

Article 98

Cooperation with respect to waiver of immunity and consent to surrender

1. The Court may not proceed with a request for surrender or assistance which would require the requested State to act inconsistently with its obligations under international law with respect to the State or diplomatic immunity of a person or property of a third State, unless the Court can first obtain the cooperation of that third State for the waiver of the immunity.

2. The Court may not proceed with a request for surrender which would require the requested State to act inconsistently with its obligations under international agreements pursuant to which the consent of a sending State is required to surrender a person of that State to the Court, unless the Court can first obtain the cooperation of the sending State for the giving of consent for the surrender.

Article 99

Execution of requests under articles 93 and 96

1. Requests for assistance shall be executed in accordance with the relevant procedure under the law of the requested State and, unless prohibited by such law, in the manner specified in the request, including

með talið að fylgja þeirri málsmeðferð sem þar greinir eða leyfa mönnum, sem tilgreindir eru í beiðninni, að vera viðstaddir og hjálpa til við framkvæmd beiðninnar.

2. Ef efni beiðninnar er brýnt skal, að beiðni dómstólsins, tafarlaust senda skjölin eða sönnunargögnin sem eru svar við beiðni dómstólsins.

3. Svör ríkisins, sem beiðni er beint til, skulu send á frummálinu og í upprunalegu formi.

4. Með fyrirvara um aðrar greinar þessa kafla, og þegar slíkt reynist nauðsynlegt fyrir árangursríka framkvæmd beiðni sem unnt er að verða við án þess að grípa til þvingunarráðstafana, sérstaklega þegar um er að ræða að hlusta á eða fá vitnisburð gefinn af frjálsum vilja, þar með talið einnig án nærveru yfirvalda aðildarríkisins sem beiðni er beint til ef það hefur úrslitaþýðingu til að beiðnin verði framkvæmd, eða þegar um er ræða að rannsaka vettvang á almannafæri eða annan opinberan stað án þess að breyta þar neinu, getur saksóknari sjálfur látið framkvæma slíka beiðni á yfirráðasvæði ríkis sem hér segir:

a) Þegar aðildarríki, sem beiðni er beint til, ræður því yfirráðasvæði þar sem ætlað er að glæpurinn hafi verið framinn og úrskurðað hefur verið að málið sé tækt til meðferðar skv. 18. eða 19. gr. getur saksóknari sjálfur látið framkvæma beiðnina eftir að hafa haft eins náið samráð við aðildarríkið, sem beiðni er beint til, og unnt er.

b) Í öðrum tilvikum getur saksóknari látið framkvæma slíka beiðni að höfðu samráði við aðildarríkið, sem beiðni er beint til, og eftir að hafa tekið tillit til allra eðlilegra skilyrða eða efasemda af hálfu aðildarríkisins. Þegar aðildarríki, sem beiðni er beint til, sér annmarka á að framkvæma beiðni samkvæmt þessum lið skal það þegar í stað hafa samráð við dómstólinn til þess að leysa málið.

5. Ákvæði um að manni, sem er yfirheyrður eða rannsakaður af dómstólnum skv. 72. gr., sé heimilt að skírskota til takmarkana, sem miða að því að koma í veg fyrir að birtar verði trúnaðarupplýsingar sem tengjast öryggi ríkis, eiga einnig við um framkvæmd beiðna um aðstoð samkvæmt þessari grein.

100. gr.

Kostnaður.

1. Almenn útgjöld í tengslum við framkvæmd beiðna á yfirráðasvæðis ríkis, sem beiðni er beint til, falla á það ríki, að frátöldum eftirfarandi útgjöldum sem skulu greidd af dómstólnum:

following any procedure outlined therein or permitting persons specified in the request to be present at and assist in the execution process.

2. In the case of an urgent request, the documents or evidence produced in response shall, at the request of the Court, be sent urgently.

3. Replies from the requested State shall be transmitted in their original language and form.

4. Without prejudice to other articles in this Part, where it is necessary for the successful execution of a request which can be executed without any compulsory measures, including specifically the interview of or taking evidence from a person on a voluntary basis, including doing so without the presence of the authorities of the requested State Party if it is essential for the request to be executed, and the examination without modification of a public site or other public place, the Prosecutor may execute such request directly on the territory of a State as follows:

(a) When the State Party requested is a State on the territory of which the crime is alleged to have been committed, and there has been a determination of admissibility pursuant to article 18 or 19, the Prosecutor may directly execute such request following all possible consultations with the requested State Party;

(b) In other cases, the Prosecutor may execute such request following consultations with the requested State Party and subject to any reasonable conditions or concerns raised by that State Party. Where the requested State Party identifies problems with the execution of a request pursuant to this subparagraph it shall, without delay, consult with the Court to resolve the matter.

5. Provisions allowing a person heard or examined by the Court under article 72 to invoke restrictions designed to prevent disclosure of confidential information connected with national security shall also apply to the execution of requests for assistance under this article.

Article 100

Costs

1. The ordinary costs for execution of requests in the territory of the requested State shall be borne by that State, except for the following, which shall be borne by the Court:

a) útgjöld vegna ferða og öryggisgæslu vitna og sérfræðinga eða flutnings skv. 93. gr. á mönnum sem eru í gæslu;
b) útgjöld vegna þýðingar, túlkunar og umritunar;

c) ferða- og uppihaldskostnaður dómara, saksóknara, varasaksóknara, dómritara, varadómritara og starfsliðs starfseininga dómstólsins;

d) útgjöld vegna álitsgerða eða skýrslna sérfræðinga sem dómstóllinn fer fram á að fá;
e) útgjöld sem tengjast flutningi manns sem gæsluríki afhendir dómstólnum; og

f) að höfðu samráði, aukaútgjöld sem framkvæmd á beiðni kann að hafa í för með sér.
2. Ákvæði 1. mgr. skulu, eftir því sem við á, taka til beiðna sem aðildarríki senda dómstólnum. Í slíkum tilvikum skal dómstóllinn standa straum af almennum útgjöldum vegna framkvæmdar beiðna.

(a) Costs associated with the travel and security of witnesses and experts or the transfer under article 93 of persons in custody;
(b) Costs of translation, interpretation and transcription;
(c) Travel and subsistence costs of the judges, the Prosecutor, the Deputy Prosecutors, the Registrar, the Deputy Registrar and staff of any organ of the Court;
(d) Costs of any expert opinion or report requested by the Court;
(e) Costs associated with the transport of a person being surrendered to the Court by a custodial State; and
(f) Following consultations, any extraordinary costs that may result from the execution of a request.
2. The provisions of paragraph 1 shall, as appropriate, apply to requests from States Parties to the Court. In that case, the Court shall bear the ordinary costs of execution.

101. gr.
Sérregla.

1. Maður, sem afhentur er dómstólnum samkvæmt þessari samþykkt, skal hvorki saksóttur, sæta refsingu né settur í varðhald vegna háttsemi sem hann gerðist sekur um fyrir afhendingu, annarrar en háttseminnar sem liggur til grundvallar glæpunum sem hann var afhentur fyrir.
2. Dómstóllinn getur leitað eftir undanþágu frá kröfum 1. mgr. hjá ríkinu sem afhenti dómstólnum manninn og skal dómstóllinn, ef þörf krefur, veita viðbótarupplýsingar í samræmi við 91. gr. Aðildarríkin hafa heimild til þess að veita dómstólnum undanþágu og skulu leitast við að gera það.

Article 101
Rule of speciality

1. A person surrendered to the Court under this Statute shall not be proceeded against, punished or detained for any conduct committed prior to surrender, other than the conduct or course of conduct which forms the basis of the crimes for which that person has been surrendered.
2. The Court may request a waiver of the requirements of paragraph 1 from the State which surrendered the person to the Court and, if necessary, the Court shall provide additional information in accordance with article 91. States Parties shall have the authority to provide a waiver to the Court and should endeavour to do so.

102. gr.
Hugtakanotkun.

Í þessari samþykkt er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
a) „afhending" merkir að ríki afhendi dómstólnum mann samkvæmt þessari samþykkt;
b) „framsal" merkir að ríki afhendi öðru ríki mann samkvæmt alþjóðasamningi eða landslögum.

Article 102
Use of terms

For the purposes of this Statute:

(a) "surrender" means the delivering up of a person by a State to the Court, pursuant to this Statute;
(b) "extradition" means the delivering up of a person by one State to another as provided by treaty, convention or national legislation.

10. kafli: Fullnusta.

103. gr.
Hlutverk ríkja við fullnustu fangelsisdóma.

1. a) Fangelsisdómur skal afplánaður í ríki sem

PART 10. ENFORCEMENT
Article 103
Role of States in enforcement of sentences of imprisonment

1. (a) A sentence of imprisonment shall be served

dómstóllinn tilnefnir af skrá yfir ríki sem hafa tilkynnt dómstólnum að þau séu reiðubúin til að taka við dæmdum mönnum.

b) Þegar ríki lýsir yfir vilja sínum til þess að taka við dæmdum mönnum getur það sett skilyrði fyrir samþykki sínu sem þurfa að hljóta samþykki dómstólsins og vera í samræmi við þennan kafla.

c) Ríki, sem er tilnefnt í tilteknu máli, skal þegar í stað tilkynna dómstólnum hvort það samþykkir tilnefningu dómstólsins.

2. a) Fullnusturíkið skal tilkynna dómstólnum um hverjar þær aðstæður sem gætu haft umtalsverð áhrif á skilmála eða tímalengd fangelsisvistunar, þar á meðal beitingu skilyrða sem kunna að hafa verið samþykkt skv. 1. mgr. Skal dómstóllinn fá að vita um fyrir fram þekktar eða fyrirsjáanlegar aðstæður með að minnsta kosti 45 daga fyrirvara. Á meðan skal fullnusturíkið ekki hafast neitt það að sem gæti haft áhrif á skuldbindingar þess skv. 110. gr.

b) Ef dómstóllinn getur ekki samþykkt aðstæður sem um getur í a-lið skal hann tilkynna fullnusturíkinu það og halda áfram í samræmi við 1. mgr. 104. gr.

3. Þegar dómstóllinn tilnefnir ríki að eigin vali skv. 1. mgr. skal hann taka mið af eftirfarandi:

a) meginreglunni um að aðildarríkin skuli deila ábyrgðinni á fullnustu fangelsisdóma í samræmi við meginreglurnar um sanngjarna skiptingu, eins og kveðið er á um í reglunum um málsmeðferð og sönnun;

b) almennt viðurkenndum viðmiðunarreglum alþjóðasamninga sem lúta að meðferð fanga;

c) sjónarmiðum hins dæmda;

d) þjóðerni hins dæmda;

e) öðrum atriðum er varða aðstæður við glæpinn eða hagi hins dæmda, eða skilvirka fullnustu refsingarinnar eftir því sem við á, þegar fullnusturíkið er tilnefnt.

4. Ef ekkert ríki er tilnefnt skv. 1. mgr. skal fangelsisdómurinn afplánaður í fangelsi sem gistiríkið leggur til, í samræmi við skilyrði þau sem sett eru í samningnum um höfuðstöðvar sem um getur í 2. mgr. 3. gr. Í því tilviki fellur kostnaður vegna fullnustu fangelsisdóms á dómstólinn.

104. gr.

Tilnefningu fullnusturíkis breytt.

1. Dómstóllinn getur hvenær sem er ákveðið að flytja dæmdan mann til fangelsis í öðru ríki.

in a State designated by the Court from a list of States which have indicated to the Court their willingness to accept sentenced persons.

(b) At the time of declaring its willingness to accept sentenced persons, a State may attach conditions to its acceptance as agreed by the Court and in accordance with this Part.

(c) A State designated in a particular case shall promptly inform the Court whether it accepts the Court's designation.

2. (a) The State of enforcement shall notify the Court of any circumstances, including the exercise of any conditions agreed under paragraph 1, which could materially affect the terms or extent of the imprisonment. The Court shall be given at least 45 days' notice of any such known or foreseeable circumstances. During this period, the State of enforcement shall take no action that might prejudice its obligations under article 110.

(b) Where the Court cannot agree to the circumstances referred to in subparagraph (a), it shall notify the State of enforcement and proceed in accordance with article 104, paragraph 1.

3. In exercising its discretion to make a designation under paragraph 1, the Court shall take into account the following:

(a) The principle that States Parties should share the responsibility for enforcing sentences of imprisonment, in accordance with principles of equitable distribution, as provided in the Rules of Procedure and Evidence;

(b) The application of widely accepted international treaty standards governing the treatment of prisoners;

(c) The views of the sentenced person;

(d) The nationality of the sentenced person;

(e) Such other factors regarding the circumstances of the crime or the person sentenced, or the effective enforcement of the sentence, as may be appropriate in designating the State of enforcement.

4. If no State is designated under paragraph 1, the sentence of imprisonment shall be served in a prison facility made available by the host State, in accordance with the conditions set out in the headquarters agreement referred to in article 3, paragraph 2. In such a case, the costs arising out of the enforcement of a sentence of imprisonment shall be borne by the Court.

Article 104

Change in designation of State of enforcement

1. The Court may, at any time, decide to transfer a sentenced person to a prison of another State.

2. Dæmdur maður getur hvenær sem er sótt um til dómstólsins að vera fluttur frá fullnusturíkinu.

2. A sentenced person may, at any time, apply to the Court to be transferred from the State of enforcement.

105. gr.
Fullnusta dómsins.

1. Með fyrirvara um skilyrði, sem ríki kann að hafa sett í samræmi við b-lið 1. mgr. 103. gr., er fangelsisdómur bindandi fyrir aðildarríkin og geta þau ekki undir neinum kringumstæðum breytt honum.

2. Dómstóllinn hefur einn rétt til þess að úrskurða um umsókn um áfrýjun og endurupptöku. Fullnusturíkið skal ekki koma í veg fyrir að dæmdur maður sendi inn slíka umsókn.

Article 105
Enforcement of the sentence

1. Subject to conditions which a State may have specified in accordance with article 103, paragraph 1 (b), the sentence of imprisonment shall be binding on the States Parties, which shall in no case modify it.

2. The Court alone shall have the right to decide any application for appeal and revision. The State of enforcement shall not impede the making of any such application by a sentenced person.

106. gr.
Eftirlit með fullnustu refsidóma og aðstæður í afplánun.

1. Fullnusta fangelsisdóms skal háð eftirliti dómstólsins og vera í samræmi við almennt viðurkennda staðla í alþjóðasamningum sem lúta að meðferð fanga.

2. Um aðstæður í afplánun skal fara eftir lögum fullnusturíkisins og skulu þær vera í samræmi við almennt viðurkenndar viðmiðunarreglur í alþjóðasamningum sem lúta að meðferð fanga. Skulu þær hvorki vera betri né verri en þær aðstæður sem búnar eru föngum sem dæmdir eru fyrir svipuð brot í fullnusturíkinu.

3. Samskipti dæmds manns og dómstólsins skulu vera óhindruð og bundin trúnaði.

Article 106
Supervision of enforcement of sentences and conditions of imprisonment

1. The enforcement of a sentence of imprisonment shall be subject to the supervision of the Court and shall be consistent with widely accepted international treaty standards governing treatment of prisoners.

2. The conditions of imprisonment shall be governed by the law of the State of enforcement and shall be consistent with widely accepted international treaty standards governing treatment of prisoners; in no case shall such conditions be more or less favourable than those available to prisoners convicted of similar offences in the State of enforcement.

3. Communications between a sentenced person and the Court shall be unimpeded and confidential.

107. gr.
Flutningur manns að lokinni afplánun.

1. Að afplánun lokinni má, í samræmi við lög fullnusturíkisins, flytja mann, sem er ekki ríkisborgari í fullnusturíkinu, til ríkis sem er skylt að taka við honum, eða til annars ríkis sem fellst á að taka við honum, að teknu tilliti til óska mannsins sem á að flytja til viðkomandi ríkis, nema fullnusturíkið heimili manninum að vera áfram á yfirráðasvæði sínu.

2. Ef ekkert ríki ber kostnaðinn af flutningi mannsins til annars ríkis skv. 1. mgr. skal dómstóllinn bera þann kostnað.

3. Með fyrirvara um ákvæði 108. gr. getur fullnusturíkið einnig, í samræmi við landslög sín, framselt eða afhent manninn á annan hátt til ríkis sem hefur óskað eftir framsali eða afhendingu hans til

Article 107
Transfer of the person upon completion of sentence

1. Following completion of the sentence, a person who is not a national of the State of enforcement may, in accordance with the law of the State of enforcement, be transferred to a State which is obliged to receive him or her, or to another State which agrees to receive him or her, taking into account any wishes of the person to be transferred to that State, unless the State of enforcement authorizes the person to remain in its territory.

2. If no State bears the costs arising out of transferring the person to another State pursuant to paragraph 1, such costs shall be borne by the Court.

3. Subject to the provisions of article 108, the State of enforcement may also, in accordance with its national law, extradite or otherwise surrender the person to a State which has requested the extradition or

þess að kalla hann fyrir rétt eða til fullnustu dóms.

108. gr.
Takmörkun á saksókn eða refsingu fyrir önnur brot.

1. Dæmdur maður, sem er í haldi í fullnusturíki, skal ekki sæta saksókn eða refsingu, né heldur framsali til þriðja ríkis fyrir háttsemi sem hann gerist sekur um áður en hann er afhentur fullnusturíkinu, nema dómstóllinn hafi samþykkt saksóknina, refsinguna eða framsalið að beiðni fullnusturíkisins.

2. Dómstóllinn skal úrskurða í málinu er hann hefur hlýtt á sjónarmið hins dæmda.

3. Ákvæði 1. mgr. gildir ekki lengur ef hinn dæmdi dvelst af frjálsum vilja lengur en 30 daga á yfirráðasvæði fullnusturíkisins eftir að hann hefur afplánað að fullu þá refsingu sem dómstóllinn dæmdi hann í eða ef hann snýr aftur til yfirráðasvæðis þess ríkis eftir að hafa yfirgefið það.

109. gr.
Fullnusta sektarákvarðana og eignaupptaka.

1. Aðildarríkin skulu láta sektir eða eignaupptöku, sem dómstóllinn mælir fyrir um skv. 7. kafla, koma til framkvæmda, að óskertum réttindum þriðju aðila í góðri trú og í samræmi við málsmeðferð samkvæmt landslögum þeirra hvers um sig.

2. Ef aðildarríki getur ekki framkvæmt ákvörðun dómstólsins um eignaupptöku skal það gera ráðstafanir til að endurheimta jafnviði hagnaðar eða eigna sem dómstóllinn hefur mælt fyrir um upptöku á, að óskertum réttindum þriðju aðila í góðri trú.

3. Flytja skal til dómstólsins eignir eða hagnað af sölu fasteigna eða, eftir því sem við á, sölu annarra eigna sem aðildarríki hefur fengið í vörslur sínar í kjölfar fullnustu á ákvörðun dómstólsins.

110. gr.
Endurskoðun dómstólsins til eftirgjafar refsingar.

1. Fullnusturíkið skal ekki láta mann lausan fyrr en hann hefur afplánað að fullu refsingu þá sem dómstóllinn dæmdi hann í.

2. Dómstóllinn einn hefur rétt til að taka ákvörðun um eftirgjöf refsingar og skal hann úrskurða í málinu eftir að hann hefur hlýtt á viðkomandi.

3. Þegar maður hefur afplánað tvo þriðju hluta refsingarinnar, eða 25 ár ef um er að ræða lífstíðarfangelsi, skal dómstóllinn endurskoða dóminn til að

surrender of the person for purposes of trial or enforcement of a sentence.

Article 108
Limitation on the prosecution or punishment of other offences

1. A sentenced person in the custody of the State of enforcement shall not be subject to prosecution or punishment or to extradition to a third State for any conduct engaged in prior to that person's delivery to the State of enforcement, unless such prosecution, punishment or extradition has been approved by the Court at the request of the State of enforcement.

2. The Court shall decide the matter after having heard the views of the sentenced person.

3. Paragraph 1 shall cease to apply if the sentenced person remains voluntarily for more than 30 days in the territory of the State of enforcement after having served the full sentence imposed by the Court, or returns to the territory of that State after having left it.

Article 109
Enforcement of fines and forfeiture measures

1. States Parties shall give effect to fines or forfeitures ordered by the Court under Part 7, without prejudice to the rights of bona fide third parties, and in accordance with the procedure of their national law.

2. If a State Party is unable to give effect to an order for forfeiture, it shall take measures to recover the value of the proceeds, property or assets ordered by the Court to be forfeited, without prejudice to the rights of bona fide third parties.

3. Property, or the proceeds of the sale of real property or, where appropriate, the sale of other property, which is obtained by a State Party as a result of its enforcement of a judgement of the Court shall be transferred to the Court.

Article 110
Review by the Court concerning reduction of sentence

1. The State of enforcement shall not release the person before expiry of the sentence pronounced by the Court.

2. The Court alone shall have the right to decide any reduction of sentence, and shall rule on the matter after having heard the person.

3. When the person has served two thirds of the sentence, or 25 years in the case of life imprisonment, the Court shall review the sentence to deter-

ákvarða hvort veita skuli eftirgjöf refsingar. Slík endurskoðun skal ekki fara fram fyrir þann tíma.

4. Við endurskoðun skv. 3. mgr. getur dómstóllinn tekið ákvörðun um eftirgjöf refsingar ef hann álítur að eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum séu fyrir hendi:

a) að maðurinn hafi fljótlega og staðfastlega sýnt vilja til samstarfs við dómstólinn við rannsókn og saksókn;

b) að maðurinn hafi af frjálsum vilja aðstoðað við fullnustu dóma og fyrirmæla dómstólsins í öðrum málum, einkum hafi hann aðstoðað við að finna eignir sem falla undir sektarákvarðanir, eignaupptöku eða skaðabætur og nota má í þágu fórnarlamba; eða

c) aðrir þættir sýna greinilega mikið breyttar aðstæður sem nægja til að réttlæta eftirgjöf refsingar eins og kveðið er á um í reglunum um málsmeðferð og sönnun.

5. Ef dómstóllinn ákveður við fyrstu endurskoðun sína skv. 3. mgr. að ekki sé rétt að veita eftirgjöf refsingar skal hann eftir það endurmeta hvort til eftirgjafar refsingar geti komið með því millibili og með hliðsjón af þeim viðmiðum sem kveðið er á um í reglunum um málsmeðferð og sönnun.

111. gr.
Strok.

Ef sakfelldur maður strýkur úr haldi og flýr frá fullnusturíkinu getur það ríki, að höfðu samráði við dómstólinn, farið fram á að ríkið þar sem maðurinn er niðurkominn afhendi hann samkvæmt gildandi tvíhliða eða marghliða samkomulagi, eða það getur farið fram á að dómstóllinn leiti eftir því að fá manninn afhentan í samræmi við 9. kafla. Dómstóllinn getur ákveðið að maðurinn verði afhentur ríkinu sem hann afplánaði refsinguna í eða öðru ríki sem dómstóllinn tilnefnir.

11. kafli: Þing aðildarríkjanna.

112. gr.
Þing aðildarríkjanna.

1. Þing ríkja, sem aðild eiga að þessari samþykkt, er hér með stofnað. Hvert aðildarríki skal eiga einn fulltrúa á þinginu og með honum mega vera varamenn og ráðgjafar. Öðrum ríkjum, sem hafa undirritað þessa samþykkt eða lokagerðina, er heimilt að hafa áheyrnarfulltrúa á þinginu.

2. Þingið skal:

a) fjalla um og samþykkja, eftir því sem við á, tilmæli undirbúningsnefndarinnar;

mine whether it should be reduced. Such a review shall not be conducted before that time.

4. In its review under paragraph 3, the Court may reduce the sentence if it finds that one or more of the following factors are present:

(a) The early and continuing willingness of the person to cooperate with the Court in its investigations and prosecutions;

(b) The voluntary assistance of the person in enabling the enforcement of the judgements and orders of the Court in other cases, and in particular providing assistance in locating assets subject to orders of fine, forfeiture or reparation which may be used for the benefit of victims; or

(c) Other factors establishing a clear and significant change of circumstances sufficient to justify the reduction of sentence, as provided in the Rules of Procedure and Evidence.

5. If the Court determines in its initial review under paragraph 3 that it is not appropriate to reduce the sentence, it shall thereafter review the question of reduction of sentence at such intervals and applying such criteria as provided for in the Rules of Procedure and Evidence.

Article 111
Escape

If a convicted person escapes from custody and flees the State of enforcement, that State may, after consultation with the Court, request the person's surrender from the State in which the person is located pursuant to existing bilateral or multilateral arrangements, or may request that the Court seek the person's surrender, in accordance with Part 9. It may direct that the person be delivered to the State in which he or she was serving the sentence or to another State designated by the Court.

PART 11. ASSEMBLY OF STATES PARTIES

Article 112
Assembly of States Parties

1. An Assembly of States Parties to this Statute is hereby established. Each State Party shall have one representative in the Assembly who may be accompanied by alternates and advisers. Other States which have signed this Statute or the Final Act may be observers in the Assembly.

2. The Assembly shall:

(a) Consider and adopt, as appropriate, recommendations of the Preparatory Commission;

b) móta almenna stefnu dómstjórnarinnar, saksóknara og dómritara í stjórnsýslu dómstólsins;

c) fjalla um skýrslur og starfsemi skrifstofunnar sem komið er á fót skv. 3. mgr. og gera viðeigandi ráðstafanir þar að lútandi;

d) fjalla um og ganga frá fjárhagsáætlun dómstólsins;

e) ákveða hvort breyta eigi, í samræmi við 36. gr., fjölda dómara;

f) fjalla, skv. 5. og 7. mgr. 87. gr., um öll mál er varða skort á samvinnu;

g) inna af hendi hvers konar störf önnur sem samrýmanleg eru þessari samþykkt eða reglunum um málsmeðferð og sönnun.

3. a) Þingið skal hafa skrifstofu með einum forseta, tveimur varaforsetum og 18 fulltrúum sem þingið kýs til þriggja ára.

b) Skrifstofan skal vera dæmigerð, einkum að því er varðar landfræðilega dreifingu fulltrúa og rétt er að helstu réttarkerfi í heiminum eigi þar fulltrúa.

c) Skrifstofan skal halda fundi eins oft og þurfa þykir, þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári. Hún skal vera þinginu til aðstoðar við þingstörfin.

4. Þingið getur, ef nauðsyn ber til, komið á fót undirstofnunum, þar á meðal kerfi til að hafa með höndum sjálfstætt eftirlit, mat og rannsókn á dómstólnum til þess að auka skilvirkni hans og fjárhagslega hagkvæmni.

5. Forseti dómstólsins, saksóknari og dómritari eða fulltrúar þeirra mega, eftir atvikum, sitja fundi þingsins og skrifstofunnar.

6. Þingið skal koma saman á aðsetri dómstólsins eða í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna einu sinni á ári og halda aukaþing ef aðstæður krefjast þess. Skrifstofan skal kalla saman aukaþing að eigin frumkvæði eða að beiðni þriðjungs aðildarríkjanna, nema kveðið sé á um annað í samþykkt þessari.

7. Hvert aðildarríki skal hafa eitt atkvæði. Leggja skal áherslu á að ákvarðanir séu samþykktar samhljóða á þinginu og á skrifstofunni. Ef ekki fæst samhljóða samþykki skal eftirfarandi háttur hafður á, nema kveðið sé á um annað í samþykktinni:

a) Ákvarðanir um efnisatriði skulu teknar með atkvæðum tveggja þriðju hluta fulltrúanna sem eru viðstaddir og greiða atkvæði en skilyrði fyrir ályktunarhæfi við atkvæðagreiðsluna er að hreinn meiri hluti fulltrúa aðildarríkjanna sé viðstaddur.

b) Ákvarðanir um málsmeðferð skulu teknar með

(b) Provide management oversight to the Presidency, the Prosecutor and the Registrar regarding the administration of the Court;

(c) Consider the reports and activities of the Bureau established under paragraph 3 and take appropriate action in regard thereto;

(d) Consider and decide the budget for the Court;

(e) Decide whether to alter, in accordance with article 36, the number of judges;

(f) Consider pursuant to article 87, paragraphs 5 and 7, any question relating to non-cooperation;

(g) Perform any other function consistent with this Statute or the Rules of Procedure and Evidence.

3. (a) The Assembly shall have a Bureau consisting of a President, two Vice-Presidents and 18 members elected by the Assembly for three-year terms.

(b) The Bureau shall have a representative character, taking into account, in particular, equitable geographical distribution and the adequate representation of the principal legal systems of the world.

(c) The Bureau shall meet as often as necessary, but at least once a year. It shall assist the Assembly in the discharge of its responsibilities.

4. The Assembly may establish such subsidiary bodies as may be necessary, including an independent oversight mechanism for inspection, evaluation and investigation of the Court, in order to enhance its efficiency and economy.

5. The President of the Court, the Prosecutor and the Registrar or their representatives may participate, as appropriate, in meetings of the Assembly and of the Bureau.

6. The Assembly shall meet at the seat of the Court or at the Headquarters of the United Nations once a year and, when circumstances so require, hold special sessions. Except as otherwise specified in this Statute, special sessions shall be convened by the Bureau on its own initiative or at the request of one third of the States Parties.

7. Each State Party shall have one vote. Every effort shall be made to reach decisions by consensus in the Assembly and in the Bureau. If consensus cannot be reached, except as otherwise provided in the Statute:

(a) Decisions on matters of substance must be approved by a two-thirds majority of those present and voting provided that an absolute majority of States Parties constitutes the quorum for voting;

(b) Decisions on matters of procedure shall be

einföldum meiri hluta atkvæða þeirra fulltrúa aðildarríkjanna sem eru viðstaddir og greiða atkvæði.

8. Aðildarríki, sem er í vanskilum með greiðslur fjárframlaga vegna kostnaðar við dómstólinn, skal hvorki hafa atkvæðisrétt á þinginu né á skrifstofunni ef fjárhæðin, sem það skuldar, er jafnhá eða hærri en framlag þess hefði átt að vera tvö næstliðin ár. Þó getur þingið heimilað aðildarríki að greiða atkvæði á þinginu og á skrifstofunni ef þinginu þykir sýnt að ástæður þess að aðildarríkið greiðir ekki skuldir sínar eru ekki á valdi þess.

9. Þingið setur sér málsmeðferðarreglur.

10. Opinber tungumál og vinnumál þingsins skulu vera hin sömu og á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

12. kafli: Fjármögnun.

113. gr.

Fjárhagsreglugerðir.

Um öll fjármál, sem tengjast dómstólnum og fundum þings aðildarríkjanna, þar með talið skrifstofu þess og undirstofnunum, fer eftir þessari samþykkt og fjárhagsreglugerðum og -reglum sem þing aðildarríkjanna hefur samþykkt, nema sérstaklega sé kveðið á um annað.

114. gr.

Greiðsla útgjalda.

Útgjöld dómstólsins og þings aðildarríkjanna, þar með talið skrifstofu þess og undirstofnana, skulu greidd úr sjóðum dómstólsins.

115. gr.

Sjóðir dómstólsins og þings aðildarríkjanna.

Útgjöld dómstólsins og þings aðildarríkjanna, þar með talið skrifstofu þess og undirstofnana, eins og kveðið er á um í fjárhagsáætlun sem þing aðildarríkjanna ákveður, skulu greiðast með:

a) föstum framlögum aðildarríkjanna;

b) fé úr sjóðum Sameinuðu þjóðanna, með fyrirvara um samþykki allsherjarþingsins, einkum að því er varðar útgjöld sem leiðir af tilvísunum til aðstæðna frá öryggisráðinu.

116. gr.

Frjáls framlög.

Með fyrirvara um 115. gr. getur dómstóllinn tekið við og notað sem viðbótarsjóði frjáls framlög frá ríktaken by a simple majority of States Parties present and voting.

8. A State Party which is in arrears in the payment of its financial contributions towards the costs of the Court shall have no vote in the Assembly and in the Bureau if the amount of its arrears equals or exceeds the amount of the contributions due from it for the preceding two full years. The Assembly may, nevertheless, permit such a State Party to vote in the Assembly and in the Bureau if it is satisfied that the failure to pay is due to conditions beyond the control of the State Party.

9. The Assembly shall adopt its own rules of procedure.

10. The official and working languages of the Assembly shall be those of the General Assembly of the United Nations.

PART 12. FINANCING

Article 113

Financial Regulations

Except as otherwise specifically provided, all financial matters related to the Court and the meetings of the Assembly of States Parties, including its Bureau and subsidiary bodies, shall be governed by this Statute and the Financial Regulations and Rules adopted by the Assembly of States Parties.

Article 114

Payment of expenses

Expenses of the Court and the Assembly of States Parties, including its Bureau and subsidiary bodies, shall be paid from the funds of the Court.

Article 115

Funds of the Court and of the Assembly of States Parties

The expenses of the Court and the Assembly of States Parties, including its Bureau and subsidiary bodies, as provided for in the budget decided by the Assembly of States Parties, shall be provided by the following sources:

(a) Assessed contributions made by States Parties;

(b) Funds provided by the United Nations, subject to the approval of the General Assembly, in particular in relation to the expenses incurred due to referrals by the Security Council.

Article 116

Voluntary contributions

Without prejudice to article 115, the Court may receive and utilize, as additional funds, voluntary con-

isstjórnum, alþjóðastofnunum, einstaklingum, fyrirtækjum og öðrum aðilum, í samræmi við viðeigandi viðmið sem þing aðildarríkjanna samþykkir.

117. gr.
Framlög ákveðin.

Framlög aðildarríkjanna skulu ákveðin í samræmi við samþykkta kvarða um kostnaðarskiptingu sem er byggð á þeim kvarða sem Sameinuðu þjóðirnar hafa samþykkt fyrir fasta fjárhagsáætlun sína og skal þeim jafnað niður í samræmi við meginreglurnar sem sá kvarði er byggður á.

118. gr.
Árleg endurskoðun.

Óháður endurskoðandi skal árlega endurskoða skjöl, bækur og reikninga dómstólsins, þar með talið ársreikninga hans.

13. kafli: Lokaákvæði.

119. gr.
Lausn deilumála.

1. Allar deilur um dómstörf dómstólsins skulu leystar með ákvörðun dómstólsins.

2. Öllum öðrum deilum á milli tveggja eða fleiri aðildarríkja um túlkun eða beitingu samþykktar þessarar, sem eru ekki leystar með samningum innan þriggja mánaða frá því að þær koma upp, skal vísað til þings aðildarríkjanna. Þingið getur sjálft reynt að leysa deilu eða lagt fram tillögur um aðrar leiðir til þess að leysa hana, meðal annars vísað henni til Alþjóðadómstólsins í samræmi við samþykktir þess dómstóls.

120. gr.
Fyrirvarar.

Ekki er heimilt að gera fyrirvara við samþykkt þessa.

121. gr.
Breytingar.

1. Öllum aðildarríkjunum er heimilt að leggja til breytingar á samþykkt þessari þegar sjö ár eru liðin frá gildistöku hennar. Texti breytinga, sem gerð er tillaga um, skal lagður fyrir aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem skal þegar í stað senda hann öllum aðildarríkjunum.

2. Eigi fyrr en að þremur mánuðum liðnum frá dagsetningu tilkynningarinnar skal þing aðildarríkj-

tributions from Governments, international organizations, individuals, corporations and other entities, in accordance with relevant criteria adopted by the Assembly of States Parties.

Article 117
Assessment of contributions

The contributions of States Parties shall be assessed in accordance with an agreed scale of assessment, based on the scale adopted by the United Nations for its regular budget and adjusted in accordance with the principles on which that scale is based.

Article 118
Annual audit

The records, books and accounts of the Court, including its annual financial statements, shall be audited annually by an independent auditor.

PART 13. FINAL CLAUSES
Article 119
Settlement of disputes

1. Any dispute concerning the judicial functions of the Court shall be settled by the decision of the Court.

2. Any other dispute between two or more States Parties relating to the interpretation or application of this Statute which is not settled through negotiations within three months of their commencement shall be referred to the Assembly of States Parties. The Assembly may itself seek to settle the dispute or may make recommendations on further means of settlement of the dispute, including referral to the International Court of Justice in conformity with the Statute of that Court.

Article 120
Reservations

No reservations may be made to this Statute.

Article 121
Amendments

1. After the expiry of seven years from the entry into force of this Statute, any State Party may propose amendments thereto. The text of any proposed amendment shall be submitted to the Secretary-General of the United Nations, who shall promptly circulate it to all States Parties.

2. No sooner than three months from the date of notification, the Assembly of States Parties, at its

anna, með meiri hluta atkvæða þeirra sem viðstaddir eru og greiða atkvæði, ákveða á næsta fundi hvort tillagan skuli tekin til umfjöllunar. Þingið getur sjálft fjallað um tillöguna eða boðað til endurskoðunarráðstefnu ef málið er þannig vaxið að þurfa þyki.

3. Tvo þriðju hluta atkvæða aðildarríkjanna þarf til að samþykkja breytingu sem ekki næst samstaða um á fundi þings aðildarríkjanna eða á endurskoðunarráðstefnu.

4. Að frátöldum ákvæðum 5. mgr. öðlast breyting gildi að því er öll aðildarríki varðar einu ári eftir að sjö áttundu hlutar ríkjanna hafa afhent fullgildingar- eða staðfestingarskjöl sín til vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

5. Breytingar á 5., 6., 7. og 8. gr. samþykktar þessarar skulu öðlast gildi að því er þau aðildarríki varðar, sem hafa samþykkt breytinguna, einu ári eftir að þau afhenda fullgildingar- eða staðfestingarskjöl sín til vörslu. Dómstóllinn skal ekki beita lögsögu sinni að því er varðar glæp, sem breytingin tekur til, ef hann er framinn af ríkisborgara aðildarríkis, sem hefur ekki staðfest breytinguna, eða á yfirráðasvæði þess.

6. Hafi breyting verið samþykkt af sjö áttundu hlutum aðildarríkjanna í samræmi við 4. mgr. getur aðildarríki, sem ekki hefur staðfest breytinguna, sagt upp samþykkt þessari og öðlast uppsögnin gildi þegar í stað, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 127. gr. en sbr. þó 2. mgr. 127. gr., með því að tilkynna uppsögn eigi síðar en einu ári eftir að slík breyting hefur öðlast gildi.

7. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal senda öllum aðildarríkjunum allar breytingar sem samþykktar eru á fundum þings aðildarríkjanna eða á endurskoðunarráðstefnu.

122. gr.
Breytingar á ákvæðum sem eru stofnanalegs eðlis.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 121. gr. getur sérhvert aðildarríki hvenær sem er gert tillögur um breytingar á þeim ákvæðum samþykktarinnar sem eru eingöngu stofnanalegs eðlis, þ.e. 35. gr., 8. og 9. mgr. 36. gr., 37. gr., 38. gr., 1. (tveir fyrstu málsliðirnir), 2. og 4. mgr. 39. gr., 4. til 9. mgr. 42. gr., 2. og 3. mgr. 43. gr. og 44., 46., 47. og 49. gr. Texti breytingartillagna skal lagður fyrir aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna eða annan aðila sem þing aðildarríkjanna tilnefnir og skal hann þegar í stað senda hann öllum aðildarríkjunum og öðrum þátttakendum þingsins.

next meeting, shall, by a majority of those present and voting, decide whether to take up the proposal. The Assembly may deal with the proposal directly or convene a Review Conference if the issue involved so warrants.

3. The adoption of an amendment at a meeting of the Assembly of States Parties or at a Review Conference on which consensus cannot be reached shall require a two-thirds majority of States Parties.

4. Except as provided in paragraph 5, an amendment shall enter into force for all States Parties one year after instruments of ratification or acceptance have been deposited with the Secretary-General of the United Nations by seven-eighths of them.

5. Any amendment to articles 5, 6, 7 and 8 of this Statute shall enter into force for those States Parties which have accepted the amendment one year after the deposit of their instruments of ratification or acceptance. In respect of a State Party which has not accepted the amendment, the Court shall not exercise its jurisdiction regarding a crime covered by the amendment when committed by that State Party's nationals or on its territory.

6. If an amendment has been accepted by seven-eighths of States Parties in accordance with paragraph 4, any State Party which has not accepted the amendment may withdraw from this Statute with immediate effect, notwithstanding article 127, paragraph 1, but subject to article 127, paragraph 2, by giving notice no later than one year after the entry into force of such amendment.

7. The Secretary-General of the United Nations shall circulate to all States Parties any amendment adopted at a meeting of the Assembly of States Parties or at a Review Conference.

Article 122
Amendments to provisions of an institutional nature

1. Amendments to provisions of this Statute which are of an exclusively institutional nature, namely, article 35, article 36, paragraphs 8 and 9, article 37, article 38, article 39, paragraphs 1 (first two sentences), 2 and 4, article 42, paragraphs 4 to 9, article 43, paragraphs 2 and 3, and articles 44, 46, 47 and 49, may be proposed at any time, notwithstanding article 121, paragraph 1, by any State Party. The text of any proposed amendment shall be submitted to the Secretary-General of the United Nations or such other person designated by the Assembly of States Parties who shall promptly circulate it to all States Parties and to others participating in the Assembly.

2. Breytingar samkvæmt þessari grein, sem ekki næst samstaða um, skulu samþykktar á þingi aðildarríkjanna eða á endurskoðunarráðstefnu með atkvæðum tveggja þriðju hluta aðildarríkjanna. Breytingarnar skulu öðlast gildi að því er öll aðildarríki varðar sex mánuðum eftir að þingið eða endurskoðunarráðstefnan, eftir því sem við á, samþykkir þær.

123. gr.
Endurskoðun samþykktarinnar.

1. Sjö árum eftir að samþykkt þessi öðlast gildi skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna boða til endurskoðunarráðstefnu til þess að fjalla um breytingar á samþykkt þessari. Slík endurskoðun getur varðað, en skal þó ekki takmarkast við, skrána yfir glæpi í 5. gr. Ráðstefnan skal vera opin öllum þátttakendum á þingi aðildarríkjanna og með sömu skilyrðum.

2. Hvenær sem er eftir það skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna boða til endurskoðunarráðstefnu, að beiðni aðildarríkis og í þeim tilgangi sem fram kemur í 1. mgr., með samþykki meiri hluta aðildarríkjanna.

3. Ákvæði 3. til 7. mgr. 121. gr. skulu gilda um samþykkt og gildistöku allra breytinga á samþykktinni sem eru til umfjöllunar á endurskoðunarráðstefnu.

124. gr.
Bráðabirgðaákvæði.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 12. gr. getur ríki lýst því yfir, um leið og það gerist aðili að samþykkt þessari, að fyrstu sjö árin eftir að samþykkt þessi öðlast gildi að því er það varðar gangist það ekki undir lögsögu dómstólsins að því er varðar þann flokk glæpa sem um getur í 8. gr. þegar glæpur er talinn hafa verið framinn af ríkisborgara þess ríkis eða á yfirráðasvæði þess. Ríkið getur hvenær sem er dregið til baka yfirlýsingu samkvæmt þessari grein. Ákvæði þessarar greinar skulu endurskoðuð á endurskoðunarráðstefnunni sem boðað er til í samræmi við 1. mgr. 123. gr.

125. gr.
Undirritun, fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild.

1. Samþykkt þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja í höfuðstöðvum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna í Róm 17. júlí 1998. Síðan skal hún liggja frammi til undirritunar í utanríkisráðuneyti Ítalíu í Róm til 17. október 1998. Eftir það liggur samþykktin frammi til

2. Amendments under this article on which consensus cannot be reached shall be adopted by the Assembly of States Parties or by a Review Conference, by a two-thirds majority of States Parties. Such amendments shall enter into force for all States Parties six months after their adoption by the Assembly or, as the case may be, by the Conference.

Article 123
Review of the Statute

1. Seven years after the entry into force of this Statute the Secretary-General of the United Nations shall convene a Review Conference to consider any amendments to this Statute. Such review may include, but is not limited to, the list of crimes contained in article 5. The Conference shall be open to those participating in the Assembly of States Parties and on the same conditions.

2. At any time thereafter, at the request of a State Party and for the purposes set out in paragraph 1, the Secretary-General of the United Nations shall, upon approval by a majority of States Parties, convene a Review Conference.

3. The provisions of article 121, paragraphs 3 to 7, shall apply to the adoption and entry into force of any amendment to the Statute considered at a Review Conference.

Article 124
Transitional Provision

Notwithstanding article 12, paragraphs 1 and 2, a State, on becoming a party to this Statute, may declare that, for a period of seven years after the entry into force of this Statute for the State concerned, it does not accept the jurisdiction of the Court with respect to the category of crimes referred to in article 8 when a crime is alleged to have been committed by its nationals or on its territory. A declaration under this article may be withdrawn at any time. The provisions of this article shall be reviewed at the Review Conference convened in accordance with article 123, paragraph 1.

Article 125
Signature, ratification, acceptance, approval or accession

1. This Statute shall be open for signature by all States in Rome, at the headquarters of the Food and Agriculture Organization of the United Nations, on 17 July 1998. Thereafter, it shall remain open for signature in Rome at the Ministry of Foreign Affairs of Italy until 17 October 1998. After that date, the

undirritunar í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York til 31. desember árið 2000.

2. Samþykkt þessi er háð fullgildingu, staðfestingu eða samþykki ríkjanna sem undirrita hana. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

3. Öllum ríkjum er frjálst að gerast aðilar að samþykkt þessari. Aðildarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

126. gr.
Gildistaka.

1. Samþykkt þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru 60 dagar frá því að 60. skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

2. Að því er varðar hvert ríki sem fullgildir þessa samþykkt, staðfestir hana eða samþykkir eða gerist aðili að henni eftir að 60. skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild hefur verið afhent til vörslu öðlast samþykktin gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru 60 dagar frá því að ríkið afhenti skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu.

127. gr.
Uppsögn.

1. Aðildarríki er heimilt að segja upp samþykkt þessari með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Uppsögnin öðlast gildi einu ári eftir móttöku tilkynningarinnar, nema kveðið sé á um síðari dagsetningu í tilkynningunni.

2. Uppsögn ríkis leysir það ekki undan skuldbindingum sem samþykkt þessi lagði því á herðar á meðan það var aðili að henni, þar á meðal hugsanlegum fjárhagsskuldbindingum. Uppsögn ríkis skal hvorki hafa áhrif á samvinnu þess við dómstólinn í tengslum við rannsókn og saksókn vegna glæpa sem ríkinu, sem sagði samþykktinni upp, bar skylda til að vinna að og var hafin fyrir þann dag sem uppsögnin öðlaðist gildi, né skal hún á nokkurn hátt hafa áhrif á áframhaldandi meðferð máls sem þegar var til meðferðar hjá dómstólnum fyrir þann dag sem uppsögnin öðlaðist gildi.

Statute shall remain open for signature in New York, at United Nations Headquarters, until 31 December 2000.

2. This Statute is subject to ratification, acceptance or approval by signatory States. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

3. This Statute shall be open to accession by all States. Instruments of accession shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

Article 126
Entry into force

1. This Statute shall enter into force on the first day of the month after the 60th day following the date of the deposit of the 60th instrument of ratification, acceptance, approval or accession with the Secretary-General of the United Nations.

2. For each State ratifying, accepting, approving or acceding to this Statute after the deposit of the 60th instrument of ratification, acceptance, approval or accession, the Statute shall enter into force on the first day of the month after the 60th day following the deposit by such State of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

Article 127
Withdrawal

1. A State Party may, by written notification addressed to the Secretary-General of the United Nations, withdraw from this Statute. The withdrawal shall take effect one year after the date of receipt of the notification, unless the notification specifies a later date.

2. A State shall not be discharged, by reason of its withdrawal, from the obligations arising from this Statute while it was a Party to the Statute, including any financial obligations which may have accrued. Its withdrawal shall not affect any cooperation with the Court in connection with criminal investigations and proceedings in relation to which the withdrawing State had a duty to cooperate and which were commenced prior to the date on which the withdrawal became effective, nor shall it prejudice in any way the continued consideration of any matter which was already under consideration by the Court prior to the date on which the withdrawal became effective.

128. gr.
Gildir textar.

Frumrit samþykktar þessarar, en textar hennar á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru allir jafngildir, skal afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu og skal hann senda staðfest afrit af því til allra ríkja.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samþykkt þessa.

GJÖRT í Róm 17. júlí 1998.

Article 128
Authentic texts

The original of this Statute, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations, who shall send certified copies thereof to all States.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed this Statute.

DONE at Rome, this 17th day of July 1998.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn.

Frumvarp þetta felur í sér ákvæði sem varða framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn hér á landi. Ekki er talið að lögfesting frumvarpsins leiði til útgjalda fyrir ríkissjóð.

642. Fyrirspurn [392. mál]

til iðnaðarráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins voru flutt út á land árið 2000? Svar óskast sundurliðað eftir ráðuneytum, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til.

Skriflegt svar óskast.

643. Fyrirspurn [393. mál]

til landbúnaðarráðherra um innflutning kjöts á frísvæði.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

Hver fylgist með því og hvaða vottorða er krafist þegar um er að ræða innflutning kjöts á svokallað frísvæði eins og t.d. flugeldhús Flugleiða á Keflavíkurflugvelli?

Skriflegt svar óskast.

644. Fyrirspurn [394. mál]

til landbúnaðarráðherra um innflutning á nautakjöti.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

Í hvaða tilfellum var veitt leyfi til innflutnings á nautakjöti á síðasta ári og frá hvaða löndum kom það kjöt? Var þess gætt í þeim tilfellum að fyrir lægju vottorð um að kúariða hefði ekki greinst í landinu undanfarna mánuði?

Skriflegt svar óskast.

645. Fyrirspurn [395. mál]

til fjármálaráðherra um Fasteignamat ríkisins og Landskrá fasteigna.

Frá Árna Steinari Jóhannssyni.

1. Hversu marga nýja starfsmenn hefur Fasteignamat ríkisins ráðið sl. 18 mánuði og hvar á landinu starfa þeir?
2. Hefur ráðherra áminnt forstjóra Fasteignamats ríkisins fyrir að framfylgja ekki ákvörðun Alþingis og vilja ráðherra um að Landskrá fasteigna verði á skrifstofu stofnunarinnar á Akureyri?
3. Hverju sætir að undirbúningur starfrækslu Landskrárinnar fer að engu leyti fram norðan heiða?
4. Hvenær er þess að vænta að starfsemi Landskrárinnar hefjist á Akureyri?

646. Fyrirspurn [396. mál]

til fjármálaráðherra um skattskyldu barna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve háar voru skattgreiðslur barna innan 16 ára aldurs á sl. ári, sbr. ákvæði 2. mgr. 67. gr. skattalaga sem kveður á um skattalega meðferð á tekjum barna innan 16 ára aldurs?
2. Hve háar voru skattgreiðslur 16 og 17 ára barna á sl. ári og hverjar hefðu þær verið ef skattaleg meðferð þeirra hefði verið í samræmi við 2. mgr. 67. gr. skattalaga?
3. Hve mikið kostar það ríkissjóð að breyta aldursviðmiði 65. gr. skattalaga, sbr. og 2. mgr. 67. gr., í 18 ár?
4. Hvað rök eru fyrir aldursviðmiði 65. gr. skattalaga um skattskyldu barna innan 16 ára aldurs?
5. Er ráðherra sammála því að með því að hækka sjálfræðisaldur hafi löggjafinn lýst því yfir að líta beri á einstakling sem barn að 18 ára aldri, m.a. í skilningi skattalaga?
6. Telur ráðherra að breyta eigi skattskyldu barna í samræmi við ákvæði lögræðislaga frá 1997 um að sjálfráða verði menn 18 ára í stað 16 ára?
7. Tekur skattskylda barna mið af sjálfræðisaldrinum annars staðar á Norðurlöndunum?

Skriflegt svar óskast.

647. Fyrirspurn [397. mál]

til sjávarútvegsráðherra um hvalveiðar.

Frá Svanfríði Jónasdóttur og Jóhanni Ársælssyni.

1. Er sjávarútvegsráðherra þeirrar skoðunar að ekkert sé því til fyrirstöðu að Íslendingar hefji hvalveiðar nú þegar Norðmenn hafa ákveðið að hefja útflutning hvalaafurða?
2. Ef svo er hvenær sér ráðherra þá fyrir sér að veiðar hefjist og á hvaða tegundum?

648. Svar [340. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um útvarpsgjald.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Lítur ráðherra á útvarpsgjald, afnotagjald Ríkisútvarpsins, sem skatt eða þjónustugjald? Flokkist það sem þjónustugjald, hvernig er þá þjónustan sem er keypt skilgreind?*
2. *Hverjir njóta undanþágu frá greiðslu útvarpsgjalds eða fá afslátt af því og á grundvelli hvaða laga?*

3. Telst undanþága frá greiðslu útvarpsgjalds til skattskyldra hlunninda?

Svar menntamálaráðherra er byggt á upplýsingum sem óskað var frá Ríkisútvarpinu í tilefni af fyrirspurninni.

Svo sem reglum um útvarpsgjald er skipað með ákvæðum laga nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, er ekki með öllu einhlítt hvort telja beri það þjónustugjald eða skatt. Það hefur nokkur einkenni hvors tveggja. Ef einvörðungu er horft til þeirra grunnþátta sem liggja innheimtu þess að baki ber vísast að telja það þjónustugjald. Sú staðreynd að mönnum er gert að greiða gjaldið án tillits til þess hvort þeir þiggja eða vilja þiggja þá þjónustu sem því er ætlað að standa undir, og í því sambandi það látið ráða úrslitum hvort menn eiga viðtæki sem nýta má til móttöku á útsendingum Ríkisútvarpsins, hefur óneitanlega á sér viss einkenni skattheimtu.

Samkvæmt 3. gr. laganna eru gerðar allt aðrar og meiri kröfur til Ríkisútvarpsins en annarra fjölmiðla um fjölbreytni í dagskrá og hátt þjónustustig m.a. um dreifingu útvarpsefnis. Ríkisútvarpinu er m.a. ætlað að veita almenna fréttaþjónustu og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni og almenning varða. Einnig skal það veita almenna fræðslu og gera sjálfstæða dagskrárþætti er snerta Ísland eða Íslendinga sérstaklega. Þá skal Ríkisútvarpið flytja efni á sviði lista og bókmennta, vísinda og sögu, auk tónlistar. Sérstaklega skal þess gætt að flytja fjölbreytt efni við hæfi barna. Ríkisútvarpið skal flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri. Því ber lögum samkvæmt að senda út til alls landsins og næstu miða tvær hljóðvarpsdagskrár og minnst eina sjónvarpsdagskrá árið um kring.

Um undanþágur og afslátt af útvarpsgjaldi er fjallað í 12. gr. laga um Ríkisútvarpið og í reglugerð nr. 357/1986, um Ríkisútvarpið, með síðari breytingum. Samkvæmt þeim skal sá viðtækjaeigandi sem einungis getur nýtt sér hljóðvarpssendingar greiða 30% útvarpsgjalds. Aðeins skal greiða eitt útvarpsgjald fyrir einkaafnot fjölskyldu á heimili. Viðtæki í sumarbústað og einkabíl teljast á heimili. Sjúkrahús, heilsuhæli, vistheimili, dvalar- og elliheimili og sjúkradeildir slíkra stofnana, skólar, aðrar stofnanir og fyrirtæki skulu greiða 50% útvarpsgjald af hverju aukasjónvarpstæki í samfelldri notkun. Vistmenn dvalar- og elliheimila með eigin tæki í notkun þar greiða ekki útvarpsgjald af þeim. Gistihús greiða 25% útvarpsgjalds af hverju aukasjónvarpstæki og 7,5% útvarpsgjalds af hverju aukahljóðvarpstæki. Skip í millilandasiglingum greiða hálft útvarpsgjald af hverju viðtæki og heimilt er að lækka gjald af tækjum í fiskiskipum sem um lengri tíma veiða á fjarlægum miðum. Elli- og örorkulífeyrisþegar fá 20% afslátt af útvarpsgjaldi. Þeir einstaklingar sem nutu undanþágu frá greiðslu útvarpsgjalds 1. júní 1997, en uppfylltu ekki skilyrði til að fá hækkun á heimilisuppbót þann dag, skv. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 302/1997, skulu áfram undanþegnir greiðslu útvarpsgjalds. Undanþágan skal þó falla niður ef þeir öðlast síðar rétt til heimilisuppbótar. Þá er útvarpsstjóra falið að undanþiggja blinda frá útvarpsgjaldi, samkvæmt nánari tillögum frá samtökum blindra.

Loks eru starfsmenn Ríkisútvarpsins undanþegnir útvarpsgjaldi, fyrrverandi starfsmenn þess og nokkrir fyrrverandi starfsmenn Landssímans. Ráðuneytið hefur gert á því sérstaka skoðun hvaða lög heimili undanþágu til handa starfsmönnum Ríkisútvarpsins frá greiðslu útvarpsgjalds. Niðurstaða ráðuneytisins er að ekki er að finna í lögum eða reglugerð um Ríkisútvarpið, né í eldri lögum eða reglugerðum um sömu stofnun, sérstaka heimild til slíkrar undanþágu. Allt frá stofnun Ríkisútvarpsins árið 1930 hefur starfsmönnum stofnunarinnar verið veitt undanþága frá greiðslu útvarpsgjalds og nutu flestir starfsmenn þessara fríðinda, þó með takmörkunum. Þá ályktun má a.m.k. draga af þeim gögnum sem aflað hefur verið að hér sé um að ræða venju frá upphafi ríkisrekstrar á útvarpi. Það fyrirkomulag á undanþágum sem

nú er í gildi um starfsmenn Ríkisútvarpsins á rætur sínar að rekja aftur til fyrri hluta árs 1977, en þá stóð yfir kjaradeilda starfsmanna Ríkisútvarpsins og ríkisins. Í tengslum við þá deilu féllst ráðuneytið á það í bréfi til Ríkisútvarpsins, dags. 31. mars 1977, eftir málaleitan útvarpsstjóra, að fastráðnir starfsmenn, sem unnið hefðu við stofununina í a.m.k. þrjú ár, greiddu ekki afnotagjald af einu sjónvarpstæki né af útvarpsviðtæki og að fastráðnir starfsmenn, sem unnið hefðu skemur en þrjú ár, greiddu hálft afnotagjald af einu sjónvarpstæki en ekki af útvarpstækjum. Þessara hlunninda nytu þó ekki aðrir fastir starfsmenn en þeir sem unnið hefðu í a.m.k. eitt ár við stofnunina. Hér er um að ræða athugasemdalausa framkvæmd til margra áratuga, sem ráðherra gerði síðast grein fyrir í skriflegu svari við fyrirspurn á Alþingi í apríl sl.

Skattstjórinn í Reykjavík ritaði Ríkisútvarpinu og Íslenska útvarpsfélaginu bréf 23. október 2000 þar sem vísað er til laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, um að endurgjald fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu, án tillits til viðmiðunar, sem innt er af hendi fyrir annan aðila teldist til skattskyldra tekna. Telur skattstjórinn í Reykjavík að til slíkra skattskyldra fríðinda starfsmanna stofnunarinnar teljist þau fríðindi sem felast í niðurfellingu afnotagjalda af fjölmiðlum sem stofnunin rekur. Í bréfi skattstjórans í Reykjavík frá 3. janúar 2001 til Ríkisútvarpsins er enn ítrekaður fyrrgreindur skilningur skattyfirvalda og því ekki tekið undir sjónarmið lögmanns Ríkisútvarpsins um að réttarvenja hafi skapast, að aðgerðaleysi skattyfirvalda hafi áhrif á skattlagningu og það sé ein af starfsskyldum starfsmanna Ríkisútvarpsins að fylgjast grannt með dagskrá stofnunarinnar. Endanleg niðurstaða er ekki fengin í málinu.

649. Fyrirspurn [398. mál]

til iðnaðarráðherra um endurgerð brúar yfir Ströngukvísl.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvers vegna var brúin yfir Ströngukvísl á Eyvindarstaðaheiði, sem eyðilagðist í flóðum síðla vetrar árið 2000, ekki endurgerð þegar á sl. sumri eins og Landsvirkjun bar skylda til?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að Landsvirkjun láti endurbæta brúna strax í vor þannig að umferð um hana geti orðið eðlileg næsta sumar?

650. Fyrirspurn [399. mál]

til landbúnaðarráðherra um innflutning á nautakjöti.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvaða forsendur voru fyrir því að leyfa innflutning á nær 6,5 tonnum af frosnum nautalundum frá Írlandi í desember sl. þrátt fyrir að Írar hafi enn ekki náð tökum á útbreiðslu kúariðu og standi nú í miklum aðgerðum og stórfelldri slátrun vegna smithættu?

2. Hver ber ábyrgð á því að landbúnaðarráðuneytið fór ekki eftir auglýsingu nr. 324/1999 varðandi þennan innflutning á nautalundum frá Írlandi?
3. Er kúariðufárið á Írlandi ekki næg ástæða að mati ráðherra til að beita ákvæðum fyrrgreindrar auglýsingar og krefjast vottorðs um að kúariða hafi ekki greinst í viðkomandi landi næstliðna sex mánuði, sbr. lista B frá OIE?
4. Túlkar ráðuneytisstjóri landbúnaðarráðuneytisins skoðun ráðherra þegar hann fullyrðir að reglur sem ráðuneytið sjálft hefur sett um innflutning á kjötvörum stangist á við gildandi lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og alþjóðaskuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, sbr. ummæli á blaðamannafundi 12. janúar sl.?
5. Hvað er því til fyrirstöðu að setja reglur sem banni alfarið innflutning á fersku nautakjöti frá þeim löndum þar sem kúariða hefur greinst eins og þegar hefur verið gert í nokkrum löndum?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Spurningar þessar eru efnislega hinar sömu og beint var til landbúnaðarráðherra í umræðum utan dagskrár þriðjudaginn 16. janúar sl. Þrátt fyrir að ráðherra væru sendar spurningarnar fyrir fram skorti verulega á að efnisleg svör fengjust frá honum við þeim. Þeirra svara er því hér með óskað skriflega.

651. Svar [164. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um bifreiða-, ferða- og risnukostnað.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig hyggst ráðherra bregðast við tilmælum efnahags- og viðskiptanefndar í nefndaráliti um frumvarp til laga um fjárreiður ríkisins á 125. löggjafarþingi (þskj. 1283, 243. mál) þess efnis að ráðherra hlutist til um að unnið verði að samningu reglugerðar þar sem kveðið verði á um að með ríkisreikningi fylgi sundurliðað yfirlit um bifreiða-, ferða- og risnukostnað?*
2. *Hver var bifreiða-, ferða- og risnukostnaður ríkisins árin 1998 og 1999, sundurliðaður eftir ráðuneytum og stofnunum?*

Með lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, voru gerðar verulegar breytingar á framsetningu reikningshalds ríkissjóðs og stofnana hans. Lögin taka einnig til gerðar og framsetningar fjárlaga, svo og margvíslegra þátta er snúa að framkvæmd fjárlaga. Eitt af meginmarkmiðum laganna var að færa reikningsskil ríkissjóðs og ríkisstofnana nær því sem tíðkast á almennum markaði og gera lögin ráð fyrir að lög um reikningsskil á almennum markaði gildi einnig hjá ríkissjóði nema séstaklega sé kveðið á um annað. Tilgangur þessa er ekki síst sá að þannig yrði framsetning reiknings á formi sem menn eru vanir að lesa og því skýrari og aðgengilegri en áður. Jafnframt verður með þessu fyrirkomulagi hægt að þróa reikningsskil ríkissjóðs í takt við það sem almennt er að gerast á því sviði og ríkið getur þannig nýtt sér

nýjungar á sviði reikningshalds á skjótvirkari hátt en áður í því skyni að þau gefi á hverjum tíma sem besta mynd af rekstri og efnahag ríkissjóðs og stofnana þess. Við þróun reikningsskila ríkissjóðs frá því að lögin voru samþykkt hefur þannig verið lögð áhersla á að þau gefi sem skýrasta mynd af þeirri þróun sem varð í ríkisfjármálum á árinu og fjárhagsstöðu stofnana. Samhliða þessu hefur verið dregið úr margháttuðum upplýsingum um afmarkaða þætti í rekstri ríkisins sem áður birtust í reikningum og ekki falla að þessu markmiði eða eru taldar draga athygli frá þessu meginhlutverki reikningsskila. Engu að síður liggja fyrir hjá Ríkisbókhaldi miklar upplýsingar um ýmsa þætti ríkisrekstrar sem móta þarf reglur um hvernig verði gerðar aðgengilegar. Í samræmi við þau tilmæli sem fram koma í nefndarálitinu er nú unnið að samningu reglugerðar á grundvelli laganna þar sem nánar verður kveðið á um þessa þætti.

Eftirfarandi er yfirlit frá Ríkisbókhaldi um bifreiða-, ferða- og risnukostnað ríkisins á árunum 1998 og 1999.

Risnukostnaður og aðkeyptur akstur stofnana.

	1999		1998	
Í þús. kr.	Risnu-kostnaður[1)]	Aðkeyptur akstur[2)]	Risnu-kostnaður	Aðkeyptur akstur
00 Æðsta stjórn ríkisins	**20.526**	**36.243**	**18.987**	**30.332**
101 Embætti forseta Íslands	7.427	3.658	7.458	1.564
201 Alþingi	11.061	30.468	9.480	26.936
205 Framkvæmdir á Alþingisreit	-	4	-	-
301 Ríkisstjórn	16	-	658	50
401 Hæstiréttur	-	704	-	629
610 Umboðsmaður Alþingis	286	223	649	317
620 Ríkisendurskoðun	1.737	1.186	742	836
01 Forsætisráðuneyti	**23.542**	**12.722**	**10.651**	**9.310**
101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	18.052	3.079	8.088	3.183
190 Ýmis verkefni	1.789	2.352	1.284	726
201 Fasteignir forsætisráðuneytisins	-	127	-	96
211 Þjóðhagsstofnun	1.447	5.311	-	4.138
231 Norræna ráðherranefndin	1.691	122	1.237	99
241 Umboðsmaður barna	74	94	27	124
251 Safnahús	65	621	3	678
261 Óbyggðanefnd	70	239	-	-
271 Ríkislögmaður	88	353	-	-
901 Húsameistari ríkisins	-	-	-	6
902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	264	424	13	260
02 Menntamálaráðuneyti	**34.915**	**101.243**	**28.733**	**97.509**
101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	7.459	3.865	5.395	2.997
201 Háskóli Íslands	7.576	17.201	6.049	16.174
202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	90	1.801	639	2.148
203 Raunvísindastofnun Háskólans	459	1.895	539	1.907
204 Stofnun Sigurðar Nordals	360	133	383	101
205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	238	293	433	174
206 Orðabók Háskólans	-	45	29	-
207 Íslensk málstöð	122	275	104	130
208 Örnefnastofnun Íslands	-	-	-	56
210 Háskólinn á Akureyri	452	2.370	507	2.164
211 Tækniskóli Íslands	-	351	-	225
215 Kennaraháskóli Íslands	446	6.046	994	5.224

Í þús. kr.	1999 Risnu-kostnaður[1]	1999 Aðkeyptur akstur[2]	1998 Risnu-kostnaður	1998 Aðkeyptur akstur
223 Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	63	633	626	563
231 Rannsóknarráð Íslands	1.239	721	1.745	1.470
235 Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum	12	196	-	-
236 Vísindasjóður	-	20	-	6
237 Tæknisjóður	45	254	37	138
299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi	17	67	59	14
301 Menntaskólinn í Reykjavík	124	495	96	549
302 Menntaskólinn á Akureyri	498	594	317	593
303 Menntaskólinn á Laugarvatni	282	317	184	428
304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	57	1.418	475	1.226
305 Menntaskólinn við Sund	298	697	228	689
306 Framhaldsskóli Vestfjarða	-	256	-	291
307 Menntaskólinn á Egilsstöðum	-	648	-	1.888
308 Menntaskólinn í Kópavogi	772	2.501	769	1.667
309 Kvennaskólinn í Reykjavík	611	734	423	537
316 Fasteignir framhaldsskóla	-	113	-	12
317 Sameignir skólanna á Laugarvatni	-	34	-	502
318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður	-	62	-	36
319 Framhaldsskólar, almennt	52	619	-	2.835
350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	7	885	10	1.362
351 Fjölbrautaskólinn Ármúla	85	640	-	449
352 Flensborgarskóli	1.171	783	371	631
353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	237	1.819	58	1.539
354 Fjölbrautaskóli Vesturlands	512	2.187	591	1.147
355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	74	300	163	290
356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	180	1.446	-	1.162
357 Fjölbrautaskóli Suðurlands	-	2.457	-	1.947
358 Verkmenntaskóli Austurlands	269	633	176	716
359 Verkmenntaskólinn á Akureyri	147	1.500	-	1.364
360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	368	921	222	698
361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	62	134	66	214
362 Framhaldsskólinn á Húsavík	-	397	21	375
363 Framhaldsskólinn á Laugum	-	665	-	306
365 Borgarholtsskóli	76	1.497	41	1.634
430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	23	635	40	558
441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra	18	828	-	777
506 Vélskóli Íslands	57	514	-	381
507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík	13	128	4	47
514 Iðnskólinn í Reykjavík	93	775	104	217
516 Iðnskólinn í Hafnarfirði	-	253	296	354
541 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	-	-	-	10
561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands	336	450	235	639
562 Leiklistarskóli Íslands	132	94	163	62
564 Listdansskólinn	80	200	61	177
571 Sjómannaskólahúsið	36	438	48	328
606 Framhaldsskólinn Skógum	-	-	-	266
610 Fasteignir héraðsskóla	-	111	-	172
720 Grunnskólar, almennt	-	287	7	412
725 Námsgagnastofnun	1.507	1.501	559	1.289
804 Kvikmyndaskoðun	-	3	-	-
884 Jöfnun á námskostnaði	-	25.930	-	27.284
902 Þjóðminjasafn Íslands	540	1.097	261	574

Í þús. kr.	1999 Rísnu-kostnaður[1]	1999 Aðkeyptur akstur[2]	1998 Rísnu-kostnaður	1998 Aðkeyptur akstur
903 Þjóðskjalasafn Íslands	445	1.772	541	1.658
905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	1.249	518	842	313
906 Listasafn Einars Jónssonar	12	16	24	21
907 Listasafn Íslands	273	608	147	336
909 Blindrabókasafn Íslands	164	247	143	136
919 Söfn, ýmis framlög	-	111	-	36
969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	-	712	9	1.049
972 Íslenski dansflokkurinn	659	261	937	722
978 Listasjóðir	-	6	-	9
979 Húsafriðunarsjóður	31	1.122	-	-
981 Kvikmyndasjóður	1.257	643	1.056	467
982 Listir, framlög	229	78	662	138
984 Norræn samvinna	1.538	162	39	16
985 Alþjóðleg samskipti	605	-	741	279
988 Æskulýðsmál	-	151	-	57
989 Ýmis íþróttamál	569	225	-	76
996 Íslenska upplýsingasamfélagið	300	173	-	-
999 Ýmislegt	290	279	66	70
03 Utanríkisráðuneyti	**59.177**	**16.911**	**51.151**	**22.278**
101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	24.024	8.200	23.921	6.807
190 Ýmis verkefni	59	7	14	170
201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	532	3.415	11	2.606
211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	1.093	1.898	258	5.103
301 Sendiráð Íslands í Berlín	1.422	127	1.415	34
302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	1.220	54	1.149	26
303 Sendiráð Íslands í London	1.632	126	1.740	61
304 Sendiráð Íslands í Moskvu	1.770	106	1.693	307
305 Sendiráð Íslands í Ósló	1.007	3	822	6
306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO	2.125	50	1.809	138
307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	996	33	1.021	138
308 Sendiráð Íslands í Washington	2.435	611	2.387	608
309 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	2.767	672	2.505	489
310 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu	2.837	7	2.614	23
311 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	2.554	31	2.330	26
312 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	4.240	-	2.647	1
313 Fastanefnd Íslands hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu	1.065	169	-	-
314 Sendiráð Íslands í Peking	2.299	53	2.224	52
315 Aðalræðisskrifstofa Íslands í Winnipeg	1.023	9	-	-
317 Sendiráð Íslands í Helsinki	763	242	456	248
318 Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	2.160	2	1.481	23
320 Sendiráð, almennt	-	21	-	3
390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	767	526	570	5.410
401 Alþjóðastofnanir	386	549	85	-
04 Landbúnaðarráðuneyti	**7.877**	**47.288**	**5.828**	**40.042**
101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	5.014	3.170	3.896	1.820

Í þús. kr.	1999 Rísnu-kostnaður[1]	1999 Aðkeyptur akstur[2]	1998 Rísnu-kostnaður	1998 Aðkeyptur akstur
190 Ýmis verkefni	126	2.469	81	2.440
211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	295	5.136	406	4.910
221 Veiðimálastofnun	175	960	75	985
222 Veiðimálastjóri	40	792	12	962
233 Yfirdýralæknir	77	2.889	127	2.995
236 Aðfangaeftirlit ríkisins	-	838	-	53
261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði	9	3.907	51	2.141
271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	54	3.316	13	2.941
283 Garðyrkjuskóli ríkisins	341	2.390	66	2.375
293 Hagþjónusta landbúnaðarins	18	1.042	21	831
311 Landgræðsla ríkisins	412	9.837	297	7.803
321 Skógrækt ríkisins	863	6.741	547	6.945
324 Landgræðslusjóður	18	143	41	114
331 Héraðsskógar	418	764	153	737
341 Átak í landgræðslu og skógrækt	-	1.002	31	683
343 Suðurlandsskógar	5	1.672	-	985
831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	-	142	-	188
840 Lán til fiskeldis	-	-	-	34
843 Fiskræktarsjóður	14	80	11	99
05 Sjávarútvegsráðuneyti	**9.311**	**16.803**	**8.875**	**14.647**
101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	6.596	1.431	5.580	919
190 Ýmis verkefni	38	732	835	1.412
202 Hafrannsóknastofnunin	1.270	5.924	1.180	4.756
203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	701	2.578	688	2.690
204 Fiskistofa	489	5.440	408	4.313
208 Bygging hafrannsóknaskips	103	179	173	134
213 Verðlagsstofa skiptaverðs	113	126	10	39
272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	-	41	-	109
901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	-	350	-	275
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	**19.295**	**83.048**	**12.599**	**82.961**
101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	8.829	1.391	3.651	1.374
102 Stjórnartíðindi	-	11	-	13
103 Lagasafn	67	-	-	-
105 Lögbirtingablað	-	45	-	37
111 Kosningar	5	375	-	29
190 Ýmis verkefni	1.290	85	-	25
201 Hæstiréttur	59	294	226	206
210 Héraðsdómstólar	695	3.825	-	-
211 Héraðsdómur Reykjavíkur	-	-	460	644
212 Héraðsdómur Vesturlands	-	-	13	396
213 Héraðsdómur Vestfjarða	-	-	40	551
214 Héraðsdómur Norðurlands vestra	-	-	-	383
215 Héraðsdómur Norðurlands eystra	-	-	119	303
216 Héraðsdómur Austurlands	-	-	4	284
217 Héraðsdómur Suðurlands	-	-	-	680
218 Héraðsdómur Reykjaness	-	-	73	836
231 Málskostnaður í opinberum málum	-	464	-	734
232 Opinber réttaraðstoð	-	45	-	-
290 Dómsmál, ýmis kostnaður	-	-	5	265
301 Ríkissaksóknari	88	520	201	370
303 Ríkislögreglustjóri	1.027	1.350	679	903

Í þús. kr.	1999 Rísnu-kostnaður[1]	1999 Aðkeyptur akstur[2]	1998 Rísnu-kostnaður	1998 Aðkeyptur akstur
305 Lögregluskóli ríkisins	60	126	457	124
311 Lögreglustjórinn í Reykjavík	717	7.275	1.647	8.057
321 Almannavarnir ríkisins	29	621	53	543
331 Umferðarráð	17	2.091	216	1.787
341 Áfengis- og fíkniefnamál	-	-	-	268
390 Ýmis löggæslumál	1.623	26	22	106
391 Húsnæði löggæslustofnana	-	-	-	19
395 Landhelgisgæsla Íslands	436	1.664	655	1.737
397 Schengen-samstarf	284	0	-	1
398 Útlendingaeftirlitið	19	63	-	-
411 Sýslumaðurinn í Reykjavík	264	1.273	133	1.130
412 Sýslumaðurinn á Akranesi	225	429	35	369
413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi	104	1.284	211	988
414 Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	138	1.787	120	1.510
415 Sýslumaðurinn í Búðardal	-	408	-	488
416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði	-	832	-	711
418 Sýslumaðurinn á Ísafirði	20	697	320	584
419 Sýslumaðurinn á Hólmavík	52	565	79	554
420 Sýslumaðurinn á Blönduósi	-	1.048	-	712
421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	155	512	130	206
422 Sýslumaðurinn á Siglufirði	56	253	81	216
423 Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	59	283	60	212
424 Sýslumaðurinn á Akureyri	253	843	119	619
425 Sýslumaðurinn á Húsavík	67	626	81	569
426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	140	917	159	1.029
427 Sýslumaðurinn í Neskaupstað	166	188	80	153
428 Sýslumaðurinn á Eskifirði	64	150	52	156
429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	-	123	-	78
430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	34	532	60	497
431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	62	500	149	636
432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	126	587	208	606
433 Sýslumaðurinn á Selfossi	201	2.315	313	2.244
434 Sýslumaðurinn í Keflavík	625	1.875	126	1.274
436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	117	1.137	100	1.063
437 Sýslumaðurinn í Kópavogi	117	458	185	372
490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	-	58	-	6.397
491 Húsnæði og búnaður sýslumanna	-	9	-	17
501 Fangelsismálastofnun ríkisins	253	2.029	112	1.880
701 Biskup Íslands	751	41.056	1.166	37.015
07 Félagsmálaráðuneyti	**9.131**	**48.210**	**6.614**	**53.171**
101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	5.020	1.578	2.667	1.498
302 Ríkissáttasemjari	112	195	234	208
311 Jafnréttisráð	127	551	54	661
331 Vinnueftirlit ríkisins	636	13.743	911	14.793
400 Barnaverndarstofa	400	2.264	373	3.638
401 Barnaverndarráð	91	41	128	72
700 Málefni fatlaðra	-	-	249	-
701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	54	5.045	3	3.522
702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi	130	7.410	148	6.343
703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi	37	3.561	6	2.743
704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	20	1.097	67	950
705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	-	519	10	1.528

Í þús. kr.	1999 Rísnu-kostnaður[1]	1999 Aðkeyptur akstur[2]	1998 Rísnu-kostnaður	1998 Aðkeyptur akstur
706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	-	119	-	41
707 Málefni fatlaðra, Austurlandi	128	1.233	16	881
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	-	1.671	-	1.343
710 Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	-	-	-	122
711 Styrktarfélag vangefinna	-	-	129	4.356
720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	-	-	29	1.087
722 Sólheimar Grímsnesi	-	-	-	2.274
750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	89	1.265	20	866
795 Framkvæmdasjóður fatlaðra	-	339	-	275
980 Vinnumálastofnun	1.389	5.483	1.046	3.971
981 Vinnumál	641	126	50	11
984 Atvinnuleysistryggingasjóður	-	987	200	1.566
987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	-	153	-	19
999 Félagsmál, ýmis starfsemi	255	831	274	402
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	**19.484**	**344.349**	**19.257**	**360.782**
101 Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	6.847	4.195	5.954	3.310
201 Tryggingastofnun ríkisins	4.343	1.480	3.651	966
301 Landlæknir	68	1.195	1.958	1.173
311 Héraðslæknir í Reykjavík	-	45	-	164
315 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	-	136	-	81
324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	-	479	44	484
326 Sjónstöð Íslands	4	730	73	723
327 Geislavarnir ríkisins	119	1.100	136	891
330 Manneldisráð	6	100	20	84
340 Málefni fatlaðra	-	-	-	2
358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	259	16.987	128	12.971
368 Sólvangur, Hafnarfirði	266	2.425	235	2.393
370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	17	140	-	-
371 Ríkisspítalar	980	67.279	1.242	63.492
375 Sjúkrahús Reykjavíkur	828	68.579	-	60.055
378 Læknishéraðasjóður	46	-	-	-
379 Sjúkrahús, óskipt	-	22	-	226
385 Framkvæmdasjóður aldraðra	988	749	47	533
393 Lyfjamál	2	-	2	-
395 Lyfjaeftirlit ríkisins	10	178	10	386
396 Lyfjanefnd	19	57	91	-
399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	4	716	190	500
400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	168	4.498	108	4.014
407 Sundabúð II, Vopnafirði	-	-	-	35
408 Sunnuhlíð, Kópavogi	-	-	57	876
409 Hjúkrunarheimilið Skjól	-	-	288	2.399
410 Hjúkrunarheimilið Eir	-	-	416	1.939
411 Garðvangur, Garði	-	-	-	3.053
412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær	-	-	54	1.015
413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	-	-	-	861
420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	-	-	32	9.720
421 Víðines	-	-	-	5.352
422 Hlaðgerðarkot	-	-	6	848
430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	-	-	68	6.549
431 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	-	-	640	9.535
432 Vistheimilið Bjarg	-	-	-	27

Í þús. kr.	1999 Risnu-kostnaður[1]	1999 Aðkeyptur akstur[2]	1998 Risnu-kostnaður	1998 Aðkeyptur akstur
435 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	-	-	22	297
490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna	-	5.249	-	4.843
500 Heilsugæslustöðvar, almennt	-	173	-	173
505 Heilsugæsla í Reykjavík	1.065	28.860	-	-
510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	909	16.391	831	20.275
511 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra	-	-	36	4.024
512 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra	-	-	166	4.937
513 Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi	-	-	54	2.118
514 Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi	-	-	93	11.042
515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík	-	-	116	1.558
522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi	38	1.622	77	1.971
524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	9	900	42	1.050
525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði	13	25	-	25
526 Heilsugæslustöðin Búðardal	130	1.119	-	1.705
551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	-	48	-	702
552 Heilsugæslustöðin Dalvík	-	2.471	-	2.256
553 Reynslusveitarfélagið Akureyri	-	-	45	943
558 Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu	-	1.929	-	1.099
561 Heilsugæslustöðin Vopnafirði	9	747	-	476
565 Heilsugæslustöðin Eskifirði	-	855	86	434
566 Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	-	662	-	924
567 Heilsugæslustöðin Djúpavogi	-	910	-	513
568 Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði	-	-	-	1.292
571 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	-	359	-	592
572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	-	2.235	-	329
574 Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	-	1.342	-	948
575 Heilsugæslustöðin Hellu	-	968	-	1.018
576 Heilsugæslustöðin Laugarási	37	3.505	71	1.108
578 Heilsugæslustöðin Hveragerði	-	327	-	248
579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	29	465	-	398
582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	174	4.903	36	5.730
583 Heilsugæslustöðin Garðabæ	101	1.780	190	1.902
584 Heilsugæslustöðin Kópavogi	210	6.701	158	5.046
585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	271	3.787	92	3.542
586 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	57	769	96	700
621 Forvarnasjóður	6	302	68	1.488
711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi	429	11.010	382	9.009
715 St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	-	-	-	1.770
721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	-	942	-	1.640
725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	375	7.937	-	6.896
731 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	-	583	-	791
735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	46	858	74	811
741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	-	2.108	-	2.567
745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	-	4.009	-	3.426
751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	-	7.281	-	7.784
755 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	-	5.554	-	6.006
761 Heilbrigðisstofnunin Húsavík	413	3.105	707	4.631
765 Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum	-	1.030	5	669
771 Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði	20	1.488	21	1.586
775 Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað	93	1.388	-	1.387
777 Heilbrigðisstofnun Austurlands	11	1.084	-	-

Í þús. kr.	1999 Risnu-kostnaður[1]	1999 Aðkeyptur akstur[2]	1998 Risnu-kostnaður	1998 Aðkeyptur akstur
781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	-	5.520	-	5.032
785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi	-	8.713	-	7.809
791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	66	21.245	340	18.606
09 Fjármálaráðuneyti	**12.889**	**18.588**	**12.101**	**16.843**
101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	6.603	1.322	7.502	1.496
103 Ríkisbókhald	1.782	545	1.390	670
104 Ríkisfjárhirsla	-	79	-	73
105 Ríkislögmaður	-	-	-	273
201 Ríkisskattstjóri	989	466	557	750
202 Skattstofan í Reykjavík	140	326	215	292
203 Skattstofa Vesturlands	86	520	85	528
204 Skattstofa Vestfjarða	10	66	268	72
205 Skattstofa Norðurlands vestra	228	348	238	246
206 Skattstofa Norðurlands eystra	25	259	12	203
207 Skattstofa Austurlands	31	135	7	117
208 Skattstofa Suðurlands	-	268	-	305
209 Skattstofa Vestmannaeyja	16	129	4	113
211 Skattstofa Reykjaness	-	377	-	347
212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld	-	1	-	-
214 Yfirskattanefnd	188	13	184	12
215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins	-	90	-	82
250 Innheimtukostnaður	-	-	-	24
261 Ríkistollstjóri	114	180	211	164
262 Tollstjórinn í Reykjavík	1.008	2.008	211	1.407
402 Fasteignamat ríkisins	131	4.433	68	4.207
901 Framkvæmdasýslan	105	1.328	262	1.414
905 Ríkiskaup	450	1.368	76	1.094
972 Lánasýsla ríkisins	657	3.318	227	1.859
980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	65	107	-	83
981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	-	10	-	34
984 Fasteignir ríkissjóðs	259	482	361	586
995 Skýrsluvélakostnaður	-	330	-	326
999 Ýmis verkefni	-	82	222	66
10 Samgönguráðuneyti	**20.381**	**127.408**	**18.321**	**158.944**
101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	6.461	2.093	5.056	1.764
190 Ýmis verkefni	78	696	111	525
211 Vegagerðin	6.593	85.994	7.189	120.423
335 Siglingastofnun Íslands	1.195	11.285	475	9.966
471 Flugmálastjórn	3.395	23.579	2.807	23.248
481 Rannsóknarnefnd flugslysa	10	206	-	245
512 Póst- og fjarskiptastofnunin	412	699	357	602
651 Ferðamálaráð	2.237	2.855	2.327	2.172
11 Iðnaðarráðuneyti	**5.799**	**21.150**	**4.492**	**19.989**
101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	2.313	695	1.203	610
102 Einkaleyfastofan	505	61	366	14
201 Iðntæknistofnun Íslands	1.209	8.609	1.466	9.036
203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	121	5.741	153	4.787
240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	76	21	232	174
299 Iðja og iðnaður, framlög	462	148	59	123
301 Orkustofnun	1.113	5.875	1.013	5.246

Í þús. kr.	1999 Risnu-kostnaður[1]	1999 Aðkeyptur akstur[2]	1998 Risnu-kostnaður	1998 Aðkeyptur akstur
12 Viðskiptaráðuneyti	**4.511**	**7.812**	**3.618**	**4.566**
101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	3.141	1.423	2.301	1.498
190 Ýmis verkefni	-	92	-	-
302 Löggildingarstofa	576	2.440	1.014	2.255
401 Vátryggingaeftirlitið	-	-	36	60
402 Fjármálaeftirlitið	552	3.118	-	-
902 Samkeppnisstofnun	242	739	267	752
13 Hagstofa Íslands	**1.324**	**601**	**1.643**	**651**
101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	1.324	601	1.643	651
14 Umhverfisráðuneyti	**9.292**	**28.658**	**6.599**	**21.307**
101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	4.170	2.151	3.677	2.608
190 Ýmis verkefni	151	559	58	341
202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	39	558	35	425
205 Náttúruvernd ríkisins	256	2.654	62	1.644
210 Veiðistjóri	27	283	-	271
213 Hreindýraráð	-	155	-	120
221 Hollustuvernd ríkisins	1.481	3.186	308	2.400
301 Skipulagsstofnun	248	1.859	186	1.853
310 Landmælingar Íslands	432	5.806	63	1.024
321 Brunamálastofnun ríkisins	671	3.994	153	3.380
381 Ofanflóðasjóður	8	161	6	261
401 Náttúrufræðistofnun Íslands	917	1.934	818	1.206
407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	107	122	151	3
410 Veðurstofa Íslands	786	5.235	1.083	5.771
Samtals	**257.455**	**911.034**	**209.469**	**933.331**

[1] Risna er föst risna og önnur risna.

[2] Undir aðkeyptum akstri eru allar greiðslur vegna leigubifreiða, bílaleigubifreiða, starfsmannabifreiða og annars aksturs svo sem hópferðabifreiða vegna skólaaksturs og sjúkraflutninga.

Ferðakostnaður stofnana 1999.

Í þús. kr.		Ferða-kostnaður, innan lands	Ferða-kostnaður, erlendis	Ferða-kostnaður, gjaldfærður	Endurgr. ferða-kostn., tekju-færður	Ferða-kostnaður nettó
00	**Æðsta stjórn ríkisins**	**36.775**	**62.229**	**99.004**	**1.776**	**97.228**
101	Embætti forseta Íslands	3.287	10.107	13.394	150	13.244
201	Alþingi	32.839	46.435	79.274	-	79.274
610	Umboðsmaður Alþingis	24	1.106	1.130	-	1.130
620	Ríkisendurskoðun	626	4.581	5.207	1.627	3.580
01	**Forsætisráðuneyti**	**4.114**	**42.902**	**47.016**	**361**	**46.655**
101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	664	13.345	14.009	199	13.810
190	Ýmis verkefni	1.213	17.969	19.182	-	19.182
211	Þjóðhagsstofnun	51	4.845	4.896	-	4.896
231	Norræna ráðherranefndin	28	5.487	5.515	162	5.353
241	Umboðsmaður barna	-	529	529	-	529
251	Safnahús	-	66	66	-	66
261	Óbyggðanefnd	-	662	662	-	662

Í þús. kr.		Ferða-kostnaður, innan lands	Ferða-kostnaður, erlendis	Ferða-kostnaður, gjaldfærður	Endurgr. ferða-kostn., tekju-færður	Ferða-kostnaður nettó
271	Ríkislögmaður	49	-	49	-	49
902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	2.109	-	2.109	-	2.109
02	**Menntamálaráðuneyti**	**64.854**	**273.442**	**338.296**	**24.232**	**314.064**
101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.259	12.361	13.620	1.514	12.106
201	Háskóli Íslands	19.653	98.958	118.611	-	118.611
202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	183	5.909	6.092	827	5.265
203	Raunvísindastofnun Háskólans	4.073	12.185	16.258	314	15.944
204	Stofnun Sigurðar Nordals	666	2.132	2.798	-	2.798
205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	291	1.861	2.152	-	2.152
206	Orðabók Háskólans	14	970	984	-	984
207	Íslensk málstöð	51	610	661	-	661
208	Örnefnastofnun Íslands	-	133	133	-	133
210	Háskólinn á Akureyri	11.186	11.599	22.785	-	22.785
211	Tækniskóli Íslands	239	2.543	2.782	-	2.782
215	Kennaraháskóli Íslands	3.771	19.050	22.821	355	22.465
223	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	158	3.093	3.252	-	3.252
231	Rannsóknarráð Íslands	1.273	9.773	11.046	724	10.322
235	Rannsóknir og þróun í upplýsinga-tækni og umhverfismálum	228	-	228	-	228
236	Vísindasjóður	84	-	84	-	84
237	Tæknisjóður	479	-	479	-	479
269	Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður	11	-	11	-	11
299	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	79	393	472	-	472
301	Menntaskólinn í Reykjavík	13	-	13	-	13
302	Menntaskólinn á Akureyri	1.058	345	1.402	-	1.402
303	Menntaskólinn á Laugarvatni	14	390	404	-	404
304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	315	1.077	1.392	-	1.392
305	Menntaskólinn við Sund	142	1.329	1.471	-	1.471
306	Framhaldsskóli Vestfjarða	576	113	689	-	689
307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	595	191	786	357	429
308	Menntaskólinn í Kópavogi	456	2.483	2.939	-	2.939
309	Kvennaskólinn í Reykjavík	127	745	872	-	872
316	Fasteignir framhaldsskóla	219	163	382	-	382
318	Framhaldsskólar, stofnkostnaður	-	267	267	-	267
319	Framhaldsskólar, almennt	909	3.067	3.976	148	3.828
350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	45	1.819	1.865	-	1.865
351	Fjölbrautaskólinn Ármúla	534	931	1.465	-	1.465
352	Flensborgarskóli	603	1.172	1.775	-	1.775
353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	407	2.387	2.794	-	2.794
354	Fjölbrautaskóli Vesturlands	125	120	245	-	245
355	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	305	10	315	-	315
356	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	742	520	1.262	-	1.262
357	Fjölbrautaskóli Suðurlands	108	1.167	1.275	-	1.275
358	Verkmenntaskóli Austurlands	559	-	559	-	559
359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.564	94	1.658	-	1.658
360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	179	857	1.036	-	1.036
361	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	194	163	357	-	357
362	Framhaldsskólinn á Húsavík	341	150	491	-	491
363	Framhaldsskólinn á Laugum	435	-	435	-	435

Í þús. kr.		Ferða-kostnaður, innan lands	Ferða-kostnaður, erlendis	Ferða-kostnaður, gjaldfærður	Endurgr. ferða-kostn., tekju-færður	Ferða-kostnaður nettó
365	Borgarholtsskóli	158	330	488	-	488
430	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	277	1.035	1.312	-	1.312
441	Fullorðinsfræðsla fatlaðra	62	7	69	-	69
506	Vélskóli Íslands	54	276	331	-	331
507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	33	354	387	-	387
514	Iðnskólinn í Reykjavík	32	1.005	1.037	-	1.037
516	Iðnskólinn í Hafnarfirði	11	200	211	-	211
551	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	16	-	16	-	16
561	Myndlista- og handíðaskóli Íslands	586	699	1.284	-	1.284
562	Leiklistarskóli Íslands	215	919	1.134	-	1.134
564	Listdansskólinn	1.104	1.276	2.381	-	2.381
610	Fasteignir héraðsskóla	240	-	240	-	240
720	Grunnskólar, almennt	173	301	474	-	474
725	Námsgagnastofnun	798	2.553	3.352	-	3.352
804	Kvikmyndaskoðun	-	315	315	-	315
902	Þjóðminjasafn Íslands	1.458	2.786	4.244	-	4.244
903	Þjóðskjalasafn Íslands	133	2.334	2.467	-	2.467
905	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókas.	107	5.469	5.577	-	5.577
906	Listasafn Einars Jónssonar	-	800	800	-	800
907	Listasafn Íslands	149	1.040	1.189	-	1.189
909	Blindrabókasafn Íslands	10	108	118	-	118
919	Söfn, ýmis framlög	52	-	52	-	52
969	Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	1.581	-	1.581	-	1.581
972	Íslenski dansflokkurinn	785	1.913	2.698	-	2.698
979	Húsafriðunarsjóður	1.086	536	1.622	-	1.622
981	Kvikmyndasjóður	85	4.247	4.332	-	4.332
982	Listir, framlög	-	1.352	1.352	-	1.352
984	Norræn samvinna	35	2.608	2.643	-	2.643
985	Alþjóðleg samskipti	211	36.641	36.852	19.993	16.859
988	Æskulýðsmál	55	-	55	-	55
989	Ýmis íþróttamál	175	862	1.037	-	1.037
996	Íslenska upplýsingasamfélagið	410	1.600	2.010	-	2.010
999	Ýmislegt	495	745	1.240	-	1.240
03	**Utanríkisráðuneyti**	**10.708**	**177.191**	**187.899**	**745**	**187.154**
101	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	5.771	105.016	110.786	745	110.041
190	Ýmis verkefni	-91	3.985	3.894	-	3.894
201	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	341	2.047	2.388	-	2.388
211	Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	862	5.808	6.670	-	6.670
301	Sendiráð Íslands í Berlín	-	558	558	-	558
303	Sendiráð Íslands í London	121	-	121	-	121
306	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO	-	5	5	-	5
309	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðism. Ísl., New York	69	-	69	-	69
310	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu	-	135	135	-	135

Í þús. kr.		Ferða-kostnaður, innan lands	Ferða-kostnaður, erlendis	Ferða-kostnaður, gjaldfærður	Endurgr. ferða-kostn., tekju-færður	Ferða-kostnaður nettó
313	Fastanefnd Íslands hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu	-	188	188	-	188
317	Sendiráð Íslands í Helsinki	-	48	48	-	48
318	Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	-	9	9	-	9
320	Sendiráð, almennt	2.967	23.940	26.907	-	26.907
390	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	480	25.776	26.257	-	26.257
391	Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	-	2.067	2.067	-	2.067
401	Alþjóðastofnanir	187	7.611	7.798	-	7.798
04	**Landbúnaðarráðuneyti**	**41.416**	**33.603**	**75.019**	**2.044**	**72.975**
101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	1.524	7.749	9.273	542	8.731
190	Ýmis verkefni	1.524	532	2.055	-	2.055
211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	4.419	7.175	11.594	710	10.884
221	Veiðimálastofnun	3.362	606	3.967	352	3.615
222	Veiðimálastjóri	755	466	1.221	262	959
233	Yfirdýralæknir	2.961	2.603	5.564	178	5.385
236	Aðfangaeftirlit ríkisins	64	1.956	2.019	-	2.019
261	Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði	1.250	2.064	3.314	-	3.314
271	Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	3.350	2.793	6.143	-	6.143
283	Garðyrkjuskóli ríkisins	137	1.030	1.167	-	1.167
293	Hagþjónusta landbúnaðarins	394	277	671	-	671
311	Landgræðsla ríkisins	1.953	432	2.385	-	2.385
321	Skógrækt ríkisins	16.316	5.074	21.390	-	21.390
324	Landgræðslusjóður	11	141	152	-	152
331	Héraðsskógar	1.282	113	1.395	-	1.395
341	Átak í landgræðslu og skógrækt	1.249	-	1.249	-	1.249
343	Suðurlandsskógar	617	590	1.207	-	1.207
831	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	180	4	184	-	184
843	Fiskræktarsjóður	70	-	70	-	70
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**	**29.528**	**84.675**	**114.203**	**4.226**	**109.977**
101	Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	697	12.436	13.133	558	12.575
190	Ýmis verkefni	1.114	5.177	6.290	-	6.290
202	Hafrannsóknastofnunin	6.824	25.792	32.616	1.262	31.354
203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	2.820	12.583	15.403	2.406	12.998
204	Fiskistofa	17.566	10.997	28.563	-	28.563
208	Bygging hafrannsóknaskips	-	17.298	17.298	-	17.298
213	Verðlagsstofa skiptaverðs	473	-	473	-	473
901	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	33	392	426	-	426
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**	**59.659**	**67.146**	**126.805**	**3.581**	**123.224**
101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	398	14.265	14.663	2.843	11.820
111	Kosningar	203	-	203	-	203
190	Ýmis verkefni	20	1.586	1.606	-	1.606
201	Hæstiréttur	79	583	661	-	661
210	Héraðsdómstólar	3.288	559	3.847	-	3.847
211	Héraðsdómur Reykjavíkur	-	-	-	217	-217
231	Málskostnaður í opinberum málum	1.050	2.416	3.466	-	3.466

Í þús. kr.		Ferða-kostnaður, innan lands	Ferða-kostnaður, erlendis	Ferða-kostnaður, gjaldfærður	Endurgr. ferða-kostn., tekju-færður	Ferða-kostnaður nettó
232	Opinber réttaraðstoð	6	-	6	-	6
301	Ríkissaksóknari	102	949	1.052	-	1.052
303	Ríkislögreglustjóri	10.907	14.485	25.392	17	25.375
305	Lögregluskóli ríkisins	147	1.504	1.650	-	1.650
311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	8.597	2.153	10.750	-	10.750
321	Almannavarnir ríkisins	179	672	851	-	851
325	Neyðarsímsvörun	34	-	34	-	34
331	Umferðarráð	1.508	1.087	2.595	-	2.595
341	Áfengis- og fíkniefnamál	-0	-	-0	-	-0
390	Ýmis löggæslumál	3	2.920	2.923	-	2.923
395	Landhelgisgæsla Íslands	7.516	8.435	15.951	76	15.875
397	Schengen-samstarf	13	6.066	6.078	-	6.078
398	Útlendingaeftirlitið	68	1.643	1.711	-	1.711
411	Sýslumaðurinn í Reykjavík	31	-	31	-	31
412	Sýslumaðurinn á Akranesi	250	-	250	-	250
413	Sýslumaðurinn í Borgarnesi	276	-	276	-	276
414	Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	670	-	670	-	670
415	Sýslumaðurinn í Búðardal	210	61	270	-	270
416	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	1.052	-	1.052	-	1.052
417	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	344	-	344	-	344
418	Sýslumaðurinn á Ísafirði	1.452	-	1.452	-	1.452
419	Sýslumaðurinn á Hólmavík	431	-	431	-	431
420	Sýslumaðurinn á Blönduósi	983	69	1.052	-	1.052
421	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	1.038	-	1.038	-	1.038
422	Sýslumaðurinn á Siglufirði	532	-	532	-	532
423	Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	262	-	262	-	262
424	Sýslumaðurinn á Akureyri	2.735	-	2.735	-	2.735
425	Sýslumaðurinn á Húsavík	1.045	-	1.045	-	1.045
426	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	1.131	-	1.131	-	1.131
427	Sýslumaðurinn í Neskaupstað	373	-	373	-	373
428	Sýslumaðurinn á Eskifirði	673	-	673	-	673
429	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	942	-	942	-	942
430	Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	261	-	261	-	261
431	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	296	-	296	-	296
432	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	920	-	920	-	920
433	Sýslumaðurinn á Selfossi	764	-	764	-	764
434	Sýslumaðurinn í Keflavík	557	-	557	-	557
436	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	52	-	52	-	52
437	Sýslumaðurinn í Kópavogi	927	63	991	-	991
491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	12	472	484	-	484
501	Fangelsismálastofnun ríkisins	4.236	2.485	6.721	427	6.293
701	Biskup Íslands	3.085	4.674	7.758	-	7.758
07	**Félagsmálaráðuneyti**	**22.487**	**34.731**	**57.218**	**2.990**	**54.228**
101	Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.971	7.228	9.198	1.626	7.572
302	Ríkissáttasemjari	77	51	127	-	127
311	Jafnréttisráð	239	2.786	3.025	711	2.314
331	Vinnueftirlit ríkisins	7.429	5.711	13.141	-	13.141
400	Barnaverndarstofa	1.641	2.318	3.959	134	3.825
401	Barnaverndarráð	-	-3	-3	-	-3
700	Málefni fatlaðra	54	640	694	-	694
701	Málefni fatlaðra, Reykjavík	401	153	554	-	554

Í þús. kr.		Ferða-kostnaður, innan lands	Ferða-kostnaður, erlendis	Ferða-kostnaður, gjaldfærður	Endurgr. ferða-kostn., tekju-færður	Ferða-kostnaður nettó
702	Málefni fatlaðra, Reykjanesi	312	1.166	1.478	-	1.478
703	Málefni fatlaðra, Vesturlandi	827	323	1.150	-	1.150
704	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	1.588	-	1.588	-	1.588
705	Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	191	-	191	-	191
706	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	34	-	34	-	34
707	Málefni fatlaðra, Austurlandi	848	7	855	-	855
708	Málefni fatlaðra, Suðurlandi	162	-	162	-	162
750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	665	2.444	3.109	-	3.109
795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	275	185	459	-	459
980	Vinnumálastofnun	4.676	8.123	12.798	-	12.798
981	Vinnumál	69	2.840	2.909	107	2.801
984	Atvinnuleysistryggingasjóður	186	-	186	-	186
987	Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	40	-	40	-	40
999	Félagsmál, ýmis starfsemi	805	760	1.564	411	1.153
08	**Heilbrigðis- og tryggingamála-ráðuneyti**	**53.468**	**235.050**	**288.518**	**2.440**	**286.078**
101	Heilbrigðis og tryggingamálaráðu-neyti, aðalskrifstofa	1.050	19.008	20.058	2.098	17.960
201	Tryggingastofnun ríkisins	1.729	8.871	10.600	-	10.600
301	Landlæknir	1.035	4.966	6.001	-	6.001
311	Héraðslæknir í Reykjavík	18	-	18	-	18
315	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	139	365	504	-	504
324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	74	1.372	1.446	-	1.446
326	Sjónstöð Íslands	464	636	1.101	-	1.101
327	Geislavarnir ríkisins	236	1.749	1.985	130	1.855
330	Manneldisráð	-	482	482	43	439
358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	8.544	11.571	20.115	-	20.115
368	Sólvangur, Hafnarfirði	135	179	314	-	314
370	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	320	1.676	1.997	-	1.997
371	Ríkisspítalar	4.581	82.587	87.168	-	87.168
375	Sjúkrahús Reykjavíkur	2.060	48.894	50.954	-	50.954
378	Læknishéraðasjóður	175	-	175	-	175
381	Sjúkrahús og læknisbústaðir	-	129	129	-	129
385	Framkvæmdasjóður aldraðra	1.415	1.082	2.496	-	2.496
393	Lyfjamál	-	157	157	-	157
395	Lyfjaeftirlit ríkisins	116	782	899	-	899
396	Lyfjanefnd	4	3.467	3.471	46	3.425
399	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	250	4.466	4.715	123	4.593
400	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	206	2.305	2.511	-	2.511
407	Sundabúð II, Vopnafirði	315	-	315	-	315
490	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	35	396	431	-	431
500	Heilsugæslustöðvar, almennt	120	912	1.032	-	1.032
505	Heilsugæsla í Reykjavík	43	9.707	9.750	-	9.750
510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	134	1.955	2.089	-	2.089
522	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	441	213	654	-	654
524	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	1.538	-	1.538	-	1.538
525	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	135	246	381	-	381
526	Heilsugæslustöðin Búðardal	470	464	934	-	934
551	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	175	-	175	-	175
552	Heilsugæslustöðin Dalvík	201	432	633	-	633

Í þús. kr.		Ferða-kostnaður, innan lands	Ferða-kostnaður, erlendis	Ferða-kostnaður, gjaldfærður	Endurgr. ferða-kostn., tekju-færður	Ferða-kostnaður nettó
558	Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjar-sýslu	742	327	1.069	-	1.069
561	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	263	167	429	-	429
565	Heilsugæslustöðin Eskifirði	761	-	761	-	761
566	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	1.006	6	1.012	-	1.012
567	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	588	-	588	-	588
571	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	49	-	49	-	49
572	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	3	-	3	-	3
574	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	80	-	80	-	80
575	Heilsugæslustöðin Hellu	80	322	402	-	402
576	Heilsugæslustöðin Laugarási	28	-	28	-	28
582	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	-	3.432	3.432	-	3.432
583	Heilsugæslustöðin Garðabæ	-	1.089	1.089	-	1.089
584	Heilsugæslustöðin Kópavogi	294	1.979	2.273	-	2.273
585	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	-	2.249	2.249	-	2.249
586	Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	6	324	330	-	330
621	Forvarnasjóður	171	639	809	-	809
711	Heilbrigðisstofnunin Akranesi	2.956	3.019	5.976	-	5.976
721	Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	1.398	204	1.602	-	1.602
725	Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	2.167	2.049	4.216	-	4.216
731	Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	791	-	791	-	791
735	Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	567	-	567	-	567
741	Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	548	137	684	-	684
745	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	875	659	1.534	-	1.534
751	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	3.171	129	3.300	-	3.300
755	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	907	292	1.199	-	1.199
761	Heilbrigðisstofnunin Húsavík	1.816	286	2.102	-	2.102
765	Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum	1.166	824	1.990	-	1.990
771	Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði	1.056	353	1.409	-	1.409
775	Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað	1.752	863	2.615	-	2.615
777	Heilbrigðisstofnun Austurlands	767	-	767	-	767
781	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	831	1.268	2.099	-	2.099
785	Heilbrigðisstofnunin Selfossi	698	1.946	2.645	-	2.645
791	Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	1.770	2.765	4.534	-	4.534
996	Íslenska upplýsingasamfélagið	4	651	655	-	655
09	**Fjármálaráðuneyti**	**13.445**	**43.357**	**56.802**	**1.414**	**55.388**
101	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	465	26.692	27.157	1.414	25.743
103	Ríkisbókhald	-	1.005	1.005	-	1.005
201	Ríkisskattstjóri	2.643	3.120	5.763	-	5.763
202	Skattstofan í Reykjavík	-	230	230	-	230
203	Skattstofa Vesturlands	525	-	525	-	525
204	Skattstofa Vestfjarða	553	-	553	-	553
205	Skattstofa Norðurlands vestra	345	-	345	-	345
206	Skattstofa Norðurlands eystra	743	-	743	-	743
207	Skattstofa Austurlands	564	-	564	-	564
208	Skattstofa Suðurlands	210	-	210	-	210
209	Skattstofa Vestmannaeyja	304	-	304	-	304
211	Skattstofa Reykjaness	-	174	174	-	174
215	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	129	1.118	1.248	-	1.248
261	Ríkistollstjóri	327	1.896	2.223	-	2.223
262	Tollstjórinn í Reykjavík	762	990	1.752	-	1.752

Í þús. kr.		Ferða-kostnaður, innan lands	Ferða-kostnaður, erlendis	Ferða-kostnaður, gjaldfærður	Endurgr. ferða-kostn., tekju-færður	Ferða-kostnaður nettó
402	Fasteignamat ríkisins	3.906	1.633	5.539	-	5.539
901	Framkvæmdasýslan	740	1.346	2.086	-	2.086
905	Ríkiskaup	140	3.257	3.397	-	3.397
972	Lánasýsla ríkisins	4	1.079	1.083	-	1.083
980	Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	-	208	208	-	208
981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	60	-	60	-	60
984	Fasteignir ríkissjóðs	104	133	236	-	236
995	Skýrsluvélakostnaður	898	200	1.097	-	1.097
999	Ýmis verkefni	25	276	301	-	301
10	**Samgönguráðuneyti**	**155.911**	**84.584**	**240.495**	**120**	**240.376**
101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	2.307	11.823	14.130	120	14.010
190	Ýmis verkefni	653	1.300	1.953	-	1.953
211	Vegagerðin	119.541	18.145	137.686	-	137.686
335	Siglingastofnun Íslands	13.078	11.148	24.226	-	24.226
471	Flugmálastjórn	16.178	28.652	44.830	-	44.830
481	Rannsóknanefnd flugslysa	31	676	707	-	707
512	Póst- og fjarskiptastofnunin	590	6.217	6.806	-	6.806
651	Ferðamálaráð	3.533	6.625	10.158	-	10.158
11	**Iðnaðarráðuneyti**	**18.922**	**71.706**	**90.628**	**13.922**	**76.706**
101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	324	3.001	3.325	1.438	1.888
102	Einkaleyfastofan	-	3.828	3.828	965	2.864
201	Iðntæknistofnun Íslands	4.096	18.720	22.817	7.144	15.672
203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	1.893	16.876	18.769	4.243	14.526
240	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	78	1.822	1.900	-	1.900
299	Iðja og iðnaður, framlög	125	13.025	13.150	133	13.017
301	Orkustofnun	12.406	14.432	26.838	-	26.838
12	**Viðskiptaráðuneyti**	**2.824**	**29.873**	**32.697**	**809**	**31.888**
101	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	441	11.100	11.542	809	10.732
302	Löggildingarstofa	1.594	8.312	9.906	-	9.906
402	Fjármálaeftirlitið	616	7.360	7.975	-	7.975
902	Samkeppnisstofnun	174	3.101	3.275	-	3.275
13	**Hagstofa Íslands**	**49**	**12.948**	**12.997**	**1.156**	**11.840**
101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	49	12.948	12.997	1.156	11.840
14	**Umhverfisráðuneyti**	**29.127**	**55.313**	**84.440**	**6.436**	**78.004**
101	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	1.177	13.021	14.199	2.109	12.090
190	Ýmis verkefni	233	54	288	-	288
202	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	613	-	613	-	613
205	Náttúruvernd ríkisins	4.559	671	5.230	105	5.125
210	Veiðistjóri	1.036	345	1.382	-	1.382
221	Hollustuvernd ríkisins	1.147	16.906	18.053	3.119	14.935
285	Spilliefnasjóður	487	-	487	-	487
301	Skipulagsstofnun	783	1.856	2.640	256	2.384
310	Landmælingar Íslands	1.170	2.965	4.134	-	4.134
321	Brunamálastofnun ríkisins	3.941	2.054	5.995	184	5.810
381	Ofanflóðasjóður	153	-	153	-	153

Í þús. kr.	Ferða-kostnaður, innan lands	Ferða-kostnaður, erlendis	Ferða-kostnaður, gjaldfærður	Endurgr. ferða-kostn., tekju-færður	Ferða-kostnaður nettó
401 Náttúrufræðistofnun Íslands	7.293	3.173	10.466	663	9.803
407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	702	820	1.522	-	1.522
410 Veðurstofa Íslands	5.831	13.447	19.278	-	19.278
Ferðakostnaður samtals	**543.286**	**1.308.751**	**1.852.037**	**66.253**	**1.785.784**

Ferðakostnaður stofnana 1998.

Í þús. kr.	Ferða-kostnaður, innan lands	Ferða-kostnaður, erlendis	Ferða-kostnaður, gjald-færður	Endurgr. ferðakostn., tekju-færður	Ferða-kostnaður nettó
00 Æðsta stjórn ríkisins	**30.101**	**66.975**	**97.076**	**1.776**	**95.300**
101 Embætti forseta Íslands	180	9.385	9.564	150	9.415
201 Alþingi	29.548	50.296	79.844	-	79.844
301 Ríkisstjórn	-	149	149	-	149
610 Umboðsmaður Alþingis	23	1.766	1.789	-	1.789
620 Ríkisendurskoðun	350	5.380	5.730	1.627	4.103
01 Forsætisráðuneyti	**3.194**	**21.828**	**25.022**	**361**	**24.661**
101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	1.018	8.125	9.143	199	8.943
190 Ýmis verkefni	372	3.773	4.144	-	4.144
211 Þjóðhagsstofnun	5	5.022	5.027	-	5.027
231 Norræna ráðherranefndin	8	4.683	4.691	162	4.529
241 Umboðsmaður barna	21	129	150	-	150
251 Safnahús	-	96	96	-	96
902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	1.771	-	1.771	-	1.771
02 Menntamálaráðuneyti	**60.175**	**250.736**	**310.911**	**24.232**	**286.679**
101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.458	11.897	13.355	1.514	11.841
201 Háskóli Íslands	12.623	94.474	107.097	-	107.097
202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	311	4.732	5.043	827	4.217
203 Raunvísindastofnun Háskólans	4.927	11.779	16.706	314	16.392
204 Stofnun Sigurðar Nordals	560	1.707	2.267	-	2.267
205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	276	4.198	4.475	-	4.475
206 Orðabók Háskólans	-	99	99	-	99
207 Íslensk málstöð	-	856	856	-	856
208 Örnefnastofnun	2	4	5	-	5
210 Háskólinn á Akureyri	8.789	8.110	16.899	-	16.899
211 Tækniskóli Íslands	102	2.388	2.490	-	2.490
215 Kennaraháskóli Íslands	3.680	14.139	17.819	355	17.464
223 Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	555	1.980	2.535	-	2.535
231 Rannsóknarráð Íslands	1.118	6.534	7.652	724	6.928
236 Vísindasjóður	81	-	81	-	81
237 Tæknisjóður	469	-	469	-	469
299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi	191	580	772	-	772
301 Menntaskólinn í Reykjavík	-	159	159	-	159
302 Menntaskólinn á Akureyri	473	54	527	-	527
303 Menntaskólinn á Laugarvatni	10	-	10	-	10
304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	63	1.576	1.638	-	1.638

Í þús. kr.	Ferða-kostnaður, innan lands	Ferða-kostnaður, erlendis	Ferða-kostnaður, gjald-færður	Endurgr. ferðakostn., tekju-færður	Ferða-kostnaður nettó
305 Menntaskólinn við Sund	175	128	302	-	302
306 Framhaldsskóli Vestfjarða	636	467	1.103	-	1.103
307 Menntaskólinn á Egilsstöðum	840	1.694	2.534	357	2.178
308 Menntaskólinn í Kópavogi	261	2.143	2.403	-	2.403
309 Kvennaskólinn í Reykjavík	60	714	773	-	773
316 Fasteignir framhaldsskóla	59	-	59	-	59
317 Sameignir skólanna á Laugarvatni	30	-	30	-	30
319 Framhaldsskólar, almennt	5.282	1.115	6.398	148	6.249
350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	19	639	658	-	658
351 Fjölbrautaskólinn Ármúla	113	578	691	-	691
352 Flensborgarskóli	498	321	819	-	819
353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	143	2.001	2.144	-	2.144
354 Fjölbrautaskóli Vesturlands	573	401	973	-	973
355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	236	6	242	-	242
356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	744	236	980	-	980
357 Fjölbrautaskóli Suðurlands	57	397	454	-	454
358 Verkmenntaskóli Austurlands	408	249	657	-	657
359 Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.255	120	1.375	-	1.375
360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	331	642	974	-	974
361 Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	300	265	566	-	566
362 Framhaldsskólinn á Húsavík	257	-	257	-	257
363 Framhaldsskólinn á Laugum	334	97	431	-	431
365 Borgarholtsskóli	103	512	615	-	615
430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	148	1.462	1.610	-	1.610
441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra	55	116	171	-	171
506 Vélskóli Íslands	36	359	395	-	395
507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík	9	584	593	-	593
514 Iðnskólinn í Reykjavík	-	337	337	-	337
516 Iðnskólinn í Hafnarfirði	46	417	463	-	463
551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	32	-	32	-	32
561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands	235	1.859	2.093	-	2.093
562 Leiklistarskóli Íslands	18	1.275	1.293	-	1.293
564 Listdansskólinn	1.046	670	1.716	-	1.716
610 Héraðsskólar	97	-	97	-	97
720 Grunnskólar, almennt	112	977	1.089	-	1.089
725 Námsgagnastofnun	301	2.319	2.620	-	2.620
884 Jöfnun á námskostnaði	7	-	7	-	7
902 Þjóðminjasafn Íslands	1.702	2.563	4.264	-	4.264
903 Þjóðskjalasafn Íslands	432	2.227	2.659	-	2.659
905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	136	6.007	6.143	-	6.143
906 Listasafn Einars Jónssonar	9	-	9	-	9
907 Listasafn Íslands	110	1.543	1.653	-	1.653
909 Blindrabókasafn Íslands	-	124	124	-	124
919 Söfn, ýmis framlög	41	-	41	-	41
969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	2.308	-	2.308	-	2.308
972 Íslenski dansflokkurinn	3.015	5.272	8.287	-	8.287
980 Listskreytingasjóður	132	-	132	-	132
981 Kvikmyndasjóður	145	4.374	4.520	-	4.520
982 Listir, framlög	17	1.342	1.358	-	1.358

Í þús. kr.	Ferða-kostnaður, innan lands	Ferða-kostnaður, erlendis	Ferða-kostnaður, gjald-færður	Endurgr. ferðakostn., tekju-færður	Ferða-kostnaður nettó
983 Ýmis fræðistörf	4	-	4	-	4
984 Norræn samvinna	868	4.821	5.689	-	5.689
985 Alþjóðleg samskipti	521	32.856	33.377	19.993	13.383
988 Æskulýðsmál	32	63	95	-	95
989 Ýmis íþróttamál	111	1.029	1.139	-	1.139
996 Íslenska upplýsingasamfélagið	-	132	132	-	132
999 Ýmislegt	49	22	71	-	71
03 Utanríkisráðuneyti	**5.790**	**139.257**	**145.047**	**745**	**144.302**
101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	1.642	88.816	90.458	745	89.713
190 Ýmis verkefni	128	2.585	2.713	-	2.713
201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	148	522	670	-	670
211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	804	2.304	3.107	-	3.107
303 Sendiráð Íslands í London	-	35	35	-	35
306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd Íslands hjá OECD og UNESCO	-	28	28	-	28
307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	-	41	41	-	41
317 Sendiráð Íslands í Helsinki	-	266	266	-	266
320 Sendiráð, almennt	1.875	18.893	20.768	-	20.768
390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	1.124	16.077	17.201	-	17.201
391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	-	825	825	-	825
401 Alþjóðastofnanir	70	8.865	8.935	-	8.935
04 Landbúnaðarráðuneyti	**39.976**	**33.100**	**73.076**	**2.044**	**71.032**
101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	1.329	6.553	7.882	542	7.340
190 Ýmis verkefni	1.867	138	2.005	-	2.005
211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	8.745	9.366	18.112	710	17.402
221 Veiðimálastofnun	3.006	1.378	4.384	352	4.031
222 Veiðimálastjóri	798	636	1.433	262	1.172
233 Yfirdýralæknir	3.275	4.054	7.329	178	7.151
236 Aðfangaeftirlit ríkisins	150	1.322	1.472	-	1.472
261 Bændaskólinn á Hvanneyri	1.001	1.535	2.536	-	2.536
271 Bændaskólinn á Hólum	2.464	3.046	5.511	-	5.511
283 Garðyrkjuskóli ríkisins	524	278	802	-	802
293 Hagþjónusta landbúnaðarins	433	130	563	-	563
311 Landgræðsla ríkisins	2.555	1.047	3.602	-	3.602
321 Skógrækt ríkisins	11.086	3.379	14.465	-	14.465
324 Landgræðslusjóður	-	141	141	-	141
331 Héraðsskógar	1.258	-	1.258	-	1.258
341 Átak í landgræðslu og skógrækt	864	-	864	-	864
343 Suðurlandsskógar	273	98	370	-	370
831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	163	-	163	-	163
840 Lán til fiskeldis	57	-	57	-	57
843 Fiskræktarsjóður	129	-	129	-	129
05 Sjávarútvegsráðuneyti	**25.989**	**68.076**	**94.066**	**4.226**	**89.840**
101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	518	10.712	11.230	558	10.672
190 Ýmis verkefni	1.461	6.436	7.897	-	7.897
202 Hafrannsóknastofnunin	5.887	24.451	30.338	1.262	29.076
203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	2.763	10.741	13.504	2.406	11.098
204 Fiskistofa	15.020	9.288	24.308	-	24.308
208 Bygging hafrannsóknaskips	-	6.455	6.455	-	6.455

Í þús. kr.	Ferða-kostnaður, innan lands	Ferða-kostnaður, erlendis	Ferða-kostnaður, gjald-færður	Endurgr. ferðakostn., tekju-færður	Ferða-kostnaður nettó
211 Kvótaþing, lög nr. 11/1998	27	-	27	-	27
213 Verðlagsstofa skiptaverðs, lög nr. 13/1998	291	-	291	-	291
901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	23	-8	15	-	15
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	**58.025**	**58.533**	**116.558**	**3.581**	**112.977**
101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	290	19.224	19.515	2.843	16.672
105 Lögbirtingablaðið	-	126	126	-	126
190 Ýmis verkefni	68	1.161	1.229	-	1.229
201 Hæstiréttur	-	362	362	-	362
211 Héraðsdómur Reykjavíkur	2	-	2	217	-215
212 Héraðsdómur Vesturlands	97	-	97	-	97
213 Héraðsdómur Vestfjarða	1.088	-	1.088	-	1.088
214 Héraðsdómur Norðurlands vestra	176	-	176	-	176
215 Héraðsdómur Norðurlands eystra	566	-	566	-	566
216 Héraðsdómur Austurlands	260	-	260	-	260
217 Héraðsdómur Suðurlands	358	-	358	-	358
218 Héraðsdómur Reykjaness	6	-	6	-	6
231 Málskostnaður í opinberum málum	1.419	1.355	2.774	-	2.774
290 Dómsmál, ýmis kostnaður	546	166	712	-	712
301 Ríkissaksóknari	27	951	978	-	978
303 Ríkislögreglustjóri	2.678	7.913	10.590	17	10.574
305 Lögregluskóli ríkisins	185	785	971	-	971
311 Lögreglustjórinn í Reykjavík	17.314	3.322	20.636	-	20.636
321 Almannavarnir ríkisins	226	938	1.164	-	1.164
325 Neyðarsímsvörun	15	-	15	-	15
331 Umferðarráð	2.260	1.629	3.889	-	3.889
341 Áfengis- og fíkniefnamál	210	202	412	-	412
390 Ýmis löggæslukostnaður	160	3.191	3.351	-	3.351
395 Landhelgisgæsla Íslands	6.644	8.479	15.123	76	15.047
397 Schengen-samstarf	-	914	914	-	914
411 Sýslumaðurinn í Reykjavík	31	61	92	-	92
412 Sýslumaðurinn á Akranesi	265	61	326	-	326
413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi	161	61	222	-	222
414 Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	831	-	831	-	831
415 Sýslumaðurinn í Búðardal	217	-	217	-	217
416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði	466	62	528	-	528
417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík	168	61	229	-	229
418 Sýslumaðurinn á Ísafirði	767	55	822	-	822
419 Sýslumaðurinn á Hólmavík	568	61	629	-	629
420 Sýslumaðurinn á Blönduósi	487	-	487	-	487
421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	488	61	549	-	549
422 Sýslumaðurinn á Siglufirði	847	62	908	-	908
423 Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	300	62	362	-	362
424 Sýslumaðurinn á Akureyri	2.353	62	2.415	-	2.415
425 Sýslumaðurinn á Húsavík	1.056	-	1.056	-	1.056
426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	783	-	783	-	783
427 Sýslumaðurinn í Neskaupstað	499	-	499	-	499
428 Sýslumaðurinn á Eskifirði	572	61	633	-	633
429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	511	-	511	-	511
430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	124	71	195	-	195

Í þús. kr.	Ferða-kostnaður, innan lands	Ferða-kostnaður, erlendis	Ferða-kostnaður, gjald-færður	Endurgr. ferðakostn., tekju-færður	Ferða-kostnaður nettó
431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	171	62	233	-	233
432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	1.010	61	1.070	-	1.070
433 Sýslumaðurinn á Selfossi	896	-	896	-	896
434 Sýslumaðurinn í Keflavík	259	61	320	-	320
436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	40	61	101	-	101
437 Sýslumaðurinn í Kópavogi	983	85	1.068	-	1.068
490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	2.667	-	2.667	-	2.667
491 Húsnæði og búnaður sýslumanna	9	-	9	-	9
501 Fangelsismálastofnun ríkisins	3.932	2.371	6.302	427	5.875
701 Biskup Íslands	1.969	4.315	6.284	-	6.284
07 Félagsmálaráðuneyti	**20.804**	**27.798**	**48.601**	**2.990**	**45.612**
101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.129	6.846	7.974	1.626	6.348
302 Ríkissáttasemjari	45	481	526	-	526
311 Jafnréttisráð	16	1.685	1.701	711	990
331 Vinnueftirlit ríkisins	8.327	2.859	11.186	-	11.186
400 Málefni barna og ungmenna	1.446	3.038	4.485	134	4.350
401 Barnaverndarráð	9	753	762	-	762
700 Málefni fatlaðra	84	1.155	1.239	-	1.239
701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	600	130	730	-	730
702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi	622	451	1.074	-	1.074
703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi	793	-	793	-	793
704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	1.643	-	1.643	-	1.643
705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	1.057	-	1.057	-	1.057
707 Málefni fatlaðra, Austurlandi	950	-	950	-	950
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	200	19	219	-	219
710 Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	36	50	86	-	86
711 Styrktarfélag vangefinna	209	-	209	-	209
750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	515	1.842	2.357	-	2.357
795 Framkvæmdasjóður fatlaðra	93	25	118	-	118
980 Vinnumálastofnun	2.509	3.986	6.495	-	6.495
981 Vinnumál	-	2.988	2.988	107	2.880
984 Atvinnuleysistryggingasjóður	115	-	115	-	115
999 Félagsmál, ýmis starfsemi	407	1.490	1.897	411	1.486
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	**52.162**	**237.463**	**289.625**	**2.440**	**287.185**
101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.417	19.480	20.897	2.098	18.799
201 Tryggingastofnun ríkisins	1.020	5.636	6.656	-	6.656
301 Landlæknir	555	2.882	3.437	-	3.437
311 Héraðslæknir í Reykjavík	-	161	161	-	161
315 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	425	402	828	-	828
324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	738	1.641	2.379	-	2.379
326 Sjónstöð Íslands	309	292	601	-	601
327 Geislavarnir ríkisins	150	1.747	1.897	130	1.767
330 Manneldisráð	-	314	314	43	271
358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	8.887	5.774	14.661	-	14.661
368 Sólvangur, Hafnarfirði	37	235	273	-	273
370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	69	446	515	-	515
371 Ríkisspítalar	4.034	72.748	76.782	-	76.782

Í þús. kr.	Ferða-kostnaður, innan lands	Ferða-kostnaður, erlendis	Ferða-kostnaður, gjald-færður	Endurgr. ferðakostn., tekju-færður	Ferða-kostnaður nettó
375 Sjúkrahús Reykjavíkur	-	59.685	59.685	-	59.685
379 Sjúkrahús, óskipt	329	-	329	-	329
385 Framkvæmdasjóður aldraðra	645	279	924	-	924
393 Lyfjamál	-	250	250	-	250
395 Lyfjaeftirlit ríkisins	192	499	691	-	691
396 Lyfjanefnd	11	2.337	2.348	46	2.302
399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	553	1.292	1.844	123	1.722
400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	3	2.865	2.867	-	2.867
408 Sunnuhlíð, Kópavogi	8	144	152	-	152
409 Hjúkrunarheimilið Skjól	-	285	285	-	285
410 Hjúkrunarheimilið Eir	-	834	834	-	834
411 Garðvangur, Garði	1.333	-	1.333	-	1.333
412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær	13	97	110	-	110
413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	57	-	57	-	57
420 Samtök áhugamanna um áfengisvanda-málið	2.569	613	3.182	-	3.182
430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	46	3.057	3.103	-	3.103
431 Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands	133	1.135	1.268	-	1.268
432 Vistheimilið Bjarg	34	-	34	-	34
435 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	-	522	522	-	522
490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna	8	125	133	-	133
500 Heilsugæslustöðvar, almennt	464	2.226	2.690	-	2.690
510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	32	2.402	2.435	-	2.435
511 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra	8	3.524	3.532	-	3.532
512 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra	261	4.011	4.271	-	4.271
513 Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi	8	1.302	1.310	-	1.310
514 Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi	8	2.389	2.397	-	2.397
515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík	-	2.701	2.701	-	2.701
522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi	14	582	596	-	596
524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	298	-	298	-	298
525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði	160	240	400	-	400
526 Heilsugæslustöðin Búðardal	368	342	709	-	709
551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	238	-	238	-	238
552 Heilsugæslustöðin Dalvík	222	211	433	-	433
553 Reynslusveitarfélagið Akureyri	262	3.258	3.520	-	3.520
558 Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu	1.225	405	1.630	-	1.630
561 Heilsugæslustöðin Vopnafirði	347	-	347	-	347
565 Heilsugæslustöðin Eskifirði	1.351	-	1.351	-	1.351
566 Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	1.141	-	1.141	-	1.141
567 Heilsugæslustöðin Djúpavogi	1.122	-	1.122	-	1.122
568 Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði	-	640	640	-	640
574 Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	102	169	271	-	271
575 Heilsugæslustöðin Hellu	12	294	305	-	305
576 Heilsugæslustöðin Laugarási	9	424	433	-	433

Í þús. kr.	Ferða-kostnaður, innan lands	Ferða-kostnaður, erlendis	Ferða-kostnaður, gjald-færður	Endurgr. ferðakostn., tekju-færður	Ferða-kostnaður nettó
582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	443	2.740	3.184	-	3.184
583 Heilsugæslustöðin Garðabæ	315	751	1.066	-	1.066
584 Heilsugæslustöðin Kópavogi	8	2.676	2.683	-	2.683
585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	4	1.456	1.460	-	1.460
586 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	8	939	946	-	946
621 Forvarnasjóður	808	270	1.078	-	1.078
711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi	2.045	2.340	4.385	-	4.385
715 St. Fransiskusspítali Stykkishólmi	455	1.396	1.851	-	1.851
721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	1.234	-	1.234	-	1.234
725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	1.772	2.189	3.960	-	3.960
731 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	424	-	424	-	424
735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	566	-	566	-	566
741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	392	677	1.069	-	1.069
745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	1.004	830	1.834	-	1.834
751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	2.247	385	2.631	-	2.631
755 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	794	981	1.775	-	1.775
761 Heilbrigðisstofnunin Húsavík	1.790	1.068	2.859	-	2.859
765 Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum	1.344	1.026	2.370	-	2.370
771 Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði	1.934	179	2.113	-	2.113
775 Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað	1.506	795	2.301	-	2.301
781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	703	1.467	2.170	-	2.170
785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi	232	1.745	1.977	-	1.977
791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	905	2.660	3.565	-	3.565
09 Fjármálaráðuneyti	**14.095**	**33.645**	**47.739**	**1.414**	**46.325**
101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	759	19.677	20.436	1.414	19.022
103 Ríkisbókhald	46	1.152	1.199	-	1.199
105 Ríkislögmaður	27	-	27	-	27
201 Ríkisskattstjóri	2.752	3.966	6.717	-	6.717
202 Skattstofan í Reykjavík	10	-	10	-	10
203 Skattstofa Vesturlands	590	-	590	-	590
204 Skattstofa Vestfjarða	415	-	415	-	415
205 Skattstofa Norðurlands vestra	272	-	272	-	272
206 Skattstofa Norðurlands eystra	307	-	307	-	307
207 Skattstofa Austurlands	322	-	322	-	322
208 Skattstofa Suðurlands	215	-	215	-	215
209 Skattstofa Vestmannaeyja	306	-	306	-	306
211 Skattstofa Reykjaness	23	125	148	-	148
212 Skattamál- og tollamál, ýmis útgjöld	141	-	141	-	141
215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins	93	648	741	-	741
261 Ríkistollstjóri	872	2.671	3.543	-	3.543
262 Tollstjórinn í Reykjavík	45	1.456	1.501	-	1.501
402 Fasteignamat ríkisins	3.331	742	4.073	-	4.073
901 Framkvæmdasýslan	900	956	1.855	-	1.855
905 Ríkiskaup	13	949	962	-	962
972 Lánasýsla ríkisins	115	704	819	-	819
980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	-	186	186	-	186
981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	90	-	90	-	90
984 Fasteignir ríkissjóðs	258	357	614	-	614
995 Skýrsluvélakostnaður	2.158	2	2.160	-	2.160
999 Ýmislegt	36	55	91	-	91

Í þús. kr.	Ferða-kostnaður, innan lands	Ferða-kostnaður, erlendis	Ferða-kostnaður, gjald-færður	Endurgr. ferðakostn., tekju-færður	Ferða-kostnaður nettó
10 Samgönguráðuneyti	**143.554**	**77.657**	**221.211**	**120**	**221.091**
101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	1.883	12.097	13.980	120	13.860
190 Ýmis verkefni	1.151	302	1.454	-	1.454
211 Vegagerðin	112.182	17.679	129.860	-	129.860
335 Siglingastofnun Íslands	9.851	10.556	20.407	-	20.407
471 Flugmálastjórn	14.740	27.853	42.593	-	42.593
481 Rannsóknanefnd flugslysa	138	411	549	-	549
512 Póst- og fjarskiptastofnun	766	4.561	5.327	-	5.327
651 Ferðamálaráð	2.843	4.198	7.041	-	7.041
11 Iðnaðarráðuneyti	**15.864**	**76.171**	**92.035**	**13.922**	**78.113**
101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	77	5.967	6.044	1.438	4.607
102 Einkaleyfastofan	-	2.775	2.775	965	1.810
201 Iðntæknistofnun Íslands	3.101	20.031	23.132	7.144	15.988
203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	1.339	11.751	13.091	4.243	8.848
240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	97	4.241	4.338	-	4.338
299 Iðja og iðnaður, framlög	304	10.172	10.476	133	10.343
301 Orkustofnun	10.945	21.234	32.180	-	32.180
12 Viðskiptaráðuneyti	**1.523**	**27.059**	**28.582**	**809**	**27.773**
101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	184	10.870	11.054	809	10.244
190 Ýmis verkefni	-	929	929	-	929
302 Löggildingarstofa	971	8.720	9.691	-	9.691
401 Vátryggingaeftirlitið	29	3.168	3.196	-	3.196
902 Samkeppnisstofnun	340	3.373	3.713	-	3.713
13 Hagstofa Íslands	**-**	**14.033**	**14.033**	**1.156**	**12.876**
101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	-	14.033	14.033	1.156	12.876
14 Umhverfisráðuneyti	**24.385**	**52.268**	**76.653**	**6.436**	**70.217**
101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	2.112	14.263	16.375	2.109	14.266
190 Ýmis verkefni	72	154	226	-	226
202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	260	45	304	-	304
205 Náttúruvernd ríkisins	4.363	81	4.444	105	4.338
210 Veiðistjóri	978	-	978	-	978
221 Hollustuvernd ríkisins	1.187	14.155	15.342	3.119	12.223
285 Spilliefnasjóður	217	-	217	-	217
301 Skipulagsstofnun	1.621	2.135	3.756	256	3.500
310 Landmælingar Íslands	923	2.705	3.628	-	3.628
321 Brunamálastofnun ríkisins	2.935	1.729	4.664	184	4.480
381 Ofanflóðasjóður	606	176	782	-	782
401 Náttúrufræðistofnun Íslands	3.782	3.921	7.704	663	7.040
407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	603	881	1.483	-	1.483
410 Veðurstofa Íslands	4.727	12.023	16.750	-	16.750
Ferðakostnaður samtals	**495.637**	**1.184.599**	**1.680.236**	**66.253**	**1.613.983**

652. Fyrirspurn [400. mál]

til landbúnaðarráðherra um reglur Evrópusambandsins um viðskipti með dýraafurðir.

Frá Jóni Bjarnasyni og Þuríði Backman.

1. Mun ráðherra áfram standa gegn því að teknar verði upp reglur Evrópusambandsins varðandi heilbrigði dýra og plantna sem undanþága fékkst frá þegar EES-samningurinn var samþykktur og koma fram í I. viðauka við hann?
2. Er það mat ráðherra að Íslendingum beri nú þegar að fara að áliti og niðurstöðum vísindanefndar Evrópusambandsins við áhættumat í viðskiptum og við markaðssetningu á lifandi dýrum og dýraafurðum frá ríkjum þess?
3. Hvers vegna bannar ráðherra ekki nú þegar innflutning nautgripaafurða frá Evrópusambandinu vegna hættu á kúariðusmiti og fylgir þannig fordæmi fjölmargra annarra ríkja, t.d. Bandaríkjanna, Kanada, Ástralíu, Nýja-Sjálands, Japans og Rússlands, sem eins og Ísland eiga aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni?

653. Fyrirspurn [401. mál]

til forsætisráðherra um þjóðbúninga.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Eru uppi áform um að setja lög og reglugerð um rétta gerð og notkun þjóðbúnings, sbr. lög um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944?

Skriflegt svar óskast.

654. Fyrirspurn [402. mál]

til menntamálaráðherra um íslenska búninga.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hefur þjóðbúningaráð sem Alþingi ályktaði að koma á fót, sbr. þingsályktun 10. mars 1999 verið skipað?
2. Er fyrirhugað að stofna leiðbeiningarþjónustu í sambandi við notkun og gerð íslenskra búninga, sbr. sömu þingsályktun?
3. Hvaða áform eru um stuðning við gerð íslenskra búninga?
4. Er fyrirhugað að standa fyrir kynningum á íslenskum búningum í skólum og á öðrum vettvangi? Ef svo er, á hvers vegum verða kynningarnar?

5. Hvernig er fyrirhugað að tryggja að fagleg þekking við gerð íslenskra búninga viðhaldist hjá klæðskerum, kjólameisturum og í handverksiðnum? Eru uppi áform um stuðning í þessum efnum, til dæmis við handverk sem tengist íslenskum búningum, svo sem prjón, skúfagerð, orkeringu, knipl, balderingu og silfursmíði?
6. Er fyrirhugað að veita vestur-íslenskum áhugamönnum aðstoð og leiðbeiningu um gerð íslenskra búninga?
7. Er fyrirhugað að skrá alla íslenska búninga sem til eru á byggðasöfnum landsins?
8. Er fyrirhugað að styðja námskeiðahald í tengslum við íslenska búninga í öðrum byggðarlögum landsins en á suðvesturhorninu, svo sem með því að greiða ferðakostnað kennara og leiðbeinenda?

Skriflegt svar óskast.

655. Fyrirspurn [403. mál]

til samgönguráðherra um íslenska búninga.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hefur samgönguráðuneytið eða nefnd á þess vegum ályktað um íslenska búninga og gildi þeirra í ferðaþjónustu?
2. Ef svo er, hver er afrakstur þeirrar vinnu?

Skriflegt svar óskast.

656. Fyrirspurn [404. mál]

til iðnaðarráðherra um skýrslu Byggðastofnunar um stöðu sjávarbyggða.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvernig hyggst ráðherra byggðamála fylgja eftir skýrslu Byggðastofnunar um stöðu sjávarbyggða sem út kom í desember sl.?
2. Hyggst ráðherra beita sér gagnvart nefnd um endurskoðun á stjórnkerfi fiskveiða í ljósi veikrar stöðu minni sjávarbyggða, sbr. áðurnefnda skýrslu, sem rekja má m.a. til ótryggs aðgangs að veiðiheimildum?

657. Svar [356. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um lífeyrisskuldbindingu vegna opinberra starfsmanna.

1. *Hver er reiknuð og áætluð skuldbinding lífeyrissjóða með beinni ábyrgð ríkissjóðs frá árslokum 1996–2000? Hvaða lífeyrissjóðir eru þetta, hvaða eignir standa á móti þessum skuldbindingum um hver áramót og hver er skuldbinding ríkissjóðs og aðildarfyrirtækja? Hver er árleg aukning skuldbindingarinnar?*

Lífeyrissjóðirnir eru: A-deild LSR, B-deild LSR, S-deild LSR, séreignardeild, Lífeyrissjóður alþingismanna og Lífeyrissjóður ráðherra.

Ríkissjóður ber beina ábyrgð á B-deild LSR, Lífeyrissjóði alþingismanna og Lífeyrissjóði ráðherra og taka svörin við framangreindum spurningum sem er að finna í meðfylgjandi töflum mið af því.

Skuldbindingar lífeyrissjóða LSR og LH (samkvæmt ársreikningum sjóðanna):

a) Lífeyrisskuldbindingar (í millj. kr.).

	1996	1997	1998	1999	Áætlun 2000
B-deild LSR	135.405	140.690	177.868	199.597	222.286
Lsj. hjúkrunarfræðinga	14.800	15.698	19.962	21.555	24.167
Lsj. alþingismanna	2.505	2.662	2.737	3.356	3.692
Lsj. ráðherra	330	345	366	697	767
Samtals	**153.040**	**159.395**	**200.933**	**225.205**	**250.912**

b) Aukning skuldbindingar (í millj. kr.).

	1997	%	1998	%	1999	%	Áætlun 2000	%
B-deild LSR	5.285	4	37.178	26	21.729	12	22.689	11
Lsj. hjúkrunarfræðinga	898	6	4.264	27	1.593	8	2.612	12
Lsj. alþingismanna	157	6	75	3	619	23	336	10
Lsj. ráðherra	15	5	21	6	331	90	70	10
Samtals	**6.355**	**4**	**41.538**	**26**	**24.272**	**12**	**25.707**	**11**

c) Hrein eign samkvæmt efnahagsreikningi (í millj. kr.).

	1996	1997	1998	1999	Áætlun 2000
B-LSR	31.463	33.666	36.402	52.780	66.102
Lsj. hjúkrunarfræðinga	3.873	4.281	4.633	6.320	7.825
Lsj. alþingismanna	0	0	0	40	80
Lsj. ráðherra	0	0	0	7	14
Samtals	**35.336**	**37.947**	**41.035**	**59.147**	**74.021**

d) Lífeyrisskuldbindingar nettó (í millj. kr.).

	1996	1997	1998	1999	Áætlun 2000
B-deild LSR	103.942	107.024	141.466	146.817	156.184
Lsj. hjúkrunarfræðinga	10.927	11.417	15.329	15.235	16.342
Lsj. alþingismanna	2.505	2.662	2.737	3.316	3.612
Lsj. ráðherra	330	345	366	690	753
Samtals	**117.704**	**121.448**	**159.898**	**166.058**	**176.891**

e) Aukning skuldbindingar nettó (í millj. kr.).

	1997	%	1998	%	1999	%	2000	%
B-deild LSR	3.082	3	34.441	32	5.351	4	9.367	6
Lsj. hjúkrunarfræðinga	490	4	3.912	34	-94	-1	1.107	7
Lsj. alþingismanna	157	6	75	3	579	21	296	9
Lsj. ráðherra	15	5	21	6	324	89	63	9
Samtals	**3.744**	**3**	**38.449**	**32**	**6.160**	**4**	**10.833**	

Tölur fyrir árið 2000 eru áætlaðar og ber að taka þær með fyrirvara. Ekki hefur verið tekið tillit til nýrra kjarasamninga í áætluðu mati fyrir árið 2000.

2. *Hvað hafa ríkissjóður og aðildarfyrirtæki greitt aukalega á hverju ári frá 1997–2000 umfram hefðbundið iðgjald til þessara sjóða?*

Aukaframlag ríkissjóðs umfram lögboðin iðgjöld hefur verið sem hér segir:

	1997	1998	1999	Áætlun 2000
B-deild LSR	0	0	6.884	7.724
Lsj. hjúkrunarfræðinga	0	0	870	835
Vaxtauppfærsla í árslok	0	0	261	1.081
Samtals	**0**	**0**	**8.015**	**9.640**

Aukaframlag frá ríkissjóði kemur til innborgunar inn á skuldbindingar hans við sjóðina. Samkvæmt sérstöku samkomulagi milli sjóðanna og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er aukaframlagið uppfært í lok hvers árs með vöxtum og verðbótum í samræmi við ávöxtun sjóðanna.

3. *Hver er heildaraukning skuldbindingar ríkissjóðs og aðildarfyrirtækja auk aukagreiðslu skv. 2. lið frá árslokum 1996 til ársloka 2000?*

Skuldbindingar lífeyrissjóðanna að frátöldum eignum, ef ekki hefði komið til aukaframlags frá ríkissjóði, eru sem hér segir:

a) Lífeyrisskuldbindingar nettó (í millj. kr.).

	1996	1997	1998	1999	Áætlun 2000
B-deild LSR	103.942	107.024	141.466	153.903	171.960
Lsj. hjúkrunarfræðinga	10.927	11.417	15.329	16.164	18.221
Lsj. alþingismanna	2.505	2.662	2.737	3.316	3.612
Lsj. ráðherra	330	345	366	690	753
Samtals	**117.704**	**121.448**	**159.898**	**174.073**	**194.546**

b) Aukning skuldbindingar nettó (í millj. kr.).

	1997	%	1998	%	1999	%	Áætlun 2000	%
B-deild LSR	3.082	3	34.441	32	12.437	9	18.057	12
Lsj. hjúkrunarfræðinga	490	4	3.912	34	834	5	2.057	13
Lsj. alþingismanna	157	6	75	3	579	21	296	9
Lsj. ráðherra	15	5	21	6	324	89	63	9
Samtals	**3.744**	**3**	**38.449**	**32**	**14.174**	**8**	**20.473**	**11**

Samkvæmt töflu hér að framan er nettóaukning skuldbindingarinnar, án framlags frá ríkissjóði á árunum 1996–2000 samtals 76.841 millj. kr., en að teknu tilliti til aukaframlags ríkissjóðs verður hún 59.186 millj. kr.

4. Hvað eru margir sjóðfélagar í fyrrgreindum lífeyrissjóðum sem eru starfandi?

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á sjóðunum í árslok 1999 áttu 41.042 sjóðfélagar réttindi í B-deild LSR, 476 hjá Lífeyrissjóði alþingismanna, 59 hjá Lífeyrissjóði ráðherra og 3.117 hjá Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga. Þessi réttindi skiptast í 3 meginflokka:

— réttindi vegna lífeyrisþega,

— geymd réttindi (hættir að greiða í sjóðinn en ekki komnir á lífeyri) og

— réttindi virkra sjóðfélaga sem eru ennþá að greiða í sjóðinn.

Hækkun á dagvinnulaunum hefur áhrif á skuldbindingu sjóðanna hvort sem um er að ræða réttindi lífeyrisþega, geymd réttindi eða virka sjóðfélaga. Stærstur hluti hækkunar á lífeyrisskuldbindingum undanfarin ár er vegna eldri réttinda, þ.e. réttinda sem voru fyrir í sjóðunum. Ef tekið er mið af B-deild LSR á árunum 1998–1999 hafa að meðaltali einungis 18% af hækkun skuldbindingarinnar verið vegna nýrra réttinda (vegna iðgjalda ársins) og eru því 82% hækkunarinnar vegna eldri réttinda.

Launavísitala opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu sem reiknuð er út af Hagstofu Íslands hefur hækkað um tæp 50% frá ársbyrjun 1997 til október 2000. Hækkunina má rekja til aðlögunarsamninga þar sem hluti dagvinnu var færður inn í yfirvinnu og almennra launahækkana. Aðlögunarsamningarnir komu til framkvæmda á árunum 1997–1999 og þá aðallega á árinu 1998 þar sem hækkun skuldbindingar B-deildar LSR og LH var hvað mest.

Eftirfarandi tafla sýnir meðalfjölda greiðandi sjóðfélaga hjá sjóðunum:

Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga (samkvæmt ársreikningi).

	1996	1997	1998	1999	Áætlun 2000
B-deild LSR	19.092	17.836	12.639	11.598	11.048
Lsj. hjúkrunarfræðinga	2.004	1.969	1.092	1.007	959
Lsj. alþingismanna	67	66	65	72	70
Lsj. ráðherra	11	11	11	12	12
Samtals	**21.174**	**19.882**	**13.807**	**12.689**	**12.089**

5. *Hver er heildaraukning skuldbindingar skv. 3. lið á hvern starfandi sjóðfélaga skv. 4. lið?*

Að mati ráðuneytisins er eðlilegra að skipta aukningunni á alla þá sem eiga réttindi hjá sjóðunum, enda hefur hækkun dagvinnulauna áhrif á réttindi allra sjóðfélaga en ekki bara þeirra sem eru að greiða til sjóðanna í dag. Heildarfjöldi sjóðfélaga með réttindi hjá þeim sjóðum LSR og LH sem ríkissjóður er bakábyrgur fyrir var 44.694 talsins í lok árs 1999.

Nettóhækkun á skuldbindingum ríkissjóðs og aðildarfélaga vegna þessara sjóða á tímabilinu 1996–2000 er áætluð 59.186 millj. kr. eða 1,3 millj. kr. á hvern sjóðfélaga með réttindi í árslok 1999. Ef ekki er tekið tillit til aukaframlagsins frá ríkissjóði er áætluð hækkun 76.841 millj. kr. eða 1,7 millj. kr. á hvern sjóðfélaga með réttindi í árslok 1999.

6. *Hver er heildaraukning skuldbindingar skv. 3 lið sem hlutfall af iðgjaldsskyldum launum starfandi sjóðfélaga skv. 4. lið?*

10% iðgjald til sjóðanna á árinu 1999 nam samtals 2.197 millj. kr. sem svarar til 21.965 millj. kr. í iðgjaldsskyldar tekjur. Í samræmi við svar 5 hér að framan telur ráðuneytið ekki eðlilegt að skoða heildaraukningu skuldbindingar sem hlutfall af launum starfandi sjóðfélaga eingöngu.

7. *Hver er áætluð heildarskuldbinding ríkissjóðs og aðildarfyrirtækja í árslok 2000 auk aukagreiðslna árin 1997–2000 á:*
   a. *hvern skattgreiðanda,*
   b. *hvern íbúa,*
   c. *hverja fjögurra manna fjölskyldu?*

Samkvæmt álagningarskrá ársins 2000 vegna tekna á árinu 1999 greiddu 127.031 manns almennan tekjuskatt. Heildarskuldbinding ríkissjóðs og aðildarfélaga í árslok 2000 að frádregnum aukagreiðslum er áætluð 176.890 millj. kr. sem svarar til 1,4 millj. kr. á hvern skattgreiðanda.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands voru íbúar á Íslandi 279.049 talsins í árslok 1999. Heildarskuldbinding ríkissjóðs og aðildarfélaga í árslok 2000 að frádregnum aukagreiðslum er eins og áður sagði áætluð 176.890 millj. kr., eða 0,6 millj. kr. á hvern íbúa.

Ef deilt er í íbúafjölda með 4 nemur skuldbindingin 2,5 millj. kr. á hverja 4 manna fjölskyldu. Einnig er hægt að miða við svokallaða kjarnafjölskyldu, en samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands voru kjarnafjölskyldur á Íslandi 65.591 talsins í árslok 1999. Heildarskuldbinding ríkissjóðs og aðildarfélaga í árslok 2000 að frádregnum aukagreiðslum er áætluð 176.890 millj. kr. sem jafngildir 2,7 millj. kr. á hverja kjarnafjölskyldu.

658. Nefndarálit [379. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 117 20. desember 1993, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund starfshóp ríkisstjórnarinnar, sem undirbjó frumvarpið, þá Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmann, Jón Sveinsson hæstaréttarlögmann, Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóra og Þóri Haraldsson, aðstoðarmann heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Einnig fékk nefndin á sinn fund Sigurð Líndal, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, Eirík Tómasson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, Skúla Magnússon, lektor við lagadeild Háskóla Íslands, Guðrúnu Gauksdóttur, stundakennara í alþjóðlegum mannréttindareglum við lagadeild Háskóla Íslands, Oddnýju Mjöll Arnardóttur lögfræðing og Láru Helgu Sveinsdóttur lögfræðing. Enn fremur komu á fund nefndarinnar Karl Steinar Guðnason forstjóri, Hildur Sverrisdóttir og Ragnar J. Gunnarsson frá Tryggingastofnun ríkisins, Garðar Sverrisson, formaður Öryrkjabandalags Íslands, Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður Öryrkjabandalags Íslands, Magnús Norðdahl frá Alþýðusambandi Íslands, Björk Vilhelmsdóttir fyrir hönd Bandalags háskólamanna og Kennarasambands Íslands, Halldóra Friðjónsdóttir frá Bandalagi háskólamanna, Anna Atladóttir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Halldór Björnsson frá Starfsgreinasambandinu og Ari Edwald frá Samtökum atvinnulífsins. Einnig komu á fundinn íslensku nefndarmennirnir í Norrænu hagsýslunefndinni á sviði félagsmála (Nososko-nefndinni), þau Ingimar Einarsson, Kristinn Karlsson og Hrönn Óttarsdóttir. Þá komu einnig Benedikt Davíðsson frá Landssambandi eldri borgara, Ólafur Ólafsson frá Félagi eldri borgara í Reykjavík og Bjarney Friðriksdóttir og Margrét Heinreksdóttir frá Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að við 5.–7. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, bætist málsliður sem kveður á um að samanlögð eigin tekjuöflun örorkulífeyrisþega og tekjutrygging hans skuli aldrei, þrátt fyrir skerðingu tekjutryggingar vegna tekna maka, nema lægri fjárhæð en 300.000 kr. á ári eða 25.000 kr. á mánuði. Af reglunni leiðir að enginn örorkulífeyrisþegi fær vegna tekna maka lægri lífeyri en sem nemur 43.424 kr. á mánuði þegar lágmark tekjutryggingar að viðbættum eigin tekjum hefur verið lagt við grunnlífeyri 18.424 kr. skv. 12. gr. laganna.

Í dómi Hæstaréttar Íslands frá 19. desember 2000 í málinu nr. 125/2000: Tryggingastofnun ríkisins gegn Öryrkjabandalagi Íslands og gagnsök, komst meiri hluti Hæstaréttar að þeirri niðurstöðu að grunnörorkulífeyrir skv. 12. gr. almannatryggingalaga, sem nú nemur 18.424 kr., væri ekki nægjanlegur til að tryggja rétt öryrkja í hjúskap til aðstoðar skv. 76. gr. stjórnarskrárinnar. Með öðrum orðum komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að sá háttur sem 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998, kveður á um nái ekki að fullnægja þeirri efnislegu kröfu sem 76. gr. stjórnarskrárinnar felur í sér.

Meiri hluti nefndarinnar telur að með því að hækka lágmarksupphæð sem örorkulífeyrisþegi hefur til ráðstöfunar úr 18.424 kr. í 43.424 kr. uppfylli löggjafinn skyldur sínar skv. 76. gr. stjórnarskrárinnar og jafnframt að dómi Hæstaréttar sé þar með fullnægt. Þessu til stuðnings vísar meiri hluti nefndarinnar til skýrslu starfshóps ríkisstjórnarinnar sem birt er sem fylgiskjal með frumvarpinu og jafnframt til ummæla þeirra Sigurðar Líndals prófessors, Eiríks Tómassonar prófessors og Skúla Magnússonar lektors sem allir komu á fund nefndarinnar. Í máli þeirra kom fram það samdóma álit að hvorki 1. gr. frumvarpsins né frumvarpið

í heild væri í andstöðu við stjórnarskrána. Í sama streng tóku lögfræðingarnir Guðrún Gauksdóttir og Oddný Mjöll Arnardóttir sem einnig komu á fund nefndarinnar.

Í máli Eiríks Tómassonar kom fram að það væri meginregla að túlka bæri viðurkenningardóma sem kvæðu á um valdmörk löggjafarvaldsins þröngt sem felur í sér að nota eigi þá skýringarleið sem hefur minnstar skerðingar á valdheimildum löggjafans í för með sér. Í þessu tilviki sé því réttast að túlka dóminn þannig að hann feli ekki í sér algert bann við tekjutengingu tekjutryggingar við tekjur maka, enda gefur dómurinn ekki skýrt til kynna að svo sé.

Dómur Hæstaréttar fjallar aðeins um þau tilvik þar sem annað hjóna nýtur örorkulífeyris, sbr. 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga. Engu að síður tekur frumvarpið einnig til þeirra tilvika sem um getur í 6. og 7. mgr. 17. gr. laganna, eða til tilvika þar sem bæði hjón eru örorkulífeyrisþegar og þeirra tilvika þar sem annað hjóna er örorkulífeyrisþegi og hitt ellilífeyrisþegi. Meiri hlutinn telur að með þessu sé gætt jafnræðis á milli þeirra hópa öryrkja sem hér greinir.

Í frumvarpinu er kveðið á um að leiðrétta skuli bætur fjögur ár aftur í tímann. Þetta er í samræmi við ákvæði laga nr. 14/1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Í 2. tölul. 3. gr. laganna er kveðið svo á að kröfur um gjaldkræfan lífeyri fyrnist á fjórum árum og er það álit meiri hluta nefndarinnar að reglan eigi hér beint við og að rétt sé að miða við 1. janúar 2001 í því efni. Meiri hlutinn hafnar því að fyrningarfresturinn hafi verið rofinn með málshöfðun Öryrkjabandalags Íslands 19. janúar 1999 á hendur Tryggingastofnun ríkisins, enda verður ekki hægt að skilja ákvæði fyrningarlaga með öðrum hætti en að þar sé átt við málssókn til fullnustu kröfu sem fyrningu sætir. Hér var um viðurkenningarmál að ræða og sem slíkt uppfyllir það ekki framangreint skilyrði. Þessi skilningur er í samræmi við það sem kemur fram í skýrslu starfshóps ríkisstjórnarinnar, sem áður hefur verið vitnað í, og sama afstaða kom fram í máli Skúla Magnússonar lektors. Þessu til frekari stuðnings má benda á dóm Hæstaréttar í máli nr. 146/1989, þar sem ótvírætt kemur fram að málssókn í viðurkenningarmáli slítur ekki fyrningu.

Fyrir tímabilið 1. janúar 1997 til 31. desember 1998 mælir frumvarpið fyrir um að greiða skuli tekjutryggingu samkvæmt ákvæðum laga sem þá voru í gildi án þeirrar skerðingar sem kveðið var á um í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995 og fólst í því að telja helming samanlagðra tekna beggja hjóna til tekna lífeyrisþegans. Þetta telur meiri hlutinn að sé í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar hvað þetta tímabil varðar.

Fyrir tímabilið 1. janúar 1999 til 31. janúar 2001 mælir frumvarpið fyrir um að greitt skuli skv. 1. gr. þess. Þetta er í samræmi við þá meginniðurstöðu Hæstaréttar að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap á umræddu tímabili á þann hátt sem gert er í 5. mgr. 17. gr. laganna, með öðrum orðum að skerðingin hafi verið of mikil og því andstæð 76. gr. stjórnarskrárinnar. 1. gr. frumvarpsins gengur út á að draga úr skerðingunni í þeim mæli að hún standist 76. gr. stjórnarskrárinnar. Á umræddu tímabili gilti tiltekin efnisleg skerðingarregla sem gekk of langt að mati Hæstaréttar. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að til að fullnægja dómi Hæstaréttar komi til viðbótar gildandi reglu sérregla sem tryggi ákveðinn lágmarksrétt. Það leiðir af sjálfu sér að sama regla hlýtur að gilda fyrir umrætt tímabil og mun gilda framvegis, verði frumvarpið að lögum. Með því að beita reglu 1. gr. frumvarpsins fyrir tímabilið frá 1. janúar 1999 til 31. janúar 2001 leiðir það til ívilnunar fyrir örorkulífeyrisþega í hjúskap þar sem þeir þurfa ekki að þola sömu skerðingu og áður viðgekkst. Þetta er í samræmi við álit starfshóps ríkisstjórnarinnar, svo og álit þeirra Sigurðar Líndals og Skúla Magnússonar sem báðir ganga út frá því að reglan sé ívilnandi miðað við þá túlkun sem frumvarpið byggist á og þeir álíta að eigi rétt á sér og sé í samræmi við stjórnarskrá.

Í frumvarpinu er tekið á því með hvaða hætti skuli greiða þær bætur sem þeir öryrkjar sem frumvarpið fjallar um eiga kröfu á. Gert er ráð fyrir að útreikningur tekjutryggingar skuli gerður eftir þeim viðmiðunarfjárhæðum sem hafa verið í gildi á hverju tímabili fyrir sig. Þá er gert ráð fyrir að greiðslurnar beri 5,5% ársvexti frá þeim degi er örorkulífeyrisþegi gat fyrst átt rétt á því að fá greiðslu fyrir viðkomandi tímabil samkvæmt ákvæðum laga nr. 117/1993 um það efni.

Samkvæmt frumvarpinu skal Tryggingastofnun hafa frumkvæði að því að greiða bætur samkvæmt ákvæðum þess. Þetta gildir þó aðeins í þeim tilvikum þar sem Tryggingastofnun ríkisins hefur nægar upplýsingar til að unnt sé að afgreiða bæturnar. Sé svo ekki er henni skylt að beina áskorun til viðkomandi lífeyrisþega að bæta þar úr innan hæfilegs frests sem stofnunin setur. Loks er mælt svo fyrir í frumvarpinu að Tryggingastofnun skuli hvað þetta varðar hafa lokið greiðslum sem hún sjálf getur innt af hendi án atbeina frá lífeyrisþega fyrir 1. apríl 2001. Meiri hlutinn telur eðlilegt að áætla Tryggingastofnun nokkurt svigrúm til að ljúka þessari framkvæmd og telur stofnunin að tiltekinn frestur sé nægjanlegur.

Sú staðreynd að tekjutrygging er bundin umsókn frá örorkulífeyrisþega gerir það að verkum að strangt til tekið ættu þeir sem ekki hafa sótt um tekjutryggingu á því tímabili sem um ræðir ekki rétt á greiðslum aftur í tímann. Að minnsta kosti verður að ætla að 2. mgr. 48. gr. almannatryggingalaga eigi við í þessum tilvikum, en þar segir að bætur aðrar en slysalífeyrir og sjúkradagpeningar skuli aldrei úrskurðaðar lengra aftur í tímann en tvö ár. Sanngirnisrök mæla þó með því að gefa þeim öryrkjum sem ekki hafa sótt um tækifæri til að gera það nú og að þeir skuli njóta þar sama réttar, enda má með réttu segja að forsendur þeirra hafi breyst. Af þessum sökum mælir frumvarpið fyrir um að þeir öryrkjar, sem ekki sóttu um tekjutryggingu fyrir umrædd tímabil, geti nú gert það. Umræddir öryrkjar njóta samkvæmt frumvarpinu einnig sömu vaxtakjara og aðrir öryrkjar sem rétt eiga á þessum greiðslum.

Í frumvarpinu er kveðið á um skattalega meðferð þeirra greiðslna sem örorkulífeyrisþegar í hjúskap eiga rétt á samkvæmt ákvæði I til bráðabirgða í frumvarpinu. Meginregla frumvarpsins er sú að greiðslu tekjutryggingar og vaxta skuli telja til skattskyldra tekna ársins 2001. Þó er gert ráð fyrir að örorkulífeyrisbótaþega sé heimilt allt til ársloka 2001 að óska eftir því að greiðslur tekjutryggingar fyrir tekjuárin 1997, 1998, 1999 og 2000 skuli, samkvæmt þeim reglum sem í frumvarpinu greinir, færðar honum til skattskyldra tekna viðkomandi ár. Þetta felur í sér að bótaþegi getur, ef hann telur að í því felist skattalegt hagræði fyrir sig, dreift greiðslunum á þau tekjuár sem þær tilheyra.

Gert er ráð fyrir að frumvarpið taki gildi 1. febrúar 2001 og að greiðslur samkvæmt lögunum geti hafist þá þegar.

Í máli nefndarmanna Norrænu hagsýslunefndarinnar á sviði félagsmála og gögnum sem hún lét nefndinni í té kom fram að bæði í Danmörku og Noregi væru þeir bótaflokkar sem eru, samkvæmt samnorrænni skilgreiningu sem nefndin notast við, sambærilegir við það sem nefnt er tekjutrygging í almannatryggingalögunum íslensku tengdir við tekjur maka. Hvað Svíþjóð varðar er tekið fram að þar gæti nokkurrar sérstöðu vegna svokallaðs ATP-kerfis. Í gögnunum kemur fram að tekjutengingar almannatryggingabóta viðgangist í nær öllum löndum Evrópu, og að sú staðhæfing að tekjur maka hafi hvergi áhrif nema á Íslandi sé ekki rétt. Tilgangurinn sé alls staðar sá sami þar sem tryggingar hafa úr takmarkaðri fjárhæð að spila, þ.e. að tryggja þeim sem verst eru settir hærri bótagrunn með því að skerða bætur á grundvelli tekna hjá þeim sem hafa tekjur eftir öðrum leiðum. Þetta eru þau rök sem tekjutengingar hér á landi hafa alla tíð byggst á. Meiri hlutinn telur mikilvægt að hafa í heiðri þau grundvallarsjónarmið að ávallt verði mögulegt að tryggja þeim sem mest þurfa á að halda þá aðstoð sem nauðsynleg er og þá, ef því er að skipta, á kostnað þeirra sem meira hafa.

Meiri hlutinn vekur athygli á því að starfandi nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar sem vinnur að heildarendurskoðun almannatryggingalaganna hefur verið falið að flýta vinnu sinni þannig að hún geti skilað tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar fyrir miðjan apríl á þessu ári. Meiri hlutinn bindur miklar vonir við starf nefndarinnar og að með tillögum hennar og lagasetningu í kjölfarið verði leyst úr ýmsum öðrum álitaefnum sem vaknað hafa í kjölfar dóms Hæstaréttar, ásamt því að almenn endurskoðun á ákvæðum laganna verði til hagsbóta fyrir þá sem byggja á þeim rétt.

Í samræmi við framangreint leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Ummæli þau sem höfð eru eftir gestum í nefndaráliti þessu hafa verið borin undir þá og þeir staðfest að ummælin séu rétt eftir höfð.

Guðjón A. Kristjánsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Alþingi, 20. jan. 2001.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Katrín Fjeldsted.
Ásta Möller.	Kristinn H. Gunnarsson.	Pétur H. Blöndal.

659. Fyrirspurn [405. mál]

til samgönguráðherra um framkvæmd sjúkraflugs.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hyggst ráðherra tryggja að ávallt sé einhver á bakvakt vegna sjúkraflugs á þeim flugvöllum sem ekki eru með sólarhringsvakt? Ef svo er, hvenær er úrlausnar ráðherra þá að vænta?

660. Nefndarálit [379. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 117 20. desember 1993, með síðari breytingum.

Frá minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

Með dómi Hæstaréttar í máli Öryrkjabandalags Íslands gegn Tryggingastofnun ríkisins töldu margir að endir væri fenginn í áralangri deilu á milli öryrkja og ríkisvaldsins um það hver réttur öryrkja til aðstoðar úr opinberum sjóði væri. Dómur Hæstaréttar er skýr og hann er í fullu samræmi við kröfugerð Öryrkjabandalagsins, svo mjög að hvorugum málsaðila datt í hug eftir uppkvaðningu að ekki yrði fallist á hina skýru niðurstöðu hans. En viðbrögð ríkisstjórnarinnar hafa sett málin í þann farveg sem engan óraði fyrir og með meðferð sinni á mál-

inu, ef fram heldur sem horfir, hefur ríkisstjórninni tekist að sjá til þess að enn um skeið munu öryrkjar þurfa að heyja baráttu fyrir dómstólum fyrir stjórnarskrárvörðum rétti sínum. Stjórnarandstaðan fordæmir meðferð ríkisstjórnarinnar á málinu og er í grundvallaratriðum ósammála fráleitri túlkun hennar á skýrum dómi Hæstaréttar. Er það mat minni hluta nefndarinnar að í frumvarpi því sem nú liggur fyrir Alþingi sé ríkisstjórnin að brjóta gegn skýrum fyrirmælum Hæstaréttar um að tenging tekjutryggingar örorkulífeyrisþega við tekjur maka sé óheimil, sbr. 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga, og að frumvarpið feli í sér brot á stjórnarskrá og alþjóðasáttmálum. Í ljósi þessa mun minni hlutinn leggja til að málinu verði vísað frá. Mun minni hlutinn í nefndaráliti þessu rökstyðja nánar þessa niðurstöðu sína.

Minni hlutinn lýsir yfir furðu sinni á því hversu mikla þverúð ríkisstjórnin hefur sýnt í málinu og fullyrðir að slík meðferð á hópi sem sannanlega hafa verið brotin mannréttindi á sé einsdæmi. Virðist það víðs fjarri að nokkur vilji sé til þess af hálfu ríkisstjórnarinnar að binda enda á þessa áralöngu þrætu við öryrkja. Rétt er að rifja það upp að fyrst þegar deilan kemur fyrir dómstól var það einhuga niðurstaða þriggja dómara þar að Tryggingastofnun (ríkisvaldinu) hefði verið óheimilt að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega á grundvelli tengingar við tekjur maka á tímabilinu 1994–1998. Tryggingastofnun (ríkisvaldið) áfrýjaði niðurstöðunni varðandi þetta tímabil eigi að síður til Hæstaréttar þrátt fyrir að málið væri augljóslega tapað hvað þetta tímabil varðar. Eðlilegra hefði verið fyrir ríkisvaldið að láta a.m.k. þessum hluta málsins lokið þar sem hverjum manni mátti vera ljóst að þar fór ríkisvaldið með vafasaman málflutning, enda kom í ljós að Hæstiréttur var einhuga um að Tryggingastofnun (ríkisvaldinu) hefði verið óheimilt að tengja tekjutryggingu öryrkja við tekjur maka á þessu tímabili. Í lýðræðisþjóðfélagi kallar niðurstaða sem þessi frá æðsta dómstóli þjóðfélags á einföld viðbrögð: að ríkisvaldið virði niðurstöðu dómsins og geri að fullu upp við þann hóp sem brotið var á. En niðurstaða ríkisstjórnarinnar er sú að aðeins þurfi að gera upp að hluta við þennan hóp og vitnar til fyrningarreglna. Slík framkoma lýsir vafasamri beitingu ríkisstjórnarinnar á valdi sínu, svo að ekki sé sterkar að orði kveðið.

Aðdragandi málsins og helstu málavextir.

Aðdragandi þess máls sem hér er til umfjöllunar er sá að 1. janúar 1994 tóku gildi ný heildarlög um almannatryggingar, nr. 117/1993, sem enn eru í gildi að stofni til. Í lögunum var ekki að finna heimild til skerðingar tekjutryggingar á grundvelli tekna maka heldur var einungis heimilt að skerða tekjutryggingu vegna tekna öryrkjans sjálfs. Í kjölfar laganna var sett reglugerð nr. 485/1995 þar sem kveðið var á um í 2. mgr. 4. gr. hennar að heimilt væri að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap með því að telja helming samanlagðra tekna beggja hjóna til tekna lífeyrisþegans í því tilviki er maki hans er ekki lífeyrisþegi. Þessari reglu var beitt til skerðingar tekjutryggingar örorkulífeyrisþega allt frá gildistöku laganna og þar til lög nr. 149/1998 tóku gildi. Ágreiningurinn í málinu snýst því um tvö tímabil, í fyrsta lagi tímabilið þegar reglugerðin var grundvöllur skerðingar og í öðru lagi tímabilið eftir að lög nr. 149/1998 tóku gildi, eða frá 1. janúar 1999. Kröfur Öryrkjabandalagsins í málinu ná til þessara tveggja tímabila.

Hvað fyrra tímabilið varðar vekur minni hlutinn athygli á því að í héraðsdómi þeim sem síðan var áfrýjað til Hæstaréttar sem felldi þann dóm sem frumvarp ríkisstjórnarinnar er sprottið af kemur fram að fjölmargir félagsmenn aðildarfélaga Öryrkjabandalagsins hafi leitað réttar síns hjá Tryggingastofnun ríkisins á þeim grundvelli að reglugerðina skorti lagastoð en án árangurs. Þá hafi sumir leitað til umboðsmanns Alþingis á sama grundvelli en án árangurs. Þannig hafi umboðsmaður í áliti 13. apríl 1998 komist að þeirri niðurstöðu að ákvæði 12. gr. reglugerðar nr. 485/1995 hafi verið lögmætt en þar er m.a. fjallað um það til

hvaða lagastoðar reglugerðin sæki gildi sitt. Byggði hann álit sitt á því að í eldri lögum hefði verið fullnægjandi lagaheimild til skerðingarinnar og ekki yrði fullyrt að brottfall sérstakrar reglugerðarheimildar benti til breytingar á framkvæmd laganna að þessu leyti. Öryrkjabandalagið mótmælti þessari túlkun umboðsmanns og taldi hana ekki fullnægja viðteknum túlkunarkostum, m.a. um lögmæti og að lagaákvæði um takmarkanir á mannréttindum skuli vera skýr og ótvíræð. Þeir þrír dómarar sem dæmdu málið í héraðsdómi komust allir að þeirri niðurstöðu að umrætt skerðingarákvæði í reglugerðinni hefði skort lagastoð og skerðing á grundvelli þess væri því óheimil. Sama var uppi á teningnum í Hæstarétti þar sem það var samdóma niðurstaða þeirra fimm dómara sem málið dæmdu að reglugerðarheimild hefði skort og skerðing á grundvelli hennar því óheimil.

Með lögum nr. 149/1998 var umdeilt skerðingarákvæði lögfest og varð að 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga, nr. 117/1993. Stjórnarandstaðan í heilbrigðis- og tryggingaefnd skilaði séráliti þegar frumvarp til laganna var afgreitt úr nefndinni þar sem sérstaklega var gagnrýnd sú málsmeðferð sem frumvarpið fékk í þinginu, en frumvarpið var lagt fram degi áður en þingi var frestað í desember 1998 og því var hvorki unnt að senda málið til umsagnar né gafst tóm til ítarlegrar umræðu í þinginu. Í áliti minni hlutans segir enn fremur:

„Fyrir liggur að hér kann að vera um brot á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar [að ræða]. Fyrir því liggja eftirfarandi rök:

1. Í 76. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika."
2. Í 65. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti."

Í þessum greinum er því skýlaust lýst yfir að allir skuli jafnir fyrir lögum og að allir skuli njóta mannréttinda án nokkurrar mismununar. Undir orðalag 65. gr., þar sem rætt er um „stöðu að öðru leyti", fellur ljóslega hjúskaparstaða. Þegnum ríkisins verður því ekki mismunað vegna hjúskaparstöðu.

Í ljósi þessa getur stjórnarandstaðan ekki greitt atkvæði með málinu. Hún hefur jafnframt bent á leiðir sem gætu tryggt að ívilnun gagnvart bótaþegum hefði náð fram að ganga án þess að lögfest yrðu ákvæði sem mögulega fælu í sér mannréttindabrot. Við því vildi meiri hlutinn ekki verða. Stjórnarliðið verður því að bera ábyrgð á samþykkt framangreindra laga."

Undir þetta álit skrifuðu Össur Skarphéðinsson, þáverandi formaður heilbrigðis- og tryggingaefndar, Bryndís Hlöðversdóttir og Ásta R. Jóhannesdóttir. Ögmundur Jónasson, áheyrnarfulltrúi þingflokks óháðra, og Guðný Guðbjörnsdóttir, áheyrnarfulltrúi Kvennalistans, tóku þátt í afgreiðslu málsins og voru samþykk álitinu.

Í framhaldi af þessu hefur stjórnarandstaðan tvívegis lagt fram frumvarp sem mælt hefur fyrir um afnám tengingar tekjutryggingar við tekjur maka, það fyrra á 125. þingi og nú liggur fyrir þinginu frumvarp þessa efnis sem þegar hefur verið vísað til heilbrigðis- og tryggingaefndar og bíður þar afgreiðslu.

Dómur Hæstaréttar og viðbrögð ríkisstjórnarinnar í kjölfar hans.

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 19. desember 2000 í málinu nr. 125/2000: Tryggingastofnun ríkisins gegn Öryrkjabandalagi Íslands og gagnsök, staðfestir að skilningur stjórnarandstöðunnar í málinu hefur verið réttur frá upphafi.

Viðbrögð Öryrkjabandalags Íslands við lögum nr. 149/1998 voru snögg. Einungis nítján dögum eftir að lögin tóku gildi stefndi bandalagið Tryggingastofnun ríkisins. Kröfur Öryrkja-

bandalags Íslands voru í fyrsta lagi að skerðing skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995 væri óheimil (fyrra tímabilið) og var fallist á það eins og rakið var hér að framan og jafnframt að skerðing tekjutryggingar örorkulífeyrisþega á grundvelli tekna maka skv. 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga, nr. 117/1993, sbr. lög nr. 149/1998, væri óheimil (síðara tímabilið).

Öryrkjabandalagið byggði kröfu sína fyrir síðara tímabilið á því að skerðing tekjutryggingar örorkulífeyrisþega á grundvelli tengingar við tekjur maka væri andstæð 76. gr. stjórnarskrárinnar sem mælir fyrir um rétt til aðstoðar vegna örorku, sbr. 14. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, og vísaði í þessu sambandi til 12. og 13. gr. félagsmálasáttmála Evrópu og 9. og 11. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Jafnframt taldi Öryrkjabandalagið að skerðingin væri andstæð jafnréttisákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar sem ætti rót sína að rekja til 2. mgr. 2. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Fleiri lagarök voru tínd til, svo sem að skerðingarreglan væri í andstöðu við 1. gr. laga um málefni fatlaðra.

Það er skemmst frá því að segja að meiri hluti Hæstaréttar féllst að fullu á seinni kröfu Öryrkjabandalags Íslands. Þetta má glöggt sjá þegar kröfugerð Öryrkjabandalagsins fyrir Hæstarétti og dómsorð réttarins eru lesin saman. Kröfugerð Öryrkjabandalagsins var svohljóðandi:

„...að einnig verði viðurkennt með dómi Hæstaréttar, að aðaláfrýjanda hafi frá 1. janúar 1999 verið óheimilt að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998."

Dómsorð Hæstaréttar hljóðaði svo:

„Einnig er viðurkennt, að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. janúar 1999 samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998."

Það er óumdeild meginregla í lögfræði að við túlkun dóma skuli fyrst og fremst taka mið af kröfugerð aðila annars vegar og dómsorði hins vegar. Minni hlutinn telur ljóst að Hæstiréttur hafi með skýru dómsorði sínu, sem er orðrétt samhljóða kröfugerð Öryrkjabandalagsins, verið að banna þá aðferð sem fram kemur í 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993 og felst í því að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega með tengingu við tekjur maka. Ríkisstjórnin hefur hins vegar þá túlkun á dómi Hæstaréttar í frammi að þrátt fyrir skýrt dómsorð hafi Hæstiréttur verið að meina eitthvað annað sem lesa megi úr því sem segir í forsendum dómsins. Minni hlutinn hafnar slíkri túlkun algerlega og vekur athygli á því að sameiginlegur skilningur Eiríks Tómassonar lagaprófessors, Sigurðar Líndal lagaprófessors og Skúla Magnússonar lektors var að það vægi þungt við skýringu á dómi ef kröfugerð annars aðila væri tekin beint upp í dómsorð. Undir þetta tóku fleiri lögfræðingar sem komu fyrir nefndina. Slíkt mælti tvímælalaust með því að túlka dóminn á þann veg sem stjórnarandstaðan gerir. Eiríkur Tómasson sagði jafnframt að í skýrslu starfshóps ríkisstjórnarinnar væri ekki mikið fjallað um þetta atriði og hvers vegna það hefði ekki leitt til annarrar niðurstöðu þegar valið væri á milli tveggja skýringarkosta. Aðspurður hvort með leið ríkisstjórnarinnar væri hún að taka áhættu vegna ásakana um mannréttindabrot svaraði Eiríkur Tómasson því til fyrir nefndinni að svo væri vegna þess að ekki væri hægt að fullyrða með óyggjandi hætti hver yrði niðurstaða dómstóla ef málið yrði borið undir þá að nýju, en það væri hins vegar pólitískt mat hvort slík áhætta yrði tekin. Í þessu sambandi má benda á dóm Hæstaréttar frá árinu 1988, bls. 1532 í dómasafni Hæstaréttar, en þar er vakin athygli á þeirri staðreynd að mannréttindi séu sett til verndar borgurunum en ekki stjórnvöldum. Því er eðlilegt að túlka dóminn mannréttindasjónarmiðinu í hag.

Eins og sjá má að framan fellst meiri hluti Hæstaréttar án fyrirvara á kröfu Öryrkjabandalagsins í dómsorðinu og þar birtist niðurstaða hans. Í forsendum dóma koma hins vegar fram rök dómsins fyrir þeirri niðurstöðu sem birtist í dómsorði og ber að túlka það með hliðsjón af þeim. Ekki er óeðlilegt að þar sé í einhverjum mæli komið inn á mótrök en slíkt er þá iðulega gert til að skerpa á niðurstöðunni. Þetta má glögglega sjá á nokkrum stöðum í dóminum, t.d. þar sem fjallað er um gagnkvæma framfærsluskyldu hjóna. Hæstiréttur hrindir þeirri staðhæfingu að hér sé grundvöllur sem réttlæti skerðingu tekjutryggingar örorkulífeyrisþega á grundvelli tekna maka með því að benda á að slík framfærsluskylda sé ekki á milli sambúðarfólks, en skv. 44. gr. laga nr. 117/1993 gildir 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga einnig um sambúðarfólk. Þessu tengt fjallar Hæstiréttur um breytinguna sem varð á stjórnarskránni árið 1995. Ákvæði 70. gr. stjórnarskrárinnar, sem með breytingunni varð að 76. gr., hljóðaði svo:

„Sá skal eiga rétt á styrk úr almennum sjóði sem eigi fær séð fyrir sér og sínum, og sé eigi öðrum skylt að framfæra hann, en þá skal hann vera skyldum þeim háður, sem lög áskilja."

Með breytingunni varð hins vegar grundvallarbreyting á ákvæðinu sem leiddi til þess að um einstaklingsbundinn lágmarksframfærslurétt varð að ræða sem löggjafanum er óheimilt að leggja á herðar annarra, eins og heimilt var samkvæmt eldra ákvæðinu. Ákvæði 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar hljóðaði svo eftir breytinguna:

„Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika."

Af orðalagi ákvæðisins eftir breytinguna má vera fullljóst að heimildin til að leggja umrædda lágmarksframfærslu á herðar annarra var felld niður. Þetta má einnig glögglega lesa úr orðum Hæstaréttar þar sem hann fjallar um þetta og undirstrikað er með eftirfarandi orðum í dómnum:

„Samkvæmt framanrituðu verður 76. gr. stjórnarskrárinnar skýrð á þann veg að skylt sé að tryggja að lögum rétt sérhvers einstaklings til að minnsta kosti einhverrar lágmarks framfærslu eftir fyrirfram gefnu skipulagi, sem ákveðið sé á málefnalegan hátt."

Annað dæmi um þetta er þegar Hæstiréttur bendir á að í lögum sé þó víða tekið tillit til hjúskaparstöðu fólks og bendir í því sambandi á skattalög og lög um félagslega aðstoð og dregur af því þá ályktun að það geti átt við málefnaleg rök að styðjast að gera nokkurn mun á greiðslum til einstaklinga úr opinberum sjóðum eftir því hvort viðkomandi er í sambúð eða ekki, enda hafi löggjafinn í þessum tilvikum metið það málefnalegt og fært það í lög og við það er ekki gerð athugasemd, enda var þess ekki krafist. Í því tilviki sem hér er til umfjöllunar má einnig segja að löggjafinn hafi metið það málefnalegt með lögfestingu laga nr. 149/1998 að skerða þann lágmarksframfærslueyri sem felst í tekjutryggingu örorkulífeyrisþega á grundvelli tekna maka en það er hins vegar það málefnalega mat löggjafans sem Hæstiréttur telur að stangist á við stjórnarskrána og alþjóðlega sáttmála sem íslenska ríkið er bundið af og skerðing á þessum grundvelli því talin óheimil.

Í skýrslu starfshóps ríkisstjórnarinnar sem frumvarp hennar byggist á og birt er sem fylgiskjal með því er framangreind setning úr dómi Hæstaréttar um að það geti átt við málefnaleg rök að styðjast að gera nokkurn mun á greiðslum til einstaklinga úr opinberum sjóðum eftir því hvort viðkomandi er í sambúð eða ekki slitin úr því samhengi sem hún er sett fram í og dregin sú ályktun að með þessu sé Hæstiréttur að segja að heimilt sé að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega vegna tekna maka en bara ekki eins mikið og nú er gert! Þessu heldur starfshópurinn fram þó svo að í málinu hafi einungis verið fjallað um það hvort þessi aðferð við skerðingu væri heimil eða ekki. Með öðrum orðum, Öryrkjabandalagið hélt því fram að þetta væri óheimilt og gerði kröfu um slíkt en Tryggingastofnun gerði kröfu um að því yrði

hafnað og stofnunin sýknuð. Öryrkjabandalagið krafðist þess aðeins að sú aðferð að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega á grundvelli tekna maka yrði dæmd óheimil, m.a. á grundvelli þess að hún væri andstæð stjórnarskrá. Í málinu var ekki deilt um fjárhæðir heldur aðferð og þá aðferð dæmdi Hæstiréttur ólögmæta.

Starfshópurinn leggur mikið upp úr þeim orðum sem birtast í forsendum dóms Hæstaréttar þar sem segir að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap á þann hátt sem gert er í 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998. Starfshópurinn túlkar orðin „á þann hátt“ sem endanlega staðfestingu á því sem áður hefur komið fram að Hæstiréttur sé að segja að heimilt sé að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega vegna tekna maka ef það er gert í minna mæli en nú er gert og á þessu er 1. gr. frumvarpsins byggð. Starfshópurinn dregur síðan ályktun af þessu og segir:

„Í dóminum felst því ekki, að með öllu sé óheimilt að láta tekjur maka hafa áhrif á tekjutryggingu örorkulífeyrisþega. Það er aðeins samkvæmt dómsorðunum óheimilt að gera á þann hátt, sem gert er í 5. mgr. 17. gr. Til að ákveða hvað teljast megi heimilt og hvað ekki í þessu efni, þarf nánari athugun á forsendum dómsins.“

Hér kemur alvarleg staðreyndavilla fram í orðum starfshópsins því að það stendur alls ekki í dómsorðinu að það sé óheimilt að skerða *á þann hátt* heldur kemur orðalagið á þann hátt aðeins fyrir í forsenduorðum Hæstaréttar. Starfshópurinn virðist þó átta sig á þessu því hann segir: „Þetta orðalag er *raunar* notað í forsendum dómsins.“ Engu síður heldur hann ótrauður áfram að túlka dóminn eins og umrætt orðalag komi fram í dómsorðinu sjálfu eins og sjá má í tilvitnun hér að ofan. Þetta verður að telja alvarlegan galla á röksemdafærslu starfshópsins og er nægjanlegt til að varpa rökstuddum vafa á þá niðurstöðu sem hópurinn kemst að og birtist í 1. gr. frumvarpsins. Það er óumdeild grundvallarregla innan lögfræðinnar að túlka beri dómsorð með hliðsjón af forsendum dómsins en ekki öfugt, sé þess á annað borð þörf sem ekki verður talið í þessu máli þar sem Hæstiréttur felst orðrétt á kröfu Öryrkjabandalagsins. Í samræmi við þetta er því síður heimilt að taka eina setningu úr forsendunum og túlka dómsorðið og að auki allar aðrar forsendur sem fram koma í dóminum með hliðsjón af henni eins og gert er í skýrslu starfshópsins. Telji menn að þrátt fyrir að Hæstiréttur hafi fallist orðrétt á kröfu Öryrkjabandalags Íslands í dómsorði sé þörf á að túlka það frekar hljóta menn að gera það með því að túlka dómsorðið með hliðsjón af forsendunum. Ef þannig er litið á málið má augljóst vera að Hæstiréttur er með orðalaginu „á þann hátt“ að árétta að einungis sé óheimilt að beita þeirri aðferð við skerðingu að tengja tekjutryggingu örorkulífeyrisþega við tekjur maka og að eftir sem áður sé heimilt að skerða tekjutryggingu vegna tekna öryrkjans sjálfs, enda kemur það skýrlega fram í málflutningi beggja aðila að ekki er ágreiningur um hið síðarnefnda, né gerð krafa um að slíkt yrði dæmt óheimilt.

Í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að áfram verði heimilt að skerða tekjutryggingu vegna tekna maka. Í samræmi við framangreint er ákvæðið í beinni andstöðu við dóm Hæstaréttar og verður því talið brjóta gegn ákvæðum 65. og 76. gr. stjórnarskrárinnar og ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem íslenska ríkið er skuldbundið af.

Meiri hluti nefndarinnar kemst að þeirri niðurstöðu að ákvæði 2. tölul. 3. gr. laga nr. 14/1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, eigi við um kröfur þeirra örorkulífeyrisþega sem rétt eiga samkvæmt dómi Hæstaréttar. Minni hlutinn mótmælir þessum skilningi. Minni hlutinn vill þó benda á að jafnvel þótt fallist verði á skilning meiri hlutans þá séu ýmis álitaefni uppi hvað þetta varðar. Í fyrsta lagi hefur verið bent á í umræðu um málið að höfðun viðurkenningarmáls slíti fyrningu og því sé ekki rétt að nota fyrningarreglur eins og gert er í tillögum ríkisstjórnarinnar við túlkun dómsins aftur í tímann. Helsta málsvörn ríkisstjórnarinnar gegn þessum málflutningi er vísun í dóm Hæstaréttar nr. 46/1998 þar sem fjall-

að var um endurgreiðslu aðflutningsgjalda sem greidd voru af tollyfirvöldum vegna innflutnings á frystum kartöflum. Málavextir voru þeir að í viðurkenningarmáli hafði Hæstiréttur komist að þeirri niðurstöðu að álagning jöfnunargjaldsins á umræddu tímabili fengi ekki samrýmst þeim takmörkunum sem heimild ráðherra væru settar og þeim kvöðum um málefnalegan grundvöll skattheimtu og stjórnsýslu sem gæta hefði átt. Álagningin var því dæmd ólögmæt og höfðaði síðan tiltekið fyrirtæki mál gegn ríkinu til endurgreiðslu ofgreidds fjár í kjölfar viðurkenningarmálsins. Ríkisvaldið bar fyrir sig fyrningu í málinu á þeim grundvelli að krefjast hefði mátt endurgreiðslu strax og gjaldið hefði verið greitt, sem ekki var gert af hálfu fyrirtækisins. Þá bar ríkisvaldið því einnig við að fyrirtækið hefði bersýnilega greitt gjaldið til ríkisins í þeirri trú að því væri að lögum skylt að gera það og að það hefði ekki verið fyrr en löngu seinna í sambandi við rannsókn tollyfirvalda á réttmæti aðflutningsskýrslna að fyrirtækið fór að halda því fram að gjaldtaka væri óheimil að lögum. Að auki var því borið við af hálfu ríkisvaldsins í málinu að fyrirtækið hefði ekki orðið fyrir tjóni vegna gjaldtökunnar, það hefði getað velt gjaldinu yfir á viðskiptavini sína, enda hefði varan öll selst. Á þessum grundvelli féllst Hæstiréttur síðan á að láta málshöfðun viðurkenningarmálsins ekki rjúfa fyrningarfrestinn. Það er að mati minni hlutans hæpin röksemd af hálfu meiri hlutans að halda því fram að þessi dómur hafi fordæmisgildi varðandi það mál sem hér um ræðir. Í fyrsta lagi gilda allt önnur sjónarmið um ofgreidda skatta og hugsanlegan rétt til endurgreiðslu þeirra en um vangreiddar bætur á borð við það sem mál Öryrkjabandalagsins fjallar um. Rétturinn til greiðslu aðstoðar úr opinberum sjóði á grundvelli örorku er stjórnarskrárvarinn og fjallar um grundvallarmannréttindi. Það er því tæpast hægt að líkja slíkum rétti saman við réttarstöðu manna gagnvart ofgreiddum sköttum, auk þess sem fyrirsvar var ólíkt í þessum tveimur málum. Sú fyrirsvarsheimild sem Öryrkjabandalagið byggir málsókn sína á í málinu var lögfest með lögum nr. 91/1991 og var þá um nýmæli að ræða. Ekki hefur reynt á það, svo að minni hlutinn viti, hvort málssókn af þessu tagi rýfur fyrningu. Meðan svo er má segja að það sé álitaefni hvort fyrning hafi rofnað við málshöfðun Öryrkjabandalagsins. Ljóst er að mikil hagkvæmnisrök eru því til stuðnings að mál af þessu tagi rjúfi fyrningu, t.d. í málum sem eru eins vaxin og það sem hér er til umfjöllunar. Ljóst er að ef sú regla verður ekki talin gilda að málssókn í viðurkenningardómum, skv. 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, slíti fyrningu, hefðu allir öryrkjar sem rétt eiga samkvæmt dómi Hæstaréttar nú þurft að fara í mál sérstaklega, til að tapa ekki rétti sökum fyrningar. Ljóst er að mikið hagræði væri af þeirri almennu reglu að viðurkenningardómar slitu fyrningu þótt það væri að sjálfsögðu ávallt undir kröfugerð og öðrum málatilbúnaði komið hvort reglan ætti við í hverju tilviki fyrir sig.

Minni hlutinn bendir að auki á 6. gr. laga nr. 14/1905, en þar segir:

„Nú viðurkennir skuldunautur skuld sína við kröfueiganda annaðhvort með berum orðum eða á annan hátt, — t.d. með því að lofa borgun eða greiða vexti — eftir þann tíma, er fyrningarfrest ella hefði átt að telja frá, og hefst þá nýr fyrningarfrestur frá þeim degi ...“

Í þessu sambandi má í fyrsta lagi spyrja hvort ekki hafi falist í því viðurkenning þegar forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins tilkynnti eftir dómsuppkvaðningu Hæstaréttar að þegar yrði hafist handa við að greiða þeim öryrkjum sem eiga inni hjá stofnuninni, en starfsmenn Tryggingastofnunar lýstu því nánar á fundi nefndarinnar að skilningur þeirra á málinu hefði verið sá að með dómi Hæstaréttar hefði það verið dæmt óheimilt að beita skerðingarheimild 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga, með öðrum orðum að óheimilt væri að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap á grundvelli tekna maka. Ekkert hefði verið því til fyrirstöðu tæknilega að greiða út bætur 1. janúar á grundvelli þeirrar túlkunar, allt sem til

hefði þurft væri breyting á frítekjumarki í reglugerð og slíkt væri unnt að gera á skömmum tíma.

Allt benti því til að þessari áralöngu deilu ríkisstjórnarinnar og öryrkja væri lokið hvað þennan tiltekna hóp varðar þótt ljóst væri að kveða þyrfti nánar á um rétt annarra hópa lífeyrisþega á grundvelli dómsins síðar.

Hvernig svo sem litið verður á þetta mál telur minni hlutinn að þegar í ljós kemur að íslenska ríkið eða stofnanir þess hafa brotið mannréttindi á þegnum sínum, eins og háttar til í þessu máli, beri því fortakslaus siðferðileg skylda til að bæta þeim einstaklingum það tjón sem þeir hafa orðið fyrir. Í þessu sambandi má vitna í dóm Hæstaréttar frá árinu 1988, bls. 1532 í dómasafni Hæstaréttar, sem áður var vitnað til, þar sem vakin er athygli á því að mannréttindaákvæði séu sett fyrir einstaklingana en ekki stjórnvöld. Í ljósi þessa dóms er eðlilegt að túlka dóm Hæstaréttar í máli Öryrkjabandalagsins mannréttindasjónarmiðinu í hag í stað þess að túlka ríkisvaldinu í hag eins og meiri hlutinn vill gera.

Stjórnarliðar hafa gert því skóna að strangt til tekið þyrfti ekki að greiða lengra aftur í tímann en tvö ár, sbr. 2. mgr. 48. gr. almannatryggingalaga. Þótt minni hlutinn hafni því að regla þessarar greinar eigi við í þessu máli vill hann benda á að tryggingaráð hefur, þrátt fyrir orðalag ákvæðisins, úrskurðað mun lengra aftur í tímann og sem dæmi má nefna úrskurð tryggingaráðs í málinu nr. 44/1994 þar sem úrskurðað var um bætur rúmlega 12 ár aftur í tímann. Hefur þeirri stefnu verið fylgt af hálfu stofnunarinnar að þegar um mistök eða sök hennar er að ræða sé vikið frá ákvæði 2. mgr. 48. gr. laganna.

Frumvarpið gerir aðeins ráð fyrir að greitt sé fjögur ár aftur í tímann, en samkvæmt dómi Hæstaréttar voru bætur skertar með ólöglegum hætti í sjö ár. Með tilvísun til þess sem fram er komið telur minni hlutinn að greiða eigi sjö ár aftur í tímann.

Í b-lið ákvæðis til bráðabirgða I í frumvarpinu er kveðið á um að fyrir tímabilið 1. janúar 1999 til 31. janúar 2001 skuli greiða tekjutryggingu sem reiknast á þann hátt sem greinir í 1. gr.

Það er óumdeilt að óheimilt er að setja afturvirk íþyngjandi ákvæði í lög. Minni hlutinn hafnar með öllu þeirri túlkun sem fram kemur í skýrslu starfshópsins og nefndaráliti meiri hlutans að hér sé um ívilnandi reglu að ræða og hún því heimil. Rök minni hlutans eru eftirfarandi: Við dóm Hæstaréttar, sem komst að þeirri niðurstöðu að óheimilt væri að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap á grundvelli tekna maka, féll framangreind skerðingarheimild niður. Við þetta varð til nýtt réttarástand þar sem óheimilt var að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega á grundvelli tekna maka. Þetta tiltekna réttarástand gildir því fyrir umrætt tímabil sem leiðir til þess að Tryggingastofnun er skylt að greiða örorkulífeyrisþegum sem rétt eiga, svo framarlega sem eigin tekjur koma ekki til skerðingar, fulla tekjutryggingu eins og hún var hverju sinni á umræddu tímabili. Sem dæmi hefði Tryggingastofnun átt að greiða 50.990 kr. 1. janúar 2001 sem er upphæð fullrar tekjutryggingar að viðbættum grunnörorkulífeyri.

Í samræmi við þetta mótmælir minni hlutinn því harkalega að ætlunin sé að skerða bætur til örorkulífeyrisþega í hjúskap aftur í tímann, enda standist það ekki ákvæði stjórnarskrárinnar. Við þetta má síðan bæta að það hefur verið talið eitt af grundvallarskilyrðum réttarríkis að óheimilt sé að lög virki aftur fyrir sig og þá sérstaklega ef þau eru íþyngjandi.

Í frumvarpinu er einungis gert ráð fyrir að þær greiðslur sem öryrkjar eigi rétt á aftur í tímann samkvæmt frumvarpinu beri 5,5% vexti. Minni hlutinn mótmælir þessu enda er eðlilegast að miða við ákvæði vaxtalaga, nr. 25/1987, þannig að miðað sé við að greiddir séu þeir almennu vextir sem á hverjum tíma eru jafnháir vegnu meðaltali ársávöxtunar á nýjum og almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og að þessir vextir reiknist fram að

gjalddaga, sem í þessu tilviki yrði fyrsti dagur hvers mánaðar á tímabilinu, sbr. 4. gr. laganna. Frá hverjum gjalddaga ættu síðan að reiknast dráttarvextir, svo sem þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. 10. gr. vaxtalaga, til greiðsludags, sbr. 1. mgr. 9. gr. vaxtalaga.

Villandi upplýsingar.

Minni hlutinn gagnrýnir villandi upplýsingar um rétt öryrkja á Norðurlöndum, sbr. fylgiskjal 2 í fylgiskjali III með frumvarpinu. Má taka sem dæmi að í töflu 1 í fylgiskjalinu er tekjutrygging sögð vera 43.396 kr. árið 1998, en inni í þeirri fjárhæð eru heimilisuppbætur sem falla niður um leið og öryrki hefur sambúð og telst því ekki til tekjutryggingar. Staðreyndin er sú, sbr. fyrirliggjandi upplýsingar, að hvergi á Norðurlöndunum er grundvallarréttur til aðstoðar úr opinberum sjóði á grundvelli örorku jafnlág upphæð og hér á landi. Stjórnarliðar hafa borið fyrir sig staðhæfingar um að tengingar við tekjur maka tíðkist annars staðar á Norðurlöndum og nefnt sem dæmi fyrirkomulagið í Danmörku. Minni hlutinn varar við því að bera þessa hluti saman á þann hátt sem ríkisstjórnin gerir í málflutningi sínum.

Með frumvarpi ríkisstjórnarinnar vill hún tryggja að örorkulífeyrisþegi í hjúskap hafi aldrei vegna tekna maka lægri framfærslueyri en 43.424 kr., sem er helmingi lægra en 100% öryrki í Danmörku fær. Samanburð á kerfum þessara tveggja landa ber að skoða í þessu ljósi (sjá nánar fylgiskjal VI úr upplýsingariti um almannatryggingar og félagslega aðstoð í EB og EES-ríkjunum – MISSOC).

Minni hlutinn gagnrýnir einnig harðlega skerðingarákvæði 1. gr. frumvarpsins sem felur í sér brattari skerðingu vegna eigin tekna öryrkja en áður hefur tíðkast.

Þessi skerðingarákvæði eru óvirðing við öryrkja sem geta og vilja nýta krafta sína til að leggja sitt af mörkum til þátttöku í atvinnulífinu og til að vinna fyrir fjölskyldu sinni. Ákvæðin í frumvarpinu eru vinnuletjandi, þau hvetja ekki til þess að lífeyrisþegar nýti sér þann rétt að ganga í hjónaband né minnka þau líkur á að lífeyrisþegar skilji við maka sinn af fjárhagsástæðum eins og því miður hefur verið algengt. Í þessu sambandi bendir minni hlutinn á ályktun prestastefnu árið 1997 þar sem staða lífeyrisþega með tilliti til fjölskylduþátttöku var til umfjöllunar, sjá fylgiskjal IV. Það ber einnig að minna á að gömlu skerðingarreglurnar gilda áfram þrátt fyrir viðbótarregluna og bitna því enn harkalegar á þeim öryrkjum sem verst eru settir og eru í sambúð með öðrum öryrkja eða ellilífeyrisþega.

Skerðingarákvæði 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga, sem dæmt hefur verið sem brot á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar, ásamt þeirri sérreglu sem mælt er fyrir í frumvarpinu munu halda áfram að skerða tekjutryggingu lífeyrisþega á grundvelli tekna maka verði frumvarpið að lögum. Þetta grefur undan hjónabandinu og möguleikum lífeyrisþega til að hefja sambúð og stofna fjölskyldu.

Kjör lífeyrisþega á Íslandi.

Í bók Stefáns Ólafssonar prófessors, Íslenska leiðin, um íslenska velferðarkerfið, sem Tryggingastofnun lét vinna og gaf út, segir um skerðingu lífeyris vegna tekna maka (bls. 273): „Þá er önnur beiting skerðingarreglna í almannatryggingakerfinu á Íslandi einnig fátíð, en það er skerðing lífeyris öryrkja vegna tekna maka þeirra. Sú regla er arfleifð gömlu fátækraaðstoðarinnar frá fyrri öldum þar sem framfærsluskylda var lögð á fjölskylduna eða ættingja í heild áður en til fátækraaðstoðar gæti komið, með tilheyrandi athugun á þörf og því hvort hinn fátæki verðskuldaði aðstoðina.

Hugmyndafræði almannatrygginga, sem leysti gömlu fátækraaðstoðina að mestu af hólmi á 20. öldinni, gengur gegn þessari hugsun að örorkulífeyrisþegi hafi ekki fullan borgararétt

og beri skarðan framfærslurétt ef maki hans hefur einhverjar tekjur, eins og fram kom í fyrstu tveimur köflunum í þessari bók. Þess vegna hafa vestrænar þjóðir horfið frá slíkri framkvæmd almannatrygginga nú á dögum. Framkvæmd þessarar reglu á Íslandi rýrir mjög kjör þeirra öryrkja sem fyrir verða, samkvæmt mati OECD á kjarastöðu lífeyrisþega í aðildarríkjunum, og það kemur einnig fram í skýrslu forsætisráðherra vorið 1999 um stöðu öryrkja. En félagsleg og sálræn áhrif slíks fyrirkomulags eru þó enn alvarlegri því öryrki í slíkri stöðu er að hluta rændur sjálfstæði sínu og mannlegri reisn."

Minni hlutinn tekur undir þessi orð Stefáns. Tekjutrygging lífeyrisþega, ekki síst öryrkja, skal vera óháð tekjum maka þeirra. Þannig styðjum við best við bakið á því fólki sem verst er statt í samfélaginu og einnig við grunneiningu þjóðfélagsins, fjölskylduna. Í þessu sambandi er ástæða til að benda á að lífeyrisþegi í hjónabandi eða sambúð á ekki rétt á heimilisuppbótum allt að 22.556 kr. á mánuði, sem hann ætti rétt á byggi hann einn. Þannig er lífeyrisþegi í hjónabandi eða sambúð ávallt með lægri almannatryggingagreiðslur sem þessu nemur, auk þess sem tekjur maka skerða tekjutryggingu hans.

Kjör öryrkja hafa versnað í góðærinu í tíð ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í samanburði við aðra hópa í samfélaginu sem sést best á því að kaupmáttur lífeyrisþega hefur skerst mun meira en þeirra sem lægstu launin hafa í þjóðfélaginu.

Skattleysismörkin hafa staðið í stað svo að lífeyrisþegi sem býr einn og nýtur eingöngu bóta lendir í að greiða af þeim skatt sem aldrei hefur viðgengist fyrr en í tíð þessarar ríkisstjórnar. Hlutur sjúklinga í einstaka lyfjum hefur hækkað um mörghundruð prósent. Bifreiðastyrkjum fyrir fatlaða var fækkað um helming og lánakjörin á bifreiðakaupalánum fyrir fatlaða hækkuð úr 1% í markaðsvexti.

Á sama tíma og ríkissjóður skilar miklum tekjuafgangi breikkar bilið milli tryggingagreiðslna og almennra launa, sbr. fylgiskjal V úr staðtölum almannatrygginga 1999. Húsaleiga hefur hækkað, fasteignagjöldin hækkað, matvörur hækkað, framfærslan almennt hækkað og ekki síst lyfin. Á þennan hátt hefur stefna ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks birst lífeyrisþegum. Því hefur oft verið haldið fram að slíkt hafi viðgengist hjá fyrri ríkisstjórnum. Það var hins vegar ein þumalfingursregla sem þessar ríkisstjórnir höfðu og hún var sú að kaupmáttur bóta örorku- og ellilífeyrisþega skyldi ekki skerðast meira en kaupmáttur þeirra sem lægstu launin hefðu í þjóðfélaginu. Í upplýsingum kjararannsóknarnefndar, sbr. fylgiskjal V úr staðtölum almannatrygginga, kemur í ljós að kaupmáttur lífeyrisþega skertist um 10% minna en kaupmáttur lægstu launa á tímabilinu 1991–1995. Síðan hefur það gerst að kaupmáttur lágmarkslauna hefur aukist um 37,5% en kaupmáttur lífeyrisgreiðslna um 11,2% eða um þriðjunginn af því sem kaupmáttur lágmarkslauna hefur batnað. Ljóst er því að leitun er að annarri eins kjararýrnun hjá þessum hópi og í tíð þessarar ríkisstjórnar ef mið er tekið af þróun lágmarkslauna í landinu.

Einn hópur lífeyrisþega hefur lítt komið til umfjöllunar í þessari umræðu en það eru lífeyrisþegar á stofnunum. Þeir missa lífeyri sinn eftir fjögurra mánaða dvöl á stofnun á tveggja ára tímabili. Þeir fá þá um 18.000 kr. í vasapeninga á mánuði og byrjar sú upphæð að skerðast við eigin tekjur umfram 3.700 kr. og falla greiðslur alveg niður þegar lífeyrisþegi hefur um 31.000 kr. í eigin tekjur (upphæðir samkvæmt handbók Tryggingastofnunar ríkisins). Taka verður á þessum greiðslum sérstaklega því að það getur ekki talist fullnægjandi að skammta fötluðum og sjúkum lífeyrisþegum sem dæmast til langdvalar á stofnunum þessar smánargreiðslur. Vasapeningagreiðslurnar og þær reglur sem um þær gilda byggjast á löngu úreltum viðhorfum til sjúkra og fatlaðra og þarfnast endurskoðunar í ljósi nýfallins dóms Hæstaréttar.

Niðurstaða.

Niðurstaða Hæstaréttar í því máli sem hér hefur verið reifað og frumvarp ríkisstjórnarinnar byggist á var sú að óheimilt væri að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap á grundvelli tekna maka. Hæstiréttur byggir þessa niðurstöðu á 65. og 76. gr. stjórnarskrárinnar auk annarra lagaraka. Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar mælir, þrátt fyrir áðurgreinda niðurstöðu Hæstaréttar, fyrir um áframhaldandi skerðingu tekjutryggingar á grundvelli tekna maka. Það felur þar á ofan í sér afturvirkni lagaákvæða, ef samþykkt verður, og gengur út á að fyrningu verði borið við í stað þess að bæta að fullu það sem haft hefur verið af viðkomandi hópi öryrkja öll sjö árin. Minni hlutinn telur að með framlagningu frumvarpsins geri ríkisstjórnin tilraun til að fara á svig við niðurstöðu Hæstaréttar og að frumvarpið feli í sér beint brot á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar.

Ummæli sem höfð eru eftir gestum í nefndaráliti þessu hafa verið borin undir þá og hafa þeir staðfest að ummælin séu rétt eftir höfð.

Minni hluti nefndarinnar getur ekki staðið að afgreiðslu málsins og leggur því til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem frumvarp þetta felur í sér brot á stjórnarskrá og mannréttindum, svo sem ítarlega er rökstutt í nefndaráliti þessu, leggur minni hlutinn til að heilbrigðis- og trygginganefnd verði falið að leggja fram nýtt frumvarp, sem allra fyrst, er fullnægi dómi Hæstaréttar og feli jafnframt í sér nauðsynlegar breytingar er varða aðra hópa lífeyrisþega sem málið snertir. Samkvæmt framansögðu samþykkir Alþingi að vísa þessu máli frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Guðjón A. Kristjánsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 22. jan. 2001.

Bryndís Hlöðversdóttir, frsm.	Þuríður Backman.	Ásta R. Jóhannesdóttir.

Fylgiskjal I.

Alþýðusamband Íslands:

Ályktun miðstjórnar ASÍ.
(10. janúar 2001.)

Ríkisstjórnin hlíti dómi Hæstaréttar – endurskoðun skattkerfisins óumflýjanleg.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands skorar á ríkisstjórnina að virða undanbragðalaust niðurstöðu æðsta dómstóls landsins í máli Öryrkjabandalags Íslands gegn Tryggingastofnun ríkisins. Miðstjórn ASÍ styður öryrkja í baráttu þeirra fyrir að fá greiddar óskertar bætur í samræmi við dómsniðurstöðuna strax frá 1. janúar sl.

Miðstjórn ASÍ telur óumflýjanlegt að ráðast í endurskoðun tekjuskatts- og bótakerfisins og að í þeirri vinnu verði meðal annars að taka mið af efnisatriðum dóms Hæstaréttar. Alþýðusamband Íslands hefur áður lagt áherslu á að tekjujöfnunaráhrif skattkerfisins verði aukin. Í tengslum við kjarasamningana sl. vetur gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um að farið yrði í ítarlega könnun á kostum og göllum fjölþrepatekjuskatts. Þrátt fyrir eftirrekstur bólar ekkert á því starfi. Þá hefur ASÍ farið fram á þátttöku í yfirstandandi vinnu við endurskoðun almannatrygginga og samspil þeirra við skattkerfið og lífeyrissjóðina en án árangurs hingað til.

Sú staða sem upp er komin vegna dóms Hæstaréttar og það uppnám sem hann virðist hafa valdið hjá stjórnvöldum staðfestir enn og aftur nauðsyn þess að vinna við endurskoðun tekjuskatts- og bótakerfisins verði hafin þegar í stað í samræmi við loforð ríkisstjórnarinnar. Alþýðusamband Íslands lýsir sig, eins og jafnan fyrr, reiðubúið til samstarfs við stjórnvöld um þessi mál.

Fylgiskjal II.

Ályktun á miðstjórnarfundi Bandalags háskólamanna.
(17. janúar 2001.)

Eftirfarandi ályktun var samþykkt einróma á miðstjórnarfundi Bandalags háskólamanna 17. janúar 2001:

„Miðstjórn Bandalags háskólamanna (BHM) styður þá kröfu Öryrkjabandalags Íslands að skerðing tekjutryggingar vegna tekna maka skuli afnumin. Grunnlífeyrir og tekjutrygging, samtals 51 þúsund kr., verði óskert. Líkt og verið hefur þá er tekið tillit til tekna maka við samsköttun öryrkja eins og annarra þjóðfélagsþegna. BHM skorar á Alþingi að standa vörð um stjórnarskrárvarin mannréttindi öryrkja.“

Björk Vilhelmsdóttir, formaður BHM.

Fylgiskjal III.

Úr samþykktum 39. þings BSRB.
(25.–28. október 2000.)

39. þing BSRB krefst þess að atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga verði stórlega auknar og skerðingar undangenginna ára bættar.

39. þing BSRB krefst þess að tekjutenging við laun maka öryrkja og lífeyrisþega verði afnumin.

Fylgiskjal IV.

Úr samþykkt prestastefnu 1997.

Prestastefnan á Akureyri 1997 beinir því til Alþingis að gerð verði gangskör að því að leiðrétta það ranglæti sem öryrkjar búa við, að tekjutrygging þeirra, sem er 25.800 kr. á mánuði, tekur að skerðast um leið og tekjur maka fara fram úr 36.831 kr. og þurrkast alveg út er tekjur maka verða hærri en 150 þús. kr. á mánuði. Þar með getur öryrkinn aðeins lagt með sér í búið örorkulífeyrinn sem er tæplega 14 þús. kr. á mánuði. Augljóst er að fyrirkomulag þetta stofnar hjónaböndum fólks í hættu og hvetur prestastefnan stjórnvöld að leiðrétta þetta ranglæti.

Fylgiskjal V.

STAÐTÖLUR ALMANNATRYGGINGA 1999 (bls. 26).

LÍFEYRISGREIÐSLUR – LÁGMARKSLAUN VERKAKARLA

Meðalgreiðslur á mánuði í krónum 1987 – 1999

Ár	Lífeyrir og tekjutrygging	Lífeyrisþegar		Lágmarkskaup	Verkakarlar		Hlutfall
		Eingreiðsla	Samtals		Eingreiðsla	Samtals	Lífeyrisþegar/ verkakarlar
1987	20.156		20.156	27.949		27.949	72,1%
1988	25.762		25.762	32.101	387	32.488	79,3%
1989	28.942	494	29.436	35.400	1.292	36.692	80,2%
1990	31.594	867	32.461	38.904	3.220	42.124	77,1%
1991	33.917	1.375	35.292	41.765	2.746	44.511	79,3%
1992	34.818	1.474	36.292	42.876	4.750	47.626	76,2%
1993	35.013	2.533	37.546	43.116	4.824	47.940	78,3%
1994	35.013	2.321	37.334	43.116	5.324	48.440	77,1%
1995	36.414	2.021	38.435	46.306	5.097	51.403	74,8%
1996	37.978	2.009	39.987	49.538	5.205	54.743	73,0%
1997	40.190	1.104	41.294	59.180	2.792	61.972	66,6%
1998	42.947	1.159	44.106	63.399	9.509	72.908	60,5%
1999	45.491	1.206	46.697	65.713	7.295	73.008	64,0%

Að auki hefur Tryggingastofnun heimild til að greiða einhleypingi, sem hefur tekjutryggingu og er einn um heimilisrekstur, heimilisuppbót að hámarki kr. 13.836 auk eingreiðslu kr. 577 og sérstaka heimilisuppbót, hafi viðkomandi nær engar tekjur, að hámarki kr. 6.767 auk eingreiðslu kr. 282.

KAUPMÁTTUR LÍFEYRISGREIÐSLNA OG LÁGMARKSLAUNA

Samanburður á vísitölu kaupmáttar lágmarkskaups verkakarla og lífeyristryggingagreiðslna, lífeyris og tekjutryggingar 1987 – 1999 með og án eingreiðslu



Heimild: Kjararannsóknanefnd.
Vísitalan, án eingreiðslu (tekjutryggingarauka) er 100 árið 1990, en kaupmáttur hennar er reiknaður miðað við vísitölu neysluverðs.
Eingreiðsla (tekjutryggingarauki) er launauki, s.s. orlofs- og desemberuppbót, láglauna- og viðskiptakjarabætur.

Fylgiskjal VI.

MISSOC – Mutual Information System on Social Protection in the EU Member States and the European Economic Area:

Social Protection in the Member States in the EU Member States and the European Economic Area.
(Situation on January 1st 2000 and Evolution.)

Table V - Invalidity: Benefits. (2. Calculation method, pension formula or amounts.)



Belgium	Denmark	Germany	Greece
Normal allowance: 65% of the lost earnings (subject to ceiling) if there are dependants, 45% if single without dependants, 40% if cohabiting person without dependants. Particular cases: The recipient, isolated or co-habitant without dependants, is entitled to a rate of 65% when it is acknowledged that he requires the assistance of a third party in order to perform the basic activities of daily living.	Pension according to incapacity level: • at least 50% and/or social reasons: early pension *(førtidspension)* = basic amount *(grundbeløb)* + pension supplement *(pensionstillæg)* + (if applicable) pre-retirement amount *(førtidsbeløb)*. • 67 to 99%: medium early pension *(mellemste førtidspension)* = basic amount + invalidity amount *(invaliditetsbeløb)* + pension supplement. • 100%: maximum early pension *(højeste førtidspension)* = basic amount + invalidity amount + work incapacity amount *(erhvervsudygtighedsbeløb)* + pension supplement. Basic amount *(grundbeløb)*: DKK 48,560 (≈ 6,661) per year, if income is not above a certain level. Invalidity amount *(invaliditetsbeløb)*: DKK 24,108 (≈ 3,240) per year. Married persons: DKK 20,532 (≈ 2,760) per year each, if both qualify for this supplement or the invalidity allowance *(invaliditetsydelse)* (see "Other benefits"). Work incapacity amount *(erhvervsudygtighedsbeløb)*: DKK 33,276 (≈ 4,472) per year. For married persons: DKK 24,072 (≈ 3,235) per year each, if both qualify for this supplement. Pension supplement *(pensionstillæg)*: DKK 22,536 (≈ 3,029) per year on condition that the earnings of the pensioner and his/ her spouse do not exceed a certain level. For single pensioners the supplement amounts to DKK 49,560 (≈ 6,661) per year. Pre-retirement amount *(førtidsbeløb)*: If the early pension is given to a person under 60, a "pre-retirement amount" is paid as a supplement to the basic amount: DKK 12,600 (≈ 1,693) per year. Small supplement for pensioners living in the municipal areas where local taxes have risen over a certain amount.	Pension formula: Occupational invalidity *(Berufsunfähigkeit)*: PEP x 0.6667 x AR. General invalidity *(Erwerbsunfähigkeit)*: PEP x 1.0 x AR. PEP = Personal Income Points *(persönliche Entgeltpunkte)*. The number of income points is based on the level of income on which contributions were paid and the allowance credited for certain non-contributory periods. For an average income, one contribution year corresponds to one income point. AR = Current pension value *(aktueller Rentenwert)*. Corresponds to the monthly pension paid to an average earner for each year he has been insured. It is adjusted annually to keep pace with net wages and salaries. The actual pension value amounts to DEM 48.29 (≈ 25) in the old *Länder* and DEM 42.01 (≈ 21) in the new *Länder*.	*Pensions insured before 31.12.1992:* percentage of the notive wage taken as a reference (see below) varies between 70% and 30% in inverse relationship to earnings. The amount of the pension varies according to the degree of invalidity: • Serious invalidity: full pension; • invalidity of 50%: pension reduced by 50%; • invalidity of 67%: pension reduced by 25%. In case of total invalidity, a pension supplement is paid for care provided by a third person. The supplement cannot exceed GRD 134,080 (≈ 406) per month. *Pensions insured since 1.1.1993:* The level of the pension varies according to the number of years insured. Each year corresponds to 1.714% of pensionable income. The amount of the pension varies according to the degree of invalidity: • Serious invalidity: full pension; • invalidity of 50%: pension reduced by 50%; • invalidity of 67%: pension reduced by 25%. In case of total invalidity the pension supplement for care provided by a third person corresponds to the monthly average of the GNP per capita for 1991 adjusted accordingly each time the civil servants' pensions are increased.

661. Fyrirspurn [406. mál]

til menntamálaráðherra um framhaldsskólanám í Stykkishólmi.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvers vegna hafnaði ráðherra beiðni frá heimafólki í Stykkishólmi á sl. ári um að boðið væri upp á hefðbundið nám á öðru ári framhaldsskóla við framhaldsdeild í Stykkishólmi skólaárið 2000–2001?
2. Mun ráðherra samþykkja og stuðla að því að bæði fyrsta og annað námsár framhaldsskóla verði starfrækt við framhaldsdeild í Stykkishólmi skólaárið 2001–2002?

662. Fyrirspurn [407. mál]

til fjármálaráðherra um kjarasamning ríkisins við framhaldsskólakennara.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hvað er áætlað að lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs aukist mikið vegna nýgerðs kjarasamnings ríkisins við framhaldsskólakennara:
   a. samtals út samningstímann,
   b. sem hlutfall af öllum greiddum launum samkvæmt kjarasamningnum,
   c. sem hlutfall af launum þeirra sem taka laun samkvæmt kjarasamningnum og eiga lífeyrisrétt sambærilegan rétti í B-deild LSR?
2. Hver er þessi heildaraukning lífeyrisskuldbindinga að meðaltali á:
   a. hvern framhaldsskólakennara (stöðugildi) sem tekur laun samkvæmt kjarasamningnum,
   b. hvern framhaldsskólakennara sem tekur laun samkvæmt kjarasamningnum og á lífeyrisrétt sambærilegan rétti í B-deild LSR?
3. Hver er ógreidd heildarskuldbinding ríkissjóðs vegna núverandi og fyrrverandi framhaldsskólakennara?
4. Er gætt jafnræðis milli kennara í A-deild og B-deild LSR þar sem hinir fyrrnefndu fá ekki aukinn lífeyrisrétt samkvæmt samningnum?

Skriflegt svar óskast.

663. Fyrirspurn [408. mál]

til fjármálaráðherra um kjarasamning sveitarfélaga við grunnskólakennara.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Falla auknar lífeyrisskuldbindingar vegna nýgerðs kjarasamnings sveitarfélaga við grunnskólakennara að fullu eða að einhverju leyti á ríkissjóð?
2. Ef svo er, hvað er áætlað að lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs aukist vegna þessa kjarasamnings:
   a. samtals út samningstímann,
   b. sem hlutfall af öllum greiddum launum samkvæmt kjarasamningnum,
   c. sem hlutfall af launum þeirra sem taka laun samkvæmt kjarasamningnum og eiga lífeyrisrétt sambærilegan rétti í B-deild LSR?
3. Hver er þessi heildaraukning lífeyrisskuldbindinga að meðaltali á:
   a. hvern grunnskólakennara (stöðugildi) sem tekur laun samkvæmt kjarasamningnum,
   b. hvern grunnskólakennara sem á lífeyrisrétt sambærilegan rétti í B-deild LSR?
4. Hver er ógreidd heildarskuldbinding ríkissjóðs vegna núverandi og fyrrverandi grunnskólakennara?
5. Var gert ráð fyrir þeirri stöðu við flutning grunnskólans til sveitarfélaganna að þau gerðu kjarasamninga sem ríkissjóður greiddi að hluta án þess að eiga aðild að samningunum?

Skriflegt svar óskast.

664. Fyrirspurn [409. mál]

til félagsmálaráðherra um undanþágur frá fasteignaskatti.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvernig verður unnið að þeim fyrirheitum sem fram koma í skýrslu nefndar um tekjustofna sveitarfélaga að fækka undanþágum frá fasteignaskatti?
2. Hvenær má vænta þess að þeirri vinnu ljúki og tillögur liggi fyrir?
3. Liggja fyrir upplýsingar um hve háum fjárhæðum þessar undanþágur geti numið?

665. Frumvarp til laga [410. mál]

um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31 14. apríl 1993.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Í stað orðsins „Vígslumaður“ í 2. málsl. 3. mgr. 13. gr. laganna kemur: Könnunarmaður.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra skulu þó ávallt annast könnun á hjónavígsluskilyrðum ef annað hjónaefna eða bæði eru erlendir ríkisborgarar.
b. Í stað orðsins „hún“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: könnunin.
c. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ekki skal taka gjald fyrir útgáfu könnunarvottorðs.
d. Í stað orðanna „vígslumaður“ og „vígslumanns“ í 2. mgr. kemur: könnunarmaður, og: könnunarmanns.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „vígslumanns“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: könnunarmanns.
b. Í stað orðanna „fjögurra mánaða“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: 30 daga.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2001.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu að höfðu samráði við biskup Íslands, Prestafélag Íslands og Sýslumannafélag Íslands.

Í IV. kafla hjúskaparlaga um hjónavígslu er m.a. mælt fyrir um það hverjir séu vígslumenn. Skv. 14. gr. laganna annast löggildir vígslumenn könnun hjónavígsluskilyrða, en hjónaefni skulu áður en hjónavígsla fer fram leggja fram vottorð þess efnis að könnun hafi átt sér stað á hjónavígsluskilyrðum samkvæmt því sem segir í II. kafla og að lög tálmi ekki ráðahagnum, sbr. 13. gr. laganna. Með frumvarpi þessu er lagt til að einungis borgaralegir vígslumenn annist könnun hjónavígsluskilyrða þegar annað hjónaefna eða bæði eru erlendir ríkisborgarar. Skv. 18. gr. laganna eru sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra borgaralegir vígslumenn.

Könnun hjónavígsluskilyrða felst í því að leysa úr því hvort fullnægt sé lagaskilyrðum til að stofna til hjúskapar. Verður þar bæði að líta til ákvæða hjúskaparlaga og reglugerðar um könnun hjónavígsluskilyrða, nr. 326/1996, og enn fremur í sumum tilvikum til annarra laga og reglna. Á síðustu árum hefur mjög færst í vöxt að erlendir ríkisborgarar komi hingað til lands til að ganga í hjónaband og einnig að erlendir ríkisborgarar stofni til hjúskapar við íslenska ríkisborgara. Könnunarmenn meta hvaða skjöl hjónaefni þurfa að leggja fram og leggja mat á framlögð skjöl. Við könnunina getur þurft að leggja töluverða vinnu í athugun á lagaatriðum þegar um er að ræða erlenda ríkisborgara sem eftir atvikum hafa verið í hjú-

skap áður og er nokkur þekking könnunarmanns á alþjóðlegum einkamálarétti þá einnig nauðsynleg. Borgaralegir vígslumenn eru löglærðir og þykir því rétt að fela þeim að annast könnun hjónavígsluskilyrða þegar um erlenda ríkisborgara er að ræða, enda þyrftu aðrir vígslumenn almennt að verja tíma og fyrirhöfn til að afla sér þekkingar á lagaatriðum sem annars falla almennt utan þeirra sérsviðs.

Til þess að taka af allan vafa um að ekki skuli taka sérstakt gjald fyrir útgáfu könnunarvottorða, sbr. 11. tölul. 14. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, er lagt til að ákvæði þess efnis verði í hjúskaparlögum.

Í því skyni að treysta könnunarvottorð sem grundvöll lögmætrar hjúskaparstofnunar er lagt til að gildistími könnunarvottorðs verði styttur úr fjórum mánuðum í 30 daga. Þessi breyting getur ekki valdið erfiðleikum í framkvæmd.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31 14. apríl 1993.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra verði könnunarmenn hjónavígsluskilyrða þegar erlendir ríkisborgarar eiga í hlut en fram til þessa hafa prestar og forstöðumenn trúfélaga einnig haft það með höndum. Gera má ráð fyrir að sýslumannsembættin í landinu geti tekið við útgáfu þessara könnunarvottorða án þess að starfsumfang þeirra og útgjöld aukist. Í frumvarpinu er tekið fram að ekki skuli taka gjald fyrir útgáfu könnunarvottorða til að staðfesta þá venju sem hefur skapast þótt heimildin hafi verið fyrir hendi í lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

666. Tillaga til þingsályktunar [411. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 23. janúar 2001 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 8. febrúar 2001.

667. Tillaga til þingsályktunar [412. mál]

um fullgildingu samnings milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning sem Evrópubandalagið og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

1.1 Almennt.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi sem Evrópubandalagið og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi, hér eftir vísað til sem „samningurinn“. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal I með tillögu þessari.

Þegar Schengen-samstarfið kom til framkvæmda milli þáverandi aðildarríkja þess var fellt niður persónueftirlit á sameiginlegum landamærum þeirra. Það leiddi til þess að allir innan svæðisins gátu ferðast án hindrana á landamærum milli ríkjanna, einnig þeir sem leitað höfðu hælis á svæðinu og þeir sem dvöldust þar með ólögmætum hætti.

Til að bregðast við þessari stöðu var að finna ákvæði í Schengen-samningnum sem síðar hafa verið yfirtekin með Dyflinnarsamningnum.

Samkvæmt 7. gr. samnings sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, hér eftir vísað til sem „Brusselsamningurinn“, sem fullgiltur var af Íslands hálfu 26. maí 2000, voru samningsaðilar sammála um að gera þyrfti viðeigandi samkomulag um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skyldi fara með beiðni um hæli sem lögð væri fram í einhverju af aðildarríkjunum eða á Íslandi eða í Noregi. Fram kemur og í ákvæðinu að samkomulag þetta þurfi að vera frágengið þegar Brusselsamningurinn kemur til framkvæmda en ákveðið hefur verið að það verði 25. mars 2001. Er því ljóst að fullgilding þessa samnings þarf að fara fram fyrir lok febrúar 2001 svo uppfylla megi þessa samningsskuldbindingu, sbr. 2. mgr. 14. gr. samningsins.

Samningurinn tengir Ísland og Noreg við framkvæmd svonefnds Dyflinnarsamnings auk tveggja ákvarðana sem teknar hafa verið í tengslum við framkvæmd hans af svonefndri „18. gr. nefnd“ sem starfar á grunni hans, sjá fylgiskjöl II.–IV. Samningurinn mun einnig tengja Ísland og Noreg við framkvæmd svokallaðrar EURODAC-reglugerðar sem samþykkt var af ráðherraráði ESB 11. desember 2000 og prentuð er sem fylgiskjal V með tillögu þessari. Jafnframt felur samningurinn í sér að ríkin tvö geta tengst réttarreglum EB á þessu sviði sem samþykktar verða í framtíðinni á því afmarkaða sviði sem hér um ræðir.

1.2 Um Dyflinnarsamninginn.

Dyflinnarsamningurinn, sem fjallar um það hvaða ríki beri ábyrgð á umfjöllun um beiðni um hæli sem lögð er fram í einhverju aðildarríkja Evrópubandalaganna, var undirritaður 15. júní 1990 og kom til framkvæmda árið 1997. Markmið samningsins er að leitast við að hindra að umsækjanda um hæli sé af yfirvöldum vísað frá einu ríki til annars án þess að tekið sé á umsókn hans um hæli. Samningurinn tryggir umsækjanda um hæli að hann fær meðferð umsóknar sinnar í einu ríki og inniheldur samningurinn reglur um það hvernig ákveðið skuli hvaða ríki það er hverju sinni sem ber skyldur að þessu leyti. Samningnum er einnig ætlað að fyrirbyggja að umsóknir um hæli, sem lagðar eru fram í fleiri en einu aðildarríki, verði teknar til meðferðar í fleiri en einu aðildarríki. Í samningnum felst og að hafi umsókn um hæli verið hafnað í einu aðildarríki og umsækjandi sækir í framhaldi um hæli í öðru aðildarríki þá er hinu síðarnefnda heimilt að snúa umsækjanda til baka til þess fyrrnefnda án þess að taka umsóknina til meðferðar. Á hinn bóginn er síðarnefnda ríkinu ávallt heimilt að taka umsóknina til meðferðar þó því sé það ekki skylt á grunni Dyflinnarsamningsins.

Rétt er að taka fram að sú stefna sem mun ráða við meðferð umsókna á Íslandi er sú stefna sem mótuð er af íslenskum stjórnvöldum. Þannig mælir Dyflinnarsamningurinn einvörðungu fyrir um málsmeðferðarreglur en ekki um innihald stefnu viðkomandi ríkis. Einnig ber að nefna að samningurinn vísar sérstaklega til flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1951 og viðbótarbókunar við hann frá 1967 en Ísland hefur fullgilt hvort tveggja. Reynslan af framkvæmd Dyflinnarsamningsins hefur leitt í ljós að ýmislegt má betur fara. Meðal annars hefur reynst erfitt að skera úr í einstökum tilvikum hvaða aðildarríki skuli bera ábyrgð á meðferð hælisumsóknar þar sem erfitt hefur reynst að leiða í ljós hvar umsækjandi hefur haldið sig eða hvaða leið hann hefur komið inn á samningssvæðið. Af þessum sökum hefur ESB leitast við að styrkja og efla samstarf aðildarríkjanna á þessu sviði og í því skyni samþykkt að setja á fót miðlægt kerfi er geymi skrár yfir fingraför þeirra er leitað hafa hælis á svæðinu og tiltekins hóps ólöglegra innflytjenda. Ráðgert er að kerfið verði tekið í notkun á árinu 2002 (EURODAC).

2. Samantekt um samninginn.

Samningurinn sem nú er lagt til að ríkisstjórn Íslands verði heimilt að fullgilda tekur á stofnanalegum þáttum samstarfs Íslands og Noregs við ESB á sviði Dyflinnarsamningsins. Samningurinn felur í sér að ríkin tvö taki yfir og hrindi í framkvæmd öllum ákvæðum Dyflinnarsamningsins utan 16.–22. gr. en þau ákvæði fjalla einvörðungu um stofnanaleg atriði er varða samskipti aðildarríkja ESB. Auk þess munu ríkin tvö taka yfir og hrinda í framkvæmd tveimur ákvörðunum um nánari framkvæmd Dyflinnarsamningsins sem teknar hafa verið af svokallaðri 18. gr. nefnd. Jafnframt er gert ráð fyrir því í samræmi við yfirlýsingu í samningnum að Ísland og Noregur taki yfir ákvörðun nefndarinnar um sameiningu fjölskyldna en sú ákvörðun var nýlega tekin af nefndinni. Að sama skapi er gert ráð fyrir að ríkin taki þátt í samstarfi um stofnun EURODAC-kerfisins í samræmi við reglugerð EB sem samþykkt var 11. desember 2000.

Dyflinnarsamningurinn gerir ráð fyrir að allar ákvarðanir um nýjar reglur verði teknar með einróma samþykki í svonefndri 18. gr. nefnd. Amsterdamsáttmáli ESB gerir hins vegar ráð fyrir að eigi síðar en 2004 komi EB-reglur í stað samningsins en samningur Íslands og Noregs við Evrópubandalagið gerir ráð fyrir að ríkin tvö eigi samstarf við ESB hvort heldur er um gildandi löggjöf að ræða eða þá löggjöf sem samþykkt verður í framtíðinni.

Eftir að Amsterdamsáttmáli aðildarríkja ESB gekk í gildi er það framkvæmdastjórnin sem kemur fram fyrir hönd ESB gagnvart þriðju ríkjum á sviði útlendingamálefna. Af þessum sök-

um gerir samningurinn ráð fyrir að sett sé á fót sameiginleg nefnd þar sem fulltrúar samningsaðila eiga sæti, þ.e. Íslands, Noregs og Evrópubandalagsins, en framkvæmdastjórnin mun þar koma fram fyrir hönd bandalagsins.

Gert er ráð fyrir því í þeim tilvikum að 18. gr. nefndin kemur saman til að fjalla um nýjar reglur að boðað verði til fundar í sameiginlegu nefndinni á sama tíma. Þegar framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins undirbýr tillögur að nýrri löggjöf á samningssviðinu er gert ráð fyrir að hún leiti ráðgjafar hjá íslenskum og norskum sérfræðingum með sama hætti og hjá sérfræðingum aðildarríkjanna. Fulltrúar Íslands og Noregs geta lagt fram tillögur í sameiginlegu nefndinni en í þeim tilvikum að slík tillaga felur í sér breytingar á gildandi reglum er gert ráð fyrir því að slík tillaga verði tekin upp af framkvæmdastjórninni eða einhverju aðildarríki og lögð fram innan ESB til frekari meðferðar auk þeirrar meðferðar sem hún hlýtur innan sameiginlegu nefndarinnar. Að svo miklu leyti sem framkvæmdastjórninni mun í framtíðinni verða framselt vald til að setja fyllri reglur á samningssviðinu er gert ráð fyrir að Ísland og Noregur geti lagt fram tillögur beint í þeim nefndum sem aðstoða framkvæmdastjórnina hvað þetta varðar. Eru þessar reglur mótaðar út frá ákvæðum EES-samningsins.

Með sama hætti og í Brusselsamningnum er gert ráð fyrir að Ísland og Noregur taki sjálfstæða ákvörðun um það hverju sinni hvort þau kjósa að fallast á ákvörðun sem ESB hefur tekið á samningssviðinu að undangenginni meðferð í sameiginlegu nefndinni. Í þeim tilvikum að ríkin tvö kjósa að gangast ekki undir tiltekna ákvörðun eða hrinda henni ekki í framkvæmd er gert ráð fyrir því að sameiginlega nefndin takið málið fyrir og meti innan 90 daga allar leiðir sem mögulegar eru til að framkvæma samninginn áfram. Finnist ekki lausn að þessu leyti fellur samningurinn úr gildi.

Með sama hætti og í Brusselsamningnum er gert ráð fyrir að samningsaðilar tryggi samræmda túlkun og framkvæmd ákvæða samningsins með þeim hætti að fylgjast með þróun dómaframkvæmdar dómstóls EB svo og með þróun dómaframkvæmdar þar til bærra dómstóla á Íslandi og í Noregi. Á hinn bóginn hefur hvorki dómstóll EB né framkvæmdastjórn þess valdheimildir gagnvart Íslandi eða Noregi.

Komi upp verulegur munur á túlkun reglnanna eða framkvæmd þeirra að því er varðar Ísland eða Noreg þá skal taka málið upp í sameiginlegu nefndinni en nefndin hefur 180 daga til að finna lausn á málinu. Finnist ekki lausn fellur samningurinn úr gildi.

Jafnframt inniheldur samningurinn ákvæði um lausn ágreiningsmála auk þess sem uppsagnarákvæði er að finna í samningnum.

Að lokum er að finna ákvæði að því er varðar fjárhagslegt framlag í tengslum við samninginn en í því efni er miðað við sams konar skiptingu kostnaðar og í Brusselsamningnum.

3. Samningsniðurstaða.

3.1 Almennt.

Eins og getið var að framan er gert ráð fyrir því að þátttaka Íslands og Noregs í framkvæmd Dyflinnarsamningsins verði komin til framkvæmda áður en Schengen-samstarfið hefst á Norðurlöndum. Með Brusselsamningnum var sett á fót svokölluð samsett nefnd þar sem fulltrúar Íslands, Noregs og aðildarríkja Evrópubandalagsins koma saman og ræða ólík mál á samningssviðinu. Brusselsamningurinn var gerður á grundvelli bókunar við Amsterdamsáttmála aðildarríkja ESB á milli ríkjanna tveggja annars vegar og ráðs ESB hins vegar. Að áliti ESB náði framangreind bókun ekki yfir Dyflinnarsamninginn og af þeim sökum skyldi framkvæmdastjórnin koma fram fyrir hönd aðildarríkja sambandsins á þessu sviði en ekki ráðherraráðið. Er þetta grunnástæða þess að samstarfinu á sviði Dyflinnarsamningsins er valið annað form og önnur umgjörð en er að finna í Brusselsamningnum. Þannig munu fulltrúar Ís-

lands og Noregs hitta framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins í stað aðildarríkjanna þegar kemur að umræðu um þau atriði er falla undir þennan samning.

3.2 Sameiginleg nefnd.

Í tengslum við þátttöku Íslands og Noregs í framkvæmd Dyflinnarsamningsins er sett á fót sameiginleg nefnd samningsaðila þar sem sitja fulltrúar Íslands, Noregs og framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins. Í sameiginlegu nefndinni fara fram viðræður samningsaðila um framkvæmd og frekari þróun þeirra reglna sem er að finna í Dyflinnarsamningnum og þeim ákvörðunum og gerðum er framkvæmd hans tengjast. Markmið nefndarinnar er að tryggja samræmda framkvæmd reglnanna á Íslandi, í Noregi og innan ESB. Jafnframt er nefndinni ætlað að vera vettvangur til að leysa ágreiningsmál milli samningsaðila. Nefndin kemur saman á viðeigandi vettvangi eftir því sem aðstæður krefjast.

Ljóst er að þær aðstæður geta komið upp að mikilvægt reynist að geta rætt atriði við fulltrúa aðildarríkjanna sjálfra og af þeim ástæðum er samkomulag um það að framkvæmdastjórnin mun í öllum tilvikum bjóða fulltrúum þeirra til setu á fundum nefndarinnar í því skyni að ræða þau atriði sem samningurinn nær yfir. Til að undirstrika mikilvægi þess að aðildarríkin taki þátt í fundum nefndarinnar er að finna í samningnum yfirlýsingu aðildarríkja ESB um að þau muni taka þátt í fundum nefndarinnar.

Sameiginlegu nefndinni er ætlað að ræða framkvæmd þeirra reglna sem vísað er til í samningnum ásamt því að skiptast á skoðunum um frekari þróun þeirra. Þannig taka fulltrúar ríkjanna tveggja þátt í mótun nýrra reglna á grunni Dyflinnarsamningsins og mótaðar eru í 18. gr. nefndinni auk þess sem þeir munu taka þátt í mótun reglna í framtíðinni á grundvelli nýrrar löggjafar ESB á þessu sviði.

Með sama hætti og samkvæmt Brusselsamningnum er gert ráð fyrir því að starf nefndarinnar verði nánar útfært í sérstökum starfsreglum er nefndin sjálf setur sér. Í samræmi við yfirlýsingu með 3. gr. samningsins er gert ráð fyrir að reglurnar muni m.a. fjalla um hvaða reglur skuli gilda um meðferð skjala sem nefndin hefur til umfjöllunar.

Auk þessa er gert ráð fyrir því að framkvæmdastjórnin sendi fulltrúum Íslands og Noregs tillögur sínar á þeim sviðum er varða samninginn með sama hætti og aðildarríkjum bandalagsins. Með sama hætti skal tilkynna Íslandi og Noregi innan sameiginlegu nefndarinnar um dómaframkvæmd EB-dómstólsins á samningssviðinu auk þess sem ríkin tvö gera með sama hætti grein fyrir réttarframkvæmd innan ríkjanna hvort heldur er dómstóla eða stjórnvalda.

3.3 Undirbúningur og samþykkt nýrra gerða.

Þegar fjallað er um þennan þátt samningsins er rétt að greina annars vegar á milli gerða sem samþykktar eru á grunni núverandi Dyflinnarsamnings og hins vegar gerða sem samþykktar verða á grundvelli breyttra reglna samkvæmt Amsterdamsáttmálanum.

Að því er varðar hið fyrrnefnda þá er það Dyflinnarsamningurinn sjálfur sem myndar rammann um samstarfið og inniheldur þær meginreglur sem aðildarríkin fylgja. Auk þess er gert ráð fyrir því að 18. gr. nefndin taki frekari ákvarðanir um nánari framkvæmd einstakra þátta samningsins sjálfs. Fram að þessu hefur nefndin tekið fjórar ákvarðanir en þrjár þeirra varða samning Íslands og Noregs með einum eða öðrum hætti. Gert er ráð fyrir að starf nefndarinnar verði takmarkað á næstu missirum með hliðsjón af þeim breytingum sem leiða af Amsterdamsáttmálanum. Samkomulag er um það meðal samningsaðila að fundir í sameiginlegu nefndinni verði ávallt haldnir í tengslum við fundi 18. gr. nefndarinnar auk þess sem hið sama gildir um fundi sérfræðinga sem haldnir eru til undirbúnings fundum í 18. gr. nefndinni. Má í þessu sambandi vísa til yfirlýsingar sem fylgir samningnum.

Eins og fram hefur komið gerir Amsterdamsáttmálinn ráð fyrir því að í stað Dyflinnarsamningsins verði settar nýjar reglur af hálfu Evrópubandalagsins. Í því felst að það verður ráðherraráð ESB sem tekur ákvarðanir um nýjar gerðir í stað 18. gr. nefndarinnar. Á sama tíma mun framkvæmdastjórnin fá lykilhlutverk í tengslum við undirbúning og útfærslu á nýjum reglum á þessu sviði. Fulltrúar Íslands og Noregs munu taka þátt í mótun þessara nýju reglna ásamt fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar í sameiginlegu nefndinni.

Við undirbúning nýrra reglna hefur framkvæmdastjórnin oft þann hátt á að leita eftir ráðgjöf sérfræðinga aðildarríkjanna. Með sama hætti ber framkvæmdastjórninni á samningssviðinu að leita óformlega eftir ráðgjöf sérfræðinga Íslands og Noregs. Með sama hætti skal framkvæmdastjórnin tryggja þátttöku sérfræðinga Íslands og Noregs í undirbúningsstarfi af þessu tagi auk þess sem hún skal kynna ráðherraráðinu sjónarmið ríkjanna tveggja eftir því sem þörf er á. Ákvæði að þessu leyti eru sambærileg þeim sem er að finna í Brusselsamningnum og EES-samningnum.

Í þeim þáttum samstarfs aðildarríkja ESB sem falla undir fyrstu stoð sambandsins getur ráðherraráðið framselt vald á einstökum sviðum til framkvæmdastjórnarinnar til að setja fyllri reglur á þessum sviðum eða til að taka nauðsynlegar ákvarðanir í tengslum við framkvæmd tiltekinnar löggjafar. Í þeim tilvikum kallar framkvæmdastjórnin sér til aðstoðar sérfræðinga frá aðildarríkjunum. Komi til þessa er gert ráð fyrir því í samningnum að fulltrúar Íslands og Noregs njóti sömu stöðu og fulltrúar aðildarríkjanna. Að því er varðar ákvarðanatöku um nýjar reglur á samningssviðinu þá er það ráðherraráð ESB sem tekur bindandi ákvarðanir að því er varðar aðildarríki þess. Að því búnu ákveða Ísland og Noregur hvort í sínu lagi hvort þau samþykkja efni þessara ákvarðana og taka þær upp í landsrétt sinn en þau verða einungis bundin að þau taki ákvörðun með þessum hætti. Þær reglur er gilda um það með hvaða hætti Ísland tekur þessa ákvörðun eru þær sömu og gilda á grunni Brusselsamningsins. Þegar Ísland tekur ákvörðun um að samþykkja reglur er breyta eða byggjast á reglum þeim sem er að finna í samningnum verður Ísland bundið að þjóðarétti frá þeim tímapunkti sem samið hefur verið um í tengslum við viðkomandi gerð eða felst í samningnum sjálfum. Má ætla að þær reglur sem hér um ræður verði flestar með þeim hætti að þær megi framkvæma hér á landi án lagabreytinga. Í þeim tilvikum að svo er ekki munu reglur íslensks réttar um gerð þjóðréttarsamninga skera úr um málsmeðferð og eftir atvikum um aðkomu Alþingis að meðferð einstakra mála. Í samningnum er gert ráð fyrir því að í einstökum tilvikum verði unnt að ákveða gildistökudag gerðar sem er annar en gildir fyrir aðildarríki ESB. Í því sambandi kemur til skoðunar hverju sinni sá tími sem Ísland og Noregur telja sig þurfa til að tryggja að viðkomandi gerð verði innleidd í landsrétt með stjórnskipulega réttum hætti. Í þeim tilvikum að nauðsynlegt reynist að leggja mál fyrir Alþingi skal Ísland tilkynna það til ESB eigi síðar en 30 dögum eftir að ráðherraráðið hefur samþykkt gerðina. Endanleg tilkynning um afstöðu Íslands verður því ekki send fyrr en málsmeðferð á Alþingi er lokið og er miðað við að sú tilkynning eigi sér stað eigi síðar en sex mánuðum eftir að tilkynning ESB barst.

Í þeim tilvikum að Ísland samþykkir ekki nýjar gerðir kemur til kasta ákvæða samningsins er mæla fyrir um að möguleikar skuli skoðaðir til að viðhalda samningnum þrátt fyrir stöðu af þessu tagi. Finnist ekki lausn í því efni innan 90 daga fellur samningurinn úr gildi eftir atvikum að því er varðar Ísland eða Noreg.

3.4 Lausn ágreiningsmála.

Ákvæði 8. gr. samningsins um lausn ágreiningsmála er byggt á samsvarandi ákvæði í Brusselsamningnum. Að auki getur reynt á ákvæðið í tengslum við ákvarðanir er fyrirhugað er að taka með vísan til þess öryggisákvæðis sem er að finna í 5. gr. samningsins.

Það eru þrenns konar aðstæður sem geta leitt til þess að ágreiningsmál komi upp sem kalli á málsmeðferð skv. 8. gr. Í fyrsta lagi getur til þess komið ef í ljós kemur verulegur munur á túlkun eða framkvæmd reglna þeirra sem vísað er til í samningnum milli aðildarríkjanna og sameiginlegu nefndinni hefur ekki tekist að leysa. Í öðru lagi kann ágreiningur að rísa um stofnanaleg atriði er tengjast framkvæmd samningsins. Í þriðja lagi kemur til kasta 8. gr. í þeim tilvikum að aðgerðir skv. 5. gr. eru fyrirhugaðar.

Að öðru leyti er samningsaðilum heimilt að taka upp í sameiginlegu nefndinni hvert það vandamál sem kann að koma upp í tengslum við framkvæmd samningsins. Er nefndinni þá ætlað að ræða lausnir sem leyst geta viðkomandi vandkvæði en takist það ekki kemur til kasta 8. gr. um lausn ágreiningsmála.

Komi til kasta ákvæða 8. gr. er gert ráð fyrir því að málið verði sett á dagskrá sameiginlegu nefndarinnar en samþykkt dagskrárinnar með þessum dagskrárlið markar upphaf þess 90 daga frests sem er til reiðu til að leysa málið. Verði þessir 90 dagar ekki til þess að leysa málið hefur nefndin 90 daga til viðbótar til að finna á því endanlega lausn en nefndin tekur ákvarðanir með einróma samþykki. Finnist ekki lausn fellur samningurinn úr gildi að því er varðar eftir atvikum Ísland eða Noreg.

3.5 Uppsögn samningsins.

Allir samningsaðilar hafa rétt til að segja samningnum upp og eru engin skilyrði sett fyrir slíkri aðgerð. Segi Evrópubandalagið samningnum upp hefur það virkni bæði gagnvart Íslandi og Noregi en ríkin tvö geta sagt samningnum upp hvort í sínu lagi.

Uppsögn kemur til framkvæmda sex mánuðum eftir að hún er tilkynnt.

4. Einstök ákvæði.

Samningurinn hefur að geyma 15 greinar ásamt viðauka. Samningnum fylgja fimm sameiginlegar yfirlýsingar.

Í þessum kafla verður gefið yfirlit yfir efni samningsins í heild sinni. Í þeim tilvikum að einstakar yfirlýsingar varða tiltekin ákvæði samningsins verður þeirra getið í tengslum við viðkomandi ákvæði.

Aðilar að samningnum eru Ísland, Noregur og Evrópubandalagið. Þrátt fyrir að Evrópubandalagið sé aðili að samningnum en ekki einstök aðildarríki þess leiðir það af 1. gr. og 5. mgr. 4. gr. að þær reglur sem samningurinn nær yfir skapa gagnkvæm réttindi og gagnkvæmar skyldur milli Íslands og Noregs og aðildarríkja EB.

Um aðfaraorð.

Í aðfaraorðum samningsins er lýst aðdraganda samningsgerðarinnar og markmiðum samningsaðila. Vísað er til 7. gr. Brusselsamningsins frá 18. maí 1999 þar sem fram kemur að gera þyrfti viðeigandi samkomulag um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í einhverju af aðildarríkjunum eða á Íslandi eða í Noregi. Jafnframt er vísað til ákvarðana sem teknar hafa verið af 18. gr. nefndinni og að tenging Íslands og Noregs við Dyflinnarsamninginn verði einnig að ná yfir þessar ákvarðanir. Svo og er vísað til tilskipunar 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga en hún skal vera grundvöllur að meðferð persónuupplýsinga samkvæmt samningnum, sbr. hér á landi lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Að því búnu er vísað til þess að Ísland og Noregur séu ekki aðildarríki ESB og því sé nauðsynlegt að setja á fót skipulag er tryggi tengsl Íslands og Noregs við frekari þróun reglna á samningssviðinu. Tekið er fram í aðfaraorðunum að samningsaðilar

geri sér grein fyrir nauðsyn þess að tryggja þátttöku Íslands og Noregs á öllum stigum með tilliti til framkvæmdar Dyflinnarsamningsins, beitingar hans í reynd og frekari þróunar hans. Með þetta að leiðarljósi koma samningsaðilar á fót sameiginlegri nefnd sem tryggir aðkomu Íslands og Noregs að undirbúningi ákvarðana á þessu sviði. Að lokum er vísað til reglugerðar um EURODAC sem hluta af samningnum með það í huga að framkvæmd hennar verði hliðstæð á Íslandi, í Noregi og í Evrópubandalögunum.

Um 1. gr.

Í 1. gr. samningsins kemur fram að Ísland, Noregur og Evrópubandalagið skuli framkvæma Dyflinnarsamninginn ásamt tengdum reglum sem tilgreindar eru í viðauka við samninginn í gagnkvæmum samskiptum þeirra og í samskiptum við aðildarríki ESB. Jafnframt skulu ríkin tvö taka þátt í framkvæmd ákvæða reglugerðar um skráningu og samanburð á fingraförum (EURODAC).

Um 2. gr.

Í 2. gr. er fjallað um þá málsmeðferð sem skal viðhöfð þegar framkvæmdastjórnin leggur fram tillögur að nýjum reglum. Skv. 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin leita ráða hjá íslenskum og norskum sérfræðingum á sama hátt og hún leitar ráða hjá sérfræðingum frá aðildarríkjunum þegar hún undirbýr tillögur að nýjum reglum sem byggðar eru á a-lið 1. mgr. 63. gr. Rómarsáttmálans svo sem honum hefur verið breytt á sviði sem fellur undir viðfangsefni viðaukans við samninginn eða EURODAC-reglugerðina. Skv. 2. mgr. skal framkvæmdastjórnin tilkynna Íslandi og Noregi um tillögur sem varða samninginn. Skv. 3. mgr. skulu samningsaðilar áður en löggjöf er samþykkt eiga með sér samráð í sameiginlegu nefndinni. Eftir samþykkt nýrra reglna innan ESB skal beitt reglum samningsins um það ferli sem Ísland og Noregur viðhafa við meðferð á samþykktum reglum ESB, sbr. 4. gr. samningsins. Skv. 4. mgr. skuldbinda samningsaðilar sig til að vinna saman í góðri trú innan sameiginlegu nefndarinnar. Skv. 5. mgr. hafa Ísland og Noregur rétt til að leggja fram tillögur í sameiginlegu nefndinni á samningssviðinu eins og það er skilgreint í 1. gr. samningsins en ef tillögurnar eiga að leiða til nýrrar löggjafar eða breytinga á löggjöf er frekari framgangur þeirra háður því að framkvæmdastjórnin eða einstakt aðildarríki taki þær upp innan ESB. Skv. 6. mgr. skal framkvæmdastjórnin tryggja sérfræðingum Íslands og Noregs eins víðtæka þátttöku og mögulegt er á undirbúningsstigi löggjafar með sama hætti og sérfræðingum aðildarríkjanna. Yfirlýsing fjögur við samninginn segir jafnframt að meginreglurnar að baki bréfaskiptum þeim sem fram fóru í tengslum við Brusselsamninginn og vörðuðu sams konar atriði skuli vera til grundvallar þessu atriði. Skv. 7. mgr. skal framkvæmdastjórnin koma áliti sérfræðinga Íslands og Noregs á framfæri við ráðherraráð ESB.

Um 3. gr.

Í 3. gr. samningsins er að finna ákvæði um stofnun sameiginlegu nefndarinnar og um samsetningu hennar. Í nefndinni sitja fulltrúar Íslands, Noregs og framkvæmdastjórnar ESB. Gert er ráð fyrir að nefndin samþykki eigin starfsreglur og komi saman að frumkvæði einhvers samningsaðilanna. Nefndin tekur ákvarðanir með einróma samþykki samningsaðila nema annað leiði af starfsreglum nefndarinnar. Nefndin mun byggja á reglum ESB að því er varðar meðferð skjala en á hinn bóginn mun það ráðast af íslenskum lögum hvernig háttað verður aðgangi að þessum skjölum að svo miklu leyti sem þau eru í vörslu íslenskra stjórnvalda. Nefndin kemur saman á viðeigandi vettvangi eftir því sem aðstæður krefjast. Gert er ráð fyrir því að formennska í nefndinni gangi á milli samningsaðila á sex mánaða fresti. Nefndinni er ætlað að

fylgjast með framkvæmd þeirra reglna sem Ísland og Noregur taka yfir á grunni samningsins. Jafnframt skal upplýsingamiðlun fara fram innan nefndarinnar.

Um 4. gr.

Í 4. gr. samningsins er fjallað um samþykkt og gildistöku þeirra reglna er falla undir samninginn ásamt afleiðingum þess að Ísland og/eða Noregur fallast ekki á reglur sem ESB hefur samþykkt. Byggist ákvæðið í stórum dráttum á Brusselsamningnum. Í 1. mgr. er kveðið á um að samþykkt nýrra gerða og ráðstafana á gildissviði samningsins sé í höndum þar til bærra stofnana Evrópusambandsins. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna Íslandi og Noregi strax um samþykkt nýrra gerða og ráðstafana, sbr. 2. mgr. Þótt gert sé ráð fyrir einhliða samþykkt nýrra gerða og ráðstafana af hálfu Evrópusambandsins verður að hafa í huga að gert er ráð fyrir að Ísland og Noregur hafi í samræmi við ákvæði samningsins komið að mótun gerða á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar.

Með 1. mgr. er mörkuð sú stefna að nýjar gerðir skuli ganga í gildi samtímis innan Evrópusambandsins og á Íslandi og í Noregi.

Samkvæmt 2. mgr. skulu Ísland og Noregur hvort fyrir sig ákveða hvort þau samþykki efni gerðar eða ráðstafana. Löndin skulu tilkynna aðalskrifstofu ráðherraráðsins og framkvæmdastjórninni um ákvörðun sína innan 30 daga frá samþykkt gerðar eða ráðstöfunar. Slík tilkynning, sem er einhliða, stofnar til þjóðréttarlegrar skuldbindingar Íslands gagnvart Evrópusambandsríkjunum og Noregi, sbr. 5. mgr.

Í 3. mgr. er kveðið á um hvernig staðið skuli að tilkynningum af Íslands hálfu þegar gerð eða ráðstöfun kallar á atbeina Alþingis. Ísland mun í slíku tilviki tilkynna aðalskrifstofu ráðsins og framkvæmdastjórninni um að atbeina þingsins þurfi til áður en stjórnvöld geti skuldbundið sig. Stjórnvöld munu í slíkum tilvikum hafa farið fram á að gildistaka viðkomandi gerðar eða ráðstöfunar verði ákvörðuð þannig að fullnægjandi svigrúm sé til þingmeðferðar, sbr. 1. mgr. Ísland sendir síðan að lokinni þingmeðferð, og að því gefnu að niðurstaða hennar hafi verið jákvæð, aðra tilkynningu sem stofnar til hinnar þjóðréttarlegu skuldbindingar.

Í 4. mgr. er kveðið á um hvernig staðið skuli að tilkynningum af hálfu Noregs þegar ný gerð eða ráðstöfun kallar á atbeina Stórþingsins.

Í 5. mgr. er kveðið á um þjóðréttarlegt skuldbindingargildi tilkynninga Íslands og Noregs samkvæmt framangreindu.

Í 6. mgr. er kveðið á um málsmeðferð í þeim tilvikum að annaðhvort Ísland eða Noregur samþykkja ekki gerð eða ráðstöfun. Slíkt getur gerst hvort sem er með því að beinlínis sé tilkynnt að gerð sé ekki samþykkt eða með því að áskildar tilkynningar skv. 4. gr. berist ekki á réttum tíma. Í slíkum tilvikum telst samningnum slitið að því er varðar Ísland eða Noreg, eftir því sem við á, nema sameiginlega nefndin ákveði annað, sbr. 7. mgr.

Um 5. gr.

Í 5. gr. er að finna öryggisákvæði sem gefur samningsaðilum möguleika til að taka ófyrirsjáanleg vandamál í tengslum við framkvæmd samningsins upp í sameiginlegu nefndinni en nefndin getur þá ákveðið að grípa til ráðstafana til að taka á málinu. Ákvæðið er byggt á ákvæði 17. gr. Dyflinnarsamningsins sjálfs.

Um 6. gr.

Í 6. gr. greinir hvernig ætlunin er að ná því markmiði samningsaðila að beiting og túlkun ákvæðanna sem getur um í 1. gr. verði samræmd.

Í 1. mgr. kemur fram að gert er ráð fyrir að sameiginlega nefndin fylgist stöðugt með dómaframkvæmd Evrópudómstólsins og einnig dómaframkvæmd þar til bærra dómstóla Íslands og Noregs varðandi slík ákvæði. Í þessu augnamiði er gert ráð fyrir sérstöku fyrirkomulagi til að tryggja reglubundna og gagnkvæma miðlun upplýsinga um þessa dómaframkvæmd.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að Ísland og Noregur eigi rétt á að leggja greinargerð eða skriflegar athugasemdir fyrir Evrópudómstólinn í málum sem dómstóll aðildarríkis hefur vísað til hans. Mun Evrópusambandið leitast við að breyta samþykktum Evrópudómstólsins til að gera þetta mögulegt. Þessi réttur er í líkingu við Brusselsamninginn og EES-samninginn.

Um 7. gr.

Samkvæmt 7. gr. skulu Ísland og Noregur árlega gefa sameiginlegu nefndinni skýrslu um hvernig stjórnvöld og dómstólar hafa beitt og túlkað þær reglur er greinir í 1. gr.

Komi í ljós verulegur munur á framkvæmd reglna milli samningsaðila skal sameiginlega nefndin taka slíkt til meðferðar og leita lausna til að tryggja samræmi.

Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæðum 10. gr. Brusselsamningsins.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er kveðið á um meðferð ágreiningsmála. Slík mál skal setja á dagskrá sameiginlegu nefndarinnar. Nefndin hefur 90 daga til að leysa málið frá þeim degi að telja sem dagskráin sem ágreiningsmálið hefur verið sett á er samþykkt. Náist ekki lausn á því 90 daga tímabili skal bætt við 90 dögum til að finna endanlega lausn. Fáist engin endanleg lausn telst samningnum slitið gagnvart því ríki sem ágreiningurinn er við.

Þetta þýðir að frá því að ágreiningsmál kemur upp og er formlega sett á dagskrá sameiginlegu nefndarinnar líða sex mánuðir áður en til uppsagnar getur komið.

Um 9. gr.

Í 9. gr. er kveðið á um þátttöku Íslands og Noregs í kostnaði af samstarfinu. Er gert ráð fyrir því að Ísland leggi til fjárlaga Evrópubandalaganna 0,1% vegna stjórnsýslu- og rekstrarkostnaðar við uppsetningu og rekstur miðlægrar einingar fyrir EURODAC. Framlag vegna annars kostnaðar miðast við þjóðarframleiðslu.

Í 2. mgr. er kveðið á um rétt Íslands og Noregs til að fá skjöl og túlkun á fundum samsettu nefndarinnar á opinberu tungumáli stofnana Evrópusambandsins að eigin vali. Það er þó áréttað að allar þýðingar og túlkun úr og á íslensku og norsku skuli vera á kostnað Íslands eða Noregs eftir því sem við á. Að meginstefnu til er ákvæðið byggt á 12. gr. Brusselsamningsins.

Um 10. gr.

Samkvæmt 10. gr. skulu persónuverndarstofnanir Íslands og Noregs vinna saman með óháðri eftirlitsstofnun Evrópubandalagsins eftir að hún hefur tekið til starfa en skv. 286. gr. Rómarsáttmálans svo sem honum hefur verið breytt er stofnuninni ætlað að hafa eftirlit með stofnunum Evrópubandalagsins á þessu sviði. Miðað er við að frekari samningar um útfærslu þessa samstarfs verði gerðir þegar stofnuninni hefur verið komið á fót.

Um 11. gr.

Í 11. gr. er kveðið á um tengsl samningsins við aðra samninga. Samningurinn skal ekki hagga EES-samningnum né neinum öðrum samningum milli Íslands og EB eða Noregs og EB. Enn fremur er kveðið á um að hann skuli ekki hafa áhrif á samninga sem gerðir verða milli

þessara aðila. Að lokum er ítrekað að samningurinn skuli ekki hagga norræna vegabréfasambandinu.

Um 12. gr.

Samkvæmt 12. gr. getur Danmörk tekið þátt í samstarfinu samkvæmt samningnum eftir sérstakri beiðni þar um en um þá þátttöku verður fjallað í sérstakri bókun við samninginn. Ástæða þess að nauðsynlegt er að hafa ákvæði af þessu tagi er að efnissvið samningsins fellur undir þær undanþágur sem Danmörk hefur frá framkvæmd ákvæða Rómarsáttmálans eins og honum hefur verið breytt. Þess vegna getur Evrópubandalagið ekki samið fyrir hönd Danmerkur á þessu sviði heldur verður Danmörk að gerast aðili að þessum samningi með hefðbundnum þjóðréttarlegum hætti.

Danmörk hefur að markmiði að nýta þessa heimild.

Um 13. gr.

Í þessu ákvæði er afmarkað landfræðilegt gildissvið samningsins.

Um 14. gr.

Í þessu ákvæði er fjallað um gildistöku samningsins en gert er ráð fyrir að samningurinn gangi í gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að vörsluaðili hans tilkynnir samningsaðilunum um að síðasta skjalið um fullgildingu eða samþykki hafi verið afhent til vörslu. Af þessu ákvæði leiðir með hliðsjón af ákvæðum 7. gr. Brusselsamningsins að nauðsynlegt er að samningurinn verði af allra hálfu fullgiltur í febrúarmánuði 2001.

Um 15. gr.

Ákvæðið inniheldur heimild fyrir samningsaðila til einhliða uppsagnar samningsins. Öðlast slík uppsögn gildi 6 mánuðum eftir að yfirlýsing um hana hefur verið afhent. Segi Evrópubandalagið samningnum upp öðlast sú uppsögn gildi gagnvart bæði Íslandi og Noregi.

Í tengslum við samningsgerðina hafa verið gefnar fimm yfirlýsingar. Þegar hefur að framan verið fjallað um yfirlýsingar númer þrjú og fjögur í tengslum við þau ákvæði sem þær varða. Í fyrstu yfirlýsingunni segir að samningsaðilar muni halda fundi í sameiginlegu nefndinni í tengslum við alla fundi í 18. gr. nefndinni, þ.m.t. undirbúningsfundi. Í annarri yfirlýsingunni kemur fram að framkvæmdastjórnin skal boða aðildarríki sambandsins til fundar í sameiginlegu nefndinni í því skyni að ræða öll mál í tengslum við samninginn. Hafa aðildarríkin lýst vilja sínum til að sitja fundi nefndarinnar. Í yfirlýsingu fimm kemur fram að samningsaðilar séu sammála um að taka inn í samninginn á grunni 4. gr. samningsins ákvörðun 18. gr. nefndarinnar um sameiningu fjölskyldna.

5. Dyflinnarsamningurinn.

5.1 Almennt.

Dyflinnarsamningurinn tekur einvörðungu til þeirra er sækja um hæli (hælisleitenda), sbr. 3. gr. samningsins, en ekki til þeirra sem sækja um dvalarleyfi á öðrum forsendum. Þau ríki sem taka þátt í samstarfinu á grunni Dyflinnarsamningsins áskilja sér rétt til að senda hælisleitanda til baka til þriðja ríkis samkvæmt meginreglunni um fyrsta griðland enda er það í samræmi við alþjóðalög og stríðir ekki gegn flóttamannasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þannig verður áfram, þrátt fyrir þátttöku í samstarfi á grunni Dyflinnarsamningsins, heimilt að vísa hælisleitendum til baka til öruggs þriðja ríkis utan þess svæðis sem Dyflinnarsamningurinn tekur til.

Dyflinnarsamningurinn hefur ekki að geyma efnisreglur um það hvort fallist skuli á umsókn um hæli eður ei. Það er landsréttar að ákveða það, sbr. 3. mgr. 3. gr. samningsins. Aðildarríki samningsins staðfesta í 2. gr. hans skyldur sínar samkvæmt flóttamannasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 1951 og bókun við hann frá 1967.

Ákvæði 16.–22. gr. samningsins gilda ekki um Ísland og Noreg þar sem þau varða málefni er snerta samstarfið á milli aðildarríkja ESB og stofnanalega þætti þess samstarfs.

Ákvarðanir um frekari útfærslu Dyflinnarsamningsins eru teknar af sérstakri nefnd sem sett er á fót á grunni 18. gr. samningsins, svokallaðri 18. gr. nefnd, en í henni sitja fulltrúar einstakra aðildarríkja.

5.2 Ákvörðun um hvaða ríki beri ábyrgð á umsókn.

Viðmiðanirnar sem beitt er við ákvörðun um það hvaða ríki skuli teljast ábyrgt fyrir meðferð hælisumsóknar er að finna í 4.–8. gr. samningsins, sbr. 2. mgr. 3. gr. Er þeim raðað í forgangsröð.

Í fyrstu er miðað við að það ríki sé ábyrgt fyrir meðferð umsóknar þar sem nánasti fjölskyldumeðlimur hælisleitanda býr með lögmætum hætti, sbr. 4. gr. Ef ekki eru til staðar fjölskyldutengsl með þeim hætti sem lýst er í 4. gr., kemur það í hlut þess ríkis sem gaf umsækjanda heimild til komu inn á samningssvæðið að bera ábyrgð á meðferð umsóknar, sbr. 5. gr. Í samræmi við þetta verður það ríki ábyrgt sem hefur gefið út dvalarleyfi eða gilda vegabréfsáritun til umsækjanda. Hafi umsækjandi undir höndum fleiri en eina gilda heimild (dvalarleyfi eða vegabréfsáritun) verður það ríki ábyrgt sem gaf út það leyfi sem síðast rennur út.

Ef ekki er unnt að ákvarða ábyrgðina á grunni 4. eða 5. gr. skal ábyrgð á meðferð umsóknar, í samræmi við 6. og 7. gr. samningsins, hvíla á því ríki sem umsækjandi hefur með ólögmætum hætti ferðast til yfir ytri landamæri samningssvæðisins.

Sé ekki unnt að ákvarða á grunni 4.–7. gr. samningsins hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar kveður 8. gr. á um það að hún skuli vera þess ríkis sem tekið hefur við umsókn um hæli.

Að fengnu samþykki umsækjanda getur ríki tekið umsókn til meðferðar án þess að það beri ábyrgð á meðferð hennar á grunni 4.–8. gr. samningsins, sbr. 4. mgr. 3. gr. Í þeim tilvikum fellur niður ábyrgð þess ríkis sem ella hefði borið hana. Að sama skapi getur ríki, að fengnu samþykki umsækjanda, beðið annað aðildarríki að taka að sér meðferð umsóknar, sbr. 9. gr. Aðstaða þar sem komið gæti til beitingar á 4. mgr. 3. gr. og 9. gr. væri í tilfelli þar sem umsækjandi hefði sterk fjölskyldutengsl við annað ríki en það sem bera ætti ábyrgðina og fjölskyldutengslin féllu ekki undir 4. gr. samningsins. Reglur sem ætlað er tryggja samræmda og virka framkvæmd á reglum samningsins um sameiningu fjölskyldna er að finna í ákvörðun 18. gr. nefndarinnar nr. 1/00, sem gert er ráð fyrir að taka inn í samninginn á síðari stigum, sbr. yfirlýsingu fimm.

5.3 Skyldur einstakra samningsríkja.

Meginreglan er að það ríki sem hefur móttekið umsókn um hæli kanni hvaða ríki það er á grunni Dyflinnarsamningsins sem ber skylda til að taka umsókn til meðferðar. Í 12. gr. samningsins er kveðið á um að í þeim tilvikum að umsækjandi beinir umsókn sinni til annars aðildarríkis en þess sem hann er staddur í sé það síðarnefnda ríkið sem ákvarði hvar ábyrgð á meðferðinni skuli liggja.

Aðildarríki sem er ábyrgt fyrir meðferð umsóknar á grunni samningsins er skylt skv. 11. og 13. gr. samningsins að taka umsækjanda í umsjá eða taka við honum frá öðrum aðildarríkjum samningsins. Ólíkir frestir gilda eftir því hvort um er að ræða umsjá eða endurviðtöku

5.4 Niðurfelling skyldna samkvæmt samningnum.

Samkvæmt 2. málsl. 7. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 10. gr. fellur skyldan til að taka við hælisleitanda á ný niður hafi umsækjandi verið utan þess ríkis í meira en þrjá mánuði. Jafnframt fellur skylda viðkomandi ríkis niður í því tilviki að annað aðildarríki gefur út dvalarleyfi til umsækjanda til lengri tíma en þriggja mánaða, sbr. 7. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 10. gr.

Ef aðildarríki hefur sent umsækjanda til upprunalands viðkomandi eða annars ríkis þar sem umsækjandi getur ferðast löglega, fellur skylda viðkomandi ríkis niður, sbr. 4. mgr. 10. gr. Það ríki sem sent hefur umsækjanda út fyrir samningssvæðið skal geta sannað að það hafi í raun verið gert, sbr. 7. gr. ákvörðunar nr. 1/97, sbr. fylgiskjal III.

Að öðru leyti fellur ábyrgðin niður samkvæmt samningnum þegar sex mánaða fresturinn til að sækja um að annað ríki taki að sér ábyrgðina er liðinn, sbr. 1. mgr. 11. gr.

5.5 Upplýsingaskipti.

Ákvæði 14. og 15. gr. samningsins innihalda reglur um skipti á upplýsingum milli aðildarríkjanna. Í því sambandi er skilið á milli almennra upplýsinga, eins og um gildandi lög og reglur, aðstæður í heimalandi umsækjanda og ferðaleiðir, sem skiptast má á án takmarkana, sbr. 14. gr. og ákvörðun 1/98, sbr. fylgiskjal IV, og upplýsinga þar sem afhending er háð reglum um persónuvernd, sbr. 15. gr. samningsins.

5.6 Frekari þróun reglna.

Í samræmi við ákvæði a-liðar 1. mgr. 63. gr. Rómarsáttmálans svo sem honum var breytt með Amsterdamsáttmálanum er gert ráð fyrir að fyrir 2004 verði samþykktar nýjar EB-reglur sem komi í stað Dyflinnarsamningsins. Má gera ráð fyrir að tillögur þess efnis líti dagsins ljós á fyrri hluta yfirstandandi árs.

6. Reglugerð um EURODAC.

6.1 Um EURODAC.

Reglur um EURODAC er að finna í reglugerð EB nr. 2725/2000/EB um stofnsetningu EURODAC til samanburðar á fingraförum með hliðsjón af virkari framkvæmd og beitingu Dyflinnarsamningsins. Reglugerðin var samþykkt af ráðherraráði ESB 11. desember 2000.

Markmiðið með EURODAC er að aðstoða við að ákveða hvaða ríki það er sem ber ábyrgð á umsókn um hæli á grundvelli Dyflinnarsamningsins og á annan hátt að stuðla að sem virkastri framkvæmd Dyflinnarsamningsins, sbr. 1. gr. reglugerðarinnar.

Almenn ástæða þess að ríki telja nauðsynlegt að safna fingraförum með þessum hætti er sú þróun sem færðist í vöxt um og upp úr 1990 að hælisleitendur höfðu umsóknir til meðferðar í fleiri en einu ríki, sóttu um hæli á fleiri en einum stað í viðkomandi ríki undir mismunandi nöfnum og að þeir sneru aftur til viðkomandi ríkis eftir að hafa verið vísað frá. Þessi staða var alvarleg að því leyti að hún krafðist þess m.a. að yfirvöld beindu kröftum sínum í auknum mæli að því að draga fram hið sanna um hver umsækjandi væri í raun og veru. Í mörgum tilvikum tekst ekki að leiða slíkt í ljós með öruggum hætti. Þessi aðstaða leiðir til þess að fólk býr í auknum mæli í viðkomandi ríki án þess að unnt hafi verið að færa á það sönnur hver viðkomandi er. Jafnframt ýtir þessi aðstaða undir að fólk taki sér búsetu í viðkomandi ríkjum með ólögmætum hætti.

Stór hluti þeirra er sækja um hæli eða búa með ólögmætum hætti í viðkomandi ríki hafa ekki undir höndum lögmæt ferðaskilríki eða annað sem staðfest getur hver viðkomandi er eða ferðaleið hans. Þetta gerir það að verkum að enn erfiðara verður að skera úr um hvaða ríki bera skuli ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli og skera úr um hver viðkomandi hælisleitandi er. Að geta

safnað, skráð og skipst á upplýsingum um fingraför á þessu sviði er því mikilvægt tæki til að hjálpa til við að leysa ólík vandamál sem ríkin standa frammi fyrir á þessu sviði.

Rökin að baki því að setja á fót EURODAC eru í öllum meginatriðum þau sem hér hafa verið reifuð.

Í þessu efni er athygli og vakin á 2. mgr. 15. gr. Dyflinnarsamningsins, sbr. og ákvörðun 1/98, en á grunni hennar er heimilt að senda fingraför milli samningsaðila í því skyni að skera úr um hver umsækjandi er.

EURODAC samanstendur af miðlægri einingu sem staðsett verður innan framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar. Hlutverk þessarar einingar er að reka gagnagrunn sem hefur að geyma upplýsingar um fingraför og bera ábyrgð á samskiptum og upplýsingamiðlun milli aðildarríkjanna og gagnagrunnsins. Til að hafa eftirlit með starfi einingarinnar og miðlun persónuupplýsinga til aðildarríkjanna er sett á fót óháð eftirlitsnefnd, sbr. 20. gr. Auk þess er gert ráð fyrir að eftirlitsstofnanir í einstökum aðildarríkjum hafi eftirlit með því að einstök aðildarríki virði ákvæði reglugerðarinnar um persónuvernd.

6.2 Skráning og samanburður.

Reglugerðin um EURODAC mælir fyrir um að taka skuli fingraför af öllum er leita hælis og eru 14 ára eða eldri, sbr. 4. gr., auk útlendinga sem eru eldri en 14 ára og eru handteknir við tilraun til ólöglegrar komu frá þriðja ríki, sbr. 8. gr. Aðildarríki getur annars flutt upplýsingar um fingraför og tilvísananúmer til miðlægu einingarinnar til að ganga úr skugga um hvort útlendingur sem er eldri en 14 ára og án löglegrar heimildar til dvalar hafi einhverju sinni sótt um hæli, sbr. 11. gr.

Upplýsingar um umsækjendur um hæli eru varðveittar í gagnagrunninum í 10 ár, sbr. 6. gr. Upplýsingar skulu afmáðar þegar tímabilið rennur út eða þegar viðkomandi einstaklingur hlýtur ríkisborgararétt í einhverju aðildarríkjanna, sbr. 7. gr. Upplýsingar um einstakling sem hefur stöðu flóttamanns í skilningi flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna skulu skv. 12. gr. ekki vera aðgengilegar. Fimm árum eftir að EURODAC hefur starfsemi sína skal endurmeta hvernig farið verði með þessar upplýsingar. Á því tímabili er ekki gert ráð fyrir að veita upplýsingar um þessa einstaklinga.

Skráning þeirra sem handteknir eru við tilraun til að koma ólöglega inn á svæðið frá þriðja ríki, á sér stað í því skyni að geta borið þær upplýsingar saman við upplýsingar sem síðar eru settar inn í kerfið um hælisleitendur. Þessar upplýsingar eru afmáðar úr kerfinu eftir tvö ár, þegar viðkomandi hefur fengið útgefið dvalarleyfi, hefur yfirgefið svæði aðildarríkjanna eða fengið ríkisborgararétt í einhverju þeirra, sbr. 9. og 10. gr.

Upplýsingar sem sendar eru miðlægu einingunni til samanburðar á grunni 11. gr. skal afmá um leið og niðurstöður samanburðar hafa verið afhentar viðkomandi aðildarríki.

7. Persónuvernd.

Á þeim sviðum sem þingsályktunartillaga þessi nær til er, svo sem endranær innan Schengen-samstarfsins, lögð veruleg áhersla á persónuvernd.

Þegar um er að ræða málsmeðferð samkvæmt Dyflinnarsamningnum þá gilda ákvæði útlendingalaga og stjórnsýslulaga um málsmeðferð stjórnvalda. Tryggir þetta svo sem kostur er réttarstöðu viðkomandi einstaklings.

Tilskipun EB um persónuvernd gildir bæði að því er varðar málsmeðferð samkvæmt Dyflinnarsamningnum, sbr. 2. mgr. 2. gr. í ákvörðun 1/98 og 15. mgr. aðfaraorða reglugerðarinnar um EURODAC. Samningur Íslands og Noregs vísar í aðfaraorðum sínum til þess að ríkin skuli beita ákvæðum tilskipunarinnar við meðferð persónuupplýsinga í tengslum við framkvæmd

samningsins. Tilskipunin hefur það að markmiði að tryggja lágmarksvernd fyrir einstaklinga á öllu EES-svæðinu en tilskipunin er hluti af EES-samningnum samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 25. júní 1999 og hefur Ísland þegar samþykkt nauðsynlega löggjöf í þessu skyni, sbr. lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Ákvæði 15. gr. Dyflinnarsamningsins inniheldur og sérstök ákvæði um persónuvernd en framangreind lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, innihalda fullnægjandi heimildir að þessu leyti. Sending upplýsinga skv. 15. gr. getur einvörðungu átt sér stað í því skyni að ákvarða hvaða samningsaðili skuli bera ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli, til meðferðar á umsókn og því skyni að geta uppfyllt þær skyldur sem hvíla á ríki sem samkvæmt ákvæðum samningsins ber ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli. Auk þess fer upplýsingamiðlun þessi einvörðungu fram milli þeirra stjórnvalda sem tilkynnt hafa verið til 18. gr. nefndarinnar. Fram kemur að upplýsingarnar verða einvörðungu notaðar í því skyni sem uppgefið var sem rökstuðningur fyrir beiðni um þær. Er einnig tekið fram að upplýsingum verði einungis miðlað til stjórnvalda og dómstóla sem hafa það hlutverk að skera úr um hvaða aðildarríki það er sem bera skal ábyrgð á meðferð umsóknar eða að uppfylla skyldurnar samkvæmt samningnum.

Ákvæði 15. gr. kveður og á um að aðildarríki það sem sendir upplýsingarnar skuli sjá til þess að þær séu réttar og hafi verið uppfærðar. Komi í ljós að samningsaðili hafi gefið rangar upplýsingar eða veitt upplýsingar sem ekki hefði átt að veita skal þeim samningsaðila sem tók við þeim þegar tilkynnt um það en honum ber þá skylda til að leiðrétta upplýsingarnar. Upplýsingar sem sendar eru með þessum hætti skal einungis varðveita svo lengi sem nauðsynlegt er vegna hagsmuna tengdra máli því sem miðlun upplýsinganna fór fram vegna og skulu í öllum tilvikum vera tryggðar með sama hætti líkt og aðrar sams konar upplýsingar í viðkomandi ríki. Að lokum er í 15. gr. fjallað um aðstæður þar sem upplýsingar eru ekki sendar eða meðhöndlaðar með rafrænum hætti en í þeim tilvikum skulu samningsaðilar taka ákvarðanir um nauðsynlegt eftirlit til að tryggja að ákvæði samningsins séu virt. Í þeim tilvikum að aðildarríki vilji fara með upplýsingar að hluta eða öllu leyti rafrænt er mælt fyrir um að ráðstafanir séu gerðar sem að lágmarki uppfylli samning Evrópuráðsins frá 28. janúar 1981 um persónuvernd í tengslum við rafræna miðlun upplýsinga og að óháðri stofnun hafi verið falið að hafa með þessu eftirlit.

Í V. kafla reglugerðarinnar um EURODAC er að finna fyllri ákvæði um persónuvernd. Skv. 13. og 14. gr. bera aðildarríkin ábyrgð á töku fingrafara, skráningu þeirra, vörslu og öryggi í miðlægu einingunni. Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á því að rekstur einingarinnar verði í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Aðildarríki þau sem sent hafa inn fingraför og aðildarríki sem fá jákvæða svörun við upplýsingabeiðni um leit í gagnabankanum hafa aðgang að þeim upplýsingum sem þar er að finna, sbr. 15. gr. Jafnframt er það eingöngu það ríki sem sendi upplýsingarnar sem getur breytt upplýsingum sem sendar hafa verið. Á hinn bóginn skulu önnur aðildarríki eða miðlæga einingin svo fljótt sem kostur er tilkynna því ríki sem skráði upplýsingarnar hafi þau grun um að upplýsingar sem skráðar hafa verið gangi gegn reglum EURODAC.

Miðlæga einingin skal í öryggisskyni skrá allar aðgerðir sem framkvæmdar eru í kerfinu, sbr. 16. gr.

Einstaklingur eða aðildarríki sem verður fyrir tjóni vegna ólöglegra aðgerða á þessu sviði á rétt til bóta á grunni 17. gr. reglugerðarinnar frá því ríki sem tjóninu olli. Að sama skapi er það ríki sem veldur tjóni á gagnagrunninum ábyrgt fyrir tjóninu.

Í 18. gr. er fjallað um rétt til að fá upplýsingar og eiga aðgang að þeim upplýsingum sem skráðar eru í miðlægu einingunna. Sérhver einstaklingur skal í samræmi við landsrétt getað not-

fært sér rétt þann sem leiðir af 12. gr. tilskipunar Evrópubandalagsins um persónuvernd, sbr. ákvæði laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, að því er varðar rétt hins skráða. Komi í ljós að skráðar upplýsingar eru rangar eða jafnvel ólögmætar er unnt að krefjast þess að þær verði strikaðar út eða leiðréttar.

8. Lagabreytingar.

Þegar hefur verið lagt fram frumvarp um breyting á lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965, vegna þátttöku Íslands í samstarfi á sviði Dyflinnarsamningsins.

9. Kostnaður.

Um kostnað vegna þátttöku í samstarfinu er fjallað í 9. gr. samningsins svo sem áður segir. Framlag Íslands mun annars vegar vera til almenns reksturs ESB í tengslum við samstarfið þar sem um er að ræða kostnað vegna skjala og túlkunar á fundum sameiginlegu nefndarinnar og byggist það framlag á þjóðarframleiðslu.

Í 9. gr. er og gert ráð fyrir að Ísland og Noregur leggi fram fjármagn til uppbyggingar og síðar reksturs miðlægu einingar EURODAC. Er í því sambandi miðað við sama greiðsluhlutfall Íslands og í Brusselsamningnum en gert er ráð fyrir að framlagið verði reiknað hverju sinni af áætluðum kostnaði við uppsetningu og rekstur EURODAC. Felur þetta í sér að framlag Íslands í upphafi mun verða um 1,2 milljónir króna en frá og með 2002 er gert ráð fyrir að framlagið miðist við fjárlög ESB á hverjum tíma en gera má ráð fyrir að fjárhæð framlags Íslands lækki nokkuð eftir að rekstur EURODAC hefst. Hafa ber í huga í þessu sambandi að einnig mun þurfa að koma til fjárfestinga innan lands, einkum hjá embætti ríkislögreglustjóra. Er þar um að ræða tæknibúnað í tengslum við vörslu og miðlun upplýsinga um fingraför. Í því efni er rétt að hafa í huga að sá búnaður mun einnig nýtast lögreglu við almenna lögreglustarfsemi.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR
MILLI EVRÓPUBANDALAGSINS
OG LÝÐVELDISINS ÍSLANDS OG KONUNGSRÍKISINS NOREGS
UM VIÐMIÐANIR OG FYRIRKOMULAG
VIÐ AÐ ÁKVARÐA HVAÐA RÍKI SKULI FARA MEÐ
BEIÐNI UM HÆLI SEM LÖGÐ ER FRAM Í AÐILDARRÍKI
EÐA Á ÍSLANDI EÐA Í NOREGI

EVRÓPUBANDALAGIÐ

og

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND

og

KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR,

hér á eftir nefnd „samningsaðilarnir“,

HAFA Í HUGA að aðildarríki Evrópusambandsins hafa gert með sér Dyflinnarsamninginn um það hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð beiðna um hæli sem lagðar eru fram í einhverju aðildarríkja Evrópubandalaganna[1], sem undirritaður var í Dyflinni 15. júní 1990 (hér á eftir nefndur „Dyflinnarsamningurinn"),

MINNAST ÞESS að í 7. gr. samningsins frá 18. maí 1999, sem ráð Evrópusambandsins (hér á eftir nefnt „ráðið") og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna[2], er kveðið á um gerð viðeigandi samkomulags um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í einhverju aðildarríkjanna eða á Íslandi eða í Noregi,

ÁLÍTA að það sé viðeigandi að ákvæði Dyflinnarsamningsins og viðkomandi ákvæði sem nefndin, sem komið var á fót skv. 18. gr. þess samnings, hefur þegar samþykkt, skuli felld inn í samning þennan, sbr. þó þau tengsl sem komið hefur verið á samkvæmt Dyflinnarsamningnum milli ríkjanna sem eru aðilar að þeim samningi,

ÁLÍTA að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga[3] (hér á eftir nefnd „tilskipunin um vernd persónuupplýsinga") skuli beitt á Íslandi og í Noregi með sama hætti og í aðildarríkjum Evrópubandalagsins við vinnslu persónuupplýsinga í þeim tilgangi sem fjallað er um í samningi þessum,

VIÐURKENNA, engu að síður, að ákvæðin, sem felld eru inn í samning þennan, verði, ef við á, að aðlaga þannig að tekið sé mið af stöðu Íslands og Noregs sem eru ekki aðildarríki,

ERU SANNFÆRÐ UM að það sé nauðsynlegt að samningur þessi feli í sér ferli þar sem kveðið er á um samræmi við þróun bandalagsgerða, einkum í tengslum við málefnin sem um getur í a-lið 1. mgr. 63. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

ERU SANNFÆRÐ UM að það sé nauðsynlegt að skipuleggja samstarfið við Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noreg á öllum stigum með tilliti til framkvæmdar Dyflinnarsamningsins, beitingar hans í reynd og frekari þróunar hans,

ÁLÍTA að í þeim tilgangi sé nauðsynlegt að mynda skipulagseiningu sem tryggi þátttöku Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs í starfi á þessum sviðum og geri þeim kleift að taka þátt í þessu starfi í nefnd,

HAFA Í HUGA að ráðið samþykkti 11. desember 2000 reglugerð (EB) nr. 2725/2000 um stofnun „Eurodac" til að bera saman fingraför í því skyni að stuðla að skilvirkri beitingu Dyflinnarsamningsins[4] í því augnamiði að auðvelda ákvörðun um hvaða samningsaðili beri ábyrgð

---

[1] Stjtíð. EB C 254, 19.8.1997, bls. 1.
[2] Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.
[3] Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.
[4] Stjtíð. EB L 316, 15.12.2000, bls. 1.

á meðferð beiðni um hæli samkvæmt Dyflinnarsamningnum (hér á eftir nefnd „Eurodac-reglugerðin“),

ÁLÍTA að víkka skuli út samning þennan þannig að hann nái yfir það viðfangsefni sem fjallað er um í Eurodac-reglugerðinni með það í huga að framkvæmd reglugerðarinnar verði hliðstæð á Íslandi, í Noregi og í Evrópubandalögunum,

HAFA Í HUGA að ákvæði IV. bálks stofnsáttmálans um Evrópubandalagið og gerðir, sem samþykktar hafa verið á grundvelli þess bálks, gilda ekki um Konungsríkið Danmörku en Danmörk skuli fá tækifæri til að taka þátt í samningi þessum ef ríkið óskar þess,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

1) Ákvæði Dyflinnarsamningsins, sem tilgreind eru í 1. hluta viðaukans við þennan samning, og ákvarðanir nefndarinnar, sem komið var á fót skv. 18. gr. Dyflinnarsamningsins, sem tilgreindar eru í 2. hluta téðs viðauka, skulu koma til framkvæmda á Íslandi og í Noregi og beitt í gagnkvæmum samskiptum þeirra og í samskiptum þeirra við aðildarríkin, sbr. þó 4. mgr.
2) Aðildarríki skulu beita reglunum, sem um getur í 1. mgr., að því er varðar Ísland og Noreg, sbr. þó 4. mgr.
3) Ákvæði tilskipunarinnar um vernd persónuupplýsinga, eins og þeim er beitt í aðildarríkjunum að því er varðar persónuupplýsingar sem unnar eru til þess að framkvæma og beita ákvæðunum sem skilgreind eru í viðaukanum, skulu koma til framkvæmda og beitt að breyttu breytanda á Íslandi og í Noregi.
4) Að því er varðar 1. og 2. mgr. ber að skilja tilvísanir í ákvæðin, sem fjallað er um í viðaukanum og ná til „aðildarríkja“, þannig að þær taki einnig til Íslands og Noregs.
5) Þessi samningur skal gilda um Eurodac-reglugerðina að teknu tilliti til sérstakrar stöðu Noregs og Íslands utan Evrópusambandsins með það í huga að framkvæmd þeirrar reglugerðar verði hliðstæð á Íslandi, í Noregi og í Evrópubandalaginu.

2. gr.

1) Þegar unnið er að drögum að nýrri löggjöf á grundvelli a-liðar 1. mgr. 63. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins á sviði sem fellur undir viðfangsefni viðaukans við þennan samning eða 5. mgr. 1. gr. skal framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (hér á eftir nefnd „framkvæmdastjórnin“) óformlega leita ráða hjá sérfræðingum Íslands og Noregs á sama hátt og hún leitar ráða hjá sérfræðingum aðildarríkjanna við gerð tillagna sinna.
2) Þegar framkvæmdastjórnin sendir Evrópuþinginu og ráðinu tillögur sínar sem skipta máli varðandi þennan samning skal hún senda Íslandi og Noregi afrit af þeim.
Fyrstu skoðanaskipti geta farið fram í sameiginlegu nefndinni sem komið var á fót skv. 3. gr. óski einhver samningsaðila þess.
3) Á þeim tíma sem líður fram að samþykkt löggjafar skulu samningsaðilarnir, í samfelldu ferli upplýsingaskipta og samráðs, ráðgast hver við annan á ný í sameiginlegu nefndinni á öllum tímamótum að beiðni einhvers þeirra. Þegar löggjöf hefur verið samþykkt skal beitt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 2.–7. mgr. 4. gr.
4) Samningsaðilarnir skulu starfa saman af heilum hug á upplýsinga- og samráðstímabilinu með það fyrir augum að auðvelda starf sameiginlegu nefndarinnar samkvæmt þessum samningi í lok meðferðar málsins.

5) Fulltrúar ríkisstjórna Íslands og Noregs skulu hafa rétt til að leggja fram tillögur í sameiginlegu nefndinni varðandi málefni sem um getur í 1. mgr.
6) Framkvæmdastjórnin skal tryggja sérfræðingum Noregs og Íslands eins víðtæka þátttöku og unnt er á viðkomandi sviðum við undirbúning á drögum að tillögum að ráðstöfunum er síðar eiga að fara fyrir þær nefndir sem aðstoða framkvæmdastjórnina við að beita framkvæmdarvaldi sínu. Í þessum málum skal framkvæmdastjórnin, þegar hún gengur frá tillögum að ráðstöfunum, ráðgast við sérfræðinga Íslands og Noregs á sama grundvelli og hún ráðgast við sérfræðinga aðildarríkjanna.
7) Í tilvikum þegar mál er til meðferðar hjá ráðinu í samræmi við málsmeðferð sem gildir um viðkomandi nefnd skal framkvæmdastjórnin koma áliti sérfræðinga Íslands og Noregs á framfæri við ráðið.

3. gr.

1) Hér með er komið á fót sameiginlegri nefnd sem skipuð er fulltrúum samningsaðilanna.
2) Sameiginlega nefndin skal samþykkja samhljóða reglur um málsmeðferð.
3) Sameiginlega nefndin skal halda fundi að frumkvæði forseta hennar eða að ósk einhvers nefndarmanna.
4) Sameiginlega nefndin skal koma saman á viðeigandi vettvangi, eftir því sem aðstæður krefjast, í þeim tilgangi að endurskoða eiginlega framkvæmd og beitingu ákvæðanna sem fjallað er um í viðaukanum, þar með taldar nýjar gerðir eða ráðstafanir sem um getur í 1. gr. og nefndin, sem komið var á fót skv. 18. gr. Dyflinnarsamningsins, hefur samþykkt, og til að skiptast á skoðunum um mótun nýrrar löggjafar á grundvelli a-liðar 1. mgr. 63. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins þar sem fjallað er um viðfangsefni viðaukans eða 5. mgr. 1. gr.

Miða skal við að öll upplýsingaskipti, sem varða þennan samning, fari fram innan valdsviðs sameiginlegu nefndarinnar.

5) Embætti forseta sameiginlegu nefndarinnar skal skipa til skiptis, til sex mánaða í senn, fulltrúi Evrópubandalagsins og fulltrúi ríkisstjórnar Íslands eða Noregs, eftir stafrófsröð.

4. gr.

1) Með fyrirvara um 2. mgr. skal nýjum gerðum eða ráðstöfunum, sem varða málefni sem um getur í 1. gr., og nefndin, sem komið var á fót skv. 18. gr. Dyflinnarsamningsins, samþykkir, nema í þeim sé skýrt kveðið á um annað, beitt frá og með sama tíma í aðildarríkjunum annars vegar og á Íslandi og í Noregi hins vegar.
2) Framkvæmdastjórnin skal tilkynna Íslandi og Noregi tafarlaust um samþykkt gerða eða ráðstafana sem um getur í 1. mgr. Ísland og Noregur skulu ákveða, hvort í sínu lagi, hvort þau samþykkja efni þeirra og taka þær upp í landsrétt sinn. Þessar ákvarðanir skulu tilkynntar aðalskrifstofu ráðsins og framkvæmdastjórninni innan þrjátíu daga frá samþykkt viðkomandi gerða eða ráðstafana.
3) Ef efni slíkrar gerðar eða ráðstöfunar getur ekki orðið bindandi fyrir Ísland fyrr en stjórnskipuleg skilyrði hafa verið uppfyllt skal Ísland gera aðalskrifstofu ráðsins og framkvæmdastjórninni grein fyrir því þegar Ísland sendir tilkynningu sína. Þegar öll stjórnskipuleg skilyrði hafa verið uppfyllt skal Ísland þegar í stað gera aðalskrifstofu ráðsins og framkvæmdastjórninni skriflega grein fyrir því og upplýsa þetta eins fljótt og unnt er fyrir daginn sem mælt er fyrir um að gerðin eða ráðstöfunin öðlist gildi, að því er Ísland varðar, í samræmi við 1. mgr.
4) Ef efni slíkrar gerðar eða ráðstöfunar getur ekki orðið bindandi fyrir Noreg fyrr en stjórnskipuleg skilyrði hafa verið uppfyllt skal Noregur gera aðalskrifstofu ráðsins og framkvæmdastjórninni grein fyrir því þegar Noregur sendir tilkynningu sína. Þegar öll stjórnskipuleg skil-

yrði hafa verið uppfyllt skal Noregur þegar í stað gera aðalskrifstofu ráðsins og framkvæmdastjórninni skriflega grein fyrir því og eigi síðar en sex mánuðum frá því að tilkynning þar til bærrar stofnunar Evrópusambandsins berst. Frá þeim degi sem mælt er fyrir um að gerðin eða ráðstöfunin öðlist gildi að því er Noreg varðar og þar til upplýst hefur verið að stjórnskipuleg skilyrði hafi verið uppfyllt skal Noregur, eftir því sem unnt er, beita efni gerðarinnar eða ráðstöfunarinnar til bráðabirgða.

5) Við samþykki Íslands og Noregs á efni gerða og ráðstafana, sem um getur í 1. mgr., skapast réttindi og skyldur milli Íslands og Noregs svo og milli Íslands og Noregs annars vegar og aðildarríkja Evrópusambandsins hins vegar.

6) Í þeim tilvikum þegar:

a) annaðhvort Ísland eða Noregur tilkynnir þá ákvörðun sína að samþykkja ekki efni gerðar eða ráðstöfunar sem um getur í 1. mgr. og farið hefur verið með samkvæmt þeim málsmeðferðarreglum sem settar eru í þessum samningi; eða

b) annaðhvort Ísland eða Noregur sendir ekki tilkynningu innan þeirra þrjátíu daga tímamarka sem sett eru í 2. mgr.; eða

c) Ísland sendir ekki tilkynningu fyrir þann dag sem mælt er fyrir um að viðkomandi gerð eða ráðstöfun öðlist gildi að því er Ísland varðar; eða

d) Noregur sendir ekki tilkynningu innan þeirra sex mánaða tímamarka sem sett eru í 4. mgr. eða gerir ekki ráðstafanir til beitingar til bráðabirgða, eins og gert er ráð fyrir í sömu málsgrein, frá þeim degi að telja sem mælt er fyrir um að viðkomandi gerð eða ráðstöfun öðlist gildi að því er Noreg varðar;

telst samningi þessum frestað að því er Ísland eða Noreg varðar, eftir því sem við á.

7) Sameiginlega nefndin skal kanna málið sem leiddi til frestunar og tekur að sér að ráða bót, innan níutíu daga, á þeim atriðum sem leiddu til þess að samþykki eða fullgildingu var hafnað. Þegar allir frekari möguleikar til þess að viðhalda góðri framkvæmd þessa samnings hafa verið kannaðir, þar á meðal sá möguleiki að taka tillit til jafngildrar löggjafar, getur nefndin ákveðið með samhljóða samþykki að koma samningnum aftur á. Ef frestun þessa samnings er enn í gildi níutíu dögum síðar telst honum slitið að því er Ísland eða Noreg varðar, eftir því sem við á.

5. gr.

Þangað til ráðstafanirnar, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., öðlast gildi og koma í stað ákvæðanna, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., í samræmi við 3. og 4. mgr. 4. gr., getur samningsaðili, sem lendir í miklum erfiðleikum vegna verulega breyttra aðstæðna frá því sem var við gerð þessa samnings, lagt málið fyrir sameiginlegu nefndina sem komið var á fót skv. 3. gr. og getur hún lagt fyrir samningsaðilana tillögur um ráðstafanir til að taka á málinu. Sameiginlega nefndin skal taka ákvörðun um þessar ráðstafanir með samhljóða samþykki. Náist ekki samhljóða samþykki skal 8. gr. beitt.

6. gr.

1) Til að ná því markmiði samningsaðilanna að ná fram eins samræmdri beitingu og túlkun og unnt er á ákvæðunum sem um getur í 1. gr. skal sameiginlega nefndin fylgjast stöðugt með þróun dómaframkvæmdar dómstóls Evrópubandalaganna (hér á eftir nefndur „dómstóllinn“) og einnig þróun dómaframkvæmdar þar til bærra dómstóla Íslands og Noregs varðandi slík ákvæði. Í þessu augnamiði samþykkja samningsaðilarnir að tryggja tafarlausa og gagnkvæma miðlun þessarar dómaframkvæmdar.

2) Með fyrirvara um samþykkt nauðsynlegra breytinga á samþykktum dómstólsins skulu Ísland og Noregur eiga rétt á að leggja greinargerð eða skriflegar athugasemdir fyrir dómstólinn

í málum sem dómstóll aðildarríkis hefur vísað til hans til að fá forúrskurð um túlkun ákvæðis sem um getur í 5. mgr. 1. gr. eða 1. mgr. 2. gr.

7. gr.

1) Ísland og Noregur skulu árlega gefa sameiginlegu nefndinni skýrslu þar sem fram kemur hvernig stjórnvöld þeirra og dómstólar hafa beitt og túlkað ákvæðin sem um getur í 1. gr. og, ef við á, eins og dómstóllinn hefur túlkað þau.

2) Ef sameiginlega nefndin hefur ekki getað tryggt samræmda beitingu og túlkun innan tveggja mánaða frá því að athygli hennar er vakin á verulegum mun á dómaframkvæmd dómstólsins og dómstóla Íslands eða Noregs eða verulegum mun á beitingu yfirvalda viðkomandi aðildarríkja annars vegar og Íslands eða Noregs hins vegar, að því er varðar ákvæðin sem um getur í 1. gr., skal málsmeðferð skv. 8. gr. koma til framkvæmda.

8. gr.

1) Rísi ágreiningur um beitingu eða túlkun þessa samnings, eða komi upp þær aðstæður sem kveðið er á um í 5. gr. eða 2. mgr. 7. gr., skal setja málið opinberlega á dagskrá fundar sameiginlegu nefndarinnar sem ágreiningsmál.

2) Sameiginlega nefndin skal hafa níutíu daga til að leysa ágreininginn frá þeim degi að telja sem dagskráin, sem ágreiningsmálið hefur verið sett á, er samþykkt.

3) Geti sameiginlega nefndin ekki leyst ágreininginn á því níutíu daga tímabili sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. skal bætt við níutíu dögum til að finna endanlega lausn. Hafi sameiginlega nefndin ekki tekið ákvörðun við lok þess tímabils telst samningnum slitið að því er Ísland eða Noreg varðar, eftir því sem við á, þegar síðasti dagur þess tímabils er liðinn.

9. gr.

1) Ísland og Noregur skulu á hverju ári leggja til fjárlaga Evrópusambandsins, vegna stjórnsýslu- og rekstrarkostnaðar við uppsetningu og rekstur miðlægrar einingar fyrir Eurodac, fjárhæð sem nemur:

- 0,1% fyrir Ísland
- 4,995% fyrir Noreg

af viðmiðunarfjárhæð, sem í upphafi var 9 575 000 evrur í heildarskuldbindingum og 5 000 000 evrur í greiðsluskuldbindingum, og, frá og með fjárhagsárinu 2002, af viðeigandi fjárveitingum á fjárlögum fyrir viðkomandi fjárlagaár.

Að því er varðar annan stjórnsýslu- eða rekstrarkostnað í tengslum við beitingu þessa samnings skal hlutur Íslands og Noregs í honum greiðast með árlegum framlögum inn á fjárlög Evrópusambandsins í samræmi við hundraðshluta vergrar þjóðarframleiðslu þessara landa af vergri þjóðarframleiðslu allra þátttökuríkjanna.

2) Ísland og Noregur skulu eiga rétt á að fá afhent skjöl sem varða þennan samning og fá túlkun á fundum sameiginlegu nefndarinnar á opinbert tungumál stofnana Evrópubandalaganna að eigin vali. Ísland eða Noregur skal þó bera kostnað við þýðingu og túlkun úr og á íslensku eða norsku, eftir því sem við á.

10. gr.

Yfirvöld á Íslandi og í Noregi, sem hafa eftirlit með vernd persónuupplýsinga innan lands, og óháða eftirlitsstofnunin, sem komið er á fót skv. 2. mgr. 286. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins, skulu hafa með sér samstarf, eftir því sem þörf er á, við skyldustörf sín, ekki síst með því að skiptast á öllum þeim upplýsingum sem að gagni geta komið. Gera skal sam-

komulag um hvernig slíku samstarfi verður háttað um leið og þessari stofnun hefur verið komið á fót.

11. gr.

1) Samningur þessi skal engin áhrif hafa á samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eða aðra samninga sem Evrópubandalagið og Ísland og/eða Noregur eða ráðið og Ísland og/eða Noregur hafa gert með sér.
2) Samningur þessi skal engin áhrif hafa á samninga sem gerðir verða milli Íslands og/eða Noregs og Evrópubandalagsins.
3) Samningur þessi skal engin áhrif hafa á samstarfið innan ramma Norræna vegabréfasambandsins að því marki sem samstarfið er ekki andstætt eða til fyrirstöðu þessum samningi og þeim gerðum og ráðstöfunum sem byggjast á honum.

12. gr.

Konungsríkið Danmörk getur farið þess á leit að taka þátt í samningi þessum. Skilyrði fyrir þeirri þátttöku skulu samningsaðilarnir ákveða og skal það gert með samþykki Konungsríkisins Danmerkur í bókun við samning þennan.

13. gr.

1) Með fyrirvara um 2.–5. mgr. tekur samningur þessi til þess yfirráðasvæðis, sem stofnsáttmáli Evrópubandalagsins gildir á, og til Íslands og Noregs.
2) Samningur þessi tekur ekki til Svalbarða (Spitzbergen).
3) Samningur þessi tekur aðeins til yfirráðasvæðis Konungsríkisins Danmerkur í samræmi við ákvæði 12. gr. og því aðeins til Færeyja og Grænlands að Dyflinnarsamningurinn verði rýmkaður þannig að hann nái til þessara yfirráðasvæða.
4) Samningur þessi tekur ekki til frönsku umdæmanna handan hafsins.
5) Samningur þessi öðlast því aðeins gildi á Gíbraltar að Dyflinnarsamningurinn, eða bandalagsráðstöfun sem kemur í stað þess samnings, taki til Gíbraltar.

14. gr.

1) Samningur þessi er háður fullgildingu eða samþykki samningsaðilanna. Skjöl um fullgildingu eða samþykki verða afhent framkvæmdastjóra ráðsins til vörslu en hann skal vera vörsluaðili.
2) Samningur þessi öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að vörsluaðili hans tilkynnir samningsaðilunum að síðasta skjalið um fullgildingu eða samþykki hafi verið afhent til vörslu.

15. gr.

Hver samningsaðili getur slitið samningi þessum með skriflegri yfirlýsingu til vörsluaðila. Slík yfirlýsing öðlast gildi sex mánuðum eftir að hún er afhent til vörslu. Samningurinn fellur úr gildi ef annaðhvort Evrópubandalagið eða bæði Ísland og Noregur hafa sagt honum upp.

Gjört í á degi mánaðar árið í einu frumriti á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, þýsku, íslensku og norsku og eru allir textarnir jafngildir en frumritið verður afhent til vörslu í skjalasafni aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins.

VIÐAUKI

ÁKVÆÐI VARÐANDI DYFLINNARSAMNINGINN OG ÁKVARÐANIR NEFNDARINNAR SEM KOMIÐ VAR Á FÓT SKV. 18. GR. HANS

1. hluti: Dyflinnarsamningurinn

Öll ákvæði samningsins, sem var undirritaður í Dyflinni 15. júní 1990, um það hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð beiðna um hæli sem lagðar eru fram í einhverju aðildarríkjanna, nema 16.–22. gr.

2. hluti: Ákvarðanir nefndarinnar sem komið var á fót skv. 18. gr. Dyflinnarsamningsins.

Ákvörðun nefndarinnar, sem komið var á fót skv. 18. gr. Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990, nr. 1/97 frá 9. september 1997 varðandi ákvæði um framkvæmd samningsins.

Ákvörðun nefndarinnar, sem komið var á fót skv. 18. gr. Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990, nr. 1/98 frá 30. júní 1998 varðandi ákvæði um framkvæmd samningsins.

YFIRLÝSING NR. 1

Þangað til Evrópubandalagið samþykkir löggjöf sem kemur í staðinn fyrir Dyflinnarsamninginn munu samningsaðilarnir halda fund í sameiginlegu nefndinni, sem komið var á fót skv. 1. mgr. 3. gr. samningsins, í tengslum við hvern fund í nefndinni sem komið var á fót skv. 18. gr. Dyflinnarsamningsins, þar með taldir fundir á vettvangi sérfræðinga til undirbúnings starfi hennar.

YFIRLÝSING NR. 2

Samningsaðilarnir leggja áherslu á mikilvægi náinna og virkra samræðna allra þeirra sem tengjast framkvæmd Dyflinnarsamningsins og ráðstafananna sem um getur í 1. mgr. 2. gr. samningsins.

Framkvæmdastjórnin býður sérfræðingum frá aðildarríkjunum að sitja fundi sameiginlegu nefndarinnar og skiptast þar á skoðunum, í fullu samræmi við 1. mgr. 3. gr. samningsins, við Ísland og Noreg um öll mál sem samningurinn fjallar um.

Samningsaðilarnir taka mið af vilja aðildarríkjanna til að þiggja slík boð og taka þátt í slíkum skoðanaskiptum við Ísland og Noreg um öll mál sem samningurinn fjallar um.

YFIRLÝSING NR. 3

Samningsaðilarnir samþykkja að í reglum um málsmeðferð sameiginlegu nefndarinnar, sem komið var á fót skv. 3. gr. samningsins, komi fram að reglur stofnana Evrópusambandsins, þaðan sem skjöl eru upprunnin, varðandi ráðstafanir til verndar leynilegum upplýsingum, sem gilda hjá þessum stofnunum, skuli einnig gilda um vernd leynilegra upplýsinga sem sameiginlega nefndin notar.

YFIRLÝSING NR. 4

Innan gildissviðs samningsins samþykkja samningsaðilarnir að meginreglurnar sem lágu til grundvallar bréfaskiptunum, sem fylgja sem viðauki við samninginn frá 18. maí 1999, skuli taka til nefnda sem aðstoða framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna við að beita framkvæmdarvaldi sínu.

YFIRLÝSING NR. 5

Samningsaðilarnir samþykkja að ákvörðun nefndarinnar, sem komið var á fót skv.18. gr. Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990, nr. 1/2000 frá 31. október 2000 um flutning ábyrgðar á aðstandendum í samræmi við 4. mgr. 3. gr. og 9. gr. þess samnings skuli færast undir gildissvið samningsins samkvæmt málsmeðferðinni í 4. gr. hans.

Fylgiskjal II.

SAMNINGUR

um það, hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð beiðna um hæli sem lagðar eru fram í einhverju aðildarríkja Evrópubandalaganna.

HANS HÁTIGN KONUNGUR BELGÍU,

HENNAR HÁTIGN DROTTNING DANMERKUR,

FORSETI SAMBANDSLÝÐVELDISINS ÞÝSKALANDS,

FORSETI LÝÐVELDISINS GRIKKLANDS,

HANS HÁTIGN KONUNGUR SPÁNAR,

FORSETI LÝÐVELDISINS FRAKKLANDS,

FORSETI ÍRLANDS,

FORSETI ÍTALSKA LÝÐVELDISINS,

HANS KONUNGLEGA TIGN STÓRHERTOGINN AF LÚXEMBORG

HENNAR HÁTIGN DROTTNING HOLLANDS,

FORSETI PORTÚGALSKA LÝÐVELDISINS,

HENNAR HÁTIGN DROTTNING SAMEINAÐA KONUNGSRÍKISINS STÓRA-BRETLANDS OG NORÐUR-ÍRLANDS,

SEM HAFA HLIÐSJÓN af því markmiði sem ákveðið var á fundi ráðs Evrópubandalaganna í Strassborg 8. og 9. desember 1989, um samræmingu stefnu sinnar um veitingu hælis,

SEM HAFA EINSETT SÉR, í samræmi við sameiginlegar mannúðarhefðir sínar, að veita flóttamönnum fullnægjandi vernd samkvæmt skilmálum Genfarsamnings frá 28. júlí 1951, eins og honum var breytt með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967, um réttarstöðu flóttamanna, hér á eftir nefnd „Genfarsamningurinn“ og „New York-bókunin“,

SEM LÍTA TIL þess sameiginlega markmiðs sem felst í landsvæði án innri landamæra þar sem sérstaklega frjáls för fólks er tryggð eins og kveðið er á um í Stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu eins og honum hefur verið breytt með einingarlögum Evrópu,

SEM ER LJÓS nauðsyn þess, þegar stefnt er að þessu markmiði, að gera ráðstafanir til að hindra að upp komi aðstæður þar sem beiðendur um hæli þurfa of lengi að velkjast í vafa um sennilegan árangur beiðna sinna, og umhugað um að tryggja öllum beiðendum um hæli að beiðnir þeirra fái meðferð í einu aðildarríki og að séð verði til þess að beiðendum um hæli verði ekki þráfaldlega vísað frá einu aðildarríki til annars án þess að neitt þeirra játi sig bært til að fjalla um beiðni um hæli,

SEM VILJA halda áfram viðræðum við flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna til að ná ofangreindum markmiðum,

SEM HAFA EINSETT SÉR að eiga náið samstarf um framkvæmd samnings þessa með ýmsum ráðum, þar á meðal með skiptum á upplýsingum,

HAFA ÁKVEÐIÐ AÐ GERA MEÐ SÉR SAMNING ÞENNAN OG HAFA Í ÞVÍ SKYNI TILNEFNT SEM UMBOÐSMENN SÍNA MEÐ FULLRI HEIMILD:

HANS HÁTIGN KONUNGUR BELGÍU,

Melchior WATHELET
varaforsætisráðherra, ráðherra dómsmála og ráðherra málefna lítilla og meðalstórra fyrirtækja og sjálfstæðra atvinnurekenda

HENNAR HÁTIGN DROTTNING DANMERKUR,

Hans ENGELL
dómsmálaráðherra

FORSETI SAMBANDSLÝÐVELDISINS ÞÝSKALANDS,

Dr. Helmut RÜCKRIEGEL
sendiherra Sambandslýðveldisins Þýskalands í Dublin

Wolfgang SCHÄUBLE
innanríkisráðherra Sambandslýðveldisins

FORSETI LÝÐVELDISINS GRIKKLANDS,

Ioannis VASSILIADES
innanríkisráðherra

HANS HÁTIGN KONUNGUR SPÁNAR,

José Luis CORCUERA
innanríkisráðherra

FORSETI LÝÐVELDISINS FRAKKLANDS,

Pierre JOXE
innanríkisráðherra

FORSETI ÍRLANDS,

Ray BURKE
dómsmála- og samgönguráðherra

FORSETI ÍTALSKA LÝÐVELDISINS,

Antonio GAVA
innanríkisráðherra

HANS KONUNGLEGA TIGN STÓRHERTOGINN AF LÚXEMBORG,

Marc FISCHBACH
menntamála-, dómsmála- og stjórnsýsluráðherra

HENNAR HÁTIGN DROTTNING HOLLANDS,

Ernst Maurits Henricus HIRSCH BALLIN
dómsmálaráðherra

FORSETI PORTÚGALSKA LÝÐVELDISINS,

Manuel PEREIRA
innanríkisráðherra

HENNAR HÁTIGN DROTTNING SAMEINAÐA KONUNGSRÍKISINS STÓRA BRETLANDS OG NORÐUR-ÍRLANDS,

David WADDINGTON
innanríkisráðherra

Sir Nicholas Maxted FENN, KCMG
sendiherra Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands í Dublin,

SEM HAFA skipst á trúnaðarskjölum og fundið þau gild og í réttu formi,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Í samningi þessum:
(a) merkir „útlendingur“ hvern þann mann, sem ekki er ríkisborgari aðildarríkis,
(b) merkir „beiðni um hæli“ beiðni útlendings um vernd aðildarríkis samkvæmt Genfarsamningnum, með vísan til þess að hann hafi réttarstöðu flóttamanns í merkingu 1. gr. þess samnings eins og honum hefur verið breytt með New York-bókuninni,
(c) merkir „beiðandi um hæli“ útlending sem sótt hefur um hæli meðan ekki hefur enn verið tekin endanleg ákvörðun um beiðni hans,
(d) merkir „meðferð beiðni um hæli“ allar ráðstafanir vegna meðferðar, ákvarðanir og dómsúrlausnir þar til bærra yfirvalda varðandi beiðni um hæli, að frátalinni málsmeðferð til að ákvarða hvaða ríki beri að fjalla um beiðni um hæli samkvæmt samningi þessum,
(e) merkir „dvalarleyfi“ hverja þá heimild, sem yfirvöld aðildarríkis gefa út, er veitir útlendingi rétt til dvalar á yfirráðasvæði þess, að frátöldum vegabréfsáritunum og dvalarleyfum um stundarsakir sem gefin eru út meðan fjallað er um beiðni um dvalarleyfi eða hæli,
(f) merkir „komuáritun“ heimild eða ákvörðun aðildarríkis er gerir útlendingi kleift að koma til yfirráðasvæðis þess að öðrum komuskilyrðum uppfylltum,
(g) merkir „gegnumfararáritun“ heimild eða ákvörðun aðildarríkis er gerir útlendingi kleift að fara um yfirráðasvæði þess eða um gegnumfararsvæði hafnar eða flugvallar að öðrum gegnumfararskilyrðum uppfylltum.
2. Meta skal í ljósi þeirra skilgreininga, sem settar eru fram í f- og g-liðum 1. mgr., hvers konar vegabréfsáritun um er að ræða.

2. gr.

Aðildarríkin staðfesta skuldbindingar sínar samkvæmt Genfarsamningnum eins og honum hefur verið breytt með New York-bókunninni, án þess að neinar takmarkanir séu gerðar varðandi staðarlegt gildi þeirra, svo og ásetning sinn um að eiga samstarf við flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna um framkvæmd þeirra.

3. gr.

1. Aðildarríkin skuldbinda sig til að fjalla um beiðni hvers þess útlendings um hæli, sem setur fram slíka beiðni á landamærum eða yfirráðasvæði þeirra.
2. Fjalla skal um þessa beiðni af einu aðildarríki, sem ákvarða skal eftir þeim forsendum sem settar eru fram í samningi þessum. Þær forsendur, sem kveðið er á um í 4.–8. gr., skulu gilda í þeirri röð sem þær eru settar fram.

3. Fjalla skal um þessa beiðni af því ríki eftir landslögum og þjóðréttarlegum skuldbindingum þess.
4. Hvert aðildarríki á rétt á að fjalla um beiðni um hæli, sem útlendingur leggur fram við það, þrátt fyrir að því sé óskylt að fjalla um hana samkvæmt þeim forsendum sem kveðið er á um í samningi þessum, enda fallist sá á það, sem um hæli sækir.

Skyldur þess aðildarríkis, sem ber að fjalla um beiðnina samkvæmt áðurgreindum forsendum, falla þá niður og færast til þess aðildarríkis sem lét í ljós vilja sinn til að fjalla um beiðnina. Hafi beiðni verið vísað til hins síðargreinda ríkis skal það skýra því ríki frá því, sem forsendurnar eiga við um.
5. Hvert aðildarríki heldur rétti sínum til að senda beiðanda um hæli til þriðja ríkis samkvæmt landslögum sínum eftir því sem kveðið er á um í Genfarsamningnum eins og honum hefur verið breytt með New York-bókuninni.
6. Málsmeðferð til ákvörðunar á hvaða aðildarríki beri að fjalla um beiðni um hæli samkvæmt samningi þessum skal hafin um leið og beiðni um hæli er fyrst lögð fram í aðildarríki.
7. Beiðandi um hæli, sem er í öðru aðildarríki og leggur þar fram beiðni um hæli eftir að hafa afturkallað beiðni sína meðan ákvörðunar er leitað á því, hvaða ríki skuli fjalla um beiðni hans, skal það aðildarríki sem sú beiðni um hæli var lögð fram við taka aftur við honum með þeim hætti sem í 13. gr. segir, með tilliti til þess að leitt verði til lykta hvaða ríki beri ábyrgð á því að fjalla um hælisbeiðnina.

Skylda þessi á ekki lengur við ef hælisbeiðandi hefur síðan yfirgefið yfirráðasvæði aðildarríkjanna í að minnsta kosti þrjá mánuði, eða hefur fengið dvalarleyfi í aðildarríki er gildir lengur en í þrjá mánuði.

4. gr.

Eigi beiðandi um hæli aðstandanda í aðildarríki, sem viðurkennt er að hafi réttarstöðu flóttamanns í skilningi Genfarsamningsins eins og honum hefur verið breytt með New York-bókuninni, og dvelur ólöglega þar, ber því ríki að fjalla um beiðni hans, enda sé það vilji þeirra einstaklinga sem málið varðar.

Viðkomandi aðstandandi má aðeins vera maki beiðanda um hæli eða ógift barn beiðandans sem er ólögráða og ekki hefur náð átján ára aldri, eða faðir eða móðir beiðanda ef beiðandi er sjálfur ógiftur og ólögráða og hefur ekki náð átján ára aldri.

5. gr.

1. Hafi beiðandi um hæli gilt dvalarleyfi ber aðildarríki því sem gaf út leyfið að fjalla um hælisbeiðni hans.
2. Hafi beiðandi um hæli gilda vegabréfsáritun ber aðildarríki því sem gaf út vegabréfsáritunina að fjalla um hælisbeiðni hans, nema við eftirtaldar aðstæður:

(a) Hafi vegabréfsáritunin verið útgefin samkvæmt skriflegri heimild annars aðildarríkis, ber því aðildarríki að fjalla um hælisbeiðnina. Ef aðildarríki leitar fyrst samráðs hjá miðlægu stjórnvaldi annars aðildarríkis, m.a. af öryggisástæðum, skal samþykki hins síðargreinda ekki talið fela í sér skriflega heimild í skilningi þessa ákvæðis.
(b) Hafi beiðandi um hæli gegnumfararáritun og leggur fram beiðni sína í öðru aðildarríki þar sem ekki er gerð til hans krafa um vegabréfsáritun, ber því aðildarríki að fjalla um hælisbeiðnina.
(c) Hafi beiðandi um hæli gegnumfararáritun og leggur beiðni sína fram við það ríki sem áritunina gaf út, og það ríki hefur veitt viðtöku skriflegri staðfestingu sendiráðs eða ræðismanns þess aðildarríkis þar sem ákvörðunarstaður er, þess efnis að sá útlendingur sem

fallið var frá áritunarkröfu gagnvart fullnægi skilyrðum til að mega koma til þess ríkis, ber síðargreinda ríkinu að fjalla um hælisbeiðnina.

3. Hafi beiðandi um hæli fleiri en eitt gilt dvalarleyfi eða vegabréfsáritanir, sem fleiri en eitt aðildarríki hafa gefið út, ber aðildarríkjunum að fjalla um hælisbeiðni hans í þessari röð:

(a) ríkið sem gaf út það dvalarleyfi sem veitir rétt til lengstrar dvalar, en sé gildistími allra dvalarleyfanna sá sami, það ríki sem veitti það dvalarleyfi er síðast rennur út,

(b) séu hinar ýmsu vegabréfsáritanir af sama tagi, ríkið sem gaf út þá vegabréfsáritun sem síðast rennur út,

(c) séu vegabréfsáritanirnar af mismunandi tagi, ríkið sem gaf út þá vegabréfsáritun sem lengst gildir, en séu gildistímar hinir sömu, það ríki sem gaf út þá vegabréfsáritun sem síðast rennur út. Ákvæði þetta skal ekki gilda ef beiðandi hefur eina eða fleiri gegnumfararáritanir, sem útgefnar hafa verið gegn framvísun komuáritunar annars aðildarríkis. Í því tilviki ber það ríki ábyrgð á meðferðinni.

4. Hafi beiðandi um hæli aðeins eitt eða fleiri dvalarleyfi sem runnið hafa út fyrir skemmri tíma en tveimur árum, eða eina eða fleiri vegabréfsáritanir sem runnið hafa út fyrir skemmri tíma en sex mánuðum, er gert hafa honum kleift að koma til yfirráðasvæðis aðildarríkis í raun, skulu ákvæði 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar gilda meðan útlendingurinn hefur ekki yfirgefið yfirráðasvæði aðildarríkjanna.

Hafi beiðandi um hæli eitt eða fleiri dvalarleyfi sem runnið hafa út fyrir lengri tíma en tveimur árum, eða eina eða fleiri vegabrefsáritanir sem runnið hafa út fyrir lengri tíma en sex mánuðum, er gert hafa honum kleift að koma til yfirráðasvæðis aðildarríkis, og útlendingurinn hefur ekki yfirgefið landsvæði bandalagsins, hvílir meðferðarskyldan á því aðildarríki sem beiðnin er lögð fram við.

6. gr.

Þegar unnt er að sýna fram á að beiðandi um hæli hafi ólöglega farið yfir landamæri aðildarríkis á landi, sjó eða í lofti frá ríki utan Evrópubandalaganna, ber því ríki sem hann kom til að fjalla um hælisbeiðnina.

Skylda þess ríkis fellur þó niður ef sýnt er fram á að beiðandi hafi búið í því aðildarríki sem beiðni hans um hæli er lögð fram við, í að minnsta kosti sex mánuði áður en hann leggur fram beiðni sína. Sé svo ber hinu síðargreinda aðildarríki að fjalla um hælisbeiðnina.

7. gr.

1. Skylda til að fjalla um beiðni um hæli hvílir á því aðildarríki sem ber að hafa eftirlit með komu útlendingsins til landsvæðis aðildarríkjanna, nema útlendingurinn, eftir að hann hefur löglega komið til aðildarríkis, þar sem vegabréfsáritun fyrir hann er ekki krafist, leggi fram beiðni um hæli í öðru aðildarríki, þar sem vegabréfsáritunar er ekki heldur krafist fyrir hann til að mega koma þangað. Sé svo ber hinu síðargreinda aðildarríki að fjalla um beiðni hans um hæli.

2. Þar til samningur aðildarríkjanna um fyrirkomulag um för yfir ytri landamæri öðlast gildi skal ekki líta svo á að aðildarríki sem heimilar gegnumför án vegabréfsáritunar um gegnumfararsvæði flugvalla sinna sé ábyrgt fyrir komueftirliti hvað varðar ferðamenn sem ekki yfirgefa gegnumfararsvæðið.

3. Sé sótt um hæli þegar farið er um flugvöll aðildarríkis ber því aðildarríki að fjalla um beiðnina.

8. gr.

Sé ekki unnt að ákvarða út frá öðrum forsendum sem tilgreindar eru í samningi þessum hvaða aðildarríki ber að fjalla um beiðni um hæli, ber því aðildarríki sem beiðni er lögð fram við að fjalla um hana.

9. gr.

Hvert aðildarríki getur, enda þótt því beri ekki að fjalla um beiðni samkvæmt þeim forsendum sem kveðið er á um í samningi þessum, fjallað um beiðni um hæli að beiðni annars aðildarríkis af mannúðarástæðum, einkum með tilliti til fjölskyldu- og menningarsjónarmiða, enda standi vilji beiðanda til þess.

Ef aðildarríkið sem þannig er leitað til fellst á beiðnina flyst skylda til að fjalla um beiðnina til þess ríkis.

10. gr.

1. Aðildarríki það sem fjalla ber um beiðni samkvæmt þeim forsendum sem kveðið er á um í samningi þessum skal:

(a) Taka beiðanda, sem lagt hefur fram beiðni um hæli í öðru aðildarríki, í sína umsjá samkvæmt því sem í 11. gr. segir,
(b) ljúka meðferð hælisbeiðninnar,
(c) veita að nýju viðtöku eða taka aftur samkvæmt því sem í 13. gr. segir beiðanda sem hefur lagt fram beiðni til meðferðar og dvelur ólöglega í öðru aðildarríki,
(d) taka aftur samkvæmt því sem í 13. gr. segir beiðanda er afturkallað hefur beiðni sem er til meðferðar og lagt fram beiðni í öðru aðildarríki,
(e) taka aftur samkvæmt því sem í 13. gr. segir útlending sem fengið hefur synjun á beiðni sinni og dvelur ólöglega í öðru aðildarríki.

2. Veiti aðildarríki beiðanda dvalarleyfi sem gildir lengur en í þrjá mánuði flytjast þær skyldur, sem tilgreindar eru í a–e-liðum 1. mgr. til þess aðildarríkis.

3. Þær skyldur sem tilgreindar eru í a–d-liðum 1. mgr. falla niður ef útlendingurinn hefur yfirgefið yfirráðasvæði aðildarríkisins í að minnsta kosti þrjá mánuði.

4. Þær skyldur, sem tilgreindar eru í d–e-liðum 1. mgr., falla niður ef ríki það, sem fjalla ber um beiðni um hæli, tekur og framfylgir nauðsynlegum ráðstöfunum til að senda útlendinginn aftur til heimalands síns eða annars lands sem hann fær löglega komið til, eftir að beiðni hans hefur verið afturkölluð eða henni synjað.

11. gr.

1. Telji aðildarríki sem beiðni um hæli hefur verið lögð fram við, að öðru aðildarríki beri að fjalla um beiðnina, getur það eins fljótt og unnt er og eigi síðar en innan sex mánaða eftir þann dag er beiðni var lögð fram, skorað á hitt aðildarríkið að taka beiðanda í sína umsjá.

Verði það ekki gert innan hins sex mánaða frests ber því ríki, þar sem beiðnin var lögð fram, að fjalla um beiðnina um hæli.

2. Með beiðni um að beiðandi sé tekinn í umsjá hins aðildarríkisins skulu fylgja upplýsingar er gera stjórnvöldum þess ríkis kleift að ganga úr skugga um hvort því beri að fjalla um beiðni samkvæmt þeim forsendum sem kveðið er á um í samningi þessum.

3. Þegar ákvarðað er hvaða ríki beri að fjalla um beiðni samkvæmt þessum forsendum skal miða við stöðu máls þegar beiðandi um hæli lagði fyrst fram beiðni sína við aðildarríki.

4. Aðildarríki skal taka afstöðu til beiðnar um viðtöku innan þriggja mánaða frá því er áskor-

unin er sett fram. Bregðist það ekki við innan þess frests skal það talið jafngilt því að hún sé samþykkt.

5. Flytja verður beiðanda um hæli frá því aðildarríki þar sem beiðni er lögð fram og til þess aðildarríkis sem fjalla ber um beiðnina eigi síðar en einum mánuði eftir að beiðni um að taka hann í umsjá er samþykkt, eða einum mánuði eftir að meðferð kærumáls lýkur, er beiðandi hefur átt frumkvæði að til að bera brigður á ákvörðun um flutning hans, hafi sú málsmeðferð frestunaráhrif.

6. Ráðstafanir skv. 18. gr. geta síðar ráðið þeirri málsmeðferð í einstökum atriðum, sem viðhöfð er til að taka beiðanda í umsjá.

12. gr.

Leggi beiðandi fram beiðni um hæli til viðeigandi stjórnvalda aðildarríkis meðan hann er staddur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, skal það aðildarríki þar sem beiðandi er staddur ákvarða hvaða aðildarríki beri að fjalla um beiðni hans um hæli. Það aðildarríki sem við beiðninni tekur skal án tafar skýra hinu síðargreinda aðildarríki frá beiðninni, og skal hvað framkvæmd samnings þessa snertir líta svo á að það aðildarríki sé aðildarríkið þar sem beiðni um hæli er lögð fram.

13. gr.

1. Beiðanda um hæli skal taka aftur í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 7. mgr. 3. gr. og 10. gr., eins og hér segir:

(a) í beiðni um að beiðandi sé tekinn aftur skulu vera skýringar, er gera því ríki sem hún er lögð fram við kleift að ákvarða hvort því beri að fjalla um beiðnina skv. 7. mgr. 3. gr. og 10. gr.;

(b) ríkið sem ætlast er til að taki beiðanda aftur skal svara beiðninni innan átta daga frá því er málinu er vísað til þess. Viðurkenni það skyldu sína skal það taka beiðanda aftur eins fljótt og unnt er og eigi síðar en einum mánuði eftir að það fellst á að gera það.

2. Með ráðstöfunum sem gerðar eru skv. 18. gr. má síðar kveða nánar á um með hverjum hætti taka skuli beiðanda aftur.

14. gr.

1. Aðildarríki skulu eiga með sér gagnkvæm samskipti með tilliti til:
- ráðstafana á sviði innlendrar löggjafar, stjórnsýslureglna eða starfshátta er varða hæli;
- tölfræðilegra upplýsinga um mánaðarlegar komur beiðenda um hæli og sundurliðun þeirra eftir þjóðerni. Slíkar upplýsingar skal senda ársfjórðungslega fyrir milligöngu skrifstofu ráðs Evrópubandalaganna, sem sjá skal til þess að þær séu framsendar aðildarríkjum, framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna og flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna.

2. Aðildarríkin geta átt með sér gagnkvæm samskipti með tilliti til:
- almennra upplýsinga um nýja þróun varðandi hælisbeiðnir;
- almennra upplýsinga um ástand í þeim löndum sem beiðendur eru frá eða þaðan sem þeir koma.

3. Vilji aðildarríki sem sendir upplýsingar skv. 2. mgr. að þeim sé haldið leyndum skulu hin aðildarríkin virða það.

15. gr.

1. Hvert aðildarríki skal senda hverju öðru aðildarríki sem þess óskar þær upplýsingar um einstök mál sem nauðsynlegar eru til að:
- ákvarða hvaða aðildarríki beri að fjalla um hælisbeiðni,

- fjalla um hælisbeiðni,
- framkvæma allar skuldbindingar samkvæmt samningi þessum.

2. Í þeim upplýsingum skulu aðeins vera:
- atriði sem varða persónu beiðanda, og, þar sem við á, fjölskyldu hans (fullt nafn, og þar sem við á fyrra nafn, gælunöfn eða uppfundin nöfn, núverandi og fyrrverandi ríkisfang, fæðingardagur og fæðingarstaður),
- persónu- og ferðaskilríki (tilvísanir, gildi, útgáfudagur, útgáfustjórnvald, útgáfustaður o.s. frv.),
- aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að sýna fram á hver beiðandi er,
- dvalarstaðir og ferðaleiðir,
- dvalarleyfi og vegabréfsáritanir sem aðildarríki hefur útgefið,
- staður þar sem beiðnin var lögð fram,
- hvenær fyrri beiðni var lögð fram, ef um það er að ræða, hvenær núverandi beiðni er lögð fram, hvaða stigi málsmeðferð hefur náð, og hvaða ákvörðun hefur verið tekin ef því er að skipta.

3. Enn fremur getur aðildarríki farið þess á leit við annað aðildarríki að það skýri sér frá á hverju beiðandi byggir beiðni sína, og, þar sem við á, rök fyrir þeim ákvörðunum, sem kunna að hafa verið teknar varðandi beiðandann. Það ríki sem um upplýsingarnar er beðið hefur ákvörðunarvald um hvort þær verði látnar í té. Í öllum tilvikum er afhending umbeðinna upplýsinga háð samþykki hælisbeiðanda.

4. Upplýsingaskipti þessi skulu fara fram að beiðni aðildarríkis og mega einungis eiga sér stað milli þeirra stjórnvalda sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt og tilkynnt nefnd þeirri sem kveðið er á um í 18. gr.

5. Upplýsingar þær sem skipst er á má aðeins nota í þeim tilgangi sem kveðið er á um í 1. mgr. Í hverju aðildarríki má aðeins senda slíkar upplýsingar þeim stjórnvöldum, dómstólum og úrskurðaraðilum sem falið er að:
- ákvarða hvaða aðildarríki beri að fjalla um hælisbeiðni,
- fjalla um hælisbeiðni,
- framkvæma allar skuldbindingar samkvæmt samningi þessum.

6. Aðildarríki það sem upplýsingarnar sendir skal sjá um að þær séu nákvæmar og uppfærðar.

Ef í ljós kemur að það aðildarríki hafi veitt ónákvæmar upplýsingar eða upplýsingar sem ættu ekki að hafa verið veittar, skal aðildarríki því sem við þeim tekur þegar skýrt frá því. Þeim ber þá að leiðrétta upplýsingarnar eða eyða þeim.

7. Beiðandi um hæli á rétt til að fá í hendur, samkvæmt beiðni, þær upplýsingar sem skipst er á varðandi hann meðan þær eru tiltækar.

Sýni beiðandi fram á að upplýsingarnar séu ónákvæmar eða að ekki hefði átt að veita þær, á hann rétt á að fá þær leiðréttar eða þeim eytt. Réttar þessa skal neytt í samræmi við þau skilyrði sem kveðið er á um í 6. mgr.

8. Í hverju aðildarríki sem um er að ræða skal skrá sendingu þeirra upplýsinga sem skipst er á og viðtöku þeirra.

9. Upplýsingarnar skulu ekki geymdar lengur en nauðsyn krefur með tilliti til tilgangs upplýsingaskiptanna. Viðkomandi aðildarríki skal þegar við á fjalla um nauðsyn þess að þær séu geymdar.

10. Hvernig sem á stendur skulu þær upplýsingar sem sendar eru njóta að minnsta kosti sömu verndar og veittar eru sambærilegum upplýsingum í því aðildarríki sem við þeim tekur.

11. Ef úrvinnsla gagna fer ekki fram með sjálfvirkum hætti og þau sæta annarri meðhöndlun skal hvert aðildarríki gera viðeigandi raunhæfar eftirlitsráðstafanir til að tryggja að ákvæðum

greinar þessarar sé fylgt. Ef aðildarríki hefur eftirlitsstofnun af því tagi sem fjallað er um í 12. mgr. má fela henni þetta eftirlitshlutverk.

12. Vilji eitt eða fleiri aðildarríki tölvuvæða þær upplýsingar sem nefndar eru í 2.–3. mgr. að einhverju eða öllu leyti getur aðeins af því orðið ef viðkomandi ríki hafa leitt í landslög reglur um slíka gagnavinnslu í samræmi við Strassborgarsamning frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga, og ef þau hafa falið viðeigandi ríkisstofnun að hafa sjálfstætt eftirlit með vinnslu og notkun gagna sem send eru samkvæmt samningi þessum.

16. gr.

1. Hvert aðildarríki getur lagt fram við nefnd þá sem kveðið er á um í 18. gr. tillögur um endurskoðun samnings þessa í því skyni að bæta úr vandkvæðum við framkvæmd hans.

2. Reynist nauðsynlegt að endurskoða eða breyta samningi þessum svo að náð verði þeim markmiðum sem kveðið er á um í 8. gr. a í Stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, sérstaklega ef samræming á stefnu um veitingu hælis og sameiginleg stefna varðandi vegabréfsáritanir er háð því að þeim markmiðum verði náð, skal það ríki sem fer með forsæti í ráði Evrópubandalaganna kalla nefnd þá, sem kveðið er á um í 18. gr., saman til fundar.

3. Öll endurskoðun samnings þessa, svo og allar breytingar á honum, skulu samþykktar af nefnd þeirri sem kveðið er á um í 18. gr. Skal endurskoðun eða breyting öðlast gildi samkvæmt ákvæðum 22. gr.

17. gr.

1. Ef aðildarríki verður fyrir alvarlegum erfiðleikum vegna verulegra breytinga á þeim aðstæðum sem ríkja við gerð samnings þessa getur það ríki borið málið fram fyrir nefnd þá sem kveðið er á um í 18. gr. svo hún geti lagt til við aðildarríkin aðgerðir til að bregðast við því ástandi eða samþykkt endurskoðun eða breytingar eins og nauðsynlegt virðist, og skal endurskoðun eða breyting öðlast gildi eins og kveðið er á um í 3. mgr. 16. gr.

2. Vari það ástand, sem í 1. mgr. getur, enn að sex mánuðum liðnum, getur nefndin samkvæmt því sem í 2. mgr. 18. gr. segir heimilað því aðildarríki þar sem breytingin hefur áhrif sín tímabundna frestun á framkvæmd ákvæða samnings þessa, þó þannig að frestunin hamli ekki því að náð verði þeim markmiðum sem kveðið er á um í 8. gr. a í stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu eða gangi gegn öðrum þjóðréttarlegum skuldbindingum aðildarríkjanna.

3. Meðan á frestun stendur skal nefndin halda áfram umræðum sínum í því skyni að endurskoða ákvæði samnings þessa, hafi hún þá ekki þegar náð samkomulagi.

18. gr.

1. Stofnuð skal nefnd þar sem í eiga sæti einn fulltrúi frá ríkisstjórn hvers aðildarríkis.

Það aðildarríki sem er í forsæti í ráði Evrópubandalaganna skal veita nefndinni forstöðu.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins getur tekið þátt í umræðum nefndarinnar og starfshópa þeirra sem fjallað er um í 4. mgr.

2. Að beiðni eins eða fleiri aðildarríkja skal nefndin fjalla um öll almenn atriði varðandi framkvæmd eða túlkun samnings þessa.

Nefndin skal ákvarða þær ráðstafanir sem fjallað er um í 6. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 13. gr., og veita heimildir skv. 2. mgr. 17. gr.

Nefndin skal samþykkja ákvarðanir um endurskoðun eða breytingar á samningi þessum skv. 16. og 17. gr.

3. Nefndin skal taka ákvarðanir sínar samhljóða, nema þegar hún starfar skv. 2. mgr. 17. gr., en þá skulu ákvarðanir hennar teknar með tveimur þriðju hlutum atkvæða nefndarmanna.
4. Nefndin skal setja sér starfsreglur, og getur hún sett á fót starfshópa.

Skrifstofa ráðs Evrópubandalaganna skal annast skrifstofuhald fyrir nefndina og starfshópa hennar.

19. gr.

Hvað konungsríkið Danmörk snertir skulu ákvæði samnings þessa ekki gilda um Færeyjar og Grænland nema konungsríkið Danmörk gefi yfirlýsingu um það. Slíka yfirlýsingu má hvenær sem er gefa með orðsendingu til ríkisstjórnar Írlands, sem skal tilkynna öðrum aðildarríkjum um hana.

Hvað snertir lýðveldið Frakkland skulu ákvæði samnings þessa aðeins gilda á evrópsku yfirráðasvæði þess.

Hvað snertir konungsríkið Holland skulu ákvæði samnings þessa aðeins gilda á evrópsku yfirráðasvæði þess.

Hvað snertir Sameinaða konungsríkið skulu ákvæði samnings þessa aðeins gilda í Sameinaða konungsríkinu Stóra Bretlandi og Norður-Írlandi. Þau skulu ekki gilda á landsvæðum í Evrópu, sem Sameinaða konungsríkið hefur fyrirsvar fyrir á sviði utanríkismála, nema Sameinaða konungsríkið gefi yfirlýsingu um það. Slíka yfirlýsingu má hvenær sem er gefa með orðsendingu til ríkisstjórnar Írlands, sem skal tilkynna öðrum aðildarríkjum um hana.

20. gr.

Enga fyrirvara má gera við samning þennan.

21. gr.

1. Hverju því ríki, sem gerist aðili að Evrópubandalögunum, er heimil aðild að samningi þessum. Aðildarskjöl skulu afhent ríkisstjórn Írlands til varðveislu.
2. Gagnvart hverju því ríki sem gerist aðili að samningi þessum skal hann öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að aðildarskjal þess hefur verið afhent.

22. gr.

1. Samningur þessi er háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykkt. Fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjöl skulu afhent ríkisstjórn Írlands til varðveislu.
2. Ríkisstjórn Írlands skal tilkynna ríkisstjórnum annarra aðildarríkja um afhendingar fullgildingar-, viðurkenningar- og samþykktarskjala.
3. Samningur þessi skal öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að síðasta fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjal undirritunarríkis er afhent.

Ríki það sem fullgildingar-, viðurkenningar- og samþykktarskjöl eru lögð fram við skal tilkynna aðildarríkjunum um gildistökudag samnings þessa.

Til staðfestingar þessu hafa undirritaðir umboðsmenn undirritað þennan samning.

Gjört í Dyflinni fimmtánda júní nítján hundruð og níutíu í einu frumriti á dönsku, ensku, frönsku, hollensku, grísku, írsku, ítölsku, portúgölsku, spænsku og þýsku tungumáli og eru textarnir jafngildir og skulu varðveittir í skjalasafni írsku ríkisstjórnarinnar sem skal senda staðfest endurrit til hvers annars aðildarríkis.

Fylgiskjal III.

ÁKVÖRÐUN nr. 1/97

frá 9. september 1997

nefndarinnar sem komið var á fót skv. 18. gr. Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990, varðandi ákvæði um framkvæmd samningsins

(97/662/SAR)

NEFNDIN, sem komið var á fót skv. 18. gr. samningsins um það hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð beiðna um hæli sem lagðar eru fram í einhverju aðildarríkja Evrópubandalaganna, sem undirritaður var í Dyflinni 15. júní 1990 (1),

MEÐ HLIÐSJÓN AF 6. mgr. 11. gr., 2. mgr. 13. gr. og 1. og 2. mgr. 18. gr. þess samnings,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að samþykkja ákvæði til að tryggja skilvirka framkvæmd samningsins eftir gildistöku hans 1. september 1997.

HEFUR ÁKVEÐIÐ OG STAÐFEST EFTIRFARANDI:

1. gr.

Nema kveðið sé á um annað eiga tilvísanir í greinar og tölusettar og ótölusettar málsgreinar í þessari ákvörðun við samninginn um það hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð beiðna um hæli sem lagðar eru fram í einhverju aðildarríkja Evrópubandalaganna (hér á eftir nefndur „samningurinn").

I. KAFLI

ALMENNAR VIÐMIÐUNARREGLUR UM FRAMKVÆMD SAMNINGSINS

2. gr.

Beiðni um hæli lögð fram

1. Litið er svo á að beiðni um hæli hafi verið lögð fram þegar yfirvöld viðkomandi aðildarríkis hafa eitthvað skriflegt þess efnis, annaðhvort eyðublað, sem beiðandi leggur fram, eða opinbera yfirlýsingu frá yfirvöldunum.

2. Þegar ekki er um skriflega beiðni að ræða verður tíminn frá því að efnisleg yfirlýsing er gefin þar til opinber yfirlýsing er lögð fram að vera eins stuttur og unnt er.

3. gr.

Svar við beiðni um að beiðandi verði tekinn í umsjá

Svar við beiðni um að taka yfir umsjá með beiðanda, með það í huga að fresta því að ákvæðið um þriggja mánaða frestinn, sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 11. gr., komi til framkvæmda, skal vera skrifleg orðsending.

4. gr.

Frestur til að svara beiðni um að beiðandi verði tekinn í umsjá

1. Aðildarríkið, sem beiðni um að taka beiðanda í umsjá er beint til, ætti að leggja sig fram um að svara beiðninni innan eins mánaðar frá þeim degi sem tekið var við henni.

2. Þegar um sérstaklega erfið tilvik er að ræða getur aðildarríkið, sem beiðni er beint til, einnig gefið bráðabirgðasvar áður en eins mánaðar fresturinn er liðinn þar sem greint er frá því hve langan frest það þurfi til að gefa ákveðið svar. Síðari fresturinn ætti að vera eins stuttur og unnt er og má í engu tilviki vera lengri en þrír mánuðir frá þeim degi að telja sem tekið var við beiðninni eins og tilgreint er í 4. mgr. 11. gr.

3. Ef neikvætt svar er veitt innan eins mánaðar hefur aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, enn þann kost, innan eins mánaðar frá þeim degi að telja sem það fær hið neikvæða svar, að andæfa svarinu ef, eftir daginn sem beiðnin var lögð fram, athygli þess hefur varið vakin á nýjum og mikilvægum upplýsingum sem sýna að aðildarríkið, sem beiðni er beint til, beri ábyrgð. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, verður að svara eins fljótt og unnt er.

4. Nefndin, sem komið var á fót skv. 18. gr., skal að ári liðnu meta hver áhrif þessa ákvæðis hafa orðið í

(1) Stjtíð. EB C 254, 19. 8. 1997, bls. 1.

reynd. Þá verður og tekið til athugunar hvort einn mánuður geti verið hámarksfrestur.

5. gr.

Flýtimeðferð

Þegar beiðni um hæli er lögð fram í aðildarríki, eftir að leyfi til komu eða dvalar hefur verið synjað, handtaka hefur átt sér stað á grundvelli ólöglegrar dvalar eða tilkynnt hefur verið um ráðstöfun um brottflutning eða hún komið til framkvæmda, skal aðildarríkið tafarlaust tilkynna það aðildarríkinu sem ætlað er að beri ábyrgð; í tilkynningunni skal tilgreina ástæður að lögum og í reynd fyrir nauðsyn þess að svara skjótt og svarfrestinn sem gefinn er. Síðarnefnda aðildarríkið skal leitast við að gefa svar innan tilgreinds frests. Ef það er ekki unnt skal það tilkynna aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, um það eins fljótt og unnt er.

6. gr.

Þegar ekki er unnt að svara beiðni um að taka aftur við beiðanda innan átta daga frestsins

1. Það kemur skýrt fram í b-lið 1. mgr. 13. gr. samningsins að aðildarríkin eru skuldbundin til að svara beiðni um taka aftur við beiðanda innan átta daga frá því að hún er lögð fram.

2. Í undantekningartilvikum geta aðildarríki gefið, innan átta daga frestsins, bráðabirgðasvar þar sem tilgreindur er sá frestur sem þau taka sér til að gefa endanlegt svar. Síðarnefndi fresturinn verður að vera eins stuttur og unnt er og má í engum tilvikum vera lengri en einn mánuður frá þeim degi að telja sem bráðabirgðasvarið var sent.

3. Ef aðildarríkið, sem beiðni er beint til, svarar ekki:

- innan átta daga frestsins sem tilgreindur er í 1. mgr.,
- innan eins mánaðar frestsins sem tilgreindur er í 2. mgr.,

skal litið svo á að það hafi samþykkt að taka aftur við beiðanda um hæli.

7. gr.

Ráðstafanir til að vísa útlendingi brott

Aðildarríkið, sem ber ábyrgð á meðferð beiðninnar, verður að leggja fram sönnunargögn um að útlendingnum hafi í raun verið vísað brott af yfirráðasvæði aðildarríkjanna. Því er um að ræða raunverulega brottvísun og skyldu sem varðar niðurstöðuna frekar en ætlunina sem þýðir í raun að í þessum tilvikum ber aðildarríkinu að leggja fram skrifleg sönnunargögn.

8. gr.

Brottför af yfirráðasvæði aðildarríkjanna

1. Ef beiðandi um hæli leggur sjálfur fram sönnunargögn um að hann hafi dvalið utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna lengur en þrjá mánuði getur aðildarríkið, sem er annað í röðinni, sannprófað þær upplýsingar með því að hafa, ef nauðsynlegt er, samband við það þriðja land sem beiðandi segist hafa búið í þennan tíma.

2. Í öðrum tilvikum verður aðildarríkið, þar sem upphaflega beiðnin var lögð fram, að leggja fram sönnunargögn, einkum um brottfarardag og ákvörðunarstað hælisbeiðanda. Vegna samstarfs aðildarríkjanna er aðildarríkið, þar sem beiðnin, sem er önnur í röðinni, var lögð fram, best fært um að nefna daginn þegar beiðandi um hæli kom aftur inn á yfirráðasvæði þess.

9. gr.

Undantekningar þegar beiðandi um hæli hefur vegabréfsáritun

1. Í 2. mgr. 5. gr. er kveðið á um þrjú mismunandi tilvik þar sem aðildarríki ber ekki lengur ábyrgð á meðferð beiðni um hæli jafnvel þó að beiðandi um hæli hafi gilda vegabréfsáritun sem það ríki gefur út.

2. Fyrsta undantekningin (a-liður) varðar vegabréfsáritun sem er gefin út með leyfi annars aðildarríkis; almenna reglan er sú að aðildarríki skuli sanna að það sé undantekningartilvik sem það skírskotar til.

3. Önnur undantekningin (b-liður) á við þær aðstæður þegar beiðni er lögð fram í aðildarríki þar sem beiðandi fellur ekki undir kvöð um vegabréfsáritun; það er ekki þörf á að leita sannana þar sem vandamálið er ekki fyrir hendi.

4. Þriðja undantekningin (c-liður) á við tilvik þegar beiðandi um hæli hefur vegabréfsáritun til gegnumfarar sem sendiráðs- eða kjörræðisyfirvöld aðildarríkisins, sem er lokaákvörðunarstaður, veita skriflega heimild til að gefa út; sönnunarbyrðin skiptir ekki máli í þessu tilviki þar sem fyrir liggur skrifleg staðfesting þess efnis að vegabréfsáritun til gegnumfarar hafi verið gefin út.

10. gr.

Ákvörðun um hvaða ríki beri ábyrgð þegar beiðandi hefur nokkur dvalarleyfi eða vegabréfsáritanir

Í því tilviki að beiðandi hafi nokkur dvalarleyfi eða vegabréfsáritanir sem mismunandi aðildarríki hafa gefið út (einkum og sér í lagi þegar c-liður 3. mgr. 5. gr. á við) þarf ekki sannanir til að ákvarða hvaða ríki beri ábyrgð þar sem upplýsingarnar, sem skipta máli, koma fram í komuskjalinu sem beiðandi um hæli leggur fram.

11. gr.

Ákvörðun um fresti og komu til ríkis í raun

1. Að því er varðar ákvörðun um fresti er dagurinn, þegar dvalarleyfi eða vegabréfsáritanir renna út, reiknaður frá þeim degi sem beiðni um hæli er lögð fram.

2. Auk þess er ekki nauðsynlegt að kanna hvenær dvalarleyfi eða vegabréfsáritanir renna út ef þessar upplýsingar eru fyrir hendi í skjölum beiðanda um hæli.

3. Að því er varðar sönnun fyrir því að einstaklingur hafi í raun komið inn í aðildarríki skal greina á milli eftirfarandi tilvika:

- ef beiðandi um hæli hefur í raun komið inn í aðildarríki er unnt að leggja fram sönnun með því að fá upplýsingar hjá aðildarríkinu þar sem beiðni um hæli var lögð fram,

- ef beiðandi um hæli er ekki farinn af yfirráðasvæði aðildarríkjanna skal aðildarríkið, sem gaf út hið útrunna dvalarleyfi eða vegabréfsáritun, leggja fram umbeðnar upplýsingar,

- ef beiðandi um hæli leggur sjálfur fram upplýsingar um að hann hafi farið af yfirráðasvæði aðildarríkjanna skal aðildarríkið, þar sem önnur beiðnin var lögð fram, kanna hvort þær upplýsingar eru réttar.

Þessar reglur eiga, að því er varðar komu í raun, við báðar undirgreinar 4. mgr. 5. gr.

12. gr.

Ólöglegar ferðir yfir landamæri inn í aðildarríki

1. Taka skal til meðferðar sönnun fyrir því að beiðandi um hæli hafi farið ólöglega yfir landamæri aðildarríkis (fyrsta undirgrein 6. gr.) þegar gerð hefur verið skrá um sönnunargögn.

2. Sönnun fyrir því að aðildarríki beri ekki lengur ábyrgð, þegar beiðandi um hæli leggur fram beiðni í aðildarríkinu þar sem hann hefur dvalist í sex mánuði (sbr. aðra undirgrein 6. gr.), skal fyrst og fremst lögð fram af aðildarríkinu sem skírskotar til þessarar undantekningar í anda samstarfs milli viðkomandi tveggja aðildarríkja.

3. Ef beiðandi um hæli heldur því fram að hann hafi dvalist í aðildarríki lengur en sex mánuði ber því aðildarríki að kanna hvort þær upplýsingar séu réttar. Með fyrstu upplýsingunum til hins aðildarríkisins, sem málið varðar, skulu í öllum tilvikum fylgja upplýsingar frá beiðanda um hæli sem unnt er að nota síðar sem mótrök.

13. gr.

Formlegar reglur sem gilda um samþykki beiðanda um hæli

1. Samþykki skal vera skriflegt.

2. Meginreglan er sú að beiðandi verður að veita samþykki sitt þegar aðildarríkið, sem lýsir því yfir að það beri ábyrgð á meðferð beiðninnar, hefur lagt fram beiðni um upplýsingaskipti.

3. Beiðandi um hæli verður í öllum tilvikum að vita hvaða upplýsingar hann hefur samþykkt.

4. Samþykkið varðar ástæðurnar sem beiðandi um hæli gefur, og, ef við á, ástæðurnar fyrir ákvörðuninni sem tekin er í hans tilviki.

14. gr.

Málsmeðferð við tilkynningu

1. Í upplýsingaskiptakerfinu skulu einnig vera upplýsingar um málsmeðferð við tilkynningu. Samkvæmt henni skal senda tilkynningu:

- skriflega eins fljótt og unnt er,

- með þeim tæknilegu aðferðum sem eru fyrir hendi,

- til þeirra aðildarríkja, sem lýsa því yfir að þau beri ábyrgð á meðferð beiðni um hæli.

2. Þessi tilkynning, sem á að koma í veg fyrir að málsmeðferð verði hafin í tveimur aðildarríkjum samtímis, gildir um 4. mgr. 3. gr. og 12. gr.

3. Ef framkvæmd ákvörðunar um hvaða ríki beri ábyrgð er frestað skal tilkynna frestun þannig að aðildarríkin fái allar upplýsingar. Það er mjög gagnlegt fyrir aðildarríkið, þar sem beiðni var lögð fram, að fá upplýsingar um að beiðandi um hæli verði ekki fluttur á meðan beðið er ákvörðunar í máli hans hjá hinu aðildarríkinu.

15. gr.

Samræmt eyðublað vegna ákvörðunar um hvaða ríki beri ábyrgð

Sýnishorn af samræmdu eyðublaði vegna ákvörðunar um hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð beiðni um hæli er að finna í I. viðauka við þessa ákvörðun.

II. KAFLI

ÚTREIKNINGUR FRESTA INNAN RAMMA SAMNINGSINS

16. gr.

Almennt ákvæði

Að því er varðar útreikning fresta, sem um getur í samningnum, ber að taka með laugardaga, sunnudaga og almenna frídaga.

17. gr.

Viðbótarákvæði

Að því er varðar útreikning fresta, sem kveðið er á um í 4. mgr. 11. gr. og b-lið 1. mgr. 13. gr., skulu eftirfarandi reglur einnig gilda:

- fresturinn hefst daginn eftir að tekið er við beiðninni,

- lokadagur frests er eindagi svarsendingar.

III. KAFLI

FLUTNINGUR BEIÐENDA UM HÆLI

18. gr.

Inngangsákvæði

1. Í 7. mgr. 3. gr. og 4., 5., 6., 7. og 8. gr. er mælt fyrir um aðstæður þar sem meðferð beiðni um hæli, sem lögð er fram í aðildarríki (hér á eftir nefnt „fyrsta aðildarríkið"), flyst til annars aðildarríkis (hér á eftir nefnt „annað aðildarríkið").

2. Í 10. gr. (a-, c-, d- og e-lið 1. mgr.), 11. gr. (5. mgr.) og 13. gr. (b-lið 1. mgr.) er mælt fyrir um skuldbindingar og fresti varðandi umsjá eða endurviðtöku beiðanda frá fyrsta til annars aðildarríkisins.

Hugtakið „flutningur" er notað í þessum kafla bæði fyrir umsjá og endurviðtöku.

3. Mælt er fyrir um tilhögun flutnings beiðanda í 20., 21. og 22. gr. þessarar ákvörðunar.

19. gr.

Tilkynning til beiðanda um hæli

Þegar beiðni skv. 11. og 13. gr. er send til annars aðildarríkis um að taka beiðanda í sína umsjá eða taka aftur við honum skal fyrsta aðildarríkið upplýsa beiðanda, eins fljótt og unnt er, um það og tilkynna honum hvernig beiðninni er svarað. Þegar meðferð beiðni flyst til annars aðildarríkisins skal tekið fram í tilkynningunni að beiðandinn verði fluttur til þess aðildarríkis skv. 5. mgr. 11. gr. og b-lið 1. mgr. 13. gr. og með fyrirvara um innlend lög og málsmeðferðarreglur sem máli skipta. Sé um að ræða flutning eins og lýst er í a- og b-lið 1. mgr. 20. gr. þessarar ákvörðunar skal tekið fram í tilkynningunni hvenær og hvar beiðandi skal gefa sig fram í aðildarríkinu sem er annað í röðinni.

20. gr.

Flutningur beiðanda um hæli

1. Þegar samþykkt hefur verið að beiðandi skuli fluttur til annars aðildarríkisins er fyrsta aðildarríkið skuldbundið til að tryggja, eins og unnt er, að beiðandi víki sér ekki undan flutningnum. Í því augnamiði mun fyrsta aðildarríkið ákvarða, eftir aðstæðum í hverju tilviki og í samræmi við innlend lög og málsmeðferðarreglur, hvernig flutningur beiðanda eigi að fara fram. Annaðhvort:

a) getur flutningur verið að hans eigin frumkvæði, innan tiltekins frests; eða

b) beiðandi getur komið í fylgd embættismanns frá fyrsta aðildarríkinu.

2. Flutningi beiðanda telst lokið annaðhvort þegar beiðandinn hefur gefið sig fram við yfirvöld annars aðildarríkisins, sem tilgreint er í tilkynningunni sem hann fékk, ef flutningur fer fram skv. a-lið 1. mgr., eða verið tekinn í vörslu þar til bærra yfirvalda annars aðildarríkisins ef flutningur fer fram skv. b-lið 1. mgr.

3. Ef flutningur fer fram skv. a-lið 1. mgr. hér að framan skal annað aðildarríkið tilkynna það til fyrsta aðildarríkisins, eins fljótt og unnt er, eftir að flutningnum er lokið, eða ef beiðandi hefur ekki gefið sig fram innan tilgreinds frests.

21. gr.

Frestir vegna flutnings beiðanda um hæli

1. Í 5. mgr. 11. gr. og b-lið 1. mgr. 13. gr. er kveðið á um að flutningnum sé lokið innan eins mánaðar frá því að annað aðildarríkið tekur yfir meðferð beiðni um hæli. Aðildarríkin skulu leggja sig fram um að halda sig við þessi tímamörk þegar flutningur fer fram skv. b-lið 1. mgr. 20. gr. þessarar ákvörðunar.

2. Ef undirbúinn hefur verið flutningur skv. a-lið 1. mgr. 20. gr. þessarar ákvörðunar en honum er ekki lokið vegna skorts á samstarfsvilja beiðandans getur annað aðildarríkið hafið meðferð beiðninnar með þeim upplýsingum sem það hefur aðgang að þegar frestirnir, sem tilgreindir eru í 5. mgr. 11. gr. og b-lið 1. mgr. 13. gr., renna út.

3. Ef beiðni er hafnað skal annað aðildarríkið bera áfram ábyrgð á endurviðtöku beiðanda skv. ákvæðum e-liðar 1. mgr. 10. gr., nema ákvæði 2., 3. eða 4. mgr. 10. gr. eigi við.

4. Ef verður að fresta flutningi beiðanda um hæli vegna sérstakra aðstæðna, s.s. veikinda, meðgöngu, gæsluvarðhalds o.s.frv., og því ekki unnt að koma flutningnum við innan hins venjubundna eins mánaðar frests skulu hlutaðeigandi aðildarríki í hverju einstöku tilviki hafa tilhlýðilegt samráð sín á milli um hversu langur frestur skuli veittur til flutningsins.

5. Ef beiðandi um hæli víkur sér undan flutningi svo að ekki verður af honum skiptir það ekki máli að því er snertir ábyrgð hvort beiðandi hvarf fyrir eða eftir að aðildarríkið, sem ber ábyrgð, samþykkir ábyrgð formlega. Ef beiðandi um hæli finnst síðar skulu hlutaðeigandi aðildarríki hafa tilhlýðilegt samráð sín á milli í hverju einstöku tilviki um hversu langur frestur skuli veittur til flutningsins.

6. Hlutaðeigandi aðildarríki verða að upplýsa hvort annað, eins fljótt og unnt er, fái þau vitneskju um að annað hvort þeirra tilvika, sem um getur í 4. eða 5. mgr., hafi komið upp. Í báðum framangreindum tilvikum skal aðildarríkið, sem ber ábyrgð á meðferð beiðni um hæli samkvæmt samningnum, bera áfram ábyrgð á umsjá eða endurviðtöku beiðanda, sbr. þó 2., 3. og 4. mgr. 10. gr.

22. gr.

Ferðabréf vegna flutnings beiðenda

Sýnishorn af ferðabréfi vegna flutnings beiðenda um hæli er gefið í II. viðauka við þessa ákvörðun.

IV. KAFLI

SÖNNUNARGÖGN INNAN RAMMA SAMNINGSINS

23. gr.

Meginreglur um öflun sönnunargagna

1. Sá háttur, sem hafður er á við notkun sönnunargagna til að ákvarða hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð beiðni um hæli, er grundvallaratriði við framkvæmd samningsins.

2. Meginreglan er sú að ákvörðun um ábyrgð á meðferð beiðni um hæli skuli tekin á grundvelli eins fárra sönnunargagna og unnt er.

3. Ef gerðar væru miklar kröfur til öflunar sönnunargagna myndi málsmeðferð til ákvörðunar um ábyrgð á meðferð beiðni um hæli að lokum taka lengri tíma en meðferð sjálfrar hælisbeiðninnar. Í því tilviki myndi samningurinn bregðast algerlega hlutverki sínu og þar væri jafnvel unnið gegn einu markmiða hans þar sem tafirnar myndu leiða til þess að nýr hópur „flóttamanna á hringsóli“ yrði til, þ.e. beiðendur um hæli sem hefðu lagt fram beiðnir sem ekki væri unnt að taka til meðferðar fyrr en málsmeðferðinni, sem mælt er fyrir um í samningnum, væri lokið.

4. Ef reglur um sönnunargögn væru of strangar myndu aðildarríkin ekki fallast á að fara með beiðni og samningnum yrði aðeins beitt í fáum tilvikum á

meðan þeim aðildarríkjum, sem eiga miklar innlendar skrár, væri refsað þar sem auðveldara væri að sanna ábyrgð þeirra.

5. Aðildarríki ætti einnig að vera undir það búið að taka á sig ábyrgð á meðferð beiðni um hæli á grundvelli vísbendinga þegar það kemur í ljós við heildarskoðun á stöðu beiðanda um hæli að viðkomandi aðildarríki beri að öllum líkindum ábyrgðina.

6. Aðildarríkin ættu sameiginlega að athuga í anda sannrar samvinnu á grundvelli allra sönnunargagna sem þau hafa aðgang að, þ. á m. yfirlýsinga beiðanda um hæli, hvort unnt sé að taka rökrétta ákvörðun um hvaða aðildarríki beri ábyrgð.

7. Skrár A og B, sem um getur í 24. og 25. gr. þessarar ákvörðunar, eru unnar á grundvelli þessara atriða.

24. gr.

Almennar athugasemdir um skrár A og B

1. Talið var nauðsynlegt að taka saman tvær skrár um sönnunargögn: sannanir í skrá A og vísbendingar í skrá B.

Þessar skrár fylgja með í III. viðauka við þessa ákvörðun.

2. Í skrá A koma fram sannanir sem skera endanlega úr um ábyrgð samkvæmt samningnum nema gagnsannanir séu lagðar fram (t.d. um að skjöl séu ekki ósvikin).

3. Skrá B er ekki tæmandi og nær yfir sönnunargögn sem eru vísbendingar sem hægt er að nota innan ramma samningsins. Þetta eru sönnunargögn sem hafa leiðbeinandi gildi. Vísbending, eins og í skrá B, getur nægt til að taka ákvörðun um ábyrgð en það fer eftir sönnunargildi í hverju tilviki. Hún er í eðli sínu hrekjanleg.

4. Þessar skrár má endurskoða með hliðsjón af fenginni reynslu.

5. Þó skal bent á að sönnunargildi þessara atriða getur verið mismikið og fer það eftir aðstæðum í hverju tilviki. Flokkun í sannanir og vísbendingar miðast við hvað það er sem sanna skal Fingraför geta t.d. verið sönnun um veru beiðanda um hæli í aðildarríki en eingöngu vísbending um að beiðandi um hæli hafi komið inn í bandalagið á tilteknum ytri landamærum.

6. Þessi aðgreining er ástæða þess að nauðsynlegt er að taka saman tvær aðskildar skrár, aðra yfir sannanir (skrá A) og hina yfir vísbendingar (skrá B), fyrir hvert atriði sem sanna skal samkvæmt samningnum; í III. viðauka eru sönnunargögn sundurliðuð samkvæmt þeim atriðum sem sanna skal.

7. Á sama hátt er sönnunargildi opinberra skjala ekki alltaf hið sama frá einu aðildarríki til annars. Sama skjalið getur verið gefið út í mismunandi tilgangi eða af mismunandi yfirvöldum eftir því hvaða aðildarríki á í hlut.

25. gr.

Sönnunargildi atriða í skrám A og B

Meta skal sönnunargildi atriða í skrám A og B í samræmi við eftirfarandi:

1. Skrá A

Sannanir í skrá A skera endanlega úr um ábyrgð aðildarríkis á meðferð beiðni um hæli nema gagnsönnun sé lögð fram (t.d. um að skjal sé falsað).

Í þessu augnamiði munu aðildarríkin leggja fram dæmi um mismunandi gerðir opinberra skjala miðað við skiptinguna í skrá A. Sýnishorn hinna ýmsu skjala verða gefin út í sameiginlegri handbók um beitingu Dyflinnarsamningsins. Það mun leiða til aukinnar skilvirkni og hjálpa yfirvöldum að þekkja öll fölsuð skjöl sem beiðendur um hæli leggja fram. Nokkur þeirra sönnunargagna, sem tilgreind eru í skrá A, eru bestu skjölin sem unnt er að nota til beitingar 4. gr. og 1., 2., 3. og 4. mgr. 5. gr.

2. Skrá B

Í skrá B eru vísbendingar þar sem sönnunargildi við ákvörðun um ábyrgð á meðferð beiðni um hæli verður metið í hverju tilviki fyrir sig.

Þessar vísbendingar geta verið afar gagnlegar í reynd. Þær geta þó ekki, óháð því hversu margar þær eru, verið sönnunargögn af sama toga og þau sem mælt er fyrir um í skrá A til ákvörðunar um ábyrgð aðildarríkis.

Þó að ekki sé um sannanir að ræða er engu að síður unnt að nota þessi atriði til að ákveða hvaða aðildarríki sé rétt að kalla til ábyrgðar í skilningi samningsins.

26. gr.

Afleiðingar ákvörðunar um ábyrgð

1. Hlutaðeigandi aðildarríki skal leita í hinum ýmsu skrám til að athuga hvort það beri ábyrgð.

2. Ef fleiri en eitt aðildarríki ber ábyrgð skal aðildarríkið, sem fær fyrst beiðni um hæli, ganga úr skugga um hvort þeirra beri meiri ábyrgð samkvæmt samningnum í samræmi við meginregluna sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr. þar sem viðmiðunum um ábyrgð er beitt í þeirri röð sem þær eru tilgreindar.

3. Þessi aðferð ætti að koma í veg fyrir að beiðendum um hæli sé vísað frá einu ríki til annars sem flækir málsmeðferðina og veldur töf.

4. Ef beiðandi um hæli hefur farið í gegnum nokkur aðildarríki áður en hann leggur fram beiðni í því síðasta skal ríkið, sem beiðni er beint til, ekki einfaldlega gera ráð fyrir því að ríkið, sem beiðandinn fór síðast í gegnum, beri ábyrgðina.

5. Ef sérstakar ástæður eru til að ætla að fleiri en eitt ríki beri ábyrgð á meðferð beiðni ber ríkinu, þar sem beiðnin er lögð fram, að reyna að ganga úr skugga um hvert hlutaðeigandi aðildarríkja eigi að taka beiðnina um hæli til meðferðar með hliðsjón af röð viðmiðana vegna ákvörðunar um ábyrgð sem mælt er fyrir um í samningnum.

27. gr.

Samþykki fyrir ábyrgð á grundvelli yfirlýsingar beiðanda um hæli

Með fyrirvara um ákvæði þessa kafla varðandi sönnunargögn má samþykkja í einstökum tilvikum ábyrgð á meðferð beiðni um hæli á grundvelli yfirlýsingar beiðanda um hæli sem er sjálfri sér samkvæm, nægilega nákvæm og unnt er að sannreyna.

V. KAFLI

SKIPTI Á UPPLÝSINGUM

28. gr.

Tölulegar upplýsingar og persónuupplýsingar

1. Aðildarríkin skulu skiptast á tölulegum upplýsingum á þriggja mánaða fresti varðandi framkvæmd samningsins í reynd og nota til þess töflurnar sem fylgja með í IV. viðauka.

2. Aðildarríki, sem beiðni skv. 15. gr. er beint til, skulu leggja sig fram um að svara beiðninni tafarlaust, ef unnt er, og innan eins mánaðar að minnsta kosti.

LOKAÁKVÆÐI

29. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi frá og með deginum í dag.

Hún kemur til framkvæmda 1. september 1997.

Gjört í Brussel 9. september 1997.

Fyrir hönd nefndarinnar,
M. FISCHBACH,
formaður.

I. VIÐAUKI

SAMRÆMT EYÐUBLAÐ TIL ÁKVÖRÐUNAR UM HVAÐA RÍKI BERI ÁBYRGÐ Á MEÐFERÐ BEIÐNI UM HÆLI

Mynd

Skráarnúmer:

Persónuupplýsingar um beiðanda

1. Kenninafn (*) Kenninafn konu fyrir giftingu	.....
2. Eiginnafn/-nöfn	.....
3. Notar beiðandinn eða hefur hann/hún notað önnur nöfn? Hver eru/voru þau?	☐ Já ☐ Nei .....
4. Fæðingardagur og –ár	.....
5. Fæðingarstaður Landshluti/hérað Land	....
6. Ríkisfang (-föng) (tilgreinið öll) a) núverandi b) fyrri c) ekkert/ríkisfangslaus	....
7. Kyn	☐ Karl ☐ Kona
8. Nafn föður	.....
9. Nafn móður	.....
10. Hjúskaparstaða	☐ Ógift(ur) ☐ Gift(ur) ☐ Ekkill/ekkja ☐ Fráskilin(n)
11. Heimilisfang — núverandi	....
— í heimalandinu	....
12. Móðurmál	.....

(*) Með hástöfum.

Persónuupplýsingar um aðstandendur

13. *Maki:* Kenninafn (*), kenninafn konu fyrir giftingu, eiginnafn/-nöfn, kyn, fæðingardagur og -ár, fæðingarstaður, dvalarstaður
(Ef maki biður um hæli skal fylla út sérstakt eyðublað)
.....
.....

14. *Börn:* *Kenninafn (*), eiginnafn/-nöfn, kyn, fæðingardagur og -ár, fæðingarstaður, búsetustaður*
(tilgreinið öll börn; fylla skal út sérstakt eyðublað fyrir börn eldri en 16 ára ef beðið er um hæli)
a) .....
b) .....
c) .....
d) .....
e) .....

15. Staður og dagsetning beiðni um hæli í dvalarlandi
.....

Fyrri málsmeðferð beiðni um hæli

16. Hefur hælisbeiðandi áður beðið um hæli eða viðurkenningu á stöðu flóttamanns í dvalarlandinu eða öðru landi? ☐ Já ☐ Nei
Hvar og hvenær?
.....
.....

Var tekin ákvörðun um beiðnina? ☐ Nei ☐ Ekki vitað ☐ Já, hafnað
Hvenær var ákvörðunin tekin?
.....

Persónuskilríki

17. Vegabréf ríkis ☐ Já ☐ Nei
Númer
.....
Útgáfudagur
.....
Útgefið af
.....
Gildistími
.....

18. Skilríki sem koma í stað vegabréfs ☐ Já ☐ Nei
Númer
.....
Útgáfudagur
.....
Útgefið af
.....
Gildistími
.....

19. Önnur skilríki ☐ Já ☐ Nei
Númer
.....
Útgáfudagur
.....
Útgefið af
.....
Gildistími
.....

20. Ef engin skilríki eru tiltæk: ☐ Brottför án skilríkja ☐ Týnd ☐ Var stolið
(tilgreinið hvort þeim hafi fylgt gild vegabréfsáritun eða dvalarleyfi og ef svo er tilgreinið útgáfuyfirvald og útgáfudag svo og gildistíma)
(Hvenær, hvar? .....
.....)
☐ Aðrar ástæður
(Hvaða? .....
.....)

(*) Með hástöfum.

Dvalarskjöl/vegabréfsáritanir

21. Hefur hælisbeiðandi dvalarskjal/vegabréfsáritun fyrir dvalarlandið?
Gerð

Útgáfudagur
Útgefið af
Gildistími

☐ Já ☐ Nei
☐ Dvalarleyfi ☐ Komuáritun
☐ Gegnumfararáritun
.....
.....
.....

22. Hefur hælisbeiðandi dvalarskjal/vegabréfsáritun í öðru aðildarríki ESB?
Hvaða ríki?
Gerð

Útgáfudagur

Útgefið af

Gildistími

☐ Já ☐ Nei
.....
☐ Dvalarleyfi ☐ Komuáritun
☐ Gegnumfararáritun
.....
.....
.....

23. Hefur hælisbeiðandi dvalarskjal/vegabréfsáritun í landi sem er ekki aðildarríki ESB?
Hvaða landi?
Gerð

Útgáfudagur

Útgefið af

Gildistími

☐ Já ☐ Nei
.....
☐ Dvalarleyfi ☐ Komuáritun
☐ Gegnumfararáritun
.....
.....
.....

Ferðaleið

24. Land þar sem ferðin hófst (upprunaland eða land sem komið er frá)
— Leið sem farin var frá landinu, þar sem ferð hófst, til komustaðar inn í landið þar sem beðið er um hæli
— Ferðadagsetningar og ferðatími
— Fór yfir landamærin hinn
— á viðurkenndri landamærastöð eða
— komst framhjá landamæraeftirliti (ólögleg koma)
— flutningatæki sem notuð voru

.....
.....
.....
.....
.....
.....
.....
.....

☐ Opinber flutningatæki (hvaða? .....)
☐ Eigið ökutæki
☐ Eftir öðrum leiðum (hvaða?.....)

25. Kom heilsbeiðandi um annað aðildarríki ESB?
    - Inn í hvaða aðildarríki ESB var fyrst komið?
    - Fór yfir landamæri á viðurkenndri landamærastöð, eða
    - komst framhjá landamæraeftirliti (ólöglega koma) á
    - Hvenær?

☐ Já ☐ Nei

.....
.....
.....
.....
.....

.....

Dvöl í öðru aðildarríki ESB

26. Dvöl í öðru aðildarríki eða –ríkjum ESB eftir brottför frá landinu þar sem ferð hófst (upprunaland eða land sem komið er frá)
    - Í hvaða ríki eða ríkjum?
    - Frá — til
    - Staður/nákvæmt heimilisfang
    - Dvöl var
    - Gildistími dvalarleyfis
    - Tilgangur dvalar

☐ Já ☐ Nei

.....
.....
.....
.....

☐ Heimil ☐ Óheimil

.....
.....
.....

Dvöl í þriðju löndum (öðrum en aðildarríkjum ESB)

27. Dvöl í þriðja landi eða löndum eftir brottför frá landi þar sem ferð hófst (upprunaland eða land sem komið er frá)
    - Í hvaða þriðja landi eða löndum?
    - Frá — til
    - Staður/nákvæmt heimilisfang
    - Dvöl var
    - Gildistími dvalarleyfis
    - Tilgangur dvalar

☐ Já ☐ Nei

.....
.....
.....
.....

☐

☐ Tjaldstæði ☐ Annað
(Hvar? .....)

☐ Heimil ☐ Óheimil

.....
.....
.....

— Var hætta á að hælisbeiðanda yrði vísað brott eða hann fluttur burt?
— Til hvaða lands?
— Hvers vegna?
— Ástæður fyrir því að halda ferð áfram

☐ Já ☐ Nei

.....
.....
.....
.....

Persónuupplýsingar um aðstandendur sem búa í aðildarríkjum ESB eða í þriðju löndum

28. a) Hefur einhver aðstandandi viðurkennda stöðu flóttamanns í aðildarríki eða í þriðja landi og hefur þar löglega búsetu?

☐ Já ☐ Nei

— Nafn aðstandanda
— Ríki
— Heimilisfang í því ríki

.....
.....
.....
.....
.....

b) Hafa einhverjir þeirra sem í hlut eiga á móti meðferð beiðni um hæli í því aðildarríki eða í þriðja landi?

☐ Já ☐ Nei

II. VIÐAUKI

Sýnishorn af ferðabréfi vegna flutnings hælisbeiðenda

FERÐABRÉF

Tilvísunarnúmer (1):

Gefið út skv. 11. og 13. gr. Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990 um hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki Evrópubandalaganna

Gildir eingöngu til flutnings frá ..... (1) til ..... (2), þar sem hælisbeiðandi þarf að gefa sig fram við ..... (3) eigi síðar en..... (4).

Útgáfustaður:

KENNINAFN: .....

EIGINNÖFN: .....

FÆÐINGARSTAÐUR OG FÆÐINGARDAGUR OG –ÁR:

RÍKISFANG: .....

Útgáfudagur: .....

MYND

INNSIGLI Fyrir innanríkisráðuneytið: .....

Yfirvöld hafa staðfest hver handhafi þessa ferðabréfs er ..... (5) (6).

Þessi skilríki eru eingöngu gefin út skv. 11. og 13. gr. Dyflinnarsamningsins og í engum tilvikum er hægt að líta svo á að þau jafngildi ferðaskilríkjum sem heimila ferð yfir ytri landamæri eða skilríki sem staðfesta hver einstaklingurinn er.

---

(1) Tilvísunarnúmer sem er úthlutað af því landi sem flutt er frá.
(2) Aðildarríki sem flutt er frá.
(3) Aðildarríki sem flutt er til.
(4) Staður þar sem hælisbeiðandi þarf að gefa sig fram við komu til annars aðildarríkisins.
(5) Eindagi sem hælisbeiðanda er settur til að gefa sig fram við komu til annars aðildarríkisins.
(6) Á grundvelli eftirfarandi ferða- eða persónuskilríkja sem yfirvöldum eru sýnd.
(7) Á grundvelli yfirlýsingar hælisbeiðanda eða skilríkja annarra en ferða- eða persónuskilríkja.

III. VIÐAUKI

SKRÁ A

A. SÖNNUNARGÖGN

I. Ákvörðun um hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð beiðni um hæli

1. Lögleg búseta aðstandanda, sem hefur viðurkennda stöðu flóttamanns, í aðildarríki (4. gr.)
   Sannanir
   – skrifleg staðfesting hins aðildarríkisins á upplýsingum,
   – útprent úr skrám,
   – dvalarleyfi gefið út handa einstaklingi sem hefur stöðu flóttamanns,
   – sannanir um skyldleika ef þær eru fyrir hendi,
   – samþykki viðkomandi einstaklinga.

2. Gild dvalarleyfi (1. og 3. mgr. 5. gr.) eða dvalarleyfi sem hafa runnið út á síðustu tveimur árum (og gildistökudagur) (3. mgr. 5. gr.)
   Sannanir
   – dvalarleyfi,
   – útprent úr skrá yfir útlendinga eða samsvarandi skrám,
   – skýrslur eða staðfesting frá aðildarríkinu sem gaf dvalarleyfið út.

3. Gildar vegabréfsáritanir (2. og 3. mgr. 5. gr.) og vegabréfsáritanir sem hafa runnið út á síðustu sex mánuðum (og gildistökudagur) (4. mgr. 5. gr.)
   Sannanir
   – útgefnar vegabréfsáritanir (gildar eða útrunnar, eftir því sem við á),
   – útprent úr skrá yfir útlendinga eða samsvarandi skrám,
   – skýrslur eða staðfesting frá aðildarríkinu sem gaf vegabréfsáritunina út.

4. Ólögleg koma (1. mgr. 6. gr.) og lögleg koma inn yfir ytri landamæri (1. mgr. 7. gr.)
   Sannanir
   – komustimpill í frumfölsuðu eða breytingarfölsuðu vegabréfi,
   – brottfararstimpill frá landi sem á landamæri að aðildarríki með hliðsjón af ferðaleið hælisbeiðanda og hvaða dag farið var yfir landamærin,
   – farmiði sem er fullnaðarstaðfesting á komu inn yfir ytri landamæri,
   – komustimpill eða samsvarandi áritun í vegabréfi.

5. Brottför af yfirráðasvæði aðildarríkjanna (7. mgr. 3. gr.)
   Sannanir
   – brottfararstimpill,
   – útprent úr skrám þriðja ríkis (sönnun fyrir dvöl),
   – farmiði sem er fullnaðarstaðfesting á komu inn yfir ytri landamæri,
   – skýrsla eða staðfesting frá aðildarríkinu þar sem hælisbeiðandi fór af yfirráðasvæði aðildarríkjanna,
   – stimpill frá þriðja landi sem á landamæri að aðildarríki með hliðsjón af ferðaleið hælisbeiðanda og hvaða dag farið var yfir landamærin.

6. Dvöl í aðildarríki, sem beiðni er beint til, í sex mánuði hið minnsta áður en beiðni er lögð fram (2. mgr. 6. gr.)
   Sannanir
   Opinberar sannanir sem sýna, í samræmi við innlend lög, að útlendingur hefur dvalist í aðildarríkinu í sex mánuði hið minnsta áður en beiðni er lögð fram.

7. Hvenær beiðni um hæli er lögð fram (8. gr.)
   Sannanir
   – eyðublað sem hælisbeiðandi leggur fram,
   – opinber skýrsla yfirvalda,
   – fingraför sem tekin eru í tengslum við beiðni um hæli,
   – útprent úr viðeigandi skrám og gagnasöfnum,
   – skrifleg skýrsla yfirvalda til staðfestingar á því að beiðni hafi verið lögð fram.

II. Skuldbinding aðildarríkisins sem ber ábyrgð á meðferð beiðni um hæli að heimila aftur komu eða endurviðtöku hælisbeiðanda

1. Málsmeðferð þegar beiðni um hæli er til meðferðar eða var lögð fram áður (c-, d- og e-liðir 1. mgr. 10. gr.)
   Sannanir
   – eyðublað sem hælisbeiðandi fyllir út,
   – opinber skýrsla yfirvalda,
   – fingraför sem tekin eru í tengslum við beiðni um hæli,
   – útprent úr viðeigandi skrám og gagnasöfnum,
   – skrifleg skýrsla yfirvalda til staðfestingar á því að beiðni hafi verið lögð fram.

2. Brottför af yfirráðasvæði aðildarríkjanna (3. mgr. 10. gr.)
   Sannanir
   – brottfararstimpill,
   – útprent úr skrám þriðja ríkis (sönnun fyrir dvöl),
   – brottfararstimpill frá landi sem á landamæri að aðildarríki með hliðsjón af ferðaleið hælisbeiðanda og hvaða dag farið var yfir landamærin,
   – skriflegt vottorð yfirvalda um að útlendingnum hafi í raun verið vísað brott.

3. Brottvísun af yfirráðasvæði aðildarríkjanna (4. mgr. 10. gr.)
   Sannanir
   – skrifleg sönnun yfirvalda að útlendingnum hafi í raun verið vísað brott,
   – brottfararstimpill,
   – staðfesting á upplýsingum um að brottvísun frá þriðja landi hafi átt sér stað.

SKRÁ B

B. VÍSBENDINGAR

I. Ákvörðun um hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð beiðni um hæli

1. Lögleg búseta aðstandanda sem hefur viðurkennda stöðu flóttamanns í aðildarríki (4. gr.)

Vísbendingar (1)
- upplýsingar frá hælisbeiðanda,
- skýrslur eða staðfesting á upplýsingum frá alþjóðastofnunum, s.s. flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna.

2. Gild dvalarleyfi (1. og 3. mgr. 5. gr.) eða dvalarleyfi sem hafa runnið út á síðustu tveimur árum (og gildistökudagur) (4. mgr. 5. gr.)
Vísbendingar
- yfirlýsing hælisbeiðanda,
- skýrslur eða staðfesting á upplýsingum frá alþjóðastofnunum, s.s. flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna,
- skýrslur eða staðfesting frá aðildarríkinu sem gaf dvalarleyfið ekki út,
- skýrslur eða staðfesting á upplýsingum frá aðstandendum, ferðafélögum o.s.frv.

3. Gildar vegabréfsáritanir (2. og 3. mgr. 5. gr.) og vegabréfsáritanir sem hafa runnið út á síðustu sex mánuðum (og gildistökudagur) (4. mgr. 5. gr.)
Vísbendingar
- yfirlýsing hælisbeiðanda,
- skýrslur eða staðfesting á upplýsingum frá alþjóðastofnunum, s.s. flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna,
- skýrslur eða staðfesting frá aðildarríkinu sem gaf dvalarleyfið ekki út,
- skýrslur eða staðfesting á upplýsingum frá aðstandendum, ferðafélögum o.s.frv.

4. Ólögleg koma (1. mgr. 6. gr.) og lögleg koma inn yfir ytri landamæri (1. mgr. 7. gr.)
Vísbendingar
- yfirlýsingar hælisbeiðanda,
- skýrslur eða staðfesting á upplýsingum frá alþjóðastofnunum, s.s. flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna,
- skýrslur eða staðfesting á upplýsingum frá öðru aðildarríki eða þriðja landi,
- skýrslur eða staðfesting á upplýsingum frá aðstandendum, ferðafélögum o.s.frv.
- fingraför, nema í tilvikum þar sem yfirvöldin tóku fingraför þegar útlendingurinn fór yfir ytri landamærin. Í slíkum tilvikum eru þau sannanir eins og þær eru skilgreindar í skrá A,
- farmiðar,
- hótelreikningar,
- aðgangsskírteini fyrir opinberar stofnanir eða einkastofnanir í aðildarríkjunum,
- spjald þar sem skráð er viðtal hjá lækni, tannlækni o.s.frv.,
- upplýsingar þar sem kemur fram að hælisbeiðandi hefur verið á vegum fólkssmyglara eða ferðaskrifstofu,
- o.s.frv.

5. Brottför af yfirráðasvæði aðildarríkjanna (7. mgr. 3. gr.)
Vísbendingar
- yfirlýsingar hælisbeiðanda,
- skýrslur eða staðfesting á upplýsingum frá alþjóðastofnunum, s.s. flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna,

---

(1) Þessari vísbendingu verður alltaf að fylgja sönnun eins og þær eru skilgreindar í skrá A.

- skýrslur eða staðfesting á upplýsingum frá öðru aðildarríki,
- viðvíkjandi 7. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 10. gr.: brottfararstimpill þegar viðkomandi hælisbeiðandi hefur ekki komið á yfirráðasvæði aðildarríkjanna í þrjá mánuði hið minnsta,
- skýrslur eða staðfesting á upplýsingum frá aðstandendum, ferðafélögum o.s.frv.,
- fingraför, nema í tilvikum þar sem yfirvöldin tóku fingraför þegar útlendingurinn fór yfir ytri landamærin. Í slíkum tilvikum eru þau sannanir eins og þær eru skilgreindar í skrá A,
- farmiðar,
- hótelreikningar,
- spjald þar sem skráð er viðtal hjá lækni, tannlækni o.s.frv.,
- upplýsingar þar sem kemur fram að hælisbeiðandi hefur verið á vegum fólkssmyglara eða ferðaskrifstofu,
- o.s.frv.

6. Dvöl í aðildarríki, sem beiðni er beint til, í sex mánuði hið minnsta áður en beiðni er lögð fram (önnur undirgrein 6. gr.)
   Vísbendingar
   - yfirlýsingar hælisbeiðanda,
   - skýrslur eða staðfesting á upplýsingum frá alþjóðastofnunum, s.s. flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna,
   - skýrslur eða staðfesting á upplýsingum frá aðstandendum, ferðafélögum o.s.frv.,
   - yfirlýsing sem gefin er út handa útlendingum sem leyfist dvöl,
   - fingraför, nema í tilvikum þar sem yfirvöldin tóku fingraför þegar útlendingurinn fór yfir ytri landamærin. Í slíkum tilvikum eru þau sannanir eins og þær eru skilgreindar í skrá A,
   - farmiðar,
   - hótelreikningar,
   - spjald þar sem skráð er viðtal hjá lækni, tannlækni o.s.frv.,
   - upplýsingar sem sýna að hælisbeiðandi hefur verið á vegum fólkssmyglara eða ferðaskrifstofu,
   - o.s.frv.

7. Hvenær beiðni um hæli er lögð fram (8. gr.)
   Vísbendingar
   - yfirlýsingar hælisbeiðanda,
   - skýrslur eða staðfesting á upplýsingum frá alþjóðastofnunum, s.s. flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna,
   - skýrslur eða staðfesting á upplýsingum frá aðstandendum, ferðafélögum o.s.frv.,
   - skýrslur eða staðfesting á upplýsingum frá öðru aðildarríki.

II. Skuldbinding aðildarríkisins, sem ber ábyrgð á meðferð beiðni um hæli, að heimila aftur komu eða endurviðtöku hælisbeiðanda

1. Málsmeðferð þegar beiðni um hæli er til meðferðar eða var lögð fram áður (c-, og d-liðir 1. mgr. og 3. mgr. 10. gr.)
   Vísbendingar
   - yfirlýsingar hælisbeiðanda,
   - skýrslur eða staðfesting á upplýsingum frá alþjóðastofnunum, s.s. flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna,
   - skýrslur eða staðfesting á upplýsingum frá öðru aðildarríki.

2. Brottför af yfirráðasvæði aðildarríkjanna (3. mgr. 10. gr.)
Vísbendingar
- yfirlýsingar hælisbeiðanda,
- skýrslur eða staðfesting á upplýsingum frá alþjóðastofnunum, s.s. flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna,
- skýrslur eða staðfesting á upplýsingum frá öðru aðildarríki,
- brottfararstimpill þegar viðkomandi hælisbeiðandi hefur ekki komið á yfirráðasvæði aðildarríkjanna í þrjá mánuði hið minnsta,
- skýrslur eða staðfesting á upplýsingum frá aðstandendum, ferðafélögum o.s.frv.,
- fingraför, nema í tilvikum þar sem yfirvöldin tóku fingraför þegar útlendingurinn fór yfir ytri landamærin. Í slíkum tilvikum eru þau sannanir eins og þær eru skilgreindar í skrá A,
- farmiðar,
- hótelreikningar,
- spjald þar sem skráð er viðtal hjá lækni, tannlækni o.s.frv.,
- upplýsingar þar sem kemur fram að hælisbeiðandi hefur verið á vegum fólkssmyglara eða ferðaskrifstofu,
- o.s.frv.

3. Brottvísun af yfirráðasvæði aðildarríkjanna (4. mgr. 10. gr.)
Vísbendingar
- yfirlýsingar beiðanda um hæli
- skýrslur eða staðfesting á upplýsingum frá alþjóðastofnunum, s.s. flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna
- brottfararstimpill þegar viðkomandi hælisbeiðandi hefur ekki komið á yfirráðasvæði aðildarríkjanna í þrjá mánuði hið minnsta,
- skýrslur eða staðfesting á upplýsingum frá aðstandendum, ferðafélögum o.s.frv.
- fingraför, nema í tilvikum þar sem yfirvöldin tóku fingraför þegar útlendingurinn fór yfir ytri landamærin. Í slíkum tilvikum eru þau sannanir eins og þær eru skilgreindar í skrá A
- farmiðar
- hótelreikningar
- spjald þar sem skráð er viðtal hjá lækni, tannlækni o.s.frv.
- upplýsingar þar sem kemur fram að hælisbeiðandi hefur verið á vegum fólkssmyglara eða ferðaskrifstofu
- o.s.frv.

IV. VIÐAUKI

TAFLA 1

Beiðnir [aðildarríkis] um flutning (fólks) á (ársfjórðungi) til hinna aðildarríkjanna

Beiðnir um flutning til:	A	B	D	DK	E	F	FIN	EL	I	IRL	L	NL	P	S	UK
1. lagðar fram															
2. samþykktar															
3. flutningi frestað eftir að samþykki er fengið															
4. synjað															
5. engin ákvörðun tekin															
6. flutningur															

Athugasemdir um töflu 1:

1. reitur (lagðar fram): allar beiðnir um flutning frá aðildarríkinu til hinna aðildarríkjanna.
2. reitur (samþykktar): allar beiðnir um flutning sem hafa verið lagðar fram skv. 1. reit og verið samþykktar.
3. reitur (flutningi frestað eftir að samþykki er fengið): allar beiðnir um flutning, sem lagðar eru fram skv. 1. reit, þar sem aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, hefur, eftir að samþykki er fengið eins og tilgreint er í 2. reit, beðið aðildarríkið, sem veitir samþykki, um að fresta flutningnum á grundvelli áfrýjunar, sem hefur áhrif til frestunar, frá hæstbeiðanda til dómstólsins í sérstökum tilvikum (veikindum, meðgöngu o.s.frv.).
4. reitur (synjað): allar beiðnir um flutning sem hafa verið lagðar fram skv. 1. reit og verið synjað.
5. reitur (engin ákvörðun tekin): allar beiðnir um flutning sem hafa verið lagðar fram skv. 1. reit og meðferð er ekki endanlega lokið.
6. reitur (flutningur): allir beiðnir um flutning sem hafa komið til framkvæmda.

TAFLA 2

Beiðnir frá öðrum aðildarríkjum um flutning (fólks) á (ársfjórðungi) til [aðildarríkis]

Beiðnir um flutning til:	A	B	D	DK	E	F	FIN	EL	I	IRL	L	NL	P	S	UK
1. lagðar fram															
2. samþykktar															
3. flutningi frestað eftir að samþykki er fengið															
4. synjað															
5. engin ákvörðun tekin															
6. flutningur															

Athugasemdir um töflu 2:

1. reitur (lagðar fram): allar beiðnir um flutning frá aðildarríkinu til hinna aðildarríkjanna.
2. reitur (samþykktar): allar beiðnir um flutning sem hafa verið lagðar fram skv. 1. reit og verið samþykktar.
3. reitur (flutningi frestað eftir að samþykki er fengið): allar beiðnir um flutning, sem lagðar eru fram skv. 1. reit, þar sem aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, hefur, eftir að samþykki er fengið eins og tilgreint er í 2. reit, beðið aðildarríkið, sem veitir samþykki, um að fresta flutningnum á grundvelli áfrýjunar, sem hefur áhrif til frestunar, frá beiðanda um hæli til dómstólsins í sérstökum tilvikum (veikindum, meðgöngu o.s.frv.).
4. reitur (synjað): allar beiðnir um flutning sem hafa verið lagðar fram skv. 1. reit og verið synjað.
5. reitur (engin ákvörðun tekin): allar beiðnir um flutning sem hafa verið lagðar fram skv. 1. reit og meðferð er ekki endanlega lokið.
6. reitur (flutningur): allir beiðnir um flutning sem hafa komið til framkvæmda.

TAFLA 3

Meðalfrestur sem veittur er til að svara beiðnum um flutning (ársfjórðungar)

Aðildarríki	A	B	D	DK	E	F	FIN	EL	I	IRL	L	NL	P	S	UK
Beiðni frá [aðildarríki] um að beiðandi verði tekinn í umsjá hjá:															
Beiðni til [aðildarríkis] um að beiðandi verði tekinn í umsjá frá:															
Beiðni frá [aðildarríki] um að beiðandi verði fluttur til baka til:															
Beiðni til [aðildarríkis] um að beiðandi verði fluttur til baka frá:															

TAFLA 4

Heildarfjöldi beiðna um hæli (ársfjórðungar)

Aðildarríki	A	B	D	DK	E	F	FIN	EL	I	IRL	L	NL	P	S	UK
Fjöldi beiðna um hæli															

Tölulegar upplýsingar um framkvæmd Dyflinnarsamningsins

Framkvæmd Dyflinnarsamningsins á ..... árafjórðungi	Heildarfjöldi framlagðra beiðna um flutning	Hundraðshluti af heildarfjölda beiðna um hæli (II/I)	Fjöldi samþykktra beiðna um flutning	Hundraðshluti af framlögðum beiðnum (IV/II)	Fjöldi beiðna um flutning sem er synjað	Hundraðshluti af framlögðum beiðnum (VI/II)	Fjöldi beiðna um flutning sem ekki hafa verið afgreiddar	Hundraðshluti af framlögðum beiðnum (VIII/II)	Fjöldi beiðenda um hæli sem hefur verið fluttur í reynd	Hundraðshluti af samþykktum beiðnum (X/IV)
I	II	III	IV	V	VI	VII	VIII	IX	X	XI
Belgía: heildarfjöldi beiðna um hæli										
frá Belgíu til hinna aðildarríkjanna										
frá hinum aðildarríkjunum til Belgíu										
Danmörk: heildarfjöldi beiðna um hæli										
frá Danmörku til hinna aðildarríkjanna										
frá hinum aðildarríkjunum til Danmerkur										
Þýskaland: heildarfjöldi beiðna um hæli										
frá Þýskalandi til hinna aðildarríkjanna										
frá hinum aðildarríkjunum til Þýskalands										
Grikkland: heildarfjöldi beiðna um hæli										
frá Grikklandi til hinna aðildarríkjanna										
frá hinum aðildarríkjunum til Grikklands										
Spánn: heildarfjöldi beiðna um hæli										
frá Spáni til hinna aðildarríkjanna										
frá hinum aðildarríkjunum til Spánar										

Framkvæmd Dyflinnarsamningsins á ..... ársfjórðungi	Heildarfjöldi framlagðra beiðna um flutning	Hundraðshluti af heildarfjölda beiðna um hæli (II/I)	Fjöldi samþykktra beiðna um flutning	Hundraðshluti af framlögðum beiðnum (IV/II)	Fjöldi beiðna um flutning sem er synjað	Hundraðshluti af framlögðum beiðnum (VI/II)	Fjöldi beiðna um flutning sem ekki hafa verið afgreiddar	Hundraðshluti af framlögðum beiðnum (VIII/II)	Fjöldi beiðenda um hæli sem hefur verið fluttur í reynd	Hundraðshluti af samþykktum beiðnum (X/IV)
I	II	III	IV	V	VI	VII	VIII	IX	X	XI
Frakkland: heildarfjöldi beiðna um hæli										
frá Frakklandi til hinna aðildarríkjanna										
frá hinum aðildarríkjunum til Frakklands										
Írland: heildarfjöldi beiðna um hæli										
frá Írlandi til hinna aðildarríkjanna										
frá hinum aðildarríkjunum til Írlands										
Ítalía: heildarfjöldi beiðna um hæli										
frá Ítalíu til hinna aðildarríkjanna										
frá hinum aðildarríkjunum til Ítalíu										
Lúxemborg: heildarfjöldi beiðna um hæli										
frá Lúxemborg til hinna aðildarríkjanna										
frá hinum aðildarríkjunum til Lúxemborgar										
Holland: heildarfjöldi beiðna um hæli										
frá Hollandi til hinna aðildarríkjanna										
frá hinum aðildarríkjunum til Hollands										

Framkvæmd Dyflinnarsamsetningsins á ..... ársfjórðungi	Heildarfjöldi framlagðra beiðna um flutning	Hundraðshluti af heildarfjölda beiðna um hæli (II/I)	Fjöldi samþykktra beiðna um flutning	Hundraðshluti af framlögðum beiðnum (IV/II)	Fjöldi beiðna um flutning sem er synjað	Hundraðshluti af framlögðum beiðnum (VI/II)	Fjöldi beiðna um flutning sem ekki hafa verið afgreiddar	Hundraðshluti af framlögðum beiðnum (VIII/II)	Fjöldi beiðenda um hæli sem hefur verið fluttur í reynd	Hundraðshluti af samþykktum beiðnum (X/IV)
I	II	III	IV	V	VI	VII	VIII	IX	X	XI
Austurríki: heildarfjöldi beiðna um hæli										
frá Austurríki til hinna aðildarríkjanna										
frá hinum aðildarríkjunum til Austurríkis										
Portúgal: heildarfjöldi beiðna um hæli										
frá Portúgal til hinna aðildarríkjanna										
frá hinum aðildarríkjunum til Portúgals										
Finnland: heildarfjöldi beiðna um hæli										
frá Finnlandi til hinna aðildarríkjanna										
frá hinum aðildarríkjunum til Finnlands										
Svíþjóð: heildarfjöldi beiðna um hæli										
frá Svíþjóð til hinna aðildarríkjanna										
frá hinum aðildarríkjunum til Svíþjóðar										
Breska konungsríkið: heildarfjöldi beiðna um hæli										
frá Breska konungsríkinu til hinna aðildarríkjanna										
frá Breska konungsríkinu til hinna aðildarríkjanna										

Fylgiskjal IV.

ÁKVÖRÐUN nr. 1/98

frá 30. júní 1998

nefndarinnar sem komið var á fót skv. 18. gr. Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990, varðandi ákvæði um framkvæmd samningsins

(98/451/SAR)

NEFNDIN, sem komið var á fót skv. 18. gr. samningsins um það hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð beiðna um hæli sem lagðar eru fram í einhverju aðildarríkja Evrópubandalaganna, sem undirritaður var í Dyflinni 15. júní 1990 ([1]) (hér á eftir nefnd „nefndin“ og „samningurinn“),

MEÐ HLIÐSJÓN af 1. og 2. mgr. 18. gr. samningsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að bæta við ákvörðun nefndarinnar nr. 1/97 frá 9. september 1997 varðandi ákvæði um framkvæmd samningsins til þess að tryggja skilvirka framkvæmd hans ([2]).

Einkum er brýnt að skýra á hvern hátt upplýsingar um hvaða leið beiðendur um hæli koma inn í Evrópusambandið þegar ákvarðað er hvaða ríki beri ábyrgð samkvæmt samningnum.

Skipti aðildarríkjanna á upplýsingum um fingraför, í samræmi við innlend lög þeirra, er hentug leið til að staðfesta um hvaða mann er að ræða og hvaða aðildarríki telst vera komuríki hans inn í Evrópusambandið til að styrkja framkvæmd samningsins.

Vel þróað, raunhæft samstarf milli aðildarríkjanna myndi auðvelda framkvæmd samningsins.

HEFUR ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Upplýsingar um hvaða leið beiðendur um hæli koma inn í Evrópusambandið

1. Með fyrirvara um 2. mgr. skulu viðkomandi aðildarríki, þegar þau leggja fram eða taka til meðferðar beiðnir skv. 11. gr. samningsins, vera undir það búin í sameiningu að taka tillit til, ef við á, upplýsinga frá áreiðanlegum heimildum, sem unnt er að staðfesta, um hvaða leið beiðendur um hæli koma inn í Evrópusambandið.

2. Litið er svo á að upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., séu ekki fullnægjandi í sjálfu sér til að ákvarða ábyrgð og valdsvið aðildarríkis samkvæmt samningnum en þær geta komið að gagni við að meta aðrar vísbendingar sem varða einstaka beiðendur um hæli.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að upplýsingar, sem fást um hvaða leið beiðendur um hæli koma inn í Evrópusambandið, liggi þegar fyrir handa embættismönnum sem bera ábyrgð á að leggja fram beiðnir og taka þær til meðferðar skv. 11. gr. samningsins.

2. gr.

Skipti á fingraförum skv. 15. gr. samningsins

1. Með fyrirvara um ákvæði í samningnum eða aðrar ákvarðanir nefndarinnar getur hvert aðildarríki beðið um upplýsingar um fingraför skv. 2. mgr. 15. gr. samningsins frá öðru aðildarríki þegar ástæður eru til þess í samræmi við markmiðin sem koma fram í 1. mgr. 15. gr. hans.

2. Þegar veittar eru upplýsingar um fingraför sem svar við beiðni sem lögð er fram skv. 1. mgr. skal það gert með fyrirvara um innlend lög aðildarríkisins,

([1]) Stjtíð. EB C 254, 19. 8. 1997, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 281, 14. 10. 1997, bls. 1.

sem beiðni er beint til, og meginreglur um vernd upplýsinga sem gilda í Evrópusambandinu.

3. gr.

Beiðnir um yfirtöku ábyrgðar

Í beiðnum skv. 11. gr. samningsins skulu koma fram allar fyrirliggjandi upplýsingar sem aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, hefur aðgang að og eru nauðsynlegar til þess að taka ákvörðun um ábyrgð á meðferð beiðni um hæli.

4. gr.

Tengsl og samstarf

1. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja, einkum með heimsóknum, ef því verður við komið, að embættismenn þess eigi ávallt náið samstarf við embættismenn annarra aðildarríkja sem bera ábyrgð á verkefnum, sem tengjast samningnum, og sem þeir eiga veruleg samskipti við.

2. Hverju aðildarríki ber, þegar það er unnt og slíkt er hagur beggja aðila, að skiptast á tengifulltrúum við önnur aðildarríki með það í huga að bæta samskiptin.

3. Aðalskrifstofa ráðs Evrópusambandsins skal taka saman handbók fyrir þá sem vinna samkvæmt samningnum, dreifa henni, uppfæra og bæta við hana. Í handbókinni skulu vera þær upplýsingar sem gætu gagnast þeim sem vinna samkvæmt samningnum. Efni hennar skal endurskoðað reglulega.

5. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

Gjört í Brussel 30. júní 1998.

Fyrir hönd nefndarinnar,
J. STRAW,
formaður.

Fylgiskjal V.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2725/2000

frá 11. desember 2000

um stofnun „Eurodac“ til að bera saman fingraför í því skyni að stuðla að skilvirkri beitingu Dyflinnarsamningsins

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum a-lið 1. mgr. 63. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,
með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Aðildarríkin hafa fullgilt Genfarsamninginn frá 28. júlí 1951 um réttarstöðu flóttamanna, eins og honum var breytt með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967.

2) Aðildarríkin hafa gert með sér samning um hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð beiðna um hæli sem lagðar eru fram í einhverju aðildarríkja Evrópubandalaganna sem undirritaður var í Dyflinni 15. júní 1990 (hér á eftir nefndur „Dyflinnarsamningurinn“) ([2]).

[1] Stjtíð. EB C 189, 7. 7. 2000, bls. 105 og bls. 227 og álit sem var skilað 21. september 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

[2] Stjtíð. EB C 254, 19. 8. 1997, bls. 1.

3) Við beitingu Dyflinnarsamningsins er nauðsynlegt að staðfesta hverjir beiðendur um hæli eru svo og menn sem eru handteknir í tengslum við ólöglega för yfir ytri landamæri bandalagsins. Það er einnig æskilegt í því skyni að stuðla að skilvirkri beitingu Dyflinnarsamningsins, einkum c- og e-liðar 1. mgr. 10. gr., að heimila hverju aðildarríki að athuga hvort útlendingur, sem dvelur ólöglega á yfirráðasvæði þess, hafi beðið um hæli í öðru aðildarríki.

4) Fingraför eru mikilvægur þáttur í því að staðfesta með nákvæmum hætti hverjir þessir menn eru. Nauðsynlegt er að koma upp kerfi til þess að bera saman fingrafaraupplýsingar um þá.

5) Í þessu augnamiði er það nauðsynlegt að koma upp kerfi, Eurodac-kerfinu, sem samanstendur af miðlægri einingu sem verður komið á fót á vegum framkvæmdastjórnarinnar og þar sem starfrækt verður tölvuvætt miðlægt gagnasafn með fingrafaraupplýsingum, svo og búnaði til rafrænna sendinga milli aðildarríkjanna og miðlæga gagnasafnsins.

6) Einnig er nauðsynlegt að gera þá kröfu til aðildarríkjanna að það taki tafarlaust fingraför af öllum sem biðja um hæli og öllum útlendingum sem eru handteknir í tengslum við ólöglega för yfir ytri landamæri aðildarríkis hafi þeir náð 14 ára aldri.

7) Nauðsyn ber til að mæla fyrir um nákvæmar reglur um sendingu slíkra fingrafaraupplýsinga í miðlægu eininguna, um skráningu slíkra fingrafaraupplýsinga og annarra upplýsinga, sem máli skipta, í miðlæga gagnasafnið, geymslu þeirra, samanburð við aðrar fingrafaraupplýsingar, sendingu niðurstaðna þess samanburðar og hvernig aðgangi að skráðum upplýsingum er læst og þeim eytt. Þessar reglur geta verið mismunandi og ættu að vera aðlagaðar sérstaklega að stöðu mismunandi hópa útlendinga.

8) Útlendingar, sem hafa beðið um hæli í aðildarríki, geta átt þess kost í mörg ár að biðja um hæli í öðru aðildarríki. Þess vegna ætti sá tími, sem fingrafaraupplýsingar eru geymdar í miðlægu einingunni, að vera talsvert langur. Að því gefnu að flestir útlendingar, sem hafa dvalist í bandalaginu í allmörg ár, hafi fengið búsetuheimild eða jafnvel ríkisborgararétt í aðildarríki eftir þann tíma, ættu tíu ár að teljast hæfilegur tími til að geyma fingrafaraupplýsingar.

9) Geymslutíminn ætti að vera styttri við tilteknar sérstakar aðstæður þar sem engin þörf er á því að geyma fingrafaraupplýsingar í svo langan tíma. Fingrafaraupplýsingum ætti að eyða um leið og útlendingur fær ríkisborgararétt í aðildarríki.

10) Nauðsyn ber til að mæla nákvæmlega fyrir um þá ábyrgð sem framkvæmdastjórnin ber að því er varðar miðlægu eininguna og sem aðildarríkin bera að því er varðar notkun upplýsinga, öryggi gagna, aðgang að og leiðréttingu skráðra upplýsinga.

11) Þar sem bótaábyrgð bandalagsins utan samninga í tengslum við rekstur Eurodac-kerfisins mun ákvarðast af viðeigandi ákvæðum sáttmálans ber nauðsyn til þess að mæla fyrir um sérstakar reglur um bótaábyrgð aðiidarríkjanna utan samninga í tengslum við rekstur kerfisins.

12) Í samræmi við dreifræðisregluna, eins og hún er sett fram í 5. gr. sáttmálans, geta aðildarríkin, eðli málsins samkvæmt, ekki náð markmiði þeirra ráðstafana sem mælt er með, þ.e. að koma á laggirnar á vegum framkvæmdastjórnarinnar kerfi til að bera saman fingrafaraupplýsingar í því skyni að auðvelda framkvæmd stefnu bandalagsins í málum er varða hæli, og það er því frekar á færi bandalagsins. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í téðri grein, nær reglugerð þessi ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná þessu markmiði.

13) Þar sem aðildarríkin eru ein ábyrg fyrir því að skilgreina og flokka niðurstöður samanburðar sem miðlæga einingin sendir, svo og að læsa upplýsingum um fólk sem er viðurkennt og fær að koma sem flóttamenn og þar sem sú ábyrgð

varðar hið sérstaklega viðkvæma svið um meðferð persónuupplýsinga og gæti haft áhrif á frelsi einstaklinga hefur ráðið sérstakar ástæður til þess að áskilja sér rétt til að beita tilteknu framkvæmdarvaldi sem varðar sérstaklega samþykkt ráðstafana sem tryggja öryggi og áreiðanleika þessara upplýsinga.

14) Ráðstafanirnar, sem eru nauðsynlegar vegna framkvæmdar annarra ráðstafana þessarar reglugerðar, ber að samþykkja í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð um beitingu framkvæmdarvalds sem framkvæmdastjórninni er veitt [1].

15) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga gildir um vinnslu persónuupplýsinga[2] hjá aðildarríkjunum innan Eurodac-kerfisins.

16) Skv. 286. gr. sáttmálans gildir tilskipun 95/46/EB einnig um stofnanir og starfseiningar bandalagsins. Þar sem miðlægu einingunni verður komið á fót á vegum framkvæmdastjórnarinnar mun tilskipunin gilda um vinnslu persónuupplýsinga hjá þeirri einingu.

17) Meginreglurnar, sem mælt er fyrir um í tilskipun 95/46/EB um verndun réttinda og frelsis einstaklinga, einkum réttinn til einkalífs, í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, ætti að auka við eða skýra, einkum að því er varðar tiltekin svið.

18) Það er við hæfi að hafa eftirlit með og meta nothæfi Eurodac-kerfisins.

19) Aðildarríkjunum ber að sjá fyrir kerfi viðurlaga til að refsa fyrir notkun upplýsinga, sem eru skráðar í miðlæga gagnasafnið, sem fer í bága við tilgang Eurodac-kerfisins.

20) Breska konungsríkið og Írland hafa, í samræmi við 3. gr. bókunarinnar um stöðu Breska konungsríkisins og Írlands sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, vakið athygli á þeirri ósk að taka þátt í samþykkt og beitingu þessarar reglugerðar.

21) Danmörk tekur, í samræmi við 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Danmerkur sem fylgir með sem viðauki við framangreinda sáttmála, ekki þátt í samþykkt þessarar reglugerðar og er því ekki bundin af eða háð beitingu hennar.

22) Rétt er að takmarka gildissvæði þessarar reglugerðar þannig að það svari til gildissvæðis Dyflinnarsamningsins.

23) Reglugerð þessi skal vera lagalegur grundvöllur fyrir þau framkvæmdarákvæði sem þörf er á til að koma upp nauðsynlegum tæknibúnaði hjá aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni, með það í huga að flýta fyrir beitingu hennar. Framkvæmdastjórnin skal sjá um að sannreyna að þessi skilyrði séu uppfyllt.

HEFUR SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Tilgangurinn með Eurodac-kerfinu

1. Kerfi, sem nefnist Eurodac-kerfið, er hér með komið á fót og er tilgangurinn sá að aðstoða við að ákvarða hvaða ríki beri ábyrgð, samkvæmt Dyflinnarsamningnum, á meðferð beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki og að auðvelda að öðru leyti beitingu Dyflinnarsamningsins samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru í þessari reglugerð.

2. Eurodac-kerfið skal samanstanda af:

a) miðlægu einingunni sem um getur í 3. gr.;

b) tölvutæku miðlægu gagnasafni þar sem upplýsingarnar, sem um getur í 5. gr. (1. mgr.), 8. gr. (2.

[1] Stjtíð. EB L 184, 17. 7. 1999, bls. 23.
[2] Stjtíð. EB L 281, 23. 11. 1995, bls. 31.

mgr.) og 11. gr. (2. mgr.), eru unnar í þeim tilgangi að bera saman fingrafaraupplýsingar um beiðendur um hæli og þá hópa útlendinga sem um getur í 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 11. gr.;

c) aðferðum við sendingu upplýsinga milli aðildarríkjanna og miðlæga gagnasafnsins.

Reglurnar um Eurodac-kerfið skulu einnig gilda um aðgerðir sem aðildarríkin framkvæma frá því að upplýsingar eru sendar til miðlægu einingarinnar þar til niðurstöður samanburðarins eru nýttar.

3. Með fyrirvara um notkun aðildarríkis, sem er upprunaríki, á upplýsingum, sem eru ætlaðar í Eurodac-kerfið, í gagnasöfnum, sem komið er á fót samkvæmt lögum þess ríkis, er vinnsla fingrafaraupplýsinga og annarra persónuupplýsinga í Eurodac-kerfinu aðeins heimil í þeim tilgangi sem kveðið er á um í 1. mgr. 15. gr. Dyflinnarsamningsins.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „Dyflinnarsamningurinn“: samningurinn um það hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð beiðna um hæli sem lagðar eru fram í einhverju aðildarríkja Evrópubandalaganna, sem undirritaður var í Dyflinni 15. júní 1990;

b) „beiðandi um hæli“: útlendingur sem hefur sjálfur, eða annar fyrir hans hönd, lagt fram beiðni um hæli;

c) „aðildarríki sem er upprunaríki“:

i) að því er varðar beiðanda um hæli, aðildarríkið sem sendir persónuupplýsingarnar til miðlægu einingarinnar og fær niðurstöðu samanburðarins;

ii) að því er varðar mann sem 8. gr. tekur til, aðildarríkið sem sendir persónuupplýsingarnar til miðlægu einingarinnar;

iii) að því er varðar mann sem 11. gr. tekur til, aðildarríkið sem sendir persónuupplýsingarnar til miðlægu einingarinnar og fær niðurstöðu samanburðarins;

d) „flóttamaður“: maður sem hefur viðurkennda stöðu flóttamanns í samræmi við Genfarsamninginn frá 28. júlí 1951 um réttarstöðu flóttamanna, eins og honum var breytt með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967;

e) „jákvæð niðurstaða“: samsvörun eða samsvaranir koma fram í miðlægu einingunni milli fingrafaraupplýsinga, sem eru skráðar í gagnasafnið, og þeirra sem aðildarríki sendir að því er varðar tiltekinn mann, sbr. þó þá kröfu að aðildarríkin skuli tafarlaust kanna niðurstöðu samanburðar skv. 6. mgr.

2. Merking hugtakanna, sem eru skilgreind í 2. gr. tilskipunar 95/46/EB, skal vera hin sama í þessari reglugerð.

3. Merking hugtakanna, sem eru skilgreind í 1. gr. Dyflinnarsamningsins, skal vera hin sama í þessari reglugerð, nema annað sé tekið fram.

3. gr.

Miðlæg eining

1. Miðlægri einingu er hér með komið á fót á vegum framkvæmdastjórnarinnar sem skal bera ábyrgð á rekstri miðlæga gagnasafnsins, sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr., fyrir hönd aðildarríkjanna. Í miðlægu einingunni skal vera tölvuvætt kerfi til greiningar fingrafara.

2. Upplýsingar um beiðendur um hæli, menn, sem 8. gr. tekur til, og menn, sem 11. gr. tekur til, sem unnar eru í miðlægu einingunni, skulu unnar fyrir hönd aðildarríkisins sem er upprunaríki samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru í þessari reglugerð.

3. Miðlæga einingin skal ársfjórðungslega taka saman tölulegar upplýsingar um starfsemi sína þar sem fram kemur:

a) hver er fjöldi gagnamengja sem eru send um beiðendur um hæli og menn sem um getur í 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 11. gr.;

b) hver er fjöldi jákvæðra niðurstaðna að því er varðar beiðendur um hæli sem hafa lagt fram beiðni um hæli í öðru aðildarríki;

c) hver er fjöldi jákvæðra niðurstaðna að því er varðar menn sem um getur í 1. mgr. 8. gr. og hafa síðar lagt fram beiðni um hæli;

d) hver er fjöldi jákvæðra niðurstaðna að því er varðar menn sem um getur í 1. mgr. 11. gr. og hafa áður lagt fram beiðni um hæli í öðru aðildarríki;

e) hver er fjöldi fingrafaraupplýsinga sem miðlæga einingin þurfti að biðja aðildarríkin, sem eru upprunaríki, um að senda aftur vegna þess að upprunalegu fingrafaraupplýsingarnar, sem sendar voru, hentuðu ekki til samanburðar í tölvuvædda kerfinu til greiningar fingrafara.

Í lok hvers árs skal setja fram tölulegar upplýsingar frá hverjum ársfjórðungi sem teknar hafa verið saman frá því að starfræksla Eurodac-kerfisins hófst, þ.m.t. upplýsingar um fjölda þeirra manna sem jákvæðar niðurstöður hafa verið skráðar um samkvæmt b-, c- og d-lið.

Tölulegu upplýsingarnar skulu sundurliðaðar fyrir hvert aðildarríki.

4. Samkvæmt málsmeðferðinni, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 23. gr., má fela miðlægu einingunni að vinna önnur tiltekin töluleg verkefni á grundvelli upplýsinganna sem miðlæga einingin vinnur.

II. KAFLI

BEIÐENDUR UM HÆLI

4. gr.

Söfnun, sending og samanburður fingrafara

1. Hvert aðildarríki skal tafarlaust taka fingraför af öllum fingrum sérhvers beiðanda um hæli sem hefur náð 14 ára aldri og senda upplýsingarnar, sem um getur í a- til f-liðum 1. mgr. 5. gr., þegar í stað til miðlægu einingarinnar. Málsmeðferð við töku fingrafara skal ákveðin í samræmi við innlenda venju hlutaðeigandi aðildarríkis og í samræmi við þær öryggisráðstafanir sem mælt er fyrir um í Evrópusáttmálanum um mannréttindi og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

2. Miðlæga einingin skal tafarlaust skrá þær upplýsingar, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., í miðlæga gagnasafnið; að öðrum kosti skal aðildarríki, sem er upprunaríki, skrá þær milliliðalaust að því tilskildu að tæknileg skilyrði til þess hafi verið uppfyllt.

3. Fingrafaraupplýsingar í skilningi b-liðar 1. mgr. 5. gr., sem aðildarríki sendir, skal miðlæga einingin bera saman við fingrafaraupplýsingar sem hin aðildarríkin hafa sent og eru þegar geymd í miðlæga gagnasafninu.

4. Miðlæga einingin skal tryggja, að beiðni aðildarríkis, að samanburður, sem um getur í 3. mgr., nái yfir fingrafaraupplýsingar, sem það aðildarríki hefur áður sent, auk upplýsinga frá hinum aðildarríkjunum.

5. Miðlæga einingin skal þegar í stað senda aðildarríkinu, sem er upprunaríki, jákvæðar eða neikvæðar niðurstöður samanburðarins. Ef niðurstaðan er jákvæð skal það, að því er varðar öll gagnamengi sem samsvara jákvæðu niðurstöðunni, senda upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 5. gr.; þó skal ekki senda upplýsingarnar, sem um getur í b-lið 1. mgr. 5. gr., nema þær hafi leitt til jákvæðrar niðurstöðu.

Heimilt er að senda aðildarríkinu, sem er upprunaríki, milliliðalaust niðurstöðu samanburðarins ef tæknileg skilyrði til þess hafa verið uppfyllt.

6. Í aðildarríkinu, sem er upprunaríki, skal tafarlaust kanna niðurstöðu samanburðarins. Lokasanngreiningu skal aðildarríkið, sem er upprunaríki, annast í samvinnu við hlutaðeigandi aðildarríki skv. 15. gr. Dyflinnarsamningsins.

Upplýsingum frá miðlægu einingunni, sem varða aðrar upplýsingar sem reynast óáreiðanlegar, skal eytt eða þær eyðilagðar um leið og í ljós kemur að síðarnefndu upplýsingarnar eru óáreiðanlegar.

7. Framkvæmdarákvæðin, þar sem mælt er fyrir um málsmeðferðina sem er nauðsynleg vegna beitingar 1. til 6. mgr., skulu samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 22. gr.

5. gr.

Skráning upplýsinga

1. Í miðlæga gagnasafnið skal eingöngu skrá eftirfarandi upplýsingar:

a) aðildarríki sem er upprunaríki, stað og dagsetningu beiðni um hæli,

b) fingrafaraupplýsingar,

c) kyn,

d) tilvísunarnúmer sem aðildarríki, sem er upprunaríki, notar,

e) dagsetningu fingrafaratöku,

f) dagsetningu sendingar upplýsinga til miðlægu einingarinnar,

g) dagsetningu færslu upplýsinga í miðlæga gagnasafnið,

h) hver eða hverjir taka við upplýsingunum sem sendar eru og dagsetningu sendingar eða dagsetningar sendinga.

2. Þegar upplýsingarnar hafa verið skráðar í miðlæga gagnasafnið skal miðlæga einingin eyðileggja miðlana sem voru notaðir til sendingar upplýsinganna, nema aðildarríkið, sem er upprunaríki, hafi óskað eftir að fá þá aftur.

6. gr.

Geymsla upplýsinga

Hvert gagnamengi, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., skal geymt í miðlæga gagnasafninu í tíu ár frá þeim degi sem fingraförin voru tekin.

Að þeim tíma liðnum skal miðlæga einingin eyða upplýsingunum sjálfvirkt úr miðlæga gagnasafninu.

7. gr.

Upplýsingum eytt fyrir tímann

Upplýsingum um menn, sem hafa fengið ríkisborgararétt í einhverju aðildarríkjanna áður en tíminn, sem um getur í 6. gr., er liðinn, skal eytt úr miðlæga gagnasafninu í samræmi við 3. mgr. 15. gr. um leið og aðildarríkið, sem er upprunaríki, fær vitneskju um að maðurinn hafi fengið slíkan ríkisborgararétt.

III. KAFLI

ÚTLENDINGAR SEM ERU HANDTEKNIR Í TENGSLUM VIÐ ÓLÖGLEGA FÖR YFIR YTRI LANDAMÆRIN

8. gr.

Söfnun og sending fingrafaraupplýsinga

1. Hvert aðildarríki skal, í samræmi við þær öryggisráðstafanir sem mælt er fyrir um í Evrópusáttmálanum um mannréttindi og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, taka þegar í stað fingraför af öllum fingrum sérhvers útlendings sem hefur náð 14 ára aldri og þar til bær eftirlitsyfirvöld handtaka í tengslum við ólöglega för á landi, sjó eða í lofti yfir landamæri þess aðildarríkis eftir að hafa komið frá þriðja landi og sem er ekki vísað til baka.

2. Hlutaðeigandi aðildarríki skal þegar í stað senda miðlægu einingunni eftirfarandi upplýsingar sem varða hvern þann útlending sem um getur í 1. mgr. og er ekki vísað til baka:

a) aðildarríkið sem er upprunaríki, hvar og hvenær viðkomandi var handtekinn,

b) fingrafaraupplýsingar,

c) kyn,

d) tilvísunarnúmer sem aðildarríki, sem er upprunaríki, notar,

e) hvenær fingraför voru tekin,

f) hvenær upplýsingar voru sendar til miðlægu einingarinnar.

9. gr.

Skráning upplýsinga

1. Upplýsingarnar, sem um getur í g-lið 1. mgr. 5. gr. og í 2. mgr. 8. gr., skulu skráðar í miðlæga gagnasafnið.

Með fyrirvara um 3. mgr. 3. gr. skal skrá upplýsingar, sem eru sendar til miðlægu einingarinnar skv. 2. mgr. 8. gr., í þeim tilgangi einum að bera þær saman við upplýsingar um beiðendur um hæli sem verða sendar síðar til miðlægu einingarinnar.

Miðlæga einingin skal ekki bera upplýsingar, sem eru sendar til hennar skv. 2. mgr. 8. gr., saman við upplýsingar sem hafa áður verið skráðar í miðlæga gagnasafnið né heldur við upplýsingar sem verða sendar síðar til miðlægu einingarinnar skv. 2. mgr. 8. gr.

2. Beita skal málsmeðferðinni, sem kveðið er á um í 4. gr. (öðrum málslið 1. mgr.), 4. gr. (2. mgr.) og 5. gr. (2. mgr.), svo og ákvæðunum sem mælt er fyrir um í 7. mgr. 4. gr. Að því er varðar samanburð upplýsinga um beiðendur um hæli, sem eru sendar síðar til miðlægu einingarinnar, við þær upplýsingar, sem um getur í 1. mgr., skal beita málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 3., 5. og 6. mgr. 4. gr.

10. gr.

Geymsla upplýsinga

1. Hvert gagnamengi, sem um getur í 1. mgr. 8. gr., skal geymt í miðlæga gagnasafninu í tvö ár frá þeim degi sem fingraför útlendingsins voru tekin. Að þeim tíma liðnum skal miðlæga einingin eyða upplýsingunum sjálfvirkt úr miðlæga gagnasafninu.

2. Upplýsingum um útlending, sem um getur í 1. mgr. 8. gr., skal eytt úr miðlæga gagnasafninu í samræmi við 3. mgr. 15. gr. um leið og aðildarríkið, sem er upprunaríki, verður þess vart áður en þau tvö ár, sem tilgreind eru í 1. mgr., eru liðin að einhverjar eftirfarandi aðstæðna eiga við:

a) útlendingurinn hefur fengið dvalarleyfi,

b) útlendingurinn er farinn af yfirráðasvæði aðildarríkjanna,

c) útlendingurinn hefur fengið ríkisborgararétt í einhverju aðildarríkjanna.

IV. KAFLI

ÚTLENDINGAR SEM DVELJA ÓLÖGLEGA Í AÐILDARRÍKI

11. gr.

Samanburður fingrafaraupplýsinga

1. Með það í huga að kanna hvort útlendingur, sem dvelur ólöglega á yfirráðasvæði aðildarríkis, hafi áður lagt fram beiðni um hæli í öðru aðildarríki, getur hvert aðildarríki sent miðlægu einingunni allar fingrafaraupplýsingar varðandi fingraför sem það hefur tekið af öllum slíkum útlendingum sem hafa náð 14 ára aldri, ásamt tilvísunarnúmeri sem viðkomandi aðildarríki notar.

Yfirleitt er ástæða til að kanna hvort útlendingur hafi áður lagt fram beiðni um hæli í öðru aðildarríki ef:

a) útlendingurinn lýsir því yfir að hann hafi lagt fram beiðni um hæli án þess að tilgreina í hvaða aðildarríki beiðnin var lögð fram;

b) útlendingurinn biður ekki um hæli en neitar að láta senda sig til baka til upprunalandsins af þeirri ástæðu að þar væri hann í hættu, eða

c) útlendingurinn reynir með öðrum hætti að koma í veg fyrir brottflutning með því að neita samvinnu við að fá staðfest hver hann er, einkum með því að framvísa engum eða fölsuðum persónuskilríkjum.

2. Taki aðildarríki þátt í málsmeðferðinni sem um getur í 1. mgr. skulu þau senda miðlægu einingunni fingrafaraupplýsingar varðandi alla fingur eða a.m.k. báða vísifingur og, ef þá vantar, för af öllum öðrum fingrum útlendings sem um getur í 1. mgr.

3. Fingrafaraupplýsingar um útlending, sem um getur í 1. mgr., skal senda miðlægu einingunni eingöngu í þeim tilgangi að bera þær saman við fingrafara-

upplýsingar um þá beiðendur um hæli sem hin aðildarríkin hafa sent og eru þegar geymd í miðlæga gagnasafninu.

Fingrafaraupplýsingar um slíka útlendinga skal ekki skrá í miðlæga gagnasafnið né heldur bera þær saman við upplýsingarnar sem sendar eru til miðlægu einingarinnar skv. 2. mgr. 8. gr.

4. Að því er varðar samanburð fingrafaraupplýsinga, sem eru sendar samkvæmt þessari grein, við þær fingrafaraupplýsingar um beiðendur um hæli sem önnur aðildarríki senda og eru þegar geymdar í miðlægu einingunni skal málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 3., 5. og 6. mgr. 4. gr., beitt svo og ákvæðunum sem mælt er fyrir um í 7. mgr. 4. gr.

5. Þegar aðildarríkið, sem er upprunaríki, hefur fengið sendar niðurstöður samanburðarins skal miðlæga einingin tafarlaust:

a) eyða fingrafaraupplýsingum og öðrum upplýsingum sem hafa verið sendar skv. 1. mgr., og

b) eyðileggja miðlana sem aðildarríkið, sem er upprunaríki, notaði til að senda upplýsingarnar til miðlægu einingarinnar, nema það hafi óskað þess að fá þá aftur.

V. KAFLI

VIÐURKENNDIR FLÓTTAMENN

12. gr.

Upplýsingum læst

1. Upplýsingum, sem varða beiðanda um hæli sem hefur verið skráður skv. 2. mgr. 4. gr., skal læst í miðlæga gagnasafninu ef sá maður er viðurkenndur og hefur fengið að koma sem flóttamaður inn í aðildarríki. Miðlæga einingin skal annast læsinguna samkvæmt fyrirmælum aðildarríkisins sem er upprunaríki.

Á meðan ákvörðun skv. 2. mgr. hefur ekki verið samþykkt skal ekki senda jákvæðar niðurstöður varðandi menn sem hafa verið viðurkenndir og fengið að koma sem flóttamenn inn í aðildarríki. Miðlæga einingin skal endursenda aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, neikvæða niðurstöðu.

2. Fimm árum eftir að starfræksla Eurodac-kerfisins hefst og á grundvelli áreiðanlegra tölulegra upplýsinga, sem miðlæga einingin hefur tekið saman um menn sem hafa lagt fram beiðni um hæli í aðildarríki eftir að hafa verið viðurkenndir og fengið að koma sem flóttamenn inn í annað aðildarríki, skal taka ákvörðun, í samræmi við viðeigandi ákvæði sáttmálans, hvort upplýsingar um menn, sem hafa verið viðurkenndir og fengið að koma sem flóttamenn inn í aðildarríki, skuli:

a) geymdar í samræmi við 6. gr. vegna samanburðarins sem kveðið er á um í 3. mgr. 4. gr.; eða

b) þeim eytt fyrir tímann jafnskjótt og maðurinn hefur verið viðurkenndur og fengið að koma sem flóttamaður.

3. Í því tilviki, sem um getur í a-lið 2. mgr., skal aflæsa upplýsingunum sem var læst skv. 1. mgr. og ekki lengur beita málsmeðferðinni sem um getur í 1. mgr.

4. Í því tilviki, sem um getur í b-lið 2. gr.:

a) skal miðlæga einingin eyða tafarlaust upplýsingum sem hefur verið læst í samræmi við 1. mgr.; og

b) eyða skal upplýsingum um menn sem hafa síðar verið viðurkenndir og fengið að koma sem flóttamenn, í samræmi við 3. mgr. 15. gr., um leið og aðildarríki, sem er upprunaríki, fær vitneskju um að maðurinn hafi verið viðurkenndur og fengið að koma sem flóttamaður inn í aðildarríki.

5. Framkvæmdarákvæði um þá málsmeðferð við læsingu upplýsinga, sem um getur í 1. mgr., og samantekt þeirra tölulegu upplýsinga, sem um getur í 2. mgr., skulu samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 22. gr.

VI. KAFLI

NOTKUN OG VERND UPPLÝSINGA, ÖRYGGI OG BÓTAÁBYRGÐ

13. gr.

Ábyrgð á notkun upplýsinga

1. Aðildarríki, sem er upprunaríki, skal bera ábyrgð á að tryggja að:

a) fingraför séu tekin á lögmætan hátt;

b) fingrafaraupplýsingar og aðrar upplýsingar, sem um getur í 5. gr. (1. mgr.), 8. gr. (2. mgr.) og 11. gr. (2. mgr.), séu sendar með lögmætum hætti til miðlægu einingarinnar;

c) upplýsingar séu réttar og uppfærðar þegar þær eru sendar til miðlægu einingarinnar;

d) upplýsingar í miðlæga gagnasafninu séu skráðar, geymdar, leiðréttar og þeim eytt með lögmætum hætti, sbr. þó ábyrgð framkvæmdastjórnarinnar;

e) niðurstöður samanburðar fingrafaraupplýsinga, sem miðlæga einingin sendir, séu notaðar með lögmætum hætti.

2. Í samræmi við 14. gr. skal aðildarríkið, sem er upprunaríki, tryggja öryggi upplýsinganna sem um getur í 1. mgr. áður en og á meðan þær eru sendar til miðlægu einingarinnar svo og öryggi þeirra upplýsinga sem það tekur við frá miðlægu einingunni.

3. Aðildarríki, sem er upprunaríki, skal bera ábyrgð á lokasanngreiningu upplýsinganna skv. 6. mgr. 4. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að miðlæga einingin sé starfrækt í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og framkvæmdarákvæði hennar. Einkum skal framkvæmdastjórnin:

a) samþykkja ráðstafanir sem tryggja að starfsmenn miðlægu einingarinnar noti þær upplýsingar, sem eru skráðar í miðlæga gagnasafnið, eingöngu í samræmi við tilgang Eurodac-kerfisins eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. 1. gr.;

b) tryggja að starfsmenn miðlægu einingarinnar verði við öllum beiðnum frá aðildarríkjunum sem lagðar eru fram samkvæmt þessari reglugerð og varða skráningu, samanburð, leiðréttingu og eyðingu upplýsinga sem þau bera ábyrgð á;

c) gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi miðlægu einingarinnar í samræmi við 14. gr.;

d) tryggja að eingöngu menn, sem hafa heimild til að starfa í miðlægu einingunni, hafi aðgang að upplýsingum sem skráðar eru í miðlæga gagnasafnið, sbr. þó 20. gr. og heimildir óháðu eftirlitsstofnunarinnar sem verður komið á fót skv. 2. mgr. 286. gr. sáttmálans.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um þær ráðstafanir sem hún gerir samkvæmt fyrstu undirgrein.

14. gr.

Öryggi

1. Aðildarríki, sem er upprunaríki, skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að:

a) koma í veg fyrir að menn, sem hafa ekki til þess heimild, fái aðgang að innlendum mannvirkjum þar sem aðildarríkið hefur starfsemi sína í samræmi við markmið Eurodac-kerfisins (eftirlit við inngang að mannvirkjum);

b) koma í veg fyrir að menn, sem hafa ekki til þess heimild, geti lesið, afritað, breytt eða eytt upplýsingum og gagnamiðlum í Eurodac-kerfinu (eftirlit með gagnamiðlum);

c) tryggja að það sé unnt að kanna og staðfesta eftir á hvaða upplýsingar hafi verið skráðar í Eurodac-kerfið, hvenær og hver hafi skráð þær (eftirlit með skráningu upplýsinga);

d) koma í veg fyrir að hægt sé að skrá upplýsingar í Eurodac-kerfið án heimildar og breyta eða eyða án heimildar upplýsingum sem skráðar eru í Eurodac-kerfinu (eftirlit með færslu upplýsinga);

e) tryggja við notkun Eurodac-kerfisins að menn, sem hafa til þess heimild, hafi eingöngu aðgang

að upplýsingum sem heimildin nær til (eftirlit með aðgangi);

f) tryggja að hægt sé að kanna og staðfesta til hvaða yfirvalda unnt er að senda upplýsingar, sem eru skráðar í Eurodac-kerfið, með búnaði til gagnaflutnings (eftirlit með sendingum);

g) hindra að hægt sé án heimildar að lesa, afrita, breyta eða eyða upplýsingum bæði við milliliðalausa sendingu upplýsinga til eða frá miðlæga gagnasafninu og við flutning gagnamiðla til eða frá miðlægu einingunni (eftirlit með flutningi).

2. Að því er varðar starfsemi miðlægu einingarinnar skal framkvæmdastjórnin bera ábyrgð á að beita þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í 1. mgr.

15. gr.

Aðgangur að upplýsingum, skráðum í Eurodac-kerfinu, leiðrétting þeirra og eyðing

1. Aðildarríki, sem er upprunaríki, skal hafa aðgang að upplýsingum sem það hefur sent og sem eru skráðar í miðlæga gagnasafnið í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

Ekkert aðildarríki má leita í upplýsingum sem annað aðildarríki hefur sent né heldur taka við slíkum upplýsingum, að undanskildum upplýsingum sem eru niðurstaða samanburðar sem um getur í 5. mgr. 4. gr.

2. Hvert aðildarríki skal tilgreina þau yfirvöld aðildarríkjanna sem hafa, skv. 1. mgr., aðgang að upplýsingum sem eru skráðar í miðlæga gagnasafnið. Hvert aðildarríki skal senda framkvæmdastjórninni skrá yfir þessi yfirvöld.

3. Eingöngu aðildarríkið, sem er upprunaríki, skal eiga rétt á að breyta upplýsingum sem það hefur sent til miðlægu einingarinnar með því að leiðrétta eða bæta við þessar upplýsingar eða eyða þeim, sbr. þó þegar upplýsingum er eytt skv. 6. gr., 10. gr. (1. mgr.) eða 12. gr. (a-lið 4. mgr.).

Ef aðildarríki, sem er upprunaríki, skráir upplýsingar milliliðalaust í miðlæga gagnasafnið er því heimilt að breyta eða eyða upplýsingunum milliliðalaust.

Ef aðildarríki, sem er upprunaríki, skráir upplýsingar ekki milliliðalaust í miðlæga gagnasafnið skal miðlæga einingin breyta eða eyða upplýsingunum að beiðni þess aðildarríkis.

4. Ef aðildarríki eða miðlæga einingin hefur ástæðu til að ætla að upplýsingar, sem skráðar eru í miðlæga gagnasafnið, séu í raun rangar skal það/hún tilkynna það aðildarríkinu sem er upprunaríki eins fljótt og unnt er.

Ef aðildarríki hefur ástæðu til að ætla að upplýsingar hafi verið skráðar í miðlæga gagnasafnið í andstöðu við þessa reglugerð skal það tilkynna það aðildarríkinu sem er upprunaríki eins fljótt og unnt er. Síðarnefnda ríkið skal athuga viðkomandi upplýsingar og breyta þeim eða eyða án tafar ef það er nauðsynlegt.

5. Miðlæga einingin skal ekki senda yfirvöldum þriðja lands upplýsingar eða veita þeim aðgang að upplýsingum sem eru skráðar í miðlæga gagnasafnið, nema hún hafi sérstaka heimild til þess innan ramma bandalagssamnings um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli.

16. gr.

Skráning miðlægu einingarinnar

1. Miðlæga einingin skal halda skrár yfir alla vinnslu upplýsinga í miðlægu einingunni. Í þessum skrám skal koma fram tilgangur aðgangs, dagsetning og tími, upplýsingar sem voru sendar, upplýsingar sem voru notaðar vegna fyrirspurnar, heiti þeirrar starfseiningar sem lætur upplýsingar í té eða leitar eftir þeim og nöfn þeirra manna sem bera ábyrgð á því.

2. Þessar skrár má eingöngu nota til að hafa eftirlit með því, með hliðsjón af verndun upplýsinga, hvort heimilt sé að meðhöndla upplýsingarnar og til að tryggja öryggi upplýsinga skv. 14. gr. Gerðar skulu viðeigandi ráðstafanir til að verjast óheimilum aðgangi að skránum og skal þeim eytt að ári liðnu ef þeirra er ekki þörf vegna eftirlitsmeðferðar sem þegar er hafin.

17. gr.

Bótaábyrgð

1. Sérhver maður eða aðildarríki, sem hefur beðið tjón af völdum ólögmætrar meðferðar eða annars verknaðar sem er í andstöðu við ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skal eiga rétt á að fá skaðabætur frá aðildarríkinu sem ber ábyrgð á tjóninu. Ríkið skal undanþegið bótaábyrgð, að fullu eða að hluta til, ef það getur fært sönnur á að það beri ekki ábyrgð á atburðinum sem olli tjóninu.

2. Ef aðildarríki stendur ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt þessari reglugerð og það veldur tjóni á miðlæga gagnasafninu skal það aðildarríki bera ábyrgð á því tjóni, svo framarlega sem framkvæmdastjórnin hafi ekki gert réttmætar ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjónið eða takmarka afleiðingar þess.

3. Með bótakröfur á hendur aðildarríki vegna tjóns, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal fara að ákvæðum innlendra laga aðildarríkisins sem er varnaraðili.

18. gr.

Réttur þess sem upplýsingarnar fjalla um

1. Aðildarríkið, sem er upprunaríki, skal tilkynna manni, sem þessi reglugerð tekur til, um eftirfarandi:

a) hver ber ábyrgð á skráningunni og hver fulltrúi hans er ef við á;

b) tilganginn með vinnslu upplýsinganna í Eurodac-kerfinu;

c) hverjir fá upplýsingarnar;

d) að því er varðar mann sem 4. eða 8. gr. tekur til, að skylda er að taka fingraför hans;

e) réttinn til að fá aðgang að og leiðréttingu á upplýsingunum sem varða hann.

Að því er varðar mann, sem 4. eða 8. gr. tekur til, skal veita upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, þegar fingraför hans eru tekin.

Að því er varðar mann, sem 11. gr. tekur til, skal veita upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, eigi síðar en þegar upplýsingarnar um þann mann eru sendar til miðlægu einingarinnar. Þessi skylda á ekki við ef það kemur í ljós að ekki er unnt að veita þessar upplýsingar eða að það hefði í för með sér óeðlilega mikla vinnu.

2. Í hverju aðildarríki er þeim mönnum, sem upplýsingarnar varða, heimilt, í samræmi við lög, reglur og málsmeðferð þess ríkis, að neyta réttar síns sem kveðið er á um í 12. gr. tilskipunar 95/46/EB.

Með fyrirvara um þá skyldu að veita aðrar upplýsingar í samræmi við a-lið 12. gr. tilskipunar 95/46/EB skal maðurinn, sem upplýsingarnar varða, eiga rétt á að fá tilkynningu um þær upplýsingar sem eru skráðar í miðlæga gagnasafnið um hann og hvaða aðildarríki sendi þær til miðlægu einingarinnar. Einungis aðildarríki getur veitt slíkan aðgang að upplýsingum.

3. Í hverju aðildarríki getur hver sem er farið fram á að upplýsingar, sem eru rangar, séu leiðréttar eða að upplýsingum, sem hafa verið skráðar með ólögmætum hætti, sé eytt. Aðildarríkið, sem sendi upplýsingarnar, skal leiðrétta þær eða eyða þeim án mikilla tafa í samræmi við lög, reglur og málsmeðferð í því ríki.

4. Sé rétturinn til leiðréttingar og eyðingar nýttur í öðru aðildarríki en því eða þeim aðildarríkjum sem sendu upplýsingarnar skulu yfirvöld þess aðildarríkis hafa samband við yfirvöld viðkomandi aðildarríkis eða aðildarríkja svo að síðarnefndu yfirvöldin geti kannað hvort upplýsingarnar séu réttar og hvort þær hafi verið sendar og skráðar í miðlæga gagnasafnið með lögmætum hætti.

5. Komi í ljós að upplýsingar, sem skráðar eru í miðlæga gagnasafnið, séu í raun rangar eða hafi verið skráðar með ólögmætum hætti skal aðildarríkið, sem sendi þær, leiðrétta eða eyða upplýsingunum í samræmi við 3. mgr. 15. gr. Það aðildarríki skal greina þeim manni, sem upplýsingarnar varða, skriflega og án mikilla tafa frá því að það hafi gert ráðstafanir til að leiðrétta eða eyða upplýsingum sem varða hann.

6. Samþykki aðildarríkið, sem sendi upplýsingarnar, ekki að upplýsingar, sem skráðar eru í miðlæga

gagnasafnið, séu í raun rangar eða hafi verið skráðar með ólögmætum hætti skal það skýra það skriflega og án mikilla tafa fyrir þeim manni, sem upplýsingarnar varða, hvers vegna það sé ekki reiðubúið til að leiðrétta eða eyða upplýsingunum.

Aðildarríkið skal einnig veita þeim manni, sem upplýsingarnar varða, upplýsingar um hvaða leið hann geti farið ef hann sættir sig ekki við þær skýringar sem gefnar eru. Þar með skulu fylgja upplýsingar um hvernig á að höfða mál eða, ef við á, leggja fram kæru til þar til bærra yfirvalda eða dómstóla í því aðildarríki og um fjárhagsaðstoð eða aðra aðstoð sem tiltæk er í samræmi við lög, reglur og málsmeðferð í því aðildarríki.

7. Í öllum beiðnum skv. 2. og 3. mgr. skulu vera þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að staðfesta hver sá er sem upplýsingarnar varða, þar með talin fingraför. Þessar upplýsingar skal eingöngu nota til að heimila nýtingu réttarins sem um getur í 2. og 3. mgr. og þær skulu eyðilagðar umsvifalaust eftir á.

8. Þar til bær yfirvöld aðildarríkjanna skulu vinna náið saman að því að framfylgja þeim rétti sem mælt er fyrir um í 3., 4. og 5. mgr.

9. Í hverju aðildarríki skal innlenda eftirlitsstofnunin aðstoða þann mann, sem upplýsingarnar varða, við að neyta réttar síns í samræmi við 4. mgr. 28. gr. tilskipunar 95/46/EB.

10. Innlenda eftirlitsstofnunin í aðildarríkinu sem sendi upplýsingarnar og innlenda eftirlitsstofnunin í því aðildarríki þar sem maðurinn, sem upplýsingarnar varða, er staddur skulu aðstoða hann og, sé þess óskað, leiðbeina honum við að nýta sér rétt sinn á leiðréttingu eða eyðingu upplýsinga. Báðar innlendu eftirlitsstofnanirnar skulu vinna saman í þessu skyni. Beiðnum um aðstoð af þessu tagi má beina til innlendu eftirlitsstofnunarinnar í því aðildarríki þar sem maðurinn, sem upplýsingarnar varða, er staddur og skal hún senda beiðnirnar til stofnunarinnar í því aðildarríki sem sendi upplýsingarnar. Maðurinn, sem upplýsingarnar varða, má einnig beina beiðni um aðstoð og leiðbeiningar til sameiginlegu eftirlitsstofnunarinnar sem komið er á fót með 20. gr.

11. Í hverju aðildarríki má, í samræmi við lög, reglur og málsmeðferð í því ríki, hver sem er höfða mál eða, ef við á, leggja fram kæru til þar til bærra yfirvalda eða dómstóla ríkisins hafi honum verið meinað að nýta sér aðgangsréttinn sem kveðið er á um í 2. mgr.

12. Hver sem er getur, í samræmi við lög, reglur og málsmeðferð í aðildarríkinu sem sendi upplýsingarnar, höfðað mál eða, ef við á, lagt fram kæru til þar til bærra yfirvalda eða dómstóla í því ríki varðandi upplýsingarnar sem varða hann og eru skráðar í miðlæga gagnasafnið til þess að ná fram rétti sínum skv. 3. mgr. Innlenda eftirlitsstofnunin er skyldug til að aðstoða manninn, sem upplýsingarnar varða, og, sé þess óskað, leiðbeina honum í samræmi við 10. mgr. á meðan á málsmeðferð stendur.

19. gr.

Innlend eftirlitsstofnun

1. Hvert aðildarríki skal sjá um að innlenda eftirlitsstofnunin eða -stofnanirnar sem tilnefnd(ar) eru skv. 1. mgr. 28. gr. tilskipunar 95/46/EB, annist sjálfstætt eftirlit í samræmi við viðeigandi innlend lög, með því hvort vinnsla viðkomandi aðildarríkis á persónuupplýsingum sé með lögmætum hætti, þar með talin sending þeirra til miðlægu einingarinnar.

2. Hvert aðildarríki skal tryggja að innlenda eftirlitsstofnunin hafi aðgang að ráðgjöf manna sem búa yfir nægilegri þekkingu á fingrafaraupplýsingum.

20. gr.

Sameiginlega eftirlitsstofnunin

1. Óháðri sameiginlegri eftirlitsstofnun skal komið á fót með mest tveimur fulltrúum frá eftirlitsstofnunum hvers aðildarríkis. Hver sendinefnd hefur eitt atkvæði.

2. Sameiginlega eftirlitsstofnunin skal hafa eftirlit með starfsemi miðlægu einingarinnar til að tryggja að réttur þeirra manna, sem upplýsingarnar varða, sé virtur við vinnslu eða notkun þeirra upplýsinga sem geymdar eru í miðlægu einingunni. Auk þess skal hún hafa eftirlit með því að miðlæga einingin sendi persónuupplýsingar með lögmætum hætti til aðildarríkjanna.

3. Það er verkefni sameiginlegu eftirlitsstofnunarinnar að kanna vandamál varðandi framkvæmd í tengslum við starfrækslu Eurodac-kerfisins, að kanna erfiðleika sem geta komið upp við eftirlit innlendu eftirlitsstofnananna og vinna tillögur að sameiginlegum lausnum á vandamálum sem upp hafa komið.

4. Innlendu eftirlitsstofnanirnar skulu styðja sameiginlegu eftirlitsstofnunina ötullega í störfum hennar.

5. Sameiginlega eftirlitsstofnunin skal hafa aðgang að ráðgjöf manna sem búa yfir nægilegri þekkingu á fingrafaraupplýsingum.

6. Framkvæmdastjórnin skal aðstoða sameiginlegu eftirlitsstofnunina við að sinna verkefnum sínum. Einkum skal hún veita upplýsingar, sem sameiginlega eftirlitsstofnunin óskar eftir, veita henni aðgang að öllum skjölum og málaskrám, svo og aðgang að þeim upplýsingum sem geymdar eru í kerfinu og heimila henni aðgang að öllum vinnusvæðum hvenær sem er.

7. Sameiginlega eftirlitsstofnunin setur sér starfsreglur með samhljóða samþykki. Hún skal njóta aðstoðar skrifstofu en verkefni hennar verða skilgreind í starfsreglunum.

8. Skýrslur, sem sameiginlega eftirlitsstofnunin vinnur, skulu birtar opinberlega og sendar þeim stofnunum sem taka við skýrslum frá innlendu eftirlitsstofnununum, svo og Evrópuþinginu, ráðinu og framkvæmdastjórninni til upplýsingar. Auk þess getur sameiginlega eftirlitsstofnunin, hvenær sem er, sent Evrópuþinginu, ráðinu og framkvæmdastjórninni athugasemdir eða tillögur til umbóta varðandi verkefni sín.

9. Þeir sem starfa við sameiginlegu eftirlitsstofnunina skulu í störfum sínum ekki taka við fyrirmælum frá neinni ríkisstjórn eða stofnun.

10. Hafa skal samráð við sameiginlegu eftirlitsstofnunina um þann hluta draga að fjárhagsáætlun fyrir rekstur miðlægrar einingar Eurodac-kerfisins sem varðar eftirlitsstofnunina. Álit hennar skal fylgja viðkomandi drögum að fjárhagsáætlun sem viðauki.

11. Sameiginlega eftirlitsstofnunin verður lögð niður þegar óháðu eftirlitsstofnuninni, sem um getur í 2. mgr. 286. gr. sáttmálans, verður komið á fót. Óháða eftirlitsstofnunin skal koma í stað sameiginlegu eftirlitsstofnunarinnar og hafa það valdsvið sem henni er falið í krafti gerðarinnar þar sem þeirri stofnun er komið á fót.

VII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

21. gr.

Kostnaður

1. Kostnaður í tengslum við stofnun og rekstur miðlægu einingarinnar skal færður á fjárhagsáætlun Evrópusambandsins.

2. Kostnað vegna innlendra eininga og kostnað vegna tengingar þeirra við miðlæga gagnasafnið skal hvert aðildarríki bera.

3. Kostnað við sendingu upplýsinga frá aðildarríkinu, sem er upprunaríki, og sendingu niðurstaðna samanburðarins til þess aðildarríkis skal viðkomandi ríki bera.

22. gr.

Framkvæmdarákvæði

1. Ráðið skal samþykkja með þeim meirihluta, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 205. gr. sáttmálans, þau framkvæmdarákvæði sem nauðsynleg eru til að:

– mæla fyrir um málsmeðferðina sem um getur í 7. mgr. 4. gr.,

– mæla fyrir um málsmeðferð við læsingu upplýsinga sem um getur í 1. mgr. 12. gr.,

– vinna þær tölulegu upplýsingar sem um getur í 2. mgr. 12. gr.

Ef þessi framkvæmdarákvæði hafa áhrif á rekstrarkostnað sem aðildarríkin þurfa að bera skal ráðið taka ákvörðun með samhljóða samþykki.

2. Ráðstafanirnar, sem um getur í 4. mgr. 3. gr., skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr.

23. gr.

Nefndin

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar skal beitt 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

24. gr.

Ársskýrsla: Eftirlit og mat

1. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu ársskýrslu um starfsemi miðlægu einingarinnar. Í ársskýrslunni skulu vera upplýsingar um stjórnun og afköst Eurodac-kerfisins miðaðar við magnvísibreytur sem voru skilgreindar fyrir fram fyrir þau markmið sem um getur í 2. mgr.

2. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að kerfi séu til staðar til að hafa eftirlit með starfsemi miðlægu einingarinnar með tilliti til markmiða í því er lýtur að afköstum, kostnaðarhagkvæmni og gæðum þjónustunnar.

3. Framkvæmdastjórnin skal með jöfnu millibili meta starfsemi miðlægu einingarinnar til þess að ganga úr skugga um hvort markmiðum hennar að því er varðar kostnaðarhagkvæmni hefur verið náð og með það í huga að setja fram viðmiðunarreglur til að auka skilvirkni í rekstri í framtíðinni.

4. Einu ári eftir að starfræksla Eurodac-kerfisins hefst skal framkvæmdastjórnin leggja fram matsskýrslu um miðlægu eininguna þar sem eftirspurn í reynd er borin saman við áætlaða eftirspurn og um atriði varðandi rekstur og stjórnsýslu í ljósi reynslunnar með það í huga að skilgreina úrbætur í rekstri til skemmri tíma sem til greina koma.

5. Þremur árum eftir að starfræksla Eurodac-kerfisins hefst og á sex ára fresti þaðan í frá skal framkvæmdastjórnin leggja fram heildarmat á Eurodac-kerfinu þar sem hún ber saman árangurinn, sem náðst hefur, við markmiðin og metur hvort þær meginreglur, sem lagðar eru til grundvallar, eigi áfram við og tekur afstöðu til þeirra þátta sem gætu haft áhrif á starfsemina í framtíðinni.

25. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu tryggja að notkun upplýsinga, sem skráðar eru í miðlæga gagnasafnið, í andstöðu við tilgang Eurodac-kerfisins, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 1. gr., varði viðeigandi viðurlögum.

26. gr.

Gildissvæði

Ákvæði þessarar reglugerðar taka ekki til yfirráðasvæða þar sem Dyflinnarsamningurinn gildir ekki.

27. gr.

Gildistaka og gildissvið

1. Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

2. Reglugerð þessari skal beitt og starfræksla Eurodac-kerfisins hefjast frá og með þeim degi sem framkvæmdastjórnin tilkynnir með birtingu í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* að eftirfarandi skilyrði hafi verið uppfyllt:

a) hvert aðildarríki hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni að það hafi gert nauðsynlegar tæknilegar ráðstafanir til að senda upplýsingar til miðlægu einingarinnar í samræmi við framkvæmdarákvæðin skv. 7. mgr. 4. gr. og farið að framkvæmdarákvæðunum skv. 5. mgr. 12. gr.; og

b) framkvæmdastjórnin hefur gert nauðsynlegar tæknilegar ráðstafanir til að miðlæga einingin geti hafið starfsemi í samræmi við framkvæmdarákvæðin skv. 7. mgr. 4. gr. og 5. mgr. 12. gr.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 11. desember 2000.

Fyrir hönd ráðsins,
H. VÉDRINE,
forseti.

668. Frumvarp til laga [413. mál]

um breyting á lögum nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

11. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt með það fyrir augum að fella niður ákvæði laga um Ríkisútvarpið er varðar framkvæmdasjóð stofnunarinnar.

Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins var stofnaður með breytingu á útvarpslögum árið 1970. Var þá kveðið á um að 5% af heildartekjum stofnunarinnar skyldu renna í sjóðinn. Það hlutfall var hækkað í 10% með breytingu á útvarpslögum árið 1979.

Þau markmið sem stefnt var að með stofnun Framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins voru að tryggja viðunandi húsnæði, tækjakost og dreifikerfi fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins. Þessum markmiðum hefur verið náð. Öll starfsemi Ríkisútvarpsins hefur nú verið flutt í hús Ríkisútvarpsins við Efstaleiti og verið sameinuð þar. Samhliða flutningum hefur tækjakostur verið endurnýjaður. Þá hefur uppbyggingu dreifikerfis fyrir eina sjónvarpsrás og tvær rásir hljóðvarps, sem Ríkisútvarpinu ber skylda til að reka lögum samkvæmt, verið lokið með þeim árangri að meira en 99% þjóðarinnar ná þessum útsendingum.

Í ljósi þessa er lagt til með frumvarpi þessu að sú lagaskylda sem hvílt hefur á Ríkisútvarpinu að taka frá 10% af bruttótekjum stofnunarinnar verði felld niður. Ætti það að greiða fyrir því að Ríkisútvarpinu verði gert betur kleift en áður að framleiða og kaupa dagskrárefni til flutnings í útsendingum sínum.

Fylgiskjal I.

Greinargerð útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins.
(1. desember 2000.)

Ákvæði um sérstakan framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins var fyrst sett í lög með breytingum á útvarpslögum 5. apríl 1971. Í 14. gr. þeirra laga var svohljóðandi ákvæði:

„Í sjóð er nefnist Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins skal leggja 5% af brúttótekjum stofnunarinnar.

Fé Framkvæmdasjóðs skal verja til að tryggja viðunandi húsnæði og tækjakost fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins.“

Með lögum um breytingu á útvarpslögum, nr. 17/1971, var 1. mgr. 14. gr. orðuð svo:

„Í sjóð er nefnist Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins skal leggja 10% af brúttótekjum stofnunarinnar.“

Á þeim tíma hafði byggingarnefnd vegna nýs útvarpshúss fyrir alla starfsemi hljóðvarps og sjónvarps Ríkisútvarpsins verið sett á laggirnar og stórverkefni blöstu einnig við varðandi dreifingu sjónvarps um landið og uppbyggingu FM-dreifikerfis fyrir hljóðvarpssendingar.

Við setningu útvarpslaga, nr. 68/1985, var breyting enn gerð á ákvæði um Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins, sbr. 23. gr. þeirra laga, er hljóðaði svo:

„Í sjóð sem nefnist Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins skal leggja 10% af brúttótekjum stofnunarinnar.

Aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau renni óskipt í sjóðinn.

Fé Framkvæmdasjóðs skal verja til að tryggja viðunandi húsnæði, tækjakost og dreifikerfi fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins.“

Tillaga um þessa breytingu kom fram í áliti útvarpslaganefndar sem unnið hafði að gerð frumvarps um nýtt útvarpslög og skilaði af sér í október 1982. Í greinargerð nefndarinnar er tekið fram að í síðustu málsgreininni sé dreifikerfum bætt við hlutverk Framkvæmdsjóðsins og þá ekki síst höfð í huga brýn þörf á endurbyggingu langbylgjustöðvar í stað Vatnsendastöðvar. Lítt reyndi á framkvæmd ákvæðisins um aðflutningsgjöldin því að það var gert óvirkt við árlega afgreiðslu lánsfjárlaga, utan einu sinni, uns það var afnumið með lögum nr. 144/1995.

Markmiðunum með stofnun Framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins hefur verið náð og var það innsiglað nú fyrir skemmstu þegar sjónvarpsstarfsemi Ríkisútvarpsins var flutt í Útvarpshúsið við Efstaleiti og öll starfsemi stofnunarinnar sameinuð þar. Samhliða flutningum hefur tækjakostur verið endurnýjaður. Þá hefur uppbyggingu dreifikerfis fyrir eina sjónvarpsrás og tvær rásir hljóðvarps, sem Ríkisútvarpinu ber skylda til að reka lögum samkvæmt, verið lokið með þeim árangri að meira en 99% þjóðarinnar ná þessum útsendingum. Stórátak hefur og verið gert í endurbyggingu langbylgjukerfisins með hinum nýju sendistöðvum á Gufuskálum og Eiðum.

Á allnokkrum sveitabæjum á tiltölulega afskekktum svæðum eru enn ekki skilyrði til að ná útsendingum Sjónvarpsins. Áætlað er að kostnaður vegna viðbótarsenda og annarra aðgerða við dreifikerfið til að þjóna umræddum bæjum, sem eru 41 að tölu, nemi um 120 milljónum króna. Þá er miðað við venjulega senda fyrir eina rás Sjónvarpsins. Ný tækni, sem er í þróun, getur orðið álitlegur kostur við að leysa umrædd tæknivandamál með heildstæðari lausnum en viðbætur við hið hefðbundna dreifikerfi Sjónvarpsins fela í sér.

Landssími Íslands hf. vinnur nú áætlun um ISDN-væðingu sveitabæja. Með ISDN-tækninni er lagður grunnur að stafrænum flutningi til símnotenda. Sá grunnur getur jafnframt verið nýttur til að flytja sjónvarpsefni frá dagskrárveitu til notenda ef fjarlægð frá stofnveitu fjarskiptakerfisins í heimahús notenda er innan viðráðanlegra marka. Þarna getur verið um tvær mismunandi lausnir að ræða. Dagskrárveita sé með efni frá fleiri stöðvum, e.t.v. frá Sjónvarpinu, Stöð 2, Skjá einum o.fl., og notandinn velji efni til áhorfs eftir framboði og áhuga. Hin leiðin er að dagskrárveitan sé dagskrárháð, t.d. eingöngu með dagskrá Sjónvarpsins í boði, og tæknilausnir aðlagaðar hverjum sveitabæ eða fáum sveitabæjum. Í fyrri kostinum mundi kostnaður við dreifinguna væntanlega deilast á fleiri aðila, en í þeirri síðari aðeins á Sjónvarpið. Búnaður fyrir þjónustu af þessu tagi er á þróunarstigi og óvíst í hvað miklum mæli hann mun

henta umræddum sveitabæjum en þróunin er ör um þessar mundir. Lausnir af þessum toga eru álitlegar þegar almennt er horft til þróunar og samkeppni á fjarskiptamarkaði.

Með hliðsjón af framansögðu á það ekki við lengur að Ríkisútvarpinu sé skylt að taka frá 10% af brúttótekjum til framkvæmda og binda í þessum sjóði, óháð því hverjar þarfirnar raunverulega eru og hvernig sem ástatt er í fjármálum stofnunarinnar að öðru leyti. Hlutverk Ríkisútvarpsins hlýtur fyrst og fremst að vera að framleiða og kaupa dagskrárefni til flutnings í útsendingum sínum.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið.

Í frumvarpinu er lagt til að fellt verði niður ákvæði laga um Ríkisútvarpið er varðar framkvæmdasjóð stofnunarinnar. Að mati fjármálaráðuneytisins hefur frumvarpið ekki áhrif á útgjöld ríkisins verði það að lögum.

669. Lög [379. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117 20. desember 1993, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 24. jan.)

Samhljóða þskj. 624.

670. Þingsályktun [411. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Agreidd frá Alþingi 24. jan.)

Samhljóða þskj. 666.

671. Svar [401. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um þjóðbúninga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Eru uppi áform um að setja lög og reglugerð um rétta gerð og notkun þjóðbúnings, sbr. lög um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944?

Af hálfu forsætisráðuneytis eru ekki uppi áform um að setja lög um gerð og notkun íslensks þjóðbúnings. Alþingi samþykkti á 123. löggjafarþingi ályktun um að fela menntamálaráðherra að koma á fót þjóðbúningaráði til að varðveita þekkingu á íslenskum búningum og gerð íslenskra búninga, jafnframt því sem ráðinu skyldi falið að koma á fót leiðbeiningarþjónustu. Hefur verið unnið að framkvæmd tillögunnar á vegum menntamálaráðuneytis, sbr. nánar svar menntamálaráðherra við fyrirspurn um íslenska búninga á þskj. 672 (402. mál).

672. Svar [402. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um íslenska búninga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hefur þjóðbúningaráð sem Alþingi ályktaði að koma á fót, sbr. þingsályktun 10. mars 1999 verið skipað?*
2. *Er fyrirhugað að stofna leiðbeiningarþjónustu í sambandi við notkun og gerð íslenskra búninga, sbr. sömu þingsályktun?*
3. *Hvaða áform eru um stuðning við gerð íslenskra búninga?*
4. *Er fyrirhugað að standa fyrir kynningum á íslenskum búningum í skólum og á öðrum vettvangi? Ef svo er, á hvers vegum verða kynningarnar?*
5. *Hvernig er fyrirhugað að tryggja að fagleg þekking við gerð íslenskra búninga viðhaldist hjá klæðskerum, kjólameisturum og í handverksiðnum? Eru uppi áform um stuðning í þessum efnum, til dæmis við handverk sem tengist íslenskum búningum, svo sem prjón, skúfagerð, orkeringu, knipl, balderingu og silfursmíði?*
6. *Er fyrirhugað að veita vestur-íslenskum áhugamönnum aðstoð og leiðbeiningu um gerð íslenskra búninga?*
7. *Er fyrirhugað að skrá alla íslenska búninga sem til eru á byggðasöfnum landsins?*
8. *Er fyrirhugað að styðja námskeiðahald í tengslum við íslenska búninga í öðrum byggðarlögum landsins en á suðvesturhorninu, svo sem með því að greiða ferðakostnað kennara og leiðbeinenda?*

Skipað var í þjóðbúningaráð 10. janúar 2001. Í þjóðbúningaráði eru:
Lilja Árnadóttir, tilnefnd af Þjóðminjasafni Íslands, formaður,
Áslaug Sverrisdóttir, tilnefnd af Árbæjarsafni,
Svanhildur Stefánsdóttir, tilnefnd af Kvenfélagasambandi Íslands,
Dóra Guðbjört Jónsdóttir, tilnefnd af Þjóðdansafélagi Íslands, og
Elínbjört Jónsdóttir, tilnefnd af Heimilisiðnaðarfélagi Íslands.

Varamenn eru:
Margrét Gísladóttir, tilnefnd af Þjóðminjasafni Íslands,
Unnur Björk Lárusdóttir, tilnefnd af Árbæjarsafni,
Halla Aðalsteinsdóttir, tilnefnd af Kvenfélagasambandi Íslands,
Lilja Ingibjörg Jóhannsdóttir, tilnefnd af Þjóðdansafélagi Íslands, og
Kristín Jónsdóttir Schmidhauser, tilnefnd af Heimilisiðnaðarfélagi Íslands.

Ráðuneytið bíður eftir tillögum þjóðbúningaráðs um verkefni og starfsemi eins og óskað var eftir í erindisbréfi þess.

Á þessu ári er varið 1,5 millj. kr. til þjóðbúningaráðs til ráðstöfunar. Frekari stuðningur ræðst af samþykkt Alþingis við afgreiðslu fjárlaga.

Ráðuneytið mun varðandi þessi efni ekki hafa frumkvæði heldur væntir tillagna þjóðbúningaráðs.

673. Svar [182. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um stangveiði í ám.

Fyrirspurnin hljóðar svo;

1. *Hversu oft á sl. 20 árum hefur veiðimálastjóri heimilað:*
   a. *fjölgun stanga í íslenskum laxveiðiám, sundurliðað eftir ám og árum,*
   b. *lengingu veiðitíma fram yfir 90 daga, sundurliðað eftir ám og vötnum?*
2. *Hversu oft á sl. 20 árum hefur veiðimálastjóri mælt fyrir um fækkun leyfilegra stanga í íslenskum laxveiðiám, sundurliðað eftir ám og árum?*

Leitað var til veiðimálastjóra um svar við fyrirspurninni.

1. Breyting á fjölda stanga í ám.

Heimild veiðimálastjóra til ákvörðunar á fjölda stanga er byggð á 4. mgr. 30. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, sem hljóðar svo: „Veiðimálastjóri ákveður með samþykki veiðimálanefndar, hversu margar stengur megi hafa um sinn í veiðivatni. Leita skal hann um það álits veiðifélags.“

Veiðimálastjóri og veiðimálanefnd hafa þannig ætíð tekið sameiginlegar ákvarðanir um leyfilegan stangafjölda í hverri á og við þær ákvarðanir hefur verið gætt mikillar íhaldssemi í ljósi þess að ekki er stjórnsýslulega auðvelt að fækka stöngum í samræmi við minnkandi laxveiði. Kemur þar til sú staðreynd að veiðileyfi eru að verulegum hluta seld í forsölu sex mánuðum fyrir veiðitíma, löngu áður en ljóst er hvernig laxgengd verður það árið. Þar sem niðurstöður rannsókna í laxveiðiám hér á landi hafa enn fremur ekki gefið til kynna að um ofveiði væri að ræða hafa veiðimálastjóri og veiðimálanefnd hvorki haft faglegar né stjórnsýslulegar forsendur til fækkunar á stöngum. Hins vegar hafa veiðifélög og stangveiðifélög oft brugðist við minnkandi laxveiði með því að fækka leyfilegum stangveiðidögum. Einnig hafa þessir aðilar takmarkað sókn með því að setja hámark á daglegan fjölda veiddra laxa og takmarka leyfilega beitu. Auk þess tíðkast nú mjög að sleppa fluguveiddum laxi. Þessi atriði gætu í mörgum tilfellum verið áhrifameiri friðunaraðgerðir en fækkun stanga.

Í töflu 1 eru sýndar þær breytingar sem orðið hafa á leyfilegum stangafjölda í laxveiðiám hér á landi undanfarin 20 ár. Fram kemur hvaða ár breytingin er heimiluð og svo meðalveiði í ánni og fjöldi veiddra laxa á hverja leyfilega stöng eftir breytinguna. Eins og sést hafa 20

sinnum orðið breytingar á fjölda stanga í 18 ám undanfarin 20 ár. Þetta staðfestir þá íhaldssemi sem áður var minnst á varðandi stangafjölda.

Samkvæmt 21. grein laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, getur veiðimálastjóri friðað veiðivatn gegn allri veiði eða einstökum veiðiaðferðum, enda sé friðun nauðsynleg til að vernda stofn veiðivatnsins. Í þessu tilfelli þarf veiðimálastjóri samþykki veiðimálanefndar og viðkomandi veiðifélags fyrir aðgerðunum, sem hljóta að byggjast á faglegum upplýsingum um að fiskstofn vatnasvæðisins sé í verulegri hættu. Til þessa ákvæðis hefur aldrei verið gripið, enda greinilega sett inn í lögin sem neyðarúrræði þegar annað þrýtur.

2. Framlenging á veiðitíma.

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, er heimilt að veiða lax í þrjá og hálfan mánuð á tímabilinu frá 20. maí til 30. september ár hvert. Þetta samsvarar 104 stangardögum. Engar heimildir eru í lögum til að framlengja veiði á laxi umfram þessi tímamörk og því hafa engar heimildir til framlengingar verið veittar.

Í fyrirspurn kemur fram misskilningur um leyfilegan hámarksveiðitíma. Fyrir 1994 var leyfilegur laxveiðitími í hverri veiðiá 90 dagar en með breytingalögum nr. 63/1994 var laxveiðitímabilið lengt um hálfan mánuð, eða úr 90 dögum í 104.

VEIÐIMÁLASTJÓRI
Directorate of Freshwater Fisheries

Vagnhöfði 7
110 Reykjavík, Iceland
Sími: 567 6400 • Bréfsími: 567 8850
Netfang: veidimalastjori@veidimalastjori.is

Breytingar á stangafjölda vegna laxveiða síðustu 20 ár (1980-1999)

Vatnsfall	Meðalveiði	Fjöldi stanga fyrir breytingu	Ný ákvörðun á stangar-fjölda	Meðalveiði á hverja stöng	Ártal við ákvörðun stangarfjölda	Athugasemdir
Blanda	1017	4	7	145 *laxar*	1992	*Breytt aðstaða til veiði vegna virkjunarframkvæmda*
Breiðdalsá	132	8	10	13 *laxar*	1980	*Að hluta til bleikjuveiði*
Elliðaár	1281	6	6	214 *laxar*	1993	*Staðfest að nota megi 6 stangir allan veiðitímann. Áður voru 4 til 30. Júní og 6 eftir það*
Fáskrúð	228	2	3	76 *laxar*	1989	*Með takmörkunum (viðbótarstöng má nota í 30-36 daga á veiðitímanum)*
Fnjóská	238	6	7	34 *laxar*	1994	*Að hluta til bleikjuveiði*
Hofsá	990	6	7	141 *laxar*	1989	*Með takmörkunum (Viðbótarstöng má nota mest í 30 daga)*
Langá og Urriðaá	1387	13,5	14	99 *laxar*	1990	
Laugardalsá	311	3	4	78 *laxar*	1987	
Laxá í Dölum	948	7	8	119 *laxar*	1989	
Miðfjarðará	1293	10	11	118 *laxar*	1988	*10 stangir notaðar*
Ormarsá	183	4	5	37 *laxar*	1992	
Selá í Vopnafirði	834	6	7	119 *laxar*	1996	
Selá í Vopnafirði	834	7	8	104 *laxar*	1999	*Með takmörkunum (viðbótarstöng má nota frá 30/7-30/8)*
Vatnsdalsá	918	5	6	153 *laxar*	1983	
Vesturdalsá í Vopnafirði	232	2,5	3	77 *laxar*	1993	
Þverá Borgarfirði	1915	13	14	137 *laxar*	1990	
Rangámar	1042	28	34	31 *laxar*	1991	*Meðalveiði í Rangánum miðuð við árin 1990-1994*
Rangámar	2433	34	35	70 *laxar*	1997	*Meðalveiði í Rangánum miðuð við árin 1995-1999*
Ölfusá og Hvítá	1058	42	59	18 *laxar*	1980-1999	*Aukning stanga í jökulvatni*
Ölfusá og Hvítá	1058	70	80	13 *laxar*	1982	*Á þeim tíma sem öll net eru uppi* (um 10-19 ágúst)
Hvítá Borgarfirði	461	7	10	46 *laxar*	1993	*Aukning stanga í jökulvatni*

674. Frumvarp til laga [414. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Við 37. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Rannsóknastofnun landbúnaðarins er heimilt, að fengnu samþykki stjórnar stofnunarinnar og landbúnaðarráðherra, að eiga aðild að og stofna rannsóknar- og þróunarfyrirtæki er séu hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð er þrói hugmyndir og hagnýti niðurstöður rannsóknar- og þróunarverkefna sem stofnunin vinnur að hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Rannsóknastofnun landbúnaðarins verði heimilt að eiga aðild að og stofna rannsóknar- og þróunarfyrirtæki sem vinna að því að hagnýta niðurstöður rannsókna stofnunarinnar. Er það álitið kostur fyrir Rannsóknastofnun landbúnaðarins að geta átt aðild að stofnun sérstakra fyrirtækja um slík verkefni. Með því getur stofnunin betur fylgt eftir niðurstöðum rannsókna sinna svo að þær nýtist betur í þágu landbúnaðarins.

Stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins óskaði eftir því að ráðuneytið beitti sér fyrir breytingu á lögum stofnunarinnar í þessu skyni, en slík breyting hefur þegar verið gerð á lögum um Háskóla Íslands, sbr. lög nr. 8/1985, Iðntæknistofnun Íslands, sbr. lög nr. 77/1986, Hafrannsóknastofnun, sbr. lög nr. 72/1984, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sbr. lög nr. 71/1989, og Orkustofnun, sbr. lög nr. 53/1985.

Í frumvarpinu er lagt til að aðild að og stofnun félaga Rannsóknastofnunar landbúnaðarins verði háð samþykki stjórnar stofnunarinnar og landbúnaðarráðherra hverju sinni.

Jafnframt er heimildin bundin við aðild að félögum með takmarkaðri ábyrgð, þannig að áhætta stofnunarinnar verði takmörkuð við hlutafjárframlög.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Tilgangur frumvarpsins er að veita Rannsóknastofnun landbúnaðarins heimild til að stofna og eiga hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð er þrói hugmyndir og hagnýti niðurstöður rannsóknar- og þróunarverkefna sem stofnunin vinnur að hverju sinni.

Ef frumvarpið verður óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

675. Frumvarp til laga [415. mál]

um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Einar Már Sigurðarson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað 1. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Í Hæstarétti eiga sæti níu dómarar sem forseti Íslands skipar ótímabundið samkvæmt tilnefningu forsætisráðherra að fengnu samþykki ⅔ hluta atkvæða á Alþingi.

Er ráðherra hefur ákveðið hvern hann hyggst gera tillögu um sem hæstaréttardómara tilkynnir hann forseta Alþingis um það. Tillaga ráðherra skal hljóta meðferð í sérnefnd skv. 32. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, áður en hún er borin undir atkvæði þingmanna. Nefndin skal fjalla um hæfni umsækjanda um embættið og skila skýrslu til þingsins með rökstuddri niðurstöðu um mat sitt innan fjögurra vikna. Jafnframt skal nefndin leita umsagnar Hæstaréttar um hæfi og hæfni umsækjanda til að gegna embættinu.

Samþykki Alþingi tillögu ráðherra leggur hann hana fyrir forseta Íslands. Synji Alþingi staðfestingar á tillögu ráðherra gerir hann aðra tillögu og skal hún fá sömu meðferð.

b. 4. mgr. fellur brott.

2. gr.

2. mgr. 29. gr. laganna orðast svo:

Forseti Íslands veitir dómara við Hæstarétt lausn frá embætti um stundarsakir samkvæmt tillögu forsætisráðherra, en dómsmálaráðherra veitir héraðsdómara slíka lausn. Áður en lausn er veitt um stundarsakir skal ráðherra afla skriflegrar umsagnar frá nefnd um dómarastörf.

3. gr.

1. mgr. 30. gr. laganna orðast svo:

Þegar hæstaréttardómara hefur verið veitt lausn frá embætti um stundarsakir höfðar forsætisráðherra fyrir hönd ríkisins mál á hendur honum fyrir héraðsdómi Reykjavíkur með kröfu um að honum verði vikið úr embætti með dómi. Dómsmálaráðherra höfðar mál á hendur héraðsdómara. Um rekstur máls fer eftir almennum reglum um meðferð einkamála að öðru leyti en því að það sætir flýtimeðferð og skal dómur skipaður þremur héraðsdómurum.

4. gr.

1. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Forseti Íslands veitir dómurum við Hæstarétt lausn frá embætti samkvæmt tillögu forsætisráðherra en dómsmálaráðherra héraðsdómurum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta er endurflutt, en þrátt fyrir að það hafi verið lagt fram á síðasta þingi komst það ekki á dagskrá þingsins og var því aldrei rætt. Málið er því endurflutt óbreytt að efni til en greinargerð hefur verið endurskrifuð að hluta.

Í gegnum aldirnar hafa verið uppi mismunandi skýringar á því hvaðan vald valdhafanna er sprottið og í umboði hvers valdhafarnir fara með það. Þar hafa ýmsar hugmyndir verið á kreiki allt frá því að valdhafarnir fari með það í umboði æðri máttarvalda eins og hugmyndir m.a. í Frakklandi voru uppi um að valdið kæmi frá Guði. Ýmsir andmæltu því og skilgreindi enski heimspekingurinn John Locke borgaralegt samfélag og nauðsynlegt vald sem þyrfti að fylgja stofnun þess eitthvað á þessa leið í ritgerð sinni um ríkisvaldið sem út kom í London 1649: „Hvar sem einhver hópur manna er sameinaður í eitt samfélag, þannig að hver og einn hefur afsalað sér rétti til heildarinnar til að sjá um að náttúrurétti sé fylgt, þar og aðeins þar er borgaralegt samfélag. Og þessi sameining verður hvar sem einhver hópur manna í ríki náttúrunnar myndar með sér samfélag og gerist ein þjóð, ein ríkisheild undir einni æðstu stjórn, og hún verður líka þar sem einhver einn maður gerist þegn ríkis sem þegar er orðið til. Með því að gerast þannig þegn, gefur hann ríkinu eða löggjafarvaldi þess umboð til að setja sér lög að því marki sem nauðsynlegt er fyrir almannaheill. Með þessu flytja menn úr ríki náttúrunnar og setjast í ríki, það er með því að skipa jarðneska dómara sem hafa umboð til að skera úr öllum álitamálum og deilum og heimta rétt þeirra samfélagsborgara sem brotið hefur verið gegn. Þessir dómarar eru löggjafarvaldið eða erindrekar þess. Sérhver hópur manna – hvernig svo sem tengslum þeirra er háttað – sem ekki getur vísað málum sínum til slíks úrskurðarvalds, býr enn við ríki náttúrunnar.“ Hvernig svo sem menn skilgreina valdið eða uppsprettu þess þá er alveg ljóst að þetta vald er vandmeðfarið, einkanlega ef markmiðið er að haga meðferð þess þannig að það þjóni fyrst og fremst hagsmunum borgaranna. Sagan geymir ófá dæmi um annað.

Íslensk stjórnskipun byggist að meginstefnu til á þrígreiningu ríkisvalds, þ.e. að því er skipt upp í löggjafar-, framkvæmda- og dómsvald. Hugmyndafræðin að baki þrígreiningu ríkisvaldsins er sú að ekki safnist of mikið vald á fárra hendur. Með því að skipta ríkisvaldinu upp með þessum hætti er markmiðið að reyna að takmarka áhættu af því að misfarið sé með ríkisvaldið. Kenningin um þrígreiningu ríkisvaldsins er oftast rakin til franska stjórnvitringsins Montesquieus og rits hans „De l'Esprit des Lois“ er út kom árið 1748. Rót hugmynda Montesquieus er jafnan rakin til þeirra áhrifa sem hann varð fyrir meðan hann dvaldi á Englandi þar sem innanlandsátök leiddu til að valdinu var skipt upp milli konungs og þings, en valdi þingsins var síðan skipt upp í efri og neðri deild. Samkvæmt kenningu Montesquieus skyldi hver aðili fara með sína grein ríkisvaldsins. Hver hinna einstöku valdþátta átti að tempra eða takmarka vald hins, því ef allt ríkisvald væri á einni hendi eða höndum einnar stofnunar var að áliti Montesquieus hætta á ofríki og kúgun. Með skiptingu ríkisvaldsins milli þriggja þátta, sjálfstæðra valdhafa, ætti að vera hægt að ná því markmiði að koma í veg fyrir að nokkur þeirra verði svo sterkur að hann geti svipt þegnana frelsi með ofríki og kúgun að eigin geðþótta. Borgararnir þurfi því ekki að sæta geðþóttaákvörðun af hálfu þeirra sem með þetta vald fara án þess að eiga þess kost að geta borið slíkar ákvarðanir undir aðra valdþætti þess til endurskoðunar.

Þrátt fyrir að hugmyndin um þrígreiningu ríkisvalds gangi ekki ómenguð í gegnum stjórnskipunina verður því ekki á móti mælt að hún er sú hugsun sem býr að baki skiptingu ríkisvaldsins. Skv. 2. gr. stjórnarskrárinnar fara dómendur með einn þátt ríkisvaldsins – dómsvaldið. Samkvæmt hefðbundnum skilningi felur dómsvald í sér heimild eða vald til að skera úr tilteknum réttarágreiningi; kveða á um hvað sé rétt eða rangt lögum samkvæmt í hverju

tilviki og komast að niðurstöðu í þeim málum sem undir dómsvaldið eru borin með lögmætum hætti. Það er því mikið vald sem mönnum er falið að fara með þegar þeir eru skipaðir til setu í æðsta dómstól landsins, Hæstarétti Íslands.

Það fyrirkomulag sem tíðkast hefur hér á landi við skipun hæstaréttardómara hefur gefið þeirri umræðu byr undir báða vængi að skipað sé í réttinn pólitískt og breytir engu hvaða ráðherra hefur átt í hlut hverju sinni. Það væri enn fremur fásinna að halda því fram að það skipti ekki máli fyrir þá sem í ríkisstjórn sitja hverju sinni hvaða viðhorf það fólk hefur sem sest í réttinn hverju sinni. Í þessu samhengi má minna á að deilur hafa lengi verið uppi meðal lögfræðinga, bæði hérlendis og erlendis, um það hversu langt dómstólar geta farið inn á svið löggjafans og endurskoðað ákvarðanir hans. Enn fremur hefur lengi verið deilt um hversu langt dómstólar geta gengið inn á það svið sem kallað hefur verið frjálst mat stjórnvalda við ákvarðanatöku og endurskoðað ákvarðanir þeirra, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar um embættistakmörk yfirvalda.

Það er skoðun flutningsmanna að það sé miklum mun heilbrigðara að umræðan um það hver verði skipaður hæstaréttardómari, forsendur skipunarinnar og hver séu viðhorf dómara til þeirra grundvallaratriða sem lúta að hlutverki dómstóla og samskiptum þeirra við aðra handhafa ríkisvaldsins séu opinberar í stað þess að forseti Íslands skipi í réttinn að fenginni tillögu dómsmálaráðherra að undangenginni umsögn Hæstaréttar eins og nú er. Þetta þýðir í reynd að dómsmálaráðherra fer með þetta vald eða gerir í það minnsta tillögu til forseta um það hvern hann skuli skipa. Þetta gerist jafnan án opinberrar umræðu eða skoðunar. Það er enn fremur skoðun flutningsmanna að sú skipan sem hér er lögð til, þ.e. að Alþingi komi að skipun hæstaréttardómara sé til þess fallin að styrkja réttinn frá því sem nú er og gera hann enn sjálfstæðari. Það er ekki vafi á því að mati flutningsmanna að aukið sjálfstæði dómstóla sé aðeins til þess fallið að efla og styrkja trú manna á lýðræðið og stjórnskipun landsins. Því er þetta frumvarp lagt fram.

Í frumvarpinu eru lagðar til þær breytingar að í stað þess að hæstaréttardómari sé skipaður samkvæmt tillögu dómsmálaráðherra tilnefni forsætisráðherra dómara að fengnu samþykki ⅔ hluta atkvæða á Alþingi. Áfram er gert ráð fyrir að forseti Íslands skipi hæstaréttardómara. Þegar forsætisráðherra hefur ákveðið hvern hann hyggst tilnefna skal hann tilkynna forseta Alþingis um tilnefningu sína. Tillögu ráðherra skal vísa til meðferðar í sérnefnd skv. 32. gr. laga um þingsköp Alþingis sem kjósa skal til að fjalla um tilnefningu ráðherra. Nefndin skal fjalla um hæfni þess sem tillaga er gerð um og skila skýrslu með mati sínu innan fjögurra vikna frá því að hún fær tillöguna til umfjöllunar. Líkt og er nú skal umsagnar Hæstaréttar leitað um hæfi og hæfni umsækjanda til að gegna embættinu.

Samþykki Alþingi tillögu ráðherra leggur hann hana fyrir forseta Íslands sem skipar viðkomandi í embætti hæstaréttardómara. Verði tillaga ráðherra hins vegar ekki samþykkt á Alþingi skal ráðherra leggja nýja tillögu fyrir þingið sem skal fá sömu meðferð.

Gert er ráð fyrir að sömu reglur gildi um lausn hæstaréttardómara frá embætti að öðru leyti en því að forsætisráðherra gerir tillögu til forseta Íslands um lausn í stað dómsmálaráðherra eins og nú er.

676. Tillaga til þingsályktunar [416. mál]

um að kanna stofnun stjórnlagadómstóls eða stjórnlagaráðs.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd sem fái það hlutverk að kanna kosti þess að koma á fót stjórnlagadómstól eða stjórnlagaráði hér á landi. Nefndin skal skipuð fulltrúum tilnefndum af öllum þingflokkum, auk formanns sem dómsmálaráðherra skipar án tilnefningar. Nefndin skal í störfum sínum hafa samráð við helstu stofnanir og sérfræðinga hér innan lands sem málið varðar og auk þess kynna sér fyrirkomulag og þróun þessara mála í nágrannalöndum. Nefndin skal ljúka störfum með tillögugerð og skýrslu sem jafnframt verði lögð fram og rædd á Alþingi.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Af og til hefur komið upp umræða um það hér á landi hvort þörf sé á úrskurðarvaldi um það hvort lög eða lagafrumvörp standist stjórnarskrá og hvernig því verði best fyrir komið. Slíkt úrskurðarvald þekkist í nokkrum myndum og má þar nefna til sögunnar sérstakan stjórnlagadómstól, sjálfstætt stjórnlagaráð og lagaráð sem starfar á vegum löggjafans. Stjórnskipan Íslands er að því leyti ekki nægilega sterk að hér á landi er engu slíku til að dreifa og hafa þessi mál því verið á verksviði Hæstaréttar.

Á undanförnum árum hafa gengið til Hæstaréttar nokkur stór deilumál þar sem tekist hefur verið á um túlkun stjórnarskrárinnar og það hvort tilteknar lagagreinar stæðust ákvæði hennar. Sem dæmi má nefna dóm Hæstaréttar í máli nr. 145/1998: Valdimar Jóhannesson gegn íslenska ríkinu. Þar dæmdi Hæstiréttur þáverandi 5. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, af með þeim rökum að hún stangaðist á við stjórnarskrá landsins. Síðar var látið reyna á 7. gr. sömu laga fyrir dómstólum í svokölluðu Vatneyrarmáli. Þá var kveðinn upp sá dómur í Héraðsdómi Vestfjarða að 7. gr. stangaðist á við stjórnarskrá Íslands en í Hæstarétti var þeim dómi snúið við. Nýlega var svo enn deilt um það fyrir Hæstarétti hvort tiltekin lagaákvæði, að þessu sinni í lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, stæðust stjórnarskrána og verður nánar að því vikið síðar í greinargerðinni.

Orsök lagasetningar sem ekki stenst stjórnarskrána hlýtur að teljast sú að löggjafinn sé orðinn á eftir dómstólunum í réttarþróuninni. Grípi löggjafinn ekki til aðgerða sem bæta úr þeirri óheppilegu stöðu verður afleiðingin óhjákvæmilega sú að dómstólarnir verða í auknum mæli að taka sér nokkurs konar löggjafarvald. Dómstólar eru augljóslega mun lakar í stakk búnir til að fara með slíkt vald en löggjafinn þar sem þeir hafa það verk að skýra lögin og túlka í því augnamiði að kveða upp úr um réttarástandið á hverjum tíma. Enda þótt dómstólar hafi ætíð eitthvert löggjafarvald að þessu leyti hlýtur það að vera keppikefli út frá ríkjandi hugmyndum um þrískiptingu valdsins að ákvörðunarvald löggjafans sé að sem minnstu leyti framselt til dómstóla. Þá er það ekki síður óheppilegt fyrir virðingu Alþingis að dómstólar þurfi endurtekið að dæma lagasetningu þess ómerka vegna þess að samþykkt eru frumvörp sem ganga á svig við stjórnarskrána. Þess vegna er nauðsynlegt að styrkja löggjafarvaldið, í þessu tilfelli Alþingi, með stofnun sem getur verið því til ráðgjafar þegar deilt er um hvort einstök frumvörp samrýmist stjórnarskránni.

Helstu rök sem haldið er fram gegn stjórnlagadómstólum eða -ráðum ganga út á að hinir þjóðkjörnu fulltrúar eigi að hafa síðasta orðið um leikreglur samfélagsins en ekki stjórnvaldsskipaðir embættismenn, þ.e. dómarar. Þar af leiðandi hafa margir efasemdir um að eftirlit dómstóla með löggjöf samrýmist sjálfu lýðræðinu. Þetta er oft orðað þannig að meiri hlutinn eigi að ráða, að vilji hins pólitíska meiri hluta eigi að endurspeglast ómengaður í löggjöfinni.

Þarna er þó á ferðinni mikil einföldun á lýðræðinu þar sem það getur aldrei falið í sér stjórn meiri hlutans eingöngu. Í lýðræðisríkjum verður að taka tillit til minnihlutahópa og líka einstaklinga sem eiga skýlausan rétt á því að ekki séu brotin á þeim grundvallarréttindi. Alræði meiri hlutans samrýmist ekki heldur grundvallarhugmyndum um þrískiptingu ríkisvaldsins þar sem minni hlutinn verður ávallt að eiga þess kost að sækja rétt sinn til óháðs aðila, dómsvaldsins. Þrátt fyrir að meiri hlutinn eigi að fara með löggjafarvaldið verður að veita honum aðhald.

Í nágrannalöndum okkar er slíkt aðhald með ýmsu móti. Í Danmörku hefur það verið á hendi sérstakrar lagaskrifstofu dómsmálaráðuneytis. Í Noregi, Finnlandi, Bretlandi og Þýskalandi er farið yfir stjórnarfrumvörp á sérstökum stjórnarskrifstofum áður en þau eru lögð fram. Í Svíþjóð, Finnlandi og Frakklandi er ríkisstjórninni heimilt, eða skylt, að kalla eftir umsögn lagaráðs, sem er að einhverju leyti sjálfstæð stofnun, áður en frumvörp eru lögð fram. Í Svíþjóð er hægt að leita til lagaráðs ef upp kemur vafi um frumvarp á meðan það er í meðförum þingsins. Í Noregi og Finnlandi geta þar til bærar nefndir sótt lögfræðiaðstoð og ráðgjöf út fyrir þingið. Í Frakklandi og Þýskalandi er svo hægt að gera endanlega út um slík álitamál fyrir stjórnlagadómstól eða stjórnlagaráði.

Í gildandi löggjöf hér á landi er að finna lög nr. 48/1929, um laganefnd. Þar er þó einungis um að ræða heimildarákvæði því samkvæmt lögunum er forsætisráðherra heimilt að skipa nefnd sem á að vera ríkisstjórn, alþingismönnum og þingnefndum til aðstoðar á þessu sviði.

Að minnsta kosti fjórum sinnum hafa verið flutt þingmál um stofnun lagaráðs sem væri Alþingi til fulltingis þegar uppi væru álitamál um hvort lagafrumvörp stæðust stjórnarskrá lýðveldisins. Þingsályktunartillaga þess efnis var þrívegis flutt af Páli Péturssyni, á 116., 117. og 118. löggjafarþingi. Þá liggur frumvarp um lagaráð, flutt af Bryndísi Hlöðversdóttur o.fl., fyrir yfirstandandi þingi.

Sú hugmynd, sem hér er lögð fram í formi þingsályktunartillögu, hefur áður komið til tals á Alþingi en ekki verið flutt sem þingmál svo flutningsmönnum sé kunnugt. Hjörleifur Guttormsson vakti máls á hugmyndinni við 2. umræðu um frumvarp þáverandi sjávarútvegsráðherra, Þorsteins Pálssonar, til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða á 123. löggjafarþingi, sbr. þskj. 443, en frumvarpið var lagt fyrir Alþingi í beinu framhaldi af dómi Hæstaréttar í máli nr. 145/1998: Valdimar Jóhannesson gegn íslenska ríkinu.

Svo sem kunnugt er urðu miklar og víðtækar deilur um dóm Hæstaréttar í máli Öryrkjabandalags Íslands gegn Tryggingastofnun ríkisins þann 19. desember sl. en þar komst meiri hluti réttarins að þeirri niðurstöðu að tiltekin ákvæði um skerðingu tekjutryggingar samrýmdust ekki mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Í þeim eftirmálum munar langmest um viðbrögð núverandi ríkisstjórnar sem kaus að túlka dóminn á þá leið að heimilt væri að skerða tekjutryggingu öryrkja vegna tekna maka eftir sem áður ef gengið væri skemmra í þeim efnum en fyrr. Á þeirri túlkun byggðist nýsamþykkt frumvarp ríkisstjórnarinnar um breytingar á lögum um almannatryggingar.

Skömmu fyrir afgreiðslu frumvarpsins tjáði forseti Hæstaréttar sig skriflega um það hvort umræddur dómur hefði falið í sér allsherjarbann við skerðingum á opinberum greiðslum vegna tekna maka. Bréf hans hefur síðan m.a. verið túlkað á þann veg að hann sé sjálfkrafa vanhæfur til að dæma í málum sem kunni að koma til kasta Hæstaréttar vegna hinna nýju

skerðingarákvæða í almannatryggingalögum. Þá liggur það fyrir að fjórir af níu dómurum Hæstaréttar voru andvígir því að forseti réttarins tjáði sig um málið. Þessi samskipti dómsvaldsins við löggjafarvaldið hafa rýrt traust almennings til Hæstaréttar í alvarlegum mæli. Því er eðlilegt að draga þá ályktun að einn liður í að byggja það traust upp á ný og tryggja að ekki komi til óeðlilegs samráðs milli löggjafans og dómstólanna sé að leysa Hæstarétt undan því að gegna hlutverki stjórnlagadómstóls.

Til viðbótar þeim rökum sem hér hafa verið færð fyrir því að nauðsynlegt kunni að reynast að setja á fót stjórnlagadómstól eða stjórnlagaráð skal minnt á að réttarþróun hér á landi tekur sívaxandi mið af alþjóðlegum sáttmálum og þróun réttarfars í öðrum löndum Evrópu. Það á ekki síst við um félagsleg mannréttindaákvæði á borð við þau sem tekist var á um í máli Öryrkjabandalagsins gegn Tryggingastofnun. Ekki verður séð að þingmenn og þingnefndir hafi ráðrúm til að fylgja þeirri réttarþróun eftir auk þess að sinna venjubundnum löggjafarstörfum. Hafa má í huga að af fyrstu 2000 málunum sem komu til kasta umboðsmanns Alþingis sá embættið í 45 tilfellum ástæðu til að vekja athygli þingsins á „meinbugum“ í lögum, sbr. ársskýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1997 *(SUA 1997:34)*.

Það er skoðun flutningsmanna að rétt sé að huga vandlega að kostum þess að koma á fót sérstökum stjórnlagadómstól eða stjórnlagaráði. Það fyrirkomulag mundi styrkja þrískiptingu valdsins fremur en sérfræðinganefnd á vegum Alþingis. Því er lagt til að Alþingi kjósi nefnd til að kanna stofnun stjórnlagadómstóls eða stjórnlagaráðs og gera tillögur um hvernig að því verði staðið. Rétt er að benda á að slíka stofnun mætti starfrækja með því sniði að dómstólinn eða ráðið mætti kalla saman þegar þörf krefði.

677. Frumvarp til laga [417. mál]

um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Í Hæstarétti eiga sæti níu dómarar sem forseti Íslands skipar ótímabundið samkvæmt tillögu dómsmálaráðherra að undangengnu samþykki Alþingis. Dómsmálaráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu sína um skipan í embætti hæstaréttardómara og þurfa tveir þriðju hlutar þingmanna sem þátt taka í leynilegri atkvæðagreiðslu um tillöguna að samþykkja hana til að hún nái fram að ganga. Sé samþykkis synjað skal dómsmálaráðherra leggja fyrir nýja tillögu, og sé samþykkis enn synjað, hafa um málið samráð við þingflokka.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara hrófla í engu við stöðu núverandi hæstaréttardómara en gilda um skipan í embætti héðan í frá.

Greinargerð.

Nýlegir atburðir hafa vakið upp umræður um stöðu Hæstaréttar og mikilvægi þess að sjálfstæði og óhæði æðsta dómstóls þjóðarinnar sé virt, sem og auðvitað að hann verji þessa stöðu sína sjálfur. Víða erlendis er reynt að tryggja að fagleg sjónarmið ein ráði ferðinni við skipan dómara sem aftur á að vera ávísun á hlutleysi og óhæði dómsins. Oftast er þá um að ræða að einhvers konar samþykki þjóðþingsins þarf við tillögum framkvæmdarvaldsins. Þannig þurfa hinir tveir meginvaldhafarnir að koma sér saman um skipan manna í æðstu stofnun þriðja valdsviðsins, dómsvaldsins.

Frumvarp það sem hér er flutt gengur út á að Alþingi þurfi að samþykkja, með auknum meiri hluta tveggja þriðju hluta þingmanna sem þátt taka í sérstakri leynilegri atkvæðagreiðslu þar um, tillögur frá dómsmálaráðherra um skipan hæstaréttardómara. Með því ætti að vera tryggt að flokkspólitísk sjónarmið kæmust þar ekki að. Einnig ætti sú staðreynd að nýir dómarar hefðu hlotið stuðning yfirgnæfandi meiri hluta alþingismanna, að einhverju leyti bæði úr meiri hluta og minni hluta á hverjum tíma eins og væntanlega þyrfti til, að treysta faglega og sjálfstæða stöðu þeirra.

Einnig væri vert að skoða, enda þótt það sé ekki lagt til í frumvarpinu, hvort ekki ætti að koma til óháður umsagnaraðili í stað Hæstaréttar sem legði mat á hæfni umsækjenda um stöðu hæstaréttardómara og gerði tillögur til dómsmálaráðherra um röð þeirra.

678. Skýrsla [418. mál]

Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir árið 2000.

1. Inngangur.

Alþjóðaþingmannasambandið (IPU) var stofnað árið 1889 og er hlutverk þess að stuðla að skoðanaskiptum þingmanna frá öllum heimshornum, hlúa að samstarfi þeirra og auka skilning á milli þjóða. Aðild að sambandinu eiga nú 140 þing en aukaaðilar eru fimm svæðisbundin þingmannasamtök. Þingið fjallar um alþjóðamál og vinnur að framgangi mannréttindamála sem er einn grundvallarþáttur lýðræðis og þingræðis. Alþjóðaþingmannasambandið styður starfsemi Sameinuðu þjóðanna og á samstarf við þá stofnun. Það samstarf hefur aukist undanfarin ár. Höfuðstöðvar sambandsins eru í Genf en það hefur jafnframt skrifstofu í New York.

Starfsemi Alþjóðaþingmannasambandsins er fjármögnuð með framlögum frá aðildarþingum þess. Þing sem haldið er tvisvar á ári tekur pólitískar ákvarðanir og ályktar um alþjóðamál. Ráð IPU, sem í eiga sæti tveir fulltrúar frá hverri landsdeild, markar stefnu samtakanna og hefur umsjón með starfi nefnda og vinnuhópa. Tólf manna framkvæmdastjórn starfar á milli þinga og hefur m.a. umsjón með daglegum rekstri samtakanna, undirbýr fundi ráðsins og fylgir eftir ákvörðunum þess.

Fjórar fastanefndir starfa innan Alþjóðaþingmannasambandsins:

I. nefnd um stjórnmál, öryggis- og afvopnunarmál,
II. nefnd um lagaleg málefni og mannréttindamál,
III. nefnd um efnahags- og félagsmál,
IV. nefnd um mennta-, vísinda-, menningar-, og umhverfismál.

Til viðbótar eru nú starfandi eftirfarandi nefndir og vinnuhópar: nefnd um mannréttindi þingmanna, nefnd um sjálfbæra þróun, nefnd um málefni Mið-Austurlanda, vinnuhópur um

málefni Kýpur, nefnd til eflingar virðingar fyrir alþjóðlegum mannúðarlögum, samhæfingarnefnd um öryggismál og samstarf á Miðjarðarhafssvæðinu, samhæfingarnefnd kvennafundar IPU, vinnuhópur um samstarf kynjanna og stjórn lífeyrissjóðs starfsmanna IPU.

Alþjóðaþingmannasambandið heldur nokkrar alþjóðlegar ráðstefnur og málstofur á ári hverju, oft um málefni sem eru efst á baugi innan Sameinuðu þjóðanna hverju sinni og þá gjarnan í tengslum við tiltekna ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Þá eru haldnar námsstefnur fyrir þjóðþing sem óska eftir slíku um ýmsa þætti löggjafarstarfsins og eflingu lýðræðis. Alþjóðaþingmannasambandið gefur reglulega út bækur, tímarit, handbækur og skýrslur sem nálgast má á skrifstofu Íslandsdeildarinnar.

2. Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins.

Íslandsdeildin var skipuð þeim Einari K. Guðfinnssyni, þingflokki sjálfstæðismanna, formanni, Jóhönnu Sigurðardóttur, þingflokki Samfylkingarinnar, varaformanni, og Ástu Möller, þingflokki sjálfstæðismanna. Varamenn Íslandsdeildarinnar voru Guðjón Guðmundsson, þingflokki sjálfstæðismanna, Gísli S. Einarsson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Drífa Hjartardóttir, þingflokki sjálfstæðismanna. Ritari Íslandsdeildarinnar var Belinda Theriault, forstöðumaður alþjóðasviðs.

3. Þing á árinu 2000.

Að venju voru haldin tvö þing, hið fyrra í Amman í apríl (103. þing) og hið síðara í Jakarta í október (104. þing).

3.1. Störf og ályktanir 103. þings IPU.

Dagana 29. apríl–7. maí var 103. þing IPU haldið í Amman. Af hálfu Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins sóttu þingið Einar K. Guðfinnsson, formaður, Jóhanna Sigurðardóttir og Ásta Möller, auk ritara.

Að venju voru á þingfundinum almennar umræður um stjórnmálalegt, efnahagslegt og félagslegt ástand í heiminum. Jóhanna Sigurðardóttir tók til máls í almennum umræðum og ræddi hlutverk Alþjóðaþingmannasambandsins á sviði mannréttindamála. Hún sagði frá áherslum Íslands, sérstaklega í málum kvenna og barna. Hún hvatti IPU til að einbeita sér meira að þessum málum, sér í lagi starfi gegn barnaþrælkun, barnavændi og öðru ofbeldi gegn börnum.

Þingið afgreiddi ályktanir um þrjú mál að undangenginni umræðu í nefndum. Tvö sérstök málefni höfðu að venju verið undirbúin til umræðu á þinginu. Í fyrsta lagi var fjallað um „aðgerðir í þágu friðar, stöðugleika og þróunar í heiminum og nánari stjórnmálaleg, efnahagsleg og menningarleg tengsl þjóða". Ásta Möller flutti ræðu í I. nefnd þingsins þar sem málið var til umfjöllunar og fjallaði sérstaklega um stöðu kvenna í heiminum, ofbeldi gegn konum og aðgerðir til að sporna við því. Hún hvatti m.a. allar þjóðir til að fullgilda Rómarsamþykkt um alþjóðlegan sakadómstól. Í framhaldi af ræðu Ástu var sérstök grein sett inn í ályktunina um stöðu kvenna.

Í öðru lagi var fjallað um „tjáskipti milli mismunandi þjóðmenningar og menningarheima". Í II. nefnd þar sem þetta mál var til umfjöllunar hélt Einar K. Guðfinnsson ræðu þar sem hann lagði m.a. áherslu á að hugtök á borð við lýðræði og mannréttindi væru algild. Því kæmi ekki til álita að fallast á að rök um ólíka menningu eða trúarbrögð væru notuð til að hafna þeim gildum, t.d. til að mismuna konum eða brjóta á rétti þeirra. Málsgrein í lokaályktuninni þar sem áhersla var lögð á þetta atriði var tekin nánast orðrétt upp úr ræðu Einars.

Eitt mál var svo tekið fyrir utan dagskrár, um „stuðning þjóðþinga við réttindi flóttamanna og annarra sem missa heimili sín vegna stríðsátaka og hersetu, aðstoð við að senda þá aftur heim og við alþjóðlegt samstarf til að þróa og framfylgja áætlunum gegn smygli á fólki". Það sem mestar deilur vakti í þessari umræðu var hvort minnast ætti sérstaklega á rétt Palestínumanna, með vísan til tiltekinna ályktana Sameinuðu þjóðanna, eða hvort tala ætti um flóttafólk almennt. Að lokum var samþykkt málamiðlunartillaga þar sem fjallað var um Palestínumenn sérstaklega, en þó með aðeins mildara orðalagi en Palestínumenn lögðu upphaflega til. Sendinefnd Ísraels var mjög ósátt við niðurstöðuna og fullyrti að Alþjóðaþingmannasambandið spillti fyrir lausn deilu Ísraela og Palestínumanna.

3.2. Störf og ályktanir 104. þings IPU.

104. þingið var haldið 14.–21. október í Jakarta. Af hálfu Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins sóttu þingið Einar K. Guðfinnsson, formaður, Ásta Möller og Gísli S. Einarsson, auk ritara.

Gísli S. Einarsson tók til máls í almennum umræðum og ræddi um sjálfbæra þróun og nýtingu fiskistofna, en kom jafnframt inn á stöðu smáríkja í alþjóðasamstarfi.

Þingið ályktaði um fjögur mál. Tvö sérstök málefni höfðu að venju verið undirbúin til umræðu á þinginu og voru þau fyrst rædd í nefndum. Í II. nefnd þingsins var fjallað um „aðgerðir til að koma í veg fyrir valdarán þar sem eru lýðræðislega kjörnar ríkisstjórnir og til að taka á mannréttindabrotum gegn þingmönnum".

Í III. nefnd þingsins, um efnahags- og félagsmál, var fjallað um fjármögnun þróunaraðstoðar og aðgerðir til að útrýma fátækt. Ásta Möller hélt ræðu á fundi nefndarinnar og benti á að markvissar aðgerðir á heilbrigðissviðinu væru ein mikilvægasta leiðin til að vinna gegn almennri fátækt. Hvatti hún ríki heims til að taka á heilbrigðismálum fátækustu ríkjanna. Einar K. Guðfinnsson lét til sín taka við afgreiðslu lokaályktunarinnar úr nefndinni þar sem hann kom m.a. í veg fyrir að samþykkt væri breytingartillaga sem gekk út á að kenna hagvexti á Vesturlöndum um fátækt í þróunarlöndum. Hann var í lok nefndarfundarins einróma kjörinn formaður nefndarinnar fyrir næsta ár.

Tvö mál voru tekin fyrir utan dagskrár. Í fyrsta lagi var rætt um neyðarályktun um ástandið í Mið-Austurlöndum. Í ályktuninni voru báðir deiluaðilar hvattir til að halda friðarferlinu áfram en í heild var ályktunin harðorð í garð Ísraela. Þótti ýmsum sem ályktunin væri alls ekki hlutlaus eða til þess fallin að hafa jákvæð áhrif á deilendur, en hún var þó samþykkt. Þess má geta að sendinefnd frá ísraelska þinginu gat ekki sótt þingið þar sem gestgjafar sáu sér ekki fært að tryggja öryggi hennar.

Í öðru lagi var svo fjallað um „hvort viðskiptabönn og efnahagsþvinganir væru enn þá siðferðislega réttmæt, hvort þau kæmi að gagni og næðu takmarki sínu á tímum alþjóðavæðingar". Í drögum sem lágu fyrir fundinum var lagt fremur jákvætt mat á gildi viðskiptabanna, en drögin breyttust mjög í meðförum þingsins. Í umdeildri lokaályktun, sem hlaut þó meiri hluta atkvæða, var m.a. farið fram á að viðskiptabanni á Írak yrði aflétt.

Þegar allar ályktanir höfðu verið samþykktar stóð upp fulltrúi frá Hvíta-Rússlandi (einn af svokölluðum „þingmönnum" Lukashenkos, en eins og alkunna er rak hann heim hið lýðræðislega kjörna þing og setti leppa inn í staðinn) og lýsti yfir mikilli ánægju með framgang mála á þinginu. Gefur þetta vísbendingu um hvers konar öfl telja sig eiga vísan stuðning á þingum IPU. Sem betur fer bera störf sambandsins milli þinga ekki keim af þessu heldur miða þau að því að styrkja lýðræði og mannréttindi.

4. Fundur allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um jafnréttismál.

Sérstakur fundur allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um jafnréttismál, (Beijing +5 Special Session of the UN General Assembly) var haldinn 5.–9. júní 2000 í New York. Þar voru ræddar m.a. frekari aðgerðir á grundvelli aðgerðaáætlunarinnar sem samþykkt var í Beijing árið 1995. Alþjóðaþingmannasambandið hvatti aðildarþing sín til að tryggja þátttöku þingmanna í sendinefndum ríkja sinna. Alþjóðaþingmannasambandið stóð af þessu tilefni jafnframt fyrir sérstökum fundi þingmanna, fulltrúa ríkisstjórna og fulltrúa Sameinuðu þjóðanna í New York 7. júní sl. til að ræða um „samvinnu karla og kvenna í þágu lýðræðis".

Alþjóðaþingmannasambandið hefur látið mjög til sín taka á sviði jafnréttismála og hefur gefið út rit um þátttöku kvenna í stjórnmálum sem og tölfræðilegar upplýsingar um stöðu kvenna á þjóðþingum aðildarríkja sambandsins. Þá var gefið út veggspjald í samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar sem sýnir stöðu kvenna í stjórnmálum í einstökum ríkjum.

Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins hefur sýnt jafnréttismálum í starfi sambandsins mikinn áhuga og starfað með öðrum norrænum landsdeildum að framgangi jafnréttismála innan þess. Íslandsdeildin taldi mikilvægt að kjörnir fulltrúar aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna væru á þessum fundi, að rödd þingmanna heyrðist og þeir væru áfram virkir þátttakendur í því ferli sem hrundið var af stað með Beijing-yfirlýsingunni árið 1995. Tveir þingmenn sóttu fundinn í New York fyrir hönd Íslandsdeildarinnar sem hluti af opinberri sendinefnd Íslands, þær Jóhanna Sigurðardóttir og Drífa Hjartardóttir. Þingmennirnir sóttu að sjálfsögðu sérstakan fund IPU 7. júní og að ósk Íslandsdeildarinnar mætti fulltrúi stjórnvalda jafnframt á fundinn til að taka þátt í umræðum með þingmönnum. Jóhanna Sigurðardóttir hélt ræðu á IPU-fundinum þar sem hún kom m.a. inn á meðferð jafnréttisáætlunarinnar á þjóðþingum og hvernig ríkisstjórnir og þjóðþing gætu unnið saman að framgangi áætlunarinnar.

5. Svæðisbundið samstarf.

Venja er að daginn fyrir upphaf þings hittist svokallaður Tólfplús-hópur, sem er samstarfsvettvangur vestrænna lýðræðisríkja. Hópurinn hittist síðan á fundum flesta morgna meðan á þingi stendur til að fara yfir öll helstu mál þingsins og samræma afstöðu eins og hægt er. Ýmis mál voru rædd sérstaklega á árinu, m.a. var stjórnmálaástandið í Austurríki rætt á 103. þingi. Einar K. Guðfinnsson hvatti fundarmenn til að samþykkja að fara svipaða leið og Evrópuráðið, þ.e. lýsa áhyggjum af stefnu Frelsisflokksins og fylgjast vel með þróun mála en ekki dæma ríkisstjórnina fyrir fram. Samþykkti hópurinn að fara þá leið.

Tillaga um að tilnefna Einar K. Guðfinnsson fyrir hönd hópsins sem formann III. nefndar þingsins, sem fjallar um efnahags- og félagsmál, var samþykkt samhljóða á fundi hópsins á 104. þinginu.

Tólfplús-hópurinn ákvað að víkja Bandaríkjunum og Georgíu úr hópnum fyrir vangoldin árgjöld í samræmi við vinnureglur hópsins.

Tveir norrænir samráðsfundir eru haldnir árlega til að fara yfir málefni komandi þings og samræma afstöðu Norðurlanda eins og hægt er. Formaður Íslandsdeildar tók þátt í báðum fundum ársins 2000. Danmörk fór með forustu í Norðurlandahópnum á árinu og voru samráðsfundirnir því haldnir þar í landi.

6. Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins, sem skipað er tveimur þingmönnum frá hverri sendinefnd og fer með æðsta vald í innri málefnum þess, kom tvívegis saman á hvoru þingi IPU.

Ráðið samþykkti endurkomu Nígers í Alþjóðaþingmannasambandið í kjölfar kosninga þar í landi. Þá var samþykkt að veita eftirfarandi ríkjum aðild á árinu 2000: Gínea-Bissá, Saó

Tóme og Prinsípe, Samóa og Liechtenstein. Fimm ríki misstu atkvæðisrétt vegna vanskila á árgjöldum. Það voru Malaví, Máritanía, Moldavía, Tógó og Bandaríkin. Þremur ríkjum var vikið úr ráðinu þar sem þar er ekkert þing starfandi: Pakistan, Fílabeinsströndinni og Súdan. Tekið var fram að hér væri einungis verið að framfylgja reglum IPU, ekki væri um pólitíska ákvörðun að ræða. Ríkin fengju aftur inngöngu um leið og þjóðþing tækju til starfa á ný.

Bæði í Amman og Jakarta var rætt um fjölmörg verkefni IPU sem miða að því að styrkja lýðræði, m.a. þau sem unnin eru í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar. Nefna má fund sem haldinn var fyrir þingmenn enskumælandi Afríkuríkja um fjárlagagerð, en annar slíkur fundur verður haldinn 2001 fyrir þingmenn frönskumælandi Afríkuríkja, og málstofu fyrir þingmenn ríkja í Norðaustur-Asíu um þjóðþing og mannréttindamál.

7. Kvennafundur.

Sérstakur kvennafundur er haldinn á þingum Alþjóðaþingmannasambandsins. Starf kvennafundarins miðar að því að fjölga konum á þingum IPU og að styðja konur í ríkjum þar sem konur eiga erfitt uppdráttar í stjórnmálum. Rætt er m.a. um stöðu kvenna í þjóðþingum og framlag þeirra til lýðræðis. Þá reynir kvennafundurinn að koma sérstökum sjónarmiðum kvenna að í ályktunum sambandsins. Þess má geta að konur verða sífellt fleiri á þingum IPU. Í Amman voru þær 22% þingfulltrúa og í Jakarta 24% og er það hæsta hlutfall kvenna á IPU-þingi til þessa.

8. Mannréttindi þingmanna.

Nefnd um mannréttindi þingmanna sem starfar innan IPU kynnti á báðum þingunum skýrslur um mál sem hún hefur skoðað þar sem brotið hefur verið á mannréttindum þingmanna og samþykkti ráðið fjölmargar ályktanir á grundvelli þeirra.

Í hlut áttu Argentína, Hvíta-Rússland, Bútan, Búrúndí, Kambódía, Kólumbía, Djíbúti, Ekvador, Gambía, Gínea, Hondúras, Malasía, Burma, Pakistan, Moldavía, Nígería, Srí Lanka og Tyrkland.

Samhliða 104. þingi IPU var haldinn upplýsingafundur um ástandið í Burma þar sem fulltrúar réttkjörinna þingmanna fóru yfir atburði þar. Kom m.a. fram að yfir 200 þingmenn hafa verið í haldi og hafa fimm dáið í fangelsi. Enn fleiri verða fyrir stöðugu áreiti. Kjell Magne Bondevik kom sérstaklega til Jakarta til að hvetja þingmenn til að styðja lýðræðisöflin á Burma og bað þá um að skrifa undir stuðningsyfirlýsingu við réttkjörin stjórnvöld og taka málið upp á sínum þjóðþingum til að beita herstjórnina þrýstingi. Íslandsdeildin hefur staðið fyrir því að safna undirskriftum alþingismanna úr öllum flokkum og sent þær áfram til Evrópusamtaka sem samhæfa stuðningsstarfið.

9. Staða Bandaríkjanna innan Alþjóðaþingmannasambandsins.

Mikið var rætt á árinu um stöðu Bandaríkjaþings innan Alþjóðaþingmannasambandsins, en það hefur ekki greitt aðildargjöld frá 1997 og hefur ekki tekið þátt í starfi sambandsins síðan 1994. Þetta hefur haft slæm áhrif á fjárhagsstöðu Alþjóðaþingmannasambandsins og jafnframt á trúverðugleika þess. Vegna vangoldinna árgjalda gat svo farið að Bandaríkjunum yrði vikið úr sambandinu á árinu 2001. Fyrir lok 104. þingsins barst bréf frá utanríkisráðherra Bandaríkjanna þar sem fram kom að Bandaríkin segðu sig úr Alþjóðaþingmannasambandinu. Í lok þingsins hafði ekki fengist staðfesting frá bandaríska þingingu. Sé þessi ákvörðun endanleg, eins og búast má við, eru það slæm tíðindi fyrir IPU, bæði fyrir fjárhag samtakanna sem og gildi þeirra á alþjóðavettvangi.

10. Umræður um breytingar á starfi Alþjóðaþingmannasambandsins.

10.1. Almennt.

Töluvert var rætt um stöðu Alþjóðaþingmannasambandsins gagnvart Sameinuðu þjóðunum á árinu, bæði á fundum Tólfplús-hópsins og í ráði IPU. Vildu margir að IPU fengi áheyrnaraðild að Sameinuðu þjóðunum. Sumir vildu ganga enn lengra og vonuðust eftir að IPU gæti í framtíðinni orðið þing Sameinuðu þjóðanna.

Rætt var um leiðir til að draga úr kostnaði með tilliti til þessa að Bandaríkin greiða ekki lengur til samtakanna. Enn fremur var rætt um leiðir til að tengja starf IPU betur starfi Sameinuðu þjóðanna. Tillögur ganga m.a. út á að breyta fyrirkomulagi þinga og nefndastarfs. T.d. er íhugað að fækka þingum úr tveimur í eitt á ári (vorþing), en hafa síðan sérstakan fund IPU-ráðsins á haustin í New York í tengslum við allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna. Jafnframt var rætt um tillögu að breyttum lögum sambandsins á þann veg að í framtíðinni gætu einungis þjóðþingin sjálf átt aðild að IPU en ekki landsdeildirnar eins og nú er í mörgum tilfellum. Sú tillaga mætti töluverðri andstöðu. Ákveðið var að fresta ákvörðunum um lagabreytingar til næsta þings.

10.2. Afstaða Íslandsdeildarinnar.

Ljóst er að vestræn lýðræðisríki eru í miklum minni hluta í Alþjóðaþingmannasambandinu. Jafnframt eru mörg þjóðþing sem aðild eiga að sambandinu ekki lýðræðislega kjörin, enda forsenda fyrir inngöngu eingöngu sú að þjóðþing sé starfandi í fullvalda ríki. Mat er ekki lagt á það hvort þingið sé sannanlega lýðræðislega kjörið. Fulltrúar ólýðræðisríkja skýla sér oft á bak við aðrar skilgreiningar á hugtökum á borð við „lýðræði“ og „mannréttindi“ en þau sem við viðurkennum sem algild og reyna að nýta sér Alþjóðaþingmannasambandið til að öðlast viðurkenningu á sér og sjónarmiðum sínum.

Það getur vissulega stundum verið erfitt að taka þátt í umræðum um mikilvæg mál þar sem skilningur á milli menningar- og reynsluheima er takmarkaður. En í því felst einmitt áskorun og tækifæri sem íslenskir þingmenn hljóta að taka fagnandi. Alþjóðaþingmannasambandið er eini vettvangurinn þar sem alþingismenn fá tækifæri til að ræða reglulega við fulltrúa frá öllum heimshornum. Við getum nýtt það tækifæri bæði til að glöggva okkur betur á málefnum annarra þjóða og heimshluta og til að koma okkar sjónarmiðum á framfæri við fulltrúa þeirra.

Vegna fyrirkomulags atkvæðavægis innan Alþjóðaþingmannasambandsins verða sjónarmið sem hér þykja réttmæt og skynsamleg oft undir og eru mörg dæmi þess að aðilar sem seint verða sakaðir um lýðræðisást eða umhyggju fyrir mannréttindum hreyki sér af lýðræðislegum niðurstöðum IPU-þinga. Það verða Íslendingar að sætta sig við hyggist þeir taka þátt í þessu samstarfi sem þrátt fyrir allt hefur fleiri kosti en galla. Sem umræðuvettvangur er Alþjóðaþingmannasambandið mjög gagnlegt. Jafnframt er það mikilvægt verkfæri fyrir þingmenn til að fylgjast með starfsemi Sameinuðu þjóðanna og stofnana þeirra og auðveldar þeim því að veita stjórnvöldum nauðsynlegt lýðræðislegt aðhald í störfum þeirra sem tengjast Sameinuðu þjóðunum.

Markmið sumra þingmanna innan IPU er að gera sambandið að formlegu ráðgjafarþingi Sameinuðu þjóðanna, en Íslandsdeildin telur rétt að skoða mjög vel hvernig best sé að treysta bönd IPU við Sameinuðu þjóðirnar og hve langt eigi að ganga í því efni. Mikilvægt er að þingmenn fái tækifæri til að fylgjast með því sem gerist á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og taki þátt í stefnumótun sem þar fer fram á margvíslegum ráðstefnum með fulltrúum ríkisstjórna. Þá vill Íslandsdeildin árétta að Alþjóðaþingmannasambandið vinnur mikið og gott starf sem oft er ósýnilegt á milli þinga, þ.e. uppbyggingarstarf til að treysta lýðræðisleg

vinnubrögð í þjóðþingum um allan heim. Það starf er oft unnið í samvinnu við stofnanir Sameinuðu þjóðanna. Íslandsdeildin styður þessa starfsemi IPU eindregið og telur þeim fjármunum vel varið sem í þetta fara. Íslandsdeildinni þykir sú hugmynd allrar athygli verð að fækka þingum Alþjóðaþingmannasambandsins í eitt á ári, en halda sérstakan ráðsfund í New York á haustin í tengslum við allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna. Þannig mætti spara fjármuni og jafnframt efla tengingu IPU við starfsemi Sameinuðu þjóðanna.

11. Næstu þing.

Næstu þing sambandsins verða í Havana (apríl 2001) og Ougadougou (september 2001).

12. Ályktanir Alþjóðaþingmannasambandsins árið 2000.

I. Ályktun um aðgerðir í þágu friðar, stöðugleika og þróunar í heiminum og nánari stjórnmálaleg, efnahagsleg og menningarleg tengsl þjóða.
II. Ályktun um tjáskipti milli mismunandi þjóðmenningar og menningarheima.
III. Ályktun um stuðning þjóðþinga við réttindi flóttamanna og annarra sem missa heimili sín vegna stríðsátaka og hersetu, aðstoð við að senda þá aftur heim og við alþjóðlegt samstarf til að þróa og framfylgja áætlunum gegn smygli á fólki.
IV. Ályktun um aðgerðir til að koma í veg fyrir valdarán þar sem eru lýðræðislega kjörnar ríkisstjórnir og til að taka á mannréttindabrotum gegn þingmönnum.
V. Ályktun um fjármögnun þróunaraðstoðar og aðgerðir til að útrýma fátækt.
VI. Ályktun um aðgerðir til að stöðva ofbeldið í Mið-Austurlöndum, verja óbreytta borgara í samræmi við 4. Genfarsáttmálann og bjarga friðarferlinu í samræmi við viðeigandi ályktanir Sameinuðu þjóðanna.
VII. Ályktun um það hvort viðskiptabönn og efnahagsþvinganir séu enn siðferðislega réttmæt, hvort þau komi að gagni og nái takmarki sínu á tímum alþjóðavæðingar.

Alþingi, 2. febr. 2001.

Einar K. Guðfinnsson, form.	Jóhanna Sigurðardóttir, varaform.	Ásta Möller.

679. Svar [335. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Guðjóns A. Kristjánssonar um löndun á þorski erlendis sem veiddur var á Íslandsmiðum og stærðarflokkun þorskaflans á árunum 1930–80.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörgum tonnum af þorski, sem veiddur var eða skráður sem þorskafli á Íslandsmiðum, var landað á árunum 1930–80 í Bretlandi af breskum skipum, sundurliðað eftir árum? Hve mikið af þessum afla var flokkað sem þyrsklingur („codling“) í tonnum talið og sem hlutfall af heildarafla þorsks af Íslandsmiðum á áðurnefndu tímabili, sundurliðað eftir árum?*
2. *Hve miklu var landað af íslenskum skipum á sömu árum í Bretlandi eða öðrum löndum, sundurliðað eftir stærðarflokkum og árum?*

3. *Hversu mikill var þorskafli annarra þjóða en Breta og Íslendinga á tímabilinu, sundurliðað eftir árum?*
4. *Er til sundurliðun um stærðarsamsetningu þorsks í skráðum heimildum um þorskafla annarra þjóða en Breta og Íslendinga og ef svo er, hvernig er stærðarsamsetning aflans og um hvaða stærðarviðmið er að ræða? Er til stærðarflokkur sambærilegur við þyrskling („codling") sem seldur var í Bretlandi á áðurnefndu tímabili og ef svo er, hvert er magn hans í tonnum og hlutfall af heildarþorskafla?*
5. *Hversu miklu var landað af þorski til fiskmjölsframleiðslu hérlendis á áðurnefndu tímabili, sundurliðað eftir árum og veiðarfærum?*
6. *Hvar var aflinn veiddur og á hvaða höfnum eða hjá hvaða fiskimjölsverksmiðjum var landað?*

1. Upplýsingar um afla Breta á Íslandsmiðum á árunum 1930–80 er að finna í töflu 1. Þar koma einnig fram upplýsingar um hlut Íslendinga í heildarþorskafla á Íslandsmiðum, svo og hlut annarra þjóða en Breta. Taflan var unnin hjá Hafrannsóknastofnuninni og eru tölurnar fengnar úr skýrslum Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES). Samkvæmt upplýsingum frá Hafrannsóknastofnuninni og Fiskifélaginu virðast ekki vera til upplýsingar um stærðarflokkun þorskafla. Bretar gefa árlega út eigin aflatölur og þar er afli af heimamiðum aðgreindur eftir stærðarflokkum (large, medium, small, unsorted) en afli af fjarlægum miðum er ekki stærðarskiptur.

Tafla 1. Þorskafli á Íslandsmiðum 1930–1980 (þús. tonn).

Ár	Íslendingar	Bretar	Aðrir	Alls	Ár	Íslendingar	Bretar	Aðrir	Alls
1930	306.994	119.120	113.400	539.514	1960	295.668	109.414	59.941	465.023
1931	263.792	140.898	124.380	529.070	1961	233.874	96.539	44.503	374.916
1932	242.703	164.837	134.457	541.997	1962	221.820	105.144	59.912	386.876
1933	288.606	157.639	137.962	584.207	1963	232.839	123.185	54.026	410.050
1934	263.925	145.597	94.789	504.311	1964	273.584	122.207	37.814	433.605
1935	214.041	153.444	92.450	459.935	1965	233.483	128.136	32.722	394.341
1936	120.799	140.639	70.325	331.763	1966	223.974	109.038	24.385	357.397
1937	127.946	144.312	72.304	344.562	1967	193.449	126.566	25.439	345.454
1938	134.371	128.160	79.686	342.217	1968	227.594	111.571	42.790	381.955
1939	142.485	115.000	51.964	309.449	1969	281.680	95.386	29.858	406.924
1940	153.486	0	15.729	169.215	1970	302.875	125.235	43.783	471.893
1941	162.751	0	17.334	180.085	1971	250.325	157.717	46.017	454.059
1942	187.274	0	17.275	204.549	1972	225.354	144.207	29.635	399.196
1943	202.063	0	17.073	219.136	1973	235.184	121.320	23.381	379.885
1944	223.490	0	18.737	242.227	1974	238.282	115.465	21.240	374.987
1945	221.611	0	18.198	239.809	1975	264.975	90.993	15.023	370.991
1946	210.325	36.846	29.476	276.647	1976	280.832	53.534	13.997	348.363
1947	217.494	52.369	35.398	305.261	1977	329.676	0	10.375	340.051
1948	195.319	90.702	37.517	323.538	1978	319.648	0	8.572	328.220

Ár	Íslendingar	Bretar	Aðrir	Alls	Ár	Íslendingar	Bretar	Aðrir	Alls
1949	221.419	91.125	51.423	363.967	1979	360.080	0	7.936	368.016
1950	197.433	108.901	57.621	363.955	1980	429.044	0	6.000	435.044
1951	183.252	103.485	59.945	346.682					
1952	237.314	94.568	68.061	399.943					
1953	263.516	173.798	88.576	525.890					
1954	306.191	165.694	75.645	547.530					
1955	315.438	138.705	83.987	538.130					
1956	292.586	127.786	60.337	480.709					
1957	247.087	144.265	60.557	451.909					
1958	284.407	150.517	73.759	508.683					
1959	284.259	112.740	55.505	452.504					

2. Upplýsingar um þorskafla íslenskra skipa sem landað var í Bretlandi eru til frá árinu 1965 og eru þær fengnar frá Fiskifélaginu. Fyrir árabilið 1930–64 eru til tölur um heildarmagn og heildarverðmæti landaðs afla í Bretlandi, en þær tölur eru ekki alltaf sundurliðaðar eftir tegundum.

Löndun á þorski í Bretlandi af enskum skipum.

Ár	Tonn
1965	11.391
1966	7.874
1967	7.494
1968	7.442
1969	7.217
1970	7.918
1971	5.848
1972	4.811
1973	182
1974	3.365
1975	1.664
1976	1.207
1977	
1978	10.577
1979	17.399
1980	19.371

3. Tölur um þorskafla annarra þjóða en Breta og Íslendinga koma fram í töflu 1.

4. Ekki tókst að afla upplýsinga um stærðarflokkun þorskafla en samkvæmt upplýsingum frá Hafrannsóknastofnuninni er ekki vitað um skráðar heimildir um sundurliðun aflans eftir stærðarflokkum. Á vinnunefndarfundum ICES á sjöunda og áttunda áratugnum, þar sem

fjallað var um ástand þorskstofnsins við Ísland, lögðu Bretar og Þjóðverjar fram gögn um aldursdreifingu þorsks í afla þeirra á Íslandsmiðum fyrir árin 1955–76. Þessar tölur hafa þó aldrei verið birtar í skýrslum ráðsins. Fiskifélagið á ekki til gögn varðandi þennan lið.

5. Upplýsingar um þorskafla sem ráðstafað var til bræðslu eru til fyrir hvert ár hjá Fiskifélaginu frá árinu 1965 en ekki er hægt að tengja upplýsingar um þann afla sem fór í bræðslu við tegund veiðarfæra sem hann var veiddur með. Í töflu 2 er þorskafla árin 1965–80, sem ráðstafað var til bræðslu, skipt eftir landshlutum.

Tafla 2. Þorskafli 1965–1980 í tonnum — ráðstafað í bræðslu, skipt eftir landshlutum.

Ár	Suðurland	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austur-land	Allt landið
1965	6	19	35	10	2	5	31	**109**
1966		12	8	36			21	**77**
1967	13	30	76	24		13	22	**179**
1968	84	14	11	47	22	184	56	**418**
1969	354	588	47	122	5	116	136	**1.368**
1970	8	8		168		52	88	**323**
1971	23	5			8	7	7	**50**
1972	19	12	120	1	7	15	17	**189**
1973	3	219	23	11	1	53	3	**313**
1974	17	37	5	14	27	44	33	**178**
1975	7	4	43	2	24	23	1	**102**
1976	4	5	8	6	13	8	0	**45**
1977		7	1	5	2	39	2	**57**
1978	3	10	4	14	14	87	10	**143**
1979	2	7	1	2	5	5	3	**25**
1980		11	204	0	2	1	48	**266**

6. Ekki er unnt að fá upplýsingar um hvar sá afli var veiddur sem fór í bræðslu. Í töflu 2 kemur aftur á móti fram í hvaða landshluta þorskaflinn var unninn.

680. Fyrirspurn [419. mál]

til viðskiptaráðherra um málefni Búnaðarbankans og stjórnenda hans.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Gengu til baka kaup starfsmanna Búnaðarbankans á hlutabréfum í Decode árið 1999 sem brutu í bága við verklagsreglur bankans og Fjármálaeftirlitið taldi að ættu að ganga til baka? Ef svo er ekki, hvers vegna?

2. Var staðið eðlilega að útboði bankans og sölu á hlutabréfum í bankanum í ársbyrjun 2000 og voru ákvæða laga og reglna um innherjaviðskipti brotin við kaup einstakra starfsmanna og lífeyrissjóðs bankans á bréfunum, en aðkomuviðvörun um að hagnaður bankans yrði meiri en um gat í útboðslýsingu var gefin út nokkrum dögum eftir að útboði lauk og höfðu hlutabréf í bankanum hækkað um nálægt 20%? Hverjar urðu lyktir þess máls og hver bar ábyrgð á hvernig sölu á hlutabréfum til aðila innan bankans var hagað?
3. Hver er staða mála nú varðandi eignarhluta Búnaðarbankans í Pharmaco hf., en Fjármálaeftirlitið sendi ríkislögreglustjóra beiðni um rannsókn vegna gruns um að bankinn hefði haft innherjaupplýsingar um félagið undir höndum? Er ástæða til að ætla að í því tilviki hafi bankinn brotið ákvæði laga um verðbréfaviðskipti?
4. Hvaða lög og reglur má ætla að hafi verið brotin í tengslum við kaup og sölu Búnaðarbankans á hlutabréfum í Ágæti hf. sem Búnaðarbankinn eignaðist meiri hluta í árið 1999?
5. Hafa stjórnendur Búnaðarbankans leiðrétt þann mikla mun sem var á bifreiðastyrkjum til karla og kvenna innan bankans í sömu og sambærilegu stöðum sem kærunefnd jafnréttismála úrskurðaði árið 1998 að bryti í bága við jafnréttislög?
6. Hvaða viðurlög geta átt við í hverju þeirra mála sem um er getið í 1.–5. lið? Hver ber ábyrgð á að lög og reglur í hverju tilviki fyrir sig voru brotin og hafa komið upp fleiri mál tengd Búnaðarbankanum sl. fimm ár en hér hafa verið talin upp sem varðað geta brot á ákvæðum laga og reglna? Ef svo er, hvaða mál eru það?
7. Hver eru viðbrögð ráðherra við margítrekuðum brotum bankans á lögum og reglum? Hefur ráðherra áminnt bankaráð eða stjórnendur bankans fyrir þessi brot? Ef svo er, í hvaða tilvikum og með hvaða hætti telur ráðherra að þessi aðilar eigi að sæta ábyrgð vegna þessara mála?

Skriflegt svar óskast.

681. Fyrirspurn [420. mál]

til forsætisráðherra um kostnað við að skýra hæstaréttardóma.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver var heildarkostnaður ríkissjóðs við:
   a. störf lögfræðinganefndar sem skipuð var í kjölfar öryrkjadómsins í desember sl.,
   b. sérfræðiaðstoð við að meta dóm Hæstaréttar frá desember 1998 um stjórn fiskveiða og gera breytingar á þágildandi lögum í tilefni dómsins?
2. Hvernig skiptust launin og hve mikið kom í hlut hvers:
   a. annars vegar milli nefndarmanna og hins vegar milli starfsmanna nefndarinnar um öryrkjadóminn,
   b. fyrir sérfræðiaðstoð við að meta dóm Hæstaréttar um stjórn fiskveiða?

3. Hver var heildarfjöldi vinnustunda við:
   a. nefndarstarfið út af öryrkjadóminum, annars vegar hjá nefndarmönnum og hins vegar hjá starfsmönnum nefndarinnar, og hve marga fundi hélt nefndin,
   b. sérfræðiaðstoð við að meta dóm Hæstaréttar um stjórn fiskveiða?
4. Hver tók ákvörðun um fjárhæð greiðslna skv. 2. lið? Hvaða reglur gilda almennt um greiðslur fyrir nefndarstörf á vegum ráðuneyta fyrir:
   a. nefndarmenn eða sérfræðinga innan ráðuneyta,
   b. sérfræðinga utan ráðuneyta?

Skriflegt svar óskast.

682. Fyrirspurn [421. mál]

til landbúnaðarráðherra um innflutning hvalaafurða.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hefur verið leitað eftir því að fá að flytja inn hvalaafurðir frá Noregi eftir að þar var ákveðið að leyfa útflutning?
2. Er vilji fyrir því hjá stjórnvöldum að heimila slíkan innflutning?

683. Fyrirspurn [422. mál]

til umhverfisráðherra um umhverfisgjöld.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvaða umhverfisgjöld, þ.m.t. skilagjöld, eru lögð á samkvæmt lögum og reglugerðum; hvert er hlutverk þeirra hvers um sig, hversu miklum peningum skila þau hvert um sig og til hvaða verkefna renna þeir fjármunir?
2. Hvaða áform eru uppi um frekari töku umhverfisgjalda?
3. Hefur verið unnið að því að færa umhverfisgjöld hérlendis til samræmis við það sem gerist í öðrum löndum innan OECD?

Skriflegt svar óskast.

684. Fyrirspurn [423. mál]

til sjávarútvegsráðherra um Fiskistofu.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Hverjar voru tekjur og gjöld Fiskistofu á árunum 1993–2000, sundurliðað eftir árum og helstu tekju- og gjaldaliðum stofunnar á verðlagi ársins 2000?
2. Hver var fjöldi stöðugilda og starfsmanna hjá Fiskistofu á árunum 1993–2000, sundurliðað eftir árum og helstu starfsheitum, svo sem stjórnendum, veiðieftirlitsmönnum og öðrum eftirlitsmönnum?
3. Hver er fjöldi kærumála sem Fiskistofa beitti sér fyrir á árunum 1993–2000, sundurliðað eftir árum og efni kærumála? Einnig er óskað eftir upplýsingum um fjölda mála sem leitt hafa til viðurlaga.

Skriflegt svar óskast.

685. Fyrirspurn [424. mál]

til sjávarútvegsráðherra um Hafrannsóknastofnunina.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Hverjar voru tekjur og gjöld Hafrannsóknastofnunarinnar á árunum 1990–2000, sundurliðað eftir árum og helstu tekju- og gjaldaliðum á verðlagi ársins 2000?
2. Hver var fjöldi stöðugilda og starfsmanna hjá Hafrannsóknastofnuninni á árunum 1990–2000, sundurliðað eftir árum og helstu starfsheitum, svo sem stjórnendum, sérfræðingum, starfsmönnum á hafrannsóknaskipum og rannsóknarmönnum?
3. Hvernig verður rannsóknaskipið Árni Friðriksson RE-200 notað á árinu 2001?
4. Hvers vegna hefur ráðgjafarnefnd Hafrannsóknastofnunarinnar, sem skipuð er af sjávarútvegsráðherra og starfar skv. 15. gr. laga nr. 64/1965, ekki verið kölluð saman undanfarin ár? Hefur verið skipað í nefndina á undanförnum árum?

Skriflegt svar óskast.

686. Fyrirspurn [425. mál]

til forsætisráðherra um sjálfstæði Seðlabanka Íslands.

Frá Drífu J. Sigfúsdóttur.

1. Á að auka sjálfstæði Seðlabanka Íslands þannig að hann geti notað tæki sín til peningastjórnar til að ná þeim markmiðum sem honum eru sett án þess að samþykki ríkisstjórnar eða ráðherra bankans þurfi að koma til?
2. Á að lögfesta bann við fjármögnun Seðlabanka Íslands á ríkissjóði?
3. Á að lengja ráðningartíma bankastjóra Seðlabanka Íslands?
4. Á að hætta að auglýsa stöður bankastjóra við Seðlabanka Íslands?
5. Hvernig miðar vinnu við að semja nýtt frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands?

Skriflegt svar óskast.

687. Fyrirspurn [426. mál]

til forsætisráðherra um skipan gjaldeyris- og peningamála.

Frá Drífu J. Sigfúsdóttur.

1. Er tímabært að afnema núverandi vikmörk á gengi krónunnar og taka upp fljótandi gengi?
2. Væri rétt að Seðlabanki Íslands hefði aðeins eitt skýrt markmið, þ.e. stöðugt verðlag, og að honum yrði sett skýrt verðbólgumarkmið?
3. Á að taka ákvarðanir um stjórn peningamála af einum bankastjóra, fjölskipaðri bankastjórn eða peningastefnunefnd, eða með öðrum hætti og þá hvaða?

Skriflegt svar óskast.

688. Fyrirspurn [427. mál]

til forsætisráðherra um setningu reglna um kosningar skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að settar verði reglur um framkvæmd kosninga, þjóðaratkvæðagreiðslu, sem tiltækar væru ef til þess kæmi að forseti Íslands beitti ákvæði 26. gr. stjórnarskrárinnar og synjaði staðfestingar á lögum?

689. Fyrirspurn [428. mál]

til forsætisráðherra um skipan stjórnarskrárnefndar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hyggst ráðherra skipa að nýju nefnd sem vinni að áframhaldandi endurskoðun stjórnarskrárinnar?
2. Hvaða kafla, greinar og efnisatriði stjórnarskrárinnar telur ráðherra helst þörf fyrir að yfirfara eða endurskoða í ljósi aðstæðna og innlendrar og alþjóðlegrar réttarþróunar?

690. Tillaga til þingsályktunar [429. mál]

um aðild að sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vöru milli ríkja.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar að heimila að Ísland gerist aðili að sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vöru milli ríkja sem gerður var í Vínarborg 11. apríl 1980.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vöru milli ríkja sem gerður var í Vínarborg 11. apríl 1980. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Vorið 1980 stóðu Sameinuðu þjóðirnar fyrir ráðstefnu í Vínarborg er hófst 10. mars sama ár. Lauk ráðstefnunni með því að samþykktur var alþjóðasamningur um samninga um sölu á vöru milli ríkja, oft nefndur samningur um alþjóðleg lausafjárkaup. Sáttmálinn var lagður fram til undirritunar á ráðstefnunni í Vínarborg 11. apríl 1980 og lá síðan frammi til undirritunar í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna til 30. september 1981. Sáttmálinn öðlaðist gildi 1. janúar 1988. Hinn 31. desember 2000 voru aðildarríki sáttmálans 58 talsins.

Alþjóðlegt samstarf á sviði kauparéttar hófst um miðbik þessarar aldar. Árið 1955 var gerður alþjóðlegur samningur sem kenndur er við Haag í Hollandi og ber hann heitið „Convention on the Law Applicable to International Sales of Goods“. Meginregla þess samnings er sú að aðilar kaupsamnings geta samið um hvers lands lögum beita skuli um kaup þeirra. Ef slíku samningsákvæði er ekki til að dreifa skal leggja til grundvallar lög í því ríki þar sem seljandinn hafði aðsetur þegar hann tók við pöntun varðandi kaupin. Árið 1964 voru gerðir tveir alþjóðlegir samningar sem einnig eru kenndir við Haag og bera heitin „Convention relating to a Uniform Law on the Formation of Contracts for the International Sale of Goods“ og „Convention relating to a Uniform Law on the International Sale of Goods“. Ísland hefur ekki gerst aðili að framangreindum samningum frá 1955 og 1964. Danmörk, Svíþjóð, Finnland og Noregur hafa hins vegar gerst aðilar að samningnum frá 1955 og sett samhljóða lög um efni hans. Samningarnir frá 1964 öðluðust gildi árið 1972 en fá ríki hafa fullgilt þá.

Í desember árið 1966 samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ályktun þess efnis að sett skyldi á laggirnar sérstök fastanefnd eða undirstofnun samtakanna sem skyldi hafa það hlutverk að efla og styrkja samræmingu alþjóðlegrar viðskiptalöggjafar. Stofnunin, sem

tók til starfa skömmu síðar, var nefnd „the United Nations Commission on International Trade“ (UNCITRAL) og hefur hún aðsetur í Vínarborg. Fékk nefndin það verkefni að undirbúa gerð sáttmála um samninga um sölu á vöru milli ríkja sem m.a. gæti leyst af hólmi samningana frá 1964.

Fyrstu drög hins nýja sáttmála voru kynnt árið 1974 og eftir það voru kynntar endurskoðaðar gerðir árin 1975, 1976, 1977 og 1978. Að gerð þessara samningsdraga vann starfshópur skipaður fulltrúum 14 ríkja sem tilheyrðu mismunandi réttarkerfum. Drögin voru rædd á þingum UNCITRAL og voru þau samþykkt á þingi stofnunarinnar árið 1978. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna boðaði síðan til fyrrnefndrar ráðstefnu í Vínarborg vorið 1980 þar sem saman komu fulltrúar 62 ríkja og átta alþjóðastofnana og var samningurinn samþykktur þar eins og áður segir.

Þótt gerð sáttmálans frá 1980 hafi formlega séð ekki verið endurskoðun á Haagsamningunum frá 1964 er honum ætlað að verða eina réttarheimildin við úrlausn ágreiningsefna á sviði alþjóðlegra kaupa. Sést þetta m.a. á því að í 99. gr. sáttmálans er gert ráð fyrir að þau ríki, sem gerast aðilar að honum og eru jafnframt aðilar að Haagsamningunum, skuli fella niður aðild sína að hinum síðarnefndu samningum. Einnig kemur þetta fram í því að í sáttmálanum er að finna efnisreglur sem ætlað er að leysa af hólmi efnisákvæði Haagsamninganna. Í heild má segja að reglur sáttmálans frá 1980 séu bæði skýrari og afmarkaðri en Haagsamninganna frá 1964. Óvíst er hins vegar hvert gildi Haagsamningsins frá 1955 verður, m.a. vegna tilkomu sáttmálans.

Sáttmálinn frá 1980 gildir um samninga um sölu á vöru milli aðila, sem ekki hafa starfsstofur í aðildarríki, þegar bæði ríkin eru aðilar að sáttmálanum, eða þegar reglur alþjóðlegs einkamálaréttar leiða til þess að beita skuli löggjöf aðildarríkis, sbr. 1. gr. sáttmálans. Undanþegin þessu ákvæði er sala á vöru sem keypt er til persónulegra nota, vegna fjölskyldu eða til heimilishalds, sala á uppboði, vegna réttarframkvæmdar, sala skipa, fljótandi farartækja, svifnökkva eða flugvéla og sala rafmagns, sbr. 2. gr.

Sáttmálinn skiptist í fjóra þætti. Í I. þætti eru ákvæði um gildissvið auk almennra ákvæða, svo sem um túlkun sáttmálans. Í II. þætti eru nánari ákvæði um samningsgerðina, m.a. um gerð og afturköllun tilboðs og samþykki. Efnisreglur um kaup er að finna í III. þætti sáttmálans sem skiptist í fimm kafla. Fyrsti kafli hefur að geyma almenn ákvæði, svo sem um afleiðingar vanefnda, riftun samnings og breytingu eða uppsögn samnings. Annar kafli fjallar í þremur hlutum um skyldur seljanda, þ.e. afhendingu vöru og afhendingu skjala, samningshæfi vöru og kröfur þriðja aðila og loks úrræði vegna vanefnda seljanda. Í þriðja kafla er fjallað um skyldur kaupanda í þremur hlutum, í fyrsta lagi um greiðslu kaupverðs, í öðru lagi um viðtöku vöru og loks um úrræði vegna vanefnda kaupanda. Í fjórða kafla eru reglur um áhættuskipti og loks eru í fimmta kafla sameiginleg ákvæði um skyldur seljanda og kaupanda í sex hlutum, þ.e. um fyrirsjáanlegar vanefndir og afborgunarsamninga, skaðabætur, vexti, undantekningar frá ábyrgð á vanefndum, áhrif riftunar og umönnun vöru.

Í IV. þætti eru lokaákvæði sáttmálans, þar á meðal ákvæði um gildistöku og heimild til að gera fyrirvara við hann. Getur ríki til dæmis gert þann fyrirvara að það sé óbundið af ákvæðum II. þáttar sáttmálans um samningsgerð og III. þáttar um kaup, sbr. 92. gr. Sérstaka þýðingu fyrir norrænu ríkin hefur sá kostur að gera fyrirvara samkvæmt ákvæðum 94. gr. Tvö eða fleiri aðildarríki, sem hafa sömu eða svipaðar réttarreglur á því sviði sem sáttmálinn tekur til, geta hvenær sem er lýst því yfir að sáttmálinn skuli ekki gilda á milli aðila sem hafa starfsstofu í þessum ríkjum. Enn fremur getur ríki samkvæmt ákvæðum 95. gr. samningsins gert fyrirvara við að sáttmálinn skuli aðeins gilda milli aðila sem hafa starfsstofu í aðildarríkjum sáttmálans. Ef ekki er gerður slíkur fyrirvari gildir sáttmálinn jafnvel þótt aðeins ann-

að viðkomandi ríkja hafi gerst aðili að honum þegar reglur alþjóðlegs einkamálaréttar leiða til þess að leggja ber lög þess ríkis til grundvallar.

Með lögum um lausafjárkaup, nr. 50/2000, hafa verið sköpuð skilyrði til þess að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt sáttmálanum.

Fylgiskjal.

Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vöru milli ríkja, 1980.

Ríkin, sem aðilar eru að sáttmála þessum,

hafa í huga hin víðtæku markmið ályktana sjötta sérstaka fundar allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um stofnun nýs alþjóðlegs efnahagsskipulags,

með tilliti til þess að þróun alþjóðlegra viðskipta á grundvelli jafnræðis og gagnkvæms hags er mikilvægur þáttur þess að efla vinsamleg samskipti milli ríkja,

eru þeirrar skoðunar að samþykkt samræmdra reglna, sem gilda um samninga um sölu á vöru milli ríkja og taka mið af mismunandi félagslegum og efnahagslegum aðstæðum og löggjöf, myndi stuðla að því að lagalegum hindrunum í alþjóðlegum viðskiptum verði útrýmt og efla þróun alþjóðlegra viðskipta,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. HLUTI
Gildissvið og almennar reglur.
I. KAFLI
Gildissvið.
1. gr.

1. Sáttmáli þessi gildir um samninga um sölu á vöru milli aðila sem hafa starfsstofur í mismunandi ríkjum:
a) þegar ríkin eru samningsríki; eða
b) þegar reglur alþjóðlegs einkamálaréttar leiða til þess að beita skuli löggjöf samningsríkis.

2. Litið skal fram hjá því þótt aðilar séu með starfsstofur í mismunandi ríkjum þegar slíkt kemur ekki fram í samningnum sjálfum eða í viðskiptum þeirra á milli eða í upplýsingum sem aðilar hafa látið í té einhvern tímann áður en eða þegar samningurinn var gerður.

United Nations Convention On Contracts For The International Sale Of Goods (1980)

The States Parties to this Convention,

Bearing in mind the broad objectives in the resolutions adopted by the sixth special session of the General Assembly of the United Nations on the establishment of a New International Economic Order,

Considering that the development of international trade on the basis of equality and mutual benefit is an important element in promoting friendly relations among States,

Being of the opinion that the adoption of uniform rules which govern contracts for the international sale of goods and take into account the different social, economic and legal systems would contribute to the removal of legal barriers in international trade and promote the development of international trade,

Have decreed as follows:

PART I
Sphere of Application and General Provisions
Chapter I
Sphere of Application
Article 1

(1) This Convention applies to contracts of sale of goods between parties whose places of business are in different States:
(a) when the States are Contracting States; or
(b) when the rules of private international law lead to the application of the law of a Contracting State.

(2) The fact that the parties have their places of business in different States is to be disregarded whenever this fact does not appear either from the contract or from any dealings between, or from information disclosed by, the parties at any time before or at the conclusion of the contract.

3. Hvorki skal taka tillit til þjóðernis aðila né þjóðfélagslegrar eða viðskiptalegrar stöðu aðila eða samnings við ákvörðun um hvort sáttmáli þessi eigi við.

2. gr.

Sáttmáli þessi gildir ekki um sölu:

a) vöru sem keypt er til persónulegra nota, vegna fjölskyldu eða til heimilishalds, nema seljandi á tímabilinu áður en eða þegar samningur var gerður, hvorki vissi né mátti hafa vitað að varan var keypt til einhverra slíkra nota;
b) á uppboði;
c) vegna réttarframkvæmdar eða á annan hátt vegna lagaskyldu;
d) verðbréfa, hlutabréfa, fjárfestingarskírteina, viðskiptabréfa eða gjaldmiðla;
e) skipa, fljótandi farartækja, svifnökkva eða flugvéla;
f) rafmagns.

3. gr.

1. Samningar um birgðir vöru sem þarf að búa til eða framleiða skulu teljast samningar um sölu nema sá aðili sem pantar vöruna taki að sér að leggja fram verulegan hluta þess efnis sem nauðsynlegt er til slíkrar vörugerðar eða framleiðslu.

2. Sáttmáli þessi gildir ekki um samninga þegar mestur hluti skuldbindinga þess aðila sem leggur til vöruna felst í vinnuframlagi eða annarri þjónustu.

4. gr.

Sáttmáli þessi gildir aðeins um gerð samnings um sölu og þau réttindi og þær skyldur seljanda og kaupanda sem leiða af slíkum samningi. Sér í lagi, nema öðruvísi sé skýrt kveðið á um í sáttmála þessum, fjalla ákvæði hans ekki um:

a) gildi samnings, einstök ákvæði hans eða viðskiptavenjur;
b) áhrif samnings á eignarrétt að seldum vörum.

5. gr.

Sáttmála þessum verður ekki beitt um ábyrgð seljanda vegna dauða eða líkamstjóns manns af völdum vörunnar.

6. gr.

Aðilar mega víkja sáttmálanum til hliðar eða, með hliðsjón af 12. gr., undanþiggja sig eða breyta áhrifum einstakra ákvæða hans.

(3) Neither the nationality of the parties nor the civil or commercial character of the parties or of the contract is to be taken into consideration in determining the application of this Convention.

Article 2

This Convention does not apply to sales:

(a) of goods bought for personal, family or household use, unless the seller, at any time before or at the conclusion of the contract, neither knew nor ought to have known that the goods were bought for any such use;
(b) by auction;
(c) on execution or otherwise by authority of law;
(d) of stocks, shares, investment securities, negotiable instruments or money;
(e) of ships, vessels, hovercraft or aircraft;
(f) of electricity.

Article 3

(1) Contracts for the supply of goods to be manufactured or produced are to be considered sales unless the party who orders the goods undertakes to supply a substantial part of the materials necessary for such manufacture or production.

(2) This Convention does not apply to contracts in which the preponderant part of the obligations of the party who furnishes the goods consists in the supply of labour or other services.

Article 4

This Convention governs only the formation of the contract of sale and the rights and obligations of the seller and the buyer arising from such a contract. In particular, except as otherwise expressly provided in this Convention, it is not concerned with:

(a) the validity of the contract or of any of its provisions or of any usage;
(b) the effect which the contract may have on the property in the goods sold.

Article 5

This Convention does not apply to the liability of the seller for death or personal injury caused by the goods to any person.

Article 6

The parties may exclude the application of this Convention or, subject to article 12, derogate from or vary the effect of any of its provisions.

II. KAFLI
Almenn ákvæði.

7. gr.

1. Við túlkun sáttmála þessa ber að hafa hliðsjón af hinu alþjóðlega eðli hans og þeirri nauðsyn sem á því er að efla samræmi í beitingu hans og að efla virðingu fyrir góðum trúnaði í alþjóðlegum viðskiptum.

2. Úr álitaefnum er varða atriði sem ekki er kveðið skýrt á um í samningnum og sáttmáli þessi gildir um skal leysa í samræmi við meginreglur þær sem sáttmálinn er grundvallaður á eða, ef slíkar meginreglur skortir, í samræmi við þá löggjöf sem beita skal samkvæmt reglum alþjóðlega einkamálaréttarins.

8. gr.

1. Samkvæmt sáttmála þessum á að túlka yfirlýsingar annars aðila og aðra hegðun hans í samræmi við tilgang aðilans þegar gagnaðilinn vissi um eða mátti ekki vera ókunnugt um hver sá tilgangur væri.

2. Ef næstu málsgrein á undan verður ekki beitt skal túlka yfirlýsingar annars aðila og aðra hegðun hans samkvæmt þeim skilningi sem skynsamur maður af sama toga og gagnaðili myndi hafa haft við sömu aðstæður.

3. Þegar ákvarða á tilgang aðila eða þann skilning sem skynsamur maður myndi hafa haft skal hafa hliðsjón af öllum atvikum sem tengjast málinu, þar á meðal samningaviðræðum, samskiptavenjum sem aðilar hafa stofnað sín á milli, viðskiptavenjum og eftirfarandi hegðun aðila.

9. gr.

1. Aðilar eru bundnir af öllum viðskiptavenjum sem þeir hafa samið um og af samskiptavenjum sem þeir hafa stofnað sín á milli.

2. Aðilar eru taldir óbeint hafa fallist á, nema öðru vísi sé um það samið, að beita skuli sérstakri viðskiptavenju við framkvæmd samnings eða við gerð hans, sem aðilum var kunn eða mátti vera kunn, sem er almennt þekkt í alþjóðlegum viðskiptum og er á reglubundinn hátt virt af aðilum samningsins um þá tegund viðskipta sem um ræðir.

10. gr.

Í þessum sáttmála:

a) hafi aðili fleiri en eina starfsstofu er starfsstofan sá staður sem tengdastur er samningi og efndum hans að teknu tilliti til aðstæðna sem aðilum voru kunnar eða þeir hafa haft í huga tímabilið áður en eða þegar samningur var gerður.

Chapter II
General Provisions

Article 7

(1) In the interpretation of this Convention, regard is to be had to its international character and to the need to promote uniformity in its application and the observance of good faith in international trade.

(2) Questions concerning matters governed by this Convention which are not expressly settled in it are to be settled in conformity with the general principles on which it is based or, in the absence of such principles, in conformity with the law applicable by virtue of the rules of private international law.

Article 8

(1) For the purposes of this Convention statements made by and other conduct of a party are to be interpreted according to his intent where the other party knew or could not have been unaware what that intent was.

(2) If the preceding paragraph is not applicable, statements made by and other conduct of a party are to be interpreted according to the understanding that a reasonable person of the same kind as the other party would have had in the same circumstances.

(3) In determining the intent of a party or the understanding a reasonable person would have had, due consideration is to be given to all relevant circumstances of the case including the negotiations, any practices which the parties have established between themselves, usages and any subsequent conduct of the parties.

Article 9

(1) The parties are bound by any usage to which they have agreed and by any practices which they have established between themselves.

(2) The parties are considered, unless otherwise agreed, to have impliedly made applicable to their contract or its formation a usage of which the parties knew or ought to have known and which in international trade is widely known to, and regularly observed by, parties to contracts of the type involved in the particular trade concerned.

Article 10

For the purposes of this Convention:

(a) if a party has more than one place of business, the place of business is that which has the closest relationship to the contract and its performance, having regard to the circumstances known to or contemplated by the parties at any time be-

b) hafi aðili ekki starfsstofu skal vísað til fasts aðseturs hans.

11. gr.

Samningur um sölu þarf ekki að vera gerður eða sannanlegur í rituðu máli og þarf ekki að uppfylla nein önnur formskilyrði. Sanna má hann með sérhverjum hætti, þar á meðal með vitnum.

12. gr.

Sérhverju því ákvæði 11. gr., 29. gr. eða II. hluta þessa sáttmála, sem heimilar að samningur um sölu, breytingu hans eða uppsögn samkvæmt samkomulagi eða sem heimilar að tilboð, samþykki eða önnur viljayfirlýsing sé gerð í öðru formi en skriflegu, verður ekki beitt, ef einhver aðila hefur starfsstofu í aðildarríki sem gefið hefur út yfirlýsingu samkvæmt heimildarákvæði 96. gr. sáttmála þessa. Aðilar mega ekki undanþiggja sig frá eða breyta áhrifum þessa ákvæðis.

13. gr.

Í þessum sáttmála merkir orðið „skriflegt" jafnframt símskeyti og fjarrit.

II. HLUTI

Samningsgerð.

14. gr.

1. Áskorun um að gera samning sem beint er til eins eða fleiri tilgreindra aðila felur í sér tilboð, sé hún nægilega ákveðin og gefur til kynna að hún sé bindandi fyrir tilboðsgjafa verði hún samþykkt. Áskorun er nægilega ákveðin gefi hún til kynna vöruna og beint eða óbeint fastsetur eða kveður á um ákvörðun magns og verðs.

2. Áskorun sem ekki er beint til eins eða fleiri tilgreindra aðila verður einnig skoðuð sem áskorun um að gera tilboð, nema hið gagnstæða sé skýrt gefið til kynna af þeim sem sendir áskorunina.

15. gr.

1. Tilboð verður bindandi þegar það kemur til tilboðsmóttakanda.

2. Tilboð, jafnvel þótt það sé óafturkallanlegt, má draga til baka komi tilkynning um það til tilboðsmóttakanda á undan eða samtímis tilboðinu.

16. gr.

1. Fram að þeim tíma er samningur er gerður má afturkalla tilboð komi afturköllunin til tilboðsmóttakanda áður en hann hefur gefið samþykki.

fore or at the conclusion of the contract;

(b) if a party does not have a place of business, reference is to be made to his habitual residence.

Article 11

A contract of sale need not be concluded in or evidenced by writing and is not subject to any other requirement as to form. It may be proved by any means, including witnesses.

Article 12

Any provision of article 11, article 29 or Part II of this Convention that allows a contract of sale or its modification or termination by agreement or any offer, acceptance or other indication of intention to be made in any form other than in writing does not apply where any party has his place of business in a Contracting State which has made a declaration under article 96 of this Convention. The parties may not derogate from or vary the effect or this article.

Article 13

For the purposes of this Convention "writing" includes telegram and telex.

PART II

Formation of the Contract

Article 14

(1) A proposal for concluding a contract addressed to one or more specific persons constitutes an offer if it is sufficiently definite and indicates the intention of the offeror to be bound in case of acceptance. A proposal is sufficiently definite if it indicates the goods and expressly or implicitly fixes or makes provision for determining the quantity and the price.

(2) A proposal other than one addressed to one or more specific persons is to be considered merely as an invitation to make offers, unless the contrary is clearly indicated by the person making the proposal.

Article 15

(1) An offer becomes effective when it reaches the offeree.

(2) An offer, even if it is irrevocable, may be withdrawn if the withdrawal reaches the offeree before or at the same time as the offer.

Article 16

(1) Until a contract is concluded an offer may be revoked if the revocation reaches the offeree before he has dispatched an acceptance.

2. Samt sem áður verður tilboð ekki afturkallað:
a) gefi það til kynna, annaðhvort með því að veita tímabundinn frest til samþykkis eða með öðrum hætti, að það sé óafturkallanlegt; eða
b) að eðlilegt hafi verið fyrir tilboðsmóttakanda að treysta því að tilboðið hafi verið óafturkallanlegt og að tilboðsmóttakandi hafi breytt í trausti tilboðsins.

17. gr.

Tilboð, jafnvel þótt það sé óafturkallanlegt, fellur niður þegar höfnun þess kemur til tilboðsgjafa.

18. gr.

1. Yfirlýsing eða önnur hegðun tilboðsmóttakanda sem gefur til kynna að fallist sé á tilboð er samþykki. Þögn eða athafnaleysi eitt og sér jafngildir ekki samþykki.

2. Samþykki tilboðs verður bindandi á þeirri stundu er viljayfirlýsing um samþykki kemur til tilboðsgjafa. Samþykki er ekki bindandi ef viljayfirlýsing um samþykki kemur ekki til tilboðsgjafa innan þess frests sem hann hefur ákveðið eða, ef enginn frestur hefur verið ákveðinn, innan hæfilegs tíma og að teknu tilliti til aðstæðna viðskiptanna, þar á meðal hraðvirkni þeirrar samskiptaaðferðar sem tilboðsgjafi notar. Munnlegt tilboð verður að samþykkja án tafar nema aðstæður gefi annað til kynna.

3. Ef tilboðsgjafi, á grundvelli tilboðs eða vegna samskiptavenju sem aðilar hafa komið á sín á milli eða vegna viðskiptavenju, er hins vegar talinn gefa til kynna samþykki með athöfn sinni, til dæmis tengdri sendingu á vöru eða greiðslu vöruverðs án þess að tilboðsgjafa sé tilkynnt það, verður samþykkið bindandi á þeirri stundu þegar athöfnin er framkvæmd að því tilskildu að athöfnin sé framkvæmd innan þess tíma sem tilgreindur er í næstu málsgrein á undan.

19. gr.

1. Svar við tilboði sem felur í sér samþykki en vegna viðbóta, takmarkana eða annarra breytinga er höfnun tilboðs og felur í sér gagntilboð.

2. Svar við tilboði sem felur í sér samþykki en vegna viðbótarskilmála eða annarra skilmála sem ekki breyta efnislega skilmálum tilboðsins er hins vegar talið fela í sér samþykki, nema tilboðsgjafi beri fram munnleg mótmæli tafarlaust vegna ósamræmisins eða sendi frá sér tilkynningu með slíkum mótmælum. Mótmæli hann ekki á slíkan hátt teljast skilmálar samnings vera skilmálar tilboðsins með þeim breytingum sem felast í samþykkinu.

(2) However, an offer cannot be revoked:
(a) if it indicates, whether by stating a fixed time for acceptance or otherwise, that it is irrevocable; or
(b) if it was reasonable for the offeree to rely on the offer as being irrevocable and the offeree has acted in reliance on the offer.

Article 17

An offer, even if it is irrevocable, is terminated when a rejection reaches the offeror.

Article 18

(1) A statement made by or other conduct of the offeree indicating assent to an offer is an acceptance. Silence or inactivity does not in itself amount to acceptance.

(2) An acceptance of an offer becomes effective at the moment the indication of assent reaches the offeror. An acceptance is not effective if the indication of assent does not reach the offeror within the time he has fixed or, if no time is fixed, within a reasonable time, due account being taken of the circumstances of the transaction, including the rapidity of the means of communication employed by the offeror. An oral offer must be accepted immediately unless the circumstances indicate otherwise.

(3) However, if, by virtue of the offer or as a result of practices which the parties have established between themselves or of usage, the offeree may indicate assent by performing an act, such as one relating to the dispatch of the goods or payment of the price, without notice to the offeror, the acceptance is effective at the moment the act is performed, provided that the act is performed within the period of time laid down in the preceding paragraph.

Article 19

(1) A reply to an offer which purports to be an acceptance but contains additions, limitations or other modifications is a rejection of the offer and constitutes a counter-offer.

(2) However, a reply to an offer which purports to be an acceptance but contains additional or different terms which do not materially alter the terms of the offer constitutes an acceptance, unless the offeror, without undue delay, objects orally to the discrepancy or dispatches a notice to that effect. If he does not so object, the terms of the contract are the terms of the offer with the modifications contained in the acceptance.

3. Viðbót við skilmála eða breyting á skilmálum sem varða meðal annars verð, greiðslu, ástand og magn vöru, afhendingarstað, afhendingartíma, takmörkun á ábyrgð annars aðila gagnvart öðrum eða lausn deilumála, skal skoða sem efnislega breytingu á skilmálum tilboðs.

20. gr.

1. Frestur til samþykkis sem ákvarðaður er í símskeyti eða bréfi byrjar að líða þegar símskeytið er afhent til sendingar eða samkvæmt dagsetningu bréfsins eða, ef engin slík dagsetning kemur fram, samkvæmt þeirri dagsetningu sem fram kemur á umslaginu. Frestur til samþykkis sem ákvarðaður er af tilboðsgjafa gegnum síma, fjarrita eða á annan hátt með umsvifalausum fjarskiptum, byrjar að líða þegar tilboð kemur til tilboðsmóttakanda.

2. Opinberir frídagar eða almennir frídagar, sem líða innan samþykkisfrestsins, teljast með freststímabilinu. Verði tilkynning um samþykki hins vegar ekki afhent á heimilisfang tilboðsgjafa á síðasta degi freststímabilsins vegna þess að sá dagur er opinber frídagur eða almennur frídagur á starfsstofu tilboðsgjafa lengist freststíminn fram til næsta viðskiptadags.

21. gr.

1. Of seint fram komið samþykki er engu að síður bindandi ef tilboðsgjafi, án tafar, tilkynnir það tilboðsmóttakanda munnlega eða sendir frá sér tilkynningu þess efnis.

2. Komi fram á bréfi eða öðru skriflegu erindi sem hefur að geyma of seint fram komið samþykki að það hafi verið sent af stað við slíkar aðstæður að hefði sending þess farið fram með eðlilegum hætti þá hefði það komið til tilboðsmóttakanda á réttum tíma, er hið of seint fram komna samþykki bindandi nema tilboðsgjafi, án tafar, tilkynni tilboðsmóttakanda munnlega að hann skoði tilboð sitt niður fallið eða sendi tilkynningu þess efnis.

22. gr.

Samþykki telst afturkallað komi afturköllunin til tilboðsgjafa áður en eða á sama tíma og samþykki hefði orðið bindandi.

23. gr.

Samningur er gerður þegar samþykki á tilboði verður bindandi í samræmi við ákvæði sáttmála þessa.

(3) Additional or different terms relating, among other things, to the price, payment, quality and quantity of the goods, place and time of delivery, extent of one party's liability to the other or the settlement of disputes are considered to alter the terms of the offer materially.

Article 20

(1) A period of time for acceptance fixed by the offeror in a telegram or a letter begins to run from the moment the telegram is handed in for dispatch or from the date shown on the letter or, if no such date is shown, from the date shown on the envelope. A period of time for acceptance fixed by the offeror by telephone, telex or other means of instantaneous communication, begins to run from the moment that the offer reaches the offeree.

(2) Official holidays or non-business days occurring during the period for acceptance are included in calculating the period. However, if a notice of acceptance cannot be delivered at the address of the offeror on the last day of the period because that day falls on an official holiday or a non-business day at the place of business of the offeror, the period is extended until the first business day which follows.

Article 21

(1) A late acceptance is nevertheless effective as an acceptance if without delay the offeror orally so informs the offeree or dispatches a notice to that effect.

(2) If a letter or other writing containing a late acceptance shows that it has been sent in such circumstances that if its transmission had been normal it would have reached the offeror in due time, the late acceptance is effective as an acceptance unless, without delay, the offeror orally informs the offeree that he considers his offer as having lapsed or dispatches a notice to that effect.

Article 22

An acceptance may be withdrawn if the withdrawal reaches the offeror before or at the same time as the acceptance would have become effective.

Article 23

A contract is concluded at the moment when an acceptance of an offer becomes effective in accordance with the provisions of this Convention.

24. gr.

Samkvæmt ákvæðum þessa hluta sáttmálans kemur tilboð, samþykki eða yfirlýsing um samþykki eða sérhver önnur viljayfirlýsing „til" móttakanda þegar slíkri yfirlýsingu er beint til hans munnlega eða afhent honum persónulega eftir öðrum leiðum, á starfsstofu hans eða á póstfang hans eða, hafi hann ekki starfsstofu eða póstfang, þá til fasts aðseturs hans.

Article 24

For the purposes of this Part of the Convention, an offer, declaration of acceptance or any other indication of intention "reaches" the addressee when it is made orally to him or delivered by any other means to him personally, to his place of business or mailing address or, if he does not have a place of business or mailing address, to his habitual residence.

III. HLUTI

Sala vöru.

PART III

Sale of Goods

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

Chapter I

General Provisions

25. gr.

Vanefndir annars aðila eru verulegar séu afleiðingar þeirra fyrir gagnaðila þær að hann verði sviptur því efnislega að öllu verulegu sem hann mátti gera ráð fyrir af samningnum, nema ef sá sem vanefnir sá ekki slíkt fyrir og skynsamur maður í sömu stöðu og við sömu aðstæður hefði ekki séð slíkt fyrir.

Article 25

A breach of contract committed by one of the parties is fundamental if it results in such detriment to the other party as substantially to deprive him of what he is entitled to expect under the contract, unless the party in breach did not foresee and a reasonable person of the same kind in the same circumstances would not have foreseen such a result.

26. gr.

Riftun samnings er aðeins gild sé hún tilkynnt gagnaðila.

Article 26

A declaration of avoidance of the contract is effective only if made by notice to the other party.

27. gr.

Sé tilkynning, áskorun eða önnur orðsending send af hálfu aðila í samræmi við þennan hluta sáttmálans og með aðferð sem viðeigandi er miðað við aðstæður, þá verður sá aðili ekki sviptur rétti til þess að mega treysta erindinu þótt töf verði á eða villa í sendingu þess eða sending þess hafi ekki komist til skila nema annað sé sérstaklega tekið fram í þessum hluta sáttmálans.

Article 27

Unless otherwise expressly provided in this Part of the Convention, if any notice, request or other communication is given or made by a party in accordance with this Part and by means appropriate in the circumstances, a delay or error in the transmission of the communication or its failure to arrive does not deprive that party of the right to rely on the communication.

28. gr.

Ef annar aðila getur samkvæmt ákvæðum sáttmála þessa krafist þess að gagnaðili efni einhverja samningsskyldu sína þá er dómstóll ekki skyldur að dæma um sérstaka samningsskyldu, nema dómurinn myndi dæma samkvæmt eigin innlendri löggjöf um sams konar samning um sölu sem sáttmálinn nær ekki yfir.

Article 28

If, in accordance with the provisions of this Convention, one party is entitled to require performance of any obligation by the other party, a court is not bound to enter a judgement for specific performance unless the court would do so under its own law in respect of similar contracts of sale not governed by this Convention.

29. gr.

1. Breyta má eða segja upp samningi eftir samkomulagi aðila.

2. Skriflegum samningi sem felur í sér ákvæði er gerir ráð fyrir því að allar breytingar á samningnum eða uppsögn hans verði að vera í skriflegu formi, má ekki breyta eða segja upp á annan hátt. Hins vegar

Article 29

(1) A contract may be modified or terminated by the mere agreement of the parties.

(2) A contract in writing which contains a provision requiring any modification or termination by agreement to be in writing may not be otherwise modified or terminated by agreement. However, a

getur aðila með hegðan sinni verið meinað að byggja á slíku ákvæði að svo miklu leyti sem gagnaðili hefur treyst á hegðan hans.

II. KAFLI
Skyldur seljanda.
30. gr.

Seljandi verður að afhenda vöruna og öll viðkomandi skjöl og framselja eignarréttinn að hinu selda eins og krafist er í samningi og sáttmála þessum.

I. ÞÁTTUR
Um afhendingu vöru og afhendingu skjala.
31. gr.

Ef seljanda er ekki skylt að afhenda vöruna á neinum ákveðnum stað er efni afhendingarskyldu hans eftirfarandi:

a) hafi samningur um sölu í för með sér flutning á vöru – þá ber honum að afhenda vöruna fyrsta flutningsmanni til flutnings til kaupanda;
b) fjalli samningur, í tilvikum sem falla ekki undir næsta málslið á undan, um ákveðna vöru eða tegundarákveðna vöru sem á að búa til eða framleiða og sem aðilar vissu þegar samningur var gerður hvar væri staðsett eða að það ætti að framleiða eða búa hana til á ákveðnum stað – þá ber honum að koma vörunni í vörslur kaupanda á þeim stað;
c) í öðrum tilvikum – þá ber seljanda að koma vörunni í vörslur kaupanda á þeim stað sem seljandi átti starfsstofu sína er samningur var gerður.

32. gr.

1. Ef seljandi, samkvæmt samningnum eða sáttmála þessum, afhendir vöruna flutningsmanni og sé varan ekki augljóslega tengd samningnum með merkingu á vörunni, með flutningsskírteinum eða á annan hátt, verður seljandi að senda kaupanda tilkynningu um vörusendinguna þar sem varan er tilgreind.

2. Sé seljanda skylt að annast flutning vörunnar verður hann að gera samninga um viðeigandi flutning miðað við aðstæður sem nauðsynlegir eru og með þeim skilmálum sem venja er við slíka flutninga.

3. Sé seljanda ekki skylt að annast tryggingar vegna flutnings vörunnar ber honum að beiðni kaupanda að láta honum í té allar tiltækar upplýsingar

party may be precluded by his conduct from asserting such a provision to the extent that the other party has relied on that conduct.

Chapter II
Obligations of the Seller
Article 30

The seller must deliver the goods, hand over any documents relating to them and transfer the property in the goods, as required by the contract and this Convention.

Section I
Delivery of the goods and handing over of documents
Article 31

If the seller is not bound to deliver the goods at any other particular place, his obligation to deliver consists:

(a) if the contract of sale involves carriage of the goods – in handing the goods over to the first carrier for transmission to the buyer;
(b) if, in cases not within the preceding subparagraph, the contract related to specific goods, or unidentified goods to be drawn from a specific stock or to be manufactured or produced, and at the time of the conclusion of the contract the parties knew that the goods were at, or were to be manufactured or produced at, a particular place in placing the goods at the buyer's disposal at that place;
(c) in other cases – in placing the goods at the buyer's disposal at the place where the seller had his place of business at the time of the conclusion of the contract.

Article 32

(1) If the seller, in accordance with the contract or this Convention, hands the goods over to a carrier and if the goods are not clearly identified to the contract by markings on the goods, by shipping documents or otherwise, the seller must give the buyer notice of the consignment specifying the goods.

(2) If the seller is bound to arrange for carriage of the goods, he must make such contracts as are necessary for carriage to the place fixed by means of transportation appropriate in the circumstances and according to the usual terms for such transportation.

(3) If the seller is not bound to effect insurance in respect of the carriage of the goods, he must, at the buyer's request, provide him with all available infor-

sem nauðsynlegar eru til að gera honum kleift að koma á slíkri tryggingu.

33. gr.

Seljandi á að afhenda vöruna:

a) sé dagsetning fastákveðin eða ákveða megi dagsetningu af samningi þá ber seljanda að afhenda vöruna á þeim degi;
b) sé tímabil áskilið í samningi eða ákvarða megi tímabil af samningi þá ber seljanda að afhenda vöruna hvenær sem er innan tímabilsins nema aðstæður bendi til þess að kaupandi eigi að velja dagsetningu; eða
c) í sérhverju öðru tilviki ber seljanda að afhenda vöruna innan hæfilegs tíma eftir að samningur var gerður.

34. gr.

Sé seljanda skylt að afhenda skjöl vegna vöru verður hann að afhenda þau á þeim tíma og stað og í því formi sem áskilið er í samningnum. Hafi seljandi afhent skjölin fyrir þann tíma má hann fram að þeim tíma lagfæra skort á samræmi í skjölum valdi sú heimild kaupanda ekki ósanngjörnu óhagræði eða ósanngjörnum kostnaði. Hins vegar heldur kaupandi heimild sinni til að krefjast skaðabóta eftir því sem kveðið er á um í sáttmála þessum.

II. ÞÁTTUR

Samningshæfi vöru og kröfur þriðja aðila.

35. gr.

1. Seljandi á að afhenda vöru í því magni, í því ástandi og samkvæmt þeirri lýsingu sem áskilið er í samningi og í þeim umbúðum eða umgjörð sem áskilið er í samningnum.

2. Hafi aðilar ekki samið á annan hátt telst vara ekki vera í samningshæfu ástandi nema hún:

a) komi að þeim notum sem sams konar vörur myndu venjulega eiga að gera;
b) sé hæf til ákveðinna nota sem seljanda hefur beint eða óbeint, verið greint frá þegar samningur var gerður nema ljóst megi vera af aðstæðum að kaupandi hafi ekki treyst eða ósanngjarnt hafi verið af kaupanda að treysta á þekkingu og mat seljanda;
c) búi yfir þeim eiginleikum sem seljandi hefur kynnt kaupanda í formi sýnis eða fyrirmyndar vörunnar;
d) sé í umbúðum eða hún pökkuð á þann hátt sem venja er um slíka vöru eða, þar sem engin slík

mation necessary to enable him to effect such insurance.

Article 33

The seller must deliver the goods:

(a) if a date is fixed by or determinable from the contract, on that date;
(b) if a period of time is fixed by or determinable from the contract, at any time within that period unless circumstances indicate that the buyer is to choose a date; or
(c) in any other case, within a reasonable time after the conclusion of the contract.

Article 34

If the seller is bound to hand over documents relating to the goods, he must hand them over at the time and place and in the form required by the contract. If the seller has handed over documents before that time, he may, up to that time, cure any lack of conformity in the documents, if the exercise of this right does not cause the buyer unreasonable inconvenience or unreasonable expense. However, the buyer retains any right to claim damages as provided for in this Convention.

Section II

Conformity of the goods and third party claims

Article 35

(1) The seller must deliver goods which are of the quantity, quality and description required by the contract and which are contained or packaged in the manner required by the contract.

(2) Except where the parties have agreed otherwise, the goods do not conform with the contract unless they:

(a) are fit for the purposes for which goods of the same description would ordinarily be used;
(b) are fit for any particular purpose expressly or impliedly made known to the seller at the time of the conclusion of the contract, except where the circumstances show that the buyer did not rely, or that it was unreasonable for him to rely, on the seller's skill and judgement;
(c) possess the qualities of goods which the seller has held out to the buyer as a sample or model;
(d) are contained or packaged in the manner usual for such goods or, where there is no such man-

venja er fyrir hendi, á þann hátt sem hæfilegur þykir til þess að geyma og verja vöruna.

3. Seljandi ber ekki ábyrgð samkvæmt a–d-liðum í næstu málsgrein á undan vegna skorts á samningshæfi vöru ef kaupandi vissi eða gat ekki verið grunlaus um slíkan skort á samningshæfi vörunnar er samningur var gerður.

36. gr.

1. Seljandi ber ábyrgð samkvæmt samningnum og sáttmála þessum á skorti á samningshæfi vöru sem er til staðar þegar áhættan fyrir selda vöru færist yfir á kaupanda jafnvel þótt skortur á samningshæfi vörunnar komi ekki í ljós fyrr en eftir þann tíma.

2. Seljandi ber einnig ábyrgð á skorti á samningshæfi vöru sem kemur í ljós eftir þann tíma sem nefndur er í næstu málsgrein á undan og stafar af vanefndum á einhverri samningsskyldu hans, þar á meðal tímabundinni tryggingu hans fyrir því að varan verði hæf til allra venjulegra nota slíkrar vöru eða til ákveðinna nota eða því að hún muni halda tilteknum gæðum eða eiginleikum.

37. gr.

Hafi seljandi afhent vöruna fyrir afhendingardag getur hann fram að þeim degi afhent það sem á kynni að vanta eða bætt allan skort á magni vörunnar sem afhent er eða afhent aðra vöru sem kemur í stað vöru sem afhent hefur verið og skortir samningshæfi eða bætt fyrir það sem þegar hefur verið afhent af vörunni og er áfátt, að því tilskildu að beiting heimildar þessarar valdi kaupanda ekki ósanngjörnum óþægindum eða ósanngjörnum kostnaði. Hins vegar heldur kaupandi þeim rétti til að krefjast skaðabóta sem kveðið er á um í sáttmála þessum.

38. gr.

1. Kaupanda ber að rannsaka vöruna eða sjá til þess að hún verði rannsökuð eins fljótt og unnt er miðað við aðstæður.

2. Taki samningurinn til flutnings vörunnar má fresta rannsókn hennar uns varan er komin á ákvörðunarstað.

3. Hafi varan verið framflutt til nýs áfangastaðar eða hafi hún verið framsend af hálfu kaupanda án þess að hann hafi fengið sanngjarnt tækifæri til þess að rannsaka vöruna og seljandi á þeim tíma er samningur var gerður vissi eða mátti vita um möguleikann á slíkum framflutningi eða framsendingu, má fresta rannsókn uns varan er komin á hinn nýja áfangastað.

ner, in a manner adequate to preserve and protect the goods.

(3) The seller is not liable under subparagraphs (a) to (d) of the preceding paragraph for any lack of conformity of the goods if at the time of the conclusion of the contract the buyer knew or could not have been unaware of such lack of conformity.

Article 36

(1) The seller is liable in accordance with the contract and this Convention for any lack of conformity which exists at the time when the risk passes to the buyer, even though the lack of conformity becomes apparent only after that time.

(2) The seller is also liable for any lack of conformity which occurs after the time indicated in the preceding paragraph and which is due to a breach of any of his obligations, including a breach of any guarantee that for a period of time the goods will remain fit for their ordinary purpose or for some particular purpose or will retain specified qualities or characteristics.

Article 37

If the seller has delivered goods before the date for delivery, he may, up to that date, deliver any missing part or make up any deficiency in the quantity of the goods delivered, or deliver goods in replacement of any non-conforming goods delivered or remedy any lack of conformity in the goods delivered, provided that the exercise of this right does not cause the buyer unreasonable inconvenience or unreasonable expense. However, the buyer retains any right to claim damages as provided for in this Convention.

Article 38

(1) The buyer must examine the goods, or cause them to be examined, within as short a period as is practicable in the circumstances.

(2) If the contract involves carriage of the goods, examination may be deferred until after the goods have arrived at their destination.

(3) If the goods are redirected in transit or redispatched by the buyer without a reasonable opportunity for examination by him and at the time of the conclusion of the contract the seller knew or ought to have known of the possibility of such redirection or redispatch, examination may be deferred until after the goods have arrived at the new destination.

39. gr.

1. Kaupandi missir rétt til að byggja á skorti á samningshæfi vöru greini hann ekki seljanda frá því með tilkynningu þar sem hann tiltekur í hverju skortur á samningshæfi vörunnar sé fólginn innan hæfilegs tíma eftir að honum varð kunnugt um eða mátti hafa orðið kunnugt um það.

2. Hvað sem öðru líður þá missir kaupandi rétt til að byggja á skorti á samningshæfi vöru tilkynni hann ekki seljanda um slíkt í síðasta lagi innan tveggja ára frá þeim degi er varan komst í hendur kaupanda, nema frestur þessi samrýmist ekki ábyrgðartíma samkvæmt samningi.

40. gr.

Seljandi getur ekki byggt á ákvæðum 38. og 39. gr. ef skortur á samningshæfi vörunnar tengist staðreyndum sem honum voru kunnar eða máttu ekki vera ókunnar og hann upplýsti ekki kaupanda um.

41. gr.

Seljanda ber að afhenda vöru sem er óbundin réttindum eða kröfu þriðja aðila nema kaupandi hafi samþykkt að taka við vöru sem slík réttindi eða krafa hvílir á. Ef slík réttindi eða krafa er hins vegar byggð á eignarréttindum á sviði iðnaðar eða öðrum hugverkarétti lýtur skylda seljanda ákvæðum 42. gr.

42. gr.

1. Seljanda ber að afhenda vöru sem ekki hvíla á nein réttindi eða kröfur þriðja aðila sem byggjast á eignarréttindum á sviði iðnaðar eða öðrum hugverkarétti sem seljandi, er samningur komst á, vissi um eða mátti ekki hafa verið ókunnugt um, að því tilskildu að rétturinn eða krafan byggist á eignarréttindum á sviði iðnaðar eða öðrum hugverkarétti:

a) samkvæmt lögum þess ríkis þar sem varan verður endurseld eða notuð á annan hátt hafi aðilar haft það í huga, er samningur komst á, að vörurnar yrðu endurseldar eða notaðar á annan hátt í því ríki; eða
b) í sérhverju öðru tilviki samkvæmt lögum þess ríkis þar sem kaupandi hefur starfsstofu sína.

2. Skylda seljanda samkvæmt næstu málsgrein á undan nær ekki til þeirra tilvika þar sem:

a) kaupandi vissi eða mátti ekki vera ókunnugt um réttindin eða kröfuna er samningur var gerður; eða
b) réttindin eða krafan stafa af hlýðni seljanda við tækniteikningar, uppdrætti, fyrirmæli eða aðrar slíkar leiðbeiningar sem kaupandi hefur látið í té.

Article 39

(1) The buyer loses the right to rely on a lack of conformity of the goods if he does not give notice to the seller specifying the nature of the lack of conformity within a reasonable time after he has discovered it or ought to have discovered it.

(2) In any event, the buyer loses the right to rely on a lack of conformity of the goods if he does not give the seller notice thereof at the latest within a period of two years from the date on which the goods were actually handed over to the buyer, unless this time-limit is inconsistent with a contractual period of guarantee.

Article 40

The seller is not entitled to rely on the provisions of articles 38 and 39 if the lack of conformity relates to facts of which he knew or could not have been unaware and which he did not disclose to the buyer.

Article 41

The seller must deliver goods which are free from any right or claim of a third party, unless the buyer agreed to take the goods subject to that right or claim. However, if such right or claim is based on industrial property or other intellectual property, the seller's obligation is governed by article 42.

Article 42

(1) The seller must deliver goods which are free from any right or claim of a third party based on industrial property or other intellectual property, of which at the time of the conclusion of the contract the seller knew or could not have been unaware, provided that the right or claim is based on industrial property or other intellectual property:

(a) under the law of the State where the goods will be resold or otherwise used, if it was contemplated by the parties at the time of the conclusion of the contract that the goods would be resold or otherwise used in that State; or
(b) in any other case, under the law of the State where the buyer has his place of business.

(2) The obligation of the seller under the preceding paragraph does not extend to cases where:

(a) at the time of the conclusion of the contract the buyer knew or could not have been unaware of the right or claim; or
(b) the right or claim results from the seller's compliance with technical drawings, designs, formulae or other such specifications furnished by the buyer.

43. gr.

1. Kaupandi missir rétt til að byggja á ákvæðum 41. eða 42. gr. sendi hann ekki tilkynningu til seljanda þar sem hann tilgreinir eðli réttinda eða kröfu þriðja aðila, innan hæfilegs tíma eftir að honum varð kunnugt um eða mátti hafa orðið kunnugt um réttindin eða kröfuna.

2. Seljandi getur ekki byggt á ákvæðum næstu málsgreinar á undan hafi honum verið kunnugt um réttindi eða kröfu þriðja aðila og eðli hennar.

44. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 39. gr. og 1. mgr. 43. gr. getur kaupandi lækkað kaupverð í samræmi við ákvæði 50. gr. eða krafist skaðabóta, nema vegna hagnaðarmissis, hafi hann réttmæta afsökun fyrir því að hafa ekki sent tilkynningu þá sem krafist er.

III. ÞÁTTUR

Úrræði vegna vanefnda seljanda.

45. gr.

1. Efni seljandi ekki samningsskyldur sínar eða skyldur samkvæmt sáttmála þessum getur kaupandi:

a) beitt heimildum 46.–52. gr.;
b) krafist skaðabóta eins og kveðið er á um í 74.–77. gr.

2. Kaupandi glatar ekki neinum rétti sem hann gæti átt til að krefjast skaðabóta þótt hann beiti öðrum úrræðum.

3. Dómstóll eða gerðardómur má ekki veita seljanda afhendingarfrest þegar kaupandi beitir úrræðum vegna vanefnda á samningi.

46. gr.

1. Kaupandi má krefjast þess að seljandi efni samningsskyldur sínar nema kaupandi hafi beitt úrræðum sem eru ósamrýmanleg þeirri kröfu.

2. Sé vara í ósamræmi við samning getur kaupandi aðeins krafist þess að sér verði afhent önnur vara í staðinn hafi skortur á samningshæfi vörunnar haft í för með sér að um verulegar vanefndir samnings hafi orðið að ræða og að beiðni um nýja vöru hafi verið gerð samtímis tilkynningu skv. 39. gr. eða innan hæfilegs tíma þar á eftir.

3. Sé vara í ósamræmi við samning getur kaupandi krafist þess af seljanda að hann bæti fyrir skort á samningshæfi vöru með því að gera við vöruna nema slíkt sé ósanngjarnt þegar allar aðstæður eru virtar. Beiðni um viðgerð verður að koma fram annaðhvort

Article 43

(1) The buyer loses the right to rely on the provisions of article 41 or article 42 if he does not give notice to the seller specifying the nature of the right or claim of the third party within a reasonable time after he has become aware or ought to have become aware of the right or claim.

(2) The seller is not entitled to rely on the provisions of the preceding paragraph if he knew of the right or claim of the third party and the nature of it.

Article 44

Notwithstanding the provisions of paragraph (1) of article 39 and paragraph (1) of article 43, the buyer may reduce the price in accordance with article 50 or claim damages, except for loss of profit, if he has a reasonable excuse for his failure to give the required notice.

Section III

Remedies for breach of contract by the seller

Article 45

(1) If the seller fails to perform any of his obligations under the contract or this Convention, the buyer may:

(a) exercise the rights provided in articles 46 to 52;
(b) claim damages as provided in articles 74 to 77.

(2) The buyer is not deprived of any right he may have to claim damages by exercising his right to other remedies.

(3) No period of grace may be granted to the seller by a court or arbitral tribunal when the buyer resorts to a remedy for breach of contract.

Article 46

(1) The buyer may require performance by the seller of his obligations unless the buyer has resorted to a remedy which is inconsistent with this requirement.

(2) If the goods do not conform with the contract, the buyer may require delivery of substitute goods only if the lack of conformity constitutes a fundamental breach of contract and a request for substitute goods is made either in conjunction with notice given under article 39 or within a reasonable time thereafter.

(3) If the goods do not conform with the contract, the buyer may require the seller to remedy the lack of conformity by repair, unless this is unreasonable having regard to all the circumstances. A request for repair must be made either in conjunction with

jafnhliða tilkynningu skv. 39. gr. eða innan hæfilegs tíma þar á eftir.

47. gr.

1. Kaupandi getur ákveðið hæfilegan viðbótarfrest handa seljanda til þess að efna skyldur sínar.

2. Kaupandi má ekki leita úrræða vegna vanefnda á samningum nema hann hafi móttekið tilkynningu frá seljanda þess efnis að hann muni ekki efna samninginn innan þess frests sem ákveðinn hefur verið. Kaupandi glatar hins vegar ekki neinum rétti sem hann kann að hafa til að krefjast skaðabóta vegna afhendingardráttar.

48. gr.

1. Með hliðsjón af 49. gr. getur seljandi, jafnvel eftir að afhendingartími er liðinn, bætt á eigin kostnað sérhvern skort á efndum samnings geti hann gert það án óhæfilegs dráttar og án þess að valda kaupanda ósanngjörnum óþægindum eða óvissu um endurgreiðslu seljanda á áður útlögðum kostnaði af hálfu kaupanda. Hins vegar heldur kaupandi þeim rétti til að krefjast skaðabóta sem kveðið er á um í sáttmála þessum.

2. Ef seljandi skorar á kaupanda að lýsa því yfir hvort hann vilji samþykkja efndagreiðslu sína og kaupandi bregst ekki við áskoruninni innan hæfilegs tíma getur seljandi innt efndagreiðslu sína af hendi innan þess tíma sem greinir í áskorun seljanda. Kaupandi má ekki á því tímabili leita neinna úrræða sem eru í ósamræmi við efndir seljanda á samningnum.

3. Tilkynning seljanda um að hann muni efna samninginn innan ákveðins tíma telst fela í sér áskorun samkvæmt næstu málsgrein á undan um að kaupandi skýri frá ákvörðun sinni.

4. Áskorun eða tilkynning seljanda skv. 2. eða 3. mgr. þessarar greinar er ekki gild nema kaupandi taki við henni.

49. gr.

1. Kaupandi má rifta samningi:

a) ef það að seljandi efnir ekki einhverja samningsskyldu sína samkvæmt samningnum eða sáttmála þessum jafngildir því að um verulegar vanefndir samnings verði að ræða; eða

b) þegar afhending fer ekki fram, ef seljandi afhendir ekki varninginn innan þess viðbótarfrests sem kaupandi hefur ákveðið í samræmi við 1. mgr. 47. gr. eða lýsir því yfir að hann muni ekki afhenda vöru innan þess tímabils sem þannig hefur verið ákveðið.

notice given under article 39 or within a reasonable time thereafter.

Article 47

(1) The buyer may fix an additional period of time of reasonable length for performance by the seller of his obligations.

(2) Unless the buyer has received notice from the seller that he will not perform within the period so fixed, the buyer may not, during that period, resort to any remedy for breach of contract. However, the buyer is not deprived thereby of any right he may have to claim damages for delay in performance.

Article 48

(1) Subject to article 49, the seller may, even after the date for delivery, remedy at his own expense any failure to perform his obligations, if he can do so without unreasonable delay and without causing the buyer unreasonable inconvenience or uncertainty of reimbursement by the seller of expenses advanced by the buyer. However, the buyer retains any right to claim damages as provided for in this Convention.

(2) If the seller requests the buyer to make known whether he will accept performance and the buyer does not comply with the request within a reasonable time, the seller may perform within the time indicated in his request. The buyer may not, during that period of time, resort to any remedy which is inconsistent with performance by the seller.

(3) A notice by the seller that he will perform within a specified period of time is assumed to include a request, under the preceding paragraph, that the buyer make known his decision.

(4) A request or notice by the seller under paragraph (2) or (3) of this article is not effective unless received by the buyer.

Article 49

(1) The buyer may declare the contract avoided:

(a) if the failure by the seller to perform any of his obligations under the contract or this Convention amounts to a fundamental breach of contract; or

(b) in case of non-delivery, if the seller does not deliver the goods within the additional period of time fixed by the buyer in accordance with paragraph (1) of article 47 or declares that he will not deliver within the period so fixed.

2. Hafi seljandi hins vegar afhent vöruna missir kaupandi rétt til að rifta samningnum nema:

a) þegar um afhendingardrátt er að ræða, innan hæfilegs tíma eftir að honum verður kunnugt um að afhending hefur átt sér stað;
b) þegar um aðrar vanefndir en afhendingardrátt er að ræða, innan hæfilegs tíma:
   i) eftir að hann vissi eða mátti hafa vitað um vanefndirnar;
   ii) eftir að viðbótarfrestur sem kaupandi hefur ákveðið í samræmi við 1. mgr. 47. gr. er liðinn eða eftir að seljandi hefur lýst því yfir að hann muni ekki efna samningsskyldur sínar innan þess viðbótarfrests; eða
   iii) eftir að viðbótarfrestur sá sem seljandi hefur lýst yfir í samræmi við 2. mgr. 48. gr. er liðinn eða eftir að kaupandi hefur lýst því yfir að hann muni ekki samþykkja efndir seljanda.

50. gr.

Ef ástand vöru er ekki samningshæft og hvort sem kaupverð hefur verið greitt eða ekki getur kaupandi lækkað kaupverðið í sama hlutfalli og það verðgildi vöru sem afhent hefur verið var á þeim tíma er afhending fór fram miðað við verðgildi vöru sem hefði verið samningshæf á sama tíma. Ef seljandi bætir hins vegar úr vanefndum sínum í samræmi við 37. gr. eða 48. gr. eða ef kaupandi neitar að taka við efndagreiðslu seljanda í samræmi við ákvæði þessara greina getur kaupandi ekki lækkað kaupverðið.

51. gr.

1. Ef seljandi afhendir aðeins hluta vöru eða ef aðeins hluti afhentrar vöru er í samningshæfu ástandi gilda 46.–50. gr. varðandi þann hluta sem á skortir eða er ekki í samningshæfu ástandi.

2. Kaupandi getur aðeins rift samningnum í heild leiði afhendingardráttur að hluta eða að það sem afhent var er ekki í samningshæfu ástandi til þess að um verulegar vanefndir á samningnum verði að ræða.

52. gr.

1. Ef seljandi afhendir vöru fyrir þann tíma sem tiltekinn hefur verið getur kaupandi tekið við því sem afhent er eða hann getur neitað að taka við því.
2. Ef seljandi afhendir meira magn vöru en ákveðið er í samningnum getur kaupandi tekið við því sem

(2) However, in cases where the seller has delivered the goods, the buyer loses the right to declare the contract avoided unless he does so:

(a) in respect of late delivery, within a reasonable time after he has become aware that delivery has been made;
(b) in respect of any breach other than late delivery, within a reasonable time:
   (i) after he knew or ought to have known of the breach;
   (ii) after the expiration of any additional period of time fixed by the buyer in accordance with paragraph (1) of article 47, or after the seller has declared that he will not perform his obligations within such an additional period; or
   (iii) after the expiration of any additional period of time indicated by the seller in accordance with paragraph (2) of article 48, or after the buyer has declared that he will not accept performance.

Article 50

If the goods do not conform with the contract and whether or not the price has already been paid, the buyer may reduce the price in the same proportion as the value that the goods actually delivered had at the time of the delivery bears to the value that conforming goods would have had at that time. However, if the seller remedies any failure to perform his obligations in accordance with article 37 or article 48 or if the buyer refuses to accept performance by the seller in accordance with those articles, the buyer may not reduce the price.

Article 51

(1) If the seller delivers only a part of the goods or if only a part of the goods delivered is in conformity with the contract, articles 46 to 50 apply in respect of the part which is missing or which does not conform.

(2) The buyer may declare the contract avoided in its entirety only if the failure to make delivery completely or in conformity with the contract amounts to a fundamental breach of the contract.

Article 52

(1) If the seller delivers the goods before the date fixed, the buyer may take delivery or refuse to take delivery.

(2) If the seller delivers a quantity of goods greater than that provided for in the contract, the

innt er af hendi eða hann getur neitað að taka við því magni sem umfram er. Ef kaupandi tekur við öllu eða hluta þess magns sem umfram er verður hann að greiða fyrir það samkvæmt verðákvæðum samningsins.

III. KAFLI
Skyldur kaupanda.
53. gr.

Kaupandi verður að greiða kaupverð vörunnar og taka við henni eins og krafist er samkvæmt ákvæðum samningsins og sáttmála þessum.

I. ÞÁTTUR
Greiðsla kaupverðs.
54. gr.

Skylda kaupanda að greiða kaupverðið felur í sér að gera þær ráðstafanir og fullnægja þeim formsatriðum sem kveðið er á um í samningnum eða í lögum og reglugerðum til þess að greiðsla geti farið fram.

55. gr.

Þar sem gildur samningur hefur verið gerður en kaupverð er hvorki beint eða óbeint tilgreint né kveðið á um ákvörðun þess í samningnum eru aðilar taldir hafa, bendi ekkert til hins gagnstæða, óbeint vísað til þess kaupverðs sem krafist var að öllu jöfnu fyrir slíkar vörur við sambærilegar aðstæður á því sviði viðskipta og á þeim tíma er samningur var gerður.

56. gr.

Ef kaupverðið er ákveðið eftir þyngd vöru skal, ef vafi er á því, ákveða það eftir nettóþyngd.

57. gr.

1. Sé kaupanda ekki skylt að greiða kaupverðið á öðrum tilgreindum stað verður hann að greiða seljanda kaupverðið:

a) á starfsstofu seljanda; eða
b) ef það ber að greiða kaupverðið gegn því að vara eða skjöl verði afhent, á þeim stað þar sem afhendingin fer fram.

2. Seljandi verður að bera þann aukna kostnað við að inna greiðslu af hendi sem leiðir af því ef breyting verður á starfsstofu hans eftir að samningur var gerður.

58. gr.

1. Ef kaupanda er ekki skylt að greiða kaupverðið á öðrum tíma verður hann að greiða það þegar seljbuyer may take delivery or refuse to take delivery of the excess quantity. If the buyer takes delivery of all or part of the excess quantity, he must pay for it at the contract rate.

Chapter III
Obligations of the Buyer
Article 53

The buyer must pay the price for the goods and take delivery of them as required by the contract and this Convention.

Section I
Payment of the price
Article 54

The buyer's obligation to pay the price includes taking such steps and complying with such formalities as may be required under the contract or any laws and regulations to enable payment to be made.

Article 55

Where a contract has been validly concluded but does not expressly or implicitly fix or make provision for determining the price, the parties are considered, in the absence of any indication to the contrary, to have impliedly made reference to the price generally charged at the time of the conclusion of the contract for such goods sold under comparable circumstances in the trade concerned.

Article 56

If the price is fixed according to the weight of the goods, in case of doubt it is to be determined by the net weight.

Article 57

(1) If the buyer is not bound to pay the price at any other particular place, he must pay it to the seller:

(a) at the seller's place of business; or
(b) if the payment is to be made against the handing over of the goods or of documents, at the place where the handing over takes place.

(2) The seller must bear any increases in the expenses incidental to payment which is caused by a change in his place of business subsequent to the conclusion of the contract.

Article 58

(1) If the buyer is not bound to pay the price at any other specific time, he must pay it when the sel-

andi fær honum umráð hvort heldur vörunnar eða farmskjala, sem veita rétt til ráðstöfunar hennar, í samræmi við samninginn og sáttmála þennan. Seljandi getur sett það skilyrði fyrir því að hann afhendi vöru eða skjöl að slík greiðsla fari fram.

2. Ef samningurinn felur í sér flutning vöru getur seljandi sent farmflytjanda vöruna með þeim skilmálum að varan eða skjöl sem ráðstöfunarrétt veita yfir vörunni verði ekki afhent kaupanda nema gegn greiðslu kaupverðsins.

3. Kaupanda er ekki skylt að greiða kaupverðið fyrr en honum hefur gefist færi á að rannsaka vöruna nema það fyrirkomulag afhendingar eða greiðslu kaupverðs sem aðilar hafa orðið ásáttir um sé í ósamræmi við að honum veitist slíkt færi á að rannsaka vöruna.

59. gr.

Kaupandi verður að greiða kaupverðið á þeim degi sem ákveðinn er eða leiða má af samningnum og sáttmála þessum án þess að þörf sé áskorunar eða að fullnægt sé nokkrum formskilyrðum af hendi seljanda.

II. ÞÁTTUR

Viðtaka vöru.

60. gr.

Skylda kaupanda til að taka við vöru felur í sér:
að framkvæma allt það sem með sanngirni má ætlast til af honum til þess að gera seljanda kleift að inna af hendi afhendingarskyldu sína; og
að taka við vörunni.

III. ÞÁTTUR

Úrræði vegna vanefnda kaupanda.

61. gr.

1. Ef kaupandi vanefnir einhverja skyldu sína samkvæmt samningnum eða sáttmála þessum getur seljandi:

a) beitt heimildum sem kveðið er á um í 62.–65. gr.;
b) krafist skaðabóta sem kveðið er á um í 74.–77. gr.

2. Seljandi glatar ekki neinum rétti sem hann gæti átt til að krefjast skaðabóta þótt hann beiti öðrum úrræðum.

3. Dómstóll eða gerðardómur má ekki veita kaupanda frest til efnda þegar seljandi beitir vanefndaúrræðum.

62. gr.

Seljandi má krefjast þess af kaupanda að hann greiði kaupverðið, taki við vörunni eða inni af hendi

ler places either the goods or documents controlling their disposition at the buyer's disposal in accordance with the contract and this Convention. The seller may make such payment a condition for handing over the goods or documents.

(2) If the contract involves carriage of the goods, the seller may dispatch the goods on terms whereby the goods, or documents controlling their disposition, will not be handed over to the buyer except against payment of the price.

(3) The buyer is not bound to pay the price until he has had an opportunity to examine the goods, unless the procedures for delivery or payment agreed upon by the parties are inconsistent with his having such an opportunity.

Article 59

The buyer must pay the price on the date fixed by or determinable from the contract and this Convention without the need for any request or compliance with any formality on the part of the seller.

Section II

Taking delivery

Article 60

The buyer's obligation to take delivery consists:

(a) in doing all the acts which could reasonably be expected of him in order to enable the seller to make delivery; and
(b) in taking over the goods.

Section III

Remedies for breach of contract by the buyer

Article 61

(1) If the buyer fails to perform any of his obligations under the contract or this Convention, the seller may:

(a) exercise the rights provided in articles 62 to 65;

(b) claim damages as provided in articles 74 to 77.

(2) The seller is not deprived of any right he may have to claim damages by exercising his right to other remedies.

(3) No period of grace may be granted to the buyer by a court or arbitral tribunal when the seller resorts to a remedy for breach of contract.

Article 62

The seller may require the buyer to pay the price, take delivery or perform his other obligations, unless

aðrar skyldur sínar nema seljandi hafi leitað úrræða sem samræmast ekki slíkri kröfu.

63. gr.

1. Seljandi getur ákveðið hæfilegan viðbótarfrest handa kaupanda til að efna skyldur sínar.

2. Nema seljandi hafi fengið tilkynningu frá kaupanda þess efnis að hann muni ekki efna samningsskyldur sínar innan þess tíma sem ákveðinn hefur verið getur seljandi ekki á því tímabili leitað annarra úrræða vegna vanefnda samningsins. Seljandi glatar hins vegar ekki neinum rétti sem hann kann að hafa til þess að krefjast skaðabóta vegna tafa á efndum.

64. gr.

1. Seljandi getur rift samningi:

a) ef það að kaupandi efnir ekki skyldur sínar samkvæmt samningnum eða sáttmála þessum telst veruleg vanefnd; eða

b) ef kaupandi efnir ekki innan þess viðbótarfrests sem seljandi hefur ákveðið í samræmi við 1. mgr. 63. gr. skyldu sína til að greiða kaupverðið eða taka við vörunni eða ef hann lýsir því yfir að hann muni ekki gera það innan þess frests sem þannig hefur verið ákveðinn.

2. Í tilvikum þar sem kaupandi hefur innt af hendi kaupverðið missir seljandi hins vegar rétt til að rifta samningnum nema hann rifti:

a) vegna viðtökudráttar af hendi kaupanda áður en seljanda varð kunnugt um að efndir hefðu átt sér stað; eða

b) vegna annarra vanefnda en viðtökudráttar af hendi kaupanda, innan hæfilegs tíma:

i) eftir að seljandi vissi eða mátti hafa vitað um vanefndirnar; eða

ii) eftir að liðinn er viðbótarfrestur sem seljandi hefur ákveðið skv. 1. mgr. 63. gr. eða eftir að kaupandi hefur lýst því yfir að hann muni ekki efna samningsskyldur sínar innan slíks viðbótarfrests.

65. gr.

1. Ef kaupandi skal samkvæmt ákvæðum samningsins tilgreina nákvæmlega lögun, mál eða önnur megineinkenni vöru og það bregst að hann ákveði slíka nákvæma tilgreiningu annaðhvort á þeim degi sem umsaminn er eða innan hæfilegs tíma eftir móttöku áskorunar frá seljanda, má seljandi, án þess að það komi niður á öðrum þeim réttindum sem hann

the seller has resorted to a remedy which is inconsistent with this requirement.

Article 63

(1) The seller may fix an additional period of time of reasonable length for performance by the buyer of his obligations.

(2) Unless the seller has received notice from the buyer that he will not perform within the period so fixed, the seller may not, during that period, resort to any remedy for breach of contract. However, the seller is not deprived thereby of any right he may have to claim damages for delay in performance.

Article 64

(1) The seller may declare the contract avoided:

(a) if the failure by the buyer to perform any of his obligations under the contract or this Convention amounts to a fundamental breach of contract; or

(b) if the buyer does not, within the additional period of time fixed by the seller in accordance with paragraph (1) of article 63, perform his obligation to pay the price or take delivery of the goods, or if he declares that he will not do so within the period so fixed.

(2) However, in cases where the buyer has paid the price, the seller loses the right to declare the contract avoided unless he does so:

(a) in respect of late performance by the buyer, before the seller has become aware that performance has been rendered; or

(b) in respect of any breach other than late performance by the buyer, within a reasonable time:

(i) after the seller knew or ought to have known of the breach; or

(ii) after the expiration of any additional period of time fixed by the seller in accordance with paragraph (1) or article 63, or after the buyer has declared that he will not perform his obligations within such an additional period.

Article 65

(1) If under the contract the buyer is to specify the form, measurement or other features of the goods and he fails to make such specification either on the date agreed upon or within a reasonable time after receipt of a request from the seller, the seller may, without prejudice to any other rights he may have, make the specification himself in accordance with

kann að eiga, ákveða slíka tilgreiningu sjálfur í samræmi við þær kröfur kaupanda sem seljanda eru kunnar.

2. Ef seljandi ákveður tilgreininguna sjálfur verður hann að upplýsa kaupanda um einstök atriði tilgreiningarinnar og hann verður að fastákveða hæfilegan frest handa kaupanda til að ákveða breytingu tilgreiningar. Ef það bregst að kaupandi ákveði tilgreiningu eftir að hafa tekið við tilkynningu þess efnis og innan þess frests sem þannig hefur verið ákveðinn verður tilgreining sú sem seljandi ákvað bindandi.

the requirements of the buyer that may be known to him.

(2) If the seller makes the specification himself, he must inform the buyer of the details thereof and must fix a reasonable time within which the buyer may make a different specification. If, after receipt of such a communication, the buyer fails to do so within the time so fixed, the specification made by the seller is binding.

IV. KAFLI
Áhættuskipti.

66. gr.

Ef vara ferst eða verður fyrir tjóni eftir að áhættan *á því hefur færst yfir á kaupanda leysir það kaupanda* ekki undan skyldu hans að greiða kaupverðið nema missirinn eða tjónið stafi af athöfn eða athafnaleysi seljanda.

Chapter IV
Passing of Risk

Article 66

Loss of or damage to the goods after the risk has passed to the buyer does not discharge him from his obligation to pay the price, unless the loss or damage is due to an act or omission of the seller.

67. gr.

1. Ef samningur um sölu hefur í för með sér flutning vöru og seljanda er ekki skylt að afhenda hana á ákveðinn stað færist áhættan yfir á kaupanda þegar varan er afhent fyrsta flutningsmanni til flutnings til kaupanda í samræmi við samninginn. Ef seljanda er skylt að afhenda vöruna flutningsmanni á ákveðnum stað færist áhættan ekki yfir á kaupanda fyrr en varan er afhent flutningsmanni á þeim stað. Það að seljanda er heimilt að halda eftir skjölum sem heimila ráðstöfun vörunnar hefur ekki áhrif á áhættuskiptin.

2. Engu að síður færist áhættan ekki yfir á kaupanda fyrr en varan hefur verið skýrlega samrætt samningnum hvort heldur með merkingum á vörunni, farmskjölum, tilkynningu til kaupanda eða á annan hátt.

Article 67

(1) If the contract of sale involves carriage of the goods and the seller is not bound to hand them over at a particular place, the risk passes to the buyer when the goods are handed over to the first carrier for transmission to the buyer in accordance with the contract of sale. If the seller is bound to hand the goods over to a carrier at a particular place, the risk does not pass to the buyer until the goods are handed over to the carrier at that place. The fact that the seller is authorized to retain documents controlling the disposition of the goods does not affect the passage of the risk.

(2) Nevertheless, the risk does not pass to the buyer until the goods are clearly identified to the contract, whether by markings on the goods, by shipping documents, by notice given to the buyer or otherwise.

68. gr.

Áhættan vegna vöru sem seld er til framflutnings færist yfir á kaupanda á þeirri stundu sem samningur er gerður. Sé það hins vegar ljóst af aðstæðum þá færist áhættan yfir á kaupanda þegar varan er afhent þeim flutningsmanni er gefur út skjöl vegna flutningssamningsins. Engu að síður hafi seljandi, er samningur um sölu var gerður, vitað eða mátt vita að varan hafi farist eða orðið fyrir tjóni og hafi hann ekki skýrt kaupanda frá því, er missirinn eða tjónið á ábyrgð seljanda.

Article 68

The risk in respect of goods sold in transit passes to the buyer from the time of the conclusion of the contract. However, if the circumstances so indicate, the risk is assumed by the buyer from the time the goods were handed over to the carrier who issued the documents embodying the contract of carriage. Nevertheless, if at the time of the conclusion of the contract of sale the seller knew or ought to have known that the goods had been lost or damaged and did not disclose this to the buyer, the loss or damage is at the risk of the seller.

69. gr.

1. Í tilvikum sem falla ekki undir 67. og 68. gr. færist áhættan yfir á kaupanda þegar hann tekur við vörunni eða, ef hann gerir það ekki á réttum tíma, á þeirri stundu sem vörunni er komið í umráð hans og hann vanefnir samninginn með því að taka ekki við vörunni.

2. Sé kaupanda hins vegar skylt að taka við vörunni á öðrum stað en starfsstofu seljanda, færist áhættan yfir þegar afhendingartíminn er kominn og kaupanda er kunnugt um það að vörunni hafi verið skilað í hans umráð á þeim stað.

3. Ef samningurinn er um vöru sem enn hefur ekki verið sérgreind telst vörunni ekki hafa verið skilað í umráð kaupanda fyrr en varan hefur verið samrætt samningnum.

70. gr.

Hafi seljandi vanefnt samning verulega koma 67., 68. og 69. gr. ekki í veg fyrir að kaupandi neyti þeirra úrræða sem tiltæk eru vegna vanefndanna.

V. KAFLI
Sameiginleg ákvæði um skyldur seljanda og kaupanda.

I. ÞÁTTUR
Fyrirsjáanlegar vanefndir og afborgunarsamningar.

71. gr.

1. Samningsaðili getur hætt að efna skyldur sínar samkvæmt samningnum ef það kemur í ljós eftir að samningur var gerður að gagnaðili muni ekki efna verulegan hluta skuldbindinga sinna:

a) vegna þess að hæfi hans til þess að efna samninginn eða lánshæfni hans er verulega skert; eða
b) vegna hegðunar hans við undirbúning efnda samningsins eða við efndir samningsins.

2. Ef seljandi hefur sent frá sér vöruna áður en aðstæður þær sem lýst er í næstu málsgrein á undan koma í ljós getur hann komið í veg fyrir afhendingu vörunnar til kaupanda jafnvel þótt kaupandi sé handhafi skjala sem heimila honum að fá vöruna til sín. Þessi málsgrein á eingöngu við um réttindi til vörunnar að því er varðar kaupanda og seljanda.

3. Aðili sem hættir að efna samninginn hvort sem það gerist fyrir eða eftir að varan er send af stað verður án tafar að tilkynna gagnaðila um stöðvun sína á efndum og verður að halda áfram að efna samninginn ef gagnaðili veitir nægilega tryggingu fyrir því að hann geti efnt samninginn.

Article 69

(1) In cases not within articles 67 and 68, the risk passes to the buyer when he takes over the goods or, if he does not do so in due time, from the time when the goods are placed at his disposal and he commits a breach of contract by failing to take delivery.

(2) However, if the buyer is bound to take over the goods at a place other than a place of business of the seller, the risk passes when delivery is due and the buyer is aware of the fact that the goods are placed at his disposal at that place.

(3) If the contract relates to goods not then identified, the goods are considered not to be placed at the disposal of the buyer until they are clearly identified to the contract.

Article 70

If the seller has committed a fundamental breach of contract, articles 67, 68 and 69 do not impair the remedies available to the buyer on account of the breach.

Chapter V
Provisions Common to the Obligations of the Seller and of the Buyer

Section I
Anticipatory breach and instalment contracts

Article 71

(1) A party may suspend the performance of his obligations if, after the conclusion of the contract, it becomes apparent that the other party will not perform a substantial part of his obligations as a result of:

(a) a serious deficiency in his ability to perform or in his creditworthiness; or
(b) his conduct in preparing to perform or in performing the contract.

(2) If the seller has already dispatched the goods before the grounds described in the preceding paragraph become evident, he may prevent the handing over of the goods to the buyer even though the buyer holds a document which entitles him to obtain them. The present paragraph relates only to the rights in the goods as between the buyer and the seller.

(3) A party suspending performance, whether before or after dispatch of the goods, must immediately give notice of the suspension to the other party and must continue with performance if the other party provides adequate assurance of his performance.

72. gr.

1. Ef ljóst verður áður en komið er að efndum samnings að annar aðila muni vanefna samninginn verulega má gagnaðili rifta samningnum.

2. Gefist til þess tími verður sá aðili sem hyggst rifta samningnum að tilkynna gagnaðila það á réttan hátt til þess að sá aðili geti tryggt það nægilega að hann muni efna samninginn.

3. Skilyrðin í næstu málsgrein á undan eiga ekki við ef gagnaðili hefur lýst því yfir að hann muni ekki efna skuldbindingar sínar.

73. gr.

1. Sé um að ræða samning um afhendingu vöru smátt og smátt, og annar aðila efnir ekki einhverja samningsskyldu sína vegna einstakrar afhendingar, getur gagnaðili rift samningnum varðandi þá afhendingu.

2. Ef það að aðili efnir ekki einhverja samningsskyldu sína vegna einstakrar afhendingar veitir gagnaðila tilefni til þess að álykta að um verulegar vanefndir muni verða að ræða vegna afhendinga framvegis getur hann rift samningnum vegna ókominna afhendinga að því gefnu að hann rifti innan hæfilegs tíma.

3. Kaupandi sem riftir samningnum vegna einstakrar afhendingar getur á sama tíma rift samningnum vegna afhendinga sem þegar hafa farið fram eða vegna ókominna afhendinga séu þau tengsl á milli einstakra afhendinga að einstakar afhendingar vöru koma ekki að þeim notum sem aðilar höfðu í huga er samningur var gerður.

II. ÞÁTTUR

Skaðabætur.

74. gr.

Skaðabætur vegna vanefnda annars aðila skulu nema þeirri fjárhæð sem svarar til tjónsins, þar á meðal er hagnaðarmissir sem gagnaðili hefur orðið fyrir sem afleiðing af vanefndunum. Slíkar skaðabætur mega ekki vera meiri en tjónið sem sá er vanefnir sá eða mátti hafa séð fyrir að gæti hafa orðið möguleg afleiðing vanefnda samnings þá er samningur komst á, með hliðsjón af málsatvikum og staðreyndum sem honum voru þá kunnar eða máttu vera kunnar.

75. gr.

Ef samningnum er rift og kaupandi hefur keypt aðra vöru með eðlilegum hætti og innan hæfilegs tíma eftir riftun í stað vöru sem samningurinn fjallar

Article 72

(1) If prior to the date for performance of the contract it is clear that one of the parties will commit a fundamental breach of contract, the other party may declare the contract avoided.

(2) If time allows, the party intending to declare the contract avoided must give reasonable notice to the other party in order to permit him to provide adequate assurance of his performance.

(3) The requirements of the preceding paragraph do not apply if the other party has declared that he will not perform his obligations.

Article 73

(1) In the case of a contract for delivery of goods by instalments, if the failure of one party to perform any of his obligations in respect of any instalment constitutes a fundamental breach of contract with respect to that instalment, the other party may declare the contract avoided with respect to that instalment.

(2) If one party's failure to perform any of his obligations in respect of any instalment gives the other party good grounds to conclude that a fundamental breach of contract will occur with respect to future instalments, he may declare the contract avoided for the future, provided that he does so within a reasonable time.

(3) A buyer who declares the contract avoided in respect of any delivery may, at the same time, declare it avoided in respect of deliveries already made or of future deliveries if, by reason of their interdependence, those deliveries could not be used for the purpose contemplated by the parties at the time of the conclusion of the contract.

Section II

Damages

Article 74

Damages for breach of contract by one party consist of a sum equal to the loss, including loss of profit, suffered by the other party as a consequence of the breach. Such damages may not exceed the loss which the party in breach foresaw or ought to have foreseen at the time of the conclusion of the contract, in the light of the facts and matters of which he then knew or ought to have known, as a possible consequence of the breach of contract.

Article 75

If the contract is avoided and if, in a reasonable manner and within a reasonable time after avoidance, the buyer has bought goods in replacement or

um eða ef seljandi hefur endurselt vöruna, getur sá aðili sem krefst skaðabóta fengið bættan þann mismun sem er milli samningsverðs og kaupverðs í þeim viðskiptum sem komu í stað upphaflega samningsins auk frekari skaðabóta skv. 74. gr.

76. gr.

1. Sé samningnum rift og fyrir hendi er gangverð á vörunni getur sá aðili sem krefst skaðabóta, hafi hann ekki fest kaup á vöru eða endurselt hana skv. 75. gr., fengið bættan þann mismun sem er á milli þess verðs sem ákveðið er í samningnum og gangverðsins á þeim tíma er samningi var rift auk annarra skaðabóta skv. 74. gr. Hafi aðili hins vegar rift samningi eftir að hafa tekið við vörunni þá ber að miða við gangverð á þeim tíma þegar hann tók við vörunni í stað gangverðs á þeim tíma er samningi var rift.

2. Í næstu málsgrein á undan telst gangverð vera það verð sem algengast er á þeim stað sem afhenda hefði átt vöruna eða, ef ekki er gangverð á þeim stað, á þeim stað öðrum sem hæfilegt væri að kæmi í hans stað með hliðsjón af mismun á kostnaði vegna flutnings vörunnar.

77. gr.

Aðili sem byggir á vanefndum samnings verður að gera þær ráðstafanir sem hæfilegar eru miðað við aðstæður til að draga úr því tjóni, þar með talið hagnaðartjóni, sem leiðir af vanefndunum. Vanræki hann að gera slíkar ráðstafanir má sá aðili sem vanefnt hefur krefjast frádráttar skaðabóta að þeirri fjárhæð sem draga hefði átt úr tjóni.

III. ÞÁTTUR

Vextir.

78. gr.

Bregðist það að aðili greiði kaupverð eða sérhverja aðra fjárhæð sem gjaldfallin er þá á gagnaðili rétt á að krefjast vaxta af greiðslunni án tillits til skaðabótakrafna skv. 74. gr.

IV. ÞÁTTUR

Undantekningar.

79. gr.

1. Aðili ber ekki ábyrgð á vanefndum skuldbindinga sinna ef hann sannar að vanefndirnar stafi af hindrun sem ekki var á hans valdi og ekki væri sanngjarnt að ætlast til að hann hefði átt að gera ráð fyrir á þeim tíma er samningur var gerður eða hann hefði átt að hafa komist hjá eða yfir hana eða afleiðingum hennar.

the seller has resold the goods, the party claiming damages may recover the difference between the contract price and the price in the substitute transaction as well as any further damages recoverable under article 74.

Article 76

(1) If the contract is avoided and there is a current price for the goods, the party claiming damages may, if he has not made a purchase or resale under article 75, recover the difference between the price fixed by the contract and the current price at the time of avoidance as well as any further damages recoverable under article 74. If, however, the party claiming damages has avoided the contract after taking over the goods, the current price at the time of such taking over shall be applied instead of the current price at the time of avoidance.

(2) For the purposes of the preceding paragraph, the current price is the price prevailing at the place where delivery of the goods should have been made or, if there is no current price at that place, the price at such other place as serves as a reasonable substitute, making due allowance for differences in the cost of transporting the goods.

Article 77

A party who relies on a breach of contract must take such measures as are reasonable in the circumstances to mitigate the loss, including loss of profit, resulting from the breach. If he fails to take such measures, the party in breach may claim a reduction in the damages in the amount by which the loss should have been mitigated.

Section III

Interest

Article 78

If a party fails to pay the price or any other sum that is in arrears, the other party is entitled to interest on it, without prejudice to any claim for damages recoverable under article 74.

Section IV

Exemptions

Article 79

(1) A party is not liable for a failure to perform any of his obligations if he proves that the failure was due to an impediment beyond his control and that he could not reasonably be expected to have taken the impediment into account at the time of the conclusion of the contract or to have avoided or overcome it or its consequences.

2. Ef vanefnd aðila stafar af vanefndum þriðja aðila sem hann hefur fengið til að efna allan samninginn eða hluta hans verður sá aðili undanþeginn ábyrgð aðeins ef:

a) hann er undanþeginn samkvæmt næstu málsgrein á undan; og
b) þriðji aðili sem hann hefur fengið til þess myndi vera undanþeginn ef ákvæðum sömu málsgreinar væri beitt um hann.

3. Undantekningin sem heimiluð er í þessari grein gildir þann tíma sem hindrunin er til staðar.

4. Aðili sem vanefnir verður að tilkynna gagnaðila um hindrunina og áhrif hennar á möguleika sína til að efna samninginn. Ef tilkynningin berst ekki gagnaðila innan hæfilegs tíma, eftir að sá aðili sem vanefnir vissi eða mátti hafa vitað um hindrunina, ber hann ábyrgð á þeirri bótaskyldu sem leiðir af því að slík tilkynning er ekki móttekin.

5. Ekkert í þessari grein varnar aðilum samningsins að beita öðrum heimildum en þeim að krefjast skaðabóta samkvæmt sáttmála þessum.

80. gr.

Aðili má ekki treysta á vanefnd gagnaðila að því marki sem slík vanefnd væri afleiðing aðgerða eða aðgerðaleysis fyrri aðilans.

V. ÞÁTTUR

Áhrif riftunar.

81. gr.

1. Riftun samnings leysir báða aðila undan samningsskuldbindingum þeirra án tillits til þeirrar skaðabótaábyrgðar sem gæti stofnast. Riftun hefur ekki áhrif á nein ákvæði samningsins um lausn deilumála eða önnur ákvæði samningsins sem kveða á um þau réttindi og þær skyldur aðila sem leiða af riftun samningsins.

2. Aðili sem hefur efnt samninginn annaðhvort að fullu eða að hluta getur krafist þess að gagnaðili skili aftur því sem fyrrnefndur aðili hefur þegar innt af hendi eða greitt samkvæmt samningnum. Ef báðir aðilar eiga að skila aftur því sem þeir hafa tekið við verða þeir að gera það samtímis.

82. gr.

1. Kaupandi missir réttinn til að rifta samningnum eða krefja seljanda um nýja vöru ef honum er ómögulegt að skila aftur vörunni að öllu verulegu í sama ástandi og hann tók við henni.

2. Ofangreind málsgrein á ekki við:

a) ef það að aðili getur ekki skilað aftur vöru eða

(2) If the party's failure is due to the failure by a third person whom he has engaged to perform the whole or a part of the contract, that party is exempt from liability only if:

(a) he is exempt under the preceding paragraph; and

(b) the person whom he has so engaged would be so exempt if the provisions of that paragraph were applied to him.

(3) The exemption provided by this article has effect for the period during which the impediment exists.

(4) The party who fails to perform must give notice to the other party of the impediment and its effect on his ability to perform. If the notice is not received by the other party within a reasonable time after the party who fails to perform knew or ought to have known of the impediment, he is liable for damages resulting from such non-receipt.

(5) Nothing in this article prevents either party from exercising any right other than to claim damages under this Convention.

Article 80

A party may not rely on a failure of the other party to perform, to the extent that such failure was caused by the first party's act or omission.

Section V

Effects of avoidance

Article 81

(1) Avoidance of the contract releases both parties from their obligations under it, subject to any damages which may be due. Avoidance does not affect any provision of the contract for the settlement of disputes or any other provision of the contract governing the rights and obligations of the parties consequent upon the avoidance of the contract.

(2) A party who has performed the contract either wholly or in part may claim restitution from the other party of whatever the first party has supplied or paid under the contract. If both parties are bound to make restitution, they must do so concurrently.

Article 82

(1) The buyer loses the right to declare the contract avoided or to require the seller to deliver substitute goods if it is impossible for him to make restitution of the goods substantially in the condition in which he received them.

(2) The preceding paragraph does not apply:

(a) if the impossibility of making restitution of the

skilað aftur vöru að öllu verulegu í því ástandi sem hún var í er kaupandi tók við henni stafar ekki af einhverri athöfn hans eða athafnaleysi;
b) ef varan eða hluti vörunnar hefur farist eða rýrnað sem afleiðing rannsóknar sem kveðið er á um í 38. gr.; eða
c) ef varan eða hluti vörunnar hefur verið seld í venjulegum verslunarviðskiptum eða hefur verið notuð eða umbreytt af kaupanda sem afleiðing venjulegrar notkunar áður en honum varð ljóst eða mátti hafa orðið ljóst að vöruna skorti samningshæfi.

83. gr.

Kaupandi sem misst hefur réttinn til að rifta samningnum eða til að krefja seljandann um aðra vöru skv. 82. gr. heldur öðrum úrræðum samkvæmt samningnum og sáttmála þessum.

84. gr.

1. Sé seljanda skylt að endurgreiða kaupverðið verður hann jafnframt að greiða vexti af því frá þeim degi er kaupverð var greitt.

2. Kaupandi verður að standa seljanda skil á þeim hag sem hann hefur haft af vörunni eða hluta hennar:

a) ef hann verður að skila vörunni aftur eða hluta hennar; eða
b) ef honum er ómögulegt að skila aftur allri vörunni eða hluta hennar, eða allri vörunni eða hluta hennar að öllu verulegu, í sama ástandi og hann tók við henni, þótt hann hafi engu að síður rift samningnum eða krafið seljandann um aðra vöru í staðinn.

VI. ÞÁTTUR
Varðveisla vöru.

85. gr.

Sé um viðtökudrátt að ræða af hálfu kaupanda eða þegar greiðsla kaupverðs og afhending vöru á að fara fram samtímis en seljandi er með vöruna í sinni vörslu eða hefur á annan hátt umráð vörunnar með höndum og kaupandi greiðir ekki kaupverðið verður seljandi að gera þær ráðstafanir sem réttar eru miðað við aðstæður til að geyma vöruna. Hann á rétt á að halda vörunni þangað til kaupandi hefur endurgreitt honum sanngjarnan kostnað vegna viðtökudráttarins.

86. gr.

1. Ef kaupandi hefur tekið við vöru og hyggst beita heimildum sínum samkvæmt samningnum eða sáttmála þessum til að hafna henni verður hann að

goods or of making restitution of the goods substantially in the condition in which the buyer received them is not due to his act or omission;
(b) if the goods or part of the goods have perished or deteriorated as a result of the examination provided for in article 38; or
(c) if the goods or part of the goods have been sold in the normal course of business or have been consumed or transformed by the buyer in the course normal use before he discovered or ought to have discovered the lack of conformity.

Article 83

A buyer who has lost the right to declare the contract avoided or to require the seller to deliver substitute goods in accordance with article 82 retains all other remedies under the contract and this Convention.

Article 84

(1) If the seller is bound to refund the price, he must also pay interest on it, from the date on which the price was paid.

(2) The buyer must account to the seller for all benefits which he has derived from the goods or part of them:
(a) if he must make restitution of the goods or part of them; or
(b) if it is impossible for him to make restitution of all or part of the goods or to make restitution of all or part of the goods substantially in the condition in which he received them, but he has nevertheless declared the contract avoided or required the seller to deliver substitute goods.

Section VI
Preservation of the goods

Article 85

If the buyer is in delay in taking delivery of the goods or, where payment of the price and delivery of the goods are to be made concurrently, if he fails to pay the price, and the seller is either in possession of the goods or otherwise able to control their disposition, the seller must take such steps as are reasonable in the circumstances to preserve them. He is entitled to retain them until he has been reimbursed his reasonable expenses by the buyer.

Article 86

(1) If the buyer has received the goods and intends to exercise any right under the contract or this Convention to reject them, he must take such steps to

gera þær ráðstafanir sem réttar eru miðað við aðstæður til að geyma hana. Hann á rétt á að halda vörunni þangað til seljandi hefur endurgreitt honum sanngjarnan kostnað.

2. Ef vara sem send hefur verið kaupanda er komin í hans umráð á ákvörðunarstað og hann beitir heimildum sínum til að hafna henni, verður hann að taka vöruna í sínar vörslur fyrir hönd seljanda, að því tilskildu að það verði gert án þess að greiða kaupverð og án óeðlilegra óþæginda eða ósanngjarns kostnaðar. Ákvæði þetta gildir ekki ef seljandi eða aðili sá er heimild hefur til þess að taka við vörslum vörunnar af hans hálfu er staddur á ákvörðunarstað. Taki kaupandi við vörslu vörunnar samkvæmt þessari málsgrein fer um réttindi hans og skyldur eftir ákvæðum næstu málsgreinar á undan.

87. gr.

Aðila sem skylt er að gera ráðstafanir til þess að geyma vöruna er heimilt að afhenda hana til geymslu í vöruskemmu þriðja aðila á kostnað gagnaðila að því tilskildu að kostnaður sem af því leiðir sé ekki óhóflegur.

88. gr.

1. Aðila sem skylt er að geyma vöru skv. 85. eða 86. gr. er heimilt að selja hana með viðeigandi hætti hafi orðið óhæfilegur dráttur af hálfu gagnaðila á að taka við vörslum vörunnar eða taka aftur við vörunni eða á því að greiða kaupverð hennar eða kostnað við geymslu hennar, að því tilskildu að rétt tilkynning um að ætlunin sé að selja vöruna hafi verið send gagnaðila.

2. Ef varan er þess eðlis að hún skemmist fljótt eða varðveisla hennar myndi hafa í för með sér ósanngjarnan kostnað verður sá aðili sem ber að geyma vöruna í samræmi við 85. eða 86. gr. að gera réttar ráðstafanir til þess að selja hana. Að því marki sem mögulegt er verður hann að tilkynna gagnaðila þann ásetning sinn að selja vöruna.

3. Aðili sem selur vöruna á rétt á að halda eftir af andvirði sölunnar sanngjörnum kostnaði vegna geymslu og sölu vörunnar. Verður hann að greina gagnaðila frá mismuninum.

IV. HLUTI

Lokaákvæði.

89. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna er hér með tilnefndur vörsluaðili sáttmála þessa.

preserve them as are reasonable in the circumstances. He is entitled to retain them until he has been reimbursed his reasonable expenses by the seller.

(2) If goods dispatched to the buyer have been placed at his disposal at their destination and he exercises the right to reject them, he must take possession of them on behalf of the seller, provided that this can be done without payment of the price and without unreasonable inconvenience or unreasonable expense. This provision does not apply if the seller or a person authorized to take charge of the goods on his behalf is present at the destination. If the buyer takes possession of the goods under this paragraph, his rights and obligations are governed by the preceding paragraph.

Article 87

A party who is bound to take steps to preserve the goods may deposit them in a warehouse of a third person at the expense of the other party provided that the expense incurred is not unreasonable.

Article 88

(1) A party who is bound to preserve the goods in accordance with article 85 or 86 may sell them by any appropriate means if there has been an unreasonable delay by the other party in taking possession of the goods or in taking them back or in paying the price or the cost of preservation, provided that reasonable notice of the intention to sell has been given to the other party.

(2) If the goods are subject to rapid deterioration or their preservation would involve unreasonable expense, a party who is bound to preserve the goods in accordance with article 85 or 86 must take reasonable measures to sell them. To the extent possible he must give notice to the other party of his intention to sell.

(3) A party selling the goods has the right to retain out of the proceeds of sale an amount equal to the reasonable expenses of preserving the goods and of selling them. He must account to the other party for the balance.

PART IV

Final Provisions

Article 89

The Secretary-General of the United Nations is hereby designated as the depositary for this Convention.

90. gr.

Sáttmáli þessi gengur eigi framar neinum alþjóðlegum samningi sem þegar hefur verið gerður eða verður ef til vill gerður og sem hefur að geyma ákvæði varðandi efni sem kveðið er á um í sáttmála þessum að því tilskildu að aðilarnir hafi starfsstofur sínar í ríkjum sem aðild eiga að slíkum samningi.

91. gr.

1. Sáttmáli þessi liggur frammi til undirritunar á lokafundi ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu vöru milli ríkja og mun liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York til 30. september 1981.

2. Sáttmáli þessi er háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykki ríkjanna sem undirrita hann.

3. Öllum ríkjum, sem ekki eru stofnríki, skal heimilt að gerast aðilar að samningi þessum eftir þann tíma er hann liggur frammi til undirritunar.

4. Fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- og aðildarskjöl skal varðveita hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

92. gr.

1. Samningsríki getur lýst því yfir við undirritun, fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild að það sé ekki bundið af II. hluta sáttmála þessa eða að það sé ekki bundið af III. hluta sáttmála þessa.

2. Samningsríki sem gefur út yfirlýsingu í samræmi við næstu málsgrein á undan vegna II. hluta eða III. hluta sáttmálans verður ekki talið samningsríki skv. 1. mgr. 1. gr. samningins að því er það efni varðar er sá hluti sáttmálans tekur til er yfirlýsingin fjallar um.

93. gr.

1. Ef samningsríki skiptist í tvö eða fleiri landsvæði og stjórnarskrá þess kveður á um að mismunandi löggjöf skuli gilda að því er varðar efni það er sáttmáli fjallar um getur ríkið þegar það undirritar, fullgildir, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að samningnum lýst því yfir að sáttmálinn eigi að gilda á öllum landsvæðum ríkisins eða eingöngu á einu eða fleiri landsvæðum þess og má ríkið breyta yfirlýsingu sinni með því að leggja fram aðra yfirlýsingu hvenær sem er.

2. Yfirlýsingar þessar skal tilkynna vörsluaðila og eiga þær að tilgreina með skýrum hætti landsvæði þau sem sáttmálinn gildir á.

Article 90

This Convention does not prevail over any international agreement which has already been or may be entered into and which contains provisions concerning the matters governed by this Convention, provided that the parties have their places of business in States parties to such agreement.

Article 91

(1) This Convention is open for signature at the concluding meeting of the United Nations Conference on Contracts for the International Sale of Goods and will remain open for signature by all States at the Headquarters of the United Nations, New York until 30 September 1981.

(2) This Convention is subject to ratification, acceptance or approval by the signatory States.

(3) This Convention is open for accession by all States which are not signatory States as from the date it is open for signature.

(4) Instruments of ratification, acceptance, approval and accession are to be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

Article 92

(1) A Contracting State may declare at the time of signature, ratification, acceptance, approval or accession that it will not be bound by Part II of this Convention or that it will not be bound by Part III of this Convention.

(2) A Contracting State which makes a declaration in accordance with the preceding paragraph in respect of Part II or Part III of this Convention is not to be considered a Contracting State within paragraph (1) of article 1 of this Convention in respect of matters governed by the Part to which the declaration applies.

Article 93

(1) If a Contracting State has two or more territorial units in which, according to its constitution, different systems of law are applicable in relation to the matters dealt with in this Convention, it may, at the time of signature, ratification, acceptance, approval or accession, declare that this Convention is to extend to all its territorial units or only to one or more of them, and may amend its declaration by submitting another declaration at any time.

(2) These declarations are to be notified to the depositary and are to state expressly the territorial units to which the Convention extends.

3. Ef fram kemur yfirlýsing samkvæmt þessari grein um að sáttmáli þessi gildi um eitt eða fleiri en ekki öll landsvæði samningsríkis og sé starfsstofa aðila staðsett í því ríki þá telst slík starfsstofa ekki vera í samningsríki að því er varðar sáttmála þennan nema hún sé á landsvæði sem sáttmálinn gildir á.

4. Ef samningsríki gefur ekki út yfirlýsingu skv. 1. mgr. þessarar greinar gildir sáttmálinn á öllum landsvæðum þess ríkis.

94. gr.

1. Tvö eða fleiri samningsríki sem hafa sömu eða nátengda löggjöf um efni það er sáttmáli þessi fjallar um geta hvenær sem er lýst því yfir að sáttmálinn eigi ekki að gilda um samninga um sölu eða gerð þeirra í þeim ríkjum þar sem aðilar hafa starfsstofu. Slíkar yfirlýsingar geta verið sameiginlegar eða samkvæmt gagnkvæmum einhliða yfirlýsingum.

2. Samningsríki sem hefur sömu eða nátengda löggjöf um efni það er sáttmáli þessi fjallar um og ríki, eitt eða fleiri, sem ekki eru samningsríki, geta hvenær sem er lýst því yfir að sáttmálinn eigi ekki að gilda um samninga um sölu eða gerð þeirra þegar aðilar hafa starfsstofur sínar í þessum ríkjum.

3. Ef ríki sem er aðili að yfirlýsingu samkvæmt næstu málsgrein á undan verður síðar samningsríki mun slík yfirlýsing sem það átti aðild að hafa sömu réttaráhrif varðandi það ríki og yfirlýsing skv. 1. mgr., frá þeim degi er sáttmálinn gengur í gildi varðandi hið nýja samningsríki að því tilskildu að hið nýja samningsríki eigi aðild að slíkri yfirlýsingu eða gefi út gagnkvæma einhliða yfirlýsingu.

95. gr.

Sérhvert ríki getur lýst því yfir þegar það leggur fram fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjal að það sé ekki bundið af ákvæðum liðar 1. mgr. 1. gr. sáttmála þessa.

96. gr.

Ef lög samningsríkis kveða á um að samningar um sölu skuli gerðir í rituðu máli eða sannanlegir á ritaðan hátt, getur það ríki hvenær sem er lýst því yfir samkvæmt ákvæðum 12. gr., að ákvæði 11. gr., 29. gr. eða II. hluta sáttmála þessa, sem heimila að samningur um sölu eða breyting hans eða uppsögn samkvæmt samkomulagi eða að tilboð, samþykki eða önnur viljayfirlýsing, sé gerð öðruvísi en skrif-

(3) If, by virtue of a declaration under this article, this Convention extends to one or more but not all of the territorial units of a Contracting State, and if the place of business of a party is located in that State, this place of business, for the purposes of this Convention, is considered not to be in a Contracting State, unless it is in a territorial unit to which the Convention extends.

(4) If a Contracting State makes no declaration under paragraph (1) of this article, the Convention is to extend to all territorial units of that State.

Article 94

(1) Two or more Contracting States which have the same or closely related legal rules on matters governed by this Convention may at any time declare that the Convention is not to apply to contracts of sale or to their formation where the parties have their places of business in those States. Such declarations may be made jointly or by reciprocal unilateral declarations.

(2) A Contracting State which has the same or closely related legal rules on matters governed by this Convention as one or more non-Contracting States may at any time declare that the Convention is not to apply to contracts of sale or to their formation where the parties have their places of business in those States.

(3) If a State which is the object of a declaration under the preceding paragraph subsequently becomes a Contracting State, the declaration made will, as from the date on which the Convention enters into force in respect of the new Contracting State, have the effect of a declaration made under paragraph (1), provided that the new Contracting State joins in such declaration or makes a reciprocal unilateral declaration.

Article 95

Any State may declare at the time of the deposit of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession that it will not be bound by subparagraph (1)(b) of article 1 of this Convention.

Article 96

A Contracting State whose legislation requires contracts of sale to be concluded in or evidenced by writing may at any time make a declaration in accordance with article 12 that any provision of article 11, article 29, or Part II of this Convention, that allows a contract of sale or its modification or termination by agreement or any offer, acceptance, or other indication of intention to be made in any form

lega, eigi ekki við þar sem einhver aðila hefur starfsstofu í því ríki.

97. gr.

1. Yfirlýsingar sem gefnar eru samkvæmt sáttmála þessum við undirritun verður að staðfesta þegar samningurinn er fullgiltur, staðfestur eða samþykktur.

2. Yfirlýsingar og staðfestingar yfirlýsinga skulu vera skriflegar og ber að tilkynna þær vörsluaðila með formlegum hætti.

3. Yfirlýsing tekur gildi samtímis því að sáttmálinn öðlast gildi að því er varðar viðkomandi ríki. Hins vegar tekur yfirlýsing sem vörsluaðila er tilkynnt formlega um eftir slíka gildistöku gildi fyrsta dag næsta mánaðar þegar liðnir eru sex mánuðir frá því vörsluaðili tók við yfirlýsingunni. Gagnkvæmar einhliða yfirlýsingar skv. 94. gr. taka gildi fyrsta dag næsta mánaðar þegar liðnir eru sex mánuðir frá því að vörsluaðili tók við síðustu yfirlýsingunni.

4. Sérhvert ríki sem gefur út yfirlýsingu samkvæmt þessum sáttmála getur afturkallað hana hvenær sem er með formlegri skriflegri tilkynningu sem send er vörsluaðila. Slík afturköllun tekur gildi á fyrsta degi næsta mánaðar þegar liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi er vörsluaðili tók við tilkynningunni.

5. Afturköllun yfirlýsingar skv. 94. gr. veldur því að frá þeim degi er afturköllun tekur gildi verða gagnkvæmar yfirlýsingar annarra ríkja sem gerðar hafa verið samkvæmt sömu grein óvirkar.

98. gr.

Enga fyrirvara má gera nema bein heimild sé til þess í sáttmála þessum.

99. gr.

1. Sáttmáli þessi öðlast gildi, með hliðsjón af ákvæðum 6. mgr. þessarar greinar, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tólf mánuðir frá þeim degi er tíunda fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjal, þar á meðal skjal sem hefur að geyma yfirlýsingu skv. 92. gr., hefur verið afhent til vörslu.

2. Þegar ríki fullgildir, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að samningi þessum eftir að tíunda fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjal hefur verið lagt fram, öðlast sáttmálinn gildi, með hliðsjón af ákvæðum 6. mgr. þessarar greinar, að því er varðar það ríki að undanteknum þeim þætti hans sem ríkið er ekki bundið af, fyrsta dag næsta

other than in writing, does not apply where any party has his place of business in that State.

Article 97

(1) Declarations made under this Convention at the time of signature are subject to confirmation upon ratification, acceptance or approval.

(2) Declarations and confirmations of declarations are to be in writing and be formally notified to the depositary.

(3) A declaration takes effect simultaneously with the entry into force of this Convention in respect of the State concerned. However, a declaration of which the depositary receives formal notification after such entry into force takes effect on the first day of the month following the expiration of six months after the date of its receipt by the depositary. Reciprocal unilateral declarations under article 94 take effect on the first day of the month following the expiration of six months after the receipt of the latest declaration by the depositary.

(4) Any State which makes a declaration under this Convention may withdraw it at any time by a formal notification in writing addressed to the depositary. Such withdrawal is to take effect on the first day of the month following the expiration of six months after the date of the receipt of the notification by the depositary.

(5) A withdrawal of a declaration made under article 94 renders inoperative, as from the date on which the withdrawal takes effect, any reciprocal declaration made by another State under that article.

Article 98

No reservations are permitted except those expressly authorized in this Convention.

Article 99

(1) This Convention enters into force, subject to the provisions of paragraph (6) of this article, on the first day of the month following the expiration of twelve months after the date of deposit of the tenth instrument of ratification, acceptance, approval or accession, including an instrument which contains a declaration made under article 92.

(2) When a State ratifies, accepts, approves or accedes to this Convention after the deposit of the tenth instrument of ratification, acceptance, approval or accession, this Convention, with the exception of the Part excluded, enters into force in respect of that State, subject to the provisions of paragraph (6) of this article, on the first day of the month following

mánaðar eftir að liðnir eru tólf mánuðir frá þeim degi er fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjal þess ríkis var lagt fram til vörslu.

3. Ríki sem fullgildir, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að sáttmála þessum og er aðili að „samningi um samræmingu lagaákvæða varðandi samningsgerð um sölu vöru milli þjóða“ sem gerður var í Haag 1. júlí 1964 (1964 Haag-samningur um samningsgerð) og „samningi varðandi samræmingu lagaákvæða um sölu vöru milli þjóða“ sem gerður var í Haag 1. júlí 1964 (1964 Haag-samningur um sölu), öðrum eða báðum, skal segja upp eftir því sem við á öðrum eða báðum samningunum, þ.e. Haag-samningnum um sölu frá 1964 og Haag-samningnum um samningsgerð frá 1964 með tilkynningu til ríkisstjórnar Hollands þar að lútandi.

4. Ríki sem er aðili að Haag-samningnum um sölu frá 1964 og fullgildir, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að sáttmála þessum og lýsir því yfir eða hefur lýst því yfir skv. 52. gr., að það vilji vera óbundið af II. hluta sáttmála þessa, skal, þegar það fullgildir, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að sáttmála þessum, segja upp Haag-samningnum um sölu frá 1964 með tilkynningu til ríkisstjórnar Hollands þar að lútandi.

5. Ríki sem er aðili að Haag-samningnum um samningsgerð frá 1964 og fullgildir, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að sáttmála þessum og lýsir því yfir eða hefur lýst því yfir skv. 92. gr., að það vilji vera óbundið af III. hluta samnings þessa, skal, þegar það fullgildir, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að þessum samningi, segja upp Haag-samningnum um samningsgerð frá 1964 með tilkynningu til ríkisstjórnar Hollands þar að lútandi.

6. Með hliðsjón af þessari grein öðlast fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild að samningi þessum af hálfu ríkja, sem aðild eiga að Haag-samningnum um samningsgerð frá 1964 eða að Haag-samningnum um sölu frá 1964, ekki gildi fyrr en uppsagnir þær sem krafist er af hálfu ríkja vegna tveggja síðargreindu samninganna hafa tekið gildi. Vörsluaðili sáttmála þessa skal hafa samvinnu við ríkisstjórn Hollands, sem vörsluaðila samninganna frá 1964, til að tryggja nauðsynlega samvinnu í þessu tilliti.

100. gr.

1. Sáttmáli þessi gildir aðeins um samningsgerð þegar tillaga að samningi er gerð þegar eða eftir að sáttmálinn öðlast gildi að því er varðar samningsríki

the expiration of twelve months after the date of the deposit of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

(3) A State which ratifies, accepts, approves or accedes to this Convention and is a party to either or both the Convention relating to a Uniform Law on the Formation of Contracts for the International Sale of Goods done at The Hague on 1 July 1964 (1964 Hague Formation Convention) and the Convention relating to a Uniform Law on the International Sale of Goods done at The Hague on 1 July 1964 (1964 Hague Sales Convention) shall at the same time denounce, as the case may be, either or both the 1964 Hague Sales Convention and the 1964 Hague Formation Convention by notifying the Government of the Netherlands to that effect.

(4) A State party to the 1964 Hague Sales Convention which ratifies, accepts, approves or accedes to the present Convention and declares or has declared under article 52 that it will not be bound by Part II of this Convention shall at the time of ratification, acceptance, approval or accession denounce the 1964 Hague Sales Convention by notifying the Government of the Netherlands to that effect.

(5) A State party to the 1964 Hague Formation Convention which ratifies, accepts, approves or accedes to the present Convention and declares or has declared under article 92 that it will not be bound by Part III of this Convention shall at the time of ratification, acceptance, approval or accession denounce the 1964 Hague Formation Convention by notifying the Government of the Netherlands to that effect.

(6) For the purpose of this article, ratifications, acceptances, approvals and accessions in respect of this Convention by States parties to the 1964 Hague Formation Convention or to the 1964 Hague Sales Convention shall not be effective until such denunciations as may be required on the part of those States in respect of the latter two Conventions have themselves become effective. The depositary of this Convention shall consult with the Government of the Netherlands, as the depositary of the 1964 Conventions, so as to ensure necessary co-ordination in this respect.

Article 100

(1) This Convention applies to the formation of a contract only when the proposal for concluding the contract is made on or after the date when the Con-

sem vísað er til í a-lið 1. mgr. 1. gr. eða vegna samningsríkis sem nefnt er í b-lið 1. mgr. 1. gr.

2. Sáttmáli þessi gildir einvörðungu um samninga, sem gerðir eru á þeim degi eða eftir þann dag er sáttmálinn tekur gildi vegna samningsríkja, sem vísað er til í a-lið 1. mgr., eða vegna samningsríkis sem nefnt er í b-lið 1. mgr. 1. gr.

101. gr.

1. Samningsríki getur sagt upp sáttmála þessum, II. eða III. hluta sáttmálans, með formlegri skriflegri tilkynningu sem send er vörsluaðila.

2. Uppsögnin öðlast gildi hinn fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tólf mánuðir frá því að vörsluaðili tekur við tilkynningu þess efnis. Þegar lengri uppsagnarfrestur er tiltekinn í tilkynningunni tekur uppsögnin gildi þegar hinn lengri frestur er liðinn frá því vörsluaðili hefur tekið við tilkynningunni.

Gjört í Vínarborg, 11. apríl 1980, í einu frumriti, þar sem hinn arabíski, enski, franski, kínverski, rússneski og spænski texti eru jafngildir.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar með fullt umboð, sem til þess hafa fulla heimild frá viðkomandi ríkisstjórnum, undirritað sáttmála þennan.

vention enters into force in respect of the Contracting States referred to in subparagraph (1)(a) or the Contracting State referred to in subparagraph (1)(b) of article 1.

(2) This Convention applies only to contracts concluded on or after the date when the Convention enters into force in respect of the Contracting States referred to in subparagraph (1)(a) or the Contracting State referred to in subparagraph (1)(b) of article 1.

Article 101

(1) A Contracting State may denounce this Convention, or Part II or Part III of the Convention, by a formal notification in writing addressed to the depositary.

(2) The denunciation takes effect on the first day of the month following the expiration of twelve months after the notification is received by the depositary. Where a longer period for the denunciation to take effect is specified in the notification, the denunciation takes effect upon the expiration of such longer period after the notification is received by the depositary.

DONE at Vienna, this day of eleventh day of April, one thousand nine hundred and eighty, in a single original, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned plenipotentiaries, being duly authorized by their respective Governments, have signed this Convention.

691. Svar [322. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Arnbjargar Sveinsdóttur um menntun í ferðaþjónustugreinum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða menntun er í boði í ferðaþjónustugreinum og í hvaða skólum:

a. á framhaldsskólastigi,

b. á háskólastigi?

Á framhaldsskólastigi er menntun í ferðamálagreinum í boði við eftirtalda skóla:

Menntaskólinn í Kópavogi býður nám á ferðamálabraut. Það er skilgreint sem starfsnám en hægt að bæta við námi til stúdentsprófs. Hægt er að stunda námið bæði í dagskóla og kvöldskóla. Í kvöldskóla er einnig boðið fram nám í gestamóttöku og alþjóðlegt ferðaskrif-

stofunám (IATA). Leiðsögumannanám er boðið fram við skólann. Það tekur eitt ár og krafist er stúdentsprófs til inngöngu. Námið fer fram með öldungadeildarsniði. Nám í matreiðslu og framreiðslu ásamt öðrum matvælagreinum er boðið fram í Menntaskólanum í Kópavogi. Næsta haust stendur til að gefa kost á námi á flugþjónustubraut og hótelbraut við skólann.

Í Fjölbrautaskóla Suðurlands er starfrækt ferðamálabraut eins og í Menntaskólanum í Kópavogi.

Menntaskólinn á Egilsstöðum hefur boðið fram tveggja ára nám í ferðamálagreinum í samvinnu við Hússtjórnarskólann á Hallormsstað. Það stendur ekki til boða eins og er vegna lítillar eftirspurnar.

Bændaskólinn á Hólum býður fram nám á ferðamálabraut sem einkum er ætlað þeim sem hafa hug á að standa fyrir ferðaþjónustu í sveitum landsins. Námið er metið til eininga við rekstrardeild Háskólans á Akureyri.

Auk framantalinna skóla bjóða einkaskólar, svo sem Flugleiðaskólinn og Ferðamálaskóli Íslands, fram nám í ferðaþjónustu.

Símenntunarmiðstöðvar víðs vegar um landið hafa á undanförnum árum gefið kost á námi í svæðaleiðsögu í samvinnu við Menntaskólann í Kópavogi. Um er að ræða 17 eininga nám þar sem lögð er áhersla á ferðaleiðsögu á viðkomandi svæði.

Eftirtaldir háskólar hafa í boði nám í ferðamálafræði:

Í Háskóla Íslands, jarð- og landfræðiskor, er hægt að leggja stund á 45 eininga nám í ferðamálafræðum sem lýkur með diplóma. Einnig er hægt að velja ferðamálafræði sem aukagrein (30 einingar) með allmörgum greinum utan sem innan raunvísindadeildar. Það nám var fyrst boðið fram fyrir tveimur árum.

Háskólinn á Akureyri hefur sl. þrjú ár gefið kost á ferðamálanámi sem hluta af rekstrarfræði við skólann. Af 90 einingum til BS-prófs eru 15 einingar ferðamálagreinar.

692. Svar [342. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um rekstrarform í löggæslu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu stór hluti löggæslu, þ.m.t. öryggis- og eignagæslu, hér á landi er ekki í höndum opinberra aðila miðað við mannafla?

Hér er gert ráð fyrir að fyrirspurnin lúti að fjölda stöðugilda, annars vegar í störfum tengdum löggæslu en hins vegar hjá öryggisþjónustufyrirtækjum. Því er til að svara að árið 2000 voru heimiluð stöðugildi lögreglumanna yfir landið allt 666. Við þessa tölu má svo bæta 26 stöðum lögreglustjóra. Fjöldi einstaklinga sem ekki eru lögreglumenn starfar við ýmis lögregluembætti. T.d. starfa fimm lögfræðingar og fjórir aðrir starfsmenn við almenn skrifstofustörf hjá embætti ríkislögreglustjóra. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Reykjavík starfa þar 69 einstaklingar við ýmis störf, t.d. við almenn skrifstofustörf, lögfræðistörf, fangavörslu, við eftirlit með leyfsskyldri starfsemi o.s.frv. Óhætt er að segja að um 800 manns séu í störfum tengdum löggæslu í landinu.

Hvað varðar öryggisþjónustufyrirtæki er unnt að upplýsa að alls hafa 22 öryggisfyrirtæki fengið leyfi til slíkrar starfsemi skv. a-, c- og d-lið 1. gr. reglugerðar nr. 340/1997, um

öryggisþjónustu. Fyrirtækin eru þó ekki öll starfandi nú. Samkvæmt upplýsingum úr óbirtum drögum að skýrslu starfsgreinaráðs um björgun, öryggisvörslu og löggæslu, sem ber heitið „Störf og menntun í björgun, öryggisþjónustu og löggæslu á Íslandi“, kemur fram að 180–190 öryggisverðir starfi á landinu öllu, að ótöldu öðru starfsfólki hjá fyrirtækjunum. Securitas hf. er stærsta öryggisþjónustufyrirtækið á Íslandi með 130 öryggisverði. Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu starfa auk þess 25–27 manns að jafnaði í tæknideild og 15–20 manns við skrifstofustörf. Enn fremur var leitað upplýsinga um fjölda starfsfólks hjá Öryggismiðstöð Íslands hf. og Vara ehf. Hjá Öryggismiðstöð Íslands hf. starfa 52 einstaklingar, þar af 22 öryggisverðir, en 30 manns starfa við skrifstofu- og tæknistörf. Hjá Vara ehf. eru 20 starfsmenn. Önnur öryggisþjónustufyrirtæki eru minni og sum hver einungis með tvo til þrjá starfsmenn. Miðað við þessar upplýsingar þykir óhætt að segja að um 300 manns starfi í þessum atvinnugeira. Í framhjáhlaupi má svo geta þess að auk þess sem hér getur starfar fjöldi fyrirtækja sem sérhæfir sig í uppsetningu og viðhaldi hvers konar öryggiskerfa.

693. Frumvarp til laga [430. mál]

um hjálmanotkun hestamanna.

Flm.: Árni Steinar Jóhannsson, Drífa Hjartardóttir, Katrín Fjeldsted, Ísólfur Gylfi Pálmason, Hjálmar Jónsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir.

1. gr.

Menn á hestbaki skulu bera viðurkenndan hlífðarhjálm á höfði. Forráðamaður barns skal sjá um að barnið fylgi ákvæði þessarar greinar.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Eigi skal þó refsa fyrir brot framin gegn 1. gr. fyrr en eftir 1. janúar 2002.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 122. og 123. löggjafarþingi og var fyrsti flutningsmaður þess Kristín Halldórsdóttir. Í hvorugt skiptið varð málið útrætt. Umsagnir sem bárust allsherjarnefnd um málið á 122. löggjafarþingi voru allar jákvæðar. Tölfræðilegar upplýsingar á fylgiskjali með frumvarpinu hafa verið auknar frá því að það var síðast flutt. Fyrri greinargerð frumvarpsins fer hér á eftir, nær óbreytt:

Þótt hestamennska tengist fyrst og fremst ánægju og árangri er hún þó langt frá því hættulaus. Hesturinn er kraftmikil skepna og við ákveðnar aðstæður getur skapast mikil slysahætta í umgengni við hann. Því miður eru dæmin mörg þar sem illa hefur farið, fólk slasast eða jafnvel látið lífið. Í mörgum tilvikum hefði mátt koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar með meiri varúðarráðstöfunum. Mesta hættan er í sambandi við höfuðmeiðsli og því sjálfsagt að draga úr henni eins og kostur er. Besta ráðið til þess er notkun hlífðarhjálma sem vissulega

hefur farið vaxandi á undanförnum árum en er þó hvergi nærri nógu almenn. Lögfesting skyldunotkunar hjálma virðist nauðsynleg til úrbóta í þessu efni og er í rauninni sjálfsögð á sama hátt og ökumenn vélhjóla eru skyldaðir til að nota öryggishjálma.

Margir atvinnumenn í hestamennsku setja reglur um notkun hjálma á námskeiðum og í skipulögðum hestaferðum. Það skýtur því skökku við þegar þeir fara ekki sjálfir eftir eigin reglum en það er því miður algengt og skapar hættulegt fordæmi. Of algengt er að notkun hlífðarhjálms sé álitin veikleikamerki og ekki við hæfi bestu hestamanna, það sé hins vegar til marks um öryggi, hæfni og þor að þurfa ekki á slíku að halda. Slíkt viðhorf ber vott um mikið ábyrgðarleysi.

Við upphaflegan undirbúning þessa frumvarps var reynt að afla skráðra upplýsinga um slys tengd hestamennsku hér á landi, en það reyndist ekki auðunnið verk á þeim tíma. Á því hefur nú orðið ánægjuleg breyting. Hjá slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur hófst skipuleg skráning slysa í tengslum við hestamennsku árið 1998 og má sjá niðurstöðurnar í meðfylgjandi fylgiskjali. Tölurnar tala sínu máli, en athygli vekur hve fjöldi höfuðáverka er mikill þegar litið er til staðsetningar áverka. Því miður kemur ekki fram hvort hlífðarhjálmar hafa komið við sögu í skráðum slysum.

Óskar Jónsson, læknir á Sjúkrahúsi Sauðárkróks, gerði yfirlit yfir og bar saman umferðarslys og slys í tengslum við hestamennsku á árunum 1984–90, en þar um slóðir hefur hestamennska verið mjög í hávegum höfð. Í samantekt Óskars segir m.a.:

„Í héraðinu eru u.þ.b. 4.400 íbúar. Á sjö ára tímabili, 1984–90, leita 215 læknis vegna umferðarslysa og 238 vegna hestaslysa. Þannig slasast heldur fleiri í hestaslysum en í umferðarslysum á þessu tímabili. Í umferðarslysahópi eru 53% á aldrinum 10–19 ára. Í hestaslysahópi eru 34% á aldrinum 10–19 ára.

Í umferðarslysahópi eru 21% með beinbrot eða liðhlaup, 26% með opin sár, 52% með minni áverka, 1% banaslys (2 einstaklingar).

Í hestaslysahópi er 25% með brot eða liðhlaup, 27,5% með opin sár, 47% með minni áverka, 0,5% banaslys (1 einstaklingur).

Algengasta orsök hestaslysa er fall af hestbaki (43%).

Þessi athugun leiðir í ljós að í Skagafirði, á árunum 1984–90, slasast fleiri í hestaslysum en í umferðarslysum og margir hljóta alvarlega áverka."

Þá fór Óskar einnig yfir slysabók sjúkrahússins á Sauðárkróki árin 1992–96. Sú yfirferð leiddi í ljós að enn hafði slysunum fjölgað. Á þessu fimm ára tímabili leituðu 329 manns til sjúkrahússins eftir umferðarslys og 387 eftir slys sem tengdust hestamennsku. Á þessum árum leituðu að jafnaði tæplega 80 manns á hverju ári til sjúkrahússins vegna hestaslysa en um 66 vegna umferðarslysa.

Þessar upplýsingar hljóta að vekja menn til umhugsunar og viðbragða. Algild notkun hlífðarhjálma er ein besta vörnin gegn slysum í tengslum við hestamennsku. Því er þetta frumvarp flutt.

Eins og fyrr er getið voru umsagnir sem allsherjarnefnd fékk um málið á sínum tíma allar jákvæðar.

Frumvarpið var til umfjöllunar í Umferðarráði og voru ráðsmenn hlynntir lögfestingu þess. Í umsögn ráðsins kom fram að hjálmaskylda hestamanna styrkti almenna umræðu um gagnsemi hjálma í umferðinni og mikilvægi þeirra sem forvarnar gegn höfuðmeiðslum.

Slysavarnafélag Íslands lýsti fullum stuðningi við frumvarpið og skýrði frá því að það hefði undanfarin ár sent bréf til félagasamtaka í hestamennsku og hvatt þau til að koma á almennri notkun hlífðarhjálma meðal félagsmanna. Í umsögn Slysavarnafélagsins er m.a. bent á eftirfarandi: „Ef þær upplýsingar sem fram koma úr Skagafirði eru yfirfærðar pró-

sentuvís yfir landið er hægt að gera sér í hugarlund hversu ástandið er alvarlegt á landsvísu varðandi slysatíðni tengd hestamennsku.“

Læknaráð við Heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki lýsti í umsögn stuðningi við frumvarpið og lét í ljósi það álit að hjálmanotkun væri til þess fallin að draga úr alvarlegum höfuðáverkum hestamanna.

Loks skal vitnað orðrétt í umsögn Ólafs Ólafssonar, fyrrverandi landlæknis: „Hjálmanotkun hestamanna er skynsamlegt ráð. Helstu mótrökin eru að hjálmanotkun hefti frelsi manna. Ég veit engin dæmi þess að hjálmanotkun hestamanna hafi skert frelsi manna eða dregið úr baráttu fyrir frjálsræði í þjóðfélaginu. En dæmi veit ég um að hjálmanotkun hafi skilað mönnum heilum hildi frá og þá væntanlega betur í stakk búnum til þess að berjast fyrir frelsi og mannréttindum en ella.“

Fylgiskjal.

Komur á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur vegna hrossaslysa.
(Frá 1. janúar 1998 til 31. desember 2000.)

Staðsetning áverka.

Áverkar á	1998	1999	2000
höfði	27	40	38
hálsi	13	14	6
brjóstkassa	20	25	26
kvið, mjóbaki, lendahrygg og mjaðmagrind	18	34	30
öxl og upphandlegg	17	19	25
olnboga og framhandlegg	24	16	26
úlnlið og hendi	21	37	45
mjöðm og læri	25	32	31
ökkla og fæti	6	17	8
ótilgreindum hluta bols, útlims eða líkamssvæðis	2	3	2
mörgum líkamssvæðum	2	2	1
aðrir áverkar	10	6	11
Samtals	**185**	**245**	**249**

Kyn- og aldursdreifing slasaðra.

	1998			1999			2000		
Aldur	**kk**	**kvk**	**Samtals**	**kk**	**kvk**	**Samtals**	**kk**	**kvk**	**Samtals**
0–4 ára	-	-	-	0	1	1	0	1	1
5–9 ára	3	5	8	3	3	6	2	5	7
10–14 ára	2	9	11	3	7	10	3	9	12
15–19 ára	3	13	16	4	21	25	4	15	19
20–24 ára	4	4	8	5	13	18	3	7	10
25–29 ára	6	9	15	11	9	20	8	15	23
30–34 ára	7	5	12	9	9	18	7	7	14
35–39 ára	11	7	18	5	5	10	6	9	15
40–44 ára	9	6	15	15	10	25	10	7	17
45–49 ára	7	9	16	7	4	11	9	8	17
50–54 ára	6	4	10	6	9	15	8	6	14
55–59 ára	5	7	12	7	4	11	5	6	11
60–64 ára	2	3	5	4	2	6	2	3	5
65–69 ára	-	-	-	-	-	-	4	1	5
70–74 ára	2	3	5	3	1	4	0	0	0
75 ára og eldri	1	1	2	2	1	3	1	0	1
Samtals	**68**	**85**	**153**	**84**	**99**	**183**	**72**	**99**	**171**

694. Tillaga til þingsályktunar [431. mál]

um aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Ögmundur Jónasson,
Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það verkefni að tryggja betur rétt foreldra til launa í fjarveru úr vinnu vegna veikinda barna. Nefndin verði skipuð fulltrúum félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, aðila vinnumarkaðarins og samtaka um málefni sjúkra barna. Í starfi sínu hafi nefndin hliðsjón af fjármögnun, fyrirkomulagi og réttindum sem gilda um bætur fyrir launatap aðstandenda sjúkra barna annars staðar á Norðurlöndum.

Niðurstaða nefndarinnar verði lögð fyrir Alþingi á haustþingi árið 2001.

Greinargerð.

Þegar gerður er samanburður á rétti foreldra vegna veikinda barna þeirra á Norðurlöndum kemur í ljós að Ísland sker sig mjög úr. Þannig hafa foreldrar íslenskra barna nánast engan rétt samanborið við rétt foreldra annars staðar á Norðurlöndum. Eftirfarandi er yfirlit frá Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna yfir bætur vegna launataps aðstandenda sjúkra barna á Norðurlöndum (sbr. fylgiskjal II):

Ísland: Sjö veikindadagar eru að hámarki greiddir á ári fyrir börn undir 13 ára aldri, án tillits til hver sjúkdómurinn er, fjölda barna eða hjúskaparstöðu foreldra.

Svíþjóð: 90% launa eru greidd í 120 daga á ári fyrir hvert barn 0–16 ára.

Finnland: Greidd eru 66% af launum í 60–90 daga á ári og lengur vegna langsjúkra barna. Heimilt er að greiða báðum foreldrum laun ef nauðsyn krefur.

Noregur: Allt að 780 veikindadagar. Þar af 100% laun í 260 daga og síðan 65% laun í 520 daga fyrir hvert barn 0–16 ára, auk 10,2% orlofs af greiddum sjúkrabótum í allt að 12 vikur á ári.

Danmörk: Greidd er launauppbót (90% launa) til annars foreldris á meðan meðferð stendur. Launauppbót má síðan greiða í þrjá mánuði til aðlögunar fyrir barnið og foreldra eftir að meðferð lýkur. Endurgreiðsla nauðsynlegs kostnaðarauka vegna umönnunar barna 0–18 ára. Sérstök uppbót er til atvinnulausra. Orlofsstyrkur.

Í kjarasamningum hér á landi hefur verið samið um að starfsmaður geti ráðstafað allt að sjö dögum á ári á launum vegna veikinda barna sinna. Auk þess er í reglum einstakra sjúkrasjóða að þeir greiði styrki og jafnvel dagpeninga í fjarveru foreldra frá vinnu í veikindum barna. Hið opinbera veitir enga fjárstyrki eða bætur vegna launataps aðstandenda sjúkra barna. Umönnunarbótum sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir er ætlað að koma til móts við kostnaðarauka og aðrar byrðar sem hljótast af aukinni umönnun barns þegar það veikist alvarlega en eru ekki bætur vegna launataps aðstandenda langsjúkra barna. Umönnunarbætur eru nú greiddar foreldrum 2.000 barna, þar af eru um 500 langveik börn.

Benda má á að þegar meðferð barns, t.d. með krabbamein, lýkur lækka umönnunarbætur verulega án tillits til þess hvort foreldrið sem hætti að vinna þegar barnið veiktist geti hafið störf að nýju. Umrædd börn þurfa oft langa aðlögun áður en þau geta lifað því sem kallað er eðlilegt líf eftir meðferðina og sum þeirra búa við varanlegar afleiðingar sjúkdómsins. Hjá Tryggingastofnun ríkisins er litið á þetta tímabil sem létta umönnun og því eru greiðslur lágar. Við þessar aðstæður verður hvað mest þörf á bótum vegna tekjutaps.

Í kjarasamningi ASÍ/VSÍ og VMS er svohljóðandi ákvæði: „Foreldri skal eftir fyrsta starfsmánuð heimilt að verja samtals sjö vinnudögum á hverju 12 mánaða tímabili til aðhlynningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, verði annarri umönnun ekki komið við, og halda dagvinnulaunum sínum, svo og vaktaálagi þar sem það á við. Réttur samkvæmt þessari grein tekur til greiðslu launa vegna veikinda barna, þar með talið fósturbarna.“ Hér á landi er rétturinn bundinn við launamanninn og er sá sami hvort sem hann á eitt, fimm eða tíu börn og hvort sem hann er einstætt foreldri eða í hjúskap.

Þennan rétt er ekki hægt að flytja milli ára, t.d. ef barn hefur ekki verið veikt í tvö ár en er svo veikt í 14 daga í einu. Rétturinn tekur einungis til barna undir 13 ára aldri og rétturinn til sjö daga á ári tekur til allra barna foreldranna. Annars staðar á Norðurlöndum nær hann ýmist til 16 eða 18 ára aldurs og heimilaður dagafjöldi nær til hvers barns um sig innan fjölskyldunnar, t.d. 120 dagar á ári fyrir hvert barn í Svíþjóð.

Skilyrði hér á landi fyrir veikindagreiðslum frá atvinnurekendum vegna veikinda barna er að annarri umönnun verði ekki komið við, þannig að báðir foreldrar geti ekki verið heima yfir barni á sama tíma.

Í reglugerðum sumra sjúkrasjóða stéttarfélaganna hér á landi er að finna ákvæði um dagpeningagreiðslur eða greiðslur styrkja vegna langvarandi veikinda barna sjóðfélaga. Reglurnar geta verið breytilegar frá einum sjóði til annars. Einnig má benda á að opinberir starfsmenn eða bankamenn eiga ekki sjúkrasjóði og hafa því ekki möguleika á stuðningi umfram þá sjö daga sem kjarasamningar heimila.

Annars staðar á Norðurlöndum greiðir hið opinbera að mestu bætur vegna launataps aðstandenda sjúkra barna. Ljóst er að hér er slíkur stuðningur enginn, ef undan eru skildar um-

önnunarbætur til að mæta útgjöldum og kostnaði vegna fatlaðra og langsjúkra barna. Kjarasamningar veita líka óverulegan rétt borið saman við kjarasamninga annars staðar á Norðurlöndum. Munurinn á rétti til fráveru vegna veikinda barna hér á landi og þar er svo sláandi að nauðsynlegt er að kryfja þetta mál til mergjar og leita leiða til að tryggja betur réttindi barna í veikindum til að njóta umönnunar foreldra sinna.

Í lokin er rétt að benda á að tilskipun Evrópusambandsins frá 3. júní 1996, um rammasamning um foreldraorlof, hlýtur einnig að koma til skoðunar í þessu sambandi.Tilskipunin er gerð með hliðsjón af samningnum um félagsmálastefnu EB. Í stofnskrá bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega, sem fjallar um jafnan rétt karla og kvenna, er meðal annars kveðið á um að „jafnframt þurfi að gera ráðstafanir sem gera körlum og konum kleift að samræma þær skyldur sem þeim eru lagðar á herðar í starfi og í einkalífi". Þannig hefur framkvæmdastjórnin með vísan til samningsins um félagsmálastefnuna haft samráð við aðila vinnumarkaðarins um hvert skuli stefnt með aðgerðum sem miða að því að samræma atvinnuþátttöku og heimilislíf. Niðurstaðan er sú að gerðar verða lágmarkskröfur um foreldraorlof og tímabundið leyfi frá starfi af óviðráðanlegum ástæðum. Gert er ráð fyrir að aðildarríkin og/eða aðilar vinnumarkaðarins kveði nánar á um skilyrði fyrir framkvæmd slíks foreldraorlofs þannig að unnt verði að taka mið af aðstæðum, þar með talið fjölskyldustefnu, í hverju aðildarríki um sig, einkum að því er varðar skilyrði fyrir því að veita foreldraorlof og að neyta réttar til foreldraorlofs. Um er að ræða rammasamning þar sem settar eru fram lágmarkskröfur og ákvæði um foreldraorlof, óháð mæðraorlofi, og um leyfi frá störfum af óviðráðanlegum ástæðum.

Tilskipunin lýtur í meginatriðum að rétti foreldra til foreldraorlofs en samkvæmt rammasamningum er tímabundið leyfi frá starfi af óviðráðanlegum ástæðum skýrt þannig: „Aðildarríkin og/eða aðilar vinnumarkaðarins skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir sem tryggja launþegum leyfi frá störfum, í samræmi við landslög, kjarasamninga og/eða réttarvenjur, þegar um óviðráðanlegar fjölskylduástæður er að ræða, svo sem þegar sjúkdóma eða slys ber að höndum, og launþegi verður að hverfa tafarlaust af vettvangi." Þannig tekur þetta ákvæði tilskipunarinnar til fjölskylduábyrgðar á öllum sviðum, t.d. veikinda barna, og á að tryggja að börn geti í veikindum notið umönnunnar foreldra sinna. Tilskipunin felur í sér sjálfstæðan rétt foreldris til töku orlofs/foreldraorlofs í þrjá mánuði vegna hvers barns, til átta ára aldurs barnsins. Enn fremur kemur fram að aðildarríkin skuli samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli eigi síðar en 3. júní 1998 eða fullvissa sig um að aðilar vinnumarkaðarins hafi í síðasta lagi þann dag lögfest þessi ákvæði með samningi, enda ber aðildarríkjunum að gera nauðsynlegar ráðstafanir þannig að þau geti ætíð tryggt framkvæmd ákvæða þessarar tilskipunar. Aðildarríkin geta fengið að hámarki eitt ár til viðbótar ef á þarf að halda vegna sérstakra örðugleika eða vegna framkvæmdar kjarasamninga.

Á þessa tilskipun er bent vegna þess að hún hlýtur að koma sérstaklega til skoðunar hér á landi, bæði í tengslum við fyrirkomulag foreldraorlofs, við rétt barna til umönnunar foreldra sinna í veikindum og rétt foreldra til leyfis frá vinnu vegna veikinda barna sinna.

Hér er ekki tekin afstaða til þess hvort útgjöld vegna aukins réttar foreldra í veikindum barna lendi á ríkissjóði eða atvinnurekendum en annars staðar á Norðurlöndum greiðir hið opinbera kostnaðinn.

Í því sambandi er þó rétt að fram komi að útgjöld hins opinbera til fjölskyldna og barna þeirra eru miklu lægri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndunum. Þetta kemur fram í samantekt sem Kristinn Karlsson hjá Hagstofu Íslands hefur gert að beiðni fyrsta flutningsmanns tillögunnar (sjá fylgiskjal I).

Fylgiskjal I.

Hagstofa Íslands,
Kristinn Karlsson:

Útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Íslandi. Fjölskyldur og börn.
Stutt samantekt og samanburður milli Norðurlandanna.
(Tekið saman að beiðni Jóhönnu Sigurðardóttur, október 1999.)

I. Inngangur.

Í þessari stuttu greinagerð er í upphafi gerð grein fyrir flokkunarkerfi NOSOSKO/Esspros (Nordisk Socialstatistisk Komité og European System of Intergrated Social Protection Stastistics). Síðan eru dregnar fram upplýsingar á grundvelli þess um útgjöld til fjölskyldna og barna og loks gerður samanburður á útgjöldum Norðurlandanna.

II. Flokkunarkerfi NOSOSKO/Esspros.

Flokkunarkerfi NOSOSKO/Esspros á útgjöldum og þjónustu til félags- og heilbrigðismála byggist á eftirfarandi grunnreglum. Flokkað er í verkefnasvið („funksjónir"/verkefni) og innan hvers þeirra er skipt í tegund útgjalda og loks eru útgjöldin rakin til hverjir fjármagna þau.

Verkefnasviðin eru átta:

I. Fjölskyldur og börn.
II. Atvinnuleysi.
III. Heilbrigðismál.
IV. Aldraðir.
V. Öryrkjar.
VI. Eftirlifendur.
VII. Húsnæði.
VIII. Félagshjálp.

Útgjöld hvers verkefnasviðs skiptast í peningagreiðslur (bætur, lífeyrir o.s.frv.) annars vegar og þjónustu hins vegar.

Fjármögnun skiptist á:

1. Ríki.
2. Sveitarfélög.
3. Vinnuveitendur.
4. Hina tryggðu.

Reynt er eins og kostur er að greina útgjöld fyrir hvert verkefnasvið, en af sjálfu leiðir að skörun hlýtur að verða og er þá fylgt nákvæmum reglum um „hvorum megin hryggjar" útgjöld falla. Tafla 1 sýnir skiptingu útgjalda á Íslandi 1993–97 eftir verksviðum, tegundum útgjalda og undirflokkum innan þeirra.

Norðurlöndin hafa í fimm áratugi þróað þetta útgjaldakerfi á vettvangi NOSOSKO-nefndarinnar og gefið út niðurstöður í ritinu „Social tryghed i de nordiske lande". Nefndin hefur að auki safnað upplýsingum um fjölda þeirra sem njóta þjónustu og greiðslna á mörgum sviðum og birt í útgáfu sinni. Frá og með árinu 1995 gerði nefndin nokkrar óverulegar breytingar á kerfinu til að samræma það til fulls hliðstæðu kerfi hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat), sem kallast Esspros. Öfugt við NOSOSKO safnar Eurostat ekki upplýsingum enn sem komið er um þá sem njóta þjónustu.

Útgjaldakerfi þessi eru frábrugðin uppgjöri þjóðhagsreikninga á útgjöldum til velferðarmála í því að þau taka til allra útgjalda af þessu tagi (öll almenn lög- og/eða samningsbundin réttindakerfi) en ekki aðeins til útgjalda hins opinbera til velferðarmála.

III. Útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum.

Í töflum 2 og 3 er samanburður á útgjöldum til félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum 1997, skipt eftir meginverkefnasviðunum átta. Í töflu 2 er borið saman á grundvelli jafnvirðisgilda (PPP) í eku á íbúa og í töflu 3 eru útgjöld sýnd í hlutfalli við landsframleiðslu. Samanburður beggja taflna sýnir að á Íslandi eru útgjöldin lægri en í grannlöndunum. Athyglisvert er að það á ekki við um verkefnasviðið heilbrigðismál. Lægri útgjöld á Íslandi skýrast að *einhverju leyti* af minna atvinnuleysi og af annarri aldurssamsetningu þjóðarinnar, þ.e. hlutfall aldraðra af íbúafjölda er lægra en í hinum löndunum. Það síðarnefnda ætti þó að hafa öfug áhrif á verkefnasviðinu fjölskyldur og börn (fleiri börn eru á Íslandi) en þar gætir þess að fæðingarorlof er takmarkaðra á Íslandi en í hinum löndunum.

Auk þessa hefur ekki enn tekist að leggja mat á útgjöld hér á landi vegna greiðslna launa í fæðingarorlofi hjá hinum fjölmennu starfstéttum kvenna hjá ríki, sveitarfélögum og bönkum. Þótt tækist að leggja mat á þessi útgjöld eins og stefnt er að er þess ekki að vænta að þau útgjöld nægi til að jafna út muninn milli Íslands og hinna landanna.

IV. Félags- og heilbrigðismálaútgjöld til fjölskyldna og barna á Íslandi.

Í töflu 4 eru útgjöld til fjölskyldna og barna á Íslandi sýnd frá ýmsum hliðum árin 1991–97. Þar kemur m.a. fram þróun þessara útgjalda á tímabilinu á föstu verðlagi, skipting eftir því hverjir fjármagna o.fl.

V. Útgjöld til fjölsyldna og barna á Norðurlöndum.

Í töflu 5 kemur fram fjöldi barna á Norðurlöndum 1997 og hlutfall þeirra af heildaríbúafjölda. Þar er sýndur fjöldi 0–6 ára, 7–17 ára. Vegna þeirrar sérstöðu Íslands á þessu tímabili að sjálfræðisaldur var 16 ára, er fjöldi 7–15 ára sýndur á Íslandi. Taflan sýnir vel að Ísland sker sig úr með hlutfallslega fleiri íbúa á unga aldri en frændþjóðirnar.

Tafla 6 er samsett úr þremur töflum. Fyrsti hluti töflunnar (A) sýnir útgjöld til fjölskyldna og barna 1997 í milljónum í mynt hvers lands. Annar hlutinn (B) sýnir útgjöldin á íbúa í jafnvirðisgildum í eku. Loks sýnir síðasti hlutinn (C) útgjöldin á íbúa 17 ára og yngri (15 ára og yngri á Íslandi) í jafnvirðisgildum í eku.

Tafla 1. Útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Íslandi 1993–97.

Miljónir króna.	1993	1994	1995	1996	1997
ALLS I.–VII.	**77.616**	**80.954**	**85.984**	**90.345**	**96.094**
Bein útgjöld alls I.–VI.	**75.879**	**79.184**	**84.078**	**88.399**	**94.390**
þar af :[1]					
Peningagreiðslur	39.973	41.486	44.078	45.454	48.174
Þjónusta	35.906	37.698	40.000	42.946	46.216
I. Fjölskyldur og börn	**9.959**	**10.349**	**10.876**	**11.415**	**11.841**
Peningagreiðslur	6.610	6.586	6.665	6.709	6.644
Greiðslur við fæðingu og ættleiðingu[2]	1.232	1.175	1.172	1.224	1.285
Barnabætur	4.719	4.850	5.015	5.006	4.813
Meðlög[3]	659	562	478	479	547
Þjónusta	3.348	3.763	4.211	4.706	5.197
Dagvistarstofnanir barna	2.449	2.715	3.034	3.419	3.730
Sumarbúðir og önnur æskulýðsstarfsemi	473	538	606	603	650
Barnavernd	383	470	526	633	784
Heimilishjálp við barnafjölskyldur	43	40	45	50	32
II. Atvinnuleysistryggingar og vinnumiðlun	**2.915**	**3.349**	**3.655**	**3.228**	**3.053**
Atvinnuleysistryggingar	2.807	3.245	3.572	3.127	2.911
Atvinnuleysisbætur	2.645	2.806	3.243	2.923	2.773
Framlög til atvinnuátaksverkefna, námskeiða o.fl.	162	439	330	204	138
Vinnumiðlun	108	103	83	101	142
III. Heilbrigðismál	**29.725**	**30.234**	**31.899**	**33.443**	**35.801**
Peningagreiðslur	6.435	6.145	6.297	6.255	7.173
Almennar sjúkratryggingar (dagpeningar)	424	434	451	386	418
Launagreiðslur í veikindum	5.806	5.511	5.631	5.664	6.547
Skammtímaslysatryggingar	205	200	215	205	207
Sjukrahús og heilsugæsla	22.499	23.381	24.886	26.371	27.838
Sjúkrahús	13.338	13.619	14.715	15.432	17.296
Læknisþjónusta utan sjúkrahúsa	8.204	8.777	9.131	9.925	9.436
Önnur útgjöld	957	986	1.039	1.014	1.106
Tannlækningar	791	708	716	817	791
IV. Aldraðir	**20.411**	**21.722**	**22.827**	**24.534**	**26.683**
Ellilífeyrir	15.022	15.837	16.755	17.836	19.483
Almannatryggingar	9.945	10.283	10.670	10.983	11.662
Lífeyrissjóðir	5.077	5.555	6.085	6.853	7.820
Þjónusta	5.389	5.885	6.072	6.698	7.200
Elliheimili, sjúkradeildir og íbúðir aldraðra	4.629	4.970	5.110	5.617	6.048
Heimilishjálp aldraðra	478	487	496	587	592
Dagvistir aldraðra	281	428	467	495	561
V. Öryrkjar	**8.201**	**8.938**	**9.765**	**10.383**	**11.285**
Örorkulífeyrir	5.289	6.018	6.698	7.137	7.781
Almannatryggingar	3.942	4.266	4.717	4.989	5.445
Lífeyrissjóðir	1.347	1.752	1.981	2.148	2.336
Langtímaslysatryggingar og eingreiðslur	223	156	180	151	138
Þjónusta	2.688	2.764	2.887	3.095	3.366
Endurhæfing og atvinna fyrir öryrkja	1.702	1.719	1.778	1.961	2.033
Sambýli, vistheimili og íbúðir fatlaðra	913	951	1.024	1.033	1.228
Heimilishjálp við öryrkja	74	94	86	102	106
VI. Eftirlifendur	**2.448**	**2.238**	**2.383**	**2.590**	**2.774**
Ekkju- og ekkilsbætur	2.448	2.238	2.383	2.590	2.774
Almannatryggingar	301	225	239	226	235
Lífeyrissjóðir	2.147	2.013	2.144	2.364	2.539

Miljónir króna.	1993	1994	1995	1996	1997
VII. Húsnæði	**87**	**96**	**286**	**435**	**534**
Stuðningur við leigjendur	87	96	286	435	534
Niðurgreiðslur sveitarfélaga á leiguhúsnæði	87	96	70	121	201
Húsaleigubætur	-	-	215	314	333
VIII. Félagshjálp	**2.134**	**2.258**	**2.387**	**2.371**	**2.420**
Peningagreiðslur	1.051	1.165	1.242	1.214	1.271
Fjárhagsaðstoð	711	891	985	1.030	1.084
Ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot	340	274	257	183	186
Þjónusta	1.083	1.093	1.145	1.157	1.150
Meðferð og endurhæfing áfengis- og fíkniefnasjúklinga	659	661	659	618	539
Önnur aðstoð	424	432	486	539	611
Stjórnunarkostnaður	**1.737**	**1.770**	**1.906**	**1.946**	**1.704**
Heildarútgjöld sem hlutfall af landsframleiðslu (%)	**18,9**	**18,6**	**19,0**	**18,6**	**18,1**

[1] Eins og fram kemur í töflunni skiptast útgjöld innan málaflokka í beinar peningagreiðslur og þjónustu.
[2] Ekki liggja fyrir upplýsingar um útgjöld vegna launa í fæðingarorlofi sem starfsmenn ríkis, sveitarfélaga, banka og fleiri njóta.
[3] Nettó tölur, þ.e. útgjöld að frádregnum greiðslum meðlagsskyldra.
Heimild: Landshagir 1999, tafla 16.1.

Tafla 2. Útgjöld á íbúa til félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum 1997, jafnvirðisgild (PPP) í eku.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
I. Fjölskyldur og börn	**866**	**687**	**506**	**861**	**732**
II. Atvinnuleysistryggingar og vinnumiðlun	**865**	**727**	**130**	**272**	**618**
III. Heilbrigðismál	**1.295**	**1.196**	**1.530**	**1.833**	**1.473**
IV. Aldraðir, öryrkjar ofl.	**3.389**	**2.645**	**1.741**	**3.117**	**3.375**
IV.a Aldraðir	2.622	1.629	1.140	1.944	2.452
IV.b Öryrkjar	763	800	482	1.081	770
IV.c Eftirlifendur	4	216	119	91	153
VII. Húsnæði	**168**	**65**	**23**	**42**	**174**
VIII. Félagshjálp	**275**	**134**	**103**	**170**	**208**
Alls	**6.858**	**5.454**	**4.033**	**6.296**	**6.579**
Stjórnunarkostnaður	**188**	**149**	**73**	**132**	**130**
Heildarútgjöld	**7.046**	**5.604**	**4.106**	**6.427**	**6.710**
Íbúafjöldi	5.284.000	5.140.000	270.915	4.405.000	8.846.000
PPP-stuðull	9,11	6,459	86,39	9,86	10,36

Tafla 3. Útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum 1997 sem hlutfall af landsframleiðslu.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
I. Fjölskyldur og börn	**3,7**	**3,6**	**2,2**	**3,4**	**3,7**
II. Atvinnuleysistryggingar og vinnumiðlun	**3,7**	**3,8**	**0,6**	**1,1**	**3,2**
III. Heilbrigðismál	**5,6**	**6,3**	**6,7**	**7,3**	**7,5**
IV. Aldraðir, öryrkjar o.fl.	**14,6**	**13,9**	**7,7**	**12,4**	**17,3**
IVa Aldraðir	11,3	8,6	5,0	7,7	12,5
IVb Öryrkjar, lífeyrir	3,3	4,2	2,1	4,3	3,9
IVd Eftirlifendur	0,0	1,1	0,5	0,4	0,8
VII. Húsnæði	**0,7**	**0,3**	**0,1**	**0,2**	**0,9**
VIII. Félagshjálp	**1,2**	**0,7**	**0,5**	**0,7**	**1,1**
Alls	**29,5**	**28,7**	**17,8**	**25,1**	**33,6**
Stjórnunarkostnaður	**0,8**	**0,8**	**0,3**	**0,5**	**0,7**
Heildarútgjöld	**30,3**	**29,5**	**18,1**	**25,6**	**34,3**
Landsframleiðsla 1997 í millj. kr./FIM	1.119.459	630.624	530.906	1.090.426	1.792.770

Heimild: Social tryghed i de nordiske lande 1997. Omfang, udgifter og finansiering. (Kaupmannahöfn 1999.)

Tafla 4. Útgjöld til og fjármögnun peningagreiðslna og þjónustu við fjölskyldur og börn á Íslandi 1991–97.

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Peningagreiðslur, millj. kr.							
Greiðslur við fæðingu og ættleiðingu	1.165	1.205	1.232	1.175	1.172	1.224	1.285
Fæðingarstyrkur	558	576	595	568	565	582	612
Fæðingardagpeningar	608	629	637	607	607	642	673
Barnabætur	5.571	5.202	4.719	4.850	5.015	5.006	4.813
Mæðra- og feðralaun TR	752	803	261	262	284	153	168
Barnabætur	3.622	2.525	2.555	2.602	2.673	2.684	2.693
Barnabótaauki	1.197	1.874	1.903	1.986	2.058	2.169	1.952
Meðlög	224	315	659	562	478	479	547
Peningagreiðslur alls	**6.960**	**6.722**	**6.610**	**6.586**	**6.665**	**6.709**	**6.644**
Þjónusta, millj. kr.							
Dagvistarstofnanir barna	2.298	2.499	2.449	2.715	3.034	3.419	3.730
Sumarbúðir og önnur æskulýðsstarfsemi	354	396	473	538	606	603	650
Barnavernd	343	375	383	470	526	633	784
Heimilishjálp barnafjölskyldna	30	39	43	40	45	50	32
Þjónusta alls	**3.025**	**3.309**	**3.348**	**3.763**	**4.211**	**4.706**	**5.197**
Útgjöld alls, millj.kr.	**9.985**	**10.032**	**9.959**	**10.349**	**10.876**	**11.415**	**11.841**
Útgjöld á verðlagi ársins 1997	11.741	11.329	10.722	10.958	11.347	11.602	11.841
Breyting frá fyrra ári á föstu verðlagi, %	-	-3,5	-5,4	2,2	3,6	2,3	2,1
Útgjöld í kr. á íbúa á verðlagi ársins 1997	45.515	43.388	40.647	41.194	42.437	43.144	43.707
Útgjöld, breyting frá fyrra ári á föstu verðlagi, %	-	-4,7	-6,3	1,3	3,0	1,7	1,3
Útgjöld sem hlutfall af vergri landsframleiðslu	2,5	2,5	2,4	2,4	2,4	2,3	2,2
Fjármögnun, hlutfallsleg skipting							
Ríkissjóður	58,8	54,8	53,8	52,5	51,3	50,7	47,3
Sveitarfélög	30,8	34,5	38,5	40,1	41,1	43,0	45,7
Atvinnurekendur	10,4	10,6	7,8	7,4	7,6	6,2	7,0
Hinir tryggðu	-	-	-	-	-	-	-

Tafla 5. Hlutfall barna af íbúum Norðurlanda 1997.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
Fjöldi barna 0–6 ára	480.000	449.000	31.068	426.000	786.000
Hlutfall íbúa, %	9,1	8,7	**11,5**	9,7	8,9
Fjöldi barna 7–17 ára	637.000	712.000	46.830	600.000	1.175.000
Hlutfall íbúa, %	12,1	13,9	**17,3**	13,6	13,3
þar af 7–15 ára			37.923		
Hlutfall íbúa, %			**14,0**		
Fjöldi barna 0–17 ára	1.117.000	1.161.000	77.898	1.026.000	1.961.000
Hlutfall íbúa, %	21,1	22,6	**28,8**	23,3	22,2
þar af 0–15 ára			68.991		
Hlutfall íbúa, %			**25,5**		

Tafla 6. Útgjöld til fjölskyldna og barna á Norðurlöndum 1997.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
A. Í millj. kr./FIM (mynt hvers lands)					
ALLS	**41.669**	**22.808**	**11.841**	**37.401**	**67.096**
Peningagreiðslur	**17.667**	**13.874**	**6.644**	**23.057**	**30.781**
Greiðslur við fæðingu og ættleiðingu	4.623	2.930	1.285	6.667	10.662
Foreldragreiðslur fyrir gæslu barna	1.867	2.076	-	480	2.640
Barnabætur	11.162	8.384	4.813	12.835	14.456
Meðlög	15	484	547	3.075	3.023
Þjónusta	**24.002**	**8.934**	**5.197**	**14.344**	**36.315**
Dagvistarstofnanir barna	17.678	6.929	3.730	9.092	26.842
Barnavernd	4.868	729	784	1.095	5.117
Heimilishjálp við barnafjölskyldur	197	185	32	0	0
Annað	1.259	1.091	650	4.157	4.356
B. Í jafnvirðisgildum (PPP) í eku á íbúa					
ALLS	**866**	**687**	**506**	**861**	**732**
Peningagreiðslur	**367**	**418**	**284**	**531**	**336**
Greiðslur við fæðingu og ættleiðingu	96	88	55	153	116
Foreldragreiðslur fyrir gæslu barna	39	63	-	11	29
Barnabætur	232	253	206	296	158
Meðlög	0	15	23	71	33
Þjónusta	**499**	**269**	**222**	**330**	**396**
Dagvistarstofnanir barna	367	209	159	209	293
Barnavernd	101	22	33	25	56
Heimilishjálp við barnafjölskyldur	4	6	1	0	0
Annað	26	33	28	96	48
C. Í jafnvirðisgildum (PPP) í eku á íbúa 17 ára og yngri (15 ára og yngri á Íslandi)					
ALLS	**4.095**	**3.042**	**1.987**	**3.697**	**3.303**
Peningagreiðslur	**1.736**	**1.850**	**1.115**	**2.279**	**1.515**
Greiðslur við fæðingu og ættleiðingu	454	391	216	659	525
Foreldragreiðslur fyrir gæslu barna	183	277	-	47	130
Barnabætur	1.097	1.118	807	1.269	712
Meðlög	1	65	92	304	149
Þjónusta	**2.359**	**1.191**	**872**	**1.418**	**1.788**
Dagvistarstofnanir barna	1.737	924	626	899	1.321
Barnavernd	478	97	132	108	252
Heimilishjálp við barnafjölskyldur	19	25	5	0	0
Annað	124	145	109	411	214

Fylgiskjal II.

Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna:

Bætur vegna launataps aðstandenda sjúkra barna á Norðurlöndum.

Upplýsingar eru samkvæmt erlendum gögnum og niðurstöðu nefndar á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis sem kannaði réttindi langsjúkra barna og skilaði áliti í mars 1995.

Nefndin var skipuð samkvæmt þingsályktun um réttarstöðu barna með krabbamein og annarra sjúkra barna sem samþykkt var á Alþingi 7. maí 1993.

	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Finnland	Ísland
Veikindadagar foreldra. Sjúkrabætur. Launauppbót.	90% laun í 120 daga á ári fyrir hvert barn, 0–16 ára.	Allt að 780 dagar (100% laun í 260 daga og síðan 65% laun í 520 daga) fyrir hvert barn 0–16 ára, +10,2% orlof af greiddum sjúkrabótum í allt að 12 vikur á ári.	Endurgreiðsla nauðsynlegs kostnaðarauka vegna umönnunar barna 0–18 ára. Greidd er launauppbót (90% laun) til annars foreldris á meðan meðferð stendur yfir. Launauppbót má greiða í þrjá mánuði eftir að forsendur bresta. Sérstök uppbót til atvinnulausra. Orlofsstyrkur.	Greidd eru 66% af launum í 60–90 daga, lengur ef nauðsyn krefur, t.d. vegna barna með krabbamein. Heimilt er að greiða báðum foreldrum ef nauðsyn krefur.	Útivinnandi foreldri á rétt á *sjö veikindadögum* að hámarki á ári til að sinna sjúkum börnum sínum án tillits til fjölda þeirra og alvarleika sjúkdómsins.

695. Tillaga til þingsályktunar [432. mál]

um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði.

Flm.: Árni Steinar Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta Byggðastofnun gera tilraun um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði í samstarfi við sveitarfélög á svæðinu.

Verkefnið verði tilraunaverkefni til fimm ára og stutt með framlögum úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 123. og 125. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt.

Á undanförnum missirum hafa verið mótaðar hugmyndir um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði. Áætlað er að keyrt verði á tveggja tíma fresti, frá kl. 7.00 árdegis til kl. 24.00 á miðnætti, á þremur leiðum:

1. Akureyri – Hjalteyri – Hauganes – Árskógssandur – Dalvík – Ólafsfjörður.
2. Akureyri – Kristnes – Hrafnagil – Laugaland.
3. Akureyri – Svalbarðseyri – Laufás – Grenivík.

Lagt er til að verkefnið verði til reynslu í fimm ár.

Helstu röksemdir fyrir tilrauninni eru:

— Byggð á svæðinu styrkist með greiðari samgöngum fyrir alla íbúa.
— Ungmenni sem sækja framhaldsskóla á Akureyri geta fremur búið heima.
— Hagræðing verður í skólaakstri og þjónustu við stofnanir, svo sem Kristnesspítala.
— Ferðamenn eiga auðveldara með að ferðast um svæðið á eigin vegum.
— Aðgerðin er orkusparandi.

Að beiðni Ferðamálamiðstöðvar Eyjafjarðar hefur fyrirtækið Rekstur og ráðgjöf, Norðurlandi, unnið skýrslu um fjárhagslegar forsendur verkefnisins. Þar kemur fram að árlegur

rekstrarkostnaður slíks almenningssamgöngukerfis yrði um 34–37 millj. kr. Erfiðara er að áætla tekjurnar en talið er að þær gætu numið frá 20–35 millj. kr. Að öðru leyti vísast til aðalatriða skýrslunnar sem birt eru í fylgiskjali með tillögunni.

Fylgiskjal.

Jón Helgi Pétursson:

Almenningssamgöngur í Eyjafirði – rekstrargrundvöllur.

Aðalatriði skýrslu.

— Helstu hópar líklegra viðskiptavina almenningssamgöngukerfis eru framhalds-, sérskóla- og háskólanemar, fólk sem sækir vinnu út fyrir heimabyggð og ferðamenn auk almennings. Auk þess er hugsanlegt að kerfið geti nýst til hagræðingar í akstri grunnskólanema.
— Rekstrarkostnaður kerfisins, miðað við þær forsendur sem byggt er á, er áætlaður 34–37 millj. kr. á ári. Rekstrartekjur er erfitt að meta nema að fenginni reynslu en þó er líklegt að greiða þurfi með rekstrinum líkt og nær algilt er varðandi rekstur sem þennan.
— Við mat á rekstrargrundvelli kerfisins verður einnig að taka til greina þann kostnað sem sparast mun með tilkomu kerfisins. Kostnaður sem tveir stórir vinnustaðir á svæðinu þurfa að bera vegna aksturs vinnuafls, auk kostnaðar sem sveitarfélög bera af núverandi almenningssamgöngum milli Ólafsfjarðar og Akureyrar, nemur hátt í 6 millj. kr. Til viðbótar verður að taka inn í myndina mögulega hagræðingu í akstri grunnskólanema.
— Almenningssamgöngukerfi um Eyjafjarðarsvæðið er skref í átt til mótunar öflugrar heildar sem skapar sterkara mótvægi við höfuðborgarsvæðið, þar sem fólk hefur fjölbreyttara atvinnuúrval, öflugri og betri þjónustu og meira frelsi til búsetuvals.
— Almenningssamgöngur eru mikilvægur hluti eflingar Eyjafjarðarsvæðisins sem ferðamannasvæðis.
— Gerð er tillaga um að boðinn verði út rekstur almenningssamgöngukerfis í tilraunarskyni. Slík tilraun yrði á vegum sveitarfélaga á svæðinu með stuðningi hins opinbera. Lágmarkstími tilraunar sem þessarar eru 2 ár en þyrfti helst að vera lengri, t.d. 5 ár. Að loknum reynslutíma skal árangur tilraunar metinn og ákvörðun tekin um framhaldið.

696. Tillaga til þingsályktunar [433. mál]

um samstarf björgunarsveita og Landhelgisgæslunnar, Fiskistofu og Siglingastofnunar.

Flm.: Hjálmar Árnason, Arnbjörg Sveinsdóttir, Árni Johnsen, Kristinn H. Gunnarsson, Magnús Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ráðherrum dómsmála, sjávarútvegsmála og samgöngumála að kanna kosti þess að ríkisvaldið semji við björgunarsveitir landsins um að þær sinni tilteknum þáttum eftirlits á hafsvæðinu við Ísland undir stjórn Landhelgisgæslunnar, Fiskistofu og Siglingastofnunar.

Greinargerð.

Hafsvæðið umhverfis Ísland er umfangsmikið. Fjöldi skipa og báta fer þar um reglulega í ólíkum erindagjörðum. Nokkrum stofnunum hins opinbera er ætlað að halda uppi eftirliti á hafsvæðinu og stuðla að því að farið sé að lögum og reglum sem þar gilda. Landhelgisgæslunni er ætlað margþætt eftirlits- og björgunarhlutverk, Fiskistofu er ætlað að hafa eftirlit með veiðum og Siglingastofnun er ætlað að sinna eftirliti með vitum við strendur landsins og viðhaldi þeirra. Allar þessar stofnanir eiga það sammerkt að hafa aðalstöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt er á það bent að skipakostur umræddra stofnana er takmarkaður og má segja að eftirlitshlutverk þeirra takmarkist að miklu leyti við skipakostinn, enda erfitt að sinna eftirliti á sjó án skipa. Í eigu Landhelgisgæslunnar eru þrjú skip. Vegna mikils rekstrarkostnaðar má segja að notkun skipanna sé takmörkuð og því liggur oft a.m.k. eitt varðskipanna bundið við bryggju í Reykjavík. Miðað við stærð hafsvæðisins og fjölda varðskipa blasir við að Landhelgisgæslan nær tæpast að sinna eftirlitshlutverki sínu sem skyldi þótt vissulega sé vilji til þess innan stofnunarinnar. Svipað má segja um Fiskistofu en stofnunin hefur ekki yfir neinu fleyi að ráða til eftirlitsstarfa. Siglingastofnun gerir samninga við ýmsa aðila um flutninga í tengslum við umsjá vita og viðhald þeirra.

Á hinn bóginn eru starfandi í landinu afar öflugar björgunarsveitir sem þjóðin treystir á í neyðartilvikum. Sveitirnar eru skipaðar sjálfboðaliðum sem þurfa ávallt að vera í viðbragðsstöðu og halda sér í góðri þjálfun.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir því að skoðaðir verði kostir þess og gallar að áðurgreindar þrjár stofnanir hins opinbera færi hluta starfa sinna til björgunarsveitanna á grundvelli sérstaks samnings þar að lútandi. Hugmyndin er að björgunarsveitir á Ísafirði, Siglufirði, Norðfirði, Höfn, í Vestmannaeyjum og í Grindavík annist tiltekin eftirlitsstörf í þágu áðurnefndra stofnana á tilteknum svæðum eftir skilgreindri skiptingu á grundvelli samnings þar um. Gert er ráð fyrir að stofnanirnar leggi til mannafla eftir verkefnum og þörfum og/eða þjálfi félaga björgunarsveitanna til starfans.

Trú flutningsmanna er sú að með slíkum samningum megi efla til muna eftirlit og öryggi á hafsvæðinu við Ísland. Með þessu fyrirkomulagi dregur úr álagi og væntanlega kostnaði við rekstur varðskipanna en eftirlitsstörfin ættu eigi að síður að verða meiri og markvissari. Að auki má ætla að liðsmenn björgunarsveitanna styrkist þar sem verkefni þeirra verða stöðug og á svæðum sem sveitirnar starfa helst á. Ætla má að með þessu eflist rekstrargrundvöllur sveitanna og þjálfun – íslenskum sjófarendum til aukins öryggis. Samtímis ættu varðskipin að geta einbeitt sér markvisst að öðrum verkefnum Landhelgisgæslunnar.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að ráðherrar dómsmála, sjávarútvegsmála og samgöngumála láti kanna kosti þessa fyrirkomulags og grípi til ráðstafana í framhaldi af því.

697. Fyrirspurn [434. mál]

til heilbrigðisráðherra um sálfræði- og geðlæknisþjónustu við fólk í sjálfsvígshugleiðingum.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvaða sálfræði- og/eða geðlæknisþjónustu fær fólk sem kemur á bráðamóttöku í sjálfsvígshugleiðingum eða eftir tilraun til sjálfsvígs og í hverju felst eftirfylgni heilbrigðisþjónustunnar?

698. Fyrirspurn [435. mál]

til forsætisráðherra um sveigjanleg starfslok.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvað líður störfum nefndar forsætisráðherra um sveigjanleg starfslok? Hvenær mun hún skila tillögum sínum?

699. Fyrirspurn [436. mál]

til heilbrigðisráðherra um lífeyristryggingar örorku- og ellilífeyrisþega.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hyggst ráðherra bregðast við þeirri kjaraskerðingu sem öryrkjar verða fyrir við það að ná 67 ára aldri vegna mismunandi reglna sem gilda í lífeyristryggingum almannatrygginga um örorkulífeyrisþega annars vegar og ellilífeyrisþega hins vegar?

700. Fyrirspurn [437. mál]

til heilbrigðisráðherra um forvarnastarf gegn sjálfsvígum.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvaða forvarnastarf er unnið á vegum ráðuneytisins gagnvart þeim sem eru í sjálfsvígshugleiðingum og sjálfsvígshættu?

701. Fyrirspurn [438. mál]

til fjármálaráðherra um greiðslur úr ríkissjóði vegna fundahalda ýmissa starfsstétta.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hve há fjárhæð hefur verið greidd úr ríkissjóði vegna þinghalds eða funda ýmissa starfsstétta á sl. fjórum árum, sundurliðað eftir starfsstéttum og árum?
2. Hvaða reglur gilda um þessar greiðslur? Hvað fær hver þingfulltrúi eða fundarmaður greitt á dag? Hvað annað er greitt?
3. Á hvaða forsendum eru slíkar greiðslur eru inntar af hendi; hver er hinn lagalegi grunnur þeirra?

Skriflegt svar óskast.

702. Fyrirspurn [439. mál]

til viðskiptaráðherra um innflutning gæludýrafóðurs og kjötmjöls.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hver var innflutningur gæludýrafóðurs (hunda- og kattafóðurs í smásöluumbúðum) árin 1996 til janúar 2001, mælt í tonnum, og hvert var innflutningsverð og helstu innflutningslönd?
2. Hver var innflutningur á kjötmjöli af dýrum af nautgripakyni á sama tímabili, sundurliðað á sama hátt?
3. Hver var heildarinnflutningur á kjötvörum árin 1999 og 2000 sundurliðað eftir vörutegund/tollnúmeri, þyngd og verðmæti?

Skriflegt svar óskast.

703. Fyrirspurn [440. mál]

til samgönguráðherra um úthlutun sjónvarpsrása á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hve margar sjónvarpsrásir eru til úthlutunar á höfuðborgarsvæðinu og hve mörgum þeirra hefur ekki verið úthlutað?
2. Hve margir aðilar bíða eftir úthlutun sjónvarpsrása á höfuðborgarsvæðinu og á suðvesturhorni landsins og um hve margar rásir er beðið samtals?
3. Hvaða reglur gilda um úthlutun rása, þ.e. hvaða skilyrði þurfa aðilar að uppfylla, hve mörgum rásum getur einn aðili fengið úthlutað og hve lengi má halda rásum án þess að nýta þær?
4. Hvenær er von á stafrænu kerfi sjónvarps?

704. Fyrirspurn [441. mál]

til sjávarútvegsráðherra um skipstjórakvóta.

Frá Sverri Hermannssyni.

1. Hvers eðlis var hinn svonefndi „skipstjórakvóti“? Hvaða reglur voru samdar um sérúthlutun skipstjórakvóta og hverjir hlutu?
2. Var endurúthlutað kvóta til skipa vegna stækkunar skips eða aukinna afkasta og hverjir hlutu?
3. Hversu mikið kom í hlut hvers kvótaþega í þorskígildum?
4. Hvernig skiptist úthlutunin eftir fisktegundum?

5. Hvaða hlutverki gegndi svokölluð „samráðsnefnd“ þegar um endurúthlutun aflakvóta eða aflahlutdeilda var að ræða, annars vegar „skipstjórakvóta“ og hins vegar til endurúthlutunar á skip vegna annarra ástæðna og um hvaða skip var að ræða?

Skriflegt svar óskast.

705. Tillaga til þingsályktunar [442. mál]

um umboðsmann neytenda.

Flm.: Drífa J. Sigfúsdóttir, Kristinn H. Gunnarsson,
Ólafur Örn Haraldsson, Ísólfur Gylfi Pálmason.

Alþingi ályktar að stofnað verði embætti umboðsmanns neytenda. Embættinu verði ætlað að gæta hagsmuna neytenda, svo sem að farið sé eftir gildandi leikreglum, tekið sé tillit til sjónarmiða neytenda, settar verði almennar viðmiðunarreglur í viðskiptum, jafnaður ágreiningur milli neytenda og hagsmunaaðila og þannig um búið að umboðsmaðurinn geti farið með mál neytenda fyrir dómstóla.

Greinargerð.

Á síðustu árum hafa verið samþykkt margvísleg lög á Alþingi sem bætt hafa stöðu neytenda. Ástæða þess er m.a. sú að neytendur standa höllum fæti við að ná fram rétti sínum gagnvart fyrirtækjum. Fyrirtækin hafa yfir að ráða sérþekkingu og meira fé en almennur neytandi. Samfélagið verður sífellt flóknara og því erfiðara fyrir neytendur að átta sig á rétti sínum og réttarúrræðum. Umkvörtunarefni neytenda eru fjölmörg en oft smá. Ef fyrirtækin eru ekki tilbúin til að leysa úr ágreiningsmálunum tekur því sjaldnast fyrir neytendur að leita lausna með aðstoð dómstóla þar sem lögfræðikostnaður nemur oftast margfalt hærri fjárhæð en upphaflegt umkvörtunarefni snerist um. Sem dæmi má nefna að algengt er að kvartað sé í kjölfar kaupa á fötum eða hreinsunar á fatnaði. Að vísu eru til fjölmargar kvörtunar- og úrlausnarnefndir sem úrskurða í neytendamálum en úrskurðir þeirra eru sjaldnast bindandi fyrir fyrirtækin. Þá vantar mikið upp á að neytendur þekki þessar úrlausnarleiðir auk þess sem þær vantar enn á ýmsum sviðum, t.d. varðandi ágreiningsefni um þjónustu tannlækna. Hér á landi er ekki hægt að leita til óháðs aðila og láta meta hvort dýrar aðgerðir séu nauðsynlegar eða hvort rétt hafi verið að verki staðið. Þennan möguleika hafa hins vegar bæði Bretar og Ítalir.

Allir landsmenn eru neytendur og flestir þeirra vilja gjarnan eiga aðgang að úrlausnarleiðum fyrir neytendur þegar réttur þeirra er brotinn. Mikilvægt er að halda uppi eðlilegu aðhaldi og eftirliti jafnframt því sem neytendur hafi góða yfirsýn yfir markaðinn.

Hlutverk umboðsmanns neytenda er að tryggja að eðlilegar og sanngjarnar leikreglur ríki á markaðinum. Hann gætir hagsmuna neytenda, sér til þess að farið sé eftir gildandi leikreglum og að tillit sé tekið til sjónarmiða neytenda, setur almennar viðmiðunarreglur í viðskiptum og gegnir hlutverki sáttasemjara í ágreiningsmálum milli neytenda og hagsmunaaðila. Umboðsmaður getur farið með mál fyrir dómstóla til varnar hagsmunum neytenda að eigin frumkvæði og/eða fylgt málum eftir. Umboðsmaður sinnir kvörtunum frá neytendum sem kaupa vöru (eða þiggja) og/eða þjónustu bæði frá einkaaðilum og opinberum aðilum.

Alls staðar annars staðar á Norðurlöndum er starfandi umboðsmaður neytenda auk neytendastofnana á vegum hins opinbera og frjálsra neytendasamtaka. Þá hafa neytendasamtökin lengi óskað eftir því að stofnað verði sérstakt embætti umboðsmanns neytenda hér á landi.

Eitt af þeim verkefnum sem umboðsmaður neytenda í Svíþjóð hefur unnið að er bættur aðgangur neytenda að tækninýjungum, svo sem að leiðbeiningar með flóknum tækjum, t.d. myndbandstækjum og tölvum, séu á skiljanlegu máli og settar fram á einfaldan hátt. Hann hefur samið viðamikla skýrslu um aðgang aldraðra og fatlaðra að tækninýjungum, svo sem að hraðbankar séu hannaðir þannig að þeir henti öllum neytendum. Vinna hans fyrir þá sem sjá illa, eiga erfitt um hreyfingar eða eiga við aðra fötlun að stríða hefur verið kynnt víða.

Ef ákveðið verður að stofna embætti umboðsmanns neytenda á Íslandi þarf að semja tvenn lög úr núverandi samkeppnislögum, þ.e. lög um samkeppni og lög um neytendavernd. Þannig mundi sá kafli samkeppnislaga sem fjallar um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd falla undir umboðsmann neytenda. Auk þess væri eðlilegt að kafli samkeppnislaga um greiðslukortastarfsemi félli einnig undir hann. Eðlilegt væri einnig að sum sérlög sem samþykkt hafa verið til að auka neytendavernd færðust frá Samkeppnisstofnun til umboðsmanns neytenda, svo sem lög um lánsviðskipti og alferðir (pakkaferðir). Einnig ætti umboðsmaður neytenda að fylgjast með ólögmætum samningsskilmálum í stöðluðum samningum og grípa inn í þegar um óeðlilega skilmála væri að ræða. Til að tryggja öfluga en um leið sanngjarna samkeppni er því best að samkeppnisyfirvöld gæti samkeppninnar en umboðsmaður neytenda sinni neytendavernd.

Það er mikið hagsmunamál fyrir almenning að málefnum neytenda sé vel sinnt.

706. Svar [377. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur og Steingríms J. Sigfússonar um fjölda og orsakir umferðarslysa á Reykjanesbraut.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er heildarfjöldi slysa og umferðaróhappa á Reykjanesbraut frá því brautin var tekin í notkun, sundurgreint eftir árum:*
   a. *innan höfuðborgarsvæðis að Krýsuvíkurvegi,*
   b. *frá Krýsuvíkurvegi til Keflavíkur?*
2. *Í hversu mörgum tilfellum hafa orðið meiðsl á fólki, sundurgreint eftir árum:*
   a. *alvarleg meiðsl,*
   b. *minna alvarleg meiðsl,*
   c. *dauðsföll,*
   og hver hefur bílbeltanotkun verið í hverju tilfelli?
3. *Hefur farið fram greining á orsökum umferðarslysa á Reykjanesbraut frá því brautin var tekin í notkun? Ef svo er, hverjar eru þá taldar orsakir slysa þar sem orðið hafa meiðsl á fólki, sundurgreint eftir árum?*
4. *Hverjar hafa verið orsakir alvarlegustu slysanna?*
5. *Hver er tíðni slysa og umferðaróhappa á Reykjanesbraut borið saman við aðrar helstu umferðaræðar sem talist geta sambærilegar?*
6. *Hver eru áform löggæsluyfirvalda til að tryggja að virtar séu hraðatakmarkanir á Reykjanesbraut og hefur í því sambandi verið rætt um notkun löggæslumyndavéla?*

Ekki var unnt að afla allra þeirra upplýsinga sem óskað er eftir í fyrirspurninni en svarið byggist á þeim gögnum sem til eru um Reykjanesbrautina. Upplýsinga var aflað hjá Umferðarráði en myndrit og upplýsingar þaðan um banaslys á Reykjanesbraut eru talsvert ítarlegri en um var beðið. Vísað er til fylgiskjals varðandi svör við 1.–5. lið fyrirspurnarinnar.

Nú þegar hefur verið komið á samstarfi milli lögreglustjóranna í Keflavík, á Keflavíkurflugvelli og í Hafnarfirði um öflugt eftirlit sem þessi þrjú embætti skipta á milli sín á Reykjanesbrautinni. Í undirbúningi er að koma á samstarfi milli Vegagerðarinnar og ríkislögreglustjóra um aðgerðir til að ná niður umferðarhraða, m.a. með fjölgun löggæslumyndavéla.

Gerð hafa verið drög að árangursstjórnunarsamningi á milli Vegagerðarinnar, ríkislögreglustjóra og hlutaðeigandi lögreglustjóra á suðvesturhluta landsins, þ.m.t. á Reykjanesbrautinni. Samkvæmt honum er stefnt að því að þessir aðilar setji sér ákveðin mælanleg markmið um lækkun umferðarhraða á þessum vegum og að samningurinn gildi til eins árs í byrjun. Í upphafi átaksins fari fram nákvæmar mælingar á umferðarhraða, m.a. með löggæslumyndavélum, og það kannað hver sé óhindraður umferðarmeðalhraði á Reykjanesbrautinni. Leiðir að því markmiði að minnka umferðarhraða felist í því að stórefla eftirlit lögreglunnar á brautinni með fjölgun lögreglubíla, fjölgun lögreglumanna í eftirliti og með kaupum á löggæslumyndavélum og að sekta ökumenn sem mælast yfir hámarkshraða. Eftirlit Vegagerðarinnar yrði einnig eflt samhliða aukinni tækjavæðingu, svo sem með sjálfvirkum tækjum til að mæla hraða og telja ökutæki og með bifreiðum við vegaeftirlit. Stefnt er að því að mælanlegur árangur komi fram í minni meðalhraða á fyrrgreindum vegum, en ljóst er að stunda verður reglulegar og kerfisbundnar mælingar á umferðarhraða á samningstímabilinu. Með minni umferðarhraða eru verulegar líkur á að umferðarslysum fækki.

Á næstunni skilar nefnd um endurskoðun umferðarlaga, sem dómsmálaráðherra skipaði sl. haust, tillögum sínum. Meðal þess sem þar er til umfjöllunar er umtalsverð hækkun sekta og sjóður sem þær renna í að hluta til þess að standa undir aukinni umferðarlöggæslu.

Fylgiskjal.

Umferðarráð:

Slys á Reykjanesbraut.

Heildarfjöldi slysa og umferðaróhappa á Reykjanesbraut frá því brautin var tekin í notkun

	Dauðaslys	Látnir	Slys m/ meiðslum	Eignatjón	Alls	
1967	1	1				
1968	0	0	14	64	78	
1969	1	1	7	51	59	
1970	1	1	13	82	96	
1971	1	2				
1972	1	2				
1973	3	4				
1974	2	2				
1975	2	2				
1976	1	1				
1977	3	3				
1978	2	2				
1979	2	2			110	
1980	0	0			89	
1981	1	2			90	
1982	2	3			104	
1983	1	1			136	
1984	2	2			144	
1985	1	1			137	
1986	1	1			154	
1987	1	1			210	
1988	1	2			171	01.03.88 hófst
1989	1	1			146	notkun tjónatilkynninga
1990	0	0			125	
1991	4	5			121	
1992	0	0	19	70	89	
1993	0	0	43	68	111	
1994	1	1	31	50	82	
1995	0	0	24	62	86	
1996	1	1	24	57	82	
1997	0	0	30	44	74	
1998	0	0	16	56	72	
1999	2	2	34	71	107	
2000	4	6				
Alls	43	52	221	478	2440	

Árið 1992 er byrjað að skrá nákvæmar upplýsingar um hvert tilvik þ.á m. staðsetningu.

Tölurnar fyrir árin 1968-1970, sem birtar eru í töflunni hér að ofan eru úr skýrslu sem Jón Rögnvaldsson verkfræðingur gerði árið 1971 fyrir Umferðarráð um slys á Reykjanesbraut.
Tölur fyrir árin 1979 - 1991 eru fengnar úr skýrslu Vegagerðarinnar um slys á þjóðvegum en ekki liggur fyrir sundurliðuð skipting milli slysa með meiðslum og eignatjónsóhappa á því tímabili.

Tölur fyrir árin 1992 - 1999 eru teknar úr Slysaskráningarkerfi Umferðarráðs en 1. janúar 1992 hóf Umferðarráð að skrá allar skýrslur sem lögregla gerir um slys með meiðslum og eignatjónsóhöpp.

a) innan höfuðborgarsvæðis að Krísuvíkurvegi

	Dauðaslys	Slys m/ meiðslum	Eignatjón	Alls	
1967	0				
1968	0				
1969	0				
1970	0				
1971	0				
1972	0				
1973	1				
1974	0				
1975	1				
1976	0				
1977	1				
1978	1				
1979	0			19	
1980	0			18	
1981	1			17	
1982	0			18	
1983	0			36	
1984	1			55	
1985	0			54	
1986	0			38	
1987	0			76	
1988	0			53	01.03.88 hófst notkun tjónatilkynninga
1989	0			49	
1990	0			43	
1991	2			47	
1992	0	7	44	51	
1993	0	15	26	41	
1994	1	14	31	46	
1995	0	13	27	40	
1996	0	9	24	33	
1997	0	9	30	39	
1998	0	8	39	47	
1999	2	20	47	69	
2000	2				
Alls	13	95	268	889	

Tölur fyrir árin 1979 - 1991 eru fengnar úr skýrslu Vegagerðarinnar um slys á þjóðvegum en ekki liggur fyrir sundurliðuð skipting milli slysa með meiðslum og eignatjónsóhappa á því tímabili.

Tölur fyrir árin 1992 - 1999 eru teknar úr Slysaskráningarkerfi Umferðarráðs en 1. janúar 1992 hóf Umferðarráð að skrá allar skýrslur sem lögregla gerir um slys með meiðslum og eignatjónsóhöpp.

b) frá Krísuvíkurvegi til Keflavíkur

	Dauðaslys	Slys m/ meiðslum	Eignatjón	Alls	
1967	1				
1968	0				
1969	1				
1970	1				
1971	1				
1972	1				
1973	2				
1974	2				
1975	1				
1976	1				
1977	2				
1978	1				
1979	2			91	
1980	0			71	
1981	0			73	
1982	2			86	
1983	1			100	
1984	1			89	
1985	1			83	
1986	1			116	
1987	1			134	
1988	1			118	01.03.88 hófst notkun tjónatilkynninga
1989	1			97	
1990	0			82	
1991	2			74	
1992	0	12	26	38	
1993	0	28	42	70	
1994	0	17	19	36	
1995	0	11	35	46	
1996	1	15	33	49	
1997	0	21	14	35	
1998	0	8	17	25	
1999	0	14	24	38	
2000	2				
Alls	30	126	210	1551	

Tölur fyrir árin 1979 - 1991 eru fengnar úr skýrslu Vegagerðarinnar um slys á þjóðvegum en ekki liggur fyrir sundurliðuð skipting milli slysa með meiðslum og eignatjónsóhappa á því tímabili.

Tölur fyrir árin 1992 - 1999 eru teknar úr Slysaskráningarkerfi Umferðarráðs en 1. janúar 1992 hóf Umferðarráð að skrá allar skýrslur sem lögregla gerir um slys með meiðslum og eignatjónsóhöpp.

Meiðsl á fólki - sundurgreint eftir árum

	Látnir		Mikið slasaðir		Lítið slasaðir		Alls	
	belti	ekki belti	belti	ekki belti	belti	ekki belti	belti	ekki belti
1967								
1968								
1969								
1970								
1971								
1972								
1973								
1974								
1975								
1976								
1977								
1978								
1979								
1980	0	0						
1981	0	0						
1982	1	2						
1983	0	1						
1984	0	1						
1985	0	1						
1986	0	1						
1987	0	1						
1988	2	0						
1989	1	0						
1990	0	0						
1991	1	2						
1992	0	0	4	0	21	1	25	1
1993	0	0	17	4	43	6	60	10
1994	0	1	5	1	31	8	36	10
1995	0	0	0	2	30	14	30	16
1996	1	0	2	1	26	4	29	5
1997	0	0	8	3	36	3	44	6
1998	0	0	5	2	27	0	32	2
1999	0	0	12	0	43	1	55	1
2000	4	2						
Alls			53	13	257	37	311	51

Tölur fyrir árin 1992 - 1999 eru teknar úr Slysaskráningarkerfi Umferðarráðs en 1. janúar 1992 hóf Umferðarráð að skrá allar skýrslur sem lögregla gerir um slys með meiðslum og eignatjónsóhöpp.

Til viðbótar ofanskráðu skal nefnt að:
ekki er vitað um notkun öryggisbúnaðar hjá ökumanni og farþega bifhjóls sem létust árið 1981
ekki er vitað um notkun öryggisbúnaðar hjá einum vegfaranda sem lést árið 1984.
ekki er vitað um notkun öryggisbúnaðar hjá einum vegfaranda sem lést árið 1991.
árið 1999 létust tveir vegfarendur á Reykjanesbraut, báðir gangandi.

01.03.88 hófst notkun tjónatilkynninga sem hafði í för með sér að tilvikum sem tilkynnt voru til lögreglu fækkaði verulega.

Samanburður á slysatíðni á Reykjanesbraut og Hringvegi milli Reykjavíkur og Selfoss og Reykjavíkur og Borgarness
(Ath. tölurnar í töflunni hér að neðan eru hrátölur og því óháðar umferð)

	Reykjanesbraut		Suðurlandsvegur		Vesturlandsvegur	
	Slys	Óhöpp	Slys	Óhöpp	Slys	Óhöpp
1967						
1968						
1969						
1970						
1971						
1972						
1973						
1974						
1975						
1976						
1977						
1978						
1979		110		35		87
1980		89		38		77
1981		90		35		79
1982		104		58		86
1983		136		68		74
1984		144		59		125
1985		137		54		116
1986		154		66		108
1987		210		73		185
1988		171		69		175
1989		146		69		80
1990		125		54		90
1991		121		75		92
1992	19	70	25	49	41	79
1993	43	68	51	30	27	70
1994	32	50	37	22	45	73
1995	24	62	30	12	44	74
1996	25	57	52	23	33	88
1997	30	43	54	19	32	75
1998	16	56	48	17	29	38
1999	36	71	73	35	27	55
2000						
Alls	**225**	**2214**	**370**	**960**	**278**	**1926**

Tölur fyrir árin 1979 - 1991 eru fengnar úr skýrslu Vegagerðarinnar um slys á þjóðvegum en ekki liggur fyrir sundurliðuð skipting milli slysa með meiðslum og eignatjónsóhappa á því tímabili.

Tölur fyrir árin 1992 - 1999 eru teknar úr Slysaskráningarkerfi Umferðarráðs en 1. janúar 1992 hóf Umferðarráð að skrá allar skýrslur sem lögregla gerir um slys með meiðslum og eignatjónsóhöpp.

01.03.88 hófst notkun tjónatilkynninga sem hafði það í för með sér að tilvikum sem tilkynnt voru til lögreglu fækkaði verulega.

Upplýsingar liggja ekki fyrir þar sem fletir eru skyggðir.

Orsakir slysa árin 1992 - 1999 þar sem ökumenn eða farþegar ökutækja slösuðust mikið

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	Alls:
Stöðvunarskylda ekki virt	0	1	0	0	0	1	0	0	2
Ekið gegn rauðu ljósi	0	1	0	1	1	1	0	2	6
Hægri regla ekki virt	0	6	1	0	0	1	1	4	13
Of stutt bil milli bifreiða	0	1	1	0	0	0	0	2	4
Ógætilegur framúrakstur	0	1	1	0	0	0	2	3	7
Ekið á röngum vegarhelmingi	0	0	0	0	1	0	1	0	2
Of hraður akstur	0	2	0	0	0	1	0	0	3
Ökutæki áfátt	0	1	0	0	0	0	0	0	1
Slæm færð	0	4	1	0	0	1	1	0	7
Ökumaður (gáleysi)	5	1	1	1	1	5	1	0	15
Ölvun við akstur	0	0	0	0	0	0	1	1	2
Ökumaður hverfur af vettvangi	0	0	0	0	0	1	0	0	1
Sofnað við stýrið	0	1	1	0	0	0	0	0	2
Alls	5	19	6	2	3	11	7	12	65

(Tildrög banaslysa er að finna í meðfylgjandi súluriti)

Vegna þriðja töluliðar í fyrirspurninni skal tekið fram að ekki hefur farið fram greining á umferðarslysum á Reykjanesbraut frá því að hún var tekin í notkun. Eins og fram hefur komið hér að framan var það fyrst árið 1992 sem farið var að skrá nákvæmlega upplýsingar um umferðarslys og óhöpp á Íslandi þ.m.t. staðsetningar og orsök. Fram að þeim tíma eru ekki til nákvæmar upplýsingar um umferðarslys og umferðaróhöpp á Reykjanesbraut.

Látnir í umferðarslysum á Reykjanesbraut 1967-30.11.2000



Fjöldi látinna í umferðarslysum á Reykjanesbraut 1967-30.11.2000
Slysstaður



Fjöldi látinna í umferðarslysum á Reykjanesbraut 1967 - 30.11.2000
Skipting eftir kyni




Fjöldi látinna í umferðarslysum á Reykjanesbraut 1967 - 30.11.2000
Skipting í vegfarendahópa
26
19
6
1
Ökumenn
Farþegar
Gangandi
Hjólreiðamenn
30
25
20
15
10
5
0

Fjöldi látinna í umferðarslysum á Reykjanesbraut 1967 - 30.11.2000
Skipting eftir aldri



Fjöldi látinna í umferðarslysum á Reykjanesbraut 1967-30.11.2000
Skipting eftir árum



707. Svar [238. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um ályktanir Norður-Atlantshafslaxverndunarstofnunarinnar, NASCO.

1. *Hverjar af ályktunum Norður-Atlantshafslaxverndunarstofnunarinnar, NASCO (North Atlantic Salmon Conservation Organization), hafa verið teknar upp í íslensk lög og/eða reglugerðir undanfarin tíu ár?*

Meginhlutverk NASCO samkvæmt samþykktum stofnunarinnar er að komast að niðurstöðu varðandi laxveiðikvóta á úthafssvæðum í Norður-Atlantshafi með tilliti til vísindalegrar ráðgjafar Alþjóðahafrannsóknaráðsins, ICES, einkum við Færeyjar og Vestur-Grænland. Önnur starfsemi NASCO hefur þróast í 16 ára starfi og ályktanir sem gerðar hafa verið á fundum eru ráðgefandi og teljast ekki bindandi fyrir aðildarlöndin.

Þótt ályktanir NASCO séu ekki bindandi hefur verið tekið mikið tillit til þeirra við lagabreytingar varðandi íslenska laxveiðilöggjöf. Má þar sérstaklega benda á 5. gr. laga nr. 63/1994 og 11. og 21. gr. laga nr. 50/1998. Að sjálfsögðu hefur verið tekið tillit til fjölda annarra sjónamiða enda er lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, ætlað að tryggja farsælt sambýli fiskeldis og náttúrulegra stofna laxfiska.

2. *Hver hafa áhrif Óslóarsamþykktar NASCO frá 1994 verið á íslenska löggjöf og reglugerðir?*

Óslóarsamþykktin er frá því í júní 1994 og hafði því ekki áhrif á lög nr. 63/1994, sem gengu í gildi í júní það sama ár. Andi samþykktarinnar er hins vegar ríkjandi í 11. og 21. gr. laga nr. 50/1998. Reglugerð nr. 105/2000, um flutning og sleppingu laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna, er einnig mjög í anda Óslóarsamþykktarinnar, þótt hún sé í raun endurskoðun á reglugerð nr. 401/1988, sem sett var löngu fyrir daga Óslóarsamþykktarinnar. Óhætt er að fullyrða að Ísland hafi verið í fararbroddi innan NASCO í varfærni í fiskrækt, hafbeit og kvíaeldi í meira en áratug.

3. *Eru ályktanir og samþykktir NASCO fyrirliggjandi í íslenskri þýðingu til hagræðis fyrir íslenska veiðibændur og aðra hagsmunaaðila?*

Ályktanir alþjóðasamtaka á borð við NASCO eru að jafnaði ekki þýddar á íslensku og eru mörkin yfirleitt dregin við það hvort um er að ræða bindandi samþykktir og samninga. Hagsmunaaðilar hafa hins vegar fengið gögn frá ársfundum NASCO um margra ára skeið og mikilvægustu mál ársfundanna hafa verið kynnt á fjölmörgum fundum. Auk þess hafa skýrslur sendinefnda um ársfundi NASCO verið sendar til landbúnaðarráðuneytis og utanríkisráðuneytis.

708. Tillaga til þingsályktunar [443. mál]

um bætt umferðaröryggi á Suðurlandsvegi frá Reykjavík til Hveragerðis.

Flm.: Kristján Pálsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Guðmundur Hallvarðsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að gera tillögu um aðgerðir til að mæta hárri tíðni umferðaróhappa á Suðurlandsvegi frá Reykjavík að Þrengslum og til Hveragerðis.

Aðgerðir sem skoða verður sérstaklega í þessu sambandi eru lenging klifurreina og lýsing ásamt aukinni þjónustu á veginum.

Greinargerð.

Við athugun á slysatíðni á fjölförnustu þjóðvegum landsins hefur komið í ljós að slysatíðni á Hellisheiðarvegi milli Reykjavíkur og Hveragerðis er mjög há og óviðunandi. Því er nauðsynlegt að grípa til ráðstafana sem geta dregið úr slysum á þessari leið sem er sú þriðja fjölfarnasta á þjóðvegum landsins. Ein af áhrifaríkari aðferðum sem beita má til að fækka slysum er að greiða fyrir umferðinni og bæta líðan ökumanna við aksturinn. Ljóst er að of hæg umferð eykur hættu á framúrakstri en alvarlegustu slysin verða einmitt við framúrakstur. Með lengingu klifurreinar upp heiðina frá Reykjavík mætti að mestu taka fyrir framúrakstur á þessari leið þar sem mikið er um blindhæðir og beygjur. Að mati Vegagerðarinnar yrði kostnaður um 600 millj. kr. við að lengja klifurrein yfir Hellisheiði um 20 km sem er sú lenging sem Vegagerðin leggur til.

Lýsing leiðarinnar frá Hafnarfirði til Reykjanesbæjar hefur sýnt svo ekki verður um villst að slík aðgerð dregur mikið úr óhöppum en samkvæmt úttekt fækkaði óhöppum á Reykjanesbraut sunnan Hafnarfjarðar um 55% fyrstu tvö árin eftir lýsingu. Þeir sem aka þessa leið daglega geta einnig borið vitni um það hve aksturinn varð allur auðveldari eftir lýsinguna. Lýsing Hellisheiðar mun kosta um 200 millj. kr. Slík framkvæmd mun skila sér margfalt til baka með fækkun slysa. Þjónusta á Hellisheiðinni þarf endurskoðunar við og þá sérstaklega yfir vetrartímann. Skoða þarf sérstaklega hálkueyðandi aðgerðir og eftirlit lögreglu með hraða.

Vegáætlun mun verða endurskoðuð í heild bráðlega. Við þá endurskoðun verður að mati flutningsmanna að ganga frá því að Reykjanesbraut frá Hafnarfirði til Reykjanesbæjar verði tvöfölduð á tímabilinu 2002–2004. Vesturlandsvegur verður tvöfaldaður á sama tímabili en Vesturlandsvegur og Reykjanesbraut eru á fimm ára vegáætlun 2000–2004 að hluta og Reykjanesbrautin öll á langtímaáætlun í vegagerð. Úrbætur á Suðurlandsvegi eru hvorki á vegáætlun til fimm ára né langtímaáætlun. Mjög áríðandi er að þessi framkvæmd komist á vegáætlun við næstu endurskoðun hennar og að framkvæmdinni ljúki á tímabilinu 2002–2006.

Þrír umferðarþyngstu þjóðvegir landsins, Reykjanesbraut, Vesturlandsvegur og Suðurlandsvegur, hafa verið mjög til umræðu undanfarna mánuði vegna alvarlegra óhappa. Ákvarðanir um tvöföldun Reykjanesbrautar og Vesturlandsvegar liggja nú þegar fyrir en engar hugmyndir eru á vegáætlun um úrbætur á Suðurlandsvegi eins og fyrr er getið. Fyrrgreindar aðgerðir auka ekki aðeins umferðaröryggi heldur eru um leið mikið byggðamál þar sem ferðatíminn styttist. Ferðamannastraumur til og frá höfuðborgarsvæðinu mun því aukast og búseta fólks dreifast meira en nú. Atvinnusvæðið í kringum höfuðborgarsvæðið mun þar með stækka sem er ein af forsendum verulegrar styrkingar landsbyggðarinnar. Bættar samgöngur eru lykillinn að því að hægt verði að stöðva landsbyggðarflóttann og snúa dæminu við.

709. Svar [362. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Gunnars Birgissonar um sporhunda hjálparsveitar skáta í Hafnarfirði.

1. *Hvernig hefur ríkisvaldið nýtt sér sporhunda sem hjálparsveit skáta í Hafnarfirði hefur þjálfað til leitar að fólki?*

Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar hjá hjálparsveit skáta í Hafnarfirði.

	1996		1997		1998		1999		2000	
	Fjöldi beiðna	Beiðni afturkölluð áður en leit hófst	Fjöldi beiðna	Beiðni afturkölluð áður en leit hófst	Fjöldi beiðna	Beiðni afturkölluð áður en leit hófst	Fjöldi beiðna	Beiðni afturkölluð áður en leit hófst	Fjöldi beiðna	Beiðni afturkölluð áður en leit hófst
Lögreglan í Hafnarfirði	8	5	3	2	2	1	8	2	4	1
Lögreglan í Reykjavík	5	3	10	1	3		6	2	4	1
Lögreglan í Kópavogi	2		3	2	1				3	
Lögreglan í Keflavík			1				2		6	
Lögreglan á Selfossi	1								1	
Lögreglan á Vopnafirði			1							
Lögreglan á Patreksfirði					1					
Sýslumaðurinn á Hólmavík	1									
Rannsóknarlögregla ríkisins	1		1							
Samtals	**17**	**8**	**19**	**6**	**7**	**1**	**16**	**5**	**18**	**1**

2. *Hvernig hefur greiðslum ríkisvaldsins til hjálparsveitar skáta í Hafnarfirði verið háttað á árunum 1996–2000, sundurgreint eftir árum, og hvernig verður þeim háttað árið 2001?*

Á umræddu tímabili hefur dómsmálaráðuneytið greitt til hjálparsveitarinnar eftirfarandi fjárhæðir:

1997 ..... 1.000.000 kr.
1998 ..... 3.000.000 kr.
2000 ..... 600.000 kr.

Hvað varðar greiðslur árið 2001 vísast til svars við 3. lið.

3. *Er eða hefur verið í gildi samningur milli dómsmálaráðuneytisins og hjálparsveitar skáta í Hafnarfirði um að halda sporhundana? Ef svo er ekki, stendur þá til að gera samning og þá hvenær?*

Hinn 8. janúar 1998 var gerður samningur milli dómsmálaráðuneytis og hjálparsveitar skáta í Hafnarfirði um rekstur sporhunda til leitar og löggæslustarfa. Skv. 2. gr. samningsins skyldi ráðuneytið greiða hjálparsveitinni 2 millj. kr. fyrir rekstur sporhunda árið 1998. Í 3. gr. sagði að samningurinn gilti frá 1. janúar 1998 til 31. desember og lyki þá án uppsagnar. Hjálparsveitin óskaði ekki eftir að nýr samningur yrði gerður þegar honum lauk. Eftir það var því ekki í gildi neitt samkomulag um rekstrarstyrk vegna sporhunda til handa hjálparsveitinni og var ekki gert ráð fyrir slíkum styrk í fjárlögum árin 1999 og 2000. Hjálparsveitin óskaði hins vegar eftir styrk í lok september 1999. Í framhaldi af því veitti ráðuneytið hjálparsveitinni 600.000 kr. styrk. Þá óskaði ráðuneytið eftir þátttöku sjávarútvegsráðherra í rekstrarstyrknum. Hann samþykkti að veita hjálparsveitinni 1 millj. kr. Styrkur hjálparsveitarinnar var samtals 1,6 millj. kr.

Í júní 2000 fól ráðuneytið embætti ríkislögreglustjóra að hrinda í framkvæmd tillögum vinnuhóps sem ætlað var að gera tillögur um hvernig haga skyldi leit og löggæslu með sporhundum. Var embættinu falið að hefja undirbúning þess að koma á því fyrirkomulagi sem

lagt er til í skýrslu vinnuhópsins og útfæra það nánar í samráði við lögreglustjóra og hjálparsveitir, m.a. að gera kostnaðaráætlun. Stefnt er að því að lögregluhundar verði í hverjum landshluta og að þjálfun þeirra miðist við að þeir verði fjölhæfir og nýtist bæði til fíkniefnaleitar og sporleitar. Fyrir liggur að sumir fíkniefnaleitarhundar lögreglu hafa jafnframt hlotið þjálfun við sporleit og er hægt að nýta þá í því skyni þegar á þarf að halda. Gert er ráð fyrir að hundi verði bætt við á Austurlandi, eða það svæði verði að öðru leyti þjónustað. Ekki liggur fyrir frekari útfærsla framtíðarfyrirkomulags, en ráðuneytið hefur lagt áherslu á það við ríkislögreglustjóra að undirbúningnum verði hraðað svo að lag komist á þessi mál sem fyrst.

Farið var fram á framlag í fjárlögum 2001 til leitar og löggæslu með sporhundum sem mundi renna til hjálparsveitarinnar eða yrði notað til að koma á framtíðarfyrirkomulagi leitar og löggæslu með sporhundum. Í fjárlögum 2001 er gert ráð fyrir 2 millj. kr. vegna þessa undir liðnum ýmis löggæslumál. Stefnt er að því að semja á nýjan leik við hjálparsveit skáta í Hafnarfirði um framlög til rekstrar sporhunda þar til endanlegt fyrirkomulag liggur fyrir. Er stefnt að því að styrkja hjálparsveitina um 2 millj. kr. á þessu ári.

710. Tillaga til þingsályktunar [444. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2000, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2000 frá 27. október, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/42/EB frá 7. júní 1999, um tilhögun viðurkenningar á menntun og hæfi með tilliti til atvinnustarfsemi sem fellur undir tilskipanir um afnám hafta og bráðabirgðaráðstafanir og um viðbót við almennu kerfin til viðurkenningar á menntun og hæfi.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2000, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992. Sú gerð sem hér um ræðir varðar gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum og starfsréttindum.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögunni er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir og nauðsynlegum lagabreytingum til að innleiða hana í íslenskan rétt. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Sú málsmeðferð sem hér um ræðir er sú sama og viðhöfð var í tengslum við alls 19 ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar er eins var ástatt um en þingsályktunartillaga þess efnis var flutt og afgreidd á 125. löggjafarþingi (587. mál). Í athugasemdum með þeirri

tillögu var skýrt frá því að framvegis yrði það verklag viðhaft að flytja sérstakar þingsályktunartillögur um ákvarðanir sem samþykktar væru af sameiginlegu EES-nefndinni með fyrirvara skv. 103. gr. EES-samningsins.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal I með tillögu þessari ásamt viðeigandi gerð (fylgiskjal II).

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið nægja að Alþingi samþykki nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en nokkrum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verður hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur verið talið rétt að færa meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er nú leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverrar ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti undirbúa samhliða nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. þingskaparlaga, að haft er samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2000, um að fella inn í VII. viðauka við EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/42/EB, um tilhögun viðurkenningar á menntun og hæfi með tilliti til atvinnustarfsemi sem fellur undir tilskipanir um afnám hafta og bráðabirgðaráðstafanir og um viðbót við almennu kerfin til viðurkenningar á menntun og hæfi.

Með samþykkt þessarar nýju tilskipunar eru margar eldri tilskipanir felldar úr gildi og ákvæði þeirra sameinuð í þessari einu tilskipun. Með þessu er kerfi tilskipana um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum og starfsréttindum einfaldað verulega. Flest ákvæði tilskipunarinnar eru þegar í gildi á Evrópska efnahagssvæðinu. Ákveðinn hópur sem hefur menntun og starfsþjálfun á þeim sviðum sem tilskipunin tekur til er þó þannig settur nú, að hann hafði engan viðurkenndan rétt á að fá menntun sína og starfsþjálfun viðurkennda en í tilskipuninni eru sett ákvæði sem bæta úr þessu.

Tilskipunum sem felldar verða úr gildi má skipta í tvo meginflokka. Annars vegar eru tilskipanir sem hafa að geyma bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á tilteknu starfssviði. Í þessum tilskipunum er m.a. að finna ákvæði um þau skilyrði sem fullnægja þarf varðandi starfsreynslu og starfsþjálfun.

Hins vegar eru tilskipanir sem hafa að geyma ákvæði um hvernig komið skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á tilteknu sviði. Þessar tilskipanir hafa að geyma ákvæði um höft sem aðildarríkin skulu afnema til þess að einstaklingar geti notið þess réttar sem hér um ræðir.

Meðan tilskipunin var í undirbúningi var haft víðtækt samráð við öll helstu fagsambönd í Evrópu sem hlut eiga að máli og náðist samstaða um að breyta ekki ákvæðum eldri tilskipana um skilyrði sem þarf að fullnægja til að geta lagt stund á tiltekið starf í öðru ríki. Með þessum skilyrðum eru ekki gerðar miklar kröfur um menntun á viðkomandi sviði en þeim mun meiri til starfsþjálfunar og starfsreynslu.

Tilskipunin var samþykkt innan ESB í júní 1999 og á að vera komin til framkvæmda í aðildarríkjunum fyrir 31. júlí 2001.

Fjölmörg störf sem tilskipunin tekur til eiga ekki við hér á landi en þau sem eiga við hér falla flest undir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið. Tilskipanirnar sem felldar verða úr gildi voru á sínum tíma felldar inn í íslenskt lagakerfi, með reglugerðum, af viðkomandi ráðuneytum þannig að hvað ákvæði þeirra varðar ætti að vera tiltölulega einfalt að gera viðeigandi breytingar vegna tilskipunar 1999/42/EB, e.t.v. er nægilegt að gera breytingar á viðkomandi reglugerðum.

Verði þingsályktun þessi samþykkt þarf að koma til breyting á löggjöf hér á landi og er unnið að gerð lagafrumvarps þar að lútandi undir forustu menntamálaráðuneytis um breytingu á 1. gr. laga nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum. Gert er ráð fyrir því að það verði lagt fyrir yfirstandandi þing.

Ekki er talið að framkvæmd tilskipunarinnar hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Fylgiskjal I.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2000

frá 27. október 2000

um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) VII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 190/1999 frá 17. desember 1999([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/42/EB frá 7. júní 1999 um tilhögun viðurkenningar á menntun og hæfi með tilliti til atvinnustarfsemi sem fellur undir tilskipanir um afnám hafta og bráðabirgðaráðstafanir og um viðbót við almennu kerfin til viðurkenningar á menntun og hæfi([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/42/EB fellir úr gildi ýmsar gerðir sem eru hluti af samningnum og ber að fella brott úr honum.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður komi aftan við lið 1a (tilskipun ráðsins 92/51/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

„1b. **397 L 0038**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/42/EB frá 7. júní 1999 um tilhögun viðurkenningar á menntun og hæfi með tilliti til atvinnustarfsemi sem fellur undir tilskipanir um afnám hafta og bráðabirgðaráðstafanir og um viðbót við almennu kerfin til viðurkenningar á menntun og hæfi (Stjtíð. EB L 210, 31.7.1999, bls. 77).“

2. gr.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

([1]) Hefur enn ekki verið birt.
([2]) Stjtíð. EB L 210, 31.7.1999, bls. 77.

Í stað 1. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„Þessi tilskipun gildir um stofnun og rekstur þjónustustarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu á vegum eftirfarandi einstaklinga og félaga eða fyrirtækja (hér á eftir nefndir „rétthafar“) sem æskja að leggja stund á einhverja þá atvinnustarfsemi sem um getur í viðauka A:

Að því er varðar rekstur þjónustustarfsemi:

Ríkisborgarar aðildarríkja EB og EFTA-ríkjanna sem hafa staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu,

félög eða fyrirtæki sem eru stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis og hafa aðsetur samkvæmt stofnsamþykktum, eða stjórnsýslumiðstöð, eða aðalfyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu, að því tilskildu að þegar eingöngu þetta aðsetur er á Evrópska efnahagssvæðinu sé ljóst að starfsemi þeirra tengist raunverulega og að staðaldri atvinnulífi aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis. Slík tengsl mega ekki grundvallast á ríkisfangi, hvorki meðlima fyrirtækisins eða félagsins né einstaklinganna sem fara með stjórn þess eða gegna stöðum yfirmanna, né heldur fjármagnseiganda,

með því skilyrði að þjónustan sé annaðhvort persónulega í höndum þess einstaklings sem er samningsbundinn til að veita hana eða í höndum umboðsaðila eða útibúa hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu.

Að því er varðar stofnsetningu:

Ríkisborgarar aðildarríkja EB og EFTA-ríkjanna, og félög eða fyrirtæki sem eru stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis og hafa annaðhvort aðsetur samkvæmt stofnsamþykktum, eða stjórnsýslumiðstöð, eða aðalfyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu, sem vilja öðlast staðfestu til þess að leggja stund á starfsemi sem sjálfstætt starfandi einstaklingar í aðildarríki EB eða EFTA-ríki; og

ríkisborgarar aðildarríkja EB og EFTA-ríkja sem eru með staðfestu í aðildarríki EB eða EFTA-ríki og félög eða fyrirtæki, sbr. hér að framan, að því tilskildu að þegar eingöngu aðsetrið sem mælt er fyrir um í stofnsamþykktum er á Evrópska efnahagssvæðinu sé ljóst að starfsemi þeirra tengist raunverulega og að staðaldri atvinnulífi aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis. Slík tengsl mega ekki grundvallast á ríkisfangi, hvorki meðlima fyrirtækisins eða félagsins né einstaklinganna sem fara með stjórn þess eða gegna stöðum yfirmanna, né heldur fjármagnseiganda, sem vilja koma á fót umboðum, útibúum eða dótturfyrirtækjum í aðildarríki EB eða EFTA-ríki.“

3. gr.

Texti og fyrirsagnir eftirfarandi liða í VII. viðauka við samninginn falli niður:

- 20. liður (tilskipun ráðsins 64/222/EBE),
- 21. liður (tilskipun ráðsins 64/223/EBE),

- 22. liður (tilskipun ráðsins 64/224/EBE),
- 23. liður (tilskipun ráðsins 68/363/EBE),
- 24. liður (tilskipun ráðsins 68/364/EBE),
- 25. liður (tilskipun ráðsins 70/522/EBE),
- 26. liður (tilskipun ráðsins 70/523/EBE),
- 29. liður (tilskipun ráðsins 75/369/EBE),
- 31. liður (tilskipun ráðsins 64/427/EBE),
- 32. liður (tilskipun ráðsins 64/429/EBE),
- 33. liður (tilskipun ráðsins 64/428/EBE),
- 34. liður (tilskipun ráðsins 66/162/EBE),
- 35. liður (tilskipun ráðsins 68/365/EBE),
- 36. liður (tilskipun ráðsins 68/366/EBE),
- 37. liður (tilskipun ráðsins 69/82/EBE),
- 38. liður (tilskipun ráðsins 82/470/EBE),
- 39. liður (tilskipun ráðsins 63/607/EBE),
- 40. liður (tilskipun ráðsins 65/264/EBE),
- 41. liður (tilskipun ráðsins 68/369/EBE),
- 42. liður (tilskipun ráðsins 70/451/EBE),
- 43. liður (tilskipun ráðsins 67/43/EBE),
- 44. liður (tilskipun ráðsins 68/367/EBE),
- 45. liður (tilskipun ráðsins 68/368/EBE),
- 46. liður (tilskipun ráðsins 75/368/EBE),
- 47. liður (tilskipun ráðsins 82/489/EBE),
- 48. liður (tilskipun ráðsins 63/261/EBE),
- 49. liður (tilskipun ráðsins 63/262/EBE),
- 50. liður (tilskipun ráðsins 65/1/EBE),
- 51. liður (tilskipun ráðsins 67/530/EBE),
- 52. liður (tilskipun ráðsins 67/531/EBE),
- 53. liður (tilskipun ráðsins 67/532/EBE),
- 54. liður (tilskipun ráðsins 67/654/EBE),
- 55. liður (tilskipun ráðsins 68/192/EBE),
- 56. liður (tilskipun ráðsins 68/415/EBE),
- 57. liður (tilskipun ráðsins 71/18/EBE),
- 72. liður (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 65/77/EBE),
- 73. liður (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 65/76/EBE),
- 74. liður (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 69/174/EBE),

4. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/42/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 28. október 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

6. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 27. október 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

G. S. Gunnarsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes *E. Gerner*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði tilgreind.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 1999/42/EB

frá 7. júní 1999

um tilhögun viðurkenningar á menntun og hæfi með tilliti til atvinnustarfsemi sem fellur undir tilskipanir um afnám hafta og bráðabirgðaráðstafanir og um viðbót við almennu kerfin til viðurkenningar á menntun og hæfi

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 40. gr. og 1. mgr. 47. gr., fyrstu og þriðju setningu 2. mgr. 47. gr. og 55. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]) og með hliðsjón af sameiginlega textanum sem samþykktur var 22. apríl 1999,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt sáttmálanum er lagt bann við hvers konar mismunun á grundvelli þjóðernis vegna staðfestu og þjónustustarfsemi frá og með lokum aðlögunartímabilsins. Af þeim sökum er tilteknum ákvæðum þeirra tilskipana sem gilda á þessu sviði ofaukið við beitingu reglunnar um innlenda meðferð þar sem sú regla er bundin í sáttmálanum og hefur bein áhrif.
2) Þrátt fyrir þetta ber að viðhalda þeim ákvæðum tilskipananna sem hafa það að markmiði að auðvelda að staðfesturéttar og frelsis til að veita þjónustu sé neytt, einkum í þeim tilvikum þar sem ákvæðin mæla fyrir um á gagnlegan hátt hvernig framkvæma skuli skuldbindingar samkvæmt sáttmálanum.
3) Í því skyni að auðvelda nýtingu staðfesturéttar og frelsis til að veita þjónustu í allmörgum atvinnugreinum hafa tilskipanir sem taka upp bráðabirgðaráðstafanir verið samþykktar á meðan beðið er gagnkvæmrar viðurkenningar á menntun og hæfi. Í þessum tilskipunum er viðurkennt að til þess að geta starfað við atvinnugreinarnar sem um getur í þeim aðildarríkjum sem hafa sett um þær reglur er það fullnægjandi skilyrði að hafa starfað við viðkomandi atvinnugrein í því aðildarríki þaðan sem hlutaðeigandi kemur, hæfilega lengi og nógu nýlega.
4) Helstu ákvæði téðra tilskipana skal endurnýja í samræmi við niðurstöður leiðtogaráðsins í Edinborg frá 11. og 12. desember 1992 um dreifræði, einföldun löggjafar bandalagsins og einkum og sér í lagi endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar á tiltölulega gömlum tilskipunum um starfsmenntun og hæfi. Tilskipanirnar sem um ræðir falla því úr gildi.
5) Tilskipun ráðsins 89/48/EBE frá 21. desember 1988 um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skóla-

([1]) Stjtíð. EB C 115, 19.4.1996, bls. 16 og Stjtíð. EB C 264, 30.8.1997, bls. 5.
([2]) Stjtíð. EB C 295, 7.10.1996, bls. 43.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 20. febrúar 1997 (Stjtíð. EB C 85, 17.3.1997, bls. 114), sameiginleg afstaða ráðsins frá 29. júní 1998 (Stjtíð. EB C 262, 19.8.1998, bls. 12), ákvörðun Evrópuþingsins frá 8. október 1998 (Stjtíð. EB C 328, 26. 10.1998, bls. 156). ákvörðun Evrópuþingsins frá 7. maí 1999 og ákvörðun ráðsins frá 11. maí 1999.

stigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár ([4]) og tilskipun ráðsins 92/51/EBE frá 18. júní 1992 um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE ([5]) gilda ekki um tiltekna atvinnustarfsemi sem fellur undir tilskipanirnar sem gilda um þetta viðfangsefni (fyrsti hluti viðauka A við þessa tilskipun). Af þeim sökum skal taka upp viðurkenningarkerfi um menntun og hæfi fyrir þá atvinnustarfsemi sem ekki fellur undir tilskipanir 89/48/EBE og 92/51/EBE. Sú atvinnustarfsemi sem skráð er í öðrum hluta viðauka A við þessa tilskipun fellur að mestu leyti innan gildissviðs tilskipunar 92/51/EBE að því er viðurkenningu prófskírteina varðar.

6) Ráðinu hefur verið send tillaga um breytingu á tilskipunum 89/48/EBE og 92/51/EBE að því er varðar vottorð sem sýnir fjárhagsstöðu og vottorð um vátryggingu gegn fjárhagslegri áhættu sem aðildarríki getur krafið rétthafa um. Ráðið áformar að fjalla um þessa tillögu síðar.

7) Ráðinu hefur verið send tillaga sem ætlað er að auðvelda frjálsa flutninga sérhæfðra hjúkrunarfræðinga sem ekki hafa skírteini um þá menntun og hæfi sem talin eru upp í 3. gr. tilskipunar 77/452/EBE ([6]). Ráðið áformar að fjalla um þessa tillögu síðar.

8) Skýrslur um framkvæmd þessarar tilskipunar skulu samdar reglulega.

9) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á beitingu 4. mgr. 39. gr. og 45. gr. sáttmálans.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. HLUTI

Gildissvið

1. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja að því er varðar þær atvinnugreinar sem taldar eru upp í viðauka A ráðstafanirnar sem skilgreindar eru í þessari tilskipun varðandi einstaklinga og félög eða fyrirtæki (hér á eftir nefndir „rétthafar"), sem falla undir I. hluta almennu áætlananna um afnám hafta á staðfesturétti, sem hyggjast setja á stofn og hefja þjónustustarfsemi á yfirráðasvæðum þeirra ([7]) og um staðfesturétt ([8]).

2. Þessi tilskipun skal gilda um þær atvinnugreinar, sem taldar eru upp í viðauka A, sem ríkisborgarar í aðildarríkjunum vilja stunda í gistiríki annaðhvort sem sjálfstæðir atvinnurekendur eða sem launamenn.

2. gr.

Þau aðildarríki þar sem tiltekinnar menntunar og hæfis er krafist áður en hægt er að hefja og stunda einhverja þá atvinnugrein sem talin er upp í viðauka A skulu tryggja að öllum rétthöfum sem sækja um slíkt séu látnar í té upplýsingar um þær reglur sem gilda um starfsgreinina sem þeir hyggjast stunda áður en þeir setja á stofn eða hefja þjónustustarfsemi.

II. HLUTI

Viðurkenning á vitnisburði um formlega menntun og hæfi sem veittur hefur verið af öðru aðildarríki

3. gr.

1. Með fyrirvara um 4. gr. getur aðildarríki ekki neitað ríkisborgara annars aðildarríkis, um heimild til að hefja eða stunda einhverja þá starfsemi sem

([4]) Stjtíð. EB L 19, 24.1.1989, bls. 16.
([5]) Stjtíð. EB L 209, 24.7.1992, bls. 25. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/38/EB (Stjtíð. EB L 184, 12.7.1997, bls. 31).
([6]) Tilskipun ráðsins 77/452/EBE frá 27. júní 1977 um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, að meðtöldum ráðstöfunum er auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt (Stjtíð. EB L 176, 15.7.1977, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 90/658/EB (Stjtíð. EB L 353, 17.12.1990, bls. 73).

([7]) Stjtíð. EB 2, 15.1.1962, bls. 32/62.
([8]) Stjtíð. EB 2, 15.1.1962, bls. 36/62.

talin er upp í fyrsta hluta viðauka A með sömu skilyrðum og ríkisborgarar þess og borið við vanhæfni hans án þess að hafa fyrst borið saman þá þekkingu og færni sem staðfest er í þeim prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi, sem rétthafinn hefur aflað sér með það fyrir augum að stunda sömu atvinnugrein annars staðar í bandalaginu, við þá þekkingu og færni sem krafist er samkvæmt innlendum reglum. Ef samanburðarathugun sýnir að sú þekking og færni sem prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi sem gefinn er út af öðru aðildarríki er samsvarandi þeim sem krafist er samkvæmt innlendum reglum getur aðildarríkið ekki neitað rétthafanum um að stunda viðkomandi atvinnugrein. Ef samanburðarathugunin sýnir að verulegur munur er þar á skal gistiríkið veita réttahafanum tækifæri til að sýna fram á að hann hafi aflað sér þeirrar þekkingar og færni sem á vantaði. Í slíkum tilfellum skal gistiríkið veita umsækjandanum rétt til að velja milli aðlögunartíma og hæfnisprófs í samræmi við tilskipanir 89/48/EBE og 92/51/EBE.

Þrátt fyrir þessa reglu getur aðildarríkið krafist þess að viðkomandi fái aðlögunartíma eða gangist undir hæfnispróf ef hann hyggst stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi eða starfa sem stjórnandi fyrirtækis sem fellur undir fyrsta hluta viðauka A og slík starfsemi krefst þekkingar á sértækum innlendum reglum sem í gildi eru, að því tilskildu að þegar lögbær yfirvöld gistiríkis veita eigin ríkisborgurum aðgang að slíkri atvinnustarfsemi sé krafist þekkingar á og beitingu þessara reglna.

Aðildarríkin skulu leitast við að taka tillit til þess hvorn kostinn rétthafinn kýs fremur.

2. Fjallað skal um umsóknir um viðurkenningu í skilningi 1. mgr. eins fljótt og auðið er og lögbært yfirvald gistiríkisins skal komast að rökstuddri niðurstöðu eigi síðar en fjórum mánuðum frá afhendingu umsóknar og ítarlegra fylgiskjala. Málskotsréttur vegna ákvarðana eða skorts á þeim skal vera til staðar samkvæmt innlendum lögum.

III. HLUTI

Viðurkenning á starfsmenntun og hæfi á grundvelli starfsreynslu sem aflað hefur verið í öðru aðildarríki

4. gr.

Ef aðildarríki gerir almenna viðskipta- eða fagþekkingu og hæfni að skilyrði fyrir aðgangi að eða rekstri í þeim atvinnugreinum sem taldar eru upp í viðauka A skal viðkomandi aðildarríki viðurkenna sem nægilega sönnun fyrir slíkri þekkingu og hæfni að atvinnugreinin sem um ræðir hafi verið stunduð í öðru aðildarríki . Ef atvinnugreinin er talin upp í fyrsta hluta viðauka A skal hún hafa verið stunduð:

1. ef um er að ræða atvinnugreinar í skrá I:

   a) í sex ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem stjórnandi fyrirtækis; eða

   b) í þrjú ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða stjórnandi fyrirtækis ef rétthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti þriggja ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið viðurkennt prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bærri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur; eða

   c) í þrjú ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi ef rétthafinn getur sýnt fram á að hann hafi unnið sem launamaður í viðkomandi atvinnugrein í að minnsta kosti fimm ár; eða

   d) í fimm ár samfellt í stjórnunarstöðu, þar af að minnsta kosti í þrjú ár við sérfræðistörf þar sem viðkomandi bar ábyrgð á einni eða fleiri deildum fyrirtækisins, að því tilskildu að rétthafinn geti sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti þriggja ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar

til bærri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur.

Í þeim tilvikum sem getið er í a- og c- lið skulu, á þeim degi sem sótt er um samkvæmt 8. gr., ekki hafa liðið meira en tíu ár frá því að unnið var í viðkomandi atvinnugrein;

2. ef um er að ræða atvinnugreinar í skrá II:

a) í sex ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem stjórnandi fyrirtækis; eða

b) — í þrjú ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða forstöðumaður fyrirtækis ef rétthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti þriggja ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bærri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur; eða

— í fjögur ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða stjórnandi fyrirtækis ef rétthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti tveggja ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bærri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur; eða

c) þrjú ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem forstöðumaður fyrirtækis ef rétthafinn getur sýnt fram á að hann hafi unnið sem launamaður í viðkomandi atvinnugrein í að minnsta kosti fimm ár; eða

d) — í fimm ár samfellt sem launþegi ef rétthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti þriggja ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bærri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur; eða

— í sex ár samfellt sem launþegi ef rétthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti tveggja ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bærri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur.

Í þeim tilvikum sem getið er í a- og c- lið skulu, á þeim degi sem sótt er um samkvæmt 8. gr., ekki hafa liðið meira en tíu ár frá því að unnið var við viðkomandi atvinnugrein;

3. ef um er að ræða atvinnugreinar í skrá III:

a) í sex ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem stjórnandi fyrirtækis; eða

b) í þrjú ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða stjórnandi fyrirtækis ef rétthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti þriggja ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bærri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur; eða

c) í þrjú ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi ef rétthafi getur sýnt fram á að hann hafi unnið sem launamaður í viðkomandi atvinnugrein í að minnsta kosti fimm ár.

Í þeim tilvikum sem getið er í a- og c- lið skulu, á þeim degi sem sótt er um samkvæmt 8. gr., ekki hafa liðið meira en tíu ár frá því að unnið var í viðkomandi atvinnugrein;

4. ef um er að ræða atvinnugreinar í skrá IV:

   a) í fimm ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem stjórnandi fyrirtækis; eða

   b) í tvö ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða stjórnandi fyrirtækis ef rétthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti þriggja ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bærri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur; eða

   c) í þrjú ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða stjórnandi fyrirtækis ef rétthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti tveggja ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bærri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur; eða

   d) í tvö ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem stjórnandi fyrirtækis ef rétthafi getur sýnt fram á að hann hafi unnið sem launamaður í viðkomandi atvinnugrein í að minnsta kosti þrjú ár; eða

   e) í þrjú ár samfellt sem launþegi ef rétthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti tveggja ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bærri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur;

5. ef um er að ræða atvinnugreinar í skrá V(a) og (b):

   a) í þrjú ár sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem stjórnandi fyrirtækis að því tilskildu að á þeim degi sem sótt er um samkvæmt 8. gr., hafi ekki liðið meira en tvö ár frá því að unnið var í viðkomandi atvinnugrein;

   b) Í þrjú ár sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem stjórnandi fyrirtækis að því tilskildu að á þeim degi sem sótt er um samkvæmt 8. gr., hafi ekki liðið meira en tvö ár frá því að unnið var í viðkomandi atvinnugrein nema aðildarríki leyfi eigin ríkisborgurum að taka lengra hlé frá starfi í viðkomandi atvinnugrein; eða

6. ef um er að ræða atvinnugreinar í skrá VI:

   a) í þrjú ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem stjórnandi fyrirtækis; eða

   b) í tvö ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða stjórnandi fyrirtækis ef rétthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bærri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur; eða

   c) í tvö ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem stjórnandi fyrirtækis ef rétthafinn getur sýnt fram á að hann hafi unnið sem launamaður í viðkomandi atvinnugrein í að minnsta kosti þrjú ár; eða

   d) í þrjú ár samfellt sem launamaður ef rétthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bærri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur.

Í þeim tilvikum sem getið er í a- og c- lið skulu, á þeim degi sem sótt er um samkvæmt 8. gr., ekki hafa liðið meira en tíu ár frá því að unnið var við viðkomandi atvinnugrein.

5. gr.

Ef rétthafi er handhafi viðurkennds prófskírteinis, sem gefið er út í aðildarríki og er til staðfestingar á þekkingu og hæfni í atvinnugrein sem samsvarar að minnsta kosti tveggja eða þriggja ára starfsþjálfun, eftir því sem við á, getur gistiríki meðhöndlað prófskírteinið á sama hátt og prófskírteini til staðfestingar á starfsþjálfun af þeirri lengd sem krafist er samkvæmt b- og d-lið 1. mgr., b- og d-lið 2. mgr., b-lið 3. mgr. og b-, c- og e-lið 4. mgr. 4. gr.

6. gr.

Ef þjálfun rétthafans hefur varað í að minnsta kosti tvö ár og minna en þrjú ár skal kröfum 4. gr. teljast fullnægt ef starfsreynsla sem sjálfstæður atvinnurekandi eða stjórnandi fyrirtækis samkvæmt b- og d-lið 1. mgr, fyrsta undirlið b-liðar 2. mgr., b-lið 3. mgr. og b-lið 4. mgr. 4. gr. er framlengd í sama hlutfalli þannig að hún nái yfir mismuninn á lengd þjálfunarinnar.

7. gr.

Einstaklingur telst hafa starfað sem stjórnandi fyrirtækis í skilningi 4. gr. ef hann hefur starfað í fyrirtæki innan viðkomandi atvinnugreinar:

a) sem stjórnandi fyrirtækis eða útibús fyrirtækis; eða

b) sem aðstoðarmaður eiganda eða stjórnanda fyrirtækis þegar stöðunni fylgir ábyrgð sem er jafngild ábyrgð eigandans eða stjórnandans sem hann er staðgengill fyrir, eða

c) í stjórnunarstöðu sem felur í sér skyldustörf af viðskipta- eða sérfræðilegum toga og ábyrgð á einni eða fleiri deildum fyrirtækisins.

8. gr.

Sönnun þess að skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 4. gr. sé fullnægt skal vera vottorð um eðli og lengd starfseminnar gefið út af lögbæru yfirvaldi eða stofnun í heimaríkinu eða því aðildarríki sem rétthafinn kemur frá og sem rétthafanum ber að framvísa til stuðnings umsókn sinni um leyfi til að stunda viðkomandi atvinnugrein eða -greinar í gistiríkinu.

IV. HLUTI

Viðurkenning á annars konar starfsmenntun og hæfi sem aflað hefur verið í öðru aðildarríki

9. gr.

1. Ef gistiríki gerir þá kröfu til eigin ríkisborgara, sem sækjast eftir að hefja einhverja þá starfsemi sem um getur í 2. mgr. 1. gr., að þeir leggi fram vottorð um óflekkað mannorð og sönnun þess að þeir séu ekki og hafi ekki áður verið lýstir gjaldþrota, eða sönnun um annað hvort, skal það, þegar um ríkisborgarar annarra aðildarríkja er að ræða, samþykkja framvísun sakavottorðs sem nægilega sönnun eða að öðrum kosti framvísun jafngilds vottorðs, gefnu út af lögbæru yfirvaldi á sviði laga eða stjórnsýslu í heimaríkinu eða því aðildarríki sem rétthafinn kemur frá, sem sýnir að þessum kröfum er fullnægt.

2. Ef gistiríki setur fram tilteknar kröfur til eigin ríkisborgara, sem sækjast eftir að hefja einhverja þá starfsemi sem um getur í 2. mgr. 1. gr., um óflekkað mannorð og að þeir leggi fram sönnun þess að þeir séu ekki og hafi ekki áður verið lýstir gjaldþrota og hafi ekki áður sætt faglegum eða stjórnsýslulegum refsiaðgerðum (t.d. verið sviptir rétti til að gegna tilteknum embættum, leyfi til að gegna ákveðnu starfi eða vera félagi í tilteknum fagfélögum) og ekki fæst sönnun þess með skjalinu sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal það, þegar um ríkisborgara annarra aðildarríkja er að ræða, samþykkja sem nægilega sönnun vottorð gefið út af lögbæru yfirvaldi á sviði laga eða stjórnsýslu í heimaríkinu eða því aðildarríki sem rétthafinn kemur frá, sem staðfestir að þessum kröfum sé fullnægt. Í slíku vottorði skal fjallað um þá þætti sem gistiríkið telur skipta máli.

3. Ef heimaríkið eða aðildarríkið sem rétthafinn kemur frá gefur ekki út skjölin sem um getur í 1. og 2. mgr. getur eiðsvarin yfirlýsing komið í stað þeirra eða, í þeim aðildarríkjum þar sem engin ákvæði eru um slíka eiðsvarna yfirlýsingu, með drengskaparheiti sem viðkomandi gefur í viðurvist lögbærs yfirvalds

eða þar sem það á við, lögbókanda í því aðildarríki. Viðkomandi yfirvald eða lögbókandi skal gefa út skírteini þar sem vottaður er áreiðanleiki eiðsvörnu yfirlýsingarinnar eða drengskaparheitisins. Yfirlýsingu um að viðkomandi hafi ekki áður verið lýstur gjaldþrota má einnig gefa hjá til þess bærri sérfræðieða atvinnugreinastofnun í því aðildarríki.

4. Ef gistiríki krefst vottorðs sem sýnir fjárhagsstöðu skal það telja vottorð sem gefin eru út af bönkum í heimaríki eða aðildarríkinu sem rétthafinn kemur frá jafngild þeim sem gefin eru út á yfirráðasvæði þess.

5. Ef gistiríki gerir þá kröfu til eigin ríkisborgara sem sækjast eftir að hefja einhverja þá starfsemi sem um getur í 2. mgr. 1. gr., að þeir leggi fram sönnun þess að þeir séu tryggðir fyrir þeirri fjárhagslegu áhættu sem fylgir ábyrgð á atvinnustarfseminni skal gistiríkið samþykkja vottorð gefin út af vátryggingafélögum annarra aðildarríkja sem jafngild þeim sem gefin eru út á yfirráðasvæði þess. Slík vottorð skulu gefa yfirlýsingu um að vátryggjandinn hafi farið að þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru í gistiríkinu að því er varðar skilmála og umfang vátryggingarinnar.

6. Skjölin sem um getur í 1., 2., 3. og 5. mgr. skulu þegar þeim er framvísað ekki vera meira en þriggja mánaða gömul.

V. HLUTI

Ákvæði um málsmeðferð

10. gr.

1. Aðildarríkin skulu, innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í 14. gr., tilnefna þau yfirvöld og stofnanir sem bera ábyrgð á að gefa út vottorðin sem um getur í 8. gr. og 1., 2 og 3. mgr. 9. gr. og skulu þegar í stað koma þeim upplýsingum á framfæri við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórnina.

2. Aðildarríkin geta tilnefnt aðila sem hefur umsjón með samræmingu á starfsemi þeirra yfirvalda og stofnana sem um getur í 1. mgr. í samræmingarhópinn sem komið var á laggirnar samkvæmt 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 89/48/EBE. Starf samræmingarhópsins skal einnig vera eftirfarandi:

— að auðvelda framkvæmd þessarar tilskipunar,

— að safna saman öllum upplýsingum sem gagnlegar eru vegna beitingar tilskipunarinnar í aðildarríkjunum og einkum að safna og bera saman upplýsingar um mismunandi starfsmenntun og hæfi á þeim sviðum atvinnulífsins sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.

VI. HLUTI

Lokaákvæði

11. gr.

1. Tilskipanirnar sem taldar eru upp í viðauka B falla hér með úr gildi.

2. Litið skal á tilvísanir í niðurfelldar tilskipanir sem tilvísanir í þessa tilskipun.

12. gr.

Frá og með 1. janúar 2001 skulu aðildarríkin, á tveggja ára fresti, senda framkvæmdastjórninni skýrslu um framkvæmd fyrirkomulagsins sem er tekið upp.

Auk almennrar umfjöllunar um málið skal skýrslan einnig veita tölfræðilegt yfirlit yfir ákvarðanir sem teknar hafa verið og lýsa þeim vanda sem upp kann að koma við beitingu tilskipunarinnar.

13. gr.

Eigi síðar en fimm árum eftir þann dag sem um getur í 14. gr. skal framkvæmdastjórnin tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um hver staðan er á framkvæmd þessarar tilskipunar í aðildarríkjunum, einkum 5. gr.

Að öllum nauðsynlegum skýrslutökum loknum, einkum af aðilum sem annast samræmingu, skal framkvæmdastjórnin leggja fram niðurstöður sínar um hugsanlegar breytingar á núgildandi fyrirkomulagi. Ef nauðsyn krefur skal framkvæmdastjórnin einnig leggja fram tillögur sínar um endurbætur á

gildandi fyrirkomulagi er stuðli að því að auka frelsi til flutninga og efla staðfesturétt og rétt til að veita þjónustu.

14. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 31. júlí 2001. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

15. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

16. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 7. júní 1999.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. M. GIL-ROBLES	E. BULMAHN
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI A

FYRSTI HLUTI

Atvinnugreinar tengdar flokkun á starfsreynslu

Skrá I

Yfirflokkar sem falla undir tilskipun 64/427/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 69/77/EBE, og tilskipunum 68/366/EBE, 75/368/EBE og 75/369/EBE

1

Tilskipun 64/427/EBE

(Tilskipun um afnám hafta: 64/429/EBE)

NICE-flokkunarkerfið (samsvarar ISIC- yfirflokkum 23-40)

yfirflokkur 23	Framleiðsla textílefna	
	232	Framleiðsla og vinnsla textílefna í vélum fyrir ull
	233	Framleiðsla og vinnsla textílefna í vélum fyrir bómull
	234	Framleiðsla og vinnsla textílefna í vélum fyrir silki
	235	Framleiðsla og vinnsla textílefna í vélum fyrir hör og hamp
	236	Annar textílefnaiðnaður (júta, harðtrefjar o.s.frv.) kaðlar
	237	Framleiðsla prjónavöru og heklaðrar vöru
	238	Frágangur textílefna
	239	Annar spunaefnaiðnaður
yfirflokkur 24	Framleiðsla skófatnaðar, fatnaðar og sængurfatnaðar	
	241	Vélframleiðsla á skófatnaði (nema úr gúmmíi og tré)
	242	Handunninn skófatnaður og viðgerðir á honum

	243	Framleiðsla fatnaðar (nema felda)
	244	Framleiðsla á dýnum og sængurfatnaði
	245	Skinna og -feldaiðnaður
yfirflokkur 25	Framleiðsla úr viði og korki (nema húsgagnaframleiðsla)	
	251	Sögun og iðnvinnsla viðar
	252	Framleiðsla hálfunnins viðarvarnings
	253	Raðframleiðsla byggingaíhluta úr viði, að meðtalinni gólfklæðningu
	254	Framleiðsla tréíláta
	255	Framleiðsla annars viðarvarnings (nema húsgagna)
	259	Framleiðsla úr hálmi, korki, tágum, tágafléttum og spanskreyr; burstagerð
yfirflokkur 26	260	Framleiðsla húsgagna úr viði
yfirflokkur 27	Framleiðsla pappírs og pappírsvöru	
	271	Framleiðsla pappírsdeigs, pappírs og pappa
	272	Vinnsla pappírs og pappa, og framleiðsla vara úr pappírsdeigi
yfirflokkur 28	280	Prentun, útgáfa og skyldur iðnaður
yfirflokkur 29	Leðuriðnaður	
	291	Sútunarstöðvar og verksmiður sem fullvinna leður
	292	Leðurvöruframleiðsla úr yfirflokki 30Gúmmí og plastvöruframleiðsla, tilbúnir þræðir og sterkjuvörur
	301	Gúmmí- og asbestvinnsla
	302	Vinnsla plastefna
	303	Framleiðsla tilbúinna þráða
úr yfirflokki 31	Efnaiðnaður	
	311	Framleiðsla undirstöðuefna til efnaiðnaðar og frekari vinnsla slíkra efna
	312	Sérhæfð framleiðsla á efnavörum einkum til notkunar í iðnaði og landbúnaði (þar með talin framleiðsla á feiti og olíu úr jurta- og dýraríkinu fyrir iðnað sem heyrir undir ISIC-flokk 312)
	313	Sérhæfð framleiðsla efnavöru einkum til heimilis og skrifstofunota (að undanskilinni framleiðslu lyfja og lyfjavara (úr ISIC-flokki 319))
yfirflokkur 32	320	Jarðolíuiðnaður
yfirflokkur 33	Framleiðsla vöru úr jarðefnum sem ekki eru málmar	
	331	Framleiðsla byggingarvara úr leir
	332	Framleiðsla á gleri og glervörum
	333	Framleiðsla á leirkerum og vörum úr eldföstu efni
	334	Framleiðsla á sementi, kalki og gifsefni
	335	Framleiðsla byggingarefna úr steypu, sementi og gifsefni
	339	Vinna við steinhögg og framleiðsla á öðrum vörum úr jarðefnum sem ekki eru málmar
yfirflokkur 34	Framleiðsla og frumvinnsla járns og stáls	
	341	Járn og stáliðnaður (samkvæmt skilgreiningu í stofnsáttmála Kola og Stálbandalags Evrópu (KSE), þar með talin koxvinnsla sem er rekin í tengslum við stáliðnaðarfyrirtæki)
	342	Framleiðsla á stálrörum
	343	Vírdráttur, kalddráttur, kaldvölsun flatjárns og flatstáls, kaldmótun
	344	Framleiðsla og frumvinnsla málma sem ekki innihalda járn
	345	Málmsteypur sem vinna bæði með járn og málma sem ekki innihalda járn

yfirflokkur 35 Framleiðsla málmvara (að undanskildum vélbúnaði og samgöngutækjum)
- 351 Málmsmíði, kaldvölsun og kaldmótun
- 352 Annað vinnslustig og yfirborðsmeðferð
- 353 Málmhlutir
- 354 Ketilsmíði, framleiðsla kera til iðnaðar
- 355 Framleiðsla áhalda og tækja og fullunninna hluta úr málmi (nema raffanga)
- 359 Hliðargreinar véltæknistarfsemi

yfirflokkur 36 Framleiðsla véla sem ekki eru rafknúnar
- 361 Framleiðsla landbúnaðarvéla og dráttarvéla
- 362 Framleiðsla skrifstofuvéla
- 363 Framleiðsla véla til málmvinnslu og annarra vélaverkfæra og festinga og tenginga á þau og önnur vélknúin verkfæri
- 364 Framleiðsla textílvéla og fylgihluta þeirra, framleiðsla saumavéla
- 365 Framleiðsla véla og búnaðar fyrir matvæla- og drykkjarvöruiðnað og fyrir efnaiðnað og skyldan iðnað
- 366 Framleiðsla tækja og búnaðar fyrir námur, járn- og stálverksmiðjur og fyrir byggingariðnað. framleiðsla lyftitækja og færibanda
- 367 Framleiðsla sendibúnaðar
- 368 Framleiðsla vélbúnaðar til annars tiltekins iðnaðar
- 369 Framleiðsla annarra órafknúinna véla og búnaðar

yfirflokkur 37 Raftækniiðnaður
- 371 Framleiðsla rafmagnsvíra og kapla
- 372 Framleiðsla hreyfla, rafala, spennubreyta, rofa og annars búnaðar til raforkuframleiðslu
- 373 Framleiðsla raffanga til atvinnunota
- 374 Framleiðsla fjarskiptabúnaðar, mæla, annarra mælitækja og rafmagnslækningatækja
- 375 Framleiðsla rafeindabúnaðar, útvarps- og sjónvarpsviðtækja, hljómflutningstækja
- 376 Framleiðsla raftækja til heimilisnota
- 377 Framleiðsla lampa og ljósabúnaðar
- 378 Framleiðsla rafhlaðna og rafgeyma
- 379 Viðgerðir, samsetning og sérhæfð uppsetning raffanga

úr yfirflokki 38 Framleiðsla samgöngutækja
- 383 Framleiðsla vélknúinna ökutækja og hluta þeirra
- 384 Viðgerðir á vélknúnum ökutækjum, bifhjólum og reiðhjólum
- 385 Framleiðsla bifhjóla, reiðhjóla og hluta þeirra
- 389 Framleiðsla samgöngutækja sem eru ekki flokkuð annars staðar

yfirflokkur 39 Ýmiss konar framleiðsluiðnaður
- 391 Framleiðsla nákvæmra mælitækja, mæli- og stjórntækja
- 392 Framleiðsla á lækninga- og skurðlækningatækjum og hjálpartækjum (að undanskildum sjúkraskófatnaði)
- 393 Framleiðsla ljósmynda- og sjóntækja
- 394 Framleiðsla og viðgerðir á úrum og klukkum
- 395 Skartgripagerð- og góðmálmasmíði
- 396 Framleiðsla og viðgerðir hljóðfæra
- 397 Framleiðsla leikja, leikfanga, íþróttatækja og íþróttavarnings
- 399 Annar framleiðsluiðnaður

yfirflokkur 40 Byggingar
- 400 Byggingar (ósérhæfðar); niðurrif
- 401 Húsbyggingar (húsnæði eða annað)
- 402 Mannvirkjagerð; vega- og brúargerð, lagning járnbrauta o.fl.
- 403 Lagnir
- 404 Skreytingar og frágangur

2

Tilskipun 68/366/EBE

(Tilskipun um afnám hafta 68/365/EBE)

NICE-flokkunarkerfið

yfirflokkur 20 A 200 Framleiðsluiðnaður með dýra- og jurtafeiti og olíur

20 B Matvælaframleiðsluiðnaður (að undanskildum drykkjarvöruiðnaði)
- 201 Slátrun, vinnsla og geymsla kjöts
- 202 Mjólkur- og mjólkurvöruiðnaður
- 203 Niðurlagning og geymsla ávaxta og grænmetis
- 204 Niðurlagning og geymsla fisks og annarra sjávarafurða
- 205 Framleiðsla kornmylluafurða
- 206 Framleiðsla á bökuðum vörum, að meðtöldum kruðum og kexi
- 207 Sykuriðnaður
- 208 Framleiðsla á kakói, súkkulaði og sælgæti
- 209 Framleiðsla á ýmsum matvælum

yfirflokkur 21 Drykkjarvöruiðnaður
- 211 Framleiðsla etanóls með gerjun, framleiðsla gers og vínanda
- 212 Víngerð
- 213 Öl- og bjórgerð
- 214 Framleiðsla gosdrykkja og annarra kolsýrðra drykkja

úr 30 Framleiðsla á gúmmívörum, plastefnum, gerviþráðum og sterkjuafurðum
- 304 Framleiðsla á sterkjuafurðum

3

Tilskipun 75/368/EBE (stafsemi sem talin er upp í 1. mgr. 5. gr.)

ISIC- flokkunarkerfið

úr 04 Fiskveiðar
- 043 Fiskveiðar í ám og vötnum

úr 38 Framleiðsla samgöngutækja
- 381 Skipasmíðar og viðgerðir
- 382 Framleiðsla járnbrautartækja
- 386 Framleiðsla loftfara (að meðtöldum geimtækjum)

úr 71 Starfsemi tengd flutningum og starfsemi önnur en flutningar, sem fellur undir eftirfarandi flokka:

úr 711 Þjónusta við svefn- og veitingavagna; viðhald járnbrautatækja í viðhaldsskýlum; hreinsun vagna

úr 712 Viðhald tækja fyrir farþegaflutninga innanbæjar, í úthverfum og milli bæja og borga
úr 713 Viðhald tækja fyrir annan farþegaflutning á landi (svo sem bifreiða, langferðabíla og leigubifreiða)
úr 714 Rekstur og viðhald mannvirkja tengdum samgöngum á landi (t.d. vega, jarðgangna, tollbrúa, birgðageymsla, bílastæða, strætisvagna- og sporvagnastöðva)
úr 716 Starfsemi tengd samgöngum á skipgengum vatnaleiðum (t.d. rekstur og viðhald vatnaleiða, hafna og annarra mannvirkja tengdum samgöngum á skipgengum vatnaleiðum; dráttar- og lóðsþjónusta í höfnum, lagning bauja, ferming og afferming skipa og önnur skyld starfsemi svo sem björgun skipa, dráttur og rekstur húsbáta)

73 Boðmiðlun: póstþjónusta og fjarskipti

úr 85 Þjónustugreinar
854 Þvottahús og þvottaþjónusta, þurrhreinsun og litun
úr 856 Ljósmyndastofur: ljósmyndun og auglýsingaljósmyndun að frátöldum blaðaljósmyndurum
úr 859 Þjónustugreinar sem ekki eru skilgreindar annars staðar (einungis viðhald og þrif á húseignum eða vistarverum)

4

Tilskipun 75/369/EBE 6. gr.: þegar starfsemin telst til iðnaðar eða handverks)

ISIC-flokkunarkerfið

Eftirtalin farandstarfsemi:
a) kaup og sala á vörum
— af kaupmönnum á faraldsfæti, götusölum eða farandsölum (úr ISIC-flokki 612)
— á yfirbyggðum mörkuðum þó ekki föstum starfsstöðvum og á útimörkuðum
b) starfsemi sem fellur undir þegar samþykktar bráðabirgðaráðstafanir þar sem er sérstaklega undanskilið eða ekki minnst á starfrækslu slíkrar farandstarfsemi.

Skrá II

Tilskipun 82/470/EBE (3. mgr. 6. gr.)

Flokkar 718 og 720 í ISIC-flokkunarkerfinu
Starfsemin nær einkum og sér í lagi til:
— skipulagningar og sölu, beint eða gegn þóknun, á einum þætti eða fleirum (flutningi, fæði, gistingu, skoðunarferðum o.s.frv.) vegna ferðar eða dvalar, óháð því um hvers konar ferð er að ræða (undirliður a í B-lið 2. gr.).

Skrá III

Tilskipun 82/489/EBE

úr 855 Hárgreiðslustofur, að frátaldri þjónustu fótaaðgerðafræðinga og verknámsskóla fyrir snyrtifræðinga og hárgreiðslufólk

Skrá IV

Tilskipun 82/470/EBE (1. mgr. 6. gr.)

Flokkar 718 og 720 í ISIC-flokkunarkerfinu:
Starfsemin nær einkum og sér í lagi til:

— þeirra sem starfa sem milliliðir verktaka á mismunandi sviðum flutninga og þeirra sem afgreiða eða senda vörur og standa fyrir svipaðri starfsemi:
  aa) með því að ganga frá samningum við verktaka á sviði flutninga fyrir hönd umbjóðenda
  bb) með því að velja flutningsaðferð, fyrirtæki og þá leið sem er hagstæðust fyrir umbjóðandann
  cc) með því að sjá um framkvæmdaatriði er varða flutninginn (t.d. pökkun vegna flutningsins). með því að sjá um ýmsa aðra þætti er tengjast flutningnum (tryggir t.d. ísbirgðir fyrir kælivagna);
  dd) með því að ganga frá formsatriðum er tengjast flutningnum, gera til dæmis uppkast að fylgibréfi; dreifa vörusendingum;
  ee) með því að samhæfa hin ýmsu stig flutningsins, með því að tryggja flutning, endursendingar, umfermingu og aðrar aðgerðir á endastöð;
  ff) með því að sjá bæði um farm- og flutningstæki og flutningsleið fyrir þá aðila sem afgreiða eða taka á móti vörum;
— mat á flutningskostnaði og yfirferð á sundurliðuðum reikningum
— ráðstafanir sem gera verður til bráðabirgða eða frambúðar í nafni og fyrir hönd skipseiganda eða fyrirtækis sem sér um flutning á sjó (við hafnaryfirvöld, skipaverslanir o.s.frv.)
(Starfsemin sem talin er upp í a-, b- og d- undirliðum A-liðar 2. gr.).

Skrá V

Tilskipanir (64/222/EBE) and (70/523/EBE)

a

Sjá a-lið 5. mgr. 4. gr. þessarar tilskipunar

Tilskipun 64/222/EBE

(Tilskipun um afnám hafta 64/224/EBE)

1. atvinnustarfsemi milliliðar, sem hefur umboð og fyrirmæli frá einum eða fleiri einstaklingum til að semja eða annast viðskipti í þeirra nafni og fyrir þeirra hönd;
2. atvinnustarfsemi milliliðar, sem án þess að hafa um það varanleg fyrirmæli, kemur á sambandi einstaklinga sem óska eftir beinum samningum sín á milli, kemur viðskiptum þeirra í kring eða aðstoðar við að leiða slík viðskipti til lykta.
3. atvinnustarfsemi milliliðar sem kemur inn í viðskipti í eigin nafni en fyrir annarra hönd
4. atvinnustarfsemi milliliðar sem fæst við heildsöluverslun á uppboðum fyrir annarra hönd
5. atvinnustarfsemi milliliða sem afla pantana með því að ganga í hús
6. þjónustustarfsemi sem tengist atvinnustarfsemi milliliðar sem starfar hjá einu eða fleiri verslunar-, iðnaðar- eða litlum handverksfyrirtækjum.

b

Sjá b-lið 5. mgr. 4. gr. þessarar tilskipunar

Tilskipun 70/523/EBE

Starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga sem veita þjónustu á sviði heildsölu og umboðsverslunar með kol (úr flokki 6112, ISIC-flokkunarkerfið)

Skrá VI

Tilskipanir 68/364/EBE, 68/368/EBE, 75/368/EBE, 75/369/EBE, 82/470/EBE

1

Tilskipun 68/364/EBE

(Tilskipun um afnám hafta 68/363/EBE)

ISIC úr flokki 612 Smásöluverslun
Starfsemi sem er undanskilin:

012	Leiga á tækjum til landbúnaðar
640	Leiga á fasteignum
713	Leiga á bifreiðum, vögnum og hestum
718	Leiga á lestar- og flutningsvögnum
839	Leiga á tækjabúnaði til verslunarfyrirtækja
841	Miðabókanir og myndaleiga fyrir kvikmyndahús
842	Miðabókanir og leiga á búnaði fyrir leikhús
843	Báta- og hjólaleiga, leiga á sjálfsalaleiktækjum og -spilavélum
853	Leiga á herbergjum með húsgögnum
854	Leiga á hreinu líni
859	Fataleiga

2

Tilskipun 68/368/EBE

(Tilskipun um afnám hafta 68/367/EBE)

ISIC-flokkunarkerfið

ISIC úr yfirflokki 85:
1. Veitingahús, kaffihús, ölstofur og aðrir veitingastaðir (ISIC-flokkur 852)
2. Hótel, gistiheimili, tjaldstæði og aðrir gististaðir (ISIC-flokkur 853)

3

Tilskipun 75/368/EBE (7. gr.)

Öll starfsemi sem talin er upp í viðaukanum við tilskipun 75/368/EBE, að frátalinni þeirri sem um getur í 5. gr. þeirrar tilskipunar (Skrá I, nr. 3 í þessum viðauka).
ISIC-flokkunarkerfið

úr 62	Bankar og aðrar fjármálastofnanir
úr 620	Einkaleyfisstofur og löggildingarstofur

úr 71 Flutningar
- úr 713 Farþegaflutningar á vegum, að frátöldum flutningi með bifreiðum
- úr 719 Flutningur fljótandi kolvatnsefnis og annarra fljótandi efna eftir leiðslum

úr 82 Félagsleg þjónusta
- 827 Bókasöfn, söfn, lysti- og dýragarðar

úr 84 Leikja- og skemmtiþjónusta
- 843 Leikja- og skemmtiþjónusta ótalin annars staðar:
  - — starfsemi tengd íþróttum (íþróttasvæði, skipulagning íþróttamannvirkja o.s.frv.) þó ekki starfsemi íþróttaleiðbeinenda
  - — leikir (hesthús og tamningasvæði fyrir veðhlaupahesta, leikjasvæði, veðhlaupabrautir, o.s.frv.)
  - — önnur afþreyingarstarfsemi (fjölleikahús, skemmtigarðar og aðrar skemmtanir)

úr 85 Þjónustugreinar
- úr 851 Heimilishjálp
- úr 855 Snyrtistofur og handsnyrtiþjónusta, að frátalinni þjónustu fótsnyrta og skólum snyrtifræðinga og hárgreiðslufólks
- úr 859 Þjónustugreinar sem ekki eru skilgreindar annars staðar nema íþrótta- og sjúkranuddarar og fjallaleiðsögumenn, sem skiptast í eftirfarandi flokka
  - — sótthreinsun og meindýraeyðing
  - — fataleiga og geymsluaðstaða
  - — hjúskaparmiðlun og önnur skyld þjónusta
  - — stjörnuspeki, spádómar og þess háttar
  - — skolp og sorphirða og önnur skyld starfsemi
  - — útfararþjónusta og viðhald kirkjugarða
  - — boðberar og túlkandi leiðsögumenn

4

Tilskipun 75/369/EBE (5. gr.)

Eftirtalin farandstarfsemi:

a) kaup og sala á vöru
   - — sem stunduð er af kaupmönnum á faraldsfæti, götusölum eða farandsölum (úr ISIC-flokki 612)
   - — á yfirbyggðum mörkuðum nema þegar um fastar starfsstöðvar er að ræða og á útimörkuðum

b) starfsemi sem gildandi bráðabirgðaráðstafanir ná yfir þegar ljóst er að starfsemi sem flokkast undir farandviðskipti er undanskilin.

5

Tilskipun 82/470/EBE (2. mgr. 6. gr.)

(Starfsemi sem talin er upp í c- og e-lið A-hluta, b-lið B-hluta, C- og D-hluta 2. gr.)

Starfsemin nær einkum og sér í lagi til:

- — leigu á járnbrautarvögnum til farþega- eða vöruflutninga;
- — starfs millilliða í sölu, kaupum eða leigu skipa;
- — skipulagningar, samningagerðar og frágangs samninga vegna flutninga þeirra sem flytjast á brott;
- — móttöku fyrir hönd þess, sem leggur vöruna inn, á öllum hlutum og vörum sem lagðar eru inn í vöruskemmur, pakkhús, húsgagnalager, í kæligeymslur, vörugeymslur (síló) o.s.frv., hvort sem tollskoða þarf vöruna eða ekki;

— útvegunar á kvittun fyrir móttöku til handa þeim aðila sem leggur vöruna inn;
— útvegunar hólfa, fóðurs og sölusvæða vegna skammtímavistunar búpenings sem bíður sölu eða flutnings til eða frá markaði;
— skoðunar eða mats á tæknibúnaði vélknúinna ökutækja;
— mælingar, vigtunar og mats á vörum.

ANNAR HLUTI

Starfsemi, önnur en sú sem fellur undir I. hluta

1

Tilskipanir 63/261/EBE, 63/262/EBE, 65/1/EBE, 67/530/EBE, 67/531/EBE, 67/532/EBE, 68/192/EBE, 68/415/EBE og 71/18/EBE

ISIC- flokkunarkerfið

úr yfirflokki 01 Landbúnaður
Einkum:
a) jarðyrkja, að meðtalinni akuryrkju og vínyrkju; ræktun ávaxta, hnetna, fræja, grænmetis, blóma, bæði úti við og undir gleri;
b) búfjárrækt, alifuglarækt, kanínurækt, loðdýrarækt eða önnur kvikfjárrækt, býflugnarækt; framleiðsla á kjöti, mjólk, ull, húðum, skinnum og loðfeldum, eggjum, hunangi;
c) þjónusta í landbúnaði, húsdýrahaldi og garðyrkju gegn greiðslu eða samkvæmt samningi.

2

Tilskipun 63/607/EBE

(Kvikmyndir)

3

Tilskipun 64/223/EBE

ISIC-flokkunarkerfið

úr flokki 611 Starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga sem stunda heildverslun (að undanskilinni heildverslun með lyf og lyfjavörur, eiturefni og lifandi smitefni og kol)

4

Tilskipun 64/428/EBE

NICE-flokkunarkerfið

	Flokkur
yfirflokkur 11	Námuvinnsla og framleiðsla fasts eldsneytis
	111 Námuvinnsla og framleiðsla kola
	112 Námuvinnsla og framleiðsla brúnkola
yfirflokkur 12	Nám málmjarðefnis
	121 Námuvinnsla járngrýtis
	122 Námuvinnsla járnlausra málmjarðefna og skyld starfsemi

yfirflokkur úr 13	úr 130Vinnsla jarðolíu og jarðgass (nema leit og borun)
yfirflokkur 14	140 Vinnsla byggingarefna og eldtrausts leirs
yfirflokkur 19	190 Vinnsla annarra steinefna og mós

5

Tilskipun 65/264/EBE

(kvikmyndaiðnaður)

6

Tilskipun 66/162/EBE

ISIC-flokkunarkerfið

deild 5	Raforka, gas, gufuafl, vatn og skolp og sorphirða

7

Tilskipun 67/43/EBE

ISIC-flokkunarkerfið

úr flokki 640	Fasteignaviðskipti (að undanskildum 6401)
flokkur 839	Viðskiptaþjónusta sem ekki er flokkuð annars staðar (að undanskilinni blaðamennsku, störfum tollvarða, ráðgjöf á sviði viðskipta, fjármála, verslunar, tölfræði og atvinnu- og ráðningarmála, innheimta)

8

Tilskipun 67/654/EBE

ISIC-flokkunarkerfið

yfirflokkur 02	Skógrækt og skógarhögg 021 Skógrækt 022 Skógarhögg

9

Tilskipanir 68/369/EBE and 70/451/EBE

ISIC-flokkunarkerfið

úr flokki 841	Framleiðsla, dreifing og sýning kvikmynda

10

Tilskipun 69/82/EBE

ISIC-flokkunarkerfið

úr yfirflokki 13 úr 130	Rannsóknir (leit og borun) á jarðolíu og jarðgasi

11

Tilskipun 70/522/EBE

ISIC-flokkunarkerfið

úr flokki 6112 Kol

VIÐAUKI B

NIÐURFELLDAR TILSKIPANIR

FYRSTI HLUTI: TILSKIPANIR UM AFNÁM HAFTA

63/261/EBE: Tilskipun ráðsins frá 2. apríl 1963 sem setur ítarleg ákvæði um hvernig koma skuli á staðfesturétti í landbúnaði á yfirráðasvæði aðildarríkis að því er varðar ríkisborgara annarra landa bandalagsins sem starfað hafa sem launþegar í landbúnaði í því aðildarríki í tvö ár samfellt

63/262/EBE: Tilskipun ráðsins frá 2. apríl 1963 sem setur ítarleg ákvæði um hvernig koma skuli á staðfesturétti á bújörðum sem verið hafa í eyði eða órækt lengur en tvö ár

63/607/EBE: Tilskipun ráðsins frá 15. október 1963 um framkvæmd á ákvæðum hinnar almennu áætlunar um afnám hafta á rétti til að veita þjónustu að því er varðar kvikmyndaiðnaðinn

64/223/EBE: Tilskipun ráðsins frá 25. febrúar 1964 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu vegna starfsemi á sviði heildsölu

64/224/EBE: Tilskipun ráðsins frá 25. febrúar 1964 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu vegna starfsemi milliliða á sviði verslunar, iðnaðar og handverks

64/428/EBE: Tilskipun ráðsins frá 7. júlí 1964 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði námuvinnslu og grjótnáms (ISIC yfirflokkar 11 - 19)

64/429/EBE: Tilskipun ráðsins frá 7. júlí 1964 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði framleiðslu- og vinnsluiðnaðar er heyrir undir ISIC yfirflokka 23 - 40 (Iðnaður og handverk)

65/1/EBE: Tilskipun ráðsins frá 14. desember 1964 sem setur ítarleg ákvæði um hvernig koma skuli á rétti til að veita þjónustu í landbúnaði og garðyrkju

65/264/EBE: Önnur tilskipun ráðsins frá 13. maí 1965 um framkvæmd á ákvæðum hinnar almennu áætlunar um afnám hafta á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu á sviði kvikmyndaiðnaðar

66/162/EBE: Tilskipun ráðsins frá 28. febrúar 1966 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu að því er varðar rafmagn, gas, vatn og skolp og sorphirðu (ISIC deild 5)

67/43/EBE: Tilskipun ráðsins frá 12. janúar 1967 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu að því er varðar starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga innan: 1. „fasteignaviðskipta“ (nema 6401) (ISIC úr flokki 640) 2. „viðskiptaþjónustu sem ekki er flokkuð annars staðar“ (ISIC-flokkur 839)

67/530/EBE: Tilskipun ráðsins frá 25. júlí 1967 um rétt bænda sem eru ríkisborgarar annars aðildarríkis en þeir hafa staðfestu í til þess að flytjast af einni jörð á aðra

67/531/EBE: Tilskipun ráðsins frá 25. júlí 1967 um beitingu laga aðildarríkja að því er varðar leigu á jörðum til bænda sem eru ríkisborgarar annarra aðildarríkja

67/532/EBE: Tilskipun ráðsins frá 25. júlí 1967 um rétt bænda til aðildar að samvinnufélögum þegar þeir eru ríkisborgarar annars aðildarríkis en þeir hafa staðfestu í

67/654/EBE: Tilskipun ráðsins frá 24. október 1967 sem setur ítarleg ákvæði um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu að því er varðar starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga í skógrækt og skógarhöggi

68/192/EBE: Tilskipun ráðsins frá 5. apríl 1968 um rétt bænda sem eru ríkisborgarar annars aðildarríkis en þeir hafa staðfestu í til ýmiss konar lána

68/363/EBE: Tilskipun ráðsins frá 15. október 1968 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði smásöluverslunar (ISIC úr flokki 612)

68/365/EBE: Tilskipun ráðsins frá 15. október 1968 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði matvæla- og drykkjarvöruframleiðslu (ISIC yfirflokkar 20 og 21)

68/367/EBE: Tilskipun ráðsins frá 15. október 1968 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu vegna starfsemi innan þjónustugeirans (ISIC úr yfirflokki 85);. 1. Veitingahús, kaffihús, ölstofur og aðrir veitingastaðir (ISIC-flokkur 852); 2. Hótel, gistiheimili, tjaldstæði og aðrir gististaðir (ISIC-flokkur 853)

68/369/EBE: Tilskipun ráðsins frá 15. október 1968 um hvernig koma skuli á staðfesturétti sjálfstætt starfandi einstaklinga að því er varðar starfsemi á sviði kvikmyndadreifingar

68/415/EBE: Tilskipun ráðsins frá 20. desember 1968 um rétt bænda sem eru ríkisborgarar annars aðildarríkis en þeir hafa staðfestu í til ýmiss konar aðstoðar

69/82/EBE: Tilskipun ráðsins frá 13. mars 1969 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu að því er varðar rannsóknir (leit og borun) á jarðolíu og jarðgasi (úr ISIC yfirflokki 13)

70/451/EBE: Tilskipun ráðsins frá 29. september 1970 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu að því er varðar starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á sviði kvikmyndaframleiðslu

70/522/EBE: Tilskipun ráðsins frá 30. nóvember 1970 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði heildsölu og umboðsverslunar með kol (ISIC úr flokki 6112)

71/18/EBE: Tilskipun ráðsins frá 16. desember 1970 sem setur ítarleg ákvæði um hvernig koma skuli á staðfesturétti sjálfstætt starfandi einstaklinga sem veita þjónustu í landbúnaði og garðyrkju

ANNAR HLUTI: TILSKIPANIR ÞAR SEM KVEÐIÐ ER Á UM BRÁÐABIRGÐARÁÐSTAFANIR

64/222/EBE: Tilskipun ráðsins frá 25. febrúar 1964 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi á sviði heildsölu og milliliða í verslun, iðnaði og handverki

64/427/EBE: Tilskipun ráðsins frá 7. júlí 1964 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á sviði framleiðslu- og vinnsluiðnaðar

sem fellur undir ISIC yfirflokka 23 - 40 (Iðnaður og handverk), eins og henni var breytt með tilskipun ráðsins 69/77/EBE frá 4. mars 1969

68/364/EBE: Tilskipun ráðsins frá 15. október 1968 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á sviði smásöluverslunar (ISIC úr flokki 612)

68/366/EBE: Tilskipun ráðsins frá 15. október 1968 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á sviði matvæla- og drykkjarvöruframleiðslu (ISIC yfirflokkar 20 og 21)

68/368/EBE: Tilskipun ráðsins frá 15. október 1968 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga í þjónustugeiranum (úr ISIC yfirflokki 85); 1. Veitingahús, kaffihús, ölstofur og aðrir veitingastaðir (ISIC-flokkur 852) 2. Hótel, gistiheimili, tjaldstæði og aðrir gististaðir (ISIC-flokkur 853)

70/523/EBE: Tilskipun ráðsins frá 30. nóvember 1970 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á sviði heildsölu og umboðsverslunar með kol (ISIC úr flokki 6112)

75/368/EBE: Tilskipun ráðsins frá 16. júní 1975 um ráðstafanir til að auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt að því er varðar ýmsa starfsemi (úr ISIC deildum 1 til 85) og einkum bráðabirgðaráðstafanir með tilliti til þessarar starfsemi

75/369/EBE: Tilskipun ráðsins frá 16. júní 1975 um ráðstafanir til að auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt á sviði farandsölu og einkum bráðabirgðaráðstafanir er varða starfsemi af þessu tagi

82/470/EBE: Tilskipun ráðsins frá 29. júní 1982 um ráðstafanir til að auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt hvað varðar starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga í ákveðnum greinum sem tengjast flutningum og ferðaskrifstofum (ISIC-flokkur 718) og geymslu og vöruskemmum (ISIC-flokkur 720)

82/489/EBE: Tilskipun ráðsins frá 19. júlí 1982 um ráðstafanir til að auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt í háriðn

711. Tillaga til þingsályktunar [445. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2000, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2000 frá 27. október 2000, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 31/2000 frá 8. júní 2000, um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“).

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2000, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992. Sú gerð sem hér um ræðir er tilskipun um svonefnd rafræn viðskipti. Nánar tiltekið er um að ræða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2000/31/EB frá 8. júní 2000, um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögunni er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir og nauðsynlegum lagabreytingum til að innleiða hana í íslenskan rétt. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Sú málsmeðferð sem hér um ræðir er sú sama og viðhöfð var í tengslum við alls 19 ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem eins var ástatt um en þingsályktunartillaga þess efnis var flutt og afgreidd á 125. löggjafarþingi (587. mál). Í athugasemdum með þeirri tillögu var skýrt frá því að framvegis yrði það verklag viðhaft að flytja sérstakar þingsályktunartillögur um ákvarðanir sem samþykktar væru af sameiginlegu EES-nefndinni með fyrirvara skv. 103. gr. EES-samningsins. Var fyrsta þingsályktunartillaga samkvæmt þessu breytta ferli lögð fram á yfirstandandi þingi og samþykkt (312. mál).

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögunni ásamt gerðinni sjálfri. Þess skal sérstaklega getið að eftir að ákvörðunin var tekin var ákveðið að gera breytingar á þýðingum einstakra hugtaka í gerðinni og nota „rafræn viðskipti“ í staðinn fyrir hugtakið „rafræn verslun“ og „upplýsingasamfélagið“ í staðinn fyrir „upplýsingaþjóðfélagið“.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið nægja að Alþingi samþykki nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum

hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en nokkrum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verður hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að leitað er sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft er samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2000, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.

Meginmarkmið tilskipunarinnar er að tryggja að þjónusta í upplýsingasamfélagi njóti góðs af meginreglu Evrópusambandsins um frjálst flæði þjónustu, þ.e. að unnt verði að veita þjónustuna um allt Evrópska efnahagssvæðið ef hún fullnægir lagaákvæðum upprunalands.

Þjónusta í upplýsingasamfélagi er skilgreind í tilskipuninni sem þjónusta sem almennt er veitt gegn endurgreiðslu, úr fjarlægð, með rafrænum búnaði til vinnslu og vörslu gagna og sem svar við fyrirspurn viðtakenda þjónustunnar. Hún tekur bæði til þjónustu til neytenda og þjónustu sem veitt er á milli þeirra sem stunda viðskipti. Þá tekur tilskipunin einnig til þjónustu sem veitt er án endurgjalds, t.d. þjónustu sem fjármögnuð er með auglýsingum eða styrkjum, sem og þjónustu sem opnar möguleika á rafrænum viðskiptum.

Meginefni tilskipunarinnar er eftirfarandi:

Reglur er varða þjónustuveitendur í upplýsingasamfélagi: Í tilskipuninni er tilgreint að staðfesta þjónustuveitanda teljist sá staður þar sem þjónustan er starfrækt í raun í gegnum fasta atvinnustöð, óháð því hvar vefsíða er vistuð eða netþjónn staðsettur. Slíkri tilgreiningu er ætlað að eyða óvissu og tryggja að þjónustuveitendum verði ekki unnt að komast hjá eftirliti (þar sem þeir verði háðir eftirliti) í því aðildarríki þar sem þeir hafa staðfestu. Þá felur tilskipunin í sér að óheimilt verður að gera starfrækslu þjónustuveitanda sem slíka háða leyfisveitingu, umfram það sem leiðir af almennum reglum um þá þjónustu sem veita á. Loks er kveðið á um skyldu þjónustuveitanda til að veita viðskiptamönnum sínum og viðeigandi yfirvöldum upplýsingar í aðgengilegu og varanlegu formi um nafn sitt, heimilisfang, netfang, kennitölu, virðisaukaskattsnúmer o.fl.

Rafrænir samningar: Tilskipunin leggur skyldur á herðar aðildarríkjum að afnema allar gildistakmarkanir rafrænna samninga. Þá kveður tilskipunin á um að ákveðnar upplýsingar skuli liggja fyrir áður en rafrænn samningur kemst á.

Ábyrgð milligönguaðila: Til að eyða lagalegri óvissu og til að tryggja samræmi á milli aðildarríkja er kveðið á um undanþágu frá ábyrgð milligönguaðila þegar þeir eru óvirkir flutningsaðilar á efni frá þriðja aðila. Þá er ábyrgð þeirra takmörkuð þegar um er að ræða sjálfvirka, millistigs og tímabundna geymslu (e. caching) eða hýsingu (e. hosting).

Viðskiptaorðsendingar: Í tilskipuninni er hugtakið viðskiptaorðsending skilgreint, en það nær m.a. yfir auglýsingar og beina markaðssetningu, auk þess sem kveðið er á um tilteknar kröfur við sendingu slíkra orðsendinga til að tryggja gagnsæi og traust neytenda. Samkvæmt tilskipuninni skulu viðskiptaorðsendingar með tölvupósti vera auðgreinanlegar og skal greina frá hver stendur að baki sendingunni.

Ef aðildarríki leyfir óbeðnar viðskiptaorðsendingar skal það tryggja að slíkar upplýsingar séu ætíð auðgreinanlegar um leið og þær koma til viðtakanda. Þá eru þjónustuveitendur sem senda slíkar upplýsingar skyldugir til að kanna reglulega úrsagnarskrá þar sem menn sem ekki hafa áhuga á að fá slíkan póst geta skráð sig.

Einnig er kveðið á um að lögvernduðum starfsgreinum skuli heimilt að veita þjónustu á rafrænu formi og að lagareglur um auglýsingar starfsgreinanna skuli ekki koma í veg fyrir að viðkomandi starfsgreinar geti starfrækt vefsíður.

Innleiðing: Tilskipunin miðar að því að styrkja fullnustuleiðir fyrir gildandi Evrópureglur og landslög. Þannig er hvatt til gerðar siðareglna á vettvangi Evrópusambandsins og til samstarfs á milli aðildarríkja við framkvæmd reglnanna, auk þess sem greitt er fyrir því að sett verði upp vefrænt fullnustukerfi á milli aðildarríkjanna.

Gagnkvæm viðurkenning á lögum aðildarríkjanna: Af tilskipuninni er ljóst að meginregla hins innri markaðar um gagnkvæma viðurkenningu á landslögum aðildarríkjanna og regla upprunalands skuli gilda um þjónustu í upplýsingasamfélagi. Það mun tryggja að ekki verða tálmanir á veitingu slíkrar þjónustu frá öðrum aðildarríkjum. Þó kveður tilskipunin á um að í sérstökum undantekningartilfellum geti aðildarríki sett takmarkanir á þjónustu í upplýsingasamfélagi sem veitt er frá öðru aðildarríki sé það nauðsynlegt til að vernda mikilvæga almannahagsmuni, svo sem í baráttu gegn kynþáttahatri.

Tilskipunin fjallar hvorki um breytingar á Brusselsamningnum um varnarþing, viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum (sbr. Lúganósamninginn að því er varðar EES-ríki), né á Rómarsamningnum að því er varðar lagaval í neytendasamningum.

Unnið er að undirbúningi nauðsynlegra lagabreytinga vegna þessa í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu en samkvæmt tilskipuninni skal efni hennar koma til framkvæmda á EES-svæðinu eigi síðar en 17. janúar 2002. Stefnt er að framlagningu lagafrumvarps vegna málsins í október 2001.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 91/2000

frá 27. október 2000

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2000 frá 2. ágúst 2000([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna verslunar, í tengslum við upplýsingaþjóðfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræna verslun")([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Nauðsynlegt er að aðlaga tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB með tilliti til samningsins.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 5g (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„5h. **32000 L 0031**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænnar verslunar, í tengslum við upplýsingaþjóðfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræna verslun")(Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1)."

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

([1]) Stjtíð. EB L 250, 5.10.2000, bls. 50 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 44, 5.10.2000, bls. 3.
([2]) Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1.

Í aðstæðum sem um getur í g-lið 5. gr. skal, að því er EFTA-ríkin varðar, virðisaukaskattsnúmerið vera númerið sem þjónustuaðila er úthlutað samkvæmt landslögum.

2. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 28. október 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 27. október 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

G. S. Gunnarsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes *E. Gerner*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði tilgreind.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2000/31/EB

frá 8. júní 2000

um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr., 55. gr. og 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Markmið Evrópusambandsins er að skapa æ nánari tengsl milli ríkja og þjóða Evrópu í því skyni að tryggja efnahags- og félagslegar framfarir. Í samræmi við 2. mgr. 14. gr. sáttmálans nær innri markaðurinn yfir svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, frjáls þjónustustarfsemi og staðfesturéttur eru tryggð. Þróun þjónustu í upplýsingasamfélaginu innan svæðis án innri landamæra er afgerandi í því skyni að ryðja úr vegi hindrunum sem skilja að þjóðir Evrópu.

2) Þróun rafrænna viðskipta innan upplýsingasamfélagsins skapar kjörin atvinnutækifæri í bandalaginu, einkum í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, og mun stuðla að hagvexti og fjárfestingu evrópskra félaga í nýjungum og getur einnig aukið samkeppnishæfni evrópsks iðnaðar, að því tilskildu að allir hafi aðgang að Netinu.

3) Lög og einkenni réttarfars í bandalaginu stuðla í ríkum mæli að því að gera evrópskum borgurum og atvinnurekendum kleift að nýta til fulls tækifæri sem rafræn viðskipti bjóða, án tillits til landamæra. Því er markmiðið með þessari tilskipun að tryggja viðtæka samþættingu bandalagslaga, þannig að til verði raunverulegt svæði án innri landamæra fyrir þjónustu í upplýsingasamfélaginu.

4) Mikils er um vert að tryggja að rafræn viðskipti njóti til fulls góðs af innri markaðinum sem leiði til viðtækrar samþættingar í bandalaginu, eins og raunin er um tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur ([4]).

5) Fjöldi lagalegra hindrana í vegi eðlilegrar starfsemi innri markaðarins hamla þróun þjónustu í upplýsingasamfélaginu innan bandalagsins og gera það síður fýsilegt að nýta sér staðfesturétt og frelsi til að veita þjónustu. Þessar hindranir stafa af mismunandi löggjöf og réttaróvissu um það hvaða innlendar reglur gilda

([1]) Stjtíð. EB C 30, 5.2.1999, bls. 4.
([2]) Stjtíð. EB C 169, 16.6.1999, bls. 36.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 6. maí 1999 (Stjtíð. EB C 279, 1.10.1999, bls. 389), sameiginleg afstaða ráðsins frá 28. febrúar 2000 (Stjtíð. EB C 128, 8.5.2000, bls. 32) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 4. maí 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

([4]) Stjtíð. EB L 298, 17.10.1989, bls. 23. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/36/EB (Stjtíð. EB L 202, 30.7.1997, bls. 60).

um slíka þjónustu. Þar eð löggjöf á viðkomandi sviðum er hvorki samræmd né aðlöguð hver annarri kann að vera unnt að réttlæta fyrrnefndar hindranir í ljósi réttarframkvæmdar dómstóls Evrópubandalaganna. Réttaróvissa ríkir um það í hve ríkum mæli aðildarríkjunum er heimilt að hafa eftirlit með þjónustustarfsemi sem er upprunnin í öðru aðildarríki.

6) Með hliðsjón af markmiðum bandalagsins, sem koma fram í 43. og 49. gr. sáttmálans og afleiddum lögum þess, ber að ryðja þessum hindrunum úr vegi með því að samræma tiltekin, innlend lög og skýra tiltekin, lögfræðileg hugtök á vettvangi bandalagsins nægilega vel til þess að starfsemi innri markaðarins geti farið fram með eðlilegum hætti. Þar eð tilskipun þessi fjallar einvörðungu um tiltekin sérmál, sem valda vandkvæðum fyrir starfsemi innri markaðarins, er hún í fullu samræmi við þá nauðsyn að fylgja dreifræðisreglunni eins og hún er sett fram í 5. gr. sáttmálans.

7) Í því skyni að tryggja réttaröryggi og tiltrú neytenda skal í tilskipun þessari mælt fyrir um skýran og almennan ramma fyrir tiltekna lagalega þætti í tengslum við rafræn viðskipti á innri markaðinum.

8) Markmiðið með þessari tilskipun er að móta lagaramma til að tryggja frjálsa þjónustustarfsemi í upplýsingasamfélaginu milli aðildarríkjanna en ekki að samhæfa svið refsiréttar sem slíkt.

9) Frjáls þjónustustarfsemi í upplýsingasamfélaginu getur í mörgum tilvikum endurspeglað víðtækari meginreglu í lögum bandalagsins með sérstökum hætti, þ.e. meginregluna um tjáningarfrelsi, eins og hún er skilgreind í 1. mgr. 10. gr. sáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem öll aðildarríkin hafa fullgilt. Af þessum ástæðum skal með tilskipunum, sem fjalla um veitingu þjónustu í upplýsingasamfélaginu, tryggja að frjáls þátttaka í þessari starfsemi sé heimil með hliðsjón af fyrrnefndri grein, einvörðungu með fyrirvara um þær takmarkanir sem mælt er fyrir um í 2. mgr. hennar og 1. mgr. 46. gr. sáttmálans. Tilskipun þessari er ekki ætlað að hafa áhrif á innlendar grundvallarreglur og meginreglur um tjáningarfrelsi.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, takmarkast, í samræmi við meðalhófsregluna, einungis við það lágmark sem er nauðsynlegt til þess að ná því marki að starfsemi innri markaðarins sé með eðlilegum hætti. Ef aðgerða er þörf á vettvangi bandalagsins og til þess að tilvist svæðis án innri landamæra sé tryggð í raun, að því er varðar rafræn viðskipti, skal tilskipunin slá skjaldborg um markmið í almannaþágu, einkum þau sem miða að verndun ólögráða barna og mannlegrar reisnar, neytendavernd og verndun almannaheilbrigðis. Samkvæmt 152. gr. sáttmálans er verndun almannaheilbrigðis grundvallaratriði í öðrum stefnumálum bandalagsins.

11) Tilskipun þessi er einkum með fyrirvara um umfang verndunar almannaheilbrigðis og neytendahagsmuna, eins og mælt er fyrir um það í lögum bandalagsins.Tilskipun ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum ([1]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga ([2]) innihalda meðal annarra mikilvægar reglur um neytendavernd á sviði samninga. Fyrrnefndar tilskipanir gilda og í heild sinni um þjónustu í upplýsingasamfélaginu. Þessar sömu réttarreglur bandalagsins, sem gilda að fullu um þjónustu í upplýsingasamfélaginu, ná einnig yfir, einkum og sér í lagi, tilskipun ráðsins 84/450/EBE frá 10. september 1984 um villandi auglýsingar ([3]), tilskipun ráðsins 87/102/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmæl-

([1]) Stjtíð. EB L 95, 21.4.1993, bls. 29.
([2]) Stjtíð. EB L 144, 4.6.1999, bls. 19.
([3]) Stjtíð. EB L 250, 19.9.1984, bls. 17. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/55/EB (Stjtíð. EB L 290, 23.10.1997, bls. 18).

um aðildarríkjanna varðandi neytendalán ([1]), tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta ([2]), tilskipun ráðsins 90/314/EBE frá 13. júní 1990 um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka ([3]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/6/EB frá 16. febrúar 1998 um neytendavernd að því er varðar upplýsingar um verð á vöru sem er boðin neytendum ([4]), tilskipun ráðsins 92/59/EBE frá 29. júní 1992 um öryggi framleiðsluvöru ([5]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/47/EB frá 26. október 1994 um verndun kaupenda vegna tiltekinna þátta í samningum um kaup á réttindum til að nýta fasteignir á skiptileigugrunni ([6]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB frá 19. maí 1998 um lögbann til verndar hagsmunum neytenda ([7]), tilskipun ráðsins 85/374/EBE frá 25. júlí 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum vegna skaðsemisábyrgðar á gölluðum vörum ([8]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB frá 25. maí 1999 um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi ([9]), væntanlega tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um fjarmarkaðssetningu fjármálaþjónustu fyrir neytendur og tilskipun ráðsins 92/28/EBE frá 31. mars 1992 um auglýsingu lyfja sem ætluð eru mönnum ([10]). Tilskipun þessi skal vera með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/43/EB frá 6. júlí 1998 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um auglýsingu tóbaksvara og kostun í tengslum við þær ([11]) sem er samþykkt innan ramma innri markaðarins eða með fyrirvara um tilskipanir um verndun almannaheilbrigðis. Tilskipun þessi er til fyllingar krafna um upplýsingar sem eru gerðar í fyrrnefndum tilskipunum, einkum tilskipun 97/7/EB.

12) Nauðsynlegt er að útiloka tiltekna starfsemi frá gildissviði þessarar tilskipunar af þeirri ástæðu að ekki er unnt, á þessu stigi, að tryggja frelsi til að veita þjónustu á þessum sviðum samkvæmt sáttmálanum eða gildandi, afleiddri löggjöf. Að girt sé fyrir þessa starfsemi útilokar ekki gerninga sem kynnu að reynast nauðsynlegir til þess að innri markaðurinn geti starfað með eðlilegum hætti. Útiloka ber skattlagningu frá gildissviðs þessarar tilskipunar, einkum virðisaukaskatt sem er lagður á fjölmargar þjónustugreinar sem falla undir gildissvið hennar.

13) Með þessari tilskipun er hvorki ætlunin að setja reglur um skattaálögur né að hindra undirbúning gerninga á vettvangi bandalagsins um skattaálögur á sviði rafrænna viðskipta.

14) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([12]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/66/EB frá 15. desember 1997 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á fjarskiptasviðinu ([13]), sem gilda að fullu um þjónustu í upplýsingasamfélaginu, gilda einar um verndun einstaklinga með tilliti til vinnslu persónuupplýsinga. Tilskipanir þessar mynda þegar lagaramma um svið persónuupplýsinga og því ber ekki nauðsyn til að fjalla um það málefni í þessari tilskipun til þess að tryggja

([1]) Stjtíð. EB L 42, 12.2.1987, bls. 48. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/7/EB (Stjtíð. EB L 101, 1.4.1998, bls. 17).
([2]) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/9/EB (Stjtíð. EB L 84, 26.3.1997, bls. 22).
([3]) Stjtíð. EB L 158, 23.6.1990, bls. 59.
([4]) Stjtíð. EB L 80, 18.3.1998, bls. 27.
([5]) Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 24.
([6]) Stjtíð. EB L 280, 29.10.1994, bls. 83.
([7]) Stjtíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 51. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 1999/44/EB (Stjtíð. EB L 171, 7.7.1999, bls. 12).
([8]) Stjtíð. EB L 210, 7.8.1985, bls. 29. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 1999/34/EB (Stjtíð. EB L 141, 4.6.1999, bls. 20).
([9]) Stjtíð. EB L 171, 7.7.1999, bls. 12.
([10]) Stjtíð. EB L 113, 30.4.1992, bls. 13.
([11]) Stjtíð. EB L 213, 30.7.1998, bls. 9.
([12]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.
([13]) Stjtíð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 1.

snurðulausa starfsemi innri markaðarins, einkum frjálsa miðlun persónuupplýsinga milli aðildarríkja. Framkvæma ber og beita þessari tilskipun í fullu samræmi við meginreglur um verndun persónuupplýsinga, einkum að því er varðar óumbeðnar viðskiptaorðsendingar og ábyrgð milliliða. Með tilskipun þessari er ekki unnt að koma í veg fyrir nafnlausa notkun opinna netkerfa eins og Netsins.

15) Fjarskiptaleynd er tryggð með 5. gr. tilskipunar 97/66/EB. Aðildarríkin skulu, í samræmi við fyrrnefnda tilskipun, banna hvers kyns hleranir slíkra fjarskipta eða eftirlit með þeim nema af hálfu sendenda og viðtakenda, nema því aðeins að slíkt sé heimilt lögum samkvæmt.

16) Eina fjárhættustarfsemin sem fellur ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar eru áhættuleikir, happdrætti eða veðmálaviðskipti sem fela í sér að lagt er fram áhættufé. Þetta gildir ekki um keppni eða leiki í auglýsingaskyni þar sem markmiðið er að stuðla að sölu vöru eða þjónustu og þar sem greiðslur, ef um þær er að ræða, eru aðeins inntar af hendi til þess að verða sér úti um þær vörur eða þjónustu sem er auglýst.

17) Skilgreiningu á þjónustu í upplýsingasamfélaginu er þegar að finna í bandalagslögum, í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 um aðferð við framsetningu upplýsinga vegna tæknilegra staðla og fyrirmæla og reglur um þjónustu sem tengist upplýsingasamfélaginu ([1]) og í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/84/EB frá 20. nóvember 1998 um lögverndun þjónustu sem er byggð á, eða er fólgin í, skilyrtum aðgangi ([2]). Þessi skilgreining gildir um alla þjónustu sem venjulega er veitt gegn greiðslu, úr fjarlægð, með rafrænum búnaði fyrir vinnslu (þar með talin stafræn samþjöppun) og til gagnageymslu og að beiðni þess einstaklings sem þiggur þjónustuna. Þessi skilgreining gildir ekki um þá þjónustu sem um getur í viðmiðunarskránni í V. viðauka við tilskipun 98/34/EB og felst ekki í gagnavinnslu og -geymslu.

18) Þjónusta í upplýsingasamfélaginu nær yfir vítt svið beinlínutengdrar atvinnustarfsemi. Þessi starfsemi getur einkum falist í beinlínutengdri sölu vara. Starfsemi, eins og vöruafhending sem slík eða framboð þjónustu sem er ekki beinlínutengd, er ekki talin með. Þjónusta í upplýsingasamfélaginu er ekki bundin einvörðungu við þjónustu sem er tilefni beinlínutengdra samninga en nær einnig, þegar um er að ræða atvinnustarfsemi, til þjónustu sem ekki er greidd af þeim sem njóta hennar, t.d. þjónustu þar sem beinlínutengdar upplýsingar eða viðskiptaorðsendingar eru í boði eða þjónustu þar sem tæki eru látin í té sem gera kleift að leita að gögnum, fá aðgang að þeim og sækja þau. Þjónusta í upplýsingasamfélaginu nær einnig til þjónustu sem felst í upplýsingaflutningi um boðskiptanet, því að veita aðgang að boðskiptaneti eða að hýsa upplýsingar sem þjónustuþegi lætur í té. Sjónvarp, í skilningi tilskipunar 89/552/EBE, og útvarp eru ekki þjónusta í upplýsingasamfélaginu þar eð ekki er um þjónustu að ræða sem er látin í té samkvæmt einstökum beiðnum. Þjónusta sem er miðlað frá einum stað til annars, eins og pöntunarsjónvarp eða viðskiptaorðsendingar í tölvupósti, telst hins vegar þjónusta í upplýsingasamfélaginu. Notkun tölvupósts eða sambærilegra, einstakra orðsendinga, til dæmis af hálfu einstaklinga sem eru með umsvif utan við fag sitt, starfsemi eða atvinnugrein, þar með talin notkun þeirra við gerð samninga þeirra í milli, telst ekki þjónusta í upplýsingasamfélaginu. Samningsbundin tengsl milli starfsmanns og vinnuveitanda hans teljast ekki þjónusta í upplýsingasamfélaginu. Starfsemi, sem eðli máls samkvæmt getur ekki farið fram úr fjarlægð og með rafrænum hætti, eins og lögboðin endurskoðun reikninga félaga eða læknisfræðileg ráðgjöf sem krefst þess að

([1]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 98/48/EB (Stjtíð. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18).
([2]) Stjtíð. EB L 320, 28.11.1998, bls. 54.

sjúklingur sé skoðaður, telst ekki þjónusta í upplýsingasamfélaginu.

19) Ákveða ber hvar þjónustuveitandi hefur staðfestu í samræmi við réttarframkvæmd dómstólsins, en samkvæmt henni felst í hugtakinu staðfesta að rekin sé virk atvinnustarfsemi ótímabundið í fastri starfstöð. Þessari kröfu er einnig fullnægt ef félag er stofnað í tiltekinn tíma. Staðurinn þar sem félag, sem veitir þjónustu um vefsetur á Netinu, hefur staðfestu er ekki staðurinn þar sem tæknibúnaðurinn á bak við vefsíðu þess er eða staðurinn þar sem vefsíða þess er aðgengileg, heldur staðurinn þar sem það stundar atvinnurekstur sinn. Í tilvikum þar sem þjónustuveitandi hefur staðfestu á nokkrum stöðum er mikilvægt að ákveða hvaðan viðkomandi þjónusta er veitt. Í tilvikum þar sem erfitt er að skera úr um hvaðan tiltekin þjónusta er veitt, ef um er að ræða fjölda staða þar sem þjónustuveitandinn hefur staðfestu, skal velja staðinn þar sem miðstöð starfsemi hans, sem tengist þeirri sérstöku þjónustu sem um er að ræða, er.

20) Skilgreining hugtaksins „þjónustuþegi“ nær til hvers kyns notkunar þjónustu í upplýsingasamfélaginu, bæði af hálfu þeirra sem veita þjónustu um opin netkerfi eins og Netið og þeirra sem leita upplýsinga á Netinu í eigin þágu eða í atvinnuskyni.

21) Gildissvið hins samræmda sviðs er með fyrirvara um væntanlega samhæfingu á vettvangi bandalagsins sem tengist þjónustu í upplýsingasamfélaginu og væntanlega löggjöf sem verður samþykkt á innlendum vettvangi í samræmi við lög bandalagsins. Hið samræmda svið tekur einvörðungu til krafna sem eru gerðar vegna beinlínutengdrar starfsemi, t.d. beinlínutengdra upplýsinga, auglýsinga, innkaupa og samningsgerðar, en ekki krafna aðildarríkjanna lögum samkvæmt um vörur, t.d. öryggisstaðla, kvaðir um merkingar eða ábyrgð á vörum, eða krafna aðildarríkjanna um afhendingu vara eða flutning, þar með talin lyfjadreifing. Hið samræmda svið fjallar ekki um rétt yfirvalda til þess að neyta forkaupsréttar að því er varðar tilteknar vörur, t.d. listaverk.

22) Hafa ber eftirlit með þjónustu í upplýsingasamfélaginu þar sem hún er upprunnin í því skyni að verndun almennings sé í raun tryggð. Til þess að svo megi verða ber nauðsyn til að tryggja að viðkomandi lögbær yfirvöld veiti ekki aðeins eigin ríkisborgurum slíka vernd heldur og öllum ríkisborgurum í bandalaginu. Í því skyni að efla gagnkvæmt traust milli aðildarríkjanna er afar mikilvægt að sú ábyrgð, sem hvílir á aðildarríkinu þar sem þjónustan er upprunin, komi fram með skýrum hætti. Ennfremur ætti meginreglan að vera sú að lög aðildarríkisins, þar sem þjónustuveitandinn hefur staðfestu, gildi um slíka þjónustu í upplýsingasamfélaginu til þess að unnt sé að tryggja með skilvirkum hætti frelsi til að veita þjónustu og réttaröryggi þeim til handa sem veita og þiggja þjónustu.

23) Með þessari tilskipun er hvorki ætlunin að setja viðbótarreglur um alþjóðlegan einkamálarétt í tengslum við mismun milli réttarreglna einstakra landa né fjalla um lögsögu dómstóla. Ákvæði gildandi laga, sem reglur alþjóðlegs einkamálaréttar gefa til kynna, takmarka ekki frelsi til að veita þjónustu í upplýsingasamfélaginu eins og kveðið er á um í tilskipun þessari.

24) Að því er varðar þessa tilskipun og þrátt fyrir regluna um eftirlit, þar sem þjónusta í upplýsingasamfélaginu er upprunin, telst lögmætt, samkvæmt skilmálum þessarar tilskipunar, að aðildarríki geri ráðstafanir til þess að takmarka frelsi til að veita þjónustu í upplýsingasamfélaginu.

25) Innlendir dómstólar, þar með taldir dómstólar á sviði einkamálaréttar sem fjalla um deilumál sem falla undir einkamálarétt, geta gert ráðstafanir til að víkja frá frelsi til að veita þjónustu í upplýsingasamfélaginu í samræmi við þau skilyrði sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

26) Aðildarríkjunum er heimilt, í samræmi við skilyrðin sem kveðið er á um í þessari tilskipun, að beita innlendum reglum á sviði refsiréttar og sakamála í því augnamiði að allar rannsóknir og aðrar nauðsynlegar ráðstafanir verði gerðar til þess að koma upp um afbrot og ákæra fyrir þau, án þess að nauðsynlegt sé að tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar ráðstafanir.

27) Tilskipun þessi, ásamt væntanlegri tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur, stuðlar að mótun lagaramma um framboð beinlínutengdrar fjármálaþjónustu. Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á væntanlegt frumkvæði á sviði fjármálaþjónustu, einkum með tilliti til samhæfingar siðareglna á þessu sviði. Sá kostur, sem aðildarríkin eiga völ á við vissar aðstæður og kveðið er á um í þessari tilskipun, að takmarka frelsi til að veita þjónustu í upplýsingasamfélaginu í því skyni að vernda neytendur nær einnig til ráðstafana á sviði fjármálaþjónustu, einkum ráðstafana sem miða að því að vernda fjárfesta.

28) Sú skuldbinding aðildarríkjanna, að gera aðgengi að starfsemi veitenda þjónustu í upplýsingasamfélaginu óháð undanfarandi heimild, á ekki við um póstþjónustu sem er fjallað um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB frá 15. desember 1997 um sameiginlegar reglur varðandi þróun innri markaðar bandalagsins á sviði póstþjónustu og umbætur á þeirri þjónustu ([1]) og felst í afhendingu útprentaðs tölvupóstskeytis í áþreifanlegu formi og hefur ekki áhrif á valfrjáls faggildingarkerfi, einkum ætluð vottunaraðilum á sviði rafrænna undirskrifta.

29) Viðskiptaorðsendingar eru afgerandi fyrir fjármögnun þjónustu í upplýsingasamfélaginu og þróun nýrrar, ókeypis þjónustu af margvíslegum toga. Óhjákvæmilegt er, í þágu neytendaverndar og góðra viðskiptahátta, að viðskiptaorðsendingar, meðal annars um afslátt, söluhvetjandi tilboð og söluhvetjandi keppni eða leiki, uppfylli fjölda krafna um gagnsæi. Þessar kröfur eru með fyrirvara um tilskipun 97/7/EB. Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á gildandi tilskipanir um viðskiptaorðsendingar, einkum tilskipun 98/43/EB.

30) Óumbeðnar viðskiptaorðsendingar í tölvupósti kunna að vera óæskilegar fyrir neytendur og veitendur þjónustu í upplýsingasamfélaginu og geta truflað snurðulausa starfsemi gagnvirkra netkerfa. Tilskipun þessi fjallar ekki um samþykki viðtakenda óumbeðinna viðskiptaorðsendinga í tilteknu formi, en í tilskipunum 97/7/EB og 97/66/EB hefur nú þegar verið fjallað um slíkt samþykki sérstaklega. Í aðildarríkjum, sem heimila óumbeðnar viðskiptaorðsendingar í tölvupósti, ber að hvetja til og stuðla að viðeigandi framtaki innan atvinnugreinarinnar sem miðar að síun. Að auki er nauðsynlegt að ávallt sé auðvelt að bera kennsl á óumbeðnar viðskiptaorðsendingar sem slíkar í því skyni að auka gagnsæi og greiða fyrir því að slíkt framtak nái fram að ganga. Óumbeðnar viðskiptaorðsendingar í tölvupósti skulu ekki leiða til aukins fjarskiptakostnaðar fyrir viðtakanda.

31) Aðildarríki, sem heimila að þjónustuveitendur, sem hafa staðfestu á landsvæði þeirra, sendi óumbeðnar viðskiptaorðsendingar í tölvupósti án fyrirfram samþykkis viðtakanda, skulu sjá til þess að þjónustuveitendurnir fylgist reglulega með og taki mið af úrsagnarskránum sem einstaklingar, sem ekki óska eftir að fá sendar slíkar viðskiptaorðsendingar, geta látið færa sig í.

32) Til þess að unnt sé að yfirstíga hindranir í vegi þróunar þjónustu yfir landamæri innan bandalagsins, sem aðilar innan lögverndaðra starfsgreina kynnu að bjóða fram á Netinu, ber nauðsyn til að tryggja, á vettvangi bandalagsins, að starfsreglur, sem miða sérstaklega að því að vernda neytendur eða almannaheilbrigði, séu virtar. Siðareglur á vettvangi

([1]) Stjtíð. EB L 15, 21.1.1998, bls. 14.

bandalagsins eru heppilegasta leiðin til þess að ákveða síðareglur starfsgreinar sem gildi um viðskiptaorðsendingar. Hvetja ber til þess að slíkar reglur séu samdar eða, þar sem það á við, aðlagaðar með fyrirvara um sjálfsforræði starfsgreinanefnda og -samtaka.

33) Tilskipun þessi kemur til fyllingar bandalagslögum og innlendum lögum um lögverndaðar starfsgreinar og safnar saman í eitt og viðheldur samstæðu safni gildandi reglna á þessu sviði.

34) Hverju aðildarríki ber að breyta löggjöf sinni þar sem fram koma kröfur, einkum formkröfur, sem líklegt er að dragi úr samningsgerð með rafrænum hætti. Gera skal skipulega athugun á allri löggjöf, sem þarfnast slíkra breytinga, sem skal ná til allra nauðsynlegra þrepa og aðgerða samningsgerðarinnar, einnig varðveislu samnings í skjalasafni. Þessar breytingar ættu að leiða til þess að unnt verði að gera samninga með rafrænum hætti. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB frá 13. desember 1999 um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir ([1]) er fjallað um réttaráhrif rafrænna undirskrifta. Staðfesting þjónustuveitanda á móttöku getur verið fólgin í því að veita þá beinlínutengdu þjónustu sem er greitt fyrir.

35) Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á svigrúm aðildarríkjanna til þess að viðhalda eða samþykkja almennar eða sértækar lagakröfur sem gilda um samninga sem er unnt að uppfylla með rafrænum hætti, einkum kröfur um öruggar rafrænar undirskriftir.

36) Aðildarríkjunum er heimilt að viðhalda takmörkunum á notkun rafrænna samninga með tilliti til samninga sem lögum samkvæmt krefjast þátttöku dómstóla, stjórnvalda eða starfsgreina sem fara með opinbert vald. Hið sama gildi einnig um samninga sem krefjast þátttöku dómstóla, stjórnvalda eða starfsgreina, sem fara með opinbert vald, í því augnamiði að hafa áhrif gagnvart þriðja aðila svo og samninga sem lögum samkvæmt krefjast vottunar eða staðfestingar lögbókanda.

37) Skylda aðildarríkjanna, að ryðja úr vegi hindrunum fyrir notkun rafrænna samninga, á aðeins við um hindranir, sem rekja má til lagakrafna, en ekki um hindranir sem lúta að framkvæmd og rekja má til þess að ógerlegt er í vissum tilvikum að nota rafrænar aðferðir.

38) Aðildarríkjunum ber að standa við skuldbindingar sínar og ryðja úr vegi hindrunum fyrir notkun rafrænna samninga í samræmi við lagakröfur sem gilda um samninga sem lög bandalagsins fjalla um.

39) Undanþágur frá ákvæðum um samninga, sem eru einvörðungu gerðir í tölvupósti eða með sambærilegum einstökum orðsendingum, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, og fjalla um upplýsingar sem látnar verða í té og pantanir, skulu ekki leiða til þess að veitendur þjónustu í upplýsingasamfélaginu geti sniðgengið þessi ákvæði.

40) Bæði núverandi og nýtt ósamræmi í löggjöf aðildarríkjanna og réttarframkvæmd þeirra á sviði ábyrgðar þjónustuveitenda sem gegna hlutverki millilliða, hindrar snurðulausa starfsemi innri markaðarins, einkum með því að hamla þróun þjónustu yfir landamæri og raska samkeppni. Þjónustuveitendum er skylt að grípa til aðgerða við tilteknar aðstæður í því skyni að koma í veg fyrir eða stöðva ólöglegt athæfi. Ákvæði þessarar tilskipunar ættu að skapa réttar forsendur fyrir þróun hraðvirkra og traustra aðferða til þess að eyða ólöglegum upplýsingum og hindra aðgang að þeim. Þróa ber slíkt kerfi á grundvelli frjálsra samninga milli allra hlutaðeigandi aðila og ber aðildarríkjunum að stuðla að tilurð þess. Allir, sem taka þátt í því að veita þjónustu í upplýsingasamfélaginu, hafa hag af því að slíkar aðferðir séu samþykktar og þeim beitt. Ákvæði þessarar tilskipunar, sem fjalla um ábyrgð,

([1]) Stjtíð. EB L 13, 19.1.2000, bls. 12.

ættu ekki að koma í veg fyrir að ólíkir hagsmunaaðilar geti þróað tæknileg varnar- og sanngreiningarkerfi og rekið þau á skilvirkan hátt og einnig tæknileg eftirlitstæki, sem unnt er að smíða fyrir tilstuðlan stafrænnar tækni, innan þeirra marka sem mælt er fyrir um í tilskipunum 95/46/EB og 97/66/EB.

41) Tilskipun þessi skapar jafnvægi milli þeirra hagsmuna sem eru í húfi og setur meginreglur sem unnt er að byggja á samninga og staðla í atvinnulífinu.

42) Undanþágur frá ábyrgð, sem þessi tilskipun kveður á um, gilda einungis um tilvik þar sem starfsemi þjónustuveitenda í upplýsingasamfélaginu er takmörkuð við tæknilegan rekstur og það að veita aðgang að fjarskiptaneti, sem upplýsingar sem þriðju aðilar hafa á boðstólum eru sendar um eða geymdar tímabundið, í þeim tilgangi einum að sendingin verði skilvirkari. Þessi starfsemi er eingöngu tæknileg, sjálfvirk og hlutlaus sem merkir að hlutaðeigandi þjónustuveitandi í upplýsingasamfélaginu hefur hvorki þekkingu á né yfirráð yfir þeim upplýsingum sem eru sendar eða geymdar.

43) Þjónustuveitandi getur verið undanþeginn ábyrgð á hreinni áframmiðlun („mere conduit“) og sjálfvirkri, millistigs- og tímabundinni geymslu („caching“) þegar hann á engan þátt í upplýsingunum sem eru sendar. Þetta er meðal annars undir því komið að hlutaðeigandi geri engar breytingar á upplýsingunum sem hann sendir. Þessi krafa á ekki við um tæknilegar aðgerðir meðan á sendingu stendur, þar eð þær breyta í engu heilleika þeirra upplýsinga sem felast í sendingunni.

44) Þjónustuveitandi, sem af ásettu ráði á samstarf við þann sem þiggur þjónustu hans um ólöglegt athæfi, gengur lengra en hrein áframmiðlun og sjálfvirk, millistigs- og tímabundin geymsla heimila og þar af leiðandi eiga undanþágur frá ábyrgð, sem gilda um þessa starfsemi, ekki við um hann.

45) Takmörkuð ábyrgð þjónustuveitenda sem eru milliliðir, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, hefur engin áhrif á hugsanleg fyrirmæli af ýmsum toga. Slík fyrirmæli geta einkum falist í úrskurðum dómstóla eða stjórnvalda, þar sem krafa er gerð um að brotum sé hætt eða komið sé í veg fyrir þau, meðal annars að ólöglegum upplýsingum sé eytt eða að aðgengi að þeim sé hindrað.

46) Ef veitandi þjónustu í upplýsingasamfélaginu, sem felst í því að geyma upplýsingar, vill að takmörkuð ábyrgð gildi um hann skal hann, ef hann fær áreiðanlega vitneskju um ólöglegt athæfi, tafarlaust gera ráðstafanir til þess að eyða viðkomandi upplýsingum eða tryggja að aðgengi að þeim sé hindrað. Þegar upplýsingum er eytt eða aðgengi að þeim hindrað ber að virða meginregluna um tjáningarfrelsi og fylgja þeirri málsmeðferð sem samþykkt hefur verið innanlands í þessu skyni. Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á svigrúm aðildarríkjanna til að samþykkja sérkröfur sem ber að uppfylla tafarlaust áður en upplýsingum er eytt eða aðgengi að þeim hindrað.

47) Aðildarríkjunum er óheimilt að leggja einvörðungu almenna eftirlitsskyldu á herðar þjónustuveitenda. Þetta á ekki við um eftirlitsskyldur í sérstökum tilvikum og hefur, einkum og sér í lagi, ekki áhrif á fyrirmæli innlendra yfirvalda í samræmi við landslög.

48) Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á svigrúm aðildarríkjanna til að skylda þjónustuveitendur, sem hýsa upplýsingar sem þiggjendur þjónustu þeirra láta í té, til þess að vera á varðbergi, eins og eðlilegt má teljast og tilgreint er í innlendum lögum, í því skyni að koma upp um og í veg fyrir ólöglegt athæfi af vissum toga.

49) Aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni ber að hvetja til þess að settar verði siðareglur. Þessu er ekki ætlað að skerða frelsi hagsmunaaðila til þess að ákveða hvort þeir taki upp slíkar siðareglur eða svigrúm þeirra til að ákveða hvort þeir kjósi að hlíta slíkum reglum.

50) Mikils er um vert að fyrirhuguð tilskipun um samhæfingu tiltekinna þátta sem lúta að höfundarrétti og réttindum í upplýsingasamfélaginu sem tengjast honum og þessi tilskipun öðlist gildi á svipuðum tíma svo að unnt verði að setja skýran ramma reglna um ábyrgð milliliða með tilliti til brota á sviði höfundarréttar og réttinda sem tengjast honum.

51) Hverju aðildarríki ber, ef nauðsyn krefur, að breyta löggjöf sem kann að koma í veg fyrir að unnt sé að beita reglum um lausn deilumála utan dómstóla eftir rafrænum leiðum. Fyrrnefnd breyting skal leiða til þess að slíkar reglur geti virkað í raun og á skilvirkan hátt að lögum og í reynd, jafnvel yfir landamæri.

52) Skilvirk framkvæmd þess frelsis, sem innri markaðurinn býr yfir, kallar á að þeir sem verða fyrir tjóni eigi kost á skilvirkum leiðum til lausnar deilumála. Tjón sem kann að verða samfara þjónustu í upplýsingasamfélaginu einkennist bæði af því hve brátt það ber að og hversu víðtækt það er í landfræðilegum skilningi. Með tilliti til þessa séreinkennis og nauðsynjar þess að tryggja að innlend yfirvöld stofni ekki í hættu því gagnkvæma trausti sem þau ættu að bera hver til annars er sú krafa gerð í þessari tilskipun að aðildarríkin sjái til þess að viðeigandi tækifæri bjóðist til málshöfðunar. Aðildarríkjunum ber að kanna þörfina á því að bjóða fram þann kost að reka mál eftir viðeigandi rafrænum leiðum.

53) Tilskipun 98/27/EB, sem gildir um þjónustu í upplýsingasamfélaginu, fjallar um fyrirkomulag vegna lögbannskrafna sem er ætlað að vernda sameiginlega hagsmuni neytenda. Þetta kerfi mun stuðla að frjálsri þjónustustarfsemi í upplýsingasamfélaginu með því að tryggja neytendavernd í ríkum mæli.

54) Þau viðurlög, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru með fyrirvara um önnur viðurlög eða réttarúrræði að landslögum. Aðildarríkjunum ber ekki skylda til þess að ákvarða viðurlög á sviði refsiréttar fyrir brot á ákvæðum landslaga sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun.

55) Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á gildandi lög um samningsskyldur á sviði neytendasamninga. Þar af leiðandi getur tilskipun þessi ekki svipt neytandann þeirri vernd sem ófrávíkjanlegar reglur, sem fjalla um samningsskyldur í lögum þess aðildarríkis þar sem hann hefur fasta búsetu, tryggja honum.

56) Hvað varðar undanþáguna í tilskipun þessari ber að túlka samningsskyldur í neytendasamningum á þann hátt að í þeim felist upplýsing um mikilvæga grunnþætti samningsins, meðal annars rétt neytenda, sem hafa afgerandi áhrif á þá ákvörðun að ganga til samninga.

57) Samkvæmt réttarvenju dómstólsins heldur aðildarríki rétti sínum til þess að aðhafast gegn þjónustuveitanda, sem hefur staðfestu í öðru aðildarríki en beinir starfsemi sinni allri, eða að mestum hluta, inn á landsvæði fyrrnefnda aðildarríkisins, hafi hlutaðeigandi þjónustuveitandi valið staðfestu sína með það í huga að skjóta sér undan þeirri löggjöf sem hefði gilt um hann hefði hann haft staðfestu á landsvæði fyrrnefnda aðildarríkisins.

58) Tilskipun þessari er ekki ætlað að gilda um þjónustu sem þjónustuveitendur, sem hafa staðfestu í þriðju löndum, veita. Með hliðsjón af hnattvæðingu rafrænna viðskipta er engu að síður við hæfi að tryggja að reglur bandalagsins samræmist alþjóðlegum reglum. Tilskipun þessi er með fyrirvara um niðurstöður viðræðna á vettvangi alþjóðastofnana (meðal annarra Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, Efnahags- og framfarastofnunarinnar og nefndar Sameinuðu þjóðanna um alþjóðlegan verslunarrétt (Uncitral)) um lögfræðileg úrlausnarefni.

59) Þrátt fyrir hnattvæðingu í rafrænum orðsendingum er nauðsynlegt að samræma innlendar reglur á vettvangi Evrópusambandsins, í því skyni að koma í veg fyrir að innri markaðurinn

klofni og til þess að koma á fót viðeigandi evrópskum lagaramma. Slík samræming ætti einnig að stuðla að því að ná fram sterkri, sameiginlegri samningsstöðu á alþjóðavettvangi.

60) Til þess að rafræn viðskipti geti þróast óhindrað þarf lagaramminn að vera skýr og einfaldur, rökréttur og í samræmi við þær reglur sem gilda á alþjóðavettvangi svo að hann hafi ekki neikvæð áhrif á samkeppnishæfni evrópsks iðnaðar eða hindri nýsköpun á því sviði.

61) Ef markaðurinn á í raun að geta starfað með rafrænum hætti á hnattræna vísu verða Evrópusambandið og helstu svæði utan þess að eiga samráð sín á milli til þess að samræmi ríki á milli laga og málsmeðferðarreglna þeirra.

62) Efla ber samvinnu við þriðju lönd á sviði rafrænna viðskipta, einkum við lönd sem hafa sótt um aðild að Evrópusambandinu, þróunarlöndin og önnur viðskiptalönd Evrópusambandsins.

63) Samþykkt þessarar tilskipunar hindrar ekki aðildarríkin í því að taka mið af ýmsum félagslegum, samfélagslegum og menningarlegum áhrifum sem felast í tilkomu upplýsingasamfélagsins. Hún ætti ekki að hindra sérstaklega ráðstafanir sem aðildarríki kunna að samþykkja í samræmi við bandalagslög í því skyni að ná félags-, menningar- og lýðræðislegum markmiðum um leið og tekið er tillit til ólíkra tungumála þeirra, sérkenna þjóða og héraða svo og menningararfs þeirra og tryggja og viðhalda aðgangi almennings að þjónustu í upplýsingasamfélaginu á sem breiðustu sviði. Í öllu falli er þróun upplýsingasamfélagsins ætlað að tryggja aðgang borgara í bandalaginu að evrópskum menningararfi í stafrænu umhverfi.

64) Aðildarríkin ráða yfir ágætri aðferð til þess að láta í té opinbera þjónustu á sviði menningar, mennta og tungumála með rafrænum orðsendingum.

65) Í ályktun sinni frá 19. janúar 1999 um þátt neytenda í upplýsingasamfélaginu ([1]) lagði ráðið áherslu á að neytendavernd á þessu sviði skuli gefinn sérstakur gaumur. Framkvæmdastjórnin mun kanna að hvaða marki gildandi reglur um neytendavernd veita ófullnægjandi vernd í upplýsingasamfélaginu og mun, þar sem nauðsyn krefur, benda á annmarka á þessari löggjöf og þeim málum þar sem viðbótarráðstafana kann að vera þörf. Ef nauðsyn krefur ber framkvæmdastjórninni að leggja fram sérstakar viðbótartillögur til þess að lagfæra þá annmarka sem bent mun hafa verið á með þeim hætti.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. kafli

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Markmið og gildissvið

1. Með þessari tilskipun er leitast við að stuðla að eðlilegri starfsemi innri markaðarins með því að tryggja frjálsa þjónustustarfsemi milli aðildarríkjanna á sviði upplýsingasamfélagsins.

2. Með tilskipun þessari fer fram, að því marki sem er nauðsynlegt til þess að ná þeim markmiðum sem um getur í 1. mgr., samræming tiltekinna innlendra ákvæða um þjónustu í upplýsingasamfélaginu, sem varðar innri markaðinn, staðfestu þjónustuveitenda, viðskiptaorðsendingar, rafræna samninga, ábyrgð milliliða, siðareglur, lausn deilumála utan dómstóla, málshöfðun og samvinnu milli aðildarríkja.

3. Tilskipun þessi kemur til fyllingar gildandi bandalagslögum um þjónustu í upplýsingasamfélaginu með fyrirvara sérstaklega um umfang verndunar almannaheilbrigðis og neytendahagsmuna, eins og lög bandalagsins mæla fyrir um það og innlend löggjöf þeim til framkvæmdar að því marki sem slíkt heftir ekki frelsi til að veita þjónustu í upplýsingasamfélaginu.

([1]) Stjtíð. EB C 23, 28.1.1999, bls. 1.

4. Með þessari tilskipun er hvorki ætlunin að setja viðbótarreglur um alþjóðlegan einkamálarétt né fjalla um lögsögu dómstóla.

5. Tilskipun þessi gildir ekki um:

a) skattlagningu;

b) álitamál sem varða þjónustu í upplýsingasamfélaginu og fjallað er um í tilskipunum 95/46/EB og 97/66/EB;

c) álitamál sem varða samninga eða venjur sem er fjallað um í lögum um einokunarhringi;

d) eftirtalda þjónustustarfsemi í upplýsingasamfélaginu:

— starfsemi lögbókenda eða svipaða starfsemi að því marki sem í henni felast bein og sérstök tengsl við beitingu almannavaldsins,

— að koma fram sem fulltrúi umbjóðanda og verja hagsmuni hans fyrir dómstólum,

— fjárhættustarfsemi sem felst í því að leggja fram áhættufé í áhættuleikjum, meðal annars happdrættum og veðmálaviðskiptum.

6. Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á ráðstafanir sem eru gerðar á vettvangi bandalagsins eða innanlands, í samræmi við bandalagslög, í því skyni að stuðla að fjölbreytni menningar og tungumála og að tryggja að staðinn sé vörður um fjölhyggju.

2. gr.

Skilgreiningar

Í tilskipun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „þjónusta í upplýsingasamfélaginu“: þjónusta í skilningi 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 98/34/EB, eins og henni var breytt með tilskipun 98/48/EB;

b) „þjónustuveitandi“: einstaklingur eða lögpersóna sem lætur í té þjónustu í upplýsingasamfélaginu;

c) „þjónustuveitandi með staðfestu“: þjónustuveitandi sem stundar virka atvinnustarfsemi ótímabundið í fastri starfsstöð. Tilvist og notkun nauðsynlegra aðferða og tækni til þess að láta þjónustuna í té jafngilda ekki staðfestu þjónustuveitanda í sjálfu sér;

d) „þjónustuþegi“: einstaklingur eða lögpersóna sem í atvinnuskyni eða í öðrum tilgangi nýtir sér þjónustu í upplýsingasamfélaginu, einkum í því skyni að leita eftir upplýsingum eða gera þær aðgengilegar;

e) „neytandi“: einstaklingur með umsvif í einhverjum þeim tilgangi sem liggur utan við viðskiptasvið hans, starfsemi eða atvinnu;

f) „viðskiptaorðsending“: hvers konar orðsending sem er ætlað að vekja, með beinum eða óbeinum hætti, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd félags, stofnunar eða persónu sem stundar verslunar-, iðnaðar- eða handverksstarfsemi eða lögverndaða starfsgrein. Eftirfarandi telst ekki vera viðskiptaorðsending í sjálfu sér:

— upplýsingar sem veita beinan aðgang að starfsemi hlutaðeigandi félags, stofnunar eða persónu, einkum lénsheiti eða tölvupóstfang,

— orðsendingar sem varða vörur, þjónustu eða ímynd viðkomandi félags, stofnunar eða persónu sem eru teknar saman óháð þeim, einkum þegar það er gert án endurgjalds;

g) „lögvernduð starfsgrein“: starfsgrein annaðhvort í skilningi ákvæða d-liðar 1. gr. tilskipunar ráðsins 89/48/EBE frá 21. desember 1988 um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem stað-

ið hefur að minnsta kosti í þrjú ár ([1]) eða ákvæða f-liðar 1. gr. tilskipunar ráðsins 92/51/EBE frá 18. júní 1992 um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE ([2]);

h) „samræmt svið“: kröfur sem mælt er fyrir um í réttarkerfum aðildarríkja og gilda um þjónustuveitendur í upplýsingasamfélaginu eða þjónustu í upplýsingasamfélaginu, hvort sem þær eru almenns eðlis eða ákveðnar sérstaklega þeirra vegna.

i) Hið samræmda svið á við um kröfur sem þjónustuveitandanum ber að uppfylla:

— þegar hann hefur þjónustustarfsemi í upplýsingasamfélaginu, t.d. kröfur um menntun og hæfi, leyfi eða tilkynningar,

— þegar hann stundar þjónustustarfsemi í upplýsingasamfélaginu, t.d. kröfur um framferði þjónustuveitandans, kröfur um gæði eða innihald þjónustunnar, meðal annars kröfur sem gilda um auglýsingar og samninga eða kröfur viðvíkjandi ábyrgð þjónustuveitandans;

ii) hið samræmda svið á ekki við um kröfur eins og til dæmis:

— kröfur til vörunnar,

— kröfur sem gilda um vöruafhendingu,

— kröfur sem gilda um þjónustu sem er ekki látin í té með rafrænum hætti.

3. gr.

Innri markaður

1. Sérhvert aðildarríki skal tryggja að þjónusta í upplýsingasamfélaginu, sem þjónustuveitandi með staðfestu á landsvæði þess lætur í té, sé í samræmi við innlend ákvæði sem gilda í viðkomandi aðildarríki innan hins samræmda sviðs.

2. Aðildarríkjunum er óheimilt, af ástæðum sem tengjast hinu samræmda sviði, að takmarka frelsi til þess að láta í té þjónustu í upplýsingasamfélaginu frá öðru aðildarríki.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gildi ekki um sviðin sem um getur í viðaukanum.

4. Aðildarríkjunum er heimilt að gera ráðstafanir til þess að víkja frá 2. mgr. með tilliti til tiltekinnar þjónustu í upplýsingasamfélaginu að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) ráðstafanirnar skulu vera:

i) nauðsynlegar af einni af eftirfarandi ástæðum:

— allsherjarregla, einkum það að koma í veg fyrir refsilagabrot, koma upp um þau og ákæra fyrir þau, þar með talin verndun ólögráða barna og barátta gegn því að vekja upp hatur vegna kynþáttar, kynferðis, trúarbragða eða þjóðernis og að misbjóða mannlegri reisn þegar einstaklingar eiga í hlut,

— verndun almannaheilbrigðis,

— almannaöryggi, þar með talið að standa vörð um þjóðaröryggi og landvarnir,

— neytendavernd, þar með talin vernd fjárfesta;

ii) gegn tiltekinni þjónustu í upplýsingasamfélaginu sem skaðar markmiðin sem um getur í i-lið eða stefnir þeim í verulega hættu;

iii) í réttu hlutfalli við fyrrnefnd markmið;

([1]) Stjtíð. EB L 19, 24.1.1989, bls. 16.
([2]) Stjtíð. EB L 209, 24.7.1992, bls. 25. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/38/EB (Stjtíð. EB L 184, 12.7.1997, bls. 31).

b) aðildarríkið hafi, áður en það gerir umræddar ráðstafanir og með fyrirvara um málarekstur fyrir dómstóli, meðal annars undirbúningsmálarekstur og athafnir í tengslum við rannsókn á sakamáli:

— beðið aðildarríkið, sem um getur í 1. mgr., að gera ráðstafanir og það síðarnefnda gerði ekki slíkar ráðstafanir eða þær reyndust ófullnægjandi,

— tilkynnt framkvæmdastjórninni og aðildarríkinu, sem um getur í 1. mgr., um fyrirætlanir sínar um að gera slíkar ráðstafanir.

5. Aðildarríkjunum er í bráðatilvikum heimilt að víkja frá skilyrðunum sem mælt er fyrir um í b-lið 4. mgr. Í slíku tilviki skal tilkynna hið fyrsta um þær ráðstafanir, sem um er að ræða, til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkisins sem um getur í 1. mgr. og geta um ástæður þess að aðildarríkið telur að um bráðatilvik sé að ræða.

6. Framkvæmdastjórnin skal, með fyrirvara um svigrúm aðildarríkisins til að gera þær ráðstafanir sem um er að ræða, ganga úr skugga um samræmi tilkynntu ráðstafananna við lög bandalagsins á eins skömmum tíma og frekast er unnt. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að umrædd ráðstöfun samræmist ekki lögum bandalagsins skal hún fara þess á leit við hlutaðeigandi aðildarríki að það láti vera að gera fyrirhugaðar ráðstafanir eða bindi enda á umræddar ráðstafanir án tafar.

II. kafli

MEGINREGLUR

1. þáttur: Kröfur um staðfestu og upplýsingar

4. gr.

Meginreglan um að fyrirframleyfis sé ekki krafist

1. Aðildarríkin skulu tryggja að veitanda þjónustu í upplýsingasamfélaginu sé ekki gert að afla sér leyfis áður en hann hefur starfsemi sína og ástundar hana eða uppfylla aðrar kröfur sem hafa sömu áhrif.

2. Ákvæði 1. mgr. eru með fyrirvara um fyrirkomulag leyfisveitinga sem gildir ekki sérstaklega og einvörðungu um þjónustu í upplýsingasamfélaginu eða sem fjallað er um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/13/EB frá 10. apríl 1997 um sameiginlegan ramma um almennar heimildir og rekstrarleyfi á sviði fjarskiptaþjónustu ([1]).

5. gr.

Almennar upplýsingar sem ber að veita

1. Auk annarra krafna um upplýsingar sem bandalagslög mæla fyrir um skulu aðildarríkin tryggja að þjónustuveitandi veiti þjónustuþegum og lögbærum yfirvöldum greiðan, beinan og stöðugan aðgang að minnsta kosti að eftirfarandi upplýsingum:

a) nafni þjónustuveitandans;

b) heimilisfangi á þeim stað þar sem þjónustuveitandinn hefur staðfestu;

c) nánari upplýsingum um þjónustuveitandann, meðal annars tölvupóstfang hans, sem gerir kleift að hafa samband við hann á hraðvirkan hátt og eiga samskipti við hann með beinum og skilvirkum hætti;

d) ef þjónustuveitandinn er skráður í verslunarskrá, eða svipaðri skrá sem almenningur hefur aðgang að, þeirri verslunarskrá þar sem þjónustuveitandann er að finna og skráningarnúmeri hans eða sambærilegum leiðum til þess að bera kennsl á hann í skránni;

e) ef viðkomandi starfsemi er bundin leyfisveitingu, upplýsingum um hlutaðeigandi eftirlitsyfirvald;

f) með tilliti til lögverndaðra starfsgreina:

([1]) Stjtíð. EB L 117, 7.5.1997, bls. 15.

— þeim faglegu samtökum eða álíka stofnunum sem þjónustuveitandinn er skráður hjá,

— starfsheiti og aðildarríkinu þar sem það var veitt,

— tilvísun til gildandi starfsreglna í aðildarríkinu þar sem þjónustuveitandinn hefur staðfestu og með hvaða hætti er unnt að nálgast þær;

g) ef þjónustuveitandi stundar virðisaukaskattskylda starfsemi, kenninúmerinu sem um getur í 1. mgr. 22. gr. sjöttu tilskipunar ráðsins 77/388/EBE frá 17. maí 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna um veltuskatta — sameiginlegt virðisaukaskattkerfi: einsleitar matsforsendur ([1]).

2. Aðildarríkin skulu að minnsta kosti tryggja, auk annarra krafna um upplýsingar sem bandalagslög mæla fyrir um, að þegar verð er gefið upp fyrir þjónustu í upplýsingasamfélaginu sé það gert með skýrum og ótvíræðum hætti og sérstaklega sé tekið fram hvort skattar og afhendingarkostnaður séu innifaldir.

2. þáttur: Viðskiptaorðsendingar

6. gr.

Upplýsingar sem ber að veita

Aðildarríkin skulu tryggja, auk annarra krafna um upplýsingar sem bandalagslög mæla fyrir um, að viðskiptaorðsendingar, sem eru hluti af eða mynda þjónustu í upplýsingasamfélaginu, séu að minnsta kosti í samræmi við eftirfarandi skilyrði:

a) auðvelt skal vera að bera kennsl á viðskiptaorðsendingarnar sem slíkar;

b) auðvelt skal vera að bera kennsl á þann einstakling eða lögpersónu sem viðskiptaorðsendingin er komin frá;

c) auðvelt skal vera að bera kennsl á kynningartilboð sem slík, eins og til dæmis afslátt, verðlaun og gjafir, ef þau eru leyfileg í aðildarríkinu þar sem þjónustuveitandinn hefur staðfestu og skilyrðin sem uppfylla þarf til þess að njóta þeirra skulu vera auðveldlega aðgengileg og sett fram á skýran og ótvíræðan hátt;

d) auðvelt skal vera að bera kennsl á keppni eða leiki í auglýsingaskyni sem slíka, ef þeir eru leyfilegir í aðildarríkinu þar sem þjónustuveitandinn hefur staðfestu, og skulu þátttökuskilyrðin vera auðveldlega aðgengileg og sett fram á skýran og ótvíræðan hátt;

7. gr.

Óumbeðnar viðskiptaorðsendingar

1. Aðildarríki, sem heimila óumbeðnar viðskiptaorðsendingar í tölvupósti, skulu tryggja, auk annarra krafna sem bandalagslög mæla fyrir um, að unnt sé að bera kennsl á þess háttar viðskiptaorðsendingar sem slíkar frá þjónustuveitanda með staðfestu á landsvæðum þeirra á skýran og ótvíræðan hátt um leið og viðtakandinn móttekur þær.

2. Með fyrirvara um tilskipun 97/7/EB og tilskipun 97/66/EB skulu aðildarríkin gera ráðstafanir til að tryggja að þjónustuveitendur, sem senda óumbeðnar viðskiptaorðsendingar í tölvupósti, fylgist reglulega með og haldi í heiðri úrsagnarskrárnar sem þeir, sem ekki óska eftir að fá sendar slíkar viðskiptaorðsendingar, geta látið færa sig í.

8. gr.

Lögverndaðar starfsgreinar

1. Aðildarríkin skulu tryggja að notkun viðskiptaorðsendinga, sem eru hluti af eða mynda þjónustu í upplýsingasamfélaginu og aðili að lögverndaðri starfsgrein veitir, sé heimil með fyrirvara um að hún samræmist starfsreglum, einkum um sjálfstæði, virðingu og heiður starfsgreinarinnar, um þagnarskyldu

([1]) Stjtíð. EB L 145, 13.6.1977, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 1999/85/EB (Stjtíð. EB L 277, 28.10.1999, bls. 34).

og sanngirni gagnvart viðskiptamönnum og öðrum aðilum að starfsgreininni.

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu, með fyrirvara um sjálfsforræði starfsgreinafélaga og -samtaka, hvetja starfsgreinasamtök og -félög til að setja siðareglur á vettvangi bandalagsins í því skyni að ákvarða hvers kyns upplýsingar megi veita að því er varðar viðskiptaorðsendingar í samræmi við reglurnar sem um getur í 1. mgr.

3. Þegar framkvæmdastjórnin undirbýr tillögur um bandalagsfrumkvæði, sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins með tilliti til upplýsinga sem um getur í 2. mgr., skal hún taka eðlilegt tillit til siðareglna sem gilda á vettvangi bandalagsins og aðhafast í náinni samvinnu við hlutaðeigandi starfsgreinasamtök og -félög.

4. Tilskipun þessi gildi til viðbótar tilskipunum bandalagsins um aðgang að og ástundun starfsemi á sviði lögverndaðra starfsgreina.

3. þáttur: Samningar gerðir með rafrænum hætti

9. gr.

Meðferð samninga

1. Aðildarríkin skulu tryggja að réttarkerfi þeirra heimili að samningar séu gerðir með rafrænum hætti. Aðildarríkin skulu tryggja sérstaklega að gildandi lagakröfur um samningaferli torveldi hvorki notkun rafrænna samninga né leiði til þess að slíkir samningar tapi réttaráhrifum sínum og lagalegu gildi sakir þess að þeir séu gerðir með rafrænum hætti.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að mæla fyrir um að ákvæði 1. mgr. gildi ekki um alla eða tiltekna samninga sem tilheyra einum eftirtalinna flokka:

a) samninga sem skapa eða yfirfæra rétt í fasteignum, nema þegar um leigurétt er að ræða;

b) samninga sem lögum samkvæmt krefjast þátttöku dómstóla, stjórnvalda eða starfsgreina sem fara með opinbert vald;

c) samninga um ábyrgðarskuldbindingar og veðtryggingar af hálfu persóna sem aðhafast í einhverjum þeim tilgangi sem liggur utan við fag þeirra, starfsemi eða atvinnugrein;

d) samninga á sviði sifja- og erfðaréttar.

3. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni hvaða flokka, sem um getur í 2. mgr., þau beita ekki ákvæðum 1. mgr. á. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni skýrslu fimmta hvert ár um beitingu 2. mgr., þar sem koma fram ástæður þess að þau telja nauðsynlegt að viðhalda flokkinum sem um getur í b-lið 2. mgr. og þau beita ekki ákvæðum 1. mgr. á.

10. gr.

Upplýsingar sem ber að veita

1. Aðildarríkin skulu tryggja, auk annarra krafna um upplýsingar sem bandalagslög mæla fyrir um, nema þegar aðilar, sem eru ekki neytendur, samþykkja annað, að þjónustuveitandi veiti að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar með skýrum, skiljanlegum og ótvíræðum hætti og áður en þjónustuþegi leggur inn pöntun sína:

a) hvaða ólíku tæknilegu skref ber að taka til þess að ljúka samningsgerð;

b) hvort þjónustuveitandinn skráir gerðan samning eða ekki og hvort hann verður aðgengilegur;

c) tæknilegar leiðir til þess að finna og leiðrétta innsláttarvillur áður en pöntun er gerð;

d) þau tungumál sem unnt er að gera samninginn á.

2. Aðildarríkin skulu tryggja, nema þegar aðilar, sem eru ekki neytendur, samþykkja annað, að þjónustuveitandi gefi upp hvaða viðeigandi siðareglum hann fylgir og veiti upplýsingar um hvernig fletta megi upp í þeim með rafrænum hætti.

3. Samningsskilmálar og almenn skilyrði sem þjónustuþegi fær upplýsingar um skulu látin í té með þeim hætti að hann geti varðveitt þau og framkallað á ný.

4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um samninga sem eru einvörðungu gerðir með því að skiptast á tölvupóstsendingum eða með sambærilegum, einstökum orðsendingum.

11. gr.

Pöntun lögð inn

1. Aðildarríkin skulu tryggja, nema þegar aðilar, sem eru ekki neytendur, samþykkja annað, að þegar þjónustuþegi leggur inn pöntun sína með rafrænum hætti gildi eftirfarandi meginreglur:

— þjónustuveitandinn skal staðfesta að hafa móttekið pöntun þjónustuþegans án teljandi tafa og með rafrænum hætti,

— líta ber svo á að pöntun og móttökustaðfesting séu mótteknar þegar aðilarnir, sem þeim er beint að, hafa aðgang að þeim.

2. Aðildarríkin skulu tryggja, nema þegar aðilar, sem eru ekki neytendur, samþykkja annað, að þjónustuveitandi gefi þjónustuþega kost á viðeigandi, skilvirkum og aðgengilegum leiðum, tæknilegs eðlis, sem gera honum kleift að finna og leiðrétta innsláttarvillur áður en pöntun er gerð.

3. Fyrri undirliður 1. mgr. og 2. mgr. gilda ekki um samninga sem eru einvörðungu gerðir með því að skiptast á tölvupóstsendingum eða með sambærilegum, einstökum orðsendingum.

4. þáttur: Ábyrgð þjónustuveitenda sem eru milliliðir

12. gr.

Hrein áframmiðlun („mere conduit“)

1. Ef látin er í té þjónusta í upplýsingasamfélaginu, sem felst í flutningi um fjarskiptanet á upplýsingum sem þjónustuþegi lætur í té eða í því að veita aðgang að fjarskiptaneti, skulu aðildarríkin tryggja að þjónustuveitandinn sé ekki gerður ábyrgur fyrir þeim upplýsingum sem eru fluttar, með því skilyrði að þjónustuveitandinn:

a) hefji ekki flutninginn;

b) velji ekki viðtakanda þess sem er flutt; og

c) velji ekki eða breyti þeim upplýsingum sem eru fluttar.

2. Í flutningi og aðgangi, sem um getur í 1. mgr., felst sjálfvirk, millistigs- og skammtímageymsla þeirra upplýsinga, sem eru fluttar, að því marki sem hún er aðeins vegna flutnings innan fjarskiptanetsins og að því tilskildu að upplýsingarnar séu ekki geymdar lengur en eðlilegt má telja að nauðsynlegt sé vegna flutningsins.

3. Ákvæði þessarar greinar hafa ekki áhrif á það úrræði dómstóls eða stjórnvalds, í samræmi við réttarkerfi aðildarríkja, að krefjast þess að þjónustuveitandi stöðvi eða komi í veg fyrir brot.

13. gr.

Sjálfvirk, millistigs- og tímabundin geymsla („caching“)

1. Ef látin er í té þjónusta í upplýsingasamfélaginu, sem felst í flutningi um fjarskiptanet á upplýsingum sem þjónustuþegi veitir eða í því að veita aðgang að fjarskiptaneti, skulu aðildarríkin tryggja að þjónustuveitandinn sé ekki gerður ábyrgur fyrir sjálfvirkri, millistigs- og skammtímageymslu þeirra upplýsinga, sem er aðeins til þess að gera skilvirkari áframflutning til annarra þiggjenda þjónustunnar, sem óska eftir honum, með því skilyrði að þjónustuveitandinn:

a) breyti ekki upplýsingunum;

b) uppfylli skilyrðin um aðgang að upplýsingunum;

c) fari eftir reglum um uppfærslu upplýsinganna sem eru tilgreindar með almennt viðurkenndum hætti og notaðar í atvinnugreininni;

d) grípi ekki inn í löglega notkun tækni, sem er almennt viðurkennd og notuð í iðnaði, til þess að komast yfir gögn um notkun upplýsinganna; og

e) bregðist skjótt við og eyði eða hindri aðgang að upplýsingunum, sem hann geymir, berist honum rökstudd vitneskja þess efnis að upplýsingunum hafi, við upptök flutnings, verið eytt úr netkerfinu eða aðgangur að þeim heftur eða að dómstóll eða stjórnvald hafi fyrirskipað slíka eyðingu eða heftingu.

2. Ákvæði þessarar greinar hafa ekki áhrif á það úrræði dómstóls eða stjórnvalds að krefjast þess af þjónustuveitanda, í samræmi við réttarkerfi aðildarríkjanna, að hann sjái til þess að brotum sé hætt eða komið sé í veg fyrir þau.

14. gr.

Hýsing

1. Ef látin er í té þjónusta í upplýsingasamfélaginu, sem felst í geymslu upplýsinga sem þjónustuþegi veitir, skulu aðildarríkin tryggja að þjónustuveitandinn sé ekki gerður ábyrgur fyrir þeim upplýsingum sem eru geymdar að beiðni þjónustuþega, að því tilskildu að þjónustuveitandinn:

a) hafi ekki beina vitneskju um ólöglega starfsemi eða upplýsingar og, að því er varðar skaðabótakröfur, sé ekki kunnugt um staðreyndir eða aðstæður sem hin ólöglega starfsemi eða upplýsingar eru raktar til; eða

b) hafi hann öðlast slíka vitneskju, grípi tafarlaust til aðgerða til þess að eyða upplýsingunum eða tryggi að aðgengi að þeim sé hindrað.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki þegar þjónustuþegi kemur fram í umboði eða undir stjórn þjónustuveitandans.

3. Ákvæði þessarar greinar hafa hvorki áhrif á það úrræði dómstóls eða stjórnvalds að krefjast þess af þjónustuveitanda, í samræmi við réttarkerfi aðildarríkjanna, að hann sjái til þess að brotum sé hætt eða komið sé í veg fyrir þau né það úrræði aðildarríkja að samþykkja aðferðir til þess að eyða eða hindra aðgang að upplýsingum.

15. gr.

Engin almenn eftirlitsskylda

1. Aðildarríkin skulu hvorki leggja þá almenna skyldu á herðar þjónustuveitendum, þegar þeir láta í té þá þjónustu sem er fjallað um í 12., 13. og 14. gr., að hafa eftirlit með upplýsingunum sem þeir flytja eða geyma né þá almennu skyldu að leita uppi með virkum hætti staðreyndir eða aðstæður sem benda til ólöglegrar starfsemi.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að skylda veitendur þjónustu í upplýsingasamfélaginu til þess að tilkynna lögbærum stjórnvöldum án tafar um meinta ólöglega starfsemi sem er stunduð eða upplýsingar sem þiggjendur þjónustu þeirra láta í té eða skylda þá til þess að senda lögbærum stjórnvöldum, að beiðni þeirra, upplýsingar sem gera kleift að bera kennsl á þiggjendur þjónustu þeirra sem þeir hafa gert geymslusamninga við.

III. kafli

FRAMKVÆMD

16. gr.

Siðareglur

1. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu hvetja til þess:

a) að atvinnugreina-, fag- og neytendasamtök eða -stofnanir semji siðareglur á vettvangi bandalagsins sem er ætlað að stuðla að því að 5. til 15. gr. komi til framkvæmda á réttan hátt;

b) að framkvæmdastjórninni séu send drög að siðareglum, innlendum og á vettvangi bandalagsins, af fúsum og frjálsum vilja;

c) að fyrrnefndar siðareglur séu aðgengilegar á tungumálum bandalagsins í rafrænu formi;

d) að atvinnugreina-, fag- og neytendasamtök eða -stofnanir sendi aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni mat sitt viðvíkjandi beitingu siðareglna sinna og áhrifum þeirra á

framkvæmd, venjur og siði sem tengjast rafrænum viðskiptum;

e) að samdar séu siðareglur um verndun ólögráða barna og mannlegrar reisnar.

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu hvetja til þess að samtök og stofnanir, sem vinna í þágu neytenda, eigi þátt í því að semja og hrinda í framkvæmd siðareglum sem hafa áhrif á hagsmuni þeirra og eru samdar í samræmi við ákvæði a-liðar 1. mgr. Þar sem það á við ber að hafa samráð við samtök sem gæta hagsmuna sjónskertra og fatlaðra til þess að taka megi tillit til sérþarfa þeirra.

17. gr.

Lausn deilumála utan dómstóla

1. Aðildarríkin skulu tryggja að komi til ágreinings milli veitanda þjónustu í upplýsingasamfélaginu og þiggjanda þjónustunnar, komi löggjöf þeirra ekki í veg fyrir að unnt sé að beita reglum um lausn deilumála utan dómstóla, sem tiltækar eru samkvæmt landslögum, meðal annars eftir rafrænum leiðum.

2. Aðildarríkin skulu hvetja aðila, sem annast lausn deilumála utan dómstóla, einkum deilumála sem varða neytendur, til þess að haga starfsemi sinni þannig að öryggi hlutaðeigandi aðila sé tryggt með tilliti til málsmeðferðar.

3. Aðildarríkin skulu hvetja aðila, sem annast lausn deilumála utan dómstóla, til þess að tilkynna framkvæmdastjórninni um mikilvægar ákvarðanir sem þeir taka um þjónustu í upplýsingasamfélaginu og senda allar aðrar upplýsingar um starfsvenjur, notkun og siði sem tengjast rafrænum viðskiptum.

18. gr.

Málshöfðun

1. Aðildarríkin skulu tryggja að málshöfðun í samræmi við landslög vegna þjónustustarfsemi í upplýsingasamfélaginu geti leitt til skjótrar samþykktar ráðstafana, meðal annars bráðabirgðaráðstafana, sem er ætlað að binda enda á meint brot og koma í veg fyrir að þeir hagsmunir, sem um ræðir, verði skaðaðir enn frekar.

2. Eftirfarandi bætist við viðaukann við tilskipun 98/27/EB:

„11. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“) (Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1).“

19. gr.

Samvinna

1. Aðildarríkin skulu vera í stakk búin til þess að halda úti nauðsynlegu eftirliti og athugunum til þess að koma ákvæðum þessarar tilskipunar í framkvæmd með skilvirkum hætti og tryggja að þjónustuveitendur veiti þeim nauðsynlegar upplýsingar.

2. Aðildarríkin skulu hafa samstarf við önnur aðildarríki. Þau skulu í því skyni tilnefna einn eða fleiri tengiliði og senda öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni upplýsingar um þá.

3. Aðildarríkin skulu, eins skjótt og auðið er og í samræmi við landslög, láta í té alla þá aðstoð og upplýsingar sem önnur aðildarríki eða framkvæmdastjórnin fara fram á, meðal annars með viðeigandi rafrænum hætti.

4. Aðildarríkin skulu koma á fót tengiliðum, sem skulu vera aðgengilegir að minnsta kosti með rafrænum hætti, þar sem þjónustuþegar og -veitendur geta aflað sér:

a) almennra upplýsinga um samningsréttindi og -skyldur og kæruleiðir og leiðir til úrbóta sem í boði eru í deilumálum, þar með talin hagnýt atriði ef slíkar leiðir eru farnar;

b) ítarlegra upplýsinga um stjórnvöld, samtök eða stofnanir sem geta veitt þeim frekari upplýsingar eða hagnýta aðstoð.

5. Aðildarríkin skulu hvetja til þess að framkvæmdastjórninni sé tilkynnt um allar mikilvægar stjórnsýsluákvarðanir eða dómsúrskurði sem eru teknar eða falla á landsvæði þeirra í deilumálum sem snúast um þjónustu í upplýsingasamfélaginu og um starfsvenjur, notkun og siði sem tengjast rafrænum viðskiptum. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um þær ákvarðanir.

20. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu ákveða viðurlög sem gilda um brot á innlendum ákvæðum sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að þeim sé komið til framkvæmda. Viðurlögin, sem þau kveða á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

IV. kafli

LOKAÁKVÆÐI

21. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 17. júlí 2003 og annað hvert ár eftir það, senda Evrópuþinginu, ráðinu og efnahags- og félagsmálanefndinni skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar ásamt tillögum, ef nauðsyn krefur, um aðlögun hennar að laga-, tækni- og efnahagslegri þróun á sviði þjónustu í upplýsingasamfélaginu, einkum til þess að koma í veg fyrir glæpi og vernda ólögráða börn, með hliðsjón af neytendavernd og því að innri markaðurinn geti starfað eðlilega.

2. Í skýrslunni skal, þegar kannað er hvort nauðsynlegt sé að aðlaga tilskipun þessa, einkum greina hvort þörf sé tillagna um ábyrgð veitenda stikluleggja- og leitarvélaþjónustu, aðferðir til að fjarlægja ólöglegt innihald („notice and take down procedures“) og hver sé ábyrgur eftir að innihald hefur verið fjarlægt. Enn fremur skal í ljósi tækniþróunar greina í skýrslunni þörfina fyrir viðbótarskilyrði sem ber að fullnægja til að vera undanþeginn ábyrgð samkvæmt ákvæðum 12. og 13. gr. og svigrúm til þess að beita meginreglum innri markaðarins varðandi óumbeðnar viðskiptaorðsendingar í tölvupósti.

22. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 17. janúar 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar, sem um getur í 1. mgr., skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

23. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

24. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 8. júní 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. FONTAINE	G. d'OLIVEIRA MARTINS
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

UNDANÞÁGUR FRÁ ÁKVÆÐUM 3. GR.

Eins og kveðið er á um í 3. mgr. 3. gr. gilda ákvæði 1. og 2. mgr. 3. gr. ekki um:

- höfundarrétt og skyld réttindi, réttindi sem um getur í tilskipun 87/54/EEC ([1]) og tilskipun 96/9/EB ([2]) og hugverkarétt á sviði iðnaðar,
- útgáfu rafrænna peninga af hálfu stofnana sem aðildarríkin hafa veitt eina þeirra undanþágna sem kveðið er á um í 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 2000/46/EB ([3]),
- 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 85/611/EBE ([4]),
- 30. gr. og IV. hluta tilskipunar 92/49/EBE ([5]), IV. hluta tilskipunar 92/96/EBE ([6]), 7. og 8. gr. tilskipunar 88/357/EBE ([7]) og 4. gr. tilskipunar 90/619/EBE ([8]),
- frelsi aðila til þess að velja lög sem gilda um samning þeirra í milli,
- samningsskyldur á sviði neytendasamninga,
- formlegt gildi samninga, sem mynda eða flytja rétt í fasteign, þegar lögboðnar kröfur gilda um slíka samninga samkvæmt lögum þess aðildarríkis þar sem fasteignin er staðsett,
- að hvaða marki óumbeðnar viðskiptaorðsendingar í tölvupósti eru leyfilegar.

712. Tillaga til þingsályktunar [446. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2000, um breytingar á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2000, um breytingar á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun ráðsins nr. 1999/63/EB frá 21. júní 1999, um samning um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum milli Samtaka skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samtaka félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu (FST).

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2000, um breytingar á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2.

([1]) Stjtíð. EB L 24, 27.1.1987, bls. 36.
([2]) Stjtíð. EB L 77, 27.3.1996, bls. 20.
([3]) Hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB.
([4]) Stjtíð. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/26/EB (Stjtíð. EB L 168, 18.7.1995, bls. 7).
([5]) Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/26/EB.
([6]) Stjtíð. EB L 360, 9.12.1992, bls. 2. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/26/EB.
([7]) Stjtíð. EB L 172, 4.7.1988, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/49/EB.
([8]) Stjtíð. EB L 330, 29.11.1990, bls. 50. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/96/EB.

maí 1992. Sú gerð sem hér um ræðir er tilskipun ráðsins nr. 1999/63/EB frá 21. júní 1999, um samning um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum milli Samtaka skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samtaka félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu (FST).

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögunni er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir og nauðsynlegum lagabreytingum til að innleiða hana í íslenskan rétt. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Sú málsmeðferð sem hér um ræðir er sú sama og viðhöfð var í tengslum við alls 19 ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar er eins var ástatt um en þingsályktunartillaga þess efnis var flutt og afgreidd á 125. löggjafarþingi (587. mál). Í athugasemdum með þeirri tillögu var skýrt frá því að framvegis yrði það verklag viðhaft að flytja sérstakar þingsályktunartillögur um ákvarðanir sem samþykktar væru af sameiginlegu EES-nefndinni með fyrirvara skv. 103. gr. EES-samningsins. Var fyrsta þingsályktunartillagan samkvæmt þessu breytta ferli lögð fram á yfirstandandi þingi og samþykkt (312. mál).

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið nægja að Alþingi samþykki nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en nokkrum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verður hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá

að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft er samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2000, um tilskipun ráðsins 1999/63/EB frá 21. júní 1999, um samning um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum milli Samtaka skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samtaka félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu (FST).

Með tilskipuninni er hrint í framkvæmd samningi um skipulag vinnutíma á farskipum sem gerður var 30. september 1998 á milli Evrópusamtaka atvinnurekenda og launafólks á þessu sviði. Settar eru lágmarksreglur um skipulag vinnutíma á farskipum en þessi hópur hefur hingað til verið undanþeginn vinnutímaákvæðum ESB. Þannig eru ekki ákvæði um vinnutíma á farskipum í tilskipun ráðsins 93/104/EB um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma eins og henni var breytt með tilskipun 2000/34/EB frá 22. júní 2000. Þess má geta að með síðargreindu tilskipuninni voru hópar sem áður höfðu verið undanþegnir tilskipun 93/104/EB færðir undir gildissvið hennar, að farmönnum undanskildum.

Verði tilskipunin felld inn í EES-samninginn þarf að koma til breyting á sjómannalögum, nr. 35/1985. Umrædd tilskipun kveður á um að lágmarksaldur sjómanna á farskipum verði 16 ár en í 2. mgr. 8. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, er kveðið á um 15 ára lágmarksaldur sjómanna. Þá kveður tilskipunin á um að næturvinna sé bönnuð þeim sem eru yngri en 18 ára og starfa á farskipum. Jafnframt þarf að endurskoða ákvæði 64. og 65. gr. sömu laga sem fjalla um hvíldartíma sjómanna. Unnið er að undirbúningi nauðsynlegra lagabreytinga vegna þessa í samgönguráðuneytinu.

Samkvæmt tilskipuninni er gert ráð fyrir því að efni hennar verði komið til framkvæmda á EES-svæðinu eigi síðar en 30. júní 2002.

Fylgiskjal I.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2000

frá 27. október 2000

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2000 frá 19. maí 2000([1]).

2) Tilskipun ráðsins 1999/63/EB frá 21. júní 1999 um samning um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum milli Samtaka skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samtaka félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu (FST)([2]), eins og hún var leiðrétt með Stjtíð. EB L 244, 16.9.1999, bls. 64, skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 32a (tilskipun ráðsins 1999/70/EB) í XVIII. viðauka við samninginn:

„32b. **399 L 0063:** Tilskipun ráðsins 1999/63/EB frá 21. júní 1999 um samning um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum milli Samtaka skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samtaka félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu (FST) (Stjtíð. EB L 167, 2.7.1999, bls. 33), eins og hún var leiðrétt með Stjtíð. EB L 244, 16.9.1999, bls. 64."

2. gr.

Texti tilskipunar ráðsins 1999/63/EB, eins og hún var leiðrétt með Stjtíð. EB L 244, 16.9.1999, bls. 64, á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

([1]) Stjtíð. EB L 147, 13.7.2000, bls. 54 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 32, 13.7.2000, bls. 3.
([2]) Stjtíð. EB L 167, 2.7.1999, bls. 33.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 28. október 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 27. október 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

G. S. Gunnarsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes *E. Gerner*

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN RÁÐSINS 1999/63/EB

frá 21. júní 1999

um samning um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum milli Samtaka skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samtaka félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu (FST)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 139. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Eftir gildistöku Amsterdam-sáttmálans hefur ákvæðum samningsins um félagsmálastefnu, sem fylgir bókun nr. 14 um félagsmálastefnuna sem aftur fylgir stofnsáttmála Evrópubandalagsins eins og honum var breytt með Maastricht-sáttmálanum, verið bætt við 136.–139. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

2) Vinnuveitendur og launamenn („aðilar vinnumarkaðarins"), geta, í samræmi við 2. mgr. 139. gr. sáttmálans, farið sameiginlega fram á að samningar sem gerðir eru á vettvangi bandalagsins séu framkvæmdir með ákvörðun ráðsins að tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði tilgreind.

3) Ráðið hefur samþykkt tilskipun 93/104/EB frá 23. nóvember 1993 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma ([1]). Sjóflutningar voru eitt þeirra athafnasviða sem féllu utan við gildissvið þeirrar tilskipunar.

4) Tillit skal tekið til viðeigandi samninga Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um skipulag vinnutíma, einkum þeirra er varða vinnutíma sjómanna.

5) Framkvæmdastjórnin hefur, í samræmi við 2. mgr. 3. gr. samningsins um félagsmálastefnu, haft samráð við vinnuveitendur og launamenn um hugsanlega stefnu um bandalagsaðgerðir í þeim geirum og þeirri starfsemi sem fellur utan gildissviðs tilskipunar 93/104/EB.

6) Að þessu samráði loknu áleit framkvæmdastjórnin að bandalagsaðgerðir á þessu sviði væru æskilegar og hafði aftur samráð við vinnuveitendur og launþega í bandalaginu um efni fyrirhugaðrar tillögu í samræmi við 3. mgr. 3. gr. téðs samnings.

7) Samtök skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samtök félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu (FST) gerðu framkvæmdastjórninni grein fyrir áhuga sínum á að hefja samningaviðræður í samræmi við 4. gr. samningsins um félagsmálastefnu.

8) Þann 30. september 1998 gerðu téð samtök með sér samning um vinnutíma sjómanna. Í þeim samningi er sett fram sameiginleg beiðni til framkvæmdastjórnarinnar um að hrinda samningnum í framkvæmd með ákvörðun ráðsins að tillögu framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 2. mgr. 4. gr. samningsins um félagsmálastefnu.

9) Í ályktun sinni frá 6. desember 1994 um tiltekin sjónarhorn vegna félagsmálastefnu Evrópusambandsins: framlag til efnahagslegrar og félagslegrar samleitni í sambandinu ([2]) hvatti ráðið vinnuveitendur og launþega til að nota tækifærið og ganga til samninga þar eð þeir væru alla jafna sá aðili sem þekkir best til félagslegra vandamála og hver staðan er í þeim efnum.

10) Samningurinn gildir um sjómenn á öllum hafskipum, jafnt í eigu hins opinbera sem í einkaeign sem eru skráð á yfirráðasvæði aðildarríkis og eru að jafnaði starfrækt sem kaupskip.

11) Í skilningi 249. gr. sáttmálans er tilskipun viðeigandi gerningur til framkvæmdar samningnum. Hún setur aðildarríkjunum ramma hvað varðar þær niðurstöður sem eiga að fást en þó eiga innlend yfirvöld rétt til að ákveða form og aðferðir.

12) Í samræmi við dreifræðisregluna og meðalhófsregluna eins og segir í 5. gr. sáttmálans verður markmiðum þessarar tilskipunar ekki nægilega vel náð af aðildarríkjunum og verður þeim því betur náð á vettvangi bandalagsins. Þessi tilskipun gengur ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná fram þessum markmiðum.

13) Samkvæmt tilskipuninni geta aðildarríkin sjálf skilgreint hugtök, sem notuð eru í samningnum og eru ekki sérstaklega skilgreind þar, í samræmi við landslög og venjur eins og venjan er í öðrum tilskipunum um félagsmálastefnu þar sem svipuð hugtök eru notuð, að því tilskildu að skilgreiningarnar séu í samræmi við inntak samningsins.

14) Framkvæmdastjórnin hefur samið drög að tilskipun í samræmi við orðsendingu sína frá 20. maí 1998 um aðlögun og kynningu skoðanaskipta um félagsmál í bandalaginu, að teknu tilliti til stöðu undirritunaraðila og lögmætis hvers ákvæðis samningsins.

([1]) Stjtíð. EB L 307, 13.12.1993, bls. 18.

([2]) Stjtíð. EB C 368, 23.12.1994, bls. 6.

15) Í samræmi við orðsendingu sína frá 14. desember 1993 um beitingu samningsins um félagsmálastefnu hefur framkvæmdastjórnin gert Evrópuþinginu og efnahags- og félagsmálanefndinni viðvart með því að senda þeim texta tillögu sinnar að tilskipun sem inniheldur samninginn.

16) Framkvæmd samningsins stuðlar að því að markmiðum 136. gr. sáttmálans verði náð.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilgangurinn með þessari tilskipun er að setja í gildi samninginn um skipulag vinnutíma sjómanna sem gerður var 30. september 1998 milli samtaka vinnuveitenda og launþega á sviði sjóflutninga (ECSA og FST) eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

Lágmarkskröfur

1. Aðildarríkin mega viðhalda eða taka upp hagstæðari ákvæði en þau sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

2. Framkvæmd þessarar tilskipunar skal ekki við neinar aðstæður fela í sér nægilegar ástæður til að réttlæta skerðingu almennrar vinnuverndar starfsmanna á þeim sviðum sem þessi tilskipun tekur til. Þetta skal þó ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkjanna og/eða vinnuveitenda og launamanna til að setja, með tilliti til breyttra aðstæðna, önnur laga- eftirlits- eða samningsákvæði en þau sem gilda við samþykkt þessarar tilskipunar, að því tilskildu að þeim lágmarkskröfum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun sé ætíð fullnægt.

3. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 30. júní 2002, eða sjá til þess að í síðasta lagi þann dag hafi vinnuveitendur og launamenn með samningi gert nauðsynlegar ráðstafanir enda er aðildarríkjunum skylt að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til vera ávallt í aðstöðu til að ábyrgjast þær niðurstöður sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja ákvæðin sem um getur í fyrstu málsgrein, skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 21. júní 1999.

Fyrir hönd ráðsins,
L. SCHOMERUS
forseti.

VIÐAUKI

EVRÓPUSAMNINGUR

um skipulag á vinnutíma sjómanna

Með hliðsjón af samningnum um félagsmálastefnu sem fylgir bókun um félagsmálastefnu sem aftur fylgir stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 4. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 4. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 2. mgr. 4. gr. samningsins um félagsmálastefnu er kveðið á um að samninga, sem gerðir eru á evrópskum vettvangi, megi framkvæma, fari undirritunaraðilar sameiginlega fram á það, með ákvörðun ráðsins að tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

Leggja undirritunaraðilar hér með fram slíka beiðni.

HAFA UNDIRRITUNARAÐILAR SAMÞYKKT EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Samningurinn gildir um sjómenn á öllum hafskipum, jafnt í eigu hins opinbera sem í einkaeign sem eru skráð á yfirráðasvæði aðildarríkis og eru að jafnaði starfrækt sem kaupskip. Að því er þennan samning varðar skal skip sem er skráð í tveimur ríkjum teljast skráð í fánaríkinu.

2. Þegar vafi leikur á hvort skip sé hafskip eða skip sem notað er í atvinnuskyni skal lögbært yfirvald í aðildarríki útkljá slík vafaatriði með hliðsjón af markmiðum þessa samnings. Hafa ber samráð við samtök skipaeigenda og sjómanna.

2. gr.

Í þessum samningi er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „vinnutími“: sá tími sem sjómanni er skylt að vinna um borð;

b) „hvíldartími“: sá tími sem ekki telst til vinnutíma; þetta hugtak tekur ekki til þess þegar stutt hlé er gert á vinnu;

c) „sjómaður“: sérhver einstaklingur sem ráðinn er til starfa á hafskipi sem samningur þessi gildir um;

d) „skipseigandi“: eigandi skips eða hver sú stofnun eða einstaklingur, t.d. framkvæmdastjóri eða miðlari þurrleiguskipa (skipa án áhafna), er hefur tekið á sig ábyrgð á rekstri skipsins fyrir hönd eiganda skipsins, og sem hefur með því að takast þessa ábyrgð á hendur gengist við öllum skyldum og þeirri ábyrgð sem því fylgir.

3. gr.

Innan þeirra marka sem sett eru í 5. gr. skal annaðhvort takmarka vinnutímann við hámarksfjölda klukkustunda sem ekki má fara yfir á fyrirfram tilteknu tímabili, eða setja lágmark á hvíldartímann sem veittur er á tilteknu tímabili.

4. gr.

Með fyrirvara um 5. gr. er venjulegur vinnutími sjómanna, að meginreglu til, byggður á átta stunda vinnudegi og einum frídegi í viku og fríi á lögboðnum frídögum. Aðildarríkin geta ákveðið að leyfa eða skrá kjarasamninga þar sem ákvæði um venjulegan vinnutíma sjómanna eru hagstæðari en þau sem sett eru í þessum staðli.

5. gr.

1. Mörk vinnu- eða hvíldartíma skulu vera annaðhvort:

   a) hámarksvinnutími, sem ekki skal vera lengri en:

      i) fjórtán klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili, og

      ii) 72 klukkustundir á hverju sjö daga tímabili;

   eða

   b) lágmarkshvíldartími, sem ekki skal vera skemmri en:

i) tíu klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili; og

ii) 72 klukkustundir á hverju sjö daga tímabili.

2. Hvíldartíma má ekki skipta upp í meira en tvo hluta og skal annar hvor hluti hvíldartímans vera að minnsta kosti sex klukkustundir og ekki skulu líða meira en 14 klukkustundir á milli tveggja hvíldartíma.

3. Nafnakall, eldvarnar- og björgunaræfingar, sem mælt er fyrir um í innlendum lögum og reglugerðum og í alþjóðlegum samningum, skulu fara fram með þeim hætti að hvíldartími raskist eins lítið og hægt er og þannig að þær valdi ekki þreytu.

4. Þegar sjómaður er á bakvakt, t.d. þegar vélarúm er ómannað, skal hann ef venjulegum hvíldartíma er raskað með útkalli fá samfellda viðbótarhvíld í staðinn.

5. Ef hvorki kjarasamningar né gerðardómsúrskurður eru fyrir hendi eða ef lögbært yfirvald telur að ákvæði kjarasamnings eða gerðardómsúrskurðar séu ófullnægjandi, getur lögbært yfirvald, með tilliti til 3. og 4. gr., sett ákvæði til að tryggja að viðkomandi sjómenn fái næga hvíld.

6. Með tilliti til meginreglna um verndun heilsu og öryggis starfsmanna geta verið í gildi í aðildarríkjunum innlend lög, reglur eða ráðstafanir sem gera lögbæru yfirvaldi kleift að leyfa eða skrá kjarasamninga sem veita undanþágur frá þeim takmörkunum sem 1. og 2. gr. setja. Slíkar undanþágur skulu fylgja stöðlum eins og mögulegt er en geta tekið mið af örari eða lengri fríum eða veitt uppbótarfrí fyrir sjómenn sem vinna á vöktum eða sjómenn sem vinna um borð í skipum sem eru í stuttum ferðum.

7. Á aðgengilegum stað skal vera tafla sem hefur að geyma upplýsingar um skipulag vinnutíma um borð og þar sem birt er að minnsta kosti fyrir hverja stöðu:

a) áætlun um vinnuskyldu á sjó og í höfnum, og

b) hámarksvinnutími eða lágmarkshvíldartími sem krafist er í lögum, reglum eða kjarasamningum sem í gildi eru í aðildarríkjunum.

8. Taflan, sem um getur í 7. gr., skal gefin út á stöðluðu eyðublaði á því tungumáli eða þeim tungumálum sem notað er/ notuð eru við vinnu um borð og á ensku.

6. gr.

Enginn sjómaður undir 18 ára aldri skal vinna að nóttu til. Að því er þessa grein varðar er „nótt" tímabil sem varir í a.m.k. níu samfelldar klukkustundir, þar með talið tímabilið frá miðnætti til klukkan fimm að morgni. Ekki er nauðsynlegt að beita þessu ákvæði ef það hindrar menntun og þjálfun ungra sjómanna frá 16 til 18 ára að því er varðar fyrirframákveðin verkefni og áætlanir.

7. gr.

1. Skipstjóri á skipi getur krafist þess að sjómaður vinni þá tíma sem nauðsynlegir eru vegna öryggis skipsins á þeirri stundu, skipverja um borð eða farms eða til að veita aðstoð öðrum skipum eða skipverjum í nauð á hafi úti.

2. Í samræmi við 1. gr. getur skipstjóri vikið frá skipulagi vinnu- eða hvíldartíma og krafist þess að sjómaður vinni þann tíma sem nauðsynlegur er þar til ástandið er orðið eðlilegt aftur.

3. Skipstjóri skal tryggja eins fljótt og auðið er eftir að ástandið er orðið eðlilegt aftur að sjómaður, sem hefur sinnt störfum í fyrirfram ákveðnum hvíldartíma sínum, fái næga hvíld.

8. gr.

1. Færa skal skrá yfir daglegan vinnutíma sjómanna eða daglegan hvíldartíma þeirra til að hægt sé að fylgjast með því að farið sé að ákvæðum 5. gr. Sjómaðurinn skal fá afrit af þeim skráningum sem varða hann og skulu þær áritaðar af skipstjóranum, eða öðrum þeim sem

skipstjórinn hefur veitt til þess umboð, og sjómanninum.

2. Ákvarða skal tilhögun varðveislu slíkra gagna um borð, þar með talið hversu oft skuli skrá upplýsingarnar. Eyðublað um skráningu vinnutíma sjómanna eða hvíldartíma þeirra skal hannað í samræmi við alþjóðlegar viðmiðunarreglur, ef til eru. Eyðublaðið skal vera á tungumálunum sem tilgreind eru í 8. mgr. 5. gr.

3. Afrit af viðeigandi ákvæðum landslaga, er varða þennan samning, og af viðeigandi kjarasamningum skulu geymd um borð og skal áhöfnin hafa greiðan aðgang að þeim.

9. gr.

Skrárnar sem um getur í 8. gr. skulu athugaðar og áritaðar með vissu millibili í því skyni að hafa eftirlit með því að ákvæðum þessa samnings um vinnutíma eða hvíldartíma sé framfylgt.

10. gr.

1. Þegar reglur um mönnun eru ákveðnar, viðurkenndar eða þeim breytt er nauðsynlegt að taka mið af þörfinni til að forðast eða draga úr, að svo miklu leyti sem unnt er, óhóflegum vinnutíma, og til að tryggja fullnægjandi hvíld og draga úr hættu á ofþreytu.

2. Ef fram kemur í skránum eða öðrum gögnum að ákvæði um vinnutíma eða hvíldartíma hafi verið brotin skal gera ráðstafanir, þar með talið, ef nauðsyn krefur, breytingar á mönnun skipsins, til að koma í veg fyrir frekari brot í framtíðinni.

3. Öll skip sem samningur þessi tekur til skulu mönnuð á fullnægjandi, öruggan og skilvirkan hátt í samræmi við öryggisskírteini um lágmarksmönnun eða sambærilegt skírteini gefið út af lögbæru yfirvaldi.

11. gr.

Enginn undir 16 ára aldri skal vinna um borð í skipi.

12. gr.

Eigandi skipsins skal útvega skipstjóranum nauðsynleg gögn til að fullnægja þeim skyldum sem þessi samningur hefur í för með sér, þar með talin gögn um rétta mönnun skipsins. Skipstjórinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að kröfum þessa samnings um vinnutíma og hvíldartíma sjómanna.

13. gr.

1. Allir sjómenn skulu hafa vottorð um að þeir séu færir um að inna af hendi það starf sem þeir munu gegna á sjó.

   Ákveða skal, að höfðu samráði við eigendur skipsins sem um ræðir og viðkomandi samtök sjómanna, hvernig heilbrigðiseftirliti skuli hagað og hvaða upplýsingar skuli koma fram á læknisvottorðinu.

   Allir sjómenn skulu fara reglulega í læknisskoðun. Vaktmenn, sem eiga við heilsuvandamál að stríða og læknir hefur staðfest að séu til komin vegna næturvinnu, skulu, alltaf þegar þess er nokkur kostur, færðir til í starfi þannig að þeir stundi dagvinnu sem hentar þeim.

2. Heilbrigðiseftirlitið, sem um getur í 1. mgr., skal vera ókeypis og er læknirinn bundinn þagnarskyldu. Slík heilbrigðisskoðun má fara fram innan ramma innlends heilbrigðiskerfis.

14. gr.

Eigendur skips skulu veita lögbæru innlendu yfirvaldi upplýsingar um vaktmenn og aðra næturvinnumenn sé þess óskað.

15. gr.

Sjómenn skulu njóta öryggis og heilsuverndar í samræmi við starf sitt. Samsvarandi verndar- og forvarnarþjónusta eða aðstaða sem þjónar slíkum tilgangi skal vera til staðar vegna öryggis og heilsu sjómanna sem vinna dag- eða næturvinnu.

16. gr.

Allir sjómenn skulu eiga rétt á að minnsta kosti fjögurra vikna árlegu orlofi á launum, eða hlutfalli þar af fyrir starfstíma sem er skemmri en ár, í samræmi við viðmiðunarreglur um rétt til, og veitingu slíks orlofs sem mælt er fyrir um í landslögum og/eða samkvæmt venju.

Greiðsla má ekki koma í stað árlegs lágmarksorlofs á launum, nema þegar um starfslok er að ræða.

Brussel 30. september 1998.

Samtök félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu (FST)

Samtök skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA)

Fylgiskjal III.

LEIÐRÉTTING

Leiðrétting á tilskipun ráðsins 1999/63/EB frá 21. júní 1999 um samning um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum milli Samtaka skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samtaka félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu (FST)

(*Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna* L 167 frá 2. júlí 1999)

Í ii-lið b-liðar í 1. mgr. 5. gr. í viðaukanum á bls. 35:

skal setja: „ii) 77 klukkustundir á hverju sjö daga tímabili."
í stað: „ii) 72 klukkustundir á hverju sjö daga tímabili."

713. Tillaga til þingsályktunar [447. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2000, um breytingar á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2000 frá 27. október 2000, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1999/95/EB frá 13. desember 1999, um framkvæmd ákvæða um vinnutíma sjómanna á skipum sem fara um hafnir í bandalaginu.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2000, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992. Sú gerð sem hér um ræðir er tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1999/95/EB frá 13. desember 1999, um framkvæmd ákvæða um vinnutíma sjómanna á skipum sem fara um hafnir í bandalaginu.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögunni er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir og nauðsynlegum lagabreytingum til að innleiða hana í íslenskan rétt. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Sú málsmeðferð sem hér um ræðir er sú sama og viðhöfð var í tengslum við alls 19 ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem eins var ástatt um en þingsályktunartillaga þess efnis var flutt og afgreidd á 125. löggjafarþingi (587. mál). Í athugasemdum með þeirri tillögu var skýrt frá því að framvegis yrði það verklag viðhaft að flytja sérstakar þingsályktunartillögur um þær ákvarðanir sem samþykktar væru af sameiginlegu EES-nefndinni með fyrirvara skv. 103. gr. EES-samningsins. Var fyrsta þingsályktunartillagan samkvæmt þessu breytta ferli lögð fram á yfirstandandi þingi og samþykkt (312. mál).

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið nægja að Alþingi samþykki nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en nokkrum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verður hluti samningsins innan sex mánaða frá töku

ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2000, um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/95/EB frá 13. desember 1999, um framkvæmd ákvæða um vinnutíma sjómanna á skipum sem fara um hafnir í bandalaginu.

Tilskipunin er nokkurs konar hliðartilskipun við tilskipun ráðsins 1999/63/EB, um samninginn um skipulag vinnutíma á farskipum, sem gerður var af Evrópusamtökum skipaeigenda (ESCA) og Sambandi flutningaverkamanna en sérstök þingsályktunartillaga hefur verið lögð fram vegna hennar. Með þeirri tilskipun er hrint í framkvæmd samningi um skipulag vinnutíma á farskipum sem gerður var 30. september 1998 á milli Evrópusamtaka skipaeigenda og launafólks á þessu sviði. Settar eru viðmiðanir um skipulag vinnutíma á farskipum, m.a. um hámarksvinnutíma og lágmarkshvíldartíma, en þessi hópur hefur hingað til verið undanþeginn í vinnutímaákvæðum ESB. Þannig eru ekki ákvæði um vinnutíma á farskipum í tilskipun ráðsins 93/104/EB, um ákveðna þætti er varðar skipulag vinnutíma, eins og henni var breytt með tilskipun 2000/34/EB frá 22. júní 2000. Þess má geta að með síðargreindu tilskipuninni voru hópar sem áður höfðu verið undanþegnir í tilskipun 93/104/EB færðir undir gildissvið hennar, að farmönnum undanskildum.

Tilvitnaður samningur byggist á ákvæðum samþykktar nr. 180 frá Alþjóðavinnumálastofnuninni (ILO) sem fjallar um vinnutíma sjómanna á farskipum. Tilskipun 1999/63/EB mun taka til allra skipa sem skráð eru á ESB svæðinu, en með tilskipun 1999/95/EB er kveðið á um að sömu reglur skuli gilda á farskipum sem taka höfn á ESB svæðinu, þrátt fyrir að þau séu ekki skráð á skipaskrám ríkja þess. Samhliða þessum tveimur tilskipunum hafa verið samþykkt tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 18. nóvember 1998, um fullgildingu á ILO-samþykkt 180, um vinnutíma sjómanna og mönnun skipa, og fullgildingu frá 1996 á bókun við kaupskipasamþykktina frá 1976.

Markmiðið með tilskipun 1999/95/EB er að koma á kerfi til að sannprófa og framfylgja því að skip sem fara um hafnir í aðildarríkjunum haldi ákvæði tilskipunar 1999/63/EB svo að hægt sé að bæta öryggi til sjós, vinnuskilyrði og heilbrigði og öryggi sjómanna um borð í skipum. Er mælt fyrir um að aðildarríkin skuli gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að skip sem ekki eru skráð á yfirráðasvæði þeirra eða sigla ekki undir þeirra fána hlíti ákvæðum 1.–12. gr. samningsins sem fylgir tilskipun 1999/63/EB.

Unnið er að undirbúningi nauðsynlegra lagabreytinga vegna þessa í samgönguráðuneytinu en nauðsynlegt reynist að gera breytingar á sjómannalögum, nr. 35/1985. Samkvæmt tilskipuninni skal efni hennar koma til framkvæmda á EES-svæðinu eigi síðar en 30. júní 2002.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 94/2000

frá 27. október 2000

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 69/2000 frá 2. ágúst 2000([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/95/EB frá 13. desember 1999 um framkvæmd ákvæða um vinnutíma sjómanna á skipum sem fara um hafnir í bandalaginu([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 56g (tilskipun ráðsins 97/70/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„56h. **399 L 0095:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/95/EB frá 13. desember 1999 um framkvæmd ákvæða um vinnutíma sjómanna á skipum sem fara um hafnir í bandalaginu (Stjtíð. EB L 14, 20.1.2000, bls. 29).“

([1]) Stjtíð. EB L 250, 5.10.2000, bls. 52 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 44, 5.10.2000, bls. 5.
([2]) Stjtíð. EB L 14, 20.1.2000, bls. 29.

2. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/95/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 28. október 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 27. október 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

G. S. Gunnarsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *E. Gerner*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði tilgreind.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 1999/95/EB
frá 13. desember 1999
um framkvæmd ákvæða um vinnutíma sjómanna á skipum sem fara um hafnir í bandalaginu

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Aðgerðir bandalagsins á sviði félagsmálastefnu hafa það meðal annars að markmiði að bæta heilbrigði og öryggi starfsmanna í vinnuumhverfi þeirra.

2) Aðgerðir bandalagsins á sviði sjóflutninga hafa það meðal annars að markmiði að bæta aðbúnað og vinnuskilyrði sjómanna um borð, öryggi til sjós og varnir gegn mengun af völdum sjóslysa.

3) Á áttugasta og fjórða fundi sínum sem fram fór 8. til 22. október 1996 samþykkti þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) alþjóðavinnumálasamning nr. 180 frá 1996 um vinnutíma sjómanna og mönnun skipa (sem nefnist hér á eftir „ILO-samningur nr. 180") og bókunina frá 1996 við samninginn frá 1976 um lágmarksstaðla kaupskipa (sem nefnist hér á eftir „bókun við ILO-samning nr. 147").

4) Tilskipun ráðsins 99/63/EB frá 21. júní 1999 um samning um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum milli Samtaka skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samtaka félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu (FST) ([4]), sem samþykkt var samkvæmt 2. mgr. 139. gr. sáttmálans, miðar að því að koma téðum samningi, sem gerður var 30. september 1998, í framkvæmd, (hér á eftir nefndur „samningurinn"). Efni samningsins endurspeglar tiltekin ákvæði ILO-samnings nr. 180. Samningurinn gildir um sjómenn á öllum hafskipum, jafnt í eigu hins opinbera sem í einkaeign sem eru skráð á yfirráðasvæði aðildarríkis og eru að jafnaði starfrækt sem kaupskip.

5) Markmiðið með þessari tilskipun er að beita þeim ákvæðum tilskipunar 1999/63/EB sem endurspegla ákvæði ILO-samnings nr. 180 á öll skip sem fara um hafnir í bandalaginu, án tillits til þess undir hvaða fána þau sigla, í því skyni að sýna fram á og ráða bót á aðstæðum sem greinilega eru hættulegar öryggi og heilsu sjómanna. Í téðri tilskipun nr. 1999/63/EB eru þó kröfur sem ekki er að finna í ILO-samningi nr. 180 og skal þeim því ekki framfylgt um borð í skipum sem ekki sigla undir fána aðildarríkis.

6) Tilskipun 1999/63/EB gildir um sjómenn um borð í öllum hafskipum sem skráð eru á yfirráðasvæði aðildarríkis. Aðildarríkjunum ber að hafa eftirlit með því að skip, sem skráð eru á yfirráðasvæði þeirra, hlíti öllum ákvæðum téðrar tilskipunar.

7) Aðildarríkin skulu, í því augnamiði að vernda öryggi og forðast röskun á samkeppni, hafa leyfi til að sannprófa hvort hafskip sem fara um hafnir þeirra hlíti viðeigandi ákvæðum

([1]) Stjtíð. EB C 43, 17.2.1999, bls. 16.
([2]) Stjtíð. EB C 138, 18.5.1999, bls. 33.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 14. apríl 1999 (Stjtíð. EB C 219, 30.7.1999, bls. 240), sameiginleg afstaða ráðsins frá 12. júlí 1999 (Stjtíð. EB C 249, 1.9.1999, bls. 7) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 4. nóvember 1999 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

([4]) Stjtíð. EB L 167, 2.7.1999, bls. 37.

tilskipunar 1999/63/EB, án tillits til þess í hvaða ríki þau eru skráð.

8) Einkum og sér í lagi skulu skip sem sigla undir fána ríkis sem ekki er aðili að ILO-samningi nr. 180 eða bókun við ILO-samning nr. 147 ekki hljóta hagstæðari meðferð en þá sem þau skip hljóta sem sigla undir fána ríkis sem annaðhvort er aðili að samningnum eða bókuninni eða hvoru tveggja.

9) Vegna eftirlits með skilvirkri framkvæmd tilskipunar 1999/63/EB er nauðsynlegt að aðildarríkin láti fara fram skoðanir um borð í skipum, einkum ef þeim hefur borist kvörtun frá skipstjóra, skipverja eða einhverjum einstaklingi eða stofnun sem hefur réttmætra hagsmuna að gæta að því er varðar örugga skipsstjórnun, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð eða mengunarvarnir.

10) Að því er þessa tilskipun varðar geta aðildarríkin, að eigin frumkvæði og eftir því sem við á, tilnefnt skoðunarmenn hafnarríkiseftirlits til að framkvæma skoðanir um borð í skipum sem fara um hafnir í bandalaginu.

11) Afla má sannana fyrir því að skip fullnægi ekki kröfum tilskipunar 1999/63/EB eftir sannprófun á vinnutilhögun um borð og á gögnum um vinnu- og hvíldartíma sjómanna, eða ef skoðunarmaðurinn hefur rökstuddan grun um að sjómennirnir séu of þreyttir.

12) Í þeim tilgangi að lagfæra skilyrði um borð í skipi sem sannanlega stofna öryggi eða heilsu manna í hættu geta lögbær yfirvöld í aðildarríki þangað sem skipið siglir lagt bann við því að skipið leggi úr höfn fyrr en bætt hefur verið úr vanbúnaði eða áhöfnin orðin úthvíld.

13) Þar sem tilskipun 1999/63/EB endurspeglar ákvæði ILO-samnings nr. 180 getur sannprófun á því hvort skip, sem skráð eru á yfirráðasvæði þriðja ríkis, hlíti ákvæðum þeirrar tilskipunar einungis farið fram þegar samningur þessi hefur öðlast gildi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið og gildissvið

1. Markmiðið með þessari tilskipun er að koma á kerfi til að sannprófa og framfylgja því að skip sem fara um hafnir í aðildarríkjunum haldi ákvæði tilskipunar 1999/63/EB svo að hægt sé að bæta öryggi til sjós, vinnuskilyrði og heilbrigði og öryggi sjómanna um borð í skipum.

2. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að skip sem ekki eru skráð á yfirráðasvæði þeirra eða sigla ekki undir þeirra fána hlíti ákvæðum 1. til 12. gr. samningsins sem fylgir tilskipun 1999/63/EB.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „skip“: öll hafskip, jafnt í eigu hins opinbera sem í einkaeign, sem eru að jafnaði starfrækt sem kaupskip. Fiskiskip eru ekki talin með í þessari skilgreiningu,

b) „lögbært yfirvald“: þau yfirvöld sem aðildarríkin hafa tilnefnt til að annast framkvæmdir vegna þessarar tilskipunar,

c) „skoðunarmaður“: opinber starfsmaður eða annar einstaklingur sem hlotið hefur viðurkenningu lögbærs yfirvalds í aðildarríki til að skoða vinnuskilyrði um borð, og er ábyrgur gagnvart því,

d) „kvörtun“: allar upplýsingar eða skýrsla frá meðlimi áhafnar, fagfélagi eða samtökum, stéttarfélagi eða almennt hverjum þeim einstaklingi sem hefur áhuga á öryggi skipsins, einkum því sem lýtur að öryggi eða heilsu áhafnarinnar.

3. gr.

Undirbúningur á skýrslum

Með fyrirvara um 2. mgr. 1. gr. skal aðildarríki, ef því berst kvörtun, sem að þess mati er ekki augljóslega tilefnislaus, eða fær sannanir fyrir því að ástand skips, sem að eigin ákvörðun fer um höfn þess af eðlilegum viðskiptaástæðum eða rekstrarástæðum, sé

ekki í samræmi við staðlana sem um getur í tilskipun 1999/63/EB, útbúa skýrslu stílaða á ríkisstjórn skráningarríkis skipsins og, þegar viðeigandi sannanir fást við skoðun, sem framkvæmd er samkvæmt 4. gr., skal aðildarríkið gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðbúnaður um borð, sem sannanlega stofnar öryggi eða heilsu áhafnarinnar í hættu, sé lagfærður.

Ekki má veita skipstjóra eða eiganda skipsins sem um ræðir neinar upplýsingar um einstaklinginn sem lagði fram skýrsluna eða kvörtunina.

4. gr.

Skoðun og nákvæm skoðun

1. Þegar skoðun er framkvæmd í því augnamiði að afla sannana þess efnis að skip uppfylli ekki kröfur tilskipunar 1999/63/EB skal skoðunarmaðurinn ákvarða hvort:

- tafla með upplýsingum um vinnutilhögun um borð hafi verið útbúin á vinnutungumáli eða tungumálum skipsins og á ensku samkvæmt fyrirmynd í I. viðauka, eða á öðru sambærilegu formi og hafi verið sett upp á aðgengilegum stað um borð;

- gögn um vinnutíma eða hvíldartíma sjómanna hafi verið tekin saman á vinnutungumáli eða tungumálum skipsins og á ensku samkvæmt fyrirmynd í II. viðauka, eða á öðru sambærilegu formi og séu geymd um borð og að sannað sé að gögnin hafi verið árituð af lögbæru yfirvaldi í skráningarríki skipsins.

2. Ef kvörtun hefur borist eða ef skoðunarmaður telur, eftir eigin athuganir um borð, að sjómennirnir séu of þreyttir skal skoðunarmaðurinn framkvæma nákvæmari skoðun, í samræmi við 1. mgr., til að ákvarða hvort vinnutími eða hvíldartími sem skráður hefur verið sé í samræmi við staðlana sem mælt er fyrir um í tilskipun 1999/63/EB og hvort þeim hefur verið framfylgt með tilliti til annarra gagna um rekstur skipsins.

5. gr.

Úrbætur á vanbúnaði

1. Ef skoðun eða nákvæm skoðun gefur til kynna að ástand skipsins fullnægi ekki kröfum tilskipunar 1999/63/EB skal aðildarríkið gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að úrbætur séu gerðar á aðbúnaði sem sannanlega stofnar öryggi eða heilsu sjómanna í hættu. Slíkar ráðstafanir geta falið í sér bann við að skipið leggi úr höfn áður en úrbætur hafa verið gerðar á vanbúnaði eða áður en sjómenn hafa fengið nægilega hvíld.

2. Ef augljósar sannanir eru fyrir því að vaktmenn á fyrstu vakt eða á síðari afleysingavöktum séu of þreyttir skal aðildarríkið tryggja að skipið leggi ekki úr höfn fyrr en það sem er í ólagi hefur verið lagfært eða sjómennirnir hafa fengið nægilega hvíld.

6. gr.

Framhaldsaðgerðir

1. Ef svo ber undir að skipi sé bannað að leggja úr höfn í samræmi við við 5. gr. skal lögbært yfirvald aðildarríkisins tilkynna skipstjóranum, eigandanum eða rekstraraðilanum, stjórnvaldi fánaríkis eða skráningarríkis skipsins eða ræðismanni, eða í fjarveru hans næsta fulltrúa utanríkisþjónustu ríkisins, um niðurstöður skoðananna sem um getur í 4. gr. og, þegar það á við, um þær aðgerðir til úrbóta sem krafist er.

2. Við framkvæmd skoðana samkvæmt þessari tilskipun skal gera allt sem hægt er til að forðast að skip sé tafið á ótilhlýðilegan hátt. Ef skip er tafið á ótilhlýðilegan hátt á eigandi þess eða útgerð rétt á bótum fyrir tap eða tjón sem hann hefur orðið fyrir. Í hvert skipti sem meint ótilhlýðileg töf á sér stað skal sönnunarbyrði þess efnis hvíla á herðum eiganda eða útgerð skipsins.

7. gr.

Áfrýjunarréttur

1. Eigandi skipsins, útgerð þess eða fulltrúi hennar í aðildarríki hefur rétt til að áfrýja ákvörðun um kyrrsetningu tekinni af lögbæra yfirvaldinu. Áfrýjun ógildir ekki kyrrsetningarákvörðun.

2. Aðildarríkin skulu koma á og viðhalda viðeigandi málsmeðferð í þessu skyni í samræmi við landslög þeirra.

3. Lögbær yfirvöld skulu með viðeigandi hætti veita skipstjóra skips, sem um getur í 1. mgr., upplýsingar um áfrýjunarréttinn.

8. gr.

Samvinna stjórnvalda

1. Þegar upp koma aðstæður sem eru sambærilegar við þær sem mælt er fyrir um í 14. gr. tilskipunar 95/21/EB frá 19. júní 1995 um hvernig alþjóðlegum stöðlum um öryggi skipa, mengunarvarnir, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð í þeim er framfylgt (hafnarríkiseftirlit) að því er varðar skip sem nota hafnir innan bandalagsins og sigla á skipaleiðum sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna ([1]), skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir um samstarf á milli viðeigandi yfirvalda sinna og viðeigandi lögbærra yfirvalda í hinum aðildarríkjunum til að tryggja skilvirka beitingu þessarar tilskipunar og skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar ráðstafanir.

2. Upplýsingar um ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt 4. og 5. gr. skal birta í samræmi við og eftir þeim leiðum sem settar eru fram í 1. mgr. 15. gr. tilskipunar 95/21/EB.

9. gr.

Ákvæði um „ekki hagstæðari meðferð"

Við skoðun á skipi sem skráð er í eða siglir undir fána ríkis sem ekki hefur skrifað undir ILO-samning nr. 180 eða bókun við ILO-samning nr. 147 skulu aðildarríki tryggja, um leið og samningurinn og bókunin hafa tekið gildi, að slík skip og áhöfn þeirra hljóti ekki hagstæðari meðferð en þá sem skip hlýtur sem siglir undir fána ríkis sem er aðili annaðhvort að ILO-samningi nr. 180 eða bókun við ILO-samning nr. 147 eða að hvoru tveggja.

10. gr.

Lokaákvæði

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2002.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni um öll ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

11. gr.

Skip frá ríkjum utan bandalagsins

Þessi tilskipun skal fyrst gilda um skip sem ekki eru skráð í eða sigla ekki undir fána aðildarríkis á gildistökudegi ILO-samnings nr. 180 og gildistökudegi bókunar við ILO-samning nr. 147.

12. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

13. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.Gjört í Brussel 13. desember 1999.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. FONTAINE	S. HASSI
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

FYRIRMYND AÐ TÖFLU UM VINNUTILHÖGUN UM BORÐ ([1])

Nafn skips: _____ Fáni skips: _____ IMO númer (ef til er): _____

Tafla síðast uppfærð: _____ bls. ( ) af ( ) bls.

Hámarksvinnutími eða lágmarkshvíldartími í samræmi við:_____ (landslög eða reglur) gefin út í samræmi við ILO-samning frá 1996 um vinnutíma sjómanna og mönnun skipa (nr. 180) og í samræmi við alla gildandi kjarasamninga skráða eða heimilaða í samræmi við þann samning og alþjóðasamninginn frá 1978 um menntun og þjálfun, skilríki og vaktstöður sjómanna, með áorðnum breytingum, (STCW-samþykktin) ([2]).

Hámarksvinnutími eða lágmarkshvíldartími ([3]): _____

Aðrar kröfur: _____

Stöðuheiti ([4])	Áætlaðar dagvinnustundir á sjó		Áætlaðar dagvinnustundir í höfn		Athugasemdir	*Heildarvinnutími/hvíldartími ([5])*	
	Vaktstaða (frá-til)	Vinna önnur en vaktstaða (frá-til) ([6])	Vaktstaða (frá-til))	Vinna önnur en vaktstaða (frá-til)		Á sjó	Í höfnum

Undirskrift skipstjóra: _____

([1]) Þau hugtök sem notuð eru í þessari fyrirmynd skulu vera bæði á vinnutungumáli eða –tungumálum skipsins og ensku.
([2]) Sjá útdrátt úr ILO-samningi nr. 180 og STCW-samþykktinni á næstu blaðsíðu.
([3]) Strikið út það sem ekki á við.
([4]) Stöðuheiti sem notuð eru í þessu skjali skulu vera hin sömu og þau sem notuð eru í öryggismönnunarskjali skipsins.
([5]) Nota má athugasemdadálkinn til að geta upp áætlaðan fjölda vinnutíma við ófyrirséða vinnu að því er varðar vaktmenn og *skal allur slíkur vinnutími meðtalinn í viðeigandi dálki yfir heildarvinnutíma.*

ÚTDRÁTTUR ÚR ILO-SAMNINGI Nr. 180 OG STCW-SAMÞYKKTINNI

ILO-samningur nr. 180

5. gr.

1. Takmarkanir á vinnutíma eða hvíldartíma skulu vera sem hér segir: a) hámarksvinnutími skal ekki vera lengri en i) 14 klukkustundir á hverjum sólarhring; og ii) 72 klukkustundir á hverju sjö daga tímabili, eða b) lágmarkshvíldartími skal ekki vera styttri en i) 10 klukkustundir á hverjum sólarhring, og ii) 77 klukkustundir á hverju sjö daga tímabili.

2. Hvíldartíma má ekki skipta upp í fleiri en tvo hluta og skal annar hvor hluti hvíldartímans vera að minnsta kosti sex klukkustundir og ekki skulu líða meira en 14 klukkustundir á milli tveggja hvíldartíma.

6. Ekkert í 1. og 2. mgr. skal koma í veg fyrir að í þáttökuríkjunum séu í gildi innlend lög, reglur eða ráðstafanir sem gera lögbæru yfirvaldi kleift að heimila eða skrá kjarasamninga sem veita undanþágur frá þeim takmörkunum sem settar eru. Slíkar undanþágur skulu fylgja reglum eins og mögulegt er en geta tekið mið af fleiri eða lengri frítum eða veitt sjómönnum sem vinna á vöktum eða um borð í skipum sem eru í stuttum ferðum uppbótarfrí.

7. gr.

1. Ekkert í þessum samningi skal koma í veg fyrir að skipstjóri geti krafist þess að sjómaður vinni þá tíma sem nauðsynlegir eru vegna öryggis skipsins, skipverja um borð eða farms eða til að veita aðstoð öðrum skipum eða skipverjum í nauð á hafi úti.

3. Eftir að eðlilegu ástandi hefur verið komið á skal skipstjóri tryggja, eins fljótt og auðið er, að sjómenn sem hafa sinnt störfum í fyrirfram ákveðnum hvíldartíma sínum, fái fullnægjandi hvíld.

STCW-samþykktin

Þáttur A-VIII/1 í STCW-reglunum (lögboðinn)

1. Öllum, sem ætlað er að standa vaktir, yfirmönnum sem undirmönnum, skal tryggja að minnsta kosti 10 klukkustunda hvíld á hverjum sólarhring.

2. Hvíldartíma má ekki skipta upp í meira en tvo hluta og skal annar hvor hluti hvíldartímans vera að minnsta kosti sex klukkustundir.

3. Víkja má frá skilyrðum sem krafist er í 1. og 2. tölulið um hvíldartíma í neyðartilvikum eða á æfingum eða ef það er afar brýnt vegna starfsemi skipsins.

4. Þrátt fyrir skilyrði sem um getur í 1. og 2. tölulið má stytta 10 klukkustunda lágmarkshvíldartíma, en þó ekki í fleiri en sex samfellidar klukkustundir, svo fremi að slík stytting standi ekki lengur en í tvo sólarhringa og að tryggð sé að minnsta kosti 70 klukkustunda hvíld á hverju sjö sólarhringa tímabili.

5. Stjórnvöld skulu krefjast þess að ástæður um vaktir séu settar upp þar sem auðvelt er að komast að þeim.

Þáttur B-VIII/1 í STCW-reglunum (leiðbeinandi)

3. Við beitingu reglugerðar VIII/1 skal tillit tekið til eftirfarandi:

   I. reglur sem hafa verið settar til að koma í veg fyrir þreytu eiga að tryggja að heildarvinnutími sé ekki óhóflega langur eða fjöldi vinnustunda ósanngjarn. Sérstaklega er skylt að túlka ekki þann tíma sem er ætlaður til lágmarkshvíldar þannig að alla aðra tíma sólarhringsins megi nota til vakta eða annarra skyldustarfa;

   2. að tíðni og lengd orlofa ásamt því að veita áunnið leyfi skipta mjög miklu máli við að koma í veg fyrir að þreyta safnist upp á ákveðnu tímabili;

   3. reglurnar geta verið breytilegar fyrir skip sem eru í styttri siglingum með því skilyrði að sérstakar öryggisráðstafanir séu gerðar.

II. VIÐAUKI

FYRIRMYND AÐ SKRÁ YFIR VINNUTÍMA OG HVÍLDARTÍMA SJÓMANNA (1)

Nafn skips: _____ ***IMO númer (ef til er):*** _____ **Fáni skips:** _____

Sjómaður (fullt nafn): _____ **Starfsheiti:** _____

Mánuður og ár: _____ **Vaktmaður (2):** já ☐ nei ☐

Skrá yfir vinnutíma/hvíldartíma(3)

Vinnutími og hvíldartími skal merktur með „X" eða með samfelldu striki eða ör.

FYLLIÐ ÚT TÖFLUNA Á BAKSÍÐUNNI

Eftirfarandi landslög, reglur og/eða kjarasamningar um takmarkanir á vinnutíma eða lágmarkshvíldartíma gilda um þetta skip:

Undirritaður viðurkennir að þessi skrá gefur rétta mynd af vinnutíma eða hvíldartíma viðkomandi sjómanns.

Nafn skipstjóra eða þess einstaklings sem skipstjóri veitir umboð til að undirrita þessa skrá: _____

Undirskrift skipstjóra eða einstaklings með umboð: _____ **Undirskrift sjómanns:** _____

Sjómanninum skal fá afrit af þessari skrá.

Þetta eyðublað er skoðað og áritað í samræmi við málsmeðferð sem ákvörðuð er af

_____ **(nafn lögbærs yfirvalds)**

(1) Þau hugtök sem notuð eru í þessari fyrirmynd skulu vera bæði á vinnutungumáli eða –tungumálum skipsins og ensku.
(2) Merkið það sem við á.
(3) Strikið út það sem ekki á við.

| Vinsamlegast merkið vinnutíma eða hvíldartíma með X eða notið samfellt strik eða ör | | |

714. Svar [358. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um einbreiðar brýr.

1. *Hvaða einbreiðu brýr hafa verið breikkaðar ár hvert frá 1998 og hver hefur heildarkostnaðurinn verið á ári á núgildandi verðlagi?*

Hér á eftir er yfirlit yfir einbreiðar brýr sem hafa verið aflagðar eða rifnar og í stað þeirra komið brýr með tveimur akreinum eða sett stálræsi í viðkomandi vatnsfall. Fjárveitingar eru af ýmsum toga, nýframkvæmdir vega, sérstakar fjárveitingar til breikkunar eða endurnýjunar brúa, fjárveitingar til smábrúa og viðhaldsfjárveitingar, þar sem hagkvæmara hefur þótt að endurnýja brýr en gera við. Þá hefur fjárveiting til öryggisaðgerða að hluta til verið notuð í þessu skyni.

Kostnaðartölur eru ekki nákvæmar, sérstaklega þar sem einbreiðar brýr eru endurnýjaðar með stálrörum og eru hluti af nýbyggingu vega.

Á árinu 1998 voru eftirtaldar 27 brýr endurnýjaðar eða breikkaðar:

Vegur	Kafli	Vegheiti	Brúarheiti
1	b6	Hringvegur	Bakkakotsá
1	b7	Hringvegur	Holtsá undir Eyjafjöllum
1	b7	Hringvegur	Svaðbælisá
1	s6	Hringvegur	Víðidalsá hjá Ármótaseli
1	u5	Hringvegur	Fossá í Berufirði
1	v9	Hringvegur	Brunnhólsá
1	v9	Hringvegur	Lambleiksstaðakíll
1	y1	Hringvegur	Gígjukvísl
37	04	Laugarvatnsvegur	Andalækur
54	06	Snæfellsnesvegur	Laxá í Miklholtshreppi
54	15	Snæfellsnesvegur	Berserkseyrará
61	07	Djúpvegur	Ennisá
61	29	Djúpvegur	Hjarðardalsá
62	02	Barðastrandarvegur	Vaðalsá
62	03	Barðastrandarvegur	Arnarbýlisá
62	03	Barðastrandarvegur	Hagaá
76	07	Siglufjarðarvegur	Hrolleifsdalsá
96	07	Suðurfjarðavegur	Selá
268	03	Þingskálavegur	Hraunteigslækur
272	01	Bjallavegur	Bjallalækur
286	01	Hagabraut	Steinslækur í Holtum
574	01	Útnesvegur	Hamraendalækur
643	06	Strandavegur	Kleifá (Kleifaá)
643	06	Strandavegur	Seljá
923	01	Jökuldalsvegur	Hnjúksá á Jökuldal
2530	01	Skeggjastaðavegur	Skurður við Skeggjastaði
9367	01	Tunguhagavegur	Tunguhagalækur

Heildarkostnaður vegna breikkana og endurbyggingar brúa og ræsa í stað einbreiðra brúa árið 1998 er áætlaður um 670 m.kr. Stærsta einstaka verkefnið á árinu 1998 var endurbygging brúar á Gígjukvísl á Skeiðarársandi og nam kostnaður við það um 415 m.kr.

Á árinu 1999 voru eftirtaldar 17 brýr endurnýjaðar eða breikkaðar:

Vegur	Kafli	Vegheiti	Brúarheiti
1	b4	Hringvegur	Deildará
1	b5	Hringvegur	Hólsá á Sólheimasandi
1	b6	Hringvegur	Kaldaklifsá
1	v0	Hringvegur	Þvottá
1	v2	Hringvegur	Víkurá
50	03	Borgarfjarðarbraut	Geirsá
50	03	Borgarfjarðarbraut	Flókadalsá
54	11	Snæfellsnesvegur	Búlandsgil
54	11	Snæfellsnesvegur	Tunguós
60	43	Vestfjarðavegur	Gemlufallsá
61	21	Djúpvegur	Ósá
62	01	Barðastrandarvegur	Þverá í Vatnsfirði
92	07	Norðfjarðarvegur	Eskifjarðará
643	05	Strandavegur	Fossá
643	06	Strandavegur	Húsaá I
643	06	Strandavegur	Kraká
748	01	Reykjastrandarvegur	Fagranesá

Heildarkostnaður vegna breikkana og endurbyggingar brúa og ræsa í stað einbreiðra brúa árið 1999 er áætlaður um 200 m.kr.

Á árinu 2000 voru eftirtaldar 29 brýr endurnýjaðar eða breikkaðar:

Vegur	Kafli	Vegheiti	Brúarheiti
1	a4	Hringvegur	Hörgsá
1	b2	Hringvegur	Kerlingardalsá
1	b4	Hringvegur	Hvammsá í Mýrdal
1	b6	Hringvegur	Skógá
1	k6	Hringvegur	Víðidalsá
1	q8	Hringvegur	Seljadalsá
1	s7	Hringvegur	Fremsta-Rjúkandi
1	s7	Hringvegur	Garðá hjá Skjöldólfsstöðum
1	s7	Hringvegur	Sauðá
1	s8	Hringvegur	Staðará á Jökuldal
1	t5	Hringvegur	Víná
1	t7	Hringvegur	Forviðará
50	03	Borgarfjarðarbraut	Grímsá
54	09	Snæfellsnesvegur	Bjarnafossgil
54	09	Snæfellsnesvegur	Hraunhafnará
60	02	Vestfjarðavegur	Austurá
60	31	Vestfjarðavegur	Þverá í Vattarfirði
61	26	Djúpvegur	Álftagrófará
61	26	Djúpvegur	Gervidalsá
74	02	Skagastrandarvegur	Hafursstaðaá
74	02	Skagastrandarvegur	Hallá
74	02	Skagastrandarvegur	Hrafná
76	04	Siglufjarðarvegur	Grafará
83	02	Grenivíkurvegur	Fnjóská hjá Laufási
85	13	Norðausturvegur	Stórilækur
507	01	Mófellsstaðavegur	Hreppsgil
360	03	Grafningsvegur efri	Torfdalslækur
2420	01	Skógavegur	Kverná hjá Skógum
5784	01	Stóra-Langadalsvegur	Skurður hjá Stóra-Langadal

Heildarkostnaður vegna breikkana og endurbyggingar brúa og ræsa í stað einbreiðra brúa árið 2000 er áætlaður um 580 m.kr. Stærstu einstöku verkefnin á árinu 2000 voru endurbygging brúa á Fnjóská hjá Laufási og Grímsá í Borgarfirði, en kostnaður við þau nam um 240 m.kr. Við opnun á nýrri leið yfir Möðrudalsöræfi, Hárekssstaðaleið, lögðust af 3 einbreiðar brýr á Hringvegi en þær munu áfram gegna hlutverki á landsvegi að sumri til og eru því ekki taldar með hér.

2. *Hvaða einbreiðu brýr verða breikkaðar á tímabili gildandi vegáætlunar og hver verður heildarkostnaður ár hvert á núgildandi verðlagi?*

Á árunum 2001–2004, eða til loka núgildandi vegáætlunar, er gert ráð fyrir að eftirtaldar 56 einbreiðar brýr verði endurnýjaðar eða vegum breytt.

Vegur	Kafli	Vegheiti	Brúarheiti
1	a2	Hringvegur	Djúpá í Fljótshverfi
1	a2	Hringvegur	Laxá í Fljótshverfi
1	a2	Hringvegur	Brúará í Fljótshverfi
1	a6	Hringvegur	Skaftá
1	b5	Hringvegur	Klifandi
1	c0	Hringvegur	Þverá
1	c8	Hringvegur	Þjórsá
1	h4	Hringvegur	Norðurá í Heiðarsporði
1	k1	Hringvegur	Síká
1	k8	Hringvegur	Gljúfurá
1	k8	Hringvegur	Vatnsdalsá
1	q6	Hringvegur	Hrúteyjarkvísl
1	q8	Hringvegur	Reykjadalsá
1	s1	Hringvegur	Víðidalsá í Víðidal
1	s2	Hringvegur	Skarðsá á Fjöllum
1	s4	Hringvegur	Langadalsá
1	u5	Hringvegur	Berufjarðará
1	x0	Hringvegur	Hólmsá á Mýrum
1	x0	Hringvegur	Smyrlabjargaá
1	x1	Hringvegur	Uppsalaá
32	01	Þjórsárdalsvegur	Kálfá
35	04	Biskupstungnabraut	Brúará
35	08	Hringvegur	Laugaá
37	03	Laugarvatnsvegur	Brúará
54	15	Snæfellsnesvegur	Hrafná
54	15	Snæfellsnesvegur	Slýá
54	02	Snæfellsnesvegur	Langá á Mýrum
54	02	Snæfellsnesvegur	Urriðaá
54	03	Snæfellsnesvegur	Hítará
54	04	Snæfellsnesvegur	Kaldá
54	05	Snæfellsnesvegur	Núpá
54	08	Snæfellsnesvegur	Staðará
60	01	Vestfjarðavegur	Skútagil
60	01	Vestfjarðavegur	Bjarnardalsá
60	01	Vestfjarðavegur	Miðdalsgil
61	26	Djúpvegur	Múlaá
61	26	Djúpvegur	Ísafjarðará
61	31	Djúpvegur	Hvalskurðarós
61	33	Djúpvegur	Rjúkandi

Vegur	Kafli	Vegheiti	Brúarheiti
61	45	Djúpvegur	Ósá í Bolungarvík
76	04	Siglufjarðarvegur	Hofsá
85	03	Norðausturvegur	Laxá í Aðaldal
85	24	Norðausturvegur	Svalbarðsá
85	43	Norðausturvegur	Hölkná
85	44	Norðausturvegur	Langadalsá
92	10	Norðfjarðarvegur	Norðfjarðará
93	01	Seyðisfjarðarvegur	Eyvindará
408	01	Heiðmerkurvegur	Elliðavatnsós
744	02	Þverárfjallsvegur	Laxá á Þverárfjallsvegi
806	01	Tunguvegur	Svarfaðardalsá
807	01	Skíðadalsvegur	Hofsá
807	01	Skíðadalsvegur	Skíðadalsá
917	01	Hlíðarvegur	Laxá hjá Fossvöllum
931	04	Upphéraðsvegur	Hengifossá
931	04	Upphéraðsvegur	Kvísl úr Bessastaðaá
931	04	Upphéraðsvegur	Bessastaðaá
931	05	Upphéraðsvegur	Gilsá

Áætlaður kostnaður við endurbyggingu og/eða breikkun einbreiðra brúa er eftirfarandi:

Árið	2001	1.000 m.kr.
Árið	2002	700 m.kr.
Árið	2003	400 m.kr.
Árið	2004	350 m.kr.

Kostnaðartölur eru ekki nákvæmar, sérstaklega þar sem brýr eru endurnýjaðar með stálrörum eða eru hluti af nýbyggingu vega.

Brýr sem taldar eru hér að framan eru fjármagnaðar af nýbyggingum brúa og vega. Ekki liggja enn fyrir viðhaldsáætlanir eða áætlanir um smábrýr fyrir tímabilið. Búast má því við að listinn lengist nokkuð í raun.

3. *Hvað má áætla að margar einbreiðar brýr, þar sem umferð er meiri en 400 bílar á dag, verði enn í notkun að loknu gildandi vegáætlunartímabili?*

Að loknu tímabili núgildandi vegáætlunar er gert ráð fyrir að í notkun verði 15 brýr, þar sem ársdagsumferð er meiri en 400 bílar á dag.

715. Svar [403. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um íslenska búninga.

1. *Hefur samgönguráðuneytið eða nefnd á þess vegum ályktað um íslenska búninga og gildi þeirra í ferðaþjónustu?*
2. *Ef svo er, hver er afrakstur þeirrar vinnu?*

Ekki hefur verið ályktað sérstaklega um íslenska búninga og gildi þeirra í ferðaþjónustu.

Í byrjun árs 2000 skipaði samgönguráðherra nefnd til að fjalla um menningartengda ferðaþjónustu og gera tillögur um aðgerðir sem styrkt gætu þennan vaxandi þátt greinarinnar.

Formaður nefndarinnar er Tómas Ingi Olrich alþingismaður.

Nefndin hefur ekki lokið störfum en íslenski þjóðbúningurinn er meðal fjölmargra mála sem hún hefur fjallað um enda hefur áhugi almennings á að fræðast um og eignast þjóðbúninga aukist mjög verulega að undanförnu.

Þessi áhugi kemur m.a fram í því að eftirspurn eftir námskeiðum í þjóðbúningasaumi hjá Heimilisiðnaðarskólanum hefur margfaldast. Því hefur verið áhugi á því að starfsfólk á helstu viðkomustöðum ferðamanna noti búningana meira en nú er.

Á fund nefndarinnar hafa eftirtaldir sérfræðingar um þjóðbúninga komið og veitt upplýsingar um stöðu þeirra og nýtingarmöguleika:

Elsa E.Guðjónsson, textíl- og búningafræðingur.

Ásdís Birgisdóttir, textílhönnuður og ritari Heimilisiðnaðarfélags Íslands.

Oddný Kristjánsdóttir, klæðskeri og kennari í þjóðbúningasaumi við Heimilisiðnaðarskólann.

Sigrún Helgadóttir, líffræðingur og kennari, en hún er í skólanefnd Heimilisiðnaðarskólans.

Þegar nefnd um menningartengda ferðaþjónustu hefur skilað tillögum sínum til samgönguráðherra munu þær kynntar á Alþingi enda margir sem koma að framkvæmd svo viðamikils verkefnis.

716. Frumvarp til laga [448. mál]

um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum (rekstrarumgjörð).

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þó mega hlutafélög, sem stofnuð verða skv. XII. kafla laganna, halda orðinu kaupfélagi óstyttu í nafni sínu.

2. gr.

Lokamálsliður 1. mgr. 25. gr. laganna orðast svo: Upplýsingaskyldan á einnig við um samband félagsins við félög sem það er eigandi að með þeim hætti að það getur haft úrslitaáhrif á töku ákvarðana í þeim.

3. gr.

Við 38. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Samvinnufélögum er með ákvörðun félagsfundar heimilt að hækka séreignarhluti félagsaðila í A-deild stofnsjóðs félagsins á þann hátt að yfirfæra fjárhæðir sem eftir standa þegar félagið hefur ráðstafað hagnaði í samræmi við ákvæði 54. gr., um tillög í varasjóði og aðra sjóði samkvæmt samþykktum félagsins, eða fjárhæðir sem komið hafa fram vegna færslna í endurmatsreikning samkvæmt lögum um ársreikninga. Tillaga um hækkun þarf samþykki ⅔ hluta greiddra atkvæða á félagsfundi. Sé tillagan samþykkt á félagsfundi skal boða hlutahafa í B-deild félagsins á fund til að fjalla um tillöguna. Hluthafar sem ráða yfir meiri hluta atkvæða í B-deild geta þar hafnað ákvörðun félagsfundar í A-deild. Ákvörðunin skal jafnframt uppfylla frekari fyrirmæli samþykkta félagsins um breytingar á samþykktum þess. Heimilt er að ákveða í samþykktum að hækkun á séreignarhlutum skuli afhent félagsmönnum

með samvinnuhlutabréfum í B-deild stofnsjóðs félagsins. Við hækkun á séreignarhlutum A- og B-deildar skal gætt ákvæða um fjárhæð varasjóðs.

Við ákvörðun um hækkun og afhendingu hluta í B-deild skal jafnframt kveða á um hvert skuli vera skiptahlutfall á hlutum í A-deild stofnsjóðs og hlutum í B-deild. Jafnframt skal kveðið á um hvernig innbyrðis skiptingu hækkunar milli félagsaðila í A-deild stofnsjóðs skuli háttað, þ.e. að hvaða marki skiptingin fylgi hlutfallsskiptingu og þróun stofnsjóðseignar eða skiptist með öðrum hætti.

Ákvæði 7. mgr. 61. gr. og 2. og 3. mgr. 61. gr. a gilda um ákvörðun samkvæmt þessari grein.

Heimilt er að ákveða í samþykktum að útborgun á séreignarhlutum skv. 1.–3. mgr. skuli afhent félagsmönnum með samvinnuhlutabréfum í B-deild stofnsjóðs félagsins eða skuldabréfum. Tilgreina skal í samþykktunum frá hvaða tímamörkum slík ákvæði geti fyrst komið til framkvæmda.

4. gr.

52. gr. laganna orðast svo:

Félagsfundur getur samkvæmt tillögu stjórnar ákveðið með ⅔ hlutum greiddra atkvæða að lækka A-deild og/eða B-deild stofnsjóðs félagsins. Ef félagsfundur samþykkir slíka tillögu skal boða hluthafa í B-deild félagsins á fund til að fjalla um tillöguna. Hluthafar sem ráða yfir meiri hluta atkvæða í B-deild geta þar hafnað ákvörðun félagsfundar í A-deild. Í fundarboði fyrir félagsfund eða fund hluthafa í B-deild skal m.a. greina frá ástæðum lækkunarinnar og hvernig hún á að fara fram. Í ákvörðuninni skal taka fram þá fjárhæð, sem lækka skal stofnsjóðinn um, ásamt upplýsingum um hvernig skuli ráðstafa lækkunarfénu en því má ráðstafa þannig:

1. Til jöfnunar taps sem verður ekki jafnað á annan hátt. Eigi má þó lækka B-deild stofnsjóðs til jöfnunar taps fyrr en A-deild stofnsjóðs er tæmd.
2. Til greiðslu til félagsmanna.
3. Til greiðslu til hluthafa í B-deild stofnsjóðs.
4. Til afskriftar á greiðsluskyldu í stofnsjóði félagsins.

Ef ráðstafa á lækkunarfjárhæðinni að nokkru eða öllu leyti í þeim tilgangi er greinir í 2., 3. og 4. tölul. 1. mgr. skal birta tvisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til kröfuhafa félagsins um að tilkynna kröfur sínar til félagsstjórnar innan tveggja mánaða frá fyrstu birtingu áskorunarinnar. Óheimilt er að framkvæma lækkun fyrr en lýstar kröfur hafa verið greiddar eða fullnægjandi tryggingar settar. Rísi ágreiningur milli félags og kröfuhafa um það hvort framboðin trygging sé nægileg geta hlutaðeigandi, innan tveggja vikna frá því að tryggingin er boðin fram, lagt málið fyrir héraðsdóm á heimilisvarnarþingi félagsins. Með tilkynningunni um lækkun skal, auk nauðsynlegra sönnunargagna, fylgja yfirlýsing, undirrituð af stjórn félags og endurskoðendum, um að skuldir félagsins séu því ekki til fyrirstöðu að lækkunin geti farið fram.

Sanni félag að það eigi fyrir skuldum er ráðherra heimilt að veita því undanþágu frá innköllunarskyldu skv. 2. mgr. ef ljóst þykir að kröfuhafar félagsins bíði ekki tjón af því.

Eftir lækkunina skulu vera fyrir hendi eignir er svara a.m.k. til stofnsjóðs félagsins og lögmæltra varasjóða.

Ef ráðstafa á allri lækkunarfjárhæðinni til jöfnunar á tapi skal strax tilkynnt til samvinnufélagaskrár að lækkun hafi farið fram. Tilkynning um lækkun, ef ráðstafa á lækkunarfjárhæðinni að nokkru leyti eða öllu skv. 2., 3. og 4. tölul. 1. mgr., skal berast samvinnufélagaskrá innan árs frá því ákvörðun var tekin, ella fellur hún úr gildi.

5. gr.

Á undan 61. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (61. gr.)

Að tillögu félagsstjórnar getur félagsfundur með ⅔ hlutum greiddra atkvæða samþykkt að breyta samvinnufélagi í hlutafélag. Boða skal til fundarins með minnst tveggja vikna fyrirvara og viku fyrir félagsfund skulu tillaga, áætlun um breytingu og fylgiskjöl liggja frammi á skrifstofu félagsins og send sérhverjum félagsmanni sem þess óskar.

Þegar stjórn hefur samþykkt tillögu um breytinguna er óheimilt að veita nýjum félagsmönnum inngöngu í félagið og að greiða úr stofnsjóði til félagsmanna frá dagsetningu tillögunnar þar til hlutafélagið hefur verið skráð eða tillaga felld. Félagsfund skal halda innan mánaðar frá því að stjórn hefur tekið ákvörðun.

Á fundinum skal lögð fram áætlun um breytingu samvinnufélags. Í áætluninni skal koma skýrlega fram hvort hlutafélagið skuli hafa einhver einkenni samvinnufélags að því er varðar rétt manna til inngöngu, atkvæðisrétt, arðgreiðslur og tengsl þeirra við viðskiptaþátttöku félagsmanns í félaginu, skilgreiningu á tilgangi og viðskiptaþátttöku í félaginu, rétt sem fylgi búsetu á félagssvæði eða öðrum skilgreiningum, réttindi við slit o.fl. Í áætluninni skal ávallt fjallað um neðangreind atriði:

a. Greinargerð stjórnar þar sem gerð er grein fyrir röksemdum og ástæðum fyrir breytingu á rekstrarformi.
b. Við hvaða tímamark skuli miða stofnun hlutafélagsins og slit samvinnufélagsins en það tímamark skal ekki vera síðar en mánuði eftir samþykki tillögu.
c. Fjárhæð hlutafjár sem verði gagngjald fyrir endurmetinn stofnsjóð A-deildar og samvinnuhlutabréf B-deildar og reglu um skiptingu þess á milli félagsmanna.
d. Hvort í félaginu skuli vera mismunandi flokkar hlutafjár.
e. Hvort eða hversu mikill atkvæðisréttur skuli fylgja hlutum í hverjum flokki og jafnframt hvort önnur réttindi, svo sem réttur til arðgreiðslna eða úthlutun eigna við slit, skuli vera mismunandi á milli flokka eða ekki.
f. Hvort einhverjir félagsmenn njóti sérstakra réttinda í hlutafélaginu.
g. Reglur um hækkun séreignarhluta félagsaðila í A-deild stofnsjóðs, sbr. 38. gr.
h. Hvenær hlutabréf skuli afhent í skiptum fyrir stofnsjóðsinneign eða samvinnuhlutabréf.
i. Hvort einhverjir stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og fulltrúanefndarmenn, matsmenn eða eftirlitsaðilar njóti einhverra réttinda í hlutafélaginu.

Staðfest félagaskrá félagsins þar sem séreignarhlutur hvers félagsmanns er skilgreindur, drög að samþykktum hlutafélagsins í samræmi við lög um hlutafélög og sérfræðiskýrsla ásamt gögnum skulu einnig fylgja áætluninni sem fylgiskjöl.

Hafi verið gefin út samvinnuhlutabréf í félaginu sem ætlunin er að breyta í hlutafélag skal á fundinum enn fremur tekin afstaða til eftirfarandi:

a. Réttinda hluthafa í B-deild félagsins í hinu nýja hlutafélagi.
b. Hvernig hlutafé hins nýja félags skal skiptast á milli félagsmanna í A- deild og hluthafa í B-deild.

Ef félagsfundur samþykkir tillögu um breytingu skulu eigendur hluta í B-deild stofnsjóðs boðaðir til sérstaks fundar til ákvörðunar um tillöguna. Hluthafar sem ráða yfir meiri hluta atkvæða í B-deild geta þar hafnað ákvörðun félagsfundar í A-deild.

Gerð skal sérfræðiskýrsla skv. 6. og 7. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, þar sem fram kemur mat á fjárhæð hlutafjár samkvæmt áætluninni og eftir atvikum rökstutt álit á því hvort hækkun séreignarhluta félagsaðila í A-deild stofnsjóðs félagsins og skiptahlutfall á milli fé-

lagsmanna og hluthafa sé eðlilegt og sanngjarnt, svo og innbyrðis milli félaganna. Þegar skiptahlutfall milli A-deildar og B-deildar er metið skal taka mið af þeim réttindum, sem aðilar hafa í samvinnufélagi, og hvaða réttindi þeir fá í hinu nýstofnaða hlutafélagi. Sérfræðiskýrslunni skulu fylgja ársreikningar félagsins fyrir síðustu tvö reikningsár, efnahags- og rekstrarreikningur fyrir liðinn hluta yfirstandandi reikningsárs og að auki upphafsefnahagsreikningur hins nýja félags. Um hæfi og störf sérfræðinganna gilda að öðru leyti ákvæði laga um hlutafélög.

b. (61. gr. a)

Ef félagsmenn gera grein fyrir því á félagsfundi, áður en gengið er til atkvæða um tillögu, að þeir vilji ekki gerast hluthafar í hinu nýja hlutafélagi, og ef þeir greiða atkvæði gegn tillögunni, geta þeir krafist þess að greidd verði út fjárhæð séreignarhlutar í stofnsjóði félagsins eins og hann stendur fyrir breytinguna.

Hluthafar í B-deild félags, er greitt hafa atkvæði gegn breytingartillögu, eiga kröfu á því að hlutabréf þeirra verði innleyst ef skrifleg krafa er gerð um það innan mánaðar frá því að fundurinn var haldinn. Ef þess hefur verið farið á leit við hluthafa fyrir atkvæðagreiðslu að þeir sem nota vilja innlausnarréttinn gæfu til kynna vilja sinn í því efni er innlausnarrétturinn bundinn því skilyrði að hlutaðeigendur hafi gefið yfirlýsingu þar um á fundinum. Félagið skal kaupa hlutina af þeim á verði sem svarar til verðmætis hlutanna. Sé ekki um samkomulag að ræða skal verðið ákveðið af matsmönnum, dómkvöddum á heimilisvarnarþingi félagsins. Hvor aðili um sig getur borið ákvörðun matsmanna undir dómstóla. Mál verður að höfða innan þriggja mánaða frá því að mat hefur farið fram.

Félagsmenn og hluthafar í B-deild stofnsjóðs geta krafist skaðabóta af viðkomandi félagi ef þeir hafa gert fyrirvara um það á fundi sem fjallar um breytingartillöguna enda sé skiptahlutfall á milli félagsmanna og hluthafa hvorki sanngjarnt né efnislega rökstutt.

c. (61. gr. b)

Samvinnufélagi telst slitið og hlutafélagið stofnað þegar öll neðangreind skilyrði eru uppfyllt:

a. Breytingaráætlun hefur verið samþykkt.
b. Ný stjórn og endurskoðendur hafa verið kjörnir fyrir hið nýja félag nema ráð sé fyrir því gert í áætluninni að sömu aðilar og áður skipi þessar trúnaðarstöður til næsta aðalfundar.
c. Kröfur skv. 61. gr. a hafa verið útkljáðar eða fullnægjandi trygging sett fyrir þeim.

Við breytingu á samvinnufélagi í hlutafélag renna öll réttindi samvinnufélagsins og skyldur til hlutafélagsins.

Tilkynna skal samvinnufélagaskrá um félagsslitin og hlutafélagaskrá um stofnun hlutafélags innan mánaðar frá því að framangreind skilyrði eru uppfyllt.

6. gr.

Við 61. gr. laganna, sem verður 62. gr. a, bætist nýr töluliður sem orðast svo: Ef endurskoðaðir og samþykktir ársreikningar hafa ekki verið sendir samvinnufélagaskrá fyrir þrjú síðustu reikningsár, sbr. þó ákvæði laga um ársreikninga um skil á ársreikningum.

7. gr.

62. gr. laganna verður 62. gr. b.

8. gr.

Fyrirsögn XII. kafla laganna verður: **Breyting á rekstrarformi samvinnufélaga og slit samvinnufélaga.**

9. gr.

Svohljóðandi breytingar verða í lögunum á tilvísunum í endurskoðendur og skoðunarmenn, sbr. lög um endurskoðendur:

a. Í stað orðanna „löggilts endurskoðanda“ í 2. tölul. 2. mgr. 2. gr. a í lögunum kemur: endurskoðanda.
b. Í stað orðanna „varastjórnarmanna og skoðunarmanna (endurskoðenda)“ í 4. tölul. 5. gr. laganna kemur: varastjórnarmanna, endurskoðenda og skoðunarmanna.
c. Í stað orðanna „skoðunarmanna, endurskoðanda“ í 4. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: endurskoðenda, skoðunarmanna.
d. Í stað orðanna „stjórnar og skoðunarmanna (endurskoðanda)“ í c-lið 2. mgr. 21. gr. kemur: stjórnar, endurskoðenda og skoðunarmanna.
e. Í stað orðanna „stjórnar og skoðunarmanna“ í d-lið 2. mgr. 21. gr. laganna kemur: stjórnar, endurskoðenda og skoðunarmanna.
f. Í stað orðanna „stjórnarmanna og skoðunarmanna“ í 1. mgr. 35. gr. laganna kemur: stjórnarmanna, endurskoðenda og skoðunarmanna.
g. Í stað orðanna „löggilts endurskoðanda“ í 1. mgr. 47. gr. laganna kemur: endurskoðanda.
h. Í stað orðanna „skoðunarmönnum og endurskoðanda“ í 1. mgr. 55. gr. laganna kemur: endurskoðendum og skoðunarmönnum, og í stað orðanna „löggiltur endurskoðandi“ í sömu málsgrein kemur: endurskoðandi.
i. Í stað orðanna „löggilts endurskoðanda“ í 2. mgr. 62. gr. laganna, sem verður 62. gr. b, kemur: endurskoðanda.
j. Í stað orðanna „löggiltur endurskoðandi“ í 4. mgr. 62. gr. laganna, sem verður 62. gr. b, kemur: endurskoðandi.
k. Í stað orðanna „skoðunarmenn og endurskoðandi“ í 1. mgr. 74. gr. laganna kemur: endurskoðendur og skoðunarmenn.
l. Í stað orðanna „skoðunarmönnum og endurskoðanda“ í c-lið 1. mgr. 76. gr. laganna kemur: endurskoðendum og skoðunarmönnum.
m. Í stað orðanna „skoðunarmenn, endurskoðandi“ í 77. gr. laganna kemur: endurskoðendur, skoðunarmenn.

10. gr.

Svohljóðandi breytingar verða á millivísunum í einstökum greinum laganna:

a. Í 56. gr. laganna: „92. gr.“ verður: 70. gr.
b. Í 57. gr. laganna: „87. gr.“ verður: 65. gr.
c. Í 59. gr. laganna: „78. gr. og 79. gr.“ verður: 56. og 57. gr.
d. Í 62. gr. laganna sem verður 62. gr. b: „83. gr.“ verður: 62. gr. a.
e. Í 64. gr. laganna: „83. gr.“ verður: 62. gr. a.
f. Í 65. gr. laganna: „86. gr.“ verður: 64. gr.
g. Í 67. gr. laganna: „86. gr.“ verður: 64. gr.
h. Í 69. gr. laganna: „89. gr.“ verður: 67. gr.
i. Í 70. gr. laganna: „93. gr.“ verður: 71. gr.
j. Í 75. gr. laganna: „96. gr.“ verður: 74. gr.
k. Í 76. gr. laganna: „97. gr.“ verður: 75. gr.
l. Í 79. gr. laganna: „100. gr.“ verður: 78. gr.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sértækt endurmat.

Samvinnufélagi er heimilt að endurmeta séreignarhluti félagsaðila í A-deild stofnsjóðs þess fyrir árslok 2003. Endurmat þetta skal byggt á verðmæti hreinnar eignar félags í árslok 1996, samkvæmt lögum um ársreikninga, að teknu tilliti til opinberra gjalda, sem tengd eru því ári, og varasjóðs eða fjárfestingarsjóðs sem myndaður hefur verið samkvæmt eldri skattalögum og ekki verið leystur upp og tekjufærður fyrir þann tíma. Ákvæði 7. mgr. 61. gr. gildir um innbyrðis skiptingu félagsmanna.

Ákvæði 4.–6. mgr. 38. gr. gilda um ákvörðun samkvæmt þessari grein.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á vettvangi samvinnufélaga hefur að undanförnu farið fram mikil umræða um skipulagsþróun og framtíðarhæfni samvinnufélaganna. Þróun byggðar og atvinnurekstrar hefur sniðið samvinnufélögum þrengri stakk en áður og heimildir núgildandi laga til að afla fjármagns á markaði með útgáfu B-deildarhluta hefur ekki reynst samvinnufélögunum eins og ætlunin var. Nokkur samvinnufélög hafa þegar ákveðið að stofna hlutafélög um einstaka þætti í rekstri sínum til að bregðast við breyttum aðstæðum. Hafa Vinnumálasambandið og Samband íslenskra samvinnufélaga brýst á það við stjórnvöld að þau taki lög um samvinnufélög til endurskoðunar með það í huga að færa samvinnufélögum auknar heimildir til þess að bregðast við þessum breyttu aðstæðum og auka samkeppnishæfni sína.

Í ljósi þessarar umræðu skipaði viðskiptaráðherra nefnd til að gera tillögur að breytingum á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, sem miðuðu að því að auka í lögum svigrúm til breytinga á rekstrarumgjörð samvinnufélaga. Nefndin var skipuð með bréfi, dags. 5. nóvember 1998. Í hana voru skipaðir Geir Geirsson, löggiltur endurskoðandi, Jóhannes Sigurðsson hæstaréttarlögmaður og Páll Gunnar Pálsson, þáverandi deildarstjóri viðskiptaráðuneytisins. Frumvarp þetta hefur að geyma tillögur nefndarinnar með nauðsynlegum breytingum vegna athugasemda fjármálaráðuneytisins, auk þess sem tækifærið hefur verið notað til að bæta við ákvæði um möguleika til slita á samvinnufélagi vegna vanskila á sendingu ársreikninga, leiðrétta millivísanir í lagagreinum og taka upp aðgreiningu laga um ársreikninga í endurskoðendur og skoðunarmenn.

Vissar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu frá því sem var á síðasta þingi svo sem nánar verður gerð grein fyrir. Nefna má í því sambandi að breytt er ákvæðum um samþykki eigenda hlutafjár í B-deild vegna ákvarðana um hækkun hlutafjár, lækkun hlutafjár og breytingu samvinnufélags í hlutafélag. Auk þess hefur af hálfu ráðuneytisins verið bætt við í 3. gr. frumvarpsins heimild til handa samvinnufélögum til að kveða á um í samþykktum að útborgun á séreignarhlutum samkvæmt 1.–3. mgr. 38. gr. laganna um samvinnufélög skuli afhent félagsmönnum með samvinnuhlutabréfum í B-deild stofnsjóðs félagsins eða skuldabréfum en á þetta gæti t.d. reynt ef félagsmaður hættir þátttöku vegna aldurs.

Kveðið er á um starfsemi samvinnufélaga með sérstökum lögum, nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum. Lögin fólu í sér endurskoðun á fyrri löggjöf um samvinnufélög sem var að stofni til frá árinu 1921. Nýju lögunum var ætlað að treysta starfsgrundvöll samvinnufélaga. Meðal annars var kveðið á um heimild til útgáfu og sölu á svokölluðum B-deildarhlutum en með þeirri heimild var ætlunin að laða að aukið fjármagn sem lyti sambærilegum lögmálum og eignarhlutur í hlutafélagi. Nokkur samvinnufélög hafa nýtt

sér þessa heimild en bréfin hafa ekki náð að vinna sér sess á markaði og hafa því ekki reynst samvinnufélögunum það tæki sem ætlunin var.

Einn vandi samvinnufélaga er að ekki hefur tekist að viðhalda eða byggja upp eigendavitund á meðal félagsmanna sem talin er nauðsynlegur bakhjarl í rekstri fyrirtækja. Stofnsjóðir samvinnufélaga hafa rýrnað þannig að varla er lengur um að ræða raunverulegt eða eiginlegt eigendafjármagn í þessum fyrirtækjum. Aðeins brot af eigin fé félaganna er beint tengt félagsmönnum og eigendavitund skortir því. Árið 1996 var eigið fé kaupfélaganna um 30% af eignum en stofnsjóður að jafnaði aðeins um 3% af eignunum. Af þessu leiðir að ekki er unnt að leggja viðskiptalegt mat á fyrirtækin, en það er forsenda skipulagsþróunar, m.a. samruna og sérgreiningar, og félagsaðilar hafa almennt ekki skýra og beina hagsmuni af arði eða batnandi afkomu fyrirtækjanna. Markmið frumvarpsins er að leita leiða til að ná fram sanngjarnri leiðréttingu á fjárhagslegri aðild félagsmanna að viðkomandi félagi. Eitt einkenna samvinnufélaga er eignaraðild félagsmanna og þátttaka í arðsemi félagsins í tengslum við viðskipti sem félagsmenn eiga við félagið. Fyrrgreind þróun hefur leitt til þess að hlutur þeirra hefur ekki vaxið í takt við eignir félagsins.

Til þess að bregðast við þessu hefur verið bent á að nauðsynlegt sé að auka heimildir samvinnufélaga til að gera breytingar á stofnsjóði til lækkunar eða hækkunar og jafnframt að gera þurfi breytingar á skattalögum til að gera þetta kleift, m.a. þannig að hækkun séreignarhluta félagsaðila teljist ekki til skattskyldra tekna. Með þessu er ekki litið svo á að verið sé að greiða félagsmönnum í samvinnufélögum eignir sem þeir eiga ekki tilkall til, enda félagsmenn einir sem í raun eiga tilkall til eigna félagsins samkvæmt núgildandi lögum. Enn fremur hefur verið bent á að eðlilegt sé að heimila samvinnufélögum að gera breytingar á rekstrarformi sínu og reka samvinnufélag í formi hlutafélags. Vakin hefur verið athygli á því í þessu sambandi að víða um lönd, þar sem samvinnufélög hafa starfað, gilda ekki um þau sérstök lög og má í því efni nefna Danmörku. Þar er rekstur samvinnufélaga ekki bundinn við tiltekið rekstrarform heldur er heimilt að velja um mismunandi form sem samsvara ýmist íslensku sameignarfélagi eða hlutafélagi. Mörg samvinnufyrirtæki Dana eru rekin í formi hlutafélaga, með samvinnueinkenni sem ákvörðuð eru í samþykktum fyrirtækjanna.

Á grundvelli núgildandi hlutafélagalaga er unnt að varðveita ýmis þau einkenni sem samvinnufélög hafa. Má þar nefna eftirfarandi atriði:

— Í tilgangsákvæði samþykkta hlutafélags er unnt að setja félaginu starfsramma. Slíkt ákvæði gæti geymt svipuð markmið og núverandi samvinnufélög starfa eftir.
— Samkvæmt hlutafélagalögum er heimilt að mæla fyrir um að hlutir í hlutafélögum hafi mismunandi atkvæðisrétt og er raunar heimilt að hafa hluti í félaginu án atkvæðisréttar. Þannig væri unnt að láta hluti í einum flokki hafa atkvæðisrétt en hluti í öðrum vera án atkvæðisréttar.
— Þá má með flokkaskiptingu hluta mæla fyrir um mismunandi rétt til arðgreiðslna, úthlutun við slit o.fl. Þannig mætti ná fram svipaðri niðurstöðu og gildir nú um forgangsréttindi B-hluta í samvinnufélögum.

Með þessum ákvæðum og ýmsum öðrum heimildum hlutafélagalaga, t.d. um innlausnarrétt að hlutum, er unnt að skipuleggja hlutafélag með þeim hætti að það hafi mörg einkenni samvinnufélaga.

Með hliðsjón af framansögðu er frumvarp þetta samið. Markmið þess er að auka möguleika samvinnufélaga til þess að bregðast við breyttum aðstæðum.

Rétt er að leggja áherslu á að ekki er með frumvarpinu gert ráð fyrir lögþvinguðum breytingum á rekstri einstakra samvinnufélaga heldur bent á færar leiðir sem opnar eru félagsmönnum til frjálsrar ákvörðunar. Í frumvarpinu er enn fremur mælt fyrir um hvernig staðið

skuli að breytingum, hvernig ákvarðanir skuli teknar og hver réttindi einstakra aðila skuli vera.

Meginefni frumvarpsins er eftirfarandi:

— Heimilað verði að hækka séreignarhluti félagsaðila til þess að stofnsjóðir samvinnufélags endurspegli betur eigið fé félags. Kveðið er á um hvernig að slíkri hækkun verði staðið.
— Heimilað verði að lækka A-deild eða B-deild stofnsjóðs samvinnufélags. Heimildinni er m.a. ætlað að opna fyrir möguleika til að greiða til félagsaðila og eigenda hluta í B-deild hluti þeirra í stofnsjóði ef ástæða þykir til, t.d. vegna þess að félagið hafi selt hluta af starfsemi sinni og hafi því ekki þörf fyrir það fjármagn sem er til í félaginu.
— Heimilað verði að breyta samvinnufélagi í hlutafélag. Kveðið er á um hvernig að breytingunni verði staðið, m.a. hvernig ákvörðun um breytinguna verði tekin. Þá er sérstaklega kveðið á um réttindi stofnsjóðsaðila sem lýst hafa sig andvíga breytingunum.

Frumvarpi þessu fylgir jafnframt frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á skattalögum er m.a. fela í sér að hlutabréf, sem félagsaðilar eða eigendur samvinnuhlutabréfa í B-deild fá sem gagngjald fyrir séreignarhlut eða samvinnuhlutabréf, skuli ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur. Einnig er kveðið á um að hækkun séreignarhluta félagsaðila teljist ekki til skattskyldra tekna og hvernig reikna skuli kaupverð hlutabréfa sem aðili hefur eignast við breytingu á samvinnufélagi í hlutafélag.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari breytingu á 3. gr. laganna er verið að gera þeim samvinnufélögum, sem hafa orðið kaupfélag óstytt í nafni sínu, kleift að halda því orði, skrifuðu fullum fetum, í nafni hlutafélags eftir breytingu samvinnufélagsins í hlutafélag skv. XII. kafla og varðveita þannig hugsanlega viðskiptavild er tengist starfsemi viðkomandi kaupfélags. Skammstöfunina kf. mætti samkvæmt þessu ekki nota eftir breytinguna.

Um 2. gr.

Í þessari grein er tilvísun í lagagrein umskrifuð.

Um 3. gr.

Með þessari viðbót við 38. gr. samvinnufélagalaga er lagt til að unnt verði að hækka séreignarhluta félagsaðila í A-deild stofnsjóðs. Eins og áður hefur komið fram hafa stofnsjóðsinneignir félagsaðila rýrnað mjög í gegnum árin þar sem ávöxtun þeirra hefur um langt skeið verið mun lægri en verðbreytingar í þjóðfélaginu. Stofnsjóðsinneignir félagsmanna eru í dag einungis lítill hluti af eigin fé samvinnufélaga. Með þessari heimild er stefnt að því að skerpa eignarvitund félagsaðila þannig að hlutdeild þeirra í stofnsjóði endurspegli a.m.k. að einhverju marki eigið fé félagsins. Við ákvörðun á því hversu mikið megi hækka A-deild stofnsjóðs verður að hafa í huga að hækkunarheimildin takmarkast samkvæmt ákvæðum 54. gr. og jafnframt verður að gæta þess að jafnvægi sé á milli A-deildar og B-deildar í félaginu.

Til þess að samþykkja breytingu af þessu tagi þarf samþykki aukins meiri hluta á félagsfundi (⅔ hlutar greiddra atkvæða). Jafnframt er kveðið á um að kynna skuli ákvörðunina fyrir hluthöfum í B-deild og geta þeir hafnað henni ef hluthafar sem fara með meiri hluta alls hlutafjár í deildinni greiða atkvæði gegn henni á fundi. Nær ákvörðunin þá ekki fram að ganga. Samkvæmt núgildandi lögum um samvinnufélög er einungis heimilt að greiða út

stofnsjóðsinneignir við tilteknar aðstæður, t.d. við andlát félagsaðila, við 70 ára aldur og þegar félagsaðili flytur af starfssvæði félagsins. Til þess að tryggja að eigið fé samvinnufélags verði ekki greitt út úr því eftir hækkun séreignarhluta er mælt fyrir um það í ákvæðinu að heimilt sé að ákveða í samþykktum að hækkun á séreignarhlutum skuli afhent félagsmönnum með samvinnuhlutabréfum í B-deild stofnsjóðs félagsins. Sé sú heimild nýtt er hækkun í A-deild stofnsjóðs færð í B-deild og fá félagsaðilar hluti í B-deild, samvinnuhlutabréf, sem svara til hækkunarinnar. Það ræðst síðan af markaðsverði samvinnuhlutabréfanna hvert endurgjald félagsaðili fær fyrir hlut sinn í stofnsjóði ef hann ákveður að selja hlutinn. Hækkun samkvæmt ákvæðum þessarar greinar telst ekki raska réttarsambandi á milli félagsmanna og eigenda hluta í B-deild.

Þá mælir ákvæðið fyrir um það að við ákvörðun um hækkun þurfi að taka ákvörðun um hvert eigi að vera skiptahlutfall milli hluta í A-deild og B-deild. Um þá ákvörðun gilda sömu reglur og lagt er til að gildi um breytingu á samvinnufélagi í hlutafélag, þ.e. að gerð er svokölluð sérfræðiskýrsla til þess að meta hvort skiptahlutfallið sé eðlilegt og sanngjarnt. Nánar verður vikið að þessari sérfræðiskýrslu í umfjöllun um breytingu á samvinnufélagi í hlutafélag.

Eitt einkenna samvinnufélaganna er það jafnræði sem ríkja skal milli félagsmanna og m.a. endurspeglast í jöfnum atkvæðisrétti þeirra. Við hækkun stofnsjóðsins kann því að þykja eðlilegt að nokkuð af hækkuninni skiptist jafnt milli allra sem félagsréttindi hafa en að öðru leyti sé hækkunin reiknuð í takt við einstakar stofnsjóðsfjárhæðir og að teknu tilliti til þess hve lengi þær hafa staðið inni hjá félaginu. Ekki er hægt að kveða nákvæmlega á um hvernig innbyrðis skiptingu milli félagsaðila skuli háttað, þar sem aðstæður samvinnufélaga eru mismunandi. Meðal annars fer eftir atvikum hvaða gögn er hægt að leggja til grundvallar skiptingunni. Fela verður hverju einstöku félagi að móta rökstudda tillögu sem endurspegli eðlilega skiptingu með tilliti til sanngirnis og jafnræðis.

Hér eru lögð til sams konar ákvæði og í 43. gr. laga um hlutafélög um hækkun hlutafjár af útgreiðanlegu eigin fé hlutafélags. Hjá samvinnufélögum hefur ekki verið heimilt að greiða út tekjuafgang nema í formi tillags í hlutfalli við viðskipti til stofnsjóðs og með því að vaxtareikna og verðbæta stofnsjóðinn af óskiptum hagnaði. Er því skilgreint í þessari grein af hvaða fjárhæðum endurmeta megi stofnsjóði félagsmanna og greiða þeim út í formi B-deildar samvinnuhlutabréfa. Slík arðsúthlutun hlutafélaga hefur ekki í för með sér skattlagningu hjá hlutaðeigandi fyrr en við endursölu hlutarins. Er lagt til að sama verði leyft hjá samvinnufélögum.

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem mælir fyrir um breytingar á skattalögum af þessu tilefni, er kveðið á um í 2. gr. að hækkun séreignarhluta skv. 38. gr. laga um samvinnufélög (3. gr. frumvarps þessa) teljist til skattskyldra tekna hjá eigendum stofnsjóðs við endursölu samvinnuhlutabréfa sem þeim hafa verið afhent samkvæmt þessari grein, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Í lok 3. gr. frumvarpsins er bætt við nýrri málsgrein sem kveður á um að samvinnufélögum sé heimilt að ákveða í samþykktum sínum að útborgun á séreignarhlutum samkvæmt 1.–3. mgr. 38. gr. laganna um samvinnufélög skuli afhent félagsmönnum með samvinnuhlutabréfum í B-deild stofnsjóðs félagsins eða skuldabréfum. Þá skal tilgreina í samþykktunum frá hvaða tímamörkum slík ákvæði geti fyrst komið til framkvæmda. Hér undir getur fallið t.d. það tilvik er félagsmaður óskar eftir að fá greidda stofnsjóðseign er hann hefur náð 70 ára aldri enda þótt hann haldi áfram þátttöku í félaginu. Þótt ólíklegt kunni að teljast að heimild þessi verði nýtt þar eð stofnfé er oft mjög lítill hluti af eigin fé þykir rétt að veita samvinnufélögum þessa heimild sem kynni að verða notuð ef aðstæður væru öðruvísi. Ef félögin

nýta heimildina þarf að taka afstöðu til þess frá hvaða tímamörkum slík ákvæði geti fyrst komið til framkvæmda enda kann að þykja eðlilegt að veita aðilum aðlögunartíma vegna nýrra reglna.

Um 4. gr.

Með þessu ákvæði er lagt til að heimilað verði að lækka stofnsjóði í samvinnufélögum með svipuðum hætti og heimilt er með hlutafé í hlutafélögum. Markmiðið með þessari heimild er að gefa samvinnufélögum kost á að greiða út til félagsaðila eða eigenda hluta í B-deild fjármuni sem félagsmenn telja ekki ástæðu til þess að nýta í rekstri félagsins. Getur þetta t.d. átt við þegar samvinnufélag hefur selt hluta af starfsemi sinni og ekki þykir ástæða til þess að nýta þá fjármuni sem fengist hafa við slíka sölu til annars rekstur félagsins. Með þessari heimild væri samvinnufélagi einnig unnt að greiða félagsaðilum og eigendum hluta í B-deild út hlutafé í dótturfélagi sem samvinnufélag hefði stofnað um einhvern þátt í starfsemi sinni í þeim tilgangi að treysta eignarvitund þessara aðila gagnvart þeirri starfsemi. Þá væri unnt að nýta þessa heimild til þess að fella niður B-deild stofnsjóðs með því að greiða út alla hluti í B-deild.

Reglunum um lækkun stofnsjóðs svipar mjög til þeirra reglna sem gilda um sambærilegar heimildir í hlutafélagalögum og má um skýringu þeirra vísa til athugasemda við þau ákvæði. Af þeirri ástæðu þykir ekki tilefni til þess að skýra þetta ákvæði út frekar.

Lækkun samkvæmt ákvæðum þessarar greinar telst ekki raska réttarsambandi á milli félagsmanna og eigenda hluta í B-deild.

Um 5. gr.

Um a-lið (61. gr.).

Með nýju ákvæði 61. gr. er mælt fyrir um heimild til þess að breyta samvinnufélagi í hlutafélag samkvæmt lögum nr. 2/1995, um hlutafélög. Til þessara breytinga þarf samþykki sama fjölda félagsmanna og almennt þarf til breytinga á samþykktum félags og slita á því. Þá er einnig í 6. mgr. ákvæðisins mælt fyrir um að afla þurfi samþykkis eigenda ⅔ hluta í B-deild stofnsjóðs svo að slík ákvörðun verði gild. Eðlilegt er að gera kröfu um aukinn meiri hluta við þessar kringumstæður en ekki krefjast samþykkis allra. Þótt um mjög veigamikla breytingu sé að ræða á félaginu er félagið hins vegar áfram starfandi en lýtur nokkuð öðrum reglum um skipulag, stjórnun og fjárhagslega uppbyggingu. Breyting samkvæmt ákvæðum þessarar greinar telst ekki raska réttarsambandi á milli félagsmanna og eigenda hluta í B-deild.

Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir að félagaskrá verði lokað þegar stjórn samvinnufélags hefur samþykkt tillögu um breytingu af þessum toga. Er þetta einkum gert með það í huga að fyrir liggi hverjir séu félagsmenn þegar félagsfundur tekur ákvörðun um breytingu og jafnframt til þess að hindra að nýir félagsmenn gangi í félagið til þess að afla sér hagsmuna sem verða til við þessa breytingu. Þá kemur ákvæðið í veg fyrir að greiddir séu út séreignarhlutar í A-deild sem yrðu hugsanlega mun meira virði við þessa breytingu. Til þess að tryggja að óvissuástand, sem óhjákvæmilega fylgir stjórnarákvörðun um tillögu til breytingar, standi ekki lengi er mælt fyrir um að félagsfund þurfi að halda innan mánaðar frá því að stjórn hefur tekið ákvörðun.

Þegar stjórnin tekur ákvörðun þarf hún jafnframt að samþykkja áætlun um breytingu félagsins. Í áætluninni skal koma skýrlega fram hvort hlutafélagið skuli hafa einhver einkenni samvinnufélags að því er varðar rétt manna til inngöngu, atkvæðisrétt, arðgreiðslur og tengsl þeirra við viðskiptaþátttöku félagsmanns í félaginu, skilgreiningu á tilgangi og viðskiptaþátt-

töku í félaginu, rétt sem fylgi búsetu á félagssvæði eða öðrum skilgreiningum, réttindi við slit o.fl.

Í áætluninni þarf stjórnin að skýra út ástæður fyrir tillögunni og setja fram röksemdir um kosti hennar og galla, svo og þær breytingar sem hún hefur í för með sér varðandi réttindi félagsaðila og eigenda hluta í B-deild. Í 3. mgr. ákvæðisins eru talin upp þau atriði sem ávallt þarf að fjalla um í áætluninni. Þessi atriði lúta einkum að réttindum félagsaðila, eigenda hluta í B-deild og trúnaðarmanna í hinu breytta félagsformi, svo og tímamörkum áætlunarinnar um það hvenær félagið telst breytt. Áður er rakið að með flokkaskiptingu á hlutafé í félagi er unnt að mæla fyrir um mismunandi atkvæðisrétt, arðsrétt og réttindi til úthlutunar við slit á félagi. Gera má ráð fyrir að í a.m.k. einhverjum tilvikum þyki félagsmönnum eðlilegt að halda einkennum samvinnufélags í hlutafélaginu með slíkum flokkaskiptingum. Ef í samvinnufélagi er starfandi B-deild þarf sérstaklega að fjalla um réttindi hluthafa í B-deild og skiptahlutfall á milli félagsaðila og eigenda hluta í B-deild. Mikilvægt er að tillaga um innbyrðis skiptingu hlutafjár milli félagsmanna sé vel rökstudd með tilliti til almennra sjónarmiða um jafnræði auk sjónarmiða um réttindi í samvinnufélagi.

Með c-lið 3. mgr. er verið að leggja til að hlutafé hlutafélagsins við stofnun þess verði eingöngu endurmetinn stofnsjóður A-deildar og samvinnuhlutabréf B-deildar. Ekki er átt við að nafnverð hlutafjár verði að vera jafnt samanlögðum A-deildar stofnsjóði og B-deildar samvinnuhlutabréfum. Hlutabréfin er t.d. hægt að afhenda á yfirverði. Stofnverð bréfanna við endursölu verður engu að síður miðað við endurmetið verðmæti A-deildar stofnsjóðs og B-deildar.

Þá er mælt fyrir um það að með áætluninni þurfi að fylgja tiltekin gögn. Markmiðið með gerð áætlunarinnar og framlagningu hennar og gagna er að tryggja félagsaðilum og eigendum hluta í B-deild fullnægjandi upplýsingar um tillöguna til þess að þeir geti mótað sér skoðun á því hvort samþykkja beri hana.

Til þess að tryggja að hlutlaust álit liggi fyrir um það hvort ákvörðun stjórnar um hlut og réttindi félagsaðila og eigenda hluta í B-deild í hinu nýja félagi sé sanngjörn og efnislega rökstudd er gert ráð fyrir að útbúin sé sérfræðiskýrsla um þetta efni. Þannig er tryggt að hlutaðeigandi fái ekki einungis skoðanir og álit trúnaðarmanna félagsins á þessu mikilvæga málefni heldur einnig álit hlutlauss utanaðkomandi aðila. Styrkir þetta mjög framkvæmd breytinga af þessum toga. Um gerð sérfræðiskýrslunnar og hæfi manna til þess starfa gilda ákvæði hlutafélagalaga, nr. 2/1995. Í ákvæðinu er einnig tekið fram til hvaða þátta eigi helst að líta við ákvörðun á skiptahlutfalli en þau atriði eru ekki tæmandi þar sem þau félög, sem falla undir samvinnufélagalögin, eru mjög mismunandi að gerð. Þá er í ákvæðinu mælt fyrir um þau gögn sem fylgja eiga sérfræðiskýrslunni. Þegar kemur að því að breyta samvinnufélagi í hlutafélag eftir að endurmat hefur farið fram og yfirfærsla stofnsjóðs A-deildar og samvinnuhlutabréfa B-deildar félagsaðila í stað hlutabréfa í hlutafélaginu kemur til kasta sérfræðinganna að meta gagngjald þessara B-hluta og stofnsjóðs fyrir hlutabréf.

Í ákvörðun um breytingu á samvinnufélagi í hlutafélag felst jafnframt venjulega ákvörðun um hækkun séreignarhluta félagsaðila í A-deild stofnsjóðs. Slík ákvörðun er þá hluti af ákvörðun um breytingu í hlutafélag. Hafi hins vegar verið tekin sjálfstæð ákvörðun um hækkun séreignarhluta félagsaðila skv. 3. gr. þessa frumvarps er síðari ákvörðun um breytingu á samvinnufélagi í hlutafélag tekin á grundvelli réttarstöðu félagsaðila í A- og B-deild við síðari ákvörðunina.

Um b-lið (61. gr. a).

Í nýrri 61. gr. a eru ákvæði sem ætlað er að tryggja réttindi þeirra aðila sem ekki vilja vera hluthafar í félagi eftir að samvinnufélagi hefur verið breytt í hlutafélag. Ákvæðum þessum,

sem mæla fyrir um innlausnarrétt og rétt til skaðabóta, svipar til ákvæða hlutafélagalaga um minnihlutavernd við samruna hlutafélaga.

Til þess að öðlast rétt til innlausnar verður félagsaðili að hafa sett fram þá kröfu á fundi, sem fjallar um ákvörðunina, og jafnframt að greiða atkvæði gegn tillögunni. Gert er ráð fyrir því að þeir félagsaðilar, sem nýta sér þennan rétt, fái í sinn hlut verðmæti hlutar eins og hann var í samvinnufélaginu en ekki það verðmæti sem þeir hefðu fengið í hlutafélaginu. Þykir þetta eðlilegt í ljósi þess að viðkomandi aðili vill ekki una því að öðlast þau réttindi sem aðrir fá í hlutafélaginu. Um eigendur hluta í B-deild gilda að nokkru frábrugðnar reglur sem taka mið af því að einkenni þeirrar aðildar að félagi eru nær því sem gerist um hluti í hlutafélagi.

Ákvæðið í 3. mgr. um skaðabótarétt á einungis við ef aðili telur að brotið hafi verið á honum við ákvörðun á skiptahlutfalli milli A-deildar og B-deildar. Til þess að öðlast rétt á skaðabótum verða aðilar að sanna að skiptahlutfallið hafi verið ósanngjarnt og ekki efnislega rökstutt.

Um þessi ákvæði vísast að öðru leyti til athugasemda við sambærileg ákvæði í frumvarpi til laga um hlutafélög.

Um c-lið (61. gr. b).

Í nýju ákvæði sem yrði 61. gr. b er skilgreint með nánari hætti hvenær samvinnufélaginu telst slitið og hvenær hlutafélagið telst stofnað. Uppfylla þarf þrjú skilyrði áður en endanleg breyting verður, þ.e. samþykkt áætlunar bæði á félagsfundi og fundi eigenda í B-deild, að kosningu trúnaðarmanna sé lokið og að kröfur vegna minnihlutaverndar skv. 61. gr. a hafi verið útkljáðar eða a.m.k. sett trygging fyrir slíkum kröfum.

Þar sem samvinnufélagið öðlast í raun nýtt líf í hlutafélagaforminu mælir ákvæðið fyrir um að öll réttindi og skyldur samvinnufélagsins renni til hlutafélagsins án þess að til sérstakra viðbótargerninga komi.

Þá þarf að tilkynna um breytinguna til samvinnufélagaskrár og hlutafélagaskrár.

Um 6. gr.

Þar eð ný ákvæði koma inn í samvinnufélagalögin samkvæmt frumvarpi þessu er lagt til að númeraröð gildandi 61. og 62. gr. í samvinnufélagalögum breytist í samræmi við þessa og næstu grein. Númeraröð greina í lögunum helst óbreytt að öðru leyti. Þá er í greininni lagt til að sambærileg heimild verði til slita á samvinnufélögum og á hluta- og einkahlutafélögum ef ársreikningar eru ekki sendir stjórnvöldum eins og kveðið er á um í lögum um ársreikninga.

Um 7. og 8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Í greininni er gerð tillaga um notkun hugtakanna endurskoðandi og skoðunarmaður með sama hætti og gert er í lögum um ársreikninga. Hugtakið endurskoðandi var áður víðtækara og tók bæði til löggiltra endurskoðenda (nú endurskoðenda) og annarra endurskoðenda (nú skoðunarmanna).

Um 10. gr.

Í greininni er gerð tillaga um að leiðrétta millivísanir í lagagreinum vegna fyrri breytinga á lögunum.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að heimilað verði sértækt endurmat sem er frábrugðið endurmati sem lagt er til í 3. gr. frumvarpsins. Endurmat þetta verður að fara fram fyrir árslok 2003 ef félagið vill nota sér heimildina. Þessi tillaga sækir að nokkru fyrirmynd sína til heimildar hlutafélaga og einkahlutafélaga til að gefa út jöfnunarhlutabréf og reikna út jöfnunarverðmæti útgefinna hluta og hlutabréfa í árslok 1996. En vegna eðlis samvinnufélaga var ekki horft til endurmats ársins 1978, eins og hjá hlutafélögum og einkahlutafélögum, og hlutfallslegri hækkun frá því mati á raunverulegu verðmæti hreinnar eignar félagsins í árslok 1996 sem takmarkast við almennar verðhækkanir sama tímabils. Langt er um liðið og því gæti verið vandkvæðum bundið að fá upplýsingar frá þeim tíma og reikna út hliðstætt endurmat fyrir samvinnufélög.

Gert er ráð fyrir að sams konar reglur gildi um ráðstöfun hækkunarinnar í B-deild stofnsjóðs og skiptahlutfalls milli félagsaðila og fram koma í 3. gr. frumvarpsins. Samvinnufélögin eru mörg hver gömul félög, þau elstu hafa starfað í meira en eina öld, og núverandi félagsmenn eiga sumir stofnsjóðsinnstæður sem myndast hafa á löngum tíma, e.t.v. 60–70 árum. Stofnsjóðurinn er ekki fastur fjárstofn, líkt og hlutaféð, heldur breytist hann fyrir áhrif tilfallandi innborgana, svo sem þegar tekjuafgangur eða arður er greiddur í stofnsjóð í hlutfalli við viðskipti viðkomandi. Reiknaðir vextir hafa einnig einhver áhrif en yfirleitt hafa þeir verið lágir, svo sem rýrnun innstæðnanna gefur til kynna. Ekki eru gefin út skírteini um innstæðuna eins og gert er í hlutafélögum með útgáfu hlutabréfa heldur haldið utan um þær í bókhaldi samvinnufélagsins. Um geymslutíma fylgiskjala og reikninga gilda þá ákvæði bókhaldslaga þannig að í sumum tilvikum kann að verða erfitt að rekja nákvæmlega gamlar hreyfingar reikninga. Nokkur vandkvæði eru því fyrirsjáanleg á því að reikna út með mikilli nákvæmni framreiknað verðmæti einstakra stofnsjóðsinnstæðna. Því er ekki talið mögulegt að gera að skilyrði fyrir hækkuninni að allar innborganir hvers félagsmanns framreiknist frá raunverulegum innborgunardegi.

Hér er eins og með breytingu á 38. gr. laganna um grundvallarbreytingu að ræða hjá samvinnufélögum um endurmat stofnsjóðs og afhendingu hækkunar í formi B-deildar samvinnuhlutabréfa til frjálsrar meðferðar hjá félagsaðilum og því rétt að ákvæði um það sé í lögum um samvinnufélög. Gert er ráð fyrir því að ákvæði verði í lögum um tekju- og eignarskatt um skattfrelsi afhendingarinnar til félagsaðila og jafnframt að verðmæti þannig metins stofnsjóðs félagsins verði jafnframt stofnverð B-deildar samvinnuhlutabréfanna og þannig stofnverð nýrra hlutabréfa ef samvinnufélagi verður breytt í hlutafélag.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum (rekstrarumgjörð).

Tilgangurinn með frumvarpinu er að auðvelda breytingu samvinnufélaga í hlutafélög og heimila að stofnsjóðseignir félagsmanna endurspegli betur eigið fé félaganna.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

717. Frumvarp til laga [449. mál]

um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum (innlánsdeildir).

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

2. gr. a í lögunum orðast svo:

Heimilt er samvinnufélagi, að fullnægðum skilyrðum sem talin eru upp í 2. mgr., að starfrækja innlánsdeild sem tekur við innlögum frá félagsmönnum og viðskiptaaðilum til ávöxtunar sem rekstrarfé félagsins. Um útborganir á innlögum fer eftir ákvæðum félagssamþykkta.

Skilyrði fyrir því að samvinnufélag megi starfrækja innlánsdeild eru:

1. Að eigið fé félagsins sé minnst 100 milljónir króna og hlutfall eigin fjár þess af heildareignum eigi lægra en 15% eftir að frá eigin fé og heildareignum hefur verið dregið bókfært virði óskráðra eignarhluta og kröfur á dóttur- og hlutdeildarfélög. Sé saminn samstæðureikningur gildir eiginfjárkrafan fyrir samstæðuuppgjörið eingöngu. Samvinnufélag skal hafa aðlagað sig þessu skilyrði eigi síðar en 31. desember árið 2002 fullnægi félagið ekki skilyrðinu þegar við gildistöku laganna. Eiginfjárhlutfall félaga, sem fullnægja ekki skilyrðinu við gildistöku laganna, skal eigi vera lægra en 18% á aðlögunartímanum. Fullnægi samvinnufélag ekki þessum skilyrðum er viðskiptaráðherra heimilt að veita félaginu frest í allt að sex mánuði til þess að auka eigið fé að fyrrgreindum lágmörkum. Séu til þess ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja þennan frest í allt að þrjá mánuði.
2. Að endurskoðun á reikningum félagsins sé í höndum endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
3. Að félagið sé aðili að Tryggingarsjóði innlánsdeilda. Samþykktir sjóðsins skulu staðfestar af viðskiptaráðherra. Í samþykktum skal m.a. kveðið á um eignarhald á sjóðnum og ráðstöfun eigna hans til samvinnufélaga við slit á honum eða slit á innlánsdeild.

Til tryggingar fyrir fé því sem lagt er í innlánsdeild eru eignir félagsins, þar með talin eign í Tryggingarsjóði innlánsdeilda og ábyrgð félagsmanna skv. 18. gr.

Óheimilt er innlánsdeild að veita lán í eigin nafni eða reka aðra fjármálastarfsemi en um getur í 1. mgr. og hún telst hvorki innláns- né lánastofnun í skilningi laga um Seðlabanka Íslands.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi innlánsdeilda samvinnufélaga samkvæmt þessari grein. Hver innlánsdeild skal senda Fjármálaeftirlitinu endurskoðaðan ársreikning eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningstímabils og sex mánaða árshlutareikning eigi síðar en tveimur mánuðum eftir lok reikningstímabils. Sex mánaða árshlutareikningur skal vera áritaður af endurskoðanda sem endurskoðaður eða kannaður. Um eftirlitið gilda að öðru leyti ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Tryggingarsjóður innlánsdeilda er undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögunum orðast svo:

Ríkissjóður skal endurgreiða álagða tekjuskatta og eignarskatta á Tryggingarsjóð innlánsdeilda.

Ákvæði 2. gr. a skal taka til endurskoðunar eigi síðar en 1. janúar 2004.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 2. gr. a í lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, er samvinnufélagi heimilt að starfrækja innlánsdeild að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði sömu laga skal taka nefnt ákvæði laganna til endurskoðunar eigi síðar en 1. janúar árið 2000. Hin tilvitnuðu ákvæði laganna voru sett með lögum nr. 84/1993, um breytingu á lögum nr. 22/1991. Voru þau sett á grundvelli endurskoðunar sem kveðið var á um í þágildandi lögum.

Hinn 5. nóvember 1998 skipaði viðskiptaráðherra nefnd til að endurskoða fyrrgreint ákvæði 2. gr. a í lögunum um samvinnufélög. Var nefndinni falið að taka til umfjöllunar hlutverk innlánsdeilda í því fjármálaumhverfi, sem nú er að þróast, og rekstrarforsendur þeirra miðað við líklega þróun í starfsemi samvinnufélaga og almennt á fjármagnsmarkaði. Þá var nefndinni ætlað að gera tillögur um breytingar á löggjöf í samræmi við niðurstöður sínar.

Í nefndina voru eftirtaldir skipaðir: Eiríkur S. Jóhannsson kaupfélagsstjóri og Ingi Már Aðalsteinsson kaupfélagsstjóri, báðir tilnefndir af Tryggingarsjóði innlánsdeilda, Ragnar Hafliðason, þáverandi forstöðumaður bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, síðar aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins, og Páll Gunnar Pálsson, þáverandi deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu, síðar forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Páll var skipaður formaður nefndarinnar.

Eins og áður segir var ákvæðum um innlánsdeildir samvinnufélaga síðast breytt með lögum nr. 84/1993. Þá voru sett skýrari skilyrði um starfsemina en áður. Þannig voru sett ákvæði um lágmark eigin fjár (100 millj. kr.) og tiltekið eiginfjárhlutfall (18%). Þá var kveðið á um að endurskoðun á reikningum félagsins skyldi vera í höndum löggilts endurskoðanda og að félagið skyldi vera aðili að Tryggingarsjóði innlánsdeilda.

Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að fyrrgreindum lögum nr. 84/1993 kemur fram að innlánsdeildir samvinnufélaga varðveittu samtals 2.176 millj. kr. í árslok 1991 en þá voru starfandi innlánsdeildir við 20 samvinnufélög. Sjö stærstu innlánsdeildirnar varðveittu samtals 1.538 millj. kr. og námu heildarinnlegg í hverri þeirra frá 176 til 539 millj. kr. Í árslok 1991 nam hlutdeild innlánsdeildanna 20 um 1,4% af heildarinnlánum innlánsstofnana. Til samanburðar voru í árslok 1999 starfandi innlánsdeildir við 10 samvinnufélög með innlán að fjárhæð samtals 1.981 millj. kr. eða 0,8% af heildarinnlánum innlánsstofnana. Innlán sjö stærstu innlánsdeildanna námu þá samtals 1.880 millj. kr. með heildarinnlegg í einstökum deildum á bilinu 60 til 590 millj. kr.

Frá síðustu endurskoðun á ákvæðum um innlánsdeildir hafa aðstæður á fjármagnsmarkaði breyst verulega. Frá árinu 1993 hafa lög og reglur um starfsemi viðskiptabanka, sparisjóða og annarra fjármálastofnana sætt endurskoðun frá grunni. Breytingarnar hafa fyrst og fremst miðað að því að auka öryggi innlánseigenda og annarra viðskiptamanna fjármálafyrirtækja. Á sama tíma hefur samkeppni milli fjármálafyrirtækja stóraukist. Jafnframt hefur þjónusta, sem veitt er af fjármálafyrirtækjum, tekið stökkbreytingum. Liður í samkeppni er að geta boðið upp á fjölþætta fyrsta flokks þjónustu sem löguð er að þörfum hvers viðskiptamanns.

Samdráttur í starfsemi innlánsdeilda miðað við heildarinnlán innlánsstofnana og þær breytingar á fjármagnsmarkaði, sem hér eru raktar, sýna að stöðu innlánsdeilda samvinnufélaga hefur hrakað á síðustu árum í samanburði við viðskiptabanka og sparisjóði. Rökstyðja má að innlánsdeildirnar þjóni ekki þeim þörfum í fjármálaþjónustu sem gerðar eru kröfur um, auk þess sem hagsmunir innlánseigenda séu ekki varðir með sama hætti og í viðskiptabönkum og sparisjóðum. Nýleg dæmi eru um erfiðleika í starfsemi samvinnufélags þar sem reynir

á tryggingaskyldu Tryggingarsjóðs innlánsdeilda til að vernda fjárhagslega hagsmuni viðskiptamanna félagsins.

Í þessu ljósi er tæpast lengur hægt að líta á innlánsstarfsemi samvinnufélaga sem framtíðarleið fyrir samvinnufélög á fjármagnsmarkaði. Rétt er að benda á að innlánsstarfsemi er almennt talin fara illa saman við annan atvinnurekstur. Þannig hafa viðskiptabönkum og sparisjóðum verið settar þröngar takmarkanir varðandi aðra starfsemi en afmarkaða fjármálastarfsemi.

Við síðustu endurskoðun ákvæða um innlánsdeildir var horft til þess að reynsla af nýfengnum heimildum til útgáfu samvinnuhlutabréfa kynni að breyta afstöðu stjórnenda samvinnufélaga til reksturs innlánsdeilda. Útgáfa samvinnuhlutabréfa hefur ekki reynst samvinnufélögum sú lyftistöng sem menn væntu. Undanfarin missiri hefur þeirri skoðun aukist fylgi að opna þurfi leið til að breyta samvinnufélögum í hlutafélög. Einnig hefur verið bent á að auðvelda þurfi samvinnufélögum að hækka séreignarhluti félagsaðila til þess að stofnsjóðir endurspegli betur eigið fé félaganna. Með því kynni vægi B-deilda og þar með samvinnuhlutabréfa að aukast. Viðskiptaráðherra skipaði sérstakan starfshóp til að gera tillögur að breytingum á lögum um samvinnufélög sem miðuðu að þessu og hefur hópurinn nýlega skilað niðurstöðum sínum og eru þær til athugunar.

Nefndin tók til umfjöllunar hvort efni væru til þess að setja í lög einhvers konar sólarlagsákvæði í því skyni að binda enda á starfsemi innlánsdeilda. Ljóst er að móttaka innlána hefur enn verulega þýðingu í rekstri einstakra samvinnufélaga. Jafnframt verður ekki talið að innlánseigendum margra innlánsdeilda sé sérstök hætta búin af áframhaldandi starfsemi þeirra. Í umfjöllun nefndarinnar kom hins vegar fram að sum samvinnufélaganna séu að kanna leiðir til þess að selja frá sér starfandi innlánsdeildir til viðskiptabanka eða sparisjóða. Telur nefndin rétt að gefa samvinnufélögum ráðrúm til slíkra ráðstafana án þess að setja þeim tímamörk í því sambandi.

Nefndarmenn voru hins vegar sammála um að full ástæða væri til að endurskoða ákvæði um innlánsdeildir í því skyni að auka öryggi í rekstri þeirra. Varð nefndin ásátt um að leggja til eftirfarandi breytingar á lögunum:

1. Í gildandi lögum er kveðið á um að hlutfall eigin fjár samvinnufélags af heildareignum skuli eigi vera lægra en 18%. Við útreikning þessa hlutfalls geta óskráðir eignarhlutir og kröfur á dóttur- og hlutdeildarfélög haft verulega þýðingu. Reynslan sýnir hins vegar að þessar eignir samvinnufélaga geta reynst fallvaltar. Þótt vissulega sé það ekki algildur mælikvarði á styrk félaga hvort þau eru skráð eða óskráð leiðir það af eðli máls að upplýsingar um rekstur skráðra félaga eru eigendum þeirra, eftirlitsaðilum og almenningi aðgengilegri en óskráðra. Því er að mati nefndarinnar eðlilegt að draga frá óskráða eignarhluti og kröfur á dóttur- og hlutdeildarfélög við útreikning eiginfjárhlutfalls. Augljóst er að slíkur mælikvarði er til þess fallinn að vara stjórnendur samvinnufélaga og Fjármálaeftirlitið við fyrr en ella og gefa þannig frekara ráðrúm til að tryggja hagsmuni innlánseigenda.

Í eftirfarandi töflu er sýnt eiginfjárhlutfall þeirra samvinnufélaga sem voru með minna en 20% eiginfjárhlutfall í árslok 1999 miðað við reiknireglu í frumvarpinu og til samanburðar eiginfjárhlutfall sömu félaga í árslok 1998.

Í árslok 1998, %		Í árslok 1999, %	
Samkvæmt gildandi reglum (lágmark 18%)	Miðað við frumvarp (lágmark 15%)	Samkvæmt gildandi reglum (lágmark 18%)	Miðað við frumvarp (lágmark 15%)
23,6	10,9	42,3	19,5
26,9	19,3	25,0	15,9
16,7	14,7	21,1	9,6*
22,2	-15,6	14,6	-7,1**
19,3	11,0	30,6	-11,1*

* Ráðstafanir viðkomandi félaga á árinu 2000 benda til að hlutfallið sé yfir 15% mörkum miðað við stöðu í árslok 1999.

** Innlánsdeild félagsins yfirtekin af innlánsstofnun á árinu 2000.

Með hliðsjón af framangreindum hlutföllum þótti eðlilegt að miða við 15% lágmarks-eiginfjárhlutfall að teknu tilliti til frádráttar eignarhluta í óskráðum félögum og krafna á dóttur- og hlutdeildarfélög. Eðlilegt er að gera ríkari kröfur en áður til fjárhagslegs styrks samvinnufélaga, sem starfrækja innlánsdeildir, í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur á fjármagnsmarkaði og fyrr er rakin. Nokkur samvinnufélög fullnægja ekki þessum skilyrðum, sé miðað við fyrirliggjandi upplýsingar, og er því nauðsynlegt að gefa þeim nokkurn aðlögunarfrest.

2. Nauðsynlegt er að kveða skýrt á um eftirlit Fjármálaeftirlitsins með starfsemi innlánsdeilda. Með fyrrgreindum lögum nr. 84/1993 var ákveðið að innlánsdeildir samvinnufélaga teldust hvorki til innláns- né lánastofnana í skilningi laga um Seðlabanka Íslands. Með þessu ákvæði féllu innlánsdeildirnar undan formlegu eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands en gert var ráð fyrir að frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands næði fram að ganga á sama löggjafarþingi þar sem bankaeftirlitinu var tryggt eftirlit með öllum fjármálastofnunum. Það frumvarp varð hins vegar aldrei að lögum. Með lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sem öðluðust gildi 1. janúar 1999, var Fjármálaeftirlitinu falið eftirlit með innlánsdeildum. Engu síður þykir rétt að kveða sérstaklega á um eftirlitið í lögum um samvinnufélög. Jafnframt er lagt til að kveðið verði á um skil á endurskoðuðum ársreikningum og sex mánaða árshlutareikningum til Fjármálaeftirlitsins.

3. Í núverandi 2. gr. a er gert að skilyrði til reksturs innlánsdeildar að samvinnufélagið sé aðili að Tryggingarsjóði innlánsdeilda. Ekki er frekar kveðið á um starfsemi tryggingarsjóðsins, að öðru leyti en því að samþykktir hans skulu staðfestar af viðskiptaráðherra. Í gildandi samþykktum er kveðið á um slit sjóðsins. Þannig er m.a. mælt fyrir um að sameignarhluti sjóðsins skuli greiddur samvinnufélögum, sem eru aðilar hans við slit, í hlutfalli við inngreiðslur. Af ákvæðinu leiðir að ekki eru tryggð réttindi þeirra samvinnufélaga sem áður hafa gengið úr sjóðnum til endurgreiðslu hlutdeildar úr sameignarsjóði. Að mati nefndarinnar er nauðsynlegt að breyta þessum ákvæðum samþykktanna þannig að þau hindri ekki samvinnufélög í að hafa frumkvæði að því að slíta innlánsdeildum sínum og selja frá sér innlánin. Því er í frumvarpinu lagt til að í samþykktum skuli m.a. kveðið á um eignarhald á sjóðnum og ráðstöfun eigna hans til samvinnufélaga við slit á honum.

4. Nauðsynlegt er að kveða á um að Tryggingarsjóður innlánsdeilda sé undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti. Jafnframt er lagt til að kveðið verði á um endurgreiðslu álagðra tekjuskatta og eignarskatta á Tryggingarsjóð innlánsdeilda, en tekjuskattur og eignarskattur var lagður á sjóðinn árin 1998 og 1999. Með því móti er gætt samræmis við skattskyldu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (áður Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og Tryggingarsjóðs sparisjóða).

5. Að síðustu leggur nefndin til að ákvæði samvinnufélaga um innlánsdeildir verði endurskoðuð að nýju eigi síðar en 1. janúar árið 2004. Mikilvægt er að fylgst sé vel með þróun þessara mála og brugðist við með löggjöf ef ástæða þykir til.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. tölul. 2. efnismgr. er lagt til að skilyrðið um eiginfjárkröfu samvinnufélaga verði hert frá því sem nú er og ákveðið að miða við 15% eftir að frá eigin fé og heildareignum hafi verið dregið bókfært virði óskráðra eignarhluta og kröfur á dóttur- og hlutdeildarfélög. Einnig er vikið að samstæðureikningi. Ef slíkur reikningur er saminn gildir eiginfjárkrafan fyrir samstæðuuppgjörið eingöngu. Í 1. tölul. er einnig sett fram það skilyrði að samvinnufélög skuli hafa aðlagað sig ákvæðinu eigi síðar en 31. desember árið 2002.

Í 2. tölul. 2. efnismgr. er með orðinu endurskoðandi átt við endurskoðanda samkvæmt lögum um ársreikninga, þ.e. löggiltan endurskoðanda en ekki skoðunarmann.

Í 3. tölul. 2. efnismgr. er bætt inn 2. málsl. þess efnis að í samþykktum Tryggingarsjóðs innlánsdeilda skuli m.a. kveðið á um eignarhald á sjóðnum og ráðstöfun eigna hans til samvinnufélaga við slit á honum eða slit innlánsdeildar. Með þessu ákvæði er bent á nauðsyn þess að breyta samþykktum sjóðsins þannig að tryggðir séu hagsmunir þeirra samvinnufélaga sem ákveða að hætta starfsemi innlánsdeilda fyrir slit sjóðsins.

Í 5. efnismgr. er nýtt ákvæði um að Fjármálaeftirlitið skuli hafa eftirlit með starfsemi innlánsdeilda samvinnufélaga. Enn fremur er gerðar auknar kröfur til innlánsdeilda og kveðið á um reikningsskil og tilkynningar til Fjármálaeftirlitsins.

Í 6. efnismgr. er kveðið á um að innlánsdeildirnar skulu vera undanþegnar tekjuskatti og eignarskatti. Með þessu er gætt samræmis við skattskyldu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (áður Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og Tryggingarsjóðs sparisjóða).

Að öðru leyti er vísað til frekari skýringa í almennum athugasemdum með frumvarpinu.

Um 2. og 3. gr.

Vísað er til almennra athugasemda. Greinarnar þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum (innlánsdeildir).

Tilgangurinn með frumvarpinu er að styrkja eiginfjárhlutfall innlánsdeilda samvinnufélaga og tryggja virkara eftirlit en verið hefur.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er reiknað með að endurgreiða verði álagða tekju- og eignarskatta á Tryggingasjóð innlánsdeilda að upphæð 2 m.kr. á ári. Að öðru leyti verður ekki séð að frumvarpið hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

718. Frumvarp til laga [450. mál]

um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 66/1995.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson, Guðjón A. Kristjánsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Við 1. mgr. 53. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Heimildir, undanþágur eða tilraunastarfsemi samkvæmt þessari málsgrein geta þó aldrei falið í sér að sveitarstjórnir framselji öðrum ábyrgð og framkvæmd skólastarfs og kennslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ljóst er af nýlegum svörum menntamálaráðherra á Alþingi að hann hyggst leyfa að skólastarf í nýju íbúðarhverfi í Hafnarfirði verði boðið út eins og hver önnur atvinnustarfsemi og ábyrgð og framkvæmd þess falin þeim sem best býður. Flutningsmenn þessa frumvarps eru algerlega andvígir því að þannig sé farið að og telja afar hæpið að hægt sé að túlka heimildir í 1. mgr. 53. gr. grunnskólalaga þannig að slíkt rúmist innan ramma laganna.

Með frumvarpi þessu eru tekin af öll tvímæli um skyldu og ábyrgð sveitarstjórna til að bera sjálfar alla ábyrgð á kennslu og framkvæmd skólastarfs í grunnskóla.

719. Fyrirspurn [451. mál]

til samgönguráðherra um fjölda íslenskra kaupskipa.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hvað eru mörg kaupskip skráð á Íslandi og sigla undir íslenskum fána?
2. Hefur kaupskipum fjölgað á íslenskri skipaskrá eftir að stimpilgjöld af skráningu skipa voru afnumin?
3. Er ójafnvægi í rekstrarlegu umhverfi íslenskra kaupskipaútgerða samanborið við önnur Norðurlönd? Ef svo er, hverjir eru þá helstu þættir mismunarins?

720. Fyrirspurn [452. mál]

til dómsmálaráðherra um starfsemi Landhelgisgæslunnar.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Í hve margar klukkustundir á tímabilinu 1. janúar 1998 til 1. september 2000 voru þyrlur Landhelgisgæslunnar annars vegar og gæsluflugvélin hins vegar á flugi vegna:
   a. gæslu 200 sjómílna lögsögunnar,

b. æfingaflugs, ótengdu Slysavarnaskóla sjómanna?
2. Hve margir starfsmenn Landhelgisgæslunnar nutu endurmenntunar á fyrrgreindu tímabili, skipt eftir starfsgreinum, en í svari ráðherra á þskj. 328 kom fram að kostnaður við hana nam 31.745.448 kr.? Hvert var heiti náms?
3. Hafa starfsmenn Landhelgisgæslunnar oftar en einu sinni notið endurmenntunar á fyrrgreindu tímabili? Ef svo er, hve margir, hve oft og úr hvaða starfsgreinum?

Skriflegt svar óskast.

721. Svar [393. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Sigríðar Jóhannesdóttur um innflutning kjöts á frísvæði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver fylgist með því og hvaða vottorða er krafist þegar um er að ræða innflutning kjöts á svokallað frísvæði eins og t.d. flugeldhús Flugleiða á Keflavíkurflugvelli?

Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli og embætti yfirdýralæknis fylgjast með innflutningi til verslana í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli eins og um væri að ræða almennan kjötinnflutning til landsins. Flugeldhús Flugleiða er hins vegar hluti tollfrjálsrar forðageymslu fyrirtækisins og telst því tollvörugeymsla. Hugtakið frísvæði á ekki við um flugeldhúsið. Samkvæmt skilgreiningu í 1. gr. tollalaga, nr. 55/1987, telst tollfrjáls forðageymsla til tollvörugeymslu, en undir það hugtak falla einnig almennar tollvörugeymslur og tollfrjálsar verslanir. Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli gætir að því að heilbrigðisvottorð fylgi með innfluttu kjöti og fylgist með því að innflutt tollfrjálst kjöt fari ekki út fyrir tollfrjálst svæði.

Þegar innflutningur er leyfður er stuðst við bestu vísindalegar upplýsingar sem tiltækar eru, t.d. í sérfræðiskýrslum og álitsgerðum alþjóðastofnana eins og WHO (Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar) og OIE (Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar dýra), í Codex-gagnagrunni auk áhættumats einstakra ríkja, til þess að tryggt sé að ekki berist smitefni til landsins sem valdið getur dýrasjúkdómum. Þá er við innflutning á landbúnaðarvörum krafist þeirra vottorða sem fram koma í auglýsingum nr. 483/1995 og 324/1999.

722. Svar [394. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Sigríðar Jóhannesdóttur um innflutning á nautakjöti.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Í hvaða tilfellum var veitt leyfi til innflutnings á nautakjöti á síðasta ári og frá hvaða löndum kom það kjöt? Var þess gætt í þeim tilfellum að fyrir lægju vottorð um að kúariða hefði ekki greinst í landinu undanfarna mánuði?

Í tuttugu og þremur tilfellum var veitt leyfi til innflutnings á nautakjöti á síðasta ári frá Bandaríkjunum, Danmörku, Finnlandi, Hollandi, Írlandi og Svíþjóð, samtals 28 tonn.

Kúariða hefur ekki greinst í Bandaríkjunum, Finnlandi og Svíþjóð en hún hefur nú greinst í Hollandi, Danmörku og á Írlandi. Áður en innflutningur var heimilaður sannreyndi embætti yfirdýralæknis stöðu dýrasjúkdóma í þessum löndum, m.a. með upplýsingum og vottorðum frá dýralæknayfirvöldum í viðkomandi löndum, Alþjóðaheilbrigðismálastofnun dýra og Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Í þessum tilfellum lágu fyrir við innflutning öll gögn sem embætti yfirdýralæknis telur nauðsynleg til að fullnægja skilyrðum 2. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

723. Svar [370. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur stöðu lögreglumála í Árnessýslu.

1. *Hversu margir lögreglumenn í Árnessýslu stóðu vaktir 1997, hversu margir þeirra höfðu lokið námi í Lögregluskólanum og hver er staðan núna?*

Við áramót 1996–97 voru 26 stöðugildi við embættið á Selfossi, 20 lögreglumenn stóðu sólarhringsvaktir og þeir höfðu allir próf frá lögregluskólanum. Í desember 2000 eru 27 stöðugildi við embættið á Selfossi, 16 lögreglumenn standa sólarhringsvaktir og sex eru án prófs frá Lögregluskólanum.

2. *Hver hefur verið fjölgun íbúa á sama svæði á þessum tíma, þ.e. árin 1997– 2000:*
   a. *íbúa með fasta búsetu, heildarfjölgun og skipt niður á ár,*
   b. *íbúa í sumarhúsabyggð, heildarfjölgun og skipt niður á ár?*

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni hefur íbúafjöldi á þessu tímabili verið eftirfarandi, 1. desember hvert ár:

1997	1998	1999	2000
11.475	11.671	11.979	12.277

Engar tölur eru til um búsetu í sumarhúsum, en um áramót 1996–97 voru 3.943 sumarbústaðir í Árnessýslu. Í desember 2000 eru samkvæmt skrám fasteignamats 4.539 sumarbústaðir í umdæmi sýslumannsins á Selfossi. Þar að auki eru í sýslunni tvö stór hjólhýsastæði, á Laugarvatni og í Þjórsárdal.

3. *Hver hefur verið fjölgun skráðra bifreiða í lögregluumdæminu 1997–2000, heildarfjölgun og skipt niður á ár?*

Upplýsinga hefur verið leitað hjá Skráningarstofunni um fjölgun bifreiða í umdæminu. Á yfirliti þaðan má sjá fjölda bifreiða á þessu tímabili og dreifingu þeirra á sveitarfélög í umdæminu, sjá fylgiskjal I. Var heildarfjöldi bifreiða í umdæminu eftirfarandi, 1. desember hvert ár:

1997	1998	1999	2000
6.924	7.221	7.742	8.195

4. *Hversu mörg afbrot voru framin í umdæminu 1997–2000, skipt eftir árum og brotaflokkum?*

Ráðuneytið hefur leitað upplýsinga frá ríkislögreglustjóra um heildarmálafjölda í málaskrá lögreglunnar á tímabilinu og hvernig skiptingin er á milli ára og helstu brotaflokka. Á árunum 1997–2000 var heildarmálafjöldinn eins og hér sést:

1997	1998	1999	2000
3.674	3.290	4.152	3.746

Nánari upplýsingar og sundurliðum á fjölda brota í einstökum brotaflokkum má finna í töflu frá ríkislögreglustjóra um fjölda helstu brota í umdæmi sýslumannsins á Selfossi, sjá fylgiskjal II.

5. Hver hefur árleg fjölgun stöðugilda í lögreglunni verið á sama tíma?

Stöðugildum hjá sýslumanninum á Selfossi hefur fjölgað um einn á þessu tímbili en um síðustu áramót var bætt við stöðu fíkniefnalögreglumanns. Á sama tímabili hefur stöðugildum lögreglumanna á landinu öllu fjölgað úr 610 í 675 og skiptist það niður á ár með eftirfarandi hætti:

1997	1998	1999	2000	2001
610	622	637	666	675

Nánari upplýsingar um fjölgun stöðugilda innan lögreglunnar eru í fylgiskjali III.

Þess má geta að fjöldi lögreglumanna miðað við íbúafjölda í Árnessýslu er umdæminu fremur hagstæður samanborið við önnur umdæmi. Á hvern lögreglumann eru um 450 íbúar, en í flestum lögreglumdæmum landsins eru fleiri íbúar á hvern lögreglumann, eða rúmlega 800, t.d. í Kópavogi og Höfn í Hornafirði.

6. Hver hefur verið þróun fjárveitinga á þessum árum, skipt niður á ár?

Fjárveitingar til löggæslu hafa verið eins og sést í eftirfarandi töflu. Með öðrum fjárheimildum er átt við framlag af safnliðum ráðuneytisins, launabætur vegna kjarasamninga eftir samþykkt fjárlaga, fjáraukalög o.fl. Engin önnur framlög hafa enn komið til á þessu ári. Fjárhæðir eru í millj. kr.

	1997	1998	1999	2000	2001
Fjárlög	96,8	94,8	103,4	113,3	123,6
Aðrar fjárheimildir ..	1,0	7,0	12,6	15,5	
Samtals	**97,8**	**101,8**	**116,0**	**128,8**	**123,6**

Fylgiskjal I.

Skráningarstofan hf.:

Heildarfjöldi bifreiða í umdæmi lögreglunnar á Selfossi.

Neðangreind tafla er fjöldi allra bifreiða í umdæmi lögreglunnar á Selfossi í árslok áranna 1997, 1998 og 1999. Fjöldi bifreiða í lögregluumdæminu í árslok ársins 2000 liggur enn ekki fyrir en í lok nóvember 2000 höfðu 863 bifreiðar verið nýskráðar og 403 afskráðar á árinu 2000. Þannig má ætla að fjölgun bifreiða í umdæminu á árinu 2000 verði um 500 bifreiðar.

Sveitarfélag	Sv.Nr	31.12.1997	31.12.1998	31.12.1999
Selfoss	8100	2595	2082	1796
Árborg	8200	0	747	1284
Gaulverjabæjarhreppur	8701	80	72	75
Stokkseyrarhreppur	8702	300	267	233
Eyrarbakkahreppur	8703	313	273	253
Sandvíkurhreppur	8704	73	70	67
Hraungerðishreppur	8706	107	109	119
Villingaholtshreppur	8707	134	135	144
Skeiðahreppur	8708	155	144	141
Gnúpverjahreppur	8709	193	199	203
Hrunamannahreppur	8710	432	465	498
Biskupstungnahreppur	8711	338	353	367
Laugardalshreppur	8712	152	167	183
Grímsneshreppur	8713	170	181	171
Þingvallahreppur	8714	25	33	34
Grafningshreppur	8715	22	22	25
Hveragerði	8716	948	954	1067
Ölfushreppur	8717	887	917	994
Selvogshreppur	8718	0	0	0
Grímsnes- og Grafningshr.	8719	0	31	88
alls		6924	7221	7742

Fylgiskjal II.

Ríkislögreglustjóri:

Helstu brot í umdæmi sýslumannsins á Selfossi.

Selfoss	1997	1998	1999	2000
Heildarfjöldi mála í málaskrá lögreglu	3.674	3.290	4.152	3.746

Helstu brot, samkvæmt sundurliðun í ársskýrslu ríkislögreglustjórans

Brotaflokkur		1997	1998	1999	2000
0301	Lögreglumenn, ofbeldi gagnvart lögreglumönnum (106-107)	2	1	3	3
1506	Líkamsárás (217)	13	22	28	23
1507	Líkamsárás, líkamsmeiðingar minni (218.1)	31	17	9	6
1508	Líkamsárás, líkamsmeiðingar meiri (218.2)	6	9	5	6
1599	Líkamsárás, brot gegn lífi og líkama - ýmislegt	1	2		1
1701	Húsbrot (231)	5	2	3	4
1703	Hótanir (233)	5	1	3	8
1704	Ærumeiðingar (234)		1		
1801	Innbrot	138	62	110	82
1851	Þjófnaður (244)	170	93	157	167
1901	Gripdeild (245)	1	1		1
1922	Fjárdráttur - Peningar (247)	1	1	1	
1999	Auðgunarbrot - Ýmislegt		1	2	
2101	Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk 257.1)	199	113	167	129
2102	Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk 257.2)	9	5	5	7
2103	Nytjastuldur vélknúinna farartækja (259.1)	10	4	8	4
2104	Nytjastuldur - Annað (259.2)	8	1	1	3
3851	Fíkniefni, dreifing, sala	2	4	6	
3852	Fíkniefni, innflutningur	1	1	1	
3853	Fíkniefni, varsla, neysla	16	19	31	26
3879	Fíkniefni, ýmis fíkniefnabrot	12	4	4	2
6651	Áfengislög, ólöglegur tilbúningur áfengis (Bruggun)	8	2	3	
6657	Áfengislög, ölvun á almannafæri (21. gr.)	73	43	46	37
6679	Áfengislög, ýmislegt	12	3	7	8
7015	Akstur gegn rauðu ljósi (5.gr.)	2	1	1	3
7023	Stöðvunarskylda ekki virt (5. gr.)		2	15	8
7303	Of hraður akstur. Hraðamæling (37. gr.)	1.175	1.235	1.820	1.195
7410	Ölvun við akstur (45. gr.)	127	132	105	76

Tölur um fjölda brota á árinu 2000 hafa ekki verið stemmdar af og ná yfir tímabilið 1. janúar - 30. nóvember 2000

Fylgiskjal III.

Fjöldi lögreglumanna, heimiluð stöðugildi.

Lögregluembætti	*1985*	*1990*	*1995*	*1996*	*1997*	*1998*	*1999*	*2000*
Rannsóknarl. ríkisins	36	41	41	44	44	0	0	0
Ríkislögreglustjórinn						28	31	57
Lögregluskóli ríkisins	1	6	4	4	4	4	5	5
Reykjavík	237	264	261	261	261	289	297	288 *
Akranes	12	11	11	11	11	11	11	11
Borgarnes	5	6	6	6	6	6	7	7
Stykishólmur	9	9	9	9	9	9	9	9
Búðardalur	1	1	1	1	1	1	1	1
Patreksfjörður	4	4	4	4	4	4	4	4
Bolungarvík	3	2	2	2	2	2	2	2
Ísafjörður	14	12	12	12	12	13	13	13
Hólmavík	1	1	1	1	1	1	2	2
Blönduós	4	5	5	5	5	5	6	6
Sauðárkrókur	8	7	7	7	7	8	8	8
Siglufjörður	6	6	4	4	4	4	4	4
Ólafsfjörður	2	2	2	2	2	2	2	2
Akureyri	33	31	31	30	30	31	31	31
Húsavík	9	9	9	9	9	9	9	9
Seyðisfjörður	3	3	5	5	5	6	6	7
Neskaupstaður	2	2	2	2	2	2	2	0**
Eskifjörður	6	7	5	5	5	6	6	9
Höfn	4	3	3	3	3	3	3	3
Vík	1	1	1	2	2	2	2	3
Hvolsvöllur	5	4	4	4	4	4	4	4
Vestmannaeyjar	13	11	11	11	11	11	11	11
Selfoss	22	22	24	26	26	26	26	27
Keflavík	33	38	39	39	39	38	38	40
Keflav.flugvöllur	38	34	33	37	37	34	34	39
Hafnarfjörður	41	39	39	37	40	38	38	38
Kópavogur	23	24	24	24	24	25	25	26
Samtals öll embætti	**576**	**605**	**600**	**607**	**610**	**622**	**637**	**666**

* 15 stöður fluttar frá LR til RLS vegna fjarskiptamiðstöðvar, 1 vegna bílamiðstöðvar og 7 nýjum stöðum bætt við.

**Neskaupstaður sameinaður Eskifirði

724. Frumvarp til laga [453. mál]

um breyting á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Á eftir 23. gr. laganna koma tvær nýjar greinar er orðast svo:

a. (23. gr. a.)

Heimilt er stjórnvöldum að semja um að yfirvald í erlendu ríki megi senda einstaklingi hér á landi í pósti tilkynningu eða málsskjöl vegna rannsóknar eða meðferðar sakamáls.

Nú er ástæða til að ætla að viðtakandi skilji ekki tungumálið sem skjal er ritað á og skal þá þýða skjalið eða meginefni þess á íslensku eða annað tungumál sem erlendu yfirvaldi er kunnugt um að viðtakandi skilur.

Með tilkynningum eða málsskjölum skulu fylgja upplýsingar um að móttakandi geti fengið upplýsingar um réttindi sín og skyldur er leiðir af skjalinu hjá yfirvaldinu sem gaf það út eða öðrum yfirvöldum í viðkomandi ríki. Um slíkar leiðbeiningar gilda ákvæði 2. mgr.

b. (23. gr. b.)

Nú tekur erlendur opinber starfsmaður þátt í rannsókn eða meðferð opinbers máls hér á landi og gilda þá um hann ákvæði XII. og XIV. kafla almennra hegningarlaga eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu. Með því eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984, vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu.

Aðild Ísland að Schengen-samstarfinu byggist á samningi milli Evrópusambandsins annars vegar og Íslands og Noregs hins vegar um þátttöku síðargreindu landanna í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sem undirritaður var í Brussel 18. maí 1999 (Brussel-samningnum). Skv. 3. mgr. 2. gr. samningsins hvílir sú skylda á Íslandi og Noregi að samþykkja, koma í framkvæmd og beita gerðum og ráðstöfunum Evrópusambandins sem breyta eða bætast við þau ákvæði sem um getur í viðaukum við Brussel-samninginn.

Hinn 29. maí 2000 var samþykktur af ráðherraráði Evrópusambandsins og undirritaður af aðildarríkjum þess samningur um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli ríkjanna. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með frumvarpinu. Markmið hans er að bæta og auka réttaraðstoð milli ríkjanna í sakamálum á þeim grundvelli sem þegar er fyrir hendi, en sú samvinna hvílir einkum á Evrópusamningi um gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 20. apríl 1959, ásamt viðbótarbókun frá 17. mars 1978, og samningi frá 19. júní 1990, um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 15. júní 1985 (Schengen-samningnum). Samningur Evrópusambandsríkjanna um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum felur meðal annars í sér breyt-

ingu á Schengen-reglum sem gilda á þessu sviði. Sama dag og samningurinn var samþykktur og undirritaður af aðildarríkum Evrópusambandsins samþykktu Ísland og Noregur samninginn að því leyti sem hann tekur til landanna vegna þátttöku í Schengen-samstarfinu og lýstu því jafnframt yfir að gripið yrði til nauðsynlegra ráðstafana til að fullnægja skuldbindingum samkvæmt samningnum.

Í 2. gr. samnings Evrópusambandsríkjanna um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum eru rakin þau ákvæði samningsins sem breyta eða byggjast á þeim Schengen-gerðum, sem um getur í viðauka A við Brussel-samninginn. Ákvæðin eru 3. gr., sem felur í sér að gagnkvæma réttaraðstoð skuli einnig veita í refsimálum til úrlausnar hjá stjórnvöldum og í málum vegna refsiábyrgðar lögaðila, 5. gr., um sendingu og afhendingu málsskjala, 6. gr., um sendingu beiðna um gagnkvæma réttaraðstoð, 7. gr., um miðlun upplýsinga án formlegrar beiðni, 12. gr., um afhendingu undir eftirliti, og 23. gr., um vernd persónuupplýsinga. Að því er varðar afhendingu undir eftirliti skv. 12. gr. gilda einnig ákvæði 15. gr. samningsins um refsiábyrgð opinberra starfsmanna og 16. gr. um skaðabótaábyrgð vegna opinberra starfsmanna.

II.

Í IV. kafla laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum er að finna heimild til að veita öðrum ríkjum réttaraðstoð vegna rannsóknar og meðferðar sakamáls. Skv. 1. mgr. 22. gr. laganna er heimilt að ákveða samkvæmt beiðni að ákvæðum laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, skuli beitt til að afla sönnunargagna til notkunar í refsimáli í öðru ríki á samsvarandi hátt og í sambærilegum málum hér á landi. Hliðstætt ákvæði er einnig í f-lið 2. gr. laga um meðferð opinberra mála, en þar segir að fara skuli eftir lögunum með erindi frá erlendum dómstólum og yfirvöldum um aðgerðir hér á landi í tengslum við opinber mál.

Sá lagagrundvöllur til að veita erlendum ríkjum réttaraðstoð í sakamálum sem hér hefur verið rakinn er í flestu tilliti viðhlítandi til að unnt sé að fullnægja þeim skuldbindingum sem hvíla á Íslandi vegna þátttöku í Schengen-samstarfinu og leiða af samningi Evrópusambandsríkjanna um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum. Þó er nauðsynlegt að gera minni háttar breytingar á lögum svo sem nánar verður rakið hér á eftir. Tillögur frumvarpsins fela aðeins í sér lágmarks breytingar til að fullnægja skuldbindingum skv. 2. gr. samningsins. Þess skal þó getið að frekari þátttaka í gagnkvæmri réttaraðstoð á grundvelli samningsins er fyrirhuguð af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. samningsins skal hvert aðildarríki um sig senda beint í pósti málsskjöl í sakamáli sem eiga að fara til einstaklinga sem dvelja á yfirráðasvæði annars aðildarríkis. Í 2. mgr. er vikið frá þessu og mælt fyrir um heimild til að senda málsskjöl fyrir milligöngu þar til bærra yfirvalda ríkis sem beiðni er beint til þegar heimilisfang viðtakanda er óþekkt eða óvisst, málsmeðferðarreglur ríkis sem sendir skjöl krefjast annarrar staðfestingar á viðtöku en unnt er að fá með póstsendingum, ekki hefur verið unnt að afhenda skjal með pósti eða þegar ríki sem sendir skjal hefur réttmæta ástæðu til að ætla að sending með pósti muni ekki bera árangur eða sé óviðeigandi. Í 3. mgr. er síðan ákvæði um skyldu ríkis sem sendir skjöl til að þýða þau á viðeigandi tungumál og í 4. mgr. er mælt fyrir um að með málsskjölum skuli vera tilkynning um hvar viðtakandi geti fengið upplýsingar um réttindi sín og skyldur varðandi skjalið frá yfirvaldi í ríkinu þar sem skjalið er gefið út.

Frumvarpið felur í sér að við lögin bætast tvær nýjar greinar. Í 1. mgr. 23. gr. a er lögð til heimild fyrir stjórnvöld til að gangast undir skuldbindingu sem leiðir af 5. gr. samningsins um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum. Í 2. og 3. mgr. eru síðan ákvæði sem miða að því að tryggja að framkvæmdin verði í samræmi við 3. og 4. mgr. 5. gr. samningsins.

Í 15. gr. samningsins segir að embættismenn frá öðrum aðildarríkjum en ríkinu þar sem aðgerðir fara fram skuli hafa sömu stöðu og embættismenn í viðkomandi ríki með tilliti til refsiverðra verknaða sem beinast að þeim eða þeir fremja sjálfir. Þetta á meðal annars við um afhendingu undir eftirliti skv. 12. gr. samningsins, en það ákvæði tekur til Íslands svo sem áður er rakið. Í samræmi við þetta er lagt til að í 23. gr. b laganna komi ákvæði um að XII. og XIV. kafla almennra hegningarlaga skuli gilda um erlendan opinberan starfsmann sem tekur þátt í rannsókn eða meðferð opinbers máls hér á landi.

Fylgiskjal I.

GERÐ RÁÐSINS
um
að koma á, í samræmi við 34. gr. sáttmálans um Evrópusambandið,
samningi um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum
milli aðildarríkja Evrópusambandsins.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum a-lið 31. gr. og d-lið 2. mgr. 34. gr.,

með hliðsjón af frumkvæði aðildarríkjanna,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins,[1]

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til þess að ná markmiðum Evrópusambandsins ætti að endurbæta reglur um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins og í þeim tilgangi koma á samningi þeim sem fram kemur í viðaukanum.
2) Nokkur ákvæða samningsins falla undir gildissvið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag um beitingu samningsins sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.[2]
3) Þetta á við 3., 5., 6., 7., 12. og 23. gr. og, að því marki sem við kemur 12. gr., 15. og 16. gr. og, að því marki sem við kemur greinunum sem um getur, 1. gr.
4) Málsmeðferðin, sem lýst er í samningnum sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna,[3] hefur verið virt með tilliti til þessara ákvæða.

---

[1] Áliti var skilað 17. febrúar 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum).
[2] Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.
[3] Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.

5) Þegar Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur fá tilkynningu um samþykkt þessarar gerðar í samræmi við a-lið 2. mgr. 8. gr. framangreinds samnings verða þessi tvö ríki sérstaklega upplýst um inntak 29. gr. um gildistöku að því er Ísland og Noreg varðar og verður boðið að leggja fram viðeigandi yfirlýsingar skv. 24. gr. samningsins um leið og þau tilkynna ráðinu og framkvæmdastjórninni að stjórnskipuleg skilyrði hafi verið uppfyllt.

HEFUR ÁKVEÐIÐ að samningnum er hér með komið á en texti hans fylgir með í viðaukanum og hafa fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkja Evrópusambandsins undirritað hann í dag,

BEINIR ÞEIM TILMÆLUM TIL aðildarríkjanna að samþykkja hann í samræmi við viðeigandi stjórnskipuleg skilyrði sín,

HVETUR aðildarríkin til þess að hefja viðeigandi málsmeðferð í því skyni fyrir 1. janúar 2001.

Gjört í Brussel hinn 29. maí 2000.

Fyrir hönd ráðsins,
A. COSTA, forseti.

VIÐAUKI

SAMNINGUR,
SEM RÁÐIÐ KEMUR Á,
Í SAMRÆMI VIÐ 34. GR.
SÁTTMÁLANS UM EVRÓPUSAMBANDIÐ,
UM GAGNKVÆMA RÉTTARAÐSTOÐ Í SAKAMÁLUM
MILLI AÐILDARRÍKJA EVRÓPUSAMBANDSINS.

HINIR HÁU SAMNINGSAÐILAR samnings þessa, aðildarríki Evrópusambandsins,

VÍSA TIL gerðar ráðsins um að koma á samningi um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins,

HAFA HUG Á að bæta dómsmálasamstarf í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins, sbr. þó ákvæði um verndun einstaklingsfrelsis,

BENDA Á þá sameiginlegu hagsmuni aðildarríkjanna að tryggja að gagnkvæm réttaraðstoð milli aðildarríkjanna sé veitt fljótt og með skilvirkum hætti sem samrýmist grundvallarreglum landslaga þeirra og í samræmi við rétt einstaklinga og meginreglur Evrópusáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem var undirritaður í Róm 4. nóvember 1950,

LÁTA Í LJÓS trú sína á skipulagi og starfsemi réttarkerfa sinna og möguleika allra aðildarríkjanna til að tryggja sanngjörn réttarhöld,

EINSETJA SÉR að bæta við Evrópusamninginn um gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 20. apríl 1959 og aðra gildandi samninga á þessu sviði með samningi Evrópusambandsins,

VIÐURKENNA að ákvæði þessara samninga gilda áfram á öllum þeim sviðum sem ekki er fjallað um í samningi þessum,

HAFA Í HUGA að aðildarríkin leggja áherslu á að efla dómsmálasamstarf jafnframt því að virða meðalhófsregluna,

HAFA HUGFAST að með samningi þessum eru settar reglur um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum þar sem byggt er á meginreglum samningsins frá 20. apríl 1959,

HAFA Í HUGA að 20. gr. samnings þessa nær að vísu yfir tiltekin sérstök tilvik um hlerun fjarskipta án þess að hún hafi nein áhrif á önnur slík tilvik sem falla utan gildissviðs samningsins,

HAFA Í HUGA að almennar meginreglur þjóðaréttar eiga við tilvik sem samningur þessi nær ekki yfir,

VIÐURKENNA að samningur þessi hefur ekki áhrif á hvernig aðildarríkin sinna þeirri skyldu sinni að halda uppi lögum og reglu og tryggja innra öryggi og við hvaða aðstæður hvert aðildarríki ákveður, í samræmi við 33. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, að halda uppi lögum og reglu og tryggja innra öryggi,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM EFTIRFARANDI ÁKVÆÐI:

I. BÁLKUR
ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Tengsl við aðra samninga um gagnkvæma réttaraðstoð.

1. Markmið þessa samnings er að vera viðbót við eftirfarandi ákvæði og auðvelda beitingu þeirra innan aðildarríkja Evrópusambandsins:

a) Evrópusamning um gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 20. apríl 1959, hér á eftir nefndur „Evrópusamningurinn um gagnkvæma aðstoð“;
b) viðbótarbókun frá 17. mars 1978 við Evrópusamninginn um gagnkvæma aðstoð;
c) ákvæði um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum í samningnum frá 19. júní 1990 um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum (hér á eftir nefndur „Schengen-framkvæmdarsamningurinn“) sem eru ekki felld úr gildi skv. 2. mgr. 2. gr.;
d) ákvæði 2. kafla sáttmálans um framsal og gagnkvæma aðstoð í sakamálum milli Konungsríkisins Belgíu, Stórhertogadæmisins Lúxemborgar og Konungsríkisins Hollands frá 27. júní 1962, eins og honum var breytt með bókuninni frá 11. maí 1974 (hér á eftir nefndur „Benelúx-sáttmálinn“), að því er varðar samskipti aðildarríkja Benelúx-efnahagssambandsins.

2. Þessi samningur hefur hvorki áhrif á beitingu hagstæðari ákvæða tvíhliða eða fjölþjóðlegra samninga milli aðildarríkja né, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 26. gr. Evrópusamn-

ingsins um gagnkvæma aðstoð, samkomulag um gagnkvæma aðstoð í sakamálum á grundvelli samræmdrar löggjafar eða sérstaks kerfis þar sem gert er ráð fyrir gagnkvæmum ráðstöfunum vegna gagnkvæmrar réttaraðstoðar á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna.

2. gr.

Ákvæði sem tengjast Schengen-gerðunum.

1. Í ákvæðum 3., 5., 6., 7., 12. og 23. gr. og, að því marki sem við kemur 12. gr., í ákvæðum 15. og 16. gr. og, að því marki sem við kemur greinunum sem um getur, í ákvæðum 1. gr. er að finna ráðstafanir sem breyta eða eru byggðar á ákvæðunum sem um getur í viðauka A við samninginn sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.[1]

2. Ákvæði a-liðar 49. gr. og 52., 53. og 73. gr. Schengen-framkvæmdarsamningsins eru hér með felld úr gildi.

3. gr.

Málsmeðferð þar sem gagnkvæm réttaraðstoð skal einnig veitt.

1. Gagnkvæm réttaraðstoð skal einnig veitt við málsmeðferð stjórnvalda vegna verknaða sem eru refsiverðir samkvæmt lögum þess aðildarríkis, sem leggur fram beiðni, eða þess sem beiðni er beint til eða beggja og teljast brot á lögum sem stjórnvöld geta tekið ákvörðun um og slíkar ákvarðanir geta leitt til málsmeðferðar fyrir þar til bærum dómstóli í sakamálum.

2. Gagnkvæm réttaraðstoð skal einnig veitt í tengslum við meðferð sakamáls og málsmeðferð sem um getur í 1. mgr. að því er varðar verknaði eða brot sem draga má lögaðila til ábyrgðar fyrir í því aðildarríki sem leggur fram beiðni.

4. gr.

Formleg skilyrði og málsmeðferð við framkvæmd beiðna um gagnkvæma réttaraðstoð.

1. Þegar gagnkvæm réttaraðstoð er veitt skal aðildarríkið, sem beiðni er beint til, uppfylla þau formlegu skilyrði og fylgja þeirri málsmeðferð sem aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, tilgreinir sérstaklega, nema kveðið sé á um annað í þessum samningi og að því tilskildu að formlegu skilyrðin og málsmeðferðin brjóti ekki í bága við grundvallarlagareglur í aðildarríkinu sem beiðni er beint til.

2. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal verða við beiðni um réttaraðstoð eins fljótt og unnt er og skal taka, eftir því sem unnt er, að fullu til greina málsmeðferðarfresti og aðra fresti sem aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, tilgreinir. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, skal tilgreina ástæður fyrir því að frestur er settur.

3. Ef ekki er unnt að verða við beiðninni, eða ekki er unnt að verða við henni að öllu leyti, í samræmi við þær kröfur sem aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, setur fram skulu yfirvöld aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, tilkynna yfirvöldum aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, það strax og tilgreina að hvaða skilyrðum fullnægðum unnt sé að verða við beiðninni. Yfirvöld aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, og þess sem beiðni er beint til geta síðar komið sér saman um til hvaða aðgerða skuli gripið í kjölfar beiðninnar og skal framkvæmd aðgerðanna vera háð því að framangreind skilyrði séu uppfyllt ef þörf krefur.

---

[1] Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.

4. Ef fyrirsjáanlegt er að ekki er unnt að verða við beiðni innan þess frests sem aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, hefur tilgreint til að verða við beiðni þess og ef það kemur greinilega í ljós af þeim ástæðum sem um getur í 2. málsl. 2. mgr. að töf muni verulega skaða málsmeðferðina sem fylgt er í aðildarríkinu sem leggur fram beiðni skulu yfirvöld aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, tilgreina strax þann tíma sem áætlað er að þurfi til að unnt sé að verða við beiðninni. Yfirvöld aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, skulu strax tilgreina hvort beiðnin verði engu að síður lögð fram. Yfirvöld aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, og þess sem beiðni er beint til geta síðar komið sér saman um til hvaða aðgerða skuli gripið í kjölfar beiðninnar.

5. gr.

Sending og afhending málsskjala.

1. Hvert aðildarríki um sig skal senda beint í pósti málsskjöl sem eiga að fara til einstaklinga sem dvelja á yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

2. Hægt er að senda málsskjöl fyrir milligöngu þar til bærra yfirvalda aðildarríkisins sem beiðni er beint til þegar:

a) heimilisfang einstaklingsins, sem skjalið á að fara til, er óþekkt eða óvisst; eða
b) samkvæmt viðeigandi málsmeðferðarreglum aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, er krafist annarrar staðfestingar á því að skjalið hafi verið afhent viðtakanda en þeirrar sem unnt er að fá með póstsendingum; eða
c) ekki hefur verið unnt að afhenda skjalið í pósti; eða
d) aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, hefur réttmætar ástæður til að ætla að afgreiðsla í pósti beri ekki árangur eða sé óviðeigandi.

3. Þegar ástæða er til að ætla að viðtakandi skilji ekki tungumálið sem skjalið er samið á skal þýða skjalið, eða að minnsta kosti mikilvægustu kafla þess, á tungumál eða eitt af tungumálum þess aðildarríkis sem ræður yfirráðasvæðinu þar sem viðtakandi dvelur. Ef yfirvaldinu, sem gefur út málsskjalið, er kunnugt um að viðtakandi skilur eingöngu eitthvert annað tungumál skal þýða skjalið, eða að minnsta kosti mikilvægustu kafla þess, á það tungumál.

4. Öllum málsskjölum skal fylgja tilkynning þar sem því er lýst yfir að viðtakandi geti fengið upplýsingar um réttindi sín og skyldur varðandi skjalið frá yfirvaldinu sem gaf skjalið út eða frá öðrum yfirvöldum þess aðildarríkis. Ákvæði 3. mgr. eiga einnig við um þessa tilkynningu.

5. Þessi grein hefur hvorki áhrif á beitingu 8., 9. og 12. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð né heldur beitingu 32., 34. og 35. gr. Benelúx-sáttmálans.

6. gr.

Sending beiðna um gagnkvæma réttaraðstoð.

1. Beiðnir um gagnkvæma réttaraðstoð og upplýsingaskipti án beiðni, sem um getur í 7. gr., skulu vera skrifleg eða miðlað þannig að unnt sé við tilteknar aðstæður að fá skriflega útgáfu sem gerir aðildarríkinu, sem fær beiðni, kleift að ganga úr skugga um að hún sé áreiðanleg. Þessar beiðnir skulu fara beint á milli dómsmálayfirvalda sem eru bær til þess á því svæði að hefja meðferð þeirra og verða við þeim og skulu þær sendar sömu leið til baka nema annað sé tekið fram í þessari grein.

Allar upplýsingar, sem aðildarríki leggur fram með það í huga að meðferð máls fari fram fyrir dómstóli í öðru aðildarríki í skilningi 21. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð og 42. gr. Benelúx-sáttmálans, geta farið beint á milli þar til bærra dómsmálayfirvalda.

2. Ákvæði 1. mgr. útiloka ekki þann möguleika að beiðnir séu sendar eða sendar til baka í sérstökum tilvikum:

a) milli miðlægs yfirvalds eins aðildarríkis og miðlægs yfirvalds annars aðildarríkis; eða
b) milli dómsmálayfirvalds eins aðildarríkis og miðlægs yfirvalds annars aðildarríkis.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta Breska konungsríkið og Írland, hvort fyrir sig, lýst því yfir, þegar send er tilkynning skv. 2. mgr. 27. gr., að beiðnir og orðsendingar til ríkjanna, eins og tilgreint er í yfirlýsingunni, verði að senda um miðlægt yfirvald þeirra. Þessi aðildarríki geta með annarri yfirlýsingu, hvenær sem er, takmarkað gildissvið slíkrar yfirlýsingar í þeim tilgangi að auka áhrif 1. mgr. Þau skulu haga málsmeðferð á þennan hátt þegar ákvæði Schengen-framkvæmdarsamningsins um gagnkvæma réttaraðstoð koma til framkvæmda gagnvart þeim.

Hvert aðildarríki getur beitt meginreglunni um gagnkvæmni í tengslum við yfirlýsingarnar sem um getur hér að framan.

4. Allar beiðnir um gagnkvæma réttaraðstoð má, í neyðartilvikum, senda gegnum Alþjóðasamband sakamálalögreglu (Interpol) eða aðra þar til bæra stofnun samkvæmt ákvæðum sem eru samþykkt samkvæmt sáttmálanum um Evrópusambandið.

5. Ef, að því er varðar beiðnir skv. 12., 13. eða 14. gr., þar til bært yfirvald er dómsmálayfirvald eða miðlægt yfirvald í öðru aðildarríkinu en lögreglu- eða tollyfirvald í hinu aðildarríkinu má senda beiðnir og svör við þeim beint á milli þessara yfirvalda. Ákvæði 4. mgr. eiga við um þessa tengiliði.

6. Ef, að því er varðar beiðnir um gagnkvæma réttaraðstoð í tengslum við málsmeðferðina sem lýst er í 1. mgr. 3. gr., þar til bært yfirvald er dómsmálayfirvald eða miðlægt yfirvald í öðru aðildarríkinu en stjórnsýsluyfirvald í hinu aðildarríkinu má senda beiðnir og svör við þeim beint á milli þessara yfirvalda.

7. Hvert aðildarríki getur, þegar það leggur fram tilkynninguna sem kveðið er á um í 2. mgr. 27. gr., lýst því yfir að það sé óbundið af 1. málsl. 5. mgr. eða 6. mgr. þessarar greinar eða báðum þessum ákvæðum eða að það muni einungis beita þessum ákvæðum við sérstakar aðstæður sem það mun tilgreina. Slíka yfirlýsingu má draga til baka eða breyta hvenær sem er.

8. Eftirfarandi beiðnir eða orðsendingar skulu sendar gegnum miðlæg yfirvöld aðildarríkjanna:

a) beiðnir um tímabundinn flutning eða gegnumferð einstaklinga í varðhaldi eins og um getur í 9. gr. þessa samnings, 11. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð og 33. gr. Benelúx-sáttmálans;
b) upplýsingar úr sakaskrám eins og um getur í 22. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma réttaraðstoð og 43. gr. Benelúx-sáttmálans. Beiðnir um afrit af refsidómum og ráðstöfunum, sem um getur í 4. gr. viðbótarbókunar við Evrópusamninginn um gagnkvæma aðstoð, má senda beint gegnum þar til bær yfirvöld.

7. gr.

Upplýsingaskipti án beiðni.

1. Innan ramma landslaga geta þar til bær yfirvöld aðildarríkjanna skipst á upplýsingum, án þess að beiðni þar að lútandi hafi borist, um refsiverða verknaði og brot á lögum sem um getur í 1. mgr. 3. gr. ef refsing eða meðferð slíkra brota fellur undir lögsögu viðtökuyfirvaldsins á þeim tíma sem upplýsingarnar eru veittar.

2. Yfirvaldið, sem sendir upplýsingarnar, getur samkvæmt landslögum sett skilyrði um hvernig viðtökuyfirvaldið notar þessar upplýsingar.

3. Viðtökuyfirvaldið er bundið af þessum skilyrðum.

II. BÁLKUR
BEIÐNIR UM SÉRSTÖK TILTEKIN EYÐUBLÖÐ UM GAGNKVÆMA RÉTTARAÐSTOÐ

8. gr.

Skil.

1. Að beiðni aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, og með fyrirvara um réttindi þriðja aðila í góðri trú, getur aðildarríkið, sem beiðni er beint til, afhent aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, hluti til umráða sem fengnir voru með ólögmætum hætti með það í huga að þeim verði skilað til réttmætra eigenda.

2. Við beitingu 3. og 6. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð og 2. mgr. 24. gr. og 29. gr. Benelúx-sáttmálans getur aðildarríkið, sem beiðni er beint til, fallið frá því að hlutum verði skilað annaðhvort áður eða eftir að það hefur afhent þá aðildarríkinu sem leggur fram beiðni ef það er til þess fallið að auðvelda skil þessara hluta til réttmæts eiganda. Þetta hefur ekki áhrif á réttindi þriðja aðila í góðri trú.

3. Í því tilviki að aðildarríkið, sem beiðni er beint til, fellur frá því að hlutum verði skilað áður en það afhendir þá aðildarríkinu sem leggur fram beiðni skal fyrrnefnda aðildarríkið ekki beita tryggingarétti eða öðrum rétti um endurkröfu vegna þessara hluta samkvæmt skatta- eða tollalöggjöf.

Þegar fallið er frá því að hlutum verði skilað eins og um getur í 2. mgr. skal það gert með fyrirvara um rétt aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, til að innheimta skatta eða gjöld af réttmætum eiganda.

9. gr.

Tímabundinn flutningur manna sem eru í varðhaldi vegna rannsóknar.

1. Svo framarlega sem samningur er í gildi milli þar til bærra yfirvalda hlutaðeigandi aðildarríkja getur aðildarríki, sem hefur beðið um rannsókn, flutt tímabundið, í þágu rannsóknarinnar, mann, sem það hefur í varðhaldi á sínu yfirráðasvæði, á yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem rannsóknin fer fram.

2. Í samningnum skal fjallað um fyrirkomulag við tímabundinn flutning mannsins og hvaða dag verður að flytja hann til baka á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem leggur fram beiðni.

3. Þegar krafist er samþykkis viðkomandi manns fyrir flutningnum skal tafarlaust senda yfirlýsingu um samþykki eða afrit af henni til ríkisins sem beiðni er beint til.

4. Tíma í varðhaldi á yfirráðasvæði aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, skal draga frá þeim varðhaldstíma sem viðkomandi maður sætir eða verður gert skylt að sæta á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem leggur fram beiðni.

5. Ákvæði 2. og 3. mgr. 11. gr. og 12. og 20. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð eiga við um þessa grein að breyttu breytanda.

6. Hvert aðildarríki um sig getur lýst því yfir, þegar send er tilkynning skv. 2. mgr. 27. gr., að það muni, áður en samkomulagi er náð skv. 1. mgr. þessarar greinar, krefjast samþykkis sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar eða krefjast þess við tilteknar aðstæður sem tilgreindar eru í yfirlýsingunni.

10. gr.

Yfirheyrsla á myndfundi.

1. Ef dómsmálayfirvöld eins aðildarríkis þurfa að yfirheyra vitni eða sérfræðing, sem dvelur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, getur fyrrnefnda aðildarríkið, ef óæskilegt eða ómögulegt er að maðurinn, sem á að yfirheyra, komi í eigin persónu á yfirráðasvæði þess, farið þess á leit að yfirheyrslan fari fram á myndfundi eins kveðið er á um í 2. til 8. mgr.

2. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal samþykkja að yfirheyrslan fari fram á myndfundi að því tilskildu að myndfundir séu ekki í andstöðu við grundvallarreglur landslaga og með því skilyrði að það ráði yfir tæknibúnaði fyrir yfirheyrslu af því tagi. Ef aðildarríkið, sem beiðni er beint til, hefur ekki aðgang að tæknibúnaði fyrir myndfundi getur aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, lagt því til þann búnað samkvæmt samkomulagi.

3. Í beiðnum um yfirheyrslu á myndfundi skal koma fram, auk þeirra upplýsinga sem um getur í 14. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð og í 37. gr. Benelúx-sáttmálans, ástæða þess að talið er óæskilegt eða ómögulegt að vitnið eða sérfræðingurinn komi til yfirheyrslu í eigin persónu, heiti dómsmálayfirvaldsins og nöfn þeirra manna sem sjá munu um yfirheyrsluna.

4. Dómsmálayfirvald aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, skal kveðja viðkomandi mann til yfirheyrslu í samræmi við þau formsatriði sem mælt er fyrir um í lögum þess.

5. Eftirfarandi reglur gilda um yfirheyrslu á myndfundi:

a) Dómsmálayfirvald aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, skal vera viðstatt yfirheyrsluna og, ef nauðsyn krefur, njóta aðstoðar túlks auk þess sem það skal tryggja að staðfest sé að maðurinn, sem á að yfirheyra, sé sá sem hann segist vera og að virtar séu grundvallarreglur laga í því aðildarríki sem beiðni er beint til. Ef dómsmálayfirvald aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, er þeirrar skoðunar að grundvallarreglur laga þess hafi verið brotnar við yfirheyrsluna skal það þegar í stað gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að yfirheyrslan haldi áfram í samræmi við umræddar meginreglur.

b) Þar til bær yfirvöld aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, og aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, skulu , ef þörf krefur, koma sér saman um ráðstafanir til að vernda þann mann sem á að yfirheyra.

c) Dómsmálayfirvald aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, skal annast yfirheyrsluna beint eða stýra henni í samræmi við eigin lög.

d) Að beiðni aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, eða þess manns, sem á að yfirheyra, skal aðildarríkið, sem beiðni er beint til, tryggja, ef nauðsyn krefur, að sá maður, sem á að yfirheyra, fái notið aðstoðar túlks.

e) Maðurinn, sem á að yfirheyra, getur nýtt sér rétt sinn til að neita að bera vitni samkvæmt lögum aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, eða aðildarríkisins sem leggur fram beiðni.

6. Með fyrirvara um þær ráðstafanir, sem samþykktar hafa verið um verndun manna, skal dómsmálayfirvald aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, bóka við lok yfirheyrslunnar þar sem kemur fram hvenær og hvar yfirheyrslan fór fram, hver var yfirheyrður, hvaða aðrir menn í aðildarríkinu, sem beiðni er beint til, hafi tekið þátt í yfirheyrslunni og hvert hlutverk þeirra var, hvort einhverjir hafi verið eiðsvarnir og hvaða tækni var viðhöfð við yfirheyrsluna. Þar til bært yfirvald aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, skal senda skjalið til þar til bærs yfirvalds aðildarríkisins sem leggur fram beiðni.

7. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, skal endurgreiða aðildarríkinu, sem beiðni er beint til, kostnað við að koma á myndsambandi, rekstrarkostnað vegna myndsambandsins í aðildarríkinu sem beiðni er beint til, laun túlka sem það ríki útvegaði og greiðslur til vitna

og sérfræðinga og ferðakostnað þeirra í aðildarríkinu sem beiðni er beint til, nema síðarnefnda aðildarríkið falli frá kröfu um endurgreiðslu allra þessara útgjalda eða hluta þeirra.

8. Hvert aðildarríki um sig skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að, þegar vitni eða sérfræðingar eru yfirheyrðir á yfirráðasvæði þess í samræmi við þessa grein og neita að bera vitni þegar þeim er það skylt eða greina ekki rétt frá, þá gildi lög þess aðildarríkis á sama hátt og ef yfirheyrslan færi fram við innlenda málsmeðferð.

9. Aðildarríkin geta, ef þau svo kjósa, einnig beitt ákvæðum þessarar greinar við yfirheyrslu sakbornings á myndfundi ef það á við og með samþykki þar til bærra dómsmálayfirvalda sinna. Í því tilviki skulu viðkomandi aðildarríki koma sér saman um þá ákvörðun að halda myndfundinn og hvernig hann skuli fara fram, í samræmi við lög þeirra og viðeigandi alþjóðlega gerninga, þ.á m. Evrópusáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 1950.

Aðildarríki getur, þegar send er tilkynning skv. 2. mgr. 27. gr., lýst því yfir að það muni ekki beita fyrstu undirgrein. Slíka yfirlýsingu má draga til baka hvenær sem er.

Yfirheyrslur skulu aðeins fara fram með samþykki sakbornings. Til að vernda réttindi sakborninga, skal ráðið, ef þurfa þykir, samþykkja nauðsynlegar reglur í bindandi gerningi að lögum.

11. gr.

Yfirheyrsla vitna og sérfræðinga á símafundi.

1. Ef dómsmálayfirvöld eins aðildarríkis þurfa að yfirheyra vitni eða sérfræðing, sem dvelur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, getur fyrrnefnda aðildarríkið, ef heimilt er samkvæmt innlendum lögum, farið þess á leit að síðarnefnda aðildarríkið geri það kleift að yfirheyra viðkomandi á símafundi eins og kveðið er á um í 2. til 5. mgr.

2. Yfirheyrsla á símafundi getur því aðeins farið fram að vitnið eða sérfræðingurinn samþykki að hún fari fram með þeim hætti.

3. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal samþykkja yfirheyrslu á símafundi að því tilskildu að það brjóti ekki í bága við grundvallarreglur landslaga.

4. Beiðnum um yfirheyrslu á símafundi skal fylgja, auk þeirra upplýsinga sem um getur í 14. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð og í 37. gr. Benelúx-sáttmálans, heiti dómsmálayfirvaldsins og nöfn þeirra manna sem sjá um yfirheyrsluna og upplýsingar um að vitni eða sérfræðingur sé fús til þess að taka þátt í yfirheyrslu á símafundi.

5. Viðkomandi aðildarríki skulu koma sér saman um fyrirkomulag yfirheyrslu í reynd. Þegar slíku samkomulagi hefur verið náð skal aðildarríkið, sem beiðni er beint til, taka að sér að:

a) tilkynna viðkomandi vitni eða sérfræðingi um hvenær og hvar yfirheyrslan fari fram;
b) tryggja að staðfest sé að vitni eða sérfræðingur sé sá sem hann segist vera;
c) sannreyna að vitni eða sérfræðingur samþykki yfirheyrslu á símafundi.

Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, getur ákveðið að samkomulagið sé háð, að einhverju eða öllu leyti, viðeigandi ákvæðum 5. og 8. mgr. 10. gr. Ákvæði 7. mgr. 10. gr. eiga við að breyttu breytanda nema samkomulag hafi orðið um annað.

12. gr.

Afhending undir eftirliti.

1. Hvert aðildarríki um sig skal sjá um að tryggja, að heimilt verði að fallast á beiðni annars aðildarríkis um afhendingu undir eftirliti á yfirráðasvæði þess við rannsókn sakamála vegna brota sem leitt geta til framsals.

2. Ákvörðun um hvort afhending undir eftirliti fari fram skulu þar til bær yfirvöld aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, taka í hverju tilviki fyrir sig að teknu tilliti til laga þess aðildarríkis.

3. Afhending undir eftirliti skal fara fram í samræmi við málsmeðferð hjá aðildarríkinu sem beiðni er beint til. Þar til bær yfirvöld þess aðildarríkis skulu hafa heimild til að grípa inn í, stjórna og hafa eftirlit með aðgerðum.

13. gr.

Sameiginlegir rannsóknarhópar.

1. Þar til bær yfirvöld tveggja eða fleiri aðildarríkja geta með gagnkvæmu samkomulagi, í sérstökum tilgangi og í takmarkaðan tíma, sem unnt er að framlengja með gagnkvæmu samþykki, komið á fót sameiginlegum rannsóknarhópi til að vinna að rannsókn sakamála í einu eða fleiri þeirra aðildarríkja sem komu hópnum á fót. Í samkomulaginu skal tilgreint hvernig hópurinn skuli vera samsettur.

Sameiginlegum rannsóknarhópi skal einkum komið á fót þegar:

a) rannsókn aðildarríkis á sakamáli er krefjandi og erfið og varðar önnur aðildarríki;
b) nokkur aðildarríki fara með rannsókn sakamáls þar sem nauðsynlegt er vegna aðstæðna málsins að grípa til samræmdra, samstilltra aðgerða í viðkomandi aðildarríkjum.

Hvert og eitt hlutaðeigandi aðildarríkja getur lagt fram beiðni um að komið verði á fót sameiginlegum rannsóknarhópi. Hópnum skal komið á fót í því aðildarríki þar sem búist er við að rannsókn fari fram.

2. Auk upplýsinganna, sem um getur í viðeigandi ákvæðum 14. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð og 37. gr. Benelúx-sáttmálans, skulu tillögur um samsetningu hópsins fylgja beiðnum um að komið verði á fót sameiginlegum rannsóknarhópi.

3. Sameiginlegur rannsóknarhópur skal starfa á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, sem komu honum á fót, að uppfylltum eftirfarandi almennum skilyrðum:

a) Stjórnandi hópsins skal vera fulltrúi þar til bærs yfirvalds, sem tekur þátt í rannsókn sakamála, frá því aðildarríki þar sem hópurinn starfar. Stjórnandi hópsins skal starfa innan marka þeirra heimilda sem hann hefur samkvæmt landslögum.
b) Hópurinn skal sinna verkefnum sínum í samræmi við lög aðildarríkisins þar sem hann starfar. Þátttakendur í hópnum skulu sinna verkefnum sínum undir stjórn þess manns sem um getur í a-lið, að teknu tilliti til þeirra skilyrða sem þeirra eigin yfirvöld hafa sett í samkomulaginu um að koma hópnum á fót.
c) Aðildarríkið, þar sem hópurinn starfar, skal gera nauðsynlegar ráðstafanir innan stjórnkerfisins til þess að hann geti starfað.

4. Í skilningi þessarar greinar er litið svo á að þátttakendur í sameiginlega rannsóknarhópnum frá aðildarríkjum, öðrum en því aðildarríki þar sem hópurinn starfar, séu „sendir til starfa“ í hópnum.

5. Þátttakendur, sem hafa verið sendir til starfa í sameiginlega rannsóknarhópnum, eiga rétt á því að vera viðstaddir þegar ráðstafanir eru gerðar vegna rannsóknarinnar í aðildarríkinu þar sem aðgerðir fara fram. Þó getur stjórnandi hópsins, af sérstökum ástæðum, ákveðið annað í samræmi við lög aðildarríkisins þar sem hópurinn starfar.

6. Þátttakendum, sem hafa verið sendir til starfa í sameiginlega rannsóknarhópnum, er heimilt, í samræmi við lög aðildarríkisins þar sem hópurinn starfar, að grípa til tiltekinna ráðstafana vegna rannsóknarinnar sem stjórnandi hópsins felur þeim og þar til bær yfirvöld aðildarríkisins, þar sem hópurinn starfar, og aðildarríkisins, sem sendi mennina til starfa, samþykkja.

7. Þegar sameiginlegi rannsóknarhópurinn þarf að grípa til ráðstafana vegna rannsóknarinnar í einu þeirra aðildarríkja sem komu hópnum á fót, geta þátttakendur, sem sendir hafa verið til starfa í hópnum frá því aðildarríki, farið fram á að þar til bær yfirvöld í eigin ríki geri þær ráðstafanir. Í því aðildarríki skal meta þessar ráðstafanir samkvæmt þeim skilyrðum sem ættu við ef farið væri fram á ráðstafanir í innlendri rannsókn.

8. Þegar sameiginlegi rannsóknarhópurinn þarfnast aðstoðar aðildarríkis, sem var ekki meðal þeirra ríkja sem kom hópnum á fót, eða þriðja ríkis geta þar til bær yfirvöld ríkisins, þar sem hópurinn starfar, lagt fram beiðni um aðstoð sem beint er til þar til bærra yfirvalda viðkomandi ríkis í samræmi við viðeigandi gerninga eða samkomulag.

9. Þátttakandi í sameiginlega rannsóknarhópnum getur, í samræmi við landslög og innan heimilda sinna, veitt hópnum upplýsingar, sem fengnar eru í aðildarríkinu sem sendi hann til starfa, í þágu rannsóknar sakamáls sem hópurinn stjórnar.

10. Upplýsingar, sem þátttakandi eða þátttakandi sem hefur verið sendur til starfa í hópnum fær á löglegan hátt á meðan hann starfar með hópnum og þar til bær yfirvöld viðkomandi aðildarríkja geta ekki fengið á annan hátt, má nota á eftirfarandi hátt:

a) til að þjóna þeim tilgangi sem var ástæða þess að hópnum var komið á fót;
b) til að ljóstra upp um, rannsaka og ákæra fyrir aðra refsiverða verknaði, að fengnu fyrirframsamþykki aðildarríkisins þar sem upplýsingarnar fengust. Aðeins má neita að veita slíkt samþykki þegar slík notkun myndi stofna í hættu rannsókn sakamáls í viðkomandi aðildarríki eða í þeim tilvikum þar sem það aðildarríki myndi neita að veita gagnkvæma réttaraðstoð;
c) til að koma í veg fyrir bráða og alvarlega ógnun við almannaöryggi ef hafin er rannsókn sakamáls í beinu framhaldi, sbr. þó b-lið;
d) í öðrum tilgangi svo framarlega sem aðildarríkin, sem komu hópnum á fót, samþykkja það.

11. Ákvæði þessarar greinar hafa ekki áhrif á önnur gildandi ákvæði eða samkomulag um að koma á fót eða starfrækja sameiginlega rannsóknarhópa.

12. Svo framarlega sem lög viðkomandi aðildarríkja eða ákvæði lagagerninga, sem gilda milli þeirra, heimila má komast að samkomulagi um að menn, aðrir en fulltrúar þar til bærra yfirvalda aðildarríkjanna sem komu sameiginlega rannsóknarhópnum á fót, taki þátt í störfum hópsins. Þessir menn geta t.d. verið embættismenn við stofnanir sem komið hefur verið á fót samkvæmt sáttmálanum um Evrópusambandið. Réttindi, sem þeir sem eru í hópnum eða þeir sem hafa verið sendir til starfa í honum, hafa öðlast samkvæmt þessari grein eiga ekki við umrædda menn, nema í samkomulaginu sé skýrt kveðið á um annað.

14. gr.

Rannsókn með aðstoð flugumanna.

1. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, og aðildarríkið, sem beiðni er beint til, geta komið sér saman um að aðstoða hvort annað við rannsókn sakamáls með því að nota lögreglumenn sem starfa leynilega eða undir fölsku nafni (rannsókn með aðstoð flugumanna).

2. Þar til bær yfirvöld aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, tekur ákvörðun um beiðni í hverju einstöku tilviki að teknu tilliti til laga þess og innlendrar málsmeðferðar. Aðildarríkin skulu koma sér saman um, að teknu tilliti til laga þeirra og innlendrar málsmeðferðar, hve lengi rannsókn með aðstoð flugumanna skuli standa, hvernig henni skuli háttað í smáatriðum og hver sé lagaleg staða viðkomandi lögreglumanna á meðan þeir starfa sem flugumenn.

3. Rannsókn með aðstoð flugumanna skal fara fram í samræmi við lög og málsmeðferð þess aðildarríkis sem ræður því yfirráðasvæði þar sem rannsóknin fer fram. Hlutaðeigandi

aðildarríki skulu vinna sameiginlega að því að tryggja undirbúning rannsóknar með aðstoð flugumanna og eftirlit með rannsókninni og gera ráðstafanir til að stuðla að öryggi lögreglumannanna sem starfa leynilega eða undir fölsku nafni.

4. Hvert aðildarríki getur, þegar send er tilkynning skv. 2. mgr. 27. gr., lýst því yfir að það sé óbundið af þessari grein. Slíka yfirlýsingu er unnt að draga til baka hvenær sem er.

15. gr.

Refsiábyrgð opinberra starfsmanna.

Á meðan á aðgerðum, sem um getur í 12., 13. og 14. gr., stendur hafa opinberir starfsmenn frá öðru aðildarríki en ríkinu, þar sem aðgerðirnar fara fram, sömu stöðu og opinberir starfsmenn frá síðarnefnda ríkinu með tilliti til refsiverðra verknaða sem þeir verða fyrir eða fremja sjálfir.

16. gr.

Einkaréttarábyrgð vegna opinberra starfsmanna.

1. Þegar embættismenn aðildarríkis starfa í öðru aðildarríki, í samræmi við 12., 13. og 14. gr., skal fyrrnefnda aðildarríkið bera ábyrgð á því tjóni sem þeir valda meðan á aðgerðunum stendur í samræmi við lög aðildarríkisins sem ræður því yfirráðasvæði sem þeir starfa á.

2. Aðildarríkið, sem ræður því yfirráðasvæði þar sem unnið var tjón sem um getur í 1. mgr., skal bæta tjónið samkvæmt skilyrðum sem gilda þegar þeirra eigin embættismenn valda tjóni.

3. Aðildarríkið, sem hefur embættismenn í sinni þjónustu sem hafa valdið öðrum tjóni á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, skal endurgreiða síðarnefnda aðildarríkinu að fullu þá fjárhæð sem það hefur þurft að greiða til tjónþola eða annarra fyrir þeirra hönd.

4. Hvert aðildarríki um sig skal afsala sér, í því tilviki sem kveðið er á um í 1. mgr., réttinum til að krefjast skaðabóta vegna tjóns sem annað aðildarríki hefur valdið því með fyrirvara um rétt sinn gagnvart þriðja aðila og að undanskildum ákvæðum 3. mgr.

III. BÁLKUR
HLERUN FJARSKIPTA

17. gr.

Yfirvöld sem eru bær til þess að fyrirskipa hlerun fjarskipta.

Að því er tekur til beitingar 18., 19. og 20. gr. skal „þar til bært yfirvald“ merkja dómsmálayfirvald eða, þegar dómsmálayfirvöld hafa ekki lögsögu á því sviði sem þessi ákvæði ná yfir, sambærilegt þar til bært yfirvald sem er tilgreint skv. e-lið 1. mgr. 24. gr. og vinnur að rannsókn sakamáls.

18. gr.

Beiðnir um hlerun fjarskipta.

1. Þar til bært yfirvald í aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, getur, í þágu rannsóknar sakamáls og í samræmi við landslög, beint beiðni til þar til bærs yfirvalds í aðildarríkinu, sem beiðni er beint til, um að:

a) fjarskipti séu hleruð og upplýsingar sendar tafarlaust til aðildarríkisins sem leggur fram beiðni; eða
b) fjarskipti séu hleruð, tekin upp og síðan sé upptakan send aðildarríkinu sem leggur fram beiðni.

2. Beiðnir skv. 1. mgr. má leggja fram í tengslum við fjarskiptanotkun þess manns sem hlerað er hjá ef hann er staddur í:

a) aðildarríkinu sem leggur fram beiðni og það aðildarríki þarfnast tæknilegrar aðstoðar aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, til að hlera fjarskipti viðkomandi;
b) aðildarríkinu sem beiðni er beint til og unnt er að hlera fjarskipti viðkomandi í því aðildarríki;
c) þriðja aðildarríki sem hefur fengið upplýsingar skv. a-lið 2. mgr. 20. gr. og aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, þarfnast tæknilegrar aðstoðar aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, til að hlera fjarskipti mannsins.

3. Með fyrirvara um 14. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð og 37. gr. Benelúx-sáttmálans skal eftirfarandi koma fram í beiðnum samkvæmt þessari grein:

a) hvaða yfirvald leggur fram beiðnina;
b) staðfesting á að lögleg skipun eða heimild til hlerunar hafi verið gefin út í tengslum við rannsókn sakamáls;
c) upplýsingar sem gera kleift að staðfesta hver sá er sem hlera á hjá;
d) hvaða refsiverða hegðun er til rannsóknar;
e) á hvaða tímabili óskað er eftir hlerun; og,
f) ef unnt er, nægar tæknilegar upplýsingar, einkum tölvupóstfang, til að tryggja að unnt sé að verða við beiðninni.

4. Þegar um er að ræða beiðni skv. b-lið 2. mgr. skal einnig vera í beiðninni yfirlit yfir staðreyndir málsins. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, getur krafist allra frekari upplýsinga til að það geti ákveðið hvort gripið yrði til ráðstöfunarinnar, sem beðið er um, í sambærilegu tilviki innanlands.

5. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal skuldbinda sig til að verða við beiðnum skv. a-lið 1. mgr.:

a) þegar um er að ræða beiðni skv. a- og c-lið 2. mgr. og ríkið hefur fengið upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, getur heimilað að hlerun haldi áfram án frekari formsatriða;
b) þegar um er að ræða beiðni skv. b-lið 2. mgr. og ríkið hefur fengið upplýsingarnar sem um getur í 3. og 4. mgr. og gripið yrði til ráðstöfunarinnar, sem beðið er um, í sambærilegu tilviki innanlands. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, getur veitt samþykki sitt með sömu skilyrðum og þyrfti að uppfylla í sambærilegu tilviki innanlands.

6. Þegar tafarlaus sending er ekki möguleg skal aðildarríkið, sem beiðni er beint til og hefur fengið upplýsingarnar sem um getur í 3. og 4. mgr., verða við beiðni skv. b-lið 1. mgr. ef gripið yrði til umbeðinnar ráðstöfunar í sambærilegu tilviki innanlands. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, getur veitt samþykki sitt með sömu skilyrðum og þyrfti að uppfylla í sambærilegu tilviki innanlands.

7. Hvert aðildarríki getur, þegar send er tilkynning skv. 2. mgr. 27. gr., lýst því yfir að það sé aðeins bundið af 6. mgr. þegar það geti ekki annast tafarlausa sendingu. Í því tilviki getur hitt aðildarríkið beitt meginreglunni um gagnkvæmni.

8. Þegar beiðni skv. b-lið 1. mgr. er lögð fram getur aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, þegar það hefur sérstakar ástæður til þess, einnig beðið um skriflegt eftirrit af upptökunni. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal taka slíka beiðni til athugunar í samræmi við landslög og innlenda málsmeðferð.

9. Aðildarríkið, sem fær upplýsingarnar sem kveðið er á um í 3. og 4. mgr. skal fara með þær sem trúnaðarmál í samræmi við landslög.

19. gr.

Hlerun fjarskipta á eigin yfirráðasvæði með aðstoð þjónustuveitenda.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fjarskiptakerfi, sem eru starfrækt um stöð á yfirráðasvæði þeirra og veita ekki beinan aðgang til að hlera löglega fjarskipti manns, sem dvelur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, geti veitt því aðildarríki beinan aðgang til að hlera löglega með aðstoð milliliðar sem skal vera tilnefndur þjónustuveitandi á yfirráðasvæði þess.

2. Í því tilviki, sem um getur í 1. mgr., skulu þar til bær yfirvöld aðildarríkis hafa, í þágu rannsóknar sakamáls og í samræmi við gildandi landslög og að því tilskildu að sá sem hlerað er hjá sé staddur í því aðildarríki, heimild til hlerunar með aðstoð milliliðar sem skal vera tilnefndur þjónustuveitandi á yfirráðasvæði þess án afskipta aðildarríkisins sem ræður því yfirráðasvæði þar sem stöðin er.

3. Ákvæði 2. mgr. gilda einnig þegar hlerað er samkvæmt beiðni sem lögð er fram skv. b-lið 2. mgr. 18. gr.

4. Ekkert í þessari grein kemur í veg fyrir að aðildarríki sendi beiðni til aðildarríkisins, sem ræður því yfirráðasvæði þar sem stöðin er, um löglega hlerun fjarskipta í samræmi við 18. gr., einkum þegar ekki er milliliður í aðildarríkinu sem leggur fram beiðni.

20. gr.

Hlerun fjarskipta án tæknilegrar aðstoðar annars aðildarríkis.

1. Með fyrirvara um almennar meginreglur þjóðaréttar, svo og ákvæði c-liðar 2. mgr. 18. gr., eiga skuldbindingar samkvæmt þessari grein við um fyrirskipanir um hlerun sem þar til bært yfirvald aðildarríkis gefur eða heimilar þegar á rannsókn sakamáls stendur sem einkennist af því að lúta nánar að tilgreindu broti, þ.m.t. tilraunum til að fremja slíkt brot svo framarlega sem þær eru taldar refsiverðar samkvæmt landslögum, í þeim tilgangi að staðfesta hverjir beri ábyrgð, handtaka þá, hefja lögsókn og kveða upp dóm yfir þeim.

2. Þegar þar til bært yfirvald eins aðildarríkis („aðildarríkisins sem annast hlerun“) heimilar, í þágu rannsóknar sakamáls, hlerun fjarskipta og fjarskiptafang mannsins, sem tilgreindur er í fyrirskipun um hlerun, er í notkun á yfirráðasvæði annars aðildarríkis („aðildarríkisins sem fær tilkynningu“) en ekki er þörf á tæknilegri aðstoð þess til hlerunar skal aðildarríkið, sem annast hlerun, upplýsa aðildarríkið, sem fær tilkynningu, um hlerunina:

a) áður en hlerun fer fram í tilvikum þar sem vitað er áður en aðildarríkið fyrirskipar hlerun að maðurinn, sem hlera á hjá, er staddur á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem fær tilkynningu;
b) í öðrum tilvikum um leið og ljóst er að maðurinn, sem hlera á hjá, er staddur á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem fær tilkynningu.

3. Í tilkynningu aðildarríkisins, sem annast hlerun, skal eftirfarandi koma fram:

a) hvaða yfirvald fyrirskipar hlerunina;
b) staðfesting á að lögleg skipun til hlerunar hafi verið gefin út í tengslum við rannsókn sakamáls;
c) upplýsingar til að staðfesta hver sá er sem hlera á hjá;
d) hvaða refsiverða hegðun er til rannsóknar; og
e) á hvaða tímabili óskað er eftir hlerun.

4. Eftirfarandi gildir þegar aðildarríki fær tilkynningu skv. 2. og 3. mgr.:

a) Þar til bært yfirvald aðildarríkisins, sem fær tilkynningu, skal, þegar því berast upplýsingar skv. 3. mgr., án tafar og í síðasta lagi innan 96 klukkustunda svara aðildarríkinu, sem annast hlerun, með tilliti til þess:
   i) hvort leyfi er veitt til að hlerun fari fram eða sé haldið áfram. Aðildarríkið, sem fær

tilkynningu, getur veitt samþykki sitt með sömu skilyrðum og þyrfti að uppfylla í sambærilegu tilviki innanlands;

ii) hvort þess er krafist að hlerun fari ekki fram eða sé hætt þar sem hlerun er ekki heimil samkvæmt lögum aðildarríkisins sem fær tilkynningu eða af ástæðum sem tilgreindar eru í 2. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð. Þegar aðildarríkið, sem fær tilkynningu, gerir slíka kröfu skal það tilgreina skriflega ástæður fyrir þeirri ákvörðun;

iii) hvort, í tilvikum sem um getur í ii-lið, þess er krafist að ekki megi nota efni sem fengist hefur með hlerun á meðan sá sem hlerað var hjá var staddur á yfirráðasvæði þess eða hvort nota megi það með skilyrðum sem téð ríki tiltekur. Aðildarríkið, sem fær tilkynningu, skal upplýsa aðildarríkið, sem annast hlerun, um rökin fyrir því að þessi skilyrði eru sett.

iv) hvort þess er krafist að aðildarríkið, sem annast hlerun, samþykki stuttan frest, að hámarki 8 daga, til viðbótar við hinn upprunalega 96 klukkustunda frest til þess að fram fari innlendri málsmeðferð samkvæmt landslögum. Aðildarríkið, sem fær tilkynningu, skal upplýsa aðildarríkið, sem annast hlerun, skriflega um hvaða skilyrði, samkvæmt landslögum, réttlæti að beðið er um framlengingu frests.

b) Þar til aðildarríkið, sem fær tilkynningu, hefur tekið ákvörðun skv. i- eða ii-lið a-liðar má aðildarríkið, sem annast hlerun:

i) halda hleruninni áfram; en

ii) ekki nota efnið sem safnað hefur verið með hlerun, nema:

- viðkomandi aðildarríki hafi samþykkt annað; eða
- vegna brýnna ráðstafana til að koma í veg fyrir bráða og alvarlega ógnun við almannaöryggi. Aðildarríkið, sem fær tilkynningu, skal upplýst um alla notkun af þessu tagi og ástæður sem réttlæta hana.

c) Aðildarríkið, sem fær tilkynningu, getur beðið um yfirlit yfir staðreyndir málsins og aðrar nauðsynlegar upplýsingar til þess að taka ákvörðun um hvort hlerun væri heimiluð í sambærilegu tilviki innanlands. Slík beiðni hefur ekki áhrif á beitingu b-liðar, nema aðildarríkið, sem fær tilkynningu, og aðildarríkið, sem annast hlerun, komi sér saman um annað.

d) Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að svar berist innan 96 klukkustunda. Í því skyni skulu þau tilnefna tengiliði sem eru á vakt allan sólarhringinn og tilgreina þá í yfirlýsingum sínum skv. e-lið 1. mgr. 24. gr.

5. Aðildarríkið, sem fær tilkynningu, skal fara með upplýsingarnar, sem veittar eru skv. 3. mgr., sem trúnaðarmál í samræmi við landslög.

6. Þegar aðildarríkið, sem annast hlerun, er þeirrar skoðunar að upplýsingarnar, sem veittar eru skv. 3. mgr., séu sérstaklega viðkvæmar má senda þær til þar til bærs yfirvalds fyrir milligöngu sérstaks yfirvalds þegar viðkomandi aðildarríki hafa komið sér saman um það á tvíhliða grundvelli.

7. Hvert aðildarríki getur, þegar send er tilkynning skv. 2. mgr. 27. gr. eða hvenær sem er eftir það, lýst því yfir að það sé ekki nauðsynlegt að veita því upplýsingar um hlerun eins og lýst er í þessari grein.

21. gr.

Ábyrgð á kostnaði sem fjarskiptafyrirtæki stofna til.

Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, skal bera kostnað sem fjarskiptafyrirtæki eða þjónustuveitendur stofna til þegar orðið er við beiðnum skv. 18. gr.

22. gr.

Tvíhliða samningar.

Ekkert í þessum bálki kemur í veg fyrir tvíhliða eða fjölþjóðlega samninga milli aðildarríkjanna til þess að auðvelda að tæknilegir möguleikar séu nýttir í nútíð og framtíð að því er varðar löglega hlerun fjarskipta.

IV. BÁLKUR

23. gr.

Vernd persónuupplýsinga.

1. Persónuupplýsingar, sem sendar eru samkvæmt þessum samningi, má aðildarríki, sem hefur fengið þær, nota:

a) vegna málsmeðferðar sem þessi samningur gildir um;
b) vegna meðferðar annarra dóms- eða stjórnsýslumála sem tengist beint málsmeðferð sem um getur í a-lið;
c) til að koma í veg fyrir bráða og alvarlega ógnun við almannaöryggi;
d) í einhverjum öðrum tilgangi því aðeins að aðildarríkið, sem veitir upplýsingarnar, samþykki það fyrir fram, nema viðkomandi aðildarríki hafi fengið samþykki þess sem upplýsingarnar fjalla um.

2. Þessi grein gildir einnig um persónuupplýsingar sem voru ekki sendar heldur fengnar á annan hátt samkvæmt þessum samningi.

3. Við sérstakar aðstæður í einstöku máli getur aðildarríkið, sem veitir upplýsingar, krafist þess að aðildarríkið, sem fékk persónuupplýsingarnar, veiti upplýsingar um notkun þeirra.

4. Ef sett hafa verið skilyrði fyrir notkun persónuupplýsinganna skv. 2. mgr. 7. gr., b-lið 5. mgr. 18. gr., 6. mgr. 18. gr. eða 4. mgr. 20. gr. ganga þau skilyrði framar. Ef engin slík skilyrði hafa verið sett gildir þessi grein.

5. Ákvæði 10. mgr. 13. gr. ganga framar þessari grein að því er varðar upplýsingar sem fengnar eru skv. 13. gr.

6. Þessi grein gildir ekki um persónuupplýsingar sem aðildarríki fær samkvæmt þessum samningi og eru upprunnar í því aðildarríki.

7. Lúxemborg getur, við undirritun samningsins, lýst því yfir að eftirfarandi gildi um persónuupplýsingar sem Lúxemborg veitir öðru aðildarríki samkvæmt þessum samningi:

Lúxemborg getur, með fyrirvara um c-lið 1. mgr., með tilliti til aðstæðna í einstöku máli krafist þess, nema viðkomandi aðildarríki hafi fengið samþykki þess sem upplýsingarnar fjalla um, að persónuupplýsingarnar megi einungis nota í þeim tilgangi sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. að fengnu samþykki Lúxemborgar fyrir fram að því er varðar málsmeðferð sem Lúxemborg gæti hafa neitað eða takmarkað sendingu eða notkun persónuupplýsinganna við í samræmi við ákvæði þessa samnings eða gerninganna sem um getur í 1. gr.

Ef, í einstöku tilviki, Lúxemborg neitar að samþykkja beiðni frá aðildarríki samkvæmt ákvæðum 1. mgr. verður Lúxemborg að tilgreina skriflega ástæður fyrir þeirri ákvörðun.

V. BÁLKUR
LOKAÁKVÆÐI

24. gr.

Yfirlýsingar.

1. Hvert aðildarríki skal, þegar send er tilkynning skv. 2. mgr. 27. gr., gefa út yfirlýsingu þar sem þau yfirvöld eru tilgreind, auk þeirra sem þegar hafa verið tilgreind í Evrópusamn-

ingnum um gagnkvæma aðstoð og Benelúx-sáttmálanum, sem eru bær til þess að beita þessum samningi og að beita ákvæðum þeirra gerninga, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkjanna, þar sem einkum skal tilgreina:

a) þar til bær stjórnsýsluyfirvöld í skilningi 1. mgr. 3. gr., ef við á;
b) eitt eða fleiri miðlæg yfirvöld vegna beitingar 6. gr. svo og þar til bær yfirvöld til að fjalla um beiðnir sem um getur í 8. mgr. 6. gr.;
c) þar til bær lögreglu- eða tollyfirvöld vegna 5. mgr. 6. gr., ef við á;
d) þar til bær stjórnsýsluyfirvöld vegna 6. mgr. 6. gr., ef við á; og
e) þar til bært yfirvald eða þar til bær yfirvöld vegna beitingar 18. og 19. gr. og 1. til 5. mgr. 20. gr.

2. Yfirlýsingum, sem eru gefnar út í samræmi við 1. mgr., má, hvenær sem er, breyta með sömu málsmeðferð að einhverju eða öllu leyti.

25. gr.

Fyrirvarar.

Ekki er unnt að gera aðra fyrirvara við samning þennan en þá sem skýrt er kveðið á um í honum.

26. gr.

Gildissvið.

Samningur þessi mun taka til Gíbraltar þegar gildissvið Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð verður rýmkað þannig að hann taki einnig til Gíbraltar.

Breska konungsríkið skal tilkynna forseta ráðsins skriflega þegar það æskir þess að samningurinn taki til Ermarsundseyja og eyjarinnar Manar eftir að gildissvið Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð hefur verið rýmkað þannig að hann taki einnig til þeirra svæða. Ráðið skal taka ákvörðun um slíka beiðni með samhljóða samþykki.

27. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi er háður samþykki aðildarríkjanna í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði þeirra hvers um sig.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna aðalframkvæmdastjóra ráðs Evrópusambandsins um að stjórnskipuleg skilyrði hafi verið uppfyllt fyrir samþykkt samnings þessa.

3. Að því er varðar þau átta aðildarríki sem hlut eiga að máli öðlast samningur þessi gildi 90 dögum eftir að tilkynningin, sem um getur í 2. mgr., berst frá ríki sem er aðildarríki Evrópusambandsins þegar ráð þess samþykkir gerðina um að koma samningi þessum á og er hið áttunda í röðinni til að uppfylla þessa formkröfu.

4. Sérhver tilkynning frá aðildarríki sem berst eftir að áttunda tilkynningin, sem um getur í 2. mgr., hefur borist, hefur í för með sér að samningur þessi öðlast gildi, 90 dögum eftir síðari tilkynninguna, milli þess aðildarríkis og þeirra aðildarríkja þar sem samningurinn hefur þegar öðlast gildi.

5. Áður en samningurinn öðlast gildi skv. 3. mgr. getur hvert aðildarríki, þegar það sendir tilkynninguna sem um getur í 2. mgr. eða hvenær sem er eftir það, lýst því yfir að það muni beita samningi þessum í samskiptum við aðildarríki sem hafa gefið sams konar yfirlýsingu. Slíkar yfirlýsingar skulu koma til framkvæmda 90 dögum eftir að þær eru afhentar til vörslu.

6. Samningur þessi gildir um gagnkvæma réttaraðstoð sem hafin er eftir gildistökudag hans eða er beitt skv. 5. mgr. milli hlutaðeigandi aðildarríkja.

28. gr.

Aðild nýrra aðildarríkja.

1. Hverju ríki, sem gerist aðili að Evrópusambandinu, er heimilt að gerast aðili að samningi þessum.

2. Ráð Evrópusambandsins gerir texta samnings þessa á tungumáli ríkisins sem fær aðild að samningnum og er hann jafngildur öðrum textum.

3. Aðildarskjölin skulu afhent vörsluaðila til vörslu.

4. Samningur þessi öðlast gildi, að því er varðar hvert ríki sem fær aðild að honum, 90 dögum eftir að það hefur afhent aðildarskjöl sín til vörslu eða þann dag sem samningur þessi öðlast gildi ef hann hefur ekki þegar öðlast gildi þegar 90 daga tímabilinu lýkur.

5. Ef samningur þessi hefur ekki enn öðlast gildi þegar þau aðildarríki, sem fá aðild að samningnum, afhenda aðildarskjöl sín til vörslu gildir 5. mgr. 27. gr. um þau ríki.

29. gr.

Gildistaka að því er Ísland og Noreg varðar.

1. Með fyrirvara um 8. gr. samningsins sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna („samstarfssamningurinn“) öðlast ákvæðin, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., gildi, að því er Ísland og Noreg varðar, 90 dögum eftir að ráðið og framkvæmdastjórnin taka á móti upplýsingum skv. 2. mgr. 8. gr. samstarfssamningsins um að Ísland og Noregur hafi uppfyllt stjórnskipuleg skilyrði í gagnkvæmum samskiptum við öll aðildarríki þar sem samningur þessi hefur þegar öðlast gildi skv. 3. eða 4. mgr. 27. gr.

2. Gildistaka samnings þessa, að því er varðar eitthvert aðildarríki, eftir þann dag sem ákvæðin, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., öðlast gildi að því er Ísland og Noreg varðar, hefur í för með sér að ákvæði þessi öðlast einnig gildi að því er varðar gagnkvæm samskipti þess aðildarríkis og Íslands og Noregs.

3. Ákvæðin, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., verða í engu tilviki bindandi á Íslandi og í Noregi fyrir þann dag sem verður ákveðinn skv. 4. mgr. 15. gr. samstarfssamningsins.

4. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. hér að framan öðlast ákvæðin, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., gildi, að því er Ísland og Noreg varðar, eigi síðar en þann dag sem samningur þessi öðlast gildi að því er varðar fimmtánda ríkið sem er aðildarríki Evrópusambandsins þegar ráð þess samþykkir gerðina um að koma samningi þessum á.

30. gr.

Vörsluaðili.

1. Aðalframkvæmdastjóri ráðs Evrópusambandsins skal vera vörsluaðili samnings þessa.

2. Vörsluaðilinn skal birta í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna upplýsingar um framgang samþykkta og aðildar, yfirlýsingar og fyrirvara og allar aðrar tilkynningar sem varða samning þennan.

Gjört í Brussel tuttugasta og níunda dag maímánaðar árið tvö þúsund í einu frumriti á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, írsku, ítölsku, portúgölsku, spænsku, sænsku og þýsku og eru allir textarnir jafngildir en frumritið verður afhent til vörslu í skjalasafni aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins. Aðalframkvæmdastjórinn lætur hverju aðildarríki um sig í té staðfest endurrit.

YFIRLÝSINGAR

Yfirlýsing ráðsins um 9. mgr. 10. gr.

„Þegar ráðið hyggst samþykkja gerning, eins og um getur í 9. mgr. 10. gr., ber því að virða skuldbindingar aðildarríkja samkvæmt Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda.“

Yfirlýsing Breska konungsríkisins um 20. gr.

Þessi yfirlýsing er samþykktur, óaðskiljanlegur hluti samningsins:

„Í Breska konungsríkinu gildir 20. gr. að því er varðar hlerunarheimildir sem innanríkisráðherrann gefur út til lögreglu eða toll- og skattayfirvalda þegar yfirlýstur tilgangur með heimildinni er, í samræmi við landslög um hlerun fjarskipta, að ljóstra upp um alvarlega refsiverða verknaði. Hún gildir einnig um slíkar heimildir sem gefnar eru út til öryggisdeilda, í samræmi við landslög, þegar verkefni þeirra er að aðstoða við rannsókn sem er sama eðlis og lýst er í 1. mgr. 20. gr.“

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 13/1984, um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakmálum, vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Ekki er talið að lögfesting frumvarpsins hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

725. Fyrirspurn [454. mál]

til utanríkisráðherra um sjóflutninga fyrir bandaríska varnarliðið á Íslandi.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hversu mörg kaupskip annast þau 65% sjóflutninga fyrir Bandaríkjaher sem féllu í hlut Íslendinga eftir síðasta útboð? Undir hvaða fána sigla þessi skip og hverrar þjóðar eru áhafnirnar?
2. Hversu mörg skip annast þau 35% sjóflutninganna sem féllu í hlut Bandaríkjamanna? Undir hvaða fána sigla þessi skip og hverrar þjóðar eru áhafnirnar?

3. Fellur það fyrirtæki sem nú annast íslenska hluta sjóflutninganna fyrir Bandaríkjaher undir ákvæði l-liðar 1. gr. laga um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna, nr. 82/2000, þ.e. telst það til íslenskrar útgerðar?

Skriflegt svar óskast.

726. Fyrirspurn [455. mál]

til dómsmálaráðherra um sjómælingar við Ísland.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Frá hvaða tíma eru elstu dýpistölur sjómælinga við Ísland sem enn er stuðst við á sjókortum og hverjir önnuðust þær mælingar?
2. Hvenær er áætlað að ljúka endurmælingu dýpis við strendur landsins og á helstu fiskimiðum?
3. Hafa sjómælingar verið efldar í samræmi við þingsályktun um rannsóknir og sjómælingar innan efnahagslögsögunnar frá 14. maí 1997 þar sem „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að efla rannsóknir og sjómælingar við landið, með sérstakri áherslu á hafsvæðið innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar fyrir sunnan landgrunn Íslands frá Reykjaneshrygg að Færeyjahrygg“?
4. Er samstarf á milli landmælinga og sjómælinga, t.d. í kortagerð eða með öðrum hætti?
5. Hvert var úthald sjómælingabáts sl. þrjú ár, þ.e. dagafjöldi við mælingavinnu? Hvað eru margir í áhöfn og hve margir eru lögskráningardagar á ári?
6. Hver var heildarrekstrarkostnaður sjómælingabátsins á ári sl. þrjú ár?
7. Er stærð sjómælingabátsins hentug með tilliti til veðurfarslegra aðstæðna hér við land og þeirra verkefna sem fyrir liggja?
8. Er samruni Sjómælinga Íslands og Landmælinga Íslands hagkvæmur kostur með tilliti til verklegra og fjárhagslegra þátta?

Skriflegt svar óskast.

727. Tillaga til þingsályktunar [456. mál]

um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Svanfríður Jónasdóttir,
Árni Steinar Jóhannsson, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd sem fái það verkefni að semja frumvarp til laga um fjárhagslegan aðskilnað milli reksturs útgerðar annars vegar og fiskvinnslu í landi hins vegar. Frumvarpið verði lagt fram á þessu þingi og að því stefnt að lögin taki gildi 1. janúar 2002.

Lögunum verði ætlað að skapa skilyrði fyrir eðlilega verðmyndun á öllum óunnum fiski á markaði, heilbrigðum og gegnsæjum viðskiptaháttum í fiskviðskiptum og koma þannig á eðlilegum samkeppnisskilyrðum á því sviði.

Greinargerð.

Lagalegar forsendur.

a. Kröfur EES-samnings um virka samkeppni á markaði.

Núgildandi lög og reglur fela í sér að gerðar eru miklar kröfur um siðareglur í viðskiptum, virka samkeppni á markaði og gegnsæi hans. Lögleiðing samkeppnislaga, nr. 8/1993, markaði tímamót á þessu sviði. Einnig má vísa til þess að Ísland eru bundið af samkeppnisreglum ESB vegna aðildar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og hefur sú skuldbinding víðtæk áhrif í íslenskum lögum og reglum. Sem dæmi um viðbrögð löggjafans má nefna þingsályktun um setningu siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði sem samþykkt var á 125. löggjafarþingi, en þar voru hafðar til hliðsjónar reglur framkvæmdastjórnar ESB.

Í greinargerð þeirrar þingsályktunartillögu segir m.a.: „Markmið reglnanna er að gefa viðmið fyrir siðlegt athæfi alls staðar á því svæði sem þær ná til, greiða fyrir virkri starfsemi verðbréfamarkaða og gæta almannahagsmuna.“ Á öðrum stað segir: „Til þess að hann [þ.e. verðbréfamarkaðurinn] megi þróast eðlilega allri þjóðinni til hagsbóta er nauðsynlegt að hlúa að heilbrigðum og gagnsæjum viðskiptaháttum á öllum fjármagnsmarkaðinum.“

Fullvíst má telja að það viðskiptalega umhverfi sem nú ríkir í verslun með óunninn fisk hér á landi fullnægi ekki settum kröfum EES-samningsins um virka samkeppni.

b. Íslensk samkeppnislög.

Sú þingsályktunartillaga sem hér er flutt á sér meginstoðir í lögbundnum markmiðum gildandi samkeppnislaga og er ætlað að þjóna þeim, en í 1. gr. laganna segir:

„Lög þessi hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal náð með því að:

a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,

b. vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,

c. auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.“

Einnig má vísa til ýmissa annarra ákvæða samkeppnislaganna, svo sem 10. og 11. gr., og að auki er vert að benda á ákvæði 14. gr. en þar segir:

„Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal

þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi."

Sé fullrar sanngirni gætt verður ekki annað séð en að framangreind ákvæði 14. gr. eigi fyllilega við um þann mikla aðstöðumun sem skapast milli útgerðarfyrirtækja sem árlega fá úthlutað aflaheimildum og njóta þannig verndar með slíkum stjórnvaldsbundnum leyfum og hins vegar fiskvinnslufyrirtækja sem engrar slíkrar verndar njóta en starfa í óheftri samkeppni á markaði.

Óviðunandi ástand á innlendum fiskkaupamarkaði.

Með vísan til framangreindra ákvæða samkeppnislaga hlýtur það ástand sem nú ríkir og varað hefur um árabil á markaði um kaup og sölu á óunnum fiski, og alkunnugt er hvernig er háttað, að teljast óviðunandi. Engin skilyrði eru til eðlilegrar verðmyndunar á fiski og ótruflaðrar samkeppni í fiskviðskiptum þrátt fyrir að í landinu hafi um árabil verið starfandi uppboðsmarkaðir fyrir fisk.

Fiskviðskipti við núverandi kringumstæður skapa ófrið um verðlagningu á fiski milli sjómanna og útvegsmanna og grafa einnig undan tilvistargrundvelli innlendra fiskmarkaða. Skiptir þá ekki meginmáli hvort um viðskipti milli óskyldra eða skyldra aðila er að ræða. Þá er ríkjandi mikil samkeppnisleg mismunun í fiskvinnslunni sem bitnar hart á fiskvinnslufyrirtækjum sem ekki tengjast útgerð.

a. Viðskipti milli óskyldra aðila

Enda þótt sá fiskur sem kemur til sölu á íslenskum fiskmörkuðum seljist að öllu jöfnu á mjög háu verði er samt sem áður ríkjandi mikill fiskskortur á mörkuðunum. Í stað þess að selja fiskinn hæstbjóðanda leita útgerðir í auknum mæli eftir svokölluðum „beinum viðskiptum". Í slíkum viðskiptum er samið um fast verð á fiskinum sem er langt undir ríkjandi verði á mörkuðum, oftast aðeins um helmingur eða jafnvel minna.

Ástæðurnar fyrir slíkum viðskiptum er að finna í ákvæðum gildandi laga um fiskveiðistjórn sem heimila frjálst framsal aflaheimilda án þess að slíku framsali séu settar nægilegar skorður.

Þessi „beinu viðskipti" verða vegna þess að útgerð viðkomandi fiskiskips sér hag í því að leggja aflann upp hjá fiskverkanda með þeim skilmálum að hluti aflaverðmætis greiðist með peningum en hinn hlutinn með því að fiskverkandi kaupi veiðiheimildir á viðkomandi skip, eða leggi þær fram og fénýti á þennan hátt, hafi hann yfir slíkum heimildum að ráða. Aflahlutur áhafnar miðast síðan aðeins við þann hlutann sem greiddur er með peningum og sama máli gegnir með lögboðin gjöld, svo sem hafnargjöld. Raunverðið á fiski í þessum viðskiptum, þegar allt er talið, er hins vegar í fullu samræmi við ríkjandi verð á fiskmörkuðum á sama tíma.

b. Viðskipti milli skyldra aðila.

„Viðskipti" milli útgerðar og fiskvinnslu í eigu sama aðila eru að því leyti sama marki brennd og viðskipti milli óskyldra aðila að viðmiðunarverðið á fiskinum til hlutaskipta er a.m.k. að mestu leyti úr öllum tengslum við ríkjandi markaðsverð. Eigandinn, þ.e. viðkomandi fyrirtæki, er því í raun með þessu að flytja fjármuni frá útgerðinni til fiskvinnslunnar. Hvort sem fiskviðskiptin eiga sér stað milli óskyldra aðila eða innan sama fyrirtækis verður niðurstaðan sú sama, falskt fiskverð sem knúið er fram í krafti þeirrar stöðu sem útgerðin hefur með yfirráðum sínum yfir veiðiheimildum.

Fénýting veiðiheimilda í viðskiptum með fisk yrði bönnuð. Núverandi ástand í fiskviðskiptum með svo brengluðu verðmyndunarkerfi, eins og fyrr er lýst, er algjörlega óhæft. Þær ráðstafanir sem Alþingi greip til árið 1998 með setningu laga um stofnun Kvótaþings og Verðlagsstofu skiptaverðs, og ætlað var að færa ástand þessara mála til betra horfs, hafa samkvæmt fenginni reynslu mistekist með öllu. Því er brýnt að löggjafinn grípi inn í að nýju með því að áskilja með lögum fullan fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu. Að sjálfu leiðir að í slíkri löggjöf fælist algjört bann við því að veiðiheimildir yrðu fénýttar í viðskiptum með fisk.

Þjóðhagsleg hagkvæmni veiða og vinnslu mundi aukast. Þessa fullyrðingu mætti rökstyðja í löngu máli en verður ekki gert hér, enda ætti þess ekki að gerast þörf. Þingsályktunartillaga þessi miðar að því, eins áður segir, að koma á eðlilegri samkeppni í viðskiptum með fisk. Virk samkeppni er árangursríkasta leiðin til þess að ná sem hagkvæmastri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins eins og kveðið er á um í 1. gr. gildandi samkeppnislaga. Löng reynsla annarra þjóða talar skýru máli um að þau orð eru sönn. Til lengri tíma litið má því einnig telja fullvíst að breytingin yrði til góðs fyrir atvinnugreinina í heild.

728. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Múla Jónasson og Auðun Sæmundsson frá Fiskistofu, Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti og Eggert Kjartansson frá Kolavinnslunni Suðurnes ehf. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Hafrannsóknastofnuninni, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Byggðastofnun, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Þjóðhagsstofnun, Verslunarráði Íslands, Vélstjórafélagi Íslands og Sjómannasambandi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að heimild til svokallaðrar tegundartilfærslu verði þrengd. Í tegundartilfærslu samkvæmt gildandi lögum felst að heimilt er að veiða yfir aflamark í tiltekinni tegund botnfisks allt að 5% af heildarverðmæti botnfisksaflamarks, enda skerðist aflamark í öðrum tegundum botnfisks hlutfallslega miðað við reiknað verðmæti tegundanna (þorskígildisstuðla). Upphaflegur tilgangur með slíku ákvæði var sá að skapa sveigjanleika í kerfinu þannig að síður kæmi til brottkasts þegar fisktegund fengist sem viðkomandi bátur hefði ekki aflamark í. Framkvæmdin hefur hins vegar orðið sú að heimildin hefur fyrst og fremst verið nýtt til að auka afla í eftirsóknarverðari tegundum og draga úr veiði á öðrum. Því er lagt til að heimildin verði takmörkuð þannig að aldrei verði heimilt að breyta meira en sem nemur 2% af heildarbotnfiskskvótanum í hverja tegund. Eftir standa 3% sem nýtast í hinum upprunalega tilgangi ákvæðisins sem er að skapa sveigjanleika í kerfinu þannig að meðafla sé síður hent þegar fisktegund veiðist sem ekki er aflamark fyrir.

Meiri hlutinn vill vekja athygli á að núgildandi reglur um tegundartilfærslu hafa leitt til þess að fiskverkendur hafa lent í erfiðleikum með að verða sér úti um hráefni úr tilteknum tegundum þegar lækkandi fiskverð hefur orðið til þess að heimild til tegundartilfærslu hefur

verið nýtt til breytinga í verðmeiri tegundir. Í töflu í fylgiskjali sem Fiskistofa hefur tekið saman kemur þetta vel fram. Þar sést að tegundartilfærsla í einstökum tegundum hefur numið allt að 60,5% af úthlutuðu aflamarki á ári. Augljóst er að þetta er ekki í samræmi við upphaflegan tilgang sem var að tryggja tiltekinn sveigjanleika í kerfinu.

Þar sem liðið er á fiskveiðiárið og margir einstaklingar og lögaðilar hafa gert ráðstafanir í samræmi við gildandi lög leggur meiri hlutinn til að frumvarpið taki gildi um næstu fiskveiðiáramót.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. september 2001.

Hjálmar Árnason og Árni R. Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Svanfríður Jónasdóttir og Jóhann Ársælsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 15. febr. 2001.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Guðmundur Hallvarðsson.	Vilhjálmur Egilsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Svanfríður Jónasdóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Fiskistofa, 27. nóvember 2000. Leyfilegur heildarafli, tegundartilfærslur[1] aflamarks og heildarafli á fiskveiðiárunum 1992/93–1999/2000. *Botnfisktegundir.*
Tölur fyrir tegundartilfærslu aflamarks eru nettótölur. Allar tölur miðast við lestir og **óslægðan** afla þar sem það á við. Aflatölur fiskveiðiársins 1999/2000 eru bráðabirgðatölur.

	Fiskveiðiárið 1992/93				**Fiskveiðiárið 1993/94**				**Fiskveiðiárið 1994/95**				**Fiskveiðiárið 1995/96**			
Fiskteg.	Leyfilegur afli skv. rgl.	Tegundar-tilfærsla[1]	% af leyfi-legum afla	Heildarafli allra skipa	Leyfilegur afli skv. rgl.	Tegundar-tilfærsla[1]	% af leyfi-legum afla	Heildarafli allra skipa	Leyfilegur afli skv. rgl.	Tegundar-tilfærsla[1]	% af leyfil. afla	Heildarafli allra skipa	Leyfilegur afli skv. rgl.	Tegundar-tilfærsla[1]	% af leyfil. afla	Heildarafli allra skipa
Þorskur	205.000	-597	-0,3%	240.808	155.000	-44	0,0%	196.929	155.000	-93	-0,1%	164.113	155.000	-75	0,0%	169.768
Ýsa	65.000	-5.226	-8,0%	48.029	65.000	-3.306	-5,1%	56.171	65.000	-2.159	-3,3%	60.528	60.000	-2.985	-5,0%	53.914
Ufsi	92.000	-3.666	-4,0%	76.062	85.000	-5.154	-6,1%	66.620	75.000	-7.504	-10,0%	49.919	70.000	-12.214	-17,4%	40.547
Karfi	104.000	6.756	6,5%	103.325	90.000	8.216	9,1%	93.299	77.000	13.260	17,2%	91.146	65.000	11.281	17,4%	78.369
Steinbítur	-	-	-	12.384	-	-	-	13.322	-	-	-	12.280	-	-	-	15.179
Grálúða	30.000	5.750	19,2%	34.717	30.000	2.002	6,7%	28.420	30.000	-1.031	-3,4%	26.499	20.000	-276	-1,4%	22.371
Skarkoli	13.000	598	4,6%	12.764	13.000	378	2,9%	12.465	13.000	-217	-1,7%	11.320	13.000	-445	-3,4%	11.197
Langlúra	-	-	-	1.658	-	-	-	1.771	-	-	-	1.642	-	-	-	1.699
Sandkoli	-	-	-	3.313	-	-	-	4.676	-	-	-	5.626	-	-	-	6.792
Skrápflúra	-	-	-	1.339	-	-	-	1.560	-	-	-	4.952	-	-	-	6.109
Þykkvalúra	-	-	-	716	-	-	-	693	-	-	-	741	-	-	-	914
Samtals	**509.000**	**3.615**	**-**	**535.115**	**438.000**	**2.093**	**-**	**475.926**	**415.000**	**2.256**	**-**	**428.767**	**383.000**	**-4.714**	**-**	**406.859**

	Fiskveiðiárið 1996/97				**Fiskveiðiárið 1997/98**				**Fiskveiðiárið 1998/99**				**Fiskveiðiárið 1999/00**			
Fiskteg.	Leyfilegur afli skv. rgl.	Tegundar-tilfærsla[1]	% af leyfi-legum afla	Heildarafli allra skipa	Leyfilegur afli skv. rgl.	Tegundar-tilfærsla[1]	% af leyfi-legum afla	Heildarafli allra skipa	Leyfilegur afli skv. rgl.	Tegundar-tilfærsla[1]	% af leyfil. afla	Heildarafli allra skipa	Leyfilegur afli skv. rgl.	Tegundar-tilfærsla[1]	% af leyfil. afla	Heildarafli allra skipa
Þorskur	186.000	-100	-0,1%	203.811	218.000	-123	-0,1%	227.757	250.000	-181	-0,1%	254.800	250.000	-189	-0,1%	255.600
Ýsa	45.000	462	1,0%	49.701	45.000	-4.698	-10,4%	37.799	35.000	-50	-0,1%	45.300	35.000	693	2,0%	41.200
Ufsi	50.000	-15.826	-31,7%	37.368	30.000	-1.006	-3,4%	32.692	30.000	-1.081	-3,6%	30.778	30.000	-1.037	-3,5%	29.800
Karfi	65.000	9.336	14,4%	74.090	65.000	6.952	10,7%	68.088	65.000	5.376	8,3%	72.575	60.000	1.779	3,0%	62.900
Steinbítur	13.000	-464	-3,6%	11.591	13.000	-1.687	-13,0%	11.766	13.000	-2.994	-23,0%	13.084	13.000	-2.030	-15,6%	14.900
Grálúða	15.000	630	4,2%	19.055	10.000	864	8,6%	11.333	10.000	975	9,8%	11.335	10.000	1.505	15,1%	11.900
Skarkoli	12.000	-1.370	-11,4%	10.512	9.000	-678	-7,5%	8.238	7.000	-131	-1,9%	7.500	4.000	711	17,8%	4.970
Langlúra	1.200	183	15,2%	1.300	1.100	33	3,0%	995	1.100	10	0,9%	1.157	1.100	5	0,5%	1.100
Sandkoli	-	-	-	8.260	7.000	-8	-0,1%	6.032	7.000	-2.323	-33,2%	4.205	7.000	-4.232	-60,5%	2.740
Skrápflúra	-	-	-	5.471	5.000	-453	-9,1%	3.413	5.000	-1.941	-38,8%	3.257	5.000	-2.280	-45,6%	2.780
Þykkvalúra	-	-	-	1.064	-	-	-	1.347	-	-	-	1.887	1.400	92	6,6%	1.395
Samtals	**387.200**	**-7.149**	**-**	**422.223**	**403.100**	**-804**	**-**	**409.460**	**423.100**	**-2.339**	**-**	**445.878**	**416.500**	**-4.982**	**-**	**429.285**

[1] Heimild aflamarksskipa til að veiða umfram aflamark af tiltekinni botnfisktegund skv. 1. og 2. mgr. 10. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.
Á fiskveiðiárinu 1997/1998 var stuðlum, sem nota ber við umreikning á óslægðum þorsk-, ýsu- og ufsaafla í slægðan afla, breytt úr 0,8 í 0,84.

729. Fyrirspurn [457. mál]

til menntamálaráðherra um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga.

Frá Drífu J. Sigfúsdóttur.

1. Telur ráðherra einhverja meinbugi á því að nemendur sem útskrifast með BS-próf frá viðskiptadeildum Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Akureyri og frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst fái að kalla sig viðskiptafræðinga?
2. Hverjir skipa nefnd skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 27/1981 og eftir hvað meginreglu starfar hún?
3. Telur ráðherra koma til greina að breyta lögum nr. 27/1981 þannig að nemendur með BS-próf úr áðurgreindum skólum fái að kalla sig viðskiptafræðinga eins og nemendur með sambærileg próf frá Háskóla Íslands?

730. Svar [399. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um innflutning á nautakjöti.

1. *Hvaða forsendur voru fyrir því að leyfa innflutning á nær 6,5 tonnum af frosnum nautalundum frá Írlandi í desember sl. þrátt fyrir að Írar hafi enn ekki náð tökum á útbreiðslu kúariðu og standi nú í miklum aðgerðum og stórfelldri slátrun vegna smithættu?*

Í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, er kveðið á um að til að hindra að dýrasjúkdómar berist til landsins sé óheimilt að flytja til landsins tilteknar vörutegundir. Þeirra á meðal eru hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, þ.m.t. hrátt og lítt saltað nautakjöt. Í 2. mgr. 10. gr. sömu laga segir að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. sé landbúnaðarráðherra heimilt að leyfa innflutning á fyrrgreindum vörum að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim er valda dýrasjúkdómum. Áður en innflutningur umræddra nautalunda var leyfður aflaði embætti yfirdýralæknis allra nauðsynlegra vottorða og upplýsinga til að uppfylla þessi lagaskilyrði. Í vottorðum sem fylgdu hinu írska kjöti kemur m.a. fram að kjötið sé af ungdýrum fæddum og uppöldum á Írlandi árin 1998–99; að fyrir slátrun hafi dýrin verið skoðuð sérstaklega með tilliti til kúariðu; að kúariða hafi aldrei greinst í þeim hjörðum sem dýrin komu úr; að Írland hafi frá 1996 farið algjörlega að öllum reglum vísindanefndar ESB varðandi fóðurgerð og að ekki sé blandað annað fóður en jórturdýrafóður í þeim verksmiðjum sem framleiða fóður fyrir nautgripi á Írlandi; og að bannað sé að nota kjöt- og beinamjöl í þetta fóður. Enn fremur lá fyrir að vísindanefnd ESB, Alþjóðaheilbrigðismálastofnun dýra (OIE) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) skilgreina úrbeinaða nautavöðva sem hættulausa með tilliti til kúariðusmits. Nautgripir á Írlandi eru um sjö milljónir og þykir tíðni kúariðu þar lág að mati fyrrgreindra alþjóðastofnana. Írar hafa náð föstum tökum á kúariðuvanda sínum og eru viðurkenndir af vísindanefnd ESB fyrir að beita aðgerðum sem hindra smit fullkomlega.

2. *Hver ber ábyrgð á því að landbúnaðarráðuneytið fór ekki eftir auglýsingu nr. 324/1999 varðandi þennan innflutning á nautalundum frá Írlandi?*
3. *Er kúariðufárið á Írlandi ekki næg ástæða að mati ráðherra til að beita ákvæðum fyrrgreindrar auglýsingar og krefjast vottorðs um að kúariða hafi ekki greinst í viðkomandi landi næstliðna sex mánuði, sbr. lista B frá OIE?*
4. *Túlkar ráðuneytisstjóri landbúnaðarráðuneytisins skoðun ráðherra þegar hann fullyrðir að reglur sem ráðuneytið sjálft hefur sett um innflutning á kjötvörum stangist á við gildandi lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og alþjóðaskuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, sbr. ummæli á blaðamannafundi 12. janúar sl.?*

Vísað skal til meðfylgjandi álitsgerðar Eiríks Tómassonar prófessors, dags. 29. janúar sl. Fram kemur að umrædd ákvæði auglýsingar nr. 324/1999 eigi sér ekki næga stoð í lögum og því hafi það verið rétt ákvörðun að krefja innflytjanda vörunnar ekki um frekari upplýsingar en nauðsynlegar voru til að uppfylla skilyrði laga nr. 25/1993. Þetta kom m.a. fram á blaðamannafundi þann 12. janúar sl. þar sem ráðuneytisstjóri landbúnaðarráðuneytisins upplýsti um helstu staðreyndir málsins.

5. *Hvað er því til fyrirstöðu að setja reglur sem banni alfarið innflutning á fersku nautakjöti frá þeim löndum þar sem kúariða hefur greinst eins og þegar hefur verið gert í nokkrum löndum?*

Lög nr. 25/1993 banna nú þegar innflutning á þartilgreindum vörum, þar á meðal hráum og lítt söltuðum sláturafurðum, unnum og óunnum. Lögin veita landbúnaðarráðherra heimild til að leyfa innflutning á þartilgreindum vörum að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim er valda dýrasjúkdómum. Hérlendis er bann því meginreglan hvað þessar vörur varðar og innflutningur undantekningin, að mjög ströngum skilyrðum uppfylltum. Við innflutning á nautakjöti er krafist opinbers vottorðs sem staðfestir að varan hafi verið geymd við a.m.k. -18°C í einn mánuð fyrir innflutning. Túlkun og framkvæmd Íslands á viðkomandi samningsskuldbindingum á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar er strangari en þekkist annars staðar. Ríki á borð við Nýja Sjáland hafa nú til bráðabirgða tekið upp það fyrirkomulag sem hér ríkir sem meginregla. Ríkisstjórn Íslands hefur falið Eiríki Tómassyni prófessor og Skúla Magnússyni lektor að gera úttekt á lögum, reglum og alþjóðlegum skuldbindingum, m.a. með tilliti til þess hvort styrkja megi hérlenda löggjöf til að fyrirbyggja að smitefni berist til landsins með innfluttum vörum. Landbúnaðarráðuneytið mun miða frekari aðgerðir sínar við niðurstöður þeirrar úttektar, sem liggja munu fyrir um nk. mánaðamót.

Fylgiskjal.

ÁLITSGERÐ

Landbúnaðarráðherra hefur beðið mig undirritaðan um að láta í ljós álit á því, í fyrsta lagi, hvort farið hafi verið að lögum þegar veitt var leyfi til innflutnings á írskum nautalundum á vegum BÚR ehf. 22. desember sl., og, í öðru lagi, hvort möguleiki sé á því að auka takmarkanir á innflutningi kjöts og kjötvöru til þess að koma í veg fyrir að hingað til lands berist sjúkdómar, sem hættulegir geta verið heilbrigði manna og dýra, í ljósi þeirra alþjóðlegu skuldbindinga sem Ísland hefur tekist á hendur. Að ósk ráðherra mun ég einvörðungu fjalla um fyrra álitaefnið í þessari álitsgerð.

Við samningu álitsgerðarinnar hef ég fengið aðgang að þeim skjölum landbúnaðarráðuneytisins og embættis yfirdýralæknis sem ég hef óskað eftir. Að auki hef ég rætt við embættismenn ráðuneytisins og yfirdýralækni um framangreint álitaefni.

I.

Í 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar segir orðrétt: „Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.“ Í þessu stjórnarskrárákvæði er mælt fyrir um atvinnufrelsi og einn þáttur í því er réttur til að stunda viðskipti, þar á meðal inn- og úflutning á vörum, sbr. t.d. H 1996, 2956. Þessu frelsi má aðeins setja skorður með lögum eða ótvíræðri heimild í lögum, eins og fram kemur í hinum tilvitnaða hæstaréttardómi. Af dóminum, svo og af H 1994, 79, verður dregin sú ályktun að skýra beri ákvæði, sem setja skorður við atvinnufrelsi manna, fremur þröngt en rúmt.

Í samræmi við fyrrgreint stjórnarskrárákvæði er að finna svohljóðandi ákvæði í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 88/1992, um innflutning: „Innflutningur á vöru og þjónustu til landsins skal vera óheftur nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum eða milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.“ Þá hefur sams konar ákvæði verið tekið upp í 1. mgr. 52. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. 18. gr. laga nr. 87/1995, og hljóðar það svo: „Innflutningur landbúnaðarvara frá ríkjum, sem staðfest hafa aðild sína að samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, skal vera óheftur nema önnur lög takmarki. Með þeim takmörkunum sem leiðir af ákvæðum fríverslunar- og annarra milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að er landbúnaðarráðherra heimilt að takmarka innflutning landbúnaðarvara frá ríkjum utan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar á vörum þeim er greinir í viðaukum I og II með lögum þessum.“ Skv. 2. mgr. 52. gr. er ráðherra „einnig heimilt að banna innflutning á afurðum dýra og plantna sem gefin hafa verið vaxtaraukandi efni á framleiðsluskeiðinu eða kunna að fela í sér leifar lyfja og annarra aðskotaefna umfram það sem leyft er við framleiðslu hér á landi og geta verið hættuleg heilsu manna“.

Í samræmi við þær skuldbindingar, sem íslenska ríkið hefur tekist á hendur samkvæmt stofnsamningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, er gert ráð fyrir því í 53. gr. laganna, sbr. 19. gr. laga nr. 87/1995, að landbúnaðarráðherra úthluti tollkvótum fyrir landbúnaðarvörur samkvæmt viðaukum III A og B við tollalög, nr. 55/1987, í samræmi við samninginn um málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa sem er að finna í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Úthlutun tollkvóta felur það í sér að þeir innflytjendur, sem fá þeim úthlutað, greiða lægri tolla en almennt skulu greiddir við innflutning á þeim landbúnaðarvörum, sem um er að ræða, sbr. 6. gr. A í tollalögum, sbr. 3. gr. laga nr. 87/1995. Tollkvótum skal úthlutað til ákveðins tíma, allt að einu ári í senn.

Í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, sbr. 26. gr. laga nr. 87/1995, er kveðið á um það að til að hindra að dýrasjúkdómar berist til landsins sé óheimilt að flytja til landsins tilteknar vörutegundir. Þeirra á meðal eru hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, þar á meðal hrátt og lítt saltað nautakjöt, sbr. a-lið málsgreinarinnar. Í samræmi við aðild Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni var tekið upp svofellt ákvæði í 2. mgr. 10. gr.: „Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er landbúnaðarráðherra heimilt að leyfa innflutning á vörum þeim sem taldar eru upp í a–c-liðum að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim er valda dýrasjúkdómum. Um framkvæmd þessarar greinar fer eftir ákvæðum samningsins um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna í 1. við-

auka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.“ Hér var um að ræða nýmæli sem ekki átti sér hliðstæðu í lögum nr. 25/1993 þegar þau voru upphaflega sett.[1]

Í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi til laga nr. 87/1995, um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, segir m.a.: „Í samningnum um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna í 1. viðauka A við samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina segir eftirfarandi í 2. gr. um *grundvallarréttindi og skyldur*: „Aðilar eiga rétt á að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda líf eða heilbrigði manna, dýra eða plantna, að því tilskildu að slíkar ráðstafanir brjóti ekki í bága við ákvæði þessa samnings.“

Jafnframt er í *grundvallarréttindum og skyldum* tekið fram að ráðstafanir um hollustuhætti verði að byggjast á vísindalegum meginreglum og megi ekki viðhalda án fullnægjandi sönnunargagna. Enn fremur verður ráðstöfunum um hollustuhætti eða heilbrigði ekki beitt á þann hátt að slíkt hafi í för með sér duldar hindranir á alþjóðaviðskiptum.

Framangreind ákvæði eiga sér stoð í XX. gr. GATT sem heimilar undanþágur frá ákvæðum samningsins, m.a. um bann við innflutningshöftum, þegar sérstakar ástæður búa að baki, svo sem heilbrigði dýra og plantna, umhverfisvernd eða verndun náttúruauðlinda. Landbúnaðarráðherra getur bannað innflutning á hráu og lítt söltuðu kjöti og sláturafurðum þegar hætta er á því að smit berist berist með þessum vörum. Krafan um að vísindaleg rök liggi að baki slíkum ráðstöfunum leiðir þó til þess að ófrávíkjanlegt innflutningsbann 10. gr. laga 25/1993 getur ekki staðist. Slík framsetning er magntakmörkun og sem slík andstæð XI. gr. GATT 1994. Í 25. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir breytingum á 10. gr. þannig að innflutningsbann er ekki lengur fortakslaust heldur setji ráðherra reglur þar um að fengnum meðmælum yfirdýralæknis.“

Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993, eins og hún er nú orðuð, er landbúnaðarráðherra veitt heimild til að leyfa innflutning á vörum þeim, sem taldar eru upp í a–c-liðum 1. mgr. greinarinnar, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim er valda dýrasjúkdómum. Yfirdýralækni ber með öðrum orðum að leggja mat á það hvort hann telji sannað að ekki berist smitefni með hinum innfluttu vörum hingað til lands er valda dýrasjúkdómum. Þetta er eina sjónarmiðið sem lögin gera ráð fyrir að lagt sé til grundvallar þegar lagt er mat á hvort hætta stafi af innflutningi á umræddum vörum til landsins. Af fyrrgreindum athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 87/1995 verður ráðið að vísindaleg rök skuli búa að baki slíku mati.

Tilvísun til ákvæða samnings, sem er viðauki við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, í niðurlagi 2. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 hefur ekki sjálfstæða þýðingu þar eð samningur þessi hefur, enn sem komið er, ekki verið birtur með þeim hætti sem mælt er fyrir um í lögum nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda. Hafa ákvæði þessi því ekki öðlast gildi hér á landi sem lög eða stjórnvaldsfyrirmæli. Hins vegar ber að hafa hliðsjón af þeim við skýringu á hérlendum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum, enda er það viðurkennd regla að íslenskum rétti að skýra skuli lög og slík fyrirmæli til samræmis við alþjóðasamninga, sem Ísland hefur staðfest, eftir því sem kostur er, sbr. t.d. H 19. desember 2000 í máli nr. 125/2000.

Í fyrrgreindum athugasemdum virðist vera gengið út frá því að landbúnaðarráðherra skuli setja almennar reglur um leyfi til undanþága frá banni 1. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993, meðan í lagatextanum segir að honum sé heimilt að leyfa innflutning, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis. Í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 479/1995, sem sett hefur verið á grundvelli laganna, segir að ráðherra sé heimilt, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, að heimila innflutning á

---

[1] Þau sjónarmið, sem koma fram í áliti umboðsmanns Alþingis 16. desember 1994, sbr. SUA 1994/154, eiga því ekki lengur við.

umræddum landbúnaðarvörum, „enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim sem valda dýrasjúkdómum“. Hér er með öðrum orðum tekið upp svo til óbreytt í reglugerðina orðalag 2. mgr. 10. gr. laganna. Í 2. og 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um þau sönnunargögn og vottorð, sem innflytjandi skal leggja fram, áður en leyfi er veitt til innflutnings. Í niðurlagi 2. mgr. 4. gr. segir orðrétt: „Yfirdýralæknir skal því aðeins mæla með innflutningi að staðfest sé að um sé að ræða vöru frá landi þar sem ekki fyrirfinnast dýrasjúkdómar sem eru óþekktir hér á landi og smitefni geti ekki borist með þeim.“ Í 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar er enn fremur að finna svofellt ákvæði: „Innfluttar sláturafurðir ... skulu upprunnar þar sem tilkynningaskyldra dýrasjúkdóma hefur ekki orðið vart næstliðna sex mánuði áður en vinnsla eða pökkun vörunnar fór fram.“

Í auglýsingu nr. 324/1999 um innflutning á sláturafurðum, sem ekki hafa fengið hitameðferð, er vísað til 5. gr. fyrrgreindrar reglugerðar nr. 479/1995, en ætti reyndar að vera 4. og 5. gr. reglugerðarinnar. Upphaf 1. gr. auglýsingarinnar er svohljóðandi: „Skriflegt leyfi landbúnaðarráðuneytisins ásamt vottorðum sem krafist er samkvæmt 2. gr. þessarar auglýsingar skal liggja fyrir við innflutning á landbúnaðarvörum sem ekki hafa hlotið fullnægjandi hitameðferð ...“ Í 2. gr. er síðan kveðið á um hvaða vottorð þetta skuli vera og segir m.a. orðrétt í b-lið greinarinnar að innfluttum vörum skuli fylgja: „Opinbert heilbrigðisvottorð frá upprunalandi sem staðfesti að engir sjúkdómar sem eru á lista A frá OIE (Alþjóðaheilbrigðismálastofnun dýra) hafi fundist í landinu í 6 mánuði fyrir útflutning. Hið sama gildir um þá sjúkdóma á lista B frá OIE sem ekki hafa fundist á Íslandi, skv. gildandi alþjóðaskrá OIE um heilbrigði dýra.“ Í 3. gr. segir enn fremur að hafi „landbúnaðarráðuneytinu borist vitneskja þess efnis að sjúkdómur sem ekki finnst hér á landi sé til staðar í útflutningslandi, án þess að hann sé tiltekinn á lista skv. 2. gr. b, hefur ráðuneytið heimild til að hafna innflutningi frá því landi, þar til útflutningsaðili hefur lagt fram fullnægjandi sönnunargögn um að viðkomandi sjúkdómur sé ekki lengur til staðar á því svæði sem varan kemur frá“.

Hlutverk yfirdýralæknis er skilgreint í 5. gr. laga nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Í 1. mgr. þeirrar greinar er eftirfarandi tekið fram: „Yfirdýralæknir er ráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um allt er varðar heilbrigðismál dýra og hollustuhætti við framleiðslu og meðferð búfjárafurða.“ Í 2. mgr. segir m.a. að yfirdýralæknir skuli hafa með höndum „yfirumsjón með ... innflutningi ... búfjárafurða,“ sbr. c-lið málsgreinarinnar. Í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 782/1999 um embætti yfirdýralæknis segir orðrétt: „Embætti yfirdýralæknis er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra. Yfirdýralæknir veitir stofnuninni forstöðu.“ Þess má geta að í 6. gr. reglugerðarinnar er það verkefni yfirdýralæknis áréttað að hafa með höndum yfirumsjón með innflutningi búfjárafurða.

II.

Á grundvelli reglugerðar nr. 361/2000 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti, sbr. 53. gr. laga nr. 99/1993, auglýsti landbúnaðarráðuneytið 19. maí 2000 eftir umsóknum um tollkvóta vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti. Skyldu umsóknirnar berast ráðuneytinu í síðasta lagi 26. maí 2000. Í auglýsingunni, sem birt var í dagblöðum, segir að nánari upplýsingar liggi frammi í ráðuneytinu. Þar munu væntanlegir umsækjendur hafa verið upplýstir um það að innflutningur á umræddum kjötvörum yrði því aðeins leyfður að uppfyllt væru ákvæði auglýsingar nr. 324/1999 um innflutning á sláturafurðum sem ekki hafa fengið hitameðferð. Enn fremur að bærust umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta næmi yrði leitað tilboða í tollkvóta vörunnar.

Með umsókn, dagsettri 24. maí 2000, sótti BÚR ehf. um að fá úthlutað innflutningskvóta fyrir kjötmeti á síðari helmingi ársins, þar á meðal vegna fyrirhugaðs innflutnings á 11 tonnum af nautalundum. Landbúnaðarráðuneytið tilkynnti BÚR ehf. með bréfi 31. maí 2000 að til útboðs kæmi á tollkvóta vegna innflutnings á öðrum kjöttegundum en svínakjöti þar sem umsóknir um tollkvóta í þær tegundir hefðu tekið til meira magns en í boði væri. Var fyrirtækinu gefinn kostur á að gera tilboð og skyldi því skilað til ráðuneytisins í síðasta lagi 7. júní 2000. Í bréfi ráðuneytisins er m.a. tekið fram að hvað varðar heilbrigðiskröfur og önnur skilyrði sé innflytjanda bent á auglýsingu nr. 324/1999 vegna innflutnings á landbúnaðarvörum.

Í kjölfar þessa gerði BÚR ehf. síðan tilboð í tollkvóta 7. júní 2000. Tilboðið er sundurliðað, þar á meðal er boðin greiðsla fyrir að fá að flytja inn alls 11 tonn af nautalundum. Með bréfi landbúnaðarráðuneytisins 13. júní 2000 er BÚR ehf. tilkynnt að í framhaldi af tilboði fyrirtækisins hafi ráðuneytið, samkvæmt tillögu ráðgjafarnefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara, úthlutað því nánar tilgreindum tolkvóta, þar á meðal vegna fyrirhugaðs innflutnings á 11 tonnum af nautalundum. Hinn 14. júní 2000 gaf ráðuneytið út skjal til handa BÚR ehf. sem ber yfirskriftina „Úthlutun á tollkvóta". Í skjalinu segir að ráðuneytið hafi úthlutað fyrirtækinu tollkvóta til innflutnings á nánar tilgreindum kjötvörum, þar á meðal 11 tonnum af nautalundum. Tekið er fram að úthlutunin gildi til 31. desember 2000. Um verð- og magntolla og önnur ákvæði, er innflutninginn varðar, er enn fremur vísað til fyrrgreindrar reglugerðar nr. 361/2000. Í 3. gr. hennar segir m.a. orðrétt: „Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði auglýsingar nr. 324/1999 um innflutning á sláturafurðum sem ekki hafa fengið hitameðferð."

Í samræmi við úthlutaðan tollkvóta flutti BÚR ehf. hingað til lands 6,5 tonn af nautalundum í desembermánuði sl. Aðflutningsskýrslu vegna þessa innflutnings fylgdu nokkur skjöl, þar á meðal reikningur frá seljanda kjötsins, vottorð frá dýralækni í Árósum í Danmörku, þangað sem kjötið var flutt frá Írlandi í frystigámi og skipað um borð í m/s Goðafoss, og vottorð frá matvæla- og landbúnaðarráðuneyti Írlands. Í því vottorði, sem dagsett er 5. desember sl. og undirritað af sérfróðum starfsmanni ráðuneytisins, koma m.a. fram eftirgreindar upplýsingar: Hið innflutta kjöt er af nautgripum, bornum og uppöldum á Írlandi. Dýrin voru skoðuð fyrir slátrun og síðan kjötið af þeim eftir slátrun, með sérstöku tilliti til sjúkdómsins kúariðu. Dýrin reyndust heilbrigð og var kjötið af þeim talið hæft til neyslu. Dýrin komu úr hjörðum, þar sem aldrei hefur greinst kúariða, en það þýðir að þau hafa verið undir sérstöku eftirliti með tilliti til kúariðu. Allur sýnilegur tauga- og eitlavefur var fjarlægður við slátrun. Önnur líffæri, svo sem heili, mæna, kirtlar og meltingarvefur, voru enn fremur fjarlægð. Í reikningnum frá seljanda kjötsins kemur fram að um var að ræða ung dýr. Þá lágu fyrir yfirlýsingar frá útflytjanda kjötsins á Írlandi þar sem m.a. er vottað að dýrin hafi verið alin og þeim slátrað samkvæmt írskum lögum sem leggja bann við hormónagjöf og notkun fóðurs með vaxtaraukandi efnum. Enn fremur að dýrin hafi ekki verið haldin gin- og klaufaveiki eða öðrum alvarlegum dýrasjúkdómum né verið bólusett gegn slíkum sjúkdómum.

Í ljósi þessara upplýsinga skrifaði dýralæknir inn- og útflutningseftirlits hjá embætti yfirdýralæknis undir svofellda yfirlýsingu á aðflutningsskýrsluna 22. desember sl.: „Má flytja inn hvað varðar búfjársjúkdóma." Ekki var leitað sérstaks leyfis hjá landbúnaðarráðuneytinu til innflutningsins og var sendingin tollafgreidd með venjulegum hætti hjá embætti tollstjórans í Reykjavík. Hluti nautalundanna var síðan seldur í verslunum Nóatúns, en það kjöt, sem óselt er, hefur verið fjarlægt úr verslununum með það fyrir augum að selja það úr landi, eftir því sem fram kemur í auglýsingu Nóatúns í dagblöðum fyrr í þessum mánuði.

Samkvæmt upplýsingum embættismanna landbúnaðarráðuneytisins hefur ekki tíðkast, frá því að lögum nr. 25/1993 og 99/1993 var breytt með lögum nr. 87/1995, að ráðuneytið veiti sérstakt leyfi til innflutnings á kjötvörum á grundvelli 2. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993, ef ráðuneytið hefur áður úthlutað innflytjandanum tollkvóta vegna innflutningsins skv. 53. gr. laga nr. 99/1993. Hefur verið litið svo á af hálfu ráðuneytisins að með því að úthluta tollkvóta hafi það jafnframt veitt leyfi til innflutnings, með tilteknum skilyrðum, þar á meðal að embætti yfirdýralæknis hafi heimilað innflutninginn, fyrir sitt leyti, af heilbrigðisástæðum.

Yfirdýralæknir hefur lýst sig algjörlega samþykkan þeirri ákvörðun, sem tekin var af starfsmanni við embætti hans, að veita heimild til innflutnings nautalundanna í umrætt skipti á grundvelli þeirra vottorða sem fyrir lágu. Er það skoðun yfirdýralæknis að þessi ákvörðun hafi verið byggð á vísindalegum meginreglum sem m.a. komi fram í sérfræðiskýrslum og álitsgerðum alþjóðlegra stofnana.[2]

III.

Þegar leyst er úr því álitaefni, hvort farið hafi verið að lögum við innflutning nautalundanna í umrætt skipti, þarf að sjálfsögðu að hyggja að reglum íslensks stjórnsýsluréttar, þ.e. þeim reglum sem stjórnvöldum ber að fara eftir í störfum sínum. Þannig er það grundvallarregla samkvæmt íslenskri stjórnskipan að ákvarðanir og athafnir stjórnvalda mega ekki brjóta í bága við sett lög og þær verða jafnframt að styðjast við viðhlítandi heimild í lögum. Þessi meginregla hefur verið nefnd lögmætisreglan.

Sem fyrr segir er gert ráð fyrir því í 53. gr. laga nr. 99/1993 að landbúnaðarráðherra úthluti tollkvótum vegna fyrirhugaðs innflutnings á tilteknum landbúnaðarvörum. Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 er ráðherra síðan heimilt að leyfa innflutning á nánar tilgreindum vörum „að fengnum meðmælum yfirdýralæknis". Þessi ákvæði voru bæði tekin upp í lög með lögum nr. 87/1995 og er, eftir því sem ráðið verður af orðalagi síðarnefnda ákvæðisins, ekki gert ráð fyrir að ráðherra veiti leyfi til innflutnings á grundvelli þess ákvæðis fyrr en jákvæð umsögn yfirdýralæknis liggur fyrir. Eins og löggjöfin er úr garði gerð, leikur af þessum sökum enginn vafi á því að hér er um að ræða tvær sjálfstæðar ákvarðanir sem byggðar skulu á mismunandi lagasjónarmiðum. Í lögum nr. 25/1993 er ekki að finna heimild til handa ráðherra til að framselja það vald, sem honum er þar fengið, til annarra stjórnvalda.

Eins og fram kemur í II. kafla hér að framan, var ekki leitað leyfis landbúnaðarráðherra til innflutnings á nautalundunum, eftir að meðmæli yfirdýralæknis lágu fyrir, svo sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993. Hefur þetta verið réttlætt með því að ráðherra hafi áður veitt leyfið með því að úthluta innflytjandanum tollkvóta vegna innflutningsins, með tilteknum skilyrðum, auk þess sem þessi háttur styðjist við venju sem fylgt hafi verið um árabil. Í ljósi þess, sem fyrr segir, að hér er um að ræða tvær sjálfstæðar ákvarðanir fær þetta að mínu áliti ekki staðist, nema ráðherra hafi haft heimild til þess, að lögum, að framselja öðru stjórnvaldi

---

[2] Þau gögn eru:
1. Skýrsla vísindanefndar Evrópusambandsins frá 6. júlí 2000 um áhættu eftir löndum vegna kúariðu.
2. Skýrsla óháðra sérfræðinga um úttekt á áhættu vegna kúariðu á Írlandi frá því í júlímánuði 2000.
3. Álit vísindanefnda Evrópusambandsins, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar dýra (OIE) um sérlega hættulega vefi frá 9. desember 1997 og 23. janúar 1998.
4. Álit vísindanefndar Evrópusambandsins frá 28. nóvember 2000 um vísindaleg rök fyrir innflutningsbanni vegna kúariðu í Frakklandi og á Írlandi.

vald til þess að veita umrætt leyfi skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993, í þessu tilviki yfirdýralækni eða tollstjóranum í Reykjavík.

Samkvæmt stjórnsýslurétti er greint á milli innra og ytra valdframsals. Um innra framsal er að ræða þegar yfirmaður stofnunar felur starfsmönnum sínum að taka tilteknar ákvarðanir. Til slíks valdframsals þarf að jafnaði ekki lagaheimild, heldur byggist það á venju eða eðli máls, eins og í því tilviki, sem hér um ræðir, þar sem dýralæknir við embætti yfirdýralæknis heimilaði innflutning á nautalundunum, í umboði og á ábyrgð yfirmanns síns. Því leikur enginn vafi á að þessi háttur var fyllilega lögmætur, enda yrði íslensk stjórnsýsla með öllu óstarfhæf ef ekki væri unnt að koma við valdframsali með þessum hætti.

Það sama á hins vegar ekki við um svonefnt ytra framsal á stjórnsýsluvaldi, þ.e. þegar eitt stjórnvald framselur vald sitt til annars sjálfstæðs stjórnvalds. Í 1. gr. reglugerðar nr. 782/1999 segir að embætti yfirdýralæknis sé sjálfstæð stofnun þótt hún heyri undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra. Þá kemur fram í 31. gr. tollalaga að tollstjórinn í Reykjavík er sjálfstætt stjórnvald þótt hann lúti yfirstjórn fjármálaráðherra, sbr. 30. gr. laganna, sbr. lög nr. 155/2000. Samkvæmt íslenskum stjórnsýslurétti verður að líta svo á að ráðherra geti að jafnaði ekki framselt lægra settu stjórnvaldi vald, sem honum er fengið í lögum, nema til þess sé bein lagaheimild, sbr. til hliðsjónar SUA 1996/601. Þótt færa megi fyrir því rök að hagkvæmt sé að haga málsmeðferð með þeim hætti, sem gert hefur verið, t.d. með tilliti til reglunnar í 1. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um að ákvarðanir stjórnvalda skuli teknar svo fljótt sem unnt er, er það samkvæmt framansögðu álit mitt að ekki sé heimild til þess í núgildandi lögum. Því til stuðnings bendi ég sérstaklega á þá staðreynd að úthlutun tollkvóta er byggð á öðrum lagasjónarmiðum en leyfi til innflutnings samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Í 2. mgr. 10. gr. þeirra laga er sem fyrr segir gert ráð fyrir að embætti yfirdýralæknis og landbúnaðarráðuneytið komi bæði að málinu og kanni, hvort í sínu lagi, hvort fullnægt sé skilyrði því, sem þar er kveðið á um, áður en innflutningsleyfi er veitt.

Þar sem ekki lá fyrir leyfi þar til bærs stjórnvalds til innflutnings nautalundanna, eins og áskilið er í 2. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993, hefði að mínu áliti ekki átt að heimila innflutninginn, eins og á stóð. Vegna þess að tollafgreiðsla fór engu að síður fram vaknar óneitanlega sú spurning hvort unnt sé að ógilda þá ákvörðun tollstjóraembættisins í Reykjavík að heimila innflutninginn. Ýmislegt mælir á móti því að það verði gert. Í fyrsta lagi er um að ræða ívilnandi ákvörðun og því hlýtur tillitið til viðtakanda hennar, þ.e. innflytjanda kjötsins, að vega þungt. Ekki verður annað séð en að hann hafi farið í einu og öllu að fyrirmælum stjórnvalda sem voru að auki í samræmi við venju er viðgengist hafði um árabil. Þá er nokkur tími liðinn frá því að kjötið var flutt inn og hefur hluti þess þegar verið seldur. Í öðru lagi skiptir máli hvort umrætt leyfi til innflutnings á nautalundunum hafi stuðst við efni viðeigandi laga og innflutningurinn því verið lögmætur, ef frá er talinn sá ágalli á meðferð málsins sem að framan greinir.

Í umræddri 2. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 er landbúnaðarráðherra veitt heimild til að leyfa innflutning á tilteknum vörum, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, „enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim er valda dýrasjúkdómum". Eins og fram kemur í kafla I hér að framan, er þetta eina sjónarmiðið sem leggja skal til grundvallar samkvæmt lögunum þegar mat er lagt á það hvort hætta stafi af innflutningi á umræddum vörum til landsins af heilbrigðisástæðum.[3] Ekki kemur frekar fram í lögunum hvaða gögn eða upplýsingar skuli vera til staðar

[3] Svo sem fram kemur í kafla II, lá ljóst fyrir, miðað við fyrirliggjandi gögn, að umræddar nautalundir voru af heilbrigðum dýrum, án þess að þeim hefðu verið gefin vaxtaraukandi efni, lyf eða önnur aðskotaefni, umfram það sem leyft er við framleiðslu hér á landi. Því kom ekki til álita að beita ákvæði 2. mgr. 52. gr. laga nr. 99/1993 í þessu tilviki.

þegar ákvörðun er tekin um veitingu innflutningsleyfis. Í b-lið 2. gr. auglýsingar nr. 324/1999, sem á sér stoð í 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 479/1995, er hins vegar tekið fram að fyrir skuli liggja opinbert heilbrigðisvottorð frá upprunalandi sem staðfesti að tilteknir sjúkdómar hafi ekki fundist í landinu í 6 mánuði fyrir útflutning.

Eins og gerð er grein fyrir í kafla II, lítur yfirdýralæknir svo á að þrátt fyrir þetta síðastgreinda ákvæði hafi verið unnt að ganga úr skugga um það með annars konar vottorði frá yfirvöldum á Írlandi en vottorði því, sem tilgreint er í ákvæðinu, að ekki væri hætta á að smitefni bærust hingað til lands með hinu innflutta kjöti, er valdið gætu dýrasjúkdómum, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993. Máli sínu til stuðnings hefur hann m.a. bent á það að bestu fáanleg vísindi sýni að kúariða berist ekki í hreinum vöðvum á borð við nautalundir og því stafi neytendum engin hætta af slíku kjöti.[4] Þessi niðurstaða er byggð á sérþekkingu yfirdýralæknis á dýrasjúkdómum og hef ég engar forsendur til að draga þetta sérfræðilega álit hans í efa. Eftir því sem best verður séð, styðst niðurstaðan og við athugasemdir, sem fylgdu frumvarpi til laga nr. 87/1995, og ákvæði samningsins um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna, en sá samningur er sem fyrr segir viðauki við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem Ísland hefur staðfest á grundvelli ályktunar frá Alþingi. Í 2. mgr. 2. gr. þess samnings er m.a. tekið fram að ráðstafanir, sem aðildarríki grípa til í því skyni að vernda líf eða heilbrigði manna eða dýra, skuli byggjast á vísindalegum meginreglum.

Í 12. gr. stjórnsýslulaga, þar sem mælt er fyrir um svonefnda meðalhófsreglu í stjórnsýslunni, segir orðrétt: „Stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.“ Í meðalhófsreglunni felst m.a. að stjórnvöld skulu ekki setja önnur og frekari skilyrði fyrir ákvörðunum sínum en nauðsynlegt er til þess að ná því markmiði sem mælt er fyrir um í lögum. Jafnframt er brýnt, ekki síst þegar um er að ræða skilyrði sem þrengja stjórnarskrárvarin réttindi á borð við atvinnuréttindi, að stjórnvöld gangi ekki lengra en lagakröfur standa til, sbr. til hliðsjónar SUA 1995/81.

Úr því að yfirdýralæknir lítur svo á að unnt hafi verið að ganga úr skugga um það með þeim gögnum, sem innflytjandi nautalundanna lét embætti hans í té, að fullnægt hafi verið skilyrði því, sem áskilið er í 2. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993, var það samkvæmt framansögðu rétt ákvörðun að mínu áliti af hálfu embættisins að krefja innflytjandann ekki um frekari upplýsingar, áður en mælt var með því að innflutningurinn yrði leyfður. Sá dýralæknir, sem fór með málið, kynnti sér þau gögn, sem fyrir lágu, og tók þá ákvörðun að mæla með innflutningnum á grundvelli gagnanna, með hliðsjón af sérfræðiskýrslum og álitsgerðum alþjóðlegra stofnana.

---

[4] Þetta álit yfirdýralæknis er m.a. byggt á þeirri niðurstöðu vísindanefnda Evrópusambandsins, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar dýra og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar að úrbeinaðir nautavöðvar á borð við nautalundir séu hættulausir, með tilliti til kúariðusmits.

Þá hafi heldur ekki verið nein vísindaleg rök fyrir að banna innflutning á umræddum nautalundum frá Írlandi, m.a. vegna eftirfarandi atriða:

1. Írland hafi frá 1996 farið algjörlega að öllum reglum vísindanefndar Evrópusambandsins varðandi fóðurgerð.
2. Ekki sé blandað annað fóður en jórturdýrafóður í þeim verksmiðjum sem framleiða fóður fyrir nautgripi á Írlandi.
3. Bannað sé að nota kjöt- og beinamjöl í þetta fóður.
4. Allir sérlega hættulegir vefir, sem svo eru skilgreindir, hafi verið fjarlægðir við slátrun, þar með talinn allur meltingarvegur dýranna.
5. Hinu innflutta kjöti hafi fylgt sérstakt vottorð um að kjötið væri af dýrum úr hjörðum, þar sem kúariða hefði ekki greinst.

Samkvæmt því tel ég að embætti yfirdýralæknis hafi sinnt lögboðinni rannsóknarskyldu sinni í umrætt sinn, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, er það niðurstaða mín að ekki sé unnt að ógilda þá ákvörðun að heimila innflutning á nautalundunum í umrætt skipti, úr því sem komið er. Ræðst sú niðurstaða annars vegar af tilliti til hagsmuna innflytjandans og hins vegar af því að með innflutningnum hafi ekki verið brotið efnislega í bága við ákvæði 2. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993.

Eftir stendur að umrætt ákvæði í b-lið 2. gr. auglýsingar nr. 324/1999 hefur ekki nægja stoð í núgildandi lögum, úr því að unnt er að kanna með öðrum hætti en þar er kveðið á um, hvort fullnægt sé skilyrði því fyrir innflutningi sem sett er í 2. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993. Það sama á reyndar við um 3. gr. auglýsingarinnar, svo og þau ákvæði í 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 479/1995 sem vitnað er til í kafla I hér að framan. Það er að mínu áliti gagnrýnisvert og samrýmist ekki vönduðum stjórnsýsluháttum að orða þessi stjórnvaldsfyrirmæli með þessum hætti, vegna þess að með því móti er innflytjendum og reyndar öllum almenningi gefið til kynna að aðrar og jafnvel ríkari heilbrigðiskröfur séu gerðar til innflutnings á þeim landbúnaðarvörum, sem þau taka til, en gerðar eru í reynd. Að óbreyttum lögum tel ég því rétt að orðalagi þeirra verði breytt og það fært til samræmis við núgildandi lagaákvæði.

Reykjavík, 29. janúar 2001.

Eiríkur Tómasson.

731. Fyrirspurn [458. mál]

til félagsmálaráðherra um húsnæðismál.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Á hvern hátt hyggst ríkisstjórnin bregðast við þeim vanda sem við er að etja í húsnæðismálum og stafar af skorti á félagslegu leiguhúsnæði og vaxandi erfiðleikum lágtekjufólks við að mæta kostnaði af eigin húsnæði?

732. Fyrirspurn [459. mál]

til viðskiptaráðherra um börn og auglýsingar.

Frá Ástu Möller.

1. Mun ráðherra beita sér fyrir því að settar verði reglur um börn og auglýsingar á grundvelli 30. gr. samkeppnislaga, með vísan til 22. gr. sömu laga?
2. Hefur verið tekin ákvörðun um hvort eigi að þýða og gefa út rit um börn, unglinga og markaðssetningu sem byggist á bæklingi þessa efnis frá umboðsmanni neytenda í Dan-

mörku, sbr. kafla 7.2 í skýrslu umboðsmanns barna til forsætisráðherra 1999 og tilmæli hans til viðskiptaráðherra í þessa veru?

733. Nefndarálit [175. mál]

um frv. til l. um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Eyvind G. Gunnarsson og Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti, Steinar Þór Guðlaugsson, Sveinbjörn Björnsson og Freystein Sigurðsson frá Orkustofnun, Árna Bragason frá Náttúruvernd ríkisins, Jóhann Sigurjónsson frá Hafrannsóknastofnuninni, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Samúel Guðmundsson frá Olíuverslun Íslands, Magnús Ásgeirsson frá Olíufélaginu hf., Gest Guðjónsson frá Olíudreifingu og Ingimar Sigurðsson og Sigurð Þráinsson frá umhverfisráðuneyti. Jafnframt bárust umsagnir um málið frá Orkustofnun, Náttúruvernd ríkisins, Hollustuvernd ríkisins, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Hafrannsóknastofnuninni, Olíufélaginu hf., Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins, Vinnueftirliti ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Þjóðhagsstofnun, Landhelgisgæslu Íslands og Náttúruverndarráði. Þá aflaði nefndin sér gagna frá færeyska olíumálaráðuneytinu.

Frumvarpinu er ætlað að setja ramma um leit, rannsóknir og vinnslu á kolvetni og flutning þess í landhelgi, efnahagslögsögu og á landgrunni Íslands. Í því er jafnframt kveðið skýrt á um eignarrétt íslenska ríkisins að kolvetni sem finnast kann á yfirráðasvæði þess. Þónokkur umræða hefur verið hér á landi um að kolvetni kunni að finnast undan ströndum landsins og er frumvarpið lagt fram til að bregðast við þeim möguleika í tæka tíð. Frumvarpið er í samræmi við aðra auðlindalöggjöf sem sett hefur verið hér á landi undanfarin ár.

Við meðferð frumvarpsins í nefndinni var töluvert rætt um notkun hugtaksins kolvetni þegar átt er við jarðefni á borð við olíu og gas og því velt upp hvort ruglingur kynni að skapast við hugtakið kolvetni (carbohydrates) eins og það er notað í matvælafræði. Hugtakið kolvetni eins og það er notað í frumvarpinu er þýðing á orðinu „hydrocarbon“, en það hefur einnig verið þýtt sem kolvatnsefni. Nefndin telur að best fari á því að nota hugtakið kolvetni áfram þar sem með því fæst innra samræmi gagnvart öðrum hugtökum efnafræðinnar. Þá má nefna að við meðferð málsins var nefndinni kynnt að Íslensk málstöð vísar á Ingvar Árnason, dósent í ólífrænni efnafræði við Háskóla Íslands, um heppilega þýðingu á hugtakinu „hydrocarbon“, en hann er þeirrar skoðunar að rétt sé að nota orðið kolvetni yfir þau jarðefni sem hér er átt við. Auk þess bendir nefndin á að um hugtakið kolvetni eins og það er notað í matvælafræði hafa einnig verið notuð orðin kolhýdröt eða sykrur.

Nefndin leggur áherslu á að um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis samkvæmt frumvarpinu gilda að sjálfsögðu einnig önnur lög sem kunna að varða starfsemina, svo sem lög um varnir gegn mengun sjávar, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, vinnuverndarlög, náttúruverndarlög og lög um mat á umhverfisáhrifum.

Nefndin bendir jafnframt á að „önnur gjöld“ sem tilgreind eru í 15. tölul. 11. gr. frumvarpsins eru gjöld fyrir nýtingu auðlindarinnar í margvíslegu formi. Hugtakið „gjöld“ kemur ekki í veg fyrir það að greiðsla sé innt af hendi með öðrum hætti en beinni peningagreiðslu. Ef til

útboðs kæmi á rannsóknar- og vinnsluleyfi yrði að öllum líkindum samið um hvað fælist í „öðrum gjöldum“.

Nefndin minnir á að þar sem Orkustofnun fer með eftirlit samkvæmt frumvarpinu er brýnt að fullur trúnaður ríki innan hennar við upplýsingasöfnun og meðferð upplýsinga. Í þessu sambandi er einnig vísað til þagnarskyldu opinberra starfsmanna samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Nefndin bendir á að brýnt er að hraða landgrunnslýsingu, einkum á Hatton-Rockall svæðinu, vegna hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna, en íslensk stjórnvöld þurfa að hafa skilað gildum gögnum þar að lútandi fyrir 16. nóvember 2004. Vakin er athygli á að hafrannsóknaskipið Árni Friðriksson gæti nýst vel í þessu skyni. Eðlilegt er að ráðuneyti iðnaðar, sjávarútvegs og utanríkismála standi sameiginlega að fjármögnun umræddra hafsbotnsrannsókna.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að í 1. gr. komi fram að ákvæði frumvarpsins eigi við utan netlaga til þess að taka af allan vafa þar um. Innan netlaga gilda hins vegar lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.
2. Lagt er til að í 2. tölul. 2. mgr. 2. gr. komi skýrt fram að með skilgreiningu frumvarpsins á hafstöð sé m.a. átt við hvers konar flutningstæki sem nýtt eru til kolvetnisstarfsemi á meðan þau liggja við festar. Þegar slíkar hafstöðvar eru í förum gilda um þær siglingalög. Nefndin bendir jafnframt á að lögin taka ekki til hafstöðva sem eru í höfn, enda eru hafnir innan netlaga.
3. Lagt er til að 4. og 7. gr. frumvarpsins verði breytt á þann veg að skylda verði lögð á iðnaðarráðherra að leita umsagnar hjá sjávarútvegsráðuneyti og umhverfisráðuneyti áður en leyfi er veitt til leitar annars vegar og rannsóknar og vinnslu hins vegar. Með þessu er tryggt að nægt samráð sé á milli þeirra stjórnvalda sem kolvetnisstarfsemi varðar hvað mest. Eðlilegt er að ráðuneytin muni svo ráðgast við undirstofnanir sínar sem hafa sérþekkingu á þeim atriðum sem um er fjallað hverju sinni.
4. Lagt er til að orðalag 1. málsl. 4. mgr. 8. gr. verði gert markvissara með því að taka fram að reglan sem þar kemur fram eigi aðeins við þegar sérstaklega stendur á.
5. Nefndin leggur til að við 11. gr. um efni rannsóknar- og vinnsluleyfis verði bætt ákvæði þess efnis að í leyfi skuli einnig tilgreina þær tryggingar sem nauðsynlegt er að lagðar verði fram vegna kostnaðar við frágang vinnslusvæðis. Þetta er gert í því skyni að aðili sem hverfur frá rannsókn eða vinnslu kolvetnis geti ekki skilið við vinnslusvæðið án þess að koma því í áskilið horf.
6. Lagt er til að ákvæði 21. gr. frumvarpsins verði fellt brott, en ástæðulaust er að kveða á um að önnur lög sem kunna að varða kolvetnisstarfsemi, þar á meðal lög um mat á umhverfisáhrifum, gildi einnig um athafnir samkvæmt frumvarpinu. Framkvæmdir samkvæmt frumvarpinu eru matsskyldar samkvæmt ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum, hvort sem þess er getið í frumvarpinu sjálfu eða ekki. Í þessu sambandi vísast einnig til þess sem áður segir að um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis samkvæmt frumvarpinu gildi að sjálfsögðu einnig önnur lög sem kunna að varða starfsemina.
7. Nefndin leggur til að „umhverfisvernd“ verði bætt inn í fyrirsögn V. kafla og að við hann verði bætt nýrri grein, sem verði 21. gr., þess efnis að við veitingu leyfis til leitar, rannsókna og vinnslu skuli umhverfissjónarmið í víðtækri merkingu í hávegum höfð.
8. Að lokum er lagt til að ákvæði 2. mgr. 28. gr. um niðurfellingu skaðabóta verði fært til samræmis við meginsjónarmið á sviði skaðabótaréttar um að gáleysi tjónþola geti almennt leitt til lækkunar bóta og hugsanlega niðurfellingar þeirra. Gert er ráð fyrir rýmri rétti til að lækka bætur í munatjónum en í líkamstjónum eða tjónum vegna missis framfæranda,

en í skráðum réttarreglum um lækkun eða niðurfellingu bóta er slík sjónarmið m.a. að finna í umferðarlögum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali.

Árni R. Árnason og Drífa Hjartardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en eru sammála áliti þessu.

Alþingi, 13. febr. 2001.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Pétur H. Blöndal.	Svanfríður Jónasdóttir.	Árni Steinar Jóhannsson.
	Ísólfur Gylfi Pálmason.	

734. Breytingartillögur [175. mál]

við frv. til l. um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. 1. málsl. orðist svo: Lög þessi taka til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis og flutnings þess eftir leiðslukerfi utan netlaga í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands.
2. Við 2. gr. 2. tölul. 2. mgr. orðist svo: Hvers konar flutningstæki sem nýtt eru til kolvetnisstarfsemi meðan þau liggja við festar.
3. Við 4. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Áður en veitt er leyfi til leitar skal ráðherra leita umsagnar sjávarútvegsráðuneytis og umhverfisráðuneytis.
4. Við 7. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Áður en veitt er rannsóknar- og vinnsluleyfi, samþykki eða leyfi fyrir einstökum framkvæmdum skv. 14.–18. gr. skal ráðherra leita umsagnar sjávarútvegsráðuneytis og umhverfisráðuneytis.
5. Við 8. gr. 1. málsl. 4. mgr. orðist svo: Þegar sérstaklega stendur á er iðnaðarráðherra heimilt að veita leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis án auglýsingar.
6. Við 11. gr. Við bætist nýr töluliður, 17. tölul., svohljóðandi: Nauðsynlegar tryggingar vegna kostnaðar við frágang vinnslusvæðis.
7. Við 21. gr. Greinin falli brott.
8. Á undan 22. gr. komi ný grein, 21. gr., sem orðist svo ásamt fyrirsögn:

Umhverfissjónarmið.

Við veitingu leyfis skv. III. og IV. kafla skal þess gætt að nýting auðlindanna sé með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýting auðlindanna sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til nýtingar sem þegar er hafin í næsta nágrenni.

9. Fyrirsögn V. kafla orðist svo: **Umhverfisvernd, vinnuumhverfi og öryggisráðstafanir.**

10. Við 28. gr. 2. mgr. orðist svo:

Bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfæranda má lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést átti að einhverju leyti sjálfur sök á tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Bætur fyrir tjón á munum má lækka eða fella niður ef sá sem fyrir tjóni varð átti sjálfur að einhverju leyti sök á tjóninu af ásetningi eða gáleysi.

735. Frumvarp til laga [460. mál]

um breytingu á lögum um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Einar Már Sigurðarson, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við 119. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Nú er það sannað með vottorði læknis að sá sem óskað er eftir að slysa- eða sjúkratrygging taki til hefur að fullu náð sér af afleiðingum slyss sem hann hefur orðið fyrir eða sjúkdóms sem hann hefur átt við að stríða, og er þá félaginu óheimilt að neita honum um slysa- eða sjúkratryggingu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 119. gr. núgildandi laga um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954, segir að vátryggingu megi taka gegn slysum og sjúkdómum, hvort heldur er vátryggjanda sjálfs eða þriðja manns. Tryggingafélög hafa um langa hríð haft þann hátt á að neita einstaklingum um slysa- eða sjúkratryggingar sem hafa orðið fyrir alvarlegum slysum eða átt við skæða sjúkdóma að stríða. Mat tryggingafélaganna hefur verið að áhættan af því að veita þeim slysa- eða sjúkratryggingar væri of mikil, auk þess sem iðgjöld fyrir slíkar tryggingar yrðu svo há að þeir sem helst þyrftu á þeim að halda hefðu ekki efni á að taka þær.

Sé málum hins vegar þannig farið að sá sem óskað er eftir að slysa- eða sjúkratrygging taki til geti lagt fram vottorð læknis um að hann hafi algerlega náð sér af afleiðingum slyss sem hann hefur orðið fyrir eða sjúkdóms sem hann hefur átt við að stríða eiga þessi rök ekki lengur við. Ástæðulaust er fyrir tryggingafélög að neita heilbrigðum einstaklingum um slysa- eða sjúkratryggingar. Í þessu tilviki verður jafnframt að hafa í huga ákvæði I. kapítula laga um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954, en þar er að finna reglur sem geta leyst félag frá ábyrgð ef einstaklingur hefur gefið rangar upplýsingar um atvik sem ætla má að máli skipti fyrir félagið, eða leynt slíkum atvikum. Verði frumvarp þetta að lögum mun það því ekki koma í veg fyrir

að hægt verði að hafna beiðni um slysa- eða sjúkratryggingar á öðrum forsendum en þeim sem um ræðir í frumvarpinu.

736. Frumvarp til laga [461. mál]

um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Lúðvík Bergvinsson, Guðrún Ögmundsdóttir.

1. gr.

Við 130. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Látist maður sem dæmdur hefur verið til greiðslu málskostnaðar eða hafi hann verið úrskurðaður gjaldþrota eftir að dómur gengur í máli hans og eignir dánar- eða þrotabúsins duga ekki til greiðslu málskostnaðar skal málskostnaður eða það sem eftir stendur af honum greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eitt af grundvallaratriðum íslenskrar stjórnskipunar er að einstaklingar og lögaðilar geta leitað réttar síns með því að bera álitaefni undir dómstóla og fá niðurstöður. Eitt af því sem kemur í veg fyrir að einstaklingar leita réttar síns er sú staðreynd að jafnvel þótt dómur falli viðkomandi í hag getur hann þurft að greiða málskostnað vegna þess að sá sem er sóttur ýmist er eða lýsir sig gjaldþrota áður en til greiðslu málskostnaðar kemur og því fellur það á þann sem sækir rétt sinn að greiða kostnaðinn.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að koma í veg fyrir að þessi staðreynd hindri fólk í að leita réttar síns og því er þetta frumvarp lagt fram. Samfélagið á að sjá til þess að óprúttnir aðilar geti ekki komist hjá því að standa skil á því sem þeim ber með því að lýsa sig gjaldþrota. Ríkissjóður verður að bera ábyrgð á slíkum mönnum. Því er lagt til að ríkissjóður ábyrgist greiðslur í tilvikum sem þessum og að sama regla eigi við þegar sá sem sóttur er fellur frá og eignir dánarbús hans duga ekki til greiðslu málskostnaðar.

737. Svar [384. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um fjölda starfsmanna við íþrótta-, tómstunda- og æskulýðsstarf.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir starfa á vegum ríkisins, sveitarfélaga og félagasamtaka við íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarf, þ.e. við rekstur starfseminnar, umsjón mannvirkja og við þjálfunar- og leiðbeinendastörf?

Til að leita svara við fyrirspurninni sendi ráðuneytið bréf 17. janúar sl. með beiðni um umsögn til 33 aðila, þ.e. æskulýðs- og íþróttasamtaka, Þjóðkirkjunnar, Samtaka félagsmiðstöðva, sem eru samtök um 70 félagsmiðstöðva vítt og breitt um landið, og til Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þá var enn fremur leitað eftir upplýsingum um fjölda kennara í grunn- og framhaldsskólum sem sinna íþrótta-, tómstunda- og æskulýðsstarfi í skólum.

Ráðuneytið hefur upplýsingar frá öllum þessum aðilum. Samkvæmt upplýsingum frá Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands er áætlað að starfsmenn íþróttahreyfingarinnar séu um 170 auk þess sem áætlað er að þjálfarar og leiðbeinendur í hlutastarfi séu um 2.700. Tekið skal fram að þessar tölur er áætlaður fjöldi starfsmanna innan íþróttahreyfingarinnar. Innan Samtaka félagsmiðstöðva og æskulýðs- og íþróttasamtaka annarra en Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands má ætla að starfi 1.078 manns (í fullu starfi eða hlutastarfi). Á vegum Þjóðkirkjunnar starfa að æskulýðsmálum um 213 manns.

Samkvæmt því sem næst verður komist má gera ráð fyrir að innan skólakerfisins sinni um 190 starfsmenn tómstunda- og félagsstarfi í grunnskólum og um 400 íþróttakennarar sinni íþróttastarfi grunnskóla. Í framhaldsskólunum má ætla að um 90 starfsmenn sinni íþrótta- og félagsstarfi þeirra.

Af framangreindu má ætla að við íþrótta-, tómstunda- og félagsstarf æskulýðssamtaka, félagsmiðstöðva, íþróttahreyfingarinnar og grunn- og framhaldsskóla starfi, í fullu starfi og/eða hlutastarfi, allt að 4.841 með einum eða öðrum hætti.

Samband íslenskra sveitarfélaga sendi bréf ráðuneytisins með fyrirspurninni til sveitarfélaga með samtals 257.000 íbúum. Telja má svörunina góða miðað við þann frest sem gefinn var á að svara. Þá leitaðist Samband íslenskra sveitarfélaga enn fremur við að fá fram tölur minni bæjarfélaga (með alls um 10.000 íbúum) sem þó eru að stærstum hluta áætlaðar tölur. Heildarfjöldi stöðugilda starfsfólks við íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi á vegum sveitarfélaga er um 1.038.

Hafa ber í huga að í svörum frá æskulýðssamtökum, íþróttahreyfingunni, Samtökum félagsmiðstöðva og upplýsingum um fjölda starfsmanna í grunn- og framhaldsskólum er átt við fjölda starfsmanna, ekki fjölda stöðugilda, en heildartalan hjá öllum þessum aðilum er 5.879.

Meðfylgjandi er listi yfir þá 33 aðila sem bréfið var sent til. Upplýsingar liggja fyrir um alla þessa aðila.

AFS á Íslandi
Alþjóðleg ungmennaskipti
Alþjóðlegar sumarbúðir barna, CISV
Bandalag íslenskra farfugla
Bandalag íslenskra skáta
Bindindisfélag ökumanna
BÍSN
Bridgesamband Íslands
Félag framhaldsskólanema
Iðnnemasamband Íslands
Íslenskir ungtemplarar
Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands
Kristilega skólahreyfingin
Landssamband íslenskra frímerkjasafnara, unglingadeild

Landssamband KFUM og KFUK
Samband íslenskra sveitarfélaga
Samband ungra framsóknarmanna
Samband ungra sjálfstæðismanna
Samtök félagsmiðstöðva
Samtök íslenskra skólalúðrasveita
SÍNE
Skáksamband Íslands
Skákskóli Íslands
Slysavarnafélagið Landsbjörg, unglingadeildir
Stúdentaráð Háskóla Íslands
Unglingaregla Stórstúku Íslands
Ungmennafélag Íslands
Ungmennahreyfing Rauða kross Íslands, URKÍ
Æskulýðsnefnd Blindrafélagsins
Æskulýðsnefnd Sjálfsbjargar
Æskulýðssamband kirkjunnar, ÆSKR
Æskulýðssamtök Hjálpræðishersins á Íslandi
Æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar

738. Frumvarp til laga [462. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 45/1994, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Árni R. Árnason, Guðjón Guðmundsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

1. gr.

Við upptalningu í 1. mgr. 16. gr. laganna bætist: og allt að 50% kostnaðar við uppbyggingu og lagningu bundins slitlags á veg að sumarbústaðahverfi með a.m.k. 50 bústöðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sumarbústöðum landsmanna hefur fjölgað mikið síðustu áratugina og má telja líklegt að sú þróun haldi áfram. Bústöðum hefur fjölgað um allt land en þó mest á suðvesturhluta landsins. Risið hafa nokkur hverfi með tugum bústaða, mörg hundruð manna byggðarlög. Sem að líkum lætur eru flestir bústaðirnir í námunda við höfuðborgarsvæðið, einkum í Árnessýslu, Kjós og Borgarfjarðardölum. Mikil umferð verður óhjákvæmilega í slíkum hverfum og á aðkomuvegum þeirra. Aðkomuvegirnir, sem ýmist liggja um tengi-, safn- eða landsvegi og einkavegi, eru margir vanbúnir að taka við svo mikilli umferð. Þess vegna verður ekki hjá því komist að styrkja þessa vegi, hvort sem þeir teljast til tengivega, safnvega eða landsvega og einkavega, með fjárframlögum ef þurfa þykir. Er því lögð til breyting á 16. gr. vegalaga í þá veru að heimilað verði að styrkja vegi að sumarbústaðahverfum.

Með 50% kostnaðarþátttöku Vegagerðar er ætlast til að sumarbústaðaeigendur, jarðeigendur, sveitarfélög og/eða hreppir komi með 50% mótframlag sé samstaða um slíka vegagerð sem hér er getið.

Þá þykir rétt að miða við hverfi með a.m.k. 50 bústöðum og lægi þá einn vegur að miðstöð þess, ef hún er einhver, ellegar að stað þar sem vegur greinist til hinna ýmsu bústaða.

Ekki liggur fyrir um hve mörg hverfi er að ræða, en lausleg athugun bendir til þess að þau geti verið á milli 20 og 30.

Með samþykkt þessa frumvarps væri stigið stórt spor í vegamálum á Íslandi „ekki bara ríkisforsjá í vegagerð“ að öllu leyti hvað fjármögnun varðar.

Segja má að samhliða því að hver einstaklingur hafi löngun og þörf fyrir að koma sér upp vistvænni og notalegri aðstöðu í fagurri sveit þurfi hann að leggja ýmislegt af mörkum til að gera góða sveit enn betri og fallega sveit enn fegurri. Þannig vinnur fólk samhliða að eigin velíðan og að framförum hjá þeim sem fyrir eru í viðkomandi sveit. Þetta kann að gerast í margvíslegri mynd og á mismunandi sviðum.

Góðar samgöngur krefjast þess að nútímalegir vegir leysi af hólmi þá gömlu sem í upphafi voru lagðir miðað við þarfir fyrri tíma, með moldarvegum, hestakerrum og tilheyrandi aðstæðum. En nú er er farið að byggja upp akvegi með bundnu slitlagi sem miðast við nútímasamgöngutækni og umhverfisaðstæður sem allir eru sammála um að þarf að sinna vel, ekki bara fyrir fólkið heldur líka, og ekki síður, fyrir landið sjálft, vegna gróðursins og alhliða umhyggju fyrir verndun landsins.

Nærtækt dæmi: Í Grímsnes- og Grafningshreppi í Árnessýslu er að finna eitt fjölmennasta sumarhúsasvæði landsins. Þar eru um 600–700 sumarhúsalóðir, einnig nokkrar jarðir sem ýmist eru í byggð enn þá eða voru það áður fyrr og enn fremur sérstök mannvirki eins og sundlaugin í Hraunborgum og Golfvöllurinn að Kiðjabergi sem segja má með sanni að eru heilsulindir. Kiðjabergsvegur liggur frá Biskupstungnabraut að hinu forna höfuðbóli Kiðjabergi og gegnir afgerandi hlutverki sem tengivegur fyrir alla framangreinda aðila. Sumarhúsalóðirnar eru t.d. á átta mismunandi landsvæðum sem öll njóta Kiðjabergsvegar en þau eru: Foss, Hraunkot, Mýrarkot, Göltur, Arnarbæli, Kiðjaberg, Hestland og Gíslastaðir.

Árið 1994 hófust viðræður milli hinna ýmsu aðila um hvernig koma mætti á samstarfi milli einkaaðila sem hlut eiga að máli, svo og Vegagerðarinnar og Grímsneshrepps. Vegamálastjóri og umdæmisverkfræðingurinn á Suðurlandi, auk hreppstjóra Grímsneshrepps, tóku þátt í viðræðunum og gerðar voru fjárhags- og framkvæmdaáætlanir. Málið sóttist hins vegar seint, m.a. vegna þess að Vegagerðin hafði ekki yfir beinum fjármunum að ráða í þessu skyni.

En orð eru til alls fyrst. Svo ánægjulega tókst til að 8. júlí 1997 gerðu fulltrúar einkaaðilanna með sér skriflegt samkomulag um hvernig vænlegast væri að standa að framkvæmdum við uppbyggingu Kiðjabergsvegar með bundnu slitlagi. Ekki síst var byggt á hugmyndum umdæmisverkfræðings Vegagerðarinnar, sem veitti góð ráð í því sambandi. Samhliða þessu kom fram hjá vegamálastjóra og hreppstjóra Grímsneshrepps hvaða möguleikar kynnu að vera af þeirra hálfu varðandi fjármögnun og aðstoð að öðru leyti. Kiðjabergsvegur er um 8 km og flokkast að meginhluta undir safnveg samkvæmt vegalögum.

Um haustið 1997, eftir að aðilar höfðu gengið nánar frá samkomulagsgrundvellinum, annaðist Vegagerðin útboð kaflans frá Biskupstungnabraut að Hraunborgum en það er u.þ.b. ⅓ heildarlengdar Kiðjabergsvegar.

Framkvæmdir samkvæmt útboðinu hófust í byrjun árs 1998 og lauk á miðju sumri. Árið 1999 var framkvæmdum haldið áfram en þá samkvæmt samningum við verktaka og í umsjá samstarfsnefndar landeigenda. Vegagerðin veitti ekki beinan fjárstuðning við þennan áfanga,

en sýndi hins vegar verkefninu góðan skilning og velvilja með því að leggja til eftirlit með framkvæmdum og veita landeigendum ráðgjöf og tæknilega liðveislu. Síðasti hlutinn var síðan unninn síðastliðið sumar. Verkinu er nú lokið og vegurinn kominn alla leið þangað sem upphafssamkomulag gerði ráð fyrir.

Vegagerðin var fjárhagslegur þátttakandi við lokaáfangann og má rekja það til góðs skilnings vegamálastjóra og þingmanna Suðurlandsumdæmis. Haft var samband við þá alla og samþykktu þeir að af óskiptu fé til vegamála á Suðurlandi á síðasta ári skyldi varið fé til stuðnings uppbyggingar vegarins og þessa merka framtaks.

Framkvæmd eins og sú sem hér um ræðir byggist á fúsu og frjálsu framtaki þar sem ekki er við neinn lagalegan rétt að styðjast. Skilningur einstaklinga á mikilvægi þess sem verið er að vinna að, þ.e. umferðaröryggi og umhverfismálum, skipa æ meiri sess í daglegu lífi almennings og eiga sinn stóra þátt í að tryggja ánægjulegra og betra daglegt líf. Sýni einstaklingarnir skilning, samstöðu, vilja og getu til athafna, má gera ráð fyrir að ekki standi á þátttöku og stuðningi opinberra aðila.

739. Svar [336. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Árna Gunnarssonar um íslenska rjúpnastofninn.

1. Hver er áætluð stærð rjúpnastofnsins að vori annars vegar og að hausti hins vegar?

Stærð rjúpnastofnsins sveiflast mikið og nær stofninn hámarki á um 10 ára fresti. Munur á fjölda fugla í hámarks- og lágmarksárum er fjór- til tífaldur. Það eru vetrarafföll sem ráða stofnbreytingum. Varpafkoma er góð í flestum árum og eru nær allir kvenfuglar með unga. Í ungahópum eru að jafnaði um átta ungar og flest ár er því um fimmfaldur munur á fjölda fugla vor og haust. Stærð varpstofnsins er ekki þekkt en varlega áætlað er varpstofninn tugir þúsunda para í lágmarksárum og hundruð þúsunda í hámarksárum. Á sama hátt er hægt að segja að í lágmarksárum sé hauststofninn nokkur hundruð þúsund og í hámarksárum yfir milljón fuglar.

2. Hve mikil eru náttúruleg afföll áætluð?

Heildarafföll í rjúpnastofninum eru allvel þekkt. Í fjölgunarárum farast að jafnaði 85% unga (78–89%) og 59% fullorðinna fugla (47–70%). Í fækkunarárum farast að jafnaði 92% unga (90–94%) og 62% fullorðinna fugla (56–69%). Afkoma fugla á fyrsta ári ræður stofnbreytingum. Í þessum tölum eru öll afföll, þ.m.t. veiðiafföll.

3. Hve margar rjúpur hafa verið skotnar á ári samkvæmt veiðiskýrslum sl. tíu ár?

Fyrir 1995 var veiðimönnum ekki gert að skila inn veiðiskýrslum og því eru ekki til upplýsingar nema fyrir síðustu fimm ár. Eftirfarandi tafla sýnir fjölda veiddra rjúpna og fjölda veiðimanna.

Ár	Rjúpur	Veiðimenn
1995	123.392	5.330
1996	158.363	5.342
1997	165.601	5.466
1998	158.223	6.196
1999	149.301	5.602

4. Hefur veiðiálag breyst?

Ekkert gott mat er til á hversu mikið veiðiálagið er. Einu upplýsingarnar sem eru til eru um hversu margir drepa rjúpur. Til að fá nákvæmara mat á veiðiálagi þyrftum við líka að vita tölu þeirra sem fara til rjúpna en ná engu og hversu miklum tíma menn verja til rjúpnaveiða á hverju ári, þ.e. hve mikil sóknin er. Ef eingöngu er miðað við fyrirliggjandi upplýsingar, þ.e. hversu margir drepa rjúpur, þá hefur orðið tölfræðilega marktæk aukning á fjölda rjúpnaveiðimanna 1995 til 1999 sem nemur að meðaltali 2,5% á ári.

5. Hve margir stunda rjúpnaveiðar á ári hverju samkvæmt veiðiskýrslum?

Sjá svar við 3. lið.

6. Hvaða aðferðir koma til greina til að stækka varpstofn rjúpunnar?

Stofnsveiflur rjúpunnar eru náttúrulegt fyrirbæri. Ofveiði mundi væntanlega jafna sveiflurnar út. Stjórnvöld hafa um tvær meginleiðir að velja til að stuðla að vernd og viðgangi rjúpnastofnsins. Í fyrsta lagi að tryggja framtíð mikilvægustu uppeldissvæða rjúpunnar, t.d. að þau verði ekki eyðilögð með skógrækt, og í öðru lagi að banna skotveiði ef um ofveiði er að ræða, líkt og gert var í nágrenni Reykjavíkur 1999.

740. Svar [337. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Árna Gunnarssonar um íslenska hrafninn.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hafa rannsóknir á viðkomu hrafna undanfarna tvo áratugi leitt í ljós marktækar breytingar á stærð hrafnastofnsins?*
2. *Hefur verið sýnt fram á að fækkun hrafna geti haft áhrif á aðra stofna í lífríkinu?*

Rannsóknir á hröfnum í Þingeyjarsýslum hafa sýnt fram á stöðuga fækkun hrafna frá því að farið var að fylgjast með stofninum árið 1981. Þar hefur varpfuglum fækkað um 31% frá árinu 1981. Einnig eru sterkar vísbendingar um fækkun hrafna annars staðar á landinu, svo sem við Breiðafjörð og í grennd við Reykjavík. Líklegt má telja að hröfnum hafi fækkað víðar á landinu, þótt ekki séu til óyggjandi gögn um það.

Hrafninn getur verið skæður eggja- og ungaræningi og veldur stundum miklum usla og jafnvel fjárhagslegu tjóni í þéttum fuglabyggðum eins og æðarvörpum. Því er stundum haldið fram að fækkun hrafna mundi leiða til fjölgunar þeirra tegunda sem hann sækir mest í. Hér á landi hefur ekki verið sýnt fram á að fækkun hrafna geti haft áhrif á aðra stofna í lífríkinu. Víðtækasta tilraun sem gerð hefur verið hér á landi til þess að hafa áhrif á viðkomu tiltekins dýrastofns með því að fækka óvinum hans var gerð við Breiðafjörð um 1890. Þar var stofnað Æðarræktarfélag (svokallað Vargafélag) sem varði miklu fé og fyrirhöfn til þess að fækka örnum, hröfnum, fálkum og ýmsum öðrum fuglategundum sem æðarbændum var illa við. Nákvæm skráning var gerð á þessu fugladrápi, svo og afkomu æðarvarps á svæðinu. Að sögn forsvarsmanna þessara aðgerða var hrafni nær gjöreytt á stórum svæðum með eitri eða skotveiðum. Þrátt fyrir það fjölgaði æðarfugli ekki og sums staðar fækkaði honum jafnvel. Það er því ekki einfalt samband milli afráns hrafna og stofnstærðar viðkomandi tegundar.

741. Svar [328. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um skuldir fyrirtækja og einstaklinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig skiptast heildarskuldir við innlánsstofnanir eftir neðangreindum útlánaflokkum milli einstaklinga annars vegar og fyrirtækja hins vegar:*
   a. *skuldabréfalán,*
   b. *víxillán,*
   c. *innleystar ábyrgðir,*
   d. *yfirdráttur á ávísana- og hlaupareikningi,*
   e. *afurðalán,*
   f. *endurlánað erlent lánsfé?*
2. *Hvernig var yfirdráttur einstaklinga hjá innlánsstofnunum um síðustu áramót og aftur nú 1. desember í ár? Hvernig hefur meðaltal yfirdráttar breyst á þessu tímabili, hve háar voru yfirdráttarheimildir hjá einstaklingum 1. desember 2000 og hversu margir eru með slíka heimild?*

Viðskiptaráðuneytið óskaði eftir upplýsingum frá Seðlabanka Íslands til að svara fyrirspurninni. Í meðfylgjandi töflu koma fram umbeðnar upplýsingar.

Millj. kr.	Desember 1999		Desember 2000	
	Einstaklingar	Fyrirtæki	Einstaklingar	Fyrirtæki
Gengisbundin skuldabréf	4.500	106.019	13.473	213.469
Greiddar óinnleystar ábyrgðir	347	366	58	519
Hlaupareikningslán	37.962	42.576	54.238	58.620
Gengisbundin afurðalán	10	7.716	0	7.914
Önnur afurðalán	0	1.671	0	1.836
Almenn skuldabréf	18.028	14.285	19.362	18.895
Verðtryggð skuldabréf	63.927	75.194	75.145	97.740
Víxlar	2.895	2.763	2.870	2.969
	127.669	250.590	165.147	401.962

Í lánaflokknum „einstaklingar“ geta auk heimila verið einstaklingar í atvinnurekstri.

Seðlabankinn hefur hvorki undir höndum upplýsingar um yfirdráttarheimildir einstaklinga hjá innlánsstofnunum né hve margir hafa slíka heimild. Af því leiðir að bankinn hefur ekki upplýsingar um meðaltalsyfirdrátt einstaklinga.

742. Fyrirspurn [463. mál]

til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um flutning einstakra verkefna eða stofnana iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins til landsbyggðarinnar.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hversu mörg störf eru ekki staðbundin við höfuðborgarsvæðið og mætti þar með flytja út á land samkvæmt úttekt ráðgjafafyrirtækisins PricewaterhouseCoopers ehf. á möguleikum á flutningi einstakra verkefna eða stofnana iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins til landsbyggðarinnar?
2. Hvernig ætlar ráðherra að fylgja þessari úttekt eftir þannig að einhver störf flytjist út á land?

743. Fyrirspurn [464. mál]

til umhverfisráðherra um setningu laga um vernd og nýtingu erfðaauðlinda.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hyggst ráðherra leggja fram frumvarp að heildstæðri löggjöf um vernd og nýtingu erfðaauðlinda á grundvelli Ríó-samningsins um líffræðilega fjölbreytni og ef svo er, hvenær?

744. Tillaga til þingsályktunar [465. mál]

um áframeldi á þorski.

Flm.: Hjálmar Árnason, Ísólfur Gylfi Pálmason,
Kristinn H. Gunnarsson, Magnús Stefánsson.

Alþingi ályktar að Hafrannsóknastofnun verði heimilað í tilraunaskyni að úthluta allt að 500 lesta þorskkvóta árlega næstu fimm árin til áframeldis á veiddum þorski. Þessum aflaheimildum verði skipt í sjö jafna hluta og dreift um landið til einstaklinga. Jafnframt verði Hafrannsóknastofnun falið að skrá og fylgjast með tilrauninni og birta niðurstöður um reynslu tímabilsins.

Greinargerð.

Að undanförnu hafa nokkrir einstaklingar stundað tilraunir með áframeldi þorsks. Ber flestum saman um að tilraunir þessar lofi góðu. Felast þær í að veiddum þorski er haldið lifandi en síðan komið fyrir í sjókvíum þar sem hann er alinn upp í sláturstærð. Dæmi eru um að fiskur hafi allt að tvöfaldað þyngd sína í kvíum á hálfu ári. Nemendur sjávarútvegsdeildar Háskólans á Akureyri hafa unnið nákvæma skýrslu um möguleika á þorskeldi af þessum toga. Margt bendir til þess að um geti verið að ræða arðbæran rekstur.

Í tillögunni er kveðið á um að Hafrannsóknastofnun úthluti í tilraunaskyni næstu fimm árin allt að 500 lestum af þorskkvóta til sjö aðila á mismunandi stöðum á landinu. Gert er ráð fyrir að bátar, sem taka þátt í tilrauninni, komi með lifandi þorsk í sjókvíar en þar verði fiskurinn fóðraður í sláturstærð. Margt bendir til þess að eldisþorskur af þessum toga vaxi í heppilega sláturstærð á tiltölulega skömmum tíma með réttri fóðrun og að nýtingarhlutfall eldisþorsks sé betra en villts þorsks vegna sérstaks vaxtar í holdinu. Ormar virðast auk þess mun færri í eldisþorski og er hann því ódýrari til vinnslu en villtur þorskur. Þá skal á það bent að kostur eldisþorsks er m.a. sá að unnt er að stýra markaðssetningu hans eftir verðþróun þannig að hann fari á markað þegar verðið er hvað hæst. Hér getur verið um byggðavæna aðgerð að ræða sem felur í sér að aflaheimildir geti aukist í raun um allt að 20% frá úthlutuðum heimildum. Hafrannsóknastofnun er ætlað að annast yfirumsjá með tilraun þessari, safna upplýsingum og birta niðurstöður í lok tímabilsins svo að marka megi áframhaldandi stefnu um málið.

Nágrannaþjóðir okkar, svo sem Norðmenn, Skotar og Hjaltlendingar, leggja nú mikla áherslu á seiða- og áframeldi á þorski. Ýmsir halda því fram að eldisþorskur kunni á næstu árum að hafa stórvægileg áhrif á markaðsverð þorsks. Áframeldi á þorski getur verið stoð fyrir slíka þróun og því augljóst að um verulega hagsmuni þjóðarinnar er að ræða.

745. Fyrirspurn [466. mál]

til umhverfisráðherra um spilliefni.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hvað hefur mikið fallið til af spilliefnum hér á landi sl. þrjú ár:
   a. í föstu formi,
   b. í fljótandi formi?
2. Hvernig er spilliefnum eytt? Hve mikið af þeim er flutt úr landi og hve miklu er eytt hérlendis og þá hvernig?
3. Hvað má ætla að verði mikil aukning spilliefna hér á landi á næstu árum?

746. Fyrirspurn [467. mál]

til samgönguráðherra um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað líður endurskoðun rekstrarleyfa veitinga- og gististaða sem samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 67/1985 falla undir nýja flokka og var gert að afla sér tilskilinna rekstrarleyfa fyrir 1. janúar sl.?
2. Eru einhver dæmi þess að sveitarstjórnir hafi synjað umsóknum um slíka endurnýjun á grundvelli hinna nýju ákvæða í fyrrnefndum lögum?

3. Hversu margir staðir eru nú reknir á leyfum skv. i-lið 9. gr. laganna um næturklúbba, þ.e. veitingastaðir með reglubundna skemmtistarfsemi þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar og sýningu á nektardansi í atvinnuskyni?
4. Hvaða staðir eru það og hvar á landinu eru þeir?

Skriflegt svar óskast.

747. Fyrirspurn [468. mál]

til dómsmálaráðherra um yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Er Ísland aðili að yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi sem undirrituð var í Palermó á Sikiley í desember árið 2000?
2. Hvað felur yfirlýsingin í sér er lýtur að skipulagðri verslun með manneskjur?
3. Er þess að vænta að aðild að yfirlýsingunni kalli á lagasetningu um efni hennar, svo sem verslun með manneskjur til kynlífsþrælkunar?

748. Fyrirspurn [469. mál]

til umhverfisráðherra um PCB-mengun í Reykjavík.

Frá Katrínu Fjeldsted.

1. Getur ráðherra upplýst um það hvort PCB-mengun sé enn að finna í Sundahöfn í Reykjavík og þá í hvaða mæli?
2. Eru fleiri staðir í borginni þar sem fundist hefur PCB-mengun í jarðvegi?
3. Hafa mengunarkröfur í starfsleyfum fyrirtækja verið hertar frá því að Evrópusambandið setti mörk á leyfilega losun díoxína/furana frá mengandi fyrirtækjum?
4. Hefur slík tilskipun frá ESB verið samþykkt hér á landi og þá í hvaða formi?

749. Fyrirspurn [470. mál]

til umhverfisráðherra um aðgöngugjöld að þjóðgörðum.

Frá Ástu Möller.

Mun ráðherra beita sér fyrir því að tekin verði upp aðgöngugjöld að þjóðgörðum, sbr. heimild í 32. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999?

750. Fyrirspurn [471. mál]

til landbúnaðarráðherra um framkvæmd samnings um framleiðslu sauðfjárafurða.

Frá Drífu J. Sigfúsdóttur.

1. Hver verða uppkaup ríkissjóðs á greiðslumarki á þessu ári miðað við að í samningi landbúnaðarráðherra og Bændasamtaka Íslands um framleiðslu sauðfjárafurða frá 11. mars 2000 er gert ráð fyrir að ríkissjóður kaupi greiðslumark er nemur 45.000 ærgildum?
2. Hvenær má ætla að sala á greiðslumarki verði frjáls en samkvæmt samningnum verður það eftir að uppkaupin hafa farið fram en þó ekki síðar en 1. janúar 2004?
3. Má ætla að uppkaupin leiði til hagfelldari dreifingar á sauðfjáreign?
4. Hvenær má vænta tillagna frá ráðherra um fyrirkomulag gæðastýringar í sauðfjárrækt í samræmi við þau markmið samningsins að efla fagmennsku í sauðfjárrækt og að sauðfjárrækt sé í samræmi við umhverfisvernd?
5. Mun gæðastýringin leiða til öflugri markaða fyrir sauðfjárafurðir við að rekjanleiki og framleiðslueftirlit verður aukið?
6. Verður þörf á að taka til endurskoðunar önnur ákvæði í löggjöf, svo sem um dýrasjúkdóma og landgræðslu, til að tryggja að gæðastýringin nái tilgangi sínum?
7. Er ástæða til að kanna möguleika á að taka upp samninga milli stjórnvalda og bænda um gæðastýringu við aðra framleiðslu búfjárafurða, svo sem mjólkur?

Skriflegt svar óskast.

751. Frumvarp til laga [472. mál]

um breytingu á upplýsingalögum, nr. 50/1996, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Lúðvík Bergvinsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

1. og 2. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara til fjögurra ára í senn. Alþingi kýs tvo nefndarmenn og aðra tvo til vara og skulu þeir uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Skal annar vera formaður nefndarinnar en hinn varaformaður. Forsætisráðherra skipar einn nefndarmann og annan til vara samkvæmt tilnefningu Blaðamannafélags Íslands. Nefndarmenn mega ekki vera fastráðnir starfsmenn í Stjórnarráði Íslands.

Nefndin getur ráðið sér starfsmann og er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila telji hún þörf á.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 1. gr. upplýsingalaga kemur fram að þau taka til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga auk þess sem þau taka til starfsemi einkaaðila að því leyti sem þeim hefur verið falið opinbert vald til að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna.

Megintilgangur laganna er að tryggja rétt almennings til aðgangs að gögnum sem varða tiltekið mál innan stjórnsýslunnar. Réttur þessi er óháður því hvort aðili hefur einhver tengsl við málið eða gögnin snerti hann sjálfan. Almenningur hefur með öðrum orðum rétt á gögnum mála innan stjórnsýslunnar án þess að þurfa að sýna fram á tengsl við málið eða aðila þess og án þess að þurfa að sýna fram á hagsmuni af því að fá eða nota umbeðnar upplýsingar. Þessi réttur sætir síðan takmörkunum í veigamiklum atriðum í lögunum.

Með setningu laganna var stigið stórt skref í átt til opnari stjórnsýslu í landinu.

Ef stjórnvald synjar um aðgang að gögnum er heimilt samkvæmt lögunum að bera þá ákvörðun undir sérstaka úrskurðarnefnd um upplýsingamál og eru úrskurðir hennar endanlegir á stjórnsýslustigi.

Sú breyting sem hér er lögð til lýtur að skipun umræddrar úrskurðarnefndar. Samkvæmt lögunum skipar forsætisráðherra nefndina. Eins og fram kemur hér að framan miða lögin að því að tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum og skýtur það því skökku við að það skuli vera alfarið í höndum æðsta handhafa framkvæmdarvaldsins að skipa nefndina.

Í athugasemdum með frumvarpi til laganna kemur fram að sá háttur að fela sjálfstæðri stjórnsýslunefnd að leysa úr ágreiningsmálum um aðgang almennings að upplýsingum sé til þess fallinn að auka réttaröryggi og skilvirkni á þessu sviði þar sem unnt sé með einföldum og skjótum hætti að vísa synjun stjórnvalds til úrskurðar sjálfstæðrar og óháðrar nefndar.

Með því að fela Alþingi aðkomu að skipun nefndarinnar verður sjálfstæði hennar og hlutleysi síður dregið í efa. Auk þess telja flutningsmenn rétt að fulltrúi þess valds sem stundum er nefnt fjórða valdið, þ.e. fjölmiðlarnir, tilnefndi einn nefndarmann því að þeir hafi meðal

annars því hlutverki að gegna í samfélaginu að upplýsa almenning um staðreyndir og rök mála þannig að hann geti myndað sér skoðanir á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni.

Í athugasemdunum er ekki finna nein rök fyrir því að skipun nefndarinnar skuli vera í höndum forsætisráðherra enda verður ekki séð að sú skipan mála sé til þess fallin að tryggja sjálfstæði og hlutlægni nefndarinnar. Sú tilhögun sem hér er lögð til hvað varðar aðkomu forsætisráðherra að skipun nefndarinnar er ekki þess eðlis að hún skapi vafa um sjálfstæði eða hlutlægni nefndarinnar.

752. Nefndarálit [284. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason og Ólaf W. Stefánsson frá dómsmálaráðuneyti, Högna S. Kristjánsson frá utanríkisráðuneyti, Georg Kr. Lárusson frá Útlendingaeftirliti, Ragnar Aðalsteinsson og Bjarneyju Friðriksdóttur frá Mannréttindaskrifstofu Íslands og Jóhönnu K. Eyjólfsdóttur frá Íslandsdeild Amnesty International.

Þá bárust umsagnir frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, ríkislögreglustjóra, lögreglustjóranum í Reykjavík, Alþýðusambandi Íslands og Útlendingaeftirlitinu.

Þær breytingar sem gerðar eru í frumvarpinu eru tilkomnar vegna þátttöku Íslands í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990 en það samstarf er forsenda fyrir aðild Íslands að Schengen-samstarfinu. Auk frumvarpsins hefur nú verið lögð fyrir Alþingi þingsályktunartillaga þar sem leitað er heimildar þingsins til fullgildingar samnings milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi. Samningurinn tekur á stofnanalegum þáttum samstarfs Íslands og Noregs við ESB á sviði Dyflinnarsamningsins. Hann felur í sér að ríkin tvö taki yfir og hrindi í framkvæmd öllum ákvæðum Dyflinnarsamningsins utan 16.–22. gr. en þau ákvæði fjalla einvörðungu um stofnanaleg atriði er varða samskipti aðildarríkja ESB.

Dyflinnarsamningurinn hefur að geyma reglur um hvaða ríki beri ábyrgð á umfjöllun um beiðni um hæli sem lögð er fram í einhverju aðildarríkja Evrópubandalaganna. Er samningnum ætlað að bæta réttarstöðu þeirra sem sækja um hæli á samningssvæðinu með því að tryggja að umsóknir þeirra hljóti meðferð í einu aðildarríkjanna en verði ekki vísað milli aðildarríkjanna án þess að nokkurt þeirra telji sig bera ábyrgð á meðferð umsóknanna. Hann kemur þó ekki í veg fyrir að hvert aðildarríki geti tekið umsókn til meðferðar ef samþykki umsækjanda liggur fyrir, þótt því sé það ekki skylt.

Breytingarnar eru eingöngu gerðar til samræmis við meginefni Dyflinnarsamningsins og hreyfa á engan veg við þeim reglum sem gilt hafa um rétt manna til að fá hæli hér á landi. Þá er með frumvarpinu bætt við heimild til að miðla til erlendra stjórnvalda þeim upplýsingum um útlendinga sem veita ber samkvæmt samningnum.

Leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**
Jónína Bjartmarz var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. febr. 2001.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm. | Ásta Möller. | Hjálmar Jónsson.

Katrín Fjeldsted. | Ólafur Örn Haraldsson.

753. Svar [359. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um tekjur sveitarfélaga af fasteignagjöldum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar hafa verið árlegar heildartekjur sveitarfélaga af fasteignagjöldum árin 1995–2000 miðað við núgildandi verðlag?*
2. *Hverjar hafa verið árlegar heildartekjur fimm stærstu sveitarfélaganna af fasteignagjöldum árin 1995–2000, sundurliðað eftir sveitarfélögum, og hverjar eru áætlaðar tekjur þeirra af fasteignagjöldum árið 2001? Svar óskast birt á núgildandi verðlagi.*
3. *Hverjar hafa verið árlegar tekjur fimm stærstu sveitarfélaganna á íbúa af fasteignagjöldum árin 1995–2000 miðað við núgildandi verðlag?*

Svör við fyrirspurninni koma fram í eftirfarandi töflum:

Heildartekjur sveitarfélaga af fasteignagjöldum.

Í þús. kr.	Sveitarfélög í heild	Fimm stærstu sveitarfélögin	Reykjavíkurborg	Kópavogsbær	Hafnarfjarðarkaupstaður[1)]	Akureyrarkaupstaður	Reykjanesbær
Bókfærðar árlegar heildartekjur sveitarfélaga af fasteignagjöldum 1995–1999:							
Árið 1999							
Fasteignaskattur	6.839.734	4.366.084	3.022.503	390.721	408.948	327.444	216.469
Vatnsgjald	1.829.673	1.215.243	797.168	156.552	97.330	116.175	48.018
Holræsagjald	1.380.889	1.065.152	685.372	114.852	96.577	117.499	50.851
Sorphreinsunar/eyðingargj.	847.146	447.620	325.247	63.231	24.270	20.225	14.647
Lóðarleiga	519.929	367.922	182.991	48.895	**46.101**	66.610	23.325
Samtals	11.417.372	7.462.022	5.013.281	774.251	673.226	647.954	353.310

Í þús. kr.	Sveitar-félög í heild	Fimm stærstu sveitar-félögin	Reykja-víkurborg	Kópa-vogsbær	Hafnar-fjarðar-kaup-staður[1)]	Akur-eyrarkaup-staður	Reykja-nesbær
Árið 1998							
Fasteignaskattur	6.679.778	4.339.977	3.149.856	342.798	**344.029**	321.983	181.310
Vatnsgjald	1.831.395	1.183.650	786.790	143.185	95.052	111.785	46.838
Holræsagjald	1.312.127	1.013.742	650.971	106.576	94.273	112.314	49.608
Sorphreinsunar/eyðingargj.	503.041	172.853	61.487	57.974	25.165	17.436	10.791
Lóðarleiga	486.840	353.698	174.553	45.195	**52.710**	64.347	16.894
Samtals	10.813.181	7.063.920	4.823.659	695.727	611.229	627.865	305.441
Árið 1997							
Fasteignaskattur	6.368.222	4.149.135	3.049.898	311.943	**320.128**	301.352	165.813
Vatnsgjald	1.775.046	1.125.575	754.249	130.741	89.446	106.067	45.072
Holræsagjald	1.065.621	876.000	537.134	96.028	89.787	106.486	46.565
Sorphreinsunar/eyðingargj.	458.993	157.131	60.682	54.486	19.304	11.772	10.888
Lóðarleiga	451.562	333.689	167.804	41.643	**48.618**	60.228	15.396
Samtals	10.119.444	6.641.530	4.569.767	634.842	567.283	585.905	283.734
Árið 1996							
Fasteignaskattur	6.438.197	4.084.992	3.022.697	303.378	**307.003**	286.041	165.874
Vatnsgjald	1.526.110	1.067.511	648.955	151.299	119.168	103.974	44.116
Holræsagjald	1.012.647	832.343	530.575	91.926	**59.162**	104.567	46.112
Sorphreinsunar/eyðingargj.	422.566	156.709	60.786	53.503	19.671	11.822	10.927
Lóðarleiga	447.995	325.110	166.024	35.340	**49.229**	60.796	13.721
Samtals	9.847.515	6.466.665	4.429.036	635.446	554.232	567.200	280.750
Árið 1995							
Fasteignaskattur	6.521.742	4.173.133	3.112.940	296.866	**298.060**	304.240	161.026
Vatnsgjald	1.483.064	1.034.312	648.171	118.753	117.253	105.716	44.419
Holræsagjald	1.153.739	942.375	643.362	87.114	**58.625**	106.652	46.622
Sorphreinsunar/eyðingargj.	339.455	104.369	8.384	52.989	19.831	12.074	11.092
Lóðarleiga	463.521	327.631	170.122	34.168	**49.655**	63.318	10.368
Samtals	9.961.521	6.581.820	4.582.979	589.890	543.425	591.999	273.527
Álagning fasteignaskatts 1995–99:							
1995 – Fasteignaskattur	6.479.946	4.206.574	3.056.110	330.981	324.587	320.262	174.633
1996 – Fasteignaskattur	6.578.957	4.288.178	3.180.144	300.091	321.090	312.723	174.130
1997 – Fasteignaskattur	6.605.747	4.251.981	3.073.754	348.930	333.600	316.130	179.568
1998 – Fasteignaskattur	7.010.319	4.500.089	3.225.919	389.186	352.345	338.746	193.894
1999 – Fasteignaskattur	7.141.767	4.486.952	3.094.627	433.750	368.494	352.969	237.112
Samtals	33.816.736	21.733.773	15.630.554	1.802.938	1.700.115	1.640.830	959.336

Í þús. kr.	Sveitar-félög í heild	Fimm stærstu sveitar-félögin	Reykja-víkurborg	Kópa-vogsbær	Hafnar-fjarðar-kaup-staður[1]	Akur-eyrarkaup-staður	Reykja-nesbær
Álögð fasteignagjöld árið 2000:							
2000 – Fasteignagjöld							
Fasteignaskattur	8.323.000	5.296.077	3.622.000	541.441	425.376	411.800	295.460
Vatnsgjald		1.299.354	801.000	188.895	113.962	141.426	54.071
Holræsagjald		1.219.948	800.000	131.468	114.760	121.731	51.989
Sorphreinsunar/eyðingargj.		372.524	280.000	58.026	Vantar	19.560	14.938
Lóðarleiga		423.450	210.000	58.439	63.639	68.574	22.798
Samtals	8.323.000	8.611.353	5.713.000	978.269	*717.737*	763.091	439.256
Álögð fasteignagjöld árið 2001 (samkvæmt fjárhagsáætlun 2001):							
2001 – Fasteignagjöld							
Fasteignaskattur		5.820.809	4.070.000	678.967	477.937	386.000	207.905
Vatnsgjald		1.400.828	830.000	223.720	131.960	150.000	65.148
Holræsagjald		1.400.613	920.000	161.160	130.463	127.670	61.320
Sorphreinsunar/eyðingargj.		407.988	310.000	63.200	Vantar	19.500	15.288
Lóðarleiga		474.771	240.000	62.500	74.282	69.000	28.989
Samtals		9.505.009	6.370.000	1.189.547	*814.642*	752.170	378.650

Heimildir fyrir árin 1995–99: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar sveitarfélaga.
Heimildir fyrir árin 2000 og 2001: Viðkomandi sveitarfélög.
[1] Feitletruðu tölurnar hjá Hafnarfjarðarkaupstað sýna í raun álagningartölur þar sem ekki fengust upplýsingar um bókfærðar tölur.
Umbeðnar upplýsingar um álagningu sorphreinsunargjalds/sorpeyðingargjalds Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir árin 2000 og 2001 hafa ekki borist ráðuneytinu.

Tekjur af fasteignagjöldum sveitarfélaga á íbúa.

Í krónum á hvern íbúa	Sveitar-félög í heild	Fimm stærstu sveitar-félögin	Reykja-víkurborg	Kópa-vogsbær	Hafnar-fjarðar-kaup-staður[1]	Akur-eyrar-kaup-staður	Reykja-nesbær
Bókfærðar árlegar heildartekjur sveitarfélaga af fasteignagjöldum:							
Árið 1999							
Fasteignaskattur	24.540	24.632	27.537	17.298	21.355	21.623	20.400
Vatnsgjald	6.565	6.856	7.263	6.931	5.083	7.672	4.525
Holræsagjald	4.954	6.009	6.244	5.085	5.043	7.759	4.792
Sorphreinsunar/eyðingargj.	3.039	2.525	2.963	2.799	1.267	1.336	1.380
Lóðarleiga	1.865	2.076	1.667	2.165	**2.407**	4.399	2.198
Samtals	40.964	42.098	45.674	34.279	35.155	42.789	33.297

Í krónum á hvern íbúa	Sveitar-félög í heild	Fimm stærstu sveitar-félögin	Reykja-víkurborg	Kópa-vogsbær	Hafnar-fjarðar-kaup-staður[1)]	Akur-eyrar-kaup-staður	Reykja-nesbær
Árið 1998							
Fasteignaskattur	24.267	24.962	29.071	16.041	**18.496**	21.321	17.369
Vatnsgjald	6.653	6.808	7.261	6.700	5.110	7.402	4.487
Holræsagjald	4.767	5.831	6.008	4.987	5.068	7.437	4.752
Sorphreinsunar/eyðingargj.	1.827	994	567	2.713	1.353	1.155	1.034
Lóðarleiga	1.769	2.034	1.611	2.115	**2.834**	4.261	1.618
Samtals	39.283	40.629	44.519	32.556	32.862	41.575	29.260
Árið 1997							
Fasteignaskattur	23.407	24.402	28.620	15.734	**17.581**	20.035	15.959
Vatnsgjald	6.524	6.620	7.078	6.594	4.912	7.052	4.338
Holræsagjald	3.917	5.152	5.040	4.844	4.931	7.080	4.482
Sorphreinsunar/eyðingargj.	1.687	924	569	2.748	1.060	783	1.048
Lóðarleiga	1.660	1.962	1.575	2.100	**2.670**	4.004	1.482
Samtals	37.194	39.060	42.882	32.021	31.154	38.954	27.308
Árið 1996							
Fasteignaskattur	23.869	24.416	28.663	16.355	**17.118**	19.050	16.023
Vatnsgjald	5.658	6.380	6.154	8.156	6.644	6.925	4.262
Holræsagjald	3.754	4.975	5.031	4.956	**3.299**	6.964	4.454
Sorphreinsunar/eyðingargj.	1.567	937	576	2.884	1.097	787	1.056
Lóðarleiga	1.661	1.943	1.574	1.905	**2.745**	4.049	1.325
Samtals	36.509	38.651	41.998	34.256	30.902	37.776	27.120
Árið 1995							
Fasteignaskattur	24.352	25.336	29.858	16.811	**16.996**	20.391	15.573
Vatnsgjald	5.538	6.279	6.217	6.725	6.686	7.086	4.296
Holræsagjald	4.308	5.721	6.171	4.933	**3.343**	7.148	4.509
Sorphreinsunar/eyðingargj.	1.268	634	80	3.001	1.131	809	1.073
Lóðarleiga	1.731	1.989	1.632	1.935	**2.831**	4.244	1.003
Samtals	37.197	39.959	43.958	33.405	30.987	39.678	26.453
Álagning fasteignaskatts 1995–99:							
1995 – Fasteignaskattur	24.196	25.539	29.313	18.743	18.509	21.465	16.889
1996 – Fasteignaskattur	24.391	25.630	30.156	16.177	17.903	20.827	16.821
1997 – Fasteignaskattur	24.280	25.007	28.843	17.600	18.321	21.018	17.283
1998 – Fasteignaskattur	25.468	25.883	29.773	18.212	18.943	22.431	18.574
1999 – Fasteignaskattur	25.624	25.314	28.194	19.204	19.242	23.309	22.346
Samtals	123.959	127.372	146.278	89.935	92.918	109.050	91.913

Í krónum á hvern íbúa	Sveitar-félög í heild	Fimm stærstu sveitar-félögin	Reykja-víkurborg	Kópa-vogsbær	Hafnar-fjarðar-kaup-staður[1)]	Akur-eyrar-kaup-staður	Reykja-nesbær
Álögð fasteignagjöld árið 2000:							
2000 – Fasteignagjöld							
Fasteignaskattur	29.426	29.301	32.530	23.014	21.654	26.747	27.256
Vatnsgjald		7.189	7.194	8.029	5.801	9.186	4.988
Holræsagjald		6.749	7.185	5.588	5.842	7.907	4.796
Sorphreinsunar/eyðingargj.		2.061	2.515	2.466	Vantar	1.270	1.378
Lóðarleiga		2.343	1.886	2.484	3.240	4.454	2.103
Samtals	29.426	47.643	51.310	41.581	36.537	49.564	40.522

Heimildir fyrir árin 1995–99: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar sveitarfélaga.
Heimildir fyrir árið 2000: Viðkomandi sveitarfélög.
[1)] Feitletruðu tölurnar hjá Hafnarfjarðarkaupstað sýna í raun álagningartölur þar sem ekki fengust upplýsingar um bókfærðar tölur.
Umbeðnar upplýsingar um álagningu sorphreinsunargjalds/sorpeyðingargjalds Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2000 hafa ekki borist ráðuneytinu.

754. Nefndarálit [412. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Hauk Jóhannesson og Högna S. Kristjánsson frá utanríkisráðuneyti, Benedikt Bogason og Þorstein A. Jónsson frá dómsmálaráðuneyti og Bjarneyju Friðriksdóttur og Ragnar Aðalsteinsson frá Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar fyrir Íslands hönd á samningi sem Evrópubandalagið og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi. Fullgilding samnings þessa er hluti af skuldbindingum Íslands samkvæmt samningi um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna sem fullgiltur var 26. maí 2000.

Meiri hlutinn vekur athygli á nauðsyn þess að fram fari ítarleg skoðun á löggjöf er varðar heimild til fingrafaratöku af hælisleitendum, einkum varðandi aldursmörk einstaklinga og varðveislu gagna.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Einar K. Guðfinnsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir skrifa undir álitið með fyrirvara. Lára Margrét Ragnarsdóttir og Rannveig Guðmundsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. febr. 2001.

Jón Kristjánsson, varaform., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Árni R. Árnason.
Einar K. Guðfinnsson, með fyrirvara.	Kristinn H. Gunnarsson.	Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara.

755. Fyrirspurn [473. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um umönnunargreiðslur vegna hjartveikra barna.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Framfærendur hversu margra hjartveikra barna hafa fengið greiðslur skv. 1. flokki umönnunargreiðslna samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993?
2. Hyggst ráðherra bregðast við áliti umboðsmanns Alþingis frá 1998 vegna kvörtunar Neistans, styrktarfélags hjartveikra barna, um að reglugerðarákvæði þrengi réttindi til umönnunargreiðslna samkvæmt lögunum?

756. Fyrirspurn [474. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um fjárstuðning við fjölskyldur langveikra barna.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Eru uppi áform um frekari réttindi og fjárstuðning við fjölskyldur langveikra barna sem þurfa að dveljast fjarri heimilum sínum til að leita lækninga fyrir börnin, bæði hérlendis og erlendis?

757. Fyrirspurn [475. mál]

til dómsmálaráðherra um stöðugildi lögreglumanna í sveitarfélögum.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hversu mörg sveitarfélög með 800 íbúa eða fleiri hafa enga löggæslumenn á vakt í byggðarlaginu, sundurliðað eftir sveitarfélögum, íbúafjölda og fjölda löggæslumanna:

a. á daginn,
b. á kvöldin,
c. um helgar?

Skriflegt svar óskast.

758. Fyrirspurn [476. mál]

til forsætisráðherra um minnisblað til starfsnefndar ríkisstjórnarinnar í öryrkjamálinu.

Frá Ögmundi Jónassyni, Bryndísi Hlöðversdóttur og Guðjóni A. Kristjánssyni.

Hvernig hljóðaði minnisblað sem vísað er til í erindisbréfi sem starfsnefnd ríkisstjórnarinnar í öryrkjamálinu fékk frá forsætisráðherra eða ríkisstjórninni í kjölfar dóms Hæstaréttar frá 19. desember sl.?

Skriflegt svar óskast.

759. Skýrsla [477. mál]

Íslandsdeildar ÖSE-þingsins fyrir árið 2000.

Inngangur.

Aðild að Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE (áður Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE), eiga 55 ríki Evrópu og Norður-Ameríku. Stofnunin starfar á grundvelli Helsinki-sáttmálans frá árinu 1975. Henni er ætlað að stuðla að friði, öryggi og samvinnu ríkja í Evrópu og standa vörð um virðingu fyrir mannréttindum íbúa álfunnar.

Undanfarin ár hefur framkvæmd Dayton-samkomulagsins í Bosníu og Hersegóvínu verið langveigamesta verkefni ÖSE, en þar er stofnuninni falið að hafa umsjón með framkvæmd kosninga, fylgjast með mannréttindamálum og aðstoða við gerð samninga um traustvekjandi aðgerðir og takmörkun vígbúnaðar. Þá hefur ÖSE tekið virkan þátt í framkvæmd stöðugleikasáttmála fyrir Suðaustur-Evrópu sem tók gildi 10. júní 1999 og ÖSE á aðild að, einkum þeim hluta framkvæmdar sáttmálans er snýr að mannréttindum og lýðræðisþróun en jafn-

framt í öryggismálahlutanum. Umsvif ÖSE í Kosovo-héraði eru einnig afar fyrirferðarmikil í starfi samtakanna en hlutverk ÖSE hefur aðallega miðað að lýðræðisþróun, góðri stjórnsýslu, framkvæmd kosninga og kosningaeftirliti og stuðningi við frjálsa fjölmiðla. Af öðrum verkefnum bar kosningaeftirlit að venju hæst í starfi ÖSE-þingsins á árinu en þema ársfundarins í júlí var umfjöllun um góða stjórnsýslu.

Júgóslavíu hafði ekki staðið til boða að taka þátt í störfum þingsins síðan landið var útilokað frá þátttöku í starfi ÖSE árið 1992 en þegar úrslit forseta-, þing- og sveitarstjórnarkosninganna í Serbíu í október urðu kunn var stjórnvöldum Júgóslavíu boðin þátttaka á ný. Yfirlýsing þess efnis var undirrituð í Vínarborg 27. nóvember af nýkjörnum forseta Júgóslavíu, Vojislav Kostunica.

Íslandsdeild ÖSE-þingsins.

Íslandsdeildin var skipuð sem hér segir árið 2000:

Fram til 3. október voru aðalmenn Pétur H. Blöndal, þingflokki Sjálfstæðisflokks, formaður, Ásta R. Jóhannesdóttir, varaformaður, þingflokki Samfylkingarinnar, og Jónína Bjartmarz, þingflokki Framsóknarflokks. Varamenn voru Guðjón Guðmundsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Lúðvík Bergvinsson, þingflokki Samfylkingarinnar og Ísólfur Gylfi Pálmason, þingflokki Framsóknarflokks.

Kosið var í nýja Íslandsdeild í upphafi 126. þings og 3. október tók Guðjón Guðmundsson við formennsku og Jónína Bjartmarz tók við af Ástu R. Jóhannesdóttur sem varaformaður. Frá og með 3. október voru aðalmenn Íslandsdeildarinnar því Guðjón Guðmundsson, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Jónína Bjartmarz, varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, og Ásta R. Jóhannesdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Pétur H. Blöndal, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ísólfur Gylfi Pálmason, þingflokki Framsóknarflokks, og Lúðvík Bergvinsson, þingflokki Samfylkingarinnar.

Gústaf Adolf Skúlason var ritari Íslandsdeildarinnar fram til 1. september en þá tók Andri Lúthersson við starfinu.

Starfsemi á árinu 2000.

a. Fundur stjórnarnefndar.

Dagana 13.–14. janúar var haldinn fundur stjórnarnefndar ÖSE-þingsins í Vínarborg. Fundinn sótti af hálfu Íslandsdeildarinnar Pétur H. Blöndal, formaður, auk ritara. Helsta málefni fundarins voru niðurstöður leiðtogafundar ÖSE í nóvember 1999 og kosningaeftirlit og staða mála í Kosovo-héraði. Ályktunardrögum um átökin í Tsjetsjeníu og um stöðu mála í Hvíta-Rússlandi var hafnað af fulltrúa Rússlands auk annarra, en í stjórnarnefndinni nægja mótatkvæði tveggja ríkja til að fella mál.

Fimmtudaginn 13. janúar héldu eftirtaldir aðilar framsögur og svöruðu spurningum fundarmanna: Dr. Wolfgang Schüssel, utanríkisráðherra Austurríkis og formaður ráðherraráðs ÖSE, Jan Kubis sendiherra, framkvæmdastjóri ÖSE, Freimut Duve, sérlegur fulltrúi ÖSE um frelsi fjölmiðla, Gerard Stoudmann, yfirmaður mannréttinda- og lýðræðisstofnunar ÖSE (ODIHR), og Thomas Price, sem fer með samræmingu á starfi ÖSE í efnahags- og umhverfismálum.

Dr. Schüssel tók við formennsku í ráðherraráði ÖSE í ársbyrjun 2000. Í ræðu sinni sagði hann ÖSE-þingið gegna sífellt mikilvægara hlutverki í starfi stofnunarinnar, enda væri krafan um lýðræðislega þátttöku við mótun öryggisstefnu sífellt háværari. Þingmenn væru í mun nánara sambandi við almenning en framkvæmdarvaldið. Schüssel sagðist vilja eiga náið samstarf við ÖSE-þingið. Þá sagði Schüssel að í formennskutíð sinni yrði lögð áhersla á að

gera flóttamönnum frá fyrrum lýðveldum Júgóslavíu kleift að snúa til heimkynna sinna, stuðla almennt að öruggri framkvæmd stöðugleikasáttmála Suðaustur-Evrópu, stuðla að pólitískri lausn á vanda Norður-Kákasussvæðisins og undirbúa frjálsar kosningar í Kosovo.

Meðal þess sem fram kom í máli embættismanna á fundinum má nefna að Jan Kubis fjallaði um niðurstöður leiðtogafundar ÖSE í Istanbúl í nóvember, einkum þær ákvarðanir sem þar voru teknar um aðgerðir til að greiða fyrir bættri viðbragðsgetu ÖSE er átök eiga sér stað. Aðildarríkjunum er gert að koma upp ákveðnum mannafla sem unnt væri að kalla til og senda á vettvang með skömmum fyrirvara, og gert var ráð fyrir að áætlunin yrði orðin að veruleika sumarið 2000. Einkum lagði Kubis áherslu á mikilvægi þess að hægt yrði að senda fjölþjóðlegt lögreglulið á vettvang með skömmum fyrirvara. Jafnframt var samþykkt að koma fyrir varanlegri stjórnstöð fyrir slíkar aðgerðir svo að ekki þyrfti að koma henni upp hverju sinni, og ætti hún að vera tilbúin sumarið 2000. Gerard Stoudmann var ánægður með að ODIHR og ÖSE-þingið hefðu á árinu 1999 ávallt gefið út sameiginlegar yfirlýsingar um framkvæmd kosninga í kjölfar kosningaeftirlits og sagði að mjög gott samstarf hefði náðst við Evrópuráðsþingið við eftirlit með þingkosningunum í Rússlandi í desember 1999 og í Króatíu í byrjun janúar 2000.

Föstudaginn 14. janúar ávörpuðu fundinn auk danska þingmannsins Helle Degn, forseta ÖSE-þingsins, þeir dr. Heinz Fischer, forseti austurríska þingsins, og dr. Peter Wittman, aðstoðarráðherra dr. Viktors Klima, kanslara Austurríkis, sem forfallaðist vegna stjórnarmyndunarviðræðna. Spencer Oliver, framkvæmdastjóri ÖSE-þingsins, flutti fundinum skýrslu sína og fagnaði því meðal annars að í yfirlýsingu leiðtogafundarins og í öryggissáttmálanum sem samþykktur var á fundinum væri ÖSE-þinginu lýst sem einni mikilvægustu stofnun ÖSE. Niðurstöður leiðtogafundarins voru ræddar og ríkti almenn ánægja með framangreind atriði.

Breytingartillaga framkvæmdastjórnar við starfsreglur þingsins var samþykkt, en samkvæmt henni geta tvær eða fleiri nefndir þingsins ályktað sameiginlega. Á ársfundinum í Pétursborg í júlí 1999 vildu allar þrjár málefnanefndir þingsins halda sameiginlegan fund og ályktа um stöðu mála og varð því að kalla saman sérstakan þingfund. Kanadíski þingmaðurinn Bill Graham, gjaldkeri þingsins, gerði fundinum grein fyrir fjármálum þingsins. Hann kynnti m.a. skýrslu KPMG endurskoðunarfyrirtækisins sem gerði engar athugasemdir við reikninga þingsins fyrir starfsárið 1998–99, en nokkur afgangur varð af rekstrarfé. Hins vegar sagði Graham að kostnaður við kosningaeftirlit á yfirstandandi starfsári yrði greinilega nokkuð hærri en áætlað hefði verið og yrði því að leita til varasjóða, sem hefðu vaxið undanfarin ár, og greiða þannig fyrir hluta þeirrar starfsemi.

Þá voru ræddar skýrslur um kosningaeftirlit í Kasakstan, Georgíu, Rússlandi og Króatíu. Í öllum tilfellum varð það niðurstaða eftirlitsnefnda að verulegar framfarir hefðu orðið við framkvæmd kosninga þótt alls staðar væru nokkrar athugasemdir gerðar, minnstar þó í Rússlandi. Einnig voru kynnt störf sérstakrar nefndar um stöðu mála í Hvíta-Rússlandi, en hún hefur reynt að miðla þar málum milli stjórnar og stjórnarandstöðu og hvatt til lýðræðislegra kosninga. Rúmenski þingmaðurinn Adrian Severin kynnti störf nefndarinnar og sagði að unnt væri að tína til margt jákvætt í þróun undanfarinna mánaða í Hvíta-Rússlandi, þótt hann hefði áhyggjur af ýmsu í landinu.

Þema þingfundarins árið 2000 var til umræðu í stjórnarnefndinni, en borist höfðu tvær tillögur. Frá þýsku sendinefndinni hafði borist tillagan „hlutverk ÖSE á 21. öld: efling lýðræðislegra stofnana og virðingar við lög og reglu“, en frá bandarísku sendinefndinni tillagan „barátta gegn spillingu og fyrir góðum og heiðarlegum stjórnarháttum“. Niðurstaða nefndarinnar var að slá tillögunum tveimur saman í eitt þema: „góðir og heiðarlegir stjórnarhættir: svæðisbundið samstarf, efling lýðræðislegra stofnana, gagnsæis í stjórnsýslu og virðingar

við lög og reglu og barátta gegn spillingu". Skýrslur málefnanefndanna þriggja fyrir ársfundinn árið 2000 voru unnar út frá þessu þema.

Loks voru tekin fyrir ályktunardrög sem lögð höfðu verið fram um stöðu mála í Hvíta-Rússlandi og í Tsjetsjeníu. Rússar mótmæltu harðlega ályktunardrögunum um Tsjetsjeníu, sögðu um innanríkismál að ræða og minntu á friðhelgi landamæra sem eitt af grundvallarviðmiðum ÖSE-starfsins. Fleiri ríki studdu Rússa og greiddu atkvæði gegn ályktunardrögunum, m.a. Kasakstan og Kirgistan. Ályktunardrögin um Hvíta-Rússland mættu einnig andstöðu Rússa og fleiri og voru líka felld.

b. 9. ársfundur ÖSE-þingsins.

Dagana 6.–10. júlí var 9. ársfundur ÖSE-þingsins haldinn í Búkarest í Rúmeníu. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Pétur H. Blöndal, formaður, Ásta R. Jóhannesdóttir, varaformaður, og Jónína Bjartmarz, auk ritara. Þá sótti forseti Norðurlandaráðs, Sigríður A. Þórðardóttir alþingismaður, fundinn auk Einars Farestveits, ritara Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Þrjár málefnanefndir starfa á vegum ÖSE-þingsins. Þátttaka Íslandsdeildarinnar var sem hér segir:

1. nefnd um stjórnmál og öryggismál:	Pétur H. Blöndal.
2. nefnd um efnahagsmál, vísindi, tækni og umhverfismál:	Jónína Bjartmarz.
3. nefnd um lýðræði og mannréttindamál:	Ásta R. Jóhannesdóttir.

Þema fundarins í Búkarest var stjórnfesta (good governance) og fjölluðu ályktanir nefndanna einkum um mikilvægi hennar. Íslandsdeildin stóð að þremur breytingartillögum þar sem í öllum tilfellum var lagt til að ÖSE-þingið ályktaði ekki einungis um að ríkisstjórnum aðildarríkjanna bæri að viðhafa góða stjórnsýslu, heldur yrði sömu áskorun beint til fjölþjóðastofnana, þ.m.t. ÖSE. Ásta R. Jóhannesdóttir mælti fyrir einni breytingartillagnanna í nefnd um lýðræði og mannréttindamál og var hún samþykkt án mótatkvæða. Jónína Bjartmarz mælti fyrir annarri tillögu í nefnd um efnahagsmál, vísindi, tækni og umhverfismál og var hún samþykkt einróma. Þriðja breytingartillagan var hins vegar felld í þeirri nefnd þar sem viðkomandi málsgrein hafði verið eytt með samþykkt annarrar breytingartillögu.

Hinn 9. júní ritaði Pétur H. Blöndal bréf til Helle Degn, forseta ÖSE-þingsins, þar sem óskað var m.a. eftir upplýsingum um launakjör starfsmanna ÖSE-þingsins, skattareglur fyrir starfsmenn fjölþjóðastofnana og um jafnréttisáætlun ÖSE. Í anda góðrar stjórnsýslu taldi Pétur rétt að slíkar upplýsingar lægju fyrir og óskaði eftir að fá formlegt svar fyrir fund stjórnarnefndar þingsins í Búkarest eða á fundinum sjálfum. Á fundinum sagðist Pétur ekki vera sáttur við að honum hefði einungis borist persónulegt bréf frá framkvæmdastjóra þingsins, merkt trúnaðarmál. Pétur sagðist ekki skilja hvers vegna slíkar upplýsingar gætu ekki legið fyrir og taldi þetta ekki dæmi um góða stjórnsýslu. Loks lýsti hann efasemdum um ágæti skattfrelsis starfsmanna fjölþjóðastofnana. Spencer Oliver, framkvæmdastjóri ÖSE-þingsins, svaraði því til að launakjör starfsmannanna væru samkvæmt hefð leynileg nema laun hans sjálfs. Laun starfsmanna væru mishá af ýmsum ástæðum og reglur um skattfrelsi misjafnar eftir heimalandi starfsmanna. Hann lagði hins vegar áherslu á að launakjör starfsmanna ÖSE-þingsins væru lág á mælikvarða fjölþjóðastofnana og að reglur um skattfrelsi væru þær sömu og hjá öðrum fjölþjóðastofnunum. Pétur þakkaði fyrir svörin en sagði leynd yfir launakjörum einstakra starfsmanna oft vera notaða til að hylma yfir launamun kynjanna.

Á fundinum var jafnframt ályktað um:
- stöðu mála í Hvíta-Rússlandi,
- stöðu mála í Moldavíu,
- „Ilascu-hópinn“ í Transdníestríu,
- ráðstefnu um stöðugleika við Svartahaf og Kaspíahaf,
- staðfestingu sáttmála um Alþjóðlega sakamáladómstólinn í Haag,
- 25 ára afmæli Helsinki-sáttmálans,
- stöðu mála í Suðaustur-Evrópu, og
- þróun mála á Norður-Kákasussvæðinu.

Ályktanir fundarins voru loks sameinaðar í eina stóra ályktun, Búkarest-yfirlýsingu ÖSE-þingsins, sem samþykkt var á þingfundi hinn 10. júlí.

Þingfundinn ávörpuðu m.a. eftirtaldir:
- Helle Degn, fráfarandi forseti ÖSE-þingsins,
- Ion Diaconescu, forseti neðri deildar rúmenska þingsins,
- Mircea Ionescu Quintus, forseti efri deildar rúmenska þingsins,
- Emil Constantinescu, forseti Rúmeníu,
- Benita Ferrero-Waldner, utanríkisráðherra Austurríkis og formaður ráðherraráðs ÖSE,
- Petre Roman, utanríkisráðherra Rúmeníu, og
- Jan Kubis, framkvæmdastjóri ÖSE.

Þau þrjú síðasttöldu svöruðu jafnframt spurningum þingmanna, sem og ýmsir af öðrum helstu embættismönnum ÖSE sem ávörpuðu fundinn. Þá áttu fulltrúar sex fjölþjóðaþinga að ávarpa fundinn, þar á meðal Sigríður A. Þórðardóttir fyrir hönd Norðurlandaráðs. Sökum tímaskorts var fjórum þeirra hins vegar boðið að ávarpa fundinn sunnudaginn 10. júlí í stað fimmtudagsins 6. júlí eða dreifa ávarpi sínu skriflega og tók Sigríður síðari kostinn. Á fundi stjórnarnefndar vakti Pétur H. Blöndal máls á þessu og sagði mjög leitt að fólk sem ferðast hefði langa leið og jafnvel varið til þess nokkrum dögum fengi svo ekki að komast að þrátt fyrir að hafa verið formlega boðið að koma og ávarpa fundinn. Helle Degn, forseti ÖSE-þingsins, tók undir með Pétri og sagðist þegar hafa rætt við framkvæmdastjóra þingsins um að slíkt mætti ekki endurtaka sig. Loks var á fundi stjórnarnefndar samþykkt veruleg hækkun fjárlaga þingsins, eða um 24%. Bill Graham, gjaldkeri þingsins, sagði ástæðurnar margar en fyrst og fremst þær að umfang starfsemi ÖSE-þingsins hefði vaxið gífurlega á undanförnum árum án nokkurrar hækkunar á fjárlögum og væri þingið mjög háð ungu fólki í starfsþjálfun sem sumt væri hreinlega í sjálfboðavinnu. Þá nefndi hann meðal annars verulega lækkun á gengi dönsku krónunnar, en skrifstofa þingsins er í Kaupmannahöfn, og var samþykkt að framvegis yrði evran gjaldmiðill þingsins. Pétur H. Blöndal lýsti efasemdum um nauðsyn hækkunarinnar, frekar ætti að hagræða og mikilvægt væri að sýna ráðdeild í meðförum á skattfé borgaranna.

Á þingfundinum voru blaðamannaverðlaun ÖSE-þingsins veitt í fimmta sinn. Að þessu sinni hlaut þau rússneski blaðamaðurinn Andrei Babitsky sem lent hafði í útistöðum við rússnesk stjórnvöld vegna opinskárrar umfjöllunar sinnar um mannréttindabrot rússneska hersins í tengslum við átökin í Tsjetsjeníu. Rússnesk stjórnvöld hindruðu för Babitskys til Búkarest, en eiginkona hans tók við verðlaununum fyrir hans hönd.

Á lokadeginum var kjörinn nýr forseti ÖSE-þingsins, auk þriggja af níu varaforsetum þess. Rúmenski þingmaðurinn Adrian Severin var kjörinn forseti, en varaforsetakjöri náðu Gennady Seleznev, forseti Dúmunnar, neðri deildar rússneska þingsins, þýski þingmaðurinn Rita Süssmuth og georgíski þingmaðurinn Nino Burdjanadze.

Loks héldu þingkonur sérstakan fund þar sem meðal annars var fjallað um stöðu kvenna innan þingsins. Fram kom að konur væru einungis í um helmingi landsdeildanna. Konur voru jafnframt sérstaklega hvattar til að gefa kost á sér í laus embætti innan þingsins og gaf Rita Süssmuth kost á sér til varaforseta í kjölfar þess.

c. Kosningaeftirlit.

ÖSE-þingið hefur frá upphafi tekið virkan þátt í kosningaeftirliti og lagt áherslu á mikilvægi þess í að efla lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum. Jafnframt hefur ÖSE hvatt þingið til að sinna þessu starfi. Árið 2000 tók ÖSE-þingið m.a. þátt í kosningaeftirliti í Bosníu og Hersegóvínu, Serbíu, Kosovo-héraði, Króatíu, Kirgistan, Kasakstan, Georgíu, Rússlandi og Aserbaídsjan.

Íslandsdeildin tók þátt í kosningaeftirliti ÖSE-þingsins í Aserbaídsjan á árinu er Ásta R. Jóhannesdóttir hélt til Bakú, höfuðborgar landsins, dagana 1.–7. nóvember. Alls voru 23 þingmenn í eftirlitsnefnd ÖSE-þingsins auk fjölmargra eftirlitsaðila frá Evrópuráðinu og öðrum alþjóðastofnunum. Fyrir kosningarnar var haldinn fundur með fulltrúum stjórnvalda og stjórnarandstöðu en auk þess með fulltrúum fjölmiðla og mannréttindasamtaka. Var meðal annars farið fram á skýringar á ýmsum afar alvarlegum athugasemdum um ólýðræðisleg vinnubrögð stjórnvalda í aðdraganda kosninganna. Við framkvæmd kosninganna kom í ljós að allir eftirlitsaðilar höfðu orðið varir við kosningasvindl, hópatkvæðagreiðslur og óeðlileg vinnubrögð við talningu atkvæða svo fátt eitt sé nefnt. Formleg kvörtun var borin fram við forseta landsins og honum gerð grein fyrir hversu alvarlegt málið væri og þeirri kröfu komið á framfæri að stjórnvöld íhuguðu allar ásakanir og kærur sem fram komu á kjördag. Þá var þess krafist að efnt yrði til nýrra kosninga ef ásakanir reyndust rökum studdar.

Í kjölfar rannsóknar á niðurstöðum kosninganna var ákveðið að ítreka enn við stjórnvöld í Aserbaídsjan að þeim bæri að verða við kröfum alþjóðastofnana um að tekið yrði á þeim álitamálum sem upp komu varðandi óeðlilega framkvæmd. Í desember var afráðið að fulltrúar ÖSE-þingsins héldu til Bakú og ítrekuðu kröfur sínar við ráðamenn og leituðu leiða til að tryggja að niðurstaða fengist í málinu. ÖSE-þingið fór þess á leit við Ástu R. Jóhannesdóttur að hún færi í þessa för í forföllum yfirmanns kosningaeftirlits ÖSE-þingsins í nóvember. Á fundum með sendinefndinni í Bakú 17. desember féllust stjórnvöld á að endurtaka kosningarnar að hluta og hétu rannsókn á meintu harðræði gegn stjórnarandstöðunni í landinu.

Þess má geta að 7. janúar 2001 var efnt til endurkosninga í ellefu einmenningskjördæmum og sinnti Ásta eftirliti fyrir hönd ÖSE-þingsins. Í kjölfar kosninganna var því lýst yfir að verulegar framfarir hefðu orðið en jafnframt var þess getið að mörg atriði hefðu mátt fara betur. Kosningaeftirlit fulltrúa Íslandsdeildar ÖSE-þingsins á liðnu ári er ein margra vísbendinga um mikilvægi þess að Alþingi leggi sitt af mörkum er kemur að lýðræðisþróun í nýfrjálsum ríkjum Evrópu.

d. Annað.

Forseti ÖSE-þingsins hefur á árinu setið fundi fyrrverandi, núverandi og verðandi formanna ráðherraráðsins, auk þess að heimsækja nokkur aðildarríki ÖSE. Þá stóð ÖSE-þingið

fyrir málþingi um skipulagða glæpastarfsemi og spillingu á Kýpur dagana 4.–5. október 2000 í samvinnu við kýpverska þingið. Íslandsdeildin tók ekki þátt í því málþingi.

Alþingi, 15. jan. 2001.

Guðjón Guðmundsson, form.	Jónína Bjartmarz, varaform.	Ásta R. Jóhannesdóttir.

Fylgiskjal I.

Markmið og skipulag ÖSE-þingsins.

Samkvæmt starfsreglum ÖSE-þingsins er því ætlað að:

1. meta árangurinn af ÖSE-samstarfinu,
2. ræða mál sem eru á dagskrá funda leiðtoga og utanríkisráðherra ÖSE-ríkjanna,
3. þróa leiðir til að koma í veg fyrir og leysa úr ágreiningi,
4. stuðla að eflingu lýðræðislegra stofnana í ÖSE-ríkjunum,
5. leggja sitt af mörkum til þróunar, samskipta og samstarfs stofnana ÖSE.

Samkvæmt starfsreglum ÖSE-þingsins er miðað við að þau ríki sem undirritað hafa Helsinki-sáttmálann frá 1975 og Parísaryfirlýsinguna frá 1990 eigi aðild að þinginu og að þau taki þátt í ÖSE-samstarfinu. Nú eiga 55 þing ÖSE-ríkjanna aðild að ÖSE-þinginu. Gert er ráð fyrir 317 fulltrúum á þinginu og þar af á Alþingi þrjá.

Starfsreglur ÖSE-þingsins gera ráð fyrir að þingið komi saman í júlí ár hvert og standi fundur þess eigi lengur en fimm daga. Auk þingfunda er miðað við að innan þingsins starfi þrjár fastanefndir sem fjalli um mál á afmörkuðu sviði. Formaður, varaformaður og framsögumaður hverrar nefndar eru kjörnir af nefndunum í lok þingfundar ár hvert. Framsögumaður nefndar velur umræðuefnið sem tekið er fyrir í nefndinni það ár í samráði við formann og varaformann. Hann undirbýr skýrslu sem lögð er fyrir nefndina ásamt drögum að ályktun. Fastanefndirnar eru nefnd um stjórnmál og öryggismál (1. nefnd), nefnd um efnahagsmál, vísindi, tækni og umhverfismál (2. nefnd) og nefnd um lýðræði og mannréttindamál (3. nefnd). Heimilt er forseta þingsins að boða til aukaþings ef stjórnarnefnd þingsins ákveður svo.

Stjórnarnefnd þingsins (Standing Committee) er ætlað að undirbúa störf þingsins. Hún er skipuð forseta ÖSE-þingsins, varaforsetunum níu, gjaldkera, formönnum málefnanefndanna þriggja og formönnum sendinefnda einstakra þjóðþinga, alls 69 fulltrúum. Framkvæmdastjórn þingsins (Bureau) er skipuð forseta þess, varaforsetum og gjaldkera. Henni er ætlað að fylgjast með að ákvörðunum þingsins sé framfylgt og ákvarða um málefni sem upp kunna að koma á milli funda stjórnarnefndar.

Samkvæmt þingsköpum ÖSE-þingsins skulu þingið og framkvæmdastjórnin taka ákvarðanir með meiri hluta atkvæða en ákvarðanir stjórnarnefndarinnar skulu teknar samkvæmt afbrigði af svokallaðri „samstöðureglu“ (consensus rule) sem gildir á fundum fulltrúa ríkisstjórna ÖSE-ríkjanna. Stjórnarnefnd þingsins lýtur svokallaðri „consensus minus one“-reglu sem felur í sér að tvö eða fleiri ríki geta fellt einstök mál í nefndinni.

Fulltrúi ráðherraráðs ÖSE ávarpar þingið á ársfundi þess og gefur skýrslu um málefni ÖSE og verkefni sem unnið er að hjá stofnuninni. Þá geta þingfulltrúar beint fyrirspurnum til ráðherrans sem mætir sem fulltrúi ráðherraráðsins. Opinber tungumál þingsins eru sex, enska, franska, þýska, ítalska, rússneska og spænska, og er túlkað jafnharðan.

Fylgiskjal II.

Skipan ÖSE-þingsins.

	Fjöldi þingsæta hvers aðildarríkis	Fjöldi þingsæta alls
A. Bandaríkin	17	17
B. Rússland	15	15
C. Þýskaland, Frakkland, Ítalía og Bretland	13	52
D. Kanada og Spánn	10	20
E. Úkraína, Belgía, Holland, Pólland, Svíþjóð og Tyrkland	8	48
F. Rúmenía	7	7
G. Austurríki, Danmörk, Finnland, Grikkland, Ungverjaland, Írland, Noregur, Portúgal, Tékkland, Sviss, Hvíta-Rússland, Úsbekistan og Kasakstan	6	78
H. Búlgaría og Lúxemborg	5	10
I. Júgóslavía og Slóvakía	4	8
J. Kýpur, Ísland, Malta, Eistland, Lettland, Litháen, Albanía, Slóvenía, Króatía, Moldavía, Tadsjikistan, Túrkmenistan, Georgía, Kirgistan, Armenía, Aserbaídsjan, Bosnía og Hersegóvína og fyrrverandi Júgóslavíulýðveldið Makedónía	3	54
K. Andorra, Liechtenstein, Mónakó og San Marínó	2	8
Samtals		**317**

Vatíkanið getur sent allt að tveimur áheyrnarfulltrúum á fundi ÖSE-þingsins.

760. Skýrsla [478. mál]

Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins fyrir árið 2000.

1. Inngangur.

Þjóðþing Færeyinga, Grænlendinga og Íslendinga stofnuðu Vestnorræna þingmannaráðið í Nuuk á Grænlandi 24. september 1985 sem samstarfsvettvang þinganna. Með því var formfest samstarf landanna þriggja, sem oft ganga undir nafninu Vestur-Norðurlönd (Vestnorden). Á aðalfundi ráðsins árið 1997 var nafninu breytt í Vestnorræna ráðið þegar samþykktur var nýr stofnsamningur í þjóðþingum aðildarlandanna. Við þær breytingar voru einnig samþykktar nýjar vinnureglur og markmið samstarfsins skerpt.

Markmið ráðsins eru að starfa saman að hagsmunum Vestur-Norðurlanda, gæta auðlinda og menningar Norður-Atlantshafssvæðisins, fylgja eftir samvinnu ríkisstjórna og landsstjórna Vestur-Norðurlanda, auka samstarfið á vettvangi norrænnar samvinnu og vera þingræðislegur tengiliður milli samvinnuaðila í þessum löndum og annarra fjölþjóðlegra hagsmunahópa og ríkjasamtaka. Vestnorræna ráðið hefur í gegnum tíðina ályktað um ýmis mál, þar á meðal umhverfis- og auðlindamál, aukið menningarsamstarf landanna og skóla- og íþróttasamvinnu, svo fátt eitt sé nefnt.

Í Vestnorræna ráðinu sitja átján þingmenn, sex frá hverju aðildarríki. Vestnorræna ráðið kemur saman til ársfundar sem fer með æðsta ákvörðunarvald ráðsins. Þriggja manna forsætisnefnd, skipuð þingmanni frá hverju aðildarríki, stýrir starfi ráðsins á milli ársfunda. Ráðið getur einnig skipað sérstakar vinnunefndir um einstök mál. Í starfi sínu í Vestnorræna ráðinu leitast þingmenn við að ná fram markmiðum sínum með ályktunum og tilmælum til ríkisstjórna og landsstjórna, með virkri þátttöku í norrænu samstarfi, samstarfi við aðra aðila innan vestnorræns samstarfs, samvinnu við norðurheimsskautsstofnanir og skipulagningu á ráðstefnum og fundum.

2. Kjör fulltrúa í Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins.

Árið 2000 skipuðu Íslandsdeildina eftirtaldir þingmenn: Árni Johnsen, formaður, þingflokki sjálfstæðismanna, Hjálmar Árnason, varaformaður, þingflokki framsóknarmanna, Gísli S. Einarsson, þingflokki Samfylkingarinnar, Guðmundur Hallvarðsson, þingflokki sjálfstæðismanna, Svanfríður Jónasdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Einar Oddur Kristjánsson, þingflokki sjálfstæðismanna. Varamenn voru Einar K. Guðfinnsson, þingflokki sjálfstæðismanna, Guðrún Ögmundsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Gunnar Birgisson, þingflokki sjálfstæðismanna, Ólafur Örn Haraldsson, þingflokki framsóknarmanna, Guðjón A. Kristjánsson, þingflokki frjálslyndra, og Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokki sjálfstæðismanna. Jóhanna Helga Halldórsdóttir var ritari Íslandsdeildarinnar til 1. nóvember 2000 en þá tók Andri Lúthersson við starfinu.

3. Störf Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins.

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins hélt fjóra fundi á árinu. Á fundunum var m.a. rætt um starfsemi ráðsins á árinu. Bar þar hæst ferð Íslandsdeildarinnar til Grænlands í júlí á menningarráðstefnu ráðsins í Qaqortoq og vígslu bygginganna í Brattahlíð. Til undirbúnings fyrir ferðina fékk Íslandsdeildin til sín á fund tvo sérfræðinga um Grænland og sögu þess, þá Ingva Þorsteinsson og Jón Böðvarsson. Einnig var fjallað um dagskrá ársfundar ráðsins sem fram fór í Þórshöfn í Færeyjum 4.–8. september, tillögu að bók um Vestur-Norðurlönd, fyrirhugaða sýningu ráðsins um veiðimenningu og skýrslu um alþjóðastarf Vestnorræna ráðsins, en m.a. er áhugi á að taka upp samstarf með þingmönnum frá Skotlandi, Hjaltlandseyjum og Orkneyjum.

Lífsgildakönnunin sem Vestnorræna ráðið fól Félagsvísindastofnun HÍ að gera í aðildarlöndunum var kynnt á blaðamannafundi í apríl. Niðurstöðurnar voru mjög athyglisverðar og fengu töluverða athygli og umfjöllun. Þar kom m.a. fram að lífshamingja er almenn meðal ungs fólks í þessum löndum, það er vinnusamt og hallt undir einstaklingshyggju, það hefur almennt jákvæða afstöðu til þjóðfélagsins og stofnana þess, er afar stolt af þjóðerni sínu og bundið sterkum böndum við átthagana.

Formaður Íslandsdeildar stóð í ströngu á árinu vegna bygginganna í Brattahlíð, enda var Árni Johnsen jafnframt formaður Brattahlíðarnefndar, sem hafði veg og vanda af gerð bygginganna. Forsætisnefnd ráðsins hélt samráðsfund 8. júní í Reykjavík þar sem rætt var um

vestnorræna samvinnu. Ýmsir aðilar sem starfa að vestnorrænum málefnum ávörpuðu fundinn.

Í tengslum við fund forsætisnefndar ráðsins 6. nóvember var haldinn fundur með vestnorrænum samstarfsráðherrum Norðurlanda, félagsmálaráðherrum og menningarmálaráðherrum landanna, Norðurlandanefnd Norðurlandaráðs, sem og forstöðumönnum norrænu húsanna og NAPA.

4. 16. ársfundur Vestnorræna ráðsins.

Vestnorræna ráðið hélt ársfund sinn í Þórshöfn í Færeyjum dagana 4.–8. september. Þar var kosin ný forsætisnefnd ráðsins en hana skipa Ole Lynge, formaður ráðsins og formaður Grænlandsdeildar Vestnorræna ráðsins, Árni Johnsen, fyrsti varaformaður, og Jógvan Durhuus, annar varaformaður.

Sérstakir gestir fundarins voru Bjarni Djurholm, atvinnu- og iðnaðarráðherra Færeyja, Kjartan Hoydal, framkvæmdastjóri NORA, Helena Dam, félags- og heilbrigðisráðherra Færeyja, og Jørgen Niclasen, sjávarútvegsráðherra Færeyja. Umræður voru líflegar og snerust einkum um samvinnu vestnorrænu landanna í ýmsum málum, m.a. atvinnumálum, sjávarútvegsmálum og félags- og heilbrigðismálum.

Á ársfundinum voru allar framlagðar tillögur samþykktar. Forsætisnefnd ráðsins lagði fram tvær tillögur til ályktunar þar sem Vestnorræna ráðið skorar á ríkis- og landsstjórnir landanna að efna til samvinnu um ritun vestnorrænnar sögu annars vegar og hins vegar að gerð verði vestnorræn framkvæmdaáætlun um samvinnu í menningarmálum. Forsætisnefnd ráðsins lagði einnig fram tillögu um að Vestnorræna ráðið sækti um áheyrnaraðild að fundum þingmannanefndar um Norðurskautsmál (Standing Committee of Parliamentarians of the Arctic Region). Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins lagði fram tillögu um að Vestnorræna ráðið fæli landsdeildunum það verkefni að vinna saman að tillögum sem lagðar yrðu fram á ársfundi 2001, en markmiðið með tillögunum er að auka vestnorræna samvinnu. Hugmyndin er að landsdeildirnar hafi samskipti sín á milli í gegnum netið og vinni þannig saman að tillögunum. Grænlandsdeild Vestnorræna ráðsins lagði, ásamt forsætisnefnd, til að þema ráðsins árið 2002 yrði samgöngur. Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins mæltist til að Vestnorræna ráðið hvetti menntamálaráðherra landanna til að skipa nefnd sem allra fyrst til að láta kanna hvað hindraði helst vestnorræna stúdenta í að stunda nám í öðru vestnorrænu landi en sínu eigin. Að lokum lagði forsætisnefnd ráðsins til að Vestnorræna ráðið hvetti færeyska þingið til að bjóða til fyrstu málstofu vestnorrænna þingkvenna árið 2002. Fram kom í kynningu og umræðum um þessar tillögur að virkja þyrfti samstarf í fréttaflutningi milli landanna. Einnig var rætt um að stofnað yrði „Vestnorden-job“ sem starfaði á sama hátt og Nordjob. Nokkur umræða spannst um þá hindrun sem er á samskiptum landanna vegna þess hversu dýrt er að fljúga á milli þeirra. Einnig lýstu þátttakendur áhyggjum sínum af áætlunum um að leggja niður flug milli Íslands og Narsarsuak og milli Íslands og Kulusuk. Af þessu tilefni samþykkti Vestnorræna ráðið tilmæli þar sem samgönguráðherrar landanna eru hvattir til að vinna að því að tryggja áframhald á flugi milli Narsarsuak og Kulusuk annars vegar og hinna vestnorrænu landanna tveggja hins vegar.

Að lokum var tilkynnt að forsætisnefnd hefði komið sér saman um að skrifstofa Vestnorræna ráðsins yrði áfram á Íslandi.

5. Menningarráðstefna Vestnorræna ráðsins.

Menningarráðstefna Vestnorræna ráðsins var haldin í Qaqortoq á Grænlandi 13.–15. júlí. Tilgangur ráðstefnunnar var að efla þróun og samstarf vestnorrænu landanna í menningarmálum. Þrjú mál voru til umræðu: Vestnorræni menningararfurinn, Vestur-Norðurlönd sem hluti af norrænu menningarsamstarfi og menningarsamstarf Vestur-Norðurlanda í nútíð og framtíð. Fyrirlesarar voru Thue Christiansen, skrifstofustjóri í menningarmálaráðuneyti Grænlands, dr. Jóannes Dalsgaard, deildarstjóri í færeyska menningarmálaráðuneytinu, Aqqaluk Lynge, formaður ICC (Inuit Circumpolar Conference), Helga Haraldsdóttir, ráðgjafi í samgönguráðuneytinu, og Helga Hjörvar, framkvæmdastjóri Norðurlandahússins í Færeyjum. Ráðstefnan heppnaðist mjög vel og komu m.a. fram ýmsar hugmyndir til að auka samstarf þessara þjóða. Til að mynda kom þar fram fyrrnefnd hugmynd um að skrifuð yrði saga Vestur-Norðurlanda og að gerð yrði framkvæmdaáætlun í menningarmálum, svo að eitthvað sé nefnt. Auk þingmanna Vestnorræna ráðsins sóttu m.a. ráðstefnuna menningarmálaráðherrar Vestur-Norðurlanda og forseti Norðurlandaráðs, auk fjölda þingmanna Norðurlandaráðs. Að lokinni ráðstefnunni héldu flestir til Brattahlíðar þar sem Íslandsdeildinni ásamt öðrum ráðstefnugestum hafði verið boðið að taka þátt í hátíðarhöldum í tilefni af því að 1000 ár voru liðin frá því að Leifur heppni fann Ameríku og fyrsta kristna kirkja var reist þar. Hápunktur hátíðarinnar var vígsla Þjóðhildarkirkju og bæjar Eiríks rauða í Brattahlíð.

6. Verkefni Vestnorræna ráðsins 2001.

Ráðstefna um veiðimenningu Vestur-Norðurlanda verður haldin á Akureyri 11.–14. júní nk. Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins sér um skipulagningu ráðstefnunnar. Markmiðið er að vekja athygli á veiðimenningu þessara þjóða bæði í fortíð og nútíð. Upphaflega átti að opna sýningu á veiðimenningu Vestur-Norðurlanda í Skotlandi haustið 2001 en henni hefur verið frestað til 2002. Sú sýning mun án efa vekja mikla athygli og verður einnig sett upp á Vestur-Norðurlöndum. Hún verður fjármögnuð af aðildarlöndum ráðsins en auk þess hafa Norðurlandaráð og norræna ráðherranefndin sýnt áhuga á að styrkja hana og vilja þá jafnframt að hún verði sett upp í öllum norrænu löndunum og í Eystrasaltslöndunum.

Forsætisnefnd ráðsins hefur ákveðið að halda fund með þingmönnum frá Skotlandi, Hjaltlandseyjum og Orkneyjum í september nk. Tilgangur fundarins yrði að koma af stað frekari samvinnu milli Vestnorræna ráðsins og þessara aðila.

Samþykkt hefur verið að gefa út bók um Vestur-Norðurlönd og var ákveðið að byrja á að gefa hana út á dönsku og þýða hana síðar yfir á önnur tungumál.

Ákveðið hefur verið að uppfæra vefsíðu Vestnorræna ráðsins og færa hana í þannig horf að hún komi að gagni í samvinnu þjóðþinganna og samvinnu þeirra við önnur þjóðþing.

Að lokum má geta þess að Páll Brynjarsson lét af störfum sem framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins 1. nóvember sl. og var Ernst Olsen frá Færeyjum ráðinn í hans stað. Hann hóf störf um áramótin.

7. Yfirlit yfir ályktanir, ákvarðanir um innri málefni og tilmæli sem Vestnorræna ráðið samþykkti á ársfundi sínum í Þórshöfn, Færeyjum, 4.–8. september 2000.

1. Ályktun um að efna til samvinnu um ritun sögu Vestur-Norðurlanda.
2. Ályktun um að gera vestnorræna framkvæmdaáætlun um samvinnu í menningarmálum.
3. Ákvörðun um að sækja um áheyrnaraðild að fundum þingmannanefndar um Norðurskautsmál.

4. Ákvörðun um að setja á fót vinnuhóp sem vinni saman á netinu að tillögum fyrir ársfund ráðsins 2001 um að auka vestnorræna samvinnu.
5. Ákvörðun um að árið 2002 verði helgað samgöngum.
6. Tilmæli um að skipuð verði nefnd sem kanni það hvað hindri helst vestnorræna stúdenta í að stunda nám í öðru vestnorrænu landi en sínu eigin.
7. Tilmæli um að færeyska þingið bjóði til fyrstu málstofu vestnorrænna þingkvenna árið 2002.
8. Tilmæli um að tryggja áframhaldandi flug milli Grænlands og hinna vestnorrænu landanna tveggja.

Alþingi, 16. febr. 2001.

Árni Johnsen, form.	Hjálmar Árnason, varaform.	Gísli S. Einarsson.
Guðmundur Hallvarðsson.	Svanfríður Jónasdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.

761. Tillaga til þingsályktunar [479. mál]

um ályktanir Vestnorræna ráðsins.

Flm.: Árni Johnsen, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Svanfríður Jónasdóttir, Einar Oddur Kristjánsson.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktunum Vestnorræna ráðsins sem samþykktar voru á 16. ársfundi þess, að:

a. fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að stofna til samstarfs um skjalaöflun og ritun sögu Vestur-Norðurlanda,
b. fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að vinna að sameiginlegri vestnorrænni framkvæmdaáætlun í menningarmálum í samstarfi við önnur norræn ríki.

Greinargerð.

Vestnorræna ráðið hélt ársfund sinn í Þórshöfn í Færeyjum 4.–8. september sl. Þar voru samþykktar tvær tillögur á sviði menningarmála þar sem skorað var á ríkis- og landsstjórnir landanna þriggja að vinna saman að ritun vestnorrænnar sögu annars vegar og hins vegar að gerð yrði vestnorræn framkvæmdaáætlun í menningarmálum.

Tillaga þessi er flutt til að koma á framfæri við Alþingi samþykktum ályktunum Vestnorræna ráðsins.

Ritun sögu Vestur-Norðurlanda.

Vestur-Norðurlönd, Færeyjar, Grænland og Ísland, eiga að stórum hluta sameiginlega sögu. Í mörg hundruð ár hefur verið náið samband milli þessara landa sem á síðari árum hefur styrkst og mótast og hefur það ekki verið sterkari en einmitt nú.

Það er mikilvægt fyrir okkur, Vestur-Norðurlandabúa, að þekkja sögu okkar, og þá ekki bara sögu okkar eigin lands og þjóðar heldur einnig sögu okkar næstu nágranna. Þetta er nauðsynlegt bæði til að skilja þróun þessa svæðis í heild auk þess sem það gæti varpað frekara ljósi á stöðu þessara einstöku landa sem hefur kannski hingað til verið óljós þar sem vantað hefur upp á að sagan væri skoðuð í víðu samhengi.

Til að skapa enn betri skilyrði fyrir vestnorræna samvinnu er mikilvægt að íbúar Vestur-Norðurlanda hafi aðgang að upplýsingum um sameiginlega fortíð þeirra.

Vestnorræn framkvæmdaáætlun í menningarmálum.

Vestur-Norðurlönd hafa tekið virkan þátt í norrænu menningarsamstarfi og hefur sú þátttaka án efa verið til mikils gagns fyrir menningarlíf landanna. T.d. hafa bæði norrænar menningarstofnanir á Vestur-Norðurlöndum og mismunandi norræn verkefni og sjóðir eflt menningarlíf landanna. Margir líta á menningarsamstarfið sem kjarnann í norrænu samstarfi. Um það bil 50% fjármagns norrænu ráðherranefndarinnar fer til menningarsamstarfs á Norðurlöndunum. Til að hafa meiri áhrif og fá aukin skilning innan hins norræna menningarsamstarfs er mikilvægt að Vestur-Norðurlönd vinni framkvæmdaáætlun í menningarmálum með öðrum norrænum ríkjum þannig að þau geti talað einni röddu á norrænum vettvangi. Slík áætlun er einnig viðurkenning á því að Vestur-Norðurlönd vilja styrkja samstarf í menningarmálum. Vestnorræna ráðið álítur mjög mikilvægt að gerð verði framkvæmdaáætlun sem fyrst, m.a. vegna þess að verið er að breyta norrænni menningarstefnu. Þær breytingar munu leiða til þess að ákvarðanir um forgangsröðun í norrænu menningarsamstarfi verða pólitískari. Framkvæmdaáætlunin nýtist til að skipuleggja árangursríkt samstarf milli vestnorrænu landanna á sviði norrænnar menningar. Áætlunin þarf m.a. að styrkja stöðu Vestur-Norðurlanda og virkja þau í norrænu menningarsamstarfi og auka áhuga annarra ríkja Norðurlanda á því að styrkja menningartengsl við Vestur-Norðurlönd.

762. Svar [351. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um viðskiptahalla.

Óskað var eftir upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun um 1.–5. lið fyrirspurnarinnar og frá Fjármálaeftirlitinu um 6. lið.

1. *Hver hefur viðskiptahallinn verið árin 1997–1999 og hver er hann áætlaður árin 2000 og 2001?*
2. *Hver er uppsafnaður halli fyrrgreindra fimm ára?*

Taflan hér að neðan sýnir viðskiptahalla hvers árs um sig á tímabilinu 1997–2001. Samanlagður viðskiptahalli tímabilsins er áætlaður tæpir 222 milljarðar króna.

Viðskiptahalli í millj. kr.

Ár	Millj. kr.
1997	8.899
1998	40.051
1999	43.461
2000 (áætlun)	61.494
2001 (spá)	68.001
Samtals	**221.906**

Heimildir: Seðlabanki Íslands og Þjóðhagsstofnun.

3. *Hvernig skiptist þessi halli milli fjárfestingar og neyslu?*
4. *Hve stór hluti neysluhallans er með ábyrgð opinberra aðila (samneysla) og hversu mikið er einkaneysla?*

Ekki er neitt einhlítt svar við þessum spurningum. Bera má þessi ár við tímabil þegar jafnvægi var í þjóðarbúskapnum. Árið 1997 hentar að mörgu leyti mjög vel til slíks samanburðar. Eftirspurn var þá nokkurn veginn í samræmi við framleiðslugetu, jöfnuður var á viðskiptum með vöru og þjónustu (afgangur nam um 0,6% af vergri landsframleiðslu), en lítils háttar viðskiptahalli stafaði af neikvæðum jöfnuði þáttatekna. Þá var fjárfesting sem hlutfall af vergri landsframleiðslu ekki fjarri því sem hún þarf að vera til að stuðla að viðunandi hagvexti til lengdar.

Frá árinu 1997 hafa þjóðarútgjöld vaxið hraðar en landsframleiðsla og hefur það leitt til halla á viðskiptum með vöru og þjónustu og aukinna erlendra skulda. Auknar erlendar skuldir hafa síðan haft í för með sér hærri nettóvaxtagreiðslur þjóðarbúsins sem enn hafa aukið á viðskiptahallann. Árið 1997 námu neysla og fjárfesting samtals um 99½% af vergri landsframleiðslu (VLF). Áætlað er að samsvarandi hlutfall verði ríflega 105% að meðaltali á árunum 1998–2001.

Áætluð hlutdeild útgjaldaliða í vergri landsframleiðslu.

Útgjaldaliður	1997	1998–2001	Breyting
Fjárfesting	20,9%	23,4%	2,6 pr. stig
Neysla	78,6%	81,8%	3,2 pr. stig
Einkaneysla	*57,1%*	*58,7%*	*1,7 pr. stig*
Samneysla	*21,5%*	*23,0%*	*1,5 pr. stig*
Alls	**99,4%**	**105,2%**	**5,8 pr. stig**

Ef árið 1997 er lagt til grundvallar skýrir aukin fjárfesting um 45% af halla á viðskiptum með vöru og þjónustu á árunum 1998–2001 en aukin neysla um 55%. Þar af skýrir aukin einkaneysla tæp 30% og samneysla um 25%. Ef árin1997–2001 eru borin saman við árin 1992–1996, en þau ár var að meðaltali jöfnuður á viðskiptum við útlönd, fæst að rúmlega 70% hallans á viðskiptum með vöru og þjónustu árin 1997–2001 skýrist af aukinni fjárfestingu, um 20% af aukinni samneyslu og 10% af einkaneyslu. Þess ber hins vegar að geta að tímabilið 1992–96 hentar að mörgu leyti mun verr sem viðmiðunartímabil en árið 1997 enda var hagkerfið ekki í jafnvægi þessi ár og fjárfesting óvenju lítil.

Hér að framan hefur verið litið á vöxt hlutdeildar einstakra útgjaldaliða þjóðarinnar í vergri landsframleiðslu til að varpa ljósi á viðskiptahallann. Hægt er að skoða málið út frá öðru sjónarhorni þar sem útgjöld aðila hagkerfisins, hins opinbera og einkaaðila, eru borin saman við tekjur þeirra. Ef þannig er litið á málin er meira en allur viðskiptahalli rakinn til aukningar í útgjöldum einkaaðila. Áætlaður tekjuafgangur hins opinbera 1997–2001 er meiri

en 50 milljarðar króna. „Tekjuhalli einkaaðila“ á tímabilinu er því áætlaður rúmlega 270 milljarðar króna en hann var nánast enginn árið 1996. Lauslega áætlað má rekja 155 milljarða til aukinnar einkaneyslu og 115 milljarða til aukinnar fjárfestingar einkaaðila. Hafa ber í huga að við útreikning á tekjuhalla einkaaðila er ekki tekið tillit til verðhækkana á eignum þeirra, svo sem á verðbréfum og húsnæði.

5. *Hversu mikil er áætluð hlutdeild einkaneyslu í viðskiptahalla á*
   a. íbúa,
   b. fjögurra manna fjölskyldu, fyrrgreind fimm ár?

Ef miðað er við að hlutdeild einkaneyslu í viðskiptahalla sé um 30%, sbr. svar við 4. lið fyrirspurnarinnar, er „neysluhallinn“ árin 1997–2001 rúmlega 60 milljarðar króna eða

a. rúmar 220 þús. kr. á íbúa og
b. tæpar 900 þús. kr. á fjögurra manna fjölskyldu.

Ef litið er á málið miðað við tekjuhalla einkaaðila má líta svo á að neysluhallinn sé um 150 milljarðar króna eða

a. 550 þús. kr. á íbúa og
b. 2,2 millj. kr. á fjögurra manna fjölskyldu.

6. *Hvernig er hallinn á einkaneyslu fjármagnaður og er vitað hvernig ábyrgðum eða tryggingum fyrir lántökum er háttað?*

Hjá Fjármálaeftirlitinu liggja ekki fyrir upplýsingar um hvernig hallinn á einkaneyslu er fjármagnaður. Að svo miklu leyti sem hann er fjármagnaður með lántöku hjá fjármálafyrirtækjum eiga lánareglur þeirra við um slíkar lántökur eins og aðrar lántökur viðskiptamanna. Samkvæmt lánareglum einstakra fjármálafyrirtækja er almenna reglan sú að teknar skuli fullnægjandi tryggingar fyrir lánum nema um sé að ræða smávægilega fyrirgreiðslu miðað við eigið fé fjármálafyrirtækis og fyrir liggi fullnægjandi vitneskja um greiðslugetu viðskiptamanns. Sama á við þegar fyrirliggjandi upplýsingar sýna að ekki er þörf sérstakra trygginga enda sé fylgst með afkomu og fjárhag viðskiptamanns meðan lán eru útistandandi.

763. Svar [309. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um fyrirhugað laxeldi hér á landi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve margar umsóknir um laxeldi í kvíum liggja nú fyrir og hvenær og hvar hyggjast umsækjendur hefja þann rekstur?*
2. *Hve mikil framleiðsla er fyrirhuguð í heild hjá þessum stöðvum og hjá hverri þeirra um sig?*

Upplýsingar um umsóknir um laxeldi í kvíum byggjast á umsóknum sem borist hafa embætti veiðimálastjóra til umsagnar frá Skipulagsstofnun.

Nafn stöðvar	Fyrirhuguð framleiðsla
1. Eldisstöð Víkurlax ehf. í Eyjafirði	800 tonn
2. Eldisstöð Agva Norðurland í Eyjafirði	3.600 tonn
3. Eldisstöð Agva ehf. í Mjóafirði	8.000 tonn
4. Eldisstöð Samherja í Reyðarfirði	6.000 tonn
5. Eldisstöð Salar Islandica í Berufirði	8.000 tonn
6. Eldisstöð Íslandslax hf. í Vestmannaeyjum	4.000 tonn
7. Eldisstöð Íslandslax hf. undir Vogastapa	4.000 tonn
8. Eldisstöð Silungs ehf. undir Vogastapa	6.500 tonn

Ekki er um fleiri umsóknir að ræða en heyrst hefur um áhuga manna á laxeldi á norðanverðu Snæfellsnesi, á Vestfjörðum og Ströndum. Rétt er að taka fram að tilgreint framleiðslumagn byggist á óskum eldisstöðvanna, sem ekki er víst að leyfi verði veitt fyrir.

Margar stöðvanna hyggjast hefja rekstur vorið 2001 en ljóst er að uppbygging verður hæg vegna takmarkaðs magns seiða til eldisins. Stöðvar, sem nú þegar stunda strandeldi, munu þó geta byggt upp rekstur á skiptieldi með meiri hraða en þar er fyrst og fremst um að ræða Íslandslax hf., Silung ehf. og hugsanlega samstarfsaðila þeirra.

764. Nefndarálit [412. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi.

Frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Inngangur.

Tillaga þessi fjallar um tengingu Íslands og Noregs við framkvæmd svonefnds Dyflinnarsamnings. Sá samningur er aftur nátengdur aðild Íslendinga að Schengen-samkomulaginu svonefnda um afnám innra landamæraeftirlits á Schengen-svæðinu sem fullgilt var af Íslands hálfu í maímánuði sl. Efni þessa samnings snýst fyrst og fremst um það hvernig Ísland og Noregur tengjast framkvæmd Dyflinnarsamningsins og þá einkum um hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram á öllu samningssvæðinu. Aðild Íslands að samningnum er engu síður hluti af spurningunni hvort Ísland gerist aðili að pakkanum í heild sinni ef svo má að orði komast. Þetta mál er því í reynd beint framhald af þeirri ákvörðun stjórnvalda að Ísland skuli gerast aðili að Schengen-samstarfinu.

Burtséð frá efnisatriðum málsins er óhjákvæmilegt að gera nokkrar athugasemdir við vinnubrögðin. Tillaga þessi er vægast sagt seint á ferðinni en nokkuð var liðið á febrúarmánuð þegar mælt var fyrir henni á Alþingi. Engu síður er boðað að nauðsynlegt sé, ef ekki eigi að verða tafir á aðild Íslands að Schengen-samstarfinu 25. mars nk., að tillagan verði afgreidd og fullgildingarskjöl komin til vörsluaðila samningsins fyrir lok febrúarmánaðar.

Raunar er hér viðamikið mál á ferðinni. Um er að ræða mikla upplýsingasöfnun og skráningu persónuupplýsinga í sérstakt upplýsingakerfi eða gagnagrunn, svonefnt EURODAC-kerfi. Auk þess þurfa að koma til lagabreytingar sem varða málefni útlendinga og heimildir

til að taka fingraför og fleira sem nánar verður vikið að síðar. Því er afar óheppilegt að Alþingi sé stillt upp í tímaþröng til þess að skoða þessa þætti, sem og að meta stöðu málsins og aðild okkar að Schengen-samstarfinu í heild sinni sem eðlilegt hefði verið að gera við þessi tímamót.

Nú er mönnum smátt og smátt að verða ljóst að aðild Íslands að Schengen-samstarfinu var önnur og meiri ákvörðun en bara spurningin um hvort varðveita ætti svonefnt norrænt vegabréfasamband. Í reynd þýðir þetta að Ísland gerist aðili að stofnunum Evrópusambandsins eins og Schengen er nú þegar orðið og EURODAC-kerfið og Dyflinnarsamningurinn verða væntanlega innan fjögurra ára. Í öðru lagi er verið að byggja upp tvö viðamikil en aðskilin upplýsinga- eða gagnakerfi þar sem fram fer einhver mesta skráning persónuupplýsinga sem um getur á byggðu bóli og án nokkurs vafa sú langtum viðamesta sem Ísland hefur nokkurn tíma tengst. Ótal spurningar vakna um meðferð persónuupplýsinga og persónuvernd í þessu sambandi og hefur allt of lítill gaumur verið gefinn að þeim þáttum málsins. Sama gildir um stjórnskipuleg álitamál sem tengjast stöðu Íslands í þessu þegar orðna eða væntanlega stofnanakerfi Evrópusambandsins, eins og áður sagði. Nefna má þann mikla kostnað sem af þessari aðild hlýst fyrir Íslendinga og fleira, sbr. fylgiskjal III.

Minni hlutinn var andvígur aðild Íslands að Schengen og lagði til í nefndaráliti, sem birt er sem fylgiskjal I með nefndaráliti þessu, í marsmánuði á síðasta ári að Alþingi staðfesti ekki samninginn um þátttöku Íslands og Noregs í framkvæmd, beitingu og þróun Schengengerðanna heldur yrði þess í stað leitað eftir sérlausn fyrir Ísland. Til vara var nefndur sá kostur að tilkynnt yrði um að Ísland mundi áskilja sér rétt til þess að fresta framkvæmd samningsins þar sem of mörg álitamál væru um stöðu Íslands og undirbúningi væri ábótavant. Vísast í þessa afstöðu sem og þann rökstuðning sem fram kemur í nefndarálitinu, sbr. fylgiskjal I.

Norræna vegabréfasambandið.

Óhjákvæmilegt er að hafa nokkur orð um þá höfuðröksemd sem fram hefur verið færð af hálfu utanríkisráðherra og annarra talsmanna aðildar Íslands að Schengen-samstarfinu að það væri óumflýjanlegt til þess að varðveita svonefnt norrænt vegabréfasamband. Hefur í því sambandi verið gert mikið úr því að Íslendingar hafi haft rétt til þess að ferðast til annarra Norðurlanda án þess að þurfa að framvísa vegabréfi. Vissulega er það rétt og enginn deilir um að norræna vegabréfasambandið var framsækin tímamótaákvörðun í samskiptum Norðurlandanna enda ólíkum aðstæðum saman að jafna og giltu á þeim tíma og því sem nú er í vændum með aðild að Schengen. Upphaflega var afstaða forsætisráðherra Norðurlandanna, sbr. yfirlýsingu á fundi í Reykjavík 27. febrúar 1995, sú að norrænu ríkin mundu fylgjast að og hafa sameiginlega afstöðu til þátttöku eða eftir atvikum þess að taka ekki þátt í Schengensamstarfinu með það að markmiði að tryggja framtíð hins svokallaða norræna vegabréfasambands. Þessi yfirlýsing og þetta markmið var gott svo langt sem það náði ef ekki hefði strax í kjölfarið farið að bera á þeirri túlkun að í reynd ætti bara að taka mark á helmingnum, þeim helmingi sem vísaði til þátttöku í Schengen-samstarfinu, en ekki hinum möguleikanum að Norðurlöndin stæðu þar fyrir utan.

Nú er hins vegar smám saman að verða ljóst að um hálfgerðan orðaleik er að ræða. Allt stefnir í að a.m.k. annars staðar á Norðurlöndum verði tekin upp sérstök persónuskilríki, einhvers konar viðurkennd eða stöðluð nafnskírteini eða persónuskilríki sem verða ígildi vegabréfa á ferðum innan svæðisins og það sem meira er, einnig innan Norðurlandanna sjálfra, sbr. umfjöllun í Helsingborgs Dagblad 30. janúar sl. í fylgiskjali II. Eftir því sem næst verður komist virðist engin ákvörðun hafa verið tekin um það hér á landi hvort slík sérstök persónu-

skilríki verða tekin upp til þess að auðvelda Íslendingum ferðalög án vegabréfs, t.d. annars staðar á Norðurlöndum eða eftir atvikum annars staðar á Schengen-svæðinu. Verði niðurstaðan sú að taka upp sérstök nafnskírteini eða persónuskilríki („Schengen-skilríki") hér má spyrja til hvers allt bröltið sé. Verði hins vegar niðurstaðan sú að taka ekki upp einhvers konar Schengen-nafnskírteini eða persónuskilríki á Íslandi, sem menn geti notað í stað vegabréfa á hótelum, á tjaldstæðum, þegar þeir taka sér bílaleigubíl eða til þess að sanna hverjir þeir eru þegar þeir verða stöðvaðir af lögreglu, verður niðurstaðan næsta hláleg. Enginn getur þá farið út úr landinu nema hafa með sér vegabréf til þess að geta sannað hver hann er á slíkum stöðum. Útkoman verður sú að þau ferðalög sem voru möguleg án vegabréfa a.m.k. innan Norðurlandanna áður verða það ekki lengur og málið hefur þar af leiðandi snúist upp í hreina andhverfu sína a.m.k. hvað varðar ferðalög Íslendinga til annarra Norðurlanda.

Gildistaka til málamynda.

Þrátt fyrir afar nauman tíma til umfjöllunar um málið hefur skoðun þess í utanríkismálanefnd þó leitt í ljós að í reynd verður fyrst og fremst um að ræða gildistöku Dyflinnarsamningsins og aðild Íslands að Schengen-samstarfinu til málamynda 25. mars nk. Stafar þetta af því m.a. að þrátt fyrir að Alþingi hafi samþykkt þingsályktunartillögu um fullgildingu viðkomandi samninga, Schengen-gerðanna og Dyflinnarsamningsins eða meðferð á hælisumsóknum skortir hér í landslög ýmis ákvæði til þess að unnt sé að standa við skuldbindingar Íslands og fullnægja þeim. Undirbúningur málsins er allur í skötulíki og sú tímapressa sem á málið er sett, sem og ónóg umræða og umfjöllun um ýmsa mikilvæga grundvallarþætti þess er síður en svo til fyrirmyndar.

Mannréttindi og persónuvernd.

Áður var á það minnst að í aðild Íslendinga að Dyflinnarsamningnum felst þátttaka í hinu svonefnda EURODAC-upplýsingakerfi. Það felur í sér sjálfkrafa skráningu allra sem biðja um hæli í einhverju af aðildarríkjum samningsins í miðlægan gagnagrunn. Þær upplýsingar verða geymdar þar í tíu ár hið minnsta eða þangað til að viðkomandi aðili hefur öðlast ríkisborgararétt í einhverju landanna. Sætt hefur harðri gagnrýni að upplýsingarnar skuli ekki afmáðar um leið og viðkomandi aðili hefur fengið viðurkennda stöðu sem flóttamaður og hefur verið veitt hæli í einhverju ríkjanna og fengið þar dvalarleyfi. Niðurstaðan er engu síður sú að geyma upplýsingarnar áfram í sérstökum upplýsingabanka eins og áður sagði. Orkar þetta mjög tvímælis og reyndar sjálf upplýsingaskráningin sem slík. Á það bentu m.a. fulltrúar Mannréttindaskrifstofu Íslands að í reynd væri slík tilefnislaus eða ástæðulaus skráning á einstaklingum sem ekki lægju undir grun um neitt saknæmt athæfi ástæðulaus og óréttlætanleg. Virðist því bæði sjálfur grundvöllur þessarar upplýsingaskráningar hæpinn og ekki síður hvernig með upplýsingarnar á að fara eða hvernig þær eiga að varðveitast og geymast lengur en rök standa til. Þó tekur steininn úr þegar í ljós kemur að aldursmörkin sem þarna er miðað við eru 14 ár, þ.e. taka á fingraför af öllum fingrum allra einstaklinga allt niður í 14 ára unglinga sem hafa stöðu hælisbeiðanda.

Að lokum er í þessu sambandi rétt að nefna að Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og fleiri aðilar hafa gagnrýnt ýmis ákvæði Dyflinnarsamningsins og telja að mannréttindum flóttafólks verði verulega ábótavant eins og ætlunin er að standa að málum að þessu leyti á því evrópska svæði sem Dyflinnar- og Schengen-samningarnir taka til. Öll hafa þessi álitamál fengið alls ónóga umfjöllun og skoðun af Íslands hálfu og undirbúningur undir aðild okkar að þessum samningi er að mati minni hlutans verulega ábótavant að þessu leyti eins og fleirum.

Niðurstaða.

Meginniðurstaða minni hlutans er að það sé ekki hagstætt Íslendingum að gerast aðilar að þessu samstarfi á þeim forsendum sem ætlunin er og vísast í því sambandi á nýjan leik í almennar röksemdir gegn þátttöku okkar í Schengen-samstarfinu, sbr. fylgiskjal I, og einnig til þeirra stórkostlegu ágalla sem eru bæði á innihaldi og málsmeðferð í tengslum við aðild Íslands að Dyflinnarsamningnum.

Minni hlutinn leggur því til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**. Jafnframt verði ríkisstjórninni falið að tilkynna að Ísland kjósi að fresta aðild sinni að Schengen-samstarfinu um óákveðinn tíma og ætli að endurmeta aðkomu sína og þátttöku í þessum málum í heild.

Alþingi, 21. febr. 2001.

Steingrímur J. Sigfússon.

Fylgiskjal I með nefndarálitinu var nefndarálit 1. minni hluta utanríkismálanefndar um till. til þál. um fullgildingu samnings sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna (þskj. 791, 206. mál, á 125. löggjafarþingi 1999–2000). Sjá Alþt. 1999–2000, bls. 4166–4173.

Fylgiskjal II.

Peter Wallberg:

Persónuskilríkja kann að verða þörf á ferðalögum á Norðurlöndum.

(Helsingborgs Dagblad, 30. janúar 2001.)

Nauðsynlegt getur verið að hafa persónuskilríki þegar ferðast er milli Norðurlanda.

Nýtt, sænskt nafnskírteini getur á næsta ári komið í stað vegabréfs á ferðalögum innan Evrópusambandsins. Skírteinið kann einnig að verða nauðsynlegt þegar ferðast er milli Norðurlanda þar sem ekki þarf vegabréf nú.

Þetta er mat ríkislögreglustjórnarinnar, RPS, sem gert hefur skyndiúttekt á þörfinni fyrir sænsk nafnskírteini.

Skírteinið á að geta komið í stað vegabréfs þegar Svíþjóð og önnur norræn lönd hefja vegabréfasamstarf ESB, svokallað Schengen-samstarf, 25. mars. Þá fellur niður landamæraeftirlit þegar farið er á milli Svíþjóðar og annarra ESB-ríkja, nema Bretlands og Írlands.

Það kann að hljóma þversagnakennt en þá getur það orðið enn mikilvægara en nú að geta sannað ríkisfang sitt, segir Lars Karlsand, sem tók þátt í vinnu RPS. Hann segir að í umfjöllun fjölmiðla hafi of mikil áhersla verið lögð á vegabréfafrelsið. Erlendis geti maður hvenær

sem er lent í persónueftirliti. Lögregla á rétt á að kanna nöfn og ríkisfang útlendinga, t.d. þegar komið er á hótel en í vissum tilvikum einnig úti á götu. Ríkisfang viðkomandi á að sjást á nýja nafnskírteininu, sem lagt er til að tekið verði upp, en það kemur ekki fram á þeim ýmsu gerðum skilríkja sem nú eru notuð í Svíþjóð. Svíar eiga þá að geta sýnt nýja skírteinið í stað vegabréfs ef þeir lenda í „innra útlendingaeftirliti“ í öðru ESB-ríki.

Annað mikilvægt atriði í sambandi við nýja nafnskírteinið er að það er , eins og vegabréf, gefið út af stjórnvaldi.

– Telur RPS að svona nafnskírteini verði einnig nauðsynlegt á ferðalögum milli Norðurlanda?

– Já, segir Lars Karlsand.

Málið er viðkvæmt þar sem það snertir norræna vegabréfafrelsið sem öllum er svo umhugað um. Önnur viðkvæm hlið á málinu er að nafnskírteinið felur á vissan hátt í sér misrétti. Það er aðeins ætlað sænskum ríkisborgurum. RPS bendir á þann möguleika að taka upp sérstakt skírteini fyrir útlendinga með varanlegt dvalarleyfi í Svíþjóð.

Ríkisstjórnin ákveður hvort nýja nafnskírteinið verður tekið upp. RPS sér hins vegar ekki neina meinbugi á því, hvorki lagalega né í framkvæmd. Að því er Lars Karlsand segir er hægt að hafa skírteinið tilbúið strax á næsta ári og lagt er til að það verði fjármagnað með gjaldtöku. Vegabréf kostar nú 225 krónur en að mati Karlsand verður gjaldið fyrir nýja skírteinið eitthvað lægra, en ekki stendur til að skylda fólk til að fá sér það. – TT

Fylgiskjal III með nefndarálitinu var grein eftir Ómar Kristjánsson, *Fyrir hvern er Schengen?*, úr Morgunblaðinu, laugardaginn 20. janúar 2001.

765. Svar [419. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um málefni Búnaðarbankans og stjórnenda hans.

Ráðherra telur rétt að skýra í upphafi skyldu Búnaðarbanka Íslands hf. til að gefa upplýsingar um viðskiptamálefni sín sem hlutafélagsbanka.

Samkvæmt 27. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, fer viðskiptaráðherra með yfirstjórn ríkisviðskiptabanka, ásamt bankaráði, svo sem fyrir er mælt í lögunum. Skv. 28. gr. sömu laga getur ráðherra hvenær sem er krafið bankaráð upplýsinga um rekstur og hag ríkisviðskiptabanka.

Samsvarandi ákvæði er ekki að finna um hlutafélagsbanka, sem Búnaðarbanki Íslands hf. er. Um þá segir einungis í 30. gr. fyrrnefndra laga að hluthafafundur fari með æðsta vald í málefnum hlutafélagsbanka samkvæmt því sem lög og samþykktir bankans ákveða. Þá er kveðið á um í 31. gr. laganna að bankaráð fari með málefni hlutafélagsbanka milli hluthafafunda. Loks segir í 97. gr. laganna að viðskiptaráðherra fari með framkvæmd laganna og að honum sé heimilt að kveða á um framkvæmd þeirra í reglugerð. Ekki eru nánari ákvæði um skyldu hlutafélagsbanka til að veita viðskiptaráðherra gögn. Í 9. gr. laganna segir hins vegar að ákvæði laga um hlutafélög gildi um hlutafélagsbanka, nema annað sé boðið í lögum um

viðskiptabanka og sparisjóði. Því er vert að taka til skoðunar hvort lög um hlutafélög, nr. 2/1995, kveði nánar á um umrædd atriði.

Í 91. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, er eftirfarandi ákvæði um rétt hluthafa til upplýsinga á hluthafafundi:

„Þegar hluthafi krefst þess og slíkt má verða án tjóns fyrir félagið að mati félagsstjórnar skulu félagsstjórn og framkvæmdastjóri leggja fram á hluthafafundi upplýsingar um þau málefni, sem skipta máli um mat á ársreikningi félagsins og stöðu þess að öðru leyti eða áhrif geta haft á afstöðu hluthafa til mála, er ákvörðun á að taka um á fundinum. Upplýsingaskyldan á einnig við um samband félagsins við félög innan sömu samstæðu.

Ef upplýsingar eru ekki tiltækar á hluthafafundi skulu hluthafar innan fjórtán daga þar frá eiga aðgang að skriflegum upplýsingum hjá félaginu og einnig skulu þær sendar þeim hluthöfum er þess hafa óskað."

Af framangreindum ákvæðum verður að ályktа að stjórn sé ekki skylt að veita upplýsingar til hluthafa á öðrum vettvangi en kveðið er á um í ákvæðinu. Hins vegar getur hluthafafundur í heild óskað eftir öllum þeim upplýsingum sem hann telur nauðsynlegar og er stjórn félagsins þá skylt að gefa þær, jafnvel þótt hún telji að þær geti leitt til tjóns fyrir félagið.

Með hliðsjón af fyrrgreindu er Búnaðarbanka Íslands hf. ekki skylt að veita viðskiptaráðherra upplýsingar um viðskiptamálefni bankans utan hluthafafundar, þó svo að ráðherra óski eftir þeim.

Einnig verður að hafa í huga að þær upplýsingar sem ráðherra fær sem hluthafi teljast ekki ætíð opinberar, í skilningi 54. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir:

„Heimilt er alþingismönnum, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu."

Höfð hefur verið hliðsjón af framangreindum sjónarmiðum við gerð þessa svars.

Til þess að unnt væri að svara fyrirspurn þessari óskaði ráðherra eftir upplýsingum og sjónarmiðum frá Búnaðarbanka Íslands hf. um fyrstu sex liði fyrirspurnarinnar. Í svari Búnaðarbanka Íslands hf. kom fram að bankinn liti svo á að í fyrirspurninni væri farið fram á upplýsingar sem hlutafélagi væri ekki skylt að svara. Þá vísaði bankinn einnig til skýrslu Stefáns Más Stefánssonar prófessors um aðgang að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins sem forsætisráðuneyti lét vinna á árinu 1997. Með tilliti til þess að mál þessi hefðu verið fyrirferðamikil í fjölmiðlum teldi bankinn eigi að síður rétt að veita ráðherra svör við því sem kom fram í bréfinu.

Framangreind niðurstaða og sú staðreynd að mörg þeirra mála sem spurt er um eru í vinnslu hjá stjórnvöldum án þess að endanleg úrlausn hafi verið fengin hefur áhrif á svar við fyrirspurninni. Skýrt skal einnig tekið fram að það er ekki hlutverk ráðherra að kveða á um það hvort lög eða reglur hafi verið brotin í málum sem enn eru til rannsóknar hjá þar til bærum yfirvöldum.

1. Gengu til baka kaup starfsmanna Búnaðarbankans á hlutabréfum í Decode árið 1999 sem brutu í bága við verklagsreglur bankans og Fjármálaeftirlitið taldi að ættu að ganga til baka? Ef svo er ekki, hvers vegna?

Hinn 31. janúar 2000 sendi Fjármálaeftirlitið frá sér fréttatilkynningu, þar sem fram kom að það hefði þann dag beint athugasemdum til stjórna sex fjármálafyrirtækja vegna framkvæmdar á verklagsreglum um viðskipti starfsmanna og stjórnenda þeirra. Athugasemdirnar hefðu varðað brot á reglum um bann við viðskiptum með óskráð verðbréf og eftir atvikum öðrum ákvæðum viðkomandi verklagsreglna. Fjármálaeftirlitið hefði falið stjórnum þessara fyrirtækja að taka málið til frekari athugunar, tryggja úrbætur og leggja mat á aðgerðir að

öðru leyti. Hefði Fjármálaeftirlitið óskað eftir sjónarmiðum og skýringum stjórnanna vegna málsins. Á grundvelli þeirra yrði tekin ákvörðun um hvort þörf sé frekari aðgerða.

Í Morgunblaðinu, 8. febrúar 2000, kom fram að eitt þeirra fyrirtækja sem Fjármálaeftirlitið hefði gert athugasemdir við væri Búnaðarbanki Íslands hf.

Í annarri fréttatilkynningu Fjármálaeftirlitsins, dags. 25. febrúar 2000, sagði að Fjármálaeftirlitinu hefðu borist skýringar stjórna þessara fyrirtækja. Hefði Fjármálaeftirlitið í framhaldi af því fært fram frekari sjónarmið og eftir atvikum beint frekari athugasemdum til einstakra fyrirtækja. Þá kom einnig fram í fréttatilkynningunni að Fjármálaeftirlitið teldi eðlilegt að verðbréfakaup sem fælu í sér brot á verklagsreglum yrðu látin ganga til baka þar sem því yrði við komið. Í því sambandi kynni að þurfa að taka tillit til þess hvort viðskiptin hefðu átt sér stað með samþykki stjórnenda viðkomandi fyrirtækis. Fjármálaeftirlitið tók sérstaklega fram að það teldi óeðlilegt að stjórnendur lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og þeir sem bæru ábyrgð á framkvæmd verklagsreglna innan þeirra nytu hagnaðar af þeim viðskiptum sem þeir kynnu að hafa átt og ekki samræmdust gildandi verklagsreglum.

Í fyrrgreindu bréfi Búnaðarbanka Íslands hf. vegna þessarar fyrirspurnar kemur fram að bankinn hafi tilkynnt Fjármálaeftirlitinu á síðasta ári um afgreiðslu sína á máli starfmanna bankans sem varðaði kaup þeirra á óskráðum hlutabréfum. Að sögn bankans hafa honum ekki borist athugasemdir frá eftirlitinu vegna afgreiðslunnar.

2. *Var staðið eðlilega að útboði bankans og sölu á hlutabréfum í bankanum í ársbyrjun 2000 og voru ákvæða laga og reglna um innherjaviðskipti brotin við kaup einstakra starfsmanna og lífeyrissjóðs bankans á bréfunum, en aðkomuviðvörun um að hagnaður bankans yrði meiri en um gat í útboðslýsingu var gefin út nokkrum dögum eftir að útboði lauk og höfðu hlutabréf í bankanum hækkað um nálægt 20%? Hverjar urðu lyktir þess máls og hver bar ábyrgð á hvernig sölu á hlutabréfum til aðila innan bankans var hagað?*

Hinn 10. janúar 2000 óskaði Verðbréfaþing Íslands eftir upplýsingum um tilefni aðkomuviðvörunar í ljósi nýlega útgefinnar útboðslýsingar. Búnaðarbanki Íslands hf. svaraði erindinu með bréfi, dags. 11. janúar 2000. Þar kom fram að þær breyttu forsendur sem leiddu til aukins hagnaðar í bankanum mætti fyrst og fremst rekja til gengishagnaðar vegna hlutabréfaeignar bankans. Væri þessi aukning í samræmi við efni útboðslýsingar Búnaðarbankans, dags. 13. desember 1999, en þar segði að sveifla á hlutabréfamarkaði sem næmi 20% kynni að breyta stöðu bankans um 500 millj. kr. til hins betra eða verra. Í yfirlýsingu Verðbréfaþings Íslands vegna málsins kom fram að þingið tæki skýringar Búnaðarbankans gildar og teldi ekki efni til frekari aðgerða vegna þess hvernig bankinn rækti upplýsingaskyldu sína að þessu sinni.

Fyrirkomulag sölunnar var ákveðið af framkvæmdanefnd um einkavæðingu í samráði við viðskiptaráðuneytið. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu gerði ekki athugasemdir við framkvæmd fyrrgreinds máls.

3. *Hver er staða mála nú varðandi eignarhluta Búnaðarbankans í Pharmaco hf., en Fjármálaeftirlitið sendi ríkislögreglustjóra beiðni um rannsókn vegna gruns um að bankinn hefði haft innherjaupplýsingar um félagið undir höndum? Er ástæða til að ætla að í því tilviki hafi bankinn brotið ákvæði laga um verðbréfaviðskipti?*

Hinn 5. janúar sl. barst viðskiptaráðherra tilkynning frá Fjármálaeftirlitinu þar sem fram kom að það væri mat Fjármálaeftirlitsins að Búnaðarbanki Íslands hf. og Hlutabréfasjóður Búnaðarbankans hf. hefðu búið yfir trúnaðarupplýsingum um Pharmaco hf. í skilningi 2.

mgr. 26. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, og að rökstudd ástæða væri til að ætla að viðskipti þeirra með hlutabréf í Pharmaco hf. hefðu verið brot gegn 1. tölul. 1. mgr. 27. gr., sbr. 29. gr. laga nr. 13/1996. Fjármálaeftirlitið teldi því óhjákvæmilegt að greina Ríkislögreglustjóra frá framangreindu og framsenda embættinu málið til ákvörðunar um frekari málsmeðferð.

Framangreind tilkynning var send viðskiptaráðherra, með vísan til 2. mgr. 12. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, þar sem viðskiptaráðherra fer með stjórnsýsluvald er varðar lánastofnanir og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, sbr. auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969. Í kjölfarið fór hún fram á það með bréfi til ríkislögreglustjóra, dags. 8. janúar sl., að rannsókn málsins yrði hraðað svo sem kostur væri.

Viðskiptaráðherra hefur ekki haft frekari fregnir af gangi rannsóknar málsins og hún hefur enga heimild að lögum til að krefjast þeirra.

Þar sem málið er enn hjá ríkislögreglustjóra og ekki liggur fyrir ákvörðun um ákæru né dómur gengið er ekkert hægt að fullyrða um niðurstöðu málsins eða hvort sekt verður sönnuð.

4. *Hvaða lög og reglur má ætla að hafi verið brotin í tengslum við kaup og sölu Búnaðarbankans á hlutabréfum í Ágæti hf. sem Búnaðarbankinn eignaðist meiri hluta í árið 1999?*

Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 3/2001, frá 2. febrúar 2001, kom fram að ráðið teldi að Búnaðarbankinn hefði „gróflega brotið gegn upplýsingaskyldu sinni gagnvart samkeppnisyfirvöldum og vísvitandi haldið frá þeim upplýsingum“ í tengslum við mál það er varðaði kaup Banana ehf. á 95,03% hlut Grænmetis ehf. í Ágæti hf. Upplýsingaskylda þessi styðst við 39. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993. Einnig kemur fram í álitinu að samkvæmt 2. mgr. 57. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, skuli aðilar sem gefi rangar skýrslur fyrir samkeppnisyfirvöldum sæta refsingu skv. XV. kafla almennra hegningarlaga.

Í sama áliti lagði samkeppnisráð fyrir Samkeppnisstofnun að hefja nýja rannsókn á sölu Búnaðarbankans á Ágæti hf. árið 1999 í þeim tilgangi að meta efnislega lögmæti viðskiptanna og hvort ástæða sé fyrir samkeppnisyfirvöld til íhlutunar vegna þeirra. Ekki kemur fram í álitinu hvaða lög og reglur Samkeppnisstofnun skuli hafa til hliðsjónar í þeirri rannsókn sinni.

5. *Hafa stjórnendur Búnaðarbankans leiðrétt þann mikla mun sem var á bifreiðastyrkjum til karla og kvenna innan bankans í sömu og sambærilegu stöðum sem kærunefnd jafnréttismála úrskurðaði árið 1998 að bryti í bága við jafnréttislög?*

Í áliti kærunefndar jafnréttismála í máli nr. 03a/1998, skipting akstursgreiðslna eftir kyni innan Búnaðarbanka Íslands, kom fram að munur á greiðslum eftir kyni hefði einkum verið í þremur flokkum, þ.e. hjá skrifstofu- og afgreiðslustjórum, deildarstjórum og sérfræðingum. Í flokki skrifstofu- og afgreiðslustjóra hefðu bifreiðastyrkir til kvenna verið að jafnaði 75% af bifreiðastyrkjum til karla. Í flokki deildarstjóra hefðu bifreiðastyrkir til kvenna verið að jafnaði 64% af bifreiðastyrkjum til karla. Í flokki sérfræðinga hafi bifreiðastyrkir til kvenna verið að jafnaði 82% af bifreiðastyrk til karla. Þá kom fram að skv. 2. mgr. 6. gr. jafnréttislaga bæri atvinnurekanda að sýna kærunefnd fram á að aðrar ástæður en kyn hefðu legið til grundvallar ákvörðun hans. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir kærunefndar þar um hefði bankinn ekki getað skýrt á fullnægjandi hátt þann mun sem er á bifreiðastyrkjum til kynjanna, en bankinn hélt því fram að þrátt fyrir sama starfsheiti væri um mismunandi verkefni og ábyrgðarsvið

að ræða. Kærunefnd komst því að þeirri niðurstöðu að bankinn hefði ekki fullnægt skyldu sinni skv. 2. mgr. 6. gr. jafnréttislaga. Sá afgerandi munur sem væri á bifreiðastyrkjum til kynjanna innan bankans teldist því brjóta í bága við jafnréttislög.

Í svari Búnaðarbanka Íslands hf. vegna þessarar fyrirspurnar kemur fram að starfsmenn hans fái bifreiðastyrki eftir því hvaða störfum þeir gegna. Enginn greinarmunur sé gerður á kynjum í því sambandi. Viðskiptaráðuneyti hefur ekki frekari upplýsingar um málið.

6. *Hvaða viðurlög geta átt við í hverju þeirra mála sem um er getið í 1.–5. lið? Hver ber ábyrgð á að lög og reglur í hverju tilviki fyrir sig voru brotin og hafa komið upp fleiri mál tengd Búnaðarbankanum sl. fimm ár en hér hafa verið talin upp sem varðað geta brot á ákvæðum laga og reglna? Ef svo er, hvaða mál eru það?*

Að því er varðar innherjaviðskipti skal nefnt að samkvæmt 2. mgr. 62. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, varða brot gegn ákvæðum IV. kafla laganna, sem fjalla um innherjaviðskipti, sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Jafnframt er heimilt að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur með broti gegn ákvæðum IV. kafla.

Um viðurlög við brotum gegn upplýsingaskyldu aðila til samkeppnisyfirvalda er fjallað í 57. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993. Þar segir í 2. mgr. að sá sem gefi aðilum, sem annast framkvæmd laganna, rangar skýrslur skuli sæta refsingu skv. XV. kafla almennra hegningarlaga. Í XV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, kemur m.a. fram í 146. gr. að gefi maður opinberu stjórnvaldi ranga yfirlýsingu um málefni, sem honum er skylt að gefa upplýsingar um, þá skuli hann sæta sektum eða fangelsi allt að fjórum mánuðum.

Samkvæmt lögum um jafna stöðu karla og kvenna, nr. 28/1991, sem voru í gildi þegar álit kærunefndar jafnréttismála í máli nr. 03a/1998 var gefið út, var kveðið á um skaðabótaskyldu þess sem af ásettu ráði eða vanrækslu bryti gegn lögunum. Hins vegar má geta þess að samkvæmt núgildandi lögum um jafna stöðu karla og kvenna, nr. 96/2000, skulu brot gegn þeim lögum einnig varða sektum.

Hvað varðar spurningu um hver beri ábyrgð á meintum brotum er minnt á að það er ekki í verkahring ráðherra að skera úr um hver er ábyrgur, ef um brot er að ræða.

Ráðuneytið hefur ekki frekari upplýsingar en opinberar eru, um að fleiri mál „hafi komið upp“ sem varðað geti brot á ákvæðum laga og reglna af hendi Búnaðarbanka Íslands hf. Ítrekað er að bankanum er ekki skylt að gefa slíkar upplýsingar til ráðuneytisins. Ráðuneytið hefur því ekki frekari vitneskju um ásakanir á hendur Búnaðarbanka Íslands hf. en komið hefur fram í fjölmiðlum.

7. *Hver eru viðbrögð ráðherra við margítrekuðum brotum bankans á lögum og reglum? Hefur ráðherra áminnt bankaráð eða stjórnendur bankans fyrir þessi brot? Ef svo er, í hvaða tilvikum og með hvaða hætti telur ráðherra að þessi aðilar eigi að sæta ábyrgð vegna þessara mála?*

Í fyrstu skal það ítrekað að það er ekki hlutverk ráðherra að kveða á um hvort um „margítrekuð brot“ er að ræða. Minnt er á að hvorki Búnaðarbanki Íslands hf. né starfsmenn hans hafa hlotið dóm fyrir brot gegn lögum eða reglum í umræddum málum.

Hins vegar hefur ráðherra lýst yfir áhyggjum sínum af fréttum af málefnum Búnaðarbanka Íslands hf. og kallað eftir skýringum í einstökum tilvikum sem hluthafi. Einnig beitti ráðherra sér fyrir breytingum á lögum um verðbréfaviðskipti sem urðu að lögum í maí sl. og lutu að aðskilnaði einstakra starfssviða fjármálafyrirtækja og verklagsreglum um viðskipti starfsmanna og stjórnenda.

Þá hefur ráðherra lýst yfir því að hann líti alvarlegum augum fréttir um ákvörðun samkeppnisráðs í ofangreindu máli nr. 3/2001 og ákvörðun Fjármálaeftirlits að vísa máli er varðar meint innherjaviðskipti Búnaðarbankans til ríkislögreglustjóra. Ráðherra hefur í kjölfarið óskað eftir því við ríkislögreglustjóra að rannsókn málsins verði hraðað svo sem kostur er.

Enn er minnt á að málin eru í lögákveðnum farvegi og það er ekki lögbundið hlutverk ráðherra að rannsaka þau. Hann hefur því ekki farið fram á frekari gögn eða stundað rannsókn á málum sem þegar eru í rannsókn hjá þar til bærum aðilum. Í því sambandi verður að hafa í huga að um hlutafélagsbanka er að ræða sem er á markaði og að Búnaðarbanka Íslands hf. er ekki skylt að veita ráðherra gögn í sama mæli og eftirlits- og rannsóknaraðilum.

Hins vegar er minnt á umfjöllun um Búnaðarbanka Íslands hf. sem hlutafélagsbanka, þar sem m.a. kemur fram að bankaráð fari með málefni hlutafélagsbanka á milli aðalfunda, en hluthafafundur fari með æðsta vald í málefnum hlutafélagabanka. Í ljósi þess hefur ráðherra ekki vald til að áminna bankaráð eða stjórnendur bankans fyrir meint brot bankans. En ráðherra fer með eignarhlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. og hefur því afgerandi áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru á hluthafafundi.

766. Frumvarp til laga [480. mál]

um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að standa að stofnun hlutafélags um rekstur Orkubús Vestfjarða, og að leggja til hlutafélagsins hlut ríkisins í sameignarfélaginu Orkubú Vestfjarða.

Iðnaðarráðherra annast undirbúning að stofnun hlutafélagsins í samráði við fjármálaráðherra og sameigendur ríkisins í Orkubúi Vestfjarða.

2. gr.

Tilgangur Orkubús Vestfjarða hf. er að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, eiga og reka orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar, jarðvarmavirki og fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Hlutafélagið stundar virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir eftir því sem ákveðið er hverju sinni.

Félaginu er einnig heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

Tilgangi og verkefnum félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess. Samþykktum félagsins má breyta á hluthafafundi samkvæmt almennum reglum.

3. gr.

Heimili og varnarþing Orkubús Vestfjarða hf. skulu vera á Ísafirði.

4. gr.

Ákvæði 2. mgr. 14. gr., 1. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gilda ekki um innborgun hlutafjár og fjölda hluthafa í Orkubúi Vestfjarða hf. Ákvæði 6. og 7. gr. laga nr. 2/1995 eiga ekki við um greiðslu hlutafjár.

5. gr.

Heildarfjárhæð hluta í Orkubúi Vestfjarða hf. skal nema 75% af bókfærðu eigin fé Orkubús Vestfjarða samkvæmt endurskoðuðum efnahagsreikningi 31. desember 2000.

Sameignarfélagar í Orkubúi Vestfjarða skulu eignast hluti í hinu nýja hlutafélagi í samræmi við hlutdeild sína í sameignarfélaginu Orkubú Vestfjarða svo sem hún var 1. desember 2000.

6. gr.

Orkubú Vestfjarða hf. heldur einkarétti þeim sem iðnaðarráðherra veitti sameignarfélaginu Orkubú Vestfjarða á grundvelli 6. gr. laga nr. 66/1976, um Orkubú Vestfjarða, sbr. þó 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

Iðnaðarráðherra er heimilt, að fengnu áliti stjórnar Orkubús Vestfjarða hf., að ákveða að rekstur einstakra orkumannvirkja skuli vera undanþeginn einkarétti félagsins, svo sem bygging og rekstur mannvirkja til raforkudreifingar, jarðvarmaveitna og fjarvarmaveitna með kyndistöðvum innan þeirra sveitarfélaga sem þess óska.

Þeir aðrir sem reka orkumannvirki á starfssvæði Orkubús Vestfjarða hf. við gildistöku laga þessara skulu halda þeim rétti sínum.

7. gr.

Stjórn Orkubús Vestfjarða hf. skal skipuð fimm aðalmönnum og fimm til vara. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert.

Fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra fara saman með eignarhlut ríkisins í Orkubúi Vestfjarða hf.

8. gr.

Stjórn hlutafélagsins setur gjaldskrá um verð á seldri orku til notenda þar sem m.a. skal gætt almennra arðsemissjónarmiða við setningu gjaldskrár.

Gjaldskrá öðlast eigi gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af iðnaðarráðherra og birt í Stjórnartíðindum.

9. gr.

Fastráðnir starfsmenn Orkubús Vestfjarða skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðnar stöður hjá því, sambærilegar þeim er þeir áður gegndu hjá sameignarfélaginu, enda haldi þeir hjá félaginu réttindum sem þeir höfðu þegar áunnið sér.

Um biðlaunarétt sem kann að hafa fylgt störfum hjá Orkubúi Vestfjarða gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

10. gr.

Stofna skal hlutafélagið Orkubú Vestfjarða á stofnfundi sem haldinn skal eigi síðar en 1. júní 2001.

Allur kostnaður Orkubús Vestfjarða hf. af stofnun hlutafélagsins og yfirtöku þess á rekstri Orkubús Vestfjarða greiðist af félaginu.

11. gr.

Orkubú Vestfjarða hf. skal taka til starfa eigi síðar en 1. júlí 2001 og yfirtaka allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar sameignarfélagsins Orkubú Vestfjarða. Sameignarfélagið Orkubú Vestfjarða skal lagt niður frá og með þeim degi og fellur þá jafnframt niður umboð stjórnar sameignarfélagsins.

12. gr.

Orkubú Vestfjarða hf. er undanþegið tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög nr. 66/1976, um Orkubú Vestfjarða, falla úr gildi þegar Orkubú Vestfjarða hf. tekur til starfa, sbr. ákvæði 11. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Sameignarfélagar Orkubús Vestfjarða bera áfram, gagnvart kröfuhöfum, einfalda óskipta ábyrgð á skuldbindingum Orkubús Vestfjarða sem stofnast hafa áður en hlutafélag er stofnað um rekstur þess. Innbyrðis skiptist þessi ábyrgð samkvæmt eignarhlutföllum 1. desember 2000.

II.

Á stofnfundi skal kjósa stjórn félagsins og skal hún starfa þar til ný stjórn hefur verið kosin á fyrsta aðalfundi eftir að félagið hefur tekið til starfa. Hlutverk stjórnar fram að yfirtöku er að undirbúa yfirtöku á rekstri Orkubús Vestfjarða en eftir það að stjórna félaginu í samræmi við ákvæði laga.

III.

Rekstrarlega séð skal yfirtaka Orkubús Vestfjarða hf. á sameignarfélaginu Orkubú Vestfjarða miðuð við 1. janúar 2001.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Árið 1976 samþykkti Alþingi lög um Orkubú Vestfjarða. Lögin heimiluðu Ríkissjóði Íslands og sveitarfélögum á Vestfjörðum að setja á stofn Orkubú Vestfjarða. Tilgangur fyrirtækisins var að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum þar sem hagkvæmt þótti og var Orkubúi Vestfjarða ætlað að eiga og reka vatnsorkuver og dísilrafstöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar. Þá var fyrirtækinu ætlað að eiga og reka jarðvarmavirkjanir og reka fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Hinn 26. ágúst 1977 var gerður sameignarsamningur um Orkubú Vestfjarða milli ríkisstjórnar Íslands, hreppsnefndar Geiradalshrepps, Reykhólahrepps, Gufudalshrepps, Múlahrepps, Flateyjarhrepps, Barðastrandarhrepps, Rauðasandshrepps, Patrekshrepps, Tálknafjarðarhrepps, Ketildalahrepps, Suðurfjarðarhrepps, Kaldrananeshrepps, Hrófbergshrepps, Hólmavíkurhrepps, Kirkjubólshrepps, Auðkúluhrepps, Þingeyrarhrepps, Mýrarhrepps, Mosvallahrepps, Flateyrarhrepps, Suðureyrarhrepps, Bæjarhrepps, Óspakseyrarhrepps, Súðavíkurhrepps, Ögurhrepps, Reykjafjarðarhrepps, Nauteyrarhrepps, Snæfjallahrepps, Árneshrepps,

Fellshrepps, bæjarstjórnar Ísafjarðar og bæjarstjórnar Bolungarvíkur. Við stofnun félagsins lögðu sameigendur fram sem stofnframlag öll mannvirki sín á Vestfjörðum í raforkuverum, rafstöðvum, kyndistöðvum og jarðvarmavirkjunum ásamt tilheyrandi flutnings- og dreifikerfi og yfirtók fyrirtækið skuldir vegna mannvirkja þeirra sem það tók við samkvæmt samkomulagi við hvern og einn aðila sem lögðu fram eignir.

Orkubú Vestfjarða er sameignarfélag ríkisins og sveitarfélaga á Vestfjörðum. Eignarhlutur ríkissjóðs er 40% en eignarhlutir sveitarfélaganna nema samtals 60% og skiptist eignarhlutdeild sveitarfélaganna innbyrðis í hlutfalli við íbúatölu þeirra. Samkvæmt lögum og sameignarsamningi um Orkubú Vestfjarða verður eignarhlutföllum í fyrirtækinu ekki breytt nema til samræmis við íbúafjölda og engum sameiganda er heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis allra hinna.

Sameigendur ríkissjóðs að Orkubúi Vestfjarða eru í dag Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Broddaneshreppur, Bæjarhreppur, Hólmavíkurhreppur, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur, Kirkjubólshreppur, Reykhólahreppur, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð.

Í 3. gr. laga nr. 66/1976, um Orkubú Vestfjarða, segir að eignarhlutur ríkissjóðs skuli vera 40%, en eigarhlutir sveitarfélaganna skuli nema samtals 60%. Eignarhlutdeild sveitarfélaganna skiptist innbyrðis í hlutfalli við íbúafjölda þeirra. Í 9. gr. sömu laga segir að fyrir aðalfund skuli leggja fram skrá um skiptingu eignarhlutdeildar sameignaraðila og atkvæðisrétt samkvæmt manntali 1. desember árið áður. Samkvæmt lögum um Orkubú Vestfjarða og bráðabirgðatölum um íbúafjölda sveitarfélaga á Vestfjörðum 1. desember 2000 skiptust eignarhlutföll eigenda á eftirfarandi hátt:

Ríkissjóður	40%
Ísafjarðarbær	31,10%
Vesturbyggð	8,57%
Bolungarvíkurkaupstaður	7,36%
Hólmavíkurhreppur	3,26%
Tálknafjarðarhreppur	2,70%
Reykhólahreppur	2,27%
Súðavíkurhreppur	1,67%
Kaldrananeshreppur	0,97%
Bæjarhreppur	0,68%
Broddaneshreppur	0,61%
Árneshreppur	0,44%
Kirkjubólshreppur	0,37%

II. Breytingar á rekstrarformi.

Á 122. löggjafarþingi lagði iðnaðarráðherra fram tillögu til þingsályktunar um framtíðarskipulag raforkumála. Í þingsályktunartillögunni var m.a. lagt til að rekstrarform raforkufyrirtækja sem ríkið á eignarhlut í yrði yfirfarið. Í athugasemdum við tillöguna sagði að stefnt yrði að því að breyta stjórnskipulagi fyrirtækjanna þannig að það samræmist betur viðteknum venjum í efnahagslífinu, m.a. hvað varðar hlutverk ársfundar og verksvið stjórnar og framkvæmdastjóra. Jafnframt móti eigendur orkufyrirtækja stefnu um arðsemi og meðferð arðs þannig að eigendur njóti viðunandi arðsemi af eign sinni. Samhliða breytingum á rekstrarformi raforkufyrirtækjanna og innleiðingu markaðssjónarmiða þarf að samræma skattaskilyrði fyrirtækjanna. Eðlilegt er að skattlagning fyrirtækjanna fari að mestu leyti eftir almennum reglum, en þó er ljóst að a.m.k. fyrningarreglur verða með nokkuð öðrum hætti.

Skipan raforkumála hefur víða um lönd tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Breytingarnar hafa undantekningalítið verið sama eðlis þótt þær miðist jafnframt að hluta við aðstæður á hverjum stað. Meginefni þeirra felst í því að skilja að náttúrulega einkasöluþætti raforkukerfisins og þá þætti þar sem samkeppni verður við komið. Þannig hefur verið lagður grunnur að markaðsbúskap í raforkukerfi margra landa.

Hinn 26. nóvember 1999 tók sameiginlega EES-nefndin ákvörðun um að taka upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið tilskipun 96/92/EC um innri markað fyrir raforku. Ákvörðunin öðlaðist gildi 1. júlí 2000 eftir að öll EES-ríkin höfðu afhent stjórnskipulegum fyrirvara. Samkvæmt ákvörðuninni hefur Ísland tvö ár til að leiða ákvæði tilskipunarinnar í íslensk lög.

Um nokkurt skeið hafa staðið yfir viðræður fulltrúa stjórnvalda og sveitarfélaga á Vestfjörðum um lausn á fjárhagsvanda sveitarfélaganna. Í þeim viðræðum kom fram sú hugmynd að ríkissjóður keypti hlut þeirra sveitarfélaga í Orkubúi Vestfjarða sem það vildu til að gera þeim kleift að grynnka á skuldum sínum. Í 4. mgr. 3. gr. núgildandi laga, nr. 66/1976, um Orkubú Vestfjarða, segir hins vegar að eignarhlutföllum verði ekki breytt nema til samræmis við íbúafjölda og engum sameignarfélaga verði heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis allra sameigenda.

Í ljósi framangreinds var það niðurstaða eigenda að æskilegt væri að breyta rekstrarformi fyrirtækisins, enda yrði tryggt að það nyti óbreyttrar stöðu þar til breytingar yrðu gerðar á skipulagi raforkumála. Töldu sameigendur að slík breyting á rekstrarformi fyrirtækisins samræmdist betur þeim breytingum sem verða á næstunni og gerði sveitarfélögum á Vestfjörðum betur kleift að selja hluti sína í orkubúinu. Því gerðu sameigendur Orkubús Vestfjarða 7. febrúar sl. með sér samkomulag um breytt rekstrarform fyrirtækisins í kjölfar þess að viðkomandi sveitarstjórnir samþykktu slíka breytingu.

Í samkomulaginu er kveðið á um að slíta skuli sameignarfélaginu Orkubú Vestfjarða og stofna hlutafélag um rekstur þess. Þá er í samkomulaginu kveðið á um nafnverð stofnhlutafjár, skiptingu hluta, réttindi starfsmanna, stöðu félagsins þar til breytingar á skipulagi raforkumála öðlast gildi og fleira er tengist stöðu fyrirtækisins í breyttu rekstrarformi. Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Í kjölfar undirritunar samkomulagsins og að því tilskildu að frumvarpið verði að lögum verður stofnað hlutafélag um rekstur Orkubús Vestfjarða og síðan gengið til viðræðna við sveitarfélögin á Vestfjörðum um kaup ríkisins á hlut þeirra í félaginu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um heimild ríkisstjórnarinnar til að standa að stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða. Í frumvarpinu er ekki kveðið á um önnur atriði en nauðsynlegt er vegna stofnunar félagsins en gert er ráð fyrir að almenn lög um skipulag raforkumála og hlutafélög taki til þess, nema annað leiði af ákvæðum frumvarpsins.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að iðnaðarráðherra annist undirbúning að stofnun hlutafélagsins í samráði við fjármálaráðherra og sameigendur ríkissjóðs í Orkubúi Vestfjarða.

Um 2. gr.

Í greininni er megintilgangur hlutafélagsins skilgreindur. Samkvæmt greininni er það tilgangur Orkubús Vestfjarða hf. að eiga og reka orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar. Auk þessa er tilgangur félagsins að eiga og reka jarðvarmavirki og reka fjarvarmakyndistöðvar

ásamt nauðsynlegu dreifikerfi. Hlutverk félagsins tekur því til alls orkuiðnaðar, hvort heldur orkugjafinn er vatnsafl, jarðvarmi, olía eða annað.

Jafnframt er gert ráð fyrir að nánar sé kveðið á um tilgang félagsins í samþykktum þess. Tilgangi félagsins má síðan breyta á hluthafafundi krefjist aðstæður þess. Með því gefst nauðsynlegt svigrúm til að laga hlutverk félagsins að aðstæðum hverju sinni. Sérstaklega er kveðið á um heimild félagsins til að gerast eignaraðili í öðrum félögum og fyrirtækjum.

Um 3. gr.

Samkvæmt 6. mgr. 3. gr. laga nr. 66/1976, um Orkubú Vestfjarða, er heimili þess og varnarþing á Ísafirði. Með hliðsjón af þessu og þar sem starfssvæði Orkubús Vestfjarða hf. miðast við sveitarfélög á Vestfjörðum þykir eðlilegt að fram komi í lagatextanum að lögheimili og varnarþing félagsins skuli vera á Ísafirði.

Um 4. gr.

Í 14. gr. laga, nr. 2/1995, um hlutafélög, er kveðið á um innborgun hlutafjár, en í 2. mgr. greinarinnar segir m.a.: „Eigi má skrá félag nema heildarhlutafé það, sem áskrift hefur fengist fyrir, sé í samræmi við það er greinir um hlutafé í samþykktum og þar af skal minnst helmingur vera greiddur.“ Þar sem gert er ráð fyrir að Orkubú Vestfjarða hf. taki yfir rekstur sameignarfélagsins Orkubú Vestfjarða eftir stofnun hlutafélagsins og að greiðsla hlutafjár verði í formi eigna sameignarfélagsins er nauðsynlegt að veita undanþágu frá þessu ákvæði laga um hlutafélag.

Um nokkurt skeið hafa staðið yfir viðræður um kaup ríkissjóðs á hluta sveitarfélaganna á Vestfjörðum í Orkubúi Vestfjarða. Með samkomulagi sameignaraðila Orkubús Vestfjarða hefur ríkissjóður skuldbundið sig til að bjóðast til að kaupa eignarhlut sveitarfélaga eftir að hlutafélagið hefur verið stofnað. Ekki er ljóst hvort einhver eða öll sveitarfélögin selja sinn hlut en í ljósi þess að hugsanlegt er að ríkissjóður verði eini hluthafinn í Orkubúi Vestfjarða hf. er gert ráð fyrir að ákvæði 1. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. laga um hlutafélaga gildi ekki um fjölda hluthafa í Orkubúi Vestfjarða hf.

Í 6. og 7. gr. laga um hlutafélög er kveðið á um hvernig með skuli fara ef hlutafé er greitt með öðrum verðmætum en reiðufé. Hlutafé í Orkubúi Vestfjarða hf. verður greitt með eignum og réttindum sameignarfélagsins. Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að heildarfjárhæð hluta í hlutafélaginu skuli nema 75% af bókfærðu eigin fé Orkubús Vestfjarða samkvæmt endurskoðuðum efnahagsreikninigi 31. desember 2000. Samkomulag er milli sameigenda um þetta fyrirkomulag. Í ljósi þessa er lagt til að veitt verði undanþága frá fyrrgreindum ákvæðum laga um hlutafélög.

Um 5. gr.

Rétt þykir að setja í lög tiltekna viðmiðun um nafnverð stofnfjár hins nýja félags. Í samkomulagi sameignarfélaga er kveðið á um að miða skuli stofnfjárframlag við 75% af eigin fé Orkubús Vestfjarða hf. svo sem það er skráð í ársreikningi félagsins fyrir árið 2000.

Í 2. mgr. er kveðið á um að sameignarfélagar í Orkubúi Vestfjarða eignist hluti í hinu nýja hlutafélagi í samræmi við hlutdeild sína í sameignarfélaginu Orkubú Vestfjarða eins og hún var 1. desember 2000. Í almennum athugasemdum er gerð grein fyrir þessari skiptingu.

Um 6. gr.

Í 21. gr. orkulaga er iðnaðarráðherra falið að ákveða orkuveitusvæði hverrar héraðsrafmagnsveitu og jafnframt heimilað að veita einkarétt til að reka héraðsrafmagnsveitu á orku-

veitusvæðinu, veita raforku um orkuveitusvæðið og selja hana neytendum innan takmarka þess. Iðnaðarráðherra er með sambærilegum hætti veitt heimild í 30. gr. orkulaga til að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkaleyfi til þess að starfrækja hitaveitur sem annist dreifingu eða sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa á tilteknu veitusvæði. Í 6. gr. laga nr. 66/1976, um Orkubú Vestfjarða, er kveðið á um að iðnaðarráðherra veiti fyrirtækinu einkaleyfi til þeirrar starfsemi, sem felst í tilgangi fyrirtækisins. Skv. 6. gr. frumvarpsins er lagt til að Orkubú Vestfjarða hf. haldi þeim einkarétti til dreifingar og sölu raforku, heits vatns og gufu á Vestfjörðum sem sameignarfélagið hafði áður. Starfssvæði Orkubús Vestfjarða miðast því við sveitarfélög á Vestfjörðum en þau eru Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Broddaneshreppur, Bæjarhreppur, Hólmavíkurhreppur, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur, Kirkjubólshreppur, Reykhólahreppur, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á starfssvæði Orkubús Vestfjarða hf. frá lögum nr. 66/1976, um Orkubú Vestfjarða. Einhverjar breytingar kunna að verða á þessum réttindum félagsins þegar nýtt skipulag raforkumála kemur til framkvæmda.

Eðlilegt þykir að unnt sé að veita undanþágur frá einkarétti Orkubús Vestfjarða skv. 2. mgr. 6. gr. Sambærilegt ákvæði er að finna í 6. gr. laga um Orkubú Vestfjarða.

Til að taka af allan vafa um réttarstöðu þeirra er við gildistöku laganna reka orkumannvirki á starfssvæði Orkubús Vestfjarða hf. er kveðið á um að þeir skuli halda þeim rétti sínum.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að stjórnarmenn verði kosnir á aðalfundi ár hvert. Í samþykktum félagsins verður nánar kveðið á um kosningu stjórnar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra fari saman með eignarhlut ríkisins í Orkubúi Vestfjarða hf. Skv. 7. gr. laga um Orkubú Vestfjarða skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra einn mann hvor og einn til vara í stjórn sameignarfélagsins. Í ljósi þessa þykir eðlilegt að ráðherrarnir fari saman með eignarhlutinn.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um að stjórn hlutafélagsins skuli setja gjaldskrá fyrir félagið og lagt til að við gerð gjaldskrár skuli gætt almennra arðsemissjónarmiða.

Gildistaka gjaldskrár er háð samþykki iðnaðarráðherra og birtingu í Stjórnartíðindum. Sambærilegt ákvæði er að finna í 10. gr. laga nr. 66/1976, um Orkubú Vestfjarða.

Breytingar kunna að verða á þessu fyrirkomulagi þegar nýtt skipulag raforkumála öðlast gildi.

Um 9. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að fastráðnir starfsmenn Orkubús Vestfjarða eigi kost á starfi hjá Orkubúi Vestfjarða hf. Ákvæði þessu er ætlað að tryggja starfsmönnum Orkubús Vestfjarða sömu eða sambærileg störf hjá félaginu eftir formlega stofnun þess eins og engin formbreyting hefði orðið á rekstri þess, enda ekki um neina eðlisbreytingu á störfum eða starfsaðstöðu að ræða. Þá er kveðið á um það hvernig fara skuli með biðlaunarétt sem kann að hafa fylgt störfum hjá Orkubúi Vestfjarða.

Um 10. gr.

Lagt er til að sett verði tímamörk um stofnun félagsins og er miðað við stofnfundur fari fram eigi síðar en 1. júní 2001. Á stofnfundi skal leggja fram til afgreiðslu drög að stofn-

samningi og samþykktum eins og skylt er við stofnun hlutafélaga. Þá skal félaginu jafnframt kosin stjórn samkvæmt samþykktum þess til fyrsta aðalfundar.

Um 11. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að hlutafélagið yfirtaki Orkubú Vestfjarða fyrir 1. júlí 2001. Félagið yfirtekur allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Orkubús Vestfjarða. Jafnframt fellur umboð stjórnar sameignarfélagsins niður frá og með sama degi.

Um 12. gr.

Í 4. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eru fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga sem ríkissjóður eða sveitarfélög reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á undanþegin skattskyldu. Í 13. gr. laga nr. 66/1976, um Orkubú Vestfjarða, er fyrirtækið undanþegið tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis og sýslu- og sveitarfélaga. Í frumvarpsgreininni er lagt til að skattaleg staða Orkubús Vestfjarða haldist óbreytt þrátt fyrir breytt rekstrarform. Með þessu er tryggt að Orkubú Vestfjarða njóti sömu skattalegrar stöðu og önnur raforkufyrirtæki.

Á næstunni munu verða breytingar á skipulagi raforkumála. Í tengslum við þær breytingar verður skattaleg staða raforkufyrirtækja tekin til skoðunar. Hugsanlegt er að þessi skoðun leiði til breytinga á því skattalega fyrirkomulagi sem nú er. Ákvæðinu er ætlað að standa þar til þessi skoðun hefur farið fram.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í 4. gr. laga nr. 66/1976, um Orkubú Vestfjarða, er kveðið á um að sameigendur beri einfalda óskipta ábyrgð á skuldbindingum Orkubús Vestfjarða gagnvart kröfuhöfum og að innbyrðis skiptist ábyrgð samkvæmt eignarhlutföllum. Þetta felur í sér að þegar kröfuhafi hefur árangurslaust reynt að fá skuld greidda hjá sameignarfélaginu getur hann krafið einn eða fleiri sameigenda um alla skuldina. Hver og einn sameigandi er því ábyrgur fyrir öllum skuldbindingum gagnvart kröfuhöfum. Hins vegar skiptist ábyrgð sameigenda innbyrðis samkvæmt eignarhlutföllum. Hlutafélagsformið felur hins vegar í sér takmarkaða ábyrgð hluthafa á skuldbindingum félagsins en þeir ábyrgjast yfirleitt aðeins skuldbindingar félagsins með hlutafjárframlagi sínu. Breyting á sameignarfélagi í hlutafélag getur því leitt til lakari réttarstöðu kröfuhafa. Því þykir eðlilegt að sameigendur Orkubús Vestfjarða beri áfram, gagnvart kröfuhöfum, einfalda óskipta ábyrgð á skuldbindingum Orkubús Vestfjarða sem stofnast hafa áður en hlutafélagið yfirtekur reksturinn.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í 10. gr. frumvarpsins er kveðið á um að stofna skuli hlutafélagið Orkubú Vestfjarða á stofnfundi sem haldinn skal eigi síðar en 1. júní 2001. Í 11. gr. frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir að hlutafélagið taki til starfa eigi síðar en 1. júlí 2001 og yfirtaki þá allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar sameignarfélagsins. Þetta er gert svo að ráðrúm gefist til að ganga frá ráðningu framkvæmdastjóra og starfsmanna hlutafélagsins áður en það tekur við rekstri Orkubús Vestfjarða. Í ákvæði til bráðabirgða II er gert ráð fyrir að kosin sé stjórn á stofnfundi félagsins og að hún starfi þar til ný stjórn hefur verið kosin á fyrsta aðalfundi eftir að félagið tekur til starfa. Í ákvæðinu er lagt til að stjórninni verði falið að undirbúa

yfirtöku á rekstri Orkubús Vestfjarða með ráðningu framkvæmdastjóra og starfsfólks og annarra aðgerða sem nauðsynlegar eru til að hlutafélagið geti sinnt hlutverki sínu. Í samkomulagi sameigenda, dags. 7. febrúar 2001, er kveðið á um að gengið skuli frá samkomulagi við stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Það kemur í hlut stjórnar að gera samning við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins um áframhaldandi aðild starfsmanna fyrirtækisins að lífeyrissjóðnum, en í 4. mgr. 3. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, er að finna heimild fyrir slíku.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Þegar skipt er um rekstrarform á miðju ári skapast visst óhagræði ef gera þarf upp árið í tvennu lagi fyrir annars vegar sameignarfélagið og hins vegar hlutafélagið. Því er lagt til að staðfest verði að félaginu verði heimilað að miða uppgjör við 1. janúar 2001. Þetta felur í sér að ekki verður gerður ársreikningur fyrir sameignarfélagið fyrir árið 2001.

Fylgiskjal I.

Samkomulag sameigenda Orkubús Vestfjarða.
(7. febrúar 2001.)

Ríkisstjórn Íslands, Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Broddaneshreppur, Bæjarhreppur, Hólmavíkurhreppur, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur, Kirkjubólshreppur, Reykhólahreppur, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð, hér eftir nefndir sameigendur, gera með sér svohljóðandi

SAMKOMULAG

1. gr.

Sameigendur eru sammála um að slíta sameignarfélaginu Orkubú Vestfjarða og stofna hlutafélag um rekstur fyrirtækisins, undir heitinu Orkubú Vestfjarða hf. Hlutafélagið tekur við núverandi rekstri, eignum, skuldum og öðrum skuldbindingum sameignarfélagsins.

Sameignarsamningur sameigenda, dags. 26. ágúst 1977, fellur úr gildi á stofndegi hlutafélagsins.

2. gr.

Nafnverð stofnhlutafjár skal nema 75% af bókfærðu eigin fé Orkubús Vestfjarða samkvæmt endurskoðuðum efnahagsreikningi 31. desember 2000, sem jafnframt skal gilda sem stofnefnahagsreikningur Orkubús Vestfjarða hf.

3. gr.

Sameigendur skulu eignast hlut í hinu nýja hlutafélagi í samræmi við hlutdeild sína í Orkubúi Vestfjarða, svo sem hún var 1. desember 2000.

4. gr.

Fastráðnir starfsmenn Orkubús Vestfjarða skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðnar stöður hjá því, sambærilegar þeim er þeir áður gegndu hjá sameignarfélaginu, enda haldi þeir hjá félaginu réttindum sem þeir höfðu þegar áunnið sér.

5. gr.

Gengið verður frá samkomulagi við stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um uppgjör lífeyrisskuldbindinga og áframhaldandi aðild starfsmanna Orkubús Vestfjarða að lífeyrissjóðnum.

6. gr.

Iðnaðarráðherra mun leggja fram frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða. Með undirritun sinni samþykkja sameigendur efnisákvæði frumvarpsins fyrir sitt leyti, en drög þess eru fylgiskjal með samkomulagi þessu.

7. gr.

Komi til kaupa ríkisins á eignarhlut sveitarfélaga á Vestfjörðum í Orkubúi Vestfjarða hf., skal eftirfarandi gilda þar til breytt skipulag raforkumála tekur gildi, 1. júlí 2002, nema sameigendur samþykki annað:

- Orkubú Vestfjarða hf. starfar sem sjálfstæð eining og verður ekki sameinuð öðru orkufyrirtæki.
- Ef ákvörðun verður tekin um að aðlaga gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hf. að gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins skal það gert í áföngum.
- Stjórn Orkubús Vestfjarða hf. skal sem mest skipuð heimamönnum.
- Engum starfsmanni Orkubús Vestfjarða verður sagt upp störfum vegna breytingar á félagsformi fyrirtækisins og hugsanlegra kaupa ríkisins á eignarhluta sveitarfélaga

8. gr.

Komi til sameiningar Orkubús Vestfjarða hf. við annað eða önnur orkufyrirtæki, eftir gildistöku nýrra raforkulaga, mun ríkisvaldið eftir því sem í þess valdi stendur beita sér fyrir því að hluti starfsemi hins sameinaða fyrirtækis fari fram á Vestfjörðum.

Sameigendur eru sammála um að reynt verði eftir megni að efla starfsemi orkugeirans á Vestfjörðum og viðhalda þjónustu við dreifðar byggðir.

9. gr.

Ef samkomulag næst milli ríkissjóðs og sveitarfélaga á Vestfjörðum um kaupverði Orkubús Vestfjarða hf. skal ríkissjóður bundinn við það fram til 1. júlí 2002.

10. gr.

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki Alþingis á frumvarpi til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða. Þá er gerður fyrirvari um að Orkubú Vestfjarða hf. njóti sömu skattalegu stöðu og önnur raforkufyrirtæki.

11. gr.

Samkomulag þetta er gert í fimmtán eintökum og heldur ríkissjóður 2 eintökum en aðrir sameigendur 1 hver og Orkubú Vestfjarða 1.

Ísafirði, 7. febrúar 2001.

F.h. ríkisstjórnar Íslands
Þorgeir Örlygsson

F.h. ríkisstjórnar Íslands
Baldur Guðlaugsson

F.h. Ísafjarðarbæjar
Guðni G. Jóhannesson

F.h. Ísafjarðarbæjar
Halldór Halldórsson

F.h. Árneshrepps
Gunnsteinn Gíslason

F.h. Kaldrananeshrepps
Guðmundur B. Magnússon

F.h. Bolungarvíkurkaupstaðar
Ólafur Kristjánsson

F.h. Kirkjubólshrepps
Matthías Lýðsson

F.h. Broddaneshrepps
Sigurður Jónsson

F.h. Reykhólahrepps
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir

F.h. Bæjarhrepps
Gunnar Benónýsson

F.h. Súðavíkurhrepps
Ágúst Björnsson

F.h. Hólmavíkurhrepps
Þór Örn Jónsson

F.h. Tálknafjarðarhrepps
Ólafur M. Birgisson

F.h. Vesturbyggðar
Jón Gunnar Stefánsson

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða.

Tilgangur með frumvarpinu er að heimila stofnun hlutafélags um rekstur Orkubús Vestfjarða.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Rétt er að taka fram að viðræður um hugsanleg kaup ríkisins á hlut einstakra sveitarfélaga í Orkubúinu hafa átt sér stað og heimild er til kaupanna í heimildargrein fjárlaga 2001.

767. Frumvarp til laga [481. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: Til arðs telst ekki úthlutun jöfnunarhlutabréfa samkvæmt lögum um einkahlutafélög, lögum um hlutafélög og lögum um samvinnufélög sem hafa ekki í för með sér breytta eignarhlutdeild hlutareiganda eða hluthafa eða hækkun séreignarhluta félagsaðila í A-deild stofnsjóðs samvinnufélaga samkvæmt lögum um samvinnufélög.

2. gr.

Á eftir 3. málsl. 2. mgr. 17. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Kaupverð hlutabréfa í B-deild stofnsjóðs samvinnufélags sem skattaðili hefur eignast við sértækt endurmat A-deildar stofnsjóðs samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum um samvinnufélög skal ákvarðast jöfn fjárhæð hækkunar séreignarsjóðshluta A-deildar yfirfærðs stofnsjóðs.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna:

a. Í stað „78. gr.“ og „81. gr.“ í 2. mgr. kemur: 56. gr., og: 59. gr.
b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:

Sé samvinnufélagi slitið á þann hátt að því sé breytt í hlutafélag og félagsaðilar samvinnufélagsins fái eingöngu hlutabréf í hlutafélaginu sem gagngjald fyrir séreignarhluti sína í samvinnufélaginu skulu skiptin sem slík ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann sem séreignarhlutinn lét af hendi. Hafi samvinnufélag sem breyta á í hlutafélag myndað sérstaka B-deild stofnsjóðs með sölu hluta og eigendur samvinnuhlutabréfanna í B-deild fá eingöngu hlutabréf í hlutafélaginu sem gagngjald fyrir B-deildarhluti sína í samvinnufélaginu, þá skulu skiptin á sama hátt ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann sem samvinnuhlutabréfin lét af hendi. Þegar samvinnufélagi er breytt í hlutafélag skal hlutafélagið, sem við tekur, taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum samvinnufélagsins sem slitið var.

4. gr.

Við 1. mgr. 56. gr. A laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Nú er samvinnufélagi skipt þannig að annað samvinnufélag eða hlutafélag tekur við eignum og skuldum frá félaginu og gilda þá ákvæði þessarar málsgreinar um slíka skiptingu. Séreignarhlutir félagsaðila í samvinnufélögunum skulu vera innbyrðis í sömu hlutföllum og séreignarhlutirnir í hinu skipta félagi en taki hlutafélag við eignum og skuldum frá samvinnufélaginu skulu allir hlutir í hlutafélaginu vera í eigu hins skipta félags.

5. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Til þess að sértækt endurmat stofnsjóðs A-deildar samvinnufélags samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum um samvinnufélög njóti skattalegs hagræðis skv. 2. málsl. 1. mgr. 9.

gr., 4. málsl. 2. mgr. 17. gr. og 3. mgr. 56. gr. laganna skal endurmatið lagt fyrir skattstjóra til staðfestingar ásamt upplýsingum um skiptihlutfallið milli félagsaðila fyrir árslok 2004.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2002 vegna tekna og eigna á árinu 2001.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt í tengslum við frumvarp sem lagt verður fram samhliða þessu frumvarpi um breyting á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, þar sem m.a. er lagt til að hækka og lækka megi stofnsjóði samvinnufélaga og kveðið á um á hvern hátt og með hvaða skilyrðum samvinnufélagi verði breytt í hlutafélag.

Í greinargerð með frumvarpinu um breytingar á samvinnufélagalögunum eru raktir ýmsir erfiðleikar í rekstrarumhverfi samvinnufélaga á undanförnum árum en ein af ástæðunum er rakin til þess að félögin hafi ekki haft aðstöðu til þess að afla sér nýs áhættufjármagns. Jafnframt er bent á að stofnsjóðir félaganna hafa rýrnað fyrir áhrif áratugalangrar verðbólgu þannig að varla sé lengur um að ræða raunverulegt eða eiginlegt eigendafjármagn í samvinnufélögunum.

Ákvæði frumvarpsins er varða skattfrelsi hækkunar stofnsjóðs svipar til þeirra ákvæða er varða skattfrjálsa útgáfu jöfnunarhlutabréfa, sbr. lög nr. 154/1998, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Markmið með breytingu á lögum um samvinnufélög og þessum breytingum á lögum um tekjuskatt og eignarskatt er að gera samvinnufélögum kleift að bregðast við þeim vanda sem þau standa frammi fyrir og einfalda þeim að breyta um rekstrarform.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að afhending arðs í formi jöfnunarhlutabréfa eða B-deildar samvinnuhlutabréfa vegna endurmats stofnsjóðs A-deildar og afhendingar á samvinnuhlutabréfum í B-deild teljist ekki til arðs. Þegar kemur að endursölu hlutabréfanna ákvarðast stofnverð bréfanna eftir því hvort um endurmat er að ræða skv. 38. gr. laga um samvinnufélög eða bráðabirgðaákvæði í sömu lögum eins og lagt er til að þau breytist. Í fyrra tilvikinu telst stofnverðið vera 0 kr. en í því síðara telst stofnverðið jafnt verðmæti sértæka endurmatsins eins og nánar er skýrt í athugasemdum um 2. gr.

Um 2. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um hvernig ákvarða skuli stofnverð hlutabréfa í B-deild samvinnufélaga sem félagsmanni er afhent við sértækt endurmat A-deildar stofnsjóðs hans samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum um samvinnufélög, sbr. frumvarp um breytingu á lögum um samvinnufélög. Þetta stofnverð gildir ekki ef um endurmat stofnsjóðs er að ræða skv. 38. gr. laga um samvinnufélög eins og lagt er til að þeirri grein verði breytt. Er þetta sambærilegt við úthlutun jöfnunarhlutabréfa í hlutafélögum og einkahlutafélögum eftir árið 1996. Þetta stofnverð gildir hvort sem selt er B-deildar samvinnuhlutabréf eða hlutabréf í hlutafélagi sem við tekur skv. 56. gr. þegar samvinnufélagi er slitið.

Um 3. gr.

Í 56. gr. laganna er að finna ákvæði um skattskyldu og flutning skattaréttarlegra skyldna og réttinda þegar hlutafélagi er slitið á þann hátt að það sameinast öðru hlutafélagi og þegar sam-

vinnufélag eða hlutafélag sameinast samvinnufélagi. Hér er lagt til að við greinina bætist sams konar ákvæði er tekur til þess þegar samvinnufélagi er slitið á þann hátt að því er breytt í hlutafélag.

Um 4. gr.

Í 56. gr. A er fjallað um það þegar hlutafélagi er skipt og hluti eigna og skulda félagsins flyst til nýs félags eða félaga og hluthafar fá eingöngu hlutabréf í nýja félaginu sem gagngjald fyrir hluti sína í hinu skipta félagi. Slík skipti hafa ekki í för með sér skattskyldar tekjur fyrir hluthafana ef fylgt er nánari ákvæðum greinarinnar. Hér er lagt til að hið sama gildi þegar samvinnufélagi er skipt þannig að hluti eigna og skulda samvinnufélagsins er færður til nýs samvinnufélags eða hlutafélags (einkahlutafélags) sem er að fullu í eigu samvinnufélagsins. Selji samvinnufélagið síðar af hlutum sínum í hlutafélaginu gilda almenn ákvæði skattalaga um þá ráðstöfun.

Um 5. gr.

Til þess að hækkun stofnsjóðs A-deildar samvinnufélags við sértækt endurmat hans myndi ekki skattskyldu hjá félagsmönnum er gert að skilyrði í greininni að endurmatið verði lagt fyrir skattstjóra til staðfestingar og enn fremur upplýsingar um skiptingu þess á félagsaðila fyrir árslok 2004.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er fyrirhugað að gera breytingar á ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt sem tengjast öðru frumvarpi um breytingar á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, þar sem lagt er til að hækkun á stofnsjóði samvinnufélaga verði skattfrjáls og mælt fyrir um hvernig breyta megi samvinnufélagi í hlutafélag. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

768. Frumvarp til laga [482. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Við 6. gr. laganna, sbr. lög nr. 147/1998, bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

11. Fyrir háttsemi, sem greinir í samningi um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna frá 9. desember 1994.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu. Með því er lögð til breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, vegna fyrirhugaðrar aðildar Íslands að samningi um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna sem gerður var í New York 9. desember 1994. Samhliða frumvarpinu verður lögð fram þingsályktunartillaga um aðild að samningnum. Samningurinn verður birtur sem fylgiskjal með þingsályktunartillögunni.

Í samningnum er að finna ákvæði um réttindi og skyldur starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna við aðgerðir á vegum Sameinuðu þjóðanna eins og þær eru skilgreindar í 1. gr. samningsins. Samningurinn hefur meðal annars að geyma ákvæði um skyldu til að tryggja öryggi og vernd þessara starfsmanna, um skyldu til að láta lausa eða afhenda þá starfsmenn sem teknir hafa verið til fanga eða hnepptir í varðhald og um glæpi gegn starfsmönnunum. Þá eru ákvæði um lögsögu vegna brota gegn starfsmönnunum, varnir gegn glæpum gegn þeim, framsal og um gagnkvæma réttaraðstoð.

Um refsilögsögu er fjallað í 10. gr. samningsins. Skv. 4. mgr. hennar skal hvert aðildarríki um sig gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera í því skyni að ákvarða lögsögu sína yfir þeim glæpum sem falla undir samninginn að því er varðar mál þar sem meintur árásarmaður er staddur á yfirráðasvæði aðildarríkisins og það framselur hann ekki til einhvers annars aðildarríkis sem hefur lögsögu í málinu. Með hliðsjón af þessu ákvæði þykir rétt að reglur almennra hegningarlaga um refsilögsögu verði rýmkaðar til samræmis við samninginn. Því er lagt til að nýr töluliður bætist við 6. gr. laganna þannig að unnt verði að refsa eftir íslenskum lögum fyrir brot sem falla undir samninginn enda þótt það sé framið utan íslenska ríkisins og án tillits til þess hver er að því valdur. Ekki er þörf á öðrum lagabreytingum vegna aðildar Íslands að samningnum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á almennum hegningarlögum vegna fyrirhugaðrar aðildar Íslands að samningi um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna. Ekki er gert ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

769. Tillaga til þingsályktunar [483. mál]

um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar að á árunum 2001 til 2003 skuli gert átak í öryggismálum sjófarenda. Markmið átaksins verði að treysta öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra sem og farþega á íslenskum skipum og skipum sem sigla í íslenskri efnahagslögsögu samkvæmt eftirfarandi áætlun. Stefnt verði að því að skilgreina hlutverk þeirra sem vinna að öryggismálum sjófarenda og að slysum til sjós fækki um að minnsta kosti þriðjung fram til ársins 2004 og að sama skapi dragi úr tjóni vegna sjóslysa. Samgönguráðherra skal fyrir 1. apríl hvers árs, fyrst árið 2002, leggja fyrir Alþingi skýrslu um framgang áætlunar í öryggismálum sjómanna og hvernig henni miðar í átt að settu marki.

Helstu verkefni árin 2001, 2002 og 2003 ásamt áætlaðri ráðstöfun fjárframlags hvers árs.

Verkefni (upphæðir í millj. kr.)	2001	2002	2003
1. Menntun og þjálfun sjómanna verði efld með ýmsum hætti.	**1,3**	**1,8**	**1,8**
– Samræming sjómannamenntunar og aðlögun að alþjóðasamþykktum um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW og STCW–F).			
– Endurmenntun skipstjórnarmanna.			
– Fræðsla og þjálfun í stöðugleika.			
– Verk- og öryggisstjórnunarfræðsla fyrir yfirmenn á skipum.			
– Öryggisfræðsla sjómanna á 5 ára fresti.			
– Námskeið í notkun og meðhöndlun búnaðar til hífinga.			
– Námskeið fyrir leiðsögu-/hafnsögumenn.			
– Ýmislegt fjarnám verði eflt og notað í eins miklum mæli og hægt er.			
2. Gert verði sérstakt átak í öryggismálum farþegaskipa og farþegabáta.	**1,3**	**2**	**1,5**
– Áhættumat á siglingaleiðum farþegaskipa.			
– Námskeið í stjórnun farþega á neyðarstundu.			
– Úrbótatillögur vinnuhóps framkvæmdar o.fl.			

	Verkefni (upphæðir í millj. kr.)	2001	2002	2003
3.	**Átaksverkefni í fræðslu og áróðri.**	**2,2**	**4,5**	**3,8**
–	Stöðugleikamál skipa og báta, hættur samfara ofhleðslu.			
–	Átak til að nýliðafræðslu sé betur sinnt.			
–	Leiðbeiningar fyrir öryggisfulltrúa.			
–	Skipulegt eftirlit áhafna með öryggisþáttum, svo sem búnaði.			
–	Fyrirbyggjandi aðgerðir gegn eldsvoða.			
–	Kostir öryggisstjórnunarkerfa fyrir útgerðir og áhafnir.			
–	Kynning á lögum og reglum sem taka gildi.			
–	Kynna að til sé margvíslegur öryggisbúnaður auk skyldubúnaðar.			
–	Kynning á öryggisbúnaði fyrir smábáta.			
–	Frágangur og umgengni á neyðarbúnaði skipa.			
–	Mikilvægi skipulagðra æfinga og þjálfunar í skipum.			
–	Greining áhættu í vinnuumhverfi sjómanna.			
–	Varnir gegn fallhættu.			
4.	**Gerð fræðsluefnis og leiðbeininga.**	**3**	**4**	**6**
–	Handbækur, bæklingar eða myndbönd um öryggismál.			
–	Fræðsluefni um æfingar.			
–	Útgáfa samræmdrar fræðslu um hífingarbúnað.			
–	Útgáfa leiðbeininga um frágang neyðarbúnaðar.			
–	Upplýsingarit fyrir sjómenn um vinnuöryggi.			
–	Merkingar á hættusvæðum í skipum.			
–	Viðvörunarspjöld og leiðbeiningar.			
5.	**Söfnun og miðlun upplýsinga milli sjómanna og aðila í landi.**	**0,7**	**1**	**1,8**
–	Slysa- og óhappaskráning í skipum.			
–	Sérstakt eyðublað í skip fyrir athugasemdir um öryggismál sjófarenda.			
–	Endurnýjuð sjókort séu gefin út og þau séu aðgengileg sem víðast.			
–	Ákvörðun þarf að taka um siglingaleiðir olíuskipa.			
–	Skráningarkerfi fyrir „næstum því slys og óhöpp“.			
–	Aðgengi skipverja að upplýsingum um ástand skips.			
–	Sérstök heimasíða um öryggismál sjómanna.			
–	Upplýsingum dreift á netinu, með WAP-tækni og textavarpi.			
–	Úrbætur séu gerðar á farsímasambandi við land.			
–	Skilgreind verði neyðarsímsvörun í 112 fyrir sjómenn.			
–	Veðurstöðvum sé fjölgað við land.			
–	Úrbætur vegna NAVTEX-sendinga.			
6.	**Nauðsynlegt er að samræmd slysa- og sjúkdómaskráning sjómanna verði tekin upp sem fyrst.**	**0**	**0**	**0**
7.	**Úrbætur í stöðugleikamálum skipa og báta.**	**0,3**	**0,6**	**1**
–	Gögn/ábendingar um stöðugleika séu á íslensku og stöðluð.			
–	Sérstakt leiðbeiningarspjald um hleðslu smábáta.			
–	Merkingar á dyrum og lúgum sem eiga að vera lokaðar á rúmsjó.			
–	Könnun á stöðugleika opinna báta.			

	Verkefni (upphæðir í millj. kr.)	2001	2002	2003
8.	**Lagt er til að gerð sé úttekt sambærileg þeirri sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gerði árið 1998 á árlegum þjóðfélagskostnaði vegna sjóslysa og tekið verði inn mat á fleiri kostnaðarliðum, svo sem öllum beinum og óbeinum kostnaði sem leggst á útgerðina vegna slysa og óhappa til sjós.**	0,3	0	0
9.	**Slysatryggingamál og bótarétt sjómanna þarf að skoða og þurfa stjórnvöld, samtök sjómanna, útgerðir og tryggingafélög að vinna saman að útfærslu þessa máls.**	0	0	0
10.	**Áætlanir þarf að gera um fyrirbyggjandi aðgerðir í heilbrigðismálum sjómanna.**	0	0	0
11.	**Stuðla þarf að því að öryggis- og gæðastjórnunarkerfi séu notuð á sem flestum sviðum.** – Gæðastjórnunarkerfi séu notuð við skoðanir og eftirlit með skipum. – Öryggisstjórnunarkerfi séu notuð í öllum farþegaskipum og -bátum. – Öryggisstjórnunarkerfi séu notuð við eftirlit með öryggi í höfnum. – Öryggisstjórnunarkerfi verði tekin upp í öllum íslenskum fiskiskipum.	0,1	0,2	1,2
12.	**Stuðla þarf að því að öryggistrúnaðarmannakerfi verði tekið upp til reynslu í fiskiskipum.**	0	0	0
13.	**Tryggja þarf betur að farið sé eftir gildandi lögum og reglum um öryggisatriði.** – Efla þarf skilvirkni eftirlits og samstarf allra eftirlitsaðila. – Skipuleggja þarf fyrirkomulag skyndiskoðana í íslenskum skipum. – Fræða þarf útgerðarmenn og áhafnir um tilgang laga og reglna. – Öryggisfulltrúar útgerða og áhafna séu skipaðir. – Reglubundnar athuganir á æfingahaldi og starfsþjálfun í skipum. – Reglum um öryggisráðstafanir við hífingar sé betur fylgt eftir. – Skilvirkara eftirlit með aðbúnaði í skipum.	0,3	0	0,5
14.	**Rannsóknir og úttektir á sviði öryggismála.** – Auka þarf og festa í sessi samstarf Íslendinga og nágrannaþjóða í rannsóknar- og þróunarverkefnum sem tengjast öryggismálum sjómanna. – Upplýsingum um ýmsar rannsóknir sem verið er að vinna að eða hafa verið gerðar ætti að safna saman á einn stað þannig að aðilar viti hver af öðrum. – Nauðsynlegt er að gerðar séu reglulega kannanir, úttektir og prófanir á ástandi og fyrirkomulagi öryggisbúnaðar í skipum og í höfnum. – Rannsóknir á stjórnun stöðugleika fiskiskipa.	0,5	0,9	2,4
	Samtals (millj. kr.)	**10**	**15**	**20**

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tilgangur með þingsályktunartillögu þessari er að hrinda af stað átaki í öryggismálum sjófarenda. Stefnt er að sameiginlegu átaki allra aðila sem að öryggismálum sjófarenda koma og að Siglingastofnun Íslands taki að sér að vera samnefnari fyrir þá. Markmið átaksins er að slysum til sjós fækki um að minnsta kosti þriðjung fram til ársins 2004.

Í byrjun ársins 2000 ákvað samgönguráðherra að setja af stað vinnu við að gera langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda. Skipuð var sérstök verkefnisstjórn 16. febrúar 2000 til

að halda utan um verkið og var hún skipuð eftirfarandi fulltrúum, aðalmenn og varamenn: frá samtökum sjómanna Guðjón Ármann Einarsson og Halldór A. Guðmundsson, frá samtökum útgerðarmanna Guðfinnur Johnsen og Örn Pálsson, frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg Hilmar Snorrason og Gunnar Tómasson, frá Siglingastofnun Íslands Jón Bernódusson og Ari Guðmundsson og frá samgönguráðuneyti Helgi Jóhannesson formaður og Jósef H. Þorgeirsson varaformaður.

Langtímaáætlunin var unnin í samráði við hagsmunaaðila og hefur hún verið kynnt á fundum siglingaráðs. Framkvæmd verksins fór fram innan Siglingastofnunar Íslands sem réð til sín tímabundið Ingimund Valgeirsson verkfræðing til að vinna að verkefninu. Unnið hefur verið að málinu í nánu samstarfi við hagsmunaaðila og siglingaráð, en það er skipað fulltrúum þeirra hagsmunaaðila sem að siglingamálum koma. Á heimasíðu Siglingastofnunar Íslands, www.sigling.is/oryggi2000, var kynning á verkefninu og var öllum sem láta sig öryggismál sjómanna varða gefinn kostur á að koma eigin sjónarmiðum að.

Til að geta betur metið leiðir sem þarf að fara til að bæta öryggi sjófarenda almennt var óskað eftir athugasemdum og tillögum frá sjómönnum, útgerðum og öllum sem málið varðar. Tekin voru saman ýmis sjónarmið sem fram hafa komið í skýrslum og almennri umræðu, svo sem í blöðum, tímaritum og á ráðstefnum. Sérsniðnar spurningar um öryggismál voru sendar til útgerðarfyrirtækja og sjómanna. Svör bárust frá um 120 starfandi sjómönnum og auk þess komu fram ýmsar aðrar skriflegar og munnlegar athugasemdir. Teknar voru saman upplýsingar úr þeim tilkynningum um slys á sjómönnum sem bárust Tryggingastofnun ríkisins árið 1999. Skoðaðar voru nýlegar sjóslysaskýrslur og rætt var við ýmsa aðila sem hafa góða þekkingu á ákveðnum sviðum öryggismálanna.

Þegar athugasemdir og tillögur lágu fyrir kom í ljós að af ýmsu var að taka. Nauðsynlegt var að meta athugasemdir, velja úr og forgangsraða verkefnum eftir mikilvægi og umfangi. Í sumum athugasemdum fólst talsverð gagnrýni á ákveðna aðila og sjálfsagt er hægt að grafast fyrir um hvort hún er á rökum reist en varast þarf að dæma heildina út frá einstaka tilvikum innan hvers málaflokks. Þegar áðurnefnd atriði höfðu verið skoðuð og metin dró verkefnisstjórn út atriði varðandi öryggismálin og tengd málefni sem skoða ætti sérstaklega. Í framhaldi af því skilaði verkefnisstjórn tillögum sínum um þau atriði þar sem úrbóta er þörf og voru helstu niðurstöður hennar eftirfarandi:

1. Útgerðarmenn og áhöfn beri sameiginlega ábyrgð á því að fyrirkomulag öryggismála um borð sé í góðu horfi. Af hálfu þess opinbera fer Siglingastofnun Íslands með öryggismál sjófarenda undir yfirstjórn samgönguráðuneytis. Lagt er til að árin 2001–2003 verði veitt fjármagn til Siglingastofnunar Íslands til að hrinda áætluninni í framkvæmd.
2. Samgönguráðuneytið hafi frumkvæði að því að hlutverk allra sem að öryggismálum sjófarenda koma verði skýrt afmarkað og að efld verði samvinna og samstarf þeirra aðila með það að markmiði að samnýta betur tækniþekkingu og tryggja skilvirkari framkvæmd öryggismála sjófarenda í landinu. Tilnefndir verði einstaklingar hjá öllum helstu aðilum sem koma að öryggismálum sjófarenda og verða þeir tengiliðir við framkvæmd verkefnisins. Unnið verði að málinu í samvinnu við önnur ráðuneyti sem að öryggismálum sjófarenda koma.
3. Siglingastofnun Íslands geri framkvæmdaáætlun fyrir hvert ár í öryggismálum sjófarenda sem samgönguráðherra staðfestir. Áætlunin skal miða að því að þeim tillögum sem fram koma í athugasemdum með þingsályktunartillögunni verði hrint í framkvæmd innan þriggja ára. Að því marki sem hið opinbera beri kostnað af áætluninni verði tryggt fjármagn með fjárlögum hverju sinni til að koma langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda í framkvæmd í samræmi við gerða kostnaðaráætlun.

4. Opinberar stofnanir og aðrir sem að öryggismálum sjófarenda vinna sendi skýrslu til Siglingastofnunar Íslands fyrir lok hvers árs um fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði öryggismála sjófarenda.
5. Meginákerslu í öryggismálum þarf að leggja á forvarnir gegn slysum og óhöppum:
   - Auka þarf vitund allra sjómanna um slysahættu og um leiðir til að minnka hana.
   - Áætlanir þarf að gera um fræðslu og áróður um slysahættu til sjós.
   - Bæta þarf slysa- og óhappaskráningu þannig að orsakir þeirra komi fram.
   - Auka þarf upplýsingastreymi til sjómanna og allt aðgengi að nauðsynlegum upplýsingum sem tengjast öryggi þeirra á sjó.
   - Auknar öryggiskröfur þarf að gera til búnaðar, tækja og vinnuaðstöðu í skipum.
   - Fullnægjandi ástand öryggismála í skipum verður ekki nema áhafnir séu virkar í úrbótum.
   - Reglulegt og virkt eftirlit útgerða og áhafna þarf að vera með öryggisþáttum í skipum.
   - Tryggja þarf að eftirlit með skipum, opinbert sem á vegum einkaaðila, sé skilvirkt.
   - Nauðsynlegt er að reglur um stjórn fiskveiða stuðli einnig að bættu öryggi og aðbúnaði í fiskiskipum.

Almennar athugasemdir.

I. Slys á sjó.

Rannsökuð mál.

Fjöldi mála sem tekin hafa verið til rannsóknar hjá rannsóknarnefnd sjóslysa hefur verið svipaður undanfarin ár en fæst eru þau árið 1999, þ.e. 86 talsins, sem er fækkun um 20 mál frá árinu á undan. Um 60 slys á mönnum eru rannsökuð árlega og einnig öll dauðaslys. Eðli þessara mála síðastliðin þrjú ár er sýnt í eftirfarandi töflu:

Mál sem komu til rannsóknar.

Eðli mála	1997	1998	1999
Skip sekkur	7	8	4
Skip strandar	10	7	7
Árekstur	4	2	8
Eldur um borð	7	6	3
Leki að skipi	1	0	0
Annað	6	10	7
Slys á mönnum	55	63	56
Dauðaslys	5	3	1
Samtals	**95**	**106**	**86**

Slys á sjómönnum.

Dauðaslysum á sjó hefur fækkað jafnt og þétt síðasta áratuginn. Að meðaltali yfir þriggja ára tímabil síðustu níu ár er fjöldi dauðaslysa á ári eftirfarandi:

- 1991–1993 eru þau 11 á ári.
- 1994–1996 eru þau 5 á ári.
- 1997–1999 eru þau 3 á ári.

Vinna þarf ötullega að því að viðhalda þessari jákvæðu þróun og stefna að enn frekari fækkun dauðaslysa til sjós.

Slys á sjómönnum sem verða við vinnu og viðveru um borð í skipum eru flokkuð sem vinnuslys til sjós. Tilkynningar um slys á sjómönnum til Tryggingastofnunar ríkisins hafa

verið helstu heimildir um þann fjölda slysa sem verður, en margar tilkynningar berast seint þannig að fjöldi slysa á ári er ekki þekktur fyrr en 1–2 árum síðar.

Tilkynningum um slys hefur fækkað síðustu ár og voru þær 381 talsins árið 1999. Að meðaltali yfir þriggja ára tímabil síðustu níu ár var fjöldi tilkynninga:

- 1991–1993 bárust 518 á ári.
- 1994–1996 bárust 460 á ári.
- 1997–1999 bárust 406 á ári.

Þetta er fækkun sem nemur rúmlega tíunda hluta tilkynninga um slys milli tímabila. Fjöldi slysa meðal sjómanna, einkum á fiskiskipum, er mjög mikill í samanburði við aðrar atvinnugreinar og lætur nærri að um tólfti hver sjómaður slasist á ári hverju.

Kostnaður vegna slysa og óhappa.

Samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, „Kostnaður vegna sjóslysa á Íslandi“, sem gerð var árið 1998 fyrir landlæknisembættið er árlegur heildarkostnaður vegna sjóslysa metinn á bilinu 3,2–4,3 milljarðar króna á verðlagi ársins 1997. Í formála skýrslunnar er þess getið að verksamningur um gerð skýrslunnar hafi ekki gert ráð fyrir tímafrekari rannsókn og því þurfi að fara betur í saumana á kostnaði vegna sjóslysa.

Þegar tekið er tillit til fleiri atriða, svo sem beins og óbeins kostnaðar útgerða vegna slysa og óhappa, kostnaðar vegna leitar- og björgunarstarfa og kostnaðar við rannsóknir slysa, er hægt að álykta að þessi upphæð sé í raun mun hærri. Ljóst er að kostnaður vegna sjóslysa er hár, hvort sem litið er á beinharðar fjárhagsstærðir eða þjáningar þeirra sem í slysum lenda og aðstandenda þeirra.

II. Hvar úrbóta er þörf í öryggismálum sjófarenda.

Að mati samgönguráðuneytis eru helstu verkefni sem þyrfti að koma í framkvæmd í langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda eftirfarandi, en í því efni hefur verið höfð hliðsjón af tillögum verkefnisstjórnar:

Almennt um skip og báta.

Skip og búnaður.

Björgunarbúnaður.

Í þessu sambandi er mikilvægast að viðhalda góðu ástandi besta öryggistækisins sem er skipið sjálft og hafa góða sjómennsku í heiðri við stjórnun þess. Þannig er hægt að minnka líkur á að nota þurfi neyðarbúnaðinn, en möguleikinn á að þess þurfi er því miður alltaf fyrir hendi og því þarf einnig að viðhalda góðu ástandi björgunarbúnaðar.

Mörg atriði varðandi staðsetningu og frágang björgunar- og öryggisbúnaðar þarfnast víða skoðunar við og fræða þyrfti menn þannig að gengið sé rétt frá búnaðinum um borð. Enn fremur þarf að setja inn ákvæði þannig að hægt sé að standa betur að slíkum athugunum og þeim kröfum sem ef til vill þarf að gera um breytingar. Sem dæmi um atriði sem þarfnast skoðunar er hægt að nefna:

- Staðsetning björgunarbáta með losunar- og sjósetningarbúnaði.
- Frágangur gúmmíbjörgunarbáta.
- Staðsetning neyðarhandtalstöðva.
- Stærðir og gerð björgunarbúninga sem valdir eru í einstök skip.
- Staðsetning björgunarvesta og björgunarbúninga.
- Gerð, staðsetning, uppfærsla og kynning neyðaráætlana og öryggisplana.

– Skyldur áhafna til að meta ástand björgunarbúnaðar a.m.k. mánaðarlega um borð í skipum sínum.

Neyðarútgangar.

Í hönnun margra skipa og báta hefur ekki nægilega verið hugað að undankomuleiðum áhafnar ef neyðarástand skapast og aðalútgönguleiðir teppast, t.d. vegna eldsvoða eða vegna þess að skip leggist á aðra hliðina. Þetta á við um öll svæði innan skips: brú, vélarúm, vistarverur, millidekk og lestar. Krafan er að útgönguleiðir séu vel aðgengilegar úr hverju rými í gömlum sem nýjum skipum.

Þörf er á að gera úttekt á þessum atriðum í íslenskum skipum og finna hentugar lausnir fyrir öll skip.

Útsýni úr brú.

Eitt mikilvægasta atriði varðandi örugga siglingu skipa er útsýni og sjónsvið skipstjórnarmanna úr stjórnpalli. Talsverð framför hefur orðið í hönnun þeirra síðustu ár en fullkomin lausn hefur ekki fengist í öllum tilvikum, svo sem á nótaskipum þar sem nótarennur og blakkir eru staðsettar þannig að þær skyggja á hluta sjóndeildarhringsins.

Eldvarnir.

Það fer talsvert eftir aldri skipa hvernig hönnun þeirra er varðandi líkur á að eldur komi upp og hverjir möguleikar eru á að stöðva útbreiðslu hans. Allar kröfur um meiri háttar úrbætur í eldvörnum skipa verða því miður oft að miðast við hönnun og smíði nýrra skipa. Ástand eldvarnarbúnaðar er metið árlega af skoðunarmönnum og einnig er mikilvægt að áhafnir skipa tryggi að búnaðurinn sé ávallt aðgengilegur og tilbúinn til tafarlausrar notkunar hvenær sem er allan ársins hring. Leggja þarf áherslu á:

– Forvarnir um borð í skipum sem fela í sér fræðslu fyrir alla í áhöfn um mikilvægi góðrar umgengni, hreinlætis og fyrirbyggjandi viðhalds á olíu- og rafmagnskerfum.
– Að skoðunarmenn Siglingastofnunar og flokkunarfélaga leggi meiri áherslu á að gerðar séu úrbætur á atriðum sem eru ekki í samræmi við reglur og fylgi því eftir að þær séu gerðar.
– Að tryggja að skipulagt eftirlit áhafna með eldvarnarbúnaði skipa fari fram oft og reglulega. Athugandi er að Siglingastofnun útbúi gátlista sem nota mætti um borð í skipum til að halda utan um helstu öryggisþætti, svo sem lokunarbúnað á loftstokkum, neyðarlýsingu, ankerisvindu, síðuloka, hurðir, lúgur o.s.frv.
– Að gera sömu kröfur til eldri skipa og gerðar eru til nýrra skipa í viðauka við reglugerð nr. 26/2000 um reykköfunartæki og slökkvibúninga.

Stöðugleiki skipa.

Hjá Siglingastofnun eru til stöðugleikagögn fyrir öll íslensk þilfarsskip en mörg þessara gagna eru komin til ára sinna og ekki tryggt að þau séu fullnægjandi þar sem stöðugleiki margra skipa getur hafa breyst vegna ýmissa þátta. Hjá Siglingastofnun er verið að vinna að því að uppfæra upplýsingar um stöðugleika skipa. Í reglugerð nr. 26/2000, um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd eða lengri, er ákvæði um að hallaprófa skuli ný fiskiskip ekki sjaldnar en með 10 ára millibili. Full þörf er á að þetta ákvæði gildi fyrir öll fiskiskip þannig að sem nákvæmastar upplýsingar liggi fyrir á hverjum tíma.

Í skýrslu Siglingastofnunar um stöðugleika íslenskra fiskiskipa, sem gefin var út í febrúar 1997, eru ýmsar tillögur til úrbóta í stöðugleikamálum. Hluti þessara tillagna er kominn til

framkvæmda en vert er að dusta rykið af þessari skýrslu og hrinda í framkvæmd öðrum tillögum hennar um úrbætur. Í álitsgerðum rannsóknarnefndar sjóslysa koma einnig fram ábendingar um það sem betur mætti fari í stöðugleikamálum íslenskra skipa. Sem dæmi um atriði sem vert er að skoða fyrir gömul sem ný skip eru:

- Reglur um hallaprófun allra skipa sem gerð eru út í atvinnuskyni.
- Reglur um hvernig gengið sé frá stöðugleikagögnum.
- Reglur um vatnsþétta niðurhólfun skips neðan og ofan aðalþilfars.
- Gögn/ábendingar um stöðugleika skipa séu á íslensku og stöðluð.
- Stöðugleikagögn fyrir smábáta – sérstakt leiðbeiningarspjald.
- Reglur um stöðugleikaprófun opinna báta.
- Dyr og lúgur sem ekki má opna á rúmsjó á að merkja sérstaklega.

Neyðarráðstafanir.

Björgunar- og eldvarnaræfingar.

Í reglugerð nr. 26/2000 er gerð krafa um að báta- og brunaæfingar séu haldnar a.m.k. einu sinni í mánuði í öllum fiskiskipum, nýjum og gömlum sem eru 24 m að lengd eða lengri. Stjórnvöldum er heimilt að breyta þessu ákvæði gagnvart skipum sem eru styttri en 45 m og krefjast þess að æfingarnar séu haldnar a.m.k. á þriggja mánaða fresti. Leggja verður áherslu á að æfingar séu haldnar í samræmi við kröfur reglugerðarinnar.

Gera þarf átak til að hjálpa skipstjórnendum af stað með að skipuleggja æfingar í skipum sínum. Mögulegt er að aðstoða þá með útgáfu fræðsluefnis, svo sem myndböndum um æfingar eða halda námskeið, en ljóst er að reglulegar æfingar munu ekki festast í sessi í öllum íslenskum skipum nema með stífri eftirfylgni. Gera þarf reglubundnar athuganir á æfingahaldi um borð í íslenskum skipum og prófa áhafnir í neyðarviðbrögðum.

Vinnuöryggi.

Verkstjórn og þjálfun manna.

Það er staðreynd að góð starfsþjálfun og nýliðafræðsla er ein árangursríkasta leiðin til að fækka vinnuslysum til sjós. Gera þarf átak til þess að nýliðafræðslu sé sinnt betur í íslenskum skipum.

Þegar vinnuslys í skipum eru skoðuð eru oft ákveðin atriði sem dregin eru fram sem helstu ástæður eða orsakir slysanna, svo sem óaðgæsla, þreyta, kæruleysi, ófullnægjandi boðskipti milli manna, unnið í mjög slæmu veðri og slæmur frágangur búnaðar. Slík dæmi gefa vísbendingu um að verkstjórn sé oft ábótavant í viðkomandi tilvikum. Draga verður þá ályktun að brýn þörf sé á að bæta þjálfun þeirra einstaklinga sem sjá um stjórnun manna við vinnu um borð í skipum, svo sem skipstjóra, stýrimanna og vaktformanna.

Búnaður til hífinga.

Í öllum skipum þar sem hífingar fara fram á stjórnbúnaður spila og vinda að vera staðsettur þannig að sá sem sér um stjórnbúnað hafi fullkomna sýn yfir þau vinnusvæði þar sem hífingar fara fram. Við stjórnloka spila og vinda skal einnig merkja tilgang og virkni þeirra. Víða þarf úrbætur á þessum atriðum og oftast er það hægt án mikils kostnaðar en þar sem það er ekki unnt verður að leggja á það áherslu að einn maður sjái um að leiðbeina spilstjórnanda með bendingum eða fjarskiptabúnaði. Einnig getur gott myndavélakerfi komið að gagni til að bæta yfirsýn stjórnanda vinda.

Mörg alvarleg slys og einnig banaslys hafa verið rakin til þess að illa var staðið að þessum málum um borð í skipum. Leggja þarf sérstaka áherslu á að reglum um öryggisráðstafanir við hífingar sé fylgt til hins ýtrasta í öllum skipum.

Bæta þarf þekkingu allra skipverja á hífingarbúnaði, svo sem krönum og vindum. Fræða þarf þá um virkni, notkun, öryggisþætti, eftirlit og viðhald búnaðar o.s.frv. Eðlilegt er að hver útgerð hafi áætlun um slíka fræðslu og þjálfun fyrir áhafnir skipa sinna og til greina gæti komið að nokkrar útgerðir tækju höndum saman og ynnu að gerð slíkra námskeiða.

Stjórnvöld gætu einnig lagt málinu lið með því að leggja línurnar til að tryggja að námskeið séu samræmd og séð um útgáfu grunnefnis, þ.e. almenna fræðslu um hífingarbúnað. Meta þarf hvort krefjast eigi sérstakra réttinda til að stjórna krönum og vindum til sjós. Þennan þátt þarf að efla í skipstjórnar- og vélstjórnarnámi.

Viðvörunarspjöld og leiðbeiningar.

Útbúa þarf sérstakar merkingar og viðvörunarspjöld sem hægt er að setja upp á hættusvæðum, ofan og neðan þilja, t.d. hætta á að klemmast, um skotlínu víra, fallhætta, hálka, lágir karmar, hlutir sem standa niður úr lofti o.s.frv.

Um borð í skipum og bátum þarf að gera sérstakt átak í að merkja hættusvæði með t.d. aðvörunarskiltum, hljóðmerkjum og ljósum eða á annan þann hátt sem hentar á hverjum stað. Þá þarf að útbúa og koma fyrir um borð í skipum myndrænum skiltum með leiðbeiningum um meðferð öryggistækja. Siglingastofnun skal hafa forgöngu um að hættusvæði verði merkt og útbúin verði aðvörunarskilti.

Skráning á næstum því slysum – óhöppum.

Hafa ætti uppi sérstakan óhappa- og slysaskráningarlista í öllum skipum þar sem atburðir og atriði sem þarf að skoða og lagfæra um borð eru skráð af skipverjum. Hvetja þarf skipstjórnarmenn og áhafnir til að taka þetta upp og nýta skráðar upplýsingar til að bæta eigin öryggi. Miða á við að „næstum því slys" séu tilkynnt til rannsóknarnefndar sjóslysa og forvarnarstarfið þannig aukið til muna.

Ein helstu vandkvæðin í öryggismálunum eru þegar menn sjá atriði, svo sem ófullnægjandi eða bilaðan búnað, en sinna ekki þeirri skyldu sinni að upplýsa skipstjórnendur um ástandið. Hugsanlega er hægt að bæta úr þessu með því að hafa uppi athugasemdalista og/eða vera með skipulegt eftirlit, sem framkvæmt væri af áhöfn, með búnaði og vinnusvæðum til að tryggja að ástandið sé þekkt og skráð.

Mögulegt er að notaðir séu staðlaðir athugasemdalistar sem sendir væru til ákveðins trúnaðaraðila og mundi hann safna og miðla upplýsingum.

Öryggisfulltrúar.

Koma þarf á öryggistrúnaðarmannakerfi fyrir áhafnir skipa sambærilegu og til er fyrir fyrirtæki í landi.

Öryggisfulltrúar útgerðar og áhafnar væru skipaðir í stærri skipum og stuðla þyrfti að því að þeir séu virkir. Skilgreina þarf verk- og valdsvið öryggisfulltrúa og útbúa þarf fræðslu- og leiðbeiningarefni fyrir störf þeirra. Einnig þarf að kanna hvort hægt sé að bjóða upp á sérstök námskeið fyrir þessa hópa. Hægt væri að setja upp slíkt kerfi til reynslu í ákveðnum flokki skipa til að byrja með.

Greining áhættu á vinnusvæðum.

Útgerðarmenn og skipverjar eiga að leggja áherslu á að skoða öll vinnuferli um borð í skipum sínum og greina áhættuþætti í starfsumhverfinu og finna aðferðir til að minnka áhættuna þar sem hægt er með tæknilegum úrbótum en annars með umræðum sem miða að því að gera skipverja meðvitaða um hætturnar.

Aðbúnaður um borð.

Aðbúnaður áhafnar í vistarverum skipa er misjafn og fer hann mikið til eftir aldri skips. Í hönnun nýrri skipa er meira áhersla lögð á góðan aðbúnað heldur en gert var áður. Erfitt getur verið að gera miklar kröfur um breytingar í eldri skipum en miða þarf við að skilgreindar lágmarkskröfur séu uppfylltar.

Loftræstingar fyrir vistarverur skulu vera vel hannaðar með það að leiðarljósi að koma í veg fyrir að útblástur frá vélarúmi eða agnir frá togvinduhemlum sogist inn í loftræstikerfin. Loftræstikerfum skal vera vel viðhaldið og þau hreinsuð reglulega.

Leggja þarf áherslu á skilvirkara eftirlit með þeim þáttum sem snúa að aðbúnaði í skipum, svo sem loftræstingu, hávaða og titringi. Setja þyrfti kröfu um reglubundnar hreinsanir á loftræstikerfum.

Annað.

Haffærisskírteini.

Nefnd þingmanna kom með þá tillögu árið 1998 að: „Í matsal hvers skips skuli koma fyrir haffærisskírteini ásamt athugasemdum ef einhverjar eru. Skal skírteinið vera á áberandi stað sem áhöfn hefur greiðan aðgang að.“

Einnig hefur komið fram hugmynd um að setja ætti á haffærisskírteini allar undanþágur sem viðkomandi skipi hefur verið veitt frá gildandi reglum. Vegna eigin öryggis eiga sjómenn rétt á góðu aðgengi að þessum upplýsingum.

Það er forgangsverkefni að upplýsingar um ástand skipa, stöðugleika, athugasemdir skipaskoðunarmanna og réttindamál áhafna verði mun aðgengilegri en nú er og jafnvel að hægt verði að skoða þær á netinu.

Skipsdagbók.

Skipsdagbækur eru mikilvægar heimildir fyrir aðdraganda slysa og óhappa.

Leggja þarf áherslu á að skráning í allar skipsbækur sé samkvæmt lögum þar að lútandi.

Vaktafyrirkomulag.

Varpað hefur verið fram þeirri spurningu hvort ástæða sé til að skoða vaktafyrirkomulag á skipum með tilliti til öryggissjónarmiða og þá sérstaklega vaktir skipstjórnarmanna. Hugsanlega gæti verið að önnur skipting vakta en í 6/6 eða 12/12 tíma henti betur til að tryggja fullnægjandi hvíld og þar með aukna árvekni við störfin. Í flugi eru t.d. strangar reglur um lengd flugs og hvíldartíma flugmanna.

Fiskiskip styttri en 15 metrar.

Skip og búnaður.

Kröfur í reglum um búnað báta eru aðallega tengdar stærð báta, lengdum, hvenær róið er og hversu langt er siglt frá landsteinum. Í ljósi þess að bátar geta lent í vandræðum eða farist hvar og hvenær sem er ætti að miða kröfur við fleiri þætti sem tengjast rekstri báts, t.d. að

gera auknar kröfur til báta sem eru í atvinnurekstri og sérstaklega þar sem launþegar eru um borð. Sem dæmi um slíkar reglur er hægt að nefna:

- Allir bátar, einnig þeir sem eingöngu róa á sumrin, skulu hafa gúmmíbjörgunarbát um borð ef þeir eru notaðir í atvinnurekstri eða þeim er siglt ákveðna vegalengd frá landi.
- Færanleg VHF-neyðarhandstöð skal vera í öllum bátum sem eru notaðir í atvinnurekstri.
- Sjókort, a.m.k. af hafsvæðum og innsiglingum þar sem viðkomandi bátar venja komu sína, skulu vera til um borð í öllum bátum sem eru í atvinnurekstri.

Vekja þarf athygli smábátasjómanna á ýmsum búnaði sem þeir geta haft í bátum sínum til að bæta öryggi:

- GPS-staðsetningartæki og ratsjá.
- Bárufleyg er hægt að nota þegar vont er í sjóinn til að draga úr brotum.
- Yfirbreiðsla sem hægt er að strengja yfir opna báta í ágjöf.

Stöðugleiki.

Í skýrslu Siglingastofnunar um stöðugleika íslenskra fiskiskipa sem gefin var út í febrúar 1997 eru tillögur til úrbóta í stöðugleikamálum báta sem eru styttri en 15 metrar:

- „Í reglum um stöðugleika báta með mestu lengd allt að 15 metrum er ekki gerð krafa um að stöðugleikagögn séu um borð. Aðstæður í þessum bátum eru um margt frábrugðnar aðstæðum í stærri skipum. Siglingastofnun leggur því til að útbúið verði sérstakt spjald með leiðbeiningum um hleðslu, á svipaðan hátt og Norðmenn hafa gert í smábátum, og það hengt upp á áberandi stað í stýrishúsi. Siglingastofnun leggur til að sett verði ákvæði í reglur um þetta."
- „Í reglum um stöðugleika fiskibáta með mestu lengd allt að 15 metrum er kveðið á um að stöðugleika opinna báta skuli kanna annaðhvort með hallaprófun eða veltiprófun. Siglingastofnun leggur til að þessu ákvæði verði breytt þannig að skýrar verði kveðið á um hallaprófun opinna báta."
- „Mjög litlar upplýsingar eru til um stöðugleika opinna báta. Siglingastofnun leggur til að hugað verði að sérstöku átaki til þess að kanna stöðugleika opinna báta."

Fylgja þarf eftir að sett séu hleðslumerki á alla báta með mestu lengd allt að 15 m.

Vinnuöryggi.

Viss hætta er alltaf við línuveiðar, sérstaklega línulögn, og þarf að athuga hvernig hægt er að breyta hefðbundnum útbúnaði til að auka öryggi. Eindregið er mælt með að menn noti öryggisslá eða lokaða rennu á línuveiðum.

Þegar menn róa einir ættu þeir að huga sérstaklega að búnaði til að tryggja betur öryggi sitt við störfin, t.d. að nota öryggis- eða líflínu. Taka ætti til skoðunar að líflínur verði hluti af skyldubúnaði hvers báts.

Annað.

Ofhleðsla er talin vera eitt alvarlegasta vandamál á smábátum. Telja má að flestir sjómenn séu meðvitaðir um þessi mál en ýmsar ástæður liggja að baki því að menn tefla stundum á tæpasta vaðið. Athugandi er að reyna að hafa áhrif á hvernig bátar eru hlaðnir og hvernig gengið er frá körum og afla með því að minna menn reglulega á þessi atriði með áróðri og fræðslu um hættur samfara ofhleðslu.

Hægt væri að hvetja smábátasjómenn til dáða í öryggismálunum með því að veita þeim sem standa sig vel viðurkenningu svipað og er gert í stærri fiskiskipum.

Fiskiskip 15 metrar og lengri.

Skip og búnaður.

Inndráttarlúgur.

Á yfirbyggðum línu- og netabátum verða inndráttarlúgur að vera þannig útbúnar að hægt sé að loka þeim með neyðarrofa úr brúnni.

Kælimiðlar.

Vegna hættu samfara notkun ammoníakkerfa í frystiskipum er mikilvægt að kröfur til öryggis þeirra séu miklar.

Vinnuöryggi í fiskiskipum sem eru 15 metrar og lengri.

Reglur nr. 414/1995 gilda um vinnuöryggi í fiskiskipum 15 metrar og lengri. Þessar reglur eru einfaldar og skýrar.

Einnig eru til umfangsmeiri reglugerðir:

- Reglugerð nr. 785/1998, sem tók gildi fyrir ný skip þann 15. desember 1999 og tekur gildi fyrir gömul skip 23. nóvember 2002, um lágmarkskröfur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu við vinnu um borð í skipum.
- Reglugerð nr. 786/1998, sem tók gildi 14. desember 1998, um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum.

Í reglugerð nr. 785/1998 eru tiltekin ýmis atriði sem í raun eru mörg hver til í öðrum gildandi reglum, en í reglugerð nr. 786/1998 eru atriði sem teljast mega nýmæli í öryggismálum íslenskra sjómanna, svo sem tilnefning öryggis- og heilbrigðisfulltrúa starfsmanna, forvarnir gegn áhættu, hættumat, fræðsla um vinnuaðstöðu og heimild háseta til þátttöku í umræðum um öryggi og hollustu um borð í skipi sínu. Gera þarf sérstakt átak til að kynna þessar nýju reglur.

Athugandi er að fara vel í gegnum allar reglur um öryggi og hollustuhætti í skipum og setja þær fram á einum stað. Setja þyrfti skýrar reglur um allan öryggis- og hlífðarbúnað sem gæti minnkað líkur á slysum og jafnframt krefjast þess að skipverjar noti búnaðinn. Ástæða er til að fylgja því vel eftir að unnið sé samkvæmt þeim reglum sem eru í gildi um vinnuöryggi almennt um borð í skipum.

Öryggisráðstafanir almennt í fiskiskipum.

Meira en fjórðungur skráðra slysa á sjómönnum verða þegar menn renna til, hrasa og falla. Full þörf er á að reyna að fækka þessum slysum eins og hægt er. Einn liður í því gæti verið átak í hálkuvörnum í skipum, á landgöngum og bryggjum.

Æskilegt væri að skilgreina skóbúnað sjómanna sem öryggisbúnað og gera kröfu um að eingöngu viðurkenndur skóbúnaður sé notaður um borð í skipum.

Öryggisráðstafanir í lestum.

Slys eru oft rakin til ófullnægjandi frágangs á körum í lestum skipa. Nauðsynlegt er að setja skýr ákvæði um vinnuaðstöðu í lestum.

Æskilegt er að stærð og form fiskikara sem notuð eru í skipum séu stöðluð.

Fjölmörg slys verða vegna þess að ekki er gengið nægilega vel frá stigum eða ekki notaðir sérútbúnir stigar sem sniðnir eru að aðstæðum. Benda má á að það á að vera hægt að fara niður í lestar á öruggan hátt samkvæmt reglum um öryggi í fiskiskipum.

Eðlilegt er að notaðar séu t.d. lyftur, rennur eða færibönd við að koma frystum afurðum í lestar. Bæta má vinnuaðstæður í frystilestum með því að nota færibönd við flutning á kössum eða pokum.

Ýmsar öryggisráðstafanir.

Í sérhverju skipi þyrfti að gera áhættugreiningu og finna leiðir til að minnka áhættuna. Ýmis atriði er hægt að telja upp sem hægt væri að gera til að bæta öryggi við störf í fiskiskipum, þó er ekki alltaf ástæða til að setja slíkt inn í reglur.

Ákvæði um öryggislokur í plötufrystum á heima í reglum um vinnuöryggi á fiskiskipum.

Í reglum um vinnuöryggi á fiskiskipum þarf að kveða á um vinnufyrirkomulag við toghlera. Mörg alvarleg slys hafa orðið þegar verið er að vinna við hlerana og því ástæða til að skoða þetta atriði sérstaklega. Bæta má öryggi manna við þessi störf með því að hanna vinnuaðstæður betur og gera kröfu um að fyrirkomulag sé þannig að litlar líkur séu á að hlerar geti slegist í menn sem vinna við þá.

Þróun öryggisbúnaðar í fiskiskipum.

Æskilegt er að hannaðir séu landgangar eða annar búnaður sem auðveldar mönnum að komast slysalaust að og frá borði tvíþilja fiskiskipa þar sem flóð og fjara ráða því hvort borðstokkur skipsins er fyrir ofan eða neðan bryggju.

Rannsóknir Siglingastofnunar á hreyfistöðugleika skipa í samvinnu við innlendar verkfræðistofur og erlenda aðila hafa leitt til einfaldari útfærslu á stöðugleikagögnum fyrir fiskiskip og þróuð hafa verið tengsl milli hreyfistöðugleika skipa og áhættumats á brotöldum sem fyrir liggur í upplýsingakerfi stofnunarinnar. Í dag eru til forrit til notkunar um borð í fiskiskipum til að reikna hleðslu og stöðugleika og einnig er hægt að mæla í samfellu stöðugleika skipsins með RT-stöðugleikavakt sem þegar er í notkun í nokkrum skipum í dag. Til að gera vinnu um borð í fiskiskipum öruggari er grundvallaratriði að draga úr veltingi eins og hægt er. Þetta er gert m.a. með andveltigeymi og í þróun er búnaður til að hámarka nýtingu andveltigeyma með samhæfingu við áðurnefnt stöðugleikaforrit og stöðugleikamæli. Meginmarkmiðið er að gera stöðugleikagögn fiskiskipa aðgengileg og notendavæn þannig að upplýsingar um stöðugleika skipsins liggi ljósar fyrir stjórnanda skipsins á hverjum tíma.

Flutningaskip.

Vinnuöryggi.

Setja þarf reglur sem tryggja skipverjum örugga vinnuaðstöðu við gáma og gámastæður um borð í skipum.

Undirstrikuð er nauðsyn þess að kranamenn á gámaskipum fari á sambærileg námskeið og kranamenn í landi og að sömu reglur gildi um borð í skipum og í landi með tilliti til réttinda og skilyrða til að hífa með gámakrönum.

Farþegaskip.

Neyðarráðstafanir.

Áhættumat.

Tíðar siglingar skemmtiferðaskipa við landið um sumarmánuði krefjast aukinna öryggisráðstafana, svo sem kortlagningar hættulegra siglingaleiða, banns við siglingu þeirra á ákveðnum leiðum, t.d. þar sem hætta er á árekstrum vegna mikillar umferðar fiskiskipa. Áhættumat þyrfti að gera fyrir þessi skip og viðeigandi áætlanir um neyðarráðstafanir. Sama ætti að gilda fyrir ferjur og skip á skemmtisiglingu eða í skoðunarferðum með farþega.

Úrbótatillögur vinnuhóps.

Taka má undir tillögur vinnuhóps starfsmanna Siglingastofnunar og Slysavarnaskóla sjómanna sem gaf út skýrslu í febrúar 2000 um úttekt á öryggismálum í skipum með leyfi til farþegaflutnings.

Álit skýrsluhöfunda var að skoða mætti ástandsmál skipa með leyfi til farþegaflutnings út frá sex þáttum:

1. Aukið eftirlit með skipi og búnaði, t.d. tvisvar sinnum á ári.
2. Að búnaður skips og fjöldi í áhöfn verði skoðaður.
3. Unnið verði markvisst að eflingu sjálfshjálpar meðal farþega.
4. Að komið verði á gæðastaðli yfir öll skip sem rekin eru í þeim tilgangi að flytja farþega milli staða eða í skoðunarferðum.
5. Að á öllum skipum sem flytja farþega séu haldnar æfingar með farþegum einu sinni til tvisvar á sumri.
6. Að neyðaráætlunum og öryggisplani sé viðhaldið og að neyðaráætlun sé stöðugt uppfærð miðað við áhöfn hverju sinni.

Ýmsar tillögur.

- Námskeið í stjórnun farþega á neyðarstundu.
- Lýsandi merkingar við útgönguleiðir.
- Fjórblöðungur um öryggismál viðkomandi skips.

Áhafnamál.

Menntunarkröfur og þjálfun.

Endurskoðun námskrár.

Námskrár fyrir skipstjórnar- og vélstjórnarmenntun eru nú til gagngerrar endurskoðunar á vegum starfsgreinaráðs um sjávarútvegsgreinar.

Lagt er til að Siglingastofnun komi virkari að þeirri vinnu og að lögð verði áhersla á að samræma alla menntun, þjálfun og endurmenntun og að tekið verði mið af alþjóðlegum kröfum, sbr. STCW og STCW–F. Lögð er áhersla á að kjarnaskólar í þessum greinum hafi yfirumsjón með öllu skipulögðu námi, þjálfun og endurmenntun sjómanna. Þetta er nauðsynlegt til þess að nám, þjálfun og endurmenntun skili viðkomandi einstaklingi sem mestu, bæði í sjómannsstarfinu og í mati á náminu/þekkingunni innan almenna skólakerfisins og til annarra starfa í þjóðfélaginu.

Fræðsla um stöðugleika.

Í Stýrimannaskólanum í Reykjavík er boðið upp á sjálfstætt námskeið í stöðugleika smábáta en þörf er á að slík námskeið séu haldin í sem flestum sjávarplássum til að auka líkur á að sem flestir smábátasjómenn nýti sér slík námskeið.

Athugandi er að kennsla í stöðugleika smábáta sé verkleg. Það verði gert með þeim hætti að fenginn verði smábátur sem breytt yrði í skólaskip. Um borð í honum verði komið fyrir búnaði sem geti á einfaldan hátt sýnt mönnum hvernig ofhleðslan hvolfir bátnum eða sekkur honum.

Öryggisfræðsla.

Í ljósi þess hve fræðsla og þjálfun skiptir miklu í öryggismálum er lagt til að setja það skilyrði fyrir lögskráningu að skipverjar sæki öryggisfræðslunámskeið eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.

Setja á kröfu um þjálfun í notkun léttbáta. Einnig þurfa yfirmenn sérstaka þjálfun og gera á kröfu um að þeir fari á námskeið í öryggisstjórnun.

Krana- og vindunámskeið.

Koma þarf á sérstakri þjálfun þeirra sem stjórna krönum og vindum þar sem orsakir slysa eru oft raktar til mistaka við hífingar. Krefjast skal sérstakra réttinda til þeirra manna sem sjá um stjórnbúnað krana eða vinda. Í menntun sjómanna þarf að auka vægi þessa þáttar.

Námskeið í verkstjórn og öryggisstjórnun.

Nefnd þingmanna mat stöðuna þannig árið 1998 að allir sem afla sér menntunar í skipstjórnar- eða vélfræðum skuli fá markvissa kennslu í verkstjórn og vinnuhagræðingu og í skýrslugerð vegna tilkynningar um slys. Undir verkstjórnarþáttinn taka margir aðilar, svo sem rannsóknarnefnd sjóslysa sem telur að verkstjórn sé víða ábótavant og þörf sé á að fræða yfirmenn í skipum um þessi mál. Eðlilegt er að sjómannaskólunum sé falið að skipuleggja endurmenntunarnámskeið yfirmanna í þessum fræðum.

Starfsþjálfun.

Það er mikilvægt að aðilar sem koma að málefnum sjómanna styðji við alla sjómannamenntun í landinu. Aðstaða til kennslu og þjálfunar þarf að vera góð og stuðla á að því að tækjabúnaður til kennslu sé eins og best gerist meðal annarra þjóða í kringum okkur. Verknám er mikilvægt til að þjálfa nemendur í siglingu, veiðum, hífingum og að sigla skipi að og frá bryggju. Þessi atriði skulu vera hluti af starfsþjálfun stýrimannsefna.

Fræðsluefni og aðferðir.

Myndbönd, bækur og fjarnám.

Þörf er á að gefið sé út vandað fræðsluefni, svo sem myndbönd, handbækur, hefti og leiðbeiningarspjöld, til viðbótar við það nothæfa efni sem til er í dag. Jafnframt er lagt til að fjarnám verði eflt og það notað í eins miklum mæli og kostur er. Fræðsluefnið getur verið margvíslegt en leggja á áherslu á forvarnir gegn slysum, rétt vinnubrögð og neyðaraðgerðir, t.d. um nýliðafræðslu, mikilvægi öryggis- og hlífðarbúnaðar, þjálfun og æfingar, eldvarnir, skyndihjálp, notkun björgunarbúnaðar o.s.frv. Myndbanki sjómanna verði efldur og gæti hann í samstarfi við skólana séð um gerð og útgáfu fræðsluefnis, hvort sem það er á myndböndum eða í bókarformi.

Kynningarherferðir.

Reglulega verði gert kynningarátak um öryggismál sjómanna, svo sem með áróðri í fjölmiðlum og umræðufundum vítt og breitt um landið. Herferðirnar gætu t.d. verið um stöðugleika, hættuleg efni sem notuð eru um borð, brotþol víra og tóga, vinnuvernd, mengunarmál, öryggismál o.s.frv.

Aðstæður í og við land.

Sjómerki, vitar, leiðarmerki og dufl.

Ástand þessara mála virðist almennt vera vel viðunandi. Þegar sjófarendur verða varir við siglingahættu, t.d. að sjómerki séu ófullkomin eða virka ekki, ber þeim að tilkynna það þeim aðilum/stofnunum sem bera ábyrgð á viðkomandi þætti, svo sem Siglingastofnun og hafnarstjórum. Virkja ber sjófarendur í að benda á það sem betur má fara víðs vegar við landið.

Innsiglingar og leiðsögn skipa.

Innsiglingar inn á hafnir landsins eru misjafnlega öruggar eftir stöðum og eðlilega breytist öryggi þeirra eftir skyggni, veðri, vindi, sjólagi og flóðhæð. Einnig skiptir þekking skipstjórnarmanna á aðstæðum mjög miklu máli varðandi öryggið þegar siglt er úr og í höfn.

Skipstjórnendur þurfa að hafa aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um aðstæður í innsiglingu á svipaðan hátt og stjórnendur flugvéla fá upplýsingar um veður og aðstæður í aðflugi.

Til að tryggja sem mest öryggi þarf að vera í boði leiðsögn skipa hvenær sem er allan sólarhringinn og sérstaklega í þeim höfnum þar sem algengt er að ókunnugir skipstjórnarmenn komi.

Vandamál hafa komið upp varðandi leiðsögn hér við land og hér er ítrekuð nauðsyn þess að hafnsögumenn hafi þá þekkingu sem nauðsynleg er til að annast leiðsögn skipa. Vakin er athygli á samþykkt IMO hvað varðar staðlað orðaval við leiðsögn skipa.

Æskilegt er leiðsögu-/hafnsögumenn sæki sérstök námskeið og fái viðeigandi starfsþjálfun.

Öryggi í höfnum.

Aldur og ástand hafnarmannvirkja er mjög mismunandi milli sjávarplássa og hefur það eðlilega áhrif á öryggi einstakra hafna. Stærri framkvæmdir í höfnum miðast við það fjármagn sem er til ráðstöfunar hverju sinni.

Víða í höfnum er öryggismálum verulega ábótavant og viðhaldi öryggisatriða oft ekki sinnt, svo sem viðhaldi á löndunarkrönum, stigum, björgunarhringjum, krókstjökum og merkingum. Reglur nr. 247/2000, um slysavarnir í höfnum, verða hugsanlega til þess að ástandið komist í betra horf. Nauðsynlegt er að á vegum Siglingastofnunar sé virkt eftirlit með því að farið sé eftir þessum reglum og að hafnaryfirvöld vinni eftir samræmdu og viðurkenndu öryggisstjórnunarkerfi.

Slys og jafnvel mannslát hafa orðið vegna lélegs frágangs við landganga. Hafa þyrfti eftirlit með ástandi og frágangi landganga og gætu hafnarstarfsmenn tekið að hluta þátt í úrbótum þessara mála.

Flotbryggjur eru miklar framfarir fyrir smábátasjómenn og þyrftu þær að vera sem víðast, en í þeim höfnum þar sem ekki eru í boði flotbryggjur verður að viðhalda góðu ástandi stiga. Það er gagnrýni vert þegar afrennsli af bryggjum er leitt í eða við bryggjustiga. Í frosti safnast klaki á stigana þannig að hættulegt getur verið að nota þá.

Góðir löndunarkranar í höfnum eru mikilvægir fyrir öryggi smábátasjómanna. Bæta þarf eftirlit og viðhald þeirra í mörgum höfnum. Einnig þarf að gera kröfu um að bryggjustigi sé við löndunarkrana.

Umhverfismál/mengunarvarnir.

Hollustuvernd ríkisins hefur haft umsjón með vörnum gegn mengun sjávar frá árinu 1995. Starfsemin felst í yfirumsjón með framkvæmd laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, og reglugerða þar að lútandi.

Í gildi eru reglur um meðhöndlun og skráningu sorps sem til fellur um borð í skipum. Losun sorps í sjó er óæskileg og í mörgum tilfellum bönnuð samkvæmt reglunum. Þrátt fyrir fyrirmæli í reglunum um móttöku sorps í landi er engin aðstaða eða aðili í mörgum höfnum sem fylgist með og kvittar fyrir að rétt sé staðið að málum. Tilgangurinn með flokkun sorps í skipum missir marks þegar eingöngu einn ruslagámur er fyrir móttöku þess í mörgum höfnum.

Þann 12. febrúar 1998 var skipuð nefnd til að móta reglur um tilkynningarskyldu og afmörkun siglingaleiða olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning inn í íslenska efnahagslögsögu. Reglurnar skulu innihalda heimildir til tafarlausrar stöðvunar ef vart verður mengunar. Reglurnar eiga einnig að ná til olíuskipa í innanlandssiglingum. Mikilvægt er að taka sem fyrst ákvörðun um siglingaleiðirnar til að minnka líkur á mengunarslysi.

Annað.

Sjómælingar.

Þörf er á að kortleggja margar siglingaleiðir við Ísland og nauðsynlegt er að endurnýja úrelt kort og gefa þau út. Sum sjókort eru byggð á 100 ára gömlum handlóðsmælingum og hafa í nýjum mælingum komið fram verulegar skekkjur á þeim.

Upplýsingar og samskipti milli skips og lands.

Fjarskipti.

Neyðar- og öryggiskerfi.

Hinn 20. janúar 2000 tók gildi ný reglugerð um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa þar sem leitast er við að uppfylla skilyrði samþykktar um alþjóðlegt neyðar- og öryggiskerfi fyrir sjófarendur (GMDSS). Þar er einnig að finna ákvæði um sjálfvirka tilkynningarskyldu (STK). Til að uppfylla fullkomlega samþykktina um GMDSS og auka öryggi erlendra skipa á siglingu hér við land þyrfti að setja upp DSC-þjónustu á metrabylgju umhverfis Ísland.

Símasamband.

Æskilegt er að farsímasamband skipa sé sem best og sem oftast sé mögulegt að vera í símasambandi við land þó siglt sé langt á haf út. Víða nærri landi er farsímasamband mjög lélegt og þarf að gera úrbætur á þeim svæðum þar sem það er mest aðkallandi með tilliti til öryggis sjófarenda.

Neyðarnúmer sjómanna.

Smábátasjómenn eru farnir að nota í auknum mæli farsíma til að láta vita ef einhver hætta steðjar að. Bandaríska strandgæslan hefur t.d. sett upp sérstakt neyðarnúmer sem ætlað er sjófarendum og svarar strandgæslan sjálf þeim útköllum. Athuga þyrfti hér á landi hvort skilgreina eigi símanúmerið 112 á þann hátt að sú neyðarsímsvörun gæti tekið við neyðarhringingum frá sjómönnum.

Veður og sjólag.

Upplýsingakerfi Siglingastofnunar.

Siglingastofnun Íslands starfrækir upplýsingakerfi fyrir sjófarendur um veður og sjólag við landið eins og það er á hverjum tíma. Auk þess er hægt að fá spá um ölduhæð og veður næstu daga, sjávarföll og sjávarfallastrauma og áhlaðanda. Á grundvelli ölduspár og áhættumats er spáð fyrir um brotöldu sem er háð sjólagi en byggist einnig á tíðni slysa og ásættanlegri áhættu. Með hliðsjón af stöðugleikagögnum getur stjórnandi skipsins metið hættu á alvarlegum áföllum fyrir skipið.

Hægt er að nálgast upplýsingarnar um veður og sjólag með því að hringja í símsvara eða sækja þær á heimasíðu stofnunarinnar. Þetta upplýsingakerfi er mjög til hagsbóta fyrir sjómenn og sérstaklega fyrir smábáta. Það er mjög þarft verk sem unnið hefur verið við þróun þessa kerfis og stuðla á að því að efla þessa starfsemi enn frekar.

Aðgangur að myndrænni framsetningu upplýsinga þarf að vera sem bestur og gæti textavarp sjónvarpsins verið einn möguleiki í dreifingu upplýsinga um veður og sjólag við Ísland. Einnig þyrfti að fylgjast vel með þróun farsíma með tilliti til dreifingar upplýsinga, svo sem nettengingar með WAP-tækni.

Mikilvægt er að aðgangur og framsetning upplýsinga á netinu sé miðuð við þau takmörk sem eru á gagnaflutningi farsíma og mótalda í skipum. Vinna þarf markvisst að því að finna leiðir til að minnka allan kostnað við notkun netsins við miðlun upplýsinga til skipa, svo sem vegna fjarnáms sjómanna.

Veðurstöðvar og skeytasendingar.

Æskilegt er að Siglingastofnun og Veðurstofa Íslands setji upp veðurstöðvar sem víðast við land og forgangsraði þeim verkefnum eftir óskum sjófarenda.

Mikilvægt er að úrbætur séu gerðar á skilyrðum fyrir NAVTEX-sendingar norður og austur af landinu.

Tilkynningarskylda.

Sjálfvirk tilkynningarskylda (STK) var formlega tekin í notkun 3. maí 2000 og til öryggis verður gömlu skyldunni viðhaldið tímabundið samhliða sjálfvirka kerfinu. Kerfið er eingöngu sett upp með öryggi sjómanna í huga.

Annað.

Heimasíða um öryggismál fyrir sjómenn.

Í vaxandi mæli er netið notað til margra verka og því er mikilvægt að nýta það í þágu öryggismála. Koma ætti upp sjálfstæðri heimasíðu um öryggismál sjómanna. Á slíkri síðu yrði hægt að skoða lög og reglur, væntanlegar breytingar, nýjungar og fleira. Öll eyðublöð sem áhafnir skipa þurfa að hafa aðgang að ættu að vera aðgengileg á netinu. Þar ætti að vera hægt að fylla út eyðublaðið um slys á sjó og tilkynningar um slys, óhöpp og næstum því slys.

Lögskráning skipverja.

Lög um lögskráningu sjómanna á skip kveða á um að skylt sé að lögskrá alla skipverja sem ráðnir eru til starfa á íslenskum skipum sem eru 12 rúmlestir eða stærri. Verið er að hanna nýtt lögskráningarkerfi fyrir sjómenn sem tekið verður í notkun vorið 2001.

Söfnun og miðlun upplýsinga.

Þörf er á að útbúa og hafa um borð í öllum skipum sérstakt eyðublað þar sem mögulegt er að setja inn athugasemdir um hvaða atriði sem er varðandi öryggismál sjófarenda og væri sérstakur trúnaðaraðili, t.d. hjá Siglingastofnun, sem tæki á móti þessum blöðum, skoðaði málin og fylgdi þeim eftir. Hægt væri að láta slíkt eyðublað fylgja haffærisskírteini.

Siglingamálayfirvöld í Noregi hafa tekið upp nýtt skráningarkerfi sem á að vera skráning atvika þar sem litlu munaði að slys hefði orðið og byggist það á því að menn láti í té upplýsingar af fúsum og frjálsum vilja í þeim tilgangi að auka öryggi og eru tilkynningar nafnlausar. Nefnd fer síðan yfir tilkynningarnar og tekur afstöðu um hvort senda eigi almennar viðvaranir til útgerða og áhafna skipa. Slíkt ætti tvímælalaust að taka upp hérlendis.

Íslenskt sjónvarp um gervitungl.

Skoða ber af mikilli alvöru þá miðlunarleið að senda út íslenska sjónvarps- og útvarpsdagskrá sem sjómenn á hafi úti geta nýtt sér um gervitungl. Þannig væri hægt að hraða öllu upplýsingastreymi til þeirra.

Eftirlit með skipum.

Siglingastofnun.

Gæðakerfi.

Ósamræmi verður alltaf í skoðunum og eftirliti þar sem fleiri einstaklingar koma að máli. Ósamræmið er hægt að minnka með skýrum verklagsreglum fyrir skoðunarmenn og virku eftirliti með því að þær séu virtar.

Á vegum Siglingastofnunar er unnið að því að koma upp gæðastjórnunarkerfi fyrir skipaskoðun sem miðar að samræmdu og einsleitu eftirliti með skipum. Fyrir eftirlit með smábátum er gæðakerfið fullhannað.

Mikilvægt er að þessari vinnu verði haldið áfram þar til gæðastjórnunarkerfið nær yfir skoðanir á öllum stærðum skipa. Þetta er forgangsverkefni hjá Siglingastofnun og mikilvægt að vel takist til.

Skyndiskoðanir.

Skipuleggja þarf fyrirkomulag skyndiskoðana í íslenskum skipum. Ljóst er að þörf er á meira aðhaldi frá eftirlitsaðilum til að tryggja að skipum og búnaði þeirra sé viðhaldið eins og lög gera ráð fyrir, ásamt því að fræðsla og þjálfun áhafna sé í samræmi við kröfur.

Hafnarríkiseftirlit er með erlendum skipum sem koma hingað til lands og hægt væri að nota sambærilegt verklag við skyndiskoðanir íslenskra skipa.

Landhelgisgæsla.

Í samráði við Siglingastofnun framkvæmir Landhelgisgæslan skyndiskoðanir í skipum sem eru á sjó, svo sem með öryggisbúnaði, lögskráningu sjómanna o.fl. Stuðla skal að því að samstarf Siglingastofnunar og Landhelgisgæslu sé eflt og nái yfir sem flest svið.

Póst- og fjarskiptastofnun.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með fjarskiptabúnaði í skipum og ber að efla samstarf hennar og fyrrnefndra aðila til að auka skilvirkni og hagkvæmni í eftirliti með búnaði skipa.

Flokkunarfélög.

Flokkunarfélög sem starfa hér á landi eru samþykkt af stjórnvöldum. Þau munu í framtíðinni taka meiri þátt í eftirliti með skipum og búnaði þeirra. Því þarf að vera virkt opinbert eftirlit með starfsemi þeirra.

Aðrir aðilar.

Útgerðir og áhafnir.

Í álitsgerð sjóslysanefndar frá árinu 1965 segir: „Eftirlit af hálfu hins opinbera getur aldrei leyst útgerð og skipstjórnarmenn undan þeirri skyldu að halda skipi og búnaði þess í fullkomnu lagi.“

Hægt er að segja að þróunin sé í þá átt að fyrirtæki vinni eftir gæðastaðli varðandi öryggi skipa og báta. Öryggisstjórnunarkerfi byggð á alþjóðlegum staðli (ISM-code) eru dæmi um þetta og vinna útgerðir kaupskipa jöfnum höndum að innleiða í skipum sínum öryggisstjórnunarkerfi sem byggist á staðlinum. Ákvörðun um að krefjast þess að kaupskipaútgerðir tækju upp öryggisstjórnunarkerfi var tekin á alþjóðavettvangi. Þörfin fyrir slík kerfi þótti brýn þrátt fyrir eftirlit opinberra stofnana og flokkunarfélaga víða um heim. Ástæðan er fyrst og fremst sú að það þarf stöðugt eftirlit með öryggisþáttum í öllum skipum og það er ekki framkvæm-

anlegt nema af áhöfnunum sjálfum. Til að tryggja að innra eftirlit sé virkt þarf utanaðkomandi aðhald, svo sem árlegar úttektir og skyndiskoðanir.

Full ástæða er til að huga að sambærilegum leiðum varðandi öryggismál í fiskiskipum, þ.e. að taka upp öryggisstjórnunarkerfi í þeim.

Öryggisstjórnunarkerfi í fiskiskipum.

Hvetja þarf til þess að öryggisstjórnunarkerfi verði tekin upp í öllum íslenskum fiskiskipum. Reynsla kaupskipaútgerða sýnir að þessi kerfi eru til mikilla bóta í öryggismálum og hafa jákvæð áhrif á viðhorf áhafna til þeirra. Öryggisstjórnunarkerfi innihaldi skipulega fræðslu og þjálfun áhafnar í öryggisatriðum. Kerfið innihaldi formlegt innra eftirlit og skráningu áhafnar á ástandi mikilvægra öryggisatriða, auk reglna um úrbætur þegar atriði eru talin vera óviðunandi. Siglingastofnun viðurkenni þau öryggisstjórnunarkerfi sem unnið verður eftir.

Heilbrigðisþjónusta við sjómenn.

Heilbrigðisfræðsla.

Leggja þarf áherslu á að skipstjórnarmenn afli sér nauðsynlegrar endurmenntunar í heilbrigðisfræðum eða a.m.k. þeirrar sem krafist er í reglugerð nr. 365/1998, um heilbrigðisþjónustu, lyf og læknisáhöld um borð í íslenskum skipum.

Læknisskoðun.

Kostnaður við fyrirbyggjandi heilsufarsþjónustu við sjómenn er lítill miðað við þann kostnað sem getur orðið þegar koma þarf veikum sjómanni frá skipi á hafi úti undir læknishendur.

Gera þarf áætlanir um fyrirbyggjandi aðgerðir í heilbrigðismálum sjómanna. Einn liður í því gæti verið að útbúa leiðbeiningar fyrir útileguskip sem innihalda upptalningu á þeim atriðum sem þarf að skoða fyrir langa útiveru, t.d. almenn læknisskoðun, persónuleg lyf, tannlæknir, andlegt ástand, o.s.frv.

Lyfjakista.

Lyfjakistur í skipum eru komnar í viðunandi horf í dag en eðlilega þarf að endurskoða þær reglulega með tilliti til þarfa sjómanna á hverjum tíma og þegar ný lyf eða lækningaáhöld koma á markað.

Fjarlækningar.

Óskir eru meðal skipstjórnarmanna um betri/greinilegri upplýsingar frá fjarlækningaþjónustunni og að til viðbótar upplýsingum sem gefnar eru í síma um meðhöndlun sjúklings séu sendar skriflegar leiðbeiningar með faxi.

Ef ætlunin er að færa heilbrigðisþjónustu við sjómenn sem eru á hafi úti nær gæðum þeirrar þjónustu sem er í landi þarf að auka menntun skipstjórnarmanna til muna í heilbrigðisfræðum, greiningu sjúkdóma og meðhöndlun þeirra. Annar valkostur er að nýta þá tækni sem möguleg er í dag og er einna næst að benda á þann fjarlækningabúnað sem verið er að þróa hér á landi.

Sjóslys.

Skipulag björgunarmála.

Landhelgisgæslan fer með ábyrgð á leitar- og björgunarþjónustu við sjófarendur á hafsvæðinu umhverfis Ísland og hefur samvinnu við erlenda og innlenda aðila sem koma að björgunarmálum, svo sem Slysavarnafélagið Landsbjörg, flugstjórnarmiðstöðina og varnarliðið. Landhelgisgæslan, Slysavarnafélagið Landsbjörg og Landssíminn mynda til samans svokallaða „Yfirstjórn leitar og björgunar á hafinu og við strendur Íslands“.

Rannsóknir sjóslysa.

1. september 2000 gengu í gildi ný lög, nr. 68/2000, um rannsóknir sjóslysa, og jafnframt var siglingalögum breytt með lögum nr. 69/2000 þar sem ekki er lengur skylt að halda sjópróf. Meginbreyting laganna er sú að sjóslysarannsóknir verða algjörlega sjálfstæðar og að því leyti til gerðar hliðstæðar rannsóknum flugslysa. Siglingastofnun verður skylt að veita umsagnir um einstök mál og því er mikilvægt að vanda til skýrslna og upplýsinga sem koma frá nefndinni og að útgáfa þeirra dragist ekki á langinn eftir að rannsókn lýkur.

Slysaskráning.

Nauðsynlegt er að samræmd slysa- og sjúkdómaskráning sjómanna verði tekin í notkun sem fyrst.

Slys eru skráð af of mörgum aðilum, t.d. hjá vinnueftirliti, lögreglu, heilsugæslustöðvum vítt um landið, Siglingastofnun, rannsóknarnefnd sjóslysa og hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg. Lögð skal áhersla á að til sé ein samræmd slysaskráning sem allir aðilar sem málið varðar geta haft aðgang að.

Lög og reglur.

Ný lög og reglur.

Mikilvægt er að lög og reglur um öryggismál sjófarenda séu skýr og einföld. Allar reglur sem taka gildi hér á landi skulu kynntar vel fyrir þeim sem þær varða, t.d. sjómönnum þegar ný lög eða reglur eru sett um öryggi og aðbúnað þeirra í skipum. Lög og reglur um öryggismál sjómanna skulu vera aðgengileg á heimasíðu Siglingastofnunar.

Endurskoðun gildandi reglna.

Útbúa þarf heildarreglur fyrir ný og gömul fiskiskip sem eru á milli 15 m og 24 m að lengd svo og heildarreglur fyrir gömul fiskiskip sem eru 24 m að lengd eða lengri. Æskilegast er að við gerð þessara reglna sé byggt á reglugerð nr. 26/2000 sem er um öryggi fiskiskipa sem eru 24 m að lengd eða lengri.

Hrinda þarf í framkvæmd tillögum sem er að finna í skýrslu Siglingastofnunar um stöðugleika fiskiskipa og lúta að úrbótum í lögum og reglugerðum um stöðugleika fiskiskipa.

Útbúa þarf heildarreglur fyrir ný og gömul flutningaskip sem eru 15 m að mestu lengd eða lengri. Þetta á sérstaklega við um þau flutningaskip sem falla undir ákvæði alþjóðasamþykkta, t.a.m. SOLAS-samþykktarinnar og alþjóðahleðslumerkjasamþykktarinnar.

Útbúa þarf heildarreglur fyrir ný og gömul farþegaskip sem eru 15 m að mestu lengd eða lengri.

Útbúa þarf reglur fyrir ný og gömul skip sem eru 15 m að mestu lengd eða lengri og flokkast ekki sem fiskiskip, flutningaskip eða farþegaskip. Við gerð slíkra reglna er æskilegt að taka sem mest mið af reglum sem gilda um slík skip í nágrannaríkjum okkar, einkum ríkjum á EES-svæðinu.

Endurskoða þarf gildandi reglur um vinnuöryggi um borð í skipum, m.a. með hliðsjón af slysum sem hafa átt sér stað, þróun í gerð skipa og veiðarfærabúnaðar og EES-reglum. Í þessu sambandi þarf einnig að kanna kosti þess að gefa út upplýsingarit fyrir sjómenn um vinnuöryggi á skipum.

Annað.

Virðing fyrir lögum og reglum.

Tilgangur laga og reglna er að setja fram ákveðnar viðmiðanir sem fara þarf eftir til að tryggja sem best að fyllsta öryggis sé gætt, hvort sem átt er við smíði skipa, búnað þeirra eða stjórnun. Reglur eru oft lágmarkskröfur sem gerðar eru til öryggis og virkni búnaðar í skipi ásamt kröfum um hæfni og réttindi skipverja. Hægt er að hafa eftirlit með þessum atriðum bæði í árlegum skoðunum og skyndiskoðunum en þrátt fyrir það eru uppi raddir sem telja að þessu sé alls ekki fylgt nægilega eftir. Aftur á móti er öllu erfiðara að fylgjast með hvort farið sé eftir ákvæðum um stjórnun skips og manna, svo sem siglingareglum. Samkvæmt skýrslum rannsóknarnefndar sjóslysa er töluverð brotalöm á þessu og virðist sem virðing fyrir eðlilegum varúðarráðstöfunum við siglingu, sjóbúnað og viðhald skipa sé oft af skornum skammti. Þetta eru atriði sem taka þarf á en hvernig best er að standa að því er álitamál. Sumir benda á fræðslu og áróður en aðrir sektir og varðhald.

Tryggingamál.

Tryggingar og bætur vegna slysa eru mikið hagsmunamál fyrir sjómenn eins og aðra þjóðfélagsþegna. Sjómenn vinna á hættulegum vinnustöðum og þurfa oft að leggja sig í ákveðna hættu þegar nauðsynleg verk eru unnin. Því er mikilvægt að þróaðar séu lausnir á búnaði og starfsaðferðum um borð í skipum svo fyllsta öryggis sé gætt. Slysatryggingamál og bótarétt sjómanna þarf jafnframt að skoða. Stjórnvöld, samtök sjómanna, útgerðir og tryggingafélög þurfa að vinna saman að útfærslu þessara mála.

Ýmis málefni.

Smíði, breytingar og viðgerðir á skipum.

Gera þarf stjórnendum vélaverkstæða, skipasmiðja og dráttarbrauta grein fyrir þeirri ábyrgð sem felst í breytingum á skipum og að ekki sé heimilt að hefjast handa við breytingar fyrr en samþykki Siglingastofnunar liggur fyrir. Æskilegt er að rafsuðumenn sem annast viðgerðir á bol og stálvirki skipa séu með sérstaka viðurkenningu frá viðurkenndum vottunaraðila.

Fiskveiðistjórnun og öryggismál sjómanna.

Nauðsynlegt er að reglur um stjórn fiskveiða taki tillit til fyllsta öryggis og aðbúnaðar í fiskiskipum. Við endurskoðun laga um stjórn fiskveiða er mikilvægt að reglur um sóknardaga hjá smábátum verði teknar til sérstakrar skoðunar. Reynslan bendir til þess að gildandi reglur leiði til aukinnar áhættu við vaxandi sókn smábáta.

Samkeppni um hönnun öryggistækja.

Með samkeppni væri hægt að fá sérfræðinga og uppfinningamenn til að hanna ýmsan búnað í skip sem miðaði að því að koma í veg fyrir slys. Einnig ætti hönnunin að beinast að því að þróa tæki sem notuð eru í skipum þannig að þau verði öruggari.

770. Frumvarp til laga [484. mál]

um breytingu á lögum nr. 27/1981, um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga.

Flm.: Drífa Sigfúsdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Jón Kristjánsson, Magnús Stefánsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Ásta Möller, Sigríður Jóhannesdóttir, Ólafur Örn Haraldsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Rétt til að kalla sig viðskiptafræðinga, hagfræðinga eða nota heiti sem felur í sér orðin viðskiptafræðingur eða hagfræðingur hafa þeir menn hér á landi sem fengið hafa til þess leyfi viðskiptaráðherra. Þeir sem lokið hafa BS- eða cand. oecon.-prófi úr viðskiptadeild eða BS-prófi úr hagfræðideild viðurkennds íslensks háskóla, sbr. lög nr. 136/1997, um háskóla, og uppfylla skilyrði reglugerðar skv. 3. gr. laga þessara um innihald náms þurfa ekki slíkt leyfi ráðherra.

2. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Áður en leyfi er veitt skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar skal leita álits þriggja manna nefndar sem ráðherra skipar á eftirfarandi hátt: Einn nefndarmaður samkvæmt tilnefningu Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga og tveir samkvæmt tilnefningu ráðherra og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

3. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 3. gr. laganna og orðast svo:

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um lágmarkskröfur um námslengd og samsetningu prófgráðu sem veitir mönnum rétt til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umboð nefndar sem menntamálaráðherra hefur skipað skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 27/1981, frá 1. október 2000 til 1. október 2001, fellur niður við gildistöku laga þessara. Frá sama tíma skal viðskiptaráðherra skipa í nefnd skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 27/1981.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur aukist verulega framboð viðskiptamenntunar á háskólastigi um leið og háskólum hefur fjölgað. Vegna þessa er mikilvægt að endurskoða eldri lög sem ekki gerðu ráð fyrir þessari þróun.

Í lögum nr. 27/1981, um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, kemur m.a. fram að aðeins þeir nemendur sem lokið hafa prófi úr viðskiptadeild Háskóla Íslands fái sjálfkrafa leyfi til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga. Nemendur úr

öðrum skólum þurfa hins vegar leyfi menntamálaráðherra. Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að rétt til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga hafi þeir menn hér á landi sem fengið hafa til þess leyfi viðskiptaráðherra. Lagt er til að leyfisveiting til að kalla sig viðskiptafræðing eða hagfræðing verði flutt frá menntamálaráðuneyti til viðskiptaráðuneytis. Það er að ýmsu leyti eðlilegra að annað ráðuneyti en það sem eftirlit hefur með háskólum veiti slíkt leyfi og í þessu tilfelli liggur beint við að fela viðskiptaráðuneytinu verkefnið. Viðskiptaráðuneyti veitir t.d. verkfræðingum leyfi til að kalla sig verkfræðinga og sama á t.d. við um arkitekta, skipulagsfræðinga og tæknifræðinga. Þeir sem þurfa ekki slíkt leyfi ráðherra samkvæmt 1. gr. frumvarpsins eru hins vegar menn sem lokið hafa BS- eða cand. oecon.-prófi úr viðskiptadeild eða BS-prófi úr hagfræðideild viðurkennds íslensks háskóla, sbr. lög nr. 136/1997, um háskóla, og uppfylla skilyrði reglugerðar skv. 3. gr. laganna um innihald náms.

Aðrir háskólar sem bjóða upp á sambærilegt nám í viðskiptafræðum og Háskóli Íslands eru Viðskiptaháskólinn á Bifröst, Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Akureyri. Nemendur úr þessum skólum njóta ekki sama réttar og nemendur úr Háskóla Íslands til að kalla sig viðskiptafræðinga. Út frá jafnræðissjónarmiði er eðlilegt að allir nemendur sem ljúka sambærilegu námi njóti sömu réttinda að námi loknu. Til að leiðrétta þennan mismun er nauðsynlegt að breyta lögum nr. 27/1981.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. núgildandi laga tilnefnir Háskóli Íslands einn nefndarmann. Með hliðsjón af því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að aðrir en nemendur Háskóla Íslands megi kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga þykir eðlilegt að binda ákvæðið ekki við tilnefningu eins háskóla.

Í lögum um háskóla, nr. 136/1997, er m.a. fjallað um hlutverk háskóla og eftirlitsskyldu menntamálaráðherra með þeim. Þar er einnig kveðið á um að menntamálaráðherra setji almennar reglur, m.a. um það með hvaða hætti hver háskóli skuli uppfylla skyldur sínar um eftirlit með gæðum kennslunnar, hæfni kennara og hvernig ytra gæðaeftirliti skuli háttað. Í lögunum er einnig kveðið á um rannsóknarhlutverk, inntökuskilyrði, hæfni kennara og fjárveitingar. Þá segir í 3. mgr. 9. gr. laganna að menntamálaráðherra skuli gefa út skrá um viðurkenndar prófgráður og inntak þeirra. Að mati flutningsmanna er þó þörf á ítarlegri skilgreiningu á rétti manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, sbr. tillögu í frumvarpinu að nýrri 3. gr. um að viðskiptaráðherra skuli setja nánari reglur þess efnis.

Með því að Alþingi hefur skilgreint hlutverk háskóla, sem og menntamálaráðherra á ítarlegan hátt, er eðlilegt að nemendur með sambærilega menntun hljóti sambærileg réttindi í samræmi við próf sín. Á síðustu árum hefur námsframboð aukist verulega og miðað við þróun erlendis má gera ráð fyrir aukinni fjölbreytni námsframboðs. Því er með frumvarpinu gerð tillaga um nýja 3. gr. þar sem kveðið er á um að viðskiptaráðherra skuli setja reglugerð um innihald prófgráðu sem veitir mönnum rétt til að kalla sig viðskiptafræðing eða hagfræðing. Í reglugerðinni skal kveðið á um lágmarkskröfur um námslengd og vægi kjarnagreina og valkvæðra greina, þar á meðal hve stór hluti náms getur verið valkvæður. Slík reglugerð myndar staðal við mat á prófgráðum, innlendum sem erlendum þannig að allir njóti jafnræðis.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. júní 2001 þannig að þeir nemendur sem ljúka framangreindum prófgráðum í vor úr öðrum háskólum en Háskóla Íslands geti öðlast réttindi til jafns við nemendur í Háskóla Íslands.

Í ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um að umboð þeirrar nefndar sem menntamálaráðherra hefur skipað skv. 3. mgr. 2. gr. gildandi laga falli niður við gildistöku þessara laga og að frá sama tíma skuli viðskiptaráðherra skipa að nýju í nefndina.

771. Tillaga til þingsályktunar [485. mál]

um skipan nefndar um hönnun og merkingar hjólreiðabrauta.

Flm.: Ísólfur Gylfi Pálmason, Katrín Fjeldsted, Jóhann Ársælsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Ólafur Örn Haraldsson, Ásta Möller, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Kristján Pálsson, Einar Már Sigurðarson, Gunnar Birgisson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til að marka stefnu um hönnun og merkingar hjólreiðabrauta í þéttbýli og dreifbýli. Tekið verði tillit til hjólreiðamanna við hönnun nýrra mannvirkja og stefnt að því að hjólreiðar verði raunhæfur kostur í samgöngumálum á Íslandi.

Nefndin skili tillögum sínum fyrir 1. janúar 2002.

Greinargerð.

Markmiðið með tillögunni er að vekja athygli á hjólreiðamönnum í umferðinni, en einnig að fækka slysum og auka öryggi þeirra.

Hjólreiðar eru vinsæl afþreying á Íslandi, sem og annars staðar, og hefur hjólreiðafólki fjölgað mjög á Íslandi á síðustu áratugum. Hjólreiðar eru ódýr, skemmtilegur og heilsusamlegur ferðamáti og vinsæl fjölskylduíþrótt. Fjölmörg dæmi eru um að fólk í þéttbýli noti reiðhjól til þess að ferðast milli áfangastaða.

Hjólreiðar eru holl og góð íþróttagrein og er hluti af daglegri líkamsrækt hjá mörgum. Þær eru einnig afar vinsæll ferðamáti barna og unglinga og er tími til kominn að mótuð verði opinber stefna í þessum málum. Einnig hefur það mjög færst í vöxt að bæði Íslendingar og útlendir ferðamenn ferðist um landið á reiðhjólum. Þannig er á sumrum mikil umferð erlendra ferðamanna frá Leifsstöð og einnig frá Seyðisfirði. Aðstaða hjólreiðafólks á Íslandi er afar slæm og í mörgum tilfellum er hættulegt að ferðast um á reiðhjólum þar sem lítið tillit er tekið til hjólreiðafólks.

Hin fjölfarna þjóðleið frá Hafnarfirði um Garðabæ, Kópavog, Reykjavík og Mosfellsbæ er stórhættuleg hjólreiðafólki, sem og gangandi vegfarendum. Talið er að um 16.000 reiðhjól hafi verið flutt inn til landsins árlega á síðustu 11 árum sem þýðir um 176.000 reiðhjól auk þeirra sem til voru áður. Því er talið að um 66% þjóðarinnar eða tveir af hverjum þremur landsmönnum eigi reiðhjól.

Of sjaldgæft er að fyrirtæki og stofnanir hafi sérstakar reiðhjólagrindur við fyrirtæki sín þó að það hafi batnað nokkuð á síðustu árum en betur má ef duga skal.

Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir þessum ferðamáta við hönnum nýrra mannvirkja, enda eru hjólreiðar hluti af nútímaafþreyingu og sumarleyfisferðum.

Æskilegt væri að í nefndinni sem skipuð yrði væru t.d. fulltrúar Vegagerðarinnar, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Landssambands hjólreiðamanna, Fjallahjólaklúbbs Íslands og Hjólreiðafélags Reykjavíkur.

Í Reykjavík var starfrækt sérstök hjólreiðanefnd sem skilaði ítarlegum tillögum til borgarráðs árið 1994, auk þess sem gengið var í samtökin „Car Free Cities".

Athyglisverðar eru tilraunir bæjarstjórnar Árborgar í þessum efnum þar sem boðið er upp á leigureiðhjól til þess að auka notkun reiðhjóla í umferðinni á Árborgarsvæðinu. Fleiri bæjarfélög eru að huga að þessum athyglisverða og skemmtilega ferðamáta. Þetta er líkt og er gert í Kaupmannahöfn en aðstaða hjólreiðafólks í Danmörku er til algerrar fyrirmyndar. Þar

hafa verið markaðssettar hjólreiðaparadísir, t.d. á Borgundarhólmi, en þar byggist ferðamennska að stærstum hluta á hjólreiðum.

Það er deginum ljósara að eftir því sem aðstaða hjólreiðamanna batnar hvetur það Íslendinga til að nýta sér þann skemmtilega og holla ferðamáta sem hjólreiðar eru.

772. Frumvarp til laga [486. mál]

um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Guðmundur Árni Stefánsson,
Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson,
Bryndís Hlöðversdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir.

1. gr.

Á eftir 6. mgr. 27. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ríkissaksóknari skal árlega gera skýrslu um starfsemi ákæruvaldsins og þau mál sem ákæruvaldinu bárust á liðnu ári. Í skýrslunni skulu meint afbrot flokkuð eftir tegundum brota og greint frá því hvaða meðferð einstök mál hafa fengið. Í þeim tilvikum þar sem mál hefur verið fellt niður eða fallið hefur verið frá saksókn, sbr. 112. og 113. gr., skulu málsatvik reifuð og sjónarmið og röksemdir ákæruvaldsins fyrir afgreiðslu málsins tiltekin. Í skýrslunni skal með sama hætti gera grein fyrir þeim tilvikum þar sem ákæru er frestað skilorðsbundið skv. 56. gr. almennra hegningarlaga. Þess skal vandlega gætt við gerð skýrslunnar að hún innihaldi ekki persónuupplýsingar. Skýrsla liðins árs skal gerð almenningi aðgengileg eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Ríkissaksóknara er heimilt að undanskilja einstök mál frá birtingu telji hann það nauðsynlegt vegna sérstakra hagsmuna aðila máls eða almannahagsmuna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpinu er lagt til að ríkissaksóknara skuli árlega falið að birta skýrslu um þau mál sem ákæruvaldið (ríkissaksóknari, lögreglustjórar) í landinu hefur haft til meðferðar á liðnu ári. Með skýrslugjöf sem þessari er yfirvöldum, almenningi og öðrum gert betur kleift en áður að fylgjast með framkvæmd þess mikla valds sem í ákæruvaldinu felst. Þá má ætla að skýrsla sem þessi verði ágætt tæki fyrir stjórnvöld og aðra til að fylgjast með þróun afbrotamála í landinu. Það er að mati flutningsmanna mikilvægt, einkanlega réttaröryggisins vegna, að slíkar skýrslur séu gefnar út. Sérstaklega verður að telja þetta mikilvægt vegna þeirra mála þar sem fallið er frá saksókn.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að í skýrslunni skuli gera grein fyrir þeim málum sem ákæruvaldinu berast. Hér er átt við þau mál sem lögreglustjórum eða ríkissaksóknara berast frá þeim sem rannsaka mál (lögreglumönnum) eða öðrum til frekari meðferðar og ákvörðunartöku. Einungis er gert ráð fyrir að fjallað verði sérstaklega um þau tilvik þar sem mál hefur verið fellt niður eða fallið hefur verið frá saksókn, sbr. 112. og 113. gr. laganna, og eins ef ákæru hefur verið frestað tímabundið skv. 56. gr. almennra hegningarlaga. Í öðrum tilvikum,

svo sem þegar ákært er í máli, máli er lokið með því að sakborningur gengst undir viðurlög, sbr. 115. gr., eða sakborningur sinnir sektarboði, sbr. 115. gr. a, gerir frumvarpið ráð fyrir að nægjanlegt sé að tilgreina hverrar tegundar brotið var og hvaða afgreiðslu það fékk. Að öðru leyti er það falið ríkissaksóknara að ákveða hvernig hann fjallar um slík mál.

Í íslenskum rétti er svokölluð *svigrúmsregla* (opportunitetsprincip) talin gilda sem felur í sér að ákæruvaldinu er heimilt að fella niður saksókn fyrir afbrot innan ákveðinna takmarka, sbr. einkum 2. mgr. 113. gr. laganna. Af þessari reglu leiðir að ríkissaksóknari hefur allvíðtæka heimild til mats og frjálsrar ákvörðunar um saksókn eða niðurfellingu máls, jafnvel þótt refsiskilyrði séu uppfyllt og sönnun um sekt liggi fyrir. Svigrúmsreglan sem hér hefur verið nefnd er andstæða svonefndrar *skyldusaksóknarreglu* (legalitetsprincip). Samkvæmt skyldusaksóknarreglunni er skylt að ákæra þegar nægjanleg sönnunargögn eru fyrir hendi. Skyldusaksóknarreglan er til dæmis lögð til grundvallar í Svíþjóð og Finnlandi.

Skyldusaksóknarreglan hefur þann ókost að hún er ósveigjanleg þannig að ekki er hægt að taka tillit til sérstakra aðstæðna sem uppi kunna að vera í máli auk þess sem hún gerir dómskerfið þyngra í vöfum vegna aukins málafjölda. Kostur reglunnar er hins vegar sá að hún er einföld og skýr og takmarkar hættu á misbeitingu valds.

Svigrúmsreglan sem gildir hér á landi bætir upp galla skyldusaksóknarreglunnar. Gallar hennar liggja hins vegar í því að svigrúm það sem ákæranda er veitt til frjálsrar ákvörðunar eykur hættu á að sambærileg mál séu ekki alltaf meðhöndluð á sambærilegan hátt og hættara við að í einhverjum tilvikum geti annarleg sjónarmið ráðið för. Með þessu er þó ekki verið að segja að misfarið hafi verið með þetta vald hér á landi, en hins vegar telja flutningsmenn að sú skýrslugjöf sem hér er lögð til sé til þess fallin að draga úr hættu á misbeitingu valds með þeim hætti sem hér hefur verið tæpt á.

Heimildir ríkissaksóknara til að falla frá saksókn er einkum að finna í 2. mgr. 113. gr. laganna. Samkvæmt greininni er þetta í fyrsta lagi heimilt ef brot er mjög smávægilegt. Í öðru lagi má falla frá saksókn ef sakborningur virðist vera ósakhæfur. Í þriðja lagi má falla frá saksókn ef brot hefur valdið sakborningi sjálfum óvenjulegum þjáningum og málssókn þykir ekki brýn af almennum refsivörsluástæðum. Í fjórða lagi má falla frá saksókn ef maður er jafnframt ákærður fyrir önnur brot og ætla má að brotið muni ekki hafa áhrif á ákvörðun viðurlaga. Í fimmta lagi er heimilt að falla frá saksókn ef nauðung eða fjárkúgun hefur verið framin með hótun um kæru fyrir refsivert athæfi. Í sjötta lagi er síðan heimilt að falla frá saksókn ef sérstaklega stendur á og telja verður að almannahagsmunir krefjist ekki málshöfðunar.

Í öllum þessum tilvikum er það að stórum hluta undir frjálsu mati ríkissaksóknara komið hvort þessar heimildir eru taldar eiga við. Til dæmis metur ríkissaksóknari hvenær brot telst smávægilegt og hvenær ekki, hvenær sökunautur virðist vera ósakhæfur o.s.frv. Dómsmálaráðherra hefur reyndar eftirlits- og endurskoðunarheimild skv. 26. gr. laganna, en henni hefur lítið verið beitt enda óheppilegt að ráðherra sé að grípa inn í störf ríkissaksóknara nema augljóslega sé misfarið með ákæruvaldið.

Af framangreindum heimildarákvæðum má sjá að svigrúm ríkissaksóknara er mjög mikið og hættan á misbeitingu að sama skapi mikil. Sú skýrslugjöf sem hér er lögð til leiddi að mati flutningsmanna til samræmdari málsmeðferðar innan embættisins sjálfs og eins gæti hún orðið öðrum handhöfum ákæruvaldsins til leiðbeiningar við meðferð valdsins.

Það er ljóst að hvert mál er einstakt og ekki verður unnt að fullyrða um lyktir eins máls með hliðsjón af öðru. Það horfir hins vegar til samræmingar á meðferð ákæruvaldsins ef það liggur fyrir hvaða aðstæður, sjónarmið og rök hafa vægi við umrætt mat og í þeim tilgangi er frumvarp þetta meðal annars lagt fram.

Frumvarpsgreinin tekur jafnframt til þeirra atvika þegar ákæru er frestað skilorðsbundið skv. 56. gr. almennra hegningarlaga, enda er ákvörðun um slíka frestun einnig að miklu leyti byggð á mati ákæranda.

Í frumvarpsgreininni er tekið fram að þess skuli vandlega gætt að persónuupplýsingar komi ekki fram í skýrslum embættisins. Ef til vill hefði verið þarflaust að taka þetta fram enda leiðir þetta af öðrum reglum. Þetta er hins vegar haft með til að undirstrika mikilvægi þessa við gerð skýrslunnar. Það þarf því að gæta vandlega að persónuverndarsjónarmiðum áður en endanlega er gengið frá henni. Í því samhengi væri ekki óeðlilegt að sú stofnun (persónuvernd) sem fer með slík mál hverju sinni setti embættinu reglur um frágang skýrslunnar með þetta að leiðarljósi eða kæmi að frágangi hennar áður en hún er birt. Til að skerpa enn frekar á persónuverndinni er ríkissaksóknara heimilt að undanskilja mál telji hann það nauðsynlegt vegna sérstakra hagsmuna aðila máls. Ríkissaksóknara er þetta enn fremur heimilt þegar almannahagsmunir krefjast þess að hans mati. Gert er ráð fyrir að framangreind heimild ríkissaksóknara verði skýrð þröngt og henni einungis beitt í undantekningartilvikum.

Gert er ráð fyrir að skýrslan verði öllum aðgengileg. Það er nauðsynlegt eigi hún að þjóna hlutverki sínu annars vegar með því að veita ákæruvaldinu eðlilegt aðhald í störfum sínum og hins vegar með því að vera vettvangur ríkissaksóknara til að tjá sig almennt um starfsemi ákæruvaldsins og nýta skýrsluna til samræmingar á ákæruvaldinu í landinu. Opinber birting skýrslunnar ætti einnig að styrkja trú almennings á löggæslu og ákæruvaldið í landinu.

773. Tillaga til þingsályktunar [487. mál]

um útboðsstefnu ríkisins til eflingar íslenskum iðnaði.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson, Ísólfur Gylfi Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða útboðsstefnu ríkisins sem samþykkt var á ríkisstjórnarfundi 25. maí 1993. Endurskoðuð stefna feli m.a. í sér að skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum og öðrum alþjóðlegum samningum sem Ísland á aðild að verði að fullu virtar. Samtímis verði þess ávallt gætt að útboðum og innkaupum fyrir ríki og ríkisstofnanir verði hagað þannig að þau stuðli eins og kostur er að uppbyggingu og þróun íslensks iðnaðar.

Greinargerð.

Innkaup ríkisins á þjónustu, vörum og framkvæmdum eru mjög mikil og afar mikilvæg fyrir íslensk iðnfyrirtæki og uppbyggingu íslensks iðnaðar. Í sumum tilvikum geta stórviðskipti ríkisins jafnvel ráðið úrslitum um vöxt og viðgang heilla iðngreina. Ákvarðanir um verkefni ríkisins ráða því miklu um afkomu fyrirtækjanna, atvinnu starfsmanna, nýtingu fjárfestinga og verkþekkingu í landinu. Auk þess skiptir miklu hinn beini og óbeini ávinningur sem ríki og sveitarfélög hafa af öflugum iðnrekstri, svo sem skatttekjum, minna atvinnuleysi og öðrum þjóðhagslegum ávinningi.

Ísland á aðild að fjölþjóðlegum skuldbindingum um samkeppni og viðskiptahætti, fyrst og fremst EES-samningnum, sem bæði ríki og íslenskum iðnfyrirtækjum ber að virða. Aðferðir ríkisins við útboð og innkaup mega alls ekki brjóta í bága við þá samninga og reglur. Það er hins vegar alþekkt staðreynd að í reglum þessum felst talsvert svigrúm sem getur haft

mikil áhrif á hver hreppir útboðssamning. Má í því sambandi nefna að útboðslýsingar eru gjarnan gefnar eingöngu út á tungumáli viðkomandi ríkis og ýmis skilyrði eru sett um þjónustu og vörur, svo sem efnisnotkun, afhendingartíma, viðhald, eftirlit, prófanir o.fl., sem auðveldara er fyrir innlend fyrirtæki að uppfylla en samkeppnisfyrirtæki annarra landa. Þetta leiðir af eðli máls og tryggir í flestum tilvikum hagstæðara tilboð, að teknu tilliti til allra þátta, því að með þessu er knúið fram hagkvæmasta tilboðið þegar til lengri tíma er litið en ekki endilega það lægsta. Með slíkri stefnu stuðla stjórnvöld jafnframt að iðnþróun og þjóðhagslegum ávinningi án þess að fara á svig við skuldbindingar sínar. Þetta gera aðrar þjóðir með góðum árangri og stuðla með því að atvinnuuppbyggingu í eigin landi og bættri stöðu atvinnugreina í alþjóðlegri samkeppni.

Það er því nauðsynlegt að móta ákveðna og skýra stefnu í þessum málum fyrir þá sem annast gerð útboðslýsinga og innkaup fyrir ríki og ríkisstofnanir. Þeir hafa þá, auk laga, reglna og alþjóðlegra samninga, fyrirmæli og leiðbeiningar frá stjórnvöldum um hvaða atriði þeim ber að hafa í huga við störf sín.

774. Fyrirspurn [488. mál]

til samgönguráðherra um póststöðvar Íslandspósts.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu mörgum póststöðvum Íslandspósts er fyrirhugað að loka, hvar eru þær starfræktar og hverjir munu taka við starfseminni í hverju tilviki?
2. Hversu mörgum póststöðvum hefur verið lokað nú þegar, hvar voru þær starfræktar og hverjir tóku við starfseminni, sundurliðað eftir kjördæmum?
3. Hversu mörg störf hafa verið lögð niður nú þegar og hversu mörg störf er áætlað að leggst af þegar starfsemi póststöðva er hætt, sundurliðað eftir kjördæmum?
4. Í hve mörgum tilvikum hafa konur gegnt þeim störfum sem hafa verið eða munu verða lögð niður, sundurliðað eftir kjördæmum?

Skriflegt svar óskast.

775. Fyrirspurn [489. mál]

til dómsmálaráðherra um gjaldþrot einstaklinga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve mörg árangurslaus fjárnám voru gerð hjá einstaklingum árlega frá 1995, sundurliðað eftir sýslumannsembættum?
2. Hve margir einstaklingar voru lýstir gjaldþrota árlega frá 1995, sundurliðað eftir umdæmum héraðsdóma?

3. Hve margir óskuðu eftir gjaldþrotaskiptum hjá einstaklingum á þessum árum, sundurliðað eftir
   a. innlánsstofnunum,
   b. sjóðum,
   c. einstaklingum,
   d. öðrum?

Skriflegt svar óskast.

776. Fyrirspurn [490. mál]

til samgönguráðherra um hjólreiðamenn á Reykjanesbraut.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig er gert ráð fyrir að hagsmunum hjólreiðamanna verði gætt í áætlunum um tvöföldun Reykjanesbrautar?
2. Hefur samgönguráðuneytið mótað stefnu um aðbúnað og þarfir hjólreiðamanna á þjóðvegum landsins?

777. Fyrirspurn [491. mál]

til menntamálaráðherra um starfsgreinaráð.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvaða starfsgreinaráð hafa verið skipuð skv. 28. gr. laga um framhaldsskóla og hvaða starfsgreinar og/eða starfsgreinaflokkar heyra undir hvert þeirra?
2. Að hvaða verkefnum er hvert starfsgreinaráð aðallega að vinna núna?
3. Hvað af því sem starfsgreinaráðin hafa unnið að er komið til framkvæmda þannig að gefin hafi verið út námskrá í viðkomandi grein og/eða farið sé að vinna eftir námskrá sem gefin var út á grundvelli tillagna starfsgreinaráðs?
4. Hvaða námskrár, unnar á grundvelli tillagna starfsgreinaráðs, eru væntanlegar fyrir næsta skólaár eða á næsta skólaári?
5. Á hvaða sviðum er mest uppbygging starfsnáms á grundvelli tillagna starfsgreinaráðanna?
6. Hversu mikill hefur kostnaður menntamálaráðuneytis verið vegna þessa starfs og hvernig skiptist hann milli greina?

Skriflegt svar óskast.

778. Fyrirspurn [492. mál]

til utanríkisráðherra um Íslenska aðalverktaka hf.

Frá Gísla S. Einarsson.

1. Er unnið að sölu hlutar ríkisins í Íslenskum aðalverktökum hf., sem gert er ráð fyrir skv. 7. gr. fjárlaga?
2. Hefur verðgildi eignarhlutarins vaxið eða rýrnað sl. ár?
3. Hverjar eru afkomuhorfur fyrirtækisins sl. 10 mánuði varðandi verktöku og verkaskil:
   a. á Vatnsfellssvæðinu,
   b. í öðrum verkum?

779. Fyrirspurn [493. mál]

til viðskiptaráðherra um rétt unglinga til debetkorta.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve margir 13–16 ára unglingar annars vegar og 16–18 ára hins vegar hafa nú til umráða debetkort hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum?
2. Hver eru skilyrði fyrir rétti til debetkorta hjá þeim sem eru undir 16 ára annars vegar og 16–18 ára hins vegar, m.a. úttektarheimild, lágmarksinnstæða og ábyrgðarmenn? Þarf samþykki forráðamanna ófjárráða unglinga fyrir debetkortum þeirra?
3. Hver eru vaxtakjör og gjaldtökuheimildir á framangreindum debetkortum?
4. Er um að ræða rétt til yfirdráttarheimildar á debetkortum unglinga 16–20 ára og ef svo er, hve háar geta slíkar yfirdráttarheimildir orðið? Geta unglingar safnað slíkum yfirdráttarheimildum hjá mörgum innlánsstofnunum samtímis? Hver eru vaxtakjör og gjaldtaka á slíkum yfirdráttarheimildum?
5. Hver eru viðurlög við úttektum án innstæðu af debetkortum unglinga og hve mikið var um innstæðulausar úttektir af þessum debetkortum á sl. ári?
6. Hvernig er eftirliti háttað með debetkortum og er það eðlilegt að mati ráðherra að ófjárráða unglingar hafi rétt til debetkorta?

Skriflegt svar óskast.

780. Tillaga til þingsályktunar [494. mál]

um afnám eignarskatts á íbúðarhúsnæði.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Guðmundsson, Árni R. Árnason, Ásta Möller, Drífa Hjartardóttir, Katrín Fjeldsted.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að láta semja og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breyting á lagaákvæðum um eignarskatt á íbúðarhúsnæði með það að markmiði að eignarskattur á íbúðarhúsnæði verði aflagður í áföngum á næstu þremur árum.

Greinargerð.

Um langt árabil hefur ungt fólk hér á landi lagt metnað sinn í að eignast eigið íbúðarhúsnæði og er svo enn þótt merkja megi breytingu þar á. Kemur þá til mikil óánægja fólks vegna þess forms á eignarskattsstofni sem í gildi hefur verið og er verulega íþyngjandi.

Nálægt 85% þeirra sem eru 67 ára og eldri eru eigendur húsnæðisins sem þeir búa í. Á stærstum hluta húseignanna hvíla litlar eða engar skuldir. Eigendurnir greiða því flestir eignarskatt. Slík skattlagning stríðir gegn þeirri stefnu að gera eldra fólki kleift að búa í húsnæði sem það hefur byggt upp og annast viðhald á árum saman, svo lengi sem mögulegt er og vilji þess stendur til.

Þá hefur álagning eignarskatts íþyngjandi fjárhagsleg áhrif á ekkjur og ekkla þrátt fyrir fimm ára aðlögun frá andláti maka, þ.e. þau greiða fyrst eignarskatt sem einstaklingar að fimm árum liðnum frá fráfalli maka. Þessar ráðstafanir hafa misst marks vegna mikillar hækkunar fasteignaverðs. Eignarskattur kemur mjög misjafnlega niður á fólki og getur orðið allt að fimmfalt hærri hjá einstaklingi en hjá hjónum, enda þótt um sambærilega eign sé að ræða.

Í breyttu þjóðfélagi er sala fasteigna með öðrum hætti en áður. Stórar fasteignir seljast verr en þær smærri og það gerir öldruðu fólki, ekkjum og ekklum, erfiðara um vik við sölu stórra fasteigna. Ástandið á fasteignamarkaðnum og eignarskatturinn, svo og lækkandi tekjur, gera fyrrnefndum aðilum mjög erfitt að halda eignum sínum.

Tilgangur skatta er að afla ríkissjóði og sveitarsjóðum nauðsynlegra tekna, með sem minnstum skaðlegum áhrifum á efnahagslíf landsins og eins litlum vandræðum og skaða fyrir greiðendur og unnt er.

Við álagningu eignarskatts verður löggjafinn að gera sér grein fyrir hver greiðir skattinn að lokum. Nærtækasta dæmið er eignarskatturinn á ekkjur sem í skattaumræðunni hefur fengið á sig hið versta orð.

Eignarskattur lendir á húsnæði sem eigandi notar sjálfur. Húsnæðiskostnaður hans eykst, en án aukinnar greiðslugetu, jafnvel samhliða minnkandi greiðslugetu. Afleiðingin er versnandi lífskjör og e.t.v. nauðungarsala eignarinnar vegna fjárskorts húseigandans.

Um fasteignir ætti að gilda sú almenna regla að á þær verði ekki lögð önnur eignagjöld en fasteignagjöld sveitarfélaga. Víðast eru fasteignagjöld aðaltekjustofnar sveitarfélaga og er það vægast sagt óráðlegt að ríkið sé að seilast lengra ofan í vasa skattborgaranna með því að gera heimili þeirra og húseignir að tekjustofnum fyrir síhækkandi eignarskatta. Röksemd fyrir afnámi eignarskatts er að í reynd er um tvísköttun að tæða.

Þeir einstaklingar, sem standa í því að koma sér upp eigin húsnæði, leggja þar með fram hluta tekna sinna sem þeir hafa greitt af tekjuskatt, jafnvel hátekjuskatt, og greiða að auki virðisaukaskatt af aðföngum.

781. Skýrsla [495. mál]

Íslandsdeildar VES-þingsins fyrir árið 2000.

1. Inngangur.

Vestur-Evrópusambandið (VES) er varnarbandalag Vestur-Evrópuríkja og var stofnað með Brussel-sáttmálanum árið 1948. Stofnun Atlantshafsbandalagsins (NATO) árið 1949 skyggði nokkuð á starfsemi VES en með breyttri skipan öryggis- og varnarmála í kjölfar endaloka kalda stríðsins jókst mikilvægi stofnunarinnar til muna. Með Maastricht-sáttmálanum árið 1991 var VES falin útfærsla og framkvæmd varnarmálahluta sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu Evrópusambandsins (ESB). Næstu ár efldist VES verulega og gegndi æ stærra hlutverki í öryggismálum Evrópu. Auk þess sem sambandinu var ætlað að annast framkvæmd á fyrirhuguðum varnarmálahluta ESB átti það að gegna hlutverki Evrópustoðar NATO. Af þessum sökum var litið á VES sem hlekkinn á milli NATO og utanríkis- og varnarmála ESB.

VES-þingið kom fyrst saman árið 1954 þegar verulegar breytingar voru gerðar á stofnsáttmála VES, m.a. til að veita Ítalíu og Þýskalandi aðild að sambandinu. Á VES-þinginu koma saman þjóðkjörnir þingmenn frá aðildarríkjum sambandsins, en þau eru nú tíu talsins, þ.e. öll aðildarríki ESB og NATO. Aukaaðild að þinginu eiga þau evrópsku aðildarríki NATO sem ekki eiga aðild að ESB, þ.e. Ísland, Noregur, Pólland, Tékkland, Tyrkland og Ungverjaland. Áheyrnaraðild að VES-þinginu eiga þau ESB-ríki sem fylgt hafa hlutleysisstefnu í utanríkismálum, auk Danmerkur. Loks hafa sjö ríki Mið- og Austur-Evrópu gert samstarfssamninga við VES. Eftirfarandi ríki eiga aðild að þinginu: Belgía, Bretland, Frakkland, Grikkland, Holland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal, Spánn og Þýskaland. Aukaaðildarríkin eru: Ísland, Noregur, Pólland, Tékkland, Tyrkland og Ungverjaland. Áheyrnaraðild hafa: Austurríki, Danmörk, Finnland, Írland og Svíþjóð. Þá eru samstarfsríkin sjö talsins: Búlgaría, Eistland, Lettland, Litháen, Rúmenía, Slóvakía og Slóvenía.

Þingið hefur aðsetur í París. Tveir þingfundir eru haldnir árlega, oftast í júní og desember. Hlutverk þingsins er að fjalla um málefni er falla undir starfssvið VES, þ.e. öryggis- og varnarmál álfunnar. Þingið fjallar auk þess um ársskýrslu VES og fjárhagsáætlun. Það fjallar um málefni sem eru efst á baugi í nefndum þingsins, ályktar um skýrslur nefnda, gerir tillögur til ráðherraráðs VES og beinir fyrirspurnum til þess. Skjöl þingsins eru gefin út á ensku og frönsku en umræður fara fram á tungumálum aðildarríkjanna. Málefnanefndir VES-þingsins eru sex: varnarmálanefnd, stjórnmálanefnd, tækni- og geimvísindanefnd, fjármála- og stjórnsýslunefnd, þingskapanefnd og nefnd um almannatengsl. Íslandsdeildin á eitt sæti í hverri nefnd. Á þinginu starfa, auk málefnanefnda, forsætisnefnd (Presidential Committee) og stjórnarnefnd (Standing Committee). Þessar nefndir taka ákvarðanir á milli þinga, sú fyrrnefnda einkum hvað varðar skipulagningu og stjórn þingsins, sú síðarnefnda á pólitíska sviðinu. Venja er að formenn landsdeilda sitji í þessum nefndum. Í forsætisnefnd sitja enn fremur forseti þingsins, níu varaforsetar þess (einn frá hverju hinna aðildarríkjanna), nefndarformenn og þeir fyrrverandi forsetar þingsins sem enn kunna að eiga þar sæti. Í stjórnarnefnd

sitja allt að þrír fulltrúar til viðbótar frá hverju aðildarríki, alls 30 manns til viðbótar við forsætisnefnd. Ísland á einn fulltrúa í hvorri nefnd. Nefndir þingsins halda alla jafna fjóra til fimm fundi á ári utan þingfundanna.

2. Íslandsdeild VES-þingsins árið 2000.

Samkvæmt starfsreglum VES-þingsins (gr. 17.1) á Alþingi í krafti aukaaðildar sinnar rétt á að senda þrjá fulltrúa á fundi VES-þingsins. Aukaaðilar geta samkvæmt núverandi reglum þingsins tekið ríkan þátt í störfum þess og hafa málfrelsi á þingfundum. Þeir njóta þó ekki fullra réttinda og hafa ekki atkvæðis- eða tillögurétt á þingfundum. Sú hefð hefur hins vegar skapast að fulltrúar aukaaðildarríkja geta lagt fram tillögur og breytingartillögur í þinginu, að því gefnu að fulltrúar aðildarríkja skrifi einnig undir þær. Fulltrúar aukaaðildarríkja hafa ekki rétt til að tala á móðurmáli sínu á fundum þingsins. Á hinn bóginn hafa aukaaðilar rétt til að taka til máls og greiða atkvæði í nefndum og gera breytingartillögur. Þannig geta aukaaðilar haft áhrif á þær tillögur og skýrslur sem ræddar eru á þingfundum þegar þær eru í mótun. Aukaðilar geta einnig beint fyrirspurnum til ráðherraráðs.

Aðalmenn Íslandsdeildar VES-þingsins á árinu voru eftirtaldir: Kristján Pálsson, formaður, og Katrín Fjeldsted, varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Lúðvík Bergvinsson, þingflokki Samfylkingarinnar. Þá voru varamenn: Einar Oddur Kristjánsson og Hjálmar Jónsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar.

Gústaf Adolf Skúlason var ritari Íslandsdeildar VES-þingsins fram til 1. september en við starfinu tók Andri Lúthersson.

Skipan Íslandsdeildarinnar í nefndir árið 2000 var eftirfarandi:

Forsætisnefnd:	Kristján Pálsson.
Til vara:	Katrín Fjeldsted.
Stjórnarnefnd:	Kristján Pálsson.
Til vara:	Katrín Fjeldsted.
Stjórnmálanefnd:	Kristján Pálsson.
Til vara:	Einar Oddur Kristjánsson.
Varnarmálanefnd:	Katrín Fjeldsted.
Til vara:	Hjálmar Jónsson.
Nefnd um almannatengsl:	Lúðvík Bergvinsson.
Til vara:	Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Tækni- og geimvísindanefnd:	Lúðvík Bergvinsson.
Til vara:	Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Fjármála- og stjórnsýslunefnd:	Katrín Fjeldsted.
Til vara:	Hjálmar Jónsson.
Þingskapanefnd:	Katrín Fjeldsted.
Til vara:	Hjálmar Jónsson.

3. Breytt staða VES og áhrif þess á VES-þingið.

Árið 2000 var framtíð VES-þingsins sjálfs efst á baugi í umræðum auk þess sem þær snerust að töluverðu leyti um stofnanatengsl VES við ESB og NATO en á síðustu missirum hafa átt sér stað miklar breytingar á vettvangi öryggis- og varnarmála í Evrópu. Á leiðtogafundi

Bretlands og Frakklands í St. Malo í desember 1998 var öryggismálum álfunnar beint inn á ótroðnar slóðir. Þar var ákveðið að ESB kæmi sér upp sjálfstæðum hernaðarmætti og í framhaldinu var ákveðið á leiðtogafundum ESB í Köln árið 1999 að stefna bæri að því að ESB tæki við flestum verkefnum VES fyrir árslok árið 2000. Á fundi leiðtoga aðildarríkja ESB í Helsinki síðar sama ár urðu leiðtogarnir sammála um að NATO yrði áfram grundvöllur sameiginlegra varna ríkja sambandsins, en jafnframt að nauðsynlegt væri að koma á nýjum pólitískum og hernaðarlegum stofnunum er gerðu Evrópuríkjunum kleift að efna til hernaðaraðgerða undir forustu ESB þegar bregðast þyrfti við alþjóðlegum vanda. Samkæmt ákvörðunum leiðtoga aðildarríkja ESB hefur nauðsynlegum stofnunum þegar verið komið á fót innan „annarrar stoðar" ESB og auk þess hefur hernaðarlegum markmiðum sambandsins þegar verið ýtt úr vör en stefnt er að því að það hafi á að skipa 50–60.000 manna evrópsku herliði sem brugðist geti skjótt við er hættuástand skapast. Ákvarðanir nokkurra leiðtogafunda ESB og yfirlýsing leiðtogafundar NATO í Washington lágu til grundvallar beinu sambandi milli NATO og ESB í þessum málum og hefur þróunin í átt að sjálfstæðum hernaðarmætti ESB í kjölfarið gert það að verkum að hlutverk VES í öryggis- og varnarmálum álfunnar er nokkru minna en áður í ljósi þess að stofnanir öryggis- og varnarmála álfunnar hafa færst á ábyrgð ESB. Jafnframt var í yfirlýsingu leiðtogafundar NATO kveðið á um mikilvægi þátttöku evrópsku NATO-ríkjanna utan ESB í öryggis- og varnarsamstarfi á vegum ESB og að NATO-ríkin utan ESB fengju aðgang að búnaði NATO. Því er ljóst að nauðsynlegt er að Ísland tengist VES nánari böndum og gæti þannig að stöðu landsins í öryggis- og varnarmálum Evrópu.

VES-þingið hefur verið mikilvægur þátttakandi í umræðunni um hvernig staðið verði að evrópsku þingi er hafi öryggis- og varnarmál til umfjöllunar. VES-þingið hefur lagt til að komið verði á fót öryggis- og varnarmálaþingi Evrópu þar sem þjóðkjörnir þingmenn hefðu eftirlit með starfsemi stofnana ESB á sviði öryggis- og varnarmála. Þá hefur verið lagt til að nýja þingið verði grundvallað á ESB-sáttmálanum og að þingmenn þjóðþinga ESB-ríkjanna 15 taki þar sæti, auk þjóðkjörinna þingmanna evrópsku aðildarríkja NATO sem eru ekki aðilar að ESB. Tillögur þessa efnis voru settar fram á sérstöku VES-þingi í Lissabon í mars og á þeim hefur umræðan um hlutverk þjóðþinganna í öryggis- og varnarmálastefnu Evrópusambandsins byggst. Þá var ákveðið að VES-þingið tæki upp viðbótarheitið: Tímabundið öryggis- og varnarmálaþing Evrópu (The Interim European Security and Defence Assembly).

Íslandsdeildin hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að núverandi aukaaðildarríki VES geti tekið þátt í þróun öryggis- og varnarmálasamstarfs álfunnar, sem og framkvæmd þeirrar stefnu sem á endanum verður mótuð. Þá hefur Íslandsdeildin lagt áherslu á mikilvægi lýðræðislegs eftirlits þingmannasamkundu eins og VES-þingsins.

4. Þátttaka Íslandsdeildarinnar í starfsemi VES-þingsins á árinu.

VES-þingið kemur sem fyrr segir saman tvisvar á ári til reglulegs þingfundar. Nefndir þingsins halda auk þess fundi nokkrum sinnum á ári. Á árinu tók Íslandsdeildin þátt í báðum hlutum þingfundarins.

a. Fyrri hluti 46. fundar VES-þingsins.

Dagana 5.–8. júní var fyrri hluti 46. fundar VES-þingsins haldinn í París. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Kristján Pálsson, formaður, Katrín Fjeldsted, varaformaður, og Lúðvík Bergvinsson, auk ritara. Helsta umfjöllunarefni fundarins var að sjálfsögðu sú öra þróun sem nú á sér stað í skipan Evrópusamstarfs í öryggis- og varnarmálum á vettvangi ESB. Einkum var rætt um framtíðarstöðu evrópsku NATO-ríkjanna sem standa utan ESB

(aukaaðildarríkja VES) annars vegar og framtíðarskipan evrópsks þingmannasamstarfs á sviði öryggis- og varnarmála hins vegar. Nær alger samstaða virtist ríkja um það á fundinum að evrópsku NATO-ríkin utan ESB yrðu áfram að hafa a.m.k. sambærilega stöðu og þau hafa nú innan VES. Menn voru og sammála um nauðsyn þess að þjóðkjörnir þingmenn ríkjanna 28 sem nú tengjast VES með einum eða öðrum hætti störfuðu saman á einhverjum vettvangi og samþykkti fundurinn að VES-þingið kallaðist jafnframt tímabundið öryggis- og varnarmálaþing Evrópu. Þá var sett á laggirnar sérstök nefnd (Steering Committee) skipuð formönnum landsdeilda og flokkahópa til að vinna drög að skipulagi og þingsköpum nýs öryggis- og varnarmálaþings Evrópu og tók Kristján Pálsson sæti í nefndinni fyrir hönd Íslandsdeildar. Klaus Bühler, forseti VES-þingsins, átti einnig sæti í nefndinni og var kjörinn formaður hennar á fyrsta fundi. Evrópuþingið á einnig áheyrnarfulltrúa í nefndinni.

Nefndinni er meðal annars ætlað að vinna drög að stofnsáttmála hins nýja þings og gera tillögur um samsetningu þess, atkvæðisrétt, nefndarskipan, fjármögnun o.s.frv. Ráðgert var að nefndin hittist þrisvar sinnum fram að þingfundi VES-þingsins í desember og að tillögur hennar yrðu lagðar fyrir fundinn til samþykktar. Talsverðrar spennu virtist gæta í nefndinni á þinginu þegar kom að umræðu um stöðu evrópskra NATO-ríkja utan ESB. Á fyrsta fundi nefndarinnar lagði Klaus Bühler t.d. til að atkvæðisréttur í nefndinni yrði einskorðaður við aðildarríki ESB, en aukaaðildarríki VES hafa atkvæðisrétt í nefndum þingsins. Margir urðu til að mótmæla þessu, þar á meðal Kristján Pálsson, og var ákvörðun um þetta frestað. Ákveðins ótta virtist hins vegar gæta við að láta evrópsku NATO-ríkjunum utan ESB of sterka stöðu í té í nefndinni þar sem það gæti haft neikvæð áhrif á afstöðu ESB og Evrópuþingsins til nýja þingsins. Þessi skoðun var ekki áberandi en rík ástæða er fyrir evrópsku NATO-ríkin utan ESB að standa vörð um hagsmuni sína við mótun nýs öryggis- og varnarmálaþings Evrópu.

Eftirtaldir ávörpuðu fundinn og svöruðu spurningum þingmanna: Júlio de Castro Caldas, varnarmálaráðherra Portúgals sem fór með formennsku í ráðherraráði ESB og VES fyrri hluta ársins 2000, Javier Solana, framkvæmdastjóri VES og æðsti yfirmaður utanríkis- og öryggismála hjá ESB, og Jean-Pierre Masseret, aðstoðarvarnarmálaráðherra Frakklands sem fór með formennsku í ráðherraráði ESB og VES síðari hluta ársins 2000. Loks má geta þess að Catherine Lalumière, varaformaður utanríkismálanefndar Evrópuþingsins, tók þátt í umræðunni um stofnun öryggis- og varnarmálaþings Evrópu.

Kristján Pálsson tók þátt í sameiginlegri umræðu um fyrstu tvær skýrslurnar, um afleiðingar þess að ákveðin verkefni VES yrðu færð yfir til ESB og um aukaaðildarríki VES og nýja skipan evrópskra öryggis- og varnarmála. Þá tóku Kristján og Katrín Fjeldsted þátt í umræðu um stofnun öryggis- og varnarmálaþings Evrópu. Í ræðum sínum fögnuðu þau fyrirætlunum um eflingu sjálfstæðs evrópsks hernaðarmáttar. Jafnframt lögðu þau áherslu á mikilvægi þess að evrópsku NATO-ríkin utan ESB fengju fullan þátttökurétt í mótun og framkvæmd evrópskrar öryggis- og varnarmálastefnu, svipað og nú væri innan VES. Þau þökkuðu bæði VES-þinginu og forseta þess fyrir hvernig þingið hefði ítrekað samþykkt tilmæli og ályktanir þar sem lögð er áhersla á mikilvægi sterkrar stöðu evrópsku NATO-ríkjanna utan ESB. Meðal annars í ljósi þessa lögðu þau áherslu á að áfram yrði vettvangur þar sem lýðræðislega kjörnir fulltrúar þjóðþinganna hittust og ræddu öryggis- og varnarmál Evrópu. Því lýstu þau stuðningi sínum við stofnun öryggis- og varnarmálaþings Evrópu á grunni VES-þingsins, þar sem þingmenn 28 aðildarríkja, aukaaðildarríkja og samstarfsríkja VES kæmu saman og fjölluðu um öryggis- og varnarmál álfunnar.

Í kjölfar ávarps Javiers Solana beindi Kristján Pálsson til hans þeirri spurningu hvort áhersla leiðtogafundar NATO í Washington árið 1999 á mikilvægi þess að evrópsku NATO-

ríkin utan ESB tækju sem mestan þátt í evrópskri öryggis- og varnarmálastefnu hefði tapað nokkru vægi á rúmu ári. Solana svaraði því til að af hálfu ESB yrði staðið við yfirlýsingar leiðtogafundar NATO. Hann sagði ýmsa vilja grandskoða niðurstöður leiðtogafunda ESB í Köln og Helsinki í leit að breytingum frá leiðtogafundi NATO í Washington. Sannleikurinn væri hins vegar sá að sami andi svifi enn yfir vötnum og að staðið yrði við hvert orð frá fundinum í Washington.

b. Síðari hluti 46. fundar VES-þingsins.

Síðari hluti 46. fundar VES-þingsins fór fram í París dagana 4.–7. desember. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Kristján Pálsson, formaður, Katrín Fjeldsted, varaformaður og Lúðvík Bergvinsson, auk ritara. Enn var rætt þróun á skipan Evrópusamstarfs í öryggis- og varnarmálum á vettvangi ESB síðustu missiri. Tvö mál bar þar hæst, annars vegar hvernig haga ætti stöðu aðildarríkja NATO utan ESB í öryggis- og varnarsamstarfi ESB í framtíðinni og hins vegar voru ítrekaðar kröfur þingmanna á VES-þinginu um nauðsyn þess að þjóðkjörnir þingmenn ríkjanna 28 sem nú tengjast VES með einum eða öðrum hætti störfuðu saman á nýjum vettvangi öryggis- og varnarmála. Fyrir þingið var ljóst að ekki yrði tekin ákvörðun á árinu um skipan nýs öryggis- og varnarmálaþings Evrópu. Þó er ljóst að VES-þingið verður við lýði í einni eða annarri mynd enda styðst það við 9. grein Brussel-sáttmálans og eru aðildarríki VES á einu máli um að því verði við haldið sem réttum vettvangi öryggis- og varnarmálaumræðu í álfunni. Hin sérlega nefnd VES-þingsins hafði ekki lokið störfum sínum fyrir þingfundinn en ýmsar tillögur höfðu verið viðraðar og verður framhald umræðna um þau mál. Á þinginu var fjallað um framkvæmd öryggis- og varnarmálastefnu ESB og ályktað í þá veru að tryggt yrði að VES-þingið kæmi með beinum hætti að umræðunni um hvaða vettvangur yrði valinn fyrir framtíðarfyrirkomulag öryggis- og varnarmálaþings Evrópu. Sú umræða verður lögð til grundvallar ákvörðun um hvernig hægt verður að tryggja þátttöku evrópskra þingmanna í þessum málum. Var ráðherraráð VES hvatt til að leita allra leiða til að tryggja að formennskuríki ESB taki ákvörðun um framhaldið í samvinnu og samráði við VES og þingmannasamkundu þess. Var enn fremur hvatt til þess að ESB héldi VES-þinginu við uns ákvörðun um framtíð þessara mála hefði verið tekin.

Þrír möguleikar hafa einkum verið ræddir með hliðsjón af þessu og gerir sá fyrsti ráð fyrir að tvö þing muni starfa í framtíðinni, annars vegar öryggis- og varnarmálaþing Evrópu, sem starfi innan ESB og hafi eingöngu Petersberg-verkefnin svokölluðu í sínum verkahring, og hins vegar VES-þing, sem fjalli um málefni er lúta að 5. grein Brussel-sáttmálans, samvinnu á sviði hergagnaframleiðslu og varnar- og öryggismál í víðu samhengi. Annar kosturinn er að eitt þing fjalli um evrópsk öryggis- og varnarmál í heild. Þar eru nokkrir ólíkir möguleikar nefndir: VES-þing með þátttöku fulltrúa Evrópuþingsins til viðbótar við þjóðkjörna fulltrúa aðildarríkjanna, þingmannasamkunda á vegum Evrópuþingsins með þátttöku þjóðkjörinna þingmanna sem sitja nú á VES-þinginu og sérstök samstarfsnefnd fulltrúa þjóðþinga og Evrópuþingsins. Þriðji möguleikinn sem nefndur hefur verið í þessu samhengi er að komið verði á nokkurs konar efri deild Evrópuþingsins með fulltrúum þjóðþinga.

Þróun í átt að sameiginlegri öryggis- og varnarmálastefnu ESB var fagnað á þinginu þó að ákvörðun ráðherraráðs ESB um að leggja niður VES sem þátttakanda í ófullgerðri öryggis- og varnarmálastefnu ESB væri sögð bera vott um fljótfærni. Í ályktun sinni hefði ráðherraráðið ekki gætt þess að réttindi og hagsmunir aðildarríkja sem standa utan ESB (aukaaðildarríkja VES) yrðu tryggðir er hlutverk VES færðist á ESB.

Eftirtaldir ávörpuðu fundinn og svöruðu spurningum þingmanna: Javier Solana, framkvæmdastjóri VES og æðsti yfirmaður utanríkis- og öryggismála hjá ESB, Jozias Van

Aartzen, utanríkisráðherra Hollands, sem fer með formennsku í ráðherraráði VES fyrri hluta árs 2001, Lionel Jospin, forsætisráðherra Frakklands, sem fór fyrir ráðherraráði ESB og VES síðari hluta ársins 2000, Akis Tsohatzopoulos, varnarmálaráðherra Grikklands sem fer fyrir Hergagnastofnun Vestur-Evrópu (WEAG), og Art Eggleton, varnarmálaráðherra Kanada.

Kristján Pálsson tók þátt í umræðu um framkvæmd sameiginlegrar öryggis- og varnarmálastefnu Evrópu og lagði áherslu á það í ræðu sinni að enn ætti eftir að svara þeirri grundvallarspurningu hvernig þátttaka aukaaðildarríkja VES í sameiginlegri öryggis- og varnarmálastefnu Evrópu yrði og á hvern hátt mætti tryggja þátttöku þjóðkjörinna þingmanna þessara ríkja í þingræðislegri umræðu um þennan málaflokk. Lýsti hann yfir áhyggjum sínum af örri þróun og sagði að gæta yrði þess að einingin innan NATO veiktist ekki við eflingu sjálfstæðs evrópsks hernaðarmáttar. Þá taldi hann og að gæta yrði að mörgum þáttum þegar ákveðið yrði hvernig haga bæri skipulagi öryggis- og varnarmálaþings Evrópu. Hann nefndi að VES-þingið og Evrópuþingið ættu að ræða á jafnræðisgrundvelli um þau mál. Ítrekaði Kristján jafnframt fyrri áherslur sínar um mikilvægi þess að evrópsku NATO-ríkin utan ESB fengju fullan þátttökurétt í mótun og framkvæmd evrópskrar öryggis- og varnarmálastefnu, líkt og innan VES.

Eftir ávarp Javiers Solana, framkvæmdastjóra VES, spurði Kristján hvernig tryggt yrði að hin öra þróun í átt að nánara öryggis- og varnarsamstarfi á vegum ESB leiddi ekki til þess að NATO-ríkin utan ESB yrðu afskipt við stefnumótun og ákvarðantöku með tilliti til Petersberg-verkefnanna. Í svari Solana kom fram að staða Íslands yrði ekki verri en áður og lagði hann áherslu á að ekki væru uppi áætlanir um að komið yrði á sameiginlegu öryggis- og varnarkerfi í álfunni. Slíkt væri og yrði á herðum NATO. Einungis væri um afmarkaðan málaflokk að ræða og áhrif Íslands á hann yrðu meiri áhrif en áður.

Eftir ávarp Jozias Van Aartzens, utanríkisráðherra Hollands, bar Katrín Fjelsted fram spurningu um hvernig Holland, sem fer fyrir ráðherraráði VES, mæti framtíðarhorfur aukaaðildarríkja VES og hvort yfirlýsing leiðtoga NATO-ríkjanna í Washington á síðasta ári hefði misst gildi sitt. Í svari Van Aartzens kom fram að á undanförnum missirum hefði verið rætt við aukaaðildarríkin um fyrirkomulag þátttöku þeirra í málum VES og sagði hann að ljóst væri að þátttakan yrði með reglubundnum hætti bæði á embættismanna- og ráðherrastigi. Sagði hann að þegar hefði verið ákveðið að samráðsfundir á ráðherrastigi yrðu á hálfs árs fresti og að aukaaðildarríkin hefðu þar tillögurétt í öllum málum er lytu að öryggis- og varnarmálum sem og hættuástandsstjórnun. Þá fagnaði ráðherrann framlagi aukaaðildarríkjanna til verkefna sem ráðist verður í undir sameiginlegri öryggis- og varnarmálastefnu Evrópu. Sagði hann að í forustutíð Hollands yrði samráð við aukaaðildarríkin eflt til muna á öllum stigum og að evrópsku NATO-ríkin utan ESB mundu sjálfkrafa hafa rétt til að taka þátt í aðgerðum ESB þar sem búnaður NATO væri nýttur.

c. Nefndarfundir.

Forsætisnefnd Alþingis veitti formanni Íslandsdeildar VES-þingsins takmarkaða aukafjárveitingu vegna setu hans í sérstakri nefnd VES-þingsins (Steering Committee) sem var skipuð formönnum landsdeilda og flokkahópa og sett var á laggirnar til að vinna drög að skipulagi og þingsköpum nýs öryggis- og varnarmálaþings Evrópu. Nefndin hélt þrjá fundi á árinu, einn í Brussel og tvo í París, og sótti Kristján Pálsson þá alla. Þar var efnt til umræðna við allar málefnanefndir VES-þingsins auk þess sem fulltrúar forusturíkja VES og ESB ávörpuðu nefndina og lýstu viðhorfum sínum til framtíðarþróunar öryggis- og varnarmála álfunnar og breytts hlutverks VES og VES-þingsins. Nefndin er enn að störfum en henni er sem áður segir ætlað að semja drög að stofnsáttmála hins nýja þings og gera tillögur um samsetningu þess,

atkvæðisrétt, nefndarskipan, fjármögnun o.s.frv. Ráðgert er að nefndin skili tillögum sínum árið 2001 og að þær verði lagðar fyrir VES-þingið til samþykktar.

Alþingi, 15. jan. 2001.

Kristján Pálsson, form.	Katrín Fjeldsted, varaform.	Lúðvík Bergvinsson.

Fylgiskjal.

Ályktanir, álit og tilmæli VES-þingsins árið 2000.

Fyrri hluti 46. þingfundar, 5.–8. júní:

1. Tilmæli nr. A1689, um afleiðingar þess að ákveðin verkefni VES verði færð yfir til ESB.
2. Tilmæli nr. A1690, um aukaaðildarríki VES og nýja skipan evrópskra öryggismála.
3. Tilmæli nr. A1687, um ný verkefni evrópsks herafla og þann hernaðarmátt sem þau krefjast.
4. Tilmæli nr. A1692, um ný verkefni fyrir gervihnattamiðstöð VES.
5. Ályktun nr. A1685, um alþjóðlegan erindrekstur þingmanna: hlutverk fjölþjóðaþinga.
6. Tilmæli nr. A1686, um rannsóknarstofnanir í öryggis- og varnarmálum: stöðuna í aukaaðildarríkjunum.
7. Tilmæli nr. A1693, um endurskoðuð fjárlög fyrir árið 2000.
8. Álit nr. A1694 á fjárlögum ráðherraráðsins fyrir árið 2000.
9. Tilmæli nr. A1691, um framkvæmd stöðugleikasáttmála ESB fyrir Suðaustur-Evrópu.
10. Tilmæli nr. A1688, um stöðu mála í Kosovo.

Síðari hluti 46. þingfundar, 4.–7. desember:

1. Tilmæli nr. C1715, um hættuástandsstjórnun samkvæmt sameiginlegri öryggis- og varnarmálastefnu Evrópu.
2. Tilmæli nr. C1716, um stjórn á útbreiðslu kjarnavopna og hlut sameiginlegrar öryggis- og varnarmálastefnu Evrópu í því efni.
3. Tilmæli nr. C1712, um varaherlið og breyttar aðstæður með tilkomu stéttar atvinnuhermanna.
4. Tilmæli nr. C1722, um Rússland og öryggi og varnir Evrópu.
5. Álit um Marseilles-yfirlýsinguna.
6. Tilmæli nr. C1709, um útgjöld VES-þingsins árið 1999.
7. Fjárlagatillögur fyrir árið 2001.
8. Tilmæli nr. C1719, um afleiðingar samrunaþróunar í hergagnaframleiðslu Evrópu.
9. Tilmæli nr. C1717, um samvinnu í eldflaugavörnum á Evró-Atlantshafssvæðinu.
10. Tilmæli nr. C1718, um samanburð á framlagi til rannsókna á varnarmálum í Evrópu og Bandaríkjunum.
11. Tilmæli nr. C1723, um rannsóknastofnanir í öryggis- og varnarmálum og stöðuna í aukaaðildarríkjum VES.

12. Ályktun nr. C1724, um undirsvæðastofnanir í Evrópu og þingræðislega vídd þeirra: stöðuna í Mið- og Suður-Evrópu.
13. Tilmæli nr. C1721, um alþjóðlega löggæslu í suðausturhluta Evrópu.

782. Fyrirspurn [496. mál]

til heilbrigðisráðherra um nýgengi krabbameins.

Frá Drífu Hjartardóttur.

Hver hefur verið þróun nýgengis krabbameins hér á landi sl. tíu ár, greint eftir árum, fjölda tilvika, tegundum, kynjum og skipt eftir landshlutum?

Skriflegt svar óskast.

783. Fyrirspurn [497. mál]

til heilbrigðisráðherra um rannsókn á áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann.

Frá Drífu Hjartardóttur.

Hefur farið fram eða er fyrirhuguð rannsókn á áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann?

784. Þingsályktun [412. mál]

um fullgildingu samnings milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi.

(Afgreidd frá Alþingi 26. febr.)

Samhljóða þskj. 667.

785. Tillaga til þingsályktunar [498. mál]

um aðild að samningi um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar að heimila að Ísland gerist aðili að samningi um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna sem gerður var í New York 9. desember 1994.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að samningi um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna sem gerður var í New York 9. desember 1994. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögunni.

Samningurinn lá frammi til undirritunar í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna til 31. desember 1995. Samningurinn öðlaðist gildi 15. janúar 1999. Hinn 6. febrúar 2001 voru aðildarríki samningsins 50, þar á meðal eru öll norrænu ríkin að Íslandi undanskildu.

Vegna þróunar alþjóðamála hafa Sameinuðu þjóðirnar aukið starfsemi sína verulega og starfsmenn á vegum þeirra, auk tengdra starfsmanna, hafa sinnt friðargæslu víðs vegar um heim. Í lok ársins 2000 stóðu Sameinuðu þjóðirnar að fimmtán friðargæsluverkefnum. Í ljósi þessa aukna umfangs starfseminnar samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ályktun þann 9. desember 1994 um að leggja fram þann samning sem hér um ræðir til að tryggja öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna.

Ísland hefur tekið aukinn þátt í þessu samstarfi Sameinuðu þjóðanna á liðnum árum og fjárframlög íslenska ríkisins til þessa málaflokks hafa hækkað í samræmi við það. Ísland tekur þátt í störfum hinnar alþjóðlegu lögreglusveitar og stöðugleikahersveita í Bosníu og Hersegóvínu og gerðist jafnframt aðili að sérstakri friðargæslunefnd Sameinuðu þjóðanna árið 1997. Í árslok 2000 störfuðu tíu Íslendingar á Balkanskaga samkvæmt starfs- og launasamningum sem utanríkisráðuneytið hefur gert við þá auk þess sem aðrir tíu störfuðu á sömu slóðum hjá alþjóðlegum stofnunum og félagasamtökum. Í ljósi þess að íslensk stjórnvöld vilja auka þátttöku Íslendinga í friðargæslu enn frekar á næstu árum er augljóst hversu brýnt er að búa vel að öryggi þeirra Íslendinga sem sinna friðargæslu og öðrum verkefnum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Í inngangsorðum samningsins kemur fram það sjónarmið að aðgerðir á vegum Sameinuðu þjóðanna fari fram í þágu alls samfélags þjóðanna og séu í samræmi við markmið sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þess vegna sé nauðsynlegt að tryggja öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna en ráðstafanir fram til þessa hafi ekki verið fullnægjandi. Samningurinn felur í sér skyldu til að tryggja öryggi og vernd starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna, sbr. 7. gr. samningsins. Í 8. gr. er mælt fyrir um skyldu til að láta lausa eða afhenda starfsmenn sem teknir hafa verið til fanga eða hnepptir í varðhald. Í 2. mgr. 9. gr. er sú skylda lögð á aðildarríki samningsins að gera þá glæpi sem upp eru taldir í 1. mgr. 9. gr. refsiverða að landslögum.

Aðild að samningnum kallar á breytingu á ákvæðum um refsilögsögu í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940. Dómsmálaráðherra mun leggja fram frumvarp til slíkrar breytingar á yfirstandandi löggjafarþingi. Að öðru leyti eru gildandi lög á Íslandi í samræmi við ákvæði samningsins. Þannig er unnt að veita starfsmönnum Sameinuðu þjóðanna þau réttindi sem

gert er ráð fyrir í samningnum á grundvelli laga um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana, nr. 98/1992.

Fylgiskjal.

Samningur um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna.

Ríkin, sem eru aðilar að samningi þessum,

hafa miklar áhyggjur af vaxandi fjölda dauðsfalla og meiðsla af völdum árása sem gerðar eru af ásettu ráði á starfsmenn Sameinuðu þjóðanna og tengda starfsmenn,

með það í huga að árásir eða aðrar misþyrmingar á starfsmönnum sem starfa á vegum Sameinuðu þjóðanna eru óréttlætanlegar og óviðunandi hver svo sem framkvæmir þær,

viðurkenna að aðgerðir á vegum Sameinuðu þjóðanna fara fram í þágu samfélags þjóðanna og í samræmi við meginreglur og markmið sáttmála Sameinuðu þjóðanna,

taka mið af hinu mikilvæga framlagi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna er varðar starf Sameinuðu þjóðanna sem tengist fyrirbyggjandi ríkjasamskiptum, friðarumleitunum, friðargæslu, uppbyggingu friðar og aðgerðum vegna mannúðarmála og annarra aðgerða,

gera sér grein fyrir því fyrirkomulagi sem nú er í gildi við að tryggja öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna, þar með talið þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið í þessu skyni af aðalstofnunum Sameinuðu þjóðanna,

viðurkenna engu að síður að núverandi ráðstafanir til verndar starfsmönnum Sameinuðu þjóðanna og tengdum starfsmönnum eru ófullnægjandi,

taka mið af því að þar sem aðgerðir á vegum Sameinuðu þjóðanna fara fram með samþykki gistiríkis og í samstarfi við það eykst skilvirkni og öryggi aðgerðanna,

fara þess á leit við öll ríki sem starfsmenn Sameinuðu þjóðanna og tengdir starfsmenn hafa verið sendir til, og við alla aðra sem slíkir starfsmenn kunna að reiða sig á, að veita víðtækan stuðning í því skyni að

Convention on the Safety of United Nations and Associated Personnel

The States Parties to this Convention,

Deeply concerned over the growing number of deaths and injuries resulting from deliberate attacks against United Nations and associated personnel,

Bearing in mind that attacks against, or other mistreatment of, personnel who act on behalf of the United Nations are unjustifiable and unacceptable, by whomsoever committed,

Recognizing that United Nations operations are conducted in the common interest of the international community and in accordance with the principles and purposes of the Charter of the United Nations,

Acknowledging the important contribution that United Nations and associated personnel make in respect of United Nations efforts in the fields of preventive diplomacy, peacemaking, peace-keeping, peace-building and humanitarian and other operations,

Conscious of the existing arrangements for ensuring the safety of United Nations and associated personnel, including the steps taken by the principal organs of the United Nations, in this regard,

Recognizing none the less that existing measures of protection for United Nations and associated personnel are inadequate,

Acknowledging that the effectiveness and safety of United Nations operations are enhanced where such operations are conducted with the consent and cooperation of the host State,

Appealing to all States in which United Nations and associated personnel are deployed and to all others on whom such personnel may rely, to provide comprehensive support aimed at facilitating the conduct

greiða fyrir stjórnun og störfum samkvæmt umboði til aðgerða á vegum Sameinuðu þjóðanna,

eru sannfærð um að það er brýn nauðsyn til þess að viðeigandi og skilvirkar ráðstafanir til að koma í veg fyrir árásir á starfsmenn Sameinuðu þjóðanna og tengda starfsmenn, og um refsingar þeirra sem gert hafa slíkar árásir, verði samþykktar,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.
Skilgreiningar.

Í þessum samningi er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „starfsmenn Sameinuðu þjóðanna“:
   i) einstaklingar sem aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna ræður eða sendir sem þátttakendur í þeim aðgerðum á vegum Sameinuðu þjóðanna sem lúta að hernaði, löggæslu eða borgaralegum málefnum;
   ii) aðrir embættismenn og sérfræðingar sem ganga erinda Sameinuðu þjóðanna, sérstofnana þeirra eða Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar og eru embættis síns vegna staddir á svæði þar sem aðgerðir á vegum Sameinuðu þjóðanna fara fram;

b) „tengdir starfsmenn“:
   i) einstaklingar sem ríkisstjórn eða milliríkjastofnun felur ákveðin verkefni með samþykki lögbærrar stofnunar Sameinuðu þjóðanna;
   ii) einstaklingar ráðnir af aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, sérstofnun eða Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni;
   iii) einstaklingar sem sendir eru af óopinberri mannúðarstofnun eða -skrifstofu samkvæmt samkomulagi við aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, sérstofnun eða Alþjóðakjarnorkumálastofnunina til að vinna að verkefnum samkvæmt umboði til aðgerða á vegum Sameinuðu þjóðanna;

c) „aðgerð á vegum Sameinuðu þjóðanna“: aðgerð sem komið er á fót af lögbærri stofnun Sameinuðu þjóðanna í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna og fer fram undir stjórn og eftirliti Sameinuðu þjóðanna:
   i) þegar aðgerðinni er ætlað að varðveita eða koma aftur á heimsfriði og alþjóðaöryggi; eða
   ii) þegar öryggisráðið eða allsherjarþingið hafa lýst því yfir, að því er þennan samning varð-

and fulfilling the mandate of United Nations operations,

Convinced that there is an urgent need to adopt appropriate and effective measures for the prevention of attacks committed against United Nations and associated personnel and for the punishment of those who have committed such attacks,

Have agreed as follows:

Article 1
Definitions

For the purposes of this Convention:

(a) "United Nations personnel" means:
   (i) Persons engaged or deployed by the Secretary-General of the United Nations as members of the military, police or civilian components of a United Nations operation;
   (ii) Other officials and experts on mission of the United Nations or its specialized agencies or the International Atomic Energy Agency who are present in an official capacity in the area where a United Nations operation is being conducted;

(b) "Associated personnel" means:
   (i) Persons assigned by a Government or an intergovernmental organization with the agreement of the competent organ of the United Nations;
   (ii) Persons engaged by the Secretary-General of the United Nations or by a specialized agency or by the International Atomic Energy Agency;
   (iii) Persons deployed by a humanitarian non-governmental organization or agency under an agreement with the Secretary-General of the United Nations or with a specialized agency or with the International Atomic Energy Agency, to carry out activities in support of the fulfilment of the mandate of a United Nations operation;

(c) "United Nations operation" means an operation established by the competent organ of the United Nations in accordance with the Charter of the United Nations and conducted under United Nations authority and control:
   (i) Where the operation is for the purpose of maintaining or restoring international peace and security; or
   (ii) Where the Security Council or the General Assembly has declared, for the purposes of

ar, að öryggi starfsfólks sem tekur þátt í aðgerðinni sé sérstök hætta búin;

d) „gistiríki“: ríki sem ræður því yfirráðasvæði þar sem aðgerð á vegum Sameinuðu þjóðanna fer fram;

e) „gegnumferðarríki“: ríki, annað en gistiríki, sem ræður því yfirráðasvæði þar sem starfsmenn Sameinuðu þjóðanna og tengdir starfsmenn eða búnaður þeirra fara um eða hafa stutta viðdvöl í tengslum við aðgerð á vegum Sameinuðu þjóðanna.

this Convention, that there exists an exceptional risk to the safety of the personnel participating in the operation;

(d) "Host State" means a State in whose territory a United Nations operation is conducted;

(e) "Transit State" means a State, other than the host State, in whose territory United Nations and associated personnel or their equipment are in transit or temporarily present in connection with a United Nations operation.

2. gr
Gildissvið.

1. Þessi samningur gildir um starfsmenn Sameinuðu þjóðanna og tengda starfsmenn og aðgerðir á vegum Sameinuðu þjóðanna samkvæmt skilgreiningunum í 1. gr.

2. Þessi samningur gildir ekki um aðgerð á vegum Sameinuðu þjóðanna sem heimiluð er af öryggisráðinu sem þvingunarráðstöfun skv. VII. kafla sáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem einhverjir starfsmannanna eiga í átökum við skipulagðan herafla sem lögin um alþjóðleg hernaðarátök gilda um.

Article 2
Scope of application

1. This Convention applies in respect of United Nations and associated personnel and United Nations operations, as defined in article 1.

2. This Convention shall not apply to a United Nations operation authorized by the Security Council as an enforcement action under Chapter VII of the Charter of the United Nations in which any of the personnel are engaged as combatants against organized armed forces and to which the law of international armed conflict applies.

3. gr.
Auðkenning.

1. Allir sem starfa við hernað og löggæslu vegna aðgerðar á vegum Sameinuðu þjóðanna og bifreiðar þeirra, skip og loftför skulu bera skýr auðkenni. Annað starfsfólk, bifreiðar, skip og loftför, sem eiga þátt í aðgerðum á vegum Sameinuðu þjóðanna, skulu auðkennd á viðeigandi hátt nema aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna ákveði annað.

2. Allir starfsmenn Sameinuðu þjóðanna og tengdir starfsmenn skulu bera viðeigandi persónuskírteini.

Article 3
Identification

1. The military and police components of a United Nations operation and their vehicles, vessels and aircraft shall bear distinctive identification. Other personnel, vehicles, vessels and aircraft involved in the United Nations operation shall be appropriately identified unless otherwise decided by the Secretary-General of the United Nations.

2. All United Nations and associated personnel shall carry appropriate identification documents.

4. gr.
Samningar um stöðu aðgerðarinnar.

Gistiríkið og Sameinuðu þjóðirnar skulu eins fljótt og auðið er gera með sér samning um stöðu tiltekinnar aðgerðar á vegum Sameinuðu þjóðanna og alls starfsfólks sem tengist henni, þar með talið m.a. ákvæði um sérréttindi og friðhelgi þeirra sem starfa við hernað og löggæslu vegna aðgerðarinnar.

Article 4
Agreements on the status of the operation

The host State and the United Nations shall conclude as soon as possible an agreement on the status of the United Nations operation and all personnel engaged in the operation including, inter alia, provisions on privileges and immunities for military and police components of the operation.

5. gr.
Gegnumferð.

Gegnumferðarríki skal greiða fyrir óhindraðri gegnumferð starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna og búnaðar þeirra til og frá gistiríkinu.

Article 5
Transit

A transit State shall facilitate the unimpeded transit of United Nations and associated personnel and their equipment to and from the host State.

6. gr.

Lög og reglur virt.

1. Með fyrirvara um þau sérréttindi og friðhelgi sem starfsmenn Sameinuðu þjóðanna njóta eða þær kröfur sem gerðar eru til starfs þeirra skulu starfsmenn Sameinuðu þjóðanna og tengdir starfsmenn:

a) virða lög og reglur gistiríkisins og gegnumferðarríkis; og
b) komast hjá því að taka þátt í aðgerðum eða starfsemi sem samræmist ekki óhlutdrægu og alþjóðlegu eðli skyldustarfa þeirra.

2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að þessar skuldbindingar séu virtar.

7. gr.

Skylda til að tryggja öryggi og vernd starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna.

1. Ekki skal gera árás á starfsmenn Sameinuðu þjóðanna og tengda starfsmenn, búnað þeirra og athafnasvæði eða grípa til annarra aðgerða gegn þeim sem hindra þá í að starfa samkvæmt umboði sínu.

2. Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi og vernd starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna. Einkum skulu aðildarríki gera allar viðeigandi ráðstafanir til að vernda starfsmenn Sameinuðu þjóðanna og tengda starfsmenn sem starfa á yfirráðasvæði þeirra gegn þeim glæpum sem tilgreindir eru í 9. gr.

3. Aðildarríki skulu starfa með Sameinuðu þjóðunum og öðrum aðildarríkjum, eftir því sem viðeigandi þykir, að framkvæmd þessa samnings, einkum í þeim tilvikum þegar gistiríki er ófært um að gera nauðsynlegar ráðstafanir.

8. gr.

Skylda til að láta lausa eða afhenda þá starfsmenn Sameinuðu þjóðanna eða tengda starfsmenn sem hafa verið teknir til fanga eða hnepptir í varðhald.

Ef ekki er kveðið á um annað í gildum samningi um stöðu liðsafla skulu starfsmenn Sameinuðu þjóðanna og tengdir starfsmenn, sem eru teknir til fanga eða hnepptir í varðhald á meðan þeir gegna skyldustörfum og búið er að staðfesta hverjir eru, ekki færðir til yfirheyrslu og skal þeim tafarlaust sleppt og komið í hendur Sameinuðu þjóðanna eða annarra viðeigandi yfirvalda. Á meðan beðið er eftir að slíkir starfsmenn séu látnir lausir skal komið fram við þá í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar reglur um mannréttindi og meginreglur og anda Genfarsamninganna frá 1949.

Article 6

Respect for laws and regulations

1. Without prejudice to such privileges and immunities as they may enjoy or to the requirements of their duties, United Nations and associated personnel shall:

(a) Respect the laws and regulations of the host State and the transit State; and
(b) Refrain from any action or activity incompatible with the impartial and international nature of their duties.

2. The Secretary-General of the United Nations shall take all appropriate measures to ensure the observance of these obligations.

Article 7

Duty to ensure the safety and security of United Nations and associated personnel

1. United Nations and associated personnel, their equipment and premises shall not be made the object of attack or of any action that prevents them from discharging their mandate.

2. States Parties shall take all appropriate measures to ensure the safety and security of United Nations and associated personnel. In particular, States Parties shall take all appropriate steps to protect United Nations and associated personnel who are deployed in their territory from the crimes set out in article 9.

3. States Parties shall cooperate with the United Nations and other States Parties, as appropriate, in the implementation of this Convention, particularly in any case where the host State is unable itself to take the required measures.

Article 8

Duty to release or return United Nations and associated personnel captured or detained

Except as otherwise provided in an applicable status-of-forces agreement, if United Nations or associated personnel are captured or detained in the course of the performance of their duties and their identification has been established, they shall not be subjected to interrogation and they shall be promptly released and returned to United Nations or other appropriate authorities. Pending their release such personnel shall be treated in accordance with universally recognized standards of human rights and the principles and spirit of the Geneva Conventions of 1949.

9. gr.

Glæpir gegn starfsmönnum Sameinuðu þjóðanna og tengdum starfsmönnum.

1. Eftirtalið, framið af ásetningi:

a) morð, mannrán eða önnur árás á starfsmann eða frelsi starfsmanns Sameinuðu þjóðanna eða tengdan starfsmann;
b) ofsafengin árás á opinber athafnasvæði, einkavistarverur eða flutningatæki starfsmanns Sameinuðu þjóðanna eða tengds starfsmanns sem er líkleg til þess að stofna honum eða frelsi hans í hættu;
c) hótun um að gera slíka árás sem hefur það að markmiði að þvinga einstakling eða lögpersónu til að fremja einhvern verknað eða komast hjá því að fremja einhvern verknað;
d) tilraun til að gera slíka árás; og
e) verknaður sem felur í sér að vera vitorðsmaður að einhverri slíkri árás, eða tilraun til slíkrar árásar, eða að skipuleggja eða fyrirskipa öðrum að gera slíka árás,

skal skilgreint sem glæpur í landslögum allra aðildarríkjanna.

2. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að glæpirnir sem taldir eru upp í 1. mgr. séu refsiverðir og skulu viðurlög við þeim taka mið af því hversu alvarlegir þeir eru.

Article 9

Crimes against United Nations and associated personnel

1. The intentional commission of:

(a) A murder, kidnapping or other attack upon the person or liberty of any United Nations or associated personnel;
(b) A violent attack upon the official premises, the private accommodation or the means of transportation of any United Nations or associated personnel likely to endanger his or her person or liberty;
(c) A threat to commit any such attack with the objective of compelling a physical or juridical person to do or to refrain from doing any act;
(d) An attempt to commit any such attack; and
(e) An act constituting participation as an accomplice in any such attack, or in an attempt to commit such attack, or in organizing or ordering others to commit such attack,

shall be made by each State Party a crime under its national law.

2. Each State Party shall make the crimes set out in paragraph 1 punishable by appropriate penalties which shall take into account their grave nature.

10. gr.

Ákvörðun lögsögu.

1. Hvert aðildarríki skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að ákvarða lögsögu þess yfir glæpunum sem taldir eru upp í 9. gr. að því er eftirfarandi tilvik varðar:

a) þegar glæpurinn er framinn á yfirráðasvæði þess ríkis eða um borð í skipi eða loftfari sem skráð er í því ríki;
b) þegar meintur árásarmaður er ríkisborgari þess ríkis.

2. Aðildarríki getur einnig ákvarðað lögsögu sína yfir hverjum slíkum glæp þegar hann:

a) er framinn af ríkisfangslausum manni sem hefur fasta búsetu í því ríki; eða
b) varðar ríkisborgara þess ríkis; eða
c) er framinn í því skyni að þvinga það ríki til að fremja einhvern verknað eða láta vera að gera það.

3. Sérhvert aðildarríki sem hefur ákvarðað lögsögu með þeim hætti sem um getur í 2. mgr. skal tilkynna það aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Ef aðildarríkið afturkallar lögsöguna síðar skal það tilkynna það aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

4. Hvert aðildarríki um sig skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera í því skyni að

Article 10

Establishment of jurisdiction

1. Each State Party shall take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the crimes set out in article 9 in the following cases:

(a) When the crime is committed in the territory of that State or on board a ship or aircraft registered in that State;
(b) When the alleged offender is a national of that State.

2. A State Party may also establish its jurisdiction over any such crime when it is committed:

(a) By a stateless person whose habitual residence is in that State; or
(b) With respect to a national of that State; or
(c) In an attempt to compel that State to do or to abstain from doing any act.

3. Any State Party which has established jurisdiction as mentioned in paragraph 2 shall notify the Secretary-General of the United Nations. If such State Party subsequently rescinds that jurisdiction, it shall notify the Secretary-General of the United Nations.

4. Each State Party shall take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over

ákvarða lögsögu sína yfir glæpunum sem taldir eru upp í 9. gr. að því er varðar mál þar sem meintur árásarmaður er staddur á yfirráðasvæði aðildarríkisins og það framselur hann ekki skv. 15. gr. til einhvers annars aðildarríkis sem ákvarðað hefur lögsögu sína í samræmi við 1. eða 2. mgr.

5. Þessi samningur útilokar ekki refsilögsögu sem farið er með í samræmi við landslög.

the crimes set out in article 9 in cases where the alleged offender is present in its territory and it does not extradite such person pursuant to article 15 to any of the States Parties which have established their jurisdiction in accordance with paragraph 1 or 2.

5. This Convention does not exclude any criminal jurisdiction exercised in accordance with national law.

11. gr.

Varnir gegn glæpum gegn starfsmönnum Sameinuðu þjóðanna og tengdum starfsmönnum.

Aðildarríki skulu hafa samstarf um varnir gegn þeim glæpum sem taldir eru upp í 9. gr., einkum með því að:

a) gera allar raunhæfar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að undirbúningur slíkra afbrota sem framin eru innan eða utan yfirráðasvæða þeirra fari fram innan yfirráðasvæðis þeirra, og
b) skiptast á upplýsingum í samræmi við landslög sín og samræma stjórnsýsluráðstafanir og aðrar ráðstafanir, eftir því sem við á, til að koma í veg fyrir að þessir glæpir verði framdir.

Article 11

Prevention of crimes against United Nations and associated personnel

States Parties shall cooperate in the prevention of the crimes set out in article 9, particularly by:

(a) Taking all practicable measures to prevent preparations in their respective territories for the commission of those crimes within or outside their territories; and
(b) Exchanging information in accordance with their national law and coordinating the taking of administrative and other measures as appropriate to prevent the commission of those crimes.

12. gr.

Miðlun upplýsinga.

1. Samkvæmt þeim skilyrðum sem kveðið er á um í landslögum þess skal aðildarríki, þegar glæpur sem tilgreindur er í 9. gr. hefur verið framinn á yfirráðasvæði þess, ef það hefur ástæðu til að telja að meintur árásarmaður hafi flúið af yfirráðasvæði þess, tilkynna aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjórans, ríkinu eða ríkjunum sem í hlut eiga um öll málsatvik sem máli skipta og varða glæpinn sem framinn hefur verið og veita allar tiltækar upplýsingar um hver hinn meinti árásarmaður sé.

2. Hvenær sem framinn er glæpur sem tilgreindur er í 9. gr. skal hvert aðildarríki sem býr yfir upplýsingum um fórnarlambið og aðstæður þegar afbrotið var framið leitast við að koma slíkum upplýsingum skjótt og skilvíslega á framfæri við aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og ríkið eða ríkin sem í hlut eiga, samkvæmt þeim skilyrðum sem landslög setja.

Article 12

Communication of information

1. Under the conditions provided for in its national law, the State Party in whose territory a crime set out in article 9 has been committed shall, if it has reason to believe that an alleged offender has fled from its territory, communicate to the Secretary-General of the United Nations and, directly or through the Secretary-General, to the State or States concerned all the pertinent facts regarding the crime committed and all available information regarding the identity of the alleged offender.

2. Whenever a crime set out in article 9 has been committed, any State Party which has information concerning the victim and circumstances of the crime shall endeavour to transmit such information, under the conditions provided for in its national law, fully and promptly to the Secretary-General of the United Nations and the State or States concerned.

13. gr.

Ráðstafanir til að tryggja lögsókn eða framsal.

1. Þegar aðstæður leyfa skal aðildarríki, sé meintur árásarmaður staddur á yfirráðasvæði þess, gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við landslög til að tryggja viðveru þess einstaklings að því er varðar lögsókn eða framsal.

2. Ráðstafanir sem gerðar eru í samræmi við 1.

Article 13

Measures to ensure prosecution or extradition

1. Where the circumstances so warrant, the State Party in whose territory the alleged offender is present shall take the appropriate measures under its national law to ensure that person's presence for the purpose of prosecution or extradition.

2. Measures taken in accordance with paragraph 1

mgr. skal tilkynna, í samræmi við landslög og án tafar, aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjórans:

a) ríkinu þar sem glæpurinn var framinn;
b) ríkinu eða ríkjunum þar sem meintur árásarmaður hefur ríkisfang eða, ef viðkomandi einstaklingur er ríkisfangslaus, ríkinu þar sem viðkomandi einstaklingur hefur fasta búsetu;
c) ríkinu eða ríkjunum þar sem fórnarlambið hefur ríkisfang; og
d) öðrum ríkjum sem hagsmuna eiga að gæta.

14. gr.

Saksókn meintra árásarmanna.

Ef aðildarríki, sé meintur árásarmaður staddur á yfirráðasvæði þess, framselur ekki viðkomandi einstakling skal það undantekningarlaust og án ótilhlýðilegrar tafar láta málið í hendur lögbæru yfirvaldi til saksóknar samkvæmt málsmeðferð í samræmi við lög viðkomandi ríkis. Þessi yfirvöld skulu taka ákvörðun á sama hátt og þegar um er að ræða almenn afbrot alvarlegs eðlis samkvæmt lögum þess ríkis.

15. gr.

Framsal meintra árásarmanna.

1. Að því marki sem þeir glæpir sem taldir eru upp í 9. gr. teljast ekki til afbrota sem geta varðað framsali samkvæmt þeim framsalssamningum sem í gildi eru á milli aðildarríkjanna skal litið svo á að svo sé í þeim samningum. Aðildarríkin skuldbinda sig til að telja þessa glæpi til afbrota sem geta varðað framsali í öllum framsalssamningum sem þau munu gera sín á milli.

2. Ef aðildarríki sem gerir tilvist framsalssamnings að skilyrði fyrir framsali veitir viðtöku beiðni um framsal frá öðru aðildarríki sem það hefur ekki gert framsalssamning við hefur það þann valkost að nota þennan samning sem lagagrundvöll fyrir framsali að því er þá glæpi varðar. Framsal skal háð þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum þess ríkis sem beiðni er beint til.

3. Aðildarríki sem ekki gera tilvist framsalssamnings að skilyrði fyrir framsali skulu sín á milli viðurkenna þessa glæpi sem afbrot sem geta varðað framsali með fyrirvara um þau skilyrði sem kveðið er á um í lögum þess ríkis sem beiðni er beint til.

4. Að því er varðar framsal á milli aðildarríkjanna skal fara með hvern þessara glæpa eins og hann hafi ekki einungis verið framinn þar sem hann átti sér stað heldur á yfirráðasvæðum allra aðildarríkja sem hafa ákvarðað lögsögu sína í samræmi við 1. eða 2. mgr. 10. gr.

shall be notified, in conformity with national law and without delay, to the Secretary-General of the United Nations and, either directly or through the Secretary-General, to:

(a) The State where the crime was committed;
(b) The State or States of which the alleged offender is a national or, if such person is a stateless person, in whose territory that person has his or her habitual residence;
(c) The State or States of which the victim is a national; and
(d) Other interested States.

Article 14

Prosecution of alleged offenders

The State Party in whose territory the alleged offender is present shall, if it does not extradite that person, submit, without exception whatsoever and without undue delay, the case to its competent authorities for the purpose of prosecution, through proceedings in accordance with the law of that State. Those authorities shall take their decision in the same manner as in the case of an ordinary offence of a grave nature under the law of that State.

Article 15

Extradition of alleged offenders

1. To the extent that the crimes set out in article 9 are not extraditable offences in any extradition treaty existing between States Parties, they shall be deemed to be included as such therein. States Parties undertake to include those crimes as extraditable offences in every extradition treaty to be concluded between them.

2. If a State Party which makes extradition conditional on the existence of a treaty receives a request for extradition from another State Party with which it has no extradition treaty, it may at its option consider this Convention as the legal basis for extradition in respect of those crimes. Extradition shall be subject to the conditions provided in the law of the requested State.

3. States Parties which do not make extradition conditional on the existence of a treaty shall recognize those crimes as extraditable offences between themselves subject to the conditions provided in the law of the requested State.

4. Each of those crimes shall be treated, for the purposes of extradition between States Parties, as if it had been committed not only in the place in which it occurred but also in the territories of the States Parties which have established their jurisdiction in accordance with paragraph 1 or 2 of article 10.

16. gr.

Gagnkvæm aðstoð í sakamálum.

1. Aðildarríkin skulu veita hvert öðru alla þá aðstoð sem völ er á í tengslum við málsmeðferð í sakamálum sem varða þá glæpi sem taldir eru upp í 9. gr., þar með talin aðstoð við öflun sönnunargagna sem eru nauðsynleg við málsmeðferðina. Lög þess ríkis sem beiðni er beint til skulu gilda í öllum málum.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki hafa áhrif á skuldbindingar varðandi gagnkvæma aðstoð sem felast í öðrum samningum.

Article 16

Mutual assistance in criminal matters

1. States Parties shall afford one another the greatest measure of assistance in connection with criminal proceedings brought in respect of the crimes set out in article 9, including assistance in obtaining evidence at their disposal necessary for the proceedings. The law of the requested State shall apply in all cases.

2. The provisions of paragraph 1 shall not affect obligations concerning mutual assistance embodied in any other treaty.

17. gr.

Réttlát meðferð.

1. Tryggja skal sérhverjum einstaklingi, sem verið er að rannsaka eða sem málsmeðferð hefur hafist gegn í tengslum við einhvern þeirra glæpa sem tilgreindir eru í 9. gr., réttláta meðferð, réttláta dómsmeðferð og að hann njóti fullra réttinda á öllum stigum rannsóknarinnar eða málsmeðferðarinnar.

2. Sérhver meintur árásarmaður skal eiga rétt á:

a) að hafa án tafar samband við næsta viðeigandi fulltrúa þess ríkis eða þeirra ríkja, þar sem hann er ríkisborgari, eða þann aðila sem hefur rétt til að verja réttindi hans eða ef viðkomandi maður er ríkisfangslaus, fulltrúa þess ríkis sem tilbúið er, samkvæmt beiðni þess manns, til að verja réttindi hans; og

b) að fulltrúi þess ríkis eða þeirra ríkja heimsæki hann.

Article 17

Fair treatment

1. Any person regarding whom investigations or proceedings are being carried out in connection with any of the crimes set out in article 9 shall be guaranteed fair treatment, a fair trial and full protection of his or her rights at all stages of the investigations or proceedings.

2. Any alleged offender shall be entitled:

(a) To communicate without delay with the nearest appropriate representative of the State or States of which such person is a national or which is otherwise entitled to protect that person's rights or, if such person is a stateless person, of the State which, at that person's request, is willing to protect that person's rights; and

(b) To be visited by a representative of that State or those States.

18. gr.

Tilkynning um niðurstöðu málsmeðferðarinnar.

Aðildarríkið, þar sem meintur árásarmaður er sóttur til saka, skal tilkynna niðurstöðu málsmeðferðarinnar til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem skal senda upplýsingarnar til hinna aðildarríkjanna.

Article 18

Notification of outcome of proceedings

The State Party where an alleged offender is prosecuted shall communicate the final outcome of the proceedings to the Secretary-General of the United Nations, who shall transmit the information to other States Parties.

19. gr.

Útbreiðsla.

Aðildarríkin skuldbinda sig til að útbreiða þennan samning eins víða og unnt er og einkum að taka efni hans, auk viðeigandi ákvæða um mannúðarmál í þjóðarétti, upp í kennsluáætlanir við herþjálfun.

Article 19

Dissemination

The States Parties undertake to disseminate this Convention as widely as possible and, in particular, to include the study thereof, as well as relevant provisions of international humanitarian law, in their programmes of military instruction.

20. gr.

Fyrirvarar.

Ekkert í þessum samningi skal hafa áhrif á:

a) gildissvið þjóðaréttar í mannúðarmálum og alþjóðlega viðurkennda mælikvarða í mannréttindum eins og þeir eru settir fram í alþjóðlegum gerningum með tilliti til verndaraðgerða á veg-

Article 20

Savings clauses

Nothing in this Convention shall affect:

(a) The applicability of international humanitarian law and universally recognized standards of human rights as contained in international instruments in relation to the protection of United

um Sameinuðu þjóðanna og starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna, eða á ábyrgð þessara starfsmanna til að virða slík lög og mælikvarða;

b) réttindi og skyldur ríkja sem eru í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna til að samþykkja komu einstaklinga inn á yfirráðasvæði þeirra;

c) skyldu starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna að breyta í samræmi við skilmála umboðs vegna aðgerðar á vegum Sameinuðu þjóðanna;

d) rétt ríkja sem af frjálsum vilja leggja aðgerð á vegum Sameinuðu þjóðanna til starfsmenn til að draga starfsmenn sína út úr slíkum aðgerðum; eða

e) réttinn til að fá greiddar viðeigandi bætur vegna dauðsfalls, fötlunar, meiðsla eða veikinda sem rekja má til friðargæslustarfa einstaklinga sem ríki hafa að eigin vilja lagt aðgerð á vegum Sameinuðu þjóðanna til.

Nations operations and United Nations and associated personnel or the responsibility of such personnel to respect such law and standards;

(b) The rights and obligations of States, consistent with the Charter of the United Nations, regarding the consent to entry of persons into their territories;

(c) The obligation of United Nations and associated personnel to act in accordance with the terms of the mandate of a United Nations operation;

(d) The right of States which voluntarily contribute personnel to a United Nations operation to withdraw their personnel from participation in such operation; or

(e) The entitlement to appropriate compensation payable in the event of death, disability, injury or illness attributable to peace-keeping service by persons voluntarily contributed by States to United Nations operations.

21. gr.

Réttur til sjálfsvarnar.

Ekkert í þessum samningi skal túlka þannig að dregið sé úr réttinum til sjálfsvarnar.

Article 21

Right of self-defence

Nothing in this Convention shall be construed so as to derogate from the right to act in self-defence.

22. gr.

Lausn deilumála.

1. Sérhver deila milli tveggja eða fleiri aðildarríkja varðandi túlkun eða beitingu samnings þessa sem ekki er útkljáð með samningum skal, að beiðni eins þeirra, lögð í gerðardóm. Hafi aðilar ekki komið sér saman um samsetningu gerðardóms innan sex mánaða frá því að lögð er fram beiðni um slíkt getur hver aðilanna, með umsókn sem er í samræmi við stofnsamþykkt dómstólsins, vísað deilunni til alþjóðadómstólsins.

2. Hvert aðildarríki getur við undirritun, fullgildingu, staðfestingu eða samþykki þessa samnings, eða við aðild að honum, lýst því yfir að það telji sig ekki í heild eða að hluta bundið af 1. mgr. Hin aðildarríkin skulu ekki bundin af 1. mgr. eða viðkomandi hluta hennar að því er varðar aðildarríki sem gert hefur slíkan fyrirvara.

3. Sérhvert aðildarríki sem gert hefur fyrirvara í samræmi við 2. mgr. getur hvenær sem er afturkallað fyrirvarann með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

Article 22

Dispute settlement

1. Any dispute between two or more States Parties concerning the interpretation or application of this Convention which is not settled by negotiation shall, at the request of one of them, be submitted to arbitration. If within six months from the date of the request for arbitration the parties are unable to agree on the organization of the arbitration, any one of those parties may refer the dispute to the International Court of Justice by application in conformity with the Statute of the Court.

2. Each State Party may at the time of signature, ratification, acceptance or approval of this Convention or accession thereto declare that it does not consider itself bound by all or part of paragraph 1. The other States Parties shall not be bound by paragraph 1 or the relevant part thereof with respect to any State Party which has made such a reservation.

3. Any State Party which has made a reservation in accordance with paragraph 2 may at any time withdraw that reservation by notification to the Secretary-General of the United Nations.

23. gr.

Endurskoðunarfundir.

Fari eitt eða fleiri aðildarríki þess á leit, og sé það samþykkt af meirihluta aðildarríkja, skal aðalfram-

Article 23

Review meetings

At the request of one or more States Parties, and if approved by a majority of States Parties, the Secret-

kvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna boða til fundar aðildarríkja til að endurskoða framkvæmd samningsins og vandamál varðandi beitingu hans.

24. gr.
Undirritun.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir öll ríki til 31. desember 1995 í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York.

25. gr.
Fullgilding, staðfesting eða samþykki.

Samningur þessi er háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

26. gr.
Aðild.

Öllum ríkjum er frjálst að gerast aðilar að samningi þessum. Aðildarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

27. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi þrjátíu dögum eftir að tuttugu og tvö skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild hafa verið afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

2. Að því er varðar hvert ríki sem fullgildir samning þennan, staðfestir hann eða samþykkir eða gerist aðili að honum eftir að tuttugasta og annað skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild hefur verið afhent til vörslu öðlast samningurinn gildi á þrítugasta degi frá því að viðkomandi ríki afhenti til vörslu skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild.

28. gr.
Uppsögn.

1. Aðildarríki er heimilt að segja upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

2. Uppsögnin öðlast gildi einu ári eftir að aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna veitir henni viðtöku.

ary-General of the United Nations shall convene a meeting of the States Parties to review the implementation of the Convention, and any problems encountered with regard to its application.

Article 24
Signature

This Convention shall be open for signature by all States, until 31 December 1995, at United Nations Headquarters in New York.

Article 25
Ratification, acceptance or approval

This Convention is subject to ratification, acceptance or approval. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

Article 26
Accession

This Convention shall be open for accession by any State. The instruments of accession shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

Article 27
Entry into force

1. This Convention shall enter into force thirty days after twenty-two instruments of ratification, acceptance, approval or accession have been deposited with the Secretary-General of the United Nations.

2. For each State ratifying, accepting, approving or acceding to the Convention after the deposit of the twenty-second instrument of ratification, acceptance, approval or accession, the Convention shall enter into force on the thirtieth day after the deposit by such State of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

Article 28
Denunciation

1. A State Party may denounce this Convention by written notification to the Secretary-General of the United Nations.

2. Denunciation shall take effect one year following the date on which notification is received by the Secretary-General of the United Nations.

29. gr.
Jafngildir textar.

Frumrit þessa samnings, en textar hans á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru allir jafngildir, skal afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu og skal hann senda staðfest afrit af því til allra ríkjanna.

GJÖRT í New York 9. desember 1994.

Article 29
Authentic texts

The original of this Convention, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations, who shall send certified copies thereof to all States.

DONE at New York this ninth day of December one thousand nine hundred and ninety-four.

786. Fyrirspurn [499. mál]

til iðnaðarráðherra um byggðakvóta.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því innan ríkisstjórnar að svokallaður byggðakvóti verði aukinn úr 1.500 tonna afla í 3.000 tonna afla eins og lagt er til í tillögu stjórnar Byggðastofnunar sem send hefur verið til ráðherra byggðamála?

787. Fyrirspurn [500. mál]

til menntamálaráðherra um tilraunaskóla og sérstakar nýjungar í skólastarfi.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hefur ráðherra styrkt sérstaklega tilraunaskóla eða sérstakar nýjungar í skólastarfi samkvæmt heimild í 53. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla?
2. Ef svo er, hvaða verkefni eru það og hver eru markmið þeirra, hverjir standa að þeim og hvar eru þau á vegi stödd?
3. Hvar er að finna niðurstöður þeirra tilrauna sem lokið er?

788. Fyrirspurn [501. mál]

til félagsmálaráðherra um sjúkrasjóði stéttarfélaga.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hve margir sjúkrasjóðir taka við iðgjöldum í samræmi við greiðsluskyldu skv. 6. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda?
2. Hvert er markmið og hlutverk sjúkrasjóða samkvæmt lögum?
3. Ber atvinnurekanda að greiða iðgjald af launum starfsmanns sem á ekki aðild að stéttarfélagi og hver er réttur starfsmannsins til bóta?

4. Hvert er iðgjaldið sem hlutfall af launum og hvaða laun eru lögð til grundvallar hjá einstökum sjúkrasjóðum?
5. Hvernig er iðgjaldið ákveðið eða því breytt hjá einstökum sjúkrasjóðum?
6. Hverjar eru reglur um bætur hjá einstökum sjúkrasjóðum?
7. Hver er fjárfestingarstefna einstakra sjúkrasjóða?
8. Hvernig er fjármálaeftirliti og endurskoðun reikninga háttað hjá hverjum sjúkrasjóði?
9. Hver skipar stjórnir einstakra sjúkrasjóða?
10. Hverjar eru nýjustu upplýsingar úr ársreikningum einstakra sjúkrasjóða um eftirtalin atriði:
    a. tekjur vegna iðgjalds skv. 4. lið,
    b. aðrar tekjur,
    c. bótagreiðslur,
    d. rekstrarkostnað,
    e. annan kostnað,
    f. eignir,
    g. skuldir,
    h. hreina eign?
11. Hefur verið kannað hvort lagaskylda allra atvinnurekenda til að greiða iðgjald í sjúkrasjóð, sem er ákveðið af þriðja aðila og nýtist launþega en ekki atvinnurekanda, samrýmist ákvæðum 77. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, um að skattamálum skuli skipað með lögum?

Skriflegt svar óskast.

789. Frumvarp til laga [502. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Flm.: Þuríður Backman.

1. gr.

6. málsl. i-liðar 36. gr. laganna orðast svo:

Séu liðnar 36 klst. eða meira frá innritun sjúklings greiðist flutningskostnaður milli sjúkrahúsa að fullu af því sjúkrahúsi sem sendir sjúkling nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið að hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir.

2. gr.

Lögin öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 125. löggjafarþingi en komst ekki á dagskrá á því þingi. Frumvarpið er því endurflutt en því fylgdi svohljóðandi greinargerð: „Samkvæmt gildandi lögum greiðir Tryggingastofnun ríkisins kostnað við sjúkraflug ef sjúklingur er fluttur beint

að heiman frá sér en sé hann fluttur af sjúkrahúsi greiðir viðkomandi stofnun flutninginn. Þetta fyrirkomulag hefur þann galla að minni sjúkrahús veigra sér við að innrita sjúklinga sem gætu þurft á sjúkraflugi að halda vegna þess að kostnaðurinn gengur nærri fjárhag lítilla stofnana. Það ýtir undir að sjúklingar séu strax sendir á sjúkrahús í Reykjavík eða á Akureyri í stað þess að gangast undir rannsókn heima fyrir til að ganga úr skugga um hvort sjúkraflug reynist nauðsynlegt. Einnig leiðir þetta til ónákvæmrar skráningar í þeim tilfellum þegar sjúklingur nýtur aðhlynningar á litlu sjúkrahúsi áður en til flutnings kemur. Sú breyting sem hér er lögð til mundi koma minni sjúkrahúsunum til góða, bæta nýtingu þeirra og draga úr sjúkraflugi.“

790. Tillaga til þingsályktunar [503. mál]

um rekstur Ríkisútvarpsins.

Flm.: Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd, skipaða fulltrúum allra þingflokka, til að semja frumvarp um breyttan rekstur Ríkisútvarpsins. Nefndin ljúki störfum innan sex mánaða frá samþykkt tillögunnar.

Greinargerð.

Ríkisútvarpið er viðurkennd stoð íslenskrar tungu og menningar. Rekstur þess er ómissandi til að gefa almenningi kost á hvers konar fræðslu- og menningarefni sem aðrir ljósvakamiðlar vanrækja. Slíkur miðill getur ekki verið til öðruvísi en að vera í þjóðareign og fjármagnaður af almenningi úr ríkissjóði. Markaðslausnir geta ekki átt við starfsemi af þessu tagi. Hún er eðli málsins samkvæmt menningar- og fræðsluviðleitni þar sem sóknin eftir arðsemi verður að víkja fyrir mikilvægari markmiðum.

Í samræmi við það miðar tillagan að því að Alþingi kjósi nefnd sem semji frumvarp til nýrra laga um Ríkisútvarpið. Nefndinni ber að semja frumvarpið innan þess stefnuramma sem hér fer á eftir:

a. Ríkisútvarpið á að halda áfram að vera til sem sjálfstæð og óháð stofnun í þjóðareign.
b. Horfið verði frá hugmyndum um sölu á Rás 2 frá Ríkisútvarpinu vegna þarfa landshlutaútvarps og annars efnis sem þykir æskilegt að aðgreina frá dagskrá Rásar 1.
c. Almannahagsmunir, ef vá ber að höndum, kalla eftir að Ríkisútvarpið, með sitt víðtæka dreifingarnet, sé ávallt tiltækt.
d. Ríkisútvarpið verði fjármagnað að fullu á fjárlögum ár hvert, t.d. innan ramma áætlunar eða þjónustusamnings til 3–5 ára í senn. Útvarpið hætti að flytja viðskiptaauglýsingar í samkeppni við aðra fjölmiðla, en flytji áfram tilkynningar frá opinberum aðilum, félagasamtökum og öðrum sambærilegum aðilum.
e. Ríkisútvarpið verði virkur fræðslumiðill, og bregðist þannig við vaxandi þörf fyrir símenntun og almenningsfræðslu, og veri lind og farvegur fyrir vakandi og frjóa samfélagsumræðu.
f. Ríkisútvarpið gæti að fjölbreytni í dagskrárgerð þannig að það, að öllu samanlögðu, mæti þörfum sem flestra landsmanna, m.a. með því að mismunandi rásir þjóni mismunandi hópum.
g. Dagskrárstefnan verði laus undan öllum markaðsáhrifum.
h. Gagnvirkni milli Ríkisútvarpsins og hlustenda varðandi dagskrárgerð er mikilvæg.

i. Ný skipan Ríkisútvarpsins þarf að sjá til þess að það verði raunverulega sjálfstætt þjóðarútvarp í stað þeirrar stofnunar sem er nú þar sem flokkspólitísk áhrif og tengsl hafa verið ríkjandi.
j. Skipan og hlutverk útvarpsráðs verði með allt öðrum hætti en nú er. Yfir stofnunina verði sett allfjölmennt útvarpsráð, eins konar „akademía“, e.t.v. 15 manna sem valdir væru af samtökum og stofnunum í samfélaginu: úr menningar- og listaheiminum, af fræðslustofnunum, úr vísinda- og rannsóknargeiranum, af landsbyggðinni, frá almannasamtökum launþega og e.t.v. fleiri aðilum. Seta í útvarpsráði væri mikilsverð viðurkenningar- og virðingarstaða sem eingöngu mundi veljast til hið hæfasta fólk með víða sýn yfir samfélagið. Ráðið hefði vel skilgreint verksvið og ákvæði megindrætti í dagskrárstefnu stofnunarinnar og verkaskiptingu milli Rásar 1, Rásar 2 og sjónvarpsins.
k. Ráðning útvarpsstjóra væri í höndum þessa útvarpsráðs. Stofnunin sjálf, þ.e. starfsfólk, og útvarpsráð veldi í sameiningu útvarpsstjóra. Útvarpsstjóri hefði óskorað umboð til skipulagningar stofnunarinnar og til mannaráðninga og annars forræðis á rekstri, samhliða fullri ábyrgð á fjármálum stofnunarinnar. Útvarpsráð hefði skilyrðislaust umboð til að setja útvarpsstjórann af ef því er ítrekað misboðið í því hvernig stofnunin hunsar þær ábendingar um dagskrárstefnu og rekstur sem ráðið setur fram.
l. Gætt verði fyllstu hlutlægni við val og flutning efnis og Ríkisútvarpið verði farvegur fyrir allar skoðanir.

Uppi eru hugmyndir um að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi og þeim röksemdum beitt að stofnunin þurfi að geta brugðist skjótt við í samkeppni og verið fljót til ákvarðana. Hlutafélagsvæðing Ríkisútvarpsins er óþörf til að gefa stofnuninni slíkt svigrúm. Með lögum um stofnunina má gefa henni allt það umboð sem hún kann að þurfa á að halda til að vera jafn viðbragðsfljót til ákvarðana eins og hlutafélag getur verið. Breyting stofnunarinnar í hlutafélag gefur hins vegar til kynna að til greina kæmi að selja það hlutafélag. Minnsta vísbending í þá átt er að mati flutningsmanns þessarar þingsályktunartillögu beinlínis hættuleg fyrir íslenska menningu, fyrir öryggishagsmuni landsmanna og ekki hvað síst fyrir fjölmiðlaveröld landsins með tilliti til ríkjandi samþjöppunar í þeim geira og þess þroska lýðræðisins í landinu sem vænta má næstu ár og áratugi. Sú lýðræðisþróun yrði bæði heft og njörvuð niður ef frjálst Ríkisútvarp yrði lagt af. Ríkisútvarpið á þess vegna að halda áfram að vera til og tilvera þess er allri okkar samfélagsgerð og samfélagsþróun mikilvæg.

Núgildandi fjármögnun Ríkisútvarpsins með afnotagjöldum og auglýsingatekjum er óviðunandi. Afnotagjöld eru að vísu ekki há með tilliti til þeirrar þjónustu sem stofnunin veitir, en rökin gegn skylduáskrift eru góð og gild. Sömuleiðis má segja að samkeppnin á auglýsingamarkaði við aðra ljósvakafjölmiðla sé alls ekki sanngjörn. Ríkisútvarpið nýtur í henni meðgjafar með afnotagjöldunum sem Stöð 2 nýtur að vísu einnig, en með eðlilegri markaðssetningu og sölu þjónustu sinnar. Hér þarf breyting að koma til. Ekki verður séð að önnur lausn sé til í stöðunni en sú að Ríkisútvarpið verði að fullu fjármagnað úr ríkissjóði á fjárlögum ár hvert og því um leið skákað út af auglýsingamarkaðnum.

Gerð er tillaga um að viðskiptaauglýsingar verði felldar út úr dagskrá útvarpsins. Hins vegar er þörf félagasamtaka og opinberra stofnana fyrir að koma á framfæri tilkynningum til almennings of brýn til að þær megi fjarlægja úr útvarpinu.

Útvarpið svarar ekki þeim gríðarlega áhuga sem nú speglast vetur eftir vetur í aðsókn almennings að hvers kyns fræðslu og símenntun á vegum ýmissa aðila. Fólk víðs vegar um land á ekki kost á þessari fræðslu og útvarpið, stundum sjónvarpið, eru hinir eðlilegu miðlar til að jafna þennan aðstöðumun. Og sumir þéttbýlisbúar á suðvesturhorninu vilja líka fræðast, en eiga ekki heimangengt. Þá vantar ekki síður í dagskrána skipulega valið, vel gert og

ígrundað efni um samfélag okkar, vandamál þess og viðfangsefni, pólitísk eða ópólitísk, eins og þau eru í dag.

Þjóðarútvarpi þarf að vera stýrt af hæfum fulltrúum fólksins í landinu. Þessi tillaga ber með sér að núgildandi skipan á flokkapólitísku, þingkjörnu útvarpsráði þyki ekki fullnægjandi í þessu sambandi. Þess í stað er gerð tillaga um að safnað verði saman allstóru ráði hinna hæfustu fulltrúa víðs vegar að úr samfélaginu. Vel mætti hugsa sér að slík akademía yrði tilnefnd einungis í fyrsta skipti og endurnýi sig svo sjálf með einhverjum hætti.

Grunnurinn undir réttarbót af því tagi, sem hér er fjallað um, þarf að vera bjargföst, undanbragðalaus og metnaðarfull stefna um að menningarlífið í landinu, almenningsfræðsla og samfélagsumræða þurfi á sjálfstæðu og öflugu þjóðarútvarpi að halda sem máttarstólpa lýðræðislegrar umfjöllunar.

791. Frumvarp til laga [504. mál]

um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Fiskistofa skal fylgjast með nýtingu fiskiskipa á aflaheimildum. Bendi upplýsingar Fiskistofu til að skip hafi veitt umfram aflaheimildir sínar í einhverri tegund skal Fiskistofa tilkynna það útgerð og skipstjóra viðkomandi skips með símskeyti og jafnframt að skipið sé svipt leyfi til veiða í atvinnuskyni frá og með fjórða virka degi hafi fullnægjandi aflaheimildir ekki verið fluttar til skipsins innan þess tíma. Telji móttakandi tilkynningar að upplýsingar Fiskistofu um afla skips séu rangar og að skipið hafi ekki veitt umfram aflaheimildir skal hann innan þriggja virkra daga koma athugasemdum á framfæri við Fiskistofu. Fiskistofa getur veitt lengri frest til athugasemda ef ástæða er til að ætla að um ranga skráningu afla eða aflaheimilda sé að ræða. Óheimilt er að stunda veiðar í atvinnuskyni að loknum fresti nema að fenginni staðfestingu Fiskistofu þar um. Séu aflaheimildir skips að liðnum fresti auknar þannig að afli skipsins á fiskveiðiárinu rúmist innan þeirra skal því veitt leyfi að nýju.

Komi til leyfissviptingar í annað sinn á sama fiskveiðiári vegna veiða umfram aflaheimildir skal Fiskistofa svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni í tvær vikur til viðbótar þeim tíma sem leiðir af leyfissviptingu skv. 1. mgr., í sex vikur gerist það í þriðja sinn og í tólf vikur gerist það oftar. Úthlutun aflaheimilda í upphafi nýs fiskveiðiárs hefur ekki áhrif á lengd leyfissviptingar samkvæmt þessari málsgrein. Um framkvæmdina fer að öðru leyti skv. 1. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 14. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar er kveðið á um sviptingu leyfa til veiða í atvinnuskyni vegna veiða umfram aflaheimildir. Við framkvæmd þessa ákvæðis hafa komið fram ýmsir annmarkar sem hafa í sumum tilvikum leitt til óeðlilegrar niðurstöðu fyrir útgerðir. Þykir því nauðsynlegt að gera hér nokkrar breytingar á gildandi ákvæði sem gera framkvæmd Fiskistofu markvissari auk þess að veita útgerðum eðlilegra svigrúm. Samkvæmt því sem hér er lagt til skal Fiskistofa tilkynna útgerð og skipstjóra skips með skeyti þegar hún telur að skipið hafi veitt umfram aflaheimildir sínar, jafnframt að leyfi skipsins til veiða í atvinnuskyni falli niður frá og með fjórða virka degi hafi fullnægjandi aflaheimildir ekki verið fluttar til skipsins innan þess tíma. Að fenginni slíkri tilkynningu frá Fiskistofu hefur viðkomandi útgerð því þrjá daga til þess að flytja nægjanlegar aflaheimildir á skipið eða til þess að koma athugasemdum á framfæri við Fiskistofu telji hún að aflaheimildastaða skipsins sé önnur en fram kemur í tilkynningu Fiskistofu. Þá er gert ráð fyrir að Fiskistofa geti veitt frekari frest sé ástæða til að ætla að um ranga skráningu afla eða aflaheimilda sé að ræða enda getur athugun á slíku tekið nokkurn tíma. Í reynd er það svo að í langflestum tilvikum þegar Fiskistofa tilkynnir útgerð um umframafla eru upplýsingar Fiskistofu réttar og mistök í skráningu afla eða aflaheimilda eru frekar undantekningartilvik.

Með þessari framkvæmd fær útgerð ávallt nokkurt svigrúm til að laga stöðu sína þegar um umframafla er að ræða án þess að nauðsynlegu aðhaldi sé sleppt. Ekki er gert ráð fyrir að til sviptingar leyfis til veiða komi strax eins og núgildandi ákvæði gerir ráð fyrir án tillits til þess hversu mikill umframaflinn er eða hvort hann er í tegundum sem telja verði að sé aukaafli í viðkomandi veiðum. Þá yrði eftir þessa breytingu ekki skilyrðislaust gripið til sérstakra aðgerða ef skip héldi til veiða með neikvæðri aflaheimildastöðu eins og gildandi ákvæði kveða á um en framkvæmd þess ákvæðis hefur reynst mjög erfið og leitt til misræmis.

Taki leyfissvipting hins vegar gildi fær skipið leyfi til veiða þegar aflaheimildastaða þess hefur verið lagfærð. Komi aftur til sviptingar leyfis til veiða í atvinnuskyni á sama ári vegna veiða umfram aflaheimildir kemur til sérstakra tímabundinna leyfissviptinga skv. 2. mgr. Er þar aðeins vikið frá gildandi ákvæði að því leyti að kveðið er skýrt á um sviptingu þegar veitt er umfram aflaheimildir oftar en þrisvar á sama fiskveiðiári og að nýtt fiskveiðiár hafi aldrei áhrif á lengd leyfissviptingarinnar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að sníða af ýmsa vankanta sem framkvæmd laganna hefur leitt í ljós. Reiknað er með að breytingarnar geri eftirlitsstörf Fiskistofu markvissari, en veiti útgerðum jafnframt eðlilegt svigrúm gagnvart henni.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

792. Frumvarp til laga [505. mál]

um hönnunarrétt.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Hönnuður eða sá sem sækir rétt sinn til hans getur með skráningu samkvæmt lögum þessum öðlast einkarétt til hönnunar (hönnunarrétt).

2. gr.

Í lögum þessum eru eftirfarandi hugtök skilgreind sem hér segir:

1. Hönnun merkir útlit vöru eða hluta vöru sem ræðst af einstökum þáttum eða skreytingu hennar, einkum línum, útlínum, litum, lögun, gerð og/eða efni;
2. vara merkir handunninn hlut eða hlut sem framleiddur er með tæknilegum hætti, þ.m.t. hlut sem ætlaður er í samsetta vöru, umbúðir, útbúnað, grafísk tákn og leturgerðir, að undanskildum tölvuforritum;
3. samsett vara merkir vöru sem hefur að geyma marga hluti sem unnt er að skipta um þannig að vöruna megi taka í sundur og setja saman á ný.

3. gr.

Hönnunarréttur getur einungis tekið til nýrrar og sérstæðrar hönnunar.

Hönnun telst ný ef eins hönnun hefur ekki verið gerð aðgengileg almenningi fyrir umsóknardag, eða forgangsréttardag ef forgangsréttar er krafist. Hönnun telst eins og önnur hönnun ef einstakir þættir hönnunar eru aðeins ólíkir í óverulegum atriðum.

Hönnun telst sérstæð ef heildarmynd sú sem hún veitir upplýstum notanda er frábrugðin heildarmynd hans af annarri hönnun sem hefur verið gerð aðgengileg almenningi fyrir umsóknardag, eða forgangsréttardag ef forgangsréttar er krafist. Við mat á því hvort hönnun telst sérstæð skal taka mið af því svigrúmi sem hönnuður hefur haft við gerð hönnunarinnar.

4. gr.

Hönnun vöru, sem er hluti af samsettri vöru, telst aðeins ný og sérstæð:

1. ef hluti hennar, sem hefur verið felldur inn í hina samsettu vöru, er sýnilegur við eðlilega notkun og
2. sýnilegi hlutinn fullnægir kröfunni um nýjung og sérstæði.

Eðlileg notkun telst hagnýting notanda á endanlegu notkunarstigi á samsettu vörunni, þó að undanskildu viðhaldi eða viðgerð.

5. gr.

Hönnun telst aðgengileg almenningi samkvæmt lögum þessum ef hún hefur verið skráð eða gerð opinber með öðrum hætti ellegar hún hefur verið höfð til sýnis, hagnýtt í viðskiptum eða orðið þekkt með öðrum hætti.

Hönnunin telst ekki orðin aðgengileg almenningi:

1. ef ekki verður með sanngirni talið að kunnáttumenn á viðkomandi sviði á Evrópska efnahagssvæðinu hafi við venjulegar starfsaðstæður getað fengið vitneskju um téð tilvik

1. mgr. fyrir umsóknardag, eða forgangsréttardag ef forgangsréttar er krafist, eða
2. aðrir hafa öðlast vitneskju um hönnunina í trúnaði sem krafist hefur verið með ótvíræðum hætti eða ætla má að hafi verið krafist.

6. gr.

Hönnun telst ekki aðgengileg almenningi ef hún hefur á síðustu tólf mánuðum fyrir umsóknardag, eða forgangsréttardag ef forgangsréttar er krafist, verið gerð aðgengileg almenningi:

1. fyrir atbeina hönnuðar eða þess sem sækir rétt sinn til hans, ellegar fyrir atbeina annars aðila á grundvelli upplýsinga eða athafna hönnuðar eða þess sem sækir rétt sinn til hans, eða
2. vegna misbeitingar gagnvart hönnuði eða þeim sem sækir rétt sinn til hans.

7. gr.

Hönnun nýtur ekki verndar ef hún eða notkun hennar:

1. stríðir gegn siðgæði eða allsherjarreglu,
2. felur heimildarlaust í sér auðkenni sem njóta verndar skv. 6. gr. Parísarsamningsins frá 20. mars 1883 um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar eða önnur merki, tákn eða skjaldarmerki sem hafa sérstakt gildi fyrir almenning,
3. felur heimildarlaust í sér vörumerki eða heiti á virkri atvinnustarfsemi annars aðila,
4. felur heimildarlaust í sér verk sem nýtur verndar samkvæmt höfundalögum,
5. brýtur gegn hönnun sem þegar nýtur verndar samkvæmt umsókn um eða skráningu á hönnun hér á landi eða samkvæmt alþjóðlegri skráningu sem hefur gildi hér á landi.

8. gr.

Hönnunarréttur nær ekki til þeirra þátta í útliti vöru sem:

1. ráðast eingöngu af tæknilegri virkni vöru eða
2. framleiða þarf í nákvæmlega sömu lögun og stærð til að varan, sem hönnunin er hluti af, megi tæknilega tengja annarri vöru, ellegar láta hana í, á, um eða við aðra vöru þannig að báðar vörurnar geti gegnt hlutverki sínu.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tölul. 1. mgr. er unnt að öðlast hönnunarrétt ef hönnunin er ný og sérstæð skv. 3. gr. og gefur færi á margs konar samsetningu eða samtengingu vara í kerfi úr víxlanlegum einingum.

9. gr.

Í hönnunarrétti felst að aðrir en hönnuður megi ekki heimildarlaust hagnýta hönnun, sbr. þó undantekningar í 10.–12. gr. Ekki má t.d. heimildarlaust framleiða, bjóða til sölu, markaðssetja, flytja inn eða út eða nota vöru sem einkennist af hönnuninni, svo og safna birgðum í áðurgreindu skyni.

Hönnunarréttur skv. 1. mgr. tekur til sérhverrar hönnunar sem gefur upplýstum notanda ekki aðra heildarmynd.

10. gr.

Hönnunarréttur tekur ekki til:

1. athafna sem framkvæmdar eru í einkaþágu,
2. athafna sem framkvæmdar eru í tilraunaskyni og
3. eftirgerðar til notkunar við tilvísanir eða í fræðslu enda brjóti slíkar athafnir ekki í bága

við góða viðskiptahætti, skaði ekki venjulega notkun hönnunar óhæfilega og heimildar sé getið.

11. gr.

Enn fremur tekur hönnunarréttur ekki til:

1. búnaðar skipa og loftfara sem skrásett eru í öðru ríki meðan þau eru stödd um stundarsakir í íslenskri lögsögu,
2. innflutnings hingað til lands á varahlutum og aukabúnaði til viðgerða á skipum og loftförum skv. 1. tölul. og
3. vinnu við viðgerðir á skipum og loftförum skv. 1. og 2. tölul.

12. gr.

Hönnunarréttur tekur ekki til athafna í tengslum við þá vöru sem nýtur verndar hafi eigandi hönnunarréttar eða einhver með samþykki hans markaðssett vöruna á Evrópska efnahagssvæðinu.

II. KAFLI
Umsókn um skráningu hönnunar.

13. gr.

Umsókn um skráningu hönnunar skal skila til Einkaleyfastofunnar sem heldur hönnunarskrá.

Umsókn skal hafa að geyma upplýsingar um nafn umsækjanda og tilgreiningu á vörunni eða vörunum sem hönnun tekur til.

Umsókn skulu fylgja myndir (teikningar eða ljósmyndir) er greinilega sýni hönnun þá er óskast vernduð. Auk þess má senda inn líkan með umsókninni.

Nafn hönnuðar, eins eða fleiri, skal tilgreina í umsókn. Sé umsækjandi annar en hönnuður skal umsækjandi sanna rétt sinn til hönnunar.

Umsókn skulu fylgja tilskilin gjöld, sbr. 53. gr.

14. gr.

Umsókn um skráningu hönnunar telst ekki lögð inn fyrr en umsækjandi hefur afhent myndir sem lýsa hönnuninni, tilgreint þá vöru, sem hönnunin tekur til, og greitt tilskilin gjöld, sbr. 53. gr.

Umsókn má ekki breyta þannig að hún varði aðra hönnun en þá sem lýst er í umsókninni.

15. gr.

Í einni og sömu umsókn er heimilt að sækja um vernd á fleiri en einni hönnun ef þær vörur, er hönnun tengist, mynda samstæðu og verða flokkaðar í sama flokk samkvæmt Locarnosamningnum frá 8. október 1968 um alþjóðlega flokkun hönnunar.

Nánari reglur um slíka samskráningu skal setja í reglugerð.

16. gr.

Hafi verið sótt um skráningu hönnunar í annarri umsókn um hönnun eða smáeinkaleyfi hér á landi eða í öðru ríki, sem er aðili að Parísarsamningnum frá 20. mars 1883 um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar eða Alþjóðaviðskiptastofnuninni, innan sex mánaða frá umsóknardegi í hinu ríkinu skal litið svo á að seinni umsóknin hafi verið lögð inn samtímis hinni fyrri enda leggi umsækjandi fram kröfu þess efnis.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við þegar um er að ræða ríki sem er ekki aðili að Parísarsamningnum eða Alþjóðaviðskiptastofnuninni ef það ríki viðurkennir samsvarandi forgangsrétt íslenskra umsókna og lög þess eru í aðalatriðum í samræmi við Parísarsamninginn.

Ef sótt er um skráningu hönnunar innan sex mánaða frá því að hönnun er sýnd í fyrsta skipti á opinberri eða opinberlega viðurkenndri alþjóðlegri sýningu skal litið svo á að umsóknin hafi verið lögð inn á þeim tíma. Með alþjóðlegum sýningum er átt við sýningar samkvæmt samningnum um heimssýningar sem undirritaður var í París 22. nóvember 1928.

17. gr.

Einkaleyfastofan kannar auk formskilyrða hvort umsókn taki til hönnunar í skilningi 1. tölul. 2. gr. og samræmist 1. og. 2. tölul. 7. gr.

Umsækjandi getur farið fram á að Einkaleyfastofan rannsaki einnig hvort umsókn fullnægi skilyrðum 3. og 5. tölul. 7. gr. og samræmist að öðru leyti ákvæðum laga þessara.

Með beiðni um rannsókn skv. 2. mgr. skal fylgja tilskilið gjald, sbr. 53. gr.

18. gr.

Teljist umsókn fullnægja settum reglum skal hönnun skráð. Einkaleyfastofan skal flokka hönnun í samræmi við ákvæði Locarno-samningsins frá 8. október 1968 um alþjóðlega flokkun hönnunar. Tilkynning um skráningu hönnunar skal birt í ELS-tíðindum sem Einkaleyfastofan gefur út.

Að beiðni umsækjanda má þó fresta skráningu í allt að sex mánuði frá umsóknardegi, eða forgangsréttardegi ef forgangsréttar er krafist. Beiðni um frestun skal koma fram í umsókn.

19. gr.

Ef umsókn um skráningu hönnunar er ekki í samræmi við ákvæði laga eða reglna eða telji Einkaleyfastofan að aðrar tálmanir leiði til þess að synja beri um skráningu skal umsækjanda tilkynnt það og honum veittur kostur á að tjá sig eða lagfæra umsóknina innan tilskilins frests.

Komi ekki fram athugasemdir frá umsækjanda né lagfæring á umsókninni innan tilskilins frests skal umsókn afskrifuð.

Að beiðni umsækjanda skal umsókn tekin fyrir á ný ef hann, innan tveggja mánaða frá því að tilskilinn frestur rann út, tjáir sig um málið eða lagfærir umsóknina enda greiði hann endurupptökugjald, sbr. 53. gr. Endurupptaka getur aðeins átt sér stað einu sinni.

Telji Einkaleyfastofan eitthvað því til fyrirstöðu að umsókn verði samþykkt, og hafi umsækjanda verið gefinn kostur á að tjá sig um annmarkann, skal umsókninni hafnað nema Einkaleyfastofan telji ástæðu til að gefa umsækjanda á ný kost á málsmeðferð skv. 1. mgr.

20. gr.

Telji Einkaleyfastofan að eitthvað komi í veg fyrir skráningu, sbr. 19. gr., er unnt að skrá hönnunina í breyttri mynd ef hún fullnægir kröfum um vernd og heldur sérkennum sínum.

Sé umsækjandi ekki samþykkur hinni breyttu mynd skal umsókn hafnað.

III. KAFLI
Aðgengi að umsókn og upplýsingaskylda.

21. gr.

Frá og með skráningardegi hönnunar skulu umsóknargögn aðgengileg almenningi.

Þegar sex mánuðir eru liðnir frá umsóknardegi, eða forgangsréttardegi ef forgangsréttar er krafist, skulu gögn aðgengileg almenningi þótt birting skv. 18. gr. hafi ekki farið fram. Hafi verið tekin ákvörðun um að afskrifa umsókn eða hafna henni mega umsóknargögn þó ekki vera aðgengileg nema umsækjandi fari fram á endurupptöku eða kæri ákvörðun um höfnun.

Ef umsækjandi óskar þess skulu umsóknargögn gerð aðgengileg fyrr en kveðið er á um í 1. og 2. mgr.

Þegar umsóknargögn verða aðgengileg skv. 2. og 3. mgr. skal birta auglýsingu um það.

22. gr.

Beri umsækjandi um skráningu hönnunar fyrir sig umsókn sína gagnvart öðrum áður en hún er gerð almenningi aðgengileg er honum skylt að veita viðkomandi aðgang að umsóknargögnum sé þess krafist.

Gefi maður til kynna með því að snúa sér beint til annars, með auglýsingu, áritun á vöru eða umbúðir hennar eða öðrum hætti, að sótt hafi verið um skráningu hönnunar eða hún skráð, án þess að tilgreina þó jafnframt númer umsóknar eða skráningar, er honum skylt að veita þeim sem þess krefst þær upplýsingar án ástæðulausrar tafar. Ef upplýsingar eru til þess fallnar að gefa í skyn að sótt hafi verið um hönnun eða hún skráð án þess að slíkt sé skýrt tekið fram er skylt, sé þess krafist, að veita án ástæðulausrar tafar upplýsingar um hvort svo sé.

IV. KAFLI
Gildistími skráðrar hönnunar.

23. gr.

Skráð hönnun gildir eitt eða fleiri fimm ára tímabil frá umsóknardegi. Skráningu má endurnýja til fimm ára í senn þar til 25 ára verndartíma er náð.

24. gr.

Beiðni um endurnýjun skráningar ásamt tilskildu endurnýjunargjaldi, sbr. 53. gr., skal lögð inn hjá Einkaleyfastofunni í fyrsta lagi þremur mánuðum áður en skráningartímabili lýkur og í síðasta lagi sex mánuðum eftir lok þess.

Berist Einkaleyfastofunni ekki beiðni um endurnýjun á því tímabili sem um getur í 1. mgr. skal skráning afmáð úr hönnunarskrá.

Sé beiðni ekki í samræmi við ákvæði laga eða reglna lætur Einkaleyfastofan viðkomandi vita og gefur honum kost á að tjá sig innan tilskilins frests.

Að þeim tíma liðnum skal Einkaleyfastofan taka afstöðu til beiðninnar enda sé viðkomandi ekki gefinn kostur á að tjá sig á nýjan leik.

Birta skal tilkynningu um endurnýjun skráningar í ELS-tíðindum.

V. KAFLI
Brottfall skráðrar hönnunar.

25. gr.

Ógilda má skráningu hönnunar að nokkru eða öllu leyti með dómi ef:

1. skráning samræmist ekki ákvæðum 1.–8. gr. eða
2. umsókn hefur verið breytt þannig að hún brjóti í bága við ákvæði 2. mgr. 14. gr.

Hver sem er getur höfðað mál skv. 1. mgr. en þó einungis:

1. um rétt til hönnunar: sá sem segist vera löglegur eigandi hönnunar;
2. um réttindi skv. 2. tölul. 7. gr.: sá sem hefur hagsmuna að gæta vegna viðkomandi notkunar;
3. um réttindi skv. 3.–5. tölul. 7. gr.: eigandi þeirra réttinda.

Mál skv. 1. tölul. 2. mgr. skal höfða innan árs frá því að viðkomandi fær vitneskju um skráninguna og aðrar aðstæður sem málið byggist á. Þó má ekki höfða mál síðar en þremur mánuðum eftir skráningu hönnunar ef eigandi skráningarinnar hefur verið í góðri trú þegar hönnunin var skráð eða viðkomandi öðlaðist hönnunarrétt.

Skráningu hönnunar má fella úr gildi eftir að hönnunarréttur fellur brott eða honum hefur verið afsalað.

26. gr.

Hafi hönnun verið skráð á annan en þann sem skv. 1. gr. á rétt til hönnunar skal dómstóll að kröfu rétthafa yfirfæra réttinn til hans.

Hafi sá sem á þennan hátt er sviptur hönnunarrétti í góðri trú hagnýtt uppfinninguna í atvinnuskyni hérlendis eða gert umfangsmiklar ráðstafanir til þess er honum heimilt gegn sanngjörnu endurgjaldi og að öðru leyti með sanngjörnum skilmálum að halda þeirri hagnýtingu áfram eða hefja fyrirhugaða hagnýtingu enda breytist hagnýtingin ekki til muna. Með sömu forsendum hefur skráður nytjaleyfishafi sama rétt.

Rétt skv. 2. mgr. má aðeins framselja ásamt þeim atvinnurekstri þar sem rétturinn hefur verið hagnýttur eða til stóð að beita honum.

27. gr.

Þegar hönnun hefur verið skráð má leggja fram beiðni um að Einkaleyfastofan felli skráninguna að nokkru eða öllu leyti úr gildi enda sé tilskilið gjald greitt, sbr. 53. gr. Beiðni getur aðeins byggst á því:

1. að skráning samræmist ekki ákvæðum 1.–8. gr. eða
2. umsókn hafi verið breytt þannig að hún brjóti í bága við 2. mgr. 14. gr.

Beiðni skv. 1. mgr. mega aðeins eftirfarandi leggja fram:

1. um rétt til hönnunar: sá sem segist vera löglegur eigandi hönnunarréttar;
2. um réttindi skv. 2. tölul. 7. gr.: sá sem hefur hagsmuna að gæta vegna viðkomandi notkunar;
3. um réttindi skv. 3.–5. tölul. 7. gr.: eigandi þeirra réttinda.

Hafi eigandi hönnunarréttar afsalað sér réttinum skal Einkaleyfastofan afmá skráningu hönnunar.

Sé beiðni skv. 1. mgr. afturkölluð getur Einkaleyfastofan haldið meðferðinni áfram svo framarlega sem stofnunin telur ástæðu til þess.

28. gr.

Beiðni skv. 1. mgr. 27. gr. skal vera skrifleg og rökstudd. Séu gögn ófullnægjandi getur Einkaleyfastofan beðið um frekari gögn svo að taka megi afstöðu til beiðninnar.

Komi fram beiðni skv. 1. mgr. 27. gr. skal eiganda skráðrar hönnunar tilkynnt um hana og honum gefið tækifæri til að tjá sig.

29. gr.

Ef hönnun, sem byggist á forgangsrétti skv. 16. gr., hefur verið skráð eftir að sambærileg hönnun hefur verið skráð skal tilkynna eiganda hinnar skráðu hönnunar það og gefa honum kost á að tjá sig um það. Einkaleyfastofunni er heimilt að ógilda fyrri skráninguna að nokkru eða öllu leyti.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við þegar Einkaleyfastofan fær tilkynningu þar sem farið er fram á að alþjóðleg skráning gildi hér á landi. Þarf þá að vera ljóst að alþjóðlega skráningin hafi öðlast gildi hér, sbr. 1. mgr. 57. gr., áður en sótt var um þá skráningu hönnunar sem þegar hefur verið skráð.

30. gr.

Sé eitthvað því til fyrirstöðu að skráning hönnunar haldi gildi sínu samkvæmt dómi eða vegna ákvörðunar Einkaleyfastofunnar í kjölfar beiðni skv. 1. mgr. 27. gr. skal fella skráningu úr gildi. Þegar endanlegur dómur eða ákvörðun liggur fyrir skal Einkaleyfastofan birta tilkynningu þar um.

Telji Einkaleyfastofan að beiðni skv. 1. mgr. 27. gr. leiði ekki til þess að skráning skuli felld úr gildi að nokkru eða öllu leyti skal beiðninni hafnað og skráning standa.

31. gr.

Á grundvelli dóms eða ákvörðunar vegna beiðni skv. 1. mgr. 27. gr. má viðhalda skráningu hönnunar í breyttri mynd ef hönnunin í þeirri mynd fullnægir skilyrðum um vernd og heldur sérkennum sínum.

Einkaleyfastofan skal birta tilkynningu um skráninguna í breyttu formi.

Ef eigandi hönnunarréttar er ekki sammála ákvörðun Einkaleyfastofunnar í kjölfar beiðni skv. 1. mgr. 27. gr. um skráningu hönnunar í breyttri mynd skal fella skráningu hönnunar niður.

32. gr.

Ef höfðað hefur verið dómsmál til ógildingar hönnun skv. 25. gr. er ekki unnt að leggja fram beiðni skv. 1. mgr. 27. gr. um þá hönnun sem dómsmálið varðar.

Sé dómsmál höfðað eftir framlagningu beiðni skv. 1. mgr. 27. gr. skal Einkaleyfastofan fresta meðferð beiðninnar þar til dómsmálinu er endanlega lokið nema beiðnin hafi komið frá eiganda hönnunarréttarins.

33. gr.

Staðhæfi einhver við Einkaleyfastofuna að hann sé rétthafi hönnunarumsóknar eða -skráningar en ekki umsækjandi eða skráður eigandi hönnunarréttar getur Einkaleyfastofan, ef hún telur vafa leika á því, beint þeim tilmælum til viðkomandi að hann höfði mál til staðfestingar kröfu sinni innan tiltekins frests. Ef viðkomandi verður ekki við tilmælunum getur Einkaleyfastofan virt staðhæfingu hans að vettugi. Skal þess og getið í tilmælunum.

Ef höfðað er mál fyrir dómstólum um rétt til hönnunar getur Einkaleyfastofan frestað frekari meðferð þar til málinu er endanlega lokið.

34. gr.

Færi einhver sönnur á að hann en ekki umsækjandi eða skráður eigandi hönnunarréttar eigi rétt til hennar skal Einkaleyfastofan skrá hönnunina á nafn hans enda fari viðkomandi fram á það. Sá sem fær umsókn eða skráningu með þessum hætti yfirfærða á sitt nafn skal greiða umsóknargjald að nýju, sbr. 53. gr.

Komi fram beiðni um yfirfærslu hönnunarumsóknar eða -skráningar skal umsókn eða skráning standa óbreytt þar til endanleg afstaða hefur verið tekin til beiðninnar.

VI. KAFLI
Áfrýjun.

35. gr.

Umsækjandi eða eigandi hönnunarréttar getur skotið endanlegri ákvörðun Einkaleyfastofunnar til áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Sá sem lagt hefur fram beiðni um að skráning hönnunar verði felld úr gildi getur skotið til áfrýjunarnefndar ákvörðun um að skráningin skuli standa í breyttri eða óbreyttri mynd. Sé fallið frá áfrýjun getur áfrýjunarnefnd þó tekið málið til úrskurðar ef sérstakar ástæður mæla með því.

36. gr.

Áfrýjun skal berast iðnaðarráðuneyti innan tveggja mánaða frá því að viðkomandi var tilkynnt um ákvörðun. Innan sama frests skal greiða ráðuneytinu tilskilið áfrýjunargjald. Áfrýjunargjaldið skal ákveðið sem hámarksgjald vegna kostnaðar eða hluta kostnaðar við áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar, m.a. þóknunar til nefndarmanna í einstökum málum, póstburðargjalda, ljósritunarkostnaðar og annars umsýslukostnaðar er til fellur við störf nefndarinnar. Sé áfrýjunargjald ekki greitt innan frestsins skal vísa áfrýjun frá. Áfrýjun frestar frekari meðferð málsins hjá Einkaleyfastofunni.

Ákvarðanir áfrýjunarnefndar verða ekki bornar undir annað stjórnvald.

VII. KAFLI
Refsi- og bótaábyrgð o.fl.

37. gr.

Sá sem af ásetningi brýtur gegn hönnunarrétti skal sæta sektum. Sé brot alvarlegt, einkum ef ætlunin er að afla verulegs og augljóslega ólögmæts ávinnings með brotinu, getur refsing verið fangelsi allt að einu ári.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim, má einnig gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum enda séu brot tengd starfi hjá lögaðilanum.

Sókn sakar á sá sem misgert er við. Þó sæta brot skv. 2. málsl. 1. mgr. opinberri ákæru ef sá krefst þess sem misgert er við. Skulu slík mál rekin í samræmi við lög um meðferð opinberra mála.

38. gr.

Sá sem af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn hönnunarrétti skal greiða hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu hönnunar og skaðabætur fyrir annað tjón sem brot hans hefur haft í för með sér.

Hagnist einhver af broti gegn hönnunarrétti án þess að um ásetning eða gáleysi hafi verið að ræða skal hann, ef og að því marki sem það telst sanngjarnt, greiða endurgjald og skaðabætur skv. 1. mgr. Bætur þessar skulu þó ekki vera hærri en ætla má að nemi hagnaði hins bótaskylda af brotinu.

39. gr.

Hafi verið brotið gegn hönnunarrétti getur dómstóll ákveðið í þeim tilgangi að girða fyrir frekari brot, að kröfu þess sem misgert er við og að svo miklu leyti sem það telst sanngjarnt, að vörum, sem hafa verið framleiddar eða fluttar inn ólöglega, skuli breyta á tiltekinn hátt, þær skuli ónýta eða þær afhentar brotaþola gegn endurgjaldi. Sama gildir um hluti ef notkun þeirra felur í sér brot á hönnunarrétti. Ákvæðum 1. og 2. málsl. skal þó ekki beita gagnvart þeim sem hefur í góðri trú eignast viðkomandi vörur eða öðlast réttindi yfir þeim og hefur ekki sjálfur brotið gegn hönnunarrétti.

Þegar mjög sérstakar ástæður eru fyrir hendi og þess er krafist getur dómstóll, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., leyft yfirráð yfir ólöglega framleiddum eða innfluttum vörum á verndartíma hönnunar eða hluta þess tíma gegn hæfilegu endurgjaldi og sanngjörnum kjörum að öðru leyti.

40. gr.

Sé hönnun, sem sótt hefur verið um skráningu á, hagnýtt í heimildarleysi eftir að umsóknargögn hafa verið gerð aðgengileg almenningi gilda ákvæðin um brot gegn hönnunarrétti á sama hátt enda leiði umsóknin til skráningar hönnunarréttar. Þetta á þó ekki við um ákvæði 39. gr. Ef tjón hlýst af broti sem framið er áður en umsóknargögn eru gerð aðgengileg almenningi skal viðkomandi greiða skaðabætur en þó eigi í ríkari mæli en skv. 2. mgr. 38. gr.

41. gr.

Í málum vegna brota á hönnunarrétti má því aðeins halda því fram að hönnunarréttur sé ekki til staðar að kröfu hafi verið beint að eiganda hönnunarréttar um ógildingu skráningar, eftir atvikum eftir að honum var stefnt samkvæmt reglum 45. gr. Sé skráning ógilt verður ákvæðum 37.–40. gr. ekki beitt.

42. gr.

Sá sem lætur undir höfuð leggjast að fullnægja skyldum sínum skv. 22. gr. eða gefur rangar upplýsingar skal sæta sektum enda sé ekki mælt fyrir um þyngri refsingu í öðrum lögum. Hann skal og bæta það tjón sem af slíku hefur hlotist að því marki sem sanngjarnt verður talið.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 37. gr. gilda eftir því sem við á.

VIII. KAFLI
Réttarfar.

43. gr.

Í dómsmálum, er varða rétt til hönnunar, ógildingu skráningar og yfirfærslu skráningar til annars en umsækjanda og eiganda hönnunarréttar, teljast umsækjandi og eigandi hönnunarréttar, sem eiga ekki lögheimili hér á landi, hafa varnarþing í Reykjavík.

44. gr.

Sá sem höfðar mál til ógildingar á skráðri hönnun til að fá skráningu yfirfærða á annað nafn skal tilkynna það Einkaleyfastofunni og skal þess getið í hönnunarskrá. Samtímis skal hann með ábyrgðarbréfi tilkynna málshöfðunina öllum skráðum nytjaleyfishöfum sé heimilisfangs þeirra getið í hönnunarskránni. Nytjaleyfishafi, sem höfðar mál vegna brots á hönnunarrétti, skal með sama hætti tilkynna eiganda hönnunarréttar það.

Nú sinnir stefnandi ekki tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. og getur dómari þá veitt honum stuttan frest í því skyni. Að öðrum kosti skal vísa máli hans frá dómi.

45. gr.

Þegar eigandi hönnunarréttar höfðar mál vegna brota á hönnunarrétti og stefndi gerir kröfu um að hönnunin verði dæmd ógild skal stefndi senda tilkynningar skv. 1. mgr. 44. gr. til Einkaleyfastofunnar og skráðra nytjaleyfishafa. Ákvæði 2. mgr. 44. gr. eiga hér einnig við.

Í málum vegna brota á hönnunarrétti, sem nytjaleyfishafi höfðar, getur stefndi stefnt eiganda hönnunarréttar án tillits til varnarþings hans og beint að honum kröfu um ógildingu hönnunar.

46. gr.

Endurrit dóma í málum samkvæmt lögum þessum skal dómari að eigin frumkvæði láta Einkaleyfastofunni í té.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

47. gr.

Umsækjandi eða eigandi hönnunarréttar, sem á ekki lögheimili hér á landi, skal hafa umboðsmann búsettan á EES-svæðinu sem getur fyrir hans hönd tekið við stefnu og öllum tilkynningum um hönnunina með bindandi áhrifum. Nafn og heimilisfang umboðsmanns skal skrá í hönnunarskrá.

Tilnefni umsækjandi eða eigandi hönnunarréttar ekki umboðsmann skv. 1. mgr. innan tilskilins frests skal umsókn afmáð.

48. gr.

Glati umsækjandi rétti af þeirri ástæðu að hann eða umboðsmaður hans hefur ekki virt frest sem Einkaleyfastofan hefur veitt honum á grundvelli laga þessara skal Einkaleyfastofan endurveita honum réttinn ef umsækjandi hefur gert allt sem með sanngirni má af honum krefjast til að virða frestinn. Beiðni um slíkt skal berast innan tveggja mánaða frá brottfalli hindrunar er töfinni olli, en þó aldrei síðar en einu ári frá lokum frestsins. Innan sama frests skal umsækjandi bæta úr ágöllum og greiða tilskilið endurveitingargjald, sbr. 53. gr.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við með sama hætti ef eigandi hönnunarréttar eða umboðsmaður hans hefur ekki greitt endurnýjunargjald innan frests skv. 24. gr., sbr. 53. gr. Beiðni um endurveitingu í þeim tilvikum þarf þó að hafa borist og endurnýjunargjald vera greitt innan sex mánaða frá lokum frestsins.

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um frest skv. 16. og 36. gr.

49. gr.

Hafi eigandi hönnunarréttar veitt öðrum leyfi til að nota hönnunina (nytjaleyfi) má nytjaleyfishafi ekki framselja rétt sinn nema um það hafi verið samið.

Sé nytjaleyfi veitt fyrirtæki má framselja það ásamt fyrirtækinu nema um annað sé samið.

50. gr.

Nytjaleyfishafa er að fengnu samþykki eiganda hönnunarréttar heimilt að höfða mál vegna brota á hönnunarrétti.

Nytjaleyfishafa er heimilt að gerast aðili að réttaraðgerðum sem eigandi hönnunarréttar á frumkvæði að enda eigi nytjaleyfishafi rétt á bótum vegna tjóns sem hann hefur orðið fyrir eða gæti orðið fyrir vegna brots.

51. gr.

Verði aðilaskipti að skráðri hönnun, m.a. nytjaleyfi veitt, hönnun veðsett, aðför gerð í henni eða hún fellur til þrotabús, skal þess getið í hönnunarskrá enda berist beiðni þar um frá viðkomandi aðila.

Sé um samskráningu að ræða verða aðilaskipti ekki færð í hönnunarskrá nema þau nái til hönnunarsamstæðu í heild.

Mál varðandi hönnun má ætíð höfða gegn þeim sem er skráður eigandi í hönnunarskrá og skulu tilkynningar Einkaleyfastofunnar sendar honum.

52. gr.

Einkaleyfastofunni er eftir beiðni heimilt að taka að sér sérstök verkefni á sviði hönnunar og hönnunarréttar.

Iðnaðarráðherra setur reglur um slíka þjónustu og greiðslu fyrir hana, sbr. 53. gr.

53. gr.

Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara, m.a. um hönnunarumsóknir og meðferð þeirra, meðferð andmælamála, endurnýjun og brottfall hönnunarskráningar, færslu í hönnunarskrá, efni og útgáfu ELS-tíðinda og verklag Einkaleyfastofunnar. Þá skal ráðherra ákveða gjöld samkvæmt lögunum, sbr. 36. gr.

Gjöld skulu standa straum af kostnaði við rekstur Einkaleyfastofunnar vegna hönnunarmálefna og við þjónustu sem veitt er, m.a. könnun Einkaleyfastofunnar á formskilyrðum og jafnvel efnisskilyrðum venjulegra umsókna, alþjóðlegra umsókna og enduruptekinna umsókna, þjónustu vegna samskráningar, birtingu, m.a. á myndum, yfirfærslu alþjóðlegra umsókna, umsýslu vegna endurnýjunar umsókna, könnun vegna ógildingar skráningar, útskriftir úr hönnunarskrám og þjónustuverkefni.

Gjöld samkvæmt lögum þessum renna beint til Einkaleyfastofunnar og innheimtir hún gjöldin.

X. KAFLI
Alþjóðleg skráning hönnunar.

54. gr.

Með alþjóðlegri skráningu hönnunar er átt við skráningu hönnunar samkvæmt Genfarsamningnum frá 2. júlí 1999 um breytingu á Haag-samningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar.

55. gr.

Umsókn um alþjóðlega skráningu hönnunar skal lögð inn hjá Einkaleyfastofunni eða alþjóðaskrifstofunni er starfar á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO). Skilyrði fyrir viðtöku umsóknar um alþjóðlega skráningu samkvæmt lögum þessum hér á landi er að umsækjandi sé íslenskur ríkisborgari, íslenskur lögaðili eða einstaklingur búsettur hér á landi eða að aðili reki hér á landi virka atvinnustarfsemi.

Sé umsókn um alþjóðlega skráningu hönnunar lögð inn hjá Einkaleyfastofunni skal stofnunin senda hana áfram til alþjóðaskrifstofunnar. Fyrir móttöku og meðferð umsókna skal greiða tilskilið gjald, sbr. 53. gr.

56. gr.

Telji Einkaleyfastofan alþjóðlega skráningu hönnunar óskráningarhæfa hér á landi skal alþjóðaskrifstofunni send niðurstaða Einkaleyfastofunnar ásamt rökstuðningi innan tilgreinds frests. Eiganda skráningar er heimilt að tjá sig um málið og óska eftir því að það verði tekið til skoðunar að nýju. Eigandi skráningar skal þá tilnefna umboðsmann skv. 47. gr.

Telji Einkaleyfastofan ekkert því til fyrirstöðu að alþjóðleg skráning hönnunar gildi hér á landi skal hún birt í ELS-tíðindum.

57. gr.

Alþjóðleg skráning hönnunar, sem gildir á Íslandi, hefur sömu réttaráhrif og önnur skráð hönnun hér á landi frá skráningardegi hinnar alþjóðlegu skráningar eða forgangsréttardegi.

Endurnýjun alþjóðlegrar skráningar hönnunar fer eftir reglum Genfarsamningsins. Þegar Einkaleyfastofunni berst tilkynning frá alþjóðaskrifstofunni um endurnýjun alþjóðlegrar skráningar skal hún færð í hönnunarskrá og birt í ELS-tíðindum.

58. gr.

Um umsókn og meðferð alþjóðlegrar skráningar hönnunar gilda ákvæði II. kafla laganna ef ekki er kveðið á um annað í þessum kafla.

59. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa kafla, þar á meðal um birtingu alþjóðlegrar skráningar hönnunar, andmæli gegn skráningu, endurnýjun og gjöld.

XI. KAFLI
Gildistaka.

60. gr.

Lög þessi, sem sett eru m.a. á grundvelli tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/71/EB frá 13. október 1998 um lögvernd hönnunar, öðlast gildi 1. október 2001. Ákvæði X. kafla laganna öðlast þó ekki gildi fyrr en við birtingu auglýsingar iðnaðarráðherra um að Ís-

land hafi gerst aðili að Genfarsamningnum frá 2. júlí 1999 um breytingu á Haag-samningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 48/1993, um hönnunarvernd, með síðari breytingum.

Um óskráðan hönnunarrétt, sem stofnast hefur fyrir gildistöku laga þessara, gilda ákvæði eldri laga um hönnunarvernd.

Með þeim undantekningum, sem greindar eru í 5.–6. mgr., gilda ákvæði laga þessara einnig um hönnun sem skráð hefur verið eða sótt hefur verið um skráningu á við gildistöku laga þessara.

Um meðferð umsókna, sem lagðar hafa verið inn hjá Einkaleyfastofunni fyrir gildistöku laga þessara, skal fara samkvæmt ákvæðum eldri laga um hönnunarvernd.

Hafi einhver fyrir gildistöku laga þessara hagnýtt sér hönnun með þeim hætti að ekki þurfti samþykki eiganda hönnunar samkvæmt eldri lögum um hönnunarvernd en samþykki hans er áskilið samkvæmt lögum þessum getur viðkomandi haldið hagnýtingunni áfram þrátt fyrir ákvæði laga þessara. Sá sem hefur við gildistöku laga þessara gert umtalsverðar ráðstafanir til að hagnýta hönnun getur með sömu skilyrðum hagnýtt sér hana.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í desember 1999 skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra nefnd til að endurskoða lög um hönnunarvernd, nr. 48/1993, hér eftir skammstöfuð hvl., með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um lögvernd hönnunar (98/71/EB). Við endurskoðunina skyldi nefndin jafnframt hafa hliðsjón af Genfarsamningnum frá 2. júlí 1999 um breytingu á Haag-samningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar.

Í nefndina voru skipuð lögfræðingarnir Ásta Valdimarsdóttir, formaður, Jón L. Arnalds og Jón Ögmundur Þormóðsson. Þá var Borghildur Erlingsdóttir lögfræðingur skipuð ritari nefndarinnar.

Nefndin lagði til að stefnt yrði að setningu nýrrar heildarlöggjafar í stað viðamikilla breytinga á gildandi lögum. Ástæðan var m.a. sú að á vegum norrænu einkaleyfastofnananna og með þátttöku sænska menntamálaráðuneytisins hefur verið unnið að undirbúningi að nýju norrænu frumvarpi til laga um hönnunarrétt með hliðsjón af fyrrgreindri tilskipun. Ljóst er nú að löggjöfin á Norðurlöndum verður að verulegu leyti samhljóða. Af þeirri ástæðu taldi nefndin rétt að vinna að nýjum lögum sem samrýmst gætu norrænni löggjöf á þessu sviði.

Fyrrgreind samvinna Norðurlandanna fólst fyrst og fremst í að ræða með hvaða hætti skyldi lögleiða efni tilskipunarinnar á samræmdan hátt. Auk þeirra efnisatriða, sem koma fram í tilskipuninni, var lagt til að tekin yrðu inn í lögin nokkur ákvæði sem svipar til ákvæða einkaleyfalaga, m.a. um meðferð umsókna.

Þrátt fyrir að um verulegar breytingar á lagatexta sé að ræða eru breytingar varðandi efni verndarinnar, umfang hennar og meðferð umsókna um skráningu ekki miklar. Núgildandi lög um hönnunarvernd eru sniðin eftir tillögum sem Max-Planck-stofnunin í Þýskalandi setti fram árið 1990. Síðar lágu þær tillögur til grundvallar tillögum Evrópubandalagsins um samræmda löggjöf um vernd hönnunar. Grundvallaratriði núgildandi hönnunarverndarlaga eru því ekki mjög frábrugðin tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um lögvernd hönnunar (98/71/EB). Að þessu leyti hefur Ísland sérstöðu miðað við önnur Norðurlönd sem verða að gera verulegar efnislegar breytingar á lögum sínum. Þar eru enn í gildi lög um mynsturvernd frá 6. áratugnum. Sú löggjöf gerir ráð fyrir efnislegri rannsókn á nýnæmi hönnunar fyrir skráningu en slík rannsókn var ekki tekin upp í gildandi lög hér á landi. Í frumvarpinu er lagt til

að haldið verði í núgildandi kerfi og því verði nýnæmi hönnunar ekki rannsakað fyrir skráningu. Að líkindum mun það einnig verða niðurstaðan annars staðar á Norðurlöndum.

Helstu breytingar frá gildandi lögum eru annars vegar að ekki er gert ráð fyrir óskráðri hönnunarvernd í frumvarpinu og hins vegar að unnt verður að sækja um alþjóðlega skráningu hönnunar hér á landi.

Samkvæmt gildandi lögum er unnt að öðlast óskráða hönnunarvernd í tvö ár frá því að hönnunin er gerð aðgengileg almenningi. Óskráð vernd er takmarkaðri en skráð vernd að því leyti að hún veitir aðeins vernd gegn beinum eftirlíkingum. Slíkri vernd var ætlað að mæta þörfum þeirra sem starfa á sviðum þar sem líftími hönnunar er oftast mjög skammur, t.d. í textíliðnaði eða fataiðnaði. Rök gegn óskráðri vernd eru m.a. þau að um ótrygga vernd sé að ræða sem oft sé erfitt að sanna. Skráning er talin veita aðilum mun meira réttaröryggi og ekki er talið íþyngjandi fyrir aðila að sækja um slíka vernd þar eð formskilyrði eru ekki mörg og skráningargjöld eru ekki há. Þá má einnig benda á að skv. 2. mgr. 1. gr. höfundalaga, nr. 73/1972, nýtur nytjalist höfundaréttar og geta þeir sem vilja ekki skrá hönnun sína því nýtt sér vernd höfundalaga.

Í X. kafla frumvarpsins er að finna ákvæði er varða alþjóðlega skráningu hönnunar. Hinn 2. júlí 1999 var undirritaður í Genf samningur um breytingu á Haag-samningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar. Ísland hefur ekki enn gerst aðili að samningnum en gert er ráð fyrir að hann verði undirritaður fyrir Íslands hönd á árinu 2001. Samningurinn öðlast gildi þegar sex ríki hafa fullgilt hann en líklegt er að það geti orðið innan tveggja ára. Genfarsamningurinn gerir íbúum í aðildarríkjum hans kleift að sækja um skráningu hönnunar í öllum aðildarríkjum samningsins með einni umsókn. Unnt er að sækja um alþjóðlega skráningu beint til Alþjóðahugverkastofnunarinnar eða hjá einkaleyfaskrifstofum hvers ríkis. Samningnum svipar mjög til viðaukans við Madrid-samninginn frá 1891 um alþjóðlega skráningu merkja en viðaukinn öðlaðist gildi hér á landi árið 1997.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um það hver geti öðlast einkarétt til hönnunar og með hvaða hætti, þ.e. með skráningu.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 48/1993 (hvl.) getur hönnunarvernd skapast með tvennum hætti, annars vegar með skráningu hjá skráningaryfirvöldum en hins vegar án skráningar með því að vara, sem hönnunin einkennir, er gerð aðgengileg almenningi. Nokkur hönnunarréttur er þannig viðurkenndur samkvæmt gildandi lögum þótt hönnuður skrái ekki hönnun sína. Ef hönnuður kýs að skrá ekki hönnunina getur hún notið óskráðrar verndar allt að tveimur árum. Með frumvarpinu er lagt til að breyting verði gerð hér á. Er lagt til að hönnunarvernd skapist aðeins með skráningu á grundvelli umsóknar. Ástæður eru m.a. eftirfarandi:

a. Í fyrirhugaðri endurskoðun á norrænu lögunum er ekki gert ráð fyrir óskráðri hönnunarvernd. Ekki er búist við slíkri vernd í hliðstæðum lögum Evrópuþjóða enda er slík ákvæði ekki að finna í tilskipun Evrópusambandsins. Með frumvarpi þessu er stefnt að lagasamræmi á þessum vettvangi.
b. Samkvæmt gildandi lögum er um að ræða skamman líftíma óskráðrar verndar. Slík skammtímavernd hefur að jafnaði lítið raunhæft gildi. Eftirfylgd slíkrar verndar getur einnig haft í för með sér mikla fyrirhöfn og kostnað. Skráð vernd skapar tvímælalaust

meira réttaröryggi. Skráning hönnunar er sönnun þess að réttur hafi stofnast og má því gera ráð fyrir að færri ágreiningsmál rísi um rétt til hönnunar.

c. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. höfundalaga, nr. 73/1972, nýtur nytjalist höfundaréttar. Mikið er framleitt af nytjamunum sem hafa listrænt gildi, jafnframt hefðbundinni gagnsemi. Nytjamunir njóta höfundaréttar hafi þeir listrænt gildi.

d. Hönnun getur notið verndar skv. VI. kafla samkeppnislaga, nr. 8/1993, þótt hönnunin sem slík sé ekki vernduð gegn eftirgerð eða öðrum hönnunarréttarbrotum samkvæmt þeim lögum. Getur markaðssetning hönnunar, sem annar hefur skapað, brotið í bága við góða viðskiptahætti og því verið dæmd ólögmæt og skaðabótaskyld. Hefur það verið staðfest með fjölmörgum dómum á Norðurlöndum. Þá hafa ákvarðanir Samkeppnisráðs einnig gengið í sömu átt.

Lagt er til að fellt verði niður það skilyrði að einkaréttur á hönnun, þ.e. hönnunarréttur, sé tengdur hagnýtingu í atvinnulífi. Slíkt skilyrði er talið hafa lítið gildi. Þá er erfitt fyrir skráningaryfirvöld að meta hvort hönnun sé eða verði hagnýtt í atvinnulífi. Hefur reynslan sýnt að slíkt mat getur verið erfitt.

Um 2. gr.

Í greininni eru skilgreiningar á hugtökunum hönnun, vara og samsett vara og eru þær í samræmi við 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins um lögvernd hönnunar, nr. 98/71 (hér eftir nefnd tilskipunin). Hér er um mun nákvæmari skilgreiningu að ræða en í gildandi lögum um hönnunarvernd. Þar er einungis hugtakið hönnun skilgreint í 1. mgr. 1. gr. og sagt að hönnun merki útlit og gerð vöru eða skreytingu hennar í tví- eða þrívídd en jafnframt er þar tekið fram að lögin taki ekki til hönnunar þegar aðeins er af tæknilegum ástæðum völ á einum möguleika varðandi útlit eða gerð vöru.

Í 1. tölul. þessarar greinar frumvarpsins er hönnun skilgreind. Samkvæmt ákvæðinu er unnt að vernda hluta af vöru og er hér um nýmæli að ræða. Þannig er t.d. unnt að vernda eingöngu fætur á borði eða skúffur í skáp. Í þessu felst einnig að unnt er að vernda skreytingu vöru eins og samkvæmt gildandi lögum. Í ákvæðinu er talið upp hvað geti ráðið útliti vöru. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða. Með einstökum þáttum hönnunar er átt við allt það sem ákvarðar útlit vöru. Aðeins er um að ræða atriði sem unnt er að nema sjónrænt. Undir ákvæðið fellur hönnun í tví- eða þrívídd eins og í núgildandi hvl.

Ákvæði 2. tölul. samsvarar b-lið 1. gr. tilskipunarinnar en þar er notað hugtakið framleiðsla eða „product“. Hér er þó lagt til að áfram verði notað hugtakið vara eins og í núgildandi hvl. þar eð nafnorðið „framleiðsla“ þykir óþjált og ekki henta vel. Samkvæmt íslenskri orðabók merkir orðið „vara“ varningur, e-ð sem er framleitt og gengur kaupum og sölum. Ekki er ætlunin að sú almenna skilgreining eigi við um þetta hugtak í frumvarpinu. Ætlunin er að „vara“ samkvæmt ákvæðinu geti notið hönnunarverndar þó að hún sem slík sé ekki framleidd til sölu. Vara þarf heldur ekki að vera hlutur, t.d. gæti skjámynd á tölvu notið verndar samkvæmt lögunum. Í ákvæðinu eru talin upp dæmi um vörur sem geta notið verndar laganna. M.a. er gert ráð fyrir að grafísk tákn geti notið hönnunarréttar, óháð birtingarformi hönnunar. Geta því grafísk tákn, sem birtast t.d. á tölvuskjá, fallið hér undir.

Í 3. tölul. er að finna skilgreiningu á „samsettri vöru“. Vegna þess hönnunarréttar, sem veittur er varahlutum og öðrum samsettum vörum í 4. gr. frumvarpsins, er þörf á skilgreiningu á hugtakinu „samsett vara“.

Um 3. gr.

Í greininni kemur fram hvaða skilyrðum hönnun þarf að fullnægja til að geta notið verndar samkvæmt lögunum. Um er að ræða tvö skilyrði. Hönnun þarf í fyrsta lagi að vera ný, sbr. 16. gr. um forgangsrétt, og í öðru lagi sérstæð, þ.e. skilja sig frá þegar þekktri hönnun. Greinin er byggð á 2. mgr. 3. gr., 4. gr. og 5. gr. tilskipunarinnar.

Ákvæði 1. mgr. samsvara 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Samkvæmt ákvæðinu er það skilyrði fyrir hönnunarrétti að hönnun sé ný og sérstæð. Skv. 2. gr. gildandi laga er það einungis skilyrði fyrir hönnunarvernd að hönnun sé sérstæð. Ekki er þess sérstaklega krafist að hönnun sé ný. En hér ber að hafa í huga að mat á sérstæði samkvæmt gildandi lögum er tvíþætt. Annars vegar er það skilyrði að hönnun hafi ekki verið gerð aðgengileg kunnáttumönnum á viðkomandi sviði og hins vegar að hún teljist frábrugðin frá sjónarhóli hins almenna notanda. Í raun hafa skilyrðin fyrir vernd því lítið breyst.

Í 2. mgr. er kveðið á um hvenær hönnun telst ný. Ákvæðið samrýmist 4. gr. tilskipunarinnar. Skilyrði er að hönnun hafi ekki verið gerð aðgengileg almenningi fyrir umsóknardag eða forgangsréttardag. Í 5. og. 6. gr. frumvarpsins er nánar kveðið á um hvenær hönnun telst aðgengileg almenningi. Við mat á því hvort hönnun sé ný er miðað við það hvort *eins* hönnun hafi verið gerð aðgengileg en ekki hvort svipuð hönnun fyrirfinnist. Eins og fyrr hefur komið fram er ekki skilyrði í núgildandi hvl. að hönnun sé ný en við mat á sérstæði er miðað við að hönnun hafi ekki verið gerð aðgengileg „kunnáttumönnum á viðkomandi sviði“ fyrir umsóknardag.

Í 3. mgr. er kveðið á um hvenær hönnun telst sérstæð. Ákvæðið samrýmist 5. gr. tilskipunarinnar. Heildarmynd hönnunar þarf að vera ótvírætt frábrugðin heildarmynd annarrar hönnunar.Í núgildandi hvl. skal meta sérstæði hönnunar, m.a. frá sjónarhóli notenda. Hönnun þarf að vera, að heildarútliti, verulega frábrugðin hönnun sem notendur þekkja. Nú er lagt til að sérstæði hönnunar sé metið út frá sjónarhorni upplýsts notanda. Ekki þarfþví að vera um sérfræðing á viðkomandi sviði að ræða en viðkomandi þarfþó að hafa nokkra þekkingu á þessu sviði.

Í lok 3. mgr. kemur fram að við mat á því hvort hönnun teljist sérstæð skuli taka mið af því svigrúmi sem hönnuður hefur haft við hönnunina. Eftir því sem möguleikar til nýrrar hönnunar eru minni, því minni kröfur eru gerðar um sérstæði. Þetta getur oft átt við um vörur sem krefjast ákveðinnar virkni, t.d. hjólbarða. Svigrúm til hönnunar á hjólbörðum er mun minna en t.d. þegar um leikföng er að ræða.

Þegar ákvæði gildandi laga og þessarar greinar um skilyrði fyrir hönnunarrétti eru borin saman í heild verður ekki talið að um miklar breytingar sé að ræða frá gildandi rétti.

Um 4. gr.

Í greininni er að finna sérreglu varðandi hönnun sem er hluti af annarri vöru. Hér er m.a. átt við varahluti. Við túlkun á þessari grein og því hvort hönnun, sem er hluti af annarri vöru, getur notið verndar vísast einnig til 8. gr. frumvarpsins.

Grein þessi er byggð á 3. og 4. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar um hönnun. Í 3. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar er notað orðalagið „A design applied to or incorporated in a product ...“ Í frumvarpinu er lagt til orðalagið „hönnun vöru sem er hluti samsettrar vöru“. Hér er um að ræða breytingu á orðalagi til að ákvæðið sé skiljanlegra en ekki er ætlunin að efnislegur munur verði á ákvæðunum.

Ákvæði 1. tölul. 1. mgr. takmarka möguleika á að vernda varahluti þar sem gert er að skilyrði að hönnun, sem er hluti samsettrar vöru, sé sýnileg við eðlilega eða venjulega notkun

hennar. Þessi takmörkun hefur m.a. áhrif á bílaiðnaðinn, t.d gæti gírkassi ekki notið verndar vegna þessa ákvæðis þar eð hann er ekki sýnilegur við venjulega notkun bifreiðar.

Í 2. tölul. 1. mgr. er gert að skilyrði að þessi sýnilegi hluti fullnægi skilyrðum 3. gr. um að vera ný og sérstæð hönnun.

Í 2. mgr. er að finna skýringu á því hvað átt sé við með orðunum „eðlileg notkun" samsettrar vöru. Undir „eðlilega notkun" félli t.d. ekki viðgerð eða viðhald á vöru.

Um 5. gr.

Grein þessi fjallar um það hvenær hönnun telst aðgengileg almenningi.

Í 1. mgr. er skýrt við hvað er átt með því að hönnun sé „aðgengileg almenningi" en það hugtak er m.a. notað í 3. gr. Í 2. mgr. er að finna undantekningar frá því að hönnunin teljist aðgengileg almenningi. Greinin er byggð á 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar.

Í 1. mgr. eru talin upp nokkur tilvik varðandi það hvernig hönnun getur verið gerð aðgengileg almenningi. Hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða. Hönnun getur t.d. verið gerð aðgengileg almenningi með birtingu á netinu. Í raun skiptir ekki máli með hvaða hætti hönnun er kynnt almenningi, sbr. þó þær takmarkanir sem tilgreindar eru í 2. mgr.

Ákvæði 1. tölul. 2. mgr. hafa að geyma skýringu á kröfunni um nýnæmi. Birting á hönnun telst ekki hafa áhrif á nýnæmi hönnunar ef kunnáttumenn á viðkomandi sviði gætu ekki hafa fengið vitneskju um hana. Miðað er við kunnáttumenn á EES-svæðinu og því er hugsanlegt að hönnun, sem hefur verið gerð aðgengileg almenningi í Bandaríkjunum, standi ekki í vegi fyrir skráningu hér þar eð ekki er víst að kunnáttumenn á viðkomandi sviði hafi vitað eða getað vitað um hönnunina.

Ákvæði 2. tölul. 2. mgr. veita umsækjanda svigrúm til að sýna öðrum hönnun sína án þess að eiga á hættu að skaða nýnæmi hönnunarinnar, þ.e. án þess að hún verði talin þekkt. Ekki er þess krafist að aðilar hafi samið sérstaklega um að um trúnaðarmál hafi verið að ræða.

Um 6. gr.

Í grein þessari er að finna undantekningar frá meginreglunni um aðgengileika hönnunar sem kveðið er á um í 1. mgr. 5. gr. Ákvæði greinarinnar eiga sér stoð í 2. og 3. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar. Um er að ræða tvenns konar undantekningar frá því að hönnun teljist aðgengileg. Í fyrri töluliðnum er kveðið á um svonefndan griðtíma (grace period eða skånefrist). Sambærilegt ákvæði er nú í 8. gr. hvl. Ákvæðið felur í sér að þótt hönnun sé birt eða gerð aðgengileg á griðtímanum, þ.e. tólf mánuðum fyrir umsóknardag, hefur það ekki sömu áhrif og almennt þegar hönnun er gerð aðgengileg. Til að reglan eigi við þarf birtingin að hafa átt sér stað fyrir atbeina hönnuðar eða þess er sækir rétt til hans. Ákvæðið gerir hönnuði kleift að prófa hönnun sína á markaði áður en hann ákveður hvort hann telur rétt að sækja um skráningu. Birting innan þessara tímamarka hefur þannig ekki áhrif á nýnæmi hönnunarinnar. Í síðari töluliðnum er um að ræða undantekningu ef hönnun hefur verið gerð aðgengileg vegna misbeitingar. Slíkt ákvæði er ekki að finna í núgildandi hvl. Um misbeitingu getur t.d. verið að ræða þegar fyrrum starfsmaður eða samstarfsmaður birtir hönnun. Ljóst er að hönnuður má ekki eiga neina sök á birtingunni.

Um 7. gr.

Í greininni er mælt fyrir um hvað geti staðið í vegi fyrir að hönnun njóti verndar samkvæmt lögunum.

Í 3. gr. hvl. er að finna sambærileg ákvæði og eru hér í 1. og 2. tölul. Þá er í 25. og 26. gr. hvl. að finna heimild til að ógilda hönnun sem brýtur gegn eldri hugverkaréttindum. Þau

ákvæði hafa samsvörun við ákvæði 3.–5. tölul. þessarar greinar frumvarpsins. Ákvæði þessi taka mið af 8. og 11. gr. tilskipunarinnar. Í 2. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar, sem eru efnislega samhljóða 2.–5. tölul. greinarinnar, eru valkvæð ákvæði. Aðildarríkin geta því valið hvort ákvæðin verði tekin upp í landsrétt. Talið er rétt að hafa slík ákvæði í lögunum og er það í samræmi við gildandi rétt.

Ákvæði 1. tölul. samsvara 8. gr. tilskipunarinnar og 1. tölul. 3. gr. hvl. Einkaleyfastofunni er ætlað að hafna skráningu á hönnun sem telst stríða gegn siðgæði eða allsherjarreglu, sbr. 17. gr.

Í 2. tölul. er tekið upp ákvæði c-liðar 2. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar. Ákvæði b-liðar 2. tölul. 3. gr. hvl. svipar mjög til þessa ákvæðis efnislega. Nú er lagt til að vísað sé til 6. gr. Parísarsamningsins í stað þess að telja upp dæmi um merki eða tákn sem njóta verndar samkvæmt þeirri grein. Þá er öðrum merkjum, sem hafa sérstakt gildi fyrir almenning, einnig veitt vernd.

Ákvæði 3. tölul. byggist á a-lið 2. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar. Hönnun má ekki hafa að geyma auðkenni annars aðila án samþykkis viðkomandi. Gert er að skilyrði að um sé að ræða starfandi fyrirtæki þegar byggt er á heiti á atvinnustarfsemi. Í 4. tölul. er tekið upp ákvæði b-liðar 2. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar um brot gegn höfundarétti. Í 25. og 26. gr. hvl. er ákvæði um ógildingu á hönnun sem brýtur í bága við hugverkaréttindi. Í greinargerð með þeim lögum kemur fram að m.a. sé átt við höfundarétt.

Ákvæði 5. tölul. samsvarar d-lið 2. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar. Til að ný hönnun geti haft að geyma aðra eldri hönnun þarf að koma til samþykki eiganda hinnar eldri hönnunar. Í ákvæðinu er talin upp alþjóðlega skráð hönnun og þannig tekið tillit til væntanlegrar aðildar Íslands að Genfarsamningnum um breytinguna á Haag-samningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar.

Einkaleyfastofan kannar ekki af sjálfsdáðum hvort hönnun, sem sótt er um skráningu á, brjóti gegn eldri hönnunarrétti, sbr. 17. gr.

Um 8. gr.

Í greininni er að finna undantekningar frá hönnunarrétti. Vissir þættir í hönnun geta verið þannig að þeir teljist ekki njóta verndar laganna.

Í greininni eru tekin upp ákvæði 8. gr. tilskipunarinnar. Í 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. hvl. er nú ákvæði er samsvarar 1. tölul. 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins.

Í 1. tölul. 1. mgr. segir að ekki sé unnt að öðlast hönnunarrétt á þeim hlutum í hönnun sem ráðast aðeins af tæknilegri virkni. Þetta er eins og fyrr segir í samræmi við gildandi lög. Tæknilega virkni er unnt að vernda með einkaleyfalögum að því tilskildu að uppfinning fullnægi kröfum þeirra laga.

Ákvæði 2. tölul. 1. mgr. varðar hönnunarrétt á tengihlutum milli mismunandi vara. Samkvæmt ákvæðinu nær hönnunarréttur ekki til hönnunar sem ræðst af því að varan geti tengst annarri vöru, t.d. ryksuguslanga ryksugu. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir að framleiðendur geti þvingað neytendur til að eiga viðskipti við sig með því að vera einu framleiðendur vöru sem tengja á annarri vöru. Ákvæðið hefur t.d. þýðingu varðandi ýmsa varahluti. Margir þeirra gætu ekki notið hönnunarverndar þar eð hönnunin varðar aðallega tenginguna, t.d. samskeyti eða skrúfgang.

Um 9. gr.

Í þessari grein kemur fram hvert efni hönnunarréttar er, þ.e hvað réttindin fela í sér.

Ákvæði greinarinnar eru byggð á 9. gr. og 1. mgr. 12. gr. tilskipunarinnar. Í 5. gr. hvl. er að finna ákvæði um efni hönnunarréttar. Þar er skilið á milli skráðar og óskráðrar verndar. Í frumvarpi þessu er lagt til að horfið verði frá óskráða verndarforminu og varða ákvæði 9. gr. því einungis skráða vernd. Af orðalagi 5. gr. hvl. má ráða að um tæmandi upptalningu sé að ræða. Nú eru hins vegar aðeins talin upp dæmi um athafnir sem geta falið í sér brot gegn hönnunarrétti.

Ákvæði 1. mgr. samsvarar 1. mgr. 12. gr. tilskipunarinnar. Samkvæmt ákvæðinu veitir hönnunarréttur rétt til að banna öðrum að hagnýta hönnun. Venja er að lýsa inntaki einkaréttarins í hugverkarétti á neikvæðan hátt. Megininntak réttarins er því bann gegn nýtingu annarra án samþykkis rétthafans. Eðli málsins samkvæmt hefur rétthafinn rétt til hagnýtingar á hönnuninni, sbr. 1. mgr. 12. gr. tilskipunarinnar þar sem það er beint tekið fram. Hagnýting hönnunar má þó að sjálfsögðu ekki brjóta í bága við önnur lög. Í núgildandi hvl. er rétturinn bundin við nýtingu í atvinnuskyni. Hér er það skilyrði tekið út en notað er hugtakið hagnýting í stað nota. Ekki er talið rétt að hönnunarréttur sé svo víðtækur að hann taki til allra nota og er því notað hugtakið hagnýting, þ.e. not í hagnaðarskyni. En á móti er skilyrðið um nýtingu í atvinnuskyni tekið út. Breytingin frá gildandi lögum er því ekki mikil.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði sem er í samræmi við 1. mgr. 9. gr. tilskipunarinnar. Ákvæðið kveður á um umfang hönnunarréttarins gagnvart annarri hönnun. Miðað er við mat upplýsts neytanda. Einkaréttur tiltekinnar hönnunar nær því til allrar hönnunar sem að mati upplýsts neytanda hefur sömu heildarmynd. Ekki skiptir hér máli hvort um eins eða sambærilega vörutegund er að ræða. Við mat á því hvort heildarmynd hönnunar teljist sérstæð er tekið mið af því svigrúmi sem hönnuður hefur haft við gerð hönnunar, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Um 10. gr.

Í grein þessari, svo og 11. og 12. gr., er kveðið á um takmarkanir á hönnunarréttinum. Greinin er byggð á 1. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar.

Samkvæmt 1. tölul. kemur hönnunarréttur ekki í veg fyrir nýtingu hönnunar í einkaþágu.

Í 2. tölul. kemur fram að hönnunarrétturinn takmarki ekki athafnir sem gerðar eru í tilraunaskyni. Sambærilegt ákvæði er í 3. tölul. 3. mgr. 3. gr. laga 17/1991, um einkaleyfi, en um er að ræða nýmæli í lögum um hönnun. Tilraunir annarra, sem varða hönnunina, eru því heimilar. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að prófa frekari notkun eða þróun hönnunar. Hins vegar tekur ákvæðið ekki til þess þegar hönnun er notuð sem einhvers konar hjálpartæki við rannsóknir eða tilraunir.

Ákvæði 3. tölul. heimilar notkun hönnunar við tilvitnanir eða fræðslu ef það er gert þannig að það samræmist góðum viðskiptaháttum. Sem dæmi er heimilt að birta hönnun í fagtímaritum að því tilskildu að þess sé getið hver sé hönnuður.

Um 11. gr.

Í þessari grein eru enn frekari takmarkanir á hönnunarréttinum. Í 10. gr. er um almennar takmarkanir að ræða en í þessari grein eru gerðar mjög sértækar takmarkanir á hönnunarréttinum.

Ákvæði greinarinnar samræmast 2. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar. Slík ákvæði eru ekki í núgildandi lögum. Ákvæði þessi eru tilkomin vegna alþjóðaloftflutningasamningsins (Chicago-samningsins) frá 7. desember 1944.

Ekki þykir ástæða til að gera mun á EES-ríkjum og öðrum ríkjum, m.a. þar sem afar sjaldan reynir á slík ákvæði. Ekki er því gerð krafa um gagnkvæma réttarvernd viðkomandi ríkja.

Eðlilegt þykir að sömu reglur gildi um skip og loftför.

Um 12. gr.

Í 12. gr. kemur fram reglan um tæmingu réttinda eða réttindaþurrð (exhaustion of rights). Ákvæðið er í samræmi við 15. gr. tilskipunarinnar. Í 12. gr. hvl. er kveðið á um tæmingu hönnunarréttar. Í þeirri grein er miðað við alþjóðlega tæmingu en nú er lagt til að tæmingin sé miðuð við EES-svæðið. Ljóst er af skýru orðalagi 15. gr. tilskipunarinnar að aðildarríkjum ber að taka upp tæmingu réttinda innan EES-svæðisins. Í tæmingu réttinda felst að einkarétti eiganda hönnunarréttar er lokið þegar hann hefur sett hönnun sína á markað á EES-svæðinu, þ.e. hann tæmir réttinn. Eftir það getur hann ekki beitt réttindum sínum, m.a. til að hindra samhliða innflutning á hönnun sinni frá öðrum ríkjum.

Um 13. gr.

Í greininni, sem svipar til 14. gr. hvl., er tilgreind sú stofnun, Einkaleyfastofan, sem umsækjandi, einstaklingur eða lögaðili, skal skila umsókn um skráningu hönnunar til, svo og kröfur þær sem gerðar eru til umsóknar. Taka má fram að meðal mikilvægustu þátta varðandi frágang umsóknar er að henni fylgi greinilegar ljósmyndir eða teikningar er sýni heildarútlit hönnunar og þau einkenni hennar sem umsækjandi óskar að vernda. Heimilt er að senda inn líkan með umsókninni en skylt er að láta myndir fylgja.

Um 14. gr.

Í greininni er m.a. fjallað um það hvenær umsókn telst lögð inn og lágmarksskilyrði fyrir því að hún fái umsóknarnúmer og umsóknardagsetningu. Réttaráhrif umsóknar miðast við umsóknardag, sbr. 23. gr., og byrjar skráningartímabil þá að líða.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ekki megi breyta umsókn, sbr. þó 20. gr. frumvarpsins sem fjallar um skráningu í breyttri mynd.

Um 15. gr.

Í greininni er eins og í 17. gr. hvl. fjallað um samskráningu, þ.e. tilvik þegar umsækjandi sækir um vernd á fleiri en einni hönnun (hönnunarsamstæðu) í sömu umsókn. Skilyrði er að vörur, er hönnun tengist, myndi samstæðu og verði flokkaðar í sama flokk samkvæmt Locarno-samningnum frá 8. október 1968 um alþjóðlega flokkun hönnunar. Þó er rýmri heimild til samskráningar en í 17. gr. hvl. að því leyti að ekki er gert að skilyrði að hver hluti hönnunarsamstæðu verði að heyra til sama undirflokks samkvæmt samningnum. Greinin er einnig byggð á samsvarandi reglu um samskráningu í 4. mgr. 5. gr. Genfarsamningsins. Ekki eru gerðar takmarkanir á fjölda hönnunareininga í sömu umsókn.

Þegar um hönnun í tvívídd er að ræða ber að tilgreina vöruna sem hönnunin tekur til og í samskráningartilvikum þarf varan að vera í sama flokki.

Um 16. gr.

Í greininni er fjallað um forgangsrétt varðandi það er umsóknir um skráningu hönnunar eru lagðar inn í fleiri en einu ríki á sex mánaða tímabili. Einnig er kveðið á um það þegar umsókn er lögð inn í kjölfar þess að hönnun er sýnd á opinberri eða opinberlega viðurkenndri alþjóðlegri sýningu. Forgangsréttur felur í sér að seinni umsókn telst lögð fram samtímis fyrri umsókn. Forgangsréttur gildir einnig um alþjóðlega skráningu hönnunar.

Meginreglan um forgangsrétt á rætur sínar að rekja til 4. gr. Parísarsamningsins um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar sem Ísland er aðili að. Samsvarandi ákvæði um forgangsrétt er í meginatriðum að finna í 7. gr. hvl. Ákvæðið um sýningarnar er nýmæli.

Ákvæði 1. mgr. fela ekki í sér breytingar á gildandi rétti. Í hönnunarverndarlögum tekur forgangsréttur til landa sem eru aðilar að Parísarsamningnum en í reglugerð nr. 285/1996 um breytingu á reglugerð um skráningu hönnunar, nr. 178/1994, tekur forgangsréttur einnig til landa sem eru aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO). Lagt er til í frumvarpinu að þau ákvæði sem áður voru í reglugerð verði nú lögfest.

Samkvæmt 2. mgr. getur forgangsréttur einnig tekið til ríkja sem eru ekki aðilar að Parísarsamningnum eða Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Ákvæði 3. mgr. um forgangsrétt takmarkast við þær alþjóðlegu sýningar sem samningurinn um heimssýningar frá 22. nóvember 1928 tekur til en Ísland varð aðili að þeim samningi ásamt nokkrum breytingum 22. janúar 1999. Þetta hefur í för með sér að sýningar innan lands eða sýningar, sem eru ekki opinberlega viðurkenndar, geta ekki orðið grundvöllur forgangsréttar. Svo til engin sýning á Norðurlöndum hefur fallið undir ákvæðið.

Um 17. gr.

Þessi grein snertir meðferð umsóknar og tekur hún mið af 8. gr. tilskipunarinnar, svo og a-lið 1. mgr. 11. gr. hennar. Greinin er efnislega eins og 19. gr. hvl.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir frumkönnun Einkaleyfastofunnar á umsókn og er þá aðeins um könnun á formskilyrðum að ræða. Athugað er hvort um hönnun sé að ræða í skilningi 1. tölul. 2. gr., svo og hvort hönnunin stríði gegn siðgæði eða allsherjarreglu skv. 1. tölul. 7. gr. eða feli í sér heimildarlausa notkun ákveðinna auðkenna skv. 2. tölul. 7. gr. Einkaleyfastofan skal athuga þessi atriði af sjálfsdáðum.

Samkvæmt 2. mgr. getur Einkaleyfastofan gert efnislega rannsókn ef umsækjandi fer fram á það. Er þá athugað hvort önnur réttindi séu hugsanlega skert. Rannsóknin felur í sér leit í gögnum Einkaleyfastofunnar en getur einnig verið víðtækari.

Um 18. gr.

Í greininni, sem er byggð á 20.–21. gr. hvl., er kveðið á um skráningu þeirrar hönnunar sem fullnægir settum reglum. Þá er einnig kveðið á um flokkun hönnunar og tilkynningar um skráningu hennar.

Ekki er gerð krafa til þess að umsækjandi tilgreini þá vöruflokka sem hönnun telst til samkvæmt Locarno-samningnum frá 8. október 1968 um alþjóðlega flokkun hönnunar sem Ísland er aðili að. Einkaleyfastofan veitir þá þjónustu að sjá um flokkunina, sbr. 16. gr. hvl. Vöruflokkun takmarkar ekki umfang verndar.

Um 19. gr.

Þessi grein byggir á 19. gr. hvl. og fjallar um meðferð Einkaleyfastofunnar á umsóknum sem fullnægja ekki ákvæðum laga eða reglna. Ef umsókn er synjað fær umsækjandi möguleika á að lagfæra umsókn og endurupptaka hana en ákvæðið um endurupptöku er nýmæli.

Í 3. mgr. er kveðið á um endurupptöku. Um er að ræða nýmæli í hönnunarlögum en slíkt ákvæði er í einkaleyfalögunum.

Í 4. mgr. er ákvæði um andmælarétt.

Um 20. gr.

Greinin tekur ásamt 31. gr. mið af 7. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar varðandi möguleika á skráningu hönnunar í breyttri mynd. Samþykki umsækjanda er þó skilyrði fyrir slíkri skráningu. Greinin getur skipt máli í tengslum við frumkönnun Einkaleyfastofunnar á formskilyrðum skv. 1. mgr. 17. gr. eða efnislega rannsókn stofnunarinnar að beiðni umsækjanda skv. 2. mgr. 17. gr. Gæti t.d. reynt á skráningu í breyttri mynd ef hönnunin stríðir gegn siðgæði eða allsherjarreglu, sbr. 1. tölul. 7. gr., eða hún felur heimildarlaust í sér vörumerki annars aðila, sbr. 3. tölul. 7. gr.

Um 21. gr.

Greinin samsvarar að mestu 21. gr. hvl., sbr. 6. gr. tilskipunarinnar. Kveður greinin á um frá hvaða tíma umsóknargögn skuli vera aðgengileg almenningi. Kann það að skipta máli varðandi refsi- og bótaábyrgð vegna brota á hönnunarrétti. Er í 40. gr. lagafrumvarpsins m.a. vísað til þessa tímamarks varðandi brot á hönnunarrétti.

Samkvæmt greininni er meginreglan sú að umsóknargögn skuli vera aðgengileg almenningi frá og með skráningardegi og getur þá hver sem er kynnt sér umsóknargögnin. Ef liðnir eru sex mánuðir frá umsóknardegi eða forgangsréttardegi skulu umsóknargögn þó verða aðgengileg almenningi þótt birting skv. 18. gr. hafi ekki farið fram. Ekki þykir eðlilegt að almenningur eigi þess ekki kost að kynna sér efni umsóknar fyrr en löngu eftir umsóknar- eða forgangsréttardag hennar og að umsækjandi geti þannig fengið lengri leyndartíma en aðrir umsækjendur.

Hafi ákvörðun verið tekin um afskrift umsóknar eða höfnun hennar verður hún ekki gerð almenningi aðgengileg nema þau atvik eigi við sem greinin vísar til enda hefur almenningur þá ekki sömu hagsmuni af því að kynna sér efni hennar. Hins vegar getur hönnuður haft hag af því að umsóknin sé ekki gerð almenningi aðgengileg undir slíkum kringumstæðum. Á hann þess þá kost að þróa hönnun sína frekar og getur þá eftir atvikum sótt um vernd á endurbættri útgáfu hennar.

Um 22. gr.

Greinin fjallar um skyldu umsækjanda eða rétthafa hönnunar til að veita tilteknar upplýsingar um skráða hönnun eða hönnunarumsókn. Stuðlar ákvæðið að því að almenningur geti sannreynt hvort staðhæfingar um hönnunarrétt séu réttar. Samsvarar greinin efnislega að nokkru leyti 56. gr. laga um einkaleyfi, nr. 17/1991.

Í 1. mgr. er fjallað um þau tilvik að umsækjandi beri umsókn sína fyrir sig gagnvart öðrum áður en hún er gerð almenningi aðgengileg. Getur umsækjandi haft hag af því að benda ákveðnum aðilum á umsókn sína til þess að koma í veg fyrir brot á rétti hans. Þeir sem slík yfirlýsing er beint til hafa hins vegar hagsmuni af því að geta kynnt sér hvort slík athugasemd á við rök að styðjast og hvert umfang hönnunarverndar sé leiði umsóknin til skráningar.

Í 2. mgr. er mun þrengra ákvæði um upplýsingaskyldu en í 1. mgr. Það á við þegar eigandi hönnunarréttar eða hönnunarumsóknar hefur með einhverjum hætti gefið til kynna að sótt hafi verið um skráningu hönnunar eða hún skráð án þess að tilgreina jafnframt númer umsóknar eða skráningar. Er honum samkvæmt ákvæðinu skylt að veita þær upplýsingar þeim er þess krefst án tafar. Ákveðnar lágmarkskröfur verður að gera til skýrleika þeirra vísbendinga sem veittar eru. Verður vísbendingin undir öllum kringumstæðum að varða hönnunarrétt. Sem dæmi um vísbendingu, er telja má falla undir ákvæðið, er áritun á borð við „varist eftirlíkingar“ sem eðlilegt er að skilja sem tilvísun til þess að vara njóti hönnunarréttar.

Um 23. gr.

Í greininni, sem svipar til 23. gr. hvl., er kveðið á um gildistíma skráðrar hönnunar. Greinin byggist á 10. gr. tilskipunarinnar. Samkvæmt greininni er unnt að sækja um skráningu hönnunar fyrir eitt eða fleiri fimm ára tímabil í senn þegar umsókn um skráningu hönnunar er lögð inn hjá Einkaleyfastofunni. Unnt er að endurnýja skráninguna fyrir eitt eða fleiri fimm ára tímabil til allt að 25 ára. Fyrsta tímabilið hefst á þeim degi sem umsókn um skráningu er lögð inn hjá Einkaleyfastofunni. Skráningartími miðast ávallt við umsóknardag. Endurnýjun skráningar fer eftir ákvæðum 24. gr. frumvarpsins.

Um er að ræða breytingu frá núgildandi lögum þess efnis að unnt er að sækja um og endurnýja skráningu fyrir eitt eða fleiri fimm ára tímabil í senn. Þörf á verndartíma hönnunar getur verið mismikil og því þykir hentugt að skipta verndartímanum í fimm ára tímabil. Geti umsækjandi séð fyrir að hönnun hans komi til með að þurfa vernd til lengri tíma en fimm ára getur hann því strax í upphafi sótt um skráningu til t.d. 10 eða 25 ára.

Um 24. gr.

Greinin fjallar um endurnýjun skráningar, sbr. 24. gr. hvl. Ákvæði 3. og 4. mgr. eru nýmæli í hönnunarlögum. Þau kveða á um andmælarétt umsækjanda sé beiðni um endurnýjun ekki í samræmi við ákvæði laga og reglna. Sex mánaða fresturinn byggist á 5. gr. b í Parísarsamningnum. Beiðni um endurnýjun ásamt gjaldi og nauðsynlegum gögnum skal hafa borist fyrir lok sex mánaða frestsins.

Um 25. gr.

Í þessari grein er kveðið á um ógildingu hönnunar fyrir dómstólum.Greinin tekur ásamt 27. gr. mið af 1.–5. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar. Í greininni er kveðið á um aðild og tímafresti. Unnt er að ógilda skráningu með dómi ef skráning hefði í upphafi ekki átt að fara fram. Ákvæði greinarinnar eru svipuð og ákvæði 27. gr. um niðurfellingu skráningar á stjórnsýslustigi, þ.e. eftir beiðni þar um til Einkaleyfastofunnar.

Í 1. mgr. eru tekin upp ákvæði 1. og 2. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar. Ógildingarástæður eru þar tæmandi taldar.

Í 2. mgr. eru tekin upp ákvæði 3.–5. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar og þar kveðið á um aðild að dómsmáli. Meginreglan er að hver sem er geti höfðað mál skv. 1. mgr. Í 2. mgr. koma fram takmarkanir á aðild og samkvæmt þeim geta aðeins þeir sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta höfðað mál.

Í 3. mgr. er fjallað um málshöfðunarfresti.

Í 4. mgr. eru tekin upp ákvæði 9. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar. Ef hönnunarréttur hefur fallið brott, t.d. vegna þess að skráning er ekki endurnýjuð eða gildistími skráðrar hönnunar er útrunninn, getur það samt skipt máli að fá niðurstöðu dómstóls um það hvort hönnunarréttur hafi verið fyrir hendi.

Um 26. gr.

Í greininni er kveðið á um það að sá sem rétt á til hönnunar sem annar hefur fengið skráða geti með dómi fengið réttinn yfirfærðan til sín. Samsvarandi ákvæði er í 53. gr. laga um einkaleyfi, nr. 17/1991. Sérstaklega er tekið á því hvernig með skuli fara ef sá sem sviptur er hönnunarrétti með þessum hætti hefur í góðri trú hagnýtt uppfinninguna í atvinnuskyni hérlendis eða gert umfangsmiklar ráðstafanir til þess.

Um 27. gr.

Í greininni er kveðið á um ógildingu hönnunar á stjórnsýslustigi. Greinin tekur ásamt 25. gr. mið af 1.–5. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar. Greinin felur í sér breytingu frá gildandi rétti að því leyti að krafa um niðurfellingu skráningar er ótímabundin. Samkvæmt hvl. er aðeins hægt að krefjast niðurfellingar skráningar innan tveggja ára frá skráningardegi. Samkvæmt því getur Einkaleyfastofan hvenær sem er eftir skráningu fellt hana úr gildi að nokkru eða öllu leyti séu lagaskilyrði fyrir hendi. Stjórnsýslumeðferð þessi er yfirleitt ódýrari og fljótlegri en að leita til dómstóla. Hafa má í huga að könnun Einkaleyfastofunnar skv. 1. mgr. 17. gr. er aðeins könnun á formskilyrðum og því eðlilegt að endurmat geti farið fram með þessum hætti.

Ákvæði 1. mgr. taka mið af 1. og 2. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar. Ákvæðin gefa bæði eiganda skráðrar hönnunar og öðrum, sem telja t.d. að skráning skerði réttindi þeirra, tækifæri til að biðja um endurmat á stjórnsýslustigi. Eigandi skráðrar hönnunar getur beðið um niðurfellingu skráningar þótt hann hafi áður beðið um og fengið könnun á efnisskilyrðum á grundvelli 2. mgr. 17. gr. Eigandi skráðrar hönnunar getur haft hagsmuni af því að fá skráningu endurmetna hjá stjórnvöldum og komast þannig hjá höfðun dómsmáls. Ástæða fyrir endurmati getur einnig verið sú að nýjar upplýsingar hafi komið fram eftir að efnisleg könnun fór fram.

Í 2. mgr. er tekið mið af 3.–5. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar. Í málsgreininni felast takmarkanir á aðild. Takmarkanir þessar eru tæmandi.

Í 3. mgr. er fjallað um afsal á rétti til hönnunar.

Í 4. mgr. segir að Einkaleyfastofan geti lokið endurmati þótt beiðni um niðurfellingu skv. 1. mgr. sé afturkölluð svo framarlega sem stofnunin telji ástæðu til þess. Ætlunin er m.a. að tryggja að skráning standi ekki ef Einkaleyfastofan kemst að því að skilyrði fyrir skráningu hafi ekki verið fyrir hendi.

Um 28. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að beiðni skv. 1. mgr. 27. gr. skuli vera skrifleg og rökstudd. Slíkt ákvæði er í 2. mgr. 26. gr. hvl. Frumvarpsgreinin er þó nokkru fyllri. Gögn skulu fylgja beiðninni en séu þau ófullnægjandi getur Einkaleyfastofan beðið um frekari gögn.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Einkaleyfastofan skuli tilkynna eiganda skráðrar hönnunar um framkomna beiðni skv. 1. mgr. 27. gr. og gefa honum tækifæri til að tjá sig. Greinin samsvarar 3. mgr. 26. gr. hvl.

Um 29. gr.

Ákvæði greinarinnar eiga að tryggja rétt þeirra sem byggja á forgangsrétti skv. 16. gr. og rétti á grundvelli alþjóðlegra skráninga. Sambærilegt ákvæði er að finna í 23. gr. laga nr. 45/1997, um vörumerki.

Í 5. tölul. 7. gr. frumvarpsins kemur m.a. fram að hönnun njóti ekki verndar ef hún eða notkun hennar brýtur gegn hönnun sem þegar nýtur verndar samkvæmt alþjóðlegri skráningu sem hefur gildi hér á landi. Nauðsynlegt þykir að hafa sérstakt ógildingarákvæði um þessi tilvik til þess að taka af allan vafa.

Um 30. gr.

Greininni svipar til 28. gr. hvl. Tekur hún mið af 1. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar og kveður á um að fella skuli skráningu hönnunar úr gildi leiði dómur skv. 1. mgr. 25. gr. eða ákvörðun Einkaleyfastofunnar skv. 1. mgr. 27. gr. til þess að ekki megi láta skráningu standa. Þegar

endanlegur dómur liggur fyrir eða áfrýjunarfrestur er liðinn án þess að áfrýjað hafi verið, svo og þegar endanleg ákvörðun Einkaleyfastofunnar liggur fyrir eða ákvörðun áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar, skal birta tilkynningu um brottfall skráningar í ELS-tíðindum.

Um 31. gr.

Með þessari grein og 20. gr. um skráningu hönnunar í breyttri mynd eru tekin upp ákvæði 7. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar.

Ákvæði 1. mgr. um möguleika á skráningu hönnunar í breyttri mynd ef hönnunin í þeirri mynd fullnægir skilyrðum um vernd og heldur sérkennum sínum geta skipt máli í tengslum við könnun Einkaleyfastofunnar skv. 27. gr. eða þegar stofnuninni hefur borist dómur þess efnis að hönnun skuli breytt að nokkru leyti. Reynt getur t.d. á ákvæðið ef eitthvað í hönnuninni stríðir gegn siðgæði eða allsherjarreglu eða felur heimildarlaust í sér vörumerki annars aðila. Skráningu í breyttri mynd getur einnig leitt af afsali verndar að nokkru leyti af hálfu eiganda hönnunarréttar.

Í 2. mgr. er fjallað um birtingu í ELS-tíðindum.

Í 3. mgr. er kveðið á um að fella skuli skráningu hönnunar niður ef eigandi hönnunarréttar er ekki sammála ákvörðun Einkaleyfastofunnar um skráningu hönnunar í breyttri mynd.

Um 32. gr.

Markmiðið með greininni er að koma í veg fyrir að dómstóll og Einkaleyfastofan fjalli samtímis um ógildingu eða niðurfellingu skráningar.

Samkvæmt 1. mgr., sem er efnislega eins og 1. mgr. 28. gr. hvl., er ekki unnt að biðja Einkaleyfastofuna að fella niður skráningu skv. 1. mgr. 27. gr. ef dómsmál til ógildingar hönnunar skv. 25. gr. hefur verið höfðað. Samhliða meðferð mála mundi leiða til ónauðsynlegra tafa og kostnaðar aðila, auk hættu á ósamræmi.

Í 2. mgr. er hins vegar kveðið á um það að Einkaleyfastofan skuli fresta meðferð um niðurfellingu skráningar ef dómsmál hefur verið höfðað þar til dómsmálinu er endanlega lokið. Þetta á þó ekki við ef beiðnin hefur komið frá eiganda hönnunar. Ástæðan fyrir því að Einkaleyfastofan má halda málsmeðferð áfram ef beiðnin kemur frá eiganda hönnunarréttarins en ekki þriðja manni er m.a. sú að talið er að stofnunin geti afgreitt beiðni eiganda hönnunarinnar með tiltölulega skjótum hætti.

Um 33. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um hvernig Einkaleyfastofan skuli bregðast við staðhæfingu aðila um betri rétt til hönnunar. Skal Einkaleyfastofan þá beina þeim tilmælum til viðkomandi að hann höfði mál til staðfestingar kröfu sinni innan tiltekins frests enda telja stofnunin vafa leika á því að fullyrðingin sé rétt. Í gildandi lögum um hönnunarvernd er ekki að finna sambærilegt ákvæði og í þessari grein en hún er efnislega samhljóða 17. gr. laga um einkaleyfi, nr. 17/1991.

Svo sem fram kemur í 1. mgr. tekur hún bæði til ágreinings á umsóknarstigi og skráningarstigi. Séu gögn ekki skýr um rétt aðila beinir Einkaleyfastofan tilmælum til viðkomandi að hann höfði mál en stofnunin tekur ekki sjálf ákvörðun í slíkum málum. Þykir öruggara að þau séu leyst fyrir dómstólum með tilliti til réttaröryggis þar eð úrlausn byggist oft á umfangsmikilli sönnunarfærslu. Kveðið er á um málshöfðunarfrest í 3. mgr. 25. gr.

Með 2. mgr. er stefnt að því að koma í veg fyrir samhliða meðferð mála hjá dómstólum og Einkaleyfastofunni.

Um 34. gr.

Í greininni er fjallað um yfirfærslu réttar samkvæmt hönnunarumsókn eða hönnunarskráningu. Samsvarandi ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum um hönnunarvernd en skv. 9. gr. þeirra er þó unnt að krefjast yfirfærslu á rétti fyrir dómi. Sambærilegt ákvæði og í þessari frumvarpsgrein er að finna í 18. gr. laga um einkaleyfi, nr. 17/1991.

Til þess að umsókn eða skráning verði færð á nafn annars aðila þarf viðkomandi að sanna rétt sinn. Sönnunargögn þurfa að vera ótvíræð til að slík yfirfærsla geti átt sér stað. Hér má nefna að Einkaleyfastofan skal yfirfæra skráningu hönnunar ef dómsúrlausn þar að lútandi liggur fyrir.

Um 35. gr.

Samkvæmt greininni, sem samsvarar 30. gr. hvl., er heimilt að skjóta ákvörðunum Einkaleyfastofunnar til áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Nær rétturinn til áfrýjunar bæði til umsækjanda eða eiganda hönnunarréttar og þess er sett hefur fram kröfu um ógildingu skráningar. Í niðurlagi greinarinnar er að finna þá breytingu frá gildandi rétti að áfrýjunarnefndin geturtekið mál til úrskurðar þótt fallið hafi verið frá áfrýjun telji nefndin sérstakar ástæður mæla með því.

Sett hefur verið reglugerð um áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar, nr. 41/2000, sem fjallar m.a. um meðferð mála fyrir nefndinni.

Um 36. gr.

Líkt og í núgildandi lögum er lagt til að áfrýjunarfrestur verði tveir mánuðir. Er það jafnframt í samræmi við ákvæði einkaleyfalaga, nr. 17/1991, og vörumerkjalaga, nr. 45/1997. Tilkynning um áfrýjun, auk tilskilins gjalds, þarf að berast iðnaðarráðuneytinu innan frestsins en ráðuneytið tekur við áfrýjunum fyrir hönd áfrýjunarnefndarinnar. Sé máli áfrýjað frestast frekari meðferð þess hjá Einkaleyfastofunni.

Samkvæmt lögunum verða ákvarðanir áfrýjunarnefndar ekki bornar undir annað stjórnvald. Niðurstöður nefndarinnar eru endanlegar hvað varðar meðferð málsins á stjórnsýslustigi og verða til að mynda ekki kærðar til ráðherra. Áfrýjun takmarkar á engan hátt rétt aðila til að bera málið og niðurstöðu áfrýjunarnefndar undir dómstóla.

Um 37. gr.

Í greininni er kveðið á um refsiábyrgð vegna brota gegn hönnunarrétti.

Ákvæðin eru bundin við ásetningsbrot. Aðalreglan er að brot varði sektum. Sé brot hins vegar alvarlegt getur refsing verið fangelsi. Ákvæðunum svipar til 1. mgr. 36. gr. hvl. nema hvað hámark fangelsis fer úr þremur mánuðum í eitt ár til samræmis við drög að norrænum lagaákvæðum.

Í 2. mgr. er kveðið á um refsingu gagnvart lögaðila. Eru ákvæðin samhljóða 2. mgr. 36. gr. hvl.

Í 3. mgr. er kveðið á um sókn sakar. Aðalreglan er að sókn sakar eigi sá sem misgert er við. Með öðrum orðum er um einkarefsimál að ræða. Alvarleg brot geta þó sætt opinberri ákæru ef sá krefst þess sem misgert er við og skulu slík mál þá rekin í samræmi við lög um meðferð opinberra mála. Um sókn sakar er fjallað í 1. mgr. 39. gr. hvl. en í 4. mgr. 36. gr. hvl. er kveðið á um málsmeðferð í samræmi við reglur um meðferð opinberra mála.

Um 38. gr.

Í greininni er kveðið á um bótaábyrgð. Skv. 1. mgr. skal greiða endurgjald fyrir hagnýtingu hönnunar og skaðabætur fyrir annað tjón ef brot gegn hönnunarrétti eru framin af ásetningi eða gáleysi. Málsgreinin er í samræmi við 1. mgr. 37. gr. hvl.

Þótt ekki sé um ásetnings- eða gáleysisbrot að ræða getur skv. 2. mgr. komið til greiðslu endurgjalds eða skaðabóta. Málsgreinin á sér nokkra stoð í 2. mgr. 37. gr. hvl.

Um 39. gr.

Í greininni er fjallað um þær ráðstafanir sem dómstóll getur gert að kröfu þess sem misgert er við til að koma í veg fyrir frekari brot gegn hönnunarrétti en framin hafa verið. Er 1. mgr. í meginatriðum í samræmi við 38. gr. hvl. Meðal ráðstafana dómstóls er að mæla fyrir um að ónýta skuli vörur. Góð trú skiptir þó máli.

Í 2. mgr. er það nýmæli að dómstóll geti, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., leyft yfirráð yfir ólöglega framleiddum eða innfluttum vörum á verndartíma hönnunar gegn hæfilegu endurgjaldi og sanngjörnum kjörum að öðru leyti. Samsvarandi ákvæði er í 2. mgr. 59. gr. einkaleyfalaga.

Um 40. gr.

Um er að ræða vernd vegna hönnunar sem síðar verður skráð. Í greininni er nánar tiltekið nýtt sérákvæði að norrænni fyrirmynd um viðurlög ef hönnun, sem sótt hefur verið um skráningu á, er hagnýtt í heimildarleysi.

Um 41. gr.

Í þessu nýja ákvæði er kveðið á um að beina þurfi kröfu að eiganda hönnunarréttar um ógildingu skráningar til þess að dómari geti tekið afstöðu til þess hvort hönnunarréttur sé fyrir hendi.

Um 42. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um refsi- og bótaábyrgð vegna brota á upplýsingaskyldu og rangrar upplýsingagjafar. Um refsi- og bótaábyrgð er því bæði að ræða vegna aðgerða og aðgerðaleysis. Í 2. mgr. er kveðið á um það að ákvæði 2. mgr. 37. gr. um refsiábyrgð lögaðila gildi eftir því sem við á um þessi tilvik, svo og ákvæði 3. mgr. 37. gr. um sókn sakar og réttarfar.

Um 43. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að erlendir umsækjendur eða eigendur skráðrar hönnunar hafi varnarþing í Reykjavík. Slíkt ákvæði er ekki að finna í núgildandi hönnunarverndarlögum. Samsvarandi ákvæði er nú að finna í 3. mgr. 35. gr. laga um vörumerki nr. 45/1997, sbr. lög 13/2000, og 64. gr. laga um einkaleyfi, nr. 17/1991.

Um 44. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um skyldu til að tilkynna Einkaleyfastofunni og eftir atvikum nytjaleyfishöfum um málshöfðun vegna skráðrar hönnunar til þess að upplýsingar um slíkt séu ætíð aðgengilegar. Samsvarandi ákvæði er að finna í 63. gr. einkaleyfalaga. Tilgangur ákvæðisins er að tryggja að þeir sem hagsmuna eiga að gæta vegna hönnunarskráningar hafi tækifæri til að gæta réttar síns.

Samkvæmt 2. mgr. ber stefnanda að tilkynna um málshöfðun. Dómstóll getur þó veitt stefnanda frest í þessu skyni. Sé hann ekki nýttur ber að vísa máli frá dómi.

Um 45. gr.

Samkvæmt 1. mgr. gilda ákvæði 44. gr. um tilkynningar, frávísun og fresti einnig þegar stefndi í máli, sem höfðað hefur verið vegna brota á hönnunarrétti, gerir gagnkröfu um að hönnunin verði dæmd ógild.

Samkvæmt 2. mgr. getur stefndi í máli, sem nytjaleyfishafi höfðar vegna brota á hönnunarrétti, stefnt eiganda hönnunarréttarins inn í málið án tillits til þess hvert varnarþing hans er. Getur nytjaleyfishafi í slíku tilviki beint kröfu um ógildingu hönnunar að eiganda hennar. Öðlast eigandi hönnunar þá sjálfstæða málsaðild og þar með rétt til áfrýjunar.

Um 46. gr.

Nauðsynlegt þykir að Einkaleyfastofunni berist endurrit dóma skv. 25., 30.–31., 33.–34. og 37.–40. gr. sem fyrst eftir að máli lýkur. Óeðlilegt þykir að Einkaleyfastofan eigi það undir aðilum máls hvort dómar berist.

Um 47. gr.

Í greininni erkveðið á um að erlendir aðilar, sem sækja um skráningu hönnunar hér á landi, skuli hafa umboðsmann. Í 15. gr. hvl. er að finna svipað ákvæði um skyldu erlendra aðila til að hafa umboðsmann. Breyting er þó gerð á því hvar slíkur umboðsmaður getur verið búsettur. Í núgildandi lögum þarf umboðsmaðurinn að hafa búsetu hér á landi en samkvæmt frumvarpinu þarf hann aðeins að vera búsettur innan EES-svæðisins. Þessi breyting kemur til af því að Evópusambandið hefur talið að krafa um búsetu í tilteknu ríki stríði gegn reglum sambandsins um frjálsa þjónustu milli ríkja þess. Vegna þessa hafa Norðurlöndin ákveðið að breyta umboðsmannareglunni í sinni löggjöf.

Samskipti umsækjanda eða eiganda hönnunar við Einkaleyfastofuna munu áfram vera á íslensku. Í undantekningartilvikum hefur stofnunin tekið við skjölum á erlendum tungumálum, svo sem framsölum, og er gert ráð fyrir að framkvæmdin verði óbreytt að þessu leyti. Ekki eru gerðar sérstakar kröfur til hæfis umboðsmanns. Umboðsmaður getur einnig verið lögaðili.

Samkvæmt 1. mgr. ber umsækjanda og eiganda skráðrar hönnunar að hafa umboðsmann sem skal vera búsettur á EES-svæðinu. Upplýsingar um umboðsmann eru færðar í hönnunarskrá.

Í 2. mgr. er skýrt tekið fram að umsókn skuli afmáð ef ekki er tilnefndur umboðsmaður innan tilskilins frests.

Erlendir aðilar, sem eiga umsókn eða skráningu hér á landi, eiga varnarþing í Reykjavík, sbr. 43. gr.

Um 48. gr.

Í greininni er kveðið á um endurveitingu réttinda samkvæmt hönnunarumsókn.

Ákvæðið er svipað og ákvæði 72. gr. laga 17/1991, um einkaleyfi. Slíkt ákvæði er ekki í núgildandi hönnunarverndarlögum. Rétt þykir að slík regla verði tekin inn í hönnunarlöggjöf þar eð sömu sjónarmið um réttindamissi og endurveitingu eiga við um hönnun og einkaleyfi. Ef réttur samkvæmt hönnunarumsókn fellur niður er ekki unnt að stofna til hans á ný þar eð upprunaleg umsókn, sem hefði verið gerð aðgengileg, eða skráning stæði í vegi fyrir síðari skráningu á sömu hönnun, þ.e. nýnæmi væri ekki lengur fyrir hendi.

Í 1. mgr. kemur fram að ákvæðið á við þegar umsækjandi eða umboðsmaður hans hefur ekki virt frest. Skilyrði fyrir endurveitingu er að allt hafi verið gert sem með sanngirni megi

af honum krefjast til að virða frestinn. Einnig er skilyrði að beiðni berist innan tilskilins frests og að greitt sé gjald fyrir endurveitinguna.

Í 2. mgr. segir að ákvæði 1. mgr. eigi einnig við ef endurnýjunargjald hefur ekki verið greitt. Frestur til að fara fram á endurveitingu í þeim tilvikum er skemmri eða sex mánuðir frá lokum frests.

Samkvæmt 3. mgr. er hvorki unnt að fara fram á endurveitingu vegna réttindamissis er varðar forgangsrétt, sbr. 16. gr., né vegna áfrýjunar, sbr. 36. gr.

Um 49. gr.

Í greininni er fjallað um framsal nytjaleyfis. Sambærilegt ákvæði er að finna í 32. gr. hvl. Ákvæði 1. mgr. er ætlað að tryggja að eigandi hönnunarréttar geti fylgst með því hvort nytjaleyfishafi hagnýti hönnun á umsaminn hátt. Það kemur enn fremur í veg fyrir hvers konar aðilaskipti án samþykkis rétthafa.

Ákvæði 2. mgr. hefur að geyma undantekningu frá meginreglunni í 1. mgr. Telja má það of mikil höft á viðskiptafrelsi að eigandi hönnunarréttar geti komið í veg fyrir að fyrirtæki sé selt ásamt nytjaleyfi.

Um 50. gr.

Í greininni er kveðið á um málsóknarheimild nytjaleyfishafa að fengnu samþykki eiganda hönnunarréttar. Nauðsynlegt getur verið fyrir nytjaleyfishafa að höfða mál vegna brota á hönnunarrétti til að vernda hagsmuni sína og krefjast bóta. Sambærilegt ákvæði er í 33. gr. hvl.

Um 51. gr.

Í greininni er fjallað um aðilaskipti að skráðri hönnun en þeirra skal getið í hönnunarskrá. Greinin samsvarar 34. gr. hvl. en bætt er við nokkrum dæmum. Ákvæði 2. mgr. um skilyrði fyrir færslu samskráningar í hönnunarskrá er í samræmi við ákvæði 4. mgr. 34. gr. hvl. Ákvæði 3. mgr. um málshöfðun gegn skráðum eiganda samkvæmt hönnunarskrá og um sendingu tilkynninga til hans eru í meginatriðum í samræmi við 5. mgr. 34. gr. hvl.

Um 52. gr.

Greinin er nýmæli í hönnunarlöggjöf hér á landi. Samkvæmt ákvæðinu er Einkaleyfastofunni heimilt að taka að sér sérstök verkefni á sviði hönnunar og hönnunarréttar. Rétt þykir að hafa slíka heimild í lögum.

Um 53. gr.

Í greininni er iðnaðarráðherra veitt heimild til að setja nánari reglur um framkvæmd laganna og ákveða gjöld sem tækju mið af kostnaði við rekstur Einkaleyfastofunnar vegna hönnunarmálefna og við þjónustu sem veitt yrði.

Um X. kafla.

Kaflinn öðlast aðeins gildi ef Ísland gerist aðili að Genfarsamningnum frá 2. júlí 1999 um breytingu á Haag-samningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar, sbr. 60. gr.

Um 54. gr.

Í greininni er skilgreint hvað átt er við með alþjóðlegri skráningu hönnunar. Hjá Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO) í Genf starfar skrifstofa sem sér um alþjóðlega skráningu hönn-

unar í samræmi við ákvæði Genfarsamningsins frá 2. júlí 1999 um breytinguna á Haag-samningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar. Sú skrifstofa er nefnd alþjóðaskrifstofa.

Um 55. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. Genfarsamningsins er heimilt að leggja inn umsókn um alþjóðlega skráningu hönnunar annaðhvort hjá skráningaryfirvaldi í viðkomandi landi eða hjá alþjóðaskrifstofunni sem starfar á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar. Þá er í greininni kveðið á um það hverjir geti lagt inn umsókn um alþjóðlega skráningu hönnunar. Með hugtakinu virk atvinnustarfsemi (real and effective industrial or commercial establishment, sbr. 3. gr. Genfarsamningsins) er t.d. ekki átt við fyrirtæki sem hafa aðeins pósthólf hér á landi.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. Genfarsamningsins er skráningarskrifstofum aðildarríkja hans heimilt að krefjast gjalds fyrir móttöku og meðferð umsókna um alþjóðlega skráningu og er gert ráð fyrir að slíkt gjald verði lagt á hér á landi. Auk þessa gjalds þarf að greiða önnur gjöld til alþjóðaskrifstofunnar í samræmi við ákvæði samningsins og reglna sem honum fylgja.

Um 56. gr.

Í greininni eru ákvæði er varða rannsókn Einkaleyfastofunnar á alþjóðlega skráðri hönnun. Eftir að umsókn berst alþjóðaskrifstofunni eru formskilyrði könnuð og að þeim fullnægðum er hönnun skráð. Tilkynning um það er þá send þeim ríkjum sem óskað er eftir vernd í og hönnun birt í riti sem alþjóðaskrifstofan gefur út. Það er því hönnun sem þegar hefur verið skráð alþjóðlegri skráningu sem kemur til rannsóknar hér en ekki umsókn.

Þegar þess er óskað að alþjóðleg skráning hönnunar öðlist gildi hér á landi sendir alþjóðaskrifstofan tilkynningu þar um til Einkaleyfastofunnar. Einkaleyfastofan tekur þá alþjóðlega skráningu til rannsóknar eins og um landsbundna umsókn væri að ræða.

Samkvæmt 12. gr. Genfarsamningsins er aðildarríkjum heimilt að synja um vernd alþjóðlegrar skráningar. Frestur til synjunar er sex mánuðir fyrir þau lönd sem ekki kanna efnisleg skilyrði fyrir skráningu. Sá frestur á því við hér á landi. Synjun Einkaleyfastofunnar þarf þó ekki að vera endanleg því að eigandi skráningar getur gert athugasemdir og óskað eftir því að skráningarhæfi hönnunar verði metið að nýju. Ef eigandi skráningarinnar kemur fram með athugasemdir og óskar eftir að ákvörðunin sé endurskoðuð er honum skylt að tilnefna umboðsmann, búsettan á EES-svæðinu, í samræmi við 47. gr. frumvarpsins.

Sjái Einkaleyfastofan ekkert því til fyrirstöðu að skráning öðlist gildi hér á landi skal alþjóðlega skráningin birt í ELS-tíðindum. Í birtingunni skal koma fram alþjóðlegur skráningardagur en hann segir einnig til um frá hvaða tíma skráning hefur gildi hér á landi. Oftast yrði sá dagur hinn sami og umsóknardagur alþjóðlegu umsóknarinnar hjá þeirri stofnun sem upphaflega tók við henni.

Um 57. gr.

Alþjóðleg skráning hönnunar öðlast gildi og hefur sömu réttaráhrif hér á landi og önnur skráð hönnun frá skráningardegi hennar eða forgangsréttardegi að því tilskildu að skráningu hafi ekki verið synjað hér. Ákvæði laganna gilda um alþjóðlegar skráningar eftir því sem við getur átt.

Samkvæmt 17. gr. Genfarsamningsins skal endurnýja alþjóðlega skráningu hönnunar á fimm ára fresti. Lengd verndartímans skal vera sá sami og á við um landsbundnar skráningar. Hér á landi er því unnt að öðlast vernd á alþjóðlegri skráningu hönnunar til allt að 25 ára svo lengi sem skráningin er endurnýjuð á fimm ára fresti.

Um 58. gr.

Rétt þykir að meðferð alþjóðlegra skráninga sé að svo miklu leyti sem unnt er hin sama og meðferð á innlendum umsóknum. Sambærilegt ákvæði er í 33. gr. einkaleyfalaga.

Um 59. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 60. gr.

Greinin geymir gildistökuákvæði. Gildistökutíminn, 1. október 2001, tekur mið af þeim skyldum sem felast í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/72/EB frá 13. október 1998 um lögvernd hönnunar sem er orðin hluti EES-samningsins. Sérákvæði er um gildistöku X. kafla laganna er fjallar um alþjóðlega skráningu hönnunar.

Við gildistöku nýrra laga um hönnunarrétt á grundvelli frumvarps þessa falla úr gildi lög nr. 48/1993, um hönnunarvernd, með síðari breytingum, þ.e. 1. október 2001. Ákvæði þeirra laga geta þó áfram skipt máli, sbr. 3.–6. mgr. Í fyrsta lagi gilda ákvæði þessara eldri laga um hönnunarvernd um óskráðan hönnunarrétt sem stofnast hefur fyrir gildistöku nýrra laga. Þau gilda einnig um hönnun þá sem skráð hefur verið eða sótt hefur verið um skráningu á við gildistöku nýju laganna, svo og um meðferð umsókna sem lagðar hafa verið inn hjá Einkaleyfastofunni fyrir gildistöku nýju laganna. Loks gilda ákvæðin með vissum skilyrðum um hagnýtingu hönnunar sem hafist hefur eða umtalsverðar ráðstafanir hafa verið gerðar til að hefja fyrir gildistöku nýju laganna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um hönnunarrétt.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfestur verði möguleiki á vernd á hönnunarrétti í samræmi við samning Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) sem Íslendingar eru aðilar að.

Umsækjendur um hönnunarrétt greiða gjald fyrir umsókn og kostnað við rannsókn á því að hönnunin fullnægi skilyrðum fyrir vernd. Einnig greiða þeir gjald til Einkaleyfastofunnar fyrir endurnýjun skráningar o.fl. Áætlað er að gjöldin standi undir öllum kostnaði við leyfisveitinguna.

793. Fyrirspurn [506. mál]

til umhverfisráðherra um frest til að úrskurða um mat á umhverfisáhrifum.

Frá Þuríði Backman.

1. Hversu oft og hve lengi á árinu 2000 dróst hjá ráðherra að kveða upp úrskurð skv. 3. mgr. 14. gr. eldri laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, og skv. 2. mgr. 13. gr. núgildandi laga, nr. 106/2000?

2. Telur ráðherra ásættanlegt að vikið sé frá fresti 2. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, og er það að dómi ráðherra í anda góðra stjórnsýsluhátta?
3. Telur ráðherra að slíkar tafir gætu orðið til þess að horft yrði fram hjá kæru og framkvæmdir hafnar áður en úrskurður er kveðinn upp?
4. Telur ráðherra að þessar tafir geti haft óæskilegar afleiðingar í för með sér fyrir ráðuneytið, svo sem málsókn?

Skriflegt svar óskast.

794. Fyrirspurn [507. mál]

til utanríkisráðherra um framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

1. Hversu miklu fé hefur verið varið til eftirtalinna framkvæmda á Keflavíkurflugvelli árlega sl. tíu ár og hversu mikinn hluta kostnaðarins greiddi íslenska ríkið:
   a. nýbygginga, þó ekki til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar,
   b. viðhalds mannvirkja,
   c. snjómoksturs?
2. Hver annaðist fyrrgreindar framkvæmdir?

Skriflegt svar óskast.

795. Fyrirspurn [508. mál]

til heilbrigðisráðherra um forvarnir.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hver er afstaða ráðherra til sameiningar áfengis- og vímuvarnaráðs og tóbaksvarnanefndar þannig að samnýting verði á fjármagni til forvarna á þessum sviðum?

796. Fyrirspurn [509. mál]

til umhverfisráðherra um Landmælingar Íslands.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hver var heildarrekstrarkostnaður Landmælinga Íslands síðasta heila starfsárið fyrir flutning stofnunarinnar til Akraness?
2. Hver var heildarrekstrarkostnaður Landmælinga Íslands fyrsta heila starfsárið eftir flutning stofnunarinnar til Akraness?

Skriflegt svar óskast.

797. Svar [396. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um skattskyldu barna.

1. *Hve háar voru skattgreiðslur barna innan 16 ára aldurs á sl. ári, sbr. ákvæði 2. mgr. 67. gr. skattalaga sem kveður á um skattalega meðferð á tekjum barna innan 16 ára aldurs?*

Á framtölum fyrir árið 1999 töldu 4.176 börn sem ekki höfðu náð 16 ára aldri fyrir lok þess árs fram tekjur samtals að fjárhæð rúmlega 900 millj. kr. Á þessi börn var lagður tekjuskattur að fjárhæð tæplega 24 millj. kr. og útsvar að fjárhæð tæplega 12 millj. kr., alls 35,8 millj. kr. Tölur þessar og sundurliðun þeirra eftir skattumdæmum er sýnd í töflu I í fylgiskjali.

2. *Hve háar voru skattgreiðslur 16 og 17 ára barna á sl. ári og hverjar hefðu þær verið ef skattaleg meðferð þeirra hefði verið í samræmi við 2. mgr. 67. gr. skattalaga?*

Samkvæmt framtölum fyrir árið 1999 og álagningu á tekjur þess árs töldu 4.307 ungmenni sem voru 16 ára í árslok 1999 fram tekjur að fjárhæð um 1.426 millj. kr. Á tekjur þessar var lagður tekjuskattur að fjárhæð 934.000 kr. og útsvar að fjárhæð rúmlega 13 millj. kr., samtals um 14 millj. kr. Álagðir tekjuskattar voru því um 1% af tekjuskattsstofninum.

Hefði álagning verið reiknuð samkvæmt reglum sem gilda um þá sem ekki höfðu náð 16 ára aldri í lok ársins 1999 hefði tekjuskatturinn orðið rúmlega 45 millj. kr. og útsvarið um 22 millj. kr., samtals um 67 millj. kr. Álagðir tekjuskattar hefðu því orðið um 4,6% af tekjuskattsstofninum.

Ungmenni fædd árið 1982, þ.e. þau sem voru 17 ára í árslok 1999, voru samkvæmt framtölum 4.405 talsins og með tekjur að fjárhæð rúmlega 2,4 milljarðar kr. Tekjuskattur sem lagður var á þennan hóp var um 21 millj. kr. og útsvar 81 millj. kr., samtals um 102 millj. kr. Skattar þessir voru 4,3% af tekjuskattsstofni.

Með álagningu samkvæmt þeim reglum sem gilda fyrir þá sem ekki hafa náð 16 ára aldri hefði tekjuskatturinn orðið tæplega 86 millj. kr., útsvarið tæplega 43 millj. kr., samtals 128,6 millj. kr. eða 5,2% af tekjuskattsstofni.

Tölur þessar með nánari sundurliðun eftir tekjubilum eru í töflum II, III, IV og V í fylgiskjali.

3. *Hve mikið kostar það ríkissjóð að breyta aldursviðmiði 65. gr. skattalaga, sbr. og 2. mgr. 67. gr., í 18 ár?*

Eins og fram kemur í svari við 2. lið fyrirspurnarinnar mundi breytt skattlagning í samræmi við það sem spurt er um leiða til hækkunar á tekjuskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitarfélaga. Þannig hefðu börn sem voru 16 ára í árslok 1999 greitt um 45 millj. kr. í tekjuskatt í stað u.þ.b. 1 millj. kr. og útsvarsgreiðslur þeirra hefðu hækkað í tæpar 22 millj. kr. úr um 13 millj. kr. Í heild hefðu skattgreiðslurnar þannig aukist í 67 millj. kr. frá 14 millj. kr. eða hækkað um 53 millj. kr. Skatthlutfallið sem var um 1% hefði þannig hækkað í um 4,6%.

Með sama hætti hefðu skattgreiðslur unglinga sem voru 17 ára í árslok 1999 hækkað úr 21 millj. kr. í tæplega 86 millj. kr. en álagt útsvar hefði lækkað úr 81 millj. kr. í 43 millj. kr. Í heild hefðu skattgreiðslur hækkað úr um 102 millj. kr. í 129 millj. kr. eða um 26 millj. kr. Skatthlutfallið hefði hækkað úr 4,3 í 5,2%.

4. *Hvað rök eru fyrir aldursviðmiði 65. gr. skattalaga um skattskyldu barna innan 16 ára aldurs?*

Meginrökin fyrir 16 ára aldursmarkinu lúta að atvinnuþátttöku ungmenna. Við 16 ára aldursmarkið lýkur almennri skólaskyldu og hefur þá nokkur hluti unglinga fulla þátttöku í atvinnulífi. Rétt er að geta þess að ákvæði íslensks vinnuréttar, reglur á Evrópska efnahagssvæðinu og ákvæði kjarasamninga gera ráð fyrir þátttöku þessa aldurshóps á vinnumarkaði. Þess eru og dæmi að ungmenni er náð hafa 16. aldursári afli svipaðra tekna og fullorðnir, en sem dæmi má nefna að á árinu 1999 höfðu um 25% 17 ára unglinga tekjur yfir skattleysismörkum. Eðlilegt verður að teljast og í anda jafnræðissjónarmiða að þátttakendur á vinnumarkaði séu skattlagðir með sama hætti.

5. *Er ráðherra sammála því að með því að hækka sjálfræðisaldur hafi löggjafinn lýst því yfir að líta beri á einstakling sem barn að 18 ára aldri, m.a. í skilningi skattalaga?*

Að baki þeirri ákvörðun að hækka sjálfræðisaldur úr 16 ár í 18 ár lágu ýmis rök. Meginrökin fyrir þeirri breytingu voru breyttar þjóðfélagsaðstæður, þörf fyrir menntun ungmenna og samræmingarsjónarmið hvað varðar alþjóðlega sáttmála og löggjöf í nágrannaríkjunum. Þá var jafnframt litið til barnaverndarsjónarmiða og sjónarmiða varðandi meðferð ungra vímuefnaneytenda og afbrotamanna. Þá var og litið til þess að þorri íslenskra ungmenna býr í foreldrahúsum fram undir tvítugt og nýtur stuðnings foreldra sinna. Í fyrirliggjandi lögskýringargögnum er ekkert sem bendir til þess að mati fjármálaráðherra að löggjafinn hafi lýst vilja til að breyta aldursmörkum skattalaga til samræmis við hækkun sjálfræðisaldursins úr 16 árum í 18 ár. Þess má að lokum geta að víða í íslenskri löggjöf gætir ósamræmis um aldur og réttindi ungmenna, sbr. ákvæði áfengislaga, lögræðislaga og umferðarlaga.

6. *Telur ráðherra að breyta eigi skattskyldu barna í samræmi við ákvæði lögræðislaga frá 1997 um að sjálfráða verði menn 18 ára í stað 16 ára?*

Nei.

7. *Tekur skattskylda barna mið af sjálfræðisaldrinum annars staðar á Norðurlöndunum?*

Sjálfræðisaldur er 18 ár á öllum Norðurlöndunum. Með vísan til þess sem hér fer á eftir virðast ekki vera sérstök tengsl á milli skattskyldu og sjálfræðisaldurs í löggjöf þessara landa.

Danmörk.

Í Danmörku eru börn sjálfstæðir skattaðilar og þurfa að greiða skatt um leið og þau byrja að afla sér tekna sem fara yfir skattleysismörk. Eru þau skattlögð með sama hætti og fullorðnir skattgreiðendur að öðru leyti en því að skattleysismörk þeirra sem eru yngri en 18 ára eru um 25.000 DKK en um 35.000 hjá fullorðnum. Ef börn fram að 15 ára aldri hafa tekjur af starfi við sjálfstæða starfsemi foreldra sinna þá eru þær tekjur ekki skattlagðar hjá barninu og geta foreldrar ekki dregið umræddar launagreiðslur frá tekjuskattsstofni sjálfstæðrar starfsemi sinnar. Börn 15 ára eða eldri þurfa að telja fram tekjur sem þau afla sér í tengslum við sjálfstæða starfsemi foreldra sinna og foreldrarnir geta dregið þau laun frá tekjum af sjálfstæðri starfsemi.

Finnland.

Við álagningu opinberra gjalda gjaldárið 2000 töldust börn fædd á tímabilinu 1983 til 2000 „mindreårige". Framfærendur þeirra skila inn sérstöku skattframtali fyrir þau börn. Tekjur og eignir barna ásamt þeim frádrætti sem þeim heimilast eru færðar inn á þeirra eigin skattskýrslu. „Mindreårige" börn eru sjálfstæðir skattaðilar að því er varðar tekjur og fjármagnstekjur. Hvað eignarskatt varðar er barnið samskattað með því foreldri sem telst eiga meiri eignir.

Færeyjar.

Börn eru sjálfstæðir skattaðilar og eru skattlögð um leið og þau hafa tekjur í Færeyjum, með sama hætti og í Danmörku.

Noregur.

Í Noregi er meginreglan sú að börn fram að 16 ára aldri eru ekki sérstaklega skattlögð heldur telja þau fram með foreldrum sínum. Ef börn milli 2 til 16 ára aldurs hafa einhverjar verulegar tekjur þá geta þau verið skattlögð sjálfstætt.

Svíþjóð.

Í Svíþjóð eru börn sjálfstæðir skattaðilar og bera sömu skyldur og fullorðinr. Ef börnin eru mjög ung er hér oftast um að ræða vaxtatekjur af sparnaði eða arðgreiðslur af hlutabréfum. Fyrir eldri börn er oftast um að ræða tekjur vegna sumarvinnu. Í Svíþjóð eru hins vegar í gildi reglur um samsköttun fjölskyldueigna með sameiginlegt fríeignamark.

Fylgiskjal.

Tafla I.
Skattstofn og skattar barna yngri en 16 ára í árslok 1999.
Tekjur ársins 1999 í þús. kr.

	Fjöldi framteljenda	Tekjuskatts-stofn	Tekjuskattur	Útsvar	Tekjuskattur og útsvar
Reykjavík	1.116	248.809	6.297	3.148	9.445
Reykjanes	1.197	279.554	7.261	3.631	10.982
Vesturland	310	71.598	1.849	924	2.773
Vestfirðir	210	56.427	1.569	785	2.354
Norðurland vestra	209	42.548	1.017	509	1.526
Norðurland eystra	422	89.945	2.216	1.108	3.323
Austurland	223	45.552	1.092	546	1.637
Suðurland	406	87.324	2.163	1.082	3.245
Vestmannaeyjar	83	16.832	401	201	602
Samtals	**4.176**	**938.589**	**23.866**	**11.933**	**35.798**

Tafla II.
Skattstofn og skattar unglinga 16 ára í árslok 1999. Álagning skatta árið 2000.
Tekjur ársins 1999 í þús. kr.

Tekjubil	Fjöldi framteljenda	Tekjuskatts-stofn*	Tekju-skattur	Útsvar	Tekjuskattur og útsvar	Skattur
0–150	1.006	79.792	0	0	0	0,0%
150–300	1.250	283.102	0	0	0	0,0%
300–450	938	343.455	0	0	0	0,0%
450–600	532	276.374	0	0	0	0,0%
600–750	380	256.543	0	91	91	0,0%
750–900	108	87.934	0	3.324	3.324	3,8%
900–1050	57	55.640	0	4.879	4.879	8,8%
1050–1200	23	25.254	232	2.802	3.034	12,0%
1200+	13	17.897	702	1.990	2.692	15,0%
Samtals	**4.307**	**1.425.990**	**934**	**13.086**	**14.020**	**1,0%**

Tafla III.
Skattstofn og skattar unglinga 16 ára í árslok 1999. Miðað er við reglur um skattlagningu barna.
Tekjur ársins 1999 í þús. kr.

Tekjubil	Fjöldi framteljenda	Tekjuskatts-stofn*	Tekju-skattur	Útsvar	Tekjuskattur og útsvar	Skattur
0–150	1.006	83.353	785	342	1.127	1,4%
150–300	1.250	290.659	7.532	3.615	11.147	3,8%
300–450	938	352.630	11.033	5.333	16.366	4,6%
450–600	532	284.424	9.634	4.656	14.291	5,0%
600–750	380	263.697	9.303	4.509	13.812	5,2%
750–900	108	90.151	3.252	1.582	4.834	5,4%
900–1050	57	56.733	2.083	1.019	3.102	5,5%
1050–1200	23	25.736	954	467	1.422	5,5%
1200+	13	18.376	692	337	1.029	5,6%
Samtals	**4.307**	**1.465.759**	**45.269**	**21.860**	**67.129**	**4,6%**

Tafla IV.
Skattstofn og skattar unglinga 17 ára í árslok 1999. Álagning skatta árið 2000.
Tekjur ársins 1999 í þús. kr.

Tekjubil	Fjöldi framteljenda	Tekjuskatts-stofn*	Tekju-skattur	Útsvar	Tekjuskattur og útsvar	Skattur
0–150	273	19.043	0	0	0	0,0%
150–300	716	166.611	0	0	0	0,0%
300–450	969	363.170	0	18	18	0,0%
450–600	842	438.467	0	0	0	0,0%
600–750	701	473.852	0	369	369	0,1%
750–900	379	309.939	0	12.436	12.436	4,0%
900–1050	220	213.395	0	19.361	19.361	9,1%
1050–1200	114	127.368	1.542	14.650	16.192	12,7%
1200–1350	70	89.111	3.629	10.499	14.128	15,9%
1350–1500	49	69.552	4.221	8.156	12.377	17,8%
1500–1650	33	51.801	4.344	6.188	10.532	20,3%
1650–1950	24	42.968	3.848	5.142	8.990	20,9%
1950+	15	36.083	3.602	4.333	7.935	22,0%
Samtals	**4.405**	**2.401.360**	**21.185**	**81.152**	**102.337**	**4,3%**

Tafla V.
Skattstofn og skattar unglinga 17 ára í árslok 1999. Miðað er við reglur um skattlagningu barna.
Tekjur ársins 1999 í þús. kr.

Tekjubil	Fjöldi framteljenda	Tekjuskatts-stofn*	Tekju-skattur	Útsvar	Tekjuskattur og útsvar	Skattur
0–150	273	20.463	229	114	343	1,7%
150–300	716	174.639	4.640	2.320	6.961	4,0%
300–450	969	378.133	11.951	5.976	17.927	4,7%
450–600	842	455.462	15.461	7.730	23.191	5,1%
600–750	701	491.297	17.356	8.678	26.034	5,3%
750–900	379	322.711	11.667	5.834	17.501	5,4%
900–1050	220	221.228	8.129	4.064	12.193	5,5%
1050–1200	114	132.528	4.928	2.464	7.392	5,6%
1200–1350	70	92.513	3.471	1.736	5.207	5,6%
1350–1500	49	72.482	2.739	1.369	4.108	5,7%
1500–1650	33	53.618	2.037	1.018	3.055	5,7%
1650–1950	24	44.656	1.708	854	2.561	5,7%
1950+	15	37.536	1.452	726	2.178	5,8%
Samtals	**4.405**	**2.497.268**	**85.767**	**42.883**	**128.650**	**5,2%**

* Tekjuskattsstofn barna er hærri en tekjuskattsstofn fullorðinna vegna ákvæða tekjuskattslaganna um frádrátt frá tekjum.

798. Lög [376. mál]

um Kristnihátíðarsjóð.

(Afgreidd frá Alþingi 28. febr.)

Samhljóða þskj. 595.

799. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Það er álit minni hluta að þær breytingar sem boðaðar eru í frumvarpi sjávarútvegsráðherra, og meiri hluti nefndarinnar mælir með, nái ekki því markmiði að stöðva sjálftöku á kvótum sem mest eru nýttir af stærstu og öflugustu fiskiskipum flotans, frystitogurunum. Samkvæmt frumvarpinu verður áfram hægt að nýta sér tegundartilfærslu og ekki verður komið í veg fyrir að stórútgerðin safni til sín verðlitlum kvótategundum, t.d. sandkola og skrápflúru, geymi þær síðan hjá sér og breyti yfir í verðmeiri fisktegundir þegar það hentar vegna verðs og skorts á kvótum. Karfi og grálúða hafa verið þær fisktegundir sem mest hefur verið

breytt í á undanförnum árum og oft verið veitt 10–15% umfram leyfðan afla í þeim tegundum. Á síðasta fiskveiðiári, 1999–2000, var rúmlega 60% af sandkolakvótanum breytt í aðrar fisktegundir og tæpum 46% af skrápflúrukvótanum ásamt 16% af steinbítskvótanum. Alls voru 9.768 tonn notuð í breytingar sem gáfu 1.779 tonn af karfa, 1.505 tonn af grálúðu, 711 tonn af skarkola og 693 tonn af ýsu eftir tegundarbreytingar útgerðanna.

Nefndin tók á 125. löggjafarþingi heils hugar undir sjónarmið sem fram komu í frumvarpi sem flutt var af undirrituðum og samþykkt var að vísa til ríkisstjórnarinnar með þeim orðum að „tegundartilfærslur eins og þær hafa verið túlkaðar gangi gegn markmiði laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, um vernd og uppbyggingu fiskistofna“.

Frumvarpið, sem undirritaður flutti á 125. löggjafarþingi, fól í sér að tegundartilfærsla yrði afnumin. Í staðinn yrði leyft að veiða umfram úthlutun enda væri þá fært til baka af næsta árs úthlutun í sömu fisktegund og veitt var umfram af fiskveiðiárið á undan. Í frumvarpinu var gerð tillaga um 2%. Vel kann að vera að það hafi verið of þröng heimild og þau 5% sem nú er kveðið á um í 1. mgr. 10. gr. laganna hefðu mátt standa, enda væri þá tegundartilfærslan felld niður með verðmætastuðlum einstakra fisktegunda sem í lögunum eru og meiri hlutinn vill enn þá hafa í lögunum.

Tillaga meiri hlutans er spor í þá átt sem lögð var til, en nær ekki því markmiði að stöðva upptöku á kvótum annarra fisktegunda sem strandveiðiflotinn í aflamarkskerfinu gæti þá ef til vill nýtt sér. Frumvarpið stöðvar ekki heldur sjálftöku kvóta yfir í karfa og grálúðu sem fyrst og fremst færist yfir til frystiskipaflotans. Breytingin í frumvarpi sjávarútvegsráðherra nær því ekki þeim markmiðum sem að var stefnt en er í besta falli lítið skref á þeirri leið að afnema tegundartilfærslu. Undirritaður mun því að óbreyttu sitja hjá við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. febr. 2001.

Guðjón A. Kristjánsson.

800. Frumvarp til laga [510. mál]

um breytingu á lögum nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Í stað 1.–11. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Iðnaðarráðherra er heimilt að selja 51% eignarhlut íslenska ríkisins í Kísiliðjunni hf. við Mývatn. Söluandvirðið skal renna til atvinnuuppbyggingar í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnar.

2. gr.

12. gr. laganna, sem verður 2. gr., orðast svo:

Starfræktur skal sérstakur sjóður, Kísilgúrsjóður, sem hafi það hlutverk að kosta undirbúning aðgerða til þess að efla atvinnulíf í þeim sveitarfélögum sem nú eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar.

Ráðstöfunarfé sjóðsins skal vera:

1. 20% af námagjaldi kísilgúrverksmiðjunnar árið 2001.
2. 68% af námagjaldi verksmiðjunnar frá og með árinu 2002 og þar til kísilgúrvinnslu er hætt.
3. Framlag á fjárlögum samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni.
4. Aðrar tekjur.

Stjórn sjóðsins skal skipuð einum fulltrúa Skútustaðahrepps, einum fulltrúa Húsavíkurbæjar, einum fulltrúa samgönguráðherra, einum fulltrúa umhverfisráðherra og einum fulltrúa iðnaðarráðherra sem jafnframt skal vera formaður stjórnarinnar.

Iðnaðarráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um sjóð þennan.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Kísiliðjan hf. við Mývatn var stofnuð 13. ágúst árið 1966 með stofnsamningi íslenska ríkisins og bandarískra fyrirtækisins John-Manville Corporation. Hefur verksmiðjan frá upphafi starfað samkvæmt lögum nr. 80/1966. Eigendur verksmiðjunnar eru nú íslenska ríkið með 51% hlut, Celite Corporation, dótturfyrirtæki World Minerals, sem á 48,56% hlut og átján sveitarfélög á Norðurlandi sem eiga 0,44% hlut.

Kísiliðjan hf. vinnur hráefni sitt úr setlögum á botni Mývatns en ekki er vitað til þess að hliðstæð vinnsla fari fram annars staðar í heiminum. Mývatn er mjög grunnt, sólarljós nær því alls staðar til botns og lífauðgi er einstök. Það sem einkennir lífið í vatninu öðru fremur er mikill vöxtur og viðgangur vatnaþörunga. Kísilgúr er gerður úr skeljum dauðra kísilþörunga en skeljarnar mynda nokkurra metra þykkt setlag á botni vatnsins.

Um langt árabil hafa staðið yfir deilur um það hvort starfsemi Kísiliðjunnar hf. hafi skaðleg áhrif á lífríki Mývatns. Botnleðjunni er dælt úr Mývatni á sumrin meðan vatnið er íslaust. Gosaska og foksandur eru skilin úr leðjunni en gúrnum síðan safnað í hráefnisþró til vetrarins.

Skipst hafa á skin og skúrir í rekstri Kísiliðjunnar hf. Allt fram til ársins 1972 var taprekstur á fyrirtækinu, m.a. vegna byrjunarörðugleika og ónógrar afkastagetu. Á árunum 1973–1979 var Kísiliðjan hf. hins vegar rekin með hagnaði og staðan styrktist með ári hverju. Vegna erfiðra markaðsaðstæðna og mikilla nýframkvæmda í kjölfar jarðhræringa í Mývatnssveit varð tap á rekstri félagsins 1980–1982. Þá tók við hagnaðarskeið sem varði fram á tíunda áratuginn. Síðustu ár hefur rekstrarafkoma verksmiðjunnar verið óviðunandi.

Árið 1997 mat Byggðastofnun þýðingu Kísiliðjunnar hf. fyrir efnahag og atvinnulíf í Mývatnssveit. Niðurstaðan var sú að líklegt mætti telja að 75 ársverk mundu hverfa úr atvinnulífi sveitarfélagsins ef starfsemi Kísiliðjunnar hf. hætti og um 210 íbúar þyrftu að finna sér annað lífsviðurværi að öðru óbreyttu. Eftir stæði 260 manna samfélag sem að stórum hluta væri í dreifbýli, með um 130 ársverk og um 10% lægri meðallaun en nú. Byggðastofnun reiknaði með að tekjur sveitarsjóðs gætu dregist saman um helming og tekjur Húsavíkurbæjar

mundi dragast saman um 4% auk þess sem minni verkefni yrðu í tengslum við útflutning um Húsavíkurhöfn.

2. Markaður fyrir kísilgúr.

Kísilgúr hentar vel til síunar ýmissa vökva, t.d. bjórs. Heimsframleiðsla á kísilgúr er u.þ.b. 800 þúsund tonn. Nokkur vöxtur er í notkun kísilgúrs í Asíu. Markaðsaðstæður eru hins vegar erfiðar í Evrópu og Bandaríkjunum vegna minnkandi eftirspurnar og nýrrar síunartækni. Raunverð kísilgúrs lækkaði um 14% á síðasta áratug og er ekki búist við hækkandi verði á næstu árum. Veruleg umframafkastageta er einnig á kísilgúrmarkaði. Framtíðarhorfur fyrir kísilgúr eru því háðar mikilli óvissu.

World Minerals, eigandi Celite, er langstærsti framleiðandi og seljandi kísilgúrs í heiminum með um og yfir helming markaðarins. Fyrirtækið er það eina sem framleiðir kísilgúr í mörgum löndum og er með sölukerfi um allan heim. Fyrirtækið framleiðir kísilgúr í Bandaríkjunum, Frakklandi, Mexíkó, á Spáni, í Chile, Kína og á Íslandi. Kísiliðjan hf. selur allar afurðir sínar í gegnum sérstakt sölufélag, World Minerals Ísland hf., sem World Minerals á en það er með höfuðstöðvar sínar á Húsavík.

3. Námuleyfi.

Síðasta námuleyfi til Kísiliðjunnar hf. var gefið út árið 1993. Leyfið var til töku efnis á afmörkuðum svæðum í Ytriflóa og gildir til ársins 2010. Gert er ráð fyrir að ekki sé unnt að dæla efni úr núverandi námusvæði eftir sumarið 2001. Kísiliðjan hf. hefur af þessum sökum unnið að undirbúningi fyrir nýtt námaleyfi og mati á umhverfisáhrifum af þeim sökum. Á árinu 2000 heimilaði skipulagsstjóri ríkisins að kísilgúr yrði tekinn úr afmörkuðum svæðum í Syðriflóa að uppfylltum ströngum skilyrðum. Úrskurður skipulagsstjóra var síðan staðfestur af umhverfisráðherra með nokkrum breytingum.

4. Viðræður við Allied EFA.

Árið 1998 stofnuðu EFA hf. (Eignarhaldsfélagið Alþýðubankinn hf.) og bandarískt fyrirtæki, Allied Resource Corporation, nýtt fyrirtæki, Allied EFA hf. EFA hf. og aðrir íslenskir fjárfestar eiga um þriðjung í Allied Resource. Tilgangur Allied EFA hf. er m.a. fjárfestingar í framleiðslufyrirtækjum á sviði orkufreks iðnaðar, efnaiðnaðar og endurvinnsluiðnaðar.

Hið nýja fyrirtæki keypti hlut í norsku fyrirtæki sem heitir Promeks ASA. Promeks hefur unnið í nánu samráði við norsk iðnfyrirtæki að því að þróa aðferð til framleiðslu á kísildufti og býr fyrirtækið yfir einkaleyfi til að framleiða duftið með þessari nýju aðferð. Kísilduft er meðal annars hægt að framleiða úr kísilryki, kísilgúr, kvarsi, perlusteini og vikri og er notað sem fylliefni í margs konar iðnaðarvörur, svo sem gúmmí, plast, málningu o.fl.

Forsvarsmenn Allied EFA hf. fóru þegar að leita að hentugum stað fyrir tilraunaverksmiðju til að reyna þessa nýju tækni. Í þessu skyni ræddi Allied EFA hf. við iðnaðarráðuneytið sumarið 1998 um mögulega staðsetningu tilraunaverksmiðjunnar, og síðar iðnaðarverksmiðjunnar, í Kísiliðjunni hf. við Mývatn.

Ekkert varð úr samningum við Allied EFA hf. á árinu 1998. Þríhliða viðræður voru síðan í gangi á árinu 1999 á milli Allied EFA hf., World Minerals og íslenska ríkisins á árinu 1999 en þær leiddu ekki heldur til sölu Kísiliðjunnar hf. Réðist það einkum af því að World Minerals sá sér ekki hag í því að selja eignarhlut sinn en það var skilyrði af hálfu Allied EFA hf. að bæði íslenska ríkið og World Minerals seldu hlut sinn. Á árinu 2000 reisti síðan Allied EFA hf. tilraunaverksmiðju í Norður-Noregi til að prófa vinnsluferlið og gæði framleiðslunn-

ar. Á síðasta hausti tóku Allied EFA hf. og World Minerals aftur upp viðræður og leiddu þær til þríhliða samninga um sölu verksmiðjunnar með íslenska ríkinu.

5. Samningar um sölu Kísiliðjunnar.

Það er mat íslenska ríkisins og World Minerals að framtíðarhorfur í kísilgúrframleiðslu séu tvísýnar. Rekstrarafkoma hefur ekki verið viðundandi í nokkur ár og vegna vaxandi tilkostnaðar og nýrrar tækni eru ekki lengur sömu forsendur fyrir starfsemi verksmiðjunnar.

Af þessum sökum tóku tveir stærstu eigendur Kísiliðjunnar hf. þá ákvörðun að skrifa undir samninga um sölu á sínum hlut í Kísiliðjunni hf. til Allied EFA. Með því er áframhaldandi atvinna við Mývatn tryggð eins og kostur er.

Samningar um sölu verksmiðjunnar voru undirritaðir 13. febrúar 2001. Samningarnir voru bundnir ýmsum skilyrðum, þar á meðal fyrirvara um samþykki Alþingis. Samkvæmt samningunum skal yfirfærsla eigna eiga sér stað eigi síðar en 45 dögum eftir undirritun samninga. Skilyrði fyrir samningum eru eftirfarandi:

- Lögum nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, verði breytt þannig að iðnaðarráðherra fái heimild til sölu verksmiðjunnar og Kísiliðjan hf. starfi samkvæmt almennum lögum.
- Allir stjórnarmenn Kísiliðjunnar hf. samþykki sölu verksmiðjunnar en kveðið er á um það skilyrði í samþykktum hennar.
- Aðrir eigendur Kísiliðjunnar hf. en íslenska ríkið og Celite Corporation nýti ekki forkaupsrétt sinn.
- Stjórnir hlutaðeigenda félaga samþykki sölu verksmiðjunnar.
- Samningar á milli íslenska ríkisins og World Minerals verði felldir úr gildi.
- Kostgæfnisathugun hafi verið gerð.

Íslenska ríkið og World Minerals skuldbundu sig með samningum að fella úr gildi alla samninga sem gerðir hafa verið á milli eigenda Kísiliðjunnar hf. til þessa. Samkomulag er þó um að söluskrifstofa World Minerals á Húsavík starfi áfram þar til kísilgúrframleiðslu verður hætt eða til ársloka 2005. Felld eru úr gildi öll sérákvæði um sölufélagið þannig að það mun framvegis lúta almennum íslenskum reglum sem gilda um hlutafélög.

Áform eigenda Promeks um uppbyggingu fyrirtækisins fela í sér byggingu og rekstur nokkurra kísilduftverksmiðja. Að fenginni jákvæðri niðurstöðu á hagkvæmni kísilduftframleiðslunnar skuldbindur Promeks sig til að reisa næstu verksmiðju á lóð Kísiliðjunnar hf. Allied EFA hf. hyggst stofna félagið Promeks á Íslandi til að kaupa Kísiliðjuna við Mývatn og eiga og reka fyrirhugaða kísilduftsverksmiðju. Áformin eru í stuttu máli þau að kísilgúr verði framleiddur, að fengnu nýju námaleyfi, til ársloka 2004 með möguleika á framlengingu um allt að tvö ár. Þetta er gert til að tryggja að atvinna í sveitarfélaginu verði samfelld. Allied EFA hf. og World Minerals hafa gert með sér samkomulag um að söluskrifstofa World Minerals á Húsavík muni áfram selja kísilgúr frá Kísiliðjunni hf. Ákvörðun um byggingu kísilduftsverksmiðju Promeks á Íslandi verður tekin í ágúst 2002, og ef af verður, mun verksmiðjan verða byggð á árinu 2003 og hefja rekstur á árinu 2004.

Jafnframt hafa iðnaðarráðherra og Allied EFA hf. skrifað undir samstarfssamning. Í honum er kveðið á um að:

- Allied EFA hf. kynni fyrir iðnaðarráðuneytinu þau fjárfestingarverkefni á sviði iðnaðar sem Allied EFA og dótturfélög þess eru að vinna að á hverjum tíma.
- Allied EFA hf. geri grein fyrir hvort og með hvaða hætti er hægt að staðsetja umrædd verkefni á lóð Kísiliðjunnar hf. í nágrannasveitarfélögum eða annars staðar á Íslandi.

– Að skilgreina þær hindranir sem eru í vegi fyrir því að staðsetja iðnaðarfyrirtæki á framangreindum stöðum og leita leiða til að ryðja þeim hindrunum úr vegi.

Íslenska ríkið og Celite selja hlut sinn í Kísiliðjunni á um 122 millj. kr. sem er jafnhátt skráðu hlutafé í bókum félagsins. Íslenska ríkið fær fyrir sinn hlut um 62 millj. kr. sem er greitt með skuldabréfi til fimmtán ára.

Á árinu 1999 mat Kaupþing verðmæti verksmiðjunnar að beiðni iðnaðarráðuneytisins. Verksmiðjan var þá metin á tæplega 200 millj. kr. Síðan þá hefur verið taprekstur á verksmiðjunni og markaðsaðstæður hafa versnað. Áætlað er að upplausnarverð verksmiðjunnar sé um 150 millj. kr. að teknu tilliti til lokunarkostnaðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að heimild fáist fyrir iðnaðarráðherra að selja 51% eignarhlut íslenska ríkisins í Kísiliðjunni hf. við Mývatn en sölusamningur um hlutinn hefur þegar verið gerður við Allied EFA hf. með fyrirvara um samþykki Alþingis. Söluandvirðið skal renna til atvinnuuppbyggingar í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar. Ríkisstjórnin gæti, að fengnum tillögum iðnaðarráðherra, tekið ákvörðun um að setja fé í einstök verkefni á svæðinu eða falið Kísilgúrsjóði að ráðstafa fénu til atvinnuuppbyggingar.

Lagt er til að ákvæði laganna um kísilgúrverksmiðju við Mývatn verði felld úr gildi að undanskilinni 12. gr. Kísiliðjan hf. mun þá lúta almennum lögum en ekki sérlögum. Lög nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, standa þó óbreytt.

Um 2. gr.

Kísilgúrsjóði var komið á fót í kjölfar útgáfu námaleyfis á árinu 1993. Með lögum nr. 17/1995 var starfsemi sjóðsins lögfest. Hér er lagt til að ákvæði um sjóðinn standi að mestu óbreytt. Framlag til sjóðsins á fjárlögum hefur verið 5 millj. kr. og er það langstærsti hluti tekna sjóðsins. Sú breyting er lögð til að fulltrúi kísilgúrverksmiðjunnar sitji ekki í stjórn sjóðsins.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er iðnaðarráðherra heimilt að selja 51% eignarhlut íslenska ríkisins í kísilgúrverksmiðjunni við Mývatn. Gert er ráð fyrir að kísilgúrvinnslu verði hætt á vegum verksmiðjunnar árið 2004. Með frumvarpinu er lagt til að fjármögnun á sjóði til eflingar atvinnulífi í Mývatnssveit verði breytt þar sem arðgreiðslur af hlut ríkisins í kísilgúrverksmiðjunni falli niður að öðru óbreyttu.

Framlög í sjóðinn fyrir árið 2001 eru áætluð 5,5 m.kr. Tekjur sjóðsins eru annars vegar allt að 20% af tekjum ríkisins sem eiganda Kísiliðjunnar, samkvæmt heimildum í fjárlögum

hverju sinni, og 20% af námagjaldi Kísiliðjunnar. Frá og með árinu 2002 fellur arðgreiðslan niður, en á móti hækkar hlutdeild sjóðsins í námagjaldi upp í 68%. Gert er ráð fyrir að tekjur sjóðsins frá árinu 2002 til ársins 2004 verði um 3 m.kr. á ári. Einnig fái sjóðurinn framlag á fjárlögum samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni.

Rétt er að taka fram að samningar um sölu á hlut ríkisins í verksmiðjunni hafa þegar verið undirritaðir. Áætlað söluverð á hlut ríkisins er 62 m.kr. sem er jafnframt bókfært verð hlutar ríkisins. Söluandvirðið skal renna til atvinnuuppbyggingar í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnar.

801. Nefndarálit [284. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegar vegna þátttöku Íslands í samstarfi á grundvelli þess samnings sem er liður í Schengen-samstarfinu. Í umræðum í nefndinni kom fram að mjög erfitt er að átta sig á því hvaða afleiðingar það hefur að samþykkja ákvæði eins og það sem hér er lagt til að verði bætt við lögin og hljóðar svo: „Útlendingur á ekki rétt á hæli hér á landi ef krefja má annað ríki sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990 um að taka við honum.“

Í nefndinni var þess sérstaklega farið á leit að dómsmálaráðuneytið upplýsti með skriflegri greinargerð til nefndarinnar annars vegar hvað telst fyrsta hælisland og hins vegar hvaða vinnubrögð hafa tíðkast hingað til og hvernig ráðuneytið hugsar sér framhaldið að samþykktu þessu frumvarpi. Upplýsingum um þetta var hafnað í nefndinni. Það er því ljóst að minni hlutinn getur ekki tekið á sig þá ábyrgð að standa að samþykkt frumvarps sem honum hefur verið hafnað um að fá frekari útskýringar á. Til frekari skýringar á því hvað hér er átt við er rétt að vitna til þess sem fram kemur í umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands, en þar segir m.a.: „Dyflinnarsamningnum er, eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu, „ætlað að tryggja að umsókn hljóti meðferð í einu aðildarríkjanna“ og koma í veg fyrir að hælisleitendur hringsóli á milli landa án þess að umsókn þeirra hljóti efnislega meðferð.

Við framkvæmd samkomulagsins hefur raunin orðið sú að með beitingu reglunnar sem sett er fram í 3. gr. 5. mgr. eru hælisleitendur sendir til þriðja ríkis sem hefur verið skilgreint sem „öruggt þriðja ríki“. Vandkvæðin við beitingu þessa ákvæðis eru þau að skilgreining á því hvað telst „öruggt þriðja ríki“ fer ekki eftir neinum tilgreindum reglum og er það því tilviljanakennt og oft ekki samræmi á milli þess hvað aðildarríkin hafa skilgreint sem „öruggt þriðja ríki“. Þetta hefur oft leitt til endursendingar til landa þar sem hælisleitendur fá ekki efnislega umfjöllun um umsókn sína og í sumum tilfellum hefur þetta haft í för með sér að hælisleitendur hafa verið endursendir til lands þar sem þeir hafa sætt ofsóknum og er því brot á banninu við endursendingu (non-refoulement) sem sett er fram í 33. gr. flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna.“

Þarna kemur vel fram hversu miklu máli það skiptir hvernig Íslendingar skilgreina sjálfir fyrsta hælisland, hvort um er að ræða farþega sem millilenda eingöngu, transit-farþega, eða

hvort um sé að ræða land þar sem viðkomandi hælisleitandi á fyrstu raunhæfu möguleikana á því að leita hælis. Upplýsingar um þetta reyndist ekki unnt að knýja fram á viðunandi hátt að mati minni hlutans og því erfitt fyrir hann að átta sig á því hvaða afleiðingar lögfesting reglna eins og þessarar hefur í för með sér. Með þetta að leiðarljósi vill minni hlutinn ekki bera ábyrgð á lögfestingu þessara reglna.

Alþingi, 28. febr. 2001.

Lúðvík Bergvinsson, frsm.

Guðrún Ögmundsdóttir.

802. Svar [452. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um starfsemi Landhelgisgæslunnar.

1. *Í hve margar klukkustundir á tímabilinu 1. janúar 1998 til 1. september 2000 voru þyrlur Landhelgisgæslunnar annars vegar og gæsluflugvélin hins vegar á flugi vegna:*
   a. *gæslu 200 sjómílna lögsögunnar,*
   b. *æfingaflugs, ótengdu Slysavarnaskóla sjómanna?*

Þyrlur Landhelgisgæslunnar voru á flugi vegna:

a. gæslu 200 sjómílna lögsögunnar:
   – Árið 1998 samtals 95 klst. og 52 mínútur.
   – Árið 1999 samtals 56 klst. og 29 mínútur.
   – Árið 2000, frá 1. janúar til 1. september, samtals 39 klst. og 50 mínútur.
b. æfingaflugs sem tengist ekki Slysavarnaskóla sjómanna:
   – Árið 1998 samtals 159 klst. og 50 mínútur.
   – Árið 1999 samtals 179 klst. og 48 mínútur.
   – Árið 2000, frá 1. janúar til 1. september, samtals 101 klst. og 51 mínútur.

Gæsluflugvél Landhelgisgæslunnar var á flugi vegna:

a. gæslu 200 sjómílna lögsögunnar:
   – Árið 1998 samtals 499 klst. og 28 mínútur.
   – Árið 1999 samtals 487 klst. og 50 mínútur.
   – Árið 2000, frá 1. janúar til 1. september, samtals 273 klst. og 18 mínútur.
b. æfingaflugs sem tengist ekki Slysavarnaskóla sjómanna:
   – Árið 1998 samtals 5 klst. og 9 mínútur.
   – Árið 1999 samtals 4 klst. og 6 mínútur.
   – Árið 2000, frá 1. janúar til 1. september, samtals 2 klst. og 59 mínútur.

	Tímabil	**Gæsla 200 nm**	**Æfingaflug**	**Sæbjörg**
TF-SYN				
Fokker F-27	1.1.98 – 31.12.98	499:28:00	5:09:00	0
	1.1.99 – 31.12.99	487:50:00	4:06:00	0
	1.1.00 – 1.9.00	273:18:00	2.59:00	0

	Tímabil	Gæsla 200 nm	Æfingaflug	Sæbjörg
TF-LIF				
Super Puma	1.1.98– 31.12.98	37:25:00	84:18:00	15:31:00
	1.1.99 – 31.12.99	30:23:00	100:44:00	12:51:00
	1.1.00 – 1.9.00	13:57:00	53:45:00	9:43:00
TF-SIF				
Dauphin	1.1.98 – 31.12.98	58:27:00	75:32:00	19:42:00
	1.1.99 – 31.12.99	26:06:00	79:04:00	31:16:00
	1.1.00 – 1.9.00	25:53:00	48:06:00	17:32:00

2. *Hve margir starfsmenn Landhelgisgæslunnar nutu endurmenntunar á fyrrgreindu tímabili, skipt eftir starfsgreinum, en í svari ráðherra á þskj. 328 kom fram að kostnaður við hana nam 31.745.448 kr.? Hvert var heiti náms?*
3. *Hafa starfsmenn Landhelgisgæslunnar oftar en einu sinni notið endurmenntunar á fyrrgreindu tímabili? Ef svo er, hve margir, hve oft og úr hvaða starfsgreinum?*

Á þingskjali 328, 205. mál á yfirstandandi löggjafarþingi svaraði dómsmálaráðherra fyrirspurn um endurmenntun starfsmanna Landhelgisgæslunnar. Í svarinu var kostnaður við átta starfsþætti sundurliðaður. Í bókhaldi er ekki skráður kostnaður við námskeiðahald vegna hvers og eins starfsmanns. Fyrirhugað er að gera starfsferilsskrár starfsmanna Landhelgisgæslunnar þar sem upplýsingar um námskeið og fleira mun koma fram. Verður þá auðveldara að gefa upplýsingar um endurmenntun hvers og eins starfsmanns. Eðli málsins samkvæmt þurfa flugmenn reglulega að sækja námskeið til endurmenntunar til þess að halda atvinnuskírteinum sínum. Tvisvar á ári þurfa flugmenn á gæsluflugvélum og þyrlum Landhelgisgæslunnar að sækja námskeið í svokölluðum flughermi (simulator) en námskeið þessi eru haldin í Noregi og Hollandi.

Flugmenn, flugvirkjar, stýrimenn í flugdeild og kafarar fara annað hvert ár á námskeið í björgunaræfingum í Aberdeen í Skotlandi. Þar er m.a. kennt hvernig á að bregðast við þegar nauðlenda þarf flugvél eða þyrlu á landi eða sjó.

Flugvirkjar hafa farið á námskeið í Frakklandi til þess að öðlast tegundaréttindi á þyrlur Landhelgisgæslunnar. Einnig hefur verið fenginn kennari frá Frakklandi til þess að halda námskeið hérlendis fyrir flugvirkja.

Yfirstjórn Landhelgisgæslunnar, flugmenn, flugvirkjar, skipstjórnarmenn í flugdeild, starfsmenn stjórnstöðvar og skipherrar fóru á svokallað CRM (Company Resource Management) námskeið. Stendur til að halda slíkt námskeið fyrir áhafnir varðskipanna.

Skipstjórnarmenn hafa farið á köfunarnámskeið í Svíþjóð og námskeið hjá danska sjóhernum.

Um borð í varðskipum eru haldin ýmis námskeið fyrir áhafnir, t.d. köfunaræfingar, námskeið um eldvarnir, línubyssur, reykköfun og skyndihjálp og þyrluæfingar. Þessi námskeið eru ekki hluti af þeim kostnaði sem áður hefur verið tilgreindur enda sjá starfsmenn alfarið um þau í vinnutímanum.

Sprengjusérfræðingar hafa sótt námskeið í sprengjueyðingu hjá danska sjóhernum og á vegum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.

Starfsmenn sjómælinga hafa farið á námskeið í Caris sem er sérhæft úrvinnsluforrit sjókorta, mælinganámskeið, netstjórnunarnámskeið og almennt tölvunámskeið. Einnig hafa verið sóttar ráðstefnur á vegum Alþjóðasjómælingastofnunarinnar í Mónakó. Yfirstjórn Landhelgisgæslunnar hefur sótt ýmis námskeið, m.a. á sviði lögfræði, fjármála og bókhalds og tölvunámskeið.

Lögð er áhersla á að námskeiðahald og endurmenntun hjá Landhelgisgæslunni miði að því að halda starfsmönnum í sem bestri þjálfun svo að þeir séu reiðubúnir að takast á við erfið verkefni þegar þau ber að höndum.

803. Svar [455. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um sjómælingar við Ísland.

1. *Frá hvaða tíma eru elstu dýpistölur sjómælinga við Ísland sem enn er stuðst við á sjókortum og hverjir önnuðust þær mælingar?*

Elstu dýptarmælingar sem stuðst er við eru frá árunum 1890–1913. Danir önnuðust þessar mælingar og ná þær hringinn í kringum landið. Í einstökum tilfellum er stuðst við eldri mælingar, svo sem í Breiðafirði. Þær voru gerðar um 1860 af Frökkum. Í nokkrum sjókortum eru dönsku mælingarnar uppistaða þeirra dýptarmælinga sem til eru.

2. *Hvenær er áætlað að ljúka endurmælingu dýpis við strendur landsins og á helstu fiskimiðum?*

Áætlun um endurmælingu dýpis við strendur landsins miðast við að loka hringnum og ljúka útgáfu sjókorta með ströndinni í mælikvarða 1:100 000 og endurmæla hafsvæðið sem þau ná yfir. Miðað við núverandi aðstæður má ætla að verkið taki 40–50 ár. Það gæti þó tekið mun skemmri tíma ef Sjómælingar Íslands hefðu yfir fleiri skipum að ráða og betri tæki til verksins.

3. *Hafa sjómælingar verið efldar í samræmi við þingsályktun um rannsóknir og sjómælingar innan efnahagslögsögunnar frá 14. maí 1997 þar sem „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að efla rannsóknir og sjómælingar við landið, með sérstakri áherslu á hafsvæðið innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar fyrir sunnan landgrunn Íslands frá Reykjaneshrygg að Færeyjahrygg“?*

Sjómælingar hjá Sjómælingum Íslands hafa ekki verið efldar sem skyldi í kjölfar ályktunar Alþingis. Til þess að svo geti orðið þarf að festa kaup á dýru og mikilvirku mælitæki, svokölluðum fjölgeislamæli (e. multibeam), og ráðgert er að þegar á næsta ári verði unnt að hefja mælingar með slíku tæki.

4. *Er samstarf á milli landmælinga og sjómælinga, t.d. í kortagerð eða með öðrum hætti?*

Formlegt samstarf er ekki milli Landmælinga Íslands og Sjómælinga Íslands. Það leiðir hins vegar af sjálfu sér að Sjómælingar nota gögn/kort frá Landmælingum til þess að gefa þá mynd af landinu sem er í sjókortum. Starfsmenn Sjómælinga Íslands hafa heimsótt Landmælingar Íslands á Akranesi og er áhugi á frekara samstarfi. Samskipti stofnananna hafa verið góð.

5. *Hvert var úthald sjómælingabáts sl. þrjú ár, þ.e. dagafjöldi við mælingavinnu? Hvað eru margir í áhöfn og hve margir eru lögskráningardagar á ári?*

	Úthald sjómælingabáts	Lögskráning
1998	130 dagar	145 dagar
1999	136 dagar	157 dagar
2000	133 dagar	152 dagar

Mismunur á úthaldi og lögskráningu er aðallega fólginn í undirbúningsvinnu á vorin þegar tæki eru sett í stand og prófuð. Nauðsynlegt er að hafa áhöfn skráða á bátinn frá því að hann er tekinn úr vetrarlægi þar til honum er lagt aftur að hausti. Önnur verkefni hafa stundum lengt lögskráningartímabil, t.d. þegar sjómælingabátur er nýttur í þágu annarrar starfsemi Landhelgisgæslunnar. Fjórir menn eru að jafnaði í áhöfn, skipstjóri, stýrimaður, sem jafnframt eru sjómælingamenn, vélstjóri og bátsmaður/kokkur. Árið 2000 var bætt við stýrimanni til að skiptast á við hina tvo skipstjórnarmennina, sbr. svar við 6. lið.

6. *Hver var heildarrekstrarkostnaður sjómælingabátsins á ári sl. þrjú ár?*

1998	14,4 millj. kr.
1999	15,1 millj. kr.
2000	17,9 millj. kr.

7. *Er stærð sjómælingabátsins hentug með tilliti til veðurfarslegra aðstæðna hér við land og þeirra verkefna sem fyrir liggja?*

Báturinn er hentugur til mælinga inni á fjörðum og á þröngum siglingaleiðum. Við mælingar fyrir tiltölulega opnu hafi, hvort sem það er á grunnslóð eða lengra úti, takmarkast notkun hans mikið vegna veðurfarslegra þátta. Núverandi verkefni eru aðallega fólgin í mælingum á grunnslóð sem notaðar eru til kortagerðar af hafinu umhverfis landið. Verkefnin eru sambland af mælingum fyrir opnu hafi og innfjarðamælingum og nýtist því báturinn ágætlega við hluta þeirra en töluverðar frátafir verða hins vegar vegna veðurs og sjólags á opnu hafi. Að sjálfsögðu er reynt að hagræða mælingunum eftir veðurfari og hefur tilkoma gervihnattstaðsetningartækja breytt þar miklu, þ.e. nú er mun auðveldara að flytja sig til milli mælingasvæða en áður var.

8. *Er samruni Sjómælinga Íslands og Landmælinga Íslands hagkvæmur kostur með tilliti til verklegra og fjárhagslegra þátta?*

Hjá Sjómælingum Íslands er til þekking á sjómælingum og sjókortagerð sem er ekki til annars staðar í opinbera geiranum hér á landi, ekki heldur hjá Landmælingum Íslands. Samruni Sjómælinga Íslands og Landmælinga Íslands virðist ekki hagkvæmur með tilliti til verklegra og fjárhagslegra þátta. Að mati starfsmanna Sjómælinga Íslands eru samlegðaráhrif við Landmælingar Íslands nánast engin. Í flestum löndum er starfsemi sambærilegra stofnana aðskilin. Hún kann að vera undir sama ráðuneyti og jafnvel lúta sameiginlegri yfirstjórn, svo sem í Noregi. Rekstri þessara stofnana er hins vegar ekki blandað saman, hvorki verkefnum né starfsemi. Á sama hátt hefur hlutum verið hagað hér á landi og er ekki ástæða til að breyta því. Varðandi samlegðaráhrif við Landhelgisgæsluna má nefna að stundum eru varðskip notuð til mælinga. Stýrimenn á varðskipunum hafa auk þess til að bera þekkingu á sjómælingum úr námi sínu og geta því aðstoðað við mælingar.

804. Svar [82. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um niðurgreiðslur erlendra skulda þjóðarinnar fyrir árið 2015.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað líður athugun á grundvelli ályktunar Alþingis frá 13. maí 1997 um áætlun um niðurgreiðslur erlendra skulda þjóðarinnar fyrir árið 2015?

Markviss lækkun erlendra skulda fellur vel að stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og ríkisfjármálum. Erlendar skuldir þjóðarbúsins endurspegla með einum eða öðrum hætti að sparnaður hefur ekki staðið undir þeim útgjöldum sem innlendir aðilar hafa stofnað til og því myndast halli á viðskiptum við útlönd.

Ástæður fyrir slíku misvægi geta hins vegar verið margs konar allt eftir eðli viðskiptahallans hverju sinni. Þannig getur verið eðlilegt að stofna til erlendra skulda í því skyni að fjármagna fjárfestingar sem munu skila arði til þjóðarbúsins þegar fram í sækir þótt það leiði til þess að skuldastaðan versni tímabundið.

Jafnframt skiptir máli hvort erlend skuldasöfnun stafar af auknum útgjöldum opinberra aðila eða einkaaðila. Hér áður fyrr mátti rekja megnið af erlendri skuldasöfnun til opinberra aðila. Sú stefna var vitaskuld varhugaverð og lýsti ákveðnum lausatökum í stjórn efnahagsmála og var því oftar en ekki ávísun á óstöðugleika í efnahagsmálum. Þessi tími er hins vegar liðinn. Nú er ríkissjóður rekinn með traustum afgangi ár eftir ár og viðskiptahallinn stafar þar með alfarið af ákvörðunum einkaaðila um að stofna til skulda sem hlýtur að endurspegla traust þessara aðila á efnahagsstefnu stjórnvalda.

Að undanförnu hefur ríkt mjög gott efnahagsástand hér á landi. Hagvöxtur hefur verið í sögulegu hámarki, atvinnuleysi í lágmarki og verðbólgu hefur verið haldið í skefjum. Fjárfesting hefur aukist, eftir langvarandi stöðnun og samdrátt á fyrri hluta síðasta áratugar. Sömu sögu er að segja af einkaneyslu heimilanna. Óhjákvæmilegur fylgifiskur þessarar þróunar er að halli á viðskiptum við útlönd hefur aukist. Af þessum sökum hafa erlendar skuldir þjóðarbúsins farið vaxandi á allra síðustu árum.

Þessi staða hefur kallað á aðhaldssama stefnu á sviði ríkisfjármála og peningamála með áframhaldandi efnahagsstöðugleika að markmiði. Einn af hornsteinum þeirrar stefnu hefur verið að treysta stöðu ríkissjóðs þannig að hann skilaði afgangi og stuðlaði að auknum þjóðhagslegum sparnaði. Þessi stefna hefur skilað þeim árangri að staða ríkisfjármála er nú sterkari en nokkru sinni fyrr. Skuldir fara lækkandi og dregið hefur úr umsvifum ríkisins í atvinnulífinu með stórfelldri einkavæðingu. Þannig hefur hrein skuldastaða ríkisins lækkað um meira en helming á síðustu fimm árum, eða úr 34½% af landsframleiðslu árið 1995 í 16–17% í ár. Þetta er umtalsverður árangur og leitun að öðru Evrópuríki sem náð hefur viðlíkum árangri. Þessu til viðbótar hefur verið markvisst unnið að því að styrkja fjárhagsstöðu lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með beinum inngreiðslum í sjóðinn sem mun, þegar fram í sækir, draga úr þörfinni fyrir beint fjárframlag úr ríkissjóði til þess að standa undir lífeyrisgreiðslum. Loks má nefna að erlendar eignir Íslendinga, einkum í hlutabréfum, hafa stóraukist á undanförnum árum. Árið 1994 var nálega engin fjárfesting í erlendum hlutabréfum, en í septemberlok árið 2000 var hún komin í tæplega 180 milljarða króna.

Jafnframt því að treysta stöðu ríkissjóðs hefur verið gripið til umfangsmikilla aðgerða til að treysta almennan sparnað í hagkerfinu. Þar ber hæst ráðstafanir í lífeyrismálum, aðgerðir í skattamálum og sölu ríkisfyrirtækja. Þessar aðgerðir hafa þegar skilað þeim árangri að

sparnaður einstaklinga í frjálsa lífeyriskerfinu fer ört vaxandi, auk þess sem breytingar á skattlagningu fjármagnstekna hafa gjörbreytt aðstæðum á fjármagnsmarkaði og þar með breytt viðhorfum einstaklinga til sparnaðar til hins betra. Reyndar má telja að þær breytingar sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir varðandi skattlagningu fjármagnstekna árið 1996, sem meðal annars urðu til þess að stórefla og hleypa nýju lífi í almenn verð- og hlutabréfaviðskipti, hafi átt talsverðan þátt í þeirri efnahagslegu uppsveiflu sem hér hefur verið undanfarin ár.

Hröð uppbygging almennu lífeyrissjóðanna er án efa einn mikilvægasti hlekkurinn í því að byggja upp aukinn þjóðhagslegan sparnað þegar til lengdar lætur. Á undanförnum árum hafa lífeyrissjóðirnir í auknum mæli byggt upp eignir í útlöndum og skapað þannig mótvægi við þær erlendu skuldir sem einstaklingar og fyrirtæki hafa stofnað til. Fyrirsjáanlegt er að þessi þróun muni halda áfram og má ætla að þegar fram í sækir verði umtalsverður hluti af eignum lífeyrssjóðanna ávaxtaður erlendis.

Nú um nokkurt skeið hefur verið unnið að gerð nýs þjóðhagslíkans, í samvinnu Þjóðhagsstofnunar, fjármálaráðuneytis og Seðlabanka, sem nota má við útreikninga og áætlanir sem taka til nokkurra ára í senn. Þetta líkan gefur færi á að bera saman og meta áhrif ýmissa leiða í efnahagsmálum, til dæmis á þróun erlendra skulda o.fl.

Í þessu samhengi er þó mikilvægt að undirstrika að það markmið sem sett er fram í þeirri þingsályktunartillögu sem hér um ræðir fjallar um stefnumörkun til mjög langs tíma. Við þær aðstæður sem nú ríkja í efnahagsmálum þjóðarinnar þar sem skuldir einkaaðila í útlöndum hafa farið vaxandi á sama tíma og hið opinbera, þ.e. ríkið, hefur greitt niður skuldir í stórum stíl, hefur svigrúm ríkissjóðs til að greiða niður erlendar skuldir verið takmarkað. Við þessar aðstæður hefur því verið lögð meiri áhersla á að greiða niður innlendar en erlendar skuldir.

Af því sem hér hefur verið rakið má draga þá ályktun að við ákvörðun um niðurgreiðslu erlendra, sem innlendra, skulda þurfi að horfa til fjölmargra atriða sem varða stöðu og horfur í efnahagsmálum, en ekki einungis til eins mælikvarða, eins og erlendrar skuldastöðu o.fl. Hagstjórn í nútímaþjóðfélagi þarf einfaldlega að taka fleiri póla í hæðina. Jafnframt ber að hafa í huga að erfitt og óklókt kann að vera að fastsetja ákveðnar viðmiðunarreglur, t.d. um niðurgreiðslu erlendra skulda á einhverju tilteknu tímabili, sem síðan kæmi í ljós að væru óraunhæfar og gætu engan veginn staðist. Hér er því að fjölmörgu að hyggja.

805. Tillaga til þingsályktunar [511. mál]

um fullgildingu á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 163, um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn (1987).

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Árni R. Árnason, Kristján Pálsson,
Guðjón A. Kristjánsson, Guðjón Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 163, um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn (1987).

Greinargerð.

Árið 1936 samþykkti Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO, tilmæli nr. 48. Þessi tilmæli varða velferð sjómanna í höfn og fela í sér aðstöðu varðandi heilsu (þ.e. þær hættur sem steðja að heilsu sjómanna í höfn og meðferð í veikindum), ásamt gistiaðstöðu, tómstundahúsnæði,

möguleika á að geta sent peninga til fjölskyldna sinna og upplýsingamiðlun til sjómanna um velferðaraðstöðu ýmiss konar. Á grundvelli þessara tilmæla var komið á fót sjómannaþjónustu víða um lönd. Norðurlöndin (önnur en Ísland) voru í fararbroddi, enda miklar siglingaþjóðir á alþjóðlegum mælikvarða. Sl. hálfa öld hafa íslenskir sjómenn getað notið þjónustu slíkra velferðarstofnana (sjómannastofa) annars staðar á Norðurlöndum, á Bretlandi og í Þýskalandi. Hins vegar hefur Ísland ekki tekið þátt í þessari starfsemi. Ástæðan hefur einkum verið sú að á Íslandi hafa verið allt aðrar forsendur ríkjandi í þessum málum. Flutningar fóru að megni til fram með íslenskum skipum til og frá landinu og mjög sjaldgæft að íslensk skip væru í svokallaðri langfart, þ.e. siglingum hafna á milli erlendis um langan tíma.

Undanfarna þrjá áratugi hafa þessar forsendur verið að breytast. Nú er einungis lítið brot af framleiðslu landsmanna flutt með eigin skipum. Stórflutningaskip flytja mestan hluta allra fiskafurða á erlenda markaði. Stórflutningar í hráefnisinnflutningi, svo sem á hveiti og korni, súráli og málmblendi, fara að mestu fram með erlendum kaupskipum, en umfangsmestu breytingarnar hafa orðið í farþegaskipasiglingum. Um 15–20 þúsund starfandi sjómenn á skemmtiferðaskipum koma til hafnar á höfuðborgarsvæðinu á hverju ári. Þeim til viðbótar koma um 1.000 kaupskip til hafnar á höfuðborgarsvæðinu með að meðaltali um 10 manns í áhöfn. Fjöldi erlendra og innlendra fiskiskipa kemur til hafnar á höfuðborgarsvæðinu árlega með um 5.000 manns samtals í áhöfnum, en það er varlega áætlað. Þeir Íslendingar sem starfa um borð í þessum skipum búa ekki allir á höfuðborgarsvæðinu. Það er ljóst að á bilinu 25–30 þúsund sjómenn heimsækja höfuðborgarsvæðið á hverju ári.

Hinn 17. maí 2000 stofnuðu samtök sjómanna og þjóðkirkjan Sjómannaþjónustuna í Reykjavík og nágrenni. Að henni standa Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, sjómannadagsráð, Sjómannafélag Reykjavíkur, Vélstjórafélag Íslands og þjóðkirkjan. Sjómannaþjónustan í Reykjavík og nágrenni byrjaði á því að láta fara fram viðamikla könnun sl. sumar meðal erlendra sjómanna um borð í skipum í höfnum við Faxaflóa á þörf fyrir þjónustu við sjómenn á höfuðborgarsvæðinu og fól Gallup framkvæmd hennar.

Niðurstaða þessarar könnunar leiddi afdráttarlaust í ljós að mikil þörf er fyrir eftirtalda þjónustu:

	% svarenda
Síma-, tölvu- og póstþjónusta	89,4
Ferðaþjónusta	92,3
Veitingaþjónusta fyrir sjómenn	84,6
Skoðunarferðir, menning	83,7
Bókasafn og blöð	94,2
Félagsskapur við aðra sjómenn	82,7
Myndbönd og útvarp	76,0
Afþreying og leikir	84,6
Líkamsrækt	66,3
Guðsþjónusta, prestsþjónusta	81,8

Sú sjómannaþjónusta, sem nú er veitt víða erlendis, byggist á samþykkt ILO nr. 163 frá 1987, en í henni eru nú öll þau atriði sem voru í tilmælunum nr. 48 frá 1936. ILO-samþykktin nr. 163 er síðan útfærð nánar í sérstökum tilmælum ILO nr. 173. Ellefu ríki hafa fullgilt þessa samþykkt og þar með tryggt fjármagn til þeirrar starfsemi sem sjómannaþjónustan byggist á. Í hópi þessara ríkja eru öll Norðurlöndin nema Ísland.

Sjómannaþjónustunni í Reykjavík standa nú til boða fjármunir úr alþjóðlegum velferðarsjóði sjómanna, allt að 98 milljónir króna, til að koma þessari aðstöðu á fót hér á landi með

öllum þeim búnaði sem til þarf. Þessi alþjóðlegi velferðarsjóður getur ekki tekið að sér daglegan rekstur slíkrar þjónustu. Sjómannasamtökin binda vonir við að ríkisstjórnin fullgildi ILO-samþykktina nr. 163 og tilmælin nr. 173 til að tryggja fjárhagslegan rekstur þessarar starfsemi á Íslandi. Inn í slíka starfsemi mundi að sjálfsögðu fléttast margvísleg þjónusta við íslenska sjómenn, enda er lögð rík áhersla á það í samþykkt nr. 163 að um sé að ræða þjónustu við alla sjómenn, án tillits til þjóðernis.

Þjóðkirkjan hefur nú þegar stofnað embætti miðborgarprests sem ætlað er m.a. að sinna þjónustu við sjómenn og er það starf alfarið kostað af þjóðkirkjunni. Gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir þessa þjónustu í væntanlegri sjómannastofu nái tillagan fram að ganga.

Fjármögnun þessarar þjónustu annars staðar á Norðurlöndum er með ýmsu sniði. Í Svíþjóð og Finnlandi er þessi þjónusta innifalin í hafnargjöldum en í Danmörku eru beinar fjárveitingar á fjárlögum. Hér á landi mætti athuga með greiðslu til þessa nauðsynjamáls með tilteknu hlutfalli af vörugjöldum. Um væri að ræða rekstrarkostnað sem gæti numið um 20 milljónum íslenskra króna á ári.

Eftirtalin ríki hafa fullgilt samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 163: Spánn (1989), Sviss (1989), Ungverjaland (1989), Mexíkó (1990), Svíþjóð (1990), Finnland (1992), Danmörk (1993), Noregur (1993), Slóvakía (1993), Tékkland (1993) og Brasilía (1997).

806. Tillaga til þingsályktunar [512. mál]

um átak til að auka framboð á leiguhúsnæði.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Svanfríður Jónasdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Jóhann Ársælsson, Lúðvík Bergvinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Kristján L. Möller, Gísli S. Einarsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Einar Már Sigurðarson, Karl V. Matthíasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisvaldinu að ráðast í átak til að fjölga leiguíbúðum og stuðla að viðráðanlegum leigukjörum í samráði við sveitarfélögin, verkalýðshreyfinguna og félagasamtök. Í því skyni verði gerð fjögurra ára áætlun með það að markmiði að leysa húsnæðisvanda þeirra sem eru á biðlista eftir leiguhúsnæði og þeirra sem nú eiga hvorki rétt til almennra né félagslegra lána.

Þessu markmiði verði náð með eftirfarandi hætti:

a. Heimilt verði að veita 95% lán til sveitarfélaga og félagasamtaka og annarra aðila sem hafa það að markmiði að koma á fót leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum fyrir láglaunafólk, enda lúti þeir reglum um eftirlit með byggingarkostnaði, leiguverð og þinglýsingu á leigusamningi. Stofnað verði til sérstaks lánaflokks hjá Íbúðalánasjóði þar sem settar verði samræmdar reglur og skilyrði fyrir slíkum lánum.
b. Vaxtaendurgreiðslur og/eða stofnstyrkir, svo og húsaleigubætur tryggi að leigukjör fari ekki yfir 6% af stofnverði íbúðar.
c. Stimpilgjöld falli niður hjá framkvæmdaraðilum leiguíbúða, enda verði slík niðurfelling skilyrt útleigu á íbúðum. Jafnframt verði kannað hvort rétt sé að veita afslátt af gatnagerðargjöldum vegna byggingar slíkra íbúða.

d. Skattlagning á húsaleigubætur verði felld niður og rýmkuð skilyrði til að fá húsaleigubætur.
e. Leitað verði samstarfs við lífeyrissjóði um að styrkja átakið með kaupum á sérstökum húsnæðisbréfum.
f. Rýmkuð verði tekjuskilyrði fyrir rétti til leiguíbúða fyrir fólk sem nú á hvorki rétt til almennra né félagslegra lána.
g. Ríkissjóður greiði 85% þess framlags sem til þarf til að ná fyrrgreindu markmiði og sveitarfélögin 15%.

Framkvæmdaáætlun til fjögurra ára verði lögð fyrir Alþingi strax á vorþingi 2001 ásamt nauðsynlegum lagabreytingum sem taki gildi eigi síðar en 1. júlí nk.

Greinargerð.

Flestir viðurkenna að neyðarástand ríkir í húsnæðismálum láglaunafólks, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu. Beint samhengi er á milli þess að félagslega húsnæðiskerfið var lagt niður og langra biðlista sem hafa tvöfaldast á sl. þremur árum. Þótt leitað sé langt aftur í tímann eru það fáar ef nokkrar aðgerðir sem haft hafa eins afgerandi áhrif til að draga niður lífskjör láglaunafólks og að leggja niður félagslega húsnæðiskerfið án þess að á sama tíma lægi fyrir lausn á húsnæðismálum láglaunafólks. Auk langra biðlista hefur bæði fasteignaverð og leiguverð íbúða rokið upp í kjölfar breytinganna á húsnæðiskerfinu fyrir þremur árum. Þannig hækkaði íbúðaverð um 30–40% á skömmum tíma og leiguverð íbúða enn meira, en algengt er að leiguverð tveggja til þriggja herbergja íbúða í Reykjavík sé nú 70–90 þús. kr. Niðurlagning félagslega húsnæðiskerfisins ásamt miklum flutningi fólks af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið hefur átt hér stærstan hlut að máli.

Áhrif þessara breytinga á húsnæðiskerfinu urðu mjög víðtæk en auk langra biðlista og sprengingar á íbúða- og fasteignaverði hækkaði í kjölfarið fasteignamat íbúða og þar með fasteignagjöld og því fylgdi í mörgum tilvikum skerðing á barna- og vaxtabótum og hækkun á eignarskatti. Enginn einn þáttur hefur átt eins drjúgan þátt í að magna upp verðbólguna og hækkun íbúða- og leiguverðs ef undan er skilin stöðug hækkun á bensínverði.

Biðlistar.

Í apríl 2000 kom út skýrsla nefndar á vegum félagsmálaráðuneytisins sem falið var að vinna að úttekt á leigumarkaði og kanna þörf fyrir leiguíbúðir. Þar kemur fram að það vantaði um 1.250 leiguíbúðir til að tæma biðlista eftir leiguíbúðum hjá sveitarfélögum og 679 leiguíbúðir vantaði til að tæma biðlista hjá félagasamtökum. Nálægt 2.000 einstaklingar og fjölskyldur virðast því vera á biðlistum eftir leiguíbúðum.

Nýlegar upplýsingar benda til að aðeins í Reykjavík séu um 600–700 einstaklingar og fjölskyldur í þörf fyrir leiguíbúðir. Hjá Félagsstofnun stúdenta voru umsóknir um 835 á síðasta ári og ekki var hægt að leysa þörf nema um 50–60% nemenda. Hjá Öryrkjabandalaginu voru nú í janúar 440 manns á biðlista og við þann biðlista bætast um 100 manns árlega. Hjá stórum hluta þess fólks sem er á biðlistum ríkir hreint neyðarástand. Verði ekkert að gert stefnir í afturhvarf til fortíðar, bæði vegna aðgerða og aðgerðaleysis ríkisstjórnarinnar, afturhvarf til ömurlegrar húsnæðisaðstöðu fátæks fólks eins og hún var í upphafi síðustu aldar.

Félagsmálastjóri Reykjavíkur sagði nýverið opinberlega að ástandið á leigumarkaðnum færi stöðugt versnandi – biðlistarnir lengdust sífellt og fjöldi manns byggi við algjörlega óviðunandi aðstæður. Orðaði hún það svo að hún gæti af fullri einlægni sagt að það hefði aldrei verið eins slæmt ástand á leigumarkaðnum í Reykjavík frá því að hún hóf störf sem félagsmálastjóri fyrir sex árum.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar.

Þessari miklu neyð sem ríkir hjá hundruðum fjölskyldna, einkum í Reykjavík, svarar ríkisstjórnin með sérstakri vaxtahækkun á húsnæðislán þeirra sem við verstu kjörin búa. Vextir hafa hækkað frá 1998 úr 1% í 3,9%. Nú í janúar frestaði félagsmálaráðherra í bili enn frekari hækkun, eða í 4,9%. Viðbótarlán sem áttu að vera ígildi félagslegra lána til eignaríbúða fyrir fólk sem býr við erfiðar aðstæður hafa hækkað úr 2,4% í 5,7% á þremur árum og bera nú mun hærri vexti en húsbréfalánin. Með þeirri ákvörðun um vaxtahækkun til leiguíbúða og viðbótarlána sem tekin var um sl. áramót var endanlega lagður af 1% lánaflokkur til leiguíbúða, en vextir af lánum til leiguíbúða hafa verið óbreyttir sl. 25 ár. Þrátt fyrir að oft og tíðum hafa á þessum árum verið gífurlegir erfiðleikar í efnahagslífinu hefur verið sátt um það í þjóðfélaginu að hækka ekki vexti á leiguíbúðum – þar til núverandi ríkisstjórn keyrir þá fast upp að markaðsvöxtum.

Flestir sem fá viðbótarlán og eru þegar með 85–90% lánað af íbúðaverði hafa þegar nýtt sér að fullu vaxtabæturnar og því er hér um raunhækkun á vöxtum að ræða sem ekki verður bætt með vaxtabótum. Sama virðist gilda hjá mörgum sem fá húsaleigubætur að ef leiga hækkar vegna þessarar vaxtahækkunar verður það ekki bætt með húsaleigubótum.

Í fyrrgreindri skýrslu nefndar, sem félagsmálaráðherra skipaði til að gera úttekt á leigumarkaðnum, kemur fram að hækkun vaxta á lánum til leiguíbúða úr 1% í 4,9% gæti að óbreyttu kallað á að leigugreiðslur á 60 fermetra íbúð hækkuðu úr 24.791 kr. á mánuði í 41.117 kr. eftir greiðslu húsaleigubóta, þ.e. um rúmar 16 þús. kr. á mánuði eða um 192 þús. kr. á ári. Jafnvel þótt greiddir yrðu 2 millj. kr. stofnstyrkir með hverri íbúð til framkvæmdaraðila hækkaði mánaðargreiðsla leigjenda engu síður um rúmar 5 þús. kr. á mánuði. Hér er miðað við 60 fermetra íbúð sem kostar 7,6 millj. kr. Samkvæmt skýrslunni þarf að veita nálægt 3 millj. kr. stofnstyrki til framkvæmdaraðila sem byggir slíka íbúð til að tryggja óbreytta mánaðarleigu eins og hún var miðað við 1% vexti.

Félagasamtök og sveitarfélög halda nú að sér höndum því engin svör fást við því hvernig mæta eigi þessari gríðarlegu vaxtahækkun. Ljóst er að uppbygging félagslegra íbúða mun stöðvast verði ekkert að gert. Á meðan eykst vandi láglaunafólksins sem bíður eftir úrlausn í húsnæðismálum, en flestir sem eru á biðlistum eru einstæðir foreldrar, lífeyrisþegar, námsmenn og mjög tekjulágar barnafjölskyldur.

Framkvæmdaáætlun til fjögurra ára.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að þegar í stað verði ráðist til atlögu við þann mikla vanda sem við er að glíma í húsnæðismálum láglaunafólks. Það verði gert með fjögurra ára áætlun til að auka framboð og uppbyggingu á leiguíbúðum. Að því verki þurfa að koma ríki, sveitarfélög, verkalýðshreyfingin, lífeyrissjóðir og félagasamtök sem byggja og koma á fót leiguíbúðum fyrir félaga sína.

Aðgerðir sem grípa þarf til eru margvíslegar. Þær þurfa bæði að ná til þeirra sem uppfylla skilyrði til að fá leiguíbúðir og eru á biðlistum. Sá hópur fer líka stækkandi sem hvorki uppfyllir skilyrði til að fá leiguíbúðir né lánafyrirgreiðslu í húsbréfakerfinu. Þessi hópur hefur algjörlega lent á milli í þeirri breytingu sem ríkisstjórnin stóð fyrir á húsnæðiskerfinu fyrir þremur árum. Áður fékk þetta fólk aðstoð bæði í gegnum kaupleiguíbúðir og með 100% láni til eignaríbúða, en þessir valkostir gerðu fjölda einstaklinga og fjölskyldna kleift að eignast húsnæði. Kaupleigukerfið, sem nú hefur verið lagt af, leysti vanda margra, ekki síst þeirra sem hvorki höfðu rétt til leiguíbúða né uppfylltu skilyrði fyrir lánum á almenna markaðnum. Nauðsynlegt er að kanna hvort taka eigi aftur upp kaupleigukerfi og/eða rýmka tekjuskilyrði fyrir því að fá leiguíbúð.

Í tillögunni er lagt til að í þessu átaki verði heimilt að veita 95% lán til að koma á fót leiguíbúðum fyrir láglaunafólk og um þær lánveitingar verði stofnaður sérstakur lánaflokkur en rétt til þeirra lánveitinga eigi sveitarfélög og félagasamtök. Hér er einnig lagt til að í þessari fjögurra ára framkvæmdaáætlun geti líka átt rétt á lánum aðrir aðilar sem hafa það að markmiði að koma á fót leiguhúsnæði fyrir láglaunafólk og uppfylla skilyrði og reglur sem Íbúðalánasjóður setur fyrir slíkum lánum. Þannig verða þeir að lúta reglum um eftirlit með byggingarkostnaði, leiguverð, sem ekki fari yfir 6% af stofnverði íbúðar, auk þinglýsingar á leigusamningi.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að felld verði niður stimpilgjöld af þessum lánum og kannað verði hvort rétt sé að veita afslátt af gatnagerðargjöldum.

Lagt er til að endurskoða húsaleigubótakerfið og hætta skattlagningu húsaleigubóta. Húsaleigubætur hafa reynst mjög góð kjarabót fyrir láglaunafólk. Engin sanngirni er í því að skattleggja húsaleigubætur á sama tíma og vaxtabætur eru skattfrjálsar. Þar sem húsaleigubætur eru skattskyldar geta þær bæði skert barnabætur og námslán sem vaxtabætur gera ekki. Húsaleigubótakerfið þarf bæði að skoða með tilliti til þess að rýmka tekjumörkin til að fleiri hafi aðgang að leiguíbúðum og einnig að rýmka réttinn um stærð leiguíbúðar, eins og að einstaklingsherbergi veiti einnig rétt til húsaleigubóta, en það mundi gagnast námsmönnum sérstaklega. Í tillögunni er miðað við að leigugreiðslur fari aldrei yfir 6% af stofnverði íbúðar, en þá er gert ráð fyrir að vaxtaendurgreiðslur og eða stofnstyrkir verði 2–3 millj. kr. á hverja íbúð og að hætt verði skattlagningu á húsaleigubætur. Fjárhæð stofnstyrkja er byggð á útreikningum í fyrrnefndri skýrslu nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði til að kanna þörf á leiguhúsnæði. Niðurstaða þeirra nefndar var að 2–3 millj. kr. stofnstyrki þyrfti að greiða með tveggja til þriggja herbergja íbúð til að viðhalda sömu niðurgreiðslu á leiguíbúðum og var með 1% vaxtakjörum af 90% láni til leiguíbúða. Leigugreiðslur sem ekki fara yfir 6% af stofnverði íbúðar eiga að duga til að standa straum af afborgunum og vöxtum af 95% láni, vöxtum af framlagi framkvæmdaraðila, fasteigna- og brunabótaiðgjöldum og viðhaldi íbúðar og sameignar.

Forsendur þessara útreikninga eru svipaðar og notaðar eru hjá sveitarfélögunum vegna leiguíbúða. Leiguverð á tveggja og þriggja herbergja íbúð gæti með þeim aðgerðum sem tillagan gerir ráð fyrir numið um 25–30 þús. kr. á mánuði.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir komi að fjármögnun og uppbyggingu þessarar framkvæmdaáætlunar til fjögurra ára, enda er ljóst að félagsmenn þeirra muni margir njóta góðs af þessu átaki. Átakið mun kosta á bilinu 4–6 milljarða kr. á fjórum árum eða um 1.000–1.500 millj. kr. á ári í beinum framlögum í formi vaxtaendurgreiðslna og/eða stofnstyrkja, svo og niðurfellingar eða lækkunar á gjöldum hjá ríki og sveitarfélögum.

Þá er í tillögunni gert ráð fyrir að til að ná fyrrgreindu markmiði verði framlag ríkisvaldsins 85% og sveitarfélaganna 15%. Hlut sveitarfélaga mætti skoða í samhengi við áframhaldandi vinnu við tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga en fyrir liggur að sveitarfélögin hafa borið þar skarðan hlut frá borði.

807. Frumvarp til laga [120. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 1. mars.)

1. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að veiða umfram aflamark í einstökum botnfisktegundum, enda skerðist aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega í samræmi við verðmætahlutföll einstakra tegunda samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald. Heimild þessi takmarkast við 5% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks en umframafli í hverri botnfisktegund má þó ekki vera meiri en sem nemur 2% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks. Heimild þessarar málsgreinar nær þó ekki til veiða umfram aflamark í þorski.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2001.

808. Frumvarp til laga [175. mál]

um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

(Eftir 2. umr., 1. mars.)

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis og flutnings þess eftir leiðslukerfi utan netlaga í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands. Lögin taka einnig til hafstöðva nema annað sé ákveðið í lögum eða reglum settum með stoð í lögum þessum.

2. gr.

Skilgreiningar.

Kolvetni merkir í lögum þessum jarðolía, jarðgas eða annars konar kolvetni sem er til staðar í jarðlögum undir hafsbotni frá náttúrunnar hendi og nýtanlegt er í loftkenndu eða fljótandi formi.

Hafstöð merkir í lögum þessum:

1. Búnaður, svo sem pallar, leiðslukerfi og önnur mannvirki í efnahagslögsögu og landgrunni Íslands sem notuð eru í kolvetnisstarfsemi.
2. Hvers konar flutningstæki sem nýtt eru til kolvetnisstarfsemi meðan þau liggja við festar.

Leit merkir í lögum þessum könnun á almennum skilyrðum til myndunar og varðveislu kolvetnis, afmörkun svæða þar sem slík skilyrði eru hagstæð og leit að kolvetnisauðlindum

með mælingum úr lofti, á láði eða hafsbotni eða með sýnatöku úr efstu jarðlögum hafsbotnsins, t.d. með grunnum borunum eða töku kjarna.

Rannsóknir merkja í lögum þessum:

1. Leit að kolvetni.
2. Mat á stærð, legu og vinnslueiginleikum kolvetnisgeymis með borun leitarholna og borholumælingum.

Vinnsla merkir í lögum þessum vinnsla kolvetnis úr kolvetnisgeymi, þ.m.t. borun vinnsluholna, dæling eða leiðsla kolvetnis til yfirborðs, niðurdæling kolvetnis og annarra efna, meðhöndlun og geymsla kolvetnis fyrir flutning, útskipun kolvetnis ásamt byggingu, uppsetningu, starfrækslu og lokun hafstöðvar ætlaðrar til slíkrar vinnslu.

II. KAFLI
Eignarréttur að kolvetni.

3. gr.

Íslenska ríkið er eigandi kolvetnis skv. 1. gr. Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis eru háðar leyfi iðnaðarráðherra í samræmi við ákvæði laga þessara.

III. KAFLI
Leit.

4. gr.
Leyfi til leitar.

Iðnaðarráðherra veitir leyfi til leitar að kolvetni með rannsóknir og vinnslu að markmiði.

Áður en veitt er leyfi til leitar skal ráðherra leita umsagnar sjávarútvegsráðuneytis og umhverfisráðuneytis.

5. gr.
Umsókn.

Í umsóknum um leyfi til leitar að kolvetni skal koma skýrt fram hver tilgangur sé með öflun leyfis ásamt ítarlegum upplýsingum um fyrirhugaða starfsemi umsækjanda eftir nánari ákvörðun iðnaðarráðherra.

6. gr.
Tímalengd og skilyrði leyfis.

Leyfi til leitar að kolvetni skal veitt til þriggja ára í senn nema styttri leyfistími sé nefndur í leyfinu.

Leyfi til leitar að kolvetni veitir leyfishafa ekki rétt til borunar eftir kolvetni, vinnslu kolvetnis eða forgangsrétt til að fá slíkt leyfi síðar. Þó getur slíkt leyfi falið í sér heimild til borunar í þeim tilgangi að afla upplýsinga um almenn skilyrði til myndunar og varðveislu kolvetnis.

Iðnaðarráðherra setur reglur um skilyrði fyrir veitingu leyfis til leitar að kolvetni, m.a. ákvæði um greiðslu kostnaðar af mati á umsækjendum og veitingu leyfis, upplýsinga- og tilkynningarskyldu um framkvæmd og niðurstöður leitar, afhendingu gagna og þagnarskyldu.

IV. KAFLI
Rannsóknir og vinnsla.

7. gr.
Rannsóknar- og vinnsluleyfi.

Iðnaðarráðherra veitir leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis á tilteknum svæðum sem felur í sér einkarétt leyfishafa til rannsókna og vinnslu. Einungis má veita slíkt leyfi aðilum sem að mati iðnaðarráðherra hafa nægilega sérþekkingu, reynslu og fjárhagslegt bolmagn til að annast þessa starfsemi.

Áður en veitt er rannsóknar- og vinnsluleyfi, samþykki eða leyfi fyrir einstökum framkvæmdum skv. 14.–18. gr. skal ráðherra leita umsagnar sjávarútvegsráðuneytis og umhverfisráðuneytis.

8. gr.
Auglýsing.

Að jafnaði skal auglýsa eftir umsækjendum áður en leyfi til rannsókna og vinnslu á kolvetni er veitt.

Auglýsing skal birt í Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins. Í auglýsingunni skal tilgreina umsóknarfrest sem skal ekki vera skemmri en 90 dagar. Þá skal í auglýsingunni m.a. taka fram til hvaða svæðis leyfið tekur og skilyrði fyrir veitingu leyfisins að öðru leyti.

Við veitingu leyfis skal umsækjendum ekki mismunað og skal jafnræðis gætt. Leyfi skulu veitt á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem gerðar hafa verið opinberar. Iðnaðarráðherra er heimilt að hafna öllum umsóknum um leyfi sem berast í kjölfar auglýsingar.

Þegar sérstaklega stendur á er iðnaðarráðherra heimilt að veita leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis án auglýsingar. Áður en slíkt leyfi er veitt skal gefa leyfishöfum á aðlægum svæðum tækifæri til að sækja um rannsóknar- og vinnsluleyfi á viðkomandi svæði. Tilkynna skal um ákvörðun þessa í Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Iðnaðarráðherra er heimilt að krefjast greiðslu kostnaðar af mati á umsækjendum og veitingu leyfis skv. 7. gr.

9. gr.
Umsókn.

Í umsóknum um rannsóknar- og vinnsluleyfi skal koma skýrt fram hver tilgangur sé með öflun leyfis ásamt ítarlegum upplýsingum um fyrirhugaða starfsemi umsækjanda eftir nánari ákvörðun iðnaðarráðherra.

10. gr.
Tímalengd og skilyrði leyfis.

Leyfi til rannsókna skal veitt til allt að 12 ára og er heimilt að framlengja það til allt að tveggja ára í senn. Hámarkstími leyfis til rannsókna skal þó ekki vera lengri en 16 ár.

Að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fyrir rannsóknum á leyfishafi forgangsrétt á framlengingu leyfisins til vinnslu kolvetnis í allt að 30 ár.

Leyfi til vinnslu skv. 2. mgr. skal a.m.k. taka til þess hluta svæðisins þar sem leyfishafi hyggst hefja vinnslu kolvetnis og hagkvæmur er til vinnslu að mati iðnaðarráðherra.

11. gr.

Efni rannsóknar- og vinnsluleyfis.

Í rannsóknar- og vinnsluleyfi skal m.a. tilgreina:

1. Að samþykktir leyfishafa, ef um félag er að ræða, séu viðurkenndar af ráðherra.
2. Starfsstöð leyfishafa.
3. Tímalengd leyfisins. Sérstaklega skal kveðið á um hvenær starfsemi skuli í síðasta lagi hefjast og hvenær henni skuli lokið.
4. Staðarmörk þess svæðis sem leyfið nær til.
5. Skyldur er hvíla á leyfishafa varðandi rannsóknir.
6. Skyldu leyfishafa til að leggja fram framkvæmda- og vinnsluáætlun.
7. Til hvaða kolvetnisauðlinda leyfið tekur, ákvæði um magn og vinnsluhraða kolvetnis.
8. Upplýsinga- og tilkynningarskyldu leyfishafa um rannsóknir og vinnslu, þ.m.t. skyldu til afhendingar á sýnum og gögnum og hvernig hún skuli innt af hendi.
9. Aðgang stjórnvalda að reikningum leyfishafa.
10. Þagnarskyldu leyfishafa að því er varðar upplýsingar skv. 8. og 9. tölul.
11. Öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir.
12. Kaup vátrygginga vegna hugsanlegrar skaðabótaskyldu leyfishafa.
13. Greiðslu kostnaðar við mat á umsækjanda og veitingu leyfis.
14. Eftirlit og greiðslu kostnaðar af eftirliti.
15. Önnur gjöld, t.d. gjald í samræmi við stærð svæðisins sem leyfið nær til eða í samræmi við verðmæti þess kolvetnis sem unnið er.
16. Hvernig skuli ganga frá vinnslusvæði, mannvirkjum og búnaði að leyfistíma loknum.
17. Nauðsynlegar tryggingar vegna kostnaðar við frágang vinnslusvæðis.

12. gr.

Skyldur leyfishafa að loknum leyfistíma.

Iðnaðarráðherra er heimilt að kveða á um að skyldur samkvæmt rannsóknar- og vinnsluleyfi haldist eftir að gildistíma leyfisins lýkur, afsal eða afturköllun leyfisins. Uppfylli leyfishafi ekki skyldur samkvæmt rannsóknar- og vinnsluleyfi er iðnaðarráðherra heimilt að krefjast þess að leyfishafi greiði þann kostnað sem þarf til að inna skyldurnar af hendi, að hluta eða að fullu.

13. gr.

Aðgæsluskylda.

Við rannsóknir og vinnslu kolvetnis skal gæta fyllsta öryggis og þess að starfsemin sé í samræmi við góða alþjóðlega venju við svipaðar aðstæður. Starfsemin skal ekki leggja ónauðsynlega hættu eða tálmanir á samgöngur, fiskveiðar eða aðra starfsemi.

14. gr.

Boranir.

Boranir í jarðlög undir hafsbotni mega einungis hefjast að fengnu samþykki iðnaðarráðherra á búnaði, áætlun um borun og starfsfyrirkomulagi.

15. gr.

Hafstöðvar.

Byggingu og uppsetningu hafstöðvar og vinnslu kolvetnis má einungis hefja að fengnu samþykki iðnaðarráðherra.

Vilji leyfishafi hefja slíka starfsemi skal hann leggja framkvæmda- og vinnsluáætlun fyrir iðnaðarráðherra til samþykktar.

Iðnaðarráðherra er heimilt að gera breytingar á áður samþykktri framkvæmda- og vinnsluáætlun til þess að tryggja að starfsemin sé örugg og hagkvæm eða ef hagsmunir hins opinbera krefjast þess.

16. gr.

Lokun hafstöðvar.

Lokun hafstöðvar, þ.m.t. stöðvun á viðhaldi, er háð samþykki iðnaðarráðherra. Leyfishafi skal leggja áætlun um lokun hafstöðvar fyrir iðnaðarráðherra til samþykktar þar sem m.a. skulu vera upplýsingar um hvernig staðið verði að lokun.

Við lokun hafstöðvarinnar skal hún að jafnaði fjarlægð í heild eða að hluta. Iðnaðarráðherra getur þó samþykkt áframhaldandi notkun hennar til rannsókna og vinnslu kolvetnis eða annars konar notkun.

Ef ástæða er til að ætla að leyfishafi hafi ekki fjárhagslegt bolmagn til að greiða kostnað vegna lokunar hafstöðvar getur iðnaðarráðherra hvenær sem er farið fram á það við leyfishafa að hann sanni greiðslugetu sína eða leggi fram nauðsynlegar tryggingar.

17. gr.

Leiðslubúnaður.

Bygging og starfræksla leiðslubúnaðar til vinnslu og flutnings kolvetnis er háð leyfi iðnaðarráðherra. Í leyfi skal m.a. setja skilyrði um skipulag búnaðarins, afnot annarra af honum og greiðslur fyrir afnotin.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um staðbundinn leiðslubúnað sem tilheyrir hafstöð og einungis er notaður til vinnslu úr einni kolvetnisauðlind.

Nái leiðslubúnaður leyfishafa til landsvæðis eða landgrunns annars ríkis og samstarfssamningur um byggingu og starfrækslu leiðslukerfisins hefur verið gerður milli þess ríkis og íslenska ríkisins getur iðnaðarráðherra lagt þá skyldu á leyfishafa íslensks hluta leiðslubúnaðarins að taka þátt í samstarfinu og sett nánari skilyrði um þátttökuna.

18. gr.

Leiðslubúnaður erlends ríkis.

Bygging og starfræksla leiðslubúnaðar á vegum annars ríkis til flutnings á kolvetni milli landa um landgrunn Íslands er háð leyfi iðnaðarráðherra.

19. gr.

Skipting kolvetnisauðlindar.

Nái kolvetnisauðlind inn á svæði þar sem tveir eða fleiri hafa rannsóknar- og vinnsluleyfi er leyfishöfum skylt að gera með sér samstarfssamning um framkvæmd rannsókna og vinnslu úr auðlindinni. Samstarfssamningurinn er háður samþykki iðnaðarráðherra. Náist ekki samkomulag milli leyfishafanna innan hæfilegs tíma er iðnaðarráðherra heimilt að kveða á um innihald hans.

Nái kolvetnisauðlind yfir í landgrunn annars ríkis og samstarfssamningur um framkvæmd rannsókna og vinnslu úr kolvetnisauðlindinni hefur verið gerður milli þess ríkis og íslenska ríkisins getur iðnaðarráðherra lagt þá skyldu á leyfishafa á landgrunni Íslands að taka þátt í samstarfinu og sett nánari skilyrði um þátttökuna.

20. gr.

Samnýting kolvetnisauðlinda.

Telji iðnaðarráðherra skynsamlegt að samnýta tvær eða fleiri kolvetnisauðlindir af hagkvæmnisástæðum getur hann, að höfðu samráði við leyfishafa, krafist þess að svo verði gert.

Iðnaðarráðherra er heimilt að skylda leyfishafa til að veita gegn endurgjaldi öðrum leyfishöfum aðgang að búnaði og flutningstækjum með slíka samnýtingu í huga. Nái leyfishafar ekki samkomulagi um endurgjald fyrir afnotin skal það ákveðið af iðnaðarráðherra.

V. KAFLI
Umhverfisvernd, vinnuumhverfi og öryggisráðstafanir.

21. gr.

Umhverfissjónarmið.

Við veitingu leyfis skv. III. og IV. kafla skal þess gætt að nýting auðlindanna sé með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýting auðlindanna sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til nýtingar sem þegar er hafin í næsta nágrenni.

22. gr.

Öryggisráðstafanir.

Við kolvetnisstarfsemi skal gæta fyllsta öryggis og þess að starfsemin uppfylli þær kröfur sem almennt eru gerðar til kolvetnisstarfsemi á hverjum tíma, m.a. hvað varðar tæknibúnað og vinnuferli.

Leyfishafi og aðrir sem stunda kolvetnisstarfsemi skulu stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöð og að virkt eftirlit sé með því að vinnuumhverfi fullnægi gildandi lögum.

Leyfishafi skal sjá til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja tjón eða draga úr afleiðingum tjóns sem orðið hefur, þar á meðal ráðstafanir sem miða að því að færa umhverfið í sitt fyrra horf.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja nánari reglur um hafstöðvar.

23. gr.

Sérstök öryggisbelti.

Sérstöku öryggisbelti skal komið á fót umhverfis hafstöðvar. Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um öryggisbelti í samræmi við alþjóðlegar venjur, þar á meðal um samgöngur og fiskveiðar á svæðinu, og getur hann lagt bann við umferð óviðkomandi skipa og loftfara um svæðið. Þá getur iðnaðarráðherra af öryggisástæðum sett reglur sem takmarka rétt skipa til að festa akkeri og stunda veiðar í nágrenni við leiðslubúnað.

VI. KAFLI
Eftirlit og upplýsingagjöf.

24. gr.

Eftirlit.

Orkustofnun annast eftirlit með leitar-, rannsóknar- og vinnslusvæðum kolvetnis þar sem leyfi hefur verið veitt. Orkustofnun gefur iðnaðarráðherra skýrslu um framkvæmd leitar, rannsókna og vinnslu samkvæmt nánari fyrirmælum ráðherra.

Iðnaðarráðherra er heimilt að krefjast greiðslu kostnaðar við eftirlit með leitar-, rannsóknar- og vinnslusvæðum kolvetnis þar sem leyfi hefur verið veitt.

25. gr.

Upplýsingasöfnun.

Orkustofnun skal safna öllum upplýsingum um landgrunnið sem til verða við starfsemi samkvæmt lögum þessum.

26. gr.

Skýrsla leyfishafa.

Handhafi leitarleyfis eða rannsóknar- og vinnsluleyfis skal eigi sjaldnar en árlega og við lok leyfistíma senda Orkustofnun skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður leitar, rannsókna og vinnslu, upplýsingar um eðli og umfang kolvetnisauðlindar, heildarmagn og mat á verðmæti þess kolvetnis sem hefur verið unnið og fleiri atriði samkvæmt ákvæðum í viðkomandi leyfi. Þá skal leyfishafi afhenda gögn og senda sýni af efnum óski Orkustofnun þess.

VII. KAFLI
Eignarnáms- og bótaákvæði.

27. gr.

Eignarnám.

Iðnaðarráðherra er heimilt að taka eignarnámi fasteignir til að starfsemi geti farið fram samkvæmt lögum þessum. Við framkvæmd eignarnámsins og ákvörðun bóta skal farið eftir ákvæðum laga um framkvæmd eignarnáms.

28. gr.

Skaðabætur.

Leyfishafar samkvæmt lögum þessum eru skaðabótaskyldir fyrir hvers konar tjón sem stafar af kolvetnisstarfsemi, þar á meðal umhverfispjöll, án tillits til þess hvort tjónið verður rakið til sakar.

Bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfæranda má lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést átti að einhverju leyti sjálfur sök á tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Bætur fyrir tjón á munum má lækka eða fella niður ef sá sem fyrir tjóni varð átti sjálfur að einhverju leyti sök á tjóninu af ásetningi eða gáleysi.

Bætur fyrir umhverfisspjöll má lækka eða fella niður þegar sannað þykir að tjónið stafaði af náttúruhamförum eða öðrum óviðráðanlegum atvikum sem leyfishafa verður ekki kennt um.

29. gr.

Almennar reglur skaðabótaréttar.

Ákvæði 28. gr. takmarka að engu þann rétt til skaðabóta sem leiðir af almennum reglum.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

30. gr.

Framsal leyfis.

Leyfi samkvæmt lögum þessum eru ekki framseljanleg né má setja þau til tryggingar fjárskuldbindingum nema að fengnu samþykki ráðherra.

31. gr.
Reglugerð.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

32. gr.
Refsingar.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Gera má lögaðila sekt fyrir brot á lögum þessum án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans.

33. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

809. Fyrirspurn [513. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um viðhald sjúkrahúsbygginga.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvers vegna hefur ráðherra ekki sett reglugerð í samræmi við ákvæði lokamálsliðar 3. mgr. 34. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu?
2. Við hvaða reglur hefur verið stuðst fram að þessu við mat á því hvað telst til meiri háttar viðhalds sjúkrahúsbygginga?

810. Fyrirspurn [514. mál]

til heilbrigðisráðherra um þjónustusamninga um rekstur heilsugæslustöðva í Reykjavík.

Frá Katrínu Fjeldsted og Ástu Möller.

Mun ráðherra beita sér fyrir því að gerðir verði þjónustusamningar um rekstur heilsugæslustöðva í Reykjavík?

811. Fyrirspurn [515. mál]

til heilbrigðisráðherra um sjálfstætt starfandi heimilislækna.

Frá Ástu Möller og Katrínu Fjeldsted.

Hvaða ástæður eru fyrir því að heimilislæknar hafa ekki fengið leyfi hjá Tryggingastofnun ríkisins til að starfa sjálfstætt við sérgrein sína á eigin stofum á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár?

812. Fyrirspurn [516. mál]

til viðskiptaráðherra um greiðslur vegna tjóna af völdum jarðskjálfta.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hver er áætlaður mismunur á útgreiddum bótum vegna þeirra altjóna sem urðu á íbúðarhúsum í jarðskjálftunum á Suðurlandi 17. og 21. júní 2000 og raunverulegs endurbyggingarkostnaðar sömu eigna?
2. Verður þessi mismunur greiddur með ríkisframlagi eða viðlagatryggingu? Ef svo er, þá hvenær og verður tekið tillit til 5% sjálfsábyrgðar og kostnaðar við niðurrif og frágang þeirra íbúðarhúsa sem skemmdust?

813. Fyrirspurn [517. mál]

til viðskiptaráðherra um greiðslur vegna tjóna á útihúsum af völdum jarðskjálfta.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Í hve mörgum tilvikum var um að ræða bótaskylt tjón á útihúsum í jarðskjálftunum á Suðurlandi 17. og 21. júní 2000? Í hve mörgum tilvikum var um að ræða altjón á útihúsum?
2. Hverjar eru bótafjárhæðir viðlagatryggingar þegar um var að ræða altjón útihúsa, sundurliðað eftir eignum borið saman við brunabótamat, endurstofnverð og áætlaðan endurbyggingarkostnað?
3. Verður mismunur á útgreiddum bótum byggðum á brunabótamati útihúsa og raunverulegum endurbyggingarkostnaði sömu eigna greiddur þeim sem urðu fyrir tjóni?

Skriflegt svar óskast.

814. Fyrirspurn [518. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hyggst ráðherra leggja til að felld verði brott þau ákvæði laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, sem fela í sér að sveitarfélögum er ætlað að greiða 15% af stofnkostnaði sjúkrahúsbygginga ásamt 15% hlutdeild í meiri háttar viðhaldi og tækjakaupum þessara stofnana? Ef svo er, hvenær?

815. Skýrsla [519. mál]

Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA og EES fyrir árið 2000.

I. Inngangur.

Þingmannanefnd Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) var stofnuð árið 1977 og hafði það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir ráðherraráð EFTA. Umsvif og starfsemi nefndarinnar urðu meiri þegar samningar hófust um Evrópska efnahagssvæðið (EES) árið 1989 og mikilvægi hennar jókst enn þegar EES-samningurinn tók gildi 1. janúar 1994, en fulltrúar úr nefndinni skipa EFTA-hluta sameiginlegu þingmannanefndar EES. Aðild að EFTA eiga nú Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss og sitja þjóðkjörnir fulltrúar þessara ríkja í þingmannanefnd EFTA. Þar sem Svisslendingar ákváðu að standa fyrir utan EES varð þingmannanefnd EFTA með gildistöku EES-samningsins að formi til tvískipt, þ.e. annars vegar upphaflega nefndin, nú með fjórum fyrrgreindum aðildarríkjum, og hins vegar nefnd ríkjanna þriggja sem mynda EFTA-hluta EES. Nefndin fundar þó ávallt í einu lagi og sitja því Svisslendingar sem áheyrnarfulltrúar þegar tekin eru fyrir málefni sem eingöngu varða EES-hluta nefndarinnar. Sviss á einnig áheyrnaraðild að fundum þingmannanefndar EES. Til einföldunar verður í frásögnum hér á eftir talað um fundi þingmannanefndar EFTA þótt í raun hafi þá bæði eldri EFTA-nefndin og EES-hluti þingmannanefndar EFTA setið saman á fundi.

Þingmannanefnd EFTA heldur fundi fjórum til fimm sinnum á ári, en fundar jafnframt tvisvar á ári með ráðherraráði EFTA. Nefndin fjallar um starfsemi EFTA, gerð og framkvæmd fríverslunarsamninga, málefni EES og Evrópusambandsins (ESB) og efnahags- og viðskiptamál almennt. Alþingi á fimm fulltrúa í þingmannanefnd EFTA, eins og önnur aðildarríki. Þingmannanefnd EFTA á einnig samstarf við ríki sem EFTA hefur gert fríverslunareða samstarfssamninga við (t.d. ríki á Miðjarðarhafssvæðinu, í Mið- og Austur-Evrópu og í Ameríku). Þessi þáttur í starfi EFTA eykst stöðugt og eru fríverslunarsamningar við fleiri lönd og svæði í bígerð.

Á milli funda hittist framkvæmdastjórn þingmannanefndarinnar en hún undirbýr starf nefndarinnar, hefur umsjón með verkefnum og gefur álit á fjárhagsáætlun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), auk þess sem hún fjallar um aðkallandi mál. Í framkvæmdastjórn mega sitja tveir fulltrúar frá hverju EFTA-landi, en einungis annar þeirra hefur atkvæðisrétt á fundum. Í Íslandsdeildinni hefur, auk formanns, einn fulltrúi stjórnarandstöðu sótt fundi framkvæmdastjórnarinnar.

Þingmannanefnd EFTA vann ötullega að því, í samvinnu við Evrópuþingið, að í samningnum um EES væri gert ráð fyrir sameiginlegri þingmannanefnd (95. gr. samningsins). Í

sameiginlegu þingmannanefnd EES eru nú 24 þingmenn, tólf frá Evrópuþinginu og tólf frá EES-aðildarríkjum EFTA. Af þessum tólf fulltrúum á Ísland fjóra, Noregur sex og Liechtenstein tvo. Sameiginlega þingmannanefndin á að fylgjast með framkvæmd og þróun EES-samningsins og gefa álit sitt á EES-málum. Nefndin fundar tvisvar á ári en framkvæmdastjórn hennar hittist á milli funda. Í framkvæmdastjórninni sitja sex fulltrúar, einn frá hverju EES-aðildarríki EFTA og þrír frá Evrópuþinginu. EFTA-hluti sameiginlegu þingmannanefndar EES og Evrópuþingið skiptast á um formennsku í nefndinni milli ára. Þegar í upphafi hafði sameiginlega þingmannanefnd EES frumkvæði að því að semja skýrslur um málefni sem hún vildi skoða sérstaklega og hafa þær skýrslur svo verið ræddar á fundum nefndarinnar. Fyrir hverja skýrslugerð eru tilnefndir tveir framsögumenn (rapporteurs), einn úr hópi EFTA-þingmanna og einn úr hópi Evrópuþingmanna, og leggja þeir jafnframt fram drög að ályktunum. Þær eru bornar undir atkvæði, sem og einstakar málsgreinar eða breytingartillögur við þær, að því gefnu að a.m.k. fjórðungur hvorra tveggja þingmanna Evrópuþingsins og fulltrúa EFTA-ríkjanna séu viðstaddir. Einstakar málsgreinar eða breytingartillögur eru samþykktar með einföldum meiri hluta en atkvæði tveggja þriðju hluta viðstaddra þarf síðan til að samþykkja ályktunina í heild sinni. Ályktanir sem samþykktar eru á grundvelli þessara skýrslna eru síðan sendar til ráðherraráðs EES, sameiginlegu EES-nefndarinnar, þinga EFTA-EES-ríkja, Evrópuþingsins og utanríkisviðskiptanefndar þess, sem og Evrópunefnda þjóðþinga ESB. Bæði ráðherraráðið og sameiginlega EES-nefndin gera athugasemdir við ályktanir þingmannanefndarinnar á næsta fundi hennar og síðan eftir þörfum. Þingmannanefndin heldur skrá yfir allar tillögur sem fram koma í ályktunum hennar og er sú skrá birt árlega sem fylgiskjal með skýrslu um ársskýrslu sameiginlegu EES-nefndarinnar. Þannig getur þingmannanefndin fylgst með því hver þróun hefur orðið í þeim málum sem hún hefur tekið fyrir og tekið aftur upp mál þar sem hún telur að framþróunin sé ófullnægjandi. Með því að taka skipulega fyrir skýrt afmörkuð málefni hefur þingmannanefnd EES möguleika til áhrifa á þróun EES-samningsins. EFTA-hluti þingmannanefndar EES hefur líka fjallað um áhrif þjóðþinga EFTA-ríkjanna á samninginn og lagasetningu í tengslum við hann.

Venja er að Íslandsdeildin fundi með Evrópunefnd (eða samsvarandi nefnd) þess ríkis sem næst tekur við forustu innan ESB, en skipt er um forusturíki á sex mánaða fresti.

II. Skipan Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA.

Árið 2000 skipuðu Íslandsdeildina Vilhjálmur Egilsson, formaður, þingflokki sjálfstæðismanna, Kristinn H. Gunnarsson, varaformaður, þingflokki framsóknarmanna, Össur Skarphéðinsson, þingflokki Samfylkingarinnar, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, þingflokki sjálfstæðismanna, og Ögmundur Jónasson, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Varamenn voru Gunnar Birgisson, þingflokki sjálfstæðismanna, Bryndís Hlöðversdóttir, þingflokki Samfylkingar, Katrín Fjeldsted, þingflokki sjálfstæðismanna, Jón Kristjánsson, þingflokki framsóknarmanna, og Kolbrún Halldórsdóttir, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Fulltrúar Íslandsdeildarinnar í framkvæmdastjórn þingmannanefndar EFTA voru Vilhjálmur Egilsson og Össur Skarphéðinsson. Fulltrúi Íslandsdeildarinnar í framkvæmdastjórn þingmannanefndar EES var Vilhjálmur Egilsson.

Ritari Íslandsdeildarinnar árið 2000 var Jóhanna Helga Halldórsdóttir.

III. Starfsemi þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES á árinu 2000.

Nefndirnar hafa undanfarin ár lagt megináherslu á að fylgjast sem best með framkvæmd EES-samningsins. Nefndirnar leita upplýsinga hjá ráðherraráði EFTA og EES og embættis-

mönnum stofnana EFTA og ESB og koma skoðunum og áherslum þingmanna á framfæri við þessa aðila.

Starfsemi nefndanna var með reglulegum hætti á árinu 2000. Þingmannanefnd EES hélt tvo fundi og þingmannanefnd EFTA hélt fjóra fundi auk tveggja funda með ráðherraráði EFTA.

Árið 2000 fylgdist þingmannanefnd EFTA grannt með þróun mála við stækkun ESB, vinnu við uppfærslu Stokkhólmssáttmálans sem stefnt er að að taki gildi um leið og tvíhliða samningar Sviss og ESB, væntanlega nú í sumar. Nefndin ræddi m.a. um fríverslunarsamskipti EFTA við ýmis þriðju ríki og áætlun ESB sem samþykkt var í Lissabon í mars 2000. Áætlun þessari er ætlað að tryggja samkeppnishæfni ESB í efnahagsumhverfi framtíðarinnar. Þingmannanefnd EES ræddi einnig þróunina í ESB og áhrif hennar á EES-samninginn.

Fimm skýrslur voru teknar til umfjöllunar á fundum þingmannanefndar EES á árinu og voru samþykktar ályktanir á grundvelli þeirra. Skýrslunar fjölluðu um framkvæmd EES-samningsins á árinu 1999, einsleitni innan EES, dóms- og innanríkismál og EES, rafræn viðskipti og EES-löggjöf, og þátttöku EFTA í rammaáætlunum ESB.

Íslandsdeildin var virk í starfi nefndanna á árinu. Hún átti tvo framsögumenn af fimm sem EFTA-hluti þingmannanefndar EES tilnefndi út af skýrslum ársins, þá Kristin H. Gunnarsson, sem var annar höfunda skýrslu um einsleitni í EES, og Vilhjálm Egilsson, sem var annar höfunda skýrslu um rafræn viðskipti og EES-löggjöf.

Sendinefnd á vegum þingmannanefndar EFTA fór til Marokkós til að funda með þarlendum þingmönnum. Fundurinn var haldinn í tengslum við fund sameiginlegrar nefndar EFTA og Marokkós þar sem farið var yfir fríverslunarsamskipti þessara aðila. Fulltrúi Íslandsdeildar í þeirri heimsókn var Vilhjálmur Egilsson.

Loks ber að geta funda sem Íslandsdeildin átti á árinu með fulltrúum þjóðþinga þeirra ríkja sem næst tóku við forsæti innan ráðherraráðs ESB. Íslandsdeildin hefur haldið slíka fundi í tengslum við fundi þingmannanefndar EFTA. Þar kynnir Íslandsdeildin málefni EFTA og EES og útskýrir hvernig ýmsar ákvarðanir ESB hafi bein og/eða óbein áhrif á EES, jafnframt því að fá upplýsingar um helstu áhersluatriði viðkomandi ríkja í forsætistíð þeirra. Nefndin hélt fund með fulltrúum Evrópunefndar franska þingsins í París 3. júní og með fulltrúum Evrópunefndar sænska þingsins í Stokkhólmi 29. nóvember, en Frakkar tóku við forsæti í ráðherraráði ESB 1. júlí 2000 og Svíar í ársbyrjun 2001.

IV. Mikilvæg málefni í EFTA- og EES-samstarfi.

EES-samningurinn er í stöðugri þróun og í hverjum mánuði bætast við nýjar ákvarðanir, breytingar og viðbætur. ESB er einnig í stöðugri þróun og miklar breytingar hafa orðið á Rómarsamningnum (stofnsáttmála ESB) bæði með ríkjaráðstefnunni í Maastricht og Amsterdam og nú síðast í Nice. Margar þessara breytinga verða ekki hluti af EES-samningnum en hafa óneitanlega áhrif á framkvæmd hans og geta leitt til að ósamræmi skapast við túlkun reglna innan ESB annars vegar og EFTA-EES hins vegar og þannig haft áhrif á einsleitni á Evrópska efnahagssvæðinu. Aukin völd Evrópuþingsins í ákvörðunarferli ESB hafa áhrif á EES-samstarfið en EFTA-EES-ríkin hafa hins vegar engin stofnanatengsl við þingið þar sem samskipti EFTA og ESB eru nánast eingöngu í gegnum framkvæmdastjórn ESB, eins og mælt er fyrir um í EES-samningnum. Aukin samvinna ESB-ríkja á sviði dóms- og innanríkismála og á sviði öryggis- og varnarmála fellur einnig utan EES-samningsins. Útgáfa sameiginlegs gjaldmiðils, evrunnar, mun hafa mikil áhrif á viðskipti Íslands þar sem þau ellefu ESB-ríki sem taka þátt í henni eru mikilvæg viðskiptaríki Íslands.

Stækkun ESB.

Stækkun ESB, sem nú er í undirbúningi, krefst mikilla breytinga innan ESB og mun án efa hafa áhrif á samstarfið innan EES. Hvert nýtt ESB-ríki verður einnig aðili að EES-samningnum. Þrettán ríki hafa verið formlega viðurkennd sem umsóknarríki. Mikilvægt er að EFTA-EES-ríkin fylgist vel með samningaviðræðunum, sérstaklega þegar samið verður um aðlögunartíma ríkjanna í einstökum málum þar sem aðlaga þarf EES-samninginn að þessum undanþágum. Þingmannanefnd EFTA hefur fylgst náið með framvindu þessara samninga og eru þeir til umfjöllunar á flestum fundum þingmannanefnda EFTA og EES. Þingmannanefnd EFTA, sem og Íslandsdeildin, hefur ítrekað minnt á mikilvægi þess að EFTA-EES-ríkin séu upplýst um gang samningaviðræðna og séu höfð með í ráðum þegar samið verður um aðlögunartíma umsóknarríkjanna.

Samskipti EFTA við þriðju ríki.

Samskipti við þriðju ríki eru ekki hluti af EES-samningnum. Hins vegar hefur stefna EFTA verið sú að gera fríverslunarsamninga við sömu ríki og ESB hefur samið við og koma þannig í veg fyrir mismunun af hálfu þessara ríkja gagnvart fyrirtækjum í EFTA-ríkjunum. Í byrjun gerði EFTA fjölda samninga við Mið- og Austur-Evrópuríki og svo Miðjarðarhafsríki. Nú beinir EFTA athygli sinni vestur um haf og lauk nýlega viðræðum um fríverslunarsamning við Mexíkó. Sá samningur mun gefa EFTA-ríkjunum sama aðgang að mörkuðum í Mexíkó og ESB-ríki, Bandaríkin og Kanada hafa. Viðræðum um fríverslunarsamning við Kanada er nánast að ljúka. EFTA hefur áhuga á að semja við fleiri ríki, t.d. Chile, Suður-Afríku og Suður-Kóreu. Íslandsdeildin hefur bent á nauðsyn þess að uppfæra fríverslunarsamninga sem EFTA hefur gert og tryggja viðhald þeirra. EFTA-skrifstofan hefur greint frá því að uppfærsla fríverslunarsamninga verði eitt af forgangsverkefnum EFTA á árinu 2001.

COSAC.

Þingmannanefnd EFTA hefur lengi haft áhuga á að taka þátt í fundum COSAC, sem er nefnd skipuð fulltrúum úr Evrópunefndum þjóðþinga ESB. EFTA-EES-ríkin taka yfir um 80% af allri ESB-löggjöf og vilja þar af leiðandi styrkja lýðræðislegt eftirlit við samningu og ákvörðun laganna. Fundir eru tvisvar á ári og þar gefst þjóðkjörnum fulltrúum ríkjanna tækifæri til að ræða saman um Evrópumál og skiptast á hugmyndum. Samkvæmt reglum COSAC er heimilt að bjóða þingmönnum EFTA-ríkjanna á fundi sem sérstökum gestum þegar á dagskránni eru málefni sem tengjast EES. Þingmannanefnd EFTA fylgist grannt með starfi COSAC.

Bókun 3 við EES-samninginn.

Viðræður EFTA og ESB um bókun 3 við EES-samninginn, um unnar landbúnaðarvörur, hefur tekið mörg ár. Í lok ársins 1999 lágu loks fyrir drög að nýrri ákvörðun um bókun 3 sem send voru til framkvæmdastjórnar ESB. Ákvörðunin var stöðvuð þar vegna andstöðu Svía sem vilja ná betri samningum við Norðmenn. Þetta olli miklum vonbrigðum og samningaviðræður standa enn yfir. Íslandsdeildin hefur tekið þetta margoft upp á fundum sínum með þingmannanefnd EES og einnig með Evrópunefndum ESB-ríkjanna, nú síðast á fundi sínum með Evrópunefnd sænska þingsins.

V. Helstu verkefni þingmannanefndar EFTA á árinu 2001.

Þingmannanefndin mun fylgjast náið með þróuninni innan ESB, sérstaklega stækkun þess. Einnig mun nefndin fygjast grannt með framkvæmd Lissabon-áætlunar ESB og aðgerðum

EFTA-EES-ríkjanna til að tengjast henni. Settur hefur verið á fót sérstakur vinnuhópur, skipaður aðilum frá EFTA-EES-ríkjunum, sem mun skoða hvernig EFTA-ríkin geta brugðist við þessari áætlun.

Þingmannanefnd EFTA boðar til ráðstefnu í Ósló 13.–15. nóvember nk. þar sem rætt verður um stækkun ESB. Ráðgert er að bjóða fulltrúum frá þeim 13 ríkjum sem sótt hafa um aðild að ESB, auk fulltrúa frá væntanlegum umsóknarríkjum ESB, Makedóníu, Króatíu, Albaníu, Júgóslavíu og Úkraínu. Markmiðið með ráðstefnunni er að kynna EES-samninginn fyrir fulltrúum þessara ríkja sem verða aðilar að EES með inngöngu sinni í ESB.

Að lokum má geta þess að Vilhjálmur Egilsson, formaður Íslandsdeildarinnar, var kjörinn formaður þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES fyrir árið 2001.

Alþingi, 16. febr. 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form.	Kristinn H. Gunnarsson, varaform.	Ögmundur Jónasson.
Össur Skarphéðinsson.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	

816. Frumvarp til laga [520. mál]

um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Heimilt er að sameina Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar og stofna hlutafélag um reksturinn er nefnist Hitaveita Suðurnesja hf. Ríkisstjórninni er heimilt að leggja hlutafélaginu til hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Suðurnesja.

2. gr.

Eignarhlutir í Hitaveitu Suðurnesja eftir sameiningu skulu skiptast á eftirfarandi hátt:

Reykjanesbær	43,500%
Ríkissjóður Íslands	16,667%
Hafnarfjarðarbær	16,667%
Grindavíkurbær	9,308%
Sandgerðisbær	5,825%
Gerðahreppur	5,058%
Vatnsleysustrandarhreppur	2,975%

3. gr.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja annast undirbúning að stofnun hlutafélagsins í samráði við sameigendur ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja og eigendur Rafveitu Hafnarfjarðar.

4. gr.

Tilgangur Hitaveitu Suðurnesja hf. er vinnsla og nýting jarðvarma og hvers konar annarra orkuauðlinda, dreifing og sala raforku, orkugjafa og annarra afurða félagsins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi sem er ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

Tilgangi og verkefnum félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess. Samþykktum félagsins má breyta á hluthafafundi samkvæmt almennum reglum.

5. gr.

Heimili og varnarþing Hitaveitu Suðurnesja hf. skulu vera í Reykjanesbæ, en heimilt að starfrækja útibú á öðrum stöðum.

6. gr.

Ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gilda ekki um innborgun hlutafjár í Hitaveitu Suðurnesja hf.

7. gr.

Hlutir í Hitaveitu Suðurnesja hf. við stofnun þess skiptast á eigendur í þeim hlutföllum er um getur í 2. gr.

8. gr.

Hitaveita Suðurnesja hf. tekur við einkarétti Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar til starfrækslu hita- og/eða rafveitu.

Iðnaðarráðherra veitir Hitaveitu Suðurnesja hf. einkaleyfi til starfrækslu hita- og rafveitu innan sveitarfélaga, sem aðild eiga að fyrirtækinu, eftir því sem um semst við einstök sveitarfélög og ríkissjóð um yfirtöku á veitukerfi þeirra.

Aðrir sem reka orkumannvirki á starfssvæði Hitaveitu Suðurnesja hf. við gildistöku laga þessara skulu halda þeim rétti sínum.

9. gr.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja hf. skal skipuð a.m.k. fimm aðalmönnum og fimm til vara. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert.

Fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra fara saman með eignarhlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja hf.

10. gr.

Stjórn hlutafélagsins setur gjaldskrá um verð á seldri orku til notenda þar sem m.a. skal gætt almennra arðsemissjónarmiða.

Gjaldskrá öðlast eigi gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af iðnaðarráðherra og birt í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Fastráðnir starfsmenn Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðnar stöður hjá því, sambærilegar þeim er þeir áður gegndu, enda haldi þeir hjá félaginu réttindum sem þeir höfðu þegar áunnið sér.

Um biðlaunarétt sem kann að hafa fylgt störfum hjá Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

12. gr.

Stofna skal hlutafélagið Hitaveitu Suðurnesja á stofnfundi sem haldinn skal eigi síðar en 1. júní 2001.

Allur kostnaður Hitaveitu Suðurnesja hf. af stofnun hlutafélagsins og yfirtöku þess á rekstri Hitaveitu Suðurnesja greiðist af félaginu.

13. gr.

Hitaveita Suðurnesja hf. skal taka til starfa eigi síðar en 1. júlí 2001 og yfirtaka allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar. Hitaveita Suðurnesja og Rafveita Hafnarfjarðar skulu lagðar niður frá og með þeim degi og fellur þá jafnframt niður umboð stjórnar fyrirtækjanna.

14. gr.

Um skyldu Hitaveitu Suðurnesja hf. til greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarsjóða fer á sama hátt sem um skyldu sveitarfélaga er slíkan rekstur hafa með höndum. Hitaveita Suðurnesja hf. skal undanþegin stimpilgjöldum.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög nr. 100/1974, um Hitaveitu Suðurnesja, með áorðnum breytingum, falla úr gildi þegar Hitaveita Suðurnesja hf. tekur til starfa, sbr. ákvæði 13. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Sameignarfélagar Hitaveitu Suðurnesja og eigandi Rafveitu Hafnarfjarðar bera áfram, gagnvart kröfuhöfum, einfalda óskipta ábyrgð á skuldbindingum Hitaveitu Suðurnesja annars vegar og Rafveitu Hafnarfjarðar hins vegar sem stofnast hafa fyrir samruna fyrirtækjanna og áður en hlutafélag er stofnað um reksturinn. Innbyrðis skiptist ábyrgð sameigenda Hitaveitu Suðurnesja samkvæmt eignarhlutföllum svo sem þau voru fyrir samruna Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar.

II.

Á stofnfundi skal kjósa stjórn félagsins og skal hún starfa þar til ný stjórn hefur verið kosin á fyrsta aðalfundi eftir að félagið hefur tekið til starfa. Hlutverk stjórnar fram að yfirtöku er að undirbúa yfirtöku á rekstri Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar, en eftir það að stjórna félaginu í samræmi við ákvæði laga.

III.

Rekstrarlega séð skal yfirtaka Hitaveitu Suðurnesja hf. á Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar miðuð við 1. janúar 2001.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Á síðasta ári náði stjórn Hitaveitu Suðurnesja samkomulagi við Hafnarfjarðarbæ um sameiningu Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar. Jafnframt samþykktu aðilar að

stefna að stofnun hlutafélags um reksturinn undir nafni Hitaveitu Suðurnesja enda næðist skattalegt jafnræði við önnur orkusölufyrirtæki með hlutafélagsformi. Í kjölfar þess að eigendur Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar samþykktu sameininguna var þess óskað við iðnaðarráðuneytið að lagt yrði fram frumvarp til laga sem heimilaði þessar breytingar. Með frumvarpi þessu er lagt til að Hitaveita Suðurnesja og Rafveita Hafnarfjarðar verði sameinaðar og að stofnað verði hlutafélag um reksturinn.

Á 122. löggjafarþingi lagði iðnaðarráðherra fram tillögu til þingsályktunar um framtíðarskipulag raforkumála. Í þingsályktunartillögunni var m.a. lagt til að rekstrarform raforkufyrirtækja sem ríkið ætti eignarhlut í yrði yfirfarið. Í athugasemdum við tillöguna sagði að stefnt yrði að því að breyta stjórnskipulagi fyrirtækjanna þannig að það samræmdist betur viðteknum venjum í efnahagslífinu, m.a. hvað varðar hlutverk ársfundar og verksvið stjórnar og framkvæmdastjóra. Jafnframt var lagt til að eigendur orkufyrirtækja mótuðu stefnu um arðsemi og meðferð arðs þannig að eigendur nytu viðunandi arðsemi af eign sinni. Þá sagði í tillögunni að samhliða breytingum á rekstrarformi raforkufyrirtækjanna og innleiðingu markaðssjónarmiða þyrfti að samræma skattaskilyrði fyrirtækjanna. Eðlilegt væri að skattlagning fyrirtækjanna færi að mestu leyti eftir almennum reglum, en þó væri ljóst að a.m.k. fyrningarreglur yrðu með nokkuð öðrum hætti.

Skipan raforkumála hefur víða um lönd tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Breytingarnar hafa undantekningalítið verið sama eðlis þótt þær miðist jafnframt að hluta við aðstæður á hverjum stað. Meginefni þeirra felst í því að skilja að náttúrulega einkasöluþætti raforkukerfisins og þá þætti þar sem samkeppni verður við komið. Þannig hefur verið lagður grunnur að markaðsbúskap í raforkukerfi margra landa.

Þann 26. nóvember 1999 tók sameiginlega EES-nefndin ákvörðun um að taka upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið tilskipun 96/92/EC um innri markað fyrir raforku. Ákvörðunin öðlaðist gildi 1. júlí 2000 eftir að öll EES-ríkin höfðu aflétt stjórnskipulegum fyrirvara. Samkvæmt ákvörðuninni hefur Ísland tvö ár til að leiða ákvæði tilskipunarinnar í íslensk lög. Í ljósi þessa mun á næstunni verða lagt fram frumvarp til raforkulaga sem kveður á um breytingar á skipulagi raforkumála.

II. Ágrip af sögu Hitaveitu Suðurnesja.

Með lögum nr. 100/1974 var ákveðið að stofna Hitaveitu Suðurnesja sem skyldi hafa það að markmiðið að virkja jarðhita í Svartsengi við Grindavík eða annars staðar á Reykjanesi, reisa þar varmaskiptistöðvar og leggja aðveituæðar til þéttbýliskjarna á Suðurnesjum, leggja dreifikerfi og annast sölu á heitu vatni til notenda. Eigendur fyrirtækisins voru ríkissjóður, Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurhreppur, Gerðahreppur, Miðneshreppur, Hafnahreppur, Grindavíkurkaupstaður og Vatnsleysustrandarhreppur. Eignaraðild að fyrirtækinu var ákveðin á þann veg að sveitarfélögin skyldu eignast 60% en ríkið 40%.

Með lögum nr. 26/1980, um breytingu á lögum um Hitaveitu Suðurnesja, var Hitaveitu Suðurnesja, veitt heimild til að stækka raforkuver sitt í Svartsengi um allt að 6 MW og reisa og reka flutningslínur til þess að tengja orkuverið við orkuflutningskerfi Suðurnesja.

Með lögum nr. 91/1984, um breytingu á lögum um Hitaveitu Suðurnesja, var ríkinu heimilað að selja Hitaveitu Suðurnesja rafveitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins á Suðurnesjum. Jafnframt var veitt heimild fyrir því að samið yrði um yfirtöku Hitaveitu Suðurnesja á rafveitum sveitarfélaga á svæðinu og að veiturnar yrðu lagðar fram sem stofnframlög með tilheyrandi breytingu á eignarhlutdeild eigenda. Loks var hlutverki Hitaveitu Suðurnesja breytt í almennt orkufyrirtæki með heimild m.a. til að reka rafveitur. Með samningi, dagsettum 17. maí 1985, var samið um kaup Hitaveitu Suðurnesja á eignum Rafmagnsveitna ríkisins á Suðurnesjum

og fór yfirtaka eignanna fram 1. júlí 1985. Þá var undirritað samkomulag milli Hitaveitu Suðurnesja og sveitarfélaga á Suðurnesjum 5. júlí 1985 um yfirtöku fyrirtækisins á öllum rafveitum á Suðurnesjum. Samið var um að eignir rafveitna sveitarfélaganna yrðu lagðar fram sem stofnframlög og að eignarhlutur ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja lækkaði þar með. Með lögum nr. 101/1985 voru gerðar þær breytingar á lögum um Hitaveitu Suðurnesja sem leiddu af fyrrgreindum breytingum á hlutverki fyrirtækisins og breyttum eignarhlut sameigenda. Þannig var í lögunum kveðið á um að eignarhlutföll sameigenda skiptust svo sem hér segir:

Ríkissjóður Íslands	20,00%
Keflavíkurkaupstaður	38,68%
Njarðvíkurkaupstaður	12,83%
Grindavíkurkaupstaður	11,17%
Miðneshreppur	6,99%
Gerðahreppur	6,07%
Vatnsleysustrandarhreppur	3,57%
Hafnahreppur	0,69%

Með lögum nr. 16/1995 voru gerðar nauðsynlegar breytingar á lögum um Hitaveitu Suðurnesja í kjölfar þess að Keflavík, Njarðvík og Hafnahreppur sameinuðust í eitt sveitarfélag. Þannig var í lögunum kveðið á um að eignarhlutföll sameigenda skiptust svo sem hér segir:

Ríkissjóður Íslands	20,00%
Keflavík-Njarðvík-Hafnir	52,20%
Grindavíkurkaupstaður	11,17%
Sandgerðisbær	6,99%
Gerðahreppur	6,07%
Vatnsleysustrandarhreppur	3,57%

Í stjórn Hitaveitu Suðurnesja eru níu fulltrúar. Iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra skipa hvor einn fulltrúa í stjórnina, Reykjanesbær skipar þrjá fulltrúa, en önnur sveitarfélög skipa hvert einn fulltrúa í stjórnina.

III. Samruni Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar og breyting á rekstrarformi.

Undanfarin ár hefur Hitaveita Suðurnesja átt samstarf í orkumálum við önnur sveitarfélög en þau sem eru eigendur fyrirtækisins. Þannig undirrituðu Hitaveita Suðurnesja, Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær, Garðabær og Bessastaðahreppur samkomulag 15. október 1998 þar sem lýst er yfir áhuga á að kanna möguleika á samstarfi og samvinnu varðandi nýtingu jarðhita og aðra alhliða samvinnu á sviði orkumála. Í þessu samkomulagi lýstu samningsaðilar markmiðum sínum þannig:

Markmið sveitarfélaganna:

- að ná fram lægra raforkuverði fyrir einstaklinga og fyrirtæki í sveitarfélögunum,
- að nýta jarðhitaauðlindir innan sveitarfélaganna og eftir atvikum víðar á landinu,
- að öðlast aukna hlutdeild í eigin orkumálum,
- að gerast eignaraðilar að öflugu orkufyrirtæki með víðtæka reynslu í vinnslu, sölu og dreifingu á jarðhita og raforku,
- að athuga möguleika á því að sveitarfélögin gerist þátttakendur í rekstri orkuveitu, m.a. til að stuðla að lækkun orkuverðs og að koma í veg fyrir að íbúar og fyrirtæki í sveitarfélögunum séu með beinum hætti skattlögð til að standa undir rekstri annarra sveitarfélaga,

- að vinna að iðnþróun og uppbyggingu atvinnulífs með því að laða að iðnað sem nýtir auðlindir jarðhitasvæðanna, og
- að tryggja, m.a. með stofnun orkugarða, aukna nýtingu áðurgreindra auðlinda og stuðla þannig að aukinni atvinnustarfsemi og auknum tekjum sveitarfélaganna.

Markmið Hitaveitu Suðurnesja:

- að stuðla að nýtingu jarðhitaauðlinda á Reykjanesskaga, þar með talið í Krýsuvík, við Trölladyngju, Brennisteinsfjöll og eftir atvikum víðar á landinu,
- að stækka raforkumarkað fyrirtækisins og auka þannig hagkvæmni í rekstri,
- að skjóta frekari stoðum undir rekstur fyrirtækisins með því að fjölga viðskiptavinum,
- að koma í veg fyrir frekari ásælni annarra orkufyrirtækja í auðlindir á orkuveitusvæði fyrirtækisins sem mundu skerða mjög framtíðarmöguleika fyrirtækisins,
- að tryggja að aukin nýting áðurgreindra auðlinda stuðli að aukinni atvinnustarfsemi og auknum tekjum bæjarfélaganna á orkuveitusvæði fyrirtækisins,

Aðilar þessa samkomulags stofnuðu 15. desember 1998 einkahlutafélagið Jarðlind ehf. sem hefur fengið rannsóknarleyfi á Trölladyngjusvæðinu og eru boranir þar hafnar. Félagið hefur jafnframt óskað eftir rannsóknarleyfi fyrir Brennisteinsfjöll. Hlutafé félagsins er nú 153 milljónir króna og skiptist þannig:

Hitaveita Suðurnesja	66.000.000	43,14%
Rafveita Hafnarfjarðar	38.550.000	25,20%
Hafnarfjarðarbær	10.200.000	6,67%
Kópavogsbær	10.200.000	6,67%
Garðabær	10.200.000	6,67%
Bessastaðahreppur	10.200.000	6,67%
Jarðboranir hf.	7.650.000	5,00%

Undanfarið hafa staðið yfir viðræður fulltrúa Hitaveitu Suðurnesja og Hafnarfjarðarbæjar um sameiningu Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar. Í nóvember síðastliðnum náðist samkomulag milli stjórnar hitaveitunnar og Hafnarfjarðarbæjar um sameiningu. Efni samkomulagsins kemur fram í samrunaáætlun fyrir Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar, hluthafasamkomulagi, drögum að stofnsamningi fyrir Hitaveitu Suðurnesja hf. og drögum að samþykktum fyrir Hitaveitu Suðurnesja hf. Fulltrúar allra eigenda hafa samþykkt þessi skjöl fyrir sitt leyti.

Helstu efnisatriði samkomulags um sameiningu eru eftirfarandi:

- Aðilar eru sammála um að sameina fyrirtækin undir nafni Hitaveitu Suðurnesja.
- Heimilisfang félagsins skal vera í Reykjanesbæ, en starfsstöð skal einnig vera í Hafnarfirði.
- Byggð verður ný og endurbætt starfsstöð í stað núverandi starfsstöðvar í Hafnarfirði.
- Við samrunann fær Hafnarfjarðarbær sem eigandi Rafveitu Hafnarfjarðar eignarhlut í Hitaveitu Suðurnesja og breytist eignarhlutur núverandi eigenda Hitaveitu Suðurnesja sem þessu nemur.
- Stefnt er að því jafnframt samruna fyrirtækjanna að gera Hitaveitu Suðurnesja að hlutafélagi. Nafn hins nýja hlutafélags verður Hitaveita Suðurnesja hf. Breyting á rekstrarformi er með fyrirvara um að félagið njóti skattalegs jafnræðis á við önnur orkusölufyrirtæki.
- Gjaldskrá vegna raforkusölu verður samræmd með lækkun á gjaldskrá fyrir rafmagn í Hafnarfirði í tveimur áföngum 1. mars 2001 og 1. október 2001.
- Sveitarfélög, sem verða hluthafar í Hitaveitu Suðurnesja, skulu greiða fyrirtækinu fyrir

gatnalýsingu hvert á sínu svæði. Þetta fyrirkomulag verður tekið upp í áföngum.
- Núverandi eigendur Hitaveitu Suðurnesja skulu í tengslum við samruna fá greiddar 900 milljónir króna frá fyrirtækinu. Fjárhæðin skal greidd með þremur jöfnum greiðslum.
- Stefnt er að því að arðgreiðslur Hitaveitu Suðurnesja hf. til hluthafa verði að jafnaði ekki lægri en sem nemur þriðjungi af rekstrarhagnaði næstliðins árs.
- Í stjórn félagsins eiga sæti 11 menn og jafnmargir til vara kjörnir þannig að hver hluthafi eigi jafnmarga fulltrúa í stjórn félagsins og hann á nú í stjórn Hitaveitu Suðurnesja en til viðbótar komi tveir fulltrúar frá Hafnarfjarðarbæ. Í kjölfar breytinga á skipulagi raforkumála er gert ráð fyrir að stjórnarmönnum fækki í sjö.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er veitt heimild til að sameina Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar og stofna hlutafélag um reksturinn. Er ríkisstjórninni jafnframt heimilað að leggja félaginu til hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Suðurnesja. Skv. 2. gr. laga nr. 100/1974, um Hitaveitu Suðurnesja, er ríkissjóður Íslands eigandi 20% í Hitaveitu Suðurnesja.

Í frumvarpinu er ekki kveðið á um önnur atriði en nauðsynlegt er vegna stofnunar félagsins, en gert er ráð fyrir að almenn lög um skipulag raforkumála og hlutafélög taki til þess nema annað leiði af ákvæðum frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um skiptingu eignarhluta í Hitaveitu Suðurnesja eftir sameiningu fyrirtækisins við Rafveitu Hafnarfjarðar. Í samrunaáætlun er kveðið á um að eignarhlutir í Hitaveitu Suðurnesja fyrir og eftir samruna verði sem hér segir:

	Fyrir	**Eftir**
Ríkissjóður Íslands	20,00%	16,667%
Reykjanesbær	52,20%	43,500%
Grindavíkurbær	11,17%	9,308%
Sandgerðisbær	6,99%	5,825%
Gerðahreppur	6,07%	5,058%
Vatnsleysustrandarhreppur	3,57%	2,975%

Við ákvörðun um skiptingu eignarhluta var m.a. höfð hliðsjón af verðmati Kaupþings á Hitaveitu Suðurnesja annars vegar og Rafveitu Hafnarfjarðar hins vegar.

Um 3. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að stjórn Hitaveitu Suðurnesja annist undirbúning að stofnun hlutafélagsins í samráði við eigendur Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar.

Um 4. gr.

Í greininni er megintilgangur hlutafélagsins skilgreindur. Samkvæmt greininni er tilgangur Hitaveitu Suðurnesja hf. m.a. vinnsla og nýting jarðvarma og hvers konar annarra orkuauðlinda, dreifing og sala raforku, orkugjafa og annarra afurða félagsins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins. Hlutverk félagsins tekur því til alls orkuiðnaðar, hvort heldur orkugjafinn er vatnsafl, jarðvarmi, olía eða annað.

Gert er ráð fyrir að nánar sé kveðið á um tilgang félagsins í samþykktum þess. Tilgangi félagsins má síðan breyta á hluthafafundi krefjist aðstæður þess. Með því gefst nauðsynlegt

svigrúm til að laga hlutverk félagsins að aðstæðum hverju sinni. Sérstaklega er kveðið á um heimild félagsins til að gerast eignaraðili í öðrum félögum og fyrirtækjum.

Um 5. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laga nr. 100/1974, um Hitaveitu Suðurnesja, er heimili þess og varnarþing í Keflavík-Njarðvík-Höfnum. Rétt þykir að heimili og varnarþing fyrirtækisins sé á athafnasvæði þess. Ástæða þykir þó til að taka fram að heimilt sé að stofna útibú annars staðar, t.d. vegna skrifstofu- eða þjónustustarfa. Í þessu sambandi skal tekið fram að í 2. gr. samrunaáætlunarinnar er kveðið á um að byggð verði ný og endurbætt starfsstöð í stað starfsstöðvar Rafveitu Hafnarfjarðar í Hafnarfirði.

Um 6. gr.

Í 2. mgr. 14. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, segir m.a.: „ Eigi má skrá félag nema heildarhlutafé það, sem áskrift hefur fengist fyrir, sé í samræmi við það er greinir um hlutafé í samþykktum og þar af skal minnst helmingur vera greiddur.“ Þar sem hlutafélagið verður stofnað áður en það yfirtekur rekstur Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar og þar sem greiðsla hlutafjár felst í yfirtöku á eignum félaganna er nauðsynlegt að veita undanþágu frá þessu ákvæði. Ekki eru lagðar til aðrar undanþágur á ákvæðum laga um hlutafélög og gilda þau því að öðru leyti um stofnun félagsins.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um skiptingu hlutafjár í hinu nýja félagi við stofnun þess. Þessi skipting er í samræmi við eignarhlutföll í sameinuðu fyrirtæki Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar en í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um eignarhlutföllin.

Um 8. gr.

Í 21. gr. orkulaga, nr. 58/1967, er iðnaðarráðherra falið að ákveða orkuveitusvæði hverrar héraðsrafmagnsveitu og jafnframt heimilað að veita einkarétt til að reka héraðsrafmagnsveitu á orkuveitusvæðinu, veita raforku um orkuveitusvæðið og selja hana neytendum innan takmarka þess. Iðnaðarráðherra er með sambærilegum hætti veitt heimild í 30. gr. orkulaga til að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkaleyfi til þess að starfrækja hitaveitur sem annist dreifingu eða sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa á tilteknu veitusvæði. Í 6. gr. laga, nr. 100/1974, um Hitaveitu Suðurnesja, er kveðið á um að iðnaðarráðherra veiti fyrirtækinu einkaleyfi til starfrækslu hita- og rafveitu á starfssvæði þess. Þá er í 3. mgr. 2. gr. reglugerðar fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 177/1939, kveðið á um að veitan hafi einkarétt til sölu á raforku til notenda á orkuveitusvæði sínu. Í frumvarpinu er lagt til að Hitaveita Suðurnesja hf. yfirtaki rétt Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar til þessarar starfsemi. Einhverjar breytingar kunna að verða á þessum réttindum félagsins þegar nýtt skipulag raforkumála kemur til framkvæmda.

Í 2. mgr. er kveðið á um að iðnaðarráðherra geti veitt Hitaveitu Suðurnesja hf. einkaleyfi til starfrækslu hita- og rafveitu innan sveitarfélaga eftir því sem um semst.

Til að taka af allan vafa um réttarstöðu þeirra sem við gildistöku laganna reka orkumannvirki á starfssvæði Hitaveitu Suðurnesja hf. er kveðið á um að þeir skuli halda þeim rétti sínum.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir að stjórnarmenn verði kosnir á aðalfundi ár hvert. Í samþykktum félagsins verður nánar kveðið á um kosningu stjórnar. Í samrunaáætlun er gert ráð fyrir að í upphafi eigi ellefu menn sæti í stjórn Hitaveitu Suðurnesja hf. þannig að hver hluthafi eigi jafnmarga fulltrúa í stjórn hlutafélagsins og hann á nú í stjórn Hitaveitu Suðurnesja, en til viðbótar komi tveir fulltrúar frá Hafnarfjarðarbæ. Gert er ráð fyrir að stjórnarmönnum verði fækkað í sjö þegar breytt skipulag raforkumála hefur öðlast gildi. Hins vegar má eins gera ráð fyrir að stjórnarmönnum verði fækkað umfram það og því kveðið á um að stjórnarmenn skuli ekki vera færri en fimm.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra fari saman með eignarhlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja hf. Skv. 7. gr. laga um Hitaveitu Suðurnesja skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra einn mann hvor og einn til vara í stjórn sameignarfélagsins. Í ljósi þessa þykir eðlilegt að þessir ráðherrar fari saman með eignarhlutinn.

Um 10. gr.

Í greininni er kveðið á um að stjórn hlutafélagsins skuli setja gjaldskrá fyrir félagið og lagt til að við gerð gjaldskrár skuli gætt almennra arðsemissjónarmiða.

Gildistaka gjaldskrár er háð samþykki iðnaðarráðherra og birtingu í Stjórnartíðindum. Sambærilegt ákvæði er að finna í 10. gr. laga, nr. 100/1974, um Hitaveitu Suðurnesja.

Breytingar kunna að verða á þessu fyrirkomulagi þegar nýtt skipulag raforkumála öðlast gildi.

Um 11. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að fastráðnir starfsmenn Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar eigi kost á starfi hjá Hitaveitu Suðurnesja hf. Ákvæði þessu er ætlað að tryggja starfsmönnum Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar sömu eða sambærileg störf hjá félaginu eftir formlega stofnun þess eins og engin formbreyting hefði orðið á rekstri þess, enda ekki um neina eðlisbreytingu á störfum eða starfsaðstöðu að ræða. Þá er kveðið á um það hvernig fara skuli með biðlaunarétt sem kann að hafa fylgt störfum hjá Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar.

Um 12. gr.

Lagt er til að sett verði tímamörk um stofnun félagsins og er miðað við að stofnfundur skuli haldinn eigi síðar en 1. júní 2001. Á stofnfundi skal leggja fram til afgreiðslu drög að stofnsamningi og samþykktum eins og skylt er við stofnun hlutafélaga. Þá skal félaginu jafnframt kosin stjórn samkvæmt samþykktum þess til fyrsta aðalfundar.

Um 13. gr

Í frumvarpinu er lagt til að hlutafélagið yfirtaki Hitaveitu Suðurnesja eigi síðar en 1. júlí 2001. Félagið yfirtekur allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar. Jafnframt fellur umboð stjórnar sameignarfélagsins niður frá og með sama degi.

Um 14. gr.

Í 14. gr. laga nr. 100/1974, um Hitaveitu Suðurnesja, segir að um skyldu fyrirtækisins til greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarsjóða fari á sama hátt sem um skyldu sveitarfélaga er slíkan rekstur hafa með höndum. Flest fyrirtæki landsins sem annast dreifingu og sölu á heitu vatni og rafmagni eru í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga og bera eigendurnir ótakmarkaða ábyrgð á rekstri þeirra. Í 4. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eru fyrirtæki

í eigu ríkis og sveitarfélaga sem ríkissjóður eða sveitarfélög reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á undanþegin skattskyldu. Í frumvarpsgreininni er lagt til að skattaleg staða Hitaveitu Suðurnesja hf. haldist óbreytt þrátt fyrir breytt rekstrarform. Með þessu er tryggt að fyrirtækið njóti sömu skattalegu stöðu og önnur raforkufyrirtæki.

Á næstunni munu verða breytingar á skipulagi raforkumála. Í tengslum við þær breytingar verður skattaleg staða raforkufyrirtækja tekin til skoðunar. Hugsanlegt er að þessi skoðun leiði til breytinga á því skattalega fyrirkomulagi sem nú er. Ákvæðinu er ætlað að standa þar til þessi skoðun hefur farið fram.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í 2. gr. laga nr. 100/1974, um Hitaveitu Suðurnesja, er kveðið á um að sameigendur beri einfalda óskipta ábyrgð á skuldbindingum Hitaveitu Suðurnesja gagnvart kröfuhöfum og að innbyrðis skiptist ábyrgð samkvæmt eignarhlutföllum. Þetta felur í sér að þegar kröfuhafi hefur árangurslaust reynt að fá skuld greidda hjá sameignarfélaginu getur hann krafið einn eða fleiri sameigendur um alla skuldina. Hver og einn sameigandi er því ábyrgur fyrir öllum skuldbindingum gagnvart kröfuhöfum. Hins vegar skiptist ábyrgð sameigenda innbyrðis samkvæmt eignarhlutföllum. Hlutafélagsformið felur hins vegar í sér takmarkaða ábyrgð hluthafa á skuldbindingum félagsins en þeir ábyrgjast yfirleitt aðeins skuldbindingar félagsins með hlutafjárframlagi sínu. Breyting á sameignarfélagi í hlutafélag getur því leitt til lakari réttarstöðu kröfuhafa. Því þykir eðlilegt að sameigendur Hitaveitu Suðurnesja beri áfram, gagnvart kröfuhöfum, einfalda óskipta ábyrgð á skuldbindingum Hitaveitu Suðurnesja sem stofnast hafa áður en hlutafélagið yfirtekur reksturinn.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um að stofna skuli hlutafélagið Hitaveitu Suðurnesja á stofnfundi sem haldinn skal eigi síðar en 1. júní 2001. Í 13. gr. frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir að hlutafélagið taki til starfa eigi síðar en 1. júlí 2001 og yfirtaki þá allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar sameignarfélagsins. Þetta er gert svo ráðrúm gefist til að ganga frá ráðningu framkvæmdastjóra og starfsmanna hlutafélagsins áður en það tekur við rekstri Hitaveitu Suðurnesja. Í ákvæði til bráðabirgða II er gert ráð fyrir að kosin sé stjórn á stofnfundi félagsins og að hún starfi þar til ný stjórn hefur verið kosin á fyrsta aðalfundi eftir að félagið tekur til starfa. Í ákvæðinu er lagt til að stjórninni verði falið að undirbúa yfirtöku á rekstri Hitaveitu Suðurnesja með ráðningu framkvæmdastjóra og starfsfólks og annarra aðgerða sem nauðsynlegar eru til að hlutafélagið geti sinnt hlutverki sínu. Í samkomulagi sameigenda, dagsettu 7. febrúar 2001, er kveðið á um að gengið skuli frá samkomulagi við stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Það kemur í hlut stjórnar að gera samning við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins um áframhaldandi aðild starfsmanna fyrirtækisins að lífeyrissjóðnum, en í 4. mgr. 3. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, er að finna heimild fyrir slíku.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Þegar skipt er um rekstrarform á miðju ári skapast visst óhagræði ef gera þarf upp árið í tvennu lagi, annars vegar fyrir sameignarfélagið og hins vegar hlutafélagið. Því er lagt til að

félaginu verði heimilað að miða uppgjör við 1. janúar 2001. Þetta felur í sér að ekki verður gerður ársreikningur fyrir sameignarfélagið fyrir árið 2001.

Fylgiskjal I.

Samrunaáætlun Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar.

Hitaveita Suðurnesja og Hafnarfjarðarbær gera svohljóðandi áætlun um samruna Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar.

1. grein

Aðilar eru sammála um að sameina fyrirtækin undir nafni Hitaveitu Suðurnesja. Hitaveita Suðurnesja starfar nú samkvæmt lögum nr. 100/1974, um Hitaveitu Suðurnesja, með áorðnum breytingum samkvæmt lögum nr. 26/1980, 91/1984, 101/1985, 108/1988, 92/1991 og 16/1995 ásamt reglugerð nr. 214/1997, um Hitaveitu Suðurnesja. Um Rafveitu Hafnarfjarðar gildir reglugerð nr. 177/1939 með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerðum nr. 268/1969 og nr. 399/1998.Til að sameiningin nái fram að ganga þarf að breyta þessum lögum og reglugerðum. Stefnt er að því að sameining verði miðuð við 1. janúar 2001.

2. grein

Heimilisfang félagsins skal vera í Reykjanesbæ, að Brekkustíg 36, 260 Njarðvík, en starfsstöð skal einnig vera í Hafnarfirði. Byggð verður ný og endurbætt starfsstöð í stað núverandi starfsstöðvar í Hafnarfirði.

3. grein

Við samrunann fær Hafnarfjarðarbær sem eigandi Rafveitu Hafnarfjarðar eignarhlut í Hitaveitu Suðurnesja og eignarhlutur fyrri eigenda Hitaveitu Suðurnesja breytist tilsvarandi. Eignarhlutir í Hitaveitu Suðurnesja eru nú og verða eftir samrunann sem hér segir:

	Hlutur er, %	**Hlutur verður, %**
Reykjanesbær	52,20	43,500
Ríkissjóður Íslands	20,00	16,667
Hafnarfjarðarbær	0,00	16,667
Grindavíkurbær	11,17	9,308
Sandgerðisbær	6,99	5,825
Gerðahreppur	6,07	5,058
Vatnsleysustrandarhreppur .	3,57	2,975
	100,00	**100,000**

4. grein

Stefnt er að því að jafnframt samrunanum verði Hitaveita Suðurnesja gerð að hlutafélagi. Allar þessar ráðstafanir eru eins og fram kemur í 1. grein háðar samþykki Alþingis. Nái þær fram að ganga munu ofangreindir eigendur einvörðungu fá hlutabréf í hinu nýja hlutafélagi í stað eignarhluta sinna í Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar. Eignarhlutföll verða þá eins og sýnt er í aftari hlutfalladálki í 3. grein hér að framan. Nafn hins nýja hlutafélags verður Hitaveita Suðurnesja hf. Nafnverð hlutafjár þess verður ákveðið á stofnfundi félagsins að fengnum tillögum sérfróðra aðila.

Ef ekki næst skattalegt jafnræði við önnur orkusölufyrirtæki með hlutafélagsformi verður félagið með ótakmarkaðri ábyrgð allra eigenda. Það mun að öðru leyti starfa eftir sömu reglum og almennt gilda í íslenskum hlutafélögum.

5. grein

Stefna skal að því að réttindum og skyldum fyrri fyrirtækja, Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar, verði reikningslega lokið 1. janúar 2001 og frá þeim degi taki Hitaveita Suðurnesja hf. við öllum tekjum og greiði öll gjöld vegna Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar.

6. grein

Gjaldskrá vegna raforkusölu skal samræmd í tveimur áföngum, 1. janúar 2001 og 1. janúar 2002, með lækkun gjaldskrár Rafveitu Hafnarfjarðar. Gjaldskráin skal lækka um 10% 1. janúar 2001 en frá 1. janúar 2002 skal vera sama gjaldskrá á öllu orkusölusvæði Hitaveitu Suðurnesja hf.

Frá 1. janúar 2001 skulu þau sveitarfélög sem verða samkvæmt áætlun þessari hluthafar í Hitaveitu Suðurnesja hf. greiða Hitaveitunni fyrir gatnalýsingu hvert á sínu svæði. Á því ári skulu sveitarfélögin þó aðeins greiða 20% af gjaldskrá en sá hlutur skal hækka árlega þannig að á árinu 2002 verði greiðslan 40% af gjaldskrá, á árinu 2003 verður hún 60% af gjaldskrá, á árinu 2004 80% af gjaldskrá og á árinu 2005 og þaðan í frá verði greitt fyrir gatnalýsingu samkvæmt óskertri gjaldskrá.

Sveitarfélögin skulu eftir stofnun Hitaveitu Suðurnesja hf. hvert um sig kosta uppsetningu gatnalýsingarkerfa sinna, ljósastaura og lagna. Fyrir stofnfund félagsins verður gert sérstakt samkomulag varðandi fyrirkomulag þessa og hvernig farið skuli með þegar uppsett kerfi.

7. grein

Núverandi eigendur Hitaveitu Suðurnesja skulu í tengslum við samrunann fá greiddar 900.000.000 kr. frá fyrirtækinu. Fjárhæðin skal greidd með þremur jöfnum greiðslum, 2. janúar 2001, 2. janúar 2002 og 2. október 2002, 300.000.000 kr. hverju sinni, sem skal skipta milli eigenda eftir núverandi eignarhlutum þeirra í Hitaveitu Suðurnesja.

8. grein

Ekki eru fyrirhugaðar neinar uppsagnir starfsmanna í tengslum við samruna þennan.

9. grein

Stefnt verður að því að arðgreiðslur Hitaveitu Suðurnesja hf. til hluthafa sinna verði að jafnaði ekki lægri en sem nemur þriðjungi af rekstrarhagnaði næstliðins árs.

10. grein

Hvorki eigendur (hluthafar), stjórnendur, lánardrottnar né aðrir skulu njóta sérstakra réttinda eða hlunninda umfram aðra við samruna þennan.

11. grein

Samþykktir Hitaveitu Suðurnesja hf. munu gilda um hið sameinaða félag. Drög að þeim samþykktum fylgja áætlun þessari. Í samþykktunum skal kveðið á um að í stjórn félagsins sitji ellefu menn og jafnmargir til vara. Jafnframt munu hluthafar gera með sér samkomulag þess efnis að stjórn Hitaveitu Suðurnesja hf. skuli til og með aðalfundi 2002 eða uns tekið

hafa gildi ný heildarlög um skipan raforkumála til samræmis við reglur fyrir Evrópska efnahagssvæðið (Directive 96/92/EC of the European Parliament and of the Council of 19 December 1996 concerning common rules for the internal market in electricity), hvort heldur síðar verður, kjörin þannig að hver hluthafi eigi jafnmarga fulltrúa í stjórn félagsins og hann á nú í stjórn Hitaveitu Suðurnesja en til viðbótar komi tveir fulltrúar frá Hafnarfjarðarbæ. Stjórn kjörin samkvæmt þessum reglum skal þó aldrei sitja skemur en til aðalfundar 2003 en þá hefur stjórnin starfað samkvæmt nýjum reglum fyrir Evrópska efnahagssvæðið en frestur til aðlögunar að hinum nýju reglum fyrir Evrópska efnahagssvæðið er til júníloka 2002.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja.

Tilgangur með frumvarpinu er að heimila stofnun hlutafélags um rekstur Hitaveitu Suðurnesja. Allur kostnaður af stofnun hlutafélagsins og yfirtaka þess á rekstri Hitaveitu Suðurnesja greiðist af félaginu.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

817. Frumvarp til laga [521. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Heimilt er að selja hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.
b. 3. mgr. fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Alþingi veiti viðskiptaráðherra heimild til að selja hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 1999 segir að „hlutabréf í ríkisbönkunum verði seld með það að markmiði að ná fram hagræðingu á fjármagnsmarkaði en tryggja um leið virka samkeppni á markaðnum til að ná fram ódýrari þjónustu. Við söluna verði þess

gætt að ríkið fái hámarksverð fyrir eign sína í bönkunum". Í samræmi við þetta markmið ríkisstjórnarinnar óskuðu Landsbanki og Búnaðarbanki eftir áliti samkeppnisráðs á fyrirhuguðum samruna þessara banka í nóvember síðastliðnum. Niðurstaða samkeppnisráðs var sú að fyrirhugaður samruni hefði skaðleg áhrif á samkeppni og bryti í bága við samkeppnislög (Álit samkeppnisráðs nr. 8 frá 15. desember 2000).

Að fengnu áliti samkeppnisráðs í máli Landsbanka og Búnaðarbanka samþykkti ríkisstjórnin að leggja fram frumvarp um heimild til að selja hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka og Búnaðarbanka.

2. Hlutverk ríkisins á fjármagnsmarkaði.

Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, var kveðið á um hlutverk ríkisins á nútíma fjármagnsmarkaði. Þar sagði m.a.: „... er nauðsynlegt að skilgreina að nýju hlutverk ríkisins á fjármagnsmarkaði. Meginhlutverk þess verður jafnan að tryggja að til staðar séu reglur um starfsemi á þessu sviði og að reglunum sé fylgt. Jafnframt kann á hverjum tíma að vera nauðsynlegt að ríkið hlutist til um fjármálastarfsemi sem nauðsynleg er til að efla atvinnulíf og tryggja þjóðfélaginu ákveðin lífsgæði. Hins vegar hníga ýmis rök að því að láta beri öðrum eftir að stunda þá starfsemi sem einkaaðilar eru tilbúnir til að annast með eðlilegum hætti. Sem dæmi um slíka starfsemi má nefna viðskiptabankastarfsemi, verðbréfaþjónustu ýmiss konar, hefðbundna fjárfestingarlánastarfsemi og fleira. Sem dæmi um svið þar sem ríkið hefur enn hlutverki að gegna samkvæmt þessu má nefna fjárfestingarþjónustu eins og verkefnafjármögnun og beina áhættufjármögnun."

Í frumvarpinu sem varð að lögum nr. 50/1997 sagði jafnframt að hinum nýjum hlutafélagabönkum verði gefið nokkurt svigrúm til að fóta sig á markaðnum. Þau sjónarmið hafi komið fram að óvissa um eignarhald hlutafélagsbankanna gæti leitt til þess að þeir ættu erfiðara með að ná hagstæðum kjörum í lánssamningum við erlenda lánveitendur. Til að tryggja festu í rekstri hlutafélagsbankanna var miðað við að ríkissjóður seldi ekki hlutabréf sín í þeim fyrstu fjögur rekstrarár þeirra.

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að ríkið eigi almennt ekki að sinna atvinnustarfsemi sem einkaaðilar geta stundað með eðlilegum hætti og virk samkeppni er fyrir hendi. Er þetta í samræmi við viðtekin sjónarmið í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við. Ríkisviðskiptabankarnir áttu rætur sínar að rekja til þess tíma þegar takmarkað framboð var á fjármagni og því talið nauðsynlegt að ríkið hlutaðist til um þessa starfsemi og tæki jafnframt áhættuna af henni. Nú er þessi staða ekki lengur fyrir hendi.

Einkarekstur banka er meginreglan í hinum vestræna heimi. Í flestum löndum Evrópu er löng saga ríkisrekinna banka en nú er helst um slíkt að ræða í Þýskalandi og Austurríki. Umfangsmiklar einkavæðingar hafa verið á Ítalíu og Frakklandi á liðnum árum. Annars staðar á Norðurlöndunum heyrði ríkisrekstur banka til undantekninga þar til fjármálakreppa dundi yfir fyrir um áratug síðan. Þar hafa flestir bankar sem ríkið tók yfir verið seldir aftur. Norska ríkið á þó enn meiri hluta í Den norske Bank en stefnt er að sölu hlutabréfa á þessu ári til að koma eigninni niður í 33%.

Frá því að hlutafélög tóku yfir rekstur ríkisviðskiptabankanna hér á landi árið 1998 hefur komið í ljós að áhyggjur um að bankarnir þyrftu langan tíma til aðlögunar áður en hægt væri að hefja sölu hlutafjár hafa voru ástæðulausar. Rekstur bankanna hefur gengið betur en búist var við og bönkunum hefur vegnað vel á hlutabréfamarkaði. Kjör bankanna á erlendum lánamörkuðum hafa einnig verið góð. Engin ástæða þykir því til að draga sölu bankanna af þessum sökum.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá maí 1999 kemur fram að hlutabréf í bönkum í eigu ríkisins verði seld. Það verk hófst reyndar haustið áður með sölu 49% hluta í FBA en var síðan framhaldið með sölu 51% hluta í FBA haustið 1999 og 15% hluta í Landsbanka og Búnaðarbanka í desember 1999. Með sölu á eftirstandandi hlut ríkisins í Landsbanka og Búnaðarbanka væri hlutverki ríkisins í rekstri viðskiptabanka lokið.

3. Hlutur ríkisins í Landsbanka og Búnaðarbanka frá hlutafélagavæðingu þeirra.

Landsbankinn og FBA voru skráðir á Verðbréfaþingi Íslands (VÞÍ) 27. nóvember 1998 og Búnaðarbankinn 17. desember sama ár. Um 115 þúsund manns keyptu bréf í bönkunum þremur í útboðum í tengslum við skráningu þeirra á VÞÍ. Eftir útboðin átti ríkið 51% hlutafjár í FBA en 85% í Landsbanka og Búnaðarbanka. Söluandvirði ríkis vegna sölu 49% hluta í FBA var 4,7 ma.kr. og söluandvirði Landsbanka og Búnaðarbanka vegna útgáfu nýs hlutafjár var 2,7 ma.kr.

Einkavæðingu FBA lauk í nóvember 1999. Að fenginni heimild Alþingis til sölu bankans ákvað ríkisstjórnin í september það ár að selja 51% í bankanum í einu lagi í útboði til hóps fjárfesta. Hver fjárfestir mátti bjóða í að hámarki 6% af hlutafé bankans. Einn hópur skilaði inn þátttökutilkynningu og var gengið frá kaupum á genginu 2,80, sem þýðir að söluandvirði til ríkisins nam 9,7 ma.kr.

Í desember 1999 samþykkti Alþingi heimild til að selja 15% af hlut ríkisins í Landsbanka og Búnaðarbanka. Sú heimild var strax nýtt og hlutur ríkisins í bönkunum minnkaði í um 72%. Um 55 þúsund manns skráðu sig fyrir hlut í útboðinu og söluandvirðið nam 5,5 ma.kr. Ríkið hefur því fengið um 20 ma.kr. fyrir sölu bankanna þriggja á árunum 1998 og 1999 og Landsbanki og Búnaðarbankinn 2,7 ma.kr. í hlutafjárútboðum.

Í júlí 2000 keypti Landsbankinn 70% hlut í breskum banka, The Heritable and General Investment Bank. Til að fjármagna kaupin var hlutafé Landsbankans aukið um 5% og komu hlutabréf að hluta til sem greiðsla fyrir hlutabréf í hinum breska banka. Hlutur ríkisins í bankanum minnkaði við hlutafjáraukninguna niður í rúm 68%. Þá hefur hluthafafundur í Búnaðarbankanum heimilað bankaráði að gefa út viðbótarhlutafé í bankanum að fjárhæð 250 milljónir króna að nafnverði til að fjármagna stofnun dótturbanka í Lúxemborg. Verði sú heimild notuð minnkar hlutur ríkisins í Búnaðarbankanum einnig í rúm 68%.

Tuttugu stærstu eigendur Landsbanka og Búnaðarbanka voru sem hér segir í desember 2000:

	Landsbanki Íslands		**Búnaðarbanki Íslands**	
1	Ríki	68,29%	Ríki	72,56%
2	Philadelphia Int. Equities Inc.	4,25%	Kaupþing hf.	7,88%
3	Eignarhaldsfél. Brunabótafél. Ísl.	2,49%	Lífeyrissjóður starfsmanna BÍ	4,11%
4	LB-Holding Ltd.	2,19%	VÍB hf., sjóður 6	1,28%
5	Landsbanki Íslands	1,69%	Lífeyrissjóður sjómanna	0,82%
6	Kaupthing Luxembourg S.A.	1,30%	Búnaðarbanki Íslands hf.	0,64%
7	VÍB hf., sjóður 6	1,25%	Úrvalsbréfadeild	0,64%
8	Kaupþþing hf.	1,07%	Hlutabréfasjóðurinn hf.	0,61%
9	Landssjóður hf., úrvalsbréfadeild	1,04%	Íslenski hlutabréfasjóðurinn hf.	0,19%
10	Kaupþing hf., fjárfest. verðbréf	1,01%	Emanúel Morthens	0,18%
11	Ísl. hlutabréfasjóðurinn	0,99%	Valdemar Olsen	0,14%
12	Lífeyrissjóður sjómanna	0,55%	Sparisjóður vélstjóra	0,14%
13	Samvinnulífeyrissjóðurinn	0,43%	Ingimundur hf.	0,13%
14	Lífeyrissjóður bankamanna	0,36%	Sigurjón Þorvaldur Árnason	0,09%
15	Lífeyrissjóður verslunarmanna	0,33%	Lífeyrissjóður Vestfirðinga	0,08%
16	Lífeyrissjóður verkfræðinga	0,26%	Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	0,06%
17	Skipholt ehf.	0,29%	Verkstjórasamband Íslands	0,06%
18	Lífeyrissjóður Vestfirðinga	0,14%	Íslandsbanki – FBA hf.	0,05%
19	Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	0,12%	Lífeyrissjóðurinn Lífiðn	0,05%
20	Samábyrgð Íslands á fiskiskipum	0,12%	Kaupthing Luxembourg S.A.	0,04%
		88,20%		**89,76%**

Fjöldi hluthafa í Búnaðarbankanum var 28.197 í desember 2000 en í Landsbankanum 15.623.

Síðan bankarnir voru skráðir á VÞÍ í lok árs 1998 hefur verðmæti Landsbankans aukist um 42% og verðmæti Búnaðarbankans um 53% miðað við desemberbyrjun. Úrvalsvísitala VÞÍ hefur hækkað um 18% á sama tímabili.

Á meðfylgjandi mynd er sýnt skráð gengi Landsbankans og Búnaðarbankans frá skráningu á Verðbréfaþingi Íslands (vinstri ás) og Úrvalsvísitala VÞÍ (hægri ás).



Markaðsverðmæti Landsbankans var 23,6 ma.kr. miðað við janúarbyrjun 2001 og Búnaðarbankans 19,7 ma.kr. Heildarverðmæti bankanna var því 43,3 ma.kr. Eignarhlutur ríkisins í bönkunum nam að markaðsvirði 30,0 ma.kr.

4. Áform um sölu Landsbanka og Búnaðarbanka.

Verði frumvarp þetta að lögum er stefnt að því að sala á hlutafé ríkisins í Landsbanka og Búnaðarbanka hefjist árið 2001 og ljúki fyrir lok kjörtímabilsins árið 2003. Gera verður þann fyrirvara að sala á hlutabréfum hlýtur ætíð að taka mið af aðstæðum á hlutabréfamarkaði, öðrum þjóðhagslegum aðstæðum og þeim mögulegu sölutækifærum sem til staðar eru hverju sinni. Því er ekki hægt að ákveða útboð hlutabréfa með löngum fyrirvara.

Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um sölu fyrirtækja í eigu ríkisins verður lögð áhersla á sölu til almennings og tilboðssölu. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu mun gera tillögur til viðskiptaráðherra um fyrirkomulag sölu til almennings og tilboðssölu.

Einnig er gert ráð fyrir að kannaður verði áhugi kjölfestufjárfesta um kaup á stórum hlut í bönkunum. Í því sambandi verði sérstaklega hugað að fjárfestingu erlends fjármálafyrirtækis í bönkunum. Við val á slíkum fjárfesti verði tekið mið af verklagsreglum um einkavæðingu.

Fylgiskjal I.

Skýrsla Seðlabanka Íslands um áhrif á fjármálamarkaði og stöðugleika fjármálakerfisins af áframhaldandi sölu ríkissjóðs á hlutabréfum í viðskiptabönkum.

Í því skyni að undirbúa frumvarp um heimild til að selja hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. óskaði viðskiptaráðherra með bréfi dags. 15. janúar 2001 eftir skýrslu frá Seðlabanka Íslands um tiltekin atriði. Annars vegar var spurt um líkleg áhrif á fjármagnsmarkaði af sölu á bönkum í eigu ríkis og hins vegar var óskað eftir sjónarmiðum um stöðugleika fjármálakerfisins við brotthvarf ríkiseignar í viðskiptabönkum. Í þessari greinargerð er fjallað um hvorn þátt fyrir sig og að lokum eru dregnar saman ályktanir.

I. Sala á eignarhlut ríkisins og áhrif hennar á fjármagnsmarkaði.

1. Er æskilegt að mati Seðlabankans að ríkið selji hlut sinn í bönkunum?

Seðlabanki Íslands er fylgjandi einkavæðingu fjármálastofnana í eigu ríkisins. Rökin fyrir því felast í að einkareknar fjármálastofnanir eru fremur undirseldar aga markaðarins, bæði hvað varðar afkomu og áhættu. Einkareknir bankar ættu því að öðru jöfnu að verða hagkvæmari en bankar í eigu ríkisins. Ríkið losnar auk þess undan ábyrgð á rekstri og skuldbindingum bankanna. Það ætti að leiða til þess að kröfuhafar á bankana verði betur vakandi varðandi fjárhagslega stöðu þeirra og áhættu, þ.e. að fjármálaeftirlit markaðarins verði virkara. Hætta er á að bankar í eigu ríkis hafi tilhneigingu til að veita viðskiptalegum forsendum um arðsemi fjárfestingar sem tengist lánveitingum minna vægi en einkareknir bankar. Það getur síðan orðið ógnun við fjárhagslega stöðu þessara stofnana þegar fram líða stundir. Ríkiseign dregur að vísu úr líkum á beinni bankakreppu en oft er þá komið í veg fyrir kreppu á beinan kostnað skattborgara og/eða með því að takmarka samkeppni og auka vaxtamun og þjónustugjöld. Seðlabankinn telur mikilvægt að skapa bönkum sem áþekkastar rekstraraðstæður. Svo lengi sem hluti bankanna er að meiri hluta í eigu ríkisins búa þeir við ólíkar aðstæður.

2. *Mæla einhver þjóðhagsleg rök með því að ríkið haldi eftir hluta af eign sinni í bönkunum?*

Seðlabankinn telur svo ekki vera, sbr. ofangreint. Sala á hlut ríkisins í viðskiptabönkunum snýst auk þess fyrst og fremst um hagkvæmnis- og samkeppnisrök fremur en þjóðhagsleg áhrif. Hin þjóðhagslegu áhrif eru í öllu falli það óviss að ekki er ástæða til að láta þau ráða því hvort af sölu verður eða ekki. Hins vegar er ástæða til horfa til hugsanlegra þjóðhagslegra áhrifa við útfærslu einkavæðingarinnar, eins og nánar verður vikið að hér á eftir. Hlutverk ríkisins er að skapa lagalega umgjörð um starfsemi fjármálastofnana og að tryggja virkt eftirlit. Eignarhald í fjármálastofnunum getur valdið hagsmunaárekstrum og skert hlutleysi ríkisvaldsins gagnvart fjármálamarkaðinum í heild.

3. *Er heppilegt miðað við núverandi aðstæður í þjóðarbúskapnum að ríkið selji eign í bönkunum og hver yrðu þjóðhagsleg áhrif slíkrar sölu? Skiptir máli í því sambandi hvort kaupendur eru innlendir eða erlendir?*

Eins og fram kemur hér á eftir eru áhrif sölu á eignarhlut ríkisins í bankakerfinu á innlenda eftirspurn óviss og geta brugðið til beggja átta eftir því hvernig að sölunni er staðið. Seðlabankinn varar því sterklega við því að líta á sölu þessara eignarhluta sem lið í eftirspurnarstjórnun. Því er mjög varasamt að nota slíka sölu til að fresta nauðsynlegum hagstjórnaraðgerðum á öðrum sviðum.

Hér varðar mestu hvort líklegt sé að einkavæðing bankanna muni stuðla að minna eða meira ójafnvægi í þjóðarbúskapnum en nú þegar er fyrir hendi. Þar sem þessi áhrif eru óviss er ekki hægt að fullyrða að neitt í núverandi stöðu mæli sérstaklega með eða móti sölu. Þó má e.t.v. segja að í ljósi þess hve efnahagsástandið er viðkvæmt um þessar mundir og áhrifin óljós þurfi að gæta þess sérstaklega vel við útfærslu sölunnar að hún verði ekki til þess að ýta undir ójafnvægi.

Þjóðhagsleg áhrif af fyrirhugaðri sölu hlutafjár í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. á innlenda eftirspurn og fjármálamarkaði eru háð mikilli óvissu. Þau munu þó einkum ráðast af þremur þáttum. Í fyrsta lagi af hegðun fjárfesta varðandi neyslufrestun, heildarsparnað eða fjármögnun kaupanna með eignasölu eða lántöku, þ.m.t. hvort kaupin eru fjármögnuð með erlendu lánsfé. Í öðru lagi af því hvernig ríkissjóður ráðstafar andvirði sölunnar. Samspil þessara þátta mun hafa áhrif á það hvort salan virkar eftirspurnarletjandi eða hvetjandi og hvort áhrif verða á gengi krónunnar til hækkunar eða lækkunar. Ljóst er að áhrifin verða minnst á eftirspurn og innlenda fjármálamarkaði ef hlutaféð er selt innlendum aðilum og þeir minnka eign sína á ríkisskuldabréfum á móti. Kaup erlendra aðila á hlutabréfunum eða fjármögnun innlendra aðila með erlendum lánum mun stuðla að hærra gengi krónunnar en ráðstöfun andvirðis til niðurgreiðslu erlendra lána mun hafa öfug áhrif. Seðlabankinn telur að við ríkjandi aðstæður sé mikilvægt til þess að hamla gegn verðbólgu að gengi krónunnar veikist ekki um of.

i. *Áhrif á innlenda eftirspurn:* Tvenns konar áhrif togast á. Í einhverjum mæli gæti hlutafjársalan leitt til nýs sparnaðar, t.d. með frestun á neyslu, og þannig dregið úr spurn eftir vöru og þjónustu. Eins gætu einhverjir keypt hlutabréfin í stað þess að festa fé í efnislegum eignum og þannig dregið úr eftirspurn eftir þeim. Aftur á móti gæti skammtímagróði spákaupmanna – ef einhver yrði – aukið á eftirspurn eftir vörum, þjónustu og öðrum eignum. Skyndigróði af þessu tagi er þó ólíklegri eftir því sem söluverð bréfanna verður hærra og eftir því sem hlutabréfaverð almennt er hærra í sögulegu samhengi. Skynditap myndi leiða til samdráttar. Ólíklegt virðist þó að áhrif á eftirspurn verði mikil nema ráðstöfun andvirðis og fjármögnun kaupanna valdi verulegri röskun á fjármálamörkuðum. Minnst verða áhrifin ef ríkið annars vegar og kaupendur bréf-

anna hins vegar hafa eignaskipti beint eða eftir krókaleiðum fjármálamarkaðanna, þ.e.a.s. að ríkið taki við ríkisskuldabréfum á markaðsverði sem greiðslu fyrir hluti í bönkunum eða noti andvirðið til að greiða niður ríkisskuldir í sömu hlutföllum og kaupin skiptast á milli innlendra og erlendra aðila.

ii. Áhrif á *vexti* velta líka á ýmsu, þar á meðal hvernig andvirði hinna seldu verðbréfa verður varið. Að svo miklu leyti sem framboð eigna eykst ætti eignaverð að lækka og vextir að hækka. Einföld eignaskipti eins og lýst var í i-lið hefðu hverfandi áhrif í för með sér. Sama á við yrðu kaupin fjármögnuð með erlendum lánum jafnframt því sem ríkið greiddi niður erlendar skuldir eða legði andvirðið inn á reikning í Seðlabankanum til fjárfestingar með gjaldeyrisforða bankans. Taki kaupendur erlend lán eða kaupi erlendir aðilar hlutabréfin og ríkið bregst við með því að greiða niður innlend lán mun það að öðru óbreyttu auka lánsfjárframboð og stuðla að lækkun vaxta. Fjármagni kaupendur hins vegar kaupin með bankainnstæðum sínum eða innlendum lánum og ríkið greiðir niður erlend lán stuðlar sala bréfanna að peningalegum samdrætti og vaxtahækkun.

iii. Áhrif á *gengi* munu einnig ráðast af fjármögnun og ráðstöfun andvirðis seldra bréfa. Eignaskipti yrðu sem fyrr hlutlaus sem og erlend fjármögnun sem mætt yrði með uppgreiðslu erlendra skulda. Erlend fjármögnun og innlend skuldagreiðsla mun leiða til nettókaupa á krónum fyrir erlent fé og gengishækkunar en á móti kæmi meiri lánsfjárvöxtur og aukinn viðskiptahalli er fram í sækir.

iv. Sala á hlutum ríkisins í bönkunum getur haft tímabundin *verðbólguáhrif* sem ráðast af viðbrögðum eins og lýst er hér að framan. Leiði salan til aukinnar eftirspurnar eru líkur á aukinni verðbólgu við núverandi aðstæður, en minni eftirspurn dregur úr verðbólgu. Eignaskiptaleiðin væri viðurhlutaminnst eins og í öðru. Viðbrögð sem leiða til veikingar krónunnar gætu einnig stuðlað að verðbólgu.

v. Aukist hlutfallslegt *framboð hlutabréfa* miðað við skuldabréf leiðir það að öðru óbreyttu til lækkunar á verði hlutabréfa. Eftir því sem almenningur og sjóðir þeirra eru fúsari að taka hlutabréf í staðinn fyrir skuldabréf og bankainnstæður verða þessi áhrif minni.

II. Líkleg áhrif sölu hlutabréfa ríkissjóðs á stöðugleika fjármálakerfisins.

Í þessum kafla er fyrst minnst á nokkur atriði sem varða þróun banka og eignarhald ríkisins. Síðan er gerð grein fyrir vísbendingum sem mikilvægar eru við mat á stöðugleika fjármálakerfisins. Með hliðsjón af þeim vísbendingum er reynt að álykta um þætti sem skipta máli við áframhaldandi sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

1. Þróun bankaþjónustu og ríkiseignar.

Bankaþjónusta breytist hraðstíga. Margir samvirkandi þættir eiga þar hlut að máli, svo sem áhrif nýrrar upplýsingatækni, aukin milliliðalaus viðskipti, alþjóðavæðing, vaxandi samkeppni, sameiningar og tengingar bankaþjónustu við aðra fjármálaþjónustu. Í auknum mæli eru viðskiptabankar komnir inn á víðari völl í starfsemi sinni, svo sem með þátttöku í eignastýringu, einkabankaþjónustu, tryggingum, ráðgjöf og fjárfestingarbankaþjónustu. Grundvallarbreytingar eru að verða í bankaþjónustu sem verða ekki umflúnar þar sem sömu áhrifaþættir eru að baki um heim allan. (Llewellyn, 2000; White, 1998.)

Bankar hafa verið að stækka og eru rökin fyrir þeirri þróun alla jafnan byggð á arðsemissjónarmiðum. Í því samhengi er gjarnan vísað til hagkvæmni stærðar, möguleika á aukinni

þjónustu og nýrra lausna í tækni. Hagkvæmni stærðarinnar er ætlað að skila lækkun kostnaðar sem mótvægi við lækkun tekna vegna aukinnar samkeppni. Með stækkun efnahags er jafnframt talið að frekar sé unnt að veita viðskiptamönnum heildarlausnir í fjármálum og taka að sér stór verkefni, oft í samkeppni við erlenda stórbanka. Á síðustu árum tölvu- og upplýsingabyltingar hefur bæst við sú röksemd að sameining banka sé nauðsynleg vegna þess að þróun nýrra tæknilausna í fjármálaþjónustu sé fjármagnsfrek og nýtist best ef viðskiptamannahópurinn er stór.

Ýmsar aðrar ástæður geta einnig verið fyrir sameiningum, svo sem þegar verið er að leysa rekstrarerfiðleika einstakra banka eða byggja upp öflugan innlendan banka sem getur keppt við erlenda stórbanka (e. national champion).

Sameiningum meðal stærstu fjármálafyrirtækja fer fjölgandi. Meira en helmingur þrjátíu stærstu banka evrusvæðisins hefur gengið í gegnum sameiningar nýlega og meðalstærð fimm stærstu bankanna hefur tvöfaldast frá 1995. Stækkun banka er sérstaklega áberandi í minni evrulöndunum en þar eru nú fáir bankar ráðandi. Þegar samræmdar tölur í árslok 1998 eru skoðaðar kemur fram að í Belgíu, Finnlandi, Hollandi, Írlandi og Spáni hafa tvær stærstu bankasamsteypurnar meira en helming eigna banka (tafla 1). Ísland er mun minni markaður þar sem eðlilega eru færri fjármálafyrirtæki. Engu að síður eru tölurnar fyrir Ísland svipaðar og í þessum löndum.

Einkarekstur banka er meginreglan. Sögulegar skýringar eru jafnan að baki eignar ríkisins og sveitarfélaga á bönkum og sparisjóðum. Skortur á einkafjármagni til slíks rekstrar getur valdið því að bankar eru stofnaðir á samfélagslegum grunni eins og upphaf Landsbanka Íslands er dæmi um. Einnig getur yfirtaka ríkisins í fjármálakreppu verið ástæðan eins og á við um stofnun Útvegsbanka Íslands á grunni Íslandsbanka hins eldra. Sparisjóðirnir eru dæmi um annað eignarhald en einkarekstur.

Í flestum löndum Evrópu er löng saga ríkisrekinna banka en nú er helst um slíkt að ræða í Þýskalandi og Austurríki. Svonefndir Landesbanken og Sparkassen eru með meir en þriðjung eigna banka í Þýskalandi og um sjöunda hluta eigna í Austurríki. Breytingar hafa verið hægar í Þýskalandi en fyrir þrýsting ESB er líklegt að fyrrnefndir Landesbanken verði innan tíðar að borga markaðsvexti fyrir lánsfé sitt frá viðkomandi sveitarfélögum (þ. Länder). Þar með munu forréttindi þeirra minnka, lánshæfismat lækka og markaðshlutdeild í útlánum einnig.

Umfangsmiklar einkavæðingar hafa verið á Ítalíu og Frakklandi á liðnum árum. Sem dæmi má nefna að árið 1993 voru bankar sem ríkið átti hlut í með 72% eigna ítalskra banka en árið 1999 var þetta hlutfall orðið 16%. Það ár nam hlutur ríkissjóðs af eigin fé bankanna innan við 1%. (Kodres, Belaische, Ubide, 2000.)

Annars staðar á Norðurlöndunum heyrði ríkisrekstur banka til undantekninga þar til fjármálakreppa dundi yfir fyrir um áratug. Fyrstu merkin voru 1988 í Noregi þegar ábyrgðarsjóðir viðskiptabanka og sparisjóða þurftu að aðstoða nokkra banka og sparisjóði og hjálpa þeim til að sameinast sterkari bönkum. Þegar þessir ábyrgðarsjóðir voru að tæmast í árslok 1990 var stofnaður sérstakur ábyrgðarsjóður ríkisins sem veitti fé til fyrrnefndu sjóðanna og lagði fram hlutafé í viðskiptabanka og sparisjóði. Þegar eiginfjárhlutföll þriggja stærstu bankanna fóru undir lögbundin lágmörk og séð varð að ekki myndi takast að afla nýs hlutafjár á mörkuðum gripu stjórnvöld inn í og voru í árslok 1991 orðin meirihlutaeigendur í þeim öllum, Den norske Bank, Christiania og Focus. Fyrst seldi ríkissjóður Focus til Den Danske og á liðnu hausti Christiania til Nordea. Ríkið er enn meirihlutaeigandi í Den norske Bank en stefnt er að sölu hlutabréfa á þessu ári til að koma eigninni niður í 33%.

Í Svíþjóð var Nordbanken fyrstur til að lenda í vanda síðla árs 1991. Hann var þá þriðji

stærsti bankinn og í meirihlutaeigu ríkisins. Ríkissjóður lagði inn aukið hlutafé og skipti um stjórnendur. Um mitt ár 1992 var orðið ljóst að vandinn var almennur og koma yrði í veg fyrir uppsögn erlendra lánalína og hrun bankakerfisins. Um haustið lýsti ríkisstjórnin því yfir með stuðningi þingsins að hún myndi ábyrgjast að staðið yrði við allar skuldbindingar bankanna. Aðeins hlutafé var undanskilið. Allir bankarnir nutu góðs af ábyrgðaryfirlýsingunni en nánast öll bein fjárhagsaðstoð fór í að bjarga ríkisbankanum Nordbanken, yfirtaka Gota Banken og síðan sameina þá tvo. Ríkissjóður hóf einkavæðingu bankans 1995 og hefur nú selt hann allan.

Í Finnlandi hófust björgunaraðgerðir stjórnvalda síðla árs 1991 með aðstoð við sparisjóðabankann Skopbank. Fasteignir og eignarhlutir í fyrirtækjum voru færðar yfir í sérstaka sjóði. Stofnaður var ábyrgðarsjóður ríkisins í apríl 1992 og í febrúar 1993 var sjóðurinn endurskipulagður og þingið samþykkti að stjórnvöld myndu ábyrgjast greiðslur finnskra banka. Áður höfðu stjórnvöld lofað víkjandi lánum til innlánsstofnana í hlutfalli við áhættuvegnar eignir þeirra en lánunum var breytt í hlutafé ef vextir voru ekki greiddir í þrjú ár eða eiginfjárhlutfallið fór niður fyrir lögbundið lágmark. Allir bankar og sparisjóðir nýttu sér þetta boð. Um þetta leyti var tekið á vandamálum fjölmargra sparisjóða. Helmingur allra sparisjóða var sameinaður í einn sparisjóðabanka sem var gerður að hlutafélagi og ábyrgðarsjóðurinn yfirtók. Hálfu ári síðar var þessi sparisjóðabanki bútaður í fernt og seldur fjórum helstu bankasamsteypum landsins. Að lokum var tekið á vandamálum STS-bankans með því að sameina hann við KOP í apríl 1993.

Áður en yfir lauk jafngilti fjárhagsaðstoð til banka 2,6% af VLF í Noregi, 5,2% í Svíþjóð og 10% í Finnlandi en á móti hafa komið innheimtar skuldir og sölutekjur eigna. Bankar í Noregi skiluðu aftur hagnaði 1993 og í Svíþjóð 1994 en í Finnlandi hélt taprekstrinn áfram allt til 1996. Þess ber að geta að efnahagssamdrátturinn var mestur í Finnlandi. (Drees og Pazarbasioglu, 1998.)

Danmörk slapp við fjármálakreppu á þessum árum m.a. vegna lengri reynslu af óheftri samkeppni og strangri afstöðu stjórnvalda um að aðstoða ekki banka sem komast í vanda. Bankar á Íslandi sluppu einnig við þessar hremmingar þrátt fyrir að hafa þurft að afskrifa verulegar upphæðir af töpuðum útlánum og verið reknir með tapi árin 1992 og 1993. Margar samvirkandi skýringar eru á því hvers vegna ekki varð fjármála- og gjaldeyriskreppa á Íslandi eins og í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Má í því sambandi nefna að fjármagnsflutningar milli landa voru ekki frjálsir á Íslandi og útlendingar áttu ekki íslensk verðbréf til að selja, fasteignaverð sveiflaðist ekki með sambærilegum hætti og veðsetningar íslenskra banka námu ekki eins háu hlutfalli af fasteignaverði eins og var í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Eiginfjárhlutföll íslenskra banka voru há áður en samdráttarskeiðið hófst og bankarnir voru með eignir og skuldir á breytilegum vöxtum. Samt urðu stjórnvöld að grípa til aðgerða í árslok 1992 og á fyrri hluta árs 1993 vegna Landsbankans en um var að ræða 4,2 milljarða kr. styrkingu á eigin fé bankans í formi eiginfjárframlags og víkjandi lána. (Ragnar Hafliðason, 1993; Tryggvi Björn Davíðsson, 1999; Tryggvi Börn Davíðsson og Már Guðmundsson, 2000.)

Eins og fram kemur af ofangreindu á ríkiseign í bönkum sér sögulegar skýringar og er fremur vísbending um núverandi eða fyrrverandi vandamál í bankarekstri en æskilega skipan mála.

2. Hvað er fjármálakreppa?

Fjármálakreppur eru truflun eða skyndileg breyting á starfsemi fjármálastofnana eða markaða sem hefur neikvæð áhrif á efnahagsþróun. Erfiðleikar í einni fjármálastofnun eða mikil verðbreyting á einum markaði sem ekki hefur víðtæk áhrif á fjármálakerfið í heild eða

á efnahagsstarfsemina telst því ekki fjármálakreppa. Afdrifaríkustu fjármálakreppur eru bankakreppur og gjaldeyriskreppur.

Hægt er að skilgreina þessi áföll með mismunandi hætti. Ein skilgreiningin er sú að um bankakreppu sé að ræða ef a.m.k. ein eftirfarandi staðreynd á við (Demirguc-Kunt og Detragiache, 1998):

1. Hlutfall varúðarfærðra eigna af heildareignum banka er umfram 10%.
2. Björgunaraðgerðir kosta meira en 2% af landsframleiðslu.
3. Vandamál fjármálakerfisins leiða til þess að verulegur hluti bankanna er þjóðnýttur.
4. Umfangsmikil áhlaup á banka, þ.e. innlausnafár, eða gripið er til neyðaraðgerða, svo sem innlánsfrystingar eða ábyrgðaryfirlýsinga til að bregðast við vandanum.

Í ljósi þess hve fjármálakreppur geta verið skaðlegar hefur verið leitast við að koma í veg fyrir óvænt áföll og styrkja fjármálakerfið til að mæta þeim. Í því skyni hefur aukin áhersla verði lögð á fjármálaeftirlit, viðbúnaðaráætlanir og tæki til að leysa fjárhagsvanda lánastofnana jafnframt því að fylgst er reglulega með vísbendingum sem geta gefið til kynna hvort stöðugleika sé ógnað.

3. Hvernig má fylgjast með stöðugleika fjármálakerfisins? Hvaða þjóðhags- og rekstrarvísbendingar má hafa til marks um áhrifin af áframhaldandi sölu hlutabréfa?

Þegar stöðugleiki fjármálakerfisins er metinn er litið til margra þátta. Í nýlegri skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er samantekt á þjóðhags- og rekstrarvísbendingum (e. macroprudential indicators) sem metnir eru til að fá mynd af styrkleikum og veikleikum fjármálakerfisins. Í töflu 2 er að finna þýðingar á tilgreindum vísbendingum.

Hvort áframhaldandi sala á hlutabréfum ríkissjóðs í Landsbankanum og Búnaðarbankanum muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á stöðugleika fjármálakerfisins verður helst ráðið með því að líta á slíkar þjóðhags- og rekstrarvísbendingar.

Þjóðhagsvísbendingarnar ná til hefðbundinna efnahagslegra þátta, svo sem hagvaxtar, greiðslujafnaðar, verðbólgu, vaxta, gengis og útlána- og eignaverðsþenslu. Einnig er skoðað hversu hagkerfið er viðkvæmt fyrir utanaðkomandi vanda. Í fyrri kafla þessarar greinargerðar er vikið að þjóðhagslegum áhrifum sölu hlutabréfa ríkissjóðs á fjármálamarkaði. Við skoðun á þjóðhagsvísbendingum varðandi stöðugleika er rétt að ræða einn þátt í viðbót sem er möguleikinn á útlánaþenslu.

Ef litið er langt aftur í söguna má færa að því rök að ríkisrekinn banki væri líklegri til að sniðganga viðskiptaleg sjónarmið og lána umfram getu og til óarðbærra verkefna. Þá er m.a. haft í huga að banki með sjálfvirka ríkisábyrgð á auðveldara með fjármögnun innan lands og erlendis. Eftir að bankarnir voru gerðir að hlutafélögum í upphafi árs 1998 og ríkisábyrgð á skuldbindingum þeirra þar með endanlega afnumin verður ekki séð að röksemdir sem þessar eigi við.

Að vísu má benda á afleiðingar af sölu nýrra hlutabréfa í Landsbankanum í september 1998 og í Búnaðarbankanum í desember sama ár. Þá var hlutafé bankanna aukið um 15%. Í ljósi reynslunnar er óumdeilanlegt að eiginfjáraukningin í Landsbanka og þó enn frekar í Búnaðarbanka, sem var með hærra eiginfjárhlutfall fyrir, hafi í kjölfarið leitt til hraðari aukningar útlána hjá þessum bönkum en ella hefði orðið. Sú útlánaaukning kynti undir þenslu í þjóðarbúskapnum og ógnaði stöðugleika. Hið aukna eigið fé fékkst með sölu til almennings og fagfjárfesta en atburðarásin hefði orðið sú sama ef ríkið hefði lagt til þetta nýja eigin fé. Orsökin lá því ekki í einkavæðingunni heldur í þeirri leið sem valin var, þ.e. að auka eigið fé í stað þess að selja af þeim hlut sem ríkið átti fyrir. Með nokkurri vissu er hægt að fullyrða að hætta á útlánaþenslu muni ekki aukast við að ríkið selji nú af hlut sínum.

Rekstrarvísbendingarnar eru að mestu leyti tilgreindar út frá svonefndu CAMELS-líkani sem víða er notað til að meta lánshæfi fyrirtækja. Það líkan tekur til eigin fjár (Capital), eignagæða (Assets), stjórnunar (Management), arðsemi (Earnings), lausafjárstöðu (Liquidity) og markaðsáhættu (Sensitivity to market risk). Við þessa þætti er bætt vísbendingum sem lúta að áhættuskilaboðum frá fjármálamörkuðum.

Í Peningamálum 2000/1 birti Seðlabankinn yfirlitsgrein um fjármálakerfið; styrk þess og veikleika. Farið var yfir fræðilegan grunn athugana á fjármálastöðugleika og lýst ásetningi Seðlabankans um frekari vinnu á þessu sviði. Fjallað var síðan um stöðu íslenska fjármálakerfisins í ljósi þjóðhags- og rekstrarupplýsinga. Í Peningamálum 2000/2 voru greinar um afkomu og efnahag banka og atvinnufyrirtækja og í Peningamálum 2000/4 var fjallað sérstaklega um þróunina innan ársins varðandi stöðugleika fjármálakerfisins.

Þegar þessi skrif eru borin saman við þjóðhags- og rekstrarvísbendingar í töflu 2 úr fyrrnefndri skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins má sjá að þörf er á að velja gagnlegustu vísbendingarnar um fjármálastöðugleika miðað við aðstæður og upplýsingar á hverjum markaði. Samt veitir sá rammi sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gefur mikilvæg viðmið við mat á meginþáttum stöðugleika fjármálakerfisins.

Við greiningu á rekstrarvísbendingum út frá stöðu fjármálakerfisins fyrir og eftir áframhaldandi sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Landsbankanum og Búnaðarbankanum er helst að líta til eftirfarandi þátta:

i. Eigið fé:

Eigið fé myndar kjölfestu í rekstri banka. Hver banki tekur sjálfstæða ákvörðun um markmið sitt um stöðu eigin fjár en löggjafinn hefur í 54. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði sett lágmark í samræmi við alþjóðlega staðla (e. capital adequacy ratio, CAR). Samkvæmt lögunum má hlutfallið í heild ekki vera lægra en 8%. Vegna stöðugleika stofnananna sjálfra og kerfisins í heild er æskilegt að hlutfallinu sé haldið mun ofar, sbr. yfirlýsingar Fjármálaeftirlitsins um að stærstu lánastofnanir hér á landi skuli stefna að 10% lágmarki en margar lánastofnanir þurfi að setja sér hærri markmið í samræmi við áhættu.

Rýrnandi eiginfjárstaða er áhyggjuefni í rekstri íslenskra banka og sparisjóða. Í árslok 1995 var eiginfjárhlutfallið í heild eins og það er skilgreint í lögum 12,7% en í lok júní 2000 var hlutfallið komið í 9,4%. Í lok júní sl. var eiginfjárhlutfall Landsbankans 8,7% og Búnaðarbankans 9,8%. Án víkjandi lána var hlutfallið lækkað úr 11,7% í 6,6% fyrir viðskiptabanka og stærstu sparisjóði á sama tímabili. Hlutfallið þannig reiknað var fyrir Landsbankann 5,7% og fyrir Búnaðarbankann 6,5% í lok júní sl.

Ef ríkisábyrgð væri enn á skuldbindingum Landsbankans og Búnaðarbankans væru líkur til þess að þeir kæmust af með lægra eiginfjárhlutfall en einkabankar án þess að lánardrottnar létu það bitna á bönkunum með lakari kjörum eða takmarkaðra aðgengi að fjármagni. Eftir að ábyrgð ríkisins var afnumin eiga slíkar hugleiðingar ekki lengur við. Bankarnir verða að standa á eigin fótum og halda viðunandi eiginfjárhlutfalli til að halda trausti á markaðnum hvort sem ríkið selur áfram af hlut sínum eða ekki.

ii. Eignagæði:

Þegar eignagæði eru könnuð er fyrst og fremst litið til útlánasamsetningar. Athuguð er t.d. flokkun lána samkvæmt lántakendum, lán til tengdra aðila, skipting lána eftir gjaldmiðlum og vanskil og varúðarfærslur.

Í töflu 3 er sýnd flokkun útlána og markaðsskuldabréfa hjá Landsbanka og Búnaðarbanka í lok liðins árs. Áberandi er hve hlutfall lána til sjávarútvegs, landbúnaðar og þjónustufyrir-

tækja er mismunandi milli bankanna tveggja. Af útlánum og markaðsskuldabréfum Landsbankans eru 25% til sjávarútvegs en 15% hjá Búnaðarbankanum. Hlutur landbúnaðar er 1% í Landsbankanum en 6% í Búnaðarbankanum og hlutur þjónustustarfsemi er rúm 6% hjá Landsbankanum en tæp 17% hjá Búnaðarbankanum. Að öðru leyti er útlánadreifing bankanna keimlík.

Þó ævinlega sé munur milli einstakra lánastofnana hvað varðar ofangreinda þætti þá er ekkert sem bendir til þess að gæði eigna muni rýrna við það eitt að ríkissjóður dragi úr eignarhaldi sínu og áhrifavaldi í bankaráði.

iii. Stjórnun:

Með sama hætti og við eignagæði er ekkert sem bendir til þess að stjórnun verði lakari við það eitt að ríkissjóður dragi úr eignarhaldi sínu og áhrifavaldi í bankaráði. Fremur má búast við því að skilaboð bankaráðs til bankastjóra og annarra starfsmanna bankans verði eindregnari í þá veru að hagur hluthafa skipti mestu máli.

iv. Hagnaður og arðsemi:

Margvíslegar athuganir hafa verið gerðar á stærðarhagkvæmni í bankarekstri. Fyrir þá stærð banka sem hér um ræðir eru meiri líkur en ekki á að stærri rekstrareining eigi að geta skilað meiri hagnaði og arðsemi. Slík niðurstaða myndi styrkja stöðugleika fjármálakerfisins. Samt verður ekki fullyrt að sú verði raunin heldur ályktað að árangurinn muni ráðast mest af markmiðssetningu og framkvæmd stefnunnar í hvorum banka fyrir sig.

Kostnaðarhlutfallið, þ.e. rekstrargjöld sem hlutfall af hreinum rekstrartekjum, er skýrt viðmið um hagkvæmni í rekstri. Fyrir fjármálastofnun er mikilvægt að halda kostnaði niðri miðað við tekjur þannig að samkeppnisstaða fyrirtækisins sé viðunandi í samanburði við keppinauta. Sérstaklega skiptir þetta máli í þeim greinum fjármálaþjónustu þar sem verðteygni er mikil, svo sem í hefðbundinni bankaþjónustu. Með sama hætti má segja að innlendar fjármálastofnanir í heild þurfi að gæta að samkeppnishæfni sinni gagnvart erlendum keppinautum.

Kostnaðarhlutfall viðskiptabanka og stærstu sparisjóða hefur lítið breyst síðustu 5 ár að undanteknu árinu 1999 eins og fram kemur af töflu 4. Hlutfallið var 67,1% á fyrri hluta liðins árs en 68,4% á sama tímabili árið 1996. Lækkun kostnaðarhlutfallsins 1999 virðist því miður hafa verið tímabundin og skýrist fremur af aukningu annarra tekna en kostnaðaraðhaldi.

Þegar litið er bak við meðaltölin og skoðuð staða og þróun einstakra banka og sparisjóða kemur í ljós að kostnaðarhlutfallið hefur lækkað umtalsvert hjá Íslandsbanka – FBA en hækkað hjá hinum viðskiptabönkunum og stærstu sparisjóðunum. Á fyrri hluta liðins árs var hlutfallið 55% hjá Íslandsbanka – FBA, 73,1% hjá Landsbankanum, 76,5% hjá Búnaðarbankanum og 74,3% hjá stærstu sparisjóðunum. Til þess að verða ekki undir í samkeppninni verða þeir bankar og sparisjóðir sem lakar standa í þessum kostnaðarsamanburði að taka sig á til að auka hagræði í rekstri.

Ein leið til þess er að stefna að sameiningum til að ná hagkvæmni stærðar. Ef sú leið gefst ekki vegna afstöðu samkeppnisyfirvalda eða annarra þátta verða viðkomandi bankar og sparisjóðir að ganga harðar fram í lækkun kostnaðar, t.d. með því að kaupa eða selja útibú til að sameina þau síðan eða leggja niður. Þetta hafa allir viðskiptabankarnir gert á liðnum áratug og er nýlegasta dæmið sala Landsbankans á þremur útibúum sínum á sunnanverðum Vestfjörðum til sparisjóðs sem síðan sameinaðist öðrum sparisjóðum. Þetta virðist vera hægt að gera hvort sem ríkið á hlut í viðkomandi banka eða ekki.

v. Lausafjárstaða:

Lausafjárvandi lánastofnunar er einn skýrasti fyrirboði hættu á greiðsluþroti. Ef ekki er gripið til aðgerða getur greiðsluþrot einnar lánastofnunar haft keðjuverkandi áhrif á aðra aðila og ógnað fjármálastöðugleika. Lausafjárstaða Landsbankans og Búnaðarbankans uppfyllir reglur um lausafjárhlutfall bindiskyldra lánastofnana sem Seðlabankinn setur og tóku gildi 31. desember 1999. Fullyrða má að eignarhald ríkissjóðs hafi engin áhrif á lausafjárstjórnun þessara banka.

vi. Markaðsáhætta:

Markaðsáhætta íslenskra lánastofnana hefur verið að aukast á síðustu árum samhliða vexti innlendra markaða fyrir hlutabréf, skuldaskjöl og gjaldeyri. Samtímis því hafa aukist viðskipti með erlend markaðsverðbréf og margháttaðar afleiður. Í lok liðins árs voru markaðsskuldabréf og hlutabréf 15% af heildareignum Landsbankans, 16% hjá Búnaðarbankanum og 15% hjá Íslandsbanka – FBA, með öðrum orðum nánast sama hlutfall.

Hátt hlutfall verðbréfa í eignum og afleiðusamninga utan efnahags er til marks um áhættusækni en miklu máli skiptir hvort viðkomandi banki hafi upplýsingakerfi sem sýni og meti áhættuna og hvort stjórnun þeirrar áhættu sé fagleg. Hlutfall verðbréfa í eignum og afleiðusamninga utan efnahags hefur verið svipað hjá viðskiptabönkunum þremur en ekki verður hér fjölyrt um áhættustjórnun þeirra. Allir bankarnir hafa tekið virkan þátt í samkeppni um viðskipti á þessum sviðum og virðist einu skipta hvert eignarhald er á bönkunum. Af starfsemi þeirra á markaðnum má ályktа að eignarhald ríkissjóðs hafi engin áhrif á markaðsáhættu banka.

vii. Markaðsvísbendingar:

Aðgengi að fjármagni, lánskjör og lánshæfismat gefa mikilvægar vísbendingar um hversu mikið traust markaðurinn hefur á lánastofnunum. Á innlendum markaði verður ekki annað séð en að Landsbankinn og Búnaðarbankinn njóti í litlu eignarhalds ríkisins. Kjör innlána, útgefinna skuldaviðurkenninga og millibankafjármögnunar þeirra hafa verið hin sömu og hjá einkabönkum og sparisjóðum.

Á erlendum mörkuðum er nokkur munur á kjörum milli þessara fjármálastofnana en það virðist fremur ráðast af öðrum þáttum en eignarhaldi ríkissjóðs enda tekur ríkið ekki lengur ábyrgð á skuldbindingum bankanna. Kjörin eru mismunandi eftir því hvort um er að ræða hefðbundin bankalán, sambankalán eða skuldabréfaútgáfur og eins skiptir tímalengd lána miklu. Þegar sambærilegar lántökur eru skoðaðar kemur í ljós að bæði Landsbankinn og Búnaðarbankinn njóta betri kjara en smærri lántakendur en lakari kjara en Íslandsbanki – FBA. Stærð bankanna skiptir hér máli en ekki síður lánshæfismat þeirra.

Með lánshæfismati alþjóðlegra lánshæfisfyrirtækja á skuldbindingum fjármálastofnana fæst mikilvægt álit á stöðu þeirra. Þó að niðurstöður þessara fyrirtækja séu ekki hafnar yfir gagnrýni er það staðreynd að fjárfestar og fjármálastofnanir um heim allan nýta sér einkunnagjöf lánshæfisfyrirtækjanna þegar ákvarðanir eru teknar um útlán og verðbréfakaup. Einkunnagjöfin ræður miklu um lántökumöguleika og kostnað fjármálastofnana við fjármögnun sína, sérstaklega við útgáfur á alþjóðlegum skuldabréfamarkaði. Moody's Investors Service hefur metið íslensku viðskiptabankana með tilliti til greiðsluhæfni þeirra (e. bank deposit rating) og fjárhagslegrar stöðu (e. financial strength rating). Skýringar á meginflokkum einkunna Moody's ásamt einkunnum viðskiptabankanna er að finna í töflu 5.

Í byrjun júní 2000 hækkaði Moody's mat sitt á Íslandsbanka – FBA en í apríl það ár hafði fyrirtækið tekið matið til endurskoðunar eftir að sameining bankanna hafði verið boðuð. Í

lánshæfismati má skipta íslenskum fjármálafyrirtækjum í þrjú þrep. Eftir sameininguna er Íslandsbanki – FBA með A2 í einkunn fyrir langtímaskuldbindingar, P-1 fyrir skammtímaskuldbindingar og C fyrir eigin fjárhagslegan styrk. Þrepi neðar eru Landsbankinn með A3, P-2 og D+ og Búnaðarbankinn með A3, P-2 og D. Önnur fjármálafyrirtæki eru ekki með lánshæfismat. Til samanburðar má nefna að ríkissjóður er með Aa3 fyrir langtímaskuldbindingar og P-1 fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendri mynt.

Eins og sjá má er Íslandsbanki – FBA settur skör ofar en Landsbankinn og Búnaðarbankinn í öllum einkunnaflokkum Moody's, þ.e. einu máli skiptir hvort litið er á áhættuna með eða án utanaðkomandi aðstoðar. Í samanburði þessara þriggja banka virðist því ekki lagt mikið upp úr eignarhaldi ríkissjóðs sem mælikvarða á greiðsluhæfni og fjárhagslega stöðu.

4. Veldur ríkiseignin freistnivanda sem ógnar stöðugleika?

Auk ofangreinds yfirlits um þjóðhags- og rekstrarvísbendingar um fjármálastöðugleika er nauðsynlegt að hyggja að mögulegum hliðaráhrifum af eign ríkisins í viðskiptabönkunum. Þekkt er sú skynjun lánardrottna að stjórnvöld komi fremur stórum en litlum fjármálastofnunum til hjálpar þegar þær eiga í vanda (e. too big to fail). Sú tilgáta er skiljanleg í ljósi þess að þrot stórs banka hefur frekar kerfisáhættu í för með sér og gæti jafnframt orðið ímyndaráfall fyrir viðkomandi land. Vandamálið er sá freistnivandi eða siðferðiskreppa (e. moral hazard) sem skapast ef stjórnendur viðkomandi banka og lánardrottnar hans taka meiri áhættu en ella í trausti þess að opinberir aðilar hlaupi undir bagga ef illa fer. Þegar bankar stækka getur verðmæti þeirra aukist við það eitt að talið sé að þeir séu líklegri en aðrir til að njóta aðstoðar opinberra aðila ef hætta er á gjaldþroti (Saunders og Wilson, 1999). Þess má sjá merki í lægra lánshæfismati banka þegar þeir eru einvörðungu metnir út frá eigin fjárhagsstyrk án tillits til mögulegrar opinberrar aðstoðar.

Landsbankinn og Búnaðarbankinn eru báðir í meirihlutaeigu ríkisins. Eignarhaldið ætti að skipa bönkunum sjálfkrafa í sterkari stöðu hvað varðar lánstraust í skjóli þess að líklegra er að þeim verði komið til bjargar af opinberri hálfu ef hætta skapaðist á greiðsluerfiðleikum eða gjaldþroti. Þetta virðist ekki eiga við ef lánshæfismat Moody's er lagt til grundvallar. Samt eru líkur til þess að ef til fjármálakreppu kæmi myndu innlendir sem erlendir sparifjáreigendur og lánardrottnar gera ráð fyrir að stjórnvöld myndu frekar hlaupa undir bagga með bönkum í meirihlutaeign ríkissjóðs en öðrum. Einkavæðing gæti dregið úr þessum svonefnda freistnivanda og jafnað starfsskilyrði milli bankanna að þessu leyti.

Samantekt.

Áhrif á fjármálamarkaði af sölu ríkisins á hlutum sínum í Landsbankanum og Búnaðarbankanum eru í sjálfu sér óviss. Mestu skiptir hvernig tekjum ríkissjóðs af sölu hlutabréfa í bönkunum verður varið. Ef fjárfesting hins opinbera á komandi ári eykst vegna sölunnar, mun það auka eftirspurn og verðbólgu. Því er brýnt að koma í veg fyrir að tekjur af sölunni leiði til aukinna ríkisútgjalda. Nauðsynlegt er að taka tillit til fjármögnunar kaupenda þegar andvirði sölunnar er ráðstafað. Ríkisstjórnin ætti því að forðast að binda hendur sínar í þeim efnum heldur taka ákvörðun um niðurgreiðslu ríkisskulda eða hækkun innstæðna ríkissjóðs í Seðlabankanum í ljósi niðurstöðunnar. Hvað áhrærir kaup erlendra fjármálastofnana á hlutum í hinum einkavæddu bönkum er ljóst að innkoma erlends fjármagns mun stuðla að því að ríkið fái hámarksverð fyrir eign sína. Seðlabankinn telur auk þess að ýmsu leyti æskilegt að erlendir bankar eignist hluti í íslenskum bönkum. Slík eignaraðild er líkleg til þess að styrkja innlenda banka og þar með stöðugleika bankakerfisins, efla viðskiptasambönd og færa íslenskum fjármálamarkaði mikilvæga sérþekkingu. Nauðsynlegt er hins vegar að ráð-

stöfun tekna af sölunni miði að því að draga úr áhrifum sem fjármagnsinnstreymi vegna hennar kynni að hafa á innlenda eftirspurn.

Varðandi fjármálastöðugleika var litið til helstu þjóðhags- og rekstrarvísbendinga. Sérstaklega var fjallað um eiginfjárstöðu, eignagæði, stjórnun, arðsemi, lausafjárstöðu, markaðsáhættu og markaðsvísbendingar. Niðurstaðan af þeim hugleiðingum var að stöðugleiki fjármálakerfisins breytist ekki til hins verra við áframhaldandi sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Eignarhald í fjármálastofnunum getur valdið hagsmunaárekstrum og skert hlutleysi ríkisvaldsins gagnvart fjármálamarkaðinum í heild. Ef ríkissjóður selur hlutabréf sín í bönkunum myndi svonefndur freistnivandi af eign ríkisins hverfa og þá myndu íslensku bankarnir búa við sömu aðstæður hvað eignarhald varðar og þar með væru samkeppnisskilyrði þeirra orðin eins.

Heimildir:

IMF, A. Belaisch, L. Kodres, J. Levy og A. Ubide (2000), Euro-Area Banking at the Crossroads, 2. Oct. 2000.

IMF, Burkhard Drees og Ceyla Pazarbasioglu (1998), The Nordic Banking Crisis, apríl 1998.

IMF, Demirguc-Kunt, A og E. Detragiache (1998), The Determinants of Banking Crisis in Developing and Developed Countries, Staff Paper 45, mars 1998.

IMF, O. Evans, A. M. Leone, M. Gill og P. Hilbers (2000), Macroprudential Indicators of Financial System Soundness, Occational Paper 192, apríl 2000.

Llewellyn, D.T. (2000), The New Economics of Banking: Strategic Implications, Paper presented at SUERF Colloquium, Vínarborg, 28. apríl 2000.

Ragnar Hafliðason (1993), Bankakreppan í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi – samanburður við þróun mála á Íslandi, Fjármálatíðindi, 1.

Saunders, A. og B. Wilson (1999), The Impact of Consolidation and Safety-Net Support on Canadian, U.S. and U.K. Banks, Journal of Banking and Finance, No. 23.

Tryggvi Björn Davíðsson (1999), Rannsókn á rótum fjármálalegs óstöðugleika á Íslandi, ritgerð í Seðlabanka, september.

Tryggvi Björn Davíðsson og Már Guðmundsson (2000), Iceland's Experience of Financial Stability in Recent Decades, grein í Macroeconomic Policy: Iceland in an Era of Global Integration, University of Iceland Press.

White, William (1998), The Coming Transformation of Continental European Banking, BIS Working Papers, No. 54, júní 1998.

Tafla 1. Samþjöppunarhlutföll 1998.
(Hlutdeild fimm og tveggja stærstu bankanna sem hundraðshluti af heild.)

	Eignir	Lán	Innlán
Austurríki			
S5	51,5	65,3	50,5
S2	35,6	46,9	37,2
Belgía			
S5	89,7	98,1	68,0
S2	52,0	58,1	26,3
Finnland			
S5	90,5	88,6	42,9
S2	66,5	60,6	13,5
Frakkland			
S5	57,2	71,3	88,2
S2	31,6	40,3	43,9
Holland			
S5	63,3	64,3	92,5
S2	51,1	46,1	69,5
Írland			
S5	69,3	52,3	70,4
S2	51,4	41,2	53,9
Ísland			
S5	86,0	86,0	81,9
S2	55,7	58,2	55,6
Ítalía			
S5	41,3	72,3	56,7
S2	23,6	38,4	31,1
Lúxemborg			
S5	26,4	35,7	32,8
S2	11,1	9,9	15,7
Portúgal			
S5	78,6	85,7	93,4
S2	47,5	54,3	66,3
Spánn			
S5	69,5	46,6	66,2
S2	53,8	34,8	48,8
Þýskaland			
S5	40,5	42,3	44,9
S2	20,4	22,6	25,2

S5: Stærstu 5.

S2: Stærstu 2.

Að mestu byggt á skýrslum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Tafla 2. Samantekt um þjóðhags- og rekstrarvísbendingar.
(Macroprudential Indicators.)[1]

Rekstrarvísbendingar (Microprudential Indicators)	**Þjóðhagsvísbendingar** (Macroeconomic Indicators)
Eigið fé Eiginfjárhlutföll Tíðnidreifing eiginfjárhlutfalla	Hagvöxtur Hagvöxtur Samdráttur í atvinnugreinum
Eignagæði Lánastofnanir Útlánadreifing á greinar Gengisbundin lán Vaxtafryst lán og varúðarfærslur Lán til opinberra aðila í taprekstri Áhættudreifing eigna Lán til tengdra aðila Útlánahlutföll af eigin fé	Greiðslujöfnuður Viðskiptajöfnuður Gjaldeyrisforðinn Skuldir við útlönd og endurgreiðsluferli Viðskiptakjör Fjármagnshreyfingar
Lántakendur Skuldir sem hlutfall af eigin fé Arðsemi fyrirtækja Aðrar kennitölur, s.s. vaxtaþol Skuldir heimila	Verðbólga Verðbólgusveiflur
Stjórnun Kostnaðarhlutföll Tekjur á starfsmann Fjölgun fjármálafyrirtækja	Vextir og gengi Vaxta- og gengissveiflur Raunvaxtastig innlends fjármagns Trúverðugleiki gengis Ábyrgð á gengi
Hagnaður og arðsemi Arðsemi eigna Arðsemi eigin fjár Tekju- og kostnaðarhlutföll Vísbendingar um arðsemisgrundvöll	Útlána- og eignaverðsþensla Útlánaþensla Eignaverðsþensla
Lausafjárstaða Seðlabankafjármögnun fjármálastofnana Dreifing millibankavaxta Innlán sem hlutfall af peningamagni Útlán sem hlutfall af innlánum Lausafjárhlutföll og endurgreiðsluferlar Skilvirkni endursölumarkaða	Smitleiðir Áhrif á milliríkjaviðskipti Samtenging fjármálamarkaða
Markaðsáhætta Gengisáhætta Vaxtaáhætta Hlutabréfaáhætta Afurðaverðsáhætta	Aðrar vísbendingar Stýrð útlán og fjárfestingar Aðgangur hins opinbera að lánakerfi Vanskil
Markaðsvísbendingar Verð eigin- og lánsfjár fjármálastofnana Áhættuálög fjármálastofnana Lánshæfismat	

[1] Þýðing á töflu 1 í IMF Occational Paper 192: Macroprudential Indicators of Financial System Soundness, Washington apríl 2000.

Tafla 3. Flokkun útlána og markaðsskuldabréfa 31. 12. 2000.

	Landsbanki Íslands hf.		Búnaðarbanki Íslands hf.	
	Staða m.kr.	Hlutfall af heild	Staða m.kr.	Hlutfall af heild
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	*5.112*	*2,7%*	*1.615*	*1,4%*
Bæjar- og sveitarfélög	*6.648*	*3,5%*	*3.294*	*2,8%*
Lánastofnanir aðrar en bankar	*24.457*	*12,7%*	*8.650*	*7,5%*
Fyrirtæki	*108.575*		*72.431*	
Landbúnaður	2.167	1,1%	6.603	5,7%
Sjávarútvegur	47.909	24,9%	17.212	14,9%
Verslun	24.911	12,9%	14.080	12,2%
þ.a. olíufélög	2.225		2	
Iðnaður	14.701	7,6%	8.322	7,2%
Byggingaverktakar íbúða	581	0,3%	3.248	2,8%
Aðrir byggingaverktakar	2.523	1,3%	1.675	1,4%
Samgöngur	3.361	1,7%	2.060	1,8%
Raforkumál	243	0,1%	0	0,0%
Þjónustustarfsemi	12.179	6,3%	19.231	16,6%
Einstaklingar	*47.884*		*29.787*	
Íbúðalán	11.050	5,7%	6.796	5,9%
Annað	36.834	19,1%	22.991	19,9%
Útlán og markaðsskuldabréf alls	***192.676***	***100%***	***115.777***	***100%***
Millibankakröfur	0		703	

Tafla 4. Kostnaðarhlutföll 1995–2000.[1]

		Jan.–júní		*Jan.–júní*		*Jan.–júní*		*Jan.–júní*		*Jan.–júní*
M.kr.	**1995**	**1996**	**1996**	**1997**	**1997**	**1998**	**1998**	**1999**	**1999**	**2000**
Viðskiptabankar og stærstu sparisjóðir	68,1	68,4	67,8	67,1	66,2	69,3	68,1	63,8	62,3	67,1
Íslandsbanki – FBA	63,3	61,3	59,0	57,7	55,1	59,6	59,4	55,3	55,2	55,0
Landsbankinn	68,9	70,8	71,9	70,8	72,2	74,6	75,0	69,5	70,9	73,1
Búnaðarbankinn	74,7	74,1	74,2	73,6	71,4	73,7	68,5	63,6	61,5	76,5
Stærstu sparisjóðir	68,1	70,9	70,1	71,3	71,8	73,3	72,6	71,9	62,1	74,3

[1] Rekstrargjöld sem hlutfall af hreinum rekstrartekjum. Heimild: Fjármálaeftirlitið.

Tafla 5. Meginflokkar einkunna Moody's.[1]

Langtímaskuldbindingar[2]

Aaa	Afburða hæfi
Aa	Mjög mikið hæfi
A	Mikið hæfi
Baa	Viðunandi hæfi

Skammtímaskuldbindingar

Prime-1	Afburða hæfi
Prime-2	Mikið hæfi
Prime-3	Viðunandi hæfi
Not Prime	Óvisst hæfi

Fjárhagslegur styrkur[3]

A	Afburða sterk staða
B	Sterk staða
C	Góða staða
D	Viðunandi staða
E	Veik staða

1. Í töflunni eru sýndir meginflokkar einkunna Moody's Investors Service fyrir annars vegar greiðsluhæfi banka til langs og skamms tíma (Bank Deposit Rating) og hins vegar fjárhagslegan styrk (Financial Strenght).
2. Þær einkunnir sem hér eru sýndar tilheyra svonefndum fjárfestingarflokki en lakari einkunnir (Ba, B, Caa, Ca og C) tilheyra spákaupmennskuflokki. Innan flokka Aa til Caa eru undirflokkar 1, 2 og 3 sem gefa til kynna hvort viðkomandi banki sé ofarlega, í miðju eða neðarlega í meginflokki.
3. Til aðgreiningar frá greiðsluhæfi er mat á fjárhagslegum styrk banka einskorðað við fjárhagsstöðu hans án tillits til mögulegrar utanaðkomandi aðstoðar. Þessi einkunn gefur ekki til kynna hversu líklegt er að greiðslur verði inntar af hendi á réttum tíma. Einkunninni er fremur ætlað að sýna hversu líklegt sé að viðkomandi banki muni þurfa utanaðkomandi aðstoð, svo sem frá eigendum, öðrum aðstandendum eða opinberum aðilum. Fyrir meginflokkana fyrir neðan A er stundum bætt við plúsmerki til að gefa til kynna að einkunn viðkomandi banka sé milli tilgreinds meginflokks og hins næsta fyrir ofan.

Fylgiskjal II.

Skýrsla Þjóðhagsstofnunar um þjóðhagsleg áhrif sölu ríkisins á hlut sínum í bönkum.

Inngangur.

Í þessari skýrslu, sem unnin er að beiðni iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, er leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

1. Er æskilegt að ríkið selji hlut sinn í bönkum?
2. Mæla einhver þjóðhagsleg rök með því að ríkið haldi eftir hluta af eign sinni í bönkum?
3. Er heppilegt miðað við núverandi aðstæður í þjóðarbúskapnum að ríkið selji eign sína í bönkunum og hver yrðu þjóðhagsleg áhrif slíkrar sölu? Skiptir máli í því sambandi hvort kaupendur eru innlendir eða erlendir?

Í stuttu máli er komist að þeirri niðurstöðu að þjóðhagslega hagkvæmt sé að ríkið selji að fullu hlut sinn í bönkum. Er sú niðurstaða studd með rökum sem að mestu lúta að áhrifum einkavæðingar almennt. Líklegt er að sala stuðli að meiri hagkvæmni í rekstri og bættri nýtingu framleiðsluþátta hagkerfisins. Þjóðhagsleg áhrif til skemmri tíma ráðast af samspili fjármögnunar kaupa á hlutabréfum í bönkunum og ráðstöfunar ríkissjóðs á söluandvirðinu. Ef afrakstur sölunnar er notaður til að auka ríkisútgjöld verður niðurstaðan aukin innlend eftirspurn og verðbólga. Ef útgjöld ríkisins aukast hins vegar ekki er hægt að standa þannig að málum að innlend eftirspurn breytist lítið eða dragist saman. Ekki þykir ástæða til að mæla með því að sölu sé slegið á frest. Heppilegt kann þó að vera að hlutur ríkisins sé ekki seldur í einum áfanga.

Er æskilegt að ríkið selji hlut sinn í bönkum?

Flest rök hníga að því að ríkið dragi úr eignaraðild sinni í bönkum og selji án mikilla tafa allan hlut sinn í þeim. Um þátttöku ríkis í rekstri banka má í flestum veigamiklum atriðum

hafa sömu rök og um þátttöku ríkis í öðrum atvinnurekstri.[1] Líklegt er að umbætur eigi sér stað í rekstri þegar ríkið hverfur úr honum. Með stærri eignaraðild einkaaðila fá stjórnendur ríkara aðhald og einnig hafa ákvarðanir fyrst og fremst hagkvæmni fremur en pólitísk markmið að leiðarljósi. Kannanir benda til að einkarekin fyrirtæki sýni meiri hagkvæmni í rekstri og skili betri afkomu en sambærileg ríkisfyrirtæki.[2] Einkavæðing skilar sér einnig oftast í aukinni hagkvæmni.[3] Rök af því tagi sem hér hafa verið nefnd eru að vísu ekki eins þung á metunum ef félög eru þegar að hluta í eigu einkaaðila eins og í tilfelli bankanna. Aðkoma einkaaðila ætti þegar að hafa leitt til umbóta. Engu að síður verður ekki framhjá því litið að á meðan ríkið á stóran hlut í fyrirtækjum er vart tryggt að þeim verði stjórnað í einu og öllu eftir viðskiptalegum sjónarmiðum. Rannsóknir hafa raunar sýnt að fyrirtæki sem eru að fullu einkavædd gera betur en fyrirtæki sem hafa einungis verið einkavædd að hluta.[4]

Fáar rannsóknir liggja fyrir um áhrif einkavæðingar banka, en flestar rannsóknir á áhrifum einkavæðingar hafa beinst að annars konar fyrirtækjum. Fyrstu niðurstöður rannsóknar Verbrugge, Megginson og Lewis (1999), sem nær til einkavæðingar 65 banka í 25 löndum, benda til jákvæðra áhrifa á hagkvæmni í rekstri og á hagnað. Vísbendingar eru þó um að jákvæð áhrif á rekstur séu ekki eins mikil og almennt í öðrum atvinnugreinum. Niðurstöðurnar verður að skoða í því ljósi að einungis um fjórðungur af þeim bönkum sem ofangreind rannsókn náði til voru að fullu komnir í eigu einkaaðila.

Á heildina litið eru góðar líkur á að hagkvæmni í rekstri banka aukist og afkoma þeirra batni við sölu á hlut ríkis til einkaaðila og að áhrifin verði meiri ef ríkið selur hlut sinn að fullu en ef það heldur hluta af eign sinni. A.m.k. tvennt þarfnast þó frekari skoðunar: (i) Eru ákveðnar markaðsaðstæður sem geta valdið því að ávinningur af einkavæðingu verður lítill eða jafnvel neikvæður? (ii) Er sjálfgefið að aukin hagkvæmni í rekstri einkavæddra fyrirtækja skili sér í jákvæðum þjóðhagslegum áhrifum?

Almennt má búast við meiri jákvæðum áhrifum einkavæðingar á hagkvæmni í rekstri og á þjóðfélagslega velferð ef einkavætt fyrirtæki starfar á markaði þar sem samkeppni er fyrir hendi eða þar sem fyrirtæki standa frammi fyrir mögulegri samkeppni. Ef möguleikar á samkeppni eru takmarkaðir þá eru hvatar til hagræðingar skertir þar sem fyrirtæki eru í stöðu til að bæta sér upp kostnað með annaðhvort lakari þjónustu eða hærra verði.[5] Athuganir gefa til kynna að eftir einkavæðingu sé meiri aukningar í framleiðni að vænta í greinum þar sem samkeppnismarkaður er til staðar.[6]

Færa má góð rök fyrir því að meiri framleiðni í einkavæddum fyrirtækjum skili sér í jákvæðum þjóðhagslegum áhrifum, a.m.k. þegar til langs tíma er litið. Þegar framleiðni fyrirtækis eykst losnar um framleiðsluþætti, þ.e. vinnuafl og fastafjármuni, sem áður voru ekki

---

[1] Umfjöllun um fræðileg rök er varða áhrif eignarhalds og einkavæðingar á rekstur fyrirtækja sem og rannsóknir á reynslunni í þessum efnum er að finna í Sheshinski og López-Calva (1998) og Megginson og Netter (2000).

[2] Sjá Megginson og Netter (2000).

[3] Sheshinski og López-Calva (1998).

[4] Sheshinski og López-Calva (1998).

[5] Rök af þessu tagi eiga sérstaklega við þar sem um náttúrulega einokun er að ræða, þ.e. þar sem kostnaður á hverja einingu framleiðslunnar lækkar eftir því sem meira er framleitt. Í slíkum tilfellum er þó ekki sjálfgefið að ríkið sjái um reksturinn, heldur er stundum farin sú leið að framleiðslan er í höndum einkafyrirtækis sem sætir verðeftirliti.

[6] Sheshinski og López-Calva (1998).

nýttir með hagkvæmum hætti. Þegar til langs tíma er litið skapast því möguleikar til meiri framleiðslu, annaðhvort í viðkomandi fyrirtæki eða einhvers staðar annars staðar. Í tilfelli banka felst aukin hagkvæmni m.a. í markvissari lánveitingum og hefur þannig bein áhrif á hvort góð fjárfestingartækifæri í öðrum atvinnugreinum eru nýtt. Vera ríkis á fjármálamarkaði getur einnig óbeint latt aðra aðila til þátttöku á markaði enda blasir sá möguleiki við samkeppnisaðilum að ríkið komi til aðstoðar lendi fyrirtæki í eigu þess í erfiðleikum. Við slíkar aðstæður jafnar einkavæðing samkeppnisstöðu á markaðinum, sérstaklega ef einkavætt er að fullu. Önnur hugsanleg jákvæð þjóðhagsleg áhrif einkavæðingar hér á landi er virkari fjármálamarkaður. Við sölu hluta ríkisins eru stoðir hlutabréfamarkaðar styrktar og óvissu um framtíð bankanna eytt. Í kjölfarið má reikna með auknum viðskiptum og virkari verðmyndun. Öflugur hlutabréfamarkaður hvetur svo að öðru jöfnu til áhættufjárfestinga enda er fjárfestum þannig auðveldað að koma fyrirtækjum sínum í verð. Auk þess kunna fjárfestar að líta sölu á hlut ríkis í bönkunum sem óyggjandi merki um vilja til áframhaldandi skipulagsbreytinga sem stuðla að hagstæðara umhverfi til atvinnurekstrar og fjárfestinga almennt. Í sölu á hlut ríkis í fyrirtækjum geta því leynst hvatar til fjárfestingar. Af mögulegum neikvæðum þjóðhagslegum áhrifum er einkum að nefna tímabundið aukið atvinnuleysi ef einkavæðingu og aukinni hagkvæmni fylgir fækkun starfsfólks viðkomandi fyrirtækis. Við núverandi spennu á vinnumarkaði er þó við því að búast að röskun á vinnumarkaði, ef til fækkunar starfsfólks bankanna kæmi, yrði tiltölulega lítil. Bankastarfsemi er um margt sérstæð atvinnugrein og einkavæðingu kann að fylgja aukin áhættusókn. Hins vegar er með öllu óvíst að slík áhættusókn sé skaðlegri en lánveitingar sem ekki eru metnar á viðskiptalegum forsendum. Eðlilegast virðist að taka á þessum vanda með markvissu fjármálaeftirliti, hvernig sem eignarhaldi er háttað.

Ekki liggja fyrir margar rannsóknir á þjóðhagslegum áhrifum einkavæðingar, þrátt fyrir mikinn fjölda athugana sem beinst hafa að því að kanna áhrif á rekstur einstakra einkavæddra fyrirtækja.[7] Í nýlegri ritgerð sem gefin var út af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum reyna Davis og félagar (2000) að gera bragarbót á því.[8] Rannsókn þeirra er að vísu þeim takmörkunum háð að hún snýr að fyrirtækjum utan fjármálageirans og notast við gögn frá þróunarríkjum og nýmarkaðsríkjum. Niðurstöður rannsóknarinnar eru að jákvæð fylgni sé á milli einkavæðingar og hagvaxtar. Einnig kemur fram neikvæð fylgni á milli einkavæðingar og atvinnuleysis en engin tengsl finnast á milli einkavæðingar og fjárfestingar. Túlkun niðurstaðna af þessu tagi er vandasöm og höfundar ritgerðarinnar leggja réttilega mikla áherslu á að hér sé ekki um að ræða metið orsakasamband. Vandinn við slíka túlkun felst í því að einkavæðing og aðrar skipulagsbreytingar eiga sér oft stað samtímis. Einkavæðingin er líklega eins konar samnefnari slíkra breytinga. Af þessum ástæðum er erfiðleikum bundið að leggja mat á þjóðhagsleg áhrif einkavæðingar með áreiðanlegum hætti. Því er ekki hægt að fullyrða að einkavæðing valdi auknum hagvexti og lægra atvinnuleysi, a.m.k. er þar vart eingöngu um áhrif einkavæðingarinnar að ræða.

Mæla einhver þjóðhagsleg rök með því að ríkið haldi eftir hluta af eign sinni í bönkum?

Hér að framan voru færð rök fyrir því að sala á hlut ríkis í bönkum muni hafa jákvæð þjóðhagsleg áhrif í för með sér, a.m.k. til lengri tíma litið. Þó sala kunni ekki að vera eins knýj-

[7] Davis og félagar (2000).

[8] Ritgerð Barnett (2000) gerir nánari skil þeim hluta rannsóknarinnar sem snýr að þjóðhagslegum áhrifum einkavæðingar.

andi af hagkvæmnisástæðum og ef bankarnir væru að fullu í ríkiseign, þá var komist að þeirri niðurstöðu að trúlega sé æskilegt að ríkið selji allan eignarhlut sinn í bönkunum. Mun þá enginn vafi leika á því að viðskiptaleg sjónarmið ráði ferðinni við rekstur bankanna sem og á því að samkeppnisstaða fyrirtækja á fjármálamarkaði sé jöfn. En mæla einhver önnur þjóðhagsleg rök með því að ríkið haldi tímabundið eftir hluta af eign sinni í bönkum?

Það eru einkum tvö atriði sem gætu mælt gegn því að ríkið selji eign sína í bönkum í heild sinni nú. Í fyrsta lagi er hætt við ákveðinni röskun á vinnumarkaði ef starfsmönnum er fækkað í kjölfar sölunnar. Eins og minnst var á hér á undan er atvinnuleysi hins vegar svo lítið að hætta á mjög neikvæðum afleiðingum af þessum sökum er tiltölulega lítil. Því er hæpið að hægja á einkavæðingarferlinu af þessari ástæðu.

Í öðru lagi er mögulegt að sala hlutarins geri öðrum fyrirtækjum til skamms tíma erfiðara um vik við að afla fjár. Miðað við núverandi verð á markaði er verðmæti hluta ríkisins í Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands samtals um 32 milljarðar króna. Til samanburðar áætlar Þjóðhagsstofnun að á fyrstu 10 mánuðum ársins hafi söluverðmæti hlutafjár í hlutafjárútboðum (bæði almennum og lokuðum) innlendra félaga og hlutafjárútboðum erlendra félaga sem einkum hafa beinst að innlendum fjárfestum numið um 35 milljörðum króna. Verðmæti hlutar ríkisins í bönkunum er því verulegt í hlutfalli af því hlutafé sem boðið er út á innlendum markaði. Hvort svo stór hlutafjársala ríkisins veldur öðrum fyrirtækjum vandræðum við fjármögnun veltur á því hvernig ríkið ráðstafar söluandvirðinu og á nettó fjármagnsflæði til landsins vegna sölunnar, sem getur verið í formi lántöku, sölu erlendrar verðbréfaeignar eða kaupum erlendra aðila á hlut í bönkunum.

Erlent lánsfé hefur flætt inn í landið í miklu magni á undanförnum árum og líklegt er að fjármögnun á kaupum á hlut ríkisins í Landsbankanum og Búnaðarbankanum erlendis frá gengi vel. Einnig er sennilegt að erlendir aðilar hefðu áhuga á að kaupa hlut í bönkunum ef þeim stæði það til boða. Ekki verður þó framhjá því horft að ef hlutur ríkisins yrði seldur í einu lagi væri um óvenjulega stóra sölu að ræða á mælikvarða innlends hlutabréfamarkaðar. Til samanburðar nam heildarsöluvirði hlutar ríkisins í FBA, Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands seint á árinu 1999 um 15 milljörðum króna. Ríkið getur unnið á móti áhrifum á fjármálamarkað, sé það talið æskilegt, með uppkaupum á eigin skuldabréfum og þannig dregið úr áhrifum á innlenda vexti og möguleika fyrirtækja til fjármögnunar á markaði. Í ljósi tiltölulega lágrar stöðu bæði ríkisskuldabréfa og spariskírteina ríkissjóðs gætu veruleg uppkaup hins vegar haft neikvæð áhrif á verðmyndun á skuldabréfamarkaði. Því verður að draga þá ályktun að hendur ríkisins séu nokkuð bundnar í þessum efnum. Varlegra er því að hlutur ríkisins í bönkum sé ekki seldur í einu lagi nema að til komi þeim mun meiri áhugi erlendra fjárfesta. Engu að síður væri æskilegt frá þjóðhagslegum sjónarmiðum að sem lengst yrði gengið í fyrsta skrefinu. Líklegt er að sú leið stuðli að sem mestri hagkvæmni í rekstri.

Er heppilegt miðað við núverandi aðstæður í þjóðarbúskapnum að ríkið selji eign sína í bönkunum og hver yrðu þjóðhagsleg áhrif slíkrar sölu? Skiptir máli í því sambandi hvort kaupendur eru innlendir eða erlendir?

Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að allar líkur séu á að það styrki þjóðarbúskapinn til lengri tíma litið ef ríkið selur hlut sinn í bönkunum. Á hinn bóginn má spyrja hvort hagstjórnarsjónarmið til skemmri tíma standi í vegi fyrir sölu. Áhrif sölu hlutar ríkisins í bönkum á innlenda eftirspurn velta að miklu leyti á því hvort tekjur þess af sölunni leiða til hærri ríkisútgjalda en annars. Ljóst er að ef ríkið ráðstafar söluandvirðinu til aukinna útgjalda þá hefur hlutafjársalan í för með sér aukna innlenda eftirspurn og þrýsting til hækkunar verðlags. Raunvextir mundu hækka sökum harðari samkeppni um fjármagn. Erlent fjár-

magnsinnflæði í tengslum við hlutafjársöluna mundi styrkja gengi og draga úr vaxtaáhrifum en auka innlenda eftirspurn. Viðskiptahalli mundi aukast og þjóðhagslegur sparnaður minnka.

Ef ríkið ákveður hins vegar að halda útgjöldum óbreyttum standa því til boða þrír kostir við ráðstöfun söluandvirðisins. Í fyrsta lagi gæti ríkið greitt upp innlendar skuldir. Í öðru lagi gæti það greitt erlendar skuldir og í þriðja lagi hefur ríkið þann kost að leggja fé tímabundið inn á reikning í Seðlabankanum.

Ef ríkið ráðstafar söluverðmæti hlutar síns til uppgreiðslu á innlendum skuldum, þá er það í grundvallaratriðum að skipta á einni tegund af innlendum markaðsverðbréfum (hlutabréfum í bönkunum) fyrir aðra tegund innlendra markaðsverðbréfa (ríkisskuldabréf). Því má búast við tiltölulega litlum áhrifum á innlenda eftirspurn, vexti og gengi. Með tilliti til hagstjórnar er aðgerðin því fremur hlutlaus. Þann fyrirvara verður þó að hafa við þessa greiningu að ef erlendir aðilar líta á bankana sem sérstaklega áhugaverða fjárfestingarkosti, sem kæmi fram í beinum kaupum eða auknum vilja til lánveitinga til landsins, þá gæti gengið styrkst nokkuð og vextir lækkað. Gengisstyrking myndi draga úr verðbólgu til skamms tíma. Aukið framboð fjármagns á markaði kyndir hins vegar undir innlenda eftirspurn og eykur hættu á verðbólgu af þeim sökum. Varðandi þessa ráðstöfun ríkisins á söluandvirðinu er vert að hafa í huga tiltölulega lága stöðu ríkisskuldabréfa á markaði, en heildarmarkaðsvirði spariskírteina og ríkisbréfa er ríflega 80 milljarðar króna. Því myndu uppkaup fyrir umtalsverðan hluta söluandvirðisins leiða til hlutfallslega mikillar lækkunar á stöðu ríkisskuldabréfa og gætu því haft neikvæð áhrif á veltu og verðmyndun á markaði.

Ef ríkið tæki þann kost að greiða í staðinn erlend lán þá dregur það úr framboði fjármagns á innlendum fjármagnsmarkaði. Áhrif á framboð fjármagns yrðu þó minni en nemur söluandvirðinu þar sem innlent og erlent fjármagn kæmi að hluta í stað þess fjármagns sem ríkið tekur af markaði. Að öðru óbreyttu mætti búast við hækkun vaxta, lækkun gengis, auknum þjóðhagslegum sparnaði og minni viðskiptahalla. Þessi ráðstöfun söluandvirðisins gæti aukið verðbólgu um stundarsakir vegna lækkunar gengis. Hærri vextir draga hins vegar úr eftirspurn. Sams konar fyrirvari á við og hér á undan um þátttöku erlendra aðila. Ef erlendir aðilar líta á bankana sem sérstaklega áhugaverða fjárfestingarkosti þá mundi greiðsla erlendra lána ríkisins einfaldlega vega á móti fjármagnsflæði til landsins. Í þessu tilviki yrðu áhrif hlutafjársölunnar á innlenda eftirspurn, vexti og gengi því lítil.

Innlögn söluandvirðis á reikning í Seðlabankanum veldur samdrætti í framboði fjármagns á innlendum markaði. Niðurstaðan yrði hærra vaxtastig og aukið fjármagnsflæði til landsins vegna hærri vaxta, sem kæmi fram í styrkingu gengis krónunnar og auknum viðskiptahalla. Hækkun vaxta og styrking gengis dregur úr eftirspurn eftir innlendri vöru og þjónustu. Ef erlendir aðilar eru sérstaklega áhugasamir um fjármögnun verða áhrif á vexti lítil en styrking gengis krónunnar og aukning viðskiptahalla tiltölulega mikil. Þessi ráðstöfun söluandvirðisins hefur þann galla að ríkið ber vaxtakostnað af lánum sem hægt væri að greiða upp með afrakstri sölunnar.

Ef hluti sölu á hlutafjáreign ríkisins fer fram á föstu gengi til almennings, getur ákvörðun útboðsgengisins haft áhrif á eftirspurn í hagkerfinu. Í lágu söluverði (langt undir markaðsverði) felst tekjuauki fyrir kaupendur, sem hefur áhrif til aukinnar eftirspurnar. Áhrif á eftirspurn verða þó vart mikil ef annaðhvort (i) lágt hlutfall er selt á föstu gengi eða (ii) útboðsgengið er ákveðið tiltölulega nærri markaðsgengi.

Heimildaskrá:
Barnett, S. (2000), „Evidence on the Fiscal and Macroeconomic Impact of Privatization", IMF Working Paper 00/130, Washington: IMF.
Davis, J., R. Ossowski, T. Richardson og S. Barnett (2000), Fiscal and Macroeconomic Impact of Privatization, IMF Occasional Paper no. 194, Washington: IMF.
Megginson, W. og J.M. Netter (2000), „From State to Market: A Survey of Empirical Studies on Privatization", http://faculty-staff.ou.edu/M/William.L.Megginson-1/ (væntanleg í Journal of Economic Literature).
Sheshinski, E. og L.F. López-Calva (1998), „Privatization and Its Benefits: Theory and Evidence", Discussion Paper no. 35, Cambridge: CAER II Project, Harvard Institute for International Development.
Verbrugge, J.A., W.L. Megginson og W.L. Owens (1999), „State Ownership and the Financial Performance of Privatized Banks: An Empirical Analysis", ritgerð kynnt á ráðstefnu Alþjóðabankans og Federal Reserve Bank of Dallas í Washington, mars 1999, um einkavæðingu banka, http://faculty-staff.ou.edu/M/William.L.Megginson-1/.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að heimila sölu hlutafjár ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Eignarhlutur ríkisins í bönkunum nam í janúar 2001 að markaðsvirði 30,0 ma.kr.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir kostnaði umfram almennan kostnað vegna vinnu verðbréfafyrirtækja við undirbúning sölulýsingar og söluþóknun líkt og tíðkast hefur við fyrri útboð á hlutafé ríkisins.

818. Frumvarp til laga [522. mál]

um breytingu á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

1. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Engar hömlur má leggja á viðskipti með hluti í hlutafélagsbanka, sbr. þó 100. gr.

Í samþykktum skal kveðið á um atkvæðisrétt sem fylgir hlutum í hlutafélagsbanka og um meðferð hans. Í samþykktum er óheimilt að veita tilteknum hlutum aukið atkvæðagildi eða skipta hlutum með öðrum hætti í sérstaka flokka.

Óheimilt er að eignast virkan eignarhlut í viðskiptabanka nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi banka. Samþykkis Fjármálaeftirlitsins skal enn fremur aflað þegar einstaklingur eða lögaðili eykur svo við eignarhlut sinn að bein eða óbein hlutdeild hans í eigin fé eða atkvæðisrétti fer yfir 20%, 33% eða 50% eða nemur svo stórum hluta að viðskiptabanki verði talinn dótturfyrirtæki hans.

Þeir sem hyggjast eignast svo stóran eignarhlut í viðskiptabanka sem um ræðir í 3. mgr. skulu beina skriflegri umsókn til Fjármálaeftirlitsins. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

1. Nafn, kennitölu og heimili umsækjanda.
2. Nafn þess viðskiptabanka sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
3. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
4. Markmið umsækjanda með eignarhaldi.
5. Fjármögnun fjárfestingarinnar.
6. Fjárhagsstöðu umsækjanda.
7. Fyrirhuguð viðskiptatengsl umsækjanda við viðskiptabankann.
8. Þekkingu og atvinnusögu umsækjanda.
9. Eignarhald, stjórnarsetu eða aðra þátttöku umsækjanda í starfsemi lögaðila.
10. Refsingar sem umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn.
11. Fyrri afskipti stjórnvalda, sem falið er eftirlit með einstaklingum og lögaðilum, af umsækjanda, sem geta haft áhrif á mat Fjármálaeftirlitsins.
12. Náin tengsl umsækjanda við aðra lögaðila.
13. Aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið fer fram á að umsækjandi veiti.

Sé umsækjandi lögaðili skal upptalning skv. 4. mgr. eiga við um lögaðilann sjálfan, stjórnarmenn hans, framkvæmdastjóra og þá einstaklinga og lögaðila sem eiga virkan eignarhlut í lögaðilanum. Skal þá enn fremur upplýst um endurskoðanda lögaðilans. Skulu upplýsingarnar studdar gögnum eftir því sem það á við.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort umsækjandi sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs viðskiptabankans. Við mat á hæfi umsækjenda skal m.a. höfð hliðsjón af eftirfarandi:

1. Fjárhagsstöðu umsækjanda og aðila sem hann er í nánum tengslum við.
2. Þekkingu og reynslu umsækjanda.
3. Hvort eignarhald umsækjanda skapar hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði.
4. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
5. Hvort ætla megi að eignarhald umsækjanda muni torvelda eftirlit með hlutaðeigandi viðskiptabanka. Við mat á því skal m.a. horft til fyrri samskipta umsækjanda við Fjármálaeftirlitið eða önnur stjórnvöld, til þess hvort náin tengsl umsækjanda við einstaklinga eða lögaðila geta að mati Fjármálaeftirlitsins hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum og hvort lög og reglur, sem gilda um umsækjanda, hindra eðlilegt eftirlit.
6. Hvort umsækjandi hefur gefið Fjármálaeftirlitinu umbeðnar upplýsingar ásamt fylgigögnum og þær upplýsingar hafa reynst réttar.
7. Refsingum sem umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn.

Telji Fjármálaeftirlitið umsækjanda ekki hæfan til þess að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs viðskiptabankans skal það synja umsækjanda um leyfi til þess. Fjármálaeftirlitinu er þó heimilt að fallast á umsókn, þrátt fyrir að umsækjandi teljist ekki hæfur til að eiga eignarhlutinn, gegn því að umsækjandinn grípi til ráðstafana í því skyni að takmarka skaðleg áhrif af eignarhaldi hans, t.d. að fela eignarhaldið sérstöku eignarhaldsfélagi sem hafi ekki aðra starfsemi með höndum eða tilnefna einstaklinga sem Fjármálaeftirlitið metur hæfa sem fulltrúa sína í félagsstjórn.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skv. 7. mgr. skal vera skrifleg og hafa borist umsækjanda innan eins mánaðar frá þeim degi er því bárust fullnægjandi upplýsingar ásamt fylgigögnum. Berist ákvörðun Fjármálaeftirlitsins umsækjanda ekki innan þess tíma telst það hafa samþykkt umsóknina. Rökstuðningur skal fylgja synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn.

Heimild til að eignast eða auka við virkan eignarhlut í viðskiptabanka gildir í sex mánuði eftir að samþykki Fjármálaeftirlitsins liggur fyrir. Nýti umsækjandi ekki heimildina á þeim tíma ber honum að afla samþykkis Fjármálaeftirlitsins á nýjan leik, sbr. 3. og 4. mgr.

Sæki aðili ekki um leyfi Fjármálaeftirlitsins í tilefni af kaupum eða aukningu á virkum eignarhlut, þrátt fyrir að honum sé það skylt skv. 3. mgr., fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Skulu þeir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi viðskiptabanka um brottfall atkvæðisréttarins. Skal Fjármálaeftirlitið gera hlutaðeigandi aðila að leggja fram umsókn ásamt fylgigögnum skv. 4. mgr. Berist umbeðin gögn innan tilskilins frests tekur Fjármálaeftirlitið ákvörðun um afgreiðslu umsóknar skv. 7. mgr. Berist gögn ekki innan fjögurra vikna frá því að um þau er beðið eða Fjármálaeftirlitið synjar viðkomandi aðila um leyfi til að eiga eða auka við virkan eignarhlut skal honum skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Heimili Fjármálaeftirlitið viðkomandi aðila að eignast eða auka við virkan eignarhlut fá hlutirnir atkvæðisrétt að nýju.

Eignist aðili eða auki við virkan eignarhlut þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi hafnað umsókn hans um það fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Skulu þeir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi viðskipta-

banka um brottfall atkvæðisréttarins. Skal viðkomandi aðila að því búnu skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir.

Hyggist eigandi virks eignarhlutar draga svo úr hlutafjáreign sinni að hann eigi ekki virkan eignarhlut eftir það skal hann tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir 20%, 33%, 50% eða svo mikið að bankinn hættir að vera dótturfyrirtæki hlutaðeigandi skal það einnig tilkynnt.

2. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Þegar tilkynning hefur borist um aðilaskipti að hlutabréfum í hlutafélagsbanka sem valda því að hlutafjáreign fer yfir eða undir þau mörk sem tilgreind eru í 3. mgr. 10. gr. skal bankaráð tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það án ástæðulauss dráttar.

Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal viðskiptabanki tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þá hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í honum og um hlutafjáreign hvers þeirra.

3. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Sé aðila, sem á virkan eignarhlut í viðskiptabanka, svo farið eða fari hann þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan og traustan rekstur bankans getur Fjármálaeftirlitið gripið til eftirfarandi ráðstafana:

1. Ákveðið að þeim hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur.
2. Lagt fyrir hlutaðeigandi banka að grípa til ráðstafana sem draga úr skaðlegum áhrifum hluthafans.
3. Lagt fyrir bankaráð hlutaðeigandi viðskiptabanka að boða til hluthafafundar þar sem háttsemi hluthafans skal tekin fyrir. Skal fulltrúa Fjármálaeftirlitsins heimilt að sækja fundinn og taka þar til máls.

Við mat á því hvort gripið skuli til ráðstafana skv. 1. mgr. skal m.a. höfð hliðsjón af þeim atriðum sem greinir í 6. mgr. 10. gr. laganna. Að auki skal höfð sérstök hliðsjón af því hvort staða eða háttsemi viðkomandi aðila væri til þess fallin að rýra traust almennings á hlutaðeigandi banka, væri hún opinber.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að grípa í senn til fleiri en einnar af þeim ráðstöfunum sem tilgreindar eru í 1. mgr., þyki það nauðsynlegt.

4. gr.

5. tölul. 1. mgr. 90. gr. laganna orðast svo:

5. séu aðstæður með þeim hætti sem greinir í 7. mgr. 10. gr. um hæfi hluthafa eða 38. gr. um hæfi bankaráðsmanna eða stjórnarmanna sparisjóðs og stjórnenda viðkomandi stofnana.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

5. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Um skyldu hluthafa lánastofnana til að afla samþykkis Fjármálaeftirlitsins vegna kaupa eða aukningar á virkum eignarhlutum gilda ákvæði 10.–12. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum.

6. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að eignast virkan eignarhlut í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Samþykkis Fjármálaeftirlitsins skal enn fremur aflað þegar einstaklingur eða lögaðili eykur svo við eignarhlut sinn að bein eða óbein hlutdeild hans í eigin fé eða atkvæðisrétti fer yfir 20%, 33% eða 50% eða nemur svo stórum hluta að fyrirtæki í verðbréfaþjónustu verði talið dótturfyrirtæki hans.

Þeir sem hyggjast eignast svo stóran eignarhlut í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem um ræðir í 1. mgr. skulu beina skriflegri umsókn til Fjármálaeftirlitsins. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

1. Nafn, kennitölu og heimili umsækjanda.
2. Nafn þess fyrirtækis sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
3. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
4. Markmið umsækjanda með eignarhaldi.
5. Fjármögnun fjárfestingarinnar.
6. Fjárhagsstöðu umsækjanda.
7. Fyrirhuguð viðskiptatengsl umsækjanda við fyrirtækið.
8. Þekkingu og atvinnusögu umsækjanda.
9. Eignarhald, stjórnarsetu eða aðra þátttöku umsækjanda í starfsemi lögaðila.
10. Refsingar sem umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn.
11. Fyrri afskipti stjórnvalda, sem falið er eftirlit með einstaklingum og lögaðilum, af umsækjanda, sem geta haft áhrif á mat Fjármálaeftirlitsins.
12. Náin tengsl umsækjanda við aðra lögaðila, sbr. 3. mgr. 4. gr.
13. Aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið fer fram á að umsækjandi veiti.

Sé umsækjandi lögaðili skal upptalning skv. 2. mgr. eiga við um lögaðilann sjálfan, stjórnarmenn hans, framkvæmdastjóra og þá einstaklinga og lögaðila sem eiga virkan eignarhlut í lögaðilanum. Skal þá enn fremur upplýst um endurskoðanda lögaðilans. Skulu upplýsingarnar studdar gögnum eftir því sem það á við.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort umsækjandi sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs viðkomandi fyrirtækis í verðbréfaþjónustu. Við mat á hæfi umsækjenda skal m.a. höfð hliðsjón af eftirfarandi:

1. Fjárhagsstöðu umsækjanda og aðila sem hann er í nánum tengslum við.
2. Þekkingu og reynslu umsækjanda.
3. Hvort eignarhald umsækjanda skapar hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði.
4. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
5. Hvort ætla megi að eignarhald umsækjanda muni torvelda eftirlit með hlutaðeigandi fyrirtæki. Við mat á því skal m.a. horft til fyrri samskipta umsækjanda við Fjármálaeftirlitið eða önnur stjórnvöld, til þess hvort náin tengsl umsækjanda við einstaklinga eða lögaðila geta að mati Fjármálaeftirlitsins hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum og hvort lög og reglur, sem gilda um umsækjanda, hindra eðlilegt eftirlit.
6. Hvort umsækjandi hefur gefið Fjármálaeftirlitinu umbeðnar upplýsingar ásamt fylgigögnum og þær upplýsingar hafa reynst réttar.

7. Refsingum sem umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn.

Telji Fjármálaeftirlitið umsækjanda ekki hæfan til þess að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fyrirtækisins skal það synja umsækjanda um leyfi til þess. Fjármálaeftirlitinu er þó heimilt að fallast á umsókn, þrátt fyrir að umsækjandi teljist ekki hæfur til að eiga eignarhlutinn, gegn því að umsækjandinn grípi til ráðstafana í því skyni að takmarka skaðleg áhrif af eignarhaldi hans, t.d. að fela eignarhaldið sérstöku eignarhaldsfélagi sem hafi ekki aðra starfsemi með höndum eða tilnefna einstaklinga sem Fjármálaeftirlitið metur hæfa sem fulltrúa sína í félagsstjórn.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skv. 5. mgr. skal vera skrifleg og hafa borist umsækjanda innan eins mánaðar frá þeim degi er því bárust fullnægjandi upplýsingar ásamt fylgigögnum. Berist ákvörðun Fjármálaeftirlitsins umsækjanda ekki innan þess tíma telst það hafa samþykkt umsóknina. Rökstuðningur skal fylgja synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn.

Heimild til að eignast eða auka við virkan eignarhlut í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu gildir í sex mánuði eftir að samþykki Fjármálaeftirlitsins liggur fyrir. Nýti umsækjandi ekki heimildina á þeim tíma ber honum að afla samþykkis Fjármálaeftirlitsins á nýjan leik, sbr. 1. og 2. mgr.

Sæki aðili ekki um leyfi Fjármálaeftirlitsins í tilefni af kaupum eða aukningu á virkum eignarhlut, þrátt fyrir að honum sé það skylt skv. 1. mgr., fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Skulu þeir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu um brottfall atkvæðisréttarins. Skal Fjármálaeftirlitið gera hlutaðeigandi aðila að leggja fram umsókn ásamt fylgigögnum skv. 2. mgr. Berist umbeðin gögn innan tilskilins frests tekur Fjármálaeftirlitið ákvörðun um afgreiðslu umsóknar skv. 5. mgr. Berist umbeðin gögn ekki innan fjögurra vikna frá því að um þau er beðið eða Fjármálaeftirlitið synjar viðkomandi aðila um leyfi til að eiga eða auka við virkan eignarhlut skal honum skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Heimili Fjármálaeftirlitið viðkomandi aðila að eignast eða auka við virkan eignarhlut fá hlutirnir atkvæðisrétt að nýju.

Eignist aðili eða auki við virkan eignarhlut þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi hafnað umsókn hans um það fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Skulu þeir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu um brottfall atkvæðisréttarins. Skal viðkomandi aðila að því búnu skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir.

Hyggist eigandi virks eignarhlutar draga svo úr hlutafjáreign sinni að hann eigi ekki virkan eignarhlut eftir það skal hann tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir 20%, 33%, 50% eða svo mikið að fyrirtækið hættir að vera dótturfyrirtæki hlutaðeigandi skal það einnig tilkynnt.

Þegar tilkynning hefur borist um aðilaskipti að hlutabréfum í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem valda því að hlutafjáreign fer yfir eða undir þau mörk sem tilgreind eru í 1. mgr. skal félagsstjórn þess tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það án ástæðulauss dráttar.

Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal fyrirtæki í verðbréfaþjónustu tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þá hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í því og um hlutafjáreign hvers þeirra.

7. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Sé aðila, sem á virkan eignarhlut í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, svo farið eða fari hann þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan og traustan rekstur þess getur Fjármálaeftirlitið gripið til eftirfarandi ráðstafana:

1. Ákveðið að þeim hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur.
2. Lagt fyrir hlutaðeigandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu að grípa til ráðstafana sem draga úr skaðlegum áhrifum hluthafans.
3. Lagt fyrir félagsstjórn hlutaðeigandi fyrirtækis í verðbréfaþjónustu að boða til hluthafafundar þar sem háttsemi hluthafans skal tekin fyrir. Skal fulltrúa Fjármálaeftirlitsins heimilt að sækja fundinn og taka þar til máls.

Við mat á því hvort gripið skuli til ráðstafana skv. 1. mgr. skal m.a. höfð hliðsjón af þeim atriðum sem greinir í 4. mgr. 12. gr. laganna. Að auki skal höfð sérstök hliðsjón af því hvort staða eða háttsemi viðkomandi aðila væri til þess fallin að rýra traust almennings á hlutaðeigandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, væri hún opinber.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að grípa í senn til fleiri en einnar af þeim ráðstöfunum sem tilgreindar í 1. mgr., þyki það nauðsynlegt.

8. gr.

1. málsl. 1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, eða móðurfyrirtæki þess, með starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða einstaklingur sem ræður yfir slíku fyrirtæki er á sama hátt og greinir í 12. gr. óheimilt að eignast virkan eignarhlut í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

9. gr.

4. tölul. 1. mgr. 53. gr. laganna orðast svo:

4. séu aðstæður með þeim hætti sem greinir í 5. mgr. 12. gr. um hæfi hluthafa eða 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. um hæfi stjórnarmanna.

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum.

10. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að eignast virkan eignarhlut í vátryggingafélagi nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa verulega áhrif á stjórnun viðkomandi fyrirtækis. Samþykkis Fjármálaeftirlitsins skal enn fremur aflað þegar einstaklingur eða lögaðili eykur svo við eignarhlut sinn að bein eða óbein hlutdeild hans í eigin fé eða atkvæðisrétti fer yfir 20%, 33% eða 50% eða nemur svo stórum hluta að vátryggingafélag verði talið dótturfyrirtæki hans.

Þeir sem hyggjast eignast svo stóran eignarhlut í vátryggingafélagi sem um ræðir í 1. mgr. skulu beina skriflegri umsókn til Fjármálaeftirlitsins. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

1. Nafn, kennitölu og heimili umsækjanda.
2. Nafn þess vátryggingafélags sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
3. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.

4. Markmið umsækjanda með eignarhaldi.
5. Fjármögnun fjárfestingarinnar.
6. Fjárhagsstöðu umsækjanda.
7. Fyrirhuguð viðskiptatengsl umsækjanda við vátryggingafélag.
8. Þekkingu og atvinnusögu umsækjanda.
9. Eignarhald, stjórnarsetu eða aðra þátttöku umsækjanda í starfsemi lögaðila.
10. Refsingar sem umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn.
11. Fyrri afskipti stjórnvalda, sem falið er eftirlit með einstaklingum og lögaðilum, af umsækjanda, sem geta haft áhrif á mat Fjármálaeftirlitsins.
12. Náin tengsl umsækjanda við aðra lögaðila, sbr. 3. mgr. 4. gr.
13. Aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið fer fram á að umsækjandi veiti.

Sé umsækjandi lögaðili skal framangreind upptalning eiga við um lögaðilann sjálfan, stjórnarmenn hans, framkvæmdastjóra og þá einstaklinga og lögaðila sem eiga virkan eignarhlut í lögaðilanum. Skal þá enn fremur upplýst um endurskoðanda lögaðilans. Skulu upplýsingarnar studdar gögnum eftir því sem það á við.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort umsækjandi sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs vátryggingafélagsins. Við mat á hæfi umsækjenda skal m.a. höfð hliðsjón af eftirfarandi:

1. Fjárhagsstöðu umsækjanda og aðila sem hann er í nánum tengslum við.
2. Þekkingu og reynslu umsækjanda.
3. Hvort eignarhald umsækjanda skapar hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði.
4. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
5. Hvort ætla megi að eignarhald umsækjanda muni torvelda eftirlit með hlutaðeigandi vátryggingafélagi. Við mat á því skal m.a. horft til fyrri samskipta umsækjanda við Fjármálaeftirlitið eða önnur stjórnvöld, til þess hvort náin tengsl umsækjanda við einstaklinga eða lögaðila geta að mati Fjármálaeftirlitsins hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum og hvort lög og reglur, sem gilda um umsækjanda, hindra eðlilegt eftirlit.
6. Hvort umsækjandi hefur gefið Fjármálaeftirlitinu umbeðnar upplýsingar ásamt fylgigögnum og þær upplýsingar hafa reynst réttar.
7. Refsingum sem umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn.

Telji Fjármálaeftirlitið umsækjanda ekki hæfan til þess að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs vátryggingafélagsins skal það synja umsækjanda um leyfi til þess. Fjármálaeftirlitinu er þó heimilt að fallast á umsókn, þrátt fyrir að umsækjandi teljist ekki hæfur til að eiga eignarhlutinn, gegn því að umsækjandinn grípi til ráðstafana í því skyni að takmarka skaðleg áhrif af eignarhaldi hans, t.d. að fela eignarhaldið sérstöku eignarhaldsfélagi sem hafi ekki aðra starfsemi með höndum eða tilnefna einstaklinga sem Fjármálaeftirlitið metur hæfa sem fulltrúa sína í félagsstjórn.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skv. 5. mgr. skal vera skrifleg og hafa borist umsækjanda innan eins mánaðar frá þeim degi er því bárust fullnægjandi upplýsingar ásamt fylgigögnum. Berist ákvörðun Fjármálaeftirlitsins umsækjanda ekki innan þess tíma telst það hafa samþykkt umsóknina. Rökstuðningur skal fylgja synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn.

Heimild til að eignast eða auka við virkan eignarhlut í vátryggingafélagi gildir í sex mánuði eftir að samþykki Fjármálaeftirlitsins liggur fyrir. Nýti umsækjandi ekki heimildina á þeim tíma ber honum að afla samþykkis Fjármálaeftirlitsins á nýjan leik, sbr. 1. og 2. mgr.

Sæki aðili ekki um leyfi Fjármálaeftirlitsins í tilefni af kaupum eða aukningu á virkum eignarhlut, þrátt fyrir að honum sé það skylt skv. 1. mgr., fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Skulu þeir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi vátryggingafélagi um brottfall atkvæðisréttarins. Skal Fjármálaeftirlitið gera hlutaðeigandi aðila að leggja fram umsókn ásamt fylgigögnum skv. 2. mgr. Berist umbeðin gögn innan tilskilins frests tekur Fjármálaeftirlitið ákvörðun um afgreiðslu umsóknar skv. 5. mgr. Berist umbeðin gögn ekki innan fjögurra vikna frá því að um þau var beðið eða Fjármálaeftirlitið synjar viðkomandi aðila um leyfi til að eiga eða auka við virkan eignarhlut skal honum skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Heimili Fjármálaeftirlitið viðkomandi aðila að eignast eða auka við virkan eignarhlut fá hlutirnir atkvæðisrétt að nýju.

Eignist aðili eða auki við virkan eignarhlut þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi hafnað umsókn hans um það fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Skulu þeir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi vátryggingafélagi um brottfall atkvæðisréttarins. Skal viðkomandi aðila að því búnu skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir.

Hyggist eigandi virks eignarhlutar draga svo úr hlutafjáreign sinni að hann eigi ekki virkan eignarhlut eftir það skal hann tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir 20%, 33%, 50% eða svo mikið að vátryggingafélagið hættir að vera dótturfyrirtæki hlutaðeigandi skal það einnig tilkynnt.

Þegar tilkynning hefur borist um aðilaskipti að hlutabréfum í vátryggingafélagi sem valda því að hlutafjáreign fer yfir eða undir þau mörk sem tilgreind eru í 1. mgr. skal félagsstjórn þess tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það án ástæðulauss dráttar.

Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal vátryggingafélag tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þá hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í því og um hlutafjáreign hvers þeirra.

Ákvæði þessarar greinar gilda um náin tengsl eftir því sem við getur átt. Ekki má mynda náin tengsl nema sýnt sé að þau hindri ekki eftirlit með starfsemi félagsins.

11. gr.

40. gr. laganna orðast svo:

Sé aðila, sem á virkan eignarhlut í vátryggingafélagi, svo farið eða fari hann þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan og traustan rekstur þess getur Fjármálaeftirlitið gripið til eftirfarandi ráðstafana:

1. Ákveðið að þeim hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur.
2. Lagt fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag að grípa til ráðstafana sem draga úr skaðlegum áhrifum hluthafans.
3. Lagt fyrir félagsstjórn hlutaðeigandi vátryggingafélags að boða til hluthafafundar þar sem háttsemi hluthafans skal tekin fyrir. Skal fulltrúa Fjármálaeftirlitsins heimilt að sækja fundinn og taka þar til máls.

Við mat á því hvort gripið skuli til ráðstafana skv. 1. mgr. skal m.a. höfð hliðsjón af þeim atriðum sem greinir í 4. mgr. 39. gr. laganna. Að auki skal höfð sérstök hliðsjón af því hvort staða eða háttsemi viðkomandi aðila væri til þess fallin að rýra traust almennings á hlutaðeigandi vátryggingafélagi, væri hún opinber.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að grípa í senn til fleiri en einnar af þeim ráðstöfunum sem tilgreindar eru í 1. mgr., þyki það nauðsynlegt.

Telji Fjármálaeftirlitið að náin tengsl hindri eftirlit með starfsemi vátryggingafélags skal það fara fram á að tengslin verði strax rofin, nema það telji aðrar ráðstafanir fullnægjandi.

V. KAFLI
Gildistaka.
12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er að því stefnt að auka eftirlit Fjármálaeftirlitsins með eigendum virkra eignarhluta í lánastofnunum, fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu og vátryggingafélögum. Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitinu sé falið að kanna ítarlega hæfi allra þeirra einstaklinga og lögaðila sem hafa í hyggju að eignast virka eignarhluti í framangreindum fyrirtækjum. Það eftirlit er stöðugt í þeim skilningi að Fjármálaeftirlitinu er falið að gera úttekt á hæfi slíkra aðila þegar er þeir hyggjast eignast virkan eignarhlut og jafnframt á meðan á eignarhaldstímanum stendur, eftir að upphaflega fjárfestingin hefur verið samþykkt.

Frumvarpið nær til eignarhalds í viðskiptabönkum, sparisjóðum, öðrum lánastofnunum en viðskiptabönkum og sparisjóðum, fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu og vátryggingafélögum. Eignarhald á stórum hlutum verður hér eftir háð samþykki Fjármálaeftirlitsins. Eftirlitið nær til eigenda svonefndra *virkra eignarhluta* en í lögum hefur með því hugtaki verið átt við beina eða óbeina hlutdeild sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi fjármálafyrirtækis. Jafnframt er samþykki Fjármálaeftirlitsins áskilið þegar eignarhald vex upp fyrir tiltekin mörk sem gerð er grein fyrir í frumvarpstextanum.

Tilgangurinn með frumvarpinu er einkum sá að draga úr hættunni á að stórir hluthafar í fjármálafyrirtækjum hafi skaðleg áhrif á rekstur þeirra. Viss hætta þykir á að stórir hluthafar í fjármálafyrirtækjum beiti áhrifum sínum, sem fylgja eignarhaldinu, í því skyni að afla sjálfum sér ávinnings á kostnað fyrirtækjanna, annarra hluthafa eða eftir atvikum annarra viðskiptavina. Slík háttsemi er skaðleg viðkomandi fyrirtækjum og til þess fallin að draga úr tiltrú almennings á fjármagnsmarkaðnum. Ætla má að smæð íslensks fjármálamarkaðar auki enn frekar á hættuna á slíkri misnotkun, enda geta tiltölulega litlar fjárfestingar fært fjárfestum meiri áhrif í íslenskum fjármálafyrirtækjum en erlendum. Því er sérlega brýnt að styrkja eftirlitið með stórum fjárfestum hér á landi.

Þrátt fyrir að ókostir geti fylgt því að einstakir hluthafar eigi stóra eignarhluti er frumvarpinu ekki ætlað að girða fyrir það. Það skýrist af því að stórum eignarhlutum geta einnig fylgt kostir, enda geta þeir stuðlað að ákveðnu jafnvægi og stöðugleika og laðað að hæfa fjárfesta sem stuðla að framþróun viðkomandi fyrirtækja og markaðarins alls. Því er frumvarpinu ætlað að veita slíkum hluthöfum aðhald, án þess að hrekja þá frá, og treysta með því trú almennings á heilbrigði fjármálamarkaðarins, enda má telja það eitt af hlutverkum hins opinbera. Með frumvarpinu er í aðalatriðum að því stefnt að draga eins og kostur er úr hinum skaðlegu áhrifum sem geta hlotist af eignarhaldi einstakra aðila á stórum eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum.

Í viðskiptaráðuneytinu hefur verið kannað hverjar leiðir séu færar til þess að takmarka hættuna á að stærri hluthafar í fjármálafyrirtækjum hafi skaðleg áhrif á þau og þar með fjármagnsmarkaðinn allan. Umræða af því tagi hefur farið fram í öllum Evrópuríkjum og innan

Evrópusambandsins. Af þeim sökum hefur ráðuneytið haft hliðsjón af þeim leiðum sem farnar hafa verið erlendis. Þar hefur yfirleitt verið látið nægja að eftirlitsaðilar fylgist með stærri hluthöfum og gæti annars vegar að því hvort þeir séu almennt til þess fallnir að hafa skaðleg áhrif á rekstur fjármálafyrirtækja og hafi hins vegar stöðugt eftirlit með áhrifum þeirra á þau. Einstök ríki hafa aftur á móti farið þá leið að takmarka í lögum hvað hver og einn má að hámarki eiga hátt hlutfall hlutafjár í fjármálafyrirtækjum. Enn aðrar leiðir eru til sem miða að sama marki.

Sú leið að takmarka í löggjöf hámark þess hlutafjár og/eða atkvæðisréttar sem einstakir aðilar mega eiga í fjármálafyrirtækjum hefur verið rædd nokkuð á Alþingi og hlotið nokkurn hljómgrunn. Helsti kosturinn er að þá væri útrýmt með öllu þeirri hættu sem stafar af stórum hluthöfum í fjármálafyrirtækjum. Þessari leið fylgja á hinn bóginn miklir ókostir. Nægir þar að nefna að hún mundi skerða samkeppnisstöðu íslenskra fjármálafyrirtækja hér á landi gagnvart erlendum fjármálafyrirtækjum sem veita þjónustu hér á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, enda mundu erlendu félögin ekki þurfa að lúta slíkum skilyrðum um dreifða eignaraðild þrátt fyrir að þau byðu þjónustu sína hér á landi. Þá mundi þessi leið takmarka mjög möguleika fjármálafyrirtækja til að hagræða í rekstri með samstarfsverkefnum og samruna við aðrar fjármálastofnanir. Þá drægi hún úr aðgangi fjármálafyrirtækja að rekstrarfé. Því má færa rök fyrir því að þessi leið lækki markaðsvirði fjármálafyrirtækja, dragi úr samkeppnishæfni þeirra, framleiðni og möguleikum til hagræðingar og dragi úr áhuga innlendra og erlendra aðila á að fjárfesta í þeim. Þar við bætist að Eftirlitsstofnun EFTA hefur lýst yfir þeirri skoðun sinni að slík takmörkun mundi fara í bága 40. gr. EES-samningsins um skyldu aðildarríkja til að tryggja frjálst flæði fjármagns.[1] Því eru líkur til þess að með því að fara þessa leið væri brotið í bága við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum, auk þess sem allt bendir til þess að hún hefði skaðleg efnahagsleg áhrif og drægi úr samkeppnishæfni íslensks fjármagnsmarkaðar. Ókostir hennar verða því að teljast bera kostina ofurliði og þykir hún því ekki koma til álita.

Þá var skoðað hvort setja mætti sérákvæði í lög er skylduðu stærri hluthafa til að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð, þegar hlutafjáreign þeirra næði ákveðnu marki. Með því mætti draga úr líkunum á að fjárfestar seildust til mikilla áhrifa í fjármálastofnunum og gefa smærri hluthöfum kost á að losa sig við hluti sína þegar yfirráð eins hluthafans næðu ákveðnu marki. Kostur þessarar leiðar væri að með henni væri komið í veg fyrir að smærri hluthafar þyrftu að þola ótilhlýðilegar ráðstafanir stærri hluthafa en hefðu þess í stað heimild til að ganga úr félaginu á viðunandi kjörum. Ókostur þessarar leiðar er á hinn bóginn sá að hún getur beinlínis stuðlað að því að eignarhald færist í auknum mæli á hendur stórra hluthafa þegar tilboðsskyldan stofnast af því að stóri hluthafinn verður þar með skyldugur til að bjóðast til að verða enn stærri. Með því er enn frekar aukið á hættuna á að hluthafinn hafi skaðleg áhrif á rekstur viðkomandi fyrirtækis. Því varð þessi leið ekki fyrir valinu. Á hinn bóginn ber að vekja athygli á því að samkvæmt lögum nr. 34/1998 lúta þau fjármálafyrirtæki sem skráð hafa verið í kauphöll eftir sem áður þeim yfirtökureglum sem fram koma í 19. og 20. gr. laganna.

---

[1] Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Eftirlitsstofnun EFTA frá 20. desember 2000. Þar heldur Eftirlitsstofnunin því fram að með því að ákvæði norskra laga um að enginn einn aðili megi eiga meira en 10% hlutafjár í fjármálastofnunum fari í bága við 40. gr. EES-samningsins og að Norðmenn hafi ekki lagað landsrétt sinn að 2. bankatilskipun ESB nr. 89/646.

Því er þess í stað lagt til með frumvarpi þessu að auka eftirlit með stærri hluthöfum en lögfesta ekki sérstakar takmarkanir við hámarkseignarhaldi einstakra hluthafa í fjármálafyrirtækjum. Ætla má að nægilegt sé að draga eins og kostur er úr hættunni á skaðlegum áhrifum af eignarhaldi einstakra stærri fjárfesta í stað þess að girða alfarið fyrir það. Því er í staðinn lagt til að aukið verði til muna eftirlit með stórum hluthöfum í fjármálafyrirtækjum og hæfi þeirra til að stuðla að heilbrigðum og traustum rekstri viðkomandi fyrirtækja.

Með frumvarpinu er sem fyrr segir lagt til að öllum þeim sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í lánastofnunum, fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu eða vátryggingafélögum verði gert að sækja um leyfi til þess til Fjármálaeftirlitsins. Gert er ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið geri ítarlega úttekt á umsækjendum í því skyni að taka afstöðu til þess hvort eignarhald þeirra sé heilbrigðum rekstri viðkomandi fyrirtækis til framdráttar. Þá er lagt til að Fjármálaeftirlitið hafi stöðugt eftirlit með hæfi umsækjenda og biðji um upplýsingar um þá þegar ástæða þykir til.

Þetta er talsverð breyting frá núverandi fyrirkomulagi en nú er aðilum sem hyggjast eignast virka eignarhluti í lánastofnunum, fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu og vátryggingafélögum aðeins skylt að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þá fyrirætlan sína og getur ráðherra gert athugasemdir við eignarhaldið að fengnu áliti Fjármálaeftirlitsins, ef ástæða þykir til. Í gildandi lögum er ekki gert ráð fyrir að hæfi umsækjanda sé kannað nema sérstök ástæða þyki til og er þeim sem tilkynnir heimilt að eignast hlutinn ef ekki eru gerðar athugasemdir við það.

Tilskipun Evrópusambandsins nr. 2000/12/EBE leggur aðildarríkjum ESB og þar með öðrum aðildarríkjum EES-samningsins þær skyldur á herðar að tryggja í löggjöf sinni ákveðið lágmarkseftirlit með stærri hluthöfum fjármálafyrirtækja. Með gildandi lögum má segja að fullnægt sé þeim lágmarksskilyrðum ESB. Sum ríki hafa á hinn bóginn gert enn ríkari kröfur til stærri hluthafa og komið á virkara eftirliti með hæfi þeirra og framferði. Segja má að með frumvarpi þessu sé að því stefnt að Ísland bætist í hóp þeirra ríkja. Helstu breytingarnar sem lagðar eru til að gerðar verði á núgildandi löggjöf eru sem hér segir:

1. Öllum einstaklingum og lögaðilum, sem hafa í hyggju að eignast virkan hlut í lánastofnun, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða vátryggingafélagi, eða auka hlut sinn upp í nánar tilgreind mörk, ber að sækja fyrir fram um leyfi til þess til Fjármálaeftirlitsins.
2. Með umsókn skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um umsækjandann, þ.m.t. um þekkingu hans og atvinnusögu, fyrirætlanir, fjármögnun kaupanna o.fl.
3. Fjármálaeftirlitinu ber að leggja mat á allar umsóknir og taka afstöðu til þess hvort viðkomandi aðili sé hæfur til að fara með eignarhaldið, með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs viðkomandi fyrirtækis. Skal Fjármálaeftirlitið í því skyni hafa hliðsjón af atriðum sem rakin eru í frumvarpinu.
4. Sé það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að umsækjandi sé ekki hæfur til að fara með eignarhaldið ber Fjármálaeftirlitinu að hafna umsókninni. Í undantekningartilvikum getur Fjármálaeftirlitið heimilað viðkomandi aðila að fara með eignarhaldið gegn því að hann grípi til tiltekinna ráðstafana.
5. Umsækjanda, sem fengið hefur heimild til að eignast hluti, ber að nýta þá heimild innan sex mánaða en sækja að öðrum kosti um að nýju.
6. Afli hluthafi ekki samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir þeim kaupum sem hér um ræðir fellur niður atkvæðisréttur sem ella fylgdi hlutunum. Þann atkvæðisrétt öðlast hluthafinn ekki fyrr en hann hefur sent umsókn til Fjármálaeftirlitsins og hún verið samþykkt.
7. Hiröi hluthafi, sem hefur þegar keypt hluti, ekki um að leita eftir samþykki Fjármálaeftirlitsins þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið beini til hans áskorun um það ber honum að selja

hlutinn. Sama gildir ef Fjármálaeftirlitið samþykkir ekki viðskiptin en hluthafinn ræðst í þau eigi að síður.

8. Fari hluthafi í fjármálafyrirtæki þannig með hlut sinn, eða sé stöðu hans þannig háttað að öðru leyti að það skaði heilbrigðan og traustan rekstur fyrirtækisins getur Fjármálaeftirlitið ýmist gripið til þess að fella niður atkvæðisrétt viðkomandi hluthafa eða lagt fyrir fyrirtækið að grípa til sérstakra ráðstafana, þ.m.t. að boða til hluthafafundar.

Gert er ráð fyrir að þau nýmæli sem boðuð eru í frumvarpinu taki til allra lánastofnana, fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og vátryggingafélaga. Í samræmi við það er lagt til að breytingar verði gerðar á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996, sbr. 1.–3. gr. frumvarpsins, lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 123/1993, sbr. 4. gr. frumvarpsins, á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, sbr. 5.–6. gr. frumvarpsins og lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, sbr. 7.–8. gr. frumvarpsins.

Meginefni frumvarpsins lýtur að virkara eftirliti Fjármálaeftirlitsins með hæfi og háttsemi stærri hluthafa í lánastofnunum, fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu og vátryggingafélögum. Í tengslum við eftirlitið eru Fjármálaeftirlitinu fengnar víðtækar heimildir til að koma í veg fyrir fjárfestingar í lánastofnunum eða binda þær ákveðnum skilyrðum. Slíkar heimildir eru að nokkru marki til staðar í gildandi lögum. Þannig er nú þegar heimilt að fella niður atkvæðisrétt sem fylgir slíkum eignarhlutum við ákveðnar aðstæður. Þann rétt hefur ráðherra nú, að því er varðar fjárfestingu í lánastofnunum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu, en Fjármálaeftirlitið hefur slíkan rétt að því er varðar vátryggingafélög. Með frumvarpinu er hins vegar stefnt að því að rétturinn til koma í veg fyrir fjárfestingar í þessum félögum eða binda þær skilyrðum flytjist alfarið til Fjármálaeftirlitsins.

Vakin er athygli á því að samkvæmt orðalagi sínu lúta breytingar í I. kafla frumvarpsins að viðskiptabönkum en af 14. gr. laganna leiðir á hinn bóginn að reglur kaflans ná jafnframt til þeirra sem hyggjast fjárfesta í sparisjóðum. Þar ber þó að hafa í huga að atkvæðisréttur einstakra fjárfesta í sparisjóðum lýtur lögbundnum takmörkunum, sbr. 35. gr. laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er að finna tillögu að nýrri 10. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996.

1. og 2. mgr. eru óbreyttar frá núgildandi lögum og þarfnast því ekki skýringa.

Í 3. mgr. er lagt til að samþykki Fjármálaeftirlitsins verði áskilið, hyggist fjárfestar annað hvort eignast virkan eignarhlut í viðskiptabönkum eða auka svo við virkan eignarhlut sinn að þeir fari yfir nánar tilgreind mörk hlutafjár eða atkvæðisréttar. Þetta er breyting frá núgildandi löggjöf sem gerir aðeins ráð fyrir að Fjármálaeftirlitinu sé tilkynnt um slíkar fjárfestingar og getur ráðherra, að fenginni tillögu Fjármálaeftirlitsins, synjað viðkomandi fjárfesti um leyfi til að ráðast í fjárfestinguna, þyki ástæða til. Hér er hins vegar gert ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið taki ætíð rökstudda afstöðu til þess, að rannsökuðu máli, hvort leyfi skuli veitt til slíkra fjárfestinga.

Eins og fram kemur í ákvæðinu miðast þessi skylda við það þegar aðili eignast „virkan eignarhlut“, ýmist í einum viðskiptum eða fleiri. Ekki er til þess ætlast að inntak hugtaksins virks eignarhlutar breytist frá gildandi lögum. Sé hluthafi í vafa um hvort hlutdeild teljist virkur eignarhlutur eða óbein hlutdeild í skilningi laganna getur hann beint erindi um það til Fjármálaeftirlitsins, enda er til þess ætlast í 2. mgr. 93. gr. að Fjármálaeftirlitið leggi mat á það. Til þess er ætlast að samþykkis Fjármálaeftirlitsins sé aflað hverju sinni er aðili fer yfir tilgreind mörk. Fari hann niður fyrir þau, þótt aðeins sé í skamman tíma, skal honum eftir

sem áður skylt að beina nýrri umsókn til Fjármálaeftirlitsins hyggist hann fara yfir mörkin að nýju.

Í 3. mgr. kemur fram að „óbein“ hlutdeild aðila nægir til þess að hann verði talinn eigandi virks eignarhlutar í skilningi ákvæðisins. Inntak þessa hugtaks er lítillega skýrt í athugasemdum með frumvarpi sem síðar varð að lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 43/1993. Þar er inntak þessa hugtaks hins vegar skilgreint þrengra en efni standa til. Með „óbeinni“ hlutdeild er átt við að það sé ekki endilega áskilið að aðili sé sjálfur eigandi hlutanna eða atkvæðisréttarins, heldur nægir að hann ráði með einhverjum öðrum hætti yfir virka eignarhlutnum. Aðili gæti t.d. öðlast slík yfirráð með því að eignast ráðandi eignarhlut í móðurfélagi ef samanlagður eignarhlutur þess og dótturfélags í viðskiptabanka er yfir þeim mörkum sem ákvarða hvað teljist virkur eignarhlutur. Að öðrum kosti væri fjárfestum hægðarleikur að dreifa eignarhaldi sínu á ýmis félög í sömu félagasamstæðunni og komast þannig hjá reglunum. Sama gildir um það þegar hlutir eru settir að veði og veðhafi fer með atkvæðisréttinn á meðan á veðsetningunni stendur. Þar með á veðhafinn óbeint virkan eignarhlut. Undir óbeina hlutdeild félli einnig það tilvik þegar tveir eða fleiri hluthafar kæmu sér með formlegu eða óformlegu samkomulagi saman um samræmda beitingu samanlagðs atkvæðisréttar. Ljóst er að örðugt kann að vera að færa sönnur á að slíkt samkomulag sé fyrir hendi. Fjármálaeftirlitinu er hins vegar ætlað að nýta rannsóknarheimildir sínar til að grafast fyrir um hvort svo sé.

Af 1. málsl. 3. mgr. leiðir að ekki er til þess ætlast að þeir sem eiga virkan eignarhlut við gildistöku laganna þurfi að sækja um leyfi í samræmi við 3. mgr. Á hinn bóginn ber þeim að afla leyfis fari eignarhlutur þeirra niður fyrir 10% mörkin og aftur upp fyrir þau eða upp fyrir 20%, 33% eða 50% mörkin sem greinir í í 2. málsl. 3. mgr. Á sama hátt ber Fjármálaeftirlitinu að hafa stöðugt eftirlit með þeim skv. 3. gr. frumvarpsins og því má segja að þeir verði að fullnægja hæfisskilyrðum frumvarpsins frá gildistökudegi, verði það að lögum, þrátt fyrir að þeir verði ekki að sækja sérstaklega um leyfi.

Í 4. mgr. er lögð sú skylda á þá aðila sem falla undir 3. mgr. að senda Fjármálaeftirlitinu skriflega umsókn áður en þeir eignast virkan eignarhlut. Til þess er ætlast að umsókninni sé beint til Fjármálaeftirlitsins áður en af viðskiptunum verður. Ekki er ástæða til að ætla að þetta torveldi viðskipti með virka eignarhluti í framkvæmd, þrátt fyrir að af slíkum viðskiptum verði iðulega ekki fyrr en ljóst er hvort Fjármálaeftirlitið veitir samþykki fyrir eignarhaldinu. Þannig má eðli máls samkvæmt útfæra samninga um kaup á virkum eignarhlutum þannig að þeir séu háðir samþykki Fjármálaeftirlitsins. Stendur frumvarpið af þeim sökum ekki í vegi fyrir því að menn tryggi sér kauprétt að virkum eignarhlut, án þess að samþykkis Fjármálaeftirlitsins hafi verið aflað.

Í 4. mgr. er talið upp hvaða upplýsingar skuli fylgja umsóknum sem beint er til Fjármálaeftirlitsins. Eins og þar kemur fram ber umsækjendum að láta margvíslegar upplýsingar fylgja slíkum beiðnum. Þessar upplýsingar lúta aðallega að umsækjandanum sjálfum og eiga að gera Fjármálaeftirlitinu kleift að taka rökstudda afstöðu til þess hvort ástæða sé til að ætla að eignarhald umsækjandans hafi skaðleg áhrif á rekstur viðkomandi fjármálastofnunar. Helstu upplýsingarnar, sem ætlast er til að fylgi umsókn, eru raktar í 1.–13. tölul. 4. mgr. Þær lúta meðal annars að stærð þess eignarhlutar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í, fjárhagsstöðu umsækjanda og þekkingu hans og reynslu. Þá er gert ráð fyrir að umsækjandinn upplýsi hvernig staðið verði að fjármögnun fjárfestingarinnar. Enn fremur er ætlast til þess að umsækjandi upplýsi um aðila sem hann er í „nánum tengslum“ við og ber við mat á því að miða við skilgreiningu 3. mgr. 4. gr. laganna.

Fjármálaeftirlitinu ber að rannsaka til hlítar hæfi umsækjenda í samræmi við 10. gr. stjórnsýslulaga. Því er rétt að æskja frekari upplýsinga telji það ástæðu til þess og er sú heimild áréttuð í 13. tölul. 4. mgr. Það er Fjármálaeftirlitinu þegar heimilt samkvæmt 2. mgr. 93. gr. laganna og er 13. tölul. 4. mgr. þeirri heimild til fyllingar.

Þegar umsækjandi er einstaklingur skulu umbeðnar upplýsingar lúta að honum sjálfum og eftir atvikum aðilum sem hann tengist, sbr. 5. mgr. Sé umsækjandi á hinn bóginn lögaðili skal upplýst um atriði er varða hæfi lögaðilans sjálfs, stjórnarmanna hans, framkvæmdastjóra og þeirra einstaklinga sem eiga virkan eignarhlut í lögaðilanum.

Í 6. mgr. er Fjármálaeftirlitinu lögð sú skylda á herðar að leggja mat á hæfi umsækjenda á grundvelli þeirra gagna sem þeir hafa lagt fram og eftir atvikum þeirra gagna sem Fjármálaeftirlitið hefur sjálft aflað. Fjármálaeftirlitinu er ætlað að taka afstöðu til þess hvort umsækjendur séu hæfir til þess að fara með hið fyrirhugaða eignarhald með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs viðkomandi fjármálastofnunar. Við mat á því skal Fjármálaeftirlitið meðal annars hafa hliðsjón af þeim viðmiðunaratriðum sem rakin eru í sjö töluliðum í 6. mgr. Þrátt fyrir að þau viðmiðunaratriði eigi að gefa vísbendingu um hversu vel umsækjandinn er til þess fallinn að eiga virkan eignarhlut í viðskiptabanka eða sparisjóði er hins vegar ekki um að ræða tæmandi upptalningu heldur upptalningu á þeim atriðum sem almennt séð er eðlilegt að hafa hliðsjón af. Vera kann að ástæða sé til að draga hæfi einstakra umsækjenda í efa vegna annarra atvika en þar greinir. Þau viðmiðunaratriði sem rakin eru í 6. mgr. eru annars eftirfarandi:

Samkvæmt 1. tölul. skal horft til fjárhagsstöðu umsækjanda og aðila sem hann er í nánum tengslum við. Algengt er í löggjöf Evrópuríkja að við mat á hæfi stórra hluthafa fjármálafyrirtækja sé við það miðað hvernig fjárhag þeirra er háttað. Slæm fjárhagsstaða eiganda virks eignarhlutar í viðskiptabanka getur haft skaðleg áhrif á rekstur hans og dregið úr trúverðugleika hans. Því er rétt að Fjármálaeftirlitið hafi hliðsjón af því hvort umsækjandi sé í fjárhagslegu jafnvægi eða ekki.

Samkvæmt 2. tölul. skal hafa hliðsjón af því hver þekking og reynsla umsækjenda er. Æskilegt er að stærstu hluthafar viðskiptabanka hafi til að bera þekkingu á fjármálastarfsemi og geti þannig stuðlað að heilbrigðum og traustum rekstri þeirra. Með þessu er hins vegar ekki að því stefnt að girða fyrir að aðrir en sérfróðir aðilar um fjármálastarfsemi eignist virkan eignarhlut í viðskiptabönkum. Í því sambandi skal á það bent að samkvæmt 7. mgr. getur Fjármálaeftirlitið lagt fyrir umsækjendur að tilnefna einstaklinga, sem Fjármálaeftirlitið metur hæfa, sem fulltrúa sína í bankaráð.

Samkvæmt 3. tölul. skal Fjármálaeftirlitið hafa hliðsjón af því hvort eignarhald umsækjanda skapar hættu á hagsmunaárekstrum. Eignarhald aðila á virkum eignarhlut í viðskiptabanka kann að vera óæskilegt ef það veldur alvarlegum hagsmunaárekstrum á milli aðilans og bankans. Sú staða kynni t.d. að koma upp þegar helsti samkeppnisaðili viðskiptabanka öðlast rétt til að tilnefna fulltrúa sinn í bankaráð hans.

Almennt séð eru líkur á því að ef skaðleg áhrif hljótast á annað borð af eignarhaldi aukist hættan á þeim eftir því sem viðkomandi eignarhlutur stækkar. Því skal Fjármálaeftirlitið horfa til stærðar eignarhlutarins við mat á umsóknum, sbr. 4. tölul.

Samkvæmt 5. tölul. er til þess ætlast að Fjármálaeftirlitið meti hvort eignarhald umsækjanda í viðskiptabanka muni torvelda eftirlit með bankanum. Er Fjármálaeftirlitinu rétt í því sambandi að kanna hvort háttsemi umsækjanda í samskiptum hans við stjórnvöld gefi tilefni til að ætla að svo kunni að fara.

Við mat á umsóknum er Fjármálaeftirlitinu enn fremur rétt að hafa hliðsjón af því hvort umsækjandi hefur skilað upplýsingum sem það hefur beðið um í umsóknarferlinu og hvort

þær hafa reynst villandi eða rangar, sbr. 6. tölul. Það skal þó aðeins hafa áhrif á mat Fjármálaeftirlitsins ef umsækjandi hefur vísvitandi eða vegna hirðuleysis skilað röngum eða villandi upplýsingum. Hafi það hins vegar verið afsakanlegt af einhverjum sökum skal það ekki koma niður á mati Fjármálaeftirlitsins á hæfi umsækjanda.

Fjármálaeftirlitið skal skv. 7. tölul. hafa hliðsjón af því hvort umsækjendur hafa þurft að sæta refsingu eða hvort opinber rannsókn stendur yfir á högum þeirra. Er eðlilegt að það hafi áhrif á mat á hæfi umsækjanda.

Af 7. mgr. leiðir að Fjármálaeftirlitinu ber að synja umsækjanda um leyfi verði það niðurstaða þess að hann sé ekki hæfur til að fara með eignarhaldið með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs viðkomandi banka. Í 2. málsl. er hins vegar að finna undantekningarreglu sem heimilar Fjármálaeftirlitinu að samþykkja eignarhaldið, gegn því að umsækjandinn grípi til tiltekinna ráðstafana sem Fjármálaeftirlitið ákveður. Þær ráðstafanir verða ekki tæmandi taldar upp en tilgangur þeirra er að draga úr hinum skaðlegu áhrifum sem kynnu ella að fylgja eignarhaldinu. Í ákvæðinu sjálfu eru nefnd tvö dæmi. Þannig væri Fjármálaeftirlitinu til dæmis heimilt að samþykkja eignarhaldið gegn því að umsækjandinn tilnefndi sem fulltrúa sína í félagsstjórn einstaklinga sem hefðu reynslu af fjármálastarfsemi en væru án sérstakra viðskiptatengsla við umsækjandann. Á sama hátt gæti Fjármálaeftirlitið lagt fyrir umsækjanda að fela eignarhaldið sérstöku eignarhaldsfélagi sem hefði aðeins þann tilgang að sinna eignarhaldi á viðskiptabankastarfsemi. Fjármálaeftirlitið gæti gripið til annarra ráðstafana ef þær þættu til þess fallnar að draga úr skaðlegum áhrifum sem að öðrum kosti mætti búast við að stafaði af eignarhaldi umsækjanda. Fleiri ráðstafanir koma til álita, t.d. að áskilja að umsækjandi neyti ekki þess atkvæðisréttar sem hlutunum fylgir.

Samkvæmt 8. mgr. getur Fjármálaeftirlitið ekki dregið úr hömlu að svara umsókn en gert er ráð fyrir að skriflegt svar liggi fyrir og hafi borist umsækjanda eigi síðar en einum mánuðum eftir að umbeðnar upplýsingar hafa borist. Rökstuðningur skal fylgja synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn. Er umsækjendum þar veittur rýmri réttur til rökstuðnings en leiðir af V. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Samkvæmt 9. mgr. verða umsækjendur, sem fá jákvætt svar Fjármálaeftirlitsins, að nýta sér heimildina til að eignast hluti eða atkvæðisrétt innan sex mánaða frá því að samþykki Fjármálaeftirlitsins lá fyrir. Dragist það lengur ber þeim að sækja um að nýju. Í gildandi lögum er ráðherra heimilt að setja fjárfesti sérstök tímamörk en hér er lagt til að þau verði lögfest. Rökin að baki þessu ákvæði eru að á því tímabili frá því að fallist hefur verið á umsókn og þar til eignarhaldið flyst til umsækjenda hefur Fjármálaeftirlitið ekki eftirlit með hæfi þeirra. Á þeim tíma kunna aðstæður hjá umsækjendum að breytast og gera þá síður til þess fallna að fara með eignarhaldið. Því þykir rétt að takmarka þann tíma sem aðilar geta dregið að ráðast í kaup á eignarhlut sem fengist hefur leyfi fyrir. Þá gildir heimildin aðeins um fjárfestingu í þeim tilteknu hlutum sem sótt var um leyfi til að fjárfesta í. Þannig getur leyfishafi ekki keypt virkan eignarhlut í öðrum viðskiptabanka en þeim sem getið var um í umsókn eða keypt stærri eða minni hlut en getið var um í umsókn, enda geta slíkar breytingar breytt valdahlutföllum í viðkomandi banka og þar með afstöðu Fjármálaeftirlitsins til umsóknarinnar.

Í 10. mgr. er tekið á því hvernig fer ef aðili hirðir ekki um að afla samþykkis Fjármálaeftirlitsins vegna kaupa á virkum eignarhlut eða aukningar á honum umfram þau mörk sem tilgreind eru í 3. mgr. Í þeim tilvikum fellur niður sá atkvæðisréttur sem ella fylgdi hlutunum. Fjármálaeftirlitinu ber að hafa eftirlit með slíkum fjárfestingum og tilkynna bönkum sem svo háttar til um að atkvæðisréttur skuli ekki fylgja viðkomandi hlutum. Tilgangurinn með þeirri tilkynningu er að tryggja að unnt sé að taka tillit til þess á fundum hluthafa. Sé atkvæðisrétt-

ur, sem fallið hefur niður, eigi að síður nýttur á fundum hluthafa kunna ákvarðanir sem þar eru teknar að verða ógildanlegar skv. 96. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995.

Fjármálaeftirlitinu ber jafnframt að skora á viðkomandi fjárfesti að sækja um leyfi fyrir fjárfestingunni. Geri hann það ekki innan fjögurra vikna ber honum að selja þann hluta sem er umfram leyfileg mörk. Með leyfilegum mörkum er átt við að fjárfestinum sé eftir sem áður heimilt að eiga þann hluta hlutafjárins sem gerir hann ekki að eiganda virks eignarhlutar. Sinni viðkomandi hluthafar ekki þeirri skyldu sinni er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita þá lögmæltum viðurlögum í samræmi við heimildir þess skv. 11. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998. Skili fjárfestirinn á hinn bóginn umsókn til Fjármálaeftirlitsins ræðst framhaldið af mati Fjármálaeftirlitsins á henni. Fallist Fjármálaeftirlitið á fjárfestinguna verður atkvæðisrétturinn virkur að nýju. Fallist Fjármálaeftirlitið hins vegar ekki á fjárfestinguna ber fjárfestinum að selja það sem er umfram leyfileg mörk.

Í 11. mgr. er kveðið á um hvernig farið skuli með það þegar fjárfestar fjárfesta í virkum eignarhlutum þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi hafnað umsókn þeirra um leyfi til þess. Við þær aðstæður fellur atkvæðisrétturinn sem fyrr niður sjálfkrafa. Er það beinlínis skylt skv. 5. mgr. 16. gr. tilskipunar ESB nr. 2000/12/EBE en slíka reglu er ekki að finna í ákvæðum laganna. Ber fjárfestinum að selja þann hlut sem er umfram leyfileg mörk. Gilda sömu sjónarmið og í 10. mgr. um lögmælt viðurlög sem Fjármálaeftirlitið getur beitt viðkomandi til að þvinga þá til að selja hluti sína.

Ákvæði 12. mgr. er að mestu óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast því ekki skýringa.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að mestu óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 3. gr.

Í greininni er að finna tillögu að nýrri 12. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Þessi grein lýtur að hinu stöðuga eftirliti sem Fjármálaeftirlitinu ber að hafa með eigendum virkra eignarhluta. Komi í ljós að aðili sem á virkan eignarhlut, með samþykki Fjármálaeftirlitsins, fullnægi ekki lengur þeim hæfisskilyrðum sem leidd verða af 5. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins er Fjármálaeftirlitinu heimilt að grípa til ráðstafana til að ráða bót á því ástandi.

Í 1. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið geti gripið til einnar, tveggja eða allra í senn af þeim ráðstöfunum sem þar eru tilgreindar í þremur töluliðum.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti fellt niður atkvæðisrétt af viðkomandi hlutum á meðan hæfi hluthafans verður dregið í efa.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti lagt fyrir hlutaðeigandi banka að grípa til tiltekinna ráðstafana í því skyni að lagfæra ástandið. Það úrræði er í gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Að síðustu getur Fjármálaeftirlitið boðað til hluthafafundar í viðkomandi banka. Á þeim fundi hefur Fjármálaeftirlitið málfrelsi sem það getur nýtt til að greina fundarmönnum frá þeim athugasemdum sem það hefur við hæfi eða háttsemi viðkomandi hluthafa. Athygli skal vakin á því að samhliða þessu úrræði getur Fjármálaeftirlitið fellt niður atkvæðisrétt hluthafans og er því rétt að gera það ef sú ráðstöfun er til þess fallin að draga úr hinum skaðlegu áhrifum sem viðkomandi hluthafi hefur á heilbrigði bankans.

Af 1. mgr. leiðir að Fjármálaeftirlitið getur ýmist byggt niðurstöðu sína á mati á hæfi hluthafans sem slíku eða háttsemi hans sem kann að hafa verið skaðleg bankanum. Þá skal Fjármálaeftirlitið horfa sérstaklega til þess hvort tiltrú almennings á viðkomandi banka sé í hættu vegna stöðu eða háttsemi hluthafans.

Samkvæmt 2. mgr. ber Fjármálaeftirlitinu meðal annars að horfa til þeirra viðmiða sem upp eru talin í 6. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Fjármálaeftirlitinu ber lögum samkvæmt að gæta meðalhófs og ber því að grípa til eins vægra úrræða og kostur er hverju sinni.

Nátengd þessu stöðuga eftirliti Fjármálaeftirlitsins með stærri hluthöfum eru þau ákvæði laga nr. 2/1995, um hlutafélög, sem eiga að draga úr líkunum á að stærri hluthafar hlutafélaga misbeiti áhrifum sínum þar. Nægir þar að nefna ákvæði 95. gr. laganna um ákvarðanir hluthafafundar sem afla tilteknum hluthöfum ótilhlýðilegs ávinnings. Slíkar ákvarðanir eru ógildanlegar samkvæmt 96. gr. laganna.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er ekki fólgin efnisleg breyting heldur er þar aðeins leiðrétt tilvísun til 10. gr. laganna. Nauðsynlegt er að breyta tilvísuninni vegna þeirra breytinga sem verða á greininni skv. 1. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Í 5. gr. er kveðið á um skyldu lánastofnana, annarra en viðskiptabanka og sparisjóða, til að fara að 10.–12. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996. Af því leiðir að þeim sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í slíkum stofnunum eða auka við hann umfram ákveðin mörk, verður skylt að senda umsókn til Fjármálaeftirlitsins um það. Fallist Fjármálaeftirlitið ekki á þá fyrirætlan eftir að hafa farið yfir umsókn viðkomandi fjárfestis getur ekki orðið af fjárfestingunni.

Um 6. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. gr. og vísast til skýringa með henni. Í greininni er hugtakið „virkur eignarhlutur“ ekki skilgreint sérstaklega eins og í 1. gr. Það skýrist hins vegar af því að þá skilgreiningu er að finna í 16. tölul. 2. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, og er tvítekning þess óþörf.

Um 7. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. gr. og vísast til skýringa með henni.

Um 8. gr.

Með 8. gr. frumvarpsins er 14. gr. laga um verðbréfaviðskipti breytt til samræmis við þær efnisbreytingar sem leiðir af efni frumvarpsins að öðru leyti. Erlendum aðilum ber, rétt eins og íslenskum, að afla samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fjárfestingum í virkum eignarhlutum í íslenskum fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu en ekki nægir að tilkynna um það eins og 14. gr. kveður nú á um.

Um 9. gr.

Í 9. gr. er ekki fólgin efnisleg breyting heldur er þar aðeins leiðrétt tilvísun til 12. gr. laganna. Nauðsynlegt er að breyta tilvísuninni vegna þeirra breytinga sem verða á greininni skv. 6. gr. frumvarpsins.

Um 10. gr.

Greinin er efnislega nærri samhljóða 1. gr. og vísast að mestu til skýringa með henni.

Í greininni er hugtakið „virkur eignarhlutur“ ekki skilgreint sérstaklega eins og í 1. gr. Það skýrist hins vegar af því að þá skilgreiningu er að finna í 7. gr. laga nr. 60/1994 og er tvítekning þess óþörf.

Í 12. tölul. 3. mgr. er vísað til hugtaksins „náin tengsl". Hugtakið ber eðli máls samkvæmt að skýra í samræmi við skilgreiningu þess í 7. gr. laga nr. 60/1994. Sú skilgreining er hins vegar frábrugðin skilgreiningu laga nr. 113/1996 og 13/1996 og þurfa kröfur um upplýsingar samkvæmt 12. tölul. 3. mgr. ekki að vera hinar sömu og að því er varðar fjárfestingu í lánastofnunum eða fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu.

Í 1. mgr. 39. gr. laganna er getið um að ákvæði greinarinnar skuli jafnframt ná til eignarhalds gegnum félagasamstæður. Þess sér hins vegar ekki stað í 10. gr. frumvarpsins. Með því er ekki ætlað að breyta inntaki ákvæðisins en á hinn bóginn verður talið að tilvísun 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins í „óbeint" eignarhald nái þar með til þess þegar eignarhald er dreift innan félagasamstæðu. Er því óþarfi að geta þess sérstaklega í lagaákvæðinu.

Um 11. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. gr. og vísast til skýringa með henni.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Dreifð eignaraðild að fjármálafyrirtækjum.

I. Inngangur

Viðskiptaráðuneytið fól Þórólfi Jónssyni hdl. hjá LOGOS lögmannsþjónustu sf. að taka taka saman skýrslu um það álitaefni hvort og hvernig mætti takmarka áhrif einstakra aðila á rekstur fjármálarfyrirtækja og tryggja dreifða eignaraðild að fjármálafyrirtækjum. Skýrslan fylgir hér með.

Í verklýsingu var þess sérstaklega óskað að eftirfarandi atriði væru tekin til umfjöllunar:

1. Hvaða leiðir væru færar að því marki að tryggja dreifða eignaraðild að viðskiptabönkum og eftir atvikum öðrum fjármálafyrirtækjum.
2. Hverjir væru kostir og gallar einstakra leiða að settu marki.
3. Hvaða leið stuðlaði best að markmiði um dreifða eignaraðild að fjármálafyrirtækjum.
4. Hvort einhver leiðanna væri óframkvæmanleg frá eftirlitssjónarmiði.
5. Hvernig tryggja mætti að ákvæði um dreifða eignaraðild tækju til „tengdra" aðila.

Til að leysa úr þessum spurningum hefur einkum verið höfð hliðsjón af eftirfarandi gögnum:

i. Samantekt viðskiptaráðuneytisins frá ágúst 1999 um „takmarkanir á eignarhlut í lánastofnunum".
ii. Umræðum á 125. og 126. löggjafarþingi um málefni er lúta að dreifðri eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum og skyldum atriðum og innsendum erindum hagsmunaaðila vegna frumvarpa um dreifða eignaraðild.
iii. Tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins um stofnun og rekstur lánastofnana nr. 2000/12/EBE.
iv. Skýrslu Banking Advisory Committee um eftirlit með hluthöfum í lánastofnunum frá 28. júlí 1999.
v. Skýrslu Groupe De Contact um eftirlit með hluthöfum í lánastofnunum frá ágúst 1999.

vi. Skýrslu Basel-nefndarinnar um bankaeftirlit frá september 1997, *Core Principles for Effective Banking Supervision.*
vii. Skýrslu bandaríska bankeeftirlitsins frá febrúar 1997, *Commercial Banking Structure, Regulation and Performance: An International Comparison*, frá Bankaeftirliti Bandaríkjanna.
viii. Blaðaumfjöllun hér á landi um dreifða eignaraðild.
ix. Upplýsingum frá eftirlitsaðilum, löggjafarþingum og lögmannsstofnum í einstökum samanburðarríkjum.

II. Tilgangurinn með lagasetningu um dreifða eignaraðild að fjármálastofnunum

Talsverð umræða varð á síðustu tveimur löggjafarþingum um nauðsyn þess að tryggja dreift eignarhald á eignarhlutum í fjármálastofnunum. Þessi umræða tengdist ekki síst áformum ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu lánastofnana í eigu ríkisins. Hafa þingmenn, jafnt úr stjórnarliði sem stjórnarandstöðu, lýst yfir stuðningi við að tryggt verði í löggjöf að einstakir aðilar geti ekki seilst til of mikilla áhrifa í fjármálastofnunum.

Með löggjöf um dreift eignarhald á fjármálastofnunum yrði að því stefnt að koma í veg fyrir að einstakir aðilar næðu of miklum ítökum í fjármálastofnunum og tryggja með því sjálfstæði bankakerfisins gagnvart efnahagslífinu. Hefur því verið haldið fram að of mikil ítök einstakra aðila í fjármálafyrirtækjum geti skaðað hagsmuni viðskiptavina og annarra hluthafa. Nokkrar leiðir eru færar að því marki að draga úr hættunni á því, eins og vikið verður að síðar.

III. Röksemdir með og á móti lagasetningu um dreift eignarhald

III.1 Röksemdir með lagasetningu um dreift eignarhald

Trúnaðartraust viðskiptavina

Það er almennt viðurkennt að mikilvægt sé að stærri hluthafar í helstu fjármálafyrirtækjum fullnægi ákveðnum hæfnisskilyrðum og geti þannig stuðlað að heilbrigðum rekstri viðkomandi fyrirtækja. Nægir að benda á í þessu sambandi að kveðið er á um það í tilskipun ESB nr. 2000/12/EBE, um stofnun og starfsemi lánastofnana, að aðildarríkjum sambandsins beri að synja lánastofnun um starfsleyfi ef þeir sem eiga 10% hlutafjár eða atkvæðisréttar í henni þykja ekki til þess fallnir að stuðla að heilbrigðum rekstri hennar. Íslensk lög hafa verið löguð að efni þessarar tilskipunar.[2]

Þessi sérsjónarmið um fjármálafyrirtæki eru studd þeim rökum að sérstaka aðgætni verði að sýna við skipulag fjármagnsmarkaðarins, enda sé hann kjölfesta efnahagslífsins. Miklu varði að traust almennings á heilbrigði markaðarins sé mikið og liður í að tryggja það sé að einungis hæfir aðilar fái að hafa veruleg áhrif á rekstur fyrirtækjanna. Að baki búa því sjónarmið um að gæta almannahagsmuna. Þau sjónarmið eiga ekki síst við um innlánsstofnanir, enda sjá þær einar um að varðveita skammtímasparnað almennings.

Lög um dreift eignarhald að fjármálafyrirtækjum mundu tryggja að áhrif á rekstur fjármálafyrirtækja söfnuðust ekki á hendur fárra aðila heldur væri dreift meðal helstu hluthafa. Þá drægju lögin úr hættunni á því að stærri hluthafar misbeittu áhrifum sínum innan bankans í skjóli hlutafjáreignar. Því verður að ætla að þau styrktu trúnað almennings á að fjármálafyrirtæki starfi ekki í þágu sérhagsmuna fárra aðila.

---

[2]Efnislega samhljóða ákvæði eru í annarri bankatilskipun ESB nr. 89/646/EBE. Tilskipun nr. 2000/12/EBE er ætlað að sameina efni hennar og annarra tilskipana sem lúta að starfsemi lánastofnana.

Valdajafnvægi í hópi eigenda

Lögin mundu enn fremur tryggja valdajafnvægi meðal hluthafa, enda væri enginn þeirra stærri en svo að aðrir hluthafar gætu veitt honum öfluga andspyrnu ef svo bæri undir. Hluthafar, sem fylgdu stærsta hluthafanum ekki að málum, ættu þess þá frekar kost að afla skoðunum sínum fylgis meðal annarra hluthafa en ella.

Dreifing ágóðahluta

Lögin mundu eðli máls samkvæmt tryggja fleiri aðilum hlutdeild í ágóða af starfsemi fjármálastofnana. Það er hins vegar umdeilanlegt hvort það getur talist hlutverk ríkisvaldsins að tryggja það.

Óbein ábyrgð ríkisvaldsins á fjármálastofnunum

Ætla má að ríkisstjórnir í vestrænum ríkjum láti það síður henda að vissar fjármálastofnanir, einkum innlánsstofnanir, verði gjaldþrota. Reynslan sýnir að áður en af því verður kemur ríkisvaldið jafnan til skjalanna og forðar frá gjaldþroti. Líklegt er að því valdi mikilvægi þess að traust almennings á fjármagnsmarkaðnum haldist. Sé almennt gert ráð fyrir því að ríkið komi slíkum stofnunum til bjargar af þeim ástæðum sem að framan greinir, má ef til vill telja eðlilegt að ríkisvaldið áskilji sér rétt til að tryggja eftir öðrum leiðum heilbrigðan rekstur þeirra. Ein leið að því marki gæti verið að tryggja dreifða eignaraðild að þeim.

Bætt lánshæfismat

Því hefur verið haldið fram að það hafi jákvæð áhrif á lánshæfismat lánastofnana að eignarhald á þeim sé dreift. Þannig segir í umsögn Íslandsbanka hf. (nú Íslandsbanka – FBA hf.) um frumvarp til laga um dreifða eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum sem lagt var fram á 125. löggjafarþingi: „Erlendir lánardrottnar bankans og matsfyrirtæki kanna reglubundið eignarhaldið og í þeirra huga skiptir máli fyrir lánstraust hans að eignarhald sé dreift og að viss stöðugleiki ríki í hluthafahópnum.“[3]

III.2 Röksemdir gegn lagasetningu um dreift eignarhald

Skertir möguleikar til hagræðingar

Lög um dreifða eignaraðild mundu útiloka sumar fjárfestingar aðila sem hefðu það einkum í huga að koma á samstarfi milli sín og viðkomandi fjármálastofnunar, m.a. til að skapa samlegðaráhrif milli aðilanna tveggja.

Á undanförnum árum hefur víðast hvar erlendis gætt aukinnar tilhneigingar til að sameina eða koma á samstarfi milli fyrirtækja sem sinna inn- og útlánastarfsemi, vátryggingastarfsemi og verðbréfaþjónustu. Þeirrar tilhneigingar gætir einnig hér á landi og mun gera áfram. Lög um dreift eignarhald kunna að hamla því að félög á einu sviði fjármálamarkaðarins „kaupi“ sér áhrif í félagi á öðru sviði í þessu skyni, enda geta þeir síður vænst þess að geta haft áhrif á rekstur félags eftir því sem eignarhlutur þeirra í því er minni. Þá er ástæða til að ætla að lög um dreift eignarhald kynnu að gera aðilum erfiðara fyrir að sameina félög á mismunandi sviðum fjármálamarkaðarins. Þannig gæti sú staða komið upp að fjármálafyrirtækjum yrði ekki unnt að kaupa stór félög og greiða fyrir með hlutabréfum í sjálfum sér, nema eignarhald væri jafnframt dreift í yfirteknu félögunum.

---

[3]Bréf Íslandsbanka til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 5. nóvember 1999.

Lög um dreifða eignaraðild gætu torveldað fjárhagslega endurskipulagningu fjármálafyrirtækja, enda kæmu þau í veg fyrir að stærstu hluthafarnir legðu frekara hlutafé til fyrirtækisins ef þeir færu með því yfir lögmælt hlutafjármörk. Við slíkar aðstæður væru möguleikar viðkomandi fyrirtækja til endurskipulagningar því takmarkaðri en ella.

Lækkað markaðsvirði fjármálafyrirtækja

Lög um dreifða eignaaðild draga úr eftirspurn fjárfesta eftir hlutum. Minni eftirspurn ætti eðli máls samkvæmt að öllu jöfnu að leiða til lægra markaðsvirðis hlutanna, bæði vegna lögmálanna um framboð og eftirspurn og einnig vegna þess að stærri eignarhlutar ganga jafnan kaupum og sölum á hærra einingarverði en þeir smærri.

Hitt er svo aftur annað mál að það er sjaldgæft erlendis að fjárfestar sækist eftir stórum eignarhlutum í vissum fjármálafyrirtækjum, t.d. innlánsstofnunum. Ætla má að sömu lögmál mundu gilda hér á landi. Því er vafamál hvort lögin hafi áhrif að þessu leyti.

Verri samkeppnisstaða íslenskra fjármálafyrirtækja

Lög um dreift eignarhald gætu enn fremur komið niður á samkeppnisstöðu íslenskra fjármálafyrirtækja gagnvart erlendum fjármálafyrirtækjum sem hér starfa á grundvelli starfsleyfa í heimaríkjum sínum.

Erlend fjármálafyrirtæki, sem fengið hafa starfsleyfi í einhverju landi á Evrópska efnahagssvæðinu, eiga lögvarinn rétt til þess að hefja starfsemi hér á landi, að ákveðnum formskilyrðum fullnægðum, sbr. ákvæði laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996, laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 123/1993, og laga um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996. Væru sett lög hér á landi um dreifða eignaraðild tækju þau ekki til erlendra fjármálafyrirtækja sem hér byðu þjónustu sína á grundvelli erlends starfsleyfis.[4] Það mundi skapa hinum erlendu félögum samkeppnisforskot sem fylgir því að þurfa ekki að lúta ákvæðum laganna.

Sé gengið út frá því að lögin rýri verðgildi hluta þeirra félaga sem þeim lúta má ætla að erlendum fjármálafyrirtækjum gengi betur að fjármagna sig með útgáfu hluta. Að sama skapi má ætla að hagræðingarmöguleikar yrðu meiri hjá erlendu félögunum en hinum innlendu, verði á annað borð gengið út frá því að lögin þrengi ráðrúm fyrirtækjanna til að hagræða.

Minni ásókn erlendra fjárfesta í íslensk fjármálafyrirtæki

Sérstaklega ber að vekja athygli á því að lög um dreift eignarhald koma í veg fyrir stærri fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum fjármálafyrirtækjum. Að því leyti drægju lögin úr möguleikum erlendra aðila til fjárfestinga á íslenskum fjármagnsmarkaði.

Skert framleiðni

Færð hafa verið rök fyrir því að arðsemiskrafa stærri hluthafa í fjármálafyrirtækjum sé meiri en þeirra smærri. Sé gengið út frá því má ætla að arðsemiskrafa eigenda fjármálafyrirtækja sé almennt minni þegar eignaraðild er dreifð en þegar samþjöppun í hluthafahópnum er meiri. Eftir því sem arðsemiskröfur minnka, þeim mun meiri hætta er á að framleiðni

---

[4]Sjá 12. tölulið inngangs tilskipunar ESB nr. 2000/12/EBE um stofnun og starfrækslu lánastofnana. Af honum leiðir að Ísland getur sett strangari skilyrði fyrir starfrækslu lánastofnana en fram kemur í 7. gr. tilskipunarinnar, en aðeins að því er varðar þær lánastofnanir sem afla starfsleyfis hér á landi. Erlendar lánastofnanir þurfa aðeins að fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru í heimaríkjum þeirra til að geta boðið þjónustu sína hér á landi.

minnki. Því er sú hætta fyrir hendi að dreifð eignaraðild leiði til skertrar framleiðni á fjármálamarkaðnum.

III.4 „Sjálfsstjórn" markaðarins

Erlendis hefur reynslan verið sú að eignarhald sé almennt dreift í fjármálafyrirtækjum, a.m.k. í lánastofnunum, án þess að til þurfi að koma lagaboð sem tryggi það.

Ástæða þess kann meðal annars að vera að það sé fjármálafyrirtækjum ekki til hagsbóta að hafa innbyrðis mjög stóra hluthafa, enda sé það til þess fallið að vekja tortryggni markaðarins. Með því að auka eignarhlut sinn kunna stærri fjárfestar því að vera að stuðla að því að markaðsverð eignarhlutar þeirra skerðist. Af þessum sökum má velta vöngum yfir því hvort lög um dreifða eignaraðild hefðu jafnvel hafa litla raunhæfa þýðingu hér á landi þar sem það ástand, sem lögunum væri ætlað að skapa, mundi skapast hvort sem er.

Af því tilefni er rétt að kanna eignarhald á helstu íslensku lánastofnununum. Þar er eignarhald talsvert dreift um þessar mundir. Þar ræður þó nokkru að íslenska ríkið á um 70% hlutafjár í tveimur af þremur viðskiptabönkum.

Á töflunni hér að neðan má sjá eignarhluti stærstu hluthafa viðskiptabankanna þriggja og þriggja fjárfestingabanka en eignarhald á öðrum fjármálafyrirtækjum er látið liggja á mili hluta. Eignarhlutir eru tölusettir eftir stærðarröð:

Stærstu hluthafar	**1.**	**2.**	**3.**	**4.**	**5.**
Viðskiptabankar					
Landsbanki Íslands hf.[5]	68,3%	4,2%	2,5%	2,2%	1,7%
Búnaðarbanki Íslands hf.[6]	75,3%	7,3%	4,1%	1,2%	0,9%
Íslandsbanki–FBA hf. [7]	15,6%	8,5%	6,9%	3,6%	3,3%
Fjárfestingarbankar					
Frjálsi fjárfestingarbankinn hf.[8]	33,6%	21,1%	7,1%	7,0%	3,8%
Kaupþing hf.[9]	22,3%	13,4%	12,8%	10,6%	
Eignarhaldsfélagið Alþýðubankinn hf.[10]	14,9%	9,5%	7,5%	7,4%	6,5%

Eins og sjá má á enginn hluthafi meira en 10% í innlánsstofnunum ef frá er skilinn stærsti hluthafi Íslandsbanka–FBA hf., sem er FBA Holding S.A., en það félag á 15,6% hlutafjár. Þar á eftir kemur Lífeyrissjóður verslunarmanna sem á 8,5% í Íslandsbanka – FBA hf.

Eignarhlutir stærstu hluthafa helstu fjárfestingarbankanna eru stærri. Þannig eru alls sjö aðilar sem eiga meira en 10% í Frjálsa fjárfestingarbankanum hf., Kaupþingi hf. og Eignarhaldsfélaginu Alþýðubankanum hf. Hlutfallslega stærsta eignarhlutinn á Vátryggingafélag Íslands hf. sem á 33,6% hlutafjár í Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. en þar á eftir kemur Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis sem á 22,3% í Kaupþingi hf.

---

[5] Byggt á upplýsingum úr hluthafaskrá Landsbanka Íslands hf. hinn 30. október 2000.

[6] Byggt á upplýsingum úr hluthafaskrá Búnaðarbanka Íslands hf. hinn 14. nóvember 2000.

[7] Byggt á upplýsingum úr hluthafaskrá Íslandsbanka – FBA hf. hinn 14. nóvember 2000.

[8] Byggt á upplýsingum úr hluthafaskrá Frjálsa fjárfestingarbankans hf. hinn 1. október 2000.

[9] Byggt á ársskýrslu félagsins fyrir árið 1999.

[10] Byggt á ársskýrslu félagsins fyrir árið 1999.

Eins og sjá má á töflunni átti annar stærsti hluthafinn í Búnaðarbanka Íslands hf. hinn 29. ágúst sl. 6,3% hlutafjár en sá þriðji stærsti átti um 4,1% hlutafjár.

Í Landsbanka Íslands hf. átti annar stærsti hluthafinn hinn 6. september sl. 4,25% hlutafjár í bankanum.

Það er hins vegar óljóst hvernig eignarhald á Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. muni þróast við frekari einkavæðingu þeirra.

IV. Ákvæði í gildandi lögum er takmarka heimildir til fjárfestinga í fjármálafyrirtækjum

IV.1 Inngangur

Í gildandi lögum eru engar skorður lagðar við því hvað einstakir aðilar geta eignast mikið hlutafé eða mikinn atkvæðisrétt í fjármálafyrirtækjum, ef frá er talin sérregla er lýtur að hámarksatkvæðisrétti stofnfjáreigenda sparisjóða.

Á hinn bóginn hafa ráðherra og Fjármálaeftirlitið eftirlit með því hvernig stærri hluthafar í fjármálafyrirtækjum fara með hlutafjáreign sína og gæta þess að aðeins ábyrgir aðilar eignist stóra hluti í þeim. Þá leiðir af reglum kauphallaréttarins að stærstu hluthafarnir í fjármálafyrirtækjum kunna að þurfa að bjóðast til að kaupa hluti annarra hluthafa fari hlutafjáreign þeirra eða hlutdeild í atkvæðisrétti fyrirtækjanna yfir ákveðin mörk.

IV.2 Mat viðskiptaráðherra á hæfi hluthafa

IV.2.1 Inngangur

Viðskiptaráðherra er heimilt lögum samkvæmt að grípa inn í ef stærri hluthafar í lánastofnunum, tryggingafélögum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu þykja ekki nægjanlega hæfir til að stuðla að heilbrigðum rekstri viðkomandi fyrirtækja. Þetta getur ýmist gerst áður en viðkomandi aðilar eignast eignarhluti í slíkum félögum eða eftir að þeir eru orðnir hluthafar. Þegar svo stendur á er ráðherra heimilt að banna framsal hlutanna, fella niður þann atkvæðisrétt hluthafanna eða leggja fyrir félögin að grípa til ráðstafana sem draga úr hinum skaðlegu áhrifum eignarhaldsins.

Virði hluthafi eða verðandi hluthafi ekki ákvörðun ráðherra um að banna honum að eignast virkan eignarhlut eða fara með atkvæðisrétt í félagi getur það varðað hann sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 101. gr. laga nr. 113/1996, 99. gr. laga nr. 60/1994 og 59. gr. laga nr. 13/1996.

Þau ákvæði íslenskra laga sem færa viðskiptaráðherra þessar heimildir eru byggð á tilskipunum Evrópusambandsins. Þessar heimildir ráðherra ná til fjárfestinga í viðskiptabönkum, lánastofnunum (sem starfa eftir lögum nr. 123/1993), vátryggingafélögum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu. Kveðið er á um þetta í 3. mgr. 10. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996, 39. og 40. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, og 12.–14. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti. Fjármálaeftirlitið hefur enn fremur talið að af 6. mgr. 3. gr. og 6. gr. laga nr. 123/1993 leiði að reglan nái til annarra lánastofnana en viðskiptabanka og sparisjóða. [11]

[11] Umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um dreifða eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum, dags. 9. nóvember 1999.

IV.2.2 Íhlutun í tilefni af aðilaskiptum

Viðskiptaráðherra getur að fenginni tillögu Fjármálaeftirlitsins synjað hluthafa um að eignast hlut eða atkvæðisrétt í tilteknum fjármálafyrirtækjum þegar hluturinn eða atkvæðisrétturinn færir eigandanum virk yfirráð í bankanum eða fleytir honum yfir ákveðin, nánar tilgreind eignarmörk, sbr. 3. mgr. 10. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996.

Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild sem nemur 10% af hlutafé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi stofnunar.

Skilyrði þess að ráðherra geti beitt þessari heimild sinni er að hann telji viðkomandi aðila ekki hæfan til þess að eignast hlutinn eða atkvæðisréttinn, með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fyrirtækisins. Ráðherra er því ætlað að meta það sjálfstætt hvort vænlegt þyki, út frá hagsmunum fyrirtækisins, að viðkomandi fjárfestir eignist svo stóran hlut sem um ræðir. Sé það mat hans að svo sé ekki má hann banna aðilaskiptin að hlutnum, hafi eignarhlutur á annað borð verið framseldur, eða svipta viðkomandi rétti til að fara með atkvæðisréttinn, hafi atkvæðisrétturinn einn skipt um hendur.

Ekki er kveðið á um það í lögum hvað ráðherra og Fjármálaeftirlitið eigi að hafa til hliðsjónar við mat á því hvort hluthafi geti skaðað heilbrigðan og traustan rekstur fjármálafyrirtækis.

Viðskiptaráðherra mun ekki hafa beitt þessari heimild til íhlutunar til þessa.

IV.2.3 Íhlutun vegna háttsemi hluthafa

Ef hluthafi í fjármálafyrirtæki fer þannig með hlut sinn að það skaði heilbrigðan og traustan rekstur þess getur ráðherra að fenginni tillögu Fjármálaeftirlitsins ákveðið að hlutum hans fylgi ekki atkvæðisréttur eða lagt fyrir hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki að grípa til viðeigandi ráðstafana.

Þessi heimild ráðherra nær sem fyrr til hlutafjáreignar í viðskiptabönkum, lánastofnunum öðrum en viðskiptabönkum og sparisjóðum, vátryggingafélaga og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Henni er ætlað að mæta þeim aðstæðum þegar hluthafi, sem áður var talinn hæfur til að fara með hluti í fjármálafyrirtæki, er það ekki lengur. Viðskiptaráðherra mun ekki hafa beitt þessari heimild til íhlutunar til þessa.

Felli ráðherra niður atkvæðisrétt hluthafans verður á fundum hluthafa litið svo á að ekki sé mælt fyrir þeim atkvæðum á fundinum, sbr. t.d. 3. mgr. 12. gr. laga nr. 113/1996.

Ekki er sérstaklega vikið að því í lögum hvaða ráðstafana ráðherra getur mælst til að viðkomandi fjármálafyrirtæki grípi til. Í greinargerð með frumvarpi sem breyttu lögum um viðskiptabanka og sparisjóði að þessu leyti kemur hins vegar fram að m.a. væri hægt að mælast til þess að viðkomandi fyrirtæki freistaði þess að hnekkja ákvörðun sem kynni að hafa verið tekin í krafti hlutafjáreignar viðkomandi hluthafa.

Það virðist m.a. koma til álita fyrir ráðherra að beita þessari heimild þegar stór hluthafi í fjármálafyrirtæki verður uppvís að því að beita fyrirtækið óhæfilegum áhrifum í krafti hlutafjáreignar sinnar í því skyni að afla sjálfum sér ávinnings. Þannig mætti taka dæmi af stórum hluthafa í viðskiptabanka sem nýtti sér áhrif sín í bankanum til að knýja fram betri viðskiptakjör en aðrir sambærilegir viðskiptavinir fengju. Ætla verður að í slíkum tilvikum gæti ráðherra beitt sér fyrir því að viðskiptabankinn leiðrétti kjörin og færði þau til samræmis við þau kjör sem aðrir nytu.

Fjármálaeftirlitið hefur sem kunnugt er afar rúmar heimildir til að grennslast fyrir um starfsemi fjármálafyrirtækja. Þannig er fjármálafyrirtækjum skylt að veita Fjármálaeftirlitinu aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum og öðrum gögnum í vörslu þeirra er

varða starfsemina sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegan, sbr. 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Því má ætla að Fjármálaeftirlitið geti haft virkt eftirlit með stærri hluthöfum fjármálafyrirtækja og því hvort þeir beiti fyrirtækin óhæfilegum áhrifum í krafti hlutafjáreignar sinnar.

IV.3 Tilboðsskylda samkvæmt yfirtökureglum

Í 19. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, er svohljóðandi ákvæði:

> Hafi eignarhlutur beint eða óbeint verið yfirtekinn í félagi sem hefur fengið opinbera skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa í kauphöll skal öllum hluthöfum félagsins gefinn kostur á því að afhenda eignarhlut sinn með sambærilegum kjörum þeim aðila sem:
> 1. hefur eignast 50% atkvæðisréttar í félaginu eða samsvarandi hluta hlutafjár,
> 2. hefur öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meiri hluta stjórnar í félaginu,
> 3. hefur fengið rétt til þess að stjórna félaginu á grundvelli samþykkta þess eða á annan hátt með samningi við félagið,
> 4. hefur á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur [50%] atkvæða í félaginu.
>
> Ákvæði 1. mgr. á ekki við um eignarhlut í félagi sem þegar hefur verið opinberlega skráð í kauphöll við gildistöku laga þessara þrátt fyrir að atvik sem nefnd eru í 1.–4. tölul. 1. mgr. eigi við um þann eignarhlut. Hafi eignarhlutur í félagi, sem ákvæði þessarar málsgreinar tekur til, farið niður fyrir þau mörk sem tilgreind eru í 1. mgr. eftir gildistöku laganna skulu þó reglur 1. mgr. eiga að öllu leyti við.
>
> Kauphöll hefur eftirlit með því að ákvæðum 1. mgr. sé framfylgt.

Tilvitnað ákvæði tekur til fjármálafyrirtækja sem skráð hafa verið í kauphöll. Allir íslensku viðskiptabankarnir eru nú skráðir í kauphöll, sem og fjárfestingarbankarnir Frjálsi fjárfestingarbankinn hf., Kaupþing hf. og Eignarhaldsfélagið Alþýðubankinn hf. Þessi fyrirtæki lúta því öll yfirtökureglum kauphallalaga.

Hluthafar, sem eignast beint eða óbeint 50% hlutafjár eða atkvæðisréttar í þessum félögum, verða þar með skyldir til að bjóða öðrum hluthöfum að kaupa bréf þeirra gegn sama endurgjaldi og í fyrri viðskiptum.

Tilvitnað ákvæði leiðir því til þess að fjárfestar geta ekki eignast 50% hlutafjár eða atkvæðisréttar í helstu lánastofnunum landsins, án þess að þurfa jafnframt að vera reiðubúnir að kaupa annað hlutafé í félaginu. Að því leytinu til hefur ákvæðið áhrif á heimildir einstaklinga og lögaðila til að fjárfesta í fjármálafyrirtækjum.

IV.4 Sérákvæði um sparisjóði

Um sparisjóði gilda sérsjónarmið því hámarksatkvæðisréttur einstakra stofnfjáreigenda er takmarkaður samkvæmt 35. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996, sem hljóðar svo: „Stofnfjáreigendur skulu eiga jafnan atkvæðisrétt nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum sparisjóðs. Þó er einstökum stofnfjáreigendum aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði, sbr. þó 98. gr. ef sveitarfélag er eini stofnfjáreigandinn."

Engar takmarkanir eru á því hvað stofnfjáreigendur sparisjóða mega eiga mikið stofnfé. Hins vegar leiðir af 35. gr. laganna að hver og einn stofnfjáreigandi getur aldrei farið með meira en 5% atkvæðisréttar á fundum stofnfjáreigenda.

Ákvæðið hefur því ekki bein áhrif á hversu mikið stofnfé stofnfjáraðilum er unnt að eignast í sparisjóðum en takmarkar hins vegar þann atkvæðisrétt sem þeir geta farið með.

V. Úrræði í rétti annarra ríkja er miða að dreifðri eignaraðild

V.1 Inngangur

Hér á eftir verður hugað að því hvort hvaða takmarkanir eru á eignarhaldi í lánastofnunum í 20 ríkjum, þ.e. í hinum 15 aðildarríkjum Evrópusambandsins, Noregi, Liectenstein, Kanada, Bandaríkjunum og Sviss.

V.2 Mat á hæfi hluthafa

V.2.1 Tilskipanir ESB

Tilskipun ESB nr. 2000/12/EBE leggur þá skyldu á herðar aðildarríkjum að sjá til þess að þeir aðilar komist ekki til áhrifa í lánastofnunum sem líklegt er að muni hafa skaðleg áhrif á rekstur þeirra.

Þegar aðilar, sem svo er háttað um, eignast virkan eignarhlut í lánastofnunum ber yfirvöldum að grípa til aðgerða sem koma í veg fyrir að skaðleg áhrif, t.d. að fella niður atkvæðisrétt viðkomandi hluthafa. Þetta á jafnt við um þau tilvik þegar slíkur aðili hyggst fjárfesta í lánastofnun og þegar í ljós kemur að aðili, sem þegar er orðinn hluthafi, er ekki vel til þess fallinn að vera það áfram.

Aðildarríki ESB meta öll hæfi stórra hluthafa í fjármálafyrirtækjum og grípa til viðeigandi ráðstafana ef þau meta þá óhæfa til að fara með eignarhald hlutanna. Meiri hluti ESB-ríkja hafa í reynd beitt þessari heimild sinni til að grípa til ráðstafana í tilefni af óæskilegu eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum. Þannig hafa eftirlitsaðilar í Belgíu, Englandi, Danmörku, Grikklandi, Hollandi, á Írlandi, í Ítalíu, Portúgal, Svíþjóð og á Spáni ítrekað þurft að hafna framsali á eignarhlutum í lánastofnunum.

V.2.2 Viðmiðunaratriði

Evróputilskipanir um fjármálafyrirtæki kveða ekki sérstaklega á um það við hvað aðildarríki eigi að miða þegar þau meta hvort fjárfestar kunni að hafa skaðleg áhrif á rekstur fyrirtækja. Aðildarríkin hafa í fæstum tilvikum lögfest einhver viðmiðunaratriði í þeim efnum heldur meta þau það jafnan hverju sinni hver áhrif fjárfestinga verði á rekstur fyrirtækjanna. Mat aðildarríkja er misjafnt að því leyti. Þannig hefur til að mynda Lúxemborg gert afar miklar kröfur til fjárfesta í lánastofnunum og í framkvæmd leyfir það aðeins sterkum fjármálastofnunum að eignast virkan eignarhlut í lánastofnunum.

Sum aðildarríki hafa hins vegar sett sér reglur um við hvað beri að miða þegar metið er hvort hluthafi muni hafa skaðleg áhrif á rekstur fjármálafyrirtækja.

Belgía

Þar skal meðal annars horft til fjárstyrks fjárfestisins og gagnsæis þeirrar samstæðu sem hann kann að vera hluti af.

Austurríki

Meðal annars má horfa til hagsmuna annarra hluthafa.

Frakkland

Það mælir gegn framsalinu ef fjárfestir hefur ekki framvísað nægjanlega greinargóðum upplýsingum, ef óljóst er um uppbyggingu þeirrar samstæðu sem framsalshafi er hluti af, ef framsalshafinn á slæman feril að baki, ef fjárhagsstaða hans er slæm, ef framsalið þykir rjúfa samstöðu hluthafa eða torvelda eftirlit með lánastofnuninni.

Þýskaland

Það mælir gegn framsali ef fjárfestir þykir ekki trúverðugur, m.a. vegna afbrotaferils, ónógra upplýsinga um einkahagi eða viðskiptaferil hans, óljóss uppruna þess fjár sem hann notaði til að greiða fyrir hlutina með o.fl. Þá þykir ástæða til að gera athugasemdir við framsalið ef það þykir draga úr möguleikum til að hafa eftirlit með lánastofnuninni

Holland

Þar þykir framsal óæskilegt ef lánastofnunin verður þar með hluti af samstæðu sem skortir nauðsynlegt gagnsæi til að unnt sé að hafa eftirlit með henni.

Portúgal

Þar er heimilt að stöðva framsal ef eitthvað af eftirfarandi á við:

i. Viðskiptaferill fjárfestis gefur tilefni til að ætla að hann sé mjög áhættusækinn.
ii. Fjárhagsstaða fjárfestis er slæm.
iii. Eftirlitsaðili hefur ástæða til að efast um lögmætan uppruna þess fjár sem fjárfestir notar til að greiða fyrir hlutina.
iv. Fjárfestir neitar að uppfylla skilyrði sem eftirlitsaðili hafði áður sett fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu lánastofnunarinnar.
v. Atkvæðisréttur fjárfestis í fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélagi hefur áður verið felldur niður í viðurlagaskyni.
vi. Hæfni fjárfestis sem hluthafa verður dregin í efa vegna gjaldþrots hans eða annarra sem hann ber ábyrgð á eða vegna dóms sem hann hefur hlotið fyrir refsiverðan verknað.
vii. Uppbygging þeirrar samstæðu sem lánastofnunin er eða verður hluti af er þess eðlis að hún torveldar eftirlit með henni.

Ítalía

Fjárfestar eru metnir með hliðsjón af viðskiptaferli þeirra og fjárhagsstöðu. Þá er horft til þess ef þeir eru í formlegum eða óformlegum tengslum við aðila sem eru í slæmri fjárhagsstöðu eða hafa vafasaman viðskiptaferil að baki.

Svíþjóð

Fjárfestir er talinn óhæfur til að fara með virkan eignarhlut:

i. Ef hann beitir eða er talinn beita áhrifum sínum á þann hátt sem kemur í veg fyrir heilbirgða starfsemi lánastofnunarinnar.
ii. Ef hann hefur í veigamiklum atriðum vanrækt skyldur sínar sem fjárfestir eða í efnahagslegu tilliti.
iii. Ef hann hefur framið alvarlegt afbrot.
iv. Ef fjárfestingin kæmi á svo nánum tengslum við annað fyrirtæki að það ylli erfiðleikum í eftirliti.

Spánn

Fjárfestir er talinn óhæfur til að fara með virkan eignarhlut:

i. Ef hann hefur ekki nægjanlega góðan viðskiptaferil að baki.
ii. Ef fjárhagsstaða hans er slæm.
iii. Ef skipulag samstæðunnar sem lánastofnunin er hluti af er ekki gagnsætt.
iv. Ef eftirlitsaðili fær ekki afhentar þær upplýsingar sem hann krefst.

v. Ef óhæfileg áhætta sem fjárfestirinn tekur innan eða utan fjármálageirans gæti haft slæm áhrif á lánastofnunina.

Á Íslandi, Írlandi og í Liechtenstein er þetta hins vegar háð mati hverju sinni.

V.2.3 Úrræði

Ef eftirlitsaðili kemst að því að fjárfestir hafi skaðleg áhrif á heilbrigðan rekstur fjármálafyrirtækis kemur til álita að að grípa til aðgerða í því skyni að eyða þeim áhrifum. Það er misjafnt eftir ríkjum hvort það er *skylt* eða aðeins *heimilt* að grípa til aðgerða þegar talið er að aðili sem á virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki hafi skaðleg áhrif á rekstur þess. Það er *skylt* að grípa til aðgerða af því tilefni í Austurríki, Grikklandi, Hollandi, á Ítalíu, í Liechtenstein, Portúgal, Svíþjóð og á Spáni en aðeins heimilt í Englandi, Finnlandi, Þýskalandi, á Íslandi, Írlandi og í Lúxemborg.

Þegar hluthafi hefur skaðleg áhrif á fjármálafyrirtæki mundi eftirlitsaðilinn banna framsalið, a.m.k. þegar um er að ræða nýja aðila sem hyggjast bætast við í hóp hluthafa.

Þegar viðkomandi aðili er þegar orðinn hluthafi eða gerist hluthafi þrátt fyrir andmæli eftirlitsaðila horfir málið hins vegar öðruvísi við. Þar dugir ekki að banna framsalið, enda er það þegar orðið, og því þarf að grípa til annarra aðgerða. Þegar svo háttar til verður hins vegar að gera greinarmun á þeim úrræðum sem unnt er að grípa til þegar aðili eignast hluti gegn andmælum eftirlitsaðila eða án þess að tilkynna eftirlitsaðila um þá fyrirætlan sína og þeim úrræðum sem gripið verður til þegar í ljós kemur að aðili, sem fengið hafði að eignast virkan eignarhlut, er ekki hæfur til að eiga hann.

V.2.3.1 Aðili eignast hluti án tilkynningar eða heimildar

i. Niðurfelling atkvæðisréttar

Í flestum aðildarríkjum ESB er heimilt að grípa til þess ráðs að fella niður atkvæðisrétt af hlutum sem skipt hafa um hendur gegn vilja eftirlitsaðila eða án þess að eftirlitsaðila hafi verið tilkynnt um það.

Í Frakklandi er unnt að fella niður atkvæðisrétt hluthafa sem á virkan eignarhlut í lánastofnun ef sýnt þykir að hann hafi skaðleg áhrif á rekstur hennar. Það verður þó aðeins gert með dómi.

Í Austurríki, Belgíu, Danmörku, Englandi, Finnlandi, Þýskalandi, Grikklandi og Liechtenstein geta eftirlitsaðilar hins vegar upp á eigin spýtur fellt niður atkvæðisrétt hluthafa sem kaupir hluti gegn mótmælum eftirlitsaðilans eða tilkynnir eftirlitsaðila ekki fyrir fram um þá ætlun sína að kaupa hluti í lánastofnun.

Á Spáni fellur atkvæðisréttur viðkomandi aðila sjálfkrafa niður ef hann eignast hluti gegn vilja eftirlitsaðila eða tilkynnir honum ekki fyrir fram um þá fyrirætlan sína.

Í Portúgal er aðeins gert ráð fyrir að sá hluti atkvæðisréttarins sé ógiltur sem eftirlitsaðilinn setti sig upp á móti að viðkomandi aðili eignaðist. Hann getur eftir sem áður neytt þess atkvæðisréttar sem var undir leyfilegum mörkum.

Í Lúxemborg er hluthafanum gefinn tími til að bæta úr hinu ólögmæta ástandi. Geri hann það ekki er heimilt að fella niður atkvæðisrétt hans. Í Hollandi er hluthöfum að sama skapi gefinn kostur á að bæta úr en geri þeir það ekki getur eftirlitsaðili leitað til dómstóla um að fá ógiltar með dómi þær ákvarðanir sem viðkomandi aðili átti þátt í að taka.

Í Svíþjóð getur eftirlitsaðili fyrirskipað hluthafanum að nýta hlutina ekki á fundum hluthafa og leita til dómstóla um að fá skipaðan aðila til að annast hlutina fyrir sig og selja eftir

atvikum nægjanlega mikið af þeim til þess að hlutafjáreign hans teljist ekki lengur virkur eignarhlutur.

ii. Ógilding framsals

Á Írlandi er framsal hluta án tilkynningar eða heimildar ógilt samkvæmt ákvæðum laga.

iii. Krafa um að hluthafi selji hluti

Í Belgíu getur eftirlitsaðili krafist þess að hluthafi selji hluti sína innan ákveðins tíma. Sama á við í Englandi en þar verður eftirlitsaðili að leita til dómstóla um að þeir fyrirskipi hluthafanum að selja hluti sína.

Í Þýskalandi er hluthafanum á hinn bóginn aðeins heimilt að selja hlutina að höfðu samráði við eftirlitsaðilann.

iv. Sektir og önnur viðurlög

Í Grikklandi, Ítalíu, Portúgal, Liechtenstein, á Spáni og í Þýskalandi er heimilt að leggja sektir á þann sem brýtur gegn fyrirmælum eftirlitsaðilans. Í Grikklandi geta sektirnar numið allt að 10% af andvirði þeirra hluta sem viðkomandi aðili eignaðist án tilkynningar eða heimildar. Þá er heimilt að útiloka viðkomandi aðila frá því að taka að sér stjórnunarstöður í viðkomandi lánastofnun.

Í Portúgal er enn fremur heimilt í viðurlagaskyni að fella niður rétt hluthafans til að neyta atkvæðisréttar í hvers kyns fjármálafyrirtæki allt frá 6 mánuðum upp í 10 ár.

Á Írlandi, í Englandi og Hollandi er framsal án tilkynningar eða heimildar refsiverður verknaður og varðar framsalshafa samkvæmt því refsingu lögum samkvæmt.

v. Aðrar aðgerðir

Ef viðkomandi hluthafi er banki getur fjármálaráðherra Austurríkis gripið til sérstakra aðgerða, m.a. afturkallað eða takmarkað starfsleyfi hans og sett bankanum tilsjónarmann er hafi heimild til að sinna hverju því er varðar rekstur hans.

Ef hluthafinn er lögaðili geta spænsk yfirvöld meinað framkvæmdastjóra þess að verða framkvæmdastjóri lánastofnunar í allt að 10 ár.

V.2.3.2 Aðili sem þegar er orðinn hluthafi telst ekki hæfur

Sú staða kann að koma upp að háttsemi aðila, sem þegar er orðinn hluthafi, þyki hafa svo skaðleg áhrif á rekstur viðkomandi fjármálafyrirtækis að ekki verði við það búið. Þegar svo háttar til eru úrræðin sem eftirlitsaðila er heimilt að grípa til ekki endilega hin sömu og þegar aðilar hafa eignast hluti gegn andmælum eftirlitsaðila eða án þess að tilkynna honum um það fyrir fram.

Eftir sem áður er algengt að heimilt sé að fella niður atkvæðisrétt viðkomandi aðila. Neyti hluthafinn eftir sem áður atkvæðisréttar síns eru ákvarðanir teknar með aðild hans ýmist ógildar eða ógildanlegar með dómi. Sérstök afbrigði þekkjast af þessu. Þannig geta hluthafar í sænskum lánastofnunum eftir sem áður neytt þess atkvæðisréttar sem er undir þeim mörkum sem gera eignarhlut að *virkum* eignarhlut.

Af öðrum helstu ráðstöfunum sem heimilt er að grípa til má nefna að:

- Viðkomandi fjármálafyrirtæki sé gert að grípa til tiltekinna ráðstafana.
- Skipaður sé tilsjónarmaður með viðkomandi fyrirtæki sem þurfi að samþykkja allar helstu ákvarðanirnar sem þar eru teknar.
- Þess sé krafist að skipt sé um stjórnendur viðkomandi fjármálafyrirtækja.

- Starfsheimildir viðkomandi fjármálafyrirtækis séu skertar eða afturkallaðar tímabundið.
- Þess sé krafist að fulltrúar viðkomandi hluthafa víki úr félagsstjórn og stjórnunarstöðum.
- Bannaðir séu allir löggerningar milli hluthafans og viðkomandi fjármálafyrirtækis og að gjaldfelld séu öll lán fjármálafyrirtækisins til hluthafans.
- Hlutir hluthafans séu gerðir upptækir.
- Hluthafanum sé fyrirskipað að selja svo mikið af hlutunum að hann eigi eftir minna en sem nemur virkum eignarhlut.
- Hluthafanum sé bannað að gegna stjórnunarstöðu í banka í allt að 10 ár.
- Afturkallað sé starfsleyfi viðkomandi fjármálafyrirtækis.

V.3 Takmarkanir á eignarhaldi

V.3.1 Inngangur

Í fimm af þeim 20 ríkjum sem skoðuð hafa verið er lagt bann við því að einn aðili eða skyldir aðilar eigi meira en tiltekið hlutfall af hlutafé í ákveðnum fjármálafyrirtækjum. Í þessum löndum er því jafnan tryggt að eignarhald í fyrirtækjunum sé dreift.

V.3.2 Noregur

Í Noregi er meginreglan sú að enginn einn fjárfestir getur eignast meira en sem nemur 10% af heildarhlutafé í fjármálafyrirtækjum. Reglan nær til fjárfestinga í viðskiptabönkum og öðrum fjármálafyrirtækjum, að fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu undanþegnum.

Nokkrar undantekningar eru gerðar í norskum lögum frá þessum takmörkunum. Þær helstu eru eftirfarandi:

1. Tvö eða fleiri fjármálafyrirtæki geta, með leyfi ráðherra, eignast allt hlutafé í öðru fjármálafyrirtæki sem á samkvæmt samþykktum sínum að bjóða tiltekna fjármálaþjónustu.
2. Fjármálafyrirtæki geta eignast allt hlutafé í öðrum fjármálafyrirtækjum, þ.m.t. viðskiptabönkum.
3. Ráðherra getur veitt fjárfestum sérstaka undanþágu frá takmörkununum í sérstökum tilvikum. Slíkar undantekningar munu hins vegar aðeins veittar í algerum undantekningartilvikum og þá helst í skamman tíma.
4. Samkvæmt nýlegri breytingu á norskum lögum er hægt að veita fjármálafyrirtækjum, ýmist norskum eða erlendum, heimild til að eignast allt að 25% hlutafjár í fjármálafyrirtækjum, þ.m.t. viðskiptabönkum, að því gefnu að framsal hlutanna sé gert samhliða samkomulagi um samstarf fyrirtækjanna tveggja. Enn fremur er áskilið að hluthafafundur í því félagi sem keypt er í hafi samþykkt samstarfssamninginn.

Þegar hluthafi fer yfir leyfileg mörk getur ráðherra skipað viðkomandi að grípa til ráðstafana til að koma hlutafjáreign sinni að nýju niður fyrir tilskilin mörk. Geri hann það ekki getur ráðherra gert honum að greiða sektir. Þá getur ráðherra látið selja bréf viðkomandi á nauðungarsölu.

V.3.3 Ítalía

Ítalíu mega fjárfestar ekki eignast meira en sem nemur 15% af heildarhlutafé banka. Fjármálafyrirtæki eru þó undanþegin þessu banni og er þeim heimilt að fjárfesta ótakmarkað, svo fremi að ekki meira en 15% af starfsemi þeirra lúti að öðru en fjármálastarfsemi.

V.3.4 Spánn

Aðrir en fjármálafyrirtæki geta ekki átt meira en 20% hlutafjár í viðskiptabönkum fyrstu fimm starfsár þeirra. Að þeim tíma liðnum er eignarhald á viðskiptabönkum óheft.

V.3.5 Kanada

Í Kanada er engum einum aðila heimilt að eiga meira en 10% hlutafjár í þeim bönkum sem starfa á grundvelli kanadísks starfsleyfis. Hafi hluthafar gert með sér samkomulag um samræmda nýtingu atkvæðisréttar er hlutafjáreign þeirra lögð saman þegar ákvarðað er hvort þeir séu yfir mörkunum.

Þessi regla hefur verið í gildi í 30 ár og mun einkum hafa verið sett til að verjast ágangi bandarískra fjárfesta sem óttast var að mundu ná yfirráðum í kanadískum bönkum.

Kanadísk stjórnvöld hafa nú ákveðið að gera umtalsverðar breytingar á þessari reglu. Frumkvæðið að breytingunum kom frá bönkunum sjálfum sem bentu á að reglan kæmi í veg fyrir hagræðingu í bankakerfinu. Töldu bankarnir regluna því geta hamlað framþróun og samkeppnishæfni í bankakerfinu.

Kanadísk stjórnvöld féllust á þessar röksemdir bankanna og hafa lagt til breytingar á bankalöggjöfinni sem fela í einkum í sér eftirfarandi:

1. Einstakir hluthafar munu mest geta átt 20% hlutafjár sem atkvæðisréttur fylgir og 30% hlutafjár sem enginn atkvæðisréttur fylgir.
2. Heimilt verður að stofna sérstakt eignarhaldsfélag í dreifðri eigu sem má eiga meira en sem nemur hámörkunum. Það er hins vegar áskilið að félagið fari með yfirráð í bankanum og eigi því meiri hluta hlutafjár í honum. Tilgangurinn með þessu er að auðvelda samstarf milli einstakra eininga á fjármálamarkaði, án þess að það þurfi að gerast með samruna eða með því að móður- og dótturfélagatengsl séu milli þeirra félaga sem í samstarfinu eiga.

Kanadísk stjórnvöld áskilja sér eftir sem áður rétt til að leggjast gegn því að aðilar eignist stóra hluti í bönkum ef fyrirséð er að þeir muni hafa skaðleg áhrif á rekstur þeirra, t.d. ef ferill viðkomandi, fyrirætlanir þeirra eða trúverðugleiki gefa til kynna að þátttaka þeirra í rekstri bankanna muni hafa skaðleg áhrif á þá.

V.3.6 Bandaríkin

Öðrum en fjármálafyrirtækjum er óheimilt að eignast meira en 25% hlutafjár í viðskiptabönkum. Ef aðili hyggst auka hlutafjáreign sína umfram þau mörk verður hann að stofna eignarhaldsfélag um hlutina sem má ekki sinna öðru en eignarhaldi á viðskiptabönkum.

V.4 Takmarkanir á atkvæðisrétti

Í þeim fimm ríkjum sem takmarka eignarhald á hlutafé er eignarhald á atkvæðisrétti sömuleiðis takmarkað. Í Noregi, Ítalíu, á Spáni, í Kanada og Bandaríkjunum er því að sama skapi óheimilt að eiga meiri atkvæðisrétt í tilteknum fjármálafyrirtækjum en sem nemur tilteknu hlutfalli af heildaratkvæðisrétti.

Í sænskum rétti var áður sú regla að enginn gæti farið með meira en 20% af atkvæðisrétti í viðskiptabönkum, nema samþykktir bankans kvæðu á um annað. Sú regla hefur nú verið felld úr gildi og eru engar takmarkanir á því hvað einstakir hluthafar geta farið með mikinn atkvæðisrétt í sænskum viðskiptabönkum.

Ekkert ríki lætur nú nægja að takmarka aðeins eignarhald á atkvæðisrétti. Það er nokkuð sérstakt þegar haft er í huga að með því mætti draga úr líkunum á því að einstakir aðilar næðu of miklum áhrifum í fjármálafyrirtækjum, án þess að hömlur væru lagðar við því að áhugasamir fjárfestar, sem ekki sæktust eftir stjórnunaráhrifum, legðu fé í viðkomandi fyrirtæki.

VI. Gildissvið laga um dreifða eignaraðild

VI.1 Fjármálastofnanir sem lög um dreifða eignaraðild ættu að ná til

VI.1.1 Inngangur

Verði sett lög til að koma í veg fyrir óæskileg áhrif einstakra hluthafa á stjórn fjármálafyrirtækja er sjálfstætt álitaefni til hvaða fjármálafyrirtækja slík löggjöf eigi að ná.

Helstu stofnanir á fjármálamarkaði eru þessar:

- Viðskiptabankar
- Sparisjóðir
- Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir
- Tryggingafélög
- Verðbréfafyrirtæki
- Verðbréfamiðlanir
- Lífeyrissjóðir
- Verðbréfasjóðir
- Kauphallir

Víðtækast gæti gildissvið laganna orðið með því að láta þau ná til allra framangreindra stofnana. Með því móti yrði tryggð dreifð eignaraðild að fyrirtækjum á gervöllum fjármagnsmarkaðnum.

Á móti svo rúmu gildissviði laganna mælir hins vegar að rökin fyrir dreifðri eignaraðild eiga frekar við um sum fjármálafyrirtæki en önnur. Rökin eru einkum þau að verið sé að þjóna almannahagsmunum, þ.e. þeim hagsmunum að sparifjáreigendur og almennir viðskiptavinir fjármálafyrirtækja geti treyst því að hagsmunum þeirra sé borgið í viðskiptum við viðkomandi lánastofnanir. Enn fremur stuðla lögin að því að fjármálafyrirtæki séu ekki gerð að handbendi einstakra hluthafa.

Rök fyrir dreifðri eignaraðild eiga því ef til vill frekast við um viðskiptabanka og sparisjóði og eftir atvikum tilteknar lánastofnanir aðrar en innlánsstofnanir. Það er í samskiptum við þessar stofnanir sem sérstaklega brýnt er að neytendaverndar sé gætt. Það sést best af því að allur vafi um að innlánsstofnun varðveitti tryggilega það sparifé sem hún hefði í vörslu sinni mundi valda viðkomandi stofnun miklum skaða, auk þess sem slíkar efasemdir mundu skaða fjármagnsmarkaðinn allan.

Sparifjáreigendur eiga ekki sömu hagsmuna að gæta í viðskiptum við verðbréfamiðlanir og tryggingafélög. Að baki slíkum viðskiptu búa önnur sjónarmið og þar eiga aðrir áhættumælikvarðar við. Þar við bætist að sjaldgæft er að almenningur eigi í umfangsmiklum viðskiptum við lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, ef frá eru talin fjármögnunarfyrirtæki.

Þá mælir það gegn rúmu gildissviði laganna að þau fælu í sér aðgangshindrun fyrir ný félög á fjármagnsmarkaði. Fleiri fjárfesta þyrfti til að standa að stofnun slíks félags en ella. Þannig þyrfti tíu fjárfesta hið minnst til að standa að stofnun verðbréfamiðlunar ef lögin kvæðu á um að einstakir aðilar mættu að hámarki eiga 10% hlutafjár í slíkum fyrirtækjum.

VI.1.2 Viðskiptabankar og sparisjóðir

Röksemdir að baki lögum um dreifða eignaraðild eiga best við um viðskiptabanka og sparisjóði. Með örfáum undantekningum hafa þær stofnanir einar heimild til að taka við innlánum frá einstaklingum til varðveislu og ávöxtunar.

Um sparisjóði gildir, eins og áður segir, sú sérregla að enginn einn stofnfjáreigandi getur farið með meira en 5% atkvæðisréttar í sparisjóði, sbr. 35. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996. Taka þyrfti afstöðu til þess við setningu laga um dreifða eignaraðild

hvort þau ættu að ná til sparisjóða einnig. Það væri eðlilegt í ljósi þess að skipulega hefur verið unnið að því á síðustu árum að gera starfsheimildir viðskiptabanka og sparisjóða hinar sömu. Hins vegar þyrfti eftir sem áður að taka afstöðu til þess hvernig fari með framangreint sérákvæði 35. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

VI.1.3 Aðrar lánastofnanir

Til álita kæmi enn fremur að aðrar lánastofnanir lytu lögum um dreifða eignaraðild, þ.e. lánastofnanir sem lúta lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Það væri óheppilegt ef einstakir hluthafar næðu að beita áhrifum sínum á rekstur félagsins til að þjóna sérhagsmunum sínum umfram aðra hluthafa, ekki síst vegna þess að slík félög starfa samkvæmt opinberu starfsleyfi.

Á fjármálamarkaði er jafnan gerður greinarmunur á lánastofnunum og öðrum fyrirtækjum sem þar starfa. Með því að láta lög um dreifða eignaraðild ná einnig til annarra lánastofnana en viðskiptabanka og sparisjóða yrðu allar lánastofnanir settar undir sama hatt og þurfa að lúta sömu skilyrðum um eignarhald. Það mundi stuðla að samræmi í starfsskilyrðum lánastofnana.

Að setja allar lánastofnanir undir sama hatt væri hins vegar óeðlilegt, enda er eðli sumra lánastofnana ekki slíkt að dreifð eignaraðild geti talist mikilvæg. Þar má nefna dæmi um eignarleigufyrirtæki og greiðslukortafyrirtæki. Á hinn bóginn gera íslensk lög ráð fyrir að eftirlit ráðherra og Fjármálaeftirlitsins með stærri hluthöfum taki m.a. til allra lánastofnana.

VI.1.4 Önnur fjármálafyrirtæki

Telja verður að engin sérstök rök mæli með því að teygja gildissvið laga um dreift eignarhald til annarra fjármálafyrirtækja en þeirra sem áður greinir. Þannig verður að telja ástæðulaust að gera kröfu um að tryggingafélög og verðbréfamiðlanir séu í dreifðri eignaraðild.

Þrátt fyrir að almenningur eigi talsverðra hagsmuna að gæta af því að rekstur slíkra félaga sé ábyggilegur eiga ekki við sömu sérsjónarmið um þau eins og um innlánsstofnanir og aðrar lánastofnanir sem taka við sparnaði landsmanna. Því verður að telja óeðlilegt að teygja skilyrðið um dreift eignarhald eða dreifingu áhrifa til annarra fyrirtækja en lánastofnana.

Hins vegar er rétt að árétta að „hæfnismat“ ráðherra á stærri hluthöfum nær ekki bara til lánastofnana heldur einnig til tryggingafélaga og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

VI.2 Mismunandi fjárfestingarheimildir fjármálafyrirtækja og annarra

Í öllum þeim ríkjum sem skoðuð hafa verið og takmarka hámarkseign í fjármálafyrirtækjum eru fjárfestingarheimildir *fjármálafyrirtækja* rýmri en annarra. Þannig eru fjármálafyrirtæki ýmist undanþegin takmörkununum alfarið eða lúta ekki eins þröngum takmörkunum og aðrir.

Komi til þess að hér á landi verði settar takmarkanir á hámarkseign í viðskiptabönkum og/eða öðrum fjármálafyrirtækjum, kæmi til álita að aðilar sem fást við fjármálaþjónustu lúti ekki eins ströngum skilyrðum. Það gæti t.d. átt við lánastofnanir, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, lífeyrissjóði og verðbréfasjóði.

VI.3 Samantekt

Telja verður eðlilegt að lög um dreifða eignaraðild og/eða dreifðan atkvæðisrétt nái að minnsta kosti til viðskiptabanka. Eðlilegt væri að þau næðu enn fremur til sparisjóða í ljósi samræmingar á stöðu og starfsheimildum þessara tveggja tegunda innlánsstofnana.

Þá kæmi vel til álita að þau næðu einnig til annarra lánastofnana. Verði farin sú leið að skerpa á eftirliti með hæfi stærri hluthafa væri eðlilegt að reglurnar næðu einnig til félaga sem stunda vátryggingastarfsemi enda nær hið svonefnda „fit and proper" mat ráðherra nú til þeirra einnig.

Á hinn bóginn verður vart séð að ástæða sé til að rýmka gildissvið laganna enn frekar og láta þau ná til annarra fjármálafyrirtækja.

VII. Leiðir til að tryggja dreifð áhrif

VII.1 Inngangur

Hér á eftir verður vikið að þeim leiðum sem færar eru til að tryggja að eignarhald eða áhrif á stjórnun íslenskra fjármálafyrirtækja dreifist á nægjanlega marga aðila.

Nokkrar leiðir eru færar sem allar leiða að líkindum að sama marki. Sú afdráttarlausasta væri að kveða á um það í lögum að einstakir aðilar mættu að hámarki eiga tiltekið hlutfall hlutafjár og atkvæðisréttar. Önnur leið væri að einskorða sig við að takmarka hámarksatkvæðisrétt einstakra aðila en takmarka ekki rétt manna til að eiga hluti. Þriðja leiðin væri að kveða á um að aðilar mættu að hámarki eiga tiltekið hlutfall hlutafjár en bjóðast að öðrum kosti til að kaupa hlutafé annarra hluthafa. Að síðustu mætti fara þá leið að auka heimildir stjórnvalda til að meta það hverju sinni hvort frekari samþjöppun í hópi hluthafa sé æskileg og veita þeim svigrúm til að hafna henni ef niðurstaðan verður að svo sé ekki.

VII.2 Ákvæði um takmörkun á eignarhaldi einstakra hluthafa

Eins og vikið var að hér að framan hafa fimm af þeim 20 ríkjum sem skoðuð voru ákvæði í lögum sínum sem takmarka það hámarkshlutafé sem einstakir hluthafar í fjármálafyrirtækjum mega eiga.

Að minnsta kosti tvö af þeim ríkjum hafa á undanförnum árum verið að láta undan síga og draga úr hömlunum, enda var það mat þeirra að í óbreyttri mynd mundu þær skaða samkeppnishæfni fjármálafyrirtækjanna og draga úr hagræðingu á fjármálamarkaði. Í þriðja ríkinu eru hömlurnar takmarkaðar við fyrstu fimm starfsár félagsins.

Sú leið að mæla fyrir um hámarkseignarhald einstakra hluthafa er eflaust best til þess fallin að dreifa eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum, enda er hún eina leiðin sem tryggir afdráttarlaust að hlutafé í fjármálafyrirtækjum sé í dreifðri eigu. Þessari leið fylgja hins vegar margir ókostir sem hætt er við að geti skaðað íslenskan fjármálamarkað þegar til lengri tíma er litið.

Þannig er rétt að benda á að slík löggjöf hefði í för með sér skerðingu á möguleikum fjármálafyrirtækja til að fjármagna fjárfestingar sínar með útgáfu nýrra hluta. Því hefur verið haldið fram að hömlur á fjárfestingar erlendra aðila í sjávarútvegi samkvæmt lögum nr. 34/1991 hafi skaðleg áhrif að þessu leyti.

Lögin mundu aðeins taka til íslenskra félaga og því mundu erlend félög sem bjóða þjónustu hér á landi hafa samkeppnisforskot á íslensk félög.

Að sama skapi mundu lög um takmörk á eignarhaldi gera nýjum aðilum erfiðara fyrir að koma inn á markaðinn, sem hefðu samkeppnishamlandi áhrif í för með sér.

Verði farin sú leið að mæla fyrir um hámarkseignarhald einstakra hluthafa í fjármálafyrirtækjum er nauðsynlegt að haga löggjöfinni þannig að aðilum á fjármálamarkaði sé eftir sem áður unnt að standa að nauðsynlegri hagræðingu í greininni.

Þá er rétt að vekja athygli á að ef skorður verða settar við hámarkseignarhaldi á hlutafé verður að sama skapi að takmarka hámarksatkvæðisrétt einstakra hluthafa. Að öðrum kosti yrði aðilum, sem hefðu í hyggju að seilast til áhrifa í fjármálafyrirtæki, í lófa lagið að kaupa sér atkvæðisrétt og koma sér þannig hjá ákvæðum laganna.

VII.3 Ákvæði um takmörkun á atkvæðisrétti einstakra hluthafa

Tilgangur löggjafar um dreifða eignaraðild mun ekki síst vera að takmarka *áhrif* einstakra aðila við rekstur fjármálafyrirtækja. Það þykir stefna trúverðugleika slíkra fyrirtækja í hættu ef einn aðili er í þeirri aðstöðu að hann geti haft veruleg áhrif á stjórnun fyrirtækjanna og jafnvel komið því til leiðar að hann njóti fyrirgreiðslu umfram aðra sambærilega aðila.

Sé megintilgangur slíkrar löggjafar að takmarka *áhrif* einstakra aðila er ef til vill ekki nauðsynlegt að löggjöfin takmarki eignarhald aðila á hlutafé í fjármálafyrirtækjum. Það er kannski nær lagi að löggjöfin takmarki þess í stað aðeins þann hámarksatkvæðisrétt sem einstakir hluthafar geta farið með, beint eða óbeint. Við þær aðstæður er tryggt að áhrifin dreifist meðal hluthafa og einstakir hluthafar geta ekki öðlast meiri áhrif þrátt fyrir að þeir eignist stærri hluta í fyrirtækinu.

Meginkostur þessarar leiðar er að með henni væri girt fyrir möguleika einstakra aðila til að kaupa sér yfirburðastöðu í fjármálastofnun. Einstakir hluthafar geta þá nýtt sér hámarksatkvæðisrétt sinn en umframatkvæði geta þeir ekki nýtt á fundum hluthafa.

Þessi leið er enn fremur heppileg að því leyti að hún útilokar ekki þann möguleika að stórir hluthafar geti fjárfest í fjármálafyrirtækjum, þrátt fyrir að þeir hafi þegar náð hámarksatkvæðisrétti. Fjárfestar sem hafa áhuga á að tryggja sér stóra hluti í fjármálafyrirtæki, án þess að leggja sérstaklega upp úr að njóta þar áhrifa, geta það þá áfram. Þessi leið ætti því að draga minna úr möguleikum fjármálafyrirtækja til hagræðingar í rekstri en sú leið sem felst í að takmarka eignarhald á hlutafé.

Löggjöf af þessu tagi þyrfti sem fyrr að útfæra eftir því sem kostur er á þann hátt að lagður yrði saman atkvæðisréttur tengdra aðila til að koma í veg fyrir að fjárfestar kæmu sér hjá henni.

Þessari leið fylgir sá galli að hún útilokar ekki ein og sér þann möguleika að einn aðili eignist viðkomandi fyrirtæki í heild sinni – og fari því einn með yfirráð í því. Þannig getur einstakur hluthafi skipulega keypt hlutafé annarra. Eftir því sem hann safnar að sér meira hlutafé, því fleiri atkvæði falla niður og þeim mun færri atkvæði standa eftir, öðrum til ráðstöfunar. Lögin útiloka ekki að hann eignist allt hlutaféð og standi þar með uppi með öll yfirráð í félaginu.

Lög sem takmarka eingöngu hámarksatkvæðisrétt hluthafa koma ekki í veg fyrir að þessi staða komi upp og því tryggja þau ekki dreifð áhrif í þeim undantekningartilvikum þegar einum aðila hefur tekist að eignast allan atkvæðisrétt í félaginu. Unnt væri að komast fyrir þennan galla með því að takmarka samhliða hámarkseignarhald einstakra hluthafa, en þó þannig að mörk hámarkshlutafjáreignar yrðu hærri en mörk hámarksatkvæðisréttar. Þannig mætti til dæmis mæla fyrir um að enginn einn aðili mætti eiga meira en 20% atkvæðisréttar í viðskiptabanka og 50% hlutafjár. Með því móti yrði tryggt að áhrifin dreifðust meðal hluthafa og útilokað væri að einn aðili næði yfirráðum með því að kaupa upp hluti annarra.

Það skal enn fremur áréttað að tilgangur laganna er ekki síst að takmarka áhrif atvinnulífsins í bankakerfinu. Það er afar ólíklegt að einstakir aðilar í atvinnulífinu, sem hafa ekki fjármálastarfsemi að aðalstarfi, hafi áhuga á að eignast alla hluti í stærri fjármálastofnunum, t.d. viðskiptabanka. Því er tiltölulega ólíklegt að þessi staða komi upp og á þetta reyni í framkvæmd.

Ætla má að stærri hluthafar hafi að öllu jöfnu meira eftirlit með rekstri þeirra félaga sem þeir fjárfesta í en þeir minni. Það leiðir af þeirri staðreynd að stærri hluthafar eiga meira undir því að fjárfestingin heppnist, auk þess þeir eru jafnan í betri aðstöðu til að fylgjast með rekstrinum, m.a. vegna þess að þeir eiga frekar fulltrúa í félagsstjórn. Lög um hámarksatkvæðisrétt einstakra hluthafa geta því leitt til þess að hluthafar „minnki“ með þeim afleiðing-

um að eftirlit félagsstjórnar með daglegum rekstri minnki að sama skapi. Um það verður þó ekkert fullyrt.

VII.4 Sérákvæði um tilboðsskyldu á grundvelli yfirtökureglna

Unnt er að draga mjög úr líkunum á því að einn hluthafi eða hópur hluthafa reyni að ná yfirráðum í fjármálastofnun með því að skylda hann til að bjóðast til að kaupa hluti annarra hluthafa, nái hlutafjáreign hans eða atkvæðisréttur ákveðnu marki. Þannig væri unnt að kveða á um það í lögum að hluthafi í lánastofnunum skyldi bjóðast til að kaupa hluti annarra hluthafa þegar hlutafjáreign hans eða atkvæðisréttur næði 20% af heildarhlutafé.

Áður var vikið að 19. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, sem skyldar hluthafa í félögum sem skráð hafa verið á skipulegum verðbréfamörkuðum til að gera öðrum hluthöfum tilboð í hluti þeirra við ákveðnar aðstæður. Meðal þeirra aðstæðna sem stofna til slíkrar tilboðsskyldu er það þegar hluthafi hefur eignast helming atkvæðisréttar eða hlutafjár í félagi.

Unnt væri að láta sambærilega reglu gilda um tilteknar fjármálastofnanir, eftir atvikum með lægri hámarkshlutdeild í hlutafé eða atkvæðisrétti en hin almenna regla kauphallalaga mælir fyrir um. Sú leið hefði vafalítið raunhæf áhrif, enda veldur hún því að aðilar geti þurft að leggja út fyrir öllum hlutum í fjármálafyrirtæki. Þá verður ekki annað séð en að hún sé tæknilega framkvæmanleg.

Það mælir hins vegar gegn þessari leið að hún kemur ekki sem slík í veg fyrir að hluthafi öðlist yfirráð í fjármálafyrirtæki, heldur eykur hún beinlínis samþjöppun í hluthafahópnum ef á hana reynir.

VII.5 Auknar íhlutunarheimildir ráðherra eða Fjármálaeftirlitsins

Eins og áður hefur verið rakið gera núgildandi lög ráð fyrir að ráðherra meti hverju sinni, að fengnu áliti Fjármálaeftirlitsins, hvort eigandi virks eignarhlutar í lánastofnunum, tryggingafélögum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sé hæfur til að fara með eignarhaldið með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs viðkomandi fyrirtækis. Sé svo ekki getur ráðherra eftir atvikum bannað viðkomandi að eignast hlutinn, fellt niður atkvæðisrétt hans eða lagt fyrir viðkomandi fyrirtæki að grípa til ráðstafana til að draga úr hinum skaðlegu áhrifum.

Reglur um dreifða eignaraðild eða dreifð áhrif hluthafa á rekstur fjármálafyrirtækja eiga ekki síst að stuðla að því að hlutafjáreign hluthafa hafi ekki slæm áhrif á viðkomandi fyrirtæki. Unnt er að stuðla enn frekar að því að því markmiði verði náð með því einu að auka heimildir ráðherra til að grípa inn í þegar áhrif einstakra aðila eru farin að verða óhæfilega mikil á rekstur fjármálafyrirtækja.

Eftir því sem næst verður komist skylda öll þau 20 ríki sem skoðuð voru þá sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtækjum til að tilkynna eftirlitsaðila fyrir fram um þá fyrirætlan sína. Það á einnig við um Ísland. Ísland gengur hins vegar skemmra í þeim aðgerðum sem fylgja en sum ríkjanna að eftirfarandi leyti:

1. Í að minnsta kosti 9 ríkjum er samþykki eftirlitsaðila áskilið til þess að aðili geti eignast virkan eignarhlut. Hér á landi er samþykki eftirlitsaðila hins vegar ekki áskilið heldur er framsalið talið heimilt ef ekki er hreyft andmælum innan þriggja mánaða frá tilkynningu.
2. Samkvæmt annarri bankatilskipun ESB og sömuleiðis hinni nýju tilskipun nr. 2000/12/EBE er aðildarríkjum skylt að banna aðilum að eignast virkan eignarhlut ef þau eru ekki sannfærð um hæfi þeirra til að fara með slíkan hlut. Samkvæmt íslenskum lög-

um er stjórnvöldum það aðeins heimilt, þrátt fyrir að þau telji viðkomandi óhæfan til þess.

3. Engin viðmið er að finna í íslenskum réttarreglum um hvað stjórnvöldum beri að hafa til hliðsjónar við mat á því hvort aðili sé hæfur til að fara með virkan eignarhlut í lánastofnun, tryggingafélagi eða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu. Afar takmarkaðar vísbendingar er að finna um það í lögskýringargögnum með þeirri löggjöf sem slíkar stofnanir starfa eftir. Úr þessu mætti bæta í því skyni að auka kröfurnar til þeirra sem fara með virkan eignarhlut í slíkum stofnunum.
4. Í sumum ríkjum er eftirlitsaðila unnt að grípa til frekari ráðstafana en hér eru heimilar ef hluthafar eru óhæfir til að fara með eignarhaldið. Kanna mætti hvort ekki væri ástæða til að auka við heimildir ráðherra að því leyti, t.d. með því að heimila honum að fyrirskipa hluthafanum að selja hluti sína innan tiltekins tíma að viðlögðum dagsektum.

Með því að skerpa á heimildum ráðherra og Fjármálaeftirlitsins til að hafa eftirlit með hæfi stærri hluthafa mætti að stórum hluta ná sama árangri og að væri stefnt með lögum um hámarksatkvæðisrétt eða -hlutafé einstakra aðila. Á hinn bóginn væri unnt að forðast þá galla sem fylgja síðarnefndu kostunum.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að í þeim fáu ríkjum sem takmarka í löggjöf sinni rétt aðila til að eiga hlutafé eða atkvæðisrétt í fjármálafyrirtækjum gilda jafnan undanþágur eða a.m.k. vægari reglur um þá hluthafa sem jafnframt eru fjármálafyrirtæki. Á hinn bóginn má ætla að slík félög séu almennt afar vel í stakk búin til að fara með stóra eignarhluti í fjármálafyrirtækjum. Að sama skapi má ætla að þau mundu frekar fullnægja þeim kröfum sem gera mætti í strangara „hæfnismati“ stjórnvalda en því sem nú þekkist.

Ef þessi leið væri farin þyrfti löggjöfin að taka skýrt fram við hvaða atriði mætti miða þegar lagt væri mat á það hvort hlutafjáreign tiltekins aðila væri æskileg eða ekki. Í slíku hæfnismati mætti eftir atvikum heimila matsaðilunum, ráðherra og Fjármálaeftirlitinu að horfa til dreifingar á eignaraðild og leggja sjálfstætt mat á hvort framsal feli í sér óæskilega samþjöppun í hluthafahópnum og hafi þegar af þeirri ástæðu skaðleg áhrif á viðkomandi fyrirtæki.

Þá er rétt að árétta að við framkvæmd laganna er afar brýnt að meginreglum stjórnsýsluréttar um andmælarétt, rannsóknarskyldu og rökstuðning sé fylgt til hlítar, enda væru stjórnvaldsákvarðanir að þessu leyti mjög íþyngjandi fyrir viðkomandi aðila. Í því skyni kæmi til álita hvort ekki væri rétt að vald til íhlutunar flyttist alfarið til Fjármálaeftirlitsins og að ákvarðanir þess sættu kæru til kærunefndar Fjármálaeftirlitsins.

VIII. Eftirlitssjónarmið

Rétt er að kanna hvort einhver af þeim leiðum sem raktar hafa verið hér að framan kunni að leiða til þess að eftirlit með reglunum verði örðugt eða jafnvel óframkvæmanlegt.

Samkvæmt núgildandi lögum hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með eignarhaldi stærri hluthafa í íslenskum lánastofnunum, tryggingafélögum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu. Þetta eftirlit Fjármálaeftirlitsins er í meginatriðum tvíþætt:

1. Annars vegar kannar Fjármálaeftirlitið, eftir að því hefur borist tilkynning frá fjárfestum um að þeir hyggist eignast virkan eignarhlut, hvort tilefni sé til að leggjast gegn fjárfestingunni eða meina fjárfestinum að neyta atkvæðisréttar á grundvelli hlutanna. Sé Fjármálaeftirlitið þeirrar skoðunar tilkynnir það viðskiptaráðherra um þá afstöðu sína.
2. Hins vegar ber Fjármálaeftirlitinu að hafa eftirlit með því að eigendur virkra eignarhluta gerist ekki sekir um hegðun sem er til þess fallin að skaða heilbrigðan og traustan rekstur fyrirtækisins.

Með „virkum eignarhlut“ er átt við beina eða óbeina hlutdeild sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi stofnunar.

Fjármálaeftirlitið getur þurft að rannsaka sérstaklega hvort aðili á „óbeina“ hlutdeild í öðru hlutafé en því sem hluthafaskrá ber með sér að hann eigi. Þar við bætist að þegar hæfi hluthafans er metið kann Fjármálaeftirlitið að þurfa að rannsaka feril hluthafans og fyrri afskipti hans af fjármálamarkaðnum. Við mat á því hvort hann hafi haft skaðleg áhrif á viðkomandi fyrirtæki á grundvelli hlutafjáreignar sinnar kann Fjármálaeftirlitið enn fremur að þurfa að gera ítarlega rannsókn á innviðum fyrirtækisins, eftir atvikum með rannsókn á samningum milli hluthafans og félagsins og með viðtölum við stjórnendur félagsins.

Fjármálaeftirlitið hefur ekki enn beitt sér gegn eignarhaldi einstaklinga eða lögaðila á hlutum í fjármálafyrirtækjum á þeim grundvelli að viðkomandi hafi skaðleg áhrif á fyrirtækin. Til þess getur þó komið og þá getur Fjármálaeftirlitið þurft að sinna krefjandi eftirlitsstörfum.

Ef lagðar yrðu hömlur á hámarkseign eða hámark atkvæðisréttar einstakra hluthafa eða lækkuð mörk tilboðsskyldu samkvæmt yfirtökureglum mundi Fjármálaeftirlitið vafalaust þurfa að auka eftirlit með eignarhaldi í viðkomandi fyrirtækjum. Slíkar reglur mundu hins vegar ekki kalla á annars konar eftirlit en Fjármálaeftirlitið sinnir nú þegar. Fjármálaeftirlitið þyrfti að hafa frumkvæði að eftirliti með hlutafjáreign stærri fjárfesta í þeim fyrirtækjum sem reglurnar tækju til. Á hinn bóginn mundu reglurnar væntanlega taka til tiltölulega fárra fyrirtækja. Því verður eftirlitið að líkindum ekki til muna umfangsmeira en nú er.

Því verður ekki annað séð en að fyllilega sé unnt að hafa eftirlit með öllum þeim leiðum sem lagt er til hér að framan að skoðaðar verði í því skyni að tryggja dreifða eignaraðild.

IX. Ákvæði um „tengda“ aðila

Verði settar reglur til að stuðla að dreifðri eignaraðild eða skerpa á heimildum til að útiloka skaðlega aðila frá eignarhaldi á virkum eignarhlutum verður að útfæra þær þannig að eignarhlutir „tengdra“ aðila séu lagðir saman þegar ákvarðað er hvort aðili sé yfir eða undir leyfilegum eignarhaldsmörkum.

Rétt er þó að vekja athygli á því að núgildandi lög taka nú þegar að vissu marki á þessu því að það skiptir ekki máli við mat á eignarhaldi hvort viðkomandi aðili á hlutinn *beint* eða *óbeint*, sbr. skilgreiningu á „virkum eignarhlut“ í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, verðbréfaviðskipti og vátryggingastarfsemi.

Með *óbeinum* eignarhlut er átt við það þegar eigandi er ef til vill ekki eigandi hlutarins í eiginlegum skilningi þess orðs en ræður eftir sem áður yfir honum. Dæmi um þetta væru tveir hluthafar sem hafa gert með sér samkomulag um samræmda beitingu atkvæðisréttar. Í þeim tilvikum yrði hlutdeild þeirra lögð saman og þeir báðir taldir eiga „virkan eignarhlut“ ef samanlögð hlutdeild þeirra væri yfir þeim mörkum.

Á hinn bóginn hafa íslensk lög ekki að geyma neina afdráttarlausa skilgreiningu á því hvað teljist *óbeinn* eignarhlutur. Því væri ef til vill tilefni til að gera það ef ætlunin væri að dreifa eignarhaldi með lögum, til að fyrirbyggja að fjárfestar reyni að koma sér hjá lögunum með ráðum sem óvissa er um hvort jafnað verði til *óbeins* eignarhalds.

Í 6. mgr. 2. gr. norsku laganna um fjármálastarfsemi og fjármálastofnanir er til að mynda farin sú leið að skilgreina nánar hvað falli hér undir. Þar er sérstaklega tekið fram að eftirfarandi hlutir skuli lagðir við hluti hluthafa þegar ákvarðað er hvort hann sé yfir leyfilegum mörkum:

a. hlutir í eigu maka hans, ólögráða barna eða einstaklinga sem hluthafinn rekur heimili með,
b. hlutir í eigu félaga sem eru undir yfirráðum hluthafans í skilningi hlutafélagalaga,
c. hlutir sem eru innan sömu samstæðu og hluthafinn,
d. hlutir sem eru í eigu aðila sem telja verður að beiti hlutaréttindum sínum í samráði við hluthafann.

Ætla verður að helsti vandinn við framkvæmd laga væri að ná utan um samræmda hátt-semi tveggja eða fleiri hluthafa, án þess að séð verði að þar liggi formlegt samkomulag fyrir. D-liður 6. mgr. 2. gr. norsku laganna er ætlað að taka á því. Það yrði síðan eftirlitsaðilans, Fjármálaeftirlitsins, að ákvarða hvenær um samræmda beitingu hlutaréttinda væri að ræða.

X. Afstaða hagsmunaaðila

Á 125. löggjafarþingi Alþingis var lagt fram frumvarp tl laga um dreifða eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum. Frumvarpið var ekki útrætt og var lagt aftur fram fyrir skemmstu á 126. löggjafarþingi. Meginefni frumvarpsins er tillaga um að einstökum aðilum verði óheimilt að eiga meira en 8% hlutafjár í viðskiptabanka eða lánastofnunum öðrum en viðskiptabönkum og sparisjóðum.

Í tengslum við framlagningu frumvarpsins á Alþingi var helstu hagsmunaaðilum boðið að senda inn umsögn. Þrátt fyrir að frumvarpið lúti aðeins að einni af þeim leiðum sem áður hafa verið nefndar koma eigi að síður fram nokkuð almenn sjónarmið um dreifða eignaraðild í umsögnum hagsmunaaðilanna.

Það vekur eftirtekt að enginn af þeim sem skiluðu inn umsögn telja sig geta mælt með löggjöf um dreifða eignaraðild að fjármálastofnunum. Nokkrir láta hjá líða að taka afstöðu til lagasetningarinnar en flestir lýsa sig andvíga henni og telja hana ekki vera í þágu framþróunar fjármagnsmarkaðarins. Þeir sem það gera rökstyðja þá skoðun sína m.a. með því eftirfarandi fullyrðingum:

- Að lög um dreifða eignaraðild hefðu óheppileg áhrif á nauðsynlega samrunaþróun og hagræðingu í íslensku fjármálaumhverfi.
- Að lög um dreifða eignaraðild mundu skaða samkeppnisstöðu íslenskra fjármálafyrirtækja gagnvart erlendum fjármálafyrirtækjum.
- Að takmarkanir á eignaraðild í öðrum ríkjum eigi sér sérstakar skýringar sem ekki eigi við hér á landi. Þannig hafa Kanadamenn sett slíkar takmarkanir í lög til að verjast ágangi bandarískra banka.
- Að löggjöf um dreifða eignaraðild skipti minna máli þegar í lögum séu skýrar reglur um starfsemi lánastofnana, eftirlit með starfsemi þeirra, hæfi eigenda og yfirmanna og samkeppni þeirra í milli, eins og raunin er hér á landi.
- Að reynslan sýni að ekki þurfi sérstaka lagasetningu til að tryggja dreift eignarhald á viðskiptabönkum. Það sé enda í þágu fjármálafyrirtækjanna sjálfra að eignarhald sé dreift, enda auki það traust markaðarins á þeim.
- Að lög um dreifða eignaraðild mundu skerða markaðsvirði fjármálafyrirtækja.
- Að lög um dreifða eignaraðild drægju úr aðhaldi markaðarins að rekstri fjármálafyrirtækja.
- Að lög um dreifða eignaraðild drægju úr áhuga erlendra fjárfesta á að fjárfesta í íslenskum fjármálafyrirtækjum.
- Að það sé meginregla í ríkjum sem Ísland beri sig jafnan saman við að ekki séu gerðar takmarkanir á eignarhlutum í viðskiptabönkum.

Í heildina tekið virðist því unnt að fullyrða að hagsmunaaðilar séu almennt mótfallnir því að að gripið verði til þess að kveða sérstaklega á um það í löggjöf að eignarhald í fjármálafyrirtækjum skuli vera dreift.

XI. Helstu niðurstöður

XI.1 Leiðir að settu marki

Hér að framan hafa verið rannsakaðar fjórar leiðir sem allar munu stuðla að því að samþjöppun í hópi hluthafa fjármálafyrirtækja hafi ekki skaðleg áhrif á viðkomandi fyrirtæki og fjármálamarkaðinn í heild.

Í fyrsta lagi er unnt er að takmarka með lögum rétt manna til að eiga hlutafé í fjármálafyrirtækjum og miða hámarkseign við tiltekið hlutfall af heildarhlutafé viðkomandi fyrirtækis. Með því væri tryggt að viðkomandi fyrirtæki yrðu í dreifðri eignaraðild. Á hinn bóginn mundi þessi ráðstöfun ekki tryggja að dreifð áhrif meðal hluthafa því hún hefði ekki áhrif á dreifingu atkvæðisréttar og þar með á dreifingu yfirráða. Þetta úrræði hefur veigamikla annmarka sem felast einkum í skertri samkeppnishæfni þeirra fyrirtækja sem því lúta. Rétt er að benda í því sambandi á að fæst vestræn ríki hafa slíkar lögbundnar takmarkanir á eignarhaldi. Því er hætt við að samkeppnisstaða íslenskra fjármálafyrirtækja gagnvart erlendum fjármálafyrirtækjum kunni að bíða skaða af slíkri löggjöf.

Í öðru lagi væri unnt að leggja hömlur á þann atkvæðisrétt í fjármálafyrirtækjum sem einstakir aðilar geta að hámarki ráðið yfir. Slíkar takmarkanir er ýmist hægt að setja einar sér eða ásamt takmörkunum á eignarhaldi. Kostur þessarar leiðar umfram takmörkun á eignarhaldi er að hún skerðir ekki eins mikið möguleika fjármálafyrirtækja til hagræðingar, enda útilokar hún ekki fjárfestingar í eignarhlutum fjármálafyrirtækja. Hún kann hins vegar að draga úr fjárfestingaráhuga, enda má ætla að ekki sé jafn mikil eftirspurn eftir hlutum sem ekki fylgir atkvæðisréttur. Þetta úrræði hefur enn fremur þann kost í för með sér að það takmarkar skilyrðislaust þau áhrif sem einn aðili getur farið með í fjármálafyrirtæki. Ekki er gefið að takmörkun á eignarhaldi nái því markmiði.

Í þriðja lagi mætti mæla fyrir um það í lögum að hverju sinni er eignarhlutur eins aðila í fjármálafyrirtæki næði ákveðnu hlutfalli af heildarhlutafé skyldi viðkomandi hluthafi bjóðast til að kaupa hluti annarra hluthafa. Með öðrum orðum væri lögð á hann skylda til að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð þegar hlutdeild hans í hlutafénu næði ákveðnu marki. Sú skylda er nú þegar fyrir hendi að því er varðar hlutafjáreign í helstu fjármálafyrirtækjum og er þar miðað við að tilboðsskylda vakni við 50% hlutdeild hluthafa. Þetta hlutfall mætti hins vegar lækka þegar um væri að ræða fjármálafyrirtæki. Þessi leið tryggir að félag sé annað hvort í dreifðri eign eða í eign eins eða að minnsta kosti mjög fárra aðila. Kostur hennar er að hún hefur að líkindum þau áhrif að fjárfestar freista þess síður að tryggja sér stóra eignarhluti í viðkomandi fyrirtækjum. Galli hennar er hins vegar sá að hún getur stuðlað að samþjöppun í hópi hluthafa sem ynni gegn því markmiði að dreifa eignaraðild að fjármálafyrirtækjum.

Að síðustu mætti fara þá leið að skerpa eftirlit ráðherra eða Fjármálaeftirlitsins með stærri hluthöfum í fjármálafyrirtækjum, með það fyrir augum að grípa inn í til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif viðkomandi aðila á fjármálafyrirtæki. Veita mætti ráðherra eða Fjármálaeftirliti ríkari heimildir til að sporna gegn skaðlegum áhrifum hluthafa. Þannig mætti veita þeim lögbundnar heimildir til að grípa til tiltekinna ráðstafana í því skyni. Þessi aðferð er frábrugðin hinum að því leyti að hún útilokar ekki samþjöppun í hópi hluthafa. Henni er hins vegar ætlað að koma í veg fyrir skaðleg áhrif sem stórir hluthafar kynnu að hafa – sem er að stórum hluta það markmið sem að er stefnt með því að tryggja dreifða eignaraðild.

Síðastnefnda leiðin er vel til þess fallin að koma í veg fyrir að þröng eignaraðild hafi í för með sér skaðleg áhrif fyrir fjármálafyrirtæki, hluthafa þeirra og fjármálamarkaðinn allan. Hún tryggir reyndar ekki dreifða eignaraðild en stuðlar að því að numin séu á brott þau skaðlegu áhrif sem henni geta fylgt.

Þessi leið hefur enn fremur þann ótvíræða kost í för með sér, umfram hinar leiðirnar, að hún leggur ekki óþarfa höft á fjármagnsmarkaðinn heldur aðeins að því marki sem þörf er á til að mæta tilteknum, óheppilegum aðstæðum. Hún ætti því ekki að skerða samkeppnishæfni fjármálafyrirtækja og möguleika þeirra til að hagræða í rekstri eins og hætt væri við væri hinar leiðirnar valdar. Þetta er sérlega brýnt í ljósi örra breytinga á fjármagnsmarkaði sem kalla á mikla hagræðingu.

XI.2 Gildissvið

Verði farin sú leið að setja lög um dreifða eignaraðild og/eða dreifðan atkvæðisrétt væri eðlilegt að þau lög næðu til viðskiptabanka og sparisjóða. Þá kæmi til álita að þau næðu enn fremur til lánastofnana. Á hinn bóginn er eðli sumra lánastofnana slíkt að tilgangur laganna á vart við um þær og því er álitamál hvort eðlilegt sé að lögin nái til þeirra. Þá eru sumar lánastofnanar alfarið í eigu ríkisins og þyrfti því væntanlega að veita þeim sérstaka undanþágu frá lögunum.

Verði á hinn bóginn aukið og styrkt eftirlit með stærri hluthöfum í fjármálafyrirtækjum væri brýnast að það næði til hlutafélagsbanka og eftir atvikum til sparisjóða. Hins vegar mætti sem best láta það ná sem fyrr til annarra lánastofnana, vátryggingafélaga og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

XI.3 Eftirlit

Ekki verður séð að nein þeirra leiða sem skoðaðar hafa verið valdi sérstökum vandkvæðum í eftirliti með fjármálastarfsemi. Á hinn bóginn munu þær krefjast þess að nokkuð sé aukið við það eftirlit sem fyrir er.

XI.4 „Tengdir aðilar“

Verði sett lög um dreifða eignaraðild og/eða atkvæðisrétt þyrfti að taka sérstaklega á eignarhaldi tengdra aðila og kveða á um að eignarhald slíkra aðila skyldi lagt saman þegar ákvarðað væri hvort tiltekið eignarhald félli undir lögin.

Þannig þyrfti t.d. að leggja saman eignarhald móður- og dótturfélags. Hins vegar kæmi til álita að ganga enn lengra til að tryggja að lögin næðu fram að ganga. Þannig kæmi t.d. til álita að leggja saman eignarhald aðila, verði það rökstudd niðurstaða eftirlitsaðila að telja verði að viðkomandi aðilar hafi samráð um beitingu hlutaréttinda sinna.

Ákvæði sem að þessu lúta þyrftu hins vegar að koma fram í lögum og vera afar skýr. Slík lagasetning er hins vegar vel framkvæmanleg.

XII. Tillögur

Hér að framan hafa verið raktir kostir og gallar einstakra leiða sem tryggja ýmist dreifða eignaraðild að fjármálafyritækjum, dreifð áhrif í þeim eða að stuðla að því að takmörkuð sé hættan á að stærri hluthafar fjármálafyrirtækja hafi skaðleg áhrif á rekstur þeirra.

Samkvæmt því sem að framan greinir verður að telja heppilegast fyrir fjármálamarkaðinn sjálfan að látið yrði við það sitja að skerpa til muna á eftirliti með stærri hluthöfum í fjármálafyrirtækjum. Með því yrði markaðurinn fyrir sem minnstum skaða en um leið væri dregið mjög úr hættunni á skaðlegum áhrifum af völdum stærri hluthafa. Vakin skal athygli á því

að í löggjöf af þessu tagi mætti veita ráðherra heimild til þess að taka tillit til þess í mati sínu hvort samþjöppun í hluthafahópi kunni að hafa skaðleg áhrif og af þeirri ástæðu beri þegar að koma í veg fyrir hana.

Að þeim kosti frátöldum væri æskilegast að sett yrði löggjöf sem takmarkaði þann atkvæðisrétt sem einstakir aðilar gætu að hámarki farið með í viðskiptabönkum og sparisjóðum og eftir atvikum í öðrum lánastofnunum.

Síður þykir ástæða til að mæla með því að settar séu skorður við hámarkseignarhaldi, enda má ætla að með takmörkun á hámarksatkvæðisrétti verði náð þeim tilgangi sem að mun stefnt með takmörkunum á eignarhaldi. Sérreglur um yfirtökutilboð hafa þann galla í för með sér að þær takmarka hvorki eignarhald né áhrif í fjármálafyrirtækjum og eru þannig ekki vel til þess fallnar að ná því markmiði sem að er stefnt með lagasetningunni.

Tekið skal fram að ríkar kröfur þarf að gera til þess að löggjöf sem lögfestir einhverja af þeim leiðum sem hér hefur verið velt upp sé ítarleg og skýr, enda getur hún verið talsvert íþyngjandi í framkvæmd. Þá þarf að gæta þess að við beitingu hennar sé meginreglum stjórnsýsluréttar, m.a. um andmælarétt, rannsóknarskyldu stjórnvalda og rökstuðning, fylgt til hlítar.

Fylgiskjal II.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 113/1996, um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum.

Tilgangur frumvarpsins er að styrkja eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum. Fjármálaeftirlitið á að meta hvort umsækjandi eða eigandi sé hæfur til að fara með slíkt eignarhald og/eða hvort viðskiptahættir hans geti skaðað traustan og heilbrigðan rekstur fyrirtækisins.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

819. Frumvarp til laga [523. mál]

um breytingu á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Við 8. mgr. 62. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda viðskiptabanka og sparisjóða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til laga um vexti og verðtryggingu, sem flutt er samhliða þessu frumvarpi, er lagt til að heimild Fjármálaeftirlitsins til að setja reglur um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda verði felld út úr vaxtalögum en sett þess í stað í lög um viðskiptabanka og sparisjóði. Þykir fara betur á því að þetta varúðarákvæði, sem lýtur að áhættu viðskiptabanka og sparisjóða, sé í þeim lögum. Reglur sem Fjármálaeftirlitið setur með stoð í þessu ákvæði gilda jafnframt um aðrar lánastofnanir, sbr. 11. gr. laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að heimila Fjármálaeftirlitinu að setja reglur um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda viðskiptabanka og sparisjóða og kemur í stað svipaðs ákvæðis sem fellt var úr vaxtalögum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

820. Frumvarp til laga [524. mál]

um rafrænar undirskriftir.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að kveða á um réttaráhrif rafrænna undirskrifta og stuðla að öruggri og árangursríkri notkun þeirra með því að mæla fyrir um kröfur til fullgildra rafrænna undirskrifta, fullgildra vottorða og starfsemi vottunaraðila sem gefa út slík vottorð.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um rafrænar undirskriftir og starfsemi vottunaraðila með staðfestu á Íslandi.

Viðskiptaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI
Skilgreiningar, réttaráhrif og vernd persónuupplýsinga.

3. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Rafræn undirskrift:* Gögn í rafrænu formi sem fylgja eða tengjast rökrænt öðrum rafrænum gögnum og eru notuð til að sannprófa frá hverjum hin síðarnefndu gögn stafa.
2. *Útfærð rafræn undirskrift*: Rafræn undirskrift sem:
   a. tengist undirritanda einum,
   b. er til þess fallin að bera kennsl á undirritanda,
   c. er gerð með aðferð sem er eingöngu á forræði undirritanda og
   d. er tengd gögnum á þann hátt að hvers konar breyting á þeim eftir undirritun er greinileg.
3. *Fullgild rafræn undirskrift:* Útfærð rafræn undirskrift sem er studd fullgildu vottorði og gerð með öruggum undirskriftarbúnaði.
4. *Undirritandi:* Sá sem hefur forræði yfir undirskriftarbúnaði og kemur fram fyrir eigin hönd eða fyrir hönd annars einstaklings eða lögpersónu.
5. *Undirskriftargögn:* Einstök gögn, svo sem kótar eða einkalykill dulritunar, sem undirritandi notar til að mynda rafræna undirskrift.
6. *Undirskriftarbúnaður:* Hugbúnaður eða vélbúnaður sem notaður er til að mynda rafræna undirskrift með hjálp undirskriftargagna.
7. *Öruggur undirskriftarbúnaður:* Undirskriftarbúnaður sem fullnægir skilyrðum sem kveðið er á um í 8. og 9. gr. laga þessara.
8. *Sannprófunargögn*: Gögn, svo sem kótar eða dreifilykill dulritunar, sem notuð eru til að sannreyna rafræna undirskrift.
9. *Sannprófunarbúnaður*: Hugbúnaður eða vélbúnaður sem notaður er til að sannreyna rafræna undirskrift með hjálp sannprófunargagna.

10. *Vottorð*: Vottorð á rafrænu formi sem tengir sannprófunargögn við undirritanda og staðfestir hver hann er.
11. *Fullgilt vottorð:* Vottorð sem hefur að geyma upplýsingar sem kveðið er á um í 7. gr. og er gefið út af vottunaraðila sem fullnægir skilyrðum V. kafla laga þessara.
12. *Vottunaraðili*: Aðili sem gefur út vottorð eða veitir aðra þjónustu í tengslum við rafrænar undirskriftir.

4. gr.

Réttaráhrif rafrænna undirskrifta.

Ef undirskrift er skilyrði réttaráhrifa samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða af öðrum orsökum fullnægir fullgild rafræn undirskrift ætíð slíku skilyrði.

Ákvæði 1. mgr. er því ekki til fyrirstöðu að aðrar rafrænar undirskriftir en þar greinir hafi gildi við sönnun um stofnun og efni samnings eða önnur atriði sem tengjast samningsgerð.

5. gr.

Vernd persónuupplýsinga.

Vottunaraðila sem gefur út vottorð til almennings er eingöngu heimilt að safna persónuupplýsingum beint frá þeim sem upplýsingarnar varða eða með ótvíræðu samþykki hans. Aðeins má safna upplýsingunum eða nota þær í þeim mæli sem nauðsynlegt er til útgáfu eða viðhalds á vottorði nema til komi ótvírætt samþykki þess sem upplýsingarnar varða.

Um meðferð vottunaraðila á persónuupplýsingum og eftirlit með henni fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Vottunaraðilar eru tilkynningarskyldir samkvæmt þeim lögum.

III. KAFLI
Fullgild vottorð.

6. gr.

Fullgilt vottorð.

Ekki má nota heitið „fullgilt vottorð“ eða önnur heiti sem gefa til kynna að um fullgilt vottorð sé að ræða nema vottorð uppfylli ákvæði 7. gr. og sé gefið út af vottunaraðila sem uppfyllir ákvæði V. kafla laga þessara.

7. gr.

Innihald fullgilds vottorðs.

Fullgilt vottorð skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar og gögn:

1. Vísbendingu um að vottorðið sé gefið út sem fullgilt vottorð.
2. Upplýsingar um deili á vottunaraðila og hvar hann hefur staðfestu.
3. Nafn undirritanda eða dulnefni. Noti undirritandi dulnefni skal koma skýrt fram að um dulnefni sé að ræða.
4. Frekari upplýsingar um undirritanda ef þær eru nauðsynlegar vegna tilgangs vottorðsins.
5. Sannprófunargögn sem svara til þeirra undirskriftargagna sem undirritandi hefur forræði yfir.
6. Upphaf og lok gildistíma vottorðsins.
7. Auðkenniskóta vottorðsins.
8. Útfærða rafræna undirskrift vottunaraðilans sem gefur vottorðið út.
9. Upplýsingar um takmarkanir á gildissviði og á fjárhæð viðskipta sem unnt er að nota vottorðið til, séu slíkar takmarkanir fyrir hendi.

Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um þær upplýsingar sem fullgild vottorð skulu hafa að geyma í reglugerð.

IV. KAFLI
Öruggur undirskriftarbúnaður.

8. gr.
Kröfur.

Öruggur undirskriftarbúnaður skal tryggja að undirskriftargögnin:

a. geti eingöngu komið einu sinni fram,
b. verði með hliðsjón af eðlilegum öryggiskröfum ekki brotin upp og
c. séu varin með fullnægjandi hætti gegn notkun annarra en undirritanda.

Öruggur undirskriftarbúnaður skal einnig tryggja leynd undirskriftargagnanna með fullnægjandi hætti og að rafræn undirskrift sé varin gegn fölsun.

Ekki skal vera unnt að nota öruggan undirskriftarbúnað til að breyta þeim gögnum sem undirrita á eða hindra að undirritandi geti séð gögnin fyrir undirritun.

9. gr.
Viðurkenning.

Kröfum til undirskriftarbúnaðar skv. 8. gr. skal teljast fullnægt þegar:

a. þar til bær aðili hefur staðfest að hann uppfylli kröfur 8. gr. Viðskiptaráðherra getur í reglugerð kveðið á um þá aðila sem veitt geta slíka staðfestingu, eða
b. þar til bær aðili á Evrópska efnahagssvæðinu hefur viðurkennt hann.

Líta skal svo á að undirskriftarbúnaður teljist öruggur skv. 8. gr. ef hann er í samræmi við staðla sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sett um slíkan búnað og birtir hafa verið í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

V. KAFLI
Kröfur til vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð.

10. gr.
Kröfur til starfseminnar.

Vottunaraðili sem gefur út fullgild vottorð skal í starfsemi sinni fullnægja þeim kröfum sem nauðsynlegar eru til að tryggja örugga og áreiðanlega útgáfu vottorða.

Vottunaraðili skal í þessu skyni:

a. viðhafa vandaðar stjórnunar- og starfsaðferðir,
b. hafa starfsfólk sem býr yfir þeirri sérfræðiþekkingu, reynslu og hæfni sem nauðsynleg er fyrir starfsemina og
c. hafa nægjanlegt fjármagn til að stunda starfsemina með hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar eru í lögum þessum.

11. gr.
Kerfi og búnaður.

Vottunaraðili skal í starfsemi sinni nota áreiðanleg kerfi og búnað sem eru varin gegn breytingum og tryggja öryggi dulritunar og tæknilegt öryggi.

Ákvæðum 1. mgr. telst fullnægt ef vottunaraðilinn notar kerfi og búnað sem viðurkennd eru skv. 9. gr.

Vottunaraðilinn skal grípa til aðgerða til að hindra möguleika á fölsun vottorða. Í þeim tilvikum sem vottunaraðilinn býr til undirskriftargögn skal hann tryggja leynd við framleiðsluna.

12. gr.

Skráningar- og afturköllunarþjónusta.

Vottunaraðili sem gefur út fullgild vottorð skal koma á fót og starfrækja hraðvirkt og öruggt kerfi fyrir skráningu og afturköllun á vottorðum. Þá skal hann tryggja að unnt sé að sjá nákvæmlega hvenær vottorð tók gildi og hvenær það var afturkallað. Upplýsingar um takmarkanir á gildi vottorða skulu einnig liggja fyrir, sbr. 9. tölul. 1. mgr. 7. gr.

13. gr.

Kennsl borin á undirritanda.

Vottunaraðili sem gefur út fullgild vottorð skal sannreyna með viðeigandi hætti deili á undirritanda og aðrar frekari upplýsingar um hann.

Upplýsingar um aðferðir þær sem notaðar eru skv. 1. mgr. skulu aðgengilegar almenningi.

14. gr.

Geymsla upplýsinga.

Vottunaraðili sem gefur út fullgild vottorð skal geyma allar viðeigandi upplýsingar um vottorðið í hæfilega langan tíma.

Vottunaraðilinn skal nota áreiðanleg kerfi við geymslu á vottorðum, þannig að:

a. enginn geti gert breytingar eða viðbætur á vottorðum, nema þeir sem til þess hafa sérstaka heimild,
b. unnt sé að athuga hvort upplýsingar eru réttar,
c. vottorð sé eingöngu aðgengilegt almenningi ef undirritandi hefur samþykkt það sérstaklega og
d. hugsanlegar tæknilegar breytingar, sem geta stefnt öryggiskröfum í hættu, séu sýnilegar þeim sem starfrækja kerfið.

Vottorðin skulu geymd þannig að unnt sé að sannprófa þau.

Vottunaraðilanum er ekki heimilt að geyma eða afrita undirskriftargögn undirritanda.

15. gr.

Upplýsingar um skilmála, takmarkanir o.fl.

Áður en vottunaraðili gerir samning um útgáfu fullgilds vottorðs skal hann upplýsa undirritanda skriflega og með varanlegum hætti um:

a. skilmála og takmarkanir á notkun vottorðsins,
b. valfrjáls faggildingarkerfi sem starfrækt eru og
c. meðferð kvartana og úrlausn deilumála.

Upplýsingar skv. 1. mgr. má senda rafrænt, enda séu þær á læsilegu formi og á auðskiljanlegu máli. Þessar upplýsingar skulu, eftir því sem við á, vera aðgengilegar þriðja aðila sem treystir á vottorð og óskar eftir þeim.

16. gr.

Nánari reglur.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja nánari fyrirmæli í reglugerð um kröfur til vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð skv. V. kafla laga þessara.

VI. KAFLI
Skaðabótaábyrgð.

17. gr.

Vottunaraðili sem gefur út fullgilt vottorð til almennings eða ábyrgist gagnvart almenningi slíkt vottorð útgefið af öðrum er bótaskyldur vegna tjóns þess sem treystir á vottorð með eðlilegum hætti, að því er varðar:

a. að upplýsingar í vottorði hafi verið réttar þegar það var gefið út,
b. að vottorð hafi að geyma allar þær upplýsingar sem kveðið er á um í 7. gr.,
c. að undirritandi hafi við útgáfu vottorðs haft undir höndum undirskriftargögn sem svara til þeirra sannprófunargagna sem koma fram í vottorði,
d. að tiltekin undirskriftargögn svari eingöngu til tiltekinna sannprófunargagna og að tiltekin sannprófunargögn svari eingöngu til tiltekinna undirskriftargagna þegar vottunaraðili býr bæði gögnin til eða
e. að vottorð sé réttilega skráð í afturköllunarlista skv. 12. gr.

Vottunaraðili er ekki skaðabótaskyldur skv. 1. mgr. ef hann sannar að tjón verði ekki rakið til sakar hans.

Ef notkun vottorðs er andstæð takmörkunum á gildissviði þess eða á fjárhæð viðskipta og mögulegt er að kynna sér slíkar takmarkanir er vottunaraðili ekki skaðabótaskyldur vegna þess tjóns sem stafar af slíkri notkun.

VII. KAFLI
Eftirlit með vottunaraðilum sem gefa út fullgild vottorð.

18. gr.

Skráning og eftirlitsgjald.

Vottunaraðili sem hyggst gefa út fullgild vottorð skal senda tilkynningu um starfsemi sína til Löggildingarstofu. Eftir að slík tilkynning hefur verið send getur vottunaraðili gefið út fullgild vottorð. Í tilkynningunni skulu koma fram þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að sýna fram á að vottunaraðili fullnægi skilyrðum laga þessara í starfsemi sinni, m.a. upplýsingar um starfsemi, skipulag, kerfi og búnað. Breytingar og nýjar upplýsingar skulu sendar án tafar til eftirlitsaðila.

Vottunaraðilar sem gefa út fullgild vottorð skulu greiða gjald til að standa straum af kostnaði eftirlits samkvæmt lögum þessum. Eftirlitsgjaldið skal renna beint til Löggildingarstofu og vera innheimt af henni. Aðför má gera til fullnustu kröfum um eftirlitsgjald án undangengins dóms, úrskurðar eða sáttar. Greiða skal 200 kr. fyrir hvert fullgilt vottorð sem gefið er út. Þó skal vottunaraðili aldrei greiða lægra eftirlitsgjald en 1.000.000 kr. á ári. Ef vottunaraðili byrjar eða hættir starfsemi á gjaldárinu skal lágmarksárgjaldið ákvarðað í réttu hlutfalli við þann tíma sem starfrækslan varði á árinu.

Gjalddagi eftirlitsgjalds er 1. febrúar ár hvert vegna síðasta almanaksárs.

Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um tilhögun skráningar, tilkynningar og upplýsingagjöf í reglugerð.

19. gr.

Eftirlit.

Löggildingarstofa skal hafa eftirlit með því að starfsemi vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna settra á grundvelli þeirra, sbr. þó 2. mgr. 5. gr.

Löggildingarstofa getur bannað starfsemi og aðstæður sem stríða gegn ákvæðum laga þessara og reglna settra á grundvelli þeirra. Þá er heimilt að setja skilyrði fyrir áframhaldandi starfsemi og veita fresti til að fullnægja slíkum skilyrðum.

Löggildingarstofa getur krafist þess að fram fari endurskoðun á kerfi, búnaði og starfsskipulagi vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð (endurskoðun upplýsingatækni). Löggildingarstofa getur tilnefnt þá aðila sem hafa heimild til að annast slíka endurskoðun. Vottunaraðili skal bera kostnað af slíkri endurskoðun.

Löggildingarstofa getur svipt vottunaraðila heimild til að kalla vottorð sem hann gefur út „fullgild vottorð“ ef hann hefur gróflega eða ítrekað brotið gegn ákvæðum laga þessara eða reglum settum á grundvelli þeirra.

Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um tilhögun eftirlits í reglugerð.

20. gr.

Athugun, aðgangur og þagnarskylda.

Afhenda skal Löggildingarstofu allar þær upplýsingar og skýringar sem henni eru nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Er Löggildingarstofu heimilt að setja fresti til afhendingar upplýsinga eða skýringa. Einnig getur Löggildingarstofa kvatt vottunaraðila og þá sem starfa á þeirra vegum á sinn fund til að veita upplýsingar og skýringar varðandi útgáfu á vottorðum eða aðra þjónustu í tengslum við rafrænar undirskriftir.

Löggildingarstofu er án dómsúrskurðar heimill aðgangur í eftirlitsstörfum sínum að starfsstöð vottunaraðila eða öðrum þeim stöðum þar sem starfsemi sem fellur undir eftirlit laga þessara fer fram. Hún getur þar framkvæmt þær eftirlitsaðgerðir sem hún telur nauðsynlegar og krafist þess að starfsmenn á þeim stöðum veiti nauðsynlega aðstoð. Löggildingarstofa getur óskað liðveislu lögreglu ef tilraun er gerð til að hindra hana í eftirlitsstörfum sínum.

Réttur Löggildingarstofu til þess að krefjast upplýsinga eða aðgangs að starfsstöðinni og tækjabúnaði verður ekki takmarkaður með vísan til reglna um þagnarskyldu.

Starfsmenn Löggildingarstofu eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð skýra óviðkomandi frá því er þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur vottunaraðila, tengdra aðila eða annarra. Sama gildir um sérfræðinga sem starfa fyrir Löggildingarstofu að eftirlitsstarfi samkvæmt lögum þessum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

21. gr.

Dagsektir.

Löggildingarstofa getur lagt dagsektir á vottunaraðila að liðnum tilteknum fresti, veiti hann ekki umbeðnar upplýsingar, fari ekki eftir kröfum hennar um úrbætur eða sinni ekki kröfum eftirlitsins að öðru leyti.

Fjárhæð dagsekta skal ákvörðuð með hliðsjón af umfangi rekstrar vottunaraðila og eðli brotsins. Dagsektir geta numið frá 10.000 kr. til 1 millj. kr. á dag. Þær greiðast þar til farið hefur verið eftir kröfum Löggildingarstofu. Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður þrátt fyrir að orðið sé við kröfum Löggildingarstofu, nema Löggildingarstofa ákveði það sérstaklega.

Dagsektir eru aðfararhæfar og renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Ákvörðun Löggildingarstofu um dagsektir verða ekki kærðar til ráðherra.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

22. gr.
Vottunaraðilar sem hafa staðfestu utan Íslands.

Vottorð, gefin út af vottunaraðilum sem hafa staðfestu utan Íslands, skulu teljast fullgild vottorð í skilningi laga þessara ef:

a. vottunaraðilinn fullnægir ákvæðum laga þessara og hefur verið viðurkenndur af valfrjálsu faggildingarkerfi á Evrópska efnahagssvæðinu,
b. vottunaraðili sem hefur staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu og uppfyllir ákvæði laga þessara ábyrgist vottorðið,
c. vottorðið stafar frá vottunaraðila sem hefur staðfestu í landi á Evrópska efnahagssvæðinu og uppfyllir kröfur þess lands til fullgildra vottorða eða
d. vottorðið eða vottunaraðilinn er viðurkenndur í tvíhliða eða marghliða samningum milli Íslands, Evrópubandalagsins, ríkja utan Evrópubandalagsins eða alþjóðlegra stofnana.

23. gr.
Viðurlög.

Fyrir brot gegn lögum þessum skal refsað með sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Dæma má lögaðila jafnt sem einstaklinga til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Um refsiábyrgð lögaðila fer samkvæmt II. kafla A almennra hegningarlaga.

24. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þau eru sett með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2000, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB frá 13. desember 1999, um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Almennt.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að setja í lög reglur um réttaráhrif rafrænna undirskrifta, vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð, eftirlit með þeim vottunaraðilum og bótaábyrgð þeirra. Þá er í frumvarpinu gerð tillaga um að innleiða í íslensk lög tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB frá 13. desember 1999, um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir (hér eftir nefnd tilskipunin).

Frumvarpi þessu er m.a. ætlað að stuðla að öryggi í viðskiptum og öðrum samskiptum í opnum kerfum, t.d. internetinu. Kannanir hafa sýnt að menn telja að öryggi skorti í rafrænum samskiptum og stundi þau því í minna mæli en ella. Áhyggjurnar stafa af því að í opnu kerfi eins og netinu standa menn ekki augliti til auglitis. Sú staðreynd ásamt öðrum einkennum netsins geta m.a. leitt til eftirfarandi:

- að sendandi hafi möguleika á að neita því að hafa sent upplýsingar,
- að unnt sé að breyta upplýsingum eftir móttöku þeirra,
- óvissu um að gagnaðilinn sé raunverulega sá sem hann segist vera,
- óvissu um að upplýsingum hafi ekki verið breytt við sendingu á milli aðila.

Erfitt getur verið að koma í veg fyrir öll þau vandamál sem skapast við samskipti í opnu kerfi. Þó er stöðugt verið að þróa aðferðir til þess að gera rafræn viðskipti öruggari. Rafrænar undirskriftir og dulritun eru þær aðferðir sem mest er horft til nú. Talið er að vel heppnuð framkvæmd við útfærslu á rafrænum undirskriftum sé grundvallaratriði til að byggja upp traust í rafrænum samskiptum og geti þannig orðið til þess að samskiptin nái þeirri útbreiðslu sem vonir standa til. Í því sambandi er ekki nauðsynlegt að komið verði upp einu undirskriftarkerfi, heldur að kerfin geti virkað saman. Fyrirsjáanlegt er að rafrænar undirskriftir verði notaðar í viðskiptum, í samskiptum á milli borgara og stjórnsýslu og stjórnvalda innbyrðis, t. d. á sviði opinberra útboða, skattamála, félagslegrar aðstoðar, heilbrigðismála og réttarfars.

Þar sem rafrænar undirskriftir eru taldar forsenda þess að hægt sé að skapa nauðsynlegt öryggi í rafrænum viðskiptum er mikilvægt að lagagrundvöllur þeirra sé fullnægjandi. Að sama skapi er mikilvægt að ekki sé vafi á að heimilt sé að nota rafrænar undirskriftir þegar undirskrift er nauðsynleg samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða af öðrum orsökum. Sú staðreynd að frumvarp þetta kveður á um öryggiskröfur í tengslum við fullgildar rafrænar undirskriftir mun stuðla að því að skapa nauðsynlegt öryggi í rafrænum viðskiptum hér á landi. Þá stuðla ákvæði frumvarpsins einnig að fyrirsjáanleika í slíkum viðskiptum, en samkvæmt þeim verður unnt að treysta því að fullgild rafræn undirskrift hafi að jafnaði sömu réttaráhrif og handrituð.

Hvað er rafræn undirskrift?

Eins og hugtakið rafræn undirskrift er notað í frumvarpi þessu er átt við þau gögn sem verða til þegar tiltekinn búnaður eða aðferð er notuð til þess að brengla efni sendingar með ákveðnum hætti. Í brenglunarferlinu er fyrst notuð svokölluð tæting (e. hash function) og síðar dulritun (e. encryption). Hin rafrænu gögn sem koma út úr því ferli teljast hin rafræn undirskrift.

Hvernig fer dulritun fram?

Sendandi notar sérstakan dulritunarlykil til að dulrita tiltekin gögn. Þegar móttakandi hefur tekið við gögnum notar hann sérstakan dulritunarlykil sinn til að koma því yfir á læsilegt form, þ.e. dulráða það. Ef sami lykill er notaður bæði við dulritun og dulráðningu telst dulritunin samhverf. Ef sinn hvor lykillinn er notaður telst dulritunin ósamhverf. Sú tækni sem mest er notuð nú um stundir í tengslum við rafrænar undirskriftir og dulritun er svokallað dreifilyklakerfi (e. PKI: Public Key Infrastructure). Það er ósamhverft dulritunarkerfi. Í því er öðrum lyklinum alltaf haldið leyndum og nefnist hann einkalykill (e. private key). Ef eigandi einkalykilsins vill opna fyrir dulrituð samskipti við marga aðila gerir hann hinn lykil sinn opinberan með einhverjum hætti. Sá lykill er nefndur dreifilykill (e. public key). Þannig getur hann dulritað sendingar með einkalykli sínum, sem móttakendur geta dulráðið með dreifilyklinum. Þá geta þeir sem senda upphaflega sendandanum gögn dulritað þau með dreifilykli hans, sem hann síðar dulræður með einkalykli sínum. Þannig er tryggt að einungis réttur móttakandi geti lesið gögnin.

Hvernig stuðla rafrænar undirskriftir og dulritun að öryggi í rafrænum samskiptum?
Skýringarmynd:



1. Sendandi skrifar texta.
2. Sendandi tætir textann, þannig að út kemur tætigildi.
3. Sendandi dulritar textann með einkalykli sínum. Dulritaða tætigildið er því hin eiginlega rafræna undirskrift.
4. Sendandi skeytir textanum saman við rafrænu undirskriftina.
5. Sendandi gæti sent skeytið án þess að dulrita það frekar. Hins vegar gætu þá allir þeir sem hefðu aðgang að dreifilykli sendanda dulráðið skeytið. Sendandi dulritar því sendinguna í heild með dreifilykli móttakanda. Það tryggir að eingöngu móttakandi getur dulráðið sendinguna. Þannig tryggir þessi aðgerð að sendingin er trúnaðarsending (e. confidential).
6. Sendingin er send um internetið.
7. Við móttöku notar móttakandi einkalykil sinn til að dulráða sendinguna.
8. Móttakandi tekur rafrænu undirskriftina og dulræður hana með dreifilykli sendanda. Þá fær hann út textann og tætigildið. Ef dulráðningin gengur veit hann að eingöngu sendandi hefur getað sent textann, þar sem hann er sá eini sem hefur viðkomandi einkalykil. Sendandi getur því ekki neitað að hafa sent sendinguna. Þannig tryggir þessi aðgerð að kröfum um að unnt sé að sýna fram á frá hverjum upplýsingarnar eru er fullnægt (e. authentication). Einnig tryggir hún að sendandi gagnanna geti ekki neitað að hafa sent þau (e. non repudiation). Móttakandi veit hins vegar ekki enn hvort textanum hefur verið breytt á leiðinni um netið.
9. Móttakandi tætir textann með sama hætti og sendandi gerði og fær út tætigildi.
10. Að lokum ber móttakandi tætigildi sitt saman við það sem sendandi sendi. Ef þau eru hin sömu getur hann verið viss um að textanum hafi ekki verið breytt, þ.e.a.s. heilleiki gagnanna er tryggður (e. integrity).

    Rafræn undirskrift getur því verið notuð til að:

    a. sýna fram á frá hverjum upplýsingar eru, þ.e. votta uppruna þeirra (e. authentication),
    b. tryggja að sendandi gagnanna geti ekki neitað að hafa sent þau (e. non repudiation),
    c. sannprófa heilleika gagnanna, þ.e. að þeim hafi ekki verið breytt (e. integrity).

Dulritun getur aftur á móti hjálpað til við að halda upplýsingum og samskiptum á trúnaðarstigi (e. confidential). Þar sem rafræn undirskrift og dulritun geta m.a. verið notuð til að gera samninga á netinu, tryggja heilleika gagna eða tryggja öryggi greiðslna stuðla þau að öryggi í rafrænum samskiptum.

Hvað gera vottunaraðilar?

Það ferli sem lýst er hér að framan með skýringarmynd hefur einn galla. Móttakandi hefur enga tryggingu fyrir því að sendandi eigi raunverulega dreifilykilinn sem hann notar til að dulráða sendinguna (sjá lið átta við skýringarmynd). Ef sendandi og móttakandi gætu hist og skipst á dreifilyklum og þannig gengið úr skugga um eignarhald á viðkomandi lyklum væri vandamálið úr sögunni. Það er hins vegar ekki alltaf mögulegt þegar menn eiga samskipti á netinu. Því hafa vottunaraðilar hlutverki að gegna við notkun rafrænna undirskrifta. Vottunaraðilar eru þeir aðilar sem segja fyrir um hverjir nota tiltekna lykla, með því að gefa út sérstök vottorð þar að lútandi. Vottorð inniheldur tiltekinn dreifilykil og staðfestingu á hver sé réttur notandi hans.

Meginefni frumvarpsins.

Frumvarp þetta fjallar að meginstefnu til aðeins um svokallaðar fullgildar rafrænar undirskriftir, þ.e. undirskriftir sem fullnægja tilteknum ströngum öryggiskröfum og þjónustu þeim tengdum.

Frumvarpið kveður á um þá meginreglu að fullgild rafræn undirskrift skuli ætíð vera jafngild handritaðri, þegar lög, stjórnsýslufyrirmæli eða annað mælir fyrir um að handrituð undirskrift sé nauðsynleg. Meginreglan takmarkast þó af því að lög leggi ekki sérstakar hindranir gegn rafrænum samskiptum. Þá mælir frumvarpið fyrir um þær ströngu kröfur sem slíkar fullgildar rafrænar undirskriftir skulu fullnægja. Einnig segir það til um þær kröfur sem gerðar eru til vottunaraðila sem gefa út vottorð sem styðja slíkar undirskriftir. Loks kveður það á um það eftirlit sem hið opinbera (Löggildingarstofa) mun hafa með slíkum vottunaraðilum og bótaábyrgð þeirra.

Þar sem um er að ræða svið í mikilli og hraðri þróun er mikilvægt að lagasetningu sé hagað þannig að hún verði hvorki úrelt innan skamms tíma né hamli gegn tæknilegri þróun. Reynt hefur verið að koma í veg fyrir það með því að hafa ákvæði frumvarpsins eins tæknilega hlutlaus og mögulegt er.

2. Bakgrunnur frumvarpsins.

2.1. Innleiðing tilskipunar EB um rafrænar undirskriftir í íslenskan rétt.

Tillaga að tilskipun um rafrænar undirskriftir var lögð fram af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hinn 13. maí 1998, með vísan til 2. mgr. 57. gr., 66. gr. og 100. gr. A Rómarsáttmálans og formlegrar meðferðar skv. 189. gr. B. Tillagan var gerð í framhaldi af beiðni ráðsins frá 1. desember 1997. Tilskipunin var samþykkt 13. desember 1999 og birt í Stjórnartíðindum EB 19. janúar 2000. Skulu aðildarríkin innleiða hana í rétt sinn innan 18 mánaða frá þeim tíma.

Þróun rafrænna viðskipta í heiminum um opið kerfi kallar á notkun rafrænna undirskrifta með tilheyrandi vottun þeirra. Þar sem aðildarríki Evrópusambandsins höfðu ólíkar reglur um lagalega viðurkenningu á rafrænum undirskriftum og ólíkar öryggiskröfur til vottunaraðila gat það skapað hindrun fyrir rafræn viðskipti í Evrópusambandinu og staðið í vegi fyrir þróun hins innri markaðar. Því var talið nauðsynlegt að setja samræmdar reglur um notkun rafrænna undirskrifta.

Í tilskipuninni eru settar lágmarksreglur um öryggi og ábyrgð við útgáfu fullgildra rafrænna undirskrifta. Þá er tryggt að rafrænar undirskriftir njóti viðurkenningar að lögum í löndum sambandsins á grundvelli reglunnar um eftirlit heimaríkis.

2.2. Sérstök lög um rafrænar undirskriftir.

Ljóst er að stór hluti tilskipunarinnar um rafrænar undirskriftir gerir þá kröfu til aðildarríkjanna að þau innleiði annaðhvort með löggjöf eða stjórnvaldsfyrirmælum þær reglur sem þar koma fram. Um tvo möguleika er að ræða við innleiðingu tilskipunarinnar: að setja ákvæði í þá löggjöf sem fyrir hendi er eða setja ný lög.

Hluti tilskipunarinnar varðar atriði sem þegar er fjallað um í íslenskri löggjöf, t.d. ákvæði um skaðabótaábyrgð, vernd persónuupplýsinga og sönnunarreglur. Stærsti hluti ákvæða tilskipunarinnar fjallar hins vegar um atriði sem ekki er hægt að finna stað í gildandi löggjöf. Þar fyrir utan eru mörg ákvæði tilskipunarinnar mjög tæknileg og svo tengd að ekki er fýsilegt að dreifa þeim í mörg lög. Einnig er það hagkvæmast fyrir vottunaraðila að hafa reglur er fjalla um starfsemi þeirra í einum lögum. Þar sem um er að ræða reglusetningu á nýju

sviði er lítil hætta á því að settar séu reglur sem stangast á við gildandi löggjöf. Því hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að rétt sé að setja sérstaka löggjöf um rafrænar undirskriftir.

2.3. Vinna í tengslum við rafrænar undirskriftir og frumvarpið.

Í stefnumörkun iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins um rafræn viðskipti frá því í mars 1999 kom m.a. fram að nauðsynlegt væri að setja reglur í íslenskan rétt um rafrænar undirskriftir. Í framhaldi af því skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra sérstaka nefnd um rafrænar undirskriftir sem skyldi vinna að mótun lagaramma um rafrænar undirskriftir, m.a. með hliðsjón af tillögum EB. Í nefndina voru skipaðir Gunnar Jónsson hrl., Birgir Már Ragnarsson, þá deildarsérfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, Jakob Falur Garðarsson, þá framkvæmdastjóri ICEPRO, og Jónas Þór Guðmundsson, þá deildarsérfræðingur í dómsmálaráðuneytinu. Nefndin fól Birgi Má Ragnarssyni að semja frumvarp um rafrænar undirskriftir. Nefndin skilaði tillögu sinni til iðnaðar- og viðskiptaráðherra hinn 5. september 2000, en lokahönd hefur verið lögð á verkið af hálfu ráðuneytisins.

Sóttir voru fundir og ráðstefnur á alþjóðlegum vettvangi til að tryggja að íslensk löggjöf yrði sem best úr garði gerð. Fyrst og fremst var um að ræða vinnu innan Norðurlandanna og Evrópusambandsins í tengslum við tilskipun um rafrænar undirskriftir. Þá var fylgst náið með þróun og vinnu hjá alþjóðlegum stofnunum og samtökum. Má þar helst nefna vinnu innan OECD og Sameinuðu þjóðanna (UNCITRAL) en þar hefur farið fram mikil vinna til stuðla að samræmingu og gagnkvæmri viðurkenningu á alþjóðavettvangi. Einnig var fylgst með þróun innan einstakra landa.

2.4. Norræn samvinna.

Löng hefð er fyrir norrænni samvinnu á sviði lagasetningar. Markmið tilskipunarinnar er að skapa sameiginlegan ramma um rafrænar undirskriftir sem fjarlægi hindranir sem standa í vegi fyrir rafrænum viðskiptum milli landa. Með hliðsjón af þessu markmiði og vegna fyrri samvinnu Norðurlandanna var ákveðið að hefja norræna samvinnu um rafrænar undirskriftir til að ná sem mestri samræmingu í viðkomandi reglusetningu. Sérfræðingar Norðurlandanna á þessu sviði hafa haldið reglulega fundi til að tryggja samræminguna og miðla af þekkingu og reynslu hvers lands.

Strax á árinu 1998 sömdu Danir frumvarp til laga um rafrænar undirskriftir. Í frumvarpinu var m.a. kveðið á um að allar gerðir rafrænna undirskrifta skyldu njóta viðurkenningar að lögum. Ein afleiðing þessa hefði orðið sú að stjórnvöld hefðu orðið að fjárfesta í nýjum og dýrum kerfum til að geta móttekið og fylgst með öllum gerðum rafrænna undirskrifta. Af þeim sökum og einnig vegna þess að á vettvangi Evrópusambandsins hófst vinna við tilskipun um rafrænar undirskriftir var frumvarpið dregið til baka. Nú hafa Danir samþykkt ný lög um rafrænar undirskriftir og tóku þau gildi 1. október 2000.

Í Noregi hefur frumvarp um rafrænar undirskriftir verið samþykkt af þinginu en það bíður nú staðfestingar konungs.

Svíar hafa lokið við vinnu við frumvarp sitt um rafrænar undirskriftir. Þinglegri meðferð frumvarpsins er einnig lokið og tóku hin samþykktu lög gildi 1. janúar síðastliðinn.

Í desember 1999 settu Finnar lög um rafræn samskipti í stjórnsýslunni og lög um svokölluð borgarakort. Finnar eru að semja frumvarp um rafrænar undirskriftir og stefna að því að leggja það fram á árinu 2001.

3. Nokkur meginhugtök og grundvallaratriði.

3.1. Hvað er rafræn undirskrift?

3.1.1. Rafræn undirskrift í víðri merkingu.

Rafræn undirskrift (e. electronic signature) er almennt og tæknilega hlutlaust hugtak sem vísar til samansafns allra hugsanlegra aðferða sem hægt er að nota til að undirrita rafrænar upplýsingar. Þessar aðferðir geta t.d. verið undirritun í tölvupósti, skönnuð eiginhandarundirritun, vefsíðufang, líffræðileg kennimerki eins og skönnun á fingri eða auga og stafrænar undirskriftir byggðar á rafrænum lyklum og vottorðum.

3.1.2. Rafræn undirskrift í þrengri merkingu.

Nú er almennt ekki talað um rafrænar undirskriftir í svo víðtækum skilningi sem hér að ofan. Yfirleitt er átt við undirskrift í rafrænu formi sem er hluti af eða skýrt tengd rafrænum gögnum sem notuð er til að sannprófa uppruna gagnanna. Í eiginlegum skilningi er rafræn undirskrift í því fólgin að tiltekinn búnaður eða aðferð eru notuð til þess að dulrita efni sendingar, í heild eða að hluta, og dulráðning sendingarinnar sannprófar rétt efni sendingar, uppruna hennar og sendanda.

Frá tæknilegu sjónarhorni er rafræn undirskrift hins vegar tilteknar rafrænar upplýsingar. Þessar upplýsingar eru eins og aðrar rafrænar upplýsingar táknaðar með rafhleðslum og eyðum í minni tölvu sem eftir atvikum er hægt að flytja til annarrar tölvu með sendingu rafboða og gera þannig aðgengilegar öðrum.

Langflestar þeirra aðferða sem notaðar eru til að mynda undirskriftir núna eru stafrænar. Stafræn undirskrift (e. digital signature) er hugtak sem er notað um tiltekna tækni til að búa til rafrænar undirskriftir. Þá eru notuð svokölluð dreifilyklakerfi (e. Public Key Infrastructure) til að undirrita upplýsingar. Þessi aðferð er sú algengasta og hefur bæði ýtt undir tæknilega þróun, og víðtæk viðbrögð í lagasetningu. Í eiginlegri merkingu er stafræn undirskrift dulritun stafrænna upplýsinga með einkalykli (e. private key). Þá er unnt að staðfesta hver eigandi einkalykilsins sé og heilleika skilaboðanna með notkun á samsvarandi dreifilykli (e. public key) og vottorði vottunaraðila á dreifilyklinum. Stafræn undirskrift er hins vegar frá tæknilegu sjónarhorni samsafn af ritstafatáknum (e. alphanumeric) sem gert er með algóritma við dulritun.

Hugtakið rafræn undirskrift er víðtækara en stafræn undirskrift þar sem hið fyrrnefnda vísar ekki til ákveðinnar tækni við undirskrift, eins og hið síðarnefnda gerir. Í löggjöf eru núna hugtökin stafræn undirskrift og rafræn undirskrift notuð jöfnum höndum. Þó hefur þróunin verið sú undanfarið að almennt er notað hugtakið rafræn undirskrift, enda samrýmist það betur þeirri stefnu við lagasetningu að hafa tæknilegt hlutleysi að leiðarljósi til að hamla ekki gegn þróun. Í ákvæðum frumvarps þessa verður hugtakið rafræn undirskrift notuð og er þá vísað til hugtaksins í þrengri merkingu.

3.2. Dulritun og stafrænar undirskriftir.

Í öllum nútímaaðferðum er notast við dulritun til að búa til og sannreyna rafrænar undirskriftir. Með hvers konar dulritun er upplýsingum komið þannig fyrir að þær eru eingöngu skiljanlegar þeim sem hefur undir höndum viðeigandi dulmálslykil. Stafrænar undirskriftir grundvallast í stuttu máli á þeirri hugmynd að persónuleg staðfesting sé send með þeim hætti að viðtakandi geti sannreynt að hún stafi frá tilteknum aðila en jafnframt þannig að viðtakanda sé ekki unnt að senda gögn áfram og gefa til kynna að hann sé hinn upprunalegi sendandi.

Ein algengasta aðferðin við að búa til rafrænar undirskriftir er með svokölluðu dreifilyklakerfi. Þá er notuð tiltekinn algóritmi (e. algorithm) sem býr til mismunandi en skylda lykla, sem kallaðir eru dreifilykill og einkalykill, með því að margfalda tvær stórar og mismunandi prímtölur. Annar lykillinn er notaður til að umrita undirskriftina í dulmál, þ.e. dulrita (e. encipher), en hinn er notaður til að lesa úr dulmálinu þ.e. dulráða (e. decipher) og sannprófa undirskriftina.

Notendur slíkra undirskrifta fá útgefna til sín ofangreinda tvo lykla, þ.e. einkalykil og dreifilykil. Gert er ráð fyrir að dreifilyklinum sé dreift með því að senda hann með þeim gögnum sem undirrituð eru hverju sinni eða láta hann í vörslur þriðja aðila sem síðan veitir aðgang að honum, t.d. á netinu. Einkalyklinum verður eigandinn að halda leyndum. Einkalykillinn getur verið geymdur á margan hátt, t.d. á snjallkorti, símakorti eða í minni tölvu.

Þegar sendandi undirritar gögn eða einhvers konar upplýsingar afmarkar hann fyrst það efni sem hann ætlar að staðfesta með undirskriftinni. Að því loknu skipar hann tölvunni að tæta upplýsingarnar sem skapar tiltekið tætigildi. Tölvan dulkóðar síðan tætigildið með einkalykli sendanda, þannig að út komi hin rafræna undirskrift. Það tryggir að móttakandi sé viss um að sendandi hafi sent skeytið, þar sem eingöngu er unnt að dulráða sendinguna með dreifilykli sendanda.

Við tætingu er notaður algóritmi, sem virkar eingöngu í aðra áttina, þ.e. ekki er unnt að afbrengla tætigildið til þess að sjá upplýsingarnar sem hafa verið tættar. Því eru læsileg gögn (ódulrituð og ekki tætt) send með rafrænu undirskriftinni.

Ef sendandinn ákveður að dulrita gögnin með dreifilykli móttakanda er aðeins hægt að dulráða gögnin með einkalykli móttakandans. Innihaldið er því dulritað á þann hátt að enginn annar en móttakandinn sem hefur einkalykilinn getur lesið þau.

Tölva móttakandans tekur við skeytinu og notar dreifilykil sendandans til að leysa úr dulritun undirskriftarinnar með því að finna tætigildi hennar. Því næst eru gögnin tætt með sama algóritmanum og sendandi notaði við tætinguna. Loks ber móttakandi tætigildin saman. Ef gögnunum hefur verið breytt í sendingunni eru tætigildin ekki hin sömu.

3.3. Vottun á rafrænum undirskriftum – vottunaraðilar.

Vottunaraðili er sérstakur þriðji aðili í samskiptum milli undirritanda og móttakanda sem báðir treysta. Hann vottar að dreifilykillinn stafi í raun frá undirritanda og móttakandi geti þannig treyst rafrænu undirskriftinni. Þetta ferli gerir það að verkum að aðili getur verið viss um að sendandi sé sá sem hann segist vera.

Í frumvarpi þessu eru settar reglur um tiltölulega nýja gerð af þjónustu, þ.e. starfsemi vottunaraðila. Til að tryggja eftirfylgni við reglur frumvarpsins er sett á fót sérstakt eftirlit sem Löggildingarstofa mun rækja. Þá mun Persónuvernd hafa eftirlit með því að vottunaraðilar hagi meðferð persónuupplýsinga í samræmi við 5. gr. frumvarpsins og laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

3.4. Vottorð.

Þegar undirritandi sendir undirrituð gögn getur hann sent vottorð með sem hefur að geyma dreifilykilinn hans og upplýsingar um undirritanda. Þannig er hægt að tengja tiltekna persónu við dreifilykilinn.

Almennt eru í vottorði upplýsingar um það hver undirritandi er og gildistíma undirskriftar. Auk þess er mögulegt að nota vottorð við mismunandi viðskipti og vista þar viðeigandi upplýsingar, t.d. um virðisaukaskattsnúmer, umboð undirritanda, sérstök leyfi og takmarkanir gildissviðs vottorðsins.

Til eru margir staðlar um það hvaða upplýsingar má eða hægt er að gefa í vottorði og hvernig þær skuli settar fram, t.d. alþjóðlegi staðallinn X.509. Í frumvarpinu eru settar reglur um það hvað skuli koma fram í svokölluðu fullgildu vottorði, en þær eiga sér ekki hliðstæðu í gildandi staðli.

Eins og fram hefur komið er hægt að dreifa vottorði með ýmsu móti, t.d. með því að birta það í þar til gerðum rafrænum skrám sem eru gerðar opinberar. Yfirleitt sendir sá sem undirritar rafræn gögn vottorðið með opinbera lyklinum með gögnunum sem hann undirritar.

Undirritandi getur gefið mismunandi upplýsingar um sig. Hann getur t.d. komið fram í eigin nafni, undir dulnefni eða sem fyrirsvarsmaður einhvers annars, t.d. fyrirtækis. Vottorð sem gefið er út til undirritanda vegna umboðs hans eða stöðu nefnast „stöðuvottorð". Í slíku vottorði þarf ekki að koma fram nafn undirritanda heldur staða hans, t.d. að hann sé framkvæmdastjóri tiltekins fyrirtækis. Vottorð geta einnig verið gefin út til einstaklinga á grundvelli starfsheitis þeirra, t.d. lækna eða endurskoðenda. Slík vottorð kallast „starfsheitisvottorð". Í sumum tilvikum er ekki nauðsynlegt að vita nákvæmlega hver undirritandi er, en mikilvægt að fá upplýsingar um starfsheiti hans eða stöðu. Í þeim tilvikum geta stöðu- eða starfsheitisvottorð verið fullnægjandi.

Í vottorðinu ábyrgist vottunaraðilinn að það sé tiltekin persóna sem hafi forræði yfir viðkomandi einkalykli. Vottunaraðilinn undirritar þau vottorð sem hann gefur út með einkalykli sínum. Með þessu er tryggt að ekki sé unnt að breyta upplýsingum í vottorði. Þurfi að breyta slíkum upplýsingum þarf að afturkalla vottorðið og gefa út nýtt. Að sama skapi getur móttakandi treyst því að vottunaraðilinn sé raunverulega sá sem hann segist vera, ef unnt er að nota dreifilykil vottunaraðila til að dulráða vottorð sem hann hefur undirritað með einkalykli sínum. Dreifilykill þessi getur síðan verið vottaður af öðrum vottunaraðila. Þetta er grundvallaratriði í dreifilyklakerfi, þ.e. byggð er upp keðja af vottorðum sem endar í svokallaðri rót. Með þessu er reynt að tryggja að í keðjunni sé alltaf aðili sem sá sem reiðir sig á vottorð telur sig geta treyst.

Til eru margar tegundir vottorða sem endurspegla mismunandi öryggisstig. Þannig getur vottunaraðili gefið út vottorð með lágu öryggisstigi, þar sem einungis er krafist að undirritandi láti í té gilt tölvupóstfang. Hins vegar getur verið krafist persónulegrar nærveru undirritanda og viðurkenndra persónuskilríkja áður en vottorð er gefið út sem telst uppfylla strangar öryggiskröfur. Eins og áður er getið er í frumvarpi þessu að meginstefnu til fjallað um fullgild vottorð sem uppfylla tilteknar strangar öryggiskröfur.

3.5. Vottunarstefna og vottunarframkvæmd.

Í vottunarstefnu (e. Certification Policy) kemur fram hvernig stefnt er að því að standa að útgáfu og meðferð stafrænna vottorða. Í vottunarstefnu eru líka settar reglur um þær kröfur sem gerðar eru í þjónustunni til öryggis og eftirlits.

Vottunarframkvæmd segir fyrir um hvernig vottunaraðili framkvæmir útgáfu vottorða. Vottunaraðili gefur gjarnan út skriflegar upplýsingar um þessa framkvæmd (e. Certification Practice Statement) þar sem fram koma upplýsingar um hvernig vottunaraðilinn framkvæmir vottunarstefnu sína.

3.6. Vandamál við notkun rafrænna undirskrifta.

Hafa verður í huga að tæknileg þróun á sviði rafrænna undirskrifta er mjög hröð og að rafræn undirskrift sem telst örugg núna verður kannski ekki örugg gegn fölsun síðar. Því getur reynst erfitt að sanna að undirskrift, byggð á vottorði sem fallið er úr gildi, stafi frá undirritanda. Þetta getur haft áhrif á sönnunarmat rafrænna undirskrifta vegna samninga sem

hafa langan gildistíma. Í slíkum tilvikum er nauðsynlegt að skrá í upphafi með hvaða hætti kennsl voru borin á undirritanda þegar samningurinn var gerður. Þá verður kerfi og búnaður aðila á þessu sviði að vera í stöðugri endurskoðun.

4. Tilskipun um rafrænar undirskriftir.

Tilskipun EB um rafrænar undirskriftir á að vera tæknilega hlutlaus en fjallar í raun í öllum grundvallaratriðum um stafrænar undirskriftir og notkun á dreifilyklakerfi. Ekki er fyrirsjáanlegt að þetta valdi vandræðum því lausnir byggðar á notkun stafrænna undirskrifta og dreifilyklakerfi eru efstar á baugi nú. Þó er mögulegt að aðrar lausnir, eins og líffræðileg kennimerki, verði notuð í tengslum við stafrænar undirskriftir.

Tilskipunin fjallar einnig um:

Markaðsaðgang: Aðildarríkin mega ekki gera kröfur um að vottunaraðilar þurfi að fá leyfi fyrir fram til að stunda starfsemi sína. Þetta gildir einnig um aðrar ráðstafanir sem hafa sömu áhrif. Það er hins vegar ekkert sem kemur í veg fyrir að unnt sé að krefja vottunaraðila um að skrá sig áður en hann hefur starfsemi, svo lengi sem ekki er gerð krafa um annað en hann sendi inn upplýsingar til skráningar. Sú leið er farin í frumvarpi þessu.

Einnig er heimilt að kveða á um valfrjáls faggildingarkerfi til að koma á vottunarkerfi með enn meiri öryggiskröfum en kveðið er á um í tilskipuninni. Ekki hefur verið talin þörf á að setja slíkt kerfi upp á Norðurlöndunum. Þá skulu ríkin tryggja að starfrækt sé kerfi til að hafa eftirlit með vottunaraðilum sem gefa út fullgild vottorð. Loks er heimilt að setja nánari reglur um notkun rafrænna undirskrifta hjá stjórnvöldum.

Innri markaðinn: Vottunaraðilar, sem hafa staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, geta boðið þjónustu sína í öllum aðildarríkjunum. Ríkin skulu einnig tryggja að öruggur undirskriftarbúnaður sem uppfyllir ákvæði tilskipunarinnar, fái að flæða með frjálsum hætti innan svæðisins.

Réttaráhrif: Tryggt skal að útfærð rafræn undirskrift, sem studd er fullgildu vottorði og gerð með öruggum undirskriftarbúnaði (fullgild rafræn undirskrift), njóti sömu stöðu að lögum og handskrifaðar undirskriftir og unnt sé að leggja þær fram sem sönnunargögn í dómi eins og gildir um handritaðar undirskriftir.

Einnig skal tryggt að rafrænum undirskriftum sem ekki fullnægja skilyrðum laganna verði ekki neitað um réttaráhrif eingöngu á þeim grundvelli að þær séu rafrænar eða að þær fullnægi ekki skilyrðum laganna.

Ábyrgð: Til að skapa traust hjá þeim sem reiða sig á vottorð eru í tilskipuninni reglur um skaðabótaábyrgð vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð til almennings. Ríkin skulu tryggja að slíkir vottunaraðilar séu ábyrgir fyrir því að upplýsingar sem fram koma í vottorði séu réttar, í samræmi við kröfur tilskipunarinnar og að persónan sem borin er kennsl á í vottorði sé undirritandi. Hins vegar verður vottunaraðilinn ekki bótaskyldur ef tjón verður ekki rakið til sakar hans. Vottunaraðilinn er heldur ekki bótaskyldur sé undirskrift notuð þannig að ekki samræmist takmörkunum þeim sem fram koma í vottorði.

Alþjóðleg sjónarmið: Samkvæmt tilskipuninni skal útfærð rafræn undirskrift, sem studd er fullgildu vottorði og gerð er með öruggum undirskriftarbúnaði, fullnægi formskilyrðum laga um undirskrift í þeim tilvikum sem hægt er að framkvæma gerninginn rafrænt. Sú regla gildir án tillits til þess hvort undirskriftin er studd vottorði sem gefið er út í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en Íslandi. Dómstólar skulu því líta eins á slíkar undirskriftir án tillits til þess hvar þær eru gefnar út innan Evrópska efnahagssvæðisins. Sú staða að einhver ríki geri strangari kröfur til vottunaraðila sem þar eru staðfastir hefur ekki áhrif.

Samkvæmt 7. gr. tilskipunarinnar skal undir vissum kringumstæðum veita vottorðum sem gefin eru út utan Evrópska efnahagssvæðisins sömu réttarstöðu og fullgildum vottorðum sem gefin eru út af vottunaraðilum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Sú regla gildir þegar vottunaraðilinn uppfyllir ákvæði laganna og hefur verið viðurkenndur af valfrjálsu faggildingarkerfi í aðildarríki EES-samningsins, vottunaraðili sem hefur staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu og uppfyllir ákvæði laganna ábyrgist vottorðið og þegar vottorðið eða vottunaraðilinn er viðurkenndur í tvíhliða eða marghliða samningum milli Evrópusambandsins og landa utan sambandsins eða alþjóðlegra stofnana.

Persónuvernd: Ríkin skulu tryggja að starfsemi vottunaraðila sé í samræmi við tilskipun 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Vottunaraðila er eingöngu heimilt að safna þeim persónuupplýsingum sem nauðsynlegar eru til útgáfu og viðhalds vottorðsins. Ekki er heimilt að nota slíkar upplýsingar til annars nema með beinu samþykki þess sem gögnin varða. Skal þeirra og aflað beint frá þeim sem upplýsingarnar varða.

Ef undirritandi óskar skal í vottorði koma fram dulnefni í stað nafns undirritanda. Í slíkum tilvikum getur verið nauðsynlegt að stjórnvöld hafi aðgang að því hver dulnefnið ber. Séu slíkar upplýsingar veittar er rétt að veita undirritanda upplýsingar um það.

Sérstaka nefnd: Samkvæmt 9. og 10. gr. tilskipunarinnar skal sett á fót nefnd til að aðstoða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins við að framkvæma tilskipunina. Nefndin skal m.a. vinna að og skýra kröfur sem fram koma í viðaukum tilskipunarinnar og varðandi öruggan undirskriftarbúnað. EFTA-ríkin hafa rétt til setu í nefndinni án atkvæðisréttar.

Mat á tilskipuninni: Gert er ráð fyrir að fylgst verði með tilskipuninni og framkvæmd hennar, m.a. til að meta hvort endurskoða þurfi hana í ljósi þróunar. Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir ráðið og þingið skýrslu um framkvæmdina í síðasta lagi þann 19. júlí 2003.

Innleiðingu tilskipunarinnar: Aðildarríkin skulu innleiða tilskipunina innan 18 mánaða frá því að hún var birt í Stjórnartíðindum EB.

5. Meginefni frumvarpsins.

5.1. Landfræðilegt gildissvið.

Ákvæði frumvarpsins gilda um vottunaraðila sem hafa staðfestu á Íslandi. Fyrir utan ákvæði frumvarpsins fellur því starfsemi vottunaraðila sem hafa staðfestu utan Íslands, þótt vottorðin séu gefin út til notkunar hér á landi. Það þýðir að reglur um eftirlit og skaðabótaábyrgð í frumvarpinu gilda eingöngu um vottunaraðila sem hafa staðfestu á Íslandi.

Byggt er á því í frumvarpinu að vottorð gefin út af vottunaraðilum sem hafa staðfestu utan Íslands en innan Evrópska efnahagssvæðisins hafi sömu réttaráhrif og fullgild vottorð sem gefin eru út af aðilum með staðfestu hér á landi, svo lengi sem þau fullnægi sambærilegum skilyrðum í heimalandi sínu og kveðið er á um í tengslum við fullgild vottorð í frumvarpi þessu. Einnig eru í frumvarpinu ákvæði um viðurkenningu á vottorðum frá vottunaraðilum sem hafa staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Með „staðfestu“ er átt við þann stað þar sem raunveruleg starfsemi tiltekins félags fer fram. Félagaformið sem slíkt hefur ekki úrslitaáhrif. Hafa skal í huga í þessu sambandi að þótt félag t.d. skrái netþjón í öðru landi en raunveruleg starfsemi er hér á landi mundi það teljast hafa staðfestu hér á landi. Þessi nálgun er í samræmi við þá stefnu sem hefur verið tekin hvað varðar skilgreiningu á staðfestu innan Evrópusambandsins og á alþjóðlegum vettvangi.

5.2. Efnislegt gildissvið.

Í 2. gr. frumvarpsins kemur fram að það gildi um *alla* vottunaraðila með staðfestu á Íslandi. Hins vegar eiga flest ákvæði frumvarpsins við um vottunaraðila með staðfestu hér á landi *sem gefa út fullgild vottorð*. Ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. um réttaráhrif og ákvæði 5. gr. um vernd persónuupplýsinga gilda þó um aðra vottunaraðila.

Gengið er út frá því í tilskipuninni og frumvarpinu að gildissviðið takmarkist að meginstefnu til við starfsemi vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð *til almennings*. Rafrænar undirskriftir eru gjarnan notaðar í lokuðu umhverfi, svo sem innra neti fyrirtækja og í bankakerfinu. Þá eru vottorð og rafrænar undirskriftir einnig notuð til að framfylgja aðgangstakmörkunum, t.d. í heimabönkum. Meginreglan um samningsfrelsi gerir það að verkum að menn geta samið sín á milli um þá skilmála sem gilda í viðskiptum þeirra, þar á meðal um gildi rafrænna undirskrifta. Þannig geta þeir byggt upp nauðsynlegt traust sín í milli. Því hefur verið litið svo á að ekki sé þörf á sérstakri reglusetningu um vottorð sem gefin eru út til afmarkaðs hóps manna.

Ef hins vegar vottunaraðilar sem gefa út vottorð til lokaðs hóps vilja eiga þess kost að kalla vottorð sín fullgild með þeim réttaráhrifum sem því fylgja, verða þeir að fullnægja ákvæðum frumvarpsins um slík vottorð. Slíkt getur verið nauðsynlegt fyrir aðila sem hyggjast eingöngu gefa út vottorð til afmarkaðs hóps manna en hafa hug á að rafrænar undirskriftir sem styðjast við vottorð þeirra séu jafngildar handrituðum. Af þeim sökum er gert ráð fyrir því í gildissviði laganna að þau gildi einnig um þá aðila sem gefa út fullgild vottorð, sem þó er ekki dreift til almennings.

Samkvæmt tilskipuninni er óheimilt að neita rafrænum undirskriftum sem ekki teljast fullgildar um gildi að lögum eða hindra að þær komist að sem sönnunargögn fyrir dómi. Ekki er nauðsynlegt að setja í lög ákvæði er kveður á um slíkt enda felst það nú þegar í meginreglum íslenskrar löggjafar um að samningar séu ekki formbundnir og um frjálsa sönnunarfærslu fyrir dómstólum. Hins vegar er hnykkt á reglu þessari í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins til þess að stuðla að þekkingu manna á þessu sviði.

Tilskipunin hefur ekki áhrif á ákvæði landsréttar um formskilyrði, t.d. kröfur um notkun tiltekinna skjala eða að samninga skuli gera skriflega. Í inngangsorðum tilskipunarinnar kemur m.a. fram að henni sé ekki ætlað að samræma reglur landsréttar um samninga. Þá kemur einnig fram að ákvæði tilskipunarinnar um réttaráhrif rafrænna undirskrifta hafi ekki áhrif á formskilyrði við samningsgerð í landsrétti.

5.3. Skilgreiningar.

Skilgreiningar þær sem notaðar eru í frumvarpinu eru byggðar á þeim skilgreiningum sem eru í tilskipuninni og eru nýjar í íslenskri löggjöf. Markmiðið er að nota skilgreiningar sem lýsa tilteknum atriðum í tengslum við tæknilega hlutlausar rafrænar undirskriftir. Auðveldara hefði verið að skilja frumvarpið ef notuð hefðu verið hugtök eins og „einkalykill“ í staðinn fyrir undirskriftargögn, „opinber lykill“ í stað sannprófunargagna og „stafræn undirskrift“ í stað útfærðrar rafrænnar undirskriftar. Vandamálið er hins vegar það að ofangreind hugtök eru ekki tæknilega hlutlaus, heldur varða notkun stafrænna undirskrifta. Með því að nota tæknilega hlutlausar skilgreiningar eins langt og mögulegt er, er reynt að stuðla að því að löggjöfin hamli ekki gegn þróun og ekki þurfi að breyta henni í kjölfar nýrrar tækni.

5.4. Vottunaraðilar.

Frumvarpið hefur að geyma ákvæði um lögaðila sem gefa út vottorð eða stunda aðra starfsemi í tengslum við rafrænar undirskriftir. Í tilskipuninni eru þessir aðilar nefndir „Certification Service Providers“ (CSP). Í frumvarpinu eru slíkir aðilar kallaðir vottunaraðilar.

Kjarninn í starfsemi vottunaraðila felst í gerð og útgáfu vottorða fyrir rafrænar undirskriftir. Vottunaraðili getur einnig sjálfur eða í samvinnu við aðra stundað víðtækari þjónustu eins og að bera kennsl á fólk sem er að afla sér vottorðs, halda skrár yfir vottorð, gera dulritunarlykla og stimpla með tíma. Tímastimplun felur í sér staðfestingu á sendingar- og móttökutíma þeirra gagna sem send eru með hinni rafrænu undirskrift. Hafa ber í huga að hugtakið vottunaraðili tekur til allra þátta vottunarþjónustu en ekki eingöngu þess þáttar að gefa út vottorð.

5.5. Fullgild vottorð.

Ekki er til samræmdur staðall fyrir rafræn vottorð. Vottorð geta haft að geyma mjög mismunandi upplýsingar og verið byggð á ólíkum öryggiskröfum. Því kveður frumvarpið á um tilteknar lágmarkskröfur um öryggi og útgáfu á tiltekinni gerð af vottorðum. Þessi vottorð kallast fullgild vottorð. Samkvæmt tilskipuninni gilda um þessi vottorð tilteknar reglur um réttaráhrif auk þess sem þeir vottunaraðilar sem gefa þau út eru undir eftirliti og bera sérstaka skaðabótaábyrgð en aðrir ekki.

Ekki er heimilt að nota orðin fullgild vottorð eða önnur orð sem gefa til kynna að um fullgild vottorð sé að ræða, nema um vottorð sem fullnægja ákvæðum frumvarpsins. Frumvarpið setur ekki nákvæmar reglur um fullgild vottorð, en nánari reglur þar að lútandi er hægt að setja í reglugerð.

Það hefur grundvallarþýðingu að móttakandi geti treyst að undirritandi sé sá sem hann segist vera. Frumvarpið gerir ráð fyrir að hægt sé að nota vottorð með dulnefnum. Í slíkum tilvikum verður hins vegar að koma fram í vottorði að um dulnefni sé að ræða, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Hægt er að hugsa sér tilvik þar sem hagkvæmt er að nota vottorð með dulnefnum, t.d. þegar notuð eru starfsheitis- eða stöðuvottorð. Hér má einnig nefna þau tilvik þegar menn eru þekktir undir öðrum nöfnum en þeir heita raunverulega eins og alþekkt er t.d. í kvikmynda- eða tónlistariðnaðinum. Hvað notkun slíkra vottorða felur í sér og hvert lagalegt gildi þeirra er til þess að skuldbinda aðila að lögum er hins vegar umdeilanlegt.

Eins og fram kemur í aðfaraorðum tilskipunarinnar skal notkun dulnefna ekki standa í vegi fyrir því að ríki geti krafist raunverulegs nafns undirritanda í samræmi við landslög eða löggjöf Evrópusambandsins.

5.6. Skráning vottunaraðila.

Samkvæmt frumvarpinu skal vottunaraðili senda tilkynningu um starfsemi sína til eftirlitsins í síðasta lagi á sama tíma og hann byrjar að gefa út fullgild vottorð, sbr. 18. gr. Þar sem unnt er að krefja vottunaraðila um að senda tilkynningu áður en hann byrjar að gefa út fullgild vottorð er eðlilegt að slík tilkynning berist í síðasta lagi á sama tíma og hann gefur út sitt fyrsta vottorð. Í framkvæmd mun slík tilkynning hins vegar líklega send mun fyrr. Vottunaraðili mun væntanlega ekki vilja lenda í þeirri stöðu að vottorð sem hann gefur út verði ekki viðurkennd af eftirlitsaðilanum sem fullgild vottorð, þannig að hann verði að afturkalla vottorðin og gefa út ný. Til að koma í veg fyrir slíkt mun vottunaraðili senda inn tilkynningu á fyrri stigum þannig að eftirlitsaðilinn geti komið á framfæri athugasemdum sínum og vottunaraðilinn framkvæmt þær breytingar sem nauðsynlegar eru áður en hann gefur vottorðin út.

5.7. Eftirlit.

5.7.1. Krafa um eftirlit.

Í tilskipuninni er gerð krafa um að haft sé eftirlit með þeim vottunaraðilum sem gefa út fullgild vottorð. Til þess að fullnægja kröfunni um eftirlit er nauðsynlegt að krefjast þess að þeir vottunaraðilar sem eiga að vera undir eftirliti séu skráðir í opinbera skrá.

5.7.2. Fyrirkomulag eftirlits.

Hægt er að haga fyrirkomulagi eftirlits með vottunaraðilum á ýmsan hátt. Það kerfi sem hér er valið byggist á því að vottunaraðili lýsi því sjálfur yfir hvernig hann hyggst haga starfsemi sinni. Eftirlitið meti það hvort sú yfirlýsing samrýmist kröfum frumvarpsins og hvort henni sé fylgt. Kerfi þetta byggist á þeirri forsendu að starfsgrundvöllur vottunaraðila sé háður því að markaðurinn treysti vottorðunum og hann muni þannig að mestu leyti setja sér eigin reglur. Með hliðsjón af trausti á kerfinu í heild er þó mikilvægt að tiltekið eftirlit geti gripið inn í. Til þess að geta sinnt skyldum sínum þarf eftirlitið að hafa aðgang að upplýsingum frá vottunaraðilanum og heimildir til að bregðast við þegar starfsemin er ekki í samræmi við lög.

Eftirlitið skal byggt upp þannig að það sé í sem mestum tengslum við markaðinn. Þá er mikilvægt að eftirlitskerfið sé ekki þungt í vöfum eða dýrt í rekstri þannig að hin nýja starfsemi nái að þróast og beri ekki mikinn kostnað vegna eftirlitsins. Nauðsynlegt er að samkeppnisstaða íslenskra vottunaraðila sé tryggð og starfsumhverfi þeirra hér á landi sé sem allra best. Eins og fram hefur komið er alger forsenda fyrir rekstri vottunaraðila að starfsemi þeirra og kerfi séu traust. Af þeim sökum er ekki ástæða til að vera með mjög viðamikið og þungt eftirlit. Það kerfi sem hér er valið er til þess fallið að hagsmunir vottunaraðila og almennings séu tryggðir.

5.7.3. Eftirlitsaðilinn.

Í tilskipuninni er gert ráð fyrir að eftirlitsaðilinn geti verið opinber eða einkaaðili. Hér var talið rétt að hann væri opinber aðili og varð Löggildingarstofa fyrir valinu. Þó er gert ráð fyrir að Persónuvernd sjái um eftirlit með að meðferð persónuupplýsinga sé í samræmi við ákvæði 5. gr. frumvarpsins og laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Löggildingarstofa hefur eftirlit á mjög víðtæku sviði og hefur mikið svigrúm í starfsemi sinni. Löggildingarstofa annast eftirfarandi málaflokka:

1. rafmagnsöryggismál,
2. lögmælifræði, hagnýta mælifræði og faggildingu,
3. öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu,
4. önnur verkefni sem stofnuninni eru falin.

Á Löggildingarstofu er fyrir hendi sérfræðiþekking á mörgum sviðum, þar á meðal lögfræðilegum og tæknilegum. Eftirlit með starfsemi vottunaraðila þykir því falla vel að starfsemi hennar.

5.7.4. Hlutverk eftirlits.

Meginverkefni eftirlitsins verður í fyrstu að hrinda í framkvæmd þeim kröfum sem frumvarpið gerir til vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð. Eftirlitið verður að taka afstöðu til þess hvaða vottunarstefna og framkvæmd fullnægja ákvæðum laganna og að hvaða marki endurskoðun upplýsingatækni getur haft áhrif á vinnu eftirlitsins. Þá þarf eftirlitið að meta vottunarstefnu vottunaraðilans og hvort framkvæmdin sé í samræmi við stefnuna.

Eftirlitsaðilinn getur gefið út þau viðmið sem hann telur að vottunaraðilar sem gefa út fullgild vottorð þurfi að hafa til hliðsjónar í vottunarstefnu sinni og framkvæmd. Eftirlitið skal einnig gefa út lista yfir alla skráða vottunaraðila, t.d. á heimasíðu þess. Þar væri einnig hægt að birta vottunarstefnu þessara aðila o.fl.

5.8. Öruggur undirskriftarbúnaður.

Undirskriftarbúnaður telst eingöngu öruggur ef hann hefur verið viðurkenndur af tilnefndum aðilum innan aðildarríkjanna. Líta skal svo á að undirskriftarbúnaður sé öruggur ef hann er í samræmi við staðla sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sett og birtir hafa verið í Stjórnartíðindum EB. Verulegu máli skiptir að búnaður teljist öruggur þar sem einungis undirskrift gerð með slíkum búnaði telst fullgild.

Ekki er nauðsynlegt samkvæmt tilskipuninni að aðildarríkin tilnefni einhvern aðila sem getur kveðið á um hvort undirskriftarbúnaður sé öruggur. Ekki er líklegt að í nánustu framtíð verði til sá aðili hér á landi sem hefur þekkingu eða búnað til að framkvæma slíkt mat. Að sama skapi er ekki líklegt að útnefndir verði margir slíkir aðilar innan Evrópusambandsins, en einhverjir þó. Sérstök ráðgjafanefnd skv. 9. gr. tilskipunarinnar er að störfum við að skilgreina þær kröfur sem aðildarríkin skulu gera við útnefningu á þessum aðilum. Helst er það herinn í einstökum aðildarríkjum sem býr yfir þekkingu og búnaði á þessu sviði. Íslenskir vottunaraðilar verða því væntanlega að nota búnað sem hefur fengið viðurkenningu hjá aðila tilnefndum í öðru ríki eða nota búnað sem framkvæmdastjórnin hefur viðurkennt.

5.9. Skaðabótareglur.

5.9.1. Almennt um skaðabótareglur laganna.

Í 17. gr. frumvarpsins er fjallað um skaðabótaábyrgð vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð til almennings eða ábyrgjast slík vottorð gagnvart almenningi. Reglur þessar eru byggðar á tilskipuninni og eru lágmarksreglur. Með hliðsjón af þeirri stefnu að ekki skuli setja reglur á sviði rafrænna viðskipta umfram það sem er nauðsynlegt eru lágmarksreglurnar látnar nægja. Almennar skaðabótareglur eru taldar fullnægjandi í tengslum við útgáfu annarra vottorða en fullgildra vottorða sem gefin eru út til almennings.

Ábyrgðarreglur þessar eru til þess fallnar að ýta undir traust almennings á fullgildum vottorðum og stuðla að uppbyggingu trausts undirskriftarkerfis.

5.9.2. Umfang ábyrgðarinnar.

Vottunaraðilar eru skaðabótaskyldir gagnvart hverjum þeim sem treystir á vottorðið með eðlilegum hætti. Þessir aðilar geta hvort heldur verið einstaklingar eða lögaðilar. Þeir geta verið sendandi undirritunarinnar, móttakandi eða þriðji aðili sem treysti á vottorðið. Þriðji aðili getur t.d. treyst á vottorð í þeim tilvikum þegar móttakandi sendir áfram undirrituð gögn til þriðja aðila með upphaflegri undirskrift.

Vandamál geta skapast í tengslum við ábyrgð undirritandans vegna óréttmætrar notkunar þriðja aðila á undirskriftinni, t.d. þegar undirritandi týnir snjallkortinu sem geymir einkalykilinn eða vottunaraðilinn afhendir röngum aðila snjallkort. Frumvarpið tekur ekki á tilvikum sem þessum og því gilda almennar skaðabótareglur og/eða ákvæði samnings milli aðila um þau.

Vottunaraðili verður bótaskyldur skv. 17. gr. ef hann getur ekki sannað að tjón verði ekki rakið til sakar hans. Hér er því um að ræða sakarábyrgð með öfugri sönnunarbyrði. Reglan felur í sér undantekningu frá almennum reglum skaðabótaréttar. Ástæðan fyrir henni felst m.a. í því að frumvarpið fjallar um mjög sérhæft, tæknilegt og flókið efni. Fyrir hinn al-

menna notanda rafrænna undirskrifta, sem hefur enga þekkingu á hinum tæknilega þætti, væri mjög erfitt að sanna að vottunaraðili hafi sýnt af sér gáleysi í starfsemi sinni. Einnig skerpir krafan um öfuga sönnunarbyrði á nauðsynlegu innra eftirliti vottunaraðilans.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að takmarka megi gildissvið vottorðs. Þessar takmarkanir gilda einnig í tengslum við skaðabótareglurnar þannig að bótaábyrgð vottunaraðilans minnkar að sama skapi, svo lengi sem unnt er að kynna sér takmarkanirnar.

5.9.3. Tengsl við almennar skaðabótareglur.

Skaðabótareglurnar í 17. gr. frumvarpsins gilda eingöngu um tiltekna þætti hugsanlegrar bótaábyrgðar vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð. Að öðru leyti gilda almennar bótareglur um starfsemi vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð. Um bótaábyrgð annarra vottunaraðila en þeirra sem gefa út fullgild vottorð til almennings fer eftir almennum reglum skaðabótaréttar.

5.10. Réttaráhrif við notkun rafrænna undirskrifta.

5.10.1. Gildandi réttur.

Mikið hefur verið rætt um hvaða réttaráhrif rafrænar undirskriftir hafi og hvort hægt sé að veita rafrænni undirskrift sem uppfyllir tilteknar lágmarksöryggiskröfur sömu réttaráhrif og handritaðri undirskrift.

Þegar íslenskur réttur er skoðaður vaknar sú spurning hver lagaleg staða rafrænna undirskrifta sé. Með því er átt við hvort dómstólar muni taka slíka undirskrift sem skuldbindandi viljayfirlýsingu manns og hvort dómstólar telji að lagaskilyrðum um skriflega undirskrift sé fullnægt með rafrænni undirskrift.

Með hliðsjón af frjálsu sönnunarmati dómara er líklega ekkert því til fyrirstöðu að dómari taki rafræna undirskrift gilda sem sönnunargagn við mat á því hvort yfirlýsing undirritanda sé skuldbindandi.

Hvað varðar formskilyrði í lögum er gera skriflega undirritun að skilyrði er staðan óljósari. Sett lög áskilja í ýmsum tilvikum undirskrift samningsaðila. Ólík réttaráhrif geta verið bundin undirskrift. Þannig getur skjal t.d. skort víxilgildi ef undirskrift útgefanda vantar, sbr. 1. gr. víxillaga, nr. 93/1933. Þá verður skjali ekki þinglýst nema það sé undirritað, sbr. 2. mgr. 6. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978. Þýðingarmestu réttaráhrif undirskriftar hljóta þó að teljast sú sönnun sem almennt er viðurkennt að undirskrift veiti um tengsl aðila við tiltekinn samning.

Undirskriftir gegna einnig öðrum mikilvægum hlutverkum. Þannig getur undirskrift þjónað þeim tilgangi að votta ýmis atriði, t.d. að aðili hafi ritað nafn sitt, hæfi hans til þess að gera það og dagsetningu. Þá getur lagaáskilnaður um undirskrift verið reistur á þeim rökum að viðsemjandi geri sér ljóst að hann sé að takast á hendur ákveðnar samningsskuldbindingar.

Álitamál um undirskriftir að íslenskum rétti hafa yfirleitt staðið um mat á því hvort undirskrift stafi frá þeim aðila sem hún bar með sér að stafa frá. Einnig hafa undirskriftir komið til athugunar við mat á gildi og efni samnings að öðru leyti, svo sem í tengslum við löggerningshæfi. Hins vegar hefur það þótt liggja nokkuð skýrt fyrir hvað væri undirskrift og hefur þá verið við það miðað að viðkomandi aðili ritaði nafn sitt eigin hendi.

5.10.2. Innleiðing ákvæða tilskipunarinnar um réttaráhrif rafrænna undirskrifta.

Ákvæði 5. gr. og 7. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar um réttaráhrif rafrænna undirskrifta eru innleidd með 4. gr. laganna.

Ákvæði 5. gr. felur í sér að kröfu um undirskrift sé alltaf fullnægt með fullgildri rafrænni undirskrift í þeim tilvikum sem löggjöf takmarkar ekki möguleika á að gera löggerninginn með rafrænum hætti. Með því að gefa fullgildri undirskrift sambærilega stöðu að lögum og handritaðri skapast sameiginlegur staðall fyrir rafrænar undirskriftir á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í b-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar er þess krafist að leggja megi fram fullgilda rafræna undirskrift sem sönnunargagn í dómi. Í 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar er einnig gerð sú krafa að öðrum gerðum rafrænna undirskrifta sé ekki neitað um lagalegt gildi eða sönnunargildi fyrir dómstólum á grundvelli tiltekinna ástæðna sem tengjast þeirri staðreynd að um rafræna undirskrift sé að ræða. Ekki er nauðsynlegt að taka þessi ákvæði inn í frumvarpið þar sem þau eru í samræmi við gildandi rétt hér á landi. Reglurnar um frjálsa sönnunarfærslu og frjálst sönnunarmat fela í sér að hægt er að leggja fram rafrænar undirskriftir sem sönnunargögn fyrir dómi, hvort sem þær eru fullgildar eða ekki. Sú staðreynd að undirskriftin er ekki fullgild mun líklega hafa áhrif á hversu sterkt sönnunargildi undirskriftin hefur. Hins vegar er ekki fjallað um hversu sterka sönnunarstöðu rafrænar undirskriftir skulu hafa.

Þrátt fyrir ofangreint er í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins ákvæði sem ætlað er að taka af allan vafa um hugsanlegt gildi rafrænna undirskrifta og leggja áherslu á að dómstólar kunni að telja að aðrar gerðir af rafrænum undirskriftum njóti sömu réttarstöðu og hinar fullgildu.

5.11. Persónuvernd.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 95/46/EB frá 24. október 1995, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga, er leidd í íslenskan rétt með lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000. Markmið laganna er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga. Sérstök stofnun, Persónuvernd, annast eftirlit með framkvæmd laganna.

Samkvæmt lögunum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er vinnsla persónuupplýsinga því aðeins heimil að hinn skráði hafi gefið ótvírætt samþykki sitt eða vinnslan sé nauðsynleg vegna tiltekinna atriða sem þar eru upp talin. Persónuupplýsingar má aðeins nota í þeim tilgangi sem þær voru fengnar til og ekki nota í öðrum tilgangi án ótvíræðs samþykkis.

Í 5. gr. frumvarps þessa er fjallað um vernd persónuupplýsinga. Þar er sú regla sett að vottunaraðila sé eingöngu heimilt að afla sér persónuupplýsinga beint frá þeim aðila sem upplýsingarnar varða eða með ótvíræðu samþykki hans og eingöngu í þeim mæli sem nauðsynlegt er til útgáfu eða viðhalds á vottorði. Ákvæðið er bein innleiðing á 2. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar. Með samþykki er átt við sérstaka yfirlýsingu sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv., sbr. 7. tölul. 2. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Það skal sérstaklega tekið fram að ákvæði 5. gr. tekur til allra vottunaraðila sem gefa út vottorð til almennings, ekki einvörðungu þeirra sem gefa út fullgild vottorð.

6. Þörf á endurskoðun.

Með frumvarpinu eru gerðar tillögur að reglum um nýtt tæknilegt svið þar sem þróun er hröð. Viðbúið er að nýjar gerðir af þjónustu komi fram sem byggðar eru á nýjum tæknilegum

lausnum. Því er nauðsynlegt að löggjafinn verði á varðbergi og að lögin verði endurskoðuð með hliðsjón af þeirri tækniþróun sem á sér stað á þessu sviði, reynslu af lögunum og framkvæmd við útgáfu fullgildra vottorða. Þörfinni fyrir endurskoðun er lýst í tilskipuninni. Í 12. gr. tilskipunarinnar segir að framkvæmdastjórnin skuli meta hvort þörf sé á að breyta tilskipuninni. Slíkt mat skal byggt á tæknilegri þróun, breytingum á markaði og lagalegri þróun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði þetta lýsir markmiði laganna og byggist á markmiði tilskipunarinnar. Markmiðið er að kveða á um réttaráhrif rafrænna undirskrifta og stuðla að öruggri og árangursríkri notkun þeirra. Frumvarpið inniheldur lágmarkskröfur sem gerðar eru til fullgildra rafrænna undirskrifta, fullgildra vottorða og starfsemi vottunaraðila sem gefa út slík vottorð.

Um 2. gr.

Í greininni er landfræðilegu og efnislegu gildissviði ákvæða frumvarpsins lýst og byggist hún á 1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar. Frumvarpinu er ætlað að gilda um rafrænar undirskriftir og starfsemi vottunaraðila sem hafa staðfestu á Íslandi. Þó ber þess að geta að frumvarpið setur að meginstefnu til eingöngu reglur um svokallaðar fullgildar undirskriftir. Þó mun 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins gilda um allar rafrænar undirskriftir. Að sama skapi munu ákvæði frumvarpsins gilda að meginstefnu um vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð. Hins vegar mun ákvæði 5. gr. frumvarpsins gilda um alla vottunaraðila. Um nánari umfjöllun er vísað til kafla 5.1 og 5.2 í almennum athugasemdum með lagafrumvarpi þessu.

Í 2. mgr. er kveðið á um að viðskiptaráðherra fari með yfirstjórn þeirra mála sem ákvæði frumvarpsins ná til. Þar af leiðandi er með ráðherra í frumvarpi þessu átt við viðskiptaráðherra, nema annað sé sérstaklega tilgreint. Hann hefur þar með heimild til að setja nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða frumvarps þessa í reglugerð.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru ýmis hugtök skilgreind. Ákvæðin byggjast á 2. gr. tilskipunarinnar. Í greininni eru tvær skilgreiningar sem fram koma í tilskipuninni ekki teknar upp. Það eru skilgreiningar á rafrænni undirskriftarvöru og valfrjálsu faggildingarkerfi. Um hvorugt er fjallað með beinum hætti í frumvarpinu þannig að ekki þótti nauðsynlegt að taka viðkomandi skilgreiningar upp.

Í 1. tölul. er hugtakið rafræn undirskrift skilgreint. Tæknilegt hlutleysi er grundvallaratriði í frumvarpinu. Hugtakið rafræn undirskrift á að vera til þess fallið að ná yfir allar rafrænar aðferðir sem notaðar eru til að sannprófa uppruna upplýsinga. Sú aðferð við notkun rafrænna undirskrifta sem er útbreiddust núna eru stafrænar undirskriftir, byggðar á dreifilyklakerfi. Hvað varðar nánari umfjöllun um rafrænar undirskriftir skal vísað til 1. og 3. kafla almennra athugasemda með lagafrumvarpi þessu.

Í 2. tölul. er útfærð rafræn undirskrift skilgreind. Skilgreiningin tekur til þess sem núna er kallað stafræn undirskrift, en getur einnig náð yfir fleiri aðferðir sem kunna að þróast í framtíðinni. Útfærða undirskriftin skal skv. a- og b-lið tryggja að unnt sé að bera kennsl á undirritanda og að undirskriftin tengist honum einum. Með því er hægt að segja fyrir um hver sendandi er og hann getur ekki neitað að hafa sent upplýsingarnar. Enn fremur skal undirritandi skv. c-lið einn hafa forræði yfir aðferðinni sem undirskriftin er búin til með. Það tryggir að þriðji maður getur ekki komist yfir undirskriftina og misnotað hana. Krafan í d-lið

á að tryggja áreiðanleika upplýsinganna sem sendar eru, þ.e. að hægt sé að treysta því að innihaldi gagna, sem hafa verið undirrituð, hafi ekki verið breytt.

Í 3. tölul. er hugtakið fullgild undirskrift skilgreind. Þessi skilgreining er ekki fyrir hendi í tilskipuninni en er talin til hægðarauka við skilning á ákvæði 4. gr. frumvarpsins um réttaráhrif.

Í 4. tölul. er hugtakið undirritandi skilgreint, þ.e. sá sem undirritar gögn rafrænt. Nauðsynlegur undirskriftarbúnaður og gögn geta verið í eigu einhvers annars en eiginlegs undirritanda, t.d. vinnuveitanda. Því er undirritandi ekki endilega sá sem raunverulega á búnaðinn, heldur sá sem hefur forræði yfir honum og kemur fram í vottorði sem undirritandi.

Í 5. tölul. er skilgreining á undirskriftargögnum, sem eru þau gögn sem notuð eru til að mynda rafræna undirskrift. Í dreifilyklakerfi nefnast þessi gögn einkalykill.

Í 6. tölul. er hugtakið undirskriftarbúnaður skýrt. Það er búnaður sem er notaður við gerð rafrænu undirskriftarinnar. Búnaðurinn notar undirskriftargögnin til að búa til undirskriftina. Búnaðurinn getur bæði verið vélbúnaður og hugbúnaður. Sem dæmi um vélbúnað má t.d. nefna snjallkort og sem dæmi um hugbúnað má nefna hluta tölvupóstforrits.

Í 7. tölul. er öruggur undirskriftarbúnaður skilgreindur. Skilgreiningin hefur áhrif til skýringar á skilgreiningu á fullgildri rafrænni undirskrift.

Í 8. tölul. er skilgreining á sannprófunargögnum. Það eru gögn sem notuð eru til að sannprófa uppruna upplýsinganna, þ.e. opinberi lykillinn í dreifilyklakerfi.

Í 9. tölul. er sannprófunarbúnaður skilgreindur. Það er hugbúnaður eða vélbúnaður sem er notaður til að sannprófa rafræna undirskrift með því að nota sannprófunargögnin, t.d. hluti tölvupóstforrits.

Í 10. tölul. er skilgreint hvað vottorð sé. Vottorðið tengir sannprófunargögnin við tiltekið nafn eða stöðu- eða starfsheiti, þ.e. veitir upplýsingar um það hver undirritandi sé. Undirritandi er sá sem ræður yfir undirskriftarbúnaði og er oftast sá sem gert hefur samning við vottunaraðila um útgáfu vottorðs til sín. Nánar er fjallað um vottorð í almennum athugasemdum með lagafrumvarpi þessu, sbr. kafla 3.4.

Í 11. tölul. er skilgreint hvað fullgilt vottorð sé. Skilgreiningin styðst við ákvæði tilskipunarinnar um sama efni.

Í 12. tölul. er hugtakið vottunaraðili skilgreint. Hugtakið er notað yfir þá sem veita alla þá þjónustu sem tengist rafrænum undirskriftum. Vottunaraðilinn getur séð um að veita alla þessa þjónustu sjálfur eða falið öðrum það að hluta til. Grundvallaratriði í þjónustu vottunaraðila er að ábyrgjast tengslin milli undirritanda og upplýsinga í vottorði, halda skrá og veita afturköllunarþjónustu. Þar fyrir utan getur vottunaraðili boðið upp á alls konar aukaþjónustu, eins og tímastimplun (þ.e. staðfestingu á sendingar- og móttökutíma þeirra gagna sem send eru með rafrænu undirskriftinni), geymslu á upplýsingum og ráðgjöf vegna rafrænna undirskrifta. Tilvísun til annarrar þjónustu í tengslum við rafrænar undirskriftir er breytileg og skal túlkuð í samræmi við þróun í þessum efnum.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um réttaráhrif rafrænna undirskrifta. Ákvæðið er byggt á ákvæðum 5. gr. tilskipunarinnar.

Ef gerð er krafa um undirskrift í lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða með öðrum hætti og af túlkun réttarheimilda og samninga má ráða að unnt sé að gera gerninginn með rafrænum hætti, skal fullgild rafræn undirskrift ætíð uppfylla kröfu um undirskrift. Með öðrum orðum er krafa um undirskrift alltaf uppfyllt með fullgildri rafrænni undirskrift, svo lengi sem löggjöfin hindrar ekki að gerningurinn sé gerður með rafrænum hætti. Ekki er kveðið sér-

staklega á um það í ákvæðinu að forsenda fyrir beitingu þess sé að réttarheimildir standi ekki í vegi fyrir rafrænum samskiptum, þar sem það leiðir af eðli máls.

Í 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um að ekki megi takmarka gildi rafrænna undirskrifta eða heimild til framlagningar þeirra sem sönnunargagns eingöngu á þeim grundvelli að um rafrænar undirskriftir sé að ræða. Telja verður að íslenskur réttur sé að meginstefnu til í samræmi við ákvæði þetta, þar sem sú meginregla gildir að samningar séu ekki formbundnir og dómstólar hafi frjálst sönnunarmat. Hins vegar er til áréttingar mælt fyrir um gildi annarra rafrænna undirskrifta en fullgildra í 2. mgr. þessarar greinar.

Um nánari umfjöllun um réttaráhrif rafrænna undirskrifta er vísað til kafla 5.10 í almennum athugasemdum við lagafrumvarp þetta.

Um 5. gr.

Í greininni eru reglur um vernd persónuupplýsinga. Ákvæðið byggist á 2. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar og kveður á um með hvaða hætti vottunaraðilar mega afla persónuupplýsinga. Ákvæðið gildir um alla vottunaraðila, þ.e. ekki eingöngu þá sem gefa út fullgild vottorð. Um nánari umfjöllun er vísað til almennra athugasemda, sbr. kafla 5.11.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Persónuvernd muni hafa eftirlit með meðferð vottunaraðila á persónuupplýsingum. Sérstaklega er kveðið á um að vottunaraðilar séu tilkynningarskyldir, sbr. 31. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000. Annars væri mögulegt að rökstyðja að þeir væru undanþegnir tilkynningarskyldu þar sem vinnslan væri þáttur í eðlilegri starfsemi þeirra, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. reglna Persónuverndar um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga frá 15. janúar 2001.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um að heitið fullgilt vottorð eða önnur heiti sem gefa til kynna að um slíkt vottorð sé að ræða megi aðeins nota um vottorð sem uppfylla ákvæði laganna. Hér er átt við kröfur í III. kafla frumvarpsins til vottorðanna sjálfra og í V. kafla frumvarpsins til vottunaraðila sem gefa slík vottorð út. Tekið er sérstaklega fram að ekki megi nota önnur heiti sem gefa til kynna að um fullgild vottorð sé að ræða. Þetta er gert til að vernda hinn almenna notanda og koma í veg fyrir ruglingshættu.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um þær kröfur sem vottorð verður að fullnægja til að geta talist fullgilt vottorð. Ákvæðin byggjast á kröfum tilskipunarinnar um vottorð á tilteknu öryggisstigi, sem fram koma í skilgreiningu 11. tölul. 3. gr. frumvarps þessa og 10. tölul. 2. gr. tilskipunarinnar á fullgildu vottorði (e. qualified certificate) og þeirra krafna sem gerðar eru til slíkra vottorða í I. viðauka tilskipunarinnar. Í frumvarpinu felst að ákvæði um bótaábyrgð og skilyrðislaus réttaráhrif taki til þeirra vottorða sem eru fullgild vottorð. Kröfurnar til fullgildra vottorða eru lágmarkskröfur og verða að vera uppfylltar til að meginefni laganna eigi við um þau.

Í 1. tölul. er kveðið á um að fram skuli koma í vottorðinu að það sé fullgilt vottorð. Ekki er talið nægilegt að vísa t.d. til vottunarstefnu um þetta.

Í 2. tölul. kemur fram sú krafa að í vottorði komi fram hver vottunaraðilinn sé og hvar hann hafi staðfestu. Hér er átt við þann vottunaraðila sem ber ábyrgð á útgáfu vottorðsins.

Í 3. tölul. er gerð krafa um að nafn eða dulnefni undirritandans komi fram í vottorði. Ef um dulnefni er að ræða skal það alltaf koma fram í vottorðinu. Um notkun á dulnefnum er vísað til umfjöllunar í almennum athugasemdum, kafla 5.5.

Í 4. tölul. er þess krafist að vottorðið innihaldi frekari upplýsingar um undirritanda, ef þær eru nauðsynlegar vegna tilgangs vottorðsins. Það fer eftir gerð og tilgangi vottorðsins hvaða nánari upplýsingar það eru sem teljast nauðsynlegar.

Í 5. tölul. er þess krafist að í vottorði séu sannprófunargögn þau sem svara til undirskriftargagnanna sem undirritandi ræður yfir. Með því að gera slíka kröfur verður mögulegt fyrir móttakanda að sannreyna uppruna upplýsinganna hafi hann nauðsynlegan tæknibúnað til þess. Móttakandinn sleppur við að leita til vottunaraðilans eða einhvers annars til að nálgast sannprófunargögnin.

Í 6. tölul. er þess krafist að í vottorði komi fram upplýsingar um upphaf og lok gildistíma vottorðsins. Útgefendur vottorða munu ákveða hversu langan gildistíma vottorðin hafa. Við mat á því verður m.a. að líta til tæknilegrar þróunar, kostnaðar og áhættu.

Í 7. tölul. er þess krafist að vottorð hafi einstakt númer, svokallaðan auðkenniskóta (e. identity code). Með hjálp hans er ætíð hægt að bera kennsl á vottorðið.

Í 8. tölul. er kveðið á um að vottorð skuli vera undirritað með útfærðri undirskrift vottunaraðilans. Þetta er gert í því skyni að unnt sé að sannreyna að vottorðið stafi í raun frá vottunaraðilanum.

Í 9. tölul. er þess krafist að í vottorði komi fram upplýsingar um takmarkanir á gildissviði og fjárhæð viðskipta sem unnt er að nota vottorðið til, séu slíkar takmarkanir fyrir hendi. Nauðsynlegt er fyrir þriðja aðila að vita um hugsanlegar takmarkanir á vottorðinu svo hann geti treyst undirskriftinni. Ákvæðið ber að skoða með hliðsjón af reglum frumvarpsins um skaðabótaábyrgð, en vottunaraðili er ekki bótaskyldur fyrir tjóni sem verður vegna notkunar á vottorði sem er í andstöðu við takmarkanir á því, að því tilskildu að þriðja aðila séu ljósar takmarkanirnar.

Um 8. gr.

Hér er fjallað um þær kröfur sem gerðar eru til svokallaðs öruggs undirskriftarbúnaðar. Ákvæðið byggist á III. viðauka tilskipunarinnar sem gerir tilteknar kröfur til undirskriftarbúnaðar til að tryggja ákveðið öryggisstig. Búnaður sem uppfyllir þessar kröfur getur verið notaður til að mynda fullgildar rafrænar undirskriftir.

Í ákvæðinu er gerð sú krafa að búnaðurinn breyti ekki þeim gögnum sem undirrituð eru og undirritandi geti séð gögnin fyrir undirritun. Mikilvægt er að tryggt sé að gögnin séu áreiðanleg og verði ekki breytt. Þá er einnig mikilvægt að undirritandi geti séð gögnin áður en hann undirritar þau þannig að hann geti verið viss um að hann sé að undirrita rétt gögn.

Vert er að hafa í huga að þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt grein þessari, sem og öðrum greinum frumvarpsins, takmarkast af þeirri tækni og aðferðum sem þekktar eru hverju sinni.

Um 9. gr.

Í greininni er gerð grein fyrir því hvernig undirskriftarbúnaður fær viðurkenningu sem öruggur, þ.e. að hann uppfylli ákvæði 8. gr. frumvarpsins. Ákvæðið byggist á 4. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar og er vísað um nánari umfjöllun til almennra athugasemda, sbr. kafla 5.8.

Um V. kafla.

Kröfur til vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð. Ákvæði þessa kafla byggjast á þeim kröfum sem gerðar eru til vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð í II. viðauka tilskipunarinnar. Nánari umfjöllun er að finna í almennum athugasemdum.

Um 10. gr.

Í greininni er að finna þær kröfur sem gerðar eru til starfsemi vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð. Greinin byggist á ákvæðum a-, e- og h-liðar II. viðauka tilskipunarinnar.

Í greininni er fyrst orðuð almenn regla um að vottunaraðili skuli í starfsemi sinni uppfylla þær kröfur sem nauðsynlegar eru til að tryggja örugga og áreiðanlega útgáfu vottorða. Í þessari kröfu felst að starfsemi vottunaraðila skuli rekin þannig að hún teljist örugg, m.a. með tilliti til lagalegra, tæknilegra og skipulagslegra þátta. Hvað telst nauðsynlegt fer eftir eðli og umfangi starfseminnar og notendahópi í hverju tilviki. Vottunaraðili verður þannig að endurskoða slíka þætti ef hann breytir starfsemi sinni, t.d. bætir við þjónustu.

Í þremur stafliðum eru sérstaklega taldir upp nokkrir þættir sem falla innan fyrrgreindra krafna. Í a-lið er vísað til stjórnunar- og starfsaðferða. Í b-lið er gerð krafa um að starfsfólk sé hæft til að tryggja örugga starfsemi vottunaraðilans. Í c-lið er gerð krafa um að vottunaraðili hafi ætíð nægjanlegt fjármagn til að stunda starfsemina og standa undir skuldbindingum sínum. Í þessu sambandi skiptir máli hvernig starfsemi vottunaraðilinn stundar raunverulega og hver viðskiptamannahópurinn er. Fjárhagsstaða vottunaraðila verður að taka mið af hagsmunum þeim sem í húfi eru og þeim takmörkunum sem hann hefur á vottorðum sínum. Hið síðarnefnda ber einkum að skoða með hliðsjón af bótaskyldu vottunaraðilans. Tryggingar munu og augljóslega hafa veruleg áhrif á mat á hvort fjárhagsstaða vottunaraðila sé viðunandi.

Um 11. gr.

Hér koma fram þær kröfur sem gerðar eru til kerfis og búnaðar vottunaraðila sem gefur út fullgild vottorð. Ákvæðið byggist á ákvæðum f- og g-liðar II. viðauka tilskipunarinnar.

Í 1. mgr. er kveðið á um að vottunaraðili skuli í starfsemi sinni nota áreiðanlegt kerfi og búnað. Það er nauðsynlegt fyrir öryggið í því kerfi sem er byggt upp í kringum rafrænar undirskriftir að vottunaraðilar, sem koma fram sem áreiðanlegur þriðji aðili, noti öruggt kerfi og búnað í starfsemi sinni.

Í 2. mgr. felst að noti vottunaraðili kerfi og búnað sem viðurkenndur hefur verið af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins eða aðila sem tilnefndur hefur verið skv. b- og c-lið 9. gr. teljast ákvæði 1. mgr. uppfyllt.

Í 3. mgr. er lögð sú krafa á vottunaraðila að þeir grípi til aðgerða gegn fölsun vottorða. Vottunaraðili skal í starfsemi sinni ganga úr skugga um að kerfi hans sé þannig úr garði gert að ekki sé hægt að falsa vottorðin eftir útgáfu þeirra. Áreiðanleiki vottorðs er m.a. tryggður með því að vottunaraðili undirriti það með útfærðri rafrænni undirskrift sinni. Með því er hægt að sjá breytingar sem gerðar hafa verið á vottorðinu og tryggja að vottorðið stafi frá vottunaraðilanum.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um svokallaða skráningar- og afturköllunarþjónustu. Greinin byggist á ákvæðum b- og c-liðar II. viðauka tilskipunarinnar og leggur þá skyldu á vottunaraðila að þeir komi á fót og starfræki fljótvirkt og öruggt kerfi fyrir skráningu og afturköllun á vottorðum og tryggi að unnt sé að segja nákvæmlega fyrir um hvenær vottorð tók gildi og hvenær það var afturkallað. Þetta er mjög mikilvægt vegna spurninga sem geta komið upp á síðari stigum, t.d. við sönnun á hvenær vottorð hefur haft gildi.

Í tilskipuninni er talað um það tímamark sem vottorð er gefið út. Í frumvarpinu er hins vegar talað um það tímamark sem vottorðið tekur gildi, sbr. og 6. tölul. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Telja verður réttara í þessu samhengi að tala um þann tíma sem vottorð tekur gildi.

Í þessu sambandi ber að hafa í huga að vottorð getur verið gefið út en ekki tekið gildi fyrr en nokkru seinna. Útgáfutími er þegar undirritandi fær vottorðið afhent en gildistími er þegar hann getur farið að nota vottorðið. Í framkvæmd mun þetta oftast vera þannig að vottorðið tekur gildi strax við afhendingu. Í sumum tilvikum getur það hins vegar verið síðar, t.d. þegar um er að ræða vottorð vegna tiltekins starfs sem undirritandi hefur ekki enn tekið við.

Í 2. málsl. er þess krafist að í skrá komi fram upplýsingar um takmarkanir á gildi vottorða, ef einhverjar eru.

Um 13. gr.

Greinin byggist á d-lið II. viðauka tilskipunarinnar og leggur þá ábyrgð á vottunaraðila að hann viðhafi viðeigandi aðferðir við staðfestingu þess hver undirritandi sé og að aðrar frekari upplýsingar um hann séu réttar, sbr. 3. tölul. og 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Þessi atriði munu að jafnaði koma fram í vottunarstefnu vottunaraðila. Ekki er kveðið sérstaklega á um hvað teljist viðeigandi aðferðir í þessu sambandi. Með hliðsjón af mögulegri skaðabótaábyrgð vottunaraðila vegna þessa er grundvöllur rekstrar hans á því byggður að þessi þáttur sé framkvæmdur af mikilli nákvæmni og öryggi, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. frumvarpsins.

Um 14. gr.

Ákvæði 1. mgr. byggist á i-lið II. viðauka tilskipunarinnar og leggur þá skyldu á vottunaraðila sem gefur út fullgild vottorð að skrá allar viðeigandi upplýsingar um vottorðin og geyma þær á öruggan hátt.

Hvað telst eðlilegur tími í 1. mgr. fer eftir því hvers konar vottorð er um að ræða hverju sinni, þ.e. til hvaða notkunar það nær og hvaða upplýsingar það hefur að geyma. Hér ber einnig að hafa í huga 5. tölul. 7. gr. og 26. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þar sem fram kemur að ekki skuli varðveita persónuupplýsingar lengur en nauðsynlegt er vegna upphaflegs tilgangs vörslunnar. Ástæðan fyrir kröfunni um skráningu og geymslu er grundvölluð á því að nauðsynlegt getur orðið að leggja upplýsingarnar fram sem sönnunargögn í dómsmálum.

Í 2. mgr. er þess krafist að vottunaraðili noti áreiðanlegt kerfi til geymslu á vottorðum. Ákvæði 2. mgr. byggjast á l-lið II. viðauka tilskipunarinnar. Í a-lið er gerð sú krafa að einungis einstaklingar með sérstaka heimild geti gert breytingar á vottorðunum. Ákvæði b-liðar setur skilyrði um að unnt verði að athuga réttmæti upplýsinganna og tengist þannig 3. mgr. greinarinnar. Samkvæmt c-lið skulu vottorðin eingöngu vera aðgengileg almenningi í þeim tilvikum þegar sá sem vottorðið er gefið út til hefur veitt samþykki sitt. Reglan er byggð á sjónarmiðum um persónuvernd. Hins vegar er lítils virði að nota rafrænar undirskriftir ef móttakandinn hefur ekki aðgang að vottorði sendanda. Í d-lið er gerð sú krafa að tæknilegar breytingar, sem stefnt geta öryggiskröfum í hættu, séu sýnilegar þeim sem starfrækja kerfið. Í þessu felst sú krafa að vottunaraðili noti sem öruggastan búnað og starfsfólk geti greint breytingar í kerfinu.

Ákvæði 3. mgr. byggist á l-lið II. viðauka tilskipunarinnar.

Samkvæmt 4. mgr. er vottunaraðila ekki heimilt að geyma eða afrita undirskriftargögn undirritanda. Ákvæði 4. mgr. byggist á j-lið II. viðauka tilskipunarinnar. Geymsla og afritun á slíkum gögnum fer í bága við lagalega skilgreiningu á rafrænni undirskrift. Tryggt verður að vera að eingöngu eigandi undirskriftarinnar hafi aðgang að undirskriftargögnunum þannig að hann einn ráði yfir undirskriftinni. Þetta er ófrávíkjanlegt bann. Ef undirskriftargögnin eyðileggjast eða týnast er því ekki unnt að undirrita skjöl með sömu gögnum.

Um 15. gr.

Ákvæði 15. gr. byggjast á k-lið II. viðauka tilskipunarinnar. Ákvæðin leggja skyldu á vottunaraðila áður en hann gerir samning um útgáfu á fullgildu vottorði að upplýsa gagnaðilann skriflega og með varanlegum hætti um þau atriði sem nauðsynleg eru fyrir hann til að leggja mat á þjónustuna. Hægt er að veita upplýsingarnar með rafrænum hætti, enda séu þær í þannig formi að gagnaðilinn geti lesið þær. Ekki er nægilegt að vísa til heimasíðu vottunaraðilans um upplýsingarnar. Slíkar upplýsingar skulu, eftir því sem við á, vera aðgengilegar þeim aðila sem treystir á vottorðið og óskar eftir þeim. Þannig er þriðja aðila veittur aðgangur að tilteknum hluta samnings vottunaraðila við undirritanda.

Um 16. gr.

Í greininni er ráðherra veitt heimild til að setja nánari reglur um kröfur til vottunaraðila í reglugerð. Þróun starfseminnar mun leiða í ljós hvort setja þurfi nánari reglur.

Um 17. gr.

Í greininni, sem byggð er á 6. gr. tilskipunarinnar, er fjallað um skaðabótaábyrgð vottunaraðila. Um atriði sem ekki er fjallað um í greininni fer að almennum reglum skaðabótaréttar. Almennar skaðabótareglur eru einnig ákvæðum greinarinnar til skýringar og fyllingar.

Ákvæði 17. gr. fela í sér lágmarksreglur um skaðabótaábyrgð vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð til almennings eða ábyrgjast gagnvart almenningi slík vottorð sem útgefin eru af öðrum. Þannig geta vottunaraðilar, sem hafa staðfestu hér á landi, ábyrgst að vottorð sem aðrir vottunaraðilar gefa út uppfylli reglur um fullgild vottorð. Í slíkum tilvikum er talað um krossvottun.

Vottunaraðili er ekki bótaskyldur ef hann getur sannað að tjón verði ekki rakið til sakar hans. Hér er því um að ræða sakarábyrgð með öfugri sönnunarbyrði. Hún felur í sér strangari bótaskyldu fyrir vottunaraðila en mundi leiða af almennum reglum. Slík ráðstöfun helgast af neytendavernd. Sjá nánar um skaðabótaábyrgð í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu, kafla 5.9.

Vottunaraðilinn er bótaskyldur fyrir tjóni sem verður hjá þeim aðila sem treystir á vottorðið með eðlilegum hætti. Í þessu felst m.a. að það er ekki eingöngu móttakandi skilaboðanna sem er verndaður af reglunum. Sá sem vottorðið var gefið út til getur einnig orðið fyrir tjóni vegna mistaka í vottorði. Þá getur þriðji aðili orðið fyrir tjóni vegna þess að hann treysti á vottorð.

Í a-lið felst að vottunaraðili getur verið ábyrgur fyrir því að upplýsingar í vottorði hafi verið réttar þegar vottorðið var gefið út. Þá skal vottorðið skv. b-lið innihalda allar þær upplýsingar sem kveðið er á um í 7. gr., þ.e. þær upplýsingar sem verða að vera í vottorði svo það geti talist fullgilt. Ef einhverjar þessara upplýsinga vantar getur það leitt til bótaskyldu. Í c-lið segir að vottunaraðili sé ábyrgur fyrir því að undirritandi hafi haft rétt undirskriftargögn undir höndum þegar vottorðið var gefið út. Þau skuli svara til sannprófunargagnanna í vottorðinu. Ef undirskriftargögn undirritanda svara ekki til sannprófunargagna í vottorði getur það leitt til bótaskyldu vottunaraðila. Ákvæði d-liðar gildir þegar vottunaraðili hefur búið gögnin til. Samkvæmt e-lið er vottunaraðili bótaskyldur ef vottorð er ekki réttilega skráð í afturköllunarlista.

Í 3. mgr. er kveðið á um að vottunaraðilar geti takmarkað bótaskyldu sína með því að takmarka gildissvið vottorðsins, enda fari þær takmarkanir ekki í bága við 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Vottunaraðili er ekki bótaskyldur

vegna tjóns sem verður vegna notkunar á vottorði sem er í andstöðu við takmarkanir á gildissviði þess eða fjárhæð viðskipta að því tilskildu að unnt sé að kynna sér slíkar takmarkanir.

Um 18. gr.

Í greininni er fjallað um skráningu vottunaraðila og eftirlitsgjald. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar er ekki heimilt að gera fyrirframleyfi að skilyrði fyrir starfsemi vottunaraðila. Frumvarpið felur því eingöngu í sér skyldu vottunaraðila til þess að senda inn tilkynningu um skráningu áður en þeir hefja starfsemi. Þannig fær eftirlitsaðilinn upplýsingar um þá aðila sem hann hefur eftirlit með. Í tilkynningunni skulu koma fram þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að sýna fram á að vottunaraðili uppfylli skilyrði laganna í starfsemi sinni, m.a. upplýsingar um starfsemi, kerfi, búnað og starfsskipulag vottunaraðila. Þá er gerð sú krafa að verði einhverjar breytingar hjá vottunaraðila sem leiða til þess að þær upplýsingar sem sendar hafa verið eftirlitinu séu ekki lengur réttar skuli vottunaraðili senda nýjar án tafar til eftirlitsins.

Í 2. og 3. mgr. er kveðið á um það eftirlitsgjald sem vottunaraðilum sem gefa út fullgild vottorð ber að greiða. Gert er ráð fyrir að lágmarksárgjald verði 1.000.000 kr. eða 200 kr. fyrir hvert fullgilt vottorð sem gefið er út, sé síðarnefnda upphæðin hærri. Sömu leið er fyrirhugað að fara í Svíþjóð. Á fyrsta og síðasta starfsári vottunaraðila er gert ráð fyrir að lágmarksárgjaldið verði ákvarðað í réttu hlutfalli við þann tíma sem starfrækslan varir á viðkomandi ári.

Í 4. mgr. er heimild til handa ráðherra að setja í reglugerð nánari reglur um tilhögun skráningar, tilkynningar og upplýsingagjöf.

Um 19. gr.

Ákvæðin um eftirlit byggjast á 3. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar, þar sem gerð er krafa um að aðildarríkin komi á fót eftirliti með aðilum sem gefa út fullgild vottorð, sem hér verður á hendi Löggildingarstofu. Í 1. mgr. er kveðið á um að meginverkefni eftirlitsins sé að fylgjast með að starfsemi vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð sé í samræmi við ákvæði frumvarpsins og reglna sem settar verða á grundvelli þeirra. Athuga ber að eftirlitið nær til þeirra vottunaraðila sem kalla vottorð sín fullgild, þótt síðar komi í ljós að þau uppfylli ekki skilyrði frumvarpsins um fullgild vottorð. Þó felst í ákvæðinu að Löggildingarstofu er ekki ætlað að hafa eftirlit með meðferð vottunaraðila á persónuupplýsingum þar sem það er í höndum Persónuverndar, sbr. 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er eftirlitinu veitt heimild til að banna starfsemi og aðstæður sem eru í andstöðu við ákvæði laganna og reglna settra á grundvelli þeirra. Þá er eftirlitinu einnig veitt heimild til að setja skilyrði fyrir áframhaldandi starfsemi. Eftirlitið getur þannig t.d. gripið inn í hjá vottunaraðilum sem gefa út fullgild vottorð og uppfylla ekki skilyrði laganna.

Samkvæmt 3. mgr. getur eftirlitið farið fram á að vottunaraðili láti fara fram svokallaða UT-endurskoðun, þ.e. endurskoðun upplýsingatækni. Þetta getur m.a. verið nauðsynlegt í þeim tilvikum sem eftirlitið telur veittar upplýsingar ekki fullnægjandi grundvöll til mats á því hvort vottunaraðili uppfylli skilyrði laganna eða í þeim tilvikum þegar grunur leikur á að starfsemin sé ekki í samræmi við skilyrði laganna.

Samkvæmt 4. mgr. getur eftirlitið svipt vottunaraðila heimild til að kalla þau vottorð sem hann gefur út „fullgild“ vottorð ef hann hefur gróflega eða ítrekað brotið af sér. Þessi aðgerð er verulega íþyngjandi þannig að ekki skal grípa til hennar nema önnur úrræði séu ekki tæk.

Í 5. mgr. er heimild til handa ráðherra að setja nánari reglur um starfsemi eftirlitsins í reglugerð.

Um 20. gr.

Í 1. mgr. er eftirlitinu veitt heimild til að fá afhentar hverjar þær upplýsingar og skriflegar skýringar sem það telur nauðsynlegar vegna eftirlitsins og setja fresti til afhendingar á þeim. Þessi réttur gildir ekki eingöngu um þá vottunaraðila sem sent hafa inn tilkynningu um skráningu skv. 18. gr. heldur einnig um þá aðila sem telja sig gefa út fullgild vottorð og hafa ekki skráð sig. Frestur til að veita upplýsingar verður að taka mið af því annars vegar að vottunaraðili geti veitt upplýsingarnar innan frestsins og hins vegar að mikilvægt er að tryggja að vottunarstarfsemi sem ekki er í samræmi við ákvæði laganna sé ekki stunduð.

Samkvæmt 2. mgr. getur eftirlitið krafist þess án dómsúrskurðar að fá aðgang að starfsstöð vottunaraðila eða öðrum þeim stöðum þar sem starfsemi sem fellur undir eftirlit laganna fer fram.

Í 3. mgr. er kveðið á um að réttur Löggildingarstofu til þess að krefjast upplýsinga eða aðgangs að starfsstöð og tækjabúnaði verði ekki takmarkaður með vísan til reglna um þagnarskyldu. Ákvæði þetta er sett til þess að styrkja stoðir heimilda Löggildingarstofu og koma í veg fyrir að vottunaraðilar geti skýlt sér á bak við þagnarskyldu við veitingu upplýsinga.

Í 4. mgr. er kveðið á um þagnarskyldu starfsmanna Löggildingarstofu og annarra sem starfa á hennar vegum. Ákvæðið er hliðstætt öðrum þagnarskylduákvæðum í lögum sem gilda um eftirlitsaðila.

Um 21. gr.

Í greininni er eftirlitinu veitt heimild til að leggja dagsektir á vottunaraðila í tilteknum tilvikum. Kveðið er á um að óinnheimtar dagsektir falli ekki niður, þrátt fyrir að farið verði að kröfum Löggildingarstofu, nema Löggildingarstofa ákveði það sérstaklega. Er slík leið valin til þess að dagsektir hafi raunverulega áhrif og geri það að verkum að vottunaraðilar fullnægi kröfum Löggildingarstofu hið fyrsta. Fyrirmynd að ákvæði þessu er m.a. að finna í lögum um eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

Um 22. gr.

Í greininni er fjallað um vottunaraðila sem hafa staðfestu utan Íslands. Með henni eru 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar innleiddar í íslenskan rétt. Um nánari skýringar á greininni er vísað til almennra athugasemda, kafla 4.

Um 23. gr.

Samkvæmt ákvæðinu skal refsað fyrir brot gegn lögunum með sektum liggi ekki þyngri refsing við brotinu samkvæmt öðrum lögum. Einnig er kveðið á um að refsa megi lögaðilum vegna brota á lögum þessum.

Um 24. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi þegar við birtingu.

Fylgiskjal I.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 1999/93/EB
frá 13. desember 1999
um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr., 55 og 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 16. apríl 1997 lagði framkvæmdastjórnin fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina orðsendingu um evrópskt framtaksverkefni á sviði rafrænnar verslunar.

2) Hinn 8. október 1997 lagði framkvæmdastjórnin fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina orðsendingu um að tryggja öryggi og tiltrú í rafrænum samskiptum — í þágu Evrópuramma fyrir stafrænar undirskriftir og dulkóðun.

3) Hinn 1. desember 1997 fór ráðið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún legði eins fljótt og unnt er fram tillögu að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um rafrænar undirskriftir.

4) Rafræn samskipti og verslun útheimta rafrænar undirskriftir og tengda þjónustu sem gerir kleift að sanna uppruna upplýsinga. Mismunandi reglur í aðildarríkjunum um lagalega viðurkenningu rafrænna undirskrifta og faggildingu vottunaraðila kunna að torvelda notkun rafrænna samskipta og verslunar verulega. Á hinn bóginn mun skýr bandalagsrammi um þau skilyrði sem gilda um rafrænar undirskriftir auka tiltrú á þessari nýju tækni og stuðla að almennri viðurkenningu hennar. Löggjöf aðildarríkjanna ætti ekki að hindra frjálsa vöruflutninga og frjálsa þjónustustarfsemi á hinum innri markaði.

5) Stuðla ber að rekstarsamhæfi vara til rafrænna undirskrifta. Í samræmi við 14. gr. sáttmálans myndar innri markaðurinn svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar eru tryggðir. Uppfylla ber grunnkröfur sem gilda sérstaklega um vörur til rafrænna undirskrifta til þess að tryggja frjálsa flutninga innan innri markaðarins og skapa traust á rafrænum undirskriftum, með fyrirvara um reglugerð ráðsins (EB) nr. 3381/94 frá 19. desember 1994 um að koma á bandalagsskipan um eftirlit með útflutningi vara sem þjóna tvenns konar tilgangi ([5]) og ákvörðun ráðsins 94/942/CFSP frá 19. desember 1994 um sameiginlegar aðgerðir sem ráðið hefur samþykkt um eftirlit með útflutningi vara sem þjóna tvenns konar tilgangi ([6]).

6) Þessi tilskipun fjallar ekki um samhæfingu þjónustuveitingar með tilliti til upplýsingaleyndar ef innlend ákvæði, sem fjalla um allsherjarreglu eða almannaöryggi, gilda um slíka þjónustuveitingu.

([1]) Stjtíð. EB C 325, 23.10.1998, bls. 5.

([2]) Stjtíð. EB C 40, 15.2.1999, bls. 29.

([3]) Stjtíð. EB C 93, 6.4.1999, bls. 33.

([4]) Álit Evrópuþingsins frá 13. janúar 1999 (Stjtíð. EB C 104, 14.4.1999, bls. 49), sameiginleg afstaða ráðsins frá 28. júní 1999 (Stjtíð.EB C 243, 27.8.1999, bls. 33) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 27. október 1999 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 30. nóvember 1999.

([5]) Stjtíð. EB L 367, 31.12.1994, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 837/95 (Stjtíð. EB L 90, 21.4.1995, bls. 1).

([6]) Stjtíð. EB L 367, 31.12.1994, bls. 8. Reglugerðinni var síðast breytt með ákvörðun 99/193/CFSP (Stjtíð. EB L 73, 19.3.1999, bls. 1).

7) Innri markaðurinn tryggir frjálsa fólksflutninga sem hefur í för með sér að borgarar í Evrópusambandinu og þeir sem eru búsettir þar þurfa í auknum mæli að eiga samskipti við yfirvöld í öðrum aðildarríkjum en því þar sem þeir hafa fasta búsetu. Framboð á rafrænum samskiptum gæti gert mikið gagn í þessu tilliti.

8) Hröð tækniþróun og hnattrænir eiginleikar Netsins útheimta nálgun sem býður heim margvíslegri tækni og þjónustu sem gerir kleift að sanna uppruna upplýsinga með rafrænum hætti.

9) Rafrænar undirskriftir verða notaðar við margháttaðar aðstæður og aðgerðir sem leiðir af sér margvíslega nýja þjónustu og vörur sem til rafrænna undirskrifta eða krefjast notkunar þeirra. Skilgreiningu slíkra vara og þjónustu ber ekki að einskorða við útgáfu skilríkja og umsýslu vegna þeirra, heldur ætti slík skilgreining einnig að ná til hvers kyns annarrar þjónustu og allra vara þar sem rafrænar undirskriftir eru notaðar eða sem eru þeim til eflingar, eins og skráningarþjónustu, tímastimplunar, upplýsingaþjónustu, þjónustu á sviði gagnameðferðar eða ráðgjafarþjónustu sem tengist rafrænum undirskriftum.

10) Innri markaðurinn gerir vottunaraðilum kleift að þróa starfsemi sína yfir landamæri í því skyni að auka samkeppnishæfni sína og að bjóða neytendum og fyrirtækjum þannig ný tækifæri til rafrænna upplýsingaskipta og viðskipta með öruggum hætti án tillits til landamæra. Í því augnamiði að efla vottunarþjónustu á opnum netum vítt og breitt í bandalaginu ætti vottunaraðilum að vera frjálst að bjóða fram þjónustu sína án heimildar sem er veitt fyrirfram. Með heimild, sem er veitt fyrirfram, er ekki aðeins átt við leyfi þar sem viðkomandi vottunaraðili skal útvega sér ákvörðun innlendra yfirvalda áður en honum er heimilt að veita vottunarþjónustu, heldur og allar aðrar ráðstafanir sem hafa sömu áhrif.

11) Skipulag valfrjálsrar faggildingar, sem miðar að bættri þjónustuveitingu, gæti verið réttur grundvöllur fyrir vottunaraðila til þess að þróa enn frekar þjónustustarfsemi sína í því skyni að skapa það traust, öryggi og gæði sem hinn vaxandi markaður krefst. Fyrrnefnt skipulag ætti að stuðla að þróun ákjósanlegustu starfshátta vottunaraðila. Vottunaraðilum ætti að vera frjálst að vera þátttakendur í slíku faggildingarskipulagi og njóta góðs af því.

12) Opinberir aðilar, lögpersónur eða einstaklingar, sem eru viðurkenndir í samræmi við innlend lög, geta boðið fram vottunarþjónustu. Aðildarríkin ættu ekki að banna vottunaraðilum að starfa utan skipulags valfrjálsrar faggildingar. Tryggja ber að slíkt faggildingarskipulag dragi ekki úr samkeppni á vottunarþjónustu.

13) Aðildarríkjunum er heimilt að ákveða með hvaða hætti þau tryggja eftirlit með því að farið sé að ákvæðunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Tilskipun þessi útilokar ekki að komið verði á fót einkareknum eftirlitskerfum. Vottunaraðilum er ekki skylt, samkvæmt þessari tilskipun, að sækja um að hlíta eftirliti samkvæmt faggildingarskipulagi.

14) Mikilvægt er að jafnvægi ríki milli þarfa neytenda og fyrirtækja.

15) Í III. viðauka er fjallað um kröfur sem eru gerðar til öruggs undirskriftarbúnaðar í því skyni að tryggja virkni þróaðra, rafrænna undirskrifta. Í fyrrnefndum viðauka er ekki fjallað um gervallt umhverfi þess kerfis sem slíkur búnaður vinnur í. Nauðsynlegt er, vegna starfsemi innri markaðarins, að framkvæmdastjórnin og aðildarríkin bregðist skjótt við til þess að unnt sé að tilnefna þá aðila sem er ætlað að meta hvort öruggur undirskriftarbúnaður sé í samræmi við III. viðauka. Samræmismat skal fara fram tímanlega og með skilvirkum hætti í því skyni að mæta þörfum markaðarins.

16) Tilskipun þessi stuðlar að notkun og lagalegri viðurkenningu rafrænna undirskrifta í bandalaginu. Rammaákvæða er ekki þörf vegna rafrænna undirskrifta sem eru einvörðungu notaðar innan kerfa sem eru grundvölluð á frjálsum samningum, samkvæmt einkamálarétti, milli tilgreinds fjölda þátttakenda. Virða ber frelsi aðila til að semja sín á milli um skilmála og skilyrði sem gildi um gögn, undirrituð með rafrænum hætti, sem þeir samþykkja, að því marki sem landslög leyfa. Viðurkenna ber lagalegt gildi rafrænna undirskrifta sem eru notaðar í slíkum kerfum og lögmæti þeirra við málarekstur.

17) Með þessari tilskipun er ekki stefnt að því að samræma innlendar reglur á sviði samningalaga, einkum um gerð og efndir samninga, eða önnur formsatriði sem lúta ekki að samningum og varða undirskriftir. Af þessum ástæðum skulu ákvæði um réttaráhrif rafrænna undirskrifta vera með fyrirvara um formkröfur, sem mælt er fyrir um í landslögum, með tilliti til samningagerðar eða reglna um það hvar samningsgerð fari fram.

18) Geymsla og afritun undirskriftargagna gæti teflt lögmæti rafrænna undirskrifta í hættu.

19) Rafrænar undirskriftir verða notaðar í opinbera geiranum í innlendri stjórnsýslu og stjórnsýslu bandalagsins og í samskiptum milli þeirra og við borgara og aðila í atvinnurekstri, til dæmis á vettvangi opinberra innkaupa, skattakerfisins, almannatrygginga og heilbrigðis- og réttarkerfisins.

20) Samræming viðmiðana, sem gilda um réttaráhrif rafrænna undirskrifta, mun gera kleift að viðhalda heildstæðum lagaramma hvarvetna innan bandalagsins. Landslög mæla fyrir um ólíkar kröfur um lögmæti eiginhandarundirskrifta. Unnt er að nota skilríki til þess að bera kennsl á einstakling sem undirritar með rafrænum hætti. Með þróuðum rafrænum undirskriftum, sem eru grundvallaðar á viðurkenndum skilríkjum, er stefnt að hærra öryggisstigi. Því aðeins er unnt að líta á þróaðar rafrænar undirskriftir, sem eru grundvallaðar á viðurkenndum skilríkjum og gerðar með öruggum undirskriftarbúnaði, sem jafngildar eiginhandarundirskriftum í lagalegu tilliti ef kröfum um eiginhandarundirskriftir er fullnægt.

21) Tryggja ber, í því skyni að stuðla að því að rafræn sönnun á uppruna hljóti almenna viðurkenningu, að unnt sé að nota rafrænar undirskriftir sem sönnunargögn í málarekstri í öllum aðildarríkjunum. Grundvalla ber viðurkenningu rafrænna undirskrifta í lagalegu tilliti á hlutlægum viðmiðunum, óháð leyfisveitingu til handa viðkomandi vottunaraðila. Landslög skera úr um það á hvaða lagasviðum er heimilt að nota rafræn skjöl og rafrænar undirskriftir. Tilskipun þessi er með fyrirvara um vald innlendra dómstóla til þess að fella úrskurð um hvort kröfum þessarar tilskipunar sé fullnægt og hefur ekki áhrif á innlend ákvæði um óháða umfjöllun dómstóla um sönnunargögn.

22) Innlend ákvæði um ábyrgð gilda um vottunaraðila sem veita almenningi þjónustu sína.

23) Þróun rafrænnar verslunar milli landa krefst ráðstafana sem ná yfir landamæri og til þriðju landa. Í því skyni að tryggja hnattrænt rekstrarsamhæfi gæti reynst hagkvæmt að gera samninga við þriðju lönd um marghliða reglur sem fjalla um gagnkvæma viðurkenningu vottunarþjónustu.

24) Til þess að auka tiltrú notenda á rafrænum samskiptum og rafrænni verslun verða vottunaraðilar að virða löggjöf um upplýsingavernd og friðhelgi einkalífsins.

25) Ákvæði um notkun dulnefna í skilríkjum ættu ekki að hindra aðildarríkin í því að krefjast þess að unnt sé að bera kennsl á einstaklinga samkvæmt bandalagslögum eða landslögum.

26) Samþykkja ber nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um verklagsreglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

27) Tveimur árum eftir að þessi tilskipun kemur til framkvæmda ber framkvæmdastjórninni að endurskoða hana, meðal annars í því skyni að tryggja að hvorki tækniframfarir né breytingar á lagaumhverfi komi í veg fyrir að markmiðum tilskipunarinnar verði náð. Henni ber að kanna áhrif tengdra tæknisviða og senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu þar að lútandi.

28) Samkvæmt dreifræðisreglunni og meðalhófsreglunni, eins og kemur fram í 5. gr. sáttmálans, eru aðildarríkin ekki nógu vel í stakk búin til þess að ná því takmarki að skapa samræmdan lagaramma um framboð rafrænna undirskrifta og tengdrar þjónustu og því er bandalagið betur til þess fallið að ná því takmarki. Með tilskipun þessari er ekki gengið lengra en nauðsynlegt er til þess að ná fyrrnefndu takmarki.

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Tilgangurinn með þessari tilskipun er að greiða fyrir notkun rafrænna undirskrifta og stuðla að lagalegri viðurkenningu þeirra. Með tilskipuninni er settur lagarammi um rafrænar undirskriftir og tiltekna vottunarþjónustu í því skyni að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins.

Tilskipunin fjallar hvorki um þætti sem varða gerð og gildi samninga eða aðrar lagaskyldur, þar sem fram koma kröfur með tilliti til forms sem mælt er fyrir um í landslögum eða lögum bandalagsins, né heldur hefur hún áhrif á reglur og skorður sem eru settar í landslögum eða lögum bandalagsins og stýra notkun skjala.

2. gr.

Skilgreiningar

Í tilskipun þessari er skilgreining eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „rafræn undirskrift“: gögn í rafrænu formi sem fylgja eða tengjast öðrum rafrænum gögnum með rökrænum hætti og þjóna þeim tilgangi að staðfesta uppruna;

2. „þróuð rafræn undirskrift“: rafræn undirskrift sem uppfyllir eftirtaldar kröfur:

   a) hún tengist undirritanda einum með ótvíræðum hætti;

   b) hún segir deili á undirritanda;

   c) hún er gerð með þeim hætti sem undirritandinn getur einn haft stjórn á; og

   d) hún tengist þeim gögnum sem hún vísar til með þeim hætti að unnt er að greina síðari breytingar á þeim;

3. „undirritandi“: einstaklingur sem ræður yfir undirskriftarbúnaði og kemur fram fyrir eigin hönd eða fyrir hönd annars einstaklings eða lögpersónu eða aðila sem hann er fulltrúi fyrir;

4. „undirskriftargögn“: sérstök gögn, t.d. kóðar eða einkadulkóðunarlyklar, sem undirritandi notar til rafrænnar undirskriftar;

5. „undirskriftarbúnaður“: samskipaður hugbúnaður eða vélbúnaður til þess að gera undirskriftargögnin nothæf;

6. „öruggur undirskriftarbúnaður“: undirskriftarbúnaður sem fullnægir kröfunum sem mælt er fyrir um í III. viðauka;

7. „staðfestingargögn“: gögn, t.d. kóðar eða opinberir dulkóðunarlyklar, sem eru notuð til þess að staðfesta rafræna undirskrift;

8. „staðfestingarbúnaður“: samskipaður hugbúnaður eða vélbúnaður til þess að gera staðfestingargögnin nothæf;

9. „skilríki“: rafræn vottun sem tengir staðfestingargögn einstaklingi og staðfestir hver hann er;

10. „viðurkennd skilríki“: skilríki sem fullnægja kröfunum sem mælt er fyrir um í I. viðauka og látin eru í té af vottunaraðila sem fullnægir kröfunum sem mælt er fyrir um í II. viðauka;

11. „vottunaraðili“: aðili eða lögpersóna eða einstaklingur sem gefur út skilríki eða veitir aðra þjónustu sem tengist rafrænum undirskriftum;

12. „vara til rafrænna undirskrifta“: vél- eða hugbúnaður eða viðeigandi íhlutir hans sem vottunaraðila er ætlað að nota í því skyni að veita þjónustu á sviði rafrænna undirskrifta eða eru ætluð til þess að staðfesta rafrænar undirskriftir;

13. „valfrjáls faggilding“: leyfi sem mælir fyrir um réttindi og skyldur sem varða sérstaklega veitingu vottunarþjónustu og er veitt samkvæmt beiðni viðkomandi vottunaraðila af opinberri stofnun eða einkaaðila, sem er falið að sjá um útfærslu á slíkum réttindum og að slíkar skyldur séu uppfylltar, þegar vottunaraðili hefur ekki heimild til þess að njóta þeirra réttinda sem leiðir af leyfinu fyrr en hann hefur móttekið ákvörðun viðkomandi aðila.

3. gr.

Markaðsaðgangur

1. Aðildarríkin skulu ekki gera það að skilyrði að veiting vottunarþjónustu sé háð fyrirframgefnu leyfi.

2. Aðildarríkjunum er heimilt, með fyrirvara um ákvæði 1. mgr., að samþykkja eða viðhalda skipulagi valfrjálsrar faggildingar sem miðar að bættri vottunarþjónustu. Öll skilyrði í tengslum við slíkar áætlanir skulu vera hlutlæg, gagnsæ, í réttu hlutfalli við tilefnið og án mismununar. Aðildarríkjunum er óheimilt að takmarka fjölda faggiltra vottunaraðila af ástæðum sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.

3. Hvert og eitt aðildarríki skal ábyrgjast að komið sé á fót viðeigandi kerfi til að unnt sé að hafa eftirlit með vottunaraðilum sem hafa staðfestu á landsvæði þess og gefa út viðurkennd skilríki handa almenningi.

4. Til þess bærar opinberar stofnanir eða einkaaðilar, sem aðildarríkin tilnefna, skulu skera úr um það hvort öruggur undirskriftarbúnaður sé í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka. Framkvæmdastjórninni ber, samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 9. gr., að samþykkja viðmiðanir sem aðildarríkin fari eftir þegar ákveða skal hvort tilnefna beri tiltekinn aðila.

Öll aðildarríkin skulu viðurkenna ákvarðanir sem stofnanir eða einkaaðilar, sem um getur í fyrstu undirgrein, taka um hvort kröfunum, sem mælt er fyrir um í III. viðauka, sé talið fullnægt.

5. Framkvæmdastjórninni er heimilt, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 9. gr., að ákveða og birta í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* tilvísunarnúmer staðla sem eru almennt viðurkenndir fyrir vörur til rafrænna undirskrifta. Aðildarríkin skulu ganga út frá því að vörur til rafrænna undirskrifta uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í f-lið II. viðauka og III. viðauka, ef þær eru í samræmi við fyrrnefnda staðla.

6. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu í sameiningu stuðla að þróun og notkun staðfestingarbúnaðar með hliðsjón af tilmælum um örugga staðfestingu undirskrifta, sem mælt er fyrir um í IV. viðauka, og með tilliti til hagsmuna neytenda.

7. Aðildarríkin geta gert notkun rafrænna undirskrifta í opinbera geiranum háða hugsanlegum viðbótarkröfum. Slíkar kröfur skulu vera hlutlægar, gagnsæjar, í réttu hlutfalli við tilefnið og án mismununar og eiga eingöngu við um séreiginleika þeirrar notkunar sem um ræðir. Kröfurnar skulu ekki hindra þjónustustarfsemi yfir landamæri í þágu borgaranna.

4. gr.

Meginreglur um innri markaðinn

1. Hvert og eitt aðildarríki skal beita innlendum ákvæðum, sem það samþykkir samkvæmt þessari tilskipun, gagnvart vottunaraðilum sem hafa staðfestu á landsvæði þess og þeirri þjónustu sem þeir láta í té. Aðildarríkjunum er óheimilt, á þeim sviðum sem þessi tilskipun fjallar um, að takmarka vottunarþjónustu sem á rætur að rekja til annars aðildarríkis.

2. Aðildarríkin skulu tryggja frjálsa dreifingu á innri markaðinum á vörum til rafrænna undirskrifta sem eru í samræmi við þessa tilskipun.

5. gr.

Réttaráhrif rafrænna undirskrifta

1. Aðildarríkin skulu tryggja að þróaðar, rafrænar undirskriftir, sem eru byggðar á viðurkenndum skilríkjum og til verða með öruggum undirskriftarbúnaði:

a) uppfylli lagakröfur um undirskrift í tengslum við rafræn gögn á sama hátt og eiginhandarundirskrift uppfyllir lagakröfur í tengslum við pappírsgögn; og

b) séu viðurkenndar sem sönnunargögn í málarekstri.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að því sé ekki hafnað að rafræn undirskrift fái réttaráhrif og sé viðurkennd sem sönnunargagn í málarekstri einungis af þeirri ástæðu að hún er:

— á rafrænu formi, eða

— ekki byggð á viðurkenndum skilríkjum, eða

— ekki byggð á viðurkenndum skilríkjum sem faggiltur vottunaraðili gefur út, eða

— ekki gerð með öruggum undirskriftarbúnaði

6. gr.

Skaðabótaábyrgð

1. Aðildarríkin skulu að minnsta kosti tryggja að samfara því að vottunaraðili gefur út skilríki sem eru ígildi viðurkenndra skilríkja handa almenningi eða ábyrgist slík skilríki gagnvart almenningi sé hann ábyrgur fyrir tjóni aðila, lögpersónu eða einstaklings sem reiðir sig á slík skilríki með eðlilegum hætti að því er varðar:

a) *nákvæma meðferð við útgáfu á öllum upplýsingum* sem viðurkenndu skilríkin innihalda og að því er varðar að skilríkin innihaldi allar þær upplýsingar sem mælt er fyrir um að viðurkennd skilríki skuli gera;

b) tryggingu fyrir því að við útgáfu skilríkjanna hafi undirritandinn, sem er auðkenndur í viðurkenndu skilríkjunum, haft undir höndum undirskriftargögnin sem svara til staðfestingargagnanna sem koma fram eða eru auðkennd í skilríkjunum;

c) tryggingu fyrir því að unnt sé að nota undirskriftargögnin og staðfestingargögnin til gagnkvæmrar uppfyllingar þegar vottunaraðili annast gerð beggja;

nema vottunaraðili færi sönnur á að hann hafi ekki gert sig sekan um vanrækslu.

2. Aðildarríkin skulu að minnsta kosti tryggja að vottunaraðili, sem hefur gefið út skilríki sem eru ígildi viðurkenndra skilríkja handa almenningi, sé ábyrgur fyrir tjóni aðila, lögpersónu eða einstaklings, sem reiðir sig á skilríkin með eðlilegum hætti, sem rekja má til þess að skráningu á afturköllun skilríkjanna hefur ekki verið sinnt, nema vottunaraðilinn færi sönnur á að hann hafi ekki gert sig sekan um vanrækslu.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að vottunaraðila sé heimilt að gefa til kynna í viðurkenndum skilríkjum takmarkanir á notkun þeirra, að því tilskildu að þriðju aðilum séu slíkar takmarkanir ljósar. Vottunaraðili er ekki ábyrgur fyrir tjóni sem leiðir af notkun viðurkenndra skilríkja sem nær út fyrir þær takmarkanir sem hún miðast við.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að vottunaraðila sé heimilt að gefa til kynna í viðurkenndum skilríkjum við hvaða mörk viðskiptafjárhæðar notkun skilríkjanna miðast, að því tilskildu að þriðju aðilum séu mörkin ljós.

Vottunaraðili er ekki ábyrgur fyrir tjóni sem leiðir af því að farið sé yfir fyrrnefnt hámark.

5. Ákvæði 1. til 4. mgr. eru með fyrirvara um tilskipun ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum ([1]).

7. gr.

Alþjóðleg sjónarmið

1. Aðildarríkin skulu tryggja að viðurkennt sé að skilríki, sem vottunaraðili, sem hefur staðfestu í þriðja landi, gefur út sem viðurkennd skilríki handa almenningi, jafngildi skilríkjum sem vottunaraðili, sem hefur staðfestu í bandalaginu, gefur út, ef:

a) viðkomandi vottunaraðili uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og hefur hlotið faggildingu samkvæmt skipulagi valfrjálsrar faggildingar sem hefur verið komið á í aðildarríki; eða

b) vottunaraðili, sem hefur staðfestu í bandalaginu og uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, ábyrgist skilríkin; eða

c) skilríkin eða viðkomandi vottunaraðili er viðurkenndur samkvæmt tvíhliða eða marghliða samningi milli bandalagsins og þriðju landa eða alþjóðastofnana.

2. Framkvæmdastjórnin skal, í því skyni að auðvelda vottunarþjónustu yfir landamæri við þriðju lönd og lagalega viðurkenningu þróaðra, rafrænna undirskrifta sem eru upprunnar í þriðju löndum, leggja fram tillögur, þar sem það á við, til þess að unnt sé að framkvæma á skilvirkan hátt staðla og milliríkjasamninga sem gilda um vottunarþjónustu. Hún skal, einkum og sér í lagi og ef nauðsyn krefur, senda ráðinu tillögur um viðeigandi umboð til við-

([1]) Stjtíð. EB L 95, 21.4.1993, bls. 29.

ræðna um tvíhliða og marghliða samninga við þriðju lönd og alþjóðastofnanir. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

3. Í hvert sinn sem framkvæmdastjórninni er tilkynnt um vanda bandalagsfyrirtækja í tengslum við markaðsaðgang í þriðju löndum getur hún, ef nauðsyn krefur, sent ráðinu tillögur um viðeigandi umboð til viðræðna um sambærileg réttindi til handa bandalagsfyrirtækjum í viðkomandi þriðju löndum. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Ráðstafanir, sem eru gerðar samkvæmt þessari málsgrein, eru með fyrirvara um skuldbindingar bandalagsins og aðildarríkjanna samkvæmt viðeigandi milliríkjasamningum.

8. gr.

Gagnavernd

1. Aðildarríkin skulu tryggja að vottunaraðilar og innlendir aðilar sem annast faggildingu eða eftirlit uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([1]).

2. Aðildarríkin skulu tryggja að vottunaraðilar, sem gefa út skilríki handa almenningi, hafi einungis heimild til að verða sér úti um persónuleg gögn beint frá þeim sem gögnin varða eða að fengnu fullu samþykki hans og aðeins að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er í því skyni að gefa út skilríkin og viðhalda þeim. Óheimilt er að safna gögnunum eða meðhöndla þau í öðrum tilgangi án fulls samþykkis þess sem gögnin varða.

3. Aðildarríkin skulu ekki, með fyrirvara um réttaráhrif sem dulnefnum eru eignuð samkvæmt landslögum, hindra vottunaraðila í að gefa til kynna í skilríkjunum dulnefni í stað nafns undirritanda.

9. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar um rafrænar undirskriftir, hér á eftir kölluð „nefndin".

2. Þegar fjallað er um þessa málsgrein gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. sömu ákvörðunar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

10. gr.

Verkefni nefndarinnar

Nefndin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 9. gr., skýra kröfurnar sem mælt er fyrir um í viðaukunum við þessa tilskipun, viðmiðanirnar sem um getur í 4. mgr. 3. gr. og almennt viðurkennda staðla fyrir vörur til rafrænna undirskrifta sem eru samþykktir og gefnir út samkvæmt 5. mgr. 3. gr.

11. gr.

Tilkynning

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um eftirfarandi:

a) upplýsingar um innlent skipulag valfrjálsrar faggildingar, þar með taldar viðbótarkröfur samkvæmt 7. mgr. 3. gr.;

b) nöfn og heimilisföng innlendra aðila sem annast faggildingu og umsjón og einnig þeirra aðila sem um getur í 4. mgr. 3. gr.;

c) nöfn og heimilisföng allra innlendra vottunaraðila sem hafa öðlast faggildingu.

2. Aðildarríkin skulu, eins fljótt og auðið er, tilkynna um allar upplýsingar sem látnar eru í té samkvæmt 1. mgr. og um breytingar á þeim.

([1]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

12. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal leggja mat á framkvæmd þessarar tilskipunar og gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um það eigi síðar en 19. júlí 2003.

2. Í matinu skal meðal annars fjallað um það hvort breyta beri gildissviði þessarar tilskipunar, að teknu tilliti til þróunar á sviði tæknimála, markaðsmála og réttarfars. Í skýrslunni skal sérstaklega koma fram mat á ýmsum hliðum samræmingar er byggist á fenginni reynslu. Skýrslunni skulu fylgja tillögur að fyrirmælum laga, ef við á.

13. gr.

Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 19. júlí 2001. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

14. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

15. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. desember 1999.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. FONTAINE	S. HASSI
forseti.	forseti.

I. VIÐAUKI

Kröfur viðvíkjandi viðurkenndum skilríkjum

Viðurkennd skilríki skulu innihalda:

a) ábendingu þess efnis að skilríkin séu útgefin sem viðurkennd skilríki;
b) deili á vottunaraðila og ríkinu þar sem hann hefur staðfestu;
c) nafn undirritanda eða dulnefni sem skal vera auðkennt sem slíkt;
d) sérstakar upplýsingar um undirritandann sem komi fram ef við á, eftir því í hvaða tilgangi nota á skilríkin;
e) þau staðfestingargögn sem svara til þeirra undirskriftargagna sem undirritandinn ræður yfir;
f) upplýsingar um upphaf og lok gildistíma skilríkjanna;
g) kennikóða skilríkjanna;
h) þróaða, rafræna undirskrift vottunaraðilans sem gefur þau út;
i) takmarkanir á notkunarsviði skilríkjanna, ef við á; og
j) mörk þeirrar viðskiptafjárhæðar sem notkun skilríkjanna miðast við, ef við á.

II. VIÐAUKI

Kröfur viðvíkjandi vottunaraðilum sem gefa út viðurkennd skilríki

Vottunaraðilar skulu:

a) sýna fram á nauðsynlegan trúverðugleika til þess að láta í té vottunarþjónustu;
b) sjá til þess að veitt sé hraðvirk og örugg skráar- og afturköllunarþjónusta;
c) tryggja að unnt sé að sjá nákvæmlega hvaða dag og hvenær dags skilríki eru gefin út eða afturkölluð;
d) staðfesta, með viðeigandi hætti og í samræmi við landslög, deili á og sérstök einkenni, ef við á, þess einstaklings sem viðurkenndu skilríkin eru gefin út fyrir;
e) ráða starfsmenn með sérþekkingu, reynslu og menntun og hæfi sem eru nauðsynleg vegna þeirrar þjónustu sem er veitt, einkum stjórnunarhæfni, sérþekkingu í tækni á sviði rafrænna undirskrifta og þekkingu á viðeigandi starfsháttum á sviði öryggismála; þeir skulu einnig viðhafa rétt stjórnsýslu- og stjórnunarvinnubrögð sem eru í samræmi við viðurkennda staðla;
f) nota örugg kerfi og vörur sem ekki er unnt að breyta og tryggja tæknilegt öryggi og öryggi dulkóðunar að því er varðar það ferli sem er byggt á þeim;
g) gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir fölsun skilríkja og þegar vottunaraðilinn er höfundur undirskriftargagna, ábyrgjast að trúnaður sé virtur meðan slík gögn eru í vinnslu;
h) ráða að staðaldri yfir nægilegu fjármagni til þess að geta haldið starfseminni gangandi í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, einkum að geta risið undir áhættu samfara skaðabótaábyrgð, til dæmis með því að útvega sér viðeigandi tryggingu;
i) skrá allar upplýsingar, sem skipta máli um viðurkennd skilríki, í hæfilega langan tíma, einkum til þess að vera fær um að leggja fram sönnunargögn um vottun í málarekstri. Heimilt er að slík skráning fari fram með rafrænum hætti;
j) ekki geyma eða afrita undirskriftargögn þess einstaklings sem vottunaraðilinn veitti lykilþjónustu á sviði umsýslu;
k) áður en þeir gera samning við einstakling, sem sækist eftir að fá skilríki til að renna stoðum undir rafræna undirskrift sína, upplýsa viðkomandi einstakling, gegnum haldgóðan samskiptamiðil, um nákvæma skilmála og skilyrði sem gilda um notkun skilríkjanna, meðal annars um notkunartakmarkanir þeirra, tilvist skipulags valfrjálsrar faggildingar og um meðferð kærumála og lausn deilumála. Þessar upplýsingar, sem heimilt er að senda með rafrænum hætti, skulu vera skriflegar og á auðskiljanlegu máli. Viðeigandi hlutar þessara upplýsinga skulu einnig, samkvæmt beiðni, vera aðgengilegir þriðju aðilum sem reiða sig á skilríkin;
l) nota örugg kerfi til þess að geyma skilríki í staðfestanlegu formi til þess að:
   — aðeins einstaklingar, sem til þess hafa heimild, geti framkvæmt færslur og gert breytingar,
   — unnt sé að ganga úr skugga um uppruna upplýsinga,
   — skilríki séu aðeins aðgengileg almenningi að fengnu samþykki handhafa skilríkja, og
   — sérhver tæknibreyting, sem er ógnar þessum öryggiskröfum, sé rekstraraðilanum augljós.

III. VIÐAUKI

Kröfur viðvíkjandi öruggum undirskriftarbúnaði

1. Öruggur undirskriftarbúnaður skal, með viðeigandi tæknilegum aðferðum og verklagsreglum, tryggja, að minnsta kosti:

   a) að undirskriftargögnin, sem eru notuð við gerð undirskriftar, geti í raun aðeins komið fram einu sinni og að leynd þeirra sé tryggð á eðlilegan hátt;

   b) að öruggt sé, eins og eðlilegt má teljast, að ekki sé hægt að rekja undirskriftargögnin sem eru notuð við gerð undirskriftar og að nýjasta tækni komi í veg fyrir að unnt sé að falsa undirskriftina;

c) að réttur undirritandi geti tryggilega verndað undirskriftargögnin, sem eru notuð við undirskrift, þannig að aðrir geti ekki notað þau.

2. Undirskriftargögnin mega ekki breyta gögnunum sem undirrita á eða hindra að slík gögn séu kynnt undirritandanum áður en til undirskriftar kemur.

IV. VIÐAUKI

Tillögur um örugga staðfestingu undirskrifta

Um leið og staðfesting undirskrifta fer fram skal tryggja með eins miklu öryggi og frekast má:

a) að gögnin, sem eru notuð til að staðfesta undirskriftina, svari til gagnanna sem þeim sem annast staðfestinguna eru sýnd;
b) að undirskriftin sé tryggilega staðfest og niðurstöður þeirrar staðfestingar séu sýndar með réttum hætti;
c) að sá sem annast staðfestinguna geti, eftir því sem nauðsyn krefur, staðfest með öruggum hætti innihald gagnanna sem hafa verið undirrituð;
d) að áreiðanleiki og lögmæti skilríkjanna, sem eru nauðsynleg þegar staðfesting undirskriftar fer fram, séu staðfest með öruggum hætti;
e) að niðurstöður staðfestingar og deili á undirritandanum séu sýnd með réttum hætti;
f) að notkun dulnefnis komi skýrt fram; og
g) að unnt sé að koma auga á allar breytingar sem varða öryggi.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um rafrænar undirskriftir.

Með frumvarpinu er lagður grunnur að réttarumhverfi, öryggi og eftirliti með rafrænum undirskriftum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að árlegur kostnaður við eftirlitsstarf Löggildingarstofu verði um 8 m.kr. Stofnunin innheimtir gjald af vottunaraðilum fyrir hvert fullgilt vottorð sem gefið er út. Þó skal vottunaraðili aldrei greiða lægra eftirlitsgjald en 1.000.000,- á ári. Ganga þessar tekjur á móti kostnaði og er gert ráð fyrir að tekjur standi alfarið undir útgjöldum eftir nokkur ár. Ljóst er að kaupa verður sértækan hug- og vélbúnað til að sinna eftirlitsstarfseminni. Einnig fellur nokkur kostnaður til vegna erlendra samskipta þar sem rafrænar undirskriftir munu öðlast alþjóðlega viðurkenningu. Loks er ljóst að slíkt eftirlitsstarf er tæknilega mjög flókið og krefst mikillar þjálfunar og þekkingar eftirlitsaðila.

821. Frumvarp til laga [525. mál]

um breytingu á lögum nr. 4 19. febrúar 1963, um ráðherraábyrgð.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson.

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist nýr stafliður er orðast svo:

c. ef hann gefur Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða leynir upplýsingum er hafa verulega þýðingu við meðferð máls á Alþingi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að styrkja lög um ráðherraábyrgð og veita með því ráðherrum nauðsynlegt aðhald, en mikilvægt er að hægt sé að treysta upplýsingum sem ráðherrar gefa Alþingi. Það er grundvallaratriði til að styrkja þingræðið í landinu og eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu.

Efni frumvarpsins tekur til ábyrgðar ráðherra gagnvart Alþingi, ef hann greinir rangt frá, gefur þingmönnum og þinginu villandi upplýsingar eða leynir upplýsingum sem mikilvægar eru fyrir meðferð mála á Alþingi. Þannig á að taka af öll tvímæli um að lög um ráðherraábyrgð taki til framangreindra tilvika, þ.e. ef ráðherrar veita rangar eða villandi upplýsingar við fyrirspurnum frá alþingismönnum eða við meðferð mála á Alþingi, svo og gagna og upplýsinga sem ráðherrar eða ráðuneytin gefa Alþingi eða einstökum þingnefndum við umfjöllun stjórnarfrumvarpa eða annarra mála sem fyrir liggja. Hér er um að ræða sambærilegt ákvæði og finna má í dönskum lögum um ráðherraábyrgð, en núgildandi lög um ráðherraábyrgð taka ekki sérstaklega til ábyrgðar ráðherra gagnvart Alþingi. Of oft hefur það komið fyrir að ráðherrar hafa legið undir ámæli fyrir að veita Alþingi rangar eða villandi upplýsingar. Slíkt getur leitt til trúnaðarbrests milli þingsins og ráðherra. Auk þess er hætta á að ef vafi leikur á að ráðherrar gefi Alþingi réttar upplýsingar gæti það leitt til óvandaðrar málsmeðferðar og lagasetningar sem byggðist ekki á staðreyndum um efni máls. Eigi lög um ráðherraábyrgð að taka til rangra og villandi upplýsinga sem ráðherra gefur Alþingi er nauðsynlegt að bæta slíku ákvæði í lögin, eins og gert var við dönsku lögin um ráðherraábyrgð. Með því verður það refsivert ef ráðherra er fundinn sekur um slíkt athæfi.

Lög um ráðherraábyrgð eru að stofni til frá 1963 og hefur lítið verið breytt frá þeim tíma. Þau kveða á um ábyrgð ráðherra á stjórnarframkvæmdum og hvenær megi krefja ráðherra ábyrgðar og er meginreglan sú að það skuli gert ef ráðherra hefur annaðhvort af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi farið í bága við stjórnarskrá lýðveldisins, önnur landslög eða að öðru leyti stofnað hagsmunum ríkisins í fyrirsjáanlega hættu. Séu embættisathafnir, sem atbeina forseta þarf til, vanræktar, hvílir ábyrgð vegna þeirrar vanrækslu á ráðherra þeim sem málefnið heyrir undir auk þess sem ábyrgð hvílir á hverjum þeim ráðherra, sem stuðlað hefur að þeirri vanrækslu. Sé um að ræða embættisathöfn í ríkisráði eða á ráðherrafundi bera allir viðstaddir ráðherrar, sem með ráðum, fortölum, atkvæði eða á annan hátt hafa stuðlað að þeirri athöfn, ábyrgð á henni. Hver ráðherra ber síðan ábyrgð á stjórnarerindum þeim sem út eru gefin í hans nafni, nema ákvörðun sé án hans atbeina tekin af undirmanni sem til þess hefur

heimild samkvæmt venju, eða eðli máls, eða starfsmaður hafi vanrækt að leggja erindi fyrir ráðherra. Ráðherra verður þó einnig sóttur til ábyrgðar fyrir þvílíkar ákvarðanir ef honum hefur verið um þær kunnugt og hann látið þær viðgangast án þess að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir þær.

Samkvæmt 8. gr. laga um ráðherraábyrgð varða eftirtalin tilvik ráðherra ábyrgð eftir lögunum:

„a. ef hann sjálfur gefur út fyrirmæli eða veitir atbeina sinn til, að út séu gefin fyrirmæli forseta um málefni, sem eftir stjórnarskránni verður aðeins skipað með lögum eða heyrir undir dómstóla;
b. ef hann leitar eigi samþykkis Alþingis, þegar skylt er samkvæmt stjórnarskránni;
c. ef hann framkvæmir sjálfur, fyrirskipar framkvæmd á eða lætur viðgangast að framkvæmt sé nokkuð það, er fer í bága við stjórnarskrá lýðveldisins, eða lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, sem þar er fyrirskipað ella veldur því, að framkvæmd þess farist fyrir;
d. ef hann verður þess valdandi að nokkuð það sé ráðið eða framkvæmt er skert getur frelsi eða sjálfsforræði landsins.“

Samkvæmt 9. gr. laganna varðar það ráðherra einnig ábyrgð eftir lögunum ef hann veldur því að brotið sé gegn öðrum lögum landsins en stjórnskipunarlögum þess með því að leggja fyrir forseta til undirskriftar ályktanir, tilskipanir eða erindi er fara í bága við lögin, eða með því að láta farast fyrir að útvega forsetaundirskrift undir ályktun, tilskipun eða erindi þar sem hún er lögmælt; eða með því annars að framkvæma eða valda því að framkvæmt sé nokkuð það, er fer í bága við fyrirmæli laganna, eða með því að láta nokkuð ógert sem heimtað er í lögum, eða verða þess valdur að slík framkvæmd farist fyrir.

Samkvæmt 10. gr. laganna verður ráðherra loks sekur samkvæmt lögunum ef hann misbeitir stórlega valdi sínu, enda þótt hann hafi ekki beinlínis farið út fyrir embættistakmörk sín, svo og ef hann stofnar heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu, þótt ekki sé framkvæmd þess sérstaklega bönnuð í lögum.

Í 11. gr. laganna segir að brot gegn þeim varði, eftir málavöxtum, embættismissi, sektum eða fangelsi allt að 2 árum og í 13. gr. laganna kemur fram að hafi ráðherra bakað almenningi eða einstaklingi fjártjón með framkvæmd eða vanrækslu sem refsiverð er eftir lögunum, skal og þegar þess er krafist, jafnframt hegningunni dæma hann til að greiða skaðabætur, en um skaðabótaskyldu hans fer eftir almennum reglum.

Á það skal jafnframt bent að löngu er orðið tímabært að fram fari heildarendurskoðun á lögum um landsdóm, sem orðin eru nær 40 ára gömul, en lögin eru bæði flókin og þunglamaleg í framkvæmd.

Frumvarp þetta var upphaflega flutt á 122. löggjafarþingi, en er nú flutt á nýjan leik með ítarlegri greinargerð og rökstuðningi. Áður hafði það verið flutt á 116. löggjafarþingi.

822. Frumvarp til laga [526. mál]

um breyting á lögum um bókasafnsfræðinga, nr. 97/1984.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Í stað orðsins „bókasafnsfræðing“ í 1. gr. laganna kemur: bókasafns- og upplýsingafræðing.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: þeim sem lokið hafa BA-prófi frá Háskóla Íslands með bókasafns- og upplýsingafræði sem aðalgrein er jafngildir a.m.k. 60 námseiningum.
b. Í stað orðsins „bókasafnsfræði“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: bókasafns- og upplýsingafræði.
c. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo: þeim sem tekið hafa lokapróf frá háskóla og framhaldsgráðu í bókasafns- og upplýsingafræði til viðbótar, þ.e. MA, MLS eða sambærilega háskólagráðu.
d. 2. mgr. orðast svo:
   Áður en leyfi er veitt skv. 3. og 4. lið skal leita umsagnar Upplýsingar – félags bókasafns- og upplýsingafræðinga, Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga og bókasafns- og upplýsingafræðiskorar við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

3. gr.

Í stað orðsins „Bókasafnsfræðingi“ í 3. gr. laganna kemur: Bókasafns- og upplýsingafræðingi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lagaákvæði um lögbundið starfsheiti og námskröfur bókasafnsfræðinga verði löguð að þeim breytingum sem orðið hafa á námi og þar með starfssviði bókasafnsfræðinga. Heiti á námi bókasafnsfræðinga við Háskóla Íslands hefur verið breytt í bókasafns- og upplýsingafræði til samræmis við þróun upplýsingasamfélagsins og kröfur þess. Nám í bókasafns- og upplýsingafræði er nú sérskor innan félagsvísindadeildar Háskóla Íslands. Í frumvarpinu er enn fremur lagt til að námskröfur til þeirra sem sækja um leyfi til þess að bera starfsheitið bókasafns- og upplýsingafræðingur verði gerðar skýrari. Að öðru leyti þarfnast frumvarp þetta ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um bókasafnsfræðinga, nr. 97/1984.

Í frumvarpinu er lagt til að lögbundið starfsheiti og námskröfur bókasafnsfræðinga verði löguð að breytingum sem orðið hafa á námi og starfssviði bókasafnsfræðinga.

Jafnframt er lagt til að breyting verði gerð á því til hverra skuli leitað eftir umsögnum um umsækjendur um leyfi til að nota starfsheiti bókasafns- og upplýsingfræðinga. Að mati fjármálaráðuneytisins hefur frumvarpið, verði það að lögum, ekki áhrif á útgjöld ríkisins.

823. Tillaga til þingsályktunar [527. mál]

um umbætur í velferðarmálum og þróun velferðarsamfélagsins.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera rammaáætlun um markvissar umbætur í velferðarmálum og framtíðarþróun velferðarsamfélags á Íslandi. Áætlunin taki til helstu þátta velferðarþjónustunnar og meðal annars eftirfarandi atriða:

Almannatryggingar og félagsmál.

Gerð verði heildarendurskoðun á almannatryggingalögum með það að meginmarkmiði að:

a. tryggja öllum sem þurfa að reiða sig á almannatryggingar laun, samfélagslaun, sem duga til framfærslu og binda í lög að slík laun fylgi fortakslaust almennri launaþróun,
b. tryggja öryrkjum sjálfstæðan, einstaklingsbundinn rétt til framfærslu án tillits til hjúskaparstöðu,
c. auka hlutdeild almannatrygginga í tannlæknaþjónustu og efla forvarnastarf,
d. hraða endurskoðun á samspili almannatrygginga, lífeyrisréttinda og skattkerfis, endurskoða alla viðmiðun tekjutenginga og sameina í einu ráðuneyti meðferð almannatrygginga, atvinnuleysisbóta og lífeyrismála í Stjórnarráði Íslands,

Jafnframt verði unnið að:

a. hækkun atvinnuleysisbóta og stuðningur til endurmenntunar og starfsendurhæfingar aukinn,
b. hækkun barnabóta og réttindi foreldra og aðstandenda langveikra barna tryggð,
c. verulegu átaki til að auka framboð félagslegs leiguhúsnæðis,
d. auknum stuðningi við tekjulægri einstaklinga og fjölskyldur vegna húsnæðiskostnaðar og sá stuðningur samræmdur,
e. áætlun um að auðvelda sveigjanleg starfslok,

f. aðgerðum til að útrýma kynbundnum launamun sem verði sérstakt forgangsverkefni næstu árin,
g. styttingu vinnuvikunnar og hækkun dagvinnulauna til að rjúfa vítahring lágs tímakaups og langrar vinnuviku sem verði meginmarkmið í samskiptum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins,
h. setningu laga sem varna því að fólki sé mismunað á vinnumarkaði vegna aldurs,
i. heildarlöggjöf um málefni innflytjenda.

Heilbrigðismál.

Heilbrigðisþjónustan verði efld og aðgangur allra landsmanna að henni tryggður án tillits til tekna, búsetu, aldurs, kynferðis eða annarra þátta. Meðal brýnna verkefna eru:

a. afnám sjúklingaskatta og komugjalda á heilsugæslustöðvar,
b. endurskoðun lyfjakostnaðar,
c. réttarbætur fyrir langveik börn,
d. að auka rými á sjúkrastofnunum og afnema sumarlokanir þannig að fullnægjandi þjónusta sé í boði árið um kring,
e. að endurskoða reglur um þátttöku hins opinbera í greiðslu ferðakostnaðar sjúklinga sem lið í að tryggja jafnrétti í heilbrigðismálum,
f. umbætur í geðheilbrigðismálum, m.a. með stuðningi við fjölskyldur geðsjúkra,
g. aukið forvarnastarf á öllum sviðum heilbrigðisþjónustunnar.

Menningarmál, uppeldis- og menntamál.

Opinber stuðningur við menningarmál, uppeldis- og menntamál verði endurskoðaður og tryggt að menntun og menningarstarfsemi verði aldrei séreign fáeinna einstaklinga eða hópa. Þannig er m.a. mikilvægt að:

a. fjárhagslegar aðstæður sveitarfélaga til rekstrar leikskóla og grunnskóla verði endurskoðaðar og bættar,
b. tryggt verði að opinbert fé til skólastarfs á öllum skólastigum skerðist ekki vegna stuðnings við einkaskóla og ákvæði sett í lög sem tryggja að einkaskólum verði ekki hyglað umfram opinbert skólastarf,
c. fjölgað verði tækifærum til framhaldsnáms og námsfólki á landsbyggðinni boðið samfellt nám í heimabyggð sinni til 18 ára aldurs,
d. fjölgað verði námsleiðum á framhaldsskólastigi og komið á fót stuttum starfsmenntabrautum,
e. gera átak til að jafna aðstöðu til náms og hagnýta möguleika fjarkennslu til að bæta aðstöðu landsbyggðarfólks,
f. tryggt verði að þeir sem eiga í félagslegum erfiðleikum eða námserfiðleikum njóti ráðgjafar og stuðnings til að geta nýtt sér þær námsleiðir sem í boði eru,
g. viðmiðunarmörk Lánasjóðs íslenskra námsmanna um framfærslu og frítekjumark hækki til samræmis við framfærsluþörf,
h. gert verði sérstakt átak í fræðslumálum fatlaðra á framhaldsskólastigi, jafnrétti þeirra til náms tryggt og fullorðinsfræðsla og starfsþjálfun fatlaðra efld,
i. sérstakt átak verði gert til að efla og styrkja mikilvægustu menningarstofnanir þjóðarinnar, svo sem Ríkisútvarpið, atvinnuleikhús, sinfóníuhljómsveitir o.fl.,
j. skipulagður stuðningur verði veittur til sjálfsprottinnar menningarstarfsemi víðs vegar um land og starf áhugahópa á sviði menningar og lista stutt þannig að slíkir hópar og einstaklingar eigi þess kost að starfa á sínum heimaslóðum á eigin forsendum.

Mannvænt samfélag umhyggju og samhjálpar.

Markvisst verði brugðist við ýmsum knýjandi verkefnum sem við blasa í samfélaginu. Meðal forgangsverkefna á þessu sviði er að:

a. tryggja að móttaka innflytjenda til Íslands lúti samræmdum reglum og að nýir íbúar verði búnir undir fullgilda þátttöku í samfélaginu af kostgæfni og alúð,
b. gera stórátak í aðgengismálum hreyfihamlaðra sem og að tryggja mannréttindi fatlaðra á öllum sviðum samfélagsins með hliðsjón af viðmiðunarreglum Sameinuðu þjóðanna,
c. takast á við þau verkefni sem breyting á sjálfræðisaldri hafði í för með sér,
d. efla forvarnir gegn notkun fíkniefna,
e. veita fjármagn til að taka á vanda ungmenna sem af einhverjum ástæðum eiga þess ekki kost að stunda almennt skólanám, hvort sem er á grunnskóla- eða framhaldsskólastigi,
f. auka fjármagn og fjölga valkostum til meðferðar og stuðnings við ungmenni sem eiga við alvarlegan félagslegan og/eða tilfinningalegan vanda að stríða,
g. koma á fjölskylduvænu skattkerfi,
h. stuðla að sveigjanlegum vinnutíma.

Fjármögnun velferðarkerfisins.

Skattkerfið verði tekið til heildstæðrar skoðunar með það að markmiði að tryggja réttláta skattbyrði, tekjujöfnun og fjölskylduvænt fyrirkomulag skattheimtu. Gerð verði langtímaáætlun um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og skattstofnar sveitarfélaga endurskoðaðir með það í huga að tekjur sveitarfélaga dugi til þeirra verkefna sem þeim er ætlað að sinna. Brýnustu verkefni á þessu sviði eru að:

a. tekjustofnar sveitarfélaga verði styrktir,
b. skattþrepum í tekjuskatti einstaklinga verði fjölgað,
c. skattleysismörk fylgi launaþróun,
d. skattur á fjármagnstekjur og arðgreiðslur verði endurskoðaður.

Greinargerð.

Inngangur og rökstuðningur.

Hér er að stofni til endurflutt tillaga um endurreisn velferðarkerfisins á þskj. 895, 593. mál 125. löggjafarþings. Texti tillögunnar hefur verið umorðaður nokkuð og hann aukinn og endurbættur með hliðsjón af frekari vinnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að þessum málaflokki.

Meðal helstu nýmæla sem stefnumótun Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á sviði velferðarmála felur í sér má nefna:

1. Horfið verði frá „bóta- og „ölmusuhugsunarhætti“ sem enn gætir allt of mikið í almannatryggingakerfinu og þess í stað notast við hugtakið „samfélagslaun“.
2. Sjálfstæður réttur hvers einstaklings til mannsæmandi afkomu verði styrktur og sérstaklega skilgreindur. Af þessu leiðir að horfið verði með öllu frá niðurlægjandi viðmiðun við tekjur maka hjá öryrkjum og aldrei gengið svo langt í slíkum tekjutengingum eða viðmiðunum að hver og einn njóti ekki fullrar sjálfsvirðingar sem einstaklingur og búi við fullnægjandi afkomuöryggi.
3. Endurskoðun og samræming lífeyrisréttinda, almannatrygginga og skattkerfis verði forgangsmál og málaflokkur lífeyrisréttinda, almannatrygginga og atvinnuleysisbóta verði sameinaður í einu ráðuneyti.
4. Sett verði lög sem banna mismunun fólks á vinnumarkaði á grundvelli aldurs.
5. Sett verði heildarlöggjöf um málefni innflytjenda.

6. Hafið verði á nýjan leik átak í byggingu félagslegra leiguíbúða og stuðningur við lágtekjufólk vegna húsnæðiskostnaðar samræmdur og aukinn
7. Komugjöld og sjúklingaskattar verði afnumin.
8. Hugtakið „jafnrétti til þjónustu“ verði grundvallarregla heilbrigðiskerfisins.
9. Sett verði ákvæði í lög sem tryggja að einkaskólum verði ekki hyglað á kostnað opinbers skólastarfs.
10. Öllum verði tryggður réttur og möguleikar á samfelldu námi til 18 ára aldurs í heimabyggð.
11. Gert verði stórátak í aðgengismálum hreyfihamlaðra og réttindamálum fatlaðra með hliðsjón af viðmiðunarreglum Sameinuðu þjóðanna.
12. Hafin verði barátta fyrir styttingu vinnuvikunnar.
13. Sérstakt forgangsverkefni á næstu árum verði að útrýma kynbundnum launamun.
14. Skattþrepum í tekjuskatti verði fjölgað.

Með þessari þingsályktunartillögu leggur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til aðgerðir í nokkrum þeirra mála sem hvað brýnast er að takast á við í íslensku samfélagi um þessar mundir. Það ber þó að ítreka að hér verður ekki látið staðar numið, þingflokkurinn mun halda áfram að vinna að tillögum um úrbætur og endurreisn velferðarkerfisins til hagsbóta fyrir alla Íslendinga og leggja línur fyrir framtíðarþróun velferðarsamfélags á Íslandi.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að líta heildstætt á velferðarþjónustuna og vill ráðast í lagabreytingar með skýra og markvissa framtíðarsýn. Sama gildir um atvinnu- og umhverfismál, en samhliða þessari tillögu flytur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þingsályktunartillögu um sjálfbæra atvinnustefnu. Þessir málaflokkar hafa verið umfjöllunarefni á stjórnmálafundum sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð efndi til um land allt á síðasta ári undir yfirskriftinni: Græn framtíð — atvinna, velferð, umhverfi. Tillögurnar eru því sprottnar úr starfi á vegum flokksins og umræðum á almennum fundum í öllum kjördæmum landsins. Afrakstur starfsins lítur nú dagsins ljós í þessum tillögum, en því er ekki lokið þar með heldur verður unnið áfram að viðfangsefninu næstu mánuði.

Uppbyggileg framtíðarstefna.

Kannanir benda til þess að félagslegrar mismununar sé farið að gæta innan velferðarþjónustunnar hér á landi. Við þetta eiga Íslendingar ekki að sætta sig. Með þessari þingsályktunartillögu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er lagt til að hafin verði gagnsókn til að styrkja og bæta velferðarkerfið. Það mun gagnast öllu samfélaginu, gera það kröftugra og betur í stakk búið að takast á við verkefni í nútíð og framtíð. Mikilvægt er að horft sé til langs tíma og mörkuð uppbyggileg stefna til að skapa velferðarsamfélagi framtíðarinnar traustan grunn. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að í allri stefnumótun verði kvenfrelsissjónarmið lögð til grundvallar og allar ákvarðanir stjórnvalda metnar með tilliti til þess hvaða áhrif þær hafa á stöðu kvenna.

Aukin misskipting.

Íslenska velferðarkerfið varð aldrei jafnþróað og velferðarkerfi annarra Norðurlandaþjóða. Þegar skoðað er umfang opinbera geirans í Danmörku, Finnlandi, á Íslandi, í Noregi og Svíþjóð árin 1980 og 1996 kemur í ljós að auk þess sem Íslendingar vörðu minni hluta vergrar landsframleiðslu til velferðarsamfélagsins en hinar þjóðirnar árið 1980 varð þróunin allt

önnur á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndunum á næstu 16 árum. Þetta kemur greinilega fram í eftirfarandi töflu:

Heildarútgjöld til velferðarmála sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

	1980	1996
Danmörk	56,2	61,5
Finnland	38,1	57,4
Ísland	32,5	38,4
Noregur	43,3	45,5
Svíþjóð	60,1	64,7

Heimild: Íslenska leiðin, Stefán Ólafsson, Tryggingastofnun ríkisins, Háskólaútgáfan 1999.

Á þeim 16 árum sem tafla þessi tekur til varð afturför í velferðarmálum mest á undangengnum áratug en þá kom til sögunnar hærri gjaldtaka innan heilbrigðis- og skólakerfis. Á sama tíma var dregið úr stuðningi við barnafólk með stórfelldum niðurskurði á barnabótum. Barnabætur voru 1,21% af vergri landsframleiðslu (VLF) í byrjun tíunda áratugarins, en eru nú aðeins 0,60%. Auk þessa voru skattbyrðar auknar hjá láglauna- og millitekjuhópum. Frá 1988 til 1999 hefur staðgreiðsluhlutfall skatta hækkað um 9%. Hækkunin var mest fyrstu ár staðgreiðslunnar, en síðan hækkaði staðgreiðsluhlutfallið þrisvar sinnum: 1993 til að fjármagna lækkun aðstöðugjalds, 1994 til að fjármagna hluta af lækkun virðisaukaskatts á matvæli og í ársbyrjun 1997 vegna yfirtöku sveitarfélaga á rekstri grunnskólans. Árið 1997 var síðan ákveðið að lækka skatthlutfallið um 4% í áföngum. Á meðfylgjandi töflu, sem að stofni til er fengin úr skýrslu ASÍ og BSRB, Skattkerfið frá sjónarhóli launafólks, má sjá breytingu á tekjuskattshlutfalli, útsvari og persónuafslætti á árabilinu 1988–2001.

Ár	Tekjuskatts-hlutfall	Útsvar	Staðgreiðslu-hlutfall[1]	Hátekju-skattur[2]	Persónu-afsláttur	Skattleysis-mörk, kr.	Skattleysismörk launamanns, kr.
1988	28,5	6,70	35,2		15.552	44.182	44.182
1989	30,8	6,94	37,74		18.631	49.367	49.367
1990	32,8	6,99	39,79		21.482	53.988	53.988
1991	32,8	6,99	39,79		23.377	58.750	58.751
1992	32,8	7,05	39,85		23.968	60.144	60.144
1993	34,3	7,04	41,34	5,00	23.761	57.477	57.477
1994	33,15	8,69	41,84	5,00	23.930	57.193	57.193
1995	33,15	8,78	41,93	5,00	24.495	58.419	59.310
1996	33,15	8,79	41,94	5,00	24.544	58.522	60.332
1997	30,41	11,57	41,98	5,00	24.544	58.466	60.902
1997	29,31	11,57	40,88	7,00	23.901	58.466	60.902
1998	27,41	11,61	39,02	7,00	23.360	59.867	62.361
1999	26,41	11,93	38,34	7,00	23.329	60.848	63.383
2000	26,41	11,96	38,37	7,00	23.912	62.320	64.916
2000	26,41	11,96	38,37	7,00	24.510	63.878	66.540
2001	26,08	12,68	38,76	7,00	25.245	65.132	67.845

[1] Tekjuskattur og útsvar.
[2] Sérstakur tekjuskattur.

Heimild: Skattkerfið frá sjónarhóli launafólks. Úttekt. Lífeyris-, velferðar- og skattanefnd ASÍ, skattanefnd BSRB, september 1999.

Skattleysismörk hafa ekki þróast í samræmi við launaþróun og veldur tvennt: tekjuskattshlutfall hefur verið hækkað án þess að persónuafsláttur hækki nægilega til að viðhalda óbreyttum skattleysismörkum og persónuafsláttur hefur að auki lækkað, eins og fram kemur í töflunni.

Þegar líða tók á tíunda áratuginn varð ljóst að aukin misskipting var farin að valda alvarlegri félagslegri mismunun. Í skýrslu sem landlæknisembættið gaf út í apríl 1997 undir heitinu Heilbrigðisþjónustan, árangur og skipulag í nútíð og framtíð, segir m.a.: „Gjalda ber varhug við frekari hækkun gjalda eða verulegum þjónustugjöldum, því að í óbirtri rannsókn landlæknisembættisins kemur í ljós að meðal barnafólks, sem hefur lægstar ráðstöfunartekjur á mánuði, er *allstór hópur sem hefur frestað eða hætt við að leita læknismeðferðar og taka út lyf vegna fjárskorts.*“ Í skýrslunni kemur fram að það er einkum á sviði tannlækninga sem fólk veigrar sér við að leita lækninga. „*Hér hefur orðið grundvallarbreyting á, því að fyrri rannsóknir benda ekki til misræmis í aðgengi fólks eftir stéttum og efnum.*“

Góð samfélagsþjónusta gagnast öllu samfélaginu.

Í könnun sem danska atvinnumálaráðuneytið lét gera meðal atvinnurekenda árið 1996 á því hvaða þættir skiptu mestu máli þegar þeir ákváðu staðsetningu fyrirtækja sinna kom fram að góð almannaþjónusta skipti höfuðmáli við valið. Yfir 90% sögðu að skólamál, heilbrigðismál og löggæsla skiptu meginmáli. Fast á hæla þessara þriggja þátta með yfir 80% komu leikskólarnir og stoðkerfi samfélagsins, þ.e. samgöngur, veitur, sími og póstur. Tæplega 80% lögðu áherslu á öldrunarþjónustu. Þessi könnun ber þess glögglega vott að forsvarsmenn í atvinnurekstri gera sér í vaxandi mæli grein fyrir mikilvægi þess að treysta innviði samfélagsins. Þarna fara því saman efnahagslegar forsendur uppbyggingar í atvinnulífi og kröfur um félagslegt réttlæti og samábyrgð þegnanna.

Þessi sjónarmið koma sérstaklega til álita þegar hugað er að byggðastefnu því að traust samfélagsþjónusta er lykilatriði til að tryggja atvinnulíf og þar með byggð. (Bætum samfélagsþjónustuna, BSRB, 1999.)

Einkavæðing veikir samfélagsþjónustuna.

Á undanförnum árum hafa nokkrar stofnanir í eigu ríkisins verið gerðar að hlutafélögum með það að markmiði að selja þær í hendur einkaaðilum. Innan velferðarþjónustunar er þessarar stefnu einnig farið að gæta bæði í skólakerfinu og heilbrigðisþjónustunni. Þegar hafa elliheimili verið boðin út á grundvelli svokallaðra einkaframkvæmda. Athygli vekur að í kynningu á einkaframkvæmdum leggur ríkisstjórnin áherslu á að „sem stærstur hluti tekna rekstraraðila sé fenginn með notendagjöldum ...“ (Skýrsla frá árinu 1998, Einkaframkvæmd). Hér er beinlínis verið að boða skólagjöld og sjúklingaskatta sem koma til með að valda mismunun í þjóðfélaginu í framtíðinni ef svo fer fram sem horfir.

Sú einkavæðingarstefna sem fylgt hefur verið undangenginn áratug hefur orðið til að veikja samfélagsþjónustuna og draga úr almannaþjónustu, einkum á landsbyggðinni, þar sem þjónustan er talin hafa hlutfallslega mestan kostnað í för með sér. Þannig er nú verið að fækka starfsmönnum innan póst- og símaþjónustu á landsbyggðinni og hætt er við því að með frekari einkavæðingu innan almannaþjónustunnar muni starfsfólki enn fækka á þeim stöðum sem síst mega við frekari röskun. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur beitt sér fyrir því á Alþingi að allri einkavæðingu verði slegið á frest og breiðri sátt náð um markalínur milli opinbers rekstrar og einkarekstrar. Þeim mun brýnna er að huga að samspili skipulagsbreytinga í samfélaginu og byggðaþróunar að á undanförnum árum hefur orðið meiri byggðaröskun í landinu en verið hefur áratugum saman.

Byggðaröskun.

Stórfelld röskun byggðar í landinu er mikið áhyggjuefni. Allar götur síðan 1979 hefur straumurinn legið frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og síðastliðin tíu ár hafa brottfluttir af landsbyggðinni umfram aðflutta verið um 12.500. Þessi þróun hefur á margan hátt haft neikvæð félagsleg og menningarleg áhrif á allt þjóðfélagið, en nú fer einnig vaxandi skilningur á þjóðhagslegum kostnaði sem er samfara þessari röskun. Talið er að það kosti sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu a.m.k. 3–5 millj. kr. á hvern íbúa sem þangað flyst að byggja upp nauðsynlega aðstöðu og þjónustu og er þá rekstrarkostnaður ekki meðtalinn. Á móti verður fjárfesting og uppbygging á landsbyggðinni vannýtt. Skólar, heilbrigðisstofnanir og aðrar þjónustustofnanir standa hálftómar og tekjur sveitarfélaganna minnka, auk félagslegra erfiðleika sem skapast. Er þá ónefndur mikill kostnaður fjölskyldna og einstaklinga sem oftar en ekki yfirgefa eignir sínar verðlitlar eða verðlausar og þurfa að kosta miklu til að útvega sér húsnæði og koma sér fyrir á nýjum stað.

Fjölbreytni er forsenda góðrar byggðastefnu.

Við svo mikla byggðaröskun verður atvinnuþróun óhagstæðari og atvinnulíf einhæfara, einkum í fámennari byggðarlögum. Hafa ber í huga að búseta ræðst ekki lengur aðeins af atvinnu heimilisföður heldur þarf að taka tillit til þess að konur eru einnig virkir þátttakendur í atvinnulífinu. Þær mennta sig ekki síður en karlar og eiga bæði þær sjálfar og þjóðfélagið rétt til þess að sú menntun og starfskraftar nýtist. Orsakir byggðaröskunar felast einnig í margháttuðum aðstöðumun byggðarlaga hvað varðar samgöngur, verslun og vöruverð, orkukostnað, aðstöðu til menntunar, heilsugæslu og margvíslegrar félagslegrar þjónustu. Þá er ekki hægt að líta fram hjá því að fjölbreytni á sviði menningar og afþreyingar vegur þungt og skiptir fólk æ meira máli. Fjölbreytni, jöfn lífsskilyrði og öryggi eru því lykilorðin við markmiðssetningu í byggðamálum. Síðast en ekki síst snýst málið um að efla tiltrú fólks á búsetu til framtíðar í byggðum utan höfuðborgarsvæðisins. Um vilja þess hefur verið spurt í skoðanakönnun sem staðfestir að fjölmargir kysu búsetu á landsbyggðinni ef öryggi og allar aðstæður væru þar í góðu lagi. Því liggur beint við að álykta að róttækar aðgerðir til úrbóta gætu snúið við þeirri þróun sem verið hefur í flutningum fólks af landsbyggð til höfuðborgarsvæðis.

Skal nú vikið að einstökum áhersluatriðum, þáttum sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur að hafa skuli forgang við endurreisn velferðarkerfisins í samræmi við þingsályktunartillöguna sem hér er flutt.

Almannatrygginga- og félagsmál.

Almannatryggingalöggjöfin er mjög yfirgripsmikil heildarlöggjöf með fjölda réttinda- og heimildarákvæða. Undanfarin ár hafa verið gerðar ýmsar breytingar á einstökum liðum laganna án tillits til þess hver áhrif þær breytingar hafa á aðra þætti. Þetta hefur valdið því að kerfið er hvorki gagnsætt né skilvirkt, í mörgum tilvikum getur eitt rekist á annars horn og þeir sem þurfa á þjónustu kerfisins að halda þekkja iðulega ekki rétt sinn og hafa litla möguleika á að kynna sér hann. Almannatryggingakerfið er öryggiskerfi sem allir landsmenn njóta góðs af, en ljóst er að þegar fram líða stundir mun lífeyrissjóðakerfið að verulegu leyti leysa það af hólmi. Sú breyting mun hins vegar taka langan tíma og mikilvægt er að menn rasi ekki um ráð fram við tekjutengingu lífeyris.

Breyttar áherslur.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill gerbreyttar áherslur í almannatryggingakerfinu. Í stað þess að nota hugtökin „bætur“ og „bótaþegi“ um þá sem fá greiðslur úr almannatryggingum og atvinnuleysistryggingum ber að tala um laun til að leggja áherslu á þann rétt sem einstaklingnum ber til tekna hvort sem um er að ræða atvinnutekjur eða samfélagslaun.

Þá vill Vinstri hreyfingin – grænt framboð afnema skerðingu tekjutryggingar öryrkja vegna tekna maka og draga úr öðrum tekjutengingum innan almannatryggingakerfisins. Koma þarf í veg fyrir að kerfið festi í sessi ríkjandi hugmyndir um karlinn sem aðalfyrirvinnu og konu hans sem efnalega háða honum.

Stuðningur við atvinnulausa.

Enda þótt atvinnuleysi hafi minnkað mjög á síðustu árum er það engu að síður enn alvarlegt vandamál þúsunda einstaklinga og fjölskyldna. Þrátt fyrir að atvinnuleysi sé komið niður fyrir 2% eru tæplega 3.000 manns á atvinnuleysisskrá. Brýnt er að tryggja réttindi þessa fólks til endurmenntunar og sjá til þess að það fái stuðning til að finna starf við hæfi. Þá má aldrei gleymast að tryggja þarf atvinnulausu fólki tekjur til að sjá sér farborða, stunda menningarlíf og veita sér og börnum sínum þá lífsfyllingu sem aðrir þegnar þjóðfélagsins telja sjálfsagða.

Sveigjanleg starfslok.

Ryðja þarf úr vegi hindrunum sem koma í veg fyrir að fólk geti hætt starfi, breytt starfshlutfalli eða á annan hátt endurskipulagt vinnu sína þegar það kemst á efri ár.

Heilbrigðismál.

Vel starfhæft heilbrigðiskerfi sem reist er á þeirri meginforsendu að allir hafi þar sama rétt til þjónustu er einn af hornsteinum sterks velferðarkerfis. Þar til fyrir fáum árum uppfyllti íslenska heilbrigðiskerfið allvel þessar kröfur. Á undanförnum árum hefur hins vegar verið vegið að þessari þjónustu með niðurskurði og kerfisbreytingum sem hafa bæði bitnað á þeim sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda og starfsfólki heilbrigðiskerfisins. Jafnframt hafa verið innleiddir sjúklingaskattar í ýmsum myndum. Það hefur haft þær afleiðingar að tekjulægsta fólkið, sem þó þarf oft mest á heilbrigðisþjónustu að halda, getur ekki notað hana vegna útgjaldanna sem það hefur í för með sér.

Langtímaáætlun.

Skipulag heilbrigðisþjónustunnar þarf að hugsa til langs tíma. Á því leikur ekki vafi að þegar til lengri tíma er litið mundi það spara mikla fjármuni ef forvarnastarf yrði eflt innan heilbrigðisþjónustunnar og öflug, almenn heilsugæsla tæki tímanlega á málum áður en þau komast á alvarlegt stig. Auk þess mætti grípa til margvíslegra aðgerða til að gera þjónustuna markvissari og hagkvæmari. Í því sambandi má nefna svokölluð sjúkrahótel sem er millistig milli sjúkrahúss og heimilis. Þegar í stað þarf hins vegar að ráðast í lagabreytingar til að tryggja jöfnuð innan kerfisins. Afnema þarf sjúklingaskatta og komugjöld á heilsugæslustöðvar og brýnt er að taka lyfjakostnað til gagngerrar endurskoðunar með það fyrir augum að draga úr óhóflegum kostnaði sem veldur því að efnalítið fólk hefur ekki ráð á því að kaupa nauðsynleg lyf.

Meðal brýnna verkefna á sviði heilbrigðismála eru réttarbætur fyrir langveik börn og fjölskyldur þeirra. Þá leggur Vinstri hreyfingin – grænt framboð ríka áherslu á nauðsyn umbóta í geðheilbrigðismálum.

Menntun og menning.

Menning þjóðarinnar birtist í hvers konar athöfnum hennar þar sem saman fara verk hugar og handa. Góð grunnmenntun er undirstaða þess að menning, vísindi og listir blómstri og það er skylda samfélagsins að sjá til þess að allir þegnar þess eigi jafnan aðgang að bestu grunnmenntun á hverjum tíma.

Leikskóli, grunnskóli, framhaldsskóli.

Kostnaður við rekstur leikskóla og grunnskóla eru stærstu útgjaldaliðir sveitarfélaganna og jafnframt einn mikilvægasti málaflokkurinn sem þau sinna. Í ljós hefur komið að eins og margir óttuðust hafa breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla haft í för með sér grundvallarbreytingar á því skólastigi. Mörg sveitarfélög ráða illa við hinn mikla kostnað sem skólarekstrinum fylgir og það hefur m.a. orðið til þess að skólar hafa verið lagðir niður eða sameinaðir. Mjög áríðandi er að tekjustofnar sveitarfélaga til skólarekstrarins verði endurskoðaðir og tryggt að öll sveitarfélög geti staðið undir góðu og metnaðarfullu skólastarfi, bæði í leikskóla og grunnskóla.

Áhugi stjórnvalda á því að styðja einkaframkvæmdir og draga úr opinberum rekstri hefur meðal annars orðið til þess að hluti þess opinbera fjármagns sem ætlað er til skólastarfs grunnskóla og framhaldsskóla fer til að styrkja einkaskóla sem síðan afla viðbótarfjár með skólagjöldum og/eða styrkjum frá fyrirtækjum og stofnunum. Í Reykjavík þar sem reknir eru nokkrir einkaskólar á grunnskólastigi er einkaskólunum ætluð sama fjárhæð fyrir hvern nemanda og grunnskólar sveitarfélagsins fá. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur þessa þróun ógna mjög þeirri jafnréttishugsun sem mikilvægt er að höfð sé að leiðarljósi þegar grunnmenntun þjóðarinnar er annars vegar og leggur áherslu á að tryggt verði að opinber fjárframlög ríkis og sveitarfélaga til skólastarfs skerðist ekki vegna stuðnings við einkaskóla, hvort sem er á grunnskólastigi eða framhaldsskólastigi.

Samfellt grunnnám allra ungmenna.

Engin stéttaskipting er hættulegri en menningarleg stéttaskipting. Það er því grundvallaratriði að ungmenni, hvar sem þau búa á landinu og hver sem efnahagsleg staða þeirra eða fjölskyldna þeirra er, eigi greiðan aðgang að skólanámi a.m.k. til 18 ára aldurs. Benda má á þá mismunun sem felst í miklum námskostnaði þeirra sem þurfa að sækja framhaldsnám út fyrir heimabyggð sína, en ekki er fjarri lagi að kostnaður við það sé 300–500 þús. kr. á ári. Á vegum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur verið lögð fram þingsályktunartillaga um tólf ára samfellt grunnnám alls staðar á landinu þannig að unglingar innan sjálfræðisaldurs geti stundað nám daglega frá heimili sínu.

Verknám.

Þróun menntamála undanfarin ár hefur orðið til þess að stefna æ fleiri nemendum til bóknáms þegar komið er á framhaldsskólastig og jafnvel svo að ástæða er til að óttast um framtíð verkmenntunar í landinu. Sem dæmi má nefna að í Iðnskólanum í Reykjavík, stærsta iðnmenntaskóla landsins, hefur fjölgun nemenda í skólanum í heild fyrst og fremst orðið á bóknámsbrautum, svo sem í almennu námi, fornámi og á tölvufræðibraut, en á þeirri braut eru nemendur þrisvar sinnum fleiri nú en þeir voru í upphafi tíunda áratugarins. Nemendum hefur hins vegar fækkað mjög á nær öllum iðnnámsbrautum. Þetta eru alvarleg tíðindi þegar hugsað er til iðn- og verkmenntunar í landinu og mikilvægt að grípa í taumana og styrkja sérstaklega verknáms- og iðnnámsbrautir og gera slíkar námsbrautir fýsilegar fyrir góða námsmenn.

Allt skólastarf á að miða að því að samfara góðri fræðslu í mismunandi námsgreinum verði lögð áhersla á að efla samfélags- og siðferðisvitund nemenda, frumkvæði þeirra og hugmyndaflug. Mikilvægt er einnig að nám sé metið til jafns við aðra vinnu og áhersla lögð á að nám sérhvers námsmanns sé mikilvægt fyrir þjóðina alla. Því ber að gera öllum kleift að stunda háskólanám, starfstengt nám og endurmenntun með stuðningi hagstæðra námslána sem einnig taka til efnis- og bókakaupa.

Listir og menning.

Listsköpun og hvers kyns menningarstarfsemi skilar þjóðinni bæði menningarlegum og fjárhagslegum verðmætum. Þess vegna er mikilvægt að efla skilning á hlut lista og menningar í þjóðlífinu, í hugsun og handverki, smekk, tísku og lífsmáta. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur grundvallaratriði að helstu menningarstofnanir þjóðarinnar, svo sem Ríkisútvarpið, Þjóðarbókhlaða, atvinnuleikhús, sinfóníuhljómsveitir og listasöfn, eflist sem máttarstólpar menningarinnar í landinu og verði áfram burðarásar hver á sínu sviði og í eigu þjóðarinnar allrar. Jafnframt er nauðsynlegt að veita sjálfsprottinni menningarstarfsemi víðs vegar um land skipulegan stuðning þannig að starf áhugahópa á sviði menningar og lista geti dafnað og blómstrað, en slíkt styður ekki síst við farsæla byggðaþróun í landinu.

Mannvænt samfélag umhyggju og samhjálpar.

Hnignun velferðarkerfisins á Íslandi hefur m.a. haft í för með sér að samfélagið hefur þróast meira og meira í átt til sérhyggju og hagsmunagæslu fyrir þá sem best standa fjárhagslega og félagslega. Jafnframt hefur verið horfið frá ýmsum gildum sem fram á síðustu ár hafa verið undirstaða velferðarkerfisins. Þannig kemur víða fram að umhyggja fyrir öðrum, samhjálp og samábyrgð þykja gamaldags og afturhaldssöm viðhorf. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er því ósammála og leggur þess í stað áherslu á að tekið verði markvisst og skipulega á málum margra samfélagshópa sem ekki eiga þess alltaf kost að gæta eigin hagsmuna. Hér er aðeins getið örfárra mikilvægra verkefna sem við blasa.

Móttaka útlendinga sem setjast að á Íslandi.

Á undanförnum árum hefur fjölgað útlendingum sem setjast að á Íslandi eða óska eftir að gera Ísland að heimalandi sínu. Þetta er fjölbreyttur hópur og ástæður þess að Ísland hefur valist sem dvalarstaður eru mismunandi. Sem dæmi má nefna að síðustu ár hafa nokkrir hópar erlendra flóttamanna komið hingað og sest hér að, íslenskt atvinnulíf hefur tímabundið sóst eftir erlendu vinnuafli og Íslendingar hafa gengið í hjónaband með erlendu fólki. Þá getur verið um að ræða fólk sem á fjölskyldu hér fyrir, erlenda foreldra eða erlend börn Íslendinga.

Sumum útlendinganna sem hér hafa sest að hefur tekist vel að samlagast íslensku samfélagi, þeir hafa sett svip sinn á það, styrkt og auðgað á margvíslegan hátt. Því miður eru þeir þó miklu fleiri sem þurfa sérstakan stuðning þegar þeir setjast að í nýju landi með framandi tungu og menningu. Ef ekki verður brugðist við og tryggt að innflytjendum sem setjast að á Íslandi verði sérstaklega sinnt og séð til þess að þeir og börn þeirra fái viðunandi kennslu á öllum skólastigum og innan fullorðinsfræðslunnar, tryggt að almennar upplýsingar um íslenskt samfélag, t.d. um heilbrigðis- og tryggingarkerfi, séu tiltækar og búið svo um hnúta að íslenskur vinnumarkaður sé þeim aðgengilegur, er hætt við að áður en langt um líður verði ýmis vandamál sem tengjast þessum hópi þjóðfélagsþegna á Íslandi orðin svo yfirgripsmikil og fjölþætt að vart verði við ráðið. Síðast en ekki síst þarf að sjá til þess að innflytjendurnir missi ekki tengsl við eigin menningu og fyrra samfélag.

Hækkun sjálfræðisaldurs.

Þegar sjálfræðisaldur var hækkaður úr 16 árum í 18 bentu margir á að sú ákvörðun hefði í för með sér að endurskoða þyrfti og hugsanlega breyta fjölda lagaákvæða sem varða ungmenni á þessum aldri. Í skýrslu umboðsmanns barna fyrir 1996 er að finna ítarlega greinargerð um þau atriði sem umboðsmaðurinn telur að taka þurfi til endurskoðunar. Þó að svo kunni að hafa verið gert að einhverju marki er ástæða til að skipulega verði farið yfir alla löggjöf þar sem fjallað er um ungmenni á aldrinum 16–18 ára og gengið úr skugga um að réttur þessa hóps sé að öllu leyti tryggður.

Forvarnir og fíkniefni.

Notkun fíkniefna er sívaxandi vandamál hér á landi og því miður virðist neysla fíkniefna færast æ neðar í aldurshópa. Brýnt er að taka í taumana, bæði með því að stórefla forvarnastarf og fjölga meðferðarúrræðum.

Í bæklingi sem Fræðslumiðstöð í fíknivörnum hefur sent frá sér er aðgerðum í fíkniefnamálum skipt í þrennt. Þar er forvarnastarf nefnt fyrsta aðgerðastig í fíkniefnamálum. Forvarnir beinast fyrst og fremst að þeim sem ekki hafa neytt fíkniefna. Annað aðgerðastig er íhlutun sem hefur það að markmiði að draga sem mest úr hugsanlegum eða yfirvofandi vanda sem hlýst af neyslu fíkniefna. Þriðja stig er svo meðferð þar sem brugðist er við neyslu sem farin er að hafa afgerandi áhrif á neytanda eða stjórna lífi hans.

Ef takast á að ná fram markmiðum áætlunar um Ísland án eiturlyfja árið 2002 er ljóst að verja verður umtalsverðu fjármagni, tíma og vinnu í að sameina krafta þeirra sem þegar starfa á þessu sviði, tengja starf stjórnvalda, stofnana og félagasamtaka og leita nýrra leiða til ná betri árangri.

Einnig er nauðsynlegt að auka fjármagn og fjölga valkostum til meðferðar og stuðnings við ungmenni sem eiga við alvarlegan félagslegan og/eða tilfinningalegan vanda að stríða, en slíkur vandi er oft afleiðing vímuefnaneyslu annaðhvort unglingsins sjálfs eða nákomins ættingja hans.

Skattar.

Mikilvægt er að tryggja ríki og sveitarfélögum trausta tekjustofna svo að þau rísi undir þeim verkefnum sem þeim er ætlað að sinna. Það er staðreynd að á sama tíma og verkefni hafa verið færð frá ríki til sveitarfélaga skortir á að nægilegt fjármagn hafi fylgt með. Þetta segir til sín m.a. í versnandi skuldastöðu sveitarfélaganna.

Versnandi hagur sveitarfélaganna að þessu leyti er gagnstæður því sem gerist hjá ríkinu sem á undanförnum árum hefur greitt niður skuldir sínar.

Tekjuþróun hjá hinu opinbera.

Miklu máli skiptir að skattlagning sé réttlát og að þeir beri skatta sem eru aflögufærir. Í eftirfarandi töflu má sjá hvernig tekjur hins opinbera hafa þróast á undanförnum árum hér á landi sem hlutfall af VLF. Upplýsingarnar eru fengnar frá Þjóðhagsstofnun.

Tekjur hins opinbera 1990–98 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Tekjuskattar	10,11	10,23	10,52	11,15	11,10	11,68	12,20	12,70	13,35
1100 Tekjuskattar einstaklinga .	9,34	9,45	9,61	10,32	10,25	10,55	11,29	11,26	11,71
1200 Tekjuskattar fyrirtækja ..	0,77	0,78	0,91	0,82	0,86	1,13	0,91	1,04	1,16
1300 Fjármagnstekjuskattur ...	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,40	0,47
Launa- og tryggingagjöld	1,98	2,46	2,54	2,48	2,49	2,58	2,81	2,79	2,82
Vöru- og þjónustuskattar	17,07	17,25	17,18	16,15	15,66	15,63	15,86	15,42	15,95
Skatttekjur hins opinbera, samtals	33,50	34,48	34,82	33,09	32,46	33,22	34,08	34,09	35,17

Eins og getið er um að framan hafa álögur á einstaklinga, einkum láglauna- og millitekjuhópa, farið vaxandi þar sem skattleysismörk hafa ekki fylgt launaþróun auk þess sem dregið hefur úr stuðningi við barnafólk. Á sama tíma hafa skattbyrðar á fyrirtæki verið minnkaðar, aðstöðugjaldi verið aflétt og tekjuskattshlutfall fyrirtækja hefur farið lækkandi. Jafnframt voru skattar á arðgreiðslur lækkaðir úr tekjuskattshlutfalli niður í 10%, sem er sama hlutfall og skattur af fjármagnstekjum.

Þróun tekjuskatts hjá fyrirtækjum.

Á meðfylgjandi töflu má sjá hvernig tekjuskattur fyrirtækja hefur þróast á árunum 1990–98 til samanburðar við þróun tekjuskatts einstaklinga og skattleysismörk.

Skattur lagður á	Vegna tekna ársins	Hf. %	Sf. %	Einstaklingur %	Einstaklingur í Reykjavík %	Þar af ríki %	Þar af útsvar %	Persónuafsláttur kr.	Skattleysismörk ellilífeyrisþega kr.	Skattleysismörk launamanns, kr.	Hátekjuskattur, %	Hátekjumörk á mánuði, kr.
1990	1989	50,00	50,00	37,74	37,50	30,80	6,94	18.631	49.367	49.367		
1991	1990	45,00	45,00	39,79	39,50	32,80	6,99	21.482	53.988	53.988		
1992	1991	45,00	45,00	39,79	39,50	32,80	6,99	23.377	58.751	58.751		
1993	1992	39,00	41,00	39,85	39,50	32,80	7,05	23.968	60.144	60.144		
1994	1993	33,00	41,00	41,34	41,00	34,30	7,04	23.761	57.477	57.477	5,00	203.340
1995	1994	33,00	41,00	41,84	41,55	33,15	8,69	23.930	57.193	57.193	5,00	207.840
1996	1995	33,00	41,00	41,00	41,55	33,15	8,78	24.494	58.419	59.310	5,00	233.820
1997	1996	33,00	41,00	41,94	41,55	33,15	8,79	24.544	58.522	60.332	5,00	233.820
1998	1997	33,00	41,00	41,98	41,55	30,41	11,57	24.544	58.466	60.902	5,00	233.820
1998	1997	33,00	41,00	40,00	40,55	29,31	11,57	23.901	58.466	60.902	5,00	233.820
1999	1998	30,00	38,00	39,02	38,65	27,41	11,61	23.360	59.867	62.361	7,00	266.500
2000	1999	30,00	38,00	38,00	37,00	26,41	11,93	23.329	60.848	63.386	7,00	273.063
2000	2000	30,00	38,00	38,37	38,00	26,00	11,96	23.912	62.320	64.916	7,00	273.063
2001	2000	30,00	38,00	38,37	38,40	26,00	11,00	24.510	63.878	66.540	7,00	273.063
2002	2001	30,00	38,00	38,76	38,78	26,08	12,00	25.245	65.132	67.845	7,00	273.063

Heimild: Embætti ríkisskattstjóra, að undanskildum útreikningi á skattleysismörkum.

Stundum er því haldið fram að íslenskt atvinnulíf búi við þyngri álögur en atvinnurekstur annars staðar á Norðurlöndum eða innan OECD. Á meðfylgjandi töflu, sem birtist í séráliti fulltrúa ASÍ og BSRB í nefnd sem starfaði á vegum ríkisstjórnarinnar til endurskoðunar á jaðarsköttum á árunum 1996–97, kemur í ljós að hlutföll og uppbygging skattkerfisins hér

á landi eru talsvert frábrugðin því sem þekkist annars staðar. T.d. er hlutfall tekjuskatta, bæði einstaklinga og fyrirtækja, lægra hér á landi og sama gildir um launa- og tryggingagjöld.

Skattar á vöru og þjónustu eru hins vegar svipaðir og í Evrópuríkjum OECD en hærri en annars staðar á Norðurlöndum.

	Ísland	Norðurlönd	Evrópuríki OECD
Tekjuskattur einstaklinga	9,5	15,7	12,2
Tekjuskattur fyrirtækja	1,0	2,5	3,4
Launa- og tryggingagjöld	2,5	8,6	14,0
Skattar á vöru og þjónustu	15,1	13,0	15,7
Skatttekjur hins opinbera samtals 1994 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu	30,9	40,8	47,8

Þessu til viðbótar má svo nefna að hlutfall fjármagnstekjuskatts hér á landi er mjög lágt miðað við ríki OECD.

824. Tillaga til þingsályktunar [528. mál]

um bætt umferðaröryggi á þjóðvegum landsins.

Flm.: Árni R. Árnason, Drífa Hjartardóttir, Vilhjálmur Egilsson, Gísli S. Einarsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Guðjón Guðmundsson, Guðmundur Hallvarðsson.

Alþingi ályktar að bæta skuli umferðaröryggi á þjóðvegum með því að:

a. efla og auka umferðarlöggæslu,
b. auka fræðslu og efla annað starf sem miðar að bættri umferðarmenningu.

Greinargerð.

Tilgangur tillögu þessarar er að bæta öryggi umferðar og vegfarenda á þjóðvegum með því að efla og auka annars vegar löggæslu og hins vegar fræðslu og annað starf sem miðar að bættri umferðarmenningu.

Tillagan er lögð fram í ljósi þess að á síðustu árum og missirum hefur alvarlegum umferðarslysum fjölgað og afleiðingar þeirra hafa orðið jafnvel enn afdrifaríkari en áður. Nokkrar stofnbrautir og þjóðvegir landsins hafa reynst vegfarendum sérlega hættulegir. Athuganir á slysatíðni, þ.e. fjölda slysa í hlutfalli við umferð eða fjölda ökutækja, sýna svo ekki verður um villst að Vesturlandsvegur, frá Reykjavík að Mosfellsbæ, og Reykjanesbraut sunnan Kópavogs eru hættulegustu þjóðvegir landsins. Lengi hefur slysatíðni á fyrrnefndum hluta Vesturlandsvegar verið hæst, en á síðustu missirum hefur slysatíðni á téðum hluta Reykjanesbrautar orðið enn hærri. Í þessu sambandi má benda á að umferð um Reykjanesbraut er frábrugðin umferð um aðra þjóðvegi. Um hana er mjög mikil næturumferð sem þrátt fyrir veglýsingu reynist enn afar hættuleg sökum þess að vegfarendur um brautina virðast oftast í tímaþröng að komast á áfangastað vegna flugs, vinnu eða annarra erinda og veldur það ökumönnum augljóslega spennu.

Á Reykjanesbraut, um Hafnarfjörð og til Suðurnesja, hefur alvarlegum umferðarslysum fjölgað mjög á síðustu missirum og hefur tíðni þeirra hækkað hraðar en á öðrum þjóðvegum. Afleiðingar þess hafa orðið alvarlegar: örkuml, ótímabær dauðsföll og óbætanlegur missir aðstandenda og samfélagsins alls. Þetta hefur vakið mikla umræðu á Suðurnesjum um öryggi vegfarenda á Reykjanesbraut og hrundið af stað baráttu fyrir því að flýta framkvæmdum við tvöföldun brautarinnar sunnan Hafnarfjarðar og bæta umferðarmenningu. Hefur m.a. verið haldið úti vefsíðu sem gerir fólki kleift að skrá sig á lista til stuðnings við áskorun um að flýta úrbótum. Nú hafa yfir níu þúsund og tvö hundruð manns hvaðanæva af landinu lýst stuðningi við hana.

Í félagsheimilinu Stapa í Reykjanesbæ fór fram borgarafundur 11. janúar sl. um framtíð Reykjanesbrautar, með þátttöku samgönguráðherra, þingmanna Reykjaneskjördæmis, formanns samgöngunefndar Alþingis og vegamálastjóra. Á fundinum var húsfyllir, eða um eitt þúsund manns, þar á meðal þingmenn annarra kjördæma, en einhverjir urðu frá að hverfa. Þessi mikla fundarsókn og þátttaka í störfum fundarins sýnir ótvírætt alvöru málsins og baráttuhug Suðurnesjamanna fyrir bættu öryggi vegfarenda um Reykjanesbraut. Fundurinn samþykkti ályktun þar sem skorað er á Alþingi og stjórnvöld að flýta fyrirhuguðum framkvæmdum við Reykjanesbraut og ljúka tvöföldun hennar árið 2004. Þar er átt við Reykjanesbraut sunnan Hafnarfjarðar til Reykjanesbæjar. Ályktun fundarins er birt sem fylgiskjal með tillögunni.

Á fundinum kom fram að tvöföldun Reykjanesbrautar var ákveðin með samþykkt langtímavegáætlunar á Alþingi 1998. Í henni fólst því samþykkt tillögu þingmanna Reykjaneskjördæmis um tvöföldun brautarinnar. Fyrstu áfangar þess verks eru á gildandi vegáætlun fyrir árin 2000–2004, þar á meðal fyrstu áfangar þess hluta brautarinnar sem ályktun fundarins snýst um. Af því sem fram kom á fundinum er ljóst að þingmenn hafa mismunandi upplýsingar um hvernig áætla megi raunhæfan framkvæmdatíma, enda liggja ekki enn fyrir útboðsgögn eða önnur jafnáreiðanleg gögn um hönnun og kröfur til verksins. Þá var rakið að fjárhagslegar forsendur eru ekki fyrir hendi vegna þessa hluta brautarinnar, en í áliti samgöngunefndar Alþingis um fyrrnefnda vegáætlun fyrir árin 2000–2004 kom fram að líklega yrðu allir hlutar hennar á næstu vegáætlun, þ.e. fyrir árin 2002–2006, sem Alþingi fjallar um á næsta þingi, veturinn 2001–2002. Svör samgönguráðherra og þingmanna sýndu skýran og samtaka vilja til að flýta þessu verki eins og unnt verður við umfjöllun Alþingis og í framkvæmd.

Mikilvægt er að bregðast við hækkandi slysatíðni með fleiri aðgerðum en stórframkvæmdum í vegagerð, enda er alþekkt að það sem endanlega ræður um öryggi vegfarenda er ökulag og athygli ökumanna. Á vegum lögreglustjóraembættanna í Reykjanesbæ, á Keflavíkurflugvelli og í Hafnarfirði er þegar hafið sameiginlegt löggæsluátak á Reykjanesbraut sunnan Hafnarfjarðar sem flutningsmenn vænta mikils af. Athuganir á umferðarslysum á þjóðvegum benda ótvírætt til þess að oftast megi rekja ástæður slysa til of mikils ökuhraða og ónógrar einbeitingar ökumanna. Hvort tveggja er fylgifiskur þess að ökumenn ofmeta eigin hæfni og meta aðstæður ekki rétt. Sömu athuganir sýna að aukin löggæsla hefur góð áhrif á ökulag manna, þeir draga úr ökuhraða og sýna meiri aðgát. Einnig er ljóst að einungis með aukinni löggæslu er unnt að bregðast við glæfraakstri. Aukin löggæsla er því fljótvirkasta og áhrifaríkasta aðgerð til að bæta atferli ökumanna, ökuhraða, aðgát og ökulag. Áhrifamáttur löggæslunnar sést best að slysatíðni á þjóðvegi nr. 1 er lægst í þeim landshlutum og lögregluumdæmum sem þekkt eru fyrir öfluga umferðarlöggæslu. Má því jafnframt segja að aukin umferðarlöggæsla sé skilvirk aðgerð til bættrar umferðarmenningar og bætts öryggis vegfarenda.

Í a-lið tillögunnar er lagt til að efla og auka umferðarlöggæslu á þjóðvegum. Þannig getur fyrrnefnt löggæsluátak lögreglustjóraembættanna þriggja orðið grunnur að því að löggæsla á Reykjanesbraut verði aukin til frambúðar.

Í b-lið tillögunnar er lagt til að auka fræðslu og efla annað starf sem miðar að bættri umferðarmenningu. Í því felst að taka þurfi á tveimur meginþáttum sem ráða miklu um öryggi í umferðinni: Annars vegar á einbeitingu ökumanna og mati þeirra á aðstæðum sem ræður atferli þeirra og viðbrögðum, en athuganir sýna að það veldur mestu um öryggi eða hættu vegna ökulags. Hins vegar á mótun umhverfis ökumanna umfram ástand vegar og löggæslu, þar á meðal hvort nægjanlegar viðvaranir og ábendingar eru gefnar um það sem fram undan er í umferð eða á vegi, ellegar um of mikinn ökuhraða ef það á við. Viðfangsefnið er fjölþætt og nær m.a. til þess að efla starf sem fyrir er, flýta undirbúningi nýrra aðgerða, skilgreina nýjar aðferðir til að ná athygli ökumanna og auka fræðslustarf, viðvaranir og áróður. Flutningsmenn telja fjölmörg verkefni felast í þessari tillögu en vilja sérstaklega nefna eftirfarandi:

1. Aukin verði fræðsla á vegum Umferðarráðs og áróður sem beinist að ökumönnum almennt, leitað verði leiða til að bæta undirbúning ökumanna með ökunámskeiðum, ökuskólum og æfingabrautum sem kynna ökunemum sem best hverju þeir geta átt von á í akstri og rekja má til umferðar, aðstæðna og mannlegra þátta og hvernig bregðast skuli við,
2. Sérstaklega verði leitað ráða til að fá ökumenn til að vera enn betur á varðbergi gagnvart einbeitingarleysi, röngu mati á aðstæðum og ofmati á eigin hæfni og kunnáttu, og efla vitund þeirra bæði um þekktustu ástæður og helstu afleiðingar umferðarslysa með fræðslu, áróðri og kynningu.
3. Gerð verði úttekt á flutningum eldsneytis og annarra hættulegra efna um þjóðvegi landsins í því skyni að skipuleggja þá eða tímasetja með tilliti til umferðaröryggis. Úttekt nái til umfjöllunar um blikkandi viðvörunarljós á ökutækjum í slíkum flutningum.
4. Flýtt verði umbótum á skráningu umferðarslysa til að geta enn betur greint áhættusama vegkafla og aðstæður eða aðra áhættuþætti og nýtt þær upplýsingar sem grundvöll ákvarðana um framkvæmdir og aðrar aðgerðir til að bæta öryggi.
5. Efldar verði reglubundnar rannsóknir á ástæðum alvarlegra umferðarslysa með sambærilegum aðferðum og notaðar eru við rannsóknir á orsökum flugslysa og sjóslysa, og niðurstöður þeirra nýttar til fræðslu fyrir ökumenn og ökunema, svo og við ákvarðanir um framkvæmdir og aðrar aðgerðir til að bæta umferðaröryggi. Í núverandi fyrirkomulagi er gert ráð fyrir slíkum rannsóknum á dauðaslysum í umferðinni. Flutningsmenn telja líklegra til árangurs að nota aðra mælikvarða svo að fleiri alvarleg umferðarslys verði rannsökuð með þessum hætti og vísa í því efni til rannsókna á sjóslysum og flugslysum.
6. Gerð verði úttekt á öðrum aðgerðum í öryggisskyni og hvar þær koma að gagni, svo sem lýsingu, vegriðum milli akreina og sérstakri akrein fyrir hægfara ökutæki. Sérstaklega verði kannað gagn af viðvörunarljósum við hættulega vegkafla eða aðstæður og viðvörunarljósum tengdum búnaði sem skynjar of mikinn ökuhraða og breytingar á aðstæðum, svo sem ísingu eða dimmviðri. Kannað verði hvort viðvörunarljós vegna breytinga á aðstæðum mætti einnig tengja stjórnstöð með fjarskiptum.
7. Unnið verði að auknu samstarfi allra aðila sem koma að umferðarmálum til að gera allt starf sem miðar að bættri umferðarmenningu sem áhrifaríkast og að þeir sem sýna ábyrgðarleysi verði þess varir með ýmsu móti, allt frá hærri tryggingaiðgjöldum til afskipta lögreglu og refsiaðgerða eftir því sem við á.

Fylgiskjal.

Ályktun borgarafundar í Stapa í Reykjanesbæ.
(11. janúar 2001.)

Borgarafundur, haldinn í Stapa 11. janúar 2001, skorar á stjórnvöld að taka tvöföldun Reykjanesbrautar fyrir við endurskoðun vegáætlunar og flýta framkvæmdum miðað við núgildandi vegáætlun og ljúka verkinu á fjórum árum, þ.e. árið 2004. Leitað verði leiða til að fjármagna verkið utan vegáætlunar eins og góð fordæmi eru fyrir í íslenskri vegagerð.

825. Skýrsla [529. mál]

Íslandsdeildar NATO-þingsins fyrir árið 2000.

1. Inngangur.

Segja má að á árinu 2000 hafi fyrri verkefni og skuldbindingar Atlantshafsbandalagsins (NATO) verið festar í sessi og ný verkefni á sviði Evrópusamstarfs í öryggis- og varnarmálum tekin til gagngerrar umfjöllunar. Af þeim málefnum sem hæst bar á árinu má telja ástandið á Balkanskaga og stöðu bandalagsins að afloknum átökunum í Kosovo-héraði. Farsæl þróun í Bosníu og Hersegóvínu hefur gefið nokkra von um að búast megi við góðum árangri í Kosovo og hafa stjórnarskipti í Júgóslavíu aukið vonir manna um farsæla lausn á málefnum héraðsins. Skuldbindingar bandalagsins í héraðinu voru til umfjöllunar á árinu og þykir ljóst að nokkurn tíma taki að koma þar á varanlegum stöðugleika og hagsæld. Átökin í Kosovo árið 1999 settu mark sitt á þennan heimshluta og ríkir eining um að bandalagið haldi úti friðargæslusveitum í héraðinu til lengri tíma. Lögð hefur verið áhersla á að NATO beini sjónum sínum að suðausturhluta Evrópu í heild sinni og hefur bandalagið í auknum mæli beint sjónum sínum að stöðugleikasáttmála Evrópusambandsins (ESB) og lýst yfir vilja sínum til að leggja sitt af mörkum honum til stuðnings. Þá hafa aðgerðir bandalagsins á Balkanskaga sannað ágæti *Samstarfs í þágu friðar* (Partnership for peace) en tuttugu samstarfsríki NATO hafa tekið þátt í verkefnum þess þar. Átökin á Balkanskaga voru Evrópuríkjum NATO áminning um að nauðsynlegt sé að heraflar bandalagsríkja geti unnið saman á skilvirkan hátt. Í kjölfarið hefur orðið afar ör þróun í Evrópusamstarfi í öryggis- og varnarmálum og voru þau mál ofarlega á baugi á árinu. NATO hefur lýst yfir stuðningi við fyrirhugaða eflingu sjálfstæðs evrópsks hernaðarmáttar líkt og ESB hefur stefnt að en jafnframt hefur verið lögð áhersla á að það megi ekki verða til þess að sundra einingunni sem ríkir innan NATO heldur efla bandalagið. Í þessu tilliti hefur verið bent á stöðu þeirra NATO-ríkja sem standa utan ESB og minnt á að samkvæmt yfirlýsingum leiðtoga NATO-ríkja væri það eitt meginmarkmiðið að þátttaka evrópsku NATO-ríkjanna utan ESB í öryggis- og varnarsamstarfi ESB yrði tryggð gegn því að þau fengju aðgang að búnaði NATO.

Þessi málefni bar að sama skapi hæst á vettvangi NATO-þingsins á árinu en meðal annarra mála sem fjallað var um á þinginu má nefna áætlanir Bandaríkjastjórnar um takmarkaðar eldflaugavarnir, stöðugleika, frið og hagsæld í Suðaustur-Evrópu, stækkunarferli bandalagsins, orkumál og afvopnunarmál. Á fundum þingsins hefur Íslandsdeildin að vanda lagt ríka áherslu á mikilvægi Norður-Atlantshafstengslanna í evrópskum öryggismálum. Hún hefur

ítrekað minnt á að trúverðugleiki Atlantshafsbandalagsins felist einmitt í farsælu samstarfi Evrópu og Norður-Ameríku og að ekki megi missa sjónar á þeim traustu tengslum á umbreytingatímum sem hafa valdið óstöðugleika í álfunni og vakið miklar umræður um aukið samstarf og sjálfstæði Evrópuríkja í öryggis- og varnarmálum.

2. Íslandsdeild NATO-þingsins.

Aðalmenn Íslandsdeildar NATO-þingsins árið 2000 voru Tómas Ingi Olrich, þingflokki Sjálfstæðisflokks, formaður, Guðmundur Árni Stefánsson, þingflokki Samfylkingarinnar, varaformaður, og Jón Kristjánsson, þingflokki Framsóknarflokks. Varamenn voru Árni R. Árnason, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ásta R. Jóhannesdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Jónína Bjartmarz, þingflokki Framsóknarflokks.

Gústaf Adolf Skúlason var ritari Íslandsdeildarinnar til 1. september en þá tók Andri Lúthersson við starfinu.

Samkvæmt samþykktum þingsins geta fulltrúar aðildarríkja tekið þátt í öllum nefndum þess. Smæð Íslands takmarkar atkvæðisrétt ríkisins við þrjár nefndir, auk stjórnarnefndar. Skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir árið 2000 var þannig:

Stjórnarnefnd:	Tómas Ingi Olrich.
Til vara:	Guðmundur Árni Stefánsson.
Stjórnmálanefnd:	Tómas Ingi Olrich.
Til vara:	Árni R. Árnason.
Varnar- og öryggismálanefnd:	Jón Kristjánsson.
Til vara:	Jónína Bjartmarz.
Félagsmálanefnd:	Guðmundur Árni Stefánsson.
Til vara:	Ásta R. Jóhannesdóttir.
Efnahagsnefnd:	Jón Kristjánsson.
Til vara:	Jónína Bjartmarz.
Vísinda- og tæknínefnd:	Guðmundur Árni Stefánsson.
Til vara:	Ásta R. Jóhannesdóttir.

3. Fundir sem Íslandsdeildin tók þátt í á árinu.

NATO-þingið heldur tvo þingfundi árlega, vorfund að vori og ársfund að hausti. Auk þess fundar stjórnarnefnd sérstaklega ár hvert, ýmist í mars eða apríl. Á svokölluðum febrúarfundum heldur stjórnarnefndin fund með framkvæmdastjóra NATO og Norður-Atlantshafsráðinu, auk þess sem stjórnmálanefnd, efnahagsnefnd og varnar- og öryggismálanefnd halda sameiginlegan fund. Nefndir og undirnefndir þingsins halda reglulega námsstefnur og fundi á milli þingfunda. Jafnframt stendur varnar- og öryggismálanefnd árlega fyrir kynnisferð til eins eða fleiri aðildarríkja bandalagsins til að skoða ýmis hernaðarmannvirki og búnað. Á árinu voru haldnar fjórar Rose-Roth námsstefnur (sjá fskj. II, b-lið).

Árið 2000 tók Íslandsdeildin þátt í febrúarfundunum og fundi stjórnarnefndar sem haldnir voru í Brussel, vor- og haustfundum þingsins í Búdapest og Berlín, auk sex nefndarfunda utan þingfunda.

a. Febrúarfundir.

Dagana 20.–22. febrúar sl. voru febrúarfundir NATO-þingsins haldnir í Brussel. Að venju var um að ræða sameiginlegan fund stjórnmálanefndar, efnahagsnefndar og varnar- og öryggg-

ismálanefndar annars vegar og fund stjórnarnefndar með Norður-Atlantshafsráðinu og framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins hins vegar. Að auki var að þessu sinni fundað með utanríkismálanefnd Evrópuþingsins og framkvæmdastjóra utanríkismála hjá ESB annars vegar og með sendiherra Bandaríkjanna hjá ESB og framkvæmdastjóra viðskiptamála hjá ESB hins vegar. Aukaaðilar hafa ekki seturétt á fundum. Mikilvægi funda þessara hefur aukist mjög á undanförnum árum þar sem þar gefst fulltrúum aðildarríkja bandalagsins tækifæri til að ræða einir saman. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sátu Tómas Ingi Olrich, formaður, og Jón Kristjánsson fundina, auk ritara.

Helstu umræðuefni fundanna voru þróun Evrópusamstarfs í öryggis- og varnarmálum, áætlanir Bandaríkjamanna um að koma á fót takmörkuðu eldflaugavarnakerfi og ástand mála á Balkanskaga. Jafnframt var rætt um samskipti ESB og Bandaríkjanna á sviði efnahagsmála og samskipti NATO við Rússland.

Fund stjórnmálanefndar, efnahagsnefndar og varnar- og öryggismálanefndar NATO-þingsins ávörpuðu tveir aðstoðarframkvæmdastjórar Atlantshafsbandalagsins, þeir Klaus-Peter Klaiber sem fer fyrir stjórnmáladeildinni og Robert Bell sem fer fyrir varnarmáladeildinni. Þá ávörpuðu fundinn Edward L. Warner III., aðstoðarvarnarmálaráðherra Bandaríkjanna, og Pieter Feith sem fer fyrir skrifstofu NATO sem hefur umsjón með aðgerðum til hættuástandsstjórnunar. Javier Ruperez, forseti NATO-þingsins, hóf almennar umræður og sagði Evrópusamstarfið í öryggis- og varnarmálum og eldflaugavarnaáætlun Bandaríkjastjórnar einkar mikilvæg mál hvað samvinnu og samstöðu innan bandalagsins varðar. Í erindi sínu ræddi Klaiber um helstu verkefni NATO á nýju árþúsundi, framhald hernaðarskuldbindinga bandalagsins á Balkanskaga, *Samstarf í þágu friðar* (PfP), samskipti bandalagsins við Rússland og Úkraínu, stækkunarferli NATO, viðhald hernaðarmáttar bandalagsins og þróun og framkvæmd Evrópusamstarfs í öryggis- og varnarmálum. Urðu nokkrar umræður um þessi málefni og lýstu nokkrir þingmenn yfir áhyggjum sínum af stöðu evrópsku NATO-ríkjanna sem standa utan ESB. Edward L. Warner III. fjallaði um áætlanir Bandaríkjanna um takmarkaðar eldflaugavarnir og rakti hvernig ríki á borð við Norður-Kóreu og Íran væru að þróa eldflaugar sem borið gætu gereyðingarvopn. Pieter Feith fjallaði um hvaða lærdóma mætti draga af aðgerðum NATO á Balkanskaga og í máli hans kom fram að ástandið hefði batnað í Kosovo þótt enn væri nokkuð í að stöðugleiki kæmist á. Robert Bell fjallaði um útgjöld til varnarmála, samræmingu búnaðar og um Evrópusamstarf í öryggis- og varnarmálum. Í máli hans kom fram að dýrt yrði að koma á fót því 60.000 manna herliði sem gert væri ráð fyrir í niðurstöðum leiðtogafundar ESB í Helsinki og sagðist hann vona að slíkt bitnaði ekki á samræmingu herbúnaðar innan NATO.

Á fundi stjórnarnefndar með Norður-Atlantshafsráðinu sagði George Robertson lávarður, framkvæmdastjóri NATO, nauðsynlegt að efla evrópskan hernaðarmátt en hann sagði jafnframt nauðsynlegt að finna svar við spurningunni um þátttöku evrópsku NATO-ríkjanna utan ESB, svar sem allir aðilar gætu sætt sig við og sem virti sjálfstæði NATO og ESB.

Þá var haldinn fundur með utanríkismálanefnd Evrópuþingsins og Chris Patten sem fer með utanríkismál í framkvæmdastjórn ESB. Var það í fyrsta sinn sem þessir aðilar hittust á fundi. Helgast það af vaxandi hlutverki ESB á sviði öryggis- og varnarmála í Evrópu. Elmar Brok, formaður nefndarinnar, og Javier Ruperez, forseti NATO-þingsins, fluttu stutt ávörp, auk þess sem Chris Patten ávarpaði fundinn fyrir hönd framkvæmdastjórnar ESB. Hann sagði það markmið ESB að styrkja NATO og samskiptin yfir Atlantshafið með því að efla sambandið á sviði öryggis- og varnarmála. Sagði Patten að samkeppni við NATO væri ekki á döfinni heldur yrði ESB einfaldlega að hafa burði til að beita sér innan álfunnar þegar ekki væri vilji til þess innan NATO.

b. Fundur stjórnarnefndar.

Laugardaginn 8. apríl fundaði stjórnarnefnd NATO-þingsins í Brussel. Fundinn sat af hálfu Íslandsdeildar Tómas Ingi Olrich, formaður, auk ritara. Á fundinum var m.a. rætt um skipulag starfsemi þingsins, samskiptin við Rússland og Úkraínu og samskiptin við Evrópuþingið í ljósi þeirrar þróunar sem nú á sér stað á sviði Evrópusamstarfs í öryggis- og varnarmálum.

Fyrsta mál á dagskrá fundarins var skipulag starfsemi NATO-þingsins, en á undanförnum tíu árum eða svo hefur umfang starfseminnar um það bil tvöfaldast. Má þar nefna sérstaka vinnuhópa um málefni einstakra svæða, nefndir um samskipti við einstök lönd, fjölgun undirnefnda og nefndarfunda yfirleitt. Á sama tíma hefur sérfræðingum ekkert fjölgað á skrifstofu þingsins, þótt nokkuð sé leitað til ráðgjafa með einstök verkefni. Auk mikils álags á skrifstofu þingsins eru ýmsir fundir illa sóttir af þingmönnum og eru fundir stjórnmálanefndar og varnar- og öryggismálanefndar mun betur sóttir en fundir félagsmálanefndar, efnahagsnefndar og vísinda- og tækninefndar. Simon Lunn, framkvæmdastjóri þingsins, lagði fram skjal til grundvallar umræðunni, en þar eru ræddir kostir og gallar ýmissa hugmynda á borð við fjölgun starfsfólks, fækkun nefnda og fækkun nefndarfunda. Á fundinum voru ýmsar hugmyndir ræddar en litlar undirtektir voru við hugmyndir um að fækka nefndum. Tómas Ingi nefndi þó þann möguleika að verkefnum vísinda- og tækninefndar yrði skipt með efnahagsnefnd og öryggis- og varnarmálanefnd til að efla umfjöllun um vísinda- og tæknimál í þinginu. Tómas sagðist telja tækni of mikilvæga frá sjónarhóli öryggismála til að vera verkefni sérstakrar nefndar sem gjarnan væri skipuð mjög tæknilega sinnuðu fólki og skýrslur hennar líklegar til að ná lítilli umfjöllun í þinginu. Samþykkt var að Lunn ynni aðrar tillögur fyrir fund stjórnarnefndar á vorfundi þingsins í Búdapest í maí sem yrðu skýrari svo að hægt væri að taka afstöðu til þeirra.

Þá voru rædd samskipti þingsins við Rússland og Úkraínu, en rússneska Dúman sleit samskiptum við NATO-þingið vegna loftárása NATO á Júgóslavíu fyrir rúmu ári og meiri hluti úkraínsku Rödunnar hefur undanfarin ár ekki viljað eiga samskipti við NATO-þingið. Borist hafði bréf frá forseta rússnesku Dúmunnar þar sem hann tjáði framkvæmdastjóra NATO-þingsins að engin breyting hefði orðið á stefnu Dúmunnar og að NATO-þingið yrði látið vita ef svo yrði.

Þá var rætt um aukin samskipti NATO-þingsins og Evrópuþingsins í ljósi þeirrar öru þróunar sem nú á sér stað á sviði Evrópusamstarfs í öryggis- og varnarmálum. Urðu nokkrar umræður um tillögur að auknum samskiptum NATO-þingsins og Evrópuþingsins. Þar á meðal voru tillögur forseta NATO-þingsins um að fundur með utanríkismálanefnd Evrópuþingsins yrði fastur liður í febrúarfundum NATO-þingsins og að NATO-þingmenn fengju nokkurn aðgang að ársfjórðungslegum fundum nefndarinnar með aðilum sem væru í forsvari fyrir öryggis- og varnarmál fyrir hönd framkvæmdastjórnar og ráðherraráðs ESB. Jafnframt var lagt til að Evrópuþingið fengi svipaða stöðu innan NATO-þingsins og aukaaðildarríki, þ.e. fullt málfrelsi og tillögurétt. Fyrir fundinn voru formenn landsdeilda NATO-þingsins hvattir til að skýra frá afstöðu sinni til tillagnanna. Í svarbréfi Tómasar Inga Olrich til forseta NATO-þingsins er frumkvæði að auknum tengslum við Evrópuþingið fagnað og lýst yfir ánægju með tilhögun febrúarfundarins. Hins vegar lagði hann áherslu á að gagnkvæmni yrði að gæta í þessu sambandi og því var tillögu um aukaaðild Evrópuþingsins, og þar með rétt þess til að gera breytingatillögur, hafnað. Í umræðum á fundinum var lýst yfir stuðningi við frumkvæði Íslandsdeildarinnar í þessu máli og að tillögu Ruperez var samþykkt að bjóða Evrópuþinginu að senda 10 manna sendinefnd á fundi NATO-þingsins. Jafnframt var kveðið

á um að slík sendinefnd fengi ekki að leggja fram breytingartillögur á fundum NATO-þingsins.

Fyrir fundinum lágu beiðnir frá Króatíu og Aserbaídsjan um aukaaðild að NATO-þinginu, en Aserbaídsjjan hefur áheyrnaraðild. Samþykkt var að bjóða króatíska þinginu áheyrnaraðild að NATO-þinginu og að hafin yrði vinna að skýrslum um umsóknir ríkjanna. Að lokum var rætt um fyrirkomulag á afgreiðslu ályktana og breytingartillagna og samþykkt að gerðar yrðu breytingartillögur við starfsreglur þingsins fyrir vorfundinn í Búdapest.

c. Vorfundur.

Dagana 26.–30. maí var vorfundur NATO-þingsins haldinn í Búdapest. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Tómas Ingi Olrich, formaður, Guðmundur Árni Stefánsson, varaformaður, og Jón Kristjánsson, auk ritara. Að vanda var vorfundurinn skipulagður sem nokkurs konar undirbúningsfundur fyrir ársfund þingsins sem haldinn var í Berlín í nóvember. Í málefnanefndum voru til umræðu skýrslu- og ályktanadrög, auk þess sem gestir ávörpuðu fundi nefndanna og svöruðu spurningum þingmanna. Javier Ruperez, forseti NATO-þingsins, lét af embætti sínu á fundinum og var samþykkt að bandarískí varaforsetinn, Thomas Bliley, yrði starfandi forseti fram að ársfundi þingsins í Berlín. Þá var Króatíu veitt aukaaðild að NATO-þinginu, en nokkrum dögum áður hafði ríkið gerst aðili að *Samstarfi í þágu friðar.*

Í stjórnmálanefnd voru til umræðu skýrslur um hvaða lærdóm mætti draga af átökunum í Kosovo, um áætlanir Bandaríkjamanna um takmarkaðar eldflaugavarnir og um samskipti NATO við önnur aðildarríki Evró-Atlantshafssamstarfsráðsins. Fund nefndarinnar ávörpuðu dr. János Martonyi, utanríkisráðherra Ungverjalands, Konstantin P. Eggert, aðalfréttaritari BBC í Moskvu, og dr. András Simonyi, fastafulltrúi Ungverjalands hjá NATO. Í ávarpi sínu fjallaði Eggert meðal annars um mikilvægi aukinna erlendra fjárfestinga fyrir rússneska hagkerfið. Tómas Ingi Olrich benti á að mikil skattlagning og réttaróvissa hefðu öðru fremur haldið aftur af erlendum fjárfestum í Rússlandi og spurði hann hvort fyrirsjáanlegar væru breytingar til hins betra í þeim efnum. Eggert svaraði því til að hin nýja ríkisstjórn hefði án efa nauðsynlega þekkingu til að bæta þetta.

Í öryggis- og varnarmálanefnd voru til umræðu skýrslur um Evrópusamstarf í öryggis- og varnarmálum á vettvangi NATO og ESB, áætlanir Bandaríkjamanna um takmarkaðar eldflaugavarnir, bandalagið að afloknum átökunum í Kosovo, hernaðarmátt NATO og fjölþjóðlegt samstarf til hættuástandsstjórnunar. Fundinn ávörpuðu dr. János Szabó, varnarmálaráðherra Ungverjalands, og Frank Boland, aðstoðarframkvæmdastjóri herþróunardeildar NATO. Jón Kristjánsson þakkaði hollenska framsögumanninum, Wim van Eekelen, fyrir góðan skilning á stöðu evrópsku NATO-ríkjanna utan ESB og jákvæða afstöðu til hagsmuna þeirra í skýrslunni um Evrópusamstarf í öryggis- og varnarmálum. Jón lýsti og stuðningi Íslands við fyrirhugaða eflingu sjálfstæðs evrópsks hernaðarmáttar en lagði áherslu á að slíkt yrði að verða til þess að efla bandalagið og minnti á að á leiðtogafundi NATO í Washington fyrir rúmu ári hefði verið lögð áhersla á að evrópsku NATO-ríkin utan ESB fengju eins mikinn aðgang að þessu samstarfi ESB og nokkur kostur væri á. Á fundinum virtist ríkja almennt samkomulag um þetta. Í félagsmálanefnd voru til umræðu skýrslur um þátt Evrópustoðar NATO í aðgerðum til að hafa stjórn á hættuástandi, samstarf hersveita við borgaralega aðila í stjórnun hættuástands og félagslega hlið stöðugleikasáttmálans fyrir Suðaustur-Evrópu. Fundinn ávörpuðu Réka Szemerkényi, skrifstofustjóri úr ungverska forsætisráðuneytinu, Zoran Zivkovic, borgarstjóri Nis í Júgóslavíu, bandarískí þingmaðurinn Nick Lampson og Bridget Kendall frá BBC. Í efnahagsnefnd voru til umræðu skýrslur um þróun fjárframlaga til varnarmála í aðildarríkjum NATO, Heimsviðskiptastofnunina og samskiptin yfir Atlants-

hafið og um efnahagsþróun í Suðaustur-Evrópu. Fundinn ávörpuðu György Matolcsy, efnahagsmálaráðherra Ungverjalands, Frank Boland, aðstoðarframkvæmdastjóri herþróunardeildar NATO, og Michael Emerson frá Rannsóknastofnun í Evrópumálum sem staðsett er í Brussel. Í vísinda- og tækninefnd voru til umræðu skýrslur um orkumál 21. aldar, takmörkun hefðbundins vopnabúnaðar og um náttúruhamfarir og umhverfisvá í Austur-Evrópu. Fundinn ávörpuðu dr. Zoltán Illés, formaður umhverfisnefndar ungverska þingsins, dr. William C. Potter frá Monterey rannsóknastofnuninni í alþjóðamálum og Jürgen Kleinwächter frá Bomin Solar rannsóknastofnun í orku- og umhverfismálum.

Á fundi stjórnarnefndar var meðal annars ákveðið að bandarískri varaforsetinn, Thomas Bliley, yrði starfandi forseti þingsins fram að ársfundinum í Berlín. Þá var fram haldið fyrri umræðu um skipulag nefnda og almennra þingstarfa. Ákveðið var að breyta nafni efnahagsnefndar í efnahags- og öryggismálanefnd. Jafnframt var ákveðið að sett yrði á laggirnar sérstök undirnefnd efnahags- og öryggismálanefndar sem fjallaði um samskiptin yfir Atlantshafið og lýsti Tómas Ingi Olrich sérstökum stuðningi við það framtak. Þá var rætt um að fækka heimsóknum undirnefnda og senda í staðinn eingöngu framsögumann og nefndarformann, auk starfsmanns nefndarinnar, á fundi. Loks var ákveðið að stefna að því að fundir undirnefnda yrðu oftar í Brussel þar eð NATO-þingið hefði komið sér upp ágætri fundaraðstöðu þar. Ýmsar fleiri hugmyndir voru settar fram í þessum efnum og var ákveðið að umræðunni yrði fram haldið á ársfundinum í Berlín. Samskipti NATO-þingsins við rússnesku Dúmuna höfðu legið niðri í rúmt ár, en á fundinum var samþykkt að fela framkvæmdastjóra NATO-þingsins að kanna hvort nýjum forseta Rússlands fylgdi breytt afstaða Dúmunnar, m.a. í samráði við sendinefnd rússneska Sambandsráðsins á NATO-þinginu. Samþykkt var að mæla með því við þingfund að Króatíu yrði veitt aukaaðild að NATO-þinginu, en nokkrum dögum áður gerðist Króatía aðili að *Samstarfi í þágu friðar*. Breytingar á starfsreglum voru ræddar en gríðarlegur fjöldi breytingartillagna hafði sett svip sinn á undanfarna ársfundi. Lagt var til að ekki dygði undirskrift eins þingmanns til að breytingartillaga yrði rædd heldur þyrfti undirskriftir fimm þingmanna frá samtals þremur löndum. Sú athugasemd kom fram að nauðsynlegt gæti þótt fyrir tiltekna landsdeild að leggja fram breytingartillögu þótt hún nyti ekki stuðnings fulltrúa annarra ríkja. Almenn samstaða var um að gera yrði undanþágu ef heil landsdeild stæði að breytingartillögu og benti Tómas Ingi á að Íslandsdeildin hefði t.d. einungis þremur þingmönnum á að skipa og gæti því ekki ein og sér uppfyllt kröfuna um fimm undirskriftir, auk þess sem stærri landsdeildum gæti eflaust reynst erfitt að afla allra undirskriftanna. Samþykkt var að hafa meginregluna þá að a.m.k. fimm fulltrúa þyrfti frá a.m.k. þremur löndum, en að formaður landsdeildar gæti jafnframt lagt fram breytingartillögu í nafni viðstaddra fulltrúa sinnar landsdeildar. Loks var rætt um drög að fjárlögum fyrir árið 2001 en var þar í fyrsta sinn í fjögur ár tekið tillit til verðbólgu og lögð til hækkun, um 1% umfram verðbólguhraða í Belgíu.

Þingfundurinn samþykkti tillögu stjórnarnefndar um aukaaðild Króatíu. Fundinn ávörpuðu János Áder, forseti ungverska þingsins, Viktor Orbán, forsætisráðherra Ungverjalands, Javier Ruperez, fráfarandi forseti NATO-þingsins, Tonino Picula, utanríkisráðherra Króatíu, og George Robertson lávarður, framkvæmdastjóri NATO. Viktor Orbán og Robertson lávarður svöruðu jafnframt spurningum þingmanna.

d. Ársfundur.

46. haustfundur NATO-þingsins haldinn í Berlín dagana 17.–21. nóvember. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Tómas Ingi Olrich, formaður, Guðmundur Árni Stefánsson, varaformaður, og Jón Kristjánsson, auk forstöðumanns alþjóðasviðs. Tómas Ingi sat fundi stjórnar-

nefndar og stjórnmálanefndar. Guðmundur Árni sat fundi félagsmálanefndar og Jón Kristjánsson sat fundi öryggis- og varnarmálanefndar.

Á fundi stjórnarnefndar var meðal annars rætt um starfsemi næsta árs þar sem lögð verður áhersla á málefni Suðaustur-Evrópu og verður félagsmálanefndin þar í aðalhlutverki. Þá verður fylgst með aðgerðum tengdum stöðugleikasáttmála ESB og fylgst sérstaklega með Serbíu- Svartfjallalandi, Kosovo og Bosníu og Hersegóvínu. Rætt var um að tvær Rose-Roth námsstefnur yrðu haldnar í Suðaustur-Evrópu, önnur í Króatíu og hin í Rúmeníu. Stjórnarnefndin lagði þunga áherslu á að bæta samskiptin við rússnesku Dúmuna á næsta ári og hyggst halda áfram að byggja upp samskipti við Úkraínu. Stjórnmálanefndin mun væntanlega eiga fund þar í landi á næsta ári. Samskiptin við Kákasus-héraðið og Mið-Asíu hafa verið lítil, en Rose-Roth námsstefna í Georgíu er í undirbúningi og hyggst forseti þingsins sækja Georgíu og Aserbaídsjan heim. Bæði stjórnmálanefnd og öryggis- og varnarmálanefnd munu halda áfram að fjalla markvisst um stefnu ESB í varnar- og öryggismálum sem og fyrirhugað eldflaugavarnakerfi Bandaríkjanna.

Samskipti NATO-þingsins við Evrópuþingið hafa þróast á jákvæðan hátt að undanförnu og verður unnið að því að styrkja það samband og festa í sessi. Ekki hefur verið leyst hvernig tryggt verður að þingmenn taki þátt í gerð öryggis- og varnarmálastefnu ESB og veiti nauðsynlegt lýðræðislegt aðhald og taldi stjórnarnefnd NATO-þingsins því að náið samráð, bæði við Evrópuþingið og VES-þingið, væri nauðsynlegt. Varðandi frekari stækkun NATO var greint frá því að stjórnmálanefnd þingsins mundi fylgjast afar grannt með gangi mála. NATO-þingið mundi áfram sem hingað til veita ríkjum sem hafa sótt um aðild að NATO aðstoð við að uppfylla settar kröfur og halda uppi umræðu um stækkun til að hafa áhrif á almenningsálit og afstöðu þjóðþinga. Þá var rætt um að sérstakur framsögumaður um öryggismál á norðurslóðum yrði áfram og að ein Rose-Roth námsstefna yrði haldin í Rígu á næsta ári. Kom jafnframt fram að hópur um málefni Miðjarðarhafssvæðisins mundi á næsta ári leggja áherslu á samskipti við ríki sem tækju þátt í viðræðuhópi NATO um Miðjarðarhafssvæðið (NATO's Mediterranean Dialogue) og þá væri ráðgerð heimsókn til Alsírs. Þá hefði Ísrael boðist til að halda málstofu á árinu. Sem fyrr yrði lögð áhersla á Atlantshafstengslin og yrðu ýmsir nefndarfundir haldnir í Bandaríkjunum með þátttöku þingmanna og sérfræðinga. Stjórnarnefndin ræddi og um ástand mála í Hvíta-Rússlandi og samskiptin við þjóðþing landsins. Gert var ráð fyrir að sendinefnd færi til Hvíta-Rússlands á næsta ári undir forustu félagsmálanefndar NATO-þingsins. Ekki væri þó talin ástæða til að taka upp formleg samskipti við þjóðþingið og yrði þingmönnum frá síðasta réttkjörna þingi landsins væntanlega áfram boðið á NATO-þing.

Að þessu sinni einkenndist ársfundurinn fyrst og fremst af umfjöllun um stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum, fyrirætlunum Bandaríkjastjórnar um að koma á fót takmörkuðu eldflaugavarnakerfi og stækkunarferli NATO. Ályktað var um þessi mál, en jafnframt um stöðugleika, frið og hagsæld í suðausturhluta Evrópu, ástandið í Hvíta-Rússlandi, öryggi og stöðugleika á Evró-Atlantshafssvæðinu og hlutverk ESB, framlög til varnarmála á nýrri öld og orkumál, auk þess sem ályktað var gegn útbreiðslu léttvopna. Skýrslur voru lagðar fram um öll þessi mál og voru þær til umfjöllunar í viðeigandi málefnanefndum þingsins. Nefndirnar samþykktu drög að ályktunum sem voru afgreiddar á þingfundi.

Jón Kristjánsson lagði fram breytingartillögu við ályktun um stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum þar sem kveður fastar að orði um þátttöku þeirra NATO-ríkja sem standa utan við ESB í evrópsku samstarfi á sviði öryggis- og varnarmála. Naut breytingartillagan mikils stuðnings annarra þingmanna og var samþykkt. Umræður um þetta mál einkenndust hins vegar af nokkurri togstreitu milli þingmanna ESB-ríkja og þingmanna ríkja sem standa utan

ESB. Orðalag sem samþykkt var í varnar- og öryggismálanefnd um hlutdeild í ákvarðanatöku breyttist í meðförum þingfundarins og varð niðurstaðan þar með veikari. Var það gert að tillögu van Eekelen frá Hollandi en Tómas Ingi var meðal þeirra sem mæltu gegn tillögunni hans.

Guðmundur Árni var einn af flutningsmönnum tillögu um að Eystrasaltsríkin yrðu sérstaklega nefnd í ályktun um stækkunarferli NATO. Tillagan var felld þar sem fundurinn ákvað að ekki skyldi nefna eitt ríki öðrum fremur í tengslum við næstu stækkun NATO.

Tómas Ingi mælti bæði í stjórnmálanefnd og stjórnarnefnd með því að orkumál og áhrif þeirra á öryggismál yrðu áfram til umfjöllunar á NATO-þinginu. Ákveðið var að efnahags- og öryggismálanefnd tæki orkumál til umfjöllunar á næsta ári, en skýrsla um þetta mál var lögð fram í Berlín á vegum vísinda- og tækninefndar þingsins.

Margir gestir ávörpuðu einstakar nefndir og má þar sérstaklega nefna tvo gesti sem komu á fund stjórnmálanefndar, þá Tim Judah, blaðamann og sérfræðing í málefnum Balkanskaga sem fjallaði um stöðu mála og horfur í Júgóslavíu, og Dr. Pavel Felgenhauer, sérfræðing í varnarmálum og málefnum Rússlands, sem hélt mjög fróðlegt erindi um ástandið í Tsjetsjeníu og Mið-Asíu. Þingfundinn ávörpuðu Thomas Bliley, forseti NATO-þingsins, Eberhard Diepgen, borgarstjóri Berlínar, Robertson lávarður, framkvæmdastjóri NATO, Joseph Ralston hershöfðingi, yfirmaður Evrópuherja NATO, og Milo Djukanovic, forseti Svartfjallalands.

e. Nefndarfundir.

Alls tóku fulltrúar Íslandsdeildarinnar þátt í sex nefndarfundum utan venjubundinna þingfunda NATO-þingsins. Tómas Ingi Olrich og Guðmundur Árni Stefánsson tóku þátt í fundi Miðjarðarhafshópsins í Genóva í byrjun desember en áður hafði Guðmundur Árni tekið þátt í hringborðsumræðum á vegum Rose-Roth áætlunarinnar í Montreux. Þá sótti Guðmundur Árni fund Miðjarðarhafshópsins í Líbanon í maí. Jón Kristjánsson fór í ferð varnar- og öryggismálanefndar NATO-þingsins til Bandaríkjanna í febrúar og sat sameiginlega fundi efnahagsnefndar og varnar- og öryggismálanefndar með stjórnmálanefndinni í Brussel í sama mánuði.

Alþingi, 31. jan. 2001.

Tómas Ingi Olrich, form.	Guðmundur Árni Stefánsson, varaform.	Jón Kristjánsson.

Fylgiskjal I.

Yfirlýsingar og ályktanir NATO-þingsins árið 2000.

Vorfundur, 26.–30. maí:

Tillaga um aukaaðild Króatíu að NATO-þinginu samþykkt.

Ársfundur 17.–21. nóvember:

1. Yfirlýsing nr. 296, um aukinn styrk Evrópusambandsins til bætts öryggis og stöðugleika á Evró-Atlantshafssvæðinu.
2. Yfirlýsing nr. 297, um Hvíta-Rússland.
3. Ályktun nr. 298, um öryggi og varnir Evrópu.
4. Ályktun nr. 299, um útgjöld til varnarmála á nýju árþúsundi.
5. Ályktun nr. 300, um stöðugleika, frið og hagsæld í suðausturhluta Evrópu.
6. Ályktun nr. 301, um stækkun NATO.
7. Ályktun nr. 302, um orkumál.
8. Ályktun nr. 303, um smávopn.
9. Ályktun nr. 304, um eldflaugavarnir.

Fylgiskjal II.

Almennt um NATO-þingið.

NATO-þingið er þingmannasamtök sem hafa allt frá árinu 1955 verið vettvangur þingmanna aðildarríkja NATO til að ræða sameiginleg hagsmunamál og áhyggjuefni. Fram til ársins 1999 bar þingið heitið Norður-Atlantshafsþingið, en heitir síðan NATO-þingið. Undanfarin ár hefur aðildar- og aukaaðildarríkjum fjölgað á þinginu og starfssvið þess verið víkkað til móts við þær breytingar sem orðið hafa í ríkjum sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum og í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Þrettán ný lýðræðisríki úr hópi fyrrverandi kommúnistaríkja hafa nú aukaaðild að þinginu sem þýðir að þau geta tekið þátt í störfum og umræðum á þinginu sem beinast í auknum mæli að öryggismálum Evrópu í heild og efnahagslegum og pólitískum vandamálum í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Með Rose-Roth áætluninni styður þingið nú einnig við þróun þingbundins lýðræðis í þessum ríkjum (sjá nánar í b-lið).

a. Hlutverk og starfssvið þingsins.

Í Atlantshafssáttmálanum 1949 var ekki gert ráð fyrir þinglegri ráðgjafarsamkundu, en með tímanum jókst skilningur manna á því að nauðsyn væri á einhvers konar skipulegu samstarfi þjóðþinga í tengslum við og til stuðnings Atlantshafsbandalaginu (NATO). Þingið hefur því enga formlega stöðu innan bandalagsins en smám saman hefur komist á náin og virk samvinna stofnananna. Meginhlutverk þingsins er að upplýsa þingmenn og efla samstöðu þjóðþinga á milli. Þingið gerir þingmönnum aðildarríkja bandalagsins, og nú einnig þingmönnum ríkja Mið- og Austur-Evrópu, kleift að koma á framfæri áhuga- og áhyggjuefnum ríkja sinna og skiptast á viðhorfum í ýmsum löndum og svæðum til mikilvægra sameiginlegra hagsmunamála. Fulltrúar á þingið eru kjörnir af þjóðþingum með aðferðum sem þjóðþingin ákveða. Þar endurspeglast því afar breitt svið pólitískra skoðana. Þingið kemur saman

tvisvar á ári, til vorfundar að vori og ársfundar að hausti. Fundir eru haldnir í aðildarríkjunum til skiptis í boði þjóðþinganna.

Starfsemi þingsins fer að mestu fram í fimm málefnanefndum, stjórnmálanefnd, varnar- og öryggismálanefnd, félagsmálanefnd, efnahagsnefnd, og vísinda- og tækninefnd. Þessar nefndir eru bæði vinnuhópar og meginvettvangur umræðna. Þær rannsaka og fjalla um samtímamál er koma upp á starfssviði þeirra. Óski nefnd þess að gera ítarlega rannsókn á tilteknu máli getur hún kosið undirnefnd eða komið á fót vinnuhópi til að afla um það upplýsinga. Nefndarálit eru oftast sett fram í formi tillagna eða ályktana sem nefndin samþykkir og þingið greiðir síðan atkvæði um. Tillögum er beint til Norður-Atlantshafsráðsins og í þeim er hvatt til tiltekinna aðgerða en ályktunum þingsins er beint til ríkisstjórna aðildarríkja.

Þótt þingið sé óháð Atlantshafsbandalaginu hafa samskipti þingsins við bandalagið sem fyrr segir smám saman tekið á sig fastara form og meðal formlegra samskipta má nefna formlegt svar við tillögum þingsins af hálfu framkvæmdastjóra bandalagsins fyrir hönd Atlantshafsráðsins, ávarp framkvæmdastjóra bandalagsins á haustfundum þingsins, aukafundi nefnda í Brussel í febrúarmánuði ár hvert til að greiða fyrir samskiptum við starfsmenn og embættismenn bandalagsins og SHAPE (Supreme Headquarters, Allied Powers in Europe – æðstu bækistöðvar bandamanna í Evrópu) og loks fundi forustumanna í þinginu og Atlantshafsráðsins til gagnkvæmra skoðanaskipta.

b. Samskiptin við ríki Mið- og Austur-Evrópu.

Eins og Atlantshafsbandalagið sjálft hefur þingið endurskoðað hlutverk sitt í ljósi mikilla breytinga á alþjóðavettvangi. Þótt enginn vafi leiki á þörf fyrir bandalagið og hið einstæða samband sem það felur í sér milli þjóða beggja vegna Atlantshafs er þörf breytinga til aðlögunar að nýjum aðstæðum sem skapast hafa. Umfram allt kallar þetta á þróun fyrirkomulags í öryggismálum sem byggist á samvinnu og umræðum fremur en árekstrum. NATO-þingið (þá Norður-Atlantshafsþingið) hóf tilraunir til að koma á samskiptum við þjóðir Mið- og Austur-Evrópu árið 1987. Það var þó ekki fyrr en í nóvember 1990, á ársfundi í Lundúnum, að samskiptum þessum var komið í fastara form er þjóðþing Búlgaríu, Tékkóslóvakíu (nú Tékklands og Slóvakíu), Ungverjalands, Póllands og fyrrverandi Sovétríkjanna (nú Rússlands) fengu aukaaðild að þinginu. Síðan þá hafa þjóðþing Albaníu, Georgíu, Hvíta-Rússlands, Eistlands, Lettlands, Litháens, Moldavíu, Rúmeníu, Slóveníu, Sviss, Úkraínu og Króatíu fengið aukaaðild að þinginu. Mikilvægi aukaaðildar felst í því að hún veitir löggjöfum nýju lýðræðisríkjanna tækifæri til að taka virkan þátt í störfum þingsins.

Þingið hefur einnig átt frumkvæði að öðrum áætlunum er varða Mið- og Austur-Evrópu. Í samræmi við áætlun sem sett var fram árið 1991 af tveimur bandarískum þingmönnum og nú fyrrverandi forsetum Norður-Atlantshafsþingsins, þeim Charlie Rose og William V. Roth Jr., beinir NATO-þingið nú kröftum sínum í ríkum mæli að því að efla þróun þingræðis í Mið- og Austur-Evrópu. Meginþátturinn í Rose-Roth áætluninni er röð námsstefna og ráðstefna þar sem fjallað er um sérstök vandamál Mið- og Austur-Evrópulanda þar sem reynsla og þekking þingfulltrúa kemur að gagni og þingið getur lagt mikið af mörkum vegna sérstöðu sinnar sem fjölþjóðlegur umræðuvettvangur. Margar þessara námsstefna fjalla beint eða óbeint um samskipti hers og borgaralegra stjórnvalda, einkum um lýðræðisleg yfirráð yfir herafla. Þeim er ætlað að miðla upplýsingum og sérþekkingu sem nauðsynleg er til þess að tryggja virka þátttöku þjóðþinga í gerð varnaráætlana og taka ákvörðun um fjárveitingar til varnarmála og herafla. NATO-þingið býður einnig starfsmönnum frá löndum Mið- og Austur-Evrópu til stuttrar rannsóknardvalar (í þrjá til sex mánuði) á skrifstofu þingsins í

Brussel. Einnig hefur verið komið á laggirnar þjálfunaráætlun til að starfslið þjóðþinganna geti öðlast beina reynslu af starfsemi alþjóðlegra stofnana.

Af margvíslegri starfsemi NATO-þingsins sem að framan er lýst má vera ljóst að þingið hefur bætt nýrri vídd við hefðbundið hlutverk sitt að hlúa að Atlantshafstengslunum.

c. Fulltrúar á NATO-þinginu og embættismenn þess.

Á NATO-þinginu eiga sæti 214 þingmenn. Fjöldi fulltrúa frá hverju landi ræðst að mestu af fólksfjölda. Stærsta sendinefndin er sú bandaríska með 36 þingmenn frá öldungadeild og fulltrúadeild bandarískra þingsins. Sendinefndir Frakklands, Þýskalands, Ítalíu og Bretlands skipa 18 þingmenn hverja. Kanada, Pólland, Spánn og Tyrkland senda 12 fulltrúa hvert. Frá Belgíu, Grikklandi, Hollandi, Portúgal, Tékklandi og Ungverjalandi koma sjö frá hverju ríki. Danmörk og Noregur senda fimm fulltrúa hvort ríki og Ísland og Lúxemborg þrjá. Auk fulltrúanna má hvert þjóðþing tilnefna jafnmarga varamenn sem mega taka þátt í öllum störfum þingsins en hafa ekki atkvæðisrétt. Ráðherrar í ríkisstjórnum mega ekki vera fulltrúar á NATO-þinginu. Aukaaðilar taka þátt í nefndarfundum og þingfundum en hafa ekki atkvæðisrétt.

Embættismenn þingsins eru sex og eru fimm þeirra kjörnir ár hvert af fulltrúum á þingfundi (forseti og fjórir varaforsetar). Sjötti embættismaðurinn er gjaldkeri en hann kýs stjórnarnefndin annað hvert ár. NATO-þinginu er stjórnað af stjórnarnefnd en í henni eiga sæti formenn allra sendinefndanna, forseti, varaforsetar, gjaldkeri og nefndaformenn.

d. Fjármögnun.

Starfsemi þingsins er fjármögnuð með framlögum þjóðþinga eða ríkisstjórna aðildarríkja. Framlög eru reiknuð á grundvelli þeirra viðmiða sem notuð eru við gerð fjárhagsáætlunar NATO um kostnað annan en herkostnað. Til að standa straum af hluta kostnaðar við árlegt þinghald greiðir NATO einnig framlag til þingsins ár hvert.

Fylgiskjal III.

<table>
<tr><td colspan="3">NATO-ÞINGIÐ
Kemur saman á þingfundi tvisvar á ári, á vorfundi og ársfundi</td></tr>
<tr><td colspan="2">Sendinefndir aðildarríkja

19 aðildarríki Atlantshafsbandalagsins
214 þingmenn

Fjöldi þingsæta er í hlutfalli
við fólksfjölda</td><td>Aukaaðilar

Frá Albaníu, Búlgaríu, Eistlandi, Georgíu,
Hvíta-Rússlandi, Lettlandi,
Litháen, Moldavíu, Rúmeníu, Rússlandi,
Slóvakíu, Slóveníu, Sviss, Úkraínu og Króatíu

Hafa ekki atkvæðisrétt</td></tr>
<tr><td>Framkvæmdastjórn

Kosin árlega

Forseti, fjórir varaforsetar,
gjaldkeri, framkvæmdastjóri</td><td>Stjórnarnefnd

Formenn sendinefnda
Formenn nefnda

Hvert land hefur eitt atkvæði

Kemur saman þrisvar á ári</td><td></td></tr>
<tr><td></td><td></td><td></td></tr>
</table>

Nefndarfundir	Þingfundir	Önnur starfsemi
Fimm nefndir: Félagsmálanefnd Varnar- og öryggismálanefnd Efnahags- og öryggismálanefnd Stjórnmálanefnd Vísinda- og tæknínefnd Taka saman, ræða og greiða atkvæði um skýrslur og ályktanir Mynda undirnefndir til að rannsaka afmörkuð mál og afla upplýsinga	Greiða atkvæði um tillögur nefndanna fimm og um fjárhagsáætlun Ræða afmörkuð málefni sem ofarlega eru á baugi Hlýða á ávörp gesta Með þátttöku auka- og áheyrnaraðila	Árleg kynnisferð til að skoða hernaðarmannvirki og búnað Námsstefnur og hringborðsumræður innan Rose-Roth áætlunarinnar

826. Fyrirspurn [530. mál]

til dómsmálaráðherra um hjónabönd útlendinga hér á landi.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hversu margir útlendingar hafa gengið í hjónaband hér á landi undanfarin 10 ár, sundurliðað eftir árum?
2. Hversu margir Íslendingar hafa gengið í hjónaband með erlendum ríkisborgurum undanfarin 10 ár, sundurliðað eftir árum?
3. Hversu margir þeirra erlendu ríkisborgara sem gengu í hjónaband hér á landi koma frá löndum á Evrópska efnahagssvæðinu og hve margir frá öðrum löndum?

Skriflegt svar óskast.

827. Fyrirspurn [531. mál]

til iðnaðarráðherra um tekjur og útgjöld Löggildingarstofu.

Frá Ögmundi Jónassyni og Gísla S. Einarssyni.

1. Hverjar eru heildartekjur Löggildingarstofu og hvernig skiptast þær samkvæmt eftirfarandi:
   a. tekjur af rafveitueftirlitsgjaldi samkvæmt reglugerð um raforkuvirki, þ.e. gjaldi af orkusölu sem innheimt er til rafmagnseftirlits,
   b. tekjur af markaðseftirliti með:
      1. rafföngum og rafmagnstækjum,
      2. leikföngum og fleiru,
   c. tekjur mælifræðideildar; tekjur af kvörðunum og löggildingum mælitækja,
   d. tekjur faggildingasviðs,
   e. aðrar tekjur, ef einhverjar eru, af hverju og hve miklar?

2. Hvernig skiptast útgjöld Löggildingarstofu:
   a. til rafmagnseftirlits, greiðslur til skoðunarstofa vegna verkefna á vegum Löggildingarstofu,
   b. til markaðseftirlits raffanga,
   c. vegna markaðseftirlits leikfanga o.fl.,
   d. vegna mælifræðideildar,
   e. vegna faggildinga,
   f. vegna rekstrar yfirstjórnar og skrifstofuhalds?
3. Hversu mikið af tekjum Löggildingarstofu verður eftir í ríkissjóði?

Skriflegt svar óskast.

828. Fyrirspurn [532. mál]

til iðnaðarráðherra um rafmagnseftirlit.

Frá Gísla S. Einarssyni og Ögmundi Jónassyni.

1. Hversu margar rafveitur hafa verið skoðaðar árlega sl. þrjú ár:
   a. nýjar neysluveitur, heildarskoðun, þ.e. allt rafkerfi viðkomandi húsa,
   b. nýjar neysluveitur, hlutaskoðun, þ.e. hversu margar veitur eru aðeins skoðaðar að hluta,
   c. gamlar neysluveitur, heildarskoðun, þ.e. íbúðaveitur, atvinnuhúsnæði, sveitaveitur og stærri iðnaðarveitur, svo sem verksmiðjur,
   d. háspennuveitur, þ.e. aflstöðvar, tengivirki og háspennulínur?
2. Er mikið um að stærri neysluveitur séu aðeins skoðaðar að hluta þar sem skoðunarstofur í rafmagnseftirliti verða að takmarka skoðunartíma fyrir hverja veitu vegna kostnaðar?
3. Hver er meðalkostnaður rafmagnseftirlitsskoðana neysluveitna sem unnar eru af skoðunarstofum í umboði Löggildingarstofu á:
   a. íbúðum í fjölbýlishúsum, annars vegar gömlum og hins vegar nýjum,
   b. einbýlis- og raðhúsum,
   c. atvinnuhúsnæði, annars vegar heildarskoðun og hins vegar hlutaskoðun,
   d. stærri iðnaðarveitum, svo sem verksmiðjum?

Skriflegt svar óskast.

829. Fyrirspurn [533. mál]

til sjávarútvegsráðherra um rannsóknir á útbreiðslu krabba, beitukóngs og öðuskeljar við Ísland.

Frá Adolf H. Berndsen.

1. Eru fyrirhugaðar rannsóknir á útbreiðslu og veiðanleika trjónukrabba, beitukóngs, öðuskeljar og fleiri krabba og skeldýra hér við land?
2. Er hugsanlegt að slíkum rannsóknum verði flýtt í ljósi erfiðrar stöðu rækjuveiða víða á innfjarðamiðum?
3. Liggja fyrir athuganir á hvernig best megi nýta fyrrgreindar tegundir ef þær eru í veiðanlegu magni við strendur Íslands?
4. Hefur verið kannað hvaða umhverfiskröfur eru gerðar til að þessar tegundir megi nota til manneldis ef þær eru veiddar?

Skriflegt svar óskast.

830. Fyrirspurn [534. mál]

til menntamálaráðherra um tilraunir á grunnskólastigi.

Frá Einari Má Sigurðarsyni og Sigríði Jóhannesdóttur.

Í hverju eru þær tilraunir á grunnskólastigi fólgnar sem heimilaðar hafa verið skv.
a. 65. gr. laga nr. 63/1974,
b. 70. gr. laga nr. 49/1991,
c. 53. gr. laga nr. 66/1995?

Skriflegt svar óskast.

831. Fyrirspurn [535. mál]

til samgönguráðherra um steinsteypu til slitlagsgerðar.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hversu margir kílómetrar af steyptu slitlagi hafa verið lagðir síðan þingsályktun um notkun steinsteypu til slitlagsgerðar á samgönguleiðum var samþykkt 4. júní 1996?

2. Hvað átti ráðherra við þegar hann sagði 14. febrúar sl. í munnlegu svari við fyrirspurn á 70. fundi að notkun steypu hefði ekki reynst sem vonir stóðu til? Hvaðan er sú reynsla komin að steinsteypa hafi enst illa?

832. Lög [120. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 6. mars.)

Samhljóða þskj. 807.

833. Lög [175. mál]

um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

(Afgreidd frá Alþingi 6. mars.)

Samhljóða þskj. 808.

834. Lög [284. mál]

um breyting á lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965.

(Afgreidd frá Alþingi 6. mars.)

Samhljóða þskj. 313.

835. Fyrirspurn [536. mál]

til samgönguráðherra um verð á mölun steinefna fyrir Vegagerðina.

Frá Gunnari Birgissyni.

Hvernig hefur verð á mölun steinefna þróast eftir að mölunarsamstæða Vegagerðarinnar var seld fyrir þremur árum og öll mölunarverkefni fyrir Vegagerðina voru boðin út?

836. Fyrirspurn [537. mál]

til samgönguráðherra um klæðningarverkefni hjá Vegagerðinni.

Frá Gunnari Birgissyni.

1. Hve mikið er boðið út af klæðningarverkefnum hjá Vegagerðinni og hve mikið framkvæmir Vegagerðin sjálf?
2. Hvernig er verðsamanburður á milli verktaka og klæðningarflokks Vegagerðarinnar?
3. Stendur til að endurnýja tækjakost klæðningarflokks Vegagerðarinnar? Ef svo er, hvað kostar sú fjárfesting?

Skriflegt svar óskast.

837. Fyrirspurn [538. mál]

til samgönguráðherra um vegamálun hjá Vegagerðinni.

Frá Gunnari Birgissyni.

1. Hve mikið af vegamálun er boðið út hjá Vegagerðinni og hve mikið framkvæmir Vegagerðin sjálf?
2. Hver er núverandi tækjakostur Vegagerðarinnar í vegamálun?
3. Ætlar Vegagerðin að fjárfesta í nýjum tækjabúnaði fyrir vegamálun? Ef svo er, hvað kostar hann, hvenær kemur hann til landsins og hvernig verður fyrirkomulag vegamálunar hjá Vegagerðinni í framtíðinni?

838. Svar [385. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um tekjur og gjöld ríkisins af íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi.

1. Hverjar eru áætlaðar tekjur ríkissjóðs á árunum 1999–2000 af gjöldum, svo sem tollum og virðisaukaskatti, af íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi í landinu?

1.1 Virðisaukaskattur.

Samkvæmt 5. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er íþróttastarfsemi undanþegin virðisaukaskatti. Nánar tiltekið segir í ákvæðinu að undanþegin virðisaukaskatti sé „íþróttastarfsemi, svo og leiga á aðstöðu til íþróttastarfsemi, aðgangseyrir að sundstöðum, skíðalyftum, íþróttamótum, íþróttasýningum og heilsuræktarstofum.“ Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra má einnig ætla að verulegur hluti æskulýðs- og tómstundastarfsemi sé undanþegin virðisaukaskatti sem liður í félagslegri þjónustu, sbr. 2. tölul. 3. mgr. 2. gr.

laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Starfsemi sumarbúða fyrir börn er dæmi um hið síðarnefnda.

Íþrótta- og tómstundastarfsemi fellur utan skattskyldusviðs virðisaukaskattslaga. Mörg íþrótta- og tómstundafélög stunda hins vegar talsverða virðisaukaskattskylda starfsemi sem fellur utan hinnar eiginlegu íþróttastarfsemi, svo sem rekstur veitingasölu, sölu auglýsinga á búninga, keppnisvelli og í leikskrár, flugeldasölu og sölu jólatrjáa, sbr. eftirfarandi töflu frá embætti ríkisskattstjóra.

Virðisaukaskattskyld starfsemi íþrótta- og tómstundafélaga, þús. kr.

Atvinnu-grein	Fjöldi	Ár	S-24,5%	S-14%	Undan-þegin velta	Heildar velta	Út-skattur	Inn-skattur	Álagning
92.61	44	1999	20.876	1.836	20.910	43.623	5.372	3.426	1.945
92.61	37	2000	15.402	2.426	15.668	33.496	4.113	3.611	502
92.62	685	1999	323.460	27.616	147.998	499.074	83.114	49.812	33.302
92.62	628	2000	288.628	18.584	172.831	480.044	73.316	42.022	31.294
92.72	175	1999	85.960	29.517	12.913	128.390	25.193	19.361	5.832
92.72	163	2000	94.765	29.186	7.493	131.444	27.303	19.708	7.595
Samtals		**199**	**430.296**	**58.969**	**181.821**	**671.087**	**113.678**	**72.599**	**41.079**
Samtals		**200**	**398.796**	**50.196**	**195.992**	**644.984**	**104.732**	**65.341**	**39.392**

Skýringar á töflu.
Atvinnugrein = Atvinnugrein samkvæmt atvinnugreinaflokkun ÍSAT 95
92.61 = Rekstur íþróttamannvirkja
92.62 = Önnur íþróttastarfsemi
92.72 = Önnur ótalin tómstundastarfsemi
Fjöldi = Fjöldi aðila
S-24,5% = Skattskyld velta, 24,5 %
S-14% = Skattskyld velta, 14 %

Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra var álagning virðisaukaskatts, eftir atvinnugreinaflokkun ÍSAT 95, í atvinnugreinum 92.61, 92.62 og 92.72, fyrir árin 1999 og 2000, eins og fram kemur í töflunni. Athygli er vakin á því að álagning vegna síðustu tveggja mánaða ársins 2000 hefur enn ekki farið fram og ná upplýsingarnar því ekki til hinna óálögðu tímabila. Af tölunum má ráða að íþrótta- og tómstundafélög stundi virðisaukaskattskylda starfsemi í nokkrum mæli, eins og áður var nefnt.

1.2 Tollar.

Í tollskrá 2001 ber kafli 95 heitið „Leikföng, leikspil og íþróttabúnaður; hlutar og fylgihlutir til þessara vara“. Í kafla 95 eru m.a. eftirfarandi undirflokkar:

9503 Önnur leikföng, smækkuð líkön og áþekk tómstundalíkön.
9504 Hlutir til samkvæmisleikja, borð- eða spilastofuleiktæki, pinnaborð, biljarðborð o.fl.
9505 Hlutir til skemmtana eða annars hátíðarhalds.
9506 Hlutir og búnaður til almennrar líkamsræktar, fimleika, frjálsra íþrótta, annarra íþrótta eða útileikja.
9507 Veiðistangir, önglar og annar búnaður til veiða á línu; fiskháfar, fiðrildaháfar og áþekk net; tálfuglar og áþekkur veiði- eða skotbúnaður.
9508 Hringekjur, rólur, skotbakkar og annar búnaður fyrir skemmtigarða.

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun var heildarverðmæti (CIF-verð) innflutnings vara sem falla undir 95 kafla tollskrárinnar 1.289 millj. kr. árið 1999. Árið 2000 var samsvarandi heildarverðmæti vara sem falla undir 95 kafla tollskrárinnar 1.546 millj. kr.

Þau gjöld sem eru lögð á vörur í kafla 95 geta verið tollur og virðisaukaskattur. Samkvæmt upplýsingum frá tollstjóranum í Reykjavík voru tollar og virðisaukaskattur af undirflokkum 9503, 9504, 9505, 9506, 9507 og 9508 eftirfarandi á árunum 1999–2000.

Tollar og virðisaukaskattur árið 1999, millj. kr.

Tollskrárflokkur	Gjalda- eða tollategund	Aðflutningsgjöld
9503	Tollur (0/10 %)	23
9503	VSK (24,5 %)	96
9504	Tollur (0/10 %)	14
9504	VSK (24,5 %)	49
9505	Tollur (0/10 %)	10
9505	VSK (24,5 %)	34
9506	Tollur (0/10 %)	18
9506	VSK (24,5 %)	92
9507	Tollur (0/10 %)	5
9507	VSK (24,5 %)	36
9508	Tollur (0/10 %)	0
9508	VSK (24,5 %)	0
Samtals		**377**

Tollar og virðisaukaskattur árið 2000, millj. kr.

Tollskrárflokkur	Gjalda- eða tollategund	Aðflutningsgjöld
9503	Tollur (0/10 %)	27
9503	VSK (24,5 %)	104
9504	Tollur (0/10 %)	15
9504	VSK (24,5 %)	67
9505	Tollur (0/10 %)	12
9505	VSK (24,5 %)	37
9506	Tollur (0/10 %)	22
9506	VSK (24,5 %)	110
9507	Tollur (0/10 %)	5
9507	VSK (24,5 %)	34
9508	Tollur (0/10 %)	0
9508	VSK (24,5 %)	0
Samtals		**433**

Yfirlitið takmarkast við tekjur ríkissjóðs af tolli og þeim hluta virðisaukaskatts sem innheimtur er í tolli, þar sem ekki er unnt að reikna út með sæmilegri vissu tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti sem lagður er á viðkomandi vörur á heildsölu- og smásölustigi.

1.3 Tekju- og eignarskattur.

Æskulýðs-, íþrótta- og tómstundastarfsemi er undanþegin tekju- og eignarskatti, sbr. 6. mgr. 4. gr. laga nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt. Ákvæðið kveður á um að félög, sjóðir og stofnanir sem ekki stunda atvinnustarfsemi í hagnaðarskyni greiði hvorki tekjuskatt né eignarskatt. Þó er ekki alveg einhlítt að íþrótta- og tómstundastarfsemi sé undanþegin tekju- og eignaskatti þar sem íþrótta- og tómstundastarfsemi getur í einhverjum tilfellum falið í sér atvinnurekstur.

Taflan hér á eftir er byggð á upplýsingum frá ríkisskattstjóra um skatta lögaðila af rekstri sem fellur undir fyrrgreinda flokka íslensku atvinnugreinaflokkunarinnar, ÍSAT 95, fyrir árin 1998 og 1999. Ekki er unnt að veita upplýsingar um skatta ársins 2000 þar sem álagningu vegna ársins 2000 er ólokið.

Skattar af íþrótta- og tómstundastarfsemi 1998 og 1999, þús. kr.

Atvinnugrein	Ár	Tekjuskattur	Eignarskattur
92.61	1998	0	71
92.61	1999	104	111
92.62	1998	1.369	332
92.62	1999	4.664	1.253
92.72	1998	1.010	206
92.72	1999	2.054	635
Samtals	**1998**	**2.379**	**609**
Samtals	**1999**	**6.822**	**1.999**

Skýringar á töflu.
Atvinnugrein = Atvinnugrein samkvæmt atvinnugreinaflokkun ÍSAT 95
92.61 = Rekstur íþróttamannvirkja
92.62 = Önnur íþróttastarfsemi
92.72 = Önnur ótalin tómstundastarfsemi
Taflan miðast við stöðu álagningar 20. febrúar 2001.

2. *Hvaða tekjur aðrar fær ríkissjóður af þessari starfsemi?*

Ríkissjóður hefur óbeinar tekjur af íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi, eins og af margvíslegri annarri starfsemi í landinu. Nefna má tekjuskatt þeirra sem vinna við umrædda starfsemi. Laun starfsmanna íþróttafélaga, þ.m.t. leikmanna, eru eins og önnur laun tryggingargjaldsskyld, svo og reiknað endurgjald sjálfstætt starfandi manna er selja íþróttafélögum þjónustu sína.

3. *Hver er sundurliðaður fjárhagslegur stuðningur ríkisins, þar með talið allra ráðuneyta, við starfsemina í ár og hver var hann síðastliðin fimm ár?*

Í fjárlögum taka fjárlagaliðir 02-988 og 02-989 til æskulýðsmála og ýmissa íþróttamála. Í eftirfarandi töflu er sundurliðaður fjárstuðningur ríkisins síðustu fimm ára vegna þessarra tveggja fjárlagaliða, auk slysatrygginga íþróttafélaga. Hér er um bein framlög að ræða. Ekki liggja fyrir sérgreindar tölur um fjárhagslegan stuðning ríkisins við tómstundastarfsemi. Samkvæmt ríkisreikningi hefur beinn fjárhagslegur stuðningur ríkisins til æskulýðsmála og íþróttamála síðustu fimm árin verið sem hér segir:

Stuðningur ríkisins samkvæmt ríkisreikningi, millj. kr.

Ár	Æskulýðsmál, fjárlagaliður 02-988	Ýmis íþróttamál, fjárlagaliður 02-989	Slysatryggingar íþróttafélaga	Samtals
1995	33	86	37	156
1996	31	89	37	157
1997	34	126	39	199
1998	32	143	42	217
1999	44	161	45	247
2000	46	181	45	272

Stuðningur ríkisins á föstu verðlagi ársins 2000, millj. kr.[1]

Ár	Æskulýðsmál, fjárlagaliður 02-988	Ýmis íþróttamál, fjárlagaliður 02-989	Slysatryggingar íþróttafélaga	Samtals
1995	37	98	43	178
1996	34	100	41	175
1997	38	137	44	219
1998	35	155	45	235
1999	46	169	44	259
2000	46	181	45	272

[1] Á mælikvarða neysluvöruverðs.

Fyrirvari er hafður á tölunum fyrir árið 2000 þar sem ekki er búið að endurskoða ríkisreikning fyrir það ár. Þess ber að geta að einnig er gert ráð fyrir framlagi til íþrótta- og tómstundamála í framlögum til grunn- og menntaskóla og nokkuð er um að íþrótta- og tómstundafélög hafi styttri eða lengri afnot af eignum ríkisins, húseignum o.fl. endurgjaldslaust. Þá er hér einnig ótalinn sá fjárhagslegi ávinningur sem íþróttahreyfingin nýtur samkvæmt einkaleyfi og skattaundanþágum í tengslum við lottóstarfsemi sína.

839. Fyrirspurn [539. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um brjóstastækkanir.

Frá Katrínu Fjeldsted.

1. Hefur ráðherra upplýsingar um það hve margar brjóstastækkunaraðgerðir hafa verið gerðar hér á landi sl. 5–10 ár, annars vegar hjá konum sem fengið hafa krabbamein í brjóst og hins vegar sem fegrunaraðgerð eingöngu?
2. Hve lengi endast brjóstapúðar sem komið er fyrir við aðgerðirnar?
3. Tekur Tryggingastofnun ríkisins þátt í kostnaði við brjóstastækkunaraðgerðir?
4. Í hve mörgum tilvikum hefur silíkon verið notað sem fyllingarefni?
5. Er silíkon enn notað við brjóstastækkanir hér á landi sem fylliefni eða utan um saltvatnsfyllingar?
6. Hvers konar brjóstapúða er heimilt að nota við aðgerðirnar og við hvaða staðla er miðað?
7. Er vitað hve margar konur hafa kvartað til landlæknis um aukaverkanir af silíkonpúðum?

840. Frumvarp til laga [540. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

1. gr.

206. gr. laganna orðast svo:

Hver sem greiðir fyrir kynlífsþjónustu af einhverju tagi skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

Hver sem hefur atvinnu eða viðurværi sitt af vændi annarra skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

Sömu refsingu varðar það að ginna, hvetja eða aðstoða barn, yngra en 18 ára, til þess að stunda hvers konar kynlífsþjónustu.

Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að því að fólk sé flutt úr landi eða til landsins í því skyni að það taki þátt í hvers kyns klám- eða kynlífsiðnaði hvort sem viðkomandi er kunnugt um þennan tilgang fararinnar eða ekki og hvort sem samþykki viðkomandi liggur fyrir eða ekki.

Hver sem stuðlar að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu að aðrir hafi holdlegt samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu eða hefur tekjur af kynlífsþjónustu sem aðrir veita, svo sem með útleigu húsnæðis eða öðru, skal sæta fangelsi allt að 4 árum en sektum eða fangelsi allt að 1 ári ef málsbætur eru.

Hver sem býður upp á kynferðislegar nektarsýningar og hefur þar með nekt annarra sér að féþúfu og til sölu skal sæta allt að 4 ára fangelsi. Sömu refsingu varðar það að skipuleggja og reka kerfisbundna klámþjónustu gegnum síma eða tölvur.

2. gr.

1. og 2. mgr. 210. gr. laganna orðast svo:

Ef klám birtist á prenti skal sá sem ábyrgð ber á birtingu þess eftir prentlögum sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

Sömu refsingu varðar það þann sem er ábyrgur fyrir að auglýsa í fjölmiðlum eða á opinberum vettvangi aðgang að klámi í hvaða mynd sem það er fram borið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Að undanförnu hafa miklar umræður orðið í íslensku samfélagi um klám og kynlífsþjónustu og er mikilvægt að nú þegar verði brugðist við breyttum aðstæðum sem hér hafa verið að skapast.

Samkomustaðir, svokallaðir nektardansstaðir, hafa skotið upp kollinum bæði í Reykjavík og annars staðar á landinu. Mikilvægt er að stemma stigu við slíkri starfsemi hérlendis. Reynslan erlendis hefur nær undantekningalaust verið sú að á slíkum stöðum eða í tengslum við þá sé stundað vændi í einhverjum mæli og oftar en ekki neysla og dreifing fíkniefna einnig. Þá hefur vakið athygli hvernig viðgengist hafa alls kyns auglýsingar, t.d. í dagblöðum, um ýmiss konar kynlífsþjónustu. Enn má nefna að á netinu er alls kyns auglýsingastarfsemi fyrir klámþjónustu, auk þess sem talið er að í tengslum við ákveðnar vefsíður sé stundað skipulagt vændi.

Með breytingum sem hér er lagt til að verði gerðar á almennum hegningarlögum er lögð áhersla á að refsingar við brotum sem hér er fjallað um beinist að þeim sem kaupa kynlífsþjónustu hvers konar eða hafa líkama annarra sér að féþúfu. Sömuleiðis er hér leitast við að stemma stigu við þeirri opinberu og ógeðfelldu klámþjónustu sem greinilega er stunduð á vegum símafyrirtækja og mikið er auglýst í fjölmiðlum, bæði prentmiðlum og á öldum ljósvakans. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir breytingu á 210. gr. laganna er varðar refsingar við að birta klám á prenti og auglýsa klám eða aðgang að klámi.

Samkvæmt leiðbeinandi reglum sem jafnréttisnefnd Evrópuráðsins og ráðherranefnd þess hafa afgreitt telst mansal til kynlífsþrælkunar eða kynlífsmisnotkunar vera til staðar „þegar einstaklingur, lögpersóna og/eða samtök útvega og/eða flytja innan lands eða milli landa á löglegan eða ólöglegan hátt einstaklinga, jafnvel með samþykki þeirra, í þeim tilgangi að nýta þá kynferðislega í gróðaskyni og beita til þess meðal annars þvingunum, einkum ofbeldi eða hótunum, blekkingum og misnotkun valds eða misnota sér bága stöðu einstaklinganna.“ (Elsa Þorkelsdóttir, Mansal, erindi flutt á fræðslufundi undir yfirskriftinni *Mansal — kynlífsþrælkun — staðreynd eða upphrópun á Íslandi,* á Hótel Borg, 8. febrúar 2000.)

Kaup á kynlífi og kynlífsþjónustu eru því gróf valdbeiting, kynferðislegt ofbeldi, þar sem valdastaða þess sem kaupir, selur eða hefur milligöngu um þjónustuna er staða hins sterka. Þá er þess einnig að geta að talið er að verslun með konur til kynlífsþrælkunar sé oftast tengd annarri glæpastarfsemi, svo sem eiturlyfjasmygli, peningaþvætti og öðrum ólöglegum athöfnum.

Í desember 2000 var á vegum Sameinuðu þjóðanna undirrituð í Palermó á Ítalíu yfirlýsing gegn skipulagðri glæpastarfsemi fjölþjóðlegra glæpahringa. Þar er að finna sérstakan kafla um sölu á konum og börnum til kynlífsþrælkunar. Íslendingar eiga aðild að þessari yfirlýsingu og skyldar hún íslensk stjórnvöld til að tryggja að í íslenskri hegningarlöggjöf verði tekið á slíkum glæpum af festu.

Afleiðingar vændis eða sölu hvers kyns kynlífsþjónustu eru iðulega mjög svipaðar og hjá öðrum þolendum kynferðisofbeldis, þ.e. brotin sjálfsmynd, sjálfsfyrirlitning, þunglyndi, sjálfsvígsþankar og tilraunir til sjálfsvíga. Ótal kannanir hafa einnig sýnt að konur sem selja líkama sinn eru að stórum hluta konur sem beittar hafa verið kynferðisofbeldi í bernsku og hafa því alla tíð staðið höllum fæti í lífinu. Á síðari árum hafa fátækt og litlar vonir um mannsæmandi framtíð einnig knúið fólk til vændis og auðveldað þannig þeim sem kaupa kynlífsþjónustu eða gerast milligöngumenn um slíkt að ná valdi yfir því.

Í grein eftir Áshildi Bragadóttur stjórnmálafræðing (Vera, 1. tbl. 2000) kemur fram að þótt ekki sé hægt með neinni vissu að alhæfa um útbreiðslu vændis hér á landi sé líklegt að vændi sé stundað hér, enda hafi nokkrir tugir einstaklinga sem stundað hafa vændi leitað til Stígamóta, samtaka kvenna gegn kynferðislegu ofbeldi.

Í greininni er að finna fimm skilgreiningar á vændi sem fullyrt er að stundað sé hér á landi. Í fyrsta lagi kemur fram að hér á landi eru starfrækt vændishús „þar sem einn aðili á eða stjórnar starfseminni, tekur á móti pöntunum og útvegar viðskiptavinum hold. Vændið fer ýmist fram innan veggja vændishússins, á hótelum, vinnustöðum viðskiptavinarins eða heimili hans.“ Í öðru lagi kemur fram að eigendur eða rekstraraðilar ákveðinna veitingahúsa hafi tekið að sér að vera milliliðir viðskiptavinarins og þess sem „seldi sig“. Í þriðja lagi er nefnd svokölluð fylgiþjónusta. Í fjórða lagi er talað um vændi þar sem karlmenn „gera skipulega út á konur“. Í fimmta lagi kemur fram í áðurnefndri grein Áshildar Bragadóttur að hér á landi þrífist það sem hún nefnir tilviljanakennt götuvændi.

Íslensk stjórnvöld hafa undirritað mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 1948 og þar með undirgengist m.a. að banna að hneppa menn í þrældóm eða nauðungarvinnu og

banna þrælahald og þrælaverslun, hverju nafni sem hún nefnist. Þá eru í samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum ákvæði þess efnis að aðildarríkin skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal staðfesta lagasetningu, til þess að hamla gegn hvers konar verslun með konur og gróðastarfsemi sem tengist vændi kvenna.

Samkvæmt upplýsingum frá PRO-miðstöðinni í Kaupmannahöfn, sem er opinber fræðslu-, ráðgjafar- og rannsóknarmiðstöð um vændi og kynlífsiðnað í Danmörku, er einkadans ekki leyfður þar í landi. Þar er í gildi reglugerð sem kveður á um að viðskiptavinir á nektardansstöðum þurfi að halda sig í a.m.k. fjögurra metra fjarlægð frá stúlkunum. Hjá PRO-miðstöðinni í Noregi kom fram að einkadansinn tíðkist þar ekki heldur. Þar í landi vakti það gífurlega hörð viðbrögð þegar opnaðir voru barir þar sem þjónustustúkur gengu um berbrjósta. Nú er aðeins einn slíkur bar starfandi í Ósló. Sænsk yfirvöld hafa gengið fram fyrir skjöldu og bannað kaup á kynlífsþjónustu hvaða nafni sem hún nefnist.

Í frumvarpinu eru lagðar til afgerandi breytingar á almennum hegningarlögum til þess að bregðast við þeirri óæskilegu þróun sem orðið hefur í þessum efnum hér á landi sem víða annars staðar. Texti frumvarpsgreinanna skýrir sig að mestu leyti sjálfur en vert er að vekja athygli á þeirri áherslu sem lögð er á að draga notendur kynlífsþjónustu til ábyrgðar ekki síður en seljendur hennar. Klámiðnaður, sala kynlífsþjónustu og vændi hafa verið refsiverð á Íslandi samkvæmt almennum hegningarlögum, en á undanförnum árum virðist hafa dregið úr eftirliti með því að lögunum sé framfylgt. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til á almennum hegningarlögum yrði sú afstaða fullkomlega ljós í íslenskum lögum.

Auknar umræður hafa orðið um þessi mál á Alþingi nú á síðustu missirum og á haustþingi 1999 var það samdóma álit þingmanna sem tóku til máls í umræðum utan dagskrár um málið að stemma þyrfti stigu við þeim klám- og vændisiðnaði sem virðist hafa haslað sér völl á Íslandi. Þá liggur nú fyrir Alþingi skýrsla Sólveigar Pétursdóttur dómsmálaráðherra um samanburð á lagaumhverfi á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum varðandi löggjöf og eftirlit með klámi, vændi o.fl. Í henni koma fram gagnlegar upplýsingar sem í náinni framtíð eiga vafalaust eftir að leiða af sér breytingar á löggjöf þeirri sem hér um ræðir. Frumvarp það sem hér er lagt fram er einungis byrjunin á ítarlegri endurskoðun löggjafarinnar og er nú flutt lítið breytt frá fyrra ári.

841. Svar [392. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins voru flutt út á land árið 2000? Svar óskast sundurliðað eftir ráðuneytum, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til.

Fyrirspurnin var send einstökum ráðuneytum og þau beðin að taka saman þær upplýsingar sem óskað var eftir. Átti það jafnt við um upplýsingar um störf og fjarvinnsluverkefni á vegum ráðuneytanna sem flutt voru út á land á árinu 2000 og á vegum stofnana og fyrirtækja sem starfa á þeirra vegum. Svar iðnaðarráðherra byggist alfarið á svörum sem bárust frá ráðuneytunum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti svarar því til að það hafi ekki flutt verkefni eða störf út á land á síðastliðnu ári. *Félagsmálaráðuneyti* greinir frá því að 8–9 störf hafi orðið til á landsbyggðinni á vegum stofnana ráðuneytisins á árinu og að auki tvö ársverk vegna samninga um móttöku flóttamanna. Enn fremur hafi atvinnutækifæri skapast á landsbyggðinni árið 2000 með ýmsum samningum að tilstuðlan ráðuneytisins. *Fjármálaráðuneyti* greinir frá því að engin fjarvinnsluverkefni hafi verið flutt út á land árið 2000. *Forsætisráðuneyti* svarar því til að engin verkefni eða störf á vegum ráðuneytisins eða undirstofnana þess hafi verið flutt út á land á nýliðnu ári. *Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti* upplýsir að ekki hafi verið um skipulegan flutning fjarvinnsluverkefna út á land að ræða af hálfu ráðuneytisins eða stofnana þess. *Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti* flutti starfsemi Orkusjóðs til Akureyrar í upphafi árs 2000. Við sjóðinn starfar einn maður. Á árinu var jafnframt ákveðið að flytja prentun á fréttabréfi ráðuneytisins til Sauðárkróks. *Landbúnaðarráðuneyti* upplýsir að engin fjarvinnsluverkefni eða störf tengd þeim hafi verið flutt út á land á síðastliðnu ári. *Menntamálaráðuneyti* tiltekur ekki störf sem hafi verið flutt frá ráðuneytinu, en fram kemur að fjarvinnsluverkefni er unnið á vegum Þjóðminjasafns á landsbyggðinni. Í svari *samgönguráðuneytisins* kemur ekki fram hvort störf hafa verið flutt út á land árið 2000. *Sjávarútvegsráðuneyti* greinir frá því að ekki hafi verið um að ræða flutning starfa hjá ráðuneytinu eða stofnunum þess á árinu. *Umhverfisráðuneyti* svarar því til að Náttúrufræðistofnun Íslands hafi flutt eitt starf til Akureyrar á árinu 2000. *Utanríkisráðuneyti* greinir frá því að engin fjarvinnsluverkefni og engin störf hafi verið flutt út á land á vegum ráðuneytisins, stofnana þess eða fyrirtækja á vegum þess á nýliðnu ári.

Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytunum hafa 13–14 störf orðið til á landsbyggðinni á síðasta ári. Á Norðurlandi vestra hafa orðið til 6–7 störf og á Norðurlandi eystra um sjö störf.

Nánari greinargerð um svör ráðuneyta.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti svarar því til að ráðuneytið hafi ekki flutt verkefni eða störf út á land á síðastliðnu ári. Ráðuneytið bendir hins vegar á að starfsemi þess er dreifð um landið og ýmis skráningarvinna því samfara. Sérstaklega er bent á að við sýslumannsembættið á Selfossi var unnið við stórt skráningarverkefni í tengslum við Landskrá fasteigna og var störfum við embættið fjölgað tímabundið af þeim sökum. Jafnframt er greint frá því að verið er að undirbúa sams konar verkefni við fleiri sýslumannsembætti.

Félagsmálaráðuneyti gerir grein fyrir flutningi starfa í ítarlegu svari. Þar kemur fram að á síðustu missirum hafa að minnsta kosti 63 ný störf skapast á landsbyggðinni á vegum ráðuneytisins og 20 til viðbótar með ýmsum samningum. Af þessum störfum hafa 8–9 orðið til árið 2000 og að auki tvö ársverk í kjölfar samninga um móttöku flóttamanna. Þá eru einnig tilgreind atvinnutækifæri vegna samnings um þjónustu við Íbúðalánasjóð og samnings um rannsókn á áhrifum og afleiðingum sameiningar sveitarfélaga. Reiknað er með að 2001 verði a.m.k. átta stöðugildi á landsbyggðinni á vegum ráðuneytisins, ýmist með flutningi verkefna eða beinlínis með uppsetningu starfsstöðva. Í svari ráðuneytisins er gerð grein fyrir skiptingu þessara starfa milli einstakra stofnana þess. Þar kemur fram að fjórir starfsmenn voru ráðnir til Jafnréttisstofu á síðasta ári. Hjá Íbúðalánasjóði fjölgaði um þrjú stöðugildi árið 2000, þar af um eitt stöðugildi vegna flutnings verkefna frá Reykjavík. Gert er ráð fyrir að starfsmönnum Íbúðalánasjóðs á Sauðárkróki fjölgi um tvo á þessu ári vegna flutnings verkefna við þjónustuver sjóðsins. Einnig að störf gætu skapast vegna samnings sjóðsins við Fjárvaka, í samstarfi við fjögur önnur fyrirtæki, en þrjú þessara fimm fyrirtækja eru í Skagafirði og eitt á Akureyri. Á árinu var ekki um flutning verkefna eða stöðugilda að ræða hjá Vinnueftirliti

ríkisins. Vinnueftirlitið er með starfsstöðvar í öllum landshlutum og nýlega hefur starfsemi á sviði endurnýjunar vinnuvélaréttinda og skráning tilkynntra vinnuslysa verið flutt til umdæmisskrifstofanna. Í athugun er að koma upp gagnagrunni um vinnuslys og atvinnusjúkdóma við eina af umdæmisskrifstofunum. Tvö útibú hafa verið stofnuð í tengslum við svæðisvinnumiðlanirnar á Blönduósi og Akureyri. Árið 2000 hófu tvö útibú starfsemi, annað á Sauðárkróki með einum starfsmanni í 66,7% stöðugildi og hitt á Húsavík með einum starfsmanni í 50% stöðugildi. Ákveðið hefur verið að opna útibú í Vestmannaeyjum með einum starfsmanni í 100% stöðugildi og auka stöðuhlutfall útibúsins á Sauðárkróki í 100%.

Félagsmálaráðuneytið hefur árlega gert samninga við einstök sveitarfélög um móttöku flóttamanna. Hver samningur hefur að meðaltali verið að fjárhæð 25 millj. kr, en að auki hefur Rauði kross Íslands lagt fram um 10 millj. kr. í tengslum við hvern samning. Á síðasta ári var gerður samningur við Siglufjarðarkaupstað um móttöku flóttamanna, en gert er ráð fyrir að hver samningur leiði af sér um tvö ársverk. Þá hefur einnig verið ákveðið að Nýbúamiðstöð taki til starfa á Vestfjörðum á yfirstandandi ári og er reiknað með tveimur starfsmönnum í upphafi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti upplýsir að ekki hafi verið um skipulegan flutning fjarvinnsluverkefna út á land að ræða af hálfu ráðuneytisins eða stofnana þess. Hins vegar hafi verið unnið að því að efla og styrkja þjónustu á landsbyggðinni. Þar er í fyrsta lagi bent á að með stofnun Heilbrigðisstofnunar Austurlands hafi eitt stöðugildi við bókhalds- og launaskráningu færst frá Reykjavík til Fjarðabyggðar. Í öðru lagi er bent á að í samkomulagi ráðuneytisins varðandi rekstrarleyfi og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði, sem undirritaður var í janúar 2000, lýsi leyfishafi því yfir að hann stefni að og vinni að því „að hluti af starfsemi hans, dótturfélaga hans og/eða samstarfsaðila fari fram utan höfuðborgarsvæðisins". Ráðuneytið gerir grein fyrir því að reiknað sé með að til verði fjöldi nýrra starfa á grundvelli samningsins og vegna samnings sem gerður hefur verið um nýja upplýsingadeild í tengslum við þessi áform. Þá kemur einnig fram að níu heilbrigðisstofnanir til viðbótar hafi skrifað undir samkomulag við Íslenska erfðagreiningu um vinnslu á heilbrigðisupplýsingum í desember síðastliðnum. Í þriðja lagi upplýsir ráðuneytið að þjónusta heilbrigðisstofnana úti á landi hafi verið aukin, þannig að nú þurfi sjúklingar í minna mæli að leita þjónustu sérfræðinga í Reykjavík. Í þessu sambandi eru nefndir samningar Heilbrigðisstofnunarinnar á Sauðárkróki um ferliþjónustu við sjúklinga í héraðinu, uppbygging fjarlækninga og aukning á ferliverkum á sjúkrahúsum á landsbyggðinni. Þá er einnig tilgreint að við stofnun Lyfjastofnunar ríkisins, 1. nóvember 2000, hafi forstjóra verið falið að beita sér fyrir því að starfsemi stofnunarinnar færi fram að hluta utan höfuðborgarsvæðisins og að á vegum Landlæknisembættisins sé unnið að því að ýmis skráningarvinna og úrvinnsla upplýsinga fari fram utan höfuðborgarsvæðisins.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti tók ákvörðun sumarið 2000 um að flytja höfuðstöðvar Byggðastofnunar til Sauðárkróks. Gert er ráð fyrir að starfsemi stofnunarinnar verði flutt fyrir 1. júní á þessu ári. Þegar ákvörðunin var tekin störfuðu 15 manns hjá stofnuninni í Reykjavík í 13 stöðugildum. Þá hefur ráðuneytið látið gera úttekt á möguleikum þess að flytja verkefni sem unnin eru á vegum stofnana sem starfa á verksviði ráðuneytanna út á land. Var þessi úttekt unnin í samræmi við 6. tölul. þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001, en þar segir: „Skilgreind verði eftir föngum þau verkefni einstakra ráðuneyta, stofnana og opinberra fyrirtækja sem unnt er að sinna á landsbyggðinni. Hvert ráðuneyti fyrir sig leggi fram tillögur þar að lútandi sem meðal annars geri ráð fyrir að möguleikar upplýsingatækninnar verði nýttir til hins ýtrasta." Við gerð nýrra samninga um árangursstjórnun við stofnanir ráðuneytanna er stefnt að því að setja stofnununum markmið

í þessum efnum en við gerð samninganna verður m.a. byggt á niðurstöðum framangreindrar úttektar. Þá hefur verið ákveðið að skipa viðræðunefnd ríkisins og Akureyrarbæjar til að fjalla um sameiningu Rafmagnsveitna ríkisins og Norðurorku. Verði af sameiningu fyrirtækjanna er gert ráð fyrir að höfuðstöðvar sameinaðs fyrirtækis verði á Akureyri.

Samgönguráðuneytið greinir frá ákvörðun um að rekstur strandstöðvaþjónustu við skip við Íslandsstrendur verði fluttur út á land. Gert er ráð fyrir fjórum til sex stöðugildum við þjónustuna. Siglingastofnun Íslands hefur sett af stað nokkuð umfangsmikið verkefni tengt flokkun og skráningu skannaðra teikninga í útibúi sínu á Ísafirði. Jafnframt hefur verið ákveðið að þar verði unnið að skipulagi og úrvinnslu skyndiskoðana fiskiskipaflotans. Um er að ræða tæpt stöðugildi. Ákveðið hefur verið að Rannsóknarnefnd sjóslysa verði staðsett í Stykkishólmi. Gert er ráð fyrir að nefndin verði með aðsetur í flugstöðinni á Stykkishólmsflugvelli. Við nefndina er eitt og hálft stöðugildi á ársgrundvelli. Ákveðið hefur verið að Vegagerðin flytji skiptiborð og hluta af upplýsingaþjónustu við vegfarendur til Ísafjarðar. Til athugunar er að öll símsvörun fyrir samgönguráðuneytið og aðrar stofnanir þess verði flutt vestur þegar reynsla er komin á verkefnið. Að ósk samgönguráðherra hefur Vegagerðin gert áætlun um eflingu starfsemi sinnar á landsbyggðinni. Er þar bæði um að ræða flutning verkefna frá Reykjavík út á land og staðsetningu nýrra starfa á landsbyggðinni. Vegagerðin lítur á þetta sem þróunarverkefni sem standa muni yfir í allmörg ár. Þau störf sem um er að ræða eru á sviði upplýsingaþjónustu, eftirlits af ýmsu tagi, gagnasöfnunar, gagnavinnslu, símsvörunar, umferðarmála og veghönnunar. Sum þessara starfa krefjast tæknimenntunar en önnur almennrar menntunar. Umdæmisskrifstofur Vegagerðarinnar eru á Selfossi, í Borgarnesi, á Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri og Reyðarfirði og á þessum stöðum er þungi starfseminnar í hverju umdæmi. Miðað er við að nýju störfin verði til á þessum stöðum og þá einkum þeim sem fjær eru höfuðborginni. Fram til ársins 2002 stefnir Vegagerðin að því að efna til fjögurra til sex nýrra starfa á ári á landsbyggðinni eða alls tólf til átján starfa. Er þá átt við störf flutt úr Reykjavík og ný störf hjá Vegagerðinni.

Á vegum Íslandspósts hf. hefur aðalskiptiborð og þjónustuver fyrirtækisins fyrir einstaklinga verið flutt til Akureyrar, pökkun fyrstadagsumslaga verið flutt til Ísafjarðar, frímerkjavarsla í Borgarnes, vinna við ársmöppur í Búðardal og unnið er að flutningi smávörulagers fyrirtækisins til Blönduóss. Þessar ákvarðanir þýða um það bil átta til tíu ársverk sem flutt eru út á land. Svarað er í upplýsingasíma Landssímans, 118, á fjórum stöðum á landinu. Það er í Reykjavík, á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum. Stjórn fyrirtækisins hefur nýverið samþykkt að fjölga um 20–30 störf við 118 á landsbyggðinni á þessu ári.

Menntamálaráðuneyti greinir frá því að það hafi stuðlað að fjarkennslu og að í því sambandi hafi víða verið komið upp símenntunarmiðstöðvum. Því megi segja að starfsemi menntastofnana hafi í vaxandi mæli færst út á landsbyggðina. Ráðuneytið greinir einnig frá verktakasamningi sem Þjóðminjasafnið gerði við fyrirtækið Landvist á Húsavík á grundvelli fjárveitingar í fjárlögum ársins 2000 og styrkveitinga frá Húsavíkurbæ og iðnaðarráðuneyti. Samningurinn er um tölvuskráningu í skráningarkerfið Sarp á handskráðum gögnum Þjóðminjasafnsins og er unnið áfram að verkefninu í samráði við Landvist í samræmi við fjárlög 2001.

Utanríkisráðuneyti tekur fram að meginþungi starfseminnar sé erlendis og að verkefni undirstofnana þess á Keflavíkurflugvelli séu staðbundin. Þá er einnig nefnt að verkefni stofnana á vegum ráðuneytisins, svo sem Ratsjárstofnunar, séu þegar víða um land á viðkomandi ratsjárstöðvum. Jafnframt kemur fram að ráðuneytið er með í stöðugri athugun hvaða möguleikar eru fyrir hendi varðandi flutning verkefna og starfa og er í því sambandi nefndar þýðingar, vefsíðugerð og viðhald.

842. Svar [407. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um kjarasamning ríkisins við framhaldsskólakennara.

1. *Hvað er áætlað að lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs aukist mikið vegna nýgerðs kjarasamnings ríkisins við framhaldsskólakennara:*
   a. *samtals út samningstímann,*
   b. *sem hlutfall af öllum greiddum launum samkvæmt kjarasamningnum,*
   c. *sem hlutfall af launum þeirra sem taka laun samkvæmt kjarasamningnum og eiga lífeyrisrétt sambærilegan rétti í B-deild LSR?*

Nýr kjarasamningur ríkisins við framhaldskólakennara var undirritaður 7. janúar sl. og gildir til 30. apríl 2004. Hann felur í sér margvíslegar breytingar frá eldri samningi. Meðal mikilla breytinga má nefna nýtt launakerfi með nýrri röðun og til muna minni sjálfvirkri hækkun launa, svo og færslu ýmissa yfirvinnuliða yfir í dagvinnu. Þessir þættir breyta lífeyrisskuldbindingum B-deildar LSR. Tilfærsla launaliða í dagvinnu eykur skuldbindingar en minni sjálfvirkar launahækkanir, svo sem vegna aldurs, auka skuldbindingar í framtíðinni minna en þessir þættir hefðu gert í eldra kerfi.

Áætluð aukning lífeyrisskuldbindinga út samningstíma kjarasamningsins er 5.332.815 þús. kr., eða um 46,26% frá árslokum 2000 til aprílloka ársins 2004.

Áætlað er að laun samkvæmt kjarasamningnum út samningstímann, byggð á febrúarlaunum 2001, verði 14.699.177 þús. kr. Hlutfall aukinna lífeyrisskuldbindinga af áætluðum greiddum launum samkvæmt samningnum út samningstímann, þ.e. til aprílloka 2004, er 36,3%.

Laun starfsmanna í B-deild LSR samkvæmt kjarasamningnum út samningstímann eru áætluð 7.947.487 þús. kr. Er sú áætlun byggð á febrúarlaunum 2001. Hlutfall aukinna lífeyrisskuldbindinga af áætluðum greiddum launum kennara í B-deild LSR samkvæmt samningnum, út samningstímann, er 67,1%.

2. *Hver er þessi heildaraukning lífeyrisskuldbindinga að meðaltali á:*
   a. *hvern framhaldsskólakennara (stöðugildi) sem tekur laun samkvæmt kjarasamningnum,*
   b. *hvern framhaldsskólakennara sem tekur laun samkvæmt kjarasamningnum og á lífeyrisrétt sambærilegan rétti í B-deild LSR?*

Stöðugildi eru hér reiknuð sem ársverkaígildi og er miðað við febrúarmánuð sl.

Stöðugildi framhaldsskólakennara eru 1.215,34. Meðaltal aukinna lífeyrisskuldbindinga á hvern framhaldsskólakennara, sem tekur laun samkvæmt samningnum, er áætlað 4.387,9 þús. kr.

Stöðugildi framhaldsskólakennara í B-deild LSR eru 622,73. Meðaltal aukinna lífeyrisskuldbindinga á hvern framhaldsskólakennara í B-deild LSR samkvæmt samningnum er áætlað 8.563,6 þús. kr.

3. *Hver er ógreidd heildarskuldbinding ríkissjóðs vegna núverandi og fyrrverandi framhaldsskólakennara?*

Áfallin heildarskuldbinding vegna framhaldsskólakennara, bæði núverandi og fyrrverandi, er í árslok 2001 áætluð 15.657.378 þús. kr. eftir að búið er að taka tillit til nýs kjarasamnings. Ógreidd heildarskuldbinding liggur ekki fyrir.

4. *Er gætt jafnræðis milli kennara í A-deild og B-deild LSR þar sem hinir fyrrnefndu fá ekki aukinn lífeyrisrétt samkvæmt samningnum?*

Starfsmenn sem eru í A-deild LSR munu fá aukinn lífeyrisrétt á grundvelli iðgjalda sem hækka hlutfallslega jafnt og launin. Áunnin réttindi eru ekki hækkuð. Í B-deild er greitt samkvæmt eftirmannsreglu.

843. Frumvarp til laga [541. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117 20. desember 1993, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Ef ⅔ tekna þess hjóna sem ellilífeyris nýtur nema lægri fjárhæð en 300.000 kr. á ári skal, þrátt fyrir ákvæði 2. málsl., aldrei greiða því lægri tekjutryggingu en nemur því sem á vantar að ⅔ tekna þess nái þeirri fjárhæð.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Ef ⅔ tekna annars hvors hjónanna nema lægri fjárhæð en 300.000 kr. á ári skal, þrátt fyrir ákvæði 2. málsl., aldrei greiða því lægri tekjutryggingu en nemur því sem á vantar að ⅔ tekna þess nái þeirri fjárhæð.
c. 2. málsl. 7. mgr. orðast svo: Ef ⅔ tekna annars hvors hjóna nema lægri fjárhæð en 300.000 kr. á ári skal, þrátt fyrir ákvæði 1. málsl., aldrei greiða því lægri tekjutryggingu en nemur því sem á vantar að ⅔ tekna þess nái þeirri fjárhæð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þeir ellilífeyrisþegar, sem 2., 3. og 7. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, með síðari breytingum, hafa átt við tímabilið 1. janúar 2001 til 31. mars 2001 skulu eiga rétt á greiðslum á tekjutryggingu ellilífeyris sem reiknast á þann hátt sem greinir í 1. gr. laga þessara. Frá tekjutryggingu reiknaðri með þessum hætti skulu dragast þær greiðslur tekjutryggingar sem viðkomandi ellilífeyrisþegi hefur þegar fengið. Greiðslurnar skulu bera 5,5% ársvexti frá þeim degi er lífeyrisþeginn fyrst gat átt rétt á að fá greiðslu samkvæmt ákvæðum laga nr. 117/1993 um það efni. Vextir skulu greiðast þó að ekki hafi legið fyrir umsókn um tekjutryggingu frá viðkomandi lífeyrisþega.

II.

Tryggingastofnun ríkisins skal hafa frumkvæði að greiðslum samkvæmt bráðabirgðaákvæði I í þeim tilvikum þar sem hún hefur í höndum umsóknir frá lífeyrisþegum og upplýsingar sem duga til að reikna út fjárhæðirnar sem greiða skal. Liggi fyrir umsóknir án nægilegra upplýsinga skal Tryggingastofnun ríkisins beina áskorun til viðkomandi lífeyrisþega um að bæta þar úr innan hæfilegs frests sem stofnunin ákveður. Miðað skal við að allar

greiðslur sem stofnunin getur sjálf reiknað án atbeina lífeyrisþega hafi átt sér stað fyrir 1. maí 2001.

III.

Þeir ellilífeyrisþegar sem telja sig eiga rétt á tekjutryggingu skv. 1. gr. laga þessara, en hafa ekki sótt um fyrir umrætt tímabil, geta sótt um tekjutryggingu sér til handa og skulu þeir þá fá úrlausn í samræmi við reglur þessa bráðabirgðaákvæðis að því tilskildu að sótt sé um fyrir 1. júlí 2001. Eftir þann dag gilda ákvæði 48. gr. laga nr. 117/1993 um allar nýjar umsóknir um lífeyrisgreiðslur.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993.

Hinn 19. desember 2000 kvað Hæstiréttur Íslands upp dóm í málinu nr. 125/2000: Tryggingastofnun ríkisins gegn Öryrkjabandalagi Íslands og gagnsök.

Hinn 22. desember 2000 ákvað ríkisstjórnin að skipa sérstakan starfshóp til að greina með sem nákvæmustum hætti hvaða leiðir væru færar til að bregðast við dómi Hæstaréttar og semja drög að frumvarpi til laga um breyting á lögum um almannatryggingar sem stefnt skyldi að því að lögfesta svo fljótt sem verða mætti. Starfshópurinn skilaði skýrslu sinni til forsætisráðherra 7. janúar 2001. Frumvarp til laga um breyting á lögum um almannatryggingar sem byggt var á tillögu starfshópsins var lögfest hinn 24. janúar 2001 sem lög nr. 3/2001.

Frumvarp það sem hér er lagt fram kveður á um að ellilífeyrisþegum verði tryggð sömu réttindi og örorkulífeyrisþegum voru tryggð með lögum nr. 3/2001, en eins og fram kom í greinargerð og fylgiskjölum með frumvarpi að þeim lögum var ekki litið svo á að dómur Hæstaréttar í málinu nr. 125/2000 ætti beint við um ellilífeyrisþega. Þrátt fyrir það telur ríkisstjórnin að til framtíðar eigi sömu efnisrök við um réttindi ellilífeyrisþega og öryrkja að þessu leyti. Einnig hafa fulltrúar Landssambands eldri borgara og Félags eldri borgara í Reykjavík lýst þeim sjónarmiðum sínum á fundum með samráðsnefnd félaganna og ríkisstjórnarinnar að þeir telji eðlilegt að sama efnisregla gildi um ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega. Að því er varðar liðinn tíma er lagt til að greitt verði í samræmi við reglur frumvarpsins frá 1. janúar sl.

Með frumvarpi þessu er lagt til að bætt verði inn í lög um almannatryggingar sérreglu sem ætlað er að tryggja að ellilífeyrisþegi hafi sjálfur að minnsta kosti ákveðnar lágmarkstekjur án tillits til tekna maka. Í samræmi við þau sjónarmið sem lágu að baki lögum nr. 3/2001 er lagt til að sú tekjutrygging verði 300.000 kr. á ári, eða 25.000 kr. á mánuði og mundi hún þá tryggja að ellilífeyrisþegi sem á maka sem ekki fær lífeyri hafi að lágmarki 43.424 kr. á mánuði að ellilífeyri meðtöldum, í stað 18.424 kr. samkvæmt gildandi reglum, en þegar um er að ræða ellilífeyrisþega sem nýtur hjónalífeyris er samsvarandi fjárhæð 31.582 kr. í stað 16.582 kr. samkvæmt gildandi reglum. Í frumvarpinu er lagt til að ⅔ hlutar tekna ellilífeyrisþegans skuli hafa áhrif á sérregluna. Þannig nýtur ellilífeyrisþegi sem á maka sem ekki fær lífeyri þessarar sérreglu þegar eigin tekjur hans eru allt að 450.000 kr. á ári, en þá eru heildartekjur hans, að ellilífeyri meðtöldum, að lágmarki 671.088 kr. án tillits til tekna maka, en heildartekjur ellilífeyrisþega sem nýtur hjónalífeyris eru þá að lágmarki 648.984 kr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að við 2. mgr. 17. gr. laganna bætist nýr málsliður með sérreglu sem tryggi ákveðinn lágmarksrétt til handa ellilífeyrisþega sem er í hjúskap og maki hans er ekki ellilífeyrisþegi. Í reglunni felst að samanlögð eigin tekjuöflun ellilífeyrisþega og tekjutrygging hans geti aldrei þrátt fyrir sameiginlegt frítekjumark hjóna numið lægri fjárhæð en 300.000 kr. á ári eða 25.000 kr. á mánuði. Af þessu leiðir að enginn ellilífeyrisþegi fær vegna tekna maka lægri lífeyri en sem nemur 43.424 kr. á mánuði þegar lágmark tekjutryggingar að viðbættum eigin tekjum hefur verið lagt við ellilífeyri skv. 11. gr. laganna. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að ⅔ tekna ellilífeyrisþegans hafi áhrif á fjárhæð sérreglunnar. Þannig mun sérreglan verða til þess að auka tekjur ellilífeyrisþega sem er með allt að 450.000 kr. í árstekjur í tilvikum þar sem tekjutrygging hans er skert samkvæmt gildandi reglum vegna tekna maka hans.

Í b- og c-lið greinarinnar er lagt til að sömu breytingar verði gerðar á 3. og 7. mgr. 17. gr., en þau ákvæði fjalla einnig um tekjutryggingu til ellilífeyrisþega í hjúskap.

Um 2. gr.

Til að unnt sé að undirbúa gildistöku laganna er lagt til að þau öðlist gildi 1. apríl 2001.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í ákvæðinu er lagt til að regla skv. 1. gr. frumvarpsins gildi um greiðslur allt frá 1. janúar 2001 og að á þær fjárhæðir skuli greiða 5,5% ársvexti. Er það í samræmi við lög nr. 3/2001 sem fyrr hefur verið getið.

Um ákvæði til bráðabirgða II og III.

Ákvæði þessi eru efnislega samhljóða bráðabirgðaákvæðum III og IV í lögum nr. 3/2001 og kveða á um skyldu Tryggingastofnunar ríkisins til að hafa frumkvæði að því að greiða ellilífeyrisþegum samkvæmt bráðabirgðaákvæði I og rétt ellilífeyrisþega, sem af einhverjum ástæðum hefur ekki sótt um tekjutryggingu, til að leggja inn umsókn og fá hana meðhöndlaða í samræmi við reglur frumvarpsins.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117 20. desember 1993, með síðari breytingum.

Áætlað er að kostnaðarauki af frumvarpinu nemi um 140 m.kr. árlega. Er sú áætlun samkvæmt útreikningum sem Þjóðhagsstofnun hefur gert, en stofnunin áætlar að ákvæðið nái til um 1.100–1.200 ellilífeyrisþega. Til viðbótar gæti einhver fjöldi ellilífeyrisþega sem ekki nýtur tekjutryggingar átt rétt á greiðslu verði frumvarpið að lögum.

Fylgiskjal II.

Þjóðhagsstofnun:

Dæmi um breytingu tekjutryggingar ellilífeyrisþega í hjúskap.
Miðað við 25 þús. kr. tryggingu á mánuði og skerðingu um ⅓.
(7. mars 2001.)

Tekjur, þús. kr. á mánuði			Tekjutrygging kr. á mánuði		Breyting tekjutryggingar	
Lífeyrisþegi	Maki	Samtals	Í dag	Verður	Krónur á mánuði	% af heimilis-tekjum
0	100	100	29.321	29.321	0	0,0%
0	150	150	18.071	25.000	6.929	4,6%
0	200	200	6.821	25.000	18.179	9,1%
0	250	250	0	25.000	25.000	10,0%
0	400	400	0	25.000	25.000	6,3%

Tekjur, þús. kr. á mánuði			Tekjutrygging kr. á mánuði		Breyting tekjutryggingar	
Lífeyrisþegi	Maki	Samtals	Í dag	Verður	Krónur á mánuði	% af heimilis-tekjum
0	150	150	18.071	25.000	6.929	4,6%
5	150	155	16.946	21.667	4.721	3,0%
10	150	160	15.821	18.333	2512	1,6%
15	150	165	14.696	15.000	304	0,2%
20	150	170	13.571	13.571	0	0,0%
25	150	175	12.446	12.446	0	0,0%
30	150	180	11.321	11.321	0	0,0%

Tekjur, þús. kr. á mánuði			Tekjutrygging kr. á mánuði		Breyting tekjutryggingar	
Lífeyrisþegi	Maki	Samtals	Í dag	Verður	Krónur á mánuði	% af heimilis-tekjum
0	200	200	6.821	25.000	18.179	9,1%
5	200	205	5.696	21.667	15.971	7,8%
10	200	210	4.571	18.333	13.762	6,6%
15	200	215	3.446	15.000	11.554	5,4%
20	200	220	2.321	11.667	9.346	4,2%
25	200	225	1.196	8.333	7.137	3,2%
30	200	230	71	5.000	4.929	2,1%

Tekjur, þús. kr. á mánuði			Tekjutrygging kr. á mánuði		Breyting tekjutryggingar	
Lífeyrisþegi	Maki	Samtals	Í dag	Verður	Krónur á mánuði	% af heimilis-tekjum
0	250	250	0	25.000	25.000	10,0%
5	250	255	0	21.667	21.667	8,5%
10	250	260	0	18.333	18.333	7,1%
15	250	265	0	15.000	15.000	5,7%
20	250	270	0	11.667	11.667	4,3%
25	250	275	0	8.333	8.333	3,0%
30	250	280	0	5.000	5.000	1,8%
35	250	285	0	1.667	1.667	0,6%
40	250	290	0	0	0	0,0%

Tekjur, þús. kr. á mánuði			Tekjutrygging kr. á mánuði		Breyting tekjutryggingar	
Lífeyrisþegi	Maki	Samtals	Í dag	Verður	Krónur á mánuði	% af heimilis-tekjum
0	400	400	0	25.000	25.000	6,3%
5	400	405	0	21.667	21.667	5,3%
10	400	410	0	18.333	18.333	4,5%
15	400	415	0	15.000	15.000	3,6%
20	400	420	0	11.667	11.667	2,8%
25	400	425	0	8.333	8.333	2,0%
30	400	430	0	5.000	5.000	1,2%
35	400	435	0	1.667	1.667	0,4%
40	400	440	0	0	0	0,0%

844. Svar [467. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða.

1. *Hvað líður endurskoðun rekstrarleyfa veitinga- og gististaða sem samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 67/1985 falla undir nýja flokka og var gert að afla sér tilskilinna rekstrarleyfa fyrir 1. janúar sl.?*

Til stendur að endurskoða fyrirkomulag þessara mála í maí nk. hjá Reykjavíkurborg.

Sent var bréf í nóvember 2000 til allra rekstraraðila veitingastaða í umdæmi sýslumannsins í Kópavogi þar sem lagabreytingin var kynnt og skorað á þá að sækja á ný um veitingaleyfi, teldu rekstaraðilar að reksturinn félli undir 9. gr. laga nr. 67/1985, sbr. 2. gr. laga frá 9. maí 2000. Aðeins einn sótti um leyfi á ný.

Önnur sýslumannsembætti hafa ekki aðhafst í þessum málum.

2. *Eru einhver dæmi þess að sveitarstjórnir hafi synjað umsóknum um slíka endurnýjun á grundvelli hinna nýju ákvæða í fyrrnefndum lögum?*

Ekki er vitað til þess að sveitarstjórnir hafi synjað umsóknum um endurnýjun leyfa á grundvelli hinna nýju ákvæða.

Hjá sýslumanninum í Kópavogi er til skoðunar umsókn eins aðila um leyfi til reksturs næturklúbbs. Bæjarstjórn Kópavogs gaf neikvæða umsögn um umsóknina en afstaða hefur ekki verið tekin til útgáfu leyfisins.

3. *Hversu margir staðir eru nú reknir á leyfum skv. i-lið 9. gr. laganna um næturklúbba, þ.e. veitingastaðir með reglubundna skemmtistarfsemi þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar og sýningu á nektardansi í atvinnuskyni?*
4. *Hvaða staðir eru það og hvar á landinu eru þeir?*

Á landinu öllu eru samtals átta staðir reknir á leyfum skv. i-lið 9. gr. laga nr. 67/1985. Um er að ræða sjö staði í Reykjavík og einn í Kópavogi, samkvæmt bráðabirgðaleyfi skv. 4. gr. laga nr. 67/1985 (sami staður og greint er frá í svari við 2. tölul.). Staðirnir eru eftirgreindir:

Bóhem, Grensásvegi 7,
Clinton, Aðalstræti 4b,
Club 7, Hverfisgötu 8–10,
Maxim, Hafnarstræti 9,
Óðal, Austurstræti 12a,
Vegas, Laugavegi 45,
Þórskaffi, Brautarholti 20,
Goldfinger, Smiðjuvegi 14.

Tekið skal fram að svör bárust ekki frá sýslumannsembættunum á Akranesi, Höfn og í Vík.

845. Frumvarp til laga [542. mál]

um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Ákvæði c-liðar 2. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Á eftir 13. gr. laganna kemur ný grein, 13. gr. A, svohljóðandi:

Atvinnurekandi skal gera skriflegt mat um áhættu í störfum, áætlun um forvarnir og ráðstafanir um öryggi og heilsuvernd starfsmanna á vinnustað, sbr. 66. gr., samkvæmt reglum Vinnueftirlits ríkisins í samráði við fulltrúa starfsmanna, sbr. II. kafla laga þessara. Áhættumatið skal taka til allra þeirra þátta í vinnuumhverfinu sem geta skapað áhættu fyrir öryggi og heilsu starfsmanna. Meta skal áhættu og lýsa hvernig henni verður mætt, svo sem með skipulagi vinnunnar, fræðslu, þjálfun, vali á tækjum, efnum eða efnablöndum, notkun öryggis- eða hlífðarbúnaðar, innréttingum á vinnustað eða öðrum forvörnum.

Atvinnurekandi skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að unnið sé að vernd og forvörnum innan fyrirtækis. Ef áhættumat, sbr. 1. mgr., áætlun um forvarnir eða ráðstafanir vegna heilsuverndar starfsmanna á vinnustað, sbr. 66. gr., krefjast sérþekkingar sem atvinnurekandi eða starfsmenn hans hafa ekki yfir að ráða skal atvinnurekandinn leita aðstoðar til þess hæfra aðila.

Áhættumat skal vera aðgengilegt í fyrirtækinu fyrir stjórnendur fyrirtækisins, starfsmenn þess og Vinnueftirlit ríkisins.

Endurskoða skal áhættumat þegar breytingar á vinnuumhverfi breyta forsendum þess.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, þar á meðal um áhættumat, gerð og frágang skjala sem tengjast því, hæfi ráðgefandi aðila skv. 2. mgr., forvarnir með hliðsjón af eðli og stærð fyrirtækja og um úrlausn ágreiningsefna. Reglurnar skulu staðfestar af ráðherra.

3. gr.

Við 24. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Nemar og lærlingar teljast einnig til starfsmanna, jafnvel þótt þeir inni af hendi vinnu án endurgjalds, enda sé vinna þeirra liður í skipulögðu námi.

4. gr.

Á eftir orðunum „eða of mikils álags“ í a-lið 38. gr. laganna kemur: eða hvernig dregið verði úr áhrifum andlega eða líkamlega einhæfra starfa og starfa sem unnin eru með fyrir fram ákveðnum hraða.

5. gr.

IX. kafli laganna, er hefur fyrirsögnina **Hvíldartími, frídagar og hámarksvinnutími**, orðast svo:

a. (52. gr. A.)

Í kafla þessum hafa eftirtalin hugtök neðangreinda merkingu:

1. Vinnutími: Tími sem starfsmaður er við störf, til taks fyrir atvinnurekandann og innir af hendi störf sín eða skyldur, þ.e. virkur vinnutími.
2. Hvíldartími: Tími sem ekki telst til vinnutíma.
3. Næturvinnutími: Tímabil sem ekki er skemmra en sjö klukkustundir og nær frá miðnætti til klukkan fimm að morgni. Um nánari afmörkun tímabilsins fer samkvæmt samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins.
4. Næturvinnustarfsmaður:
   a. Starfsmaður sem venjulega vinnur a.m.k. þrjár klukkustundir af daglegum vinnutíma sínum á næturvinnutíma og/eða
   b. starfsmaður sem ætlast er til að inni af hendi tiltekinn hluta af ársvinnuframlagi sínu á næturvinnutíma samkvæmt samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins.
5. Vaktavinna: Vinna sem skipt er niður á mismunandi vinnutímabil/vaktir samkvæmt ákveðnu fyrirkomulagi þar sem starfsmaður vinnur á mismunandi vöktum á tilteknu tímabili sem mælt er í dögum eða vikum.
6. Vaktavinnustarfsmaður: Starfsmaður sem vinnur vaktavinnu.

b. (52. gr. B.)

Ákvæði þessa kafla taka ekki til:

1. Þeirra sem starfa við flutning á vegum og falla undir reglugerð dómsmálaráðuneytisins um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl., sbr. þó ákvæði 53. gr. A og 54. og 58. gr.
2. Lækna í starfsnámi, þ.e. læknanema með tímabundið lækningaleyfi og kandídata. Einnig lækna án sérfræðiviðurkenningar í samræmi við reglur er heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setur, að fenginni umsögn læknadeildar Háskóla Íslands. Ákvæði 53. gr. A og 54., 57. og 58. gr. skulu þó gilda um þá sem falla undir þennan lið.
3. Æðstu stjórnenda og þeirra sem stöðu sinnar vegna ráða vinnutíma sínum sjálfir.
4. Sérstakra aðstæðna sem tengjast starfsemi hins opinbera, svo sem nauðsynlegri öryggisstarfsemi og brýnum rannsóknarhagsmunum á sviði löggæslu, vinnu sem tengist starfsemi almannavarna og eftirlitsstörfum vegna snjóflóðavarna.

c. (53. gr. A.)

Vinnutíma skal haga þannig að á hverjum 24 klukkustundum, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn a.m.k. 11 klukkustunda samfellda hvíld.

Með samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins er heimilt að stytta samfelldan hvíldartíma í allt að átta klukkustundir ef eðli starfs eða sérstakir atvinnuhættir gera frávik nauðsynleg.

Heimilt er að víkja frá ákvæði 1. mgr. verði truflun á starfsemi vegna ytri aðstæðna, svo sem vegna veðurs eða annarra náttúruafla, slysa, orkuskorts, bilana í vélum, tækjum eða öðrum búnaði eða annarra tilsvarandi ófyrirséðra atburða, að því marki sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir verulegt tjón þar til regluleg starfsemi hefur komist á að nýju.

Sé daglegur hvíldartími styttur samkvæmt heimild 2. og 3. mgr. skal starfsmaður fá samsvarandi hvíld síðar. Ef því verður ekki við komið skal starfsmaðurinn þess í stað fá viðeigandi vernd.

d. (53. gr. B.)

Starfsmaður á rétt á hléi ef daglegur vinnutími hans er lengri en sex klukkustundir. Um framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem um hve langt hléið skal vera, fer samkvæmt samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins.

e. (54. gr.)

Á hverju sjö daga tímabili skal starfsmaður fá a.m.k. einn vikulegan frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma skv. 53. gr. A.

Sé til þess sérstök þörf vegna eðlis hlutaðeigandi starfa er heimilt með samningum samtaka aðila vinnumarkaðarins að fresta vikulegum frídegi þannig að starfsmaður fái samsvarandi hvíldartíma síðar og að jafnaði innan 14 daga. Þar sem sérstakar ástæður gera slík frávik nauðsynleg má þó ákveða með samkomulagi á vinnustað að fresta vikulegum hvíldartíma þannig að í stað vikulegs frídags komi tveir samfelldir frídagar á hverjum tveimur vikum.

f. (55. gr.)

Hámarksvinnutími starfsmanna á viku að yfirvinnu meðtalinni skal ekki vera umfram 48 klukkustundir að meðaltali á hverju fjögurra mánaða tímabili.

Heimilt er með samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins að reikna hámarksvinnutíma starfsmanna út frá viðmiðunartímabili sem má vera allt að sex mánuðir.

Ef fyrir liggja hlutlægar eða tæknilegar ástæður eða vegna sérstaks eðlis hlutaðeigandi starfa er samtökum aðila vinnumarkaðarins heimilt að ákveða með samningum að hámarks-

vinnutími starfsmanna skuli reiknaður út frá viðmiðunartímabili sem er allt að 12 mánuðir, að gættum meginreglum laga þessara um öryggis- og heilsuvernd starfsmanna.

Aðeins virkur vinnutími, sbr. 1. tölul. 52. gr. A, skal talinn við meðaltalsútreikninga skv. 1.–3. mgr. Árlegt launað lágmarksorlof samkvæmt lögum og veikindaforföll skulu ekki talin með við meðaltalsútreikningana.

g. (56. gr.)

Vinnutími næturvinnustarfsmanna skal að jafnaði ekki vera lengri en átta klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili.

Heimilt er með samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins að lengja vinnutíma næturvinnustarfsmanna þannig að hann verði að jafnaði allt að 48 vinnustundir á viku. Skal þá skipuleggja vinnuna þannig að vinnutíminn verði sem reglulegastur.

Um viðmiðunartímabil og viðmið við útreikning á meðalvinnutíma næturvinnustarfsmanna fer skv. 55. gr.

Næturvinnustarfsmenn sem gegna sérstaklega áhættusömum störfum eða störfum sem fela í sér mikið líkamlegt eða andlegt álag skulu ekki vinna lengur en átta klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins skal setja reglur, sem staðfestar eru af ráðherra, um hvað teljist sérstaklega áhættusöm störf eða störf sem fela í sér mikið líkamlegt eða andlegt álag, sbr. 4. mgr.

h. (57. gr.)

Næturvinnustarfsmenn sem eiga við heilsufarsvandamál að stríða sem sannanlega verður rakið til vinnutíma skulu þegar kostur er færðir til í dagvinnustörf sem henta þeim.

i. (58. gr.)

Atvinnurekendur skulu hafa til reiðu upplýsingar um vinnutíma starfsmanna í samræmi við ákvæði laga þessara.

Atvinnurekendum er skylt að láta Vinnueftirliti ríkisins í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara um vinnutíma, þar með taldar upplýsingar um fjölda næturvinnustarfsmanna og vinnutíma þeirra.

6. gr.

Við 1. mgr. 62. gr. laganna bætist nýr liður, svohljóðandi: Vinnu þar sem hætta er á ofbeldi nema ungmennin starfi með fullorðnum.

7. gr.

66. gr. laganna orðast svo:

Heilsuvernd starfsmanna skal að því leyti sem ekki er unnt að veita hana innan fyrirtækis falin þeirri heilsugæslustöð eða sjúkrahúsi sem næst liggur og/eða auðveldast er að ná til eða öðrum viðurkenndum þjónustuaðila sem fengið hefur leyfi Vinnueftirlits ríkisins til að annast heilsuvernd starfsmanna í samræmi við reglur sem settar eru af stjórn þess. Heilsuvernd starfsmanna sem veitt er innan fyrirtækis skal byggjast á áhættumati skv. 13. gr. A í samræmi við reglur stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

Hvert fyrirtæki skal gera skriflegan samning á grundvelli fyrirliggjandi áhættumats, sbr. 13. gr. A, um fyrirkomulag og framkvæmd heilsuverndar starfsmanna, ef ekki er unnt að veita hana innan þess. Ef heilsuverndin er veitt innan fyrirtækis að hluta eða öllu leyti skal

liggja fyrir skrifleg áætlun um framkvæmd hennar. Vinnueftirlit ríkisins skal sjá um að slíkir samningar og áætlanir séu gerðar og hlutast til um að skorið sé úr ágreiningi er upp kann að koma milli heilsugæslustöðvar, sjúkrahúss, annarra þjónustuaðila, atvinnurekanda og starfsmanna.

Fyrirtæki með fimm starfsmenn eða færri eru undanþegin skyldu skv. 2. mgr., enda sé ekki um að ræða áhættusöm störf eða störf sem fela í sér mikið líkamlegt eða andlegt álag, sbr. reglur skv. 5. mgr. 56. gr.

8. gr.

67. gr. laganna orðast svo:

Starfsmenn skulu eiga kost á heilsufarsskoðun á kostnað atvinnurekanda áður en þeir eru ráðnir til starfa, meðan þeir eru í starfi og þegar við á eftir að þeir eru hættir störfum, enda séu starfsskilyrði þeirra slík að heilsutjón geti hlotist af og ástæða sé til þess að ætla að á þann hátt megi koma í veg fyrir eða hefta atvinnusjúkdóma og atvinnutengda sjúkdóma.

Í reglum sem stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur að fenginni umsögn landlæknis skal nánar kveðið á um í hverju heilsufarsskoðun skuli fólgin, tíðni eftirlits og hvaða mælingar og aðrar rannsóknir skuli framkvæma. Taka skal tillit til starfsumhverfis. Heimilt er að setja slíkar reglur fyrir einstakar starfsgreinar.

9. gr.

1. mgr. 68. gr. laganna orðast svo:

Vinnueftirlit ríkisins skal hafa í þjónustu sinni lækni sem hefur sérfræðimenntun er tengist starfinu.

10. gr.

Í stað orðanna „tvo stjórnarmenn tilnefnda af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn stjórnarmann tilnefndan af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna“ í 1. mgr. 74. gr. laganna kemur: þrjá stjórnarmenn tilnefnda af Samtökum atvinnulífsins, einn stjórnarmann tilnefndan af Bandalagi háskólamanna, einn stjórnarmann tilnefndan af fjármálaráðuneytinu.

11. gr.

77. gr. laganna orðast svo:

Til þess að standast kostnað af framkvæmd laga þessara fær Vinnueftirlit ríkisins í sinn hlut hlutdeild í tryggingagjaldi, sbr. lög um tryggingagjald.

Hlutfall þetta skal ákveðið með reglugerð fyrir eitt ár í senn, með hliðsjón af fjárhagsáætlun Vinnueftirlits ríkisins og í samráði við stjórn stofnunarinnar, ásamt leiðréttingu vegna tekjuafgangs eða tekjuhalla næsta reikningsárs á undan.

Aðrar tekjur stofnunarinnar eru skrásetningar- og eftirlitsgjöld skv. 2. mgr. 49. gr. og gjöld fyrir aukaþjónustu skv. 4. mgr. 80. gr.

12. gr.

Í stað 2. mgr. 86. gr. laganna koma tvær málsgreinar, svohljóðandi:

Atvinnurekanda ber jafnframt að tryggja að starfsmenn geti sjálfir, ef öryggi þeirra eða annarra er stefnt í bráða hættu, gripið til viðeigandi ráðstafana til að komast hjá afleiðingum hættunnar þegar ekki er unnt að ná sambandi við yfirmann eða starfsmann sem falin hefur verið öryggisvarsla eða öryggistrúnaðarstarf.

Aðgerðir skv. 1. eða 2. mgr. gera þá aðila sem þar greinir ekki ábyrga fyrir því tjóni sem fyrirtækið kann að verða fyrir vegna stöðvunar eða fráhvarfa starfsmanna af vinnustað þar sem hið bráða hættuástand var talið ríkja og er óheimilt að láta þá gjalda fyrir ákvörðun sína á nokkurn hátt.

13. gr.

87. gr. laganna orðast svo:

Ef ákvæði laga þessara, eða reglna sem settar eru með stoð í þeim, eru brotin og ekki er farið að fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli þeirra getur það ákveðið að sá eða þeir sem fyrirmælin beinast að greiði dagsektir þar til farið verður að þeim. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

Dagsektir skulu nema 10.000–100.000 krónum á sólarhring. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta er heimilt að taka tillit til þess hve aðkallandi umbæturnar eru og hversu stór og umsvifamikill viðkomandi atvinnurekstur er.

Dagsektir renna í ríkissjóð.

Aðili getur kært ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins um beitingu dagsekta til stjórnar Vinnueftirlitsins innan sjö daga frá því að honum var tilkynnt um ákvörðunina. Stjórn Vinnueftirlitsins skal kveða upp úrskurð eins fljótt og unnt er og eigi síðar en eftir einn mánuð. Málskot til stjórnar Vinnueftirlitsins frestar aðför.

Innheimta má dagsektir með fjárnámi samkvæmt ákvæðum aðfararlaga.

14. gr.

Lög þessi, sem m.a. eru sett með hliðsjón af tilskipun 93/104/EB um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma, tilskipun 89/391/EBE um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum og tilskipun 94/33/EB um vinnuvernd barna og ungmenna, öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að lögfestar verði meginreglur tilskipunar ráðsins 93/104/EB frá 23. nóvember 1993 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma (hér eftir nefnd vinnutímatilskipunin). Þannig verði teknar upp meginreglur tilskipunarinnar um daglegan hvíldartíma, hlé á vinnu, vikulegan frítíma, hámarksvinnutíma á viku, vinnutíma næturvinnustarfsmanna og rétt þeirra til heilsufarsskoðunar.
2. Nokkrar breytingar eru lagðar til með hliðsjón af ákvæðum í tilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum. Í þeim felst m.a. skylda vinnuveitanda til að gera eða láta gera áhættumat sem taki til þeirra þátta í vinnuumhverfinu sem geta skapað áhættu fyrir öryggi og heilsu starfsmanna.
3. Lagðar eru til nokkrar breytingar á ákvæði laganna um heilsuvernd starfsmanna. Þannig verði heilsuvernd starfsmanna ekki takmörkuð við þjónustu heilsugæslustöðva eða sjúkrahúsa eins og samkvæmt gildandi lögum. Þá er gert ráð fyrir að heilsuvernd starfsmanna geti verið veitt að hluta eða öllu leyti innan fyrirtækis.
4. Lagðar eru til nokkrar breytingar á ákvæðum laganna til viðbótar við það sem að framan greinir, svo sem á ákvæðum um dagsektir, stjórn Vinnueftirlits ríkisins, tekjur Vinnu-

eftirlitsins o.fl. Þá er lögð til smávægileg breyting með hliðsjón af tilskipun ráðsins 94/33/EB um vinnuvernd barna og ungmenna.

II. Vinnutímatilskipunin.

1. Almennt.

Vinnutímatilskipunin var samþykkt af sameiginlegu EES-nefndinni 28. júní 1996, sbr. ákvörðun nefndarinnar nr. 42/96. Tilskipunin var birt í EES-viðbæti Stjórnartíðinda Evrópusambandsins (ESB) 14. nóvember 1996 (51. hefti, bls. 14), og telst hluti af XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagsvæðið. Tilskipunin byggist á a-lið 118. gr. Rómarsáttmálans (nú 138. gr. samkvæmt Amsterdam-sáttmálanum) sem kveður á um að ESB skuli með útgáfu tilskipana setja lágmarkskröfur til að stuðla að umbótum, einkum að því er varðar vinnuumhverfi til að tryggja aukna öryggis- og heilsuvernd starfsmanna. Í formála tilskipunarinnar er vísað til þessa ákvæðis og sáttmála bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launafólks (*The Community Charter of the Fundamental Social Rights of Workers*) sem samþykkt var af hálfu 11 aðildarríkja þess á fundi leiðtogaráðs ESB í Strassborg 9. desember 1989. Í stofnskránni er m.a. tekið fram að innri markaður bandalagsins verði að leiða til bættra lífskjara og starfsskilyrða launafólks. Því markmiði eigi m.a. að ná með umbótum sem varða lengd og skipulag vinnutíma.

Í formála tilskipunarinnar er einnig vísað til tilskipunar 89/391/EBE en sú tilskipun hefur að geyma almennar meginreglur um forvarnir gegn áhættu við störf og verndun öryggis og heilsu starfsmanna við vinnu. Enn fremur segir að með fyrirmælum um lágmarkskröfur varðandi skipulag vinnutíma sé stuðlað að bættum starfsskilyrðum launafólks í Evrópusambandinu.

2. Gildissvið og meginreglur vinnutímatilskipunarinnar.

Vinnutímatilskipunin gildir um daglegan og vikulegan lágmarkshvíldartíma, árlegt orlof, um hlé og hámarksvinnutíma á viku og tiltekna þætti í tengslum við næturvinnu, vaktavinnu og vinnumynstur.

Tilskipunin gildir um alla starfsemi, hvort sem hún er á vegum opinberra aðila eða einkaaðila, í skilningi 2. gr. tilskipunar 89/391/EBE, sbr. þó 17. gr. tilskipunarinnar, að undanskildum loft-, járnbrautar-, vega-, sjó- og vatnaflutningum og flutningum á skipgengum vatnaleiðum, veiðum á sjó, annarri vinnu á sjó og starfsemi tengdri námi lækna. Í tilvísun til 2. gr. tilskipunar 89/391/EBE felst að ákvæði vinnutímatilskipunarinnar gilda ekki í þeim tilvikum þegar sérstakar aðstæður tengdar tiltekinni starfsemi hins opinbera, svo sem her eða lögreglu eða tiltekinni starfsemi á sviði almannavarna, stangast ótvírætt á við hana.

Meginreglur vinnutímatilskipunarinnar eru þær að aðildarríkjum er skylt að tryggja starfsmönnum rétt á eftirfarandi:

a. 11 klukkustunda samfelldum daglegum hvíldartíma,
b. hvíldarhléi ef daglegur vinnutími er lengri en sex klukkustundir,
c. samfelldum 24 klukkustunda hvíldartíma í viku hverri sem tengist daglegum hvíldartíma, sbr. a-lið,
d. að virkur vikulegur vinnutími sé takmarkaður og að meðalvinnustundafjöldi fari ekki yfir 48 klukkustundir, að yfirvinnu meðtalinni,
e. árlegu fjögurra vikna launuðu orlofi,
f. að venjulegur vinnutími næturvinnustarfsmanns fari ekki að jafnaði yfir átta klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili og að þetta viðmið sé hámark ef starfi fylgir mikið andlegt eða líkamlegt álag,

g. ókeypis heilsufarsskoðun næturvinnustarfsmanna og, sé þess kostur, rf ef rekja má heilsufarsvandamál þeirra til næturvinnu.

Tilskipunin hefur enn fremur að geyma nánari ákvæði er varða heilsuvernd og öryggi næturvinnustarfsmanna og vaktavinnustarfsmanna. Þá kveður hún á um að gera skuli viðeigandi ráðstafanir vegna þeirra starfsmanna sem vinna eftir ákveðnu mynstri.

Meginreglur vinnutímatilskipunarinnar eru ekki án undantekninga. Frávikheimildir tilskipunarinnar byggjast m.a. á því að skipulag vinnutíma í ákveðnum starfsgreinum er eða kann að vera með þeim hætti að æskilegt sé að heimila ákveðinn sveigjanleika við beitingu framangreindra meginreglna. Ef aðildarríki nýta þessar undanþágur ber þeim að gæta að meginreglum tilskipunarinnar um öryggis- og heilsuvernd starfsmanna og gæta þess að starfsmenn fái samsvarandi hvíld í staðinn.

Rétt er að benda á að reglur tilskipunarinnar fela í sér lágmarksréttindi til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna.

3. Undanþegnar starfsgreinar.

Nokkrar starfsgreinar eru sem fyrr segir sérstaklega undanþegnar gildissviði vinnutímatilskipunarinnar en þær eru:

a. flutningur á landi, sjó, í lofti, með járnbrautarlestum og á skipgengum vatnaleiðum,
b. veiðar og önnur vinna á sjó,
c. læknar í starfsnámi.

Vinnutímatilskipuninni var breytt með tilskipun 2000/34/EB frá 22. júní 2000 þar sem framangreindir hópar voru færðir undir gildissvið hennar, að farmönnum undanskildum. Í tilskipun 2000/34/EB er þó gert ráð fyrir að margvíslegar undanþáguheimildir frá reglum vinnutímatilskipunarinnar gildi enn varðandi þessa hópa. Reglur um vinnutíma farmanna er að finna í tilskipun ráðsins 1999/63/EB varðandi samninginn um skipulag vinnutíma á farskipum sem gerður var af Evrópusamtökum skipaeigenda (ESCA) og Sambandi flutningaverkamanna. Auk þess gildir um þetta efni tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/95/EB frá 13. desember 1999 um framkvæmd ákvæða um vinnutíma á skipum sem fara um hafnir í bandalaginu. Þá má geta tilskipunar nr. 2000/79/EB frá 27. nóvember 2000 um vinnutíma í flugi sem byggist á samningum samtaka aðila vinnumarkaðarins á Evópuvísu í þessari atvinnugrein frá í mars 2000.

Hrinda þarf ákvæðum tilskipunar 2000/34/EB í framkvæmd hér á landi fyrir 1. ágúst 2003 auk þess sem aðildarríkjum hennar er veitt heimild til að hrinda ákvæðum um vinnutíma lækna í starfsnámi í framkvæmd á lengra tímabili. Gera má ráð fyrir að tilskipunin verði felld undir EES-samninginn í lok árs 2000 eða byrjun árs 2001. Ekki er lagt til að ákvæði hennar verði tekin upp með frumvarpi þessu.

Með hliðsjón af gildissviði laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem taka almennt ekki til starfsemi á sjó og í lofti, er ekki mælt sérstaklega fyrir um undanþágur varðandi slíka starfsemi í frumvarpi þessu.

Hvað varðar flutninga á vegum er í gildi reglugerð ráðsins nr. 3820/85/EBE, um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varða flutninga á vegum, sem m.a. fjallar um vinnutíma. Þessar reglur voru teknar upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 136/1995 um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum. Reglugerðin var gefin út af dómsmálaráðuneytinu með heimild í umferðarlögum, nr. 50/1987, sbr. lög nr. 44/1993, og tók gildi 1. maí 1995. Reglugerð nr. 3820/85/EBE er ekki einvörðungu byggð á sjónarmiðum um heilsu-

vernd og öryggi ökumanna heldur er markmið hennar jafnframt að stuðla að samræmingu samkeppnisskilyrða í allri flutningastarfsemi, sem og bættu umferðaröryggi.

Þar sem ökumenn sem falla undir reglugerð nr. 136/1995, með síðari breytingum, hafa ekki verið undanskildir meginreglum núgildandi laga um daglega lágmarkshvíld og vikulegan frídag sem tengist daglegum hvíldartíma er lagt til að þær meginreglur gildi áfram um þá en að ekki verði mælt fyrir um vinnutíma þeirra að öðru leyti í frumvarpinu. Sama á við um lækna í starfsnámi. Hugtakið læknar í starfsnámi er skilgreint í frumvarpinu sem læknanemar með tímabundið lækningaleyfi og kandídatar, einnig læknar án sérfræðiviðurkenningar í samræmi við reglur sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setur, að fenginni umsögn læknadeildar Háskóla Íslands.

4. Áhrif vinnutímatilskipunarinnar.

Það hefur reynst vandasamt að meta áhrif vinnutímatilskipunarinnar á íslenskan vinnumarkað. Tilskipunin sjálf mælir ekki fyrir um hvernig vinnutími skuli mældur en hún kveður þó á um að á fimm ára fresti skuli aðildarríkin gefa skýrslu um það hvernig gangi að uppfylla ákvæði tilskipunarinnar. Af því má leiða að nauðsynlegt sé fyrir aðildarríkin að mæla vinnutíma með ákveðnum hætti í samræmi við kröfur tilskipunarinnar. Hér á landi sér Hagstofa Íslands um að mæla vinnutíma. Mæling Hagstofunnar byggist á sömu aðferðum og í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

Þegar Ísland er borið saman við önnur ríki ESB kemur í ljós að Íslendingar vinna lengstan vinnutíma en Hollendingar stystan. Athyglisvert er að á síðasta áratug hafa svo til engar breytingar orðið á vinnutíma launafólks hér á landi. Árið 1997 var venjulegur vinnutími á Íslandi 41,3 klukkustundir en meðaltal í ríkjum ESB var þá 36,8 klukkustundir. Þá vinna yfir 40% launafólks í fullu starfi meira en 48 klukkustundir á viku að jafnaði og rúmlega 52% meira en 46 klukkustundir á viku. Er það talsvert hærra hlutfall en í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Fleiri tölur mætti nefna því til stuðnings að vinnutímatilskipunin hefur væntanlega talsverð áhrif á íslenskan vinnumarkað og mun meiri en í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Þess ber þó að geta að framangreindar tölur gefa aðeins vísbendingu um áhrif tilskipunarinnar.

III. Breytingar frá gildandi löggjöf um vinnutíma.

Flest ákvæði um vinnutíma hér á landi er að finna í kjarasamningum samtaka aðila vinnumarkaðarins en þó eru nokkur ákvæði um þetta efni í gildandi löggjöf. Löggjöf um vinnutíma byggist einkum á því að vernda starfsmenn gegn óhóflega löngum vinnutíma með því að tryggja þeim lágmarkshvíld. Ákvæði um vinnutíma er að finna í lögum nr. 88/1971, um 40 stunda vinnuviku, nr. 53/1921, um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum, nr. 59/1995, um áhafnir íslenskra kaupskipa, og sjómannalögum, nr. 35/1985.

Helstu ákvæði um vinnutíma og hvíldartíma er að finna í IX. kafla laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Er þar annars vegar mælt fyrir um lágmarkshvíldartíma á sólarhring og hins vegar um vikulegan frídag en jafnframt veittar ákveðnar heimildir til frávika frá þessum reglum. Með lögum nr. 52/1997 var ákvæði 52. gr. laga nr. 46/1980 breytt til samræmis við ákvæði vinnutímatilskipunarinnar um 11 klukkustunda lágmarkshvíld á sólarhring en ákvæðið mælti áður fyrir um 10 klukkustunda lágmarkshvíld.

Með þessu frumvarpi er í fyrsta lagi lagt til að reglur IX. kafla laga nr. 46/1980 um lágmarkshvíld og vikulegan frídag verði útfærðar með öðrum hætti en nú með hliðsjón af efni vinnutímatilskipunarinnar. Í öðru lagi er lagt til að fleiri efnisreglum er snerta vinnutíma

verði bætt við kaflann. Í þriðja lagi er lagt til að í stað þess að Vinnueftirlit ríkisins veiti undanþágur frá vinnutímaákvæðunum verði nánari útfærsla þeirra, innan ramma laganna, í höndum samtaka aðila vinnumarkaðarins. Gert er ráð fyrir að samtökin hafi verulegt svigrúm til samninga innan þess ramma sem vinnutímatilskipunin mælir fyrir um.

IV. Kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins og aðdragandi frumvarps.

Í a-lið 1. mgr. 18. gr. vinnutímatilskipunarinnar er kveðið á um að stjórnvöld í aðildarríkjum Evrópusambandsins skuli samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipuninni eigi síðar en 23. nóvember 1996 eða fullvissa sig um í síðasta lagi þann dag að samtök aðila vinnumarkaðarins hafi með samningi gert nauðsynlegar ráðstafanir þeim til framkvæmdar, enda bera aðildarríkin fulla ábyrgð á að ákvæðum þessarar tilskipunar sé ætíð fullnægt.

Með hliðsjón af efni tilskipunarinnar og venjum hér á landi um samráð stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins fól félagsmálaráðherra með bréfi, dags. 2. júní 1995, samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins og samtaka aðila vinnumarkaðarins, vegna framkvæmdar samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, að gera úttekt á áhrifum þess að tilskipunin tæki gildi á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Í nefndinni sitja fulltrúar félagsmálaráðuneytis, utanríkisráðuneytis og fjármálaráðuneytis, Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Með bréfi, dags. 2. febrúar 1996, skilaði nefndin ráðherra skýrslu um málið þar sem mælt var með því að samtökum aðila vinnumarkaðarins yrði gefið svigrúm til að ná samkomulagi sín á milli og freista þess þannig að aðlaga reglur tilskipunarinnar að aðstæðum á íslenskum vinnumarkaði. Félagsmálaráðherra féllst á að þessi leið yrði farin hér á landi og sömdu samtök aðila vinnumarkaðarins sín á milli um upptöku þessara reglna með kjarasamningum, sbr. auglýsingu félagsmálaráðuneytis nr. 285/1997 um gildistöku tilskipunar Evrópusambandsins nr. 93/104/EB frá 23. nóvember 1993 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma. Í auglýsingunni, sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda, segir að ákveðið hafi verið að höfðu samráði við helstu samtök atvinnurekanda og launafólks að hrinda ákvæðum hennar í framkvæmd hér á landi með kjarasamningum. Í auglýsingunni er vísað til eftirfarandi kjarasamninga þessu til staðfestingar:

1. Vinnuveitendasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands (samningur undirritaður 30. desember 1996).
2. Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborg og launanefnd sveitarfélaga annars vegar og Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Kennarasamband Íslands hins vegar (samningur undirritaður 23. janúar 1997).
3. Alþýðusamband Íslands og Vinnumálasambandið (samningur undirritaður 10. apríl 1997).

Í auglýsingunni segir jafnframt að í samræmi við 1. gr. laga nr. 55/1980, sbr. 5. gr. laga nr. 69/1993, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, séu laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, lágmarkskjör. Af því leiði að ákvæði tilskipunar 93/104/EB hafi tekið gildi með kjarasamningunum og teljist vera lágmarkskjör á íslenskum vinnumarkaði.

Framangreindir kjarasamningar, sem hér á eftir verða nefndir vinnutímasamningarnir, öðluðust gildi hér á landi á fyrri hluta árs 1997. Vinnutímasamningarnir þrír eru í öllum meginatriðum samhljóða. Í þeim er að finna meginreglur tilskipunarinnar um daglegan og viku-

legan hvíldartíma, ákvæði um vinnutíma næturvinnustarfsmanna o.fl., auk þess sem kveðið er á um sérstakar frávíksheimildir frá þessum meginreglum.

Í bréfi EES-samráðsnefndarinnar um reglur á sviði félagsmála, sem fylgdi með framangreindri skýrslu nefndarinnar til ráðherra um áhrif gildistöku vinnutímatilskipunarinnar hér á landi, dags. 2. febrúar 1996, kom fram að nefndin teldi eðlilegt að gefa samtökum aðila vinnumarkaðarins nokkurt svigrúm til að ná samkomulagi sín á milli. Þannig mundu þau freista þess að laga reglur tilskipunarinnar að þeim aðstæðum sem eru fyrir hendi á íslenskum vinnumarkaði en í framhaldinu af því væri rétt að huga að breytingum á vinnutímaákvæðum laga nr. 46/1980. Þetta var áréttað með erindi Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands til félagsmálaráðherra í upphafi árs 1998 þar sem sú tillaga var lögð fram að ráðherra léti fara fram heildarendurskoðun á þeim ákvæðum í lögum nr. 46/1980 sem lúta að skipulagi vinnutíma með það fyrir augum að lögfesta meginreglur vinnutímatilskipunarinnar. Jafnframt var þess óskað að með lögum yrðu staðfestar heimildir samtaka aðila vinnumarkaðarins til að semja um frávik frá einstökum ákvæðum laganna að uppfylltum ákveðnum rammaákvæðum. Var m.a. bent á að ákvæði vinnutímatilskipunarinnar ganga í nokkrum tilvikum lengra en lög nr. 46/1980, svo sem varðandi hvíldartíma og frítíma, auk þess sem kveðið er á um lengd vinnutíma.

Í framhaldi af fyrrgreindu bréfi ASÍ og VSÍ var fulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins í EES-samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins falið að gera tillögur að lagabreytingum með hliðsjón af ákvæðum vinnutímatilskipunarinnar og gildandi kjarasamningum. Ekki náðist samkomulag meðal nefndarmanna en fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðuneytisins lögðu þó fram sameiginlegar tillögur sem m.a. var höfð hliðsjón af við samningu frumvarps þessa.

Við vinnslu frumvarpsins var það sent ýmsum aðilum til umsagnar og sendu eftirtaldir umsögn til ráðuneytisins: Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Kennarasambandið, fjármálaráðuneytið, dómsmálaráðuneytið, Félag íslenskra flugumferðarstjóra, launanefnd sveitarfélaga, stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, Læknafélag Íslands og Reykjavíkurborg.

V. Heilsuvernd starfsmanna.

Tillögur frumvarpsins um breytingar á ákvæðum laganna um heilsuvernd starfsmanna eru að nokkru leyti byggðar á tillögum nefndar á vegum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins frá því í júní 1999.

Í lögum nr. 46/1980 er mælt fyrir um að fyrirtæki skuli koma á fót heilsuvernd starfsmanna og semja við heilsugæslustöð eða sjúkrahús um framkvæmdina. Lagt er til að fyrirtækjum verði einnig unnt að fela sérstökum þjónustuaðilum að annast heilsuvernd starfsmanna og þjónustan geti verið veitt að hluta eða öllu leyti innan fyrirtækjanna. Þessu til viðbótar er lagt er til að heilsuvernd starfsmanna byggist á skriflegu áhættumati, sbr 2. gr. (13. gr. A) frumvarpsins.

Markmið heilsuverndar starfsmanna eru eftirfarandi:

a. Að fyrirbyggja óþægindi, sjúkdóma og slys sem rekja má til atvinnu fólks,
b. að auka þekkingu atvinnurekenda og launafólks á áhættuþáttum í vinnuumhverfi,
c. að draga úr fjarvistum starfsmanna og atvinnurekenda vegna veikinda og slysa með því að auka öryggi, viðhalda heilsu á vinnustað og aðlaga störfin að þeim sem gegna þeim.

Þessum markmiðum verður helst náð með eftirfarandi:

a. Áhættumati,

b. fræðslu og ráðgjöf,
c. heilsufarsskoðunum.

Áhættumat, sbr. 2. gr. frumvarpsins (13. gr. A) felur í sér greiningu og mat á vinnuumhverfi og skal taka til allra þeirra þátta í vinnuumhverfinu sem geta stofnað öryggi og heilsu starfsmanna í hættu. Það felur í sér skoðun á þáttum eins og samskiptum og stjórnunarháttum, líkamlegu og andlegu álagi, hávaða og lýsingu, innanhússlofti, öryggismálum, meðferð hættulegra efna, mengun, geislun og aðstæðum fyrir tiltekna starfshópa, svo sem ungmenni, eldri starfsmenn, barnshafandi konur o.fl. Meta skal áhættu og lýsa hvernig henni verður mætt, svo sem með skipulagi vinnunnar, fræðslu, þjálfun, vali á tækjum, efnum eða efnablöndum, notkun öryggis- eða hlífðarbúnaðar, innréttingum á vinnustað eða öðrum forvörnum.

Fræðslan getur tekið til ýmissa atriða, svo sem mannlegra samskipta, streitustjórnunar, álagssjúkdómavarna, mengunarvarna, meðferðar hættulegra efna, hávaðavarna, lýsingar og innilofts, slysavarna, skyndihjálpar auk fleiri þátta. Ráðgjöfin snýr t.d. að vinnuskipulagi og hönnun vinnuumhverfis, skipulagi og framkvæmd innra starfs í fyrirtækjum, ráðgjöf um aðgerðir og úrbætur í framhaldi af greiningu og mati á vinnuumhverfi og vinnuskipulagi og um leiðir til að virkja starfsmenn, stjórnendur og eigendur í vinnuvernd.

Heilsufarsskoðanir þurfa að taka mið af áhættumati, sem og þeim reglum sem eru í gildi um þetta efni. Heilsufarsskoðanir eru alfarið í höndum heilbrigðisstarfsmanna og skulu taka mið af áhættuþáttum í umhverfi.

Þrátt fyrir að ákvæði laga nr. 46/1980 um heilsuvernd starfsmanna hafi ekki komið til almennrar framkvæmdar hafa ýmis fyrirtæki og stofnanir hér á landi keypt þjónustu sem felur í sér heilsuvernd á vinnustað í einhverju formi. Þannig hafa fyrirtæki sem kennd eru við „stóriðju“, svo sem Álverið í Straumsvík, Járnblendiverksmiðjan á Grundartanga, Kísiliðjan við Mývatn, Steinullarverksmiðjan á Sauðárkróki og Áburðarverksmiðjan, öll haft heilsuvernd á vinnustað í einhverju formi. Ýmsir hafa veitt þessa þjónustu, þ.e. heilsugæslustöðvar, sjúkrahús og sjálfstætt starfandi einstaklingar. Eftir því sem best er vitað hafa þó fáar heilsugæslustöðvar séð sér fært að sinna heilsuvernd á vinnustað með formlegum hætti. Þó er vitað um undantekningar hjá nokkrum heilsugæslustöðvum sem hafa sinnt heilsuvernd starfsmanna.

Ljóst er að hæfniskröfur til þeirra sem koma að heilsuvernd starfsmanna eru aðrar og ná til fleiri en þeirra sem vinna í almennri heilbrigðisþjónustu. Er því eðlilegt að takmarka ekki þessa starfsemi við heilbrigðisstofnanir. Í því sambandi má benda á að fyrirtæki hér á landi hafa ólíkar þarfir fyrir heilsuvernd á vinnustað eftir atvinnugreinum, stærð fyrirtækja, umfangi og viðfangsefnum. Til að mæta þörfum atvinnulífsins mætti þannig sjá fyrir sér mismunandi rekstrarform heilsuverndar á vinnustað. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til geta einka- eða sameignarfyrirtæki annast hana. Hafi slík fyrirtæki ekki sérfræðinga með þekkingu á öllum fagsviðum heilsuverndar á vinnustað gætu þau haft ákveðið fagnet þannig að stjórnendur þjónustunnar tryggi að öll fagsviðin séu til staðar þegar á þarf að halda.

VI. Tilskipun nr. 89/391/EBE.

Tilskipun ráðsins nr. 89/391/EBE um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum er frá 12. júní 1989 og er hluti af XVIII. viðauka við EES-samninginn. Tilskipunin felur í sér auknar skyldur atvinnurekenda og starfsmanna sem miða að því að færa eftirlit með vinnuumhverfinu inn í fyrirtækin og gera það að hluta af eðlilegri starfsemi fyrirtækjanna. Markmið tilskipunarinnar er, sbr. 1. mgr. 1. gr., að gera ráðstafanir

til að stuðla að því að öryggi og heilsa starfsmanna á vinnustöðum verði bætt. Þau markmið falla að markmiðum laga nr. 46/1980 en þau eru, sbr. 1. gr. laganna, að tryggja:

a. öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu,
b. skilyrði fyrir því að innan vinnustaðanna sjálfra sé hægt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál í samræmi við gildandi lög og reglur og ráðleggingar aðila vinnumarkaðarins og ráðleggingar og fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins.

Í lögum nr. 46/1980 er með ýmsum hætti gert ráð fyrir að atvinnurekandi og starfsmenn hans vinni sameiginlega að öryggismálum og heilsuvernd. Í II. kafla laganna er þetta útfært með ýmsum hætti í samræmi við stærð fyrirtækja.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu fela í sér nánari útfærslu á því hvernig öryggis- og heilsuverndarstarf eigi að fara fram innan fyrirtækjanna.

Tilskipun 89/391/EBE gerir ráð fyrir að ráðstafanir um forvarnir sem gerðar eru í kjölfar áhættumats verði felldar inn í alla starfsemi fyrirtækisins eða stofnunarinnar á öllum þrepum og tryggi þannig starfsmönnum betri vernd með tilliti til öryggis og heilsu. Tilskipun 89/391/EBE er rammatilskipun Evrópusambandsins á sviði vinnuverndar og hafa margar tilskipanir sem vísa til hennar verið innleiddar hér á landi og gilda þær á sérstökum fagsviðum eða miða að vernd ákveðinna áhættuhópa. Þessar reglur eiga það sammerkt að atvinnurekandi skal láta framkvæma áhættumat í samstarfi við þá sem annast öryggismál innan fyrirtækja. Slíkt áhættumat miðar að því að gera ráðstafanir til þess að eyða áhættunni eða draga úr henni með skipulögðum hætti.

Tilskipuninni hefur verið hrint í framkvæmd að hluta hér á landi með reglugerðum samgönguráðuneytisins. Er þar um að ræða reglugerð nr. 785/1998 um lágmarkskröfur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu við vinnu um borð í fiskiskipum, reglugerð nr. 786/1998 um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum og reglugerð nr. 680/1999 um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu flugverja. Stjórn Vinnueftirlits ríkisins vinnur nú að gerð reglna á grundvelli laga nr. 46/1980 sem ætlað er að tryggja fulla framkvæmd tilskipunarinnar hér á landi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að ákvæði c-liðar 2. mgr. 2. gr. falli brott. Ákvæði þessu hefur ekki verið beitt og verður að telja eðlilegt að um afmörkun þess hvort störf í heimahúsum falli undir gildissvið laganna fari eftir hugtakanotkun og markmiðum þeirra að öðru leyti, svo sem um það hverjir teljast starfsmenn og hvað telst starfsemi í skilningi þeirra.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um þá meginskyldu atvinnurekanda að framkvæma og tryggja að fyrir hendi sé skriflegt áhættumat sem hefur að geyma greiningu á áhættuþáttum í starfsumhverfinu sem varða öryggi og heilsu starfsmanna, sbr. 6. gr. og a-lið 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 89/391/EBE. Í greininni er einnig að finna meginefni þess sem greina skal frá í matinu og er það í samræmi við 6. gr. tilskipunarinnar, einkum 2. og 3. mgr. Matinu skulu samkvæmt ákvæðinu fylgja áætlun um forvarnir og ráðstafanir um heilsuvernd starfsmanna á vinnustað, sbr. 66. gr.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að atvinnurekandi skuli leita aðstoðar þar til hæfra aðila ef áhættumat, gerð áætlunar um forvarnir eða ráðstafanir vegna heilsuverndar starfsmanna, sbr. 66. gr., krefjast sérþekkingar sem atvinnurekandi eða starfsmenn hans hafa ekki yfir að ráða.

3. mgr. kveður á um þá skyldu að hafa áhættumatið aðgengilegt í fyrirtækinu fyrir stjórn fyrirtækisins, starfsmenn þess og Vinnueftirlit ríkisins. Er það í samræmi við a-lið 3. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar.

Í 4. mgr. er fjallað um endurskoðun matsins, sbr. c-lið 3. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar. Gert er ráð fyrir að áhættumatið verði endurskoðað þegar breytingar á vinnuumhverfi breyta forsendum þess.

Samkvæmt 5. mgr. skal stjórn Vinnueftirlits ríkisins setja nánari reglur, sem staðfestar skulu af ráðherra, um gerð áhættumats, gerð og frágang skjala sem tengjast því, um hæfi ráðgefandi aðila og um forvarnir. Er það í samræmi við 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 89/391/EBE. Þá er einnig lagt til að í reglunum verði mælt fyrir um úrlausn ágreiningsefna og er þá átt við ágreining sem kann að koma upp á milli atvinnurekenda, starfsmanna og þeirra sem veita þjónustu varðandi gerð áhættumats.

Um 3. gr.

Samkvæmt 24. gr. laga nr. 46/1980 á orðið starfsmaður í lögunum við um hvern þann sem vinnur launuð störf í annarra þjónustu. Lagt er til að hugtakið nái einnig til nema og lærlinga án tillits til þess hvort þeir gegna launuðum störfum. Auk þess er gert ráð fyrir að starf á viðkomandi vinnustað sé liður í skipulögðu námi viðkomandi nema eða lærlings. Er þá átt við að fyrir liggi með formlegum hætti hvernig hlutaðeigandi nám tengist viðkomandi vinnustað. Breytingin byggist á ákvæði a-liðar 3. gr. tilskipunar 89/391/EBE. Benda má á að í X. kafla laganna er beinlínis gert ráð fyrir að þau taki til unglinga í starfsnámi, sbr. t.d. 2. mgr. 62. gr. Mikilvægt þykir að skýrt verði að þessi hópur falli undir lögin en nemar og lærlingar eru oft í sérstakri áhættu gagnvart óhöppum á vinnustað sökum ungs aldurs og reynsluleysis.

Um 4. gr.

Ákvæði þetta er í samræmi við 13. gr. vinnutímatilskipunarinnar en þar er kveðið á um að vinnuveitandi sem skipuleggur vinnu eftir ákveðnu mynstri skuli taka tillit til þeirrar meginreglu að aðlaga skuli vinnuna að starfsmanninum. Markmið þessa er einkum að lina áhrif einhæfra starfa og þeirra starfa sem unnin eru með fyrir fram ákveðnum hraða.

Um 5. gr.

Fyrirsögn IX. kafla laga nr. 46/1980 er Hvíldartími og frídagar. Til samræmis við efnisinnihald breytinga sem lagðar eru til með frumvarpi þessu er lagt til að orðinu hámarksvinnutími verði bætt við fyrirsögnina.

Um a-lið (52. gr. A).

Í ákvæðinu er að finna upptalningu á meginhugtökum frumvarpsins og skilgreiningar þeirra í samræmi við 2. gr. vinnutímatilskipunarinnar.

Hugtakið vinnutími, sbr. 1. tölul. er skilgreint sem virkur vinnutími, þ.e. sá tími sem starfsmaður er við störf, er til taks fyrir atvinnurekandann og innir af hendi störf sín eða skyldur. Vinnuhlé, neysluhlé og sérstakir frídagar falla ekki undir þessa skilgreiningu á vinnutíma þótt greiðslur komi fyrir, enda er miðað við virkan vinnutíma en ekki greiddan.

Sem dæmi um tíma sem ekki telst til virks vinnutíma eru kaffi- og matartímar, ferðir til og frá vinnu, jafnvel þótt sá tími sé greiddur, bakvaktir, kallvaktir, gæsluvaktir og þess háttar, svo lengi sem starfsmaður er ekki kallaður til starfa. Sé starfsmaður hins vegar kallaður til starfa skal telja þann tíma sem hann er við vinnu til virks vinnutíma. Launaður biðtími eða vinnuhlé þar sem ekki er krafist vinnuframlags er ekki virkur vinnutími. Gildir þá einu hvort starfsmaður dvelst á vinnustað eða ekki, svo fremi sem hann er ekki við vinnu. Hér er t.d. átt

við lengri hlé, svo sem eyður í stundaskrá kennara. Framangreint á einnig við um ferðir til og frá vinnustað eða reglubundinni starfsstöð.

Hugtakið hvíldartími er sá tími sem ekki telst til vinnutíma.

Hugtakið næturvinnutími er skilgreint í 3. tölul. sem tímabil sem skal ekki vera skemmra en sjö klukkustundir og nær yfir tímabilið frá miðnætti til klukkan fimm að morgni, sbr. 3. mgr. 2. gr. vinnutímatilskipunarinnar. Í því felst að næturvinnutími getur t.d. verið frá kl. 22.00 til kl. 05.00 eða kl. 24.00 til kl. 07.00. Ákvæðið gerir ráð fyrir að um nánari afmörkun tímabilsins fari samkvæmt samningum samtaka aðila vinnumarkaðarins. Í vinnutímasamningunum hefur næturvinnutími verið skilgreindur sem tímabilið frá kl. 23.00 til kl. 06.00.

Næturvinnustarfsmaður er, sbr. 4. tölul. og í samræmi við 4. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar, annars vegar starfsmaður sem venjulega vinnur a.m.k. þrjár klukkustundir af daglegum vinnutíma sínum á næturvinnutíma og hins vegar starfsmaður sem ætlast er til að inni af hendi tiltekinn hluta af ársvinnuframlagi sínu á næturvinnutíma, samkvæmt nánari útfærslu í samningum samtaka aðila vinnumarkaðarins. Þannig hefur hugtakið næturvinnustarfsmaður verið skilgreint með þeim hætti í vinnutímasamningunum að um sé að ræða starfsmann sem venjulega vinni a.m.k. þrjár klukkustundir af daglegum vinnutíma sínum á næturvinnutímabili eða fastráðinn starfsmann sem unnið hefur reglulega minnst þrjár klukkustundir á næturvinnutímabili í einn mánuð. Undir þessa skilgreiningu getur þannig fallið árstíðabundin næturvinna og vaktavinna þar sem skipst er á að vinna dag- og næturvinnu. Sú regla sem miðað er við í þessu efni í samningum samtaka aðila vinnumarkaðarins er að til þess að geta talist næturvinnustarfsmaður skuli 40% af reglulegu vinnuframlagi vera innt af hendi á næturvinnutímabili á ári.

Í 5. tölul. er vaktavinna skilgreind, í samræmi við 5. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar, sem vinna sem einkennist af því að henni er skipt niður í mismunandi vinnutímabil/vaktir samkvæmt ákveðnu fyrirkomulagi þar sem starfsmaður vinnur á mismunandi vöktum á tilteknu tímabili sem mælt er í dögum eða vikum.

Hugtakið vaktavinnustarfsmaður er í 6. tölul. skilgreint í samræmi við 6. mgr. 2. gr. vinnutímatilskipunarinnar og þarfnast ekki skýringar.

Um b-lið (52. gr. B).

Greinin byggist á 3. mgr. 1. gr. vinnutímatilskipunarinnar þar sem mælt er fyrir um undanþágur frá gildissviði hennar.

Í 1. tölul. er lagt til að ákvæði IX. kafla laga nr. 46/1980 taki almennt ekki til þeirra sem starfa við flutninga á vegum og falla nú undir ákvæði reglugerðar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins nr. 136/1995, um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl., í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Þar sem ökumenn sem falla undir reglugerð nr. 136/1995, með síðari breytingum, hafa ekki verið undanskildir frá gildandi meginreglum laga nr. 46/1980, um daglega lágmarkshvíld og vikulegan frídag sem tengist daglegum hvíldartíma, er lagt til að þær meginreglur gildi áfram um þá, sbr. 1. tölul. Sama á við um lækna í starfsnámi og án sérfræðiviðurkenningar, sbr. 2. tölul. Í báðum tilvikum er lagt til að upplýsingaskylda vinnuveitanda skv. 58. gr. gildi um þessa hópa starfsmanna.

Í 2. tölul. eru læknar í starfsnámi undanþegnir gildissviði kaflans. Í fyrsta lagi falla þar undir læknanemar með tímabundið lækningaleyfi, í öðru lagi þeir sem hafa lokið embættisprófi í læknisfræði en hafa ekki fengið lækningaleyfi og í þriðja lagi læknar án sérfræðiviðurkenningar. Þar sem nauðsynlegt er að skilgreina nánar hvaða læknar án sérfræðiviðurkenningar geta talist vera í starfsnámi er lagt til að sú skilgreining fari eftir reglum er heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setur að fenginni umsögn læknadeildar Háskóla Íslands.

Ekki er mælt fyrir um skyldu ráðuneytisins til samráðs að öðru leyti en eðlilegt hlýtur að teljast að það leiti jafnframt álits samtaka lækna áður en það setur þessar reglur. Gert er ráð fyrir að reglur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins verði til takmörkunar á hvaða læknar án sérfræðiviðurkenningar skuli teljast læknar í starfsnámi, einkum hvað varðar tímamörk. Til viðbótar við upplýsingaskyldu vinnuveitanda skv. 58. gr. er lagt til að ákvæði 57. gr. um tilfærslu næturvinnustarfsmanna sem eiga við heilsufarsvandamál að stríða gildi um lækna í starfsnámi.

Ákvæði 3. tölul. er byggt á a-lið 1. mgr. 17. gr. tilskipunarinnar. Er þar kveðið á um að aðildarríkjum sé heimilt, að teknu tilhlýðilegu tilliti til almennra meginreglna um öryggis- og heilsuvernd starfsmanna, að víkja frá meginreglum tilskipunarinnar þegar lengd vinnutíma verður ekki mæld og/eða fyrir fram ákveðin, einnig vegna sérstakra eiginleika umræddra starfa eða ef starfsmenn geta sjálfir ákveðið vinnutímann, einkum þegar um er að ræða starfsmenn sem gegna stjórnunarstörfum eða annað starfsfólk sem hefur umboð til að taka sjálfstæðar ákvarðanir. Á þessum grundvelli er lagt til að ákvæði kaflans taki ekki til æðstu stjórnenda eða annarra þeirra sem ráða vinnutíma sínum sjálfir. Er hér annars vegar átt við forstjóra og/eða framkvæmdastjóra fyrirtækis sem samkvæmt skipuriti fyrirtækis taka sjálfir ákvarðanir um skipulag vinnutíma starfsmanna en eru stöðu sinnar vegna ekki bundnir af þeim reglum. Hins vegar er átt við þá starfsmenn sem stöðu sinnar vegna innan fyrirtækis ráða vinnutíma sínum sjálfir eða hafa verulegt frjálsræði varðandi skipulagningu vinnunnar, svo sem þá sem vinna störf sín heima við. Þá mundi ákvæðið í mörgum tilvikum eiga við um þá sem starfa í fjölskyldufyrirtæki, sbr. b-lið 1. mgr. 17. gr. vinnutímatilskipunarinnar, svo sem við landbúnað.

Ákvæði 4. tölul. byggist á 2. og 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/391/EBE, sbr. 3. mgr. 1. gr. vinnutímatilskipunarinnar. Hér er lagt til að ákvæði kaflans gildi ekki um sérstakar aðstæður sem tengjast tiltekinni starfsemi hins opinbera. Þar undir falla þau tilvik sem talin eru upp í 2. mgr. 1. gr. vinnutímasamningsins milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og launanefndar sveitarfélaga og Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Kennarasambands Íslands. Í samningnum eru undanskildar gildissviði þeirra sérstakar aðstæður sem tengjast starfsemi hins opinbera, svo sem nauðsynleg öryggisstarfsemi og brýnir rannsóknarhagsmunir á sviði löggæslu, vinna sem tengist starfsemi almannavarna og eftirlitsstörf vegna snjóflóðavarna.

Til skýringar skal tekið fram að í 4. tölul. felst að ákvæði IX. kafla eiga ekki við þegar hlutaðeigandi starfsmaður er bundinn af þessum tilteknu starfsskyldum en þar fyrir utan gilda lögin um starfsmanninn og vinnuveitanda hans.

Um c-lið (53. gr. A).

Í 1. mgr. er kveðið á um að vinnutíma skuli haga þannig að á hverju 24 klukkustunda tímabili, þ.e. sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn a.m.k. 11 klukkustunda samfellda hvíld. Er það í samræmi við núgildandi ákvæði 1. mgr. 52. gr. laga nr. 46/1980 eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 52/1997. Með byrjun vinnudags í skilningi 1. mgr. er átt við venjulegt upphaf vinnu viðkomandi starfsmanns. Ef reglulegt upphaf vinnudags er t.d. kl. 08.00 skal miða við það tímamark. Hafi starfsmaður á hinn bóginn fastan vinnutíma sem hefst t.d. kl. 20.00 skal sólarhringurinn miðast við það tímamark. Eðlileg meginregla er að hvíldin komi að jafnaði í kjölfar vinnulotu og á næturvinnutíma ef því verður við komið.

Í 2. mgr. er lagt til að heimilt verði að stytta samfelldan hvíldartíma í allt að átta klukkustundir með samningum samtaka aðila vinnumarkaðarins, enda byggist það á sérstöku eðli starfs eða atvinnuháttum sem gera slík frávik nauðsynleg. Undir ákvæðið mundu t.d. geta fallið þau tilvik sem greinir í sambærilegu ákvæði 52. gr. laga nr. 46/1980, þ.e. vaktavinna,

störf að landbúnaði og björgun verðmæta frá skemmdum, svo sem sjávarafla. Í vinnutímasamningunum er stytting hvíldartímans heimiluð með þessum hætti við vaktaskipti á skipulegum vöktum og við björgun verðmæta frá skemmdum.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að í undantekningartilvikum verði heimilt að fresta samfelldri hvíld að því marki sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir verulegt tjón og þar til regluleg starfsemi hefur komist á að nýju. Undir það falla atvik þar sem truflun verður á starfsemi vegna ytri aðstæðna eða ófyrirséðra atburða. Er það í samræmi við núgildandi 1. mgr. 53. gr. laga nr. 46/1980 og er samsvarandi ákvæði jafnframt að finna í vinnutímasamningunum. Þá er ákvæðið í samræmi við heimildir 2. og 3. mgr. 17. gr. vinnutímatilskipunarinnar, sbr. einnig 4. mgr. 5. gr. tilskipunar 89/391/EBE.

Til samræmis við skilyrði 17. gr. vinnutímatilskipunarinnar er í 4. mgr. mælt fyrir um að starfsmaður skuli fá samsvarandi hvíld síðar ef heimildir 2. og 3. mgr. til að stytta daglegan hvíldartíma eru nýttar. Ef því verður af hlutlægum ástæðum ekki komið við skal starfsmaðurinn þess í stað fá viðeigandi vernd. Gert er ráð fyrir að um nánari útfærslu ákvæðisins fari samkvæmt kjarasamningum samtaka aðila vinnumarkaðarins.

Um d-lið (53. gr. B).

Ákvæðið er í samræmi við 4. gr. vinnutímatilskipunarinnar sem segir að aðildarríkin skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að allir starfsmenn eigi rétt á hvíldarhléi ef daglegur vinnutími er lengri en sex klukkustundir. Skv. 4. gr. tilskipunarinnar skal kveðið nánar á um hléið, svo sem hve langt það skal vera og við hvaða forsendur skal miða í samkomulagi milli samtaka aðila vinnumarkaðarins eða í innlendri löggjöf.

Í vinnutímasamningunum er ákvæðið útfært þannig að starfsmenn skuli eiga rétt á 15 mínútna hléi ef daglegur vinnutími er lengri en sex klukkustundir. Er þetta ákvæði almennt uppfyllt með matar- og kaffitímaákvæðum kjarasamninga, enda þótt einstaka frávik kunni að finnast frá því.

Um e-lið (54. gr.).

Í ákvæðinu er lagt til að í 1. mgr. verði lögfest meginregla 5. gr. vinnutímatilskipunarinnar um að á hverju sjö daga tímabili skuli starfsmaður fá a.m.k. einn vikulegan frídag, þ.e. 24 klukkustundir, sem tengist daglegum hvíldartíma sem mælt er fyrir um í 3. gr. tilskipunarinnar, sbr. c-lið 5. gr. (53. gr. A) frumvarpsins. Er það í samræmi við gildandi 1. mgr. 55. gr. laga nr. 46/1980.

Í 2. mgr. er með hliðsjón af 17. gr. tilskipunarinnar mælt fyrir um heimild samtaka aðila vinnumarkaðarins til að semja um að fresta megi vikulegum frídegi með skipulögðum hætti ef sérstakar aðstæður gera slík frávik nauðsynleg. Þannig er, með hliðsjón af heimildarákvæði 3. mgr. 17. gr. vinnutímatilskipunarinnar, lagt til að í undantekningartilvikum og vegna sérstaks eðlis hlutaðeigandi starfa sé heimilt að ákveða með samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins að fresta vikulegum frídegi þannig að starfsmaðurinn fái samsvarandi hvíldartíma sem að jafnaði skal veittur innan 14 daga. Þurfa þá þau skilyrði tilskipunarinnar um að hlutlægar og tæknilegar ástæður liggi að baki að vera fyrir hendi. Þá þykir einnig nauðsynlegt að kveða á um heimild atvinnurekanda til að fresta töku vikulegs frídags að því tilskildu að fyrir liggi samkomulag á viðkomandi vinnustað. Er með því átt við samkomulag milli atvinnurekanda og hlutaðeigandi starfsmanna. Í þessu sambandi má benda á að þær aðstæður geta komið upp á vinnustað að það henti starfsmanni betur að vinna óslitið lengur en í sjö daga samfleytt og fá síðan a.m.k. tvo samfellda frídaga. Eðlilegt er að hann geti þannig átt um það nokkurt val í samkomulagi við vinnuveitanda sinn. Þó er það ávallt skilyrði að starfsmaðurinn fái a.m.k. tvo samfellda frídaga á hverjum tveimur vikum í staðinn.

Um f-lið (55. gr.).

Í ákvæðinu, sem er nýmæli, er lagt til að lögfest verði meginregla 6. gr. vinnutímatilskipunarinnar um 48 klukkustunda hámarksvinnutíma á viku að yfirvinnu meðtalinni, miðað við fjögurra mánaða tímabil, sbr. 16. gr. tilskipunarinnar.

Með hliðsjón af heimildarákvæði 4. mgr. 17. gr. tilskipunarinnar er í 2. mgr. lagt til að samtök aðila vinnumarkaðarins hafi heimild til að ákveða með samningum að viðmiðunartímabil við útreikning vikulegs hámarksvinnutíma geti verið allt að sex mánuðir. Þó er að ákveðnum skilyrðum uppfylltum heimilað í 3. mgr. að í samningum sé kveðið á um 12 mánaða viðmiðunartímabil. Ef miðað er við sex mánaða viðmiðunartímabil má þannig skipta árinu í tvö tímabil, þ.e. fyrri og seinni árshelming, og skal þá meðalvinnuvika vera að hámarki 48 vinnustundir á hvorum árshelmingi. Skilyrði þess að heimilt verði að reikna hámarksvinnutímann út frá 12 mánaða viðmiðunartímabili er að fyrir liggi hlutlægar eða tæknilegar ástæður eða að um sé að ræða sérstakt eðli viðkomandi starfa. Tilvik sem þarna geta fallið undir eru t.d. árstíðabundnir toppar eða uppgrip í vinnu og lægðir þess á milli. Einnig sveiflur í starfsemi sem orsakast af aflabrögðum, veðurfarsaðstæðum og e.t.v. markaðsaðstæðum. Þá geta atriði eins og mannfæð í fámennum byggðarlögum og erfiðleikar við mönnun tiltekinna starfa átt undir ákvæðið. Ávallt skal þó gæta meginreglna laga nr. 46/1980 um öryggis- og heilsuvernd starfsmanna. Samningar samtaka aðila vinnumarkaðarins sem hafa verið gerðir á grundvelli hliðstæðs ákvæðis í vinnutímasamningunum eru a.m.k. fyrir hendi varðandi bræðslur og virkjanir.

Til áréttingar er sérstaklega tekið fram að aðeins virkur vinnutími skuli talinn við meðaltalsútreikninga samkvæmt ákvæðinu. Í samræmi við 16. gr. vinnutímatilskipunarinnar er jafnframt mælt fyrir um að árlegt launað lágmarksorlof samkvæmt lögum og veikindaforföll skuli ekki talin með eða vera hlutlaus við meðaltalsútreikningana.

Um g-lið (56. gr.).

Ákvæðið, sem er nýmæli, er í samræmi við meginreglu 8. gr. vinnutímatilskipunarinnar um vinnutíma næturvinnustarfsmanna þar sem segir í 1. mgr. að venjulegur vinnutími næturvinnustarfsmanns skuli að jafnaði ekki vera lengri en átta klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili.

Í 2. mgr. er lagt til að heimilt verði með samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins að lengja venjulegan vinnutíma næturvinnustarfsmanna þannig að hann verði að jafnaði allt að 48 vinnustundir á viku. Skal þá skipuleggja vinnuna þannig að vinnutíminn verði sem reglulegastur. Heimild þessi byggist á ákvæði 3. mgr. 17. gr. tilskipunarinnar.

Í 3. mgr. er lagt til að samtök aðila vinnumarkaðarins hafi heimild til að ákveða með samningum sex eða tólf mánaða viðmiðunartímabil við útreikning hámarksvinnutíma næturvinnustarfsmanna með sama hætti og skv. 55. gr.

Ákvæði 4. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar þar sem segir að næturvinnustarfsmenn, sem gegni sérstaklega áhættusömum störfum eða störfum sem mikið líkamlegt eða andlegt álag fylgir, skuli að hámarki vinna átta tíma á hverju 24 klukkustunda tímabili sem þeir eru við næturvinnu. Samkvæmt ákvæðinu skulu áhættusöm störf eða störf sem mikið líkamlegt eða andlegt álag fylgir skilgreind í innlendri löggjöf og/eða réttarvenju eða heildarsamningum eða samningum milli samtaka aðila vinnumarkaðarins, að teknu tilliti til hliðarverkana og áhættu sem fylgir næturvinnu. Í 5. mgr. er gert ráð fyrir að mælt verði fyrir um, í reglum Vinnueftirlits ríkisins sem staðfestar verði af ráðherra, hvaða störf falli hér undir. Sem dæmi um slík störf má nefna erfið umönnunarstörf, vinnu við sprengiefni og önnur hættuleg efni, vinnu í mikilli hæð, stjórn stórvirkra vinnuvéla o.s.frv.

Um h-lið (57. gr.).

Í ákvæðinu er lagt til að tekin verði upp regla b-liðar 1. mgr. 9. gr. vinnutímatilskipunarinnar þar sem segir að næturvinnustarfsmenn sem eiga við heilsufarsvandamál að stríða, sem ljóst er að eiga rætur að rekja til þess að þeir vinna næturvinnu, skuli þegar kostur er færðir í dagvinnustörf sem henta þeim.

Um i-lið (58. gr.).

Í 1. mgr. er lagt til að vinnuveitendum verði skylt að hafa til reiðu upplýsingar í fyrirtækjum sínum um vinnutíma starfsmanna. Slík skylda hefur ekki verið fyrir hendi að lögum en er nauðsynleg til að Vinnueftirliti ríkisins verði unnt að sinna skyldum sínum um eftirlit með framkvæmd laganna.

Ákvæði 2. mgr. byggist m.a. á 11. gr. tilskipunarinnar sem mælir fyrir um að gerðar skuli nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vinnuveitandi sem hefur að jafnaði starfsmenn í næturvinnu veiti lögbærum yfirvöldum upplýsingar um það sé farið fram á slíkt. Er hér lagt til að kveðið verði á um almenna upplýsingaskyldu vinnuveitanda gagnvart Vinnueftirliti ríkisins um þau atriði sem nauðsynleg eru vegna eftirlits með framkvæmd reglna þessara um vinnutíma, þar á meðal um fjölda næturvinnustarfsmanna og vinnutíma þeirra.

Um 6. gr.

Með lögum nr. 52/1997 var ákvæðum X. kafla laga nr. 46/1980 breytt til samræmis við tilskipun 94/33/EB um vinnuvernd barna og ungmenna. Í reglugerð nr. 426/1999 er síðan kveðið nánar á um framkvæmd ákvæða X. kafla laganna. Í 13. gr. reglugerðarinnar segir að ekki megi ráða ungmenni til vinnu þar sem líkamlegum eða andlegum þroska þeirra er sérstök hætta búin nema þau starfi með fullorðnum eða þeim sem náð hafa 18 ára aldri. Eigi þetta sérstaklega við um störf í söluturnum, myndbandaleigum, á skyndibitastöðum, bensínstöðvum og sambærilegum stöðum. Nýjum lið sem bætt er við ákvæði 1. mgr. 62. gr., sem tekur til vinnu þar sem hætta er á ofbeldi, er ætlað að styrkja lagastoð framangreindrar 13. gr. Er það í samræmi við ákvæði 7. gr. tilskipunar 94/33/EB þar sem segir m.a. að aðildarríkin skuli sjá til þess að börn og ungmenni séu varin fyrir öllum hættum sem öryggi þeirra, heilsu og þroska eru búnar og rekja má til ungs aldurs þeirra og reynsluleysis, grandvaraleysis þeirra gagnvart þeirri hættu sem er eða kann að vera fyrir hendi eða þess að þau hafa ekki náð fullum þroska. Undanþágur frá þessari reglu eru þó heimilar að því tilskildu að öryggi þeirra og heilbrigði sé tryggt með því að láta vinnuna fara fram undir eftirliti hæfs einstaklings, sbr. 3. tölul. 7. gr. tilskipunarinnar.

Um 7. gr.

Lagt er til að fyrirtækjum verði heimilt að gera samning við aðra þjónustuaðila en heilsugæslustöðvar eða sjúkrahús um heilsuvernd starfsmanna, að því leyti sem ekki er unnt að veita hana innan fyrirtækis, en í gildandi lögum er aðeins gert ráð fyrir að heilsuvernd starfsmanna verði falin heilsugæslustöð eða sjúkrahúsi. Byggist þetta einkum á því að hæfniskröfur til þeirra aðila sem koma að heilsuvernd starfsmanna eru aðrar en í almennri heilbrigðisþjónustu og ná til fleiri en þeirra sem þar vinna. Gert er ráð fyrir að heilsuvernd starfsmanna byggist á áhættumati, sbr. 2. gr. frumvarpsins (13. gr. A), en því til viðbótar felist hún í fræðslu og ráðgjöf og heilsufarsskoðunum. Þegar heilsuvernd starfsmanna er unnin að hluta eða öllu leyti innan fyrirtækis er lagt til að atvinnurekandi skuli sjá til þess að gerð verði skrifleg áætlun um framkvæmd hennar, heilsuverndin lúti þeim reglum sem Vinnueftirlit ríkisins hefur sett og að faglegt sjálfstæði sé vel tryggt.

Gert er ráð fyrir að Vinnueftirlit ríkisins veiti þjónustuaðilum leyfi til að annast heilsuvernd starfsmanna og setji reglur um skilyrði leyfisveitingar. Þannig verða leyfisveitingar að tryggja að þjónustuaðilar búi yfir þekkingu til að veita þessa þjónustu. Leyfisveitingar geta eftir atvikum verið takmarkaðar við ákveðna tegund starfsemi. Mikilvægt er að leyfi Vinnueftirlitsins byggist á þeim forsendum að starfsemi þjónustuaðilanna sé sjálfstæð gagnvart starfsmönnum og stjórnendum og að þeir fari með upplýsingar í samræmi við reglur um meðferð trúnaðarskjala.

Í 3. mgr. er lagt til að fyrirtæki með fimm starfsmenn eða færri verði undanþegin skyldu til að gera skriflegan samning um heilsuvernd starfsmanna eða skriflega áætlun um framkvæmd hennar enda sé ekki um að ræða áhættusöm störf eða störf sem fela í sér mikið líkamlegt eða andlegt álag, samkvæmt nánari skilgreiningu í reglum Vinnueftirlits ríkisins. Á þeim fyrirtækjum hvílir eftir sem áður skylda til að gera skriflegt áhættumat og áætlun um forvarnir og ráðstafanir um öryggi og heilsuvernd á vinnustað, sbr. 2. gr. frumvarpsins (13. gr. A).

Um 8. gr.

Ákvæði 1. mgr. er í megindráttum sama efnis og gildandi 1. mgr. 67. gr. Þar er þó mælt fyrir um að stjórn Vinnueftirlits ríkisins skuli í samráði við heilbrigðisyfirvöld setja reglur um að starfsmenn skuli gangast undir læknisskoðun áður en þeir eru ráðnir til starfa, meðan þeir eru í starfi og þegar við á eftir að þeir eru hættir störfum. Á það við ef starfsskilyrði eru/hafa verið slík að mati stjórnarinnar að heilsutjón geti hlotist af, enda sé ástæða til að ætla að á þann hátt megi koma í veg fyrir atvinnusjúkdóma. Ákvæði þetta hefur ekki komist til framkvæmdar. Í 1. mgr. er í stað reglna Vinnueftirlits ríkisins lagt til að mælt verði með fortakslausum hætti fyrir um rétt starfsmanna til heilsufarsskoðunar sér að kostnaðarlausu ef starfsskilyrði eru með framangreindum hætti. Þá er lagt til að til viðbótar við atvinnusjúkdóma verði vísað til atvinnutengdra sjúkdóma þar sem fyrrgreinda hugtakið felur í sér of þröngt viðmið. Undir ákvæðið fellur sú skylda sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 9. gr. vinnutímatilskipunarinnar þar sem segir að næturvinnustarfsmenn eigi rétt á heilbrigðiseftirliti sér að kostnaðarlausu áður en ráðning fer fram og með reglulegu millibili þaðan í frá.

Um 9. gr.

Lagðar eru til þær breytingar að í stað þess skilyrðis að læknir í þjónustu Vinnueftirlits ríkisins skuli vera sérmenntaður embættislæknir eða hafa jafngilda menntun til starfsins skuli hann hafa sérþekkingu sem tengist starfinu. Með reglugerð nr. 305/1997 um veitingu læknisleyfa og sérfræðileyfa var sérfræðiheitið embættislækningar fellt niður en upp tekið heitið heilbrigðisstjórnun. Í því felst að viðkomandi hafi lokið námi í heilbrigðisfræði, stjórnun heilbrigðisstofnana eða skyldum greinum. Er því eðlilegt að núgildandi krafa um hæfni læknis Vinnueftirlitsins sé tekin út og lögð áhersla á að hann hafi sérþekkingu á þeim sviðum sem stofnunin starfar á.

Um 10. gr.

Með hliðsjón af sameiningu Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins í Samtök atvinnulífsins er lagt til að í 1. mgr. 74. gr. komi fram að í stað tveggja fulltrúa Vinnuveitendasambandsins og eins frá Vinnumálasambandinu tilnefni Samtök atvinnulífsins þrjá fulltrúa í stjórn Vinnueftirlits ríkisins. Þá er lagt til að Bandalag háskólamanna og fjármálaráðuneytið tilnefni hvort sinn fulltrúann í ljósi breytts hlutverks Vinnueftirlits ríkisins og aukinnar áherslu á forvarnarstarf innan fyrirtækja og stofnana.

Um 11. gr.

Í 77. gr. gildandi laga er mælt fyrir um að fyrirtæki greiði sérstök iðgjöld til að standa straum af framkvæmd laganna sem innheimt skulu ásamt slysatryggingagjaldi, sbr. lög um almannatryggingar. Breytingar þær sem lagðar eru til helgast af því að með lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, var vinnueftirlitsgjald þetta fellt niður og þess í stað komið á tryggingagjaldi sem launagreiðendur inna af hendi og skiptist annars vegar í atvinnutryggingagjald og hins vegar almennt tryggingagjald. Skv. 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 113/1990 skal tekjum af almennu tryggingagjaldi ráðstafað þannig að Vinnueftirlit ríkisins fái í sinn hlut sem nemi allt að 0,08% af gjaldstofni skv. III. kafla laganna. Hlutfall þetta skal ákveðið með reglugerð sem félagsmálaráðuneytið setur í samráði við stjórn stofnunarinnar fyrir eitt ár í senn. Hlutfall Vinnueftirlits ríkisins í almennu tryggingagjaldi var þannig ákvarðað 0,048% fyrir árið 2001.

Um 12. gr.

Lagðar eru til breytingar á 86. gr. laga nr. 46/1980 í samræmi við ákvæði 8. gr. tilskipunar 89/391/EBE. Ný 2. mgr. byggist þannig á b-lið 3. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar þar sem fram kemur að vinnuveitandi skuli grípa til aðgerða og gefa fyrirmæli svo að starfsmenn geti samstundis lagt frá sér vinnu og/eða forðað sér af vinnustað á annan öruggari stað ef um bráða og óhjákvæmilega hættu er að ræða. Í núgildandi 2. mgr. 86. gr. laganna kemur fram að aðgerðir starfsmanna samkvæmt ákvæðinu skuli ekki gera þá ábyrga fyrir tjóni sem fyrirtækið kann að verða fyrir. Því til viðbótar er lagt til í nýrri 3. mgr. að skýrt verði mælt fyrir um að óheimilt sé að láta starfsmennina gjalda á nokkurn hátt fyrir ákvarðanir sínar samkvæmt ákvæðinu. Er það í samræmi við ákvæði 4. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar.

Um 13. gr.

Í gildandi 87. gr. laganna er að finna heimild til að leggja dagsektir á fyrirtæki í stað lokunar ef stöðvun starfsemi virðist geta haft þau áhrif að eyðilegging á verðmætum eða þjóðhagslegt tjón geti hlotist af. Ákvæðið hefur reynst haldlítið sem fullnustuúrræði. Þannig eru heimildinni sett mikil takmörk með því að einskorða hana við tilvik þar sem ekki er hægt að stöðva starfsemi vegna hættu á eyðileggingu á verðmætum eða þjóðhagslegu tjóni. Þá er framkvæmd dagsektanna ekki nægilega útfærð í lögunum og hefur því ekki haft tilætluð varnaðaráhrif.

Með hliðsjón af framansögðu er hér lagt til að heimild Vinnueftirlitsins til að leggja á dagsektir verði styrkt þannig að unnt verði að knýja á um úrbætur á grundvelli krafna og tilmæla sem sett hafa verið fram. Skv. 1. mgr. er ákvæðinu ætlað að nýtast sem fullnustuúrræði ef ekki er farið að fyrirmælum Vinnueftirlitsins samkvæmt lögunum.

Í 2.–5. mgr. er að finna nánari ákvæði um dagsektirnar. Meðal annars er lagt til að þær renni í ríkissjóð. Þá er kveðið á um kæruheimild til stjórnar Vinnueftirlitsins, fjárhæð og aðfararhæfi dagsektanna.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Með frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að lögfestar verði meginreglur tilskipunar ráðs Evrópusambandsins 93/104/EB um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma. Gert er ráð fyrir að teknar verði upp meginreglur tilskipunarinnar um daglegan hvíldartíma, hlé á vinnu, vikulegan frítíma, hámarksvinnutíma á viku, vinnutíma næturvinnustarfsmanna og rétt þeirra til heilsufarsskoðunar. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að lögleiddar verði ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsuvernd starfsmanna á vinnustöðum með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/391/EBE. Í ákvæðum tilskipunarinnar felst m.a. skylda vinnuveitanda til að gera áhættumat sem taki til þeirra þátta í vinnuumhverfi sem geti skapað áhættu við störf. Í frumvarpinu er því lagt til að atvinnurekandi skuli gera skriflegt áhættumat um störf, áætlun um forvarnir og ráðstafanir til verndar öryggis og heilsuverndar starfsmanna á vinnustað. Jafnframt skal atvinnurekandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að unnið sé að vernd og forvörnum innan fyrirtækis. Ef aðstæður innan fyrirtækis krefjast sérþekkingar sem atvinnurekandi eða starfsmenn hans hafa ekki yfir að ráða skal leita aðstoðar til þess hæfra aðila. Þá er lagt er til að heilsuvernd starfsmanna taki mið af því áhættumati sem fyrir liggur og hún falin heilsugæslustöð, sjúkrahúsi eða viðurkenndum þjónustuaðila með skriflegum samningi að því leyti sem ekki er unnt að veita hana innan fyrirtækis. Lagt er til að undanþegin þessu ákvæði verði fyrirtæki með fimm starfsmenn eða færri enda sé ekki um áhættusöm störf að ræða. Í gildandi lögum er aðeins heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum heimilt að veita slíka þjónustu. Í þriðja lagi eru lagðar til smávægilegar breytingar með hliðsjón af tilskipun ráðsins 94/33/EB um vinnuvernd barna og ungmenna.

Í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, er m.a. kveðið á um að atvinnurekandi skuli tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Með setningu þeirra laga var lögð áhersla á að eftirlit með framkvæmd laganna væri sem mest flutt inn á vinnustaðina sjálfa og almenn skylda lögð á fyrirtæki að koma á fót heilsuvernd starfsmanna. Skipuleg heilsuvernd starfsmanna í fyrirtækjum hefur hins vegar ekki komist til framkvæmda nema að óverulegu leyti. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að eldri ákvæðum um heilsuvernd starfsmanna verði hrint í framkvæmd og að ýmsu leyti kveður frumvarpið á um nánari útfærslu á eldri ákvæðum um þetta efni. Erfitt er því að meta nákvæmlega áhrif nýmæla frumvarpsins á útgjöld ríkissjóðs. Jafnframt mun framkvæmd ráðast af nánari reglum sem frumvarpið mælir fyrir um að settar skuli.

Ekki er gert ráð fyrir að lögleiðing tilskipunar 93/104/EB hafi í för með sér umtalsverðan kostnað fyrir ríkissjóð en ákvæðum hennar hefur að verulegu leyti verið hrint í framkvæmd með kjarasamningum, sbr. auglýsingu félagsmálaráðuneytis nr. 285/1997 um gildistöku tilskipunar Evrópusambandsins 93/104/EB. Gera má hins vegar ráð fyrir að útgjöld ríkisstofnana aukist tímabundið um 60–80 m.kr. í kjölfar lögleiðingar ákvæða í tilskipun 89/391/EBE um áhættumat og til árlegrar endurskoðunar þessara áætlana og fræðslu eru áætlaðar um 10 m.kr. Þá er gert ráð fyrir að útgjöld ríkisstofnana vegna heilsuverndar starfsmanna á vinnustað geti numið allt að 60 m.kr. á ári. Vakin er athygli á að útgjöld munu að miklu leyti ráðast af reglum sem lagt er til að Vinnueftirlit ríkisins setji að fengnum þeim heimildum

sem lagðar eru til í frumvarpinu. Aukinn umsýslukostnaður Vinnueftirlits ríkisins, sérstaklega vegna heilsuverndar starfsmanna á vinnustað, er áætlaður um 8 m.kr. á fyrsta ári, þar af 5 m.kr. vegna fjölgunar sérfræðings ásamt rekstrarkostnaði og um 3 m.kr. vegna kynningar, af þeim eru 2 m.kr. tímabundnar. Á öðru ári er gert ráð fyrir að annar sérfræðingur verði ráðinn til eftirlits í umdæmum sem eykur útgjöld eftirlitsins um aðrar 5 m.kr. Gera má því ráð fyrir að árlegur heildarkostnaður ríkisins við framkvæmd laganna geti numið 1‰ af launakostnaði ríkisins. Hvorki er tekið mið af hugsanlegum ábata af framangreindum ráðstöfunum né áhrifum þeirra á atvinnulífið í heild.

846. Skýrsla [543. mál]

samstarfsráðherra Norðurlanda um störf norrænu ráðherranefndarinnar 2000.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. SKÝRSLA SAMSTARFSRÁÐHERRA UM STÖRF NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR 2000

1. Inngangur

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir störfum norrænu ráðherranefndarinnar árið 2000 en í upphafi þess árs tóku Danir við formennsku þar úr hendi Íslendinga. Áherslur Íslands voru þó mjög sýnilegar í samstarfinu á árinu. Bæði kom það til, að ýmsum mikilvægum verkefnum, sem hafist hafði verið handa um undir forustu Íslands, lauk ekki fyrr en árið 2000 og eins að Danir hafa fylgt vel eftir áherslumálum Íslands, hvað varðar sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, náttúruvernd og lífskjör á Vestur-Norðurlöndum og norðlægum slóðum.

Formennska Dana: Norrænu velferðarríkin og úttekt á norrænu fjárlögunum.

Yfirskrift formennskuáætlunar Dana var „Norrænu velferðarríkin: fagleg þekking, mannúðleg sýn“. Í ljósi lýðræðisheföarinnar á Norðurlöndum, keimlíkrar afstöðu til félagslegrar ábyrgðar og viljans til að hlúa að atvinnulífinu var markmið áætlunarinnar að hvetja til umræðna og skoðanaskipta um framtíð norræna velferðarkerfisins. Velferðarmálin í víðum skilningi voru því í fyrirrúmi í mörgum þeirra verkefna og ráðstefna sem að frumkvæði Dana var efnt til á árinu. Meðal annars var haldin þverfagleg ráðstefna í Kaupmannahöfn um áhrif breyttrar aldursdreifingar, alþjóðavæðingar og hins svokallaða nýja hagkerfis á velferðarkerfið. Jafnframt voru haldnar fjölmargar ráðstefnur og námstefnur á vegum fagráðherranefndanna um ýmsa þætti þessa málefnis. Meðal annars var á vegum fjármálaráðherranna haldin ráðstefna um áhrif evrunnar á efnahag og velferðarkerfi Norðurlanda. Þá lauk á árinu viðamikilli könnun á lífeyrismálum á Norðurlöndum sem gerð var að frumkvæði Íslands.

Að frumkvæði Dana var og ákveðið í upphafi árs 2000 að endurskoða gerð norrænu fjárlaganna, með það að markmiði að skapa fjárhagslegt ráðrúm til nýrra pólitískt áhugaverðra verkefna. Framkvæmdastjóri ráðherranefndarskrifstofunnar, sem falið var verkið, lagði fram tillögur sínar í maí sl. Samstarfsráðherrarnir ákváðu fljótlega eftir það að fara að einni þeirra, sem er þess efnis, að fjárlögin yrðu færð í þrepum í átt að því að vera á greiðslugrunni. Jafn-

framt var ákveðið, að aðrar þær tillögur, sem eru um fjárlagatæknileg atriði, kæmu einnig til framkvæmda þegar við fjárlagagerð fyrir árið 2002.

Tillögurnar voru sendar til umsagnar fagráðherranefndanna og norrænu stofnananna, því ein tillagnanna er um stórfelldar breytingar á rekstrarformi þeirra. Sátt virðist ríkja um flestar tillögurnar nema þá sem snýr að breytingu á rekstrarformi stofnananna en viðbrögð við henni eru allneikvæð. Samstarfsráðherrarnir hafa enn ekki fjallað efnislega um tillögurnar nema þær fjárlagatæknilegu en munu að því búnu senda þann hluta þeirra, sem þeir styðja, til Norðurlandaráðs í formi ráðherranefndartillögu.

Stefnumótun í samstarfinu.

Ráðherranefndin hafði á starfsárinu til meðferðar þrjár viðamiklar skýrslur, sem allar snúa að stefnumótun fyrir samstarfið til lengri tíma. Sú fyrsta er skýrsla hinna svokölluðu vitringa, sem falið var að frumkvæði Halldórs Ásgrímssonar, þáverandi samstarfsráðherra, að leggja fram hugmyndir um nýjar áherslur í norrænu samstarfi á grundvelli spár um framtíðarhorfur á Norðurlöndum og annars staðar í heiminum. Starfshópnum stýrði Jón Sigurðsson, forstjóri Norræna fjárfestingarbankans. Tillögur starfshópsins, útgefnar undir fyrirsögninni „Norðurlönd 2000 – umvafin vindum veraldar", snúa bæði að inntaki samstarfsins, landfræðilegu umfangi og skipulagi. Þær voru lagðar fram í september og kynntar forsætis- og samstarfsráðherrunum. Þeim verður fylgt eftir í samstarfi ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs og þær niðurstöður sem komist verður að, verða lagðar fyrir Norðurlandaráðsþing í Kaupmannahöfn haustið 2001.

Í skýrslunni „Norðurlönd 2000 – umvafin vindum veraldar" kemur fram, að ekki nægi lengur að eiga norrænt samstarf innan hefðbundinna fagsviða og við hefðbundin grannsvæði, heldur þurfi að gera ramma samstarfsins sveigjanlegri en hingað til, þannig að innan hans rúmist bæði þverfaglegt samstarf og samstarf við þau lönd og svæði utan Norðurlanda, sem deila hagsmunum með Norðurlöndum.

Meðal þess sem lagt er til er að tekið verði upp norrænt samstarf um umhverfismál og sjálfbæra nýtingu auðlinda Norður-Atlantshafsins við önnur þau ríki, sem þar eiga land að.

Í skýrslunni er og bent á mikilvægi þess, að Norðurlönd auki pólitískt samstarf sitt á alþjóðavettvangi og tali þar einni röddu, sé þess kostur. Áhersla er og í sama anda á aukið samstarf utanríkis- og varnarmálaráðherranna og lagt til að þeir taki upp samstarf innan vébanda norrænu ráðherranefndarinnar.

Þá er lagt til í skýrslunni, að samstarfið við grannsvæði Norðurlanda færist úr því horfi að vera við tiltekinn hóp landa og svæða og yfir í að umfjöllunarefnið hverju sinni ákvarði, hvaða lönd og svæði fái aðild að því. Sama hugsun er uppi um efnisþætti samstarfsins; í stað þess að samstarfið eigi sér stað í fyrir fram ákveðnum hópi fagráðherranefnda, ákvarði umfjöllunarefnið hverju sinni hvaða breiði, þverfaglegi ráðherrahópur fjalli um það. Jafnframt er lagt til að ráðherranefndum fækki. Skýrslan, sem er aðgengileg á íslensku á vefsíðu http://www.norden.org/vis/norden2000.htm hjá norrænu ráðherranefndinni, verður á árinu 2001 einnig gefin út á íslensku á prenti.

Á starfsárinu var lögð fram áætlun um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum til ársins 2020. Kveikjan var yfirlýsing forsætisráðherra landanna frá nóvember 1998 um sjálfbær Norðurlönd. Áætlunin var unnin á vegum samstarfsráðherranna en umhverfisgeirinn gegndi þar lykilhlutverki og mun svo og verða um framkvæmdina. Áætlunin var undirbúin í breiðum hópi embættismanna og tekur til samgöngumála, landbúnaðar og skógræktar, sjávarútvegs og fiskeldis, orkumála og atvinnulífs. Auk þess er þar m.a. fjallað um loftslagsbreytingar, hafið og öryggi matvæla. Þarna eru skilgreind tímabundin verkefni, sem endurskoðuð verða á fjögurra

ára fresti, en langtímamarkmiðið er sett til 20 ára. Áætlunin, sem samþykkt var í ríkisstjórn Íslands í nóvember sl., mun geta haft mikilvæg áhrif á framvinduna á sviði umhverfismála á Norðurlöndum og víðar.

Þriðja verkefnið, sem snýr að stefnumótun í samstarfinu til lengri tíma, er sú nýja stefnumótun í samstarfi Norðurlanda við grannsvæðin, „Närmare Norden", sem lögð var fram á árinu. Hún hefur verið samþykkt af samstarfsráðherrum landanna og lögð fyrir Norðurlandaráð í formi ráðherranefndartillögu. Tvennt í tillögunni er öðru fremur athyglisvert. Það fyrra er, að þar er gert ráð fyrir því að samstarf ráðherranefndarinnar við Eystrasaltsríkin muni, þegar fram líða stundir, breytast úr samstarfi, sem nánast verður skilgreint sem þróunaraðstoð, í samstarf jafn rétthárra aðila, þar sem aðilar þess greiða til samstarfsins, hafa áhrif á innihaldið og taka á því ábyrgð. Þessa þróun muni leiða af batnandi efnahag og fyrirhugaðri aðild ríkjanna að ESB.

Þungamiðja grannsvæðasamstarfsins muni þessu samhliða flytjast yfir á Barentssvæðið, Norðvestur-Rússland og rússnesk grannsvæði Eystrasaltsríkjanna. Einnig er lagt til að samstarfið taki, frekar en nú er, mið af þeim sérstöku aðstæðum sem ráða á hverjum stað og gerðar verði sérstakar áætlanir fyrir hvert land og svæði, sem hefur lengi verið ósk Eystrasaltsríkjanna. Lagt er og til, að við undirbúning og val á verkefnum verði samstarf ráðherranefndarinnar við utanríkisráðuneytin á Norðurlöndum eflt til að tryggja skynsamlega nýtingu fjármuna án tvíverknaðar.

Hitt atriðið, sem athyglisvert er, er að lagt er til, að samstarfið um málefni norðurheimskautssvæðanna verði aðgreint frá öðru grannsvæðasamstarfi og gerð sérstök áætlun fyrir það. Undirbúningur þess er áætlaður á árinu 2001.

Formennskuáætlun Íslands 1999 og „Fólk og haf í norðri".

Framkvæmd þeirra verkefna, sem löndin leggja til í formennskuáætlununum, dregst oftar en ekki yfir á næsta ár. Þannig var mörgum verkefnum, sem Ísland hafði tekið frumkvæði að eða gefið pólitískan forgang, ekki hrundið í framkvæmd fyrr en árið 2000 og verða nokkur þeirra nefnd hér. Viðamesta verkefni norræna menningarsamstarfsins þetta ár var víkingasýningin glæsilega, sem opnuð var í Smithsonian safninu í Washington í apríl í tilefni landafundanna vestan hafs. Sýningin var síðar á árinu flutt í náttúrusögusafnið í New York. Í New York var og vígt í október það norræna hús, Scandinavian House, sem The Scandinavian Foundation á og rekur, en sem bæði norræna ráðherranefndin og ríkisstjórnir landanna veittu veglega styrki til. Ætlunin er, að þar verði kynnt norræn list og menning samtímans og fyrri tíma.

Ráðstefnu þeirri, „Konur og lýðræði", sem ríkisstjórn Íslands hélt í Reykjavík í október 1999 í samstarfi við Bandaríkjastjórn og norrænu ráðherranefndina, var fylgt eftir með ráðstefnu í Helsinki í mars og áfram verður haldið með alþjóðlegri ráðstefnu í Litháen 2001. Norræna ráðherranefndin hefur gegnt mikilvægu hlutverki við undirbúning þessa. Jafnframt hefur ráðherranefndin með höndum skráningu þeirra verkefna sem unnið er að í kjölfar ráðstefnunnar. Norræni fjárfestingarbankinn hefur og lagt sitt af mörkum með stofnun nýs lánaflokks að upphæð 1 millj. evra til fjármögnunar verkefna, sem hafa það markmið, að virk þátttaka kvenna í sjálfstæðum atvinnurekstri í Eystrasaltsríkjunum aukist. Framtakið var bundið því skilyrði að Bandaríkin beittu sér fyrir sams konar verkefni í Rússlandi.

Sumarið 2000 hélt Ungmennafélag Íslands í Reykjavík norrænt æskulýðsmót, „Menning og æska", með þátttöku 2000 norrænna ungmenna alls staðar að á Norðurlöndum. Norræna ráðherranefndin ásamt ýmsum opinberum aðilum á Íslandi veitti myndarlegan fjárstuðning til mótsins, sem þótti takast vel.

Norrænu menntamálaráðherrarnir efndu á árinu til ráðstefnu á Grænlandi um stöðu ungmenna á jaðarsvæðum Norðurlanda. Sú ráðstefna var sú þriðja í röðinni um sama efni og var markmið þeirra að byggja upp gott tengslanet milli fólks á þessum svæðum og jafnframt að auka skilning á sérstöðu þeirra og væntingum til norræns samstarfs.

Á árinu var einnig haldin ráðstefna á Akureyri um skógrækt handan skógarmarka til að efla samstarf þeirra, sem fást við skógrækt og rannsóknir á jaðarsvæðum við norðvestanvert Atlantshaf. Auk Norðurlandabúa sóttu hana þátttakendur frá Kanada, Írlandi, Skotlandi og fleiri ríkjum. Eins var haldið í Reykholti námskeið fyrir doktorsnema í plöntukynbótum fyrir jaðarsvæði.

Norrænu sjávarútvegssamstarfi vex jafnt og þétt fiskur um hrygg. Samstarfið tengist æ fleiri sviðum með þátttöku í þverfaglegum verkefnum og áætlunum og verður æ pólitískara í víðtækum skilningi.

Á árinu var áfram unnið að því að styrkja samstarfið um málefni norðurheimskautsins. Auk þess sem áður er nefnt um gerð nýrrar áætlunar um það, er vísindasamstarf innan sérstakrar rannsóknaáætlunar nú hafið. M.a. hafa fjárveitingar verið ákveðnar til þess verkefnis sem Færeyjar lögðu til um rannsóknir á samspili sjávarstrauma og loftslags.

Starfsemi Norrænu Atlantsnefndarinnar (NORA), sem styrkir samstarfsverkefni tengd atvinnulífi, nýsköpun og rannsóknasamstarfi á Íslandi, í Færeyjum, Grænlandi og Norður- og Vestur-Noregi, er mikilvægur þáttur í viðleitni ráðherranefndarinnar til að efla samvinnu og tengsl innan svæðisins. Þau fjögur ár, sem nefndin hefur starfað, hafa Íslendingar verið þátttakendur í allt að 60 verkefnum.

Þá hefur verið ákveðið að fylgja eftir ráðstefnu þeirri, sem haldin var á vegum ráðherranefndarinnar í Norræna húsinu í desember 1999 um samstarf um sameiginleg hagsmunamál á Norður-Atlantssvæðinu. Því verður efnt til ráðstefnu í Færeyjum sumarið 2001 um umhverfis- og sjávarútvegsmál með þátttöku ráðamanna frá skosku eyjunum og norðausturhluta Kanada auk íslenskra, færeyskra, grænlenskra, danskra og norskra umhverfis- og sjávarútvegsráðherra. Enn fremur er vænst þátttöku frá Írlandi og ESB.

Enn má nefna sem þátt í útrás norræns samstarfs við vestlæg grannsvæði, að ákveðið var á starfsárinu að efna til norrænnar menningarkynningar á Bretlandseyjum árið 2001 með höfuðáherslu á verkefni, sem leiða til aukinna kynna og samstarfs listamanna á Norðurlöndum og í Skotlandi, Írlandi og á skosku eyjunum.

Aukið norrænt samstarf á sviði upplýsingatækni, sem var meðal áherslumála í formennskuáætlun Íslands, festist í sessi á liðnu ári, þó ákvörðun sú, sem tekin var árið 1999 um stofnun ráðherra- og embættismannanefndar fyrir sviðið, hafi enn ekki verið fylgt eftir með ráðherranefndarfundi. Hins vegar var nefnd embættismanna falið á árinu að leggja fram tillögur um markmið starfsemi slíkrar ráðherranefndar um upplýsingatækni. Málefni tengd upplýsingatækninni og upplýsingasamfélaginu eru nú jafnframt orðin snar þáttur í starfsemi á ýmsum öðrum sviðum samstarfsins og má þar sérstaklega nefna menntamála- og rannsóknasvið og iðnaðar- og atvinnumálasvið.

Sú ákvörðun var tekin á starfsárinu af samstarfsráðherrum landanna, að fagráðherranefndirnar skyldu upp frá því bera ábyrgð á því hver á sínu sviði, að jafnréttissjónarmiða verði gætt í allri starfseminni. Er þetta í samræmi við þau markmið, sem norrænu jafnréttisráðherrarnir hafa sett fram um að jafnréttissjónarmiða skuli gætt á öllum sviðum ákvarðanatöku og stefnumótunar bæði innan landanna og í norrænu samstarfi.

2. Störf forsætisráðherra Norðurlanda

Forsætisráðherra Danmerkur hélt stefnuræðuna á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi í nóvember 1999 og lýsti þar helstu markmiðum Danmerkur fyrir árið 2000 í samstarfinu.

Forsætisráðherrar landanna héldu tvo reglulega fundi á starfsárinu og að auki fundi með Thabo Mbeki, forseta Suður-Afríku, með forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna, með stjórnarleiðtogum Færeyja, Grænlands og Álandseyja og með forsætisnefnd Norðurlandaráðs.

Fyrsti forsætisráðherrafundur ársins var sumarfundur ráðherranna, sem haldinn var í Skagen í Danmörku. Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra sótti fundinn í fjarveru Davíðs Oddssonar forsætisráðherra. Þar skýrðu forsætisráðherra Danmerkur og framkvæmdastjóri ráðherranefndarskrifstofunnar frá því, sem þegar hafði áunnist í að koma áherslumálum Danmerkur til framkvæmda og frá öðru markverðu í samstarfinu. Að venju var megni fundartímans varið til umræðna um Evrópumál og horfur í aðildarviðræðum við umsóknarríki ESB. Utanríkisráðherra Íslands lýsti og afstöðu Íslands og óskum um að tillit verði tekið til þarfa þeirra evrópsku NATO-ríkja, sem ekki eiga aðild að ESB, við ákvörðun um skipulag evrópska varnarsamstarfsins.

Forsætisráðherra Svía lýsti því, hvernig búast mætti við að staðan í ESB yrði þegar þeir tækju þar við stjórnartaumi og hver yrðu áherslumál þeirra á formennskutímanum fyrri hluta árs 2001, og kvað þau trúlega verða aðildarviðræðurnar, vinnumarkaðsmál og umhverfismál.

Í umræðum ráðherranna um grannsvæðasamstarfið lýsti forsætisráðherra Noregs störfum Eystrasaltsráðsins og skýrði m.a. frá tillögum tengdum „norðlægu víddinni", störfum þeirrar nefndar, sem skipuð hafði verið um smitsjúkdómavarnir í Eystrasaltsríkjunum, og frá hugmyndum um fjármögnun á samstarfsverkefnum á Eystrasaltssvæðinu.

Á sameiginlegum fundi ráðherranna með Mbeki forseta var skipst á skoðunum um málefni Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og lýst áhuga á að auka samstarf Norðurlanda og Suður-Afríku þar. Jafnframt var bent á, að aukið samstarf þessara landa í stjórn Alþjóðabankans væri æskilegt. Þá voru ræddar aðgerðir til að létta skuldabyrði skuldsettra þróunarríkja og lýstu forsætisráðherrar norrænu landanna vilja sínum til að styðja frekari aðgerðir í þá veru.

Alnæmisvandinn í Afríku var og til umræðu og áhyggjum lýst af ógnvænlegri útbreiðslu sjúkdómsins þar. Staðhæft var af hálfu utanríkisráðherra Íslands, að skipta mætti þeim aðgerðum sem þörf væri talin á í fjóra flokka: fyrirbyggjandi aðgerðir; samhæfingu og aukningu aðgerða af hálfu Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og Alþjóðabankans; aukið upplýsingaflæði til almennings, sem ríkisstjórnir Afríkuríkja þyrftu að standa að, og aukið rannsóknasamstarf. Þá voru breytingar á öryggisráði Sameinuðu þjóðanna til umræðu, málefni hvíta minni hlutans í Zimbabwe og fyrirhugaður leiðtogafundur 2002 í Suður-Afríku, sem ætlað er að fylgja eftir Ríó-ráðstefnunni 1992. Vilja var lýst til að framhald yrði á fundum milli norrænu forsætisráðherranna og forseta Suður-Afríku, þó ekki yrðu teknir upp reglubundnir fundir, og að umræðunum yrði fylgt eftir á alþjóðavettvangi. Ráðherrarnir samþykktu yfirlýsingu í lok fundarins, þar sem m.a. var lýst stuðningi við frumkvæði Mbeki um hagvöxt og sjálfbæra þróun í Afríku, látinn í ljós vilji til að fjármagni yrði veitt til þróunarríkjanna í formi langtímalána og fjárfestinga, og vilji Norðurlanda til að leitast við að styðja bætt kjör fyrir Afríku í næstu samningalotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Einnig var þar látin í ljós sú skoðun að æskilegt væri, að alþjóðavæðingin leiddi til aukins aðgangs að mörkuðum og að stuðla beri enn frekar að niðurfellingu skulda skuldsettra fátækra ríkja. Í tengslum við Skagenfundinn áttu ráðherrarnir auk sameiginlega fundarins einnig tvíhliða fundi með Mbeki forseta.

Forsætisráðherrar Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna hittust til árlegs fundar í Pärnu í Eistlandi í lok ágúst. Þar voru til umræðu aðildarviðræður Eystrasaltsríkjanna við ESB og breytt skipan öryggismála í Evrópu, svæðisbundið samstarf með sérstöku tilliti til upplýsingatækninnar og smitsjúkdómavarnir á Eystrasaltssvæðinu.

Á fundi forsætisráðherranna í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Reykjavík gaf forsætisráðherra Danmerkur skýrslu um formennskutíma Dana í norræna samstarfinu og forsætisráðherra Finna lýsti helstu þáttum formennskuáætlunar Finnlands fyrir árið 2001. Þar kom fram, að aðal áherslan yrði lögð á stöðu einstaklingsins sem norræns þegns, réttindi hans og skyldur og kynnningarstarf til almennings um réttindi þessi og skyldur. Því mundu Finnar leggja til að unnið yrði að gerð sérstakrar réttindaskrár, sem gefin yrði út, og eins legðu þeir áherslu á að styrkja norræna þjónustusímann.

Framkvæmdastjóri ráðherranefndarskrifstofunnar gaf að venju skýrslu um stöðu mála á vettvangi ráðherranefndarinnar og forsætisráðherrarnir ræddu stöðu og horfur á vettvangi ESB, þar á meðal aðildarviðræðurnar.

Forsætisráðherra Noregs gaf skýrslu um störf Eystrasaltsráðsins og störf áðurnefndrar nefndar um smitsjúkdómavarnir.

Forsætisráðherrarnir og stjórnarleiðtogar sjálfstjórnarsvæðanna ræddu m.a. samstarf um málefni norðurheimskautsins og „norðlægu víddina", vinnuna að stefnumótun um sjálfbær Norðurlönd og stöðu Grænlands gagnvart ESB.

Við forsætisnefnd Norðurlandaráðs ræddu forsætisráðherrarnir málefni leiðtogafundar ESB í Nice, „norðlægu víddina" og áhrif þingmanna í Norðurlandaráði og norrænt samstarf við Rússland.

3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda

Hlutverk.

Samstarfsráðherrar og forsætisráðherrar Norðurlanda setja samstarfinu pólitísk markmið og eitt mikilvægasta hlutverk samstarfsráðherranna er að stuðla að því, að starfsemin sé í samræmi við þau. Auk þessarar stefnumótunar, er norræna fjárlagagerðin og skipting fjárveitinganna milli samstarfsverkefna og samstarfssviða ríkur þáttur í starfi samstarfsráðherranna. Samstarfsráðherrarnir fara og með upplýsingamálin og þau samstarfsmál, sem eru þverfagleg eða falla af öðrum ástæðum ekki að hlutverki neinnar fagráðherranefndar. Fjöldi þverfaglegra verkefna hefur verið að aukast undanfarin ár en samstarfið við grannsvæði norrænu landanna er þó enn þeirra helst.

Norræna samstarfsnefndin, sem starfar í umboði samstarfsráðherranna og undirbýr fundi þeirra, er stjórn aðalskrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn.

Fjárlögin.

Árið 2000 voru fjárlög norrænu ráðherranefndarinnar 741 millj. d.kr. á núvirði og voru þau nánast óbreytt frá árinu 1999. Með undantekningu fyrir árin 1995 og 1996, þegar drjúg hækkun varð tímabundið, hafa fjárlögin þó staðið nánast í stað frá 1993. Á þessu tímabili hefur hins vegar orðið sú breyting á starfseminni, að grannsvæðasamstarfið hefur aukist frá því að vera nánast ekkert í upphafi tímabilsins upp í að taka til 20% heildarramma fjárveitinganna árið 2000.

Það er, og hefur verið frá upphafi, sátt milli norrænu landanna um að taka virkan þátt á norrænum vettvangi í nauðsynlegri uppbyggingu í Eystrasaltsríkjunum og nálægum svæðum

eftir fall Sovétríkjanna. Hjá því verður þó ekki litið, að sú lækkun á fjárveitingum til hins hefðbundna innra samstarfs norrænu landanna, sem af þessu hefur leitt, hefur valdið því að sífellt hefur orðið erfiðara að verða við þeim pólitísku kröfum sem gerðar eru til starfsins; kröfum um að nýjum áherslum sé fylgt eftir með aðgerðum og norrænt samstarf notað til að auka lífsgæði og samkennd á Norðurlöndum og sýna almenningi þannig fram á gildi samstarfsins. Því fór á árinu fram endurskoðun á norrænu fjárlagagerðinni. Markmiðið var að gera fjárlögin þannig úr garði að þau nýttust betur til að stýra fjármagni til verkefna, sem pólitískur vilji er fyrir. Úttektin var lögð fyrir samstarfsráðherrana í maí. Þeir ákváðu í kjölfarið að fara þá þegar að tillögu þess efnis, að norrænu fjárlögin yrðu í þrepum færð á greiðslugrunn.[1]

Vegna jákvæðrar lausafjárstöðu hjá norrænu ráðherranefndinni var því unnt að hækka fjárlög ársins 2001 um 10 millj. d.kr. án þess að framlög landanna hækkuðu að raunvirði.

Evrópu- og önnur alþjóðamál.

Mikilvægi norræns samráðs um evrópsk og önnur alþjóðleg mál var, eins og oft áður, ítrekað í skýrslunni „Norðurlönd 2000 – umvafin vindum veraldar", sem lögð var fram á starfsárinu og er nú til umfjöllunar hjá samstarfsráðherrunum og forsætisnefnd Norðurlandaráðs. Þar voru lögð fram metnaðarfull markmið, ekki bara um norrænt samráð um alþjóðleg málefni, heldur og um samnorrænan málflutning á alþjóðavettvangi og um formlega fundi utanríkis- og varnarmálaráðherra Norðurlanda innan vébanda ráðherranefndarinnar. Hvað varðar norræna samráðið um Evrópumál, þá hefur það aukist frá ári til árs, bæði í hópi forsætis-, utanríkis- og varnarmálaráðherranna og í hópi ýmissa fagráðherranefnda. Af hálfu Íslands er lögð rík áhersla á, að sem flestar fagráðherranefndir eigi samráð um Evrópumál og eftir atvikum önnur alþjóðleg mál og að þær styrki tengsl sín við norrænu sendiráðin í Brussel. Sendiráð Íslands þar hefur og sýnt málinu mikinn og virkan áhuga, enda jókst samstarf ráðherranefndarinnar við Brussel og norrænum ráðherranefndarfundum fjölgaði þar á formennskuári Íslands. Vonir standa til að það samstarf verði þróað áfram.

Samstarfsráðherrarnir héldu þó uppteknum hætti og áttu fund með norrænu sendiherrunum í Brussel í apríl, þar sem sendiherrarnir lýstu helstu málum á dagskrá ESB og ráðherrarnir ræddu við þá um sameiginleg norræn hagsmunamál á dagskrá Evrópusambandsins: „norðlægu víddina", aðildarviðræðurnar við Eystrasaltsríkin, norrænt friðargæslusamstarf, opnari evrópska stjórnsýslu, sameiginlegar aðgerðir gegn aukinni glæpastarfsemi og skipulag varnarsamstarfs sambandsins, svo eitthvað sé nefnt.

Grannsvæðasamstarfið.

Þó samstarfið um málefni norðurheimskautssvæðanna hafi fengið fastan sess í grannsvæðaáætluninni, vantar enn, eins og frá var skýrt í ársskýrslu samstarfsráðherra um árið 1999, mikið á að það hafi náð því umfangi sem æskilegt er.

Norræna ráðherranefndin rekur nú upplýsingaskrifstofur í höfuðborgum Eystrasaltsríkjanna þriggja og Pétursborg. Til að framfylgja þeim markmiðum, sem fulltrúar Eystrasaltsríkjanna hafa sett fram um að störf ráðherranefndarinnar einskorðist ekki við höfuðborgirnar, hafa verið ráðnir norrænir tengiliðir í Tartu og Narva í Eistlandi, í Daugavpils í Lettlandi og í Klaipeda í Lettlandi. Í Rússlandi eru tengiliðir í Arkangelsk, Múrmansk og Petrozavodsk. Til stendur einnig að opna útibú í Kaliningrad frá Pétursborgarskrifstofunni.

([1]) Nánar er sagt frá tillögum þessum í inngangi.

Á starfsárinu var lögð fram ný stefnumótun fyrir samstarf ráðherranefndarinnar fyrir grannsvæðin, „Närmare Norden", sem almennt séð hefur verið vel tekið. Hún hefur verið send Norðurlandaráði sem ráðherranefndartillaga og ætlunin er að markmiðum hennar verði beitt við skipulag grannsvæðasamstarfsins árið 2002. Þar kemur fram að á tímabilinu 1996–1999 jukust þeir heildarfjármunir sem ráðherranefndin ver til þessa samstarfs úr u.þ.b. 100 millj. d.kr. í 137 millj. d.kr. eða um 37%. Á sama tíma jukust fjárveitingar til tvíhliða samstarfs norrænu landanna við umrædd lönd úr 1700 í 2200 millj. d.kr. eða um 29,4%. Í skýrslunni er lögð áhersla á, að forgangsröðun í verkefnavali verði markvissari, að tillit til sérþarfa samstarfslandanna verði aukið og að gerðar verði í því skyni sérstakar samstarfsáætlanir fyrir löndin hvert fyrir sig í stað einnar fyrir allt svæðið. Þannig verði og hægt að breyta eðli samstarfsins jafnóðum og löndin tengjast Evrópusamstarfinu betur. Samfara því er lagt til að þungamiðja samstarfsins flytjist til rússneskra grannsvæða Eystrasaltsríkjanna. Eins er lagt til að samstarf verði tekið upp við norrænu utanríkisráðuneytin um undirbúning og verkefnaval til að koma í veg fyrir tvíverknað.

Hvað varðar samstarfið um málefni norðurheimskautssvæðanna er lagt til, að sérstök áætlun verði gerð fyrir það samstarf, í ljósi þeirra breyttu aðstæðna sem stofnun Norðurskautsráðsins hefur leitt til.

Samstarf um innri málefni Norðurlanda.

Megnið af þeim samstarfsverkefnum ráðherranefndarinnar, sem snúast um innri málefni landanna, falla undir fagsvið ráðherranefndarinnar. Það gildir þó ekki um þverfagleg verkefni eða mál sem af öðrum ástæðum falla utan hefðbundinna samstarfssviða og heyra, eins og fram kemur í upphafi kaflans, undir samstarfsráðherrana.

Auk fjárlaganna, grannsvæðamálanna, stefnumótunarinnar um sjálfbær Norðurlönd, tillagnanna um „Norðurlönd 2000 – umvafin vindum veraldar" og úttektarinnar á norrænu fjárlögunum, fjölluðu samstarfsráðherrarnir á starfsárinu um og afgreiddu ýmis mál varðandi rekstur skrifstofunnar og annað.

Á árinu var fjármunum veitt til stofnunar norrænna upplýsingaskrifstofa, svonefndra upplýsingaglugga, í Stokkhólmi, Ósló og Kaupmannahöfn. Þá var ákveðið að framhald yrði á starfsemi þjónustusímans „Halló Norðurlönd" og starfsemin styrkt til muna. Ráðherrar samþykktu reglur fyrir samstarf ráðherranefndarinnar við frjáls félagasamtök á Norðurlöndum og tilmæli til fagráðherranefndanna um samþættingu jafnréttissjónarmiða í starfsemina og þeir ákváðu að stofnfé Norræna þróunarsjóðsins (NDF) yrði aukið um 330 millj. evra. Þá voru afgreiddar nýjar starfsreglur fyrir Norræna verkefnaútflutningssjóðinn (Nopef) og árangurssamningar endurnýjaðir til ársins 2004. Til að tryggja viðunandi starfsemi hans, eftir að því tímabili lýkur sem Nopef hefur til ráðstöfunar fé af fjárfestingaáætluninni fyrir Eystrasaltsríkin (BIP), ákváðu ráðherrarnir, þar eð ekki var unnt að auka fjárveitingar til starfseminnar af norrænu fjárlögunum, að það sem upp á vantaði yrði fjármagnað með beinum fjárveitingum.

4. Norðurlandasamvinna utanríkisráðuneytisins

Samvinna utanríkisráðherra Norðurlandanna fer ekki fram innan ramma norrænu ráðherranefndarinnar heldur milli norrænu utanríkisráðuneytanna beint.

Utanríkisráðherrar Norðurlandanna hittust í Kaupmannahöfn í febrúar sl. og ræddu þá einkum ástand mála í Tsjetsjeníu og Rússlandi, evrópsk öryggis- og varnarmál, Eystrasaltssamstarfið, ástandið í Kosovo og stækkunarferli ESB.

Sumarfundur norrænu utanríkisráðherranna var haldinn í ágúst í Middelfart í Danmörku. Daginn eftir héldu ráðherrarnir fundi með utanríkisráðherrum Eystrasaltsríkjanna þriggja, Eistlands, Lettlands og Litháens svo og fund með Javier Solana, háttsettum fulltrúa Evrópusambandsins í öryggismálum. Á fundunum voru einkum rædd Evrópumálefni, stækkun ESB og væntanleg formennska Svía þar, skipan öryggismála, svæðasamstarf, samstarf við Rússland, „norðlæga víddin" o.fl. Á þessum fundi var ákveðið að í framtíðinni myndu fundir ráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna þriggja verða kallaðir fundir hinna „átta" í stað „fimm plús þrír" eins og fundirnir höfðu kallast fram að því.

Norrænu utanríkisráðherrarnir hittust í þriðja sinn í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Reykjavík í nóvember. Þar voru aðallega Evrópumál á dagskrá ásamt málefnum Balkanskaga, Miðausturlanda og Rússlands.

Á vegum utanríkisráðuneyta Norðurlanda fer einnig fram umfangsmikið samstarf varðandi ýmsa málaflokka, svo sem öryggismál, Sameinuðu þjóðirnar, ÖSE, Evrópuráðið o.fl.

Hjá þróunarmálaráðherrum Norðurlanda á sér stað samvinna milli ráðherra svo og embættismanna. Einnig halda varnarmálaráðherrar Norðurlanda reglulega fundi.

5. Menningarmál, menntun og rannsóknir, upplýsingatækni

5.1 Menningarmál.

Í skýrslu menningarmálaráðuneytis Dana til norrænu ráðherranefndarinnar seint á árinu 1999 var gerð grein fyrir áhersluþáttum í menningarsamstarfinu árið 2000 og sérstaklega tilgreind eftirtalin svið: sameiginlegur menningararfur norrænu landanna, fjölmenningarsamfélagið og menningartengd úrræði til að vinna gegn kynþáttafordómum og útlendingaandúð, norræn sjálfsvitund frá sjónarhorni útlendinga og þróun á samstarfi norrænna listasafna á netinu.

Viðamesta verkefni norræns menningarsamstarfs á árinu er án efa glæsileg víkingasýning sem opnuð var í Smithsonian safninu í Washington í apríl í tilefni af þúsund ára afmæli landafunda norrænna manna í Ameríku. Sýningin sem bar heitið „Víkingar: Saga Norður-Atlantshafsins" er meðal merkari viðburða vestan hafs í tilefni landafundanna. The National Museum of Natural History — Smithsonian Institution undirbjó sýninguna í samstarfi við norrænu ráðherranefndina og helstu söfn á Norðurlöndum og Bretlandi. Hlutur Íslands er veglegur í sýningunni og lánaði Þjóðminjasafnið og Stofnun Árna Magnússonar nokkrar af menningargersemum Íslendinga, þar á meðal næluna frá Tröllaskógi, eina af fjölunum frá Flatatungu, sverðið sem fannst í Hrafnkelsdal, tvö blöð úr Eiríks sögu rauða, fjögur blöð úr Egils sögu Skallagrímssonar og Jónsbókarhandrit. Einnig er til sýnis eftirlíking af Flateyjarbók. Í veglega sýningarskrá rita íslenskir fræðimenn greinar um ýmsa þætti víkingatímans og forsíðu skrárinnar prýðir ljósmynd af víkingaskipinu Íslendingi. Þá hefur í tengslum við sýninguna verið efnt til málþinga um víkinga og leikhúsið Tíu fingur sýnt nýtt brúðuleikhúsverk um Leif heppna og landafundina. Voru norrænir þjóðhöfðingjar og menningarmálaráðherrar viðstaddir opnun sýningarinnar og forseti Bandaríkjanna bauð til veislu af þessu tilefni. Víkingasýningin var sýnd í American Museum of Natural History í New York síðastliðið haust. Norræna ráðherranefndin studdi einnig víkingasýninguna í St. John's í Kanada. Norræna samstarfið hefur þannig á veglegan hátt stutt við kynningu á víkingatímanum og landafundum norrænna manna í Ameríku. Víkingasýningin verður sett upp víða um Bandaríkin og í Kanada á næstu árum.

Norræn gildi og norræn sjálfsvitund var heiti ráðstefnu sem danska menningarmálaráðuneytið og norræna ráðherranefndin efndu til í ágústmánuði sl. Á ráðstefnunni var varpað ljósi

á það hvernig haga megi, með hliðsjón af norrænum gildum og norrænni sjálfsvitund, mótun menningarsamstarfs norrænna þjóða í framtíðinni. Meðal fyrirlesara á ráðstefnunni var Björn Bjarnason menntamálaráðherra og fjallaði hann um þátt tungumálsins í sjálfsvitund þjóða.

Á árinu voru samþykktar nýjar reglur fyrir nokkrar samstarfsstofnanir á sviði menningarmála: Norræna húsið í Reykjavík (sjá nánar um Norræna húsið, kafla 8.1), Norrænu stofnunina á Grænlandi, Norrænu stofnunina á Álandseyjum, Norrænu blaðamannamiðstöðina, Norræna stofnun um samtímalist (NIFCA), Norrænu upplýsingamiðstöðina um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM), Norrænu leiklistar- og dansnefndina (Teater og dans i Norden), Norrænu bókmennta- og bókasafnsnefndina (NORDBOK) og Norrænu tónlistarnefndina (NOMUS). Um er að ræða breytingar til samræmis við rammasamþykkt fyrir samnorrænar stofnanir og eiga þær ekki að fela í sér breytingar á inntaki starfseminnar. Að því er Norræna húsið í Reykjavík varðar er breytt skipan stjórnar á þann veg, að í stjórn verður einn fulltrúi frá hverju norrænu landanna, en hingað til hafa Íslendingar átt þar þrjá fulltrúa. Jafnframt fær einn fulltrúi frá hverju sjálfsstjórnarsvæðanna þriggja rétt til setu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétti.

Þá var gerður árangursstjórnunarsamningur við Norræna stofnun um samtímalist sem gildir fyrir árin 2001–2003.

Þróun fjölmenningarsamfélagsins er ofarlega á baugi á Norðurlöndum og menningarlegar aðgerðir til að stemma stigu við útlendingaandúð og kynþáttafordómum. Unnið er að verkefnum sem miða að gagnkvæmum menningarkynnum nýbúa og heimamanna á Norðurlöndum og hvernig nýta megi netið í baráttunni gegn nýnasisma í löndunum.

Á árinu tók gildi þverfagleg starfsáætlun norrænu ráðherranefndarinnar um málefni er snerta börn og ungmenni og tekur hún til allra þátta í norrænu samstarfi. Gerð áætlunarinnar var á ábyrgð Norrænu æskulýðsnefndarinnar (NUK) í samstarfi við stjórnarnefnd um barna- og unglingamenningu (BUK) og hefur samstarf þessara tveggja nefnda aukist verulega að undanförnu. Verkefni á sviði barna- og unglingamenningar og æskulýðsmála eru fyrirferðarmest í áætluninni og af þeim sökum var BUK falið að gera sérstaka starfsáætlun um menningarmál. Er þess vænst að hún verði lögð fyrir ráðherranefndina um menningarmál síðla árs 2001.

Meðal stórra verkefna sem norræna ráðherranefndin styrkti sérstaklega, eða átti aðild að, á sviði menningarmála fyrir börn og unglinga má nefna æskulýðsmótið Menning og æska, sem haldið var hér á landi í júní og um 2000 ungmenni frá öðrum norrænum löndum sóttu. Samkvæmt niðurstöðu úttektar sem gerð var að loknu mótinu kom í ljós að meiri hluti þátttakenda töldu mótið auka norræna samkennd en betri skipulagningu hefði þurft til að auka bein samskipti fólks af mismunandi þjóðerni.

Á vegum norrænu ráðherranefndarinnar var einnig haldin ráðstefna um stöðu ungmenna á jaðarsvæðum Norðurlanda. Var ráðstefnan nú haldin í Grænlandi en hinar fyrri í Færeyjum og á Íslandi. Á þessum ráðstefnum hafa byggst upp góð tengslanet milli fólks frá þessum svæðum og skilningur á sérstöðu þeirra, óskum og væntingum til norræns samstarfs aukist. Nefnd um „Börn og söfn“ lauk störfum með ráðstefnu í Danmörku um norræna samvinnu á þessu sviði í framtíðinni.

Á sviði kvikmynda og fjölmiðlunar er Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn aðalfarvegur samstarfsins að því er varðar fjárstuðning til einstakra verkefna. Á vegum ráðherranefndar um menningarmál er það meðal verkefna stjórnarnefndar um norrænt menningar- og fjölmiðlasamstarf að skoða möguleika nýrrar tækni í fjölmiðlun og beita sér fyrir upplýsingaöflun og kynningarstarfi um þróun á sviði fjölmiðlunar. Á árinu hefur það verið umfangsmesta verkefni stjórnarnefndarinnar að vinna að gerð skýrslu um starfsemi ríkis-

sjónvarpsstöðvanna. Á árinu náðust samningar við norrænar sjónvarpsstöðvar í Danmörku, Noregi og Svíþjóð um útsendingar þeirra í gegnum breiðband Símans.

Á árinu var veittur styrkur til að standa að undirbúningi norrænnar ráðstefnu um íþróttir og umhverfismál.

Þrjár borgir á Norðurlöndum, Reykjavík, Helsinki og Bergen voru meðal níu menningarborga Evrópu árið 2000. Norræni menningarsjóðurinn styrkti m.a. uppfærslu á Baldri Jóns Leifs sem var undir forsjá þeirra sem stjórnuðu verkefninu Reykjavík menningarborg.

Samstarf við Grænland og Færeyjar var með ágætum á árinu. Vestnorræna þingmannaráðið boðaði til ráðstefnu í Qaqortoq um samstarf á sviði menningarmála og þá einkum um menningararfinn. Ráðstefnuna sóttu meðal annarra menningarmálaráðherrar landanna þriggja auk Danmerkur. Björn Bjarnason menntamálaráðherra var síðan fulltrúi ríkisstjórnarinnar við hátíðarhöldin í Brattahlíð og vígslu Þjóðhildarkirkju. Þar afhenti hann þjóðhöfðingjum Danmerkur, Íslands og Grænlands fyrstu eintök bókarinnar „Á ferð með Leifi heppna“ sem er samvinnuverkefni námsgagnastofnana Grænlands, Íslands og Danmerkur. Bókin er gefin út á þessum þremur tungumálum. Þá fór Þjóðleikhúsið í leikferð til Grænlands og sýndi þar Brúðuheimilið eftir Henrik Ibsen. Sýningin var á íslensku en þýdd jafnharðan á dönsku og grænlensku. Er það í fyrsta sinn sem sýnt er leikrit í fullri lengd í Grænlandi.

Norræna ráðherranefndin um menningarmál ákvað á árinu að standa á næstu árum fyrir norrænum menningarkynningum á Bretlandseyjum og í Mið-Evrópuríkjunum, Tékklandi, Ungverjalandi og Slóveníu. Byrjað verður á Bretlandseyjum á árinu 2001 og verður höfuðáherslan á verkefni sem leiða til aukinna kynna og samstarfs listamanna á Norðurlöndum og í Skotlandi, Írlandi og á eyjunum. Norrænum stofnunum og samstarfsnefndum hefur verið falið að undirbúa kynninguna.

5.2 Menntamál og rannsóknir.

Samstarf um menntamál og rannsóknir er umfangsmikið innan norrænu ráðherranefndarinnar og tekur til grunn- og framhaldsskólastigs, fullorðinsfræðslu, háskóla og rannsókna. Samstarfið felst einkum í starfsemi stofnana, föstum styrkjakerfum og verkefnum sem stjórnað er af föstum stjórnarnefndum, sem hafa m.a. umsjón með faglegum vinnuhópum, sem skipaðir eru tímabundið. Að jafnaði er lögð áhersla á samfellu í starfseminni og verkefnum sem mótuð hafa verið af fyrrverandi formennskulöndum fylgt eftir. Undir forustu Íslands árið 1999 var unnið að mótun heildarstefnu um Norðurlönd, sem forgangssvæði í þróun mannauðs sem nær til tímabilsins 2000–2004.

Ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir lagði tillöguna um stefnumótun fyrir tímabilið 2000–2004 fram á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi í nóvember 1999 og var hún samþykkt á þinginu.

Meginákersla er lögð á miðlun reynslu og samvinnu um þróunarstarf á vettvangi menntunar og rannsókna, aukinn hreyfanleika nemenda, kennara og vísindamanna milli landanna auk þess sem sérstök áhersla er lögð á símenntun.

Markmiðið er að stuðla að því að hið norræna samfélag í menntamálum og rannsóknum verði virkur vettvangur fyrir pólitíska úrvinnslu þeirra málefna sem á döfinni eru, vettvangur þar sem menn geta lært af reynslu hvers annars og þróað samnorrænar aðgerðir. Í stefnumótuninni er lögð áhersla á skýrari verkaskiptingu milli landanna og að skilgreind verði betur þau verkefni sem skynsamlegra þykir að vinna sameiginlega að á norrænum vettvangi en í hverju landi fyrir sig.

Í stefnumótuninni er formennskulandinu falið aukið hlutverk hvað varðar tillögur um málaflokka og verkefni til úrvinnslu. Einnig er gert ráð fyrir að á tímabilinu verði mat lagt

á starf ráðgjafanefnda og fastra stjórnarnefnda sem undir ráðherranefndina heyra og hlutverk þeirra endurskoðað.

Lögð er áhersla á að skapa beri meiri breidd og heildstæðari skilning á hæfni frá sjónarhorni símenntunar og haft verður frumkvæði um viðræður um þessi atriði við fulltrúa atvinnulífsins á Norðurlöndum. Jafnframt er lagt til að ráðherrar menntamála og rannsókna ásamt menningarmálaráðherrum þrói samskipti við Norðurlandaráð, til þess að stuðla að langtímaskipulagningu þannig að norræna samstarfið svari betur kröfum tímans. Á sviði menntamála og rannsókna er áfram unnið að því að efla samstarf norrænu landanna, styrkja samstarf við önnur Evrópuríki sem og við grannsvæði Norðurlanda. Lögð er áhersla á að styrkja norræn viðhorf í alþjóðasamstarfi og sjónum var sérstaklega beint að eflingu tengsla milli hinna vestlægu Norðurlanda og annarra ríkja á Norðurlöndum. Stefnt er að því að jafnauðvelt verði að mynda tengsl, skiptast á hugmyndum og flytjast frá einu fræðslu- og rannsóknarumhverfi til annars á Norðurlöndum og innan eigin lands.

Áhersla er lögð á sjálfbært samfélag á Norðurlöndum, sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og málefni hafsins. Þessir áhersluþættir hafa skírskotun til verkefna á sviði menntunar og rannsókna.

Haldið var áfram öflugu samstarfi um tungumál, kennslu í raungreinum og tækni, þróun upplýsingatækni á sviði menntunar og rannsókna, og sjónum var beint að gæðum í skólastarfi, hlutverki menntunar á vinnumarkaði og fullorðinsfræðslu. Málefni barna og unglinga voru einnig í brennidepli. Er á vegum ráðherranefndarinnar unnið að fjölmörgum verkefnum á þessum sviðum.

Ráðherranefnd um menntamál og rannsóknir heldur þrjá fundi árlega. Frá 1998 hafa ráðherrarnir tekið tiltekin þemu til umræðu á fundum sínum. Taka þemun mið af þeim málefnum sem ráðherrarnir leggja áherslu á að vinna að á norrænum vettvangi. Hafa ráðherrar rætt um mat og gæði í skólastarfi á öllum skólastigum að háskólastigi meðtöldu, stöðu norrænna málsamfélaga í ljósi hraðfara þróunar upplýsingatækni og æðri menntun á Norðurlöndum, lagskiptingu nemenda í háskólum á Norðurlöndum, fjármögnun og þróun háskóla á Norðurlöndum.

Norrænar stofnanir.

Á vettvangi ráðherranefndar um menntamál og rannsóknir eru starfandi níu norrænar stofnanir, þar af ein á Íslandi, Norræna eldfjallastöðin (sjá nánar kafla 8.2).

Fastanefndir.

Á vegum ráðherranefndar um menntamál og rannsóknir starfa, auk embættismannanefndarinnar sem m.a. undirbýr ráðherrafundi auk annarra verkefna sem henni eru falin af ráðherranefndinni, þrjár stjórnarnefndir, NSS (samstarf um skólamál), HÖGUT (samstarf um æðri menntun) og FOVU (samstarf um fullorðinsfræðslu). Í stjórnarnefndunum NSS og FOVU eiga sæti einn fulltrúi frá hverju norrænu landanna en tveir í stjórnarnefndinni HÖGUT. Verksvið nefndanna spannar grunnskóla og framhaldsskóla auk skóla á háskólastigi og fullorðinsfræðslu. Auk stjórnarnefndanna starfa vinnuhópar að tilteknum verkefnum. Á vegum stjórnarnefndanna hafa verið haldnar fjölmargar ráðstefnur á árinu um þau málefni sem undir þær heyra auk þess sem þær hafa staðið að ýmsum útgáfum.

Samstarf um skólamál.

NSS-stjórnarnefndin hefur umsjón með norrænu samstarfi um skólamál á vettvangi norrænu ráðherranefndarinnar. Verksvið NSS tekur til leik-, grunn- og framhaldsskóla og er

unnið eftir nýrri starfsáætlun sem tekur til áranna 2000–2004. Áherslurnar í starfi nefndarinnar beinast að því að bæta skólastarf og í því skyni tekur nefndin til umfjöllunar mál sem eru efst á baugi á hverjum tíma, ber saman lausnir og aðferðir sem beitt hefur verið í einstökum löndum og miðlar upplýsingum varðandi skóla og skólastarf til þeirra sem hlut eiga að máli.

Samstarfið byggist á þremur meginþáttum. Í fyrsta lagi samstarfi milli norrænu landanna, í öðru lagi samstarfi við grannsvæðin og í þriðja lagi er lögð áhersla á tengsl við verkefni á vettvangi ESB. Eins og fyrr hefur samstarfið verið mjög gagnlegt fyrir Ísland og hefur gert kleift að fylgjast með því sem er að gerast annars staðar á Norðurlöndum og víðar. Vandamál sem koma upp í skólastarfi eru ekki bundin við eitt einstakt land heldur eru þau sameiginleg með fleiri löndum og hvetur þetta til samstarfs á þessu sviði.

Í nýrri starfsáætlun fyrir nefndina eru afmörkuð tiltekin áherslusvið og hefur verið unnið að því að skilgreina samstarfsverkefni innan þessara sviða. Meðal áherslusviða eru *hæfniskröfur og símenntun*, sem greinist í nokkra undirflokka, *notkun upplýsingatækni í skólastarfi og tungumálasamstarf* (Sprogforståelse) milli norrænu landanna.

Af eldri verkefnum sem haldið var áfram með á árinu má nefna:

- Hlutverk kennara: gefið hefur verið út rit um skólastjórnun en skýrsla um kennarahlutverkið kemur út á næsta ári.
- Frumkvöðlafræðsla: Verkefninu lauk á þessu ári. Niðurstöðunum verður miðlað til skóla og annarra sem kunna að hafa not fyrir niðurstöðurnar.
- Náttúrufræðigreinar: Samstarfsverkefni um nám og kennslu í náttúrufræðigreinum og stærðfræði kom í kjölfar Timss-könnunarinnar en niðurstöður hennar vöktu athygli á sínum tíma. Á árinu var unnið að verkefninu samkvæmt áætlun.
- IDUN II er norrænt samstarfsverkefni um tölvunotkun í skólum. Á árinu var unnið að þessu verkefni samkvæmt áætlun. Verkefnið heyrir beint undir ráðherranefndina en NSS, FOVU og HØGUT hafa haft umsjón með framkvæmdinni.
- Nemendaskipti. NSS hefur haft umsjón með nemendaskiptaverkefninu NORDPLUS-junior sem ætlað er fyrir nemendur á framhaldsskólastigi og NORDPLUS-mini sem ætlað er nemendum á grunnskólastigi. Unnið er að því að endurskipuleggja þessi verkefni.

NORDMÅL-verkefnið.

Þetta verkefni heyrir beint undir ráðherranefndina. Mikil áhersla er lögð á tungumálasamstarf milli norrænu landanna og með NORDMÅL-áætluninni er ætlunin að styrkja norrænt tungumálasamfélag. Samstarfið tekur til námskeiðahalds, gerðar kennsluefnis, orðabókagerðar, rannsókna, upplýsingastarfsemi og fleiri verkefna. Margar stofnanir koma að NORDMÅL-áætluninni, m.a. norrænar málastofnanir. Á vegum NORDMÅL hafa verið haldin fjölmörg námskeið fyrir kennara og túlka og gefnar út námsbækur sem þýddar hafa verið á finnsku, færeysku og íslensku.

Samstarf um fullorðinsfræðslu.

FOVU-stjórnarnefndin hefur umsjón með norrænu samstarfi um fullorðinsfræðslu á vettvangi norrænu ráðherranefndarinnar. Á árinu hófst starf í samræmi við nýja verkefnaáætlun fyrir fimm næstu ár, 2000–2004, sem samþykkt var af norrænu ráðherranefninni í byrjun árs 2000. Í verkefnaáætluninni er m.a. lögð áhersla á símenntun almennt og hvernig meta megi hæfni, reynslu og þekkingu sem fólk hefur aflað sér á vinnumarkaði sem ígildi náms í skóla. Áform eru um að huga að þörfum þeirra sem minnsta menntun hafa. Þá er lögð áhersla á þátt lýðfræðslunnar í þróun og eflingu lýðræðis á Norðurlöndum. Þátttaka fullorðinna á Norður-

löndum í símenntun verður sífellt til skoðunar bæði í einstökum löndum og í samanburði við lönd utan Norðurlanda.

Af helstu verkefnum sem nefndin hefur unnið að á árinu má nefna:

Á árinu hefur verið unnið að samanburði á milli norrænu landanna hvað varðar mat á hæfni og óformlegu námi. Búið er að safna saman upplýsingum um hvernig matið fer fram í hverju landi fyrir sig, mun skýrsla um málið liggja fyrir í byrjun árs 2001.

Þátttaka fullorðinna í símenntun. Unnið hefur verið að samanburði á milli norrænu landanna á þátttöku fullorðinna í símenntun. Einnig eru Norðurlönd borin saman við önnur lönd. Skýrsla mun liggja fyrir í byrjun árs 2001.

Áfram hefur verið unnið að verkefninu IDUN II, sem er verkefni þar sem unnið er að því að koma upp norrænu tengslaneti á milli stofnana og upplýsingaveitu um fullorðinsfræðslu. Á árinu 2001 verður lögð áhersla á verkefni um fullorðinsfræðslu og sveigjanlegt nám. Að þessu verkefni koma einnig NSS og HÖGUT en það heyrir beint undir ráðherranefndina.

Á árinu hefur verið unnið áfram að því að styðja og styrkja lýðfræðslu á grannsvæðum Norðurlanda. Í því sambandi hefur Norræna lýðfræðslustofnunin (NFA) staðið fyrir námskeiðum fyrir þátttakendur frá Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi. Um er að ræða námskeið fyrir fullorðinsfræðsluaðila, bæði einstaklinga og stofnanir.

Í alþjóðlegu samstarfi stóð FOVU fyrir ráðstefnu um samstarfsáætlanir ESB á sviði menntamála, þar sem þær voru kynntar og rætt um samsvarandi samstarf á vegum ráðherranefndarinnar.

Í norræna samstarfinu um fullorðinsfræðslu hefur verið lögð áhersla á að styrkja félög, stofnanir og samtök á vettvangi fullorðinsfræðslu í þeim tilgangi að efla samstarf og þátttöku fullorðinna. Samstarfsstyrkir sem veittir eru á vegum FOVU gegna veigamiklu hlutverki í þessu skyni. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að veita þeim sem starfa að fullorðinsfræðslu á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi ferðastyrki til að heimsækja önnur norræn lönd.

Samstarf um æðri menntun.

HÖGUT-stjórnarnefndin hefur umsjón með samstarfi um æðri menntun á vettvangi norrænu ráðherranefndarinnar. Helsta hlutverk HÖGUT er að stuðla að eflingu norræns samstarfs um æðri menntun m.a. með athugunum, sérstökum verkefnum, ráðstefnum og samráði við háskóla. Á verksviði nefndarinnar eru meðal annars verkefni á sviði grunnmenntunar og rannsókna og auk þess hefur HÖGUT umsjón með NORDPLUS-áætluninni sem felst í námsmanna- og kennaraskiptum. Á hverju ári taka alls um 5000 nemendur og kennarar á Norðurlöndum þátt í áætluninni. Í NORDPLUS gefst námsmönnum tækifæri til að stunda hluta af námi sínu, í allt að eitt ár, við háskóla annars staðar á Norðurlöndum og fá námið metið að fullu til eininga í heimalandi sínu. Þá er gefinn kostur á kennaraskiptum og fleiru er lýtur að kennslustörfum.

Samningur um aðgang að æðri menntun hefur verið framlengdur til ársins 2003. Meginatriði samningsins er að allir norrænir námsmenn hafi jafnan aðgang að öllum háskólum á Norðurlöndum. Í samningnum eru ákvæði um greiðslukerfi sem Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð hafa tekið upp sín á milli. Samkvæmt þessu kerfi skulu þau ríki sem senda frá sér fleiri stúdenta en þau taka á móti greiða ákveðið gjald fyrir mismuninn. Ísland hefur verið undanþegið þessum ákvæðum.

Þá verður jafnframt áfram í gildi samkomulag milli Noregs og Danmerkur um kvóta á fjölda námsmanna í ákveðnum greinum. HÖGUT hefur verið falið að undirbúa tillögu til ráðherranefndarinnar þar sem tekin verði afstaða til þess hvort hentugra þykir að viljayfirlýsing komi í stað samnings. •

Að frumkvæði Íslands á formennskuári þess árið 1999 var ákveðið að halda ráðstefnu í Reykjavík um fjármögnun háskólastigsins á Norðurlöndum m.a. með samanburði við önnur Evrópulönd. HÖGUT sá um að halda ráðstefnuna í apríl sl. Á ráðstefnunni fluttu erindi sérfræðingar frá Bretlandi, Hollandi, Kanada, Noregi, Svíþjóð og Evrópuráðinu. Gefin hefur verið út viðamikil skýrsla um ráðstefnuna, „Financing of Higher Education" (TemaNord 2000:539).

Á árinu kom út skýrsla á vegum HÖGUT, „Högre utdanning i Norden i et komparativt perspektiv" (DIVS 2000:831). Í skýrslunni er fjallað um háskólastigið á Norðurlöndum m.a. út frá stofnanauppbyggingu, lagaramma, gæðamati, fjármögnun, námsskipulagi o.fl. Skýrslan var unnin af starfshópi skipuðum af HÖGUT. Formaður starfshópsins var Guðmundur Hálfdanarson, prófessor við Háskóla Íslands.

Norrænt rannsóknarsamstarf.

Á rannsóknasviði ráðherranefndarinnar starfar ráðgefandi norrænt vísindastefnuráð, Nordisk Forskningspolitisk Råd (FPR), sem heyrir undir ráðherranefnd menntamála og rannsókna en er jafnframt ráðgefandi um stefnumörkun í vísinda- og tæknirannsóknum á öðrum fagsviðum ráðherranefndarinnar eftir því sem við á. Helsta hlutverk ráðsins er að leggja tillögur fyrir ráðherranefndina þar sem tekið er mið af eftirfarandi þáttum: mótun norrænnar rannsóknarstefnu til að stuðla að markvissri forgangsröðun verkefna, stefnumörkun með þverfaglegt samstarf í huga, forgangsröðun í rannsóknum á vettvangi ráðherranefndarinnar með tilliti til forgangsröðunar í hinum einstöku löndum og þróun gæðastjórnunaraðferða í norrænu rannsóknarsamstarfi. Ráðherranefndin hefur samþykkt tillögur FPR um að hefja tímabundið norrænt rannsóknarsamstarf árið 2000 á þremur rannsóknarsviðum, sem eru kynbundið ofbeldi, tungutækni og faraldsfræði. Í undirbúningi er einnig rannsóknaáætlun um velferðarþjóðfélagið. Auk rannsóknarverkefna eru norrænar stofnanir á starfssviði ráðsins og á sviðinu starfar Nordisk Forskeruddannelsesakademi (NorFA), sem veitir vísindamönnum styrki til starfa á Norðurlöndum, utan heimalands síns og starfrækir samskiptanet á sviði vísinda.

Þá gegnir Norræni iðnaðarsjóðurinn (NI, Nordisk Industrifond) mikilvægu hlutverki í stuðningi við rannsóknir og þróun á sviði vísinda og tækni í þágu atvinnulífisins og hefur m.a. veitt ómetanlegan stuðning við þróun upplýsingatækni, matvælatækni og líftækni hér á landi í gegnum norræn samstarfsverkefni. Að mati FPR gegna NorFA og NI lykilhlutverki hvor á sínu sviði, annars vegar með stuðningi við norrænt samstarf um uppbyggingu þekkingar og hins vegar með stuðningi við nýsköpun og hagnýtingu nýrrar þekkingar í atvinnulífi og þjónustu.

Ráðgjafarnefnd um upplýsingatækni.

Frá árinu 1996 hefur verið starfandi sérstök ráðgjafarnefnd um stefnumótun í upplýsingatækni fyrir ráðherranefnd um menntamál og rannsóknir. Á árinu 1998 samþykkti ráðherranefndin þriggja ára rannsóknar- og þróunaráætlun sem nefnist NORDUnet2. Markmið áætlunarinnar er að viðhalda og efla samkeppnishæfni norrænu þjóðanna á sviði menntunar og rannsókna með því að þróa ný samvinnu- og samskiptaform byggð á aðferðum upplýsingatækninnar. Með því er stefnt að því að Norðurlönd haldi þeirri forustu í notkun háþróaðra tölvuneta (með Internettækni) sem þau höfðu í upphafi þessa áratugar þegar norræna samnetið, NORDUnet, var stofnað. Tekið hefur verið mið af áþekkum þróunaráætlunum í Bandaríkjunum.

Ávinningur af þátttöku í NORDUnet2 fyrir Íslendinga felst m.a. í beinni þátttöku iðnaðarins, netþjónustufyrirtækja, rannsóknabókasafna, skóla, opinberra fjölmiðla o.fl. í verkefnum

sem styrkt verða undir hatti áætlunarinnar. Íslensk fyrirtæki, sem framarlega standa, t.d. í margmiðlun, fá því tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri á álitlegu markaðssvæði og geta sótt um styrki til þess. Íslenskir notendur Internetsins fá aðgang að nýjum nýtingarmöguleikum jafnskjótt og aðrir Norðurlandabúar. Danir ákváðu hins vegar í lok ársins 2000 að draga sig út úr samstarfi um NORDUnet2 á næstu árum og hefur sérstakur faghópur verið settur á laggirnar til að kanna afleiðingar þess fyrir hin löndin.

5.3 Upplýsingatækni.

Fyrirhugaður ráðherrafundur IT-ráðherra.

Í janúar 1999 var stofnuð ráðherranefnd um upplýsingatækni (MR-IT) og embættismannanefnd um upplýsingatækni (EK-IT). Á fyrsta starfsári embættismannanefndarinnar, 1999, fór fram ýmis undirbúningsvinna og var m.a. undirbúinn ráðherrafundur sem fyrirhugað var að halda á árinu 2000. Embættismannanefndin, undir forustu Dana, gerði síðan árangurslausar tilraunir til að ná saman ráðherrafundi vorið 2000. Ástæða þess að ekki náðist að halda ráðherrafund var m.a. talin sú að ábyrgð upplýsingatæknimála liggur hjá mismunandi ráðuneytum í löndunum og erfitt reyndist að koma saman dagskrá sem höfðaði til allra IT-ráðherranna. Í kjölfarið vöknuðu spurningar um hvort ekki væri nauðsynlegt að endurskoða markmið og verkáætlun ráðherranefndarinnar.

Vinnuhópur háttsettra embættismanna um norrænt samstarf á sviði upplýsingatækni.

Að tillögu Dana samþykkti ráðherranefndin að setja á laggirnar vinnuhóp háttsettra embættismanna sem fékk það verkefni að endurskoða og skilgreina markmið og framtíðarhlutverk norræns samstarfs á sviði upplýsingatækni. Nefndin hittist tvisvar sinnum á árinu og skilaði af sér álitsgerð um framtíð norræns samstarfs ráðherranefndar um upplýsingatækni. Ísland átti fulltrúa í vinnuhópnum.

Álitsgerð vinnuhópsins.

Í álitsgerðinni er gerður greinarmunur á tveimur ólíkum hlutverkum sem vinnuhópurinn taldi að ættu að vera meginviðfangsefni ráðherranefndar um upplýsingatækni, annars vegar að hafa frumkvæði að samstarfsverkefnum og hins vegar að vera vettvangur fyrir miðlun upplýsinga og pólitíska umræðu um grundvallarviðfangsefni stjórnvalda er tengjast upplýsingasamfélaginu í víðu samhengi. Vinnuhópurinn komst að þeirri niðurstöðu að aðaláherslu ætti að leggja á hið síðarnefnda.

Lagt er til að árlega verði haldinn fundur IT-ráðherra sem endurspeglar þann mikla kraft sem er í þróun upplýsingatækninnar. Í tengslum við árlega ráðherrafundi verði haldin ráðstefna þar sem tekin verða til umræðu þau málefni sem eru í brennidepli hverju sinni.

Lagt er til að meginviðfangsefni hins norræna samstarfs á sviði upplýsingatækni verði:

- Skipting samfélagsins í tvo hópa: Þá sem tileinka sér nýja þekkingu og tækni og þá sem gera það ekki.
- Rafræn stjórnsýsla — hagnýting tölvu- og fjarskiptatækni í stjórnsýslu.
- Norrænar áætlanir um breiðband.

Af hálfu Íslands hefur verið lögð áhersla á að samstarf í upplýsingatæknimálum verði síður tæknilegs eðlis, heldur snúi það fremur að því sem skilgreint hefur verið sem málefni upplýsingasamfélagsins og beinist þannig í ríkari mæli að samráði og upplýsingamiðlun. Markmiðið verði að löndin geti nýtt sér reynslu hvers annars varðandi hlutverk stjórnvalda í tengslum við upplýsingatækni og upplýsingasamfélag og heildarstefnumótun. Jafnframt hefur þeirri skoðun verið haldið á lofti að það liggi nær eðli upplýsingatækninnar að samvinnan

verði sveigjanleg, breytileg og óbundin tímafrekum samstarfsverkefnum, og að áhersla ætti helst að vera á þau viðfangsefni sem eru efst er á baugi hverju sinni.

6. Umhverfismál, auðlindamál og grannsvæðin

6.1 Samstarf við grannsvæðin.

Í samræmi við starfsáætlun starfsársins tók samstarf norrænu ráðherranefndarinnar við grannsvæðin til eftirfarandi starfsemi: starfsemi upplýsingaskrifstofanna, upplýsingamiðlunar og samskipta, styrkjakerfa og þróunarverkefna á ýmsum sviðum. Innan grannsvæðaáætlunarinnar fer og fram samstarf um málefni norðurheimskautssvæðisins, einkum með áherslu á málefni frumbyggja, lífskjör og afkomu íbúa og sjálfbæra nýtingu auðlinda á norðurheimskautssvæðinu.

Fjárveitingar ráðherranefndarinnar til grannsvæðasamstarfsins hækkuðu í 66,7 millj. d.kr. Auk þess runnu u.þ.b. 78 millj. d.kr. frá öðrum samstarfssviðum til samstarfsins.

Í febrúar sl. ákváðu samstarfsráðherrarnir að skipa norræna nefnd til að endurskoða stefnuáætlun ráðherranefndarinnar í samstarfinu við grannsvæðin. Í umboði því, sem samstarfsráðherrarnir settu nefndinni, var henni falið að taka tillit til eftirfarandi breytinga á alþjóðavettvangi:

- Efnahagsleg, stjórnsýsluleg og lýðræðisleg þróun hefur átt sér stað í Eystrasaltsríkjunum og ákvörðun tekin í ESB um að Eystrasaltsríkin öll séu aðilar aðildarsamningaferlisins.
- Athyglin beinist í vaxandi mæli að Rússlandi, sbr. stefnu ESB gagnvart Rússlandi og „norðlægu víddina", á sama tíma og þróun í Rússlandi staðnar og efnahagsleg vandamál og óstöðugleiki gera vart við sig.
- Aðgerðir alþjóðlega samfélagins og norrænu landanna hvers um sig aukast á grannsvæðunum um leið og norðurheimskautssamstarfið styrkist á vettvangi Norðurskautsráðsins.

Norræna nefndin um endurskoðun grannsvæðaáætlunarinnar skilaði skýrslunni „Närmare Norden" til samstarfsráðherrana í ágúst sl. Mikilvægustu niðurstöður og tillögur nefndarinnar voru í stuttu máli eftirfarandi:

- Vegna stækkunarferlisins innan ESB munu áherslur í grannsvæðasamstarfinu í vaxandi mæli færast til rússneskra grannsvæða við Eystrasalt og Barentshaf.
- Endurskoða þarf samstarfsáætlun norðurheimskautssvæðisins frá 1996 með hliðsjón af stofnun og þróun Norðurskautsráðsins og leggja ætti fyrir Norðurlandaráð nýja ráðherranefndartillögu varðandi samstarf á norðurheimskautssvæðinu.
- Áherslu ætti að leggja á fá, stór verkefni, sem hafa sýnileg áhrif og pólitískt vægi.
- Aðgerðir ættu að mæta þörfum þess grannsvæðalands sem þær eiga að gagnast og hafa ber í huga mismunandi þarfir landanna og nota mismunandi aðferðir gagnvart Rússlandi og Eystrasaltsríkjunum.
- Með það að markmiði að ná meiri árangri og betri samhæfingu við aðgerðir norrænu landanna hvers um sig er lagt til að stofnuð verði ráðgjafarnefnd sérfræðinga sem samanstendur af fulltrúum þeirra aðila í utanríkisráðuneytum norrænu landanna, sem hafa með höndum þróunaraðstoð við löndin í austri. Lagt er til að þeir starfsmenn utanríkisráðuneyta landanna, sem hafa með höndum málefni norðurheimskautsins, taki þátt í undirbúningi mála á þessu sviði.
- Lagt er til að ný áherslusvið verði: miðlun reynslu af norræna velferðarsamfélaginu; sjálfbær nýting auðlinda á sviði umhverfis og orku; börn og ungmenni; menningarskipti ásamt neytendamálum og matvælaöryggi.

Á grundvelli þeirra tillagna sem nefndin um endurskoðun grannsvæðaáætlunarinnar lagði fram, verður ráðherranefndartillaga lögð fyrir Norðurlandaráð og áætlað er að framkvæmd nýrrar áætlunar geti hafist árið 2002.

Samstarf við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland.

Upplýsingaskrifstofur á vegum ráðherranefndarinnar eru í höfuðborgum Eystrasaltsríkjanna þriggja og í Pétursborg í Rússlandi. Starfsemi upplýsingamiðstöðvanna í Arkangelsk og Petrozavodsk var endurskoðuð á árinu og ný miðstöð opnuð í Múrmansk. Þetta var gert til að gera upplýsingamiðlunina um starfsemi ráðherranefndarinnar á Barentssvæðinu skilvirkari.

Vinnan við eftirfylgni ráðstefnunnar „Konur og lýðræði" hélt áfram á árinu. Ráðstefna var haldin í Helsingfors í maí og enn fremur verður haldin ráðstefna í Litháen árið 2001. Þar fyrir utan hefur megináherslan í verkefnasamstarfinu við grannsvæðin verið á lýðræði og velferð. Sem dæmi má nefna samstarf um þróun frjálsra félagasamtaka, framkvæmdaáætlun fyrir börn og ungmenni ásamt aðgerðum á sviði heilbrigðismála.

Samstarf um málefni norðurheimskautssvæðisins.

Í október sl. fékk norræna ráðherranefndin stöðu áheyrnarfulltrúa í Norðurskautsráðinu og þar með opnast ný vídd í þróun norðurheimskautssamstarfs ráðherranefndarinnar.

Hluti af samstarfi ráðherranefndarinnar um málefni norðurheimskautssvæðisins hefur snúist um málefni frumbyggja. Á árinu var lokið áætlun um framleiðsluþróun, fullvinnslu og markaðsfærslu hefðbundinna afurða frá norðurheimskautssvæðinu og lögð fram tillaga að stofnun samískrar þekkingarmiðstöðvar. Enn fremur vann ráðherranefndin að undirbúningi þátttöku Sama og Inúíta á sérstakri frumbyggjasýningu sem haldin var innan ramma EXPO-2000 heimssýningarinnar í Hannover.

Innan áætlunarinnar um lífskjör og afkomu íbúa norðurheimskautssvæðisins hefur farið fram samanburðarkönnun á lífskjörum íbúa þar. Ráðherranefndin hefur og veitt fjármunum til úrvinnslu tölfræðilegra upplýsinga um lífskjör íbúa á norræna norðurheimskautssvæðinu.

Hvað varðar sjálfbæra nýtingu auðlinda hefur verið unnið að varðveislu menningar- og náttúruminja á norðurheimskautssvæðinu.

6.2 Orkumál.

Markmiðið með samstarfi norrænu ráðherranefndarinnar á sviði orkumála er að stuðla að sjálfbærri, skilvirkri, samkeppnishæfri og öruggri orkuöflun á Norðurlöndum og grannsvæðum þeirra. Lögð er áhersla á að orkulindir og orka sé nýtt með skilvirkum hætti til að efla atvinnulíf og styrkja efnahag og stóraukin áhersla hefur verið lögð á nýtingu endurnýjanlegra orkulinda á síðustu árum. Áherslur í samstarfinu og þau verkefni sem unnið er að eiga að hafa pólitíska þýðingu fyrir Norðurlöndin.

Samstarf norrænu ráðherranefndarinnar á sviði orkumála hefur eflst á síðustu árum. Áherslum var talsvert breytt á fundi forsætisráðherra Norðurlanda í Bergen árið 1997 um sjálfbæra orkuöflun á Eystrasaltssvæðinu. Í kjölfar yfirlýsingar sem samþykkt var á fundinum hefur starfið í auknum mæli beinst að grannsvæðunum og þá einkum Eystrasaltsríkjunum. Á síðasta ári samþykktu orkumálaráðherrarnir rammaáætlun fyrir samstarf á sviði orkumála þar sem gerð er grein fyrir starfinu og lagðar meginlínur fyrir framhald þess. Það land sem gegnir formennsku mun móta nánari stefnu og áætlun um verkefni hverju sinni. Áætlunin tekur mið af þeim öru og miklu breytingum sem eiga sér stað á orkusviðinu á alþjóðavettvangi, ekki síst innan ESB.

Á árinu var haldinn fundur orkumálaráðherranna á Grænlandi í septemberbyrjun. Í október var í boði Finnlands haldin ráðstefna ráðherra orkumála um samstarf í Eystrasaltsríkjunum. Ráðstefnuna sátu auk norrænu ráðherranna, ráðherrar eða háttsettir embættismenn frá öðrum ríkjum við Eystrasalt, nokkrum ESB-ríkjum, Bandaríkjum Norður-Ameríku og loks fulltrúar alþjóðasamtaka og -stofnana.

Rammaáætlun fyrir norrænt samstarf á sviði orkumála.

Orkumálaráðherrarnir samþykktu rammaáætlun fyrir orkusamstarf á vegum norrænu ráðherranefndarinnar á fundi sínum í október 1999. Áætlunin byggist á þeim verkefnum sem unnið hefur verið að og er með henni stuðlað að samfellu í samstarfinu. Í áætluninni er lýsing á samstarfinu, einkum þeim sviðum þar sem gert er ráð fyrir að efla það. Mikilvægustu verkefnin eru á sviði orkumarkaðar, loftslagsbreytinga og orkurannsókna. Í áætluninni verður lögð aukin áhersla á samstarf við aðra málaflokka, einkum umhverfis-, flutninga- og fjármálasviðin.

Samkvæmt áætluninni mun samstarfið hvað grannsvæðin í austri varðar grundvallast á því starfi, sem unnið hefur verið í samræmi við Bergenyfirlýsinguna og á niðurstöðum funda norrænu orkumálaráðherranna og starfsbræðra þeirra handan Eystrasaltsins sem haldnir voru í Stafangri í desember 1998 og í Helsinki í október 1999.

Samvinna norrænu landanna um alþjóðlegt samstarf á sviði orkumála hefur meðal annars beinst að framkvæmd tilskipana ESB um innri markað á sviði raforku og innri markað á sviði jarðgass. Meðal mikilvægra verkefna, sem verið er að fjalla um, er hvernig svokölluðu „grænu rafmagni" verður veittur forgangur á markaðinum.

Raforkumarkaður.

Á þessum áratug hafa átt sér stað miklar breytingar á skipan raforkumála á Norðurlöndum. Norðmenn riðu á vaðið með breytingar og gáfu viðskipti með rafmagn frjáls og síðan hafa bæði Svíar og Finnar komið á markaðsbúskap í viðskiptum með raforku. Nú síðast hafa Danir gert breytingar á löggjöf og skipulagi raforkumála, meðal annars til þess að hrinda í framkvæmd tilskipun ESB um innri markað á sviði raforku, en frestur til þess rann út í febrúar 1999. Hér á landi mun tilskipun ESB taka gildi á miðju ári 2002 og höfum við notið góðs af reynslu Norðurlandaþjóða við undirbúning á nýrri löggjöf um raforkumál.

Á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á að kanna forsendur fyrir aukinni samtengingu raforkumarkaðarins umhverfis Eystrasaltið og meta afleiðingar þess. Sérstakur starfshópur ráðherranefndarinnar sinnir þessu verkefni. Var haldin 40 manna ráðstefna á Borgundarhólmi í ágúst sl. með fulltrúum Eystrasaltsríkjanna um þróun raforkumarkaðar og gasmarkaðar í þessum löndum og voru fengnir sérfræðingar víða að til að leggja á ráðin um hvernig aðstoða mætti ríkin við að koma á eðlilegu ástandi á raforku- og gasmarkaðnum.

Orku- og umhverfismál.

Undanfarin ár hefur starfað sameiginlegur starfshópur ráðherranefndanna um orkumál og umhverfismál. Verkefni starfshópsins hafa fyrst og fremst snúist um viðfangsefni sem tengjast rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Mikilvægi þessa samstarfs hefur komið í ljós undanfarið í tengslum við þá vinnu, sem unnin var á árinu vegna undirbúnings loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Haag í nóvember sl.

Unnið hefur verið að undirbúningi að því að Eystrasaltssvæðið verði eins konar tilraunasvæði í viðskiptum með losunarheimildir, en á ráðherrafundinum í Reykjavík 1999 samþykktu orkumálaráðherrarnir að leggja til að það verkefni yrði kannað. Á árinu 1998 sam-

þykktu forsætisráðherrar Norðurlanda yfirlýsingu um sjálfbær Norðurlönd. Starfshópurinn hefur unnið að því að móta hvernig tekið verður á því verkefni hvað orkumál varðar í ljósi ákvörðunar ráðherranefndarinnar.

Orkurannsóknir.

Norræna orkurannsóknaáætlunin (NEFP) hefur frá árinu 1987 verið skipulögð sem markaðsáætlun til þriggja eða fjögurra ára í senn. Markmiðið hefur verið að styrkja grunnþekkingu og efla samstarf háskóla, rannsóknastofnana o.fl. með það fyrir augum að stuðla að bættri samkeppnisstöðu landanna. Núgildandi áætlun nær til áranna 1999–2002. Unnið er í sjö faghópum á ýmsum sviðum orkurannsókna. Íslendingar taka þátt í þremur faghópanna; á sviði orku- og samfélagsmála, olíu- og forðafræði og í vinnuhóp um orku í iðnaðarferlum. Að auki leiða Íslendingar starf tímabundins vinnuhóps sem á að yfirfara stöðu vetnisrannsókna á Norðurlöndum.

NEFP var fest í sessi nýverið og hefur nú ígildi norrænnar stofnunar. Nafnið var stytt í því sambandi og er nú aðeins talað um „Norrænu orkurannsóknirnar".

Kostnaður við áætlunina greiðist að mestum hluta beint af löndunum af því fjármagni sem veitt er til orkurannsókna í hverju þeirra.

ESB, EES og alþjóðaorkumál.

Á fundum ráðherranefndarinnar, embættismannanefndarinnar og starfshópa á hennar vegum er að jafnaði fjallað um mál er varða EES og þróun orkumála innan ESB. Fyrir fundi í ráðherraráði ESB um orkumál eru haldnir óformlegir fundir norrænu orkumálaráðherranna og sitja fulltrúar Íslands og Noregs þá fundi. Þessir fundir eru afar mikilvægir fyrir okkur Íslendinga, sem ekki eigum möguleika á að taka af fullum þunga þátt í öllum málaflokkum, sem heyra undir orkusviðið.

Samstarf við grannsvæði Norðurlanda.

Í yfirlýsingu sem forsætisráðherrar Norðurlanda samþykktu í Bergen 1997 um sjálfbæra þróun á sviði orkumála umhverfis Eystrasaltið fólu þeir orkumálaráðherrunum að vinna að tilteknum verkefnum.

Framkvæmd Bergenyfirlýsingarinnar og undirbúningur ráðherrafundar orkumálaráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna hefur verið í höndum svonefnds Bergenhóps skipuðum fulltrúum allra Norðurlanda en einnig hafa komið að málinu fulltrúar Eystrasaltsríkjanna og ESB.

Á vettvangi Norðurlandasamstarfsins hefur verið unnið að þessum verkefnum á vegum Bergenhópsins og svokallaðs Eystrasaltshóps en þar eiga sæti auk fulltrúa Eystrasaltsríkjanna og Norðurlandaþjóðanna fulltrúar Þýskalands, Póllands og Rússlands. Eystrasaltshópurinn hefur skipulagt einstök samstarfs- og stuðningsverkefni sérstaklega í Eystrasaltsríkjunum og Vestur-Rússlandi.

Á síðasta ári hefur verið lögð áhersla á raforkumarkað, gasmarkað, orkustefnu, loftslagsmál svo og orkusparnað. Sérstakur gaumur hefur verið gefinn að fjárfestingum á sviði orkumála í Eystrasaltsríkjunum og var fjallað um þann þátt á ráðstefnu á Borgundarhólmi í ágúst, sem embættismannanefndin um orkumál stóð fyrir. Nefnd embættismanna frá löndunum hefur unnið að framkvæmd samstarfsverkefna við Eystrasaltsríkin. Tveir sérfræðingar hafa unnið að samstarfsorkuverkefnum á Eystrasaltssvæðinu og hafa haft aðstöðu á skrifstofu Eystrasaltsráðsins (Baltic Sea State Council, BSSC) í Stokkhólmi.

Í septemberbyrjun var haldinn fundur orkumálaráðherra Norðurlanda í Jakobshavn á Grænlandi. Hófst hann með fræðslufundi sem bar yfirskriftina: Loftslag, ís og vatn og þar fluttu erindi tveir sérfræðingar frá Íslandi. Var góður rómur gerður að þessum fundi. Meginefni fundarins var að öðru leyti þau málefni er unnið hefur verið að á árinu, þ.e. loftslagsmálefnin og samstarf á því sviði við Eystrasaltsríkin. Þá var einnig fjallað um samstarf Norðurlanda á sviði raforkumála. Loks var fjallað um framtíðarstefnu landanna á orkusviði. Var embættismannanefndinni falið að leggja ný drög að slíkri stefnumörkun fyrir norrænu orkumálaráðherrana. Um miðjan desember lágu fyrir drög að skýrslu um framtíðarstefnumótun í norrænu orkusamstarfi, sem lögð verða fyrir orkumálaráðherrana á næstunni.

Niðurlag.

Starf norrænu ráðherranefndarinnar á sviði orkumála er gagnlegt fyrir Ísland, þó svo að orkukerfi landsins sé frábrugðið því sem er annars staðar á Norðurlöndum. Sérstaklega er mikilvægt um þessar mundir að fylgjast með þróun raforkumarkaðarins í löndunum og læra af reynslu þeirra um skipan þessa málaflokks, meðal annars vegna þeirrar endurskoðunar á löggjöf um orkumál sem nú er unnið að hér á landi. Starf ráðherranefndarinnar í tengslum við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar hefur létt undirbúning Íslands vegna vinnu í tengslum við samninginn og aukið þekkingu á því sviði. Áhersla er lögð á að halda því starfi áfram. Íslendingar hafa notið góðs af orkurannsóknaáætluninni og hefur af Íslands hálfu verið lögð áhersla á að því samstarfi verði haldið áfram. Loks eru fundir á vegum ráðherranefndarinnar mikilvægir vegna vinnu er tengist ESB, EES og öðru alþjóðlegu samstarfi á sviði orkumála.

6.3 Umhverfismál.

Samstarf norrænu umhverfisráðherranna (MR-Miljø) endurspeglar þá grósku sem er í umhverfismálum á alþjóðavettvangi. Starfið byggist á norrænu umhverfisáætluninni 1996–2000. Í áætluninni er sett fram stefna um samstarfið á Norðurlöndum, við grannsvæðin og heimskautssvæðin, ESB og um önnur alþjóðleg málefni. Framkvæmd áætlunarinnar er í höndum fastra vinnunefnda og hópa sem vinna að tilteknum verkefnum.

Á árinu vann samninganefnd með fulltrúum allra landanna að gerð nýrrar umhverfisáætlunar sem samþykkt var á fundi umhverfisráðherranna í nóvember sl. og er gildistími hennar 2001–2004.

Jafnframt var á vettvangi norrænu ráðherranefndarinnar unnið að áætlun um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum til ársins 2020. Við þá vinnu gegndi umhverfisgeirinn því mikilvæga hlutverki að stýra starfinu og samhæfa við þau svið sem áætlunin tekur til. Áætlunin um sjálfbæra þróun tekur til eftirtalinna sviða: samgöngumála, landbúnaðar og skógræktar, sjávarútvegs og fiskeldis, orkumála og atvinnulífs. Auk þess er m.a. fjallað um loftslagsbreytingar, líffræðilega fjölbreytni, hafið, efnavörur og öryggi matvæla. Skilgreind eru tiltekin tímabundin markmið sem ætlunin er að endurskoða á fjögurra ára fresti en langtímamarkmið eru sett til 20 ára. Umhverfisgeiranum er áfram ætlað mikilvægt hlutverk við að fylgja eftir þeim markmiðum um sjálfbæra þróun sem sett eru með áætluninni.

Í umhverfisáætluninni 2001–2004 eru sett fram markmið og tillögur um verkefni sem tengja umhverfismálin við þau markmið sem sett eru fram í áætluninni um sjálfbæra þróun.

Um þessar mundir háttar svo til, að norrænu umhverfisráðherrarnir eru allir einnig ráðherrar skipulagsmála hver í sínu landi. Var af því tilefni ákveðið að halda fundi um skipulagsmál í tengslum við reglulega fundi ráðherranna. Á fundunum ræddu ráðherrarnir um þátt skipulagsmála í sjálbærri þróun og skipulagsmál og staðsetningu verslana og verslunarmið-

stöðva. Var ákveðið að gefa út bækling um hið síðarnefnda og samþykkt að leggja fram tillögu um skipulagsmál og sjálfbæra þróun sem viðbót við skýrsluna um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum.

Þverfaglegt samstarf umhverfisgeirans við önnur svið verður æ umfangsmeira og mikilvægara. Þegar er unnið eftir sérstökum samstarfsáætlunum um umhverfis- og sjávarútvegsmál svo og umhverfis-, landbúnaðar- og skógræktarmál. Nýja umhverfisáætlunin 2001–2004 hefur að geyma tillögur um að á næstu árum verði efnt til samstarfs um heilbrigðismál og samgöngumál. Framkvæmd áætlunar um sjálfbæra þróun byggist á því að vel takist til með samstarf um ýmis þverfagleg málefni og að í þeim málaflokkum sem áætlunin tekur til verði umhverfissjónarmið höfð að leiðarljósi við alla stefnumótun.

Á árinu var efnt til ráðstefnu um öryggi matvæla og var hún samstarfsverkefni ráðherra umhverfis-, sjávarútvegs- og landbúnaðarmála.

Málefni ESB eru fastur liður á dagskrá umhverfisráðherranna. Þar eru rædd helstu mál á döfinni innan ESB og afstaða til ýmissa mála. Margot Wallström og Rolf Annerberg frá framkvæmdastjórn ESB voru gestir á fundi ráðherranna á Borgundarhólmi í september og gafst þar tækifæri til skoðanaskipta um ýmis þau mál sem efst eru á baugi innan ESB. Á árinu skrifuðu ráðherrarnir tvö bréf til framkvæmdastjórnar ESB til að koma á framfæri hugmyndum og sameiginlegum sjónarmiðum, annars vegar um hertar umhverfiskröfur við opinber innkaup, hins vegar um framkvæmd hinnar norðlægu víddar sem Finnland átti frumkvæði að í formennsku sinni í ESB síðari hluta árs 1999.

Af alþjóðlegum málefnum bar hæst umræður um Kyoto-bókunina og alþjóðlegan samning um bann við notkun þrávirkra lífrænna efna.

Að frumkvæði Íslands voru málefni hafsins einnig tekin á dagskrá funda umhverfisráðherranna og var þar einkum beint sjónum að mengun hafs frá landstöðvum og mikilvægi þess að gera áætlanir til að draga úr henni.

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) heyrir undir samstarfið um umhverfismál (sjá nánar um NEFCO, kafla 9.2).

Störf vinnunefnda:

Vinnunefnd um umhverfi hafs og lofts.

Viðfangsefni nefndarinnar skiptast í þrjá aðalflokka sem allir snerta annan eða báða af tveimur meginþáttum umhverfisins, haf og loft.

Unnið er að því að setja fram líkön sem eiga að segja fyrir um þróun og meta árangur aðgerða sem gripið hefur verið til í því skyni að minnka streymi næringarefna til sjávar og útbreiðslu þessara efna í hafinu. Stefnt er að því að nota sömu líkön á önnur mengandi efni sem berast til hafsins og berast með straumum.

Lögð er áhersla á að fá fram betri gögn og áreiðanlegri líkön til að geta metið árangur aðgerða sem þegar hafa verið ákveðnar til að sporna við loftborinni mengun. Einnig er unnið að því að kanna áhrif og þátt reikulla lífrænna efna í myndun jarðlægs ósóns.

Unnið er að ýmsum verkefnum sem snúast um hættuleg efni, m.a. um flutning þrávirkra efna milli þátta (lofts, lagar og sets) og áhrif þeirra á lífverur.

Auk ofangreindra verkefna hefur nefndin á fjárlögum sínum hálfa stöðu ritara fyrir Kaupmannahafnarsamkomulagið (samvinna um baráttu gegn mengun sjávar af völdum olíu og annarra skaðlegra efna).

Efnavörunefndin.

Vinnunefndin um efnavörur (NKG) er í forsvari fyrir norrænu samstarfi á sviði eiturefna og hættulegra efna. Hún starfar á grundvelli norrænu umhverfisverndaráætlunarinnar fyrir árin 1996–2000. Unnið er að öflun og úrvinnslu gagna sem leggja grunn að stefnumótun, ákvörðunum og aðgerðum heima fyrir, í Evrópusamstarfi og á alþjóðavettvangi. Nefndin stuðlar að samstarfi stjórnvalda og samræmingu verkefna þannig að tiltækt fjármagn nýtist sem best.

Nefndin hefur unnið að verkefnum sem nýtast Norðurlandaþjóðunum sérstaklega svo sem varðandi fræðsluefni. Megináherslan hefur þó beinst að verkefnum sem nýtast í alþjóðlegri samvinnu, ekki síst verkefnum er nýtast Norðurlandaþjóðunum vegna aðildar þeirra að ESB eða EES. Á árinu var hafin vinna við ný verkefni varðandi eftirlit með öryggi efnavöru og magni hættulegra efna í framleiðsluvörum sem almenningur hefur aðgang að.

Verkefni nefndarinnar skiptast í fjóra meginflokka, þ.e. varðandi þróun aðferða til að greina áhættu vegna efnanotkunar, um flokkun hættulegra efna, mat á áhættu vegna efnanotkunar og takmörkun áhættu. Undir vinnunefndinni starfa ráðgefandi verkefnahópar og átti Ísland fulltrúa í ellefu þeirra á árinu.

Niðurstöður úr verkefnum vinnuhópanna verða m.a. birtar sem viðurkenndar prófunaraðferðir á vegum OECD. Haldnar hafa verið ráðstefnur þar sem fræðimenn hafa getað skoðað málefni frá ólíkum sjónarhornum. Gefnar hafa verið út einar tíu skýrslur um verkefni. Hafa þær ásamt fleiri gögnum sem unnið hefur verið að verið mikilvægt framlag Norðurlandanna til alþjóðasamstarfs af ýmsu tagi. Aukin áhersla hefur verið á gerð ólíkra gagnabanka. Þar má nefna gagnabanka fyrir upplýsingar um efni sem eru hættuleg fyrir heilsu fólks (*H-Class*), áframhaldandi þróun svipaðs gagnabanka fyrir efni sem eru skaðleg fyrir umhverfið (*N-Class*), þróun gagnagrunns yfir efni sem geta haft skaðleg áhrif á lífríki vatns og sjávar (*NSDB: Nordisk stoffdatabase*) svo og undirbúningsvinnu og samræmingu gagna fyrir væntanlegan sameiginlegan norrænan gagnagrunn yfir efni sem eru á markaði á Norðurlöndum (*SPIN: Stoffer og produkter i Norden*). Þar munu m.a. verða aðgengilegar á netinu upplýsingar um magn efna í umferð á Norðurlöndum og notkunarsvið þeirra.

Vinnunefnd um náttúruvernd, útivist og menningarumhverfi.

Náttúruverndar- og útivistarnefndin hefur það hlutverk að fylgja eftir samþykktum ráðherranefndarinnar um náttúruvernd, útivist og verndun menningarumhverfis.

Meðal helstu áhersluatriða á árinu voru verkefni tengd framkvæmdaáætluninni um vernd náttúru- og menningarminja á norðurheimskautssvæðunum (Íslandi, Grænlandi, Svalbarða). Þau verkefni sem unnið er að samkvæmt áætluninni eru m.a. Staðardagskrá 21, náttúruvernd og ferðaþjónusta, umhverfisfræðsla og áhrif botnvörpu- og togveiða á lífríki sjávar.

Á vegum nefndarinnar var einnig unnið að verkefnum sem tengjast samþykktum á sviði líffræðilegrar fjölbreytni, skógræktar, náttúruverndar og útivistar.

Á árinu var starfssvið nefndarinnar víkkað og henni falið hlutverk á sviði menningarumhverfis og endurspeglast það í auknum fjárveitingum þar að lútandi.

Mörgum fróðlegum og athyglisverðum verkefnum hefur verið lokið á árinu. Lagður hefur verið grunnur að mörgum nýjum verkefnum í anda áætlunar forsætisráðherra Norðurlanda um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum ásamt umhverfisáætlun norrænu ráðherranefndarinnar til næstu fjögurra ára en nefndin tók virkan þátt í mótun þeirrar áætlunar.

Ísland gegndi formennsku í nefndinni á árinu.

Vinnunefnd um vörur og úrgang.

Verkefni vinnunefndarinnar um vörur og úrgang er að vinna að samræmingu og skilgreina sameiginleg verkefni á sviði framleiðsluvara, úrgangsmála og hreinni framleiðslutækni. Nefndin tekur fyrst og fremst mið af hlutverki stjórnvalda á framangreindum sviðum og byggist starfið á norrænu umhverfisáætluninni og þeim markmiðum sem þar eru sett. Nefndinni er m.a. falið að fjalla um sorphirðu á norðlægum slóðum og þá sérstaklega í smáum samfélögum og dreifðum byggðum. Annað verkefni nefndarinnar er að fjalla um ábyrgð framleiðenda, undirbúa sameiginlega afstöðu til málefna sem eru á döfinni á vettvangi EES og finna leiðir til að draga úr umhverfis- og heilsuskaðlegum efnum í vörum og úrgangi.

Vinna í nefndinni fer að stærstum hluta fram í verkefna- og tengiliðahópum. Þessir undirhópar stýra tilteknum verkefnum og vinna að því að efla norræna samvinnu og auka upplýsingastreymi milli aðila sem vinna innan málaflokksins. Þá tekur vinna í nefndinni og undirhópum hennar einnig mið af EES-samningnum og ræddar eru nýjar gerðir, framkvæmd samningsins og sameiginlegar áherslur norrænu landanna.

Á árinu var fjallað um ýmsa málaflokka og unnið að fjölmörgum verkefnum, sem m.a. beindust að umhverfisháðri vörustefnu, umhverfisskaðlegum efnum í úrgangi, bestu fáanlegri tækni, meðferð á úrgangi sem inniheldur kvikasilfur, sorphirðumál í dreifðum byggðum, grænum innkaupum, urðun úrgangs, brennslu úrgangs, jarðgerð, líftímagreiningu, umhverfisstjórnun og umbúðir.

Svíar gegndu formennsku í nefndinni á árinu en Ísland tekur við í byrjun árs 2001.

Norræna hávaðanefndin.

Norræna hávaðanefndin var sett á laggirnar 1996 til að sinna tímabundnu verkefni við að útbúa reiknilíkan fyrir hávaða. Verkefnið var metnaðarfullt og hefur skilað meiri og betri árangri en vonir stóðu til. Stefnt er að kynningu á niðurstöðum verkefnisins fyrri hluta árs 2001 og lýkur þar með starfi nefndarinnar. Niðurstöður verða birtar á tölvuforriti sem getur nýst yfirvöldum á Norðurlöndum sem viðmiðunarreikniforrit fyrir hávaða. Útfærsla sem þessi kemur Íslandi mjög til góða þar sem allir hlutaðeigandi aðilar eiga kost á einföldu reiknilíkani fyrir hávaða sem hægt er að nota sem grunn við mat á hávaða og kortlagningu hljóðstigs.

Vinna nefndarinnar nýtist beint í þá vinnu sem nú er unnið að á vettvangi ESB um kortlagningu á umferðarhávaða en áætlað er að gengið verði frá samræmdum reiknilíkönum og kortum fyrir árið 2007. Starf norrænu hávaðanefndarinnar getur orðið mikilvægt innlegg í þá vinnu.

Vinnunefnd um umhverfisvöktun og meðferð gagna (NMD).

Vinnunefndin (NMD) skiptir verkefnum sínum í þrjá flokka. Í flokki eitt eru verkefni með norrænar áherslur. Í flokki tvö eru verkefni sem snúa að norðurheimskautssvæðinu og Eystrasaltsríkjunum auk Rússlands og í flokki þrjú eru verkefni sem hafa víðari skírskotun í Evrópu.

Flest verkefnin falla undir fyrsta flokkinn um norrænar áherslur. Þar á meðal er stærsta verkefnið útgáfa skýrslu um fjölbreytni náttúrunnar. Skýrslan tekur ekki einungis til norrænu landanna, heldur einnig Eystrasaltsríkjanna, Rússlands og Skotlands. Stefnt er að útgáfu skýrslunnar á árinu 2002. Á vegum nefndarinnar er einnig unnið að verkefni varðandi líffræðilega vöktun í fersku vatni og tengist rammatilskipun ESB á sviði vatnsmála. Þá er unnið að verkefni sem tengist fráveitumálum og er stýrt af Náttúrustofu Vestfjarða og Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða.

Í flokki tvö eru verkefni sem hafa það að markmiði að styrkja umhverfisvöktun fyrir botni Eystrasaltsins og verið er að fjalla um aðild að norðurheimskautsverkefnum.

Í þriðja flokki eru verkefni sem hafa víðari skírskotun í Evrópu og má nefna sem dæmi verkefni um mælingar á þungmálmum í mosa, en á árinu var safnað mosa víða á Íslandi vegna þessa verkefnis.

Samstarfsnefnd um umhverfis- og orkumál.

Nefndin er vettvangur fyrir samráð umhverfis- og orkuráðuneyta norrænu landanna. Mest áhersla hefur verið lögð á málefni sem tengjast loftslagssamningnum og Kyoto-bókuninni.

Umfangsmesta verkefni nefndarinnar á árinu var undirbúningur þess að Eystrasaltssvæðið verði notað sem tilraunasvæði fyrir sameiginlega framkvæmd Kyoto-bókunarinnar, m.a. vegna viðskipta með losunarkvóta. Þetta verkefni er unnið í nánu samstarfi við Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) og Norræna fjárfestingarbankann (NIB).

Fimm skýrslur eru nú á lokastigi á vegum nefndarinnar og verða þær gefnar út snemma árs 2001. Þær fjalla um samræmingu viðskipta með losunarkvóta innan og milli norrænu landanna, um endurnýjanlega orku, bindingu kolefnis með ræktun; leiðir til að draga úr losun flúorkolefna og leiðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Samstarfsnefnd um norræna umhverfis- og sjávarútvegsáætlun 1999–2002.

Nefndin er vettvangur fyrir samráð og samstarf umhverfis- og sjávarútvegsráðuneyta Norðurlanda. Nefndin starfar á grundvelli norrænnar umhverfis- og sjávarútvegsáætlunar 1999–2002. Áætlunin tekur til hafsins, auðlinda þess, umhverfis og strandsvæða. Tilgangur samstarfsins er að stuðla að því að aukið tillit sé tekið til umhverfissjónarmiða í sjávarútvegi, að finna leiðir til að bæta umgengni og stuðla að sjálfbærri þróun í nýtingu auðlinda sjávar.

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að framgangi og framkvæmd þeirra stefnumála sem sett eru fram í áætluninni. Er það m.a. gert með því að veita fé til samnorrænna verkefna sem samræmast þeim áherslusviðum sem sett eru fram í áætluninni en þau eru alls 28.

Samstarfsnefnd um norræna umhverfis- og landbúnaðaráætlun.

Nefndin er vettvangur fyrir samráð umhverfis- og landbúnaðarráðuneyta Norðurlanda. Á árinu vann sérstakur vinnuhópur að nýrri áætlun með gildistíma frá 2001–2004. Umhverfisráðherrarnir samþykktu áætlunina á fundi sínum í nóvember sl. Nýja áætlunin byggist á reynslu og mati á fyrri áætlun en gildistími hennar var 1996–2000. Jafnframt tengist áætlunin þeim áhersluatriðum sem sett eru fram í áætluninni um sjálfbæra þróun. Megináhersla er lögð á að bæta stjórnun og nýtingu auðlinda í löndunum, jafnframt því sem sjónum er beint að rannsóknum og hvernig nýta má niðurstöður rannsókna í hagnýtum tilgangi fyrir landbúnað og skógrækt.

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að framgangi og framkvæmd þeirra stefnumála sem sett eru fram í áætluninni. Er það m.a. gert með því að veita fé til samnorrænna verkefna sem samræmast þeim áherslum sem sett eru fram í áætluninni.

Samstarfsnefnd um umhverfis- og neytendamál.

Nefndin er samstarfsvettvangur ráðuneyta umhverfis- og neytendamála á Norðurlöndum og byggist á tímabundnu verkefni við að gera úttekt á norræna umhverfismerkinu, Svaninum. Verkefninu er skipt í áfanga sem m.a. felast í því að kanna viðhorf neytenda til umhverfisvænni lífsstíls, sérstaklega með tilliti til norræna umhverfismerkisins og að mæla óbein umhverfisáhrif merkisins og bein áhrif á nokkra vöruflokka sem eru merktir með því.

Á Íslandi var efnt til átaks til að kynna norræna umhverfismerkið, Svaninn, fyrir almenningi og hvetja fólk til að kaupa vörur með umhverfismerkingum. Prentsmiðjan „Hjá GuðjónÓ hf." varð á árinu fyrsta íslenska fyrirtækið til að fá leyfi til að nota Svaninn. Þá gaf umhverfisráðuneytið út bækling um umhverfisvæn innkaup sem kynntur var á sérstökum fundi með innkaupastjórum ríkisstofnana og fyrirtækja.

6.4 Efnahags- og fjármál.

Ráðherrafundir.

Efnahags- og fjármálaráðherrar Norðurlanda héldu einn formlegan fund á árinu. Á þessum fundi var meðal annars rætt um stöðu og horfur í efnahagsmálum á Norðurlöndum og áhrif Efnahags- og myntbandalagsins. Auk þess eru málefni Norræna fjárfestingarbankans jafnan til umræðu. Þá komu til umfjöllunar ýmis mál sem verið hafa til skoðunar á vegum ráðherranna, svo sem aukin samvinna norrænna kauphalla og verðbréfaþinga sem hugsanlega næði einnig til Eystrasaltsríkjanna þriggja og niðurstöður viðamikillar athugunar á stöðu og horfum í lífeyrismálum á Norðurlöndum sem lauk á árinu, en hún var gerð að frumkvæði fjármálaráðherra Íslands. Í tengslum við ráðherrafundinn var einnig haldin ráðstefna á vegum norrænu ráðherranna um áhrif evrunnar á efnahag og velferðarkerfi Norðurlanda. Loks má nefna að norræna ráðherranefndin hélt í samvinnu við OECD ráðstefnu á árinu í París um jafnréttismál og sóttu hana meðal annars Geir H. Haarde, fjármálaráðherra, sem var annar ráðstefnustjóra.

Helstu nefndir, skýrslur o.fl.

a) Embættismannanefndin og ýmsir vinnuhópar. Nefndina skipa háttsettir embættismenn í fjármálaráðuneytum landanna, einn frá hverju landi. Verkefni nefndarinnar eru fjölþætt. Meginverkefnið er að undirbúa ráðherrafundi og vera ráðgefandi í öllum málefnum sem varða starf ráðherranna á norrænum vettvangi. Nefndin hefur þannig yfirumsjón með skýrslugerð og greinargerðarskrifum fyrir ráðherrafundina. Jafnframt hafa gjarnan starfað sérstakir vinnuhópar á vegum nefndarinnar til að sinna ákveðnum verkefnum. Auk þess eru málefni Norræna fjárfestingarbankans mikið til umfjöllunar.

Athugun á norrænum kauphöllum: Á árinu var fram haldið sérstakri athugun vinnuhóps sem fjallaði um áhrif aukinnar alþjóðavæðingar á starfsemi norrænna kauphalla og verðbréfaþinga. Meðal annars var rætt um aukið samstarf á þessu sviði, jafnframt því að huga að frekari samræmingu skráningarreglna norrænna kauphalla og verðbréfaþinga. Auk þess hafa ráðherrarnir lýst yfir vilja sínum til að aðstoða Eystrasaltsríkin þrjú við frekari þróun á þessu sviði. Þessu starfi verður fram haldið á árinu 2001.

Staða og framtíð lífeyrismála á Norðurlöndum: Á vegum norrænu ráðherranefndarinnar var á síðasta ári lokið við viðamikla úttekt á stöðu og framtíð lífeyrissjóðakerfanna á Norðurlöndum og birtust niðurstöðurnar í sérstakri skýrslu *(Retirement in the Nordic Countries, TemaNord 2000:548)*. Í skýrslunni er að finna heildaryfirlit yfir lífeyrissjóðakerfi allra norrænu landanna auk þess sem kerfinu í hverju landi er lýst ítarlega. Þar er einnig að finna tillögur og ábendingar um úrbætur á sviði lífeyrismála, en höfundar skýrslunnar telja að tvö mikilvægustu viðfangsefnin við endurbætur lífeyriskerfanna verða breytingar á því sem kallað er snemmtekinn lífeyrir (early retirement) og aukin sjóðssöfnun til að standa undir þeim skuldbindingum sem lífeyrissjóðakerfin standa frammi fyrir.

b) Eystrasaltsnefndin (Baltikumudvalget). Árið 1992 samþykkti Norðurlandaráð norræna fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin sem miðaði að því að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum og koma á fót sérstökum fjárfestingarbönkum í þessum ríkjum með

árlegum fjárframlögum frá Norðurlöndum. Hlutverk þessarar nefndar hefur verið að hafa eftirlit og yfirumsjón með þessu verkefni og hana skipa að mestu sömu fulltrúar og sitja í embættismannanefndinni. Í þessu skyni hefur nefndin haft náin samskipti við fulltrúa Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Evrópubankans í London (EBRD) og Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (Nopef). Nefndin hefur sent árlegar skýrslur til Norðurlandaráðs um stöðu og framkvæmd fjárfestingaráætlunarinnar. Þessari áætlun lauk formlega á árinu, en nefndin mun þó áfram fylgjast með einstökum þáttum hennar eftir því sem ástæða er til.

c) *Efnahagsnefndin (Konjunkturgruppen).* Helsta verkefni þessarar nefndar er að fjalla um ástand og horfur í efnahagsmálum, einkum á Norðurlöndum. Auk þess hefur nefndin iðulega fjallað um afmörkuð verkefni á sviði efnahagsmála sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Nefndin hittist tvisvar á ári og hana skipa embættismenn úr fjármálaráðuneytum landanna. Á hverju hausti skilar nefndin sérstakri skýrslu til fjármálaráðherranna sem síðan er lögð fram á þingi Norðurlandaráðs. Nýjasta skýrslan (*Ekonomiska utsikter i Norden år 2001*) kemur út í janúar 2001.

d) *Norrænu-baltnesku ráðgjafanefndirnar.* Síðastliðið haust var ákveðið að styrkja samstarf og samráð Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna til undirbúnings funda á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Settar voru á laggirnar tvær embættismannanefndir með þátttöku frá efnahags- og fjármálaráðuneytum og seðlabönkum landanna. Önnur nefndin — Norræna-baltneska fjármálanefndin — er skipuð ráðuneytisstjórum og bankastjórum, en í hinni nefndinni — Norrænu-baltnesku fulltrúanefndinni — sitja yfirmenn þeirra efnahags- og alþjóðaskrifstofa sem sinna málefnum IMF. Þessar tvær nefndir tóku við því starfi sem áður hafði verið sinnt af ráðgjafarnefnd um fjármál (NFU) og annarri, óformlegri nefnd sem var skipuð norrænum og baltneskum embættismönnum. Þessi nýskipan hefur þær meginbreytingar í för með sér að efnahags- og fjármálaráðuneyti landanna koma með ákveðnari og markvissari hætti inn í þetta starf en verið hefur. Helstu verkefni nefndanna eru að undirbúa fundi í hinni nýju Efnahags- og fjármálanefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMFC), en hún tók við af gömlu Interimnefndinni. Einnig er nefndunum ætlað að skoða hvernig megi efla og styrkja starf norrænu-baltnesku skrifstofunnar í Washington og gera tengsl hennar við stjórnvöld heima fyrir markvissari. Loks er nefndunum falið að fylgjast náið með öllu starfi innan sjóðsins, með milligöngu skrifstofunnar í Washington, og undirbúa þær ákvarðanir sem þar þarf að taka.

e) *Vinnuhópur á sviði umhverfismála (Kontaktgruppe for miljø og økonomi).* Sérstakur vinnuhópur starfar á vegum þeirra embættismannanefnda sem fjalla um efnahagsmál (EK-Finans) og umhverfismál (EK-Miljø). Meginverkefni hópsins eru almenn skoðanaskipti um umhverfismál út frá hagrænu sjónarmiði og notkun á hagrænum stjórntækjum í umhverfismálum. Nefndin hittist alla jafna tvisvar á ári og hana skipa embættismenn úr fjármála- og umhverfisráðuneytum landanna. Á tímabilinu 2000–2002 fer Ísland með formennsku í þessum vinnuhópi. Á vegum vinnuhópsins var lokið við þrjár viðamiklar rannsóknir og birtast niðurstöður þeirra á fyrstu mánuðum ársins 2001. Þar á meðal skýrsla um mat á áhrifum umhverfisskatta og -gjalda á Norðurlöndum (Vurderinger af de grønne afgifters effekter i de nordiske lande), niðurstöður rannsókna varðandi aðferðir til að stjórna líffræðilegri fjölbreytni í skógum á Norðurlöndum (Virkemidler for å ta vare på det biologiske mangfoldet i skogen) auk niðurstöður rannsókna um hagrænt gildi óspilltrar náttúru (The Economic Value of the Environment).

f) *Nefnd norrænna skattahagfræðinga.* Nefndin fjallar um það sem efst er á baugi í skatta-

málum í hverju norrænu landanna fyrir sig. Auk þess eru áhrif alþjóðavæðingar á norrænu skattkerfin til umfjöllunar í nefndinni. Nefndin hittist einu sinni á ári.

g) *Sérfræðinganefnd um norræn fjárlög (Budgetexpertgruppen).* Hlutverk nefndarinnar er að skila faglegri umsögn um tillögu samstarfsráðherra um frumvarp til norrænu fjárlaganna, bæði tæknilegri og efnislegri. Nefndin tekur einnig til umfjöllunar afmörkuð mál sem samstarfsráðherrar vísa til hennar. Auk embættismanna fjármálaráðuneyta viðkomandi landa sitja starfsmenn frá Skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar fundi nefndarinnar.

h) *Norræna launa- og starfsmannanefndin (Løne- och personaleutskottet).* Nefndin er ráðgefandi fyrir ráðherranefndina (samstarfsráðherra Norðurlanda) og stjórnarnefnd Norðurlandaráðs í launa-, ráðningar- og lífeyrismálum þeirra starfsmanna sem starfa við norrænar stofnanir ráðherranefndarinnar svo og starfsmanna á skrifstofum Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Nefndin fær þessi mál til umfjöllunar frá skrifstofunni í Kaupmannahöfn og annast starfsmannastjóri hennar undirbúning fundanna, en nefndin getur einnig að eigin frumkvæði skotið málum varðandi ráðningar- og starfskjör til ráðherranefndar og stjórnarnefndar. Enn fremur á nefndin að tryggja að um málefni er varða stofnanirnar, fari eftir 5. gr. sáttmála þjóðanna um réttarstöðu norrænna stofnana frá 9. des. 1988 og að starfsmannafélög njóti umsagnarréttar áður en ákvörðun er tekin. Helstu mál sem fjallað var um á árinu eru: ákvörðun og breytingar á launum stjórnarmanna stofnananna, ferða- og dagpeningagreiðslur, þ.e. lok umfjöllunar sem hófst árið á undan, utanlandsuppbót og þróun hennar. Áfram var fylgst með breytingum á ráðningarformi og launasetningu starfsmanna á skrifstofunum í Kaupmannahöfn og vinnu við að koma upp leiðbeiningum/handbók fyrir starfsmenn á tölvutæku formi; enn fremur breytingum á samkomulagi um samræmingu lífeyrisréttinda ríkisstarfsmanna innan Norðurlanda sem fjármálaráðuneyti/ríkislífeyrissjóðir landanna eru að vinna að. Þeirri vinnu er um það bil að ljúka núna og ætti samkomulagið að taka gildi á miðju árinu 2001.

i) *Norræn starfsmannaskipti (nordisk tjenestemandsudveksling).* Á árinu var fjárframlag til starfsmannaskiptanna skorið verulega niður frá því sem verið hafði undanfarin ár og nam hlutur Íslands um 61.000 d.kr. Síðar var ákveðið að fjárveiting sú sem áætluð hafði verið til starfsmanna við hjálpar- og líknarstarfssemi og ekki hafði verið notuð skyldi skiptast milli Danmerkur, Íslands, Grænlands og Færeyja og fékk Ísland því viðbótarframlag að fjárhæð 60.000 d.kr. Styrkþegar voru þrír talsins og hlaut hver um sig styrk til eins mánaðar dvalar auk ferðakostnaðar. Að lokinni skiptidvöl skila styrkþegarnir skýrslu um dvölina til fjármálaráðuneytisins svo og ráðuneytis eða stofnunar viðkomandi styrkþega. Upplýsingar um starfsmannaskiptin er að finna á heimasíðu fjármálaráðuneytisins svo og auglýsingu um norræn starfsmannaskipti. Einnig er auglýsingin birt í Fréttabréfi fjármálaráðuneytisins fyrir stjórnendur ríkisstofnana.

j) *Samstarf yfirmanna skattamála í fjármálaráðuneytum á Norðurlöndum.* Samstarfið hófst 1989 að frumkvæði fjármálaráðherra Norðurlanda í þeim tilgangi að skapa vettvang til upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta milli landanna um þróun í skattamálum. Samstarfið er fólgið í einum árlegum fundi yfirmanna skattamála og á milli þeirra er upplýsingum miðlað meðal annars með því að send eru milli ráðuneytanna frumvörp og skýrslur um skattamál. Á hinum árlegu fundum er gerð grein fyrir þeim breytingum á skattalögum, sem gerðar hafa verið í hverju landi um sig og unnið er að á hverjum tíma. Annar fastur liður er greinargerð um breytingar í skattamálum innan ESB, einkum með tilliti til áhrifa þeirra á Norðurlöndin, og er sjónarmiðum landanna utan ESB þá komið á framfæri. Í þriðja lagi eru rædd þau skattamál sem eru til umfjöllunar á vettvangi OECD og afstaða

landanna til þeirra samræmd eftir atvikum. Að lokum er á fundum þessum fjallað um einstök stærri mál á sviði skatta, sem einstök lönd óska eftir að ræða.

k) Norræna skattrannsóknaráðið. Ráðið var stofnað 1973 með samningi milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Að undangengnum nokkrum samskiptum við ráðið ákvað ríkisstjórnin á árinu 1999 að leita eftir því að Ísland gerðist aðili að samningi þessum. Verkefni ráðsins eru að efla fræðilegar rannsóknir á skattamálum á Norðurlöndum á sviði lögfræði og hagfræði. Er verkefninu annars vegar sinnt með því að úthluta styrkjum til fræðimanna og annarra til að vinna tiltekin rannsóknarverkefni sem sótt er um styrk til og hins vegar með því að halda árlega ráðstefnu þar sem tekin eru fyrir með fræðilegum hætti skattamál sem höfða til allra landanna. Á síðasta fundi var fjallað um skaðlega skattasamkeppni.

l) Samstarf fjárlagastjóra Norðurlanda. Fjárlagastjórar, það er forstöðumenn þeirra skrifstofa í fjármálaráðuneytum norrænu landanna sem hafa umsjón með fjárlögum, hittast alla jafna tvisvar á ári. Á þessum fundum er fjallað um ýmis þau málefni sem eru efst á baugi í fjárlagagerð landanna hverju sinni. Enn fremur eru tiltekin mál tekin til umræðu sem hafa áhrif á fjárlagagerðina, stjórn ríkisfjármála, ríkisreksturinn og ákvörðun útgjaldaramma til lengri eða skemmri tíma. Tekin eru fyrir ákveðin áherslumál í ríkisrekstri hjá hverju ríki svo sem breytt fjármögnun sjúkrahúsa, árangursmælingar og önnur þau atriði sem efst eru á baugi hverju sinni.

Norræni fjárfestingarbankinn.

Norræni fjárfestingarbankinn var stofnaður 1975 til að styrkja norræna samvinnu og efnahag norrænu landanna. Með aukinni alþjóðavæðingu atvinnulífs á Norðurlöndum og stuðningi eigenda hans hefur starfsemi bankans orðið alþjóðlegri. Lán og ábyrgðir eru nú ekki aðeins veitt til verkefna á Norðurlöndum heldur og utan þeirra. Þannig er hlutverk bankans nú að nýta traust lánshæfi á alþjóðamarkaði til að veita lán á almennum bankakjörum til fjárfestingarverkefna einkaaðila og opinberra aðila í þágu bæði Norðurlanda og þeirra ríkja utan Norðurlanda, sem fá lán eða ábyrgðir frá bankanum. Í ljósi aukinnar alþjóðlegrar starfsemi bankans og þeirrar auknu áhættu sem því fylgir var talið mikilvægt að treysta með formlegum hætti alþjóðlega stöðu bankans. Í því skyni tók árið 1999 gildi nýtt samkomulag um bankann sem miðar að því að styrkja stöðu hans sem alþjóðlegrar fjármálastofnunar. (Sjá nánar um Norræna fjárfestingarbankann í kafla 9.3).

Önnur starfsemi á vegum fjármálaráðherra.

Auk þeirra verkefna sem hér hafa verið nefnd er rétt að vekja athygli á að fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa um árabil haft náið samstarf og samráð á vettvangi ýmissa alþjóðastofnana. Þannig hafa ráðherrarnir samráð fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eins og áður hefur verið minnst á. Enn fremur má nefna hliðstætt samráð vegna funda á vegum OECD. Meginlínurnar eru gjarnan lagðar á norrænum ráðherrafundum og þeim er fylgt eftir á hinum ýmsu fundum innan OECD, jafnt ráðherrafundum sem öðrum. Þá má nefna aðild ráðherranna að Eystrasaltsráðinu, ásamt fjármálaráðherrum Þýskalands, Póllands og Eystrasaltsríkjanna, en þessir aðilar halda að jafnaði einn fund á ári. Á fundi þessara aðila síðastliðið vor var meðal annars fjallað um skattamál í ljósi hugsanlegrar samræmingar skattlagningar innan ESB. Enn fremur var rætt um ýmsar skipulagsbreytingar á sviði lífeyrismála o.fl. Loks má nefna starfsemi Evrópubankans í London. Norðurlöndin eiga þrjá fulltrúa í stjórn bankans sem hafa náið en óformlegt samráð þar sem leitast er við að samræma norræn sjónarmið.

6.5 Byggðamál.

Samstarf Norðurlandanna í byggðamálum byggist á áætlun sem byggðamálaráðherrarnir samþykktu haustið 1999 og nær hún til ársins 2005. Í áætluninni er lögð áhersla á eftirfarandi þætti:

- upplýsingamiðlun,
- uppbyggingu þekkingar og rannsókna,
- samstarf milli héraða.

Enn byggist samstarfið að hluta á upplýsingamiðlun og samráði embættismanna. Tilgangur þess hluta samstarfsins er að skapa betri grunn fyrir stefnumótun og ákvarðanatöku. Á undanförnum árum hefur þó orðið áherslubreyting í samstarfinu. Er þróunin sú að innri mál Norðurlanda hafa fengið minna vægi en áhersla á samstarf við ESB og grannsvæði aukist. Nú hafa öll löndin nema Ísland ákveðið að gerast fullir þátttakendur í „Northern Periphery" en það verkefni er hluti af Interreg III-B áætlun ESB. Ljóst er að talsverður hluti samstarfsins á næstu árum mun snúa að samstarfsverkefnum á vettvangi Interreg-áætlunarinnar. Til að sinna þessu starfi hefur verið ákveðið að setja á fót skrifstofu í Kaupmannahöfn og verður hún fyrst um sinn til húsa í skrifstofu færeysku landsstjórnarinnar. Síðar er gert ráð fyrir að skrifstofan verði flutt í hús sem verið er að endurbæta við Islandsplads en þar verður meðal annars íslenska sendiráðið til húsa.

Á árinu hefur verið unnið að ýmsum sameiginlegum verkefnum. Meðal þeirra er verkefni þar sem bornar eru saman aðferðir norrænu landanna til að jafna fjármunum á milli ríkis og sveitarfélaga.

Veigamikill hluti samstarfsins fer fram á vegum svæðastofnana. Embættismannanefndin um byggðamál (NERP) gerir samstarfssamninga við átta svæðastofnanir á Norðurlöndum. Teknir hafa verið upp mælikvarðar til að leggja mat á starfsárangur þessara stofnana og eru fjárveitingar að hluta bundnar slíku mati. Ísland er aðili að einni af þessum stofnunum en það er NORA sem hefur skrifstofu í Þórshöfn á Færeyjum.

Norræna Atlantsnefndin (Nordisk Atlantsamarbejde — NORA).

Starfsmaður Þróunarsviðs Byggðastofnunar hefur umsjón með starfi Norrænu Atlantsnefndarinnar NORA á Íslandi. NORA er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og Norður- og Vestur-Noregs og heyrir undir norrænu ráðherranefndina. Skrifstofa nefndarinnar er í Þórshöfn á Færeyjum. Einnig eru starfandi fulltrúar/skrifstofur NORA í hverju aðildarlandi.

NORA veitir styrki til samstarfsverkefna er tengjast þróun atvinnulífs, nýsköpun og rannsóknasamstarfi á ofannefndu starfssvæði. NORA hefur starfað síðan 1996 og er fjögurra ára áætlun nefndarinnar á enda. Ný áætlun fyrir árin 2001–2004 hefur verið samþykkt. Þrír fulltrúar frá hverju landi eiga sæti í nefndinni og eru fulltrúar Íslands skipaðir af iðnaðarráðherra. Framkvæmdaráð, þar sem hvert aðildarland á einn fulltrúa, undirbýr ákvarðanir í samstarfi við starfsmenn í hverju landi, leggur fram tillögur og veitir framkvæmdastjóra leiðsögn í einstökum málum.

Meginmarkmið með starfi nefndarinnar er að hvetja til og efla samvinnu innan svæðisins með áherslu á sjávarútveg, umhverfismál sjávar, ferðaþjónustu, landbúnað, jarðrækt, samgöngur, upplýsingatækni, verslun og iðnað.

Þá leitast nefndin við að koma á samstarfi milli nefndarinnar og annarra aðila sem vinna að hliðstæðum og tengdum verkefnum innan samstarfssvæðisins. Einkum hefur verið lögð áhersla á samvinnu við atvinnuþróunar- og rannsóknarstofnanir í löndunum fjórum. Einnig

er um miðlun reynslu og þekkingar í byggða- og atvinnumálum milli landanna að ræða svo og að stuðla að rannsóknum og þróun á framangreindum sviðum þar sem löndin geta notið góðs af reynslu hvers annars með því að koma á samskiptum stofnana, fyrirtækja og fólks.

NORA auglýsir eftir umsóknum einu sinni á ári, að jafnaði síðla vetrar og eru umsóknir afgreiddar að vori. Styrkfjárhæðir geta numið frá 50.000 d.kr. til 500.000 d.kr. á ári. Einungis er greitt fyrir hluta af kostnaði við hvert verkefni og aldrei meira en 50% af heildarkostnaði. Þátttaka Íslendinga í verkefnum nefndarinnar hefur verið mikil þessi fjögur ár sem nefndin hefur starfað. Þannig hafa Íslendingar verið þátttakendur í allt að 60 verkefnum af ýmsum toga.

Northern Periphery.

Forstöðumaður Þróunarsviðs Byggðastofnunar tók þátt í undirbúningi fyrirhugaðrar verkefnaáætlunar „Northern Periphery", sem er hluti af Interreg III-B áætlun ESB. Áður hafa Norður-Noregur, Norður-Svíþjóð, Norður-Finnland og Norður-Skotland unnið saman að verkefninu *The Common Potential of the Northern Periphery,* sem var samstarfsverkefni innan á vegum svæðaáætlana ESB (Article 10). Þessi lönd ákváðu að sækja um framhaldsverkefnið „Northern Periphery" innan Interreg III-B áætlunarinnar og var Íslandi, Færeyjum og Grænlandi boðin þátttaka.

Innan Northern Periphery áætlunarinnar rúmast ótiltekinn fjöldi samstarfsverkefna og unnu tveir starfshópar að mótun hennar. Forstöðumaður Þróunarsviðsins tók þátt í fundum þess starfshóps, sem fjallaði um innihald áætlunarinnar, og sameinaðs hóps, sem fjallaði um tillögur starfshópanna og tók ákvarðanir um framkvæmd áætlunarinnar. Fundirnir voru haldnir í Ósló, Kaupmannahöfn, Inverness, Aberdeen, Reykjavík og Hemavan (Svíþjóð). Formleg umsókn var send inn til ESB í byrjun nóvember sl. ESB hefur fimm mánuði til að fjalla um áætlunina, og ef hún hlýtur samþykki er hægt að auglýsa einstök verkefni um mitt ár 2001.

Samkvæmt tillögu Byggðastofnunar var ákveðið að Ísland tæki ekki fullan þátt í Northern Periphery að sinni. Íslandi stendur til boða að taka þátt í einstökum verkefnum í þessu samstarfi og full þátttaka síðar ef aðstæður breytast.

6.6 Samgöngumál.

Eins og fram hefur komið í fyrri skýrslum samstarfsráðherra fer norrænt samstarf um samgöngumál að mestu fram í norrænni embættismannanefnd um samgöngumál (NET), en í henni eiga sæti ráðuneytisstjórar samgönguráðuneytanna á Norðurlöndum, ásamt staðgenglum og ráðgjöfum. Nefndin hefur að jafnaði haldið tvo fundi á ári og svo var einnig á þessu ári. Samgönguráðherrar Norðurlanda héldu fund í ágúst sl.

Sumarfundur samgönguráðherra Norðurlanda.

Fundurinn var haldinn í Silkeborg á Jótlandi í ágústmánuði. Í lok fundarins boðuðu ráðherrarnir til blaðamannafundar þar sem helstu mál fundarins voru kynnt, en þau voru þessi:

a) Öryggi í samgöngum. Enda þótt Norðurlönd standi framarlega meðal þjóða varðandi öryggi í samgöngum á landi, í lofti og á sjó er nauðsynlegt að vera vel á verði. Á fundinum var rædd nauðsyn þess að Norðurlönd skiptust á upplýsingum um hvernig unnið er að öryggismálum í samgöngugeiranum í hverju landi.
b) EES. Rætt var um samræmingu á afstöðu norrænu landanna til mála er varða EES.
c) Samstarf á Eystrasaltssvæðinu. Ræddir voru möguleikar þess að norrænu löndin ynnu sameiginlega að ákveðnum verkefnum í umferðaröryggismálum Eystrasaltsríkjanna,

ásamt því að komið verði upp vefsíðu til að auðvelda upplýsingamiðlun um samgönguverkefni á svæðinu.

d) Galileo-verkefnið. Hér er um að ræða evrópskt gervihnattakerfi til nota fyrir leiðsögu- og staðsetningarákvörðun í samgöngum. Verkefnið er að þróa, móta og hrinda í framkvæmd gervihnattakerfi sem hægt væri að nota samhliða eða í stað núverandi GPS-staðsetningarkerfis. Á fundinum var rætt um að norrænu löndin samræmdu afstöðu sína til þessa verkefnis.

e) Önnur mál. Af öðrum málum sem rædd voru á fundinum má nefna:
- flutning á hættulegum efnum;
- samræmingu á kröfum til menntunar í ákveðnum starfsgreinum innan samgöngukerfisins, svo sem í flugumferðarstjórn.

Efst á baugi í samgöngumálum Norðurlanda.

Á ráðherrafundinum og á fundum NET kynnir hvert land það sem efst er á baugi í samgöngumálum hvers lands.

Í ár var opnun samgöngumannvirkisins yfir Eyrarsund, fimm ára fjárfestingaráætlun vegna framkvæmda við járnbrautir, ný brú sem tengir Danmörku og Þýskaland og umferðaröryggismál ofarlega á blaði í Danmörku, vígsla Eyrarsundsmannvirkisins og umferðaröryggismál í Svíþjóð, sala eignarhluta ríkisins í símafyrirtækinu Sonera, úthlutun UMTS-fjarskiptaleyfa, ný lög um járnbrautir og umferðaröryggismál í Finnlandi og samræmd samgönguáætlun, úthlutun UMTS-fjarskiptaleyfa, sala á hlut ríkisins í símafyrirtækinu Telenor og umferðaröryggismál í Noregi. Jafnframt greindi Svíþjóð frá formennskuáætlun sinni í ESB.

Ísland gerði grein fyrir fyrirhugaðri sölu á eignarhlut ríkisins í Landssímanum á næsta ári, úthlutun UMTS-fjarskiptaleyfa um næstu áramót og vinnu við samræmda samgönguáætlun.

Málefni, er varða EES/ESB og Norðurlönd, svo og annað alþjóðlegt samstarf.

Á fundum ráðherranna og NET voru kynnt og rædd þau mál sem til umræðu voru á árinu í samskiptum EES/ESB og Norðurlanda. Af einstökum málum má nefna umferðaröryggismál, Galileo-verkefnið og stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA).

Störf vinnuhópa.

Á árinu störfuðu vinnuhópar á vegum NET að eftirtöldum verkefnum:

a) Umferðaröryggismál í Eystrasaltsríkjunum. Finnland kynnti á fundum NET þetta starf, sem er eitt af forgangsverkefnum NET. Vinnuhópurinn hefur á undanförnum árum staðið fyrir „norrænum umferðaröryggisdögum“ í þessum löndum með góðum árangri. Ákveðið hefur verið að halda þessu starfi áfram á næsta ári en endanleg ákvörðun um framhaldið svo og fjármögnun þessa starfs verður tekin á ráðherrafundinum í ágúst á næsta ári.

b) Samgöngur og umhverfismál. Svíþjóð greindi frá störfum vinnuhópsins. Á fundinum í ágúst ítrekuðu norrænu ráðherrarnir mikilvægi þessa máls og bentu á að umhverfismál nytu forgangs í starfi ESB. Einnig var á fundinum rætt um nauðsyn þess að Norðurlöndin samræmdu gjaldtöku vegna þessa þáttar í samgöngugeiranum.

c) Upplýsingatækni í samgöngumálum. Verkefnið er unnið á ábyrgð Norðmanna. Skýrsla var lögð fram. Verkefni vinnuhópsins skiptist í þrennt: 1) að setja upp sameiginlegt ferðaskipulagskerfi, 2) að gera úttekt á stöðu einstaklingsins í umhverfi þar sem upplýsingatækni verður nýtt til að auðvelda samgöngur og 3) að setja upp tölvukerfi sem fylgist með flutningi á hættulegum vörum. Áður en endanleg ákvörðun yrði tekin um framhald vinnu

starfshópsins var honum falið að undirbyggja enn frekar ofangreind verkefni, ásamt því að leita eftir fjármögnun annars staðar frá.

d) Sjálfbærir vöruflutningar á Norðurlöndum. Þetta verkefni er og verður eitt af forgangsverkefnum NET. Settur var á laggirnar starfshópur á árinu 1999 til þess að skipuleggja ráðstefnu um sjálfbæra vöruflutninga á Norðurlöndum. Ráðstefnan var haldin í Kaupmannahöfn í lok febrúar sl. og tókst hún vel. Að öðru leyti verður þetta starf unnið í nánu samstarfi við norræna orku- og umhverfisgeirann.

e) Menntun starfsmanna í samgöngugeiranum. Á fundi norrænu samgönguráðherranna í Reykjavík á árinu 1999 var ákveðið að stofna starfshóp til að kanna möguleika á því að samræma menntun flugumferðarstjóra á Norðurlöndum. Starfshópurinn skilaði áliti í lok ársins 2000. Á fundi ráðherranna í sumar var ákveðið að starfshópurinn athugaði einnig kosti þess að samræma menntun þeirra sem vinna við járnbrautir á Norðurlöndum.

Samstarfið í framtíðinni – formennskuáætlun Finnlands 2001.

Það er sameiginlegt álit samgönguráðherra Norðurlanda að áhugi sé fyrir og þörf á að viðhalda norrænu samstarfi á sviði samgöngu- og umferðarmála. Þetta samstarf getur átt sér stað annaðhvort innan vébanda norrænu ráðherranefndarinnar eða milli einstakra landa.

Samgöngumál snerta alla þætti þjóðlífsins og ekki óeðlilegt að þau séu vistuð á einum stað þótt þau gangi þvert á verkefni annarra ráðuneyta. Þetta á einkum við um umhverfismál samgöngugeirans, svo og upplýsingatækni í samgöngum.

Finnland kynnti á fundi NET í desember formennskuáætlun sína fyrir árið 2001. Í áætlun Finnlands er lögð áhersla á eftirfarandi málefni, auk þeirra viðfangsefna sem norrænu samgönguráðherrarnir og NET hafa verið að fjalla um á undanförnum árum:

a) Rannsóknir í samgöngumálum og norræna víddin, þar á meðal frekari þróun upplýsingakerfa í samgöngugeiranum og aukið samstarf í samgöngurannsóknum, byggt á þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið í Norður-Evrópu.

b) Bætt umferðaröryggi á Norðurlöndum, einkum er varðar skráningu umferðarslysa og aðra upplýsingagjöf varðandi þau.

c) Aukin samvinna við Eystrasaltsríkin á sviði samgangna, þar á meðal samnorrænar athuganir á samgöngumarkaðinum í ljósi stækkunar ESB á næstu árum.

d) Verslun á netinu og samgöngugeirinn, þar á meðal samnorræn upplýsingaöflun um áhrif netverslunar á samgöngukerfið.

6.7 Landbúnaður og skógrækt.

Norrænt samstarf á sviði landbúnaðar og skógræktar stendur á gömlum merg en er í sífelldri endurskoðun. Samstarfið innan norrænu ráðherranefndarinnar byggist á þessum arfi og samstarfið hefur stöðugt þróast og ný viðfangsefni verið tekin upp. Starfsemin á árinu mótaðist af þeirri gerjun og breyttu áherslum sem eru að verða í norrænu samstarfi. Megináherslur í nýrri samstarfsáætlun, sem var samþykkt á árinu, eru á verkefni sem hafa tengsl og skírskotun til eftirfarandi fjögurra sviða:

- sjálfbær landbúnaðar og sjálfbær skógrækt;
- varðveisla erfðaefnis og líffræðilegrar fjölbreytni;
- öryggi matvæla;
- byggðaþróun á landsvæðum sem eru sérstaklega háð landbúnaði og skógrækt.

Í samstarfsáætluninni er lögð rík áhersla á sjálfbærni allra þátta sem áætlunin tekur til innan landbúnaðar og skógræktar, með tilliti til erfðaefnis, öryggis matvæla og þróun landsbyggðar.

Stefnt er að tveimur ráðherrafundum á ári. Fyrri fundur ársins var haldinn á Svalbarða í byrjun ágúst og sá síðari í Kaupmannahöfn í byrjun desember, en hann var haldinn sameiginlega með landbúnaðarráðherrum Eystrasaltsríkjanna.

Sumarfundurinn var haldinn að nokkru sameiginlega með samstarfsnefndum sjávarútvegs- og umhverfismála enda hluti umfjöllunarefnis að takast á við hugmyndir að breyttu skipulagi í norrænu samstarfi. Meðal mikilvægra málaflokka þar sem viðfangsefni embættismannanefnda um landbúnaðar-, sjávarútvegs- og umhverfismál skarast eru fæðuöryggi. Alþjóðlegir samningar innan WTO, samstarfið innan ESB og samstarfið við Eystrasaltsríkin eru einnig tilefni til sameiginlegra málþinga. Á þessum fundi voru samþykktar verkefnaáætlanir stofnana á landbúnaðarsviðinu til næstu þriggja ára. Á fundinum í Kaupmannahöfn var áfram fjallað um öryggi matvæla og lagður grundvöllur að efnistökum fundar sem haldinn verður á Íslandi sumarið 2001. Á þeim fundi var ákveðið efni og fyrirkomulag sameiginlegs fundar norrænna ráðherra sem koma að öryggismálum matvæla og þeirra embættisnefnda, sem um þau fjalla, sem eru, auk embættismannanefndarinnar um landbúnað og skógrækt (NEJS), embættismannanefndirnar um matvæli og sjávarútvegsmál. Fundurinn verður haldinn í Reykjavík í júní 2001.

Þær stofnanir sem heyra undir ráðherranefnd landbúnaðar og skógræktar (MR-JS) teljast allar hafa mjög hátt „norrænt notagildi" og sú skoðun hefur styrkst í mati á starfsemi nokkurra þeirra sem unnið var á árinu. Norrænu löndunum er verulegur styrkur af samstarfinu á sviði varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni í hinu alþjóðlega starfi. Það á jafnt við um samstarfið innan ESB, FAO, WTO og fleiri stofnana. Sérstaklega ber að geta hvernig norræna samstarfið á sviði landbúnaðar og skógræktar hefur nýst til sameiginlegra átaka í margvíslegum verkefnum með Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi. Stofnanir og helstu langtímaverkefni á vegum NEJS eru eftirtalin en öll hafa þau lagt fram nýja þriggja ára starfsáætlun sem tók gildi við áramótin 2000/2001:

- Norræni genbankinn fyrir nytjaplöntur (NGB).
- Norræni genbankinn fyrir húsdýr (NGH).
- Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ).
- Samstarfsnefndin um norrænar skógræktarrannsóknir (SNS).
- Samstarf landbúnaðarháskólanna (NOVA).
- Norræna dýralæknasamstarfið (NKVet).
- Samstarfsnefnd um plöntusjúkdóma.

Meginhlutverk Norræna genbankans er að varðveita og tryggja sjálfbæra nýtingu erfðalinda nytjajurta sem upprunnar eru á Norðurlöndum. Þessi þáttur var fyrirferðarmestur í starfsemi stofnunarinnar á árinu, sem og endranær. Aukinn tími fer þó í að sinna ráðgjafar- og þjónustuverkefnum af ýmsu tagi. Má þar nefna sérfræðiaðstoð við uppbyggingu genbanka í Afríku og í Eystrasaltsríkjunum. Einnig aðstoðar bankinn við uppbyggingu landsáætlana vegna varðveislu erfðalinda í landbúnaði sem verið er að koma á í framhaldi af Ríó-sáttmálanum.

Markmið starfsemi Norræna genbankans fyrir húsdýr er, samkvæmt nýrri starfsáætlun sem samþykkt var á síðasta ári, að vera þekkingarmiðstöð fyrir verndunarstarf og sjálfbæra nýtingu erfðalinda í norrænu búfé. Starfsemin hefur verið efld að undanförnu með beinum framlögum Norðurlandaþjóða svo og auknum fjárveitingum norrænum fjárlögum. Á síðasta ári var unnið að stefnumótun fyrir næstu þrjú ár. Áhersla er lögð á samstarf varðandi öflun þekkingar og miðlun hennar til aðila á Norðurlöndum sem vinna að verndun og nýtingu erfðalinda í búfé. Einnig styður NGH norræn rannsóknarverkefni á starfssviði sínu og var unnið að sex verkefnum á árinu. Rannsóknirnar beinast einkum að tvennu: að meta gildi nor-

rænna erfðalinda í búfé og að þróa aðferðir fyrir sjálfbærar ræktunaráætlanir í búfjárrækt, með áherslu á litla erfðahópa.

SNS (Samstarfsnefndin um norrænar skógræktarrannsóknir) stuðlar að samstarfi rannsóknaraðila á sviði skógræktar og nýtingar skógarafurða, veitir styrki til sameiginlegra rannsóknaverkefna skógvísindamanna á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum, auk þess að vera norrænu ráðherranefndinni til ráðgjafar um mál sem snúa að skógi og skógræktarrannsóknum. Á árinu styrkti SNS tíu samnorræn rannsóknarverkefni. Af þeim tóku Íslendingar þátt í þremur, með verkefnisstjórn yfir tveimur. Á árinu var mikil vinna lögð í stefnumörkunaráætlun (strategiplan) SNS fyrir árin 2001–2003. Helstu breytingar frá fyrri áætlun felast í aukinni áherslu á norrænt netsamstarf á sérhæfðum sviðum rannsókna (nätverksgrupp), aukinni samnýtingu aðstöðu (svo sem sérhæfðra rannsóknastofa, tilraunastöðva og langtímatilrauna) og samhæfingar þess rannsóknanáms á sviði skógræktar sem í boði er á Norðurlöndum.

Í júní sl. var haldin á Akureyri ráðstefna með yfirskriftinni „Skógrækt handan skógarmarka“ (Forestry beyond timberline) með styrk frá NARP (Nordic Arctic Research Programme). Ráðstefnunni var ætlað að efla samstarf þeirra aðila sem fást við skógrækt og skógræktarrannsóknir á jaðarsvæðum við norðvestanvert Atlantshaf. Ráðstefnan var skipulögð af Skógrækt ríkisins og Rannsóknastöðinni á Mógilsá, í samstarfi við Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, Háskólann á Akureyri og aðila í Færeyjum, Danmörku og Noregi. Alls voru þátttakendur um 50, frá Kanada, Færeyjum, Noregi, Danmörku, Finnlandi, Írlandi, Skotlandi, Þýskalandi, Austurríki og Ítalíu, ásamt Íslandi. Ráðstefnan þótti takast í alla staði vel og óskuðu margir hinna erlendu þátttakenda eftir að ráðstefna með sama sniði yrði haldin oftar, og helst með reglubundnu millibili.

Á síðastliðnu ári var haldið í Reykholti námskeið fyrir doktorsnema í plöntukynbótum á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum. Efni þess var kynbætur fyrir jaðarsvæði og voru þátttakendur um 40 talsins. Gefið var út ítarlegt námsefni og haldnir voru fjölmargir fyrirlestrar og erindi um ýmsa þætti er tengdust meginefni námskeiðsins. Undirbúningur var í höndum starfsmanna Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá og Háskóla Íslands.

NKJ (Nordisk kontaktorgan inom jordbruksforskningen) stuðlar að samstarfi á sviði landbúnaðarrannsókna. Fjárveitingar af norrænum fjárlögum beinast einkum að því að vinna að úttektum og stuðla að því að koma á samstarfi um verkefni á áhugaverðum sviðum. Meðal þess sem lögð er áhersla á í nýlegri starfsáætlun er rannsóknir á þeim vandamálum sem landbúnaður á við að glíma á norðlægri jaðarslóð og hefur verið unnin úttekt á því sviði. Einnig hefur verið ákveðið að vinna að sérstakri úttekt á sviði líftækni og erfðafjölbreytni.

Auk viðfangsefna sem unnin eru innan ofangreindra stofnana og nefnda stuðlar NEJS að margvíslegum verkefnum með beinum fjárframlögum í framhaldi af gerð sérstakra áætlana svo sem á sviði umhverfismála en sú áætlun er unnin og fjármögnuð í samstarfi við norrænu embættismannanefndina um umhverfismál (EK-Miljø). Einnig hefur í samstarfi við EK-Miljø verið starfandi sérstök samráðsnefnd „Strategigruppen för genetiska resurser“ sem sérstaklega hefur hugað að málefnum þar sem hagsmunir landbúnaðar og umhverfis fara saman. Á síðastliðnum tveimur árum hefur þetta samstarf verið í sérstakri endurskoðun og hefur nú verið ákveðið að leggja „strategigruppen“ niður en færa starf hans með nokkrum áherslubreytingum í nýjan búning sem heitir nú „genresursråd“, sem hefur störf á árinu 2001.

6.8 Sjávarútvegsmál.

Öryggi matvæla hefur verið mikið í alþjóðlegri umræðu á árinu og snertir sjávarútveg á margvíslegan hátt. Formennskuár Dana í norrænu samstarfi markaðist á sjávarútvegssviðinu af áhuga þeirra á að fella saman í einn málaflokk hvaðeina er viðkemur matvælum. Væri það til samræmis við það sem gert hefur verið í Danmörku þar sem landbúnaður og sjávarútvegur eru deildir í matvælaráðuneytinu en sagt hefur verið um þá breytingu þar að með því hafi sjónarhorn verið fært frá framleiðslu til neytenda. Matvælaöryggisfár sem gengið hafa yfir í stærstu markaðslöndum norrænu ríkjanna hafa skerpt sýn á nauðsyn þess að taka þessi mál föstum tökum.

Á árinu var efnt til ráðherraráðstefnu í Kaupmannahöfn um öryggi matvæla. Ráðstefnan var þverfagleg þar sem að henni komu fulltrúar neytenda, sjávarútvegs, landbúnaðar, umhverfis og hollustuverndar. Í lokayfirlýsingu ráðstefnunnar er kveðið á um að allur ferillinn „jord/fjord til bord" skuli vera grunnur norrænnar matvælastefnu. Eftir því sem mögulegt er skuli stöðva hvers slags mengun og bakteríusýkingar við upptökin. Mikilvægt sé að viðhalda trausti milli neytenda og matvælayfirvalda. Norræna leiðin væri að taka þannig á matvælaöryggismálum að neytendur fái strax allar upplýsingar um hættur og geti átt þátt í hvernig brugðist skuli við. Bent var einnig á að norræn samvinna gæti styrkt mjög baráttu á alþjóðavettvangi varðandi mengunarefni í hafinu.

Þá var í ágúst haldinn sameiginlegur fundur landbúnaðar og sjávarútvegs á Svalbarða en jafnframt hittust ráðherrar hvors geira fyrir sig sérstaklega. Umræðuefni sameiginlega fundarins var að slá saman norrænu samstarfi á sviði sjávarútvegs, landbúnaðar og matvælaöryggis. Íslendingar og Norðmenn beittu sér fyrir því að ákvörðun um það yrði frestað í að minnsta kosti eitt ár þar sem þeir hefðu annað skipulag á þessum málum heima fyrir en ríkin sem eru í ESB. Samstarf að málum sem varðar öryggi matvæla hefur þó verið mikið á árinu m.a. þegar til stóð að banna fiskimjöl í fóður jórturdýra innan ESB á haustmánuðum.

Áframhaldandi umræða um umhverfismerkingar sjávarafurða setti svip á samstarfið á árinu. Sérfræðingahópur um viðmið fyrir umhverfismerkingar skilaði skýrslu sinni á Svalbarða og þótti honum hafa tekist vel að taka á þætti sjálfbærrar nýtingar fiskistofna og búa til viðmið sem nothæf væru. Viðmiðin byggjast á þeirri hugsun að stjórnunarferli sem byggist á vísindalegri ráðgjöf verði grundvöllur vottunar, að fyrir liggi hvernig veiðum úr viðkomandi stofn sé stjórnað og hvar viðmiðunarmörk og varúðarmörk séu, enn fremur hvernig brugðist verði við þegar stofn er talinn við þau mörk. Kristján Þórarinsson stofnvistfræðingur var formaður hópsins og var íslenska sjávarútvegsráðherranum falið af norrænum kollegum á Svalbarða að kynna þessi viðmið fyrir ESB, sem vinnur að því að setja umhverfismerkjum ramma, og á alþjóðavettvangi með það fyrir augum að vinna því fylgi að ein grundvallarviðmið verði sett hvað varðar þennan þátt umhverfismerkja.

Á árinu lauk endurskoðun norræna sjávarútvegssamstarfsins og ný samstarfsáætlun var unnin. Þar kemur fram að markmið samstarfsins eru að stuðla að sjálfbærri þróun í sjávarútvegi og fiskeldi í norrænu ríkjunum, svo og vernd hafsins, enda séu heilbrigð höf forsenda hins fyrrnefnda. Tryggja á eins og hægt er að neytendum gefist kostur á að velja holl, góð og örugg matvæli. Sérstaklega mikilvægt er talið að styðja verkefni sem varða þau svæði sem háðust eru sjávarútvegi. Tekið er fram að grundvöllur norræna sjávarútvegssamstarfsins sé í sjávarútvegsstefnu hvers lands en samstarfinu sé ætlað að finna lausnir á sviðum þar sem sameiginlegar lausnir gefast betur en að hver þjóð fyrir sig taki á málum.

Á Svalbarðafundinum var ráðherrunum einnig skilað úttekt ICES á ástandi fiskistofna á norrænum hafsvæðum. Þar kemur fram hvernig megi beita hugtökunum sjálfbærni og varúðarnálgun við stjórn fiskveiða. Lýst er hvert vísindaleg þekking á sviðinu nær og að vísinda-

samfélagið hafi ekki svör við öllum spurningum sem vakna. Sýnt er hvernig hægt væri að beita varúðarnálgun og lýst niðurstöðum varðandi einstaka stofna í samræmi við þá tillögu.

Sjávarútvegurinn lagði sitt af mörkum við gerð áætlunar um Sjálfbær Norðurlönd sem unnin var á árinu, en það er metnaðarfull áætlun til 20 ára sem verið er að leggja lokahönd á.

Sem fyrr var reynt að styrkja innviði sjávarútvegsins í löndunum með stuðningi við ýmiss konar rannsóknir sem tengjast honum. Þessi áhersla hefur verið rauður þráður í samstarfinu undanfarin ár. Meðal verkefna sem styrkt voru í haust eru verkefni um áhrif veiðarfæra á gæði fisks, rannsóknir á atferli lúðu þar sem notuð eru rafmerki, rannsóknir á gæðagreiningu saltfisks, svo nokkur séu nefnd.

Norrænt samstarf í sjávarútvegi fellur undir efnahags- og atvinnusamstarf í samræmi við breytingar sem gerðar voru á heildarskipulagi norrænu ráðherranefndarinnar árið 1996. Ný fjögurra ára samstarfsáætlun sjávarútvegssamstarfsins tekur gildi í ársbyrjun 2001. Sjávarútvegssamstarfið hélt sínum hlut í fjárveitingum frá fyrra ári og hafði til ráðstöfunar tæplega 7,4 millj. d.kr. Frá því að þverfaglegu samstarfi umhverfis- og sjávarútvegsgeiranna var komið á, hefur framlag sjávarútvegssamstarfsins til þess numið einni milljón króna árlega og verður svo áfram.

Ætla má að norræna sjávarútvegssamstarfið muni áfram að stórum hluta verða helgað því að svara með ýmsum hætti kröfum um að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi í sjávarútvegi og hvernig neytendur geti sannreynt það. Áhugi á að norræna samstarfið verði matvælasamstarf, eins og að ofan er lýst, mun setja svip á árið. Þegar hefur verið ákveðið að halda sameiginlegan fund geiranna þriggja — landbúnaðar, sjávarútvegs og hollustuverndar — á Íslandi í júní 2001. Þá mun áfram verða unnið að umhverfismerkingamálum og reynt að setja umhverfismerkingar sjávarafurða í víðara samhengi m.a. innan FAO, WTO og í samvinnu við ESB.

Embættismannanefnd samstarfsins hittist þrisvar sinnum. Í Kaupmannahöfn í febrúar, á Svalbarða í ágúst og í Kaupmannahöfn í október. Sjávarútvegssamstarfið hefur orðið pólitískara, í breiðum skilningi þess orðs, undanfarin ár. Gildi samstarfsins felst ekki síst í því að fólk þekkist og getur talað saman og borið saman bækur sínar þegar á reynir. Það sem gerist í markaðslöndum sjávarafurða í Evrópu hefur mikil áhrif í framleiðslulöndum sjávarfangs og er norræna samstarfið m.a. mikilvægt vegna þess að þar vinna framleiðslu- og neytendaríki saman að verkefnum og hugmyndum er varða sjávarútveg. Veigamikill þáttur í samstarfinu er og verður starf fiskveiðiráðgjafa norrænu ráðherranefndarinnar sem sér um daglegan rekstur verkefna og samræmingu.

7. Velferðar- og atvinnumál

7.1 Norrænn vinnumarkaður og vinnuvernd.

Ný samstarfsáætlun í vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismálum sem tekur til áranna 2001–2004 var samþykkt á Norðurlandaráðsþinginu í Reykjavík í nóvember en eldri fimm ára áætlun lauk á árinu.

Í samstarfsáætlun sinni kynnir norræna ráðherranefndin á sviði atvinnumála (MR-A) formlegar forsendur samstarfs ríkjanna á því tímabili sem áætlunin nær til. Samvinnan miðast við að ríkin leggi æ meiri áherslu á starfshæfni einstaklinga, breytingar á atvinnulífi og eflingu fagkunnáttu.

Fjögur meginmarkmið ráðherranefndarinnar fram að árslokum 2004 eru:

- full atvinna — jafnvægi framboðs og eftirspurnar á vinnuafli;

- góða vinnan — öryggi á vinnustað og á vinnumarkaði;
- afnám landamærahindrana á Norðurlöndum — þróun norræns samstarfs;
- efling norræna velferðarþjóðfélagsins, Evrópusamstarfsins og samstarf við grannsvæði Norðurlanda.

Frá jafnréttissjónarmiði gætu kynjahlutfall vinnuafls í atvinnulífi, nýtt ráðningarfyrirkomulag og forvarnarstarf gegn vinnulúa verið áhugaverð efni innan fyrrnefndra markmiða.

Hvert meginmarkmið skiptist í þrjú umfangsmikil verkefni sem framkvæmd skulu á tímabilinu. Starfshópar, embættismannanefndir og aðrar samráðsnefndir sem embættismannanefndin á sviði vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismála (EK-A) felur framkvæmd áætlunarinnar skulu gefa árlegar skýrslur um framgang mála. Í umboði ráðherranefndarinnar (MR-A) á EK-A að tryggja að samstarfsáætluninni verði hrint í framkvæmd og gera reglulega grein fyrir stöðu mála til ráðherranefndarinnar.

Á árinu voru gefin út tvö tölublöð af Arbejdsliv i Norden og Nordic Labour Journal.

Vinnumarkaðssamstarf.

Vinnumarkaðsnefndin er vettvangur fyrir umræðu um atvinnumál, vinnumarkaðsmál og vinnumarkaðsrannsóknir í norrænu samstarfi.

Nefndin styrkti ýmis verkefni á árinu m.a. ráðstefnur, útgáfu og vinnslu skýrslna um efni tengt vinnumarkaðsmálum og rannsóknum.

Helstu verkefni sem voru styrkt af nefndinni:

- vinnufærni vinnuafls á vestnorræna svæðinu, er þá sérstaklega verið að rannsaka Grænland í þessu samhengi;
- vinnuframboðið á Norðurlöndum, reynsla, þróun og stjórnmálaleg áhrif;
- samanburður á starfsemi norrænna og annarra evrópskra vinnumiðlana;
- ráðstefna um aukið samráð á Norðurlöndum og í OECD-ríkjum um samþættingu í jafnréttismálum;
- ráðstefna um tölfræði á vinnumarkaði;
- rannsókn byggð á atvinnuleysistölum m.t.t. menntunar, lífeyris og fötlunar;
- rannsókn um samspil vinnumarkaðar og atvinnuleysisbóta;
- útgáfa skýrslu frá norrænu atvinnuleysistryggingamóti 1999 í Svíþjóð;
- útgáfa skýrslu um þróunaraðstoð við vinnumarkaðinn í Norðvestur-Rússlandi.

Verkefni vinnumarkaðsnefndarinnar er einnig að sjá til þess að unnin sé skýrsla um atvinnumál á Norðurlöndum sem lögð er fyrir þing Norðurlandaráðs ár hvert. Skýrsla var unnin í Danmörku um „Vinnuframboðið á Norðurlöndum, reynslu, þróun og stjórnmálaleg áhrif" með styrk frá vinnumarkaðsnefndinni. Skýrslan sem lögð var fram á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík kom í stað hefðbundinnar skýrslu um vinnumarkaðsmál sem unnin hefur verið af nefndinni og var ákveðið á Norðurlandaráðsþinginu að útgáfu skýrslunnar skuli hætt í núverandi mynd.

Samstarfshópur um vinnumarkaðsþjónustu. Samstarfshópurinn um vinnumarkaðsþjónustu annast m.a. vinnumiðlun, starfsmenntun í atvinnulífinu og atvinnuleysistryggingar og veitir faglega ráðgjöf á vinnumálasviðinu gagnvart vinnumarkaðsnefndinni.

Meðal verkefna sem samstarfshópurinn vann að á árinu var verkefni um vinnumiðlun á Norðurlöndum; unnið er að gerð bæklings sem byggist á niðurstöðum skýrslu sem gerð var um norræna vinnumiðlun; verkefni um þjónustu vinnumiðlunar á Norðurlöndum við innflytjendur þar sem tekið verður saman yfirlit yfir þá þjónustu sem stendur til boða á Norðurlöndum; verkefni um símaþjónustukerfi í norrænum vinnumiðlunum og verkefni um norræna heimasíðu í starfsráðgjöf/vinnumiðlun en unnið er að því að auka útbreiðslu síðunnar.

Meðal verkefna sem fyrirhugað er að vinna að er gæðaeftirlitskerfi í norrænum vinnumiðlunum og hvernig þau koma að gagni í löndunum. Einnig er fyrirhugað að athuga hvaða kröfur þarf að gera til vinnumarkaðsstefnunnar í þeim löndum sem byggja afkomu sína aðallega á einni atvinnugrein.

Atvinnuskipti ungs fólks. Eitt helsta norræna samstarfsverkefnið á sviði vinnumarkaðar er NORDJOBB, sem byggist á atvinnuskiptum ungs fólks milli Norðurlandanna, en norrænu félögin annast nú þessi samskipti á Norðurlöndum. Á árinu hafa 156 ungmenni farið héðan í vinnu á Norðurlöndum á vegum NORDJOBB og 140 norræn ungmenni hafa komið til vinnu á Íslandi.

Á vegum NORDPRAKTIK verkefnisins hafa 16 ungmenni komið frá Eystrasaltsríkjunum hingað á þessu ári. Á vegum ÖSTJOBB verkefnisins sóttu sex íslensk ungmenni Eystrasaltsríkin heim vegna starfsþjálfunar og menningarsamskipta á árinu.

Atvinnulíf og vinnuréttur. Norrænu samstarfsnefndinni um atvinnulíf og vinnurétt er ætlað að vera vettvangur fyrir kynningu, umræður og samræmingu norrænna sjónarmiða í málefnum á sviði atvinnulífs og vinnuréttar. Mikil áhersla er á þróun vinnuréttarmála innan EES og Norðurlanda.

Nefndin heldur reglulega fundi með aðilum vinnumarkaðarins á Norðurlöndum um norræn og evrópsk vinnuréttarmál. Á árinu lauk verkefni um skipulag norrænna atvinnurekendasamtaka og eru væntanlegar tvær skýrslur um það verkefni. Unnið er að könnun og undirbúningsvinnu vegna málþings hér á landi um nýtt ráðningarfyrirkomulag í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins sem stefnt er að á árinu 2001. Helsta rannsóknarverkefni sem nýtur stuðnings frá nefndinni er NordFram III og er gert ráð fyrir að verkefninu ljúki í ársbyrjun 2002.

Nefndin hefur jafnframt fjallað um möguleika þess að flutningsstyrki innan einstakra norrænna ríkja megi nýta innan Norðurlanda til að auðvelda vinnumiðlun milli landanna og hefur þá verið horft til þess hvernig þessum málum er háttað í öðrum EES-ríkjum.

Innflytjendamál. Hlutverk norrænu samstarfsnefndarinnar um innflytjendamál er að skiptast á upplýsingum um hvaðeina er varðar innflytjendur og flóttafólk svo sem um löggjöf, tölfræði, skýrslum um rannsóknir o.fl. Einnig hefur nefndin miðlað upplýsingum og reynslu af innflytjendamálum til Eystrasaltsríkjanna.

Nefndin styður ýmis verkefni sem varða innflytjendamál og geta haft þýðingu varðandi stefnumótun í málaflokknum á Norðurlöndum. Þau verkefni sem verið hafa í vinnslu að undanförnu eru undirbúningur að ráðstefnu um þær hindranir sem ungt fólk af erlendum uppruna mætir í menntakerfinu; í undirbúningi er málþing um hvernig innflytjendum sem koma vegna fjölskyldutengsla gengur að komast inn á vinnumarkað; þá er fyrirhugað að setja á laggirnar verkefni varðandi skráningu þeirra innflytjenda sem öðlast hafa ríkisborgararétt á Norðurlöndum.

Vinnuvernd.

Norræna samstarfsnefndin um vinnuvernd hefur það meginhlutverk að vinna að samstarfi stjórnvalda á Norðurlöndum á sviði vinnuverndarmála. Unnið er að margvíslegum verkefnum, en það hefur háð starfi nefndarinnar að undanfarin ár hefur jafnt og þétt verið dregið úr því fjármagni sem hún hefur til ráðstöfunar. Haldnir voru tveir fundir í nefndinni á árinu og er greint frá helstu verkefnum sem unnið var að hér að neðan:

Norrænu löndin hafa um allmörg ár starfað sameiginlega að staðlamálum á vettvangi Evrópsku staðlastofnunarinnar CEN til þess að auka áhrif sín og var því haldið áfram á árinu. Starfið var endurskipulagt og vinnuhópum fækkað til að bregðast við lækkun fjárveitingar. Ísland hefur umsjón með þátttöku landanna í *stöðlun véla til matvælavinnslu.*

Lokið var við átaksverkefni í markaðseftirliti með hlífðarbúnaði á Norðurlöndum og gefin út um það skýrsla. Veitt var fé til að byggja upp samstarf um eftirlit með hættulegum vélum á markaðnum og verður m.a. komið upp sameiginlegri vefsíðu til að miðla upplýsingum og halda utan um samstarfið. Bæði þessi verkefni eru til komin vegna þess að markaðseftirlit á EES-svæðinu í heild er ekki fullnægjandi enn sem komið er.

Ráðstefna eftirlitsstofnana á sviði vinnuverndar var haldin í Kolding á Jótlandi með fjárstuðningi nefndarinnar. Fjallað var um aðferðir til að ná árangri við að bæta öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum og um árangursmat. Fulltrúum Eystrasaltsríkjanna var boðið til fundarins og séð fyrir nauðsynlegri túlkun.

Lokið var að mestu verkefni sem miðaði að því að samræma gildi ýmiskonar réttinda á Norðurlöndum, svo sem sprengiefnaréttinda, vinnuvélaréttinda o.fl. Enn fremur að skoðanir á t.d. vinnuvélum í einu landi haldi gildi sínu þó vélin færist yfir landamæri með t.d. verktökum. Tillögur liggja fyrir um framkvæmdina, nema hvað varðar sprengiréttindin, en áfram er unnið að því máli.

Veitt var fé til undirbúnings samstarfsverkefnis sem miðar að kortlagningu efnahagslegra áhrifa vinnuverndarstarfsins, þ.e. hver er kostnaður sem af því hlýst og ávinningur. Sjálft verkefnið mun hefjast 2001.

Nefnd um rannsóknir á vinnuverndarsviði (Forskningsutskottet Arbetsmiljö). Hlutverk nefndarinnar er að stuðla að rannsóknum í þágu vinnuverndar, m.a. með því að veita styrki til norrænna rannsóknarverkefna. Tveir fundir voru haldnir á árinu. Stærsti styrkurinn sem nefndin veitir, hefur um árabil farið til norræns hóps, *Nordiska Expertgruppen för kriteriedokument om kemiska hälsorisker* (NEG), sem hefur umsjón með ritun skýrslna um vísindalegar forsendur sem lagðar eru til grundvallar þegar stjórnvöld landanna setja mengunarmörk fyrir varasöm efni á vinnustöðum. Fjármagn til nefndarinnar var skert á árinu og kröfur um árangur hertar.

Rætt var um undirbúning norrænu vinnuverndarráðstefnunnar sem haldin verður í Kaupmannahöfn árið 2002, en þá er ætlunin að útvíkka árlega norræna ráðstefnu á þann veg að um verði að ræða norðurevrópska vinnuverndarráðstefnu.

Á síðari fundi rannsóknanefndarinnar, sem haldinn var í Helsinki, kom fulltrúi frá finnskum stjórnvöldum og kynnti sjónarmið embættismannanefndarinnar varðandi framtíð NIVA og rannsókna á vinnuverndarsviði.

Styrkir voru veittir til átta verkefna á sviði vinnuverndar.

NIVA (Nordic Institute for Advanced Training in Occupational Health). Vinnueftirlit ríkisins á fulltrúa í stjórn NIVA sem er norræn menntastofnun er hefur aðsetur í Helsinki í Finnlandi. NIVA stendur að framhaldsnámskeiðum fyrir sérfræðinga á sviði vinnuverndar og hafa nokkur slík námskeið verið haldin hérlendis, þar á meðal eitt á síðasta ári um heilsuvernd á vinnustað. Íslendingar hafa einnig sótt þessi námskeið til norrænu landanna, en engin sambærileg menntun er ennþá hérlendis.

Tveir fundir voru haldnir í stjórn NIVA á árinu. Stjórnin gerir sér ljóst að miklar breytingar hafa orðið með tilkomu veraldarvefsins og að aðstæður á vinnumarkaði breytast sífellt. Vegna þessa var lögð áhersla á aukna fjarkennslu á netinu og breyttar áherslur á námskeiðum. Eftirspurn er eftir námskeiðum þar sem fjallað er um sálfélagsleg atriði, mannleg samskipti og kulnun. Ákveðið var að taka tillit til þessa í framtíðinni en 12 námskeið eru áætluð á árinu 2001.

Norræna samráðsnefndin um ESB málefni.

Nefndin fundar að jafnaði fjórum sinnum á ári og hefur það hlutverk að skiptast á sjónarmiðum varðandi þau mál sem eru til umfjöllunar á vettvangi ráðherraráðs ESB. Starfssviðið nær bæði til vinnuverndar- og vinnumarkaðsmála. Fundirnir eru haldnir fyrir ráðsfundi og er farið yfir dagskrá þeirra með það fyrir augum að samræma sjónarmið norrænu aðildarríkjanna þar sem það er unnt.

Einnig eru tekin fyrir einstök málefni sem til umfjöllunar eru hjá ESB þó þau séu ekki til umfjöllunar á næsta ráðsfundi, þau reifuð og farið yfir afstöðu landanna.

Fjölmörg mál komu til umfjöllunar á árinu. Sem dæmi má nefna undirbúning tilskipana ESB um bann við mismunun á vinnustöðum, starfsáætlun til að vinna gegn slíkri mismunun og undirbúningur að yfirlýsingu leiðtoga ESB um grundvallarréttindi borgaranna. Enn fremur var fjallað um væntanlega tilskipun um vernd starfsmanna gegn skaðlegum áhrifum af völdum eðlisfræðilegra áhættuþátta á vinnustöðum og útvíkkun á gildissviði svonefndrar vinnutímatilskipunar ESB.

Með þátttöku í þessari nefnd fá fulltrúar Noregs og Íslands mun greiðari aðgang að upplýsingum um framvindu mála á vettvangi ráðherraráðs ESB en unnt er að fá á grundvelli EES-samningsins.

7.2 Heilbrigðis- og félagsmál.

Ráðherrafundur.

Dagana 19. og 20. júní var árlegur fundur heilbrigðis- og félagsmálaráðherra Norðurlanda haldinn í Åbo í Finnlandi. Umræðuefni fundarins var mismunandi heilsufar þjóðfélagshópa og horfur varðandi mannahald innan heilbrigðisþjónustunnar. Rannsóknir sýna að þjóðfélagsstaða hefur alls staðar mikil áhrif á heilsufar íbúa. Af Íslands hálfu var gerð grein fyrir hvers væri að vænta í mönnunarmálum heilbrigðisþjónustunnar. Þar kom m.a. fram að þegar í ár er mikill skortur á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum, og ef heldur fram sem horfir má vænta verulegs læknaskorts eftir 10–15 ár. Ráðherrarnir ákváðu m.a. að starfsemi NOPUS skuli framhaldið og aðgerðaáætlun um bætta stöðu barna og unglinga á Norðurlöndum var sömuleiðis samþykkt.

Embættismannanefndin.

Norræna embættismannanefndin á sviði heilbrigðis- og félagsmála (ÄK-S) hélt þrjá fundi á árinu. Á fundi nefndarinnar í apríl í Helsingfors var fjallað um Evrópumálefni, skýrslu grannsvæðanefndarinnar, skýrslur um starfsemi stofnana innan samstarfsgeirans, staðlamál, samvinnu við Japan á sviði öldrunarmála, formennskuáætlun Dana, framtíð NOPUS, nýjan samning við Heilbrigðisfræðaháskólann í Gautaborg og rannsóknir á velferð í aðildarlöndunum. Á fundi embættismannanefndarinnar í tengslum við ráðherrafundinn í júní var, auk undirbúnings fundar ráðherranna, sérstaklega fjallað um framtíð NOPUS og nýja samstarfsáætlun landanna. Á dagskrá haustfundar, sem haldinn var 3.–5. október í Reykjavík, voru m.a. fjárlagatillögur fyrir árið 2001, mat á framlögum til einstakra þátta starfseminnar, nýir samningar við NIOM og NAD, og norræn heilbrigðisverðlaun til umræðu.

Norræni heilbrigðisfræðaháskólinn (NHV).

Norræni heilbrigðisfræðaháskólinn í Gautaborg, Svíþjóð, er samnorræn menntastofnun fyrir æðri menntun og rannsóknir innan heilbrigðisfræði. Háskólinn starfar samkvæmt sérstökum samningi við norrænu ráðherranefndina sem gerður er til þriggja ára í senn. Í lok ársins var undirritaður samningur fyrir árin 2001–2003.

Í byrjun ársins voru kynntar niðurstöður úr úttekt á starfsemi skólans sem gerð var af ASPHER – Association of Schools of Public Health in the European Region. Fékk skólinn mjög jákvæða umsögn. Á árinu var unnið að því að hrinda í framkvæmd breytingum í samræmi við tilmæli ASPHER.

Á árinu bárust 3.215 umsóknir um þátttöku í námskeiðum við skólann. Af þeim komu 120 beiðnir frá Íslandi. Alls stunduðu 29 Íslendingar nám og luku þeir 42 námskeiðum. Eins og nokkur undanfarin ár átti skólinn samstarf við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands um kennslu innan náms í rekstri og stjórnun í heilbrigðisþjónustunni.

Norræn stofnun til prófunar efna til tannlækninga (NIOM).

Fyrir íslenska tannlækna eru tengslin við NIOM hagkvæm vegna upplýsinga um gæði og aukaverkanir efna til tannlækninga. Ekki síst til þess að koma í veg fyrir að verið sé að nota efni áður en þau eru fullreynd. Verkefnum NIOM er skipt í fjóra meginþætti: stöðlun („standariseringu"), prófun efna, rannsóknir og fræðslu. Á alþjóðlegum vettvangi tekur NIOM þátt í mótun staðla varðandi gæði og öryggi í tannlækningum með þátttöku í ISO (International Organization for Standardization), CEN (Comité Européen de Normalisation) og FDI (Federation Dentaire Internationale). NIOM starfar nú ekki aðeins á norrænum vettvangi heldur hefur stofnunin fengið heimild til starfsemi á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.

Norræna lyfjanefndin (NLN).

Norræna lyfjanefndin er samstarfsvettvangur Norðurlanda í lyfjamálum. Kostnaður við störf nefndarinnar er að mestu greiddur af fjárlögum norrænu ráðherranefndarinnar. Verkefni nefndarinnar eru m.a.:

- að stuðla að samræmingu laga, reglugerða og framkvæmd lyfjamála á Norðurlöndum;
- að stuðla að norrænni samvinnu um samstarf Evrópu um lyfjamál, Evrópsku lyfjaskrárnefndarinnar, EFTA, ESB og Lyfjamálastofnun Evrópu (EMEA);
- að stuðla að norrænum rannsóknum og samvinnu um lyfjamál og vera ráðgjafi ríkisstjórna Norðurlanda og norrænu ráðherranefndarinnar;
- að gera reglulega samanburð á lyfjanotkun og lyfjakostnaði Norðurlanda, þar sem stuðst er við ATC-lyfjaflokkunarkerfið og DDD, sem eru verkefni, sem NLN hefur unnið ötullega að útbreiðslu á undanfarin ár og Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur nú tekið það upp og hvetur til notkunar þess um allan heim;
- að halda ráðstefnur/námsstefnur um mál er tengjast lyfjum, til dæmis ráðstefnu um Lyf og Internetið, sem haldin var í haust.

NLN á áheyrnarfulltrúa í ýmsum mikilvægum nefndum ESB og er umsagnaraðili um nýjar tilskipanir ESB um lyfjamál. Þá hefur NLN aðstoðað Eystrasaltsríkin þrjú, Eistland, Lettland og Litháen, við skipulagningu lyfjamála landanna. Hér á landi hefur verið horft til Norðurlanda við skipulagningu lyfjamála, en margt þar þykir til fyrirmyndar.

Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna (NAD).

NAD (Nordiska nämnden för alkohol och drogforskning) hefur það markmið að efla og þróa þverfaglega samvinnu á sviði áfengis- og vímuefnarannsókna. Starfsemin miðast að verulegu leyti við samfélagslegar rannsóknir, samfélagslækningar og samfélagsgeðlækningar. NAD er ætlað að auka þekkingu manna á neyslu vímuefna, forvörnum, stefnumótun og meðferð á fíklum.

Helsta verkefni NAD er að stuðla að öflugum sameiginlegum rannsóknum á þessu sviði og koma upplýsingum áfram. NAD á að vera vettvangur skoðanaskipta og upplýsinga fyrir

norræna þegna sem hafa áhuga á áfengis- og vímuefnamálum. NAD gefur út eigið blað (NAT) og rekur skrifstofu í Helsingfors. NAD hélt tvo reglulega stjórnarfundi á árinu; annan í Ósló og hinn í Helsingfors.

Norræna samstarfsmiðstöðin um málefni fatlaðra (NSH).

Norrænt samstarf um málefni fatlaðra (NSH) er stofnun, sem heyrir undir norrænu ráðherranefndina. Helstu verkefni NSH eru að stuðla að því að markmið hinna einstöku Norðurlanda um jafnrétti og fulla þátttöku fatlaðra í samfélaginu verði að veruleika. NSH styrkir fjölda verkefna sem stefna að því að auka og bæta þjónustu við fatlaða á Norðurlöndum og auðvelda þeim aðgang að upplýsingasamfélaginu. NSH gefur einnig gaum að stöðu fatlaðra innan heildarstefnumótunar velferðarsamfélagsins.

Starfsmenn NSH veita Norræna ráðinu um málefni fatlaðra (NHR) ýmsa þjónustu bæði á sviði stjórnsýslu og skrifstofuhalds.

NSH er samstarfsmiðstöð Norðurlanda varðandi málefni fatlaðra og þá sérstaklega á starfssviði félagsmálaráðuneyta landanna. Samstarfinu er ætlað að stuðla að því að markmiðum landanna er varða jafnrétti og þátttöku fatlaðra í þjóðfélaginu verði náð.

Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD).

Meginmarkmið með starfsemi NUD er að vinna að framgangi og þróun norrænnar samvinnu á sviði daufblindu. NUD á að stuðla að því að styrkja faglega þróun starfsfólks og þeirra stofnana eða samtaka sem starfsfólkið tengist. Norræna samvinnan á að auka gæðin á tilboðum til daufblindra og skapa sameiginlega norræna sjálfsmynd meðal starfsfólks á þessu sviði.

Verkefni NUD eru að:

- sjá starfsfólki, sem vinnur með daufblindum, fyrir norrænni menntun sem styður og bætir upp menntun í hverju landi,
- þjóna sem þekkingarmiðstöð á sviði daufblindu,
- vinna að söfnun og þróun þekkingar, viðhalda tengslaneti og sinna alþjóðlegu samstarfi á sviði daufblindu,
- koma á og stýra starfi við þróun og skráningu grunnþekkingar á þessu sviði.

Haldin voru tvö temanámskeið, fjögur grunnnámskeið og tvær ráðstefnur. Sex fyrirlestrar voru fluttir frá NUD í fjarkennslu (videokonferencer) til samstarfslandanna.

Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála (NOSOSKO).

Meginverkefni NOSOSKO er að vinna að samanburðarhæfri skýrslugerð um velferðarmál á Norðurlöndum og gefa árlega út skýrslu um það efni. Af öðrum verkefnum má nefna að nefndinni ber að fylgjast með alþjóðlegu samstarfi í hagskýrslugerð og vinna að samræmingu upplýsinga sem frá þátttökulöndunum koma. Allar Norðurlandaþjóðirnar fimm eru aðilar að samvinnu Evrópulanda á sviði hagskýrslugerðar, Eurostat, ýmist vegna aðildar sinnar að ESB eða EES. Eurostat vinnur að bættri hagskýrslugerð á sviði heilbrigðis- og félagsmála og sundurliðun útgjalda eftir svonefndri ESSPROS-flokkun.

Norræna heilbrigðistölfræðinefndin (NOMESKO).

Norræna heilbrigðistölfræðinefndin (Nordisk Medicinalstatistisk Komité) var sett á laggirnar 1966 að tilstuðlan Norðurlandaráðs. Markmiðið með starfi nefndarinnar er að stuðla að sambærilegum grunni fyrir heilbrigðistölfræði á Norðurlöndum og koma henni á framfæri við almenning, stjórnendur, stjórnmálamenn og aðra er málið varðar.

NOMESKO er ætlað að hafa frumkvæði að þróunarverkefnum á sviði heilbrigðistölfræði. Starfshópar hafa unnið að ýmsum þróunarmálum, einkum hafa þeir fjallað um flokkunarkerfi og bætta skráningu á ýmsum sviðum tölfræðinnar.

Helstu verkefni NOMESKO á árinu hafa verið:

- samræming á almennri heilbrigðistölfræði;
- samræming á skráningu heilbrigðisvanda utan sjúkrahúsa;
- samræming á skráningu dánarorsaka;
- samræming á skráningu heilbrigðisstarfsmanna;
- útgáfa heilbrigðisupplýsinga;
- alþjóðlegt samstarf.

Norræna stofnunin um sjúkdómaflokkanir (Nordiskt Center för klassifikation av sjukdomar) í Uppsölum starfar í nánu samstarfi við NOMESKO og eru fundir stjórna gjarnan haldnir sameiginlega. Fundur var haldinn í Reykjavík í júní.

Norræna menntamiðstöðin fyrir þróun félagsþjónustu (NOPUS).

NOPUS er norræn stofnun á sviði eftir- og framhaldsmenntunar á háskólastigi fyrir starfsfólk félagsþjónustu. Markmið starfseminnar er að auka færni og kunnáttu starfsmanna í lykilstöðum innan félagsþjónustunnar. NOPUS er miðstöð fyrir miðlun reynslu, þróun hugmynda og framhaldsnáms á hinu félagslega sviði ásamt því að stuðla að myndun samstarfshópa um mikilvæg málefni. Miðstöðinni er sömuleiðis ætlað að gera grein fyrir þekkingu á sínu starfssviði og taka frumkvæði og samhæfa ýmiss konar rannsóknar- og þróunarverkefni á Norðurlöndum.

NOPUS var starfrækt sem sérstakt verkefni frá árinu 1989 til 1993 þegar því var breytt í sjálfstæða stofnun, sem rekin var sem tilraun til loka ársins 2000. Ýmis vandamál hafa komið upp í sambandi við skipulag og rekstur NOPUS á undanförnum árum en á grundvelli viðamikillar úttektar á starfseminni ákváðu heilbrigðis- og félagsmálaráðherrarnir á sumarfundi sínum að NOPUS-miðstöðin verði starfrækt áfram. Það er hins vegar ljóst að á árinu 2001 verður aðallega unnið að endurskipulagningu starfseminnar og að stór hluti reglulegs námskeiðahalds mun liggja niðri til ársins 2002.

Norðurlandasamningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna.

Samningurinn fjallar um gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina ákveðinna starfsstétta innan heilbrigðis- og dýralæknaþjónustunnar og á að tryggja aðgang norrænna ríkisborgara að norrænum vinnumarkaði á þessum sviðum. Samningurinn nær nú í heild til 22 faghópa en Ísland er einungis aðili varðandi 19 hópa. Eftirlitsnefnd samningsins hefur ekki aðeins eftirlit með framkvæmd samningsins heldur tekur einnig saman upplýsingar um flutning heilbrigðisstarfsmanna milli norrænu landanna, svo og um fjölda innritaðra og útskrifaðra nemenda á þeim sviðum er undir samninginn heyra. Nefndin fylgist auk þess með framkvæmd á tilkynningarskyldu vegna sviptingu eða takmarkana starfsleyfa á Norðurlöndum.

7.3 Jafnréttismál.

Norrænt samstarf á sviði jafnréttis kvenna og karla byggist á samstarfsáætlun sem tekur til tímabilsins 1995–2000. Á árinu voru haldnir tveir ráðherrafundir og var annar fundurinn sameiginlegur fundur ráðherra sem fara með jafnréttismál og þeirra sem fara með vinnumál. Haldnir voru fjórir fundir í embættismannanefndinni, ÄK-JÄM.

1. Norræn samstarfsáætlun á sviði jafnréttismála 1995–2000.

Samstarfsáætlunin var samþykkt í byrjun ársins 1995 og gildir til ársins 2000. Markmiðið með samstarfi Norðurlanda í jafnréttismálum er:

- að samstarfið leiði til þess að haldið verði áfram að þróa sameiginlega lífsýn Norðurlandaþjóða svo og sameiginlega stefnu þeirra í víðara samstarfi innan Evrópu og á alþjóðavettvangi;
- að samstarfið stuðli að árangursríkara og öflugra jafnréttisstarfi á innanlandsvettvangi í hverju og einu norrænu landanna;
- að það verði sjálfsagt að gæta jafnréttissjónarmiða í starfi á mismunandi sviðum stefnumótunar í þjóðfélaginu. Einnig skal gæta jafnréttissjónarmiða á þeim sviðum stefnumótunar sem starfsemi norrænu ráðherranefndarinnar tekur til.

Ráðherranefndin mun á gildistíma áætlunarinnar beina samstarfi sínu að starfsemi sem:

- stuðlar að því að konur og karlar fái jafnan aðgang að ákvarðanatöku í stjórnmálum og efnahagsmálum;
- stuðlar að jafnri stöðu og áhrifum kvenna og karla í efnahagsmálum; aðgerðir sem stuðla að launajafnrétti kynja eru mikilvægar í slíku starfi;
- stuðlar að jafnri stöðu kynjanna í atvinnulífinu;
- gefur konum og körlum bætt tækifæri til að sameina foreldrahlutverk og launavinnu;
- hefur áhrif á þróun jafnréttismála innan Evrópu og á alþjóðavettvangi.

Í því skyni að ná árangri með starfi sínu á sviði forgangsverkefnanna mun ráðherranefndin vinna að þróun aðferða sem stuðla að virku jafnréttisstarfi.

Ein aðferð sem ráðherranefndin leggur einkar ríka áherslu á, er að jafnréttissjónarmiða sé gætt á öllum sviðum stefnumótunar, í nánasta umhverfi, í sveitarstjórnum, við stjórn landsins og á vettvangi Norðurlanda. Aðrar áhrifaríkar aðferðir eru gerð hagtalna um konur og karla, kvenna- og jafnréttisrannsóknir, menntun í jafnréttismálum ásamt upplýsinga- og fræðslustarfsemi.

2. Verkefni samkvæmt samstarfsáætluninni.

Jafnréttissjónarmiða gætt við stefnumótun. Norræna samþættingarverkefnið. Eitt af forgangsverkefnunum samkvæmt samstarfsáætluninni var að þróa og prófa aðferðir sem stuðla að því að jafnréttissjónarmiða sé gætt við ákvarðanatöku og stefnumótun á öllum stjórnsýslustigum landanna og við alla málaflokka. Hið sama á við um stjórnsýslu norrænu ráðherranefndarinnar. Í gangi voru því sérstök verkefni í öllum norrænu ríkjunum sem byggjast á hugmyndafræði samþættingarinnar. Öll norrænu löndin ásamt Færeyjum og Grænlandi tóku þátt í verkefninu. Unnið er að frágangi lokaskýrslu vegna þessara verkefna.

Markmið norræna samþættingarverkefnisins var að þróa aðferðafræði og tæki til þess að gera sjónarmið kynjajafnréttis miðlæg í allri almennri stefnumótun.

Samþætting jafnréttissjónarmiða í allt starf norrænu ráðherranefndarinnar. Samkvæmt ákvörðun norrænu samstarfsráðherranna í júní 2000 skulu fagráðherrar bera ábyrgð á að jafnrétti aukist á þeirra samstarfssviði og þá einnig innan stofnanna á þeirra snærum. Öllum samstarfssviðum ber að semja jafnréttismarkmið. Það á að gerast að hausti árið 2000. Samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) vænta greinargerða frá samstarfssviðunum í ársbyrjun 2001. Með samþættingunni er vonast til að skapa breyttar og betri forsendur fyrir því að koma á jafnrétti í norrænu samstarfi. Jafnréttismálasviðið mun eftir efnum aðstoða önnur svið til að semja jafnréttismarkmið.

Ákvörðun samstarfsráðherranna er tekin á grundvelli skýrslu sérfræðinganefndar um samþættingu jafnréttissjónarmiða í starfsemi norrænu ráðherranefndarinnar. Eftir að skýrslan,

Integrering af køns- og ligestillingsaspekter i Nordisk Ministerråds virksomhed, hafði verið samþykkt af samstarfsráðherrunum var hún kynnt í öllum sérfræðinganefndum enda verður það nú viðfangsefni allra nefnda að sjá til þess að jafnréttissjónarmiða sé gætt í störfum á þeirra sviðum. Samstarfsverkefni á sviði jafnréttismála verða síðan felld inn í árlegar áætlanir sem lagðar eru fram til samþykktar ráðherra jafnréttismála (MR-JÄM).

Í stuttu máli felur samþætting í sér að allar tillögur og ákvarðanir á tilteknu sviði eru skoðaðar út frá jafnréttissjónarmiði til þess að athuga hvaða áhrif tillögurnar hafa á bæði konur og karla. Að fenginni niðurstöðu er hægt að ákveða forgangsröð. Þá felur samþættingaraðferðin í sér að athugað er hvaða áhrif tiltekin stefna og aðgerðir hafa á minnihlutahópa, nýbúa, flóttakonur og fatlaðar konur. Vel heppnuð og vönduð jafnréttisúttekt getur leitt í ljós að mismunandi aðgerða sé þörf fyrir karla annars vegar og konur hins vegar eigi jafnrétti að nást. Áhersla er lögð á aðgerðir til að styrkja stöðu kvenna til aukins jafnréttis.

Konur, völd og áhrif. Árið 1999 kom út á vegum norrænu ráðherranefndarinnar bókin „Jafnrétti og lýðræði. Kyn og stjórnmál á Norðurlöndum". Í bókinni er lýst stöðu kvenna á Norðurlöndum að því er varðar völd og áhrif og reynt að skýra hvernig og hvers vegna norrænar konur og norræn stjórnvöld í hverju landi fyrir sig hafa náð þeim árangri sem raun er. Sérstaða Norðurlanda á þessu sviði er dregin fram ásamt því sem greinir löndin að. Bókin var sérstaklega til umræðu á Norðurlandaráðsþinginu í Reykjavík sl. haust þar sem staðið var fyrir opnum fundi og pallborðsumræðum norrænna stjórnmálamanna um efni hennar og úrræði.

Miðlun upplýsinga um jafnréttismál. Frá árinu 1996 hefur verið gefið út norrænt fréttabréf um jafnréttismál. Fréttabréfið er gefið út á finsku, íslensku, skandinavísku og á ensku í 3.000 eintökum, þar af eru 200 eintök á íslensku. Blaðið kemur út þrisvar á ári.

Karlar og jafnrétti kynja. Jafnréttisráðherrar Norðurlanda samþykktu á árinu 1997 sérstaka framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 1997–2000 um karla og jafnrétti kynja. Í áætluninni eru samtals fimmtán verkefni sem öll hafa það að markmiði að auka virka þátttöku karla í starfinu. Framkvæmdaáætlunin ásamt greinargerð frá starfshópnum sem hana vann, hefur verið gefin út á íslensku og er til dreifingar á Jafnréttisstofu. Fyrir ári síðan var skipaður starfshópur þar sem m.a. eiga sæti fulltrúar frá Norrænu verkalýðssamtökunum (NFS), frá karlanefnd Jafnréttisráðs og frá NIKK, norrænu kvenna- og karlarannsóknarstofnuninni. Starfshópurinn vann að gerð hugmyndarits um jafnrétti karla í atvinnulífinu sem kom út á árinu. Á árinu var samþykkt ný fimm ára áætlun varðandi starfið að jafnrétti kynja á Norðurlöndum. Eitt af þremur meginatriðum þeirrar áætlunar er karlar og jafnrétti kynja. Meðal þeirra þátta sem þar er lögð áhersla á er staða karla gagnvart vinnumarkaði og fjölskyldulífi og stuðningur við þá drengi og karla sem vilja leggja fyrir sig óhefðbundið nám og starf. Sérstakur starfshópur með fulltrúum frá öllum norrænu löndunum verður skipaður til að leggja nánari línur og framfylgja áætluninni. Hugmyndaritið um karla og jafnrétti í atvinnulífinu verður þeim starfshóp vafalítið nokkur stuðningur. Þess ber líka að geta að eitt af þeim verkefnum sem fengu styrk undir hinni norrænu rannsóknaáætlun *Køn og vold* snýr að því að styrkja þau úrræði sem fyrir hendi eru á Norðurlöndum fyrir karla sem óska aðstoðar við að hætta að beita ofbeldi á heimili sínu. Þeir sem slíka meðferð bjóða munu hittast til framhaldsnáms og þekkingaraukningar og eiga væntanlega í kjölfarið öflugra samstarf.

Norræn rannsóknarstofnun í kvenna- og kynjafræðum, NIKK. Norræna rannsóknarstofnunin í kvenna- og kynjafræðum var stofnuð á árinu 1995. Rannsóknarstofnunin, sem er þverfagleg, hefur aðsetur í Ósló. Hlutverk rannsóknarstofnunarinnar er að hafa frumkvæði og samhæfa norrænar kvenna-, karla- og jafnréttisrannsóknir, byggja upp gagnagrunn um rann-

sóknir á þessu sviði, samræma gagna- og upplýsingaþjónustu á Norðurlöndum og skipuleggja og standa fyrir ráðstefnum og námskeiðum fyrir fræðikonur og -karla.

Norræna ráðherranefndin samþykkti rannsóknaáætlun til fimm ára um kyn og ofbeldi en starfsmenn norrænu rannsóknarstofnunarinnar ásamt ráðgjafahópi skipuðum fulltrúum frá öllum norrænu löndunum vann þá áætlun. Á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi var samþykkt að veita 3,5 millj. d.kr. til rannsóknaáætlunarinnar árlega. Þetta verkefni er nú í vinnslu.

Tveir upplýsingabankar eru á netinu sem norræna rannsóknarstofnunin hefur unnið en þeir eru annars vegar um kvennarannsóknarstofnanir í Eystrasaltsríkjunum, EMILJA, og um kvennahreyfingar á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum, EDITH.

3. Samstarf við Eystrasaltsríkin.

Norræna ráðherranefndin og þeir ráðherrar Eystrasaltsríkja sem fara með jafnrétti kynja samþykktu í lok ársins 1997 þriggja ára verkefnaáætlun á sviði jafnréttismála. Á árinu voru þrír fundir nefndarinnar sem falið var að fylgja eftir ákvörðun ráðherranefndarinnar. Nefndin hefur lagt megináherslu á að stuðla að því að jafnréttismál verði virkur þáttur í stjórnsýslu Eystrasaltsríkjanna. Hún hefur staðið fyrir opnum fundum sem og fundum fagaðila í löndunum um jafnréttismál almennt og jafnréttismál í stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Sérstök áhersla hefur einnig verið lögð á að styrkja samstarf félagasamtaka landa í milli.

4. Norræn samstarfsáætlun á sviði jafnréttismála 2001–2006.

Á árinu samþykkti norræna ráðherranefndin nýja samstarfsáætlun á sviði jafnréttismála sem tekur við af þeirri áætlun sem rann sitt skeið um áramótin 2000/2001. Beðið er eftir samþykki Norðurlandaráðs. Jafnréttisstarf innan landanna er víðtækt og má ekki búast við að norrænt samstarf nái til allra sviða þess. Því velur norræna ráðherranefndin eftirtalin þrjú meginmarkmið fyrir norrænt samstarf um jafnréttismál á tímabilinu 2001–2005:

a) *að gæta jafnréttissjónarmiða í norrænni efnahagsstefnu:*
- samþætta jafnréttissjónarmið í alla starfsemi norrænu ráðherranefndarinnar í samræmi við ákvörðun samstarfsráðherranna í júní sl.;
- þróa leiðir til að meta áhrif fjárlaga norrænu ráðherranefndarinnar á jafnrétti kynjanna;
- koma á samstarfi milli fjármálaráðuneyta landanna og annarra aðila um matsaðferðir á efnahagsstefnu út frá jafnréttissjónarmiði;
- tryggja að jafnréttissjónarmið verði sýnileg í breytingum á norrænu velferðarþjóðfélögum;
- leggja fram í lok tímabilsins skýrslu um fengna reynslu af samþættingu jafnréttissjónarmiða í efnahagsstefnunni.

b) *að leggja áherslu á starf og stöðu karla í jafnréttismálum:*
- efna til virks samstarfs við vinnumálasvið og aðila vinnumarkaðarins um aukið jafnrétti á vinnumarkaði;
- auka þekkingu og efla rannsóknir á vali karla og nýjum og hefðbundnum karlahlutverkum í atvinnulífi og fjölskyldu;
- taka frumkvæði að aðgerðum sem auka þekkingu sérstaklega hjá kennurum og yfirmönnum um hvernig styðja megi við nemendur/starfsmenn sem kjósa óhefðbundna menntun og starfsgreinar;
- grípa til norrænna herferða til að auka getu og vilja feðra til að notfæra sér réttindi sín til feðra- og foreldraorlofs;
- safna hagtölum og upplýsingum um karlalíf á Norðurlöndum sem lið í breiðara yfirliti

og efla þekkingu á hlutverkum karla og kvenna og afstöðu kynjanna til launavinnu og starfsframa;
- halda ráðstefnu um karla í atvinnulífi og stuðla að ráðstefnu á vegum Sameinuðu þjóðanna um karla og jafnrétti.

c) *að vinna gegn ofbeldi gagnvart konum, verkefnið „Kvennafriður“:*
- koma á virku samstarfi fagráðherra sem málið er skylt og yfirvalda um að stemma stigu við ofbeldi og sölu á konum, og gera yfirlit yfir stöðu þeirra mála á Norðurlöndum og á grannsvæðunum;
- styðja norrænt samstarf karlahópa sem vinna gegn ofbeldi á konum;
- fylgjast með niðurstöðum rannsóknaáætlunarinnar „Kyn og ofbeldi á Norðurlöndum“ og fylgja þeim rannsóknum ef til vill eftir.

Þar sem þegar er hafist handa við að samþætta jafnréttissjónarmið í norrænu samstarfi má búast við að á tímabilinu verði unnið að ýmsum samstarfsverkefnum á málefnasviðunum eftir því sem fram vindur. Þá hefur norræna ráðherranefndin ákveðið að styrkja á þessu tímabili rannsóknir, menntun og fræðslu á sviði jafnréttismála og kynjafræða.

5. Ráðstefna norrænu ráðherranefndarinnar og OECD um samþættingu jafnréttis- og kynjasjónarmiða í efnahags- og vinnumarkaðsstefnu (Gender mainstreaming, Competitiveness and Growth).

Ráðstefna um samþættingu kynja og jafnréttissjónarmiða í efnahagsstefnu var haldin í París í lok nóvember í samvinnu norrænu ráðherranefndarinnar og OECD. Þátttakendur voru um 350, úr öllum heimshlutum, ráðherrar og æðstu embættismenn, fulltrúar annarra fjölþjóðasamtaka og ýmissa risafyrirtækja sem nýtt hafa samþættingarhugmyndafræðina í sínu þróunarstarfi, auk fjölda sérfræðinga sem unnið hafa með samþættingu jafnréttis á ýmsum sviðum árum saman. Af Íslands hálfu voru ráðherrarnir Páll Pétursson, félagsmálaráðherra og Geir H. Haarde, fjármálaráðherra meðal aðalræðumanna ráðstefnunnar, auk þess sem Geir Haarde var í forsæti ásamt utanríkisráðherra Mexíkó. Vigdís Finnbogadóttir flutti setningarræðu og sagði m.a. frá 24. október 1975. Ráðstefnan var afar lærdómsrík og fram er komin tillaga (m.a. frá Norðurlandaráði) um að fylgja henni eftir með frekara samstarfi þessara aðila (norrænu ráðherranefndarinnar og OECD).

Handbókin um samþættingu og norræna jafnréttisáætlunin eru aðgengilegar á íslensku á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins www.fel.stjr.is og á heimasíðu Jafnréttisstofu www.jafnretti.is

7.4 Vímuefnamál.

Ráðherrafundur.

Hinn árlegi fundur norrænu ráðherranefndarinnar um vímuefnamál (MR-Narko), sem heilbrigðis-, félags- og dómsmálaráðherrar Íslands eiga rétt til að sitja, var haldinn í Árósum í Danmörku. Sólveig Pétursdóttir, dóms- og kirkjumálaráðherra, tók þátt í fundinum fyrir hönd Íslands.

Heilbrigðisráðherra Dana, sem var formaður ráðherranefndarinnar á árinu, hóf umræðuna um að efla þyrfti þekkingu og vinnubrögð á norðurslóðum varðandi vímuefnaánetjaða sakamenn. Einnig ræddi ráðherra forvarnaraðgerðir gegn neyslu á amfetamíni og tilbúnum efnum (syntetiske stoffer), kom inn á sérstakar áherslur sem leggja þyrfti á baráttuna gegn neyslu á e-töflum (ecstasy), og kvað aðlögunarreglurnar í ESB skapa vandamál á Norðurlöndum.

Á fundinum gáfu ráðherrar aðildarlandanna stuttar munnlegar skýrslur um stöðu mála í löndum sínum.

Danir hafa á undanförnum árum varið miklu fjármagni í metadónmeðferðir fyrir heróínsjúklinga og aðra, sem neyta sterkra efna, og hafa auk þess hrint af stað mismunandi tilraunaverkefnum í forvörnum í hlutum landsins. Meðal þessara verkefna eru meðferðarfangelsi, en eitt þeirra var heimsótt eftir ráðherrafundinn og lofaði það góðu.

Í Finnlandi eru 300 þúsund alkóhólistar og 10–15 þúsund vímuefnaofneytendur á skrá en í síðari hópnum eru margir haldnir lifrarbólgu og bera HIV-veiruna. Finnar leggja mikla áherslu á að auðvelda fólki aðgang að meðferð auk þess að reka afþreyingarþjónustu víða, þar sem hægt er að eyða deginum í samveru með þeim öðrum, sem vilja hætta neyslu eða hafa lokið meðferð.

Á Íslandi er í vaxandi mæli lagt hald á ólögleg fíkniefni og þungir dómar hafa verið kveðnir upp nýverið. Samráðið við PTN gefur góða raun og unnið er að því að treysta samstarfið við fleiri erlenda aðila.

Norðmenn hafa áhyggjur af aukinni vímuefnaneyslu í landi sínu en árið 1998 létust 270 manns af völdum ofneyslu fíkniefna. Vímuefnainnflutningur á fyrstu mánuðum ársins bentu til 20% aukningar.

Í Svíþjóð er vímuefnaneysla unglinga talin hafa tvöfaldast á níunda áratugnum, en nú á síðustu árum er hún að ná nokkurs konar jafnvægi víða á meðal þeirra. Þó eru um 17% unglinga um 18 ára aldurinn enn í neyslu af einhverju tagi. Þrátt fyrir allt er talið að um aukningu sé að ræða í heildina, enda eru vímuefni að verða æ aðgengilegri.

Á Álandseyjum eru vandamálin minni.

Vímuefnavarnir 2000–2004.

Í formennskutíð Finnlands árið 2001 verða sex atriði á oddinum: vímuefnavarnaaðgerðir vegna unglinga; að draga úr heilsutapi og dauðsföllum af völdum vímuefnaneyslu; að leita fleiri meðferðarúrræða; að minnka aðgang að fíkniefnum; að koma í veg fyrir fíkniefnabrot og draga úr peningaþvætti og fíkniefnasölu.

Endurskoðun á þýðingu EMCDDA í Lissabon er í farvatninu og Danir hvetja til samvinnu í Evrópu allri en hún þykir sem fyrr sérstaklega vænleg á sviði lögreglu og tollvarða.

Rætt var um meðferð í fangelsum og á afplánunarstöðum og hafði ráðherranefndin m.a. stutt komu dr. Harvey Milkman, þekkts vísindamanns á sviði meðferðar sakamanna, til Íslands í september en hann gerði þessum málum góð skil með fyrirlestrum í Háskóla Íslands og víðar. Dr. Milkman hélt einnig fyrirlestur í Árósum um sama leyti og ráðherrafundurinn var haldinn.

Fjárveiting af norrænum fjárlögum til málaflokksins árið 2001 hefur lækkað og var það nokkuð í samræmi við áherslur Dana, sem höfðu með höndum formennsku í norrænu samstarfi árið 2000.

Lokaorð.

Það verður að segjast, að áhugi embættismanna frá sumum landanna á að gera miklar atlögur að vímuefnavánni virtist takmarkaður. Orsök lækkaðra fjárveitinga á þessu sviði má m.a. rekja til þess að viðfangsefnin eru færri sem sum norrænu landanna vilja sameinast um.

Það skýtur skökku við, að eftir því sem vandamálin aukast skuli minna vera að gert. Þessi þversögn undirstrikast af ákvörðun um að halda engan formennskufund á árinu, sem veldur því að lítil starfsemi hefur verið innan ráðherranefndarinnar um vímuefnamál eftir byrjun septembermánaðar.

Það er skoðun margra að aukin þátttaka ráðherra í fundum gæti leitt til þess að aukinn stjórnmálalegur kraftur færist í starfsemina í þessum málaflokki.

7.5 Iðnaðar- og atvinnumál.

Staða Norðurlanda og alþjóðavæðing viðskipta voru nokkuð til umfjöllunar á formennskuári Íslands 1999. Danir fylgdu þeirri umfjöllun eftir á árinu 2000. Það var m.a. gert með úttekt á möguleikum þess að efla samkeppnisstöðu norrænu landanna, t.d. með því að þau mynduðu samstæðari efnahagslega heild en verið hefur í alþjóðlegu tilliti. Kannaður var möguleiki þess að þjóðirnar geti orðið einn samfelldur markaður vísinda, tækni og viðskipta og á þann hátt sterkari samkeppniseining. Til þess að svo geti orðið þarf að afnema hindranir og mismun sem er að finna í lögum og reglum þjóðanna og efla miðlun reynslu og þekkingar á milli þeirra. Úttektin birtist í skýrslunni *„Øget konkurrencekraft i Norden"*.

Samstarfið á árinu hverfðist að mestu leyti um málefni „nýja hagkerfisins". Lögð var á það áhersla að unnt væri að beita tiltækum tengslum í norrænni samvinnu til að efla atvinnulífið með miðlun upplýsinga og þekkingar innan Norðurlanda. Þekking og reynsla eins lands gæti nýst öðrum betur en verið hefði og ætti að stefna að því að efla þekkingarmiðlunina. Tilgangur þess væri m.a. að tryggja fyrirtækjum aðgang að nýrri þekkingu sem oftast er vísindalegs eða tæknilegs eðlis, en einnig að miðla þekkingu um rekstur og innri gerð fyrirtækja. Á grundvelli þessa beindist athyglin m.a. að opinberu stoðkerfi atvinnulífsins sem hefur það hlutverk að miðla nýjungum og tæknilegri þekkingu til atvinnulífsins. Unnin var skýrsla um þetta með heitinu *„Kortlægning af den teknologiske service i Norden"* sem var lögð til grundvallar ráðstefnu um málefnið *„Norden som en sammenhængende erhvervsregion"* sem haldin var í desember í Kaupmannahöfn.

Upplýsinga- og fjarskiptatækni og mikilvægi hennar fyrir atvinnulífið er umfjöllunarefni sem talsvert hefur farið fyrir. Starfshópur (*Næringssektorens ad hoc arbejdsgruppe for elektronisk handel og næringsrelaterede IT-spørgsmål*) hefur verið starfandi á vegum embættismannanefndarinnar og hefur hann m.a. fjallað um góða starfs- og viðskiptahætti fyrir rafræn viðskipti, nokkurs konar siðareglur (*selvregulering*), og hefur nefndin stutt norrænt verkefni á þessu sviði sem nefnist *Scansafe*. Starfshópurinn mun fylgjast með framvindu rafrænna viðskipta á alþjóðlegum vettvangi og miðla af reynslu um hagnýt úrlausnarefni sem þýðingu geta haft fyrir samkeppnisstöðu atvinnulífsins. Hann mun einnig gera tillögur um verkefni sem ástæða er til að hrinda í framkvæmd og mun Norræni iðnaðarsjóðurinn aðstoða við það. Mikilvægt er að þeir norrænu starfshópar sem fjalla um upplýsinga- og fjarskiptatækni hafi með sér samstarf og hefur verið haft samráð við embættismannanefnd um upplýsingatækni sem sett var á stofn 1999 og einnig ráðgjafanefnd um upplýsingatækni sem starfar undir ráðherranefnd um menntamál og rannsóknir.

Nordika verkefnið er samstarfsverkefni embættismannanefndarinnar, Norræna iðnaðarsjóðsins og OECD og fjallar um mat og skráningu á þekkingarverðmætum (*vidensregnskaber*). Um er að ræða þróunarvinnu sem ætlað er að hafa mótandi áhrif á reikni- og matsreglur fyrir óáþreifanlegar eignir fyrirtækja, sem fyrr en síðar verða teknar upp víðast hvar í heiminum. Atvinnulífið byggist í stöðugt meiri mæli á þekkingu og hinum s.k. óáþreifanlegum eignum. Verðmæti mannauðs, þ.e. menntun, færni og reynsla, eru sennilega veigamest, en innri gerð fyrirtækja eins og stjórnunarhættir og verkferlar eru einnig veigamikil atriði auk viðskiptavildar og tengsla. Þessi þekkingarverðmæti eru hinar óáþreifanlegu eignir sem þekkingariðnaðurinn mun byggjast á. Fyrirtæki í öllum norrænu löndunum taka þátt í þessari vinnu og var haldin ráðstefna um verkefnið í Reykjavík í desember sl.

Gender mainstreaming er annað samstarfsverkefni OECD og norrænu ráðherranefndarinnar (embættismannanefnda um atvinnumál, fjármál og félagsmál). Verkefnið leggur einkum áherslu á pólitískt mikilvægi beggja kynjanna í þróun efnahagslífsins, atvinnulífs og vinnumarkaðar. Norðurlönd hafa tekið afgerandi forustu í þessum málaflokki um samþættingu sem

auk fjöldamargs annars er talinn veigamikill þáttur í eflingu samkeppnisstöðu fyrirtækja. Ráðstefna OECD og ráðherranefndarinnar um samþættingu kynja var haldin í París í nóvember sl.

Starfshópur um ferðamál (*næringssektorens ad hoc arbejdsgruppe for turisme*) hóf störf á árinu. Ferðamál heyra undir iðnaðar- eða atvinnumálaráðuneyti víða erlendis, þótt svo sé ekki hér á landi, og hafa þau verið talsvert til umfjöllunar innan ráðherranefndar um atvinnumál. Samstaða er um það að norrænu löndin eigi samleið í samstarfi um ferðamál vegna menningarlegra og landfræðilegra sérkenna sem einkenna þau sameiginlega sem heild. Á árinu var unnið að sameiginlegri stefnumótun um sjálfbæra ferðamennsku (*bæredygtig turisme*) þar sem m.a. er fjallað um ferðamál sem byggjast á menningarlegum og sögulegum verðmætum auk grennar ferðamennsku og náttúruvernd en einnig verndun náttúrunnar fyrir ferðamönnum. Unnið er að þessu verkefni í samvinnu við samgöngumálaráðuneytið. Norræni iðnaðarsjóðurinn aðstoðar við framkvæmdir.

Á árinu var ákveðið að yfirfara áherslur embættismannanefndarinnar og móta heildstæða stefnu um hin pólítísku samstarfsverkefni á sviði nýsköpunar og atvinnumála. Stefna skyldi að því að gera samstarfsáætlun fyrir fjögurra ára tímabilið 2002–2005. Þróun atvinnulífsins er orðin það hröð að hefðbundnar atvinnugreinar, einkum framleiðsluiðnaður, hefur stöðugt minna vægi í efnahagslífi þjóðanna á sama tíma og þekkingariðnaður vex hröðum skrefum. Mikilvægt er að hið norræna samstarf taki mið af þessu svo norrænu þjóðirnar geti orðið í fararbroddi í nýja hagkerfinu. Vegna þessa hefur verið stofnaður starfshópur, sem er óháður embættismannanefndinni, og fenginn ráðgjafi til að móta tillögur um samstarfið (*samarbejdsprogram for det nordiske næringspolitiske samarbejde*). Tillögurnar eiga að vera tilbúnar fyrir mitt næsta ár.

Samstarfið við Eystrasaltsríkin hefur fyrst og fremst verið í tengslum við verkefnin *Nordpraktik* og *Østjobb*. Þessi verkefni byggjast annars vegar á því að senda baltnesk ungmenni til starfsþjálfunar á Norðurlöndum og hins vegar á starfsþjálfun norrænna ungmenna í Eystrasaltsríkjunum. Í árslok 1999 ákvað embættismannanefndin að meta árangur af þessu starfi og lá matsgerðin fyrir í byrjun árs 2000. Niðurstaðan var að Nordpraktik verkefnið skyldi halda áfram en það tengt betur en verið hefði við atvinnulífið svo starfsþjálfunin yrði markvissari. Reynslan af Østjobb var lakari og þótt umsagnir frá íslenskum þátttakendum hafi verið jákvæðar, var ekki talin ástæða til að Østjobb héldi áfram í óbreyttri mynd.

Norræni iðnaðarsjóðurinn.

Norræni iðnaðarsjóðurinn er stofnun á vegum ráðherranefndarinnar um iðnaðar- og atvinnumál (sjá nánar um Norræna iðnaðarsjóðinn, kafla 9.5).

Nordtest.

Árið fól í sér nokkrar breytingar fyrir Nordtest. Bar þar hæst mótun og innleiðing nýrrar stefnu.

Stefnumótun fyrir Nordtest var unnin samkvæmt niðurstöðum matsskýrslu sem var gerð fyrir ráðherranefndina árið 1999 og var fullgerð í júní. Helsta breytingin er sú að horfið er frá megináherslu á prófanir en í staðinn kemur „conformity assessment" (CA) eða samræming krafna og prófana. Tilgangur þessarar áherslubreytingar er að gæta hagsmuna norræns iðnaðar með því að fjarlægja tæknilegar hindranir í viðskiptum, sér í lagi til hagsbóta litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Nordtest mun leitast við að vinna áfram með því mikla og víðtæka neti sérfræðinga sem hefur þróast með starfi Nordtest síðastliðin 25 ár. Vonast er til þess að þetta fólk muni vinna áfram að framgangi og þróun Nordtest.

Helstu viðfangsefni voru verkefnavinna — yfir 50 verkefni hófu starfsemi, önnur tíu héldu áfram og yfir 50 verkefnum lauk á árinu. Fjölmargar skýrslur voru birtar og prófunaraðferðir samþykktar. Heildarstyrkur til verkefna á árinu var 7,2 millj. finnskra marka.

Önnur verkefni fólust í ráðstefnuhaldi og þátttöku í alþjóðlegu starfi á sviði CA, prófana og staðla. Mikilvægur þáttur í starfi Nordtest er einmitt að hafa áhrif á þróun staðlamála og prófana þeim tengdum. Góður árangur náðist á þessu sviði á árinu.

Fram undan er að ljúka við frekari útfærslu á nýrri stefnu með því að setja á fót markaðshópa á nokkrum völdum sviðum iðnaðar.

7.6 Húsnæðis- og byggingarmál.

Samstarfið á árinu tók mið af formennskuáætlun Dana sem sem leiddu starfið í embættismannanefndinni (EK-Bygg). Meginþættir starfsins grundvölluðust á félagslegum þáttum húsnæðismála, umfjöllun um vistvænar byggingar og sjálfbæra þróun í húsnæðis- og byggingarmálum ásamt samstarfi við grannsvæði Norðurlanda. Sérstök áhersla var á félagslegu þættina og sérstök verkefni á því sviði sem lutu að húsnæðismálum aldraðra og stöðu hópa sem eiga undir högg að sækja á húsnæðismarkaði. Einnig tengsl milli húsnæðismála og borgarvæðingar.

Á árinu voru haldnar nokkrar ráðstefnur á vegum embættimannanefndarinnar, fundur var haldinn í Brussel um tengsl húsnæðismála við ESB í samræmi við ósk utanríkisráðherra Íslands frá fyrra ári og einnig var unnið að fjölmörgum rannsóknarverkefnum.

Rannsóknarverkefnið „Framgångsrika exempel i det nordiska integrationsarbetet“ var kynnt á húsnæðisráðherrafundi í nóvember 1999 og var þá ákveðið að afla frekari gagna og undirbúa ráðstefnu um viðfangsefnið. Það starf hefur verið unnið í samráði við sambönd sveitarfélaga á Norðurlöndum undir forustu Sambands sveitarfélaga í Svíþjóð. Undirbúningur fór fram á árinu og verður ráðstefnan haldin í Stokkhólmi í febrúar 2001.

Þá var unnið að enskri útgáfu á skýrslunni „Framtidens boformer for ældre“ með það fyrir augum að nýta hana í samstarfi við grannsvæði Norðurlanda og á alþjóðlegum vettvangi. Í skýrslunni eru húsnæðismál aldraðra í brennidepli með hliðsjón af þeim breytingum sem eru í vændum á félagslegum og lýðfræðilegum þáttum samfélagsins. Skýrslan var lögð fram á alþjóðlegri ráðstefnu í Ósló á vegum OECD og norska Husbanken um húsnæðismál aldraðra sem framlag norræns samstarfs til umræðunnar.

Embættismannanefndin átti aðild að rannsókn undir heitinu „Den hållbara nordiska staden“. Skýrslan kom út í febrúar, þar sem gerð er grein fyrir þróun í borgarmálum á Norðurlöndum og gerð greining á nauðsynlegum upplýsingum vegna framtíðarrannsókna. Nefndin tók einnig þátt í að fjármagna rannsókn undir heitinu „Nordens bostadskonsumenter och det uthålliga boendet“. Þar er fjallað um þátttöku íbúa í því markmiði að gera húsnæðið vistvænt. Rannsóknarverkefninu lýkur 2001.

Á árinu var haldin ráðstefna á vegum EK-Bygg þar sem fjallað var um húsaleigulöggjöf á Norðurlöndum. Niðurstöður ráðstefnunnar voru gefnar út í skýrslu undir heitinu „Hyressättning i de nordiska länderna“ (TemaNord:2000-592).

Vegna samvinnu við grannsvæðin voru tvö verkefni í gangi á árinu. Annars vegar er um að ræða verkefni sem fjallar um löggjöf um eignaríbúðir í þremur baltneskum löndum: „De retslige rammer for brugerejede boliger i tre baltiske lande“. Rannsóknin á að kortleggja þau lög sem gilda í dag og bera saman. Verkefninu lýkur árið 2001 með skýrslu á ensku. Hins

vegar verkefnið sem fjallar um könnun á tæknilegum og félagslegum vandamálum í bæjarhlutanum Lasnamäe sem er úthverfi í Tallinn.

Byggingarkostnaður kom til umfjöllunar á árinu og var unnið að undirbúningi að verkefni undir heitinu „Rimliga boendekostnader“ og verður ráðstefna með sama heiti haldin haustið 2001. Einnig var byrjað á rannsókn undir heitinu „Almennyttige og sociale boligers framtid i Norden“. Ákveðið var að gera samantekt um stöðuna á Norðurlöndum og er verkefnið unnið undir forustu Islands. Á árinu hófst undirbúningur að fimm þemaráðstefnum sem haldnar verða á næstu tveimur árum. Heiti þeirra ráðstefna sem fyrirhugað er að halda eru: „Tilstrækkelig boligbyggeri“ þar sem fjallað verður um framboð húsnæðis á vaxtarsvæðum, „Rimliga boendekostnader“ þar sem fjallað verður um húsnæðiskostnað mismundi hópa og eignarforma, „Goda bostäder for alla grupper“ sem tekur fyrir hvernig eigi að mæta húsnæðisþörf eldri borgara sem fjölgar mjög á næstu árum, „Regioner i balans“ er um þéttbýlisþróun og afleiðingar hennar, „Stadspolitik og bostadspolitik“ um samhengi milli stefnu í húsnæðismálum og stefnu í byggðamálum.

Skýrsla um ráðstefnu sem haldin var 1999 á Íslandi undir heitinu: „Bostadsfinanseringen i framtiden; pågående förändringar och deras konsekvenser“ var gefin út í fjölrituðu formi á árinu.

Samkvæmt ósk frá Íslandi um að embættismannanefndir tengdust nánar framvindu mála í Brussel var haldinn fundur þar í október með m.a. fjórum embættismönnum ESB frá félagsmála- og sveitarstjórnarsviði auk fulltrúa landanna. Þar sem húsnæðismálin hafa fram til þessa verið sérmál aðildarríkja ESB var nokkur vandi að finna vettvang fyrir húsnæðismálaumræðu. Húsnæðismálin eru ekki formlegt samstarfsverkefni en tengjast í æ ríkara mæli ýmsum þáttum á ofangreindum sviðum auk umhverfis- og neytendamála. Er í þessu sambandi bent á ný ákvæði í Amsterdamsáttmálanum, t.d. um félagslega samstöðu (social cohesion). Húsnæðisráðherrar ESB hafa með sér óformlegt samstarf og á síðasta fundi þeirra lögðu þeir sérstaka áherslu á húsnæðismál eldri borgara, rannsóknarsamstarf og sjálfbæra húsnæðisstefnu.

7.7 Neytendamál.

Samstarf Norðurlanda á sviði neytendamála fylgir í öllum grunnatriðum stefnuáætlun fyrir norrænt samstarf á sviði neytendamála 1999–2004 sem ráðherrar er fara með þennan málaflokk hafa samþykkt.

Árlega er haldinn fundur í norrænu ráðherranefndinni um neytendamál (MR-Konsument). Danir gegndu formennsku í Norðurlandasamstarfi á árinu og var ráðherrafundurinn haldinn á Fjóni í júní.

Á ráðherrafundinum var m.a. rætt um nauðsyn þess að efldar yrðu rannsóknir á sviði neytendamála. Ráðherrarnir samþykktu að formennskulandið sendi bréf fyrir hönd ráðherranefndarinnar til framkvæmdastjórnar ESB þar sem bent væri á nauðsyn þess að í 6. rammaáætlun ESB á sviði rannsókna og þróunar, sem nú er í undirbúningi, verði þetta rannsóknasvið tilgreint sérstaklega varðandi styrkveitingar úr sjóðum áætlunarinnar.

Ráðherrarnir samþykktu einnig tillögu danska ráðherrans um að sérstök úttekt yrði gerð á stöðu neytenda og viðskiptamanna fjármálastofnana, þegar samruni þessara stofnana ætti sér stað milli tveggja eða fleiri ríkja.

Viðskipti aukast sífellt yfir landamæri m.a. vegna þróunar í netverslun. Á Norðurlöndum gilda svipaðar reglur að því er varðar óréttmæta viðskiptahætti. Í ESB-réttinum eru hins vegar engin slík almenn ákvæði og samþykktu ráðherrarnir að æskilegt væri að kanna hvort og

með hvaða hætti norrænu löndin geti beitt sér fyrir því að slík ákvæði verði sett um viðskipti á hinum sameiginlega innri markaði.

Af hálfu Danmerkur var kynnt sérstök samþykkt dönsku ríkisstjórnarinnar um það með hvaða hætti eigi að vinna að því að styrkja neytendamál á vettvangi ESB. Í skýrslunni er að finna m.a. framtíðarsýn Dana á neytendavernd innan ESB svo og ýmsar gagnlegar tillögur um aðgerðir til þess að ná því markmiði. Í Noregi og Svíþjóð hefur einnig verið lögð fram skýrsla til þjóðþinganna þar sem er að finna tillögur um með hvaða hætti skuli staðið að áframhaldandi uppbyggingu og starfi á sviði neytendaverndar í þeim löndum. Í Finnlandi hafa neytendamál nú einnig fengið sérstakan sess í stefnuáætlun ríkisstjórnarinnar og ljóst er að þau verða æ sýnilegri þvert á öll málefnasvið ráðuneyta. Jafnframt munu Finnar taka við formennsku á næsta ári í norrænu samstarfi og munu þeir af því tilefni leggja meiri áherslu á ýmis málefni er varða neytendur.

Á vegum norrænu ráðherranefndarinnar fer fram víðtækt samstarf um öll helstu atriði sem varða neytendavernd. Samstarfið tekur því til lagalegra réttinda neytenda, réttinda neytenda til upplýsinga svo og til mála er varða vörur og vöruöryggismál. Af norrænu fjárlögunum er úthlutað fé til þess að vinna að ýmsum samnorrænum verkefnum sem almennt séð hafa verið afar gagnleg. Mjög algengt er að niðurstöður úr þessum verkefnum séu síðan gefnar út í TemaNord ritröðinni en þær skýrslur er unnt að panta hjá umboðsaðila norrænu ráðherranefndarinnar í Reykjavík.

Að lokum má nefna að á árinu hefur verið virkt samstarf og aðstoð við grannsvæðin. Auk námskeiða t.d. um markaðsfærslu, óréttmæta viðskiptahætti og neytendafræðslu í skólum hefur verið unnt að veita styrki til uppbyggingar á samtökum neytenda. Samstarf þetta er mikilvægt og er til þess fallið að flýta þróun í þessum ríkjum í átt til aukins markaðsbúskapar og um leið að miðla þeim af sérfræðiþekkingu og reynslu norrænu landanna á sviði neytendaverndar.

7.8 Matvæli.

Á árinu hafa norræna embættismannanefndin sem sér um matvælamál (EK-Livs) og fastanefndir á hennar vegum, sem fjalla um fæðueiturefnafræði, matvælaörverufræði og áhættugreiningu, matvælaeftirlit, matvælalöggjöf og manneldi, lagt áherslu á eftirtalin verkefni:

- að sérstök ráðherranefnd starfi yfir málaflokknum og af því tilefni var í tvígang boðað til ráðherrafunda á árinu um öryggi matvæla;
- að samstarf á vegum Codex Alimentarius verði elft en um er að ræða samstarf beggja vegna Atlantsála;
- að haldið verði áfram stuðningi við faglegt fræðslustarf vegna matvælaeftirlits í Eystrasaltsríkjunum innan Nordic-Baltic verkefnisins;
- að samstarf um Vestur-Norðurlönd verði styrkt enn frekar með tímabundna verkefninu í Vest-Norden Forum;
- að þverfaglegt samstarf um matvæla- og neytendamál, milli EK-Livs og EK-Konsument verði haldið áfram og fé til þess tryggt.

Fjöldi vinnunefnda og verkefnahópa vann að sérgreindum verkefnum tengdum vandamálum sem upp hafa komið.

Ísland hefur tekið virkan þátt í samvinnu á sviði manneldis og unnið að margvíslegum verkefnum þar að lútandi. Hér má nefna útgáfu samnorrænna ráðleggingа um næringarfræði, útgáfu tölulegra upplýsinga um fæðuframboð á Norðurlöndum, vinnu við gerð lista með nöfnum á norrænum matvælum, skýrslugerð vegna fullyrðinga í auglýsingum um að matvörur bæti heilsuna, verkefnisvinnu vegna afleiðinga og áhættu við ofneyslu A-vítamíns,

skýrslugerð um hugsanlegar afleiðingar frjálsræðis um íblöndun bætiefna í matvæli og aðstoð við stefnumótun manneldismála í Eystrasaltsríkjunum.

Reynt hefur verið að einfalda og auðvelda aðgengi almennings og fyrirtækja að lögum og reglum á sviði matvælamála.

Verkefnið um vestnorræna samvinnu á sviði matvælamála styður og styrkir núverandi starf með hliðsjón af sérstöðu vestnorrænu landanna á matvælasviði.

Endurskoðun norrænnar matvælalöggjafar, þar á meðal um stjórnun og eftirlit innan málaflokksins, var til umræðu á árinu og birtist sú vinna í skýrslu, „Fra jord/fjord til bord", um áhættustjórnun matvæla „frá haga í maga". Unnið var að áhættumati vegna *Campylobacter og coffein*. Afrakstur starfsins er væntanlegur í skýrslu, þar sem byggt er á tillögum sem lagðar hafa verið fram af Íslands hálfu.

Unnið var að samanburðarskýrslu um norrænan gagnagrunn um matarsýkingarbakteríur í fæðukeðjunni og var hún lögð fram á árinu.

Vinnuhópur um neysluvatn tók fyrir umbúðir um neysluvatn annars vegar og hins vegar var fjallað um tilskipun ESB nr. 98/83 um neysluvatn.

Gefin var út skýrsla um notkun virkra (*active and smart packaging*) umbúða fyrir matvæli. Hafin var vinna við endurskoðun á eiturefnafræðilegu áhættumati fyrir aukaefni sem notuð eru í matvælum.

Komið var á tengslaneti til að miðla upplýsingum um eiturefnafræðilegt áhættumat fyrir bragðefni sem notuð eru í matvæli og þróun löggjafar í ESB á þessu sviði. Haldið var málþing um „*Regionals princip*p" sem er, að svæði eða ríki sem búa við lága tíðni vissra sýkingarvalda geti takmarkað innflutning matvæla og búfjár sem líklegur er til að raska ríkjandi ástandi.

Nefnd á sviði örverufræði og áhættumats stóð fyrir málþingi um *Campylobacter* og gaf út skýrslu í kjölfarið.

Unnið var að faraldsfræðilegri rannsókn á *Listeria* sýkingum og gefin út skýrsla í kjölfarið. Einnig hélt nefndin málþing um matarsjúkdóma.

Hvítbók ESB um öryggi matvæla var til umræðu innan EK-Livs og fastanefndanna.

7.9 Samstarf um löggjafarmál.

Norrænt samstarf dómsmálaráðuneytanna byggist aðallega á samstarfsáætlun um löggjafarsamstarf sem dómsmálaráðherrarnir gengu frá 1996, svo og á árlegri framkvæmdaáætlun sem henni fylgir og endurskoðuð er árlega.

Dómsmálaráðherrarnir áttu fund á Grænlandi í júnímánuði. Á þeim fundi var að venju fjallað um mál sem hafa sameiginlega þýðingu fyrir Norðurlönd og lögð var fram skýrsla um verkefni norrænu ráðherranefndarinnar á sviði dómsmála undir formennsku Íslendinga. Á fundinum var sérstaklega rætt um aðgerðir vegna brotastarfsemi sem einkennist af nasisma og kynþáttafordómum og var ákveðið að koma á fót sérfræðingahópi til að fjalla um það viðfangsefni og samræma vinnubrögð. Einnig var rætt um verslun með konur og aðgerðir til að koma í veg fyrir slíka starfsemi sem virðist fara vaxandi, m.a. landa í milli, svo og um hvað gera megi til að hraða meðferð refsimála. Svíar gerðu grein fyrir áherslum sínum í sambandi við formennsku í ESB á fyrra misseri 2001 og af Íslands hálfu var lagt fram erindi frá Norðurlandaráði heyrnarlausra varðandi yfirheyrslur hjá lögreglu og afplánun refsinga þegar heyrnarlausir eiga í hlut. Þá var gerð grein fyrir stöðu Schengen-samstarfsins.

Á fundinum samþykktu dómsmálaráðherrarnir nýja framkvæmdaáætlun fyrir árin 2000–2001 sem m.a. byggist á þeim áherslum sem fram komu í umræðum á fundinum. Þar eru tilgreind sem sérstök forgangsverkefni:

a) Samstarf á sviði refsiréttar. Tryggja ber virkni hins norræna samstarfs um refsimál. Kanna ber þörf á aðgerðum vegna brotastarfsemi sem einkennist af nasistískum viðhorfum og kynþáttafordómum. Unnið verði að því að Norðurlönd, í gegnum evrópsku lögreglustofnunina Europol, taki þátt í efldu lögreglusamstarfi í Evrópu til að vinna gegn viðskiptum með konur og hugað verði að þörf á aðgerðum vegna Eystrasaltssvæðisins. Á vegum norræna sérfræðihópsins um refsirétt er unnið að skýrslu um barnaklám á netinu.
b) Á sviði sifjaréttar verði könnuð þörf á sameiginlegum norrænum reglum um rétt barna til umgengni við bæði foreldri, auk þess sem aðrar aðgerðir verði skoðaðar í ljósi skýrslu sérfræðihóps á sviði sifjaréttar.
c) Íhugað verði hver þörf sé á að koma á gagnkvæmri viðurkenningu á norrænum ákvörðunum um greiðsluaðlögun. Einnig verði hugað að þörf á samræmdum norrænum reglum um skipti upplýsinga til nota við innheimtu skulda og hvort henta muni að koma á alþjóðlegu samstarfi um það efni.
d) Samstarf við Eystrasaltsríkin snúist um forvarnir og baráttu gegn glæpastarfsemi. Fyrirhuguð er ráðstefna um möguleika á samstarfi dómstólanna, þar á meðal sérstaklega um menntun dómara.
e) Samstarf við innleiðingu ESB/EES-gerða verði þróað áfram.
f) Tryggt verði að skipst sé á upplýsingum og reynslu að því er varðar brotavarnir sem og á sviði refsiréttarins í sambandi við brotastarfsemi ungs fólks.
g) Norrænt löggjafarsamstarf byggist á langri hefð. Aðild Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar að ESB og svo aðild Íslands og Noregs að EES getur valdið erfiðleikum á að koma fram með sérstakar norrænar lausnir. Þróa ber norræna löggjafarsamstarfið í samræmi við markmið Helsingfors-samningsins.

Auk þessa er norrænt samstarf viðvarandi viðfangsefni við löggjafarundirbúning á ýmsum sviðum, hvort heldur er innan einkamálaréttarins (persónu- og sifjaréttur, eignarréttur, skaðabótaréttur, samningsréttur, gjaldþrotaréttur og einkaleyfaréttur og neytenda), opinbers réttar (meðferðarreglur stjórnsýslunnar, upplýsingaskylda og persónuvernd) eða á sviði refsiréttar, réttarfars í opinberum málum og einkamálum og fógetaréttar. Auk eiginlegs löggjafarsamstarfs nær norrænt samstarf einnig til annarra þátta dómsmálaráðuneytanna, þar á meðal lögreglu og ákæruvalds, forvarna og viðurlagastefnu.

Samstarf dómsmálaráðuneytanna fer einkum fram undir yfirstjórn norrænu embættismannanefndarinnar um löggjafarsamstarf (EK-Lov) þar sem unnið er að samræmingu samstarfsins og sameiginleg hagsmunamál eru rædd. Í því skyni að tryggja rétt tök við að útfæra og fylgja eftir pólitískri forgangsröðun starfa auk þess sérstakir vinnuhópar með fulltrúum landanna. Helstu starfshópar, sem hver fyrir sig hefur til ráðstöfunar tiltekna fjárveitingu af norrænu fjárlögunum og störfuðu á árinu, voru:

a) starfshópur varðandi afbrot barna og ungmenna sem skilaði skýrslu undir lok ársins;
b) starfshópur til að undirbúa og fylgja eftir fundi dómsmálaráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna á árinu 1999;
c) starfshópur um rannsóknir á Evrópurétti.

Á árinu var ákveðið að setja á fót tvo starfshópa, annan um aðgerðir til að berjast gegn brotastarfsemi sem einkennist af nasisma og kynþáttafordómum og hinn, í samstarfi við fjármálasviðið, um norrænt samstarf við innheimtu skulda.

Gengist var fyrir nokkrum málþingum og ráðstefnum:

- ráðstefnu um samhliða innflutning á vörum, séð frá norrænum sjónarhól (í Stokkhólmi í mars);

- málþingi um breytingar á norræna löggjafarsamstarfinu vegna ESB/EES (í Stokkhólmi í september);
- ráðstefnu um sáttaumleitan í refsimálum (í Tammerfors í október);
- ráðstefnu um ábyrgð á bótum til brotaþola (í Umeå í nóvember);
- málþingi um skörun samkeppnisréttar og ákvæða í heildarkjarasamningum samkvæmt ESB/EES-rétti (í Køge í nóvember).

Á árinu komu út nokkrar skýrslur:

- skýrsla um málþing um greiðsluaðlögun (TemaNord 2000:529);
- skýrsla um málþing um þróun stjórnsýslulaganna (TemaNord 2000:518);
- skýrsla um persónur sem fremja kynferðisbrot á börnum (2000:547);
- samhliða innflutningur á vörum, séð frá norrænum sjónarhól (2000:582).

Málefni flóttamanna.

Samráðsnefnd æðri embættismanna um málefni flóttamanna (NSHF) fjallar um stefnumótun í málum flóttamanna. Fara þar einnig fram upplýsingaskipti milli stjórnvalda um þróun löggjafar um málefni útlendinga almennt, um móttöku flóttamanna, um breytingar á framkvæmd mála er varða flóttamenn, ákvarðanatöku í slíkum málum, heimflutning o.fl., þ.á m. aðstoð við heimflutning flóttamanna frá Kósóvó. Samstarf er einnig um öflun upplýsinga vegna aðstæðna í löndum þaðan sem flóttamenn koma, m.a. með miðlun skýrslna sem sendinefndir einstakra landa gera. Þá er haft samráð um ýmis atriði er varða útlendingaeftirlit, m.a. með hliðsjón af norræna vegabréfasambandinu og Schengen-samstarfinu, og þar með atriði er varða framkvæmd Dyflinnarsamnings ESB-ríkjanna og stöðu Íslands og Noregs í því sambandi. Fulltrúar frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna koma með reglulegu millibili til fundar við nefndina. Ráðherrar sem fara með málefni flóttamanna og innflytjenda eiga einnig samstarf sín á milli og héldu þeir fund í Helsingfors í desember sl. Þar voru m.a. rædd viðhorf er varða spár um mannfjölda og hugsanleg þörf á vinnuafli hvort heldur séð er til skamms eða langs tíma.

Björgunarsamstarf.

Norræn samvinna um björgunarsamstarf tekur til samstarfs yfir landamæri og miðar að því að koma í veg fyrir eða takmarka tjón á mönnum, eignum eða umhverfi vegna slysa eða óhappa. Markmiðið er að veita gagnkvæma aðstoð og auðvelda að hjálparlið og búnaður komist sem allra fyrst á vettvang. Töluvert hefur reynt á nýjan þátt í samstarfinu undanfarin ár, en það er í tengslum við aðstoð við óhöpp skipa og ferja í siglingum milli norrænu landanna.

Sérstök tenglanefnd kemur saman til fundar 2–4 sinnum á ári og gengst hún m.a. fyrir því að miðla upplýsingum varðandi þessi málefni og skipuleggja ráðstefnur um björgunarmál á tveggja til þriggja ára fresti þar sem stefnt er saman mönnum úr ólíkum geirum er tengjast málefninu. Í maímánuði var haldin umfangsmikil ráðstefna og æfing í Málmey er tengdist nýju brúnni yfir Eyrarsund milli Danmerkur og Svíþjóðar, sem nokkru síðar var opnuð fyrir almennri umferð. Enn fremur er gefin út norræn björgunarhandbók, haldnar útkallsæfingar og hvatt er til aukins samstarfs í landamærahéruðum.

Samstarf þetta byggist á rammasamningi um björgunarþjónustu (NORDRED) frá árinu 1989 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Þótt Ísland hafi enn ekki gerst formlegur aðili samningsins hefur það tekið þátt í þessu samstarfi undanfarin ár.

8. Norrænar stofnanir á Íslandi

8.1 Norræna húsið.

Norræna húsið er norræn menningarmiðstöð sem starfar á breiðum grunni og heyrir undir norrænu ráðherranefndina. Formlegt hlutverk Norræna hússins er að koma til móts við og örva áhuga á norrænum málefnum á Íslandi og miðla þekkingu um Ísland í öðrum norrænum löndum. Norræna húsið hefur starfað frá 1968.

Starfsemi Norræna hússins á árinu var fjölbreytt að vanda. Lögð var áhersla á efni fyrir börn og unglinga. Kvikmyndasýningar fyrir börn voru fastir liðir á dagskrá hússins vor og haust og margir skólahópar komu og fengu fræðslu um Norðurlönd og norræna samvinnu.

Dagskráin mótaðist að mestu af að Reykjavík var menningarborg Evrópu árið 2000. Í febrúar var dagskrá með tónlist, leiklist og myndlistarsýningum með listamönnum frá Bergen, menningarborg Evrópu árið 2000, og í mars var á sama hátt dagskrá með tónlist, tísku, ljósmyndum og myndlist finnskra listamanna frá Helsinki, menningarborg Evrópu árið 2000. Kalak, íslensk-grænlenska félagið stóð að kynningu á grænlenskri menningu og síðum í apríl ásamt Norræna húsinu.

Alþjóðleg bókmenntahátíð, hin fimmta í röðinni, var haldin í september með þátttöku rithöfunda frá Norðurlöndum og þekktum erlendum rithöfundum ásamt íslenskum höfundum. Fulltrúum frá erlendum útgáfufyrirtækjum var einnig boðið til hátíðarinnar. Ljósahátíð eða Ljósin í norðri var samstarfsverkefni Norræna hússins, Orkuveitu Reykjavíkur, Listaháskóla Íslands og Borgarleikhúss. Einnig var höfð samvinna við menningarborgirnar Bergen og Helsinki og komu listamenn frá þessum borgum með sín atriði. Hátíðin fór fram í nóvember í Reykjavík með fjölbreyttri dagskrá víða um borgina. Í Norræna húsinu voru sýningar í sérstöku tjaldi sem var útbúið sem stjörnuver fyrir börn og fullorðna. Danskur fjöllistahópur hafði sýningar á lóð Norræna hússins. Finnskur myndlistarmaður sýndi ljósmyndir í sýningarsölum Norræna hússins í samstarfi við Gallerí i8.

Öll þessi atriði voru á dagskrá Reykjavíkur menningarborgar Evrópu árið 2000.

Sýning í anddyri Norrræna hússins undir heitinu *Min hembygd — Í nágrenni*, var einnig á dagskrá Reykjavíkur, menningarborgar Evrópu. Sýningin var samvinnuverkefni skólanemenda við Grandaskóla í Reykjavík og Mårtensbro skola í Esbo í Finnlandi. Sýning á myndskreytingum við smásögu eftir William Heinesen eftir færeyskan listamann var til sýnis í anddyri í tengslum við Bókmenntahátíð. Sumarsýning Norræna hússins bar heitið *Flakk eða sú sérstaka tilfinning að vera bæði heima og heiman*. Sýningin var unnin af Norræna húsinu í samvinnu við NIFCA, norrænu samtímalistastofnunina. Listfræðingarnir Andrea Kroksnes og Per Gunnar Tverbakk völdu þema sýningarinnar og listamennina sem voru frá Norðurlöndum, Þýskalandi og Bandaríkjunum. Sýningin var liður í dagskrá Listahátíðar í Reykjavík. Sumardagskrá Norræna hússins bar yfirskriftina Bjartar sumarnætur. Tónlistarmenn frá Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð fluttu sígilda tónlist. Kaffistofa Norræna hússins framreiddi mat frá þessum löndum þau kvöld sem tónleikarnir voru. Norræna húsið tók þátt í menningarnótt í Reykjavík í ágúst með djasstónleikum tveggja tónlistarmanna frá Noregi og Svíþjóð og voru þeir haldnir í samvinnu við Jazzhátíð Reykjavíkur.

Vatnameyjan (hugverk finnska danshöfundarins Reijo Kela) birtist á tjörninni við Norræna húsið nokkrum sinnum yfir sumarið.

Sumarnámskeið um íslenska tungu og menningu voru haldin í júlímánuði. Nordmål-áætlunin veitti styrk til námskeiðahaldsins.

Í tilefni af þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í nóvember var sett upp samnorræn upplýsingasýning, *Fjögur systkini í fjölskyldunni*. Norrænu stofnanirnar Norðurlandahúsið í Færeyj-

um, Norræna stofnunin á Grænlandi, Norræna stofnunin á Álandseyjum og Norræna húsið í Reykjavík kynntu starfsemi sína.

Rafræn útgáfa af Ozon (www.ozon.net) var sett á laggirnar í tengslum við Norðurlandaráðsþingið og standa Norðurlandahúsið í Færeyjum, NAPA á Grænlandi og Norræna húsið að verkefninu.

Kristnitökuársins var minnst í desember með dagskránni Aðventa í Norræna húsinu.

Félagasamtök og stofnanir hafa haldið fundi og ráðstefnur í Norræna húsinu á árinu. IETM („The Informal European Theatre Meeting") hélt evrópskt listaþing í Reykjavík og var Norræna húsið samstarfsaðili að listaþinginu ásamt fleiri stofnunum. Háskólatónleikar hafa verið haldnir í húsinu á vor- og haustmisseri. Sagnfræðingafélag Íslands hefur haldið hádegisfundi annan hvern þriðjudag allt vor- og haustmisserið. Vísindafélag Íslendinga hafði fasta fundi einu sinni í mánuði og Garðyrkjufélag Íslands hafði einnig reglubundna fræðslufundi. Að venju heimsóttu margir hópar, skólanemendur og ráðstefnufólk Norræna húsið til að fræðast um starfsemi þess og norrænt samstarf.

Bókasafnið hélt uppi reglubundinni starfsemi á árinu. Sú endurnýjun sem gerð var á tölvubúnaði safnsins síðla árs 1999 skilar aukningu í allri starfsemi safnsins. Aukin innkaup á safnefni hefur aukið útlánin til muna, en áskriftir að rafrænum upplýsingabönkum ásamt notkun á internetinu hafa auðveldað upplýsingaþjónustu. Þar skiptir einnig miklu að skrár safnsins eru aðgengilegar yfir Internetið. Aldur notendahópsins hefur lækkað talsvert og á aðgengi að internetinu vafalítið drjúgan þátt í því.

Norrænn skólaráðgjafi starfaði í Norræna húsinu frá september sl. á vegum Nordmål-áætlunarinnar, en nýr samningur til 2003 tók gildi á árinu.

Fjöldi grunnskólabarna fékk fræðslu um Norðurlönd og norræna jólasiði er nær dró jólum.

Sendikennarar frá Norðurlöndum hafa skrifstofur í Norræna húsinu og afnot af kennsluhúsnæði í kjallara.

Stjórn Norræna hússins sem var skipuð 1998 lauk stjórnunartíma sínum við árslok 2000. Ný reglugerð fyrir Norræna húsið var samþykkt af menningarmálaráðherrum Norðurlanda og tók hún gildi 1. júní sl.

Þær breytingar eru helstar að stjórnarmönnum er fækkað úr sjö í fimm. Úr stjórninni hverfa því fulltrúar frá Háskóla Íslands og Norræna félaginu á Íslandi.

Með reglugerðinni hefur Ísland einungis einn fulltrúa eins og hin Norðurlöndin og er hann tilnefndur af menntamálaráðherra. Önnur mikilvæg breyting í reglugerðinni er sú að nú eiga sjálfstjórnarsvæðin, Grænland, Færeyjar og Álandseyjar, rétt á að senda áheyrnarfulltrúa á fundi stjórnar Norræna hússins.

8.2 Norræna eldfjallastöðin (NORDVULK).

Norræna eldfjallastöðin er samnorræn rannsóknamiðstöð í jarðfræði, þar sem megináhersla er lögð á rannsóknir á eldvirkni. Norræn ímynd og starfsemi stofnunarinnar var aukin á árinu í samræmi við kröfur um að öll norrænu löndin skuli njóta góðs af rekstri samnorrænna stofnana. Einnig mótaðist starfsemin af samstarfi við íslenskar jarðvísindastofnanir um rannsóknir og vöktun á umbrotum í náttúru Íslands: Heklugosi, Suðurlandsskjálftum, og óróleika í Eyjafjalla- og Mýrdalsjökli.

Veigamikill þáttur í starfsemi Eldfjallastöðvarinnar er að veita norrænum vísindamönnum aðgang að jarðfræði Íslands og stuðla að samnorrænum jarðfræðirannsóknum. Tilvera stofnunarinnar byggist á hinum einstöku jarðfræðilegu aðstæðum á Íslandi, og þeim rannsóknamöguleikum sem þær bjóða upp á. Til að tryggja aðgang norrænna vísindamanna að jarðfræðirannsóknum á Íslandi hefur stofnunin tímabundnar stöður fyrir unga vísindamenn frá

Norðurlöndum. Á árinu voru auglýstar fimm slíkar stöður með eins árs ráðningartíma. Að þessu sinni skipa stöðurnar tveir frá Danmörku, tveir frá Svíþjóð, og einn frá Noregi. Aðrar mannabreytingar voru þær að ráðið var í tvær lausar stöður sérfræðinga með lengri ráðningartíma. Annar þeirra er norskur prófessor í leyfi frá háskólanum í Ósló, hinn sérfræðingurinn er íslenskur. Sú breyting varð á árinu að ungir vísindamenn í tímabundnum stöðum, sem áður voru styrkþegar, eru nú hluti af öðru starfsliði stofnunarinnar, samtals 17 manns. Af þeim eru 13 sem leiða rannsóknarverkefni, þar af fimm Íslendingar, sjö annars staðar að frá Norðurlöndum, og einn Bandaríkjamaður.

Heildarfjárveiting til stofnunarinnar frá norrænu ráðherranefndinni á árinu var 76,2 millj. ísl.kr., og er það lækkun frá árinu áður. Mestu munar þar um að aukafjárveiting sem stofnunin hefur haft lækkaði úr 13 í 6,5 millj. ísl.kr. Um er að ræða aukafjárveitingu vegna kaupa og uppsetningu á mælitæki í jarðefnafræði, massagreini, sem keyptur var árið 1998. Grunnfjárveiting af íslenskum fjárlögum var 15,3 millj. ísl.kr., en var 14,9 milljónir árið áður. Stofnunin fékk aukafjárveitingu af íslenskum fjárlögum til samstarfs um vöktun Mýrdalsjökuls og Eyjafjallajökuls og eins til að taka þátt í rannsóknum á Suðurlandsskjálftunum. Samtals námu þessar fjárveitingar 5,5 millj. ísl.kr. Stærsti einstaki styrkur annar sem stofnunin fékk var frá Nordisk Forskerutdanningsakademi, NorFA, að upphæð 3,1 millj. ísl.kr. til að halda sumarskóla í jarðvísindum í ágúst sl.

Í upphafi árs tók gildi nýr þriggja ára rammasamningur við norrænu ráðherranefndina um starfsemi Eldfjallastöðvarinnar. Samkvæmt samningnum er gert ráð fyrir viðlíka umfangi í starfsemi stofnunarinnar árið 2000 og 2001, en árið 2002 lítur út fyrir að fjárframlög verði skorin niður. Þá er áætlað að falli að fullu brott sú aukafjárveiting sem stofnunin hefur haft vegna nýja massagreinisins.

Norræn verkefni og samstarf.

Norræn verkefni snúast að verulegu leyti um þau rannsóknarverkefni sem vísindamenn frá öðrum norrænum löndum vinna meðan þeir starfa á Eldfjallastöðinni, en rúmlega helmingur þeirra erlendu starfsmanna, sem leiða rannsóknarverkefni, eru frá Norðurlöndum. Í viðbót eru fjölmörg verkefni á Eldfjallastöðinni unnin í samvinnu við jarðvísindamenn í öðrum norrænum löndum.

Á undanförnum árum hefur Norræna eldfjallastöðin staðið fyrir sumarskólum þar sem meginmarkmiðið er að bjóða ungum norrænum vísindamönnum til Íslands til að fræðast og fjalla um valin efni í jarðvísindum. Á þessu starfsári fjallaði sumarskólinn um samspil úthafshryggja og möttulstróka (strauma af heitu efni í gegnum jarðmöttulinn), en Ísland er einmitt myndað af slíku samspili. Skólinn var haldin við Mývatn í ágúst sl. og samanstóð af fyrirlestrum, skoðunarferðum og kynningum þátttakenda á eigin rannsóknarverkefnum. Hann var sóttur af um 25 Norðurlandabúum, en einnig um 25 Bandaríkjamönnum.

Alþjóðleg verkefni og samstarf.

Sumarskóli Eldfjallastöðvarinnar var haldinn í samvinnu við RIDGE rannsóknaáætlun Bandarísku vísindastofnunarinnar og eins og fyrr segir kom hópur bandarískra vísindamanna til Íslands í tengslum við hann. Einnig styrkir Bandaríska vísindastofnunin nú einn bandarískan vísindamann sem dvelur á Eldfjallastöðinni í þrjú ár. Vonir standa til að undirskrift samstarfssamnings Rannís og Bandarísku vísindastofnunarinnar á árinu muni leiða til enn frekara samstarfs við vísindamenn í Bandaríkjunum.

Lögð var áhersla á að kynna rannsóknaniðurstöður á alþjóðavettvangi. Sérstaklega ber að nefna ítarlega kynningu á helstu rannsóknarniðurstöðum ársins á haustþingi Ameríska jarðeðlisfræðifélagsins í desember.

Fjöldi erlendra gestafyrirlesara héldu fyrirlestra á árinu og einnig höfðu nokkrir erlendir vísindamenn lengri viðdvöl á stofnuninni vegna samstarfsverkefna. Af obinberum heimsóknum sem stofnunin kom að má nefna heimsókn kínverska vísindaráðherrans, frú Nan Deng, og þátttöku í leiðsögn Madelaine Albright um Þingvelli er hún kom hingað til lands.

Íslensk verkefni og samstarf.

Norræna eldfjallastöðin hefur náið samstarf við Háskóla Íslands og aðrar jarðvísindastofnanir á Íslandi. Undirritaður var nýr samstarfssamningur milli Eldfjallastöðvarinnar og Háskóla Íslands um rannsóknanám, sem auðveldar ungum vísindamönnum sem starfa við Eldfjallastöðina að nýta vinnu þar sem hluta af framhaldsnámi.

Á árinu var komið á fót Samráðsnefnd íslenskra jarðvísindastofnana þar sem forstöðumenn íslenskra jarðvísindastofnana eiga sæti. Markmið nefndarinnar er að efla samhæfingu og samstarf stofnananna, og tekur Norræna eldfjallastöðin fullan þátt í þessu starfi. Forstöðumaður Eldfjallastöðvarinnar situr einnig í vísindamannaráði Almannavarna ríkisins sem veitir ráðgjöf um viðbrögð við náttúruhamförum. Náttúrustofa Suðurlands vann náið að nokkrum verkefnum á árinu með Eldfjallastöðinni, m.a. rannsóknum á Heklugosinu, sameiginlegum umsóknum um rannsóknastyrki, og umsjón með sumarskóla.

Stærstu rannsóknarverkefni á innlendum vettvangi tengdust umbrotum í náttúru Íslands. Fylgst var með Heklugosinu 26. febrúar til 8. mars og m.a. voru eituráhrif öskufalls könnuð. Mælingar á jarðskorpuhreyfingum við Eyjafjallajökul sýndu að litlu munaði að eldgos yrði þar í ársbyrjun, er bergkvika skaust inn á lítið dýpi undir suðurhlíðum fjallsins. Í Suðurlandsskjálftunum í júní sl. tók stofnunin m.a. þátt í samstilltu átaki íslenskra stofnana til að meta hreyfingar jarðskorpunnar samfara jarðskjálftunum.

9. Norrænir sjóðir og peningastofnanir

9.1 Norræni menningarsjóðurinn.

Norræni menningarsjóðurinn var stofnaður árið 1966 og hlutverk hans er að efla menningarsamstarf norrænu landanna. Sjóðurinn styrkir verkefni af ýmsum toga á sviði rannsókna, menntunar og menningar í víðri merkingu. Fjárveiting til sjóðsins á árinu var alls 25,4 millj. d.kr. sem er hækkun frá fyrra ári. Stjórnarfundir á árinu voru þrír en þar að auki var haldinn samráðsfundur sjóðstjórnar með menntamálaráðherrum Norðurlanda og Norðurlandanefnd Norðurlandaráðs. Sá fundur var haldinn í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Reykjavík.

Umsóknarfrestur til sjóðsins er tvisvar á ári. Á árinu bárust sjóðnum alls 898 umsóknir en þar af voru 175 óstyrkhæfar af ýmsum ástæðum. Veittir voru styrkir til 211 verkefna. Styrkhæfar umsóknir voru að upphæð u.þ.b. 159,3 millj. d.kr. en til úthlutunar voru 26,6 millj. d.kr.

Á árinu bárust 25 styrkhæfar umsóknir frá Íslandi sem er svipað og fyrri ár. Styrkveitingar til íslenskra verkefna voru 11, að upphæð alls 1,5 millj. d.kr. Hér eru ekki talin með norræn verkefni sem styrkt eru af menningarsjóðnum og fela í sér samstarf við eða heimsókn til Íslands.

Á árinu var ákveðið að sjóðurinn tæki upp samstarf við annars vegar norrænu svæðisupplýsingaskrifstofurnar sem eru átta talsins og hins vegar tvíhliða norræna sjóði, sem eru alls

12 talsins. Ein upplýsingaskrifstofanna er staðsett á Akureyri og Ísland á aðild að fjórum tvíhliða sjóðum, þ.e. sjóðnum fyrir danskt-íslenskt samstarf, dansk-íslenska sjóðnum, menningarsjóði Íslands og Finnlands og sænsk-íslenska samstarfssjóðnum.

Frekari upplýsingar er að finna á vefsíðu www.nordiskkulturfond hjá Norræna menningarsjóðnum.

9.2 Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO).

Árið 2000 var tíunda starfsár Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins. Stofnfé félagsins er 80 millj. ekna.

Megintilgangur félagsins samkvæmt stofnsamningi Norðurlandanna er að stuðla að umhverfisbótum svo sem bættum mengunarvörnum í löndum Mið- og Austur-Evrópu. NEFCO tekur þátt í verkefnum með því að leggja fram fjármagn í formi hlutafjár eða lána til fyrirtækja. Þátttaka NEFCO er ákveðin á grundvelli mats á umhverfisáhrifum verkefna og efnahagslegra forsenda þeirra. Almenn skilyrði fyrir þátttöku NEFCO í umhverfisverkefnum er að fyrirtæki eða einstaklingar í því landi þar sem verkefnið er unnið og frá einu norrænu landanna eigi aðild að verkefninu og leggi til þess fjármagn. Hlutdeild NEFCO nemur að jafnaði ekki meiru en 25% af heildarhlutafé eða stofnkostnaði.

Í árslok hafði stjórn NEFCO samþykkt þátttöku í alls 56 verkefnum með fjármögnun í formi hlutafjár og lána að upphæð 70,4 millj. ekna en áætluð heildarfjárfesting í þessum verkefnum er um 804 millj. ekna.

Verkefnin skiptast þannig eftir löndum: Pólland 14, Tékkland 2, Slóvakía 2, Eistland 12, Lettland 18, Litháen 2 og Rússland 6. Aðild norrænna fyrirtækja skiptist þannig eftir löndum: Ísland 2, Danmörk 15, Finnland 12, Noregur 12 og Svíþjóð 15.

Verkefnin með íslenskri aðild eru bæði á sviði jarðhitanýtingar í Slóvakíu. Annars vegar er um að ræða ráðgjafarfyrirtæki á því sviði, Slovgeoterm, þar sem íslenska fyrirtækið Virkir-Orkint er eignaraðili, hins vegar orkuveitu á sviði jarðhita, Galantaterm, þar sem Hitaveita Reykjavíkur (nú Orkuveita Reykjavíkur) er meðeigandi auk Slovgeoterm.

Í febrúar sl. ákváðu umhverfisráðherrar Norðurlanda að fram færi úttekt á starfsemi NEFCO sem hafa skyldi til hliðsjónar við framtíðarstefnumótun fyrir félagið. Til verksins valdist danska ráðgjafarfyrirtækið Kvistgaard Consult sem skilaði skýrslu í október sl. Í skýrslunni sem gefur mjög jákvæða mynd af starfsemi og árangri NEFCO hingað til, eru tillögur um framtíðarstefnu og áherslur sem umhverfisráðherrar Norðurlanda munu væntanlega taka afstöðu til á árinu 2001. Þar er m.a. gerð tillaga um að auka stofnfé félagsins.

Norræni umhverfisþróunarsjóðurinn (NMF).

Árið 1996 var ákveðið að stofna styrktarsjóð við NEFCO og starfrækja hann næstu þrjú ár. Árið 1998 var ákveðið að halda starfsemi sjóðsins áfram næstu fimm árin með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hafði af starfsemi sjóðsins. Árið 2000 námu framlög til sjóðsins 35 millj. d.kr., 25 millj. d.kr. frá norrænu löndunum og 10 millj. d.kr. af norrænum fjárlögum. Tilgangur sjóðsins er að styrkja verkefni til umhverfisbóta á sama landsvæði og hefðbundin starfsemi NEFCO, en fyrst og fremst verkefni sem ekki hafa sömu fjárhagslegar forsendur og NEFCO gerir kröfu til. Þátttaka sjóðsins í verkefnum er annars vegar í formi styrkja en hins vegar í formi lána á hagstæðum kjörum.

Stjórn NEFCO, sem er einnig stjórn Norræna umhverfisþróunarsjóðsins, hafði í árslok samþykkt þátttöku í 24 verkefnum, sem skiptast þannig eftir löndum: Eistland 2, Lettland 6, Litháen 1, Pólland 1 og Rússland 14.

9.3 Norræni fjárfestingarbankinn (NIB).

Starfsemi og afkoma.

Meginhugmyndin með stofnun Norræna fjárfestingarbankans fyrir aldarfjórðungi var sú að Norðurlöndin gætu örvað fjárfestingu sem njóta skyldi forgangs og eflt norræna samvinnu og hagvöxt með því að reka sameiginlega fjármálastofnun í eigu landanna fimm sem nyti hagstæðustu lánskjara á alþjóðalánamarkaði. Þessi hugsun er enn grundvöllur starfsemi bankans.

Afkoma Norræna fjárfestingarbankans hefur verið góð á undanförnum árum og sömu sögu er að segja af rekstri bankans fyrstu átta mánuði ársins 2000. Hreinar vaxtatekjur fyrstu átta mánuði ársins námu EUR 103 millj., en á sama tímabili 1999 námu þær EUR 92 millj. Niðurstöðutölur efnahagsreiknings bankans voru EUR 14,5 milljarðar í lok tímabilsins samanborið við EUR 13,3 milljarða við síðustu áramót sem er 9% aukning.

Lán til iðnaðar eru áfram fyrirferðarmest í lánasafni bankans á Norðurlöndum. Aukning hefur orðið í lánum til fjármálastofnana í öllum fimm löndunum til endurlána til smárra og meðalstórra fyrirtækja.

Útistandandi skuldabréf NIB námu EUR 12,3 milljörðum í lok ágúst sl., samanborið við EUR 10,2 milljarða á sama tíma 1999. Bresk pund, japönsk jen og Hong Kong dollarar eru þær myntir sem bankinn hefur helst tekið að láni á árinu.

Útlána- og eignasafn bankans er í jafnháum gæðaflokki sem fyrr. Engin útlánatöp urðu á þessu átta mánaða tímabili. Góð afkoma á fyrstu átta mánuðum ársins gefur til kynna að vænta megi góðrar framvindu í rekstri bankans fyrir árið í heild.

Lykiltölur (í millj. evra):

	1-8/2000	**1-8/1999**	**1-12/1999**
Hreinar vaxtatekjur	103	92	140
Hagnaður	85	69	106
Útborguð lán	689	924	1.322
Nýir lánssamningar	620	851	1.438
Tekin lán	1.288	1.626	2.478
Hagnaður/eigið fé (%)	10,1	8,9	9,0
	31/8 2000	**31/8 1999**	**31/12 1999**
Útistandandi lán	9.449	8.439	8.854
Niðurstaða efnahagsreiknings	14.541	12.335	13.337
Fjöldi starfsmanna	129	128	131

NIB á Norðurlöndum.

Útistandandi lán til íslenskra lántakenda námu ríflega ISK 40 milljörðum í lok ágúst sl. Þetta samsvarar nærri 8% af heildarlánveitingum bankans til lántaka á Norðurlöndum. Þessu til viðbótar koma umsamin en óútborguð lán til Íslands að jafnvirði ISK 3 milljarða.

Útborguð lán til Íslands námu um ISK 5,7 milljörðum sem er svipað og á árinu 1999. Samþykkt ný en óútborguð lán á árinu námu 600 milljónum króna. Útborguð eða samþykkt voru ný lán til 14 verkefna á árinu.

NIB leggur áherslu á aukið samstarf við íslenska banka með rammalánum og samstarfi í útlánum og umhverfismálum. Á árinu hefur bankinn tekið þátt í tveimur fjölbankalánum undir forustu Íslandsbanka-FBA annars vegar og Landsbanka hins vegar. Þátttaka NIB í fjöl-

bankalánum með íslenskum bönkum er mikilvægur liður í samstarfi við íslenskar fjármálastofnanir.

Rúmlega helmingur útistandandi lána NIB til Íslands eru til margvíslegra innviðaframkvæmda á sviði raforkudreifingar og -framleiðslu, fjarskipta og samgangna. Á árinu lánaði bankinn til tveggja fjarskiptafyrirtækja. Landssíminn fékk lán frá NIB vegna uppbyggingar GSM-kerfis fyrirtækisins og Lína.Net vegna fjárfestinga í ljósleiðaraneti á höfuðborgarsvæðinu.

Lán til byggðamála nema um 9% af útlánum bankans til Íslands og á árinu voru veitt lán til bæði Byggðastofnunar og Ferðamálasjóðs.

Útlán bankans til umhverfisfjárfestinga á síðustu árum bæði í iðnaði og innviðum hafa vaxið hröðum skrefum á síðustu árum. Lán til ýmissa verkefna á sviðum umhverfismála, svo sem sorphirðu og frárennslins, nema rúmlega 5% af útlánum til Íslands. Á árinu var veitt lán til Reykjanesbæjar vegna fjárfestinga í frárennslismálum. Þá var veitt lán til Lánasjóðs sveitarfélaga vegna ýmissa verkefna á vegum minni sveitarfélaga.

Alþjóðalán NIB.

Spurn eftir alþjóðlegum lánum fjölþjóðlegra lánastofnana hefur í heild farið minnkandi, þótt áhugi fyrir lánum á fjarskiptasviðinu hafi farið vaxandi. Á fyrstu átta mánuðum ársins var gengið frá nýjum alþjóðalánum og -ábyrgðum frá NIB að fjárhæð EUR 160 millj. Útistandandi lán NIB utan Norðurlanda námu EUR 1.968 millj. í lok ágúst sl.

Fyrirspurnir íslenskra aðila um lán frá alþjóðadeild NIB hafa verið fáar. Í framhaldi af því hefur NIB haldið kynningarfundi á Íslandi og hitt fulltrúa 20 útrásarfyrirtækja í því skyni að kynna þá möguleika sem íslensk fyrirtæki hafa til að fjármagna verkefni erlendis.

Umhverfislán.

NIB leggur sérstaka áherslu á lán til grannríkja Norðurlanda í austri. Fjármögnun umhverfisverkefna á Eystrasalts- og Barentshafssvæðunum nýtur forgangs í starfsemi bankans. Að beiðni borgaryfirvalda í St. Pétursborg hefur NIB til dæmis fengið það hlutverk að vera í forustu fyrir samvinnu um og fjármögnun nýs frárennsliskerfis borgarinnar. Þetta verkefni er mjög þýðingarmikið fyrir hreinsun Eystrasalts. Frárennsli St. Pétursborgar er um þessar mundir einn helsti mengunarvaldur við Eystrasalt.

NIB hefur í samstarfi við aðrar alþjóðlegar fjármálastofnanir og umhverfisyfirvöld á Norðurlöndum haldið áfram undirbúningi fyrir lánveitingar vegna umhverfisverkefna í Norðvestur-Rússlandi. Á þessum slóðum eru umhverfismál í ólestri og mikil þörf á að draga úr mengun í lofti og legi. Samþykkt hefur verið lán vegna endurnýjunar á nikkelbræðslum í Pechenga á Kólaskaga. Markmiðið með þátttöku Norðurlanda í endurbótum á þessu fyrirtæki er að draga úr stórhættulegri efnamengun á svæðinu, sem hefur áhrif í norðurhéruðum Noregs, Svíþjóðar og Finnlands. Til dæmis má nefna að brennisteinsmengun frá nikkelbræðslunum í Pechenga er meiri en sem svarar allri brennisteinsmengun frá efnahagsstarfsemi þessara þriggja landa samanlagt.

NIB hefur á undanförnum árum aukið sérþekkingu sína á umhverfismati. Öll verkefni sem bankinn tekur til skoðunar eru metin með hliðsjón af áhrifum þeirra á umhverfið. Vaxandi skilningur er á því í fjármálastofnunum á Norðurlöndum að umhverfismat styrki bæði útlánastarfsemi og dragi úr hættu á útlánatöpum. NIB hefur kynnt norrænum bönkum aðferðir sínar í umhverfismati og boðið þeim að nýta þær vinnuaðferðir sem bankinn hefur komið upp í þessu skyni. Haldnir hafa verið kynningarfundir með íslenskum lánastofnunum um aðferðir bankans við umhverfismat og voru viðtökur góðar.

Lánaflokkur til fyrirtækja kvenna í Eystrasaltsríkjunum.

Á ráðstefnunni „Konur og lýðræði", sem haldin var í Reykjavík í október 1999, ræddu fulltrúar frá Norðurlöndum, Eystrasaltsríkjunum, Bandaríkjunum og Rússlandi hugmyndir og áætlanir sem gætu stuðlað að aukinni þátttöku kvenna í atvinnulífi og stjórnmálum. Af þessu tilefni ákvað Norræni fjárfestingarbankinn að setja á laggirnar nýjan lánaflokk að upphæð EUR 1 milljón sem varið verði til fjármögnunar slíkra verkefna. Fyrirgreiðsla bankans var bundin því skilyrði að Bandaríkjastjórn beitti sér fyrir sams konar verkefni í Rússlandi. Mikill áhugi hefur verið á þessum nýja lánaflokki NIB og allar horfur á að hann beri góðan ávöxt.

9.4 Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef).

Samstarf um útflutningsverkefni.

Markmið Norræna verkefnaútflutningssjóðsins, (Nopef) er að efla alþjóðlega samkeppnishæfni norrænna fyrirtækja og stuðla að þátttöku þeirra í verkefnum á alþjóðavettvangi. Þetta gerir sjóðurinn með því að styðja for- og arðsemisathuganir á verkefnum sem talið er að geti leitt til nýrra viðskiptatækifæra á erlendum mörkuðum. Í þessu skyni getur sjóðurinn veitt vaxtalaus áhættulán.

Nopef styður við forathuganir vegna útflutningsverkefna eftir tveimur meginleiðum. Annars vegar er um að ræða almennan stuðning við slík verkefni utan aðildarríkja ESB og EFTA. Hins vegar styður sjóðurinn samstarfsverkefni norrænna og baltneskra fyrirtækja sem stuðla að alþjóðavæðingu í Eystrasaltsríkjunum: Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Svipuð tilhögun gildir gagnvart grannsvæðum í Norðvestur-Rússlandi.

Í tengslum við ákvörðun um framtíð Nopef skipaði Norræna samstarfsnefndin (NSK) vinnuhóp með það hlutverk að koma með tillögur um starfstilhögun og fjármögnun Nopef fyrir árin 2001–2004. Síðastliðið haust samþykktu norrænu samstarfsráðherrarnir tillögur vinnuhópsins um starfsemi og fjármögnun Nopef fyrir umrætt tímabil.

Þá ákvað stjórn sjóðsins að breyta skilyrðum fyrir stuðningi við minni og meðalstór fyrirtæki við alþjóðavæðingu þeirra þannig að frá 1. janúar 2001 gilda almennt hin hagstæðu kjör, sem fram til þessa hefur eingöngu verið hægt að fá vegna verkefna í Eystrasaltsríkjunum.

Í upphafi ársins var fyrirkomulagi á stjórn Nopef breytt þannig að nú eru stjórnarmenn eingöngu fimm, einn frá hverju norrænu landanna, en voru áður 10.

Almenn verkefni.

Nopef veitir fyrirtækjum áhættulán til for- og arðsemisathugana á verkefnum sem til þess eru fallin að efla útflutning frá Norðurlöndum og stuðla að alþjóðavæðingu norrænna fyrirtækja. Lánin geta svarað til allt að 50% af kostnaði við gerð slíkra athugana og getur sjóðurinn breytt þeim í styrk reynist ekki grundvöllur fyrir verkefninu en annars ber að endurgreiða þau. Lánin eru vaxtalaus.

Helstu forsendur fyrir stuðningi Nopefs eru:

- verkefnið verður að vera vel skilgreint og byggt á viðskiptalegum grunni;
- verkefnið verður að tengjast löndum utan ESB og EFTA;
- norrænir hagsmunir þurfa að liggja að baki verkefninu;
- raunhæf fjárhagsáætlun vegna verkefnisins þarf að liggja fyrir.

Verkefnin geta verið af margvíslegu tagi og er lögð meginhersla á að viðunandi líkur séu á að þeim verði hrint í framkvæmd.

Lán vegna Eystrasaltsríkjanna (BIP).

Í tengslum við fjárfestingaráætlunina fyrir Eystrasaltsríkin (BIP) hafa norrænu löndin falið Nopef að styðja norræn fyrirtæki til að stofna lítil og meðalstór fyrirtæki í þessum löndum. Stuðningurinn samkvæmt þessari áætlun er í formi vaxtalauss láns eins og þegar um almennan stuðning er að ræða. Lánin geta hins vegar numið allt að 40% af áætluðum kostnaði við athuganirnar og ef verkefnið leiðir til árangurs er hægt að sækja um 20% viðbótarlán. Ef verkefni er ekki hrint í framkvæmd getur lántaki sótt um niðurfellingu lánsins. Verkefnin eru jafnframt skilgreind víðar en almennu verkefnin, m.a. ná þau til undirbúnings viðskiptaáætlana og samstarfssamninga, tillögugerðar um endurskipulagningu fyrirtækja o.fl. Hámarksstuðningur við hvert verkefni er 600 þús. finnsk mörk.

Reiknað er með að lánarammi vegna BIP verði að fullu nýttur á árinu 2001 og að verkefninu verði lokið árið 2004.

Verkefni.

Nopef fékk 204 (239 árið áður) umsóknir á árinu, en ákvað að styðja 112 verkefni (116). Fjöldi studdra verkefna er svipaður og á árunum 1997–1999. Íslensk fyrirtæki voru ekki í hópi þeirra fyrirtækja sem fengu stuðning á árinu. Sama var uppi á teningnum árið 1999 varðandi íslensk fyrirtæki. Þetta er mikil breyting frá næstu árum á undan, þegar íslensk fyrirtæki sóttu til sjóðsins í meira mæli en nú er. Svo virðist sem dregið hafi úr áhuga íslenskra fyrirtækja á þjónustu Nopef, þrátt fyrir að sjóðurinn hafi verið með sérstakan kynningarfund á Íslandi og heimsótt íslensk fyrirtæki til að kynna starfsemi sína.

Skipting verkefna sjóðsins hefur verið sem hér segir:

Árið	**2000**	**1996–2000**
Danmörk	26%	35%
Finnland	26%	20%
Ísland	—	2%
Noregur	22%	17%
Svíþjóð	26%	26%

Árið	**2000**	**1996–2000**
Asía	15%	13%
Suður- og Mið-Ameríka	3%	5%
Rússland	18%	12%
Austur-Evrópa	16%	15%
Eystrasaltsríkin	48%	55%

Hlutur Íslands í studdum verkefnum er eðlilegur miðað við framlag Íslands síðustu fimm ár, en eins og fram hefur komið virðist hafa dregið úr áhuga íslenskra fyrirtækja á undanförnum tveimur árum. Nauðsynlegt er fyrir sjóðinn að efla kynningarstarfsemi sína gagnvart íslenskum fyrirtækjum og velja þá sérstaklega þau fyrirtæki sem eru að hugsa um að efla starfsemi sína erlendis á þeim svæðum sem starfsemi Nopef nær til.

Þegar á heildina er litið er þó enginn vafi á að starfsemi Nopef hefur verið að styrkjast undanfarin ár, sérstaklega hefur áherslan á grannsvæðin verið að skila sér og leitt til aukinnar efnahagslegrar samvinnu milli Norðurlanda annars vegar og Eystrasaltsríkjanna hins vegar.

Nopef, sem sett var á stofn árið 1982, er systurstofnun Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Norræna þróunarsjóðsins (NDF) og Norræna umhverfisfjármögnunarfélagins (NEFCO). Þessar stofnanir eru allar staðsettar í Helsingfors.

9.5 Norræni iðnaðarsjóðurinn (NI).

Norræni iðnaðarsjóðurinn (Nordisk Industrifond — senter for innovation og næringsutvikling) er stofnun á vegum ráðherranefndarinnar um iðnaðar- og atvinnumál. Samþykktar voru nýjar áherslur í starfsemi sjóðsins á árinu 1999 og var nú í fyrsta sinn unnið eftir þeim. Gerðar voru þær meginbreytingar að á næstu þremur árum mun sjóðurinn jafnt og þétt hverfa frá hefðbundinni verkefnafjármögnun en í stað þess leggja meiri áherslu á að styðja við netsamstarf á milli vísinda- og tæknisamfélaga þjóðanna, lítilla og meðalstórra atvinnufyrirtækja og rannsóknarstofnana. Sjóðurinn mun gangast fyrir og kosta verkefni sem eru til þess fallin að efla mannauð þjóðanna og sem stuðla að uppbyggingu nýrra fyrirtækja sem tengjast þekkingariðnaði.

Sérstök áhersla verður lögð á miðlun þekkingar og að niðurstöður allra verkefna sem sjóðurinn kemur að verði dreift til skilgreinds markhóps. Að auki verða niðurstöður aðgengilegar í opnum gagnagrunnum sem í auknum mæli er að finna á vefsíðu www.nordicinnovation.net hjá Norræna iðnaðarsjóðnum. Á sama tíma hefur Norræni iðnaðarsjóðurinn fengið aukið vægi sem framkvæmdaaðili fyrir ráðherranefndina einkum með því að reka verkefni sem nefndin kýs að ráðast í, en einnig með því að veita faglegar umsagnir um atvinnupólitísk málefni sem ráðherranefndin lætur sig varða. Veigamest þessara verkefna er *Nordika*-verkefnið, sem er samstarfsverkefni sjóðsins, norrænu ráðherranefndarinnar og OECD. Nordika-verkefnið fjallar um gerð matsreglna til þess að unnt sé að bókfæra þekkingarverðmæti (*vidensregnskaper*) eða óáþreifanlegar eignir fyrirtækja. Norræni iðnaðarsjóðurinn heldur utan um starfshóp ráðherranefndarinnar um rafræn viðskipti (*næringssektorens ad hoc arbejdsgruppe for elektronisk handel og næringsrettede IT-spørgsmål*) og starfshóp um ferðamál (*næringssektorens arbejdsgruppe for turisme*), svo nokkur dæmi séu tekin. Í fljótu bragði virðist sjóðurinn geta sinnt fleiri norrænum verkefnum á sviði vísinda og tækni sem skortir fjárhagslega eða faglega burði til að standa á eigin fótum.

Norræni iðnaðarsjóðurinn hefur alla tíð haft mikla þýðingu fyrir íslenskt atvinnulíf. Áherslurnar hafa verið að breytast frá því að sjóðurinn veiti fjárhagslegan stuðning við tiltekin rannsóknar- og þróunarverkefni yfir í stuðning við stærri samstarfsverkefni sem nýtast fleirum.

9.6 Norræni þróunarsjóðurinn (NDF).

Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) tók formlega til starfa 1989. NDF hefur aðsetur við hlið Norræna fjárfestingarbankans (NIB) í Helsinki og nýtur samrekstrar með honum og öðrum norrænum stofnunum í Helsinki að mörgu leyti.

Markmið NDF er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í fátækustu þróunarríkjum heims í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Helstu samstarfsaðilar NDF í lánastarfseminni eru Alþjóðabankinn í Washington, þróunarbankarnir í Ameríku (IDB), Asíu (AsDB), og Afríku (AfDB), auk tvíhliða þróunarstofnana á Norðurlöndum, þar á meðal er Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ). Lánakjör NDF eru með þeim bestu sem þekkjast. Lán eru til 40 ára, afborganalaus fyrstu tíu árin, vaxtalaus, en bera 0,75% þjónustugjald á ári fyrir þann hluta láns sem er útgreiddur og 0,5% staðfestingargjald fyrir þann hluta láns sem ekki hefur verið greiddur. Í litlum mæli hafa einnig verið veitt áhættulán til einkafyrirtækja.

Á árinu bar hæst að norræna ráðherranefndin samþykkti að auka stofnfé sjóðsins úr 515 millj. SDR (57 milljarðar ísl.kr.) um 330 milljónir Evra (26 milljarðar ísl.kr.), sem greiðist af Norðurlöndum samkvæmt viðtekinni kostnaðarskiptareglu. Samkvæmt núgildandi deililykli verður hlutur Íslands af aukningu stofnfjárins 1%, eða 3,3 milljónir Evra (um 264 millj. kr.). Gert er ráð fyrir að innborganir dreifist á fimm ár (árin 2003–2007) og verður árlegt framlag Íslands að meðaltali um 53 millj. kr. sem er svipuð árleg upphæð og undanfarin ár, ef leiðrétt er fyrir gengissig íslensku krónunnar. Norræna ráðherranefndin samþykkti jafnframt að NDF taki Evruna upp sem mynteiningu frá 1. janúar 2001. Þar er fylgt fordæmi NIB og Nefco. Enn fremur samþykkti norræna ráðherranefndin breytingar á samþykktum NDF sem gera sjóðnum fært að létta lánabyrðir skuldsettustu lántökulanda sinna í samræmi við ramma og reglur sem alþjóðlegar lánastofnanir setja til aðstoðar fátækustu ríkjum heims.

NDF undirritaði á árinu 14 lán að upphæð 54,5 millj. SDR (um 6 milljarðar kr.). Frá stofnun hefur sjóðurinn veitt lán að upphæð um 477 millj. SDR (um 52 milljarðar kr.) til 141 verkefnis í um 30 löndum. Lánin (1989–2000) hafa dreifst á heimsálfur sem hér segir: Afríka 49%, Asía 34% og Rómanska Ameríka 17%. Eftirtalin lönd hafa fengið mest lánsfé frá NDF: Senegal, Bólivía, Ghana, Laos, Níkaragúa og Úganda.

Frá stofnun sjóðsins hafa sjö lán verið undirrituð þar sem íslensk fyrirtæki eiga beinna hagsmuna að gæta. Verkefnin eru í Malawí, Namibíu, Mósambík, Grænhöfðaeyjum, Úganda og Kína. Flest lánin hafa verið veitt í samvinnu við Alþjóðabankann og Þróunarsamvinnustofnun Íslands, en einnig í samvinnu við NIB, DANIDA (dönsku þróunarstofnunina), Þróunarbanka Austur-Afríku og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Lánin hafa öll verið til fiskveiðiverkefna nema eitt til hitaveituverkefnis í Kína. Heildarlán til verkefna með beinum íslenskum hagsmunum eru u.þ.b. 17 millj. SDR (tæpir 1,9 milljarðar kr.). Íslensk fyrirtæki hafa unnið samninga sem nema um 1,3% af heildarfjárhæð samninga við norræn fyrirtæki sem sjóðurinn hefur fjármagnað frá stofnun. Hlutdeild Íslands í fjármögnun sjóðsins er nokkru lægri (1,1% fram til þessa).

Í undirbúningi eru fiskveiðiverkefni í Malawí, Mósambík og Namibíu, vatnamælingaverkefni í Mósambík og umhverfisverndarverkefni í Zambíu sem ekki er ólíklegt að íslensk fyrirtæki bjóði í, en öll verkefni sem NDF lánar til eru boðin út alþjóðlega og/eða á Norðurlöndum.

Í stjórn Norræna þróunarsjóðsins sitja fulltrúar norrænu landanna fimm. Starfsmenn sjóðsins eru 14, þar á meðal einn Íslendingur til miðs árs 2000.

9.7 Lánasjóður Vestur-Norðurlanda.

Útlán.

Útborguð lán á þessu ári voru tvö og fóru þau bæði til Færeyja. Samþykkt lán þessa árs eru fimm og skiptast þau þannig að þrjú lán fara til Grænlands og tvö lán fara til Færeyja. Þessi lán eru að fjárhæð 17,7 millj. d.kr. og verða væntanlega öll greidd út eftir áramót. Breyttar útlánareglur sjóðsins orsaka að engin lán fara til Íslands í ár, þar sem ekki hefur verið um nein samstarfsverkefni að ræða.

Rekstur.

Þann 1. maí sl. tók til starfa nýr forstjóri, Sverri Hansen, hagfræðingur, frá Færeyjum.

Stjórn.

Stjórn Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda skipa sjö menn, einn frá hverju aðildarlandi og hefur hver þeirra einn varamann. Stjórnarmaður og varamaður hvers aðildarlands eru skipaðir af ríkisstjórn þess.

II. MEGINÞÆTTIR NORRÆNU FJÁRLAGANNA 2001

Fjárlög ársins 2001 fela í sér fyrirheit um aukningu starfseminnar sem nemur um 10 millj. d.kr. á verðlagi ársins 2000 og hækka þar með í 774,4 millj. d.kr. Norrænt samstarf á að einkennast af sveigjanleika og innri krafti þannig að samstarfinu sé beint að sviðum sem hafa pólitískt vægi og sem mest norrænt notagildi. Það sýnir styrk norrænu fjárlaganna að þrátt fyrir óbreytt fjárlög hafi á undanförnum áratug tekist að veita nýjum starfssviðum forgang. Þó er mikil eftirspurn eftir framlögum af norrænu fjárlögunum.

Umfang norræna samstarfsins eykst jafnt og þétt bæði hvað varðar þá starfsemi sem samkvæmt hefð er fjármögnuð af norrænu fjárlögunum og þá starfsemi sem er fjármögnuð beint af löndunum. Á seinni árum hefur verið þrýst á um að veita nýjum samstarfssviðum forgang á fjárlögunum. Oft gerist þetta þannig að fé er veitt til að hefja nýja starfsemi en síðan reynist nauðsynlegt að finna fjármögnun til lengri tíma. Með því að hækka fjárlagarammann og breyta jafnframt áherslum allmikið verður þó unnt að verða við hluta af óskunum.

Sú forgangsröðun sem einkennir frumvarp til fjárlaga þessa árs er í samræmi við tilmæli Norðurlandaráðs og þau forgangsverkefni sem öðru fremur felast í formennskuáætlununum.

Samstarfsráðherrarnir fólu framkvæmdastjóranum á liðnu ári að grandskoða norrænu fjárlögin í þeim tilgangi að athuga að hve miklu leyti fjárlögin eru hentugt stjórntæki og verkfæri í fjárlagaferlinu. Niðurstöðum þessarar skoðunar var skilað til samstarfsráðherranna 15. maí árið 2000 og þar er að finna tillögur sem m.a. varða sjálft fjárlagaferlið, fjármögnun stofnana, hertar kröfur varðandi hvaða verkefni skuli ráðist í og ramma þeirrar starfsemi sem nýtur forgangs af pólitískum ástæðum. Ferlinu var ekki lokið í tæka tíð og hafa tillögurnar því ekki nema að litlu leyti áhrif á fjárlögin fyrir árið 2001 heldur sér þeirra fyrst stað 2002.

Menningarmálaráðherrarnir hafa lýst eftir aðferð við fjárlagagerð þar sem þeir geta haft raunveruleg áhrif á fjárlagavinnuna, en sérstakur samningur tryggir þeim, eins og ráðherranefndinni um menntun og rannsóknir, áhrif á skiptingu fjárveitinganna innan þeirra starfssviða. Samkvæmt fjárlögum 2001 verður, sem fyrsta þrepið í fyrirhuguðum umbótum, nýr fjárlagaliður stofnaður fyrir stefnumótandi frumkvæði. Honum verður ráðstafað af menningarmálaráðherrunum en til hliðsjónar ber þeim að hafa forgangsröðun Norðurlandaráðs, formennskulandsins, landanna hvers fyrir sig og menningarstofnana á vegum ráðherranefndarinnar um menningarmál. Fjármuna til fjárlagaliðsins er aflað með því að sameina nokkra liði innan núverandi ramma, og með því að safna fimm hundraðshlutum af fjárveitingum tiltekinna fagstofnana. Þessi tillaga hefur verið sett inn í fjárlögin.

Í ár er einnig kynntur skipulagsrammi til nokkurra ára í því skyni að auka gagnsæi og skilning á því hvaða svigrúm verður í fjárlögunum fyrir nýja starfsemi og hvaða kröfur verða gerðar á næstu árum um forgangsröðun. Ramminn endurspeglar þegar teknar ákvarðanir og óbreytt framhald varðandi aðra starfsemi.

Í fjárlögunum er einnig sérstök kynning á starfsemi ráðherranefndarinnar að viðfangsefnunum „frjáls félagasamtök“ og „börn og ungmenni“. Ástæða þess er að þessum sviðum, sem í eðli sínu eru þverfagleg, hefur verið veittur pólitískur forgangur. Auk þessa er birt yfirlit yfir núverandi og fyrirhugað samstarf samkvæmt rannsóknaáætlunum vegna þess að starfsemin samkvæmt þeim takmarkar möguleikana á því að ráðstafa fjárlögunum næstu ár.

Tafla með öllum fjárlagaliðum

2000 - VERÐ Í ÞÚS. D.KR		FJÁRLÖG 2001	FJÁRLÖG 2000	MISMUNUR +/-	%
Menningar- og menntamál, rannsóknir; Samstarf um upplýsingatækni		**342.465**	**336.488**	**5.977**	**1,8%**
	Menningarsamstarfið	**146.980**	**144.358**	**2.622**	**1,8%**
	Almennt framlag til menningarmála	**33.328**	**28.660**	**4.668**	**16,3%**
1-2203-2	Framlag til sérstakra menningarmála	7.319	0	7.319	
	þar af til baráttu gegn kynþáttahatri og útlendingaandúð	*1.600*			
1-2204-2	Ráðstöfunarfé - Menning	-	3.211	-3.211	-
1-2205-1	Norræni menningarsjóðurinn	26.009	25.449	560	2,2%
	Börn og ungmenni	**12.686**	**13.961**	**-1.275**	**-9,1%**
	Verkefnafé og almennt styrkjafyrirkomulag	*12.686*	*13.961*	*-1.275*	*-9,1%*
1-2210-2	Norrænt íþróttasamstarf	1.378	1.148	230	20,0%
1-2212-2	Norræna æskulýðsnefndin	5.533	5.728	-195	-3,4%
1-2214-2	Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglingamenningu	5.775	6.042	-267	-4,4%
1-2216-2	Börn og ungmenni við árþúsundamót	0	1.043	-1.043	-
	Kvikmyndir og fjölmiðlar	**31.978**	**31.662**	**316**	**1,0%**
	Verkefnafé og almennt styrkjafyrirkomulag	*27.267*	*27.043*	*224*	*0,8%*
1-2220-2	Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlasamstarf	3.241	3.322	-81	-2,4%
1-2222-1	Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn	19.905	19.477	428	2,2%
1-2224-2	Annað framlag til kvikmynda- og fjölmiðlasamstarfs á Norðurlöndum	4.121	4.244	-123	-2,9%
1-2226-2	Uppbygging framleiðslufyrirtækis		-	-	-
	Stofnanir	*4.711*	*4.619*	*92*	*2,0%*
1-2228-3	NORDICOM	1.548	1.518	30	2,0%
1-2229-3	Norræna blaðamannamiðstöðin (NJC)	3.163	3.101	62	2,0%
	Listsviðið	**38.275**	**38.496**	**-221**	**-0,6%**
	Verkefnafé og almennt styrkjafyrirkomulag	*21.919*	*21.918*	*1*	*0,0%*
1-2230-2	Norræna bókmennta- og bókasafnsnefndin (NORDBOK)	7.062	6.888	174	2,5%
1-2233-2	Norræna lista- og listiðnaðarnefndin (NKKK)	-	-	-	
1-2234-2	Samískt samstarf	3.901	3.817	84	2,2%
1-2238-1	Sleipnir	2.558	2.609	-51	-2,0%
1-2239-2	Norræn menningararfleifð	1.536	1.566	-30	-1,9%
1-2242-2	Menning og upplýsingatækni	-	-	-	
1-2244-1	Sérstök starfsemi á sviði lista	0	795	-795	-100,0%
1-2246-2	Norræna listamannaheimilið í Róm	792	653	139	21,3%
1-2248-2	Lestur á Norðurlöndum	-	-	-	
1-2256-3	Norræna tónlistarnefndin (NOMUS)	6.070	5.590	480	8,6%
	Stofnanir	*16.356*	*16.578*	*-222*	*-1,3%*
1-2255-3	Leiklist og dans á Norðurlöndum	6.690	6.796	-106	-1,6%
1-2257-3	Norræna listamannamiðstöðin (Dalsåsen)	1.472	1.401	71	5,1%
1-2258-3	Norræna stofnunin um samtímalist	8.194	8.381	-187	-2,2%
	Norræn menningarhús (stofnanir)	**23.088**	**22.288**	**800**	**3,6%**
1-2270-3	Norræna húsið Reykjavík	6.602	5.766	836	14,5%
1-2272-3	Norðurlandahúsið í Færeyjum	9.569	9.607	-38	-0,4%
1-2274-3	Norræna stofnunin á Álandseyjum	1.620	1.639	-19	-1,2%

2000 - Verð í þús. d.kr		Fjárlög 2001	Fjárlög 2000	Mismunur +/-	Mismunur %
1-2277-3	Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)	4.231	4.233	-2	0,0%
1-2279-2	Viðhald menningarhúsa	1.066	1.043	23	2,2%
	Annað menningarstarf	**7.625**	**9.291**	**-1.666**	**-17,9%**
	Verkefnafé og almennt styrkjafyrirkomulag	*7.625*	*9.291*	*-1.666*	*-17,9%*
1-2296-2	Norræn menningarverkefni erlendis	6.657	6.514	143	2,2%
1-2298-2	Aðgerðir gegn útlendingaandúð	-	1.596	-1.596	
1-2299-2	Menningardagskrá þinglandanna	-	204	-204	
1-2294-1	Kennsla um Norðurlönd erlendis	968	977	-9	-0,9%
	Menntamál og rannsóknir	**194.954**	**191.110**	**3.844**	**2,0%**
	Almenn mennta- og rannsóknarstarfsemi	**1.981**	**1.938**	**43**	**2,2%**
1-2505-2	Ráðstöfunarfé - Menntamál og rannsóknir	1.981	1.938	43	2,2%
	Menntunarsamstarf	**92.499**	**85.902**	**6.597**	**7,7%**
	Skólasamstarf	**21.885**	**19.013**	**2.872**	**15,1%**
	Verkefnafé og almennt styrkjafyrirkomulag	*21.885*	*19.013*	*2.872*	*15,1%*
1-2510-1	Norrænt skólasamstarf (NSS)	5.428	4.911	517	10,5%
1-2512-1	NORDPLUS-junior	9.382	9.180	202	2,2%
1-2514-1	Nemendaskipti á Vestur-Norðurlöndum	1.708	1.671	37	2,2%
1-2516-1	NORDPLUS-mini (tilraunaverkefni)	5.367	3.251	2.116	65,1%
	Alþýðumenntun og fullorðinsfræðsla	**17.131**	**15.647**	**1.484**	**9,5%**
	Verkefnafé og almennt styrkjafyrirkomulag	*10.524*	*9.498*	*1.026*	*10,8%*
1-2520-2	Stjórnarnefndin um alþýðumenntun og fullorðinsfræðslu (FOVU)	2.912	2.550	362	14,2%
1-2522-1	Styrkjafyrirkomulag vegna norrænnar alþýðumenntunar og fullorðinsfræðslu	7.612	6.948	664	9,6%
	Stofnanir	*6.607*	*6.149*	*458*	*7,4%*
1-2524-3	Norræni lýðháskólinn (NFA)	6.607	6.149	458	7,4%
	Verkefnafé og almennt styrkjafyrirkomulag	*34.104*	*32.370*	*1.734*	*5,4%*
1-2530-2	Stjórnarnefndin um æðri menntun - HÖGUT	1.066	1.043	23	2,2%
1-2532-1	NORDPLUS	31.972	30.284	1.688	5,6%
1-2534-2	Framlag til Norræna sumarháskólans (NSU)	1.066	1.043	23	2,2%
	Tungumálasamstarf	**15.252**	**14.833**	**419**	**2,8%**
	Verkefnafé og almennt styrkjafyrirkomulag	*10.222*	*9.892*	*330*	*3,3%*
1-2540-2	Styrkir til norrænu málnefndanna	1.941	1.899	42	2,2%
1-2542-2	Norræn námskeið í tungumálum og bókmenntum (NORDKURS)	1.995	1.842	153	8,3%
1-2543-1	Tungumálasamstarf á Norðurlöndum (NORDMÁL)	6.286	6.151	135	2,2%
	Stofnanir	*5.030*	*4.941*	*89*	*1,8%*
1-2548-3	Norræna stofnunin í Finnlandi	5.030	4.941	89	1,8%
	Almennar áætlanir — öll stig upplýsingatækni	**4.127**	**4.039**	**88**	**2,2%**
1-2550-2	Stefnumótunarhópur ráðherranefndarinnar (MR-U) í upplýsingatækni	521	510	11	2,2%
1-2552-2	Upplýsingatækni og tölvukennslufræði í kennslu	3.127	3.060	67	2,2%
1-2554-2	Þróunarverkefnið NORDUnet2	479	469	10	2,1%
	Samstarf um rannsóknir og vísindi	**100.474**	**103.270**	**-2.796**	**-2,7%**
	Verkefnafé og almennt styrkjafyrirkomulag	*53.458*	*57.336*	*-3.878*	*-6,8%*
1-3110-2	Norræna vísindastefnuráðið (FPR)	778	761	17	2,2%
1-3115-1	Norræna vísindaakademían (NorFA)	35.965	34.962	1.003	2,9%

2000 - VERÐ Í ÞÚS. D.KR		FJÁRLÖG 2001	FJÁRLÖG 2000	MISMUNUR +/-	%
1-3120-2	Rannsóknaráætlunin Norðurlönd og Evrópa	-	5.936	-5.936	-100,0%
1-3125-2	Norrænt tengslanet um þjóðhætti	1.090	1.067	23	2,2%
1-3130-2	Norræna Norðurskautsrannsóknaráætlunin	6.255	6.120	135	2,2%
1-3131-2	Norræn vísindaáætlun um kyn og ofbeldi (áður kynferðislegt ofbeldi)	3.649	3.570	79	2,2%
1-3132-2	Norræn rannsóknaráætlun um tungutækni	4.875	3.570	1.305	36,6%
1-3135-2	Framkvæmd vísindastefnu	-	522	-522	
1-3140-2	Norræna lífsiðfræðinefndin	846	828	18	2,2%
	Stofnanir	*47.016*	*45.934*	*1.082*	*2,4%*
1-3180-3	Norræna kjarnfræðistofnunin (NORDITA)	18.119	17.464	655	3,8%
1-3181-3	Norræna sjóréttarstofnunin (NIfS)	2.644	2.516	128	5,1%
1-3182-3	Norræna stofnunin um Asíurannsóknir (NIAS)	6.779	7.946	-1.167	-14,7%
1-3183-3	Norræna samstarfsnefndin um vísinda-upplýsingar	5.267	5.174	93	1,8%
1-3184-3	Norræna eldfjallastöðin (NORDVULK)	7.923	6.856	1.067	15,6%
1-3185-3	Norræna samíska stofnunin (NSI)	6.284	5.978	306	5,1%
	Ráðherranefndin um upplýsingatækni	**531**	**1.020**	**-489**	**-47,9%**
1-3410-2	Verkefnafé - samstarf í upplýsingatækni	531	1.020	-489	-47,9%
Umhverfismál, auðlindamál og grannsvæðin		**189.426**	**182.061**	**7.365**	**4,0%**
	Grannsvæðin	**70.220**	**66.708**	**3.512**	**5,3%**
2-0810-3	Upplýsingastarfsemi og samskipti	11.988	11.730	258	2,2%
2-0820-1	Styrkjaáætlunin fyrir Eystrasaltsríkin og Rússland	15.741	15.402	339	2,2%
2-0825-2	Nýjar aðgerðir á grannsvæðunum	1.042	1.020	22	2,2%
	Verkefnafé	*41.449*	*38.556*	*2.893*	*7,5%*
2-0830-2	Lýðræði og málefni þegnanna	14.991	13.668	1.323	9,7%
2-0840-2	Menningarmiðlun	4.497	4.080	417	10,2%
2-0850-2	Markaðsbúskapur	8.528	7.344	1.184	16,1%
2-0860-2	Sjálfbær auðlindabúskapur	10.739	10.828	-89	-0,8%
2-0870-2	Norðurskautssamstarf	2.694	2.636	58	2,2%
	Orkumál	**6.285**	**6.120**	**165**	**2,7%**
2-3210-2	Verkefnafé - Orkumál	5.212	5.100	112	2,2%
2-3220-2	Norrænar orkurannsóknir (Nefp)	1.073	1.020	53	5,2%
	Umhverfismál	**38.200**	**39.392**	**-1.192**	**-3,0%**
2-3310-2	Verkefnafé - umhverfismál	32.762	33.357	-595	-1,8%
2-3320-2	Umhverfisþróunarsjóður NEFCO	5.438	5.321	117	2,2%
2-3330-2	Norræn auðlindanýting Stuðull 4/10	-	306	-306	
2-3340-2	Umhverfisgæðamál	-	408	-408	
	Efnahags- og fjármál	**12.835**	**11.102**	**1.733**	**15,6%**
2-5210-2	Verkefnafé - Efnahags- og fjármál	1.553	1.020	533	52,3%
2-5280-3	Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef)	11.282	10.082	1.200	11,9%
	Byggðamál	**29.379**	**29.130**	**249**	**0,9%**
2-6110-2	Verkefnafé - Byggðamál	18.903	19.380	-477	-2,5%
	Stofnanir	*10.476*	*9.750*	*726*	*7,4%*
2-6180-3	Norræn miðstöð um rannsóknir og þróun í byggðamálum (NORDREGIO)	10.476	9.750	726	7,4%
	Samgöngur	**1.022**	**264**	**758**	**287,1%**
2-6210-2	Verkefnafé - Samgöngur	1.022	264	758	287,1%
	Landbúnaður og skógrækt	**24.138**	**22.156**	**1.982**	**8,9%**
	Verkefnafé	*15.328*	*13.432*	*1.896*	*14,1%*
2-6510-2	Verkefnafé - Landbúnaður og skógrækt	4.698	5.951	-1.253	-21,1%

2000 - VERÐ Í ÞÚS. D.KR		FJÁRLÖG 2001	FJÁRLÖG 2000	MISMUNUR +/-	%
2-6520-2	Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ)	1.066	0	1.066	
2-6530-2	Norræn framkvæmdaáætlun um matvælaöryggi	1.042	1.020	22	2,2%
2-6540-2	Norræni genbankinn fyrir húsdýr	3.066	1.122	1.944	173,3%
2-6581-2	Samnorrænar skógarrannsóknir (SNS)	5.456	5.339	117	2,2%
	Stofnanir	*8.810*	*8.724*	*86*	*1,0%*
2-6580-3	Norræni genbankinn (NGB)	8.810	8.724	86	1,0%
	Sjávarútvegur	**7.347**	**7.189**	**158**	**2,2%**
2-6610-2	Verkefnafé - Sjávarútvegur	7.347	7.189	158	2,2%
Velferðar- og atvinnumál		**145.292**	**142.521**	**2.771**	**1,9%**
	Vinnumarkaður og -umhverfismál	**12.851**	**13.185**	**-334**	**-2,5%**
	Verkefnafé	*10.200*	*10.581*	*-381*	*-3,6%*
3-4110-2	Verkefnafé — Vinnumarkaður og -umhverfi	6.197	6.407	-210	-3,3%
3-4120-2	Nordjobb	2.777	2.817	-40	-1,4%
3-4130-2	Upplýsingaverkefnið	1.226	1.357	-131	-9,7%
	Stofnanir	*2.651*	*2.604*	*47*	*1,8%*
3-4180-3	Stofnunin um framhaldsmenntun á vinnuumhverfissviði (NIVA)	2.651	2.604	47	1,8%
	Félags- og heilbrigðismál	**35.804**	**34.218**	**1.586**	**4,6%**
	Verkefnafé	*4.904*	*4.799*	*105*	*2,2%*
3-4310-2	Verkefnafé - Félags- og heilbrigðismál	3.966	3.881	85	2,2%
3-4320-2	Norræna ráðið um málefni fatlaðra (NHR)	938	918	20	2,2%
3-4330-2	Styrkjafyrirkomulag vegna táknmálstúlkunar	0	0	0	
	Stofnanir	*30.900*	*29.419*	*1.481*	*5,0%*
3-4380-3	Norræna lyfjanefndin (NLN)	3.171	2.951	220	7,5%
3-4381-3	Norræni heilbrigðisfræðaháskólinn (NHV) *	34.528	32.138	2.390	7,4%
3-4382-3	Stofnun fyrir prófun tannviðgerðarefna (NIOM)	8.924	8.491	433	5,1%
3-4383-3	Norræna nefndin um áfengis- og vímuefna-rannsóknir (NAD)	2.579	2.534	45	1,8%
3-4384-3	Norræn samstarfsnefnd um málefni fatlaðra (NSH)	7.971	7.419	552	7,4%
3-4385-3	Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD)	6.857	6.723	134	2,0%
3-4386-3	Norræn menntaáætlun fyrir félagslega þjónustu (NOPUS)	1.398	1.301	97	7,5%
	Jafnrétti	**7.674**	**7.377**	**297**	**4,0%**
3-4410-2	Verkefnafé - Jafnrétti	2.795	2.735	60	2,2%
	Stofnanir	*4.879*	*4.642*	*237*	*5,1%*
3-4480-3	Norræn rannsóknarstofnun í kvenna- og kynjafræðum (NIKK)	4.879	4.642	237	5,1%
	Samstarf í vímuefnamálum	**1.161**	**1.136**	**25**	**2,2%**
3-4510-2	Verkefnafé - Samstarf í vímuefnamálum	1.161	1.136	25	2,2%
	Aðgerðir í velferðarmálum	**4.063**	**5.090**	**-1.027**	**-20,2%**
3-4610-2	Verkefnafé - Velferðarmál	-	614	-614	
3-4620-2	Velferðarrannsóknir	4.063	4.476	-413	-9,2%
	Atvinnumál	**67.775**	**65.695**	**2.080**	**3,2%**
3-5110-2	Verkefnafé - Atvinnulíf	1.042	1.020	22	2,2%
3-5120-2	Samstarf lítilla og meðalstórra fyrirtækja á sviði upplýsingatækni	-	626	-626	

* Starfsemi heilbrigðisfræðaháskólans er fjármögnuð beint af löndunum og íþyngir því ekki fjárlögum í félags- og heilbrigðismálum.

2000 - VERÐ Í ÞÚS. D.KR		FJÁRLÖG 2001	FJÁRLÖG 2000	MISMUNUR +/-	%
	Stofnanir	*66.733*	*64.049*	*2.684*	*4,2%*
3-5180-3	Norræni iðnaðarsjóðurinn	55.082	52.604	2.478	4,7%
3-5181-3	Nordtest	11.651	11.445	206	1,8%
	Bygginga- og húsnæðismál	**852**	**834**	**18**	**2,2%**
3-5310-2	Verkefnafé - Bygginga- og húsnæðismál	852	834	18	2,2%
	Neytendamál	**8.688**	**8.501**	**187**	**2,2%**
3-6710-2	Verkefnafé - Neytendamál	6.512	6.372	140	2,2%
3-6720-2	SVANURINN - Norrænt umhverfismerki	2.176	2.129	47	2,2%
	Matvæli	**5.325**	**5.210**	**115**	**2,2%**
3-6810-2	Verkefnafé - Matvæli	5.325	5.210	115	2,2%
	Löggjöf á sviði dómsmála	**1.099**	**1.275**	**-176**	**-13,8%**
3-7110-2	Verkefnafé - Löggjöf á sviði dómsmála	1.099	1.275	-176	-13,8%
Önnur starfsemi		**97.212**	**80.442**	**16.770**	**20,8%**
4-0180-3	Skrifstofa ráðherranefndarinnar (NMRS)	61.096	59.898	1.198	2,0%
4-0410-2	Samband Norrænu félaganna	2.821	2.760	61	2,2%
4-0415-2	Stjórnsýslusamband Norðurlanda	-	-	-	
4-0420-2	Samstarf Sama á Norðurlöndum	-	-	-	
4-0425-2	Framlag til Vestur-Norðurlanda	2.559	2.504	55	2,2%
4-0430-2	Norrænt tölfræðisamstarf	1.597	1.563	34	2,2%
4-0435-2	Vararáðstöfunarsjóður framkvæmdastjóra	576	564	12	2,1%
4-0445-2	Varasjóður ráðherranefndarinnar	4.616	5.017	-401	-8,0%
4-0450-2	Styrkur til frjálsra félagasamtaka	953	932	21	2,3%
4-0460-2	Sjálfbær Norðurlönd	4.088	-	4.088	
4-0461-2	Norræn vísindaáætlun um öryggismál	1.533	-	1.533	
4-0462-2	Norræn vísindaáætlun um haffræði	2.555	-	2.555	
4-1010-2	Upplýsingastarfsemi	3.596	3.519	77	2,2%
4-1020-2	Upplýsingastarfsemi utan Norðurlanda	1.022	1.000	22	2,2%
4-1025-2	Norðurlönd í brennidepli (upplýsingagluggarnir)	4.701	-	4.701	
4-1030-2	Halló Norðurlönd	1.022	-	1.022	
4-1040-2	Þýðingar og túlkun	1.022	283	739	261,1%
4-1050-2	Starfsmannaskipti og ferða- og námsdvalar-styrkir fyrir frjáls félagasamtök	2.091	1.067	1.024	96,0%
4-8030-2	Útgáfustarfsemi	1.364	1.335	29	2,2%
	Samtals	**774.395**	**741.512**	**32.883**	**4,4%**

Skipting fjárlaga 2001 eftir sviðum innan samstarfssviða.



Skipting milli sviða 1998-2001

Niðurstaða 1998 - Skipting fjárlaga milli sviða



Niðurstaða 1999 - Skipting fjárlaga milli sviða



Fjárlög 2000 - Skipting fjárlaga milli sviða



Fjárlög 2001 - Skipting fjárlaga milli sviða



Þróun fjárlaganna á árunum 1991–2001.



Samanburður á fjárlögum 2001 og 2000.

2000 - VERÐ Í ÞÚS. D.KR	FJÁRLÖG 2001	FJÁRLÖG 2000	MISMUNUR +/-	%
Menningar- og menntamál, rannsóknir svo og upplýsingatækni	**342.465**	**336.488**	**5.977**	**1,8%**
Menningarsamstarf	146.980	144.358	2.622	1,8%
Menntamál og rannsóknir	194.954	191.110	3.844	2,0%
Ráðherranefndin um upplýsingatækni	531	1.020	-489	-47,9%
Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin	**189.426**	**182.061**	**7.365**	**4,0%**
Umhverfismál	38.200	39.392	-1.192	-3,0%
Byggðamál	29.379	29.130	249	0,9%
Efnahags- og fjármál	12.835	11.102	1.733	15,6%
Orkumál	6.285	6.120	165	2,7%
Landbúnaður og skógrækt	24.138	22.156	1.982	8,9%
Sjávarútvegur	7.347	7.189	158	2,2%
Samgöngur	1.022	264	758	287,1%
Grannsvæðin	70.220	66.708	3.512	5,3%
Velferðar- og atvinnumál	**145.292**	**142.521**	**2.771**	**1,9%**
Félags- og heilbrigðismál	35.804	34.218	1.586	4,6%
Matvæli	5.325	5.210	115	2,2%
Neytendamál	8.688	8.501	187	2,2%
Samstarf í vímuefnamálum	1.161	1.136	25	2,2%
Löggjöf á sviði dómsmála	1.099	1.275	-176	-13,8%
Aðgerðir í velferðarmálum	4.063	5.090	-1.027	-20,2%
Vinnumarkaður, vinnuumhverfi	12.851	13.185	-334	-2,5%
Jafnréttismál	7.674	7.377	297	4,0%
Bygginga- og húsnæðismál	852	834	18	2,2%
Iðnaðar- og atvinnumál	67.775	65.695	2.080	3,2%
Önnur starfsemi	**97.212**	**80.442**	**16.770**	**20,8%**
SAMTALS	**774.395**	**741.512**	**32.883**	**4,4%**

Skipting fjárlaganna á stofnanir og verkefni 2001 og 2000

2000 - VERÐ Í ÞÚS. D.KR	2001 Hlutdeild þús. d.kr.	%	2000 Hlutdeild þús. d.kr.	%
Menningar- og menntamál, rannsóknir svo og upplýsingatækni	**342.465**	**44,2%**	**336.488**	**45,4%**
Verkefni, áætlanir og almennt styrkjafyrirkomulag	242.195	70,7%	232.833	69,2%
Stofnanir	100.270	29,3%	103.655	30,8%
Umhverfi og auðlindir	**189.426**	**24,5%**	**182.061**	**24,6%**
Verkefni, áætlanir og almennt styrkjafyrirkomulag	145.797	77,0%	135.416	74,4%
Stofnanir	43.629	23,0%	46.645	25,6%
Velferðar- og atvinnumál	**145.292**	**18,8%**	**142.521**	**19,2%**
Verkefni, áætlanir og almennt styrkjafyrirkomulag	40.129	27,6%	41.807	29,3%
Stofnanir	105.163	72,4%	100.714	70,7%
Annað	**97.212**	**12,6%**	**80.442**	**10,8%**
Verkefni, áætlanir og almennt styrkjafyrirkomulag	36.116	37,2%	20.544	25,5%
Stofnanir	61.096	62,8%	59.898	74,5%
Samtals	**774.395**	**100,0%**	**741.512**	**100,0%**
Verkefni, áætlanir og almennt styrkjafyrirkomulag	464.237	59,9%	430.600	58,1%
Stofnanir	310.158	40,1%	310.912	41,9%

Niðurskurður í hlutdeild stofnana í fjárlögunum árið 2001 í samanburði við árið 2000 stafar fyrst og fremst af því að fjárlagaliðirnir 1-2256-3 Norræna tónlistarnefndin (NOMUS) og 2-6581-3 Samnorrænar skógarrannsóknir (SNS) eru ekki lengur flokkaðir sem stofnanir.

Yfirfærsla og samruni fjárlagaliða

Miðað við fjárlög 2000 eru einstakir fjárlagaliðir færðir yfir og lagðir við aðra fjárlagaliði. Eftirfarandi tafla sýnir hvaða fjárlagaliði þetta varðar og til hvaða fjárlagaliðar yfirfærslan hefur orðið. Aftasti dálkur sýnir breytinguna í „nýja" sameinaða fjárlagaliðnum, þ.e. nettóáhrif samrunans, miðað við stærð fjárlagaliðarins í fjárlögum ársins 2000.

FJÁRLAGALIÐUR	SAMTALS TIL FJÁRLAGALIÐAR		BREYTING í þús. d.kr. á verðlagi ársins 2000
1-2204-2 Ráðstöfunarfé - Menning	1-2203-2		
~~1-2244-1 Sérstök starfsemi á listasviðinu~~		Framlag til sérstakra menningarmála	1.559
1-2298-2 Aðgerðir gegn útlendingaandúð			

Tekjuliðir fjárlaga

Starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar er að langmestum hluta fjármögnuð með beinum framlögum frá löndunum og er skipting þeirra ákveðin samkvæmt sérstakri skiptireglu. Skiptireglan miðast við hlutdeild hlutaðeigandi lands í vergum þjóðartekjum á Norðurlöndum miðað við framleiðsluverð tveggja síðustu ára sem upplýsingar liggja fyrir um, sem nú eru 1997 og 1998.

TEKJULIÐIR, ÞÚS. D.KR.	FJÁRLÖG 1999	SKIPTI-REGLA 1999	FJÁRLÖG 2000	SKIPTI-REGLA 2000	FJÁRLÖG 2001	SKIPTI-REGLA 2001
Launatengd gjöld	8.451		7.000		7.000	
Vaxtatekjur	9.396		7.000		8.000	
Aðrar tekjur /(e.t.v. tap)	1.853		800		800	
Framlög ríkjanna	714.008		726.712		***758.595	
Þar af:						
- Danmörk	182.072	25,5 %	181.678	25,0 %	184.339	24,3 %
- Finnland	126.379	17,7 %	129.355	17,8 %	138.823	18,3 %
- Ísland	7.140	1,0 %	7.267	1,0 %	8.344	1,1 %
- Noregur	154.940	21,7 %	163.510	22,5 %	166.891	22,0 %
- Svíþjóð	243.477	34,1 %	244.902	33,7 %	260.198	34,3 %
Samtals	733.707	100,0%	741.512	100,0%	774.395	
- afgangur	**1.399					
hreinar tekjur	732.308					

** Endurgreiðist til landanna skv. skiptireglunni, á næstkomandi ári

*** Árið 2001 aflar ráðherranefndin einungis 748.595 frá löndunum til þess að lækka lausafjárstöðu ráðherranefndarinnar. Ráðherranefndin kemur til með að eiga inni 10 milj. d.kr. hjá löndunum.

Athugasemdir:

Launatengd gjöld varðar gjaldskylda launafjárhæð starfsmanna á skrifstofunni.

Vaxtatekjur:

Reiknað er með vaxtatekjum að fjárhæð 8 millj. d.kr., sem eru reiknaðar á grundvelli væntanlegra meðalvaxta fjárfestinga sem nema 3,2% árið 2001 og meðalgreiðslugetu á því ári sem nemur 250 millj. d.kr.

Aðrar tekjur:

Undir þennan tekjulið færast endurgreiðslur verkefnafjármuna frá ýmsum stjórnsýslustofnunum og óráðstafað fjármagn stofnananna frá fyrri árum.

Mestu breytingarnar.

Í fjárlögunum eru hækkanir á fjárlagaliðum sem nema samtals um 36,436 millj. d.kr. á verðlagi ársins 2000 (að meðreiknaðri fjárlagahækkuninni að fjárhæð 10 millj. d.kr). Verðlag ársins 2000 (fyrir hækkun vegna væntanlegra verðhækkana) er notað til þess að gera yfirlit samanburðarhæft við fjárlögin vegna ársins 2000. Í töflunni hér að neðan er sýnt hvernig mesta aukningin skiptist á viðeigandi fjárlagaliði á verðlagi ársins 2000. Einnig er sýnt hvar mestur niðurskurður verður og á hvaða fjárlagaliðum. Heildarniðurskurður nemur 26,436 millj. d.kr. Til samanburðar námu tilfærslur í fjárlögum ársins 2000 26,36 millj. d.kr.

Meiri háttar hækkanir (þús. d.kr)		Fjárlög	Fjárlög 2001	Breytingar 2000
1-2203-2	Framlag til sérstakra menningarmála	7.161	0	7.161
1-2516-1	NORDPLUS-mini (tilraunaverkefni)	5.251	3.251	2.000
1-2532-1	NORDPLUS	31.284	30.284	1.000
1-3132-2	Norræn rannsóknaráætlun um tungutækni	4.770	3.570	1.200
2-0830-2	Lýðræði og málefni þegnanna	14.668	13.668	1.000
2-0850-2	Markaðsbúskapur	8.344	7.344	1.000
2-5280-3	Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef)	11.082	10.082	1.000
2-6520-2	Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ)	1.043	0	1.043
2-6540-2	Norræni genbankinn fyrir húsdýr	3.000	1.122	1.878
4-0460-2	Sjálfbær Norðurlönd	4.000	0	4.000
4-0461-2	Norræn vísindaáætlun um öryggismál	1.500	0	1.500
4-0462-2	Norræn vísindaáætlun um haffræði	2.500	0	2.500
4-1025-2	Norðurlönd í brennidepli (upplýsingagluggarnir)	4.600	0	4.600
4-1030-2	Halló Norðurlönd	1.000	0	1.000
	Aðrar minni háttar hækkanir			5.554
Samtals hækkanir				**36.436**

Meiri háttar niðurskurður (þús. d.kr)		Fjárlög	Fjárlög 2001	Breytingar 2000
1-2204-2	Ráðstöfunarfé - Menning	0	3.211	-3.211
1-2216-2	Börn og ungmenni við árþúsundamót	0	1.043	-1.043
1-2298-2	Aðgerðir gegn útlendingaandúð	0	1.596	-1.596
1-3120-2	Rannsóknaráætlunin Norðurlönd og Evrópa	0	5.936	-5.936
1-3182-3	Norræna stofnunin um Asíurannsóknir (NIAS)	6.646	7.946	-1.300
2-3310-2	Fjármunir til verkefna - umhverfi	32.057	33.357	-1.300
2-6510-2	Verkefnafé - Landbúnaður og skógrækt	4.597	5.951	-1.354
	Aðrir minni háttar niðurskurðir			-10.696
Samtals niðurskurður				**-26.436**

Skipulagsrammi til lengri tíma fyrir norrænu ráðherranefndina.

Skipulagsramminn til lengri tíma sýnir, miðað við þriggja ára tímabil, þróun fjárlaga ef gert er ráð fyrir að aðstæður sem voru þekktar við gerð fjárlaga standist þann tíma sem spá vegna fjárlaganna nær yfir (spátímabilið). Forsendur skipulagsrammans til lengri tíma eru sem hér segir varðandi einstaka fjárlagaliði:

- Ef ekki er annað ákveðið eða fyrirhugað er áætluðu umfangi starfseminnar í fjárlögunum 2001 haldið óbreyttu út spátímabilið 2002 og 2003.
- Fjármögnun starfsemi sem samkvæmt áætlun á að falla niður er ekki reiknuð með inn í spátímabilið.

Upplýsingar um spátímabilið eru aðeins leiðbeinandi og sýna hvernig þróunin yrði ef fjárlög væru óbreytt næstu tvö ár á eftir jafnframt því sem þekktar og fyrirhugaðar breytingar væru reiknaðar með. Þannig er ekki um að ræða fjárlög til margra ára, þar sem vissa er um fjárhæðirnar á spátímabilinu. Til ráðstöfunar er eftir sem áður aðeins árleg fjárveiting í samþykktum fjárlögum viðkomandi árs. Skipulagsramminn er ákvarðaður árlega og ekki þekktur fyrir spátímabilið. Í uppsetningunni er gert ráð fyrir að ramminn verði sá sami og á fjárlagaárinu.

Meðfylgjandi yfirlit er samtalning fjárlagaliða fyrir fagsviðin. Sjá fylgiskjalið: *Skipulagsrammi í heild til lengri tíma.*

Hugtakið „Ekki áætlað innan fjárlagarammans" er munurinn á summu einstakra fjárlagaliða og fjárlagarammans. Ef talan er neikvæð merkir það að ekki eru nægir fjármunir til ráðstöfunar. Ef talan er jákvæð eru nægir fjármunir til ráðstöfunar.

Að óbreyttum heildarramma að fjárhæð 774,4 millj. d.kr. á spátímabilinu verður skortur á fjármagni að upphæð 1,3 millj. d.kr. árið 2002 og 1,7 þús. d.kr. árið 2003 að gefnum þeim forsendum sem getið er að ofan.

Í yfirlitinu er gerð grein fyrir samstarfinu deildu niður á fjögur svið, að tilskildum óbreyttum fjárlagaramma fyrir einstök svið.

Á spátímabilinu verður fjárhæð til ráðstöfunar sem nemur 3,6 millj. d.kr. og 4,3 þús. d.kr fyrir menningu, menntun og rannsóknir. Ástæða þess er sem hér segir: 1) IDUN II (fjárlagaliður 1-2552-2) og NORDUnet2 (fjárlagaliður 1-2554-2) er samkvæmt áætluninni aðeins tryggð fjármögnun til ársins 2001 og þess vegna „losna" 3,6 millj. d.kr. til annarra nota. 2) Til Norðurskautsrannsóknaáætlunarinnar (fjárlagaliður 1-3130-2) verður veitt 650 þús. d.kr. minna árið 2003, sem er síðasta ár þessarar áætlunar.

Fyrir samstarfssviðið „umhverfismál, auðlindamál og grannsvæðin" er ófullnægð fjármögnunarþörf að fjárhæð 1,0 millj. d.kr. á árinu 2002 og 2,0 millj. d.kr. á árinu 2003, og er ástæða þess sú að NOPEF (fjárlagaliður 2-5280-3) á samkvæmt áætlun að fá aukna fjárveitingu á fjárlögum ráðherranefndarinnar. Auk þessarar aukningar skal innan grannsvæðaáætlunarinnar varið 0,5 millj. d.kr. meira til NOPEF ár hvert.

Fyrir „velferðar- og atvinnumál" er ófullnægð fjármögnunarþörf að fjárhæð 3,9 millj. d.kr. bæði spátímabilsárin, og er ástæðan sú að reiknað er með að til „velferðarrannsókna" (fjárlagaliður 3-4620-2) verði veitt 8,0 millj. d.kr. hvort spátímabilsáranna miðað við 4,0 millj. d.kr. árið 2001.

Fyrir „aðra starfsemi" eru engar ákveðnar eða ráðgerðar breytingar á fjárlögunum á spátímabilinu miðað við fjárlagaárið.

Skipulagsrammi í heild til lengri tíma eftir sviðum (þús. d.kr.)

	FJÁRLÖG 2000	FJÁRLÖG 2001	FJÁRLÖG ÁÆTLUN 2002	FJÁRLÖG ÁÆTLUN 2003
Menningar-, menntamál og rannsóknir	**336.488**	**342.465**	**342.465**	**342.465**
Menningarsamstarf	144.358	146.980	146.980	146.980
Menntamál og rannsóknir	191.110	194.954	191.348	190.703
Upplýsingatækni	1.020	531	531	531
Ekki á fjárlögum miðað við óbr. ramma			3.606	4.251
Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin	**182.061**	**189.426**	**189.426**	**189.426**
Grannsvæðin	66.708	70.220	70.220	70.220
Orkumál	6.120	6.285	6.285	6.285
Umhverfismál	39.392	38.200	38.200	38.200
Efnahags- og fjármál	11.102	12.835	13.835	14.835
Byggðamál	29.130	29.379	29.379	29.379
Samgöngur	264	1.022	1.022	1.022
Landbúnaður og skógrækt	22.156	24.138	24.138	24.138
Sjávarútvegur	7.189	7.347	7.347	7.347
Ekki á fjárlögum miðað við óbr. ramma			-1.000	-2.000
Velferðar- og atvinnumál	**142.521**	**145.292**	**145.292**	**145.292**
Vinnumarkaður og vinnuumhverfi	13.185	12.851	12.851	12.851
Félags- og heilbrigðismál	34.218	35.804	35.804	35.804
Jafnréttismál	7.377	7.674	7.674	7.674
Samstarf í vímuefnamálum	1.136	1.161	1.161	1.161
Aðgerðir í velferðarmálum	5.090	4.063	8.000	8.000
Atvinnumál	65.695	67.775	67.775	67.775
Bygginga- og húsnæðismál	834	852	852	852
Neytendamál	8.501	8.688	8.688	8.688
Matvæli	5.210	5.325	5.325	5.325
Löggjöf á sviði dómsmála	1.275	1.099	1.099	1.099
Ekki á fjárlögum miðað við óbr. ramma			-3.937	-3.937
Önnur starfsemi	**80.442**	**97.212**	**97.212**	**97.212**
Önnur starfsemi samtals	80.442	97.212	97.212	97.212
Ekki á fjárlögum miðað við óbr. ramma			0	0
SAMTALS	**741.512**	**774.395**	**774.395**	**774.395**
Ekki á fjárlögum miðað við óbr. ramma			**-1.331**	**-1.686**

Samstarf norrænu ráðherranefndarinnar við frjálsu félagasamtökin.

Grundvöllur samstarfs norrænu ráðherranefndarinnar við frjáls félagasamtök er „Áætlun fyrir samstarfið við frjálsu félagasamtökin“ sem var til meðferðar á þingi Norðurlandaráðs í Ósló 1998.

Markmið áætlunarinnar er sem hér segir:

- að auka þekkingu á hlutverki frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndum,
- að efla möguleika samtakanna og tengslanetanna á norrænu samstarfi,
- að efla möguleika frjálsra félagasamtaka á samstarfi við hinn opinbera hluta norræns samstarfs, efla tengsl, árangur og þekkingarlega víxlverkun milli norrænu ráðherranefndarinnar og frjálsra félagasamtaka og
- að auka samstarf norrænu ráðherranefndarinnar og frjálsra félagasamtaka alls staðar á Norðurlöndum til að skapa forsendur fyrir því að nýjum aðilum gefist kostur á þátttöku í norrænu samstarfi.

Hluti af áætluninni fólst í því að á fjárlögum ársins 2000 var stofnað til fyrirkomulags um gagnkvæmar skiptiheimsóknir fulltrúa frá frjálsum félagasamtökum, um ferðastyrki, styrki

vegna túlkunar, samstarf um þróun borgarasamfélagsins á grannsvæðunum, samnorrænar rannsóknir, svo og sérstakt framlag frá Norræna menningarsjóðnum. Þessu verður fram haldið á fjárlögum ársins 2001.

Norðurlandanefnd Norðurlandaráðs skipaði starfshóp um frjálsu félagasamtökin sem á árinu 1999 skilaði skýrslunni „Handaband við frjáls félagasamtök á Norðurlöndum". Starfshópurinn lagði einkum áherslu á að meta hvernig bæta megi samstarfið milli frjálsra félagasamtaka og norrænna stjórnvalda. Skýrslan var til meðferðar á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi (1999).

Í fjárlögum ársins 2000 gaf norræna ráðherranefndin fyrirheit um upplýsingamiðlun um umræðuna á hverjum tíma á hinum ýmsu sviðum varðandi það að styrkja og stofna til öflugra samspils við frjálsu félagasamtökin.

Á grundvelli m.a. ráðstefnunnar „Samspil og mótspil", sem norræna ráðherranefndin hélt um samstarf norrænu ráðherranefndarinnar og frjálsra félagasamtaka með þátttöku fulltrúa margs konar frjálsra félagasamtaka, hefur norræna ráðherranefndin hafið mótun eins konar ramma um samstarf frjálsra félagasamtaka við opinbera norræna samstarfsaðila. Markmiðið er að koma á opnum, gagnsæjum og skipulegum tengslum við frjáls félagasamtök sem miði að samskiptum í því skyni að draga fram sjónarmið, þekkingu og hæfni þeirra áður en ákvarðanir eru teknar. Þess er vænst að tillaga að stefnumiði verði samþykkt á árinu 2000.

Varðandi einstök svið má upplýsa eftirfarandi:

Norræna ráðherranefndin hefur hafið viðræður við *norrænu félögin* um hlutverk upplýsingaskrifstofa þeirra í upplýsingaverkefnum Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar. Nordjobb-áætlunin sem snýst um sumarstörf 18–26 ára unglinga Norðurlöndum, er í umsjá norrænu félaganna og þau stjórna jafnframt NORDPLUS-mini.

Innan norræns íþróttasamstarfs er styrkjum varið til ferðalaga barna og ungmenna í frjálsum íþróttasamtökum á Vestur-Norðurlöndum og til íþróttamóta og -búða fyrir börn og ungmenni, á vegum íþróttasamtaka og ungmennaíþrótta á samíska svæðinu.

Norræn æskulýðslandssamtök eiga fimm fulltrúa í *norrænu æskulýðsnefndinnni,* einn frá hverju landi. Árið 1999 var veittur styrkur til 27 samtaka og 68 verkefna. Verkefnin eru skipulögð og framkvæmd af norrænum æskulýðssamtökum.

Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglingamenningu veitir styrk samkvæmt umsóknum og þau verkefni sem frjáls æskulýðssamtök hafa hleypt af stokkunum eru skráð.

Telja ber meiri hluta beinna styrkja *á sviði lista* til óháðra listamanna sem stuðning við frjáls félagasamtök. Eigin verkefni einstakra listamanna og framlag ráðherranefndarinnar til ferðastyrkja og vinnustofu hafa verið meginþættir þessa stuðnings.

Mikið er um *menningarverkefni á erlendri grund* með þátttöku og stuðningi frá frjálsum félagasamtökum á sviði menningar, lista og menningarstjórnsýslu.

Á sviði fjölmiðla og kvikmynda er óverulegum hluta fjárlaga varið til frjálsra félagasamtaka þar eð flestar umsóknir um verkefni á þessu sviði berast frá stjórnvöldum, stofnunum, skólum og fyrirtækjum sem rekin eru í ábataskyni. Möguleikarnir á framlögum eru annars vegar háðir forgangsröðun ráðherranna, sem ákveðin var í lok ársins 2000 og hins vegar eðli umsóknanna.

Stjórnarnefndin um alþýðumenntun og fullorðinsfræðslu, FOVU, á gott samstarf við margvíslega notendahópa, m.a. fræðslusambönd og félög lýðháskóla. Samtökin eiga fulltrúa í föstum starfshópum FOVU (ráðgjafahópi, alþjóðlegum samráðshópi og í ritstjórnarnefnd fyrir FOVU-Dialog) og taka þátt í samráðsfundum og þemaráðstefnum/-námstefnum. Enn fremur er þeim boðin þátttaka í tilteknum verkefnum, t.d. Lýðræðisþróun árið 2000. Styrkjakerfið hefur „eyrnamerkt" framlag til samtaka norrænna fræðslusambanda (blokkframlag)

og meiri hluta annarra fjármuna þess er varið til verkefna í lýðháskólum og fræðslusamböndum.

Norræni lýðháskólinn (NFA) vinnur að því að finna norræna alþýðufræðslukerfinu stað innan þess umbótastarfs sem á sér stað á sviði framhalds- og endurmenntunar. Mikilvægt áherslusvið hefur því verið að mennta sérfræðinga sem efla tilrauna- og þróunarstarf á þessu sviði milli norrænna félagasamtaka, stjórnvalda, opinbers menntakerfis og atvinnulífsins.

Innan *grannsvæðaáætlunarinnar* hefur þjálfun sjálfboðaliða til forustustarfa farið fram með undirbúningsnámi í Eystrasaltsríkjunum, námskeiðum á Norrænu lýðfræðslustofnuninni og starfsdvöl hjá frjálsum félagasamtökum og stofnunum á Norðurlöndum. Tengslanet frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum hefur síðan 1997 verið vettvangur reynslumiðlunar og þátttakendum fjölgar enn. Frá 1999 hefur meiri hluti starfseminnar farið fram í Eystrasaltsríkjunum þar sem meginábyrgðin er hjá regnhlífasamtökum þar á sviði fullorðinsfræðslu. Af hálfu Eystrasaltsríkjanna er lögð rík áhersla á að aðilar þar fái ótvírætt hlutverk í þessu starfi. Eins hefur af þeirra hálfu verið lýst yfir áhuga á þátttöku í þeirri starfsemi sem beinist að Norðvestur-Rússlandi. Norræna ráðherranefndin hefur innan *Nordpraktik-áætlunarinnar* frá því 1993 veitt styrki til ungs fólks frá Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi til starfsdvalar hjá norrænum fyrirtækjum í því skyni að auka hæfni þess.

Einnig verður árið 2001 veitt fé til að fjármagna þátttöku frá Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi í samstarfi á vegum Staðardagskrár 21 fyrir Eystrasalt sem snýr að framkvæmdaáætlun fyrir Eystrasaltssvæðið. Á þennan hátt er gert ráð fyrir að á árinu 2001 verði einnig veittir styrkir til frjálsra félagasamtaka.

Í norrænu framkvæmdaáætluninni um *matvælaöryggi* sem var samþykkt á þingi Norðurlandaráðs árið 1997 er lögð áhersla á að trygging lýðræðis og þátttaka almennings sé forsenda þess að ná settu markmiði um örugg matvæli. Áhersla hefur þannig verið lögð á mikilvægi frjálsra félagasamtaka með tveimur verkefnum sem fylgt hefur verið eftir á samnorrænum grundvelli.

Lífræn ræktun er nýtt svið í Eystrasaltsríkjunum og þörfin á upplýsingum um það er knýjandi. Vegna núverandi efnahagsástands sem leiðir til erfiðleika við að fjármagna byrjunarframlag er þörfin fyrir þekkingu á ræktun án tilbúins áburðar, eiturefna o. fl. enn meiri. Af fjárlögum *landbúnaðar- og skógræktarsviðsins* hefur á árunum 1996–2000 verið fjármagnað upplýsingaverkefni á vegum frjálsra félagasamtaka með alls 0,5 millj. d.kr., en það verður framvegis fjármagnað beint af löndunum.

Í Norræna samstarfsráðinu um landbúnað og skógrækt geta fulltrúar hagsmunasamtaka þessa sviðs rætt pólitísk málefni sem eru á döfinni bæði við stjórnmálamenn og stjórnsýsluna. Samstarfsráðið er fjármagnað beint af löndunum.

Á sviði *neytendamála* starfar ráðgjafarnefnd, Norræna neytendanefndin (NKU), sem fyrst og fremst er norrænn vettvangur neytendasamtaka. Neytendasamtökin hafa forustu fyrir löndunum í henni en þar sitja einnig vísindamenn og fulltrúar stofnana. NKU er óháð ráðgjafarnefnd ráðherranefndarinnar sem tekur sjálf ákvarðanir um störf sín. Jafnframt á hún jákvæð og uppbyggileg samskipti við embættismannanefndina um málefni neytenda. Síðan árið 2000 er fjárveiting til ráðstöfunar, sem neytendasamtök sem þess þurfa geta sótt um fjármagn úr til undirbúnings þátttöku í fundum sem tengjast málefnum ESB og alþjóðlegum samtökum, t.d. WTO.

Áfram er unnið á sviði neytendamála að því að fylgja eftir framkvæmdaáætluninni um stofnun neytendasamtaka á grannsvæðunum í samstarfi við samtök í Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi.

Í *sjávarútvegi* er hefð fyrir því að styðja starfsemi frjálsra félagasamtaka og að vissu marki að hafa þau með við ákvörðunartöku. Allnokkur samtök sem eru ný á sviði sjávarútvegs hafa sýnt því áhuga að taka þátt í norrænu sjávarútvegssamstarfi. Þó verður varla af því innan núverandi fjárlagaramma samstarfsins. Taflan sýnir þannig einungis væntingar um framlag til frjálsra félagasamtaka sem nú þegar hafa stofnað til samstarfs við sjávarútvegssviðið.

Á sviði *jafnréttismála* hefur verið gott samstarf við regnhlífarsamtök norrænna kvennasamtaka og ýmis tengslanet kvenna. M.a. hefur þátttaka ýmissa regnhlífarsamtaka í norrænum og alþjóðlegum ráðstefnum verið fjármögnuð af jafnréttissviðinu. Kvennasamtökin á Norðurlöndum stofnuðu árið 1999 tengslanetið „Samtök norrænna kvennahreyfinga" (NOKS). Vaxandi samstarf við grannsvæðin og þátttaka kvennasamtaka í óformlegum tengslum evrópskra kvenna (EWL) gera nýjar kröfur til samtakanna og eykur nauðsyn norrænnar samhæfingar og fjármögnunar.

Með fyrirvara um það hversu margbreytileg frjálsu félagasamtökin eru og mörkin fljótandi við afmörkun sviðsins, áætlar norræna ráðherranefndin að á fjárlögum ársins 2001 verði varið um 72 millj. d.kr. til frjálsra félagasamtaka.

Í eftirfarandi töflu er sýnt á hvaða fjárlagaliðum fé er veitt til frjálsra félagasamtaka. Tilgreind fjárhæð er byggð á mati á væntanlegu umfangi starfseminnar í samstarfi eða tengslum við frjáls félagasamtök árið 2001, á grundvelli reynslu fyrri ára. Eðli málsins samkvæmt er því ekki um nákvæmt yfirlit að ræða.

Frjáls félagasamtök (þús. d.kr)

Fjárlagaliður		Fjárlög 2001	Fjárlög 2000	Ráðstafað 1999	Viðtakendur framlaga
1-2203-2	Framlag til sérstakra menningarmála	900	-	-	Samtök
1-2204-2	Ráðstöfunarfé - Menning	-	250	330	
1-2205-1	Norræni menningarsjóðurinn	10.000	10.000	10.000	
1-2210-2	Norrænt íþróttasamstarf	1.225	1.000	1.025	Íþróttasamtök
1-2212-2	Norræna æskulýðsnefndin	3.950	4.000	4.200	Samtök barna og ungmenna
1-2214-2	Stjórnarnefndin (BUK)	2.000	2.000	759	Félög, stofnanir o.fl.
1-2220-2	KM-hópurinn	200	200	200	
1-2224-2	Forgangsverkefni á sviði kvikmynda og fjölmiðla	1.300	1.200	1.300	Filmkontakt Nord
1-2228-3	NORDICOM	200	200	200	
1-2230-2	NORDBOK	-	50	114	Norrænu félögin
1-2234-2	Samiskt samstarf	2.500	2.500	2.500	Frjáls félagasamtök Sama og listamenn
1-2231-1	SLEIPNIR	2.558	3.000	1.889	Ferðastyrkir listamanna
1-2246-2	Listamannaheimilið í Róm	792	653	870	Dvöl listamanna
1-2255-3	Leiklist og dans	1.460	800	1.542	Áhugamannaleikfélög
1-2256-3	NOMUS	-	1.000	428	Orkester Norden
1-2257-3	Norræna listamannamiðstöðin Dalsåsen	700	700	700	Dvöl listamanna
1-2258-3	NIFCA	3.000	1.400	3.115	Óháðir listamenn
1-2270-3	Norræna húsið í Reykjavík	300	250	150	Óháðir listamenn
1-2272-3	Norðurlandahúsið í Færeyjum	300	250	200	Óháðir listamenn
1-2274-3	Norræna stofnunin á Álandseyjum	200	150	150	Óháðir listamenn
1-2277-3	Norræna stofninin á Grænlandi	200	150	150	Óháðir listamenn
1-2296-2	Menningarverkefni á erlendri grund	-	500	3.000	Óháðir listamenn
	Samtals menning	**31.785**	**30.253**	**32.822**	

Fjárlagaliður		Fjárlög 2001	Fjárlög 2000	Ráðstafað 1999	Viðtakendur framlaga
1-2514-1	Vestnorrænu nemendaskiptin	1.708	1.671	1.638	Norrænu félögin
1-2526-1	NORDPLUS-mini	5.367	3.251	1.187	Norrænu félögin
1-2520-2	FOVU	1.700	1.600	1.600	Fræðslusambönd o.fl.
1-2522-1	Styrkjakerfi FOVU	4.900	4.900	4.400	Fræðslusambönd/ lýðháskólar
1-2524-3	Nordens Folkliga Akademi	2.500	2.400	2.400	Fræðslusambönd/ lýðháskólar
1-2534-2	Nordisk Sommeruniversitet	1.066	1.043	1.023	NSU eru frjáls félaga-samtök
1-2543-1	NORDMÅL	1.300	1.300	1.300	Nordspråk
1-2552-2	IDUN	-	1.000	-	Fræðslusambönd o.fl.
	Samtals menntun og rannsóknir	**18.541**	**17.165**	**13.548**	
2-0810-3/-2-0860-2	Grannsvæðaáætlunin	11.700	11.300	10.300	Frjáls samtök, ferða- og námsdvalarstyrkir
	Samtals grannsvæðaáætlunin	**11.700**	**11.300**	**10.300**	
2-6510-2	Verkefnafé, landbúnaður og skógrækt	450	-	621	
	Samtals landbúnaður og skógrækt	**450**	**-**	**621**	
2-6610-2	Verkefnafé - sjávarútvegur	610	680	798	Samtök sjávarút-vegsins
	Samtals sjávarútvegur	**610**	**680**	**798**	
3-6710-2	Verkefnafé - neytendamál	1.500	925	1.500	Samtök neytenda o.fl.
	Samtals neytendamál	**1.500**	**925**	**1.500**	
3-4120-2	Nordjobb	2.777	2.817	2.762	Norrænu félögin
	Samtals vinnumarkaður og umhverfismál	**2.777**	**2.817**	**2.762**	
3-4410-2	Verkefnafé - jafnrétti	300	300	300	Kvennasamtök
	Samtals jafnrétti	**300**	**300**	**300**	
4-0410-2	Samband Norrænu félaganna	2.821	2.760	2.706	Norrænu félögin
4-0450-2	Stuðningur við frjáls félagasamtök	953	932	614	Sviðið almennt
	Samtals önnur starfsemi	**3.774**	**3.692**	**3.320**	
Samtals frjáls félagasamtök hjá Norrænu ráðherranefndinni		**71.437**	**67.132**	**65.971**	

Starfsemi í þágu barna og ungmenna.

Á flestum sviðum samstarfs ráðherranefndarinnar fer fram starfsemi í þágu barna og ungmenna. Almennt má flokka starfsemina á eftirfarandi hátt eftir því hvernig unnið er:

- starfsemi *í þágu* barna og ungmenna;
- starfsemi *með* börnum og ungmennum;
- starfsemi unnin *af* börnum og ungmennum.

Fyrsti flokkurinn á við um allt starf innan norrænu ráðherranefndarinnar sem snýr að málefnum barna og ungmenna. Starfsemi *með* börnum og ungmennum er dæmigerð fyrir menningar- og skólasviðið meðan starfsemi unnin *af* börnum og ungmennum er einkum á sviði menningarsamstarfsins. Í Norrænu æskulýðsnefndinni, sem er ráðgefandi nefnd á vegum ráðherranefndarinnar um málefni barna og ungmenna, eiga norræn barna- og æskulýðssamtök fulltrúa.

Sem dæmi um starfsemi í þágu barna og ungmenna má nefna rannsóknarverkefni sem ætlað er að mynda sameiginlegan þekkingargrundvöll um börn og ungmenni og daglegt líf þeirra. Margt hefur verið gert til að þróa rannsóknir um börn og ungmenni, lífskjör þeirra og menningu. Norrænn samhæfingaraðili á sviði rannsókna á æskulýðsmálum, með norrænt tengslanet vísindamanna að bakhjarli, miðlar upplýsingum um þær rannsóknir um lífskjör

barna og ungmenna sem unnið er að. Norræna ráðherranefndin styður einnig þverfaglegt tengslanet vísindamanna um barnamenningu.

Á menningarsviði hefur starfsemin í þágu barna og ungmenna haft forgang undanfarin ár. Þrír fjárlagaliðir á menningarfjárlögunum eru eingöngu ætlaðir starfsemi í þágu barna og ungmenna. Menningarhúsin/-stofnanirnar fjórar starfa allar samkvæmt þriggja ára markmiðs- og rammastjórnunarsamningi fyrir tímabilið 1999–2001 þar sem börn og ungmenni eru eitt áherslusviðanna. Listnefndirnar og stjórnarnefndirnar verja miklum hluta fjármuna sinna til verkefna í þágu barna og ungmenna. Það er haft að leiðarljósi að eyrnamerkja sem minnst af fjárveitingunum fyrir fram, en hvetja til og styðja verkefni sem snerta málefni barna og ungmenna.

Norrænt samstarf að skólamálum hefur að markmiði að gera skólana á Norðurlöndum betri. Samstarfið skal hvíla áfram á skólaþróun og hana á að nýta bæði á Norðurlöndum og í alþjóðlegu samhengi innan forgangssviða í þeim tilvikum þar sem hægt er að skapa norrænan virðisauka. Enn fremur er það markmið skólasamstarfsins að efla heildarsýn á menntun barna og ungmenna frá forskóla til framhaldsskóla.

Vandamál tengd atvinnuleysi unglinga eða erfiðleikum við að koma undir sig fótunum á vinnumarkaðnum verða í framtíðinni meðal helstu æskulýðsmálefna í norrænu samstarfi. Innan NOKON-verkefnisins, sem hefur hlotið styrk frá unglingasviðinu og vinnumarkaðssviðinu, hefur verið stofnað til norræns þróunarstarfs um hæfniþróun. Mikilvægt er að nýta þá þekkingu og reynslu sem fyrir hendi er til að fækka þeim börnum og ungmennum sem hætta snemma í skóla. Jafnframt er þörf á uppeldisfræðilegri innsýn í menntun og hæfnisaukningu á Norðurlöndum ásamt nýjum leiðum.

Á sviði félagsmála hefur lengi verið unnið að því að lýsa lífskjörum barna og ungmenna á Norðurlöndum og sjálfstjórnarsvæðunum. Meðal annars hafa verið gerðar allnokkrar skýrslur um þessi mál og mynda þær grundvöll frekari rannsókna. Einnig er á samstarfssviðinu unnið að verkefni þar sem könnuð er beiting valds innan barnaverndar á Norðurlöndum. Þetta verkefni, ásamt áður gerðri könnun á norrænni löggjöf um valdbeitingu, myndar afar athyglisverðar nýjar samanburðarrannsóknir.

Á sviði neytendamála eru börn og ungmenni neytendahópur sem er sérlega viðkvæmur gagnvart auglýsingum og vörulýsingum, og því er sérlega áríðandi að móta neytendakröfur sem tryggja að börn og ungmenni verði þess umkomin að velja sjálfstætt og meðvitað með tilliti til eigin neyslu.

Norrænu löndin og sjálfstjórnarsvæðin standa frammi fyrir all nokkrum sameiginlegum úrlausnarefnum á sviði lögfræði varðandi börn og ungmenni. Slíkt samstarf er þegar hafið og þess er vænst að það eflist frekar. Skipaður hefur verið starfshópur til að móta miðlun reynslu varðandi glæpi unglinga. Í þeim hópi gefst færi á reynsluskiptum varðandi refsiréttarlegar og aðrar ráðstafanir. Þar verða og ræddar ýmsar fyrirbyggjandi aðgerðir. Barátta gegn barnaklámi á Interneti hefur verið forgangs- og átaksverkefni í samstarfinu um löggjafarmál.

Á vegum norrænu ráðherranefndarinnar hafa verið samþykktar framkvæmdaáætlanir sem beinast að börnum og ungmennum. Þær eru, „Framkvæmdaáætlun fyrir börn og ungmenni á grannsvæðum Norðurlanda“ sem gildir frá 1999, og ný „Framkvæmdaáætlun fyrir norrænt skólasamstarf 2001–2004“. Þess er einnig vænst að ný þverfagleg framkvæmdaáætlun fyrir barna- og ungmennasviðið með þátttöku allra samstarfssviða taki gildi 2001.

Í eftirfarandi töflu er sýnt hvaða fjárlagaliðir fela í sér framlög í þágu barna og ungmenna. Tilgreind fjárhæð er byggð á mati á væntanlegu umfangi starfseminnar í samstarfi eða í tengslum við börn og ungmenni árið 2001 á grundvelli reynslu fyrri ára. Eðli málsins samkvæmt er því ekki um nákvæmt uppgjör að ræða.

Börn og ungmenni (þús. d.kr.)

Fjárlagaliður		Fjárlög	Fjárlög	Ráðstafað 1999
1-2203-2	Framlag til sérstakra menningarmála	900	-	-
1-2204-2	Ráðstöfunarfé - Menning	-	500	300
1-2205-1	Norræni menningarsjóðurinn	5.000	5.000	4.820
1-2210-2	Norrænt íþróttasamstarf	1.378	1.000	1.125
1-2212-2	Norræna æskulýðsnefndin	5.533	5.000	5.319
1-2214-2	Stjórnarnefndin (BUK)	5.775	5.500	5.524
1-2216-2	Börn og ungmenni við árþúsundamót	-	1.000	1.023
1-2220-2	KM-hópurinn	-	500	-
1-2222-1	Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn	450	7.600	450
1-2224-2	Forgangsverkefni á sviði kvikmynda og fjölmiðla	1.600	1.000	1.600
1-2230-2	NORDBOK	50	1.000	1.276
1-2234-2	Samískt samstarf	300	300	300
1-2239-2	Norræna menningararfleifðin	-	300	414
1-2255-3	Leiklist og dans	-	1.000	632
1-2256-3	NOMUS	1.000	1.000	1.420
1-2270-3	Norræna húsið í Reykjavík	200	500	565
1-2272-3	Norðurlandahúsið í Færeyjum	395	395	893
1-2274-3	Norræna stofnunin á Álandseyjum	500	150	569
1-2277-3	Norræna stofnunin á Grænlandi	1.000	150	544
1-2296-2	Menningarverkefni á erlendri grund	100	2.000	1.550
	Samtals menning	**24.181**	**33.895**	**28.324**
1-2510-1	NSS	5.428	4.911	5.215
1-2512-1	NORDPLUS-junior	9.382	9.180	9.090
1-2514-1	Vestnorrænu nemendaskiptin	1.708	1.671	1.638
1-2516-1	NORDPLUS-mini	5.367	3.251	1.187
1-2542-2	NORDKURS	1.995	1.842	1.916
1-2543-1	NORDMÅL	3.500	5.500	3.500
1-2548-3	NIFIN	2.000	2.300	2.000
1-2552-2	IDUN	918	1.000	921
	Samtals menntun og rannsóknir	**30.298**	**29.655**	**25.467**
2-6510-2	Verkefnafé - landbúnaður og skógrækt	-	200	-
	Samtals landbúnaður og skógrækt	**-**	**200**	**-**
2-6610-2	Verkefnafé - sjávarútvegur	600	200	375
	Samtals sjávarútvegur	**600**	**200**	**375**
3-6710-2	Verkefnafé - neytendamál	300	200	737
	Samtals neytendamál	**300**	**200**	**737**
3-4310-2	Verkefnafé - heilbrigðis- og félagsmál	500	500	400
3-4384-3	NSH	1.500	1.500	1.400
3-4385-3	NUD	2.500	2.500	2.300
3-4386-3	NOPUS	200	200	200
	Samtals heilbrigðis- og félagsmál	**4.700**	**4.700**	**4.300**
3-4620-2	Velferðarrannsóknir	2.000	2.000	-
	Samtals velferð	**2.000**	**2.000**	**-**
2-0830-2	Lýðræðismál og stefna í málefnum íbúa	1.500	2.000	1.800
	Samtals grannsvæðaásetlunin	**1.500**	**2.000**	**1.800**
	Samtals starfsemi í þágu barna og ungmenna á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar	**63.579**	**72.850**	**61.003**

Aðgerðir á sviði rannsókna og vísinda.

Markmið rannsóknar- og þróunarstarfs norrænu ráðherranefndarinnar (FoU) er að örva og efla norrænt samstarf, varpa ljósi á norræn forgangsverkefni og auka gæði og mikilvægi samstarfsins. Norrænt vísinda- og þróunarsamstarf býr við mjög takmörkuð fjárframlög sem nema minna en 1% af heildarfjármunum Norðurlanda til rannsókna. Framlög ráðherranefndarinnar til rannsókna verður því að samræma og samhæfa við forgangsröðun í löndunum heima fyrir.

Norrænu FoU-samstarfi er almennt ætlað að stuðla að því að:

- efla menningarlega samkennd á Norðurlöndum, þróa norræna samfélagsuppbyggingu og stuðla að vistvænni og sjálfbærri samfélagsþróun,
- nýta sérstakar norrænar forsendur, svo sem landfræðilega nálægð, styrk og hæfni atvinnulífsins og vísindasamfélagsins, svo og norrænt gildismat sem endurspeglast í þeim sérstaka svip sem tungumál, menning, saga og landafræði gefa Norðurlöndum,
- skapa norrænan virðisauka í tengslum við átakssvið í aðildarlöndunum og taka þátt í forgangsverkefnum þar,
- byggja upp samkeppnishæft, endurnýjanlegt og sjálfbært atvinnulíf.

Aðgerðir norrænu ráðherranefndarinnar á sviði FoU eru þrenns konar:

- tímabundnar rannsóknaáætlanir,
- norrænar rannsóknarstofnanir,
- sjóðir og styrkjafyrirkomulag.

Norræna vísindastefnuráðið (FPR) er til ráðgjafar og ber að brydda upp á nýjum hugmyndum til rannsóknarsamstarfs. Í Norrænu vísindastefnuáætluninni sem var samþykkt árið 1999 eru viðmiðunarreglur fyrir starfið.

Rannsóknaáætlanir.

Norrænum rannsóknaáætlunum er aðeins hrint í framkvæmd á sérstökum forgangssviðum þar sem Norðurlönd hafa sérþekkingu og hagsmuna að gæta.

Norrænu rannsóknaáætlununum er ætlað að stuðla að því að:

- efla myndun tengslaneta og hreyfanleika vísindamanna,
- útvega fjármuni innanlands til þátttöku í fjármögnun norrænna aðgerða,
- stuðla að verkaskiptingu og sérhæfingu á Norðurlöndum,
- efla norræna þátttöku í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsókna og þróunar.

Heildarfjárlög fyrir rannsóknaáætlanir nema 24 millj. d.kr. árið 2001 og fela í sér upphaf tveggja nýrra rannsóknaáætlana:

- rannsóknaáætlun um haffræði;
- rannsóknaáætlun um öryggismál.

Rannsóknarásætlanir 1998-2005

Rannsóknarásætlanir	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Norðurlönd og Evrópa	6.947	10.093	5.936					
Tengslanet um þjóðhætti	2.193	2.000	1.067	1.090				
Norðurskautsrannsóknir	6.120	500	6.120	6.255	6.255	5.610		
Velferðarrannsóknir		1.637	4.476	4.063	8.000	8.000	8.000	
Kyn og ofbeldi			3.570	3.649	3.649	3.649	3.649	
Tungutækni			3.570	4.875	4.875	4.875	4.875	
Faraldsfræði					3.500	7.000	7.000	7.000
Öryggisrannsóknir				1.533	1.533	1.533		
Haffræði				2.555	2.555	2.555	2.555	2.555
Nýjar áætlanir					633	1.778	8.921	25.445
Samtals	15.260	14.230	24.739	24.020	31.000	35.000	35.000	35.000

Yfirlit yfir rannsóknarásætlanir sem eru hafnar eða hafa verið lagðar til fyrir tímabilið 1998-2005 í þús. d.kr. á verði hvers tíma 1998-2000 og á verðlagi 2001 fyrir tímabilið 2001-2005. Skipulagsrammarnir fyrir 2002-2005 eru skilyrtir af því að fjárlagarömmum Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir 2001 verði haldið óbreyttum á komandi árum.

Rannsóknastofnanir.

Norrænar rannsóknarstofnanir eru afar sérhæfðar og starfa á sviðum þar sem norrænu löndin hafa séð sér hag í því að starfa saman um eina stofnun. Af 34 stofnunum ráðherranefndarinnar verja 14 stofnanir meira en 50% af fjárlögunum til rannsókna og nýsköpunar, en auk þess verja sexstofnanir milli 10 og 50% af fjárlögunum til rannsókna.

Á undanförnum áratug hefur hlutdeild FoU starfseminnar minnkað úr 43% af fjárlögum

Hlutdeild rannsóknarstarfs innan Norrænu ráðherranefndarinnar 1988-1999

Fjárlagaár	1988	1990	1994	1996	1997	1998	1999
Áætluð rannsóknahlutdeild af fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar	248	247	230	243	218	254	254
Heildarfjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar	573	601	651	707	687	717	732
% hlutdeild rannsókna	43 %	41 %	35 %	34 %	30 %	36%	35%

Fjármögnun rannsókna (FoU) á almennum fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar á völdum árum tímabilið 1988-1999 (millj. d.kr., á verði hvers tíma).

norrænu ráðherranefndarinnar árið 1988 í 35% í 1999.

Skipting fjárlaganna eftir sviðunum þremur.

(Vísað er í súlu- og körkurit fyrr í kaflanum.)

Samstarf um innri málefni Norðurlandanna.

Árið 2001 er gert ráð fyrir að verja um 75% af fjárlögum norrænu ráðherranefndarinnar til innra norræns samstarfs. Bæði hlutfallslega og í endanlegum tölum er um að ræða lítils háttar hækkun miðað við þá skiptingu sem vænst var árið 2000.

Eins og á árinu 2000 felur skipting heildarfjárlaga í sér ákveðnar breytingar, sem þó flestar eru svo litlar að þær ber ekki að túlka sem raunverulegar áherslubreytingar.

Breytingarnar verða augljósastar þar sem um ný verkefni er að ræða, en þau eru mikilvægur þáttur í hækkun fjárlaganna. Meðal þeirra má nefna „Norðurlönd í brennidepli"-upplýsingamiðstöðvarnar í Ósló, Stokkhólmi og Kaupmannahöfn, „Sjálfbær Norðurlönd" ásamt fjármögnun þjónustusímans „Halló Norðurlönd".

Hækkun fjárveitinga til nemendaskiptaáætlunarinnar „NORDPLUS-mini“ og nýjar rannsóknaáætlanir, t.d. vestnorrænar hafloftslagsrannsóknir, hafa leitt til hækkunar á sviði menntamála og vísinda.

Samstarf við grannsvæði Norðurlanda.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga verður um 136,7 millj. d.kr. varið til samstarfs við grannsvæðin. Þetta merkir, að heildarfjárveitingar til grannsvæðasamstarfsins lækka um 14 millj. d.kr. í samanburði við fjárlög fyrir árið 2000.

Sjálf grannsvæðaáætlunin eykst nokkuð að umfangi og fjárveitingar til hennar nema 70.220 þús. d.kr. Innan fjárveitingarinnar til grannsvæðasamstarfsins breytist hvorki skiptingin milli ólíkra þemasviða né starfsemin innan þeirra svo neinu nemi.

Hvað varðar framlög til grannsvæðasamstarfs innan ramma almennra fjárveitinga einstakra sviða á fjárlögum, verða mestu breytingarnar á sviði menntamála og vísinda og í iðnaðar- og atvinnumálum. Framlög þessara sviða minnka samtals um 11 millj. d.kr.

Á árinu 2000 var unnið að endurskoðun á samstarfi ráðherranefndarinnar við grannsvæðin. Endurskoðunin beindist meðal annars að markmiðum samstarfsins, meginþemasviðum og leiðum. Gert er ráð fyrir að endurskoðunin leiði ekki til breytinga að neinu marki fyrr en árið 2002. Á fjárveitingum grannsvæðasamstarfsins fyrir árið 2001 eru þó fjármunir til nýrra aðgerða svo unnt verði að innleiða ný þemu og starfsemi þegar árið 2001, í kjölfar endurskoðunarinnar.

Samstarf um Evrópumál.

Tekið er frumkvæði að tilteknum verkefnum sem snúa að Evrópu/ESB/EES á mörgum sviðum og eru norrænt samráð, upplýsingaskipti og sameiginleg starfsemi forgangsverkefni. Við forgangsröðun þessara verkefna, sem fjármögnuð eru af ráðstöfunarfé sviðanna, er tekið mið af þeirri forgangsröðun sem gerð hefur verið í framkvæmdaáætlunum sviðanna, samstarfsáætlunum, formennskuáætlunum og með tilliti til tilmæla Norðurlandaráðs.

Á fjárlagaárinu 2001 er gert ráð fyrir að 7,7% sé varið til ESB/EES-starfsemi. Þetta ber að skoða í ljósi niðurstöðunnar um skiptingu fjárlaga milli sviða 1999, sem sýnir að ráðherranefndin varði þá 7% fjárlaganna til starfsemi sem tengist ESB/EES-samstarfinu beint. Þessi skipting fjárlaganna endurspeglar pólitískt eðli hins norræna samstarfs á sviði ESB/EES-mála þar sem samráð og upplýsingaskipti einkenna samstarfið mun meira en raunin er í samstarfinu um innri norræn mál og í grannsvæðasamstarfinu.

Hvað varðar fjárveitingar af fjárlögum ársins 2001 til beinna verkefna á sviði ESB/EES er einkum um slíkt að ræða á sviði matvæla-, löggjafar-, vímuefna- og umhverfismála svo og upplýsingatækni. Þannig er þess vænst að á sviði neytendamála fari um 50% af almennum framlögum á fjárlögum til ESB/EES-samstarfsins og 40% á sviði löggjafar og matvæla. Á sviði umhverfismála, sem árið 1999 varði 11% af sínum fjármunum til þessara mála eru áætluð 25% árið 2001. Á hinn bóginn er m.a. á sviði menningar-, bygginga-, húsnæðis- og menntamála gert ráð fyrir í mesta lagi 5% fjárlaganna til ESB/EES-starfseminnnar.

847. Fyrirspurn [544. mál]

til heilbrigðisráðherra um fjölda öryrkja.

Frá Katrínu Fjeldsted.

1. Hve margir eru öryrkjar hér á landi og hvernig skiptast þeir eftir sjúkdómaflokkum? Er sú skipting svipuð og annars staðar á Norðurlöndum?
2. Hver er hlutfallslegur fjöldi öryrkja á Íslandi miðað við önnur Norðurlönd?
3. Hve stór hluti öryrkja býr í Reykjavík?

848. Fyrirspurn [545. mál]

til landbúnaðarráðherra um rannsóknir á sumarexemi í hrossum.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hvernig gengur átak í rannsóknum á sumarexemi í hrossum?
2. Hafa fengist einhverjar niðurstöður?
3. Hvernig er sambandi við erlenda aðila háttað varðandi sumarexemrannsóknir?
4. Hefur markaðstap vegna sumarexems verið rannsakað?
5. Hversu miklu fé hefur verið varið til rannsókna á sumarexemi í hrossum frá því í júní á síðasta ári?

Skriflegt svar óskast.

849. Fyrirspurn [546. mál]

til samgönguráðherra um póstþjónustu.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvenær verða settar ákveðnar gæðakröfur um grunnpóstþjónustu í landinu sem taki meðal annars til póstmóttöku, póstdreifingar, aðbúnaðar, öryggismála, póstleyndar og aðgengis almennings að þessari þjónustu?
2. Hvaða skilgreindar kröfur eru nú gerðar um póstmóttöku og póstdreifingu, sem og fjölda, aðbúnað og þjónustustig póststöðva í landinu?
3. Hver tekur út og samþykkir færslu póstafgreiðslna, aðbúnað, öryggi, rekstrarform og þjónustustig nýrra póststöðva og hvernig er formlega staðið að þeirri úttekt?
4. Mun ráðherra láta afturkalla lokun pósthúsanna á Hofsósi og í Varmahlíð ef breytingin sem þar á að verða þýðir lakari gæði eða beinan niðurskurð póstþjónustu á þessum stöð-

um frá því sem áður var eða að hún samræmist ekki ákvæðum í starfsleyfi Íslandspósts hf. frá 28. janúar 1998?

850. Svar [441. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Sverris Hermannssonar um skipstjórakvóta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvers eðlis var hinn svonefndi „skipstjórakvóti"? Hvaða reglur voru samdar um sérúthlutun skipstjórakvóta og hverjir hlutu?*
2. *Var endurúthlutað kvóta til skipa vegna stækkunar skips eða aukinna afkasta og hverjir hlutu?*
3. *Hversu mikið kom í hlut hvers kvótaþega í þorskígildum?*
4. *Hvernig skiptist úthlutunin eftir fisktegundum?*
5. *Hvaða hlutverki gegndi svokölluð „samráðsnefnd" þegar um endurúthlutun aflakvóta eða aflahlutdeilda var að ræða, annars vegar „skipstjórakvóta" og hins vegar til endurúthlutunar á skip vegna annarra ástæðna og um hvaða skip var að ræða?*

1. Við ákvörðun á „skipstjórakvóta" var byggt á 4. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 44/1984, sem orðaðist svo:

„Hafi skipstjóraskipti á árinu 1983 orðið með þeim hætti, að skipstjóri, sem fram að skiptum hafði stýrt sama skipi samfellt á viðmiðunartímabilinu sbr. 6. gr., tekur við öðru sambærilegu skipi í 3. stærðarflokki eða stærra sbr. 9. gr., og meirihluti áhafnar flyst með honum, skal heimilt, auk vals sbr. 1. mgr., að gefa kost á því að aflamark á skipinu, sem skipstjóri tekur við, miðist við aflareynslu áhafnarinnar á fyrra skipinu."

Í fyrri dálki töflunnar eru tilgreind þau sex skip sem fengu skipstjórakvóta og í síðari dálki skip sem skipstjóri var áður með.

Fengu skipstjórakvóta:		**Fyrra skip:**	
1622	Smáey	1245	Stokksey
1369	Akureyrin	1395	Kaldbakur
1084	Friðrik Sigurðsson	980	Friðrik Sigurðsson
1179	Ófeigur	707	Ófeigur III
1365	Viðey	1328	Snorri Sturluson
1511	Jóhannes Gunnar	1161	Drífa

2. Ekki kom til endurúthlutunar á kvótum vegna stækkunar eða aukinna afkasta skipa tengt skipstjórareglunni. Hins vegar mótaðist söknarmark og meðalkvóti af stærð skipa.

3.–4. Í eftirfarandi töflum kemur fram hvað hvert þessara 6 skipa hefði fengið samkvæmt reynslukvóta og hins vegar hver skipstjórakvótinn varð eftir fisktegundum. Í dálknum „mismunur" sést hvort viðkomandi skip hækkaði eða lækkaði í tegundum.

Smáey 1622				Akureyrin 1369			
	Reynslu-kvóti	Skipstjóra-kvóti	Mismunur		Reynslu-kvóti	Skipstjóra-kvóti	Mismunur
Þorskur	343,8	245,5	-98,3	Þorskur	1.060,8	1.512,0	+451,2
Ýsa	315,4	585,0	+269,6	Ýsa	254,4	266,0	+11,6
Ufsi	102,6	126,0	+23,4	Ufsi	284,2	177,5	-106,7
Karfi	106,3	19,5	-86,8	Karfi	1.364,4	1.146,0	-218,4
Skarkoli	59,5	16,5	-43,0	Skarkoli	51,4	115,5	+64,1
Grálúða	0,0	0,0	+0,0	Grálúða	581,8	1.180,0	+598,2
Steinbítur	7,8	0,5	-7,3	Steinbítur	81,5	48,5	-33,0
Alls lestir	**935,4**	**993,0**	**+57,6**	**Alls lestir**	**3.678,5**	**4.445,5**	**+767,0**

Friðrik Sigurðsson 1084				Ófeigur 1179			
	Reynslu-kvóti	Skipstjóra-kvóti	Mismunur		Reynslu-kvóti	Skipstjóra-kvóti	Mismunur
Þorskur	329,5	503,5	+174,0	Þorskur	224,1	320,5	+96,4
Ýsa	86,0	85,5	-0,5	Ýsa	40,4	13,0	-27,4
Ufsi	152,3	279,5	+127,2	Ufsi	221,8	148,0	-73,8
Karfi	19,6	42,0	+22,4	Karfi	19,6	20,0	+0,4
Skarkoli	20,4	26,5	+6,1	Skarkoli	0,1	0,0	-0,1
Grálúða	1,4	0,0	-1,4	Grálúða	0,0	0,0	0,0
Steinbítur	3,5	2,0	-1,5	Steinbítur	6,2	10,5	+4,3
Alls lestir	**612,7**	**939,0**	**+326,3**	**Alls lestir**	**512,2**	**512,0**	**-0,2**

Viðey 1365				Jóhannes Gunnar 1511			
	Reynslu-kvóti	Skipstjóra-kvóti	Mismunur		Reynslu-kvóti	Skipstjóra-kvóti	Mismunur
Þorskur	488,5	386,0	-102,5	Þorskur	40,0	98,0	+58,0
Ýsa	122,1	126,5	+4,4	Ýsa	9,5	2,0	-7,5
Ufsi	381,8	1.487,5	+1.105,7	Ufsi	7,3	15,0	+7,7
Karfi	1.840,9	2.941,5	+1.100,6	Karfi	0,1	0,5	+0,4
Skarkoli	44,2	22,0	-22,2	Skarkoli	1,9	5,0	+3,1
Grálúða	300,0	30,5	-269,5	Grálúða	0,0	0,0	0,0
Steinbítur	39,5	28,0	-11,5	Steinbítur	2,3	0,0	-2,3
Alls lestir	**3.217,0**	**5.022,0**	**+1.805,0**	**Alls lestir**	**61,1**	**120,5**	**+59,4**

5. Hlutverk samráðsnefndar var skilgreint í 16. gr. reglugerðar nr. 44/1984:

„Sérstök samráðsnefnd þriggja manna, skipuð einum fulltrúa frá samtökum sjómanna og einum fulltrúa frá samtökum útvegsmanna auk formanns, sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla um öll álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark samkvæmt reglugerð þessari. Í starfi sínu skal nefndin leitast við að velja úrræði sem stuðla að því að draga úr útgerðarkostnaði. Nefndin skal sérstaklega fjalla um ákvarðanir samkvæmt ákvæðum 11. og 12. greinar, svo og til hvaða flokks samkvæmt a-lið 6. gr. skuli telja hvert skip.

Nefndin skal skila skriflegum tillögum til ráðuneytisins um úrlausn einstakra mála.“

Samráðsnefnd fékk fjölda úrlausnarefna samkvæmt framansögðu. Má þar nefna leiðréttingar á viðmiðunarafla, uppreikning á afla vegna frátafa á viðmiðunartímabilinu, röðun skipa í útgerðarflokka, skilyrði skipstjórareglunnar o.s.frv.

851. Fyrirspurn [547. mál]

til iðnaðarráðherra um rammaáætlun um nýtingu jarðvarma og vatnsafls.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Hvernig miðar gerð rammaáætlunar um nýtingu jarðvarma og vatnsafls? Hvenær telur ráðherra líklegt að áætlunin líti dagsins ljós?

852. Fyrirspurn [548. mál]

til umhverfisráðherra um náttúruverndaráætlun.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Hvað líður gerð náttúruverndaráætlunar? Hvenær telur ráðherra að því verki verði lokið?

853. Fyrirspurn [549. mál]

til félagsmálaráðherra um fjárskuldbindingar sveitarfélaga.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

Hversu miklar eru fjárskuldbindingar sveitarfélaga, sem þegar liggja fyrir og samkvæmt fyrirliggjandi áformum, vegna svokallaðrar einkafjármögnunar og rekstrarleigu, sundurliðað eftir verkefnum og sveitarfélögum?

Skriflegt svar óskast.

854. Svar [471. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Drífu J. Sigfúsdóttur um framkvæmd samnings um framleiðslu sauðfjárafurða.

1. *Hver verða uppkaup ríkissjóðs á greiðslumarki á þessu ári miðað við að í samningi landbúnaðarráðherra og Bændasamtaka Íslands um framleiðslu sauðfjárafurða frá 11. mars 2000 er gert ráð fyrir að ríkissjóður kaupi greiðslumark er nemur 45.000 ærgildum?*

Fyrir liggja 299 samningar við sauðfjárbændur um kaup á 35.178,3 ærgildum í greiðslumarki sauðfjár. Þar af koma til framkvæmda og verða greidd á þessu ári 33.054,3 ærgildi. Á næsta ári koma til framkvæmda og verða greidd 2.124 ærgildi.

2. *Hvenær má ætla að sala á greiðslumarki verði frjáls en samkvæmt samningnum verður það eftir að uppkaupin hafa farið fram en þó ekki síðar en 1. janúar 2004?*

Í áætlunum sem gerðar voru við samning um framleiðslu sauðfjárafurða frá 11. mars 2000 var horft til þess að sala á 45 þús. ærgildum færi fram á þremur árum og lyki árið 2003. Greiðslumark í sauðfé nam fyrir söluna 395.608,2 ærgildum. Miðað við að bændur hafa nú þegar selt 78% af því sem ríkissjóður samdi um að kaupa eru miklar líkur á að það uppkaupamarkmið sem sett var við samningana náist árið 2001.

3. *Má ætla að uppkaupin leiði til hagfelldari dreifingar á sauðfjáreign?*

Eftirfarandi súlurit sýna uppkaup á greiðslumarki í sauðfé árið 2000 eftir búnaðarsamböndum í heild og sem hlutfall af greiðslumarki í sauðfé á hverju svæði.

Sala á greiðslumarki árið 2000 eftir búnaðarsamböndum



Hlutf. sala á greiðslumarki eftir búnaðarsamböndum árið 2000



Af súluritunum kemur fram að hlutfallslega er mest selt á svæðum þar sem sauðfjárrækt hefur minna vægi í atvinnulífinu og á svæðum í grennd við þéttbýli. Hlutfallslega minnst er salan á sauðfjárræktarsvæðum, svo sem á Ströndum, í Austur-Húnavatnssýslu og á Norð-Austurlandi. Undantekning frá þessu er búnaðarsambandssvæði Vestur-Húnvetninga. Af þessu má draga þá ályktun að með uppkaupunum færist sauðfjárrækt hlutfallslega til svæða sem henta vel fyrir búgreinina.

4. *Hvenær má vænta tillagna frá ráðherra um fyrirkomulag gæðastýringar í sauðfjárrækt í samræmi við þau markmið samningsins að efla fagmennsku í sauðfjárrækt og að sauðfjárrækt sé í samræmi við umhverfisvernd?*

Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða með lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, skal leggja fyrir Alþingi eigi síðar en 1. febrúar 2002 frumvarp til laga um breytingu á IX. kafla laganna með nánari ákvæðum um álagsgreiðslur vegna gæðastýringar. Undirbúningur þessa verkefnis er löngu hafinn. Á síðastliðnu ári var sett af stað tilraunaverkefni með gæðastýringu meðal sauðfjárbænda í Norður-Þingeyjarsýslu. Framkvæmdanefnd búvörusamninga hefur stofnað ráðgjafarnefnd þriggja sérfræðinga á sviði sauðfjárræktar til að vera til ráðuneytis um faglegar hliðar gæðastýringarinnar. Samið hefur verið við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri um að semja námsefni, undirbúa námskeið og kynna efnið meðal bænda. Þá taka Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins þátt í að móta reglur um nýtingu lands við gæðastýringu. Námskeið fyrir bændur hefjast í þessum mánuði og er að því stefnt að frumvarpið verði lagt fyrir haustþing 2001.

5. *Mun gæðastýringin leiða til öflugri markaða fyrir sauðfjárafurðir við að rekjanleiki og framleiðsluefirlit verður aukið?*

Framleiðsla sauðfjárafurða byggist fyrst og fremst á notkun hreinna náttúruafurða. Með tilkomu gæðastýringar verður sérstök áhersla lögð á ferilskráningu við framleiðsluna, sem m.a. er ætlað að staðfesta hollustu afurðanna og að framleiðsla þeirra sé í samræmi við umhverfisvernd, landkosti og landnýtingarsjónarmið. Þetta eru allt þýðingarmikil atriði við markaðssókn landbúnaðarafurða á tímum vaxandi mengunar og sjúkdómahættu í landbúnaði samfara síauknum kröfum um lækkað heimsmarkaðsverð og aukin afköst eftir hvern grip.

6. *Verður þörf á að taka til endurskoðunar önnur ákvæði í löggjöf, svo sem um dýrasjúkdóma og landgræðslu, til að tryggja að gæðastýringin nái tilgangi sínum?*

Landbúnaðarráðuneytið vinnur að undirbúningi frumvarps til laga um breytingu á lögum um búfjárhald og á lögum um landgræðslu. Lögin munu hafa áhrif á gæðastýringu í sauðfjárrækt og þurfa að falla að þeim reglum sem þar verða settar, eigi markmið gæðastýringarinnar að nást.

7. *Er ástæða til að kanna möguleika á að taka upp samninga milli stjórnvalda og bænda um gæðastýringu við aðra framleiðslu búfjárafurða, svo sem mjólkur?*

Í gildi er reglugerð nr. 804/1998, um vistvæna landbúnaðarframleiðslu. Í henni er lýst gæðastýringu og eftirlitskerfi til að tryggja uppruna og eldi búfjár og ræktun nytjajurta þannig að afurðirnar uppfylli kröfur sem gerðar eru til vistvænna landbúnaðarafurða. Framkvæmd reglna sem þar um ræðir verður að þróast í samstarfi framleiðenda og stjórnvalda. Á vegum einstakra búgreinafélaga er einnig unnið að því að auka gæði og hagkvæmni framleiðslunnar með gæðastýringu. Þróun gæðastýringar er því ekki eingöngu bundin við samninga um framleiðslu búfjárafurða.

Samningur milli ríkisstjórnarinnar og Bændasamtaka Íslands um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu frá 17. desember 1997 rennur út í lok verðlagsárs 2005. Við endurnýjun þess samnings mun koma til álita að gæðastjórnun verði sérstakur þáttur en fyrr ekki.

855. Nefndarálit [520. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorgeir Örlygsson, Guðjón Axel Guðjónsson og Kristínu Haraldsdóttur frá iðnaðarráðuneyti, Júlíus Jónsson frá Hitaveitu Suðurnesja, Magnús Gunnarsson, bæjarstjóra í Hafnarfirði, og Skúla Skúlason og Guðjón Guðmundsson frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Frumvarpið miðar að því að heimilt verði að sameina Hitaveitu Suðurnesja, sem ríkissjóður á nú 20% hlut í, og Rafveitu Hafnarfjarðar og stofna hlutafélag um reksturinn undir nafninu Hitaveita Suðurnesja hf.

Við meðferð málsins í nefndinni kom fram að fullt samkomulag er um sameininguna hjá öllum hlutaðeigandi aðilum.

Gerð er breytingartillaga við ákvæði 2. gr. frumvarpsins þannig að enginn vafi geti leikið á því að átt sé við eignarhluti í Hitaveitu Suðurnesja við sameiningu fyrirtækjanna tveggja.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Í stað orðsins „eftir“ kemur: við.

Ísólfur Gylfi Pálmason, Pétur H. Blöndal og Svanfríður Jónasdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Árni Steinar Jóhannsson skrifar undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 13. mars 2001.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Drífa Hjartardóttir.	Árni R. Árnason.	Árni Steinar Jóhannsson, með fyrirvara.

856. Skýrsla [550. mál]

Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins fyrir árið 2000.

1. Inngangur.

Evrópuráðsþingið gegnir veigamiklu hlutverki í starfsemi Evrópuráðsins, enda hugmyndabanki stofnunarinnar og vaxandi pólitískt afl innan álfunnar. Á þinginu sitja 527 fulltrúar sem skiptast til helminga í aðalmenn og varamenn. Ólíkt ráðherranefndinni þar sem hvert ríki hefur eitt atkvæði fer fjöldi atkvæða á þinginu eftir stærð þjóðar. Þingið starfar í fjórtán málefnanefndum. Þá sitja formenn landsdeilda í stjórnarnefnd og í sameiginlegri nefnd með ráðherranefndinni, auk þess sem tuttugu þingmenn sitja í forsætisnefnd þingsins. Loks starfa á þinginu fimm flokkahópar. Þingið kemur saman fjórum sinnum á ári, í lok janúar, apríl, júní og september. Í seinni tíð hefur mikilvægi stjórnarnefndar þingsins aukist mjög en hún kemur saman nokkrum sinnum á ári og ályktar um mál á milli þinga. Mikilvægi þingsins felst einkum í því að:

- eiga frumkvæði að aðgerðum og beina tillögum til ráðherranefndarinnar,
- hafa eftirlit með efndum fjölþjóðlegra skuldbindinga og þrýsta á um skjótar aðgerðir og
- vera samráðsvettvangur þingmanna aðildarríkjanna og efla þannig tengsl þjóðþinga.

Hlutverk Evrópuráðsins er að standa vörð um mannréttindi og lýðræði og stuðla að efnahagslegum og félagslegum framförum í öllum aðildarríkjum. Til þess beitir ráðið sér fyrir samningu og samþykkt bindandi fjölþjóðasáttmála. Ályktanir Evrópuráðsins og fjölþjóðasáttmálar sem þar eru samþykktir hafa haft víðtæk áhrif í álfunni allri. Fjölmargir sáttmálar ráðsins á ýmsum sviðum þjóðlífsins eru mikilvægar mælistikur fyrir þjóðir og sjálfstjórnarsvæði sem eru að koma á lýðræði og réttarríki, en mælistikur Evrópuráðsins gilda einnig fyrir aðrar fjölþjóðastofnanir og -samtök. Þar ber að sjálfsögðu hæst mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Sem dæmi um það má nefna að í Amsterdamsáttmála Evrópusambandsins (ESB) er málsgrein þar sem undirritun mannréttindasáttmála Evrópu er gerð að ófrávíkjanlegu skilyrði fyrir inngöngu í sambandið.

Á þingfundum eru skýrslur málefnanefnda ræddar og ályktað á grundvelli þeirra. Ályktunum, tilmælum eða áliti er því næst vísað beint til ráðherranefndarinnar sem fjallar um þær og framkvæmir til samræmis við þær ef þurfa þykir, annaðhvort með beinum aðgerðum eða lagasetningu í þjóðþingum. Evrópuráðsþingið á því iðulega frumkvæði að samningu fjölþjóð-

legra sáttmála sem eru lagalega bindandi fyrir aðildarríkin. Þá er Evrópuráðsþingið umræðuvettvangur fyrir stjórnmál, efnahagsmál, félagsmál, mannréttindamál, umhverfismál, menningar- og menntamál. Evrópuráðið er eina samevrópska fjölþjóðastofnunin þar sem þingmenn Vestur-, Mið- og Austur-Evrópu starfa saman á jafnréttisgrundvelli. Þingfundir þar sem menn starfa saman, bera saman bækur sínar og skiptast á hugmyndum eru því mjög mikilvægir, ekki síst fyrir nýfrjáls ríki Mið- og Austur-Evrópu. Þá er afar mikilvægt að eldri lýðræðisríki álfunnar taki virkan þátt í starfi Evrópuráðsþingsins. Reynslan hefur sýnt að þjóðir sem hafa skýr markmið í störfum sínum innan þingsins og kappkosta við að ná þeim geta haft áhrif langt umfram stærð og pólitískt bolmagn. Sú staðreynd varpar skýru ljósi á mikilvægi, og ekki síður möguleika, Evrópuráðsþingsins fyrir íslenska hagsmuni.

2. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins.

Aðalmenn Íslandsdeildarinnar á árinu voru Lára Margrét Ragnarsdóttir, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ólafur Örn Haraldsson, varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, og Margrét Frímannsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Tómas Ingi Olrich, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Kristinn H. Gunnarsson, þingflokki Framsóknarflokks, og Bryndís Hlöðversdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar.

Ritari Íslandsdeildarinnar var Gústaf Adolf Skúlason fram til 1. september en þá tók Andri Lúthersson við því starfi.

3. Helstu málefni Evrópuráðsþingsins árið 2000.

Á síðasta ári fögnuðu Evrópuráðið og aðildarríki þess þeim tímamótum að hálf öld var liðin frá því að mannréttindasáttmáli Evrópu var undirritaður í Róm. Sáttmálinn hefur um fimmtíu ára skeið tryggt mannréttindi allra þegna aðildarríkja Evrópuráðsins sem eru nú tæplega 800 milljónir. Af þessu tilefni var efnt til sérstaks hátíðarfundar í Róm í nóvember þar sem saman komu ráðherrar um 50 ríkja álfunnar til að minnast undirritunar mannréttindasáttmála Evrópu. Í sameiginlegri yfirlýsingu ráðherranna kom fram að enn þann dag í dag ættu íbúar álfunnar í átökum sem leiddu til alvarlegra mannréttindabrota. Var vakin athygli á því að geta Evrópuráðsins til að stöðva eða fyrirbyggja slík brot væri oft og tíðum vannýtt og hvatt til þess að lagastofnanir Evrópuráðsins, ekki síst Evrópuráðsþingið, beittu sér er stjórnvöld aðildarríkja brytu á rétti þegna sinna. Um þessar mundir gegnir Evrópuráðið m.a. því veigamikla hlutverki að styðja lýðræðis- og efnahagsuppbyggingu í nýfrjálsum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, meðal annars með efnhags-, laga- og tækniaðstoð og kosningaeftirliti. Aðildarríkjum ráðsins hefur fjölgað ört og eru þau nú fjörutíu og eitt talsins, auk þess sem fjöldi ríkja hefur sótt um aðild. Pólitískt vægi ráðsins hefur því aukist verulega undanfarin ár.

Átökin í Tsjetsjeníu bar hátt á dagskrá Evrópuráðsþingsins árið 2000. Á fyrsta þingfundi Evrópuráðsþingsins í janúar var efnt til sérstakrar umræðu um stöðu rússnesku sendinefndarinnar innan þingsins vegna stríðsins í Tsjetsjeníu. Tillaga sem flutt var á fyrsta þingfundi Evrópuráðsþingsins um að svipta þingnefnd Rússa atkvæðisrétti sínum á þinginu vegna átakanna var naumlega felld. Málefni Norður-Kákasushéraðsins voru til umfjöllunar á öllum þingfundum í Strassborg og var ítrekað samþykkt að þrýsta á ráðherranefndina um að hefja undirbúning brottvísunar Rússlands úr Evrópuráðinu yrðu ekki greinilegar umbætur á sviði mannréttinda í Tsjetsjeníu eins og hefur verið krafist. Þá var talsvert fjallað um mannréttindaskrá Evrópusambandsins (ESB) og var hvatt til þess að hún yrði í fullu samræmi við mannréttindasáttmála Evrópu og veikti hann ekki. Hefur Evrópuráðið hvatt ESB til að gerast aðili að mannréttindasáttmála Evrópu, enda eru öll aðildarríki ESB aðilar að Evrópuráðinu.

Málefni Balkanskaga voru einnig til umfjöllunar á þinginu. Evrópuráðið fagnaði úrslitum kosninganna í Júgóslavíu í september og stjórnarskiptunum í kjölfarið. Nýkjörnum forseta Júgóslavíu, Vojislav Kostunica, var boðið að ávarpa haustfund utanríkisráðherra aðildarríkja Evrópuráðsins í nóvember. Þá tilkynnti forsætisnefnd Evrópuráðsþingsins í desember að hafist yrði handa við að kanna aðildarumsókn Júgóslavíu að Evrópuráðinu.

Hér á eftir fara ítarlegri upplýsingar um starfsemi Evrópuráðsþingsins á árinu 2000.

4. Þingfundur Evrópuráðsþingsins 2000.

a. Fyrsti hluti þingins.

Dagana 24.–28. janúar var fyrsti hluti Evrópuráðsþingsins árið 2000 haldinn í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Lára Margrét Ragnarsdóttir, formaður, Ólafur Örn Haraldsson, varaformaður, og Bryndís Hlöðversdóttir, auk ritara. Þá sótti Tómas Ingi Olrich fund vísinda- og tækninefndar þingsins þar sem hann hafði unnið skýrslu á vegum nefndarinnar um grunn að samræmdri stefnu Evrópuríkja í orkumálum.

Meðal þess sem hæst bar á fundinum voru brýnar umræður um ástand mála í Tsjetsjeníu og um stöðu rússnesku sendinefndarinnar á þinginu, en tillaga um að svipta þingnefnd Rússa atkvæðisrétti sínum vegna stríðsins í Tsjetsjeníu var felld með 83 atkvæðum gegn 71. Sendinefnd Mexíkós sat fund þingsins í fyrsta sinn. Á þingfundi var Lára Margrét Ragnarsdóttir endurkjörin varaforseti þingsins og á fundi félags- og heilbrigðismálanefndar til varaformennsku í nefndinni. Á fundi umhverfis-, skipulags- og sveitarstjórnarnefndar var Ólafur Örn Haraldsson kjörinn varaformaður nefndarinnar. Á fundi flokkahóps frjálslyndra var Ólafur Örn útnefndur í eftirlitsnefnd Evrópuráðsþingsins fyrir hönd flokkahópsins. Á fundi vísinda- og tækninefndar var skýrsla Tómasar Inga Olrich um grunn að samræmdri orkustefnu fyrir Evrópu samþykkt. Ákveðið var að hún yrði tekin til umfjöllunar á þinginu síðar á árinu.

Eftirtaldir ávörpuðu þingið og svöruðu spurningum þingmanna: Rosario Green, utanríkisráðherra Mexíkós, Romano Prodi, forseti framkvæmdastjórnar ESB, David Andrews, utanríkisráðherra Írlands og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins, Walter Schwimmer, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Ígor Ívanov, utanríkisráðherra Rússlands, Wolfgang Schüssel, utanríkisráðherra Austurríkis og formaður ráðherraráðs ÖSE, Füsun Koroglu, aðstoðarráðherra í tyrknesku ríkisstjórninni, og Christos Pahtas, aðstoðarefnahagsmálaráðherra Grikklands.

Ýmsar kröfur voru settar fram á hendur rússneskum stjórnvöldum um aðgerðir og umbætur á mannréttindum í Tsjetsjeníu. Skýrt var tekið fram í tilmælum þingsins að ef Rússar yrðu ekki við þessum kröfum fyrir fund þingsins í apríl yrði áframhaldandi aðild Rússlands að Evrópuráðinu óhjákvæmilega tekin á dagskrá fundarins. Í drögum stjórnmálanefndar að tilmælum um átökin í Tsjetsjeníu var lagt til að Rússum yrði gefinn frestur til 31. maí til að sýna fram á að virðing fyrir mannréttindum í Tsjetsjeníu hefði greinilega batnað. Lagt var til að ráðherranefndin fylgdist náið með þróuninni og hæfi undirbúning að brottvísun Rússlands úr Evrópuráðinu teldi hún ríkið ekki hafa orðið við framangreindum kröfum fyrir 31. maí.

b. Annar hluti þingsins.

Annar hluti þingfundarins var haldinn í Strassborg dagana 3.–7. apríl. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Lára Margrét Ragnarsdóttir, formaður, Ólafur Örn Haraldsson, varaformaður, og Margrét Frímannsdóttir, auk ritara.

Þingið ákvað að samþykkja kjörbréf nýrrar rússneskrar sendinefndar en meina henni þó um atkvæðisrétt í þinginu vegna mannréttindabrota Rússa í átökunum í Tsjetsjeníu og var þetta mál efst á dagskrá þingsins. Jafnframt var samþykkt að mæla með því við ráðherranefndina að hefja skyldi undirbúning brottvísunar Rússlands úr Evrópuráðinu hefðu ekki orðið greinilegar umbætur á mannréttindum í Tsjetsjeníu. Þá bar til tíðinda að lagt var til að Úkraínu yrði vikið brott úr Evrópuráðinu vegna fyrirhugaðrar ólögmætrar þjóðaratkvæðagreiðslu þar í landi um að styrkja stöðu forsetans gagnvart þinginu. Tillagan var samþykkt með þeirri breytingu að brottvikningin væri bundin ólöglegri framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar.

Fundinn ávörpuðu eftirtaldir: Vytautas Landsbergis, þingforseti Litháens, Ilir Meta, forsætisráðherra Albaníu, og Brian Cowen, utanríkisráðherra Írlands og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins, sem svaraði spurningum þingmanna. Loks tók Borys Tarasyuk, utanríkisráðherra Úkraínu, þátt í umræðum um stofnanabreytingar í Úkraínu og Marc Verwilghen, dómsmálaráðherra Belgíu, tók þátt í umræðum um hlutverk þjóðþinga í baráttu gegn spillingu.

Á þingfundinum var samþykkt breytingartillaga í málefnum Tsjetsjeníu þar sem þess var krafist að Rússar sýndu strax fram á greinilegar umbætur í mannréttindamálum í héraðinu. Ráðherranefndin var beðin um að fylgjast með því og hefja þegar undirbúning brottvísunar Rússlands úr Evrópuráðinu þætti árangurinn ekki viðunandi.

Í umræðunni um átökin í Tsjetsjeníu tók Lára Margrét Ragnarsdóttir það fram að þótt rússnesk stjórnvöld hefðu haft ríka ástæðu til að hlutast til um óöldina sem ríkti þar væri engin leið að láta eyðilegginguna og mannréttindabrotin óátalin. Hún lagði jafnframt áherslu á að alvarleg mannréttindabrot hefðu verið framin af báðum aðilum átakanna. Vísaði Lára Margrét til þess sem bar fyrir augu fulltrúa í heimsókn sérstakrar eftirlitsnefndar þingsins til héraðsins, en Lára Margrét átti sæti í nefndinni. Hún lýsti þeirri trú sinni að rússnesk stjórnvöld væru reiðubúin að koma á lögum og reglu í Tsjetsjeníu og sagði ýmislegt hafa komið fram í máli þeirra sem benti til þess. Árangur væri hins vegar óviðunandi og þess vegna yrði Evrópuráðsþingið að grípa til aðgerða sem líklegar gætu talist til að hafa áhrif á gang mála.

Í drögum að tilmælum eftirlitsnefndar vegna stofnanabreytinga í Úkraínu var lagt til að aðild Úkraínu að Evrópuráðinu yrði slitið ef svokölluð „þjóðaratkvæðagreiðsla“ færi fram líkt og fyrirhugað var hinn 16. apríl. Þar yrðu kjósendur beðnir að greiða atkvæði um tillögur sem lytu að því að færa völd frá þinginu til forsetans. Samkvæmt skýrslu eftirlitsnefndar Evrópuráðsþingsins væri slík þjóðaratkvæðagreiðsla ólögmæt þar sem hún stangaðist á við stjórnarskrá Úkraínu, en henni væri einungis unnt að breyta með samþykki tveggja þriðju hluta þingsins og þjóðaratkvæðagreiðslu í kjölfarið. Þá þótti ýmislegt óljóst í framkvæmd og skipulagi þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Á þingfundi var samþykkt breytingartillaga við tilmælin þar sem mælst var til að ráðherranefnd Evrópuráðsins sæi til þess að ákvæði stjórnarskrárinnar yrðu virt við framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar, einkum að ekki yrðu gerðar tilraunir til ólögmætra stjórnarskrárbreytinga. Yrði framkvæmdin hins vegar þannig að hún stangaðist á við stjórnarskrá landsins var mælt með því að aðild Úkraínu að Evrópuráðinu yrði slitið. Ólafur Örn Haraldsson var meðflutningsmaður breytingartillögunnar.

c. Þriðji hluti þingsins.

Dagana 26.–30. júní var þriðji hluti þingfundar Evrópuráðsþingsins árið 2000 haldinn í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Lára Margrét Ragnarsdóttir, formaður, og Ólafur Örn Haraldsson, varaformaður, auk ritara.

Á fundinum var meðal annars samþykkt að mæla með aðild Armeníu og Aserbaídsjan að Evrópuráðinu við ráðherranefndina, að uppfylltum ýmsum skilyrðum, frá og með ársbyrjun 2001. Rússneska þingið kaus að greiða ekki fyrir ferð landsdeildar sinnar á fundinn, en vegna átakanna í Tsjetsjeníu var rússneska sendinefndin svipt atkvæðisrétti í Evrópuráðsþinginu á fundi þess í apríl. Fáeinir rússneskir þingmenn sóttu þó þingfundinn í boði flokkahópa sinna í Evrópuráðsþinginu. Þingið fagnaði því að rússnesk stjórnvöld hefðu sýnt fram á vilja til umbóta, en þær þóttu þó engan veginn nægjanlegar til að draga til baka samþykkt þingsins frá því í apríl. Tilmæli þingsins til ráðherranefndarinnar voru því ítrekuð og hún hvött til að taka á málinu af meiri festu.

Talsverðar breytingar voru samþykktar á innra skipulagi Evrópuráðsins en þeim er ætlað að auka skilvirkni í starfsemi þess. Helst ber þar að nefna fækkun málefnanefnda þingsins úr fjórtán í tíu. Ákveðið var að sameina vísinda- og tæknineſnd og mennta- og menningarmálanefnd annars vegar og landbúnaðarnefnd og umhverfisnefnd hins vegar. Þá tæki framkvæmdastjórn og stjórnmálanefnd þingsins við verkefnum nefndar um almannatengsl og efnahagsnefndin tæki við verkefnum fjárlaganefndar. Breytingarnar tækju gildi í ársbyrjun 2001 og Ísland ætti sem fyrr rétt á einu sæti í hverri nefnd.

Fundinn ávörpuðu eftirtaldir: Bernard Kouchner, sérlegur fulltrúi framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í málefnum Kosovo-héraðs, Guido de Marco, forseti Möltu, Charles Frank, starfandi forseti Þróunarbanka Evrópu, Lamberto Dini, utanríkisráðherra Ítalíu og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins, Boris Trajkovski, forseti fyrrverandi Júgóslavíulýðveldisins Makedóníu, Armen Khachatryan, forseti þingsins í Armeníu, Murtuz Aleskerov, forseti þingsins í Aserbaídsjan, Zurab Zhvania, forseti þingsins í Georgíu, og Walter Schwimmer, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins.

Í umræðunni um átökin í Tsjetsjeníu fagnaði Lára Margrét Ragnarsdóttir því að rússnesk stjórnvöld hefðu sýnt verulegan umbótavilja hvað mannréttindi varðaði, en lagði áherslu á að ekki væri nóg að gert, raunverulegar umbætur væru enn of takmarkaðar til að hægt væri að breyta afstöðu þingsins frá fundi þess í apríl. Hún sagði óviðunandi að ráðherranefnd Evrópuráðsins hefði enn ekki fordæmt framferði rússneskra stjórnvalda í átökunum og sagði að þótt þau hefðu haft ríka ástæðu til að hlutast til um óöldina í Tsjetsjeníu væri eyðileggingin og mannréttindabrotin sem Rússar hefðu framið þar algerlega óréttlætanleg. Harmaði hún þá ákvörðun rússnesku dúmunnar að kosta ekki þátttöku fulltrúa sinna á fundinum og sagðist telja að þátttaka þeirra á fundinum hefði getað stuðlað að bættum skilningi og flýtt fyrir lausn málsins.

d. Fjórði hluti þingfundar Evrópuráðsins 2000.

Fjórði hluti þingfundarins var haldinn í Strassborg dagana 25.–29. september. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Lára Margrét Ragnarsdóttir, formaður, Ólafur Örn Haraldsson, varaformaður, og Margrét Frímannsdóttir, auk ritara. Þá sat Belinda Theriault, forstöðumaður alþjóðasvið, jafnframt hluta fundarins.

Þingið samþykkti meðal annars að eftirliti með lýðræðisþróun í Króatíu yrði hætt í ljósi þess að úrbótum hefði þegar verið hrint í framkvæmd og að miklar framfarir hefðu orðið á yfirstandandi ári. Stjórnvöld í Króatíu hefðu jafnframt skuldbundið sig til að gera flest sem komið hefði fram í Dayton-samkomulaginu og ályktunum Evrópuráðsins. Nýafstaðnar kosningar í Júgóslavíu voru teknar fyrir utan dagskrár á þinginu og í umræðum komu fram áhyggjur manna af framkvæmd kosninganna í Serbíu.

Á þingfundinum var því fagnað að stjórnvöld í Rússlandi hefðu gengist fyrir umbótum í mannréttindamálum í Norður-Kákasushéraðinu og var Rússlandsstjórn jafnframt hvött til að

ráðast hið fyrsta í að leysa úr helstu vandamálum héraðsins svo að íbúar þess nytu fullra mannréttinda. Samþykkt var að Evrópuráðsþingið mæti árangurinn á næsta fundi og vonast til að að þeim tíma liðnum hefðu Rússar gert nægilegar umbætur til að rússneska sendinefndin fengi aftur full réttindi á þinginu.

Þá samþykkti þingið ályktun þar sem ESB var hvatt til að gerast aðili að mannréttindasáttmála Evrópu. Í ljósi fyrirætlana ESB um mannréttindaskrá taldi þingið ekkert mæla í móti slíkri aðild. Hvatt var til þess að samningur ESB yrði í fullu samræmi við mannréttindasáttmála Evrópu og að þess yrði gætt til hins ýtrasta að fyrirhuguð mannréttindaskrá Evrópusambandsins veikti ekki mannréttindasáttmálann. Þingið beindi þeim tilmælum því til ráðherranefndarinnar að haft yrði í huga að Evrópa yrði ætíð stærri en fjöldi aðildarríkja ESB segði til um og því nauðsynlegt að viðhalda góðum samskiptum milli Evrópuráðsins og ESB sem miðuðust við hlutverk Evrópuráðsins og sérkenni þess.

Fundinn ávörpuðu eftirtaldir: Adrian Severin, forseti þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, Jaume Matas, umhverfismálaráðherra Spánar, Carlo Azeglio Ciampi, forseti Ítalíu, Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands, Donald Johnston, framkvæmdastjóri Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu, Luzius Wildhaber, forseti Mannréttindadómstóls Evrópu, Stjepan Mesic, forseti Króatíu, og Umberto Ranieri, utanríkisráðherra Ítalíu og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins.

Í utandagskrárumræðu um nýafstaðnar forseta-, þing- og sveitarstjórnarkosningar í Júgóslavíu lýsti Ólafur Örn Haraldsson yfir þungum áhyggjum vegna framkvæmdar kosninganna og þá aðallega vegna þeirrar ákvörðunar stjórnvalda í Júgóslavíu að leyfa ekki eða hindra komu erlendra og óháðra kosningaeftirlitsmanna til landsins. Sagði hann að í valdatíð sitjandi forseta Júgóslavíu hefði serbneska þjóðin verið svipt réttmætri stöðu sinni meðal evrópskra bræðraþjóða og þurft að þola langvinn stríðsátök og félagslega nauð. Fagnaði hann því að málefni Júgóslavíu hefðu verið tekin á dagskrá Evrópuráðsþingsins og sagði að umræðan ætti vel heima á þeim vettvangi. Þá fagnaði hann þeirri þróun í Serbíu að stjórnarandstaðan hefði náð að sameinast um stefnumið og fulltrúa og taldi að kosningabarátta stjórnarandstöðuaflanna hefði náð að endurvekja vonir serbnesku þjóðarinnar um umfangsmiklar breytingar á vettvangi stjórnmála. Sagði hann að með sameinuðum vilja væri hægt að vonast til breytinga á stjórnarfari sem yrðu serbnesku þjóðinni, Balkanskaga og Evrópu til heilla.

Í umræðunni um átökin í Tsjetsjeníu lagði Lára Margrét Ragnarsdóttir á það áherslu að brýnast væri að koma hjálpargögnum til hinna fjölmörgu sem ættu um sárt að binda í kjölfar átakanna. Sagði hún að þörfin á matvælum, klæðum og lyfjum væri afar knýjandi og að skjótra aðgerða væri þörf. Sagði hún jafnframt að það væri á ábyrgð fulltrúa á Evrópuráðsþinginu að tryggja að hjálparstarfi Rússa og alþjóðlegra aðila yrði hrint í framkvæmd. Lára Margrét lýsti einnig yfir miklum áhyggjum af því hve slæm áhrif átök undanfarinna missira hefðu haft á komandi kynslóðir í Tsjetsjeníu og hvatti Evrópuráðið til að leggja sitt af mörkum til uppbyggingar menntamála í héraðinu. Þá hvatti hún rússnesk stjórnvöld til að tryggja dreifingu hjálpargagna, koma á lögum og reglu og til að leita leiða til að rétta hlut kvenna sem sætt hefðu kerfisbundnu ofbeldi.

Lára Margrét tók einnig til máls í umræðunni um mannréttindaskrá ESB og fór inn á hversu mikilvægt væri að hún yrði í samræmi við mannréttindasáttmála Evrópu. Sagði hún að tveir ólíkir sáttmálar sem kvæðu á um mannréttindi í álfunni byðu hættunni heim og gæfu varasamt fordæmi. Hún varaði jafnframt við því að grundvallarforsendur mannréttindasáttmálans gætu veikst með tilkomu mannréttindaskráar ESB. Í því samhengi hvatti hún ESB til að gerast formlegur aðili að mannréttindasáttmála Evrópu hið fyrsta. Sagði hún það geta valdið áhyggjum ef skrá ESB um grundvallarréttindi yrði að lögformlegum samningi og eðli-

legt væri að forsjá Evrópuráðsins í þessum málum yrði ekki teflt í tvísýnu. Fagnaði hún því jafnframt að mannréttindaskrá ESB virtist samhljóða mannréttindasáttmála Evrópu og hvatti þingmenn þeirra ríkja ESB sem sætu Evrópuráðsþingið til að beita sér fyrir því að Evrópuráðið héldi stöðu sinni sem gæsluaðili grundvallarréttinda Evrópubúa.

Ólafur Örn Haraldsson tók tvisvar til máls fyrir hönd flokkahóps frjálslyndra á þinginu. Í umræðu um vatnsforða og landbúnað, gagnkvæma miðlun upplýsinga um vatnsforða á netinu og hlutverk Evrópuráðsins í því samhengi benti hann á hve brýnt væri að taka á vandamálum tengdum vatnsforða í suðurhluta álfunnar og sagði að samræmdar aðgerðir mundu bæta þar úr. Taldi Ólafur Örn mikilvægt að árétta að sveitarstjórnir í umræddum ríkjum væru lykillinn að úrbótum á þessu sviði, ekki síst með tilliti til gagnkvæmrar miðlunar upplýsinga. Benti hann á að ekki mætti ætla Evrópuráðinu of miðlægt hlutverk í miðlun upplýsinga en taldi þó að Evrópuráðið gæti beitt sér fyrir því að auka skilning þjóða á vandamálum tengdum vatnsforða.

Í umræðu um umhverfisslys og verndun og stjórnun vatnasvæðis Dónár lagði Ólafur Örn áherslu á að í ljósi umhverfisslysa sem hefðu orðið í álfunni á undanförnum missirum væri afar brýnt að koma á samræmdum reglugerðum og lögum svo að tryggja mætti að þeir sem yllu tjóni bæru kostnað sem af því hlytist. Benti hann þó jafnframt á að mikil óvissa ríkti um hverjir væru bótaskyldir. Uns slíkum reglugerðum yrði komið á og þær samræmdar væru það skattgreiðendur sem bæru kostnað vegna umhverfisslysa. Þá hvatti hann ráðherranefndina til að endurskoða afstöðu sína til tilmæla þingsins um að komið yrði á sérlegum samningi um vatnasvæði Dónár og sagði afar brýnt að tekið yrði á svæðisbundnum vandamálum er vörðuðu svæðið á vettvangi Evrópuráðsins.

5. Nefndarstörf.

a. Skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir.

Á árinu sat Lára Margrét Ragnarsdóttir í forsætisnefnd Evrópuráðsþingsins en hún tekur ákvarðanir um stjórn þingsins, hvaða mál eru tekin á dagskrá o.s.frv., og sem varaforseti stýrði Lára Margrét þingfundum reglulega. Þátttaka Íslandsdeildarinnar í nefndarstarfi skiptist þannig:

Forsætisnefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Sameiginleg nefnd með ráðherranefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Til vara:	Ólafur Örn Haraldsson
Stjórnarnefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Til vara:	Ólafur Örn Haraldsson
Stjórnmálanefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Til vara:	Tómas Ingi Olrich
Laganefnd:	Margrét Frímannsdóttir
Til vara:	Bryndís Hlöðversdóttir
Jafnréttisnefnd:	Margrét Frímannsdóttir
Til vara:	Bryndís Hlöðversdóttir
Efnahagsnefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Til vara:	Tómas Ingi Olrich
Umhverfis-, skipulags- og sveitarstjórnarmálanefnd:	Ólafur Örn Haraldsson
Til vara:	Kristinn H. Gunnarsson
Þingskapanefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Til vara:	Tómas Ingi Olrich
Fjárlaganefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Til vara:	Tómas Ingi Olrich
Landbúnaðarnefnd:	Ólafur Örn Haraldsson
Til vara:	Kristinn H. Gunnarsson
Vísinda- og tæknínefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Til vara:	Tómas Ingi Olrich
Mennta- og menningarmálanefnd:	Ólafur Örn Haraldsson
Til vara:	Kristinn H. Gunnarsson
Félags- og heilbrigðismálanefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Til vara:	Tómas Ingi Olrich

Nefnd um fólksflutninga og málefni flóttamanna:	Margrét Frímannsdóttir	Nefnd um almannatengsl þingsins:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Til vara:	Bryndís Hlöðversdóttir	Til vara:	Tómas Ingi Olrich

b. Þátttaka í nefndarfundum utan þinga.

Utan reglulegra þinga halda nefndir Evrópuráðsþingsins nokkra fundi árlega, ýmist í Strassborg eða París eða einhverju aðildarríkja ráðsins. Alls tók Íslandsdeildin þátt í hátt á annan tug slíkra funda á árinu 2000 og var það einungis lítið brot af þeim fundum sem haldnir voru. Alls sótti Lára Margrét Ragnarsdóttir sex fundi í stjórnmálanefndinni, einn fund í stjórnarnefnd, sex fundi í forsætisnefnd og fjóra fundi félags- og heilbrigðismálanefndar. Ólafur Örn Haraldsson sótti tvo fundi í eftirlitsnefnd Evrópuráðsþingsins, tvo fundi umhverfisnefndar og einn fund í mennta- og menningarmálanefnd. Þá sótti Margrét Frímannsdóttir tvo fundi í laga- og mannréttindanefnd Evrópuráðsþingsins.

Í kjölfar fundar í jafnréttisnefnd Evrópuráðsþingsins í Barí á Ítalíu dagana 4.–6. nóvember 1999 undir yfirskriftinni *Ofbeldi gegn konum: frá heimilisofbeldi til þrældóms* hélt Margrét Frímannsdóttir erindi um mansal á fundi Jafnréttisráðs 8. febrúar. Þar ræddi hún um það sem fram hafði komið á fundinum í Barí. Mansal er vaxandi vandamál sem þyrfti brýna úrlausn en að sama skapi hefði þessi umræða ekki náð athygli ráðamanna á Vesturlöndum. Í erindi sínu sagði Margrét frá ferð jafnréttisnefndarinnar í flóttamannabúðir en þar var m.a. fjöldi unglingsstúlkna frá Balkanskaga sem flúið höfðu aðila sem höfðu keypt þær á uppboðsmörkuðum til kynlífsþrælkunar. Erindi Margrétar var þýtt á fjölda tungumála og hefur það verið birt í heild sinni í fjölmiðlum erlendis.

Utan venjubundinna nefndarfunda tók Lára Margrét þátt í sérlegri sendinefnd Evrópuráðsþingsins sem hélt í tvígang til Rússlands og Tsjetsjeníu til að meta ástand mála í héraðinu og viðbrögð rússneskra stjórnvalda við ályktunum Evrópuráðsþingsins. Þá má geta þess að Tómas Ingi Olrich lagði fram skýrslu vísinda- og tækninefndar um orkustefnu Evrópu og var hún samþykkt af stjórnarnefnd á fundi hennar í október.

Alþingi, 15. jan. 2001.

Lára Margrét Ragnarsdóttir, form.	Ólafur Örn Haraldsson, varaform.	Margrét Frímannsdóttir.

Fylgiskjal.

Ályktanir, álit og tilmæli Evrópuráðsþingsins árið 2000.

Eftirfarandi ályktanir, álit og tilmæli til ráðherranefndar Evrópuráðsins voru samþykkt á þingfundum Evrópuráðsþingsins árið 2000:

Fyrsti hluti þingfundar, 24.–28. janúar:

1. Ályktun nr. 1209, um lýðræði og efnahagslega þróun.
2. Tilmæli nr. 1437, um óformlega menntun.
3. Tilmæli nr. 1438, um ógnun öfgaflokka við lýðræði í Evrópu.

4. Tilmæli nr. 1439, um mannréttindaskrá ESB.
5. Ályktun nr. 1210, um mannréttindaskrá ESB.
6. Tilmæli nr. 1440, um takmarkanir við veitingu pólitísks hælis í aðildarríkjum Evrópuráðsins og ESB.
7. Tilmæli nr. 1441, um stöðu mála í Hvíta-Rússlandi.
8. Ályktun nr. 1211, um skuldbindingar Búlgaríu á vettvangi Evrópuráðsins.
9. Tilmæli nr. 1443, um ættleiðingar milli ríkja og virðingu við réttindi barna.
10. Tilmæli nr. 1444, um átökin í Tsjetsjeníu.
11. Tilmæli nr. 1445, um heilsufarslegt öryggi Evrópubúa.
12. Tilmæli nr. 1446, um bann við notkun sýklalyfja við matvælaframleiðslu.
13. Tilmæli nr. 1447, um efnahagslegar afleiðingar jarðskjálftanna í Tyrklandi og Grikklandi.
14. Tilmæli nr. 1448, um félagslegar afleiðingar jarðskjálftanna í Tyrklandi.
15. Tilskipun nr. 563, um fólksflutninga frá Miðjarðarhafssvæðinu til Vestur-Evrópu.

Annar hluti þingfundar, 3.–7. apríl:

1. Tilmæli nr. 1450, um ofbeldi gegn konum í Evrópu.
2. Tilmæli nr. 1451, um stofnanabreytingar í Úkraínu.
3. Tilmæli nr. 1452, um framlag fjölþjóðlegra þingmannasamtaka til stöðugleikasáttmálans í Suðaustur-Evrópu.
4. Tilmæli nr. 1453, um skuldbindingar fyrrverandi Júgóslavíulýðveldisins Makedóníu á vettvangi Evrópuráðsins.
5. Ályktun nr. 1213, um skuldbindingar fyrrverandi Júgóslavíulýðveldisins Makedóníu á vettvangi Evrópuráðsins.
6. Tilmæli nr. 1454, um menntamál í Bosníu og Hersegóvínu.
7. Tilmæli nr. 1455, um stöðu tatara á Krímskaga.
8. Tilmæli nr. 1456, um átökin í Tsjetsjeníu.
9. Tilmæli nr. 1457, um notkun nýrrar tækni í litlum og meðalstórum fyrirtækjum.
10. Tilmæli nr. 1458, um stofnun embættis úrskurðaraðila til samræmingar á túlkun samninga Evrópuráðsins.
11. Tilmæli nr. 1460, um stofnun embættis umboðsmanns barna í Evrópu.
12. Tilmæli nr. 1459, um neyðaráætlun í málefnum barna í Kosovo.
13. Ályktun nr. 1215, um baráttu gegn þátttöku barna í vopnuðum átökum.

Þriðji hluti þingfundar, 26.–30. júní:

1. Álit nr. 220, um drög að landslagssáttmála Evrópuráðsins.
2. Ályktun nr. 1220, um umbætur á starfsháttum og nefndarskipan Evrópuráðsþingsins.
3. Ályktun nr. 1217, um evrópskar flugsamgöngur.
4. Ályktun nr. 1218, um Þróunarbanka Evrópu og efnahagslega þróun í Mið- og Austur-Evrópu.
5. Tilmæli nr. 1466, um fjölmiðla og menntun.
6. Ályktun nr. 1219, um skuldbindingar Albaníu á vettvangi Evrópuráðsins.
7. Álit nr. 221, um umsókn Armeníu um aðild að Evrópuráðinu.
8. Álit nr. 222, um umsókn Aserbaídsjan um aðild að Evrópuráðinu.
9. Ályktun nr. 1221, um átökin í Tsjetsjeníu.
10. Tilmæli nr. 1467, um ólöglega innflytjendur og baráttuna gegn skipulögðu smygli á þeim.

11. Tilmæli nr. 1468, um líftækni.
12. Tilmæli nr. 1469, um mæður í fangelsum og börn þeirra.
13. Tilmæli nr. 1470, um stöðu samkynhneigðra í aðildarríkjum Evrópuráðsins og stöðu samkynhneigðra og maka þeirra við veitingu pólitísks hælis og gagnvart reglum um ríkisborgararétt í Evrópu.

Fjórði hluti þingfundar, 25.–29. september:

1. Ályktun nr. 1222, um vatnsforða og landbúnað.
2. Tilmæli nr. 1471, um tækni tengda vatni og stjórnun vatnsforða.
3. Tilmæli nr. 1472, um gagnkvæma miðlun upplýsinga um vatnsforða á netinu og hlutverk Evrópuráðsins.
4. Tilmæli nr. 1473, um skuldbindingar Króatíu á vettvangi Evrópuráðsins.
5. Ályktun nr. 1223, um skuldbindingar Króatíu á vettvangi Evrópuráðsins.
6. Tilmæli nr. 1474, um stöðu samkynhneigðra í aðildarríkjum Evrópuráðsins.
7. Tilmæli nr. 1475, um stöðu flóttamanna sem sækja um landvistarleyfi í evrópskum flughöfnum.
8. Tilmæli nr. 1476, um Sameinuðu þjóðirnar við aldamót.
9. Ályktun nr. 1224, um Efnahags- og framfarastofnun Evrópu og hið hnattræna hagkerfi.
10. Ályktun nr. 1225, um horfur á nýjum viðskiptafærum Evró-Atlantshafsríkja.
11. Tilmæli nr. 1477, um fullnustu dóma við Mannréttindadómstól Evrópu.
12. Tilmæli nr. 1478, um átökin í Tsjetsjeníu.
13. Ályktun nr. 1227, um átökin í Tsjetsjeníu.
14. Tilmæli nr. 1479, um mannréttindaskrá Evrópusambandsins.
15. Ályktun nr. 1228, um mannréttindaskrá Evrópusambandsins.
16. Ályktun nr. 1229, um umhverfisslys.
17. Tilmæli nr. 1480, um verndun og stjórn vatnasvæðis Dónár.

Stjórnarnefnd þingsins kemur fram fyrir hönd þess á milli þingfunda og hefur hún á árinu afgreitt fjölda ályktana og tilmæla til ráðherranefndarinnar.

857. Tillaga til þingsályktunar [551. mál]

um bætta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Jóhann Ársælsson, Kristján L. Möller,
Ásta R Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson, Rannveig Guðmundsdóttir,
Sigríður Jóhannesdóttir, Lúðvík Bergvinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna möguleika á stofnun uppbyggingarsjóða sambærilega þeim sem Evrópusambandsríkin og Noregur hafa til að efla atvinnu á tilteknum svæðum, endurskipuleggja atvinnulífið og styrkja samkeppnisstöðu þess.

Að lokinni slíkri athugun verði skýrsla og tillögur lagðar fyrir Alþingi, eigi síðar en í október 2001.

Greinargerð.

Íslensk stjórnvöld hafa ekki áhuga á að Ísland gangi í Evrópusambandið. Á þau stendur þó sú krafa að búa íslensku atvinnulífi sambærileg kjör þeim sem atvinnulífinu eru búin annars staðar í Evrópu. Stjórnvöld hafa á undanförnum árum aðallega verið upptekin af skattaumhverfi atvinnulífsins og breytingar á því gjarnan útskýrðar, eða réttlættar, með samkeppnisstöðu þess gagnvart öðrum löndum. Það eru hins vegar fleiri þættir sem hafa áhrif á samkeppnisstöðuna, einkum ef við viljum skjóta fleiri stoðum undir atvinnulífið og ná nýjum atvinnufyrirtækjum og tæknikunnáttu inn í landið.

Evrópusambandið er með öfluga uppbyggingarsjóði sem það notar til að ná markmiðum sínum bæði í byggðamálum og í því að endurskipuleggja atvinnulífið. Norðmenn hafa einnig, á þeim grundvelli að þeir ákváðu að hafna aðild að ESB, byggt upp öflugan sjóð, SND, sem veitir stofnstyrki við uppbyggingu atvinnulífsins. Fyrirmynd hans er evrópski byggðaþróunarsjóðurinn. Við skoðun á uppbyggingarsjóðum væri því einnig rétt að líta til þess hvernig uppbygging og framkvæmd er í Noregi.

Miklar atvinnuháttabreytingar hafa orðið á undanförnum árum og eru enn að eiga sér stað. Mikilvægt er að stjórnvöld geti mótað og fylgt eftir skilvirkri stefnu um það hvernig við skuli brugðist á hverjum tíma og á hverju svæði landsins. Iðnaðarráðuneytið hefur skilgreint landið með tilliti til möguleika hvers svæðis og liggur tillaga að nýju byggðakorti nú til umsagnar og samþykktar hjá ESA, en slíkt kort er grundvöllur byggðaaðgerða bæði við núverandi aðstæður og einnig ef það yrði niðurstaðan að stofna til uppbyggingarsjóða á Íslandi. Í samningnum um EES fékkst undanþága frá því ákvæði að atvinnuleysi þyrfti að vera af tiltekinni stærð til að beita mætti byggðaaðgerðum. Hér á landi eru hins vegar stór og strjálbýl svæði með einhæft atvinnulíf sem uppfylla mundu styrkjaákvæðin.

Mikilvægt er að gegnsæjar reglur gildi og að fagleg vinnubrögð verði viðhöfð til að þessi aðferð virki með tilætluðum hætti. ESB gerir mjög strangar kröfur og SND gerir líka ríkar faglegar kröfur. Sú stefna að veita stofnstyrki, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og á jafnréttisgrundvelli þannig að allir sem eins er ástatt um á sama svæði eigi rétt til þeirra, er sú leið sem stjórnvöld í okkar helstu samkeppnislöndum hafa valið til að geta markað og rekið árangursríka byggðastefnu og til að einstök svæði geti tekist á við breytingar eða þróun sem á sér stað í tilteknum atvinnugreinum. Þannig hafa Evrópusambandsríkin t.d. tekist á við endurnýjun atvinnulífsins á svæðum sem dregist hafa aftur úr í tækniþróun.

Dæmi eru um að fyrirtæki sem von var um að stofnsett yrðu hérlendis hafi endað í öðru landi sem býður stofnstyrki í samræmi við þær leikreglur sem við verðum að sætta okkur við að aðrar þjóðir viðhafi en höfum ekki tekið upp sjálf. Flutningsmenn telja rétt að upptaka uppbyggingarsjóða og stofnstyrkja verði könnuð með tilliti til þess að samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs verði sem best.

858. Frumvarp til laga [552. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Sigríður Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir,
Ögmundur Jónasson, Steingrímur J. Sigfússon,
Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

Við 28. gr. laganna bætist nýr töluliður, 9. tölul., er orðast svo: Framlög sem greidd eru til launþega úr kjaradeilusjóði verkalýðsfélags meðan á kjaradeilu stendur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum missirum hefur nokkuð borið á því að einstaklingar sem fengið hafa framlög úr kjaradeilusjóðum leituðu réttar síns fyrir dómstólum vegna meintrar tvísköttunar þeirra. Ljóst er að framlög launþega í kjaradeilusjóði eru hluti af félagsgjöldum viðkomandi og eru meðhöndluð sem laun og skattlögð samkvæmt því. Þegar launþegi fær framlag úr kjaradeilusjóði sem hann hefur áður greitt í af launum sínum er það framlag skattlagt eins og launatekjur og er það því tvískattað.

Flutningsmenn telja þetta mikið óréttlæti og leggja til að lögum um tekjuskatt og eignarskatt verði breytt á þann veg að framlög til launþega verði undanþegin skattlagningu, eins og nú á t.d. við um greiðslur í lífeyrissjóði. Sú breyting var gerð til að koma í veg fyrir tvísköttun lífeyrisgreiðslna og virðist eðlilegt að líta á framlög úr kjaradeilusjóðum á sama hátt.

859. Frumvarp til laga [553. mál]

um breytingu á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64 16. desember 1943, o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Um breytingu á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64 16. desember 1943, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 22/1962 og 1. gr. laga nr. 95/1994:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein er hljóðar svo:
Við birtingu stjórnvaldsfyrirmæla í B-deild Stjórnartíðinda, sem sett eru til innleiðingar EES-reglna, er heimilt að vísa til birtingar skv. 3. mgr.

b. Við 2. mgr., er verður 3. mgr., bætist nýr málsliður er hljóðar svo: Birting ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar og þeirra gerða, sem þar er vísað til, í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB telst jafngild birting að þessu leyti.

Um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2 13. janúar 1993, með síðari breytingu.

2. gr.

4. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 91/1994, fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Markmið samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins) um að mynda öflugt og einsleitt efnahagssvæði er reist á þeirri forsendu að sambærilegar reglur gildi í öllum aðildarríkjum samningsins á þeim sviðum sem hann tekur til. Með samningnum er hins vegar ekki aðeins stefnt að sameiginlegum reglum á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) heldur er einnig gert ráð fyrir því að samræmi sé á milli reglna EES og reglna Evrópubandalagsins (EB) og Kola- og stálbandalagsins (KSE) á þessum sviðum. Gerir samningurinn því ráð fyrir að viðaukum hans sé breytt eftir því sem þróun reglna bandalaganna gefur tilefni til. Í samræmi við þessi meginmarkmið samningsins hafa þau EFTA-ríki, sem aðild eiga að samningnum, skuldbundið sig til að taka upp í landsrétt sinn verulegan hluta af afleiddum rétti EB og KSE, einkum þær reglur sem lúta að fjórfrelsinu svokallaða og sameiginlegum samkeppnisreglum. Þessi skylda kemur fram í 7. gr. meginmáls samningsins sem veitt var lagagildi hér á landi með 2. gr. laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, en auk þess er að finna ákvæði í þessa veru í bókun 35 við samninginn sem fjallar um framkvæmd EES-reglna.

Í 7. gr. meginmáls EES-samningsins kemur fram að gerðir, sem vísað er til eða er að finna í viðaukum við samninginn eða ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar, bindi samningsaðila. Þá segir að gerð sem samsvari reglugerð EBE (nú EB) skuli sem slík tekin upp í landsrétt samningsaðila, en gerð sem samsvari tilskipun EBE skuli veita yfirvöldum samningsaðila val um form og aðferð við framkvæmdina. Tilskipanir, reglugerðir, ákvarðanir, tilmæli og önnur fyrirmæli stofnana bandalaganna, sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn, eru einu nafni nefndar *gerðir* og teljast skv. 119. gr. meginmáls hans vera óaðskiljanlegur hluti samningsins.

Þegar EES-samningurinn tók gildi 1. janúar 1994 var í viðaukum og bókunum við hann vísað til á annað þúsund gerða sem bandalögin höfðu sett fyrir júlílok 1991 og féllu undir gildissvið samningsins. Voru þær birtar í sérritinu EES-gerðir sem fylgdi auglýsingu nr. 31/1993, um fullgildingu samningsins í C-deild Stjórnartíðinda, samtals 50 heftum, auðkenndum S1–S50. Eftir gildistöku samningsins hafa margir viðaukar og bókanir við hann tekið reglubundnum breytingum samkvæmt ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar eins og ráð er fyrir gert í 2. kafla í VII. hluta samningsins. Ákvarðanir nefndarinnar og gerðir sem bæst hafa við samninginn samkvæmt þeim hafa verið birtar í sérstökum EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sbr. 4. gr. laga nr. 2/1993, eins og greininni var breytt með 1. gr. laga nr. 91/1994. Hefur þessi birting komið í stað birtingar í C-deild Stjórnartíðinda skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 64/1943, sbr. 2. gr. laga nr. 22/1962, en í þeirri deild skulu birtir þjóðréttarsamningar sem Ísland á aðild að. EES-viðbætirinn er gefinn út af útgáfumiðstöð EFTA í Brussel í Belgíu og er nú bæði birtur í prentaðri útgáfu og rafrænt á netinu.

II.

Af eðli EES-samningsins sem þjóðréttarsamnings leiðir að gerðir, sem teknar eru upp í viðauka eða bókun við EES-samninginn, verða almennt ekki sjálfkrafa hluti íslensks réttar. Þær verður því að leiða í íslensk lög með þeim aðferðum sem íslensk stjórnskipun áskilur. Af almennum reglum þjóðaréttar og 3. gr. meginmáls EES-samningsins leiðir að íslenskum stjórnvöldum ber að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að umræddar gerðir fái tilætluð réttaráhrif á Íslandi. Af þessu leiðir meðal annars að þær reglur, sem ætlað er að innleiða EES-gerð, verður að birta með fullnægjandi hætti í samræmi við meginreglu 27. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Nánar tiltekið þarf að birta þessar reglur í A- eða B-deild Stjórnartíðinda skv. 1. gr. eða 1. mgr. 2. gr. laga nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda. Sé birtingu laga eða stjórnvaldsfyrirmæla áfátt er almennt viðurkennt að þeim verði ekki beitt gagnvart almenningi og á það jafnt við um reglur sem innleiða EES-gerðir og aðrar reglur. Sé birtingu laga eða stjórnvaldsfyrirmæla, sem innleiða EES-gerð, áfátt með þeim afleiðingum að reglunum verður ekki beitt gegn einstaklingum og lögaðilum er ljóst að viðkomandi gerð hefur ekki verið leidd í íslenskan rétt með fullnægjandi hætti. Með öðrum orðum hafa íslensk stjórnvöld þá brugðist framangreindri skyldu sinni samkvæmt EES-samningnum að því er tekur til innleiðingar gerðarinnar.

Við birtingu gerða ber að hafa í huga þær aðferðir sem koma til greina við innleiðingu EES-gerða. Annars vegar getur innleiðing farið fram með svokallaðri tilvísun eða upptöku (e. *incorporation*), en hins vegar með umritun (e. *transformation*). Með fyrrnefndu aðferðinni er kveðið á um það í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum að tiltekin gerð skuli öðlast gildi án þess að ákvæði hennar séu efnislega tekin upp í lögin eða fyrirmælin. Með síðarnefndu aðferðinni eru ákvæði viðkomandi gerðar hins vegar tekin efnislega upp í lög eða stjórnvaldsfyrirmæli og eftir atvikum nánar útfærð. Í framkvæmd getur innleiðing stuðst við báðar aðferðirnar þannig að gerð sé að hluta til umrituð eða að hluta tekin upp með tilvísun. Það fer eftir eðli og efni hverrar gerðar hvort unnt er að taka hana upp með tilvísun eða hvort nauðsynlegt er að umrita hana í heild eða að hluta. Tilskipanir þarf til dæmis almennt að umrita, að minnsta kosti að einhverju marki.

Þegar gerðir eru að fullu innleiddar með umritun þarf ekki að birta þær sérstaklega, enda eiga reglur gerðanna að koma nægilega fram í þeim lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum er leiða þær í lög. Þegar gerðir hafa á hinn bóginn verið innleiddar með tilvísun hafa þær í framkvæmd ýmist verið birtar sem fylgiskjal með viðkomandi lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum eða látið nægja að vísa til birtingar þeirra í C-deild Stjórnartíðinda eða í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. Hefur þessi síðastgreindi háttur á birtingu EES-gerða sætt nokkurri gagnrýni. Má í þessu sambandi nefna dóm Héraðsdóms Norðurlands vestra frá 22. september 2000 í máli nr. S-60/2000 þar sem ákært var fyrir brot gegn reglugerð nr. 136/1995 um svonefnda ökurita sem veitti reglugerð Ráðsins nr. 3821/85/EBE um sama efni gildi. Við birtingu reglugerðar nr. 136/1995 hafði EES-gerðin ekki verið birt sem fylgiskjal, en látið við það sitja að vísa til birtingar hennar í sérritinu EES-gerðir S-40 er fylgdi auglýsingu nr. 31/1993, um gildistöku EES-samningsins, í C-deild Stjórnartíðinda. Héraðsdómur taldi að reglurnar um ökurita hefðu ekki verið birtar með fullnægjandi hætti svo að bindandi væri fyrir borgara landsins. Þegar til þess var litið að reglugerðin var auk þess íþyngjandi og brot á ákvæðum hennar vörðuðu refsingu var ákæruvaldsins á þessum grundvelli.

Af framangreindum dómi verður dregin sú ályktun að birting gerða í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB komi eingöngu í stað birtingar í C-deild íslensku stjórnartíðindanna, en ekki í stað birtingar í B- eða eftir atvikum A-deildinni þar sem landsrétturinn á að birtast. Er

sú niðurstaða efnislega í samræmi við athugasemdir er áður höfðu komið fram í áliti umboðsmanns Alþingis frá 9. janúar 1998 (mál nr. 2151/1997) um birtingu og miðlun *gerða* samkvæmt EES-samningnum og réttarreglum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra (SUA 1998:64). Í álitinu var gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum um réttaröryggi sem áskilnaður stjórnarskrár um birtingu laga væri byggður á og með hvaða hætti þau sjónarmið hlytu að móta þá löggjöf sem sett væri um birtingarháttu og framkvæmd birtingar. Áhersla var lögð á að þessi sjónarmið leiddu til þess að almenningur ætti að eiga þess kost að kynna sér lögin og afla sér vitneskju um efni og tilvist þeirra réttarreglna sem gilda ættu í skiptum manna sín í milli eða við stjórnvöld. Á grundvelli þessara sjónarmiða taldi umboðsmaður vafa leika á því að birting með framangreindu afbrigði tilvísunaraðferðarinnar fullnægði þeim kröfum, sem 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. laga nr. 64/1943 gera til birtingar laga og stjórnvaldsfyrirmæla, með því að samfelldur texti þeirra gerða, sem þannig væri veitt gildi hér á landi, hefði ekki birst í A- eða B-deild Stjórnartíðinda.

Sambærilegar athugasemdir og fram komu í áliti umboðsmanns Alþingis komu einnig fram í skýrslu nefndar sérfræðinga, er forsætisráðherra hafði skipað til að fjalla um lögleiðingu EES-gerða, frá 16. september 1998. Nefndin tók eindregið undir framangreindar efasemdir umboðsmanns og taldi reyndar einsýnt að birting með þessum hætti stæðist ekki íslenskar réttarreglur að óbreyttu. Skýrsla nefndarinnar var lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi (Alþt. 1998, A-deild, bls. 1041–1066).

III.

Stjórnvöld hafa að undanförnu unnið að því að afmarka þann vanda sem tengist ófullnægjandi birtingu á EES-gerðum. Samkvæmt niðurstöðum úttektar sem gerð hefur verið í þessu skyni á B-deild Stjórnartíðinda á árunum 1993–2000 hafa 479 gerðir verið innleiddar með tilvísun án þess að viðkomandi gerð væri birt sem fylgiskjal í 554 íslenskum stjórnvaldsfyrirmælum. Af þeim eru þó aðeins 435 gerðir taldar eiga við hér á landi. Í magni hleypur umfang þessara gerða í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB á 5.605 blaðsíðum, en þar af telja viðaukar við þær, sem ætla má að flestir séu tæknilegs eðlis, 3.753 blaðsíður. Enda þótt nákvæm úttekt á kostnaði við birtingu þessara gerða í B-deild Stjórnartíðinda liggi ekki fyrir, er þó ljóst að hann gæti hlaupið á tugum milljóna króna. Lauslegur samanburður milli ára bendir til að umræddri aðferð hafi einungis verið beitt í takmörkuðum mæli hin síðari ár og mun minna en fyrst eftir lögleiðingu EES-samningins. Nú orðið virðist henni enda aðallega beitt við innleiðingu gerða sem eru miklar að vöxtum og miðast aðeins við tiltölulega þröngan hóp notenda á afmörkuðum sviðum.

Samkvæmt öllu framangreindu standa veigamikil rök til þess að leitað verði leiða til að koma til móts við þær athugasemdir sem gerðar hafa verið við birtingu EES-gerða sem leiddar eru í íslensk lög með tilvísun og að framan greinir. Í þessu sambandi ber að hafa í huga athugasemdir umboðsmanns Alþingis í framangreindu áliti um að margt hafi breyst í íslensku samfélagi frá því að lög nr. 64/1943 voru sett. Hér koma einkum til athugunar nýjar aðferðir á sviði tölvutækni sem hafa valdið gerbyltingu við miðlun upplýsinga. Á þeim fáu árum sem liðin eru frá því að álit umboðsmanns kom fram hefur fjöldi þeirra sem aðgang hefur að upplýsingum, sem miðlað er á netinu, einnig vaxið hröðum skrefum. Þannig sýna niðurstöður nýlegra kannana að um 80% landsmanna á aldrinum 16–75 ára hafa aðgang að nettengdum tölvum og mun það vera hærra hlutfall en mælist í nokkru öðru landi. Til samanburðar skal þess getið að sama hlutfall nam um 45% í árslok 1997. Með tilkomu tölvutækra lagasafna, svo og aðgangi að gagnagrunni Alþingis, sem jafnframt veitir endurgjaldslausan aðgang að

lagasafni, hefur áskrifendum að Stjórnartíðindum einnig fækkað jafnt og þétt. Þeir eru nú um 1.300, en voru rúmlega 1.700 á árinu 1994.

Samhliða þessu hafa upplýsingar um réttarheimildir á Evrópska efnahagssvæðinu orðið mun aðgengilegri en áður var. EES-viðbætir við Stjórnartíðindi EB er nú gefinn út á netinu jafnhliða hinni prentuðu útgáfu hans. Jafnframt er EES-samningurinn birtur á heimasíðu utanríkisráðuneytisins í heild sinni að meðtöldum þeim gerðum, sem vísað er til í viðaukum og bókunum við hann, og uppfærður reglulega. Er þar notast við tækni er birtir myndir af viðkomandi blaðsíðum úr EES-viðbætinum eins og hann er gefinn út af útgáfumiðstöð EFTA-skrifstofunnar í Brussel, en endanlegur frágangur á þeim texta til birtingar er í höndum þýðingarmiðstöðvar utanríkisráðuneytisins að undanskilinni uppsetningu.

Í þessu samhengi skal þess getið að dóms- og kirkjumálaráðherra hefur nýlega skipað nefnd til að endurskoða lög um birtingu laga og stjórnvaldaerinda í ljósi þeirra möguleika er upplýsingatæknin býður. Er þess að vænta að í tillögum þeirrar nefndar felist heildstæð lausn á birtingu laga og annarra settra réttarreglna, þar á meðal þeim sem frumvarp þetta tekur til. Fyrirsjáanlegt er að störf þeirrar nefndar taki þó lengri tíma en svo að unnt sé að una við þá óvissu sem skapast hefur um réttaráhrif þeirra EES-gerða er birtar hafa verið með tilvísun án þess að viðkomandi gerð hafi birst sem fylgiskjal í Stjórnartíðindum.

Öll miðlun upplýsinga á netinu telst enn sem komið er til nokkurs konar aukaþjónustu af hálfu hins opinbera og engin sett ákvæði gera ráð fyrir að miðlun upplýsinga með rafrænum hætti teljist nægileg birting eða fullnaðarbirting settra reglna. Á hinn bóginn er hagræði af rafrænni miðlun upplýsinga sem þessara augljóst og ekki er vafi á því að með tímanum ætti rafræn birting laga að geta komið í stað miðlunar með öðrum hætti. Með frumvarpinu er þó alls ekki lagt til að birting EES-gerða verði einungis rafræn þótt rafræn birting gerðanna sé til þess fallin að auka aðgengi almennings að þessum upplýsingum með hliðsjón af því háa hlutfalli þjóðarinnar sem hefur aðgang að netinu. EES-viðbætir við Stjórnartíðindi EB mun áfram verða aðgengilegur í prentaðri útgáfu fyrir þá sem þess óska. Á aðgengi að EES-gerðum því að vera greitt hvort sem einstaklingar hafa aðgang að rafrænni útgáfu viðbætisins eða ekki.

IV.

Megintilgangur þessa frumvarps er að bregðast við þeim athugasemdum við birtingu EES-gerða sem áður er lýst og taka af tvímæli um hvernig standa skuli að birtingu þeirra. Til grundvallar frumvarpinu liggur sú skoðun að aðgengi að EES-viðbætinum við Stjórnartíðindi EB á rafrænu og prentuðu formi sé fullnægjandi og í öllum atriðum sambærilegt við aðgengi almennings að B-deild Stjórnartíðinda. Með frumvarpinu er því ekki slakað á kröfum til birtingar EES-gerða eða réttaröryggi skert vegna birtingar EES-reglna. Hins vegar skapar það ótvírætt hagræði við innleiðingu EES-gerða að þær þarf ekki í öllum tilvikum að birta í heild í B-deild Stjórnartíðinda. Er frumvarpið því einnig til þess fallið að auka skilvirkni við innleiðingu EES-gerða og minnka kostnað í því sambandi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að heimilt verði að vísa til birtingar EES-gerða í EES-viðbætinum við Stjórnartíðindi EB við birtingu stjórnvaldsfyrirmæla sem leiða þessar gerðir í íslensk lög. Sama á við um gerðir birtar í sérritinu EES-gerðir er fylgdi auglýsingu nr. 31/1993, um fullgildingu EES-samningins, í C-deild Stjórnartíðinda. Ekki verður því þörf á að EES-gerðir, sem veitt er gildi með því að vísa til þeirra í stjórnvaldsfyrirmælum, séu

birtar sem fylgiskjal með fyrirmælunum í B-deild Stjórnartíðinda. Með þessu móti er brugðist við þeim athugasemdum við birtingu EES-gerða sem lýst er í almennum athugasemdum við frumvarpið. Mikilvægt er að tilvísun til birtingar gerða í EES-viðbætinum í stjórnvaldsfyrirmælum sé skýr og ótvíræð þannig að ekki verði um villst hvar viðkomandi gerð er að finna.

Ástæða er til að árétta að sú heimild sem hér um ræðir haggar ekki skyldum stjórnvalda til að taka gerðir efnislega rétt upp í íslenskan rétt. EES-gerðir, sem svara til tilskipana EB og jafnan er beint til stjórnvalda aðildarríkjanna, verður þannig eftir sem áður að umrita og útfæra nánar í stjórnvaldsfyrirmælum eftir atvikum. Sé umritun ófullnægjandi getur umrædd heimild laganna ekki bætt úr efnislegum annmörkum á innleiðingu gerðarinnar.

Í b-lið er lagt til að ákvæði það er verið hefur í 4. gr. laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. 1. gr. laga nr. 91/1994, verði fært yfir í hin almennu lög nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda. Í ákvæði þessu felst að birting ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar og þeirra EB-gerða, sem þar er vísað til, í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB telst jafngild birtingu í C-deild Stjórnartíðinda. Eðlilegra þykir að þessu ákvæði sé skipað með öðrum reglum um birtingu í C-deild Stjórnartíðinda.

Um 2. gr.

Um skýringu á þessari grein vísast til athugasemda við b-lið 1. gr. frumvarpsins. Breytingin felst einungis í því að færa ákvæði 4. gr. laga nr. 91/1994 yfir í lög nr. 64/1943, en miðar ekki að því að gera á því efnislegar breytingar.

Um 3. gr.

Af samþykkt frumvarpsins leiðir að EES-reglur, sem birtar hafa verið í sérritinu EES-gerðir í C-deild Stjórnartíðinda og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB og vísað hefur verið til í B-deild Stjórnartíðinda, teljast ótvírætt birtar með fullnægjandi hætti. Að öðru leyti þarfnast gildistökuákvæðið ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64 16. desember 1943, o.fl.

Frumvarp þetta miðar að því að taka af tvímæli um hvernig staðið skuli að birtingu tilskipana, reglugerða, ákvarðana, tilmæla og annarra gerða samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Frumvarpið gerir ráð fyrir að birting slíkra gerða verði með sama hætti og verið hefur og er því ekki ástæða til að ætla að það hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

860. Frumvarp til laga [554. mál]

um breytingu á Norðurlandasamningi um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Heimilt er að fullgilda fyrir Íslands hönd samkomulag, sem undirritað var í Stokkhólmi 6. febrúar 2001 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar og prentað er sem fylgiskjal með lögum þessum, um breytingar á samningi sömu ríkja frá 6. febrúar 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, sem staðfestur var með lögum nr. 29 8. september 1931.

2. gr.

Þegar samkomulag það sem um ræðir í 1. gr. hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði þess hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

Samkomulag milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð er undirritaður var í Stokkhólmi 6. febrúar 1931.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

I.

Á samningnum milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, sem undirritaður var í Stokkhólmi 6. febrúar 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, sbr. breytingar þær er fram koma í samkomulagi um breytingar á samningnum, sem undirritað var í Ósló 25. febrúar 2000, sem enn hafa ekki öðlast gildi, eru gerðar eftirfarandi breytingar:

7. gr. hljóði svo:

Krafa um skilnað að borði og sæng eða um lögskilnað hjóna sem eru ríkisborgarar í og eiga heimilisfang í samningsríki skal ákvarðast í því ríki þar sem:

1. hjónin eiga heimilisfang,
2. hjónin áttu síðast samtímis heimilisfang og annað þeirra býr ennþá,
3. hjónin eru ríkisborgarar,
4. það hjónanna sem kröfunni er beint gegn á heimilisfang,
5. annað hvort hjónanna á heimilisfang ef um sameiginlega kröfu er að ræða,

6. það hjónanna sem leggur kröfuna fram á heimilisfang og hefur búið a.m.k. síðasta árið áður en krafan er borin fram, eða
7. það hjónanna sem leggur kröfuna fram er ríkisborgari og á heimilisfang ef viðkomandi hefur búið þar a.m.k. síðustu sex mánuðina áður en krafan er lögð fram.

Einnig má ákvarða kröfu um lögskilnað á grundvelli skilnaðar að borði og sæng í því ríki þar sem skilnaður að borði og sæng var veittur.

8. gr. hljóði svo:

Í sambandi við kröfu um skilnað að borði og sæng eða um lögskilnað getur sama eða annað yfirvald einnig tekið ákvörðun um sambúðarslit um stundarsakir og um búskipti. Það getur enn fremur tekið ákvörðun um forsjá, búsetu barns og umgengni við barn að því tilskildu:

1. að hjónin eigi barnið saman, og
2. að barnið eigi heimilisfang í því ríki þar sem krafan um skilnað að borði og sæng eða um lögskilnað er til meðferðar.

Eigi barnið ekki heimilisfang í því ríki þar sem krafan um skilnað að borði og sæng eða um lögskilnað er til meðferðar má samt sem áður taka þar ákvörðun um forsjá, búsetu barns og umgengni við barn ef:

1. barnið á heimilisfang í samningsríki,
2. hjónin eiga barnið saman og a.m.k. annað þeirra hefur forsjá þess,
3. hjónin hafa samþykkt að úrskurðað verði í málinu í því ríki þar sem fjallað er um kröfuna um skilnað að borði og sæng eða um lögskilnað, og
4. það er barninu fyrir bestu að með málið sé farið í því ríki.

Í málum um forsjá, búsetu barns og umgengni við barn skal beita heimildinni skv. 1. og 2. mgr. í samræmi við Haagsamninginn frá 25. október 1980 um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa. Sérstaklega skal tekið tillit til 3. og 16. gr. samningsins.

Ný 8. gr. a hljóði svo:

Ef mál sem 7. eða 8. gr. tekur til, milli sömu aðila, er borið undir þar til bært yfirvald í fleiri en einu samningsríkjanna skal það yfirvald sem málið var síðar borið undir vísa málinu frá af sjálfsdáðum og láta hinu yfirvaldinu eftir að taka ákvörðun í málinu.

Við beitingu 1. mgr. telst skilnaður að borði og sæng og lögskilnaður vera sama málið.

9. gr. hljóði svo:

Við meðferð mála sem 7. og 8. gr. taka til skal beita gildandi lögum í viðkomandi samningsríki. Þó skal ávallt taka ákvarðanir í málum sem snerta búskipti samkvæmt þeim lögum sem eiga við um fjármál hjónanna skv. 3. gr.

Skilnaður að borði og sæng sem fengist hefur í einu ríkjanna veitir sama rétt til lögskilnaðar í hinum ríkjunum og skilnaður að borði og sæng er þar hefur fengist.

Í samningsríki þar sem ekki eru í lögum ákvæði um skilnað að borði og sæng en í vissum tilvikum byggt á að umhugsunarfrestur sé undanfari lögskilnaðar eiga hjón, sem veittur hefur verið skilnaður að borði og sæng í öðru samningsríki og hafa síðan búið hvort í sínu lagi svo lengi sem svarar umhugsunarfrestinum og ekki tekið upp sambúð að nýju, rétt á að fá lögskilnað án undanfarandi umhugsunarfrests.

22. gr. hljóði svo:

Ákvörðun stjórnvalds eða aðfararhæfur dómsúrskurður sem gengið hefur í einu samningsríkjanna skv. 5., 7., 8., 11., 13., 14., 15., 19. eða 21. gr. skal gilda í hinum ríkjunum án sér-

stakrar staðfestingar og án rannsóknar á því hvort ákvörðunin sé rétt eða tekin af þar til bæru yfirvaldi. Þetta á einnig við um aðfararhæfan dómsúrskurð sem gengið hefur í einu ríkjanna og kveður á um ógildi eða ógildingu hjúskapar milli ríkisborgara í samningsríki.

II.

Að því er varðar beitingu samkomulagsins í Færeyjum og á Grænlandi getur danska dómsmálaráðuneytið, að undangengnum samningaviðræðum við dómsmálaráðuneyti hinna samningsríkjanna, ákveðið þau frávik sem sérstakar færeyskar eða grænlenskar aðstæður krefjast.

III.

Samningsríkin geta gerst aðilar að samkomulagi þessu með

a) undirritun án fyrirvara um fullgildingu, eða
b) undirritun með fyrirvara um fullgildingu, ásamt eftirfarandi fullgildingu.

Fullgildingarskjölunum skal komið í vörslu hjá sænska utanríkisráðuneytinu.

Samkomulagið öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar er hefst tveimur mánuðum eftir að öll samningsríkin hafa gerst aðilar að samkomulaginu. Sænska utanríkisráðuneytið tilkynnir samningsríkjunum um móttöku fullgildingarskjalanna til vörslu og hvenær samkomulagið öðlast gildi.

IV.

Þar til samkomulag þetta öðlast gildi getur hvert samningsríkjanna, í tengslum við aðild sína að samkomulaginu eða síðar, gefið yfirlýsingu um að samkomulagið skuli gilda milli þess ríkis og annarra samningsríkja sem hafa gefið slíka yfirlýsingu. Yfirlýsingin öðlast gildi fjórtán dögum eftir að hún er móttekin til vörslu í sænska utanríkisráðuneytinu.

V.

Frumrit þessa samkomulags skal varðveitt í sænska utanríkisráðuneytinu er lætur hverju samningsríki í té staðfest endurrit.

Þessu til staðfestu hafa neðangreindir fulltrúar, sem hafa fullt umboð, undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Stokkhólmi hinn 6. febrúar 2001 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og að því er sænskuna varðar í tveimur textum, öðrum fyrir Finnland og hinum fyrir Svíþjóð, og eru allir textarnir jafngildir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu. Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að fullgilda samkomulag sem gert var 6. febrúar 2001 um breytingar á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð sem undirritaður var í Stokkhólmi 6. febrúar 1931. Einnig er lagt til að samkomulagið öðlist lagagildi hér á landi á sama hátt og á við um samninginn sjálfan og fyrri breytingar á honum.

Samkomulagið hefur að geyma reglur um lögsögu, lagaskil og viðurkenningu á ákvörðunum í málum er varða hjúskap, ættleiðingu og lögráð. Ástæður fyrir þeim breytingum á samningnum sem lagðar eru til með samkomulaginu eru tvíþættar. Annars vegar þykja nokkur ákvæði samningsins ekki í fullkomnu samræmi við gildandi norrænan sifjarétt og þarfnast því breytinga. Hins vegar öðlast svokölluð Brussel II reglugerð Evrópusambandsins frá 29.

maí 2000, nr. 1347/2000, gildi 1. mars 2001. Í reglugerðinni eru reglur um alþjóðlegar heimildir á sviði sifjaréttar. Skv. 2. mgr. 36. gr. reglugerðarinnar geta Finnland og Svíþjóð krafist þess að norræni samningurinn um hjúskap, ættleiðingu og lögráð skuli gilda milli hinna norrænu ríkja í stað reglugerðarinnar. Forsenda fyrir því er að norrænu reglurnar um alþjóðlegar heimildir séu í samræmi við reglugerðina. Í því skyni að viðhalda norrænni réttareiningu á þessu sviði ber því nauðsyn til að breyta norræna samningnum til samræmis við reglugerðina. Þess skal getið að Danmörk tekur ekki þátt í samstarfi Evrópusambandsríkjanna um einkamálarétt.

Samkomulagið hefur að geyma tillögur að breytingum á 7., 8., 9. og 22. gr. samningsins, ásamt tillögu að nýrri grein, 8. gr. a. Í samkomulaginu eru mótaðar nýjar reglur um það hvenær dómstólar og stjórnvöld hafa heimild til að fara með skilnaðarmál, bæði til skilnaðar að borði og sæng og lögskilnaðar, og mál sem þeim tengjast, svo sem um forsjá barna og umgengnisrétt. Í samkomulaginu eru einnig reglur um lagaskil, „litispendens"-áhrif og viðurkenningu á ákvörðunum í öðrum ríkjum en því ríki þar sem ákvörðunin er tekin.

Samkvæmt 7. gr. samkomulagsins hafa dómstólar og stjórnvöld einungis heimild til að fara með skilnaðarmál ef hjónin eru ríkisborgarar í og eiga heimilisfang í viðkomandi ríki. Í samningnum eins og hann er nú nægir að hjón séu ríkisborgarar í samningsríkjunum.

Önnur mikilvæg breyting á samningnum er sú að skv. 7. gr. hans gengur heimildarregla ákvæðisins um heimilisfang í samningsríki framar reglunni um ríkisfang. Er lagt til að því ákvæði verði breytt þannig að dómstólar og stjórnvöld í öllum samningsríkjunum hafi heimild til að fara með mál, svo framarlega sem einhver töluliður 1. mgr. eða 2. mgr. ákvæðisins á við. Málshefjandi getur því oft valið um það í hvaða ríki hann stofnar til máls. Þetta hefur í för með sér að þörf er á „litispendens"-reglu eins og lögð er til í 8. gr. a í samkomulaginu. Samkvæmt ákvæðinu skal máli, sem 7. eða 8. gr. tekur til, milli sömu aðila, sem borið er undir þar til bært yfirvald í fleiri en einu samningsríkjanna, vísað frá af sjálfsdáðum af því yfirvaldi sem málið var síðar borið undir. Með þessari reglu verður því komið í veg fyrir að teknar verði fleiri en ein ákvörðun milli sömu aðila um sama ágreiningsmál.

Í 8. gr. samningsins er mælt fyrir um hvaða mál unnt er að fjalla um í tengslum við skilnaðarmál. Í 1. mgr. 8. gr. eru meðal annars tilgreindar skaðabótagreiðslur. Þar sem hvergi á Norðurlöndunum er lengur grundvöllur fyrir skaðabótagreiðslum vegna hjónaskilnaða er lagt til að orðið „skaðabótagreiðslur" verði fellt úr 8. gr. samningsins.

Aðrar breytingar á 8. gr. samningsins eru þær að orðalagi er breytt til samræmis við barnalög. Þannig kemur „forsjá" í stað „foreldravald" og tekið er fram að undir ákvæðið falli umgengnismál, en samningurinn hefur verið túlkaður þannig að 8. gr. taki til þeirra mála. Sérstaklega er á það bent að samkvæmt barnalögum, nr. 20/1992, er ekki unnt að úrskurða eða dæma sérstaklega um búsetu barns, andstætt því sem gildir í sumum hinna norrænu ríkja.

Í sambandi við ákvarðanir um forsjá barns og umgengni við barn er mælt fyrir um í 1. mgr. 8. gr. að sú meginregla skuli gilda, auk 7. gr. samkomulagsins, að barnið skuli eiga heimilisfang í því ríki þar sem skilnaðarmálið er til meðferðar. Að jafnaði verður að telja að það sé barni fyrir bestu að ákvörðun um forsjá þess sé tekin í því ríki þar sem það á heimili. Í 2. mgr. eru síðan reglur um undantekningar frá meginreglu 1. mgr.

Lagt er til að ákvæði 2. mgr. 8. gr. samningsins verði fellt brott. Ekki er í samkomulaginu sambærileg regla um það í hvaða ríki skuli leysa úr ágreiningsmáli um forsjá eða um umgengni við barn hjóna eftir skilnað þeirra, t.d. nokkrum árum síðar. Smávægileg frávik varðandi tímamörk, sem stafa af því að mál heyra ekki undir sömu yfirvöld, leiða þó ekki til þess að mál falli ekki undir samninginn.

Ágreiningsmál foreldra um forsjá og umgengni, sem rísa eftir skilnað þeirra, heyra samkvæmt samkomulaginu ekki lengur undir samninginn heldur gilda lögsögureglur hvers ríkis um þau, hér á landi 56. og 65. gr. barnalaga. Um viðurkenningu á ákvörðunum yfirvalda í slíkum málum, sem varða börn að 16 ára aldri, gilda ákvæði Evrópusamningsins frá 20. maí 1980, sbr. lög um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl., nr. 160/1995. Um viðurkenningu á ákvörðunum í forsjár- og umgengnismálum sem teknar eru án tengsla við skilnað foreldranna og sem varða ungmenni á aldrinum 16–18 ára finnast ekki sérstakar reglur. Milli Íslands og hinna norrænu ríkjanna gildir þó samningur ríkjanna frá 16. mars 1932 um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra, sbr. lög nr. 30/1932, svo langt sem hann nær.

Í 9. gr. samkomulagsins eru reglur um lagaskil í þeim málum sem samningurinn tekur til og í 22. gr. eru reglur um viðurkenningu á þar greindum ákvörðunum. Þessar greinar eru efnislega óbreyttar 9. og 22. gr. samningsins að öðru leyti en því sem breytingar á öðrum ákvæðum samningsins kalla á og einnig er orðalag ákvæðanna fært til nútímahorfs.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á Norðurlandasamningi um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilað verði að fullgilda samkomulag um breytingar á Norðurlandasamningi um alþjóðleg einkamálaréttindi um hjúskap, ættleiðingu og lögráð sem undirritaður var í Stokkhólmi 6. febrúar 1931.

Frumvarpið hefur ekki í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

861. Tillaga til þingsályktunar [555. mál]

um tilraunir með brennsluhvata.

Flm.: Hjálmar Árnason, Árni Steinar Jóhannsson,
Gísli S. Einarsson, Katrín Fjeldsted.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta fara fram ítarlegar tilraunir og úttekt á umhverfis- og brennsluáhrifum brennsluhvata. Niðurstöður þeirrar úttektar verði gerðar opinberar fyrir 1. júlí 2002.

Greinargerð.

Brennsluhvati byggist á þekktum aðferðum til að breyta uppbyggingu eldsneytis svo að það brenni betur (sjá fylgiskjal). Í um það bil 10 ár hafa ýmsar rannsóknir og tilraunir með brennsluhvata farið fram, jafnt hérlendis sem erlendis, austan hafs og vestan. Margt bendir

til þess að brennsluhvati dragi úr olíunotkun er gæti numið um 5% að meðaltali. Olíukostnaður íslenska skipaflotans er um 4 milljarðar króna. Því má ætla að spara mætti um 200 millj. kr. í olíukostnað hjá skipaflotanum í heild. Þá má ætla að svipaður sparnaður næðist með því að koma slíkum búnaði á bifreiðaflotann. Þá eru ónefnd iðnfyrirtæki sem brenna olíuafurðum við framleiðslu sína.

Ekki eru síður athyglisverðar þær vísbendingar að brennsluhvatinn dragi úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda á bilinu 5–25% eftir aðstæðum og einstökum tegundum. Er þá vísað til þeirra niðurstaðna sem birtast í fyrrgreindum tilraunum. Lofttegundirnar sem um er rætt eru: NU, NOx, CO, CO_2, EGT, RPM, HC, SO_2 og NO_2.

Útblástur gróðurhúsalofttegunda á Íslandi má rekja að einum þriðja til skipaflotans, að jafnstórum hluta til bíla og að þriðjungi til iðnaðar. Sé unnt að staðfesta áðurgreindar vísbendingar um minni útblástur gróðurhúsalofttegunda vegna áhrifa brennsluhvata mætti minnka útblásturinn um 5–10% á Íslandi. Slíkt væri vitanlega athyglisverður árangur í umhverfismálum.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir því að iðnaðarráðherra láti fara fram marktækar athuganir á áhrifum brennsluhvata og birti niðurstöður fyrir 1. júlí 2002. Þetta mætti gera undir umsjá Iðntæknistofnunar en reyna búnaðinn á bílum, skipum og iðnaðarvélum. Í framhaldi gætu svo stjórnvöld tekið frekari ákvarðanir.

Fylgiskjal.

Umsögn Sjávarútvegsstofnunar Háskóla Íslands um Comtec-brennsluhvatann.

Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands fagnar þeirri ákvörðun íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja og fleiri fyrirtækja að hafa innleitt Comtec-brennsluhvata sem mengunarvarnabúnað í íslenska togara, skip og olíubrennara, svo sem í fiskimjölsverksmiðju. Mikilvægi þess að nýta eldsneyti vel og draga úr útblæstri kolefnis verður mönnum sífellt ljósara, bæði vegna kostnaðar eldsneytis og nauðsynjar á að draga úr mengun af völdum bruna eldsneytis.

Comtec-brennsluhvatinn er íslensk uppfinning sem byggist á þekktum aðferðum við að breyta uppbyggingu eldsneytis, þannig að það brenni betur. Dísilolía og bensín samanstanda úr mislöngum kolvetnakeðjum. Langar keðjur hafa tilhneigingu til að brenna illa eða ekkert, og mynda þar af leiðandi sót og óhreinindi í vélarrúmi og útblæstri. Kolvetni á bilinu $C_{12}H_x$ til $C_{16}H_x$ brenna best. Ýmsar málmjónir geta breytt samsetningu eldsneytisins með því að klippa langar keðjur niður í styttri. Comtec-brennsluhvatinn byggist á þeirri tækni.

Rannsóknir á virkni Comtec-brennsluhvatans voru gerðar í Ástralíu 1997/8 af sjálfstæðri efnarannsóknarstofu, Australian Fuel Development Property Ltd., og staðfestar af sjálfstætt starfandi sérfræðingi og ráðgjafa í efnafræði eldsneytis, TJ Sprott OBE, MSC PHD FNZIC. Niðurstöður þessara rannsókna benda til betri bruna og nýtingar eldsneytis, þar af leiðandi fellur minna sót út sem annars mundi safnast í brunahólf, á ventla, spissa, kerti og í púströri.

Betri bruni leiðir til hreinni útblásturs og minni mengunar og væntanlega til betri nýtingar á hreinsibúnaði fyrir útblástursloft. Aðferðir og niðurstöður þessara prófana hafa síðan verið sannreyndar af efnaverkfræðingum við Dalhousie University í Nova Scotia.

Oak Ridge National Laboratory í Bandaríkjunum, sem annast m.a. rannsóknir fyrir orkumálaráðuneyti Bandaríkjanna (U.S. Department of Energy), hefur gert prófanir á efnabreytingum eldsneytis þegar það kemst í snertingu við tinkúlur, eins og gert er í Comtec- hvatanum. Mæld var samsetning eldsneytisgufu fyrir og eftir að eldsneytið komst í snertingu við

tinkúlurnar. Niðurstöður mælinganna sýna með ótvíræðum hætti að snerting við tin breytir samsetningu eldsneytisins og eykur hlutfall stuttra kolvetnakeðja.

Mælingar á eldsneytissparnaði með Comtec eða samsvarandi búnaði hafa verið gerðar víða um heim. Hér á landi hafa mælingar verið gerðar á vegum LÍÚ, tæknideildar Fiskifélags Íslands og Vélskóla Íslands. Eldsneytisnotkun var mæld í Snorra Sturlusyni RE 219, með og án brennsluhvatans. Niðurstöður mælinganna sýna 5,2% ávinning í olíunotkun miðað við 64% álag á vél. Aðferðir, mælingar og niðurstöður þessara prófana hafa síðan verið yfirfarnar og staðfestar af efnaverkfræðingum við Dalhousie University.

Höfundur Comtec-brennsluhvatans vann áður að þróun The Fitch Fuel Catalyst, sem byggist á sömu efnatækni, en hefur eingöngu verið þróaður fyrir bifreiðar, meðan Comtec er einnig ætlaður til notkunar í skipum, bátum, vinnuvélum, olíubrennurum og dísilbílum. Umhverfisstofnun Bandaríkjanna, EPA, hefur viðurkennt The Fitch Fuel Catalyst sem útblásturstengdan búnað sem ekki hefur skaðleg áhrif á mengunarvarnabúnað bifreiða. Comtecbrennsluhvatinn hefur nýlega verið skráður hjá California Air Resources Board sem mengunarvarnabúnaður fyrir dísilvélar.

Eftir áralanga notkun svona búnaðar í bifreiðar og skip hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að búnaðurinn geti valdið skaða á vélum – og færa má rök fyrir því að hann verji heldur vélarnar með því að minnka útfall á sóti.

862. Fyrirspurn [556. mál]

til umhverfisráðherra um Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Eru uppi áform um að flytja rekstur Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn norður í Mývatnssveit, sbr. lög nr. 36/1974?
2. Hversu margir starfsmenn auk forstöðumanns hafa verið í fullri vinnu við Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn sl. fimm ár?

863. Fyrirspurn [557. mál]

til umhverfisráðherra um skýrslur um mat á umhverfisáhrifum.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Hvað hefur Skipulagsstofnun ríkisins fjallað um margar skýrslur um mat á umhverfisáhrifum frá því að lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, tóku gildi?
2. Hversu mikill kostnaður, á núgildandi verðlagi, hefur hlotist af
   a. gerð áðurnefndra matsskýrslna, sundurliðað eftir einstökum framkvæmdum,
   b. umfjöllun Skipulagsstofnunar um þær?

Skriflegt svar óskast.

864. Frumvarp til laga [558. mál]

um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

Í stað 3. mgr. 5. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi en þó því aðeins að hann hafi verið undirritaður innan sex mánaða frá því að fyrri samningur féll úr gildi, enda sé ekki á annan veg samið, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungs þátttöku samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun.

Séu kjarasamningar lausir lengur en sex mánuði skal upphafshækkun launaliða og önnur atriði sem bæta kjör launþega þegar kjarasamningur kemst á, virka aftur til helmings þess tíma sem liðinn er án nýs kjarasamnings. Við hverja tvo mánuði sem bætast við án kjarasamnings færist gildistaka upphafshækkunar aftur um einn mánuð. Eftir tólf mánuði eða meira með lausa kjarasamninga gildir umsamin hækkun frá því að samningurinn féll úr gildi. Óheimilt er að semja um annan upphafsgildistíma, nema því aðeins að launþegum verði greidd eingreiðsla sem telst jafngild í tekjum þeim afturvirku upphafshækkunum, eða áfangahækkunum á liðnum tíma án endurnýjunar kjarasamnings, sem lög þessi kveða á um.

Fari fram almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildir niðurstaða hennar óháð þátttöku. Nú tekur kjarasamningur einungis til hluta félagsmanna eða starfsmanna fyrirtækis og er þá heimilt að ákveða í samningnum að þeir einir séu atkvæðisbærir um hann, enda komi þar skýrt fram hvernig staðið verði að atkvæðagreiðslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lögð til réttarbót fyrir launþega ef upp kemur sú staða að kjarasamningar eru lausir mánuðum saman. Viðbótarákvæðin, sem lagt er til með frumvarpi þessu að komi í 5. gr. laga nr. 80/1938, með síðari breytingum, eru efnislega þau að tryggja launþegum sambærilegar launabreytingar og öðrum launþegum hafa verið tryggðar fyrir sömu tímabil eða ár ef svo hagar til að gerð nýrra kjarasamninga dregst verulega á langinn. Ákvæðin sem bætt er í 5. gr. laganna eiga aðeins við og verða því aðeins virk að kjarasamningar viðkomandi stéttarfélags hafi verið lausir lengur en í sex mánuði. Sé nýr kjarasamningur gerður innan sex mánaða frá því að eldri kjarasamningur féll úr gildi hafa þau ákvæði sem frumvarpið felur í sér enga beina virkni. Ákvæðin ættu samt sem áður að hafa óbeina virkni í þá veru að hvetja aðila kjaradeilu til þess að leysa mál sín fyrr en ella.

Réttarbót launþegans felst í því að honum sem einstaklingi er tryggð leiðrétting á launum í samræmi við það sem samið hefur verið um við önnur launþegasamtök eða stéttarfélög. Ákvæðin verða virk þegar svo hagar til að samtök launþega og vinnuveitendur hafa ekki gert nýjan kjarasamning innan sex mánaða frá því að eldri samningur féll úr gildi. Um leið og sex mánuðir eru liðnir (6 x 30 = 180 dagar) er launþeganum tryggt að kjarabætur til hans verða afturvirkar í þrjá mánuði (3 x 30 = 90 daga). Jafnframt eru ákvæði um að fyrir hverja 60 daga sem dregst að endurnýja eða gera nýjan kjarasamning bætast 30 dagar við afturvirkni hækk-

unar kaupliða og kjaraatriða. Dragist í 12 mánuði að gera kjarasamninga á launþeginn orðið lögvarinn rétt til þess að fá upphafshækkun reiknaða aftur í tímann til þess dags er eldri kjarasamningur féll úr gildi. Að þessum lagabreytingum gerðum ætti það að vera úr sögunni að vinnuveitendur hagnist á því árum og áratugum saman, eins og dæmi eru um, að draga gerð kjarasamninga. Ákvæðin ættu einnig að verða til þess almennt að bein inngrip löggjafans í kjaradeilur yrðu sjaldséðari en verið hefur á undanförnum árum.

Eins og sést í fylgiskjali með frumvarpi þessu hafa kjarasamningar oft dregist mjög á langinn hjá fiskimönnum sem lengst hafa átt LÍÚ að beinum viðsemjendum, þótt samtök vinnuveitenda og nú síðast Samtök atvinnulífsins, SA, hafi verið þar með hlutverk. Sú saga er reyndar mun lengri en fylgiskjalið sýnir og má rifja hana upp síðar ef þurfa þykir. Það sem upp úr stendur við þessa samantekt er að „samningatækni“ LÍÚ sl. 14 ár hefur haft þau áhrif á kjör og kjarasamninga fiskimanna að þeir hafa ekki notið kaupbreytinga á launaliði eða annarra kjarabóta til jafns við aðra launþega í landinu. Þar munar miklu í tíma, 2.343 dögum eða tæplega sex og hálfu ári á þeim 14 árum sem gerð er grein fyrir í fylgiskjalinu. Samtök fiskimanna verða varla með sanngirni sökuð um of mikla verkfallsgleði til þess að þvinga útgerðina til samninga þegar litið er á að fiskimenn voru sex og hálft ár á sl. 14 árum með lausa kjarasamninga þegar aðrir nutu kauphækkana mestallan þann tíma. Þess eru þó dæmi að kjarasamningar annarra hafi verið lausir einhverja mánuði, en „afrek“ LÍÚ í þessum efnum er einsdæmi.

Þrátt fyrir þetta er löggjafinn sjaldan langt undan þegar kemur að kjaradeilum sjómanna. Tímamæling á því væri fróðleg en flutningsmaður kann þá sögu. Oftast voru 15–25 dagar sá tími sem LÍÚ þurfti að bíða uns LÍÚ-vinveittu ríkisstjórnirnar settu lög á kjaradeilur sjómanna. Því væri full ástæða til þess að setja ákvæði inn í vinnulöggjöfina um að þegar kjaradeilu er frestað tímabundið með lögum skuli það ástand sem lögin frestuðu koma aftur upp þegar gildistíma laganna lýkur. Þetta þýðir í reynd að verkfall hæfist sjálfkrafa á nýjan leik um leið og lögbundinn samningstími væri runninn út. Sú tillaga er þó ekki flutt að þessu sinni.

Ef setja ætti slíkt ákvæði í lög ætti það að koma sem ný grein á eftir 19. gr. laganna og hljóða svo:

Vinnustöðvanir, þ.e. verkbönn og verkföll eins og þau eru skilgreind í lögum þessum, sem stöðvaðar eru með lögum, hefjast að nýju þann dag sem þau lög falla úr gildi eða að loknum þeim tíma sem tiltekin ákvæði kjarasamningsins skulu gilda samkvæmt sömu lögum.

Fylgiskjal.

Yfirlit yfir kjarasamninga sjómanna á fiskiskipum 15. janúar 1987 – 5. mars 2001.

Gildistími kjara-samninga eða laga	Undirskrift kjara-samninga eða laga	Samningslaust tímabil
15.01.87–30.11.88	03.06.89	185 dagar
01.06.89–31.12.89	20.11.90	324 dagar
20.11.90–15.09.91	27.07.92	315 dagar
27.07.92–01.03.93	**14.01.94**	320 dagar
14.01.94–15.06.94	15.06.95	365 dagar
15.06.95–31.12.96	**27.03.98**	451 dagar
27.03.98–15.02.00	?	383 dagar
		Alls 2.343 dagar

Athugasemdir: Feitletraðar dagsetningar tákna setningu og gildistíma laga til framlenginga á kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

Gildistími kjarasamninga eða laga: Hér er átt við þann gildistíma sem kveðið er á um í hlutaðeigandi kjarasamningi eða lögum. Hins vegar er hinn raunverulegi gildistími lengri eins og dæmin sanna, eða þar til nýr kjarasamningur hefur verið undirritaður eða lög sett.

Samningslaust tímabil: Hér er átt við þann tíma sem skilur á milli frá gildislokum kjarasamnings eða laga og þar til undirritun kjarasamnings eða setning laga hefur átt sér stað.

Á framangreindu yfirlitstímabili, þ.e. frá 15. janúar 1987 til 5. mars 2001, eru 5.163 dagar. Á þessu tímabili eru 2.343 „samningslausir" dagar eða rúmlega 45% af yfirlitstímanum. Á þessu tímabili hafa lög framlengt kjarasamninga í 1.583 daga eða sem nemur um 31% af yfirlitstímanum.

Kjarasamningar fiskimanna: Rétt er að vekja athygli á fjölda lagaákvæða sem varða kjaramál fiskimanna, t.d. sjómannalögum, siglingalögum, lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd, lögum um Kvótaþing, Verðlagsráð, uppboðsmarkað og lögum um Lífeyrissjóð sjómanna. Þessi upptalning er ekki nándar nærri tæmandi að því er varðar kjarasamninga fiskimanna.

865. Fyrirspurn [559. mál]

til umhverfisráðherra um stóriðju í Hvalfirði og aukna losun gróðurhúsalofttegunda.

Frá Jóhanni Ársælssyni og Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Hve mikið mun losun gróðurhúsalofttegunda aukast við fyrirhugaða stækkun álvers Norðuráls í Hvalfirði?
2. Er þörf á mótvægisaðgerðum eða kaupum á mengunarkvóta af þeim sökum til að hægt sé að fylgja öðrum ríkjum í baráttunni við losun gróðurhúsalofttegunda?

3. Ætlar ráðherra að beita sér fyrir því að Norðuráli verði gert að bera kostnað af hugsanlegum mótvægisaðgerðum eða kaupum á mengunarkvóta náist alþjóðasamkomulag um tilteknar mótvægisaðgerðir og framseljanlega mengunarkvóta?

866. Fyrirspurn [560. mál]

til umhverfisráðherra um kostnað við aðal- og svæðisskipulag.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hver hafa heildarútgjöld Skipulagsstofnunar og sveitarfélaga verið við aðal- og svæðisskipulag á árunum 1997–2000, sundurliðað eftir árum?
2. Hve há má ætla að þessi útgjöld verði árin 2001–2008?
3. Hvernig hefur kostnaður við aðal- og svæðisskipulag skipst milli ríkisins og sveitarfélaganna?
4. Hve hátt hlutfall hafa einstök sveitarfélög greitt af kostnaði við gerð aðal- og svæðisskipulags á árunum 1997–2000?
5. Hve hátt hlutfall munu einstök sveitarfélög greiða af kostnaði við aðal- og svæðisskipulag árin 2001–2008 miðað við óbreyttar reglur?

Skriflegt svar óskast.

867. Fyrirspurn [561. mál]

til umhverfisráðherra um vikurnám við Snæfellsjökul.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hve mikill vikur var numinn við Snæfellsjökul á árunum 1999 og 2000?
2. Er slíkt nám háð sérvinnsluleyfum, og ef svo er, hvaða leyfi lágu til grundvallar starfseminni?
3. Hefur farið fram umhverfismat á námuvinnslunni við Jökulinn?
4. Verður frekari starfsemi leyfð á námusvæðunum við Jökulinn án undangengins umhverfismats?
5. Hefur fyrirhuguð stofnun þjóðgarðs áhrif á meðferð ráðuneytisins á leyfum til námuvinnslu við jaðra svæðisins?

868. Fyrirspurn [562. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um eingreiðslur tekjutryggingar.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hver er heildarupphæð eingreiðslna (tekjutrygging auk vaxta) samkvæmt bráðabirgðaákvæði III í lögum nr. 3/2001, um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir 1. apríl nk.?
2. Hversu mörg heimili fá eingreiðslur?
3. Hversu háar eru eingreiðslurnar að meðaltali?
4. Hvernig dreifast eingreiðslurnar að fjölda til eftir upphæð þeirra og mánaðartekjum (viðmiðunartekjum) hjóna/sambýlisfólks? Eingreiðslunum verði skipt í: undir 250.000 kr., 250.000–500.000 kr., 500.000–750.000 kr., 750.000–1.000.000 kr., 1.000.000–1.250.000 kr., 1.250.000–1.500.000 kr., yfir 1.500.000 kr. Mánaðartekjum (viðmiðunartekjum) hjóna/sambýlisfólks verði skipt í: undir 100.000 kr., 100.000–150.000 kr., 150.000–200.000 kr., 200.000–300.000 kr., 300.000–400.000 kr., 400.000–500.000 kr., yfir 500.000 kr. Með mánaðartekjum (viðmiðunartekjum) er átt við síðustu þekktar viðmiðunartekjur.
5. Hverjar eru samtals eingreiðslur í hverjum hóp skv. 4. lið?
6. Hvað er talið að eingreiðslur hefðu hækkað mikið að jafnaði ef ákveðið hefði verið að greiða tekjutryggingu allt aftur til gildistöku laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, 1. janúar 1994?

Skriflegt svar óskast.

869. Fyrirspurn [563. mál]

til dómsmálaráðherra um samfélagsþjónustu.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Mun ráðherra beita sér fyrir þeirri breytingu að dómstólar ákvarði hvort samfélagsþjónustu verði beitt í refsimálum, líkt og þeir ákvarða aðrar refsingar í dómsmálum, með tilliti til þess að samfélagsþjónusta er almennt talin refsing við afbrotum?

870. Fyrirspurn [564. mál]

til dómsmálaráðherra um reynslulausn.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

1. Hversu oft hefur reynslulausn verið beitt á undanförnum 4 árum?
2. Hversu oft hefur reynslulausn verið beitt á undanförnum 4 árum eftir að helmingur fangelsisrefsingar er liðinn?
3. Hversu oft hefur reynslulausn verið beitt á undanförnum 4 árum eftir að tveir þriðju hlutar fangelsisrefsingar eru liðnir?
4. Við hvers konar hegningarlagabrot hefur reynslulausn verið beitt á undanförnum 4 árum, sundurliðað?
5. Hver er helsti rökstuðningur Fangelsismálastofnunar þegar hún veitir reynslulausn, en skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar um fullnustu refsidóma, nr. 29/1993, ber stofnuninni að rökstyðja ákvörðun sína?

Skriflegt svar óskast.

871. Tillaga til þingsályktunar [565. mál]

um aðild að samningi um opinber innkaup.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar að heimila að Ísland gerist aðili að samningi um opinber innkaup sem undirritaður var í Marakess 15. apríl 1994.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að samningi um opinber innkaup sem gerður var í Marakess 15. apríl 1994. Samningurinn er einn af fjölhliða samningum þeim sem tilgreindir eru í 4. viðauka við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Ekki er skylduaðild að samningnum um opinber innkaup og Ísland gerðist ekki aðili að honum þegar stofnsamningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar var fullgiltur. Rétt þykir að gera það nú, ekki síst með tilliti til hnattvæðingar viðskipta og ört vaxandi breytinga á viðskiptaumhverfi almennt, enda eru opinber innkaup mikilvægur þáttur þeirra viðskipta sem stunduð eru í hverju ríki. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal I með þingsályktunartillögu þessari.

Samningurinn er einn fjögurra fjölhliða samninga sem gerðir voru um leið og Alþjóðaviðskiptastofnuninni var komið á fót og aðildarríki stofnunarinnar eru ekki skyldug til að vera aðilar að. Upprunalega var samningurinn gerður í kjölfar Tókíó-viðræðna GATT (hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti) árið 1979 og síðan breytt árið 1987. Hann var síðan endurskoðaður í Úrúgvæ-viðræðunum og nýr samningur undirritaður samhliða stofnun

Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Hinn 9. mars 2001 áttu 140 ríki aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni en 28 ríki aðild að samningnum um opinber innkaup. Þar má m.a. telja Evrópubandalagið og aðildarríki þess auk Bandaríkjanna, Kanada, Japans, Suður-Kóreu, Ísraels, Noregs og Sviss.

Samningurinn tekur til innkaupa á vegum ríkisstofnana, sveitarfélaga og annarra opinberra aðila en samanlagt verðmæti innkaupa þessara aðila á heimsvísu er talið nema nokkur hundruð milljörðum bandaríkjadala á ári. Með aðild að samningnum skuldbinda ríki sig til að veita fyrirtækjum í aðildarríkjunum aðgang að innkaupum opinberra aðila á jafnréttis- og gagnkvæmnisgrundvelli þegar verðmæti innkaupanna fer yfir ákveðna fjárhæð. Til skýringar má nefna að þessi viðmiðunarmörk eru þau sömu og gilda á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) sem Ísland er þegar bundið af og samningurinn tekur til sams konar innkaupa, þ.e. vörukaupa, kaupa á þjónustu og verksamninga. Í samningnum er að finna reglur um vinnuferla við framkvæmd innkaupa, svo sem um útboðsauglýsingar, útboðsaðferðir, tímafresti, gagnsæi innkaupa, tæknilegar kröfur, val samningsaðila og að niðurstaða útboðs skuli auglýst. Þessar reglur eru sambærilegar þeim reglum sem gilda innan EES, enda þurfti Evrópusambandið að laga tilskipanir sínar um opinber útboð að reglum samningsins um opinber innkaup. Jafnframt er í samningnum fjallað um meðferð kærumála og getur hún verið tvíþætt. Annars vegar skulu erlendir birgjar eiga rétt á að bera brot opinberra aðila fyrir innlendan úrskurðaraðila, t.d. dómstóla, og hins vegar geta aðildarríkin lagt ágreining vegna túlkunar á samningnum fyrir deilumálanefnd Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Í sérstökum viðaukum við samninginn eru skuldbindingar aðildarríkjanna tilgreindar, þ.e. hvað teljist falla undir ákvæði samningsins. Viðaukarnir gilda fyrir hvert ríki um sig en skuldbindingar einstakra ríkja eru nokkuð mismunandi. Viðaukarnir taka til eftirfarandi atriða:

- stofnana ríkis sem samningurinn nær til og fjárhæðarmarka sem gilda um þær,
- sveitarfélaga sem samningurinn nær til og fjárhæðarmarka sem gilda um þau,
- annarra fyrirtækja og stofnana sem samningurinn nær til og fjárhæðarmarka sem gilda um þau,
- þeirrar þjónustu sem samningurinn nær til,
- hvaða opinberar framkvæmdir falla undir ákvæði samningsins.

Á fundi í nefnd Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup, sem haldinn var í Genf 29. september sl., var samþykkt tilboð Íslands um aðild að samningnum. Skilmálar aðildar eru prentaðir sem fylgiskjal II með þingsályktunartillögu þessari.

Með aðild að EES-samningnum tók Ísland upp í löggjöf sína tilskipanir ESB um opinber innkaup. Aðild að hinum nýja samningi leggur því ekki kvaðir á opinbera aðila sem eru þeim framandi. Eina breytingin er í raun sú að með aðildinni verður skylt að veita fyrirtækjum frá öðrum aðildarríkjum samningsins en EES-ríkjum aðgang að íslenskum innkaupamarkaði. Sá markaður hefur í raun lengi verið opinn en nú fá íslensk fyrirtæki hins vegar með samningnum tækifæri til að keppa á jafnréttisgrundvelli um þátttöku í útboðum í þessum ríkjum.

Aðild að samningnum kallar á breytingar á ákvæðum núgildandi laga um innkaup opinberra aðila til að tryggja réttarstöðu birgja frá aðildarríkjunum sem ekki eru með staðfestu í EES-ríkjum og er gert ráð fyrir þeim breytingum í frumvarpi til laga um opinber innkaup sem fjármálaráðherra mun leggja fram á yfirstandandi löggjafarþingi. Að öðru leyti eru gildandi lög hér á landi í samræmi við ákvæði samningsins.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR UM OPINBER INNKAUP

Aðilar að samningi þessum (hér eftir nefndir samningsaðilar),

sem viðurkenna þörfina á skilvirku marghliða rammasamkomulagi um réttindi og skyldur að því er varðar lög, reglur, málsmeðferð og starfshætti varðandi opinber innkaup, þar sem markmiðið er að auka frjálsræði í alþjóðaviðskiptum og efla þau og að bæta alþjóðlegan ramma um starfshætti í alþjóðaviðskiptum,

sem viðurkenna að lög, reglur, málsmeðferð og starfshættir um opinber innkaup ætti ekki að undirbúa, samþykkja eða beita gagnvart erlendri eða innlendri vöru og þjónustu og erlendum eða innlendum birgjum í því skyni að vernda innlenda vöru eða þjónustu eða innlenda birgja eða til að mismuna erlendum vörum eða erlendum birgjum,

sem viðurkenna að æskilegt er að lög, reglugerðir, málsmeðferð og starfshættir við opinber innkaup séu gagnsæ,

sem viðurkenna þörfina á því að koma á alþjóðlegum starfsreglum um tilkynningar, samráð, eftirlit og lausn deilumála með það fyrir augum að tryggja sanngjarna, skjóta og skilvirka framkvæmd alþjóðlegra ákvæða um opinber innkaup og halda sem bestu jafnvægi réttinda og skyldna,

sem viðurkenna þörfina á því að taka mið af þróunar- efnahags- og viðskiptaþörfum þróunarlanda, einkum þeirra sem skemmst eru á veg komin,

sem æskja þess, í samræmi við b-lið 6. mgr. IX. gr. samningsins um opinber innkaup, sem gerður var 12. apríl 1979, eins og honum var breytt 2. febrúar 1987, að útvíkka og bæta samninginn á gagnkvæmisgrundvelli og að auka gildissvið hans þannig að hann nái til þjónustusamninga,

sem æskja þess að hvetja til þess að ríkisstjórnir, sem eru ekki aðilar að samningnum, staðfesti hann og gerist aðilar að honum,

AGREEMENT ON GOVERNMENT PROCUREMENT

Parties to this Agreement (hereinafter referred to as "Parties"),

Recognizing the need for an effective multilateral framework of rights and obligations with respect to laws, regulations, procedures and practices regarding government procurement with a view to achieving greater liberalization and expansion of world trade and improving the international framework for the conduct of world trade;

Recognizing that laws, regulations, procedures and practices regarding government procurement should not be prepared, adopted or applied to foreign or domestic products and services and to foreign or domestic suppliers so as to afford protection to domestic products or services or domestic suppliers and should not discriminate among foreign products or services or among foreign suppliers;

Recognizing that it is desirable to provide transparency of laws, regulations, procedures and practices regarding government procurement;

Recognizing the need to establish international procedures on notification, consultation, surveillance and dispute settlement with a view to ensuring a fair, prompt and effective enforcement of the international provisions on government procurement and to maintain the balance of rights and obligations at the highest possible level;

Recognizing the need to take into account the development, financial and trade needs of developing countries, in particular the least-developed countries;

Desiring, in accordance with paragraph 6(b) of Article IX of the Agreement on Government Procurement done on 12 April 1979, as amended on 2 February 1987, to broaden and improve the Agreement on the basis of mutual reciprocity and to expand the coverage of the Agreement to include service contracts;

Desiring to encourage acceptance of and accession to this Agreement by governments not party to it;

sem hafa hafið frekari samningaviðræður til þess að ná fram þessum markmiðum,

koma sér hér með saman um eftirfarandi:

I. gr.
Umfang og gildissvið.

1. Samningur þessi gildir um öll lög reglur, málsmeðferð og starfshætti við hvers kyns opinber innkaup af hálfu aðila sem samningur þessi nær til, svo sem nánar er tilgreint í I. viðbæti.[1]
2. Samningur þessi gildir um innkaup, hvert sem samningsformið er, þ.m.t. aðferðir á borð við kaup, fjármögnunarleigu, leigu eða kaupleigu, með eða án kaupréttar, þ.m.t. hvers kyns samsetning vöru og þjónustu.
3. Þegar aðilar krefjast þess í tengslum við innkaup, sem heyra undir samning þennan, að fyrirtæki sem ekki er getið í I. viðbæti láti fara fram útboð samkvæmt tilteknum kröfum skal III. gr. gilda um slíkar kröfur að breyttu breytanda.
4. Samningur þessi gildir um öll innkaup ef verðmæti þeirra er ekki undir þeirri viðmiðunarfjárhæð sem getið er í I. viðbæti.

II. gr.
Mat á virði samninga.

1. Eftirfarandi ákvæði skulu gilda við mat á virði samninga[2] í tengslum við framkvæmd þessa samnings.
2. Mat á virði skal taka mið af öllu endurgjaldi, þ.m.t. bónusgreiðslum, þóknunum, umboðslaunum og vaxtatekjum.

[1] Að því er varðar sérhvern samningsaðila, er I. viðbæti skipt í fimm viðauka:
- Í 1. viðauka er fjallað um aðila á vegum ríkisstjórna.
- Í 2. viðauka er fjallað um aðila á vegum stjórnvalda á stjórnstigum fyrir neðan ríkisstjórnir.
- Í 3. viðauka er fjallað um alla aðra aðila sem annast innkaup samkvæmt ákvæðum samnings þessa.
- Í 4. viðauka er tilgreind þjónusta, ýmist með jákvæðum eða neikvæðum formerkjum, sem heyrir undir þennan samning.
- Í 5. viðauka eru tilgreind verk sem samningurinn gildir um.

Viðmiðunarfjárhæðir eru tilgreindar í viðaukum um hvern aðila um sig.

[2] Þessi samningur gildir um öll opinber innkaup ef samningsvirði þeirra er áætlað jafnt eða yfir fjárhæðarmörkum við birtingu tilkynningar í samræmi við ákvæði IX. gr.

Having undertaken further negotiations in pursuance of these objectives;

Hereby *agree* as follows:

Article I
Scope and Coverage

1. This Agreement applies to any law, regulation, procedure or practice regarding any procurement by entities covered by this Agreement, as specified in Appendix I.[1]
2. This Agreement applies to procurement by any contractual means, including through such methods as purchase or as lease, rental or hire purchase, with or without an option to buy, including any combination of products and services.
3. Where entities, in the context of procurement covered under this Agreement, require enterprises not included in Appendix I to award contracts in accordance with particular requirements, Article III shall apply *mutatis mutandis* to such requirements.
4. This Agreement applies to any procurement contract of a value of not less than the relevant threshold specified in Appendix I.

Article II
Valuation of Contracts

1. The following provisions shall apply in determining the value of contracts[2] for purposes of implementing this Agreement.
2. Valuation shall take into account all forms of remuneration, including any premiums, fees, commissions and interest receivable.

[1] For each Party, Appendix I is divided into five Annexes:
- Annex 1 contains central government entities.
- Annex 2 contains sub-central government entities.
- Annex 3 contains all other entities that procure in accordance with the provisions of this Agreement.
- Annex 4 specifies services, whether listed positively or negatively, covered by this Agreement.
- Annex 5 specifies covered construction services.

Relevant thresholds are specified in each Party's Annexes.

[2] This Agreement shall apply to any procurement contract for which the contract value is estimated to equal or exceed the threshold at the time of publication of the notice in accordance with Article IX.

3. Val aðila á matsaðferð skal ekki notað, né skal innkaupum skipt, með það fyrir augum að víkjast undan beitingu þessa samnings.

4. Ef einstök krafa um innkaup leiðir til þess að gerðir eru fleiri en einn samningur, eða ef samningar eru boðnir út í aðskildum hlutum, skal matsgrundvöllurinn vera annaðhvort:
(a) raunverulegt virði sambærilegra endurnýjaðra samninga sem gerðir voru á næstliðnu fjárhagsári eða næstliðnum tólf mánuðum með viðeigandi breytingum, þar sem því verður við komið, vegna fyrirséðra breytinga á magni og virði næstu tólf mánuðina á eftir; eða
(b) áætlað verðmæti endurnýjaðra samninga á næsta fjárhagsári eða á næstu tólf mánuðum eftir upphaflegan samning.
5. Þegar um er að ræða samninga um fjármögnunarleigu, leigu eða kaupleigu á vöru eða þjónustu, eða þegar um er að ræða samninga þar sem ekki er tilgreint heildarverð, skal matsgrundvöllurinn vera:
(a) heildarsamningsvirði allan samningstímann ef um er að ræða samninga til ákveðins tíma, þar sem samningstími er 12 mánuðir eða skemmri, eða heildarsamningsvirði að viðbættu áætluðu eftirstöðvarvirði, þar sem samningstími er lengri en 12 mánuðir;
(b) mánaðargreiðsla margfölduð með 48 ef um er að ræða samninga til óákveðins tíma.
Í vafatilvikum skal nota síðari matsgrundvöllinn, þ.e. (b)-lið.
6. Við mat á virði áformaðra innkaupa, þar sem tilgreind eru valfrjáls ákvæði, skal miðað við mestu mögulegu heildarinnkaup að teknu tilliti til valfrjálsu ákvæðanna.

3. The selection of the valuation method by the entity shall not be used, nor shall any procurement requirement be divided, with the intention of avoiding the application of this Agreement.
4. If an individual requirement for a procurement results in the award of more than one contract, or in contracts being awarded in separate parts, the basis for valuation shall be either:
(a) the actual value of similar recurring contracts concluded over the previous fiscal year or 12 months adjusted, where possible, for anticipated changes in quantity and value over the subsequent 12 months; or
(b) the estimated value of recurring contracts in the fiscal year or 12 months subsequent to the initial contract.
5. In cases of contracts for the lease, rental or hire purchase of products or services, or in the case of contracts which do not specify a total price, the basis for valuation shall be:
(a) in the case of fixed-term contracts, where their term is 12 months or less, the total contract value for their duration, or, where their term exceeds 12 months, their total value including the estimated residual value;
(b) in the case of contracts for an indefinite period, the monthly instalment multiplied by 48.
If there is any doubt, the second basis for valuation, namely (b), is to be used.
6. In cases where an intended procurement specifies the need for option clauses, the basis for valuation shall be the total value of the maximum permissible procurement, inclusive of optional purchases.

III. gr.
Innlend meðferð og bann við mismunun.

1. Að því er varðar öll lög, reglur, málsmeðferð og starfshætti varðandi opinber innkaup, sem heyra undir samning þennan, skal sérhver samningsaðili þegar í stað og skilyrðislaust veita vörum, þjónustu og birgjum hinna samningsaðilanna, sem bjóða vöru eða þjónustu samningsaðilanna, meðferð sem er ekki óhagstæðari en:
(a) meðferðin sem veitt er vöru, þjónustu, og birgjum innanlands; og
(b) meðferð sem veitt er vöru, þjónustu og birgjum einhvers annars samningsaðila.
2. Að því er varðar öll lög, reglur, málsmeðferð og starfshætti um opinber innkaup sem heyra undir samning þennan skal sérhver samningsaðili tryggja:
(a) að aðilar hans veiti ekki birgi með staðfestu í landinu óhagstæðari meðferð en öðrum birgi

Article III
National Treatment and Non-discrimination

1. With respect to all laws, regulations, procedures and practices regarding government procurement covered by this Agreement, each Party shall provide immediately and unconditionally to the products, services and suppliers of other Parties offering products or services of the Parties, treatment no less favourable than:
(a) that accorded to domestic products, services and suppliers; and
(b) that accorded to products, services and suppliers of any other Party.
2. With respect to all laws, regulations, procedures and practices regarding government procurement covered by this Agreement, each Party shall ensure:
(a) that its entities shall not treat a locally-established supplier less favourably than another

með staðfestu í landinu á grundvelli þess að birginn sé í erlendum eignartengslum eða erlendri eigu; og

(b) að aðilar hans mismuni ekki birgjum með staðfestu í landinu á grundvelli framleiðslulands vörunnar eða þjónustunnar sem verið er að selja, enda sé framleiðslulandið aðili að samningnum skv. ákvæðum IV. gr.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda um tollgjöld og álögur af neinu tagi sem lagðar eru á innflutning eða í tengslum við innflutning, um aðferðir til álagningar slíkra tollgjalda og álagna, um aðrar innflutningsreglur og formsatriði og ráðstafanir sem áhrif hafa á viðskipti með þjónustu aðrar en lög, reglur, málsmeðferð og starfshætti sem varða opinber innkaup og heyra undir samning þennan.

IV. gr.
Upprunareglur.

1. Samningsaðili skal ekki beita upprunareglum um vöru eða þjónustu, sem flutt er inn eða útveguð við opinber innkaup sem falla undir samninginn, frá öðrum samningsaðilum, sem eru frábrugðnar upprunareglum sem beitt er í eðlilegum viðskiptum á þeim tíma sem umrædd viðskipti eiga sér stað, vegna innflutnings eða útvegunar sömu vöru eða þjónustu frá sömu samningsaðilum.

2. Að lokinni vinnuáætluninni um samræmingu upprunareglna vöru, sem gerð verður samkvæmt samningnum um upprunareglur í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og samningaviðræður um þjónustuviðskipti, skulu aðilar taka mið af niðurstöðum vinnuáætlunarinnar og samningaviðræðnanna við gerð breytinga á 1. mgr. eftir því sem við á.

V. gr.
Sérstök aðgreind meðferð fyrir þróunarlönd.

Markmið.

1. Aðilar skulu við framkvæmd samnings þessa og við umsjón með honum, á grundvelli ákvæða þessarar greinar, taka tilhlýðilegt tillit til þróunar-, fjárhags- og viðskiptaþarfa þróunarlanda, einkum þeirra sem skemmst eru á veg komin í þróun, vegna þarfa þeirra á að

(a) varðveita greiðslujöfnuð sinn og tryggja varasjóði sem nægja til þess að framkvæma áætlanir um efnahagsþróun;

(b) stuðla að því að koma á eða þróa innlenda atvinnuvegi, þ.m.t. þróun smáiðnaðar og heimilis-

locally-established supplier on the basis of degree of foreign affiliation or ownership; and

(b) that its entities shall not discriminate against locally-established suppliers on the basis of the country of production of the good or service being supplied, provided that the country of production is a Party to the Agreement in accordance with the provisions of Article IV.

3. The provisions of paragraphs 1 and 2 shall not apply to customs duties and charges of any kind imposed on or in connection with importation, the method of levying such duties and charges, other import regulations and formalities, and measures affecting trade in services other than laws, regulations, procedures and practices regarding government procurement covered by this Agreement.

Article IV
Rules of Origin

1. A Party shall not apply rules of origin to products or services imported or supplied for purposes of government procurement covered by this Agreement from other Parties, which are different from the rules of origin applied in the normal course of trade and at the time of the transaction in question to imports or supplies of the same products or services from the same Parties.

2. Following the conclusion of the work programme for the harmonization of rules of origin for goods to be undertaken under the Agreement on Rules of Origin in Annex 1A of the Agreement Establishing the World Trade Organization (hereinafter referred to as "WTO Agreement") and negotiations regarding trade in services, Parties shall take the results of that work programme and those negotiations into account in amending paragraph 1 as appropriate.

Article V
Special and Differential Treatment for Developing Countries

Objectives

1. Parties shall, in the implementation and administration of this Agreement, through the provisions set out in this Article, duly take into account the development, financial and trade needs of developing countries, in particular least-developed countries, in their need to:

(a) safeguard their balance-of-payments position and ensure a level of reserves adequate for the implementation of programmes of economic development;

(b) promote the establishment or development of domestic industries including the development

iðnaðar í dreifbýli eða á vanþróuðum svæðum, og efnahagsþróun á öðrum sviðum atvinnulífs;

(c) styðja við einstakar atvinnueiningar, enda séu þær að öllu eða verulegu leyti háðar opinberum innkaupum; og
(d) stuðla að efnahagsþróun með svæðisbundnum eða hnattrænum ráðstöfunum meðal þróunarlanda sem lagðar eru fyrir ráðherrafund Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og ekki er hafnað.

2. Í samræmi við ákvæði samnings þessa skal sérhver samningsaðili, við undirbúning og framkvæmd laga, reglna og málsmeðferðar sem tengjast opinberum innkaupum, greiða fyrir auknum innflutningi frá þróunarlöndum, með sérstöku tilliti til vanda þeirra þróunarlanda sem skemmst eru á veg komin og landa þar sem efnahagsþróun er skammt á veg komin.

Gildissvið.
3. Í því skyni að tryggja að þróunarlönd geti gerst aðilar að samningi þessum með skilmálum sem samrýmast þróunar-, fjárhags- og viðskiptaþörfum þeirra skal taka tilhlýðilegt tillit til markmiðanna sem sett eru fram í 1. mgr. í samningaviðræðum varðandi innkaup í þróunarríkjum sem samningur þessi á að gilda um. Iðnríki skulu, er þau gera skrá um gildissvið samkvæmt ákvæðum samnings þessa, leitast við að hafa með þá aðila sem kaupa inn vöru og þjónustu sem þróunarríki hafa útflutningshagsmuni af.

Samþykktar undanþágur.
4. Þróunarlandi er heimilt að semja við aðra þátttakendur í samningaviðræðum samkvæmt samningi þessum um undanþágur, sem gagnkvæmt samkomulag næst um, frá reglunum um innlenda meðferð að því er varðar tiltekna aðila, vöru eða þjónustu sem tilgreind er í gildisviðsskránni, með hliðsjón af aðstæðum í hverju tilviki fyrir sig. Í slíkum samningaviðræðum skal taka tilhlýðilegt tillit til sjónarmiða sem fjallað er um í a–c-liðum 1. mgr. Þróunarríki sem er þátttakandi í svæðisbundnum eða hnattrænum ráðstöfunum meðal þróunarlanda, sem getið er um í d-lið 1. mgr., er einnig heimilt að semja um undanþágur frá skrám sínum með hliðsjón af aðstæðum í hverju tilviki fyrir sig, þar sem m.a. er tekið tillit til ákvæða um opinber innkaup sem kveðið er á um í hinum svæðisbundnu eða hnattrænu ráðstöfunum sem um ræðir, og einkum og sér í lagi vöru og þjónustu sem kann að heyra undir sameiginlegar efnahagsþróunaráætlanir.

of small-scale and cottage industries in rural or backward areas; and economic development of other sectors of the economy;
(c) support industrial units so long as they are wholly or substantially dependent on government procurement; and
(d) encourage their economic development through regional or global arrangements among developing countries presented to the Ministerial Conference of the World Trade Organization (hereinafter referred to as the "WTO") and not disapproved by it.

2. Consistently with the provisions of this Agreement, each Party shall, in the preparation and application of laws, regulations and procedures affecting government procurement, facilitate increased imports from developing countries, bearing in mind the special problems of least-developed countries and of those countries at low stages of economic development.

Coverage
3. With a view to ensuring that developing countries are able to adhere to this Agreement on terms consistent with their development, financial and trade needs, the objectives listed in paragraph 1 shall be duly taken into account in the course of negotiations with respect to the procurement of developing countries to be covered by the provisions of this Agreement. Developed countries, in the preparation of their coverage lists under the provisions of this Agreement, shall endeavour to include entities procuring products and services of export interest to developing countries.

Agreed Exclusions.
4. A developing country may negotiate with other participants in negotiations under this Agreement mutually acceptable exclusions from the rules on national treatment with respect to certain entities, products or services that are included in its coverage lists, having regard to the particular circumstances of each case. In such negotiations, the considerations mentioned in subparagraphs 1(a) through 1(c) shall be duly taken into account. A developing country participating in regional or global arrangements among developing countries referred to in subparagraph 1(d) may also negotiate exclusions to its lists, having regard to the particular circumstances of each case, taking into account, *inter alia*, the provisions on government procurement provided for in the regional or global arrangements concerned and, in particular, products or services which may be subject to common industrial development programmes.

5. Eftir að samningur þessi hefur öðlast gildi er þróunarlandi, sem er aðili að samningnum, heimilt að breyta gildissviðsskrám sínum samkvæmt ákvæðum 6. mgr. XXIV. gr., sem gilda um slíkar breytingar, með hliðsjón af eigin þróunar-, efnahags- og viðskiptaþörfum, eða snúa sér til nefndarinnar um opinber innkaup (hér eftir nefndin) um að hún veiti undanþágu frá reglunum um innlenda meðferð að því er varðar tiltekna aðila, vöru eða þjónustu sem er að finna á gildissviðsskrám viðkomandi ríkis, með hliðsjón af aðstæðum í hverju tilviki fyrir sig og ákvæðum a–c-liðar í 1. mgr. Eftir að samningur þessi hefur öðlast gildi, er þróunarlandi sem er aðili að samningnum einnig heimilt að fara fram á undanþágu fyrir tiltekna aðila, vöru eða þjónustu sem tilgreind er á gildissviðsskrám þess í ljósi þátttöku þess í svæðisbundnum eða hnattrænum ráðstöfunum meðal þróunarlanda, með hliðsjón af aðstæðum í hverju tilviki fyrir sig og ákvæðum d-liðar 1. mgr. Sérhverri beiðni til nefndarinnar frá þróunarlandi, sem er aðili að samningnum, varðandi breytingar á skrá skulu fylgja gögn sem varða beiðnina eða upplýsingar sem þörf kann að vera á til að taka málið til meðferðar.

6. 4. og 5. mgr. skulu gilda, að breyttu breytanda, um þróunarlönd sem gerast aðilar að samningi þessum eftir gildistöku hans.

7. Slíkar samþykktar undanþágur, sem getið er um í 4., 5. og 6. mgr., skulu sæta endurskoðun samkvæmt ákvæðum 14. mgr. hér á eftir.

Tækniaðstoð til samningsaðila sem eru þróunarlönd.

8. Sérhvert iðnríki sem er samningsaðili skal, ef um það er beðið, veita þróunarlöndum sem eru samningsaðilar alla tækniaðstoð sem það telur viðeigandi til að leysa vanda þeirra á sviði opinberra innkaupa.

9. Slík aðstoð, sem skal veitt án mismununar milli þróunarlanda sem eru samningsaðilar, skal meðal annars varða

- lausn tiltekinna tæknilegra vandamála sem tengjast gerð tiltekins samnings; og
- hvert það vandamál sem samningsaðilinn sem ber fram beiðnina og annar samningsaðili ákveða að taka á í tengslum við slíka aðstoð.

10. Tæknileg aðstoð sem vísað er til í 8. og 9. gr. tekur til þýðingar á gögnum um hæfi og tilboðum sem gerð eru af birgjum í þróunarlöndum sem eru aðilar að samningi þessum yfir á opinbert tungumál Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sem tilgreint er af

5. After entry into force of this Agreement, a developing country Party may modify its coverage lists in accordance with the provisions for modification of such lists contained in paragraph 6 of Article XXIV, having regard to its development, financial and trade needs, or may request the Committee on Government Procurement (hereinafter referred to as "the Committee") to grant exclusions from the rules on national treatment for certain entities, products or services that are included in its coverage lists, having regard to the particular circumstances of each case and taking duly into account the provisions of subparagraphs 1(a) through 1(c). After entry into force of this Agreement, a developing country Party may also request the Committee to grant exclusions for certain entities, products or services that are included in its coverage lists in the light of its participation in regional or global arrangements among developing countries, having regard to the particular circumstances of each case and taking duly into account the provisions of subparagraph 1(d). Each request to the Committee by a developing country Party relating to modification of a list shall be accompanied by documentation relevant to the request or by such information as may be necessary for consideration of the matter.

6. Paragraphs 4 and 5 shall apply *mutatis mutandis* to developing countries acceding to this Agreement after its entry into force.

7. Such agreed exclusions as mentioned in paragraphs 4, 5 and 6 shall be subject to review in accordance with the provisions of paragraph 14 below.

Technical Assistance for Developing Country Parties

8. Each developed country Party shall, upon request, provide all technical assistance which it may deem appropriate to developing country Parties in resolving their problems in the field of government procurement.

9. This assistance, which shall be provided on the basis of non-discrimination among developing country Parties, shall relate, *inter alia*, to:

- the solution of particular technical problems relating to the award of a specific contract; and
- any other problem which the Party making the request and another Party agree to deal with in the context of this assistance.

10. Technical assistance referred to in paragraphs 8 and 9 would include translation of qualification documentation and tenders made by suppliers of developing country Parties into an official language of the WTO designated by the entity, unless devel-

viðkomandi aðila, nema þróunarlönd sem eru samningsaðilar telji það of íþyngjandi, en í því tilviki skal þróunarlandi sem er samningsaðili gefin skýring þegar beiðni berst sem er stíluð annaðhvort á iðnríkið eða aðila þess.

Upplýsingamiðstöðvar.

11. Iðnríki sem eru samningsaðilar skulu, hvert um sig eða sameiginlega, setja á stofn upplýsingamiðstöðvar til þess að svara eðlilegum beiðnum frá þróunarlöndum sem eru samningsaðilar um upplýsingar er m.a. varða lög, reglur, málsmeðferð og starfshætti varðandi opinber innkaup, auglýsingar um fyrirhuguð innkaup sem hafa verið birt, póstföng aðila sem heyra undir þennan samning og eðli og magn vöru og þjónustu sem verið er að kaupa eða fyrirhugað er að kaupa, þ.m.t. fyrirliggjandi upplýsingar um fyrirhuguð innkaup. Nefndinni er einnig heimilt að setja upp upplýsingamiðstöð.

Sérstök meðferð landa sem skemmst eru á veg komin í þróun.

12. Með hliðsjón af 6. mgr. ákvörðunar SAMNINGSAÐILA AÐ GATT-SAMKOMULAGINU 1947 frá 28. nóvember 1979 um mismunarmeðferð og hagstæðari meðferð, gagnkvæmni og aukna þátttöku þróunarlanda (BISD 26S/203-205) skal þeim löndum sem skemmst eru á veg komin í þróun og eru samningsaðilar og birgjum í þeim löndum veitt sérstök meðferð að því er varðar vöru eða þjónustu sem upprunnin er í þeim aðildarlöndum í tengslum við hvers kyns almennar eða sértækar ráðstafanir í þágu þróunarlanda sem eru samningsaðilar. Samningsaðili getur einnig látið birgja í þróunarlöndum, sem skemmst eru á veg komin í þróun og eru ekki aðilar að samningi þessum, njóta ávinnings af samningnum að því er varðar vöru eða þjónustu sem er upprunnin í viðkomandi löndum.

13. Berist beiðni um slíkt skal sérhvert iðnríki, sem er aðili að samningi þessum, veita þá aðstoð sem það telur viðeigandi til hugsanlegra tilboðsgjafa í löndum sem skemmst eru á veg komin í þróun varðandi gerð tilboða og val á vöru og þjónustu sem líkleg er til að vekja áhuga hjá aðilum í viðkomandi iðnríki, svo og birgjum í slíkum þróunarlöndum og einnig aðstoða þau við að uppfylla tæknilegar reglugerðir og tæknistaðla, sem gilda um vöru eða þjónustu, sem gert er ráð fyrir í fyrirhuguðum innkaupum.

Endurskoðun.

14. Nefndin skal árlega endurskoða framkvæmd og skilvirkni þessarar greinar og einnig skal nefndin, á þriggja ára fresti eftir að greinin kemur til framkvæmdar, ráðast í gagngera endurskoðun hennar á grundvelli skýrslna, sem samningsaðilar skila, í því skyni að meta áhrif hennar. Sem liður í þeirri endur-

oped country Parties deem translation to be burdensome, and in that case explanation shall be given to developing country Parties upon their request addressed either to the developed country Parties or to their entities.

Information Centres

11. Developed country Parties shall establish, individually or jointly, information centres to respond to reasonable requests from developing country Parties for information relating to, *inter alia*, laws, regulations, procedures and practices regarding government procurement, notices about intended procurements which have been published, addresses of the entities covered by this Agreement, and the nature and volume of products or services procured or to be procured, including available information about future tenders. The Committee may also set up an information centre.

Special Treatment for Least-Developed Countries

12. Having regard to paragraph 6 of the Decision of the CONTRACTING PARTIES to GATT 1947 of 28 November 1979 on Differential and More Favourable Treatment, Reciprocity and Fuller Participation of Developing Countries (BISD 26S/203–205), special treatment shall be granted to least-developed country Parties and to the suppliers in those Parties with respect to products or services originating in those Parties, in the context of any general or specific measures in favour of developing country Parties. A Party may also grant the benefits of this Agreement to suppliers in least-developed countries which are not Parties, with respect to products or services originating in those countries.

13. Each developed country Party shall, upon request, provide assistance which it may deem appropriate to potential tenderers in least-developed countries in submitting their tenders and selecting the products or services which are likely to be of interest to its entities as well as to suppliers in least-developed countries, and likewise assist them to comply with technical regulations and standards relating to products or services which are the subject of the intended procurement.

Review

14. The Committee shall review annually the operation and effectiveness of this Article and, after each three years of its operation on the basis of reports to be submitted by Parties, shall carry out a major review in order to evaluate its effects. As part of the three-yearly reviews and with a view to achieving

skoðun sem ráðist er í á þriggja ára fresti, og með það að markmiði að ákvæði samnings þessa komi til framkvæmda í sem ríkustum mæli, einkum og sér í lagi III. gr., og með hliðsjón af ástandi þróunar-, fjárhags- og viðskiptamála í þeim þróunarlöndum sem um ræðir, skal nefndin einnig kanna hvort undanþágunum, sem kveðið er á um í samræmi við ákvæði 4.–6. mgr. þessarar greinar, skuli breytt eða aukið við þær.

15. Við framvindu síðari samningslota samkvæmt ákvæðum 7. mgr. XXIV. gr. skal sérhvert þróunarland sem er samningsaðili kanna möguleikana á því að stækka gildissviðsskrár sínar með tilliti til þróunar-, fjárhags- og viðskiptastöðu sinnar.

VI. gr.
Tækniforskriftir.

1. Tækniforskriftir þar sem lýst er eiginleikum vörunnar eða þjónustunnar sem boðin verður út, svo sem gæðum, skilum, öryggi og stærðum, táknum, íðorðum, pökkun, merkingum og vörumerkingum, eða framleiðsluferlum og framleiðsluaðferðum, og kröfum um verklagsreglur við samræmismat sem innkaupaaðilar gera kröfur um, skulu ekki teknar saman, samþykktar eða notaðar með það fyrir augum eða með þeim afleiðingum að þær valdi óþörfum hindrunum í alþjóðaviðskiptum.

2. Tækniforskriftir sem innkaupsaðilar gera kröfur um skulu, eftir því sem við á:

(a) varða skil fremur en hönnun eða lýsandi eiginleika; og

(b) byggjast á alþjóðastöðlum, ef til eru, eða annars á innlendum tæknilegum reglugerðum[3], viðurkenndum landsstöðlum[4], eða byggingarreglugerðum.

[3] Í samningi þessum er tæknileg reglugerð skjal þar sem mælt er fyrir um eiginleika vöru eða þjónustu eða sem tengdist ferlum og framleiðsluaðferðum þeirra, þ.m.t. viðeigandi stjórnsýsluákvæði sem skylt er að uppfylla. Slíkar reglugerðir geta jafnframt, eða sér í lagi, fjallað um íðorð, tákn, pökkun, merkingar eða vörumerkingarkröfur eins og þær eiga við um vöru, þjónustu, ferli eða framleiðsluaðferð.

[4] Í samningi þessum merkir staðall skjal sem samþykkt er af viðurkenndum aðila, þar sem kveðið er á, til almennrar og endurtekinnar notkunar, um reglur, leiðbeiningar eð eiginleika varðandi vöru eða þjónustu eða tilheyrandi ferli og framleiðsluaðferðir sem skylt er að fylgja. Slíkir staðlar geta jafnframt, eða sér í lagi, fjallað um íðorð, tákn, pökkun, merkingar eða vörumerkingarkröfur eins og þær eiga við um vöru, þjónustu, ferli eða framleiðsluaðferð.

the maximum implementation of the provisions of this Agreement, including in particular Article III, and having regard to the development, financial and trade situation of the developing countries concerned, the Committee shall examine whether exclusions provided for in accordance with the provisions of paragraphs 4 through 6 of this Article shall be modified or extended.

15. In the course of further rounds of negotiations in accordance with the provisions of paragraph 7 of Article XXIV, each developing country Party shall give consideration to the possibility of enlarging its coverage lists, having regard to its economic, financial and trade situation.

Article VI
Technical Specifications

1. Technical specifications laying down the characteristics of the products or services to be procured, such as quality, performance, safety and dimensions, symbols, terminology, packaging, marking and labelling, or the processes and methods for their production and requirements relating to conformity assessment procedures prescribed by procuring entities, shall not be prepared, adopted or applied with a view to, or with the effect of, creating unnecessary obstacles to international trade.

2. Technical specifications prescribed by procuring entities shall, where appropriate:

(a) be in terms of performance rather than design or descriptive characteristics; and

(b) be based on international standards, where such exist; otherwise, on national technical regulations[3], recognized national standards[4], or building codes.

[3] For the purpose of this Agreement, a technical regulation is a document which lays down characteristics of a product or a service or their related processes and production methods, including the applicable administrative provisions, with which compliance is mandatory. It may also include or deal exclusively with terminology, symbols, packaging, marking or labelling requirements as they apply to a product, service, process or production method.

[4] For the purpose of this Agreement, a standard is a document approved by a recognized body, that provides, for common and repeated use, rules, guidelines or characteristics for products or services or related processes and production methods, with which compliance is not mandatory. It may also include or deal exclusively with terminology, symbols, packaging, marking or labelling requirements as they apply to a product, service, process or production method.

3. Ekki skulu vera kröfur um eða tilvísanir í tiltekin vörumerki eða viðskiptaheiti, einkaleyfi, hönnun eða tegund, tiltekinn uppruna, framleiðanda eða birgja, nema ekki sé fyrir hendi nægilega nákvæm eða skiljanleg leið til þess að lýsa útboðsskilmálum, enda sé jafnframt tekið fram eða sambærilegt í útboðsgögnum.
4. Aðilar skulu ekki leita eftir eða taka við, með þeim hætti sem hefði þau áhrif að koma í veg fyrir samkeppni, ráðum sem kunna að vera notuð við undirbúning forskrifta fyrir tiltekið útboð frá fyrirtæki sem kann að hafa viðskiptalega hagsmuni af útboðinu.

VII. gr.
Verklagsreglur við útboð.

1. Sérhver samningsaðili skal tryggja að verklagsreglum um útboð aðila sinna sé beitt án mismununar og að þær samræmist ákvæðum VII.–XVI. gr.

2. Aðilar skulu ekki veita neinum birgi upplýsingar um tiltekin innkaup með þeim hætti að það gæti komið í veg fyrir samkeppni.

3. Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
(a) Almenn útboð eru útboð þar sem öllum birgjum sem áhuga hafa er heimilt að gera tilboð.

(b) Útboð með forvali eru útboð þar sem birgjum, sem boðið er að gera tilboð í samræmi við 3. mgr. X. gr. og önnur viðeigandi ákvæði samnings þessa, er heimilt að gera tilboð.

(c) Takmörkuð útboð eru útboð þar sem aðilinn setur sig í samband við einstaka birgja, en eingöngu með þeim skilyrðum sem sett eru fram í XV. gr.

VIII. gr.
Hæfi birgja.

Þegar aðilar ákvarða hæfi birgja skulu þeir ekki gera greinarmun á birgjum annarra samningsaðila né á birgjum í eigin landi annars vegar og birgjum í löndum annarra samningsaðila hins vegar. Verklag við ákvörðun hæfis skulu samrýmast eftirfarandi:
(a) allar reglur um þátttöku í útboðum skulu birtar nógu tímanlega til þess að birgjar, sem áhuga hafa, geti hafið ráðstafanir til að öðlast hæfi og, að því marki sem það samræmist skilvirkri framkvæmd útboðsins, lokið þeim ráðstöfunum;

3. There shall be no requirement or reference to a particular trademark or trade name, patent, design or type, specific origin, producer or supplier, unless there is no sufficiently precise or intelligible way of describing the procurement requirements and provided that words such as "or equivalent" are included in the tender documentation.
4. Entities shall not seek or accept, in a manner which would have the effect of precluding competition, advice which may be used in the preparation of specifications for a specific procurement from a firm that may have a commercial interest in the procurement.

Article VII
Tendering Procedures

1. Each Party shall ensure that the tendering procedures of its entities are applied in a non-discriminatory manner and are consistent with the provisions contained in Articles VII through XVI.
2. Entities shall not provide to any supplier information with regard to a specific procurement in a manner which would have the effect of precluding competition.
3. For the purposes of this Agreement:

(a) Open tendering procedures are those procedures under which all interested suppliers may submit a tender.
(b) Selective tendering procedures are those procedures under which, consistent with paragraph 3 of Article X and other relevant provisions of this Agreement, those suppliers invited to do so by the entity may submit a tender.
(c) Limited tendering procedures are those procedures where the entity contacts suppliers individually, only under the conditions specified in Article XV.

Article VIII
Qualification of Suppliers

In the process of qualifying suppliers, entities shall not discriminate among suppliers of other Parties or between domestic suppliers and suppliers of other Parties. Qualification procedures shall be consistent with the following:
(a) any conditions for participation in tendering procedures shall be published in adequate time to enable interested suppliers to initiate and, to the extent that it is compatible with efficient operation of the procurement process, complete the qualification procedures;

(b) hvers kyns skilyrði fyrir þátttöku í útboðum skulu takmarkast við skilyrði sem eru óhjákvæmileg til þess að tryggja getu fyrirtækis til þess að uppfylla viðkomandi samning. Hvers kyns þátttökuskilyrði sem krafist er af birgjum, þ.m.t. *tryggingar, tæknilegar hæfniskröfur og* upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að ákvarða fjárhagslega, viðskiptalega og tæknilega getu birgja, svo og sannprófun á hæfni, skulu ekki vera óhagstæðari birgjum annarra samningsaðila en innlendum birgjum og skulu ekki mismuna birgjum annarra samningsaðila. Fjárhagsleg, viðskiptaleg og tæknileg geta birgis skal metin bæði á grundvelli alþjóðlegra umsvifa viðkomandi birgis svo og á grundvelli umsvifa hans á starfssvæði innkaupaaðila, með tilhlýðilegu *tilliti til lagalegra tengsla milli* söluaðilanna;

(c) hæfisferlið og tímann sem þarf til að öðlast hæfi skal ekki nota í þeim tilgangi að halda birgjum annarra aðila utan birgjaskráa eða koma í veg fyrir að þeir komi til álita í tilteknum fyrirhuguðum innkaupum. Aðilar skulu viðurkenna sem hæfa birgja þá birgja í eigin landi eða löndum annarra samningsaðila sem uppfylla þátttökukröfur í tilteknu fyrirhuguðu útboði. Birgjar sem óska þess að taka þátt í tilteknu fyrirhuguðu útboði sem enn eru ekki hæfir skulu einnig koma til álita, enda sé nægur tími til þess að uppfylla hæfiskröfur;

(d) Aðilar sem halda varanlegar skrár yfir hæfa birgja skulu tryggja að birgjar geti sótt um hæfi hvenær sem er og að allir hæfir birgjar sem um það sækja séu settir á skrána innan eðlilega skamms tíma;

(e) ef birgir sem ekki hefur enn öðlast hæfi sækir um að taka þátt í fyrirhuguðu útboði eftir að birt hefur verið auglýsing skv. 1. mgr. IX. gr. skal aðilinn þegar í stað hefja ráðstafanir til þess að veita hæfi;

(f) birgir sem sótt hefur um að gerast hæfur birgir skal upplýstur um ákvarðanir þar að lútandi af viðkomandi aðila. Hæfum birgjum sem eru á föstum skrám samningsaðila skal einnig tilkynnt um það ef skráin er lögð niður eða ef þeir eru teknir af henni.

(g) Sérhver samningsaðili skal tryggja að:
  (i) sérhver aðili og deildir hans noti eina og sömu aðferð við að ákvarða hæfi, nema ef um er að ræða rökstudda þörf til að beita annarri aðferð; og
  (ii) leitast verði við að halda í lágmarki mun á hæfisreglum milli aðila.

(b) any conditions for participation in tendering procedures shall be limited to those which are essential to ensure the firm's capability to fulfil the contract in question. Any conditions for participation required from suppliers, including *financial guarantees, technical qualifications* and information necessary for establishing the financial, commercial and technical capacity of suppliers, as well as the verification of qualifications, shall be no less favourable to suppliers of other Parties than to domestic suppliers and shall not discriminate among suppliers of other Parties. The financial, commercial and technical capacity of a supplier shall be judged on the basis both of that supplier's global business activity as well as of its activity in the territory of the procuring entity, taking due account of the legal relationship between the supply organizations;

(c) the process of, and the time required for, qualifying suppliers shall not be used in order to keep suppliers of other Parties off a suppliers' list or from being considered for a particular intended procurement. Entities shall recognize as qualified suppliers such domestic suppliers or suppliers of other Parties who meet the conditions for participation in a particular intended procurement. Suppliers requesting to participate in a particular intended procurement who may not yet be qualified shall also be considered, provided there is sufficient time to complete the qualification procedure;

(d) entities maintaining permanent lists of qualified suppliers shall ensure that suppliers may apply for qualification at any time; and that all qualified suppliers so requesting are included in the lists within a reasonably short time;

(e) if, after publication of the notice under paragraph 1 of Article IX, a supplier not yet qualified requests to participate in an intended procurement, the entity shall promptly start procedures for qualification;

(f) *any supplier having requested to become a* qualified supplier shall be advised by the entities concerned of the decision in this regard. Qualified suppliers included on permanent lists by entities shall also be notified of the termination of any such lists or of their removal from them;

(g) each Party shall ensure that:
  (i) each entity and its constituent parts follow a single qualification procedure, except in cases of duly substantiated need for a different procedure; and
  (ii) efforts be made to minimize differences in qualification procedures between entities.

(h) ekkert í a–g-lið kemur í veg fyrir að birgir verði útilokaður af ástæðum á borð við gjaldþrot eða rangar yfirlýsingar, enda fari slíkt ekki í bága við reglur um innlenda meðferð og ákvæði samnings þessa um bann við mismunun.

IX. gr.
Boð um þátttöku í fyrirhuguðum innkaupum.

1. Í samræmi við 2. og 3. mgr. skulu aðilar birta boð um þátttöku í öllum fyrirhuguðum innkaupum, ef ekki er kveðið á um annað í XV. gr. (takmörkuð útboð). Tilkynningin skal birt í viðeigandi riti sem er á lista í II. viðbæti.

2. Boð um þátttöku getur verið í formi tilkynningar um fyrirhuguð innkaup, eins og kveðið er á um í 6. mgr.

3. Aðilum í 2. og 3. viðauka er heimilt að nota sem boð um þátttöku tilkynningu um fyrirhuguð innkaup, eins og kveðið er á um í 7. mgr., eða tilkynningu um hæfiskerfi, eins og kveðið er á um í 9. mgr.

4. Aðilar sem nota tilkynningu um fyrirhuguð innkaup sem boð um þátttöku skulu síðan bjóða öllum birgjum, sem lýst hafa áhuga, að staðfesta áhuga sinn á grundvelli upplýsinga sem hafa að minnsta kosti að geyma upplýsingarnar sem getið er um í 6. mgr.

5. Aðilar sem nota tilkynningu um hæfiskerfi sem boð um þátttöku skulu láta í té upplýsingar, með fyrirvara um ákvæði 4. mgr. XVIII. gr. og nægjanlega tímanlega, sem gefa öllum sem lýst hafa áhuga, raunhæft tækifæri til þess að meta eigin áhuga á að taka þátt í útboðinu. Í upplýsingunum skulu m.a. koma fram þær upplýsingar sem vísað er til í 6. og 8. mgr., að því marki sem slíkar upplýsingar eru tiltækar. Upplýsingar sem veittar eru einum birgi, sem lýst hefur áhuga skulu veittar öðrum, sem sýnt hafa áhuga, án mismununar.

6. Í sérhverri tilkynningu um fyrirhuguð innkaup sem vísað er til í 2. mgr. skulu vera eftirfarandi upplýsingar:

(a) eðli og magn, þ.m.t. hvers kyns valkvæðan rétt til frekari innkaupa og, ef unnt er, áætlun um tímasetningu varðandi hvenær megi nýta slíkan rétt; þegar um er að ræða endurtekna samninga skal tiltaka eðli og magn og, ef unnt er, áætlun um tímasetningu síðari útboðstilkynninga varðandi vöruna eða þjónustuna sem fyrirhugað er að bjóða út;

(h) nothing in subparagraphs (a) through (g) shall preclude the exclusion of any supplier on grounds such as bankruptcy or false declarations, provided that such an action is consistent with the national treatment and non-discrimination provisions of this Agreement.

Article IX
Invitation to Participate Regarding Intended Procurement.

1. In accordance with paragraphs 2 and 3, entities shall publish an invitation to participate for all cases of intended procurement, except as otherwise provided for in Article XV (limited tendering). The notice shall be published in the appropriate publication listed in Appendix II.

2. The invitation to participate may take the form of a notice of proposed procurement, as provided for in paragraph 6.

3. Entities in Annexes 2 and 3 may use a notice of planned procurement, as provided for in paragraph 7, or a notice regarding a qualification system, as provided for in paragraph 9, as an invitation to participate.

4. Entities which use a notice of planned procurement as an invitation to participate shall subsequently invite all suppliers who have expressed an interest to confirm their interest on the basis of information which shall include at least the information referred to in paragraph 6.

5. Entities which use a notice regarding a qualification system as an invitation to participate shall provide, subject to the considerations referred to in paragraph 4 of Article XVIII and in a timely manner, information which allows all those who have expressed an interest to have a meaningful opportunity to assess their interest in participating in the procurement. This information shall include the information contained in the notices referred to in paragraphs 6 and 8, to the extent such information is available. Information provided to one interested supplier shall be provided in a non-discriminatory manner to the other interested suppliers.

6. Each notice of proposed procurement, referred to in paragraph 2, shall contain the following information:

(a) the nature and quantity, including any options for further procurement and, if possible, an estimate of the timing when such options may be exercised; in the case of recurring contracts the nature and quantity and, if possible, an estimate of the timing of the subsequent tender notices for the products or services to be procured;

(b) hvort um sé að ræða opið útboð eða útboð með forvali, og hvort um samninga verði að ræða;
(c) dagsetning þegar afhending vöru eða þjónustu á að hefjast eða ljúka;
(d) póstfang og lokadagur til að skila inn umsókn um þátttöku í útboði eða um hæfi á skrám yfir birgja, eða hæfi til að fá send útboðsgögn, svo og tungumálið eða tungumálin sem tilboð skulu vera á;
(e) póstfang aðilans sem gerir samninginn ásamt öllum upplýsingum sem nauðsynlegar eru til þess að fá í hendur forskriftir og önnur skjöl;
(f) hvers kyns efnahagslegar og tæknilegar kröfur, ábyrgðir og upplýsingar sem krafist er af birgjum;
(g) upphæð og skilmálar greiðslu sem krafist er fyrir útboðsgögnin; og
(h) hvort aðilinn sé að bjóða út kaup, fjármögnunarleigu, leigu, kaupleigu eða fleiri en eina af þessum aðferðum.

7. Í sérhverri tilkynningu um fyrirhuguð innkaup, sem vísað er til í 3. mgr., skulu vera allar þær upplýsingar sem getið er í 6. mgr. sem tiltækar eru. Í öllum tilvikum skulu felast í þeim upplýsingarnar sem vísað er til í 8. mgr. og:
(a) yfirlýsing um að birgjar sem áhuga hafa skuli lýsa yfir áhuga sínum á útboðinu við aðilann;
(b) tengiliður hjá aðilanum þar sem unnt er að afla sér frekari upplýsinga.

8. Fyrir hver fyrirhuguð innkaup skal aðilinn taka saman ágrip af tilkynningunni á einu af opinberum tungumálum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Tilkynningin skal innihalda að minnsta kosti eftirfarandi:
(a) efni samningsins;
(b) tímamörk sem sett eru um skil á tilboðum eða umsóknum um þátttöku í útboði; og
(c) póstföng þar sem unnt er að nálgast gögn sem varða samningana.

9. Þegar um er að ræða útboð með forvali skulu aðilar, sem halda fastar skrár um hæfa birgja, birta árlega, í einu af ritunum sem tilgreind eru í III. viðbæti, tilkynningu um eftirfarandi:
(a) númer skránna sem haldnar eru, með yfirskriftum þeirra, í tengslum við vöruna, þjónustuna eða vöru- eða þjónustuflokkana sem boðnir verða út samkvæmt skránum;
(b) skilyrðin sem birgjum ber að uppfylla til að vera teknir inn í skrárnar og aðferðirnar sem aðilinn mun nota til þess að sannreyna hvort sérhvert þessara skilyrða hafi verið uppfyllt; og
(c) gildistíma skránna og formsatriði varðandi endurnýjun þeirra.

(b) whether the procedure is open or selective or will involve negotiation;
(c) any date for starting delivery or completion of delivery of goods or services;
(d) the address and final date for submitting an application to be invited to tender or for qualifying for the suppliers' lists, or for receiving tenders, as well as the language or languages in which they must be submitted;
(e) the address of the entity awarding the contract and providing any information necessary for obtaining specifications and other documents;
(f) any economic and technical requirements, financial guarantees and information required from suppliers;
(g) the amount and terms of payment of any sum payable for the tender documentation; and
(h) whether the entity is inviting offers for purchase, lease, rental or hire purchase, or more than one of these methods.

7. Each notice of planned procurement referred to in paragraph 3 shall contain as much of the information referred to in paragraph 6 as is available. It shall in any case include the information referred to in paragraph 8 and:
(a) a statement that interested suppliers should express their interest in the procurement to the entity;
(b) a contact point with the entity from which further information may be obtained.

8. For each case of intended procurement, the entity shall publish a summary notice in one of the official languages of the WTO. The notice shall contain at least the following information:
(a) the subject matter of the contract;
(b) the time-limits set for the submission of tenders or an application to be invited to tender; and
(c) the addresses from which documents relating to the contracts may be requested.

9. In the case of selective tendering procedures, entities maintaining permanent lists of qualified suppliers shall publish annually in one of the publications listed in Appendix III a notice of the following:
(a) the enumeration of the lists maintained, including their headings, in relation to the products or services or categories of products or services to be procured through the lists;
(b) the conditions to be fulfilled by suppliers with a view to their inscription on those lists and the methods according to which each of those conditions will be verified by the entity concerned; and
(c) the period of validity of the lists, and the formalities for their renewal.

Þegar slík tilkynning er notuð sem boð um þátttöku skv. 3. mgr. skal tilkynningin að auki hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:
(d) eðli vörunnar eða þjónustunnar sem um ræðir;

(e) yfirlýsingu um að í tilkynningunni felist boð um þátttöku.

Ef gildistími kerfis sem notað er við hæfismat er hins vegar þrjú ár eða minna, og ef gildistími kerfisins er tilgreindur í tilkynningunni og ef einnig er tilgreint að ekki verði birtar frekari tilkynningar, er nægilegt að birta tilkynninguna aðeins einu sinni, við upphaf kerfisins. Slíkt kerfi skal ekki nota með þeim hætti að farið sé í kringum ákvæði samnings þessa.

10. Ef nauðsynlegt reynist, eftir birtingu boðs um þátttöku í fyrirhuguðu útboði, en fyrir þann tíma sem tilgreindur var í auglýsingu eða útboðsgögnum sem opnunar- eða móttökutími tilboða, að breyta eða endurbirta tilkynninguna skal dreifa breytingunni á sama hátt og upphaflegu skjölunum sem breytingin byggist á. Hvers kyns mikilvægar upplýsingar, sem veittar eru einum birgi varðandi tiltekin fyrirhuguð innkaup, skulu á sama tíma veittar öllum öðrum birgjum er málið varðar nægilega tímanlega til þess að birgjunum sé unnt að meta slíkar upplýsingar og bregðast við þeim.

11. Aðilar skulu gera ljóst, í tilkynningunum sem vísað er til í þessari grein eða í ritinu þar sem tilkynningarnar eru birtar, að viðkomandi innkaup heyri undir samning þennan.

X. gr.
Málsmeðferð við val.

1. Til þess að hámarka skilvirkni alþjóðlegrar samkeppni í útboðum með forvali skulu aðilar í hverjum fyrirhuguðum innkaupum auglýsa eftir tilboðum frá sem flestum innlendum birgjum og birgjum annarra samningsaðila, að því marki sem samræmist skilvirkum rekstri útboðskerfisins. Aðilar skulu velja birgja til að taka þátt í útboðinu með sanngjörnum hætti og án mismununar.
2. Aðilar sem halda varanlegar skrár um hæfi birgja mega velja birgja af þeim sem eru í skránni til að gera tilboð. Við allt val skal gert ráð fyrir jafnræði allra birgja í skránum.
3. Birgjum sem óska eftir að fá að taka þátt í tilteknu fyrirhuguðu útboði skal heimilað að senda inn tilboð og skulu þeir koma til greina, enda sé nægur tími til þess að ljúka hæfisferlinu skv. VIII. og IX. gr. ef um er að ræða aðila sem eru ekki enn hæfir. Fjöldi viðbótarbirgja, sem heimilað er að taka þátt, skal eingöngu takmarkast af skilvirkni í rekstri útboðskerfisins.

When such a notice is used as an invitation to participate in accordance with paragraph 3, the notice shall, in addition, include the following information:
(d) the nature of the products or services concerned;
(e) a statement that the notice constitutes an invitation to participate.

However, when the duration of the qualification system is three years or less, and if the duration of the system is made clear in the notice and it is also made clear that further notices will not be published, it shall be sufficient to publish the notice once only, at the beginning of the system. Such a system shall not be used in a manner which circumvents the provisions of this Agreement.

10. If, after publication of an invitation to participate in any case of intended procurement, but before the time set for opening or receipt of tenders as specified in the notices or the tender documentation, it becomes necessary to amend or re-issue the notice, the amendment or the re-issued notice shall be given the same circulation as the original documents upon which the amendment is based. Any significant information given to one supplier with respect to a particular intended procurement shall be given simultaneously to all other suppliers concerned in adequate time to permit the suppliers to consider such information and to respond to it.

11. Entities shall make clear, in the notices referred to in this Article or in the publication in which the notices appear, that the procurement is covered by the Agreement.

Article X
Selection Procedures

1. To ensure optimum effective international competition under selective tendering procedures, entities shall, for each intended procurement, invite tenders from the maximum number of domestic suppliers and suppliers of other Parties, consistent with the efficient operation of the procurement system. They shall select the suppliers to participate in the procedure in a fair and non-discriminatory manner.
2. Entities maintaining permanent lists of qualified suppliers may select suppliers to be invited to tender from among those listed. Any selection shall allow for equitable opportunities for suppliers on the lists.
3. Suppliers requesting to participate in a particular intended procurement shall be permitted to submit a tender and be considered, provided, in the case of those not yet qualified, there is sufficient time to complete the qualification procedure under Articles VIII and IX. The number of additional suppliers permitted to participate shall be limited only by the efficient operation of the procurement system.

4. Óskir um að taka þátt í útboði með forvali má senda með fjarrita, símskeyti eða símbréfi.

XI. gr.
Tilboðs- og afhendingarfrestur.

Almennt.

1. (a) Frestur sem gefinn er skal vera nægur til þess að birgjar í löndum annarra samningsaðila sem og birgjar í heimalandi geti undirbúið og skilað inn tilboðum áður en frestur rennur út. Þegar frestur er ákveðinn skulu aðilar, að teknu tilliti til sanngjarnra eigin þarfa, taka mið af atriðum á borð við það hversu flókið útboð er um að ræða, umfang undirverktöku sem gert er ráð fyrir og eðlilegum tíma sem það tekur að senda tilboð með pósti frá stöðvum utan lands sem innan.

(b) Sérhver samningsaðili skal tryggja að aðilar í landi hans taki tillit til tafa sem verða á birtingu þegar ákveðinn er lokafrestur til að skila tilboðum eða umsóknum um þátttökuboð.

Frestir.

2. Að því marki sem ekki er kveðið á um í 3. mgr.

(a) skal frestur til að skila tilboði í opnu útboði ekki vera skemmri en 40 dagar frá dagsetningu birtingar sem um getur í 1. mgr. IX. gr.;

(b) skal frestur til að skila tilboði í útboðum með forvali, þar sem ekki er stuðst við fasta skrá hæfra birgja, ekki vera skemmri en 25 dagar frá birtingardeginum sem um getur í 1. mgr. IX. gr.; frestur til móttöku tilboða skal aldrei vera skemmri en 40 dagar frá útgáfu boðsins um að gera tilboð;

(c) skal frestur til að skila tilboði í takmörkuðum útboðum þar sem stuðst er við fastar skrár hæfra birgja ekki vera skemmri en 40 dagar frá upphaflegri dagsetningu boðsins um að gera tilboð, hvort sem sú dagsetning er sami dagurinn og birtingardagurinn sem um getur í 1. mgr IX. gr. eða ekki.

3. Stytta má frestina sem um getur í 2. mgr. við þær aðstæður sem lýst er hér á eftir:

(a) ef sérstök tilkynning hefur verið birt 40 dögum og ekki meira en 12 mánuðum fyrr og í tilkynningunni er að finna a.m.k.:
  (i) eins mikið af upplýsingunum sem um getur í 6. mgr. IX. gr. og fyrir liggur;
  (ii) upplýsingarnar sem um getur í 8. mgr. IX. gr.;

4. Requests to participate in selective tendering procedures may be submitted by telex, telegram or facsimile.

Article XI
Time-limits for Tendering and Delivery

General

1. (a) Any prescribed time-limit shall be adequate to allow suppliers of other Parties as well as domestic suppliers to prepare and submit tenders before the closing of the tendering procedures. In determining any such time-limit, entities shall, consistent with their own reasonable needs, take into account such factors as the complexity of the intended procurement, the extent of subcontracting anticipated and the normal time for transmitting tenders by mail from foreign as well as domestic points.

(b) Each Party shall ensure that its entities shall take due account of publication delays when setting the final date for receipt of tenders or of applications to be invited to tender.

Deadlines

2. Except in so far as provided in paragraph 3,

(a) in open procedures, the period for the receipt of tenders shall not be less than 40 days from the date of publication referred to in paragraph 1 of Article IX;

(b) in selective procedures not involving the use of a permanent list of qualified suppliers, the period for submitting an application to be invited to tender shall not be less than 25 days from the date of publication referred to in paragraph 1 of Article IX; the period for receipt of tenders shall in no case be less than 40 days from the date of issuance of the invitation to tender;

(c) in selective procedures involving the use of a permanent list of qualified suppliers, the period for receipt of tenders shall not be less than 40 days from the date of the initial issuance of invitations to tender, whether or not the date of initial issuance of invitations to tender coincides with the date of the publication referred to in paragraph 1 of Article IX.

3. The periods referred to in paragraph 2 may be reduced in the circumstances set out below:

(a) if a separate notice has been published 40 days and not more than 12 months in advance and the notice contains at least:
  (i) as much of the information referred to in paragraph 6 of Article IX as is available;
  (ii) the information referred to in paragraph 8 of Article IX;

(iii) yfirlýsingu um að birgjar sem áhuga hafa skuli lýsa yfir áhuga sínum á útboðinu við aðilana; og
(iv) tengilið hjá aðilanum þar sem unnt er að afla sér frekari upplýsinga,
má, í stað 40 daga frestsins til að skila inn tilboðum, veita annan frest sem er nægilega langur til þess að tími til tilboðsgerðar sé nægilegur, en að jafnaði skal slíkur frestur ekki vera skemmri en 24 dagar og aldrei skemmri en 10 dagar;

(b) þegar um er að ræða aðra eða síðari birtingu sem varðar endurtekna samninga í skilningi 6. mgr. IX. gr. má stytta 40 daga skilafrest tilboða í eigi skemmri tíma en 24 daga;

(c) ef brýn nauðsyn, sem rökstudd er af viðkomandi aðila, leiðir af sér að frestirnir sem um ræðir komi ekki til greina, er heimilt að stytta frestina sem tilgreindir eru í 2. mgr., en þó aldrei niður í skemmri tíma en 10 daga frá birtingunni sem um er getið í 1. mgr. IX. gr.; eða

(d) ef fresturinn sem tilgreindur er í c-lið 2. mgr. fyrir innkaup af hálfu aðila sem eru á skrá í 2. og 3. viðauka er ákveðinn með sameiginlegu samkomulagi aðilans og valinna birgja. Ef slíku samkomulagi er ekki til að dreifa er aðilunum heimilt að ákveða fresti sem veita nægilegan tíma til tilboðsgerðar, en þó aldrei skemmri en 10 daga.

4. Að teknu tilliti til sanngjarnra eigin þarfa viðkomandi aðila, skal skiladagur taka mið af atriðum á borð við það hversu flókið útboð er um að ræða, umfang undirverktöku sem gert er ráð fyrir og eðlilegum tíma sem nauðsynlegur er til að framleiða, ná úr birgðageymslu og flytja vörur frá afhendingarstöðum eða til að veita þjónustu.

XII. gr.
Útboðsgögn.

1. Ef aðili heimilar í útboði að tilboðum sé skilað á fleiri en einu tungumáli skal eitt viðkomandi tungumála vera eitt af opinberum tungumálum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

2. Í útboðsgögnum sem afhent eru birgjum skulu vera allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að gera þeim kleift að gera tilboð, þ.m.t. upplýsingar sem krafist er birtingar á í tilkynningunni um fyrirhuguð innkaup nema upplýsingar í g-lið 6. mgr. IX. gr., og eftirfarandi:

(a) póstfang aðila sem senda skal tilboðið til;

(b) póstfang sem senda ber beiðni til um viðbótarupplýsingar;

(iii) a statement that interested suppliers should express their interest in the procurement to the entity; and
(iv) a contact point with the entity from which further information may be obtained,
the 40-day limit for receipt of tenders may be replaced by a period sufficiently long to enable responsive tendering, which, as a general rule, shall not be less than 24 days, but in any case not less than 10 days;

(b) in the case of the second or subsequent publications dealing with contracts of a recurring nature within the meaning of paragraph 6 of Article IX, the 40-day limit for receipt of tenders may be reduced to not less than 24 days;

(c) where a state of urgency duly substantiated by the entity renders impracticable the periods in question, the periods specified in paragraph 2 may be reduced but shall in no case be less than 10 days from the date of the publication referred to in paragraph 1 of Article IX; or

(d) the period referred to in paragraph 2(c) may, for procurements by entities listed in Annexes 2 and 3, be fixed by mutual agreement between the entity and the selected suppliers. In the absence of agreement, the entity may fix periods which shall be sufficiently long to enable responsive tendering and shall in any case not be less than 10 days.

4. Consistent with the entity's own reasonable needs, any delivery date shall take into account such factors as the complexity of the intended procurement, the extent of subcontracting anticipated and the realistic time required for production, de-stocking and transport of goods from the points of supply or for supply of services.

Article XII
Tender Documentation

1. If, in tendering procedures, an entity allows tenders to be submitted in several languages, one of those languages shall be one of the official languages of the WTO.

2. Tender documentation provided to suppliers shall contain all information necessary to permit. them to submit responsive tenders, including information required to be published in the notice of intended procurement, except for paragraph 6(g) of Article IX, and the following:

(a) the address of the entity to which tenders should be sent;

(b) the address where requests for supplementary information should be sent;

(c) tungumál, eitt eða fleiri, sem nota ber í tilboðum og tilboðsgögnum;
(d) lokafrestur, dagur og tími, til að skila inn tilboðum og áskilinn gildistími tilboða;

(e) aðilar sem heimilt er að séu viðstaddir opnun tilboða og dagurinn, tíminn og staður þar sem tilboð verða opnuð;
(f) hvers kyns efnahagslegar og tæknilegar kröfur, ábyrgðir og upplýsingar eða skjöl sem krafist er af birgjum;
(g) tæmandi lýsing á vörum eða þjónustu sem þörf er á eða á hvers kyns kröfum, þ.m.t. tækniforskriftum, samræmisvottunum sem ber að uppfylla, nauðsynlegum uppdráttum, teikningum og leiðbeiningum;
(h) viðmiðanir sem stuðst verður við þegar ákvörðun er tekin um gerð samnings, þ.m.t. allir þættir aðrir en verð sem tekið verður tillit til við mat á tilboðum og kostnaðarþættir sem teknir varða með í reikninginn við mat á tilboðsverðum, s.s. flutnings-, tryggingar- og skoðunarkostnaður, og, í tilviki vöru eða þjónustu frá landi annars samningsaðila, tollar og önnur innflutningsgjöld og gjaldmiðill sem greiðsla miðast við;
(i) greiðsluskilmálar;
(j) aðrir skilmálar eða skilyrði;
(k) í samræmi við XVII. gr., skilmálar og skilyrði þess, ef um það er að ræða, að til greina komi tilboð frá löndum sem eru ekki aðilar að samningi þessum en sem beita verklagsreglum sem kveðið er á um í XVII. gr.

Sending útboðsgagna af hálfu aðilanna.

3. (a) Í opnum útboðum, skulu aðilar senda útboðsgögn að ósk sérhvers birgis sem þátt tekur í útboðinu og svara þegar í stað öllum sanngjörnum óskum um frekari skýringu þeirra.

(b) Í útboðum með forvali skulu aðilar senda útboðsgögn að ósk sérhvers birgis sem óskar eftir að taka þátt í útboðinu og svara þegar í stað öllum sanngjörnum óskum um frekari skýringu þeirra.

(c) Aðilar skulu þegar í stað svara öllum sanngjörnum óskum um viðeigandi upplýsingar sem settar eru fram af birgja sem þátt tekur í útboði, enda veiti slíkar upplýsingar viðkomandi birgja ekki forskot gagnvart samkeppnisaðilum hans í útboðsferlinu.

(c) the language or languages in which tenders and tendering documents must be submitted;
(d) the closing date and time for receipt of tenders and the length of time during which any tender should be open for acceptance;
(e) the persons authorized to be present at the opening of tenders and the date, time and place of this opening;
(f) any economic and technical requirement, financial guarantees and information or documents required from suppliers;
(g) a complete description of the products or services required or of any requirements including technical specifications, conformity certification to be fulfilled, necessary plans, drawings and instructional materials;
(h) the criteria for awarding the contract, including any factors other than price that are to be considered in the evaluation of tenders and the cost elements to be included in evaluating tender prices, such as transport, insurance and inspection costs, and in the case of products or services of other Parties, customs duties and other import charges, taxes and currency of payment;

(i) the terms of payment;
(j) any other terms or conditions;
(k) in accordance with Article XVII the terms and conditions, if any, under which tenders from countries not Parties to this Agreement, but which apply the procedures of that Article, will be entertained.

Forwarding of Tender Documentation by the Entities

3. (a) In open procedures, entities shall forward the tender documentation at the request of any supplier participating in the procedure, and shall reply promptly to any reasonable request for explanations relating thereto.

(b) In selective procedures, entities shall forward the tender documentation at the request of any supplier requesting to participate, and shall reply promptly to any reasonable request for explanations relating thereto.

(c) Entities shall reply promptly to any reasonable request for relevant information submitted by a supplier participating in the tendering procedure, on condition that such information does not give that supplier an advantage over its competitors in the procedure for the award of the contract.

XIII. gr.
Innsending, móttaka og opnun tilboða og val tilboða.

1. Innsending, móttaka og opnun tilboða og val tilboða skulu vera í samræmi við eftirfarandi:

(a) tilboð skulu að jafnaði vera skrifleg og boðsend eða send með pósti. Ef tilboð með fjarrita, skeyti eða símbréfi eru heimil skal tilboð sem þannig er skilað fela í sér allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að leggja mat á tilboðið, einkum endanlegt verð sem tilboðsgjafi gerir tilboð um og yfirlýsing um að tilboðsgjafi samþykki alla skilmála, skilyrði og ákvæði útboðsins. Tilboðið skal þegar í stað staðfesta með bréfi eða með því að senda undirritað eintak af fjarritinu, skeytinu eða símbréfinu. Ekki skal heimilt að skila tilboðum með símtali. Ef misræmi er milli innihalds fjarrits, skeytis eða símbréfs og gagna sem berast eftir að tilboðsfrestur rennur út, gildir innihald fjarritsins, skeytisins eða símbréfsins; og

(b) tækifæri sem tilboðsgjöfum eru veitt til þess að leiðrétta óviljandi formgalla milli þess sem tilboð eru opnuð og samningur er veittur skulu ekki veita færi á neins konar mismunun.

Móttaka tilboða.

2. Birgir skal ekki gjalda þess ef tilboð berst á skrifstofuna sem tilgreind er í tilboðsgögnum eftir að tilgreindur frestur rennur út vegna tafa sem stafa einvörðungu af glöpum af hálfu viðkomandi aðila. Tilboð má einnig taka til greina við aðrar sérstakar aðstæður ef gert er ráð fyrir slíku í verklagsreglum viðkomandi aðila.

Opnun tilboða.

3. Tekið skal á móti öllum tilboðum sem auglýst er eftir í opnu útboði eða útboði með forvali af hálfu aðila og þau opnuð samkvæmt verklagsreglum og við aðstæður sem tryggja lögmæti opnunarinnar. Móttaka og opnun tilboða skulu einnig vera í samræmi við ákvæði samnings þessa um sömu meðferð og í heimalandi og um bann við mismunun. Upplýsingar um opnun tilboða skulu vera í vörslu viðkomandi aðila en aðgengilegar þeim stjórnvöldum sem bera ábyrgð á aðilanum til að unnt sé að nota þær ef þörf krefur við málsmeðferð sem kveðið er á um í XVIII., XIX., XX. og XXII. gr.

Val tilboða.

4. (a) Til að koma til greina við val á tilboði, verður tilboð, á opnunartíma tilboða, að samrýmast

Article XIII
Submission, Receipt and Opening of Tenders and Awarding of Contracts

1. The submission, receipt and opening of tenders and awarding of contracts shall be consistent with the following:

(a) tenders shall normally be submitted in writing directly or by mail. If tenders by telex, telegram or facsimile are permitted, the tender made thereby must include all the information necessary for the evaluation of the tender, in particular the definitive price proposed by the tenderer and a statement that the tenderer agrees to all the terms, conditions and provisions of the invitation to tender. The tender must be confirmed promptly by letter or by the despatch of a signed copy of the telex, telegram or facsimile. Tenders presented by telephone shall not be permitted. The content of the telex, telegram or facsimile shall prevail where there is a difference or conflict between that content and any documentation received after the time-limit; and

(b) the opportunities that may be given to tenderers to correct unintentional errors of form between the opening of tenders and the awarding of the contract shall not be permitted to give rise to any discriminatory practice.

Receipt of Tenders

2. A supplier shall not be penalized if a tender is received in the office designated in the tender documentation after the time specified because of delay due solely to mishandling on the part of the entity. Tenders may also be considered in other exceptional circumstances if the procedures of the entity concerned so provide.

Opening of Tenders

3. All tenders solicited under open or selective procedures by entities shall be received and opened under procedures and conditions guaranteeing the regularity of the openings. The receipt and opening of tenders shall also be consistent with the national treatment and non-discrimination provisions of this Agreement. Information on the opening of tenders shall remain with the entity concerned at the disposal of the government authorities responsible for the entity in order that it may be used if required under the procedures of Articles XVIII, XIX, XX and XXII.

Award of Contracts

4. (a) To be considered for award, a tender must, at the time of opening, conform to the essential

grundvallarkröfum í útboðsauglýsingum eða útboðsgögnum og vera frá birgi sem uppfyllir skilyrði til þátttöku. Hafi aðila borist tilboð, sem er óeðlilega mikið lægra en önnur tilboð sem borist hafa, getur aðili gert fyrirspurn til tilboðsgjafa til þess að fullvissa sig um að hann geti uppfyllt þátttökuskilyrði og staðið við skilmála samningsins.

(b) Nema aðili ákveði vegna almannahagsmuna að veita ekki samninginn, skal hann semja við þann tilboðsgjafa sem gengið hefur verið úr skugga um að sé fyllilega fær um að standa við samninginn og sem á annaðhvort lægsta tilboð eða það tilboð sem telst hagstæðast í ljósi þeirra tilteknu matsviðmiðana sem settar voru fram í auglýsingunum eða útboðsgögnunum, hvort sem um er að ræða vöru eða þjónustu í eigin landi eða vöru eða þjónustu frá löndum annarra samningsaðila.

(c) Samninga skal gera í samræmi við viðmiðanir og grundvallarkröfur sem tilgreindar eru í útboðsgögnum.

Valfrjáls ákvæði.

5. Ekki skal nota valfrjáls ákvæði með þeim hætti að farið sé í kringum ákvæði samnings þessa.

XIV. gr.
Viðræður.

1. Samningsaðili getur kveðið svo á að aðilar megi eiga viðræður:

(a) í tengslum við innkaup þar sem greint hefur verið frá því að slíkt sé ætlunin, þ.e. í auglýsingunni sem um er getið í 2. mgr. IX. gr. (boð til birgja um að taka þátt í hinu fyrirhugaða útboði); eða

(b) þegar mat leiðir í ljós að ekkert eitt tilboð er augljóslega hagstæðast í ljósi þeirra tilteknu matsviðmiðana sem settar voru fram í auglýsingunum eða útboðsgögnunum.

2. Viðræðum skal fyrst og fremst beita til þess að leiða í ljós styrk og veikleika tilboða.

3. Aðilar skulu fara með tilboð sem trúnaðarmál. Einkum og sér í lagi skulu þeir ekki veita upplýsingar sem ætlaðar eru til þess að aðstoða tiltekna þátttakendur við að lagfæra tilboð sín þannig að þau verði jafngóð tilboðum annarra þátttakenda.

4. Aðilar skulu ekki mismuna birgjum í viðræðunum. Einkum og sér í lagi skulu þeir tryggja að:

(a) öll útilokun þátttakenda fari fram í samræmi við viðmiðanir sem settar eru fram í auglýsingum og útboðsgögnum;

requirements of the notices or tender documentation and be from a supplier which complies with the conditions for participation. If an entity has received a tender abnormally lower than other tenders submitted, it may enquire with the tenderer to ensure that it can comply with the conditions of participation and be capable of fulfilling the terms of the contract.

(b) Unless in the public interest an entity decides not to issue the contract, the entity shall make the award to the tenderer who has been determined to be fully capable of undertaking the contract and whose tender, whether for domestic products or services, or products or services of other Parties, is either the lowest tender or the tender which in terms of the specific evaluation criteria set forth in the notices or tender documentation is determined to be the most advantageous.

(c) Awards shall be made in accordance with the criteria and essential requirements specified in the tender documentation.

Option Clauses

5. Option clauses shall not be used in a manner which circumvents the provisions of the Agreement.

Article XIV
Negotiation

1. A Party may provide for entities to conduct negotiations:

(a) in the context of procurements in which they have indicated such intent, namely in the notice referred to in paragraph 2 of Article IX (the invitation to suppliers to participate in the procedure for the proposed procurement); or

(b) when it appears from evaluation that no one tender is obviously the most advantageous in terms of the specific evaluation criteria set forth in the notices or tender documentation.

2. Negotiations shall primarily be used to identify the strengths and weaknesses in tenders.

3. Entities shall treat tenders in confidence. In particular, they shall not provide information intended to assist particular participants to bring their tenders up to the level of other participants.

4. Entities shall not, in the course of negotiations, discriminate between different suppliers. In particular, they shall ensure that:

(a) any elimination of participants is carried out in accordance with the criteria set forth in the notices and tender documentation;

(b) allar breytingar á viðmiðunum og tæknikröfum séu sendar skriflega til allra annarra þátttakenda í viðræðunum;
(c) öllum öðrum þátttakendum sé gefið tækifæri til þess að skila inn nýjum eða breyttum tilboðum á grundvelli endurskoðunar sem gerð hefur verið á kröfum; og
(d) að viðræðum loknum sé öllum eftirstandandi þátttakendum heimilt að skila inn lokatilboði innan tiltekins frests.

XV. gr.
Takmörkuð útboð.

1. Ákvæði VII. til XIV. gr. um opin útboð og útboð með forvali þurfa ekki að gilda við eftirfarandi aðstæður, enda séu takmörkuð útboð ekki notuð í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hámarkssamkeppni með þeim hætti að mismuna birgjum í löndum annarra aðila eða vernda innlenda framleiðendur eða birgja:

(a) ef ekki koma fram tilboð í opnu útboði eða útboði að undangengnu forvali, eða ef tilboð sem komið hafa fram hafa falið í sér samráð eða ekki samræmst grundvallarkröfum sem gerðar voru í útboðinu, eða ef þau berast frá birgjum sem uppfylla ekki þátttökuskilyrði sem kveðið er á um í samræmi við samning þennan, enda sé kröfum upphaflegs útboðs ekki breytt efnislega í samningnum sem gerður er;

(b) þegar einungis einn tiltekinn birgir getur látið í té tiltekna vöru eða þjónustu, t.d. ef um er að ræða listaverk eða aðrar aðstæður sem tengjast verndun einkaréttar, svo sem einkaleyfi eða höfundarréttur, eða þegar ekki er um samkeppni að ræða af tæknilegum ástæðum, og ekki er kostur á neinum öðrum raunhæfum valkosti eða vöru eða þjónustu sem getur komið í staðinn;
(c) að því marki sem brýna nauðsyn ber til, þegar um er að ræða knýjandi aðstæður sem leiðir af atburðum sem aðilinn gat ekki séð fyrir og ekki var hægt að fá vöruna eða þjónustuna tímanlega með opnu útboði eða útboði með forvali;

(d) þegar um er að ræða viðbótarafgreiðslu frá upphaflegum birgi sem ætlað er annaðhvort að koma að hluta í stað birgða sem fyrir eru, eða búnaðar, eða ætlað að koma til viðbótar birgðum, þjónustu eða búnaði sem fyrir er, eða þar sem skipti á birgja myndu hafa í för með sér að aðilinn yrði að kaupa búnað eða þjónustu sem

(b) all modifications to the criteria and to the technical requirements are transmitted in writing to all remaining participants in the negotiations;
(c) all remaining participants are afforded an opportunity to submit new or amended submissions on the basis of the revised requirements; and
(d) when negotiations are concluded, all participants remaining in the negotiations shall be permitted to submit final tenders in accordance with a common deadline.

Article XV
Limited Tendering

1. The provisions of Articles VII through XIV governing open and selective tendering procedures need not apply in the following conditions, provided that limited tendering is not used with a view to avoiding maximum possible competition or in a manner which would constitute a means of discrimination among suppliers of other Parties or protection to domestic producers or suppliers:
(a) in the absence of tenders in response to an open or selective tender, or when the tenders submitted have been collusive, or not in conformity with the essential requirements in the tender, or from suppliers who do not comply with the conditions for participation provided for in accordance with this Agreement, on condition, however, that the requirements of the initial tender are not substantially modified in the contract as awarded;
(b) when, for works of art or for reasons connected with protection of exclusive rights, such as patents or copyrights, or in the absence of competition for technical reasons, the products or services can be supplied only by a particular supplier and no reasonable alternative or substitute exists;

(c) in so far as is strictly necessary when, for reasons of extreme urgency brought about by events unforeseeable by the entity, the products or services could not be obtained in time by means of open or selective tendering procedures;
(d) for additional deliveries by the original supplier which are intended either as parts replacement for existing supplies, or installations, or as the extension of existing supplies, services, or installations where a change of supplier would compel the entity to procure equipment or services not meeting requirements of interchange-

uppfyllir ekki kröfur um skiptihæfi við tækjabúnað eða þjónustu sem fyrir er[5];

(e) þegar aðili kaupir frumgerð eða fyrstu vöru eða þjónustu sem þróuð er að beiðni viðkomandi aðila í tengslum við og í þágu tiltekins samnings um rannsókn, tilraun, athugun eða frumþróun. Að slíkum samningum uppfylltum skulu síðari innkaup á vöru eða þjónustu heyra undir VII.–XIV. gr.[6];

(f) þegar viðbótarbyggingarþjónusta, sem ekki fólst í upphaflega samningnum en var meðal markmiða upphaflegu útboðsgagnanna, hefur af ófyrirsjáanlegum ástæðum orðið nauðsynleg til þess að ljúka byggingarþjónustunni sem þar er lýst, og aðilanum er nauðsynlegt að ganga til samninga um viðbótarverkið við verktakann sem er að veita viðkomandi byggingarþjónustu þar eð aðskilnaður viðbótarbyggingarþjónustunnar frá upphaflega samningnum væri erfiður af tæknilegum eða fjárhagslegum ástæðum og hefði í för með sér verulegt óhagræði fyrir aðilann. Hins vegar má heildarverðmæti samninga sem gerðir eru vegna viðbótarbyggingarþjónustunnar ekki fara yfir 50% af andvirði meginsamningsins;

(g) þegar um er að ræða nýja byggingarþjónustu sem felst í endurtekningu á annarri svipaðri byggingarþjónustu og samræmist tilteknu verkefni sem upphaflega var gerður samningur um skv. VII.–XIV. gr. og þar sem aðilinn gaf til kynna í auglýsingunni um fyrirhuguð innkaup á upphaflegu byggingarþjónustunni að takmarkað útboð kynni að vera notað við samningagerð um slíka nýja byggingarþjónustu;

(h) þegar um er að ræða vöru sem keypt er á hrávörumarkaði;

ability with already existing equipment or services[5];

(e) when an entity procures prototypes or a first product or service which are developed at its request in the course of, and for, a particular contract for research, experiment, study or original development. When such contracts have been fulfilled, subsequent procurements of products or services shall be subject to Articles VII through XIV[6];

(f) when additional construction services which were not included in the initial contract but which were within the objectives of the original tender documentation have, through unforeseeable circumstances, become necessary to complete the construction services described therein, and the entity needs to award contracts for the additional construction services to the contractor carrying out the construction services concerned since the separation of the additional construction services from the initial contract would be difficult for technical or economic reasons and cause significant inconvenience to the entity. However, the total value of contracts awarded for the additional construction services may not exceed 50 per cent of the amount of the main contract;

(g) for new construction services consisting of the repetition of similar construction services which conform to a basic project for which an initial contract was awarded in accordance with Articles VII through XIV and for which the entity has indicated in the notice of intended procurement concerning the initial construction service, that limited tendering procedures might be used in awarding contracts for such new construction services;

(h) for products purchased on a commodity market;

---

[5] Skilningurinn er sá að með tækjabúnaði sem fyrir er sé einnig átt við hugbúnað að því marki sem upphafleg kaup á hugbúnaðinum heyrðu undir samning þennan.

[6] Frumþróun fyrstu vöru eða þjónustu getur falið í sér takmarkaða framleiðslu eða afhendingu í því skyni að fella inn niðurstöður vettvangsprófana og sýna fram á að varan eða þjónustan sé hæf til framleiðslu eða afhendingar í magni og með viðunandi gæðum. Hún nær ekki til magnframleiðslu eða afhendingar í því skyni að sannreyna markaðshæfi eða til að endurheimta rannsóknar- og þróunarkostnað.

[5] It is the understanding that "existing equipment" includes software to the extent that the initial procurement of the software was covered by the Agreement.

[6] Original development of a first product or service may include limited production or supply in order to incorporate the results of field testing and to demonstrate that the product or service is suitable for production or supply in quantity to acceptable quality standards. It does not extend to quantity production or supply to establish commercial viability or to recover research and development costs.

(i) þegar um er að ræða innkaup sem gerð eru við sérlega hagstæðar aðstæður sem einungis koma upp til mjög skamms tíma. Þessu ákvæði er ætlað að ná til óvenjulegra ráðstafana af hálfu fyrirtækja sem eru ekki að jafnaði birgjar eða ráðstafana á eignum fyrirtækja sem eru í skipta- eða gjaldþrotameðferð. Því er ekki ætlað að ná til venjubundinna kaupa af reglulegum birgjum;

(j) þegar um er að ræða samninga sem gerðir eru við sigurvegara í hönnunarsamkeppni, enda hafi hönnunarsamkeppnin verið með skipulagi sem samrýmist grundvallarreglum samnings þessa, einkum að því er varðar birtingu, í skilningi IX. gr., á boði til birgja sem uppfylla skilyrði um hæfi til þátttöku í slíkri hönnunarkeppni, og skal keppnin dæmd af óháðri dómnefnd með það fyrir augum að gengið verði til samninga um hönnunina við sigurvegarana.

2. Aðilar skulu taka saman skriflega skýrslu um sérhvern samning sem gerður er samkvæmt ákvæðum 1. mgr. Í hverri skýrslu skal koma fram heiti aðilans sem annaðist innkaupin, andvirði og tegund vöru og þjónustu sem var keypt, upprunaland og yfirlýsing um skilyrði þessarar greinar sem giltu. Skýrsla þessi skal vera í vörslu viðkomandi aðila og aðgengileg þeim stjórnvöldum sem bera ábyrgð á aðilanum, til nota ef þörf krefur við málsmeðferð sem kveðið er á um í XVIII., XIX., XX. og XXII. gr.

XVI. gr.
Uppbætur.

1. Aðilar skulu ekki við vottun og val á birgjum, vörum eða þjónustu, eða við mat á tilboðum og úthlutun samninga, beita, sækjast eftir eða taka mið af uppbótum.[7]

2. Þrátt fyrir framangreint, með hliðsjón af almennum stefnumiðum sem t.d. lúta að þróun, er þróunarlandi heimilt við aðild að samningi þessum að semja um skilyrði fyrir beitingu uppbóta, svo sem kröfum um innihald um uppruna. Slíkum kröfum má aðeins beita í tengslum við ákvörðun á hæfni til þátttöku í útboðsferlinu, en ekki sem viðmiðun við úthlutun samninga. Skilyrði skulu vera hlutlæg og skýrt afmörkuð og skulu ekki fela í sér mismunun. Þau skulu sett fram í I. viðbæti og í þeim mega vera

(i) for purchases made under exceptionally advantageous conditions which only arise in the very short term. This provision is intended to cover unusual disposals by firms which are not normally suppliers, or disposal of assets of businesses in liquidation or receivership. It is not intended to cover routine purchases from regular suppliers;

(j) in the case of contracts awarded to the winner of a design contest provided that the contest has been organized in a manner which is consistent with the principles of this Agreement, notably as regards the publication, in the sense of Article IX, of an invitation to suitably qualified suppliers, to participate in such a contest which shall be judged by an independent jury with a view to design contracts being awarded to the winners.

2. Entities shall prepare a report in writing on each contract awarded under the provisions of paragraph 1. Each report shall contain the name of the procuring entity, value and kind of goods or services procured, country of origin, and a statement of the conditions in this Article which prevailed. This report shall remain with the entities concerned at the disposal of the government authorities responsible for the entity in order that it may be used if required under the procedures of Articles XVIII, XIX, XX and XXII.

Article XVI
Offsets

1. Entities shall not, in the qualification and selection of suppliers, products or services, or in the evaluation of tenders and award of contracts, impose, seek or consider offsets.[7]

2. Nevertheless, having regard to general policy considerations, including those relating to development, a developing country may at the time of accession negotiate conditions for the use of offsets, such as requirements for the incorporation of domestic content. Such requirements shall be used only for qualification to participate in the procurement process and not as criteria for awarding contracts. Conditions shall be objective, clearly defined and non-discriminatory. They shall be set forth in the coun-

[7] Uppbætur í opinberum innkaupum eru aðgerðir sem notaðar eru til þess að stuðla að byggðaþróun eða bæta viðskiptajöfnuð með kröfum um innihald um uppruna, einkaleyfum á tækni, kröfum um fjárfestingar, kröfum um gagnkvæm kaup eða svipuðum kröfum.

[7] Offsets in government procurement are measures used to encourage local development or improve the balance-of-payments accounts by means of domestic content, licensing of technology, investment requirements, counter-trade or similar requirements.

nákvæmar takmarkanir við beitingu uppbóta í samningum sem heyra undir samning þennan. Sé slíkum skilyrðum til að dreifa skulu þau tilkynnt nefndinni og sett fram í tilkynningum um fyrirhuguð innkaup og öðrum gögnum.

XVII. gr.
Gagnsæi.

1. Sérhver samningsaðili skal hvetja aðila til þess að tilgreina skilmálana og skilyrðin, þ.m.t. öll frávik frá samkeppnisreglum um útboð eða úrræði til þess að kæra verklagsreglur, sem lögð eru til grundvallar við athugun á tilboðum frá birgjum í löndum sem ekki eru aðilar að samningi þessum en sem engu að síður, með það að markmiði að koma á gagnsæi í opinberum innkaupum sínum:

(a) tilgreina samninga sína samkvæmt VI. gr. (tækniforskriftir);

(b) birta þær útboðsauglýsingar sem getið er í IX. gr., þ.m.t., í þeirri útgáfu tilkynningarinnar sem getið er í 8. mgr. IX. gr. (ágrip af tilkynningunni um fyrirhuguð innkaup) sem birt er á opinberu tungumáli Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, upplýsingar um skilmála og skilyrði sem lögð eru til grundvallar við athugun á tilboðum frá birgjum í löndum sem eru aðilar að samningi þessum;

(c) eru reiðubúnir að tryggja að útboðsreglur þeirra muni að jafnaði ekki breytast meðan á útboði stendur og ef slík breyting reynist óhjákvæmileg, tryggja að fyrir hendi séu viðunandi úrræði til leiðréttingar.

2. Ríkjum, sem ekki eru aðilar að samningnum en standast skilyrði a–c-liðar 1. mgr., skal heimilt að taka þátt í störfum nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúar ef þeir tilkynna samningsaðilanum um það.

XVIII. gr.
Upplýsingar og endurskoðun varðandi skyldur aðila.

1. Aðilar skulu birta tilkynningu í viðeigandi riti sem tilgreint er í II. viðbæti eigi síðar en 72 dögum eftir gerð hvers samnings samkvæmt XIII.–XV. gr. Í þessum tilkynningum skal koma fram:

(a) eðli og magn vöru eða þjónustu sem felst í samningnum;

(b) nafn og póstfang aðilans sem gerir samninginn;

(c) dagsetning samningsins;

(d) nafn og póstfang þess sem fékk samninginn;

(e) andvirði tilboðsins sem tekið var, eða hæsta eða lægsta boð sem tekið var til greina við gerð samningsins;

try's Appendix I and may include precise limitations on the imposition of offsets in any contract subject to this Agreement. The existence of such conditions shall be notified to the Committee and included in the notice of intended procurement and other documentation.

Article XVII
Transparency

1. Each Party shall encourage entities to indicate the terms and conditions, including any deviations from competitive tendering procedures or access to challenge procedures, under which tenders will be entertained from suppliers situated in countries not Parties to this Agreement but which, with a view to creating transparency in their own contract awards, nevertheless:

(a) specify their contracts in accordance with Article VI (technical specifications);

(b) publish the procurement notices referred to in Article IX, including, in the version of the notice referred to in paragraph 8 of Article IX (summary of the notice of intended procurement) which is published in an official language of the WTO, an indication of the terms and conditions under which tenders shall be entertained from suppliers situated in countries Parties to this Agreement;

(c) are willing to ensure that their procurement regulations shall not normally change during a procurement and, in the event that such change proves unavoidable, to ensure the availability of a satisfactory means of redress.

2. Governments not Parties to the Agreement which comply with the conditions specified in paragraphs 1(a) through 1(c), shall be entitled if they so inform the Parties to participate in the Committee as observers.

Article XVIII
Information and Review as Regards Obligations of Entities

1. Entities shall publish a notice in the appropriate publication listed in Appendix II not later than 72 days after the award of each contract under Articles XIII through XV. These notices shall contain:

(a) the nature and quantity of products or services in the contract award;

(b) the name and address of the entity awarding the contract;

(c) the date of award;

(d) the name and address of winning tenderer;

(e) the value of the winning award or the highest and lowest offer taken into account in the award of the contract;

(f) þar sem við á, leiðin til að bera kennsl á tilkynningu sem gefin er út skv. 1. mgr. IX. gr. eða rökstuðningur skv. XV. gr. fyrir því að slík málsmeðferð var notuð; og
(g) tegund málsmeðferðarinnar sem notuð var.

2. Sérhver aðili skal, að beiðni birgis í landi samningsaðila, þegar í stað láta í té:
(a) skýringu á venjum og verklagsreglum sínum varðandi útboð;
(b) viðeigandi upplýsingar varðandi ástæður þess að umsókn birgis um að teljast hæfur til þátttöku var hafnað, að hann taldist ekki lengur hæfur og hvers vegna hann var ekki valinn; og
(c) ef um er að ræða bjóðanda sem ekki var valinn, viðeigandi upplýsingar um ástæður þess að tilboð hans var ekki valið og um eiginleika og kosti tilboðsins sem fyrir valinu varð í samanburði við önnur tilboð, svo og nafn bjóðandans sem var valinn.

3. Aðilar skulu þegar í stað upplýsa birgja sem þátt tóku um ákvarðanir um gerð samninga, skriflega sé þess óskað.

4. Engu að síður er aðilum heimilt að ákveða að synja um tilteknar upplýsingar um val tilboða, sem getið er í 1. mgr. og c-lið 2. mgr., ef birting slíkra upplýsinga gæti hindrað framkvæmd laga eða væri á annan hátt andstæð almannahagsmunum eða skaðaði lögmæta viðskiptahagsmuni einstakra fyrirtækja í eigu hins opinbera eða í einkaeign, eða gæti skaðað réttmæta samkeppni milli birgja.

XIX. gr.
Upplýsingar og endurskoðun varðandi skyldur samningsaðila.

1. Sérhver samningsaðili skal þegar í stað birta öll lög, reglugerðir, dómsniðurstöður, stjórnsýsluákvarðanir með almennt gildi og allar reglur um málsmeðferð (þ.m.t. stöðluð samningsákvæði), sem varða opinber innkaup er heyra undir samning þennan, í viðeigandi riti í skránni í IV. viðbæti og með þeim hætti að aðrir samningsaðilar og birgjar geti kynnt sér þau. Sérhver samningsaðili skal vera reiðubúinn að skýra fyrir öðrum samningsaðilum málsmeðferð sína við opinber innkaup, sé þess óskað.

2. Ef tilboði bjóðanda er hafnað er ríkisstjórn samningsaðila heimilt, með fyrirvara um ákvæði XXII. gr., að fara fram á viðbótarupplýsingar um samninginn sem kunna að vera nauðsynlegar til að ganga úr skugga um að innkaupin hafi farið með sanngjörnum og óvilhöllum hætti. Í þessu skyni skal ríkisstjórnin sem innkaupin gerði veita upplýsingar um bæði eiginleika og kosti tilboðsins, sem fyrir valinu varð, í samanburði við önnur tilboð og andvirði samningsins. Að öðru jöfnu er ríkisstjórn í landi

(f) where appropriate, means of identifying the notice issued under paragraph 1 of Article IX or justification according to Article XV for the use of such procedure; and
(g) the type of procedure used.

2. Each entity shall, on request from a supplier of a Party, promptly provide:
(a) an explanation of its procurement practices and procedures;
(b) pertinent information concerning the reasons why the supplier's application to qualify was rejected, why its existing qualification was brought to an end and why it was not selected; and
(c) to an unsuccessful tenderer, pertinent information concerning the reasons why its tender was not selected and on the characteristics and relative advantages of the tender selected as well as the name of the winning tenderer.

3. Entities shall promptly inform participating suppliers of decisions on contract awards and, upon request, in writing.

4. However, entities may decide that certain information on the contract award, contained in paragraphs 1 and 2(c), be withheld where release of such information would impede law enforcement or otherwise be contrary to the public interest or would prejudice the legitimate commercial interest of particular enterprises, public or private, or might prejudice fair competition between suppliers.

Article XIX
Information and Review as Regards Obligations of Parties

1. Each Party shall promptly publish any law, regulation, judicial decision, administrative ruling of general application, and any procedure (including standard contract clauses) regarding government procurement covered by this Agreement, in the appropriate publications listed in Appendix IV and in such a manner as to enable other Parties and suppliers to become acquainted with them. Each Party shall be prepared, upon request, to explain to any other Party its government procurement procedures.

2. The government of an unsuccessful tenderer which is a Party to this Agreement may seek, without prejudice to the provisions under Article XXII, such additional information on the contract award as may be necessary to ensure that the procurement was made fairly and impartially. To this end, the procuring government shall provide information on both the characteristics and relative advantages of the winning tender and the contract price. Normally this latter information may be disclosed by the govern-

bjóðandans sem var hafnað heimilt að birta þessar upplýsingar, enda sé þessa réttar neytt í hófi. Í tilvikum þar sem birting þessara upplýsinga myndi stefna í hættu samkeppni í síðari útboðum skulu upplýsingarnar ekki birtar nema að höfðu samráði og að fengnu samþykki samningsaðilans sem lét ríkisstjórninni í landi bjóðandans, sem hafnað var, upplýsingarnar té.

3. Fyrirliggjandi upplýsingar um innkaup aðila sem heyra undir samning þennan og einstaka samninga þeirra skulu veittar öðrum samningsaðilum, sé þess óskað.

4. Trúnaðarupplýsingar sem veittar eru samningsaðila og sem myndu hindra framgang réttvísinnar eða stríða með öðrum hætti gegn almannahagsmunum, eða myndu stefna í hættu lögmætum viðskiptahagsmunum tiltekinna fyrirtækja, opinberra eða í einkaeign, eða gætu skaðað réttmæta samkeppni milli birgja, skulu ekki birtar nema með formlegu leyfi þess aðila sem upplýsingarnar veitir.

5. Sérhver samningsaðili skal taka saman og láta nefndinni árlega í té tölfræðilegar upplýsingar um innkaup sín sem heyra undir samning þennan. Í slíkum skýrslum skulu vera eftirfarandi upplýsingar varðandi samninga sem allir aðilar, sem heyra undir samning þennan, gera:

(a) að því er varðar aðila í 1. viðauka, tölfræðilegar upplýsingar um áætlað andvirði samninga sem gerðir eru, bæði yfir og undir viðmiðunarfjárhæðinni, á heildargrundvelli og sundurliðaðar eftir aðilum; að því er varðar aðila í 2. og 3. viðauka, tölfræðilegar upplýsingar um áætlað virði samninga yfir viðmiðunarfjárhæðum á heildargrundvelli, sundurliðaðar eftir flokkum aðila;

(b) að því er varðar aðila í 1. viðauka, tölfræðilegar upplýsingar um fjölda og heildarverðmæti samninga sem úthlutað er yfir viðmiðunarfjárhæðinni, sundurliðaðar eftir aðilum og vöru- og þjónustuflokkum samkvæmt samræmdum flokkunarkerfum; að því er varðar aðila í 2. og 3. viðauka, tölfræðilegar upplýsingar um samninga sem gerðir eru yfir viðmiðunarfjárhæðinni, sundurliðaðar eftir flokkum aðila og vöru- og þjónustuflokkum;

(c) að því er varðar aðila í 1. viðauka, tölfræðilegar upplýsingar, sundurliðaðar eftir aðilum og eftir vöru- og þjónustuflokkum, um fjölda og heildarverðmæti samninga sem gerðir eru samkvæmt sérhverju tilviki sem fjallað er um í XV. gr.; að því er varðar flokka aðila í 2. og 3. viðauka, tölfræðilegar upplýsingar um heildarverðmæti samninga sem gerðir eru yfir viðmiðunarfjárhæðum eftir hverju tilviki sem fjallað er um í XV. gr.; og

ment of the unsuccessful tenderer provided it exercises this right with discretion. In cases where release of this information would prejudice competition in future tenders, this information shall not be disclosed except after consultation with and agreement of the Party which gave the information to the government of the unsuccessful tenderer.

3. Available information concerning procurement by covered entities and their individual contract awards shall be provided, upon request, to any other Party.

4. Confidential information provided to any Party which would impede law enforcement or otherwise be contrary to the public interest or would prejudice the legitimate commercial interest of particular enterprises, public or private, or might prejudice fair competition between suppliers shall not be revealed without formal authorization from the party providing the information.

5. Each Party shall collect and provide to the Committee on an annual basis statistics on its procurements covered by this Agreement. Such reports shall contain the following information with respect to contracts awarded by all procurement entities covered under this Agreement:

(a) for entities in Annex 1, statistics on the estimated value of contracts awarded, both above and below the threshold value, on a global basis and broken down by entities; for entities in Annexes 2 and 3, statistics on the estimated value of contracts awarded above the threshold value on a global basis and broken down by categories of entities;

(b) for entities in Annex 1, statistics on the number and total value of contracts awarded above the threshold value, broken down by entities and categories of products and services according to uniform classification systems; for entities in Annexes 2 and 3, statistics on the estimated value of contracts awarded above the threshold value broken down by categories of entities and categories of products and services;

(c) for entities in Annex 1, statistics, broken down by entity and by categories of products and services, on the number and total value of contracts awarded under each of the cases of Article XV; for categories of entities in Annexes 2 and 3, statistics on the total value of contracts awarded above the threshold value under each of the cases of Article XV; and

(d) að því er varðar aðila í 1. viðauka, tölfræðilegar upplýsingar, sundurliðaðar eftir aðilum, um fjölda og heildarverðmæti samninga sem gerðir eru samkvæmt undanþágunum frá samningnum sem fram eru settar í viðeigandi viðaukum; að því er varðar flokka aðila í 2. og 3. viðauka, tölfræðilegar upplýsingar um heildarverðmæti samninga sem gerðir eru samkvæmt undanþágum frá samningnum sem fram eru settar í viðeigandi viðaukum.

Að því marki sem slíkar upplýsingar eru tiltækar skal sérhver samningsaðili veita tölfræðilegar upplýsingar um uppruna vöru og þjónustu sem aðilar hans kaupa. Með það fyrir augum að tryggja að slíkar tölfræðilegar upplýsingar séu samanburðarhæfar skal nefndin veita leiðbeiningar um aðferðirnar sem nota ber. Til þess að tryggja skilvirkt eftirlit með innkaupum sem heyra undir samning þennan, getur nefndin ákveðið einróma að breyta kröfunum í a–d-lið að því er varðar eðli og umfang þeirra tölfræðilegu upplýsinga sem ber að veita og sundurliðun og flokkunina sem nota ber.

XX. gr.
Úrlausn ágreiningsmála.

Samráð.

1. Ef birgir kvartar um brot á samningi þessum að því er varðar innkaup skal sérhver samningsaðili hvetja birginn til þess að leita lausnar á kvörtunarefninu í samráði við innkaupaaðilann. Í slíkum tilvikum skal innkaupaaðilinn bregðast við kvörtuninni með tímanlegum og óvilhöllum hætti, þannig að ekki skerðist möguleikar til þess að ná fram leiðréttingu samkvæmt hinu formlega kæruferli.

Kæra.

2. Sérhver samningsaðili skal kveða á um málsmeðferð sem felur ekki í sér mismunun, er skjótvirk, gagnsæ og skilvirk og gerir birgjum kleift að kæra meint brot gegn samningi þessum í tengslum við innkaup þar sem þeir eiga eða hafa átt hagsmuna að gæta.

3. Sérhver samningsaðili skal setja fram málsmeðferðarreglur sínar um kærumál með skriflegum hætti og tryggja almennt aðgengi að þeim.

4. Sérhver samningsaðili skal tryggja að skjöl, sem varða allar hliðar útboðsferlis sem heyrir undir samning þennan, séu varðveitt í þrjú ár.

5. Gera má kröfu um að birgir sem hagsmuna á að gæta hefji málsmeðferð við kæru og tilkynni það viðkomandi innkaupaaðila innan ákveðins frests frá því að forsendur kærurnar eru kunnar, eða frá því að

(d) for entities in Annex 1, statistics, broken down by entities, on the number and total value of contracts awarded under derogations to the Agreement contained in the relevant Annexes; for categories of entities in Annexes 2 and 3, statistics on the total value of contracts awarded under derogations to the Agreement contained in the relevant Annexes.

To the extent that such information is available, each Party shall provide statistics on the country of origin of products and services purchased by its entities. With a view to ensuring that such statistics are comparable, the Committee shall provide guidance on methods to be used. With a view to ensuring effective monitoring of procurement covered by this Agreement, the Committee may decide unanimously to modify the requirements of subparagraphs (a) through (d) as regards the nature and the extent of statistical information to be provided and the breakdowns and classifications to be used.

Article XX
Challenge Procedures

Consultations

1. In the event of a complaint by a supplier that there has been a breach of this Agreement in the context of a procurement, each Party shall encourage the supplier to seek resolution of its complaint in consultation with the procuring entity. In such instances the procuring entity shall accord impartial and timely consideration to any such complaint, in a manner that is not prejudicial to obtaining corrective measures under the challenge system.

Challenge

2. Each Party shall provide non-discriminatory, timely, transparent and effective procedures enabling suppliers to challenge alleged breaches of the Agreement arising in the context of procurements in which they have, or have had, an interest.

3. Each Party shall provide its challenge procedures in writing and make them generally available.

4. Each Party shall ensure that documentation relating to all aspects of the process concerning procurements covered by this Agreement shall be retained for three years.

5. The interested supplier may be required to initiate a challenge procedure and notify the procuring entity within specified time-limits from the time when the basis of the complaint is known or reason-

með sanngirni má ætla að þær hafi verið kunnar, en þó skal sá frestur aldrei vera skemmri en 10 dagar.

6. Kærumál skulu flutt fyrir dómstóli eða fyrir óvilhöllum og óháðum úrskurðaraðila sem á engra hagsmuna að gæta varðandi lyktir innkaupanna og skulu allir fulltrúar úrskurðaraðilans varðir fyrir utanaðkomandi áhrifum á skipunartíma sínum. Úrskurðaraðili sem ekki er dómstóll skal annaðhvort háður eftirliti dómstóla eða starfa samkvæmt málsmeðferðarreglum þar sem kveðið er á um að:

(a) hlýða megi á málsaðila áður en áliti er skilað eða úrskurður felldur;
(b) málsaðilar geti sent fyrir sig eða haft í fylgd með sér fulltrúa;
(c) málsaðilar hafi aðgang að allri málsmeðferðinni;
(d) málsmeðferð geti átt sér stað fyrir opnum tjöldum;
(e) álitsgerðir eða úrskurðir séu skriflegir og skal yfirlýsing með rökstuðningi fylgja þeim;
(f) leiða megi fram vitni;
(g) gögn séu lögð fyrir úrskurðaraðilann.

7 Í málsmeðferðarreglum um kærumál skal kveða á um:

(a) skjótvirkar bráðabirgðaráðstafanir til að leiðrétta brot gegn samningi þessum og vernda viðskiptatækifæri. Slíkar aðgerðir geta leitt til frestunar á útboðsferlinu. Hins vegar má kveða á um það í málsmeðferðarreglum að taka megi tillit til ríkari neikvæðra afleiðinga fyrir þá hagsmuni sem um er að ræða, þ.m.t. almannahagsmuni, þegar ákvörðun er tekin um hvort slíkum ráðstöfunum er beitt. Í slíkum tilvikum skal færa skriflega rök fyrir forsendu þess að ekkert var aðhafst;
(b) mat og möguleika á úrskurði um réttmæti kröfunnar;
(c) leiðréttingu á brotinu eða bætur fyrir tap eða tjón sem af hlaust, sem getur takmarkast við kostnað af undirbúningi tilboðs eða kæru.

8. Með það að markmiði að vernda viðskiptahagsmuni og aðra hagsmuni sem um ræðir skal kæruferlinu að jafnaði lokið með skjótum hætti.

XXI. gr.
Stofnanir.

1. Stofna skal nefnd um opinber innkaup þar sem eiga sæti fulltrúar frá hverjum samningsaðila. Nefndin skal kjósa sér formann og varaformann og koma saman eftir þörfum, þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári, til þess að gefa samningsaðilum tækifæri til samráðs um hvers kyns mál er varða framkvæmd samn-

ably should have been known, but in no case within a period of less than 10 days.

6. Challenges shall be heard by a court or by an impartial and independent review body with no interest in the outcome of the procurement and the members of which are secure from external influence during the term of appointment. A review body which is not a court shall either be subject to judicial review or shall have procedures which provide that:

(a) participants can be heard before an opinion is given or a decision is reached;
(b) participants can be represented and accompanied;
(c) participants shall have access to all proceedings;
(d) proceedings can take place in public;
(e) opinions or decisions are given in writing with a statement describing the basis for the opinions or decisions;
(f) witnesses can be presented;
(g) documents are disclosed to the review body.

7. Challenge procedures shall provide for:

(a) rapid interim measures to correct breaches of the Agreement and to preserve commercial opportunities. Such action may result in suspension of the procurement process. However, procedures may provide that overriding adverse consequences for the interests concerned, including the public interest, may be taken into account in deciding whether such measures should be applied. In such circumstances, just cause for not acting shall be provided in writing;
(b) an assessment and a possibility for a decision on the justification of the challenge;
(c) correction of the breach of the Agreement or compensation for the loss or damages suffered, which may be limited to costs for tender preparation or protest.

8. With a view to the preservation of the commercial and other interests involved, the challenge procedure shall normally be completed in a timely fashion.

Article XXI
Institutions

1. A Committee on Government Procurement composed of representatives from each of the Parties shall be established. This Committee shall elect its own Chairman and Vice-Chairman and shall meet as necessary but not less than once a year for the purpose of affording Parties the opportunity to consult

ings þessa eða framgang markmiða hans, og til þess að vinna önnur störf sem samningsaðilar kunna að fela henni.

2. Nefndin getur komið á fót vinnuhópum eða öðrum undirhópum til að vinna störf sem nefndin felur þeim.

XXII. gr.
Samráð og lausn deilumála.

1. Ákvæði samkomulagsins um reglur og málsmeðferð við lausn deilumála samkvæmt samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina (hér á eftir nefnt „samkomulagið um lausn deilumála") skulu gilda að öðru leyti en því sem sérstaklega er kveðið á um hér á eftir.

2. Telji samningsaðili að ávinningur sem honum ber, beint eða óbeint, samkvæmt samningi þessum sé gerður að engu eða skertur, eða að komið sé í veg fyrir að einhver markmið samnings þessa náist með því að annar samningsaðili eða aðrir samningsaðilar vanrækja skyldur sínar samkvæmt samningnum, eða vegna einhverra ráðstafana sem annar samningsaðili eða aðrir samningsaðilar beita, hvort sem þær stríða gegn ákvæðum samnings þessa eða ekki, getur viðkomandi samningsaðili lagt fram yfirlýsingar eða tillögur fyrir hinn samningsaðilann eða hina samningsaðilana sem hann telur að eigi í hlut með það fyrir augum að ná fram lausn á máli sem gagnkvæmt samkomulag er um. Sé gripið til þessa ráðs skal þegar í stað tilkynnt um það til nefndarinnar um lausn deilumála sem stofnuð er samkvæmt samkomulaginu um lausn deilumála, með þeim hætti sem greinir hér að neðan. Sérhver samningsaðili, sem berst slík yfirlýsing eða tillaga, skal taka hana til velviljaðrar athugunar.

3. Nefndin um lausn deilumála skal hafa vald til þess að stofna dómnefndir, samþykkja skýrslur dómnefnda og áfrýjunarnefnda, setja fram tilmæli eða skila úrskurðum um mál, halda uppi eftirliti með framkvæmd úrskurða og tilmæla og heimila frestun á ívilnunum og öðrum skuldbindingum samkvæmt samningi þessum eða viðræðufundi um úrbætur þegar ekki reynist unnt að afturkalla ráðstafanir sem reynast vera í andstöðu við samning þennan, enda skuli einungis aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni sem eru aðilar að samningi þessum taka þátt í ákvörðunum eða aðgerðum nefndarinnar um lausn deilumála varðandi deilur er falla undir samning þennan.

4. Dómnefndir skulu hafa eftirfarandi umboð, nema deiluaðilar samþykki annað innan 20 daga frá því að dómnefndin er skipuð:

„Að skoða, í ljósi viðeigandi ákvæða samn-

on any matters relating to the operation of this Agreement or the furtherance of its objectives, and to carry out such other responsibilities as may be assigned to it by the Parties.

2. The Committee may establish working parties or other subsidiary bodies which shall carry out such functions as may be given to them by the Committee.

Article XXII
Consultations and Dispute Settlement

1. The provisions of the Understanding on Rules and Procedures Governing the Settlement of Disputes under the WTO Agreement (hereinafter referred to as the "Dispute Settlement Understanding") shall be applicable except as otherwise specifically provided below.

2. If any Party considers that any benefit accruing to it, directly or indirectly, under this Agreement is being nullified or impaired, or that the attainment of any objective of this Agreement is being impeded as the result of the failure of another Party or Parties to carry out its obligations under this Agreement, or the application by another Party or Parties of any measure, whether or not it conflicts with the provisions of this Agreement, it may with a view to reaching a mutually satisfactory resolution of the matter, make written representations or proposals to the other Party or Parties which it considers to be concerned. Such action shall be promptly notified to the Dispute Settlement Body established under the Dispute Settlement Understanding (hereinafter referred to as "DSB"), as specified below. Any Party thus approached shall give sympathetic consideration to the representations or proposals made to it.

3. The DSB shall have the authority to establish panels, adopt panel and Appellate Body reports, make recommendations or give rulings on the matter, maintain surveillance of implementation of rulings and recommendations, and authorize suspension of concessions and other obligations under this Agreement or consultations regarding remedies when withdrawal of measures found to be in contravention of the Agreement is not possible, provided that only Members of the WTO Party to this Agreement shall participate in decisions or actions taken by the DSB with respect to disputes under this Agreement.

4. Panels shall have the following terms of reference unless the parties to the dispute agree otherwise within 20 days of the establishment of the panel:

"To examine, in the light of the relevant pro-

ings þessa og (heiti annarra samninga sem heyra undir samning þennan og deiluaðilar vitna til), það mál sem vísað er til nefndarinnar um lausn deilumála af (heiti aðila) í skjali ... og skila niðurstöðum sem verða nefndarinni um lausn deilumála til stuðnings við að beina þeim tilmælum eða skila þeim úrskurðum sem kveðið er á um í samningi þessum."

Þegar um er að ræða deilu þar sem vísað er bæði til ákvæða í samningi þessum og til ákvæða í einum eða fleiri öðrum samningum sem getið er í 1. viðauka við samkomulagið um lausn deilumála af hálfu eins eða fleiri deiluaðila skal 3. mgr. einungis eiga við þá hluta af skýrslu dómnefndarinnar sem varðar túlkun og framkvæmd samnings þessa.

5. Í dómnefndum sem nefndin um lausn deilumála skipar til þess að fjalla um deilur samkvæmt samningi þessum skulu sitja aðilar sem hafa faglega þekkingu á sviði opinberra innkaupa.

6. Allt kapp skal lagt á að hraða málsmeðferð eins og kostur er. Þrátt fyrir ákvæði 8. og 9. mgr. 12. gr. samkomulagsins um lausn deilumála skal dómnefndin leitast við að skila lokaskýrslu sinni til deiluaðila eigi síðar en fjórum mánuðum, og ef töf verður þá eigi síðar en sjö mánuðum, eftir þann dag sem skipan og umboð dómnefndarinnar eru samþykkt. Þannig skal allt kapp lagt á að stytta einnig um tvo mánuði þau tímabil sem gert er ráð fyrir í 1. mgr. 20. gr. og 4. mgr. 21. gr. samkomulaginsins um lausn deilumála. Enn fremur, og þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 21. gr. samkomulagsins um lausn deilumála, skal dómnefndin leitast við að birta niðurstöðu sína innan 60 daga, þegar um er að ræða ágreining um tilvist ráðstafana sem gripið var til í því skyni að fylgja tilmælum eða úrskurðum, eða samræmi þeirra við samning sem heyrir undir samning þennan.

7. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 22. gr. samkomulagsins um lausn deilumála, skal deila sem rís á grundvelli samnings sem getið er í I. viðbæti við samkomulagið um lausn deilumála, annars en þessa samnings, ekki leiða til frestunar á ívilnunum eða öðrum skuldbindingum samkvæmt samningi þessum og deila sem rís á grundvelli þessa samnings skal ekki leiða til frestunar á ívilnunum eða öðrum skuldbindingum samkvæmt neinum öðrum samningi sem getið er í fyrrnefndum I. viðbæti.

XXIII. gr.

Undantekningar frá samningnum.

1. Ekkert í samningi þessum skal túlkað svo að það komi í veg fyrir að samningsaðili grípi til einhverra aðgerða eða hafni því að birta upplýsingar eftir því sem hann telur nauðsynlegt til þess að

visions of this Agreement and of (name of any other covered Agreement cited by the parties to the dispute), the matter referred to the DSB by (name of party) in document ... and to make such findings as will assist the DSB in making the recommendations or in giving the rulings provided for in this Agreement."

In the case of a dispute in which provisions both of this Agreement and of one or more other Agreements listed in Appendix 1 of the Dispute Settlement Understanding are invoked by one of the parties to the dispute, paragraph 3 shall apply only to those parts of the panel report concerning the interpretation and application of this Agreement.

5. Panels established by the DSB to examine disputes under this Agreement shall include persons qualified in the area of government procurement.

6. Every effort shall be made to accelerate the proceedings to the greatest extent possible. Notwithstanding the provisions of paragraphs 8 and 9 of Article 12 of the Dispute Settlement Understanding, the panel shall attempt to provide its final report to the parties to the dispute not later than four months, and in case of delay not later than seven months, after the date on which the composition and terms of reference of the panel are agreed. Consequently, every effort shall be made to reduce also the periods foreseen in paragraph 1 of Article 20 and paragraph 4 of Article 21 of the Dispute Settlement Understanding by two months. Moreover, notwithstanding the provisions of paragraph 5 of Article 21 of the Dispute Settlement Understanding, the panel shall attempt to issue its decision, in case of a disagreement as to the existence or consistency with a covered Agreement of measures taken to comply with the recommendations and rulings, within 60 days.

7. Notwithstanding paragraph 2 of Article 22 of the Dispute Settlement Understanding, any dispute arising under any Agreement listed in Appendix 1 to the Dispute Settlement Understanding other than this Agreement shall not result in the suspension of concessions or other obligations under this Agreement, and any dispute arising under this Agreement shall not result in the suspension of concessions or other obligations under any other Agreement listed in the said Appendix 1.

Article XXIII

Exceptions to the Agreement

1. Nothing in this Agreement shall be construed to prevent any Party from taking any action or not disclosing any information which it considers necessary for the protection of its essential security interests

vernda grundvallaröryggishagsmuni sína sem tengjast innkaupum á vopnum, skotfærum eða herbúnaði, eða innkaupum sem eru óhjákvæmileg vegna þjóðaröryggis eða landvarna.

2. Með fyrirvara um að slíkum aðgerðum sé ekki beitt með þeim hætti að um væri að ræða aðferð til gerræðislegrar eða óréttlætanlegrar mismununar landa þar sem sömu aðstæður ríkja, eða duldar hömlur gegn alþjóðlegum viðskiptum, skal ekkert í samningi þessum túlkað svo að það komi í veg fyrir að samningsaðili grípi til aðgerða eða framfylgi ráðstöfunum sem nauðsynlegar eru til þess að vernda allsherjarreglu eða öryggi, líf eða heilsu manna, dýra eða plantna eða hugverkarétt, eða ráðstafanir sem tengjast vöru eða þjónustu öryrkja eða góðgerðarstofnana eða afurðum af fangelsisvinnu.

XXIV. gr.
Lokaákvæði.

1. *Staðfesting og gildistaka.*

Samningur þessi öðlast gildi 1. janúar 1996 að því er varðar þær ríksstjórnir[8] sem skilað hafa samþykktum gildissviðsskrám inn í 1.–5. viðauka í I. viðbæti við samning þennan, og sem hafa með undirritun staðfest samninginn hinn 15. apríl 1994 eða hafa á þeim degi undirritað samninginn með fyrirvara um fullgildingu og síðan fullgilt samninginn fyrir 1. janúar 1996.

2. *Aðild.*

Sérhver ríkisstjórn sem er aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, eða, meðan samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina hefur ekki öðlast gildi, sem er aðili að GATT-samkomulaginu 1947 og sem er ekki aðili að samningi þessum, getur gerst aðili að samningi þessum með skilmálum sem samkomulag tekst um milli viðkomandi ríkisstjórnar og samningsaðila. Aðild á sér stað með því að aðildarskjal er afhent framkvæmdastjóra Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar til vörslu þar sem fram koma skilmálarnir sem samkomulag hefur tekist um. Samningur þessi öðlast gildi að því er varðar ríkisstjórnina, sem þannig gerist aðili, á þrítugasta degi eftir aðild hennar að samningnum.

3. *Bráðabirgðaákvæði.*

(a) Hong Kong og Kóreu er heimilt að fresta gildistöku ákvæða samnings þessa, nema XXI. og XXII. gr., til 1. janúar 1997, í síðasta lagi. Gildistökudagur þeirra, ef hann verður fyrir 1. janúar 1997, skal tilkynntur framkvæmdastjóra Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar með 30 daga fyrirvara.

[8] Í samningi þessum falla þar til bær stjórnvöld hjá Evrópubandalögunum undir hugtakið ríkisstjórn.

relating to the procurement of arms, ammunition or war materials, or to procurement indispensable for national security or for national defence purposes.

2. Subject to the requirement that such measures are not applied in a manner which would constitute a means of arbitrary or unjustifiable discrimination between countries where the same conditions prevail or a disguised restriction on international trade, nothing in this Agreement shall be construed to prevent any Party from imposing or enforcing measures: necessary to protect public morals, order or safety, human, animal or plant life or health or intellectual property; or relating to the products or services of handicapped persons, of philanthropic institutions or of prison labour.

Article XXIV
Final Provisions

1. *Acceptance and Entry into Force*

This Agreement shall enter into force on 1 January 1996 for those governments[8] whose agreed coverage is contained in Annexes 1 through 5 of Appendix I of this Agreement and which have, by signature, accepted the Agreement on 15 April 1994 or have, by that date, signed the Agreement subject to ratification and subsequently ratified the Agreement before 1 January 1996.

2. *Accession*

Any government which is a Member of the WTO, or prior to the date of entry into force of the WTO Agreement which is a contracting party to GATT 1947, and which is not a Party to this Agreement may accede to this Agreement on terms to be agreed between that government and the Parties. Accession shall take place by deposit with the Director-General of the WTO of an instrument of accession which states the terms so agreed. The Agreement shall enter into force for an acceding government on the 30th day following the date of its accession to the Agreement.

3. *Transitional Arrangements*

(a) Hong Kong and Korea may delay application of the provisions of this Agreement, except Articles XXI and XXII, to a date not later than 1 January 1997. The commencement date of their application of the provisions, if prior to 1 January 1997, shall be notified to the Director-General of the WTO 30 days in advance.

[8] For the purpose of this Agreement, the term "government" is deemed to include the competent authorities of the European Communities.

(b) Á tímabilinu frá því að samningur þessi öðlast gildi og fram til þess að Hong Kong byrjar að beita honum skulu réttindi og skyldur milli Hong Kong og allra annarra aðila að samningi þessum, sem voru 15. apríl 1994 aðilar að samningnum um opinber innkaup sem gerður var í Genf 12. apríl 1979, með áorðnum breytingum frá 2. febrúar 1987 (samningurinn frá 1988), fara eftir efnisákvæðum[9] samningsins frá 1988, að meðtöldum viðaukum hans með lagfæringum og leiðréttingum, en þessi ákvæði eru tekin upp í samning þennan með tilvísun til þeirra í þeim tilgangi og skulu þau gilda til 31. desember 1996.

(c) Milli aðila að samningi þessum, sem einnig eru aðilar að samningnum frá 1988, skulu réttindi og skyldur í þessum samningi koma í stað réttinda og skyldna samkvæmt samningnum frá 1988.

(d) XXII. gr. öðlast ekki gildi fyrr enn þann dag sem samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina öðlast gildi. Fram til þess tíma skulu ákvæði VII. gr. samningsins frá 1988 gilda um samráð og lausn deilumála samkvæmt samningi þessum, en þau ákvæði eru hér með tekin upp í þennan samning með tilvísun til þeirra í þeim tilgangi. Ákvæðum þessum skal beitt á vegum nefndarinnar sem skipuð er samkvæmt samningi þessum.

(e) Áður en samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina öðlast gildi ber að skilja tilvísanir til stofnana Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar svo að þær eigi við samsvarandi stofnanir GATT og tilvísanir til framkvæmdastjóra Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og aðalskrifstofu hennar ber að skilja sem tilvísanir til framkvæmdastjóra samningsaðila GATT-samkomulagsins frá 1947 og til aðalskrifstofu GATT.

4. *Fyrirvarar.*

Ekki er heimilt að gera fyrirvara við nein ákvæði samnings þessa.

5. *Innlend löggjöf.*

(a) Sérhver ríkisstjórn, sem staðfestir þennan samning eða gerist aðili að honum skal tryggja, eigi síðar en þann dag sem samningurinn öðlast gildi að því er hana varðar, að lög í heimaríki hennar, reglugerðir og stjórnsýsluframkvæmd, svo og reglur, verklag og starfshættir aðila sem getið er í gildissviðsskrám viðkomandi ríkisstjórnar sem fylgja þessum samningi, samræmist ákvæðum hans.

(b) During the period between the date of entry into force of this Agreement and the date of its application by Hong Kong, the rights and obligations between Hong Kong and all other Parties to this Agreement which were on 15 April 1994 Parties to the Agreement on Government Procurement done at Geneva on 12 April 1979 as amended on 2 February 1987 (the "1988 Agreement") shall be governed by the substantive[9] provisions of the 1988 Agreement, including its Annexes as modified or rectified, which provisions are incorporated herein by reference for that purpose and shall remain in force until 31 December 1996.

(c) Between Parties to this Agreement which are also Parties to the 1988 Agreement, the rights and obligations of this Agreement shall supersede those under the 1988 Agreement.

(d) Article XXII shall not enter into force until the date of entry into force of the WTO Agreement. Until such time, the provisions of Article VII of the 1988 Agreement shall apply to consultations and dispute settlement under this Agreement, which provisions are hereby incorporated in the Agreement by reference for that purpose. These provisions shall be applied under the auspices of the Committee under this Agreement.

(e) Prior to the date of entry into force of the WTO Agreement, references to WTO bodies shall be construed as referring to the corresponding GATT body and references to the Director-General of the WTO and to the WTO Secretariat shall be construed as references to, respectively, the Director-General to the CONTRACTING PARTIES to GATT 1947 and to the GATT Secretariat.

4. *Reservations*

Reservations may not be entered in respect of any of the provisions of this Agreement.

5. *National Legislation*

(a) Each government accepting or acceding to this Agreement shall ensure, not later than the date of entry into force of this Agreement for it, the conformity of its laws, regulations and administrative procedures, and the rules, procedures and practices applied by the entities contained in its lists annexed hereto, with the provisions of this Agreement.

---

[9] Öll ákvæði samningsins frá 1988 nema inngangurinn, VII. gr. og IX gr. fyrir utan a- og b-lið 5. mgr. og 10. mgr.

[9] All provisions of the 1988 Agreement except the Preamble, Article VII and Article IX other than paragraphs 5(a) and (b) and paragraph 10.

(b) Sérhver aðili skal upplýsa nefndina um hvers kyns breytingar sem verða á lögum og reglum í heimaríki hans sem varða þennan samning og um framkvæmd slíkra laga og reglna.

6. *Leiðréttingar eða breytingar.*

(a) Leiðréttingar, tilfærslur aðila frá einum viðauka í annan, eða, í undantekningartilvikum, aðrar breytingar sem varða I.–IV. viðbæti skulu tilkynntar nefndinni og skulu fylgja tilkynningunni upplýsingar um líklegar afleiðingar breytingarinnar fyrir gildisumfang sem gagnkvæmt samkomulag er um og kveðið er á um í þessum samningi. Ef leiðréttingar, tilfærslur eða aðrar breytingar eru einungis formlegs eðlis eða minni háttar skulu þær taka gildi ef engin mótmæli hafa borist innan þrjátíu daga. Í öðrum tilvikum skal nefndarformaður þegar í stað kalla saman nefndarfund. Nefndin skal fara yfir tillöguna og allar kröfur um breytingar til úrbóta með það fyrir augum að viðhalda jafnvægi réttinda og skyldna og sambærilegu gagnkvæmu gildisumfangi og gert var ráð fyrir í samningi þessum áður en tilkynningin barst. Ef ekki næst samkomulag má fara með málið samkvæmt ákvæðum XXII. gr.

(b) Vilji aðili neyta réttar síns til þess að draga til baka aðila úr I. viðbæti á þeim forsendum að ríkisumsjá eða ríkisáhrifum hafi í raun verið aflétt, skal viðkomandi aðili tilkynna um það til nefndarinnar. Slík breyting skal taka gildi daginn eftir lok næsta fundar nefndarinnar, enda sé fundurinn eigi haldinn fyrr en 30 dögum eftir tilkynninguna og að því tilskildu að engin mótmæli hafi borist. Ef mótmæli berast má fara með málið samkvæmt málsmeðferðarreglum um samráð og lausn deilumála í XXII. gr. Við umfjöllun um tillögur um breytingar á I. viðbæti og hvers kyns leiðréttingar í framhaldi af því skal taka tillit til markaðsopnunaráhrifa sem leiða af því að ríkisumsjá eða ríkisáhrifum er aflétt.

7. *Endurskoðun, viðræður og síðari vinna.*

(a) Nefndin skal árlega endurskoða framkvæmd og beitingu samnings þessa með tilliti til markmiða hans. Nefndin skal árlega upplýsa aðalráð Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um framvindu mála á þeim tímabilum sem endurskoðunin nær til.

(b) Eigi síðar en í lok þriðja árs frá því að samningur þessi öðlast gildi og með reglubundnum hætti þar á eftir skulu aðilar að samningi þessum eiga

(b) Each Party shall inform the Committee of any changes in its laws and regulations relevant to this Agreement and in the administration of such laws and regulations.

6. *Rectifications or Modifications*

(a) Rectifications, transfers of an entity from one Annex to another or, in exceptional cases, other modifications relating to Appendices I through IV shall be notified to the Committee, along with information as to the likely consequences of the change for the mutually agreed coverage provided in this Agreement. If the rectifications, transfers or other modifications are of a purely formal or minor nature, they shall become effective provided there is no objection within 30 days. In other cases, the Chairman of the Committee shall promptly convene a meeting of the Committee. The Committee shall consider the proposal and any claim for compensatory adjustments, with a view to maintaining a balance of rights and obligations and a comparable level of mutually agreed coverage provided in this Agreement prior to such notification. In the event of agreement not being reached, the matter may be pursued in accordance with the provisions contained in Article XXII.

(b) Where a Party wishes, in exercise of its rights, to withdraw an entity from Appendix I on the grounds that government control or influence over it has been effectively eliminated, that Party shall notify the Committee. Such modification shall become effective the day after the end of the following meeting of the Committee, provided that the meeting is no sooner than 30 days from the date of notification and no objection has been made. In the event of an objection, the matter may be pursued in accordance with the procedures on consultations and dispute settlement contained in Article XXII. In considering the proposed modification to Appendix I and any consequential compensatory adjustment, allowance shall be made for the market-opening effects of the removal of government control or influence.

7. *Reviews, Negotiations and Future Work*

(a) The Committee shall review annually the implementation and operation of this Agreement taking into account the objectives thereof. The Committee shall annually inform the General Council of the WTO of developments during the periods covered by such reviews.

(b) Not later than the end of the third year from the date of entry into force of this Agreement and periodically thereafter, the Parties thereto shall

með sér frekari viðræður með það fyrir augum að bæta samning þennan og auka umfang hans sem mest meðal allra aðila á gagnkvæmisgrundvelli, með hliðsjón af ákvæðum V. gr. varðandi þróunarlönd.

(c) Samningsaðilar skulu leitast við að forðast að koma fram með eða framlengja aðgerðir og starfshætti sem fela í sér mismunun og skekkja opin útboð og skulu þeir jafnframt, í tengslum við viðræður samkvæmt b-lið hér að framan, leitast við að uppræta slíkar aðgerðir og starfshætti sem enn eru við lýði á gildistökudegi samnings þessa.

8. *Upplýsingatækni.*

Með það fyrir augum að tryggja að samningur þessi feli ekki í sér óþarfa hindrun gegn tækniframförum skulu samningsaðilar eiga reglulegt samráð innan nefndarinnar varðandi þróun í notkun upplýsingatækni við opinber innkaup og skulu þeir, ef þörf krefur, koma sér saman um lagfæringar á samningnum. Slíkar viðræður skulu sér í lagi miða að því að tryggja að notkun upplýsingatækni stuðli að markmiðum opinna útboða án mismununar og skilvirkum opinberum innkaupum með gagnsæjum verklagsreglum, að innkaupasamningar sem heyra undir samning þennan séu skýrt tilgreindir sem slíkir og að bera megi kennsl á allar fáanlegar upplýsingar er varða tiltekna samninga. Þegar samningsaðili hyggst koma fram með nýjungar skal hann leitast við að taka tillit til sjónarmiða sem aðrir samningsaðilar setja fram varðandi hugsanleg vandamál.

9. *Breytingar.*

Samningsaðilum er heimilt að breyta samningi þessum, m.a. með hliðsjón af reynslu sem fengin er af framkvæmd hans. Slík breyting skal ekki öðlast gildi að því er neinn samningsaðila varðar fyrr en hún hefur verið staðfest af viðkomandi samningsaðila, enda hafi aðilar náð samkomulagi í samræmi við verklagsreglur sem nefndin hefur sett.

10. *Uppsögn.*

(a) Sérhverjum samningsaðila er heimilt að segja upp samningnum. Uppsögnin öðlast gildi að 60 dögum liðnum frá þeim degi sem skrifleg tilkynning um uppsögn berst framkvæmdastjóra Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Sérhverjum samningsaðila er heimilt að krefjast fundar í nefndinni þegar í stað eftir að slík tilkynning hefur borist.

(b) Gerist aðili að samningi þessum ekki aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni innan árs frá gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, eða segi hann upp aðild sinni að Alundertake further negotiations, with a view to improving this Agreement and achieving the greatest possible extension of its coverage among all Parties on the basis of mutual reciprocity, having regard to the provisions of Article V relating to developing countries.

(c) Parties shall seek to avoid introducing or prolonging discriminatory measures and practices which distort open procurement and shall, in the context of negotiations under subparagraph (b), seek to eliminate those which remain on the date of entry into force of this Agreement.

8. *Information Technology*

With a view to ensuring that the Agreement does not constitute an unnecessary obstacle to technical progress, Parties shall consult regularly in the Committee regarding developments in the use of information technology in government procurement and shall, if necessary, negotiate modifications to the Agreement. These consultations shall in particular aim to ensure that the use of information technology promotes the aims of open, non-discriminatory and efficient government procurement through transparent procedures, that contracts covered under the Agreement are clearly identified and that all available information relating to a particular contract can be identified. When a Party intends to innovate, it shall endeavour to take into account the views expressed by other Parties regarding any potential problems.

9. *Amendments*

Parties may amend this Agreement having regard, *inter alia*, to the experience gained in its implementation. Such an amendment, once the Parties have concurred in accordance with the procedures established by the Committee, shall not enter into force for any Party until it has been accepted by such Party.

10. *Withdrawal*

(a) Any Party may withdraw from this Agreement. The withdrawal shall take effect upon the expiration of 60 days from the date on which written notice of withdrawal is received by the Director-General of the WTO. Any Party may upon such notification request an immediate meeting of the Committee.

(b) If a Party to this Agreement does not become a Member of the WTO within one year of the date of entry into force of the WTO Agreement or ceases to be a Member of the WTO, it shall

þjóðaviðskiptastofnuninni, telst viðkomandi ekki lengur aðili að samningi þessum frá þeim degi.

11. *Frávik frá beitingu samnings þessa milli tiltekinna samningsaðila.*

Samningi þessum skal ekki beitt milli tveggja samningsaðila ef annar aðilinn samþykkir ekki slíka beitingu á þeim tíma sem hann annaðhvort staðfestir samning þennan eða gerist aðili að honum.

12. *Skýringar, viðbætar og viðaukar.*

Skýringar, viðbætar og viðaukar við samning þennan teljast óaðskiljanlegir hlutar hans.

13. *Skrifstofa.*

Þjónusta í tengslum við samning þennan er veitt af aðalskrifstofu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

14. *Varsla.*

Samningur þessi skal varðveittur hjá framkvæmdastjóra Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sem skal þegar í stað láta sérhverjum samningsaðila í té staðfest rétt eintak af samningnum, af sérhverri leiðréttingu eða lagfæringu á honum skv. 6. mgr., og af sérhverri breytingu á honum skv. 9. mgr., svo og tilkynningu um sérhverja staðfestingu á honum eða aðild að honum skv. 1. og 2. mgr. og sérhverja uppsögn hans skv. 10. mgr. þessarar greinar.

15. *Skráning.*

Samning þennan skal skrá samkvæmt ákvæðum 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Gjört í Marakess 15. apríl 1994 í einu eintaki, á ensku, frönsku og spænsku og eru allir textarnir jafngildir, nema að því leyti sem kveðið er á um annað að því er varðar viðbæta við samning þennan.

SKÝRINGAR

Hugtökin „land" eða „lönd", eins og þau eru notuð í þessum samningi, þ.m.t. viðbætarnir og viðbætunum, ber að skilja svo að þau nái til sérstakra tollsvæði sem eru aðilar að þessum samningi.

Að því er varðar sérstakt tollsvæði sem er aðili að þessum samningi ber að líta svo á að orðið „innlent", þegar það er notað í þessum samningi, eigi við um það tollsvæði, nema annað sé tilgreint.

1. mgr. 1. gr.

Með tilliti til almennra stefnumiða er varða skilyrta þróunaraðstoð, þ.m.t. markmið þróunarlanda varðandi afléttingu skilyrða af slíkri aðstoð, gildir samningur þessi ekki um innkaup sem gerð eru í þágu skilyrtrar aðstoðar við þróunarlönd meðan slík aðstoð er veitt af samningsaðilum.

cease to be a Party to this Agreement with effect from the same date.

11. *Non-application of this Agreement between Particular Parties*

This Agreement shall not apply as between any two Parties if either of the Parties, at the time either accepts or accedes to this Agreement, does not consent to such application.

12. *Notes, Appendices and Annexes*

The Notes, Appendices and Annexes to this Agreement constitute an integral part thereof.

13. *Secretariat*

This Agreement shall be serviced by the WTO Secretariat.

14. *Deposit*

This Agreement shall be deposited with the Director-General of the WTO, who shall promptly furnish to each Party a certified true copy of this Agreement, of each rectification or modification thereto pursuant to paragraph 6 and of each amendment thereto pursuant to paragraph 9, and a notification of each acceptance thereof or accession thereto pursuant to paragraphs 1 and 2 and of each withdrawal therefrom pursuant to paragraph 10 of this Article.

15. *Registration*

This Agreement shall be registered in accordance with the provisions of Article 102 of the Charter of the United Nations.

Done at Marrakesh this fifteenth day of April one thousand nine hundred and ninety-four in a single copy, in the English, French and Spanish languages, each text being authentic, except as otherwise specified with respect to the Appendices hereto.

NOTES

The terms "country" or "countries" as used in this Agreement, including the Appendices, are to be understood to include any separate customs territory Party to this Agreement.

In the case of a separate customs territory Party to this Agreement, where an expression in this Agreement is qualified by the term "national", such expression shall be read as pertaining to that customs territory, unless otherwise specified.

Article 1, paragraph 1

Having regard to general policy considerations relating to tied aid, including the objective of developing countries with respect to the untying of such aid, this Agreement does not apply to procurement made in furtherance of tied aid to developing countries so long as it is practised by Parties.

Fylgiskjal II.

SKILMÁLAR AÐILDAR ÍSLANDS

I. VIÐBÆTIR

1. VIÐAUKI

Aðilar sem annast opinber innkaup samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

Vörur
Viðmiðunarmörk: SDR 130.000

Þjónusta (tilgreind í 4. viðauka)
Viðmiðunarmörk: SDR 130.000

Verk (tilgreind í 5. viðauka)
Viðmiðunarmörk: SDR 5.000.000

Skrá yfir aðila:

Eftirtaldir ríkisaðilar, þ.m.t.:

Ríkisaðilar sem ekki starfa á sviði iðnaðar eða viðskipta og heyra undir lög nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda og lög nr. 52/1987 um opinber innkaup, með áorðnum breytingum.

Aðilar sem annast opinber innkaup eru eftirfarandi:
Ríkiskaup
Framkvæmdasýslan
Vegagerð ríkisins
Siglingastofnun

2. VIÐAUKI

Aðilar sem annast opinber innkaup samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

Vörur
Viðmiðunarmörk: SDR 200.000

Þjónusta (tilgreint í 4. viðauka)
Viðmiðunarmörk: SDR 200.000

Verk (tilgreint í 5. viðauka)
Viðmiðunarmörk: SDR 5.000.000

TERMS OF ACCESSION OF ICELAND

APPENDIX I

ANNEX 1

Entities which Procure in Accordance With the Provisions of this Agreement

Supplies
Threshold: SDR 130,000

Services (specified in Annex 4)
Threshold: SDR 130,000

Works (specified in Annex 5)
Threshold: SDR 5,000,000

List of Entities:

The following central government entities including:

Central purchasing entities not having an industrial or commercial character governed by Act no. 63/1970 on the arrangement of public works contracts, and Act no. 52/1987, on government procurement, as amended.

The entities in charge of government procurement are the following bodies:
Ríkiskaup (State Trading Center)
Framkvæmdasýslan (Government Construction Contracts)
Vegagerð ríkisins (Public Road Administration)
Siglingastofnun (Icelandic Maritime Administration)

ANNEX 2

Entities which Procure in Accordance With the Provisions of this Agreement

Supplies
Threshold: SDR 200,000

Services (specified in Annex 4)
Threshold: SDR 200,000

Works (specified in Annex 5)
Threshold: SDR 5,000,000

Skrá yfir aðila:

1. Stofnanir á sveitarstjórnarstigi, þ.m.t. öll sveitarfélög.

2. Opinberir aðilar á sveitarstjórnarstigi sem ekki starfa á sviði iðnaðar eða viðskipta.

List of Entities:

1. Contracting local public authorities, including all municipalities.

2. Public bodies at the local level not having an industrial or commercial character.

3. VIÐAUKI

Aðrir aðilar sem annast opinber innkaup samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

Vörur
Viðmiðunarmörk: SDR 400.000

Þjónusta (tilgreind í 4. viðauka)*
Viðmiðunarmörk: SDR 400.000

Verk (tilgreint í 5. viðauka)
Viðmiðunarmörk: SDR 5.000.000

Skrá yfir svið:

1. *Raforkusvið*:
   Landsvirkjun, *lög nr. 42/1983.*
   Rafmagnsveitur ríkisins, *orkulög nr. 58/1967.*
   Orkuveita Reykjavíkur.
   Orkubú Vestfjarða, *lög nr. 66/1976.*
   Aðrir aðilar sem framleiða, flytja eða dreifa raforku samkvæmt orkulögum nr. 58/1967.

2. *Fólksflutningar í þéttbýli*:
   Strætisvagnar Reykjavíkur.
   Almenningsvagnar bs.
   Önnur strætisvagnaþjónusta á vegum sveitarfélaga.
3. *Flugvellir*:
   Flugmálastjórn.
4. *Hafnir*:
   Siglingastofnun.
   Aðrir aðilar sem starfa samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994.

5. *Vatnsveitur:* **
   Opinberir aðilar sem framleiða eða dreifa neysluvatni samkvæmt lögum nr. 81/1991, um vatnsveitur sveitarfélaga.

ANNEX 3

Other Entities which Procure in Accordance With the Provisions of this Agreement

Supplies
Threshold: SDR 400,000

Services (specified in Annex 4)*
Threshold: SDR 400,000

Works (specified in Annex 5)
Threshold: SDR 5,000,000

List of Sectors:

1. *The electricity sector:*
   Landsvirkjun (The National Power Company), *lög nr. 42/1983.*
   Rafmagnsveitur ríkisins (The State Electric Power Works), *orkulög nr. 58/1967*
   Orkuveita Reykjavíkur (Reykjavík Energy).
   Orkubú Vestfjarða (Vestfjord Power Company), *lög nr. 66/1976.*
   Other entities producing, transporting or distributing electricity pursuant to *orkulög nr. 58/1967.*
2. *Urban transport:*
   Strætisvagnar Reykjavíkur (The Reykjavík Municipal Bus Service).
   Almenningsvagnar bs.
   Other Municipal bus services.
3. *Airports*:
   Flugmálastjórn (Directorate of Civil Aviation)
4. *Ports*:
   Siglingastofnun, (Icelandic Maritime Administration).
   Other entities operating pursuant to *Hafnalög nr. 23/1994.*
5. *Water supply*:**
   Public entities producing or distributing drinking water pursuant to *lög nr 81/1991, um vatnsveitur sveitarfélaga.*

Athugasemdir við 3. Viðauka.

* Samningur þessi gildir ekki um þjónustusamninga sem:
(a) aðili felur eignatengdum félögum;

(b) sameiginlegt fyrirtæki, sem stofnað er af fjölda verktaka í þeim tilgangi að stunda tiltekna starfsemi í skilningi 1.–5. mgr. viðauka þessa, felur einum af viðkomandi verktökum eða fyrirtæki sem hefur eignatengsl við einhvern af viðkomandi verktökum;

Að því tilskildu að a.m.k. 80 af hundraði meðalveltu viðkomandi fyrirtækis að því er varðar þjónustu innan EES næstliðin þrjú ár hafi stafað af því að veita slíka þjónustu til fyrirtækja sem það hefur eignatengsl við. Ef fleiri en eitt fyrirtæki í eignatengslum við verktakann veita sömu eða svipaða þjónustu, skal taka mið af heildarveltu sem hafi stafað af veitingu þjónustu af hálfu þeirra fyrirtækja.

** Neysluvatnsveita og rafmagnsveita til dreifikerfa, sem veita opinbera þjónustu af hálfu verktaka sem ekki er opinbert stjórnvald, telst ekki til viðkomandi starfsemi í skilningi 1. og 5. mgr. 3. viðauka þegar:

- framleiðsla neysluvatns eða rafmagns af hálfu viðkomandi aðila á sér stað vegna þess að neysla þess er nauðsynleg til framkvæmda í annarri starfsemi en þeirri sem getið er í 1. og 5. mgr. viðauka þessa; og
- veita til opinberra veitukerfa byggir aðeins á eigin neyslu viðkomandi aðila og hefur ekki farið yfir 30 af hundraði af heildarvatnsöflun eða orkuframleiðslu miðað við meðaltal næstliðinna þriggja ára, að meðtöldu yfirstandandi ári.

Notes to Annex 3

* This Agreement shall not apply to service contracts which:
(a) a contracting entity awards to an affiliated undertaking;
(b) are awarded by a joint venture formed by a number of contracting entities for the purpose of carrying out a relevant activity within the meaning of paragraphs 1–5 of this Annex to one of those contracting entities or to an undertaking which is affiliated with one of these contracting entities;
Provided that at least 80 per cent of the average turnover of that undertaking with respect to services arising within the EEA for the three preceding years derives from the provision of such services to undertakings with which it is affiliated. When more than one undertaking affiliated with the contracting entity provides the same service or similar services, the total turnover deriving from the provision of services by those undertakings shall be taken into account.

** The supply of drinking water and electricity to networks which provide a service to the public by a contracting entity other than a public authority shall not be considered as a relevant activity within the meaning of paragraphs 1 and 5 of Annex 3 where:
- the production of drinking water or electricity by the entity concerned takes place because its consumption is necessary for carrying out an activity other than that referred to in paragraphs 1 and 5 of this Annex; and
- supply to the public network depends only on the entity's own consumption and has not exceeded 30 per cent of the entity's total production of drinking water or energy, having regard to the average for the preceding three years, including the current year.

4. VIÐAUKI

Þjónusta.

Af allsherjarþjónustuviðskiptaskránni, sbr. skjal MTN.GNS/W/120, teljast eftirfarandi þjónustuviðskipti falla undir:*

Efni	*CPC tilvísun N*
Viðhalds- og viðgerðarþjónusta	6112, 6122, 633, 886

ANNEX 4

Services

Of the Universal List of Services, as contained in document MTN.GNS/W/120, the following services are included:*

Subject	*CPC Reference N*
Maintenance and repair services	6112, 6122, 633, 886

Efni	*CPC tilvísun N*	*Subject*	*CPC Reference N*
Flutningaþjónusta á landi, þ.m.t. með brynvörðum bifreiðum, þjónustuviðskipti og hraðsendingarþjónusta önnur en póstþjónusta	712 (nema 71235), 7512, 87304	Land transport services, including armoured car services, and courier services, except transport of mail	712 (except 71235), 7512, 87304
Vöru- og farþegaflutningaþjónusta, að frátöldum póstflutningum	73 (nema 7321)	Air transport services of passengers and freight, except transport of mail	73 (except 7321)
Póstflutningar landleiðis, þó ekki með járnbrautum, og flugleiðis	71235, 7321	Transport of mail by land, except rail, and by air	71235, 7321
Fjarskiptaþjónusta	752** (nema 7524, 7525, 7526)	Telecommunications services	752** (except 7524, 7525, 7526)
Fjármálaþjónusta (a) Tryggingaþjónusta (b) Banka- og fjárfestingarþjónusta***	utan 81 812, 814	Financial services (a) Insurance services (b) Banking and investment services***	ex 81 812, 814
Tölvuþjónusta og skyld þjónusta	84	Computer and related services	84
Bókhalds- og endurskoðunarþjónusta	862	Accounting, auditing and bookkeeping services	862
Þjónusta á sviði markaðsrannsókna og skoðanakannana	864	Market research and public opinion polling services	864
Stjórnunarráðgjöf og skyld þjónusta	865, 866****	Management consulting services and related services	865, 866****
Arkitektaþjónusta, verkfræðiþjónusta og samþætt verkfræðiþjónusta, borgarskipulagsvinna og þjónusta landslagsarkitekta, skyld vísindaleg og tæknileg ráðgjafarþjónusta, tæknileg ráðgjafarþjónusta, tæknilegar prófanir og greiningarþjónusta	867	Architectural services; engineering services and integrated engineering services, urban planning and landscape architectural services; related scientific and technical consulting services; technical consulting services; technical testing and analysis services	867
Auglýsingaþjónusta	871	Advertising services	871

Efni	*CPC tilvísun N*	*Subject*	*CPC Reference N*
Ræstingar- og eignaumsjónarþjónusta	874, 82201-82206	Building-cleaning services and property management services	874, 82201-82206
Útgáfu- og prentþjónusta gegn greiðslu eða á grundvelli verktakasamnings	88442	Publishing and printing services on a fee or contract basis	88442
Fráveita og sorpförgun; sorphreinsun og svipuð þjónusta	94	Sewage and refuse disposal; sanitation and similar services	94

Athugasemdir við 4. Viðauka.

* undanskilin er þjónusta sem aðilum er skylt að sækja til annars aðila samkvæmt einkarétti með stoð í birtum lögum, reglugerðum eða stjórnsýsluákvæðum

** undanskilin er talsímaþjónusta, fjarritun, þráðlaus talsímaþjónusta, boðkerfisþjónusta og gervihnattaþjónusta

*** undanskildir eru samningar um fjármálaþjónustu í tengslum við útgáfu, sölu, kaup eða eignaskipti á verðbréfum eða öðrum fjármálaskjölum, svo og seðlabankaþjónusta

**** undanskilin er gerðardóms- og sáttagerðarþjónusta

Notes to Annex 4

* except for services which entities have to procure from another entity pursuant to an exclusive right established by a published law, regulation or administrative provision

** except voice telephony, telex, radiotelephony, paging and satellite services

*** except contracts for financial services in connection with the issue, sale, purchase, or transfer of securities or other financial instruments, and central bank services

**** except arbitrations and conciliation services

5. VIÐAUKI

Verk.

Skilgreining:

Verksamningur er samningur sem hefur að markmiði mannvirkjagerð í skilningi 51. deildar CPC vöruflokkunarkerfis S.þ.

Skrá úr 51. deild CPC:

Öll opinber mannvirkjagerð/verk í 51. deild.

ANNEX 5

Construction Services

Definition:

A construction service contract is a contract which has as its objective the realization by whatever means of civil or building works, in the sense of Division 51 of the Central Product Classification (CPC).

List of Division 51, CPC:

All public works/construction services of Division 51.

ALMENNAR ATHUGASEMDIR OG UNDANÞÁGUR FRÁ ÁKVÆÐUM III. GR.

1. Ísland mun ekki veita réttindi samkvæmt samningi þessum til:

GENERAL NOTES AND DEROGATIONS FROM THE PROVISIONS OF ARTICLE III

1. Iceland will not extend the benefits of this Agreement:

- birgja og þjónustuveitenda í Kanada, að því er varðar verktakasamninga aðila sem getið er í 2. viðauka;
- birgja og þjónustuveitenda í Bandaríkjum Norður-Ameríku, að því er varðar verktakasamninga um annað en vörur sem getið er í 2. viðauka;
- að því er varðar samninga á vegum aðila sem taldir eru upp í töluliðum 3. viðauka,
  (1) (rafmagn), birgja og þjónustuveitenda í Kanada, Singapúr og Japan;
  (2) (fólksflutningar í þéttbýli), birgja og þjónustuveitenda í Kanada, Japan, Kóreu og Bandaríkjum Norður-Ameríku;
  (3) (flugvellir), birgja og þjónustuveitenda í Kanada, Japan, Kóreu og Bandaríkjum Norður-Ameríku;
  (4) (hafnir), birgja og þjónustuveitenda í Kanada;
  (5) (vatn), birgja og þjónustuveitenda í Kanada, og Bandaríkjum Norður-Ameríku;

  þar til Ísland hefur gengið úr skugga um að viðkomandi samningsaðilar veiti íslenskum fyrirtækjum sambærilegan og raunverulegan aðgang að viðkomandi mörkuðum;
- þjónustuveitenda samningsaðila sem setja ekki viðkomandi þjónustusamninga fyrir viðkomandi aðila í 1. til 3. viðauka og viðeigandi þjónustuflokk í 4. og 5. viðauka í eigin aðildarskilmálum.

2. Ákvæði XX. gr. skulu ekki eiga við um birgja og þjónustuveitendur
   - Japans, Kóreu og Sviss, þegar vefengir eru samningar á vegum aðila sem skráðir eru í 2. mgr. 2. viðauka, þar til Ísland hefur gengið úr skugga um að þeir hafi lokið þeirri skráningu hjá sér;
   - Japans og Kóreu þegar vefengir eru samningar til birgja eða þjónustuveitenda annarra en þeirra sem getið er, sem eru lítil eða meðalstór fyrirtæki samkvæmt viðeigandi ákvæðum á Íslandi, þar til Ísland hefur gengið úr skugga um að þau beiti ekki lengur mismunun í þágu tiltekinna lítilla fyrirtækja og fyrirtækja í eigu minnihlutahópa í eigin landi;
   - Ísraels, Japans og Kóreu þegar vefengir eru samningar á vegum íslenskra aðila, þegar verðmæti þeirra er undir fjárhæðarmörkum fyrir sömu flokka samninga sem þessir samningsaðilar bjóða út.
3. Þar til Ísland hefur gengið úr skugga um að viðkomandi samningsaðilar muni veita íslenskum birgjum og þjónustuveitendum aðgang að eigin

- as regards the award of contracts by entities listed in Annex 2 to the suppliers and service providers of Canada;
- as regards the award of contracts, other than for supplies, listed in Annex 2 to the suppliers and service providers of the USA;
- as regards the award of contracts by entities listed in Annex 3 paragraph
  (1) (electricity), to the suppliers and service providers of Canada, Singapore and Japan;
  (2) (urban transport), to the suppliers and service providers of Canada, Japan, Korea and the USA;
  (3) (airports), to the suppliers and service providers of Canada, Korea and the USA;
  (4) (ports), to the suppliers and service providers of Canada;
  (5) (water), to the suppliers and service providers of Canada and the USA;

  until such time as Iceland has accepted that the Parties concerned give comparable and effective access for Icelandic undertakings to the relevant markets;
- to service providers of Parties which do not include the relevant service contracts for the relevant entities in Annexes 1 to 3 and the relevant service category under Annexes 4 and 5 in their own coverage.

2. The provisions of Article XX shall not apply to suppliers and service providers of:
   - Japan, Korea and Switzerland in contesting the award of contracts by entities listed under Annex 2, paragraph 2, until such time as Iceland accepts that they have completed coverage of sub-central entities;
   - Japan and Korea in contesting the award of contracts to a supplier or service provider of Parties other than those mentioned, which are small or medium-sized enterprises under the relevant provisions in Iceland, until such time as Iceland accepts that they no longer operate discriminatory measures in favour of certain domestic small and minority businesses;
   - Israel, Japan and Korea in contesting the award of contracts by Icelandic entities, whose value is less than the threshold applied for the same category of contracts awarded by these Parties.
3. Until such time as Iceland has accepted that the Parties concerned provide access for Icelandic suppliers and service providers to their own

mörkuðum mun Ísland ekki láta réttindi samkvæmt samningi þessum ná til birgja og þjónustuveitenda í:
- Kanada, að því er varðar innkaup á FSC 58 (fjarskipti, vernd og samfelldur geislunarbúnaður) og Bandaríkjum Norður-Ameríku, að því er varðar búnað til flugumferðarstjórnar;
- Ísrael og Kóreu, að því er varðar innkaup af hálfu aðila sem getið er í skrá í 1. mgr. í 3. viðauka, að því er varðar innkaup á HS nr. 8504, 8535, 8537 og 8544 (rafmagnsspennubreytar, innstungur, rofar og einangraðir kaplar); og Ísrael, HS nr. 8501, 8536 og 902830;
- Kanada og Bandaríkjum Norður-Ameríku, að því er varðar samninga um vöru- eða þjónustuþætti samninga sem heyra ekki sjálfir undir samning þennan, þótt aðilinn sem býður þá út geri það.

4. Samningar sem boðnir eru út af aðilum í 1. og 2. viðauka í tengslum við starfsemi á sviði neysluvatns, orku, flutninga eða fjarskipta teljast ekki með.
5. Að því er varðar 3. viðauka skal samningur þessi ekki gilda um eftirfarandi samninga:
   - samninga á vegum aðila samkvæmt 5. mgr. bjóða út á vatni;
   - samninga á vegum aðila samkvæmt 1. mgr. til orkuveitu eða útvegun eldsneytis til orkuframleiðslu;
   - samninga sem aðilar bjóða út í öðrum tilgangi en til að stunda eigin starfsemi eins og henni er lýst í viðauka þessum eða til að stunda slíka starfsemi í landi utan EES;
   - samninga sem boðnir eru út vegna endursölu eða leigu til þriðja aðila, enda njóti viðkomandi verktaki engra sérstakra réttinda eða einkaréttar til að selja eða leigja viðfangsefni slíkra samninga og því sé öðrum aðilum heimilt að selja eða leigja það með sömu skilyrðum og verktakinn.
   - samninga á vegum aðila sem stunda starfsemi á sviði reksturs almenningsvagna, þar sem öðrum aðilum er frjálst að veita sömu þjónustu á sama landsvæði og með efnislega sömu skilyrðum.
6. Að því er varðar 4. viðauka skal samningur þessi ekki gilda um eftirfarandi:
   - samninga um kaup eða leigu, hvernig sem greiðslu er háttað, á landi, byggingum sem til eru fyrir eða öðrum fasteignum eða réttindum yfir slíku;
   - samninga um kaup, þróun, framleiðslu eða samframleiðslu á dagskrárefni af hálfu út-

markets, Iceland will not extend the benefits of this Agreement to suppliers and service providers of:
- Canada as regards procurement of FSC 58 (communications, protection and coherent radiation equipment) and the USA as regards air traffic control equipment;
- Israel and Korea as regards procurement by entities listed in Annex 3, paragraph 1, as regards procurement of HS Nos 8504, 8535, 8537 and 8544 (electrical transformers, plugs, switches and insulated cables); and for Israel, HS Nos 8501, 8536 and 902830;
- Canada and the USA as regards contracts for good or service components of contracts which, although awarded by an entity covered by this Agreement, are not themselves subject to this Agreement.

4. Contracts awarded by entities in Annexes 1 and 2 in connection with activities in the fields of drinking water, energy, transport or telecommunications, are not included.
5. With regard to Annex 3, this Agreement shall not apply to the following contracts:
   - contracts which the contracting entities under paragraph 5 award for the purchase of water;
   - contracts which the contracting entities under paragraph 1 award for the supply of energy or of fuels for the production of energy;
   - contracts which the contracting entities award for purposes other than the pursuit of their activities as described in this Annex or for the pursuit of such activities in a non-EEA country;
   - contracts awarded for purposes of re-sale or hire to third parties provided that the contracting entity enjoys no special or exclusive right to sell or hire the subject of such contracts and that other entities are free to sell or hire it under the same conditions as the contracting entity;
   - contracts awarded by contracting entities exercising activities in the bus transportation sector where other entities are free to offer the same services in the same geographical area and under substantially the same conditions.
6. With regard to Annex 4, this Agreement shall not apply to the following:
   - contracts for the acquisition or rental, by whatever financial means, of land, existing buildings, or other immovable property or concerning rights thereon;
   - contracts for the acquisition, development, production or co-production of programme

varpsrekenda og samninga um útsendingartíma;
- samninga sem gerðir eru við aðila sem sjálfur er útboðsstofnun í skilningi laga um opinber innkaup (nr. 52/1997) og reglugerðar (nr. 302/1996) á grundvelli einkaréttar sem viðkomandi nýtur samkvæmt settum lögum, reglugerðum eða stjórnsýsluákvæðum;
- vinnusamninga.

7. Samningurinn gildir ekki um samninga sem boðnir eru út samkvæmt:
   - alþjóðlegum samningi og ætlaðir eru til sameiginlegar framkvæmdar eða nýtingar verkefnis af hálfu ríkjanna sem undirrita hann;
   - alþjóðlegum samningi sem varðar setu herliðs;
   - tiltekinni verklagsreglu alþjóðastofnunar.

8. Samningurinn gildir ekki um útboð á landbúnaðarvörum sem ætluð eru til þess að stuðla að framgangi stuðningsáætlana við landbúnað svo og manneldisáætlana.

material by broadcasters and contracts for broadcasting time;
- contracts awarded to an entity which is itself a contracting authority within the meaning of the Public Procurement Act: "Lög um opinber innkaup" (52/1997) and Regulation (302/1996) on the basis of an exclusive right which it enjoys pursuant to a published law, regulation or administrative provision;
- contracts of employment.

7. The Agreement shall not apply to contracts awarded under:
   - an international agreement and intended for the joint implementation or exploitation of a project by the signatory States;
   - an international agreement relating to the stationing of troops;
   - the particular procedure of an international organization.

8. The Agreement shall not apply to procurement of agricultural products made in furtherance of agricultural support programmes and human feeding programmes.

II. VIÐBÆTIR

Útgáfur sem samningsaðilar nota til birtingar á tilkynningum um fyrirhuguð útboð sbr. 1. mgr. IX. gr. og tilkynningum eftir lok útboða (1. mgr. XVIII. gr.).

Íslensk dagblöð:
Morgunblaðið
Dagblaðið
Dagur

Önnur rit:
Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

APPENDIX II

Publications utilised by Parties for the publication of notices of intended procurements, paragraph 1 of Article IX and of post-award notices (paragraph 1 of Article XVIII).

Icelandic newspapers:
Morgunbladid
Dagbladid
Dagur

Other:
Official Journal of the European Communities.

III. VIÐBÆTIR

Útgáfur sem notaðar eru af samningsaðilum til þess að birta árlega upplýsingar um fasta skrá yfir hlutgenga birgja þegar um er að ræða málsmeðferð útboða með forvali (9. mgr. IX. gr.)

Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna:
(Sem stendur er engin slík skrá til)

APPENDIX III

Publications utilised by Parties for the publication annually of information on permanent lists of qualified suppliers in the case of selective tendering procedures (paragraph 9 of Article IX).

Official Journal of the European Communities:
(Currently no such list exists)

IV. VIÐBÆTIR

Útgáfur sem notaðar eru af samningsaðilum til birtingar á lögum, reglugerðum, dómsúrskurðum, stjórnsýsluákvörðunum sem hafa almennt gildi og hvers kyns málsmeðferð varðandi opinber útboð sem heyra undir samning þennan (1. mgr. XIX. gr.).

Lög, reglugerðir og reglur:	Stjórnartíðindi
Dómsúrskurðir og stjórnsýsluákvarðanir:	Hæstaréttardómar

(Héraðsdómstólar gefa ekki út dóma sína, en þeir sem þess óska geta fengið endurrit dóma í tilteknum málum. Stjórnsýsluákvarðanir eru ekki birtar, en hægt er að nálgast þær hjá viðkomandi stjórnvaldi).

APPENDIX IV

Publications utilised by Parties for the publication of laws, regulations, judicial decisions, administrative rulings of general application and any procedure regarding government procurement governed by this Agreement (paragraph 1 of Article XIX).

Laws, regulations and rules:	Stjórnartíðindi (The Government Gazette)
Judicial decisions and administrative rulings:	Hæstaréttardómar (Supreme Court Report)

(District courts do not issue a Court Report, but any interested party can obtain a transcript of a particular case. Administrative rulings are not reported but can be obtained from the relevant authority.)

872. Frumvarp til laga [566. mál]

um vexti og verðtryggingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi gilda um vexti af peningakröfum á sviði fjármunaréttar og á öðrum sviðum réttarins, eftir því sem við getur átt, svo og um annað endurgjald sem áskilið er eða tekið fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar.

Lög þessi gilda einnig um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

2. gr.

Ákvæði II. og IV. kafla laga þessara gilda því aðeins að ekki leiði annað af samningum, venju eða lögum. Einnig verður vikið frá öðrum ákvæðum laganna að því marki sem þar er kveðið á um. Þó er ávallt heimilt að víkja frá ákvæðum laganna til hagsbóta fyrir skuldara.

II. KAFLI
Almennir vextir.

3. gr.

Almenna vexti skal því aðeins greiða af peningakröfu að það leiði af samningi, venju eða lögum. Vexti skal greiða frá og með stofndegi peningakröfu og fram að gjalddaga.

4. gr.

Þegar greiða ber vexti skv. 3. gr., en hundraðshluti þeirra eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin, skulu vextir vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. Í þeim tilvikum sem um verðtryggða kröfu er að ræða skulu vextir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabankinn ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum verðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr.

III. KAFLI
Dráttarvextir.

5. gr.

Hafi gjalddagi verið fyrir fram ákveðinn er kröfuhafa heimilt að krefja skuldara um dráttarvexti sem reiknast af ógreiddri peningakröfu frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.

Dráttarvextir skulu ætíð reiknast sem dagvextir nema á annan veg sé sérstaklega mælt í lögum.

Nú er ekki samið um gjalddaga kröfu og er þá heimilt að reikna dráttarvexti frá og með þeim degi þegar liðinn er mánuður frá því að kröfuhafi sannanlega krafði skuldara með réttu um greiðslu. Sé greiðslukrafan sett fram á mánaðardegi sem ekki er til í næsta mánuði skal skuldari greiða dráttarvexti frá og með síðasta degi þess mánaðar.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. er ætíð heimilt að reikna dráttarvexti frá og með þeim degi er dómsmál er höfðað um kröfu, sbr. þó 9. gr.

6. gr.

Dráttarvextir skulu vera samtala gildandi vaxta algengustu skammtímalána Seðlabanka Íslands til lánastofnana (grunnur dráttarvaxta) auk ellefu hundraðshluta álags (vanefndaálag), nema um annað sé samið skv. 2. mgr. þessarar greinar. Seðlabankanum er þó heimilt að ákveða annað vanefndaálag að lágmarki sjö hundraðshlutar og að hámarki fimmtán hundraðshlutar. Seðlabankinn skal birta dráttarvexti samkvæmt þessari málsgrein eigi skemur en viku fyrir gildistökudaga dráttarvaxta sem eru 1. janúar og 1. júlí ár hvert.

Heimilt er að semja um fastan hundraðshluta vanefndaálags ofan á grunn dráttarvaxta skv. 1. mgr., að undanskildum neytendalánum. Einnig er aðilum ávallt heimilt að semja um fastan hundraðshluta dráttarvaxta.

7. gr.

Ef atvik sem varða kröfuhafa og skuldara verður ekki um kennt valda því að greiðsla fer ekki fram skal ekki reikna dráttarvexti þann tíma sem greiðsludráttur verður af þessum sökum. Sama á við ef greiðsla fer ekki fram vegna þess að skuldari neytir vanefndaúrræða gagnvart kröfuhafa eða heldur af öðrum lögmætum ástæðum eftir greiðslu eða hluta hennar.

IV. KAFLI
Vextir af skaðabótakröfum.

8. gr.

Kröfur um skaðabætur skulu bera vexti frá og með þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað. Þeir skulu á hverjum tíma vera jafnháir tveimur þriðju hlutum vaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. málsl. 4. gr.

Sé fjárhæð skaðabótakröfu miðuð við verðlag síðar en hið bótaskylda atvik varð ber krafan þó vexti skv. 1. mgr. frá þeim tíma.

9. gr.

Skaðabótakröfur skulu bera dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. að liðnum mánuði frá þeim degi er kröfuhafi sannanlega lagði fram þær upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta. Dómstólar geta þó, ef sérstaklega stendur á, ákveðið annan upphafstíma dráttarvaxta.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði um vexti.

10. gr.

Lánastofnunum ber að tilkynna Seðlabanka Íslands um öll vaxtakjör og breytingar á þeim í því formi og með þeim fyrirvara sem Seðlabankinn krefst.

Seðlabankinn skal fyrir lok hvers mánaðar birta í Lögbirtingablaði vexti af óverðtryggðum og verðtryggðum útlánum skv. 4. gr. og vexti af skaðabótakröfum skv. 8. gr. og skal hver tilkynning lögð til grundvallar í samræmi við lög þessi næsta mánuðinn eða uns næsta tilkynning birtist. Jafnframt skal Seðlabankinn birta í Lögbirtingablaði dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr., þ.e. grunn dráttarvaxta og vanefndaálag. Seðlabankinn skal um hver áramót birta í B-deild Stjórnartíðinda töflu er sýnir vexti samkvæmt þessari málsgrein á hverjum tíma á næstliðnu ári.

Auk vaxta skv. 2. mgr. getur Seðlabankinn birt í Lögbirtingablaði aðra vexti lánastofnana.

11. gr.

Sé mál höfðað til heimtu peningakröfu og krafist vaxta með tilvísun til 4. eða 8. gr. eða dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. má dæma slíka vexti, enda þótt hundraðshluti þeirra sé ekki tilgreindur í stefnu. Sé mál höfðað til heimtu peningakröfu og dráttarvaxta krafist skv. 2. mgr. 6. gr. skal þó tiltaka hundraðshluta vanefndaálags í stefnu eða hundraðshluta dráttarvaxta sé samið um fasta dráttarvexti.

12. gr.

Sé vaxtatímabil lengra en tólf mánuðir án þess að vextirnir séu greiddir skulu þeir lagðir við höfuðstól og nýir vextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð. Ekki skal bæta vöxtum við höfuðstól oftar en á tólf mánaða fresti, nema um sé að ræða innlánsreikninga lánastofnana.

Við útreikning vaxta skulu taldir 30 dagar í hverjum mánuði og 360 dagar í ári, nema um annað sé samið eða venja standi til annars.

VI. KAFLI
Verðtrygging sparifjár og lánsfjár.

13. gr.

Ákvæði þessa kafla gilda um skuldbindingar sem varða sparifé og lánsfé í íslenskum krónum þar sem skuldari lofar að greiða peninga og þar sem umsamið eða áskilið er að greiðslurnar skuli verðtryggðar. Með verðtryggingu er í þessum kafla átt við breytingu í hlutfalli við innlenda verðvísitölu. Um heimildir til verðtryggingar fer skv. 14. gr. nema lög kveði á um annað.

Afleiðusamningar falla ekki undir ákvæði þessa kafla.

14. gr.

Heimilt er að verðtryggja sparifé og lánsfé skv. 13. gr. sé grundvöllur verðtryggingarinnar vísitala neysluverðs, sem Hagstofa Íslands reiknar samkvæmt lögum sem um vísitöluna gilda og birtir mánaðarlega í Lögbirtingablaði. Vísitala sem reiknuð er og birt í tilteknum mánuði gildir um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár næsta mánuð á eftir.

Í lánssamningi er þó heimilt að miða við hlutabréfavísitölu, innlenda eða erlenda, eða safn slíkra vísitalna, sem ekki mæla breytingar á almennu verðlagi.

15. gr.

Seðlabankinn getur að fengnu samþykki viðskiptaráðherra ákveðið lágmarkstíma verðtryggðra innstæðna og lána. Bankinn getur jafnframt að fengnu samþykki ráðherra ákveðið að vextir verðtryggðra innstæðna og lána skuli vera óbreytanlegir á lánstímanum.

Seðlabankinn setur nánari reglur um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

16. gr.

Þegar skuldbindingum með ákvæðum um verðtryggingu er þinglýst skal þess gætt að verðtryggingarinnar sé getið í þinglýsingabókum og skulu þær koma fram á vottorðum þinglýsingarstjóra um efni þinglýsingabóka.

VII. KAFLI.
Viðurlög og málsmeðferð.
17. gr.

Brot á VI. kafla laga þessara varða sektum nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt öðrum lögum.

18. gr.

Ef samningur um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar eða dráttarvexti telst ógildur og hafi endurgjald verið greitt ber kröfuhafa að endurgreiða skuldara þá fjárhæð sem hann hefur þannig ranglega af honum haft. Við ákvörðun endurgreiðslu skal miða við vexti skv. 4. gr., eftir því sem við getur átt.

VIII. KAFLI
Gildistaka.
19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2001. Jafnframt falla úr gildi vaxtalög, nr. 25/1987, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.
I.

Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, meðalútlánsvexti viðskiptabanka og sparisjóða eða meðalútlánsvexti sem Seðlabanki Íslands birtir, eða vísað er með öðrum almennum hætti til vaxta á markaði, og skulu þá vextir af þessum peningakröfum, eftir gildistöku laganna, vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 2,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.

Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við hæstu lögleyfðu vexti á hverjum tíma, hæstu vexti á markaðnum eða vísað er með öðrum almennum hætti til hæstu vaxta á markaði og skulu þá vextir af þessum peningakröfum eftir gildistöku laganna vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 4,5% þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.

II.

Nú segir í peningakröfu í íslenskum krónum, þar með talinni skaðabótakröfu, niðurstöðu dómsmáls eða öðrum gerningi, gerðri fyrir gildistöku laga þessara, að við vanskil reiknist hæstu lögleyfðu dráttarvextir eins og þeir eru á hverjum tíma, dráttarvextir samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands eða dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum, eða vísað er með öðrum hætti til dráttarvaxta sem Seðlabankinn ákvað skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, og skulu þá dráttarvextir eftir gildistöku laganna reiknaðir skv. 1. mgr. 6 gr. laga þessara.

III.

Nú segir í lánssamningi í erlendum gjaldmiðli, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að við vanskil reiknist hæstu lögleyfðu dráttarvextir eins og þeir eru á hverjum tíma, dráttarvextir samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands eða dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum, eða vísað er með öðrum hætti til dráttarvaxta sem Seðlabankinn ákvað skv. 11. gr. laga nr. 25/1987, og

skulu þá dráttarvextir þessir vera ákvarðaðir með sama hætti næstu fimm árin eftir gildistöku laga þessara, en að þeim tíma loknum skulu þeir vera jafnháir þeim dráttarvöxtum í hlutaðeigandi gjaldmiðli sem síðast voru auglýstir af Seðlabankanum í Lögbirtingablaði fimm árum eftir gildistöku laganna.

IV.

Nú segir í lánssamningi, innlánsskilríki eða öðrum gerningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að fjárhæðir breytist með reikningsgengi SDR eða EUR (SDR- eða EUR-gengisvísitölu) sem Seðlabanki Íslands reiknar út og birtir og skal þá í hverjum mánuði miðað við opinbert viðmiðunargengi EUR eða SDR (kaupgengi) skv. 15. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, á 21. degi undanfarandi mánaðar. Nú er gengi ekki skráð á 21. degi mánaðar og skal þá lagt til grundvallar það kaupgengi er skráð var næst á undan þeim degi. Óheimilt er að taka við innlánum á reikninga sem stofnaðir hafa verið með fyrrgreindum kjörum fyrir gildistöku laga þessara.

V.

Vísitala neysluverðs, sbr. 14. gr. laga þessara, með grunninn 100 í maí 1988, skal í hverjum mánuði margfölduð með stuðlinum 19,745. Útkoman, án aukastafa, skal gilda sem vísitala fyrir næsta mánuð á eftir, í fyrsta sinn fyrir apríl 1995 gagnvart fjárskuldbindingum sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995 og eru með ákvæðum um lánskjaravísitölu þá sem Seðlabankinn reiknaði og birti mánaðarlega samkvæmt heimild í 39. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., sbr. reglugerð nr. 18/1989. Hagstofa Íslands skal birta mánaðarlega í Lögbirtingablaði vísitölu skv. 2. málsl. þessarar málsgreinar.

Verði gerð breyting á grunni vísitölu neysluverðs skal Hagstofan birta í Lögbirtingablaði margfeldisstuðul fyrir þannig breytta vísitölu í stað stuðulsins sem getið er í 1. mgr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda einnig um lánskjaravísitölu í lögum og hvers kyns stjórnvaldsfyrirmælum öðrum og samningum sem í gildi eru 1. apríl 1995.

VI.

Eigi skemur en viku fyrir gildistökudag laga þessara skal Seðlabankinn birta dráttarvexti skv. 6. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Fram til ársins 1987 voru í gildi lög nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o.fl. („okurlög"). Samkvæmt ákvæðum þeirra laga og ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands frá 1961 var bankanum heimilt að ákveða lágmarksvexti innlána og hámarksvexti útlána. Vextir í almennum viðskiptum manna á meðal máttu ekki vera hærri en almennir útlánsvextir banka og sparisjóða. Seðlabankinn nýtti fyrrgreinda lagaheimild og ákvað alla almenna vexti í landinu til febrúar 1984. Þá heimilaði Seðlabankinn bönkum og sparisjóðum að ákveða vexti innlána sem bundin voru til minnst sex mánaða og vexti millibankalána. Í ágúst sama ár veitti Seðlabankinn sömu aðilum heimild til að ákveða alla aðra vexti en af almennum sparisjóðsbókum og endurseljanlegum afurðalánum, dráttarvexti og vexti af skuldabréfum sem gefin höfðu verið út fyrir gildistöku þessarar ákvörðunar. Veruleg hækkun útlánsvaxta banka og sparisjóða strax á haustmánuðum 1984 varð til þess að Seðlabankinn greip aftur í taumana í ársbyrjun 1985 og lækkaði vexti útlána. Hélst þessi skipan fram á árið 1986. Í byrjun þess árs gengu í gildi ný lög um viðskiptabanka, nr. 86/1985, og lög um sparisjóði, nr. 87/1985. Hinn 1. nóvember 1986 gengu

einnig í gildi ný lög um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986. Með þessari löggjöf færðist heimild til að ákveða vexti banka og sparisjóða til þeirra sjálfra, að því undanskildu að dráttarvexti skyldi Seðlabankinn ákveða.

Árið 1987 voru sett lög um vexti er komu í stað okurlaganna frá 1960. Með vaxtalögum, nr. 25/1987, var staðfest almennt frelsi til samninga manna á milli um vexti, þó ekki um dráttarvexti sem enn eru ákveðnir af Seðlabankanum. Með vaxtalögunum var Seðlabankanum falið að birta opinberlega upplýsingar um vexti hjá bönkum og sparisjóðum. Þá var honum falið að ákveða dráttarvexti innan tiltekinna marka og að auglýsa meðalvexti á skuldabréfalánum banka og sparisjóða til almennrar notkunar í viðskiptalífinu.

II.

Frá því að vaxtalög gengu í gildi og almennu samningsfrelsi um aðra vexti en dráttarvexti var komið á hefur íslenskur fjármagnsmarkaður tekið margvíslegum breytingum. Hér skal einungis þeirra helstu getið:

- Bankar, sparisjóðir og aðrar helstu lánastofnanir hafa tekið upp kjörvaxtakerfi útlána. Í kjörvaxtakerfi eru lántakendur flokkaðir í nokkra kjörvaxtaflokka eftir fjárhagslegum styrkleika og tryggingum sem þeir geta sett fyrir lánum. Vextir í hverjum flokki eru ákveðnir sem álag á hlutaðeigandi kjörvexti (grunnvexti). Jafnframt hefur fjölbreytni innlánsreikninga aukist.
- Afnám síðustu gjaldeyrishaftanna í árslok 1994. Þar með tengdist íslenskur fjármagnsmarkaður erlendum fjármagnsmörkuðum traustari böndum en áður.
- Efling hlutabréfamarkaðar og stofnun gjaldeyrismarkaðar.
- Veruleg aukning fjárfestinga í erlendum verðbréfum.
- Lánsfjáröflun ríkissjóðs með markaðsútboðum og samkomulag fjármálaráðuneytis og Seðlabankans um að ríkissjóður afli sér lánsfjár á markaði en taki ekki lán hjá Seðlabankanum.
- Aukin áhersla fyrirtækja og sveitarfélaga á að afla lánsfjár með sölu skuldabréfa á verðbréfamarkaði í stað hefðbundinna bankalána.
- Með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu hafa skapast auknir möguleikar erlendra fjármálafyrirtækja til að veita þjónustu hér á landi.
- Sókn innlendra lánastofnana á erlenda markaði með stofnun útibúa og skrifstofa, stofnun dótturfélaga og með kaupum á erlendum bönkum.

III.

Í ágúst 1994 skipaði viðskiptaráðherra nefnd í því skyni að endurskoða vaxtalögin frá 1987. Í skipunarbréfi hennar sagði að við endurskoðun vaxtalaga skyldi einkum tekið mið af reynslunni frá setningu þeirra, breytingum á fjármagnsmarkaði á undanförnum árum og af ákvæðum hliðstæðra laga erlendis. Í þessu sambandi væri sérstaklega bent á fyrirkomulag á ákvörðun dráttarvaxta, hvaða vexti úr bankakerfinu Seðlabankinn birtir opinberlega og hvaða meðalvexti hann reiknar út. Nefndin lauk störfum í október 1995 og skilaði viðskiptaráðherra frumvarpi til nýrra heildarlaga um vexti og verðtryggingu. Frumvarpið, með verulegum breytingum viðskiptaráðuneytis, var lagt fram á 122. löggjafarþingi 1997–98 en hlaut ekki afgreiðslu.

Í apríl 2000 skipaði viðskiptaráðherra fimm manna nefnd til að endurskoða vaxtalög, nr. 25/1987. Hlutverk nefndarinnar samkvæmt skipunarbréfi var að gera tillögu að breytingum á vaxtalögum til samræmis við réttarþróun erlendis en einnig að tryggja réttaröryggi og einfaldleika í framkvæmd. Nefndin var þannig skipuð: Benedikt Árnason, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneyti, formaður, Andri Árnason hrl., tilnefndur af Lögmannafélagi Íslands, Benedikt Boga-

son, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneyti, tilnefndur af dómsmálaráðuneyti, Eiríkur Guðnason seðlabankastjóri, tilnefndur af Seðlabanka Íslands, og Finnur Sveinbjörnsson, þáverandi framkvæmdastjóri Sambands íslenskra viðskiptabanka, tilnefndur af Sambandi íslenskra viðskiptabanka og Sambandi íslenskra sparisjóða. Starfsmaður nefndarinnar var Eyvindur G. Gunnarsson, þáverandi lögfræðingur í viðskiptaráðuneyti. Nefndin var einhuga í afstöðu sinni að öðru leyti en því að fulltrúi Sambands íslenskra viðskiptabanka og Sambands íslenskra sparisjóða var andsnúinn takmörkunum á frelsi til samninga um dráttarvexti og þeim hömlum sem áfram verða á notkun verðtryggingar verði frumvarp þetta að lögum.

Nefndin byggði starf sitt að miklu leyti á vinnu þeirrar nefndar sem viðskiptaráðherra skipaði í ágúst 1994 og frumvarpi því sem lagt var fram á 122. löggjafarþingi. Frumvarpið sem hér er lagt fram er þó um ýmislegt ólíkt því frumvarpi. Við samningu þessa frumvarps hefur m.a. verið tekið tillit til umsagna þeirra aðila sem álits var leitað hjá er frumvarp til laga um vexti, dráttarvexti og verðtryggingu var lagt fram á 122. löggjafarþingi. Einnig hefur verið tekið mið af tilskipun Evrópusambandsins nr. 35/2000/EB „Directive of the European Parliament and the Council on combating late payment in commercial transactions".

Viðskiptaráðuneytið sendi frumvarpsdrög nefndarinnar til umsagnar í nóvember 2000 og gerði örfáar breytingar í ljósi þeirra umsagna sem því bárust. Sú helsta er að ekki er heimilt skv. 6. gr. frumvarpsins að semja um vanefndaálag af neytendalánum.

IV.

Í stuttu máli er meginefni frumvarpsins þetta:

Lagt er til að ný lög um vexti og verðtryggingu komi í stað vaxtalaganna frá 1987. Vaxtalögunum hefur verið breytt sjö sinnum frá því að þau voru sett. Fyrst með lögum nr. 9/1989, síðan lögum nr. 67/1989, lögum nr. 19/1991, lögum nr. 91/1991, lögum nr. 90/1992, lögum nr. 13/1995 og loks með lögum nr. 22/2000. Meðal annars hefur verið bætt við þau tveimur nýjum köflum, um vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða (með lögum nr. 67/1989) og um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár (með lögum nr. 13/1995). Nefndin sem vann að gerð frumvarpsins var sammála um að ástæða væri til að breyta fjölmörgum ákvæðum vaxtalaganna, þar á meðal að fella niður kaflann um vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða. Til að auðvelda umfjöllun um efnisatriði og tryggja innra samhengi og réttar tilvísanir innan margbreyttra laga taldi nefndin rétt að leggja til að sett yrðu ný heildarlög í stað laganna frá 1987.

Í frumvarpinu eru lagðar til eftirfarandi meginbreytingar á sviði vaxtamála:

- Lagt er til að í stað þess að Seðlabankinn ákveði einhliða dráttarvexti af öllum peningakröfum verði aðilum heimilt í lánssamningum að semja um dráttarvexti upp að vissu marki. Samningsaðilar hafa samkvæmt frumvarpinu heimild til að semja um tiltekinn fastan hundraðshluta sem vanefndaálag ofan á ákveðinn grunn dráttarvaxta sem tekur mið af vöxtum algengra skammtímalána Seðlabankans til lánastofnana. Einnig geta samningsaðilar samið um fasta dráttarvexti.
- Lagt er til að sérregla 11. gr. gildandi vaxtalaga um dráttarvexti af peningakröfum í erlendri mynt verði afnumin og því fari um dráttarvexti af slíkum kröfum samkvæmt almennum reglum. Ástæðan fyrir þessari sérreglu virðist sú að um árabil fyrir gildistöku vaxtalaga hafði íslenska krónan rýrnað í verði gagnvart flestum erlendum gjaldmiðlum, einkum vegna gengisfellinga. Almennt var litið á það sem eins konar verðtryggingu peningakrafna ef þær voru í erlendri mynt. Þessar aðstæður eru ekki lengur fyrir hendi og rökin fyrir því að hafa sérreglu um dráttarvexti af peningakröfum í erlendri mynt eru því ekki lengur til staðar. Einnig verður að hafa í huga að ósanngjarnt getur verið að um hæð dráttarvaxta af kröfu í erlendri mynt fari samkvæmt íslenskum lögum. Ástæða þess er einkum

sú að hæð dráttarvaxta á kröfur í íslenskum krónum tekur mið af styrkleika krónunnar á hverjum tíma. Þykir því rétt að nema úr gildi sérreglu um dráttarvexti af peningakröfum í erlendri mynt. Áréttað skal að afnám þessarar sérreglu leiðir ekki sjálfkrafa til þess að um dráttarvexti af þeim fari samkvæmt sömu reglum og um dráttarvexti samkvæmt peningakröfum í íslenskum krónum, þ.e. 6. gr. frumvarpsins. Aðra niðurstöðu kann að leiða af reglum alþjóðlegs einkamálaréttar. Þannig geta aðilar samið um að beita skuli lögum tiltekins ríkis við úrlausn ágreinings, m.a. um reglur hvaða ríkis skuli lagðar til grundvallar við útreikning dráttarvaxta. Hafi aðilar ekki samið um hvers lands lögum beita skuli við úrlausn ágreinings skera reglur alþjóðlegs einkamálaréttar úr um það hvaða lög gilda, þar á meðal um útreikning dráttarvaxta.

- Lagt er til að þegar samningsaðilar tilgreina ekki vaxtafót verði miðað við vexti sem Seðlabankinn birtir. Skulu þeir taka mið af lægstu vöxtum á nýjum útlánum hjá viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum lánastofnunum en ekki veginni meðalársávöxtun af nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum. Fyrrgreindu vextirnir eru lægri en þeir síðarnefndu. Rétt er að benda á að einungis í undantekningartilvikum reynir á þetta ákvæði vaxtalaga. Reynslan er sú að yfirleitt er einhver vaxtafótur tilgreindur ef á annað borð er áskilið að krafa beri vexti.
- Stefnt er að því með frumvarpinu að hvetja aðila til að semja um ákveðna vexti sín á milli en nota ekki almennar viðmiðanir við vexti á markaðnum eins og nú tíðkast, t.d. meðalársávöxtun á nýjum almennum útlánum hjá bönkum og sparisjóðum. Þessir meðalvextir eru ýmsum annmörkum háðir. Í fyrsta lagi hefur orðið æ erfiðara fyrir Seðlabankann að velja vogir til að reikna út meðalvexti eftir því sem kjörvaxtakerfi banka og sparisjóða hefur orðið fjölbreytilegra. Í öðru lagi eru við útreikning á þessum meðalvöxtum notaðir allir vextir af skuldabréfalánum banka og sparisjóða, þ.e. lánum á lágum vöxtum til traustra aðila með góðar tryggingar og lánum á háum vöxtum til aðila með lakari tryggingar og allir vextir þar á milli. Þessir meðalvextir eru síðan notaðir í ríkum mæli í samningum manna á milli utan bankakerfisins án þess að tillit sé tekið til mismunandi aðstæðna lántakenda. Þetta getur þýtt að aðilar sem taka lán utan bankakerfisins með góðum tryggingum greiða í raun hærri vexti en eðlilegt getur talist. Einnig má finna dæmi um hið gagnstæða. Því er lagt til að í stað þess að reikna út og birta meðalvexti banka og sparisjóða sem aðilar geta notað í viðskiptum sín á milli verði Seðlabankanum falið að birta vexti sem taka mið af lægstu vöxtum nýrra útlána viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana, þ.e. þeim vöxtum sem lánastofnanir bjóða lánþegum sem þeir telja trausta. Ekkert er því til fyrirstöðu að samið sé um tiltekið frávik frá þessum vöxtum eftir aðstæðum hverju sinni.
- Lagt er til að fellt verði brott ákvæði vaxtalaga um að sé samið um breytilega vexti í samræmi við hæstu lögleyfða vexti eða hæstu vexti á markaðnum á hverjum tíma skuli miðað við hæstu gildandi vexti af hliðstæðum lánum sem eru í almennri notkun hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum eins og þeir eru á hverjum tíma. Fyrir þessu eru tvenn rök. Í fyrsta lagi ríkir samningsfrelsi um vexti og því engir hæstu lögleyfðu vextir til. Þessi hugtakanotkun er því í reynd ekki í samræmi við raunveruleikann. Í öðru lagi þykir eðlilegt að hvetja aðila á markaðnum til að semja um vexti sín á milli en nota ekki almennar viðmiðanir við vexti sem lánastofnanir bjóða þegar um er að ræða áhættusama lánveitingu að þeirra mati.
- Lagt er til að vextir af skaðabótakröfum verði hækkaðir frá því sem nú gildir, þ.e. úr vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá bönkum og sparisjóðum í tvo þriðju hluta þeirra vaxta sem Seðlabankinn ákveður og birtir með hliðsjón af lægstu

vöxtum af nýjum óverðtryggðum útlánum hjá viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum lánastofnunum. Miðað við núverandi vaxtastig mundi þessi tillaga frumvarpsins leiða til þess að vextir af skaðabótakröfum hækkuðu úr 1,4% í u.þ.b. 9%.

- Lagt er til að fellt verði brott ákvæði um vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða. Með 6. gr. laga nr. 67/1989 var bætt við vaxtalög kafla um vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða, IV. kafla (17.–19. gr.). Starfsemi stærstu sjóðanna var stokkuð upp með sameiningu fjögurra sjóða í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. (nú Íslandsbanki-FBA hf.) og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Flestir fjárfestingarlánasjóðir lúta nú sömu reglum og viðskiptabankar og sparisjóðir, sbr. lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Þeir mega þó ekki taka við innlánum. Því þykir óeðlilegt að sérákvæði gildi um vaxtakjör fjárfestingarlánasjóða.
- Loks er lagt til að misneytingarákvæði vaxtalaga og ákvæði um endurgreiðslu á ofteknum vöxtum verði að mestu fellt brott. Ákvæði þessi eiga rætur sínar að rekja til þess tíma þegar ekki ríkti frjálsræði í samningum um vexti. Þörf fyrir ákvæðin nú þegar frelsi í samningum um vexti hefur fest sig í sessi er því lítil. Hafa ber í huga að hið almenna misneytingarákvæði 253. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, á við um samninga um vexti. Þá ber að hafa í huga að lög nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, taka til þessara samninga.

V.

Í frumvarpinu eru ekki lagðar til meginbreytingar á stefnu stjórnvalda í verðtryggingarmálum. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að verðtryggja sparifé og lánsfé sé grundvöllur verðtryggingarinnar vísitala neysluverðs og Seðlabankinn geti ákveðið lágmarkstíma verðtryggðra innstæðna og lána.

Þær breytingar sem lagðar eru til að gerðar verði á verðtryggingarkafla vaxtalaga eru eftirfarandi:

- Heimildir til að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla eru felldar niður.
- Tekið er af skarið um að afleiðusamningar falli ekki undir ákvæði laganna og að í skuldaskjölum sé heimilt að miða við vísitölur sem ekki mæla breytingar á almennu verðlagi með sama hætti og vísitala neysluverðs.
- Seðlabankanum verður heimilt en ekki skylt að ákveða lágmarkstíma verðtryggðra innstæðna og lána.
- Ákvæði 25. gr. vaxtalaga um hvað gera skuli við skuldbindingar sem tengdar eru lánskjaravísitölu verður flutt í bráðabirgðaákvæði.
- Ákvæði 24. gr. vaxtalaga um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að setja reglur um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda er tekið út úr vaxtalögum en sett þess í stað í lög nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi grein afmarkar gildissvið laganna. Ákvæði 1. mgr. samsvarar að mestu 1. og 2. gr. gildandi vaxtalaga, en til áréttingar skal tekið fram að lögin taka einnig til dráttarvaxta. Það skal tekið fram að lög um vexti og verðtryggingu eru almenn lög og er ekki ætlað að raska ákvæðum sérlaga um vexti.

Í 2. mgr. er kveðið á um að lögin taki einnig til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár og er það í samræmi við þá breytingu sem gerð var á vaxtalögum með lögum nr. 13/1995.

Um 2. gr.

Í þessari frumvarpsgrein kemur fram hvaða ákvæði frumvarpsins eru frávíkjanleg. Skýrt er kveðið á um það að ákvæði II. kafla um almenna vexti og IV. kafla um vexti af skaðabótakröfum séu frávíkjanleg. Þá verður einnig vikið frá öðrum ákvæðum laganna eins og þar segir, en hér er átt við 6. og 12. gr. frumvarpsins. Frumvarpsgreinin kemur í staðinn fyrir 3. gr. gildandi vaxtalaga, en þar segir að ákvæði II. og III. kafla laganna um ákvörðun vaxta gildi því aðeins að ekki leiði annað af lögum, samningum eða venju. Í réttarframkvæmd hefur ríkt nokkur óvissa um það að hvaða leyti ákvæði vaxtalaganna séu frávíkjanleg. Ákvæðið hefur þó verið skýrt svo að ýmsar takmarkanir séu á heimildum til að semja á annan veg en reglur III. kafla laganna um dráttarvexti mæla fyrir um. Þannig hefur verið talið að ekki mætti víkja frá reglum kaflans um hæð dráttarvaxta, né heldur um upphafstíma þeirra eða vaxtavexti, ef þeir samningar væru skuldara í óhag.

Með frumvarpinu er stefnt að því að breyta þessu réttarástandi. Þykir því rétt að gera nánar grein fyrir því að hvaða leyti ætlast er til að lögin séu frávíkjanleg. Með 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins er að því stefnt að heimilt sé að semja um hæð dráttarvaxta, enda þótt þeir séu hærri en dráttarvextir sem Seðlabanki Íslands ákveður skv. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Slíkur samningur um dráttarvexti felur í sér heimild til handa aðilum að semja um hvort heldur er hærri eða lægri dráttarvexti en Seðlabanki Íslands ákveður. Er miðað við fullt samningsfrelsi aðila í þessum efnum með þeim takmörkunum sem leiðir af sjálfu ákvæðinu. Auk þess sætir frelsið að sjálfsögðu þeim almennu takmörkunum sem leiða af III. kafla laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, og VII. kafla frumvarps þessa.

Eins og fyrr segir hefur verið óvissa um það hvaða hömlur séu á frelsi til að semja um vexti og dráttarvexti. Telja verður að ekki sé ástæða til að takmarka heimildir til að semja um almenna vexti, hvorki hæð þeirra né vaxtatímabil. Eðlilegt er að hið sama gildi um dráttarvexti skv. III. kafla með þeim takmörkunum sem leiða af 6. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Í 3. gr. eru ákvæði sem fela efnislega í sér sömu reglu og fram kemur í 4. gr. gildandi vaxtalaga og þarfnast ekki sérstakra skýringa. Rétt þykir að hafa afdráttarlaust ákvæði um að vexti skuli greiða frá og með stofndegi peningakröfu.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að í stað 5. og 6. gr. gildandi vaxtalaga komi ein grein. 5. gr. laganna hljóðar svo, sbr. 1. gr. laga nr. 67/1989:

„Þegar samið er um vexti af peningakröfu, en hundraðshluti þeirra ekki tiltekinn, skulu vextir frá því að til skuldar er stofnað vera á hverjum tíma jafnháir vegnu meðaltali ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum.“

6. gr. laganna er svohljóðandi:

„Sé samið um breytilega vexti í samræmi við hæstu lögleyfða vexti eða hæstu vexti á markaðnum á hverjum tíma skal miða við hæstu gildandi vexti af hliðstæðum lánum sem eru í almennri notkun hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum eins og þeir eru á hverjum tíma.“

Í frumvarpsgreininni er vísað til lánastofnana í einu lagi, en með lánastofnunum er hér annars vegar átt við viðskiptabanka og sparisjóði samkvæmt lögum nr. 113/1996 og hins vegar aðrar lánastofnanir en viðskiptabanka og sparisjóði samkvæmt lögum nr. 123/1993.

Í greininni er lagt til að þegar samningsaðilar tilgreina ekki vaxtafót verði miðað við vexti sem Seðlabankinn birtir. Skulu þeir taka mið af lægstu vöxtum af nýjum almennum útlánum hjá lánastofnunum en ekki veginni meðalársávöxtun slíkra útlána hjá viðskiptabönkum og

sparisjóðum eins og verið hefur. Fyrrgreindu vextirnir eru lægri en þeir síðarnefndu. Rétt er að benda á að einungis í undantekningartilvikum reynir á þetta ákvæði vaxtalaga. Reynslan er sú að yfirleitt er einhver vaxtafótur tilgreindur, ef á annað borð er áskilið að krafa beri vexti.

Í almennum athugasemdum við lagafrumvarpið hefur verið rakið að meðalávöxtun af nýjum útlánum viðskiptabanka og sparisjóða sé að ýmsu leyti óheppileg viðmiðun fyrir vexti af peningakröfu þegar enginn sérstakur hundraðshluti er tiltekinn. Í fyrsta lagi hefur orðið æ erfiðara fyrir Seðlabankann að velja vogir til að reikna út meðalvexti eftir því sem kjörvaxtakerfi banka og sparisjóða hefur orðið fjölbreytilegra. Í öðru lagi eru við útreikning á þessum meðalvöxtum notaðir allir vextir af skuldabréfalánum banka og sparisjóða, þ.e. lánum á lágum vöxtum til traustra aðila með góðar tryggingar og lánum á háum vöxtum til aðila með lakari tryggingar og allir vextir þar á milli. Þessir meðalvextir eru síðan notaðir í ríkum mæli í samningum manna á milli utan bankakerfisins án þess að tillit sé tekið til mismunandi aðstæðna lántakenda. Þetta getur þýtt að aðilar sem taka lán utan bankakerfisins með góðum tryggingum greiða í raun hærri vexti en eðlilegt getur talist. Einnig má finna dæmi um hið gagnstæða. Því er lagt til að í stað þess að reikna út og birta meðalvexti banka og sparisjóða sem aðilar geta notað í viðskiptum sín á milli verði Seðlabankanum falið að birta vexti sem taka mið af lægstu vöxtum nýrra útlána viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Ekkert er því til fyrirstöðu að samið sé um tiltekið frávik frá þessum vöxtum eftir aðstæðum hverju sinni. Með þessum hætti eru aðilar hvattir til að semja um ákveðna vexti sín á milli en nota ekki án umhugsunar almenna viðmiðun við vexti á markaðnum, svo sem meðalvexti eða hæstu vexti.

Lægstu vextir samkvæmt þessari grein munu að öllum líkindum verða svipaðir kjörvöxtum viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana (einkum fjárfestingarbanka), en það eru vextir til traustustu viðskiptavina. Síðla árs 2000 eru kjörvextir óverðtryggðra skuldabréfalána viðskiptabanka og sparisjóða 13,65% að meðaltali og 7,45% að meðaltali af verðtryggðum skuldabréfalánum. Þess er að vænta að aðilar semji almennt um tiltekið álag á þessa vexti, m.a. eftir því hvaða tryggingar lántakandi setur fyrir greiðslu skuldarinnar. Meðalvextir af nýjum almennum óverðtryggðum skuldabréfalánum viðskiptabanka og sparisjóða, sem eru núgildandi viðmiðunarvextir vaxtalaga fyrir óverðtryggðar peningakröfur og mikið notaðir í viðskiptum utan bankakerfisins, voru 3,6% hærri en kjörvextir viðskiptabanka og sparisjóða á árinu 2000. Hvað verðtryggð skuldabréfalán varðar var þessi vaxtamunur 2,3%.

Í þessari frumvarpsgrein er tekið svo til orða að við ákvörðun vaxta beri Seðlabankanum að hafa hliðsjón af lægstu vöxtum á almennum verðtryggðum og óverðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum. Þykir rétt að tryggja Seðlabankanum ákveðinn sveigjanleika við ákvörðun vaxta, m.a. vegna þess að kjörvaxtakerfi lánastofnana eru mismunandi og sífellt í mótun. Séu t.d. lægstu útlánsvextir (kjörvextir) einhverrar lánastofnunar ekki notaðir í lánssamningum er ekki rétt að láta þá hafa áhrif á þá viðmiðunarvexti sem Seðlabankinn ákveður samkvæmt þessari grein.

Um 5. gr.

Þessi frumvarpsgrein kemur í stað 9. gr. gildandi vaxtalaga og er að mestu leyti samhljóða.

Í 1. mgr. greinarinnar kemur fram efnislega sama regla og 1. mgr. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 4. gr. laga nr. 67/1989.

2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 9. gr. vaxtalaga.

3. mgr. greinarinnar kemur í stað 3. mgr. 9. gr. vaxtalaga og er samhljóða nema að því leyti að við það er miðað í 1. málsl. að kröfuhafi verði að hafa krafið skuldara „með réttu“ um greiðslu. Þetta ákvæði er sett til áréttingar því að kröfuhafi getur ekki krafist dráttarvaxta nema

sá tími sé kominn að hann geti krafið skuldara um greiðslu og að kröfuhafi hafi að fullu efnt sínar skyldur.

Í 4. mgr. greinarinnar kemur fram efnislega sama regla og er í 4. mgr. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 4. gr. laga nr. 67/1989. Orðalaginu hefur verið breytt þannig að í greininni segir að dráttarvexti skuli greiða frá og með þeim *degi* er mál telst höfðað til innheimtu í stað þess sem nú segir að dráttarvexti skuli greiða frá þeim *tíma* er mál telst höfðað. Nákvæmara þykir að taka skýrt fram í ákvæðinu að miðað sé við ákveðinn dag.

Um 6. gr.

Greinin felur í sér veigamiklar breytingar frá 10. gr. gildandi vaxtalaga um hæð dráttarvaxta. Í 10. gr. vaxtalaga segir að dráttarvextir skuli ákveðnir af Seðlabanka Íslands sem ársvextir með þeim hætti að hlutfallið milli dráttarvaxta, að viðbættri tölunni 100, og ávöxtunar nýrra almennra útlána, að viðbættri tölunni 100, sé á bilinu 1,02 til 1,06. Í stuttu máli er efni frumvarpsgreinarinnar þannig að í 1. mgr. er mælt fyrir um þá aðferð sem Seðlabankinn notar við ákvörðun og birtingu dráttarvaxta á peningakröfum í íslenskum krónum og lagðar til breytingar frá gildandi rétti. Þá er í 2. mgr. lagt til að aðilum verði veitt frelsi til að semja um dráttarvexti, annaðhvort sem fast álag ofan á svonefndan grunn dráttarvaxta eða sem fasta dráttarvexti.

Breytingar þær sem hér eru lagðar til á ákvörðun dráttarvaxta sem Seðlabankinn birtir taka mið af tilskipun Evrópusambandsins nr. 35/2000/EB. Tilskipunin tekur einungis til viðskipta milli lögaðila, einyrkja og hins opinbera en ekki til viðskipta neytenda. Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að útreikningur dráttarvaxta verði hinn sami fyrir allar peningakröfur í íslenskum krónum. Er það gert til að tryggja samræmi í réttarframkvæmd sem telja verður hagræði af.

Í d-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar segir að dráttarvextir séu ákveðnir með þeim hætti að leggja saman gildandi vexti skammtímalána Seðlabanka Evrópu og vanefndaálag sem skal vera að lágmarki sjö hundraðshlutar. Ekki er tiltekið neitt hámark vanefndaálags. Í tilskipuninni er jafnframt gert ráð fyrir að hægt sé að semja um aðra dráttarvaxtaviðmiðun en kveðið er á um í d-lið 1. mgr. 3. gr. Er það í samræmi við gildandi rétt í aðildarríkjum ESB að hægt sé að semja um dráttarvexti. Tilskipunin er því frávíkjanleg að þessu leyti. Ákvæði um dráttarvexti í aðildarríkjum ESB eru mjög mismunandi en almennt gildir þó að í lögum eru dráttarvextir fastákveðnir, annaðhvort ákveðinn fastur hundraðshluti eða ákveðin viðmiðun, svo sem vextir skammtímalána Seðlabanka. Þessir dráttarvextir gilda sé ekki um annað samið. Frá þessu eru nokkrar undantekningar, sem eru mismunandi eftir ríkjum.

Um 1. mgr.

Í 1. mgr. er lagt til að dráttarvextir, sem Seðlabankinn ákveður, verði samtala gildandi vaxta algengra skammtímalána Seðlabankans til lánastofnana og ellefu hundraðshluta vanefndaálags. Með þessari tillögu er horfið frá því að nota meðalávöxtun nýrra almennra útlána viðskiptabanka og sparisjóða sem grundvöll dráttarvaxta, enda er hún ekki í samræmi við framangreinda tilskipun ESB. Þess í stað er vísað til gildandi vaxta algengra skammtímalána Seðlabankans til lánastofnana, og þeir nefndir grunnur dráttarvaxta. Í 10. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Seðlabankinn birti þessa vexti, þ.e. grunn dráttarvaxta, í Lögbirtingablaði. Algengasta leiðin fyrir seðlabanka víða um lönd við að útvega hagkerfinu lausafé er að veita lánastofnunum skammtímalán. Má gera ráð fyrir að hentugt sé að miða við vexti slíkra lána þar eð líklega verður sú viðmiðun jafnan til staðar. Um þessar mundir eru það vextir í endurhverfum verðbréfakaupum Seðlabankans af lánastofnunum sem yrðu grunnur dráttarvaxta. Endurhverf verðbréfakaup hafa að undaförnu átt sér stað í vikulegum útboðum á þriðjudögum og tilkynnir Seðlabankinn lánastofnunum kjörin daginn áður. Í síðustu útboðum hefur ávöxtun verið 10,6% og lánstíminn 14 dagar.

Það er hins vegar ekki loku fyrir það skotið að formið sem Seðlabankinn notar við að veita lánastofnunum skammtímalán taki nokkrum breytingum í tímans rás. Því þykir ekki eðlilegt að fastsetja ákveðna vaxtaviðmiðun sem grunn dráttarvaxta heldur á að veita Seðlabankanum nokkurt svigrúm til að meta gildandi vexti algengra skammtímalána bankans til lánastofnana. Þess ber að geta að Seðlabankinn hefur mótað stjórntæki sín í samræmi við stjórntæki Seðlabanka Evrópu (ECB). Vextir í viðskiptum Seðlabankans við lánastofnanir geta hins vegar verið frábrugðnir vöxtum Seðlabanka Evrópu, enda taka skammtímavextir einstakra seðlabanka mið af ástandi í þjóðarbúskapnum og peningamálastefnu viðkomandi banka.

Sé tekið mið af gildandi vöxtum algengra skammtímalána Seðlabankans til lánastofnana var grunnur dráttarvaxta samkvæmt greininni 10,6% haustið 2000. Að viðbættu 11% vanefndaálagi væru dráttarvextir 21,6%. Þar sem gert er ráð fyrir að dráttarvextir gildi óbreyttir í hálft ár í senn er líklega heppilegt fyrir viðskiptalífið að þeir séu slétt tala, í þessu tilviki t.d. 22%. Dráttarvextir skv. 10. gr. gildandi vaxtalaga voru hins vegar 23% síðla árs 2000. Sá hundraðshluti vaxta, ásamt framangreindum grunni dráttarvaxta, felur í sér 12,4% vanefndaálag Ekki þykir ástæða til að lögfesta að dráttarvextir skuli vera slétt tala þótt slík tala sé heppilegri alla jafna, eins og þegar hefur komið fram, þar eð brot úr prósenti skipta líka máli og hafa tiltölulega meiri þýðingu við lægra vaxtastig en nú er.

Ekki er ólíklegt að með tímanum breytist hlutfallsleg afstaða almennra vaxta og vaxta algengra skammtímalána Seðlabankans við lánastofnanir. Eðlilegt er að við ákvörðun dráttarvaxta sé við það miðað að þeir séu hærri en hæstu algengu vextir sem þekktir eru á markaðnum, svo sem vextir yfirdráttarlána og vextir á greiðslukortareikningum. Því þykir rétt að Seðlabankinn fái svigrúm til að ákveða vanefndaálag með hliðsjón af vaxtarófi á markaðnum. Lagt er til að Seðlabankinn geti ákveðið vanefndaálag að lágmarki sjö hundraðshlutar og að hámarki 15 hundraðshlutar. Það þýðir að svigúm Seðlabankans til ákvörðunar dráttarvaxta miðað við 10,6% grunn væri á bilinu 17,6–25,6%. Það er heldur meira svigrúm en bankinn hefur um þessar mundir. Ávöxtun nýrra almennra útlána skv. 10. gr. vaxtalaga var metin 18% af Seðlabankanum haustið 2000. Miðað við þau vikmörk sem kveðið er á um í greininni getur Seðlabankinn ákveðið dráttarvexti á bilinu 20,4–25,1%.

Í 3. málsl. segir að Seðlabankinn skuli birta dráttarvexti eigi skemur en viku fyrir gildistökudaga dráttarvaxta sem skulu vera 1. janúar og 1. júlí ár hvert.

Um 2. mgr.

Samkvæmt 2. mgr. er aðilum heimilt að semja um fastan hundraðshluta vanefndaálags ofan á grunn dráttarvaxta eða fasta dráttarvexti með fyrirframákveðnum hundraðshluta. Samningsfrelsi þetta sætir þeim takmörkunum að aðilar geta ekki samið um aðferðina við ákvörðun dráttarvaxta heldur verður hún lögákveðin verði frumvarp þetta að lögum. Frumvarpið gengur því ekki jafnlangt og framangreind tilskipun ESB. Ef ekki er samið um vanefndaálag gilda þeir dráttarvextir sem Seðlabankinn ákveður skv. 1. mgr. Þó er ekki heimilt að semja um vanefndaálag af neytendalánum en neytendalán taka til lánssamninga sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytendur, sbr. lög nr. 121/1994, um neytendalán.

Rökin fyrir því að ekki er kveðið á um fullt frelsi til að semja um dráttarvexti eru einkum tvenn. Í fyrsta lagi eru það varfærnissjónarmið. Aðrar og strangari reglur um ákvörðun dráttarvaxta en í nágrannaríkjum hafa gilt hér á landi um langa hríð. Regla 10. gr. vaxtalaga fól á sínum tíma í sér mikla réttarbót. Hún er einföld í notkun og hefur ekki valdið teljandi erfiðleikum í réttarframkvæmd. Með frumvarpinu er stigið stórt skref til dráttarvaxtafrelsis en ekki þykir rétt að leggja til að skrefið sé stigið til fulls á þessu stigi. Í öðru lagi er mikið réttarfarshagræði fólgið í því að aðferð við ákvörðun dráttarvaxta sé fastákveðin í lögum. Ef grunnur dráttarvaxta væri breytilegur og færi ekki eftir opinberlega birtum vöxtum þyrfti að tilgreina

vaxtahæð á hverjum tíma auk álags við kröfugerð í dómsmálum. Þetta mundi innleiða aftur það réttarástand, sem var fyrir gildistöku vaxtalaga árið 1987, að kröfugerð í dómsmálum varð oft og tíðum mjög umfangsmikil. Kröfum um peningagreiðslu fylgdu langar vaxtarunur með breytilegri vaxtahæð. Þetta leiddi til aukinnar vinnu lögmanna við samningu stefna og eftir atvikum einnig greinargerða. Hið sama gilti um dómara sem semja þurftu dóma og taka afstöðu til þess hvort sú vaxtahæð sem tilgreind var á hverjum tíma væri rétt og svo semja dóm um niðurstöður sínar. Það átti einnig við um lögmenn og sýslumenn þegar semja þurfti og taka afstöðu til beiðni um aðför til tryggingar peningakröfum og einnig við beiðni um nauðungarsölu og úthlutun uppboðsandvirðis. Af þessum sökum er í frumvarpinu lagt til að frelsi til að semja um dráttarvexti að ákveðnu marki verði komið á en jafnframt tryggt réttaröryggi og einfaldleiki í framkvæmd.

Um 7. gr.

1. málsl. 7. gr. frumvarpsins er í samræmi við 13. gr. vaxtalaga. Í 2. málsl. er nýtt ákvæði. Rétt þykir að taka af allan vafa um að ekki skuli reikna dráttarvexti á meðan skuldari neytir vanefndaúrræða eða heldur af öðrum lögmætum ástæðum eftir greiðslu eða hluta hennar, en túlkun núgildandi ákvæðis með tilliti til þessa hefur verið nokkuð á reiki. Er núgildandi vaxtalög voru sett sagði í athugasemdum við 13. gr. í greinargerð með frumvarpi til laganna að beita ætti reglunni þegar „skuldara er rétt að halda að sér höndum um greiðslu, t.d. vegna vanefnda, eftir atvikum fyrirsjáanlegra vanefnda, kröfuhafa“. Jafnframt sagði að gert væri ráð fyrir að vaxtagreiðslur féllu niður með öllu meðan á slíkum viðtökudrætti stæði og að ekki væri rétt að leggja þá skyldu á skuldara að leggja fé inn á geymslureikning þótt við fé bættust nokkrir bankavextir kröfuhafa til handa (Alþt. 1986–1987, A-deild, bls. 284). Dómstólar hafa hins vegar dæmt skuldara sem haldið hefur að sér höndum um greiðslu vegna vanefnda kröfuhafa til að greiða dráttarvexti af umræddri fjárhæð frá gjalddaga. Úr dómaframkvæmd má t.d. nefna tilvik þegar kaupandi fasteignar hefur haldið að sér höndum um greiðslu, þ.e. beitt stöðvunarrétti sínum, sbr. t.d. *Hrd. 1994. 2057*, *Hrd. 1995. 2712*, *Hrd. 1996. 1236*, *Hrd. 1996. 2915* og *Hrd. 1996. 3093*. Tilgangurinn með 2. málsl. 7. gr. frumvarps þessa er því að breyta framkvæmd þessarar reglu á þann veg að verði greiðslufall skuldara vegna þess að hann neytir lögmætra vanefndaúrræða gagnvart kröfuhafanum skuli ekki reikna dráttarvexti þann tíma sem greiðsludráttur verður af þessum sökum valdi atvik, sem varða kröfuhafa og skuldara verður ekki um kennt, því að greiðsla fer ekki fram.

Um 8. gr.

Í 7. gr. vaxtalaga, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, segir að vextir af kröfum um skaðabætur skuli á hverjum tíma vera jafnháir vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum. Í athugasemdum við greinina í frumvarpinu sem varð að vaxtalögum segir að þessi viðmiðun sé valin í trausti þess að vextirnir fylgi nokkurn veginn verðbólgu. Hræringar í vaxtamálum undanfarin missiri hafa leitt til þess að lánastofnanir leggja æ meiri áherslu á sérkjarareikninga, ýmist óbundna eða bundna. Eru almennir óbundnir sparisjóðsreikningar mjög á undanhaldi. Vegið meðaltal vaxta af óbundnum sparisjóðsreikningum er um þessar mundir 1,4% sem er lægra en verðbólga. Reynslan sýnir að þessir vextir eru yfirleitt lægri en verðbólga og næstlægstu vextir í bankakerfinu. Aðeins vextir af tékkareikningum eru lægri.

Ef vextir af skaðabótakröfum samkvæmt vaxtalögum eru bornir saman við vexti af skaðabótakröfum skv. 16. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, sbr. lög nr. 42/1999, sést að vextir samkvæmt síðarnefndu lögunum eru töluvert hærri. Tilvitnað ákvæði skaðabótalaga er sérregla er

tekur til þess tjóns sem þar greinir. Í 1. mgr. 16. gr. segir að bætur fyrir þjáningar, varanlegan miska, tímabundið atvinnutjón og missi framfæranda beri vexti frá því að tjón varð. Bætur fyrir varanlega örorku beri vexti frá upphafsdegi metinnar örorku skv. 5. gr. laganna. Vextirnir skulu nema 4,5% á ári. Í 2. mgr. 16. gr. segir að um dráttarvexti fari eftir reglum vaxtalaga.

Bætur skv. 16. gr. skaðabótalaga eru verðtryggðar eftir því sem nánar segir í 15. gr. laganna. Regla 16. gr. leiðir til þess að vextir leggjast á verðbættan höfuðstól bótanna frá þeim tíma að tjón varð. Eins og áður segir eru bætur þær sem vextirnir, 4,5% á ári, taka til verðtryggðar og vaxtafóturinn valinn með hliðsjón af því. Með lögum nr. 42/1999 voru vextir skv. 16. gr. skaðabótalaga hækkaðir úr 2% í 4,5%. Í athugasemdum við frumvarp til laga nr. 42/1999 sagði um breytingu þessa að lagt væri til að vextir skv. 16. gr. yrðu þeir sömu og miðað væri við í afvöxtunarforsendu margfeldisstuðulsins skv. 6. gr., þ.e. 4,5% á ári. Í margfeldisstuðli 6. gr., sem lagður er til grundvallar við útreikning bóta vegna varanlegrar örorku, eru áætlaðar bætur til framtíðar afvaxtaðar þannig að tekið er tillit til þeirrar ávöxtunar sem tjónþoli er talinn eiga kost á til framtíðar.

Af framansögðu má ljóst vera að vaxtaákvörðun skaðabótalaga tekur mið af sérreglum varðandi uppgjör bóta samkvæmt skaðabótalögum.

Fullyrða má að vextir á skaðabótakröfur skv. 7. gr. vaxtalaga séu of lágir og nauðsyn beri til að hækka þá. Lagt er til að almennir vextir á skaðabótakröfur sem falla undir lögin verði jafnir tveimur þriðju hlutum vaxta skv. 1. málsl. 4. gr. Undir lögin falla skaðabætur innan samninga og þær skaðabætur utan samninga sem ekki falla undir skaðabótalög, nr. 50/1993, með síðari breytingum, en undir síðarnefndu lögin falla skaðabætur vegna þjáninga, varanlegs miska, tímabundins atvinnutjóns, varanlegrar örorku og bætur fyrir missi framfæranda.

Fyrir gildistöku laga nr. 67/1989, um breyting á vaxtalögum, voru vextir af skaðabótakröfum hinir sömu og vegið meðaltal af almennum útlánum. Telja verður ósanngjarnt að sá sem á skaðabótakröfu en getur af einhverjum ástæðum ekki fylgt henni fram, þ.e. gjalddagi hennar í skilningi laganna er ekki kominn, þurfi að sæta því að fá ekki nema sparisjóðsvexti á kröfu sína. Eðlilegt er að tjónvaldur greiði hærri vexti. Tveir þriðju hlutar vaxta skv. 1. málsl. 4. gr. eru nú um 9%, þ.e. ⅔ af 13,7%. Til samanburðar má geta þess að bankar og sparisjóðir bjóða ýmsa sérkjarareikninga með rúmlega 10% ársvöxtum. Til að ná þeim kjörum þarf að uppfylla tiltölulega væg skilyrði, svo sem að innstæða sé óhreyfð í 7–10 daga og að lágmark innstæðu sé 200–500 þús. kr.

Í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar er regla sem er samhljóða 2. málsl. 7. gr. vaxtalaga. Hún þarfnast því ekki skýringa.

Í frumvarpsgreininni er ekki sérstaklega mælt fyrir um höfuðstólsfærslu vaxta af skaðabótakröfum, enda leiðir það af 12. gr. frumvarpsins að slíkt er heimilt, en sú grein tekur til allra vaxta samkvæmt frumvarpinu. Í þessu sambandi skal þess getið að í greinargerð með frumvarpi til skaðabótalaga er tekið fram að leggja beri vexti við höfuðstól árlega (Alþt. 1992–1993, A-deild, bls. 3656). Ekki verður ráðið af skýringum í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 37/1999 að ætlunin hafi verið að breyta þessu (Alþt. 1998–1999, A-deild, bls. 1299). Vextir þeir sem miðað er við, meðaltal óverðtryggðra útlána, eru ákvarðaðir með tilliti til þess, að slíkir vextir séu a.m.k. greiddir árlega, en í því felst sambærileg ávöxtun og ef vextir eru lagðir við höfuðstól á sama tíma. Þykir rétt að teknu tilliti til þessa og til að tryggja eftir því sem unnt er skaðleysi tjónþola að miða við að ógreiddir vextir af skaðabótakröfum leggist við höfuðstól árlega og myndi þannig nýjan höfuðstól til útreiknings vaxta, eins og ráð er fyrir gert í 12. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Greinin byggist á 15. gr. vaxtalaga. Í tilvísun til 1. mgr. 6. gr. felst að dráttarvextir skuli vera samtala vaxta skv. 6. gr. laganna og ákveðins hundraðshluta samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands. Vert er að vekja athygli á því að bætt hefur verið við niðurlag greinarinnar orðunum „ef sérstaklega stendur á“. Þessi orð eru til áréttingar því að einungis skuli beita þessu ákvæði í undantekningartilvikum, en nauðsynlegt er að koma í veg fyrir of víðtæka túlkun á því. Er á því hnykkt að aðeins sé heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að hreyfa við upphafstíma dráttarvaxta á skaðabótakröfur.

Um 10. gr.

Samkvæmt 8. gr. vaxtalaga, sbr. 3. gr. laga nr. 67/1989, ber viðskiptabönkum og sparisjóðum að tilkynna Seðlabankanum án tafar um öll vaxtakjör og breytingar á þeim í því formi sem bankinn krefst. Jafnframt ber verðbréfafyrirtækjum að tilkynna bankanum um breytingar á ávöxtunarkröfu verðbréfasjóða og eignarleigufyrirtækjum um breytingar á eignarleigukjörum. Í greininni er ekki tekið fram að slíkum upplýsingum þurfi að skila til Seðlabankans með ákveðnum fyrirvara. Sú venja hefur skapast að viðskiptabankar og sparisjóðir breyta vöxtum einungis 1., 11. og 21. dag mánaðar og áformaðar breytingar eru tilkynntar Seðlabankanum daginn áður en þær taka gildi.

Í 13. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, eru afdráttarlaus ákvæði um skyldu aðila til að veita bankanum upplýsingar um atriði er varða hlutverk hans. Þrátt fyrir þetta almenna ákvæði þykir eðlilegt að í vaxtalögum séu ákvæði um skyldu aðila til að upplýsa Seðlabankann um vaxtakjör sín, enda skipta slíkar upplýsingar sköpum fyrir framkvæmd annarra ákvæða vaxtalaga.

Í þessari grein frumvarpsins eru lagðar til nokkrar breytingar frá ákvæðum 8. gr. vaxtalaga. Í fyrsta lagi er lagt til að upplýsingaskylda um vexti nái til annarra lánastofnana auk viðskiptabanka og sparisjóða. Hingað til hafa þær almennt ekki þurft að veita Seðlabankanum upplýsingar um vaxtakjör sín með sama hætti og viðskiptabankar og sparisjóðir. Eignarleigufyrirtæki falla einnig undir hugtakið lánastofnun þannig að þeim ber áfram skylda til að upplýsa Seðlabankann um vaxtakjör sín. Hins vegar er lagt til að skylda til að upplýsa um ávöxtunarkröfu verðbréfasjóða falli brott, enda hafa þær upplýsingar ekkert gildi fyrir framkvæmd vaxtalaga. Þó skal tekið fram að telji Seðlabankinn nauðsynlegt að afla slíkra upplýsinga getur hann að sjálfsögðu gert það á grundvelli 13. gr. laga um Seðlabanka Íslands.

Í öðru lagi er skýrt tekið fram að upplýsingar um vexti verði að liggja fyrir með þeim fyrirvara sem Seðlabankinn krefst. Eðli máls samkvæmt eru ákvarðanir um vaxtabreytingar yfirleitt ekki teknar með löngum fyrirvara og því eðlilegt að Seðlabankinn gæti hófs í kröfum sínum um fyrirvara tilkynninganna.

Í þriðja lagi eru lagðar til grundvallarbreytingar á því ákvæði 8. gr. vaxtalaga er fjallar um birtingu Seðlabankans á vöxtum viðskiptabanka og sparisjóða. Samkvæmt gildandi ákvæði skal bankinn fyrir lok hvers mánaðar birta í Lögbirtingablaði öll almenn vaxtakjör þessara aðila. Eftir því sem kjörvaxtakerfi viðskiptabanka og sparisjóða hefur þróast á undanförnum árum og fjölbreytileiki vaxta aukist hafa þessar auglýsingar aukist. Jafnframt hefur orðið æ erfiðara að bera vexti einstakra viðskiptabanka og sparisjóða saman, svo sem vegna ólíkra skilmála innlánsreikninga og ólíkrar uppbyggingar kjörvaxtakerfa útlána. Leiða má að því líkur að auglýsingar sem þessar hafi verið gagnlegar fyrstu árin eftir að vextir voru gefnir frjálsir en að heldur hafi dregið úr gagnsemi þeirra á síðustu árum og missirum. Við framkvæmd núgildandi vaxtalaga hefur einungis birting meðalvaxta af óbundnum sparisjóðsreikningum (7. gr.), birting meðalvaxta af nýjum almennum skuldabréfalánum (5. gr.) og birting hæstu vaxta af almennum

skuldabréfalánum (6. gr.) gildi. Þessir vextir gilda samkvæmt ákvæðum laganna næsta mánuð eftir að þeir eru birtir eða uns þeir eru birtir næst. Aðrir vextir eru eingöngu birtir til upplýsingar.

Í stað þess að Seðlabankinn birti öll almenn vaxtakjör viðskiptabanka og sparisjóða er lagt til að lögfest verði að bankinn birti þá vexti sem gildi hafa við framkvæmd laganna. Auk þess getur bankinn að sjálfsögðu birt aðra vexti viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana sem hann telur rétt að birtir séu opinberlega en sérstaklega er kveðið á um það í 3. mgr. Þá er einkum haft í huga að birting tiltekinna vaxta verði til að stuðla að betri vaxtamyndun á lánsfjármarkaði. Rétt er að vekja athygli á því að í 2. mgr. 8. gr. vaxtalaga er kveðið á um að birta skuli vaxtakjör sparisjóðanna sameiginlega. Skv. 52. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, er Sparisjóðabanka Íslands hf. heimilt að leggja fyrir sparisjóðina leiðbeinandi tillögur um vexti og þjónustugjöld, enda brjóti slíkt ekki í bága við ákvæði samkeppnislaga. Hver einstakur sparisjóður ákveður síðan sjálfur vexti og þjónustugjöld sín. Með hliðsjón af þessu er lagt til að fellt verði niður núgildandi ákvæði um sameiginlega birtingu á vaxtakjörum sparisjóðanna.

Lokamálsliður 2. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er nýjung. Nauðsynlegt þykir að fyrir liggi með aðgengilegum hætti upplýsingar um þá vexti sem Seðlabankanum ber að birta samkvæmt vaxtalögum. Því er lagt til að í upphafi hvers árs birti Seðlabankinn í Stjórnartíðindum töflu er sýni eftirtalda vexti eins og þeir voru á hverjum tíma á næstliðnu ári:

1. Lægstu vextir af óverðtryggðum peningakröfum skv. 4. gr.
2. Lægstu vextir af verðtryggðum peningakröfum skv. 4. gr.
3. Vextir af skaðabótakröfum skv. 8. gr.
4. Grunnur dráttarvaxta skv. 6. gr.
5. Vanefndaálag skv. 6. gr.
6. Dráttarvextir, þ.e. samtala grunns dráttarvaxta og vanefndaálags, skv. 6. gr.

Um 11. gr.

Greinin á sér fyrirmynd í 14. gr. vaxtalaga, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, sem felur í sér heimild til að dæma dráttarvexti þótt hundraðshluti vaxta sé ekki tilgreindur í stefnu. Eðlilegt þykir að kveða á um sambærilega reglu vegna almennra vaxta og nú gildir um dráttarvexti.

Í 80. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, eru fyrirmæli um hvað koma þurfi fram í stefnu. Í d-lið ákvæðisins kemur fram að í stefnu skuli greina svo glöggt sem verða má „dómkröfur stefnanda, svo sem fjárhæð kröfu í krónum, bætur fyrir tiltekið skaðaverk án fjárhæðar ef enn er óvíst um hana, vexti ef því er að skipta, viðurkenningu á tilteknum réttindum, ákvörðun á eða lausn undan tiltekinni skyldu, refsingu fyrir tilgreind orð eða athafnir, ómerkingu ummæla, málskostnað o.s.frv.“

Þetta ákvæði hefur verið skýrt svo að vextir eða dráttarvextir verði ekki dæmdir nema hæð þeirra sé tilgreind í stefnu, sbr. t.d. *Hrd. 1983. 2200.* Í gildandi vaxtalögum hefur verið það hagræði að dráttarvextir eru aðeins þeir sem í III. kafla laganna ræðir, sbr. 10. og 11. gr. Þannig hefur verið hægt að hafa reglu um heimild til að dæma dráttarvexti frá þeim tíma er mál telst höfðað með vísan til III. kafla vaxtalaga án þess að tilgreina vaxtafót, sbr. 14. gr. vaxtalaga.

Eins og rakið er í almennum athugasemdum og skýringum við 2. og 6. gr. er með frumvarpi þessu stefnt að samningsfrelsi um dráttarvexti. Þó sætir samningsfrelsi aðila m.a. þeim takmörkunum sem settar eru í þessari frumvarpsgrein. Þannig er einungis heimild til að semja um dráttarvexti með því að bæta tilteknu vanefndaálagi ofan á grunn dráttarvaxta eins og hann er skilgreindur í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Þó er ávallt heimilt að semja í einu lagi um hundraðshluta dráttarvaxta án þess að greina sérstaklaga milli grunns og vanefndaálags. Ástæða

þessarar reglu er fyrst og fremst réttarfarshagræði en mikilvægt er að lögfestar séu ákveðnar aðferðir við slíka samninga svo að haga megi kröfugerð í dómsmálum með þeim hætti að ekki þurfi að tilgreina hæð vaxta á hverju tímabili. Það hefur verulega þýðingu að slíkt sé gert enda mundi annað leiða til aukinnar vinnu lögmanna, dómara og annarra sem fást við úrlausn ágreiningsefna um peningakröfur og auka hættu á mistökum. Er því lagt til að heimilað verði að semja um dráttarvexti með framangreindum hætti. Með þessu er veitt heimild til að semja um hærri dráttarvexti en leiðir af 2. mgr. 6. gr. en aðferðin er lögákveðin. Þannig er með frumvarpsgrein þessari stefnt að því að tryggja samræmi í framkvæmd og að ekki þurfi að tilgreina vaxtahæð á hverjum tíma í kröfugerð í dómsmálum.

Um 12. gr.

Heimilt er skv. 12. gr. vaxtalaga að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól skuldar og reikna nýja dráttarvexti af samanlagðri fjárhæð ef vanskil standa lengur en í 12 mánuði. Aldrei skal reikna slíka vaxtavexti oftar en á 12 mánaða fresti.

Í þessari frumvarpsgrein er lagt til að sama regla gildi um höfuðstólsfærslu dráttarvaxta og gilt hefur skv. 12. gr. vaxtalaga. Jafnframt er lagt til að heimilt sé að höfuðstólsfæra almenna vexti án þess að kröfuhafi hafi gert sérstakan áskilnað um það. Í settum lögum er ekki að finna reglu sem mælir fyrir um það að almennir vextir skuli leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, en í 12. gr. vaxtalaga er hins vegar kveðið ótvírætt á um þetta eins og fyrr segir. Sú regla að almennir vextir skuli ekki lagðir við höfuðstól kröfu nema það leiði af samningum, venju eða lagafyrirmælum var lengst af talinn gildandi réttur á Íslandi. Fullyrða má að nokkurt ósamræmi hafi verið í dómaframkvæmd um þetta atriði þar til Hæstiréttur tók með rökstuddum hætti af skarið um það að þetta væri heimilt í því máli, sbr. *Hrd. 1996. 189.*

Með frumvarpi þessu er ætlunin að mæla ótvírætt fyrir um að aðalreglan verði sú að heimilt sé að leggja almenna vexti við höfuðstól kröfu við útreikning vaxta, nema það leiði af samningum venju eða lagafyrirmælum. Reglan er í fullu samræmi við meðferð lánastofnana á vöxtum því að þar er vöxtum ýmist bætt við höfuðstól á hverju ári (innlán) eða þeir gerðir upp (lán) sem jafngildir höfuðstólsfærslu þeirra. Þá er í greininni heimilað að vextir innlánsreikninga verði höfuðstólsfærðir oftar en á tólf mánaða fresti, enda þekkjast slík kjör og það gengi gegn hagsmunum innstæðueigenda að banna þau.

Í 2. mgr. er lögfest sú regla sem víða tíðkast, að taldir séu 30 dagar í hverjum mánuði, þ.m.t. janúar og febrúar svo dæmi séu tekin. Aðrar reglur eru þekktar en þessi mundi gilda væri ekki um annað samið. Á svonefndum peningamarkaði þar sem lánstími getur verið mjög stuttur þykir til dæmis henta að telja dagana í samræmi við almanakið.

Um 13. og 14. gr.

Í 13. gr. frumvarpsins er fjallað um gildissvið kafla um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

Í 1. mgr. er lagt til að heimildir til að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla verði felldar niður. Frá 1960 var almennt óheimilt að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla. Þessi almenna regla var tekin upp í lög nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl. („Ólafslög"). Með breytingum á þeim árið 1989 var þó heimilað að gengisbinda skuldbindingar í íslenskum krónum með sérstökum gengisvísitölum, ECU og SDR, sem Seðlabankinn birti. Þessi breyting var liður í auknu frelsi í gjaldeyrismálum á sínum tíma. Gengisbinding á grundvelli þessara vísitalna hefur notið takmarkaðrar hylli.

Samkvæmt 13. gr. og 1. mgr. 14. gr. frumvarpsins verður ekki heimilt að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við dagsgengi erlendra gjaldmiðla. Er talið rétt að taka af allan vafa þar að lútandi. Talið er að samningar með viðmiðun við gengisvístölu á grundvelli ákvæðisins

í vaxtalögum séu mjög fáir. Í bráðabirgðaákvæði IV er kveðið á um hvernig farið skuli með innstæður og samninga af þessu tagi sem þegar eru í gildi.

Í 2. mgr. er nýmæli. Frá því að verðtrygging var almennt heimiluð með setningu „Ólafslaga“ 1979 hafa orðið miklar breytingar á íslenskum fjármagnsmarkaði og í gjaldeyrismálum. Ný sparnaðar- og lánsform hafa komið til sögunnar og gjaldeyrisviðskipti hafa verið gefin frjáls. Þá hefur litið dagsins ljós ný tegund fjármálasamninga, afleiður (e. derivatives), sem notaðir eru til að draga úr þeirri áhættu sem felst t.d. í tiltekinni verðbréfaeign, kröfueign eða útistandandi skuldum eða keyptir í þeirri von að hagnast á markaðssveiflum. Hér má nefna samninga um vaxtaskipti, gjaldmiðlaskipti og valrétt og ýmiss konar framvirka samninga, svo sem um gjaldmiðla. Allar þessar breytingar vekja upp spurningar um gildissvið og gagnsemi opinberra reglna um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Nefndin sem samdi frumvarpið var þeirrar skoðunar að opinberar reglur um verðtryggingu fjárskuldbindinga þjónuðu fyrst og fremst þeim tilgangi að verja almennt sparifé og lánsfé landsmanna fyrir rýrnun af völdum innlendrar verðbólgu eins og hún er venjulega mæld, þ.e. sem meðaltalsbreyting á verði í stóru úrtaki vöru og þjónustu. Reglunum hefði ekki verið ætlað að hindra eðlilega þróun á fjármagnsmarkaði. Vegna eðlis afleiðusamninga og annarra fjármálasamninga af því tagi má ljóst vera að þeir falla ekki undir ákvæði laganna. Hið sama gildir um viðmiðun skuldaskjala við hlutabréfavísitölu eða aðra slíka vísitölu sem ekki verður talin verðvísitala í sama skilningi og vísitala neysluverðs. Af þessum sökum er tiltekið í 2. mgr. að afleiðusamningar falli ekki undir ákvæði laganna. Afleiðusamningar eru skilgreindir í lögum um verðbréfaviðskipti.

Um 15. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða 4. mgr. 21. gr. vaxtalaga að öðru leyti en því að í stað skyldu til að ákveða lágmarkstíma verðtryggðra innstæðna og lána er lagt til að Seðlabankinn fái heimild til að setja slíkar reglur.

2. mgr. er samhljóða 23. gr. vaxtalaga.

Um 16. gr.

Greinin tekur mið af 22. gr. vaxtalaga.

Um 17. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að brot á lögunum varði sektum eða fangelsi allt að einu ári nema það varði þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við lagafrumvarpið er lagt til að misneytingarákvæði VI. kafla núgildandi vaxtalaga verði felld brott. Ákvæði þessi eiga rætur sínar að rekja til þess tíma þegar ekki ríkti frjálsræði í samningum um vexti. Hagnýt þýðing ákvæðanna nú, þegar frelsi í samningum um vexti hefur fest sig í sessi, er því lítil. Í 25. gr. gildandi vaxtalaga er regla sem mælir fyrir um sektir eða fangelsi allt að einu ári fyrir þann sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hagnýtir sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjanda síns eða aðstöðumun þeirra til að áskilja sér vexti eða annað endurgjald umfram gildandi vaxtamörk sambærilegra útlánsvaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á þeim tíma sem til skuldar er stofnað. Reglan samkvæmt vaxtalögunum er því sú að heimilt er að semja um hærri vexti en hin svonefndu gildandi vaxtamörk eru, en sé það gert á þeim huglægu forsendum sem mælt er fyrir um í ákvæðinu er það refsivert. Í raun eru engin skýr vaxtamörk samkvæmt lögunum, a.m.k. er mjög hæpið að þau mörk séu svo áþreifanleg að þau séu heppileg viðmiðun um hvenær háttsemi er refsiverð og hvenær ekki.

Tilvist þessa ákvæðis í vaxtalögunum verður að skoða í ljósi þess að verið var í fyrsta sinn í lögum í langan tíma að veita frelsi til að semja um almenna vexti. Það var því ekki óeðlilegt að í lögunum væri sérstakt refsiákvæði sem ætti við þegar menn misnotuðu frelsið. Í skýringum á þessu ákvæði í frumvarpi því sem síðar varð að vaxtalögum sagði m.a. að markmiðið með ákvæðinu hefði verið að veita bæði lánastofnunum og almenna lánamarkaðnum hæfilegt svigrúm til athafna og þróunar en veita lántakendum jafnframt viðunandi vernd (Alþt. 1986–1987, A-deild, bls. 2849). Hagnýt not þessa ákvæðis hafa hins vegar verið óveruleg. Hafa ber í huga að misneytingarákvæði 253. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, veitir refsivernd á þessu sviði sem öðrum. Samanburður á refsiskilyrðum misneytingarákvæða vaxtalaga (okurs) og misneytingarákvæðis 253. gr. almennra hegningarlaga leiðir þó í ljós að misneytingarákvæði 25. gr. vaxtalaga gerir ráð fyrir ásetningi eða stórfelldu gáleysi en 253. gr. almennra hegningarlaga gerir einungis ráð fyrir ásetningi, sbr. 18. gr. laganna. Engu að síður verður að telja að ákvæði 253. gr. almennra hegningarlaga veiti nægilega réttarvernd á þessu sviði.

Um 18. gr.

Fyrri málsliður þessarar frumvarpsgreinar er samhljóða 1. málsl. 28. gr. gildandi vaxtalaga. Hér er mælt fyrir um það að teljist samningur um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar eða dráttarvexti ólögmætur sé sá samningur ógildur og hafi endurgjald verið greitt beri kröfuhafa að endurgreiða skuldara þá fjárhæð sem hann hefur þannig ranglega af honum haft. Þá segir að við ákvörðun endurgreiðslu skuli miða við vexti skv. 4. gr., eftir því sem við geti átt.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa. Rétt er þó að leggja áherslu á að frumvarpið felur ekki í sér afturvirkt frelsi til að ákveða dráttarvexti.

Um ákvæði til bráðabirgða I – III.

Ákvæðin þarfnast ekki sérstakra skýringa. Í þeim er leitast við að taka á öllum þeim tilvikum sem upp geta komið þegar skipt er úr einni viðmiðun vaxtalaga yfir í aðra.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Ákvæðið tekur fyrst og fremst til innstæðna á krónureikningum í viðskiptabönkum og sparisjóðum sem verðtryggðir eru með þessum hætti (um 4 millj. kr. í júní 2000). Samkvæmt meginreglu frumvarpsins verður óheimilt að stofna nýja slíka reikninga. Þess er að vænta að viðskiptabankar og sparisjóðir bjóði eigendum þessara innstæðna að breyta þeim, t.d. í innstæður á gjaldeyrisreikningi. Til áréttingar er tekið fram í 3. málsl. að óheimilt sé að taka við nýjum innlánum á þá reikninga sem um ræðir, þ.e. reikninga sem stofnaðir hafa verið fyrir gildistöku laganna.

Um ákvæði til bráðabirgða V.

Ákvæðið er samhljóða 25. gr. gildandi vaxtalaga. Rétt er að vekja athygli á því að með breytingunni á vaxtalögum með lögum nr. 13/1995 leysti vísitala neysluverðs lánskjaravísitölu af hólmi frá og með 1. apríl 1995. Í þessu ákvæði frumvarpsins felst því ekki afturvirkni þótt svo mætti ætla þegar litið er til dagsetningarinnar í ákvæðinu.

Um ákvæði til bráðabirgða VI.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. skal Seðlabankinn birta dráttarvexti eigi skemur en viku fyrir gildistökudaga dráttarvaxta sem eru 1. janúar og 1. júlí ár hvert. Þar sem lögin taka gildi 1. júlí, eða

sama dag og miðað er við að dráttarvextir taki gildi, er nauðsynlegt að mæla svo fyrir í bráðabirgðaákvæði að dráttarvexti skuli birta eigi skemur en viku fyrir gildistökudag laganna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu.

Frumvarpið fjallar um fyrirkomulag vaxtatöku á fjármagnsmarkaði og er því ætlað að tryggja réttaröryggi og einfalda framkvæmdina til samræmis við réttarþróun erlendis.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

873. Frumvarp til laga [567. mál]

um breytingu á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Stjórn sparisjóðs er heimilt að innleysa stofnfjárhlut í sparisjóði að beiðni stofnfjáreiganda.

2. gr.

3. málsl. 1. mgr. 36. gr. laganna orðast svo: Í samþykktum er heimilt að kveða á um að stofnfjáreigendur kjósi alla stjórnarmenn sparisjóðs.

3. gr.

Á eftir 37. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (37. gr. A.)

Að tillögu sparisjóðsstjórnar í sparisjóði sem starfandi var 31. desember 2000 getur fundur stofnfjáreigenda ákveðið með ⅔ hlutum greiddra atkvæða, svo og samþykki stofnfjáreigenda sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, að breyta sparisjóðnum í hlutafélag að fengnu samþykki ráðherra og umsögn Fjármálaeftirlitsins. Skal breyting sparisjóðs í hlutafélag þá framkvæmd þannig að sparisjóðurinn sameinist hlutafélagi sem sparisjóðurinn hefur áður stofnað í því skyni að taka við rekstri sparisjóðsins og öllum eignum hans og skuldum, réttindum og skuldbindingum.

Ákvæði 1. málsl. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gilda ekki um fjölda stofnenda í hlutafélagi skv. 1. mgr. Ákvæði 1. mgr. 20. gr. sömu laga um lágmarksfjölda hluthafa gilda ekki um hlutafélag skv. 1. mgr. fram að því að breyting sparisjóðs í hlutafélag skv. 1. mgr. á sér stað.

Við breytingu á sparisjóði í hlutafélag skv. 1. mgr. skulu stofnfjáreigendur eingöngu fá hlutafé í hlutafélaginu sem gagngjald fyrir stofnfjárhluti sína. Skal samanlagt hlutafé sem stofn-

fjáreigendur fá í sparisjóðnum nema sama hlutfalli af hlutafé hans eftir breytinguna og stofnfé, endurmetið skv. 23. gr., nemur samtals af áætluðu markaðsvirði sparisjóðsins. Markaðsvirði sparisjóðsins skal metið af óháðum aðila og miðast við sama tímamark og breytingin á rekstrarformi sparisjóðsins. Sá hluti hlutafjár sparisjóðsins eftir breytingu hans í hlutafélag sem ekki gengur til stofnfjáreigenda samkvæmt framansögðu skal verða eign sjálfseignarstofnunar sem sett er á stofn skv. 37. gr. B.

Ákvæði 120.–128. gr. og ákvæði 131. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, skulu að öðru leyti og eftir því sem við getur átt gilda um breytingu sparisjóðs í hlutafélag samkvæmt undanfarandi ákvæðum þessarar greinar.

Við breytingu sparisjóðs í hlutafélag samkvæmt þessari grein heldur starfsleyfi sparisjóðsins gildi sínu.

Sparisjóði sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er ekki skylt að gefa út innköllun til lánardrottna. Breyting á eignaskráningu í veðmálabókum sem leiðir af breytingu sparisjóðs í hlutafélag er undanþegin stimpilgjöldum.

Nú fer um eigið fé sparisjóðs sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 7. gr. og skulu nefnd ákvæði sem og ákvæði 2. mgr. 7. gr. þá gilda áfram um sparisjóðinn eftir breytingu hans í hlutafélag.

Sparisjóði sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er auk orðsins „sparisjóður“ skylt að hafa orðið hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina hf.

Í samþykktum sparisjóðs sem breytt hefur verið í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal kveðið á um atkvæðisrétt sem fylgir hlutum í sparisjóðnum og um meðferð hans. Einstökum hluthöfum er aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Í samþykktum er þó heimilt að kveða á um að sjálfseignarstofnun skv. 37. gr. B geti farið með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Á stofnfundi skal sjálfseignarstofnunin fara með atkvæði í samræmi við hlutafjáreign sína.

Nú er sparisjóði breytt í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og skulu þá í stað ákvæða 15.–23. gr., 32.–37. gr., 59. gr. og 3. mgr. 70. gr. gilda um sparisjóðinn að öðru leyti en kveðið er á um í undanfarandi ákvæðum þessarar greinar og eftir því sem við getur átt ákvæði 10.–13. gr. og 30.–31. gr. og önnur ákvæði laganna, auk ákvæða laga um hlutafélög.

b. (37. gr. B.)

Nú er ákveðið að breyta sparisjóði í hlutafélag samkvæmt ákvæðum 37. gr. A og skal sparisjóðurinn þá gangast fyrir stofnun sjálfseignarstofnunar sem við breytinguna verður eigandi þess hluta hlutafjár í sparisjóðnum sem kveðið er á um í 3. mgr. 37. gr. A. Megintilgangur sjálfseignarstofnunarinnar skal vera að stuðla að viðgangi og vexti í starfsemi sparisjóðsins.

Í stjórn sjálfseignarstofnunar skv. 1. mgr. skulu eiga sæti fæst fimm menn úr fulltrúaráði stofnunarinnar.

Fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar, sem í skulu eiga sæti allir stofnfjáreigendur í viðkomandi sparisjóði er honum var breytt í hlutafélag, skal kjósa stjórnarmenn sjálfseignarstofnunarinnar. Fulltrúaráðið getur valið fleiri til setu í ráðinu. Nú verða fulltrúaráðsmenn færri en þrjátíu og skal þá skylt að fjölga í ráðinu á næsta fundi þess þannig að meðlimir verði eigi færri en þrjátíu.

Einungis skal heimilt að úthluta af fjármunum sjálfseignarstofnunar skv. 1. mgr. eða ráðstafa eignum, sem eftir verða við slit hennar, til menningar- og líknarmála á starfssvæði viðkomandi sparisjóðs við breytingu hans í hlutafélag. Ákvæði laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur skulu að öðru leyti gilda um sjálfseignarstofnun skv. 1. mgr. Sjálfseignarstofnun sem stofnuð er samkvæmt þessari grein er undanþegin tekjuskatti og eignarskatti.

4. gr.

59. gr. laganna orðast svo:

Hagnaði sparisjóðs skal ráðstafað sem hér segir:

1. Aðalfundur getur ákveðið, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, að greiða stofnfjáreigendum arð af stofnfé. Öryggissjóður samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, sem allir sparisjóðir stofna í þessu skyni, ákveður árlega hámarkshlutfall arðgreiðslu. Heimilt er að greiða arð þótt tap sé á rekstri sparisjóðs.
2. Til viðbótar arðgreiðslu skv. 1. tölul. getur aðalfundur ákveðið, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, að ráðstafa allt að 10% af hagnaði hvers árs til hækkunar á stofnfé sjóðsins, þó þannig að hækkun stofnfjár samkvæmt þessum tölulið verði aldrei meiri en 5% á ári. Heimild til endurmats samkvæmt þessum tölulið flyst ekki á milli ára. Endurmat samkvæmt þessum tölulið má ekki leiða til þess að bókfært eigið fé að frádregnu stofnfé verði lægra en það var í árslok 2000. Nýtt stofnfé nýtur hlutfallslega endurmats samkvæmt þessum tölulið miðað við inngreiðslu þess innan ársins. Arðurinn skal reiknaður af endurmetnu stofnfé eins og það er í lok reikningsárs.
3. Hagnað, sem ekki er ráðstafað skv. 1. og 2. tölul., skal leggja í varasjóð.

5. gr.

2. málsl. 1. mgr. 72. gr. laganna orðast svo: Um samruna hlutafélagsbanka og sparisjóða sem breytt hefur verið í hlutafélög gilda að öðru leyti ákvæði laga um hlutafélög eftir því sem við getur átt og samningar hlutaðeigandi aðila.

6. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, II, svohljóðandi:

Komi til sameiningar sparisjóða á Vestfjörðum getur fundur stofnfjáreigenda í sameinuðum sparisjóði ákveðið, þrátt fyrir 3. mgr. 37. gr. A, að sá hluti hlutafjár sparisjóðsins sem ekki gengur til stofnfjáreigenda skuli verða eign tveggja eða fleiri sjálfseignarstofnana sem bundnar voru starfssvæðum hinna sameinuðu sparisjóða.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Sparisjóðirnir eiga sér nærri einnar og hálfrar aldar sögu hér á landi. Með stofnun fyrstu sparisjóðanna var fyrst og fremst að því stefnt að örva sparnað landsmanna og draga úr einkaneyslu. Var yfirlýst markmið hinna fyrstu sparisjóða að „koma í veg fyrir óþarfa kaup og eyðslusemi en geyma og ávaxta fé efnalítilla manna sem þeir kynnu að hafa afgangs“ eins og segir í samþykktum elstu sparisjóðanna.

Það er reyndar ekki fyrr en upp úr 1980 að uppgangur sparisjóðanna hefst hér á landi. Þá var aukin áhersla lögð á að sparisjóðir hefðu samvinnu sín á milli, þó svo að sjálfstæði einstakra sjóða væri virt. Þessi samvinna hefur skilað sér í aukinni markaðshlutdeild sparisjóðanna í bankakerfinu. Á sama tíma hefur sparisjóðum fækkað með sameiningum þannig að hver og einn hefur orðið öflugri. Þá hafa sparisjóðirnir staðið að stofnun eða keypt fyrirtæki sem mörg hver eru með öflugustu fyrirtækjum á sínu sviði.

Á síðustu árum hafa orðið miklar breytingar á íslenskum fjármagnsmarkaði. Stofnuð hafa verið hlutafélög um rekstur og starfsemi ríkisviðskiptabankanna, Landsbanka Íslands og Bún-

aðarbanka Íslands, þeir skráðir á markaði og einkavæddir að hluta. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins tóku síðan til starfa á grunni rótgróinna fjárfestingarlánasjóða. FBA hefur síðan verið einkavæddur og sameinast Íslandsbanka hf. Það má leiða rök að því að sparisjóðirnir standi frammi fyrir virkari samkeppni en áður. Framangreindar breytingar hafa því áhrif á samkeppnisstöðu sparisjóðanna.

Sparisjóðirnir hafa í lengri tíma haft hærra eiginfjárhlutfall en viðskiptabankarnir. Á síðustu árum hafa sparisjóðirnir vaxið hratt og eiginfjárhlutfall þeirra lækkað. Frá sjónarhóli sparisjóðanna var eðlilegt að auka eignir sínar til að nýta eigið fé betur og taka virkari þátt í harðri samkeppni á markaðnum.

Lengst af hefur öflun nýs eigin fjár ekki verið vandamál hjá íslenskum innlánsstofnunum. Með stækkandi markaði, alþjóðavæðingu og harðnandi samkeppni hefur þörfin á eigin fé orðið brýnni. Það er því orðin forsenda þess að samkeppnisstaða innlánsstofnana verði raunverulega jöfnuð að þær standi jafnfætis þegar kemur að möguleikum á öflun eigin fjár.

Viðskiptaráðherra skipaði nefnd árið 1998 til að huga að stöðu sparisjóðanna og hlutverki á íslenskum fjármagnsmarkaði. Nefndinni var ætlað að taka eftirfarandi til skoðunar:

- Hlutverk sparisjóða á fjármagnsmarkaði, möguleika þeirra til að taka þátt í hinni öru þróun á fjármagnsmarkaði og sérkenni þeirra sem greina þá frá öðrum fjármálafyrirtækjum.
- Lagalega stöðu sparisjóða og samkeppnisstöðu þeirra í ljósi breyttra laga um fjármálastarfsemi hér á landi.
- Almenna jöfnun samkeppnisstöðu fyrirtækja á fjármagnsmarkaði með tilliti til sérstöðu sparisjóða.
- Áhrif breytts eignarhalds og félagsforms á þátt sparisjóðanna í að efla verðbréfamarkað hér á landi.

Á sumarmánuðum 2000 fékk nefndin síðan heimild ráðherra til að vinna að gerð lagafrumvarps. Nefndin var skipuð Benedikt Árnasyni, skrifstofustjóra í viðskiptaráðuneytinu, en hann tók við formennsku í nefndinni í byrjun árs 2000 af Páli Gunnari Pálssyni, Guðmundi Haukssyni, sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, Ragnari Hafliðasyni, aðstoðarforstjóra Fjármálaeftirlitsins, og Sigurði Hafstein, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sparisjóða. Nefndin naut aðstoðar Baldurs Guðlaugssonar hrl. og Sigurðar Jónssonar, löggilts endurskoðanda, við samningu frumvarpsins.

Helstu atriði frumvarpsins eru:

1. Starfandi sparisjóðum er veitt heimild til að breyta rekstrarformi sínu í hlutafélag. Við þessa breytingu halda sparisjóðir starfsleyfi sínu. (3. og 5. gr. frumvarpsins.)
2. Breytingar eru gerðar á ákvæðum um stofnfjárbréf sparisjóða í því skyni að gera bréfin að eftirsóknarverðari fjárfestingarkosti. (1. gr. og 4. gr. frumvarpsins.)
3. Í stað þess að sveitarfélög eða héraðsnefndir tilnefni tvo stjórnarmenn af fimm í sparisjóði er heimilt að kveða í samþykktum á um að stofnfjáreigendur kjósi alla fimm stjórnarmenn sparisjóðs. (2. gr. frumvarpsins.)

Nánar um hlutafélagavæðingu sparisjóða.

- Sparisjóður sem breytt er í hlutafélag er áfram sparisjóður í skilningi laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Ákvæði hlutafélagalaga og ákvæði um hlutafélagsbanka eiga við um sparisjóðinn eftir því sem við getur átt.
- Stofnfjáreigendur fá eingöngu hlutafé sem gagngjald fyrir stofnfjárhluti sína. Þó geta þeir krafist þess samkvæmt hlutafélagalögum að stofnfjárbréf þeirra verði innleyst. Skal samanlagt hlutafé sem stofnfjáreigendur fá í sparisjóðnum nema sama hlutfalli af hlutafé hans eftir breytinguna og stofnfé nemur samtals af áætluðu markaðsvirði sparisjóðsins

samkvæmt mati óháðra aðila sem miðast við sama tímamark og breytingin á rekstrarformi sparisjóðsins.
- Sá hluti hlutafjár sparisjóðsins sem ekki gengur til stofnfjáreigenda skal verða eign sérstakrar sjálfseignarstofnunar. Megintilgangur hennar er að stuðla að vexti í starfsemi sparisjóðsins og viðgangi hans.
- Fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar, sem í skulu eiga sæti allir stofnfjáreigendur í viðkomandi sparisjóði er honum var breytt í hlutafélag, skulu kjósa í stjórn sjálfseignarstofnunarinnar.
- Einstökum hluthöfum er aldrei heimilt að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði sem breytt hefur verið í hlutafélag. Þetta er sama takmörkun og gildir um sparisjóði í gildandi lögum. Heimilt er að kveða á um í samþykktum að sjálfseignarstofnunin geti farið með meira en 5% af heildaratkvæðamagni.

Nánar um stofnfjárbréf.
- Stofnfjáreigendum er auðveldað að selja stofnfjárbréf. Stjórn sparisjóðs er heimilt að innleysa stofnfjárhlut í sparisjóði að beiðni stofnfjáreiganda.
- Heimilt er að ráðstafa allt að 10% af hagnaði hvers árs til hækkunar á stofnfé sjóðsins þó þannig að hækkun stofnfjár, að undanskyldu endurmati vegna verðlags, verði aldrei meiri en 5% á ári.
- Heimilt er að greiða arð þó tap sé á rekstri sparisjóðs.

2. Hlutverk sparisjóða.

Sparisjóðir á Íslandi, líkt og annars staðar í Evrópu, eru fyrst og fremst staðbundin fjármálafyrirtæki með sterk tengsl við starfssvæði sitt og nána samvinnu sín á milli. Sparisjóðirnir hafa verið reknir með hag sparifjáreigenda og almennings fyrir augum en ekki til hámarksarðs fyrir stofnfjáreigendur. Markmiðið með rekstrinum var því að stuðla að almannahag.

Á síðastliðnum hálfum öðrum áratug hafa orðið miklar breytingar á starfsheimildum og starfsemi innlánsstofnana. Starfsskilyrði sparisjóða og viðskiptabanka hafa verið jöfnuð og starfsheimildir þeirra eru nú hinar sömu. Þetta er mjög viðamikil breyting frá því sem áður var. Sérstaða sparisjóða á íslenskum fjármagnsmarkaði er því ekki hin sama og áður. Sparisjóðirnir keppa á sama markaði og önnur fjármálafyrirtæki um hylli viðskiptavina og beita sömu aðferðum við að nálgast þá. Í þeirri miklu samkeppni sem ríkir á fjármagnsmarkaðnum verða sparisjóðir, líkt og aðrir, að gæta fyllsta aðhalds í rekstri í því skyni að geta boðið samkeppnishæf kjör. Taka þarf ákvarðanir um lánveitingar og fjárfestingar á grundvelli arðsemi til að skaða ekki samkeppnishæfni fyrirtækisins. Rekstrarmarkmið fjármálafyrirtækja lúta því sömu lögmálum, þó að rekstrarform þeirra og eignarhald sé ólíkt.

Þrátt fyrir þá breyttu stöðu sem að framan greinir er ekki hægt að segja að sparisjóðir hafi glatað tengslum við uppruna sinn. Sérstaða sparisjóðanna er enn mikil. Sparisjóðir eru yfirleitt lítil fjármálafyrirtæki í miklum tengslum við sitt nánasta umhverfi. Flestir þeirra starfa einungis á takmörkuðu svæði. Þannig myndast yfirleitt sterkari tenging við mannlíf og atvinnulíf á starfssvæði sparisjóðsins en tíðkast meðal annarra fjármálafyrirtækja og meiri nálægð við viðskiptavini. Sérstaða sparisjóðanna í samanburði við viðskiptabanka er einnig fólgin í því að meiri hluti viðskipta er við einstaklinga fremur en fyrirtæki. Ekki má heldur gleyma hinni nánu samvinnu sem ríkir á milli sparisjóða. Samvinna sparisjóða gerir þeim kleift að njóta hagkvæmni stærðarinnar á mikilvægum sviðum en sjálfstæði þeirra er þó tryggt.

Í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði er kveðið á um þrjú rekstrarform: ríkisviðskiptabanka, hlutafélagsbanka og sparisjóði. Í ársbyrjun 1998 var eftirstandandi ríkisviðskiptabönkum

breytt í hlutafélög og þeir skráðir á markað. Viðskiptabankar eru því allir reknir sem hlutafélagsbankar. Við þessa breytingu var betur tryggt en áður að hámarksarðsemi yrði ætíð höfð að leiðarljósi í rekstri bankanna. Færa má rök fyrir því að við þessa breytingu hafi staða sparisjóðanna breyst. Sparisjóðir lúta ekki aðhaldi og aga hlutabréfamarkaðarins og því er ekki jafn skýr og afdráttarlaus krafa gerð um arðsemi þess eigin fjár sem bundið er í rekstrinum. Vegna hinna nánu tengsla sparisjóðanna við starfssvæði sitt og samfélagsleg markmið hefur aukist þrýstingur á sparisjóði sem starfa á landsbyggðinni að lána fé til fyrirtækja á starfssvæði þeirra, jafnvel þó að draga megi arðsemi lánveitingarinnar í efa.

Það er ekki einungis á Íslandi sem hlutafélagsformið hefur sótt á í rekstri fjármálafyrirtækja. Af 100 stærstu bönkum Evrópu árið 1990 voru 43 hlutafélagsbankar í einkaeigu og skráðir í kauphöll, 20 sparisjóðir eða sjálfseignarstofnanir og 37 bankar í eigu hins opinbera. Árið 1999 voru hins vegar 63 af 100 stærstu bönkum Evrópu hlutafélagsbankar, 14 sparisjóðir eða sjálfseignarstofnanir og 23 í eigu hins opinbera. Einkavæðing á bönkum í eigu hins opinbera hefur einnig hvarvetna leitt til stofnunar hlutafélagsbanka sem skráðir eru á markaði. Það félagsform sem sparisjóðirnir byggjast á er á undanhaldi í Evrópu, þótt sparisjóðir hafi að sönnu mjög víða sterka stöðu. Hlutafélög með sem stefna að hámarkshagnaði fyrir eigendur sína er á hraðri leið með að verða hið ráðandi form á fjármálamarkaði.

Eðlilegt er að spurt sé hvort sparisjóðsformið og sú hugmyndafræði sem að baki sparisjóðunum er sé úrelt á fjármagnsmarkaði nútímans. Áður var þess getið að starfsheimildir sparisjóða og annarra fjármálafyrirtæka eru hinar sömu og samkeppni mikil. Sparisjóðirnir hafa að mörgu leyti sótt í smiðju hlutafélagsformsins. Þannig reka þeir til dæmis félög, sem þeir eiga sameiginlega, í hlutafélagsformi þar sem hámarksarðsemi er höfð að leiðarljósi og ekki kveðið á um samfélagsleg markmið í samþykktum.

Mikið hefur verið rætt og ritað um stöðu sparisjóðsformsins á nútímafjármagnsmarkaði. Segja má að hugmyndafræðilegur ágreiningur sé ríkjandi á milli hinnar frjálsu markaðshyggju annars vegar og stefnu sem byggist á sameiginlegri eign stofnenda eða félagsmanna hins vegar. Markaðshyggjan hefur rutt sér til rúms á síðustu tveimur áratugum og hafa önnur form atvinnurekstrar en hlutafélög átt undir högg að sækja. Það er þó ekki einhlít niðurstaða fræðimanna að sparisjóðsformið sé úrelt. Í fræðiritum um þetta efni eru taldir upp ýmsir kostir sem hugmyndafræði sparisjóðanna hefur umfram hina frjálsu markaðshyggju. Þar má nefna að smæð sparisjóða og nálægð við viðskiptavini skapi jákvæðara andrúmsloft og persónulegri og betri þjónustu, sparisjóðir hafi meiri ábyrgðartilfinningu gagnvart samfélaginu og taki virkari þátt í þróun þess, sparisjóðir geti í stefnmörkun sinni litið til lengri tíma þar sem þeir eru ekki bundnir af áhuga hluthafa á skammtímaávinningi, sparisjóðir beini sjónum sínum einkum að þörfum einstaklinga og minni fyrirtækja á starfssvæði sínu og að síðustu að sparisjóðir hlaupi ekki í burtu þó að á móti blási. (Sjá t.d. J. Ravell, The Future of Savings Banks, Institute of European Finance, Bretland, 1989, og European Savings Banks – Coming of Age, Lafferty publications, Írland, 1999).

3. Stærð og eigin fé sparisjóða.

Sparisjóðir á Íslandi voru 25 árið 1999 en þeim fækkar í 22 með væntanlegri sameiningu fjögurra sparisjóða á Vestfjörðum í Sparisjóð Vestfjarða. Stofnfjáreigendur eru á fimmta þúsund og er hlutur þeirra í eigin fé sparisjóða um 14%. Mjög mismunandi er hversu hátt hlutfall stofnfjár er af eigin fé í einstökum sparisjóðum. Þannig er hlutfallið í nokkrum stórum sparisjóðum um og undir 1% en á milli 20% og 30% í nokkrum öðrum. Meðaltalseign hvers stofnfjáreiganda í sparisjóðum nemur um 360 þúsund.

Stofnfé og stofnfjáreigendur sparisjóða 1999.

	Eignir í m.kr.	Eigið fé í m.kr.	Stofnfé í m.kr.	Stofnfé/ eigið fé, %	Fjöldi stofn-fjáreigenda, okt. 2000	Meðaleign í þús.kr.
Sp. Reykjavíkur og nágrennis	27.412	1.831	327,2	17,9	908	360
Sp. Hafnarfjarðar	23.146	1.782	5,1	0,3	45	113
Sp. vélstjóra	16.184	1.393	24,8	1,8	533	47
Sp. í Keflavík	11.446	959	346,8	36,2	510	680
Sp. Kópavogs	6.434	655	418,8	63,9	610	687
Sp. Mýrasýslu*	5.141	686	3,0	0,4	2	1.500
Sp. Bolungarvíkur	4.048	553	36,6	6,6	117	313
Sp. Vestmannaeyja	3.037	314	0,7	0,2	70	10
Sp. Siglufjarðar	1.924	202	0,6	0,3	44	14
Sp. Norðlendinga	2.456	368	2,1	0,6	87	24
Sp. Húnaþings	1.928	229	2,0	0,9	90	22
Sp. Ólafsfjarðar	1.256	79	216,9	274,6	86	2.522
Sp. Svarfdæla	1.688	258	4,5	1,7	150	30
Eyrarsparisjóður	1.429	65	7,5	11,5	98	77
Sp. S-Þingeyinga	1.218	108	6,4	5,9	176	36
Sp. Hornafjarðar	1.837	102	74,1	72,6	182	407
Sp. Norðfjarðar	1.209	200	4,3	2,2	61	70
Sp. Önundarfjarðar	1.213	170	3,1	1,8	33	94
Sp. Þingeyrar	733	179	1,1	0,6	47	23
Sp. Ólafsvíkur	752	124	0,1	0,1	46	2
Sp. Þórshafnar	562	131	0,3	0,2	84	4
Sp. Höfðhverfinga	419	86	3,0	3,5	43	70
Sp. Súðavíkur	561	38	13,2	34,7	36	367
Sp. Strandamanna	377	134	1,2	0,9	75	16
Sp. Hólahrepps	21	7	0,1	1,4	-	
	116.431	10.653	1.503,5	14,1	4.133	364

* Sveitarfélög eru einu stofnfjáreigendur Sparisjóðs Mýrasýslu

4. Stofnfjárbréf og hlutabréf.

Sérstaða sparisjóðsformsins er ekki hvað síst fólgin í því að stofnfjárbréf í sparisjóðum eru ekki framseljanleg nema með samþykki sparisjóðsstjórnar og veðsetning þeirra er alfarið óheimil. Stjórn sparisjóðs er á hinn bóginn skylt að innleysa stofnfjárhlut þegar sparisjóði er slitið, við gjaldþrotaskipti á búi stofnfjáreiganda og við fjárnám í stofnfjárhlut stofnfjáreiganda. Auk þess er stjórn sparisjóðs heimilt að innleysa stofnfjárhlut við andlát stofnfjáreiganda, við eigendaskipti á stofnfjárhlut þegar fjárslit fara fram milli hjóna og við brottflutning stofnfjáreiganda af starfssvæði sjóðsins.

Stofnfjárbréf eru í veigamiklum atriðum frábrugðin hlutabréfum. Stofnfjáreigandi nýtur einungis arðs af innborguðu stofnfé sínu en hefur ekki rétt til ágóðahlutar af rekstrarafgangi sparisjóðs umfram arðgreiðslur. Hann fær með öðrum orðum ekki hlutdeild í uppsöfnuðu eigin fé sjóðsins, nema hugsanlega í gegnum arðgreiðslu. Þetta er ólíkt réttindum hluthafa í hlutafélagi, en hlutdeild hans í eigin fé félagsins er hin sama og hlutur hans af heildarhlutafé. Stofnfjáreigandi getur ekki án heimildar sparisjóðsins selt bréf sín og bréfin ganga ekki kaupum og

sölum á markaði. Í hlutafélagi getur hluthafi selt hlutabréf sín án utanaðkomandi íhlutunar, nema nýtt sé heimild laga til að takmarka framsal. Stofnfjáreigandi býr enn fremur við lagatakmarkanir á atkvæðisrétti. Aðalreglan er sú að stofnfjáreigendur eiga jafnan hlut og hafa jafnan atkvæðisrétt. Heimilt er að kveða á um annað í samþykktum sparisjóðs, þó þannig að einstakur stofnfjáreigandi getur aldrei farið með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Í hlutafélögum er aðalreglan sú að hluthafar fara með atkvæði í samræmi við hlutdeild sína í heildarhlutafé félagsins.

Þegar stofnfjárbréf eru í boði er áskilið í lögum að þau skulu keypt og seld á nafnverði að viðbættri ónýttri heimild til endurmats stofnfjár. Viðskiptin fara því fram á grundvelli fyrirfram ákveðins verðs. Þetta er ólíkt því sem gerist í viðskiptum með hlutabréf þar sem aðalreglan er sú að kaupendur og seljendur meta framtíðarhorfur félagsins og verðlagningin tekur mið af væntum núvirtum framtíðarhagnaði.

Af framansögðu má ljóst vera að stofnfjárhlutir í sparisjóðum og hlutir í hlutafélögum eru gjörólík form. Að öllu jöfnu ættu hlutabréf að vera betri fjárfestingarkostur en stofnfjárbréf litið til lengri tíma. Ávöxtun hlutabréfa byggist á tvennu; úthlutuðum arði af nafnvirði hlutafjár og gengishækkun bréfanna. Möguleikar hluthafa til að njóta góðrar ávöxtunar eru ekki síst fólgnir í hækkun á verði bréfanna. Stofnfjáreigandi nýtur hins vegar einungis arðs af framreiknuðu stofnfé sínu og hömlur eru lagðar á framsal. Á síðustu árum hefur ávöxtun af stofnfé hins vegar verið góð og hafa bréfin verið endurmetin með hliðsjón af verðbólgu og arður greiddur.

5. Öflun nýs eigin fjár.

Sparisjóðir eiga örðugra en hlutafélagsbankar með að afla nýs eigin fjár. Stofnfjárbréf með þeim einkennum sem lýst er að framan, þ.e. þau ganga ekki kaupum og sölum á markaði, takmarkanir reistar við framsali og atkvæðisréttur er skertur, þykja síður fýsilegur kostur fyrir fjárfesta. Þetta veldur því að sparisjóðir eiga erfiðara en fjármálafyrirtæki í hlutafélagsformi með að afla sér nýs eigin fjár til vaxtar. Hér er gengið út frá því sem vísu að einkenni stofnfjárbréfa geri þau lítt áhugaverð, enda séu til staðar aðrir möguleikar til fjárfestinga sem ættu, að öðru jöfnu, að gefa betri ávöxtun. Það er þó forvitnilegt að velta því fyrir sér hvort önnur sjónarmið en hámarksarðsemi geti átt við um kaup á stofnfjárbréfum. Líklegt má telja að félagsleg sjónarmið hafi átt sinn þátt í stofnfjárbréfakaupum þeirra rúmlega fjögur þúsund sem nú eiga slík bréf. Þessir stofnfjáreigendur hafa sóst eftir því að taka í félagi með öðrum þátt í uppbyggingu á viðkomandi starfssvæði með eignarhlut í staðbundnu fjármálafyrirtæki. Þrátt fyrir þá annmarka sem eru á stofnfjárbréfum fyrir fjárfesti sem reynir að ná hámarksarði er ekkert sem bendir til að stofnfjáreigendur séu síður meðvitaðir eða gæti hag fyrirtækis síns síður en hluthafar í hlutafélögum. Sem dæmi um þetta má nefna að þátttaka á aðalfundum sparisjóða hefur ekki reynst minni en í hlutafélagsbönkum.

Við þær þjóðfélagsaðstæður sem nú ríkja, þar sem eigendavitund hefur aukist, hlutafélög eru að verða hið ráðandi form atvinnurekstrar og markaðsvæðing atvinnulífsins er á mikilli hraðferð, má telja ólíklegt að fjárfestar séu tilbúnir að leggja fé í stofnfjárbréf sparisjóða í miklum mæli. Nokkrir sparisjóðir hafa þó selt stofnfjárbréf með góðum árangri á undanförnum árum. Ekki er hægt að útiloka að ástæða eftirspurnar eftir stofnfjárbréfum á síðustu árum sé von fjárfestanna um að hagnast á hugsanlegri breytingu sparisjóðsins í hlutafélag.

Af framansögðu má draga þá ályktun að núverandi lagarammi sem sparisjóðir starfa eftir sé ófullnægjandi. Sparisjóðir verða að eiga möguleika á því að afla sér nýs eigin fjár á markaði ef þeir ætla sér að verða samkeppnishæfir á fjármagnsmarkaði. Ef engar breytingar verða gerðar á lögunum eru sparisjóðum aðeins þrjár leiðir færar. Í fyrsta lagi að nýta sér hagnað til innri uppbyggingar, í öðru lagi að auka stofnfé með því að fjölga stofnfjáreigendum eða hækka

mögulega hámarkseign hvers aðila og í þriðja lagi að selja eignir eða breyta samsetningu eigna sinna. Engin þessara leiða getur gengið til lengri tíma litið fyrir sparisjóðina sem heild ef þeir ætla sér að viðhalda stöðu sinni á markaði. Niðurstaðan er því sú að æskilegt er fyrir sparisjóði að eiga möguleika á því að afla sér nýs eigin fjár með sama hætti og keppinautar þeirra á markaði.

Þessi niðurstaða byggist á þeirri forsendu að vöxtur sé sparisjóðunum nauðsynlegur. Halda mætti því fram að sparisjóðirnir geti haldið áfram að sinna heimilum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum í heimabyggð sinni líkt og verið hefur án þess að leggja sérstaka áherslu á stækkun. Telja verður þó að þessi kostur sé ekki raunhæfur vilji sparisjóðir viðhalda þeirri stöðu á markaðinum sem þeir njóta í dag. Fyrir þessu eru margar ástæður. Samkeppni á fjármagnsmarkaði hefur vaxið gríðarlega á undanförnum árum. Samkeppnin hefur leitt til minnkandi vaxtamunar og þrýst á að fjármálafyrirtæki stækki til að unnt sé að ná bæði fram minni vaxtamun með hagkvæmni stærðar og viðunandi arðsemi. Regluverk á markaðinum kallar einnig á stækkun eininga. Í því skyni að tryggja betri áhættudreifingu hafa stjórnvöld sett sífellt strangari reglur um það hámark af eigin fé sem hver lánastofnun getur lánað til einstaks viðskiptavinar. Til að veita sístækkandi fyrirtækjum í heimabyggð sinni þjónustu verða því sparisjóðir að stækka. Auk þess má geta þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á dreifileiðum fjármálafyrirtækja með tilkomu netsins og nýrrar fjarskiptatækni. Þessar breytingar kalla á slíkar fjárfestingar í upplýsingatækni að minni fyrirtæki hafa ekki bolmagn til þátttöku.

6. Nýjar leiðir til öflunar eigin fjár.

Tvær leiðir hafa einkum verið nefndar hér og erlendis til að leysa framangreindan vanda sparisjóða við öflun eigin fjár. Önnur leiðin felst í því að gera sparisjóðum kleift að bjóða upp á markaðshæf bréf í sérstakri deild án þess að hrófla að öðru leyti við áður útgefnum stofnfjárbréfum eða rekstrarformi sjóðanna. Hin leiðin er að gera sparisjóðum kleift að stofna hlutafélög um reksturinn. Hér á eftir verður kostum og göllum þessara leiða lýst í stuttu máli.

a. Sparisjóðshlutabréf.

Þessi leið byggist á því að stofna sérstakan eiginfjársjóð sem fjármagnaður er með sölu stofnfjárhluta sem aukinn arðsréttur fylgir. Þessum stofnfjárhlutum getur líka fylgt aukinn atkvæðisréttur. Þessi bréf eru oft kölluð B-deildar bréf en eru hér nefnd sparisjóðshlutabréf.

Markmið með útgáfu sparisjóðshlutabréfanna er að afla aukins eigin fjár til vaxtar án þess að hrófla við megineinkennum sparisjóðsformsins. Sparisjóðshlutabréfin eiga að líkjast sem mest hlutabréfaforminu og höfða þannig betur til fjárfesta heldur en stofnfjárbréfin. Bréf af þessu tagi hafa í nokkurn tíma verið gefin út í Noregi með ágætum árangri. Þar hefur myndast virkur markaður með bréf stærstu sparisjóðanna.

Ekki er ólíklegt að flestir stærstu sparisjóðirnir hér á landi mundu gefa út sparisjóðshlutabréf hefðu þeir heimild til þess. Hvort þessi leið er vænleg til árangurs fyrir sparisjóði fer þó eftir viðtökum fjárfesta við bréfunum. Alls óvíst er hvort áhugi reyndist fyrir slíkum eftirlíkingum af hlutabréfum. Reynslan frá Noregi bendir til að ekki sé loku fyrir það skotið að markaður geti myndast með bréf stærstu sparisjóðanna. Miðað við þróun á verðbréfamarkaði er mjög ólíklegt að minni sparisjóðir gætu haft erindi sem erfiði af sölu sparisjóðshlutabréfa. Möguleikar þeirra til vaxtar væru þá takmarkaðir við sameiningu við sparisjóði eða önnur fjármálafyrirtæki. Einnig er í þessu sambandi rétt að benda á að ekki er góð reynsla hér á landi af útgáfu samvinnuhlutabréfa, sem ekki hafa náð fótfestu sem markaðsverðbréf. Þessi leið er ekki lögð til í frumvarpi þessu.

b. Sparisjóðum breytt í hlutafélög.

Þessi leið byggist á því að veita sparisjóðum heimild til að breyta sér í hlutafélög. Eftir að sparisjóður breytir rekstrarformi sínu í hlutafélagsform öðlast hann hliðstæðar heimildir og hlutafélagsbankar til að styrkja eiginfjárstöðu sína með aukningu hlutafjár. Samkvæmt þessari leið verður samruni með viðkomandi sparisjóði og hlutafélagi sem stofnað er um reksturinn. Sjálfseignarstofnun sem er sett saman úr eigin fé sparisjóðsins að frádregnum stofnfjárhlutum verður hluthafi í hlutafélaginu og hefur það markmið að stunda sparisjóðsstarfsemi með eignarhaldi í sparisjóðshlutafélagi. Þessi sjálfseignarstofnun verður til að byrja með langstærsti hluthafinn í nýja hlutafélaginu.

Að öðru jöfnu ætti þessi leið að höfða betur til fjárfesta en sparisjóðshlutabréf. Hlutafélagsformið er ráðandi form í íslenskum atvinnurekstri í dag og best skilgreinda rekstrarformið í íslenskum lögum. Hlutabréf eru einnig þekkt hjá almenningi, ólíkt stofnfjárbréfum og flestum öðrum formum. Með þessari leið væri einfalt fyrir sparisjóði að auka eigið fé sitt. Þessi leið hefur einnig þann kost, sé heimildin til stofnunar hlutafélags nýtt, að jafna aðstæður á milli fjármálafyrirtækja. Í frumvarpinu er lagt til að sparisjóðum verði veitt heimild til að breyta rekstrarformi sínu í hlutafélög.

Margt þarf þó að hafa í huga þegar tekin er jafn stór ákvörðun og að breyta rekstrarformi fyrirtækja. Í fyrsta lagi ber að nefna að einsýnt er að sjálfseignarstofnun, um þann hluta núverandi eigin fjár sparisjóða sem stofnfjáreigendur geta ekki gert tilkall til, mun um tíma verða ráðandi hluthafi í sparisjóðshlutafélaginu. Það skiptir því sköpum hvernig staðið verður að stjórn og rekstri sjálfseignarstofnunarinnar. Í öðru lagi ber að hafa í huga að stærstu sparisjóðirnir hafa fyrst og fremst til að bera þann fjárhagslega styrk að geta boðið út hlutabréf sem ganga kaupum og sölum á markaði.

7. Litlir og meðalstórir sparisjóðir.

Eins og að framan er getið eru ekki allir sparisjóðir það stórir að geta boðið út hlutabréf sem ganga kaupum og sölum á markaði. Hlutafélög þurfa að vera nokkuð stór til að hægt sé að búast við að virkur markaður geti myndast með hlutabréfin og kostir þessa rekstrarforms þannig nýst sem best. Vísbendingar eru um það að markaðsvirði félags þurfi að nema nokkrum milljörðum króna um þessar mundir til að skynsamlegt sé að skrá það á aðallista Verðbréfaþings Íslands. Aðrir markaðir eru hins vegar fyrir hendi eða eru að koma upp þar sem búast má við að virk viðskipti geti orðið þó markaðsvirði sé lægra. Af þessu má hins vegar ráða að hlutafélagaleiðin hentar ekki öllum sparisjóðum.

Hvað margir sparisjóðir geta nýtt sér kosti hlutafélagsformsins er ekki hægt að segja til um en miðað við stærð íslenskra sparisjóða er það mikill minni hluti þeirra 25 sjóða sem starfandi voru í lok árs 2000. Ekki er heldur víst að allir þeir sparisjóðir sem gætu nýtt sér kosti hlutafélagsformsins kjósi að gera það. Því er ekki gott að segja til um það fyrir fram hvaða áhrif frumvarpið muni hafa á sparisjóðina. Einn möguleiki er sá að frumvarpið flýti fyrir sameiningu sparisjóða og sameinaðir sparisjóðir breyti rekstrarformi sínu.

Af reynslu nágrannalandanna má draga þá ályktun að ekki verði margir sparisjóðir reknir í formi hlutafélaga hér á landi. Í Danmörku hafa um tíu sparisjóðir nýtt sér heimild til að breyta sér í hlutafélag. Þeir sem hafa breytt rekstrarformi sínu eru fyrst og fremst stærstu sparisjóðirnir. Í Noregi hafa um 25 sparisjóðir gefið út sparisjóðshlutabréf (grunnfondsbeviser) sem ganga kaupum og sölum á markaði og í þeim hópi eru allir stærstu sparisjóðirnir. Í bæði Danmörku og Noregi eru tugir lítilla og meðalstórra sparisjóða sem starfa staðbundið, hafa yfir að ráða nægu eigin fé og hafa ekki áhuga á að gefa út markaðsverðbréf.

Hvort litlir og meðalstórir íslenskir sparisjóðir geta lifað af harðnandi samkeppni eða hvort þeim reynist nauðsynlegt að auka samvinnu sín á milli eða sameinast mun tíminn leiða í ljós. Í frumvarpinu eru hins vegar mikilvæg nýmæli þar sem reynt er að bæta stöðu þeirra sparisjóða sem líklegt má telja að hafi ekki hug á hlutafélagsforminu. Markmiðið er að gera stofnfjárbréf að eftirsóknarverðari fjárfestingarkosti. Það er gert með því að auðvelda stofnfjáreigendum að selja bréf sín og með því að auka arðsvon af bréfunum. Með þeim breytingum sem lagðar eru til á ákvæðum laganna um stofnfjárbréf ættu þau að verða betri fjárfestingarkostur með góðri ávöxtun en minni áhættu en hlutabréf.

8. Staða sparisjóða í Evrópu.

Sparisjóðir hafa víða mjög sterka stöðu í Evrópu. Í sex ríkjum Evrópu eru sparisjóðir með yfir 30% hlut í innlánum í bankakerfinu og allt upp í 50%. Í slíkum tölum teljast allar innlánsstofnanir aðrar en hlutafélagsbankar og ríkisviðskiptabankar til sparisjóða. Sparisjóðir eru mjög ólíkir að uppbyggingu og rekstrarformi. Þeir geta t.d. verið í formi sparisjóða með svipuðum hætti og þekkist hér á landi, eins og á Spáni, í Noregi og Danmörku, byggingarsamvinnufélaga (building societies) í Bretlandi, fylkisbundinna sparisjóða með ábyrgð viðkomandi sambandsríkis í Þýskalandi (Sparkassen) eða reknir í hlutafélagsformi, svo sem á Ítalíu, í Danmörku, Hollandi og Bretlandi (sjá European Savings Banks – Coming of age, Lafferty publications, Írland 1999).

Það er ekki rekstrarformið sem sameinar sparisjóði heldur miklu frekar áherslur þeirra og markaðssetning. Sparisjóðir eru fyrst og fremst lítil og staðbundin þjónustufyrirtæki. Hið takmarkaða starfssvæði sparisjóðanna gerir þeim kleift að veita viðskiptavinum persónulega þjónustu. Stefnan er mótuð heima í héraði en ekki í fjarlægð þar sem þekking á staðbundnum aðstæðum er takmörkuð. Þetta er talin vera ein af helstu ástæðum fyrir velgengni sparisjóða í Evrópu. Smæð sparisjóða gerir þeim nauðsynlegt að hafa nána samvinnu sín á milli. Yfirleitt er það sérstakt fyrirtæki sem sparisjóðirnir reka sameiginlega sem sinnir stærri lántökum, upplýsingatækni og fleiri þáttum þar sem hagkvæmni stærðar er mikil. Sparisjóðir einstakra landa eru einnig yfirleitt með sameiginlegt merki og markaðssetning er að hluta mótuð í samvinnu.

Eitt einkenni sparisjóða er að þeir sinna heimilum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum í ríkari mæli en viðskiptabankar. Smæð flestra sparisjóða gerir þeim erfitt fyrir að þjónusta stærstu fyrirtæki. Sparisjóðir hafa tilheigingu til að taka minni áhættu en viðskiptabankar og innlán eru stærri hluti fjármögnunar en hjá viðskiptabönkum.

Á síðasta áratug hafa sparisjóðir í Evrópu staðið frammi fyrir meiri breytingum á starfsumhverfi en áratugina þar á undan. Þeir hafa orðið að bregðast við opnun hólfa á milli einstakra tegunda fjármálafyrirtækja sem meðal annars hefur gefið sparisjóðum færi á að breikka þjónustusvið sitt og stækka starfssvæðið. Þetta hefur leitt til mun meiri samkeppni en áður hefur þekkst á fjármagnsmarkaði. Víða hefur öflun nýs eigin fjár með samkeppnishæfum hætti (capital challenge) verið helsta vandamál sem sparisjóðir hafa staðið frammi fyrir. Lausnir sem mótaðar hafa verið eru í fyrsta lagi að breyta rekstrarforminu í hlutafélag, í öðru lagi að leyfa útgáfu nýrra tegunda af bréfum sem unnt er að selja á markaði, í þriðja lagi að breyta eignasamsetningu og í fjórða lagi að selja eignir. Umræða um framtíð sparisjóðanna á nútímafjármagnsmarkaði hefur að miklu leyti snúist um það hvort sparisjóðirnir geti viðhaldið séreinkennum sínum á þessum breyttu tímum eða hvort nýir tímar kalli á breytta hugmyndafræði sparisjóðanna.

Eins og áður segir hafa sparisjóðir víða mjög sterka stöðu í hefðbundnum bankaviðskiptum. Í töflunni er sýnd markaðshlutdeild sparisjóða í innlánum í bankakerfinu árin 1984 og 1997.

Taka ber fram að hlutur sparisjóða er lægri en ef miðað er við eignir bankakerfisins í stað innlána.

Hlutur sparisjóða í innlánum bankakerfisins, %.

Land	1984	1997
Austurríki	30,8	32,2
Belgía	59,6	30,7
Danmörk	28,1	7,5
Finnland	20,7	7,0
Frakkland	20,3	17,0
Holland	11,1	4,6
Ísland	**15,4**	**22,4**
Ítalía	26,6	27,0
Noregur	44,9	44,9
Portúgal	21,0	39,1
Spánn	35,4	49,3
Svíþjóð	28,9	28,3
Þýskaland	49,7	39,8

9. Reynsla Dana af hlutafélagavæðingu sparisjóða.

Á níunda áratugnum tókst um það víðtækt samkomulag meðal danskra sparisjóða að þörf væri á að breyta lögum á þann veg að sparisjóðum gæfist kostur á að breyta rekstarformi sínu í hlutafélag, sýndist þeim það vænlegra. Árið 1988 var dönskum lögunum breytt í því skyni og hefur sparisjóðum, sem starfandi voru í janúar 1989, síðan verið heimilt að breyta sér úr sjálfseignarstofnunum í hlutafélög en þeim jafnframt verið gefið færi á að viðhalda ýmsum sérkennum sem sparisjóðirnir hafa verið þekktir fyrir.

Yfirlýstur tilgangur lagabreytingarinnar var að gefa sparisjóðunum aukið færi á að afla nýs eigin fjár til rekstrar síns. Þeim tilgangi hefur verið náð af því að eftir að sparisjóður breytir rekstrarformi sínu í hlutafélagsform öðlast hann hliðstæðar heimildir og hlutafélagsbankar til að styrkja eiginfjárstöðu sína með aukningu hlutafjár. Danskir sparisjóðir, sem breytt hefur verið í hlutafélög, hafa eftir sem áður heimild til að kalla sig sparisjóði að því tilskyldu að í sömu andrá sé gefið til kynna að um hlutafélag sé að ræða.

Samkvæmt hinum dönsku reglum hafa sparisjóðir um tvær leiðir að velja kjósi þeir á annað borð að breyta rekstarformi sínu í hlutafélagsform. Samkvæmt annarri leiðinni verður samruni með viðkomandi sparisjóði og hlutafélagi sem stofnað er um reksturinn en eignir sparisjóðsins, að frádregnum skuldum, eru færðar í sjálfseignarstofnun sem er hluthafi í hlutafélaginu. Sé hin leiðin valin verður sömuleiðis samruni með sparisjóðnum og hlutafélagi en í stað þess að stofnaður sé sérstök sjálfseignarstofnun verða eignir sparisjóðsins að frádregnum skuldum bundnar í varasjóði hlutafélagsbankans.

Reynsla Dana af hlutafélagavæðingu sparisjóða hefur almennt verið góð. Um tíu sparisjóðir hafa breytt rekstrarformi sínu, aðallega hinir stærri. Þegar lögin tóku gildi seint á níunda áratugnum voru tveir sparisjóðir langstærstir, SDS og Bikuben. SDS sameinaðist nokkrum viðskiptabönkum fljótlega eftir hlutafélagavæðingu og hætti að skilgreina sig sem sparisjóð. Bikuben starfaði hins vegar í sjö ár án sameiningar við viðskiptabanka. Þegar hann sameinaðist Giro-banken árið 1996 hélt hann áfram stöðu sinni sem sparisjóður. Árið 1998 hætti hann síðan samvinnu við aðra sparisjóði og var sameinaður Den Danske Bank í árslok 2000. Sex millistórir sparisjóðir breyttu rekstrarformi sínu fljótlega eftir að lögin tóku gildi. Um 70 sparisjóðir

breyttu ekki rekstrarformi sínu og hafa ekki hug á að gera það. Þessir sparisjóðir starfa á afmörkuðum landssvæðum í sterkum tengslum við sitt umhverfi og þurfa ekki á meiru eigin fé að halda. Mikið samstarf er á milli þessara sparisjóða.

Allir sparisjóðir sem breytt hafa rekstrarformi sínu, að einum undanskildum, völdu þá leið að stofna sjálfseignarstofnun sem varð hluthafi í sparisjóðnum. Stofnanirnar áttu yfirleitt um 20–40% af sparisjóðum í upphafi en þó allt upp í 100%. Eignarhlutur þeirra hefur smátt og smátt minnkað, fyrst og fremst vegna hlutafjáraukningar og samruna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er ætlunin að auðvelda stofnfjáreigendum að selja stofnfjárbréf sín. Í 1. mgr. 20. gr. laganna segir að stjórn sparisjóðs sé heimilt að innleysa stofnfjárhlut í sparisjóði við þrjár tilteknar aðstæður; í fyrsta lagi við andlát stofnfjáreiganda, í öðru lagi við eigendaskipti á stofnfjárhlut þegar fjárslit fara fram milli hjóna og í þriðja lagi við brottflutning stofnfjáreiganda af starfssvæði sjóðsins. Telja verður að skilyrði þessi séu of þröng og æskilegt sé fyrir stofnfjáreigendur að heimildin sé rýmkuð. Fyrir vikið ættu stofnfjárbréf að verða fýsilegri fjárfestingarkostur.

Samkvæmt þessari grein er innlausn stofnfjárhluta í sparisjóði að beiðni stofnfjáreigenda sparisjóðum einungis heimil en ekki skyld. Synji sparisjóður um innlausn fer samkvæmt ákvæðum 21. gr. Með þessari breytingu verða stofnfjárbréf ekki að framseljanlegum bréfum sem ganga kaupum og sölum á markaði. Áfram mun gilda ákvæði 18. gr. um bann við sölu eða öðru framsali stofnfjárhlutar í sparisjóði nema með samþykki sparisjóðsstjórnar.

Um 2. gr.

Í þessari grein er lagt til að fundur stofnfjáreiganda hafi val um hvort sveitarfélög (eða héraðsnefndir) skuli skipa tvo af fimm stjórnarmönnum í sparisjóði. Nokkuð hefur verið um það rætt á undanförnum árum hvort sú skipan að sveitarfélög skipi í stjórn sparisjóðs sé eðlileg. Hefur í því sambandi verið nefnt að það skjóti skökku við að í stjórn sparisjóða skuli sitja fulltrúar aðila sem oft eiga engra beinna hagsmuna að gæta við rekstur þeirra en fara samt sem áður með 40% stjórnarsæta. Sameiningar sparisjóða og sameiningar sveitarfélaga geta einnig leitt til þess að erfiðara er að velja sveitarfélagsmenn til setu í stjórnum sparisjóða. Sé það hins vegar vilji einstakra sparisjóða að hverfa ekki alfarið frá því fyrirkomulagi sem gilt hefur er því farin sú leið í þessu frumvarpi að aðkoma sveitarfélaga sé háð ákvörðun fundar stofnfjáreigenda.

Um 3. gr.

Um a-lið (37. gr. A).

Í þessari grein er kveðið á um heimildir til að breyta starfandi sparisjóðum í hlutafélög og hvernig að því beri að standa.

Í 1. mgr. er kveðið á um með hvaða hætti breytingin í hlutafélag skuli eiga sér stað. Greinin á sér samsvörun í samrunaákvæði 72. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Það skal tekið fram að samþykki ráðherra er fengið að loknum fundi stofnfjáreigenda. Breyting sparisjóðs í hlutafélag er framkvæmd með samruna sparisjóðsins við hlutafélag sem sparisjóðurinn hefur áður stofnað í þessu skyni. Rétt er einnig að taka fram að heimildin til umbreytingar sparisjóðs í hlutafélag takmarkast við þá sparisjóði sem eru starfandi hinn 31. desember 2000. Verði frumvarpið að lögum verður ekki unnt að stofna nýja sparisjóði í formi hlutafélaga eða að breyta sparisjóðum sem stofnaðir verði eftir 31. desember 2000 síðar í hlutafélag. Við stofnun

nýrra innlánsstofnana mun valið því standa á milli þess að stofna hlutafélagsbanka eða sparisjóð í rekstrarformi samkvæmt núgildandi lögum.

Í 2. mgr. er kveðið á um undanþágu frá ákvæðum hlutafélagalaga um lágmarksfjölda stofnenda og hluthafa. Þetta er gert til einföldunar þannig að sparisjóðurinn geti stofnað hlutafélagið án þátttöku annarra og verið eini hluthafinn í því þar til breyting sparisjóðs í hlutafélag á sér stað.

Í 3. mgr. er sagt til um hvernig hlutafé í hlutafélaginu skuli skiptast við breytingu sparisjóðs í hlutafélag. Stofnfjáreigendur í sparisjóði skulu fá hlutafé í hlutafélaginu sem gagngjald fyrir stofnfjárhluti sína. Þeir geta einnig, sbr. 4. mgr. (131. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög), krafist þess að stofnfjárbréf þeirra verði innleyst ef þeir hafa greitt atkvæði gegn samruna sparisjóðsins við hlutafélagið og skrifleg krafa um það er gerð innan mánaðar frá því að fundur stofnfjáreigenda var haldinn.

Í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði segir að stofnfjáreigendur hafi ekki rétt til ágóðahlutar af rekstrarafgangi sparisjóðs um fram það sem mælt er fyrir um í lögunum. Einnig segir að stofnfjáreigendur skuli einungis njóta arðs af innborguðu stofnfé sínu. Stofnfjáreigendur eiga með öðrum orðum ekki tilkall til eigin fjár sparisjóðs nema þess stofnfjár sem þeir sjálfir lögðu til hans, en það er heimilt að endurmeta skv. 23. gr. laganna. 3. mgr. greinarinnar tekur mið af þessu. Þar segir að samanlagt hlutafé sem stofnfjáreigendur fá í sparisjóðnum skuli nema sama hlutfalli af hlutafé hans eftir breytinguna og stofnfé, endurmetið skv. 23. gr., nemur samtals af áætluðu markaðsvirði sparisjóðsins. Markaðsvirði sparisjóðsins skal metið af óháðum aðila og miðast við sama tímamark og breytingin á rekstrarformi. Þetta er best að útskýra með dæmi. Gerum ráð fyrir að stofnfé í sparisjóði nemi 50 millj. kr. af 500 millj. kr. eigin fé hans, eða 10%. Ef áætlað markaðsvirði sparisjóðsins samkvæmt mati óháðra aðila er tvöfalt eigið fé hans, eða 1.000 milljónir, eiga stofnfjáreigendur rétt á að fá hlutafé í sparisjóðnum sem nemur 5%, þ.e. 50 milljónum af áætluðu markaðsvirði, 1.000 milljónum. Afgangurinn, 95% af hlutafé sparisjóðsins, rennur til sjálfseignarstofnunar samkvæmt lokamálslið 3. mgr.

Í 3. mgr. kemur einnig fram að óháður aðili skuli meta áætlað markaðsvirði sparisjóðs sem hyggur á breytingar á rekstarformi sínu. Miðað er við að markaðsvirðið sé áætlað út frá því að sparisjóðurinn haldi áfram rekstri í dreifðri eignaraðild en ekki hvað þriðji aðili sé tilbúinn að greiða fyrir sparisjóðinn. Mikilvægt er að óháður aðili sé fenginn til að meta markaðsvirðið. Ekki er eðlilegt að stjórn sparisjóðsins hafi sjálf þetta mat með höndum. Það kemur til af því að meiri hluti sparisjóðsstjórnar eru fulltrúar stofnfjáreigenda sem hafa hagsmuni af því að markaðsvirðið sé metið sem lægst enda leiðir það til meiri hlutafjáreignar stofnfjáreigenda í sparisjóðnum. Það er síðan sparisjóðsstjórnar, að fengnu mati óháðs aðila, að leggja til við fund stofnfjáreigenda að breyta sparisjóði í hlutafélag.

Sá aðili, einn eða fleiri, sem sparisjóðsstjórn fær til að meta markaðsvirði sparisjóðsins verður að hafa faglega þekkingu til að bera til að meta virði fyrirtækja. Hér er átt við lánastofnanir, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, ráðgjafarfyrirtæki og endurskoðunarfyrirtæki svo dæmi séu nefnd. Með óháðum aðila er átt við að aðilinn hafi ekki beinna viðskiptahagsmuna að gæta við sparisjóðinn, t.d. endurskoði reikninga sparisjóðsins eða hafi sterk viðskiptatengsl við hann að öðru leyti.

Í 4. mgr. er kveðið á um að samrunaákvæði 120.–128. gr. hlutafélagalaga gildi um samruna sparisjóðs og hlutafélags þess sem sparisjóður stofnar í því skyni að taka við rekstri sparisjóðsins. Einnig gildir ákvæði 131. gr. en þar er kveðið á um að hluthafar eigi kröfu á því að hlutabréf þeirra verði innleyst ef skrifleg krafa er gerð um það innan mánaðar frá því að hluthafafundurinn var haldinn.

Eftirfarandi er stutt lýsing á gangi mála við umbreytingu sparisjóðs í hlutafélag:

1. Stjórn sparisjóðs tekur ákvörðun um að stefna að breytingu sparisjóðsins í hlutafélag.
2. Stjórn sparisjóðs felur óháðum aðila að meta áætlað markaðsvirði sparisjóðsins.
3. Sparisjóðurinn stofnar hlutafélag til breytingar á sparisjóðnum með samruna.
4. Stjórnir sparisjóðsins og hlutafélagsins gera og undirrita samrunaáætlun og semja greinargerð með henni. Greinargerðinni fylgir sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur og upphafsefnahagsreikningur hlutafélagssparisjóðsins.
5. Matsmenn gera skýrslu um samrunaáætlunina.
6. Samrunaáætlunin og skýrsla matsmanna eru send til hlutafélagaskrár og tilkynning um móttöku þessara skjala birt í Lögbirtingablaðinu.
7. Sparisjóðurinn undirbýr stofnun sjálfseignarstofnunar sem verður eigandi þess hluta hlutafjár sparisjóðsins eftir breytingu hans í hlutafélag sem ekki gengur til stofnfjáreigenda.
8. Tillaga um breytingu sparisjóðsins í hlutafélag á grundvelli samrunaáætlunarinnar og niðurstöðu mats óháðs aðila um áætlað markaðsvirði sparisjóðsins (og þar með um hlutdeild stofnfjáreigenda í heildarhlutafé hlutafélagssparisjóðsins) er lögð fyrir fund stofnfjáreigenda. Fund þennan má í fyrsta lagi halda einum mánuði eftir birtingu tilkynningar í Lögbirtingablaðinu um móttöku samrunaáætlunar og skýrslu matsmanna.
9. Stjórn hlutafélagsins tekur ákvörðun um samruna sparisjóðsins við félagið.
10. Samþykkis viðskiptaráðherra leitað fyrir breytingu sparisjóðs í hlutafélag. Viðskiptaráðherra óskar eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins.
11. Hlutafélagaskrá tilkynntar ákvarðanir um samrunann.

Rétt er að taka fram að ákvæði 4. gr. laga nr. 65/1982, um skattskyldu lánastofnana, gilda um samruna sparisjóðsins við hlutafélagið. Slit sparisjóðsins við samrunann hefur því ekki í för með sér skattskyldar tekjur fyrir hlutafélagið og heldur ekki fyrir sparisjóðinn. Þá tekur hlutafélagið samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 65/1982 við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum sparisjóðsins.

Í 5. mgr. segir að við breytingu sparisjóðs í hlutafélag haldi starfsleyfi sparisjóðsins gildi sínu. Hlutafélagið tekur að sér allan rekstur sparisjóðsins og allar eignir hans og skuldir, réttindi og skuldbindingar. Hér er því ekki um nýja starfsemi að ræða og ekki þörf á að veita starfsleyfi að nýju.

Í 6. mgr. segir að ekki sé skylt að gefa út innköllun til lánardrottna og breytingin sé undanþegin stimpilgjöldum í veðmálabókum.

Í 7. mgr. segir að undanþágur 7. gr. laganna frá kröfum um eigið fé gildi áfram eftir breytingu sparisjóðs í hlutafélag.

Í 8. mgr. er kveðið á um að sparisjóði sem breytt er í hlutafélag sé auk orðsins „sparisjóður“ skylt að hafa orðið hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina hf.

Í 9. mgr. er tekið upp það ákvæði 2. mgr. 35. gr. laganna að einstökum hluthöfum sé óheimilt að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Þetta er gert í því skyni að stuðla að dreifðri eignaraðild. Ákvæðið um hámarksatkvæðisrétt einstakra hluthafa girðir ekki fyrir að í samþykktum einstakra hlutafélagssparisjóða verði kveðið á um enn takmarkaðri atkvæðisrétt einstakra hluthafa. Í samþykktum einstakra hlutafélagssparisjóða er unnt að kveða nánar á um framkvæmd takmörkunarinnar, t.d. varðandi það hvort tengdir aðilar, samkvæmt nánari skilgreiningu í samþykktunum skuli teljast einn aðili.

Í þessari málsgrein er einnig kveðið á um að sjálfseignarstofnunin geti farið með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Skal kveðið á um slíka undanþágu frá meginreglunni í samþykktum hlutafélagsins. Sjálfseignarstofnunin mun í upphafi eiga mikinn meiri hluta í flestum ef ekki öllum sparisjóðum sem breyta sér í hlutafélag. Þykir óeðlilegt að hluthafi sem

á mikinn meiri hluta hlutafjár njóti ekki atkvæðisréttar í samræmi við eign sína. Það er síðan sparisjóðum í sjálfsvald sett hvort þeir nýta þessa heimild. Þar eð sjálfseignarstofnunin sjálf er í flestum tilvikum ráðandi hluthafi er það í raun hún sem tekur ákvörðun um takmörkun á atkvæðisrétti. Hér verður að hafa í huga að megintilgangur hennar er að stuðla að viðgangi og vexti í starfsemi sparisjóðsins. Telja verður ólíklegt að áhugi fjárfesta á bréfum í sparisjóði verði mikill, eða að það myndist virkur markaður með bréf hans, hafi sjálfseignarstofnunin ekki hug á að draga úr vægi sínu við stjórn sparisjóðsins. Þannig er hvati fyrir sjálfseignarstofnanir að minnka hlut sinn því annars nýtast ekki kostir hlutafélagsformsins til fulls. Á stofnfundi, þar sem atkvæði eru greidd um drög að samþykktum, skal sjálfseignarstofnunin greiða atkvæði í samræmi við hlutafjáreign sína.

Í 10. mgr. er kveðið á um að ákvæði laganna um hlutafélagsbanka auk ákvæða laga um hlutafélög skuli gilda eftir því sem við getur átt um sparisjóði sem breyta sér í hlutafélög.

Um b-lið (37. gr. B).

Í þessari grein eru ákvæði um sjálfseignarstofnunina sem eignast það hlutafé sparisjóðs sem stofnfjáreigendur geta ekki gert tilkall til. Um hana skulu gilda ákvæði laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur að öðru leyti en því sem kveðið er á um í þessari grein.

Í lögum nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, segir í 3. gr. að sjálfseignarstofnun teljist stunda atvinnurekstur ef hún a) hefur tekjur af sölu á vörum og þjónustu og því um líku eða stundar starfsemi sem er í meginatriðum hliðstæð starfsemi annarra félaga eða einstaklinga í atvinnurekstri; b) fer með meiri hluta atkvæða í hlutafélagi eða einkahlutafélagi eða öðrum félögum sem fer með öðrum hætti með sambærileg yfirráð. Ganga má út frá því að sjálfseignarstofnanir þær sem stofnaðar væru við breytingu sparisjóðs í hlutafélag mundu allar eða nær allar uppfylla skilyrði b-liðar við upphaf starfseminnar. Til að taka af allan vafa um það hvort ákvæði laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur eigi við, og til að allar sjálfseignarstofnanir sem stofnaðar eru í þessu skyni lúti sams konar reglum, er lagt til að kveðið verði sérstaklega á um að þær lúti ætíð ákvæðum téðra laga.

Megintilgangur sjálfseignarstofnunarinnar er að stuðla að viðgangi og vexti í starfsemi sparisjóðsins. Að lokum renna þó allar eignir hennar til menningar- og líknarmála á starfssvæði sparisjóðsins. Hlutverki sínu sinnir sjálfseignarstofnunin fyrst og fremst með því að annast hlut sinn í viðkomandi sparisjóði og ráðstafa mótteknum arði. Þrátt fyrir þetta er mögulegt að sjálfseignarstofnunin stuðli best að viðgangi og vexti í starfsemi sparisjóðsins með því að selja hluta af eign sinni í sparisjóðnum, sér í lagi ef hlutur hennar í sparisjóðnum er yfirgnæfandi. Sjálfseignarstofnunin gæti einnig aukið hlut sinn í sparisjóði eftir sölu fyrir það söluandvirði bréfa sem ekki var úthlutað strax til menningar- og líknarmála. Við sameiningu sparisjóðs við annað fjármálafyrirtæki er við það miðað að sjálfseignarstofnunin eignist hlut í hinu nýja fyrirtæki og haldi starfsemi sinni áfram nema ákvörðun verði tekin um slit.

Ekki er hægt að segja til um hver sé eðlilegur hlutur sjálfseignarstofnunar í sparisjóði eða hvort eðlilegt sé að sjálfseignarstofnun muni eiga í sparisjóði til allrar framtíðar. Minnkun eignarhlutar sjálfseignarstofnunar getur gerst með því að sjálfseignarstofnunin taki ekki þátt í útboðum á nýju hlutafé, með samruna eða með sölu á hluta af eignarhlut. Telja verður að í flestum tilvikum verði talið nauðsynlegt að sjálfseignarstofnun minnki eignarhlut sinn í sparisjóðum, enda ekki líklegt að kostir hlutafélagsformsins nýtist til fulls ef sjálfseignarstofnunin hefur í hyggju að viðhalda ráðandi eignarhlut í sparisjóði.

Af 10.–12. gr. laganna, sbr. 14. gr., leiðir að Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með hæfi sjálfseignarstofnunar til að fara með hlut í sparisjóði sé eignarhlutur sjálfseignarstofnunarinnar virkur í skilningi laganna. Um eftirlit með sjálfseignarstofnunum fer að öðru leyti eftir lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

Í frumvarpinu er ekki gerð tilraun til að kveða með afgerandi hætti á um fjárfestingarstefnu sjálfseignarstofnunarinnar, að öðru leyti en því sem leiðir af megintilgangi hennar. Ástæðan er sú að ekki er líklegt að hægt sé að taka með tæmandi hætti í löggjöf á öllum þeim tilvikum sem upp kunna að koma á starfstíma sjálfseignarstofnunar.

Sá megintilgangur sjálfseignarstofnunar að stuðla að viðgangi og vexti í starfsemi sparisjóðsins setur starfsemi hennar ramma. Telja verður að hún sinni þessu hlutverki sínu best með eignarhlut í sparisjóði. Stór hluti efnahagsreiknings sjálfseignarstofnunar hlýtur því ætíð að vera hlutafjáreign hennar í sparisjóði.

Sjálfseignarstofnunin á ekki að vera fjárfestingarfélag sem fæst við virkar fjárfestingar í mismunandi félögum, enda tilgangur hennar annar. Sá hluti söluandvirðis eða arðgreiðslna sem ekki renna til líknar- og menningarmála samkvæmt ákvörðun stjórnar er þó nauðsynlegt að endurfjárfesta. Sem almenna leiðbeiningu um slíkar fjárfestingar má nefna að eðlilegt er að sjálfseignarstofnun fjárfesti í auðseljanlegum eignum, svo sem sjóðum um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum eða í skuldabréfum og hlutabréfum skráðum á skipulegum verðbréfamarkaði, þó þannig að sjálfseignarstofnunin eignist ekki það stóran hlut að hún hafi með fjárfestingu sinni áhrif á stjórn viðkomandi útgefanda.

Andvirði greidds arðs til sjálfseignarstofnunar er hægt að ráðstafa með þrennum hætti. Í fyrsta lagi er hægt að endurfjárfesta með kaupum á hlutabréfum í viðkomandi sparisjóði. Í öðru lagi getur sjálfseignarstofnunin ávaxtað laust fé, t.d. í innlánum eða markaðsverðbréfum, sbr. umfjöllun hér á undan. Í þriðja lagi getur hún ráðstafað andvirði móttekins arðs til menningar- og líknarmála.

Í 2. mgr. segir að í stjórn sjálfseignarstofnunar skulu eiga sæti fæst fimm menn úr fulltrúaráðinu. Þetta er frávik frá lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur þar sem fæst þrír menn skulu sitja í stjórn. Talið er mikilvægt að fleiri en þrír menn komi að stjórnun jafnmikils fjár og sjálfseignarstofnanir sem hér um ræðir hafa umleikis.

Í 3. mgr. er kveðið á um hvernig kjósa skuli í stjórn sjálfseignarstofnana. Fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar skal velja stjórnarmenn úr sínum hópi. Í fulltrúaráði skulu eiga sæti allir stofnfjáreigendur í viðkomandi sparisjóði er honum var breytt í hlutafélag. Vakin skal athygli á því að af 1. mgr. 16. gr., sbr. 3. mgr. 22. gr. laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur leiðir að fulltrúaráðsmaður getur hvenær sem er sagt sig úr fulltrúaráðinu. Fulltrúaráðsmenn mega ekki vera færri en þrjátíu. Talið er að þeir einstaklingar sem hafa lagt sparisjóðnum til fé í gegnum tíðina í formi stofnfjár, og þannig tekið þátt í uppbyggingu hans, séu best til þess fallnir að stýra sjálfseignarstofnun sem hefur þann megintilgang að stuðla að viðgangi sparisjóðsins og vexti í starfsemi hans. Stofnfjáreigendurnir sem mynda fulltrúaráðið hafa þó engra fjárhagslegra hagsmuna að gæta í sjálfseignarstofnuninni, enda er úthlutun fjárins eingöngu til almannaheilla.

Í 4. mgr. er kveðið á um hvernig ráðstafa skuli hagnaði og úthlutuðum fjármunum. Í gildandi samþykktum sparisjóða er kveðið á um að eignum sparisjóðsins, sem eftir kunna að vera við slit hans eftir að skuldir hafa verið greiddar og stofnfjáreigendum greiddur eignarhlutur þeirra, skuli ráðstafað til menningar- og líknarmála á starfssvæði sparisjóðsins. Hér er því í reynd verið að kveða á um að þessi skipan skuli haldast þrátt fyrir breytingu sparisjóðs í hlutafélag. Orðalag greinarinnar þýðir þó ekki að sjálfseignarstofnanir geti ekki endurfjárfest arðgreiðslur með kaupum á hlutabréfum í viðkomandi sparisjóði eða fjárfest í öðrum markaðsverðbréfum, sbr. umfjöllun hér að framan, heldur að úthlutun af fjármunum hennar eða ráðstöfun eigna við slit verður að vera til menningar- og líknarmála á starfssvæði viðkomandi sparisjóðs við breytingu hans í hlutafélag. Með fjármunum sjálfseignarstofnunar er átt við upphafseign hennar, þ.e.

hlutafjáreign í sparisjóði, og uppsafnaðan hagnað. Í þessari málsgrein er jafnframt kveðið á um undanþágu sjálfseignarstofnunar frá tekjuskatti og eignarskatti.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um ráðstöfun hagnaðar og ákvörðun arðs í sparisjóðum sem ekki breyta rekstrarformi sínu í hlutafélag. Markmiðið er að gera stofnfjárbréf að eftirsóknarverðari kosti á fjármagnsmarkaði. Breyting í þá átt var síðast gerð árið 1993. Þá var við ákvörðun um greiðslu arðs felld niður viðmiðun við bestu innlánskjör í sparisjóði á hverjum tíma en lagt í vald aðalfundar að ákveða arðgreiðsluna.

Eina breytingin í 1. tölul. greinarinnar er að lagt er til að heimilt verði að greiða arð þótt tap sé af rekstri sparisjóðs. Arðgreiðslan takmarkast þó af ákvörðun öryggissjóðs. Í 1. tölul. er, eins og í gildandi lögum, kveðið á um að aðalfundur geti ákveðið, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, að greiða stofnfjáreigendum arð og öryggissjóður ákveði hámarkshlutfall arðgreiðslu. Í greininni er kveðið á um öryggissjóð samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta í stað Tryggingasjóðs sparisjóða. Tilvísanir í Tryggingasjóð sparisjóða hafa verið teknar út úr lögum um viðskiptabanka og sparisjóði að frátaldri þessari í 59. gr. Með lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, var X. kafli laga um viðskiptabanka og sparisjóði felldur úr gildi. Tryggingasjóður sparisjóða er enn þá starfandi en nú sem öryggissjóður skv. 19. gr. laga nr. 98/1999. Ákvörðun Tryggingasjóðs sparisjóða um hámarkshlutfall arðgreiðslu er eins konar öryggisventill fyrir sjóðinn enda hefur hann verulegra hagsmuna að gæta af því að útgreiðsla arðs tefli ekki hag einstakra sparisjóða í tvísýnu.

Í 2. tölul. er nýmæli. Í því skyni að gera stofnfjárbréf að eftirsóknarverðum fjárfestingarkosti er lagt til að heimilt sé að ráðstafa allt að 10% af hagnaði hvers árs til hækkunar á stofnfé sjóðsins þó þannig að hækkun stofnfjár verði aldrei meiri en 5% á ári. Þessi hækkun á stofnfé kemur til viðbótar endurmati skv. 23. gr. laganna. Þessari breytingu er ætlað að bæta stöðu þeirra sparisjóða sem líklegt má telja að hafi ekki áhuga á að breyta rekstrarformi sínu í hlutafélag. Markmiðið er að gera stofnfjárbréf að eftirsóknarverðari fjárfestingarkosti með því að auka arðsvon stofnfjáreigenda.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Bráðabirgðaákvæði þetta kemur til vegna væntanlegrar sameiningar fjögurra sparisjóða á Vestfjörðum í Sparisjóð Vestfjarða. Ákvæði þetta gerir það að verkum að möguleiki er á að fjórar sjálfseignarstofnanir geti orðið hluthafar í Sparisjóði Vestfjarða, kjósi sjóðurinn að breyta sér í hlutafélag.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að heimila stofnfjáreigendum sjóða að breyta sparisjóði í hlutafélag. Skal þá stofnfjárframlag breytast í hlutafé, en það nemur að meðaltali 14,1% af eigin fé sparisjóða. Það sem eftir stendur, að meðaltali 85,9% af eigin fé, skal vera eign sjálfseignarstofnunar sem hefur það að markmiði að stuðla að viðgangi og vexti í starfsemi viðkomandi sparisjóðs. Þessar sjálfseignarstofnanir eru undanþegnar tekju- og eignarsköttum. Við slit þeirra skal fjármununum varið til menningar- og líknarmála á starfssvæði viðkomandi sparisjóðs.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

874. Svar [365. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um Framkvæmdasjóð aldraðra.

1. *Hver er heildarfjárhæð sem runnið hefur til Framkvæmdasjóðs aldraðra árin 1990–2000, sbr. 10. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999?*

Í töflu 1 getur að líta hvað runnið hefur í Framkvæmdasjóð aldraðra á umbeðnu tímabili. Þess ber að geta að tölurnar fyrir árið 2000 eru ekki fullunnar þar sem bókhaldsniðurstöður liggja ekki fyrir. Upplýsingarnar eru byggðar á þeim gögnum sem til eru í ráðuneytinu og fram koma í fjárlögum ársins.

Tafla 1.

Tekjur, í millj. kr.	**1990**	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**	**1998**	**1999**	**2000**	**Samtals**
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða	200,8	375,8	412,1	415,2	445,2	464,3	474,7	469,7	523,8	570,8	675,0	5.027,5
Vaxtatekjur	2,3	3,4	1,8	2,2	1,6	1,3	0,8	0,8	0,3	0,1	0,0	14,7
Önnur framlög	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	6,3	0,0	0,3	0,0	6,6
Tekjur samtals	**203,1**	**379,2**	**414,0**	**417,4**	**446,9**	**465,6**	**475,5**	**476,8**	**524,1**	**571,2**	**675,0**	**5.048,7**

2. *Hvernig hefur fjármunum sjóðsins verið varið árin 1990–2000, skipt í samræmi við 1.–6. tölul. 9. gr. sömu laga og verkefnum hvers liðar?*

Í töflu 2 má sjá hve miklu af fé Framkvæmdasjóðs aldraðra hefur verið varið skv. 1. tölul., 2. tölul. og 3.–6. tölul. 9. gr. laga nr. 125/1999.

Tafla 2.

Kostnaður, í millj. kr.	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	Samtals
Byggingarkostnaður, skv. 1. tölul. 9. gr. laga nr. 125/1999:												
Dvalarrými	16,6	22,1	24,6	25,5	32,0	29,0	20,2	13,9	1,1	11,9	1,6	198,4
Hjúkrunarheimili	51,0	120,8	106,5	80,0	86,0	95,1	38,8	148,8	53,5	83,2	109,8	973,3
Dvalar- og hjúkrunarheimili	47,6	53,1	65,8	58,6	37,0	30,9	17,0	12,3	16,7	12,3	10,3	361,4
Þjónusturými	25,9	39,3	42,3	38,7	44,4	36,8	19,8	5,8	30,4	32,2	17,3	332,8
Byggingarkostnaður, samtals	*141,1*	*235,2*	*239,2*	*202,7*	*199,4*	*191,8*	*95,7*	*180,8*	*101,6*	*139,6*	*138,9*	*1.865,9*
Endurbætur, skv. 2. tölul. 9. gr. laga nr. 125/1999												
Dvalarrými	5,5	6,5	11,0	17,5	8,6	3,9	2,3	0,0	1,0	5,9	7,7	69,8
Hjúkrunarheimili	14,4	14,6	28,5	6,6	2,5	117,6	13,8	15,3	41,0	27,4	52,1	333,7
Dvalar- og hjúkrunarheimili	5,5	8,0	2,8	1,6	10,1	10,6	5,7	7,0	4,6	27,4	23,8	107,0
Þjónusturými	6,4	13,5	3,5	9,6	4,4	11,5	7,2	4,3	3,6	7,0	14,1	85,0
Endurbætur, samtals	*31,8*	*42,5*	*45,8*	*35,3*	*25,6*	*143,6*	*28,9*	*26,6*	*50,2*	*67,7*	*97,7*	*595,7*
Endurbætur og byggingarkostnaður, samtals	**172,8**	**277,7**	**285,0**	**238,0**	**225,0**	**335,4**	**124,6**	**207,4**	**151,7**	**207,3**	**236,6**	**2.461,5**
Rekstrarkostnaður skv. 3.–6. tölul. 9. gr. laga nr. 125/1999												
Annar rekstrarkostnaður	0,0	0,0	1,5	4,0	165,5	215,9	86,9	73,8	10,4	42,6	0,4	601,0
Framlag til Tryggingastofnunar ríkisins	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	130,0	330,0	218,0	295,0	289,0	362,1	1.624,1
Annar rekstrarkostn. samtals	*0,0*	*0,0*	*1,5*	*4,0*	*165,5*	*345,9*	*416,9*	*291,8*	*305,4*	*331,6*	*362,5*	*2.225,1*
Kostnaður samtals	**172,8**	**277,7**	**286,5**	**242,0**	**390,5**	**681,3**	**541,5**	**499,2**	**457,1**	**538,9**	**599,0**	**4.686,6**

3. *Hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar við ákvörðun um úthlutun fjármunanna?*

Forsendur úthlutunar koma fram í árlegri auglýsingu sjóðsins:

UMSÓKN UM FRAMLÖG ÚR FRAMKVÆMDASJÓÐI ALDRAÐRA 2001

Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra auglýsir eftir umsóknum um framlög úr sjóðnum árið 2001. Eldri umsóknir koma aðeins til greina séu þær endurnýjaðar. Nota skal sérstök umsóknareyðublöð sem fylla ber samviskusamlega út og liggja þau frammi í afgreiðslu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Einnig er ætlast til að umsækjendur lýsi bréflega einingum húsnæðisins, byggingarkostnaði, verkstöðu, fjármögnun, rekstraráætlun, þjónustu- og vistunarþörf ásamt mati þjónustuhóps aldraðra (matshóps) og þar með hvaða þjónustuþætti ætlunin er að efla. Umsókn skal fylgja ársreikningur 1999 endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og kostnaðaryfirlit yfir fyrstu níu mánuði ársins 2000.

Sé ofangreindum skilyrðum ekki fullnægt áskilur sjóðstjórnin sér rétt til að vísa umsókn frá. Umsóknir skulu hafa borist sjóðstjórninni fyrir 1. desember 2000, heilbirgðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Laugavegi 116, 150 Reykjavík.

4. Hverjir hafa átt sæti í stjórn sjóðsins frá 1990?

20. janúar 1988 til 30. desember 1993 skipuðu nefndina Steinunn Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur, Sigurður H. Guðmundsson prestur og Páll Gíslason læknir. Varamenn voru Þóra Þorleifsdóttir, Gunnhildur Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur og Þórður Skúlason skrifstofustjóri.

30. desember 1993 til 7. mars 1998 skipuðu nefndina Ásgeir Jóhannesson forstjóri, Jón Snædal öldrunarlæknir og Páll Gíslason. Varamenn voru Haukur Helgason, fyrrverandi skólastjóri, Hrafnhildur Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur og Ingvar Viktorsson, fyrrverandi bæjarstjóri.

7. mars 1998 til 8. febrúar 1999 skipuðu nefndina Jón Helgason, fyrrverandi ráðherra, Jón Snædal, Páll Gíslason og Hrafn Pálsson. Til vara voru Sigrún Sturludóttir skrifstofumaður, Sigrún Gísladóttir og Ingvar Viktorsson.

8. febrúar 1999 til 28. janúar 2000 skipuðu nefndina Jón Helgason, Jón Snædal og Ingimundur Sigurpálsson, bæjarstjóri í Garðabæ. Enginn til vara.

Frá 28. janúar 2000 skipa nefndina Jón Helgason og Jón Snædal, tilnefndir af ráðherra, Jóna Dóra Karlsdóttir, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Benedikt Davíðsson, formaður Landssamtaka aldraðra, tilnefndur af þeim samtökum, og Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Öldrunarráði, tilnefnd af þeim samtökum.

Hrafn Pálsson deildarstjóri hefur verið ritari nefndarinnar frá 1985.

Engir varamenn eru skipaðir í nefndina lengur.

875. Svar [496. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um nýgengi krabbameins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver hefur verið þróun nýgengis krabbameins hér á landi sl. tíu ár, greint eftir árum, fjölda tilvika, tegundum, kynjum og skipt eftir landshlutum?

Skipuleg skráning krabbameina á vegum Krabbameinsskrár Krabbameinsfélags Íslands hófst árið 1954 þannig að hægt er að skoða breytingar á tíðni krabbameina í meira en fjóra áratugi. Á þessu tímabili hefur tíðni krabbameina í heild aukist um 1,2% á ári, að teknu tilliti til fjölgunar íbúa og breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar. Miklar breytingar hafa orðið á tíðni einstakra meina. Tíðni krabbameins í blöðruhálskirtli hefur nær fimmfaldast og er þetta mein fyrir nokkru orðið algengasta krabbamein karla. Þessa fjóra áratugi hefur brjóstakrabbamein verið algengasta krabbamein kvenna, en það er nú tvöfalt algengara en við upphaf skráningarinnar. Tíðni lungnakrabbameins hjá körlum hefur nær þrefaldast og meira en fjórfaldast hjá konum, en heldur er farið að draga úr aukningunni. Tíðni magakrabbameins er nú aðeins þriðjungur af því sem áður var og er það meðal annars þakkað breyttum neysluvenjum. Þá er tíðni leghálskrabbameins aðeins þriðjungur af því sem var um skeið, en það skýrist af leit að sjúkdómnum á forstigi.

Um 1.040 krabbamein eru greind hér á landi á ári, 530 hjá körlum og 510 hjá konum, samkvæmt tölum frá Krabbameinsskrá Krabbameinsfélags Íslands, en þær miðast við meðaltal áranna 1995–99. Alls greinast 147 karlar með krabbamein í blöðruhálskirtli, 57 með lungnakrabbamein, 48 með ristilkrabbamein, 35 með krabbamein í þvagblöðru og 28 með magakrabbamein, svo að fimm algengustu meinin séu talin. Meðal kvenna var brjóstakrabbamein

langalgengast. Ár hvert greinast 135 slík mein, 49 lungnakrabbamein hjá konum, 37 ristilkrabbamein, 27 eggjastokkakrabbamein og 24 krabbamein í legbol.

Spáð hefur verið að eftir áratug muni greinast 1.300–1.400 ný tilfelli af krabbameini hér á landi á hverju ári.

Að teknu tilliti til aldurssamsetningar þjóðarinnar eftir landshlutum er nýgengi krabbameins hærra í Reykjavík og á Reykjanesi en annars staðar á landinu. Er það í samræmi við stöðu mála í nálægum löndum.

Samkvæmt útreikningum frá Krabbameinsskránni getur þriðji hver Íslendingur búist við að fá krabbamein einhvern tímann fyrir 85 ára aldur. Þessir útreikningar sýna að tíunda hver kona fær brjóstakrabbamein og áttundi hver karl fær blöðruhálskirtilskrabbamein áður en þessum aldri er náð.

Fólk getur fengið krabbamein á öllum aldri þó að líkurnar aukist eftir því sem aldurinn hækkar. Af þeim Íslendingum sem greindust með krabbamein á árunum 1995–99 voru innan við 2% undir tvítugu, 6% á aldrinum frá tvítugu til fertugs, 22% frá fertugu til sextugs, 54% á aldrinum frá sextugu til áttræðs og 16% voru áttræðir eða eldri. Fleiri konur en karlar fá krabbamein á aldrinum frá tvítugu til sjötugs en eftir það eru karlarnir fleiri.

Úr gögnum Krabbameinsskrárinnar má sjá að meðalaldur karla við greiningu krabbameins er rúm 67 ár en meðalaldur kvenna rúm 62 ár.

Um 17% karla sem greindust með krabbamein á árunum 1956–60 lifðu í fimm ár eða lengur en nú geta um 44% vænst þess að lifa svo lengi (miðað við 1991–95). Að teknu tilliti til annarra dánarorsaka eru fimm ára lífshorfur karla með krabbamein um 55% af lífshorfum jafnaldra.

Um 27% kvenna sem greindust með krabbamein á árunum 1956–60 lifðu í fimm ár eða lengur en nú geta um 51% vænst þess að lifa svo lengi (miðað við 1991–95). Að teknu tilliti til annarra dánarorsaka eru fimm ára lífshorfur kvenna með krabbamein um 59% af lífshorfum jafnaldra.

Hjá körlum eru horfurnar bestar varðandi krabbamein í eistum, skjaldkirtli, þvagblöðru, blöðruhálskirtli og húð. Hjá konum eru horfurnar bestar varðandi krabbamein í skjaldkirtli, brjóstum, barkakýli, legháls og legbol.

Fyrir þrjátíu árum voru 1.600 krabbameinssjúklingar á lífi, nú eru á lífi um 7.200 einstaklingar sem fengið hafa krabbamein, um 3.000 karlar og 4.200 konur. Fjölmennustu hóparnir eru 1.400 konur með brjóstakrabbamein, 870 karlar með blöðruhálskirtilskrabbamein, 450 karlar og konur með ristilkrabbamein og 380 karlar og konur með þvagblöðrukrabbamein.

Í meðfylgjandi töflu, sem birtist í tímaritinu Heilbrigðismál, 2. tbl. 1998, má sjá tölulegt yfirlit yfir nýgengi krabbameins eftir kjördæmum hjá báðum kynjum. Einnig birtist góð yfirlitsgrein um sama efni í blaðinu.

Fylgiskjal I.

Heilbrigðismál, 2. tbl. 1998:

Nýgengi krabbameins eftir kjördæmum, 1977-1996. Karlar.

Árlegt nýgengi miðað við 100.000 karla. Byggt á upplýsingum frá Krabbameinsskránni.
Í aftari dálkinum (%) er sýnt hundraðshlutfall af nýgengi á öllu landinu.
Marktækur munur miðað við Reykjavík: •p<0.05% •• p<0.01% ••• p<0.001%

	Öll krabba-mein		*Blöðruháls-kirtils-krabbamein*		*Lungna-krabba-mein*		*Maga-krabba-mein*		*Þvagblöðru-krabba-mein*		*Ristil-krabba-mein*	
	Nýgengi	*%*	*Nýgengi*	*%*	*Nýgengi*	*%*	*Nýgengi*	*%*	*Nýgengi*	*%*	*Nýgengi*	*%*
Landið allt	268,0	100	54,9	100	32,1	100	23,5	100	19,3	100	18,7	100
Reykjavík	300,7	**112**	66,3	**121**	37,5	**117**	22,9	97	22,1	115	23,7	**127**
Reykjanes	267,4	100 •••	56,2	102 •	34,2	107	23,9	102	18,7	97	20,4	109
Vesturland	221,0	82 •••	44,3	81 •••	18,7	*58* •••	23,4	100	15,9	82	13,9	74 ••
Vestfirðir	220,1	*82* •••	47,7	87 ••	26,2	82 •	26,4	**112**	9,7	*50* •••	12,0	64 •••
Norðurland vestra	233,7	87 •••	41,2	75 •••	27,3	85 •	21,5	91	11,1	58 •••	11,8	63 •••
Norðurland eystra	228,3	85 •••	39,4	*72* •••	27,1	84 ••	20,2	86	15,4	80 •	14,0	75 •••
Austurland	227,5	85 •••	42,8	78 •••	27,3	85 •	19,9	*85*	27,8	**144**	7,3	*39* •••
Suðurland	244,7	91 •••	56,4	103	23,2	72 •••	21,8	93	20,7	107	17,2	92 •

Nýgengi krabbameins eftir kjördæmum, 1977-1996. Konur.

Árlegt nýgengi miðað við 100.000 konur. Byggt á upplýsingum frá Krabbameinsskránni.
Í aftari dálkinum (%) er sýnt hundraðshlutfall af nýgengi á öllu landinu.
Marktækur munur miðað við Reykjavík: • p<0.05% •• p<0.01% ••• p<0.001%

	Öll krabba-mein		*Brjósta-krabba-mein*		*Lungna-krabba-mein*		*Eggja-stokka-krabbamein*		*Ristil-krabba-mein*		*Legbols-krabba-mein*	
	Nýgengi	*%*	*Nýgengi*	*%*	*Nýgengi*	*%*	*Nýgengi*	*%*	*Nýgengi*	*%*	*Nýgengi*	*%*
Landið allt	256,0	100	70,5	100	25,1	100	16,9	100	14,7	100	12,6	100
Reykjavík	270,4	**106**	74,9	**106**	27,6	110	16,9	100	16,6	**113**	15,7	**125**
Reykjanes	262,4	103	73,1	104	30,4	**121**	16,9	100	15,2	103	9,3	74 •••
Vesturland	217,7	85 •••	60,9	86 •	19,8	79	16,2	96	12,4	84	9,1	*72* •
Vestfirðir	225,7	88 ••	50,8	*72* ••	10,7	*43* •••	17,7	105	10,2	*69* •	11,9	94
Norðurland vestra	211,7	*83* •••	56,6	80 •	18,4	73 •	21,1	125	11,2	76	9,6	76
Norðurland eystra	242,3	95 ••	63,8	89 •	18,5	74 ••	23,3	**138** •	12,5	85	10,3	82 •
Austurland	224,1	88 ••	59,7	85 •	22,7	90	13,4	79	13,1	89	11,5	91
Suðurland	233,1	91 ••	73,6	104	16,3	65 •••	8,9	53 ••	14,4	98	11,0	87

Fylgiskjal II.

Heilbrigðismál, 2. tbl. 1998:

Krabbamein eftir landshlutum:
Nýgengi er hæst suðvestanlands

Grein eftir Jón Hrafnkelsson og Jónas Ragnarsson

Fyrir áratug birtist í Heilbrigðismálum grein um nýgengi krabbameins eftir kjördæmum (4. tbl. 1988). Þá var miðað við árin 1977-1986. Nú eru tiltækar hjá Krabbameinsskránni tölur fyrir næstu tíu ár þar á eftir, 1987-1996. Hér verður litið á þetta tuttugu ára tímabil í heild, til að draga sem mest úr áhrifum sem geta stafað af því að of fá tilfelli standi á bak við nýgengitölur fyrir einstök mein í einstökum kjördæmum. Einnig verða þessi tvö tíu ára tímabil borin saman og minnst á nokkra áhættuþætti.

Öll krabbamein. Þegar allt þetta tuttugu ára tímabil er skoðað kemur í ljós að nýgengi krabbameins er hærra í Reykjavík og á Reykjanesi heldur en annars staðar á landinu, eins og sjá má á meðfylgjandi töflum. Munar þar allt að fjórðungi. Þessi munur er marktækur hjá báðum kynjum milli Reykjavíkur og annarra staða á landinu. Ekki er hægt að skýra þennan mun með mismunandi aldursdreifingu vegna þess að þær tölur sem hér eru birtar hafa verið aldursstaðlaðar. Það er þekkt frá öðrum löndum að gera má ráð fyrir hærri tíðni krabbameins í borgum en í dreifðum byggðum. Þannig er t.d. nýgengi í nyrstu héruðum Noregs og Svíþjóðar 10-30% lægra en meðalnýgengi í þessum löndum. Frá fyrra tímabilinu (1977-86) til þess síðara (1987-96) jókst nýgengi krabbameins hér á landi um 10,2% hjá körlum, eða að jafnaði um 1,0% á ári. Hjá konum var aukningin 11,0%, eða um 1,1% á ári. Þessi aukning er þó ekki jafn mikil alls staðar. Meðal karla var hún mest á Norðurlandi vestra (um 45%) en meðal kvenna jókst nýgengi mest á Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra og Austurlandi (um 28-33%). Þrátt fyrir að aukningin hafi verið meiri á vissum stöðum á landsbyggðinni en í Reykjavík er þessi sjúkdómaflokkur þó enn algengari í Reykjavík en á landbyggðinni, eins og komið hefur fram.

Brjóstakrabbamein. Nýgengi er hæst í Reykjavík, á Reykjanesi og á Suðurlandi en lægst á Vestfjörðum. Þessi sjúkdómur er marktækt algengari á ofangreindum þremur svæðum en annars staðar á landinu og hefur aukist alls staðar nema á Vesturlandi. Hvað varðar áhættuþætti fyrir brjóstakrabbamein má nefna fæðingarsöguþætti, mataræði og erfðir. Krabbamein í brjóstum er mjög algengt í Norður-Ameríku og Vestur-Evrópu en fátíðara í Asíu og Afríku.

Blöðruhálskirtilskrabbamein. Nýgengi er hæst í Reykjavík en næst koma Suðurland og Reykjanes. Nýgengi í Reykjavík er marktækt hærra en annars staðar á landinu, ef Suðurland er undanskilið. Það er lægst á Norðurlandi en hefur aukist alls staðar milli tímabila. Krabbamein í blöðruhálskirtli greinist oftast hjá rosknum karlmönnum. Mikill munur er á nýgengi milli landa, þannig er sjúkdómurinn algengur á Vesturlöndum en mjög fátíður í Kína og getur munurinn verið tuttugufaldur. Þessi mikli munur getur gefið til kynna að umhverfisáhrif eða lífsvenjur eigi þátt í myndun sjúkdómsins. Það verður þó að hafa í huga að greining byggist oft á því hversu mikið er leitað, því oft er sjúkdómurinn alveg einkennalaus.

Lungnakrabbamein. Nýgengi er hæst í Reykjavík og á Reykjanesi, bæði hjá körlum og konum. Hjá körlum er sjúkdómurinn marktækt algengari á þessum svæðum en annars staðar á landinu. Sömu niðurstöður fást hjá konum, nema munurinn við Vesturland og Austurland er ekki marktækur. Nýgengið er lægst á Vesturlandi að því er varðar karla og á Vestfjörðum að því er varðar konur. Nýjum tilfellum meðal karla hefur fjölgað í flestum kjördæmum og í öllum kjördæmum meðal kvenna. Talið er að lungnakrabbamein sé nú algengasta krabbameinið í heiminum. Reykingar eru langstærsti áhættuþáttur þessa sjúkdóms.

Magakrabbamein. Nýgengi hjá körlum er hæst á Vestfjörðum en munurinn milli kjördæma er ekki marktækur. Hjá konum er nýgengi hæst á Norðurlandi eystra og sjúkdómurinn marktækt algengari þar en í Reykjavík. Mikið hefur dregið úr krabbameini í maga og er það þakkað breyttum neysluvenjum. Milli ofangreindra tímabila (1977-86 og 1987-96) hefur nýgengi lækkað á öllum landsvæðum. Gagnstætt við flest önnur algeng krabbamein er þessi sjúkdómur algengari í dreifðum byggðum en þéttbýli á Íslandi og á það sama við annars staðar á Norðurlöndum.

Þvagblöðrukrabbamein. Nýgengi hjá körlum er langhæst á Austurlandi en lægst á Vestfjörðum. Það er marktækt lægra á Vestfjörðum og Norðurlandi heldur en í Reykjavík. Aftur á móti er ekki marktækur munur milli nýgengisins á Austurlandi og í Reykjavík, þó mikill sé. Nýgengi hjá konum er hæst í Reykjavík en lægst á Norðurlandi vestra. Krabbamein í þvagblöðru hefur aukist verulega undanfarna áratugi, einkum meðal karla. Reykingar eru taldar sterkur áhættuþáttur. Einnig hefur þessi sjúkdómur verið tengdur hættulegum efnum, ekki síst í efnaiðnaði. Erfitt er að skýra hátt nýgengi þessa sjúkdóms meðal karla á Austurlandi, en það hefur lítið breyst á þessum tuttugu árum.

Ristilkrabbamein. Nýgengi hjá körlum er hæst í Reykjavík en langlægst á Austurlandi. Nýgengi hjá konum er hæst í Reykjavík en lægst á Vestfjörðum. Meðal karla er nýgengið marktækt hærra í Reykjavík og á Reykjanesi en annars staðar á landinu. Meðal kvenna er varla marktækur munur á nýgengi milli kjördæma. Frá 1977-86 til 1987-96 hefur nýgengi aukist í nokkrum kjördæmum en minnkað í öðrum, en munurinn er lítill. Krabbamein í ristli er algengt á Vesturlöndum, mun algengara en til dæmis í Asíu og Afríku. Þetta hefur meðal annars verið rakið til mikillar neyslu dýrafitu og lítillar neyslu trefjaríkrar fæðu.

Eggjastokkakrabbamein. Nýgengi er hæst á Norðurlandi, þar sem það hefur aukist mest. Nýgengi þar er marktækt hærra en í Reykjavík. Að öðru leyti er ekki um marktækan mun að ræða milli kjördæma nema á Suðurlandi þar sem nýgengið er marktækt lægra en í Reykjavík. Lítið er vitað um áhættuþætti þessa sjúkdóms.

Legbolskrabbamein. Nýgengi er hæst í Reykjavík og er það marktækt hærra en á Vesturlandi, Reykjanesi og Norðurlandi vestra. Nýgengið hefur lítið aukist milli tímabila nema á Vestfjörðum.

Þær tölur sem hér hafa verið kynntar vekja fleiri spurningar en auðvelt er að svara. Getur verið að austfirskum körlum sé meira en tvöfalt hættara að fá krabbamein í þvagblöðru heldur en vestfirskum körlum? Eiga konur á Suðurlandi síður á hættu að fá eggjastokkakrabbamein heldur en konur sem búa á austanverðu Norðurlandi? Hluti af þeim mun sem hér sést skýrist af því hve tilfellin eru fá og íbúafjöldinn lítill.

Jón Hrafnkelsson er krabbameinslæknir á Landspítalanum. Jónas Ragnarsson er ritstjóri Heilbrigðismála. Höfundar þakka Hrafni Tulinius yfirlækni og Helga Sigvaldasyni verkfræðingi veitta aðstoð.

876. Svar [353. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um öryrkja og örorkubætur.

1. *Hversu margir öryrkjar eru bundnir hjólastólum?*

Hjá Tryggingastofnun ríkisins (TR) liggja ekki fyrir upplýsingar um hve margir öryrkjar eru bundnir hjólastólum. Í skrá TR yfir öryrkja er ekki tekið fram hvort þeir noti hjólastól eða önnur hjálpartæki og við úthlutun hjólastóla er ekki skráð hvort viðkomandi sé öryrki eður ei. Greiðsluþátttaka TR í hjálpartækjum er í mörgum tilvikum önnur fyrir öryrkja og ellilífeyrisþega en aðra, en svo er ekki varðandi hjólastóla. TR greiðir þá alltaf að fullu.

2. *Hvað voru margir hjólastólaöryrkjar án örorkubóta um sl. áramót?*

Upplýsingar um þetta liggja ekki fyrir. Hér er væntanlega átt við þá sem fengið hafa metna örorku, en fá ekki örorkubætur vegna tekna. Fyrir liggur hversu marga þetta á við almennt, sbr. svör við 4. og 5. lið fyrirspurnarinnar, en ekki sérstaklega hve margir þeirra eru í hjólastól, sbr. svar við 1. lið.

3. *Er kunnugt um hve margir þeirra sem misst hafa útlim eða útlimi voru án örorkubóta á sama tíma?*

Á sama hátt er ekki kunnugt um hve margir þeirra sem misst hafa útlim eða útlimi eru án örorkubóta.

4. *Hvað voru margir 75% öryrkjar án örorkubóta á sama tíma?*

Af þeim sem áttu í gildi meira en 75% örorkumat fengu 8.674 lífeyri en 369 engan örorkulífeyri.

5. *Hve margir 65% öryrkja voru þá á bótum?*

Af þeim sem áttu í gildi 50% eða 65% örorkumat fengu 1.185 greiddan örorkustyrk, en 256 engan örorkustyrk. Ekki er gerður greinarmunur á 65% og 50% örorkumati í tölvukerfi TR og því ekki hægt að svara varðandi 65% öryrkja eina sér.

6. *Er meira farið eftir tekjum en hreyfigetu við úthlutun bifreiðastyrkja til öryrkja og hvert er eftirlitið með störfum úthlutunarnefndarinnar?*

Svarið er neitandi. Hvort tveggja er skoðað, hreyfigeta og tekjur. Um tekjurnar gilda ákveðnar reglur sem samþykktar eru af tryggingaráði en skilyrði varðandi hreyfihömlun koma fram í reglugerð nr. 170/1987, með síðari breytingum. Eftirlit með úthlutunarnefndinni annast tryggingaráð.

877. Frumvarp til laga [568. mál]

um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, að greiða maka eða öðrum þeim sem heldur heimili með elli- eða örorkulífeyrisþega maka- eða umönnunarbætur sem eru allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt 5. gr. gildandi laga getur aðeins maki elli- eða örorkulífeyrisþega fengið umönnunargreiðslur, svokallaðar umönnunar- eða makabætur, leggi hann niður störf vegna umönnunar á heimili þeirra.

Samkvæmt 4. gr. laganna geta framfærendur fatlaðra og langveikra barna fengið umönnunarbætur þar til þau verða 18 ára en jafnframt er heimilt að greiða framfærendum barna með lífshættulega sjúkdóma eða alvarlega fjölfötlun umönnunargreiðslur þar til þau ná 20 aldri. Hér er heimild til að greiða framfærendum almennt umönnunarbætur. Óeðlilegt væri að takmarka þessa heimild við foreldra eingöngu og útiloka þar með aðra sem hafa framfærslu og umönnun barna með höndum. Að sama skapi er óeðlilegt og ósanngjarnt að takmarka heimild til greiðslu bóta skv. 5. gr. laganna við maka eingöngu og útiloka þar með aðra sem með sama hætti annast elli- og örorkulífeyrisþega á heimili sínu.

Í samræmi við ofangreint er því lögð til sú breyting að heimildin til greiðslu bóta verði ekki bundin við maka eingöngu heldur nái einnig til annarra sem halda heimili með lífeyrisþega og annast hann.

Á árinu 1994 var unnið rannsóknarverkefnið Daglegt líf á hjúkrunarheimili. Rannsóknarverkefnið var unnið í samvinnu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, öldrunarlækningadeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur, Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar og nokkurra hjúkrunarheimila. Í framhaldi af verkefninu var sett reglugerð um mat á heilsufari og aðbúnaði íbúa á öldrunarstofnunum. Á sama hátt mætti koma á samræmdu mati á heilsufari og aðbúnaði lífeyrisþega í heimahúsi sem gæti gefið raunsanna mynd af þörf á hjúkrun og annarri aðhlynningu. Við matið mætti hafa vistunarmat það sem nú er byggt á í öldrunarþjónustunni sem viðmið að einhverju leyti.

Ljóst er að mun fleiri en makar lífeyrisþega vinna umönnunarstörf á heimilum og geta ekki eða takmarkað stundað vinnu utan heimilis vegna þess. Nú þegar legurúmum á sjúkrahúsum fækkar og erfiðara er að fá vistun fyrir þá sem þurfa á umönnun að halda verða heimilismenn og aðrir aðstandendur sjúkra og fatlaðra að taka að sér þessi störf og því er ótækt að takmarka 5. gr. við maka eingöngu.

Fólk sem annast uppkomin börn sín, foreldra, tengdafólk eða aðra ættingja á ekki rétt á neinum greiðslum frá hinu opinbera samkvæmt gildandi lögum. Það samræmist ekki anda laganna um félagslega aðstoð að fólki sé mismunað á þann hátt sem hér er gert.

Nútímaáherslur og markmið í heilbrigðisþjónustu eru þau að lögð er áhersla á að sjúkir geti verið eins lengi heima og unnt er og þeir óska og fái þjónustu þar. Sú breyting sem hér er lögð til stuðlar að því að þetta markmið geti náðst og leiðir til sparnaðar í heilbrigðiskerfinu vegna þess að þörf fyrir dýra sjúkrahúslegu og stofnanavist minnkar.

Á undanförnum árum hefur því oft verið lýst yfir af hálfu íslenskra stjórnvalda að stefnt skuli að því að aldraðir og öryrkjar geti dvalist sem lengst í heimahúsi; það sé hagkvæmasta, besta og manneskjulegasta leiðin varðandi aðbúnað þessa þjóðfélagshóps. Margir lífeyrisþegar sem þarfnast mikillar umönnunar dveljast í heimahúsum. Þeir eru þó mun fleiri sem veldu þann kost að dveljast heima ef þess væri nokkur kostur. Munur á lífskjörum einstaklinga og fjöl-

skyldna í þjóðfélaginu er mjög mikill. Sumir hafa rúmar ráðstöfunartekjur og mikinn tíma fyrir fjölskylduna en aðrir þurfa að vinna langan vinnudag og búa samt við þröngan fjárhag. Vegna bágra kjara er því margri fjölskyldunni ókleift að annast lífeyrisþega inni á heimili. Ef frumvarpið verður samþykkt ættu aðstandendur lífeyrisþega kost á að fá laun fyrir umönnunarstörf í heimahúsi, ekki einungis maki lífeyrisþegans eins og nú er heldur börn og tengdabörn lífeyrisþegans og aðrir sem halda heimili með honum og veita þá umönnun sem viðkomandi þarfnast. Það er löngu tímabært að þessi störf séu metin að verðleikum.

Flutningsmenn þessa frumvarps hafa lagt fram frumvörp þessa efnis á fyrri þingum: Ásta R. Jóhannesdóttir á 115. löggjafarþingi 1991–92, á 120. löggjafarþingi 1995–96, 121. löggjafarþingi 1996 og Margrét Frímannsdóttir á sama þingi og á 122. löggjafarþingi lögðu framangreindir þingmenn í sameiningu fram frumvarp í þessa veru. Þessi mál voru send til umsagnar og voru umsagnaraðilar undantekningarlaust á því að um mjög þarfar réttarbætur væri að ræða.

878. Frumvarp til laga [569. mál]

um breyting á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson, Svanfríður Jónasdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Karl V. Matthíasson.

1. gr.

Við 1. mgr. 37. gr. laganna bætist nýr stafliður er verður a-liður og orðast svo: gróðurvinjar á hálendinu, 1 hektari að stærð eða stærri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er lagt til að gróðurvinjum á hálendi Íslands verði bætt við þær landslagsgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Hugtakið gróðurvin er hér notað í merkingunni „einangrað svæði með samfelldum gróðri“ en þannig var það skilgreint á 10. náttúruverndarþingi, 28.–29. janúar 2000. Frumvarpið byggist á þeirri staðreynd að gróðurvinjar hálendisins eru sérstök landslagsgerð sem ekki einasta eru einstæðar á Íslandi heldur á heimsvísu. Það gildir bæði um ólík samfélög plantna og dýra sem á þeim dafna og um sérstaka blöndu lífræns jarðvegs og gosefna sem er undirstaða þeirra. Þær eru því ákaflega mikilsverðar frá vistfræðilegum sjónarhóli. Sömuleiðis má færa rök að því að vinjarnar séu ein af burðarstoðum ferðaþjónustu á hálendinu. Því miður eru dæmi um illa meðferð hálendisvinja. Þar má sem dæmi nefna Orravatnsrústir á Hofsafrétti, en þeim var til skamms tíma ógnað af ofbeit hrossa. Því er rík ástæða til að vernda þær, ekki síður en aðrar landslagsgerðir.

Þær landslagsgerðir sem þegar njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögunum eru: a) eldvörp, gervigígar og eldhraun, b) stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri, c) mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri, d) fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri, og e) sjávarfitjar og leirur. Þess má geta að á 10.

náttúruverndarþingi var samþykkt áskorun um að gróðurvinjum á hálendinu yrði bætt við upptalningu landslagsgerða sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.

Dýrmæti gróðurvinjanna.

Helsta sérkenni miðhálendis Íslands eru hinar kröftugu andstæður sem birtast þar sem gróskuríkar vinjar rjúfa gráa og þurra auðn hálendisins. Víðast hvar teygir gróður sig upp af láglendinu og upp á hálendisbrúnina, en rofnar og verður slitróttur eftir því sem lengra dregur inn á hásléttuna. Að lokum tekur auðnin við og gróin lönd finnast aðeins á einangruðum blettum sem gróðurvinjar. Flestar vinjarnar eru síðustu leifar miklu víðfeðmara gróðurlendis sem við landnám var að líkindum að finna víða á hálendinu, en ofbeit, eldgos og mikil kuldaskeið unnu sameiginlega á. Nú er því miðhálendið að mestu auðnir þar sem gróður þekur einungis örlítinn hluta. Þessar sérislensku andstæður sem hvergi eiga sinn líka, grænn gróður við uppsprettulindir í auðninni miðri, skapa hið segulmagnaða aðdráttarafl sem í vaxandi mæli laðar að sér innlenda og erlenda ferðalanga. Af þeim sjónarhóli eru gróðurvinjarnar ómetanleg auðlind, eiga snaran þátt í að skapa þjóðinni ómældar tekjur af ferðamennsku sem á næstu öld er talin líkleg til að verða helsta tekjulind þjóðarinnar. Það eitt undirstrikar nauðsyn þess að varðveita gróðurvinjar hálendisins eins og kostur er.

Dýrmæti gróðurvinjanna helgast þó miklu fremur af því að í vistfræðilegu tilliti njóta þær algerrar sérstöðu. Þær eiga sér enga hliðstæðu í öðrum löndum, og helst að þær megi bera saman við vinjar í þurrum og heitum eyðimörkum þótt loftslag og lífríki sé augljóslega gjörólíkt. Í lífríki hálendisins gegna gróðurvinjarnar í senn margbrotnum og mikilvægum hlutverkum. Þær eru eina athvarf fjölmargra tegunda plantna og dýra sem ekki dafna í auðninni umhverfis. Það gildir ekki síst um fugla, enda hafa sumar gróðurvinjarnar alþjóðlegt gildi sökum mikilvægis síns fyrir ýmsar tegundir þeirra. Jafnframt eru þær nær einu verksmiðjur lífræns efnis á hálendinu en frumframleiðni gróðurvinjanna er margfalt meiri en á gróðurleysunum umhverfis. Lífríki þeirra endurspeglar ljóslega mishæðir í landinu og þar með mismunandi snjóalög og rakastig í jarðvegi. Í skjóli þeirra dafnar gjarnan smágert mynstur ólíkra plöntusamfélaga sem innan lítils svæðis geta skapa fjölbreytt búsvæði fyrir margvísleg dýr. Lífríki gróðurvinjanna á hálendinu eru því ótrúlega margbrotin.

Mikilvægir fræbankar.

Staðsetning gróðurvinjanna á hálendinu skiptir einnig miklu fyrir lífríkið sem innan þeirra dafnar. Gróðurvinjarnar geta því verið ákaflega ólíkar. Tegundaauðgi vinjanna á suðurhálendinu ber þannig sterkan keim af hafrænu og úrkomusömu loftslagi sem einkennir svæðið meðan landrænt loftslag norðan Vatnajökuls setur allt annan svip á gróðurvinjarnar þar. Fjölbreytni lífríkisins er að sjálfsögðu margfalt meiri innan vinjanna en á auðnunum umhverfis. Þær skipta því gífurlegu máli þegar líffræðileg fjölbreytni vistkerfa á miðhálendinu er metin. Í alþjóðlega samningnum um líffræðilega fjölbreytni, sem Íslendingar undirrituðu í Rio de Janeiro í júní 1992, segir að eitt af þremur höfuðmarkmiðum samningsins sé að vernda líffræðilega fjölbreytni. Samþykkt tillögunnar er því eindregið í anda samningsins.

Gróðurvinjar hálendisins eru eins og áður segir dreifðar leifar gróðurlendis sem forðum teygði sig yfir miklu víðfeðmari hluta miðhálendisins. Gríðarleg gróðureyðing hefur átt sér stað frá landnámi. Orsakanna má leita til samspils náttúrulegra þátta eins og eldgosa og langvarandi og endurtekinna kuldaskeiða eftir miðja þrettándu öldina, þegar mesta hlýindaskeiði Íslandssögunnar lauk, en ekki síst til ofbeitar búsmala mannsins. Um aldir hefur hálendið verið beitt. Þegar kuldaskeið hafa þrengt að kvikfénaði hefur ágangurinn á köflum efalítið gengið nærri náttúrulegri framleiðslu. Til marks um það má vísa til orða Páls Vídalíns, sýslumanns og

höfundar Jarðabókanna ásamt Árna Magnússyni, sem lét svo um mælt snemma á átjándu öldinni „að ei skuli þarflaus hrossa fjöldi uppeta kjarna landkostanna, og spilla málnytunni ...“ (Skýringar yfir fornyrði lögbókar, Reykjavík, 1854). Á þessari öld keyrði svo um þverbak með hreinni rányrkju á stórum flæmum hálendisins. Þetta hefur án nokkurs vafa haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir fræmyndun og dregið úr möguleikum plantna á endurnýjun og dreifingu. Gróðurvinjarnar eru hins vegar ómetanleg uppspretta fræja. Þegar umhverfið breytist og verður hagstæðara gróðri á hálendinu í grennd við slíkar vinjar, t.d. vegna breytinga á lofthita eða minnkandi beitarálags, verða fræbankar gróðurvinja hálendisins ómetanlegir við uppgræðslu þess. Í þessu framtíðarhlutverki hálendisvinjanna felst ekki síst röksemdin fyrir því að vernda þær sérstaklega. Samhljóða frumvarp var áður flutt á 125. löggjafarþingi.

879. Tillaga til þingsályktunar [570. mál]

um ferðasjóð íþróttafélaga.

Flm.: Hjálmar Árnason, Ísólfur Gylfi Pálmason.

Alþingi ályktar að veita árlega af fjárlögum fé í ferðasjóð íþróttafélaga til að standa straum af kostnaði við keppnisferðir þeirra á viðurkenndum mótum. Úthlutun skal fara eftir reglum sem menntamálaráðherra setur.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er gert ráð fyrir að árlega verði veitt af fjárlögum upphæð í sérstakan ferðasjóð íþróttafélaga. Gert er ráð fyrir að íþróttafélög geti sótt um ferðastyrki í sjóðinn til að mæta kostnaði við að senda keppnislið á milli byggðarlaga til þátttöku í íþróttamótum. Drjúgur þáttur í rekstri einstakra íþróttadeilda er fjármögnun keppnisferða vegna viðurkenndra móta, svo sem Íslandsmóts og bikarkeppni. Félögin standa misvel að vígi hvað þennan kostnaðarlið varðar. Sem dæmi má nefna þátttöku keppnisliða frá Ísafirði í úrvalsdeild körfuknattleiks, þátttöku knattspyrnu- og handknattleiksliða frá Vestmannaeyjum, blakliða af Austurlandi og knattspyrnu-, körfuknattleiks- og handknattleiksliða frá Sauðárkróki og Akureyri. Í einstökum flokkum getur verið um að ræða fjölda ferða utan af landi til höfuðborgarsvæðisins þar sem flest keppnislið í viðkomandi flokkum eru. Lið á suðvesturhorninu þurfa reyndar einnig að leggja í kostnað vegna keppnisferða út á land en í sumum tilvikum getur verið um eina ferð á keppnistímabili að ræða fyrir höfuðborgarlið á móti jafnvel tíu ferðum sama keppnisflokks af landsbyggðinni. Þetta leiðir til þess að einstök íþróttafélög eru að kikna undan kostnaði og kemur það niður á öllu íþróttastarfi.

Íþróttaástundun er hverju byggðarlagi afskaplega mikilvæg. Um er að ræða eina mestu forvörn fyrir ungt fólk. Að auki eiga keppnislið einstakra sveitarfélaga drjúgan þátt í að efla samkennd og samstöðu íbúa sveitarfélaganna. Íþróttamannvirkjum hefur fjölgað ört á þéttbýlisstöðum á landinu og möguleikar til íþróttaiðkunar eru víða afskaplega góðir. Það eykur mjög áhuga iðkenda ef þeir eiga kost á því að taka þátt í t.d. Íslandsmóti viðkomandi íþróttagreinar. Augljóslega leggst ferðakostnaðurinn þyngra á sum íþróttafélög en önnur af landfræðilegum ástæðum.

Ferðasjóði íþróttafélaga er ætlað að jafna þennan aðstöðumun og stuðla þannig að öflugra íþróttastarfi í landinu. Hér er um eðlilega jöfnunaraðgerð að ræða. Menntamálaráðherra er ætlað

að setja sérstakar reglur um úthlutun úr sjóðnum. Benda má á að í slíkum reglum mætti gera ráð fyrir fastri upphæð fyrir hvern keppnismann liðs í viðurkenndum mótum, svo sem Íslandsmóti og bikarkeppni á vegum viðkomandi sérsambanda.

880. Skýrsla [571. mál]

Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um norrænt samstarf árið 2000.

1. Inngangur.

Frá því að breytingar voru gerðar á skipulagi Norðurlandaráðs að loknu þingi þess í Reykjavík árið 1995 hefur norrænt samstarf verið á þremur meginsviðum: Samvinnu innan Norðurlanda, samvinnu Norðurlanda og Evrópu (ESB/EES) og samvinnu Norðurlanda og nærsvæða þeirra. Með skipulagsbreytingunum voru fagnefndir lagðar niður frá og með áramótum 1995–96 og í stað þeirra stofnaðar þrjár stórar nefndir um fyrrgreind meginsvið, þ.e. Norðurlandanefnd, Evrópunefnd og nærsvæðanefnd. Forsætisnefnd Norðurlandaráðs var stækkuð og auk þess stofnuð sérstök eftirlitsnefnd. Flokkasamstarf var aukið og forustuhlutverk Norðurlandaráðs eflt. Ráðið heldur árlega þing þar sem almennar umræður fara fram og þemaráðstefnu þar sem fjallað er sérstaklega um mál sem snerta eitt eða fleiri af þremur meginviðfangsefnum norrænnar samvinnu. Einnig hefur samstarf og samráð við önnur alþjóðaþingmannasamtök, einkum evrópsk, verið bætt og unnið er að frekara samstarfi Norðurlandaráðs og fastanefnda norrænu þjóðþinganna. Þrátt fyrir að breytingarnar hafi um margt verið til hins betra heyrast stöðugt raddir um að Norðurlandaráð ætti að hverfa að einhverju leyti aftur til fyrra skipulags með því að setja á stofn fagnefndir í stað þess að svæðisbundnar nefndir séu allar að vinna á ákveðnum fagsviðum. Þá hefur verið rætt um að færa þingið til og halda það á fyrri hluta árs, t.d. í mars, í stað þess að hafa það seint að hausti líkt og nú er. Ástæðan er einkum sú að í nóvember er fjárlagavinna í fullum gangi í þjóðþingunum og erfitt getur verið að senda fjölda þingmanna utan á þing í nokkra daga.

Árið 1999 var sett á fót sérstök nefnd vísra manna, aldamótanefndin, undir forustu Jóns Sigurðssonar, forstjóra Norræna fjárfestingarbankans og fyrrverandi ráðherra, til að fara ofan í saumana á skipulagi Norðurlandaráðs og framtíðarsýn þess. Skýrsla nefndarinnar var lögð fram í október og tekin til umræðu á 52. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík. Skýrslan verður svo tekin til ítarlegrar meðferðar innan Norðurlandaráðs á árinu 2001 og er gert ráð fyrir að tekin verði ákvörðun um framtíðarskipulag norrænnar samvinnu á 53. þingi ráðsins sem haldið verður í Kaupmannahöfn haustið 2001.

Sigríður A. Þórðardóttir var kjörin forseti Norðurlandaráðs á 51. þingi ráðsins í Stokkhólmi í nóvember 1999 og tók formlega við embættinu 1. janúar 2000.

2. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

2.1 Nefndarskipan Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Í byrjun ársins skipuðu Íslandsdeildina þau Ísólfur Gylfi Pálmason, Sigríður Jóhannesdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir, Sighvatur Björgvinsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Hjálmar Jónsson og Steingrímur J. Sigfússon. Varamenn voru Árni Johnsen, Rannveig Guðmundsdóttir Drífa Hjartardóttir, Hjálmar Árnason, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ásta Möller og Þuríður Backman. Hinn 2. október 2000 voru þingmennirnir endurkjörnir til setu í Norðurlandaráði og á fundi Ís-

landsdeildarinnar daginn eftir var Ísólfur Gylfi Pálmason kjörinn formaður og Sigríður Jóhannesdóttir varaformaður.

Á 51. þingi ráðsins í Stokkhólmi í nóvember 1999 voru Sigríður A. Þórðardóttir, Sighvatur Björgvinsson og Ísólfur Gylfi Pálmason kjörin til setu í forsætisnefnd Norðurlandaráðs, Hjálmar Jónsson í nærsvæðanefnd, Arnbjörg Sveinsdóttir í Evrópunefnd og eftirlitsnefnd, Sigríður Jóhannesdóttir í Norðurlandanefnd og Steingrímur J. Sigfússon í Norðurlandanefnd. Á forsætisnefndarfundi í Jevnaker 9. desember 1999 var sú breyting gerð á skipan í nefndir að Steingrímur J. Sigfússon var færður úr Norðurlandanefnd í Evrópunefnd að ósk flokkahóps vinstri sósíalista. Þessi nefndarskipan hélst út starfsárið 2000.

2.2 Starfsemi Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs kom saman sjö sinnum á árinu. Þá hafa formaður og varaformaður ásamt ritara haldið óformlega fundi. Að venju voru fundir í Norðurlandaráði og ráðstefnur undirbúnar en auk þess voru fjölmörg mál á dagskrá Íslandsdeildarinnar. Þá var ítarlega rætt um skipulagningu Norðurlandaráðsþingsins sem haldið var í Reykjavík 6.–8. nóvember.

Íslandsdeildin hélt einn fund með Siv Friðleifsdóttur, samstarfsráðherra Norðurlanda, og var hann haldinn í ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu. Þar var m.a. farið yfir drög að dagskrá komandi þings Norðurlandaráðs og einkum rætt hver áhrif stytting þingsins um einn dag mundi hafa bæði á efni og ytri ramma þingsins. Þá var rætt almennt um tillögur til norrænu fjárlaganna 2001 og hvort einhverra breytinga á þeim væri að vænta. Fram kom m.a. að fjöldi tillagna lægi fyrir um verkefni sem menn vildu framkvæma, t.d. landamærahindranir, tungumálasamstarf, *Hallo Norden* upplýsingasímann o.fl. Nokkrar umræður urðu um tillögur að norrænu fjárlögunum og kom m.a. fram að umhugsunarefni væri að miklir fjármunir hefðu runnið til grannsvæðasamstarfs á kostnað eiginlegra samnorrænna verkefna. Þó var á það bent að hafa yrði í huga að samstarfið við grannsvæðin styrkti hið eiginlega norræna samstarf. Einnig var bent á að framlög ríkjanna til norrænu fjárlaganna væru smámunir miðað við heildarútgjöld þessara ríkja en framlag Íslands er um 80 millj. kr. á ári.

Þá hélt Íslandsdeildin fund með upplýsingaskrifstofu Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaskrifstofu forsætisráðuneytisins. Tilgangurinn var að fara yfir upplýsingamál, svo sem útgáfustarfsemi, heimasíðu, samskipti við fjölmiðla og samstarf landsdeilda við upplýsingaskrifstofuna. Þá var farið vel yfir skipulag fjölmiðlamála á Norðurlandaráðsþinginu í Reykjavík og voru fundarmenn einhuga um að búa yrði vel að fjölmiðlafólki og efla þyrfti samskipti landsdeilda og skrifstofu Norðurlandaráðs við fjölmiðla.

Á fund nefndarinnar kom Una María Óskarsdóttir, verkefnisstjóri nefndar félagsmálaráðherra um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum, og falaðist eftir samstarfi um málþing er bæri yfirskriftina „Hverju hefur þátttaka kvenna í stjórnmálum breytt?“ og haldið yrði í tengslum við Norðurlandaráðsþingið. Íslandsdeildin varð við beiðninni.

Íslandsdeildin þáði boð Norðurlandaráðs um að senda tvo þingmenn til Tallinn á *Barn Forum II* ráðstefnuna, auk fimm ungmenna. Íslandsdeildin valdi úr sínum röðum þingmennina Hjálmar Jónsson, sem á sæti í nærsvæðanefnd, og Sigríði Jóhannesdóttur, sem á sæti í Norðurlandanefnd. Þá var ákveðið að gefa stjórnmálaflokkunum tækifæri til að tilnefna ungmenni á aldrinum 18–23 ára til að taka þátt í ráðstefnunni fyrir Íslands hönd og fyrir valinu urðu Sif Sigmarsdóttir, Kjartan Ólafsson, Bára Mjöll Þórðardóttir, Katrín Júlíusóttir og Margrét Helga Ögmundsdóttir.

Fréttamannastyrkir Norðurlandaráðs voru veittir á fundi Íslandsdeildar 15. júní 2000 en samanlagt var styrkupphæðin sem kom í hlut Íslendinga 90 þúsund danskar krónur. Óvenjufáar umsóknir bárust um styrkina og var því unnt að veita öllum umsækjendum styrk að þessu sinni.

Eftirtaldir fréttamenn hlutu styrki: Brynhildur Þórarinsdóttur hlaut 100.000 kr., Broddi Broddason 95.000 kr., Eiríkur Stefán Eiríksson 100.000 kr., Pálmi Jónasson 135.000 kr., Helgi Þorsteinsson 100.000 kr. og Reynir Traustason og Róbert Reynisson saman 300.000 kr. Ekki er ljóst hvers vegna svo fáar umsóknir bárust þetta árið en auglýsing styrkja var hefðbundin. Hins vegar telur Íslandsdeildin rétt að endurskoða fyrirkomulag auglýsingar um fréttamannastyrki fyrir árið 2001 þannig að tryggt sé að náð verði til enn stærri hóps fréttamanna.

2.3 Forseti Norðurlandaráðs.

Sigríður A. Þórðardóttir gegndi starfi forseta Norðurlandaráðs á árinu en hlutverk forseta er einkum að leiða og samhæfa störf forsætisnefndar, stjórna fundum nefndarinnar og ekki síst að koma fram fyrir hönd Norðurlandaráðs gagnvart öðrum alþjóðastofnunum. Þá hefur forseti mikilvægu hlutverki að gegna varðandi stefnumótun í málefnum skrifstofu Norðurlandaráðs, auk þess að vinna náið með framkvæmdastjóra skrifstofunnar. Forseti sótti fjölmarga fundi og ráðstefnur erlendis fyrir hönd Norðurlandaráðs en allur kostnaður af störfum forsetans er greiddur af skrifstofu ráðsins.

Eitt af fyrstu verkum forseta var að eiga fund með Marianne Jelved, formanni norrænu ráðherranefndarinnar, í Kaupmannahöfn í lok janúar. Þar var einkum rætt um störf aldamótanefndar og fjárlagagerð fyrir árið 2001. Ljóst var að veruleg endurskoðun á uppbyggingu fjárlaganna stóð yfir og mátti vænta þess að tillögur yrðu bornar fram um einhvern niðurskurð á fjárframlögum til einstakra stofnana og verkefna. Þá var rætt um skipulag Norðurlandaráðsþings í Reykjavík og hugmyndir ráðherranefndar um ný norræn verðlaun til aðila sem hefði skarað fram úr í málefnum innflytjenda (nordisk integrationspris). Skemmst er frá því að segja að forsætisnefndin hafnaði tillögu ráðherranefndar en nánar er fjallað um málið í kafla 3.1 hér á eftir.

Dagana 2.–4. mars fór forseti í opinbera heimsókn til Eistlands og átti m.a. fundi með Anders Tarand, formanni utanríkismálanefndar eistneska þingsins, og forsætisnefnd Eystrasaltsþingsins auk þess að kynna sér störf upplýsingaskrifstofu Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar í Tallinn sem stýrt er af Kalli Klement. Meðal þess sem fram kom var að upplýsingaskrifstofan er töluvert mikið notuð og greinilegt Eistar hafa mikinn áhuga á Norðurlöndunum.

Forseti tók þátt í vorþingi Benelux-þingsins sem haldið var í Haag í Hollandi dagana 17.–18. mars. Fyrir upphaf þingsins átti forseti fund með forsætisnefndum Benelux-þingsins og Eystrasaltsþingsins og var m.a. rætt um megináherslur hverrar stofnunar fyrir sig komandi missiri. Að fundinum loknum var þingið sett. Í upphafi þess ávarpaði forseti Norðurlandaráðs þingið og fór yfir sjónarmið og áherslur Norðurlandaráðs á hina „norðlægu vídd" í Evrópusambandinu, mikilvægi svæðasamstarfs og umhverfisverndar.

Í lok apríl var forseti viðstaddur opnun víkingasýningarinnar í Washington. Einnig var honum boðið að taka þátt í ráðstefnu forseta evrópskra þjóðþinga sem haldið var í Strassborg 5.–6. maí en varð að hætta við þátttöku vegna anna í þingstörfum. Þá sótti forseti ásamt nokkrum fulltrúum forsætisnefndar Norðurlandaráðs 16. þing Eystrasaltsþingsins sem haldið var í Tartu í Eistlandi 25.–27. maí. Þá tók forseti þátt í ráðstefnu um efnahagsmál sem haldin var í St. Pétursborg í Rússlandi 13.–17. júní og flutti þar ávarp auk þess að taka þátt í hringborðsumræðum. Í júlí sótti forseti þing Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu sem haldið var í Búkarest 6.–10. júlí. Þar gerðist sá fáheyrði atburður að erlendum gestum sem boðið var til ráðstefnunnar gafst ekki tækifæri til að ávarpa fundinn eins og gert hafði verið ráð fyrir í dagskrá. Norðurlandaráð sendi síðar formlegar athugasemdir sínar til stofnunarinnar að þingi loknu og líklegt er að Norðurlandaráð íhugi alvarlega hvort fulltrúi þess sæki þingið á þessu ári. Um

miðjan júlí fór forseti fyrir sendinefnd Norðurlandaráðs sem tók þátt í hátíðahöldunum í Brattahlíð á Grænlandi ásamt því að taka þátt í menningarráðstefnu Vestnorræna ráðsins sem haldin var í Qaqortoq. Í september tók forseti ásamt nokkrum fulltrúum Norðurlandaráðs þátt í ráðstefnunni Barn Forum II sem haldin var í Tallinn í Eistlandi. Í ræðu sinni við opnun ráðstefnunnar sagði forseti m.a. að neysla fíkniefna og glæpastarfsemi ógnaði framtíð margra þjóða og að mikilvægt væri að ungt fólk á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum tæki höndum saman í baráttunni gegn þessum vágesti. Þá hvatti forseti unga fólkið til að nota tækifærið og kynnast hvert öðru, enda væri mannlegi þátturinn mikilvægastur í samskiptum þjóðanna.

Í byrjun október fór forseti ásamt forsætisnefnd Norðurlandaráðs í opinbera heimsókn til Moskvu þar sem nefndin átti fundi með Seleznev, forseta Dúmunnar, og síðar Chilingarov, varaforseta Dúmunnar. Á fundi með varaforsetanum var því m.a. skýrt komið á framfæri við forsætisnefndina að Rússar óskuðu eftir beinni aðild að Norðurlandaráði. Þá fundaði sendinefndin með Stroev, forseta sambandsráðsins, Avdeev, fyrsta varautanríkisráðherra Rússlands, Rogozin, formanni utanríkismálanefndar Dúmunnar, og átti að lokum fund með Pivnenko, formanni fastanefndar Dúmunnar um norræn málefni. Í byrjun desember sótti forseti Norðurlandaráðs svo 17. þing Eystrasaltsþingsins sem haldið var í Vilnius í Litháen 7.–9. desember. Þar hitti hann m.a. að máli forseta litháíska þingsins, átti fund með forsætisnefnd Eystrasaltsþingsins og formanni fastanefndar sem fer með norræn málefni. Þá fór forseti nokkrum sinnum til fundar við framkvæmdastjóra Norðurlandaráðs og átti fundi með embættismönnum ráðsins.

3. Starfsemi nefnda Norðurlandaráðs.

3.1 Forsætisnefnd.

Forsætisnefnd er skipuð forseta og tólf fulltrúum flokkahópanna sem kosnir eru af þingi Norðurlandaráðs. Allar landsdeildir Norðurlandanna og allir flokkahópar skulu eiga fulltrúa í forsætisnefnd. Hlutverk forsætisnefndar er að hafa yfirumsjón með öllum málum í sambandi við þing Norðurlandaráðs og milli þinga, en hún hefur einnig með höndum erlend samskipti og utanríkis- og varnarmál, auk þess að fjalla um norrænu fjárlögin. Sérstakur vinnuhópur á vegum forsætisnefndar tók þá fjárlagavinnu sérstaklega að sér árið 2000, líkt og áður hafði verið gert. Forsætisnefnd fjallar einnig um þær tillögur sem til hennar er beint. Hún hefur vald til að samþykkja tillögur fyrir hönd þingsins í sérstökum tilvikum og taka til afgreiðslu ákveðin málefni sem ekki þykir fært að bíði næsta þings.

Af hálfu Íslandsdeildar sátu í nefndinni Sigríður A. Þórðardóttir frá flokkahópi hægrimanna, Ísólfur Gylfi Pálmason frá flokkahópi miðjumanna og Sighvatur Björgvinsson frá flokkahópi jafnaðarmanna.

Forsætisnefnd hélt alls sjö fundi á árinu og fór þar að auki í opinbera heimsókn til Moskvu. Af helstu málum sem forsætisnefnd hefur fjallað um, fyrir utan hefðbundin störf, má nefna framtíð norrænnar samvinnu, þ.e. skýrslu aldamótanefndarinnar „Norðurlönd 2000 – umvafin vindum veraldar“, norrænu fjárlögin og skipulag og undirbúning 52. þings Norðurlandaráðs í Reykjavík. Jón Sigurðsson, forstjóri Norræna fjárfestingarbankans, kom á fund nefndarinnar í janúar og gerði grein fyrir störfum aldamótanefndarinnar og þeim meginþemum sem skýrslan yrði byggð á. Í október kom Jón svo aftur á fund nefndarinnar og fór yfir skýrsluna sem þá hafði verið lögð fram.

Árið 2002 verða gagngerar breytingar gerðar á afhendingu verðlauna Norðurlandaráðs. Forsætisnefnd ákvað að frá og með 54. þingi Norðurlandaráðs árið 2002, sem haldið verður í Helsinki, skyldu öll verðlaun Norðurlandaráðs verða afhent í einu við sömu athöfn en ekki í tvennu lagi eins og verið hefur frá 1995. Rökin fyrir þessari breytingu eru einkum að vekja

meiri athygli á verðlaunum ráðsins og gera athöfnina hátíðlegri. Í þessu sambandi má geta þess að forsætisnefnd hafnaði einróma tillögum ráðherranefndarinnar um að koma á fót nýrri tegund verðlauna, til aðila sem þætti hafa skarað fram úr í málefnum innflytjenda. Nefndin leit svo á að ekki væri tímabært að stofna til nýrra verðlauna.

Forsætisnefnd hélt aukafund í lok maí á Hvolsvelli þar sem fjárlög Norðurlandaráðs og tillögur norrænu ráðherranefndarinnar voru til umræðu. Á fundinn kom Sören Christensen, framkvæmdastjóri norrænu ráðherranefndarinnar, og fjallaði ítarlega um vinnuna við norrænu fjárlögin og fjárlagatillögurnar. Íslandsdeild Norðurlandaráðs hafði veg og vanda af allri skipulagningu fundarins og að honum loknum var gestum boðið í Sögusetrið á Hvolsvelli þar sem þeir fengu að kynnast Njáls sögu og var boðið upp á rammíslenskan mat. Þá var farið með gesti um söguslóðir Njálu, í Þórsmörk og að lokum var Bláa lónið heimsótt.

Forsætisnefnd tók ákvörðun um undirbúning 50 ára afmælis Norðurlandaráðs árið 2002. Gefin verður út sérstök afmælisbók sem geymir sögu Norðurlandaráðs frá 1978 til afmælisársins, auk ritgerða eftir stjórnmálamenn en áður hafði komið út saga ráðsins frá 1952–1978, rituð af Frantz Wendt. Ráðið mun standa fyrir fjölmörgum atburðum í tengslum við afmælið og verður meðal annars efnt til ritgerðarsamkeppna, átak gert í upplýsingamálum, unnið frekar að eflingu norrænnar menningar o.fl. Þá munu landsdeildir standa fyrir atburðum hver í sínu landi og unnið er að samstarfi við norrænu ráðherranefndina, Norrænu félögin og Norrænu húsin í aðildarríkjunum.

Í desember ákvað forsætisnefnd að þiggja boð Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um að halda þemaráðstefnuna á afmælisárinu 2002 á Íslandi. Reiknað er með að sérstaklega verði vandað til ráðstefnunnar í tilefni af afmælinu.

Á fundi nefndarinnar í Jevnaker í desember 1999 voru ræddar ítarlega breytingar á upplýsingaþjónustu Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar. Kynntar voru tillögur vinnuhóps um breytingar á tímaritinu *Politik i Norden*. Breytingarnar fólu í sér að tímaritið yrði gefið út fjórum sinnum á ári í stað sjö og kæmi út í stærra broti en nú. Tímaritið yrði stórt og vandað, meiri áhersla yrði lögð á menningarmál og hefði hvert tölublað ákveðið þema. Á fundi forsætisnefndar í desember 2000 var ákveðið að festa samstarfið í sessi og gera það að hluta af hinum svokallaða almenna samningi milli Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar. Jafnframt var ákveðið að leggja niður upplýsinganefnd forsætisnefndar en Rannveig Guðmundsdóttir hafði átt sæti í henni á árinu. Mat forsætisnefndin það svo að ekki væri lengur þörf fyrir sérstaka upplýsinganefnd þar sem skipan upplýsingamála væri komin í fast horf og samstarf við landsdeildir færi einnig fram á upplýsingafundum embættismanna landanna.

Að lokum er rétt að geta þess að forsætisnefndin ákvað á síðasta fundi ársins að koma á vinnuhópi sem skyldi vinna að tillögum um hvernig bregðast bæri við skýrslu aldamótanefndar um framtíð norrænnar samvinnu. Á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík bauð sameiginlega embættismannanefnd norrænu ráðherranefndarinnar forsætisnefnd Norðurlandaráðs til málþings sem haldið yrði í Helsinki í janúarlok 2001 til að ræða skýrslu ráðherranefndarinnar „Norðurlönd 2000 – umvafin vindum veraldar“ og framtíð norrænnar samvinnu. Til málþingsins var boðið forsætisnefnd Norðurlandaráðs, formönnum nefnda, formönnum flokkahópa og fulltrúum sjálfstjórnarsvæða. Sighvatur Björgvinsson sat í vinnuhópnum fyrir hönd sósíaldemókrata en þegar Sighvatur hætti þingmennsku í febrúar 2001 urðu nokkrar breytingar á skipan vinnuhópsins og í kjölfar þeirra tók Sigríður A. Þórðardóttir sæti í honum. Vinnuhópurinn mun skila skýrslu ásamt tillögum um mitt árið 2001.

3.2 Norðurlandanefnd.

Ísland átti einn fulltrúa í Norðurlandanefnd á árinu, Sigríði Jóhannesdóttur.

Málefni Norðurlandanefndar eru fyrst og fremst norrænt samstarf, menning, menntun, félagsmál, jafnréttismál og réttindamál. Norðurlandanefnd gerði sérstaka vinnuáætlun fyrir starfsárið 2000 og ákvað að sérstaklega yrði fjallað um eftirfarandi málefni: menningu, kvikmyndir og miðlun, tungumál, menntun og rannsóknir, félagslegar aðstæður, t.d. barna og unglinga, og jafnréttismál.

Nefndin hélt sjö fundi á árinu. Auk þess hittust vinnuhópar nefndarinnar og formenn nokkrum sinnum. Nefndin stóð jafnframt fyrir fimm málþingum á árinu sem nánar er fjallað um í kafla 5.1.

3.3 Nærsvæðanefnd.

Fulltrúi Íslands í nærsvæðanefnd var Hjálmar Jónsson. Í vinnuáætlun sinni fyrir starfsárið ákvað nefndin sem fyrr að leggja áherslu á nánara samstarf við Eystrasaltslöndin og önnur grannsvæði Rússlands og heimskautasvæðin. Umhverfismál skipuðu enn fremur stóran sess í starfi nefndarinnar, auk þess sem sérstök áhersla var lögð á aðstæður barna og unglinga.

Nefndin hélt fimm fundi á árinu, auk eins fundar með orkumálaráðherrum Norðurlanda, og voru hefðbundin nefndarstörf undirbúningur funda og meðferð tillagna, erinda og skýrslna. Þá fór nefndin í kynnisferð til Litháen og Kaliningrad.

3.4 Evrópunefnd.

Fulltrúar Íslands í Evrópunefnd voru Arnbjörg Sveinsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon. Hlutverk Evrópunefndar er að sinna samstarfi Norðurlanda og EFTA-ESB-ríkja og fjalla um stefnu norrænu ríkjanna í þeim málum. Nefndin hefur einkum fjallað um atvinnumál, hagstjórnarmál, neytendamál og meðferð evrópskrar löggjafar á Norðurlöndunum, auk þess að fjalla um starfsáætlanir formennskuríkja og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Nefndin fór í fræðslu- og fundaferð til Brussel í maí og átti fundi með fulltrúum framkvæmdastjórnar ESB og Evrópuþingsins. Meðal mála sem rædd voru má nefna skattamál, samræmingu skattalöggjafar, viðnám gegn sviksamlegri starfsemi innan ESB, niðurstöður ríkjaráðstefnunnar í Lissabon og formennskuáætlun Svía árið 2001. Á fundinum var einkum fjallað um áætlunina um hina „norðlægu vídd“ og voru menn sammála um mikilvægi hennar í ESB-samstarfinu og kom meðal annars fram að margir töldu sérstaklega mikilvægt að Kólaskagi félli þar undir. Rétt er að geta þess að á fundi Norðurlandaráðs með Paavo Lipponen í Helsinki í lok janúar 2000 ítrekaði forsætisráðherrann að Evrópusambandið hefði fallist á að „norðlæga víddin“ yrði á aðgerðaáætlun sambandsins. Hins vegar mundi taka tíma að koma því í framkvæmd þar sem kerfið væri fremur svifaseint.

3.5 Eftirlitsnefnd.

Fulltrúi Íslands í eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs árið 2000 var Arnbjörg Sveinsdóttir.

Á árinu sinnti nefndin reglulegu eftirlitsverkefni sínu, þ.e. yfirferð reikninga Norðurlandaráðs. Árið áður hafði nefndin tekið til sérstakrar skoðunar málefni Norræna menningarsjóðsins. Rannsaka skyldi úthlutun styrkja og sérstaklega hugað að hvernig styrkveitingar skiptust milli einstakra landa, að sjálfstjórnarsvæðunum meðtöldum, og málefna. Athuguninni lauk í byrjun árs 2000 þegar endanlegar tölur lágu fyrir og haldinn var fundur með stjórn menningarsjóðsins. Meginverkefni eftirlitsnefndar árið 2000 var hins vegar rannsókn á því hvernig skýrslum, ráðstefnum og málstofum Norðurlandaráðs væri fylgt eftir. Fenginn var utanaðkomandi rannsóknari til að varpa ljósi á hvernig staðið hefði verið að slíkum verkefnum og hvernig þeim

væri fylgt eftir. Athugunin tók til tímabilsins frá janúar 1997 til og með mars 2000. Niðurstaða hennar er í stuttu máli sú að oft skorti á að atburðum á vegum Norðurlandaráðs væri nægilega fylgt eftir og lagði eftirlitsnefndin til að áður en ráðist væri í gerð skýrslu eða efnt til ráðstefnu um ákveðið efni væru markmið og tilgangur verkefnisins vel skilgreind svo að auðveldara væri að fylgja því eftir. Þá fór nefndin stuttlega yfir starfsemi NORDJOBB.

4. Verðlaun Norðurlandaráðs.

Norðurlandaráð veitir þrenn verðlaun, þ.e. bókmenntaverðlaun, tónlistarverðlaun og náttúru- og umhverfisverðlaun. Bókmennta- og tónlistarverðlaunum Norðurlandaráðs var úthlutað í tengslum við þemaráðstefnu Norðurlandaráðs sem haldin var í Kaupmannahöfn í mars 2000. Umhverfisverðlaunin voru hins vegar afhent á Norðurlandaráðsþingi í Reykjavík í nóvember.

Bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs hefur verið úthlutað á hverju ári frá 196. Þau eru veitt fyrir bókmenntaverk á norrænu tungumáli og er markmið verðlaunanna að auka áhuga á norrænum bókmenntum. Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2000 hlaut danska skáldið Henrik Nordbrandt fyrir ljóðabók sína *Drömmebroer*.

Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs voru fyrst veitt árið 1965 og fram til ársins 1988 voru þau einungis afhent annað hvert ár. Frá 1990 hafa þau verið veitt á ári hverju, annað árið tónskáldi og hitt árið tónlistarflytjanda. Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs árið 2000 komu í hlut finnska tónskáldsins Kaija Saariaho.

Á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík árið 1995 voru samþykkt tilmæli um að Norðurlandaráð veitti árlega náttúru- og umhverfisverðlaun. Verðlaunin á að veita einstaklingi sem hefur sett mark sitt á náttúru- og umhverfisvernd á Norðurlöndum eða hópi fólks, samtökum, fjölmiðli, fyrirtæki eða stofnun sem hefur í störfum sínum tekist að sýna náttúrunni aðdáunarverða tillitssemi. Náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs árið 2000 voru afhent á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík 8. nóvember og hlutu þau að þessu sinni umhverfissamtökin Bellona í Noregi.

Verðlaun Norðurlandaráðs nema 350 þúsund dönskum krónum.

5. Ráðstefnur á vegum Norðurlandaráðs.

5.1 Málþing Norðurlandanefndar.

Norðurlandanefnd stóð fyrir alls fimm málþingum og ráðstefnum á árinu en þau voru málþing um baráttu gegn eiturlyfjum sem haldið var í Helsinki, málþing um líftækni og lífsiðfræði sem haldið var í Stokkhólmi, menningarmálaráðstefna í Ósló, ráðstefna um svæðasamstarf haldið í Torneå/Haparanda og að lokum ráðstefna um kynþáttafordóma og óvild í garð útlendinga sem haldin var í Vesterås.

5.2 Málþing um evruna.

Norræna ráðherranefndin stóð fyrir ráðstefnu um evruna og norrænu velferðarríkin í Kaupmannahöfn 22. júní og var Evrópunefnd Norðurlandaráðs sérstaklega boðið til ráðstefnunnar.

6. Þemaráðstefna Norðurlandaráðs.

Þemaráðstefna Norðurlandaráðs árið 2000 var haldin í Kristjánsborg í Kaupmannahöfn dagana 6.–7. mars.

Yfirskrift ráðstefnunnar var *Þekking og framfarir á Norðurlöndum – stefnumótun fyrir 21. öldina*. Markmið ráðstefnunnar var að draga fram meginspurningar eins og um eflingu Norðurlanda sem þekkingar- og hagvaxtarsvæðis, nýtingu nútímatækni til að auka menntun og atvinnutækifæri í dreifbýli, vinnumarkað framtíðarinnar, lífsgæði og stöðugan norrænan vinnu-

markað. Fjölmargir fyrirlesarar voru fengnir til að fjalla um afmarkað efni og síðan fóru fram umræður sem oft urðu líflegar og fræðandi.

Forseti Norðurlandaráðs, Sigríður A. Þórðardóttir, setti ráðstefnuna. Í erindi sínu sagði hún að fá málefni væru eins mikilvæg og þekkingarsamfélagið og áhrif þess á norrænt hagkerfi, atvinnulíf og velferð. Sigríður bar saman víkingatímann og nútímann en víkingaöldin var einmitt tímabil mikillar hagsældar á Norðurlöndunum. Þetta taldi hún mikilvægt að hafa í huga þegar við nú stæðum á þröskuldi nýrrar aldar og heimurinn skryppi sífellt saman og samkeppni yrði stöðugt harðari. Þá kom fram að á Norðurlöndunum hefði alltaf verið lögð veruleg áhersla á menntun og vísindi og af þeim sökum stæðu Norðurlandaþjóðir framarlega í útbreiðslu og nýtingu nútímatækni, en menntun og rannsóknir væru grundvöllur framfara, velgengni og hagvaxtar. Á Norðurlöndum hefði mikið áunnist og væru þau fyrirmynd annarra þjóða á ýmsum sviðum og mætti nefna sem dæmi norræna vegabréfafrelsið, samnorrænan vinnumarkað og hreyfanleika fólks innan Norðurlanda. Næsta skrefið ætti að vera sameiginlegur þekkingarmarkaður en honum ætti að vera unnt að ná með atorku og samstarfsvilja. Það sem allt byggðist á sagði Sigríður þó að væri sameiginlegur tungumála- og menningararfur Norðurlandabúa. Hann væri okkar lífæð í samstarfinu. Hins vegar minnti forseti á að allt sem ætti að lifa þyrfti næringu og aðhlynningu. Að lokum lagði Sigríður áherslu á mikilvægi þess að fylgja ráðstefnunni eftir og nýta það veganesti sem erindi og umræður gæfu okkur fyrir frekari vinnu á þessu sviði.

Dr. Helga Nowotny, prófessor frá Zürich, fjallaði um þekkingarsamfélagið sem árangur þróunar og hvernig ný þekking myndaði grunn upplýsingasamfélagsins. Það byggðist meðal annars á betra aðgengi að vísindum, einkum fyrir tilstyrk og stækkun menntakerfis og upplýsinga- og miðlunarkerfa. Taldi hún aukið samspil milli þekkingarsamfélagsins og hnattvæðingarinnar ávísun á hagvöxt en það væri jafnframt uppspretta ójöfnuðar í samfélaginu.

Tove Bull, rektor frá Tromsö, fjallaði um Norðurlönd sem eitt menntunarsvæði, samstarf í rannsóknum og þær hindranir sem þyrfti að ryðja úr vegi.

Dr. Jarl Bengtsson frá OECD fjallaði um gæði menntunar á Norðurlöndum og mikilvægi símenntunar sem væri mikilvægust þegar horft væri til framtíðar.

Erkki Ormala, framkvæmdastjóri hjá Nokia, fjallaði í erindi sínu um uppbyggingu samskiptaneta og taldi þekkingu og uppbyggingu samskiptaneta vera þau öfl sem mundu leiða hagvöxt, félagslega þróun og sköpun atvinnutækifæra á 21. öldinni.

Aðrir sem fluttu erindi á ráðstefnunni voru Bertel Haarder frá Evrópuþinginu, Hans Jensen frá samtökum launþega í Danmörku, Kristin Clemet frá samtökum atvinnurekenda í Noregi, Tarja Cronberg og Jouko Heikkilä rektor frá Finnlandi, Jón Sigurðsson, forstjóri Norræna fjárfestingarbankans, og þingmennirnir Hans Engell, Eva Johanson og Ragnwi Marcelind.

Í lokaræðu sinni sagði forseti Norðurlandaráðs að ráðstefnan hefði staðreynt mikilvægi menntunar og rannsókna fyrir Norðurlöndin og vaxtarmöguleika þeirra en jafnframt hefði komið í ljós að nauðsynlegt væri að lyfta grettistaki til að ryðja úr vegi ákveðnum tæknilegum hindrunum sem stæðu í vegi fyrir hreyfanleika námsmanna og vinnuafls milli landanna. Sigríður minnti á tilmæli sem samþykkt voru á 51. þingi ráðsins í Stokkhólmi í nóvember 1999 en með þeim var sú skylda lögð á herðar norrænu ráðherranefndinni að setja saman aðgerðaáætlun í að afnema hindranir innan Norðurlandanna. Að lokum kom forseti inn á nauðsyn samnorrænnar afstöðu til siðfræðilegrar hliðar þróunar upplýsingatækninnar og sagði að ráðið þyrfti að beina sjónum sínum meira að þróun þeirrar tækni, persónuvernd og mannréttindum. Þá gat hún þess jafnframt að Evrópunefnd Norðurlandaráðs hefði komið á fót vinnuhópi til að fjalla um þessi mikilvægu málefni.

7. 52. þing Norðurlandaráðs.

Þing Norðurlandaráðs var haldið í Reykjavík dagana 6.–8. nóvember 2000. Þing er haldið á Íslandi fimmta hvert ár, síðast árið 1995.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs og alþjóðasvið Alþingis höfðu veg og vanda af skipulagningu þingsins í samstarfi við fjölmarga starfsmenn skrifstofu Alþingis og aðra. Hófst undirbúningur þess strax að loknu 51. þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi í nóvember 1999 og stóð óslitið fram að setningu þingsins í Reykjavík 6. nóvember 2000. Verkaskipting milli Alþingis og skrifstofu Norðurlandaráðs við skipulagningu var í grófum drættum sú að Alþingi sá um allan ytri ramma þingsins og yfirbragð, fundaraðstöðu, þ.m.t. túlkakerfi, skrifstofuaðstöðu, verklega framkvæmd, skipulag fundarhalda, samskipti, prentun, ferðir og flutninga en Norðurlandaráð sá um þingfundinn, framkvæmd hans og stjórnun, nefndarfundi, útgáfu þingskjala og almennt skrifstofuhald Norðurlandaráðs. Skemmst er frá því að segja að allt skipulag og framkvæmd þingsins tókst með eindæmum vel og hrósaði framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs og forstöðumenn landsdeilda Alþingi sérstaklega fyrir einstaklega gott skipulag og þjónustulund alls starfsfólks. 52. þing Norðurlandaráðs í Reykjavík var því Alþingi og starfsfólki þess til mikils sóma.

Í Háskólabíói var þingsalur, prentsmiðja, fréttamannaaðstaða og aðstaða fyrir blaðamannafundi. Þar hafði Íslandsdeild Norðurlandaráðs skrifstofu auk tveggja starfsmanna skrifstofu Norðurlandaráðs sem sáu um ræðulista. Aðrar skrifstofur og fundarsalir voru á Hótel Sögu og í húsnæði Bændasamtaka Íslands.

Við skipulagningu þingsins var í fyrsta skipti gerð tilraun með að stytta þingið um einn dag og bar dagskráin óhjákvæmilega merki þess að lítið svigrúm var fyrir aukafundi og aðra viðburði. Dagskrá þingsins var að öðru leyti hefðbundin.

Vegna þess hve þingið var stutt varð ekki komist hjá því að halda nokkra fundi á sunnudeginum. Forseti Norðurlandaráðs átti fundi með fulltrúum Benelux-þingsins og Eystrasaltsþingsins en þeim var sérstaklega boðið til þingsins samkvæmt venju. Voru þeir haldnir á Hótel Sögu. Þá hélt kjörnefndin sinn fund á sunnudeginum en þar voru ákvarðanir teknar varðandi tilnefningu manna í nefndir fyrir árið 2001, auk tilnefningar næsta forseta Norðurlandaráðs. Hjálmar Jónsson sat í kjörnefnd af hálfu Íslandsdeildar.

Mánudagurinn 6. nóvember hófst með fundi í forsætisnefnd og eftirlitsnefnd en síðan tóku við fundir í flokkahópum. Nefndir funduðu síðar um daginn en í hádegishléi bauð forseti Íslands sérstökum boðsgestum til hádegisverðar á Bessastöðum. Þangað var boðið ráðherrum Norðurlanda, þingmönnum í forsætisnefnd Norðurlandaráðs, auk formanna nefnda og æðstu embættismanna landsdeilda. Síðdegis á mánudeginum átti forsætisnefnd Norðurlandaráðs svo fund með forsætisráðherrum Norðurlanda á Hótel Sögu. Að þeim fundi loknum var 52. þing Norðurlandaráðs sett í Háskólabíói við hátíðlega athöfn.

Forseti Norðurlandaráðs, Sigríður A. Þórðardóttir, setti þingið og gat þess í upphafi að þetta væri í níunda skiptið sem Norðurlandaráðsþing væri haldið í Reykjavík. Forseti minntist þess að síðast þegar þing var haldið í Reykjavík, árið 1995, hefði Norðurlandaráð staðið frammi fyrir verulegum breytingum á starfsemi sinni og sagði að enn stæði ráðið opið fyrir vindum veraldar. Á dagskrá þingsins væri m.a. skýrsla norrænu ráðherranefndarinnar um framtíð norrænnar samvinnu. Hinar öru breytingar sem ættu sér stað í alþjóðlegri samvinnu krefðust þess að menn skilgreindu þær kröfur sem gera yrði til norrænnar samvinnu í framtíðinni. Vitnaði forseti í þessu sambandi til Sögunnar af brauðinu dýra í *Innansveitarkróniku* Halldórs Laxness og bað þingheim að hafa vísdómsorð höfundar í huga þegar rætt væri um framtíð norrænnar samvinnu. Ábyrgð þingmanna í Norðurlandaráði væri mikil en þjóðþing þeirra hefðu falið þeim að fara með þessi mikilvægu málefni og standa vörð um þau. Norræn samvinna héldi sinni mikilvægu

pólitísku stöðu en það krefðist þess vissulega að stjórnmálamennirnir kæmu sér saman um stefnuna, en það væri einmitt eitt meginhlutverk ráðsins á þessu þingi.

Forsætisráðherrar Norðurlanda fluttu fyrst skýrslur sínar og síðan kom röðin að utanríkis- og varnarmálaráðherrum. Steingrímur J. Sigfússon veitti andsvar við ræðu Pouls Nyrups Rasmussens, forsætisráðherra Danmerkur, og krafðist svara við því hvers vegna dönsk stjórnvöld kæmu lítið til móts við hugmyndir Færeyinga um sjálfstæði. Ráðherrann svaraði því til að það væri ekki danskra stjórnvalda að ákveða hvort Færeyjar yrðu áfram innan ríkjasambandsins eða fullvalda ríki heldur gæti aðeins færeyska þjóðin tekið slíka ákvörðun. Eftir að skýrslur höfðu verið fluttar hófust almennar stjórnmálaumræður og gafst þingmönnum þá kostur á að gera athugasemdir við skýrslur ráðherranna. Auk þess lágu nokkrar skýrslur til grundvallar umræðunni, m.a. ársskýrslur Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar, auk skýrslu um framtíð norrænnar samvinnu og endurskoðaða stefnu í málefnum grannsvæða Norðurlanda. Í almennum stjórnmálaumræðum gafst einnig kostur á að ræða utanríkis- og varnarmál. Steingrímur J. Sigfússon tók til máls undir þeim lið og ræddi m.a. hlutverk NATO, ÖSE og Sameinuðu þjóðanna. Sagði hann m.a. að þingið ætti að gagnrýna ofbeldisverkin í Mið-Austurlöndum. Lýsti hann þeirri skoðun sinni að þingið gæti a.m.k. fordæmt hernaðaraðgerðir Ísraela gegn óvopnuðum Palestínumönnum líkt og allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefði gert.

Almennum stjórnmálaumræðum var fram haldið þriðjudaginn 7. nóvember þar sem rætt var um framtíð norrænnar samvinnu. Til grundvallar þeirri umræðu lá m.a. skýrsla norrænu ráðherranefndarinnar, „Norðurlönd 2000 – umvafin vindum veraldar“. Sighvatur Björgvinsson var talsmaður flokkahóps sósíaldemókrata undir þessum lið og Steingrímur J. Sigfússon talaði fyrir flokkahóp vinstri sósíalista.

Að almennum stjórnmálaumræðum loknum á þriðjudeginum voru tekin fyrir meginefni þingsins: Norðurlönd og grannsvæðin, hvernig fylgja beri eftir tilmælum Norðurlandaráðs, samkeppnishæf Norðurlönd og lífsiðfræði og öryggi matvæla. Þess má geta að Evrópunefnd Norðurlandaráðs hélt sérstaka ráðstefnu um öryggi matvæla í febrúar 2001 í Kaupmannahöfn.

Arnbjörg Sveinsdóttir mælti fyrir nefndaráliti Evrópunefndar um erfðabreyttar lífverur í umræðum um lífsiðfræði og öryggi matvæla. Í máli hennar kom fram að Evrópunefndin legði til mjög stranga stefnu í markaðssetningu erfðabreyttra matvæla og að hagsmuni neytenda yrði að tryggja. Vísaði hún til ráðstefnu sem norræna ráðherranefndin hefði haldið í júní 2000 þar sem ráðherrarnir voru sammála um að varúðarreglunni yrði fylgt við veitingu leyfa til markaðssetningar slíkra matvæla og tekið yrði tillit til heilsufræðilegra og umhverfislegra áhættuþátta. Kvað hún Evrópunefndina hvetja til enn meiri varkárni gagnvart erfðabreyttum matvælum en orðið hefði niðurstaða ráðstefnu ráðherranefndarinnar, enda væri þekking manna á óæskilegum afleiðingum erfðabreyttra lífvera enn lítil.

Miðvikudaginn 8. nóvember fóru fram kosningar í nefndir og kjör forseta Norðurlandaráðs. Forseti var kjörinn danski þingmaðurinn Svend Erik Hovmand og tók hann við embættinu 1. janúar 2001. Sighvatur Björgvinsson var kjörinn til setu í forsætisnefnd, Sigríður A. Þórðardóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason og Sigríður Jóhannesdóttir í Norðurlandanefnd, Arnbjörg Sveinsdóttir var kjörin í Evrópunefnd og eftirlitsnefnd, Steingrímur J. Sigfússon í Evrópunefnd og Hjálmar Jónsson var kjörinn í grannsvæðanefnd. Þá var Hjálmar Jónsson kjörinn til setu í kjörnefnd. Ísólfur Gylfi Pálmason var kjörinn til setu í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans fyrir tímabilið 1. maí 2001 til 30. apríl 2003. Rannveig Guðmundsdóttir var kjörin í stjórn Norræna menningarsjóðsins og Steingrímur J. Sigfússon til vara.

Að kosningum loknum voru norrænu fjárlögin fyrir árið 2001 á dagskrá en svo tók við fyrirspurnatími með samstarfsráðherrum. Undir þeim dagskrárlið gafst þingmönnum tækifæri til að

spyrja alla samstarfsráðherra Norðurlanda spurninga um hvaðeina. Steingrímur J. Sigfússon beindi spurningu til Sivjar Friðleifsdóttur. Spurði Steingrímur ráðherra hver yrðu afdrif norræna vegabréfafrelsisins við gildistöku Schengen-samningsins og um stöðu Íslands og Noregs sem EES-ríkja í því sambandi. Vildi Steingrímur m.a. fá svar við því hvort menn þyrftu að bera á sér einhver Evrópuskilríki til að geta ferðast innan Norðurlanda. Ráðherra svaraði því til að hún hefði skilið það svo að norræna vegabréfasambandið yrði áfram við lýði og að Íslendingar þyrftu ekki að hafa með sér vegabréf þegar ferðast væri innan Norðurlanda.

Síðast á dagskrá var svo stefna í félags- og heilbrigðismálum innan Norðurlanda án landamæra.

Umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs árið 2000 voru afhent við hátíðlega athöfn í Háskólabíói um hádegisbil miðvikudaginn 8. nóvember. Fyrst var sýnt myndband um hina einstöku ósnortnu íslensku náttúru en lagið „Ísland er land þitt" í flutningi Egils Ólafssonar leikið undir. Ísólfur Gylfi Pálmason, formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, setti athöfnina að sýningu lokinni og lagði í ræðu sinni út frá þema myndarinnar. Sagði hann m.a. að náttúran og umhverfið væru auðæfi okkar hér á norðurhveli jarðar en staðreyndin væri hins vegar sú að náttúran væri viðkvæm og auðsærð. Af þeim sökum væri sérstaklega mikilvægt að þjóðir heims hefðu með sér samstarf um umhverfisvernd og ynnu saman af heilindum og trúnaði. Þá sagði hann að umhverfismál væru gott dæmi um svið þar sem samstarf við grannsvæði væri sérstaklega mikilvægt. Með sanni mætti segja að Norðurlandaráð hefði lagt sérstaka áherslu á samstarf við grannsvæði Norðurlanda og árangur þess væri mjög góður. Jafnframt sagði Ísólfur að stjórnmálamennirnir settu reglurnar og reyndu að gera samstarfið mögulegt en hins vegar væri það grasrótin, hinn almenni borgari, frjáls félagasamtök og fyrirtæki, afstaða fólksins til umhverfismála og ekki síst frumkvæði og dugnaður þessara aðila til að koma upp um lögbrjótana og gera yfirvöldum viðvart um hverjir menga og eyðileggja umhverfi okkar, sem að lokum segði til um hvort aðgerðir okkar hefðu heppnast. Af þessum ástæðum væri mikilvægt að heiðra þá sem sköruðu fram úr og Norðurlandaráð legði sitt af mörkum með umhverfisverðlaununum. Að þessu loknu kynnti Páll Kr. Pálsson, fulltrúi í dómnefnd, verðlaunahafann, norsku umhverfissamtökin Bellona, sem hlutu verðlaunin fyrir störf sín að umhverfismálum á hafsvæði norðurskautsins og Norðvestur-Rússlands. Samtökin hafa einbeitt sér að hættu á geislamengun á Barentssvæðinu en starf þeirra hefur leitt til þess að fjölmörg alþjóðleg verkefni hafa verið sett í gang til að taka á umhverfismálum svæðisins.

Nýkjörinn forseti Norðurlandaráðs, Svend Erik Hovmand, flutti ræðu undir lok þingsins. Í máli hans kom fram að Norðurlandaráðs biðu mörg stór verkefni á komandi ári. Þó væri stærsta verkefnið að færa norrænt samstarf nær nútímanum því að þrátt fyrir að slíkt samstarf ætti sér djúpar rætur í þjóðarvitundinni þyrfti það endurnýjunar við en það væri jafnframt forsenda áhrifa í Evrópu framtíðarinnar. Lagði hann áherslu á að Norðurlandaráð ætti að vera leiðandi á sviði lýðræðislegs samstarfs Norðurlanda. Auk þess ætti það að vera driffjöðrin í samstarfinu við nágrannana eins og það hefði verið hvað varðaði Eystrasaltsríkin, Barentssvæðið, norðurheimskautssvæðið, vestnorræna samstarfið og Eystrasaltssamstarfið. Þá gerði Hovmand norðlægu víddina að sérstöku umtalsefni og sagði norræna samstarfið hafa eitt umfram allt annað alþjóðlegt samstarf, þ.e. stoð í þjóðarvitund Norðurlandabúa. Um samstarfið almennt sagði Hovmand dapurlegt til þess að vita að þrátt fyrir mikið og ötult starf væru enn ákveðin landamæri sem skildu þjóðirnar að. Sem dæmi nefndi hann skort á gagnkvæmri viðurkenningu menntunar, stofnun fyrirtækja, lífeyrismál, skattamál, vinnumarkaðsmál o.fl. og taldi að nú væri tími til kominn að menn hreinsuðu til í eitt skipti fyrir öll. Að lokum fjallaði hann lítillega um skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar um framtíð norrænnar samvinnu og sagði Norðurlanda-

ráð vissulega opið fyrir vindum veraldar en þó þannig að grundvöllur samstarfsins yrði treystur enn frekar og ræturnar í þjóðþingunum styrktar.

Að lokinni ræðu nýkjörins forseta var tekin ákvörðun um að halda 53. þing Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í 44. viku ársins 2001. Nánari tímasetning verður ákveðin síðar.

Fráfarandi forseti Norðurlandaráðs, Sigríður A. Þórðardóttir, sleit þinginu og vitnaði m.a. til stefnumiða Norðurlandaráðs fyrir árið 2001 sem samþykkt voru á þinginu. Þar er áherslan lögð á þróun norrænnar samvinnu, frið og öryggi í Evrópu, Norðurlönd sem forgangssvæði innan ESB, sjálfbæra þróun á Norðurlöndum, grannsvæðasamstarf og samstarf á Barents-, norðurskauts- og Eystrasaltssvæðunum. Sigríður gat þess jafnframt að norrænt samstarf hefði tekið miklum breytingum í tímans rás og stæði nú traustum fótum. Styrkurinn lægi fyrst og fremst í stöðu samstarfsins í þjóðarvitund Norðurlandabúa og væri það einstakt í alþjóðlegu samstarfi. Minnti Sigríður þingheim á að við endurskoðun norræns samstarfs yrðu menn að hafa í huga að það væri efni samstarfsins, innihaldið sjálft, sem væri mikilvægast en ytri rammann mætti síðan smám saman sníða að efninu.

Að lokum minnti Sigríður á vísdómsorð Halldórs Laxness úr *Innansveitarkróniku* sem hún gerði að umtalsefni í opnunarræðu sinni: „Því sem manni er trúað fyrir, því er manni trúað fyrir“ og „Getur nokkur nokkurn tíma verið nokkrum trúr nema sjálfum sér?“. Með þessum orðum var 52. þingi Norðurlandaráðs slitið.

Alþingi, 1. febr. 2001.

Ísólfur Gylfi Pálmason, form.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Sighvatur Björgvinsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Hjálmar Jónsson.
	Steingrímur J. Sigfússon.	

Fylgiskjal.

Tilmæli, álit og ákvarðanir um innri málefni samþykkt á 52. þingi Norðurlandaráðs.

(Reykjavík, 6.–8. nóvember 2000.)

1. Tilmæli nr. 7/2000, um ungmennaskipti milli Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna (A 1238/när).
2. Tilmæli nr. 8/2000, um aukið samstarf við Rússland og Eystrasaltslöndin (A 1224/p).
3. Tilmæli nr. 9/2000, um vinnumarkaðs- og vinnuumhverfisáætlun fyrir árin 2001–2004 (B 198/euro).
4. Tilmæli nr. 10/2000, um þematengda vinnumarkaðsumræðu á Norðurlandaráðsþingi (A 1235/euro).
5. Tilmæli nr. 11/2000, um norræna athugun á upplýsingasamfélaginu, rafrænum viðskiptum og reglum um dulkóðun (A 1226/euro).
6. Tilmæli nr. 12/2000, um frumkvöðlarannsóknar á sviði upplýsingatækni (A 1227/euro).
7. Tilmæli nr. 13/2000, um upplýsingatækni og lýðræði á Norðurlöndum (A 1228/euro).
8. Tilmæli nr. 14/2000, um ráðgjafarhóp um upplýsingatækni (A 1229/euro).
9. Tilmæli nr. 15/2000, um aðgerðir gegn notkun ólöglegs vinnuafls á Norðurlöndum.
10. Tilmæli nr. 16/2000, um samstarf yfirvalda á Norðurlöndum um miðlun upplýsinga um öryggi matvæla og samsvarandi samstarf innan Evrópusambandsins (B 196/när).
11. Tilmæli 17/2000, um aðgerðaáætlun fyrir norræna samvinnu á sviði landbúnaðar og skógræktar 2001–2004 (B 196/när).
12. Tilmæli 18/2000, um stefnumörkun í norrænni samvinnu á sviði fiskveiða 2001–2004 (B 197/när).
13. Tilmæli 19/2000, um aðgerðaáætlun fyrir norræna samvinnu á sviði matvælaframleiðslu (B 194/euro).
14. Tilmæli 20/2000, um norræna samvinnu á sviði lífsiðfræði (A 1218/nord).
15. Tilmæli 21/2000, um alþjóðlegt bann við klónun manna og eftirlit með líftæknirannsóknum (A 1218/nord).
16. Tilmæli 22/2000, um erfðabreytt matvæli (A 1222/euro).
17. Tilmæli 23/2000, um vistkerfi hafsins og sjálfbæra þróun fiskstofna (A 1225/när).
18. Tilmæli 24/2000, um fjárlög fyrir norrænt samstarf fyrir árið 2001 (C 2; B 189/p).
19. Tilmæli 25/2000, um breytingu á samningnum um Norræna menningarsjóðinn (B 191/nord).
20. Tilmæli 26/2000, um Nordjobb og aðrar ungmennaskiptaáætlanir (A 1240/kk).
21. Tilmæli 27/2000, um samstarfsverkefni á sviði heilbrigðis- og félagsmála 2001–2005 (B 192/nord).
22. Tilmæli 28/2000, um norræna samvinnu á sviði fíkniefnamála 2001–2005 (B 193/nord).
23. Tilmæli 29/2000, um vandamál tengd öldrunarsjúkdómum (A 1211/nord).
24. Tilmæli 30/2000, um baráttu gegn fíkniefnum (A 1205/nord).
25. Tilmæli 31/2000, um aðgerðir í fíkniefnamálum (A 1205/nord).
26. Tilmæli 32/2000 rannsókn á skipulagðri glæpastarfsemi (A 1233/nord).
27. Tilmæli 33/2000, um lýðræði og velferð í hnattrænu samhengi (A 1241/nord).
28. Tilmæli 34/2000, um norræn áhrif á alþjóðlegt samstarf (A 1241/nord).

29. Tilmæli 35/2000, um aukna samvinnu við frjáls félagasamtök á grannsvæðum Norðurlanda (A 1215/när).
30. Umsögn 1/2000, um skýrslu Norræna menningarsjóðsins, þ.m.t. endurskoðunarskýrslu fyrir árið 1999 (C 5/kk).
31. Ákvörðun 1/2000, um endurskoðunarskýrslu norrænu ráðherranefndarinnar (C 3/kk).
32. Ákvörðun 2/2000, um skýrslu til Norðurlandaráðs um endurskoðun á reikningum Norðurlandaráðs fyrir árið 1999 (C 4/kk).
33. Ákvörðun 3/2000, um skýrslu Norræna menningarsjóðsins, þ.m.t. endurskoðunarskýrslu fyrir árið 1999 (C 5/kk).
34. Ákvörðun 4/2000, um hvernig fylgja beri eftir ráðstefnum, málstofum o.fl. á vegum Norðurlandaráðs.
35. Ákvörðun 5/2000, um útsendingar norrænna sjónvarpsstöðva um stafrænt dreifikerfi.

881. Nefndarálit [444. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2000, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Hauk Jóhannesson og Högna S. Kristjánsson frá utanríkisráðuneyti og Hörð Lárusson frá menntamálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2000, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn.

Með samþykkt tilskipunar 1999/42/EB sem lagt er til að verði felld inn í VII. viðauka EES-samningsins eru margar eldri tilskipanir felldar úr gildi og ákvæði þeirra sameinuð í einni tilskipun sem mun einfalda kerfið verulega.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Árni R. Árnason, Steingrímur J. Sigfússon og Jónína Bjartmarz voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. mars 2001.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Jón Kristjánsson.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Einar K. Guðfinnsson.	Katrín Fjeldsted.

882. Nefndarálit [445. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2000, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Hauk Jóhannesson og Högna S. Kristjánsson frá utanríkisráðuneyti og Jónínu S. Lárusdóttur frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2000, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn. Með samþykkt tilskipunar 2000/31/EB um rafræn viðskipti sem lagt er til að verði felld inn í XI. viðauka EES-samningsins er stefnt að því að móta sameiginlegan lagaramma sem tryggi frjálst flæði þjónustu í upplýsingasamfélagi á Evrópska efnahagssvæðinu.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Árni R. Árnason, Steingrímur J. Sigfússon og Jónína Bjartmarz voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. mars 2001.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Jón Kristjánsson.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Einar K. Guðfinnsson.	Katrín Fjeldsted.

883. Svar [491. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um starfsgreinaráð.

1. *Hvaða starfsgreinaráð hafa verið skipuð skv. 28. gr. laga um framhaldsskóla og hvaða starfsgreinar og/eða starfsgreinaflokkar heyra undir hvert þeirra?*

Starfsgreinaráðin eru talin upp hér á eftir eins og þau hafa verið nefnd samkvæmt tillögu samstarfsnefndar um starfsnám á framhaldsskólastigi skv. 26. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996, og skipan starfsgreina í starfsgreinaflokka skv. 27. gr. sömu laga.

Starfsgreinaráð fyrir farartækja- og flutningsgreinar. Bifreiðasmíði, bifvélavirkjun og bílamálun.

Starfsgreinaráð fyrir upplýsinga- og fjölmiðlagreinar. Bókband, ljósmyndun, grafísk miðlun/prentsmíði, prentun, bóksafnstækni, fjölmiðlatækni, nettækni og veftækni.

Starfsgreinaráð fyrir bygginga- og mannvirkjagreinar. Húsasmíði, húsgagnasmíði, málaraiðn, múraraiðn, pípulagnir, dúklögn og veggfóðrun.

Starfsgreinaráð fyrir hönnun, listir og handverk. Gull- og silfursmíði, handíð, hönnun, kjólasaumur, klæðskurður, skósmíði, söðlasmíði, tækniteiknun og úrsmíði.

Starfsgreinaráð fyrir matvæla- og veitingagreinar. Bakaraiðn, framreiðsla, hússtjórn, kjötiðn, matreiðsla, matartæknanám og slátrun.

Starfsgreinaráð fyrir málm-, véltækni- og framleiðslugreinar. Blikksmíði, rennismíði, stálsmíði, vélvirkjun, málmsuða og netagerð.

Starfsgreinaráð fyrir rafiðngreinar. Rafeindavirkjun, rafveituvirkjun, rafvélavirkjun, rafvirkjun og símsmíði.

Starfsgreinaráð fyrir persónulega þjónustu. Hársnyrtiiðn og snyrtifræði.

Starfsgreinaráð fyrir heilbrigðisþjónustugreinar og félagslega þjónustu. Lyfjatækni, læknaritun, nudd, sjúkraliðanám, tanntækni, tannsmíði og félagsliðanám.

Starfsgreinaráð fyrir sjávarútvegs- og siglingagreinar. Fiskiðn, skipstjórn og vélstjórn.

Starfsgreinaráð fyrir uppeldis- og tómstundagreinar. Störf á sviði íþróttaþjálfunar, uppeldis og tómstunda.

Starfsgreinaráð fyrir verslunar- og skrifstofustörf. Störf á sviði verslunar, skrifstofu og fjármála.

Starfsgreinaráð fyrir náttúrunýtingu. Störf á sviðið ferðamála, landbúnaðar og garðyrkju.

Starfsgreinaráð fyrir öryggisvörslu, björgun og löggæslu. Störf á sviði öryggisvörslu, björgunar og löggæslu.

2. *Að hvaða verkefnum er hvert starfsgreinaráð aðallega að vinna núna?*

Starfsgreinaráð fyrir farartækja- og flutningsgreinar. Unnið er að úttekt á námi í farartækja- og flutningsgreinum og að tillögu að skipan meistarnáms í bíliðngreinum.

Starfsgreinaráð fyrir upplýsinga- og fjölmiðlagreinar. Verið er að leggja lokahönd á tillögur að námskrá sérnáms á átta sérsviðum upplýsinga- og fjölmiðlagreina.

Starfsgreinaráð fyrir bygginga- og mannvirkjagreinar. Unnið er að endurskoðun grunnnáms í bygginga- og mannvirkjagreinum og að skilgreiningu á hæfniskröfum í múraraiðn.

Starfsgreinaráð fyrir hönnun, listir og handverk. Unnið er að skilgreiningu á starfssviði og mótun heildarstefnu um menntun á sviði hönnunar- og handverksgreina.

Starfsgreinaráð fyrir matvæla- og veitingagreinar. Verið er að undirbúa endurskoðun á námi í matreiðslu og framreiðslu.

Starfsgreinaráð fyrir málm-, véltækni- og framleiðslugreinar. Unnið er að tillögu að námskrá í málmsuðu, tillögu að skipulagi vinnustaðanáms í málmiðngreinum og verkefni um aðstöðu, aðbúnað og kennarakost skóla sem bjóða fram nám í málmiðngreinum.

Starfsgreinaráð fyrir rafiðnaðargreinar. Unnið er að endurskoðun náms fyrir grunndeild rafiðna.

Starfsgreinaráð fyrir persónulega þjónustu. Unnið er að tillögu að námskrá fyrir snyrtibraut.

Starfsgreinaráð fyrir heilbrigðisþjónustugreinar og félagslega þjónustu. Unnið er að tillögu að námskrá fyrir hjúkrunar- og mótttökuritara og tillögu að skipulagi framhaldsnáms fyrir sjúkraliða.

Starfsgreinaráð fyrir sjávarútvegs- og siglingagreinar. Unnið er að skýrslu um skipan skipstjórnarnáms og skýrslu sem tekur til þarfagreiningar í vélstjórnarfræðslu.

Starfsgreinaráð fyrir uppeldis- og tómstundagreinar. Unnið er að tillögum um námskrá fyrir íþróttabraut, námsbraut í frístundafræðum og námsbraut fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum.

Starfsgreinaráð fyrir verslunar- og skrifstofustörf. Í undirbúningi er að taka saman skýrslu um skipulag náms og þarfir fyrir nám á sviði verslunar-, skrifstofu- og fjármálastarfa.

Starfsgreinaráð fyrir náttúrunýtingu. Unnið að smíði gagnagrunns um nám á sviði ráðsins.

Starfsgreinaráð fyrir öryggisvörslu, björgun og löggæslu. Undirbúningur að námskrárgerð í framhaldi af skýrslu um störf og menntun á sviði björgunar, öryggisþjónustu og löggæslu.

3. *Hvað af því sem starfsgreinaráðin hafa unnið að er komið til framkvæmda þannig að gefin hafi verið út námskrá í viðkomandi grein og/eða farið sé að vinna eftir námskrá sem gefin var út á grundvelli tillagna starfsgreinaráðs?*

Farið er að kenna eftir námskrá fyrir grunnnám í málmiðngreinum, grunnnám í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum, bíliðngreinum og skipstjórnargreinum.

4. *Hvaða námskrár, unnar á grundvelli tillagna starfsgreinaráðs, eru væntanlegar fyrir næsta skólaár eða á næsta skólaári?*

Nýjar námskrár eru væntanlegar fyrir eftirtaldar greinar: rafiðngreinar, þ.e. grunndeild rafiðna, rafvirkjun og rafvélavirkjun; nám í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum, þ.m.t. sameiginlegt grunnnám og sérnám í bókasafnstækni, bókbandi, fjölmiðlatækni, grafískri miðlun/prentsmíði, ljósmyndun, prentun, nettækni og veftækni; netagerð; mámiðngreinar, þ.e. grunnnám í málmiðngreinum, blikksmíði, stálsmíði, vélvirkjun og rennismíði; snyrtigreinar, þ.e. snyrtibraut og hársnyrtigreinar; félagsliða; uppeldis- og tómstundagreinar, þ.e. námsbraut fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum; námsbraut í frístundafræðum og námsbraut í íþróttafræðum og íþróttaþjálfun; málmsuðu (tilraunanámsbraut).

5. *Á hvaða sviðum er mest uppbygging starfsnáms á grundvelli tillagna starfsgreinaráðanna?*

Vísað er til þess sem að framan er sagt. Lengst er námskrárgerð komin í málmiðngreinum og upplýsinga- og fjölmiðlagreinum.

6. *Hversu mikill hefur kostnaður menntamálaráðuneytis verið vegna þessa starfs og hvernig skiptist hann milli greina?*

Eftirfarandi yfirlit tekur til greiðslna vegna verkefnasamninga við starfsgreinaráðin, greiðslna fyrir setu fulltrúa ráðuneytisins í starfsgreinaráðum og til fastaframlags til ráðanna.

Starfsgreinaráð	**1999**	**2000**
Bygginga- og mannvirkjagerð	1.787.000	1.499.000
Farartækja- og flutningsgreinar	318.000	489.000
Heilbrigðisþjónustugreinar og félagsleg þjónusta	494.000	1.428.000
Hönnun, listir og handverk	628.000	204.000
Matvæla- og veitingagreinar	1.533.000	189.000
Málm-, véltækni- og framleiðslugreinar	818.000	1.933.000
Náttúrunýting	472.000	1.178.000
Persónuleg þjónusta	318.000	1.353.000
Rafiðngreinar	1.068.000	3.347.000
Sjávarútvegs- og siglingagreinar	848.000	982.000
Uppeldis- og tómstundagreinar	805.000	676.000
Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar	2.483.000	2.892.000
Verslunar- og skrifstofustörf	618.000	472.000
Öryggisvarsla, björgun, löggæsla	1.150.000	1.529.000
Samtals	**13.340.000**	**18.171.000**

884. Frumvarp til barnaverndarlaga. [572. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI
Markmið barnaverndarlaga o.fl.

1. gr.
Réttindi barna og skyldur foreldra.

Börn eiga rétt á vernd og umönnun. Þau skulu njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska.

Foreldrum ber að sýna barni sínu umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Þeim ber að búa börnum sínum viðunandi uppeldisaðstæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna.

2. gr.
Markmið o.fl.

Markmið laga þessara er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við.

Lögin taka til allra barna sem eru á yfirráðasvæði íslenska ríkisins.

3. gr.
Skýring hugtaka.

Með börnum er í lögum þessum átt við einstaklinga yngri en 18 ára. Barnaverndaryfirvöld geta ákveðið, með samþykki ungmennis, að ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli laganna haldist eftir að þau eru orðin 18 ára, allt til 20 ára aldurs.

Með barnaverndaryfirvöldum er átt við félagsmálaráðuneytið, Barnaverndarstofu, kærunefnd barnaverndarmála og barnaverndarnefndir.

Með foreldrum er að jafnaði átt við þá sem fara með forsjá barns.

4. gr.
Meginreglur barnaverndarstarfs.

Í barnaverndarstarfi skal beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að barni séu fyrir bestu. Hagsmunir barna skulu ávallt hafðir í fyrirrúmi í starfsemi barnaverndaryfirvalda.

Í störfum sínum skulu barnaverndaryfirvöld taka tillit til sjónarmiða og óska barna eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til.

Í barnaverndarstarfi ber að stuðla að því að stöðugleiki ríki í uppvexti barna.

Barnaverndaryfirvöld skulu leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra sem þeir hafa afskipti af og ávallt sýna þeim fyllstu nærgætni og virðingu.

Barnaverndaryfirvöld skulu í störfum sínum leitast við að hafa góða samvinnu sín á milli og við aðrar stofnanir sem fjalla um málefni barna.

Barnaverndaryfirvöld skulu í störfum sínum og öllum ákvörðunum gæta samræmis og jafnræðis.

Barnaverndaryfirvöld skulu eftir föngum gæta þess að almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu séu reynd áður en gripið er til annarra úrræða. Þau skulu jafnframt ávallt miða við að beitt sé

vægustu ráðstöfunum til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Aðeins skal gert ráð fyrir íþyngjandi ráðstöfunum að lögmæltum markmiðum verði ekki náð með öðru og vægara móti.

Allir þeir sem vinna að barnavernd skulu gæta fyllsta trúnaðar um hagi barna, foreldra og annarra sem þeir hafa afskipti af.

II. KAFLI
Yfirstjórn barnaverndarmála.

5. gr.
Hlutverk félagsmálaráðuneytisins.

Barnavernd samkvæmt lögum þessum heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Um verkaskiptingu ráðuneytisins og stofnana þeirra sem undir ráðuneytið heyra fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

Félagsmálaráðuneytið ber ábyrgð á stefnumótun í barnavernd.

6. gr.
Kærunefnd barnaverndarmála.

Félagsmálaráðherra skipar kærunefnd barnaverndarmála til fjögurra ára í senn. Heimilt er að skjóta til hennar úrskurðum og einstökum ákvörðunum barnaverndarnefnda samkvæmt lögum þessum. Enn fremur er unnt að skjóta til nefndarinnar ákvörðunum Barnaverndarstofu skv. 3. og 5. mgr. 15. gr., 66. gr., 2. og 4. mgr. 83. gr. og 2. mgr. 91. gr.

Í kærunefnd barnaverndarmála sitja þrír menn. Hæstiréttur tilnefnir formann og skal hann uppfylla hæfisskilyrði til að vera héraðsdómari. Nefndarmenn skulu hafa sérþekkingu á málefnum barna. Félagsmálaráðherra sér nefndinni fyrir starfsaðstöðu. Kærunefnd er heimilt að ráða starfsmenn til að sinna daglegum rekstri.

Úrskurðir kærunefndar barnaverndarmála eru endanlegir á stjórnsýslustigi og verður þeim ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Kærunefnd barnaverndarmála skal árlega gefa út skýrslu um starfsemi sína.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um störf nefndarinnar.

7. gr.
Barnaverndarstofa.

Barnaverndarstofa er sérstök stofnun sem heyrir undir yfirstjórn félagsmálaráðherra. Barnaverndarstofa annast stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til. Félagsmálaráðherra ákveður aðsetur Barnaverndarstofu og skipar forstjóra hennar.

Barnaverndarstofa skal vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs í landinu og vera félagsmálaráðherra til ráðgjafar um stefnumótun í málaflokknum. Hún skal hlutast til um að fram fari þróunar- og rannsóknarstarf á sviði barnaverndar.

Barnaverndarstofa skal hafa með höndum leiðbeiningar um túlkun og framkvæmd barnaverndarlaga og fræðslu og ráðgjöf fyrir barnaverndarnefndir í landinu. Enn fremur hefur Barnaverndarstofa eftirlit með störfum barnaverndarnefnda samkvæmt lögum þessum.

Barnaverndarstofa annast leyfisveitingar til fósturforeldra, tekur ákvarðanir og veitir barnaverndarnefndum liðsinni í fósturmálum skv. XII. kafla laga þessara.

Barnaverndarstofa fer með yfirstjórn heimila og stofnana sem ríkinu ber að sjá til að séu tiltæk skv. XIII. kafla laga þessara og skal hlutast til um að slík heimili og stofnanir verði sett á fót. Stofan hefur yfirumsjón með vistun barna á þessum heimilum og stofnunum. Barnaverndarstofa annast enn fremur leyfisveitingar skv. XIII. og XIV. kafla laga þessara.

Barnaverndarstofa getur rekið sérstakar þjónustumiðstöðvar í því skyni að treysta þverfaglegt samstarf, eflingu og samhæfingu stofnana við meðferð mála á sviði barnaverndar. Þá er Barnaverndarstofu heimilt að bjóða barnaverndarnefndum aðra sérhæfða þjónustu, svo sem úrræði utan stofnana á sviði meðferðar fyrir börn, enda sé markmið hennar að auðvelda nefndum að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Heimilt er að taka gjöld fyrir þau sérstöku verkefni sem Barnaverndarstofa sinnir samkvæmt ákvæði þessu eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð. Gjaldið skal aldrei vera hærra en nemur kostnaði við rekstur þjónustumiðstöðvar eða þeirrar sértæku þjónustu sem um ræðir, þar með talinn kostnaður vegna launa og þjálfunar starfsfólks svo og önnur útgjöld sem sannanlega hljótast af þjónustunni.

Barnaverndarstofa fer jafnframt með önnur verkefni sem henni eru falin í lögum þessum eða öðrum lögum.

Barnaverndarstofa skal árlega gefa út skýrslu um starfsemi sína.

Félagsmálaráðherra skal kveða nánar á um starfsemi Barnaverndarstofu í reglugerð.

8. gr.

Eftirlit Barnaverndarstofu með barnaverndarnefndum.

Barnaverndarnefndir skulu fyrir 1. maí ár hvert senda Barnaverndarstofu skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Í henni skulu m.a. vera upplýsingar um fjölda mála sem nefndirnar hafa haft til meðferðar á tímabilinu, hvers eðlis þau eru og um lyktir þeirra.

Barnaverndarstofa getur auk þess krafið barnaverndarnefndir um allar þær upplýsingar og skýrslur sem hún telur nauðsynlegar, bæði gögn í einstökum málum og skýrslur sem barnaverndarnefndir þurfa að vinna sérstaklega.

Barnaverndarstofa getur, á grundvelli kvartana eða annarra upplýsinga sem henni berast um meðferð einstakra mála og ef hún telur ástæðu til, aflað upplýsinga og skýringa hjá viðkomandi nefnd.

Telji Barnaverndarstofa, eftir að hafa aflað upplýsinga og skýringa skv. 2. og 3. mgr., að barnaverndarnefnd fari ekki að lögum við rækslu starfa sinna skal hún eftir því sem tilefni er til leiðbeina barnaverndarnefnd um málsmeðferð og beina til hennar ábendingum um það sem betur má fara. Ef barnaverndarnefnd fer ekki að ábendingum og leiðbeiningum Barnaverndarstofu getur stofan áminnt nefndina um að rækja skyldur sínar. Barnaverndarstofa skal gera sveitarstjórn aðvart um slíka áminningu. Gæta skal ákvæða um trúnaðarskyldu þegar áminning er tilkynnt til sveitarstjórnar.

9. gr.

Framkvæmdaáætlanir sveitarfélaga í barnaverndarmálum.

Sveitarstjórnir skulu marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Framkvæmdaáætlun sveitarfélags í barnaverndarmálum skal send félagsmálaráðuneyti og Barnaverndarstofu.

III. KAFLI

Barnaverndarnefndir.

10. gr.

Barnaverndarnefndir, kosning o.fl.

Á vegum sveitarfélaga skulu starfa barnaverndarnefndir.

Sveitarstjórn kýs barnaverndarnefnd, sbr. þó 3. og 4. mgr. Fámennari sveitarfélög skulu hafa samvinnu við önnur sveitarfélög um kosningu barnaverndarnefndar. Samanlagður íbúafjöldi sveitarfélaga að baki hverri barnaverndarnefnd skal ekki vera undir 1500.

Heimilt er sveitarstjórn að fela héraðsnefnd eða stjórn byggðasamlags kosningu barnaverndarnefndar er nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag eða semja um svæðisbundið samstarf með öðrum hætti en að framan greinir.

Heimilt er sveitarstjórn að fela félagsmálanefnd störf barnaverndarnefndar og í þeim tilvikum skal gæta þeirra reglna sem fram koma í 1. og 2. mgr. 11. gr. um kjör barnaverndarnefnda og um íbúafjölda, sbr. 2. mgr. þessarar greinar.

11. gr.

Skipan barnaverndarnefndar.

Barnaverndarnefnd skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum varamönnum. Barnaverndarnefnd sem nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag er þó heimilt að skipa allt að sjö mönnum og jafnmörgum varamönnum. Barnaverndarnefnd skal að jafnaði skipuð bæði konum og körlum. Nefndarmenn skulu vera kunnir að grandvarleik og bera gott skyn á mál þau sem barnaverndarnefnd fjallar um. Leitast ber við að kjósa lögfræðing í barnaverndarnefnd og enn fremur fólk með sérþekkingu á málefnum barna.

Um kjörgengi í barnaverndarnefnd fer eftir sömu reglum og um kjörgengi í sveitarstjórn samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

Sveitarstjórnir skulu tilkynna Barnaverndarstofu um skipan barnaverndarnefndar eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að sveitarstjórnarkosningar fóru fram.

Fari sveitarstjórn ekki að lögum um skipan barnaverndarnefndar getur félagsmálaráðherra ákveðið að sex mánuðum liðnum frá sveitarstjórnarkosningum að tiltekin sveitarfélög skuli standa saman að barnaverndarnefnd og skipað barnaverndarnefnd sem fullnægir áðurgreindum skilyrðum. Getur ráðherra m.a. ákveðið að fella barnaverndarstarf í viðkomandi sveitarfélagi að öllu leyti undir barnaverndarnefnd í öðru sveitarfélagi sem þegar hefur kosið sér barnaverndarnefnd. Allur kostnaður sem hlýst af skipun slíkrar nefndar greiðist af viðkomandi sveitarfélögum eftir því sem nánar er ákveðið af ráðherra. Félagsmálaráðherra getur enn fremur veitt undanþágu frá 3. málsl. 2. mgr. 10. gr. ef samanlagður íbúafjöldi er nálægt því að vera 1500 og landfræðilegar og aðrar aðstæður eru með þeim hætti að óhagkvæmt eða torvelt er að ná þeim íbúafjölda.

Starfandi barnaverndarnefnd heldur að fullu umboði sínu þar til ný nefnd hefur verið skipuð samkvæmt ákvæðum þessara laga.

12. gr.

Almennt um hlutverk barnaverndarnefnda.

Hlutverk barnaverndarnefnda er eftirfarandi:

a. *Eftirlit.* Barnaverndarnefndir skulu kanna aðbúnað, hátterni og uppeldisskilyrði barna og meta sem fyrst þarfir þeirra sem ætla má að búi við óviðunandi aðstæður, sæti illri meðferð eða eigi í alvarlegum félagslegum erfiðleikum.
b. *Úrræði.* Barnaverndarnefndir skulu beita þeim úrræðum samkvæmt lögum þessum til verndar börnum sem best eiga við hverju sinni og heppilegust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð þeirra.
c. *Önnur verkefni.* Barnaverndarnefndir hafa með höndum önnur þau verkefni sem þeim eru falin í þessum lögum og öðrum lögum. Heimilt er sveitarstjórn að fela barnaverndarnefndum frekari verkefni sem varða aðstæður barna og ungmenna í umdæmi hennar.

Skylt er barnaverndarnefnd að aðstoða foreldra við að gegna forsjárskyldum sínum og grípa til viðeigandi úrræða samkvæmt ákvæðum þessara laga ef nauðsyn ber til.

13. gr.

Sjálfstæði barnaverndarnefnda.

Sveitarstjórnum er óheimilt að gefa barnaverndarnefndum fyrirmæli um meðferð einstakra barnaverndarmála.

Sveitarstjórn er óheimill aðgangur að gögnum og upplýsingum um einstök barnaverndarmál. Ákvörðunum og úrskurðum barnaverndarnefnda verður ekki skotið til sveitarstjórnar.

14. gr.

Starfslið barnaverndarnefnda.

Barnaverndarnefnd skal ráða sérhæft starfslið eða tryggja sér aðgang að viðeigandi sérþekkingu með öðrum hætti. Skal við það miðað að hægt sé að veita foreldrum, stofnunum og öðrum er annast uppeldi viðhlítandi ráðgjöf, fræðslu og leiðbeiningar samkvæmt lögum þessum. Jafnframt skal miðað við að möguleikar séu til faglegra rannsókna á félagslegum og sálrænum högum barna er með þurfa vegna könnunar og meðferðar einstakra barnaverndarmála.

Heimilt er barnaverndarnefnd að semja við stofnanir, svo sem á sviði félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu, um sameiginlegt starfsmannahald og sérfræðiþjónustu.

Barnaverndarnefnd er heimilt að fela starfsmönnum sínum könnun og meðferð einstakra mála eða málaflokka samkvæmt reglum sem hún sjálf setur. Barnaverndarnefnd getur enn fremur í slíkum reglum framselt tilgreindum starfsmönnum vald til að taka einstakar ákvarðanir samkvæmt lögum þessum. Reglurnar skulu kynntar Barnaverndarstofu.

Óheimilt er að framselja til einstakra starfsmanna nefndanna vald til að kveða upp úrskurði samkvæmt lögum þessum og ákvarðanir um málshöfðun skv. 28. og 29. gr., svo og ákvörðun um að krefjast brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns skv. 37. gr.

15. gr.

Valdsvið og samstarf barnaverndarnefnda.

Barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem barn á lögheimili á úrlausn um málefni þess, sbr. þó 3. og 4. mgr.

Ef barn flyst úr umdæmi nefndar á meðan hún hefur mál þess til meðferðar skal barnaverndarnefnd í umdæmi sem barn flytur í taka við meðferð þess. Barnaverndarnefnd sem hefur mál til meðferðar skal tilkynna um flutninginn til nefndar í viðkomandi umdæmi. Jafnframt ber að upplýsa viðtakandi barnaverndarnefnd um öll afskipti af málefnum barnsins og láta henni í té gögn þess.

Ef hentugra þykir að mál sé að einhverju eða öllu leyti rekið í öðru umdæmi en þar sem barn á lögheimili geta viðkomandi barnaverndarnefndir samið um það sín í milli. Þá getur Barnaverndarstofa mælt svo fyrir að önnur nefnd en sú þar sem barn á lögheimili fari með mál ef það er talið tryggja betur meðferð þess. Skulu nefndirnar þá veita hvor annarri upplýsingar til skýringar málum og liðsinni við framkvæmd barnaverndarráðstafana.

Ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni í fóstur eða vistun í annað umdæmi fer hún áfram með málið. Hún getur þó farið þess á leit að barnaverndarnefnd í dvalarumdæmi barns beri tilteknar skyldur.

Ef barn á ekki lögheimili á Íslandi skal barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem barn dvelur eða er statt fara með mál. Barnaverndarstofa sker úr ágreiningi um hvaða barnaverndarnefnd skuli fara með mál. Ríkissjóður endurgreiðir sveitarstjórn útlagðan kostnað sem af máli hlýst.

Ákvörðunum Barnaverndarstofu skv. 3. og 5. mgr. er heimilt að skjóta til kærunefndar barnaverndarmála.

IV. KAFLI
Tilkynningarskylda og aðrar skyldur við barnaverndaryfirvöld.

16. gr.

Tilkynningarskylda almennings.

Hver sá sem hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í hættu er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.

Annars er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik sem telja má að hún eigi að láta sig varða.

17. gr.

Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum.

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í hættu, er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.

Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

18. gr.

Tilkynningarskylda lögreglu og skýrslutaka af börnum.

Ef lögregla verður þess vör að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í hættu skal hún tilkynna barnaverndarnefnd um það.

Um skýrslutökur af börnum sem brotaþolum, sakborningum eða vitnum í opinberum málum, hvort heldur sem er á rannsóknarstigi eða við meðferð máls fyrir dómi, gilda ákvæði laga um meðferð opinberra mála og reglugerða sem settar hafa verið með stoð í þeim. Gefa skal fulltrúa barnaverndarnefndar kost á að vera viðstaddur skýrslutökur af börnum. Nánari ákvæði skulu sett með reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

19. gr.

Nafnleynd tilkynnanda.

Hver sá sem tilkynnir til barnaverndarnefndar skal segja á sér deili.

Ef tilkynnandi skv. 16. gr. óskar nafnleyndar gagnvart öðrum en nefndinni skal það virt nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Ákvörðun barnaverndarnefndar um nafnleynd er heimilt að skjóta til kærunefndar barnaverndarmála. Leiðbeina skal tilkynnanda um rétt hans til að kæra ákvörðun barnaverndarnefndar.

Ákvæði 2. mgr. um rétt til nafnleyndar á ekki við um tilkynnendur skv. 17. og 18. gr.

20. gr.

Samstarf við barnaverndaryfirvöld.

Öllum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hafa afskipti af málefnum barna er skylt að hafa samstarf við barnaverndaryfirvöld. Barnaverndaryfirvöld skulu einnig leitast við að eiga gott samstarf við þessa sömu aðila.

Öllum sjúkrastofnunum, þar með töldum áfengismeðferðarstofnunum og geðdeildum, ber að taka tillit til hagsmuna barna þegar teknar eru ákvarðanir um meðferð og innlögn foreldra þeirra. Læknar, hjúkrunarfræðingar og aðrir starfsmenn á framangreindum stofnunum skulu hafa samráð við barnaverndarnefndir svo unnt verði að haga nauðsynlegum barnaverndarúrræðum í samræmi við ákvarðanir um meðferð og innlögn foreldris.

Skylt er lögreglu og fangelsismálayfirvöldum að hafa samstarf við barnaverndarnefndir og veita þeim aðstoð við úrlausn barnaverndarmála.

Félagsmálaráðherra getur sett í reglugerð nánari reglur um samstarf barnaverndarnefnda við aðrar stofnanir í samráði við þau ráðuneyti sem viðkomandi stofnanir heyra undir.

V. KAFLI
Upphaf barnaverndarmáls.

21. gr.

Málsmeðferð vegna tilkynninga.

Þegar barnaverndarnefnd fær tilkynningu um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, áreitni eða ofbeldis af hendi annarra eða eigin hegðunar þess, skal hún taka afstöðu til þess án tafar, og eigi síðar en innan sjö daga frá því henni barst tilkynning, hvort ástæða sé til að hefja könnun á málinu.

Barnaverndarnefnd getur með sömu skilyrðum hafið könnun máls vegna upplýsinga sem hún hefur fengið með öðrum hætti.

Ef barnaverndarnefnd fær tilkynningu eða vitneskju með öðrum hætti um að þunguð kona kunni að stofna heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu með líferni sínu, t.d. með áfengis- og fíkniefnaneyslu, getur barnaverndarnefnd ákveðið að hefja könnun á málinu.

Ákvörðun barnaverndarnefndar um að hefja könnun máls eða láta mál niður falla er hvorki kæranleg til kærunefndar barnaverndarmála né annars stjórnvalds. Barnaverndarnefnd skal tilkynna foreldrum um að tilkynning hafi borist og um ákvörðun sína í tilefni af henni. Heimilt er að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna.

Ákvörðun um að hefja könnun skal ekki tekin nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til. Mál telst barnaverndarmál þegar barnaverndarnefnd hefur tekið formlega ákvörðun um að hefja könnun.

Nánari ákvæði um málsmeðferð vegna tilkynninga, svo sem um skráningu þeirra, eyðublöð o.fl., skulu sett í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

22. gr.

Markmið könnunar máls.

Markmið könnunar máls er að afla nauðsynlegra upplýsinga um aðstæður barns og meta þörf fyrir úrræði samkvæmt ákvæðum laga þessara, allt í samræmi við hagsmuni og þarfir barns. Í þessu skyni skal nefndin kappkosta að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barns, svo sem andlegt og líkamlegt ásigkomulag, tengsl við foreldra eða aðra, hagi foreldra, aðbúnað barns á heimili, skólagöngu, hegðun og líðan þess. Leita skal aðstoðar sérfræðinga eftir því sem þörf krefur.

Um könnun máls, rannsóknarheimildir barnaverndarnefnda, um skyldu til að láta barnaverndarnefndum í té upplýsingar og málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd almennt gilda ákvæði VIII. kafla laga þessara.

VI. KAFLI
Ráðstafanir barnaverndarnefnda.

23. gr.
Áætlun um meðferð máls.

Þegar mál hefur verið nægjanlega kannað að mati barnaverndarnefndar skal nefndin taka saman greinargerð þar sem lýst er niðurstöðum könnunar, tiltekið er hverra úrbóta sé þörf og settar eru fram tillögur að heppilegum úrræðum ef því er að skipta.

Ef könnun leiðir í ljós að þörf er á beitingu sérstakra úrræða samkvæmt lögum þessum skal barnaverndarnefnd, í samvinnu við foreldra og eftir atvikum barn sem náð hefur 15 ára aldri, gera skriflega áætlun um frekari meðferð máls. Hafa skal samráð við yngri börn eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til. Áætlun skal gera til ákveðins tíma og endurskoða eftir þörfum.

Barnaverndarnefnd skal meta þörf á samstarfi við aðra aðila við gerð og framkvæmd áætlunar og í samvinnu við foreldra leitast við að koma slíku samstarfi á.

Náist ekki samkomulag við foreldra eða barn, þegar það á við, skal barnaverndarnefnd einhliða semja áætlun um framvindu máls og beitingu úrræða samkvæmt ákvæðum laga þessara. Áætlunina skal kynna fyrir foreldrum og barni.

24. gr.
Úrræði með samþykki foreldra.

Barnaverndarnefnd skal, eftir því sem nánar er ákveðið í áætlun skv. 23. gr., með samþykki foreldra og eftir atvikum í samráði við barn veita aðstoð m.a. með því að:

a. leiðbeina foreldrum um uppeldi og aðbúnað barns,
b. stuðla að því í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir að beitt verði úrræðum samkvæmt öðrum lögum,
c. útvega barni viðeigandi stuðning eða meðferð,
d. útvega barni eða fjölskyldu tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu,
e. aðstoða foreldra við að leita sér meðferðar vegna veikinda, áfengis- eða vímuefnaneyslu eða annarra persónulegra vandamála.

Barnaverndarnefnd getur enn fremur með samþykki foreldra og án sérstaks úrskurðar beitt öðrum þeim úrræðum sem kveðið er á um í 26. gr. laga þessara.

Fari foreldrar sem búa ekki saman sameiginlega með forsjá samkvæmt ákvæðum barnalaga nægir að það foreldranna sem barnið býr hjá samkvæmt ákvæðum forsjársamnings samþykki ráðstafanir samkvæmt þessari grein.

25. gr.
Úrræði utan heimilis með samþykki foreldra og barns.

Barnaverndarnefnd getur, eftir því sem nánar er ákveðið í áætlun skv. 23. gr., með samþykki foreldris og barns sem náð hefur 15 ára aldri:

a. tekið við forsjá eða umsjá barns og ráðstafað barni í fóstur,
b. tekið við forsjá eða umsjá barns og vistað barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leitað annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings.

Fóstur eða vistun barns skv. 1. mgr. skal eigi standa lengur en þörf krefur. Ráðstafanir þessar skulu að jafnaði vera tímabundnar og sæta reglulegri endurskoðun eftir því sem nánar er kveðið á um í fóstur- eða vistunarsamningi. Með tilliti til hagsmuna barns getur fóstur eða vistun þó varað þar til barn verður lögráða.

Ef ráðstöfun skv. a- eða b-lið 1. mgr. er gegn vilja barns sem ekki hefur náð 15 ára aldri skal það fá tækifæri til að tala máli sínu fyrir nefndinni með liðsinni sérstaks talsmanns ef því er að skipta.

Fari foreldrar sem búa ekki saman sameiginlega með forsjá samkvæmt ákvæðum barnalaga þarf samþykki beggja foreldra til ráðstöfunar. Ef barn sem orðið er 15 ára samþykkir úrræði nægir samþykki þess foreldris sem barnið býr hjá en leita skal umsagnar hins foreldrisins.

26. gr.

Úrræði án samþykkis foreldra.

Hafi úrræði skv. 24. og 25. gr. ekki skilað árangri að mati barnaverndarnefndar, eða eftir atvikum barnaverndarnefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að þau séu ófullnægjandi, getur nefndin gegn vilja foreldra með úrskurði:

a. kveðið á um eftirlit með heimili,
b. gefið fyrirmæli um aðbúnað og umönnun barns, svo sem dagvistun þess, skólasókn, læknisþjónustu, rannsókn, meðferð eða þjálfun,
c. ákveðið að ekki megi fara með barnið úr landi.

Ráðstafanir skv. 1. mgr. skulu ávallt vera tímabundnar og eigi standa lengur en þörf krefur hverju sinni og skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

Úrskurðir eru kæranlegir til kærunefndar barnaverndarmála.

27. gr.

Úrskurður barnaverndarnefndar um vistun barns utan heimilis.

Með sömu skilyrðum og fram koma í 26. gr. og ef brýnir hagsmunir barns mæla með því getur barnaverndarnefnd með úrskurði gegn vilja foreldra og/eða barns sem náð hefur 15 ára aldri:

a. kveðið á um að barn skuli vera kyrrt á þeim stað þar sem það dvelst í allt að tvo mánuði,
b. kveðið á um töku barns af heimili í allt að tvo mánuði og um nauðsynlegar ráðstafanir, svo sem ráðstöfun þess í fóstur eða vistun á heimili eða stofnun eða leitað annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla til að tryggja öryggi þess eða til að unnt sé að gera viðeigandi rannsókn á barninu og veita því nauðsynlega meðferð og aðhlynningu.

Foreldrum eða barni sem náð hefur 15 ára aldri er heimilt að bera úrskurð barnaverndarnefndar undir héraðsdómara. Krafa þess efnis skal berast dómara innan fjögurra vikna frá því að úrskurður var kveðinn upp. Málskot til dómstóla kemur ekki í veg fyrir að úrskurður barnaverndarnefndar komi til framkvæmda.

Um málsmeðferð fyrir dómi fer skv. XI. kafla.

28. gr.

Úrskurður dómstóls um vistun barns utan heimilis.

Ef barnaverndarnefnd telur nauðsynlegt að ráðstöfun skv. a- og b-lið 27. gr. standi lengur en þar er kveðið á um skal nefndin gera kröfu um það fyrir héraðsdómi. Heimilt er með úrskurði dómara að vista barn í allt að 12 mánuði í senn.

Ef krafist er framlengingar slíkrar vistunar eða krafist er forsjársviptingar skv. 29. gr. áður en vistunartíma lýkur helst ráðstöfun þar til úrskurður eða dómur liggur fyrir.

Um málsmeðferð fyrir dómi fer skv. XI. kafla.

29. gr.

Forsjársvipting.

Barnaverndarnefnd er heimilt að krefjast þess fyrir dómi að foreldrar, annar þeirra eða báðir, skuli sviptir forsjá ef hún telur:

a. að daglegri umönnun, uppeldi eða samskiptum foreldra og barns sé alvarlega ábótavant með hliðsjón af aldri þess og þroska,
b. að barni sem er sjúkt eða fatlað sé ekki tryggð viðeigandi meðferð, þjálfun eða kennsla,
c. að barninu sé misþyrmt, misboðið kynferðislega eða megi þola alvarlega andlega eða líkamlega áreitni eða niðurlægingu á heimilinu,
d. fullvíst að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska þess sé hætta búin sökum þess að foreldrar eru augljóslega vanhæfir til að fara með forsjána, svo sem vegna vímuefnaneyslu, geðrænna truflana, greindarskorts eða breytni foreldra sé líkleg til að valda barni alvarlegum skaða.

Kröfu um sviptingu forsjár skal því aðeins gera að ekki sé unnt að beita öðrum og vægari úrræðum til úrbóta eða slíkar aðgerðir hafi verið reyndar án viðunandi árangurs.

Um málsmeðferð fyrir dómi samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum X. kafla.

30. gr.

Úrræði barnaverndarnefndar vegna þungaðra kvenna.

Ef könnun barnaverndarnefndar leiðir í ljós að þunguð kona kunni að stofna heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu með líferni sínu, sbr. 3. mgr. 21. gr., skal nefndin beita úrræðum þessara laga í samráði við hina þunguðu konu, og eftir atvikum gegn vilja hennar í samráði við forsjáraðila hennar ef hún hefur ekki náð lögræðisaldri, eftir því sem við getur átt og ætla má að gagni geti komið.

Ef barnaverndarnefnd telur að úrræði skv. 1. mgr. komi ekki að gagni getur nefndin sett fram kröfu um sviptingu lögræðis samkvæmt ákvæðum lögræðislaga í því skyni að koma konunni til aðhlynningar og meðferðar á viðeigandi stofnun. Um málsmeðferð gilda ákvæði lögræðislaga.

31. gr.

Neyðarráðstafanir.

Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun sem heyrir undir barnaverndarnefnd getur formaður hennar eða starfsmaður í umboði hans, án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla, framkvæmt hana.

Barnaverndarnefnd skal án tafar taka málið til meðferðar og kveða upp úrskurð innan 14 daga, að öðrum kosti fellur ákvörðun skv. 1. mgr. úr gildi. Um málsmeðferð samkvæmt þessari málsgrein gilda ákvæði VIII. kafla.

Við aðstæður þær sem 1. mgr. tekur til er heimilt þrátt fyrir ákvæði 43. gr. að fara inn á heimili, enda sé ástæða til að ætla að barn sé í bráðri hættu.

32. gr.

Skipan lögráðamanns.

Hafi foreldrar afsalað sér eða verið sviptir forsjá barns hverfur forsjá þess til barnaverndarnefndar að svo stöddu. Barnaverndarnefnd skal fara með lögráð barnsins þar til hún ákveður annað. Barnaverndarnefnd getur óskað eftir því að barni verði skipaður sérstakur lögráðamaður, þar með talinn sérstakur fjárhaldsmaður, ef hún telur það þjóna hagsmunum barns.

Barnaverndarnefnd tekur forsjá barns í sínar hendur ef það verður forsjárlaust af öðrum ástæðum og hlutast á sama hátt til um að því verði skipaður lögráðamaður, sbr. 1. mgr.

33. gr.

Umsjá barna sem vistast utan heimilis.

Þegar barnaverndarnefnd hefur tekið við umsjá eða forsjá barns með heimild í lögum þessum skal hún gera skriflega áætlun um trygga umsjá barnsins. Í áætlun skal tilgreina hvers konar vistun er fyrirhuguð og hversu lengi, markmið með vistun, stuðning við barnið og aðra, auk annars sem máli skiptir.

Leitast skal við að finna systkinum sameiginlegar lausnir í samræmi við þarfir þeirra og hagsmuni.

Foreldrar sem hafa verið sviptir forsjá barns eiga ekki aðild að málum sem varða ákvarðanir um úrræði því til handa, að undanskildum málum er varða ákvörðun um umgengnisrétt.

34. gr.

Endurskoðun ráðstafana.

Ef foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri afturkallar samþykki sitt fyrir tímabundnu úrræði skv. 25. gr. getur barnaverndarnefnd gripið til ráðstafana skv. 26., 27., 28. eða 29. gr. ef skilyrðum þeirra greina er að öðru leyti fullnægt.

Hafi foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri veitt samþykki fyrir úrræði skv. 25. gr. sem ætlað er að standa þar til barn verður lögráða eða hafi foreldri verið svipt forsjá skv. 29. gr., getur foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri gert kröfu á hendur barnaverndarnefnd og fósturforeldrum, ef það á við, fyrir dómi um að samningi verði hnekkt eða dómi um sviptingu breytt og að foreldri verði falin forsjá eða umsjá barns að nýju.

Krafa skv. 2. mgr. verður því aðeins tekin til greina að breyting þyki réttmæt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til hags og þarfa barnsins. Ef foreldri hefur verið svipt forsjá er einungis unnt að gera kröfu ef liðnir eru 12 mánuðir hið skemmsta frá því að dómstóll leysti síðast úr máli með endanlegum dómi.

Ráðstöfun helst þar til dómur hefur fallið.

Um málsmeðferð fyrir dómi samkvæmt þessari grein fer samkvæmt ákvæðum X. kafla.

VII. KAFLI

Aðrar ráðstafanir barnaverndarnefnda.

35. gr.

Úrræði gagnvart þeim sem vinna með börnum.

Ef barnaverndarnefnd fær vitneskju um að framkomu manns, sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn, sé stórlega ábótavant skal nefndin ef hún telur tilefni til hefja könnun málsins í samræmi við ákvæði 21. gr. Ákvörðun um könnun skal tilkynna viðkomandi starfsmanni og vinnuveitanda hans ef við á. Nefndin skal tilkynna um niðurstöður könnunar til starfsmanns og vinnuveitanda hans og setja fram tillögur til úrbóta.

36. gr.

Upplýsingar úr sakaskrá.

Barnaverndarstofa á rétt til upplýsinga úr sakaskrá um menn sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, þegar brot beinist gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri. Ríkissaksóknari skal láta stofunni í té afrit dóma ef hún óskar þess. Barnaverndarstofa getur tilkynnt viðkomandi barnaverndarnefnd flytji maður sem veruleg hætta er talin stafa af í umdæmi hennar. Ef rík barnaverndarsjónarmið mæla með getur barnaverndarnefnd gert öðrum viðvart, að fengnu samþykki Barnaverndarstofu.

Óheimilt er að ráða til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum eða heimilum og stofnunum samkvæmt lögum þessum, hvort sem þau eru rekin af einkaaðilum, ríki eða sveitarfélögum, menn sem hlotið hafa refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr.

Yfirmenn skóla, leikskóla, sumardvalarheimila, íþrótta- og tómstundamiðstöðva og annarra slíkra stofnana eða staða þar sem börn koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma, eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn maður, sem sótt hefur um störf á þeirra vegum, hefur hlotið dóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr.

37. gr.

Brottvikning heimilismanns og nálgunarbann.

Ef barnaverndarnefnd þykir barni háski búinn af háttsemi eða framferði manns, svo sem vegna ofbeldis, ógnana eða hótana eða vegna vímuefnaneyslu eða annars athæfis, getur nefndin krafist þess fyrir dómi að viðkomandi verði bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðrum hætti í samband við barn. Enn fremur er með sama hætti heimilt að krefjast þess að manni verði bönnuð dvöl á heimili ef nefndin telur það nauðsynlegt vegna hagsmuna barns. Um málsmeðferð gilda að öðru leyti ákvæði laga um meðferð opinberra mála um nálgunarbann.

VIII. KAFLI
Málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd.

38. gr.

Gildissvið stjórnsýslulaga.

Um könnun barnaverndarmáls og málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd gilda ákvæði stjórnsýslulaga með þeim frávikum sem greinir í lögum þessum. Málsmeðferðarreglur þessar gilda einnig, eftir því sem við á, þegar barnaverndarnefnd undirbýr og tekur ákvörðun um málshöfðun fyrir dómi til að koma fram ráðstöfunum skv. 28., 29. og 37. gr. laga þessara.

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um meðferð mála hjá barnaverndarnefnd, svo sem um tilkynningar, gerð áætlana og um stuðningsúrræði, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

39. gr.

Skráning mála.

Barnaverndarnefndum ber á kerfisbundinn hátt að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim. Varðveita skal öll gögn með tryggilegum hætti.

40. gr.

Leiðbeiningarskylda.

Barnaverndarnefnd skal leiðbeina foreldrum, barni og öðrum eftir því sem við á um málsmeðferð barnaverndarmála og um réttindi þeirra og skyldur samkvæmt málsmeðferðarreglum þessum og stjórnsýslulögum, svo sem um rétt til aðstoðar lögmanns, kæruleiðir o.fl.

41. gr.

Rannsóknarregla, málshraði o.fl.

Barnaverndarnefnd skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því.

Könnun barnaverndarmáls skal ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur og henni skal hraðað svo sem kostur er. Ákvörðun um beitingu viðeigandi úrræða skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja mánaða og eigi síðar en sex mánuðum eftir að ákvörðun var tekin um að hefja könnun.

42. gr.

Skráning upplýsinga.

Barnaverndarnefnd ber að skrá upplýsingar um málsatvik sem henni eru veittar munnlega ef hún telur þær geta haft þýðingu fyrir úrlausn máls og þær er ekki að finna í öðrum gögnum þess.

43. gr.

Rannsóknarheimildir.

Leitast skal við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við foreldra.

Foreldrum eða þeim sem barnið dvelst hjá er skylt að veita liðsinni sitt til þess að könnun máls geti gengið greiðlega, enda skal barnaverndarnefnd sýna þeim er málið varðar ýtrustu nærgætni.

Við könnun á högum barns er barnaverndarnefnd heimilt að taka skýrslur af foreldrum eða forsjáraðilum barns og öðrum þeim er um kunna að bera.

Barnaverndarnefnd er heimilt að fara inn á einkaheimili eða annan þann stað þar sem barn dvelst til að tala við það, í einrúmi ef þörf er talin á, fylgjast með hegðun þess eða til athugunar á barni. Jafnan skal haft samráð við foreldra ef tala á við barn eða framkvæma athuganir á því. Ef ríkir rannsóknarhagsmunir mæla með því er heimilt að tala við barn og fylgjast með hegðun þess án vitneskju eða samþykkis foreldra, en tilkynna skal viðkomandi svo fljótt sem verða má að könnun hafi farið fram.

44. gr.

Upplýsingaskylda gagnvart barnaverndarnefnd.

Öllum heilbrigðis- og sjúkrastofnunum, þar með töldum sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum, sérfræðingum sem veita félagslega þjónustu, geðdeildum, meðferðardeildum og meðferðarstofnunum fyrir áfengissjúklinga og fíkniefnaneytendur, og stofnunum sem veita félagslega þjónustu eða aðstoð, er skylt eftir að barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun um könnun máls að láta nefndinni endurgjaldslaust í té upplýsingar um heilsu barns og foreldra þess, þar á meðal upplýsingar um ástand viðkomandi og batahorfur, auk annarra upplýsinga sem nefndin telur að skipt geti máli fyrir úrlausn málsins.

Með sama hætti er öllum stofnunum og öðrum aðilum þar sem barn hefur dvalið eða kemur reglulega, svo sem skólum, dagvistarheimilum og félagsmiðstöðvum fyrir börn og unglinga, skylt að láta nefndinni í té upplýsingar sem hún telur að skipt geti máli fyrir úrlausn málsins.

Þá skulu lögregla og sakaskrá ríkisins með sama hætti láta nefndinni í té upplýsingar sem þessar stofnanir búa yfir um barn og foreldra þess.

Upplýsingaskylda samkvæmt þessari grein gengur framar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu einstakra starfsstétta.

45. gr.

Upplýsingaréttur og aðgangur að gögnum máls.

Barnaverndarnefnd skal með nægilegum fyrirvara láta aðilum í té öll gögn sem málið varða og koma til álita við úrlausn þess.

Barnaverndarnefnd getur með rökstuddum úrskurði takmarkað aðgang aðila að tilteknum gögnum ef hún telur að það geti skaðað hagsmuni barns og samband þess við foreldra eða aðra. Nefndin getur einnig úrskurðað að aðilar og lögmenn þeirra geti kynnt sér skjöl og önnur gögn án þess að þau eða ljósrit af þeim séu afhent.

46. gr.

Réttindi barns við málsmeðferð.

Börn sem náð hafa 15 ára aldri eru aðilar barnaverndarmáls samkvæmt ákvæðum 25. og 27. gr. og 2. mgr. 34. gr. Um aðild barns að barnaverndarmálum sem rekin eru fyrir dómi gilda ákvæði X. og XI. kafla.

Gefa skal barni kost á að tjá sig um mál sem það varðar í samræmi við aldur þess og þroska og taka skal réttmætt tillit til skoðana þess við úrlausn málsins. Ávallt skal gefa barni sem náð hefur 12 ára aldri kost á að tjá sig um mál.

Þegar barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun um að hefja könnun máls skal hún þegar taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann. Jafnan skal skipa barni talsmann áður en gripið er til ráðstafana skv. 25., 27. eða 28. gr. og áður en sett er fram krafa um sviptingu forsjár skv. 29. gr. nema barn njóti aðstoðar lögmanns, sbr. 2. mgr. 47. gr. Ráðherra skal kveða nánar á um hæfi og hlutverk talsmanna í barnaverndarmálum í reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

47. gr.

Andmælaregla.

Aðilar barnaverndarmáls skulu eiga þess kost að tjá sig munnlega eða skriflega, þar með talið með aðstoð lögmanns, um efni máls og annað sem lýtur að málsmeðferðinni áður en barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð.

Barnaverndarnefnd skal veita foreldrum og barni sem er aðili máls fjárstyrk til að greiða fyrir lögmannsaðstoð skv. 1. mgr. og í tengslum við rekstur máls fyrir kærunefnd barnaverndarmála eftir reglum sem nefndin setur. Í reglunum skal taka tillit til efnahags foreldra, eðlis og umfangs málsins.

48. gr.

Samþykki foreldra og barna.

Samþykki foreldris skv. 25. gr. skal vera skriflegt og undirritað í viðurvist tveggja manna er votta að foreldri hafi verið gerð full grein fyrir eðli og réttaráhrifum samþykkisins.

49. gr.

Ályktunarhæfi og form úrskurða.

Barnaverndarnefnd er ályktunarhæf þegar fullur helmingur nefndarmanna situr fund enda sé formaður eða varaformaður á fundi. Ef nefndarmaður getur ekki sótt fund boðar formaður varamann í hans stað.

Fjórir nefndarmenn hið fæsta skulu standa að úrskurði. Úrskurður skal vera skriflegur og rökstuddur. Þar skal rekja málavexti og greina forsendur og niðurstöður. Úrskurð skal tilkynna með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt og skal vekja athygli aðila á rétti hans til að kæra úrskurð barnaverndarnefndar til kærunefndar barnaverndarmála eða til að bera ákvarðanir nefndarinnar undir dóm þegar það á við og um málskotsfresti.

50. gr.

Fullnusta ákvarðana.

Barnaverndarnefnd skal við fullnustu og framkvæmd ákvarðana sinna, kærunefndar barnaverndarmála og dómstóla sýna aðilum fyllstu tillitssemi og nærgætni og gæta í hvívetna hagsmuna barns þess er í hlut á.

Ef aðilar neita að hlýðnast lögmætum ákvörðunum barnaverndarnefndar, kærunefndar barnaverndarmála og dómstóla skal lögregla veita atbeina sinn við fullnustu ákvörðunar.

Fulltrúi barnaverndarnefndar skal þó ávallt vera viðstaddur ef grípa þarf til ráðstafana skv. 2. mgr.

Barnaverndarstofa getur mælt svo fyrir að ákvörðun barnaverndaryfirvalda í öðru ríki skuli framfylgt hér á landi.

IX. KAFLI

Málsmeðferð fyrir kærunefnd barnaverndarmála.

51. gr.

Málskot.

Aðilar barnaverndarmáls geta skotið úrskurði barnaverndarnefndar til kærunefndar barnaverndarmála innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var tilkynnt um úrskurð nefndarinnar. Kærunefnd barnaverndarmála skal innan viku frá því henni barst kæra taka málið til meðferðar og úrlausnar. Kærunefnd skal kveða upp úrskurð í málinu svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því úrskurður barnaverndarnefndar var kærður til hennar.

Kærunefnd barnaverndarmála getur metið að nýju bæði lagahlið máls og sönnunargögn. Nefndin getur ýmist staðfest úrskurðinn að niðurstöðu til eða hrundið honum að nokkru eða öllu leyti. Þá getur kærunefndin einnig vísað málinu til barnaverndarnefndar til meðferðar að nýju.

52. gr.

Málsmeðferð fyrir kærunefnd.

Ákvæði VIII. kafla gilda um málsmeðferð fyrir kærunefnd barnaverndarmála eftir því sem við á.

Barnaverndarnefnd er aðili máls fyrir kærunefnd. Skal málflutningur að jafnaði vera skriflegur en kærunefnd getur kvatt aðila til munnlegrar skýrslugjafar og ákveðið munnlegan málflutning fyrir nefndinni.

Kærunefnd skal að jafnaði byggja úrskurð sinn á þeim gögnum sem fyrir eru í málinu. Nefndin getur þó, ef hún telur ríka ástæðu til, lagt fyrir aðila að afla nánar tilgreindra gagna, svo sem álitsgerða sérfræðinga. Kærunefnd á rétt til skriflegra upplýsinga úr sakaskrá um aðila máls. Kærunefnd kveður á um það hver skuli bera kostnað vegna öflunar gagna, þar með talinna álitsgerða sérfræðinga.

Málskot til kærunefndar barnaverndarmála frestar ekki framkvæmd úrskurðar barnaverndarnefndar. Þegar sérstaklega stendur á getur kærunefndin þó ákveðið, að kröfu aðila, að framkvæmd úrskurðar skuli frestað þar til nefndin hefur kveðið upp úrskurð sinn.

X. KAFLI
Meðferð mála fyrir dómi skv. 29. gr. og 2. mgr. 34. gr.

53. gr.

Gildissvið laga um meðferð einkamála.

Um meðferð mála fyrir dómi samkvæmt ákvæðum þessa kafla gilda ákvæði laga um meðferð einkamála, með þeim frávikum sem í lögum þessum greinir.

54. gr.

Um sérfróða meðdómsmenn, þinghöld og málshraða.

Í málum samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal að jafnaði kveðja til sérfróða meðdómsmenn til setu í dómi. Um sérfróða meðdómsmenn gilda að öðru leyti ákvæði laga um meðferð einkamála.

Þinghöld skulu háð fyrir luktum dyrum.

Hraða ber meðferð máls svo sem kostur er.

55. gr.

Aðild barns.

Barni sem náð hefur 15 ára aldri skal tilkynnt um málshöfðun og gefinn kostur á að gæta réttar síns. Er barninu heimilt að ganga inn í mál með meðalgöngustefnu.

Þegar barni hefur verið skipaður talsmaður skal gefa honum kost á að vera viðstaddur þinghöld í máli ef vörnum er haldið uppi.

Ávallt skal gefa barni kost á að tjá sig um mál sem það varðar þótt það gerist ekki aðili þess skv. 1. mgr.

56. gr.

Sönnun og sönnunargögn.

Áður en barnaverndarnefnd höfðar mál til sviptingar forsjár skv. 29. gr. ber henni að sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst.

Dómari getur lagt fyrir barnaverndarnefnd að afla nánar tilgreindra gagna, svo sem matsgerðar um foreldra eða barn. Jafnframt getur dómari lagt fyrir foreldra eða fósturforeldra að afla nánar tilgreindra gagna. Heimilt er dómara að ákveða að kostnaður vegna gagnaöflunar skv. 2. málsl. greiðist úr ríkissjóði.

57. gr.

Málsástæður.

Aðilar geta flutt fram nýjar málsástæður og ný andmæli allt þar til mál er dómtekið.

58. gr.

Um nafnleynd o.fl.

Ekki má skýra á nokkurn hátt frá því sem komið hefur fram í máli án leyfis dómara. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum.

Áður en endurrit úr þingbókum og dómabókum eru afhent skal afmá nöfn málsaðila og aðrar upplýsingar sem bent geta til þess hverjir aðilar séu eða hvaða barn mál varði, svo og önnur atriði sem eðlilegt er að leynt fari með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna.

59. gr.
Áhrif málskots.

Málskot frestar ekki réttaráhrifum dóms nema héraðsdómari hafi mælt svo fyrir í dómi.

60. gr.
Gjafsókn.

Foreldrar, fósturforeldrar og barn sem gengur inn í mál skv. 55. gr. skulu hafa gjafsókn fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Ef mál er höfðað skv. 34. gr. til endurskoðunar á fyrri niðurstöðu dóms, sbr. 3. mgr. 34. gr., fer um rétt aðila til gjafsóknar samkvæmt almennum reglum.

XI. KAFLI
Meðferð mála fyrir dómi skv. 27. og 28. gr.

61. gr.
Gildissvið laga um meðferð einkamála o.fl.

Um meðferð mála samkvæmt þessum kafla gilda ákvæði laga um meðferð einkamála og ákvæði X. kafla laga þessara eftir því sem við getur átt og að því marki sem ekki er mælt fyrir um frávik í ákvæðum þessa kafla. Ákvæði 1. mgr. 54. gr. gildir ekki um meðferð mála samkvæmt þessum kafla.

62. gr.
Aðild og kröfugerð.

Í málum samkvæmt þessum kafla er barnaverndarnefnd sóknaraðili ef hún krefst úrlausnar héraðsdóms en varnaraðilar eru foreldrar og barn sem náð hefur 15 ára aldri. Þegar foreldrar eða barn leita úrlausnar teljast þau sóknaraðilar en barnaverndarnefnd varnaraðili.

Sá sem ber mál undir dóm samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal beina því til héraðsdómara í umdæmi þeirrar barnaverndarnefndar sem fer með mál. Skal gera það skriflega og greina svo glöggt sem verða má:

a. nafn barns og foreldra, kennitölu,
b. lögheimili og dvalarstað,
c. hvaða kröfur séu gerðar,
d. lýsingu málsatvika og rökstuðning fyrir kröfum.

63. gr.
Þinghöld, sönnunargögn o.fl.

Þegar héraðsdómara hefur borist mál skv. 62. gr. ákveður hann stað og stund til þinghalds svo fljótt sem verða má og tilkynnir aðilum um það með sannanlegum hætti.

Þegar mál er fyrst tekið fyrir á dómþingi skal barnaverndarnefnd leggja fram staðfest afrit allra gagna sem ákvörðun er byggð á, þar með talið úrskurði og endurrit úr fundargerðabók nefndarinnar. Varnaraðila skal síðan veita stuttan frest til að leggja fram greinargerð og afla sönnunargagna. Heimilt er dómara að veita frekari fresti til gagnaöflunar en taka skal mál aftur fyrir svo fljótt sem unnt er.

Ef útivist verður af hálfu sóknaraðila skal mál fellt niður. Ef varnaraðili sækir ekki þing skal mál tekið til úrskurðar. Hafi varnaraðili lagt fram greinargerð áður en þingsókn féll niður skal sóknaraðila gefinn kostur á að leggja fram stutt skriflegt svar við röksemdum varnaraðila áður en málið verður tekið til úrskurðar.

Matsgerðar verður ekki aflað í málum samkvæmt þessum kafla.

Þegar öflun gagna er lokið í máli þar sem vörnum er haldið uppi skal það sótt og varið munnlega.

Dómari skal svo fljótt sem unnt er kveða upp úrskurð í máli og eigi síðar en innan viku frá því það var tekið til úrskurðar.

64. gr.

Málskot.

Úrskurður héraðsdómara samkvæmt þessum kafla sætir kæru til Hæstaréttar. Um kærufrest, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli.

Kæra frestar ekki framkvæmd úrskurðar nema héraðsdómari hafi mælt svo fyrir.

XII. KAFLI
Um ráðstöfun barna í fóstur.

65. gr.

Fóstur.

Með fóstri er í lögum þessum átt við að barnaverndarnefnd feli sérstökum fósturforeldrum umsjá barns í a.m.k. þrjá mánuði þegar:

a. foreldrar sem fara með forsjá barns afsala sér forsjá til barnaverndarnefndar eða samþykkja fóstur,
b. barn er forsjárlaust, svo sem vegna andláts foreldris, ekki næst til foreldris eða af öðrum sambærilegum ástæðum,
c. foreldrar hafa verið sviptir forsjá skv. 29. gr.

Markmið fósturs skv. 1. mgr. er að tryggja barni uppeldi og umönnun innan fjölskyldu svo sem best hentar þörfum þess. Barni skal tryggður góður aðbúnaður hjá fósturforeldrum og þeir skulu sýna fósturbarni umhyggju og nærfærni og leitast við að efla andlegan og líkamlegan þroska þess. Nánar skal kveðið á um réttindi og skyldur fósturforeldris í fóstursamningi.

Ef barn, sem ráðstafað er í fóstur, á við að stríða verulega hegðunarerfiðleika vegna geðrænna, tilfinningalegra og annarra vandamála af því tagi er enn fremur heimilt að mæla fyrir um sérstaka umönnun og þjálfun á fósturheimili í stað þess að vista það á stofnun.

66. gr.

Leyfisveiting.

Þeir sem óska eftir að taka börn í fóstur skulu beina umsókn sinni til barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi sínu. Barnaverndarnefnd veitir umsögn um hæfi þeirra til að taka barn í fóstur samkvæmt nánari reglum sem fram koma í reglugerð. Umsögn ásamt öðrum gögnum skal send Barnaverndarstofu.

Barnaverndarstofa veitir leyfi til að taka börn í fóstur. Barnaverndarstofa veitir væntanlegum fósturforeldrum fræðslu, leiðbeiningar og annan faglegan stuðning.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, um hæfi fólks til að taka börn í fóstur.

67. gr.

Val á fósturforeldrum.

Barnaverndarstofa veitir barnaverndarnefndum fulltingi við öflun hæfra fósturforeldra. Í því skyni heldur Barnaverndarstofa skrá yfir þá sem hafa leyfi til að taka börn í fóstur.

Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur sendir beiðni um fósturheimili til Barnaverndarstofu og velur fósturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá skv. 1. mgr. í samráði við stofuna. Barnaverndarnefnd ber að velja fósturforeldra af kostgæfni og með tilliti til þarfa og

hagsmuna barnsins sem í hlut á. Telji barnaverndarnefnd það falli best að hagsmunum barns að ráðstafa því í fóstur til ættingja fer um það skv. 66. gr. Við val á fósturforeldrum skal miða að því að tryggja stöðugleika í lífi barns og að röskun á högum þess verði sem minnst. Leitast skal við að finna systkinum sameiginlegt fósturheimili.

Telji barnaverndarnefnd enn fremur þörf á að barn fái sérstaka umönnun og þjálfun skv. 3. mgr. 65. gr. skal kveðið á um það í fóstursamningi. Ef gert er ráð fyrir hlutdeild ríkisins í kostnaði vegna slíkrar viðbótarþjónustu, sbr. 87. gr., eru ákvæði í fóstursamningi sem að þessu lúta háð samþykki Barnaverndarstofu. Barnaverndarstofa velur enn fremur fósturforeldra við þessar aðstæður í samvinnu við barnaverndarnefnd.

68. gr.

Fóstursamningur.

Við ráðstöfun barns í fóstur skulu barnaverndarnefnd og fósturforeldrar gera með sér skriflegan fóstursamning þar sem m.a. skal kveðið á um:

a. lögheimili barns og daglega umsjá,
b. forsjárskyldur, þar með talin lögráð,
c. áætlaðan fósturtíma,
d. framfærslu barns og annan kostnað,
e. umgengni barns við kynforeldra eða aðra nákomna,
f. stuðning barnaverndarnefndar við barn og fósturforeldra meðan fóstur varir,
g. slit samnings vegna breyttra forsendna,
h. sérstaka umönnun og þjálfun, sbr. 3. mgr. 65. gr., þegar það á við.

69. gr.

Umsjá og forsjárskyldur fósturforeldra.

Við ákvörðun um það hvort og að hvaða marki fósturforeldrar skulu fara með forsjárskyldur vegna barns, þar með talin lögráð þess (sjálfræði og fjárræði), skal taka mið af því hversu lengi fóstri er ætlað að vara, þörfum og hagsmunum barns, aðstæðum fósturforeldra og öðrum atvikum.

Ef foreldrar samþykkja, afsala sér forsjá eða hafa verið sviptir forsjánni er heimilt að ákveða í fóstursamningi að fóstur skuli vara þar til barn verður lögráða.

70. gr.

Réttindi barna í fóstri.

Barn á rétt á umgengni við kynforeldra eða aðra sem því eru nákomnir samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í 74. gr.

Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur skal veita barni nauðsynlegan stuðning á meðan fóstur varir.

Barni skal tryggð vitneskja um hvers vegna því var komið í fóstur og hvaða áform barnaverndarnefnd hefur um framtíð þess, allt eftir því sem aldur og þroski barns gefur tilefni til.

71. gr.

Réttarstaða foreldris sem ekki fer með forsjá barns.

Ef aðeins annar kynforeldra fer með forsjá barns þegar svipting á sér stað eða foreldri sem fer eitt með forsjá afsalar sér forsjá til barnaverndarnefndar skal nefndin kanna grundvöll þess að ráðstafa barni til hins kynforeldrisins.

Barnaverndarnefnd er heimilt, ef hún telur hagsmuni barnsins tryggða með þeim hætti, að afsala forsjá þess til hins kynforeldrisins. Barnaverndarnefnd metur hæfi þess foreldris og gerir skriflegan samning um breytta forsjá. Eftir að gerður er samningur um breytingu á forsjá samkvæmt þessari málsgrein fer um réttarstöðu foreldra og barns samkvæmt ákvæðum barnalaga.

Áður en barni er ráðstafað í fóstur skal barnaverndarnefnd ávallt leita umsagnar kynforeldris sem ekki fer með forsjá barns.

72. gr.

Undirbúningur barns og fósturforeldra fyrir fóstur.

Barnaverndarnefnd ber að undirbúa barn undir viðskilnað frá kynforeldrum og fyrir væntanlegt fóstur. Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur ber á sama hátt, áður en fóstur hefst, að undirbúa fósturforeldra fyrir hlutverk þeirra, svo sem með upplýsingagjöf, viðtölum og öðru því sem að gagni má koma.

73. gr.

Tilkynningar um gerð fóstursamnings.

Barnaverndarnefnd skal tilkynna Barnaverndarstofu um gerð fóstursamnings og lok fósturs. Barnaverndarnefnd tilkynnir einnig um gerð fóstursamnings til annarra opinberra aðila eftir því sem við á.

74. gr.

Umgengni í fóstri.

Barn á rétt til umgengni við kynforeldra og aðra sem því eru nákomnir. Með umgengni er átt við samveru og önnur samskipti.

Kynforeldrar eiga rétt til umgengni við barn í fóstri nema umgengni sé bersýnilega andstæð hagsmunum og þörfum barnsins og ósamrýmanleg þeim markmiðum sem stefnt er að með ráðstöfun þess í fóstur. Við mat á þessu skal m.a. taka tillit til þess hversu lengi fóstri er ætlað að vara. Þeir sem telja sig nákomna barninu eiga með sama hætti rétt til umgengni við barnið, enda verði talið að það sé til hagsbóta fyrir barnið.

Við ráðstöfun barns í fóstur skal taka afstöðu til umgengni barns við kynforeldra og aðra nákomna og skal tekið mið af því hvað þjónar hagsmunum barnsins best. Náist samkomulag gerir barnaverndarnefnd skriflegan samning við þá sem umgengni eiga að rækja. Kanna skal viðhorf fósturforeldra áður en gengið er frá samningi.

Barnaverndarnefnd hefur úrskurðarvald um ágreiningsefni er varða umgengni barna við kynforeldra og aðra nákomna, hvort sem það varðar rétt til umgengni, umfang umgengnisréttarins eða framkvæmd. Ef sérstök atvik valda því, að mati barnaverndarnefndar, að umgengni barns við foreldra sé andstæð hag þess og þörfum getur nefndin úrskurðað að kynforeldri skuli ekki njóta umgengnisréttar. Barnaverndarnefnd getur á sama hátt ákveðið að aðrir sem telja sig nákomna barninu njóti ekki umgengnisréttar ef hún telur að skilyrðum 2. mgr. sé ekki fullnægt.

Þeir sem umgengni eiga að rækja geta óskað breytinga á ákvæðum samnings um umgengnisrétt. Náist ekki samkomulag um slíka breytingu tekur barnaverndarnefnd ákvörðun með úrskurði.

Þeir sem umgengni eiga að rækja geta krafist þess að barnaverndarnefnd endurskoði fyrri úrskurð sinn um umgengnisrétt. Barnaverndarnefnd er ekki skylt að taka slíka kröfu til efnisúrlausnar nema liðnir séu tólf mánuðir hið skemmsta frá því úrskurður barnaverndarnefndar eða kærunefndar barnaverndarmála var kveðinn upp.

Barnaverndarnefnd getur kveðið upp úrskurð um að halda dvalarstað barns leyndum, m.a. gagnvart kynforeldrum, ef hagsmunir barnsins krefjast þess.

Úrskurðir samkvæmt þessari grein eru kæranlegir til kærunefndar barnaverndarmála.

75. gr.

Framfærsla og annar kostnaður vegna barns í fóstri.

Þegar barni er ráðstafað í fóstur skal ákveða í fóstursamningi hver skuli vera greiðsla með því, fósturlaun og annar kostnaður. Sveitarfélag sem ráðstafar barni greiðir kostnað vegna fósturs og skal endurgreiða sveitarfélagi, þar sem barnið dvelst, kostnað vegna skóla og aksturs. Um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga vegna umönnunar og þjálfunar skv. 3. mgr. 65. gr. fer samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 87. gr.

76. gr.

Eftirlit með fóstri.

Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur skal fylgjast með aðbúnaði og líðan barnsins og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum. Barnaverndarnefnd skal heimsækja fósturheimili eigi sjaldnar en einu sinni á ári og oftar ef ástæða þykir til.

77. gr.

Endurskoðun fóstursamnings.

Ef aðstæður fósturforeldra breytast, svo sem vegna skilnaðar, andláts, búferlaflutninga eða heilsubrests, ber fósturforeldrum að tilkynna það barnaverndarnefnd og skal þá endurskoða fóstursamning ef ástæða þykir til.

Tilkynningar skv. 16., 17. og 18. gr. sem varða aðstæður barns hjá fósturforeldri, svo og upplýsingar um að fósturforeldri vanræki hlutverk sitt, skulu berast til barnaverndarnefndar sem ráðstafaði barni í fóstur. Er nefndinni skylt að kanna málið tafarlaust og grípa til viðeigandi ráðstafana.

Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra um breytingu á fóstursamningi getur barnaverndarnefnd með rökstuddum úrskurði breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi. Úrskurður er kæranlegur til kærunefndar barnaverndarmála.

78. gr.

Reglugerð.

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um fóstur og framkvæmd ákvæða þessa kafla að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

XIII. KAFLI
Heimili og stofnanir á ábyrgð ríkisins.

79. gr.

Heimili og stofnanir sem ríkið skal sjá um að séu tiltæk.

Félagsmálaráðuneytið ber ábyrgð á að tiltæk séu heimili og stofnanir til að:

a. veita börnum móttöku í bráðatilvikum til að tryggja öryggi þeirra vegna meintra afbrota eða alvarlegra hegðunarerfiðleika,
b. greina vanda barna sem talin eru þurfa sérhæfða meðferð,
c. veita börnum sérhæfða meðferð vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, vímuefnaneyslu og meintra.

Barnaverndarstofa, í umboði félagsmálaráðuneytisins, annast uppbyggingu og rekstur heimila og stofnana skv. 1. mgr. Stofan getur falið öðrum rekstur þeirra á grundvelli þjónustusamnings. Heimili og stofnanir skv. 1. mgr. lúta yfirstjórn Barnaverndarstofu. Stofan skal hafa

faglegt og fjárhagslegt eftirlit með starfsemi heimila og stofnana og hún getur mælt fyrir um tiltekna sérhæfingu þeirra. Barnaverndarstofa veitir þeim sem reka heimili og stofnanir fræðslu, leiðbeiningar og almennan faglegan stuðning.

Komi til ágreinings milli Barnaverndarstofu og rekstraraðila heimila skv. 1. mgr. má skjóta þeim ágreiningi til félagsmálaráðuneytis. Sama á við ef ágreiningur rís um framkvæmd þjónustu milli einstaklings sem nýtur þjónustu á heimili skv. 1. mgr. eða forráðamanns hans annars vegar og Barnaverndarstofu hins vegar.

Um stofnun og almennan rekstur heimila og stofnana fer að öðru leyti eftir reglugerð sem félagsmálaráðherra setur.

80. gr.

Framkvæmd vistunar barna á heimili eða stofnun skv. 79. gr.

Áður en barn er vistað á heimili eða stofnun skv. 79. gr. skal barnaverndarnefnd reyna önnur stuðningsúrræði nema ljóst þyki að þau komi ekki að gagni. Ef nauðsynlegt er að vista barn utan heimilis skal velja heimili og stofnun af kostgæfni og með tilliti til þarfa og hagsmuna barnsins sem í hlut á.

Barnaverndarnefnd skal senda beiðni um vistun barns til Barnaverndarstofu sem metur og tekur ákvörðun í samráði við nefndina um vistun, þar á meðal hvaða heimili hentar barni best, hvenær vistun skuli hefjast og hvenær henni skuli ljúka. Ráðherra getur sett reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um að þegar sérstaklega stendur á geti barnaverndarnefnd snúið sér beint til heimilis eða stofnunar um vistun barns.

Barnaverndarnefnd ber að undirbúa barn undir viðskilnað frá foreldrum sínum og væntanlega vistun. Barnaverndarnefnd sem vistar barn skal veita barni og foreldrum nauðsynlegan stuðning meðan á vistun stendur. Hún skal fylgjast með líðan barnsins og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum, m.a. með reglubundnum heimsóknum á heimili. Gera skal skriflegan samning um vistun hvers barns.

Ef foreldrar hafa afsalað sér eða verið sviptir forsjá barns sem vistað er á heimili eða stofnun skv. 79. gr. ber barnaverndarnefnd að finna barni stuðningsfjölskyldu ef vistun er ætlað að vara lengur en tvo mánuði.

Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um faglega starfsemi heimila skv. 79. gr. þar sem m.a. skal kveðið á um skilyrði fyrir rekstri heimilis, vistunartíma, skilyrði fyrir vistun, ákvörðun um val á úrræði, samninga um vistun barns, skyldur barnaverndarnefnda og eftirlit með heimili.

81. gr.

Réttur barna til umgengni.

Barn sem vistað er á heimili eða stofnun skv. 79. gr. á rétt til umgengni við kynforeldra og aðra sem því eru nákomnir. Með umgengni er átt við samveru og önnur samskipti.

Kynforeldrar eiga rétt til umgengni við barnið nema umgengni sé bersýnilega andstæð hagsmunum og þörfum barnsins og ósamrýmanleg þeim markmiðum sem stefnt er að með vistun. Þeir sem telja sig nákomna barninu skulu með sama hætti eiga rétt á umgengni við barn, enda verði talið að það sé til hagsbóta fyrir barnið.

Við gerð vistunarsamnings skal barnaverndarnefnd leitast við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja að teknu tilliti til þeirra reglna sem gilda á viðkomandi heimili eða stofnun.

Barnaverndarnefnd á úrskurðarvald um ágreiningsefni er varða umgengni kynforeldra og annarra nákominna við barn, hvort sem það varðar rétt til umgengni, umfang umgengnis-

réttarins eða framkvæmd. Ef sérstök atvik valda því, að mati barnaverndarnefndar, að umgengni barns við foreldra sé andstæð hag þess og þörfum getur nefndin úrskurðað að kynforeldri skuli ekki njóta umgengnisréttar. Barnaverndarnefnd getur á sama hátt ákveðið að aðrir sem telja sig nákomna barninu njóti ekki umgengnisréttar ef hún telur skilyrðum 2. mgr. ekki fullnægt.

Þeir sem umgengni eiga að rækja geta óskað breytinga á ákvæðum samnings um umgengnisrétt. Náist ekki samkomulag um slíka breytingu tekur barnaverndarnefnd ákvörðun með úrskurði.

Þeir sem umgengni eiga að rækja geta krafist þess að barnaverndarnefnd endurskoði fyrri úrskurð sinn um umgengnisrétt. Barnaverndarnefnd er ekki skylt að taka slíka kröfu til efnisúrlausnar nema liðnir séu tólf mánuðir hið skemmsta frá því úrskurður barnaverndarnefndar eða kærunefndar barnaverndarmála var kveðinn upp.

Barnaverndarnefnd skal leita umsagnar heimilis eða stofnunar þar sem barn er vistað áður en kveðinn er upp úrskurður um umgengni.

Barnaverndarnefnd getur kveðið upp úrskurð um að halda dvalarstað barns leyndum, m.a. gagnvart kynforeldrum, ef hagsmunir barnsins krefjast þess.

Úrskurðir samkvæmt þessari grein eru kæranlegir til kærunefndar barnaverndarmála.

82. gr.

Réttindi barna og beiting þvingunar.

Heimili og stofnanir skv. 79. gr. skulu rekin þannig að barn sem þar dvelst geti sjálft ráðið persónulegum högum sínum og haft þau samskipti við aðra sem það óskar, allt eftir því sem samræmist best aldri barnsins, þroska þess og að því marki sem það samræmist tilganginum með vistun þess á heimilinu og ábyrgð á starfseminni, velferð og öryggi barnsins og annarra.

Barn skal vera frjálst ferða sinna innan sem utan umráðasvæðis heimilis eða stofnunar, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegt kann að vera að setja með tilliti til öryggis og velferðar barnsins og annarra. Börnum sem vistuð eru á heimilum skv. 78. gr. má banna að yfirgefa umráðasvæði heimilis eða stofnunar að því marki sem eðlilegt og nauðsynlegt er til að markmiðin með vistun náist.

Óheimilt er að:

a. beita barn líkamlegum eða andlegum refsingum,
b. beita innilokun, einangrun og öðrum slíkum þvingunarráðstöfunum eða agaviðurlögum nema nauðsyn beri til og þá samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu,
c. hafa eftirlit með póstsendingum, tölvusamskiptum og símtölum barns nema sérstakar ástæður komi til og þá samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu:

a. um framkvæmd ákvæða 3. mgr., þar með talið um þvingunarráðstafanir og málsmeðferð vegna beitingar þeirra,
b. sem miðar að því að koma í veg fyrir að áfengi, fíkniefni og önnur hættuleg efni berist inn á heimili,
c. um meðferð á persónulegum fjármunum og eigum barns.

Heimilt er að fela einkaaðilum sem reka stofnun eða heimili á grundvelli þjónustusamnings að taka ákvarðanir um takmörkun réttinda og beitingu þvingunarráðstafana samkvæmt þessari grein.

Í reglugerð sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, skal enn fremur mæla fyrir um rétt barna og foreldra þeirra til að skjóta ákvörðunum um takmarkanir á réttindum og þvingunarráðstafanir til kærunefndar barnaverndarmála.

83. gr.

Leyfi til að reka stofnanir og heimili fyrir börn.

Heimilt er einstaklingum, félagasamtökum og sveitarfélögum að setja á stofn og reka stofnanir eða heimili sem hafa að markmiði að veita þjónustu sem skilgreind er í 1. mgr. 79. gr.

Þeir sem óska eftir að setja á stofn heimili eða stofnun skv. 1. mgr. skulu sækja um leyfi Barnaverndarstofu, enda falli heimili eða stofnun ekki undir önnur lög. Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar þar sem heimili eða stofnun er áður en leyfi er veitt.

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um rekstur heimila samkvæmt þessari grein, m.a. um skilyrði fyrir leyfisveitingu, réttindi barna og eftirlit, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

Ef Barnaverndarstofa telur að meðferð barns á heimili eða stofnun sem fengið hefur leyfi skv. 1. mgr. sé ábótavant skal stofan leitast við með leiðbeiningum og áminningum að bæta úr því sem áfátt er og veita tiltekinn frest til þess. Barnaverndarstofa getur svipt aðila leyfi til áframhaldandi reksturs ef frestur sem stofan hefur veitt til úrbóta líður án þess að bætt sé úr því sem áfátt er eða ef brot á skilyrðum fyrir leyfi eru mjög alvarleg.

XIV. KAFLI

Heimili og önnur úrræði á ábyrgð barnaverndarnefnda.

84. gr.

Heimili og önnur úrræði sem barnaverndarnefndir skulu hafa tiltæk.

Barnaverndarnefndir, ein eða fleiri saman, skulu hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila, sambýla eða á annan hátt til að:

a. veita börnum móttöku, þar með talið í bráðatilvikum, til að tryggja öryggi þeirra, greina vanda eða til könnunar á aðstæðum þeirra, svo sem vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra,
b. veita börnum móttöku vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna eða sérstakra þarfa barna, svo sem í kjölfar meðferðar.

Barnaverndarnefnd getur falið öðrum aðilum rekstur heimila skv. 1. mgr. á grundvelli þjónustusamnings.

Barnaverndarstofa skal hafa yfirlit yfir þörf á heimilum og öðrum úrræðum skv. 1. mgr. um land allt, hvetja sveitarfélög til að hafa tiltæk nauðsynleg úrræði og liðsinna þeim í því efni eftir því sem þörf er á. Um leyfisveitingar Barnaverndarstofu til starfsemi skv. 1. og 2. mgr. fer eftir 83. gr.

Ákvæði 80., 81. og 82. gr. eiga við um dvöl barna á heimilum skv. 1. og 2. mgr. eftir því sem við á.

Um stofnun og rekstur heimila samkvæmt ákvæði þessu fer að öðru leyti eftir reglugerð sem félagsmálaráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

85. gr.

Stuðningsfjölskyldur.

Barnaverndarnefndir skulu hafa tiltækar stuðningsfjölskyldur. Þeir sem óska eftir að taka að sér hlutverk stuðningsfjölskyldu skulu sækja um leyfi barnaverndarnefndar í sínu heimilisumdæmi.

Ráðherra setur reglugerð að fengum tillögum Barnaverndarstofu um stuðningsfjölskyldur þar sem m.a. skal kveðið á um hámarksvistunartíma, skilyrði fyrir leyfisveitingu og samninga við stuðningsfjölskyldur.

86. gr.

Sumardvöl á vegum barnaverndarnefnda.

Þeir sem óska eftir að taka börn á vegum barnaverndarnefndar til dvalar á einkaheimili í allt að þrjá mánuði yfir sumartíma skulu sækja um leyfi til barnaverndarnefndar í sínu heimilisumdæmi. Barnaverndarnefnd skal tilkynna Barnaverndarstofu um þá sem fengið hafa leyfi.

Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um sumardvalir þar sem m.a. skal kveðið á um skilyrði fyrir leyfisveitingu, samninga um vistun, stuðning og eftirlit.

XV. KAFLI
Skipting kostnaðar af barnaverndarstarfi.

87. gr.

Fjárhagsleg ábyrgð sveitarfélags.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á kostnaði sem hlýst af starfi barnaverndarnefndar, svo sem vegna þjónustu sem hún veitir og vegna þeirra úrræða sem nefndin ber ábyrgð á samkvæmt lögum þessum.

88. gr.

Fjárhagsleg ábyrgð ríkis.

Ríkið ber kostnað sem hlýst af störfum kærunefndar barnaverndarmála svo og starfsemi á vegum Barnaverndarstofu, þar með talinn rekstur heimila og stofnana sem ríkinu ber að sjá um að séu tiltæk skv. 79. gr.

Ríkið greiðir hluta kostnaðar vegna fósturs á grundvelli 3. mgr. 65. gr. samkvæmt ákvörðun Barnaverndarstofu. Við ákvörðun á hlutdeild ríkisins skal Barnaverndarstofa taka mið af kostnaði við að mæta sérþörfum þess barns sem ráðstafað er í fóstur á grundvelli ákvæðisins og kostnaði við þá sérstöku þjónustu, umönnun og þjálfun sem fósturforeldrum er ætlað að veita.

89. gr.

Framfærsluskylda foreldra.

Foreldrar barns sem vistað er utan heimilis eru framfærsluskyldir gagnvart því.

Barnaverndarnefnd getur krafið foreldra um framfærslueyri með barni meðan á vistun stendur með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra. Barnaverndarnefnd úrskurðar um fjárhæð framfærslueyris. Úrskurðurinn er kæranlegur til kærunefndar barnaverndarmála.

Foreldri sem hefur verið svipt forsjá barns síns með dómi er ekki skylt að framfæra það.

Um ákvörðun og innheimtu framfærslueyris fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum barnalaga.

XVI. KAFLI
Vistun barna á vegum annarra en barnaverndarnefnda.

90. gr.
Heimildir foreldra til að vista börn sín sjálfir.

Foreldrar geta falið öðrum daglega umönnun og uppeldi barna sinna, enda brjóti það ekki í bága við hagsmuni barnsins. Foreldrum ber að tilkynna barnaverndarnefnd þegar barni er komið fyrir hjá öðrum og dvöl er ætlað að standa lengur en sex mánuði. Dveljist barn hjá vandamönnum þarf þó ekki að tilkynna um ráðstöfun nema henni sé ætlað að vara tólf mánuði eða lengur.

Tilkynningarskylda skv. 1. mgr. gildir ekki þegar barn er vistað á opinberri stofnun eða heimili eða þegar barn er orðið 15 ára.

Þegar barnaverndarnefnd fær tilkynningu skv. 1. mgr. eða upplýsingar á annan hátt um vistun sem tilkynningarskyldan gildir um skal hún kanna hvort þörf er fyrir stuðning við foreldra sem gæti gert þeim kleift að hafa barnið hjá sér. Ef svo er ekki skal barnaverndarnefnd kanna sérstaklega hvort hagsmunum og þörfum barns sé fullnægt á nýjum dvalarstað þess.

Hafi barn verið í umsjá annarra í þrjá mánuði eða lengur samkvæmt þessari grein getur barnaverndarnefnd í heimilisumdæmi forsjárforeldra gripið til úrræða skv. 27., 28. eða 29. gr.

91. gr.
Önnur vistun barna á heimilum án atbeina barnaverndaryfirvalda.

Þeir sem óska eftir því að taka börn til sumardvalar á einkaheimili gegn gjaldi í allt að þrjá mánuði yfir sumartíma skulu sækja um leyfi til barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi sínu.

Heimilt er félagasamtökum eða öðrum aðilum að setja á stofn og reka heimili til að veita börnum viðtöku til umönnunar, stuðnings, afþreyingar eða hollra tómstunda að fengnu leyfi Barnaverndarstofu.

Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um framkvæmd 1. og 2. mgr., þar sem m.a. skal kveðið á um skilyrði fyrir leyfisveitingu, réttindi barna, samninga um vistun, stuðning og eftirlit.

XVII. KAFLI
Almenn verndarákvæði.

92. gr.
Útivistartími barna.

Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu að ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu. Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna um tvær klukkustundir.

Aldursmörk þessa ákvæðis miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag.

93. gr.
Eftirlit með sýningum og skemmtunum.

Barnaverndarnefnd skal eftir því sem hún telur ástæðu til hafa eftirlit með leiksýningum hvers konar og opinberum sýningum eða skemmtunum ætluðum börnum. Þeim er veitir forstöðu skemmtun eða sýningu sem ætla má að börn muni sækja er skylt að kveðja til barnaverndarnefnd eða fulltrúa hennar og gefa nefndinni kost á að kynna sér efni sýningar á undan almenningi. Ef barnaverndarnefnd telur að skemmtun sé með einhverjum hætti skaðleg börnum

getur hún bannað að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni. Forstöðumenn skemmtunar skulu á sinn kostnað geta bannsins í auglýsingum og bera ábyrgð á að það sé haldið.

Þeim sem skipuleggja eða bera ábyrgð á fyrirsætu- og fegurðarkeppni, og annarri keppni af því tagi þar sem þátttakendur eru yngri en 18 ára, er skylt að tilkynna um keppnina til Barnaverndarstofu. Ráðherra getur sett nánari reglur um þátttöku barna í slíkri keppni að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

Börnum yngri en 18 ára er óheimilt að taka þátt í nektarsýningum eða öðrum sýningum af kynferðislegum toga. Skipuleggjendur slíkra sýninga bera ábyrgð á því að þátttakendur í þeim hafi náð tilskildum aldri.

XVIII. KAFLI
Refsiákvæði o.fl.

94. gr.
Brot gegn tilkynningarskyldu o.fl.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að koma vísvitandi röngum eða villandi upplýsingum á framfæri við barnaverndarnefnd um atriði sem lög þessi taka til.

Ef maður lætur hjá líða að tilkynna barnaverndarnefnd um svo illa meðferð eða slæman aðbúnað barns að lífi þess eða heilsu sé hætta búin þá varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

95. gr.
Brottnám barns, brot gegn nálgunarbanni o.fl.

Ef maður hefur samband, heimsækir eða ónáðar barn gegn banni barnaverndarnefndar eða brýtur gegn lögmætum fyrirmælum um að víkja af heimili, sbr. 37. gr., varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Hver, sem nemur á brott barn sem barnaverndarnefnd hefur ráðstafað samkvæmt lögum þessum eða kemur því til leiðar að brotið er gegn slíkri ráðstöfun, skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Brot gegn ákvæðum 2. mgr. 92. gr. varðar sektum.

Brot gegn ákvæðum 3. mgr. 92. gr. varðar sektum eða fangelsi í allt að tvö ár.

96. gr.
Brot umsjáraðila gagnvart barni.

Ef þeir sem hafa barn í sinni umsjá misþyrma því andlega eða líkamlega, misbjóða því kynferðislega eða á annan hátt, vanrækja það andlega eða líkamlega þannig að lífi eða heilsu þess er hætta búin þá varðar það fangelsi allt að fimm árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

97. gr.
Brot gagnvart börnum.

Hver sem beitir barn refsingum, hótunum eða ógnunum og ætla má að slíkt skaði barnið andlega eða líkamlega skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

Ef maður hvetur barn til lögbrota, lauslætis, áfengis- eða fíkniefnaneyslu eða leiðir það með öðrum hætti á glapstigu þá varðar það sektum eða fangelsi allt að fjórum árum.

Hver sem sýnir barni yfirgang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi, særir það eða móðgar skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

98. gr.
Lagaskil.

Ef málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd hefur hafist í tíð eldri laga gilda ákvæði laga þessara um meðferð máls eftir gildistöku þeirra. Gildir það þótt atvik þau sem mál er sprottið af hafi gerst að einhverju eða öllu leyti í tíð eldri laga.

Kærunefnd barnaverndarmála tekur við meðferð allra mála sem skotið hefur verið til barnaverndarráðs og eru þar til meðferðar þegar lög þessi taka gildi, enda eigi ágreiningsefnið undir kærunefnd samkvæmt lögum þessum. Rekstur málsins fyrir kærunefnd barnaverndarmála skal þó aldrei leiða til lakari réttarstöðu aðila en leiða mundi af eldri lögum.

Hafi barnaverndarnefnd kveðið upp úrskurð um sviptingu forsjár, en úrskurðinum hefur ekki verið skotið til barnaverndarráðs eða úrskurðinum hefur verið skotið þangað en meðferð málsins er ekki lokið, fer um meðferð þess samkvæmt eldri lögum.

99. gr.
Gildistaka.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2002.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, ásamt öllum síðari breytingum á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði með bréfi, dags. 16. desember 1997. Í nefndina voru skipuð Davíð Þór Björgvinsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, formaður, tilnefndur af félagsmálaráðherra, Benedikt Bogason, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, tilnefndur af Barnaverndarstofu, Guðrún Erna Hreiðarsdóttir, forstöðumaður barnaverndarráðs, tilnefnd af barnaverndarráði, Hjördís Hjartardóttir, félagsmálastjóri Vestur-Húnavatnssýslu, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hrefna Friðriksdóttir, lögfræðingur á Barnaverndarstofu, tilnefnd af Barnaverndarstofu, Ingibjörg Broddadóttir deildarstjóri, fulltrúi félagsmálaráðuneytis, og Þorgerður Benediktsdóttir deildarstjóri, fulltrúi félagsmálaráðuneytis. Með bréfi, dags. 8. apríl 1999, óskaði Guðrún Erna lausnar frá skipun í nefndinni. Í stað hennar var Ingveldur Einarsdóttir héraðsdómari og formaður barnaverndarráðs skipuð í nefndina, sbr. bréf dags. 3. maí 1999, sem fulltrúi barnaverndarráðs. Á tímabilinu júlí 1988 til maí 1999 starfaði Guðrún Ögmundsdóttir, núverandi alþingismaður, með nefndinni í fjarveru Ingibjargar Broddadóttur. Þá starfaði Halla Bachmann Ólafsdóttir lögfræðingur með nefndinni sem ritari frá 15. ágúst 1999 til 30. apríl 2000.

Í skipunarbréfi nefndarinnar kemur þetta fram:

„Félagsmálaráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd til að endurskoða í heild sinni lög um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, með síðari breytingum. Í ráðuneytinu liggja fyrir drög að frumvarpi til breytinga á nefndum lögum, sem unnin voru af nefnd sem einkum var ætlað að huga að kæruleiðum í barnaverndarmálum í samræmi við tilmæli umboðsmanns Alþingis. Félagsmálaráðuneytið telur þörf á frekari endurskoðun laganna, m.a. í ljósi þess að ný lögræðislög taka gildi 1. janúar nk. sem hefur í för með sér hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 árum í 18 ár."

Nefndin hefur haldið þrjátíu bókaða fundi þar sem fram hefur farið ítarleg umræða um einstök atriði fyrirliggjandi frumvarps og rætt við ýmsa aðila um efni þess.

Í upphafi nefndarstarfsins óskaði nefndin eftir athugasemdum við gildandi barnaverndarlög, nr. 58/1992, og framkvæmd þeirra frá tilteknum aðilum í landinu sem koma með einum eða öðrum hætti að málefnum sem varða vernd barna.

Nefndinni bárust athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, félagsmálastjóra Seltjarnarness, umboðsmanni barna, Barnaheillum, félagsmálaráði Hornafjarðar, félagsmálaráði Vestmannaeyja, Sálfræðingafélagi Íslands, félagsmálastjóra Reykjanesbæjar, barnaverndarnefnd Vatnsleysustrandarhrepps, barnaverndarnefnd Stokkseyrarhrepps, Félagsmálastofnun Kópavogsbæjar, félagsmálanefnd Borgarbyggðar, Samtökum félagsmálastjóra, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, félagsmálastjóra Dalvíkurbyggðar og Félagsþjónustu Þingeyinga.

Nefndin hefur farið ítarlega yfir þessar athugasemdir og tekið tillit til þeirra við samningu frumvarpsins. Þá hefur nefndin með óformlegum hætti ráðfært sig við fjölmarga aðra aðila sem starfa að barnaverndarmálum. Enn fremur hafa fulltrúar Barnaverndarstofu og barnaverndarráðs í nefndinni skilað skriflegum athugasemdum sem nefndin hefur tekið mið af. Þá hefur nefndin kynnt sér skipulag barnaverndarmála á Norðurlöndum og notað það sem fyrirmynd í sumum tilvikum.

Þann 18. apríl 1996 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að endurskoða ákveðna þætti barnaverndarlaga. Í henni áttu sæti Anna Guðrún Björnsdóttir lögfræðingur, sem jafnframt var formaður, Þórhildur Líndal, umboðsmaður barna, og Guðrún Erna Hreiðarsdóttir, sem fyrr er nefnd. Nefndin skilaði drögum, dags. 7. ágúst 1997, að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, með síðari breytingum. Við samningu frumvarpsins sem hér liggur fyrir kynnti nefndin sér drögin rækilega og tók mið af mörgu sem þar kemur fram.

Eftir að nefndin skilaði tillögum sínum að frumvarpi til félagsmálaráðherra 19. desember 2000 var farið yfir frumvarpið í ráðuneytinu og gerðar á því nokkrar breytingar.

2. Eldri löggjöf um vernd barna og ungmenna.

Fyrstu heildarlög um barnavernd á Íslandi voru lög um barnavernd, nr. 43 frá 1932. Þau lög komu í stað margra og dreifðra lagaákvæða sem áður höfðu gilt um málaflokkinn. Með lögum þessum var að verulegur leyti lagður grunnurinn að því skipulagi sem gildandi barnaverndarlög, nr. 58/1992, byggjast á. Í 1. gr. laganna var í fyrsta skipti mælt fyrir um barnaverndarnefndir sem stofna skyldi í öllum kaupstöðum og kauptúnum þar sem íbúar voru 300 eða fleiri. Í sveitarfélögum með færri íbúum var gert ráð fyrir að skólanefnd hefði verkefni barnaverndarnefndar með höndum. Þá var mælt fyrir um stofnun yfirbarnaverndarnefndar Íslands en hún skyldi hafa yfirumsjón með starfi barnaverndarnefnda í landinu og safna saman upplýsingum um starfsemi þeirra. Þá átti nefndin að hafa yfirumsjón með starfi og rekstri barnahæla. Enn fremur hafði nefndin það hlutverk að úrskurða í málum sem undir hana voru borin samkvæmt öðrum ákvæðum laganna.

Nokkuð þótti skorta á að ákvæði laganna frá 1932 væru nægilega rækileg. Endurskoðun þeirra lauk með setningu laga um vernd barna og ungmenna, nr. 29/1947. Meðal breytinga sem þá voru gerðar var að yfirbarnaverndarnefnd var lögð niður og Barnaverndarráð Íslands stofnað, auk þess sem sett voru ítarlegri ákvæði um starfsemi ráðsins en áður var að finna um yfirbarnaverndarnefnd. Þessi lög voru felld úr gildi með lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966. Þau lög voru um margt ítarlegri en lögin frá 1947 og með þeim urðu verkefni og skyldur barnaverndarnefnda fleiri.

Í gildistíð laganna frá 1966, og raunar einnig eldri laga um barnavernd, heyrðu barnaverndarmálefni undir menntamálaráðuneytið. Hélst sú skipan þar til lög um vernd barna og

ungmenna, nr. 58/1992, tóku gildi. Með þeim voru barnaverndarmálefni flutt til félagsmálaráðuneytisins. Lögunum hefur verið breytt tvívegis, sbr. lög nr. 22/1995 og lög nr. 160/1998.

Gildandi lög fólu í sér ýmis mikilvæg nýmæli. Þykir því rétt, samhengisins vegna, að gera nokkra grein fyrir þeim hér. Meðal nýmæla voru:

a. Starfsháttum barnaverndarráðs var breytt þannig að það fer nú ekki lengur með það tvíþætta hlutverk sem það áður hafði, þ.e. að veita barnaverndarnefndum ráðgjöf við úrlausn einstakra mála og fara jafnframt með fullnaðarúrskurðarvald í sömu málum. Samkvæmt lögunum fer barnaverndarráð einungis með fullnaðarúrskurðarvald í barnaverndarmálum en leiðbeiningarskylda og eftirlit með störfum barnaverndarnefnda var flutt til félagsmálaráðuneytisins. Með lögum nr. 22/1995 var Barnaverndarstofa sett á fót og skv. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. þeirra laga færðist eftirlitshlutverkið frá félagsmálaráðuneytinu til Barnaverndarstofu.
b. Í lögunum frá 1992 er að finna ákvæði sem stuðla eiga að stækkun og eflingu barnaverndarumdæma, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 58/1992, en smæð barnaverndarumdæma hefur löngum þótt standa virku barnaverndarstafi í landinu fyrir þrifum. Í greinargerðum og athugasemdum sem sendar hafa verið nefndinni er víða bent á að barnaverndarnefndir séu enn of margar og gera þyrfti ráðstafanir til að fækka þeim og efla. Er í þessu frumvarpi að finna ýmis ákvæði sem miða að því markmiði, sbr. nánar III. kafla frumvarps þessa.
c. Í gildandi lögum er einnig að finna ítarlegri og skýrari ákvæði um fóstur en var í eldri lögum, svo sem um ráðstöfun barna í fóstur, um réttarstöðu barna í fóstri, fósturforeldra og kynforeldra, sbr. nánar ákvæði VI. kafla laganna um ráðstöfun barna í fóstur. Þótt þau ákvæði hafi tvímælalaust falið í sér miklar réttarbætur hafa þau engu að síður sætt gagnrýni í athugasemdum sem nefndinni hafa borist við gildandi lög og tillit hefur verið tekið til í þessu frumvarpi, sbr. ákvæði XII. kafla frumvarpsins.
d. Í eldri lögum voru ákvæði um málsmeðferð á víð og dreif í ýmsum lagagreinum. Í gildandi lögum eru ákvæði um starfshætti barnaverndarnefnda og málsmeðferð sett í sérstakan kafla og eru þau til muna skýrari og ítarlegri en ákvæði eldri laga, sbr. nánar ákvæði VIII. kafla. Enn eru lagðar til allmiklar breytingar í þessu frumvarpi, sbr. einkum VIII.–XI. kafla sem hafa að geyma nokkuð ítarlegar reglur um meðferð mála fyrir barnaverndarnefndum, kærunefnd barnaverndarmála og dómstólum.
e. Í gildandi lögum er leitast við að skilgreina betur en áður réttarstöðu barna í barnaverndarmálum, með það að markmiði að bæta réttarstöðu þeirra. Kemur m.a. fram í 43. gr. a sú regla að börn eigi að jafnaði rétt á að tjá sig um mál og að beinlínis sé skylt að leita álits barns þegar það er orðið 12 ára. Þegar sérstaklega stendur á er barnaverndarnefnd auk þess heimilt að skipa barni sérstakan talsmann, sbr. 3. mgr. 43. gr. a, sbr. og 24. gr. laga nr. 160/1998.
f. Lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, var breytt með lögum nr. 22/1995, eins og rakið er hér að framan. Mikilvægasta nýmæli þeirra laga var stofnun Barnaverndarstofu. Aðdragandi þessara breytinga var sá að á árinu 1993 fór fram heildarúttekt á barnaverndarmálum á vegum Hagsýslu ríkisins, þar á meðal á hlutverki og rekstri Unglingaheimilis ríkisins. Niðurstöður skýrslunnar voru þær að brýn þörf væri á endurskoðun á skipulagi barnaverndarmála. Stjórnsýslu í málaflokknum væri og verulega ábótavant, samhæfingu vantaði og skortur væri á eftirliti með árangri stofnana sem ríkið ræki og styrkti á grundvelli laganna. Verkaskipting félagsmálaráðuneytis og undirstofnana var talin samrýmast illa stjórnsýsluvenjum. Meðferðarkerfi væri gallað. Nýting á meðferðarheimilum væri ekki nægjanleg og rekstur þeirra óhagkvæmur. Verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga væri óljós. Þá væri verkaskipting á milli félags- og heilbrigðiskerfis

í málefnum barna og ungmenna óljós. Á grundvelli þessara athugasemda lét þáverandi félagsmálaráðherra vinna tillögur að endurskipulagningu málaflokksins. Tillögurnar voru lagðar fram í greinargerð í janúar 1994 undir heitinu „Nýskipan málefna barna og unglinga". Í henni var lagt til að Unglingaheimili ríkisins yrði lagt niður en þess í stað kæmu tvær stofnanir, Barnaverndarstofa og móttöku- og meðferðarstöð fyrir unglinga. Hlutverki Barnaverndarstofu er ítarlega lýst hér á eftir. Móttöku- og meðferðarstöðinni var ætlað að sinna sérhæfðri meðferð, svo sem vímuefnameðferð og vistun í bráðatilvikum. Þá var gert ráð fyrir að langtímameðferð unglinga færi eingöngu fram á meðferðarheimilum sem rekin væru á fjölskyldugrunni. Tillögurnar byggðust á nýju skipulagi um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga sem væri meira í samræmi við anda barnaverndarlaga og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

g. Í kjölfar hækkunar sjálfræðisaldurs með lögræðislögum, nr. 71/1997, fór fram endurskoðun á ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992. Leiddi sú endurskoðun til setningar laga nr. 160/1998. Með þeim lögum var m.a. heiti laganna breytt í barnaverndarlög. Þá var tilvísun til ungmenna í öðrum ákvæðum laganna felld brott. Breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 160/1998 voru annars helstar þessar: Í 1. gr. þeirra er tilgreint að með börnum í lögunum sé átt við einstaklinga yngri en 18 ára og var sú breyting færð inn í þær greinar sem áður höfðu haft aldursmarkið 16 ár. Jafnframt var orðið „ungmenni" fellt út úr lagatextanum eins og fyrr segir. Í lögunum var lögð áhersla á að börn skyldu njóta réttinda í samræmi við aldur og þroska. Þá var sú breyting gerð á 22. gr. að gert var ráð fyrir heimild barnaverndarnefndar í samráði við foreldra til að vista barn til meðferðar og rannsóknar á viðeigandi stofnun eða heimili. Vistunin skyldi vera tímabundin og sæta endurskoðun eigi sjaldnar en á sex mánaða festi. Ef barn eldra en 12 ára væri vistað gegn vilja sínum skyldi það fá tækifæri til að tala máli sínu fyrir nefndinni með liðsinni sérstaks talsmanns. Þá kom það nýmæli einnig inn að yngra barni en 12 ára skyldi einnig gefinn kostur á að tjá sig ef það hefði þroska til og óskaði eftir því. Benda má á að meðal röksemda fyrir hækkun sjálfræðisaldurs var sú að með því væru sköpuð betri skilyrði en áður til að koma unglingum í vanda vegna eigin hegðunar til aðstoðar með vistun þeirra á meðferðarstofnunum. Ákvæði 22. gr. byggist á þessu. Þá voru með 24. gr. laganna, sbr. 43. gr. a, áréttuð réttindi barns við málsmeðferð með því að gera ráð fyrir að barn gæti tjáð sig um mál sem það varðar og að tekið skyldi réttmætt tillit til skoðana þess við úrlausn máls í samræmi við aldur þess og þroska.

3. Skipulag barnaverndarmála samkvæmt lögum nr. 58/1992.

Rétt þykir hér til glöggvunar að gera grein fyrir stjórn og skipulagi barnaverndarmála á Íslandi samkvæmt gildandi lögum, nr. 58/1992, eins og þau eru eftir breytingar með lögum nr. 22/1995 og lögum nr. 160/1998. Í 3. gr. gildandi laga kemur fram að starf til verndar börnum ræki félagsmálaráðuneytið, Barnaverndarstofa, barnaverndarnefndir og barnaverndarráð. Eru stofnanir þessar nefndar einu nafni barnaverndaryfirvöld. Verður nú gerð í stuttu máli grein fyrir hlutverki þessara stofnana.

a. *Félagsmálaráðuneytið.* Í 1. mgr. 3. gr. gildandi laga, eins og hún er eftir breytingar þær sem gerðar voru með lögum nr. 22/1995, segir að félagsmálaráðuneytið fari með yfirstjórn barnaverndarmála og annist stefnumótun í málaflokknum. Þá er félagsmálaráðuneytið talið upp meðal þeirra stofnana sem rækja starf til verndar börnum skv. 2. gr. laganna. Ákvæði 3. gr. laga nr. 58/1992, eins og það var áður en því var breytt með lögum nr. 22/1995, var mun langorðara um hlutverk ráðuneytisins. Sagði þar enn fremur að ráðuneyti skyldi hafa frumkvæði að þróunarstarfi og rannsóknum á sviði barnaverndar. Það skyldi enn fremur

veita barnaverndarnefndum leiðbeiningar og ráðgjöf varðandi fjölskylduvernd og úrlausn barnaverndarmála og hafa eftirlit með störfum þeirra, sbr. nánar ákvæði 2. mgr. 3. gr. eins og hún var upphaflega. Skv. 3. mgr. skyldi ráðuneytið einnig hlutast til um að settar yrðu á fót stofnanir skv. 51. gr. laganna og hafa eftirlit með þeim. Eins og fyrr segir var Barnaverndarstofa sett á fót með lögum nr. 22/1995 og tók hún m.a. við hlutverki ráðuneytisins eins og það var áður skilgreint í 2. og 3. mgr. 3. gr. Eftir sem áður fer félagsmálaráðuneytið nú með yfirstjórn í málaflokknum samkvæmt lögunum og annast stefnumótun. Í því felst meðal annars að félagsmálaráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögunum og á frumkvæði að lagabreytingum í málaflokknum. Í samræmi við þetta hefur félagsmálaráðherra sett nokkrar reglugerðir á grundvelli laganna. Þær eru: reglugerð nr. 452/1993, um tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa og stuðningsfjölskyldu skv. 21. gr. laga nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna; reglugerð nr. 160/1993, um sumardvalarheimili barna og sumarbúðir; reglugerð nr. 49/1994, um starfsháttu barnaverndarráðs; reglugerð nr. 264/1995, um Barnaverndarstofu; reglugerð nr. 271/1995, um meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga, sbr. reglugerð, nr. 474/1998, um breytingu á þeirri reglugerð; reglugerð nr. 532/1996, um ráðstöfun barna í fóstur. Þá er mælt fyrir um hlutverk ráðuneytisins í nokkrum öðrum ákvæðum laganna. Í 3. mgr. 3. gr. kemur fram að nánar tilteknum ákvörðunum Barnaverndarstofu verði skotið til félagsmálaráðuneytisins. Skv. 9. gr. laganna skipar ráðherra barnaverndarráð. Að lokum er í 4. mgr. 51. gr. gert ráð fyrir að félagsmálaráðuneytið sjái til þess að sérhæfð heimili og stofnanir séu til fyrir börn.

b. *Barnaverndarstofa.* Hlutverk Barnaverndarstofu er skilgreint í 3. gr. gildandi laga. Veigamestu hlutverk hennar samkvæmt lögunum eru eftirfarandi, sbr. einnig 1. gr. reglugerðar nr. 264/1995:

i. Barnaverndarstofu ber að vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs í landinu og annast daglega stjórn barnaverndarmála, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. Með þessu tekur stofan við hlutverki sem félagsmálaráðuneytið hafði áður. Með tilkomu stofunnar hefur ríkið eflt þjónustu í barnaverndarmálum og aukið tengsl og aðstoð ríkisins við barnaverndarnefndir sveitarfélaga.

ii. Barnaverndarstofa hefur með höndum leiðbeiningar og ráðgjöf varðandi fjölskylduvernd og úrlausn barnaverndarlaga, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. Í þessu felst m.a. að stofan veitir aðstoð við túlkun og framkvæmd laganna. Ráðgjöf er ýmist veitt barnaverndarnefndum eða almenningi. Nefna má að á árinu 1999 veitti Barnaverndarstofa barnaverndarnefndum ráðgjöf í 327 málum. Þá veitti hún öðrum en nefndunum ráðgjöf í 347 málum. Af þessum má vera ljóst að hér er um að ræða allumfangsmikinn þátt í starfsemi stofunnar. Erindin sem berast Barnaverndarstofu lúta að öllum þáttum barnaverndarstarfs og meðferðar barnaverndarmála. Ráðgjöf er mest veitt símleiðis en einnig með tölvupósti, skriflega eða á sérstökum fundum. Tengd þessum þætti í starfsemi stofunnar er útgáfa handbókar fyrir barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra. Miðað er við að bókin, sem kom fyrst út árið 1998, verði uppfærð reglulega í samræmi við gildandi reglugerðir og framkvæmd á hverjum tíma.

iii. Barnaverndarstofa hefur eftirlit með störfum barnaverndarnefnda og krefur þær um ársskýrslur, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. Eftirliti þessu má skipta í tvennt: Annars vegar eftirlit að eigin frumkvæði Barnaverndarstofu og hins vegar í tilefni af kvörtunum frá einstaklingum. Tilefni eftirlits að eigin frumkvæði geta verið mismunandi, svo sem atriði sem fram koma í ársskýrslum nefndanna, umsóknum um meðferðardvöl fyrir börn, fóstursamningum o.fl. Þá getur opinber umræða um barnaverndarmálefni stundum verið tilefni eftirgrennslana Barnaverndarstofu. Alls fjallaði Barnaverndarstofa um

19 mál af þessu tagi á árinu 1999. Í reglugerð um Barnaverndarstofu, nr. 264/1995, sbr. 9. gr., er enn fremur gert ráð fyrir að Barnaverndarstofa geti tekið við kvörtunum frá einstaklingum varðandi starfshætti barnaverndarnefnda. Á árinu 1999 bárust Barnaverndarstofu 40 kvartanir af þessu tagi. Kvörtunum er svarað formlega og geta þær snúið að fjölmörgum atriðum, svo sem viðbrögðum barnaverndarnefnda við tilkynningum, framkvæmd könnunar barnaverndarmáls, framkvæmd stuðningsúrræða og málsmeðferð. Barnaverndarstofa fjallar aftur á móti ekki um þær ákvarðanir barnaverndarnefnda sem skylt er að taka með úrskurði skv. 45. gr. núgildandi laga og bera má undir barnaverndarráð. Unnt er að kæra til Barnaverndarstofu þær stjórnvaldsákvarðanir sem barnaverndarnefnd er ekki skylt að úrskurða um. Þannig hefur Barnaverndarstofa úrskurðað um ákvarðanir um styrki til að greiða fyrir lögmannsaðstoð skv. 46. gr. og um synjun á endurupptöku máls skv. 50. gr. núgildandi laga. Barnaverndarstofa fær einnig nokkuð af erindum þar sem beiðst er formlegrar afgreiðslu eða leiðbeininga, svo sem um heimild barnaverndarnefndar til að fara áfram með mál skv. 8. gr., spurningar um hæfi nefndarmanna í barnaverndarnefnd eða heimildir barnaverndarnefnda við tilteknar aðstæður. Eftirliti Barnaverndarstofu með barnaverndarnefndum er ætlað að tryggja samhæfða og samræmda starfshætti og þjónustu í málaflokknum. Liður í þessu eftirliti er einnig skipuleg söfnun upplýsinga frá barnaverndarnefndum sem senda stofunni, í samræmi við ákvæði laganna, árlega skýrslu um starfsemi sína, sbr. nánar ákvæði 2. mgr. 3. gr. Þar er gert ráð fyrir að Barnaverndarstofa geti, telji hún ástæðu til, lagt fyrir barnaverndarnefndir að gera sérstakar ráðstafanir í máli. Enn fremur segir að ef Barnaverndarstofa verður þess áskynja að barnaverndarnefnd hafi kveðið upp úrskurð sem stofan telur andstæðan lögum geti hún skotið honum til endanlegrar úrlausnar barnaverndarráðs.

iv. Barnaverndarstofa hefur eftirlit með öllum stofnunum og heimilum sem ríkið rekur eða styrkir á grundvelli barnaverndarlaga, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. Í þessu felst að Barnaverndarstofa fer með yfirumsjón og fjárhagslegt og faglegt eftirlit með öllum meðferðarheimilum sem rekin eru af ríkinu eða ríkið styrkir. Hér er um að ræða heimili og stofnanir þar sem fram fer sérhæfð meðferð, svo sem vímuefnameðferð og vistun í bráðatilvikum vegna meintra afbrota og alvarlegra hegðunarerfiðleika. Barnaverndarstofu er því ætlað að hafa yfirsýn yfir öll meðferðarúrræði ríkisins og nýtingu þeirra og er stofunni heimilt að mæla fyrir um sérhæfingu heimilanna, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. Stofunni er einnig ætlað að hafa umsjón með vistun barna og ungmenna á stofnunum og heimilum sem ríkið rekur eða styrkir á grundvelli laganna, sbr. nánar 4. mgr. 51. gr. gildandi laga. Þá ber stofunni að hlutast til um að slíkar stofnanir verði settar á fót, sbr. 3. mgr. 51. gr. Bent er á að á vegum Barnaverndarstofu er starfandi fagteymi sérfræðinga sem hefur það hlutverk að treysta samstarf og samhæfingu meðferðarstofnana fyrir börn.

v. Í lögum og reglugerð er gert ráð fyrir að Barnaverndarstofa skuli veita barnaverndarnefndum fulltingi við útvegun fósturforeldra, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. og 5. og 6. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 264/1995, sbr. einnig reglugerð um ráðstöfun barna í fóstur nr. 532/1995. Í þessu felst í reynd að Barnaverndarstofa metur hæfi væntanlegra fósturforeldra og veitir þeim fræðslu, auk þess sem barnaverndarnefndum ber að velja fósturforeldra fyrir einstök börn í samráði við Barnaverndarstofu. Á vegum stofunnar eru árlega haldin námskeið fyrir fósturforeldra og væntanlega fósturforeldra. Unnið er að því á vegum stofunnar að taka upp nýtt og öflugt kerfi til að meta og þjálfa fósturforeldra. Barnaverndarstofa heldur jafnframt skrá yfir börn í fóstri.

vi. Barnaverndarstofu ber að vinna að þróunar- og rannsóknarstarfi á sviði barnaverndar, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 3. gr. Liður í þessu starfi er samræming stjórnsýslu í barnaverndarmálum og skipuleg öflun upplýsinga. Þessi samræming og upplýsingaöflun veitir stofunni heildarsýn yfir málaflokkinn og auðveldar rannsóknar- og þróunarvinnu. Meðal þróunarverkefna sem Barnaverndarstofa hefur staðið fyrir er svonefnt Barnahús. Barnahúsið er samstarfsvettvangur fyrir úrvinnslu mála sem varða kynferðisbrot gegn börnum. Markmiðið með starfseminni er að samhæfa hlutverk mismunandi aðila sem fást við rannsókn slíkra mála, fækka komustöðum og viðmælendum barns svo að það þurfi ekki að endurupplifa erfiða lífsreynslu með nýjum og nýjum viðtölum við marga viðmælendur frá mismunandi stofnunum. Á einum og sama staðnum fer barn bæði í rannsóknarviðtal og læknisskoðun. Viðtöl eru tekin af sérfræðingum á þessu sviði og fjöldi viðmælenda í lágmarki. Barnið og fjölskyldan geta fengið á áfallahjálp og langtímameðferð. Á einum stað er til þverfagleg þekking mismunandi aðila við rannsókn og meðferð mála sem unnt er að miðla til þeirra sem á þurfa að halda.

vii. Barnaverndarstofu ber að sjá um almenna fræðslu um barnaverndarmál fyrir barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra, sbr. 8. tölul. 1. mgr. 3. gr. Nefna má sem dæmi um þennan þátt í starfsemi stofunnar að á árunum 1996–97 hélt Barnaverndarstofa tveggja daga námskeið fyrir allar barnaverndarnefndir, starfsmenn þeirra og samstarfsaðila. Námskeiðin voru 15 talsins og þátttakendur alls 254. Á námskeiðum þessum var farið yfir öll grunnatriði í vinnslu barnaverndarmála og kynntur samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Í kjölfar sveitarstjórnarkosninga á árinu 1998 voru aftur haldin eins dags námskeið fyrir sömu aðila. Þá hefur stofan staðið fyrir fjölmörgum ráðstefnum og fræðslufundum um barnaverndarmálefni. Í þessu sambandi er einnig vert að nefna að árið 1998 gaf Barnaverndarstofa út handbók fyrir barnaverndarnefndir þar sem er að finna ítarlegar leiðbeiningar um hlutverk barnaverndarnefnda og vinnslu mála, sbr. það sem áður segir um það efni. Telja verður að reglubundin námskeið og útgáfa fræðsluefnis af hálfu Barnaverndarstofu sé mikilvæg fyrir barnaverndarnefndir, starfsmenn þeirra og samstarfsaðila, svo sem kennara, lögreglumenn, starfsmenn heilbrigðisþjónustu og fleiri. Það er stefna Barnaverndarstofu að standa fyrir kerfisbundinni fræðslu handa sem flestum þeirra sem starfa með börnum.

c. *Barnaverndarnefndir.* Í II. kafla gildandi laga, sbr. 6.–8. gr., er að finna ákvæði um barnaverndarnefndir. Barnaverndarnefndir starfa á vegum sveitarstjórna. Þær eru þó sjálfstæðar gagnvart sveitarstjórn sem getur ekki gefið þeim fyrirmæli um meðferð einstakra barnaverndarmála. Þá hefur sveitarstjórn heldur ekki aðgang að gögnum og upplýsingum um einstök barnaverndarmál. Barnaverndarnefndir eru kosnar af sveitarstjórn og geta sveitarfélög sameinast um nefnd, sbr. nánar ákvæði 6. gr. Sveitarstjórn er heimilt að fela félagsmálanefnd eða félagsmálaráði störf barnaverndarnefndar. Barnaverndarnefnd ber að ráða sérhæft starfslið, sbr. nánar ákvæði 7. gr. Ákvæði um hlutverk barnaverndarnefnda eru á víð og dreif í lögunum. Þau eru í meginatriðum eftirfarandi, sbr. 4. gr. laganna:

i. *Forvarnir.* Barnaverndarnefndum er ætlað að setja fram tillögur og ábendingar um atriði sem stuðla eiga að því að búa börnum góð uppeldisskilyrði og benda á félagsleg atriði sem eru andstæð því, sbr. 1. mgr. 4. gr.

ii. *Eftirlit og leitarstarf.* Barnaverndarnefndir eiga að fylgjast með aðbúnaði, hátterni og uppeldisskilyrðum barna í þeim tilgangi að greina sem fyrst vanda þeirra sem búa við óviðunandi aðstæður, sæta illri meðferð eða eiga í alvarlegum félagslegum erfiðleikum.

Eftirlitshlutverk barnaverndarnefnda nær einnig til barna sem dveljast á heimilum og stofnunum sem rekin eru af einkaaðilum og sveitarfélögum í umdæmi þeirra, sbr. 2. mgr. 4. gr.

iii. *Úrræði.* Barnaverndarnefndir skulu beita þeim úrræðum samkvæmt barnaverndarlögum sem við eiga og heppilegust þykja hverju sinni, sbr. 3. mgr. 4. gr. Í lögunum er að finna nánari ákvæði um hver þessi úrræði eru og skilyrðin fyrir beitingu þeirra.

Enn fremur er í einstaka lagaákvæðum mælt fyrir um tiltekin verkefni barnaverndarnefnda. Þannig segir í 34. gr. barnalaga, nr. 20/1992, að dómsmálaráðuneytið skuli að jafnaði leita umsagnar barnaverndarnefndar áður en forsjármáli er ráðið til lykta og að dómari leiti umsagnar ef hann telur þörf á því. Skv. 37. gr. barnalaga getur sýslumaður leitað umsagnar barnaverndarnefndar telji hann ástæðu til áður en hann ræður til lykta ágreiningsmáli um umgengni. Þá getur sýslumaður mælt fyrir um liðsinni barnaverndarnefndar við framkvæmd umgengni. Einnig má nefna ættleiðingarlög, nr. 130/1999, þar sem meðal annars er mælt fyrir um umsagnir barnaverndarnefnda í ættleiðingarmálum, sbr. 16. gr. Þar er enn fremur mælt svo fyrir að dómsmálaráðherra setji í reglugerð fyrirmæli um gerð slíkra umsagna. Þá er skv. 6. gr. ættleiðingarlaga gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd ræði við barn áður en það gefur samþykki sitt til ættleiðingar, í þeim tilvikum þegar samþykki barns er skilyrði fyrir ættleiðingu. Nefndinni er jafnframt ætlað að veita barninu leiðsögn um ættleiðingu og réttaráhrif hennar.

Markmið barnaverndarlaga er eins og að framan er rakið umfram allt að tryggja börnum viðunandi uppeldisskilyrði. Segja má að þetta lýsi kjarnanum í hlutverki og starfsemi barnaverndarnefnda. Þeim ber fyrst og fremst að rækja hlutverk sitt með því að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar. Barnaverndarnefndum er þannig skylt að aðstoða foreldra við að gegna foreldraskyldum sínum en grípa til viðeigandi úrræða lögum samkvæmt ef þörf er á. Í barnaverndarlögunum eru ýmis ákvæði um stuðning við foreldra sem annast börn sín og hefur slíkur stuðningur farið vaxandi umfram það að taka börn af heimilum. Má þar nefna leiðbeiningar til foreldra, skipun tilsjónarmanns með fjölskyldu, persónulegan ráðgjafa fyrir barn, stuðningsfjölskyldu fyrir barn og foreldri, dagvist, skólavist o.fl. fyrir barn, beiting úrræða annarra laga, aðstoð við útvegun meðferðar fyrir foreldra, aðstoð og stuðningur við barn vegna ofbeldis gegn því o.s.frv. Um barnaverndarnefndir er nánar fjallað í athugasemdum við II. kafla frumvarps þessa, svo sem um fjölda þeirra, málafjölda, verkefni o.s.frv.

d. *Barnaverndarráð.* Í III. kafla gildandi laga er að finna ákvæði um barnaverndarráð, sbr. nánar ákvæði 9.–11. gr., sbr. og reglugerð nr. 49/1994. Skv. 10. gr. er hlutverk barnaverndarráðs að fara með úrskurðarvald í þeim málum sem skotið er til ráðsins skv. 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 49. gr. laganna. Á árunum 1995–1999 kvað barnaverndarráð upp alls 83 úrskurði og 92 mál voru afgreidd með öðrum hætti. Undir aðra afgreiðslu falla m.a. málskot sem dregin eru til baka eða vísað er frá af einhverjum ástæðum áður en til úrskurðar kemur. Þá falla hér undir umsagnir um lagafrumvörp og svör við fyrirspurnum umboðsmanns Alþingis. Flestir úrskurðirnir á greindu árabili varða umgengni barns í fóstri við kynforeldra. Á árinu 1999 kvað barnaverndarráð upp 10 úrskurði og 18 mál voru afgreidd með öðrum hætti. Upplýsingar þessar eru fengnar úr skýrslu barnaverndarráðs fyrir árið 1999.

4. Helstu nýmæli frumvarpsins.

Í frumvarpi þessu er að finna fjölda nýmæla og breytinga frá því sem er í gildandi lögum. Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir nokkrum mikilvægum nýmælum. Upptalning breytinga og nýmæla hér á eftir er fjarri því að vera tæmandi. Vísast til athugasemda við einstaka kafla og einstakar greinar frumvarpsins um frekari greinargerð fyrir nýmælum þess.

a) Meginreglur barnaverndarstarfs.

Í 4. gr. frumvarpsins er leitast við að draga saman meginreglur sem leggja ber til grundvallar í öllu barnaverndarstarfi og mikilvægt þykir að skýrt sé kveðið á um í sjálfum lagatextanum. Með þessu er lögð áhersla á réttindi barna og önnur þau grundvallarsjónarmið sem barnaverndaryfirvöldum ber að hafa að leiðarljósi í störfum sínum. Reglur þessar hafa lengi verið viðurkenndar sem grundvallarreglur í barnaverndarstarfi. Ákvæði 4. gr. felur því fyrst og fremst í sér breytingu að því er varðar framsetningu þessara reglna en síður efnisbreytingar.

b) Kærunefnd barnaverndarmála.

Með 6. gr. frumvarpsins er lagt til að sett verði á fót *kærunefnd barnaverndarmála*. Í því felst m.a. að barnaverndarráð í þeirri mynd sem nú er verði lagt niður. Þessi breyting helst í hendur við þá fyrirætlan að um forsjársviptingarmál og önnur mál sem fela í sér hliðstæða skerðingu réttinda verði fjallað fyrir dómi, sbr. nánar 5. kafla athugasemda þessara hér á eftir um úrskurðarvald í barnaverndarmálum. Til kærunefndar barnaverndarmála verði unnt að skjóta úrskurðum barnaverndarnefnda, sbr. nánar ákvæði 51. gr. frumvarpsins, sbr. og athugasemdir við þá grein, og stjórnvaldsákvörðunum Barnaverndarstofu, sbr. 6. gr. Hlutverk kærunefndar er skilgreint í 6. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðherra skipi kærunefnd barnaverndarmála til fjögurra ára í senn. Úrskurðum nefndarinnar er ætlað að vera endanlegir á stjórnsýslustigi og verður þeim ekki skotið til ráðherra eða annars æðra stjórnvalds.

c) Framkvæmdaáætlanir á sviði barnaverndar.

Í 9. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að sveitarstjórn skuli fyrir hvert kjörtímabil gera framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Með þessu er reynt að stuðla að því að sveitarstjórnir setji sér skýr markmið í barnaverndarmálum og vinni að framgangi þeirra. Þannig er leitast við að styrkja barnaverndarstarf í landinu og gera það markvissara og árangursríkara.

d) Efling og stækkun barnaverndarumdæma.

Í 10. og 11. gr. frumvarpsins eru ýmis fyrirmæli sem eiga að stuðla að því að stækka og efla barnaverndarumdæmi í landinu. Bent er á ákvæði 1. mgr. 10. gr. þar sem fram kemur að íbúafjöldi á bak við barnaverndarnefnd skuli ekki vera minni en 1500. Enn fremur er bent á ákvæði 4. mgr. 11. gr. í þessu sambandi þar sem gert er ráð fyrir að félagsmálaráðherra verði fengnar tilteknar heimildir til að hlutast til um að barnaverndarnefndir sem fullnægja skilyrðum laganna verði settar á fót. Er þess vænst að ákvæði þessi leiði til stækkunar barnaverndarumdæma og styrki barnaverndarstarf á vegum sveitarfélaga. Í athugasemdum við 10. og 11. gr. frumvarpsins er ítarlega fjallað um þróun og stækkun barnaverndarumdæma og fækkun nefnda. Ákvæði 13. gr. frumvarpsins um sjálfstæði nefndanna og ákvæði 14. gr. um starfslið þeirra stefna einnig að því að styrkja nefndirnar faglega.

e) Upphaf barnaverndarmáls.

Í V. kafla frumvarpsins ræðir um upphaf barnaverndarmáls. Leitast er við að gera þau ákvæði mun skýrari en í gildandi lögum. Gerður er skýr greinarmunur á þeirri ákvörðun barnaverndarnefndar að hefja rannsókn máls og öðrum ákvörðunum sem nefndin tekur. Þá er nefndinni settur sjö daga frestur til að taka slíka ákvörðun eftir að henni barst tilkynning. Ákvörðun um að hefja rannsókn er ekki kæranleg til kærunefndar barnaverndarmála eða annars stjórnvalds, enda er hér aðeins um að ræða ákvörðun um málsmeðferð en ekki eiginlega stjórnsýsluákvörðun. Um þetta er nánar mælt fyrir í 20. gr. frumvarpsins, sbr. einnig ítarlegar skýringar við þá grein.

f) Ráðstafanir barnaverndarnefnda.

Í VI. kafla frumvarpsins, sbr. einnig VII. kafla þess, eru ákvæði um ráðstafanir barnaverndarnefnda. Róttækar breytingar eru lagðar til á framsetningu ákvæðanna og flokkun ráðstafananna, séu þau borin saman við hliðstæð ákvæði gildandi laga. Væntir nefndin að með þessu verði ákvæðin skýrari en í gildandi lögum og auðveldara að fara eftir þeim. Gerð er grein fyrir nokkrum mikilvægustu efnisbreytingunum hér á eftir en að öðru leyti vísast til athugasemda við VI. og VII. kafla.

g) Afskipti barnaverndarnefnda af þunguðum konum.

Í 3. mgr. 21. gr. og 30. gr. frumvarpsins er nýmæli sem varðar afskipti barnaverndarnefnda af þunguðum konum. Í 3. mgr. 21. gr. er gert er ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti hafið rannsókn máls vegna tilkynninga sem varða þungaðar konur. Í 30. gr. er síðan að finna frekari ákvæði um möguleg úrræði barnaverndarnefndar í slíkum tilfellum. Þar kemur fram að ef rannsókn barnaverndarnefndar leiðir í ljós að þunguð kona kunni að stofna eigin heilsu eða lífi og ófædds barns síns í hættu með líferni sínu, sbr. 3. mgr. 21. gr., skuli barnaverndarnefnd beita úrræðum skv. VI. kafla eftir því sem við á í samráði við hina þunguðu konu, og eftir atvikum gegn vilja hennar í samráði við lögráðamann hennar ef hún hefur ekki náð lögræðisaldri, allt eftir því sem við getur átt. Ef nefndin telur að úrræði skv. 1. mgr. komi ekki að gagni getur hún sett fram kröfu um sviptingu lögræðis samkvæmt ákvæðum lögræðislaga í því skyni að koma konunni til aðhlynningar og meðferðar á viðeigandi stofnun. Rökin að baki slíkri heimild eru næsta augljós. Um frekari skýringar ákvæðisins vísast til athugasemda við 3. mgr. 21. gr. og 30. gr. frumvarpsins.

h) Upplýsingar úr sakaskrá vegna brota gegn börnum.

Í 36. gr. er m.a. það nýmæli að gert er ráð fyrir að Barnaverndarstofa skuli eiga rétt á upplýsingum úr sakaskrá um menn sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga ef brot hefur beinst gegn einstaklingi yngri en 18 ára. Hér er um að ræða kynferðisbrot og önnur brot gegn börnum. Gert er ráð fyrir að ríkissaksóknara verði gert skylt að láta stofunni í té afrit dóma ef hún óskar þess. Barnaverndarstofa getur jafnframt tilkynnt viðkomandi barnaverndarnefnd flytji slíkur maður í umdæmi hennar. Þá er í 2. mgr. 36. gr. tekið fram að óheimilt sé að ráða til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum eða öðrum stofnunum sem sinna barnaverndarstarfi, hvort sem þær eru reknar af einkaaðilum, ríki eða sveitarfélögum, menn sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn framangreindum ákvæðum hegningarlaga. Í lokamálsgreininni er jafnframt gert ráð fyrir að yfirmenn skóla, leikskóla, sumardvalarheimila, íþrótta- og tómstundamiðstöðva og annarra slíkra stofnana eða staða þar sem börn koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma eigi rétt á upplýsingum úr sakaskrá um það hvort tiltekinn maður, sem sótt hefur um störf á þeirra vegum, hefur hlotið

dóm á grundvelli þeirra ákvæða sem talin eru í 2. mgr. Markmiðið með þessum ákvæðum er að stemma stigu við því að menn sem hlotið hafa dóma vegna brots á nefndum ákvæðum ráðist til starfa með börnum og á stofnunum og öðrum stöðum þar sem börn eru og dveljast um lengri eða skemmri tíma.

i) Úrskurðarvald í barnaverndarmálum.

Í 29. gr. frumvarpsins er það mikilvæga nýmæli að úrskurðarvald í málum vegna sviptingar forsjár flyst frá barnaverndarnefndum til dómstóla. Þá er einnig gert ráð fyrir atbeina dómstóla í eftirtöldum tilvikum: i) Foreldrar geta borið undir dómara ákvörðun barnaverndarnefndar um beitingu ráðstafana skv. 1. mgr. 27. gr., þ.e. vistun í allt tvo mánuði. ii) Barnaverndarnefnd skal leita úrlausnar héraðsdómara til að koma fram ráðstöfunum skv. 1. mgr. 27. gr. eigi þær að standa lengur en tvo mánuði, sbr. 28. gr. iii) Foreldrar geta gert kröfu fyrir dómi um endurskoðun varanlegrar ráðstöfunar á barni skv. 2. mgr. 34. gr. og endurskoðun fyrri ákvarðana skv. 2. mgr. 34. gr. Þessari breytingu fylgja enn fremur aðrar breytingar, svo sem sérstakir kaflar um málsmeðferð fyrir dómi, sbr. X. og XI. kafla, stofnun kærunefndar barnaverndarmála o.fl. Í 5. kafla í þessum athugasemdum er sérstaklega fjallað um þessa breytingu og rökin fyrir henni. Að lokum er í þessu sambandi einnig bent á ákvæði 37. gr. frumvarpsins um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann, en lagt er til að barnaverndarnefnd geti farið fram á að það við héraðsdómara að þessum úrræðum verði beitt. Um málsmeðferð að öðru leyti fer samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála.

j) Málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd.

Í frumvarpinu eru ítarlegri reglur um meðferð mála fyrir barnaverndarnefndum en í gildandi lögum, sbr. VIII. kafla. Þá eru einnig lagðar til sérstakar reglur um málsmeðferð fyrir kærunefnd barnaverndarmála, sbr. IX. kafla. Sérstök athygli er vakin á ákvæði 44. gr. um skyldu ýmissa aðila til að láta barnaverndarnefndum í té upplýsingar. Með þessu eru tekin af öll tvímæli um skyldu þessara aðila til að láta upplýsingar í té endurgjaldslaust, sbr. nánar skýringar við þetta ákvæði.

k) Málsmeðferð fyrir dómi.

Í X. og XI. kafla eru lagðar til reglur um málsmeðferð fyrir dómi. Ákvæðin eru að öllu leyti nýmæli, enda hefur ekki fyrr í íslenskum lögum sérstaklega verið gert ráð fyrir því að barnaverndarmál væru rekin fyrir dómi. Gerður er greinarmunur á málum 2. mgr. 34. og 29. gr. annars vegar og öðrum málum skv. 27. og 28. gr. hins vegar. Mál þessi eru ólík að eðli, m.a. að því leyti að mál skv. 27. og 28. gr. eru ekki höfðuð með stefnu heldur er máli beint til héraðsdómara. Af þessum sökum er ákvæðum um málsmeðferð fyrir dómi skipt niður á tvo kafla. Sérstök athygli er vakin á 1. mgr. 54. gr. um sérfróða meðdómsmenn.

l) Barn sem aðili máls.

Í málsmeðferðarreglum frumvarpsins er gert ráð fyrir að barn sem náð hefur 15 ára aldri sé aðili barnaverndarmáls. Þetta er mikilvægt nýmæli sem á að stuðla að því að treysta réttarstöðu barna í barnaverndarmálum. Með þessum hætti fær barn sem náð hefur þessum aldri óskoraðan rétt til að tjá sig um mál á sama hátt og foreldrar þess, það hefur sjálfstæðan aðgang að öllum gögnum málsins og getur átt rétt á aðstoð lögmanns, auk þess sem heimilt er að skipa því talsmann með sömu skilmálum og gilda um yngri börn. Þetta er svipað og gert hefur verið í öðrum ríkjum Norðurlanda, t.d. í Noregi.

m) Ákvæði um fóstur.

Í XII. kafla frumvarpsins er lagt til að fóstur verði nú skilgreint með nokkuð öðrum hætti en í gildandi lögum. Með fóstri er í frumvarpinu átt við að barnaverndarnefnd feli sérstökum fósturforeldrum umsjá barna í a.m.k. þrjá mánuði en samkvæmt núgildandi lögum hefur verið miðað við a.m.k. sex mánuði og að um skemmri vistun fari skv. 4. mgr. 51. gr. Af þessari breytingu leiðir m.a. að hugtakið „varanlegt fóstur“ er ekki lengur notað, þótt ennþá sé gert ráð fyrir að fóstur geti staðið þar til barn verður lögráða. Í frumvarpinu eru einnig ítarlegri og skýrari reglur um fóstur en nú gilda og vísast nánar til athugasemda við XII. kafla.

n) Agaviðurlög og þvingun inni á heimilum og stofnunum.

Í tengslum við stofnanakaflann er einnig vert að vekja athygli á ákvæði 82. gr. um réttindi barna á meðferðarheimilum og stofnunum. Með þessu nýmæli er leitast við að setja lagaramma um beitingu þvingunarráðstafana inni á öllum heimilum og stofnunum sem rekin eru á grundvelli laganna. Ákvæðið sem hér er gerð tillaga um er í samræmi við ábendingar sem fram koma í greinargerð um þvingunarráðstafanir á meðferðarheimilum ríkisins fyrir unglinga og eftirlitsskyldur barnaverndaryfirvalda frá því í maí 1998. Í þessu sambandi er þó vert að nefna að Barnaverndarstofa setti þegar á árinu 1997 fyrst reglur um þetta efni. Í frumvarpinu er lagt til að félagsmálaráðherra setji reglugerð um þetta efni. Ákvæði frumvarpsins veitir þeim reglum trausta lagastoð.

o) Almenn verndarákvæði og þátttaka barna í fyrirsætu- og fegurðarkeppni.

Lagt er til í XVII. kafla að almennum verndarákvæðum verði fækkað til muna, enda á það eftirlit sem tíundað hefur verið í samsvarandi kafla gildandi laga að stórum hluta undir önnur yfirvöld. Vert er enn fremur að vekja athygli á 2. og 3. mgr. 93. gr. frumvarpsins. Í 2. mgr. er kveðið svo á um að skipuleggjendum og ábyrgðaraðilum fyrirsætu- og fegurðarsamkeppni og annarrar keppni af því tagi, þar sem þátttakendur eru yngri en 18 ára, sé skylt að tilkynna um keppnina til Barnaverndarstofu. Jafnframt er gert ráð fyrir að ráðherra geti sett með reglugerð nánari reglur, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, um þátttöku barna í slíkri keppni, svo sem um samþykki foreldra o.fl. Þá er í 3. mgr. tekið fram að börnum yngri en 18 ára skuli óheimilt að taka þátt í nektarsýningum eða öðrum sýningum af kynferðislegum toga. Jafnframt bera skipuleggjendur eða ábyrgðaraðilar slíkra sýninga ábyrgð á því að aldursmörkin séu virt.

5. Úrskurðarvald í barnaverndarmálum.

Hugmyndir um að fela dómstólum meira hlutverk í barnaverndarmálum en gildandi lög gera ráð fyrir eru ekki nýjar af nálinni. Þær voru m.a. til umræðu við samningu frumvarps þess sem síðar varð að gildandi lögum. Þar sem hér er um að ræða eitt af mikilvægustu nýmælum frumvarpsins þykir rétt að gera nokkra grein fyrir umræðu þeirri sem átt hefur sér stað hér á landi um þetta mál og þeim röksemdum sem hér koma til skoðunar.

Í 45. gr. gildandi laga er mælt fyrir um það hvaða ákvarðanir barnaverndarnefnd tekur með úrskurði. Segir þar að málum sem varða ráðstafanir gagnvart börnum eða forráðamönnum þeirra skv. 24. gr. (ýmis úrræði án samþykkis foreldra), 25. gr. (forsjársvipting, 3.–5. mgr. 33. gr. (umgengni við kynforeldra), 35. gr. (að barn skuli vera kyrrt í fóstri), 4. mgr. 40. gr. (að barn skuli vera kyrrt í umsjá annarra) og 1. mgr. 46. gr. (að tiltekin gögn máls skuli ekki afhent) skuli ráðið til lykta með úrskurði. Úrskurðum barnaverndarnefnda er síðan unnt að skjóta til barnaverndarráðs, en ráðið fer með úrskurðarvald í þeim málum sem skotið er til þess skv. 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 49. gr., sbr. nánar 10. gr. laganna. Í 2. mgr. 3. gr. er vísað til úrskurða barnaverndarnefndar sem Barnaverndarstofa getur skotið til ráðsins. Í 49. gr. eru aftur á móti

taldir upp þeir aðilar sem geta skotið úrskurðum barnaverndarnefndar til fullnaðarúrskurðar barnaverndarráðs.

Samkvæmt gildandi barnaverndarlögum er dómstólum ekki ætlað sérstakt hlutverk við úrlausn ágreiningsmála sem lúta að framkvæmd laganna. Samkvæmt því sem fram kemur í greinargerð með frumvarpi því sem varð að gildandi lögum var sérstaklega hugað að því hvernig úrskurðarvaldi í þvingunaraðgerðum í barnaverndarmálum skyldi vera háttað. Segir í greinargerðinni að til álita hafi komið að fela hinum almennu dómstólum slíkt vald. Nefndin sem samdi frumvarpið taldi þó að þeirri leið fylgdu ýmsir ókostir og að hún yrði tæpast nægilega skilvirk. Í greinargerðinni segir:

„Tryggja þarf sérþekkingu dómara og er það að nokkru leyti unnt með því að dómari kalli til sérfróða meðdómsmenn við úrlausn þessara mála, sbr. 37. A. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, en dómsformaður þyrfti einnig að hafa nokkra sérþekkingu. Einnig er dómstólameðferðin dýr og seinleg. Þótt ætla megi að dómstólaleiðin tryggi rétt foreldra best telur nefndin ekki ljóst að hið sama gildi um öryggi og velferð barnsins þegar mál eru rekin fyrir dómstólum. Í barnavernd felst stuðningur samfélagsins við börn. Ef grípa þarf til úrskurðar er eðli hans og tilgangur að tryggja velferð barnsins og öryggi en alls ekki sá að refsa foreldrum. Í meðferð barnaverndarmáls er mikilvægt að tryggja samfellda meðferð þar sem eitt úrræði leiðir af öðru barninu til hagsbóta. Einn meginkostur núverandi kerfis er að barnaverndarnefnd ber áfram fulla ábyrgð á velferð barnsins eftir að hún ákveður að taka barn af heimili. Þetta getur skert rétt foreldra og deilt hefur verið á „sjálfdæmi“ barnaverndarnefnda. Í frumvarpinu er reynt að bregðast við þessari hættu með skýrum málsmeðferðarákvæðum og sterkari stöðu barnaverndarráðs sem áfrýjunaraðila. Niðurstaða nefndarinnar er sú að best fari á því að barnaverndarnefndir fari áfram með úrskurðarvald eins og nú háttar til. Úrskurðum má síðan skjóta til barnaverndarráðs sem hefur endanlegt úrskurðarvald í þessum málum eins og verið hefur en þó með þeirri veigamiklu breytingu að hlutverk barnaverndarráðs er takmarkað við úrlausnir í málum sem skotið er til ráðsins en eftirlits- og leiðbeiningarhlutverk verði í höndum félagsmálaráðuneytisins, sbr. 3. gr. frumvarpsins.“

Bent er á að í 1. mgr. 49. gr. gildandi laga er notað orðið „fullnaðarúrskurðar“. Í athugasemdum í greinargerð við þetta ákvæði er fjallað um heimildir til að bera ákvarðanir barnaverndarráðs undir dómstóla. Þar segir:

„Barnaverndarráði er áfram ætlað að kveða upp fullnaðarúrskurði í barnaverndarmálum, þ.e. að ekki er gert ráð fyrir að mál fari til úrlausnar dómstóla. Dómstólar hafi aðeins um það að segja hvort nefndir eða ráðið hafi farið út fyrir valdmörk sín. Barnaverndarmál eru í eðli sínu viðkvæm og nauðsynlegt að niðurstaða fáist sem fyrst um framtíð barna sem í hlut eiga. Jafnframt er þess að geta að gert er ráð fyrir breyttu verksviði ráðsins þannig að það verði eingöngu úrskurðaraðili um málskot. Það, ásamt því að málsmeðferðarreglur eru bættar, ætti að tryggja að réttarstaða aðila verður líkari því sem gerist við meðferð dómsmála.“

Í greinargerðinni er byggt á þeim skilningi að dómstólar geti aðeins, að því er úrskurði barnaverndarráðs varðar, fjallað um það hvort barnaverndarnefndir og ráðið hafi farið út fyrir valdmörk sín. Þessi skilningur er ekki í samræmi við dómaframkvæmd hér á landi nema í málum þar sem ágreiningur er um inntak umgengnisréttar en dómstólar hafa ekki talið sér fært að kveða á um það. Við athugun á barnaverndarmálum sem borin hafa verið undir dómstóla hér á landi kemur í ljós að þeir telja sig að öðru leyti bæra til að meta bæði form og efnishlið máls. Þetta er einnig í samræmi við sérstaka bókun Íslands við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins þar sem byggt er á því að þetta sé gildandi réttur hér á landi. Úrlausnarvald dómstóla er því í reynd ekki bundið við það sem í greinargerðinni er nefnt valdmörk barnavarnarnefnda og barnaverndarráðs. Afleiðingin er sú að barnaverndarmál getur farið í gegnum

fjögur stig áður en það er endanlega til lykta ráðið, þ.e. barnaverndarnefnd, barnaverndarráð, héraðsdóm og Hæstarétt.

Við endurskoðun ákvæða gildandi barnaverndarlaga telur nefndin að stefna beri að því að einfalda þetta fyrirkomulag, stytta málsmeðferðarferlið, auka réttaröryggi og stuðla að vandaðri meðferð barnaverndarmála. Þessi markmið leiða til þeirrar niðurstöðu að heppilegt sé að taka úrskurðarvald að því er alvarlegustu þvingunarráðstafanirnar varðar af barnaverndarnefndunum. Þetta er einnig í samræmi við álit fjölmargra aðila sem sent hafa nefndinni athugasemdir við gildandi lög. Sýnist það vera meginviðhorfið að almennt tryggi það ekki nægilega óhlutdrægni í málsmeðferð og við úrlausn máls að barnaverndarnefnd, sem verið hefur í miklum samskiptum við foreldra, átt frumkvæði að máli og annast alla rannsókn þess, geti sjálf kveðið upp úrskurði sem fela í sér jafnalvarlega skerðingu á grundvallarréttindum. Sérstaklega er þetta talið eiga við þær þvingunarráðstafanir sem alvarlegastar teljast, svo sem sviptingu forsjár.

Eftir ítarlegar umræður um mismunandi leiðir sem til greina koma varðandi úrskurðarvaldið hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að heppilegast sé að úrskurðarvald í stærri málum fari beint til dómstóla en barnaverndarnefndir fari enn með úrskurðarvald í vissum málum sem varða þvingunarráðstafanir sem telja má að varði minni hagsmuni. Þá verði unnt að skjóta úrskurðum barnaverndarnefnda í málum sem undir þær heyra til sérstakrar nefndar, kærunefndar barnaverndarmála. Jafnframt verði barnaverndarráð í núverandi mynd lagt niður.

Í frumvarpinu er nánar lagt til að atbeini dómstóla skuli koma til: i) vegna ákvörðunar barnaverndarnefndar skv. 1. mgr. 27. gr., ii) til að koma fram ráðstöfunum skv. 1. mgr. 27. gr. ef þær eiga að standa lengur en tvo mánuði, sbr. 28. gr., iii) við sviptingu forsjár skv. 29. gr. og iv) við endurskoðun varanlegra ráðstafana skv. 2. mgr. 34. gr.

Rökin fyrir því að fela dómstólum framangreindar ákvarðanir eru einkum þessi: Í *fyrsta lagi* eru þær ákvarðanir sem um ræðir þess eðlis að þær eiga eftir almennum sjónarmiðum um friðhelgi einkalífs og annarra mannréttinda heima hjá dómstólum. Ákvarðanir þessar fela í sér slíka skerðingu þessara réttinda að best fer á því að um þær sé fjallað fyrir dómi. Í *öðru lagi* verða málsmeðferðarstigin aðeins tvö, þ.e. héraðsdómur og Hæstiréttur, í stað fjögurra áður. Augljóst er að þetta einfaldar meðferð þessara mála og styttir heildarmálsmeðferðartímann verulega. Í *þriðja lagi* er meðferð mála fyrir dómi jafnan sú vandaðasta sem völ er á í íslensku réttarkerfi og sú sem tryggir best réttaröryggi aðila máls. Í *fjórða lagi* er þetta í besta samræmi við þjóðréttarskuldbindingar sem Ísland er aðili að. Má þar nefna 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, en meginmál samningsins hefur lagagildi á Íslandi, sbr. lög nr. 62/1994, og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. auglýsingu nr. 18/1992, einkum 1. tölul. 9. gr. Þó má taka fram að hér er ekki byggt á því að núverandi skipan úrskurðarvalds í barnaverndarmálum á Íslandi sé beinlínis andstæð þessum sáttmálum þar sem unnt er að hnekkja úrskurðum barnaverndarráðs fyrir dómi. Samt sem áður telst það í betra samræmi við sáttmálana að gera ráð fyrir að ákvarðanir þessar séu í öndverðu teknar fyrir dómi að undangenginni þeirri málsmeðferð sem þar á við.

Meginröksemdin fyrir því að dómstólaleiðinni var hafnað við undirbúning gildandi laga var sú, að með henni væri erfitt að tryggja nægilega sérþekkingu sem nauðsynleg var talin í barnaverndarmálum. Nefndin telur að þetta eigi ekki við rök að styðjast. Mál sem borin eru undir dómstóla eru margvísleg og koma iðulega inn á svið þar sem sérþekkingar kann að vera þörf. Við þessu er hægt að bregðast með ýmsum hætti, svo sem með kvaðningu sérfróðra meðdómenda og/eða matsmanna. Þá er hægt í barnaverndarlögum að mæla fyrir um sérreglur um meðferð slíkra mála sem eiga að tryggja að sérþekkingar, að því marki sem hún telst nauðsynleg, sé aflað áður en ákvörðun er tekin, sbr. nánar ákvæði X. og XI. kafla frumvarps þessa um meðferð mála fyrir dómi. Nefndin hafnar þeirri skoðun að sérstaða þessara mála sé

slík að ekki sé fært að fela dómstólum meðferð þeirra vegna skorts á sérþekkingu og telur að þau rök sem að framan eru rakin vegi þyngra. Í því sambandi er vert að benda á að í þessu frumvarpi eru ákvæði þar sem beinlínis segir að sérfróða meðdómsmenn skuli að jafnaði kveðja til setu í dómi vegna mála skv. 29. gr., sbr. nánar ákvæði 54. gr.

Þá var því enn fremur haldið fram við undirbúning gildandi laga að mikilvægt væri að tryggja samfellda meðferð barnaverndarmáls þar sem eitt úrræði leiðir af öðru, barninu til hagsbóta. Einn meginkostur núverandi kerfis var talinn sá að barnaverndarnefnd bæri áfram fulla ábyrgð á velferð barnsins eftir að hún hefði ákveðið að taka barn af heimili. Ekki verður séð að barnaverndarnefnd verði í annarri og verri aðstöðu til að tryggja samfellda og faglega meðferð máls þótt henni verði gert að gera kröfu fyrir dómi um að barn verði tekið af foreldrum þeirra, í stað þess að nefndin taki sjálf slíka ákvörðun. Ljóst er að ef dómstóll verður við slíkri kröfu mun forsjá barns eða umsjá hverfa til nefndarinnar sem taka mun allar ákvarðanir um framhald málsins eftir því sem best hentar hagsmunum og þörfum þess. Meðferð málsins er samfelld og barnaverndarnefnd ber áfram fulla ábyrgð á velferð barnsins.

Að lokum má geta þess að með barnalögum, nr. 20/1992, sbr. 1. mgr. 35. gr., var í fyrsta skipti gert ráð fyrir því sem aðalreglu að forsjármál skyldu rekin fyrir dómi. Umræður um það höfðu staðið nokkuð lengi og rökin gegn því voru mjög áþekk þeim sem leiddu til þess að sú leið var ekki farin í gildandi barnaverndarlögum. Þótt forsjármál séu ekki að öllu leyti sambærileg við barnaverndarmál eru þau eðli málsins samkvæmt nægilega lík til að hafa megi reynsluna af þeirri skipan mála hér til hliðsjónar. Í stuttu máli má segja að reynslan af þessu fyrirkomulagi hafi á heildina litið verið góð. Við meðferð forsjármála fyrir héraðsdómi er það nánast regla að kvaddir eru til setu í dómi sérfróðir meðdómendur, svo sem geðlæknar, sálfræðingar og félagsráðgjafar. Þá nýta dómarar í ríkum mæli heimildir barnalaga til að leggja fyrir aðila að afla sérfræðiskýrslna eða eftir atvikum ákveða að afla þeirra sjálfir, sbr. nánar ákvæði 60. gr. barnalaga. Ekki er vafi á því að með þessum úrræðum hefur verið tryggð nægileg sérþekking í þessum málum. Þá hefur reynslan sýnt að dómstólaleiðin er mun skjótvirkari en stjórnsýslumeðferð sú er áður var aðalreglan í þessum málum. Við samningu X. og XI. kafla frumvarps þessa um meðferð barnaverndarmála fyrir dómi hefur að nokkru leyti verið stuðst við ákvæði VIII. kafla barnalaga, nr. 20/1992.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í þessum kafla er safnað saman ýmsum ákvæðum um markmið barnaverndarlaga, skyldur foreldra við börn, hugtaksskilgreiningum og meginreglum barnaverndarstarfs. Helsta nýmæli kaflans er í 4. gr. þar sem settar eru fram nokkrar meginreglur barnaverndarstarfs. Nýmælið felst þó fremur í framsetningu reglnanna en innihaldi þeirra. Í reynd er hér um að ræða reglur sem lengi hefur verið byggt á sem meginreglum í barnaverndarstarfi, sumum skráðum, en öðrum óskráðum. Rétt þykir að leggja til að þær verði lögfestar.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er sett fram það meginsjónarmið sem barnaverndarlög eru reist á, að barn á rétt á sérstakri vernd og umönnun. Þá er tekið fram að börn skuli njóta réttinda í samræmi við aldur og þroska. Þessi grundvallarsjónarmið koma fram í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, sbr. einnig inngang samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 1989, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/1992.

Í 2. mgr. er vísað til þeirrar almennu skyldu foreldra að þeim beri að gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín eftir því sem best hentar hag barnanna og þörfum. Hér er áréttuð sú grundvallarregla allrar löggjafar sem varðar börn, að hagur þeirra og þarfir skuli vera í fyrirrúmi. Þessi regla kemur m.a. fram í 29. gr. barnalaga, nr. 20/1992. Hér er um að ræða eina af grundvallarreglum barnaréttarins. Hliðstætt ákvæði er í 17. gr. gildandi barnaverndarlaga. Betur þykir fara á að setja þessa mikilvægu meginreglu fram í 1. gr. laganna.

Í 2. mgr. er umhyggja og nærfærni nefnd sérstaklega sem liður í forsjár- og uppeldisskyldum. Í því felst m.a. það veigamikla atriði að í uppeldi sé barni sýnd virðing og beitt skuli samræðum en ekki líkamlegum refsingum þegar svo ber undir.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er markmið barnaverndarlaga skilgreint. Meginmarkmið þeirra er að öll börn á Íslandi búi við viðunandi aðstæður. Með þessu orðalagi er þess freistað að setja barnaverndarstarfi eðlileg og raunhæf markmið. Í orðalaginu felst að barnaverndaryfirvöldum er ekki falið það verkefni að stuðla að því að öll börn búi við bestu mögulegu aðstæður, heldur fyrst og fremst að aðstæður einstakra barna sem yfirvöld hafa afskipti af séu viðunandi. Það er vissulega matsatriði hvaða aðstæður teljast viðunandi. Það getur verið breytilegt á hverjum tíma eftir almennum efnahag, siðferðilegu gildismati og breytilegum kröfum um nauðsynleg lífsgæði.

Í 1. mgr. er jafnframt miðað við að lögin tryggi að börn sem eru í sérstökum vanda fái nauðsynlega aðstoð. Lögð er áhersla á tvenns konar tilvik; annars vegar að tryggja að börn sem búa við óviðunandi uppeldisskilyrði fái nauðsynlega aðstoð og hins vegar að börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái aðstoð. Í fyrra tilvikinu er átt við börn sem eru þolendur óviðunandi skilyrða sem þeim eru búin af hendi þeirra sem hafa umsjá þeirra eða annarra sem hafa afskipti af þeim. Í síðara tilvikinu er átt við börn sem stefna heilsu og þroska í hættu vegna eigin háttsemi, þótt þeim kunni annars að vera búin viðunandi uppeldisskilyrði af hálfu foreldra. Oft fer þetta tvennt þó saman.

Í 2. málsl. 1. mgr. er tekið fram að leitast skuli við að ná markmiðum laganna með því að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Í þessum orðum felst að lögin eru byggð á því að fjölskylda barns gegni lykilhlutverki í uppeldi þess og miða beri barnaverndarstarf fyrst og fremst við að styrkja það hlutverk. Uppbygging laganna er í samræmi við þetta, þar sem ávallt er miðað við að fyrst skuli reynt að ná tökum á vandanum með því að skapa þær aðstæður innan fjölskyldu barnsins að þær teljist viðunandi og þá í samstarfi og samráði við hana, áður en önnur úrræði eru reynd gegn vilja viðkomandi. Í þessu felst jafnframt það almenna sjónarmið að hagsmunir barna séu alla jafna best tryggðir með því að þau alist upp hjá eigin fjölskyldu og að stöðugleiki ríki í uppvexti þeirra.

Í 2. mgr. er tekið fram að lögin taka til allra barna sem eru á yfirráðasvæði íslenska ríkisins. Í þessu felst að lögin taka til allra barna á yfirráðasvæði ríkisins án tillits til ríkisborgararéttar og hversu varanleg dvöl barnsins er hér á landi. Þannig geta lögin tekið til barna sem eingöngu koma til landsins sem ferðamenn í stuttan tíma. Bent er á að í 6. mgr. 15. gr. frumvarpsins er m.a. mælt fyrir um lögsögu barnaverndarnefnda þegar um er að ræða börn sem ekki eiga lögheimili á Íslandi. Það getur m.a. átt við um börn sem koma í stuttan tíma, t.d. sem ferðamenn. Að sjálfsögðu getur þó skipt máli varðandi þau úrræði sem til greina kemur að beita hversu lengi dvöl barnsins hér á landi er ætlað að standa. Þá geta lög um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965, sbr. lög nr. 133/1993 og nr. 82/1998, haft áhrif á það hversu lengi einstökum börnum sem koma erlendis frá er heimilt að dvelja í landinu. Þá hafa ýmis önnur lög þýðingu í þessu sambandi, sbr. t.d. lög um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES, sbr. lög nr.

47/1993, lög nr. 90/1995 og reglugerð nr. 674/1995. Varðandi möguleika barnaverndaryfirvalda til að beita úrræðum vegna erlendra barna er rétt að hafa í huga að barnaverndaryfirvöld hafa í sjálfu sér ekki heimild til að ákveða að dvöl barnsins hér á landi skuli standa lengur en leiða myndi af lögum þeim sem fyrr voru nefnd eða öðrum lögum sem kunna að hafa þýðingu í því sambandi.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru skilgreind hugtökin „barn“, „foreldri“ og „barnaverndaryfirvöld“. Í meginatriðum er stuðst við skilgreiningar sem er að finna í gildandi lögum.

Í 1. mgr. greinir hvað átt er við með orðinu „barn“. Í frumvarpinu tekur það til allra einstaklinga yngri en 18 ára. Miðað er við sama aldursmark í gildandi lögum, sbr. 2. mgr. 1. gr. eins og henni var breytt með c-lið 1. gr. laga nr. 160/1998. Þetta aldursmark er einnig í samræmi við 1. gr. lögræðislaga, nr. 71/1997, þar sem fram kemur að menn verði lögráða, þ.e. bæði sjálfráða og fjárráða, 18 ára gamlir og enn fremur er þetta í samræmi við 1. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Í þessu aldursmarki felst jafnframt sú almenna regla að afskiptum barnaverndaryfirvalda af einstökum börnum lýkur þegar þau hafa náð 18 ára aldri. Hitt er þó ljóst að heppilegt getur verið að viðhalda ráðstöfunum sem gerðar hafa verið eftir að þessu aldursmarki er náð, t.d. þar sem barn er á fósturheimili eða á stofnun til meðferðar. Af því leiðir að rétt þykir að gera ráð fyrir að barnaverndaryfirvöld geti ákveðið, með samþykki ungmennis, að ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli laganna haldist eftir að þau eru orðin 18 ára, allt til 20 ára aldurs. Augljós rök mæla með því að gera ráð fyrir þessu, þar sem árangur meðferðar eða dvalar á fósturheimili getur ráðist af því að unnt sé að halda ráðstöfun áfram. Vakin er athygli á að áþekkt ákvæði er að finna í 3. mgr. 27. gr. gildandi laga, sbr. 18. gr. laga nr. 160/1998.

Í 2. mgr. er tekið fram að með barnaverndaryfirvöldum sé átt við félagsmálaráðuneyti, Barnaverndarstofu, kærunefnd barnaverndarmála og barnaverndarnefndir. Um hlutverk einstakra stofnana í barnaverndarmálum er að finna nánari fyrirmæli í einstökum ákvæðum frumvarpsins. Þá er einnig vísað til almennra athugasemda í greinargerð þessari. Sérstök áhersla er vakin á því að kærunefnd barnaverndarmála kemur fram í upptalningunni í stað barnaverndarráðs.

Hugtökin foreldri og foreldrar koma víða fyrir í frumvarpinu. Leitast er við að skýra þau í 3. mgr. Í samræmi við markmið með barnavernd er gert ráð fyrir víðtækri samvinnu við foreldra um beitingu úrræða þegar þess er þörf en jafnframt er gert ráð fyrir heimildum til beitingar þvingunarúrræða gegn foreldrum, og eftir atvikum barni, þegar nauðsyn krefur. Í þessum tilvikum er eingöngu átt við foreldra sem fara með forsjá barna sinna samkvæmt ákvæðum barnalaga. Orðalagið að jafnaði vísar til þess að í einstaka tilvikum er fjallað um réttarstöðu foreldra sem hafa misst forsjá barna sinna samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga en njóta samt tiltekinna réttinda, svo sem í 3. mgr. 33. gr., 56., 74. og 81. gr.

Um 4. gr.

Í þessari grein er safnað saman nokkrum meginreglum alls barnaverndarstarfs. Reglur þessar ber að leggja til grundvallar við beitingu og túlkun laganna.

Í 1. mgr. er sett fram sú almenna grundvallarregla að í barnaverndarstarfi skuli jafnan beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að barni séu fyrir bestu. Þetta er grundvallarregla barnaréttar og vísar eins og 1. mgr. til sjálfstæðs réttar barnsins þar sem hagsmunir þess skulu skipa öndvegi. Aðrir hagsmunir, svo sem hagsmunir foreldra, verða þar af leiðandi að víkja ef þeir stangast á við hagsmuni barnsins. Reglan kemur m.a. fram í 1. tölul. 3. gr. samnings Sameinuðu

þjóðanna um réttindi barnsins. Þar er tekið fram að það sem er börnum fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir taka ákvarðanir sem þau varða. Við beitingu þessarar reglu í barnaverndarstafi eru barnaverndaryfirvöld þó að sjálfsögðu bundin við þau úrræði sem lögin gera ráð fyrir og heimila.

Í 2. mgr. er kveðið á um að börn skuli njóta réttinda í samræmi við aldur og þroska og að í störfum sínum beri barnaverndaryfirvöldum að taka tillit til sjónarmiða þeirra og óska eftir því sem aldur þeirra og þroski leyfir. Þessar grundvallarreglur eru í samræmi við þá þróun sem orðið hefur í löggjöf um málefni barna víða um heim á síðustu áratugum þar sem vaxandi áhersla er lögð á sjálfstæðan rétt barnsins. Ýmis ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins eru byggð á þessu viðhorfi og þess gætir í vaxandi mæli í íslenskri löggjöf um málefni barna, ekki síst í barnalögum og gildandi barnaverndarlögum. Í hendur við þetta viðhorf helst sú regla að taka beri tillit til sjónarmiða og óska barnsins eftir því sem við á. Í 5. gr. og 1. tölul. 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna segir um þetta að aðildarríki skuli tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær í ljós í öllum málum sem það varðar og að taka skuli réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska. Reglan er ekki miðuð við að barn hafi náð tilteknum aldri, heldur verður rétturinn ríkari með vaxandi þroska. Eitt af þeim atriðum sem hér fellur undir er að barni sé sýndur trúnaður að svo miklu sem það gengur ekki nærri hagsmunum þess. Sá trúnaður má þó ekki hafa áhrif á tilkynningarskyldu ef upplýsingar sem barn gefur eru alvarlegar og gefa tilefni til að gripið sé til ráðstafana til að tryggja öryggi og velferð þess.

Í 3. mgr. er sett fram sú meginregla að stuðla skuli að því að stöðugleiki ríki í uppvexti barna. Allt barnaverndarstarf miðar að þessu. Ávallt ber að hafa að leiðarljósi að sem minnst röskun verði á lífi barns. Leitast ber við að styðja og styrkja fjölskylduna með þeim úrræðum sem lögin mæla fyrir um. Aðeins þegar sýnt er að hin vægari úrræði koma ekki að haldi er gert ráð fyrir að öðrum úrræðum sem lengra ganga verði beitt. Í öllum tilvikum ber yfirvöldum að hafa að leiðarljósi hvað hentar best hag og þörfum barnsins.

Í 4. mgr. er tekið fram að barnaverndaryfirvöld skuli leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra sem þeir hafa afskipti af og ávallt sýna þeim fyllstu nærgætni og virðingu. Þetta er sjálfsögð regla og stuðlar að betri árangri í barnaverndarstarfi. Með þessu er lögð áhersla á að virða skuli réttindi foreldra og annarra sem eru ábyrgir fyrir barni og leitast skuli við að finna úrræði sem henta í samráði við þá og með samþykki þeirra, áður en lengra er gengið. Í frumvarpinu er einnig að finna önnur ákvæði sem byggð eru á þessum sömu viðhorfum, sbr. t.d. 23., 24., 25. og 43. gr.

Í 5. mgr. er lögð áhersla á að barnaverndaryfirvöld skuli í störfum sínum leitast við að hafa góða samvinnu sín á milli og við aðrar stofnanir sem fjalla um málefni barna. Í þessu samhengi er jafnframt lögð áhersla á að hagsmunir barna skuli ávallt hafðir í fyrirrúmi í samskiptum þessara stofnana. Samvinna stofnana sem framfylgja eiga barnaverndarlögum er að sjálfsögðu nauðsynleg, sérstaklega þar sem gera má ráð fyrir að álitamál kunni að rísa um valdsvið og hlutverk þessara stofnana, en einnig til að tryggja að besta mögulega þekking og reynsla nýtist hverju sinni. Þá er nauðsynlegt að barnaverndaryfirvöld eigi góða samvinnu við aðrar stofnanir sem koma að málefnum barna, svo sem heilbrigðisstofnanir, skóla, umboðsmann barna o.fl. Aðeins með því að virða þessa grundvallarreglu er tryggt að hagsmunir þeirra barna sem um er fjallað séu hafðir í fyrirrúmi. Í 20. gr. er að finna ákvæði um samstarf barnaverndaryfirvalda við aðra aðila. Þá ber að hafa þessa reglu að leiðarljósi við túlkun á 20. og 44. gr. frumvarpsins.

Í 6. mgr. er mælt fyrir um jafnræðisreglu. Þar kemur fram að barnaverndaryfirvöld skuli í störfum sínum og öllum ákvörðunum gæta samræmis og jafnræðis. Ákvæðið er hliðstætt 11.

gr. stjórnsýslulaga. Þar kemur fram að stjórnvöld skuli gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti og að óheimilt sé að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða byggðra á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, stjórnmálaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni og öðrum sambærilegum ástæðum. Reglan kemur einnig fram í 75. gr. stjórnarskrárinnar, auk þess sem hún á sér stoð í þjóðréttarskuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist. Að því er barnaverndarmál varðar felst megininntak reglunnar í því að sambærileg mál skuli leysa á sambærilegan hátt. Jafnræðisreglan er sjálfsögð og eðlileg sem meginregla. Ljóst er þó að matsatriðin geta verið mörg við framkvæmd hennar, svo sem um það hvenær mál eru sambærileg. Þá getur það verið matsatriði hvenær sjónarmið varðandi úrlausn máls teljast málefnaleg. Mikilvægt er að minna á þessa grundvallarreglu og leggja áherslu á að hún sé ávallt höfð að leiðarljósi.

Í 7. mgr. er sett fram grundvallarregla um beitingu úrræða. Segir að barnaverndaryfirvöld skuli ávallt miða við að beitt sé vægustu úrræðum til að ná því markmiði sem að er stefnt og aðeins skuli gert ráð fyrir íþyngjandi ráðstöfunum að lögmæltum markmiðum verði ekki náð með öðru og vægara móti. Regla þessi er í samræmi við meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga. Þar er tekið fram að stjórnvald skuli aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðrum hætti. Þetta er ein af grundvallarreglum stjórnsýsluréttarins. Sérstök ástæða er til að hafa hana að leiðarljósi í barnaverndarmálum. Afskipti barnaverndaryfirvalda af málefnum barns og fjölskyldu þess er oftar en ekki afar viðkvæmt mál. Af því leiðir það sjónarmið að sérstakar ráðstafanir af hálfu barnaverndaryfirvalda séu því aðeins réttlætanlegar að nauðsyn beri til vegna hagsmuna barnsins. Byggja verður á því sjónarmiði að það séu fyrst og fremst foreldrar barna sem skuli taka ákvarðanir sem varða hagi þeirra. Þetta er í samræmi við almennt viðurkenndar grundvallarreglur um friðhelgi fjölskyldu og einkalífs, sbr. 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, mannréttindasáttmála Evrópu, einkum 8. gr., sbr. lög nr. 62/1994 og sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. Stjórnartíðindi, C-deild, auglýsingu nr. 18/1992. Í síðari hluta málsgreinarinnar er reglan frekar áréttuð þar sem sérstaklega er tekið fram að almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu skuli ávallt reynd áður en yfirvöld grípa til beinna þvingunaraðgerða. Þannig er beiting þvingunarráðstafana háð þeim almennu skilyrðum að aðrar leiðir hafi verið reyndar fyrst og að beinar þvingunarráðstafanir séu því aðeins réttlætanlegar að hagsmunir barnsins verði ekki nægjanlega tryggðir með öðrum hætti.

Í 8. mgr. er mælt fyrir um svonefnda trúnaðarreglu. Þar segir að allir þeir sem vinna að barnavernd skuli gæta fyllsta trúnaðar um hagi barna, foreldra og annarra sem þeir hafa afskipti af. Í þessu felst m.a. að öll gögn í barnaverndarmálum skuli varðveita með tryggilegum hætti, sbr. einnig 39. gr. frumvarpsins. Trúnaðarreglan er sjálfsögð og eðlileg, einkum þegar haft er í huga að barnaverndarnefndir hafa oft undir höndum miklar upplýsingar um viðkvæm einka- og fjölskyldumálefni þeirra sem þær hafa afskipti af. Mikilvægt er að gætt sé trúnaðar um slíkar upplýsingar. Enn fremur má gera ráð fyrir að aðilar muni vera fúsari til góðs samstarfs við barnaverndaryfirvöld ef þeir geta treyst því að fyllstu þagmælsku verði gætt um einkamálefni þeirra. Bent er á að þetta ákvæði leggur þá skyldu á barnaverndarnefndir og kærunefnd barnaverndarmála að gæta fyllsta trúnaðar um upplýsingar sem nefndirnar búa yfir varðandi aðila máls gagnvart utanaðkomandi sem ekki eru aðilar barnaverndarmáls. Barnaverndarnefndir og kærunefnd barnaverndarmála geta ekki í skjóli þessarar reglu neitað aðilum um aðgang að gögnum máls, sbr. nánar ákvæði 45. gr. frumvarpsins.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði sem varða skipulag stjórnsýslu í barnaverndarmálefnum. Barnaverndaryfirvöld eru skv. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins félagsmálaráðuneytið, Barnaverndarstofa, kærunefnd barnaverndarmála og barnaverndarnefndir.

Viðamesta breytingin að því er varðar stjórn málaflokksins er sú að lagt er til að sett verði á fót kærunefnd barnaverndarmála en hún kemur í stað barnaverndarráðs. Þessi breyting helst í hendur við það að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að úrskurðarvald í nokkrum mikilvægum málum fari frá barnaverndarnefndum til hinna almennu dómstóla, sbr. það sem um þetta segir í almennum athugasemdum í greinargerð þessari. Einnig eru aðrar breytingar gerðar á einstökum ákvæðum, einkum að því er varðar Barnaverndarstofu. Verður gerð nánari grein fyrir þeim í athugasemdum við einstakar greinar.

Um 5. gr.

Samkvæmt greininni heyrir barnavernd undir félagsmálaráðuneytið. Enn fremur ber ráðuneytið ábyrgð á stefnumótun í málaflokknum. Í þessari yfirstjórn ráðuneytisins felst fyrst og fremst að stofnanir sem fjalla um barnavernd og gert er ráð fyrir í frumvarpinu eiga stjórnsýslulega undir félagsmálaráðherra, með þeim takmörkunum sem leiðir af öðrum lögum. Þótt gert sé ráð fyrir að félagsmálaráðherra fari með yfirstjórn barnaverndarmála mælir frumvarpið svo fyrir, sbr. 7. gr., að Barnaverndarstofa, sem er sérstök stofnun sem heyrir undir félagsmálaráðherra, annist stjórnsýslu á þessu sviði. Þá ákveður félagsmálaráðherra aðsetur Barnaverndarstofu. Nánar er hlutverk ráðuneytisins og ráðherra samkvæmt frumvarpinu eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er félagsmálaráðuneytinu ætlað að vinna að laga- og reglugerðasetningu og veita álit um túlkun barnaverndarlaga og annarra laga á þessu sviði. Í öðru lagi ber ríkinu (félagsmálaráðuneyti) að sjá til þess að tiltæk séu úrræði skv. 79. gr. frumvarpsins, svo sem vistheimili, neyðarmóttökur, meðferðarheimili og önnur úrræði. Í þriðja lagi má nefna að félagsmálaráðherra ber að sjá til þess að barnaverndarnefndir séu starfandi í öllum sveitarfélögum, sbr. nánar ákvæði 10. og 11. gr. frumvarpsins. Hér er ekki um að ræða tæmandi talningu á hlutverki ráðuneytis og ráðherra samkvæmt frumvarpi þessu.

Í stefnumótun félagsmálaráðuneytis, sbr. 2. mgr., er gert ráð fyrir að hún sé byggð á þeirri þekkingu sem til er hverju sinni um börn og aðstæður þeirra. Um einstök atriði stefnumótunar má nefna uppbyggingu heimila og stofnana skv. 79. gr. frumvarpsins. Jafnframt verður að gera ráð fyrir að ráðuneytið láti reglulega endurskoða stefnuna á grundvelli úttekta á barnaverndarstarfi og þeim úrræðum sem til greina kemur að beita hverju sinni til að stuðla að því að viðunandi árangur náist. Þess má vænta að mótun heildarstefnu í barnaverndarmálum geti orðið til þess að tryggja að öll börn njóti sambærilegrar þjónustu enn frekar en nú er.

Bent er á að ekki er gert ráð fyrir að ráðuneytið fari áfram með úrskurðarvald í málaflokknum eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum, sbr. t.d. 3. mgr. 3. gr. Frumvarpið gerir ráð fyrir að úrskurðir barnaverndarnefnda verði nú einungis kæranlegir til kærunefndar barnaverndarmála sem kveður upp fullnaðarúrskurð á stjórnsýslustigi. Einstakar stjórnvaldsákvarðanir Barnaverndarstofu sæta einnig kæru til kærunefndar barnaverndarmála en ekki til ráðuneytisins eins og gert er ráð fyrir samkvæmt gildandi lögum. Um heimildir til að skjóta úrskurðum kærunefndar til hinna almennu dómstóla fer samkvæmt almennum reglum sem um það gilda.

Um 6. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra skipi kærunefnd barnaverndarmála. Miðað er við að til nefndarinnar verði skotið úrskurðum barnaverndarnefnda samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa. Þá er unnt að skjóta til nefndarinnar ákvörðunum Barnaverndarstofu, sbr. 3. og 5. mgr. 15. gr., 66. gr., 2. og 4. mgr. 83. gr. og 2. mgr. 91. gr.

Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að kærunefndin taki við verulegum hluta þeirra verkefna sem nú eru hjá barnaverndarráði, að frátöldum þeim málum sem fara eiga beint til dómstóla samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í frumvarpi þessu. Enn fremur tekur kærunefndin við hluta þeirra verkefna sem nú eru á hendi ráðuneytisins, með því að unnt er að skjóta til hennar nánar tilteknum ákvörðunum Barnaverndarstofu sem unnt er samkvæmt gildandi lögum að skjóta til félagsmálaráðherra, sbr. það sem áður segir.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að þrír menn sitji í kærunefnd barnaverndarmála og að formaðurinn skuli vera lögfræðingur sem fullnægir hæfisskilyrðum héraðsdómara. Gert er ráð fyrir að Hæstiréttur Íslands tilnefni formanninn. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að í nefndinni sitji fólk sem hefur sérstaka þekkingu á barnaverndarmálum vegna menntunar sinnar eða starfsreynslu.

Samkvæmt 3. mgr. eru úrskurðir nefndarinnar endanlegir á stjórnsýslustigi. Þeim verður þar af leiðandi ekki skotið til félagsmálaráðherra til endurskoðunar né annars stjórnvalds.

Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um stjórnsýslulega stöðu og hlutverk Barnaverndarstofu. Fram kemur í 1. mgr. að Barnaverndarstofa er sérstök stofnun sem heyrir undir yfirstjórn félagsmálaráðherra. Stofunni er ætlað að annast stjórnsýslu á því sviði sem lögin taka til. Með þessu er staða Barnaverndarstofu í stjórnsýslu ríkisins skilgreind með hliðstæðum hætti og hlutverk Jafnréttisstofu, sbr. 2. gr. laga nr. 96/2000. Í þessu felst fyrst og fremst að Barnaverndarstofa fer í reynd með yfirumsjón og stjórnsýslu þeirra þátta barnaverndarstarfs sem eru á ábyrgð og verksviði ríkisins samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa eða reglugerða sem settar kunna að verða með stoð í þeim.

Hlutverk Barnaverndarstofu er nánar skilgreint í eftirfarandi málsgreinum, sbr. einnig 8. gr. frumvarpsins. Reglur þessar eru í öllum meginatriðum sambærilegar við það sem er að finna í gildandi barnaverndarlögum, sbr. kaflann um Barnaverndarstofu í almenna hluta greinargerðar þessarar, þótt ýmsar breytingar sé að finna á efni þeirra og framsetningu.

Að því er varðar tengsl Barnaverndarstofu við barnaverndarnefndir má segja að þau felist í tvennu. Í fyrsta lagi er um að ræða leiðbeiningar, fræðslu og ráðgjöf af hálfu Barnaverndarstofu og í öðru lagi eftirlit stofunnar með því að barnaverndarnefndir starfi lögum samkvæmt. Eftirlit Barnaverndarstofu getur ýmist verið að frumkvæði stofunnar eða komið til vegna kvartana um að barnaverndarnefnd sinni ekki hlutverki sínu, sbr. nánar ákvæði 8. gr. frumvarpsins. Frumkvæði Barnaverndarstofu felst m.a. í því að kalla eftir reglubundnum skýrslum frá nefndum um starfsemi þeirra eða upplýsingum um einstök atriði eða einstök mál. Kvartanir sem stofunni berast eru afgreiddar með formlegum hætti, með því að kalla eftir upplýsingum frá viðkomandi nefnd og koma á framfæri ábendingum eða tilmælum um að gera ráðstafanir til þess að meðferð mála verði í samræmi við ákvæði laga. Sú gagnrýni hefur komið fram að varhugavert sé að eftirlit með barnaverndarnefndum fari saman við hlutverk stofunnar varðandi leiðbeiningar, fræðslu og ráðgjöf. Það samrýmist tæplega góðum stjórnsýsluháttum að hafa þetta tvíþætta hlutverk á einni og sömu hendi. Nefndin hefur rætt nokkuð um þetta. Niðurstaða hennar er sú að þrátt fyrir þá galla sem í slíku fyrirkomulagi kunni að felast sé rétt að gera ráð fyrir lítt breyttri skipan þessara mála enn um sinn. Nefndin telur að hafa verði í huga að

leiðbeiningar og ráðgjöf til barnaverndarnefnda eru fyrst og fremst almenns eðlis, þ.e. að svara spurningum um almenna túlkun eða framkvæmd barnaverndarlaga við tilteknar aðstæður og um þær leiðir sem færar eru í einstökum málum. Í þessu felst því ekki að Barnaverndarstofa taki beinan þátt í vinnslu tiltekins barnaverndarmáls eða taki formlega þátt í einstökum ákvörðunum þeirra. Byggt er á því að heppilegt sé fyrir hinar fjölmörgu barnaverndarnefndir í landinu að geta leitað á einn stað eftir leiðbeiningum og ráðgjöf og það hljóti að vera til þess fallið að stuðla að samræmi og samhæfingu í starfsemi nefndanna og túlkun þeirra og framkvæmd á barnaverndarlögum. Eftirliti Barnaverndarstofu er á hinn bóginn fyrst og fremst ætlað að samhæfa barnaverndarstarf á landinu og fylgjast með því að barnaverndarnefndir ræki skyldur sínar lögum samkvæmt. Markmiðið sé í raun það sama, að stuðla að samræmingu í starfi barnaverndarnefnda á öllu landinu sem um leið uppfylli fyrirmæli barnaverndarlaga. Til viðbótar þessu skal áréttað að ekki er gert ráð fyrir að einstökum ákvörðunum eða úrskurðum nefndanna verði skotið til Barnaverndarstofu. Í þessu felst að Barnaverndarstofa fjallar ekki um kærur á stjórnsýsluákvörðunum barnaverndarnefnda heldur einungis um almennar kvartanir sem lúta að vinnslu máls og kvartanir sem lúta að starfsháttum nefndanna almennt og starfsvenjum þeirra. Af þessu leiðir einnig að ekki er hætta á að Barnaverndarstofa þurfi að úrskurða á kærustigi í málum sem hún kann með einhverjum hætti að hafa komið að á fyrri stigum í formi leiðbeininga, ráðgjafar eða tilmæla.

Samkvæmt 2. mgr. hefur Barnaverndarstofa það hlutverk að vinna að almennri samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs í landinu og vera félagsmálaráðherra til ráðgjafar um stefnumótun í málaflokknum. Enn fremur skal hún hlutast til um að fram fari þróunar- og rannsóknarstarf á sviði barnaverndar. Að því er síðastnefnda varðar má t.d. nefna að í athugasemdum sem Sálfræðingafélag Íslands sendi nefndinni er bent á nauðsyn þess að stunda rannsóknir á þýðingu þeirra úrræða sem barnaverndaryfirvöld beita. Slíkt geti stuðlað að betri skilningi á gildi þessara úrræða og til lengri tíma betra barnaverndarstarfi.

Samkvæmt 3. mgr. skal Barnaverndarstofa hafa með höndum leiðbeiningar um túlkun og framkvæmd barnaverndarlaga og fræðslu og ráðgjöf fyrir barnaverndarnefndir í landinu. Enn fremur hefur Barnaverndarstofa eftirlit með störfum barnaverndarnefnda, sbr. nánar ákvæði 8. gr.

Í 4. mgr. er ráðgert að Barnaverndarstofa annist leyfisveitingar til fósturforeldra og að stofan veiti barnaverndarnefndum liðsinni í fósturmálum, sbr. nánar reglur XII. kafla frumvarpsins. Rétt þykir að gera ráð fyrir að Barnaverndarstofa fari með þessi verkefni. Með þessu er leitast við að tryggja nauðsynlega yfirsýn yfir nýtingu þessa úrræðis og samhæfingu og faglega framkvæmd þess.

Í 5. mgr. kemur fram að Barnaverndarstofu er ætlað að fara með yfirstjórn heimila og stofnana sem ríkinu ber að sjá til þess að séu tiltæk skv. XIII. kafla frumvarpsins. Stofunni ber einnig að hlutast til um það að slíkar stofnanir verði settar á fót. Enn fremur ber stofunni að hafa yfirumsjón með vistun barna á þessum heimilum og stofnunum. Þá annast hún leyfisveitingar skv. XIII. og XIV. kafla laganna. Á grundvelli þessa ákvæðis getur Barnaverndarstofa sett stofnunum skv. XIII. kafla erindisbréf, m.a. varðandi sérhæfingu þeirra, meðferðarstefnu og annað það sem að starfsemi þeirra lýtur. Er þetta samsvarandi því hlutverki sem Barnaverndarstofa hefur gagnvart meðferðarheimilum og stofnunum skv. 5. mgr. 51. gr. núgildandi laga en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að mun fleiri tegundir úrræða falli hér undir, sbr. nánar athugasemdir í almennum hluta og við XIII. kafla frumvarpsins.

Í 6. mgr. er mælt svo fyrir að Barnaverndarstofa skuli stuðla að þverfaglegu samstarfi, samhæfingu og eflingu stofnana sem sinna barnavernd, m.a. með rekstri sérstakra þjónustumiðstöðva sem veita sérhæfða þjónustu á sviði barnaverndar. Jafnframt er Barnaverndarstofu

heimilt að bjóða barnaverndarnefndum sérhæfða þjónustu vegna verkefna sem nefndunum er skylt að sinna. Þá er tekið fram að Barnaverndarstofu sé heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sem Barnaverndarstofa veitir samkvæmt þessu ákvæði eftir reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu. Ákvæði þetta, að því er varðar beint þjónustuhlutverk Barnaverndarstofu, er nýmæli. Með því er átt við að ef Barnaverndarstofa metur það æskilegt þá geti stofan boðið sértæka þjónustu, fyrst og fremst sérhæfð úrræði, sem barnaverndarnefndum ber að öðru jöfnu að hafa tiltæk. Kemur þetta helst til álita þegar þörf er sérhæfingar, svo sem við meðferð utan stofnunar í málum vegna kynferðisbrota bæði fyrir þolendur og gerendur, og annars konar meðferð utan stofnunar vegna afmarkaðra vandamála, t.d. vímuefnanotkunar eða hegðunarerfiðleika. Einnig gerir þetta Barnaverndarstofu kleift að þróa nýjungar í meðferð fyrir börn utan stofnana, en sífellt meiri áhersla er lögð á slíkt í nágrannalöndum okkar. Barnaverndarstofa hefur unnið að slíkum verkefnum og hefur sótt heimild til þess í ákvæði um rannsóknar- og þróunarstarf. Eitt af mikilvægustu verkefnum Barnaverndarstofu af þessu tagi hingað til er Barnahús. Um Barnahús er fjallað í almennum athugasemdum hér að framan. Erfitt er að sjá fyrir sér að einstakar barnaverndarnefndir geti haft frumkvæði eða rekið úrræði sem næði markmiðum slíkrar miðstöðvar. Nefndin telur æskilegt að renna styrkari stoðum undir möguleika Barnaverndarstofu á því að koma þjónustu af þessu tagi á laggirnar. Á því er tillagan í 6. mgr. byggð.

Ákvæði 7. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 8. mgr. kemur fram að Barnaverndarstofa skuli árlega gefa út skýrslu um starfsemi sína. Slíkar skýrslur munu veita mikilvægar upplýsingar um barnaverndarstarf í landinu.

Að síðustu er kveðið á um það í 9. mgr. að félagsmálaráðherra skuli kveða nánar á um starfsemi Barnaverndarstofu í reglugerð. Gildandi reglugerð um Barnaverndarstofu er nr. 264/1995.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað nánar um eftirlit Barnaverndarstofu með barnaverndarnefndum.

Í 1. mgr. er ráðgert að barnaverndarnefndir sendi Barnaverndarstofu árlega skýrslu um starfsemi sína. Ársskýrslurnar veita Barnaverndarstofu heildarsýn yfir stöðu barnaverndarmála á landinu. Skv. 2. mgr. getur stofan enn fremur krafið nefndirnar um frekari skýrslur ef tilefni er til.

Í 3. mgr. er ráðgert að Barnaverndarstofa geti, á grundvelli kvartana eða annarra upplýsinga sem henni berast um meðferð einstakra mála og ef hún telur ástæðu til, aflað upplýsinga og skýringa hjá viðkomandi barnaverndarnefnd. Meðferð á kvörtunum yfir störfum barnaverndarnefnda sem berast frá aðilum barnaverndarmáls eða öðrum sem eiga samskipti við nefndirnar eða jafnvel hinum almenna borgara er að mati nefndarinnar eðlilegur hluti af rækslu hins almenna eftirlits með starfi nefndanna. Slíkar kvartanir geta síðan verið tilefni til þess að Barnaverndarstofa setji fram leiðbeiningar eða tilmæli um það sem betur má fara í starfsemi viðkomandi nefndar. Þetta stuðlar þannig að samræmingu barnaverndarstarfs og væntanlega árangursríkara barnaverndarstarfi þegar á heildina er litið. Við rækslu þessa hlutverks síns ber Barnaverndarstofu að gæta þess að afskipti stofunnar verki ekki truflandi á vinnslu einstakra mála.

Í 4. mgr. kemur fram að telji Barnaverndarstofa að barnaverndarnefnd fari ekki að lögum við rækslu starfa sinna skuli hún leiðbeina nefnd um málsmeðferð og koma með ábendingar um það sem betur má fara. Ekki er gert ráð fyrir að leiðbeiningar eða ábendingar Barnaverndarstofu hafi áhrif á lagalegt gildi ákvarðana nefndanna. Þó verður að líta svo á að nefndunum beri almennt að haga störfum sínum og vinnslu barnaverndarmála í samræmi við leiðbeiningar og ábendingar stofunnar. Ákvarðanir Barnaverndarstofu eru í þeim skilningi

bindandi fyrir nefndirnar. Ef Barnaverndarstofa telur að nefndin sinni ekki lögmæltum skyldum sínum getur hún áminnt nefndina um að rækja skyldur sínar og gert sveitarstjórn viðvart.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 9. gr.

Í greininni er mælt fyrir um skyldu sveitarfélaga til að marka sér stefnu og framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum fyrir hvert kjörtímabil. Ákvæði greinarinnar, sem er nýmæli, er ætlað að stuðla að vönduðum vinnubrögðum og markvissu og árangursríkara barnaverndarstarfi. Í slíkri áætlun skal m.a. koma fram að sett séu markmið í barnaverndarstarfi, skilgreining á þörfum fyrir úrræði og áætlun um kostnað þeirra, forgangsröðun verkefna, mat á starfsmannaþörf og hvernig eftirliti barnaverndarnefnda með aðbúnaði og uppeldisskilyrðum barna skuli háttað, sbr. a-lið 12. gr. frumvarpsins.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er safnað saman ýmsum almennum ákvæðum um barnaverndarnefndir. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum kom ákvæði um barnaverndarnefndir fyrst inn í lög um barnavernd, nr. 43/1932. Síðan þá hafa barnaverndarnefndir myndað grundvöll að skipulagi barnaverndarmála á Íslandi. Í þessu frumvarpi er miðað við að svo verði áfram.

Samkvæmt skýrslum Barnaverndarstofu voru barnaverndarnefndir í árslok 1999 alls 56 talsins á vegum 124 sveitarfélaga. Til að fá hugmynd um starfsemi þeirra má geta þess að á þessu sama ári bárust nefndunum alls 2683 tilkynningar. Þá höfðu þær afskipti af samtals 2958 börnum í 2285 fjölskyldum.

Um 10. gr.

Í greininni eru almenn ákvæði um barnaverndarnefndir.

Í 1. mgr. kemur fram að á vegum sveitarfélaga skuli starfa barnaverndarnefndir. Hliðstætt ákvæði er í 1. málsl. 6. gr. gildandi laga. Eðlilegt þykir að þetta ákvæði komi fram í upphafi kaflans.

Í umræðum um barnaverndarmál hér á landi er því gjarnan haldið fram að barnaverndarnefndir séu of margar og smæð umdæmanna standi virku barnaverndarstarfi fyrir þrifum. Fámenn sveitarfélög hafi ekki bolmagn til að sinna raunhæfu barnaverndarstarfi, bæði vegna fjárskorts og vegna þess að þekking, þjálfun og reynsla fæst ekki þar sem fá mál eru til meðferðar á löngu tímabili. Í greinargerð með frumvarpi til laga um vernd barna og ungmenna sem varð að gildandi lögum var lögð mikil áhersla á að barnaverndarumdæmi yrðu stækkuð. Þegar lög nr. 58/1992 tóku gildi voru sveitarfélög í landinu 197 og barnaverndarnefndir jafnmargar, en á árunum þar á undan voru nefndirnar allt að 223.

Tillögur, sem upphaflega komu fram í frumvarpi því sem síðar varð að gildandi lögum og áttu að stefna að því að fækka nefndunum og styrkja þær, fólu í meginatriðum í sér að sérstakar barnaverndarnefndir yrðu aðeins kosnar í Reykjavík og í kaupstöðum en í öðrum tilvikum skyldu héraðsnefndir kjósa barnaverndarnefnd fyrir umdæmi sitt í heild. Þessum tillögum í frumvarpinu var breytt í meðförum þingsins á þann veg sem gildandi lög gera nú ráð fyrir og tekið er upp að nokkru í þessu frumvarpi. Breytingar sem gerðar voru fólust aðallega í því að sveitarstjórnum var fengið frelsi til að velja þá skipan sem þeim var talin henta með því að þeim er heimilt að fela héraðsnefnd eða stjórn byggðasamlags kosningu barnaverndarnefndar. Enn fremur fólust breytingar í því að ekki er kveðið á um lágmarksíbúafjölda eins og í raun var gert ráð fyrir í upphaflegu frumvarpi með því að miða einstaka barnaverndarnefnd við lágmarksstærð kaupstaðar, eða 1000 íbúa, sbr. 2. mgr. 10. gr. þágildandi sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

Í núgildandi lögum segir einungis að minni sveitarfélög skuli sameinast um kosningu barnaverndarnefndar.

Nokkur árangur hefur náðst í fækkun og stækkun barnaverndarumdæma. Þannig voru barnaverndarnefndir í lok ársins 1996 82, í lok árs 1998 62 talsins eða helmingi færri en sveitarfélög í landinu og í lok ársins 1999 voru nefndirnar 56. Fækkun nefndanna skýrist bæði af sameiningu sveitarfélaga og fækkun þeirra og því að í allmörgum tilfellum hafa sveitarfélög komið sér saman um barnaverndarnefndir. Geta má þess að af nefndunum sem voru starfandi í lok árs 1998 fóru 28 eingöngu með verkefni á grundvelli laga um vernd barna og ungmenna, en 34 félagsmálanefndum hafði verið falið hlutverk barnaverndarnefnda.

Þróunin síðustu ár kemur berlega í ljós í meðfylgjandi töflu sem sýnir íbúafjölda að baki hverri nefnd á árunum 1996, 1998 og 1999.

	Fjöldi nefnda		
Íbúafjöldi	**1996**	**1998**	**1999**
<100	7	6	4
100–500	20	11	6
500–1000	15	7	9
1000–2000	20	15	15
2000–3000	5	7	5
3000–4000	1	1	2
4000–5000	7	6	6
5000>	7	9	9
Heildarfjöldi	**82**	**62**	**56**

Þrátt fyrir þessa þróun er ljóst að mörg barnaverndarumdæmi eru enn of fámenn til að uppi verði haldið virku barnaverndarstarfi. Í lok árs 1998 voru sex sveitarfélög með innan við 100 íbúa sem höfðu sérstaka barnaverndarnefnd og í lok ársins 1999 voru þau enn fjögur. Þar af voru tvö sveitarfélög með innan við 50 íbúa, Vindhælishreppur með 41 íbúa og Mjóafjarðarhreppur með 31 íbúa. Starfsskilyrði nefndanna eru enn víða ófullnægjandi vegna fámennis en einnig vegna þeirrar miklu nálægðar sem þar ríkir milli nefndarmanna og annarra íbúa sveitarfélagsins. Ýmsir þeirra sem sent hafa nefndinni athugasemdir telja að stefna beri að því að fækka nefndunum enn frekar til að stuðla að því að markmiðum barnaverndarlaga verði betur náð. Í því skyni eru í þessu frumvarpi lögð til ákveðin nýmæli sem eiga að stuðla að því að efla og styrkja barnaverndarnefndir, sbr. t.d. ákvæði 2. málsl. 2. mgr. þessarar greinar og 4. mgr. 11. gr. frumvarpsins. Nánar er gerð grein fyrir þessum ákvæðum hér á eftir.

Í 2. mgr. er tekið fram að sveitarstjórn skuli kjósa barnaverndarnefnd, sbr. þó ákvæði 3. og 4. mgr. Tekið er fram í 2. mgr. að fámennari sveitarfélög skuli hafa samvinnu sín á milli við önnur sveitarfélög um kosningu barnaverndarnefndar. Miðað er við að fjöldi íbúa í hverju barnaverndarumdæmi verði ekki undir 1500. Þetta síðastnefnda er nýmæli og er ætlað að tryggja ákveðna lágmarksstærð barnaverndarumdæma og stuðla þannig að eflingu barnaverndarnefnda og virkara starfi þeirra. Reynslan hefur sýnt að mjög erfitt er að halda uppi virku barnaverndarstarfi í fámennustu sveitarfélögunum. Vakin er athygli á því að í lokamálslið 4. mgr. 11. gr. frumvarpsins er að finna heimild fyrir ráðherra til að víkja frá þessari íbúafjöldareglu við tilteknar aðstæður.

Í 3. mgr. kemur fram að sveitarstjórn sé heimilt að fela héraðsnefnd eða stjórn byggðasamlags kosningu barnaverndarnefndar er nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag eða semja um svæðisbundið samstarf með öðrum hætti en að framan greinir. Þetta ákvæði samsvarar 3. málsl. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga. Allmörg dæmi eru þess að sveitarfélög hafi nýtt sér þessa heimild.

Í 4. mgr. er tekið fram að sveitarstjórn sé heimilt að fela félagsmálanefnd störf barnaverndarnefndar og í þeim tilvikum skuli gæta þeirra reglna sem fram koma í 1. og 2. mgr. 11. gr. um kjör barnaverndarnefnda. Þetta ákvæði samsvarar 2. mgr. 6. gr. gildandi laga. Í þessu sambandi er rétt að leggja áherslu á að mikilvægt er að félagsmálanefnd, sem jafnframt hefur með höndum verkefni barnaverndarnefndar, geri skýran greinarmun á hlutverkum sínum eftir því hvort hún er að fjalla um barnaverndarmál eða önnur mál sem henni eru falin lögum samkvæmt. Allmörg dæmi eru þess að sveitarfélög hafi nýtt sér þessa heimild.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um fjölda nefndarmanna o.fl. Tekið er fram að fimm nefndarmenn skuli eiga sæti í barnaverndarnefndum og jafnmargir varamenn. Heimilt er þó að þeir séu sjö í þeim tilvikum þegar fleiri en eitt sveitarfélag standa saman að nefnd. Þá skuli nefndin að jafnaði skipuð bæði konum og körlum.

Þessi ákvæði eru sambærileg við það sem er í gildandi lögum. Þrátt fyrir þessi skýru ákvæði hefur borið við að ekki sé nægilega gætt að því að nefndir séu fullskipaðar. Nokkur dæmi eru þess að aðeins hafi verið skipaðir þrír fulltrúar. Flestar þessara nefnda hafa verið félagsmálanefndir, sem jafnframt hafa fengið það hlutverk að sinna störfum barnaverndarnefnda, en í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er heimild til að skipa nefndina þremur fulltrúum hið minnsta. Þannig var ljóst að mismunandi skilyrði voru í lögum í þessu efni. Í þessu sambandi er þó rétt að benda á að eftir breytingu á lögum um félagsþjónustu með lögum nr. 34/1997, sbr. 1. gr., er gert ráð fyrir að fimm fulltrúar sitji í félagsmálanefnd. Þetta misræmi ætti því að vera úr sögunni. Í árslok 1999 voru þó enn þrjár nefndir á landinu skipaðar þremur fulltrúum hver, þ.e. í Grímsey, Vindhælishreppi og Mjóafjarðarhreppi.

Í frumvarpinu, eins og í gildandi lögum, er gert ráð fyrir að í barnaverndarnefnd sitji bæði karlar og konur. Í sumum tilfellum hefur reynst erfitt að fullnægja þessu skilyrði. Þannig voru í árslok 1998 níu nefndir eingöngu skipaðar konum en aðeins ein var eingöngu skipuð körlum. Árið 1998 var fjöldi fulltrúa í nefndum 308, þar af voru 211 konur en karlar voru 97. Í árslok 1999 voru samsvarandi tölur 273, þar af 193 konur og 80 karlar. Það ár voru átta nefndir einungis skipaðar konum og konur í meiri hluta í alls 42 nefndum, þar af einn karl í 21 nefnd og tveir karlar í 21 nefnd. Engin nefnd var eingöngu skipuð körlum.

Tekið er fram, eins og í gildandi lögum, að leitast skuli við að kjósa lögfræðing í barnaverndarnefnd þar sem slíks er kostur og enn fremur fólk með sérþekkingu á málefnum barna. Þetta eru eðlileg skilyrði þar sem oft reynir á fagþekkingu í starfi barnaverndarnefnda, bæði lögfræðilega og annars konar sérfræðiþekkingu.

Ákvæði 2. mgr. þarfnast ekki skýringa en það er að öllu leyti sambærilegt við það sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir tilkynni Barnaverndarstofu um skipan barnaverndarnefndar eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að sveitarstjórnarkosningar hafa verið haldnar. Enn fremur ber að tilkynna stofunni um breytingar sem verða á nefndinni á kjörtímabilinu. Með þessari tilkynningarskyldu er stuðlað að því að Barnaverndarstofa geti sinnt eftirlitsskyldum sínum.

Ákvæði 4. mgr. miðar einnig að því marki að í sveitarfélögum eða á vegum þeirra starfi barnaverndarnefndir sem fullnægja skilyrðum laganna. Þar kemur fram að fari sveitarstjórn ekki að lögum um skipan barnaverndarnefndar skv. 1. mgr. geti félagsmálaráðherra ákveðið að liðnum sex mánuðum frá sveitarstjórnarkosningum að tiltekin sveitarfélög skuli standa saman að barnaverndarnefnd og skipað nefnd sem fullnægir áðurgreindum skilyrðum. Ráðherra getur m.a. ákveðið að fella barnaverndarstarf í viðkomandi sveitarfélagi að öllu leyti undir barna-

verndarnefnd í öðru sveitarfélagi sem þegar hefur kosið sér barnaverndarnefnd. Allur kostnaður sem hlýst af skipun slíkrar nefndar greiðist af viðkomandi sveitarfélögum eftir því sem nánar er ákveðið af ráðherra. Heimild ráðherra samkvæmt þessari málsgrein er alfarið byggð á barnaverndarsjónarmiðum. Reynslan sýnir að fyrir kemur að ákvæði laganna um skipan barnaverndarnefndar er ekki virt og þykir því rétt að leggja til að sett verði í lögin ákvæði sem stuðla á að því að fyrirmælum þeirra verði fylgt. Aftur er vakin athygli á lokamálslið 4. mgr. þar sem gert er ráð fyrir að ráðherra geti vikið frá íbúafjöldareglunni í 1. mgr. 10. gr. þegar íbúafjöldi að baki nefnd er nálægt því að vera 1500 og landfræðilegar og aðrar ástæður gera það torvelt eða óhagkvæmt að ná þessum fjölda. Rétt þykir að gera ráð fyrir slíkri undanþágu til að skapa nauðsynlegan sveigjanleika í þessu efni, eftir því sem aðstæður krefjast.

Í 5. mgr. er tekið fram að starfandi barnaverndarnefnd haldi að fullu umboði sínu þar til ný nefnd hefur verið skipuð samkvæmt ákvæðum þessara laga. Í þessu felst að starfandi barnaverndarnefnd missir ekki sjálfkrafa umboð sitt þegar sveitarstjórnarkosningar fara fram. Þetta er sjálfsögð regla og tryggir að umboð barnaverndarnefndar falli ekki niður áður en ný hefur verið kosin eða skipuð.

Um 12. gr.

Ákvæði 1. mgr. er hliðstætt 4. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að orðalagi hefur verið breytt og ákvæði um forvarnir verið tekið út. Í því sambandi er vakin athygli á ákvæði 9. tölul. 11. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, þar sem segir að félagsmálanefndir skuli beita sér fyrir forvörnum sem séu til þess fallnar að tryggja stöðu einstaklinga og fjölskyldna. Í VIII. kafla laganna er tekið fram að félagsmálanefndum beri að gæta hagsmuna barna og ungmenna í hvívetna og að félagsmálanefnd skuli sjá til þess að börn fái notið hollra og þroskavænlegra uppvaxtarskilyrða. Einnig að félagsmálanefnd skuli gæta þess að aðbúnaði barna sé ekki áfátt og ekki séu þær aðstæður í umhverfi barna sem þeim stafar hætta af. Skv. 35. gr. laganna um félagsþjónustu, sbr. lög nr. 34/1997, er sérstaklega tekið fram að fyrir tilstuðlan sveitarfélaga skuli vera skipulagt forvarnastarf í unglingamálum sem miði að því að beina athafnaþörf æskufólks á heillavænlegar brautir. Ekki þykir ástæða til að gera einnig ráð fyrir þessu sem sérstöku verkefni barnaverndarnefnda og því er lagt til í þessu frumvarpi að ákvæði gildandi laga sem að þessu lýtur verði fellt niður.

Í a-lið 1. mgr. er kveðið á um eftirlit. Ákvæði er að því leyti breytt frá gildandi lögum að ekki er kveðið sérstaklega á um hlutverk barnaverndarnefnda varðandi eftirlit með aðbúnaði og uppeldisskilyrðum á dvalarheimilum fyrir börn, sbr. nánar ákvæði 4. gr. gildandi laga. Þá er ekki lengur gert ráð fyrir leitarstarfi. Um þetta hlutverk nefndanna að því er varðar eftirlit með heimilum og stofnunum er nánar fjallað í XIII., XIV. og XVI. kafla frumvarpsins sem hafa að geyma ákvæði um eftirlit með heimilum fyrir börn og verkaskiptingu milli Barnaverndarstofu og barnaverndarnefnda í því sambandi. Í samræmi við þetta er í ákvæði frumvarpsins lögð áhersla á að barnaverndarnefnd kanni aðbúnað, hátterni og uppeldisskilyrði barna sem ætla má að búi við óviðunandi skilyrði. Orðalag ákvæðis samkvæmt þessu frumvarpi er í betra samræmi við raunverulegt hlutverk barnaverndarnefnda sem felst í könnun á aðstæðum einstakra barna þegar tilefni er til fremur en eftirliti með högum barna almennt.

Í b-lið er kveðið á um úrræði barnaverndarnefnda. Kjarni starfs barnaverndarnefnda hefur verið og verður áfram afskipti þeirra af málefnum einstakra fjölskyldna og barna og beiting úrræða sem lögin bjóða til að tryggja einstökum börnum viðunandi uppeldisskilyrði. Lögin hafa að öðru leyti að geyma ákvæði um nánari útfærslu á þessum úrræðum, skilyrðum fyrir beitingu þeirra o.fl.

Í c-lið er kveðið á um önnur verkefni sem nefndunum eru falin í lögum þessum eða öðrum lögum eða verkefni sem sveitarstjórn felur barnaverndarnefnd. Hér má t.d. nefna ákvæði ættleiðingarlaga, nr. 130/1999, um hlutverk barnaverndarnefnda varðandi umsagnir í ættleiðingarmálum.

Um 13. gr.

Ákvæðum 13. gr. frumvarpsins er ætlað að tryggja sjálfstæði barnaverndarnefnda, einkum gagnvart sveitarstjórn. Lagt er til að lögfestar verði meginreglur sem taldar hafa verið gilda um þetta efni. Sjálfsagt er að undirstrika faglegt sjálfstæði nefndanna á þennan hátt þar sem starf þeirra er í eðli sínu ópólitískt. Sjálfstæði barnaverndarnefnda leiðir einnig af þeim reglum laganna sem kveða á um sérstakt eftirlit með störfum þeirra. Þannig eru barnaverndarnefndir háðar eftirliti Barnaverndarstofu og ákvarðanir þeirra kæranlegar til kærunefndar barnaverndarmála eða dómstóla en ekki sveitarstjórnar, sbr. 3. mgr.

Í 1. mgr. er tekið fram að sveitarstjórnir geta ekki gefið barnaverndarnefndum fyrirmæli um meðferð einstakra barnaverndarmála. Þetta leiðir beinlínis af þeim meginsjónarmiðum sem ákvæði greinarinnar eru reist á.

Þá á sveitarstjórn skv. 2. mgr. ekki rétt á aðgangi að gögnum og upplýsingum sem varða einstök barnaverndarmál sem eru til meðferðar. Slík gögn varða oftar en ekki viðkvæm fjölskyldumálefni íbúa sveitarfélagsins en snerta ekki að öðru leyti málefni sveitarfélagsins sem slíks.

Enn fremur er tekið fram í 3. mgr. að ákvörðunum barnaverndarnefnda verði ekki skotið til sveitarstjórnar til endurskoðunar. Þetta ákvæði undirstrikar enn frekar faglegt sjálfstæði nefndanna gagnvart sveitarstjórn.

Um 14. gr.

Ákvæði 14. gr. eru að nokkru hliðstæð 7. gr. gildandi laga. Þó er vakin athygli á að 1. mgr. er nokkuð breytt. Ákvæðinu er ætlað að stuðla að því að barnaverndarnefndir hafi aðgang að sérhæfðu starfsliði eða að sérfræðiþekkingu fólks með viðhlítandi menntun, hvort sem það fólk er í fullu starfi eða hlutastarfi hjá barnaverndarnefnd eða eftir atvikum vinnur að einstökum verkefnum þegar þörf er á. Með sérhæfðu fólki í þessari grein er átt við fólk sem hefur sérmenntað sig á þeim sviðum sem helst reynir á í barnaverndarstarfi, þ.e. lækna (geðlækna), sálfræðinga, félagsráðgjafa, sérmenntaða kennara og uppeldisfræðinga. Nokkuð skortir á víða um landið að barnaverndarnefndir hafi nægan aðgang að sérhæfðu starfsliði og stendur það barnaverndarstarfi fyrir þrifum. Við þær aðstæður er hætta á að mál séu ekki nægilega könnuð, málsmeðferð verði ómarkviss og dragist á langinn og réttarstöðu aðila máls verði ekki gætt sem skyldi.

Í árslok 1999 höfðu 34 nefndir af 56 sérhæfða starfsmenn og þær nefndir sem höfðu fleiri en einn starfsmann voru 19. Í mörgum tilvikum voru þeir einnig starfsmenn félagsmálanefndar. Þess má geta að einna algengast er að leitað sé ráðgjafar á Barnaverndarstofu af starfsmönnum sem starfa einir fyrir nefnd. Þetta undirstrikar að einhverju leyti nauðsyn á frekari fagþekkingu, t.d. frekari sérhæfingu í þessum málum sem eru oft mjög erfið. Margar nefndanna ráða sérhæft starfsfólk þegar á þarf að halda til að sinna einstökum verkefnum, en hafa það að öðru leyti ekki í föstum störfum. Nokkuð skortir þó á að barnaverndarnefndir sem fara þessa leið geri nægilega skýra samninga við starfsmenn sem ráðnir eru í einstök verkefni, svo sem um verkaskiptingu nefndarinnar og viðkomandi starfsmanns og afmörkun á því hvaða verkefni honum eru falin. Þetta getur leitt til þess að samfella verður ekki trygg í einstaka málum, skorts á nægjanlegu eftirliti og yfirsýn barnaverndarnefnda yfir þau verkefni sem nefndir bera ábyrgð á og hættu á

ójafnræði við afgreiðslu barnaverndarmála. Mikilvægt er að kveða skýrt á um þessi atriði þegar starfsmenn eða verktakar eru ráðnir til að sinna einstökum verkefnum.

Stækkun barnaverndarumdæma ætti að auka möguleika og getu nefndanna til að ráða sérhæft starfslið eða kaupa sér sérfræðiþjónustu vegna einstakra mála.

Ákvæði 2. mgr. miðar í reynd að sama marki og 1. mgr. þar sem gert er ráð fyrir að barnaverndarnefndir geti samið við stofnanir á sviði félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu um sameiginlegt starfsmannahald og aðgang að sérfræðiþjónustu. Með ákvæðinu er undirstrikað að nefndirnar geta farið ýmsar aðrar leiðir til að tryggja sér aðgang að sérfræðiþekkingu en með því að ráða sérfræðinga til starfa hjá nefndunum. Rétt er að benda á að starfsmönnum sem sinna fleiri verkefnum ber að gæta þess að skilja á milli vinnu við hina ólíku málaflokka sem þeir vinna að og gæta trúnaðar um upplýsingar í barnaverndarmálum.

Í 3. og 4. mgr. er að finna ákvæði sem varða framsal á ákvörðunarvaldi nefndanna til einstakra starfsmanna, en álitaefni sem að þessu lúta koma stundum upp.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd verði heimilt að fela starfsmönnum sínum könnun og meðferð einstakra mála eða málaflokka eftir reglum sem nefndin setur sjálf. Í reglum þessum verði unnt að mæla fyrir um það hvaða starfsmenn skuli hafa heimild til að ákveða að hefja könnun máls, sbr. 21. gr., semja greinargerð og gera áætlun skv. 23. gr. o.fl. Þannig er t.d. gert ráð fyrir að í þessum reglum verði heimilt að fela einstökum starfsmönnum að taka ákvarðanir skv. 24. og 25. gr., að því marki sem það er gert með samþykki foreldra. Mikilvægt er að vandað sé til slíkra reglna og skýrt sé kveðið á um það hvaða starfsmenn hafi þetta ákvörðunarvald og í hvaða mæli. Þá er einnig vert að benda á að þetta ákvæði frumvarpsins felur aðeins í sér heimild barnaverndarnefndar til að framselja ákvörðunarvaldið til einstakra starfsmanna, en ekki skyldu. Þannig hefur nefndin það í hendi sér hvort og að hvaða marki þetta skuli gert. Í reynd felur þetta í sér að barnaverndarnefnd er heimilt að framselja í slíkum reglum ákvörðunarvald í öllum málum sem ekki falla undir 4. mgr. þessarar greinar. Vakin er athygli á að í 31. gr. frumvarpsins er beinlínis gert ráð fyrir að formaður nefndar, eða starfsmaður í umboði hans, framkvæmi neyðarráðstafanir. Í þessari grein er því að finna sjálfstæða heimild fyrir formann til að fela einstökum starfsmönnum að framkvæma ráðstafanir. Heimildin tekur fyrst og fremst til þess að fela föstum starfsmönnum nefndanna að taka einstakar ákvarðanir. Um heimildir sjálfstæðra verktaka sem taka að sér að vinna að einstökum verkefnum fer samkvæmt nánari ákvæðum í samningi hans við nefndina, sbr. athugasemdir hér að framan við 1. mgr.

Í 4. mgr. er tekið fram að vald til að kveða upp úrskurði samkvæmt ákvæðum frumvarpsins verði ekki framselt til einstakra starfsmanna. Með þessu er í reynd jafnframt undirstrikuð sú meginregla að barnaverndarnefndir geta framselt til starfsmanna vald til að taka aðrar ákvarðanir. Þær ákvarðanir sem 4. mgr. vísar til eru á hinn bóginn þess eðlis að rétt þykir að gera ráð fyrir að þær séu teknar af nefndinni sjálfri.

Um 15. gr.

Í þessu ákvæði er fjallað um valdmörk barnaverndarnefnda og samstarf milli þeirra. Í gildandi lögum segir að barnaverndarnefnd þar sem barn er dvalfast eigi úrlausn um málefni þess, sbr. þó 3. mgr. Túlkun orðsins „dvalfast“ hefur valdið vafa í framkvæmd og þykir rétt að orða þetta þannig að notað sé hugtak sem skilgreint er í lögum. Í 1. gr. laga um lögheimili, nr. 21/1990, segir að lögheimili manns sé þar sem hann hefur fasta búsetu, sbr. 1. mgr. Í 2. mgr. sömu greinar segir að maður teljist hafa fasta búsetu á þeim stað þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómstundum sínum og er svefnstaður hans þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika. Í 3. mgr.

er jafnframt tekið fram að dvöl á gistihúsi, fangelsi, vinnuhæli, sjúkrahúsi, athvarfi, heimavistarskóla, verbúð, vinnubúðum eða öðru húsnæði sem jafna má til þessa, sé ekki ígildi fastrar búsetu. Þá er sérstaklega tekið fram að barn 17 ára eða yngra eigi sama lögheimili og foreldrar þess. Enn fremur að hafi barnið fasta búsetu hjá því foreldri sem ekki hefur forsjá þess skuli það eiga lögheimili þar, enda sé forsjárforeldri samþykkt búsetunni. Hafi forsjá barns ekki verið falin öðrum hvorum foreldranna á barnið sama lögheimili og það foreldri sem það býr hjá. Búi barnið hjá hvorugum foreldra sinna á það lögheimili þar sem það hefur fasta búsetu. Þykir heppilegt að miða við lögheimili barns þegar valdsvið barnaverndarnefndar er ákvarðað. Með þeim hætti ætti sjaldnast að leika vafi á hvaða barnaverndarnefnd á með réttu að fjalla um mál.

Í 2. mgr. er sett fram sú regla að flytjist barn úr umdæmi nefndar eftir að hún hefur tekið mál þess til meðferðar skuli barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem hið nýja heimili barnsins er taka við meðferð málsins. Jafnframt ber fyrri nefndinni skylda til að tilkynna hinni síðari um flutninginn og upplýsa hana um fyrri afskipti sín af málefnum barnsins. Er þetta í samræmi við 2. mgr. 8. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. greinarinnar er það nýmæli að þyki hentugra að mál sé að einhverju eða öllu leyti rekið í öðru umdæmi vegna dvalar barns þar um lengri eða skemmri tíma skulu viðkomandi barnaverndarnefndir semja um það sín í milli. Enn fremur kemur fram í 3. mgr. að Barnaverndarstofa getur mælt svo fyrir að önnur nefnd en sú þar sem barn á lögheimili fari með mál ef það er talið tryggja betur meðferð þess. Í því tilviki ber nefndunum að veita hvor annarri upplýsingar og liðsinni við framkvæmd barnaverndarráðstafana. Ákvörðun Barnaverndarstofu má skjóta til kærunefndar barnaverndarmála. Heimild Barnaverndarstofu í 3. mgr. til að kveða á um hvar mál skuli rekið við þær aðstæður sem þar er lýst er rýmri en í gildandi lögum þar sem hún er ekki eingöngu afmörkuð við tiltekin þvingunarúrræði. Rök geta verið fyrir þessari heimild í fleiri tilvikum, t.d. þegar um er að ræða stuðningsúrræði í samvinnu við foreldra. Þau tilvik hafa komið upp að fjölskylda, sem er undir eftirliti barnaverndarnefndar, grípur til þess ráðs að flytjast úr umdæmi til að losna við afskipti nefndarinnar. Í slíkum tilvikum riðlast oft úrvinnsla málsins og börnin fara á mis við nauðsynlegan stuðning og vernd sem þeim hefði annars staðið til boða.

Í 4. mgr. er fjallað um ábyrgð barnaverndarnefndar á barni eftir að hún hefur ráðstafað því í fóstur eða vistun í annað umdæmi, sbr. 3. mgr. 8. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir að nefndin beri áfram fulla ábyrgð á barninu en hún getur hins vegar farið þess á leit að barnaverndarnefnd í dvalarumdæmi barnsins beri tilteknar skyldur. Nefndin í dvalarumdæmi þar sem barnið fer á fóstur- eða vistheimili getur haft betri tök á að fylgjast með líðan barnsins, aðbúnaði þess og atlæti en nefndin sem ráðstafaði því í fóstur. Er því gert ráð fyrir heimild til þess að nefndirnar geti skipt með sér verkum til að sem bestur árangur náist.

Í 5. mgr. er að finna ákvæði sem lýtur að þeirri aðstöðu þegar barn á ekki lögheimili á Íslandi en þörf kann að vera fyrir afskipti barnaverndaryfirvalda. Í þessu sambandi er rétt að rifja upp að í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lögin taki til allra barna á yfirráðasvæði íslenska ríkisins. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem barn dvelur skuli fara með mál. Ef ágreiningur er um hvar mál skuli reka sker Barnaverndarstofa úr. Miðað er við að ríkissjóður endurgreiði sveitarstjórn útlagðan kostnað vegna mála sem varða börn sem ekki eiga lögheimili á Íslandi.

Um IV. kafla.

Þessi kafli samsvarar IV. kafla gildandi laga. Helstu nýmæli eru eftirfarandi:

a. Lýsing á þeim aðstæðum sem eiga að leiða til skyldu til að tilkynna er ítarlegri en í gildandi lögum og í samræmi við upphaf 21. gr. frumvarpsins.

b. Upptalningin í 2. mgr. 17. gr. á starfsstéttum er ítarlegri en upptalningin í 2. mgr. 13. gr. gildandi laga.
c. Ákvæði 18. gr. hafa verið einfölduð til muna. Látið er nægja, að því er varðar skýrslutökur af börnum sem sakborningum eða vitnum, að vísa til laga um meðferð opinberra mála en jafnframt tekið fram að ávallt skuli gefa fulltrúa barnaverndarnefndar kost á að vera viðstaddur samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur með reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.
d. Í 19. gr. frumvarpsins um nafnleynd, sem samsvarar 15. gr. gildandi laga, eru lagðar til breytingar. Byggt er á því sem meginreglu að nafnleynd skuli ekki viðhöfð en unnt sé að heimila hana. Meginbreytingin felst einkum í 3. mgr. 19. gr. þar sem tekið er fram að nafnleynd eigi ekki við um stéttir þær sem 17. og 18. gr. tekur til.
e. Í 2. mgr. 20. gr. er ákvæði sem varðar samvinnu sjúkrastofnana, þar með talinna áfengismeðferðarstofnana, við barnaverndaryfirvöld. Ákvæðið er til muna skýrara en samsvarandi ákvæði í 4. mgr. 16. gr. og leggur auknar skyldur á herðar þessum stofnunum varðandi barnavernd.

Í frumvarpinu er ekki gerð tilraun til að skilgreina hvað átt er við með tilkynningu. Það getur að sjálfsögðu verið álitamál hvenær um er að ræða tilkynningu í þröngum skilningi og hvenær ekki. Ástæða er þó til að leggja áherslu á að hugtakið sé ekki af barnaverndarnefndum túlkað svo þröngt að það komi í veg fyrir að barnaverndarnefndir gegni lögboðnum skyldum sínum. Í því sambandi er einnig bent á að gert ráð fyrir því í 21. gr. að upplýsingar, sem barnaverndarnefndum berast með öðrum hætti en beinum tilkynningum, geti einnig orðið tilefni til aðgerða af þeirra hálfu. Þannig hefur það ekki úrslitaþýðingu um skyldu barnaverndarnefndar til að kanna mál hvort vitneskja um aðstæður barns fæst vegna beinna tilkynninga eða með öðrum hætti. Af þessari ástæðu m.a. hefur það takmarkað gildi að leitast við að skilgreina nákvæmlega hvað átt er við með tilkynningu.

Um 16. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um tilkynningarskyldu almennings. Samsvarandi ákvæði er í gildandi lögum, sbr. 12. gr., og var það tekið að mestu úr 1. og 3. mgr. 48. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966. Orðalagi frumvarpsgreinarinnar hefur þó verið breytt þannig að það vísar til þess að aðstæður barns séu óviðunandi. Í þessari breytingu felast þó ekki efnisbreytingar.

Tilkynningarskylda samkvæmt barnaverndarlögum er byggð á því að börn á ungum aldri séu þess ekki umkomin að gæta hagsmuna sinna sjálf með því að snúa sér til barnaverndaryfirvalda. Tilkynningarskyldan þjónar þeim tilgangi að barnaverndaryfirvöldum berist vitneskja um barn eða börn sem þurfa aðstoð og stuðlar þar með að því að þau geti sinnt lögboðnu hlutverki sínu.

Ákvæði 16. gr. mælir fyrir um almenna tilkynningarskyldu allra borgara sem hafa ástæðu til að ætla að börnum sé misboðið vegna vanrækslu eða annars konar illrar meðferðar eða ef þau stofna sjálf lífi sínu og heilsu í hættu. Samkvæmt ákvæðinu er það almenn borgaraleg skylda að tilkynna barnaverndarnefnd um atvik eða aðstæður sem greinin tekur til. Í ákvæðum 17. og 18. gr. er aftur á móti mælt sérstaklega fyrir um tilkynningarskyldu nánar tilgreindra aðila sem vegna starfa sinna hafa sérstök afskipti af börnum.

Um 17. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um tilkynningarskyldu þeirra aðila sem sérstök afskipti hafa af börnum vegna starfa sinna.

Í 1. mgr. er sett fram sú almenna regla að hver sem vegna starfa sinna hefur afskipti af málefnum barna, og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, barn stofni heilsu sinni og þroska í hættu eða verði fyrir áreitni eða ofbeldi, sé skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

Í 2. mgr. eru nefndir sérstaklega leikskólastjórar, leikskólakennarar, dagmæður, skólastjórar, kennarar, prestar, læknar, tannlæknar, ljósmæður, hjúkrunarfræðingar, sálfræðingar, félagsráðgjafar, þroskaþjálfarar og aðrir þeir sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf og gert er skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. Tilkynningarskylda samkvæmt þessu ákvæði hvílir ekki aðeins á opinberum starfsmönnum, heldur á hverjum þeim sem stöðu sinnar vegna hefur afskipti af málefnum barna eða einstökum börnum. Þótt upptalningin sé nokkuð ítarleg ber orðalag ákvæðisins þó með sér að hún er ekki tæmandi.

Í 3. mgr. er sérstaklega tekið fram að tilkynningarskylda samkvæmt þessu ákvæði gangi framar ákvæðum laga og siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta. Með þessu er tryggt að þeir aðilar sem ákvæðið á við um geta ekki borið fyrir sig ákvæði um þagnarskyldu sem varða einstakar starfsstéttir. Rík barnaverndarsjónarmið búa að baki þessari reglu.

Það getur að sjálfsögðu verið matsatriði hvenær tilkynningarskylda fyrrgreindra aðila verður virk og hvenær aðstæður eru með þeim hætti að tilkynna beri um þær. Vissulega getur tilkynning til barnaverndarnefndar verið viðkvæmt mál og óheppilegt að tilkynnt sé þegar ekki er ástæða til. Við túlkun samsvarandi ákvæðis gildandi laga, og raunar einnig eldri laga, hefur það sjónarmið verið orðað að tilkynningarskyldan eigi við þegar aðstæður barns eru með þeim hætti að líklegt er að þær geti leitt til sérstakra ráðstafana af hálfu barnaverndaryfirvalda. Þessi túlkun þrengir þó óþarflega að tilkynningarskyldunni og er til þess fallin að dregin verði sú ályktun að tilkynnandi eigi ekki að tilkynna nema hann telji líklegt að aðstæður séu þannig að leiði til sérstakra ráðstafana af hálfu nefndar. Hefur þessi túlkun leitt til þess að aðilar telja sig þurfa að kanna mál nánar áður en þeir tilkynna og í sumum tilfellum hefur þetta leitt til sérstakrar málsmeðferðar af hálfu þessara aðila áður en ákvörðun er tekin um að tilkynna. Þetta er að sjálfsögðu ekki ætlunin. Sérstök könnun máls áður en viðkomandi tilkynnir er ósamrýmanleg barnaverndarlögum.

Það er að sjálfsögðu verkefni barnaverndarnefndar í fyrsta lagi að meta hvort ástæða er til að hefja könnun máls, í öðru lagi að standa fyrir könnuninni og í þriðja lagi taka ákvarðanir um nauðsynleg úrræði ef því er að skipta. Mikilvægt er að þeir aðilar sem 1. og 2. mgr. tekur til túlki ekki tilkynningarskylduna svo þröngt að það takmarki möguleika barnaverndarnefnda til að halda uppi virku barnaverndarstarfi. Barnaverndarnefnd tekur ákvörðun um hvort tilkynning gefur tilefni til frekari könnunar á máli eða eftir atvikum ákveður að aðhafast ekki í máli eða fella mál niður á síðari stigum, ef í ljós kemur að ekki er tilefni til aðgerða af hennar hálfu.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er ákvæði um tilkynningarskyldu lögreglu. Vekja má athygli á að nokkru leyti hliðstæðu ákvæði í 18. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, sem fjallar um afskipti af börnum. Þar segir að lögreglu beri að hafa afskipti af börnum yngri en 16 ára sem eru á stöðum þar sem heilsu þeirra eða velferð er alvarleg hætta búin og koma þeim í hendur forsjármanna eða barnaverndaryfirvalda ef nauðsynlegt þykir. Ákvæði 1. mgr. 18. gr. frumvarpsins tekur hins vegar til allra barna og gengur því lengra en ákvæði lögreglulaga að þessu leyti. Enn fremur er í þessu sambandi ástæða til að vekja athygli á 11. gr. lögreglulaga sem fjallar um samvinnu lögreglu við önnur stjórnvöld og stofnanir, þótt barnaverndarnefndir séu ekki nefndar sérstaklega. Þar

kemur fram í 2. mgr. að lögregla og önnur stjórnvöld og stofnanir skuli hafa gagnkvæmt samstarf varðandi verkefni sem tengjast löggæslu, svo sem forvarnir. Sérstaklega skuli lögregla vinna með félagsmálayfirvöldum, heilbrigðisyfirvöldum og menntamálayfirvöldum að forvörnum, eftir því sem tilefni gefst til, og upplýsa þessa aðila um málefni sem krefjast afskipta þeirra. Með félagsmálayfirvöldum er m.a. vísað til barnaverndarnefnda.

Í 2. mgr. er fjallað um skýrslutökur af börnum sem brotaþolum, sakborningum eða vitnum í opinberum málum, hvort heldur sem er á rannsóknarstigi eða fyrir dómi. Í öllum tilvikum gilda ákvæði laga um meðferð opinberra mála og reglugerða sem settar hafa verið með stoð í þeim, sbr. nánar lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991 (oml.), ásamt síðari breytingum, einkum með lögum nr. 36/1999, sbr. reglugerð nr. 395/1997 og nr. 321/1999. Í lögunum og reglugerðunum eru ýmis sérákvæði um stöðu barna sem brotaþola, vitna eða sakborninga, hvort heldur er á rannsóknarstigi eða við meðferð máls fyrir dómi. Þar er enn fremur að finna ákvæði sem varða rétt foreldra til að vera viðstaddir, svo og um réttargæslumenn og verjendur. Er það mat nefndarinnar að þessi ákvæði tryggi réttarstöðu barna við þessar aðstæður nægilega. Þykir ekki ástæða til að endurtaka þessi ákvæði í barnaverndarlögum eða eftir atvikum leggja til að settar verði sérstakar reglur í barnaverndarlög. Látið er nægja að vísa til þeirra. Í niðurlagi greinarinnar er þó tekið fram að gefa skuli fulltrúa barnaverndarnefndar kost á að vera viðstaddur skýrslutökur af barni samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu. Samkvæmt þessu er það ekki skilyrði að fulltrúi barnaverndarnefndar sé alltaf viðstaddur. Mál geta verið þess eðlis að þess sé ekki talin sérstök þörf, svo sem þegar um er að ræða minni háttar umferðarlagabrot. Þess vegna er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra setji um þetta reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu. Gera verður ráð fyrir að við undirbúning á tillögum að reglum hafi Barnaverndarstofa samráð við lögreglu- og dómsmálayfirvöld.

Um 19. gr.

Þegar rætt er um nafnleynd tilkynnanda í barnaverndarmálum vegast einkum á þrenns konar sjónarmið.

Í fyrsta lagi sjónarmið um réttláta málsmeðferð. Samkvæmt þeim hefur aðili máls rétt til að vita hver tilkynnti um ófullnægjandi aðbúnað barns. Það kann að skipta hann miklu máli til þess að andmælaréttur hans nýtist að fullu. Sé lögð áhersla á þetta sjónarmið leiðir það til þess að gera verður ráð fyrir því sem meginreglu að aðili eigi rétt á að vita hver tilkynnandi er. Er gengið út frá þeirri meginreglu í þessu frumvarpi.

Í öðru lagi koma til þau sjónarmið sem varða vernd tilkynnanda. Þá er lögð áhersla á það sjónarmið að tilkynnandi sjálfur, sem er ekki að gera annað en að gæta hagsmuna tiltekins barns og um leið opinberra hagsmuna, eigi rétt á því að vera laus við þau óþægindi sem vitneskja aðila kann að hafa í för með sér fyrir tilkynnanda.

Í þriðja lagi koma síðan til athugunar sjónarmið sem varða virkni og árangur í barnaverndarstarfi. Því er haldið fram að sé tilkynnendum ekki tryggð nafnleynd muni það fæla þá frá því að tilkynna. Afleiðingin yrði sú að barnaverndarnefnd fengi ekki upplýsingar um hagi barna þótt full þörf kynni að vera á afskiptum hennar. Tvö síðarnefndu sjónarmiðin eru augljóslega tengd.

Í ákvæðinu er farin sú leið að byggja á nafnleynd tilkynnanda sem aðalreglu með sama hætti og gert er í gildandi lögum. Það byggist á því að sjónarmiðið um virkni og árangur í barnaverndarstarfi vegi þyngst þeirra sjónarmiða sem kynnt voru hér að framan. Nauðsynlegt er að upplýsingar um aðbúnað barna berist greiðlega til barnaverndarnefndar. Jafnframt er byggt á því sjónarmiði, sem er tengt hinu fyrrnefnda, að verði tilkynnendum ekki tryggð nafnleynd

mundi það fæla þá frá að tilkynna. Afleiðingin yrði sú að barnaverndarnefnd fengi ekki upplýsingar um hagi barna þótt full þörf væri á afskiptum hennar. Ákvæði núgildandi laga og frumvarpsins um nafnleynd endurspegla sérstöðu barnaverndarmála innan stjórnsýslunnar, að börn eru ekki talin þess umkomin að gæta hagsmuna sinna sjálf með því að snúa sér til barnaverndaryfirvalda.

Enda þótt í frumvarpi þessu sé gert ráð fyrir óbreyttri aðalreglu um nafnleynd tilkynnanda er lagt til það nýmæli að tilkynnendur skv. 17. og 18. gr. skuli ekki njóta nafnleyndar skv. 2. mgr. Þetta er byggt á því að eðlilegt sé að gera hér greinarmun á tilkynningum frá almenningi skv. 16. gr. frumvarpsins annars vegar og frá sérstökum starfsstéttum skv. 17. gr. frumvarpsins hins vegar. Hið sama á við þegar tilkynning berst frá lögreglu skv. 18. gr. svo og þegar tilkynningar berast frá stofnunum, svo sem heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum, skólum o.s.frv.

Vert er að minna á að nafnleyndin samkvæmt þessari grein getur aldrei átt við efni tilkynningarinnar. Aðilar eiga að sjálfsögðu alltaf rétt á að fá upplýsingar um efni tilkynningar, þótt nafnleyndar sé gætt að öðru leyti, til þess að geta komið að athugasemdum eða leiðréttingum ef því er að skipta. Við slíka upplýsingagjöf þarf að gæta þess að ekki verði ljóst hver tilkynnandinn er.

Enn fremur er vert að benda á að tilkynningar geta í sumum tilvikum verið nafnlausar og barnaverndarnefnd hefur ekki tök á að komast að því hver tilkynnandi er. Slíkar tilkynningar geta engu að síður verið fullt tilefni fyrir barnaverndarnefnd til að hefja rannsókn máls og grípa til ráðstafana ef því er að skipta.

Að lokum er bent á ákvæði 1. mgr. þar sem gert er ráð fyrir að hver sá sem tilkynnir til barnaverndarnefndar segi á sér deili. Þannig er miðað við að nafnleyndin eigi aðeins við gagnvart barninu og aðstandendum þess en ekki gagnvart nefndinni sjálfri.

Gert er ráð fyrir því að ákvörðun um nafnleynd sé unnt að skjóta til kærunefndar barnaverndarmála.

Tekið skal fram að nefndin sem samdi frumvarp þetta hafði aðrar áherslur um nafnleynd en hér eru lagðar til grundvallar. Nefndin lagði til það nýmæli að horfið yrði frá meginreglunni um að sá sem tilkynni til barnaverndarnefndar eigi rétt á nafnleynd. Lagði nefndin til að meginreglan yrði sú að aðilar ættu ekki rétt á nafnleynd nema sérstakar ástæður mæltu með því, þ.e. byggt var á rétti aðila til að vita um tilkynnanda sem aðalreglu. Var það talið í samræmi við almenn viðhorf í stjórnsýslurétti um opna málsmeðferð hjá stjórnvöldum og í góðu samræmi við vandaða og réttláta meðferð þeirra. Aftur á móti skyldi viðkomandi geta óskað nafnleyndar gagnvart öðrum en nefndinni sjálfri og mæti nefndin þá hvort verða skyldi við því.

Með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem áður eru rakin, um nauðsyn þess að upplýsingar berist greiðlega til barnaverndarnefndar og að ákvæði laga fæli almenning ekki frá að tilkynna barnaverndarnefnd um aðbúnað barna, var meginreglan um nafnleynd færð í það horf sem hér er lagt til og er það óbreytt frá gildandi lögum eins og áður hefur komið fram.

Um 20. gr.

Í greininni ræðir um samstarf ýmissa stofnana við barnaverndaryfirvöld. Hún er að mestu efnislega samhljóða 16. gr. gildandi laga og var hún þar lítið breytt frá eldri lögum, sbr. 19. gr. laga nr. 53/1966. Ákvæði 20. gr. undirstrika áhersluna sem leggja ber á gott samstarf allra þeirra sem eiga að láta sig varða hagsmuni barns.

Í 1. mgr. kemur fram að til þess að tryggja góðan árangur í barnaverndarstarfi sé öllum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hafa afskipti af málefnum barna skylt að hafa samstarf við barnaverndaryfirvöld. Enn fremur að barnaverndaryfirvöld skuli leitast við að eiga gott samstarf við þessa sömu aðila. Ákvæði þetta er orðað með nokkuð öðrum hætti en í gildandi lögum að

því leyti að sleppt er upptalningu á stofnunum í dæmaskyni. Eftir sem áður falla hér undir heilbrigðisstofnanir, skólar, dagvistarheimili barna og starfsmenn þessara stofnana og lögregla, en einnig aðrar stofnanir sem ekki falla beint undir þessa upptalningu, svo sem sumardvalarheimili fyrir börn og stofnanir, fyrirtæki og félög sem hafa með höndum barnastarf.

Túlkun lagaákvæðis um samvinnu barnaverndarnefnda við aðrar stofnanir í málum einstakra barna hefur stundum valdið vafa. Hefur verið tilhneiging hjá þeim aðilum, sem ekki hafa með höndum verkefni samkvæmt barnaverndarlögum en sinna samt börnum, til að túlka þau þannig að skyldur samkvæmt þessum ákvæðum barnaverndarlaga séu að öllu leyti gagnkvæmar. Í þessu sambandi er vert að benda á að um fyllilega gagnkvæmar samvinnuskyldur getur tæpast verið að ræða milli barnaverndarnefnda annars vegar og annarra aðila sem hafa afskipti af börnum hins vegar, nema með samþykki forsjáraðila og að barnaverndarnefnd meti það barni fyrir bestu. Í frumvarpinu, svo og í gildandi lögum, er skýrt kveðið á um að tilkynningarskylda til barnaverndarnefnda gangi framar ákvæðum um þagnarskyldu og í frumvarpinu eru að auki ákvæði um upplýsingaskyldu gagnvart barnaverndarnefnd, sbr. 44. gr. Um samsvarandi skyldur barnaverndaryfirvalda gagnvart öðrum stofnunum, þar sem börn kunna að vera, er ekki að ræða. Leggja verður áherslu á að barnaverndarnefndir eru í raun einu opinberu yfirvöldin sem hafa lögbundnar heimildir og allvíðtækar skyldur til afskipta af einkamálum barna og foreldra, auk þess að hafa yfir að ráða ýmsum úrræðum sem beita má þegar þörf krefur. Það eru því eingöngu barnaverndarnefndir sem hafa heildarsýn á stöðu einstakra barna í barnaverndarmálum. Til að tryggja samfellu í vinnslu máls og árangur í að bæta aðstæður barns er því nauðsynlegt að barnaverndarnefnd hafi frumkvæði að því að móta samstarf við aðra aðila og gæti fyllsta trúnaðar gagnvart foreldrum og barni.

Þá kemur fram í 2. mgr. að öllum sjúkrastofnunum, þar með töldum áfengismeðferðarstofnunum og geðdeildum, beri að taka tillit til hagsmuna barna þegar teknar séu ákvarðanir um meðferð og innlögn foreldra þeirra. Þá er sérstaklega áréttað að læknar og aðrir starfsmenn á framangreindum stofnunum skulu hafa samráð við barnaverndarnefndir svo unnt verði að haga nauðsynlegum barnaverndarúrræðum í samræmi við ákvarðanir um meðferð og innlögn foreldris. Samstarf að þessu leyti getur t.d. falið í sér að stofnanir tilkynni til barnaverndarnefndar þegar foreldri er lagt inn á áfengismeðferðarstofnun eða geðdeild til meðferðar sé einhver ástæða til að ætla að börn þessa fólks séu aðstoðar þurfi. Barnaverndarnefndir geti þá leitað upplýsinga um hve lengi sjúkrahúsvist kunni að standa, hverjar batahorfur séu o.s.frv.

Í 3. mgr. er áréttað að lögregla og fangelsismálayfirvöld skuli hafa samstarf við barnaverndarnefndir og veita þeim aðstoð við úrlausn barnaverndarmála. Þetta er í samræmi við 1. mgr. 18. gr. frumvarps þessa og enn fremur 18. gr. lögreglulaga, sbr. athugasemdir við 18. gr. hér að framan. Sérstaklega má nefna þörf fyrir samvinnu þegar barn hefur fengið skilorðsbundna ákærufrestun eða skilorðsbundinn dóm.

Að síðustu kemur fram í 4. mgr. að félagsmálaráðherra getur sett í reglugerð nánari reglur um samstarf barnaverndarnefnda við aðrar stofnanir í samráði við þau ráðuneyti sem viðkomandi stofnanir heyra undir. Eðlilegt er að gera ráð fyrir að félagsmálaráðherra hafi samráð við önnur ráðuneyti um setningu nánari reglna um samvinnu stofnana sem heyra undir mismunandi ráðuneyti.

Um V. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði sem varða upphaf barnaverndarmála. Nýmæli kaflans felast einkum í því að leitast er við að gera þessi ákvæði skýrari en samsvarandi ákvæði í gildandi lögum, sbr. einkum 18. gr. þeirra. Ástæða er til að vekja athygli á ákvæði 3. mgr. 21. gr.

varðandi afskipti barnaverndarnefndar af þunguðum konum. Ákvæði þetta er nýmæli, sbr. nánar 30. gr. frumvarpsins.

Um 21. gr.

Í þessari grein ræðir um upphaf barnaverndarmáls. Leitast er við að gera ákvæði um upphaf barnaverndarmáls skýrari en í gildandi lögum, einkum með því að afmarka með skýrum hætti ákvörðun barnaverndarnefndar um að hefja könnun máls annars vegar og aðrar ákvarðanir hennar um rannsóknaraðgerðir og ákvarðanir um beitingu úrræða hins vegar. Oftast koma mál til kasta nefndanna vegna tilkynninga frá utanaðkomandi aðilum, sbr. 16., 17. og 18. gr. þessa frumvarps, en einnig geta upplýsingar sem nefndin fær með öðrum hætti, sbr. 2. mgr., orðið tilefni til að hefja könnun máls.

Í 1. mgr. eru sett fram meginskilyrði fyrir afskiptum barnaverndaryfirvalda af einstökum börnum eða fjölskyldum. Meginskilyrðið er að líkamlegri og andlegri heilsu barns og þroska sé hætta búin. Í framhaldinu er greint á milli þrenns konar tilvika. Í fyrsta lagi að heilsu barns og þroska sé hætta búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, í öðru lagi vegna áreitni eða ofbeldis af hálfu annarra og í þriðja lagi vegna eigin hegðunar barns og lífernis. Þetta er í samræmi við markmið laganna eins og þau eru skilgreind í 2. gr. Rétt er að nefna að samkvæmt gildandi lögum er fjallað um skyldur barnaverndarnefnda við börn sem verða fyrir áreitni, ofbeldi eða öðrum afbrotum í 23. gr. Þessar ástæður fyrir afskiptum barnaverndarnefnda eru færðar inn í upptalningu 21. gr. frumvarpsins til að taka af öll tvímæli um að sams konar málsmeðferð gildi um þessi tilvik og önnur barnaverndarmál, þ.e. sömu skyldur til að meta tilkynningu eða upplýsingar, taka ákvörðun um hvort hefja skuli könnun máls og meta þörf fyrir úrræði. Þá takmarkast val á úrræðum ekki við það sem nefnt er í 23. gr. núgildandi laga heldur getur komið til ráðstafana almennt samkvæmt ákvæðum VI. og VII. kafla.

Í 1. mgr. er enn fremur sett fram sú regla að þegar barnaverndarnefnd fær tilkynningu um aðstæður barns sem falla undir ákvæðið skuli hún taka afstöðu til þess án tafar, og eigi síðar en innan viku frá því henni barst tilkynningin, hvort ástæða sé til þess að hefja könnun á málinu. Í gildandi lögum er ekkert ákvæði um tímafresti til að taka afstöðu til tilkynningar og með hvaða formlega hætti það skuli gert. Þá eru lögin fáorð um málsmeðferð vegna tilkynninga. Rétt þykir að setja í lög ákvæði sem mæla nánar fyrir um frest til að taka ákvörðun um könnun. Í verklagsreglum barnaverndarnefndar Reykjavíkur hefur verið miðað við sama frest.

Samkvæmt 2. mgr. getur barnaverndarnefnd hafið könnun vegna vitneskju sem henni berst með öðrum hætti. Þar sem ekki er við beina tilkynningu að styðjast á ákvæði 1. mgr. um tímafrest ekki eins vel við. Sem dæmi um þetta má nefna upplýsingar sem nefnd eða starfsmaður, sem sinnir fleiri en einu verkefni, fær þegar fjallað er um mál samkvæmt öðrum lögum, svo sem lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, eða grunur vaknar við vinnslu máls um að önnur börn en þau sem málið fjallar um kunni að búa við óviðunandi aðstæður. Einnig má nefna upplýsingar sem barnaverndarnefnd fær við vinnslu umsagnar í forsjár- eða umgengnisdeilum samkvæmt ákvæðum barnalaga. Þegar um það er að ræða, að barnaverndarnefnd fær vitneskju með öðrum hætti en með tilkynningu, er miðað við að nefndin skuli hafa tekið ákvörðun um könnun innan viku frá því upplýsingar bárust sem tilefni gefa til nánari athugunar.

Ákvæði 3. mgr. er nýmæli. Fyrir kemur að barnaverndarnefndir fá tilkynningar um þungaðar konur sem með líferni sínu kunna að stofna í hættu lífi og heilsu ófædds barns síns. Í gildandi lögum er ekki að finna bein ákvæði um þetta. Í 2. mgr. 25. gr. gildandi barnaverndarlaga segir að úrskurð á grundvelli d-liðar fyrri málsgreinar ákvæðisins, þegar um sé að ræða nýfætt barn sem enn hefur ekki flust í umsjá foreldra, sé einungis heimilt að kveða upp hafi viðeigandi aðgerðir skv. 21. gr. verið reyndar til þrautar án árangurs. Hefur þetta verið túlkað svo að í

þessu felist heimild fyrir barnaverndarnefnd til að kanna mál og meta þörf fyrir stuðningsaðgerðir áður en barn fæðist, því að öðrum kosti sé ekki unnt að uppfylla skilyrði um að fullreyna stuðning áður en foreldrar eru sviptir forsjá nýfædds barns.

Ákvæði 3. mgr. er ætlað að taka af öll tvímæli um þessar heimildir og gera þær skýrari. Þar kemur fram að fái barnaverndarnefnd tilkynningu, eða vitneskju með öðrum hætti, um að þunguð kona kunni að stofna heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu með líferni sínu, t.d. með áfengis- og fíkniefnaneyslu, geti barnaverndarnefnd með sama hætti og mælt er fyrir um í 1. mgr. ákveðið að hefja könnun á málinu. Leiði könnun í ljós að tilefni sé til aðgerða á 30. gr. frumvarpsins við.

Ýmis álitaefni geta komið upp við túlkun og framkvæmd 21. gr. og verða nú nokkur þeirra rakin.

Vera má að af tilkynningu sé þegar ljóst að aðstæður sem þar er lýst geti ekki leitt til sérstakra ráðstafana af hálfu barnaverndarnefndar. Enn fremur kann að vera augljóst að málið eigi einfaldlega ekki undir barnaverndarnefnd, t.d. vegna þess að tilkynning varði einstakling sem orðinn er 18 ára. Í slíkum tilvikum tekur nefndin ákvörðun um að hefja ekki könnun og málið fellur niður við svo búið.

Í öðrum tilfellum, þar sem rökstuddur grunur er um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin af ástæðum sem greindar eru í 1. mgr., tekur barnaverndarnefnd formlega ákvörðun um að hefja könnun máls. Þessi ákvörðun markar formlegt upphaf barnaverndarmáls. Mikilvægt er að það sé skýrt afmarkað þar sem þá verða virkar allar málsmeðferðarreglur sem eiga við um meðferð mála fyrir barnaverndarnefnd, sbr. nánar ákvæði frumvarps þessa um málsmeðferð.

Ákvæði þessarar greinar, sbr. einkum 4. mgr., eru einnig byggð á því að gerður er skýr greinarmunur á athugun sem er undanfari ákvörðunar um könnun og ákvörðuninni um að hefja könnun annars vegar og sjálfri könnun máls hins vegar. Ákvörðun um að hefja könnun er ákvörðun um málsmeðferð en lýtur ekki að efni máls. Hér er því ekki um eiginlega stjórnsýsluákvörðun að ræða sem fellur undir 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga. Af því leiðir að ákvæði stjórnsýslulaga og ákvæði VIII. og IX. kafla frumvarpsins um meðferð mála hjá barnaverndarnefndum og kærunefnd barnaverndarmála eiga ekki við um undirbúning og form ákvörðunar um hvort hefja skuli könnun máls. Ákvörðun um að hefja könnun sætir heldur ekki kæru til æðra stjórnvalds, í þessu tilviki kærunefndar barnaverndarmála.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls ber skv. 2. málsl. 4. mgr. að tilkynna það foreldrum eða forráðamönnum barns. Þetta er í samræmi við 14. gr. stjórnsýslulaga þar sem fram kemur að stjórnvald skuli tilkynna aðila um að mál sé til meðferðar sem hann varðar nema ljóst sé að hann hafi fengið vitneskju um það fyrir fram. Þessari reglu er ætlað að tryggja að aðili máls eigi kost á því að neyta andmælaréttar síns. Þó er gert ráð fyrir að heimilt sé að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna. Hér er ekki síst átt við ef tilkynning varðar meint kynferðislegt ofbeldi gagnvart barni eða aðrar slíkar grófar misgjörðir sem geta átt undir hegningarlög. Tilkynning til foreldris kann við slíkar aðstæður að gefa því kost á að grípa til aðgerða sem spillt geta könnun máls og eftir atvikum rannsókn af hálfu lögreglu síðar, eins og nánar er fjallað um í athugasemdum við 43. gr. Með því að fresta tilkynningu er í vissum tilvikum gefinn kostur á að rannsaka mál að nokkru marki, áður en tilkynnt er um það til foreldra. Í ljósi meginreglunnar um skyldu til að tilkynna foreldrum strax um ákvörðun um könnun verður að túlka þessa undantekningu þröngt.

Í athugasemdum sem fram hafa komið við gildandi lög hefur komið fram það viðhorf að viðmiðið um „rökstuddan grun“ sé fremur óljóst og að þörf sé á að afmarka það nánar. Í skilyrðinu um rökstuddan grun í 5. mgr. felst að ekki er heimilt að hefja könnun máls nema gild

ástæða sé til að ætla að tilefni sé til þess. Hafa verður í huga að hvers konar afskipti eða aðgerðir af hálfu barnaverndarnefndar geta verið viðkvæmt mál fyrir hlutaðeigandi. Af því leiðir að grunur verður að vera á rökum reistur um að aðstæður séu með þeim hætti sem vikið er að í greininni. Grunur verður að beinast að því að tiltekið barn eða tiltekin börn búi við óviðunandi aðstæður. Erfitt er að skilgreina nánar hvenær grunur telst á rökum reistur. Í stuttu máli má segja að í skilyrðinu um rökstuddan grun felist að ekki sé heimilt að hefja rannsóknaraðgerðir nema nokkrar líkur séu á því að tilefni sé til þess. Þetta má ekki túlka of þröngt, sérstaklega í ljósi þess hversu afmarkaðar heimildir barnaverndarnefnd hefur við athugun á máli áður en tekin er ákvörðun um hvort hefja skuli könnun, eins og nánar er gerð grein fyrir hér á eftir. Þá má árétta að barnaverndarnefnd er skylt að láta mál niður falla á síðari stigum um leið og í ljós kemur að ekki er ástæða til frekari afskipta. Verður ekki hjá því komist að fela þeim er starfa að þessum málum að meta það í hverju einstöku tilviki hvort skilyrðinu um rökstuddan grun er fullnægt. Óraunhæft er að ætla að hægt sé að kveða skýrar á um þetta skilyrði í lagatexta.

Það er einnig sérstakt álitamál hversu ríkar heimildir barnaverndarnefnd á að hafa til athugunar eða rannsóknar á máli til að undirbúa formlega ákvörðun sína um það hvort hefja skuli könnun þess eða ekki. Í framkvæmd hefur þetta atriði valdið nokkrum vafa. Í handbók Barnaverndarstofu er þess freistað að túlka ákvæði gildandi laga að þessu leyti. Er þar byggt á áþekkum skýringum og hér koma fram. Í aðalatriðum verður að gera ráð fyrir að heimildum nefndanna til sérstakrar rannsóknar eða athugunar í tilefni af tilkynningum sé þröngur stakkur skorinn. Ákvörðun um að hefja könnun verður fyrst og fremst að taka á grundvelli innihalds tilkynningarinnar. Atriði sem skipta máli í því sambandi er m.a. hversu alvarlegar ávirðingar koma fram í tilkynningu, hversu nákvæm er hún, af hverju tilkynningin stafar, í hvaða aðstöðu er tilkynnandi til að þekkja aðstæður o.s.frv. Þetta leiðir raunar til þess að fara verður gætilega þegar um nafnlausar tilkynningar er að ræða. Þá getur einnig verið að tilkynning sé sett fram af meinbægni í garð þeirra sem hún varðar. Nefndinni er heimilt að ræða frekar við tilkynnanda sjálfan til þess að treysta grundvöll undir ákvörðun sinni. Þá verður að gera ráð fyrir að nefndin geti skoðað eldri tilkynningar og mál sem varða sömu aðila ef því er að skipta. Á hinn bóginn er nefndinni ekki heimilt að afla sérstakra gagna, ræða við aðra en tilkynnanda eða halda uppi fyrirspurnum um barn, fjölskyldu þess eða heimili áður en ákvörðun er tekin um könnun máls, sbr. nánar ákvæði 3. mgr. þessarar greinar um tilkynningu til málsaðila.

Í vissum tilvikum getur verið álitamál hver sé tilkynnandi, einkum ef tilkynnandi upplýsir um aðstæður sem aðrir hafa lýst fyrir honum. Hér getur vaknað sú spurning hvort nefnd getur, áður en hún tekur ákvörðun um könnun, sett sig í samband við þann aðila. Almennt verður þó að gera ráð fyrir, eins og fyrr segir, að nefndin geti ekki án vitundar aðila sett sig í samband við aðra en tilkynnandann sjálfan, óháð því hvernig vitneskja hans á aðstæðum er til komin. Barnaverndarnefnd getur framselt vald til að taka ákvörðun um könnun máls til einstakra starfsmanna, sbr. 3. mgr. 14. gr. frumvarpsins. Rétt er að gera ráð fyrir að barnaverndarnefnd setji sérstakar reglur um það hvaða tilteknu starfsmenn hafa þessa heimild en ekki sé gert ráð fyrir að allir starfsmenn nefndanna hafi hana sjálfkrafa. Eftir að barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun um að hefja könnun máls geta einstakir starfsmenn að sjálfsögðu annast framkvæmd hennar, sbr. aftur 3. mgr. 14. gr.

Í 6. mgr. kemur fram að ráðherra setji með reglugerð nánari reglur, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, um málsmeðferð vegna tilkynninga. Í slíkri reglugerð verði m.a. mælt fyrir um samræmda skráningu tilkynninga, notkun eyðublaða, form og skráningu ákvörðunar um að hefja könnun eða eftir atvikum fella mál niður. Þá kynni að vera ástæða til að setja reglugerð

um athuganir í tilefni af tilkynningu, um tilkynningu til aðila og form þeirra, hvenær fresta megi tilkynningu til þeirra o.s.frv.

Um 22. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði um markmið könnunar barnaverndarmáls. Þar kemur fram í 1. mgr. að markmið könnunar máls sé að afla upplýsinga um allar aðstæður barns og meta þörf fyrir úrræði samkvæmt ákvæðum laganna. Könnun skal beinast að því að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barnsins sem í hlut á, svo sem andlegt og líkamlegt ásigkomulag, tengsl þess við foreldra eða aðra, hagi foreldra, aðbúnað barns á heimili, skólagöngu, hegðun og líðan þess. Þessi upptalning er ekki tæmandi og ræðst það af eðli og umfangi hvers máls hversu víðtæk könnun er. Barnaverndarnefndum sem ekki hafa sérmenntað starfsfólk ber að leita aðstoðar sérfræðinga eftir því sem þörf krefur. Slík sérfræðiþekking kann oft að vera nauðsynleg, svo sem til að framkvæma próf á börnum, taka viðtöl við þau og foreldrana, framkvæma læknisskoðun o.s.frv.

Í 2. mgr. er fjallað um könnun máls að öðru leyti, rannsóknarheimildir barnaverndarnefnda, skyldu til að láta barnaverndarnefndum í té upplýsingar og málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd almennt, og er vísað til ákvæða VIII. kafla frumvarpsins. Í þessu sambandi ber að benda sérstaklega á ákvæði 41. gr. sem hefur að geyma rannsóknarregluna, ákvæði 43. gr. um rannsóknarheimildir og ákvæði 44. gr. um upplýsingaskyldu gagnvart barnaverndarnefnd.

Við framkvæmd þessara ákvæða allra ber að hafa í huga að öll afskipti barnaverndarnefnda af málefnum fjölskyldu fela í sér íhlutun í mál sem venjulegast mundu teljast einkamál. Af þessum sökum m.a. er það meginregla að könnun máls gangi ekki lengra en þörf er á hverju sinni.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um ráðstafanir barnaverndarnefnda. Ákvæði kaflans samsvara að talsverðu leyti 19. og 21.–27. gr. gildandi laga. Fjölmargar breytingar er þó að finna bæði efnislegar og þá ekki síður að því er varðar framsetningu ákvæðanna. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

a. Ekki er gert ráð fyrir sérákvæði um börn í hættu vegna eigin hegðunar, svo sem gert er í 22. gr. núgildandi laga. Er þetta byggt á því að erfitt er að skilgreina barnaverndarmál að öllu leyti eftir því hvort ástæður þess liggja hjá foreldrum barnsins eða hjá barninu sjálfu og ljóst er að þetta fer oftar en ekki saman. Með sérstöku ákvæði um börn í hættu vegna eigin hegðunar eru líkur á því að fleiri mál en rétt er verði skilgreind sem svo að rót vandans liggi hjá barninu sjálfu, t.d. eftir að barn nær ákveðnum aldri eða ef vista þarf barn á sérhæfðu meðferðarheimili eða stofnun. Samkvæmt núgildandi lögum fer t.d. um allar vistanir barna á meðferðarheimilum eða stofnunum eftir 22. gr. en færa má rök fyrir því að þörf fjölmargra barna fyrir meðferð tengist vanrækslu eða öðru framferði foreldris. Áréttað skal að þessi breyting dregur ekki úr skyldu barnaverndarnefndar til að greina vanda barns með svo skýrum hætti að unnt sé að beita þeim úrræðum sem heppilegust þykja hverju sinni. Breytingin undirstrikar að val á úrræði takmarkast ekki af skilgreiningu barnaverndarmálsins heldur ber að miða við heildarsýn á vanda og þörfum barnsins.

b. Ákvæði kaflans eru flokkuð eftir því hvort fyrir liggur samþykki aðila eða hvort þvingun er beitt. Einnig er skilið á milli þess hvort úrræðin miðast við stuðningsaðgerðir meðan barn býr enn á heimili sínu eða ráðstöfun og vistun barns utan heimilis. Þessi flokkun er nokkuð önnur en samkvæmt núgildandi lögum. Breytingunni er ætlað að undirstrika þann

mun sem er á beitingu þessara úrræða, bæði að formi til og efnislega, með því að fjallað er sérstaklega um ráðstafanir og vistanir barna utan heimilis.

c. Samþykki aðila er skilgreint með mismunandi hætti eftir því hvaða úrræða er gripið til og við tilteknar kringumstæður er gert ráð fyrir að börn sem náð hafa 15 ára aldri séu aðilar barnaverndarmáls, sbr. 46. gr. frumvarpsins. Ef vista skal barn utan heimilis án þess að beita þvingun þarf að liggja fyrir samþykki bæði forsjáraðila og barns sem náð hefur 15 ára aldri, sbr. 25. og 27. gr. frumvarpsins. Þetta undirstrikar að slík úrræði eru að öllu jöfnu alvarlegra inngrip í líf barns en stuðningur meðan barn býr á heimili sínu og felur í sér aukna áherslu á réttarstöðu barns.

d. Umtalsverðar breytingar eru lagðar til á úrskurðarvaldi barnaverndarnefnda. Vísast til almennra athugasemda við frumvarpið og athugasemda við einstakar greinar hér á eftir.

Um 23. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um greinargerð um könnun máls og niðurstöður könnunar annars vegar og samningu áætlunar um beitingu úrræða hins vegar. Ákvæði um áætlun eru í 19. gr. gildandi laga. Þar er þó ekki gerður greinarmunur á greinargerð annars vegar og áætlun hins vegar. Þykir skýrara að gera þennan greinarmun þar sem niðurstöður könnunarinnar sem slíkar geta aldrei verið háðar samþykki foreldra eða annarra þótt rétt sé að gera ráð fyrir því, sem meginreglu, að áætlun um beitingu úrræða sé unnin í samráði og samvinnu við aðila máls, eftir því sem unnt er.

Samkvæmt 1. mgr. skal barnaverndarnefnd, við lok könnunar, taka saman greinargerð þar sem lýst er tilkynningu og efni hennar, eða öðru tilefni könnunar, rannsóknaraðgerðir og framkvæmd þeirra eru raktar og dregnar saman niðurstöður könnunar, tiltekið er hvar úrbóta sé þörf og settar fram hugmyndir eða tillögur að heppilegum úrræðum ef því er að skipta. Ekki er miðað við að greinargerð þessi sé samin í samráði við foreldra og með samþykki þeirra eða annarra, sbr. hins vegar ákvæði 2. mgr. um gerð áætlunar. Hér er því um að ræða samantekt barnaverndarnefndar sjálfrar sem myndar grundvöll að frekari ákvörðunum hennar um gerð áætlunar og beitingu úrræða. Greinargerðin telst þó meðal gagna málsins, sbr. ákvæði 45. gr. frumvarpsins um aðgang aðila að gögnum máls.

Ef niðurstaða könnunar er sú að beita þarf sérstökum úrræðum samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga skal barnaverndarnefnd gera áætlun um frekari meðferð málsins. Meginreglan er sú að áætlun er samin í samvinnu við aðila máls. Þannig ber að leita eftir samþykki foreldra og barna, sem náð hafa 15 ára aldri (ef þau eru aðilar), fyrir áætluninni. Enn fremur er gert ráð fyrir að haft skuli samráð við yngri börn eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til. Samning áætlunar um framhald máls er nauðsynlegur liður í markvissri vinnslu þess. Í áætluninni á að koma fram hvert sé markmið afskipta barnaverndarnefndar og hvernig hagsmunir barnsins verði best tryggðir. Þá þarf einnig að koma fram hvaða aðstoð verði veitt barni og foreldrum og hvaða aðrir aðilar komi að framkvæmd þeirra stuðningsaðgerða, svo sem leikskóli, heilsugæsla eða aðrir. Í ákvæðinu er lögð sérstök áhersla á að áætlun skuli unnin í samráði við foreldra, sbr. þó 4. mgr. þessarar greinar. Litið er svo á að til þess að áætlun þjóni tilgangi sínum þurfi foreldrar og barnið sjálft, að því marki sem það hefur þroska til, að taka virkan þátt í gerð hennar. Áætlun skal vera skrifleg, gerð til ákveðins tíma og endurskoðuð eftir þörfum. Endurskoðunar getur verið þörf ef ekki er farið eftir áætlun sem gerð hefur verið og rétt þykir að reyna beitingu annars konar úrræða eða ef talin er þörf á að gera nýjar áætlanir í máli sem taka gildi hver af annarri.

Í 3. mgr. er tekið fram að barnaverndarnefnd skuli meta þörf á samstarfi við aðra aðila við framkvæmd áætlunar og í samvinnu við foreldra, veita liðsinni sitt við að koma slíku samstarfi

á. Bent er á að í athugasemdum við 20. gr. frumvarpsins er rætt um samstarf barnaverndarnefndar í einstökum málum við aðra sem afskipti hafa af börnum. Eins og þar kemur fram geta barnaverndarnefndir ekki gefið upplýsingar um vanda barna eða vinnslu máls nema með samþykki forsjáraðila. Rétt þykir hér að leggja áherslu á að barnaverndarnefndir hafi frumkvæði að því að meta þörfina á samstarfi við aðra aðila og leitast við að fá foreldra til samvinnu þegar þörf krefur. Þeir sem hér koma til greina eru til dæmis aðrir aðstandendur barns, kennarar þess, lögregla og heilsugæsla.

Náist ekki samkomulag við foreldra eða barn mælir 4. mgr. svo fyrir að barnaverndarnefnd skuli einhliða semja áætlun um framvindu málsins og beitingu úrræða. Markmið með þessari áætlun er að taka saman upplýsingar um það sem gert hefur verið í máli frá því greinargerð skv. 1. mgr. var unnin, t.d. um þá samvinnu sem kann að hafa náðst á einhverju stigi eða þær tilraunir sem gerðar hafa verið. Einnig ber hér að leggja mat á hvort ástæða þyki til að beita þeim úrræðum samkvæmt ákvæðum frumvarpsins sem unnt er að grípa til án samþykkis aðila. Árétta ber að lögð er áhersla á samfellu í vinnslu barnaverndarmáls og að á hverjum tíma sé ljóst hvað fyrirhugað er í máli. Ef ekki næst samvinna við aðila máls er þannig nauðsynlegt að barnaverndarnefnd taki ákvörðun um hvort málinu verði lokað eða hvort gripið verði til þvingunarúrræða. Þá er enn fremur markmiðið með þessari áætlun að auðkenna þær ráðstafanir sem talið er að grípa þurfi til á grundvelli könnunar málsins og eru til þess fallnar að tryggja hagsmuni barnsins. Einhliða áætlun skv. 4. mgr. skal kynna fyrir foreldrum en hún er ekki háð samþykki þeirra að öðru leyti.

Um 24. gr.

Greinin hefur að geyma upptalningu úrræða sem miðast við að barn búi áfram á heimili sínu og unnt er að beita með samþykki foreldra. Í reynd leiðir af 1. og 2. mgr. að einnig sé hægt að beita með samþykki foreldra þeim úrræðum sem mælt er fyrir um í 26. gr. Þá verður að gera ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti með samþykki foreldra beitt öðrum úrræðum sem ekki eru sérstaklega nefnd ef þau þykja henta, enda sé það á færi barnaverndarnefndar að beita þeim og það rúmist innan þeirra heimilda sem barnaverndarnefnd hefur. Ákvæði greinarinnar er að hluta til sambærilegt við 21. gr. gildandi laga að því leyti að a–e-liður í frumvarpsgreininni er sambærilegur við a–e-lið 21. gr. Röð einstakra liða hefur þó verið breytt. Hluta þeirrar greinar er einnig að finna í 25. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er sérstaklega um vistanir.

Samkvæmt 1. mgr. skal barnaverndarnefnd, eftir því sem nánar er ákveðið í áætlun skv. 23. gr., með samþykki foreldra og eftir atvikum í samráði við barn veita aðstoð m.a. með því að:

a. Leiðbeina foreldrum um uppeldi og aðbúnað barns. Þetta úrræði gengur skemmst og því rétt að telja það upp fyrst. Hér er um að ræða almenna ráðgjöf af hendi starfsmanna nefndarinnar eða annarra sem nefndin felur þetta verkefni, svo sem sálfræðinga eða félagsráðgjafa. Í þessu felast eingöngu leiðbeiningar og ráðgjöf um atriði sem þykja horfa til bóta. Þá er ástæða til að taka fram að hér er eingöngu um sálfræðilega og félagslega ráðgjöf að ræða en ekki t.d. lögfræðilega. Til að nefndirnar geti sinnt þessu hlutverki er að sjálfsögðu mikilvægt að þær hafi yfir að ráða hæfum starfsmönnum. Þar sem ljóst er að nefndirnar eru mjög misvel í stakk búnar að þessu leyti er sérstök ástæða til að vekja athygli á 2. mgr. 14. gr. um heimild nefndanna til að semja við stofnanir á sviði félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu um sameiginlegt starfsmannahald og sérfræðiþjónustu.
b. Stuðla að því, í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir, að beitt verði almennum úrræðum til úrbóta samkvæmt öðrum lögum. Hér undir geta t.d. fallið lög um almannatryggingar, félagslega aðstoð, félagsþjónustu sveitarfélaga, leikskóla og lög um málefni fatlaðra. Orðalagi er hér breytt frá d-lið 21. gr. gildandi laga til að leggja áherslu á að barna-

verndarnefndir geta ekki beitt úrræðum samkvæmt öðrum lögum og nauðsyn þess að afmarka valdsvið og ábyrgð yfirvalda á þeim málaflokkum sem undir hvert yfirvald heyrir. Í þessum staflið greinarinnar er vísað til þess að barnaverndarnefnd upplýsi foreldra eða aðra umsjáraðila barns um rétt til félagslegrar aðstoðar samkvæmt öðrum lögum og aðstoði foreldra og leiðbeini þeim við að ná þeim rétti. Upptalningin hér að framan er ekki tæmandi en ákvæðið vísar til hvers konar réttinda sem foreldrar kunna að eiga og geta auðveldað þeim að ná tökum á vanda sínum. Hér reynir á að starfsmenn barnaverndarnefnda séu vel upplýstir um efni félagsmálalöggjafarinnar til að vera í stakk búnir til að veita þessa þjónustu.

c. Útvega barni aðstoð með viðeigandi stuðningi eða meðferð. Hér er átt við úrræði sem barnaverndarnefndir geta beitt, t.d. sumardvöl eða annars konar stuðningur. Einnig geta hér fallið undir sálfræðiviðtöl, t.d. vegna ofbeldis sem barn hefur beitt eða orðið fyrir eða vegna annarra vandamála. Sem fyrr er upptalningin ekki tæmandi á þeim úrræðum sem hér koma til greina. Ákvæðið kemur í stað c-liðar 21. gr. gildandi laga, en eins og kemur fram í athugasemdum við b-lið 24. gr. frumvarpsins er lögð áhersla á þau úrræði sem barnaverndarnefnd er í stakk búin til að útvega.

d. Útvega barni eða fjölskyldu tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu. Ákvæði þetta samsvarar b-lið 21. gr. gildandi laga, sbr. og reglugerð nr. 452/1992, um tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa og stuðningsfjölskyldu skv. 21. gr. laga nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna. Nokkur reynsla er komin á beitingu þessara úrræða og þykja þau almennt gefast vel. Algengt er að biðlistar myndist eftir úrræðum af þessu tagi en nauðsynlegt er að barnaverndarnefndir sjái til þess að úrræðin séu fyrir hendi þegar þörf krefur. Í 2. mgr. 38. gr. er gert ráð fyrir að ráðherra setji með reglugerð nánari reglur um stuðningsaðgerðir sem leysa muni af hólmi áðurnefnda reglugerð.

e. Aðstoða foreldra við að leita sér meðferðar vegna veikinda, áfengis- eða vímuefnaneyslu eða annarra persónulegra vandamála. Þetta ákvæði er frábrugðið öðrum þar sem það varðar beint foreldrana sjálfa. Ljóst er að oft liggur meginvandi barnsins hjá foreldri þess. Er því rétt að gera ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti hlutast til um að foreldri fái nauðsynlegan stuðning og meðferð. Samkvæmt ákvæðinu getur barnaverndarnefnd, í samvinnu við foreldra, veitt fulltingi sitt við að koma foreldrum í meðferð á viðeigandi stofnun vegna áfengis- eða fíkniefnaneyslu eða vegna annarra félagslegra eða geðrænna erfiðleika. Í þessu sambandi er vert að benda á 50. gr., sbr. 13. gr. laga nr. 34/1997. Þar kemur fram að félagsmálanefndir skuli hlutast til um að áfengissjúkir og þeir sem misnota áfengi eða aðra vímugjafa fái viðeigandi meðferð og aðstoð. Þá skal veita aðstandendum og fjölskyldum áfengissjúkra ráðgjöf og aðstoð eftir því sem við á. Samkvæmt þessu gæti atbeini barnaverndarnefndar falist í því að leita eftir því við félagsmálanefnd að þessari heimild verði beitt. Enn fremur má nefna 51. gr., sbr. 13. gr. laga nr. 34/1997, þar sem fram kemur að félagsmálanefndir skuli stuðla að því að áfengissjúkir og misnotendur vímugjafa, sem fengið hafa meðferð og læknishjálp, fái nauðsynlegan stuðning og aðstoð til að lifa eðlilegu lífi að meðferð lokinni.

Í 2. mgr. er tekið fram að barnaverndarnefnd geti enn fremur, með samþykki foreldra og án sérstaks úrskurðar, beitt öðrum þeim úrræðum sem kveðið er á um í 26. gr. frumvarpsins. Þetta er ekki sérstaklega tekið fram í gildandi lögum. Eðlilegt verður að telja að þetta sé heimilt.

Í 3. mgr. kemur fram að samþykki foreldris sem barn býr hjá nægi fyrir ráðstöfunum samkvæmt greininni. Hér er höfð í huga sú aðstaða að foreldrar sem ekki búa saman fara samt sem áður sameiginlega með forsjá. Samkvæmt þessu þarf ekki samþykki foreldris sem barnið býr ekki hjá til þess að beita megi úrræðum skv. 24. gr.

Um 25. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um úrræði utan heimilis. Í þessum tilvikum er gert ráð fyrir samþykki forsjáraðila og barns sem náð hefur 15 ára aldri. Í 1. mgr. kemur fram að barnaverndarnefnd geti tekið við forsjá eða umsjá barns og ýmist ráðstafað því í fóstur skv. a-lið eða vistað barn t.d. á vistheimili, meðferðarheimili eða stofnun skv. b-lið. Þessi ákvæði koma í stað f- og g-liðar 21. gr. og 1. og 2. mgr. 22. gr. gildandi laga. Eðlilegt þykir að skipa þessum úrræðum í sérstaka grein þar sem úrræði utan heimilis eru annars eðlis og ganga lengra en þau sem mælt er fyrir um í 24. gr.

Skiptingin í a- og b-lið 1. mgr. undirstrikar að frumvarpið gerir ákveðinn greinarmun á ráðstöfun barns í fóstur annars vegar og vistun barns á heimili eða stofnun hins vegar. Eins og áður sagði er ekki lengur gerður jafnskýr greinarmunur og áður á úrræðum fyrir börn í hættu vegna eigin hegðunar og öðrum ástæðum afskipta. Við val á úrræði skal leggja höfuðáherslu á þarfir viðkomandi barns. Benda má á að skv. XIII. og XIV. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga við uppbyggingu úrræða. Gert er ráð fyrir að ríkið beri ábyrgð á að hafa tiltæk heimili og stofnanir fyrir börn sem þurfa á sérhæfðri meðferð að halda en að barnaverndarnefndir beri ábyrgð á öllum öðrum úrræðum.

Í 2. mgr. er lögð áhersla á að ráðstafanir skv. 1. mgr. skuli eigi standa lengur en þörf krefur, þær skuli að jafnaði vera tímabundnar og sæta reglulegri endurskoðun. Þetta er í samræmi við markmið laganna um að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar og það almenna sjónarmið að hagsmunir barna séu alla jafna best tryggðir með því að þau alist upp hjá foreldrum sínum. Ákvæðið er einnig í samræmi við almenna meðalhófsreglu, sbr. 7. mgr. 4. gr. Almenna reglan er því sú að stefna ber að því að úrræði skv. 1. mgr. vari í sem skemmstan tíma og að barn snúi aftur til foreldra sinna. Það er þó ljóst að þarfir og hagsmunir barna geta kallað á ráðstafanir til lengri tíma. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að með tilliti til hagsmuna barns geti fóstur eða vistun varað þar til barn verður lögráða. Kemur þetta í staðinn fyrir sérstaka skilgreiningu á varanlegu fóstri í kafla um ráðstöfun barna í fóstur, sbr. núgildandi lög. Vísast hér til athugasemda við XII. kafla frumvarpsins um fóstur. Nauðsynlegt þykir að gera ráð fyrir að úrræði geti varað þar til barn verður lögráða, fyrst og fremst til að tryggja stöðugleika í lífi barns þegar það á við, sbr. 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Við framkvæmd þessa er gert ráð fyrir að ráðstöfun barns í fóstur verði algengasta úrræðið. Ekki þykir rétt að útiloka að önnur úrræði verði nýtt. Ljóst er að úrræði sem eru í eðli sínu tímabundin, svo sem vistun til greiningar eða meðferðar, koma tæpast til greina en hér gæti komið til álita að vista barn á sambýli eða beita sambærilegu úrræði.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um stöðu barns sem ekki hefur náð 15 ára aldri. Við þær aðstæður ber ávallt að gefa barni tækifæri til að tala máli sínu fyrir nefndinni með liðsinni sérstaks talsmanns ef því er að skipta.

Í 4. mgr. er fjallað um samþykki foreldra fyrir ráðstöfunum samkvæmt greininni. Þar kemur fram að fari foreldrar sem búa ekki saman sameiginlega með forsjá samkvæmt ákvæðum barnalaga þurfi samþykki beggja foreldra til ráðstafana sem fela í sér vistun barns utan heimilis. Til samanburðar er hér bent á ákvæði 3. mgr. 24. gr. þar sem eingöngu er gerð krafa um samþykki foreldris sem barn býr hjá. Ráðstafanir samkvæmt þessari grein eru aftur á móti mun viðameiri og því þykir rétt að gera ráð fyrir samþykki beggja foreldra þegar forsjá er sameiginleg. Þó er gert ráð fyrir að samþykki foreldris sem barn býr hjá sé nægilegt ef fyrir liggur samþykki barns sem orðið er 15 ára. Í þeim tilvikum skal leita umsagnar hins foreldrisins.

Um 26. gr.

Í greininni er mælt fyrir um úrræði sem barnaverndarnefnd er heimilt að grípa til án samþykkis og gegn vilja foreldra. Þessi þvingunarúrræði miðast við að barn búi áfram á heimili sínu en beiting þeirra yrði oftast liður í frekari meðferð málsins af hálfu barnaverndarnefndar. Ákvæðið er að hluta til sambærilegt við ákvæði 24. gr. gildandi laga. Úrræðin sem greinin mælir fyrir um eiga við ef úrræði skv. 24. og 25. gr. hafa ekki skilað árangri eða eftir atvikum barnaverndarnefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að þau séu ófullnægjandi. Þetta er í samræmi við þá reglu að ávallt skuli fyrst freista þess að beita þeim úrræðum fyrst sem skemmst ganga. Barnaverndarnefnd tekur ákvarðanir skv. a–c-lið 1. mgr. með úrskurði.

Samkvæmt a-lið getur barnaverndarnefnd kveðið á um eftirlit með heimili. Ákvæðið er samhljóða a-lið 24. gr. gildandi laga. Eftirlit með heimili felur í sér reglulegar heimsóknir barnaverndarnefndar á heimili. Einnig er mögulegt að beita þessu úrræði með öðrum hætti, t.d. með því að fylgjast með barni með öflun upplýsinga frá dagvistarheimili, leikskóla eða öðrum sem kunna um að bera. Eftirlit með barni á þessum stofnunum hefur talsverða þýðingu í framkvæmd.

Samkvæmt b-lið getur nefndin gefið fyrirmæli um aðbúnað og umönnun barns, svo sem dagvistun þess, skólasókn, læknisþjónustu, meðferð eða þjálfun. Fyrirmæli af þessu tagi eru raunhæf varðandi ytri aðbúnað barns, eins og dagvistun, læknismeðferð o.s.frv. Þótt svo eigi að heita að slík fyrirmæli séu sett fram gegn vilja foreldra sýnir reynslan að erfitt er að koma þeim í framkvæmd gegn eindreginni andstöðu þeirra. Í reynd þjóna slík fyrirmæli því oft fyrst og fremst því markmiði að gefa foreldrum kost á að fara að fyrirmælum barnaverndarnefndar um tiltekin atriði áður en gripið er til harkalegri ráðstafana. Þrátt fyrir augljósa erfiðleika við að framfylgja slíkum fyrirmælum gegn vilja foreldra þykir rétt að gera ráð fyrir þeim hér. Samsvarandi ákvæði er í b-lið 24. gr. gildandi laga.

Í c-lið kemur fram að barnaverndarnefnd getur ákveðið að ekki megi fara með barn úr landi. Ákvæðið samsvarar e-lið 24. gr. gildandi laga. Hliðstætt ákvæði er í 41. gr. barnalaga nr. 20/1992. Gert er ráð fyrir að unnt sé að beita þessu eftir að barnaverndarmál er hafið ef barnaverndarnefnd telur að barnið geti verið í hættu og að hagsmunum þess verði ekki borgið með öðrum hætti. Með tilliti til þessa er unnt að beita ákvæðinu meðan á könnun máls stendur, meðan unnið er að gerð áætlunar skv. 23. gr. eða eftir atvikum eftir að ákvarðanir hafa verið teknar um beitingu úrræða. Rétt er að taka fram að fjallað er um fyrirhugaðan flutning barns úr landi í 39. gr. barnalaga nr. 20/1992. Samkvæmt ákvæðinu getur dómstóll eða dómsmálaráðuneyti mælt svo fyrir að ósk annars foreldris að eigi megi fara með barn úr landi meðan forsjármáli hefur eigi verið ráðið til lykta. Er hér almennt um annars konar mál að ræða en gert er ráð fyrir í c-lið 26. gr. frumvarpsins þar sem leggja þarf sérstakt mat á það hvort barni sé hætta búin.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ráðstafanir skv. a-, b- og c-lið skuli ávallt vera tímabundnar og eigi standa lengur en þörf krefur. Þær ber að endurskoða eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

Samkvæmt 3. mgr. eru úrskurðir barnaverndarnefndar samkvæmt þessari grein kæranlegir til kærunefndar barnaverndarmála.

Um 27. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um heimildir barnaverndarnefndar til að úrskurða um vistun barns utan heimilis í þeim tilvikum þegar ekki liggur fyrir samþykki foreldris og/eða barns sem náð hefur 15 ára aldri. Gert er ráð fyrir að uppfyllt séu sömu skilyrði og getið er um í 1. mgr. 26. gr., þ.e. að úrræði skv. 24. og 25. gr. hafi ekki skilað árangri eða eftir atvikum barnaverndarnefnd komist að þeirri niðurstöðu að þau séu ófullnægjandi. Ákvæði greinarinnar koma í stað

22. gr. og c-liðar 24. gr. gildandi laga en það endurspeglar sem fyrr er rakið að ekki er lengur gerður greinarmunur á úrræðum fyrir börn í hættu vegna eigin hegðunar og öðrum ástæðum afskipta.

Samkvæmt a-lið getur barnaverndarnefnd ákveðið að barn skuli vera kyrrt á þeim stað þar sem það dvelst í allt að tvo mánuði. Hér er fyrst og fremst átt við þær aðstæður ef foreldrar hafa samþykkt ráðstafanir skv. 1. mgr. 25. gr. Vera má að foreldrum snúist hugur en barnaverndarnefnd meti það svo að hagsmunum barns sé best borgið með áframhaldandi vistun. Barnaverndarnefnd getur kveðið á um slíka vistun í allt að tvo mánuði. Ef vistun barns þarf að standa lengur verður nefndin að afla sér dómsúrskurðar. Tveir mánuðir þykja hæfilegur tími til að meta stöðu og þarfir barns, taka ákvörðun um hvort barn skuli snúa heim eða nauðsyn þess að grípa til annarra ráðstafana, svo sem vistunar til frekari meðferðar.

Í b-lið er kveðið á um töku barns af heimili í allt að tvo mánuði og nauðsynlegar ráðstafanir í framhaldi af því, svo sem ráðstöfun þess á fóstur- eða vistheimili, meðferðarheimili eða stofnun til að tryggja öryggi barns eða til að unnt sé að gera viðeigandi rannsókn á barni eða veita því nauðsynlega meðferð og aðhlynningu. Hér er gert ráð fyrir að unnt sé að grípa til allra þeirra úrræða sem lögin mæla fyrir um eftir því sem talið er henta barni best hverju sinni.

Í 2. mgr. er tekið fram að foreldrum eða barni sem náð hefur 15 ára aldri sé heimilt að bera ákvörðun barnaverndarnefndar á grundvelli a- og b-liðar undir dóm. Í þessu felst að þótt barnaverndarnefnd geti sjálf, án atbeina dómstóla, með úrskurði kveðið á um þessar ráðstafanir, eiga foreldrar eða barn sem náð hefur 15 ára aldri alltaf rétt á að bera þær undir dómstóla, enda þótt þeim sé ekki ætlað að standa lengur en tvo mánuði. Krafa um niðurfellingu ákvörðunar barnaverndarnefndar þarf að hafa komið fram innan fjögurra vikna. Tekið er fram í ákvæðinu að málskot komi ekki í veg fyrir að úrskurður barnaverndarnefndar komi til framkvæmda.

Um 28. gr.

Greinin er reist á því að barnaverndarnefndir hafi eingöngu heimild til að taka ákvarðanir um vistun barna utan heimilis í tiltekinn tíma en verði að bera kröfu um lengri vistun undir dómstóla. Þar kemur fram í 1. mgr. að barnaverndarnefnd ber að afla sér úrskurðar dómara ef vistun barns utan heimilis gegn vilja foreldris eða barns sem orðið er 15 ára á að standa lengur en tvo mánuði. Um meðferð mála fyrir dómi samkvæmt þessari málsgrein fer samkvæmt ákvæðum XI. kafla frumvarpsins. Dómari getur úrskurðað um slíka vistun í allt að 12 mánuði í senn. Hægt er að krefjast framlengingar, sbr. nánar ákvæði 2. mgr.

Í 2. mgr. kemur fram að ef krafist er framlengingar vistunar eða sett fram krafa um forsjársviptingu skv. 29. gr., haldist ráðstöfun þar til úrskurður eða dómur hefur gengið. Með þessu er tryggt að unnt er að halda vistun áfram þótt 12 mánuðir séu liðnir ef krafa hefur komið fram um framlengingu eða mál verið höfðað til forsjársviptingar áður en vistunartíminn rennur út.

Eðlilegt þykir að gera ráð fyrir úrskurði dómara við þær aðstæður sem greinin lýsir. Ákvörðun felur í sér að foreldrar eru sviptir rétti til að ráða persónulegum högum barna sinna um lengri tíma. Miða ber við að foreldrar haldi lögráðum sínum yfir barni að öðru leyti og beri aðrar skyldur gagnvart barni, svo sem framfærsluskyldu. Ákvörðun um vistun samkvæmt þessari grein felur því ekki í sér eiginlega forsjársviptingu eða sviptingu lögráða yfir barni að öllu leyti. Vistun skal aldrei standa lengur en nauðsyn krefur. Hæfilegt þykir að miða við að vistun geti staðið í allt að 12 mánuði í senn. Við fyrsta dómsúrskurð telst þá með sá tími sem vistun hefur varað skv. 27. gr. ef um það er að ræða. Ef þörf er talin á að vistun standi lengur ber að afla dómsúrskurðar að nýju.

Um 29. gr.

Í 29. gr. ræðir um sviptingu forsjár. Eins og fyrr er rakið í almennum athugasemdum er hér gerð sú meginbreyting að lagt er til að barnaverndarnefnd geri kröfu fyrir dómi um að foreldri verði svipt forsjá. Um rökin fyrir þessu vísast til þess sem fyrr segir. Að öðru leyti eru skilyrði ákvæðisins sambærileg við það sem er í gildandi lögum, sbr. 25. gr.

Þannig segir í 1. mgr. að barnaverndarnefnd geti krafist þess fyrir dómi að foreldrar, annað eða bæði, skuli svipt forsjá barns. Nánari skilyrði eru sett fram í a–d-lið 1. mgr. og nægir að eitt þeirra sé uppfyllt. Þau eru:

a. Að daglegri umönnun, uppeldi eða samskiptum foreldra við barnið sé alvarlega ábótavant með hliðsjón af aldri þess og þroska.
b. Að barni sem er sjúkt eða fatlað sé ekki tryggð viðeigandi meðferð, þjálfun eða kennsla.
c. Að barni sé misþyrmt, misboðið kynferðislega eða það megi þola alvarlega andlega eða líkamlega áreitni eða niðurlægingu á heimilinu.
d. Fullvíst má telja að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska þess geti verið hætta búin sökum þess að foreldrar eru augljóslega vanhæfir til að fara með forsjá, svo sem vegna vímuefnaneyslu, geðrænna truflana, greindarskorts eða hegðun foreldra sé líkleg til að valda barni alvarlegum skaða.

Þessi skilyrði hafa verið orðuð með svipuðum hætti í eldri barnaverndarlögum og allnokkur reynsla er komin á beitingu þeirra. Ekki er gert ráð fyrir að túlkun þeirra og framkvæmd breytist þótt í frumvarpinu sé gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd setji fram kröfu fyrir dómi, í stað þess að kveða sjálf upp úrskurð um sviptingu eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Í því felst að ekki er gert ráð fyrir að þau verði túlkuð rýmra af hálfu nefndanna en hingað til hefur verið gert þótt úrlausnarvaldið hverfi til dómstóla ef frumvarp þetta verður að lögum. Í samræmi við þetta er áréttað í 2. mgr. að kröfu um sviptingu forsjár skuli því aðeins gera að ekki sé unnt að beita öðrum mildari úrræðum til úrbóta eða slíkar ráðstafanir hafi verið reyndar án viðunandi árangurs. Dómari metur hvort skilyrðum 1. mgr. til forsjársviptingar er fullnægt og er hann að sjálfsögðu ekki á neinn hátt bundinn af mati nefndarinnar á þörf fyrir sviptingu.

Í 3. mgr. er áréttað að mál til sviptingar forsjár sæti meðferð samkvæmt þeim reglum sem fram koma í X. kafla frumvarpsins, sbr. nánar athugasemdir við ákvæði þess kafla.

Vakin er athygli á að ákvæði 2. mgr. 25. gr. gildandi barnaverndarlaga um sviptingu forsjár yfir nýfæddum börnum er ekki að finna í frumvarpinu. Ekki er talin sérstök þörf á þessu jafnframt ákvæðum sem mæla fyrir um afskipti nefndanna af þunguðum konum, sbr. 3. mgr. 20. gr. og 30. gr. frumvarps þessa. Með þeim ákvæðum skapast skilyrði til afskipta nefndar af þungaðri konu, en þau afskipti geta einnig verið undanfari sviptingar strax eftir að barn fæðist, ef aðstæður eru metnar svo að móðirin sé ófær um að annast um barn. Um skilyrði fyrir sviptingu forsjár yfir nýfæddu barni gilda að öðru leyti sömu skilyrði og endranær.

Um 30. gr.

Ákvæði 30. gr. er nýmæli, sbr. það sem áður hefur komið fram í athugasemdum við 3. mgr. 21. gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd sé heimilað, í samráði við hina þunguðu konu, að beita úrræðum skv. 24. og 25. gr. eftir því sem þau geta átt við í slíkum tilvikum. Hugsanlegt er að hin væntanlega móðir sé undir lögræðisaldri. Við slíkar aðstæður er gert ráð fyrir að unnt sé að beita úrræðum skv. 24. gr. gegn vilja hennar, í samræmi við þá málsmeðferð sem þar er mælt fyrir um.

Ef aðstæður eru þannig að hin væntanlega móðir hefur náð lögræðisaldri, en sýnir engan vilja til samstarfs við barnaverndarnefnd og stefnir lífi og heilsu sinni og hins ófædda barns í augljósa hættu með líferni sínu, eiga hin almennu úrræði samkvæmt öðrum ákvæðum barna-

verndarlaga illa við. Þar sem um lögráða einstakling er að ræða þykir heldur ekki eiga við að mæla fyrir um sérstök úrræði barnaverndarnefnda í slíkum tilvikum. Því er farin sú leið að gera ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti, telji hún ástæðu til, sett fram kröfu um að hin þungaða kona verði svipt lögræði. Með sviptingu lögræðis, í þessu tilviki sjálfræðis, skapast grundvöllur til að vista hana á stofnun til aðhlynningar og meðferðar. Bent er á að í d-lið 2. mgr. 7. gr. lögræðislaga, nr. 71/1997, kemur fram að meðal sóknaraðila máls til sviptingar lögræðis geti verið félagsmálastofnun eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar á dvalarstað varnaraðila, þegar talið er réttmætt að gera kröfuna vegna tilmæla aðila sjálfs, vandamanna, læknis hans eða vina, eða vegna vitneskju um hag aðila er fengist hefur á annan hátt. Um málsmeðferð gilda ákvæði lögræðislaga. Í því felst m.a. að það er dómari sem á endanum á mat um það hvort aðstæður væntanlegrar móður séu með þeim hætti að skilyrði séu til að svipta hana lögræði. Þá eiga önnur ákvæði lögræðislaga um réttarstöðu lögræðissviptra manna að sjálfsögðu við í þessum tilvikum. Sérstök ástæða er til að benda á að skv. 1. mgr. 5. gr. lögræðislaga getur svipting lögræðis, þar með talin svipting sjálfræðis, verið tímabundin. Tímabundin lögræðissvipting fellur sjálfkrafa niður að sviptingartímanum liðnum. Vera má að við þær aðstæður sem frumvarpsgreinin tekur til muni tímabundin svipting oftast nægja. Enn fremur er bent á að ákvæði lögræðislaga um nauðungarvistun geta að sjálfsögðu átt við um þungaðar konur, enda sé skilyrðum laganna að öðru leyti fullnægt.

Um 31. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um neyðarráðstafanir. Þar kemur fram að ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun sem heyrir undir barnaverndarnefnd getur formaður hennar eða starfsmaður í umboði hans framkvæmt hana án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla. Þær ráðstafanir sem hér koma aðallega til skoðunar eru þær sem varða töku barns af heimili, kyrrsetningu þess á stað þar sem það er o.s.frv. Er þá gert ráð fyrir að formaður eða starfsmaður í umboði hans geti framkvæmt ráðstöfun án undangenginnar málsmeðferðar.

Í 2. mgr. ræðir um framhald málsins. Barnaverndarnefnd ber í fyrsta lagi að taka málið til meðferðar án tafar. Til greina kemur að samkomulag náist við foreldra og eftir atvikum barn um áframhaldandi ráðstöfun og í þeim tilvikum er ekki gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd kveði upp sérstakan úrskurð. Ef barnaverndarnefnd telur hins vegar þörf áframhaldandi ráðstöfunar, en samþykki aðila liggur ekki fyrir, verður nefndin að kveða upp úrskurð innan 14 daga frá því að formaður eða starfsmaður í umboði hans tók ákvörðun. Kemur hér fyrst og fremst til álita úrskurður skv. 27. gr. Ef úrskurður nefndarinnar liggur ekki fyrir innan tilskilins tíma fellur bráðabirgðaráðstöfunin úr gildi. Hér er um að ræða nokkra breytingu frá því sem mælt er fyrir um í 47. gr. gildandi laga þar sem miðað er við að leggja beri ákvörðun formanns eða starfsmanns fyrir nefndina til staðfestingar. Telja verður að það hafi ekki sérstaka þýðingu að ákvörðun formanns eða starfsmanns í umboði hans sé staðfest. Eðlilegra þykir að nefndin taki einfaldlega ákvörðun innan tiltekins tíma um framhald málsins.

Ef neyðaraðstæður eru taldar vera fyrir hendi er heimilt að fara inn á heimili þrátt fyrir ákvæði 43. gr., enda sé ástæða til að ætla að barn sé í bráðri hættu.

Um 32. gr.

Í greininni ræðir um skipan forsjár og lögráð barns sem tekið hefur verið úr forsjá og umsjá foreldra. Í 1. mgr. kemur fram að hafi foreldrar verið sviptir forsjá barns hverfur forsjá þess til barnaverndarnefndar. Miðað er við að barnaverndarnefnd fari með lögráð barnsins þar til hún ákveður annað. Þá getur barnaverndarnefnd enn fremur óskað eftir því að yfirlögráðandi skipi barni sérstakan lögráðamann, þar með talinn fjárhaldsmann, ef það er talið í þágu hagsmuna

barnsins. Um forsjá barna sem sett eru í fóstur samkvæmt ákvæðum XII. kafla frumvarpsins fer samkvæmt ákvæðum þess kafla.

Í framkvæmd hefur oft verið ýmsum vandkvæðum bundið að skipa lögráðamenn fyrir börn en úr þessu hefur að einhverju leyti verið bætt með ákvæði 62. gr. lögræðislaga nr. 71/1997 sem m.a. felur í sér að yfirlögráðandi getur ákveðið að skipaður lögráðamaður fái sanngjarna þóknun fyrir störf sín sem greiðist úr ríkissjóði. Rétt þykir þó að gera ráð fyrir að lögráð barnsins verði hjá barnaverndarnefnd þar til hún ákveður annað, enda er það nefndin sem í reynd ber ábyrgð á velferð barnsins eftir að það hefur verið tekið úr forsjá foreldra sinna.

Í 2. mgr. er tekið fram að barnaverndarnefnd tekur forsjá barns í sínar hendur ef það verður forsjárlaust af öðrum ástæðum og hlutast á sama hátt til um að því verði skipaður lögráðamaður, sbr. 1. mgr. Hér t.d. átt við ef barn verður forsjárlaust vegna andláts foreldra.

Um 33. gr.

Í greininni ræðir um umsjá barna sem tekin hafa verið af heimili samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Barnaverndarnefnd skal skv. 1. mgr. þegar gera ráðstafanir til að tryggja barni góða umsjá. Hafa ber í huga að þessar ráðstafanir fela ekki allar sjálfkrafa í sér að foreldrar hafi verið sviptir forsjá, sbr. t.d. 25. gr. og b-lið 1. mgr. 27. gr. Allt að einu er mikilvægt að leggja þá skyldu á herðar barnaverndarnefndar að tryggja barni, sem tekið hefur verið af heimili, góða umsjá. Í framkvæmd er það oft svo að slík umsjá hefur verið tryggð áður en barn er tekið af heimili sínu. Barnaverndarnefnd skal gera skriflega áætlun um hvernig umsjá barns verði tryggð, svo sem um hvernig vistun er fyrirhuguð og hversu lengi, markmið með vistun og stuðning meðan vistun varir.

Í 2. mgr. er sett fram sú meginregla að leitast skuli við að finna systkinum sameiginlegar lausnir í samræmi við þarfir þeirra og hagsmuni. Ekki er unnt að kveða fastar að orði, enda getur verið mjög erfitt að finna slíkar lausnir, auk þess sem hagsmunir barnanna þurfa ekki alltaf að vera best tryggðir með þeim hætti, t.d. vegna mismunandi þarfa þeirra.

Í 3. mgr. ræðir um réttarstöðu foreldris sem svipt hefur verið forsjá samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Byggt er á þeirri grundvallarreglu að foreldri sem svipt hefur verið forsjá hafi ekki lengur rétt til íhlutunar um málefni barnsins og eigi ekki aðild að ákvörðunum um frekari ráðstafanir í barnsins þágu. Í þessu felst m.a. að foreldri á ekki skilyrðislausan rétt til að fá upplýsingar um ráðstafanir eða til aðgangs að gögnum og ekki ber að leita eftir samráði þess um aðgerðir. Í samræmi við þetta byggist 3. mgr. á því að foreldrar sem hafa verið sviptir forsjá barns eiga ekki aðild að málum sem varða ákvarðanir um úrræði því til handa, að undanskildum málum sem varða ákvörðun um umgengnisrétt. Þetta er eðlileg regla. Í forsjársviptingunni felst að foreldrar eru sviptir öllum rétti til að taka ákvarðanir fyrir hönd barna sinna. Eina undantekningin frá þessu eru ágreiningsmál sem varða umgengnisrétt þeirra.

Um 34. gr.

Í greininni ræðir um endurskoðun ráðstafana. Í 1. mgr. er kveðið á um afturköllun samþykkis fyrir tímabundnum úrræðum skv. 25. gr. frumvarpsins. Er þá einfaldlega gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti gripið til annarra úrræða gegn vilja foreldra, sbr. nánar ákvæði 26.–29. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. ræðir um tvenns konar aðstæður. Í fyrsta lagi þá aðstöðu þegar foreldri, og/eða eftir atvikum barn, vill draga til baka samþykki sitt fyrir ráðstöfunum skv. 25. gr. sem hefur verið ætlað að vara þar til barn verður lögráða. Er miðað við að aðili geri kröfu fyrir dómi ef barnaverndarnefnd vill ekki fallast á slíka málaleitan. Í öðru lagi er í málsgreininni fjallað um það

þegar foreldrar vilja fá breytt eldri dómi um sviptingu forsjár. Í slíku tilfelli verður einnig að höfða mál fyrir dómi, enda samþykki barnaverndarnefnd ekki slíka breytingu.

Í 3. mgr. er nánar mælt fyrir um skilyrði breytinga o.fl. Fram kemur að krafa skv. 2. mgr. verði því aðeins tekin til greina að breyting þyki réttmæt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til hags og þarfa barnsins. Ákvæðið er orðað með hliðstæðum hætti og ákvæði 35. gr. barnalaga nr. 20/1992. Þá er sett fram sú regla í 3. mgr. að hafi foreldri verið svipt forsjá sé einungis hægt að gera kröfu um breytingu á forsjá að liðnir séu hið skemmsta 12 mánuðir frá því að dómstóll leysti síðast úr máli með endanlegum dómi. Samkvæmt þessu getur dómari vísað máli frá ef það er höfðað innan þessara tímamarka. Rökin að baki þessari reglu eru augljós. Með henni er komið í veg fyrir endurtekin og samfelld málaferli þar sem krafa um breytingu er sett fram strax í kjölfar endanlegs dóms. Slíkt er til þess fallið að skapa óróleika og óvissu um framtíð barns og raska þeim stöðugleika í lífi þess sem ávallt ber að leitast við að varðveita. Á hinn bóginn þykir ekki verða hjá því komist að gera ráð fyrir að foreldrar sem sviptir hafa verið forsjá hafi leiðir til að fá því breytt ef aðstæður þeirra hafa breyst til hins betra og breyting er að öðru leyti talin í samræmi við hagsmuni barnsins. Við beitingu þessa ákvæðis má hafa til hliðsjónar 35. gr. barnalaga, nr. 20/1992.

Um VII. kafla.

Í kaflanum eru ýmis ákvæði um aðrar ráðstafanir barnaverndarnefnda en þær sem taldar eru í VI. kafla. Rétt þykir að skipa þessum ákvæðum í sérstakan kafla þar sem þessar ráðstafanir eru nokkurs annars eðlis en þær sem um ræðir í VI. kafla. Breytt framsetning ákvæðanna þykir skýrari en í gildandi lögum. Rétt er að benda sérstaklega á tvö mikilvæg nýmæli í kaflanum. Í fyrsta lagi 36. gr. um rétt Barnaverndarstofu og fleiri aðila til upplýsinga úr sakaskrá vegna manna sem gerst hafa sekir um brot sem eiga undir nánar tiltekin ákvæði almennra hegningarlaga. Í öðru lagi er ástæða til að benda á ákvæði 37. gr. um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann, en hið síðarnefnda er nýmæli í barnaverndarlögum.

Um 35. gr.

Ákvæði greinarinnar eiga sér að nokkru hliðstæðu í 23. gr. gildandi laga, sbr. einkum 2. mgr. Í gildandi lögum segir þó aðeins að barnaverndarnefnd skuli í tilvikum sem þeim sem lýst er í ákvæðinu grípa til nauðsynlegra aðgerða án þess að nánar sé tilgreint hverjar þær skuli vera. Í frumvarpsgreininni er leitast við að skýra þetta frekar. Í ákvæðinu kemur fram að fái barnaverndarnefnd vitneskju um að framkomu manns, sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn, sé stórlega ábótavant, skuli nefndin, ef hún telur tilefni til, hefja könnun málsins. Hér undir gæti t.d. fallið einelti af hálfu starfsmanns, ruddaleg, óviðurkvæmileg, ofbeldisfull eða ógnandi framkoma. Ákvörðun um könnun ber að tilkynna viðkomandi starfsmanni og vinnuveitanda hans ef við á. Nefndin skal síðan tilkynna um niðurstöður könnunar til starfsmanns og vinnuveitanda hans og setja fram tillögur til úrbóta. Ákvæðið á einkum við um starfsmenn leikskóla, skóla, sumarbúða fyrir börn, tómstundamiðstöðva fyrir börn og þess konar staða þar sem börn koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma. Vakin er athygli á að með 1. mgr. eru barnaverndarnefndum ekki fengnar beinar heimildir til að grípa til sértækra úrræða eða þvingunarráðstafana. Heimildin nær eingöngu til þess að rannsaka málið og til þess að tilkynna um niðurstöður könnunar til vinnuveitanda. Það er síðan vinnuveitanda að taka frekari ákvarðanir eftir því sem hann telur niðurstöður könnunar gefa tilefni til, svo sem um áminningu, tilflutning í starfi eða eftir atvikum brottrekstur ef ávirðingar eru taldar nægilega miklar. Ef ætla má að framkoma manns í garð barns sé slík að varðað geti hann refsingu samkvæmt ákvæðum hegningarlaga eða annarra laga getur nefnd, og eftir atvikum vinnuveitandi,

tilkynnt um niðurstöður könnunar til lögreglu. Til álita getur komið að beita þessu ákvæði þó ekki liggi fyrir hvort eða hvaða einstök börn hafi orðið fyrir tjóni. Rétt er að leggja áherslu á að barnaverndarnefndir geta enn fremur þurft að beita þessu ákvæði jafnhliða vinnslu barnaverndarmáls um mál tiltekins barns þegar það á við.

Um 36. gr.

Ákvæði greinarinnar miða að því að unnt sé að grípa til ráðstafana í því skyni að vernda börn gegn hættum sem þeim kunna að stafa af dæmdum kynferðisbrotamönnum. Rannsóknir hafa sýnt að nokkur hluti kynferðisbrotamanna er líklegur til að endurtaka brot sín. Af þessum sökum þykir réttmætt vegna hagsmuna barna að unnt sé að fylgjast með aðsetri þeirra á hverjum tíma og jafnvel grípa til tiltekinna ráðstafana ef ríkar ástæður eru fyrir hendi, t.d. að freista þess að slíkir menn sinni ekki störfum sem feli í sér umgengni við börn, umsjón og ábyrgð á þeim. Nefndin hefur kannað löggjöf um þetta efni í nokkrum löndum og eru ákvæði greinarinnar að nokkru leyti byggð á hliðstæðum sjónarmiðum og í löggjöf annarra ríkja.

Á síðasta áratug hafa verið sett lög í nokkrum löndum, t.d. Bretlandi og Bandaríkjunum, sem miða að því að unnt sé að fylgjast með dæmdum kynferðisbrotamönnum. Lengst hafa Bandaríkjamenn gengið í þessum efnum en árið 1996 tóku gildi sérstök lög um almenna tilkynningarskyldu dæmdra kynferðisbrotamanna, svonefnd „Megan's Law“. Um er að ræða alríkislög sem skylda öll 50 ríki Bandaríkjanna til að lögleiða lágmarksákvæði til að láta almenningi í té upplýsingar um þá kynferðisbrotamenn sem álitið er að hætta geti stafað af. Dæmdum kynferðisbrotamönnum er þá gert skylt að tilkynna yfirvöldum um heimilisfang sitt þegar að lokinni afplánun og síðan ætíð þegar þeir hafa aðsetursskipti. Einstök ríki Bandaríkjanna hafa útfært lögin með ólíkum hætti og er sums staðar gengið mjög langt í þessum efnum. Í sumum ríkjum gengur lögregla í hús í nágrenni hins dæmda og gerir barnafjölskyldum viðvart, lætur í té upplýsingar um eðli brots og nafn og heimilisfang viðkomandi og jafnvel andlitsmynd. Þá er algengt að persónuupplýsingum um dæmda kynferðisbrotamenn (svonefnd „sex offender registry“) sé komið fyrir á veraldarvefnum í því skyni að gera þær aðgengilegar öllum sem vilja. Gjarnan fylgir þá eins konar „hættumat“ þar sem brotamenn eru flokkaðir eftir því hvort af þeim kunni að stafa mikil, miðlungs eða lítil hætta („high risk“, „medium risk“ og „low risk“) og er þekktum aðferðum beitt við þetta mat. Megans-lögin eru mjög umdeild í Bandaríkjunum og ekki síst sú framkvæmd sem lengst gengur og hér hefur verið greint frá. Fagfólk á þessu sviði er almennt andvígt þessu fyrirkomulagi sem komið var á í tilfinningahita í kjölfar tiltekinna atburða sem settu mark sitt á bandarísku þjóðina. Nefndin telur að ákvæði um tilkynningarskyldu til almennings um kynferðisbrotamenn hliðstæð þeim sem hér hefur verið greint frá eigi ekki erindi í lög á Íslandi.

Árið 1997 tóku gildi í Bretlandi sérstök lagaákvæði um skráningu dæmdra kynferðisbrotamanna (Sex Offenders Register). Þau eru sambærileg bandarísku lagareglunum að því er varðar skyldu dæmdra kynferðisbrotamanna til að tilkynna aðsetur sitt til lögregluyfirvalda. Í lögunum er þó ekki að finna almennar heimildir, hvað þá skyldu, til að tilkynna almenningi um aðsetur dæmdra kynferðisbrotamanna. Aftur á móti eru heimildir til að miðla upplýsingum um þá kynferðisbrotamenn sem talið er að veruleg hætta stafi af til barnaverndaryfirvalda svo og í sérstökum tilvikum til stofnana sem sinna börnum sérstaklega, t.d. skóla. Þá eru þröngar heimildir fyrir hendi til að upplýsa almenning, t.d. þegar kynferðisbrotamaður býr undir sama þaki og börn. Þá eru enn fremur í breskum lögum ákvæði sem miða að því að kynferðisbrotamönnum verði bannað að sinna störfum sem hafa í för með sér samskipti við börn án eftirlits annarra (unsupervised access to children).

Reglur sem stefna að sama marki er víðar að finna þótt skemmra gangi. Þannig má nefna að með lögum frá 4. júní 1999 nr. 35 voru gerðar nokkrar breytingar á norsku barnaverndarlögunum, m.a. á grein 6–10. Samkvæmt ákvæðinu ber þeim sem ráðnir eru til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum eða stofnunum sem sinna málefnum sem eiga undir barnavernd að leggja fram sakavottorð (politiattest). Hið sama gildir um fósturforeldra. Jafnframt er hægt að krefjast slíks vottorðs vegna annarra sem búa á heimili fósturforeldra. Tekið er fram að í vottorðinu skuli koma fram hvort menn hafa verið dæmdir samkvæmt tilteknum ákvæðum hegningarlaga og að óheimilt sé að ráða þá til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum eða stofnunum sem sinna barnavernd. Þau ákvæði norsku hegningarlaganna sem vísað er til samsvara þeim ákvæðum íslensku hegningarlaganna sem vísað er til hér að neðan, sbr. lög nr. 19/1940. Í Noregi er einnig að finna sérákvæði í lögum um leikskóla, grunnskóla og víðar sem innihalda sams konar bann.

Ákvæði frumvarpsins byggjast á áþekkum sjónarmiðum og að framan eru rakin en ganga þó mun skemmra en hinar bandarísku og bresku reglur sem að framan eru raktar. Má segja að leiðin sem lögð er til í þessu frumvarpi svipi mest til þeirrar norsku, þótt útfærslan sé önnur, að því leyti að gert er ráð fyrir aðgangi að upplýsingum að gefnu tilefni í stað þess að gera kröfu um að sakavottorð verði alltaf lagt fram. Þá gera norsku lögin ekki ráð fyrir upplýsingaöflun af því tagi sem 1. mgr. greinarinnar mælir fyrir um.

Í 1. mgr. greinarinnar er farin sú leið að tryggja Barnaverndarstofu aðgang að upplýsingum úr sakaskrá um menn sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot sem eiga undir XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, þegar brot beinist gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri. Sum ákvæðanna eru að vísu þess eðlis að þau eiga eingöngu við þegar verknaður beinist gegn einstaklingum undir ákveðnum aldursmörkum. Önnur eru aftur á móti ekki bundin við það, svo sem 194. gr. Þykir því rétt að afmarka þetta með þeim hætti sem hér er lagt til. Með slíkri upplýsingaöflun gefst Barnaverndarstofu jafnframt kostur á að fá upplýsingar um þá sem taldir eru sérstaklega hættulegir. Stofan getur jafnframt tilkynnt viðkomandi barnaverndarnefnd flytji í umdæmi hennar maður sem það á við um. Í ákvæðinu er jafnframt gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti tilkynnt öðrum um mann sem ákvæðið á við um, en þá þarf hún að fá til þess samþykki Barnaverndarstofu. Hér koma fyrst og fremst til greina heimilismenn þar sem viðkomandi maður hefur aðsetur, ef börn eru á heimilinu. Einnig gætu hér komið til greina nágrannar viðkomandi ef þeir eiga börn sem telja má að geti verið í hættu. Árétta ber að þessi réttur til að tilkynna öðrum, sem skýra verður þröngt, dregur ekki á nokkurn hátt úr skyldu barnaverndarnefnda til að kanna málið frekar sem barnaverndarmál, ef veruleg hætta er talin stafa af manni og skilyrði eru fyrir hendi að öðru leyti til að hefja könnun máls sem barnaverndarmáls.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að óheimilt sé að ráða til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum, eða öðrum stofnunum þar sem barnaverndarstarf fer fram, menn sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn þeim ákvæðum almennra hegningarlaga sem talin eru hér að framan. Bent er á að bannið tekur eingöngu til barnaverndaryfirvalda og stofnana sem sinna barnaverndarstarfi, hvort sem þær eru einkareknar eða reknar af ríki eða sveitarfélögum. Þetta er sams konar regla og í norsku lögunum.

Að sjálfsögðu kemur til athugunar hvort samsvarandi bann skuli gilda um skóla, leikskóla og dagvistarheimili fyrir börn og aðra staði þar sem börn koma saman og dveljast um lengri eða skemmri tíma, svo sem íþrótta- og tómstundamiðstöðvar o.s.frv. Ekki þykir þó fært að mæla fyrir um slíkt alhliða bann í barnaverndarlögum. Þykir eðlilegra að þetta sé gert í sérlögum um einstakar stofnanir ef vilji er til þess að setja slík bönn. Í 3. mgr. er aftur á móti farin sú leið að nánar tilgreindir aðilar geta fengið upplýsingar úr sakaskrá um það hvort tiltekinn maður sem

sótt hefur um störf á þeirra vegum hafi gerst sekur um brot sem varðar við eitthvert af framangreindum ákvæðum. Ekki er gert ráð fyrir að þessir aðilar geti fengið upplýsingar um alla sem gerst hafa sekir um slík brot, heldur aðeins hvort það á við um tiltekinn einstakling og þá aðeins að gefnu tilefni.

Um 37. gr.

Í greininni er kveðið á um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann. Þar kemur fram að ef barnaverndarnefnd þykir barni háski búinn af háttsemi eða framferði manns, svo sem vegna ofbeldis, ógnana eða hótana eða vegna vímuefnaneyslu eða annars athæfis, getur nefndin krafist þess fyrir dómi að viðkomandi verði bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðrum hætti í samband við barn. Þá er með sama hætti heimilt að krefjast þess að manni verði bönnuð dvöl á heimili ef nefndin telur að barninu geti annars liðið vel þar. Nýmælið felst í því að gert er ráð fyrir að barnaverndarnefnd geri kröfu um þessar aðgerðir fyrir dómi, í samræmi við þá málsmeðferð sem gildir samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála um nálgunarbann. Nálgunarbann er nýtt úrræði í íslenskri löggjöf, sbr. nú XIII. kafla A, 110. gr. a – 110. gr. d, í lögum um meðferð opinberra mála, sbr. 3. gr. laga nr. 94/2000. Í gildandi barnaverndarlögum er að finna ákvæði um brottvikningu af heimili, sbr. 28. gr. Ákvæði 6. mgr. 27. gr. frumvarpsins kemur í stað þess að nokkru leyti en er þó víðtækara en ákvæði gildandi laga sem tekur aðeins til brottvikningar af heimili en ekki nálgunarbanns. Þá er eins og fyrr segir ekki gert ráð fyrir því lengur að barnaverndarnefnd geti sjálf tekið ákvörðun um brottvikningu heimilismanns, heldur verður að gera um hana kröfu fyrir dómi.

Samkvæmt 110. gr. b laga um meðferð opinberra mála er gert ráð fyrir að lögregla setji fram kröfu um nálgunarbann. Í þessum frumvarpi er einnig gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti sett slíka kröfu fram, enda sé það gert til verndar barni eða börnum, en að öðru leyti fari um meðferð máls samkvæmt þeim reglum sem fram koma í lögum um meðferð opinberra mála. Ef ákvæði frumvarps þessa eru borin saman við tilvitnuð ákvæði laga um meðferð opinberra mála er ljóst að skilyrði fyrir nálgunarbanni eru ekki að öllu leyti sambærileg í þessum tilvikum. Í frumvarpi þessu er krafa um nálgunarbann og brottvikning af heimili úrræði barnaverndarnefndar til verndar börnum en ekki lögreglуaðgerð. Verður að meta hvort skilyrði eru til beitingar úrræðisins í því ljósi.

Um VIII. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefndum og fyrir kærunefnd barnaverndarmála. Ákvæði þessi eru ítarlegri en í gildandi lögum og leitast er við greiða úr ýmsum álitaefnum sem upp hafa komið við framkvæmd gildandi laga.

Um 38. gr.

Í greininni er kveðið á um tengsl stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og sérákvæða þeirra um meðferð barnaverndarmála sem frumvarpið hefur að geyma. Segir í 1. mgr. að um könnun barnaverndarmáls og málsmeðferð skuli ákvæði stjórnsýslulaga gilda með þeim frávikum sem greinir í ákvæðum frumvarpsins. Þá er sérstaklega tekið fram að málsmeðferðarreglur þessar gildi einnig, eftir því sem við á, þegar barnaverndarnefnd undirbýr ákvörðun um málshöfðun fyrir dómi til að koma fram ráðstöfunum skv. 28., 29. og 37. gr. frumvarpsins. Með þessu ákvæði er tekinn af allur vafi um það að almenn ákvæði stjórnsýslulaga gilda nema sérstaklega sé mælt fyrir um frávik í barnaverndarlögum. Ekki er að finna sambærilegt ákvæði í gildandi lögum og hefur það í framkvæmd vakið spurningar um gildissvið stjórnsýslulaga að þessu leyti. Full ástæða er því til að kveða skýrt á um þetta í barnaverndarlögum.

Vert er að benda á að í 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. stjórnsýslulaga segir að ákvæði annarra laga, sem hafa að geyma strangari málsmeðferðarreglur en þau mæla fyrir um, haldi gildi sínu. Í þessu felst að stjórnsýslulögin mæla fyrir um lágmarkskröfur til málsmeðferðar. Enn fremur leiðir af þessu að gera verður ráð fyrir því að ákvæði stjórnsýslulaga gangi framar ákvæðum annarra laga sem gera vægari kröfur. Þetta sjónarmið kemur m.a. fram í áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 1360/1995 (SUA 1996, 151). Segir í álitinu að það leiði af ákvæði 2. mgr. 2. gr. stjórnsýslulaga að barnaverndarlög víki fyrir ákvæðum stjórnsýslulaga að svo miklu leyti sem þau mæla fyrir um lakari réttarstöðu málsaðila, en að því leyti sem ákvæði barnaverndarlaga geyma strangari málsmeðferðarreglur, sem tryggja betur réttarstöðu málsaðila, gangi þau framar stjórnsýslulögum. Þetta takmarkar í reynd svigrúmið til að mæla fyrir um sérstakar málsmeðferðarreglur í barnaverndarmálum sem fælu í sér vægari kröfur um málsmeðferð en í stjórnsýslulögunum felast. Í tveimur ákvæðum frumvarps þessa er þó að finna sérákvæði sem segja má að feli í sér visst frávik frá þeim meginreglum sem stjórnsýslulögin hafa að geyma. Í fyrsta lagi í 4. mgr. 21. gr. þar sem kveðið er á um að heimilt sé að fresta tilkynningu til foreldra um að könnun sé hafin. Þetta ákvæði felur í sér nokkurt frávik frá 14. gr. stjórnsýslulaga, sem í þessu tilviki er réttlætt með því að ríkir hagsmunir barns og rannsóknarhagsmunir kunni að réttlæta það. Í öðru lagi er að finna frávik frá almennum reglum í 2. mgr. 45. gr. frumvarpsins. Þar kemur fram að barnaverndarnefnd getur með rökstuddum úrskurði ákveðið að tiltekin gögn skuli ekki afhent telji hún afhendingu þeirra geta skaðað hagsmuni barnsins. Á sama hátt getur nefndin ákveðið að aðilar og lögmenn þeirra geti kynnt sér skjöl og önnur gögn án þess að þau, eða ljósrit af þeim, séu afhent. Í þessum ákvæðum felast viss frávik frá meginreglu þeirri sem er að finna í 15. gr. stjórnsýslulaga. Það er þó frávik sem talið er rúmast innan takmarka þeirra sem greind eru í 17. gr. stjórnsýslulaga og í þessu tilviki réttlætt með því að aðgangur að upplýsingum geti haft skaðleg áhrif á samband foreldra og barns. Á þessu sjónarmiði er ákvæði frumvarpsins reist. Að öðru leyti er við það miðað að ákvæði frumvarpsins feli ekki í sér reglur sem veiti aðilum máls lakari réttarstöðu en leiða mundu af stjórnsýslulögum þótt sumar þessara reglna eigi vissulega sérstaklega við um barnaverndarmál.

Í sumum tilvikum inniheldur þessi kafli frumvarpsins ákvæði sem eru sams konar þeim sem er að finna í stjórnsýslulögum. Vekur það þá spurningu hvort ekki væri nægilegt að vísa til þessara ákvæða í stað þess að endurtaka þau í barnaverndarlögum. Í þessu sambandi er þó bent á að reglurnar í þessum kafla eru ekki jafnalmennt orðaðar og hliðstæð ákvæði stjórnsýslulaga. Er orðalaginu hagað þannig að reglurnar lúta sérstaklega að barnaverndarmálum og meðferð þeirra. Enn fremur telur nefndin að til bóta sé að hafa reglurnar einnig í barnaverndarlögum þar sem með því yrðu ákvæði laganna ítarlegri og auðveldara fyrir þá sem vinna eftir þeim að hafa heildaryfirlit yfir þær á einum stað. Leggja ber áherslu á að í þessari framsetningu felst ekki að túlka beri og beita þessum ákvæðum á þann hátt að það leiði til lakari réttarstöðu málsaðila en samkvæmt stjórnsýslulögum.

Í 2. mgr. er tekið fram að ráðherra setji með reglugerð nánari reglur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um meðferð mála hjá barnaverndarnefnd. Gert er ráð fyrir að sú reglugerð taki til einstakra þátta í málsmeðferðinni og feli í sér nánari útfærslu þeirra reglugerða sem í frumvarpinu er að finna. Ekki er þó gert ráð fyrir að í reglugerð sé mælt fyrir um frekari frávik frá almennum reglum stjórnsýslulaga, að því marki sem slíkar reglur kynnu að leiða til lakari réttarstöðu fyrir aðila en leiða mundi af stjórnsýslulögum. Mikilvægt er að sett verði reglugerð til fyllingar ákvæðum frumvarpsins þannig að tryggt sé samræmi í störfum einstakra barnaverndarnefnda að því marki sem unnt er.

Um 39. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um skyldu barnaverndarnefnda til að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim á kerfisbundinn hátt. Þá ber að varðveita gögn með tryggilegum hætti og þannig að þau séu aðgengileg. Hliðstætt ákvæði er í 22. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996. Meginsjónarmiðið að baki reglu upplýsingalaga er að gögnin séu aðgengileg vegna aðgangs almennings að þeim. Í barnaverndarlögum eru það þó ekki þeir hagsmunir sem hafðir eru í huga, heldur fyrst og fremst hagsmunir aðila af því að málsmeðferðin sé greið og skipuleg. Ljóst þarf að vera hvenær og hvernig mál hefst, hvaða gögn tilheyra því og hvenær ákvarðanir hafa verið teknar. Vandaðri skráningu málsins er ætlað að stuðla að þessu. Þá er skipuleg og vönduð skráning mála forsenda fyrir því að Barnaverndarstofa geti rækt eftirlitshlutverk sitt. Skráningin auðveldar einnig barnaverndarnefndum vinnslu ársskýrslna sinna til Barnaverndarstofu, sbr. 1. mgr. 8. gr.

Um 40. gr.

Í greininni er mælt fyrir um leiðbeiningarskyldu barnaverndarnefndar. Þar segir að barnaverndarnefnd skuli leiðbeina foreldrum, barni og öðrum eftir því sem við á um málsmeðferð fyrir nefndinni og um réttindi þeirra og skyldur samkvæmt málsmeðferðarreglum frumvarpsins og stjórnsýslulögum, svo sem um rétt til aðstoðar lögmanns, kæruleiðir og fleira. Almennt ákvæði þessa efnis er lögfest í 7. gr. stjórnsýslulaga. Þar segir að stjórnvald skuli veita þeim sem til þess leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið þess. Ákvæði frumvarpsins er sértækara. Sérstök ástæða er til að leggja áherslu á leiðbeiningarskyldu barnaverndaryfirvalda.

Vegna eðlis barnaverndarmála og heimilda barnaverndaryfirvalda til að grípa inn í viðkvæm einkamálefni er rík ástæða til að leggja áherslu á skyldu barnaverndaryfirvalda til að leiðbeina aðilum um málsmeðferð, réttindi þeirra og skyldur samkvæmt málsmeðferðarreglum frumvarpsins og reglum stjórnsýslulaga. Þannig ber nefndinni m.a. að leiðbeina aðilum um rétt þeirra til aðstoðar lögmanns og um kæruleiðir. Sérstök ástæða er til að nefna þetta tvennt þar sem misbrestur á leiðbeiningum varðandi þessi atriði getur auðveldlega leitt til þess að ákvarðanir nefndar verði ógiltar, auk þess sem ónógar eða rangar leiðbeiningar gætu varðað nefndirnar bótaskyldu ef skilyrðum er að öðru leyti fullnægt.

Um 41. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er mælt fyrir um rannsóknarreglu, málshraða o.fl. Í 1. mgr. kemur fram að barnaverndarnefnd skuli sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því. Þetta er svokölluð rannsóknarregla, sbr. einnig 10. gr. stjórnsýslulaga. Í þessu felst að barnaverndarnefnd skal að eigin frumkvæði tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin. Með þessu er reynt að tryggja að ákvarðanir nefndanna séu bæði löglegar og réttar. Ekki verða settar fram nákvæmar reglur um það hvernig staðið skuli að könnun máls og hvaða gagna skuli aflað. Er það breytilegt eftir eðli málsins hverju sinni. Sérstaklega þarf að gæta vel að því að mál sé nægjanlega rannsakað áður en barnaverndarnefnd tekur íþyngjandi ákvörðun gegn vilja aðila.

Í 2. mgr. er meðalhófsreglan m.a. sett fram þar sem segir að könnun barnaverndarmáls skuli ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur. Með þessu er lögð áhersla á að barnaverndarnefnd gangi ekki lengra í gagnaöflun og könnun máls hverju sinni en nauðsynlegt er. Í þessu felst einnig að ekki séu notaðar harkalegri aðferðir við könnun máls og öflun gagna en efni standa til. Í síðari hluta 2. mgr. er mælt fyrir um málshraða. Segir að ákvörðun um beitingu viðeigandi úrræða skuli að jafnaði liggja fyrir innan þriggja mánaða og eigi síðar en sex mánuðum eftir

að ákvörðun um að hefja könnun var tekin. Það er að sjálfsögðu mikilvægt að könnun máls sé hraðað svo sem kostur er og niðurstaða fáist sem fyrst.

Um 42. gr.

Í 42. gr. er sérstaklega fjallað um skráningu munnlegra upplýsinga. Mælt er svo fyrir að slíkar upplýsingar beri að skrá nákvæmlega ef ætla má að þær geti haft þýðingu fyrir úrslit málsins og þær er ekki að finna í öðrum gögnum málsins. Þetta ákvæði breytir því þó ekki að ástæða er til að barnaverndarnefnd leitist við að afla skriflegra upplýsinga. Ákvæði greinarinnar byggist á því að mikilvægt sé að tryggja aðilum aðgang að upplýsingum sem nefndunum eru veittar munnlega, enda sé um að ræða upplýsingar um málsatvik sem geta haft þýðingu fyrir úrslit málsins. Þá þarf enn fremur að koma fram hver veitti viðkomandi upplýsingar. Aðgangur að þeim og vitneskja um hver lét þær í té er mikilvæg til þess að málsaðili geti gætt andmælaréttar síns. Hliðstæð regla er í 23. gr. upplýsingalaga, þótt markmið hennar sé að hluta til annað.

Um 43. gr.

Í greininni er mælt fyrir um rannsóknarheimildir. Í 1. mgr. er lögð áhersla á það sjónarmið að framkvæma skuli könnun í samráði og samvinnu við foreldra.

Í 2. mgr. kemur fram að foreldrum eða þeim sem barnið dvelst hjá sé skylt að veita liðsinni sitt til þess að könnun máls geti gengið greiðlega, enda skuli barnaverndarnefnd sýna þeim er málið varðar ýtrustu nærgætni. Með þessu er lögð áhersla á skyldu foreldra til samvinnu við barnaverndarnefnd við könnun máls. Þá er að sjálfsögðu mikilvægt að starfsmenn barnaverndarnefnda geri sér far um að sýna börnum og foreldrum ýtrustu nærgætni, enda hvers konar afskipti barnaverndarnefnda viðkvæmt mál.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um heimildir barnaverndarnefndar til að taka skýrslur af foreldrum eða forsjáraðilum barns og kveðja fyrir sig til yfirheyrslu hvern þann í umdæmi hennar er getur borið um hag aðila.

Í 4. mgr. ræðir um heimildir barnaverndarnefndar til að fara á einkaheimili eða annan stað þar sem barn dvelst til að tala við það, í einrúmi ef þörf er talin á, fylgjast með hegðun þess eða til athugunar á barni. Lagt er til, eins og gildandi lög gera ráð fyrir, að meginreglan verði sú að slík athugun á barni verði aðeins framkvæmd í samráði við foreldra. Þó er gert ráð fyrir, ef ríkir rannsóknarhagsmunir mæla með því, að heimilt sé að tala við barn og fylgjast með hegðun þess án vitneskju foreldra. Í þeim tilvikum ber að tilkynna viðkomandi svo fljótt sem verða má að athugun hafi farið fram. Sé þetta borið saman við gildandi lög er hér um nokkra áherslubreytingu að ræða, þar sem þau gera ráð fyrir að aflað sé samþykkis foreldra eða dómsúrskurðar áður en til slíkrar athugunar á barni kemur. Þykir ákvæði gildandi laga ekki samræmast vel vaxandi áherslu á sjálfstæðan rétt barns og sérstaka hagsmuni þess við úrlausn barnaverndarmáls. Er t.d. bent á að frumvarpið gerir ráð fyrir því sem meginreglu að börn fái að tjá sig um öll mál sem þau varða, að teknu tilliti til aldurs og þroska, og að börn sem náð hafa 15 ára aldri séu beinlínis aðilar barnaverndarmáls í vissum tilvikum. Er þetta í samræmi við ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Það þykir samræmast vel þessum sjónarmiðum að unnt sé að tala við barn eða kanna hagi þess þótt ekki liggi fyrir samþykki foreldris, ef brýnir rannsóknarhagsmunir þykja mæla með því. Þessa undantekningu ber að sjálfsögðu að skýra í ljósi þeirrar meginreglu að samþykkis sé leitað. Í samræmi við þetta er í frumvarpinu lögð áhersla á að haft sé samráð við foreldra og að barnaverndarnefnd þurfi að rökstyðja það sérstaklega ef talið er rétt að tala við barn eða fylgjast með hegðun þess án vitneskju eða samþykkis foreldra. Á það fyrst og fremst við ef grunur er um að barn hafi verið

beitt alvarlegu ofbeldi eða stafi að öðru leyti ógn af framferði foreldris. Þetta getur þó einnig átt við ef foreldrar neita að samþykkja að talað verði við barn sem barnaverndarnefnd telur nauðsynlegt að fái að tjá sig áður en ákvörðun er tekin. Þessari heimild er einnig ætlað að draga úr hættu á að foreldri komi í veg fyrir að barn tjái sig, svo sem með því að neita um samþykki til þess, hóta því eða eftir atvikum að foreldri reyni að hafa óeðlileg áhrif á framburð barns eða spilli könnun máls með öðrum hætti.

Um 44. gr.

Í 1. mgr. er að finna nýmæli sem kveður á um skyldu tiltekinna aðila til að láta barnaverndarnefnd í té upplýsingar. Í framkvæmd hafa komið upp allmörg álitamál sem þetta varðar, sbr. t.d. álit umboðsmanns Alþingis í málum 530/1991 og 536/1991 (SUA 1992, 323), sem nánar eru rakin hér á eftir. Með ákvæði frumvarpsins er lagt til að kveðið verði skýrt á um skyldu tiltekinna aðila til að láta barnaverndarnefndum í té upplýsingar. Þar segir að öllum sjúkrastofnunum, þar með töldum sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum, sérfræðingum sem veita félagslega þjónustu, geðdeildum, meðferðardeildum og meðferðarstofnunum fyrir áfengissjúklinga og fíkniefnaneytendur, og stofnunum sem veita félagslega þjónustu eða aðstoð, sé skylt eftir að barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun um könnun máls að láta nefndinni endurgjaldslaust í té upplýsingar um heilsu barns og foreldra þess, þar á meðal upplýsingar um ástand viðkomandi og batahorfur og aðrar upplýsingar sem nefndin telur að geti skipt máli fyrir úrlausn málsins. Með sama hætti er öllum stofnunum og öðrum aðilum þar sem barn hefur dvalið eða kemur reglulega, svo sem skólum, dagvistarheimilum og félagsmiðstöðvum fyrir börn og unglinga, skylt að láta nefndinni í té upplýsingar sem hún telur að skipt geti máli fyrir úrlausn málsins. Með sama hætti er lögreglu og sakaskrá ríkisins skylt að láta nefndinni í té upplýsingar sem þessir aðilar búa yfir um barn og foreldra þess. Upplýsingaskylda samkvæmt þessum ákvæðum gengur framar þagnarskyldu einstakra starfsstétta. Sjá einnig til samanburðar 17. gr. frumvarpsins og athugasemdir við þá grein.

Vert er að benda á að meðal upplýsinga sem skylt er að láta í té samkvæmt þessu ákvæði eru þær sem varða heilsufar foreldra og batahorfur ef því er að skipta. Slíkar upplýsingar geta vissulega skipt miklu máli þegar gera þarf áætlun um framtíð barns og stuðningsaðgerðir í þágu þess. Í fyrrgreindum málum umboðsmanns var kvartað yfir því að landlæknir og nafngreindur læknir á tilteknu sjúkrahúsi hefðu í heimildarleysi afhent barnaverndaryfirvöldum skýrslu um sjúkdóm (eyðnismit). Í niðurstöðu umboðsmanns var talið að það yrði ekki gagnrýnt þótt barnaverndaryfirvöld teldu sjúkdóm foreldris varða hagi barnsins. Var afhending gagnanna til barnaverndaryfirvalda ekki talin fela í sér brot á þagnarskyldu læknisins.

Þá er enn fremur mögulegt að fram komi meðan á meðferð foreldris stendur að foreldri hafi framið misgjörðir gagnvart barni, svo sem sýnt því kynferðislegt ofbeldi eða misboðið því á annan hátt. Rétt er að gera ráð fyrir að yfirmönnum á meðferðarstofnun verði skylt að láta í té upplýsingar um slíkt, sbr. og einnig ákvæði um tilkynningarskyldu í 15. og 16. gr. frumvarpsins. Þetta er m.a. þýðingarmikið til þess að unnt sé að veita viðkomandi börnum þann stuðning sem nauðsynlegur kann að vera.

Í gildandi lögum eru ákvæði um upplýsingaskyldu ekki skýr. Ástæða er því til að setja skýrar reglur um upplýsingaskyldu, m.a. til að fækka álitaefnum sem að þessu lúta. Komið hafa upp ágreiningsmál þar sem læknar hafa tilkynnt barnaverndarnefnd um óviðunandi aðstæður en þeir hafi síðan ekki talið sér skylt að gefa nánari upplýsingar um mál. Þá hefur borið við að heilbrigðisstofnanir hafi neitað að gefa upplýsingar um stöðu foreldra sem lagðir hafa verið inn nema gegn greiðslu. Hafa landlæknir og stjórnendur einstakra sjúkrahúsa talið að greiða skuli

fyrir þessar upplýsingar. Með ákvæði því sem lagt er til hér er kveðið skýrt á um að slíkar upplýsingar skuli látnar nefndunum í té endurgjaldslaust.

Um 45. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um upplýsingarétt og aðgang málsaðila að gögnum máls.

Í 1. mgr. er sett fram sú meginregla að barnaverndarnefnd skuli með nægjanlegum fyrirvara láta aðilum í té öll gögn sem málið varða og koma til álita við úrlausn þess. Hliðstæð regla er í 15. gr. stjórnsýslulaga. Þar kemur fram að aðili máls eigi rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er málið varða. Samkvæmt ákvæði stjórnsýslulaga felst einnig í reglunni að aðili skuli fá afrit eða ljósrit af málsskjölum fari hann fram á það, nema skjölin séu þess eðlis eða fjöldi þeirra svo mikill að það sé vandkvæðum bundið.

Reglan er byggð á því sjónarmiði að almennur aðgangur að upplýsingum og umráð skjala málsins sé nauðsynlegur liður í því að aðili geti gætt andmælaréttar síns.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um takmörkun á rétti til aðgangs að gögnum málsins. Segir þar að barnaverndarnefnd geti með rökstuddum úrskurði ákveðið að tiltekin gögn skuli ekki afhent telji hún það geta skaðað hagsmuni barnsins. Á sama hátt getur nefndin ákveðið að aðilar og lögmenn þeirra geti kynnt sér skjöl og önnur gögn án þess að þau eða ljósrit af þeim séu afhent. Umboðsmaður Alþingis hefur fjallað um álitamál varðandi takmarkanir á aðgangi að gögnum máls sem geta verið til þess fallin að skaða tengsl barns og foreldris, sbr. álit hans í máli nr. 1360/1995, eins og fram kemur í athugasemdum við 38. gr. hér að framan. Meginsjónarmiðið er það að stjórnsýslulögin mæla fyrir um lágmarkskröfur til málsmeðferðar fyrir stjórnvöldum. Takmarkanir þær sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. eru aftur á móti í samræmi við það sem fram kemur í 17. gr. stjórnsýslulaga. Byggt er á því sjónarmiði að ríkir einkahagsmunir réttlæti þau frávik sem 2. mgr. 45. gr. frumvarpsins mælir fyrir um.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við 38. gr. frumvarpsins.

Um 46. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að börn sem eru 15 ára og eldri séu aðilar barnaverndarmáls samkvæmt ákvæðum 25. og 27. gr. og 2. mgr. 34. gr. Samkvæmt gildandi lögum hefur ekki verið litið svo á að barn, óháð aldri þess, væri aðili barnaverndarmáls. Hér því um að ræða nýmæli sem er í samræmi við gildandi reglur í nágrannaríkjunum. Með þessu er tryggt að barn sem náð hefur þessum aldri sé sjálfstæður aðili málsins með öllum þeim réttindum sem því fylgja.

Í 2. mgr. er mælt svo fyrir að gefa skuli barni, í samræmi við aldur þess og þroska, kost á að tjá sig um mál sem það varðar og að taka skuli réttmætt tillit til skoðana þess við úrlausn máls. Enn fremur kemur fram að ávallt skuli gefa barni sem náð hefur 12 ára aldri kost á að tjá sig um mál. Þessi regla er nánari útfærsla á meginreglunni sem kemur fram í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Þá er sambærilega reglu að finna í 43. gr. a gildandi laga og í sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Í 3. mgr. er tekið fram að barnaverndarnefnd skuli, þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls, taka afstöðu til þess hvort skipa skuli barni talsmann til að vera því til halds og trausts meðan á meðferð málsins stendur. Hér er átt við börn undir 15 ára aldri sem ekki eru aðilar máls. Vert er að benda á að almenna reglan er sú að barnaverndarnefnd metur það hverju sinni hvort þörf er á þessu. Þó er tekið fram að áður en barnaverndarnefnd grípur til ráðstafana skv. 25., 27. og 28. gr. og áður en sett er fram krafa um sviptingu forsjár skv. 29. gr. skuli barnaverndarnefnd jafnan skipa barni talsmann. Heppilegt getur verið að skipa því sérstakan talsmann sem er því til halds og trausts undir málsmeðferðinni. Ekki er hér sérstaklega haft í huga að talsmaður sé löglærður, heldur fremur aðili sem hefur sérmenntun og starfsreynslu á

sviði sálfræði og félagsráðgjafar. Ekkert er því þó til fyrirstöðu að talsmaðurinn sé löglærður ef það er talið þjóna hagsmunum barnsins. Ef barn er 15 ára eða eldra er það samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa aðili málsins og nýtur réttarstöðu sem slíkt við alla meðferð þess. Í því felst að barn, sem aðili, á rétt á aðstoð lögmanns, sbr. nánar ákvæði 34. og 35. gr.

Um 47. gr.

Í greininni er mælt fyrir um svonefnda andmælareglu. Þá er þar einnig að finna ákvæði um talsmann barns og lögmannsaðstoð.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að aðilar barnaverndarmáls skuli eiga þess kost að tjá sig munnlega eða skriflega, þar með talið með aðstoð lögmanns, um efni máls og annað sem lýtur að málsmeðferðinni áður en barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð. Hliðstæð regla er í 13. gr. stjórnsýslulaga. Með reglunni er tryggt að aðilar barnaverndarmáls eiga skýlausan rétt á að fá að gæta réttar síns með því að koma að sjónarmiðum sínum og gögnum þeim til stuðnings í málinu. Í dæmigerðu barnaverndarmáli má gera ráð fyrir að í gögnum máls séu margvíslegar upplýsingar sem eru aðila, oftast foreldrum, mjög í óhag. Það væri í fullkomnu ósamræmi við almenn sjónarmið um réttláta málsmeðferð að gefa aðila ekki kost á að tjá sig um þær og andmæla þeim ef því er að skipta. Brot gegn andmælarétti aðila mundi venjulega leiða til ógildingar úrskurðar barnaverndaryfirvalda. Reglan um skyldu til að tilkynna aðila um að könnun máls sé hafin, sbr. 4. mgr. 21. gr. frumvarpsins, tengist andmælaréttinum. Með tilkynningarskyldunni er tryggt að aðila sé kunnugt um að mál sé í gangi sem beinist að honum en það er að sjálfsögðu forsenda þess að hann geti gætt andmælaréttar síns. Í reglunni felst þó ekki að aðili máls eigi sjálfur heimtingu á því að koma fyrir nefndina þegar honum þóknast og tala máli sínu á öllum stigum máls. Verður hann að sjálfsögðu að fara að réttum málsmeðferðarreglum í því sambandi. Aðalatriðið er að aðili fái að tjá sig eftir að allra gagna, sem skipt geta máli fyrir úrlausn málsins, hefur verið aflað og áður en ákvörðun er tekin. Andmælarétturinn á auðvitað fyrst og fremst við áður en barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð um beitingu beinna þvingunarráðstafana.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um fjárstyrk til handa aðilum til að greiða fyrir lögmannsaðstoð skv. 1. mgr. og vegna reksturs máls fyrir kærunefnd barnaverndarmála eftir reglum sem barnaverndarnefnd setur. Í reglunum skal meðal annars taka tillit til efnahags foreldra og eðlis og umfangs málsins. Bent er á að það eru aðilar málsins sem eiga rétt á þessu. Í því felst m.a. að barn sem orðið er 15 ára og er aðili máls á rétt á fjárstyrk til að greiða fyrir lögmannsaðstoð.

Um 48. gr.

Í greininni ræðir um samþykki foreldris og barns sem náð hefur 15 ára aldri fyrir ráðstöfun skv. 25. gr. frumvarpsins. Mælt er fyrir um að samþykki skuli vera skriflegt og undirritað. Ástæða er til að tryggja að vandlega sé gengið frá samþykki í þessum tilvikum þar sem ráðstafanir skv. 25. gr. geta haft umfangsmiklar og afdrifaríkar breytingar í för með sér fyrir barn og foreldra.

Um 49. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram að barnaverndarnefnd sé ályktunarhæf þegar fullur helmingur nefndarmanna situr fund enda sé formaður eða varaformaður á fundi. Ef nefndarmaður getur ekki sótt fund boðar formaður varamann í hans stað.

Þegar barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð samkvæmt ákvæðum frumvarpsins skulu skv. 2. mgr. fjórir nefndarmenn hið fæsta standa að úrskurði. Vakin er athygli á að ekki er lengur gert ráð fyrir sem skilyrði að lögfræðingur sitji í nefndinni en árétta má að slíkt kann eftir sem

áður að vera æskilegt, m.a. með tilliti til þeirra málsmeðferðarreglna sem gæta þarf að. Þykir ekki þörf á að setja það skilyrði þar sem ekki er lengur gert ráð fyrir úrskurðarvaldi nefndanna varðandi þær þvingunarráðstafanir sem hingað til hafa verið taldar alvarlegastar. Þó er vakin athygli á að gert er ráð fyrir að formaður kærunefndar barnaverndarmála sé lögfræðingur.

Um form úrskurða segir að þeir skuli vera skriflegir og rökstuddir. Í þeim skuli rekja málavexti og greina forsendur og niðurstöður. Úrskurð skal tilkynna með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt og skal vekja athygli aðila á að heimilt sé að skjóta máli til kærunefndar barnaverndarmála. Þetta er allt í samræmi við almennar reglur og ekki er þörf á frekari skýringum við þetta ákvæði.

Um 50. gr.

Í greininni ræðir um fullnustu ákvarðana barnaverndarnefnda, kærunefndar barnaverndarmála og dómstóla. Sýna ber aðilum fyllstu tillitssemi og nærgætni og gæta í hvívetna hagsmuna barns þess er í hlut á. Ef aðilar neita að hlýðnast lögmætum ákvörðunum barnaverndarnefndar getur barnaverndarnefnd skv. 2. mgr. kallað til lögreglu til að veita atbeina sinn við fullnustu ákvörðunar. Fulltrúi barnaverndarnefndar skal þó ávallt vera viðstaddur ef grípa þarf til ráðstafana skv. 2. mgr. Úrskurðir barnaverndarnefnda og kærunefndar barnaverndarmála og úrskurðir eða dómar sem kveðnir eru upp á grundvelli barnaverndarmála njóta vissrar sérstöðu. Vegna eðlis barnaverndarmála, hagsmuna barnanna og þeirrar kröfu sem þau eiga á sérstakri vernd þykir nauðsynlegt að unnt sé að framfylgja lögmætum ákvörðunum fljótt og örugglega með aðstoð lögreglu án undangenginna frekari fullnustuaðgerða.

Í 4. mgr. kemur fram að Barnaverndarstofa geti mælt svo fyrir að ákvörðun barnaverndaryfirvalda í öðru ríki skuli fullnustuð hér á landi. Barnaverndarstofa á alfarið mat um þetta atriði. Ber stofunni m.a. að ganga úr skugga um að um sé að ræða lögmæta ákvörðun lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki og að fullnusta ákvörðunar hér á landi gangi ekki gegn almennum sjónarmiðum eða sé á annan hátt andstæð hagsmunum barnsins.

Um IX. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði sem varða málsmeðferð fyrir kærunefnd barnaverndarmála. Eins og fyrr segir eru ákvæði um kærunefnd barnaverndarmála nýmæli. Kærunefndin kemur að nokkru leyti í stað barnaverndarráðs sem verður lagt niður verði frumvarp þetta að lögum. Rétt þykir að hafa ákvæði um málsmeðferð fyrir kærunefnd í sérstökum kafla. Reglur VIII. kafla eiga einnig að öðru leyti við um málsmeðferð fyrir kærunefndinni, eftir því sem við á.

Um 51. gr.

Í 1. mgr. er sett fram regla um tímafresti til að kæra mál. Miðað er við að aðilar barnaverndarmáls geti skotið úrskurði barnaverndarnefndar til kærunefndar innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi var tilkynnt um úrskurð nefndarinnar. Þá er einnig mælt fyrir um að kærunefnd barnaverndarmála skuli innan viku frá því henni barst kæra taka málið til meðferðar og úrlausnar. Kærunefnd skal kveða upp úrskurð í málinu svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því úrskurður barnaverndarnefndar var kærður til hennar. Reglum þessum um tímafresti er ætlað að tryggja hraða og greiða meðferð barnaverndarmáls.

Í 2. mgr. kemur fram að kærunefndin getur metið að nýju bæði lagahlið máls og sönnunargögn. Hún getur ýmist staðfest úrskurðinn að niðurstöðu til eða hrundið honum að nokkru eða öllu leyti. Þá getur kærunefndin einnig vísað málinu til barnaverndarnefndar til meðferðar að nýju. Í þessu felst að kærunefndin er bær til að meta allar hliðar barnaverndarmáls, bæði formlegar og efnislegar.

Um 52. gr.

Í upphafi greinarinnar er tekið fram að um málsmeðferð fyrir kærunefnd gildi ákvæði VIII. kafla eftir því sem við á, enda er þar að mestu leyti um að ræða almennar reglur um málsmeðferð fyrir stjórnsýslunni. Málsmeðferðin er fyrst og fremst skrifleg en enn fremur getur nefndin mælt fyrir um munnlegan flutning. Málskot til kærunefndar barnaverndarmála frestar ekki framkvæmd úrskurðar barnaverndarnefndar. Reglan er byggð á því að kæra til kærunefndar riðli ekki vinnslu málsins sem kann að vera á mjög viðkvæmu stigi. Þegar sérstaklega stendur á getur kærunefndin þó ákveðið, að kröfu aðila, að framkvæmd úrskurðar skuli frestað þar til nefndin hefur kveðið upp úrskurð sinn.

Í 3. mgr. er sett fram sú regla að kærunefndin skuli að jafnaði byggja úrskurð sinn á gögnum þeim sem fyrir eru í málinu. Nefndin getur þó, ef hún telur ríka ástæðu til, lagt fyrir aðila að afla nánar tilgreindra gagna, svo sem álitsgerða sérfræðinga. Kærunefnd kveður á um kostnað vegna öflunar gagna, þar með talinna álitsgerða óháðra sérfræðinga. Í þessum ákvæðum felst að kærunefndin aflar ekki sjálf gagna eins og hún sé sjálfstæður rannsóknaraðili, heldur leggur fyrir aðila málsins að afla gagnanna.

Um X. kafla.

Eins og fram hefur komið felst eitt helsta nýmæli frumvarpsins í því að lagt er til að barnaverndarmál verði að hluta rekin fyrir dómi. Í þessum kafla frumvarpsins og þeim næsta (XI. kafla) er að finna ákvæði um meðferð barnaverndarmála fyrir dómi. Ákvæði þessi eru nýmæli að öllu leyti, enda hefur ekki sérstaklega verið gert ráð fyrir því fyrr í íslenskum lögum að barnaverndarmál séu rekin fyrir dómi. Eins og fram hefur komið er í ýmsum ákvæðum frumvarpsins mælt fyrir um atbeina dómstóla við úrlausn mála. Málin eru ólík að eðli og því nauðsynlegt að gera nokkurn greinarmun á málsmeðferð í einstökum tilvikum. Í samræmi við þetta er ákvæðum sem varða málsmeðferð fyrir dómi skipt í tvo kafla.

Í fyrsta lagi er um að ræða mál sem höfðuð eru á grundvelli 29. gr. og 2. mgr. 34. gr. Hér er annars vegar um að ræða mál sem barnaverndarnefnd getur höfðað til sviptingar forsjá, sbr. 29. gr., og hins vegar mál sem foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri getur höfðað til að fá endurskoðaða ráðstöfun sem samþykkt hefur verið á grundvelli 25. gr. og er ætlað að vara þar til barn verður lögráða. Mál þessi eiga það sameiginlegt að þau varða grundvallarágreining um forsjá barns eða umsjá.

Í öðru lagi er um að ræða eftirtalin mál: a) mál skv. 2. mgr. 27. gr., þ.e. mál þar sem foreldrar gera kröfu um niðurfellingu ráðstafana skv. a- og b-lið 1. mgr. 27. gr., og b) mál skv. 28. gr. um kröfu barnaverndarnefndar um vistun (eða kyrrsetningu) í lengri tíma en tvo mánuði.

Rétt er enn fremur að benda á að í 37. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að krafa um brottvikningu heimilismanns og/eða nálgunarbann verði gerð fyrir dómi. Um það gilda aftur á móti að öðru leyti ákvæði laga um meðferð opinberra mála. Ekki er því að finna í þessu frumvarpi sérstakar reglur um meðferð þess konar mála. Sjá nánar athugasemdir við 37. gr. frumvarpsins.

Um 53. gr.

Í þessari grein er sett fram sú meginregla að um meðferð mála samkvæmt þessum kafla gildi ákvæði laga um meðferð einkamála, sbr. lög nr. 91/1991, með þeim frávikum sem sérstaklega eru greind í frumvarpinu.

Um 54. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að lögfest verði sú regla að sérfróðir meðdómsmenn skuli að jafnaði kallaðir til setu í dómi. Tæplega er ástæða til að sérfróðir meðdómsmenn séu ávallt kallaðir til,

t.d. þar sem útivist verður af hálfu aðila, máli er vísað frá vegna augljósra annmarka á því eða þar sem máli er lokið með sátt. Í öðrum tilvikum þar sem mál kemur til frekari meðferðar er miðað við að sérfróðir meðdómsmenn séu kallaðir til. Um meðdómsmenn gilda að öðru leyti ákvæði laga um meðferð einkamála. Í almennum athugasemdum við frumvarp þetta, sbr. kafla um meðferð barnaverndarmála fyrir dómi, kemur fram að færð hafi verið þau rök gegn því að fela dómstólum meðferð barnaverndarmála að erfitt sé að tryggja nægilega sérþekkingu hjá hinum almennu dómstólum. Nefndin telur að mál skv. X. kafla séu þannig vaxin efnislega að almennt verði að gera ráð fyrir að sérþekkingar sé þörf. Því er einfaldlega lagt til að lögfest verði ákvæði sem gerir ráð fyrir að sérfróðir meðdómsmenn skuli að jafnaði kallaðir til setu í dómi í málum af því tagi. Með þessum hætti ætti að vera unnt að tryggja nægilega sérþekkingu þar sem hennar er þörf.

Ákvæði 2. mgr. er sett til hlífðar aðilum máls. Í barnaverndarmálum er oftar en ekki fjallað um viðkvæm einkamálefni sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Því þykir sjálfsagt að gera ráð fyrir að þinghöld skuli háð fyrir luktum. Ákvæði 1. mgr. 48. gr. er reist á sömu sjónarmiðum.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um málshraða. Hraða ber málsmeðferð eins og kostur er fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Um 55. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um aðild barns að dómsmálum samkvæmt þessum kafla. Fram kemur að barni, sem náð hefur 15 ára aldri, skuli tilkynnt um málshöfðun og gefinn kostur á að gæta réttar síns. Barni er þá heimilt að ganga inn í mál með meðalgöngustefnu. Nánar er mælt fyrir um meðalgönguaðild í 20. gr. laga um meðferð einkamála. Samkvæmt því ákvæði er þriðja manni heimilt að ganga inn í mál annarra ef úrslit þess skipta hann máli að lögum. Ber þá að stefna báðum eða öllum upphaflegu aðilum málsins og gera kröfu um að honum verði leyfð meðalgangan og dæmt sakarefnið eða dómur falli þannig að réttur hans verði verndaður. Þessi leið er valin þannig að ekki er skylt að stefna barni inn í mál, heldur er því gefinn kostur á að gæta réttar síns með þessum hætti.

Í 2. mgr. er mælt svo fyrir að ávallt skuli gefa talsmanni barns kost á að vera viðstaddur þinghöld í máli ef vörnum er haldið uppi.

Um 56. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um sönnun og sönnunargögn. Þegar um er að ræða mál skv. 29. gr. ber barnaverndarnefnd að sjálfsögðu að leitast við að upplýsa mál vel áður en hún tekur ákvörðun um málshöfðun fyrir dómi. Með þessu er m.a. lögð áhersla á að barnaverndarnefnd sé ekki að höfða mál nema eftir ítarlegan undirbúning og að vandlega athuguðu máli.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði sem felur í sér frávik frá almennum reglum að því er varðar hlutverk dómara við gagnaöflun. Samkvæmt ákvæðinu getur dómari þannig lagt fyrir barnaverndarnefnd að afla nánar tilgreindra gagna, svo sem skýrslna sérfróðra manna um foreldra og barn. Þá getur dómari lagt fyrir varnaraðila að afla nánar tilgreindra gagna. Ef lagt er fyrir foreldra eða forráðamenn barns að afla sérfræðiskýrslna getur dómari ákveðið að kostnaður vegna þess skuli greiðast úr ríkissjóði. Áþekkar reglur eru í ákvæðum barnalaga, nr. 20/1992, um meðferð forsjármála fyrir dómi, sbr. VIII. kafla (einkum 60. gr.).

Um 57. gr.

Í greininni kemur fram að aðilar í málum samkvæmt þessum kafla geti flutt fram nýjar málsástæður og ný andmæli allt þar til mál er dómtekið. Þetta er frávik frá almennum reglum

og helgast af sérstöku eðli þessara mála þar sem aðstæður sem skipt geta verulegu máli geta auðveldlega breyst meðan á meðferð máls stendur. Sambærilegt ákvæði er í 62. gr. barnalaga.

Um 58. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru reist á því að í barnaverndarmálum er iðulega fjallað um viðkvæm einkamálefni. Það þykir því sanngjarnt og eðlilegt að gera ráð fyrir að gætt sé trúnaðar um það sem fram kemur í þinghaldi og að ekki verði af endurritum ráðið hverjir aðilar máls séu. Þetta er einnig samræmi við ákvæði 2. mgr. 55. gr. frumvarpsins.

Um 59. gr.

Í greininni er mælt fyrir um áhrif málskots. Dómar héraðsdóms sæta áfrýjun til Hæstaréttar. Um málskotið fer samkvæmt almennum reglum um meðferð einkamála. Meginreglan sem fram kemur í greininni er sú að málskot frestar ekki réttaráhrifum dóms nema héraðsdómari hafi mælt svo fyrir í dómi. Þetta er eðlileg regla í málum af þessu tagi þar sem aðilar geta ekki með því að áfrýja máli frestað því að dómur héraðsdóms komi til framkvæmda. Með því er tryggt að ekki verði rof á ráðstöfunum barnaverndarnefndar. Héraðsdómari getur þó ákveðið í dómi að áfrýjun málsins skuli fresta fullnustu dóms.

Um 60. gr.

Í greininni ræðir um gjafsókn. Gert er ráð fyrir að foreldrar og barn skuli hafa gjafsókn fyrir héraðsdómi og Hæstarétti. Þykir það eðlileg og sanngjörn regla við þessar aðstæður að kostnaður vegna slíks málareksturs lendi á ríkissjóði. Í 2. mgr. er þó gert ráð fyrir að réttur til gjafsóknar sé ekki skilyrðislaus þegar um er að ræða mál skv. 2. mgr. 34. gr., þ.e. til endurskoðunar á fyrri niðurstöðu dóms. Fer um rétt til gjafsóknar í slíkum málum eftir almennum reglum.

Um XI. kafla.

Í þessum kafla er að finna reglur um meðferð mála skv. 27. og 28. gr. frumvarpsins. Í þessum ákvæðum er vikið í verulegum atriðum frá almennri meðferð einkamála, m.a. að því leyti að ekki er gert ráð fyrir að þau séu höfðuð með stefnu með venjulegum hætti, heldur er máli beint milliliðalaust til dómsins. Miða reglurnar að því að aðilar hafi greiðan aðgang að skjótri úrlausn dómstóla um þessi atriði. Bent er á að reglur þessa kafla eru að nokkru leyti sambærilegar við málsmeðferðarreglur í lögræðislögum um rétt nauðungarvistaðs manns til að bera ákvörðun undir dómstól. Ekki þykir ástæða til þess að strangari reglur gildi í barnaverndarlögum. Vakin er athygli á að málskot til dómstóla frestar ekki framkvæmd ákvörðunar barnaverndarnefndar, sbr. 2. mgr. 27. gr. frumvarpsins.

Um 61. gr.

Í greininni er að finna almenna tilvísun til annarra málsmeðferðarreglna X. kafla. Hér er t.d. átt við ákvæðin um þinghöld fyrir luktum dyrum, nafnleynd barns o.s.frv. Þá felur ákvæðið enn fremur í sér almenna tilvísun til laga um meðferð einkamála eftir því sem við getur átt. Ljóst er þó að sérreglur samkvæmt þessum kafla ganga framar hinum almennu reglum að því marki sem þær kunna að stangast á. Ekki er í þessum kafla þó sérstaklega gert ráð fyrir sérfróðum meðdómsmönnum, umfram það sem leiðir af almennum reglum.

Um 62. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um aðild í málum samkvæmt þessum kafla. Sérstaklega er tekið fram að barn sem náð hefur 15 ára aldri skuli teljast aðili máls. Í 2. mgr. 27. gr. er mælt fyrir um sjálfstæðan rétt barns, sem orðið er 15 ára, til að bera ákvörðun barnaverndarnefndar skv. 3. mgr. 24. og 3. mgr. 27. gr. undir dómstóla. Þetta er í samræmi við þá stefnu sem mörkuð er með frumvarpi þessu að barn, sem náð hefur 15 ára aldri, sé sjálfstæður aðili barnaverndarmáls.

Í 2. mgr. kemur fram að kröfu er einfaldlega beint til héraðsdómara án þess að höfða þurfi málið með útgáfu stefnu. Í greininni er nánar mælt fyrir um form og efni kröfunnar og þau gögn sem henni skulu fylgja. Að því er reglur þessar varðar hefur m.a. verið höfð hliðsjón af ákvæðum lögræðislaga nr. 71/1997, sbr. 30.–31. gr.

Um 63. gr.

Í greininni er mælt fyrir um þinghöld, sönnunargögn o.fl. sem varðar meðferð málsins fyrir dómi.

Í 1. mgr. er mælt svo fyrir að þegar krafa hefur komið fram skuli þegar tilkynna um hana til aðila með sannanlegum hætti og boða til þinghalds.

Í 2. mgr. kemur fram að í fyrsta þinghaldi skuli barnaverndarnefnd leggja fram staðfest afrit allra gagna málsins. Varnaraðila er síðan veittur frestur til að leggja fram greinargerð og afla sönnunargagna.

Í 3. mgr. ræðir um áhrif útivistar af hálfu varnaraðila. Ef sóknaraðili sækir ekki þing fellir dómari málið niður við svo búið. Helst má reikna með að útivist verði af hálfu varnaraðila þegar barnaverndarnefnd setur fram kröfu. Við þær aðstæður er gert ráð fyrir að dómari taki málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem sóknaraðili hefur lagt fram. Ef varnaraðili hefur skilað greinargerð, áður en þingsókn af hans hálfu fellur niður, getur dómari gefið sóknaraðila kost á að leggja fram skriflega svör við því sem fram hefur komið í greinargerð varnaraðila áður en hann tekur mál til úrskurðar.

Í 5. mgr. kemur fram að þegar öflun skriflegra gagna er lokið skuli mál sótt og varið munnlega. Þá er heimilt að leiða vitni fyrir dóminn en ekki er gert ráð fyrir að matsgerðir fari fram í málum samkvæmt þessum kafla. Þetta er mikilvægt atriði, enda getur öflun matsgerða eftir að krafa hefur verið sett fram fyrir dómi leitt af sér miklar tafir á málarekstri. Slíkt fer gegn þeim markmiðum sem að er stefnt með ákvæðum þessa kafla. Miðað er við að krafa sé ekki sett fram fyrir dómi fyrr en aflað hefur verið nægilegra gagna.

Í 6. mgr. kemur fram að dómari skuli kveða upp úrskurð sinn eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan viku frá því hann tók mál til úrskurðar.

Um 64. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um kæru til Hæstaréttar. Um meðferð kærumáls gilda almennar reglur. Kæra frestar ekki framkvæmd úrskurðar héraðsdómara, nema mælt sé fyrir um það í úrskurði.

Um XII. kafla.

Í XII. kafla er safnað saman ákvæðum sem varða fóstur og ráðstöfun barna í fóstur. Reglur um fóstur eru í VI. kafla gildandi laga (29.–39. gr.). Ýmiss konar gagnrýni hefur komið fram á gildandi lög og hefur verið tekið tillit til hennar við samningu þessara ákvæða. Meðal nýmæla þessa kafla má nefna:

a. Dregið er úr þeim mun sem í núgildandi lögum er gerður á tímabundnu fóstri og varanlegu með því að fella niður slíkar skilgreiningar í kaflanum um fóstur og ákvæði um tilteknar

réttarverkanir, einkum að því er varðar forsjá. Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 25. gr. og 34. gr. frumvarpsins er gerður ákveðinn greinarmunur á því hvort ráðstöfun er tímabundin eða hvort henni er ætlað að vara þar til barn verður lögráða. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að áherslubreyting verði í framkvæmd að þessu leyti frá því sem nú er heldur lögð áhersla á að tekin sé afstaða til þessa hverju sinni með tilliti til hagsmuna og þarfa barnsins. Áhersla er lögð á að markmið með fósturráðstöfun sé skýrt í hverju tilviki, m.a. hversu lengi ráðstöfun skuli vara, og að áætlun um áframhaldandi vinnslu málsins taki mið af því. Ekki þykir æskilegt að skilgreina í lagatexta réttaráhrif varanlegs fósturs að því er varðar forsjá heldur miða við að afstaða sé tekin til þess í fóstursamningi hverju sinni að hvaða leyti lögráð barna (sjálfræði og fjárræði) skuli falin fósturforeldrum. Þess má geta að ekki þykir fyllilega nákvæmt að tala um að fósturforeldrar fari með forsjá barns þar sem réttarstaða fósturforeldra getur í raun ekki orðið fyllilega sambærileg við réttarstöðu kynforeldris samkvæmt ákvæðum barnalaga nr. 20/1992. Þannig hafa fósturforeldrar t.d. ekki heimildir til þess að fela öðrum umsjá eða forsjárskyldur barna sem tekin hafa verið í fóstur og geta ekki samþykkt ættleiðingu barns. Af þessum sökum m.a. er í ákvæðum kaflans talað um forsjárskyldur.

b. Vakin er athygli á 3. mgr. 65. gr. frumvarpsins. Um er að ræða nýmæli sem gerir ráð fyrir sértækum fósturráðstöfunum fyrir börn sem eiga við verulega hegðunarerfiðleika að stríða vegna geðrænna eða tilfinningalegra vandamála. Þetta ákvæði hefur það að markmiði, auk þeirra markmiða sem fóstur almennt hefur, að veita barni sérstaka þjónustu, umönnun og þjálfun. Þannig eru markmiðin með fóstri á grundvelli þessa ákvæðis víðtækari en með fóstri almennt sem grundvallað er eingöngu á 1. mgr. 65. gr. Með þessu er stefnt að því að fóstur á grundvelli 3. mgr. 65. gr. geti að einhverju eða öllu leyti komið í stað vistunar barns á heimili eða stofnun.
c. Leitast er við að gera ákvæði fósturkaflans skýrari að því er varðar verkaskiptingu milli Barnaverndarstofu og barnaverndarnefndar við ráðstöfun barna í fóstur.
d. Leitast er við að mæla skýrar fyrir um alla málsmeðferð í tengslum við fóstur þannig að ljóst megi vera hver tekur ákvörðun um hvað. Enn fremur er mælt nánar fyrir um málsmeðferð varðandi einstök deilumál, einkum varðandi umgengnisrétt kynforeldra og annarra nákominna við barn.

Samkvæmt upplýsingum frá Barnaverndarstofu var samtals 239 börnum ráðstafað í fóstur á árunum 1996–1999. Þar af var 74 ráðstafað í varanlegt og 165 í tímabundið fóstur. Upplýsingar þessar sýna enn fremur að dregið hefur talsvert úr notkun þessa úrræðis. Þannig var samtals 75 börnum ráðstafað í fóstur á árinu 1996, 73 á árinu 1997, 50 á árinu 1998 og 39 á árinu 1999. Skýringin á þessari fækkun er líklega aukinn stuðningur við fjölskyldur, faglegri vinnubrögð og aukin áhersla á að leita leiða til að börn geti verið áfram hjá foreldrum. Þrátt fyrir þetta er ráðstöfun barna í fóstur, hvort heldur er í lengri eða skemmri tíma, mikilvægt barnaverndarúrræði. Víst má telja að svo verði áfram enn um sinn. Því er mikilvægt að vandað sé til lagareglna um þetta úrræði.

Um 65. gr.

Ákvæði greinarinnar er að nokkru sambærilegt við ákvæði 29. gr. gildandi laga. Þó skal bent á að í frumvarpsgreininni er aðeins talað um að barnaverndarnefnd feli sérstökum fósturforeldrum umsjá barns en orðinu forsjá sleppt. Þetta, svo og það að fella niður 2. mgr. 29. gr. gildandi laga, er í samræmi við það að í forsjársamningi þarf að taka afstöðu til þess sérstaklega í hverju tilviki hvort og að hvaða marki fósturforeldrum verða falin lögráð barnsins (sjálfræði og fjárræði). Það er með öðrum orðum ekki hugtaksskilyrði varðandi fóstur, hvort sem því er

ætlað að standa í lengri eða skemmri tíma, að fósturforeldrar fari jafnframt með forsjá. Enn fremur er bent á að greinin er byggð á því að samþykki foreldra þurfi að vera að frumkvæði barnaverndarnefndar. Í því felst að ráðstöfun barns í fóstur er barnaverndarúrræði en ekki einhliða valkostur fyrir foreldra sem af einhverjum ástæðum telja sig ekki geta haft börn sín hjá sér um lengri eða skemmri tíma. Þannig er ljóst að hugtakið fóstur á aðeins við þegar um er að ræða formlega ráðstöfun barnaverndarnefndar. Vakin er athygli á ákvæði 90. gr. frumvarpsins sem á við um heimildir foreldra til að vista börn sín sjálfir utan heimilis. Í því tilviki eru það foreldrarnir sjálfir sem eiga frumkvæði að vistun barns og taka ákvörðun um það á eigin spýtur. Enn fremur er vakin athygli á að ákvæði 2. mgr. 29. gr. gildandi laga er ekki tekið upp í þessa frumvarpsgrein. Það er í samræmi við það að ekki er lengur byggt á því að sérstakur eðlismunur sé á tímabundnu fóstri annars vegar og varanlegu fóstri hins vegar, þannig að fóstri fylgi sjálfkrafa ákveðin réttaráhrif, eftir því hvort það er varanlegt eða tímabundið. Við það er miðað, eins og áður segir, að tekin verði afstaða til þess í fóstursamningi, eftir því sem best þykir eiga við hverju sinni. Það leiðir af eðli máls að sé fóstri í reynd ætlað að standa í lengri tíma, t.d. þegar fóstri ungra barna er ætlað að standa þar til þau verða 18 ára gömul, má að jafnaði gera ráð fyrir að forsjá barnsins (lögráð) hverfi til fósturforeldra mæli hagsmunir barnsins ekki sérstaklega gegn því. Enn fremur er bent á að með fóstri er í frumvarpinu átt við að barnaverndarnefnd feli fósturforeldrum umsjá barna í a.m.k. þrjá mánuði en samkvæmt gildandi lögum hefur verið miðað við a.m.k. sex mánuði og að um skemmri vistun fari skv. 4. mgr. 51. gr. þeirra laga.

Í 2. mgr. er markmiðum og inntaki fósturs lýst. Ekki er sambærilegt ákvæði í gildandi lögum. Samkvæmt ákvæðinu er markmið fósturs að tryggja barni uppeldi og umönnun innan fjölskyldu svo sem best hentar þörfum þess. Markmiðið er með öðrum orðum að finna barni annað heimili. Sú skylda er lögð á barnaverndaryfirvöld og fósturforeldra að tryggja barni góðan aðbúnað hjá fósturforeldrum. Fósturforeldrum ber einnig að sýna fósturbarni umhyggju og nærfærni og leitast við að efla andlegan og líkamlegan þroska þess. Þetta eru hin almennu markmið fósturs. Í 3. mgr. er markmiðið þó einnig víðtækara. Í því tilviki er markmiðið einnig að tryggja börnum sem ákvæðið á við um sérstaka umönnun og þjálfun á fósturheimili í stað þess að vista þau á stofnun. Nánar skal kveðið á um réttindi og skyldur fósturforeldris í fóstursamningi.

Um 66. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um leyfisveitingar til fósturforeldra. Lagt er til að snúið verði til þess horfs sem gilti fyrir gildistöku laga nr. 22/1995, þannig að þeir sem óska eftir að taka börn í fóstur beini umsókn sinni til barnaverndarnefndar í stað Barnaverndarstofu eins og nú er. Þannig verði það barnaverndarnefnd, í stað Barnaverndarstofu nú, sem meti hæfi fósturforeldra þegar umsókn berst. Með því að fela barnaverndarnefnd að taka á móti umsóknum frá þeim sem óska eftir að taka börn í fóstur skal nefndin afla nauðsynlegra gagna sem nánar verður kveðið á um í reglugerð, t.d. sakavottorðs, læknisvottorðs, meðmæla o.fl., sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 532/1996, um ráðstöfun barna í fóstur, ásamt því að gera könnun á högum og aðstæðum. Skulu gögn þessi send Barnaverndarstofu sem fer yfir þau svo og könnun nefndarinnar ásamt því að gera eigin könnun á heimilisaðstæðum umsækjenda. Þá er það hlutverk stofunnar að veita væntanlegum fósturforeldrum fræðslu og ráðgjöf.

Með hliðsjón af framangreindu er það hlutverk Barnaverndarstofu að veita barnaverndarnefndum fulltingi við öflun hæfra fósturforeldra. Með ákvæðinu er ætlað að tryggja nægt framboð af fósturforeldrum, en nauðsynlegt er að einhverjum aðila sé falið það hlutverk.

Með því fyrirkomulagi að þeir einir geti tekið barn í fóstur samkvæmt ákvæðum frumvarpsins sem fengið hafa til þess leyfi Barnaverndarstofu er ætlunin að tryggja samræmt faglegt mat á hæfni fósturforeldra og framboð og aðgang barnaverndarnefnda á öllu landinu að hæfum fósturforeldrum. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við 67. gr.

Um 67. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um fósturforeldra. Hliðstætt ákvæði er í 30. gr. gildandi laga eins og henni var breytt með lögum nr. 22/1995. Þó eru nokkrar breytingar gerðar.

Í 1. mgr. er tekið fram að Barnaverndarstofa skuli halda skrá yfir þá sem hlotið hafa leyfi til að taka börn í fóstur. Vakin er athygli á því að með reglugerð, sbr. 78. gr. frumvarpsins, er heimilt að setja nánari reglur um almenn skilyrði fyrir hæfi fósturforeldra og fræðslu þeim til handa. Sambærilegt ákvæði var sett í gildandi lög með lögum nr. 22/1995. Þá er mikilvægt að tryggt sé að fósturforeldrar séu í reynd færir um að taka barn í fóstur með þeim skyldum sem það hefur í för með sér fyrir þá. Það er að sjálfsögðu forsenda þess að markmiðið með ráðstöfun barns í fóstur náist. Reglur af þessu tagi eru því eðlilegar og nauðsynlegar til að tryggja hæfi fósturforeldra. Með því að halda eina miðlæga skrá yfir hæfa fósturforeldra er betur hægt að tryggja nýtingu þessa úrræðis og stuðla að því að barn fari til þeirra fósturforeldra sem best henta högum þess og þörfum. Slík skrá getur og auðveldað til muna barnaverndaryfirvöldum að finna hæfa fósturforeldra.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd sendi Barnaverndarstofu beiðni um fósturheimili. Barnaverndarnefnd velur síðan fósturforeldra í samráði við stofuna. Sambærileg regla er í 2. mgr. 30. gr. gildandi laga. Er þetta talin heppileg regla með hliðsjón af því að Barnaverndarstofa metur hæfi fósturforeldra og hefur þar af leiðandi gleggstar upplýsingar um stöðu, aðstæður, möguleika og sérþekkingu hvers og eins. Reglan miðar þannig að því að tryggja val á heppilegasta úrræðinu fyrir hvert barn. Barnaverndarnefnd ber að velja fósturforeldra úr hópi þeirra sem koma til greina af kostgæfni og með tilliti til þarfa og hagsmuna barnsins sem í hlut á enda verður að gera ráð fyrir að nefndin hafi bestu upplýsingar um þessi atriði. Hafa ber að leiðarljósi það markmið sem stefnt er að með ráðstöfun barns í fóstur og stefna að stöðugleika í lífi barnsins.

Í 3. mgr. er fjallað um fóstur skv. 3. mgr. 65. gr. Fóstur samkvæmt þessu ákvæði hefur í för með sér kostnaðarþátttöku ríkisins. Eðlilegt þykir að gera ráð fyrir að Barnaverndarstofa velji fósturforeldra í þessu tilviki í samráði við barnaverndarnefnd, þótt nefndin sjálf geri fóstursamninginn. Miðað er við að Barnaverndarstofa hafi upplýsingar um fósturforeldra sem hafa þekkingu og þjálfun til að veita þá sérstöku þjónustu sem fóstur á grundvelli ákvæðisins útheimtir. Ákvæði fóstursamnings sem gera ráð fyrir sérstökum skyldum fósturforeldra, og þar með kostnaðarauka ríkisins, skv. 3. mgr. 65. gr. eru þó háð samþykki Barnaverndarstofu.

Um 68. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um fóstursamninga. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að við ráðstöfun barns í fóstur skuli barnaverndarnefnd og fósturforeldrar gera með sér fóstursamning. Aðilar samningsins eru barnaverndarnefnd og fósturforeldrar. Með þessu er undirstrikað að um er að ræða formlega ráðstöfun barnaverndarnefndar og að hún er ábyrg gagnvart fósturforeldri vegna álitamála sem kunna að rísa vegna framkvæmdar samningsins. Aðrir, svo sem kynforeldrar barns, eru í reynd ekki aðilar slíks samnings.

Í ákvæðinu er enn fremur í liðum a–g mælt nánar fyrir um efni fóstursamninga. Í stuttu máli er gert ráð fyrir að öllum meginatriðum um réttindi og skyldur fósturforeldra annars vegar og barnaverndaryfirvalda hins vegar verði ráðið til lykta í fóstursamningi. Í því felst, eins og fyrr

segir, að lögin gera ekki ráð fyrir því að fóstur hafi sjálfkrafa í för með sér önnur réttaráhrif en þau að fósturforeldrar fara með umsjá barnsins og umönnun þess og uppeldi frá degi til dags. Um réttindi og skyldur að öðru leyti er mælt fyrir í fóstursamningi. Samningurinn er því grundvöllur að réttarsambandi barnaverndaryfirvalda og fósturforeldra og þeim réttindum og skyldum sem fóstrinu fylgja fyrir þessa aðila. Áréttað skal að einstaka atriði ber að taka upp í fóstursamning sem í raun eru ekki samningsatriði milli barnaverndarnefndar og fósturforeldra, sbr. d- og e-lið. Vísast til athugasemda við þessa liði. Miðað er við að ávallt skuli gerður fóstursamningur áður en barn flyst á heimili fósturforeldra. Í greininni eru að öðru leyti talin upp þessi atriði:

a. Lögheimili barns og dagleg umsjá. Búseta barns hjá fósturforeldrum er í reynd kjarni fósturs, þ.e. að barn búi á heimili fósturforeldra og þeir fari með umsjá þess frá degi til dags. Lögð er áhersla á að meta skuli í hverju tilviki hvenær flytja skuli lögheimili barns til fósturforeldra. Hafa þarf hliðsjón af markmiði með ráðstöfun barns í fóstur, lengd fóstursins og hagsmunum barnsins.
b. Þá skal í fóstursamningi taka fram hvaða forsjárskyldur fósturforeldrum er ætlað að fara með. Ekki er rétt að tala um að fósturforeldrar fari með forsjá barna þar sem fósturforeldrar hafa í raun aldrei sömu réttarstöðu og kynforeldri sem fer með forsjá samkvæmt ákvæðum barnalaga nr. 20/1992. Hér er ekki verið að gera efnislegar breytingar á réttarstöðu fósturforeldra frá því sem raunverulega er samkvæmt gildandi lögum heldur stefnt að því að gera ákvæðin skýrari. Mestu varðar hér að tekin sé afstaða til þess hver skuli fara með lögráð barnsins í skilningi lögræðislega nr. 71/1997, þ.e. sjálfræði og/eða fjárræði. Taka ber fram hvort og að hvaða marki fósturforeldrar skulu fara með lögráðin. Í sumum tilvikum kann t.d. að vera ástæða til að sérstakur fjárhaldsmaður sé skipaður, eða eftir atvikum að fela sérstökum fjárhaldsmanni umsjón tiltekinna eigna, en ákvæði lögræðislaga bjóða upp á nokkurn sveigjanleika í þessu efni. Ákvæði b-liðar á við hvort sem fóstri er ætlað að standa lengur eða skemur. Að jafnaði verður að gera ráð fyrir að forsjárskyldur flytjist í ríkara mæli til fósturforeldra ef fóstri er ætlað að vara þar til barn verður lögráða.
c. Í c-lið er kveðið á um að í fóstursamningi skuli ákveða þann tíma sem fóstri er ætlað að standa. Leggja ber áherslu á markmiðið með ráðstöfun barns í fóstur.
d. Þá er í d-lið tekið fram að samið skuli um greiðslur til fósturforeldra og annan kostnað, svo sem fósturlaun. Mikilvægt er að vandað sé til þessara ákvæða þannig að ekki komi til ágreinings síðar vegna kostnaðar af framfærslu barns.
e. Í e-lið er gert ráð fyrir að í fóstursamningi verði getið um umgengni barns við kynforeldra og aðra nákomna. Um umgengni fer skv. 74. gr. frumvarpsins. Skal barnaverndarnefnd stefna að því að gera samning um umgengnina við þá sem umgengni eiga að rækja en barnaverndarnefnd á úrskurðarvald um ágreiningsefni sem kunna að verða um umgengni. Gert er ráð fyrir að kanna skuli viðhorf fósturforeldra áður en gengið er frá samningi um umgengni. Rétt þykir að geta um fyrirkomulag umgengni í fóstursamningi þrátt fyrir að þetta sé ekki samkomulagsatriði milli barnaverndarnefndar og fósturforeldra.
f. Í f-lið segir að afstaða skuli tekin til stuðnings barnaverndarnefndar við barn og fósturforeldra á meðan fóstur varir. Slíkur stuðningur getur t.d. falist í reglubundnum heimsóknum barnaverndarnefndar og sérfræðiaðstoð til barns eða fósturforeldra þegar þess er talin þörf.
g. Þá er að lokum tekið fram í g-lið að setja skuli í samning ákvæði um slit hans, einkum vegna breyttra forsendna. Hér undir geta einnig fallið brot á samningsskuldbindingum.
h. Í h-lið er mælt fyrir um ákvæði um sérstaka þjálfun og umönnun, sbr. 3. mgr. 65. gr., þegar

það á við. Ef ákvæði af þessu tagi hefur í för með sér kostnað fyrir ríkið er gert ráð fyrir að það sé háð samþykki Barnaverndarstofu, sbr. 3. mgr. 67. gr. frumvarpsins.

Ástæða er til að taka fram að upptalningin er ekki tæmandi og nauðsynlegt kann að vera að taka afstöðu til fleiri atriða í einstökum fóstursamningum allt eftir aðstæðum hverju sinni.

Um 69. gr.

Ákvæði þetta er í samræmi við það sem segir í athugasemdum við b-lið 68. gr. frumvarpsins. Þegar tekin er afstaða til þess hvort og að hvaða marki fósturforeldrar skulu fara með forsjárskyldur barns, þar með talin lögráð þess (sjálfræði og fjárræði), skal skv. 1. mgr. taka mið af því hversu lengi fóstri er ætlað að standa, þörfum og hagsmunum barns, aðstæðum fósturforeldra og öðrum atvikum. Með þessu er horfið frá því fyrirkomulagi, sem gildandi lög eru að nokkru byggð á, að fóstur skuli að þessu leyti hafa tiltekin réttaráhrif eftir því hvort því er ætlað að vera varanlegt eða tímabundið. Vísast að öðru leyti til þess sem um þetta segir í almennum athugasemdum við þennan kafla frumvarpsins.

Í 2. mgr. kemur fram að ákveða megi að við ákveðnar aðstæður skuli fóstur standa allt þar til barn verður lögráða, sbr. 25. gr. frumvarpsins.

Um 70. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um réttindi barna í fóstri.

Í 1. mgr. er kveðið á um umgengnisrétt. Þar er mælt fyrir um rétt barnsins til umgengni við kynforeldra og aðra sem eru því nákomnir. Um umgengnisrétt er nánar fjallað í 74. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um stuðning barnaverndarnefndar við barn meðan fóstur varir. Almennt er gert ráð fyrir að getið sé um stuðning við barn í fóstursamningi, sbr. f-lið 68. gr. Getur hér komið til álita stuðningur af hálfu nefndarinnar í formi viðtala eða þar sem barni er útveguð sérfræðiaðstoð eða stuðningur. Leggja verður áherslu á að barnaverndarnefnd meti þörf barnsins fyrir stuðning með reglubundnum hætti meðan fóstur varir.

Í 3. mgr. er kveðið á um þann mikilvæga rétt barnsins að því sé tryggð vitneskja um það hvers vegna því er ráðstafað í fóstur og hvaða áform barnaverndarnefnd hefur um framtíð þess. Hér sem fyrr verður að taka mið af því sem best samræmist aldri og þroska barns þess sem í hlut á.

Um 71. gr.

Í þessari grein er kveðið á um réttarstöðu foreldris sem ekki fer með forsjá. Þar kemur fram í 1. mgr. að fari aðeins annar kynforeldra með forsjá þegar svipting forsjár fór fram skuli barnaverndarnefnd kanna grundvöll að því að hinu foreldrinu verði falin umsjá barnsins og forsjá. Þetta ákvæði er í samræmi við þá staðreynd að forsjárlaust kynforeldri hefur ákveðna stöðu að lögum gagnvart barninu, svo sem að því er varðar framfærslu þess, rétt til umgengni o.fl.

Í 2. mgr. er sett fram sú regla að barnaverndarnefnd geti, telji hún hagsmuni barnsins tryggða með þeim hætti, afsalað forsjá barns til hins kynforeldrisins. Í þessu felst jafnframt að það er barnaverndarnefnd sem metur hæfi þess kynforeldris. Barnaverndarnefnd gerir skriflegan samning við kynforeldri um að það taki við forsjá barnsins. Eftir það fer um réttarstöðu barns og foreldris samkvæmt ákvæðum barnalaga. Þetta hefur í för með sér að reglur barnalaga, t.d. um ágreining um framfærslu og ágreining um umgengni, ber að leysa á grundvelli ákvæða þeirra laga. Í barnalögum er lögð áhersla á að foreldrar nái samkomulagi um þessi atriði en ella

verði annar foreldranna að fara fram á það við sýslumann að hann kveði upp úrskurð um tilteknar kröfur á hendur hinu foreldrinu.

Samkvæmt 3. mgr. skal ávallt leita umsagnar þess foreldris sem ekki fer með forsjá áður en barni er ráðstafað í fóstur. Regla þessi kann að þykja svo sjálfsögð að ekki sé ástæða til að taka hana fram. Engu að síður þykir rétt að hafa hana hér með þar sem hún undirstrikar sérstakan rétt þessa foreldris og skyldur, ef því er að skipta, til að gæta hagsmuna og velferðar barnsins.

Um 72. gr.

Í þessari grein er sett fram sú regla að barnaverndarnefnd skuli kappkosta að undirbúa barn undir viðskilnað frá kynforeldrum og undir væntanlegt fóstur. Þá þarf á hliðstæðan hátt að undirbúa fósturforeldra undir það að taka við barni. Ákvæði þetta miðar að því að draga sem mest úr neikvæðum áhrifum þessara ákvarðana fyrir barnið og tryggja að sem bestur árangur náist með fósturráðstöfun.

Um 73. gr.

Í þessari grein ræðir um tilkynningar barnaverndarnefndar til Barnaverndarstofu og fleiri aðila. Varðandi tilkynningu til Barnaverndarstofu er bent á að skv. 2. mgr. 67. gr. á barnaverndarnefnd að hafa samráð og leita samþykkis Barnaverndarstofu við val á fósturforeldrum. Það er því nauðsynlegt fyrir Barnaverndarstofu að hafa upplýsingar um hverjir hafa þegar tekið börn í fóstur og hversu lengi því er ætlað að vara. Þetta er enn fremur nauðsynlegt þar sem Barnaverndarstofu er ætlað skv. 2. mgr. að halda skrá yfir börn í fóstri. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 74. gr.

Í greininni er fjallað um gagnkvæman rétt foreldra og barna sem ráðstafað hefur verið í fóstur til umgengni meðan ráðstöfun varir. Er þetta eðlileg regla og í samræmi við mannréttindaákvæði og alþjóðasamninga sem Ísland hefur fullgilt. Í greininni er átt við beinan umgengnisrétt, auk annarra samskipta, svo sem í gegnum síma, bréfaskipti og þess háttar, sbr. það sem fram kemur í 1. mgr.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um rétt kynforeldra og annarra nákominna til umgengni við barn. Þegar um kynforeldra er að ræða segir að þeir eigi rétt á umgengni við barn, nema umgengni sé bersýnilega talin andstæð hagsmunum og þörfum barnsins og ósamrýmanleg þeim markmiðum sem stefnt er að með ráðstöfun þess í fóstur. Ef neita á um umgengnisrétt með öllu eða takmarka hann verulega verður þannig að sýna fram á að hann sé bersýnilega andstæður hagsmunum barnsins. Þegar um aðra nákomna er að ræða er aftur á móti tekið þannig til orða að umgengni sé barninu til hagsbóta. Samkvæmt þessu orðalagi er réttur þessara aðila ekki jafnríkur og kynforeldra. Vera kann að umgengni barns við aðra nákomna geti haft sérstaka þýðingu fyrir það, einkum þar sem umgengni við kynforeldra er lítil sem engin. Leggja ber áherslu á að með nákomnum er ekki endilega átt við skyldmenni. Aðrir geta fallið undir það að vera nákomnir, svo sem nánir vinir fjölskyldu. Barnaverndarnefnd metur hvort aðili telst nákominn barni í skilningi þessa ákvæðis. Leggja verður áherslu á að nokkuð önnur sjónarmið gilda um mat á umgengni við barn í fóstri en um rétt til umgengni samkvæmt ákvæðum barnalaga nr. 20/1992. Erfitt er að gefa leiðbeiningar um inntak umgengnisréttarins í lögum en nokkur sjónarmið má þó nefna. Við ákvörðun um umgengni verður barnaverndarnefnd sem endranær að meta hagsmuni og þarfir barns í hverju máli. Gæta verður þess að umgengni sé í samræmi við markmiðin með fóstri. Þannig verður almennt að gera ráð fyrir ríkari umgengni ef fóstri er ætlað að vara í skamman tíma og áætlað að barn snúi aftur til foreldra sinna. Þegar

barni er ráðstafað í fóstur sem ætlað er að vara þar til barn verður lögráða verður almennt að gera ráð fyrir að foreldrar hafi ekki verið færir um að búa barninu viðunandi uppeldisaðstæður og hafi jafnvel verið sviptir forsjá barnsins af ástæðum sem lýst er í 29. gr. frumvarpsins. Markmið fósturs er þá að jafnaði að barn aðlagist og tilheyri fósturfjölskyldu sem taki að sér uppeldi þess. Við slíkar aðstæður er viðurkennt að hagsmunir barnsins kunni að krefjast þess að umgengni verði takmörkuð allverulega en árétta ber að meta þarf hagsmuni barnsins í hverju tilviki og sterk rök þurfa að vera fyrir því að hafna umgengni með öllu.

Í 3. mgr. er lögð áhersla á að taka skuli afstöðu til umgengni strax við ráðstöfun barns í fóstur. Gert er ráð fyrir að barnaverndarnefnd meti þarfir og hagsmuni barnsins, m.a. með tilliti til sjónarmiða foreldra og viðhorfa fósturforeldra, og leiti eftir því að gera skriflegan samning við þá sem umgengni eiga að rækja, þ.e. kynforeldra og aðra nákomna eftir atvikum.

Samkvæmt 4. mgr. hefur barnaverndarnefnd úrskurðarvald um ágreiningsefni er varða umgengni barns við kynforeldri eða aðra. Tekur úrskurðarvaldið til þess hvort umgengni skuli viðurkennd, forms hennar (með beinum heimsóknum, gegnum síma eða með bréfaskiptum), umfangs (hversu oft og lengi í senn) og framkvæmdar (svo sem um stað og stund). Enn fremur er tekið fram að barnaverndarnefnd geti svipt kynforeldri umgengnisrétti með öllu þegar sérstaklega stendur á og hann er talinn andstæður hagsmunum barnsins. Heppilegt þykir að taka fram í lagatexta að barnaverndarnefnd geti með öllu synjað um umgengnisrétt, enda er hér um að ræða þess konar réttindi kynforeldra að eðlilegt hlýtur að gera kröfu til þess að svipting hans að öllu leyti hvíli á traustri lagaheimild.

Í 5. mgr. er áréttað að þeir sem umgengni eiga að rækja geti óskað breytinga á ákvæðum samnings um umgengnisrétt og að barnaverndarnefnd taki ákvörðun með úrskurði náist ekki nýtt samkomulag.

Í 6. mgr. er kveðið á um rétt þeirra sem umgengni eiga að rækja til að krefjast þess að barnaverndarnefnd breyti úrskurði sínum um umgengni. Rétt þykir að gera ráð fyrir slíkri reglu þar sem vera kann að aðstæður barns hafi breyst. Þó er sett fram sú regla að barnaverndarnefnd sé ekki skylt að taka slíka kröfu til efnisúrlausnar fyrr en a.m.k. 12 mánuðir eru liðnir frá því að endanleg ákvörðun lá síðast fyrir. Rökin fyrir þessu eru sambærileg og getið er um í athugasemdum við 3. mgr. 34. gr. frumvarpsins, þ.e. að koma í veg fyrir samfelldan ágreining sem skapar óróa og raskar stöðugleika í lífi barns.

Í 7. mgr. kemur fram að barnaverndarnefnd getur úrskurðað að halda skuli dvalarstað barns leyndum fyrir kynforeldrum. Rétt þykir að barnaverndarnefnd hafi slíka heimild, enda geta aðstæður verið með þeim hætti að afskipti kynforeldra af barninu geta verkað mjög truflandi og unnið gegn því að markmiðin með fósturráðstöfun náist.

Í 8. mgr. kemur fram að úrskurðir samkvæmt þessari grein sæti kæru til kærunefndar barnaverndarmála.

Um 75. gr.

Í greininni er kveðið á um framfærslu og annan kostnað vegna fósturs. Fram kemur að þegar barni er ráðstafað í fóstur skuli ákveða í fóstursamningi hver skuli vera greiðsla með því, fósturlaun og annar kostnaður. Reglan er sú að sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur greiðir kostnað vegna fósturs. Þetta er í samræmi við gildandi lög. Enn fremur er lagt til að í ljósi þess að rekstur grunnskóla er nú á vegum sveitarfélaga að sveitarfélag sem ráðstafar barninu endurgreiði viðkomandi sveitarfélagi þann kostnað er hlýst af skólagöngu og akstri í því sambandi. Ef um er að ræða fóstur á grundvelli 3. mgr. 65. gr. fer um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 88. gr.

Um 76. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um eftirlit með fóstri. Eftirlitsskyldan hvílir á barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur. Er þetta til samræmis við ákvæði 4. mgr. 15. gr. frumvarpsins um að barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur fari áfram með mál en hún gerir ráð fyrir að þessar, sem og aðrar skyldur barnaverndarnefndar samkvæmt þessum kafla, séu virkar svo lengi sem fóstrið varir. Henni ber að fylgjast með aðbúnaði og líðan barnsins og því að ráðstöfunin nái tilgangi sínum. Barnaverndarnefnd skal heimsækja fósturheimili eigi sjaldnar en einu sinni á ári og oftar ef ástæða þykir til. Í ákvæðinu felst að barnaverndarnefnd ber áfram ábyrgð á velferð barnsins, ásamt fósturforeldrum.

Um 77. gr.

Í þessari grein er kveðið á um endurskoðun fóstursamnings. Vera má að aðstæður fósturforeldra breytist, svo sem vegna skilnaðar, andláts, búferlaflutninga, heilsubrests eða annarra sambærilegra ástæðna. Við slíkar aðstæður er lögð sú skylda á fósturforeldra að tilkynna um breyttar aðstæður til barnaverndarnefndar sem ráðstafaði barni í fóstur. Ber þá að taka fóstursamning til endurskoðunar ef ástæða þykir til.

Í 2. mgr. segir að tilkynningar skv. 16., 17. og 18. gr. sem lúta að því að aðstæðum barns hjá fósturforeldri kunni að vera ábótavant, svo sem um það að fósturforeldri vanræki hlutverk sitt, skuli berast til þeirrar barnaverndarnefndar sem ráðstafaði barni í fóstur. Ber þá barnaverndarnefnd tafarlaust að kanna málið og grípa til viðeigandi ráðstafana.

Í 3. mgr. er kveðið á um rétt barnaverndarnefndar til breytingar á fóstursamningi eða niðurfellingar. Miðað er við að barnaverndarnefnd geri þetta með rökstuddum úrskurði. Úrskurður er kæranlegur til kærunefndar barnaverndarmála.

Um 78. gr.

Gildandi reglugerð um fóstur er nr. 532/1996 og er hún sett af ráðherra. Efni greinarinnar skýrir sig sjálft.

Um XIII. kafla.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga við uppbyggingu úrræða fyrir börn sem vista þarf utan heimilis. Lögð hefur verið áhersla á að ríkið taki að sér uppbyggingu sérhæfðra faglegra úrræða sem sveitarfélög hafa ekki aðstöðu til að sinna með góðu móti. Skv. 5. mgr. 51. gr. gildandi laga skal félagsmálaráðuneytið þannig sjá um að sérhæfð heimili og stofnanir séu tiltæk fyrir börn þegar úrræði barnaverndarnefndar hafa ekki komið að gagni. Hér er átt við heimili og stofnanir þar sem fram fer sérhæfð meðferð, svo sem vímuefnameðferð og vistun í bráðatilvikum vegna meintra afbrota og hegðunarerfiðleika. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir sérstökum efnisbreytingum að þessu leyti en leitast er við að gera öll ákvæði um uppbyggingu úrræða, nýtingu þeirra og réttarstöðu barna meðan vistun varir skýrari en nú er.

Leggja ber áherslu á að barnaverndarnefndir bera fyrst og fremst almenna ábyrgð á að veita börnum þá þjónustu sem hentar þeim best og velferð þeirra krefst. Hlutverk ríkisins er einungis að veita afmarkaða þjónustu við sérstakar aðstæður sem takmarkast af því að hafa tiltæk meðferðarheimili eða stofnanir þar sem veitt er sérhæfð meðferð. Uppbygging allra annarra úrræða er á ábyrgð barnaverndarnefnda samkvæmt ákvæðum XIV. kafla.

Um 79. gr.

Samkvæmt 1. mgr. ber félagsmálaráðuneytið ábyrgð á því að tiltæk séu heimili og stofnanir til að veita tiltekna sérhæfða þjónustu til að mæta mismunandi þörfum. Um er að ræða heimili og stofnanir til að a) veita börnum móttöku í bráðatilvikum til að tryggja öryggi þeirra vegna meintra afbrota eða alvarlegra hegðunarerfiðleika, b) greina vanda barna sem talin eru þurfa sérhæfða meðferð og c) veita börnum sérhæfða meðferð vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, vímuefnaneyslu og meintra afbrota. Í þessu felst óbreytt ábyrgð ríkisins frá því sem nú er. Ákvæðið kemur fyrst og fremst í staðinn fyrir 5. mgr. 51. gr. núgildandi laga þar sem segir að félagsmálaráðuneytið skuli sjá um að hafa tiltæk sérhæfð heimili og stofnanir fyrir börn þegar úrræði barnaverndarnefndar hafa ekki komið að gagni.

Um heimildir barnaverndarnefnda til að vista börn utan heimilis vísast til ákvæða 25., 27., 28., 29. og 33. gr. frumvarpsins en um framkvæmd sjálfrar vistunarinnar er nánar fjallað í 80. gr. hér á eftir.

Í 2. mgr. felst að það verði áfram hlutverk Barnaverndastofu, í umboði félagsmálaráðuneytisins, að annast uppbyggingu og rekstur heimila og stofnana skv. 1. mgr. Þá er lagt til að lögfest verði sérstök heimild sem felur í sér að stofan geti falið einkaaðilum rekstur heimila og stofnana á grundvelli þjónustusamnings. Ríkið rekur í dag meðferðarstöð fyrir unglinga, Stuðla, en öll langtímameðferðarheimili eru rekin samkvæmt sérstökum þjónustusamningum. Er þetta í samræmi við breyttar áherslur í opinberum rekstri og þykir hafa gefist vel. Um stjórnsýslu einkaframkvæmdar gilda lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins þar sem í 30. gr. er að finna heimild fyrir ráðherra m.a. til að gera samninga við einkaaðila um rekstrarverkefni. Gert ráð fyrir að áhersla verði áfram lögð á gerð þjónustusamninga um einkaframkvæmd við val á rekstrarformi heimila og stofnana skv. 79. gr. þegar það á við.

Heimili og stofnanir skv. 1. mgr. lúta yfirumsjón Barnaverndarstofu. Í hlutverki Barnaverndarstofu samkvæmt þessu ákvæði felst einnig að stofan hefur faglegt og fjárhagslegt eftirlit með starfseminni. Þá getur Barnaverndarstofa mælt fyrir um tiltekna sérhæfingu heimila og stofnana og veitir rekstraraðilum fræðslu, leiðbeiningar og almennan faglegan stuðning. Er þetta sambærilegt við hlutverk Barnaverndarstofu skv. 5. mgr. 51. gr. gildandi laga. Talsvert hefur verið unnið að því að móta verkefni Barnaverndarstofu að þessu leyti, settar ýmsar reglur, svo sem verklagsreglur um meðferð umsókna, reglur um réttindi barna og beitingu þvingunar og settar hafa verið reglur um fyrirkomulag eftirlits og um samstarf barnaverndarnefnda og meðferðarheimila. Taka reglurnar gildi 1. mars 2001.

Í 3. mgr. er tekið fram að komi til ágreinings milli Barnaverndarstofu og rekstraraðila heimila á vegum Barnaverndarstofu megi skjóta þeim ágreiningi til félagsmálaráðuneytisins. Sama á við ef einstaklingur er ósáttur við þá þjónustu sem hann fær á meðferðarheimili Barnaverndarstofu. Er þar einungis átt við kvörtun undan þjónustustarfsemi en ekki þegar í hlut eiga stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru í tengslum við þjónustuna, svo sem um tímalengd, umgengni eða réttindi meðan vistun varir. Greiðist ekki úr framangreindum málum með umleitan til Barnaverndarstofu má bera þau undir félagsmálaráðuneyti.

Í 4. mgr. er kveðið á um að félagsmálaráðherra setji reglur um heimili og stofnanir samkvæmt þessum kafla, sbr. þó sérákvæði í 5. mgr. 80. gr. um setningu reglugerða um vistanir sérstaklega, og 82. gr. um agaviðurlög og þvingunarráðstafanir.

Um 80. gr.

Greinin fjallar um framkvæmd vistunar á heimili eða stofnun sem rekin er skv. 79. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að barnaverndarnefnd skuli reyna önnur stuðningsúrræði áður en barn er vistað á heimili eða stofnun nema ljóst þyki að þau komi ekki að gagni. Um þetta sjónarmið

vísast m.a. til athugasemda við 2. og 25. gr. frumvarpsins. Í núgildandi lögum sem og í þessu frumvarpi er miðað við að ávallt skuli leggja áherslu á að beita úrræðum með miða að því að ná tökum á vanda barns með því að skapa þær aðstæður innan fjölskyldu barnsins að þær teljist viðunandi enda er lagt til grundvallar að hagsmunir barna séu alla jafna best tryggðir með því að þau alist upp hjá foreldrum sínum. Regla þessi svarar til 5. mgr. 51. gr. gildandi laga um að ekki reyni á ábyrgð ríkisins nema úrræði barnaverndarnefndar hafi ekki komið að gagni.

Í 2. mgr. segir að barnaverndarnefnd skuli senda beiðni um vistun barns til Barnaverndarstofu sem meti og ákveði í samráði við nefndina hvaða heimili eða stofnun henti barninu best. Er þetta í samræmi við ákvæði í reglugerð um Barnaverndarstofu nr. 264/1995 en eðlilegt þykir að fjalla um þetta í lögunum. Gert er ráð fyrir að í sérstökum tilvikum geti barnaverndarnefnd snúið sér beint til heimilis eða stofnunar eftir nánari reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu. Kemur þetta helst til álita þegar um er að ræða einhvers konar neyðarmóttöku en í reglugerð nr. 271/1995, sbr. reglugerð nr. 474/1998, um meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga, er gert ráð fyrir að barnaverndarnefndir geti snúið sér til meðferðarstöðvarinnar með beiðni um skammtímavistun fyrir barn í neyðar- og bráðatilvikum á lokaðri deild.

Í 3. mgr. er fjallað um skyldur barnaverndarnefnda meðan vistun varir, svo sem við undirbúning barns fyrir vistun og stuðning meðan á vistun stendur og skyldur til að fylgjast með því að ráðstöfun nái tilgangi sínum. Tekið er fram að gera skuli skriflegan samning um vistun hvers barns. Samsvarandi ákvæði, sem skýrir réttarstöðu barna meðan vistun varir, er ekki í núgildandi lögum en er í samræmi við framkvæmd.

Nýmæli er að finna í 4. mgr. þar sem gert er ráð fyrir að ef foreldrar hafa afsalað sér eða verið sviptir forsjá barns, sem vistað er á heimili eða stofnun skv. 79. gr., beri barnaverndarnefnd að finna barni stuðningsfjölskyldu ef vistun er ætlað að vara lengur en í tvo mánuði. Vistun barns á heimili eða stofnun er almennt talin hafa í för með sér talsvert álag fyrir barnið og lögð er áhersla á að barn geti farið af heimili eða stofnun með reglubundnum hætti, svo sem um helgi og í sumar- og jólaleyfi. Þegar foreldrar hafa afsalað sér eða verið sviptir forsjá barns er í vissum tilvikum ekki unnt að heimila umgengni foreldris og barns með þessum hætti. Sérstaklega þykir nauðsynlegt að tryggja betur en nú er gert rétt þessara barna til að njóta einhverrar umönnunar utan heimilis eða stofnunar meðan vistun varir.

Í 5. mgr. er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um vistanir skv. 79. gr. þar sem m.a. skal kveðið á um skilyrði fyrir vistun, ákvörðun um val á heimili eða stofnun, samninga um vistun barns, skyldur barnaverndarnefnda og eftirlit með heimili. Jafnframt er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð sem varðar stofnsetningu þeirra og almennan rekstur, sbr. 3. mgr. 79. gr.

Um 81. gr.

Greinin fjallar um umgengnisrétt foreldra og barna sem vistuð eru á heimili eða stofnun skv. 79. gr. Samsvarandi ákvæði skortir í núgildandi lög en í framkvæmd hefur verið beitt lögjöfnun frá ákvæði 33. gr. um umgengni í fósturmálum. Ákvæði frumvarpsins er efnislega að flestu leyti sambærilegt við 74. gr. um umgengni við barn í fóstri og vísast til athugasemda við þá grein.

Gert er ráð fyrir samráði við heimili eða stofnun áður en ákvörðun er tekin um umgengni, sbr. 3. mgr., þar sem segir að barnaverndarnefnd skuli taka tillit til þeirra reglna sem gilda á viðkomandi heimili eða stofnun við gerð samnings um umgengni og 7. mgr. þar sem barnaverndarnefnd er gert skylt að leita umsagnar heimilis eða stofnunar þar sem barn er vistað áður en kveðinn er upp úrskurður um umgengni.

Um 82. gr.

Í greininni eru ákvæði sem varða réttindi barna sem dveljast á heimilum og stofnunum, svo og um þvingunarráðstafanir og agaviðurlög. Ákvæðum þessum er ætlað að gilda um öll heimili og stofnanir sem rekin eru samkvæmt ákvæði XIII. kafla en einnig heimili og stofnanir sem rekin eru skv. XIV. kafla frumvarpsins. Í gildandi barnaverndarlögum eru ákvæði sem þetta varða fábrotin. Eina ákvæðið sem fjallar beint um þetta er 2. mgr. 53. gr. Þar segir að líkamlegum og andlegum refsingum megi ekki beita á heimilum eða stofnunum fyrir börn. Á grundvelli 51. og 52. gr. barnaverndarlaga og 19. gr. reglugerðar um Barnaverndarstofu setti stofan reglur um réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum undir yfirstjórn Barnaverndarstofu. Reglurnar tóku gildi 1. nóvember 1997. Endurskoðaðar reglur um sama efni tóku gildi 1. febrúar 1999 og er m.a. þar að finna ákvæði um réttindi barna, takmarkanir á réttindum, þvingunaraðgerðir og eftirlit.

Þar til reglur Barnaverndarstofu voru settar voru reglur um beitingu þvingunarráðstafana og agaviðurlaga inni á meðferðarheimilum nánast ekki til. Með reglunum varð réttarstaðan, að því er þessa þætti í starfsemi heimila og stofnana sem rekin eru á grundvelli laganna varðar, skýrari en áður var. Engu að síður verður að telja eðlilegt að sett verði í barnaverndarlög almenn ákvæði sem að þessu lúta þannig að þær þvingunarráðstafanir og agaviðurlög sem nauðsynlegt er talið að grípa til og samræmst geta góðu meðferðarstarfi hvíli á traustri lagastoð. Þá er enn fremur eðlilegt að gera ráð fyrir að lagareglur þessar séu nánar útfærðar í reglugerð sem sett er að fengnum tillögum Barnaverndarstofu. Við samningu ákvæða frumvarpsins sem að þessu lúta var enn fremur tekið mið af ábendingum sem fram koma í *Greinargerð um þvingunarráðstafanir á meðferðarheimilum ríkisins fyrir unglinga og eftirlitsskyldur barnaverndaryfirvalda* sem samin var fyrir félagsmálaráðuneytið í maí 1998. Þá hafa ákvæði greinar 5–9 í norsku lögunum um *Barneverntjenester* frá 17. júlí 1992, nr. 100, verið höfð hér til hliðsjónar.

Í 1. mgr. er sett fram sú meginregla að stofnanir og heimili samkvæmt lögum þessum skuli rekin þannig að tillit sé tekið til sjálfsákvörðunarréttar og vilja barns og réttar þess til að hafa þau samskipti við aðra sem það óskar, allt eftir því sem samræmist best aldri barnsins, þroska þess og að því marki sem það samræmist tilganginum með vistun þess á stofnuninni eða heimilinu og ábyrgð á rekstri þess, þar á meðal ábyrgð á öryggi barnsins og velferð. Með þessu er áréttað að sjálfsákvörðunarréttur um persónuleg málefni er meginregla. Eðli málsins samkvæmt hlýtur réttur þessi þó að sæta takmörkunum. Í fyrsta lagi er um að ræða einstaklinga sem eru ósjálfráða. Réttur barns sætir því takmörkunum vegna réttinda og skyldna þeirra sem fara með lögráð barns til að ráða persónulegum högum þess, allt samkvæmt þeim reglum sem nánar er kveðið á um í barnalögum, nr. 20/1992, og lögræðislögum, nr. 71/1997, og aldri og þroska barnsins sem í hlut á. Enn fremur sætir þessi réttur takmörkunum að því marki sem samræmist tilganginum með vistun þess á heimili eða stofnun og ábyrgð á rekstrinum.

Í 2. mgr. felst sú meginregla að barn skuli vera frjálst ferða sinna innan sem utan umráðasvæðis heimilis eða stofnunar, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegt kann að vera að setja með tilliti til öryggis og velferðar þess. Börnum sem vistuð eru á stofnunum eða heimilum sem rekin eru skv. 79. gr. má banna að yfirgefa umráðasvæði stofnunar eða heimilis að því marki sem eðlilegt og nauðsynlegt er til að markmiðin með vistun náist. Með þessari framsetningu er meginreglan áréttuð og að rétturinn sætir takmörkunum sem réttlætast af markmiðum meðferðarstarfsins og velferð barnsins.

Í 3. mgr. er nánar kveðið á um þvingunarráðstafanir og agaviðurlög sem eru bönnuð. Í a-lið segir að bannað sé að beita barn líkamlegum eða andlegum refsingum. Þetta er í samræmi við 2. mgr. 53. gr. gildandi laga. Þetta er sjálfsögð regla og undirstrikar að beinar líkamlegar og andlegar refsingar eiga ekki við í meðferðarstarfi. Ákvæðið kemur þó ekki í veg fyrir að beitt

sé þvingunarráðstöfunum og agaviðurlögum sem nauðsynleg þykja til að halda uppi nauðsynlegum aga í starfsemi og rekstri heimilis eða stofnunar. Skv. b-lið er almenna reglan sú að bannað er að beita innilokun, einangrun og öðrum þess konar þvingunarráðstöfunum nema samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu. Með þessu er ekki sett skilyrðislaust bann við því að innilokun eða einangrun sé beitt, heldur að það verði aðeins gert samkvæmt nánar tilgreindum reglum, með þeim skilyrðum sem þar eru greind og í samræmi við þá málsmeðferð sem þar er mælt fyrir um. Hér er einungis átt við neyðartilvik, fyrst og fremst í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að barn skaði sjálft sig eða aðra. Miðað er við að í reglugerðinni verði einnig nánar kveðið á um það hver hafi heimild til að taka ákvörðun um innilokun eða einangrun. Í c-lið er sett fram sú meginregla að barn skuli eiga rétt til að senda og taka við pósti, eiga samskipti við utanaðkomandi, svo sem með tölvupósti eða símleiðis. Þennan rétt má þó takmarka út frá meðferðar- eða rekstrarlegum sjónarmiðum samkvæmt ákvæðum reglugerðar.

Þá er í 4. mgr. mælt svo fyrir að í reglugerð verði kveðið á um framkvæmd ákvæða 3. mgr., þar með talið um þvingunarráðstafanir, agaviðurlög og málsmeðferð vegna beitingar þeirra, sbr. a-lið 4. mgr. Með reglum skv. b-lið skal miða að því að koma í veg fyrir að áfengi, fíkniefni og önnur hættuleg efni berist inn á heimili eða stofnun. Reglur þessar geta m.a. falið í sér heimildir til að takmarka rétt barns til að eiga samskipti við utanaðkomandi með póstsendingum, tölvupósti eða símtölum. Enn fremur um líkamsleit og önnur slík úrræði sem miða að því að koma í veg fyrir að fyrrgreind efni berist inn á heimili eða stofnun. Með reglum skv. c-lið 4. mgr. skal kveða á um rétt barns til að hafa persónulegar eigur með sér og um meðferð á persónulegum fjármunum og eigum barns. Í þessu felst að heimilt getur verið, ef það samræmist meðferðarmarkmiðum og ábyrgð á rekstri heimilis, að takmarka rétt barns til að hafa með sér persónulegar eigur. Hér undir getur fallið hvað sem er, svo sem fatnaður, farsímar, tölvur, hljómflutningstæki, bækur, blöð, tímarit o.s.frv. Eðlilegt er að gera ráð fyrir að kveðið verði á um allt slíkt í reglugerð í samræmi við tilgang meðferðar, rekstur heimilis eða stofnunar og aðstæður þar.

Í 5. mgr. er kveðið á um heimild til að fela þeim er reka heimili eða stofnun skv. 79. gr. á grundvelli þjónustusamnings að taka ákvarðanir um takmörkun réttinda og þvingunarráðstafanir. Nauðsynlegt er að hafa slíka lagaheimild þar sem annars kunna að rísa álitamál um heimild þessara aðila til að beita opinberu valdi að þessu leyti. Þetta er í samræmi við 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997.

Í 6. mgr. er við það miðað að með reglugerð verði kveðið nánar á um heimildir til að skjóta ákvörðunum um takmörkun réttinda og beitingu þvingunarráðstafana til kærunefndar barnaverndarmála. Með þessu er leitast við að tryggja greiða og réttláta málsmeðferð vegna ákvarðana um takmarkanir réttinda og þvingunarráðstafanir sem telja má alvarlegastar og eru þess eðlis að rétt sé að gera ráð fyrir málskoti til kærunefndar barnaverndarmála.

Um 83. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um heimild einstaklinga, félagasamtaka og sveitarfélaga til að setja á stofn og reka stofnanir eða heimili þar sem börn koma til dvalar, umönnunar, stuðnings eða meðferðar. Með þessu er gert ráð fyrir þeim möguleika að barnaverndarnefndir, félagasamtök og aðrir aðilar geti rekið heimili eða stofnun skv. 79. gr. en þurfi að sækja um leyfi til Barnaverndarstofu. Hér er um nýmæli að ræða en ekki þykir rétt að útiloka þá leið að þessir aðilar gætu átt frumkvæði að því að uppfylla þarfir barna fyrir vistun utan heimilis. Verulegur munur er á þessari leið og því að gera þjónustusamning þar sem ríkið hefur að öllu jöfnu frumkvæði að því að gera samning og skilgreinir þá þjónustu sem veita skal. Sá sem óskar eftir leyfi til að

reka heimili eða stofnun hefur sjálfur frumkvæðið að því að skipuleggja úrræðið, svo sem um val á staðsetningu og inntak þjónustunnar, þó að uppfylltum lágmarkskröfum samkvæmt reglugerð, sbr. 3. mgr. Rétt er að taka fram að Barnaverndarstofa hefur skv. 80. gr. yfirumsjón með vistun barna á öllum heimilum og stofnunum skv. 79. gr. frumvarpsins. Ákvörðun barnaverndaryfirvalda um vistun barns á slíku einkareknu heimili eða stofnun, að því marki sem því er ætlað að mæta þörfum sem skilgreindar eru í 79. gr., hlýtur því eðli málsins samkvæmt að vera gerð með vitund og vilja Barnaverndarstofu. Þeir sem vilja setja slíkar stofnanir á fót hljóta því eðli málsins samkvæmt að leita samráðs við barnaverndaryfirvöld, einkum Barnaverndarstofu, varðandi uppbyggingu og rekstur slíkra heimila eða stofnana, m.a. varðandi frekari skilgreiningu þeirra þarfa sem heimili eða stofnun er ætlað að uppfylla. Þar sem hér er um að ræða leið til að mæta þeirri þörf fyrir úrræði sem er á ábyrgð ríkisins segir í frumvarpinu að Barnaverndarstofa hafi eftirlit með rekstri þessara heimila og stofnana.

Í greininni er kveðið á um heimildir Barnaverndarstofu til að svipta þann leyfi sem fengið hefur leyfi stofunnar til að reka heimili eða stofnun skv. 1. og 2. mgr. að uppfylltum skilyrðum greinarinnar. Áður en til þess ráðs er gripið ber Barnaverndarstofu að sjálfsögðu að leitast við að fá viðkomandi með leiðbeiningum og áminningum til að bæta úr því sem áfátt er og veita tiltekinn frest til þess. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um XIV. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði sem varða önnur vistunarúrræði á vegum barnaverndaryfirvalda en þau sem eiga undir XIII. kafla. Annars vegar er hér um að ræða stuðningsfjölskyldur og hins vegar sumardvöl.

Um 84. gr.

Greinin felur í sér óbreyttar kröfur til barnaverndarnefnda frá því sem er í gildandi lögum að öðru leyti en því að reynt er að skýra hlutverk barnaverndarnefnda frekar og setja efnið fram með skýrari hætti. Leggja ber áherslu á að barnaverndarnefndir skulu hafa tiltæk viðeigandi úrræði til að mæta þörfum barna og upptalning úrræða er því ekki tæmandi.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. skulu barnaverndarnefndir hafa tiltæk úrræði til að veita börnum móttöku, þar með talið í bráðatilvikum, til að tryggja öryggi þeirra, greina vanda og til könnunar á högum barna, vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra. Hér er fyrst og fremst um að ræða börn sem ekki er talið að þurfi sérhæfða meðferð en geta af einhverjum ástæðum ekki verið á heimili sínu um tiltekinn tíma. Getur komið til álita vistun á vistheimili, einkaheimili eða annað samsvarandi úrræði, t.d. meðan mál er kannað frekar eða unnið að því að finna annað úrræði.

Samkvæmt b-lið 1. mgr. skulu barnaverndarnefndir hafa tiltæk úrræði, t.d. heimili eða sambýli, þar sem börn geta búið vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna eða sérstakra þarfa, svo sem í kjölfar meðferðar. Ekki er gert ráð fyrir að fram fari sérstök meðferð á þessum heimilum heldur er hér t.d. um að ræða verndaða búsetu fyrir börn sem lokið hafa dvöl á meðferðarheimili en eiga þess ekki kost að flytja til foreldra sinna vegna heimilisaðstæðna eða vegna þess að forsjáraðilar geta ekki stutt barnið eins og nauðsynlegt er. Getur vistun bæði verið tímabundin og þar til barn verður sjálfráða.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að sveitarfélög geti falið öðrum aðilum rekstur heimilis með þjónustusamningi. Gilda um það sömu reglur og um þjónustusamning milli Barnaverndarstofu og annarra aðila, sbr. 2. mgr. 79. gr.

Mjög fá sveitarfélög hafa komið sér upp úrræðum eins og þeim sem hér er lýst. Reykjavíkurborg hefur lengi starfrækt tvö vistheimili auk fjölskylduheimila, tilsjónarsambýla o.fl.

Möguleikar barna á þjónustu eru mjög mismunandi eftir sveitarfélögunum en áríðandi er að öll börn njóti samsvarandi þjónustu að þessu leyti. Rétt þykir að Barnaverndarstofa hafi yfirlit yfir þörf á úrræðum samkvæmt þessari grein, hvetji barnaverndarnefndir til að koma upp nauðsynlegum úrræðum og liðsinni þeim eftir því sem þörf er á. Með hliðsjón af 83. gr. er rekstur samkvæmt grein þessari háður leyfi Barnaverndarstofu.

Í 4. mgr. kemur fram að ákvæði 80., 81. og 82. gr. eigi við um vistun barna samkvæmt ákvæði 84. gr. eftir því sem við á. Þannig ber t.d. að miða við að barnaverndarnefndir reyni að jafnaði önnur stuðningsúrræði áður en börn eru vistuð utan heimilis, úrræði sé valið af kostgæfni og að barn sé undirbúið undir vistun og viðskilnað við foreldra sína. Þá eiga reglur 81. og 82. gr. um umgengni og réttindi barna og beitingu þvingunar við um heimili skv. 84. gr. Árétta ber að ákvæði 2. mgr. 80. gr. um umsókn til Barnaverndarstofu á eðli málsins samkvæmt ekki við um vistun á heimili skv. 84. gr.

Í 5. mgr. er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra setji reglugerð um stofnun og rekstur heimila skv. 84. gr. að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

Um 85. gr.

Rétt er að taka fram að stuðningsfjölskyldur teljast ekki beinlínis til vistunar utan heimilis. Úrræðið er þó eðli málsins samkvæmt nægilega skylt til þess að rétt sé að telja það upp hér. Skv. 24. gr. frumvarpsins bera barnaverndarnefndir ábyrgð á því að hafa tiltækar stuðningsfjölskyldur. Með reglugerð skulu settar nánari reglur um þetta sem og önnur stuðningsúrræði, sbr. 2. mgr. 38. gr. Gildandi reglugerð um þetta efni er, eins og áður segir, reglugerð, nr. 452/1993, um tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa og stuðningsfjölskyldu skv. 21. gr. laga nr. 58/1992, sbr. nánar d-lið. Vísast nánar til athugasemda við 24. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt þessari grein ber barnaverndarefnd að sjá til þess að úrræðin séu fyrir hendi þegar þörf krefur. Barnaverndarstofu er aftur á móti ætlað að veita leyfi til starfseminnar. Vakin er athygli á stuðningsfjölskyldu skv. 4. mgr. 80. gr. og skýringum við þá grein.

Um 86. gr.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir sumardvöl á vegum barnaverndarnefndar en sumardvöl er eitt þeirra stuðningsúrræða sem barnaverndarnefndir geta beitt þegar þörf krefur skv. c-lið 24. gr. frumvarpsins. Samkvæmt upplýsingum Barnaverndarstofu voru á þriðja hundrað börn vistuð á sveitaheimilum á vegum barnaverndarnefnda árið 1999. Um leyfi til að taka börn í slíka vistun og eftirlit með starfseminni gilda ákvæði 91. gr. sem fjallar m.a. um sumardvalarheimili, sumarbúðir og þess háttar.

Um XV. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði um skiptingu kostnaðar af barnaverndarstarfi milli foreldra, sveitarfélags og ríkisins. Sambærileg ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum.

Um 87. gr.

Í þessari grein er kveðið á um þann kostnað sem hlýst af störfum barnaverndarnefndar, svo og þann kostnað sem leiðir af þjónustu sem hún veitir og úrræðum sem hún ber ábyrgð á. Sveitarstjórn ber ábyrgð á þessum kostnaði. Um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna fósturs á grundvelli 3. mgr. 65. gr. fer samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í 88. gr.

Um 88. gr.

Í þessari grein er kveðið á um fjárhagslega ábyrgð ríkisins. Fram kemur að ríkið ber kostnað sem hlýst af störfum kærunefndar barnaverndarmála og Barnaverndarstofu. Ljóst er, að því marki sem ríkinu er ætlað að setja á fót stofnanir og heimili skv. 79. gr. og reka þau, eða eftir atvikum fela öðrum þetta verkefni á grundvelli þjónustusamnings, að gera verður ráð fyrir að ríkið beri kostnað sem af því hlýst.

Í 2. mgr. er kveðið á um kostnað vegna fósturs á grundvelli 3. mgr. 65. gr. sérstaklega. Af 75. gr., sbr. og 87. gr., leiðir að sveitarfélag ber ábyrgð á kostnaði vegna fósturs almennt. Aðeins í þeim tilvikum þegar fósturráðstöfun er á grundvelli fyrrnefnds ákvæðis er gert ráð fyrir hlutdeild ríkisins í kostnaði vegna fósturs. Barnaverndarstofa ákveður kostnaðarhlutdeild ríkisins. Við ákvörðun á hlutdeild þess skal Barnaverndarstofa taka mið af kostnaði við að mæta sérþörfum þess barns sem ráðstafað er í fóstur á grundvelli ákvæðisins og kostnaði við þá sérstöku þjónustu, umönnun og þjálfun sem fósturforeldrum er ætlað að veita.

Um 89. gr.

Í þessari grein er kveðið á um framfærsluskyldu foreldra. Foreldrar eru framfærsluskyldir gagnvart börnum sínum samkvæmt ákvæðum barnalaga þar til þau verða 18 ára gömul. Þetta á við þótt barni sé ráðstafað í vistun annars staðar fyrir tilstilli barnaverndarnefndar. Í samræmi við þetta er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti krafið kynforeldra um framfærslueyri meðan á vistun utan heimilis stendur. Með vistun er hér átt við fóstur eða vistun á heimili eða stofnun. Fjárhæð framfærslueyris ræðst af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra. Barnaverndarnefnd úrskurðar um framfærslueyri og er ákvörðun hennar kæranleg til kærunefndar barnaverndarmála. Nánar fer um ákvörðun og innheimtu framfærslueyris samkvæmt ákvæðum barnalaga, sbr. 4. mgr.

Í 3. mgr. er sérstaklega tekið fram að foreldri sem hefur verið svipt forsjá barns síns með dómi sé ekki skylt að framfæra það. Rétt þykir að gera ráð fyrir þessu þótt meginregla samkvæmt barnalögum sé sú að framfærsluskylda sé óháð forsjá.

Um XVI. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði sem varða vistun barna á vegum annarra en barnaverndarnefnda. Annars vegar er um að ræða heimildir fyrir foreldra til að vista börn sín sjálfir utan heimilis. Hér er því ekki um að ræða eiginleg barnaverndarúrræði samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa. Gert er ráð fyrir afskiptum barnaverndaryfirvalda ef slík ráðstöfun á að haldast tiltekinn tíma. Hins vegar er að finna ákvæði sem varða vistun barns á heimili án atbeina barnaverndaryfirvalda. Þótt ekki sé hér um barnaverndarúrræði að ræða sem fyrr segir þykir það falla vel að efni barnaverndarlaga og markmiði þeirra að gera ráð fyrir að leyfisveitingar og eftirlit með slíkri starfsemi eigi undir barnaverndaryfirvöld.

Um 90. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði um heimildir foreldra til að vista börn sín sjálfir utan heimilis. Foreldrar sem fara með lögráð barns, ráða persónulegum högum þess, þar með heimili þess. Sambærileg ákvæði er að finna í 40. gr. gildandi barnaverndarlaga. Ekki er í þessari grein verið að setja sérstakar skorður við því að foreldrar taki, fyrir hönd barna sinna, ákvörðun um vistun þeirra utan heimilis. Rétt þykir aftur á móti að gera ráð fyrir að foreldrum sé skylt að tilkynna um slíka ráðstöfun til barnaverndarnefndar. Ákvæðið snýr þannig fyrst og fremst að hlutverki barnaverndarnefndar við þessar aðstæður. Miðað er við að tilkynningarskyldan verði virk ef dvöl er ætlað að standa sex mánuði eða lengur. Áskilið er í greininni að vistun barns brjóti

ekki í bága við hagsmuni þess og á barnaverndarnefnd, sem tilkynnt er til, mat um það. Í samræmi við þetta verður að gera ráð fyrir heimild nefndarinnar til að kanna frekar hagi þeirra sem barni er ætlað að dveljast hjá, sbr. nánar ákvæði 3. mgr. þessarar greinar. Þá er það enn fremur skilyrði, ef barn er komið á skólaskyldualdur, að því hafi verið tryggð skólavist í umdæmi sem það flyst í til dvalar. Sérregla um dvalartíma gildir þegar barni er komið til dvalar hjá vandamönnum. Í slíkum tilvikum þarf ekki að tilkynna um vistun nema henni sé ætlað að standa í tólf mánuði eða lengur.

Samkvæmt 2. mgr. gildir tilkynningarskylda skv. 1. mgr. ekki þegar vistun er nauðsynleg vegna skólagöngu barnsins, þegar barn er vistað í opinberri stofnun vegna heilsu sinnar eða þroska eða þegar barn er orðið 15 ára. Þetta ákvæði er óbreytt frá því sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. 40. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. er kveðið á um að þegar barnaverndarnefnd fær tilkynningu skv. 1. mgr. eða upplýsingar á annan hátt um vistun sem tilkynningarskyldan gildir um skuli hún kanna hvort þörf er fyrir stuðning við foreldra sem gæti gert þeim kleift að hafa barnið hjá sér. Þessi regla á við ef ætla má að foreldrar taki ákvörðun um vistun annars staðar vegna þess að þeir telja sig ekki hafa aðstæður til að hafa barn hjá sér. Ber þá barnaverndarnefnd að athuga hvort völ sé úrræða sem gætu gert það kleift. Ef þetta er ekki unnt er barnaverndarnefnd heimilt að kanna sérstaklega hvort hag og þörfum barns sé fullnægt á nýjum dvalarstað þess, ef hún telur ástæðu til. Í þessu felst að barnaverndarnefnd þarf ekki að láta slíka könnun fara fram ef nefndin telur að fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir um hinn nýja dvalarstað barnsins. Þá kemur einnig fram í 3. mgr. að ef barnaverndarnefnd telur ástæðu til vegna hagsmuna barns er henni heimilt að hafa eftirlit með aðbúnaði og högum barns í vistun sem tilkynningarskyldan gildir um á sama hátt og væri barnið í fóstri.

Í gildandi lögum, sbr. 4. mgr. 40. gr., er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti ákveðið gegn vilja forsjárforeldra að ráðstöfun barns til dvalar hjá öðrum skv. 1. mgr. skuli haldast, enda hafi barn verið í umsjá (í vistun) annarra í þrjá mánuði eða lengur. Í þessu frumvarpi er miðað við að barnaverndarnefnd geti ekki tekið slíka ákvörðun nema til bráðabirgða. Miðað er við að barnaverndarnefnd geti tekið ákvörðun um að framlengja vistun barns í allt að þrjá mánuði. Innan þess tíma ber barnaverndarnefnd að höfða mál fyrir dómi til sviptingar forsjár. Gert er ráð fyrir að ákvörðun barnaverndarnefndar skuli haldast þar til dómur hefur fallið.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um lögsögu barnaverndarnefndar. Miðað er við að barnaverndarnefnd þar sem barnið átti lögheimili þegar foreldrar vistuðu það, fari með mál samkvæmt greininni, nema sú barnaverndarnefnd og barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem barn er vistað semji um annað. Þetta er í samræmi við ákvæði 15. gr. frumvarps þessa.

Um 91. gr.

Í 1. mgr. ræðir um þá sem óska eftir að taka börn til dvalar á einkaheimili gegn gjaldi í allt að þrjá mánuði yfir sumartíma. Miðað er við að barnaverndarnefndir í heimilisumdæmi nefndar veiti leyfi til slíkrar starfsemi.

Þá kemur fram í 2. mgr. að félagasamtökum eða öðrum aðilum sé heimilt að setja á stofn og reka heimili til að veita börnum viðtöku til umönnunar, stuðnings eða afþreyingar og hollra tómstunda að fengnu leyfi Barnaverndarstofu. Hér er einkum átt við sumarbúðir og sumardvalarheimili þótt ákvæðið sé ekki bundið við það.

Þá kemur fram í 3. mgr. að ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um framkvæmd 1. og 2. mgr. þar sem m.a. skal kveðið á um skilyrði fyrir leyfisveitingu, samninga um vistun, stuðning og eftirlit.

Um XVII. kafla.

Í kafla þessum er safnað saman ýmsum verndarákvæðum, sbr. til hliðsjónar ákvæði X. kafla gildandi barnaverndarlaga.

Um 92. gr.

Ákvæði um útivistartíma barna er hliðstætt því sem er í 57. gr. gildandi laga, að öðru leyti en því að miðað er við að sömu reglur gildi um land allt. Ekki er því lengur gert ráð fyrir að sveitarstjórn geti vikið frá þessum reglum í sérstökum samþykktum.

Í 2. mgr. er sett fram sú regla að aldursmörk miðist við fæðingarár. Með þessu er átt við að 12 ára aldursmarkið vísi til þeirra barna sem verða 12 ára á almanaksárinu. Með þessu er tryggt að sömu reglur gildi um öll börn sem fædd eru á sama almanaksárinu og eru þar af leiðandi að öllu jöfnu á sama skólaárinu. Þetta þykir sanngjörn viðmiðun og er sú sama og notuð er við ákvörðun aldursmarka þegar um er að ræða aðgang að dansleikjum og öðrum skemmtunum.

Um 93. gr.

Í greininni er kveðið á um eftirlit með skemmtunum og sýningum. Ákvæði 1. mgr. er samhljóða 56. gr. gildandi laga og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru aftur á móti nýmæli. Í 2. mgr. kemur fram að skipuleggjendum og ábyrgðaraðilum fyrirsætu- og fegurðarkeppni, og annarrar keppni af því tagi, þar sem þátttakendur eru yngri en 18 ára, sé skylt að tilkynna um keppnina til Barnaverndarstofu. Gert er ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð sett nánari reglur um þátttöku barna í slíkri keppni, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu. Í reglugerð verði m.a. kveðið á um samþykki foreldra eða annarra fyrir þátttökunni, um skyldu skipuleggjenda til að taka tillit til skólagöngu þátttakenda og önnur atriði sem talin er þörf á að reglur verði settar um. Er við það miðað að Barnaverndastofa safni frekari upplýsingum um framkvæmd slíkrar keppni og þær upplýsingar komi fram í tillögum stofunnar að reglugerð til ráðherra. Tillögur Barnaverndarstofu feli í sér þau atriði sem stofan telur að betur megi fara með tilliti til hags þeirra barna sem eru þátttakendur í keppni í ljósi þeirra upplýsinga sem hún hefur safnað.

Í 3. mgr. er lagt bann við því að börn yngri en 18 ára taki þátt í nektarsýningum eða öðrum sýningum af kynferðislegum toga. Skipuleggjendur slíkra sýninga bera ábyrgð á því að þátttakendur í þeim hafi náð tilskildum aldri.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru m.a. til komin vegna ábendinga frá umboðsmanni barna sem telur að ýmislegt sem fylgi fyrirsætustörfum og fegurðarsamkeppni sé hvorki heilsusamlegt né uppbyggjandi fyrir börn. Nefndin hefur rætt allítarlega um þetta mál. Niðurstaðan er sú að ekki sé gerlegt að setja almennt bann við þátttöku barna yngri en 16 ára í slíkri keppni, enda algengt að þátttakendur séu yngri en það. Þátttaka barna yngri en 16 ára er yfirleitt með fullri vitund, vilja og beinum stuðningi forsjáraðila þeirra. Erfitt sé að koma auga á þau rök sem réttlætt geti það að gripið sé fram fyrir hendur forsjáraðila með því að setja slíkt bann í lög. Lagt er til í frumvarpinu að farin verði sú leið að gera skipuleggjendum keppni þar sem keppendur eru yngri en 18 ára að tilkynna um hana til Barnaverndarstofu. Með þessum hætti gefst stofunni kostur á að fylgjast með framkvæmd keppni.

Nefndin telur aftur á móti sterkari rök hníga til þess að banna sérstaklega þátttöku barna í nektarsýningum eða öðrum slíkum sýningum sem eru fyrst og fremst af kynferðislegum toga. Hliðstæð bönn eru í gildi í nágrannaríkjunum á Norðurlöndum og því nærtækt að settar verði reglur sem banni þátttöku barna í slíkum sýningum hér á landi. Byggist það á því sjón-

armiði að sérstök ástæða sé til að vernda ungt fólk að þessu leyti þar sem það geti oft síður en þeir sem eldri eru metið afleiðingar þeirrar ákvörðunar að taka þátt í slíkum sýningum.

Um XVIII. kafla.

Í þessum kafla er safnað saman refsiákvæðum o.fl. Ákvæðin eru í meginatriðum samhljóða ákvæðum 59.–67. gr. gildandi laga. Framsetningu þeirra hefur þó verið breytt verulega.

Um 94. gr.

Greinin hefur að geyma refsiákvæði vegna brota gegn tilkynningarskyldu o.fl. Sambærileg ákvæði er að finna í 59. og 60. gr. gildandi laga. Í 1. mgr. er kveðið á um refsingu við því að koma vísvitandi röngum eða villandi upplýsingum á framfæri við barnaverndarnefnd um atriði sem ákvæði frumvarpsins taka til.

Í 2. mgr. er kveðið á um refsingu við því að láta hjá líða að tilkynna barnaverndarnefnd um svo illa meðferð eða slæman aðbúnað barns að lífi þess eða heilsu sé hætta búin.

Um 95. gr.

Í greininni er kveðið á um brot vegna brottnáms barns, brot gegn nálgunarbanni skv. 37. gr. o.fl. Í 1. mgr. kemur fram að ef maður hefur samband, heimsækir eða ónáðar barn eða brýtur gegn lögmætum fyrirmælum um að víkja af heimili, sbr. 37. gr., varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Í 2. mgr. er kveðið á um brottnám barns úr vist þar sem barnaverndarnefnd hefur ráðstafað því.

Um 96. gr.

Sambærilegt ákvæði er að finna í 63. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að refsihámarkið er fimm ár í stað tveggja. Eftir sem áður er áskilið að ekki liggi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

Um 97. gr.

Í ákvæðinu ræðir um brot gagnvart börnum. Ákvæðin eru sambærileg við 64.–66. gr. gildandi laga.

Um 98. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um skil eldri laga og yngri. Í 1. mgr. kemur fram að ef málsmeðferð fyrir barnavernd hefur hafist í tíð eldri laga gildi ákvæði nýju laganna um meðferð máls eftir gildistöku þeirra. Gildir það þótt atvik máls hafi að einhverju eða öllu leyti gerst í tíð eldri laga. Þá er í 2. mgr. miðað við að kærunefnd barnaverndarmála taki við meðferð allra mála sem skotið hefur verið til barnaverndarráðs og eru þar til meðferðar þegar lög þessi taka gildi, enda eigi ágreiningsefnið undir kærunefnd samkvæmt lögum þessum. Rekstur málsins fyrir kærunefnd barnaverndarmála skal þó aldrei leiða til lakari réttarstöðu aðila en leiða mundi af eldri lögum.

Óhætt þykir að gera ráð fyrir að hinar nýju reglur gildi um meðferð málsins þótt það hafi hafist í tíð eldri laga, þar sem vandséð er að það geti á nokkurn hátt leitt til verri réttarstöðu fyrir aðila. Meðal annars af þeirri ástæðu er það sérstaklega tekið fram varðandi meðferð máls fyrir barnaverndarráði, þar sem málsmeðferð þar er með nokkuð öðrum hætti en gert er ráð fyrir að því er varðar kærunefnd barnaverndarmála.

Í 3. mgr. kemur fram að hafi barnaverndarnefnd kveðið upp úrskurð um sviptingu forsjár, en úrskurðinum ekki verið skotið til barnaverndarráðs eða úrskurðinum hefur verið skotið þangað en meðferð málsins er ekki lokið, fer um meðferð þess samkvæmt eldri lögum. Rétt

þykir við þessar aðstæður að gera ráð fyrir að mál sé klárað fyrir barnaverndarráði. Hin leiðin ætti líka að vera fær fyrir barnaverndarnefnd að draga úrskurð sinn til baka og gera kröfu um sviptingu fyrir dómi. Verður það að ráðast af atvikum hvor leiðin þykir betur henta.

Um 99. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til barnaverndarlaga.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði í lok árs 1997 til að endurskoða lög um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, með síðari breytingum. Í frumvarpinu er að finna fjölda nýmæla og breytinga frá gildandi lögum og hafa nokkrar þeirra áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði frumvarpið að lögum.

Í fyrsta lagi er lagt til að barnaverndarráð verði lagt niður í núverandi mynd og þess í stað skipi félagsmálaráðherra þrjá menn til setu í kærunefnd barnaverndarmála til fjögurra ára í senn. Lagt er til að Hæstiréttur tilnefni formann sem skal uppfylla skilyrði héraðsdómara en aðrir nefndarmenn skulu hafa sérþekkingu á málefnum barna. Gert er ráð fyrir að nefndinni verði heimilt að ráða starfsmenn til að sinna daglegum rekstri. Til kærunefndar verði m.a. unnt að skjóta úrskurðum barnaverndarnefnda og stjórnvaldsákvörðunum Barnaverndarstofu. Kostnaður kærunefndar er áætlaður 6 m.kr. á ári en á móti falla niður útgjöld vegna barnaverndarráðs sem eru 15 m.kr. í fjárlögum 2001. Jafnframt er gert ráð fyrir að kostnaður Barnaverndarstofu lækki um 0,2 m.kr. og félagsmálaráðuneytis um 0,1 m.kr.

Í öðru lagi er lagt til að ríkissjóður greiði hluta kostnaðar samkvæmt ákvörðun Barnaverndarstofu vegna fósturs ef um sérstök vandamál er að ræða sem krefjast sérhæfðrar umönnunar. Gert að ráð fyrir að um 20 börn geti fallið undir þetta úrræði og heildarkostnaður þeirra á ári nemi um 24 m.kr.

Í þriðja lagi er í frumvarpinu nýmæli um að barnaverndarmál verði að hluta rekin fyrir dómi og að úrskurðarvald í málum vegna sviptingar forsjár flytjist frá barnaverndarnefndum til dómstóla. Einnig eru nýmæli um að foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri geti gert kröfu fyrir dómi um endurskoðun ráðstafana sem ætlað er að vara þar til barn verður lögráða. Þá er gert ráð fyrir að foreldrar geti borið undir dómara ákvörðun barnaverndarnefndar um vistun barns utan heimilis í allt að tvo mánuði og að barnaverndarnefnd geri kröfu um það fyrir héraðsdómi óski hún eftir að koma fram vistun barns utan heimilis til lengri tíma en tveggja mánaða. Þessar breytingar leiða m.a. til breytinga á málsmeðferð fyrir dómi og skal að jafnaði kveðja til sérfróða meðdómsmenn til setu í dómi þegar krafa er gerð um forræðissviptingu eða endurskoðun ráðstafana sem ætlað er að vara þar til barn verður lögráða. Ætla má að fjöldi mála geti orðið nálægt 10 að meðaltali næstu ár og kostnaður við meðdómara nemi um 3 m.kr. á ári.

Í fjórða lagi geta barnaverndaryfirvöld ákveðið, með samþykki ungmennis, að ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli laganna haldist eftir að þau eru orðin 18 ára, allt til 20 ára aldurs. Í þessu felst að unnt reynist að viðhalda ráðstöfunum sem gerðar hafa verið eftir að þessu

aldurstakmarki er náð, t.d. þar sem barn er á fósturheimili eða á stofnun til meðferðar. Skylt ákvæði er í gildandi lögum hvað varðar stuðningsaðgerðir en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heimildin nái einnig til vistunar á stofnun eða fósturheimili. Komi til slíkrar vistunar má áætla að hún kosti 4–5 m.kr. á ári.

Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður ríkissjóðs hækki um 33 m.kr. á ári. Á móti falla niður 15 m.kr. útgjöld. Árleg viðbótarfjárþörf til rekstrar næmi því 18 m.kr. Þá er ótalinn kostnaður við vistun einstaklinga eftir að 18 ára aldri er náð en gert er ráð fyrir að slík tilvik verði fá.

885. Frumvarp til laga [573. mál]

um útsenda starfsmenn.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um fyrirtæki sem hefur staðfestu utan Íslands og sendir starfsmann hingað til lands, sbr. 2. og 3. gr., í tengslum við veitingu þjónustu.

Lög þessi gilda ekki um áhafnir kaupskipa.

2. gr.

Útsendur starfsmaður.

Með útsendum starfsmanni er í lögum þessum átt við starfsmann sem starfar að jafnaði utan Íslands en er sendur tímabundið til starfa hér á landi, sbr. 3. gr.

3. gr.

Fyrirtæki.

Fyrirtæki telst senda starfsmann í skilningi 2. gr. hingað til lands í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar það sendir á sínum vegum og undir sinni stjórn starfsmann í tengslum við samning um veitingu þjónustu við fyrirtæki hér á landi.
2. Þegar það sendir starfsmann til starfsstöðvar eða fyrirtækis í eigu fyrirtækjasamstæðu hér á landi.
3. Þegar það framleigir sem afleysingarfyrirtæki eða atvinnumiðlun starfsmann til notendafyrirtækis sem hefur staðfestu eða er með starfsemi hér á landi.

Í þeim tilvikum sem greinir í 1. mgr. er það ávallt skilyrði að ráðningarsamband sé milli fyrirtækisins og starfsmannsins á þeim tíma sem hann starfar hér á landi.

4. gr.

Starfskjör.

Þegar fyrirtæki sendir starfsmann hingað til lands í skilningi laga þessara gildir eftirfarandi löggjöf um starfskjör hans, og reglur settar á grundvelli hennar, án tillits til þess löggjöf hvaða ríkis gildir að öðru leyti um ráðningarsamband hans og hlutaðeigandi fyrirtækis:

1. Lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, 1. gr., að því er varðar lágmarkslaun, yfirvinnugreiðslur, réttindi til orlofs, hámarksvinnutíma og lágmarkshvíldartíma.

2. Lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
3. Lög nr. 30/1987, um orlof.
4. Lög nr. 35/1993, um eftirlit með skipum, 4. gr.
5. Lög nr. 60/1998, um loftferðir, VI. kafli.
6. Lög nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, 11., 29. og 30. gr.
7. Lög nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, auk annarra ákvæða um bann við mismunun.

Ákvæði 1. mgr. gildir með fyrirvara um betri starfskjör starfsmanns samkvæmt ráðningarsamningi við hlutaðeigandi fyrirtæki eða samkvæmt kjarasamningi eða löggjöf í því ríki þar sem hann starfar að jafnaði.

5. gr.
Frávik.

Ef um er að ræða fyrstu samsetningu og/eða fyrstu uppsetningu vöru, sem er þáttur í samningi um veitingu vöru og er nauðsynleg til að taka megi vöruna í notkun og er framkvæmd af faglærðum eða sérhæfðum starfsmönnum fyrirtækis, sbr. 3. gr., skulu ákvæði 1. og 3. tölul. 4. gr. ekki eiga við ef það tímabil sem starfsmaðurinn er hér á landi varir ekki lengur en átta daga.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um hvers kyns byggingarvinnu sem lýtur að byggingu, viðgerðum, lagfæringum, breytingum eða niðurrifi bygginga.

Við ákvörðun þess hve lengi starfsmaður hefur unnið hér á landi skv. 1. mgr. skal reikna með öll starfstímabil hans hér á landi síðustu 12 mánuði. Við slíka útreikninga skal telja með sérhvert fyrra tímabil sem annar útsendur starfsmaður kann að hafa gegnt starfinu áður.

6. gr.
Varnarþing.

Útsendur starfsmaður, sbr. 2. gr., getur höfðað mál hér á landi vegna vanefnda vinnuveitanda á skyldum sínum samkvæmt ákvæðum 4. og 5. gr. laga þessara.

7. gr.
Upplýsingar.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, svo sem um samstarf og veitingu upplýsinga af hálfu stjórnvalda og samskipti við þar til bærar stofnanir í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. ákvæði 4. og 5. gr. tilskipunar nr. 96/71/EB.

8. gr.
Gildistaka.

Lög þessi, sem sett eru með hliðsjón af tilskipun nr. 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu, öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Sameiginlega EES-nefndin samþykkti 30. apríl 1998, sbr. ákvörðun nefndarinnar nr. 37/1998, tilskipun Evrópusambandsins nr. 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu (hér eftir nefnd tilskipunin). Samkvæmt tilskipuninni skulu aðildarríkin hafa samþykkt nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að innleiða ákvæði hennar eigi síðar en 16. desember 1999.

Í formála tilskipunarinnar er vikið að því að með tilkomu innri markaðarins skapist virkt umhverfi fyrir veitingu þjónustu milli landa sem hvetur sífellt fleiri fyrirtæki til að senda starfsmenn tímabundið til starfa á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en þess sem þeir starfa að jafnaði í. Þá segir í formála hennar að veiting þjónustu geti farið fram á þann hátt að fyrirtæki inni verk af hendi á eigin vegum og undir eigin stjórn, samkvæmt samningi þess fyrirtækis við þann aðila sem þjónustan er ætluð, eða á þann hátt að launamaður sé framráðinn til fyrirtækis innan ramma opinbers samnings eða einkaréttarlegs samnings. Til þess að stuðla megi að slíkum þjónustuviðskiptum milli landa þurfi frjálsa samkeppni og ráðstafanir sem tryggja að réttindi launamanna séu virt. Vísað er til þess að þegar ráðning nær yfir landamæri koma upp vandkvæði með tilliti til þess hvaða löggjöf skal gilda um ráðningarsambandið og er í því sambandi vísað til reglna Rómarsamningsins frá 19. júní 1980 um lög sem gilda um samningsskyldur. Samkvæmt meginreglunni um forgang bandalagslaga sem sett er í 20. gr. samningsins hafi hann ekki áhrif á beitingu ákvæða þar sem á tilteknum sviðum eru settar lagavalsreglur um samningsskyldur og hafa verið eða verða tekin upp í gerðir stofnana ESB eða í landslög sem eru samhæfð vegna framkvæmdar slíkra gerða. Jafnframt er undirstrikað að lög bandalagsins útiloki ekki einstök aðildarríki frá því að beita löggjöf sinni eða kjarasamningum gagnvart hverjum þeim sem er ráðinn til starfa á yfirráðasvæði þeirra þótt vinnuveitandinn hafi staðfestu í öðru aðildarríki, jafnvel þótt ráðningin sé tímabundin.

Markmiðum tilskipunarinnar er nánar lýst í 13. og 14. lið formála hennar þar sem fram kemur að samræma þurfi lög aðildarríkjanna „til að setja kjarna lögboðinna reglna um lágmarksvernd sem vinnuveitendur, sem senda starfsmenn sína tímabundið til starfa á yfirráðasvæði aðildarríkis þar sem þjónustan er veitt, skulu veita í móttökuríkinu“. Í því felist að þeim sem veitir þjónustuna beri „að fara að ákveðnum kjarna skýrt skilgreindra verndarreglna óháð lengd útsendingartímabils starfsmannsins“. Sérstaklega er þó tekið fram að lögboðnar reglur um lágmarksvernd sem gilda í gistilandinu skuli ekki koma í veg fyrir „að beitt sé ráðningarskilmálum og -skilyrðum sem eru hagstæðari fyrir starfsmenn“.

Með hliðsjón af framangreindu er meginefni frumvarpsins eftirfarandi:

1. Lagt er til að teknar verði upp skilgreiningar tilskipunarinnar um gildissvið, hugtakið útsendur starfsmaður og hvenær fyrirtæki telst hafa sent starfsmann hingað til lands með því fráviki að ekki er lagt til að gildissvið frumvarpsins takmarkist við útsendingu starfsmanna af hálfu fyrirtækja á Evrópska efnahagssvæðinu.
2. Til að tryggja að sá kjarni lögboðinna reglna um lágmarksvernd sem tilskipunin mælir fyrir um gildi um útsenda starfsmenn hér á landi er lagt til að talin verði upp þau lagaákvæði sem taka til þessara réttinda og gilda þá einnig þær stjórnvaldsreglur sem settar hafa verið á grundvelli þeirra. Lagt er til frávik frá þessari reglu í sérstökum tilvikum, enda sé útsendur starfsmaður aðeins við störf hér á landi í átta daga eða skemur.
3. Til samræmis við skuldbindingar samkvæmt tilskipuninni er lagt til að útsendur starfsmaður geti höfðað mál hér á landi vegna vanefnda vinnuveitanda á skyldum sínum.
4. Lagt er til að nánar verði kveðið á um framkvæmd laganna í reglugerð ráðherra þar sem m.a. verði mælt fyrir um samstarf og veitingu upplýsinga af hálfu stjórnvalda og samskipti við þar til bærar stofnanir í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

Frumvarpið var unnið í samráði við samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins og samtaka aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd reglna á sviði félagsmála sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu en hana skipa fulltrúar frá eftirtöldum aðilum, auk fulltrúa félagsmálaráðuneytisins sem gegnir formennsku í nefndinni: Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, fjármálaráðuneytinu og utanríkisráðuneytinu.

2. Gildissvið tilskipunarinnar.

Samkvæmt 1. gr. tilskipunarinnar tekur hún til fyrirtækja með staðfestu í aðildarríkjum Evrópusambandsins sem senda starfsmenn til annars aðildarríkis á grundvelli reglna Evrópusambandsins um veitingu þjónustu milli landa. Nánar tiltekið tekur hún til þess:

1. þegar fyrirtæki sendir á sínum vegum og undir sinni stjórn til annars aðildarríkis starfsmann í tengslum við samning um veitingu þjónustu við fyrirtæki hér á landi,
2. þegar fyrirtæki sendir til annars aðildarríkis starfsmann til starfsstöðvar eða fyrirtækis í eigu fyrirtækjasamstæðu,
3. þegar fyrirtæki framleigir sem afleysingarfyrirtæki eða atvinnumiðlun starfsmann til notendafyrirtækis sem hefur staðfestu eða er með starfsemi í öðru aðildarríki.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar gildir hún ekki um áhafnir kaupskipa.

Í 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar er að finna upptalningu á kjörum og starfsskilyrðum sem aðildarríkjunum ber að sjá til að fyrirtæki tryggi starfsmönnum sínum meðan þeir dvelja við störf í öðru aðildarríki. Hér er nánar tiltekið um að ræða ákvæði laga, stjórnsýslufyrirmæla eða kjarasamninga þar sem kveðið er á um:

1. hámarksvinnutíma og lágmarkshvíldartíma,
2. lágmarksfjölda launaðra orlofsdaga á ári,
3. lágmarkslaun ásamt yfirvinnugreiðslum. Þessi liður á samkvæmt tilskipuninni ekki við um viðbótarkerfi fyrir eftirlaunalífeyri sem tengjast atvinnulífinu,
4. skilyrði fyrir framleigu á starfsmönnum, einkum á vegum afleysingarfyrirtækja,
5. heilbrigði, öryggi og hollustuhætti á vinnustað,
6. verndarráðstafanir með tilliti til kjara og starfsskilyrða barnshafandi kvenna eða kvenna sem hafa nýlega fætt barn, svo og ráðningu barna og ungmenna,
7. jafna meðferð karla og kvenna og önnur ákvæði um bann við mismunun.

3. Undanþágur frá gildissviði.

Tilskipunin hefur að geyma nokkrar undanþágur frá þeim grundvallarreglum sem hún mælir fyrir um. Er þar annars vegar um að ræða fáein heimildarákvæði og hins vegar eitt ófrávíkjanlegt ákvæði. Undir heimildarákvæðin fellur m.a. ákvæði 3. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar sem heimilar aðildarríkjum, að höfðu samráði við samtök aðila vinnumarkaðarins og í samræmi við hefðir og venjur viðkomandi aðildarríkis, að ákveða að beita ekki löggjöf um lágmarkslaun þegar um er að ræða fyrirtæki sem falla undir ákvæði a- og b-liðar 3. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Skilyrði fyrir beitingu þessa ákvæðis er að starfstími hins útsenda starfsmanns sé ekki lengri en einn mánuður. Einnig er að finna ákvæði í 4. mgr. 3. gr. sem heimilar aðildarríkjunum að ákveða að heimila undanþágur með þessum hætti í kjarasamningum. Tilskipunin heimilar jafnframt aðildarríkjunum í 5. mgr. 3. gr. að kveða á um undanþágur frá löggjöf um lágmarkslaun og lágmarksfjölda launaðra frídaga á ári ef um litla vinnu er að ræða.

Ekki er lagt til að framangreindar frávikshеimildir verði nýttar í frumvarpinu. Á hinn bóginn er lagt til að ákvæði 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar verði tekin upp í íslenskan rétt enda hafa aðildarríkin ekki sama svigrúm um innleiðingu þess eins og þau ákvæði er áður hafa verið nefnd. Samkvæmt því skulu ákvæði um lágmarkslaun og yfirvinnugreiðslur annars vegar og lágmarksfjölda launaðra orlofsdaga hins vegar ekki gilda þegar um fyrstu samsetningu og/eða fyrstu uppsetningu vöru er að ræða, sem er þáttur í samningi um veitingu vöru og nauðsynleg til að taka megi vöruna, sem afhent er, í notkun og er framkvæmd af faglærðum eða sérhæfðum starfsmönnum. Skal þessi undanþága gilda í þeim tilvikum þegar starfstímabil hins útsenda starfsmanns stendur ekki lengur en átta daga. Þessi undanþága gildir þó ekki

um þá byggingarstarfsemi sem talin er upp í viðauka við tilskipunina. Vísast um það efni til athugasemda við 5. gr.

4. Lagaskilareglur.

Lög um lagaskil á sviði samningaréttar, nr. 43/2000, fjalla um einkaréttarlegar samningsskuldbindingar sem tengjast fleiri en einu landi þegar taka þarf afstöðu til þess lögum hvaða lands skuli beitt. Í 1. mgr. 3. gr. þeirra laga kemur fram sú meginregla að um samninga skuli beita þeim lögum sem samningsaðilar hafa valið berum orðum eða þeim lögum sem með vissu verða talin leiða af samningnum sjálfum eða öðrum atvikum.

Þegar aðilar hafa ekki samið um lagaval í skilningi 1. mgr. 3. gr. kemur til kasta 1. mgr. 4. gr. laganna, en þar kemur fram sú regla að hafi samningur ekki að geyma ákvæði um það hvers lands lögum skuli beita, skuli beita lögum þess lands sem samningur hefur sterkust tengsl við.

Í 6. gr. laganna er að finna sérreglu vegna vinnusamninga sem mælir fyrir um að þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skuli vinnusamningar sem hafa að geyma ákvæði um lagaval ekki leiða til lakari verndar launþega en þeir mundu njóta samkvæmt þeim ófrávíkjanlegu reglum sem leiða mundi af 2. mgr. 6. gr. Segir þar að þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laganna skuli eftirfarandi lög gilda um vinnusamninga sem ekki geyma ákvæði um lagaval:

a. lög þess lands þar sem launþegi starfar að jafnaði, enda þótt honum hafi tímabundið verið falin störf í öðru landi, eða
b. ef launþegi starfar að jafnaði ekki í neinu tilteknu landi gilda lög þess lands þar sem sú starfsstöð er sem réð hann til starfa.

Ákvæði 2. mgr. eiga ekki við ef annað leiðir af aðstæðum í heild eða samningurinn hefur meiri tengsl við annað land en það sem a- og b-liður vísa til. Í því tilviki gilda lög þess lands.

Samkvæmt þessum reglum er meginreglan sú að beita skal lögum þess lands þar sem launþegi starfar að jafnaði þegar vinnusamningar eru annars vegar. Tilskipun 96/71/EB felur hins vegar í sér frávik frá þessu þar sem hún mælir fyrir um að þegar frá fyrsta degi er starfsmaðurinn starfar í gistiríkinu skuli reglur þess um ákveðin lágmarksréttindi gilda, enda sé um að ræða útsendingu starfsmanns í skilningi tilskipunarinnar. Ákvæði tilskipunarinnar ganga að þessu leyti framar lagaskilareglum Rómarsamningsins (The Rome Convention) frá 19. júní 1980, sem lög nr. 43/2000 byggjast á. Er sú skipan í samræmi við 18. gr. laga nr. 43/2000 þar sem segir að sérreglur um lagaskil í öðrum lögum eða reglum sem lögfestar eru hér á landi vegna skuldbindinga sem felast í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða öðrum alþjóðasamningum skuli ganga framar ákvæðum laganna, að svo miklu leyti sem þær fá ekki samrýmst þeim. Þær reglur sem lagðar eru til með frumvarpi þessu eru jafnframt í samræmi við 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/2000 en þar er sérstaklega kveðið á um að ekkert í þeim lögum takmarki beitingu ófrávíkjanlegra reglna íslensks réttar, ef mál er rekið hér á landi, óháð því hvers lands lögum á annars að beita um samninginn.

5. Reglur um varnarþing.

Samkvæmt Lúganósamningnum um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum frá 16. september 1988, sbr. lög nr. 68/1995, er meginreglan sú, sbr. 2. gr. samningsins, að lögsækja skal menn sem eiga heimili í samningsríki, fyrir dómstólum í því ríki, hvert sem ríkisfang þeirra er. Sama gildir um þá menn sem ekki eru ríkisborgarar í því ríki þar sem þeir eiga heimili. Í 5. gr. er undanþága frá þessari meginreglu en þar segir í 1. tölul. að heimilt sé að lögsækja mann sem á heimili í einu samningsríki í öðru samningsríki í málum sem varða samninga fyrir dómstóli þess staðar þar sem skuldbindinguna skyldi efna. Segir í ákvæði

þessu að í málum sem varða vinnusamninga einstakra manna sé þessi staður þar sem launþeginn starfar að jafnaði eða, ef launþeginn starfar að jafnaði ekki í einu tilteknu landi, þá er þessi staður þar sem starfsstöð sú er sem réð hann til starfa.

Í 6. gr. tilskipunarinnar er mælt fyrir um að til að framfylgja réttinum til þeirra kjara og starfsskilyrða sem tryggð eru í tilskipuninni skuli heimilt að hefja málssókn í því ríki sem starfsmaðurinn var sendur til starfa í, með fyrirvara þar sem við á um réttinn til að hefja málssókn í öðru ríki samkvæmt gildandi alþjóðasamningum um lögsögu. Þessi varnarþingsregla kemur til viðbótar ákvæðum Lúganósamningsins, sbr. lög nr. 68/1995, með því að veita hinum útsenda starfsmanni rétt á að höfða mál í því ríki þar sem vinnan á sér stað. Samkvæmt þessu ákvæði verður vinnuveitandi að sæta því að honum sé stefnt fyrir dóm í aðildarríki þar sem hvorki hann né starfsmaðurinn eiga heimili að því tilskildu að dómkrafan lúti að skuldbindingum sem inna átti af hendi í sama ríki samkvæmt þeim reglum sem tilskipunin fjallar um.

6. Íslensk löggjöf og kjarasamningar.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, sbr. 5. gr. laga nr. 69/1993, skulu laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, vera lágmarkskjör, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til. Þá segir að samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir.

Þau lög sem vísað er til í frumvarpinu og fela í sér þau réttindi sem tilskipunin mælir fyrir um gera ekki greinarmun á því hvort starfsmenn koma hingað tímabundið til starfa eða starfa hér á landi að jafnaði. Þær lagaskilareglur sem fjallað er um í 4. kafla hér að framan leiða hins vegar til þess að í þeim tilvikum skuli beita löggjöf þess ríkis þar sem starfsmaðurinn starfar að jafnaði en ekki löggjöf móttökuríkisins. Þetta gildir þó með fyrirvara um þá reglu 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/2000 að ekkert í þeim lögum takmarki beitingu ófrávíkjanlegra reglna íslensks réttar, ef mál er rekið hér á landi, óháð því hvers lands lögum á annars að beita.

Með hliðsjón af þeim skuldbindingum sem felast í tilskipuninni um að veita beri þeim grundvallarreglum forgang sem hún tekur til er lagt til að vísað verði til hlutaðeigandi löggjafar og þannig kveðið ótvírætt á um að þær reglur skuli gilda um réttarsamband starfsmannsins og vinnuveitanda hans. Í því felst jafnframt að reglur sem byggjast á þeirri löggjöf gilda með sama hætti um starfskjör hins erlenda starfsmanns. Þessi regla er þó sett með fyrirvara um betri starfskjör starfsmannsins samkvæmt löggjöf þess ríkis þar sem hann starfar að jafnaði.

Í frumvarpinu er lagt til að vísað verði með tæmandi hætti til allra þeirra laga sem skulu gilda um útsenda starfsmenn án tillits til þess hvort reglur þeirra geta talist ófrávíkjanlegar eða ekki, enda þykir sú tilhögun til skýringar og er í samræmi við þá stefnu sem farin hefur verið í löggjöf nágrannaríkja okkar á Norðurlöndum.

Eins og fram kemur í 2. kafla hér að framan ber aðildarríkjunum að tryggja að fyrirtæki uppfylli ákveðin réttindi samkvæmt lögum, stjórnsýslufyrirmælum eða kjarasamningum gagnvart útsendum starfsmönnum á útsendingartímabili.

Í fyrsta lagi skulu ákvæði í móttökuríkinu um hámarksvinnutíma og lágmarkshvíldartíma gilda um þá. Um hámarksvinnutíma og lágmarkshvíldartíma er mælt í kjarasamningum samtaka aðila vinnumarkaðarins og gilda reglur þeirra sem lágmarkskjör hér á landi, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980, sbr. einnig auglýsingu nr. 285/1997, um gildistöku tilskipunar Evrópusambandsins nr. 93/104/EB frá 23. nóvember 1993 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnu-

tíma. Þá eru einnig reglur um lágmarkshvíldartíma í IX. kafla laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Í öðru lagi skal tryggja útsendum starfsmönnum lágmarksfjölda launaðra orlofsdaga á ári samkvæmt lögum, reglum eða kjarasamningum hér á landi. Orlofsréttur starfsmanna hér á landi byggist á orlofslögum, nr. 30/1987, sem mæla fyrir um lágmarksrétt til orlofs. Þá er víða í kjarasamningum að finna betri rétt starfsmanna til orlofs og telst hann þá lágmarkskjör fyrir starfsmenn í viðkomandi starfsgrein á því svæði er viðkomandi samningur tekur til, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980.

Í þriðja lagi skal tryggja útsendum starfsmönnum lágmarkslaun ásamt yfirvinnugreiðslum. Í kjarasamningum er mælt fyrir um hvaða lágmarkslaun skuli greidd fyrir tiltekin störf og greiðslur fyrir yfirvinnu. Lagt er til í 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins að vísað verði til 1. gr. laga nr. 55/1980 og þannig tryggt að þau lágmarkslaun ásamt yfirvinnugreiðslum sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins hafa samið um fyrir starfsmenn í viðkomandi starfsgrein á því svæði sem samningurinn tekur til gildi sem lágmarkskjör fyrir útsenda starfsmenn.

Í fjórða lagi skal tryggja útsendum starfsmönnum skilyrði fyrir framráðningu starfsmanna, einkum á vegum afleysingarfyrirtækja. Ekki er að finna sérstakar reglur um þetta efni í íslenskri löggjöf.

Í fimmta lagi skal tryggja útsendum starfsmönnum réttindi varðandi heilbrigði, öryggi og hollustuhætti á vinnustað. Um þetta efni er fjallað í lögum nr. 46/1980 og fjölmörgum reglum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga. Lögin gilda þó hvorki um siglingamál eða önnur verkefni sem sérstaklega eru falin Siglingastofnun Íslands né um loftferðir og er því lagt til að í 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. verði vísað til 4. gr. laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum, en þar er mælt fyrir um að samgönguráðherra setji reglur um aðbúnað og vinnuaðstöðu skipverja svo sem nánar greinir í ákvæðinu. Um það efni gilda einkum reglugerð nr. 785/1998, um lágmarkskröfur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu við vinnu um borð í fiskiskipum, og reglugerð nr. 786/1998, um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum. Þessar reglur gilda þó með þeim fyrirvara að frumvarpinu er ekki ætlað að gilda um áhafnir kaupskipa, sbr. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins sem er í samræmi við 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Þá er lagt til að í 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. verði vísað til VI. kafla laga nr. 60/1998, um loftferðir, en þar er að finna reglur um vinnuumhverfi áhafna loftfara. Um það efni hefur verið sett reglugerð nr. 680/1999, um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu flugverja.

Í sjötta lagi skal tryggja útsendum starfsmönnum verndarráðstafanir samkvæmt lögum, reglum eða kjarasamningum með tilliti til kjara og starfsskilyrða barnshafandi kvenna eða kvenna sem hafa nýlega fætt barn, svo og verndarráðstafanir um ráðningu barna og ungmenna. Vegna þessa er nauðsynlegt að tryggja konum sem eru útsendir starfsmenn hér á landi rétt samkvæmt 11. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, sem mælir fyrir um réttindi þungaðra kvenna, kvenna sem hafa nýlega alið barn eða eru með barn á brjósti ef öryggi og heilbrigði þeirra er í hættu vegna aðstæðna á vinnustað eða vinnuskilyrða. Þá er einnig lagt til að ákvæði 29. og 30. gr. laga nr. 95/2000 gildi um útsenda starfsmenn. Samkvæmt 29. gr. laganna skal starfsmaður eiga rétt á að hverfa aftur að starfi sínu eða sambærilegu starfi í samræmi við ráðningarsamning að loknu fæðingarorlofi. Í 30. gr. laganna er að finna ákvæði um vernd þungaðra kvenna, kvenna sem hafa nýlega alið barn og eru í fæðingarorlofi gegn uppsögnum af hálfu atvinnurekanda. Þá eiga hér einnig við ákvæði reglugerðar nr. 931/2000, um ráðstafanir til að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti, en sú reglugerð á sér stoð í lögum nr. 46/1980 og nr. 95/2000. Um verndarráðstafanir er varða ráðningu barna og ungmenna er fjallað í X. kafla laga nr. 46/1980 og reglugerð á grundvelli þeirra laga, nr. 426/1999, um vinnu barna og ungmenna.

Loks skulu réttindi um jafna meðferð karla og kvenna og önnur ákvæði um bann við mismunun gilda um útsenda starfsmenn. Um þetta efni er einkum fjallað í lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Tekið skal fram að tilskipunin tekur samkvæmt efni sínu einungis til réttarstöðu starfsmanna í tengslum við þjónustuviðskipti fyrirtækja sem hafa staðfestu í EES-ríki. Gildissvið þessa frumvarps er hins vegar rýmra þar sem gert er ráð fyrir því að reglur þess taki einnig til fyrirtækja sem hafa staðfestu í ríkjum utan EES-svæðisins. Er það í samræmi við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna, sbr. 18. lið formála tilskipunarinnar, um að fyrirtæki sem hafa staðfestu utan Evrópusambandsins skuli ekki njóta betri kjara en fyrirtæki sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði aðildarríkis.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram að frumvarpið eigi við þegar fyrirtæki með staðfestu utan Íslands sendir starfsmenn hingað til lands vegna þjónustuviðskipta, sbr. 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar.

Þá er í 2. mgr. lagt til að frumvarpið gildi ekki um áhafnir kaupskipa og er það í samræmi við 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar.

Um 2. gr.

Í hugtakinu útsendur starfsmaður felst að viðkomandi starfsmaður telst starfa að jafnaði utan Íslands en er sendur tímabundið til starfa hér á landi í tengslum við veitingu þjónustu sem fyrirtækið sem hann vinnur hjá hefur gert samning um við fyrirtæki hér á landi. Ef hið íslenska fyrirtæki ræður þennan mann til starfa eiga lögin hins vegar ekki lengur við. Skilgreining þessi er í samræmi við 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar. Meginatriði hennar felst í því að viðkomandi starfsmaður starfi aðeins tímabundið hér á landi. Ef til ágreinings kemur um það hvort um tímabundið starf er að ræða verður að fara fram könnun á því hvar hann telst starfa að jafnaði. Ávallt ber að hafa í huga skilyrði 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins um að viðkomandi starfsmaður sé í ráðningarsambandi við hið erlenda fyrirtæki meðan hann er við störf hér á landi.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu, sem er í samræmi við 3. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar, er að finna nánari skilgreiningu á því hvenær fyrirtæki í skilningi 1. gr. telst senda starfsmann í skilningi 2. gr. til starfa hér á landi. Í öllum tilvikum er það skilyrði að ráðningarsamband sé milli fyrirtækisins og starfsmannsins á þeim tíma sem hann starfar hér á landi. Tilskipunin kveður ekki á um gerð skriflegs ráðningarsamnings þessu til staðfestingar en um það efni gildir tilskipun Evrópusambandsins nr. 91/533/EBE um skyldu vinnuveitanda að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrirkomulagi, sbr. auglýsingu nr. 503/1997 um gildistöku hennar hér á landi með kjarasamningum samtaka aðila vinnumarkaðarins.

Um 4. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar, liðum a–g, skulu aðildarríki sjá til þess að fyrirtæki tryggi starfsmönnum sem sendir eru til starfa á yfirráðasvæði þeirra, óháð því hvaða lög gilda um ráðningarsambandið, þau kjör og starfsskilyrði varðandi ákveðinn kjarna lágmarksréttinda sem mælt er fyrir um í móttökuríkinu. Um frekari skýringar er vísað til 6. kafla í almennum athugasemdum, þar sem gerð er grein fyrir þeirri löggjöf sem tryggir útsendum starfsmönnum þau lágmarksréttindi hér á landi sem tilskipunin mælir fyrir um. Er hér lagt til að vísað verði með tæmandi hætti til allra þeirra laga sem skulu gilda um útsenda starfsmenn án tillits

til þess hvort reglur þeirra geta talist ófrávíkjanlegar, enda þykir það til skýringar. Að því er varðar 1. tölul. 1. mgr. 4. gr., sem felur m.a. í sér að ákvæði um lágmarkslaun samkvæmt kjarasamningum hér á landi skuli gilda um útsenda starfsmenn, skal tekið fram að í 2. málsl. 7. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar er mælt fyrir um að reikna skuli greiðslur sem sérstaklega tengjast starfinu inn í lágmarkslaun, nema endurgreiðslur á beinum kostnaði vegna starfsins, svo sem kostnaði við ferðir, uppihald og gistingu.

Í 2. mgr. er lagt til að tilvísun til íslenskrar löggjafar í 1. mgr. gildi með fyrirvara um betri starfskjör starfsmanns samkvæmt ráðningarsamningi, kjarasamningi eða löggjöf í því ríki þar sem hann starfar venjulega. Er það í samræmi við 1. málsl. 7. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að lögfest verði regla 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Felur hún í sér frávik frá 1. og 3. tölul. 4. gr. frumvarps þessa um rétt starfsmanna til lágmarkslauna annars vegar og orlofsréttinda hins vegar. Þessari undanþágu er þröngur stakkur búinn þar sem til viðbótar við tímarammann sem hér er um ræðir er lagt til í 2. mgr. að undanþága þessi skuli ekki gilda um ákveðna byggingastarfsemi í samræmi við viðauka við tilskipunina. Á það við um hvers kyns byggingarvinnu sem lýtur að byggingu, viðgerðum, lagfæringum, breytingum eða niðurrifi bygginga. Þar undir fellur einkum samkvæmt viðaukanum gröftur, jarðvegsvinna, eiginleg byggingarvinna, samsetning og sundurtekt staðlaðra eininga, innrétting eða uppsetning, breytingar, endurnýjun, viðgerðir, sundurtekt, niðurrif, viðhald, lagfæring, málningarvinna, hreinsun og umbætur.

Í 3. mgr. er kveðið á um að reikna skuli lengd útsendingartímabils skv. 1. mgr. á grundvelli eins árs viðmiðunartíma. Skal þá taka tillit til sérhvers fyrra tímabils sem annar útsendur starfsmaður kann að hafa gegnt starfinu áður innan eins árs viðmiðunartímans.

Um 6. gr.

Greinin er í samræmi við 6. gr. tilskipunarinnar þar sem segir að til að framfylgja réttinum til þeirra ráðningarskilmála og atvinnuskilyrða sem tryggð eru í 3. gr. sé heimilt að hefja málssókn í aðildarríkinu þar sem starfsmaðurinn var sendur til starfa, með fyrirvara, þar sem við á, um réttinn til að hefja málssókn í öðru ríki samkvæmt gildandi alþjóðasamningum um lögsögu. Vísast að öðru leyti um þetta efni til 5. kafla í almennum athugasemdum.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um að aðildarríki skuli tilnefna eina eða fleiri samskiptaskrifstofur eða einn eða fleiri lögbæra aðila, í samræmi við löggjöf og/eða venju. Þá er í 2. mgr. 4. gr. kveðið á um að aðildarríki skuli kveða á um samstarf milli opinberra aðila sem ber samkvæmt landslögum að fylgjast með kjörum og starfsskilyrðum sem um getur í 3. gr. tilskipunarinnar. Þetta samstarf skal einkum felast í því að svara rökstuddum beiðnum fyrrnefndra yfirvalda um upplýsingar um framráðningu starfsmanna milli landa. Skal hér jafnframt upplýsa um greinilega misnotkun eða tilvik þar sem hugsanlega er um að ræða ólöglega starfsemi milli landa.

Gert er ráð fyrir að Vinnueftirlit ríkisins og Vinnumálastofnun annist hvort á sínu sviði upplýsingagjöf til erlendra fyrirtækja sem senda eða hyggjast senda starfsmenn sína hingað til lands. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun annist samskipti við þar til bæra aðila sem gegna þessu hlutverki í öðrum ríkjum sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Lagt er til að ráðherra verði falið að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna þar sem m.a. komi fram reglur um þetta efni.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um útsenda starfsmenn.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfestar verði meginreglur tilskipunar ráðs Evrópusambandsins nr. 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu. Í formála tilskipunarinnar segir að með tilkomu innri markaðarins skapist virkt umhverfi fyrir veitingu þjónustu milli landa sem hvetur sífellt fleiri fyrirtæki til að senda starfsmenn tímabundið til starfa á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en þess sem þeir starfa að jafnaði í. Samræma þurfi lög aðildarríkjanna til að setja kjarna lögboðinna reglna um lágmarksvernd sem vinnuveitendur, sem senda starfsmenn tímabundið til starfa á yfirráðasvæði aðildarríkis þar sem þjónustan er veitt, skulu veita í gistilandinu.

Í frumvarpinu er lagt til að teknar verði upp skilgreiningar tilskipunarinnar um gildissvið og hugtakið útsendur starfsmaður. Þá er m.a. lagt til að talin verði upp þau lagaákvæði sem taka til þeirrar lágmarksverndar sem tilskipunin mælir fyrir um að veitt verði og að útsendur starfsmaður geti höfðað mál hér á landi vegna vanefnda vinnuveitenda á skyldum sínum.

Ekki verður séð að útgjöld ríkissjóðs aukist svo nokkru nemi verði frumvarpið að lögum.

886. Nefndarálit [541. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 117 20. desember 1993, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þóri Haraldsson og Guðríði Þorsteinsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Ágúst Þór Sigurðsson frá Tryggingastofnun ríkisins, Benedikt Davíðsson frá Landssambandi eldri borgara, Ólaf Ólafsson frá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Bjarneyju Friðriksdóttur frá Mannréttindaskrifstofu Íslands og Elsu S. Þorkelsdóttur lögfræðing.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um almannatryggingar er lúta að rétti ellilífeyrisþega til tekjutryggingar. Forsaga þessa frumvarps er sú að 19. desember 2000 kvað Hæstiréttur Íslands upp dóm í málinu nr. 125/2000: Tryggingastofnun ríkisins gegn Öryrkjabandalagi Íslands og gagnsök. Ekki var litið svo á að sá dómur ætti beint við um ellilífeyrisþega og í samræmi við það tóku lög nr. 3/2001 sem Alþingi setti í kjölfarið til að fullnægja dómi Hæstaréttar ekki til þeirra.

Frumvarp þetta kveður á um að ellilífeyrisþegum verði tryggð sömu réttindi og örorkulífeyrisþegum voru tryggð með lögum nr. 3/2001. Meiri hlutinn er sammála þeirri afstöðu sem

fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að til framtíðar eigi sömu efnisrök við um réttindi ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega að þessu leyti.

Í máli fulltrúa Landssambands eldri borgara og Félags eldri borgara í Reykjavík kom fram að samráð hefði verið haft við þá áður en frumvarpið var lagt fram og jafnframt að frumvarpið fæli í sér skref í rétta átt til að bæta kjör ellilífeyrisþega.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingu sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Breytingin felst í eftirfarandi:

Lagt er til að orðalagi ákvæðis III til bráðabirgða verði breytt þannig að ekki fari á milli mála að þeir sem ekki hafa sótt um tekjutryggingu en eiga rétt á henni skv. 1. gr. laganna geti sótt um hana sér til handa og eigi þá sama rétt og aðrir sem réttar munu njóta samkvæmt lögunum.

Alþingi, 15. mars 2001.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Jón Kristjánsson.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.

887. Breytingartillaga [541. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 117 20. desember 1993, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar (JBjart, TIO, JónK, ÁMöl, KF, SAÞ).

Við ákvæði III til bráðabirgða. Ákvæðið orðist svo:

Þeir ellilífeyrisþegar sem telja sig eiga rétt á tekjutryggingu skv. 1. gr. laga þessara, en hafa ekki sótt um fyrir umrætt tímabil, geta sótt um tekjutryggingu sér til handa og skulu þeir þá fá úrlausn í samræmi við reglur bráðabirgðaákvæðis I í lögum þessum, sbr. 48. gr. laga nr. 117/1993 um nýjar umsóknir um lífeyrisgreiðslur.

888. Nefndarálit [541. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 117 20. desember 1993, með síðari breytingum.

Frá minni hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar.

Frumvarp það sem hér er til umræðu á rætur sínar að rekja til dóms Hæstaréttar í máli nr. 125/2000, svokölluðu öryrkjamáli. Í því máli komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að óheimilt hefði verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap vegna tekna maka, sbr. 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga. Viðbrögð ríkisstjórnarinnar við þessum dómi Hæstaréttar voru að leggja fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatrygg-

ingar. Í því frumvarpi, sem síðan varð að lögum nr. 3/2001, var einungis dregið úr skerðingu á tekjutryggingu örorkulífeyrisþega vegna tekna maka í stað þess að afnema hana. Stjórnarandstaðan mótmælti þessari málsmeðferð, enda taldi hún hana ekki fullnægja dómi Hæstaréttar, og er vísað til ítarlegs nefndarálits sem minni hluti heilbrigðis- og tryggingaefndar skilaði í því máli. Dómur Hæstaréttar tók ekki beint til ellilífeyrisþega og sama gilti um lög nr. 3/2001, þó svo að sterk rök væru fyrir því að sömu sjónarmið ættu við um ellilífeyrisþega og Hæstiréttur hafði sem rök fyrir niðurstöðu sinni varðandi örorkulífeyrisþega.

Með frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar má segja að ríkisstjórnin hafi nú fallist á að sömu sjónarmið eigi að gilda um réttindi ellilífeyrisþega og gilda um réttindi örorkulífeyrisþega. Einungis er þó talið að þessi sjónarmið eigi að gilda til framtíðar, en réttur ellilífeyrisþega aftur í tímann er ekki viðurkenndur. Þessu mótmælir minni hlutinn og bendir á að á tímabilinu 1. janúar 1994 til 31. desember 1998 var ákvæði, sem skerðing tekjutryggingar vegna tekna maka byggðist á, hvort sem um var að ræða örorkulífeyrisþega eða ellilífeyrisþega, að finna í reglugerð nr. 485/1995. Þessa reglugerð taldi Hæstiréttur skorta lagastoð og á þeim grundvelli taldi hann skerðinguna óheimila. Þar sem skerðing tekjutryggingar ellilífeyrisþega í hjúskap vegna tekna maka byggðist á þessari sömu reglugerð má ljóst vera að þeir hljóta að eiga sama rétt á endurgreiðslu og örorkulífeyrisþegar, að minnsta kosti hvað varðar fyrrgreint tímabil. Þessi staðreynd er algerlega hunsuð í frumvarpi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Hjá fulltrúum eldri borgara, sem komu fyrir nefndina, kom fram að þeir hefðu sett fram þau sjónarmið sín á fundum með ríkisstjórninni að þeir teldu að félagsmenn sínir ættu rétt á greiðslum aftur í tímann, og þá allt aftur til ársins 1994, eða að minnsta kosti jafnlangt aftur og öryrkjar verða taldir eiga þann rétt. Ekki var brugðist við þessu í því frumvarpi sem hér liggur fyrir. Þrátt fyrir þennan annmarka sem eldri borgarar töldu vera á frumvarpinu kváðust þeir sáttir við það, svo langt sem það næði, enda takmarkaði það ekki möguleika félagasamtaka þeirra eða einstakra félagsmanna á því að sækja frekari rétt til dómstóla. Það kom jafnframt fram í máli þeirra að þeir væntu kjarabóta við þá endurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni sem nú fer fram.

Minni hlutinn vill benda á að í frumvarpinu er með sama hætti og í frumvarpinu, sem lagt var fram í kjölfar öryrkjadómsins, verið að lögfesta reglu sem felur í sér mun hærri skerðingarhlutfall gagnvart eigin tekjum lífeyrisþega en tíðkast annars staðar í lífeyristryggingum almannatrygginga. Meginregla almannatryggingalaga er sú að tekjutrygging skerðist um 45% af þeim tekjum sem eru umfram tiltekið frítekjumark en nýja reglan, sem lögfest hefur verið gagnvart öryrkjum og nú er lögð til gagnvart ellilífeyrisþegum, mælir fyrir um tæplega 67% skerðingarreglu gagnvart eigin tekjum lífeyrisþega. Eftir að lög nr. 3/2001 tóku gildi kom í ljós að þeir sem þetta nýja ákvæði varðar eru nánast eingöngu konur eða 98%.

Í ljósi áðurgreindrar staðreyndar tekur minni hlutinn undir þau sjónarmið sem fram komu í máli þeirra Elsu Þorkelsdóttur, lögfræðings og eins af sérfræðingum Evrópuráðsins í jafnréttismálum, og Bjarneyjar Friðriksdóttur frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, sem komu á fund nefndarinnar, að skoða þyrfti, áður en frumvarpið yrði að lögum, hvaða áhrif það hefði á konur annars vegar og karla hins vegar. Jafnframt kom það fram að skoða þyrfti samþættingu frumvarpsins á kjör karla og kvenna við aðra kjaraþætti, svo sem skattalöggjöf og jafnréttissjónarmið. Í kjölfar kvennaráðstefnunnar í Peking 1995 samþykktu íslensk stjórnvöld að koma á svokallaðri samþættingu (mainstreaming) sem m.a. felur í sér að við lagasetningu skuli skoðað hvort lagasetningin komi mismunandi við kynin. Þetta var sett inn í jafnréttislögin og framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar byggist einnig á því að við lagasetningu skuli byggja á sjónarmiðum samþættingar. Þá kom einnig fram að ef ákvæði varðar meira annað

kynið en hitt gætu verið líkur á að um óbeina mismunun vegna kynferðis væri að ræða, sbr. 22. gr. jafnréttislaga. Dæmi um þetta er verkefni sem félagsmálaráðherra og félagsmálaráðuneytinu ber að vinna að og varðar samþættingu jafnréttissjónarmiða við lagasetningu.

Minni hlutinn óskaði eftir upplýsingum um hve margir ellilífeyrisþegar af hvoru kyni fengju greiðslur samkvæmt þessu frumvarpi þegar það yrði að lögum. Ekki var unnt að veita þær upplýsingar fyrir afgreiðslu málsins. Minni hlutinn gagnrýnir þá tímaþröng sem málið er í sem kemur m.a. í veg fyrir að fram komi upplýsingar sem þessar og samþættingarvinna fari fram.

Í samræmi við framangreint telur minni hlutinn eftirfarandi galla vera á frumvarpinu:

Í fyrsta lagi telur minni hlutinn að afnema hefði þurft með öllu skerðingu tekjutryggingar vegna tekna maka með sama hætti og hefði átt að gera varðandi öryrkjanna. Í öðru lagi að réttur ellilífeyrisþega hefði þurft að ná aftur í tímann. Í þriðja lagi gagnrýnir minni hlutinn tímapressuna sem málið er í og kemur í veg fyrir að nauðsynlegar upplýsingar komi fram og jafnframt að sú samþættingarvinna, sem þurft hefði að fara í áður en frumvarpið yrði að lögum, gæti farið fram.

Umræðan um lífeyristryggingar almannatrygginga í kjölfar öryrkjadóms Hæstaréttar sýnir að kerfið er orðið allt of flókið hvað varðar reglur um tekjutengingar einstakra bótaflokka og flækir þessi lagasetning það enn. Það er því vart á færi annarra en sérfræðinga að skilja hvernig það virkar. Reglur um bætur almannatrygginga eiga að vera gagnsæjar og einfaldar. Til að ná því markmiði þarf að taka kerfið upp í heild í stað þess að vera með endalausar breytingar án þess að horfa á kerfið og lögin í heild.

Með hliðsjón af því að í frumvarpi þessu er gerð réttarbót fyrir ákveðinn hóp ellilífeyrisþega leggst minni hluti nefndarinnar ekki gegn afgreiðslu málsins en í ljósi þeirra ágalla sem tíundaðir hafa verið mun minni hlutinn sitja hjá við afgreiðslu málsins og vísa allri ábyrgð á lagasetningunni á hendur ríkisstjórninni.

Alþingi, 15. mars 2001.

Ásta R. Jóhannesdóttir, frsm.	Þuríður Backman.	Rannveig Guðmundsdóttir.

889. Frumvarp til laga [520. mál]

um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja.

(Eftir 2. umr., 15. mars.)

1. gr.

Heimilt er að sameina Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar og stofna hlutafélag um reksturinn er nefnist Hitaveita Suðurnesja hf. Ríkisstjórninni er heimilt að leggja hlutafélaginu til hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Suðurnesja.

2. gr.

Eignarhlutir í Hitaveitu Suðurnesja við sameiningu skulu skiptast á eftirfarandi hátt:

Reykjanesbær	43,500%
Ríkissjóður Íslands	16,667%
Hafnarfjarðarbær	16,667%
Grindavíkurbær	9,308%
Sandgerðisbær	5,825%
Gerðahreppur	5,058%
Vatnsleysustrandarhreppur	2,975%

3. gr.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja annast undirbúning að stofnun hlutafélagsins í samráði við sameigendur ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja og eigendur Rafveitu Hafnarfjarðar.

4. gr.

Tilgangur Hitaveitu Suðurnesja hf. er vinnsla og nýting jarðvarma og hvers konar annarra orkuauðlinda, dreifing og sala raforku, orkugjafa og annarra afurða félagsins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi sem er ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

Tilgangi og verkefnum félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess. Samþykktum félagsins má breyta á hluthafafundi samkvæmt almennum reglum.

5. gr.

Heimili og varnarþing Hitaveitu Suðurnesja hf. skulu vera í Reykjanesbæ, en heimilt að starfrækja útibú á öðrum stöðum.

6. gr.

Ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gilda ekki um innborgun hlutafjár í Hitaveitu Suðurnesja hf.

7. gr.

Hlutir í Hitaveitu Suðurnesja hf. við stofnun þess skiptast á eigendur í þeim hlutföllum er um getur í 2. gr.

8. gr.

Hitaveita Suðurnesja hf. tekur við einkarétti Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar til starfrækslu hita- og/eða rafveitu.

Iðnaðarráðherra veitir Hitaveitu Suðurnesja hf. einkaleyfi til starfrækslu hita- og rafveitu innan sveitarfélaga, sem aðild eiga að fyrirtækinu, eftir því sem um semst við einstök sveitarfélög og ríkissjóð um yfirtöku á veitukerfi þeirra.

Aðrir sem reka orkumannvirki á starfssvæði Hitaveitu Suðurnesja hf. við gildistöku laga þessara skulu halda þeim rétti sínum.

9. gr.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja hf. skal skipuð a.m.k. fimm aðalmönnum og fimm til vara. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert.

Fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra fara saman með eignarhlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja hf.

10. gr.

Stjórn hlutafélagsins setur gjaldskrá um verð á seldri orku til notenda þar sem m.a. skal gætt almennra arðsemissjónarmiða.

Gjaldskrá öðlast eigi gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af iðnaðarráðherra og birt í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Fastráðnir starfsmenn Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðnar stöður hjá því, sambærilegar þeim er þeir áður gegndu, enda haldi þeir hjá félaginu réttindum sem þeir höfðu þegar áunnið sér.

Um biðlaunarétt sem kann að hafa fylgt störfum hjá Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

12. gr.

Stofna skal hlutafélagið Hitaveitu Suðurnesja á stofnfundi sem haldinn skal eigi síðar en 1. júní 2001.

Allur kostnaður Hitaveitu Suðurnesja hf. af stofnun hlutafélagsins og yfirtöku þess á rekstri Hitaveitu Suðurnesja greiðist af félaginu.

13. gr.

Hitaveita Suðurnesja hf. skal taka til starfa eigi síðar en 1. júlí 2001 og yfirtaka allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar. Hitaveita Suðurnesja og Rafveita Hafnarfjarðar skulu lagðar niður frá og með þeim degi og fellur þá jafnframt niður umboð stjórnar fyrirtækjanna.

14. gr.

Um skyldu Hitaveitu Suðurnesja hf. til greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarsjóða fer á sama hátt sem um skyldu sveitarfélaga er slíkan rekstur hafa með höndum. Hitaveita Suðurnesja hf. skal undanþegin stimpilgjöldum.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög nr. 100/1974, um Hitaveitu Suðurnesja, með áorðnum breytingum, falla úr gildi þegar Hitaveita Suðurnesja hf. tekur til starfa, sbr. ákvæði 13. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Sameignarfélagar Hitaveitu Suðurnesja og eigandi Rafveitu Hafnarfjarðar bera áfram, gagnvart kröfuhöfum, einfalda óskipta ábyrgð á skuldbindingum Hitaveitu Suðurnesja annars vegar og Rafveitu Hafnarfjarðar hins vegar sem stofnast hafa fyrir samruna fyrirtækjanna og áður en hlutafélag er stofnað um reksturinn. Innbyrðis skiptist ábyrgð sameigenda Hitaveitu Suðurnesja samkvæmt eignarhlutföllum svo sem þau voru fyrir samruna Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar.

II.

Á stofnfundi skal kjósa stjórn félagsins og skal hún starfa þar til ný stjórn hefur verið kosin á fyrsta aðalfundi eftir að félagið hefur tekið til starfa. Hlutverk stjórnar fram að yfirtöku er að undirbúa yfirtöku á rekstri Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar, en eftir það að stjórna félaginu í samræmi við ákvæði laga.

III.

Rekstrarlega séð skal yfirtaka Hitaveitu Suðurnesja hf. á Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar miðuð við 1. janúar 2001.

890. Lög [520. mál]

um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja.

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 889.

891. Fyrirspurn [574. mál]

til fjármálaráðherra um áhrif nýs launakerfis á launamun karla og kvenna hjá opinberum stofnunum.

Frá Ástu Möller.

Hvað líður framkvæmd úttektar á áhrifum nýs launakerfis á launamun karla og kvenna starfandi hjá opinberum stofnunum, sbr. yfirlýsingu fjármálaráðherra í tengslum við gerð kjarasamninga ýmissa stéttarfélaga opinberra starfsmanna 1997?

Skriflegt svar óskast.

892. Fyrirspurn [575. mál]

til forsætisráðherra um opinber framlög til hagsmunasamtaka og frjálsra félagasamtaka.

Frá Ástu Möller.

1. Hvaða hagsmunasamtök eða frjáls félagasamtök fá opinbert framlag til reksturs starfsemi sinnar með gjaldi sem ákvarðað er með lögum?
2. Hvaða lagaákvæði er um að ræða í hverju tilviki?

3. Um hve háa fjárhæð er að ræða í hverju tilviki sl. fimm ár, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

893. Fyrirspurn [576. mál]

til samgönguráðherra um kostnað við kynningarstarf Flugmálastjórnar.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hver var heildarkostnaður við kynningarstarf á vegum Flugmálastjórnar árlega sl. fimm ár?
2. Hversu miklu fé hefur Flugmálastjórn varið í kynningarstarf og upplýsingamiðlun fyrir atkvæðagreiðslu meðal Reykvíkinga um framtíðarnýtingu Vatnsmýrar í Reykjavík?

894. Fyrirspurn [577. mál]

til viðskiptaráðherra um uppgjörsaðferðir fjármálafyrirtækja.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Er mat á markaðsverðbréfum – hlutabréfum og skuldabréfum – með sama hætti í ársreikningum fjármálafyrirtækja, þar með talið lífeyrissjóða, fyrir árið 2000 og það var í ársreikningum ársins 1999?
2. Er beitt samræmdum uppgjörsaðferðum vegna markaðsverðbréfa í ársreikningum einstakra fjármálafyrirtækja?
3. Er ástæða til þess að samræma uppgjörsreglur fjármálafyrirtækja að þessu leyti?

895. Fyrirspurn [578. mál]

til umhverfisráðherra um viðbrögð við skýrslum Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Frá Katrínu Fjeldsted.

1. Hafa skýrslur fjölþjóðlegrar sérfræðinganefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar verið til umfjöllunar í ráðuneytinu?
2. Hyggst ráðherra bregðast við niðurstöðum þeirra með sýnilegum hætti?
3. Munu niðurstöður nefndarinnar hafa áhrif á umhverfisstefnu ríkisstjórnarinnar, t.d. á þann hátt að farið verði að virkja vind- og sólarorku í auknum mæli hér á landi?

896. Fyrirspurn [579. mál]

til umhverfisráðherra um eftirlit með matvælum.

Frá Katrínu Fjeldsted.

1. Munu Íslendingar koma að starfi Matvælastofnunar Evrópu samkvæmt EES-samningnum?
2. Er læknisfræðileg þekking nýtt í eftirliti með mat hér á landi?
3. Telur ráðherra að eftirlit með matvælum hér á landi sé nægilegt?

897. Fyrirspurn [580. mál]

til landbúnaðarráðherra um sérstakt átak í lífrænni ræktun.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvernig hefur verið unnið að því að auka hlut landbúnaðarafurða, sem hlotið hafa lífræna vottun, samkvæmt ályktunum Alþingis 4. júní 1998 og 10. mars 1999?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir breyttum áherslum í íslenskum landbúnaði við gerð næstu búvörusamninga með tilliti til aðlögunarstuðnings við lífrænan landbúnað?
3. Mun ráðherra leggja áherslu á fjölskyldubú í næstu samningum eins og gert hefur verið erlendis eða mun ráðherra styrkja sérhæfingu í búskap sem oft leiðir til einhæfni og verksmiðjubúskapar?
4. Hyggst ráðherra beita sér fyrir sérstöku átaki í lífrænum landbúnaði með tilliti til þeirrar þróunar sem orðið hefur í útbreiðslu sjúkdóma í búfé?

898. Frumvarp til laga [541. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117 20. desember 1993, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 15. mars 2001.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Ef ⅔ tekna þess hjóna sem ellilífeyris nýtur nema lægri fjárhæð en 300.000 kr. á ári skal, þrátt fyrir ákvæði 2. málsl., aldrei greiða því lægri tekjutryggingu en nemur því sem á vantar að ⅔ tekna þess nái þeirri fjárhæð.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Ef ⅔ tekna annars hvors hjónanna nema lægri fjárhæð en 300.000 kr. á ári skal, þrátt fyrir ákvæði 2. málsl., aldrei greiða því lægri tekjutryggingu en nemur því sem á vantar að ⅔ tekna þess nái þeirri fjárhæð.

c. 2. málsl. 7. mgr. orðast svo: Ef ⅔ tekna annars hvors hjóna nema lægri fjárhæð en 300.000 kr. á ári skal, þrátt fyrir ákvæði 1. málsl., aldrei greiða því lægri tekjutryggingu en nemur því sem á vantar að ⅔ tekna þess nái þeirri fjárhæð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þeir ellilífeyrisþegar, sem 2., 3. og 7. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, með síðari breytingum, hafa átt við tímabilið 1. janúar 2001 til 31. mars 2001 skulu eiga rétt á greiðslum á tekjutryggingu ellilífeyris sem reiknast á þann hátt sem greinir í 1. gr. laga þessara. Frá tekjutryggingu reiknaðri með þessum hætti skulu dragast þær greiðslur tekjutryggingar sem viðkomandi ellilífeyrisþegi hefur þegar fengið. Greiðslurnar skulu bera 5,5% ársvexti frá þeim degi er lífeyrisþeginn fyrst gat átt rétt á að fá greiðslu samkvæmt ákvæðum laga nr. 117/1993 um það efni. Vextir skulu greiðast þó að ekki hafi legið fyrir umsókn um tekjutryggingu frá viðkomandi lífeyrisþega.

II.

Tryggingastofnun ríkisins skal hafa frumkvæði að greiðslum samkvæmt bráðabirgðaákvæði I í þeim tilvikum þar sem hún hefur í höndum umsóknir frá lífeyrisþegum og upplýsingar sem duga til að reikna út fjárhæðirnar sem greiða skal. Liggi fyrir umsóknir án nægilegra upplýsinga skal Tryggingastofnun ríkisins beina áskorun til viðkomandi lífeyrisþega um að bæta þar úr innan hæfilegs frests sem stofnunin ákveður. Miðað skal við að allar greiðslur sem stofnunin getur sjálf reiknað án atbeina lífeyrisþega hafi átt sér stað fyrir 1. maí 2001.

III.

Þeir ellilífeyrisþegar sem telja sig eiga rétt á tekjutryggingu skv. 1. gr. laga þessara, en hafa ekki sótt um fyrir umrætt tímabil, geta sótt um tekjutryggingu sér til handa og skulu þeir þá fá úrlausn í samræmi við reglur bráðabirgðaákvæðis I í lögum þessum, sbr. 48. gr. laga nr. 117/1993 um nýjar umsóknir um lífeyrisgreiðslur.

899. Lög [541. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117 20. desember 1993, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 898.

900. Svar [489. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um gjaldþrot einstaklinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve mörg árangurslaus fjárnám voru gerð hjá einstaklingum árlega frá 1995, sundurliðað eftir sýslumannsembættum?*
2. *Hve margir einstaklingar voru lýstir gjaldþrota árlega frá 1995, sundurliðað eftir umdæmum héraðsdóma?*
3. *Hve margir óskuðu eftir gjaldþrotaskiptum hjá einstaklingum á þessum árum, sundurliðað eftir*
   a. *innlánsstofnunum,*
   b. *sjóðum,*
   c. *einstaklingum,*
   d. *öðrum?*

Svarið er sett fram í eftirfarandi töflum:

— Töflu sem sýnir heildarfjölda nýrra fjárnámsbeiðna hjá sýslumönnum á hverju ári frá 1995 ásamt heildarfjölda árangurslausra fjárnáma. Þessar upplýsingar eru ekki tiltækar sundurgreindar eftir því hvort gerðarþolinn er einstaklingur eða persóna. Tölur fyrir árið 2000 liggja enn ekki fyrir.

— Töflum sem sýna annars vegar fjölda einstaklinga sem lýstir hafa verið gjaldþrota og hins vegar fjölda gjaldþrotabeiðna, sundurliðað eftir beiðendum og einstökum héraðsdómstólum.

— Töflu sem sýnir fjölda gjaldþrotaúrskurða einstaklinga, sundurliðað eftir körlum og konum.

Nýjar fjárnámsbeiðnir og árangurslaust fjárnám 1995–1999.

	1995		1996		1997		1998		1999	
Embætti	Nýjar beiðnir	Árangurs-laust fjárnám	Nýjar beiðnir	Árangurs-laust fjárnám	Nýjar beiðnir	Árangurs-laust fjárnám	Nýjar beiðnir	Árangurs-laust fjárnám	Nýjar beiðnir	Árangurs-laust fjárnám
Akranes	467	96	396	41	314	43	255	26	294	59
Borgarnes	291	29	210	15	238	24	211	20	317	42
Stykkishólmur	532	107	555	78	433	54	447	70	306	41
Búðardalur	34	10	52	4	30	5	29	12	44	8
Patreksfjörður	232	43	395	31	365	19	243	32	299	38
Bolungarvík	178	16	106	15	107	14	57	8	66	10
Ísafjörður	490	78	240	81	389	48	318	59	455	75
Hólmavík	88	9	65	8	21	4	5	1	28	2
Sauðárkrókur	359	51	238	23	276	12	204	42	240	32
Blönduós	272	50	259	24	193	29	224	20	188	38
Siglufjörður	122	15	75	24	76	34	49	12	55	7
Ólafsfjörður	94	22	33	8	41	5	59	6	73	8
Akureyri	1.559	238	1.143	214	1.290	188	1.329	225	1.701	245
Húsavík	502	40	527	44	456	49	367	24	406	37
Seyðisfjörður	517	46	372	49	625	39	419	24	437	20
Neskaupstaður	115	29	89	21	64	17	61	11		
Eskifjörður	428	54	229	34	208	34	223	34	246	31
Höfn	188	25	196	15	106	12	161	15	195	14
Vík	26	2	28	3	22	2	32	1	40	11
Hvolsvöllur	317	23	282	21	363	40	247	25	269	23
Selfoss	1.600	353	1.502	272	1.227	284	1.297	307	1.758	208
Vestmannaeyjar	422	95	391	54	284	49	310	45	373	85
Keflavík	3.035	415	3.052	399	1.797	202	1.973	371	2.142	508
Hafnarfjörður	3.933	487	3.274	412	3.657	406	3.034	434	3.610	511
Kópavogur	2.400	432	1.962	423	2.065	291	2.379	277	3.024	374
Reykjavík	22.272	2.703	24.134	2.148	24.614	1.661	15.184	1.098	15.217	2.222
Alls	**40.473**	**5.468**	**39.805**	**4.461**	**39.261**	**3.565**	**29.117**	**3.199**	**31.783**	**4.649**

Fjöldi einstaklinga sem lýstir hafa verið gjaldþrota og fjöldi gjaldþrotabeiðna, sundurliðað eftir kröfuhöfum.

Héraðsdómstólarnir samtals.

	1995	%	1996	%	1997	%	1998	%	1999	%	2000	%
Fjöldi gjaldþrota einstaklinga	872		551		474		462		421		461	
Kröfuhafi:												
Innheimtumenn ríkissjóðs	1.476	71	1.102	69	903	71	669	63	790	67	618	56
Innlánsstofnanir	284	14	268	17	200	16	189	18	164	14	288	26
Sjóðir	54	3	38	2	28	2	39	4	64	5,5	33	3
Fyrirtæki	134	6	131	8	84	6	110	10	116	10	102	9
Einstaklingar	97	5	46	3	50	4	45	4	33	3	49	5
Aðrir	30	1	14	1	11	1	17	1	6	0,5	8	1
Samtals	**2.075**		**1.599**		**1.276**		**1.069**		**1.173**		**1.098**	

Héraðsdómur Reykjaness.

	1995	%	1996	%	1997	%	1998	%	1999	%	2000	%
Fjöldi gjaldþrota einstaklinga	214		154		93		113		125		125	
Kröfuhafi:												
Innheimtumenn ríkissjóðs	304	65	250	59	103	49	160	58	180	62	140	47
Innlánsstofnanir	76	16	81	19	69	32	53	19	48	17	100	34
Sjóðir*	18	4	17	4	4	2	10	4	25	9	6	2
Fyrirtæki	36	8	52	12	24	11	39	14	27	9	32	11
Einstaklingar	23	5	20	5	10	5	8	3	8	3	19	6
Aðrir	10	2	5	1	2	1	7	2	1	-	1	-
Samtals	**467**		**425**		**212**		**277**		**289**		**298**	

* Lífeyrissjóður verslunarmanna, Lífeyrissjóður verkalýðsfélags Suðurlands, Verðbréfasjóðurinn, Lífeyrissjóður Suðurnesja, Lífeyrissjóður Rangæinga, Lífeyrissjóður Dagsbrúnar/Framsóknar, Samvinnusjóður Íslands hf., Gjaldtökusjóður v/ólögm. sjávarafla, Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna, Sameinaði lífeyrissjóðurinn.

Héraðsdómur Reykjavíkur.

	1995	%	1996	%	1997	%	1998	%	1999	%	2000	%
Fjöldi gjaldþrota einstaklinga	512		305		301		278		239		270	
Kröfuhafi:												
Innheimtumenn ríkissjóðs	991	76	755	77	686	80	441	68	548	75	399	62
Innlánsstofnanir	149	11	138	14	87	10	106	16	85	12	150	23
Sjóðir*	24	2	17	2	18	2	21	3	20	3	19	3
Fyrirtæki	65	5	48	5	31	4	44	7	60	8	45	7
Einstaklingar	62	5	22	2	30	3	31	5	16	2	26	4
Aðrir	16	1	5	-	6	1	7	1	4	-	7	1
Samtals	**1.307**		**985**		**858**		**650**		**733**		**646**	

* Lífeyrissjóður verslunarmanna, Lífeyrissjóðurinn Framsýn, Samvinnusjóður Íslands hf., Sameinaði lífeyrissjóðurinn, Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðjunnar, Lífeyrissjóður Vesturlands, Ferðamálasjóður, Lífeyrissjóðurinn Lífiðn, Lífeyrissjóður Dagsbrúnar/Framsóknar, Tryggingasjóður sparisjóða, Lífeyrissjóður matreiðslumanna, Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna, Lífeyrissjóður verksmiðjufólks.

Héraðsdómur Norðurlands eystra.

	1995	%	1996	%	1997	%	1998	%	1999	%	2000	%
Fjöldi gjaldþrota einstaklinga	35		29		20		15		11		20	
Kröfuhafi:												
Innheimtumenn ríkissjóðs	51	60	20	33	24	50	21	68	15	46	27	51
Innlánsstofnanir	15	18	23	38	10	21	9	29	8	24	11	21
Sjóðir*	3	4	2	3	1	2			1	3	2	4
Fyrirtæki	11	13	14	23	12	25	1	3	9	27	13	24
Einstaklingar	3	4			1	2						
Aðrir	2	1	2	3								
Samtals	**85**		**61**		**48**		**31**		**33**		**53**	

* Lífeyrissjóður verslunarmanna, Lífeyrissjóður Norðurlands, Samvinnusjóður Íslands hf., Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna.

Héraðsdómur Austurlands.

	1995	%	1996	%	1997	%	1998	%	1999	%	2000	%
Fjöldi gjaldþrota einstaklinga	18		14		10		4		2		10	
Kröfuhafi:												
Innheimtumenn ríkissjóðs	22	58	22	76	15	75	9	53	8	53	12	52
Innlánsstofnanir	10	26	5	17	3	15	4	23	2	13	4	17
Sjóðir*	2	5	1	3,5			2	12	1	7	2	9
Fyrirtæki	1	3	1	3,5	1	5	1	6	4	27	3	13
Einstaklingar	3	8			1	5	1	6			2	9
Aðrir												
Samtals	**38**		**29**		**20**		**17**		**15**		**23**	

* Lífeyrissjóður Austurlands, Gjaldtökusjóður v/ólögm. sjávarafla, Sameinaði lífeyrissjóðurinn.

Héraðsdómur Vesturlands.

	1995	%	1996	%	1997	%	1998	%	1999	%	2000	%
Fjöldi gjaldþrota einstaklinga	21		16		14		11		8		8	
Kröfuhafi:												
Innheimtumenn ríkissjóðs	30	67	17	59	22	67	4	19	5	21	5	45,5
Innlánsstofnanir	9	20	7	24	4	12	8	38	6	25	5	45,5
Sjóðir*	1	2			2	6	1	5	5	21		
Fyrirtæki	4	9	4	14	3	9	7	33	3	12	1	9
Einstaklingar			1	3	2	6			4	17		
Aðrir	1	2					1	5	1	4		
Samtals	**45**		**29**		**33**		**21**		**24**		**11**	

* Lífeyrissjóður Vesturlands, Lífeyrissjóður verslunarmanna, Lífeyrissjóðurinn Framsýn.

Héraðsdómur Suðurlands.

	1995	%	1996	%	1997	%	1998	%	1999	%	2000	%
Fjöldi gjaldþrota einstaklinga	47		15		24		32		27		19	
Kröfuhafi:												
Innheimtumenn ríkissjóðs	51	60	12	46	38	53	26	54	29	52	30	58
Innlánsstofnanir	13	15	8	31	15	21	6	13	9	16	14	27
Sjóðir*	5	6	1	4	3	4	1	2	6	11	3	6
Fyrirtæki	12	14	1	4	9	12	12	25	10	18	3	6
Einstaklingar	3	4	3	11	4	6	2	4	2	3	2	3
Aðrir	1	1	1	4	3	4	1	2				
Samtals	**85**		**26**		**72**		**48**		**56**		**52**	

* Lífeyrissjóður Vestmannaeyinga, Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Suðurlandi, Sameinaði lífeyrissjóðurinn, Lífeyrissjóðurinn Framsýn, Gjaldtökusjóður v/ólögm. sjávarafla, Samvinnusjóður Íslands hf.

Héraðsdómur Norðurlands vestra.

	1995	%	1996	%	1997	%	1998	%	1999	%	2000	%
Fjöldi gjaldþrota einstaklinga	13		8		5		1		4		4	
Kröfuhafi:												
Innheimtumenn ríkissjóðs	16	67	12	67	6	46	2	25	3	25	2	40
Innlánsstofnanir	2	8	1	5	3	23	1	12,5	3	25	1	20
Sjóðir*	1	4					3	37,5	2	16,7	1	20
Fyrirtæki	4	17	5	28	3	23			2	16,7	1	20
Einstaklingar	1	4			1	8	2	25	2	16,7		
Aðrir												
Samtals	**24**		**18**		**13**		**8**		**12**		**5**	

* Lífeyrissjóður verslunarmanna, Lífeyrissjóður Vesturlands, Samvinnusjóður Íslands hf.

Héraðsdómur Vestfjarða.

	1995	%	1996	%	1997	%	1998	%	1999	%	2000	%
Fjöldi gjaldþrota einstaklinga	12		10		7		8		5		5	
Kröfuhafi:												
Innheimtumenn ríkissjóðs	11	46	14	54	9	45	6	35	2	18	3	30
Innlánsstofnanir	10	42	5	19	9	45	2	12	3	27	3	30
Sjóðir*							1	6	4	37		
Fyrirtæki	1	4	6	23	1	5	6	35	1	9	4	40
Einstaklingar	2	8			1	5	1	6	1	9		
Aðrir			1	4			1	6				
Samtals	**24**		**26**		**20**		**17**		**11**		**10**	

* Lífeyrissjóður verslunarmanna, Samvinnusjóður Íslands hf.

Fjöldi gjaldþrotaúrskurða einstaklinga 1995–2000.

Héraðsdómur	1995	1996	1997	1998	1999	2000	Meðaltal
Reykjavíkur	*512*	*305*	*301*	*278*	*239*	*270*	*318*
– Konur	68	42	26	34	27	41	40
– Karlar	444	263	275	244	212	229	278
Reykjaness	*214*	*154*	*93*	*113*	*125*	*125*	*137*
– Konur	28	30	16	12	10	24	20
– Karlar	186	124	77	101	115	101	117
Vesturlands	*21*	*16*	*14*	*11*	*8*	*8*	*14*
– Konur	3	2	2	2	0	1	2
– Karlar	18	14	12	9	8	7	12
Vestfjarða	*12*	*10*	*7*	*8*	*5*	*5*	*10*
– Konur	2	0	1	0	1	0	1
– Karlar	10	10	6	8	4	5	9
Norðurlands vestra	*13*	*8*	*5*	*1*	*4*	*4*	*8*
– Konur	1	0	0	0	0	1	1
– Karlar	12	8	5	1	4	3	7
Norðurlands eystra	*35*	*29*	*20*	*15*	*11*	*20*	*25*
– Konur	1	0	4	1	1	0	2
– Karlar	34	29	16	14	10	20	23
Austurlands	*18*	*14*	*10*	*4*	*2*	*10*	*12*
– Konur	1	1	1	0	0	2	1
– Karlar	17	13	9	4	2	8	11
Suðurlands	*47*	*15*	*24*	*32*	*27*	*19*	*31*
– Konur	7	2	2	5	4	1	4
– Karlar	40	13	22	27	23	18	27
Samtals	**872**	**551**	**474**	**462**	**421**	**461**	**540**
– Konur	111	77	52	54	43	70	68
– Karlar	761	474	422	408	378	391	472

901. Svar [420. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um kostnað við að skýra hæstaréttardóma.

Litið er svo til að átt sé við kostnað sem stofnað var til við öflun sérfræðiaðstoðar til að meta áhrif tilvitnaðra dóma og undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar. Upplýsinga vegna dóms um veiðileyfi var aflað hjá sjávarútvegsráðuneytinu.

1. *Hver var heildarkostnaður ríkissjóðs við:*
   a. *störf lögfræðinganefndar sem skipuð var í kjölfar öryrkjadómsins í desember sl.,*
   b. *sérfræðiaðstoð við að meta dóm Hæstaréttar frá desember 1998 um stjórn fiskveiða og gera breytingar á þágildandi lögum í tilefni dómsins?*

Svar við a-lið er 1.332.780 kr., auk virðisaukaskatts. Svar við b-lið er 825.000 kr., auk virðisaukaskatts.

2. *Hvernig skiptust launin og hve mikið kom í hlut hvers:*
   a. *annars vegar milli nefndarmanna og hins vegar milli starfsmanna nefndarinnar um öryrkjadóminn,*
   b. *fyrir sérfræðiaðstoð við að meta dóm Hæstaréttar um stjórn fiskveiða?*

Alþingi hefur sett upplýsingalög, nr. 50/1996, sem hafa að meginreglu að tryggja almenningi aðgang að hvers kyns upplýsingum í vörslu stjórnvalda. Almennt er þó viðurkennt að tiltekna hagsmuni beri að verja fyrir óheftum aðgangi almennings, þar á meðal einkahagsmuni einstaklinga. Þótt Alþingi sé ekki á gildissviði þessara laga, né stofnanir er undir það heyra, eru skrifleg svör við fyrirspurnum frá þinginu lögð þar fram og prentuð í Alþingistíðindum, sem allir hafa aðgang að. Eftir atvikum þykir því eðlilegt að leyst sé úr beiðni um aðgang að upplýsingum frá Alþingi á grundvelli sömu sjónarmiða um einkalífsvernd og fyrrnefnd lög byggjast á, sér í lagi að því er varðar upplýsingar er kunna að vera undirorpnar þagnarskyldu á grundvelli þeirra og kann þannig að varða við almenn hegningarlög að veita aðgang að þeim.

Samkvæmt 5. gr. upplýsingalaga er óheimilt að veita aðgang að upplýsingum um einkaeða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt þykir og eðlilegt að leynt fari. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur á grundvelli lögskýringargagna ítrekað skýrt þetta ákvæði með tilliti til launa fyrir störf í þágu hins opinbera. Samkvæmt þeim fordæmum sem úrskurðir hennar veita eru upplýsingar um hvers kyns laun fyrir tiltekin störf, sem ekki teljast til fastra launa eða annarra fastra kjara, t.d. greiðslur fyrir mælda yfirvinnu eða önnur sérstök störf, ótvírætt undanþegnar aðgangi með tilliti til einkahagsmuna þess er veitir greiðslunum viðtöku. Af því leiðir jafnframt að stjórnvöld eru gagnvart öðrum en þeim sem upplýsingarnar varða bundin þagnarskyldu, nema annað leiði ótvírætt af lögum.

Að þessu virtu þykir ekki unnt að veita upplýsingar um hvernig kostnaður af framangreindum nefndarstörfum skiptist á milli einstakra launamanna.

3. *Hver var heildarfjöldi vinnustunda við:*
   a. *nefndarstarfið út af öryrkjadóminum, annars vegar hjá nefndarmönnum og hins vegar hjá starfsmönnum nefndarinnar, og hve marga fundi hélt nefndin,*
   b. *sérfræðiaðstoð við að meta dóm Hæstaréttar um stjórn fiskveiða?*

Svar við a-lið er að heildarfjöldi greiddra stunda var samtals 203 stundir og svar við b-lið er að heildarfjöldi greiddra stunda var samtals 165 stundir.

4. *Hver tók ákvörðun um fjárhæð greiðslna skv. 2. lið? Hvaða reglur gilda almennt um greiðslur fyrir nefndarstörf á vegum ráðuneyta fyrir:*
   a. nefndarmenn eða sérfræðinga innan ráðuneyta,
   b. sérfræðinga utan ráðuneyta?

Sérfræðingum innan ráðuneytis er ekki greidd þóknun fyrir störf í nefndum nema þegar nefndarstarf er ekki innan skilgreinds verksviðs viðkomandi starfsmanns, en þá er leitað umsagnar þóknananefndar eða ákvörðun um þóknun tekin af ráðuneytisstjóra.

Greiðsla til sérfræðinga utan ráðuneytis greiðist samkvæmt taxta viðkomandi sérfræðings eða samkvæmt fyrirframákveðnu samkomulagi nema þegar um hefðbundin stjórnar- eða nefndarstörf er að ræða, en þá er jafnan leitað umsagnar þóknananefndar.

902. Svar [488. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um póststöðvar Íslandspósts.

1. *Hversu mörgum póststöðvum Íslandspósts er fyrirhugað að loka, hvar eru þær starfræktar og hverjir munu taka við starfseminni í hverju tilviki?*

Sem stendur eru engin áform um að loka póstafgreiðslum Íslandspósts. Starfsemi allra póstafgreiðslna er að staðaldri í gagngerri endurskoðun vegna síbreytilegs rekstrarumhverfis. Fækkun verkefna hefur leitt til þess að póstafgreiðslunetið er mjög óhagkvæmt og dýrt í rekstri. Leitað verður því áfram hagkvæmustu leiða í rekstri þess.

2. *Hversu mörgum póststöðvum hefur verið lokað nú þegar, hvar voru þær starfræktar og hverjir tóku við starfseminni, sundurliðað eftir kjördæmum?*

Þremur póststöðvum hefur verið lokað síðan Íslandspóstur hf. var stofnað. Þetta eru pósthúsin R-3 í Kringlunni, R-4 á Kleppsvegi og pósthúsið á Fagurhólsmýri. Við þessar breytingar fluttust allir starfsmenn til í störfum, nema einn fór á starfslokasamning á R-4 og starfsmaður á Fagurhólsmýri hætti að eigin ósk. Breyting á rekstrarformi hefur orðið á 16 stöðum á landinu. Þessir staðir eru, raðað í tímaröð:

Staður	Samstarfsaðili	Samstarf hófst	
Hrísey	Sparisjóður Svarfdæla	1. júlí 1998	Norðurland eystra
Laugar	Sparisjóður Suður-Þingeyinga	1. júlí 1998	Norðurland eystra
Reykjahlíð	Sparisjóður Suður-Þingeyinga	1. júlí 1998	Norðurland eystra
Staður	Staðarskáli	1. janúar 1999	Norðurland vestra
Grenivík	Sparisjóður Höfðhverfinga	1. janúar 2000	Norðurland eystra
Flateyri	Sparisjóður Önundarfjarðar	15. apríl 1999	Vestfirðir
Grímsey	Flugmálastjórn og Brynjólfur Árnason	15. október 1999	Norðurland eystra
Sandgerði	Landsbankinn	1. desember 1999	Reykjanes
Flúðir	Búnaðarbankinn	29. maí 2000	Suðurland
Laugarvatn	Búnaðarbankinn	2. júní 2000	Suðurland
Vík í Mýrdal	BVT ehf.	1. september 2000	Suðurland

Staður	Samstarfsaðili	Samstarf hófst	
Ólafsfjörður	Sparisjóður Ólafsfjarðar	1. nóvember 2000	Norðurland eystra
Reyðarfjörður	Sparisjóður Norðfjarðar	1. desember 2000	Austurland
Djúpivogur	Sparisjóður Hornafjarðar og nágrennis	4. desember 2000	Austurland
Varmahlíð	Kaupfélag Skagfirðinga	1. mars 2001	Norðurland vestra
Hofsós	Kaupfélag Skagfirðinga	1. mars 2001	Norðurland vestra

Undirritaður hefur verið samningur við Búnaðarbankann um sameiginlegan rekstur á Skagaströnd frá og með 1. apríl nk.

3. *Hversu mörg störf hafa verið lögð niður nú þegar og hversu mörg störf er áætlað að leggist af þegar starfsemi póststöðva er hætt, sundurliðað eftir kjördæmum?*

	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi ársverka
Starfslok v/aldurs	3	3,00
Færast yfir til samstarfsaðila	18	13,58
Hætta að eigin ósk	6	4,75
Áfram hjá Íslandspósti	9	7,09
Fastráðnir sem missa starf og samið um starfslok	8	6,15
Lausráðnir sem missa starf	5	3,00

Í nokkrum tilfellum var starfsmönnum Íslandspósts hf. boðið starf hjá samstarfsaðila en það ekki þegið. Starfsmenn hafa í flestum tilfellum tekið að sér starfsþjálfun, allt upp í mánuð, hjá samstarfsaðila ef ekki hafa flust starfsmenn á milli til frambúðar. Engar áætlanir eru til um hversu mörg störf leggist af í framtíðinni.

Hrísey. Tveir starfsmenn voru hér í einu og hálfu ársverki. Starfsmaðurinn í fullu starfi hætti vegna aldurs og var samið um starfslok en hinn fór yfir til samstarfsaðila.

Laugar. Tveir starfsmenn voru hér í einu og hálfu ársverki. Starfsmaðurinn í fullu starfi hætti að eigin ósk en hinn fór til samstarfsaðila.

Reykjahlíð. Tveir starfsmenn voru hér í tveimur ársverkum. Annar starfsmaðurinn fór yfir til samstarfsaðila og hinn gerðist landpóstur hjá Íslandspósti hf.

Staður. Tveir starfsmenn voru hér í einu og hálfu ársverki. Starfsmaðurinn í fullu starfi fór yfir til samstarfsaðila en við hinn var samið um starfslok. Sá sem samið var við um starfslok tók svo við af hinum þegar hann flutti af staðnum í lok síðasta árs rúmlega ári eftir að samstarf hófst.

Grenivík. Tveir starfsmenn voru hér í einu og hálfu ársverki. Starfsmaðurinn í fullu starfi fór yfir til samstarfsaðila en lausráðni starfsmaðurinn missti starf sitt.

Sandgerði. Í ársbyrjun 1999 voru fjórir starfsmenn í 2,84 ársverkum. Einn starfsmaður í fullu starfi fór yfir til samstarfsaðila og annar í 50% starfi hætti að eigin ósk vegna aldurs og veikinda. Tveir bréfberar í 67% störfum hvor eru áfram starfsmenn Íslandspósts.

Flateyri. Þrír starfsmenn voru hér í 1,83 ársverkum. Allir þrír fluttust yfir til samstarfsaðila.

Grímsey. Tveir starfsmenn voru hér í einu og hálfu ársverki. Báðir hættu að eigin ósk.

Laugarvatn. Tveir starfsmenn voru hér í einu og hálfu ársverki. Starfsmaðurinn í fullu starfi fór á starfslokasamning vegna aldurs en hinn missti starf sitt og fór á starfslokasamning.

Flúðir. Þrír starfsmenn voru hér í 1,9 ársverkum. Tveir starfsmenn misstu starf sitt í 1,15 ársverkum, annar fór á starfslokasamning en hinn var lausráðinn. Bréfberi í 75% starfi er áfram starfsmaður Íslandspósts.

Vík í Mýrdal. Fjórir starfsmenn voru hér í 3,17 ársverkum. Einn starfsmaður í fullu starfi fór á starfslokasamning og missti vinnuna. Tveir starfsmenn í 1,75 ársverkum fóru yfir til samstarfsaðila. Bréfberi í hlutastarfi hætti störfum.

Reyðarfjörður. Fimm starfsmenn voru hér í 4,75 ársverkum. Einn starfsmaður í fullu starfi fór á starfslokasamning og missti vinnuna, honum var þó boðið annað starf sem hann hafnaði. Annar starfsmaður í fullu starfi fór yfir til samstarfsaðila. Þriðji starfsmaðurinn í fullu starfi starfar núna hjá Íslandspósti í Reykjavík. Bréfberi í hlutastarfi er ennþá í starfi hjá Íslandspósti ásamt flutningsaðila í Fjarðarbyggð sem er í fullu starfi hjá Íslandspósti.

Ólafsfjörður. Í ársbyrjun 2000 voru hér í starfi fimm starfsmenn í 3 ársverkum. Einn starfsmaður í fullu starfi hætti að eigin ósk. Tveir starfsmenn í 50% ársverkum hvor fóru yfir til samstarfsaðila. Tveir bréfberar sem voru í 50% ársverkum eru áfram starfsmenn Íslandspósts, en nú í 70% ársverkum hvor.

Djúpivogur. Fjórir starfsmenn voru hér í 3 ársverkum. Allir fluttust yfir til samstarfsaðila.

Varmahlíð. Tveir starfsmenn voru hér í einu og hálfu ársverki. Starfsmaðurinn í fullu starfi fer á starfslokasamning og missir vinnuna. Starfsmaðurinn í 50% starfi var lausráðinn og ekki var framlengd ráðning hans.

Hofsós. Þrír starfsmenn voru hér í starfi í tveimur ársverkum. Einn starfsmaður í fullu starfi fer á starfslokasamning og missir vinnuna. Annar starfsmaður í 50% starfi var lausráðinn og ekki var framlengd við hann ráðning. Bréfberi í 50% starfi fer á starfslokasamning frá 1. október nk. og missir vinnuna.

Skagaströnd (samstarf hefst 1. apríl nk.). Fjórir starfsmenn eru hér í 3,25 ársverkum. Einn starfsmaður í fullu starfi fer á starfslokasamning vegna aldurs. Annar starfsmaður í fullu starfi flyst til Reykjavíkur í starf hjá Íslandspósti. Starfsmaður í 50% starfi er lausráðinn og ekki verður framlengd við hann ráðning.

4. *Í hve mörgum tilvikum hafa konur gegnt þeim störfum sem hafa verið eða munu verða lögð niður, sundurliðað eftir kjördæmum?*

Á pósthúsum Íslandspósts eru tæplega 90% starfsmanna konur. Allir þeir starfsmenn sem fjallað er um hér að ofan eru konur, nema flutningsaðili í Fjarðarbyggð.

903. Svar [506. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um frest til að úrskurða um mat á umhverfisáhrifum.

1. *Hversu oft og hve lengi á árinu 2000 dróst hjá ráðherra að kveða upp úrskurð skv. 3. mgr. 14. gr. eldri laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, og skv. 2. mgr. 13. gr. núgildandi laga, nr. 106/2000?*

Á árinu 2000 úrskurðaði ráðherra eingöngu á grundvelli 3. mgr. 14. gr. eldri laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, en ekki á grundvelli 2. mgr. 13. gr. núgildandi laga, nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, enda bárust umhverfisráðuneytinu engar kærur á grundvelli núgildandi laga á því ári. Því verður hér í svari þessu eingöngu fjallað um úrskurði

ráðherra á grundvelli 3. mgr. 14. gr. laga nr. 63/1993. Þar er um að ræða úrskurði þar sem kærður hefur verið úrskurður skipulagsstjóra um mat á umhverfisáhrifum. Frestur ráðherra til að kveða upp úrskurð vegna slíkra kæra var átta vikur frá því að fresti til að kæra úrskurð Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum lauk, sbr 3. mgr. 14. gr. laga nr. 63/1993. Þeir úrskurðir ráðherra sem hér er spurt um voru níu talsins á árinu 2000. Í átta málum af þeim níu var úrskurðað eftir að lögbundinn frestur til að úrskurða var liðinn. Sá umframtími sem var um að ræða er eftirfarandi: 3 dagar, 2 vikur, 2 vikur og einn dagur, 3 vikur, 5 vikur, 9 vikur og 12 vikur í tveimur málum.

2. *Telur ráðherra ásættanlegt að vikið sé frá fresti 2. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, og er það að dómi ráðherra í anda góðra stjórnsýsluhátta?*

Frestur sá sem ráðherra var veittur til að úrskurða skv. 3. mgr. 14. gr. eldri laga um mat á umhverfisáhrifum var átta vikur eins og áður hefur komið fram. Það er ekki langur tími þegar litið er þeirra gagna og athugasemda sem ráðherra þarf að afla áður en hægt er að kveða upp endanlegan úrskurð. Skv. 2. mgr. 14. gr. framangreindra laga skyldi ráðherra óska umsagnar skipulagsstjóra, framkvæmdaraðila, leyfisveitanda og sveitarstjórna sem hlut eiga að máli. Í sumum málum hefur ráðherra auk framangreindra aðila óskað umsagnar annarra hafi hann talið þess þörf til að fá fullnægjandi upplýsingar um það mál sem er til úrskurðar hverju sinni, í samræmi við 10. gr. rannsóknarreglu stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Umsagnaraðilum er að jafnaði veittur um tveggja vikna frestur. Sá frestur hefur í mörgum tilvikum reynst of stuttur og er þá óskað eftir viðbótarfresti. Raunin er því sú að umsagnir hafa oftast ekki borist fyrr en að þremur vikum liðnum frá því að beiðni barst um umsögn frá ráðuneytinu. Þegar umsagnir hafa borist er óskað eftir athugasemdum kæranda við umsagnirnar og er sá frestur að jafnaði tíu dagar. Sá frestur hefur einnig í mörgum tilvikum reynst of stuttur og oft óskar kærandi eftir viðbótarfresti. Umhverfisráðuneytið hefur ávallt veitt slíka viðbótarfresti enda lítur ráðuneytið svo á að við meðferð kærumála beri að reyna að fá fram sem bestar upplýsingar um viðkomandi mál og þannig fylgja rannsóknarreglu stjórnsýslulaga. Raunin er því oft sú að upplýsingar og athugasemdir vegna viðkomandi máls hafa ekki borist fyrr en eftir fimm til sex vikur. Frestur ráðherra til að kveða upp úrskurð eftir að öll gögn hafa borist er því að jafnaði 2–3 vikur. Kærumál vegna úrskurðar um mat á umhverfisáhrifum eru í mörgum tilvikum viðamikil og flókin og hefur ráðherra lagt áhersla á að vanda alla meðferð mála. Þess ber einnig að geta að á árinu 2000 varð mikil fjölgun á kærum til ráðuneytisins á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum og nam hún tæpum 40% á milli áranna 1999 og 2000. Slík fjölgun hefur í för með sér, sé miðað við óbreyttan starfsmannafjölda, að kærumál taka lengri tíma í afgreiðslu.

3. *Telur ráðherra að slíkar tafir gætu orðið til þess að horft yrði fram hjá kæru og framkvæmdir hafnar áður en úrskurður er kveðinn upp?*

Kæra úrskurðar skipulagsstjóra um mat á umhverfisáhrifum frestar ekki réttaráhrifum framkvæmdar úrskurðarins. Því getur framkvæmdaraðili fyrirhugaðrar framkvæmdar, sem úrskurður tekur til, hafið framkvæmdina þegar úrskurður skipulagsstjóra liggur fyrir að því tilskildu að hann fái til þess framkvæmdaleyfi, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Það er í höndum viðkomandi sveitarstjórna að taka ákvörðun um það hvort veiti eigi leyfi fyrir framkvæmdinni en framkvæmdaleyfi skal vera í samræmi við úrskurð um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga. Því verður framkvæmdaleyfi ávallt að vera í samræmi við niðurstöðu úrskurðar ráðherra um mat á umhverfisáhrifum.

4. *Telur ráðherra að þessar tafir geti haft óæskilegar afleiðingar í för með sér fyrir ráðuneytið, svo sem málsókn?*

Vitanlega er mikilvægt að afgreiða úrskurði innan lögbundinna fresta og er ávallt leitast við að gera það. Á hinn bóginn verður að tryggja að mál sé nægjanlega upplýst og að aðilum máls sé gefinn kostur á að tjá sig um þau gögn sem liggja til grundvallar ákvörðun í málinu. Ráðuneytið telur að ekki verði séð að þær tafir sem að framan er lýst hafi haft óæskilegar afleiðingar í för með sér gagnvart þeim framkvæmdum sem þar voru til umfjöllunar og að slíkar tafir séu vart grundvöllur fyrir málsókn fyrir dómstólum, sbr. svar við 3. lið fyrirspurnarinnar. Í tilefni af þessari fyrirspurn telur ráðherra rétt að taka til athugunar hvort tímafrestir í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, séu nægjanlega langir þegar komin verður meiri reynsla af framkvæmd þeirra laga.

904. Svar [476. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar, Bryndísar Hlöðversdóttur og Guðjóns A. Kristjánssonar um minnisblað til starfsnefndar ríkisstjórnarinnar í öryrkjamálinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hljóðaði minnisblað sem vísað er til í erindisbréfi sem starfsnefnd ríkisstjórnarinnar í öryrkjamálinu fékk frá forsætisráðherra eða ríkisstjórninni í kjölfar dóms Hæstaréttar frá 19. desember sl.?

Minnisblað þetta var samið að tilhlutan forsætisráðherra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, fjármálaráðherra og utanríkisráðherra af starfsmönnum þriggja hinna fyrsttöldu og ríkislögmanni til að undirbúa umfjöllun og ákvarðanatöku ríkisstjórnarinnar um fyrstu viðbrögð við dómi Hæstaréttar í málinu nr. 125/2000: Tryggingastofnun ríkisins gegn Öryrkjabandalagi Íslands og gagnsök. Í minnisblaðinu var gerð grein fyrir niðurstöðu dómsins og reifuð ýmis þau álitaefni sem beint lá við að leysa þyrfti úr. Í því skyni var lagt til að skipaður yrði sérstakur starfshópur til að greina með sem nákvæmustum hætti hvaða leiðir væru færar til að bregðast við dómi Hæstaréttar og stýra vinnu við undirbúning á frumvarpi til breytinga á lögum um almannatryggingar sem stefnt yrði að því að lögfesta svo fljótt sem verða mætti. Jafnframt yrði starfshópnum falið að stýra greiningu á hvort þær meginreglur sem dómurinn byggðist á kynnu að hafa víðtækari áhrif en kveðið væri á um í dóminum.

Forsætisráðherra lagði minnisblað þetta fyrir ríkisstjórnina á fundi hennar 22. desember sl. og tók hún ákvörðun um skipun sérstaks starfshóps til að fjalla um málið og undirbúa framangreindar aðgerðir á grundvelli þess. Í samræmi við þessa ákvörðun ríkisstjórnarinnar skipaði forsætisráðherra umræddan starfshóp sama dag og gerði í skipunarbréfum grein fyrir verkefni hans með sama hætti og fram kom í minnisblaðinu, sbr. framangreint. Til að þeim trúnaðarmönnum ríkisstjórnarinnar sem völdust í þennan starfshóp væri ljóst á hvaða grundvelli ákvörðun um skipun hans var tekin var í skipunarbréfum til þeirra jafnframt vísað til umrædds minnisblaðs og það látið fylgja þeim sem fylgiskjal. Minnisblaðið hefur hins vegar ekki verið sýnt eða sent öðrum en þeim sem völdust til þessara trúnaðarstarfa í þágu ríkisstjórnarinnar.

Skýrsla starfshópsins var lögð fyrir yfirstandandi þing sem fylgiskjal III með frumvarpi því er varð að lögum nr. 3/2001, um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117 20.

desember 1993, með síðari breytingum, sbr. þskj. 624. Í inngangi að skýrslunni var auk þess sem þegar er komið fram vitnað um verkefni starfshópsins til minnisblaðsins og það skilgreint sem þríþætt. Í fyrsta lagi að hann ætti að kanna hvort leiðrétta þyrfti bætur til bótaþega aftur í tímann og þá hversu langt, í öðru lagi að hann skyldi athuga að hvaða marki þyrfti að endurskoða þau lagaákvæði sem dómurinn fjallaði um og í þriðja lagi að hann ætti að huga að mögulegri endurskoðun gagnvart öðrum hópum en þeim sem dómurinn fjallaði beint um.

Samkvæmt framansögðu hefur Alþingi þegar verið gerð grein fyrir efni títtnefnds minnisblaðs í öllum meginatriðum og lagt fyrir það öll þau gögn sem nauðsynleg voru til að fram gæti farið upplýst umræða um dóm Hæstaréttar frá 19. desember sl. og viðbrögð við honum.

Að því er varðar efni minnisblaðs þessa að öðru leyti er ástæða til að árétta að það var undirbúið fyrir ríkisstjórnina og sérstaklega tekið saman fyrir fund hennar um málið. Alþingi hefur bæði í stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, og upplýsingalögum, nr. 50/1996, talið ástæðu til að verja gögn sem sérstaklega eru tekin saman fyrir slíka fundi aðgangi annarra. Enda þótt þessum lögum verði vitaskuld ekki sem slíkum beitt við úrlausn beiðna um aðgang að upplýsingum frá þinginu er þó til þess að líta að fundir þingsins eru háðir í heyranda hljóði og gögn, sem þar eru lögð fram eru almenningi aðgengileg. Í raun er því enginn eðlismunur á þeim aðgangi sem almenningi er veittur á grundvelli upplýsingalaga og þeim aðgangi sem þingmönnum er veittur á grundvelli stjórnarskrárvarins fyrirspurnarréttar þeirra um opinber málefni. Í því ljósi hlýtur mat á inntaki upplýsingaréttar þingsins og takmarkana sem hann sætir að mörgu leyti að byggjast á sams konar sjónarmiðum og þær takmarkanir sem lögfestar hafa verið gagnvart upplýsingarétti almennings. Er sú nálgun málsins í samræmi við þær ábendingar sem fram komu í skýrslu um starfsskilyrði stjórnvalda sem lögð var fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi, sbr. þskj. 376. Þar var jafnframt á það bent að æskilegt væri að inntak þessa réttar yrði nánar afmarkað í þingskapalögum, þar á meðal hvaða upplýsingar ráðherra væri heimilt að undanþiggja í svörum við fyrirspurnum frá Alþingi. Meðan þingið hefur hins vegar engan reka að því gert að endurskoða þingsköp í þessu skyni verður mat þetta ekki byggt á öðrum sjónarmiðum en þeim sem þingið hefur sjálft lagt til grundvallar í framangreindum lögum. Að öðrum kosti væri grafið undan þeirri vernd sem þingið hefur sjálft fest í lög, að tiltekin gögn eigi að njóta og felld sú skjaldborg sem þingið hefur sjálft slegið um þá starfsemi sem fram fer á vettvangi ríkisstjórnarinnar.

Forsætisráðuneytið hefur þegar synjað beiðni sem fram var borin á grundvelli upplýsingalaga um aðgang að umræddu minnisblaði á grundvelli heimildar til að undanþiggja aðgangi gögn sem tekin hafa verið saman fyrir fundi ríkisstjórnarinnar, sbr. 1. tölul. 4. gr. s.l. Ákvörðun ráðuneytisins var kærð til sjálfstæðrar og óháðrar úrskurðarnefndar um upplýsingamál sem starfrækt er á grundvelli V. kafla upplýsingalaga til að leysa úr ágreiningsmálum um aðgang að upplýsingum hjá stjórnvöldum og var hún staðfest þar á sams konar forsendum og ráðuneytið hafði lagt afstöðu sinni til grundvallar.

Þegar til þess er litið að Alþingi hefur þegar verið gerð grein fyrir efni minnisblaðs þessa í öllum meginatriðum og ríkisstjórnin hefur lagt fyrir Alþingi öll nauðsynleg gögn til að upplýst umræða geti farið fram um viðbrögð við dómi Hæstaréttar frá 19. desember sl. verða í ljósi þessarar niðurstöðu ráðuneytisins sem staðfest hefur verið á kærustigi, og með skírskotun til þeirra sjónarmiða sem rakin eru hér að framan ekki veittar frekari upplýsingar um efni umræddS minnisblaðs en þegar hafa komið fram.

905. Svar [475. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um stöðugildi lögreglumanna í sveitarfélögum.

Hversu mörg sveitarfélög með 800 íbúa eða fleiri hafa enga löggæslumenn á vakt í byggðarlaginu, sundurliðað eftir sveitarfélögum, íbúafjölda og fjölda löggæslumanna:

a. á daginn,
b. á kvöldin,
c. um helgar?

Óskað var eftir upplýsingum frá ríkislögreglustjóra um svar við fyrirspurninni. Þaðan var fyrirspurnin framsend til allra lögreglustjóra og þess óskað að þeir veittu svör hver fyrir sitt umdæmi. Svar barst frá öllum embættum nema Búðardal og Ólafsfirði.

Ekkert sveitarfélag með 800 íbúa eða fleiri hefur enga löggæslumenn á vakt í byggðarlaginu á daginn, kvöldin eða um helgar. Í meðfylgjandi töflu eru upplýsingar um fjölda stöðugilda lögreglumanna á landinu öllu, skipt niður á embætti og útstöðvar. Þar koma jafnframt fram upplýsingar um hvort um sólarhringsvakt er að ræða eða ekki. Einnig má sjá hvar lögreglumenn eru með aðsetur. Það þýðir að á þéttbýlisstöðum sem ekki eru taldir upp í töflunni eru ekki lögreglumenn. Löggæslu er þá að jafnaði sinnt í öllu umdæminu frá aðalstöð.

Stöðugildi lögreglumanna.

	Lögreglustöðvar, hverfastöðvar	2001	Íbúar 1. des.	Íbúar á lögr.	Athugasemdir.
6	Ríkislögreglustjóri ...	55			
9	Lögregluskólinn	6			
10	Reykjavík, aðalstöð	255			
"	Miðborg	16			Vakt virka daga, að öðru leyti sinnt frá aðalstöð.
"	Seltjarnarnes	2			Vakt virka daga og á kvöldin. Bíll á nóttunni frá aðalstöð.
"	Breiðholt	7			Sólarhringsvakt alla daga ársins.
"	Grafarvogur	5			Vakt alla daga, kvöld og helgar. Bíll á nóttunni frá aðalstöð.
"	Mosfellsbær	8			Vakt alla daga, kvöld og helgar. Bíll á nóttunni frá aðalstöð.
	Samtals	*293*	*122.236*	*417*	*Sólarhringsvakt alla daga ársins frá aðalstöð á öllu svæðinu.*
12	Akranes	11	5.433	494	Sólarhringsvakt alla daga ársins.
13	Borgarnes	8	3.835	479	Vakt alla daga kvöld og helgar, bakvakt þess utan.
14	Stykkishólmur	3			
"	Grundarfjörður	2			
"	Ólafsvík	4			
	Samtals	*9*	*4.204*	*467*	*Vakt alla daga, kvöld og helgar.*
15	Búðardalur	1	791	791	Vakta alla daga. Bakvakt og aukavaktir þess utan.
16	Patreksfjörður	4	1.839	460	Vakt alla daga, kvöld og helgar, bakvakt þess utan.
17	Bolungarvík	2	1.000	500	Vakt alla daga, kvöld og helgar, bakvakt þess utan.
18	Ísafjörður	13	4.452	342	Sólarhringsvakt alla daga ársins.

Lögreglustöðvar, hverfastöðvar	2001	Íbúar l. des.	Íbúar á lögr.	Athugasemdir.
19 Hólmavík	2	859	430	Vakt alla daga, kvöld og helgar, bakvakt þess utan.
20 Blönduós	6	3.454	576	Vakt alla daga, kvöld og helgar, bakvakt þess utan.
21 Sauðárkrókur	9	4.419	491	Vakt alla daga, kvöld og helgar, bakvakt þess utan.
22 Siglufjörður	4	1.559	390	Vakt alla daga, kvöld og helgar, bakvakt þess utan.
23 Ólafsfjörður	2	1.036	518	Vakt alla daga, kvöld og helgar, bakvakt þess utan.
24 Akureyri	29			Sólarhringsvakt alla daga ársins.
" Dalvík	2			Vakt alla daga, kvöld og helgar.
Samtals	*31*	*20.011*	*646*	
25 Húsavík	7			Vakt alla daga, kvöld og helgar, bakvakt þess utan.
" Raufarhöfn	1			Vakt alla daga, kvöld og helgar, samkeyrt með Þórshöfn + bakvakt.
" Þórshöfn	1			Vakt alla daga, kvöld og helgar, samkeyrt með Raufarhöfn + bakvakt.
Samtals	*9*	*5.419*	*602*	
26 Seyðisfjörður	2			Vakt alla daga, kvöld og helgar, bakvakt þess utan.
" Egilsstaðir	3			Vakt alla daga, kvöld og helgar, bakvakt þess utan.
" Vopnafjörður	2			Vakt alla daga, kvöld og helgar, bakvakt þess utan.
Samtals	*7*	*4.730*	*676*	
28 Eskifjörður	4			Vakt alla daga, kvöld og helgar, bakvakt þess utan.
" Neskaupstaður	2			Vakt alla daga, kvöld og helgar, bakvakt þess utan.
" Fáskrúðsfjörður	2			Vakt alla daga, kvöld og helgar, bakvakt þess utan.
" Djúpivogur	1			Vakt alla daga, kvöld og helgar, samkeyrt með Djúpavogi.
Samtals	*9*	*4.824*	*536*	
29 Höfn	3	2.370	790	Vakt alla daga, kvöld og helgar.
30 Vík	2			Vakt alla daga, kvöld og helgar, samkeyrt með Kirkjubæjarklaustri + bakvakt.
" Kirkjubæjarklaustur	1			Vakt alla daga, kvöld og helgar, samkeyrt með Vík + bakvakt.
Samtals	*3*	*1.094*	*365*	
31 Hvolsvöllur	4	3.226	807	Vakt alla daga, kvöld og helgar, bakvakt þess utan.
32 Vestmannaeyjar	11	4.522	411	Sólarhringsvakt alla daga ársins.
33 Selfoss	27	12.277	455	Sólarhringsvakt alla daga ársins.
34 Keflavík	39			
" Grindavík	1			
Samtals	*40*	*16.491*	*412*	*Sólarhringsvakt alla daga ársins frá aðalstöð.*
35 Keflavíkurflugvöllur	39		0	Sólarhringsvakt alla daga ársins.
36 Hafnarfjörður	35			
" Garðabær	4			
Samtals	*39*	*29.237*	*750*	*Sólarhringsvakt alla daga ársins frá aðalstöð.*
37 Kópavogur	26	23.527	905	Sólarhringsvakt alla daga ársins.
Öll embættin	**673**	**282.845**	**420**	

Ath. Tölur miðast við heimilaðar stöður lögreglumanna.

906. Svar [517. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um greiðslur vegna tjóna á útihúsum af völdum jarðskjálfta.

1. *Í hve mörgum tilvikum var um að ræða bótaskylt tjón á útihúsum í jarðskjálftunum á Suðurlandi 17. og 21. júní 2000? Í hve mörgum tilvikum var um að ræða altjón á útihús um?*

Samkvæmt upplýsingum frá Viðlagatryggingu Íslands er nú unnið að því að sundurgreina allar eignir sem fyrir tjóni urðu, þar á meðal útihús, í jarðskjálftunum sl. sumar en sú vinna, sem er umsvifamikil, er ekki komin nægjanlega langt á veg til að unnt sé að veita nákvæmar upplýsingar um altjón á útihúsum. Fjölmörg altjón urðu á útihúsum enda mörg þeirra gömul og úr sér gengin. Sum voru ekki lengur í notkun nema þá sem geymsluhúsnæði. Altjón eru ekki sérstaklega auðkennd á matsskýrslum, þar sem í tjónsuppgjörum er skráð heildartjón á húseignum á bújörðum en ekki sundurliðuð tala vegna hverrar húseignar. Því þarf að fara í gegnum matsgögn og í sumum tilfellum að leggja í vinnu við upplýsingaöflun frá viðkomandi matsmönnum. Fyrirhugað er að fara í þá vinnu þegar um hægist í tjónamati. Þegar Viðlagatrygging Íslands lýkur þeirri vinnu og slíkur listi liggur fyrir verður hann sendur viðskiptaráðuneytinu. Listanum verður dreift til þingmanna um leið og hann liggur fyrir.

2. *Hverjar eru bótafjárhæðir viðlagatryggingar þegar um var að ræða altjón útihúsa, sundurliðað eftir eignum borið saman við brunabótamat, endurstofnverð og áætlaðan endurbyggingarkostnað?*

Eins og fram kom í svari við fyrsta lið fyrirspurnarinnar liggja enn ekki fyrir sundurliðaðar upplýsingar um tjón á útihúsum þar sem í skráningu og tjónsuppgjörum er skráð heildartjón á húseignum á bújörðum en ekki sundurliðuð tala fyrir hverja húseign.

Samkvæmt upplýsingum frá Viðlagatryggingu Íslands eru tilkynntir tjónastaðir vegna skjálftanna sl. sumar nú orðnir yfir 2.000 og greiddar tjónabætur nema rúmlega 1,8 milljörðum kr.

3. *Verður mismunur á útgreiddum bótum byggðum á brunabótamati útihúsa og raunveru legum endurbyggingarkostnaði sömu eigna greiddur þeim sem urðu fyrir tjóni?*

Eins og fram kom í svari við fyrirspurn á þskj. 812, 516. máli, er ráðuneytisstjóranefnd sú sem sett var á fót í kjölfar skjálftanna enn að störfum. Nefndinni hefur verið falið að ræða þessi mál frekar við stjórn Viðlagatryggingar Íslands og liggur ekki fyrir niðurstaða í málinu nú. Að sama skapi er vakin athygli á því að tekin hefur verið ákvörðun um skipun nefndar sem skal hafa það hlutverk að fara yfir þá verkferla sem Viðlagatrygging Íslands beitti í starfi sínu við tjónsuppgjör vegna skjálftanna sl. sumar og helstu ágreiningsefni sem upp komu við úrvinnslu og benda á leiðir til úrbóta. Jafnframt er gert ráð fyrir að nefndinni verði falið að kanna tilhögun viðlagatrygginga í helstu nágrannalöndum og meta það hvort viðlagatryggingar séu eins vel eða betur komnar hjá almennum vátryggingafélögum. Þegar nefnd þessi hefur skilað niðurstöðum verður tekin ákvörðun um hvort tilefni sé til þess að láta semja frumvarp til laga um breytingar á því lagaumhverfi sem gildir um viðlagatryggingar.

907. Frumvarp til laga [581. mál]

um frestun á verkfalli fiskimanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Verkfalli því er samtök fiskimanna hófu gegn félögum og samtökum útvegsmanna, um og undir miðnætti aðfaranótt 16. mars sl., er frestað til kl. 24.00 hinn 19. apríl nk. frá og með gildistöku laga þessara. Sama gildir um verkbann það er félög og samtök útvegsmanna settu á fiskimenn frá og með miðnætti aðfaranótt 16. mars sl.

2. gr.

Á meðan frestun verkfalls og verkbanns skv. 1. gr. stendur yfir skulu allir síðastgildandi kjarasamningar þeirra aðila sem lög þessi taka til gilda þeirra í milli, nema þeir semji um annað.

3. gr.

Vinnustöðvanir þær sem lög þessi taka til, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimilar.

4. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða þau sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verkfall það er hófst á fiskiskipaflotanum um miðnætti þann 15. mars sl. mun ef ekkert er að gert hafa í för með sér mikinn skaða fyrir atvinnulíf landsmanna og óbætanlegt tjón fyrir þjóðarbúið í heild. Sérstaklega er það alvarlegt mál að ekki tókst að ljúka veiðum á öllum loðnukvótanum. Þegar verkfallið hófst voru óveidd u.þ.b. 130 þús. tonn af loðnukvóta landsmanna. Má ætla að það samsvari allt að 1,5 milljarði króna í útflutningsverðmætum. Með þeirri frestun verkfalls fiskimanna og tilsvarandi verkbanni útgerðarmanna, sem hér er lögð til, er gerð tilraun til að bjarga þessum verðmætum er ella væru landsmönnum að fullu glötuð.

Ljóst er að stöðvun almennra veiða og vinnslu á þessum tíma þegar vetrarvertíðin stendur sem hæst hefði alvarlegar afleiðingar fyrir sjómenn, fiskvinnslu og sveitarfélög sem byggja á sjávarútvegi. Má benda á að fram hefur komið að hluti hefðbundinna vertíðarbáta hefur uppistöðu tekna sinna á þessum árstíma. Þá hefur stöðvun veiða á þessum tíma alvarlegar afleiðingar á saltfisksmörkuðum.

Einungis er lagt til að frestun verkfalls standi í einn mánuð. Ef ekki hefur samist fyrir þann tíma munu bæði verkfall og verkbann hefjast aftur og aðilar kjaradeilunnar því aftur hljóta full forráð yfir kjaramálum sínum.

908. Breytingartillaga [581. mál]

við frv. til l. um frestun á verkfalli fiskimanna.

Frá sjávarútvegsráðherra.

Í stað orðanna „19. apríl“ í 1. málsl. 1. gr. komi: 1. apríl.

909. Nefndarálit [581. mál]

um frv. til l. um frestun á verkfalli fiskimanna.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Grétar Mar Jónsson, Guðjón Ármann Einarsson, Benedikt Valsson og Aðalstein Valdimarsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Helga Laxdal og Guðmund Ragnarsson frá Vélstjórafélagi Íslands og Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Með frumvarpinu er lagt til að fresta verkfalli fiskimanna og tilsvarandi verkbanni útgerðarmanna sem hófst 16. mars sl. frá og með gildistöku laga þessara til 19. apríl nk. Fram kom í máli sjávarútvegsráðherra við 1. umræðu um málið að hann hygðist leggja fram breytingartillögu þess efnis að fresturinn standi til 1. apríl í stað 19. apríl eins og frumvarpið gerir ráð fyrir og styður meiri hlutinn þá tillögu. Þegar verkfallið hófst voru óveidd u.þ.b. 130 þús. tonn af loðnukvóta landsmanna. Má ætla að það samsvari allt að 1,5 milljarða króna í útflutningsverðmætum. Með frestun þeirri sem hér er lögð til er þess freistað að bjarga þessum verðmætum. Einnig er ljóst að verkfall á þessum tíma skaðar mjög vetrarvertíð og getur haft neikvæð afleiðingar á fiskmörkuðum okkar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Alþingi, 19. mars 2001.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm. Árni R. Árnason. Kristinn H. Gunnarsson.

Vilhjálmur Egilsson. Hjálmar Árnason.

910. Nefndarálit [581. mál]

um frv. til l. um frestun á verkfalli fiskimanna.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Stjórnarandstaðan lýsir andstöðu sinni við það að enn á ný skuli ríkisstjórnin beita sér fyrir því að Alþingi setji lög á kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna þegar til verkfalls er komið. Nú hefur verkfallið aðeins staðið yfir í rúma þrjá sólarhringa þegar ríkisstjórnin ákveður að fresta því til 1. apríl nk.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja telur stjórnarandstaðan fulla ástæðu til að óttast að inngrip ríkisstjórnarinnar muni leiða til þess að samningar dragist enn frekar á langinn en ella hefði orðið því að nokkur skriður virðist hafa verið kominn á viðræðurnar. Samkvæmt upplýsingum frá deiluaðilum virðist sem ekkert samráð hafi verið haft við þá þegar ríkisstjórnin tók þá ákvörðun að leggja frumvarp fyrir Alþingi sem kvæði á um frestun verkfalls fiskimanna.

Meginreglan í vinnurétti er sú að aðilar fái frið fyrir ríkisvaldinu til að semja um kaup og kjör. Það er ábyrgðarhluti að grípa inn í kjaradeilur og í raun lítilsvirðing við samningsaðila að gefa þeim ekki svigrúm til samninga. Aðferð ríkisstjórnarinnar við núverandi aðstæður er sérstaklega ámælisverð þar sem hún er tekin í algeru tómarúmi og án tengsla við þann veruleika að hreyfing var komin á viðræður. Stjórnarandstaðan lýsir allri ábyrgð á hendur ríkisstjórnarinnar og mun því greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

Árni Steinar Jóhannsson, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 19. mars 2001.

Svanfríður Jónasdóttir, frsm.	Lúðvík Bergvinsson.	Guðjón A. Kristjánsson.

911. Frumvarp til laga [581. mál]

um frestun á verkfalli fiskimanna.

(Eftir 2. umr., 19. mars.)

1. gr.

Verkfalli því er samtök fiskimanna hófu gegn félögum og samtökum útvegsmanna, um og undir miðnætti aðfaranótt 16. mars sl., er frestað til kl. 24.00 hinn 1. apríl nk. frá og með gildistöku laga þessara. Sama gildir um verkbann það er félög og samtök útvegsmanna settu á fiskimenn frá og með miðnætti aðfaranótt 16. mars sl.

2. gr.

Á meðan frestun verkfalls og verkbanns skv. 1. gr. stendur yfir skulu allir síðastgildandi kjarasamningar þeirra aðila sem lög þessi taka til gilda þeirra í milli, nema þeir semji um annað.

3. gr.

Vinnustöðvanir þær sem lög þessi taka til, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimilar.

4. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða þau sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

912. Lög [581. mál]

um frestun á verkfalli fiskimanna.

(Afgreidd frá Alþingi 19. mars.)

Samhljóða þskj. 911.

913. Svar [532. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar og Ögmundar Jónassonar um rafmagnseftirlit.

Í fyrirspurninni er óskað eftir tölulegum upplýsingum um fjölda skoðana á háspenntum og lágspenntum raforkuvirkjum og neysluveitum og er því er óhjákvæmilegt að gera stuttlega grein fyrir þeim grundvallarbreytingum sem gerðar voru á fyrirkomulagi rafmagnseftirlits á árinu 1997.

Í árslok 1996 var fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála hér á landi breytt með lögum nr. 146/96, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Breytingarnar miðuðu að því að koma fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála í nútímalegra horf og draga úr beinu eftirliti stjórnvalda en auka jafnframt ábyrgð fagmanna, eigenda og umráðamanna raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Var m.a. gerð skýr krafa um innra öryggisstjórnunarkerfi (gæðakerfi) hjá raforkufyrirtækjum og löggiltum rafverktökum.

Með innra öryggisstjórnunarkerfi er á kerfisbundinn hátt, með fyrirbyggjandi ráðstöfunum, tryggt að kröfum um gæði vinnu og öryggi búnaðar sé ávallt fullnægt. Tekið hefur verið upp fyrirkomulag þar sem unnið er eftir skilgreindum verklagsreglum og ótvírætt skilgreint hver beri ábyrgð á að lágmarksöryggiskröfum sé fullnægt og á hvern hátt að því sé staðið.

Löggildingarstofa hefur hins vegar yfireftirlit með því að orkufyrirtæki og löggiltir rafverktakar fari að settum öryggisreglum.

1. Hversu margar rafveitur hafa verið skoðaðar árlega sl. þrjú ár:
a. nýjar neysluveitur, heildarskoðun, þ.e. allt rafkerfi viðkomandi húsa,

b. nýjar neysluveitur, hlutaskoðun, þ.e. hversu margar veitur eru aðeins skoðaðar að hluta,
c. gamlar neysluveitur, heildarskoðun, þ.e. íbúðaveitur, atvinnuhúsnæði, sveitaveitur og stærri iðnaðarveitur, svo sem verksmiðjur,
d. háspennuveitur, þ.e. aflstöðvar, tengivirki og háspennulínur?

Þar sem skoðun á neysluveitum er óviðkomandi skoðun á rafveitum og búnaði þeirra er d-lið svarað hér fyrst.

Eins og áður hefur komið fram ber raforkufyrirtækjum að koma sér upp innra öryggisstjórnunarkerfi. Það hefur í för með sér að eftirlit með háspenntum og lágspenntum raforkuvirkjum hefur að stórum hluta verið fært til orkufyrirtækjanna sjálfra og ábyrgð eigenda þeirra, umráðamanna eða sérstakra ábyrgðarmanna raforkuvirkja á lögmætu ástandi þeirra gerð ótvíræð.

Löggildingarstofa lætur framkvæma skoðanir á gæðakerfum raforkufyrirtækja og raforkuvirkjum þeirra til þess að kanna hvort farið hafi verið eftir settum reglum.

Flest raforkufyrirtæki landsins hafa nú þegar komið sér upp innra öryggisstjórnunarkerfi sem Löggildingarstofa hefur viðurkennt. Skoðunarmenn orkufyrirtækjanna sjálfra, sem skilgreindir eru í öryggisstjórnunarkerfinu, skoða öll ný háspennt og lágspennt raforkuvirki, ásamt raforkuvirkjum í rekstri, samkvæmt skilgreindum verklags- og skoðunarreglum sem Löggildingarstofa hefur sett.

Faggiltar skoðunarstofur hafa í umboði Löggildingarstofu skoðað innri öryggisstjórnunarkerfi orkufyrirtækjanna, ásamt þeim háspenntu og lágspenntu raforkuvirkjum sem valin hafa verið til skoðunar. Þannig er gengið úr skugga um að orkufyrirtækin farið að settum öryggisreglum.

Löggildingarstofa hefur látið framkvæma 321 skoðun á innri öryggisstjórnun raforkufyrirtækja (skoðun á skjalfestu kerfi, virknisskoðun, ásamt skoðun raforkuvirkja) á sl. þremur árum. Nánari upplýsingar er að finna í fylgiskjali I.

Svar við a- og b-lið.

Eins og áður hefur verið nefnt er gerð krafa um að löggiltir rafverktakar komi sér upp skilgreindu gæðakerfi sem tryggi að öll verk sem þeir vinni séu samkvæmt settum reglum. Það þýðir m.a. að allar nýjar neysluveitur sem rafverktakar hafa tilkynnt hafa þeir skoðað samkvæmt skilgreindum verklags- og skoðunarreglum sem Löggildingarstofa hefur sett. Löggildingarstofa lætur síðan framkvæma skoðanir á gæðakerfum rafverktaka og verkum þeirra til þess að kanna hvort þeir hafi farið að settum reglum.

Allar nýjar neysluveitur í 1. áhættuflokki (íbúðarhús) sem Löggildingarstofa velur til skoðunar eru skoðaðar í heild sinni ásamt flestum veitum í 2. áhættuflokki. Stærstu veiturnar í 2. áhættuflokki eru þó skoðaðar á þann hátt að aðalrafmagnstafla viðkomandi veitu er skoðuð ásamt greinitöflum og sérstaklega völdum rýmum.

Skoðanir sem Löggildingarstofa hefur látið framkvæma á gæðakerfum rafverktaka ásamt skoðunum á nýjum neysluveitum í 1. og 2. áhættuflokki sem rafverktakar hafa tilkynnt (heildarskoðunum, hlutaskoðunum) sl. þrjú ár eru 2.040. Frekari upplýsingar um tilkynntar neysluveitur, skoðanir á öryggisstjórnun rafverktaka, ásamt skoðunum á nýjum neysluveitum er að finna í fylgiskjali II.

Svar við c-lið.

Talið er að um 120–140 þúsund neysluveitur séu í landinu. Löggildingarstofa lætur árlega skoða hundruð neysluveitna í rekstri úr hinum ýmsu notkunarflokkum til þess að fá sem gleggsta mynd af ástandi raflagna í neysluveitum í rekstri. Upplýsingum um niðurstöður skoðana er síðan komið á framfæri til allra er málið varðar en ekki einungis þeirra sem skoð-

að var hjá. Sem dæmi má nefna að á síðasta ári stóð Löggildingarstofa fyrir umfangsmikilli athugun á ástandi raflagna í hesthúsum. Rúmlega hundrað hesthús vítt og breitt um landið voru skoðuð af óháðum faggiltum skoðunarstofum samkvæmt skilgreindum verklags- og skoðunarreglum. Markmið með skoðununum var að fá sem gleggsta mynd af ástandi raflagna og rafbúnaðar í hesthúsum og koma ábendingum á framfæri til eigenda og umráðamanna allra hesthúsa í landinu um það sem betur mætti fara.

Í áliti nefndar sem þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra skipaði árið 1998 (Rafmagnsöryggismál, árangur af breyttu skipulagi, IVR júlí 1999) kemur fram að ef taka ætti upp svipað fyrirkomulag á skoðunum neysluveitna í rekstri og tíðkaðist hér áður þyrfti að skoða mörg þúsund neysluveitur á hverju ári. Kostnaður af þeim skoðunum gæti numið hundruðum milljóna króna.

Allar neysluveitur í rekstri í 1. áhættuflokki (íbúðarhús) sem Löggildingarstofa lætur skoða eru skoðaðar í heild sinni ásamt stórum hluta af veitum í 2. áhættuflokki. Í stærri og umfangsmeiri veitum í rekstri er sami háttur hafður á og í nýjum umfangsmeiri veitum. Tilteknir hlutar viðkomandi veitu eru skoðaðir, svo sem aðalrafmagnstafla, greinitöflur og ákveðin rými.

Löggildingarstofa hefur látið framkvæma 1.614 skoðanir á neysluveitum í rekstri sl. þrjú ár. Frekari upplýsingar um heildarskoðun, ásamt hlutaskoðun neysluveitna í rekstri, er að finna í fylgiskjali III.

2. *Er mikið um að stærri neysluveitur séu aðeins skoðaðar að hluta þar sem skoðunarstofur í rafmagnseftirliti verða að takmarka skoðunartíma fyrir hverja veitu vegna kostnaðar?*

Hafa verður í huga að eins og áður hefur komið fram eru allar nýjar neysluveitur, stórar sem smáar, skoðaðar af löggiltum rafverktökum áður en þær eru tilkynntar. Í skoðun Löggildingarstofu á stærri veitum er kappkostað að skoða aðalrafmagnstöflu viðkomandi veitu ásamt greinitöflum og sérstökum rýmum, til þess að fá sem gleggsta mynd af störfum þess rafverktaka sem unnið hefur verkið. Löggildingarstofa hefur sett skoðunarstofum ákveðin viðmið varðandi skoðunartíma í þessum efnum en telji skoðunarstofa sig þurfa lengri tíma óskar hún eftir því við Löggildingarstofu sem í flestum tilfellum heimilar slíkt.

3. *Hver er meðalkostnaður rafmagnseftirlitsskoðana neysluveitna sem unnar eru af skoðunarstofum í umboði Löggildingarstofu á:*
   a. *íbúðum í fjölbýlishúsum, annars vegar gömlum og hins vegar nýjum,*
   b. *einbýlis- og raðhúsum,*
   c. *atvinnuhúsnæði, annars vegar heildarskoðun og hins vegar hlutaskoðun,*
   d. *stærri iðnaðarveitum, svo sem verksmiðjum?*

Kostnaður af skoðunum neysluveitna skiptist í kostnað við undirbúning, skoðun og úrvinnslu og skýrslugerð. Þá bætist við kostnaður vegna ferða og uppihalds.

a. Meðalkostnaður á síðasta ári við skoðanir á nýjum íbúðum í fjölbýlishúsum var 20.410 kr. en meðalkostnaður við skoðun á íbúðum í fjölbýlishúsum í rekstri var 19.449 kr.

b. Meðalkostnaður á síðasta ári við skoðun á nýjum einbýlis- og raðhúsum var 23.913 kr., en meðalkostnaður við skoðun á einbýlis- og raðhúsum í rekstri var 34.237 kr.

c. Meðalkostnaður á síðasta ári við skoðun á nýju atvinnuhúsnæði í 2. áhættuflokki var 30.146 kr. (heildarskoðun) en meðalkostnaður við skoðun atvinnuhúsnæðis í rekstri var 45.106 kr. (heildarskoðun).

e. Meðalkostnaður á síðasta ári við skoðun á nýju atvinnuhúsnæði (stærri iðnaðarveitum) í 2. áhættuflokki var 34.973 kr., en meðalkostnaður við skoðun á atvinnuhúsnæði (stærri iðnaðarveitum) í rekstri var 61.862 kr.

Fylgiskjal I.

Skoðanir öryggisstjórnunarkerfa, rafveitna og iðjuvera, þ.m.t. úrtaksskoðanir raforkuvirkja, árin 1998–2000.

Heildarfjöldi skoðana: 321

Dags.	Verknúmer	Staðsetning virkis	Virki/Hluti virkis	Póststöð
Bæjarveitur Vestmannaeyja, 1 skoðun				
07.10.1999	S1726		Öryggisstjórnunarkerfi, skjalakerfi	
Eignarhaldsfélagið Kringlan, 2 skoðanir				
16.06.2000	20006002	Kringlan 4–12	Dreifistöð nr. 1	103 Reykjavík
16.06.2000	20006003	Kringlan 4–12	Dreifistöð nr. 2	103 Reykjavík
Eimskip hf., 1 skoðun.				
18.08.1999	S1625	Eimskip Sundahöfn, Töflur N13-16	Eimskip Sundahöfn, Töflur N13-16	104 Reykjavík
Fiskimjöl og lýsi hf., 1 skoðun				
04.05.2000	30004001	Lýsi og mjöl	Dreifistöð nr. 16	220 Hafnarfjörður
Hitaveita Suðurnesja, 12 skoðanir				
27.02.1998	S0275	Helguvík á Suðurnesjum	Öll veitan	230 Keflavík
30.09.1999	29910001	Aðveitustöð Radíó Grindavík	Allt	240 Grindavík
28.12.1999	29912002	Orkuver 5 Svartsengi	Rými 104, hásp.skápar 11kV (vélaskápar) AHA02-AHA03	240 Grindavík
28.12.1999	29912003	Orkuver 5 Svartsengi	Rými 105, háspennuskápar 11kV (vélaskápar) BAA01-BAA06	240 Grindavík
28.12.1999	29912004	Orkuver 5 Svartsengi	Rými 104, háspennuskápar 11kV (eigin notkun) BBB01-BBA10	240 Grindavík
28.12.1999	29912006	Orkuver 5 Svartsengi	Rými 102 spennir 132/33 AET10	240 Grindavík
28.12.1999	29912007	Orkuver 5 Svartsengi	Rými 103 spennar: BBT10, BFT10, BFT20, BFT30, BFT40	240 Grindavík
11.02.2000	50002016	Orkuver 5 Svartsengi	Orkuver 5, lagnir og búnaður	240 Grindavík
08.06.2000	20006001	Svartsengi – Fitjar	132kV háspennuloftlína	260 Njarðvík
23.06.2000	1-9907-001		Öryggisstjórnunarkerfi, skjalakerfi	
20.09.2000	10009003		Virkniskoðun á öryggisstjórnunarkerfi	
28.12.2000	29912005	Orkuver 5 Svartsengi	Rými 101 spennir 132/11 BAT10	240 Grindavík
Íslenska álfélagið hf., 7 skoðanir				
13.12.1998	S0753	Íslenska álfélagið hf. í Straumsvík	Dreifistöð nr. 57 í kjallara steypuskála	222 Hafnarfjörður
20.08.1999	S1596		Öryggisstjórnunarkerfi, skjalakerfi	222 Hafnarfjörður
17.04.2000	S2244	Aðveitustöð Íslenska álfélagsins hf.	Forskoðun á jarðtengingum fyrir eldvarnarkerfi aflspenna	222 Hafnarfjörður
10.05.2000	S2271		Virkniskoðun á öryggisstjórnunarkerfi	
18.05.2000	S2285	Íslenska álfélagið hf. í Straumsvík	Dreifistöð nr. 66 við vatnsdælustöð	222 Hafnarfjörður
18.05.2000	S2284	Íslenska álfélagið hf. í Straumsvík	Dreifistöð nr. 64 við loftþjöppustöð 1	222 Hafnarfjörður
24.05.2000	S2303	Tengivirki við aðveitustöð Ísals	Viðbót við þéttavirki vegna sjöundu yfirsveiflu	222 Hafnarfjörður

Dags.	Verknúmer	Staðsetning virkis	Virki/Hluti virkis	Póststöð
Íslenska járnblendifélagið hf., 13 skoðanir				
24.06.1999	S1544	Járnblendifélagið Grundartanga	Viðbót við 220 kV-tengivirki.	301 Akranes
06.08.1999	S1624	Járnblendifélagið Grundartanga	Spennar 220/33, 33/6,6 og 6,6/0,4 kV ásamt rofabúnaði	301 Akranes
27.08.1999	S1659	Járnblendifélagið Grundartanga	Spólu- og þéttavirki	301 Akranes
27.08.1999	S1660	Járnblendifélagið Grundartanga	Ofnspennar (A, B og C) fyrir ofn nr. 3	301 Akranes
28.08.1999	S1665	Járnblendifélagið Grundartanga	Tafla F3.45MC05	301 Akranes
28.08.1999	S1661	Járnblendifélagið Grundartanga	Tafla F3.45MC01	301 Akranes
28.08.1999	S1664	Járnblendifélagið Grundartanga	Tafla F3.45MC04	301 Akranes
28.08.1999	S1663	Járnblendifélagið Grundartanga	Tafla F3.45MC03	301 Akranes
28.08.1999	S1662	Járnblendifélagið Grundartanga	Tafla F3.45MC02	301 Akranes
15.03.2000	S2142	Íslenska Járnblendifélagið hf.	Töflur og lagnir í hringekjuhúsi	301 Akranes
15.03.2000	S2140	Íslenska Járnblendifélagið hf.	Töflur LP-01, LP-02 og töflur fyrir vinnutengla í ofn	301 Akranes
16.03.2000	S2143	Íslenska Járnblendifélagið hf.	Tafla LP-03 og lágspennulagnir í reykhreinsivirki	301 Akranes
16.03.2000	S2141	Íslenska Járnblendifélagið hf.	Lágspennulagnir og stjórntöflur í ofnhúsi 3	301 Akranes
Landsvirkjun, 58 skoðanir				
22.11.1997	+	Kröflustöð	Vél 2 og rafbúnaður tengdur henni	660 Reykjahlíð
24.02.1998	S0186	Skoðun á ástandi öryggismála.	Skoðun á ástandi öryggismála.	
17.03.1998	S0290	Spennir og götugreiniskápur fyrir væntanlegar vinnubúðir við inntak	Spennir og götugreiniskápur fyrir væntanlegar vinnubúðir við inntak	801 Selfoss
18.03.1998	S0297	Spennar og háspennulagnir fyrir bor í aðrennslisgöngum	Spennar og háspennulagnir fyrir bor í aðrennslisgöngum	801 Selfoss
13.06.1998	S0475	Norðurálslínur I og II	Norðurálslínur I og II	301 Akranes
11.07.1998	S0550	Sultartangasvæðið	Dreifikerfi á miðspennu (11kV)	860 Hvolsvöllur
14.07.1998	S0503	Raflagnir fyrir aðrennslisganga-gerð N-svæði	Raflagnir fyrir aðrennslisgangagerð N-svæði	801 Selfoss
01.08.1998	S0549	Rafalarofi fyrir rafal 1	Rafalarofi fyirr rafal 1	801 Selfoss
19.11.1998	S0813	Búrfell, endurskoðun	Búrfell endurskoðun	801 Selfoss
05.12.1998	S0891	Háspennulína frá Búrfelli að Sandskeiði	Búrfellslína 3 A	801 Selfoss
12.12.1998	S0979	Búrfellsstöð	Nýtt 245 kV tengivirki.	801 Selfoss
31.12.1998	S0511	Vinnubúðir Sultaranga		860 Hvolsvöllur
29.03.1999	S1221		Öryggisstjórnunarkerfi, skjal-akerfi	103 Reykjavík
01.06.1999	S1423	Ljósafoss	Dreifistöð 66 kV	801 Selfoss
26.07.1999	S0814	Sigalda, endurskoðun	Sigalda, endurskoðun	801 Selfoss
22.09.1999	S1711	Möstur nr. 48–60 í Hrauneyjar-fosslínu	Jarðvír á Hrauneyjarfosslínu við Sultartanga	860 Hvolsvöllur
22.09.1999	S1710	Háspennulína frá Sultartanga að Búrfelli	Sultartangalína 2	860 Hvolsvöllur
27.09.1999	S1720	Tengivirki við Sultartanga	Tengivirki 11 kV	801 Selfoss
12.10.1999	S1721	Tengivirki við Sultartangastöð	Tengivirki 220 kV	801 Selfoss
16.10.1999	S1795	Sultartangavirkjun, 220 kV rofa-hús	Mæling á jarðskauti	801 Selfoss
03.11.1999	S1818	Sultartangavirkjun	Aflstrengir, aflspennir, 11/0,4 kV spennar og töflusk. í rofahúsi	801 Selfoss
18.11.1999	S1894	Aðveitustöð Landsvirkjunar Hrútatungu	132 kV tengivirki, stjórnbúnaður og jafnstraumskerfi	500 Brú
19.11.1999	S1895	Aðveitustöð Landsvirkjunar á Geithálsi	132 og 220 kV tengivirki	103 Reykjavík
24.11.1999	S1900	Sultartangastöð	Hluti af 11 kV búnaði og 400 V töflum fyrir vél nr. 1	801 Selfoss
29.11.1999	S1807		Virkniskoðun á öryggis-stjórnunarkerfi	

Dags.	Verknúmer	Staðsetning virkis	Virki/Hluti virkis	Póststöð
30.11.1999	S1901	Búrfellsstöð	Viðbót við SF-6 tengivirki	801 Selfoss
02.12.1999	S1920	Sultartangastöð, inntakshús	400 V aðaltafla	801 Selfoss
02.12.1999	S1917	Sultartangastöð, búnaður fyrir vél nr. 1	Tafla 0BJC10, segulmögnunar-skápar og jafnstraumskerfi.	801 Selfoss
03.12.1999	S1919	Sultartangastöð, yfirfallshús	11 kV strengir, háspennuskápar, spennir 11/0,4 kV og	801 Selfoss
03.12.1999	S1918	Sultartangastöð, botnlokuhús	11 kV búnaður	801 Selfoss
17.01.2000	S1989	Sultartangastöð	Töflur og lagnir við rafala á vél nr. 1	801 Selfoss
24.01.2000	S1994	Sultartangastöð	Sultartangi 400 V, vél nr. 2 OBFB10	860 Hvolsvöllur
24.01.2000	S1996	Sultartangastöð	Segulmögnum á vél nr. 1 2MKC10GT100 -GU100 og GS100	860 Hvolsvöllur
24.01.2000	S1995	Sultartangastöð	11 kV aflrofi fyrir vél nr. 2	860 Hvolsvöllur
24.01.2000	S2007	Sultartangastöð	Sultartangi, töflur og lagnir við rafala, vél 2	860 Hvolsvöllur
24.01.2000	S2006	Sultartangastöð	Sultartangi, stjórnskápar fyrir vél nr. 2, töfluh.	860 Hvolsvöllur
24.01.2000	S2005	Sultartangastöð	Sultartangi, stjórnskápur fyrir vél nr. 2	860 Hvolsvöllur
24.01.2000	S1997	Sultartangastöð	Sultartangi, jafnstraumsk. fyrir vél nr. 2	860 Hvolsvöllur
24.01.2000	S2004	Sultartangastöð	Aflspennir fyrir vél nr. 2	860 Hvolsvöllur
24.01.2000	S1998	Sultartangastöð	Sultartangi, dreifitafla 400V vél nr. 2	860 Hvolsvöllur
20.03.2000	S2152	Sultartangastöð	SUL, ljósa- og tenglalagnir í stöðvarhúsi	860 Hvolsvöllur
20.03.2000	S2157	Sultartangastöð	SUL, frárennslisdælustöð í botni stöðvarhúss	860 Hvolsvöllur
20.03.2000	S2155	Sultartangastöð	SUL, brúkranar í stöðvarhúsi	860 Hvolsvöllur
20.03.2000	S2154	Sultartangastöð	SUL, loftræstikerfi í stöðvarhúsi	860 Hvolsvöllur
20.03.2000	S2153	Sultartangastöð	SUL, fólksflutningalyfta í stöðvarhúsi	860 Hvolsvöllur
20.03.2000	S2151	Sultartangastöð	SUL, tafla GPO10 og lagnir	860 Hvolsvöllur
21.03.2000	S2163	Sultartangastöð	SUL, raflögn fyrir vatnstank	860 Hvolsvöllur
21.03.2000	S2162	Sultartangastöð	SUL, brúkrani í rofahúsi	860 Hvolsvöllur
21.03.2000	S2165	Sultartangastöð	Götulýsing	860 Hvolsvöllur
21.03.2000	S2160	Sultartangastöð	SUL, loftræstikerfi í rofahúsi	860 Hvolsvöllur
21.03.2000	S2158	Sultartangastöð	SUL, Inntakshús og húsalagnir	860 Hvolsvöllur
21.03.2000	S2168	Sultartangastöð	Djúpdælustöð	860 Hvolsvöllur
21.03.2000	S2166	Sultartangastöð	Götulýsing	860 Hvolsvöllur
21.03.2000	S2164	Sultartangastöð	SUL, lagnir fyrir ljós, tengla o.fl., kapalgöng	860 Hvolsvöllur
21.03.2000	S2156	Sultartangastöð	Jarðtengingar/spennujöfnun í stöðvarhúsi	860 Hvolsvöllur
21.03.2000	S2161	Sultartangastöð	SUL, jarðatengingar/spennu-jöfnun í rofahúsi	860 Hvolsvöllur
21.03.2000	S2159	Sultartangastöð	SUL, ljósa- og tenglalagnir í rofahúsi	860 Hvolsvöllur
20.11.2000	S2664	Vatnsfell, vinnubúðir	11 kV dreifing og spennistöðvar 11/0,4 kV	851 Hella
Mjólkursamsalan í Reykjavík, 4 skoðanir				
18.10.1999	3-9910-002	Mjólkursamsalan í Reykjavík	Bitruháls 1, 11 kV dreifistöð í ísgerð	110 Reykjavík
18.10.1999	3-9910-001	Mjólkursamsalan í Reykjavík	Bitruháls 1, 11kV dreifistöð fyrir mjólkurvinnslu	110 Reykjavík
18.10.1999	3-9910-003	Mjólkursamsalan í Reykjavík	Bitruháls 1, Ketilhús 11 kV aflrofi og rafskautsk.	110 Reykjavík
23.10.2000	10010001		Öryggisstjórnunarkerfi, skjalakerfi	

Dags.	Verknúmer	Staðsetning virkis	Virki/Hluti virkis	Póststöð
Norðurál hf., 5 skoðanir				
15.05.1998	S0425	Aðveitustöð 401, háspennubúnaður	Aðveitustöð 401, háspennubúnaður	301 Akranes
21.05.1998	S0426	Skautsmiðja	Spanofnar í skautsmiðju ásamt tengdum búnaði	301 Akranes
16.06.1998	S0744	Dreifistrengir, 6 kV	Dreifistrengir, 6 kV	301 Akranes
28.08.1998	S0746	Yfirtónasíur í Aðveitustöð 401	Yfirtónasíur í Aðveitustöð 401	301 Akranes
15.09.1998	S0747	Grundartangi, hafnarsvæði	Dreifistöð 407, hafnarsvæði, miðspennuhluti	301 Akranes
Norðurorka, 2 skoðanir				
26.10.1999	S1796		Öryggisstjórnunarkerfi, skjalakerfi	
18.12.2000	S2671		Virkniskoðun á öryggisstjórnunarkerfi	
Orkubú Vestfjarða, 29 skoðanir				
03.05.1999	1-9903-001		Öryggisstjórnunarkerfi, skjalakerfi	400 Ísafjörður
30.06.1999	10007001		Öryggisstjórnunarkerfi, viðhaldsskoðun	
01.07.1999	1-9906-001		Virkniskoðun á öryggisstjórnunarkerfi	400 Ísafjörður
19.07.1999	3-0001-001	V/Borgarbraut	Dreifistöð I, við Borgarbraut	510 Hólmavík
19.07.1999	3-9907-001	V/Borgarbraut	Allt (ógilduð í stað 3-0001-001)	510 Hólmavík
19.07.1999	3-9907-002	Seljalandsdalur	Dreifistöð I, við Borgarbraut, Seljalandsdalur, dreifistöð II	400 Ísafjörður
20.07.1999	3-9907-007	Hnífsdalur – Ísafjörður	Hnífsdalslína, 11kV	400 Ísafjörður
20.07.1999	3-9907-006	Ísafjörður – Beiðidalur	Ísafjörður – Breiðidalur, Ísafjarðarlína I	400 Ísafjörður
20.07.1999	3-9907-004	Árvellir	Árvellir Hnífsdal, allt, 1/0,4kV	410 Ísafjörður
20.07.1999	2-9907-003	Dreifistöð við Völusteinssræti	12 kV rofar, Völusteinsstræti	415 Bolungarvík
20.07.1999	2-9907-001	Öldugata – Drafnargata	Götugreiniskápar, Öldugata-Drafnargata	425 Flateyri
20.07.1999	2-9907-002	Hnífsdalur	11 kV teinrofi Hnífsdal	410 Ísafjörður
21.07.1999	3-9907-005	Stórurð	Stórurð, öll stöðin	400 Ísafjörður
21.07.1999	3-9907-003	Menntaskólinn	Menntaskólinn, dreifistöð I	400 Ísafjörður
22.07.1999	3-9907-009	Keldeyri – Patreksfjörður	Keldeyri – Patreksfjörður, Patreksfjarðarlína 33 kV	460 Tálknafjörður
22.07.1999	2-9907-004	Geiradalur	Geiradalur, eldingarvari Reykhólalínu I	380 Króksfjarðarnes
22.07.1999	3-9907-008	Dalbraut 58A	Dalbraut 58A, 11/0,4kV	465 Bíldudal
26.07.2000	20007012	Deilistöð, Mánagötu	Þéttavirki	400 Ísafjörður
26.07.2000	20007006	Flateyrarlína	Þverun yfir veg nr. 64 hjá Fremri-Breiðadal	425 Flateyri
26.07.2000	20007005	Rafstöðin Fossi	Spennustillir	400 Ísafjörður
26.07.2000	20007004	Breiðadalslína 1	Þverun yfir veg nr. 60 á Gemlufallsheiði	420 Súðavík
26.07.2000	20007007	Lágspennt dreifikerfi	Útgangur frá dreifistöð nr. DD 15225	425 Flateyri
27.07.2000	20007013	Bílastæði við Sundhöll	Götulýsing	400 Ísafjörður
27.07.2000	20007011	Birkilaut, Tunguskógi	Heimtaug	400 Ísafjörður
27.07.2000	30007002	Lágspennt dreifikerfi og götulýsing Holtahverfi	Úrtak frá rofa F (DD15214) og götulýsing frá DD15213	400 Ísafjörður
27.07.2000	20007008	Smábátahöfn	Heimtaug	425 Flateyri
27.07.2000	20007009	Skíðaskáli Tungudal	Heimtaug	400 Ísafjörður
27.07.2000	30007001	Sundlaug	Úrtak úr útgangi „rofi D“	415 Bolungarvík
27.07.2000	20007010	Þuríðarbraut 8 og 13	Heimtaugar	415 Bolungarvík

Dags.	Verknúmer	Staðsetning virkis	Virki/Hluti virkis	Póststöð
Orkuveita Húsavíkur, 8 skoðanir				
23.04.1999	S1303		Öryggisstjórnunarkerfi, skjalakerfi	640 Húsavík
19.07.1999	S1591		Virkniskoðun á öryggisstjórnunarkerfi	640 Húsavík
20.07.1999	S1594		Virkisknoðun á öryggisstjórnunarkerfi	640 Húsavík
20.07.1999	S1592	Dreifistöð D05 í félagsheimili	Dreifistöð D05	640 Húsavík
21.07.1999	S1593	Garðarsbraut 44	Dreifistöð D23, 2 götugreiniskápar og götuljósastaur	640 Húsavík
21.07.1999	S1595	Dreifistöð OH	Raflagnir dreifistöð OH	640 Húsavík
25.02.2000	S2048	Garðarsbraut 27	Dreifistöð D11 við Garðarsbraut 27	640 Húsavík
18.12.2000	S2675		Öryggisstjórnunarkerfi, viðhaldsskoðun	
Orkuveita Reykjavíkur, 68 skoðanir				
09.09.1998	S0659	Nesjavellir – Korpa	Háspennulína 132 kV ásamt háspennustrengjum	108 Reykjavík
12.09.1998	S0733	Raforkuver að Nesjavöllum	11 kV dreifing og dreifispennar 11/0,4 kV	801 Selfoss
13.09.1998	S0732	Raforkuver að Nesjavöllum	Strengjakjallari og rafalatengingar	801 Selfoss
13.09.1998	S0731	Raforkuver, Nesjavöllum	132 kV rofabúnaður og aflspennar	801 Selfoss
25.09.1998	S0757	Dreifistöð 313 við Baugshlíð	Dreifistöð, lágspennudreifing, 5 skápar, 5 götuljós og heimtaug	270 Mosfellsbær
25.09.1998	S0760	Eyjaslóð 1	Dreifistöð nr. 379, fimm götuljósastólpar og ein heimtaug	101 Reykjavík
26.09.1998	S0759	Dreifistöð 58 við Klepp	Dreifistöð 58 og heimtaug fyrir Kleppsspítala	104 Reykjavík
26.09.1998	S0758	Dreifistöð nr. 120, Laugarnesvegur 89	Dreifistöð og ein heimtaug	104 Reykjavík
26.09.1998	S0761	Dreifistöð 15 við Bræðraborgarstíg 36	Dreifistöð 15 og ein heimtaug (Hringbraut 116)	101 Reykjavík
26.09.1998	S0755	Dreifistöð 736, Tryggvagata 17	Dreifistöð, 3 götugreiniskápar, 4 götuljós og 1 heimtaug	101 Reykjavík
28.09.1998	S0756	Dreifistöð 743 við Askalind 2 A	Dreifistöð 743, 5 götugreiniskápar og heimtaug	200 Kópavogur
29.09.1998	S0762	Kjalarneslína.	10 staurar (nr. 98–102 og 186–190)	270 Mosfellsbær
13.10.1998	S0754	Dreifistöð 417 við Ármúla 32	Dreifistöð og ein heimtaug	108 Reykjavík
15.10.1998	S0781	Nesjavellir / Korpa	Nesjavallalína 132 kV, endurskoðun	108 Reykjavík
19.10.1998	S0805	Dreifistöð á Lækjarmel, Kjalarnesi	Jarðskaut fyrir dreifistöð	270 Mosfellsbær
04.02.1999	S0739	Nesjavellir, raforkuver	Stjórnskápar fyrir vél 1	801 Selfoss
04.02.1999	S0738	Nesjavellir, raforkuver	DC-kerfi	801 Selfoss
04.02.1999	S0772	Nesjavellir, raforkuver	Stjórnskápar fyrir 132 kV rofabúnað	801 Selfoss
04.02.1999	S0740	Nesjavellir, raforkuver	Stjórnskápar fyrir vél 2	801 Selfoss
06.03.1999	S1438	Landspítalinn (ný dreifistöð)	Dreifistöð í Landspítala (háspennuhluti)	101 Reykjavík
05.08.1999	S0774	Nesjavellir, raforkuver	Endurskoðun	801 Selfoss
05.08.1999	S0775	Nesjavellir, raforkuver	Endurskoðun lágspennutöflu	801 Selfoss
05.08.1999	S0773	Nesjavellir, raforkuver	Endurskoðun	801 Selfoss
09.09.1999	S1693	A3 Borgartúni	11 og 132 kV tengivirki	108 Reykjavík
01.11.1999	3-9910-005	Mosfellsbæ, 11kV lína 10 stæðu úrtak	Mosfellsbæ, 11kV lína 10 stæðu úrtak	270 Mosfellsbær
05.11.1999	3-9910-011	Dreifistöð 749	Dreifistöð 749	
05.11.1999	3-9910-021	Út frá dreifistöð Brekkuland, lágspenna	Út frá dreifistöð Brekkuland, lágspenna	270 Mosfellsbær

Dags.	Verknúmer	Staðsetning virkis	Virki/Hluti virkis	Póststöð
05.11.1999	3-9910-019	Heimtaug að vatnsveitu við Skarhólabraut	Heimtaug að vatnsveitu við Skarhólabraut	
05.11.1999	3-9910-013	Dreifistöð 776	Dreifistöð 776	
09.11.1999	3-9910-012	Dreifistöð 763 11/0,4 kV	Dreifistöð 763 11/0,4 kV	
23.11.1999	S1899	Aðveitustöð A6 við Álfhólsveg	Öll stöðin	200 Kópavogur
24.11.1999	3-9910-009	Dreifistöð 006	Dreifistöð 006	
24.11.1999	3-9910-010	Dreifistöð 008	Dreifistöð 008	
24.11.1999	3-9910-018	Lágspenna út frá Héðinsgötu 10	Lágspenna út frá Héðinsgötu 10	101 Reykjavík
24.11.1999	3-9910-017	Út frá dreifistöð 006, lágspenna og götuljós	Út frá dreifistöð 006, lágspenna og götuljós	
24.11.1999	3-9910-020	Út frá dreifistöð 763, heimtaug að Hamraborg	Út frá dreifistöð 763, heimtaug að Hamraborg	200 Kópavogur
25.11.1999	3-9911-008	Dreifistöð 737	Dreifistöð 737	
25.11.1999	3-9910-015	Út frá dreifist. 097, lágspenna og götulýsing	Út frá dreifistöð 097, lágspennudreifing og götulýsing	
25.11.1999	3-9910-007	Dreifistöð 097	Dreifistöð 097	
25.11.1999	3-9910-016	Götusk. við Bakkastíg, 17, 157, 167, 163	Götusk. við Bakkastíg, 17, 157, 167, 163	
26.11.1999	3-9911-014	Dreifistöð 046, lágspennudreifing	Dreifistöð 046, lágspennudreifing	
26.11.1999	3-9910-006	Dreifistöð nr. 046	Dreifistöð nr. 046	
01.12.1999	3-9910-004	Hamranes – Hnoðraholt 132kV, úrtak	Hamranes – Hnoðraholt 132kV, úrtak	
07.12.1999	1-9910-00		Öryggisstjórnunarkerfi, skjalakerfi	
08.12.1999	S1859	Gufuketill að Keilugranda 1	Skoðun á háspenntum gufukatli	101 Reykjavík
09.12.1999	S1923	Aðveitustöð A9 í Mosfellsbæ	Skoðun á spenni 1	270 Mosfellsbær
01.02.2000	S2008	Gufuketill að Keilugranda 1	Endurskoðun á háspennukatli (S1859)	107 Reykjavík
01.03.2000	1-0004-001		Virkniskoðun á öryggisstjórnunarkerfi	
15.03.2000	10003001		Öryggisstjórnunarkerfi, skjalakerfi	
15.03.2000	1-0003-001		Öryggisstjórnunarkerfi, skjalakerfi	
28.03.2000	S2178	Aðveitustöð A 10 á Kjalarnesi	Forskoðun á virki í vinnslu	270 Mosfellsbær
03.04.2000	10004001		Virkniskoðun á öryggisstjórnunarkerfi	
03.08.2000	20008001	36 kV rofabúnaður	Aðveitustöð, Korpu	110 Reykjavík
20.10.2000	20010001	Deifistöð nr. 756	Hafravatnsrétt	270 Mosfellsbær
20.10.2000	20010004	Dreifistöð nr. 750	Skálatún	270 Mosfellsbær
24.10.2000	20010003	Dreifistöð nr. 921	Keilugrandi 1	107 Reykjavík
24.10.2000	20010002	Dreifistöð nr. 782	Hæðarsmári 7a	200 Kópavogur
24.10.2000	20010005	Lágspennudreifing	Hæðarsmári 7a	200 Kópavogur
26.10.2000	30010005	Dreifistöð nr. 436	Kópavogsbraut 115	200 Kópavogur
26.10.2000	30010004	Dreifistöð nr. 369	Þinghólsbraut 17	200 Kópavogur
26.10.2000	30010006	Lágspennudreifing og götulýsing frá dreifistöð 369	Þinghólsbraut 17	200 Kópavogur
30.10.2000	30010003	Dreifistöð nr. 435	Rofabær 7–9	110 Reykjavík
30.10.2000	30010007	Lágspennudreifing og götulýsing	Rofabær 7–9	110 Reykjavík
01.11.2000	30011001	Götulýsing	Kópavogsbraut 115	200 Kópavogur
01.11.2000	30010001	Lágspennudreifing og götulýsing	Ljósheimar 14	104 Reykjavík
01.11.2000	30010002	Dreifistöð nr. 314	Ljósheimar 14	104 Reykjavík
04.12.2000	30011002	Dreifistöð nr. 348	Vesturbrún 9	104 Reykjavík
04.12.2000	30011003	Lágspennt dreifikerfi og götulýsing frá dreifistöð 348	Vesturbrún 9	104 Reykjavík
Rafmagnsveitur ríkisins, Reykjavík, 2 skoðanir				
14.07.1999	S1559		Öryggisstjórnunarkerfi, skjalakerfi	
23.02.2000	S2034		Virkniskoðun á öryggisstjórnunarkerfi	105 Reykjavík

Dags.	Verknúmer	Staðsetning virkis	Virki/Hluti virkis	Póststöð
Rafveita Hafnarfjarðar, 3 skoðanir				
04.05.2000	30005001	Þúfubarð	Dreifistöð nr. 36	220 Hafnarfjörður
04.05.2000	30005002	Eyrartröð	Dreifistöð nr. 47	220 Hafnarfjörður
21.12.2000	20012001	Dreifistöð nr. 104	Hvaleyrarbakki, Hafnarsvæði	220 Hafnarfjörður
Rafveita Reyðarfjarðar, 1 skoðun				
10.12.1999	S1797		Öryggisstjórnunarkerfi, skjalakerfi	
Rarik Austurlandi, 19 skoðanir				
17.10.1998	S0810	Lína Stuðlar – Fáskrúðsfjörður	Stæður 67/68/69/72/73/97/98/ 106/107/110	750 Fáskrúðfjörður
17.10.1998	S0809	Fáskrúðsfjörður	Aðveitustöð Fáskrúðsfirði	750 Fáskrúðfjörður
14.08.2000	20007015	Fiskimjölsverksmiðja, Óslandi	Dreifistöð, heimtaug	780 Hornafjörður
14.08.2000	20007016	Vogaland	Jarðspennistöð og stofnstrengur	765 Djúpivogur
15.08.2000	20007021	Lagarfoss – Sandaskörð	Háspennulína, háspennustrengur 11 kV	701 Egilsstaðir
15.08.2000	20007017	Tjaldstæði, Egilsstöðum	Heimtaug	700 Egilsstaðir
15.08.2000	20007019	Eyjólfsstaðaskógur, Egilsstöðum	Lágspennudreifing	701 Egilsstaðir
15.08.2000	20007018	Höfn við Lagarfljót	Heimtaug	700 Egilsstaðir
16.08.2000	20007020	Smábátahöfn, Vopnafirði	Heimtaug	690 Vopnafjörður
16.08.2000	20007022	Kötlunesvegur, Miðvangur og Steinholt	Götulýsing	685 Bakkafjörður
25.09.2000	30009015	Dreifistöð og lágspennuútg. Einbúablá	Við Árhvamm	700 Egilsstaðir
26.09.2000	30009022	Götulýsing	Ýmsar götur	735 Eskifjörður
26.09.2000	30009021	Útivirki	Stuðlar	730 Reyðarfjörður
27.09.2000	30009017	Jarðspennistöð og heimtaug	Við Urriðavatn	701 Egilsstaðir
27.09.2000	30009016	Háspennulína 11 kV	Eyvindará – Eiðaþingá	701 Egilsstaðir
27.09.2000	30009018	Jarðspennistöð og heimtaug	Við kyndistöð, Einhleypingi	700 Egilsstaðir
27.09.2000	30009019	Dreifistöð í mastri og heimtaug	Fljótsbakki	701 Egilsstaðir
27.09.2000	30009020	Dreifistöð í mastri og heimtaug	Tókastaðir	701 Egilsstaðir
27.09.2000	30009023	Háspennulína 66 kV	Lagarfoss – Eyvindará	701 Egilsstaðir
Rarik Norðurlandi eystra, 4 skoðanir				
18.09.2000	S2578	Lundarland í Fnjóskadal	Sumarhúsahverfi	601 Akureyri
18.09.2000	S2580	Dreifistöð 59 á Dalvík	Skoðaður var 11 kV búnaður og 400 V tafla	620 Dalvík
19.09.2000	S2579	Dreifistöð nr. 56 á Dalvík	Öll stöðin ásamt hluta af dreifikerfi og götulýsingu	620 Dalvík
20.09.2000	S2583	Háspennulína Ólafsfjörður – Dalvík	Skoðaðar voru stæður 14–29 og 115–131	620 Dalvík
Rarik Norðurlandi vestra, 2 skoðanir				
19.09.2000	S2581	Skeiðfossstöð 1	Allur rafbúnaður stöðvarinnar nema liðaverndarskápar	570 Fljót
19.09.2000	S2582	Skeiðfossstöð 2	Háspennuhluti stöðvarinnar	570 Fljót
Rarik Suðurlandi, 59 skoðanir				
16.04.1998	S0347	Rarik, Suðurlandi	36 kV jarðstrengur á Landeyjarsandi	860 Hvolsvöllur
22.06.2000	20006020	Undirheimar	Heimtaug, stækkun	845 Flúðir
27.06.2000	20006017	Skaftárvellir 1b	Heimtaug í íbúðarhús	880 Kirkjubæjarklaustri
27.06.2000	20006016	Reynishverfi, Mýrdal	24kV háspennustrengur	870 Vík
29.06.2000	20006012	Þykkvibær	Götulýsing	851 Hella
29.06.2000	20006014	Ártún 1	Heimtaug í íbúðarhús	850 Hella
29.06.2000	20006006	Skammbeinsstaðir – Kaldárholt	Háspennustrengur, 11kV	851 Hella
30.06.2000	20006018	Laugar, Gnúpverjahreppi	Háspennustrengur, 11kV	801 Selfoss
30.06.2000	20006045	Högnastígur	Götulýsing	845 Flúðir
30.06.2000	20006010	Sumarhús (Kattholt) í landi Kambs	Heimtaug og dreifiskápur	851 Hella
30.06.2000	20006029	Hótel Flúðir	Ný heimtaug	845 Flúðir
30.06.2000	20006036	Smiðjustígur 17b	Ný heimtaug	845 Flúðir
30.06.2000	20006011	Kaldárholt, við borholu	Dreifistöð	851 Hella

Dags.	Verknúmer	Staðsetning virkis	Virki/Hluti virkis	Póststöð
04.07.2000	20006043	Lambaflöt, Reykholtshverfi, Biskupstungnahreppi	Heimtaug, götugreiniskápur 213	801 Selfoss
04.07.2000	20006038	Lóð 20, Efri-Reykjum, Biskupstungum	Heimtaug í sumarhús	801 Selfoss
04.07.2000	20006023	Efstidalur, lóð 35, Biskupstungum	Heimtaug í sumarhús	801 Selfoss
04.07.2000	20006025	Lækjarhvammur, Laugardalshreppi	Heimtaug	840 Laugarvatn
04.07.2000	20006026	Grámelur, Grímsneshreppi	Dreifistöð og lágspennudreifikerfi	801 Selfoss
04.07.2000	20006027	Gufunessund 1, Hraunborgum, Grímsnesi	Heimtaug í sumarhús	801 Selfoss
04.07.2000	20006028	Grámelur. Lóð 5, Grímsneshreppi	Ný heimtaug í sumarhús	801 Selfoss
04.07.2000	20006030	Vörðubrúnir 7, landi Úthlíðar, Biskupstungum	Heimtaug í sumarhús	801 Selfoss
04.07.2000	20006032	Neðri-Dalur, Biskupstungum	Háspennustrengur, 11kV og endastæða	801 Selfoss
04.07.2000	20006037	Refabraut 8, Úthlíð, Biskupstungum	Heimtaug í sumarhús	801 Selfoss
04.07.2000	20006034	Geysir, Biskupstungnahreppi	Dreifistöð, o.fl.	801 Selfoss
04.07.2000	20006019	Hvítárbraut 47, Vaðnes, Grímsneshreppi	Heimtaug í sumarhús	801 Selfoss
04.07.2000	20006031	Sogsvegur 8, Norðurkotsland, Grímsneshreppi	Heimtaug í sumarhús	801 Selfoss
04.07.2000	20006040	Ölfusvatn, Grafningshreppi	Háspennustrengur, 11kV, dreifistöð og dreifikerfi	801 Selfoss
04.07.2000	20006033	Stallar/Árgil, Biskupstungnahreppi	Dreifistöð o.fl.	801 Selfoss
06.07.2000	20006042	Ljósifoss – Selfoss	Háspennustrengur, 66 kV, tenging	801 Selfoss
06.07.2000	20006044	Ljósafossskóli, Grafningi	Dreifistöð o.fl.	801 Selfoss
06.07.2000	20006039	Ljósifoss – Kaldárhöfði, Grafningi	Háspennustrengur, 11kV	801 Selfoss
07.07.2000	20006041	Egilsbraut/Oddabraut/Reykjabraut	Götulýsing	815 Þorlákshöfn
07.07.2000	20006021	Svartaskersbryggja	Spennistöð 66, lágspennuskápar	815 Þorlákshöfn
07.07.2000	20006024	Hafnarmjöl, Nesbraut	Háspennustrengur, 11kV og dreifistöð	815 Þorlákshöfn
07.07.2000	20006022	Nesbraut 5	Heimtaug í Vikurvörur ehf.	815 Þorlákshöfn
11.07.2000	20006013	Gilsbakki 12	Heimtaug	860 Hvolsvöllur
11.07.2000	20006007	Þorvaldseyri	Dreifistöð, 11kVA	861 Hvolsvöllur
11.07.2000	20006009	Eyvindarmúli, Fljótshlíð	Heimtaug, sumarhús.	861 Hvolsvöllur
11.07.2000	20006015	Steinar I, A-Eyjafjallahreppi	Ný heimtaug, þrífösun	861 Hvolsvöllur
11.07.2000	20006008	Steinar, A-Eyjafjallahreppi	Dreifistöð, 100kVA o.fl.	861 Hvolsvöllur
11.07.2000	20006005	Hrútafell – Steinar, A-Eyjafjallahreppi	11kV strenglögn	861 Hvolsvöllur
11.07.2000	20006004	Kotvöllur, lóð 2, Hvolhreppi	Heimtaug	861 Hvolsvöllur
14.07.2000	20006035	Efri Brú í landi Hamars	Heimtaug í sumarhús	801 Selfoss
14.07.2000	20007001	B gata 9 í Miðdalslandi	Heimtaug í sumarhús	840 Laugarvatn
14.07.2000	20007003	R gata 4, Miðdalslandi	Heimtaug í sumarhús	840 Laugarvatn
14.07.2000	20007002	Tjaldmiðstöð Laugarvatni	Heimtaug	840 Laugarvatn
15.08.2000	20007014	Aðveitustöð við Lagarfoss	11 kV teinrofi	701 Egilsstaðir
03.10.2000	30009012	Staurar nr. 301–304	Götulýsing við Hlíðarveg	860 Hvolsvöllur
03.10.2000	30009013	Deifistöð	Dreifistöð við Hlíðarveg	860 Hvolsvöllur
03.10.2000	30009014	66 kV lína	Háspennulína Búrfell – Hvolsvöllur	860 Hvolsvöllur
05.10.2000	30009005	19kV loftlína ásamt jarðstreng	Sólheimalína	871 Vík
05.10.2000	30009006	Dreifistöð nr. 601 og útgangandi heimtaug	Dreifistöð	871 Vík
05.10.2000	30009007	Dreifistöð nr. 602 og heimtaug	Dreifistöð	871 Vík
05.10.2000	30009009	Dreifistöð nr. 604 og heimtaug	Dreifistöð	871 Vík
05.10.2000	30009010	Dreifistöð nr. 627 og heimtaug	Steig	871 Vík
05.10.2000	30009011	Háspennuskápar og tengingar	Víkurbraut 13	870 Vík
05.10.2000	30009008	Dreifistöð nr. 603 og heimtaug	Dreifistöð	871 Vík
06.10.2000	30009004	Lágspennuútgangur nr. 5	Frá dreifistöð nr. 830202-58	815 Þorlákshöfn
06.10.2000	30009003	Dreifistöð nr. 830202-58	Dreifistöð	815 Þorlákshöfn

Dags.	Verknúmer	Staðsetning virkis	Virki/Hluti virkis	Póststöð
Rarik Vesturlandi, 6 skoðanir				
01.04.1998	S0327	Dreifistöðvar 1–4 í Hvalfjarðargöngum	Dreifistöðvar 1–4	270 Mosfellsbær
28.10.1998	S0817	Brennimelur	66 kV, 11 kV, DC dreifing og húsnæði	301 Akranes
12.04.2000	S2554	Arnarklettur í Borgarnesi	Dreifikerfi og götulýsing í nýtt íbúðarhúsahverfi	310 Borgarnes
11.09.2000	S2552	Dagverðarnes í Skorradal	Sumarhúsahverfi	311 Borgarnes
12.09.2000	S2551	Aðveitustöðin Brennimel	Allur búnaður Rarik í aðveitustöðinni	301 Akranes
12.09.2000	S2553	Dreifistöð 65 í Klettahverfi í Borgarnesi	Dreifistöð 65	310 Borgarnes
Selfossveitur, 9 skoðanir				
08.12.1999	1-9907-002		Öryggisstjórnunarkerfi, skjalakerfi	
29.08.2000	10009001		Öryggisstjórnunarkerfi, skjalakerfi	
12.09.2000	10009002		Virkniskoðun á öryggisstjórnunarkerfi	
14.09.2000	30009002	Hamar	Dreifistöð	801 Selfoss
14.09.2000	20009004	Frystihús Eyrarbakka	Dreifistöð	820 Eyrarbakki
14.09.2000	20009003	Stóra-Hraun	Dreifistöð	820 Eyrarbakki
14.09.2000	20009001	Laugardælir	Dreifistöð	801 Selfoss
14.09.2000	30009001	Tryggvatorg	Dreifistöð	801 Selfoss
19.09.2000	20009002	Langholt	Útgangandi jarðstrengir, götulýsing	800 Selfoss
Sementsverksmiðjan hf., 4 skoðanir				
26.04.1999	S1380	Mánabraut 20	Raflagnir í sementsskemmu	300 Akranes
27.04.1999	S1381	Mánabraut 20	Spennistöð, lágspennutöflur og raflögn	300 Akranes
29.04.1999	S1382	Mánabraut 20	Spennistöð SV	300 Akranes
09.02.2000	S1968	Öryggisstjórnunarkerfi, skjalakerfi		300 Akranes
SR-mjöl hf. Helguvík, 1 skoðun				
20.01.1998	S0191	Rafskautsketill hjá SR-mjöli í Helguvík	Forskoðun á rafskautskatli	230 Keflavík

Fylgiskjal II.



Löggildingarstofa 20. mars 2001



Löggildingarstofa 20. mars 2001

Tilkynntar neysluveitur í 1. áhættuflokki, árin 1998–2000.

	1998	1999	2000	Samtals
Bæjarveitur Vestmannaeyja	10	3	15	28
Hitaveita Suðurnesja	9	14	16	39
Orkubús Vestfjarða	18	9	3	30
Orkuveita Húsavíkur	5	1	2	8
Orkuveita Reykjavíkur	966	1.090	1.166	3.222
Rafveita Akraness	15	26	28	69
Rafveita Akureyrar	66	76	78	220
Rafveita Hafnarfjarðar	58	45	121	224
Rafveita Reyðarfjarðar			1	1
Rafveita Sauðárkróks	11	6	2	19
Rarik Austurlandi	28	27	21	76
Rarik Norðurlandi eystra	5	8	7	20
Rarik Norðurlandi vestra	11	18	13	42
Rarik Suðurlandi	91	84	75	250
Rarik Vesturlandi	13	23	25	61
Selfossveitur	11	74	61	146
Heildarfjöldi tilkynntra veitna í 1. flokki				**4.455**

Tilkynntar neysluveitur í 2. áhættuflokki, árin 1998– 2000.

	1998	1999	2000	Samtals
Bæjarveitur Vestmannaeyja	9	14	11	34
Hitaveita Suðurnesja	13	16	36	65
Orkubú Vestfjarða	16	9	14	39
Orkuveita Húsavíkur	4	9	3	16
Orkuveita Reykjavíkur	321	251	376	948
Rafveita Akraness	15	12	14	41
Rafveita Akureyrar	11	13	10	34
Rafveita Hafnarfjarðar	23	20	22	65
Rafveita Reyðarfjarðar		3	2	5
Rafveita Sauðárkróks	6	8	4	18
Rarik Austurlandi	26	28	32	86
Rarik Norðurlandi eystra	7	16	18	41
Rarik Norðurlandi vestra	16	33	48	97
Rarik Suðurlandi	77	50	74	201
Rarik Vesturlandi	20	22	10	52
Selfossveitur	17	56	41	114
Heildarfjöldi tilkynntra veitna í 2. flokki				**1.856**

Skoðuð öryggisstjórnunarkerfi hjá rafverktökum, árin 1998–2000.
Samtals 72 skoðanir.

Nafn	Skoðað
Andrés Elísson	12.2.1998
Ágúst Jónsson	25.10.2000
Ágúst Einarsson	22.8.2000
Ásgeir Páll Matthíasson	25.10.2000
Baldur Ragnarsson	23.8.1999
Benedikt Ólafsson	12.10.2000
Benjamín M. Kjartansson	24.10.2000
Birgir Birgisson	14.8.1998
Bjarni Kr. Jóhannsson	11.8.1998
Bragi Friðfinnsson	17.10.2000
Bragi Kristiansen	1.11.1999
Böðvar Valtýsson	14.8.1998
Daði H. Ragnarsson	7.1.1998
Davíð Logi Dungal	14.8.1998
Eggert Ólafsson	12.8.1998
Einar Á. Yngvason	11.8.1998
Einar H. Hallfreðsson	12.8.1998
Einar Karl Kristinsson	12.8.1998
Einþór Skúlason	11.2.1998
Erlendur Kristjánsson	11.8.1998
Eyþór Steinsson	22.8.2000
Freyr Sigurðsson	25.10.2000
Friðrik Garðarsson	27.10.2000
Gestur Arnarson	18.8.1998
Grétar Svan Kristjánsson	23.8.2000
Guðjón Arnbjörnsson	8.9.1998
Guðjón Þ. Jónsson	22.2.2000
Guðmundur Breiðfjörð	18.8.1998
Guðmundur S. Hallgrímsson	10.2.1998
Guðni Haraldsson	18.8.1998
Gunnar Eiríksson	25.6.1998
Gylfi Karlsson	11.3.1998
Hafliði Árnason	25.6.1998
Harald H. Ísaksen	5.7.2000
Haraldur Einar Leifsson	12.2.1998

Nafn	Skoðað
Ingólfur Árnason	27.10.2000
Ingólfur Bárðarson	12.10.2000
Ingvar B. Sighvatsson	25.10.2000
Jens Pétur Jóhannsson	12.10.2000
Jóhann Sigurþórsson	22.8.2000
Júlíus Gestsson	22.8.2000
Kristmundur Harðarson	18.8.1998
Lárus Örn Óskarsson	19.9.2000
Líni Hannes Sigurðsson	11.8.1998
Magnús H. Magnússon	11.8.1998
Magnús Lárusson	25.6.1998
Magnús Oddsson	22.8.2000
Magnús Stefánsson	28.9.2000
Matthías Sveinsson	8.11.2000
Ólafur Tr. Kjartansson	12.3.1998
Ómar Hafsteinsson	12.2.1998
Páll Þór Kristjánsson	23.2.1998
Pétur Jóhannsson	21.2.2000
Ragnar Bragason	31.7.2000
Reynir Valtýsson	12.3.1998
Róbert Jón Jack	18.3.1999
Samúel Ágústsson	11.3.1998
Sigurður Ingvarsson	27.7.1998
Sigurður Kristjánsson	25.6.1998
Sigurður Stefán Ólafsson	18.8.1998
Sveinn Guðmundsson	12.2.1998
Sæmundur Valtýsson	10.2.1998
Tómas Jóhannesson	20.11.2000
Valur Sæþór Valgeirsson	11.8.1998
Þorsteinn Aðalsteinsson	8.11.2000
Þorsteinn Pálsson	25.6.1998
Þorvaldur Björnsson	21.7.1998
Þórarinn Hrafnkelsson	11.2.1998
Þráinn Ingólfsson	25.6.1998



Skoðaðar neysluveitur í 1. áhættuflokki, árin 1998–2000.

	1998	1999	2000	Samtals
Bæjarveitur Vestmannaeyja	4	2	6	12
Hitaveita Suðurnesja	4	6	7	17
Orkubú Vestfjarða	5	2	3	10
Orkuveita Húsavíkur	2		2	4
Orkuveita Reykjavíkur	140	167	193	500
Rafveita Akraness	3	10	9	22
Rafveita Akureyrar	15	17	21	53
Rafveita Hafnarfjarðar	24	13	37	74
Rafveita Sauðárkróks	4	1	1	6
Rarik Austurlandi	6	14	9	29
Rarik Norðurlandi eystra	2	2	2	6
Rarik Norðurlandi vestra	3	4	6	13
Rarik Suðurlandi	16	24	28	68
Rarik Vesturlandi	6	7	13	26
Selfossveitur	4	19	14	37
Heildarfjöldi skoðana				**877**

Skoðaðar neysluveitur í 2. áhættuflokki, árin 1998-2000.

	1998	1999	2000	Samtals
Bæjarveitur Vestmannaeyja	7	10	6	23
Hitaveita Suðurnesja	12	10	21	43
Orkubú Vestfjarða	11	8	9	28
Orkuveita Húsavíkur	4	6	3	13
Orkuveita Reykjavíkur	155	140	214	509
Rafveita Akraness	3	8	9	20
Rafveita Akureyrar	10	10	9	29
Rafveita Hafnarfjarðar	20	17	17	54
Rafveita Reyðarfjarðar		3	2	5
Rafveita Sauðárkróks	3	4	2	9
Rarik Austurlandi	25	19	23	67
Rarik Norðurlandi eystra	7	13	10	30
Rarik Norðurlandi vestra	14	21	27	62
Rarik Suðurlandi	38	22	44	104
Rarik Vesturlandi	17	12	10	39
Selfossveitur	13	32	11	56
Heildarfjöldi skoðana				**1.091**

Fylgiskjal III.

Skoðanir á veitum í rekstri árin 1998–2000.
Skoðanir frá 1998 voru að hluta til í samvinnu við rafveitur.

	1998	1999	2000	Samtals
Bæjarveitur Vestmannaeyja				
1. áhættuflokkur		1		1
2. áhættuflokkur	10	12	10	32
3. áhættuflokkur		7	3	10
Samtals				43
Hitaveita Suðurnesja				
1. áhættuflokkur	1			1
2. áhættuflokkur		4	10	14
3. áhættuflokkur		7	11	18
Samtals				33
Orkubú Vestfjarða				
1. áhættuflokkur	38	43	1	82
2. áhættuflokkur	23	39	7	69
3. áhættuflokkur	12	17	5	34
4. áhættuflokkur	5	2		7
Samtals				192
Orkuveita Húsavíkur				
2. áhættuflokkur			3	3
3. áhættuflokkur			5	5
Samtals				8

	1998	1999	2000	Samtals
Orkuveita Reykjavíkur				
1. áhættuflokkur	72	17	78	167
2. áhættuflokkur	29	157	45	231
3. áhættuflokkur	3	33	1	37
Samtals				435
Rafmagnsveita Reykjavíkur				
1. áhættuflokkur	11			11
2. áhættuflokkur	93	24		117
3. áhættuflokkur	15			15
Samtals				143
Rafveita Akraness				
1. áhættuflokkur		24		24
Samtals				24
Rafveita Akureyrar				
2. áhættuflokkur	8		9	17
3. áhættuflokkur	1	11		12
Samtals				29
Rafveita Hafnarfjarðar				
1. áhættuflokkur			2	2
2. áhættuflokkur		1	3	4
3. áhættuflokkur	1	2	3	6
Samtals				12
Rafveita Reyðarfjarðar				
2. áhættuflokkur		1	3	4
3. áhættuflokkur			2	2
Samtals				6
Rafveita Sauðárkróks				
3. áhættuflokkur		2		2
Samtals				2
Rafveita Akraness				
2. áhættuflokkur		10		10
3. áhættuflokkur		6		6
Samtals				16
Rafveita Akureyrar				
2. áhættuflokkur	16			16
3. áhættuflokkur	4			4
Samtals				20
Rafveita Hafnarfjarðar				
2. áhættuflokkur		13	7	20
3. áhættuflokkur		6		6
Samtals				26
Rarik Austurlandi				
1. áhættuflokkur		14	1	15
2. áhættuflokkur		55	18	73
3. áhættuflokkur		36	21	57

	1998	1999	2000	Samtals
4. áhættuflokkur		17		17
Samtals				162
Rarik Norðurlandi eystra				
1. áhættuflokkur	25			25
2. áhættuflokkur	16		12	28
3. áhættuflokkur	46		4	50
Samtals				103
Rarik Norðurlandi vestra				
1. áhættuflokkur	23		1	24
2. áhættuflokkur	23	6	19	48
3. áhættuflokkur	11	4	4	19
Samtals				91
Rarik Reykjavík				
2. áhættuflokkur	3			3
Samtals				3
Rarik Suðurlandi				
1. áhættuflokkur	1			1
2. áhættuflokkur	30	23	22	75
3. áhættuflokkur	2	3	4	9
Samtals				85
Rarik Vesturlandi				
1. áhættuflokkur	1	19	2	22
2. áhættuflokkur	3	56	15	74
3. áhættuflokkur		14	1	15
4. áhættuflokkur		9		9
Samtals				120
Selfossveitur				
1. áhættuflokkur	1	1		2
2. áhættuflokkur	34	2	17	53
3. áhættuflokkur	6			6
Samtals				61
Heildarfjöldi skoðana árin 1998–2000				**1.614**

914. Svar [531. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar og Gísla S. Einarssonar um tekjur og útgjöld Löggildingarstofu.

1. *Hverjar eru heildartekjur Löggildingarstofu og hvernig skiptast þær samkvæmt eftirfarandi:*
   a. *tekjur af rafveitueftirlitsgjaldi samkvæmt reglugerð um raforkuvirki, þ.e. gjaldi af orkusölu sem innheimt er til rafmagnseftirlits,*

b. tekjur af markaðseftirliti með:
1. rafföngum og rafmagnstækjum,
2. leikföngum og fleiru,
c. tekjur mælifræðideildar; tekjur af kvörðunum og löggildingum mælitækja,
d. tekjur faggildingasviðs,
e. aðrar tekjur, ef einhverjar eru, af hverju og hve miklar?

Heildartekjur Löggildingarstofu árið 2000 námu 148,1 millj. kr. sem skiptast svo:

a. Rafmagnseftirlitsgjald, sem flokkast sem skattur til ríkissjóðs, nam 87,9 millj. kr.
b. Markaðseftirlitsgjald af rafföngum (rafmagnstækjum), sem flokkast sem skattur til ríkissjóðs, nam 36,5 millj. kr. Ekkert markaðseftirlitsgjald var innheimt af leikföngum og fleiru.
c. Tekjur af kvörðunum mælifræðideildar námu 2,3 millj. kr. sem flokkast sem sértekjur stofnunarinnar. Gjöld af löggildingum mælitækja, sem flokkast sem ríkistekjur, námu 8,5 millj. kr.
d. Tekjur faggildingarsviðs voru 6,1 millj. kr. sem flokkast sem ríkistekjur.
e. Sala orðsendinga og reglugerða rafmagnsöryggisdeildar námu 0,5 millj. kr. Tekjur af löggildingum vigtarmanna námu 2,3 millj. kr. og vaxtatekjur af byggingarsjóði Löggildingarstofu voru 4,0 millj. kr. Þessar tekjur flokkast sem sértekjur Löggildingarstofu.

2. Hvernig skiptast útgjöld Löggildingarstofu:
a. til rafmagnseftirlits, greiðslur til skoðunarstofa vegna verkefna á vegum Löggildingarstofu,
b. til markaðseftirlits raffanga,
c. vegna markaðseftirlits leikfanga o.fl.,
d. vegna mælifræðideildar,
e. vegna faggildinga,
f. vegna rekstrar yfirstjórnar og skrifstofuhalds?

Greiðslur Löggildingarstofu til skoðunarstofa námu 43,5 millj. kr., greiðslur vegna markaðseftirlits með rafföngum voru 6,9 millj. kr. og greiðslur vegna markaðseftirlits með leikföngum voru 0,6 millj. kr.

Bein útgjöld mælifræðideildar Löggildingarstofu námu 14,8 millj. kr., bein útgjöld faggildingarsviðs Löggildingarstofu námu 8,1 millj. kr. og beinn rekstrarkostnaður yfirstjórnar og skrifstofuhalds nam 66,0 millj. kr.

3. Hversu mikið af tekjum Löggildingarstofu verður eftir í ríkissjóði?

Eftirstöðvar tekna Löggildingarstofu hjá ríkissjóði fyrir árið 2000 námu 4,4 millj. kr. Ástæða þessa er að mismunur er á áætluðu rafmagnseftirlitsgjaldi og markaðseftirlitsgjaldi með rafföngum fyrir árið 2000 og raunverulegri innheimtu gjaldanna á árinu Þennan mismun má ætla að sækja megi úr ríkissjóði með aukafjárveitingu á þessu ári.

915. Nefndarálit [446. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2000, um breytingar á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Hauk Jóhannesson og Högna S. Kristjánsson frá utanríkisráðuneyti og Helga Jóhannesson frá samgönguráðuneyti. Þá komu Guðjón Petersen frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Helgi Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands og Jónas Garðarsson frá Sjómannasambandi Íslands.

Með þingsályktunartillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2000, um breytingar á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn. Með samþykkt tilskipunar 1999/63/EB sem lagt er til að verði felld inn í XVIII. viðauka EES-samningsins er stefnt að því að setja lágmarksreglur um skipulag vinnutíma á farskipum en hingað til hafa farmenn verið undanþegnir vinnutímaákvæðum ESB.

Lára Margrét Ragnarsdóttir og Einar K. Guðfinnsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 21. mars 2001.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Jón Kristjánsson.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Árni R. Árnason.	Steingrímur J. Sigfússon.

Jónína Bjartmarz.

916. Nefndarálit [429. mál]

um till. til þál. um aðild að sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vöru milli ríkja.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Heiðar Atlason frá utanríkisráðuneyti og Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vöru milli ríkja sem gerður var í Vínarborg 11. apríl 1980.

Samningurinn mun í reynd koma í stað svonefndra Haagsamninga frá 1964 og er ætlað að verða eina réttarheimildin við úrlausn ágreiningsefna á sviði alþjóðlegra kaupa, enda geymir samningurinn skýrari og afmarkaðri reglur en nú gilda samkvæmt Haagsamningunum.

Lára Margrét Ragnarsdóttir og Einar K. Guðfinnsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 21. mars 2001.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Jón Kristjánsson.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Árni R. Árnason.	Steingrímur J. Sigfússon.

Jónína Bjartmarz.

917. Nefndarálit [498. mál]

um till. til þál. um aðild að samningi um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Heiðar Atlason frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að samningi um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna sem gerður var í New York 9. desember 1994.

Undanfarin ár hefur Ísland tekið aukinn þátt í friðargæslu innan vébanda Sameinuðu þjóðanna og ljóst er að sú starfsemi mun aukast á næstu árum. Ráðstafanir til að tryggja öryggi og vernd starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna hafa ekki verið taldar fullnægjandi til þessa og er samningnum ætlað að bæta úr því ástandi.

Lára Margrét Ragnarsdóttir og Einar K. Guðfinnsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 21. mars 2001.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Jón Kristjánsson.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Árni R. Árnason.	Steingrímur J. Sigfússon.

Jónína Bjartmarz.

918. Nefndarálit [254. mál]

um frv. til l. um lækningatæki.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnheiði Haraldsdóttur, Guðríði Þorsteinsdóttur og Vilborgu Hauksdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Jafnframt bárust umsagnir um málið frá héraðslækni Norðurlands, Austurbakka hf., Samtökum verslunarinnar, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Geislavörnum ríkisins, Tryggingastofnun ríkisins, Heilbrigðistæknifélagi Íslands, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, Staðlaráði Íslands, Flögu hf., Neytendasamtökunum, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Löggildingarstofu, Landssamtökum hjartasjúklinga, héraðslækninum í Reykjavík, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, landlæknisembættinu og Öryrkjabandalagi Íslands.

Með frumvarpinu er verið að setja sérlög um lækningatæki og er þeim ætlað að tryggja öryggi sjúklinga og annarra notenda lækningatækja. Einnig er verið að hrinda í framkvæmd tilgreindum tilskipunum Evrópusambandsins ásamt samningum við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Nefndin leggur til fáeinar orðalagsbreytingar á frumvarpinu en jafnframt eru lagðar til eftirfarandi efnisbreytingar. Lagt er til að heimild í 1. mgr. 10. gr. til að fela öðrum aðilum hluta eftirlits með lækningatækjum verði í höndum landlæknis en ekki ráðherra eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Samkvæmt frumvarpinu er eftirlitið á ábyrgð landlæknis og því er eðlilegt að ákvörðunarvald um hvort fela skuli öðrum aðilum hluta þess sé einnig hjá honum. Þá er lagt til að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið er á um endurskoðun laganna innan fimm ára frá gildistöku þeirra. Þetta er í samræmi við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur, þar sem segir að eftirlitsreglur skuli hafa takmarkaðan gildistíma eða endurskoðunarákvæði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Lára Margrét Ragnarsdóttir, Jón Kristjánsson og Ásta Möller voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. mars 2001.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Tómas Ingi Olrich.
Bryndís Hlöðversdóttir.	Þuríður Backman.	Ásta R. Jóhannesdóttir.

919. Breytingartillögur [254. mál]

við frv. til l. um lækningatæki.

Frá heilbrigðis- og tryggingaganefnd.

1. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „hvort sem notað er“ í 1. mgr. 1. tölul. komi: notað.
   b. Á eftir orðunum „telst ekki lækningatæki“ í 3. mgr. 1. tölul. komi: þó getur það verið hluti af lækningatæki.
2. Fyrirsögn II. kafla orðist svo: **Kröfur sem lækningatæki skulu uppfylla.**
3. Við 10. gr.
   a. 3. málsl. 1. mgr. orðist svo: Landlækni er heimilt að fela öðrum aðilum tiltekna hluta þess eftirlits.
   b. Í stað orðanna „varna hættu á tjóni“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: forðast tjón.
4. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað orðanna „ESB-tilskipun 76/764“ í 1. mgr. komi: tilskipun ráðsins 76/764/EBE.
5. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Lögin skulu sæta endurskoðun innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

920. Fyrirspurn [582. mál]

til iðnaðarráðherra um byggðaþróun.

Frá Soffíu Gísladóttur.

Hefur ríkisstjórn markað stefnu um ákveðinn fjölda sveitarfélaga í landinu þar sem sérstök uppbygging fari fram með tilliti til byggðaþróunar? Ef svo er, hver eru þau sveitarfélög og hvert verður hlutverk þeirra gagnvart öðrum sveitarfélögum með tilliti til byggðaþróunar?

921. Fyrirspurn [583. mál]

til menntamálaráðherra um námsstyrki.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Í hversu mörgum tilfellum bárust athugasemdir við afgreiðslu námsstyrkjanefndar á umsóknum framhaldsskólanema um námsstyrki fyrir skólaárið 2000–2001?
2. Hversu mörgum úrskurðum um námsstyrki var breytt vegna athugasemda sem bárust námsstyrkjanefnd?
3. Telur ráðherra ástæðu til að endurskoða reglugerð nr. 746/2000, um jöfnun námskostnaðar?

922. Fyrirspurn [584. mál]

til fjármálaráðherra um kostnað ríkissjóðs við leigubifreiðaakstur.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

Hver var kostnaður ríkissjóðs árin 1998, 1999 og 2000 af leigubifreiðaakstri opinberra starfsmanna, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

923. Fyrirspurn [585. mál]

til fjármálaráðherra um kostnað við Borgartún 21.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

1. Hver er heildarkostnaður ríkissjóðs við flutning ýmissa ríkisstofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins í Borgartún 21, sundurliðaður eftir fyrirtækjum og stofnunum? Óskað er eftir að fram komi allur annar kostnaður en leigugreiðslur.
2. Hvernig kom ríkissjóður að byggingu hússins? Var gerður samningur um nýtingu hússins áður en smíði þess hófst eða kom hann til síðar? Hafi hann verið gerður í upphafi, hvernig hefur greiðslum verið háttað hingað til og hversu háar eru þær?
3. Til hve langs tíma eru þeir leigusamningar sem gerðir hafa verið og hversu háar leigugreiðslur innir ríkissjóður af hendi árlega, sundurliðað eftir stofnunum, félögum og fyrirtækjum?

Skriflegt svar óskast.

924. Fyrirspurn [586. mál]

til dómsmálaráðherra um reynslulausn fanga.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

Hvernig hefur ákvörðunum um reynslulausn fanga verið háttað undanfarin fimm ár? Hversu margir fangar hafa fengið reynslulausn eftir að hafa afplánað tvo þriðju hluta fangelsisrefsingar, hversu margir eftir að hafa afplánað helming fangelsisrefsingar, hversu

margir hafa setið í fangelsi allan þann tíma sem dómstólar kváðu á um og hafa einhverjir setið skemur en helming refsivistarinnar í fangelsi eða lengur en tvo þriðju hluta dæmdrar refsivistar?

Skriflegt svar óskast.

925. Frumvarp til laga [587. mál]

um lágmarkslaun.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller, Karl V. Matthíasson, Einar Már Sigurðarson.

1. gr.

Heildarlaun á mánuði fyrir 18 ára og eldri skulu ekki vera undir 116.500 kr. fyrir fulla dagvinnu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2001.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um lágmarkslaun var lagt fram á 122. þingi en náði þá ekki fram að ganga. Það var lagt fram að nýju á 123. og 125. þingi í breyttri mynd. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að heildarlaun á mánuði fyrir 18 ára og eldri skuli ekki vera lægri en 116.500 kr. á mánuði fyrir fulla dagvinnu.

Meginvandi íslensks þjóðfélags er fátækt og skuldir og stafar það af lágum launum. Þó að um tiltölulega fá heimili sé að ræða hafa lág laun leitt til margs konar vanda og jafnvel hrakið fólk af landi brott. Einkenni íslensks hagkerfis eru hin lágu taxtalaun. Um nokkra hríð hefur ekki verið hægt að framfleyta fjölskyldu með lægstu taxtalaunum. Launakerfið á Íslandi einkennist af umfangsmiklum feluleik með raunveruleg launakjör. Þannig hafa ýmiss konar aukagreiðslur komið til viðbótar taxtalaunum. Annað einkenni á íslensku atvinnulífi er hve langan vinnutíma íslenskir launamenn vinna. Í samanburði sem var gerður milli Íslands og Danmerkur kom í ljós að launamaður hérlendis vinnur um 50 klst. á viku að meðaltali en danskur launamaður 39 klst. Þetta sýnir að íslenskur launamaður vinnur að jafnaði tíu vikum lengur en danskur launamaður á ári hverju. Lífskjörum hér á landi, sem eru betri en launin gefa til kynna, er þannig augljóslega fyrst og fremst haldið uppi með löngum vinnudegi.

Hjálparstarf hefur sífellt aukist innan lands vegna bágs ástands. Samkvæmt upplýsingum hjálparstofnana og ýmissa líknaraðila hafa þúsundir einstaklinga notið matargjafa sökum fátæktar. Félagsleg aðstoð sveitarfélaga hefur aukist svo síðustu ár að þeim er mörgum um megn að sinna þeim skyldum sínum.

Lág framleiðni og fólksflótti.

Alþjóðlegur samanburður sýnir að laun á Íslandi eru áberandi lægri en í helstu viðmiðunarlöndum okkar. Ein aðalástæða þessa er að framleiðni íslenskra fyrirtækja er mun lægri en þekkist annars staðar. Þannig er samkeppnisstaða Íslands mjög léleg í alþjóðlegum samanburði. Framleiðni á hverja vinnustund á Íslandi er með því lægsta sem þekkist í Evrópu. Í samanburði á landsframleiðslu á vinnustund í 24 OECD-ríkjum er Ísland í 20. sæti.

Þegar borin eru saman laun og lífskjör verður vitaskuld að taka tillit til margra þátta, svo sem bótakerfis, skattkerfis, húsnæðiskerfis, vaxta, matvöruverðs, heilbrigðiskerfis og gjalda fyrir opinbera þjónustu.

Í íslensku þjóðfélagi hefur lengi tíðkast að vinna langan vinnudag. Sú hefð markast af einhæfu atvinnulífi um aldir þar sem unnið var í skorpum bæði til sjávar og sveita. Þessi vinnumáti hefur breyst síðustu áratugi eftir því sem íslenskt hagkerfi hefur færst nær því sem gerist í nágrannalöndunum og ýmiss konar þjónustustörf skipta sífellt meira máli. Nýjar vinnutímareglur á Evrópska efnahagssvæðinu leyfa ekki lengur svo langan vinnutíma.

Lág taxtalaun hér á landi eru efnahagslegt vandamál. Þau leiða til þess að ýmsir sem eru á þessum launum eiga vart fyrir mat, hvað þá að þeir geti nýtt sér þá þjónustu sem eðlilegt er að veitt sé í nútímaþjóðfélagi. Jafnframt verður þetta til þess að ýmsar starfsstéttir fá viðbætur við laun sem ekki er samið um í kjarasamningum. Þetta skapar verulegt óöryggi fyrir launafólk í landinu og hefur, með öðru, stuðlað að því að launajafnrétti er ekki eins og skyldi. Það að lægstu taxtar skuli vera svipaðir og lágmarksframfærsla er ósvinna. Hér eru margir ábyrgir.

Tímakaup í dönskum iðnaði árið 1994 var 97% hærra en í íslenskum. Ekki eru nýjar tölur fyrirliggjandi en vitnað er til skýrslu forsætisráðherra varðandi samanburð. Tekjur hjóna í Danmörku árið 1993 voru um 39% hærri en á Íslandi. Danskur byggingaverkamaður hefur um 28% hærri ráðstöfunartekjur en íslenskur. Þessar tölur, sem komu fram í skýrslu forsætisráðherra um laun og lífskjör á Íslandi, í Danmörku og víðar, segja alla söguna.

Skattar og lág laun.

Í þessum samanburði við Danmörku ber að hafa í huga að byrði beinna skatta er minni hér en í Danmörku. Meðalheimili í Danmörku greiðir 38% tekna sinna í tekju- og eignarskatt en meðalheimili á Íslandi 21%. Jaðarskattar eru hærri í Danmörku en á Íslandi, en þykir þó mörgum nóg um þá hérlendis.

Hins vegar er athyglisvert að skattleysismörk hér á landi voru 57.000 kr. á mánuði þegar samanburður var gerður en í Danmörku eru engin skattleysismörk. Skattleysismörk á Íslandi eru nú 60.848 kr. Það er umhugsunarvert hvort skattleysismörk hér á landi, sem vissulega eru ekki há, hafi komið í veg fyrir hækkun taxtalauna undanfarin ár. Ef greiddur væri skattur af öllum tekjum, ef til vill 10–15% skattur af lægstu tekjum, er ekki ósennilegt að það hefði leitt til hærri taxtalauna í kjarasamningum síðustu ár. Umræðu vantar um þennan þátt mála hérlendis. Jaðarskattar koma harðast niður á tekjulægsta fólkinu á Íslandi en leggjast jafnt á alla tekjuhópa í Danmörku. Af þeim sökum er full ástæða til að endurskoða skatta- og launakerfin á Íslandi í samhengi við ákvörðun lágmarkslauna.

Í alþjóðlegum samanburði kemur skýrt fram að óbeinir skattar hér eru mun hærri en erlendis. Þá er verð á matvælum mun hærra hér en í nágrannalöndunum og leiðir það hugann að því að löngu er tímabært að endurskoða stefnu stjórnvalda í því efni. Endurbætur á því sviði væru ein mesta kjarabót fyrir láglaunafólk sem um getur.

Við gerð kjarasamninga undanfarin ár hefur verkalýðshreyfingin oft talað um að nú væri kominn tími til að hækka lægstu launin. Viðurkenna ber að árangur hefur náðst þótt lægstu

umsamin laun, 70.000 kr., séu verulega mikið fyrir neðan fátæktarmörk að mati félagsfræðinga. Á verðbólgutímanum var einna algengast að samið væri um kauphækkun sem átti að leiðrétta lægstu launin. Þá var reiknuð út prósentuhækkun þeirrar launahækkunar og hún gekk í gegnum allt kerfið. Láglaunafólk stóð þannig eftir í sömu sporum og áður og verðbólgan eyddi áhrifum hagstæðra kjarasamninga á örskömmum tíma.

Við gerð kjarasamninga síðari ár hefur reynst einna best að semja um eingreiðslur til að hækka lægstu laun. Sú aðferð virðist hafa gefist nokkuð vel í undanförnum kjarasamningum. Þrátt fyrir það eru lægstu taxtalaunin svo lág að það er gjörsamlega óverjandi fyrir þjóðfélagið. Ekki má gleyma því að fjölmargir fá greitt samkvæmt þessum töxtum og má þar nefna ófaglært starfsfólk, ekki hvað síst á vegum hins opinbera. Þetta launafólk hefur ekki tækifæri til að bæta sér upp lág laun með mikilli vinnu eða kaupaukakerfi. Það lifir í sárri fátækt og á fárra kosta völ.

Gildistaka frumvarpsins.

Flutningsmenn telja að allt sem viðkemur kjarasamningum eigi að vera á forræði samningsaðila. Þar sem ekki hefur tekist með samningum að knýja fram hækkun lægstu launa undanfarin ár ber Alþingi Íslendinga skylda til að grípa inn í þessi mál með lagasetningu.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að heildarlaun á mánuði fyrir 18 ára og eldri skuli ekki vera undir 116.500 kr. Í kjölfar mjög mikilla launabreytinga sem orðið hafa hjá einstökum starfsstéttum undanfarið og eru langt umfram almenna kjarasamninga er ástæða til að flytja frumvarp til laga um lágmarkslaun. Nú er ljóst að 116.500 kr. mánaðarlaun fyrir fulla dagvinnu eru ekki há og flestir launþegar hafa hærri heildarlaun, að vísu með nokkurri eftirvinnu. Frumvarpinu er því fyrst og fremst ætlað að skapa vörn fyrir þá sem minnst mega sín. Rökin fyrir þessu eru augljós. Hækkun lægstu launa í 116.500 kr. á mánuði mun auka velferð þeirra fátækustu í íslensku þjóðfélagi, jafna laun og bæta afkomu margra einstaklinga. Það er engin ástæða til að ætla að lagasetning af þessum toga muni kalla á óðaverðbólgu, allra síst ef aðilar vinnumarkaðarins setjast nú niður í alvöru til að semja um hækkun lægstu taxtalauna eins og þeir hafa margoft talað um undanfarin ár.

Að mati flutningsmanna mun lagasetning af þessum toga knýja samningsaðila til að finna leiðir til að unnt verði að lifa mannsæmandi lífi af dagvinnulaunum.

Lögbinding lágmarkslauna.

Launaumræða verður að vera í alþjóðlegu samhengi. Íslenskar vörur eru vitaskuld í samkeppni við erlendar, hvort sem um er að ræða útflutningsvörur okkar eða vörur sem keppa við innflutning. Við verðum að standast þessa alþjóðlegu samkeppni og okkur hefur fyrst og fremst tekist það með löngum vinnudegi. Löggjöf um lágmarkslaun er til erlendis, t.d. í Ameríku og Frakklandi. Þess má geta að nokkur umræða um lágmarkslaun var í Bandaríkjunum í aðdraganda forsetakosninganna árið 1996. Eitt af höfuðstefnuatriðum ríkisstjórnar Tonys Blairs er að setja lög um lágmarkslaun og að skilgreina þarfir einstaklinga og fjölskyldna til framfærslu. Sett voru lög um lágmarkslaun í Bretlandi 1999 og héldu andstæðingar laganna því fram á sínum tíma að þau mundu kynda undir verðbólgu og atvinnuleysi. Sú hefur ekki orðið raunin heldur þvert á móti. Haft er eftir Stephen Byers að að lágmarkslaunin hafi tryggt að það borgaði sig að vinna. Lágmarkslaun fyrir unna klukkustund verða 610 kr. frá og með 1. október nk.

Hægt er að sýna fram á að séu lágmarkslaun ákveðin of há geti það leitt til þess að það dragi úr vinnu í viðkomandi hagkerfi. Þetta eru helstu rök gegn lögbindingu lágmarkslauna. Að mati flutningsmanna eiga þau ekki við núverandi aðstæður hérlendis. Þau lágmarkslaun

sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi eru ekki há og atvinnulífið á auðveldlega að geta ráðið við þau með aukinni framleiðni. Atvinnuástand hér á landi er einnig að mörgu leyti mun betra en í nágrannalöndunum. Að skapa umhverfi fyrir sérhæfð störf, hálaunastörf, er vitaskuld háð mörgum þáttum, m.a. menntakerfi og því sem varið er í rannsóknir og þróunarstarf innan og utan fyrirtækja. Á þessu sviði er stefna ríkisstjórnarinnar mjög á reiki. Ekki hefur verið unnið nóg hérlendis í menntamálum og rannsóknum undanfarna áratugi.

Íslendingar verða að gera upp við sig hvort hér eigi að verða láglaunasvæði eins og allt stefnir í og landsmenn verði að vinna langan vinnudag til að halda uppi sambærilegum lífskjörum og í nágrannalöndunum eða hvort þróa eigi hagkerfið í átt til sérhæfðra starfa sem eru betur launuð. Flutningsmenn efast ekki um að síðari leiðin er gæfuríkari fyrir land og þjóð.

Lokaorð.

Það er liðin tíð að hægt sé að ætlast til þess af Íslendingum að þeir vinni allt að 30% lengri vinnudag en kollegar þeirra erlendis til þess eins að ná sambærilegum launum. Það mun ekki auka framleiðni íslenskra fyrirtækja ef þau eiga í auknum mæli að byggjast á ódýru vinnuafli. Við verðum að snúa af þessari braut því að annars verður Ísland áfram láglaunaland.

Frumvarp þetta er liður í þeirri stefnumörkun jafnaðarmanna að skapa hér mannsæmandi umhverfi fyrir launafólk og stuðla jafnframt að heilbrigðu og þróttmiklu efnahagslífi. Ef þessi leið verður ekki farin og taxtalaunin látin eiga sig eina ferðina enn í næstu kjarasamningum mun sífellt stærri hópur launamanna sitja eftir með lágmarkstaxta og eiga sér ekki viðreisnar von. Við megum ekki láta mál þróast á þann veg.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl.

I. Laun verslunar- og skrifstofufólks á Íslandi og í Danmörku. *Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur* (Verslunarmannafélag Reykjavíkur, febrúar 1996).
II. Samanburður á tekjum verkafólks á Íslandi og í Danmörku. Unnið fyrir 18. þing Verkamannasambands Íslands. *Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur* (október 1995).
III. Minnisblað um lágmarkslaun frá Þjóðhagsstofnun (10. desember 1998). Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 796 (486. mál 123. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1998–99, bls. 3235–3241.

926. Svar [408. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um kjarasamning sveitarfélaga við grunnskólakennara.

1. *Falla auknar lífeyrisskuldbindingar vegna nýgerðs kjarasamnings sveitarfélaga við grunnskólakennara að fullu eða að einhverju leyti á ríkissjóð?*

Verkefni grunnskólans fluttust til sveitarfélaganna 1. ágúst 1996. Í gildistökuákvæði laga um grunnskóla, nr. 55/1995, var við það miðað að sveitarfélögunum yrði bættur sá aukni kostnaður sem af því hlytist, m.a. með því að breyta lögum um tekjustofna sveitarfélaga og lögum um skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga. Á grundvelli niðurstöðu kostn-

aðarnefndar, sem menntamálaráðherra skipaði í júní 1995, gerðu ríki og sveitarfélög með sér samkomulag 4. mars 1996 um kostnaðar- og tekjutilfærslu vegna flutnings grunnskólans. Um skiptingu kostnaðar af lífeyrisskuldbindingum var byggt á því að ríkissjóður bæri ábyrgð á skuldbindingum sem stofnað yrði til fyrir 1. janúar 1997 en einstök sveitarfélög bæru ábyrgð á skuldbindingum vegna áunninna réttinda kennara í þjónustu þeirra frá 1. janúar 1997. Þá var gert ráð fyrir því að sveitarfélögin fullnustuðu ábyrgð sína jafnóðum. Loks var í samkomulaginu kveðið á um að yrði veruleg röskun á forsendum þess skyldi taka upp viðræður milli samningsaðila með það að markmiði að lagfæra það sem úrskeiðis hefði farið.

Með lögum nr. 141/1996 voru umtalsverðar breytingar gerðar á lögum um lífeyrismál starfsmanna ríkisins. Lögin voru síðan endurútgefin sem lög nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Ákvæði 33. og 34. gr. þeirra geyma fyrirmæli sem snerta meginforsendur samkomulagsins við sveitarfélögin. Í 1. mgr. 33. gr. er gert ráð fyrir því að komi til hækkunar á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri, vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna, standi launagreiðendur skil á viðbótinni í hlutfalli við réttindaávinning hjá hverjum launagreiðanda. Rétt er að undirstrika að nefnt ákvæði tekur til þeirra sem hafa hafið töku lífeyris.

Í samræmi við samkomulagið frá 4. mars 1996 er tekin upp sú regla í 2. mgr. 34. gr. að ríkið endurgreiðir hækkun vegna kennara og stjórnenda grunnskóla sem aðild eiga að B-deild sjóðsins en til frádráttar endurgreiðslunni koma tekjur af 9,5% viðbótariðgjaldi sem sveitarfélögin greiða vegna kennara og stjórnenda grunnskóla sem enn eru í starfi. Viðbótariðgjaldinu er eins og áður segir ætlað að standa undir skuldbindingum sveitarfélaganna skv. 1. mgr. 33. gr. við kennara og skólastjórnendur sem hefja töku lífeyris eftir 1. janúar 1997.

Á þessari stundu liggur ekki fyrir hvort viðbótariðgjaldið dugar til þess að mæta hlut sveitarfélaganna í lífeyriskuldbindingum. Eins og áður segir er í samkomulaginu við sveitarfélögin gert ráð fyrir endurskoðun þess hafi forsendur breyst verulega. Komi í ljós að 9,5% viðbótariðgjaldið nægi ekki til að fullnusta hlut sveitarfélaganna verður það endurskoðað. Er þetta áréttað frekar í skýringum við ákvæði það er síðar varð 34. gr. laga nr. 1/1997.

2. *Ef svo er, hvað er áætlað að lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs aukist vegna þessa kjarasamnings:*
   a. *samtals út samningstímann,*
   b. *sem hlutfall af öllum greiddum launum samkvæmt kjarasamningnum,*
   c. *sem hlutfall af launum þeirra sem taka laun samkvæmt kjarasamningnum og eiga lífeyrisrétt sambærilegan rétti í B-deild LSR?*

Nýr kjarasamningur sveitarfélaga við grunnskóla var undirritaður 9. janúar 2001 og gildir til 31. mars 2004. Samkvæmt samningnum er gert ráð fyrir því að kerfisbreyting eigi sér stað 1. ágúst nk.

Áætlaðar hækkanir lífeyrisskuldbindinga á gildistíma kjarasamningsins nema 21.863.086 þús. kr. eða 48,89%.

Ekki hafa fengist nauðsynleg gögn frá launanefnd sveitarfélaga til að reikna út hlutföll sem spurt er um í b- og c-lið.

3. *Hver er þessi heildaraukning lífeyrisskuldbindinga að meðaltali á:*
   a. *hvern grunnskólakennara (stöðugildi) sem tekur laun samkvæmt kjarasamningnum,*
   b. *hvern grunnskólakennara sem á lífeyrisrétt sambærilegan rétti í B-deild LSR?*

Ekki hafa fengist nauðsynleg gögn frá launanefnd sveitarfélaga til að reikna út umbeðin meðaltöl.

4. *Hver er ógreidd heildarskuldbinding ríkissjóðs vegna núverandi og fyrrverandi grunnskólakennara?*

Áfallin heildarskuldbinding vegna grunnskólakennara, bæði núverandi og fyrrverandi, er í árslok 2001 áætluð 60.933.904 þús. kr. Þá hefur verið tekið tillit til kerfisbreytinga 1. ágúst nk. samkvæmt nýja kjarasamningnum. Ógreidd heildarskuldbinding liggur ekki fyrir.

5. *Var gert ráð fyrir þeirri stöðu við flutning grunnskólans til sveitarfélaganna að þau gerðu kjarasamninga sem ríkissjóður greiddi að hluta án þess að eiga aðild að samningunum?*

Hér er vísað til svars við 1. lið fyrirspurnarinnar. Rétt er þó að undirstrika að með samkomulaginu við sveitarfélögin í mars 1996 var leitast við að koma á jafnvægi í samskiptum ríkisins og sveitarfélaganna við flutning grunnskólans. Er miðað við að sveitarfélögin fullnusti jafnóðum hlut sinn vegna lífeyrisskuldbindinga sem stofnað er til eftir 1. janúar 1997. Komi í ljós að svo er ekki verður leitað leiða til þess að leiðrétta það í samráði við sveitarfélögin. Ekki var gert ráð fyrir því að fjármálaráðuneytið fyrir hönd ríkissjóðs þyrfti að koma að gerð kjarasamninga sveitarfélaga við kennara og stjórnendur í grunnskólanum eða ætti þar sérstaka aðild.

927. Svar [533. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Adolfs H. Berndsens um rannsóknir á útbreiðslu krabba, beitukóngs og öðuskeljar við Ísland.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Eru fyrirhugaðar rannsóknir á útbreiðslu og veiðanleika trjónukrabba, beitukóngs, öðuskeljar og fleiri krabba og skeldýra hér við land?*
2. *Er hugsanlegt að slíkum rannsóknum verði flýtt í ljósi erfiðrar stöðu rækjuveiða víða á innfjarðamiðum?*
3. *Liggja fyrir athuganir á hvernig best megi nýta fyrrgreindar tegundir ef þær eru í veiðanlegu magni við strendur Íslands?*
4. *Hefur verið kannað hvaða umhverfiskröfur eru gerðar til að þessar tegundir megi nota til manneldis ef þær eru veiddar?*

Ráðuneytið leitaði upplýsinga hjá Hafrannsóknastofnuninni og fer hér á eftir yfirlit stofnunarinnar um rannsóknir á útbreiðslu og veiðanleika krabba, beitukóngs og öðuskeljar:

„Krabbar.

Rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar á kröbbum við Ísland má rekja til ársins 1983 þegar fram fóru veiðitilraunir á trjónukrabba í Faxaflóa. Tilraunirnar báru góðan árangur og á bestu svæðum komst aflinn í 25–30 kg í gildru eftir 24–30 klst. legu og meðalaflinn var um 10 kg á svæðinu innan línu sem dregin er frá Akranesi í Garðskaga. Í kjölfarið fóru fram tilraunir með vinnslu krabbans á Akranesi sem því miður fóru út um þúfur. Á næstu árum stóð Hafrannsóknastofnunin fyrir frekari rannsóknum á trjónukrabba við Vestur-, Norður- og Austurland og reyndist Breiðafjörður líklegasta veiðisvæðið utan Faxaflóa. Trjónukrabbinn

fékk á þessum árum góða dóma hvað varðar bragð og áferð fisksins en var talinn of smár til vinnslu nema í tiltölulega ódýrar afurðir eins og súpur og kæfur.

Fljótlega var því farið að huga að öðrum tegundum eins og gaddakrabba án þess að veiðanlegt magn fyndist. Þær gildruathuganir voru þó ekki nægilega viðamiklar til að fullyrða um mögulegar veiðar á þessum krabba sem er fremur smávaxinn miðað við stærri bræður sína, kóngakrabbana í Kyrrahafi og Barentshafi. Gaddakrabbinn hefur einnig verið rannsakaður í árlegum humarleiðangri árin 1994–2000, en þar fæst hann sem aukaafli í humarvörpu. Á humarslóð fæst einnig í nokkrum mæli skessukrabbi, einkum suðaustanlands, en hann er einnig smávaxin tegund.

Ein stór krabbategund, tröllkrabbi, er þekkt djúpt undan Suðurlandi. Hann hefur fengist í stykkjatali í troll á djúpslóð og sérstaklega hefur hans orðið vart með auknum skötuselsveiðum í net í djúpköntunum við suðurströndina undanfarið ár. Nokkrar náskyldar tegundir eru veiddar í heiminum, m.a. við Namibíu og austurströnd Bandaríkjanna. Þá hafa Færeyingar í einhverjum mæli rannsakað tröllkrabba djúpt suður af Færeyjum en ekki er vitað um árangur þeirrar vinnu.

Hafrannsóknastofnunin telur tröllkrabbann álitlega nytjategund, m.a. vegna stærðar. Gera má ráð fyrir að helsta útbreiðslusvæðið sé frá Háfadjúpi og austur í Lónsdjúp og e.t.v. áfram suður með Íslands–Færeyjahryggnum. Skötuselsbátar hafa orðið varir við krabbann í net á 400–500 m dýpi, sem er það dýpsta sem þeir fara, en samkvæmt skriflegum heimildum er aðalútbreiðslusvæði tröllkrabba á 800–1.200 m dýpi. Til að ganga úr skugga um þéttleika og magn þyrfti hins vegar að skipuleggja tilraunaveiðar með gildrum á ofangreindu svæði.

Rannsóknaáætlun um tilraunaveiðar á tröllkrabba með gildrum árið 2001 var lögð fram á Hafrannsóknastofnuninni sl. haust. Vegna skipakostnaðar var í áætluninni gert ráð fyrir samnýtingu rannsóknaskips með öðrum rannsóknaverkefnum á sama eða nærliggjandi svæðum. Þar eð slík verkefni önnur voru ekki á rannsóknaáætlunum ársins var ákveðið að leggja tilraunaveiðar á tröllkrabba til hliðar á árinu 2001. Rétt er þó að ítreka það að tilraunaveiðar á tröllkrabba og e.t.v. umfangsmeiri veiðitilraunir á gaddakrabba eru taldar með líklegustu kostum í frekari nýtingu krabbadýra á Íslandsmiðum.

Beitukóngur.

Nokkrar rannsóknir fóru fram á beitukóngi á vegum stofnunarinnar á árunum 1983–1990, oftast í tengslum við veiðitilraunir á trjónukrabba með gildrum. Verulegt átak var síðan gert í þessum rannsóknum árin 1997 og 1998 þegar farið var í árangursríkar stofnmælingar á beitukóngi í Breiðafirði auk ýmissa líffræðilegra athugana í kjölfar gildruveiða á því svæði en þær hófust árið 1996. Athuganir á beitukóngi í Ísafjarðardjúpi gáfu hins vegar ekki til kynna veiðanlegt magn á því svæði en líffræðilegar athuganir fóru einnig fram þar. Árið 1999 var enn fremur farið í tilraunir í Breiðafirði til að meta veiðanleika beitukóngs, en sá þáttur skiptir miklu máli við mat á stofnstærð.

Faxaflói er talinn líklegasta veiðisvæði beitukóngs fyrir utan Breiðafjörð, enda þótt fleiri svæði komi til greina, eins og Húnaflói. Engar nýjar rannsóknir eru fyrirhugaðar á beitukóngi árið 2001 en stefnt er að því að ljúka veiðanleikatilraunum.

Öðuskel.

Engar rannsóknir hafa verið stundaðar sem beinast sérstaklega að öðuskel. Aða fæst þó oft í talsverðum mæli sem aukaafli í hörpudisksplóg, allt upp í yfir 100 kg í 5–7 mín. togi. Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar af íslenskum aðilum til að markaðssetja öðu en án veru-

legs árangurs svo vitað sé. Aða er þó nýtt lítillega til manneldis í Evrópu en flutningur milli landa virðist þó ekki vera fyrir hendi.

Öðurannsóknir eru ekki á rannsóknaáætlun Hafrannsóknastofnunarinnar fyrir árið 2001. Hins vegar er hér um að ræða stofn sem gæti staðið undir talsverðum veiðum (líklega nokkur þús. tonn) og í gagnagrunni stofnunarinnar frá 1991–2000 er að finna verulegar upplýsingar um útbreiðslu og magn öðu sem aukaafla í hörpudisksplóg. Frekari rannsóknir á öðu munu því byggjast á framvindu markaðsmála.

Aðrar tegundir.

Stefnt er að því að vinna við nokkur kúfskelsverkefni á árinu 2001, þ.e. hvað varðar veiðihæfni plógs og lóðrétta hreyfigetu skelja sem stuðlað geta að meiri nákvæmni í stofnmati, auk stofnmælingar utan 50 m dýpis við Norðausturland."

Auk þess sem fram kemur í yfirliti stofnunarinnar vill ráðuneytið láta eftirfarandi koma fram sem svar við einstökum liðum fyrirspurnarinnar:

1. Eins og fram kemur í yfirliti Hafrannsóknastofnunarinnar eru ekki fyrirhugaðar sérstakar rannsóknir á útbreiðslu og veiðanleika umræddra krabba og skeldýra hér við land á þessu ári.
2. Ekki verður séð að auknar rannsóknir á útbreiðslu og veiðanleika umræddra tegunda hafi áhrif að þessu leyti. Óhætt er að fullyrða að óvissa í markaðsmálum, veiðum og vinnslu á trjónukrabba, beitukóngi og öðu standi nýtingu fyrst og fremst fyrir þrifum. Auk þess eru líklegustu veiðisvæði þessara tegunda utan helstu innfjarðaræjusvæða nema e.t.v. í Húnaflóa.
3. Vísað er til fyrrgreinds yfirlits en nýtingarmöguleikar þessara vannýttu tegunda virðast óljósir á þessu stigi.
4. Um þennan lið má segja að kröfur að þessu leyti eru mismunandi. Fiskistofa hefur eftirlit varðandi þann þátt og má láta fram koma að nú er verið að ganga frá hertu eftirliti á skelfiskssvæðum.

928. Svar [545. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um rannsóknir á sumarexemi í hrossum.

1. *Hvernig gengur átak í rannsóknum á sumarexemi í hrossum?*

Verkefnið hófst í september 2000 og hefur gengið samkvæmt áætlun þrátt fyrir erfiðleika í byrjun við að fá hæft starfsfólk.

2. *Hafa fengist einhverjar niðurstöður?*

Niðurstöður eftir tæpa sjö mánuði eru eftirfarandi:

a. **Einangrun á genum úr Culicoides-mýflugunni:** Í Sviss hafa verið fiskuð gen úr genasafni sem gert var úr Culicoides-flugum og verið er að athuga hvort þessi gen skrái fyrir ofnæmisvökum.
b. **Bólusetningarlíkan og prófun á tjáningarferjum fyrir hesta** (gert á Keldum):
   — Framkallað hefur verið ofnæmi í tveimur hestum gegn HSA (human serum albumin) próteininu og verið er að sprauta aðra tvo hesta með HSA-geninu. Tekið skal fram að

þegar bólusett er með próteininu eða geninu þarf að gefa nokkra skammta og nokkrar vikur þurfa að líða milli þess sem efnunum er sprautað inn.
— Sett hafa verið upp próf til að bera saman mótefnasvörun gegn HSA-próteininu og einnig hefur verið sett upp próf til að greina mótefnaflokkana í svarinu.
— Búið er að sýna fram á sterka mótefnasvörun og ofnæmissvörun með húðprófi í ofnæmishestunum og tekin hafa verið vefjasýni bæði fyrir smásjárskoðun sem þegar hefur verið gerð og til að mæla ónæmisboðefni þegar sú aðferð hefur verið þróuð.
— Búið er að klóna tvö boðefnagen hesta, eitt fyrir hvora braut ónæmissvars (Th1 og Th2), og verið er að setja upp mælingaraðferðir fyrir boðefni svo að hægt verði að bera saman HSA-bólusettu hestana (þ.e. HSA-ofnæmishestana og HSA-genabólusettu hestana) og síðan Culicoides-bólusettu hestana hvað varðar boðefnaframleiðslu bæði í blóði og í húðútbrotum.
— Prófaðar hafa verið aðrar genatjáningarferjur en sú sem þegar er verið að nota í nokkrum tegundum af ræktuðum hestafrumum og valin hefur verið önnur ferja sem verið er að færa HSA-genið inn í.

c. **Framleiðsla á nauðsynlegum prófefnum:** Samstarfsaðilarnir í Sviss hafa komið geninu sem skráir fyrir hluta af IgE-ofnæmismótefninu í hrossum í tjáningarferju og á Keldum er byrjað að bólusetja mýs með þessari IgE-tjáningarferju til að reyna að framleiða svokölluð einstofna mótefni gegn hesta-IgE en það er prófefni sem sárlega vantar bæði til að einangra genin fyrir ofnæmisvökum úr flugunni og í alla rannsóknarvinnu á ofnæmi í hrossum.

3. *Hvernig er sambandi við erlenda aðila háttað varðandi sumarexemrannsóknir?*

Verkefnið er unnið í samstarfi við dr. Eliane Marti, háskólanum í Bern í Sviss. Samstarfinu er þannig háttað að stöðugt samband er milli aðila gegnum tölvupóst og hraðsendingar með prófefni, blóð og annað slíkt. Áætlað er að samstarfsaðilar hittist a.m.k. einu sinni á ári (í apríl þetta ár). Störfum er skipt á milli aðilanna eftir hagkvæmni. Sem dæmi má nefna að sendur er blóðvökvi úr tilraunahestunum okkar til Sviss þar sem samstarfsaðilar okkar hafa sett upp próf til að mæla ofnæmismótefnið IgE í blóði. Í Sviss var framleidd tjáningarferja með IgE-geninu í sem vísindamenn hér eru að sprauta í mýs. Einnig er þar notað próf þar sem hægt er að sjá hvaða hestar svara fluguofnæmisvökunum, sem sýnir að hestar sem svara jákvætt í prófinu fá sumarexem ef þeir eru útsettir fyrir flugunni (grein eftir Eliane Marti et. al. birt í Vet. Immunol. Immunopathol. (1999) 71, 307–320). Í apríl mun fulltrúi fara héðan og kynna verkefnið og fyrstu niðurstöður á ráðstefnu um ofnæmissjúkdóma í hrossum sem Eliane og samstarfsfólk hennar í Sviss eru að skipuleggja í Ungverjalandi. Samstarfið er því í alla staði mjög virkt og gott.

4. *Hefur markaðstap vegna sumarexems verið rannsakað?*

Markaðstap vegna sumarexems í hrossum hefur ekki verið rannsakað.

5. *Hversu miklu fé hefur verið varið til rannsókna á sumarexemi í hrossum frá því í júní á síðasta ári?*

Verkefnið hófst 1. september 2000 og nú, í mars 2001, hefur Framleiðnisjóður greitt Keldum samtals 1,5 millj. kr. en Rannís hefur greitt Keldum 600 þús. kr. Annað sem þegar hefur verið lagt í verkefnið hefur verið greitt af Keldum og háskólanum í Bern. Samkvæmt áætlun ætlar Framleiðnisjóður að leggja 10 millj. kr. í verkefnið á þessu rannsóknarári (september 2000 – september 2001) en Rannís 2,4 millj. kr.

929. Nefndarálit [291. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór Runólfsson yfirdýralækni. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Bændasamtökum Íslands, Búkollu – félagi áhugamanna um íslensku kúna, Félagi hrossabænda, heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis, heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra, heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra, heilbrigðisnefnd Reykjavíkur, heilbrigðiseftirliti Suðurlandssvæðis, heilbrigðisnefnd Vesturlandssvæðis, Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra loðdýrabænda, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, Veiðimálastofnun og Æðarræktarfélagi Íslands.

Með frumvarpinu er annars vegar verið að breyta núgildandi sjúkdómaskrá í þá átt að aðlaga hana alþjóðlegum stöðlum. Hins vegar er verið að fella niður dýrasjúkdómanefnd sem aldrei hefur verið skipuð og færa skyldur hennar að nokkru leyti til yfirdýralæknis og að nokkru leyti til dýralæknaráðs sem skipað er af landbúnaðarráðherra skv. 4. gr. laga nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Við umfjöllun nefndarinnar um frumvarpið var talsvert rætt hvort nauðsynlegt væri að styrkja ákvæði laganna frekar með tilliti til dýrasjúkdóma sem hafa greinst í Evrópu að undanförnu, svo sem kúariðu og gin- og klaufaveiki. Nefndin hefur fengið staðfest frá landbúnaðarráðuneyti að mat þess sé að ekki þurfi að breyta lögunum sérstaklega til að hægt sé að bregðast við sjúkdómahættu eins og að framan greinir þar sem fullnægjandi heimildir eru fyrir hendi samkvæmt lögunum.

Vekur nefndin athygli á að í 2. tölul. 10. gr. frumvarpsins hafa tvö orð víxlast, yfirdýralæknir og smitsjúkdómanefnd. Í stað orðanna „Svæðisnefnd“ og „dýrasjúkdómanefnd“ í 2. málsl. 1. mgr. 28. gr. laganna á að koma: Smitsjúkdómanefnd (ekki yfirdýralæknir), og: yfirdýralækni (en ekki smitsjúkdómanefnd). Enn fremur vekur nefndin athygli á því að sjúkdómar og sjúkdómaheiti hafa víxlast innan tilgreindra viðauka í 11. gr. frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Guðjón Guðmundsson og Einar Oddur Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðjón A. Kristjánsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 26. mars 2001.

Hjálmar Jónsson, form., frsm.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Drífa Hjartardóttir.
Jónína Bjartmarz.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Þuríður Backman.

Kristinn H. Gunnarsson.

930. Breytingartillögur [291. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 10. gr. Í stað orðanna „Yfirdýralæknir, og: smitsjúkdómanefnd“ í 2. tölul. komi: Smitsjúkdómanefnd, og: yfirdýralækni.
2. Við 11. gr.
   a. Sjúkdómur nr. I710, kýlaveikibróðir, í flokknum **Eldisfiskar** færist úr viðauka 1B í viðauka 2 þar sem sjúkdómurinn fær númerið I719 í flokknum **Eldisfiskar** og breytist númer annarra sjúkdóma með hliðsjón af því.
   b. Sjúkdómur nr. I004 í flokknum **Dýr almennt** í viðauka 2 heiti: Lungnapest.
   c. Sjúkdómur nr. C617 í flokknum **Dýr almennt** í viðauka 2 heiti: Lungnadrep.

931. Frumvarp til laga [588. mál]

um móttöku flóttamannahópa og aðstoð við þá.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gildissvið og yfirstjórn.

Lög þessi gilda um móttöku hópa flóttamanna og aðstoð stjórnvalda við þá.

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn málefna flóttamannahópa samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Markmið.

Markmið laganna er að stuðla að móttöku flóttamannahópa með viðhlítandi hætti þegar aðstæður í heimaríki þeirra krefjast þess.

II. KAFLI

Flóttamannaráð Íslands.

3. gr.

Skipun Flóttamannaráðs Íslands.

Félagsmálaráðherra skipar Flóttamannaráð Íslands til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann án tilnefningar en dóms- og kirkjumálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti tilnefna hvert sinn fulltrúa í ráðið. Varamenn eru skipaðir með sama hætti. Rauði kross Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga eiga hvort um sig einn áheyrnarfulltrúa í Flóttamannaráði. Félagsmálaráðherra leggur ráðinu til starfsmann.

4. gr.

Hlutverk Flóttamannaráðs Íslands.

Hlutverk Flóttamannaráðs Íslands er að leggja til við ríkisstjórn heildarstefnu og skipulag er varðar móttöku á flóttamannahópum, hafa yfirumsjón með móttöku flóttamannahópa og veita stjórnvöldum umsögn um einstök tilvik eftir því sem óskað er. Flóttamannaráð skal jafnframt vera stjórnvöldum til ráðgjafar um aðbúnað og þjónustu við erlenda ríkisborgara með lögheimili á Íslandi.

Flóttamannaráð Íslands skal árlega gera félagsmálaráðherra grein fyrir störfum sínum.

III. KAFLI
Þjónustusamningar og framkvæmd móttöku.

5. gr.

Þjónustusamningur við Rauða kross Íslands.

Flóttamannaráð Íslands skal gera þjónustusamning við Rauða kross Íslands um undirbúning móttöku og tiltekna aðstoð við flóttamannahópa fyrsta dvalarár þeirra hérlendis.

Rauði kross Íslands kemur fram sem fulltrúi og talsmaður flóttmannahópa og veitir einstaklingum í hópunum liðveislu.

Ríkissjóður greiðir kostnað af þjónustusamningi þessum.

6. gr.

Þjónustusamningur við sveitarfélög um móttöku flóttamannahópa.

Flóttamannaráð Íslands auglýsir eftir sveitarfélögum sem hafa áhuga á að taka á móti flóttamannahópum. Við mat á því hvaða sveitarfélagi skuli falið verkefnið skal tekið mið af aðstæðum öllum, svo sem félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu, atvinnuástandi, skólamálum og framboði á húsnæði.

Flóttamannaráð Íslands semur við tiltekið sveitarfélag eða sveitarfélög um móttöku á ákveðnum fjölda flóttamanna hverju sinni. Samningar við sveitarfélög skulu taka til þjónustu sem ætla má að einstaklingar úr flóttamannahópum þarfnist, svo sem heilbrigðisþjónustu, húsnæðisöflun, vinnumiðlun, leikskólakennslu, grunnskólakennslu, framhaldsskólakennslu, félagsráðgjöf og fjárhagsaðstoð.

Sveitarfélag, sbr. 2. mgr., gerir kostnaðaráætlun vegna móttöku flóttamannahóps í samráði við Flóttamannaráð Íslands og skal hún vera hluti samnings þess við ráðið.

Kostnaður af móttöku flóttamannahópa greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Starfshópur vegna móttöku flóttamannahópa.

Flóttamannaráð Íslands felur Rauða krossi Íslands og sveitarfélagi sem tekur á móti flóttamannahópi að skipa starfshóp við upphaf hvers verkefnis til að tryggja samræmi og samhæfingu í móttöku og aðstoð. Yfirstjórn starfshópsins, samsetning hans og fjöldi fulltrúa í honum fer eftir samkomulagi þessara aðila og þörfum á hverjum tíma.

Formaður Flóttamannaráðs Íslands kallar saman fyrsta fund starfshóps hvers móttökuverkefnis. Starfshópurinn kýs sér formann sem skal sjá til þess að fundargerðir starfshópsins séu sendar Flóttamannaráði Íslands eftir hvern fund.

8. gr.

Sérstök aðstoð við flóttamannahópa.

Sérhvert móttökuverkefni skal standa yfir í tiltekinn tíma frá komu flóttamannahóps til landsins.

Meðal þess sem skal felast í aðstoð við flóttamannahópa er:

a. dvalar- og atvinnuleyfi,
b. húsnæði,
c. heilbrigðisþjónusta,
d. menntun, einkum íslenskukennsla, móðurmálskennsla og samfélagsfræðsla,
e. fjárhagsaðstoð,
f. túlkaþjónusta,
g. önnur nauðsynleg aðstoð.

Félagsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd móttökuverkefna að fenginni tillögu Flóttamannaráðs Íslands.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

9. gr.

Kæruleið.

Kæra vegna ákvörðunar Flóttamannaráðs um einstök framkvæmdaatriði móttökuverkefnis skulu berast skriflega til félagsmálaráðuneytis.

Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga.

10. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Núverandi Flóttamannaráð Íslands skal halda skipun sinni til nóvember 2003 og starfa samkvæmt lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samið í félagsmálaráðuneytinu í þeim tilgangi að festa í sessi það fyrirkomulag á móttöku flóttamannahópa sem tíðkast hefur. Mikil reynsla af móttöku slíkra hópa hefur áunnist á þeim tíma sem liðinn er frá fyrstu skipun Flóttamannaráðs Íslands árið 1995 en íslensk stjórnvöld hafa tekið á móti flóttamannahópum á hverju ári frá árinu 1996. Kom sú reynsla sér vel er íslensk stjórnvöld ákváðu með skömmum fyrirvara að taka á móti allt að 100 manna hópi flóttamanna vorið 1999 er stríðsástand ríkti í Kosovo. Sú móttaka þótti takast mjög vel og skipti þar ekki síst máli góð og lipur samvinna Flóttamannaráðs og Rauða kross Íslands. Má segja að móttöku flóttamannahópa hafi verið mótaður farvegur sem hefur reynst farsæll og vakið mikla athygli erlendis, ekki síst hjá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (*UNHCR*).

Samningur um stöðu flóttamanna var undirritaður í Genf árið 1951 og gerðist Ísland aðili að samningnum þann 30. nóvember 1955. Gekk samningurinn í gildi að því er Ísland varðar þann 1. mars 1956. Með fullgildingu samningsins gekkst Ísland undir skuldbindingar að þjóðarétti til að taka þátt í samvinnu þjóða á milli um að veita flóttamönnum vernd. Felst sú vernd meðal annars í því að tryggja að flóttamenn sem koma hingað til lands njóti sömu

mannréttinda og aðrir þegnar ríkisins. Kveður samningurinn á um ýmis réttindi sem aðildarríki skulu sjá til að flóttamenn njóti á landsvæði þeirra en í upphafi samningsins er flóttamannahugtakið skilgreint. Jafnframt skuldbindur samningurinn íslenska ríkið til að hafa samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna í málum er snerta flóttamenn. Þess vegna hafa íslensk stjórnvöld haft það að markmiði að taka árlega á móti flóttamannahópum í samráði við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Íslensk stjórnvöld hafa átt mjög gott samstarf við stofnunina. Hún hefur meðal annars gefið Flóttamannaráði Íslands leiðbeiningar um hvar neyðin sé mest og sent forvalslista yfir einstaklinga og fjölskyldur sem þurft hafa á aðstoð að halda. Hafa stjórnvöld tryggt flóttamannahópunum sérstaka aðstoð fyrsta dvalarárið í ljósi þess að flestir einstaklinganna í hópunum hafa dvalið í flóttamannabúðum til lengri eða skemmri tíma.

Vegna þessara alþjóðlegu skuldbindinga íslenska ríkisins þykir eðlilegra að Flóttamannaráð Íslands verði skipað lögum samkvæmt en áður hefur það einungis starfað á grundvelli samþykktar ríkisstjórnarinnar. Jafnframt er lagt til að meginatriði í skipulagningu á móttöku flóttamannahópa verði lögfest en að nánari útfærslu verði gerð skil með reglugerð á grundvelli laganna, verði frumvarpið að lögum. Ástæðan er sú að framkvæmd verkefnisins er í stöðugri þróun og þykir því ekki rétt að binda hana í lög. Engu að síður er mikilvægt að mælt sé fyrir um fyrirkomulag móttökunnar í lögum og reglugerð, enda hefur verið farið þess á leit við Flóttamannaráð að verkefnið verði fyrirmynd að móttöku flóttamannahópa í öðrum ríkjum.

Í frumvarpinu er lagt til að hlutverk Rauða kross Íslands í undirbúningi og framkvæmd móttökunnar verði lögfest. Rauði krossinn hefur átt stóran þátt í að móta þá framkvæmd sem viðhöfð hefur verið og þykir því mikilvægt að það samstarf verði áfram tryggt. Hefur Rauði krossinn einkum gegnt mikilvægu hlutverki við að miðla upplýsingum milli verkefna en það eru jafnan mismunandi sveitarfélög sem taka á móti hópunum. Rauði krossinn hefur þannig stuðlað að samræmingu verkefnanna á milli ára. Einnig er lagt til að Flóttamannaráð semji við tiltekið sveitarfélag um móttöku flóttamannahópa og er tilgreint til hvaða þjónustu samningurinn skuli taka. Jafnframt er gert ráð fyrir að kostnaðaráætlun vegna móttökunnar verði gerð fyrir fram í samráði við Flóttamannaráð eins og verið hefur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að lögin taki einungis til móttöku flóttamannahópa en stjórnvöld hafa árlega frá árinu 1996 tekið á móti flóttamannahópum frá ríkjum fyrrum Júgóslavíu. Haft er samráð við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna um frá hvaða ríkjum eða svæðum flóttamennirnir skulu koma. Er samráðið í samræmi við ákvæði samningsins um stöðu flóttamanna frá árinu 1951.

Áfram er gert ráð fyrir að móttaka flóttamannahópa verði undir yfirstjórn félagsmálaráðherra. Ástæðan er sú að sveitarfélög landsins skipa stóran sess í móttöku flóttamannahópa en vilji sveitarfélaganna til að standa að móttöku flóttamannahópa er eitt af lykilatriðum þess að unnt sé að taka á móti slíkum hópum. Þykir því eðlilegt að ráðuneyti sveitarstjórnarmála, þar á meðal félagsþjónustu sveitarfélaga, fari með yfirumsjón með slíkum móttökum. Þar undir falla einnig húsnæðismál og vinnumál en mikil áhersla er á þessa málaflokka í tengslum við móttöku flóttamannahópa. Yrði því málum skipað með sama hætti og áður í sambandi við flóttamannahópa og dómsmálaráðherra færi áfram með málefni hælisleitenda.

Um 2. gr.

Markmið frumvarps þessa er að stuðla að því að íslensk stjórnvöld taki á móti hópum flóttamanna þegar aðstæður í heimaríki þeirra krefjast þess. Er um leið verið að undirstrika alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins til að taka þátt í samvinnu þjóða á milli um að veita flóttamönnum vernd. Íslensk stjórnvöld tóku fyrst á móti flóttafólki árið 1956 er 52 manna hópur kom hingað til lands frá Ungverjalandi. Þremur árum síðar kom til Íslands 32 manna hópur frá Júgóslavíu en árið 1979 kom fyrsti hópurinn frá Víetnam. Síðan hafa tveir hópar komið hingað til lands frá Víetnam á árunum 1990–91. Árið 1982 tóku íslensk stjórnvöld á móti 26 manna hópi frá Póllandi. Frá árinu 1996 hafa stjórnvöld tekið árlega á móti hópum flóttamanna frá ríkjum fyrrum Júgóslavíu. Er ljóst að móttaka flóttamannahópa á sér langa sögu á Íslandi og þykir því tímabært að lögbinda það markmið að stjórnvöld taki á móti flóttamannahópum með viðhlítandi hætti þegar aðstæður krefjast þess. Með því orðalagi er átt við að flóttamannahópurinn fái nauðsynlega aðstoð í tiltekinn tíma til að auðvelda fólkinu að aðlagast nýjum lifnaðarháttum. Ástæðan er einkum sú að jafnan er um að ræða einstaklinga sem hafa verið lengi á flótta og dvalist í flóttamannabúðum við erfiðar aðstæður.

Um 3. gr.

Ákvæðið fjallar um skipun Flóttamannaráðs Íslands og eru ekki lagðar til breytingar á henni. Flóttamannaráð yrði áfram skipað af félagsmálaráðherra að fengnum tilnefningum frá þeim fjórum ráðuneytum sem koma að framkvæmd verkefnanna. Félagsmálaráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar. Hefur þessi skipun ráðsins reynst vel og leitt til mjög góðrar samvinnu þeirra ráðuneyta sem um er að ræða.

Þá er lagt til að Rauði kross Íslands eigi áfram áheyrnarfulltrúa í Flóttamannaráði. Þykir þetta nauðsynlegt þar sem Rauði krossinn hefur gegnt mikilvægu hlutverki í skipulagningu og framkvæmd móttöku flóttamannahópa. Enn fremur telst þýðingarmikið að fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga hafi áheyrnarfulltrúa í ráðinu í ljósi lykilhlutverks sveitarfélaga í móttöku flóttamannahópa til landsins.

Um 4. gr.

Orðalag ákvæðisins er efnislega samhljóða samþykkt ríkisstjórnar Íslands um skipun Flóttamannaráðs. Í þessu felst að Flóttamannaráð hefur yfirumsjón með móttöku flóttamannahópa. Ráðið leggur til við félagsmálaráðherra að stjórnvöld taki á móti flóttamannahópum en ráðherra leggur tillögu ráðsins formlega fyrir ríkisstjórnina. Samþykki ríkisstjórnin að standa að móttöku flóttamannahóps óskar Flóttamannaráð eftir samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Stofnunin gerir tillögu um frá hvaða ríki eða svæði flóttamennirnir skuli vera og sendir ráðinu forvalslista yfir þá einstaklinga og fjölskyldur sem þurfa brýnast á aðstoð að halda. Listarnir eru síðan jafnan sendir Útlendingaeftirlitinu til skoðunar. Venja hefur verið að sérstök sendinefnd, skipuð fulltrúum Rauða kross Íslands og Flóttamannaráðs, hefur verið send á vettvang í þeim tilgangi að taka viðtal við fólkið, kynna land og þjóð og taka endanlega ákvörðun um hverjir koma til landsins. Þegar ákvörðun er tekin um samsetningu hópsins er fyrst og fremst tekið tillit til ástands fólksins og aðstæðna þess þar sem það dvelst er viðtölin eru tekin. Einnig er þó litið til aðstæðna allra í móttökusveitarfélagi. Oft getur verið tímafrekt að ganga frá pappírum þessa fólks og geta því liðið allt að tveir mánuðir þangað til hópurinn getur haldið af stað til nýrra heimkynna sinna. Hefst þá móttakan formlega hjá viðkomandi sveitarfélagi og stendur yfir í tiltekinn tíma. Er Flóttamannaráð á þeim tíma sveitarfélaginu innan handar við framkvæmd verkefnisins ásamt Rauða krossi Íslands.

Jafnframt er lagt til að Flóttamannaráð verði stjórnvöldum til ráðgjafar um aðbúnað og þjónustu við erlenda ríkisborgara sem hafa lögheimili á Íslandi. Ástæða þessa er sú að Flóttamannaráð er skipað fulltrúum þeirra ráðuneyta sem koma með einhverjum hætti að aðbúnaði og þjónustu við erlenda ríkisborgara sem hafa ákveðið að setjast hér að til lengri eða skemmri tíma, svo sem vinnumálum, menntamálum, heilbrigðismálum, tryggingamálum og félagsþjónustu.

Flóttamannaráð Íslands hefur gert félagsmálaráðherra árlega grein fyrir störfum sínum og er gert ráð fyrir að svo verði áfram.

Um 5. gr.

Lagt er til að Flóttamannaráð geri sérstakan þjónustusamning við Rauða kross Íslands um þátttöku hans í skipulagningu á móttöku flóttamannahópa og aðstoð í framkvæmd. Ekki er mælt frekar fyrir um hvað felist í samningnum né til hversu langs tíma hann skuli gilda. Gerður hefur verið þjónustusamningur til fimm ára í senn og síðan sérstök kostnaðaráætlun fyrir hvert verkefni fyrir sig.

Hlutverk Rauða krossins er meðal annars að vera fulltrúi og talsmaður flóttamannahópa gagnvart almenningi og stjórnvöldum. Jafnframt felur hlutverk hans í sér að veita einstaklingum liðveislu sem á þurfa að halda, t.d. að aðstoða viðkomandi við að fá læknisþjónustu sem ekki er unnt að veita í móttökusveitarfélaginu. Einnig hefur Rauði krossinn séð um skipulagningu sálrænnar aðstoðar fyrir flóttafólkið í samráði við viðkomandi sveitarfélag.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er nánar skýrt til hvaða atriða horft er þegar ákvörðun er tekin um hvaða sveitarfélag gengið skuli til samninga við. Undirbúningsferlið hefst á því að Flóttamannaráð auglýsir eftir sveitarfélögum sem hafa hug á að taka á móti flóttamannahópum. Sveitarfélögin gegna mikilvægu hlutverki í móttöku stjórnvalda á flóttamannahópum en hlutverk þeirra er fyrst og fremst að sjá til þess að flóttafólkið njóti þeirrar þjónustu sem aðrir íbúar sveitarfélagsins njóta. Einnig er lögð áhersla á að sveitarfélagið sjái um skipulagningu á íslenskukennslu fyrir fólkið, fullorðna sem og börn, auk þess að sjá um námskeið fyrir stuðningsfjölskyldur ásamt Rauða krossi Íslands.

Mikilvægt er að sveitarfélagið sé vel í stakk búið að taka á móti flóttamannahópum og er meðal annars litið til stöðu heilbrigðisþjónustu á staðnum, framboðs á húsnæði og til skólamála. Mikil áhersla er á að félagsþjónustan sé öflug á staðnum og jafnframt að atvinnuástand sé gott. Hið síðastnefnda er sérstaklega mikilvægt í þeim tilgangi að fólkið geti á nýjan leik lifað sem eðlilegustu lífi en flestir hafa jafnan dvalið lengi í flóttamannabúðum áður en þeir koma til landsins.

Við samningsgerðina skal taka tillit til þeirrar þjónustu sem ætla má að einstaklingar úr flóttamannahópnum þarfnist en venjulega lýkur samningsgerðinni ekki fyrr en við komu hópsins til landsins. Þá er orðið ljóst hvernig hópurinn er samansettur og því auðveldara að sjá hvar áherslurnar munu liggja. Sama á við um gerð kostnaðaráætlunar en hún skal vera fylgiskjal með samningnum. Kostnaður við móttökuverkefni greiðist úr ríkissjóði eins og verið hefur.

Um 7. gr.

Venja hefur verið að sérstakur starfshópur starfi í tengslum við móttöku flóttamannahópa. Hlutverk hans hefur reynst mikilvægt og því er lagt til að sami háttur verði hafður á áfram. Rauði kross Íslands og móttökusveitarfélagið sjá um að skipa starfshópinn en hann hefur um-

sjón með að verkefnið gangi vel fyrir sig í sveitarfélaginu. Skal hópurinn jafnframt vera sveitarfélaginu innan handar við að leysa vandamál sem geta komið upp á meðan verkefnið stendur yfir. Rauði krossinn gegnir hér mikilvægu hlutverki við að miðla þekkingu milli verkefna þannig að reynsla af fyrri verkefnum nýtist við framkvæmd þess næsta. Einnig leiðir þetta til að samræmingar er gætt milli verkefna sem er mjög nauðsynlegt.

Lagt er til að starfshópurinn sendi Flóttamannaráði fundargerðir sínar eftir hvern fund svo ráðið eigi auðveldara að fylgjast með gangi mála og geti gripið inn í ef þurfa þykir.

Um 8. gr.

Lagt er til að sérhvert móttökuverkefni standi yfir í tiltekinn tíma frá komu flóttamannahóps til landsins. Frá árinu 1996 hefur eitt ár þótt hæfilegur tími til að aðstoða fólkið við að lifa aftur sem eðlilegustu lífi utan flóttamannabúða en flestir þeirra flóttamanna sem koma í svona skipulögðum hópum hafa dvalið einhvern tíma í flóttamannabúðum. Hafa flestir náð að aðlagast nýjum lifnaðarháttum á þeim tíma og eru tilbúnir að standa á eigin fótum. Engu að síður er lagt til að ekki verði bundið í lög í hversu langan tíma hvert verkefni eigi að standa yfir þar sem það þarf að meta eftir aðstæðum hverju sinni. Hugsanlegt væri að stjórnvöld vildu taka á móti fleiri hópum ef ástand í viðkomandi ríki kallaði á það og sýnt væri að skemmri tími en eitt ár væri nægjanlegur fólki þaðan til að spjara sig á eigin spýtur. Eins væri mögulegt að annar hópur þyrfti aðeins lengri tíma til að fóta sig við nýjar aðstæður.

Við samningu frumvarps þessa þótti ekki ráðlegt að mæla nákvæmlega fyrir um í lögum hvernig aðstoð við flóttafólkið skuli vera háttað. Ástæðan er sú að skipulag hennar hefur tekið breytingum eftir því sem reynslan hefur orðið meiri og því eðlilegra að kveða nánar á um nákvæmt fyrirkomulag hennar í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur að fenginni tillögu frá Flóttamannaráði. Engu að síður þótti nauðsynlegt að telja upp í ákvæðinu hvers konar aðstoð sé um að ræða án þess að útfæra framkvæmd hennar nánar.

Um 9. gr.

Kæra vegna ágreiningsefna um framkvæmd móttökuverkefnis skal berast skriflega til félagsmálaráðuneytis. Með þessari kæruheimild er átt við að ákvarðanir Flóttamannaráðs um einstök framkvæmdaatriði í hverju verkefni verði kæranlegar til ráðuneytisins. Er þar með gert ráð fyrir að komi upp vafaatriði í framkvæmdinni leysi Flóttamannaráð fyrst úr ágreiningnum milli aðila enda fer ráðið með yfirumsjón verkefnanna. Fallist aðilar ekki á úrlausn málsins hjá ráðinu hafa þeir tækifæri á að bera málið undir ráðuneytið.

Um 10. gr.

Lagt er til að lög þessi öðlist þegar gildi.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að núverandi Flóttamannaráð Íslands haldi skipun sinni og að nýtt ráð verði skipað að loknum skipunartíma þess í nóvember 2003. Mun það engu að síður starfa samkvæmt ákvæðum laga þessara enda er einungis verið að festa í sessi það fyrirkomulag sem hefur verið viðhaft.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um móttöku flóttamanna og aðstoð við þá.

Frumvarpi þessu er ætlað að festa í sessi þá skipan á móttöku flóttamannahópa sem komin er í framkvæmd með samþykktum ríkisstjórnar. Frumvarpið gerir ráð fyrir að félagsmálaráðherra skipi Flóttamannaráð Íslands eins og verið hefur og leggi ráðinu til starfsmann. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að Flóttamannaráð geri þjónustusamning við Rauða kross Íslands og einstök sveitarfélög um móttöku og undirbúning flóttamannahópa en kostnaður við framkvæmd þeirra samninga greiðist úr ríkissjóði. Stærð flóttamannahópa og umfang þjónustusamninga um móttöku þeirra ræðst af framlagi í fjárlögum hverju sinni. Á árunum 1996–2000 hafa sjö sveitarfélög tekið á móti flóttamannahópum og heildargreiðslur til þeirra hafa numið rúmlega 150 m.kr. en greiðslur til Rauða kross Íslands hafa numið tæplega 80 m.kr. Auk þessa hafa útgjöld Flóttamannaráðs numið 10 m.kr. á sama tíma.

Gera má ráð fyrir að kostnaður Flóttamannaráðs verði um 2,5 m.kr. á ári verði frumvarpið að lögum en á síðustu tveimur árum hefur kostnaður þess verið nokkuð hærri vegna umfangsmikilla verkefna.

932. Frumvarp til laga [589. mál]

um breytingu á lögum nr. 93/1997, um Suðurlandsskóga.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Tilgangur laga þessara er að stuðla að ræktun fjölnytjaskóga og skjólbelta í Gullbringusýslu, Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Vestur-Skaftafellssýslu og Austur-Skaftafellssýslu og umhirðu þess skóglendis sem þar er fyrir og treysta með því byggð og fjárfesta í nýrri auðlind sem efla mun atvinnulíf í framtíðinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hingað til hafa engin lög fjallað um skógrækt í Austur-Skaftafellssýslu og Gullbringusýslu. Lagt er til með lagabreytingunni að Austur-Skaftafellssýslu og Gullbringusýslu verði bætt inn í verkefni Suðurlandsskóga.

Rétt þykir að gera nokkuð ítarlega grein fyrir þeirri lagabreytingu sem hér er gerð tillaga um, þar sem almennur áhugi á skógrækt hefur mikið verið til umræðu í þjóðfélaginu og málaflokkurinn hlotið veglegt brautargengi af hálfu Alþingis.

Upphaf nytjaskógræktar á Íslandi má rekja til ársins 1969 er Alþingi samþykkti að veita fjármagn til svokallaðrar Fljótsdalsáætlunar og voru fyrstu plönturnar gróðursettar 1970. Þar með var grunnur lagður að ræktun timburskóga í eigu einstaklinga með það að markmiði að skógurinn yrði ný auðlind bænda sem skilaði arði.

Árið 1991 samþykkti svo Alþingi lög um Héraðsskóga sem eru í reynd fyrsta landshlutabundna verkefnið. Hinn mikli jákvæði árangur af því verkefni leiddi til þess að sett voru lög um Suðurlandsskóga, nr. 93/1997. Í þeim er kveðið á um að vettvangur Suðurlandsskóga sé Suðurlandskjördæmi, nánar tiltekið Árnessýsla, Rangárvallasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla.

Með samþykkt laga um Suðurlandsskóga var ljóst að áfram yrði knúið á frá öðrum landshlutum um stofnun sjálfstæðra verkefna og í stað þess að sérlög giltu um hvert og eitt þeirra varð niðurstaðan sú að samþykkja ein lög, nr. 56/1999, um landshlutabundin skógræktarverkefni. Þar er kveðið á um heimild ráðherra til að stofna til sérstakra sjálfstæðra landshlutaverkefna í skógrækt að fengnum tillögum Skógræktar ríkisins. Í lögunum er kveðið á um að verkefnin fái framlög til skógræktar á tilteknu landsvæði. Í framhaldi af þessum lögum voru stofnuð þrjú verkefni, Vesturlandsskógar, Skjólskógar á Vestfjörðum og Norðurlandsskógar, sem ná til austurs að sýslumörkum Norður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu. Þar með má segja að landshlutabundin skógrækt næði til alls landsins nema Austfjarðakjördæmis, að undanskildu starfssvæði Héraðsskóga, og Gullbringusýslu. Að vilja íbúa á Austurlandi hefur landbúnaðarráðherra samkvæmt lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni gert samning við Héraðsskóga þess efnis að Múlasýslur falli undir Héraðsskóga þannig að verkefni þeirra nær nú yfir Austurland, þ.e. Múlasýslurnar tvær.

Á sama tíma hafa komið fram óskir um að Austur-Skaftafellssýsla og Gullbringusýsla falli undir starfssvæði Suðurlandsskóga og samræmist það nýrri kjördæmaskipan. Til að svo megi verða þarf að breyta lögum um Suðurlandsskóga í þá veru sem hér er lagt til.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 93/1997, um Suðurlandsskóga.

Tilgangur frumvarpsins er að víkka út það svæði sem fellur undir Suðurlandsskóga, en eftir breytingarnar stækkar svæðið sem nemur Austur-Skaftafellssýslu og Gullbringusýslu. Í fjárlögum 2001 var gert ráð fyrir 69,2 m.kr. vegna verkefnisins.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

933. Frumvarp til laga [590. mál]

um skylduskil til safna.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Tilgangur.

Tilgangur þeirrar skilaskyldu sem á er lögð í lögum þessum er að tryggja:

1. að unnt sé að varðveita til frambúðar þann íslenska menningararf sem skilaskylda nær til samkvæmt lögum þessum;
2. að unnt sé að gera og gefa út tæmandi skrár um þetta efni eða tiltekinn hluta þess;
3. að efnið geti verið tiltækt til nota vegna rannsókna og fræðiiðkana eða annarra réttmætra þarfa.

2. gr.
Varðveislusöfn.

Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, Amtsbókasafninu á Akureyri og Kvikmyndasafni Íslands er gert að varðveita skyldueintök og fara með þau í samræmi við tilgang þessara laga skv. 1. gr.

II. KAFLI
Skilaskyld verk.

3. gr.
Skilaskylda.

Af verkum sem gefin eru út eða birt hér á landi skal afhenda eintök til skylduskila samkvæmt því sem kveðið er á um í 4.–11. gr.

Verk telst birt í skilningi laga þessara þegar eintök af því hafa verið löglega gefin út eða þegar það er með réttri heimild gert aðgengilegt almenningi með öðrum hætti, svo sem ef það er flutt eða sýnt opinberlega eða er aðgengilegt almenningi á rafrænu formi um tölvunet.

Verk telst birt hér á landi þótt það sé framleitt erlendis ef það er sérstaklega ætlað til dreifingar hér á landi.

4. gr.
Verk sem gefin eru út á pappír.

Af verkum sem gefin eru út á pappír skal afhenda fjögur eintök.

Séu verk framleidd hér á landi hvílir skilaskyldan á framleiðsluaðila, þ.e. þeim sem skilar frá sér fullbúnu verki, prentsmiðju, fjölföldunarstofu eða bókbandsstofu. Sé ekki ljóst hver sá aðili er eða skil bregðast hjá honum getur móttökusafn farið fram á að útgefandi eða sá sem sér um dreifingu verkanna inni skilaskylduna af hendi.

Þegar um er að ræða verk sem framleitt er erlendis hvílir skilaskyldan á útgefanda þess.

Landsbókasafn veitir viðtöku verkum samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn skal varðveita þrjú eintök en Amtsbókasafnið eitt eintak.

Séu afbrigði í texta, myndefni, pappír eða öðrum frágangi sama upplags af útgefnu verki skal að auki afhenda eitt eintak af hverju afbrigði. Tölusetning eintaka er þó undanþegin þessu ákvæði. Landsbókasafn varðveitir þau eintök sem hér um ræðir.

Nýjar útgáfur af verkum eru einnig háðar skilaskyldu, enn fremur endurprentanir.

5. gr.

Örgögn og skyggnur.

Af verkum sem gefin eru út sem örgögn, á skyggnum eða á samsvarandi miðlum skal afhenda þrjú eintök og hvílir skilaskylda á útgefanda.

Landsbókasafn veitir viðtöku efni samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn varðveitir tvö eintök en Amtsbókasafnið eitt.

6. gr.

Hljóðrit.

Af útgefnum hljóðritum, þ.e. hvers konar tal- og tónupptökum, þ.m.t. hljóðbókum, skal afhenda þrjú eintök og hvílir skilaskylda á útgefanda.

Landsbókasafn veitir hljóðritunum viðtöku og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn varðveitir tvö eintök en Amtsbókasafnið eitt.

7. gr.

Verk útgefin á rafrænu formi.

Af verkum sem gefin eru út á geisladiski, disklingi eða sambærilegu formi skal afhenda þrjú eintök og hvílir skilaskylda á útgefanda.

Skylda til afhendingar skv. 1. mgr. nær ekki til tölvuforrita nema forritið sé birt ásamt verki af annarri tegund sem skilaskylda nær til.

Landsbókasafn veitir viðtöku efni samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn varðveitir tvö eintök en Amtsbókasafnið eitt.

8. gr.

Verk á rafrænu formi á almennu tölvuneti.

Sá sem birtir verk á rafrænu formi á almennu tölvuneti skal veita móttökusafni aðgang að verkinu. Hann skal láta safninu í té aðgangsorð og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að stofnunin fái aðgang að verkinu. Afhendingarskyldu telst fullnægt sé móttökusafni gert kleift að taka til sín eintak af verkinu.

Skylda til afhendingar skv. 1. mgr. nær ekki til tölvuforrita nema forritið sé birt ásamt verki af annarri tegund sem skilaskylda nær til.

Landsbókasafn skal varðveita verk sem birtast á rafrænu formi á neti. Safnið setur nánari reglur um afhendingu þessara gagna.

9. gr.

Samsettar útgáfur.

Af samsettum útgáfum, svo sem prentuðu efni, skyggnum, myndböndum, hljóðritum, geisladiskum, tölvudisklingum o.fl., skal afhenda fjögur eintök. Gildir einu hvort hið afhendingarskylda birtist á tvenns konar miðlum eða fleiri tegundum miðla.

Skilaskylda hvílir á útgefanda.

Landsbókasafn veitir viðtöku verkum samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn varðveitir þrjú eintök en Amtsbókasafnið eitt.

10. gr.

Útvarpsefni.

Útsendar dagskrár Ríkisútvarpsins – hljóðvarps og sjónvarps – skal afhenda í einu eintaki. Aðrar íslenskar hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar skulu láta í té eitt eintak af þeim hlutum dagskrár sem móttökusafn kallar eftir.

Skilaskylda útvarpsefnis hvílir á rekstraraðila.

Kvikmyndasafn Íslands skal varðveita dagskrár samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Heimilt er móttökusafni að gera samkomulag við Ríkisútvarpið um að það varðveiti dagskrár þess, bæði hljóðvarps og sjónvarps.

11. gr.

Kvikmyndir.

Af íslenskum kvikmyndum sem gefnar eru út eða sýndar opinberlega skulu afhent tvö eintök. Skal annað eintakið vera frumeintak eða ígildi þess enda virði móttökusafnið aðgangsheimildir allra þeirra er rétt eiga á aðgangi að frumeintakinu. Hitt filmueintakið má vera notað sýningareintak. Ef kvikmynd er birt á fleiri en einu formi, til dæmis bæði á filmu og myndbandi, skal afhenda tvö eintök af hvorri/hverri gerð.

Af íslenskum kvikmyndum sem gefnar eru út á myndböndum, mynddiskum eða á öðru sambærilegu formi skal til viðbótar afhenda eitt sýningareintak.

Af erlendum kvikmyndum með íslenskum texta eða íslensku tali sem sýndar eru í kvikmyndahúsum skal afhenda eitt sýningareintak. Móttökusafni skal heimilt að varðveita einungis úrval þeirra mynda sem eru afhendingarskyldar samkvæmt þessari málsgrein.

Af erlendum kvikmyndum sem eru með íslenskum texta eða íslensku tali og dreift er til almennings á myndböndum, mynddiskum eða á öðru formi skal afhenda tvö ónotuð eintök.

Kynningarefni tengt kvikmyndum, svo sem veggspjöld, annað álíka prentefni og ljósmyndir, skal afhent í tveimur eintökum.

Sé kvikmynd tekin á filmu afhendir framleiðandi móttökusafni skriflega aðgangsheimild að frumeintaki kvikmyndarinnar innan mánaðar frá frumsýningu myndarinnar. Aðgangsheimild þessi heimilar móttökusafni að gera sýningareintök af myndinni á eigin kostnað og taka hana í sína vörslu að sjö árum liðnum eða fyrr í samráði við framleiðanda og aðra þá sem eiga aðgang að frumeintakinu.

Skilaskylda íslenskrar kvikmyndar hvílir á framleiðanda hennar. Skilaskylda erlendrar kvikmyndar hvílir á dreifingaraðila hér á landi.

Kvikmyndasafn Íslands varðveitir efni samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum þess samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, sbr. þó 9. mgr. Þó skal eintak íslenskra kvikmynda sem kveðið er á um í 2. mgr. varðveitt í Landsbókasafni. Kvikmyndasafn Íslands varðveitir það kynningarefni sem um getur í 5. mgr.

Frumeintak af íslenskum kvikmyndum sem framleiddar eru á filmu skal afhent innan sjö ára frá frumsýningardegi. Ef frumeintak kvikmyndar er enn í notkun að sjö árum liðnum er heimilt að varðveita frumeintak kvikmyndarinnar í framköllunarfyrirtæki í samráði við móttökusafn. Framleiðanda ber skylda til að láta móttökusafn vita um allar breytingar á vistun

myndarinnar. Sýningareintak af slíkum myndum skal afhenda innan tveggja ára frá frumsýningardegi. Móttökusafni skal einnig heimilt að láta gera nýtt sýningareintak á eigin kostnað.

Íslenskar kvikmyndir sem framleiddar eru á myndbandi eða á formi sem ekki krefst þess að þjónusta sé sótt til útlanda vegna framköllunar skulu afhentar innan árs frá frumsýningu eða útgáfu.

Sé íslensk kvikmynd samframleiðsla með erlendum aðila getur hinn íslenski framleiðandi mælt fyrir um að í stað afhendingar til Kvikmyndasafns Íslands verði frumeintak varðveitt á erlendu kvikmyndasafni sem á aðild að alþjóðasamtökum kvikmyndasafna, FIAF. Í slíku tilviki skal framleiðandi tilkynna Kvikmyndasafni Íslands hvaða erlent safn varðveitir frumeintakið.

III. KAFLI
Framkvæmd skylduskila.

12. gr.
Frágangur efnis.

Skilaskyld verk skal afhenda í endanlegri gerð og á því formi sem þau birtast notendum. Skyldueintök skulu vera heil og gallalaus. Með verkunum skal afhent það efni sem er framleitt til þess að fylgja þeim við dreifingu.

Móttökusafni er heimilt að semja við skilaskyldan aðila um sérstakan frágang á efni ef þurfa þykir.

13. gr.
Innsiglun.

Það efni sem er trúnaðar- eða einkamál og aðeins birt til mjög takmarkaðra afnota getur útgefandi ákveðið að móttökusafn geymi innsiglað tiltekinn tíma og er safni skylt að heita því með skriflegri yfirlýsingu ef óskað er. Sá tími sem efni er þannig innsiglað að ósk útgefanda má ekki fara fram úr gildistíma höfundaréttar. Útgefandi getur ákveðið að þann tíma sem prentað eða fjölfaldað efni er innsiglað séu öll skyldueintök varðveitt í Landsbókasafni. Af efni sem opinber yfirvöld gera upptækt skulu lögregluyfirvöld tryggja skil eintaka og kveða á um innsiglun þeirra.

14. gr.
Tæknilegar upplýsingar.

Skilaskyldum aðila ber að verða við óskum móttökusafns um að láta í té þær tæknilegu upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að verkið komi að notum. Hinn skilaskyldi getur farið fram á að þessar tæknilegu upplýsingar verði ekki látnar óviðkomandi í té.

15. gr.
Meðferð verka.

Skilaskyld verk eru aðgengileg notendum að því marki sem höfundalög heimila.

16. gr.
Skráning.

Safn skal gera skrár um þau verk sem það varðveitir samkvæmt lögum þessum. Nánar skal mælt fyrir um skráninguna í reglugerð. Útgefanda er skylt að verða við ósk móttökusafns um að veita þær upplýsingar um útgefið verk sem eru nauðsynlegar vegna skráningarinnar.

17. gr.

Kostnaður af skylduskilum.

Skilaskyldur aðili ber kostnað af skylduskilum. Þó ber útgefandi kostnað af skilum verka skv. 4. gr.

Setja má í reglugerð heimildarákvæði um að móttökusafn greiði í vissum tilvikum fyrir skilaskyld verk og afhendingu þeirra.

18. gr.

Lok reksturs hjá skilaskyldum aðila.

Falli skilaskyldur aðili frá eða verði bú hans tekið til gjaldþrotaskipta tekur dánar- eða þrotabúið við skyldum hans samkvæmt lögum þessum.

19. gr.

Undanþágur.

Undanþeginn skylduskilum er prentaður gjaldmiðill, svo sem bankaseðlar, verðbréf og frímerki.

Í reglugerð er heimilt að mæla fyrir um frekari undanþágur frá skylduskilum.

20. gr.

Nánari ákvæði.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um framkvæmd skilaskyldu, svo sem um skilagrein er fylgja skuli efninu, hámarksfrest á skilum og þess háttar.

IV. KAFLI
Viðurlög.

21. gr.

Nú afhendir skilaskyldur aðili ekki verk innan þess frests sem ákveðinn er í lögum þessum eða reglugerð og getur þá móttökusafnið að undangenginni aðvörun lagt á hann dagsektir. Kröfu um dagsektir má innheimta með aðför.

V. KAFLI
Gildistaka.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra falla úr gildi lög nr. 43/1977, um skylduskil til safna. Jafnframt fellur úr gildi ákvæði 3. mgr. 3. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum menntamálaráðuneytisins. Var það lagt fram á 125. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Fyrir framlagningu nú hefur það verið endurskoðað í ljósi athugasemda sem menntamálanefnd bárust og nokkrar breytingar gerðar á því. Í hinni endurskoðuðu gerð er ekki gert ráð fyrir að tölvuforrit falli undir skylduskilin nema forritið sé birt ásamt annarri tegund sem skilaskylda nær til. Að öðru leyti eru ákvæði um skil rafrænna gagna, þ.m.t. á neti, óbreytt. Þá hefur frumvarpinu verið breytt þannig að rýmkaður er aðgangur framleiðenda íslenskra kvikmynda að frumeintaki myndar og tekið fram að annað skilaskyldueintakið geti verið notað sýningareintak. Einnig er lagt til að heimilað verði

að varðveita frumeintakið í erlendu framköllunarfyrirtæki í samráði við móttökusafnið ef eintakið er enn í notkun að sjö árum liðnum.

1. ágúst 1997 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að endurskoða gildandi lagaákvæði um skylduskil til safna. Var nefndinni falið að semja drög að frumvarpi til nýrra laga um þetta efni, ásamt greinargerð. Tillögur nefndarinnar áttu m.a. að taka til eftirtalinna atriða:

a. Hvaða efni skuli lúta skilaskyldu og á hverjum skyldan skuli hvíla. Í því sambandi átti sérstaklega að hafa hliðsjón af þróun sem orðið hefur frá því að núgildandi lög voru sett, að því er varðar framleiðslutækni, formbúning gagna og dreifingarhætti.
b. Hvaða stofnanir skuli vera móttöku- og varðveislustöðvar skilaskylds efnis og einstakra efnistegunda.
c. Hversu umfangsmikil skylduskilin skuli vera að því er varðar eintakafjölda.
d. Hvaða reglur skuli gilda um varðveislu og afnot skilaskylds efnis, m.a. í ljósi höfundalaga, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

Nefndinni var ætlað að kanna hvernig þessum málum væri nú skipað í nágrannalöndum Íslands, í meginatriðum, og gera grein fyrir því í skýrslu sinni. Loks var henni falið að meta og gera grein fyrir kostnaði af þeirri tilhögun sem hún gerir tillögu um.

Í nefndinni áttu sæti: Einar Sigurðsson landsbókavörður, formaður nefndarinnar, Böðvar Bjarki Pétursson, forstöðumaður Kvikmyndasafns Íslands, Erla S. Árnadóttir hæstaréttarlögmaður og Þóra Óskarsdóttir bókasafnsfræðingur.

Tilgangur laga um skylduskil.

Tilgangur lagaákvæða um skylduskil er að tryggja að sá hluti þjóðararfsins og menningar okkar sem lögin ná til varðveitist fyrir komandi kynslóðir, verði skráður og sé aðgengilegur til rannsókna og skoðunar.

Söguleg þróun.

Fyrstu lög um skylduskil til íslenskra safna voru sett 1886. Samkvæmt þeim voru Landsbókasafni látin í té tvö eintök prentaðs efnis, en amtsbókasöfnin á Akureyri og í Stykkishólmi fengu eitt eintak hvort. Auk þess voru Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn afhent tvö eintök og háskólabókasafninu þar eitt eintak. Skilaskyldan nam því alls sjö eintökum.

Fyrir þennan tíma eða allt frá árinu 1662 hafði íslenskum prentsmiðjum verið gert skylt að senda Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn og síðar einnig bókasafni Hafnarháskóla eintök af öllu því sem prentað var hér á landi.

Árið 1909 bættust Amtsbókasafnið á Seyðisfirði og Bókasafn Ísafjarðar í hóp prentskilasafna, 1928 Amtsbókasafnið í Færeyjum og 1939 háskólabókasafnið í Winnipeg. Árið 1941 samþykkti Alþingi að hið nýstofnaða Háskólabókasafn fengi framvegis eitt eintak af öllu því efni sem Landsbókasafni bæri að fá tvö eintök af. Hafði þá Háskólabókasafnið í Kaupmannahöfn helst úr lestinni. Samtals voru prentskilaeintökin ellefu þegar hér var komið.

Samkvæmt lögum um skylduskil frá 1949 var prentsmiðjum landsins gert að láta Landsbókasafni í té fjögur eintök af smáprenti, átta eintök af blöðum sem koma út einu sinni í viku eða oftar og tólf eintök af öllu öðru prentmáli. Skyldi Landsbókasafn varðveita tvö eintök, eitt var lagt til Háskólabókasafns og eitt til bókasafns Norðurlands á Akureyri. Öðrum skyldueintökum skyldi Landsbókasafn ráðstafa til bókasafna og vísindastofnana. Nánari skipting þeirra var ákveðin þannig í reglugerð að bókasöfnin í Stykkishólmi, á Ísafirði og á Seyðisfirði skyldu hafa rétt til að velja úr þeim ritum sem væru ein örk eða stærri og úr tímaritum sem kæmu út mánaðarlega eða sjaldnar. Því sem afgangs yrði skyldi úthlutað til er-

lendra bókasafna og vísindastofnana og ættu þjóðbókasöfn Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar að sitja í fyrirrúmi, en vestan hafs háskólabókasafnið í Winnipeg.

Þegar kom til þess að setja ný lög um skylduskil, í stað laganna frá 1949, fól menntamálaráðuneytið Finnboga Guðmundssyni landsbókaverði, Ólafi Pálmasyni, deildarstjóra í Landsbókasafni, og Knúti Hallssyni skrifstofustjóra að semja frumvarp um efnið, og var það lagt fram á vorþinginu 1974 en dagaði uppi bæði þá og á næstu þingum, var loks samþykkt nokkuð breytt vorið 1977. Skyldueintökum var þá fækkað í fjögur en þau voru áður í sumum tilvikum tólf eins og áður segir. Heimilt skyldi þó landsbókaverði að óska afhendingar á allt að tíu eintökum af ríkisstyrktum ritum. Í reynd hefur þessu ákvæði ekki verið fylgt eftir nema að hluta til.

Af eintökunum fjórum skyldi Landsbókasafn varðveita tvö eintök, annað sem varaeintak en Amtsbókasafnið á Akureyri og Háskólabókasafnið sitt hvort, og hefur síðarnefnda safnið að vissu marki haft rétt til að lána ritin út.

Nýmæli í lögunum frá 1977 er að afhenda skuli þrjú eintök af hljómplötum og öðrum útgefnum tón- og talupptökum. Landsbókasafnið skal varðveita tvö eintök en Amtsbókasafnið á Akureyri eitt.

Alþjóðlegar viðmiðanir.

Það er hlutverk þjóðbókasafna að safna skráðri menningarsögu þjóðar sinnar. Þjóðbókasafnið ber ábyrgð á því að efnið sé vel skipulagt og ávallt til reiðu til rannsókna og skoðunar. Flest þjóðbókasöfn hafa byggt upp innlendan safnkost með skylduskilum. Skylduskil í flestum löndum hafa lengst af takmarkast við prentuð verk vegna þeirrar aldagömlu hefðar að öll útgáfa hefur birst prentuð á pappír. Á undanförnum áratugum hefur önnur tækni rutt sér til rúms, og útgáfa á nýjum miðlum fer vaxandi með ári hverju. Því hafa þjóðir hver af annarri endurskoðað lög sín um skylduskil í því skyni að þau taki til þessara nýju útgáfumiðla.

Árið 1981 gaf UNESCO út í samvinnu við IFLA (International Federation of Library Associations and Institutions) tillögur að lögum um skylduskil (*Guidelines for Legal Deposit,* Jean Lunn, UNESCO 1981). Þar er mælt með því að hafa lögin rammalög svo að þau geti átt við sem flesta útgáfumiðla sem kynnu að verða til í framtíðinni en láta lögunum fylgja nánari ákvæði í reglugerð vegna þess að auðveldara er að breyta reglugerð en lögum. Áhersla er lögð á að tilgangur skylduskila sé vel greindur.

Í *Guidelines for Legislation for National Library Services* (Peter Johan Lor, UNESCO 1997) er einnig mælt með því að forðast nákvæmar skilgreiningar, heldur nota frekar almennt orðalag til þess að hægt sé að fella þar undir verk og miðla sem kunna að koma fram síðar.

Í *The Legal Deposit of Electronic Publications* (a Working Group of the Conference of Directors of National Libraries, UNESCO 1997) er mælt með því að lög séu eins víðtæk og mögulegt er. Þar er einnig ráðlagt að taka með frekar en útiloka efni sem einhver vafi leikur á að skuli vera skilaskylt. Varað er við því að gera greinarmun á rafrænum útgáfum í föstu formi og rafrænum útgáfum á neti (e. *off-line* og *on-line*) og mælt með því að taka með bæði útgáfuformin, sérstaklega þar sem horfur eru á hraðri þróun í átt að netútgáfum. Það er svo undir óskum þjóðbókasafnsins komið, svo og tæknilegum forsendum, hversu langt er gengið í innheimtunni, og má eftir atvikum mæla fyrir um slíkt í reglugerð.

Norræn lög um skilaskyldu.

Hinir nýju miðlunarhættir og fjölbreytileiki gagna gerir það að verkum að setning laga um skylduskil til safna er miklu flóknara viðfangsefni nú en áður. Gildir þá einu að kalla hvort hugað er að lagasetningu í litlu samfélagi eða stóru. Nefndin sem að málinu vann reyndi hins

vegar að nýta sem best þá vinnu sem lögð hefur verið í málið með þeim þjóðum sem eru okkur menningarlega skyldastar, og hefur þá eðlilega öðru fremur verið litið til annarra Norðurlandaþjóða. Þær ýmist vinna nú að nýrri lagasetningu eða hafa endurnýjað löggjöf sína um skylduskil á síðustu árum.

Norsk lög um skylduskil tóku gildi 1. júlí 1990. Þau voru á þeim tíma einhver hin róttækustu í heiminum að því er tekur til nýrra miðla. Eigi að síður eru þau nú þegar í endurskoðun. Aðalatriði laganna eru þessi:

Skilaskylda nær til birtra verka, þ.e. verka sem hafa verið gerð aðgengileg almenningi.

Verkum á pappír og skyldum miðlum, örgögnum og ljósmyndum á að skila í sjö eintökum.

Hljóðrit, kvikmyndir, myndbönd, verk á tölvutæku formi og samsett verk á þessum miðlum á að afhenda í tveimur eintökum.

Útvarps- og sjónvarpssendingar á að afhenda í einu eintaki.

Gögn ber að afhenda án þess að greitt sé fyrir þau eða sendingu þeirra. Heimilt er þó móttökusafni að láta greiðslu koma fyrir mjög dýr verk að einhverju eða öllu leyti ef eftir er sótt.

Í reglugerð frá 25. maí 1990 er kveðið á um framkvæmd skylduskila, svo sem form og frágang efnis, upplýsingar er fylgi, skilafrest, móttökustofnanir, í hvaða tilvikum skyldan hvíli á útgefanda, framleiðanda eða innflytjanda, undanþágur o.fl.

Þá mælir reglugerðin fyrir um að móttökustofnun kvikmynda og myndbanda sé Norsk filminstitutt.

Óslóardeild þjóðbókasafnsins er móttökusafn fyrir hljóðrit, annað efni fer til þjóðbókasafnsdeildarinnar í Mo i Rana og deilist þaðan út til annarra móttökustofnana, nema tvö eintök sem haldið er á staðnum. Er annað ætlað til millisafnalána og þess háttar, hitt er varaeintak, varðveitt í traustri neðanjarðargeymslu.

Norsku skylduskilalögin setja eins og áður segir strangari reglur um skil rafrænna gagna en algengt var orðið á þeim tíma sem þau voru sett. Reglugerðarákvæði heimila þó þjóðbókasafninu að taka ákvarðanir um hverju það vill safna af rafrænu efni. Framkvæmdin hefur reynst vandkvæðum bundin, einkum þegar gögnum í föstu formi (svo sem disklingum og CD-ROM) sleppir. Álitamálin varða m.a. skilgreiningu þess sem afhenda skal og hvernig varðveita skuli, m.a. með tilliti til úreldingar á búnaði. Höfundaréttarmál eru líka nálæg, svo og hvernig standa skuli að skráningu. Starfshópur reifaði þennan vanda í skýrslu í desember 1995 (*Rapport fra arbeidsgruppe vedrørende problemer knyttet til pliktavlevering av elektronisk publiserte dokument*, Oslo/Mo i Rana). Þá hefur síðan 1. nóvember 1996 verið unnið að verkefni í Mo i Rana um tilhögun skila á tímaritum á rafrænu formi.

Sænsk lög um skylduskil tóku gildi 1. janúar 1994. Um svipað leyti var gefin út reglugerð þar sem mælt er nánar fyrir um útfærslu laganna.

Gagnstætt því sem er um norsku og dönsku lögin um skylduskil, svo og ráðleggingar UNESCO, eru sænsku lögin mjög ítarleg.

Aðalatriði laganna eru þessi:

Skilaskylda nær til verka sem birt hafa verið almenningi, þ.e. boðin til sölu, leigu, útláns eða á annan hátt dreift opinberlega, eða í fyrirtækjum til stórra lokaðra hópa.

Prentað mál er að jafnaði afhent í sjö eintökum. Móttökustofnanir eru Konunglega bókasafnið og háskólabókasafnið í Lundi sem er eins konar varaþjóðbókasafn, svo og fimm önnur háskólabókasöfn, og er aðgengi að efninu í meginatriðum háð ákvörðun viðkomandi háskóla. Skylduskilaefni sem er varðveitt í Konunglega bókasafninu er ekki heimilt að lána út.

Efni á blindraletri er afhent í tveimur eintökum.

Kvikmyndir, myndbönd og hljóðrit eru afhent í einu eintaki, sömuleiðis dagskrár útvarps og sjónvarps. Móttökusafn er Arkivet för ljud och bild (ALB) sem er sjálfstæð stofnun.

Sænsku skylduskilalögin fela þannig í sér lagafyrirmæli um hvers kyns skilaskylt efni, óháð því hver varðveislustofnunin er.

Í reglugerð nr. 1439 frá 9. desember 1993 er m.a. mælt fyrir um varðveislu skylduskila-eintaka og notkun, svo og um gerð afrita í ALB og útlán þeirra.

Gildandi lög hafa ekki reynst fullnægjandi í öllum atriðum. Þau taka til að mynda aðeins til rafrænna gagna í föstu formi (svo sem disklinga og CD-ROM), en ekki rafrænna gagna á neti.

Svíar hafa stofnað til starfshóps sem vinnur að því að búa til forrit til að slæða upp sænskt efni á vefnum sem vera ætti skilaskylt. Verkefnið gengur undir nafninu Kulturarw[3], og er fylgst af áhuga með framgangi þess bæði annars staðar á Norðurlöndum og víðar.

Í september 1998 kom út skýrsla nefndar sem skipuð var til að endurskoða lögin með tilliti til rafrænna gagna, *E-plikt* (SOU 1998:111). Þar eru m.a. lagðar til eftirfarandi breytingar:

Margmiðlunarverkum í föstu formi (t.d. CD-ROM) skal skilað í átta eintökum. Eitt eintak fer til ALB eins og áður, en bókasöfnunum eru tryggð sjö eintök eins og um prentað efni væri að ræða.

Verk sem birtast á rafrænu formi á neti eiga að afhendast í tveimur eintökum eftir beiðni, en einnig er hægt að afhenda verkin rafrænt um tölvunet. Taka skal tillit til tæknilegra og fjárhagslegra aðstæðna þess afhendingarskylda þegar ákveðið er á hvernig formi verkin eiga að afhendast. Skylda til að veita móttökusafni aðgang að rafrænu efni á neti hvílir á þeim er stofnar til gagnasafns.

Dönsk lög um skilaskyldu tóku gildi 1. janúar 1998. Þau eru mjög stuttorð, ekki síður en þau norsku, en jafnhliða gildistöku þeirra var gefin út reglugerð sem telja verður forsendu þess að hægt sé að starfa eftir lögunum, og er þar m.a. kveðið á um hvaða efni er afhending-arskylt og hvað ekki, hver á að afhenda og hvenær og hvaða stofnanir veita efninu viðtöku og varðveita það.

Aðalatriði laganna eru þessi:

Öll verk sem eru gefin út skal afhenda í tveimur eintökum, óháð þeim miðli sem notaður er við framleiðsluna.

Skilaskylda nær til útgefinna verka, þ.e. verka sem hafa verið sett á markað með samþykki höfundar eða dreift til almennings á annan hátt. Verk er einnig talið útgefið ef það er að-gengilegt í gagnabanka þannig að unnt sé að afrita það þegar notanda hentar. Með útgáfu er enn fremur átt við dreifingu verka til almennings með heimild í 2. kafla höfundalaga, nr. 395/1995.

Rafræn gögn í föstu formi eru skilaskyld (svo sem disklingar og CD-ROM), en rafræn gögn á neti því aðeins að þau birtist sem endanleg afmörkuð heild. Tölvuforrit eru eingöngu skilaskyld þegar þau eru hluti skilaskylds verks. Í tillögu nefndarinnar sem undirbjó drög að frumvarpinu var gert ráð fyrir að allt rafrænt efni yrði skilaskylt, en í reglugerð yrði kveðið á um framkvæmd eftir atvikum. Þetta var einnig skoðun forstöðumanna aðalmóttökusafn-anna. Niðurstaðan varð þó sú sem að ofan greinir. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ekki sé tímabært að kveða á um skilaskyldu gagna sem séu uppfærð reglulega. Áður en ákvæði um slík gögn verði sett í lög þurfi að kanna nánar lagaleg og tæknileg atriði varð-andi söfnun, varðveislu og not þessa efnis.

Um afnot af efni sem afhent er á grundvelli laganna segir að það skuli aðgengilegt not-endum að því marki sem höfundalög heimili. Eintök á rafrænu formi megi þó aðeins vera aðgengileg í húsakynnum safnsins og rafræn eintakagerð sé ekki heimil.

Aðalmóttökusöfn þess efnis sem tilgreint er í lögunum eru Konunglega bókasafnið og Statsbiblioteket í Árósum.

Það var vilji margra, þar á meðal forráðamanna framangreindra safna, að um heildarlöggjöf yrði að ræða sem tæki til alls efnis, hver sem móttökustofnunin væri. Ráðuneytið vildi þó ekki stíga það skref í sambandi við þessa lagasetningu. Þannig gilda áfram ákvæði dönsku kvikmyndalaganna frá 27. febrúar 1997 um afhendingu á kvikmyndum til Filmmuseet (myndbönd eru þó afhent til Statsbiblioteket), og útvarpsefni er áfram afhent samkvæmt frjálsu samkomulagi við Statsbiblioteket. Það er varðveitt þar í þeirri deild safnsins sem nefnist Statens Mediesamling.

Finnsk lög um skylduskil eru frá 1980. Þau mæla fyrir um skil á sex eintökum prentaðs efnis og hljóðrita, en árið 1984 voru sett lög um skil á kvikmyndum og myndböndum til finnska kvikmyndasafnsins.

Endurskoðun gildandi laga hefur verið til umræðu í nokkur ár. Menntamálaráðuneytið hafði lengi vel í hyggju að setja heildarlög sem tækju einnig til kvikmynda og útvarpsefnis. Með því þótti þó of mikið í fang færst, og var horfið að því að hraða frekar endurskoðun núgildandi laga með það að markmiði að tryggja heimtur og varðveislu rafrænna gagna. Ráðuneytið setti því á stofn vinnuhóp í september 1997 til að gera tillögu um lagasetningu er tæki til prentaðra og rafrænna gagna, og skilaði hann áliti ári síðar.

Í tillögum vinnuhópsins er ekki gert ráð fyrir að allar móttökustofnanirnar sex taki við öllu skilaskyldu efni, heldur verði einungis um tvö heildstæð eintök að ræða. Annað þeirra verði í þjóðbókasafninu (háskólabókasafninu í Helsingfors), þ.e. bæði prentað efni og rafrænt. Hitt eintakið fer til bókasafns finnska háskólans í Åbo að því er tekur til prentmáls, en háskólabókasafninu í Jyväskylä er falin ábyrgð á varðveislu rafræns efnis.

Tillaga vinnuhópsins er því að einungis verði afhent tvö eintök af öðru prentuðu efni en bókum og tímaritum sem áfram komi í sex eintökum. Óbreyttar endurútgáfur verða ekki skilaskyldar. Þar sem öll dagblöð eru sett á örfilmu verður einungis um eitt prentað eintak af þeim að ræða. Hið sama gildir um nýsigögn, svo sem hljóðrit, en myndbönd fara til kvikmyndasafnsins. Tilgangurinn með þessum takmörkunum er að minnka flæði skylduskilaefnis. Í starfshópnum var rætt um þörfina á heildareintaki finnskrar útgáfu vegna millisafnalána. Þetta náðist ekki fram þar sem ekki reyndist unnt að fjölga skylduskilaeintökum og ekkert núverandi móttökusafna vildi heldur gefa eftir sitt eintak.

Gert er ráð fyrir að rafræn gögn í föstu formi verði afhent í tveimur eintökum, en gögn á neti í einu eintaki. Einungis er skylt að afhenda það efni á netinu sem er raunverulegar útgáfur. Svokölluðu gráu efni sem öllum er opið á netinu mun þjóðbókasafnið safna með sjálfvirkum aðferðum og koma fyrir í gagnasafni. Stofnað hefur verið til sérstaks þróunarverkefnis, EVA, til að koma þessu í framkvæmd.

Margmiðlunarefni kallaði á miklar umræður í starfshópnum. Niðurstaðan varð sú að Kvikmyndasafnið sækist einungis eftir efni sem flokkast sem kvikmyndir, en margmiðlunarefni, svo sem alfræðibækur, gengur til þjóðbókasafnsins.

Starfshópurinn leggur á það áherslu að rafræn gögn séu aðgengileg notendum í móttökusafninu. Þau yrðu hins vegar ekki fjölfölduð né þeim dreift til annarra safna sem millisafnalán. Þetta kallar á þróaðar öryggisráðstafanir.

Gert var ráð fyrir að ný skylduskilalög tækju gildi árið 2000. Kostnaður við þau var áætlaður í skýrslunni. Bent var á að með móttöku og varðveislu rafræns efnis væri létt af útgefendum verulegri fjárhagsábyrgð. Annar mikilvægur þáttur er trygging þess að efnið sé upprunalegt og ófalsað.

Gildandi lög hér á landi og framkvæmd þeirra.

Menningararfinum, að svo miklu leyti sem hann er áþreifanlegur, má skipta gróflega í þrennt:

a. útgefin og birt hugverk,
b. opinber skjöl,
c. menningarminjar, nytjamuni og listgripi.

Útgefin hugverk eru í ríkum mæli geymd og skráð í bókasöfnum. Núgildandi lög um skylduskil til safna, nr. 43/1977, kveða á um skylduskil á prentuðum og fjölfölduðum texta og myndefni. Einnig eru hljómplötur og aðrar tón- og talupptökur skilaskyldar. Rit eru afhent í fjórum eintökum, og eru þrjú þeirra nú varðveitt í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, en Amtsbókasafnið á Akureyri varðveitir eitt eintak. Hljómplötur og aðrar tón- og talupptökur skulu afhentar í þremur eintökum. Eru tvö þeirra varðveitt í Landsbókasafni en eitt í Amtsbókasafninu. Eitt þeirra eintaka sem Landsbókasafni er gert að varðveita er vara-eintak sem er ekki til notkunar nema í undantekningartilvikum en er varðveitt í sérstökum þar til gerðum geymslum. Eitt eintak prentaðs efnis er geymt í þjóðdeild Landsbókasafns og er þar aðgengilegt til notkunar á lestrarsal. Þriðja eintakið er til almennari notkunar samkvæmt nánari reglum svo sem verið hefur. Eintak Amtsbókasafnsins er einungis til notkunar á lestrarsal.

Skilaskylt efni er skráð í Gegni, tölvukerfi Landsbókasafns, og þannig gert aðgengilegt notendum. *Íslensk bókaskrá* og *Íslensk hljóðritaskrá* eru gefnar út á hverju ári með upplýsingum um íslenska bókaútgáfu og hljóðritaútgáfu.

Aðrar tegundir hugverka en hér hafa verið taldar eru ekki skilaskyldar samkvæmt gildandi lögum um skylduskil til safna. Samkvæmt lögum nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal Kvikmyndasafn Íslands safna íslenskum kvikmyndum og kvikmyndum um íslenskt efni. Í lögunum er heimild til setningar reglugerðar um skylduskil á kvikmyndum, en slík reglugerð hefur ekki verið sett.

Lög um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985, taka til skjala og annarra skráðra heimilda þjóðarsögunnar. Með skjölum er í lögunum átt við gögn sem orðið hafa til við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings. Lögin taka ekki til prentaðs og fjölfaldaðs efnis, en stofnun sem gefur slíkt efni út skal geyma eitt eintak í skjalasafni sínu. Í lögunum er kveðið á um skyldu opinberra aðila til að afhenda skjöl til Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna. Safninu er þó heimilt að taka við gögnum annarra en afhendingarskyldra aðila og mun hafa tekið við gögnum einkaaðila í einhverjum mæli. Samkvæmt athugasemdum við 5. gr. frumvarps til laga um Þjóðskjalasafn er hér átt við einkaskjalasöfn merkra stjórnmálamanna eða listamanna, svo og skjöl atvinnufyrirtækja og félaga. Jafnframt er bent á að stefna þurfi að því að ákveðin verkaskipting komist á milli Þjóðskjalasafns, héraðsskjalasafna og handritadeildar Landsbókasafns um söfnun einkaskjala.

Haustið 1997 skipaði menntamálaráðherra nefnd er gera skyldi tillögur um tölvugögn er væru háð skilaskyldu til Þjóðskjalasafns eða héraðsskjalasafna. Í skýrslu nefndarinnar eru taldar upp tegundir tölvuskjala: „Tölvuskjöl geta verið hvers konar tölvutækar skrár, ritvinnslugögn, gagnagrunnar, rafræn skilaboð, myndir (einnig hreyfimyndir) og hljóð.“ Þessi tölvuskjöl falla undir skylduskilalög ef þau eru birt. Opinberar stofnanir hafa gert og munu í auknum mæli gera tölvuskjöl sín og gagnagrunna aðgengilega almenningi á netinu. Má hér nefna sem dæmi skjöl á vefsíðum opinberra stofnana. 8. gr. þessa frumvarps mælir fyrir um skilaskyldu verka sem birtast á rafrænu formi. Er því ljóst að skylda Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns til varðveislu þessara gagna skarast að einhverju leyti. Ætlast verður til að Þjóðskjalasafn (og héraðsskjalasöfn) annars vegar og Landsbókasafn hins vegar móti sér í

framkvæmd svipaða verkaskiptingu um varðveislu rafrænna gagna og þegar hefur verið við lýði um gögn á hefðbundna formi.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga um Þjóðskjalasafn skal Ríkisútvarpið (hljóðvarp og sjónvarp) varðveita myndir, plötur og hljómbönd í samráði við þjóðskjalavörð. Skv. 5. gr. laga um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, ber Ríkisútvarpinu að stuðla að því að frumflutt dagskrárefni stofnunarinnar verði varðveitt til frambúðar. Í því skyni starfar nefnd skipuð fulltrúum frá Þjóðskjalasafni og Ríkisútvarpi sem ákveður hvaða efni Ríkisútvarpið geymir.

Samkvæmt 25. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000, er hverjum sem hefur heimild til rekstrar útvarps skylt að varðveita í a.m.k. 18 mánuði hljóðupptökur af öllu frumsömdu útsendu efni. Fréttir er þó heimilt að varðveita í handriti. Engin lagaákvæði skylda einkareknar útvarps- og sjónvarpsstöðvar til að varðveita útsent efni lengur en hér greinir.

Myndlist, nytjamunir, listgripir og margvíslegar menningarminjar er varðveitt í listasöfnum og minjasöfnum. Lög nr. 58/1988 gilda um Listasafn Íslands og þjóðminjalög, nr. 88/1989, um þjóðminjavörsluna í landinu. Með frumvarpi þessu eru ekki lagðar til neinar breytingar á varðveislu þessa efnis.

Fyrirhugaðar breytingar á löggjöf um skylduskil.

Miklar breytingar hafa orðið á listsköpun, útgáfuháttum og fjölmiðlun síðan lög um skylduskil til safna, nr. 43/1977, voru sett. Má nefna tilkomu íslensks kvikmyndaiðnaðar, einkarekinna útvarps- og sjónvarpsstöðva og útgáfu margs konar efnis á rafrænu formi. Tímabært er því orðið að endurskoða lögin til að tryggja að tilgangi þeirra um varðveislu menningararfsins verði náð. Nauðsynlegt er að ákvæði um skylduskil nái til allra útgefinna og birtra verka án tillits til þess hvaða miðill er notaður við framleiðslu verkanna og dreifingu.

Nefndin hugaði sérstaklega að því á hvern hátt mundi hentugast að haga varðveislu kvikmynda og útvarpsefnis. Í þessu skyni og til að afla upplýsinga um núverandi fyrirkomulag á varðveislu þessa efnis fékk nefndin á sinn fund Jón Þór Hannesson, formann Framleiðendafélagsins (aðild eiga fyrirtæki sem framleiða myndir fyrir sjónvarp), Björn Sigurðsson, formann Félags kvikmyndahúsaeigenda, Ara Kristinsson, formann Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Elínu S. Kristinsdóttur, deildarstjóra safnadeildar RÚV, og frá Stöð 2 Ástþrúði Sveinsdóttur safnvörð og Lovísu Óladóttur, dagskrárstjóra innlendrar dagskrárdeildar.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ákvæði um skylduskil kvikmynda og útvarpsefnis ættu heima í heildarlögum um skylduskil frekar en í sérlögum.

Hér skulu nefndar nokkrar breytingar frá gildandi lögum sem felast í frumvarpinu:

— Efni, sem ekki hefur verið skilaskylt, verður það nú. Er þar um að ræða kvikmyndir, útvarpsefni, efni á rafrænum miðlum, auk örgagna og myndefnis á skyggnum.
— Útgáfa og birting verka verður notuð sem viðmiðun um skilaskyldu. Í gildandi lögum er miðað við fjölföldun á texta og myndefni og útgáfu hljóðrita.
— Afnumið er ákvæði 13. gr. um ríkisstyrkta útgáfu.
— Ekki eru lagðar til breytingar á reglum um á hverjum skilaskylda hvílir en kveðið er á um hverjir beri kostnað af skilunum.
— Fjöldi eintaka sem skila ber er óbreyttur hvað varðar efni sem er háð skilaskyldu samkvæmt gildandi lögum, þ.e. fjögur eintök af efni sem gefið er út á pappír og þrjú eintök af hljóðritum. Hins vegar er lagt til að skilað verði þremur eintökum af örgögnum, skyggnum og gögnum sem gefin eru út á rafrænu formi, svo sem CD-ROM, en fjórum eintökum af samsettum útgáfum. Gert er ráð fyrir að myndbönd verði afhent í tveimur

eintökum, nema íslenskar kvikmyndir á myndböndum sem verði afhentar í þremur eintökum. Af íslenskum kvikmyndum framleiddum á filmu verði afhent tvö eintök og skal annað vera frumeintak eða ígildi þess.

— Lagt er til að frestir til afhendingar efnis verði ákveðnir í reglugerð. Þó er lagt til að lögfest verði regla um að frumeintak kvikmynda skuli afhent innan sjö ára frá frumsýningardegi. Er ástæða þess sú að framleiðanda kvikmyndar er þörf á því að hafa aðgang að frumeintaki meðan verkið er í dreifingu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá núgildandi lögum, en þó er fellt brott ákvæði c-liðar um opinbera stjórnsýslu sem líta má svo á að geti fallið undir hugtakið „réttmætar þarfir". Undir það hugtak falla einnig þau tilvik þegar efni er ekki aðgengilegt annars staðar. Í II. kafla laganna er fjallað um hvaða verk eru skilaskyld. Ákvæði þessarar greinar áréttar þann tilgang laganna að varðveita menningararfinn, skrá hann og veita aðgang að honum til afmarkaðra nota. Þau not sem heimiluð eru af skilaskyldum verkum takmarkast einkum við rannsóknar- og fræðistörf, en ekki er ætlast til þess að almennur aðgangur sé að verkunum til afþreyingar.

Um 2. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið var hinu nýstofnaða Háskólabókasafni aukið við sem skylduskilasafni árið 1941. Við sameiningu þess og Landsbókasafns árið 1994 færðist skilaskylda beggja safna til hinnar nýju stofnunar, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, sbr. lög nr. 71/1994.

Gert er ráð fyrir að Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn verði áfram aðalvarðveislusafn efnis sem þangað hefur verið skilað hingað til og taki við skylduskilaeintökum fyrir sig og Amtsbókasafnið á Akureyri. Ekki þykir ástæða til að hrófla við því að skylduskilin fari til Amtsbókasafnsins á Akureyri eins og verið hefur síðan fyrstu lög um skylduskil til íslenskra safna voru sett árið 1886.

Svo sem fram kemur í 4.–11. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að eitt eintak af efni sem gefið er út á pappír og sem örgögn, hljóðrit og samsettar útgáfur, sem og eitt eintak af verkum á geisladiskum (CD-ROM) eða sambærilegu formi, verði geymt í Amtsbókasafninu. Kvikmyndasafn Íslands varðveitir allar myndupptökur, nema þriðja eintak af íslenskum kvikmyndum á myndböndum sem Landsbókasafn varðveitir, svo og útvarpsefni, en Landsbókasafn varðveitir rafræn gögn af neti.

Um 3. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er hvers kyns fjölfaldaður texti og fjölfaldað myndefni skilaskylt, svo og útgefin hljóðrit. Með frumvarpinu er lögð til sú breyting að skilaskylda nái til verka sem hafa verið gefin út eða birt hér á landi. Liggja til þess tvær ástæður. Nýir fjölföldunar- og útgáfuhættir hafa það í för með sér að óhægt er um vik að nota framleiðsluaðferð sem viðmiðun um skilaskyldu. Með frumvarpinu er lagt til að fleiri tegundir efnis verði gerðar skilaskyldar en nú er, þ.e. örgögn, skyggnur, gögn á rafrænu formi, útvarpsefni og kvikmyndir. Þykir rétt að nota sömu viðmiðun um allar tegundir af efni eftir því sem við á. Er þetta einnig til samræmis við löggjöf annars staðar á Norðurlöndum.

Hugtökin útgáfa og birting eru hér skilgreind að mestu á sama hátt og í höfundalögum, nr. 73/1972. Með útgáfu og birtingu er þannig átt við að verk sem eru flutt eða sýnd opinberlega, t.d. kvikmyndir sem sýndar eru í kvikmyndahúsum, sjónvarpi og annars staðar, og

verk sem eru gefin út og þannig dreift til almennings með sölu, láni, leigu eða á annan hátt. Samkvæmt höfundalögum eru verk einnig birt með því að sýna eintök af þeim opinberlega, sbr. sýningu myndlistarverka á opinberum listsýningum, en skilaskylda nær ekki til verka sem birt eru á þann hátt. Orðið „sýnt“ í 2. mgr. 3. gr. vísar til merkingar orðsins í daglegu máli, þ.e. sýningar myndefnis, t.d. í kvikmyndahúsum. Skilgreining frumvarpsins á hugtakinu birting víkur frá skilgreiningu höfundalaga að því leyti að samkvæmt frumvarpinu er ekki skilyrði að verki hafi verið dreift til almennings í álitsverðum fjölda eintaka eins og krafist er samkvæmt höfundalögum. Það að verk hafi verið löglega gefið út eða birt vísar til þess að birtingin eigi sér annaðhvort stað með samþykki höfundar eða á grundvelli II. kafla höfundalaga, en þar er að finna nokkur ákvæði sem heimila útgáfu eða flutning verks í tilteknum tilgangi án þess að leita þurfi samþykkis höfundar.

Í 2. mgr. eru tekin af tvímæli um að verk sem miðlað er til almennings rafrænt, þannig að hægt sé að nálgast það fyrir tilstuðlan almenns tölvunets, teljist birt í skilningi laganna. Þetta á einnig við þegar eintök af verki eru til reiðu eftir pöntun (e. *on demand).*

Í 3. mgr. eru tekin af tvímæli um að undir verk birt hér á landi falli verk sem framleidd eru erlendis ef útgáfan er gerð með það sérstaklega fyrir augum að verkinu verði dreift hér á landi. Til marks um að verk sé framleitt með það sérstaklega fyrir augum að vera dreift hér á landi má t.d. hafa að verk sé á íslensku máli eða gefið út af íslenskum útgefanda. Verk sem íslenskir aðilar láta framleiða erlendis fyrir alþjóðlegan markað eru hins vegar ekki skilaskyld. Ekki er heldur lagt til að skilaskylda nái til verka sem íslenskir aðilar framleiða hér á landi ef framleiðslan er fyrir erlenda útgefendur og ætluð til dreifingar erlendis. Er talið að þessi verk falli utan tilgangs laganna þar sem fremur er um íslenskt handbragð að ræða en íslensk verk.

Um 4. gr.

Með þessari grein er kveðið á um skilaskyldu verka sem eru gefin út á pappír. Hér er um að ræða m.a. bækur, dagblöð, tímarit, árbækur, ársskýrslur, ársreikninga og þess háttar, verðlista, vöruskrár, bæklinga, leikskrár og skylt efni, einblöðunga, nótur, kort og myndir, þar með talin plaköt, akstursáætlanir, framleiðslulýsingar, hnattlíkön, upphleypt kort, spil, auglýsingar, söluskrár og póstkort. Tegundir efnis sem falla undir þessa grein eru hinar sömu og samkvæmt gildandi lögum, en um útgáfuhugtakið vísast til 3. gr. og athugasemda við hana.

Samkvæmt gildandi lögum hvílir skilaskyldan á prentsmiðju eða fjölföldunaraðila. Frumvarpið gerir ráð fyrir því sem meginreglu að skilaskyldan hvíli á þeim sem skilar frá sér fullbúnu verki. Þegar svo stendur á að skilaskylt verk verður til á fleiri en einum stað skal sá aðili sem fullbýr verkið til dreifingar vera ábyrgur fyrir skilum þess í endanlegum búningi. Þetta getur í vissum tilvikum haft í för með sér að skilaskyldan flytjist frá prentsmiðjunum til bókbandsstofanna.

Í þeim tilvikum að afbrigði koma fyrir í útgáfu mæla núgildandi lög fyrir um að skila skuli þremur eintökum af algengustu gerð en einu eintaki af hverju afbrigði. Er lögð til sú breyting að skila skuli fjórum eintökum af algengustu gerð en auk þess skuli skila einu eintaki af afbrigðum. Tölusetning eintaka er þó undanskilin þessu ákvæði.

Nýjar útgáfur og endurprentanir af verkum eru skilaskyldar samkvæmt gildandi lögum, og er lagt til að það ákvæði haldist óbreytt.

Rétt er að vekja athygli á því að vegna nýrrar tækni verða mörk prentunar og ljósritunar ógleggri en áður var. Prentstofur og fjölföldunarstofur hafa tekið í notkun það sem kalla má stafrænar ljósritunarvélar sem gera stofunum kleift að verða við óskum viðskiptavina um fjölföldun gagna í mjög litlu upplagi í einu. Mætti kveða á um það í reglugerð að Landsbóka-

safni beri að setja viðmiðunarreglur um skil á slíku efni og semja um framkvæmdina við þau fyrirtæki sem í hlut eiga.

Um 5. gr.

Lagt er til að örgögn, þ.e. örfilmur og örfisjur, verði skilaskyld þó að þau séu jafnframt gefin út í öðru formi. Ekki eru þó skilaskyld örgögn sem eru framleidd í opinberum söfnum til þess að hlífa frumgögnunum þó að þeim sé dreift í nokkrum eintökum til annarra viðlíka stofnana. Efni á þessu formi hefur hingað til ekki fallið undir skilaskyldu.

Lagt er til að ljósmyndir sem eru fjölfaldaðar til útgáfu sem skyggnur verði skilaskyldar. Þetta efni hefur ekki verið skilaskylt hingað til.

Um 6. gr.

Með hljóðritum er átt við hvers kyns miðla sem eingöngu hýsa upptökur á tali og tónum. Um getur verið að ræða hljómplötur, hljóðsnældur eða geisladiska (CD). Hljóðútgáfur í formi hljóðbóka og hljóðblaða, þ.e. textar sem eru talaðir inn á hljómband, verða líka skilaskyldar. Hafi hljóðupptökur verið gefnar út á fleiri en einum miðli (plötur, diskar, snældur) eru allar gerðirnar skilaskyldar.

Hljóðrit hafa verið skilaskyld samkvæmt gildandi lögum.

Um 7. gr.

Undir þessa grein fellur margs konar efni, t.d. skrifaður texti, tal, tónlist og önnur hljóð, tölvugrafík, myndlist, ljósmyndir, kvikmyndir og margt fleira, einnig samsetningar af þessu efni, svokallað margmiðlunarefni. Greinin tekur þannig til allra rafrænna miðla í föstu formi, þar á meðal geisladiska (t.d. CD-ROM). Sumt af þessu efni getur jafnframt verið á öðrum miðlum, en annað er einungis í tölvutæku formi, t.d. tölvuleikir og önnur gagnvirk verk.

Í 2. mgr. er sérstaklega tekið fram að ákvæðið nái ekki til tölvuforrita sem gefin eru út ein og sér. Sé hins vegar tölvuforrit hluti af útgefnu efni sem inniheldur aðrar tegundir verka er forritið nauðsynlegt til nýtingar verksins og nær skilaskyldan þá að sjálfsögðu jafnframt til forritsins.

Efni í þessu formi hefur ekki verið skilaskylt.

Um 8. gr.

Greinin tekur til efnis er birtist í rafrænu formi á tölvuneti, hvort heldur um er að ræða verk sem frumbirt er á netinu, verk sem jafnframt er gefið út á prenti eða endurútgáfu þar sem prentaðri útgáfu er snúið í rafrænt form.

Tölvuforrit sem birt eru á neti eru undanþegin skilaskyldu nema þau séu birt ásamt verki af annarri tegund er skilaskylda nær til og er um að ræða sambærilegt ákvæði og 2. mgr. 7. gr.

Við samningu frumvarpsins var farin sú leið að leggja ekki almenna skyldu á útgefendur og aðra er birta efni á neti til að tilkynna um birtingu efnis. Ákvæðið mælir fyrir um að sá sem birtir verk, er skilaskylda nær til, skuli veita móttökusafni aðgang að verkinu. Í því felst að sé efni aðgengilegt almenningi þarf hinn skilaskyldi ekki að takast á hendur sérstakar aðgerðir í þessu sambandi heldur mun móttökusafnið sjálft sjá um að leita efnið uppi og afrita það. Sé hins vegar um að ræða efni sem aðeins er aðgengilegt með áskrift eða sambærilegum hætti er lögð sú skylda á þann sem birtir að afhenda móttökusafni aðgangsorð og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að það geti nálgast efnið.

Af 12. gr. frumvarpsins leiðir að sá sem birtir verk hefur þá skyldu að gera móttökusafni kleift að nálgast efni á því formi er það birtist notendum. Frumvarpið felur hins vegar ekki í sér skyldu til að afhenda móttökusafni leyfi til notkunar hugbúnaðar, svo sem gagnagrunnsforrita, eða aðgang að vélbúnaði er kann að vera nauðsynlegur við notkun efnis. Á hinn bóginn er þeim sem birtir skylt á grundvelli 14. gr. frumvarpsins að verða við óskum safns um að láta í té tæknilegar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að efnið komi að notum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Landsbókasafnið skuli varðveita verk sem birtast í rafrænu formi á neti. Er gert ráð fyrir að safnið skrái og geri þetta efni aðgengilegt með sambærilegum hætti og þau verk er fram að þessu hafa verið háð skilaskyldu.

Um 9. gr.

Með samsettum verkum er átt við útgáfur þar sem efni er gefið út á miðlum af ólíkri gerð en dreift í einu lagi. Algengast er að prentuðu máli fylgi efni á myndböndum, hljóðsnældum, skyggnum, tölvudiskum eða geisladiskum (t.d. CD-ROM).

Einnig getur verið um annars konar samsett verk að ræða, svo sem skyggnuflokka með hljóði.

Samkvæmt gildandi lögum hefur fylgiefni með prentuðum útgáfum verið skilaskylt, en ekki hefur verið skylt að skila samsettum útgáfum á öðrum miðlum. Með frumvarpinu er lagt til að hvers kyns samsettar útgáfur verði háðar skilaskyldu.

Um 10. gr.

Hér er lögð til sú nýbreytni að dagskrár Ríkisútvarpsins verði varðveittar til frambúðar í heild sinni en ekki einungis valdir hlutar eins og verið hefur. Í almennum athugasemdum er vikið að samstarfi Þjóðskjalasafns og Ríkisútvarps á vettvangi nefndar um söfnun og grisjun dagskrárefnis Ríkisútvarpsins. Í frumvarpi þessu er lagt til það nýmæli að allt efni Ríkisútvarpsins sé varðveitt og ekki grisjað. Í 22. gr. frumvarps þessa er lagt til að 3. mgr. 3. gr. laga um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985, falli niður. Jafnframt eru lagðar þær skyldur á einkastöðvar að þær láti í té þá hluta dagskrár sem móttökusafn óskar eftir. Þannig mundi t.d. dagskrá Stöðvar 2 væntanlega verða varðveitt í heild sinni, en af dagskrám annarra stöðva sem minni dreifingu hafa yrði varðveitt að lágmarki svo sem ein vika af hverri árstíð.

Heildarsöfnun af þessum toga tíðkast í flestum nágrannalandanna, enda er litið svo á að dagskrár í heild sinni séu ómetanlegur mælikvarði á tíðarandann á hverjum tíma.

Útfærsla söfnunarinnar er mismunandi eftir löndum. Ýmist sjá stöðvarnar sjálfar um söfnun dagskránna og skila þeim svo til móttökusafns (t.d. í Svíþjóð og Danmörku) eða móttökusafn sér sjálft um söfnun í gegnum móttökubúnað (t.d. í Bretlandi). Þetta þarf að útfæra hér á landi.

Gert er ráð fyrir að Kvikmyndasafn Íslands sjái um varðveislu efnisins. Rétt þykir þó, þar sem Ríkisútvarpið er með safnadeild, að heimila því að sjá um varðveislu sinnar dagskrár, enda sé tryggt aðgengi að efninu, sbr. 1. gr.

Um 11. gr.

Skilaskylda á kvikmyndum er nýmæli. Með „kvikmynd“ er í frumvarpinu átt við allar tegundir hreyfimynda, óháð því á hvers kyns miðil tekið er upp eða hvaða útsendingarform er notað. Skyldan nær þannig jafnt til kvikmynda sem teknar eru upp á filmu, myndbönd eða á rafrænt form. Hér er t.d. um að ræða bíómyndir, heimildarmyndir, tilraunamyndir (e. *experimental films)* og auglýsingar. Margt af því efni sem framleitt er fyrir sjónvarp, svo sem fréttir, fréttaskýringar og ýmsir umræðu- og spurningaþættir, mundu hins vegar ekki teljast

til heildstæðra kvikmyndaverka í skilningi frumvarpsins. Slíkt efni er skilaskylt skv. 10. gr. um útvarpsefni.

Lagt er til að skilaskylda íslenskra kvikmynda hvíli á framleiðanda, þ.e. þeim aðila er ber fjárhagsábyrgð á gerð myndarinnar, en að hinn íslenski dreifingaraðili sé ábyrgur fyrir skilum erlendra kvikmynda.

Með íslenskri kvikmynd er átt við mynd sem er framleidd af íslenskum framleiðanda eða meðframleiðanda og er með íslensku tali. Kvikmynd með erlendu tali getur þó talist íslensk ef til hennar er lagt verulegt íslenskt framlag, listrænt eða tæknilegt, og myndin er hluti af íslenskri kvikmyndamenningu. Með íslenskum framleiðanda er átt við einstakling, fyrirtæki eða stofnun sem á lögheimili eða er skrásett á Íslandi.

Frumvarpið kveður á um að einungis skuli afhenda frumeintak af endanlegri gerð myndar en ekki fráklipp. Fráklipp hefur í sumum tilvikum verulegt heimildagildi. Verður afhending þess í slíkum tilvikum að vera samkomulagsatriði, en ekki þykir fært að setja reglur um afhendingu þess í lög.

Framköllun íslenskra kvikmynda fer að öllu leyti fram erlendis. Gert er ráð fyrir að framleiðandi geti dregið afhendingu frumeintaks eða ígildis þess í allt að sjö ár frá frumsýningardegi. Að liðnum þeim tíma hefur framleiðandi yfirleitt ekki þörf fyrir að búa til fleiri eintök af verkinu og ætti að geta afhent frumeintak eða ígildi þess til varðveislusafns.

Algengt er að í samframleiðslu og dreifingarsamningum sé lofað aðgangi að frumeintaki myndarinnar í lengri tíma en sjö ár. Ekki er líklegt að þetta verði mikið notað en þó geta alltaf átt sér stað skemmdir á öðrum móðureintökum myndarinnar sem gera það nauðsynlegt að farið sé aftur í frumeintakið. Sýningareintök af kvikmyndum eru mjög dýr, hvert eintak kostar frá 150.000 kr. upp í 800.000 kr. Ekki er hægt að ætlast til af framleiðanda sem framleitt hefur kvikmynd í einu eintaki sem kostar 800.000 kr. að hann afhendi móttökusafni annað eintak sem mundi kosta hann aðrar 800.000 kr.

Mikilvægasta atriðið til þess að vera viss um að móttökusafn nái örugglega að komast yfir frumeintak myndarinnar að sjö árum liðnum er að móttökusafn fái strax í upphafi aðgangsheimild (e. *Laboratory letter of access)* að frumeintaki myndarinnar. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar framleiðslufyrirtæki hefur orðið gjaldþrota og enginn finnst til að sjá um skil til safnsins að sjö árum liðnum. Þá er nauðsynlegt að safnið hafi bréf upp á það að það hafi forræði yfir frumeintaki myndarinnar.

Þegar íslenskar kvikmyndir eru samframleiddar með erlendum aðilum getur hinn íslenski framleiðandi þurft að skuldbinda sig til að sjá um að frumeintak sé varðveitt hjá tilteknum erlendum aðila. Þykir því rétt að heimila að frumeintak sé í slíkum tilvikum varðveitt hjá erlendu safni.

Að öðru leyti varðveitir Kvikmyndasafn Íslands efni samkvæmt þessari grein. Þó er gerð tillaga um að eitt sýningareintak af íslenskum kvikmyndum sem kveðið er á um í 2. mgr. verði varðveitt í Landsbókasafni, enda er góð aðstaða í tón- og mynddeild safnsins fyrir þá sem vilja kynna sér hvaðeina sem lýtur að íslenskri kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu. Notkun þess eintaks sem afhent yrði Landsbókasafni samkvæmt þessari grein yrði með sama hætti og í Kvikmyndasafni Íslands, þ.e. eintakið væri ekki lánað út, heldur yrði það eingöngu til skoðunar á staðnum.

Kvikmyndir endast misvel, af sumum kvikmyndum er enn verið að gera afrit sjö árum eftir að þær voru frumsýndar. Þá hafa sumir kvikmyndagerðarmenn tekjur af því að selja einstök myndskeið úr myndum sínum. Þar sem ekkert framköllunarfyrirtæki er hér á landi væri afar óhagkvæmt fyrir þessa aðila að vista frumeintök sín á Íslandi og þurfa sífellt að

senda þau til útlanda vegna eintakagerðar. Þetta mundi þó að öllum líkindum aldrei eiga við um nema 10–15% kvikmynda.

Um 12. gr.

Í 12. gr. eru ítarlegri ákvæði en eru í gildandi lögum um frágang skilaskyldra eintaka. Er gert ráð fyrir að þau beri að afhenda í endanlegri gerð og í því formi og ástandi sem þau birtast notendum ásamt því efni sem er framleitt til þess að fylgja verkunum í sölu eða dreifingu, t.d. hlífðarkápum, kössum eða hylkjum, notkunarreglum og viðlíka efni.

Breytingin styðst við reynslu af gildandi lögum og tekur einnig mið af nýlegri löggjöf grannlandanna. Jafnframt þykir rétt að kveða á um að móttökusafni sé heimilt að semja við skilaskyldan aðila um sérstakan frágang á efni ef þurfa þykir. Þannig gæti t.d. verið heppilegt að fá í óskornum örkum prentað efni sem búið er í hendur notendum með því að skera arkirnar við kjöl, fræsa þær og líma þannig inn í kápu.

Prufuprent eða annars konar ófullgerð eintök útgefins verks eru ekki skilaskyld.

Um 13. gr.

Samsvarandi ákvæði er í gildandi lögum. Var talið rétt að leggja til að taka ákvæðið upp í frumvarpið þó að þýðing þess muni væntanlega minnka frá því sem verið hefur.

Um 14. gr.

Ákvæðið er nýmæli. Líklegt er að skilaskylt efni verði í sumum tilvikum aðeins nýtt með aðstoð sérstaks tæknibúnaðar. Þurfa söfnin því að koma upp slíkum búnaði og halda honum við, ellegar færa efnið á nýtt form sem gengur við þann búnað sem tiltækur er á hverjum tíma.

Þegar sá tæknibúnaður sem efnið krefst er í samræmi við staðla er oft nægilegt að veita upplýsingar um fyrir hvaða gerð búnaðar efnið er framleitt. Í vissum tilvikum er hægt að tryggja aðgengi að efninu og koma í veg fyrir að efnið glatist á forgengilegum miðlum með því að færa það í tíma yfir á nýjan miðil eða aðlaga það nýjum stöðlum sama miðils, t.d. færa efni af gömlum hljómplötum yfir á diska eða stafræna miðla. Samkvæmt höfundalögum er ráðherra heimilt að ákveðnu marki að setja reglur um slíka afritun.

Skylduskil efnis á tölvutæku formi eru gagnslaus þegar til lengdar lætur ef varðveislustofnuninni gefst ekki í tíma kostur á upplýsingum um hinar tæknilegu forsendur þess að efnið komi að gagni. Frumvarpið gerir því ráð fyrir heimild til að krefja skilaaðila um slíkar upplýsingar ef nauðsynlegt er.

Tæknilegar upplýsingar af því tagi sem hér er um að ræða geta verið háðar viðskiptaleynd. Skilaaðili getur því sett það skilyrði að þær verði ekki látnar óviðkomandi í té.

Um 15. gr.

Í gildandi lögum er kveðið á um takmörkun útlána á eintökum sem fengin eru með skylduskilum. Lagt er til að þessi takmörkun verði afnumin. Eðlilegt þykir að skylduskilaefnið sé að meginstefnu til aðgengilegt notendum að því marki sem höfundalög heimila. Eðli málsins samkvæmt ber þó móttökusafni ætíð að fara þannig með skylduskilaefni að varðveisluskyldu sé fullnægt. Mætti í reglugerð kveða nánar á um meðferð móttökusafns á skylduskilaefni.

Ekki er nú ljóst hvernig ákvæðum höfundalaga verður í framtíðinni háttað um aðgang almennings að efni á rafrænu formi. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur lagt fram endurskoðað frumvarp að tilskipun um höfundarétt og skyld réttindi í upplýsingasamfélaginu

(COM(1999)250final), en drögin eru enn til meðferðar innan sambandsins. Með hliðsjón af þessari stöðu mála þykir rétt að vísa hér til ákvæða höfundalaga.

Um 16. gr.

Landsbókasafni er samkvæmt gildandi lögum gert að gera skrár um það efni sem safnið fær í skylduskilum. Amtsbókasafninu á Akureyri hefur ekki verið skylt að gera sérstaka skrá yfir það efni sem það hefur fengið í skylduskilum. Eðlilegast er að sambærilegar reglur gildi um skráningu allra verka sem eru hluti af íslenskri menningarsögu og afhent samkvæmt ákvæðum laganna. Mætti hugsa sér að verkin yrðu skráð í sameiginlegan gagnagrunn sem yrði aðgengilegur öllum landsmönnum á netinu, en í frumvarpinu er lagt í vald ráðherra að mæla nánar fyrir um skráninguna í reglugerð.

Ákvæðið um að útgefanda sé skylt að gefa upplýsingar um verkin er nýmæli og styðst við lög um skilaskyldu á Norðurlöndum. Löng hefð er fyrir því að eintökum fylgi upplýsingar um útgefanda, útgáfustað, útgáfuár og höfunda þegar um er að ræða prentað mál. Alþjóðlegir staðlar mæla líka fyrir um það. Með því að samræma upplýsingarnar sem eiga að fylgja öllum skilaskyldum verkum er hægt að tryggja rétta skráningu á útgefnu eða birtu efni án tillits til miðilsins sem verkið birtist á.

Um 17. gr.

1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því sem meginreglu að skyldueintök séu afhent endurgjaldslaust og að þeir sem skyldan beinist að greiði flutningskostnað. Í sumum tilvikum kann þessi skylda þó að verða þungbær, og er með þessu ákvæði veitt færi á að bregðast við slíku. Höfð eru m.a. í huga tilvik þegar um er að ræða efni sem er sérstaklega dýrt í framleiðslu, útgáfur í dýru bandi eða útgáfur sem gefnar eru út í litlu upplagi.

Um 18. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Eðli málsins samkvæmt getur skilaskylda aldrei náð til alls þess sem gefið er út eða birt. Eðlilegt er að ýmislegt smáprent, t.d. eyðublöð sem eru ætluð til útfyllingar, umbúðir, bréfsefni, nafnspjöld, umslög og dagatöl sem ekki eru ritstýrð (eru án texta) falli utan marka laganna.

Í gildandi lögum er sérstaklega tekið fram að undanþeginn skilaskyldu sé prentaður gjaldmiðill, svo sem bankaseðlar, verðbréf og frímerki. Er lagt til að sú regla gildi áfram.

Samkvæmt gildandi lögum er Landsbókasafni falið að setja reglur um hvaða tegundir smáprents aðrar skuli vera undanþegnar skilaskyldu. Eðlilegast þykir að ráðuneytið setji ákvæði um allar frekari undanþágur í reglugerð í samráði við móttökusöfnin.

Um 20. gr.

Ákvæðið er nýtt. Í gildandi lögum er að nokkru kveðið á um þessi atriði, en betur þykir hæfa að ákvæði um þau verði sett í reglugerð. Þó er lagt til að kveðið sé á um skilafrest á kvikmyndum í lögunum sjálfum, sbr. 11. gr.

Um 21. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um skylduskil til safna.

Frumvarpið felur í sér ýmsar breytingar á skilaskyldu til safna, einkum til samræmis við þróun er varðar framleiðslutækni, formbúning gagna og dreifingarhætti frá því að gildandi lög, nr. 43/1977, voru sett.

Helstu breytingar sem hafa áhrif á kostnað ríkissjóð eru sem hér segir, og er þá byggt á kostnaðaráætlun nefndar menntamálaráðherra er samdi drög að frumvarpi um sama efni sem lagt var fyrir á 125. löggjafarþingi:

1. Íslenskar kvikmyndir, erlendar kvikmyndir með íslensku tali eða skýringartexta og kynningarefni tengt kvikmyndum verður skilaskylt. Einnig verður meira af efni íslenskra hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva skilaskylt en nú er. Kvikmyndasafni Íslands er ætlað að kalla inn efnið og varðveita það, en myndbönd og mynddiskar skulu einnig varðveittir á Landsbókasafni – Háskólabókasafni. Stofnkostnaður er áætlaður 26–32 m.kr. og liggur hann í auknu geymslu- og skrifstofuhúsnæði og innréttingum. Árlegur rekstrarkostnaður m.a. vegna launa starfsmanna, húsnæðis, umbúða og skrifstofuþjónustu, er áætlaður 13–16 m.kr. Að auki má áætla lauslega að kostnaður Ríkisútvarpsins aukist um 6–10 m.kr. á ári aðallega vegna húsnæðis og skráningar. Ekki er lagt mat á kostnað annarra skilaskyldra aðila.
2. Verk sem gefin eru út á rafrænum miðlum, svo sem geisladiskum, disklingum eða á almennu tölvuneti, þar á meðal tölvuforrit sem birt eru ásamt verki af annarri tegund, verði skilaskyld. Einnig verði hljóðbækur og efni á skyggnum skilaskylt. Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni er ætlað að innkalla og varðveita efnið auk þess sem Amtsbókasafninu á Akureyri er ætlað að varðveita hluta þess. Stofnkostnaður vegna kaupa og þróunar á tölvubúnaði til að safna, varðveita og veita aðgang að gögnum er áætlaður um 9–10 m.kr. Árlegur launakostnaður starfsmanna, viðhald og afskriftir búnaðar, auk skrifstofuþjónustu og annars sem fellur til er áætlaður 11–15 m.kr.
3. Í þeim tilvikum sem afbrigði koma fyrir í útgefnu riti er lagt til að því sé skilað í fjórum eintökum af algengustu gerð, í stað þriggja samkvæmt gildandi lögum, en einu eintaki af hverju afbrigði. Gert er ráð fyrir að þetta hafi óveruleg áhrif á fjölda skilaskyldra eintaka og þar með kostnað ríkisins.
4. Gert er ráð fyrir að ekki verði lengur ætlast til þess að aðilar sem njóta ríkisstyrks til útgáfu á ritum skili allt að tíu eintökum. Þrjú þessara eintaka hafa verið afhent bókasöfnunum í Stykkishólmi, á Ísafirði og Seyðisfirði. Gera má ráð fyrir að bókakaup þessara safna og Landsbókasafnsins aukist. Kostnaðarauki ríkisins vegna Landsbókasafnsins er áætlaður 1–3 m.kr. á ári.
5. Kostnaður við kynningarmál er áætlaður 2 m.kr. fyrsta árið en 0,5 m.kr. á ári eftir það.
6. Skilaskyldum aðilum og útgefendum er ætlað að bera kostnað af skylduskilum. Þó er gert ráð fyrir reglugerðarheimild í frumvarpinu um að móttökusafn greiði í vissum til-

vikum fyrir skilaskylt efni og afhendingu þess. Það á fyrst og fremst við um efni sem er sérstaklega dýrt í framleiðslu, útgáfur í dýru bandi eða útgáfur í litlu upplagi. Kostnaður við þetta er afar óviss og er hér slegið á 2–4 m.kr. á ári.

Að öllu samanlögðu er áætlað, verði frumvarpið að lögum, að stofnkostnaður verði að lágmarki 35–42 m.kr. og árlegur rekstrarkostnaður 34–49 m.kr., en hann getur hæglega orðið mun meiri.

934. Frumvarp til laga [591. mál]

um breytingu á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Í stað „89/48/EBE eða 92/51/EBE“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: 89/48/EBE, 92/51/EBE eða 1999/42/EB.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er unnið á vegum menntamálaráðuneytisins og miðar að því að koma til framkvæmda hér á landi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1999/42/EB um tilhögun viðurkenningar á menntun og hæfi með tilliti til atvinnustarfsemi sem fellur undir tilskipanir um afnám hafta og bráðabirgðaráðstafanir og um viðbót við almennu kerfin til viðurkenningar á menntun og hæfi.

Tilskipunin var samþykkt í júní 1999 og á að vera komin til framkvæmda í aðildarríkjunum fyrir 31. júlí 2001.

Með samþykkt þessarar nýju tilskipunar eru margar eldri tilskipanir felldar úr gildi og ákvæði þeirra sameinuð í þessari einu tilskipun. Kerfi tilskipana um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum og starfsréttindum er með þessu einfaldað verulega. Flest ákvæði tilskipunarinnar eru þegar í gildi innan Evrópska efnahagssvæðisins. Ákveðinn hópur fólks sem hefur menntun og starfsþjálfun á þeim sviðum sem tilskipunin tekur til var þó þannig settur að hann hafði engan viðurkenndan rétt til að fá menntun sína og starfsþjálfun viðurkennda. Í tilskipuninni eru sett ákvæði sem bæta úr þessu.

Tilskipunum sem felldar voru úr gildi má skipta í tvo meginflokka. Annars vegar eru tilskipanir sem hafa að geyma bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á tilteknu starfssviði. Í þessum tilskipunum er m.a. að finna ákvæði um þau skilyrði sem fullnægja þarf varðandi starfsreynslu og starfsþjálfun. Hins vegar eru tilskipanir sem hafa að geyma ákvæði um hvernig komið skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á tilteknu sviði. Þessar tilskipanir hafa að geyma ákvæði um höft sem aðildarríkin skulu afnema til þess að einstaklingar geti notið þess réttar sem hér um ræðir.

Meðan tilskipunin var í undirbúningi var haft víðtækt samráð við helstu fagsambönd í Evrópu sem hlut eiga að máli og náðist samstaða um að breyta ekki ákvæðum eldri tilskipana um skilyrði sem þarf að fullnægja til að geta lagt stund á tiltekið starf í öðru ríki. Með þess-

um skilyrðum eru ekki gerðar miklar kröfur um menntun á viðkomandi sviði en þeim mun meiri til starfsþjálfunar og starfsreynslu. Fjölmörg störf sem tilskipunin tekur til eiga ekki við hér á landi.

Þær tilskipanir sem felldar voru úr gildi með samþykkt tilskipunar 1999/42/EB voru á sínum tíma felldar inn í íslenskt lagakerfi af viðkomandi ráðuneytum þannig að hvað ákvæði þeirra varðar ætti að vera tiltölulega einfalt að gera viðeigandi breytingar vegna tilskipunar 1999/42/EB, e.t.v. nægir að breyta viðkomandi reglugerðum.

Sem dæmi um störf sem falla undir þessa nýju tilskipun má nefna *löggilt* störf á eftirtöldum sviðum:

— Framleiðsla skófatnaðar, fatnaðar og sængurfatnaðar.
— Framleiðsla úr viði og korki.
— Leðuriðnaður.
— Framleiðsla málmvara.
— Raftækniiðnaður.
— Byggingar.
— Þjónusta á hárgreiðslustofum.
— Fasteignaviðskipti.

Aðrar tilskipanir um gagnkvæma viðurkenningu á menntun og prófskírteinum eru:

— Sérstakar tilskipanir um eftirtaldar starfsstéttir: lækna, hjúkrunarfræðinga, tannlækna, dýralækna, ljósmæður, lyfjafræðinga og arkitekta.
— Tilskipun 89/48/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár.
— Tilskipun 92/51/EBE um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE.

Með lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, var menntamálaráðuneytinu falið að samræma framkvæmd tilskipunar 89/48/EBE hér á landi og með lögum nr. 76/1994, um breyting á lögum nr. 83/1993, var menntamálaráðuneytinu einnig falið að sjá um og samræma framkvæmd tilskipunar 92/51/EBE. Einstök ráðuneyti sjá hins vegar um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum á þeim starfssviðum sem undir þau falla. Er þessi tilhögun í samræmi við ákvæði sem birt eru í nefndum tilskipunum. Gert er ráð fyrir hliðstæðu fyrirkomulagi hvað varðar tilskipun 1999/42/EB.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum.

Tilgangur frumvarpsins er að koma í framkvæmd tilskipun Evrópusambandsins nr. 1999/42/EB um tilhögun viðurkenningar á menntun og hæfi með tilliti til atvinnustarfsemi sem fellur undir tilskipanir um afnám hafta og bráðabirgðaráðstafanir og um viðbót við almennu kerfin til viðurkenningar á menntun og hæfi.

Að mati fjármálaráðuneytisins leiðir frumvarpið ekki til breytinga á útgjöldum ríkissjóðs verði það að lögum.

935. Skýrsla [88. mál]

dómsmálaráðherra um réttarstöðu sambúðarfólks, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Skýrsla þessi er lögð fram af dómsmálaráðherra sem svar við beiðni Guðrúnar Ögmundsdóttur o.fl. þingmanna um skýrslu frá dómsmálaráðherra um réttarstöðu sambúðarfólks. Einnig var óskað eftir því að í skýrslunni yrði gerður samanburður á réttarstöðu sambúðarfólks á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum. Beiðni þessa er að finna á þskj. 88 og var hún samþykkt 11. október 2000. Skýrslan var tekin saman á vegum dómsmálaráðuneytisins sem fól Hrefnu Friðriksdóttur, lögfræðingi hjá Barnaverndarstofu og stundakennara við lagadeild Háskóla Íslands, að vinna að samningu hennar.

Í greinargerð með beiðninni segir að mikilvægt sé að fá yfirlit yfir lög og reglugerðir sem gefa fólki í sambúð sambærilegan rétt og ef um hjónaband væri að ræða. Þróun síðustu ára hér á landi hafi verið sú að telja sambúð ígildi hjónabands. Hér sé m.a. um að ræða löggjöf eins og skattalög, lögheimilislög, lög um almannatryggingar, erfðafjárlög, lög um lífeyrissjóði og lög um útlendinga. Jafnframt þurfi að skoða hvort sambærileg þróun hafi orðið annars staðar á Norðurlöndum.

Í eftirfarandi skýrslu er gefið yfirlit yfir lagalega stöðu sambúðarfólks á Íslandi. Könnun á lagalegri stöðu beinist að skráðum lögum og reglum og áhrifum þeirra en nær ekki til þess að fjalla um félagslega eða menningarlega stöðu eða til fræðilegrar úttektar eða tillagna um breytingar á lögum. Þá eru í skýrslunni gefnar nokkrar upplýsingar um réttarstöðu sambúðarfólks annars staðar á Norðurlöndum en þess má geta að raunhæfur samanburður að þessu leyti á hinum fjölmörgu réttarsviðum sem til álita koma er gríðarlega umfangsmikið verkefni.

Skýrslan var unnin á tímabilinu janúar – mars 2001 og miðast við réttarstöðuna eins og hún var 1. janúar 2001.

Sólveig Pétursdóttir
dómsmálaráðherra.

1. Sambúðarfólk á Íslandi.

1.1. Skilgreiningar.

Hugtakið „sambúðarfólk“ hefur ekki verið skilgreint í íslenskri löggjöf og er í eðli sínu mjög víðtækt. Segja má að hugtakið nái yfir hverja þá fullorðnu einstaklinga sem velja sér að deila heimili hverjar svo sem ástæður þess eru. Hér getur t.d. verið um að ræða foreldri með uppkomnu barni sínu, aðra ættingja, vini eða þá sem búa saman í nánu lífssambandi sem líkja má við hjúskap eða staðfesta samvist en kjósa þó ekki að velja það form. Engin heildarlög hafa verið sett á Íslandi um réttarstöðu sambúðarfólks sem leiðir til þeirrar meginreglu að hver og einn er meðhöndlaður sem einstaklingur í lagalegu tilliti óháð sambúðinni.

Á Íslandi gilda sérstök lög um hjúskap, nr. 31/1993. Samkvæmt 1. gr. gilda þau um hjúskap karls og konu en taka ekki til óvígðrar sambúðar. Í lögunum er fjallað um skilyrði þess að mega ganga í hjúskap, hjónavígslu, slit hjúskapar, ábyrgð hjóna á framfærslu fjölskyldu sinnar, eignir og skuldir hjóna, samninga milli hjóna og um fjárskipti milli hjóna vegna hjúskaparslita. Auk þessa gildir fjöldi ákvæða í sérlögum um rétt og skyldur hjóna.

Krafa um sérstakar lagareglur um réttarstöðu sambúðarfólks hefur fyrst og fremst tengst þeim einstaklingum sem velja sér að búa í því sem kölluð hefur verið „óvígð sambúð“ og hefur löggjafinn mætt kröfunum með ýmsum hætti. Þessi sjónarmið tengjast breyttum viðhorfum til hjúskapar á síðustu öld, fjölgun þeirra sem kjósa að búa saman í nánu lífssambandi án þess að stofna til hjúskapar og tilhneigingu til að draga úr mun á réttarstöðu fólks sem býr við sambærilegar aðstæður. Eins og áður sagði eru sambúðartilvik mjög mismunandi og ákveðnir erfiðleikar fólgnir í því að afmarka hvaða sambúð eigi að hafa réttaráhrif. Vissar lágmarkskröfur verður að gera til sambúðar til þess að hún falli undir hugtakið óvígð sambúð. Í þeim lagaákvæðum sem binda réttaráhrif við óvígða sambúð hefur verið miðað við sameiginlegan bústað, fjárhagslega samstöðu, tímalengd sambúðar, sameiginleg börn og tilkynningu eða skráningu sambúðarinnar. Í stuttu máli má ganga út frá því að með hugtakinu „óvígð sambúð“ hafi almennt verið átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt heimili, án þess að vera í hjúskap, og vissa fjárhagslega samstöðu.

Segja má að það hafi að vissu leyti verið meðvituð stefna að setja ekki heildarlög um óvígða sambúð heldur setja sérstök lagaákvæði á afmörkuðum sviðum þar sem sett eru tiltekin skilyrði fyrir því að aðilar njóti ákveðinna réttinda eða beri vissar skyldur. Stefnumið síðustu ára hafa ótvírætt verið í þá átt að leggja sambúð án vígslu í auknum mæli til jafns við hjúskap í einstökum lagasamböndum, einkum ef aðilar eiga barn saman. Hefur þetta fyrst og fremst komið til álita á þeim sviðum þar sem reynir á félagsleg réttindi, t.d. þar sem hið opinbera útdeilir réttindum félagslegs eðlis og um þær skyldur sem af því leiða. Má hér nefna vinnumarkaðsrétt, skattamál, almannatryggingar og félagslega aðstoð. Á sumum sviðum er um það að ræða að sambúðarfólk getur valið milli þess að vera meðhöndlað sem einstaklingar eða með sama hætti og hjón, sbr. t.d. 63. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, en á öðrum sviðum gilda sjálfkrafa sömu lagareglur um hjón og sambúðarfólk, sbr. t.d. ákvæði laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Rök fyrir því að ganga ekki lengra í þessum efnum eru fyrst og fremst tvenns konar. Annars vegar hefur þótt ástæða til þess að marka hjúskap skýra sérstöðu í lagalegu tilliti og að nokkru hvetja til hjúskaparstofnunar en hjúskapur hefur þótt æskilegt og eftirsóknarvert lífsform. Hins vegar hefur verið lögð áhersla á að munur á réttarstöðu fólks í hjúskap og óvígðri sambúð sé eðlilegur með tilliti til þess að fólk eigi að hafa raunverulega valkosti um hvernig það vilji haga nánu lífssambandi sínu.

Til grundvallar hjúskaparlögum á Íslandi hefur ætíð verið byggt á niðurstöðum í norrænu löggjafarsamstarfi og tekið tillit til norrænnar löggjafar. Í norrænum lögum er hvarvetna hafnað þeirri hugmynd að fjalla samfellt og í sama lagabálki um hjúskap og óvígða sambúð og á því byggt að fjalla um réttindi og skyldur í hverju einstöku lagasambandi.

Þann 27. júní 1996 tóku gildi lög nr. 87/1996, um staðfesta samvist. Samkvæmt lögunum geta tveir einstaklingar af sama kyni staðfest samvist sína og njóta þeir þá sömu réttarstöðu og einstaklingar í hjúskap með nánar tilgreindum undantekningum. Lögin voru fyrst og fremst sett með tilliti til samkynhneigðra einstaklinga og lögð var áhersla á að auka skilning á jafngildi stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra í samfélaginu og í fjölskyldulífi. Ekki hefur verið gerð úttekt á því hvort og þá með hvaða hætti rétt væri að setja sérstök lagaákvæði um réttarstöðu samkynhneigðra í „óstaðfestri samvist“, en svo má kalla samband samkynhneigðra sem er sambærilegt við óvígða sambúð gagnkynhneigðra. Óvíst er hvort lagaákvæðum sem kveða á um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð sé unnt að beita með rýmkandi skýringu eða lögjöfnun um samkynhneigða einstaklinga í sambúð. Getur það m.a. ráðist af orðalagi hvers ákvæðis á tilteknu réttarsviði. Í umræddum lagaákvæðum er óvígð sambúð oft skilgreind sérstaklega sem sambúð karls og konu en í sumum tilvikum er ein-

göngu talað um sambúð, eða sambúðarmaka án nánari skilgreiningar. Þá geta sérstök sjónarmið átt við um þau tilvik þar sem talað er um heimilismenn, nákomna, aðstandendur eða fjölskyldumeðlimi.

Í skýrslu þessari er reynt að gefa yfirlit yfir réttarreglur sem gilda um sambúðarfólk á Íslandi, þ.e. fyrst og fremst um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð og óstaðfestri samvist eftir atvikum en ekki annars konar sambúð. Þannig er fjallað um helstu réttarsvið þar sem sérreglur gilda um fólk í hjúskap og gerð grein fyrir hvort á þeim sviðum hafi verið settar sérstakar reglur sem veita sambúðarfólki sama rétt eða leggja á sömu skyldur. Til samanburðar verður þegar við á tæpt á þeim reglum sem gilda um réttarstöðu fólks í hjúskap eða staðfestri samvist. Í yfirlitinu er fjallað fyrst um reglur sem aðallega eru einkaréttarlegs eðlis en því næst um ýmis atriði sem frekar tengjast réttarstöðu sambúðarfólks gagnvart hinu opinbera. Þó er tekið tillit til efnisflokkunar þar sem það þykir eiga betur við.

1.2. Fjöldi sambúðarfólks á Íslandi.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands var heildarmannfjöldi á Íslandi 279.049 31. desember 1999. Ógiftir voru alls 156.778 en giftir eða í staðfestri samvist alls 96.357 og áður giftir alls 25.914. Eftirfarandi er yfirlit yfir kjarnafjölskyldur á Íslandi 31. desember 1999 eftir fjölda fjölskyldna, mannfjölda í þeim og meðalfjölda í kjarnafjölskyldum:

Kjarnafjölskyldur [1]	Kjarnafjsk. alls	Mannfjöldi	Meðalfjöldi
Alls	68.591	200.703	2,93
Hjónaband án barna [2]	24.023	48.046	2,00
Hjónaband með börnum [3]	22.665	88.982	3,93
Óvígð sambúð án barna	3.151	6.302	2,00
Óvígð sambúð með börnum	8.822	32.808	3,72
Faðir með börn	720	1.617	2,25
Móðir með börn	9.210	22.948	2,49
Utan kjarnafjölskyldu	-	78.346	-

[1] Samkvæmt skráningu Hagstofunnar teljast til kjarnafjölskyldu hjón og fólk í óvígðri sambúð, börn hjá þeim 16 ára og yngri, einhleypir karlar og konur sem búa með börnum 16 ára og yngri. Börn 17 ára og eldri sem búa með foreldrum sínum teljast ekki til kjarnafjölskyldu og sama gildir um einhleypa sem búa með börnum sínum 17 ára og eldri. Frá árinu 2000 munu börn 17 ára teljast með kjarnafjölskyldum.

[2] Þar af talin 40 pör í staðfestri samvist.

[3] Þar af talin 3 pör í staðfestri samvist.

2. Stofnun og slit sambúðar.

Engar almennar formreglur gilda um stofnun og slit sambúðar á Íslandi. Þannig þarf ekki að uppfylla sérstök skilyrði til að stofna til sambúðar, stofnunin er óformleg og hið sama má segja um slit sambúðar. Lagaákvæði sem veita sambúðarfólki tiltekin réttindi geta miðað við að sambúðarfólk eigi sama lögheimili eða sambúð skráð í þjóðskrá eða færðar séu sönnur á hana með einhverjum öðrum hætti.

Þess ber að geta að samkvæmt lögum um lögheimili, nr. 21/1990, er lögheimili manns sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu. Samkvæmt 7. gr. laganna skulu hjón eiga sama lögheimili. Hafi þau sína bækistöðina hvort skal lögheimili þeirra vera hjá því hjónanna sem hefur börn þeirra hjá sér. Ef börn hjóna eru hjá þeim báðum eða hjón eru barnlaus skulu þau ákveða á hvorum staðnum lögheimili þeirra skuli vera, ella ákveður þjóðskráin það. Sama gildir um fólk í óvígðri sambúð eftir því sem við getur átt. Enginn getur átt lögheimili hér á landi á fleiri en einum stað í senn en í lögunum eru leiðbeiningarreglur um val á lögheimili fyrir þann sem á fasta bækistöð á fleiri en einum stað. Engar sérstakar lagareglur koma í veg fyrir að einstaklingur sé í sambúð með fleiri en einum aðila á sama staðnum eða á fleiri en

einum stað. Vafi getur þó leikið á réttaráhrifum slíkrar sambúðar, þ.e. í hvaða tilvikum viðkomandi aðilar mundu njóta réttinda eða bera skyldur sem sambúðarfólk ef á reyndi. Þá má nefna að ekkert kemur í veg fyrir að einstaklingur sem fengið hefur skilnað að borði og sæng taki upp óvígða sambúð við nýjan aðila en honum er óheimilt að ganga í hjúskap fyrr en að fengnum lögskilnaði.

Sérstakar reglur gilda um stofnun og slit hjúskapar samkvæmt ákvæðum hjúskaparlaga, nr. 31/1993. Þar er m.a. að finna reglur um hjónavígsluskilyrði, lögbundna vígslumenn, framkvæmd hjónavígslu, skilyrði fyrir slitum og formreglur um slit hjúskapar. Þá má nefna að tvíkvæni er refsivert samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

3. Fjármál, réttindi og skyldur sambúðarfólks.

3.1. Réttarstaða aðila meðan sambúð varir.

Engar sérstakar lagareglur gilda um fjármál sambúðarfólks eða fólks í óvígðri sambúð á Íslandi. Að stofna til sambúðar hefur því að meginstefnu til engin áhrif á réttarstöðu einstaklings með tilliti til eignarréttar og ábyrgðar á skuldum. Meginreglan er sú að hver einstaklingur á einn þær eignir sem hann kemur með í sambúð og hann eignast meðan sambúðin varir. Einstaklingar geta gert milli sín samninga um tilfærslu eignarréttar eða samninga um sameign. Hugtakið sameign er notað um það tilvik þegar tveir eða fleiri eiga hlut saman og geta aðeins ráðstafað hlutnum í sameiningu. Sé annað ekki ákveðið eru líkur fyrir helmingaskiptum við slit sameignar. Engar sérstakar reglur gilda um form slíkra samninga þegar sambúðarfólk á í hlut.

Nokkuð algengt er að ágreiningur rísi um það milli sambúðarfólks hver sé eigandi tiltekinna eigna, hvenær og hvort sameign hafi stofnast og hver sé eignarhlutdeild hvors um sig. Sams konar spurningar geta vaknað um skuldir. Kemur þetta helst til álita við slit sambúðar og verður fjallað um það hér síðar. Þessi álitamál geta þó einnig risið varðandi rétt til ráðstöfunar eigna og um aðgang skuldheimtumanna að eignum meðan sambúð varir og verður einnig fjallað um það nánar hér á eftir. Æskilegt er að sambúðarfólk geri sér grein fyrir eigna- og skuldastöðu sinni, geri viðeigandi samninga um þessi atriði eftir því sem tilefni gefst og gæti þess að skráning eigna og skulda sé sem næst því sem rétt má teljast.

Rétt er að geta þess að almennir samningar sambúðarfólks, gerðir meðan allt leikur í lyndi, kunna að vera ógildir að því leyti sem þeir kveða á um skuldbindingar ef upp úr sambúð slitnar. Byggist þetta á því grundvallarsjónarmiði í sifjarétti að samningar um efni sem ekki er hægt að hafa yfirsýn yfir við samningsgerð séu yfirleitt ógildir og mætti byggja hér á 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Samningur milli sambúðarfólks verður þannig að vera skýr og nokkuð ítarlegur og aðilar verða að gera sér grein fyrir bæði lagalegum og raunhæfum áhrifum hans á þeim tíma sem hann er gerður. Þá er talið að sambúðarfólk geti ekki gert almennan samning um að allar reglur um fjármál hjóna eða framfærslu milli hjóna skuli gilda um sambúðina.

Sambúðarfólk hefur óskoraðan ráðstöfunarrétt yfir eignum sínum og ber engin skylda til að upplýsa hvort annað um efnahag sinn, afkomu eða skuldastöðu. Þá er meginreglan sú að einstaklingar í sambúð geta stofnað til skulda og bera óskoraða ábyrgð á þeim skuldum sem þeir stofna til sjálfir.

Sambúð getur haft áhrif á samningsstöðu aðila í vissum tilvikum. Sem dæmi má nefna að skv. 79. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, er slíku félagi hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélags þess lán né setja tryggingu fyrir þá. Hið sama gildir um þá sem eru giftir eða í óvígðri sambúð með þessum tilgreindu aðilum, eða standa þeim sérstaklega nærri að öðru leyti. Samsvarandi reglu

er að finna 104. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og 34. gr. laga nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Þá má nefna að hjón eða sambúðarfólk getur ekki gert samninga um félagsbú skv. 25. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Telst það óvígð sambúð samkvæmt jarðalögum ef fólk á sameiginlegt lögheimili og hefur átt eða á von á barni saman eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Einnig má nefna að samkvæmt lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, eru eigendur fasteigna í fjöleignarhúsi félagsmenn í húsfélagi en æðsta vald í málefnum húsfélagsins er í höndum almenns húsfundar. Rétt til fundarsetu hafa félagsmenn, makar þeirra og sambúðarfólk. Maki eða sambúðaraðili getur farið með atkvæðisrétt fyrir félagsmann á fundi án sérstaks umboðs, sbr. 58. gr. Kjörgengir til stjórnar húsfélags eru félagsmenn, makar þeirra eða sambúðarfólk. Sambúð er ekki skilgreind sérstaklega samkvæmt lögum þessum.

Engin gagnkvæm framfærsluskylda er milli fólks í sambúð né sérstakar reglur um jafnstöðu, trúnað eða verkaskiptingu.

Rétt er að nefna að sambúð getur haft viss áhrif á mat á háttsemi einstaklinga samkvæmt almennum hegningarlögum og er óvígð sambúð þá lögð að jöfnu við hjónaband. Þannig segir í 198. gr. að hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar með því að misnota freklega þá aðstöðu sína að hann er honum háður fjárhagslega, í atvinnu sinni eða sem skjólstæðingur hans í trúnaðarsambandi, skuli sæta fangelsi. Í 199. gr. kemur fram að hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann sem heldur ranglega að mökin eigi sér stað í hjónabandi eða óvígðri sambúð eða hann er í þeirri villu að hann eigi mök við einhvern annan skuli sæta fangelsi. Þá er tiltekið í 205. gr. almennra hegningarlaga að refsing samkvæmt tilgreindum ákvæðum XXII. kafla um kynferðisbrot megi falla niður ef karl og kona, er kynferðismökin hafi gerst í milli, hafa síðar gengið að eigast eða tekið upp óvígða sambúð eða, ef þau voru þá í hjónabandi eða óvígðri sambúð, hafa eftir það tekið upp eða haldið áfram sambúð.

Enn fremur má nefna að með lögum nr. 94/2000 voru gerðar breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, þ.e. settar reglur um nálgunarbann. Hvati að setningu þessara nýmæla voru fyrst og fremst skýrslur og umræður um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum. Með lögunum er m.a. unnt að vernda þolendur heimilisofbeldis og er þar ekki gert upp á milli mismunandi fjölskyldugerða. Samkvæmt 110. gr. laganna er heimilt, að kröfu lögreglu, að leggja bann við því að maður komi á tiltekinn stað eða svæði, veiti eftirför, heimsæki eða setji sig með öðru móti í samband við annan mann ef rökstudd ástæða er til að ætla að hann muni fremja afbrot eða raska á annan hátt friði þess manns sem í hlut á.

Samkvæmt ákvæðum hjúskaparlaga kallast þær eignir hjúskapareignir sem hvort hjóna um sig kemur með eða eignast meðan hjúskapur varir. Hvort hjóna telst eigandi eigin hjúskapareigna og ber ábyrgð á þeim skuldum sem það stofnar til. Sérstakar reglur gilda um afsal eða veðsetningu tiltekinna eigna og ákveðnar reglur um samninga milli hjóna um tilfærslu eignarréttar, svo sem um gerð kaupmála. Á hjónum hvílir gagnkvæm framfærsluskylda, trúnaðarskylda og upplýsingaskylda um eignastöðu og afkomu. Þá eru í hjúskaparlögum almenn ákvæði um jafnstöðu hjóna og verkaskiptingu á heimili.

3.2. Réttarstaða aðila við slit sambúðar.

Engar sérstakar efnisreglur er að finna í lögum um skiptingu eigna sambúðarfólks. Litið er á sambúðarfólk sem tvo sjálfstæða einstaklinga og um fjármál þeirra fer eftir almennum reglum fjármunaréttar. Meginreglan er því sú að við slit sambúðar tekur hvor einstaklingur þær eignir sem hann á nema sérstaklega sé samið um annað.

Á síðustu áratugum hafa komið upp fjölmörg álitaefni um fjármál fólks við slit óvígðrar sambúðar og hefur iðulega verið talið ósanngjarnt að fara eingöngu eftir formlegum eignaheimildum við skiptingu eigna. Hér á landi hafa dómstólar mótað leiðbeinandi efnisreglur um þessi atriði og hefur verið lögð áhersla á að meta hina fjárhagslegu samstöðu. Skoðuð er m.a. lengd sambúðar, fjárframlög hvors aðila til kaupa á eignum og framlög sem felast í vinnu á heimili, t.d. við umönnun barna. Á síðari árum hefur fyrst og fremst verið reynt að bæta úr því misrétti sem orðið getur við slit óvígðrar sambúðar með því að dæma sambúðaraðila hlutdeild í eignamyndun á sambúðartímanum eða viðurkenna sameign aðila. Telja verður að svipuð sjónarmið sé unnt að leggja til grundvallar við slit óstaðfestrar samvistar en ekki er vitað til að dómar hafi gengið í ágreiningsmálum þar að lútandi.

Sá möguleiki er væntanlega einnig fyrir hendi að nota reglur um ólögmætan ávinning, en þær reglur segja til um að ávinningur sem einhver hefur fengið á kostnað annars, án réttargrundvallar, eigi að ganga til baka. Þessar reglur eru þó óljósar og hefur lítið sem ekkert reynt á þær hér á landi.

Þess má geta að þeir sem telja sig eiga eign í óskiptri sameign geta farið fram á að eign verði seld á nauðungaruppboði samkvæmt lögum nr. 90/1991, um nauðungarsölu, ef samkomulag næst ekki um ráðstöfun eignarinnar og að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Einstaklingum í óvígðri sambúð er enn fremur búið sérstakt réttarfarshagræði með ákvæðum í lögum nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl. Samkvæmt 100. gr. laganna geta karl eða kona eða bæði saman, sem slíta óvígðri sambúð eftir að hafa búið saman samfleytt í að minnsta kosti tvö ár eða búið saman skemmri tíma og annaðhvort eignast barn eða konan er þunguð af völdum karlsins, krafist opinberra skipta til fjárslita milli þeirra. Samkvæmt orðanna hljóðan ná ákvæði laga um skipti á dánarbúum o.fl. ekki til einstaklinga í óstaðfestri samvist.

Í kröfu um opinber skipti skal m.a. koma fram hverjar séu helstu eignir eða skuldir aðilanna. Ef ágreiningur er milli aðila t.d. um hverjar eignir geti komið til skipta og hvorum aðilanum þær tilheyri verður að beina málefninu til héraðsdóms skv. 112., sbr. 105. gr., og 122. gr. skiptalaganna. Samkvæmt 104. gr. skiptalaga getur hvor aðili krafist þess að fá muni til eignar utan skipta sem honum eru nauðsynlegir til að halda áfram atvinnu eða menntun sinni eða hefur eingöngu eða aðallega verið aflað til afnota hans, hvort sem munirnir eru eignir hans sjálfs eða hins aðilans. Þetta er heimilt ef verðgildi munanna er ekki slíkt að þetta verði talið ósanngjarnt gagnvart hinum aðilanum, og sá sem fær muni með þessum hætti tekur að sér þær skuldir sem hvíla á munununum eða hafa orðið til vegna öflunar þeirra. Með sömu skilyrðum getur sá aðili sem fer með forsjá sameiginlegs ófjárráða barns þeirra krafist af hálfu barnsins að það fái til eignar utan skipta muni sem það hefur haft afnot af úr eignum hvors aðila um sig. Við fjárslit milli aðilanna er ekki tekið tillit til eigna og skulda sem er farið með á þennan hátt. Þá er mikilvæg regla í 107. gr. sem mælir fyrir um að aðilarnir eigi hvor um sig rétt á að hafa vörslur þeirra eigna sem koma til skipta og þeir höfðu í vörslum sínum þegar opinber skipti byrjuðu. Í lögunum eru enn fremur m.a. reglur um hvernig eignir eru metnar, um ráðstöfun þeirra og um rétt til að fá eignir útlagðar sér við skiptin.

Í hjúskaparlögum er að finna fjölmörg efnisákvæði um fjármál við slit hjúskapar. Mikilvægast er að nefna að almennt gildir regla um helmingaskipti á öllum eignum hjóna. Þá má nefna að gagnkvæm framfærsluskylda hvílir á hjónum meðan skilnaður að borði og sæng varir en almennt ekki eftir lögskilnað. Þess má geta að ef greiddur er lífeyrir eftir lögskilnað þá fellur skylda til greiðslu hans niður þegar sá sem rétt á til hans giftist að nýju en ekki ef hann tekur upp nýja óvígða sambúð.

3.3. Réttarstaða skuldheimtumanna.

Ágreiningur getur risið um eignarrétt einstaklinga í sambúð og kröfur skuldheimtumanna og annarra til sömu eigna. Nauðsynlegt getur verið fyrir einstakling í sambúð að tryggja eignarrétt sinn með formlegri skráningu til að verjast kröfum skuldheimtumanna eða annarra sem eignast rétt yfir eigninni í góðri trú. Kemur hér helst til álita þinglýsing skv. ákvæðum þinglýsingalaga, nr. 39/1978.

Segja má að hjón njóti aukinnar verndar samkvæmt ákvæðum hjúskaparlaga um takmarkaðan ráðstöfunarrétt yfir eignum. Samkvæmt 60. gr. er öðru hjóna óheimilt án skriflegs samþykkis hins að afhenda eða veðsetja fasteign sína, þar á meðal sumarbústað, leigja hana eða byggja, ef hún er ætluð til bústaðar fyrir fjölskylduna eða er notuð við atvinnurekstur beggja hjóna eða hins. Sama gegnir um uppsögn leigusamnings um húsnæði sem ætlað er til bústaðar fyrir fjölskylduna eða til nota við atvinnurekstur beggja eða annars, svo og framleigu slíks húsnæðis. Öðru hjóna er einnig óheimilt án skriflegs samþykkis hins að afhenda, veðsetja eða leigja innbú á sameiginlegu heimili þeirra eða annað lausafé sem ætlað er til persónulegra nota fyrir hinn makann eða börn þeirra eða fyrir sameiginlegan atvinnurekstur þeirra, sbr. 61. gr. Ef óskað er þinglýsingar á löggerningum er greinir í 60. gr. verður skjalið að geyma yfirlýsingu um hvort útgefandi þess sé í hjúskap og hvort um fasteign sé að ræða sem um getur í ákvæðinu. Ef annað hjóna gerir samning án samþykkis hins þar sem þessa var þörf þá getur hitt fengið samningnum hrundið með dómi að nánari skilyrðum uppfylltum skv. 65. gr. hjúskaparlaga.

Þess má geta að skv. 43. gr. laga um aðför, nr. 90/1989, er sambúðarfólki búið visst öryggi gegn aðför skuldheimtumanna gerðarþola. Þannig verður fjárnám ekki gert í lausafjármunum, sem nauðsynlegir eru gerðarþola og heimilismönnum hans til að halda látlaust heimili með þeim hætti sem almennt gerist. Gerðarþola er auk þess heimilt að undanþiggja vissa lausafjármuni fjárnámi, svo sem muni sem hafa verulegt minjagildi fyrir hann eða fjölskyldu hans, eða eru þeim nauðsynlegir vegna örorku, heilsubrests eða atvinnu. Gera má ráð fyrir rúmri skilgreiningu á heimilismanni og fjölskyldu.

Sérreglur gilda um riftun samninga milli nákominna í þeim tilvikum er einstaklingur reynist ófær um að greiða skuldir sínar en þá er unnt að krefjast riftunar eldri samninga en ella. Samkvæmt 131. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti, má krefjast riftunar á gjafagerningi ef gjöfin var afhent á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag. Krefjast má riftunar á gjöf til nákominna ef gjöfin var afhent sex til tuttugu og fjórum mánuðum fyrir frestdag nema leitt sé í ljós að þrotamaðurinn hafi þá verið gjaldfær og það þrátt fyrir afhendinguna. Hafi fjárslit farið fram milli þrotamannsins og maka hans eða sambýlismanns, og hafi hann afsalað sér rétti við þau, má með sömu skilyrðum krefjast riftunar á þeirri ráðstöfun að því leyti sem fyrrum maki þrotamannsins eða sambýlismaður hefur fengið meira í sinn hlut við fjárslitin en honum hefði borið, sbr. 132. gr. Með sömu skilyrðum má enn fremur krefjast riftunar ósanngjarnrar greiðslu launa til nákominna og greiðslu skulda með tilteknum hætti, sbr. 133. og 134. gr. sömu laga. Í 3. gr. laganna er skilgreint orðið nákomnir en það er m.a. notað um hjón og þá sem búa í óvígðri sambúð, þá sem eru skyldir í beinan legg eða fyrsta lið til hliðar og þá sem tengjast með hjúskap eða óvígðri sambúð með samsvarandi skyldleika.

3.4. Réttarstaða aðila við andlát sambúðarmaka.

Enginn gagnkvæmur erfðaréttur er milli sambúðarfólks og eftirlifandi sambúðarmaki öðlast ekki rétt til setu í óskiptu búi, svo sem gildir um eftirlifandi maka í hjúskap samkvæmt ákvæðum erfðalaga, nr. 8/1962. Við andlát verður að skilja milli eigna hvors um sig, eftirlifandi sambúðarmaki fær sínar eignir og erfingjar hins látna skipta milli sín eignum hans

samkvæmt ákvæðum erfðalaga. Ágreiningsefni um eignarrétt eða hugsanlega hlutdeild í eignamyndun verður að leysa með sama hætti og við slit sambúðar, samanber hér að ofan.

Einstaklingur getur ráðstafað eignum sínum með erfðaskrá skv. 35. gr. erfðalaga til hvers sem hann kýs, t.d. maka í óvígðri sambúð eða óstaðfestri samvist. Láti hinn látni eftir sig skylduerfingja, þ.e. maka og/eða niðja, er honum þó einungis heimilt að ráðstafa ⅓ hluta eigna sinna með erfðaskrá. Eigi hann enga skylduerfingja er honum heimilt að ráðstafa öllum eignum sínum með erfðaskrá. Um erfðafjárskatt er fjallað í kafla um skattamál.

Segja má að tiltekin réttindi falli eftirlifandi sambúðaraðila í skaut samkvæmt einstaka lagaákvæðum, sbr. hér síðar í kaflanum um vinnumál. Í þessu samhengi má hér nefna lög nr. 33/1997, um Bókasafnssjóð höfunda, en þar er að finna sérstök lagaákvæði gilda um greiðslur til höfunda og þýðenda vegna afnota bóka í bókasöfnum. Geta höfundar sótt um úthlutun úr sjóðnum en rétt til úthlutunar eftir andlát rétthafa eiga m.a. eftirlifandi maki og eftirlifandi einstaklingur sem var í sambúð með rétthafa þegar hann lést, enda hafi sambúðin staðið í fimm ár hið skemmsta. Sambúð er ekki frekar skilgreind í lögunum. Þess má geta að skv. 31. gr. höfundalaga, nr. 73/1972, fer um höfundarétt eftir ákvæðum erfðalaga eftir andlát höfundar. Höfundaréttur getur því ekki fallið sambúðaraðila í skaut nema samkvæmt erfðaskrá.

Einnig má nefna lög nr. 16/1991, um brottnám líffæra. Samkvæmt lögunum er heimilt að einstaklingi látnum að nema brott líffæri eða lífræn efni úr líkama hans til nota við læknismeðferð annars einstaklings, ef samþykki hins látna liggur fyrir, sbr. 2. gr. laganna. Liggi slíkt samþykki ekki fyrir er heimilt að fjarlægja líffæri eða lífræn efni úr líkama látins einstaklings ef fyrir liggur samþykki nánasta vandamanns hans og slíkt er ekki talið brjóta í bága við vilja hins látna. Með nánasta vandamanni er m.a. átt við maka eða sambýlismann eða sambýliskonu en sambúð er ekki skilgreind í lögunum. Eftir því sem kostur er skal tilkynna vandamönnum hins látna um andlát hans áður en líffæri eða lífræn efni eru numin brott úr líkama hans til nota við læknismeðferð annars einstaklings.

Við andlát einstaklings í hjúskap fara fram helmingaskipti skv. ákvæðum hjúskaparlaga og laga um skipti á dánarbúum o.fl. Samkvæmt 2. gr. erfðalaga erfir eftirlifandi maki svo ⅓ hluta af eignum hins látna ef hinn látni lætur eftir sig niðja. Ef niðjum er ekki til að dreifa þá erfir maki allar eignir hins látna, sbr. 3. gr. erfðalaga. Eftirlifandi maki hefur rétt til setu í óskiptu búi eftir nánari reglum í erfðalögum en sá sem situr í óskiptu búi hefur í lifanda lífi eignarráð á fjármunum búsins.

4. Börn.

4.1. Almennt um réttarstöðu barna.

Með setningu núgildandi barnalaga, nr. 20/1992, var sérstaklega stefnt að því að afnema mun á réttarstöðu barna eftir því hvort foreldrar voru í hjúskap eða ekki. Með barnalögum, nr. 9/1981, var börnum sambúðarforeldra búin í reynd sama réttarstaða og börnum giftra foreldra en þó haldið í forna tvígreiningu milli skilgetinna barna og óskilgetinna. Sem eðlilegt framhald á þessari þróun voru hugtökin numin úr gildi með lögum nr. 20/1992.

4.2. Faðerni.

Um faðerni barna gildir samsvarandi regla hvort svo sem barn er fætt í hjúskap eða óvígðri sambúð aðila, eða svokölluð „pater est“-regla, sem byggist á löglíkum á faðerni. Samkvæmt 2. gr. barnalaga telst eiginmaður móður barns þannig sjálfkrafa faðir barnsins ef það er alið í hjúskapnum eða svo skömmu eftir hjúskaparslit að það sé hugsanlega getið í hjúskapnum. Þetta gildir þó ekki ef hjónin voru skilin að borði og sæng á getnaðartíma barnsins. Ef móðir barns og maður, sem hún lýsir föður þess, búa saman við fæðingu barnsins,

samkvæmt því sem greinir í þjóðskrá eða öðrum ótvíræðum gögnum, telst hann faðir barnsins. Sama er ef móðir barns og maður sem hún lýsir föður þess taka upp sambúð samkvæmt framansögðu enda sé barn þá ófeðrað. Óvígð sambúð er hér lögð að jöfnu við hjúskap sem þykir í samræmi við réttarþróun og börnum fyrir bestu.

4.3. Tæknifrjóvgun.

Tæknifrjóvgun er getnaður sem verður í framhaldi af tæknisæðingu eða glasafrjóvgun skv. 1. gr. laga nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun. Samkvæmt 3. gr. laganna má því aðeins framkvæma tæknifrjóvgun að konan sem undirgengst aðgerðina sé samvistum við karlmann, í hjúskap eða óvígðri sambúð, sem staðið hafa samfellt í þrjú ár hið skemmsta og að þau hafi bæði samþykkt aðgerðina skriflega og við votta. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 87/1996 gilda ákvæði laga um tæknifrjóvgun ekki um staðfesta samvist og þá heldur ekki um samkynhneigð pör í óstaðfestri samvist.

Í 3. gr. barnalaga kemur fram að eiginmaður eða sambúðarmaður sem samþykkt hefur að tæknifrjóvgun fari fram á eiginkonu eða sambúðarkonu hans með gjafasæði úr öðrum manni telst faðir barns sem þannig er getið.

4.4. Ættleiðing.

Ættleiðingum er yfirleitt skipt í tvo flokka. Annars vegar frumættleiðingar, þar sem barn eignast að öllu leyti nýja foreldra og tengsl við kynforeldra rofna. Hins vegar stjúpættleiðingar, þar sem maki kynforeldris ættleiðir stjúpbarn sitt en þá rofna tengsl við hitt kynforeldrið.

Fram til setningar nýrra laga nr. 130/1999, um ættleiðingar, hafði hjónum einum verið heimilt að ættleiða barn saman og veittur aðgangur að stjúpættleiðingu. Í 1. gr. núgildandi laga um ættleiðingar segir að hjón eða karl og kona sem hafa verið í óvígðri sambúð í a.m.k. fimm ár sé einum heimilt að ættleiða barn saman og skulu þau almennt standa saman að ættleiðingu. Öðru hjóna eða karli eða konu í óvígðri sambúð má einnig með samþykki hins veita leyfi til að ættleiða barn þess eða kjörbarn. Þess má geta að skv. 40. gr. ættleiðingarlaga getur dómsmálaráðherra ákveðið að víkja megi frá einstökum ákvæðum laganna ef það er talið nauðsynlegt til að fullnægja skyldum sem Ísland hefur bundist með þjóðréttarsamningum. Samkvæmt 2. gr. Haag-samnings frá 29. maí 1993, um ættleiðingar milli landa, geta ættleiðendur einungis verið hjón eða einstaklingar. Gera verður ráð fyrir að ekki verði talin lagaskilyrði fyrir hendi til að veita karli og konu í óvígðri sambúð forsamþykki vegna fyrirhugaðrar ættleiðingar þeirra saman á barni frá aðildarríki Haag-samningsins.

Við setningu laga nr. 87/1996, um staðfesta samvist, var ekki gert ráð fyrir að ákvæði ættleiðingarlaga um hjón giltu um einstaklinga í staðfestri samvist, þ.e. þeir gátu ekki sótt um að frumættleiða barn saman og hvorugur gat sótt um leyfi til að stjúpættleiða barn hins. Gerð var breyting á lögunum um staðfesta samvist með lögum nr. 52/2000 en nú getur maki í staðfestri samvist fengið heimild til þess að stjúpættleiða barn maka síns. Samkvæmt orðanna hljóðan gildir þessi heimild ekki um maka í óstaðfestri samvist.

4.5. Fóstur.

Um fóstur fer samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, nr. 58/1992, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 532/1996, um ráðstöfun barna í fóstur. Barnaverndarnefnd er skylt að ráðstafa barni í fóstur þegar fósturráðstöfun er nauðsynleg þar sem aðbúnaði, umönnun eða uppeldi barns er áfátt vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra. Fóstur getur verið tímabundið eða varanlegt, en þá er um það að ræða að barni er komið í fóstur þar til forsjár-

skyldur falla niður og barnið verður sjálfráða. Markmið varanlegs fósturs er að fósturbarn aðlagist og tilheyri fósturfjölskyldu með sama hætti og um eigið barn fósturforeldra væri að ræða. Barnaverndarstofa metur hæfi umsækjenda sem óska eftir að gerast fósturforeldrar og við mat á hæfni eru könnuð ýmis almenn atriði. Samkvæmt 4. gr. reglugerðar um ráðstöfun barna í fóstur ber væntanlegum fósturforeldrum m.a. að leggja fram hjúskapar- eða sambúðarvottorð en almennt er ekki gerður munur á umsækjendum eftir því hvort þeir eru í hjúskap, óvígðri sambúð, staðfestri eða óstaðfestri samvist.

4.6. Fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Lög nr. 25/1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, gera engan mun á hjúskap og óvígðri sambúð. Samkvæmt lögunum skal kona standa sjálf að umsókn sinni um fóstureyðingu, sbr. 13. gr. Ef þess er kostur á maðurinn að taka þátt í umsókn konunnar, nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Hér er um að ræða barnsföður konunnar og ekki skiptir máli hvort hann er giftur henni, þau í sambúð eða hún einstæð. Í 16. gr. segir að áður en kona, sem gengist hefur undir fóstureyðingu, útskrifist af sjúkrahúsinu, skuli henni veittar leiðbeiningar um getnaðarvarnir. Ef konan er gift eða í sambúð, skal maðurinn, ef mögulegt er, einnig hljóta leiðbeiningar um getnaðarvarnir.

4.7. Ríkisfang barns.

Með lögum nr. 62/1998 voru gerðar ýmsar breytingar á lögum nr. 100/1952, um íslenskan ríkisborgararétt. Voru m.a. afnumin hugtökin skilgetið og óskilgetið barn en þó er nokkur munur á réttarstöðu barns eftir því hvort foreldrar þess eru í hjúskap eða ógiftir. Samkvæmt núgildandi lögum öðlast barn íslenskt ríkisfang við fæðingu ef móðir þess er íslenskur ríkisborgari eða ef móðir hefur annað ríkisfang en faðir þess er íslenskur ríkisborgari og kvæntur móðurinni, sbr. 1. gr.

Samkvæmt 2. gr. er gerður greinarmunur á því hvort barn ógiftra foreldra er fætt hér á landi eða erlendis. Eignist ógift kona sem er erlendur ríkisborgari barn hér á landi öðlast það íslenskt ríkisfang ef faðir þess er íslenskur ríkisborgari og uppfyllt eru ákvæði barnalaga um feðrun, sem áður voru rakin. Barn íslensks karls sem fæðist utan hjónabands erlendis getur fengið íslenskt ríkisfang ef faðir þess ber fram ósk þar um og fullnægjandi gögn um fæðingu og faðerni þess berast dómsmálaráðuneytinu.

4.8. Forsjá barna.

4.8.1. Meðan sambúðin varir.

Forsjá felur í sér rétt og skyldu fyrir forsjáraðila til að ráða persónulegum högum barns og gegna öðrum foreldraskyldum. Samkvæmt 30. gr. barnalaga á ósjálfráða barn rétt á forsjá beggja foreldra sinna sem eru í hjúskap eða búa saman samkvæmt því sem greinir í þjóðskrá eða öðrum ótvíræðum gögnum. Taki ógift foreldri, sem fer með forsjá barns síns, upp sambúð eða gangi í hjúskap er forsjá barns einnig hjá stjúpforeldri eða sambúðarforeldri. Sama gildir um þá sem eru í staðfestri samvist. Óvíst er hvort samkynhneigt par í óstaðfestri samvist fari sameiginlega með forsjá barns sem býr hjá þeim.

Þess má geta að skv. 8. gr. lögheimilislaga, nr. 21/1990, skal barn 17 ára eða yngra eiga sama lögheimili og foreldrar þess ef þeir búa saman, ella hjá því foreldrinu sem hefur forsjá þess.

4.8.2. Við sambúðarslit.

Sömu reglur gilda um ákvarðanir um forsjá barna við skilnað og við sambúðarslit ef foreldrar barnsins eiga í hlut. Samkvæmt 2. mgr. 32. gr. barnalaga verður þannig að taka ákvörðun um forsjá barns við slit óvígðrar sambúðar. Foreldrar geta samið um að forsjá barns þeirra verði hjá þeim báðum (sameiginleg forsjá) eða í höndum annars hvors. Samningur um forsjá barns öðlast gildi við staðfestingu sýslumanns.

Ef ágreiningur rís um forsjá við sambúðarslit foreldra er meginreglan sú að dómstóll sker úr ágreiningsmálinu. Dómsmálaráðuneytið getur skorið úr ágreiningi um forsjá ef aðilar eru sammála um að fela ráðuneytinu úrskurðarvald. Niðurstaða ræðst af því hvað barni er fyrir bestu, sbr. 34. gr. barnalaga.

Barnalögin gera ekki ráð fyrir að stjúp- eða sambúðarforeldri, þ.e. sá sem hefur búið með kynforeldri barns og einnig farið með forsjána meðan sambúðin varir, geti gert kröfu um að fá forsjá barnsins við sambúðarslit.

4.8.3. Við andlát forsjárforeldris.

Um forsjá við andlát forsjárforeldris er fjallað í 31. gr. barnalaga. Ef foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns og annað þeirra andast fer eftirlifandi foreldri eitt með forsjána ásamt maka sínum eða sambúðaraðila ef því er að skipta. Þetta er óháð því hvort foreldrar hafa búið saman eða ekki.

Ef annað foreldri hefur farið með forsjá barnsins þá fer stjúpforeldri eða sambúðarforeldri, sem einnig hefur farið með forsjána, áfram með forsjá eftir andlát forsjárforeldris. Fela má hinu foreldrinu forsjá barnsins að kröfu þess foreldris ef það er talið barninu fyrir bestu.

4.9. Framfærsluskylda.

Samkvæmt 9. gr. barnalaga er foreldrum, báðum saman og hvoru um sig, skylt að framfæra barn sitt óháð því hvort þau búa saman eða hvort þeirra fer með forsjána. Stjúpforeldri og sambúðarforeldri er skylt að framfæra barn maka síns svo sem eigið barn þess væri meðan sambúð við kynforeldri varir.

4.10. Umgengni.

Gagnkvæmur réttur barns og foreldris, sem ekki fer með forsjá þess, til að njóta umgengni er óháður því hvort foreldrar hafa verið í hjónabandi eða sambúð. Samkvæmt 37. gr. á barn rétt á umgengni við foreldri sitt og er því skylt að rækja umgengni og samneyti við barn.

Barnalögin gera ekki ráð fyrir að stjúp- eða sambúðarforeldri, þ.e. sá sem farið hefur með forsjá barns meðan sambúð við kynforeldri varir, geti krafist umgengni við barn eftir sambúðarslit.

4.11. Réttarstaða barns við andlát foreldris.

Réttarstaða barns sem missir foreldri sitt er ólík eftir því hvort foreldri var í hjúskap eða óvígðri sambúð við andlátið. Samkvæmt 2. gr. erfðalaga, nr. 8/1962, taka börn og aðrir niðjar allan arf ef maka er ekki til að dreifa og ekki liggur fyrir erfðaskrá, enda er enginn erfðaréttur milli sambúðarfólks. Þá verður búi hins látna alltaf skipt strax ef hinn látni var ekki í hjúskap, enda er þá ekki fyrir hendi réttur maka til setu í óskiptu búi.

Í lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, er fjallað um barnalífeyri. Samkvæmt 14. gr. laganna er barnalífeyrir greiddur með börnum yngri en 18 ára, ef annað hvort foreldra er látið. Sömu réttarstöðu hafa stjúpbörn og kjörbörn þegar eins stendur á. Þó skal ekki greiddur barnalífeyrir vegna fráfalls eða örorku stjúpforeldris ef barnið á framfærsluskylt foreldri á

lífi. Með hliðsjón af 44. gr. laganna má gera ráð fyrir að þessi regla gildi um sambúðarforeldri en samkvæmt beinu orðalagi 44. gr. nær hún ekki til fráfalls maka kynforeldris í óstaðfestri samvist.

5. Vinnumál.

5.1. Skyldutrygging lífeyrisréttinda.

Samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, er öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára til 70 ára aldurs. Í lögunum er fjallað bæði um lífeyrissparnað og lífeyrisréttindi sem grundvölluð eru á samtryggingu og felast í þeim ákvæði um lágmarkskjör.

Samkvæmt II. kafla laganna er unnt að gera sérstakan samning um lífeyrissparnað. Sparnaði þessum er ætlað svipað hlutverk og elli-, örorku- og fjölskyldulífeyri úr lífeyrissjóðum. Í 11. gr. laganna kemur fram að deyi rétthafi áður en innstæða lífeyrissparnaðar er að fullu greidd út fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga.

Í III. kafla er fjallað um samtryggingarréttindi í lífeyrissjóðum. Með iðgjaldagreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda í sameign ávinnur sjóðfélagi sér, og maka sínum og börnum eftir því sem við á, rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris og maka- og barnalífeyris. Maki samkvæmt lögunum telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár, sbr. 3. mgr. 16. gr. Hér er því samkvæmt orðanna hljóðan ekki átt við óstaðfesta samvist.

Í 14. gr. laganna er fjallað um ellilífeyri. Geta sjóðsfélagi og maki hans gert með sér sérstakt samkomulag sem nær til ellilífeyrisgreiðslna, verðmætis ellilífeyrisréttinda eða ellilífeyrisréttinda beggja aðilanna og fela í sér gagnkvæma og jafna skiptingu áunninna réttinda. Í 16. gr. er fjallað um makalífeyri og skilyrði fyrir greiðslu hans.

Réttur til lífeyris úr lífeyrissjóði er háður þeim reglum sem gilda um hvern sjóð fyrir sig og er einstaka lífeyrissjóði þannig heimilt að veita aðilum rýmri rétt en lögin segja til um. Algengt er að lífeyrissjóðir miði við sömu skilgreiningu á maka og lögin nr. 129/1997, sbr. t.d. lög nr. 155/1998, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, lög nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda, og lög nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna. Nefna má að svipaða skilgreiningu er að finna í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 10/1997, nema þar er miðað við að sambúð hafi varað í a.m.k. eitt ár.

5.2. Eftirlaun.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 113/1994 skal greiða eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, er uppfylla tiltekin skilyrði. Eftirlaun skiptast í ellilífeyri, örorkulífeyri og makalífeyri en greiðslur eftirlauna úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögunum. Í 3. gr. kemur fram að heimilt sé að úrskurða sambúðarfólki makalífeyri eins og um hjúskap hafi verið að ræða, enda hafi sambúð staðið um árabil. Sambúð er ekki skilgreind í lögunum.

5.3. Réttindi skv. kjarasamningi o.fl.

Atvinnurekendum er samkvæmt ákvæðum fjölmargra kjarasamninga skylt að tryggja launþega fyrir dauða o.fl. Algengast er að kjarasamningar tilnefni maka sem einn rétthafa

dánarbóta en taki fram að með maka sé eins átt við einstakling í staðfestri samvist og einstakling í skráðri óvígðri sambúð. Óvígð sambúð er yfirleitt ekki skilgreind frekar.

Samkvæmt 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, er útgerðarmanni skylt að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum. Dánarbætur greiðast eftirlifandi maka og börnum á sambærilegan hátt og almennar lögerfðareglur mæla fyrir um. Tekið er fram að með maka sé einnig átt við sambúðarmann eða sambúðarkonu samkvæmt reglum almannatryggingalaga. Miðað við orðalag 44. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, nær reglan því ekki til óstaðfestrar samvistar.

Þá kann í kjarasamningi að vera kveðið á um rétt maka til launa við andlát launþega, sbr. t.d. núgildandi kjarasamning um réttindamál aðildarfélaga Bandalags háskólamanna. Með maka er átt við einstakling í hjúskap, staðfestri samvist, skráðri sambúð eða sambúð sem að öðru leyti má jafna til hjúskapar í merkingu 44. gr. almannatryggingalaga, nr. 117/1993.

Í lögum um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, nr. 72/1996, eru ákvæði um réttindi eftirlifandi maka til launa. Orðið maki er ekki skilgreint í lögunum. Sama á við um rétt eftirlifandi maka embættismanna samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Um aðra starfsmenn ríkisins, sem skipaðir hafa verið eða ráðnir í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laganna frá 1996, voru enn fremur í gildi ákvæði 21. gr. laga nr. 38/1954, um lausnar- og makalaun, þar til samið var um annað. Í 40. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, er einnig kveðið á um rétt eftirlifandi maka til launa í tiltekinn tíma.

Í flestum kjarasamningum hefur verið samið um rétt foreldra til að vera frá vinnu í tiltekinn tíma vegna veikinda barna sinna. Almennt er ekki gerður munur á foreldrum eftir sambúðarstöðu að þessu leyti.

Samkvæmt lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, er atvinnurekanda m.a. skylt að greiða í sjúkrasjóði stéttarfélaga starfsmanna sinna og eru reglur sjúkrasjóðanna hverjar með sínu sniði. Flestir sjúkrasjóðir greiða t.d. bætur eins og útfararstyrk, dánarbætur og sérstaka styrki vegna tiltekinna aðstæðna. Nefna má sem dæmi að samkvæmt úthlutunarreglum sjúkrasjóðs Bandalags háskólamanna frá 1. apríl 2000 er unnt að greiða útfararstyrk til þess sem stendur straum af útför og matskennda fjárhæð til að bæta tímabundið framfærslutap maka eða sambúðarmaka. Þá er unnt að greiða sérstakan styrk vegna veikinda maka. Sjúkrasjóðir gera almennt ekki grundvallarmun á einstaklingum í hjúskap og óvígðri sambúð en kunna að leggja að einhverju leyti mismunandi skilgreiningar til grundvallar við mat á réttindum sambúðarfólks, svo sem um lengd sambúðartíma.

5.4. Starfsréttindi samkvæmt leyfi.

Í ýmsum lögum er tekið fram að við andlát leyfishafa geti maki fengið heimild til að halda áfram starfsemi sem leyfi hins opinbera þarf til að reka, svo sem í iðnaðarlögum, nr. 42/1978, lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, og lögum nr. 61/1995, um leigubifreiðar. Hugtakið maki er ekki skilgreint nánar.

5.5. Ábyrgðarsjóður launa vegna gjaldþrots.

Samkvæmt lögum um ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrots, nr. 53/1993, ábyrgist sjóðurinn greiðslu vinnulaunakröfu launþega við gjaldþrot vinnuveitanda. Í 6. gr. laganna eru tilgreindir þeir launþegar sem ekki geta krafist greiðslu en það eru þeir sem hafa átt sæti í stjórn gjaldþrota félags, átt tiltekinn hlut í félagi eða gegnt tilteknum ábyrgðarstöðum hjá vinnuveitanda. Hið sama á við um maka þessara aðila, skyldmenni hans í beinan legg og maka skyldmennis í beinan legg. Orðið maki er ekki skilgreint í lögunum.

5.6. Fjölskylduábyrgð.

Nýverið voru sett lög nr. 27/2000, um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna. Samkvæmt lögunum er óheimilt að segja manni upp störfum eingöngu vegna fjölskylduábyrgðar sem hann ber. Með fjölskylduábyrgð er átt við skyldur starfsmanns gagnvart börnum, maka eða nánum skyldmennum sem búa á heimili hans og greinilega þarfnast umönnunar hans eða forsjár, svo sem vegna veikinda eða fötlunar. Orðið maki er ekki skilgreint og því ekki ljóst að hvaða leyti lögin ná til sambúðarfólks.

5.7. Atvinnuleysistryggingar.

Í lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, er kveðið á um rétt þeirra sem verða atvinnulausir til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Rétturinn er að öllu leyti bundinn við einstakling, ekkert er minnst á maka eða sambúðaraðila og ekkert tillit er tekið til tekna maka eða sambúðaraðila við útreikning bóta.

6. Skaðabætur.

Skaðabótalög, nr. 50/1993, gilda um rétt til skaðabóta utan samninga. Sá sem ber skaðabótaábyrgð á dauða annars manns skal m.a. greiða hæfilegan útfararkostnað og bætur til maka eða sambúðarmaka fyrir missi framfæranda, sbr. 12. og 13. gr. laganna. Þannig er enginn munur gerður á bótarétti eftirlifandi maka eftir því hvort um hjúskap eða sambúð var að ræða. Það er þó skilyrði bótaréttar sambúðarmaka að sambúð verði jafnað til hjúskapar en lögin skilgreina það ekki nánar. Þá geta dómstólar dæmt slíkar bætur til annarra á grundvelli 12. gr. laganna ef nægilega rökstuddar kröfur koma fram. Ekki er vitað til þess að sérstaklega hafi reynt á rétt einstaklings í óstaðfestri samvist að þessu leyti.

Þá er skv. 26. gr. laganna heimilt að gera þeim, sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur dauða annars manns, að greiða maka, börnum eða foreldrum miskabætur. Með maka er einnig átt við sambúðarmaka.

Þess má geta að skaðabótafé vegna líkamstjóns, fjárhagslegs og ófjárhagslegs, sem ekki hefur verið eytt kemur ekki til skipta við fjárslit milli hjóna. Við skilnað er litið á bæturnar sem séreign þess sem þær hefur fengið og eru hjón að þessu leyti í sömu stöðu og einstaklingar sem slíta sambúð.

Krafa einstaklings um bætur fyrir líkamstjón, þjáningarbætur og bætur fyrir varanlegan miska erfist að vissum skilyrðum uppfylltum, svo sem hafi hún verið viðurkennd eða dómsmál verið höfðað til heimtu hennar fyrir andlát viðkomandi. Réttarstaða eftirlifandi maka og sambúðarmaka er að þessu leyti ólík þar sem enginn erfðaréttur er milli sambúðarfólks.

7. Vátryggingar.

Í lögum um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954, er m.a. fjallað um skaðatryggingar, líftryggingar og slysa- og sjúkratryggingar. Hér kemur til álita hvort sambúðaraðili getur notið góðs af vátryggingu sem hinn hefur keypt (vátryggingartaki). Einnig hvort unnt er að leggja framferði vátryggingartaka og sambúðaraðila hans að jöfnu þegar takmarka skal rétt til tryggingarfjár.

Samkvæmt II. kafla laganna um skaðatryggingu má vátryggja sérhverja lögmæta hagsmuni gegn skaða og geta hér fallið undir t.d. svokallaðar heimilistryggingar. Tekið er fram í lögunum að vátrygging á búsmunum taki almennt einnig til búsmuna maka vátryggingartaka, barna hans og heimilisfólks. Heimilisfólk er ekki nánar skilgreint en gera má ráð fyrir að sambúðaraðili í víðtækum skilningi falli þar undir ef sambúðin er skráð í þjóðskrá

eða liggur fyrir samkvæmt öðrum ótvíræðum gögnum. Í vátryggingarskilmálum er algengt að tala um vátryggða sem vátryggingartaka og fjölskyldu hans, aðila með sameiginlegt lögheimili, sameiginlegt heimilishald og sem búa á sama stað. Þá er í vátryggingarskilmálum algengt að leggja að jöfnu háttsemi vátryggingartaka og vátryggðra við mat á því hvort vátrygging falli úr gildi vegna háttsemi viðkomandi.

Um brunatryggingu gildir sú regla skv. 85., sbr. 18. og 19. gr. laganna um vátryggingarsamninga, að ef vátryggður, eða maki hans, verður þess valdur af ásettu ráði að vátryggingaratburðurinn gerist á hann enga kröfu á hendur félaginu.

Samkvæmt III. kafla um líftryggingar má miða slíka tryggingu hvort heldur er við líf vátryggingartaka eða við líf þriðja manns og má semja um að vátryggingarfjárhæðin greiðist út við lát viðkomandi eða þegar hann nær tilteknum aldri. Samkvæmt 102. gr. getur vátryggingartaki, bæði þegar vátrygging er tekin og síðar, tilnefnt annan mann sem rétthafa í sinn stað, og skal þá vátryggingarfjárhæðin almennt greidd beint og óskert til þess manns ef hún á að greiðast út fyrir lát vátryggingartaka. Trygging getur með þessum hætti runnið beint til sambúðarmaka án tillits til reglna um erfðarétt. Ef greiða á vátryggingarfjárhæðina við lát vátryggingartaka skiptir máli hvort hann á skylduerfingja eða ekki. Ef vátryggingartaki hefur tilnefnt annan mann sem rétthafa í sinn stað, og sá maður er ekki skylduerfingi hans, en vátryggingartaki lætur eftir sig maka eða niðja, skal farið með vátryggingarfjárhæðina, að því er varðar búshluta og skylduarf þessara manna, eins og hún heyrði til dánarbúinu og vátryggingartaki hefði ánafnað þeim, er hann tilnefndi í sinn stað, hana með erfðaskrá. Þetta gildir þó ekki ef vátryggingartaki hefur afsalað sér rétti sínum til að afturkalla ánöfnunina.

Sambúðaraðili stendur ekki vel að vígi ef vátryggingartaki hefur tilnefnt „nánustu vandamenn“ sína sem rétthafa. Þá telst maki hans vera rétthafi, en sé maki eigi á lífi, þá börn hans, og séu þau heldur eigi á lífi, þá erfingjar hans, sbr. 105. gr.

Sömu reglur og hér hafa verið raktar gilda eftir því sem við á um sjúkra- og slysatryggingar samkvæmt ákvæðum laga um vátryggingarsamninga.

8. Almannatryggingar.

8.1. Almennt.

Samkvæmt 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 14. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, skal öllum, sem þess þurfa, tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. Í gildi eru lög nr. 117/1993, um almannatryggingar, sem mæla fyrir um nánar tilgreindan rétt einstaklinga til aðstoðar, en skv. 1. gr. laganna teljast til þeirra lífeyris-, slysa- og sjúkratryggingar. Eru lögin byggð á þeirri meginreglu að réttur einstaklings úr opinberum sjóðum skuli vera óháður hjúskaparstöðu en í lögunum um almannatryggingar er þó að ýmsu leyti tekið tillit til fjölskyldustöðu fólks. Talið hefur verið að einstaklingur í hjúskap eða sambúð þurfi minna sér til framfærslu en sá sem býr einn og það geti því átt við málefnaleg rök að styðjast að gera nokkurn mun á greiðslum til einstaklinga úr opinberum sjóðum eftir því hvort viðkomandi er í sambúð eða ekki. Kom strax með lögum um alþýðutryggingar frá 1943 fram sú stefna að fólk í óvígðri sambúð skuli njóta sömu réttinda og hjón. Þess má geta að þetta er ekki alltaf sambúðarfólki til hagsbóta þar sem ýmsar greiðslur almannatrygginga eru lægri til hjóna en til tveggja einstaklinga.

Í 44. gr. laga um almannatryggingar kemur fram að sama rétt til bóta og hjón hafi karl og kona sem eru í óvígðri sambúð er skráð hefur verið í þjóðskrá lengur en eitt ár. Sama rétt hafa karl og kona sem átt hafa saman barn eða konan er þunguð af hans völdum, enda sé óvígð sambúð þeirra skráð í þjóðskrá. Sama gildir um bótarétt þess sem eftir lifir. Samkvæmt

3. mgr. 44. gr. skal sameiginlegt lögheimili eða sambúð eftir öðrum ótvíræðum gögnum lengur en eitt ár lagt að jöfnu við skráningu sambúðar í þjóðskrá. Ná lög um almannatryggingar samkvæmt orðanna hljóðan þannig ekki til einstaklinga í óstaðfestri samvist.

Eftirfarandi er stutt yfirlit yfir þær reglur sem sérstaklega lúta að réttarstöðu hjóna/sambúðarfólks samkvæmt lögum um almannatryggingar.

8.2. Slysatryggingar.

Slysatryggingar samkvæmt lögunum um almannatryggingar taka til slysa við vinnu, nám, íþróttaæfingar o.fl. og samsvarandi er tekið fram að tryggðir séu m.a. launþegar, nemar og íþróttafólk. Samkvæmt 24. gr. laganna telst maki atvinnurekanda ekki launþegi. Atvinnurekendur geta þó tryggt sér og mökum sínum slysabætur skv. 25. gr. laganna. Í 28. gr. er að finna heimild til þess að taka tillit til vinnutekna maka við ákvörðun dagpeninga vegna slyss. Ef slys veldur varanlegri örorku skal greiða þeim sem fyrir því verður örorkulífeyri eða örorkubætur í einu lagi samkvæmt nánari reglum í 29. gr. Ef örorkan er metin meiri en 50% skal auk örorkulífeyris greiða lífeyri vegna maka. Ef slys veldur dauða innan tveggja ára frá því er það bar að höndum skal greiða dánarbætur m.a. til eftirlifandi maka sem var samvistum við hinn látna, eftir reglum 30. gr. laganna.

8.3. Lífeyristryggingar.

Lífeyristryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, tekjutryggingar, örorkustyrkja og barnalífeyris skv. II. kafla laganna. Að því er hjón og annað sambúðarfólk varðar getur sá réttur sem þeim er veittur verið skertur vegna tekna maka þess sem rétt á til lífeyris.

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. skal skerða ellilífeyri ef árstekjur einstaklinga eða hjóna hvors um sig eru hærri en tiltekin tekjumörk. Lífeyrir hjóna, sem bæði fá lífeyri, skal almennt nema 90% af lífeyri tveggja einstaklinga, sbr. 3. mgr. 11. gr. Í 17. gr. laganna eru ákvæði um rétt ellilífeyrisþega til tekjutryggingar til viðbótar ellilífeyri. Þar er að finna reglur um með hvaða hætti tekjutrygging skerðist að teknu tilliti til sameiginlegra tekna hjóna.

Tekjur maka skerða ekki örorkulífeyri skv. 12. gr. laga um almannatryggingar. Tekjur maka skerða hins vegar tekjutryggingu örorkulífeyrisþega með tilteknum hætti skv. 17. gr., sbr. lög nr. 3/2001, þó þannig að tryggt er að öryrki hafi sjálfur að minnsta kosti ákveðnar lágmarkstekjur án tillits til tekna maka.

9. Félagsþjónusta, félagsleg aðstoð o.fl.

9.1. Félagsþjónusta.

Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 41/1991, er markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar. Við framkvæmd félagsþjónustunnar skal þess gætt að hvetja einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum, virða sjálfsákvörðunarrétt hans og styrkja hann til sjálfshjálpar. Í lögunum er víða að finna ákvæði um stuðning við fjölskyldur en aðstoð og þjónusta skal jöfnum höndum vera til þess fallin að bæta úr vanda og koma í veg fyrir að einstaklingar og fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki ráðið fram úr málum sínum sjálf.

9.1.1. Fjárhagsaðstoð.

Ein tegund félagsþjónustu er fjárhagsaðstoð en hvert sveitarfélag setur sér reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar. Tekið er fram að hverjum manni sé skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laganna eiga sama rétt til

fjárhagsaðstoðar og hjón einnig karl og kona sem búa saman og eru bæði ógift, enda hafi sambúðin verið skráð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram. Samkvæmt orðanna hljóðan nær ákvæðið ekki til einstaklinga í óstaðfestri samvist. Reglur um fjárhagsaðstoð gera ráð fyrir að einstaklingar undir ákveðnum tekjumörkum geti sótt um aðstoð en tekjumörk hjóna og sambúðarfólks eru almennt lægri en samanlögð tekjumörk tveggja einstaklinga.

Nú liggur fyrir Alþingi (126. löggjafarþingi 2000–2001) frumvarp til nýrra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Samkvæmt 26. gr. frumvarpsins skal fjárhagsaðstoð til sambúðarfólks ákvörðuð með sama hætti og til hjóna. Litið er svo á að með sambúðarfólki sé átt við karl og konu sem skráð hafa verið í sambúð í þjóðskrá og skulu réttaráhrif ákvæðisins miðast við þann dag sem sambúð er skráð.

9.1.2. Önnur þjónusta.

Fjölskyldustaða getur haft áhrif á aðra þá þjónustu sem veitt er samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, bæði varðandi þjónustu við börn og unglinga, heimaþjónustu, þjónustu við aldraða og við fatlaða og húsnæðisaðstoð. Getur bæði verið tekið tillit til þess stuðnings sem einstaklingur hefur af öðrum fjölskyldumeðlimum og þörf fyrir aukna þjónustu vegna fjölskylduaðstæðna. Fjölskyldustaða getur m.a. haft áhrif á rétt til forgangs að þjónustu, t.d. hefur verið algengt að einstæðir foreldrar njóti forgangs umfram hjón og sambúðarfólk. Gera má ráð fyrir að hjúskapur og óvígð sambúð sé lögð að jöfnu á þessu réttarsviði.

9.2. Félagsleg aðstoð.

Sérstök lög, nr. 118/1993, gilda um félagslega aðstoð en vegna reglna Evrópusambandsins um almannatryggingar er nauðsynlegt að gera glöggan greinarmun á bótum almannatrygginga og félagslegri aðstoð. Bætur félagslegrar aðstoðar eru mæðra- og feðralaun, barnalífeyrir vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára, umönnunargreiðslur, endurhæfingarlífeyrir, makabætur, dánarbætur, heimilisuppbót, sérstök heimilisuppbót, frekari uppbætur, bætur vegna bifreiðakostnaðar, bifreiðakaupastyrkir og endurgreiðsla umtalsverðs kostnaðar við læknishjálp og lyf.

Í 13. gr. laga um félagslega aðstoð er tekið fram að ákvæði laga um almannatryggingar gildi um bætur félagslegrar aðstoðar eftir því sem við á og eru hjón og einstaklingar í óvígðri sambúð, eins og hún er þar skilgreind, því lagðir að jöfnu. Eftir orðanna hljóðan fellur fólk í óstaðfestri samvist ekki þar undir og er því meðhöndlað sem einstaklingar samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

Eftirfarandi er stutt yfirlit yfir þær reglur sem sérstaklega lúta að réttarstöðu hjóna/sambúðarfólks samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

9.2.1. Mæðra- og feðralaun.

Samkvæmt 2. gr. laganna greiðast mæðra- og feðralaun til einstæðra foreldra. Við vissar aðstæður er heimilt að greiða mæðra- og feðralaun til maka elli- og örorkulífeyrisþega eða maka einstaklings sem afplánar fangelsisvist. Ef viðtakandi launanna skráir sig í óvígða sambúð með foreldri barnsins eða barnanna, fyrrverandi sambýlisaðila eða gengur í hjúskap, falla launin strax niður. Ef um er að ræða annan en foreldri barnsins falla launin niður ári síðar.

9.2.2. Makabætur og dánarbætur.

Samkvæmt 5. gr. laganna er heimilt, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, að greiða maka elli- eða örorkulífeyrisþega makabætur sem eru allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga. Í 6. gr. er að finna reglur um dánarbætur, en heimilt er að greiða bætur í sex mánuði eftir lát maka.

9.2.3. Heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót.

Samkvæmt 9. gr. laganna er heimilt að greiða einhleypingi, sem nýtur óskertrar tekjutryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar og er einn um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, að auki heimilisuppbót að tiltekinni fjárhæð. Ef einhleypingur hefur eingöngu tekjur úr lífeyristryggingum almannatrygginga skal hann til viðbótar við heimilisuppbót eiga rétt á sérstakri heimilisuppbót.

9.3. Fæðingar- og foreldraorlof.

Ný lög um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, tóku gildi 1. janúar 2001. Markmið laganna er að tryggja barni samvistir bæði við föður og móður og að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Konur og karlar eiga nú jafnan rétt til fæðingarorlofs, hvort heldur er á almennum eða opinberum vinnumarkaði eða utan hans. Hvort foreldri á sjálfstæðan, óframseljanlegan rétt til fæðingarorlofs í allt að þrjá mánuði vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur, samkvæmt nánari skilgreiningum í lögunum. Auk þessa eiga foreldrar sameiginlegan rétt á þremur mánuðum til viðbótar sem annað foreldrið getur tekið í heild eða foreldrar skipt með sér. Hér er um að ræða rétt kynforeldra, rétturinn er óháður hjúskapar- eða sambúðarstöðu foreldranna en er háður því hver fer með forsjá barns. Samkvæmt 8. gr. laganna er réttur foreldris til fæðingarorlofs bundinn því að það fari sjálft með forsjá barnsins eða hafi sameiginlega forsjá ásamt hinu foreldri þess þegar taka fæðingarorlofs hefst. Árétta skal að maki eða sambúðarmaki kynforeldris á ekki rétt á fæðingarorlofi samkvæmt lögunum. Forsjárlaust foreldri á rétt til fæðingarorlofs liggi fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem fæðingarorlof stendur yfir. Greiðslur í tengslum við fæðingarorlof eru óháðar hjúskapar- eða sambúðarstöðu aðila.

Samkvæmt 24. gr. á hvort foreldri sjálfstæðan rétt á foreldraorlofi í 13 vikur til að annast barn sitt en réttur þessi fellur niður þegar barnið nær átta ára aldri. Forsjárlaust foreldri getur sótt um leyfi vilji það sinna umgengni við barn sitt um lengri tíma og réttur foreldris án forsjár til foreldraorlofs er ekki háður samþykki þess foreldris sem fer með forsjána á sama hátt og fæðingarorlof.

9.4. Leikskólar.

Lög nr. 78/1994 taka til starfsemi leikskóla sem annast uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri að ósk foreldra. Bygging og rekstur leikskóla er á ábyrgð hvers sveitarfélags og eru leikskólar fyrst og fremst reknir af sveitarfélögum landsins, eða alls 230 af þeim 252 leikskólum sem reknir voru á Íslandi árið 1999. Hvert sveitarfélag setur reglur um úthlutun leikskólarýma. Þar sem erfitt er að mæta eftirspurn eftir leikskólarými er algengt að tiltekin börn njóti forgangs. Í flestum sveitarfélögum njóta börn einstæðra foreldra og námsmanna forgangs að leikskóla og fá styrk til greiðslu leikskólagjalda, eða niðurgreiðslur, umfram þá sem eru í hjúskap eða óvígðri sambúð. Gera má ráð fyrir að óvígð sambúð sé alls staðar lögð

að jöfnu við hjúskap/staðfesta samvist og að ekki sé gerður greinarmunur á því hvort sambúðin er við kynforeldri barns eða stjúpforeldri. Staða einstaklinga í óstaðfestri samvist er aftur á móti ekki ljós og verður að gera ráð fyrir að þeir séu í flestum tilvikum meðhöndlaðir sem einstaklingar.

10. Skattamál.

10.1. Tekju- og eignarskattur.

Í lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eru fjölmörg ákvæði um hjón. Samkvæmt 63. gr. laganna eiga karl og kona, sem búa saman í óvígðri sambúð og eiga sameiginlegt lögheimili, rétt á að telja fram og vera skattlögð sem hjón sem samvistum eru, ef þau hafa átt barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. eitt ár, enda óski þau þess bæði skriflega við skattyfirvöld. Sams konar heimild er í 81. gr. að því er eignarskatt varðar. Sérstaklega er tekið fram í lögunum að einstaklingar í staðfestri samvist skuli telja fram og skattlagðir eins og hjón. Samkvæmt orðanna hljóðan ná lögin þannig ekki til einstaklinga í óstaðfestri samvist.

Eftirfarandi er stuttlega gerð grein fyrir réttarstöðu hjóna og sambúðarfólks samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt 5. gr. laganna eru hjón sjálfstæðir skattaðilar hvort um sig og skal þeim almennt ákveðinn tekjuskattur og eignarskattur hvoru í sínu lagi. Fram kemur í 63. gr. að hjónum ber að telja fram launatekjur, og aðrar tekjur skv. A-lið 7. gr., hvoru um sig og skal telja hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skv. B-lið 7. gr. hjá því hjóna sem stendur fyrir rekstrinum. Aðrar tekjur hjóna en launatekjur, skv. C-lið 7. gr. (svo sem leigutekjur og arður), skulu lagðar saman og taldar til tekna hjá því hjóna sem hefur hærri hreinar tekjur. Sérstakar reglur eru í lögunum um ýmiss konar frádrátt frá tekjum. Nemi heimilaður heildarfrádráttur frá tekjum hærri fjárhæð hjá öðru hjóna en tekjur þær er um ræðir, skal það, sem umfram er, dregið frá tekjum hins hjóna við álagningu.

Tekjuskattur manna er reiknaður af tekjuskattsstofni. Frá reiknaðri fjárhæð dregst svo persónuafsláttur skv. 68. gr. laganna. Nemi persónuafsláttur hærri fjárhæð en reiknaður tekjuskattur af tekjuskattsstofni skal honum ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða útsvar hans og eignarskatt á álagningarárinu. Persónuafsláttur, sem enn er óráðstafað umfram þetta, fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., og skal þá hlutfalli af óráðstöfuðum persónuafslætti annars makans bætt við persónuafslátt hins. Full nýting persónuafsláttar milli hjóna mun koma til framkvæmdar í áföngum á næstu árum samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXXVIII, sbr. lög nr. 102/1999. Þeir sem stunda sjómennsku á íslensku skipi eða skipi sem gert er út af íslensku skipafélagi njóta sérstaks afsláttar, sjómannaafsláttar, sem koma skal til frádráttar reiknuðum tekjuskatti af þeim launum sem viðkomandi hafði fyrir sjómannsstörf. Um ráðstöfun sjómannaafsláttar gilda sömu ákvæði og um ráðstöfun persónuafsláttar, eftir því sem við getur átt.

Samsköttun er á eignum hjóna skv. 81. gr. og skulu hjón telja saman allar eignir sínar og skuldir. Eignarskattsstofni skal skipt að jöfnu milli þeirra og reiknast eignarskattur af hvorum helmingi fyrir sig.

10.2. Vaxtabætur.

Maður sem skattskyldur er, skv. 1. gr. laganna um tekjuskatt og eignarskatt, og ber vaxtagjöld af lánum, sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, á rétt á sérstökum vaxtabótum skv. B-lið 69. gr. laga nr. 75/1981. Vaxtagjöld til

útreiknings vaxtabóta geta aldrei numið hærri fjárhæð en tilteknum hundraðshluta af skuldum og að auki eru í lögunum tilgreindar hámarksfjárhæðir vaxtagjalda hjá einstaklingum, einstæðum foreldrum og hjá hjónum og sambýlisfólki. Þá skerðast vaxtabætur miðað við tekjur og skal hjá hjónum eða sambýlisfólki miðað við samanlagðar tekjur beggja. Vaxtabætur skerðast einnig hlutfallslega miðað við eignir sem fara fram úr tilgreindum mörkum fyrir áðurnefnda hópa fólks.

Hámarksfjárhæð vaxtagjalda hjá hjónum og sambýlisfólki er talsvert lægri en tvöföld hámarksfjárhæð einstaklings. Samsvarandi gildir um eignamörk sem skerða vaxtabætur. Samkvæmt 7. mgr. B-liðar 69. gr. skal skipta vaxtabótum til helminga milli hjóna. Sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði fyrir samsköttun, sbr. 3. mgr. 63. gr. laganna, enda þótt það óski ekki eftir að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein. Þessar reglur hafa í för með sér að tveir einstaklingar, svo sem einstaklingar í óstaðfestri samvist, sem kaupa húsnæði saman, eiga rétt til hærri vaxtabóta en hjón og sambýlisfólk sem fellur undir skilgreiningu laganna samkvæmt orðanna hljóðan.

10.3. Barnabætur.

Í A-lið 69. gr. laganna um tekjuskatt og eignarskatt eru ákvæði um barnabætur með börnum innan 16 ára aldurs sem greiðast framfæranda barnsins en framfærandi telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Sá sem greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi. Hjón teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambúðarfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Fjárhæðir barnabóta eru tilgreindar í lögunum og eru greiddar hærri bætur til einstæðra foreldra en til foreldra í hjúskap eða óvígðri sambúð sem fellur undir skilgreiningu laganna. Barnabætur skerðast í jöfnu hlutfalli við tekjuskattsstofn umfram tilgreinda fjárhæð sem er tvöfalt hærri hjá hjónum eða sambúðarfólki en hjá einstæðu foreldri. Barnabætur skerðast einnig um hlutfall af eignarskattsstofni umfram tiltekna fjárhæð sem er talsvert hærri fyrir tvo einstaklinga en fyrir hjón og sambúðarfólk. Hér geta því átt við sömu sjónarmið um einstaklinga í óstaðfestri samvist og nefnd voru um vaxtabætur.

10.4. Erfðafjárskattur.

Eins og áður sagði er ekki erfðaréttur milli sambúðarfólks en unnt er að ráðstafa arfi til sambúðaraðila með erfðaskrá. Samkvæmt lögum nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, er gert ráð fyrir mismunandi skattflokkum eftir því hvaða erfingjar taka arf. Arfur samkvæmt erfðaskrá er fellur til óskylds aðila er almennt í hæsta skattflokki og greiðir sá erfingi allt að 45 af hundraði í skatt.

Í 4. gr. laganna segir að af arfi sem fellur til þess hjóna sem lifir hitt, svo og af arfi sambýlismanns, skuli engan erfðafjárskatt greiða. Samkvæmt 2. gr. laganna er sambýlismaður sá, sem stofnað hefur til óvígðrar sambúðar við persónu af gagnstæðu kyni og tekur arf eftir hana samkvæmt arfleiðsluskrá, þar sem stöðu hans sem sambýlismanns arfleiðandans er ótvírætt getið. Hefur þetta í för með sér mjög mikilvæg réttindi fyrir sambúðarfólk.

Samkvæmt orðanna hljóðan nær þessi regla ekki til einstaklinga í óstaðfestri samvist. Benda má á að reglan um erfðafjárskatt hefur nokkra sérstöðu meðal reglna um óvígða sambúð þar sem gerðar eru strangar og skýrar formkröfur um að geta stöðu sambýlismanns í erfðaskrá. Telja verður að reglan muni þannig aldrei ná nema til vel afmarkaðs hóps sambúðarfólks jafnvel þó henni yrði breytt í þá veru að einstaklingar í óstaðfestri samvist gætu notið sama hagræðis.

11. Húsnæðismál.

11.1. Opinber húsnæðislán.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, er tilgangur þeirra að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Íbúðalánasjóður annast lánveitingar til bygginga og kaupa á íbúðarhúsnæði en þar getur verið um að ræða almenn lán og viðbótarlán til einstaklinga svo og lánveitingar til sveitarfélaga, félaga og félagasamtaka til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði til útleigu.

Almenn lán eru þær lánveitingar sem fólgnar eru í skiptum á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf sem gefin eru út með veði í íbúðarhúsnæði. Fasteignaveðbréf eru skuldabréf sem kaupandi eða eigandi íbúðarhúsnæðis gefur út með veði í íbúðarhúsnæði í tengslum við fasteignaviðskipti. Reglugerð nr. 7/1999 gildir um húsbréf og húsbréfaviðskipti. Samkvæmt orðskýringum 2. gr. reglugerðarinnar er með húsbyggjanda, íbúðarkaupanda eða íbúðareiganda átt við einstakling, hjón eða sambúðarfólk. Með sambúðarfólki er átt við skráða sambúð karls og konu er eiga sameiginlegt lögheimili samkvæmt þjóðskrá. Virðist þessi skilgreining fyrst og fremst þjóna þeim tilgangi að afmarka að félög, félagasamtök, sveitarfélög, hið opinbera og aðrir lögaðilar geti ekki nýtt sér húsbréfakerfið. Tveir einstaklingar, t.d. einstaklingar í óstaðfestri samvist, geta þannig eignast húsnæði í sameiningu og gilda um það að flestu leyti sömu reglur og um sambúðarfólk.

Nokkur atriði horfa þó öðru vísi við, sérstaklega varðandi mat á greiðslugetu aðilanna. Áður en gengið er frá fasteignaviðskiptum skal væntanlegur íbúðarkaupandi, húsbyggjandi eða íbúðareigandi fá greiðslugetu sína metna hjá fjármálastofnun samkvæmt reglum Íbúðalánasjóðs. Við mat á greiðslugetu er fyrst og fremst tekið mið af útborguðum mánaðarlaunum aðila og geta hjón og sambúðarfólk notið hagræðis af ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt, t.d. vegna yfirfærslu persónuafsláttar sem getur leitt til hærri útborgunar launa. Einnig er þó tekið tillit til bóta úr opinberum sjóðum sem geta verið hærri til tveggja einstaklinga en hjóna eða sambúðarfólks, eins og rakið er annars staðar í skýrslu þessari. Þá er við mat á greiðslugetu m.a. tekið tillit til framfærslukostnaðar umsækjanda. Byggja skal á sem næst raunverulegum framfærslukostnaði en tekið er mið af lágmarksframfærslukostnaði samkvæmt upplýsingum Ráðgjafastofu heimilanna og meðalframfærslukostnaði samkvæmt neyslukönnunum Hagstofunnar. Við þetta mat er gert ráð fyrir að tveir einstaklingar þurfi meira sér til framfærslu en hjón og sambúðarfólk sem aftur getur leitt til minni ráðstöfunartekna og þar af leiðandi lægri lánveitingar.

Viðbótarlán eru ætluð þeim sem búa við erfiðar aðstæður og þurfa sérstaka aðstoð við íbúðarkaup. Einstaklingum sem rétt eiga á almennu láni má veita viðbótarlán að beiðni húsnæðisnefndar viðkomandi sveitarfélags. Getur heildarlánveiting úr Íbúðalánasjóði (almennt lán og viðbótarlán) þannig orðið 90% af matsverði íbúðar. Við veitingu viðbótarlána skal höfð hliðsjón af fjölskyldustærð, eignum, tekjum, íbúðarstærð og gerð húsnæðis og hefur hvert sveitarfélag heimild til að setja nánari fyrirmæli um þessi atriði, sbr. 30. gr. laganna og 4. gr. reglugerðar um viðbótarlán, nr. 783/1998. Í reglugerðinni er tekið fram að auk skilyrða um greiðslugetu sé réttur til viðbótarláns bundinn skilyrðum um tekju- og eignamörk. Samkvæmt 5. gr. miðast tekjumörk við meðaltekjur einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks en með sambúðarfólki er átt við skráða sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili samkvæmt þjóðskrá. Miðað er við að meðaltekjur nemi eigi hærri fjárhæðum en tilgreint er í reglugerðinni og eru viðmiðunartekjur hjóna og sambúðarfólks 40% hærri en hjá einstaklingi. Segja má að tveir einstaklingar eigi því rýmri rétt til viðbótarláns en hjón eða sam-

búðarfólk. Eignamörk eru tilgreind í reglugerðinni þau sömu fyrir einstaklinga og aðra. Að öðru leyti gilda sömu reglur um greiðslumat og gerð var grein fyrir hér að ofan um almenn lán.

11.2. Húsnæðissamvinnufélög.

Samkvæmt lögum nr. 161/1998, um húsnæðissamvinnufélög, er markmið slíkra félaga að byggja, eiga og hafa yfirumsjón með rekstri íbúðarhúsnæðis sem félagsmönnum þeirra er látið í té sem íbúðir með búseturétti sem tryggir þeim ótímabundin afnot af þeim gegn greiðslu búseturéttargjalds. Félagsmenn öðlast rétt til að fá keyptan búseturétt í þeirri röð sem þeir ganga í húsnæðissamvinnufélagið og búsetturéttargjald vegna íbúðar ákvarðast af kostnaði við byggingu eða kaup hennar.

Í 6. gr. laganna er tekið fram að eigandi búseturéttar sé að jafnaði einn nema um hjón sé að ræða eða einstaklinga sem hafi haft sameiginlegt heimilishald í a.m.k. tvö ár. Sambúð er ekki skilgreind frekar en samkvæmt orðanna hljóðan má gera ráð fyrir rúmri túlkun. Samkvæmt 7. gr. er réttur búseturétthafa til íbúðar ekki framseljanlegur og erfist ekki. Húsnæðissamvinnufélagið getur þó heimilað að réttur til afnota af íbúð færist yfir til maka við andlát félagsmanns, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi.

11.3. Byggingarsamvinnufélög.

Samkvæmt lögum nr. 153/1998, um byggingarsamvinnufélög, er tilgangur slíkra félaga m.a. að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota á sem hagkvæmastan hátt. Byggingarsamvinnufélög gera byggingarsamninga við félagsmenn sína þar sem m.a. er kveðið á um greiðslutilhögun. Í lögunum eru engar sérstakar takmarkanir á aðild að slíkum samningi eða munur gerður á einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki. Þó má nefna að vissar hömlur eru settar við framsali íbúðar. Við tilteknar aðstæður getur stjórn byggingarsamvinnufélags átt forkaupsrétt að íbúð. Hafni stjórnin forkaupsrétti eiga ekkja eða ekkill látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau félagsmenn.

11.4. Skyldur sveitarfélaga í húsnæðismálum.

Um skyldur sveitarfélaga er fjallað í 45. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Sveitarstjórnir skulu, eftir því sem kostur er og þörf er á, tryggja framboð af leiguhúsnæði, félagslegu kaupleiguhúsnæði og/eða félagslegum eignaríbúðum handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna. Um framkvæmd að þessu leyti vísast til sjónarmiða sem nefnd voru hér að framan.

11.5. Húsaleiga.

11.5.1. Húsaleigulög.

Húsaleigulög, nr. 36/1994, gilda um samninga sem fjalla um afnot af húsi eða hluta af húsi gegn endurgjaldi. Geta fleiri en einn einstaklingur tekið saman húsnæði á leigu en sambúðarfólk sem býr í leiguhúsnæði getur einnig notið hagræðis af ákvæðum húsaleigulaga, nr. 36/1994, þó leigjandi sé einungis einn, t.d. við slit sambúðar. Í 46. gr. laganna er ákvæði um að ef leigjandi flytur úr húsnæði sem hann hefur gert leigusamning um er maka hans, sem verið hefur samvistum við hann í húsnæðinu, rétt að halda leigusamningi áfram. Samkvæmt 3. gr. gilda ákvæði laganna um hjón eða maka einnig um sambúðarfólk, en með sambúðarfólki er átt við karl og konu sem búa saman og eru bæði ógift ef þau hafa átt saman barn,

konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í eitt ár eða annað sambúðarform tveggja einstaklinga ef sambúðin hefur varað samfleytt í eitt ár. Telja verður að lögin gildi þannig m.a. um einstaklinga í óstaðfestri samvist sem varað hefur í tilskilinn tíma.

Samkvæmt 45. gr. húsaleigulaga, nr. 36/1994, er eftirlifandi maka eða sambúðarmanni, sbr. 3. gr., skyldmennum og venslamönnum, sem voru heimilismenn leigjanda við andlát hans eða höfðu framfæri af atvinnustarfsemi sem stunduð var í húsnæðinu og vilja taka við leigusamningi með réttindum og skyldum, heimilt að ganga inn í leigusamninginn í stað hins látna nema af hendi leigusala séu færðar fram gildar ástæður er mæla gegn því.

11.5.2. Húsaleigubætur.

Markmið laga nr. 138/1997, um húsaleigubætur, er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaðnum. Aðstoð samkvæmt lögunum er í formi greiðslna til leigjenda sem nefnast húsaleigubætur. Þeir sem leigja íbúðarhúsnæði til búsetu og eiga þar lögheimili eiga almennt rétt til húsaleigubóta sem miðast við ákveðna fjárhæð fyrir hverja íbúð og hvert barn á framfæri umsækjanda að teknu tilliti til leigufjárhæðar, eigna og tekna, sbr. 5. gr. laganna.

Sambúðarstaða getur haft áhrif á rétt til húsaleigubóta. Þannig er réttur til húsaleigubóta ekki fyrir hendi ef einhver sem býr í húsnæðinu með umsækjanda er skyldmenni leigusala í beinan legg eða kjörbarn, fósturbarn, systkini, barn þeirra eða tengdaforeldri, eða ef umsækjandi eða einhver sem býr í húsnæðinu með honum nýtur réttar til vaxtabóta.

Með tekjum í lögunum er átt við allar tekjur skv. lögum um tekjuskatt og eignarskatt og skal reikna samanlagðar tekjur allra þeirra sem lögheimili eiga eða hafa skráð eða fast aðsetur í viðkomandi leiguhúsnæði. Einnig skal taka tillit til samanlagðra eigna þessara sömu aðila með tilteknum hætti, sbr. 9. gr. laganna. Hér er því samkvæmt orðanna hljóðan miðað við rúma skilgreiningu á sambúðaraðila.

12. Námslán o.fl.

12.1. Námslán.

Samkvæmt lögum nr. 21/1992 er það hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna að tryggja þeim sem falla undir lögin tækifæri til náms án tillits til efnahags. Í 3. gr. kemur fram að miða skuli við að námslán nægi hverjum námsmanni til að standa straum af náms- og framfærslukostnaði meðan á námi stendur að teknu tilliti til fjölskyldustærðar námsmanns og er stjórn sjóðsins heimilt að taka tillit til búsetu og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns.

Fjölskylduhagir námsmanns hafa ýmis áhrif á rétt hans til námsláns. Verður hér gerð grein fyrir helstu atriðum er um þetta gilda samkvæmt úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Í reglunum er tekið fram að óvígð sambúð sé lögð að jöfnu við hjúskap en sambúð er ekki skilgreind frekar. Í framkvæmd er miðað við skráningu óvígðrar sambúðar í þjóðskrá og má því gera ráð fyrir að reglurnar nái ekki til einstaklinga í óstaðfestri samvist. Getur það eftir atvikum leitt hvort tveggja til rýmri (tillit til tekna maka) og lakari (sérstakur réttur vegna maka) réttarstöðu aðila.

Öll aðstoð til framfærslu á námstíma miðast við grunnframfærslu eins og hún er skilgreind af sjóðnum. Framfærsla einhleyps námsmanns er jafnhá grunnframfærslu. Framfærsla hækkar um 45% fyrir hvert barn á framfæri einhleyps námsmanns. Framfærsla námsmanns í hjónabandi eða sambúð er grunnframfærsla sem hækkar um 25% fyrir hvert barn. Tekjur námsmanns og maka lækka námslán á námstíma eftir nánar skilgreindum reglum sjóðsins. Séu hjón eða sambúðaraðilar bæði í lánshæfu námi ákvarðast lán til hvors um sig sérstaklega,

enda reiknist báðum framfærslulán. Hafi þau barn á framfæri geta þau farið fram á að samanlagðar tekjur þeirra skiptist jafnt á milli þeirra við ákvörðun námsláns. Vissar aðstæður, svo sem veikindi, geta leitt til þess að framfærsla námsmanns hækki um 50% vegna maka. Þá er námsmanni heimilt að sækja um lán til þess að greiða hluta eigin ferðakostnaðar og ferðakostnaðar maka og barna.

Námsmaður verður að sýna ákveðna námsframvindu til að fá námslán. Heimilt er við mat á námsframvindu m.a. að taka tillit til þess ef námsmaður eða maki hans veikjast. Með sambærilegum hætti er heimilt að taka tillit til andláts í nánustu fjölskyldu við mat á námsframvindu. Til nánustu fjölskyldu teljast foreldrar námsmanns og maka, afar og ömmur námsmanns og maka, systkini námsmanns og maka og börn þeirra. Ef um veruleg veikindi námsmanns, maka hans eða barna er að ræða á námstíma er heimilt að veita aukalán.

Litið er svo á að með undirritun umsóknar um námslán veiti námsmaður og maki sjóðnum heimild til að kanna skattframtöl þeirra á þeim tíma sem lán eru veitt eða endurgreiðsla lána stendur yfir. Námsmanni er skylt að tilkynna sjóðnum ef hann stofnar til hjúskapar eða sambúðar.

12.2. Jöfnunarstyrkir.

Sérstök lög, nr. 23/1989, gilda um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, sbr. og reglugerð nr. 746/2000. Þannig geta nemendur á framhaldsskólastigi, sem ekki njóta réttar til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna og fullnægja tilgreindum skilyrðum, átt rétt til námsstyrkja til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun vegna búsetu. Þeir sem ekki geta stundað sambærilegt nám frá lögheimili sínu og dvelja þess vegna fjarri lögheimili og fjölskyldu sinni geta átt rétt á dvalarstyrk. Fullur dvalarstyrkur nær til ferðastyrks, fæðisstyrks og húsnæðisstyrks.

Skilyrði dvalarstyrks er að dvalarstaður nemanda vegna náms sé a.m.k. 30 km frá lögheimili hans og foreldra. Heimilt er að víkja frá skilyrði um búsetu fjarri foreldri ef t.d. lögheimilishúsnæði er í eigu námsmanns eða námsmaður og maki hafa barn á framfæri sínu, maki dvelur í lögheimilishúsnæði og skráð sambúð á lögheimili hefur varað í a.m.k. eitt ár. Samsvarandi gildir um styrki vegna skólaaksturs. Sambúð er ekki skilgreind frekar.

13. Útlendingar.

13.1. Ríkisborgararéttur.

Í lögum nr. 100/1952, með síðari breytingum, er fjallað um íslenskan ríkisborgararétt. Samkvæmt 5. gr. a, sbr. lög nr. 62/1998, er dómsmálaráðherra heimilt að veita íslenskan ríkisborgararétt samkvæmt umsókn, m.a. umsækjanda sem er í hjúskap eða staðfestri samvist með íslenskum ríkisborgara, hafi hann átt hér lögheimili í þrjú ár frá giftingu/stofnun staðfestrar samvistar, enda hafi hinn íslenski maki haft íslenskan ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár. Einnig umsækjanda sem býr í skráðri sambúð með íslenskum ríkisborgara og bæði eru ógift, hafi hann átt hér lögheimili í fimm ár frá skráningu sambúðarinnar, enda hafi hinn íslenski ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár. Lagaákvæði þessi leysa af hólmi reglur Alþingis um veitingu ríkisborgararéttar frá 21. febrúar 1995. Nefna má að þar var notað orðalagið „óvígð sambúð“ sem ákveðið var að breyta í „skráða sambúð“ án nánari skýringa. Ekki er vitað til þess að reynt hafi á hvort lagaákvæðið nái til einstaklinga í óstaðfestri samvist.

Þess má geta hér að erlendur ríkisborgari, sem stofnar til hjúskapar við Íslending, má taka upp kenninafn maka síns skv. 12. gr. laga nr. 45/1996, um mannanöfn. Honum er að sjálfsögðu einnig heimilt að halda kenninafni sínu óbreyttu.

13.2. Eftirlit með útlendingum.

Samkvæmt lögum nr. 45/1965, um eftirlit með útlendingum, þurfa útlendingar almennt að fá dvalarleyfi á Íslandi nema þeir komi frá einhverju Norðurlandanna eða falli undir reglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um frjálsa fólksflutninga. Útlendingar sem falla undir reglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið mega dvelja hér í allt að þrjá mánuði en þurfa dvalarleyfi til lengri dvalar.

Sérstök reglugerð, nr. 674/1995, gildir um dvöl útlendinga, sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, hér á landi. Samkvæmt reglugerðinni á aðstandandi EES-útlendings, sem hefur eða öðlast dvalarleyfi, rétt á dvalarleyfi að nánari skilyrðum uppfylltum. Þeir sem teljast til aðstandenda EES-útlendings eru m.a. maki hans eða skyldmenni maka og eru reglur þessar bundnar við hjúskap.

Samkvæmt 25. gr. reglugerðar nr. 148/1965, um eftirlit með útlendingum, sbr. reglugerð nr. 514/1989, þurfa útlendingar sem eiga íslenskan maka ekki sérstakt dvalarleyfi á Íslandi ef þeir hafa haft fasta búsetu hér á landi um tveggja ára skeið og búa hér enn. Þessi regla miðast eingöngu við hjúskap.

Við ákvörðun um brottvísun útlendings frá Íslandi er í framkvæmd metið hverju sinni hver tengsl viðkomandi hafi við landið og m.a. jafnan tekið tillit til þess hvort hann er í hjúskap eða óvígðri sambúð við íslenskan ríkisborgara.

Nú liggur fyrir Alþingi (126. löggjafarþingi 2000–2001) frumvarp til laga um útlendinga. Samkvæmt 13. gr. frumvarpsins eiga nánustu aðstandendur tiltekinna aðila rétt á dvalarleyfi að vissum skilyrðum uppfylltum. Nánustu aðstandendur eru m.a. maki, sambúðarmaki og ættmenni maka, sbr. 2. mgr. 13. gr. Sambúð er ekki skilgreind frekar. Í 11. gr. frumvarpsins er fjallað um skilyrði dvalarleyfis og tekið fram að veita megi útlendingi dvalarleyfi þótt skilyrðum sé annars ekki fullnægt ef rík mannúðarsjónarmið standi til þess eða vegna sérstakra tengsla útlendingsins við landið. Er hér unnt að taka tillit til aðstandenda sem ekki falla undir ákvæði 13. gr. Aðstandandi EES-útlendings á rétt á dvalarleyfi skv. 37. gr. frumvarpsins og er gert ráð fyrir samsvarandi skilgreiningu og fram kemur í núgildandi reglugerð nr. 674/1995. Í 46. gr. frumvarpsins er fjallað um rétt flóttamanna til hælis á Íslandi. Samkvæmt 3. mgr. 46. gr. eiga maki flóttamanns eða sambúðarmaki og börn undir 18 ára aldri án maka eða sambúðarmaka rétt á hæli nema sérstakar ástæður mæli því í mót. Þá er í frumvarpinu fjallað um brottvísun útlendinga. Brottvísun skal ekki ákveða ef það með hliðsjón af málsatvikum eða tengslum útlendings við landið mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu ættingjum hans, sbr. 2. mgr. 20. gr., 2. mgr. 21. gr. og 4. mgr. 43. gr.

13.3. Atvinnuréttindi útlendinga.

Lög nr. 133/1994 gilda um atvinnuréttindi útlendinga. Útlendingum utan samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er almennt óheimilt að ráða sig í vinnu nema atvinnuleyfi hafi verið veitt samkvæmt lögunum. Samkvæmt 13. gr. þarf þó ekki að sækja um leyfi fyrir maka Íslendinga eftir því sem við á. Er hér átt við þá sem eru í hjúskap með íslenskum ríkisborgara. Almennt er óheimilt að veita útlendingi atvinnuleyfi nema hann hafi þegar fengið dvalarleyfi.

14. Réttarfar, stjórnsýsla o.fl.

14.1. Hæfi.

Hjúskapar- eða sambúðarstaða manna getur haft áhrif á hæfi þeirra til að gegna tilteknum hlutverkum. Stjórnsýslulög, nr. 37/1993, gilda almennt um stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga.

Samkvæmt 3. gr. er starfsmaður eða nefndarmaður m.a. vanhæfur til meðferðar máls ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Hið sama á við ef hann tengist fyrirsvarsmanni eða umboðsmanni aðila með þessum hætti eða ef mál varða þessa venslamenn verulega. Með maka og mægðum er hér átt við hjúskap. Í 6. tölul. 3. gr. er að finna matskennda hæfisreglu sem felur í sér að starfsmaður eða nefndarmaður er vanhæfur ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu. Tengsl við sambúðaraðila í víðtækum skilningi og náin skyldmenni sambúðaraðila falla hér undir.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, er dómari m.a. vanhæfur til að fara með mál ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar, hann tengist eða hefur tengst fyrirsvarsmanni eða málflytjanda aðila með sama hætti, hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu, mats- eða skoðunarmanni eða manni sem neitar að láta af hendi sönnunargagn, með sama hætti, eða fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa. Reglur þessar eru túlkaðar með sama hætti og vanhæfisreglur stjórnsýslulaga, þ.e. tengsl við sambúðaraðila mundu falla undir hina síðastnefndu matskenndu hæfisreglu.

Í fjölmörgum lögum er vísað til ákvæða laga um meðferð einkamála um hæfi við tilteknar aðstæður. Má nefna 6. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, 103. gr. laga nr. 75/1981, um vanhæfi skattyfirvalda, og 42. gr. barnaverndarlaga, nr. 58/1992, um vanhæfi nefndarmanna í barnaverndarnefndum og starfsfólks þeirra.

Í ýmsum lögum er einnig að finna sérreglur um hæfi. Má nefna að skv. 30. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, skal ríkissaksóknari víkja sæti ef hann er svo við málsefni eða aðila riðinn að hætta sé á að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu. Einnig má nefna 23. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, þar sem segir að starfsmanni lögreglu sé í starfi sínu óheimilt að aðhafast í eigin málum eða nákominna vandamanna nema afskipti hans af máli séu nauðsynleg til verndar lífi eða heilsu manna eða eignum gegn yfirvofandi hættu eða hætta sé á að frestun aðgerðar muni leiða til þess að tilgangi hennar verði ekki náð. Sérreglur af þessu tagi þarf að túlka hverju sinni en almennt má gera ráð fyrir að sambúð í rúmum skilningi valdi vanhæfi.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla, má ekki skipa í embætti hæstaréttardómara þann sem er eða hefur verið í hjúskap við dómara sem þar er skipaður fyrir eða skyldur slíkum dómara eða mægður að feðgatali, niðjatali eða öðrum lið til hliðar.

14.2. Vitnaskylda.

Samkvæmt lögum um meðferð einkamála er hverjum manni almennt skylt að koma fyrir dóm sem vitni. Í 52. gr. eru taldir þeir sem geta skorast undan því að gefa vitnaskýrslu og þar er að finna m.a. þann sem er eða hefur verið maki aðila, tengdaforeldri aðila eða tengdabarn. Dómari getur leyst aðra sem eru eða hafa verið nákomnir aðila undan vitnaskyldu ef honum virðist samband þeirra mjög náið. Telja verður að sambúðarfólk í víðum skilningi geti fallið hér undir.

Í lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, segir í 50. gr. að undan vitnaskyldu geti skorast m.a. maki sakbornings meðan hjúskap þeirra er ekki slitið að lögum, tengdaforeldri sakbornings og tengdabarn. Samkvæmt 2. mgr. getur dómari leyst aðra nákomna undan vitnaskyldu ef honum virðist samband þeirra mjög náið, svo sem sambúðarfólk, unnusta eða unnustu.

14.3. Lög um horfna menn.

Samkvæmt lögum nr. 44/1981, um horfna menn, getur héraðsdómari, ef maður hverfur og atvik benda eindregið til þess að hann sé látinn, úrskurðað að kröfu aðila, sem lögmætra hagsmuna hefur að gæta, að um bú manns fari sem hann væri látinn. Sóknaraðilar geta verið maki hins horfna, niðjar hans, þar á meðal kjörniðjar, aðrir erfingjar og aðrir þeir sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta af því að fá dómsúrlausn. Dómsmálaráðuneytið getur haft uppi kröfu skv. 6. gr. þegar gæsla almannahags gerir þess þörf eða þegar það telur réttmætt að gera kröfuna vegna tilmæla vandamanna. Fer eftir atvikum hverju sinni hvort sambúðaraðili eigi hagsmuna að gæta í þessu sambandi.

14.4. Lögræðislög.

Í 7. gr. lögræðislaga, nr. 71/1997, eru taldir upp þeir sem geta borið fram kröfu um lögræðissviptingu manns. Sóknaraðili lögræðissviptingarmáls getur m.a. verið maki varnaraðila eða sá sem næstur er erfingi varnaraðila að lögum eða samkvæmt erfðaskrá sem ekki er afturtæk. Sá sem getur átt aðild að lögræðissviptingarmáli getur jafnframt farið fram á að lögræðissvipting verði felld niður, sbr. 15. gr. laganna. Maki varnaraðila getur einnig lagt fram beiðni um nauðungarvistun manns í sjúkrahúsi, en með nauðungarvistun er bæði átt við það þegar sjálfráða maður er færður nauðugur í sjúkrahús og haldið þar og þegar manni, sem dvalið hefur í sjúkrahúsi af fúsum og frjálsum vilja, er haldið þar nauðugum. Ákvæði laganna eru túlkuð samkvæmt orðanna hljóðan og fellur sambúðarmaki ekki undir skilgreiningu á maka samkvæmt lögræðislögum að þessu leyti.

Í kröfu um lögræðissviptingu þurfa m.a. að koma fram upplýsingar um nöfn og heimilisföng maka varnaraðila eða sambúðarmaka og upplýsingar um hvort þessum aðilum sé kunnugt um kröfuna. Gert er ráð fyrir að dómari tilkynni nánum aðstandendum varnaraðila um kröfuna ef þeim er ókunnugt um hana. Samkvæmt 11. gr. er öllum sem vegna tengsla sinna við varnaraðila geta veitt upplýsingar um hann, sem dómari telur að skipt geti máli fyrir úrslit málsins, skylt að veita dómara þær og láta honum í té þau gögn um varnaraðila sem dómari krefst. Samkvæmt 55. gr. skal veita maka lögræðissvipts manns færi á að tjá sig um val á lögráðamanni. Sama á við um sambúðarmaka.

Samkvæmt 33. gr. getur fjárráða maður, sem á óhægt með að sjá um fjármál sín vegna veikinda eða fötlunar, óskað eftir því að honum verði skipaður ráðsmaður. Ef umsækjandi er í hjúskap eða sambúð skal nafns maka eða sambúðarmaka getið, svo og afstöðu hans til umsóknarinnar. Gefa skal þessum aðilum færi á að tjá sig um málið áður en ákvörðun er tekin, þar á meðal um val á ráðsmanni. Samkvæmt 39. gr. er heimilt að skipa hjónum eða sambúðaraðilum sama ráðsmann.

15. Fjölskylda og nánir vandamenn.

Í lögum kemur víða fyrir að notuð eru orðin „fjölskylda“, „nánustu vandamenn“, „nánir vandamenn“ eða „nákomnir“. Telja má að sambúðarfólk eða aðilar í óstaðfestri samvist geti oft fallið þar undir en það fer þó eftir atvikum og túlkun hverju sinni.

Nokkur tilvik um orðalagsnotkun af þessu tagi hafa þegar verið nefnd hér að framan. Nefna má fleiri dæmi.

Í 71. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, sbr. lög nr. 97/1995, er að finna mjög mikilvægt ákvæði um að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Er hér átt við fjölskyldu í víðtækum skilningi. Samsvarandi ákvæði er að finna víðar, svo sem í 8. gr. laga nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu, og í 17. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sbr. augl. nr. 10/1979.

Í 7. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, menningarleg og félagsleg réttindi, sbr. augl. nr. 10/1979, segir að ríki viðurkenni rétt sérhvers manns til þess að njóta sanngjarnra og hagstæðra vinnuskilyrða sem tryggi m.a. sérstaklega sómasamlega lífsafkomu fyrir þá sjálfa og fjölskyldur þeirra í samræmi við ákvæði samningsins. Í 10. gr. kemur fram viðurkenning á að mesta mögulega vernd og aðstoð skuli látin fjölskyldunni í té, en hún sé hin eðlilega grundvallarhópeining þjóðfélagsins.

Í inngangi samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. augl. nr. 18/1992, kemur fram að veita beri fjölskyldunni, sem grundvallareiningu samfélagsins og hinu eðlilega umhverfi til vaxtar og velfarnaðar allra meðlima sinna, en sérstaklega þó barna, nauðsynlega vernd og aðstoð til að sinna til hlítar þeirri ábyrgð sem á henni hvílir í samfélaginu.

Þá er lögð áhersla á fjölskylduna í lögum nr. 96/2000, um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla, m.a. að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf og að veita fræðslu um jafnréttismál, m.a. með því að leggja áherslu á að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi.

Í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, er víða að finna ákvæði er taka til náinna vandamanna. Nefna má að ef tiltekin brot eru framin gegn forseta landsins eða nánustu vandamönnum forsetans, þannig að álíta megi að broti sé stefnt að heimili hans, má auka refsingu fyrir brotin, sbr. 101. gr. Í 108. gr. segir að hver sem beitir annan mann eða nána vandamenn hans eða aðra honum tengda líkamlegu ofbeldi, ólögmætri nauðung eða hótun vegna skýrslugjafar hans hjá lögreglu eða fyrir dómi skuli sæta fangelsi eða sektum. Fram kemur í 112. gr. að hver sem aðstoðar mann, sem eftirför er veitt fyrir brot, til að komast undan handtöku eða refsingu, með því að fela hann, hjálpa honum til að flýja eða strjúka eða segja rangt til, hver hann sé, skuli sæta refsingu. Hið sama gildir um að tálma rannsókn brots með því að eyðileggja, breyta eða koma undan hlutum, sem fræðslu geta veitt við rannsóknina, eða með því að raska ummerkjum brots. Samkvæmt 3. mgr. 112. gr. er verkið þó refsilaust ef það er framið í því skyni að koma sjálfum sér eða nánum vandamönnum sínum undan eftirför eða refsingu. Samkvæmt 126. gr. getur verið refsivert að reyna ekki af fremsta megni að koma í veg fyrir brot eða afleiðingar þess. En hafi einhver látið þetta hjá líða sökum þess að hann gat ekki gert það án þess að stofna lífi, heilbrigði eða velferð sjálfs sín eða nánustu vandamanna í hættu, þá skal honum ekki refsað. Í 225. gr. er fjallað um brot gegn frjálsræði. Þar kemur m.a. fram að ef maður neyðir annan mann til þess að gera eitthvað, þola eitthvað eða láta hjá líða að gera eitthvað með því að beita líkamlegu ofbeldi eða hóta honum að beita hann eða nána vandamenn hans líkamlegu ofbeldi eða frelsissviptingu eða að hafa upp rangan sakburð um refsiverða eða vansæmandi háttsemi hans eða náinna vandamanna hans, varði það sektum eða fangelsi. Samkvæmt 251. gr. skal sá sæta refsingu sem hefur fé af öðrum með því að hóta manni að beita hann eða nána vandamenn hans líkamlegu ofbeldi, svipta hann eða þá frelsi, eða að hafa upp rangan sakburð um refsiverða eða vansæmandi háttsemi hans eða náinna vandamanna hans. Ef tiltekin auðgunarbrot hafa komið niður á nánum vandamanni má láta málssókn falla niður, ef vandamaðurinn æskir þess, sbr. 256. gr.

Í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, er einnig fjallað víða um vandamenn. Þannig kemur fram í 8. gr. sú meginregla að þinghöld skuli háð í heyranda hljóði en dómara sé þó rétt að ákveða að dómþing skuli haldið fyrir luktum dyrum m.a. til hlífðar sakborningi eða nánum vandamönnum hans þegar sérstaklega stendur á. Þá getur dómari skv. 10. gr. bannað opinbera frásögn af atriðum í öðrum þinghöldum ef ætla má að frásögn geti valdið nánum vandamönnum sakbornings, brotaþola eða öðrum sem ekki eru fyrir sökum hafðir verulegum þjáningum eða óþægindum. Samkvæmt 32. gr. á maður, sem hefur verið hand-

tekinn í þágu rannsóknar opinbers máls, m.a. rétt á að hafa samband við nánustu vandamenn sína, nema sérstök ástæða sé til að ætla að það muni torvelda rannsókn málsins. Í því tilviki skal lögregla, svo fljótt sem kostur er eftir að sakborningur var handtekinn, tilkynna nánustu vandamönnum hans að hann hafi verið handtekinn og hvar hann sé vistaður.

Í lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, er miðað við að virða skuli ákvarðanir sjálfráða manns um hvort greftra skuli lík hans eða brenna. Ef ekki er vitað um vilja látins manns þá ákveða tilgreindir aðilar, svo sem eftirlifandi maki eða sambúðaraðili, hvort lík skuli greftrað eða brennt. Ef þessum vandamönnum er ekki til að dreifa er ákvörðunarvaldið í höndum þeirra er nákomnastir eru hinum látna. Skal í því sambandi til þess litið hjá hverjum hinn látni hefur dvalist og hver sjái um útförina.

Samkvæmt lögum nr. 61/1998, um dánarvottorð, krufningar o.fl., má að lokinni líkskoðun kryfja lík í læknisfræðilegum tilgangi og fjarlægja líkamsvef og annað líffræðilegt efni hafi hinn látni eftir að hann varð sjálfráða samþykkt krufningu skriflega eða nánasti venslamaður hins látna hafi samþykkt krufningu, enda þyki sannað að hún sé ekki í andstöðu við vilja hins látna, sbr. 5. gr.

Í 33. gr. barnaverndarlaga, nr. 58/1992, segir að barn sem er í fóstri eigi rétt á umgengni við foreldra sína og aðra sem eru barninu nákomnir.

Samkvæmt ákvæðum barnalaga, nr. 20/1992, geta nánir vandamenn látins foreldris eða foreldris, er ekki getur rækt umgengnisskyldur sínar við barn, krafist þess að sýslumaður mæli fyrir um umgengni þeirra við barn, sbr. 37. gr. laganna.

Samkvæmt 66. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, skal skattstjóri taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns m.a. ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.

Samkvæmt 17. gr. laga nr. 48/1988, um fangelsi og fangavist, hefur fangi rétt til að þiggja heimsókn af nánustu vandamönnum sínum á tilteknum viðtalstímum. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur forstöðumaður fangelsis bannað tilteknum mönnum að heimsækja fanga, einnig vandamönnum hans.

Í 5. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, er fjallað um rétt sjúklinga til upplýsinga um heilsufar og meðferð. Eigi í hlut sjúklingur sem ekki getur tileinkað sér upplýsingar skulu þær skv. 6. gr. veittar nánum vandamanni. Samkvæmt 23. gr. á sjúklingur rétt á að njóta stuðnings fjölskyldu sinnar, ættmenna og vina meðan á meðferð og dvöl á heilbrigðisstofnun stendur. Sjúklingur og nánustu vandamenn hans eiga rétt á að njóta andlegs, félagslegs og trúarlegs stuðnings. Í 2. mgr. 24. gr. kemur fram að sé dauðvona sjúklingur of veikur andlega eða líkamlega til þess að geta tekið þátt í ákvörðun um meðferð skuli læknir m.a. leitast við að hafa samráð við vandamenn sjúklings áður en hann ákveður framhald eða lok meðferðar.

16. Um réttarstöðu sambúðarfólks á Norðurlöndum.

Hvergi á Norðurlöndum er að finna heildstæða löggjöf um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð sem svarar til laga um hjúskap. Er því að meginstefnu til fylgt sömu hugmyndafræði og á Íslandi, þ.e. að setja sérstök lagaákvæði um að fólk í óvígðri sambúð sem uppfyllir þar tilgreind skilyrði njóti sömu réttarstöðu og einstaklingar í hjúskap. Hafa Norðurlöndin verið nokkuð samstíga um að ýmsar sérreglur gildi einungis um hjúskap, svo sem formreglur um stofnun og slit hjúskapar, almennar reglur um fjármál hjóna og reglur um erfðarétt. Alls staðar á Norðurlöndum nema í Finnlandi hafa verið sett lög um staðfesta samvist samkynhneigðra (registreret partnerskap) sem svara efnislega til íslensku laganna. Þá má geta þess að íslensk sifjalög hafa þótt í fararbroddi á Norðurlöndum með að rétta hlut sambúðarforeldra í barnarétti.

Ekki þykir fært að gefa hér yfirlit yfir öll þau lagaákvæði sem sett hafa verið í hverju Norðurlandanna um réttarstöðu sambúðarfólks á mismunandi réttarsviðum. Óhætt þykir að fullyrða að þar hefur verið fylgt svipuðum sjónarmiðum og á Íslandi, þ.e. sett hafa verið ákvæði í skattalög, lög um almannatryggingar og lög um ýmsa aðra opinbera þjónustu eða aðstoð sem með einum eða öðrum hætti leggja að jöfnu stöðu einstaklinga í hjúskap og óvígðri sambúð. Í löggjöf um félagsleg réttindi hefur almennt verið miðað við að hjón og sambúðaraðilar þurfi samanlagt minna til framfærslu en tveir einstaklingar og tekið tillit til þess sem ýmsum hætti.

Nokkur sérstök atriði má þó nefna hér um réttarstöðu sambúðarfólks á Norðurlöndum.

16.1. Danmörk.

Samkvæmt dönskum barnalögum (lov om børns retsstilling 18. maí 1960, sbr. lovbekendtgørelse nr. 293/1995) telst sambúðarmaki ekki sjálfkrafa faðir barns þó það fæðist meðan sambúð varir heldur er gert ráð fyrir sérstakri faðernisviðurkenningu. Þá fara foreldrar í óvígðri sambúð ekki sjálfkrafa með sameiginlega forsjá heldur verða að semja um það sérstaklega. Gert er ráð fyrir einfaldri yfirlýsingu um hvort tveggja í senn sem unnt er að undirrita strax við fæðingu barns. Samkvæmt dönskum lögum um tæknifrjóvgun (lov om kunstig befrugtning nr. 460/1997) er tæknifrjóvgun heimiluð sambúðarfólki ef sambúð má leggja að jöfnu við hjónaband. Sambúðarfólki er ekki heimilt að ættleiða saman barn í Danmörku, sbr. lovbekendtgørelse nr. 1040/1999. Frá árinu 1999 hefur stjúpættleiðing verið heimiluð maka í staðfestri samvist.

Ágætt yfirlit má fá yfir ákvæði í norrænum barnarétti um samanburð á stöðu giftra og ógiftra foreldra í *Betænkning om børn retsstilling* nr. 1350/1997 (Justitsministeriets Børnelovsudvalg – København 1997).

16.2. Noregur.

Samkvæmt norskum barnalögum (lov om barn og foreldre nr. 39/1997) telst sambúðarmaki ekki sjálfkrafa faðir barns þó það fæðist meðan sambúð varir heldur er gert ráð fyrir sérstakri faðernisviðurkenningu. Þá fara foreldrar í óvígðri sambúð ekki sjálfkrafa með sameiginlega forsjá heldur verða að semja um það sérstaklega. Í Noregi er tæknifrjóvgun heimiluð konu sem býr með manni í sambúð sem jafna má til hjónabands samkvæmt lögum frá 1994 (lov av 5. august 1994 om medisinsk bruk af bioteknologi). Samkvæmt norskum ættleiðingarlögum (lov om adopsjon nr. 8/1986) er einungis hjónum heimilt að ættleiða barn hvort svo sem um er að ræða frumættleiðingu eða stjúpættleiðingu.

Árið 1991 tóku gildi í Noregi lög um einstaklinga með sameiginlegt heimilishald (lov nr. 45/1991 om husstandsfellesskap). Lög þessi gilda um einstaklinga sem ekki eru í hjúskap, eru eldri en 18 ára og hafa búið saman að minnsta kosti í tvö ár eða eiga barn eða von á barni saman. Skráning sambúðar er ekki gerð að skilyrði heldur má færa sönnur á hana eftir öðrum leiðum. Annars er hér um að ræða rúma skilgreiningu á sambúð þannig að telja verður að einstaklingar í óstaðfestri samvist geti m.a. fallið þarna undir. Megininntak laganna er að annar sambúðaraðili getur krafist þess að fá í sinn hlut við skipti húsnæði og innbú sem verið hefur til sameiginlegra nota ef sérstök rök liggja því til grundvallar. Réttur til útlagningar er nokkuð þrengri en samkvæmt norskum hjúskaparlögum og lögin ná einungis til sameiginlegs bústaðar og innbús á heimili sambúðarfólks. Lögin fjalla bæði um slit sambúðar og lok sambúðar við andlát og þess má geta að réttur sambúðaraðila til útlagningar er nokkuð rýmri ef sambúð lýkur við andlát.

Ítarlegt yfirlit yfir réttarstöðu sambúðarfólks í Noregi er að finna í nýlegri skýrslu, NOU 1999:25 *Samboerne og samfunnet.*

16.3. Svíþjóð.

Samkvæmt sænskum lögum (Föräldrabalk 1949:381, með síðari breytingum) telst sambúðarmaki ekki sjálfkrafa faðir barns þó það fæðist meðan sambúð varir heldur er gert ráð fyrir sérstakri faðernisviðurkenningu. Þá fara foreldrar í óvígðri sambúð ekki sjálfkrafa með sameiginlega forsjá heldur verða að semja um það sérstaklega. Í sömu lögum er fjallað um ættleiðingu og er einungis hjónum heimilt að ættleiða barn saman í Svíþjóð. Manni og konu í sambúð er heimilaður aðgangur að tæknifrjóvgun samkvæmt lögum frá 1984 og 1988 (lag om insemination 1984:1140 og lag om befruktning utanför kroppen 1988:711).

Í Svíþjóð eru í gildi lög um fjármál einstaklinga í óvígðri sambúð (lag om sambors gemensama hem 1987:232) sem tóku gildi 1. janúar 1988. Leystu þau af hólmi eldri lög frá árinu 1973. Lögin taka til sambúðar ógiftrar konu og karls sem jafna má til hjúskapar. Í lögunum eru reglur um fasteign þá sem er sameiginlegur bústaður sambúðarfólks, bæði fasteign í eigu annars eða beggja og réttindi annars eða beggja til fasteignar. Þá taka lögin til búslóðar eða innbús sem er til sameiginlegra nota. Í lögunum er fjallað um skiptingu þessara eigna við slit sambúðar eða andlát sambúðaraðila og eru þar reglur um jöfn skipti eigna sem tilheyra hinu sameiginlega heimili með vissum skilyrðum. Einnig er að finna reglur um rétt til útlagningar við skipti og um takmarkanir á ráðstöfunarrétti sambúðaraðila yfir áðurnefndum eignum meðan sambúð varir. Reglur þessar svara að miklu leyti til þeirra reglna sem gilda um skipti á eignum hjóna en árétta ber að lögin ná þó einungis til tiltekinna eigna en ekki allra eigna viðkomandi eins og á við um hjúskap.

Í Svíþjóð gilda einnig sérstök lög um það sem hér hefur verið kölluð óstaðfest samvist (lag om homosexuella sambor 1987:813). Lögin gilda um samkynhneigða einstaklinga í sambúð og kveða á um að tilteknar reglur um sambúðarfólk nái enn fremur til þessara aðila. Þannig er því t.d. slegið föstu að áðurnefnd lög um fjármál í óvígðri sambúð (sambors gemensama hem 1987:232) gildi um samkynhneigða einstaklinga í sambúð, auk ákvæða í fjölmörgum öðrum lögum, svo sem skattalögum og lögum um félagsleg réttindi.

Samanburð á réttarstöðu einstaklinga í hjúskap og sambúð í Svíþjóð má finna m.a. í bók Anders Agell, *Äktenskap-Samboende-Partnerskap* (Iustus Förlag, Uppsala 1998).

16.4. Finnland.

Samkvæmt finnskum lögum (Faderskabslagen 700/75) telst sambúðarmaki ekki sjálfkrafa faðir barns þó það fæðist meðan sambúð varir heldur er gert ráð fyrir sérstakri faðernisviðurkenningu. Þá fara foreldrar í óvígðri sambúð ekki sjálfkrafa með sameiginlega forsjá heldur verða að semja um það sérstaklega.

936. Svar [534. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Einars Más Sigurðarsonar og Sigríðar Jóhannesdóttur um tilraunir á grunnskólastigi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Í hverju eru þær tilraunir á grunnskólastigi fólgnar sem heimilaðar hafa verið skv.

a. 65. gr. laga nr. 63/1974,
b. 70. gr. laga nr. 49/1991,
c. 53. gr. laga nr. 66/1995?

Grein um tilraunaskóla eða tilraunir á grunnskólastigi hefur verið í grunnskólalögum allt frá 1974. Hún hljóðar svo í núgildandi grunnskólalögum, nr. 66/1995:

„53. gr.

Menntamálaráðherra getur, með samþykki sveitarstjórnar, haft forgöngu um þróunar- og tilraunastarf í grunnskólum. Einnig getur hann veitt sveitarfélögum og einkaskólum heimild til að reka tilraunaskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða. Slík undanþága getur t.d. varðað nám, starfstíma skóla, kennslutilhögun, stundafjölda o.s.frv., enda brjóti slíkar undanþágur ekki í bága við 2. gr. þessara laga eða þrengi hlutverk grunnskóla frá því sem þar er gert ráð fyrir.

Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og kveðið á um úttekt að tilraun lokinni.

Menntamálaráðherra er heimilt að styrkja tilraunaskóla og sérstakar nýjungar eftir því sem fjárlög heimila hverju sinni."

Ekki er að sjá á gögnum sem eru varðveitt í skjalasafni ráðuneytisins og Þjóðskjalasafns að þessi grein hafi mikið verið notuð til að heimila tilrauna- og þróunarstarf í skólum á framangreindu tímabili, þ.e. frá setningu grunnskólalaganna 1974 til dagsins í dag. Engu að síður hefur margháttað þróunar- og tilraunastarf farið fram í grunnskólum á þessum tíma.

Sérstakur Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands var rekinn samkvæmt lögum um Kennaraháskóla Íslands allt frá árinu 1971. Skólinn hafði sérstöku hlutverki að gegna hvað varðar æfingakennslu og þróunarstarf á vegum ríkisins allt þar til flutningur grunnskólans kom til árið 1996. Í lögum um Kennaraháskóla Íslands frá 1971 segir að Æfinga- og tilraunaskólinn skuli hafa með höndum uppeldisfræðilegar athuganir og tilraunir eftir því sem við verður komið. Æfinga- og tilraunaskólinn var því rekinn á grundvelli laga og reglugerða um Kennaraháskóla Íslands og tilraunastarf sem fram fór í skólanum var ekki byggt á þeim ákvæðum grunnskólalaga sem fyrirspurnin lýtur að. Fyrir liggja ýmsar skýrslur um þróunar- og tilraunastarf í Æfingaskólanum, sem nú heitir Háteigsskóli.

Í Fossvogsskóla fór einnig fram umtalsvert tilraunastarf með opinn skóla sem hófst 1972 og stóð það tilraunastarf yfir í allmörg ár. Fossvogsskóli var fyrsti skólinn sem hlaut viðurkenningu fræðsluyfirvalda sem tilraunaskóli skv. 65. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla. Það var af skólans hálfu að þess var óskað að fá að víkja frá hinum hefðbundnu reglum sem gilt höfðu um bekkjarstarf á grunnskólastigi. Var þá haft í huga að leggja meiri áherslu á einstaklingskennslu til að nemendum gæfist kostur á að haga námi sínu með þeim hraða sem best samræmdist hæfileikum hvers og eins. Menntamálaráðuneytið veitti Fossvogsskóla umbeðna heimild sumarið 1974, fyrst til þriggja ára, en tilraunatímabilið stóð lengur og 1980 var tilraunastarfið metið af menntamálaráðuneytinu. Í bréfi ráðuneytisins þar sem tilraunin er heimiluð kemur m.a. fram að ráðuneytið fái aðstöðu til þess að láta gera í skólanum til-

raunir með nýtt námsefni og nýja kennsluhætti svo og aðrar athuganir eða kannanir sem það telur nauðsynlegar til eflingar skólastarfi í landinu. Síðar, skömmu fyrir 1990, var gerð tilraun í Fossvogsskóla með einsetinn skóla en þá þurfti skólinn ekki heimild samkvæmt framangreindum ákvæðum í grunnskólalögum til tilraunastarfsins. Fyrir liggja ýmsar skýrslur um tilraunastarf í Fossvogsskóla, t.d. skýrsla menntamálaráðuneytisins, skólarannsóknadeildar frá 1980: Um opinn skóla. Fossvogsskóli.

Árið 1989 var formlega stofnaður Þróunarsjóður grunnskóla og samkvæmt grunnskólalögum skal veita árlega fé af fjárlögum til þróunarverkefna. Menntamálaráðherra veitir fé úr Þróunarsjóði grunnskóla til styrktar þróunarverkefnum í grunnskólum landsins. Með þróunarverkefnum er átt við nýjungar, tilraunir og nýbreytni í skipulagi náms, kennsluháttum, kennslu, námsgögnum, námsmati í grunnskólum og mati á skólastarfi. Þróunarsjóður grunnskóla hefur frá stofnun sjóðsins árlega styrkt milli 20–30 þróunarverkefni. Ekki hefur þótt ástæða til að nýta heimildarákvæði í grunnskólalögum skv. 53. gr. í tengslum við styrkt þróunarverkefni úr Þróunarsjóði grunnskóla, en slíkt hefur í nokkrum tilvikum komið til umræðu. Fyrir liggja í ráðuneytinu fjölmargar skýrslur um þróunarverkefni í grunnskólum sem styrkt hafa verið af Þróunarsjóði grunnskóla frá 1989. Einnig hafa árlega verið gefnar út samantektir um þróunarverkefnin og einnig er hægt að nálgast upplýsingar á heimasíðu ráðuneytisins um styrkt þróunarverkefni.

Á síðari árum hafa sveitarfélög víða um land stofnað þróunarsjóði með það að markmiði að styrkja þróunar- og tilraunastarf í grunnskólum sveitarfélagsins. Ekki hefur þótt ástæða til þess að nýta 53. gr. grunnskólalaga vegna þeirra þróunarverkefna.

937. Nefndarálit [504. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti, Tómas Örn Kristinsson frá Kvótaþingi og Kjartan Júlíusson og Gísla Rúnar Gíslason frá Fiskistofu.

Í 14. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar er kveðið á um sviptingu leyfa til veiða í atvinnuskyni vegna veiða umfram aflaheimildir. Við framkvæmd þessa ákvæðis hafa komið fram ýmsir annmarkar sem hafa í sumum tilvikum leitt til óeðlilegrar niðurstöðu fyrir útgerðir. Er að mati nefndarinnar nauðsynlegt að breyta ákvæðum gildandi laga á þann veg að framkvæmd Fiskistofu verði markvissari auk þess sem útgerðir fái eðlilegt svigrúm.

Er í frumvarpinu lagt til að Fiskistofa skuli tilkynna útgerð og skipstjóra skips með símskeyti þegar hún telur að skipið hafi veitt umfram aflaheimildir sínar og að skipið verði svipt leyfi til veiða í atvinnuskyni frá og með fjórða degi hafi fullnægjandi aflaheimildir ekki verið fluttar til skipsins innan þess tíma. Hefur viðkomandi útgerð þrjá daga til að verða sér úti um nægilegar aflaheimildir eða beita andmælarétti telji hún þær upplýsingar sem fram koma í tilkynningu Fiskistofu rangar. Jafnframt getur Fiskistofa veitt frekari frest sé ástæða til að ætla að um ranga skráningu afla eða aflaheimilda sé að ræða. Séu aflaheimildir skips að liðnum fresti auknar þannig að afli skipsins rúmist innan þeirra skal því veitt leyfi að nýju.

Með þessu móti fær útgerð skips ávallt nokkurt svigrúm til að laga stöðu sína þegar um umframafla er að ræða án þess að nauðsynlegu aðhaldi sé sleppt. Talsvert var um það rætt í nefndinni hvort framangreindur tímafrestur væri nægilegur fyrir útgerð skips til að laga aflastöðu skips ef því er að skipta. Í máli fulltrúa Kvótaþings kom fram að 75% viðskipta á Kvótaþingi færu fram samdægurs og á þriðja degi frá tilboðsgjöf hefðu tæplega 90% viðskipta átt sér stað. Með hliðsjón af framansögðu telur nefndin þann þriggja daga frest sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu fullnægjandi.

Jafnframt vekur nefndin athygli á því að breyting sú sem boðuð er í frumvarpinu hefur í för með sér að ekki þarf skilyrðislaust að grípa til veiðileyfasviptingar skv. 15. gr. laganna, sbr. 2. mgr. 3. gr., ef skip heldur til veiða með neikvæða aflaheimildastöðu. Í framkvæmd hafa slík tilvik haft í för með sér veiðileyfasviptingu án tillits til ásetnings eða gáleysis samkvæmt gildandi lagaákvæðum. Mætti beita 14. gr. laganna svo breyttri eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu í slíkum tilfellum ef ljóst þykir að um gáleysi er að ræða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt**.

Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 20. mars 2001.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Jóhann Ársælsson.	Árni R. Árnason.
Svanfríður Jónasdóttir.	Guðmundur Hallvarðsson.	Guðjón A. Kristjánsson.
Vilhjálmur Egilsson.		Hjálmar Árnason.

938. Nefndarálit [448. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum (rekstrarumgjörð).

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti, Ólaf Pál Gunnarsson frá fjármálaráðuneyti, Guðmund Guðbjarnason frá ríkisskattstjóra, Pál Gunnar Pálsson og Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu, Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands, Jóhannes Sigurðsson hrl. og Geir Geirsson, löggiltan endurskoðanda. Þá bárust umsagnir um málið frá Fjármálaeftirlitinu, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, ríkisskattstjóra, Kaupfélagi Skagfirðinga, Verslunarráði Íslands og Félagi löggiltra endurskoðenda.

Frumvarpið er endurflutt í lítið breyttri mynd frá 125. löggjafarþingi, en þá var það ekki útrætt. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að gerðar verði breytingar á rekstrarumgjörð samvinnufélaga sem geri þeim kleift að bregðast við breyttum rekstraraðstæðum með því að breyta þeim í hlutafélög og heimila að stofnsjóðseignir félagsmanna endurspegli betur eigið fé félaganna. Með ákvæðum frumvarpsins er samvinnufélögum þannig auðveldað að laga sig að breyttum aðstæðum og umhverfi í atvinnulífinu.

Við meðferð málsins í nefndinni kom fram ábending um að æskilegt væri að taka upp í lög um samvinnufélög ákvæði um að aðalfundur félags geti ákveðið að greiða félagsmönnum út arð með peningum eða öðrum verðmætum í stað þess að leggja hann í stofnsjóð. Í lögunum er ekki að finna skýr ákvæði um heimild til greiðslu arðs til félagsmanna, en hún mun þó hafa tíðkast að einhverju leyti. Með greiðslu arðs er unnt að auka eignarvitund félagsmanna í samvinnufélagi án þess að til annarra breytinga á skipulagi félagsins þurfi að koma. Meiri hluti nefndarinnar tekur undir þetta sjónarmið og gerir breytingartillögu þess efnis í sérstöku þingskjali. Þá leggur meiri hlutinn til að ótvírætt verði tekið fram að þótt hækkun á séreignarhlutum félagsmanna teljist til A-deildar sé einnig heimilt að ákveða í samþykktum að þá megi afhenda félagsmönnum með samvinnuhlutabréfum í B-deild stofnsjóðs. Meiri hlutinn gerir einnig breytingartillögur við frumvarpið þess efnis að ekki verði talað um að eigendur hluta í B-deild greiði atkvæði á tiltekinn veg, þar sem ekki fara fram beinar atkvæðagreiðslur í B-deild samvinnufélags samkvæmt lögum um samvinnufélög. Þess í stað leggur meiri hlutinn til að orðalagið verði á þann veg að talað verði um þá sem ráða yfir meiri hluta í B-deild. Jafnframt gerir meiri hlutinn tillögu um að í bráðabirgðaákvæði verði miðað við að endurmat á séreignarhlutum félagsaðila í A-deild stofnsjóðs skuli fara fram fyrir árslok 2004, en ekki 2003 eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þetta er eingöngu til samræmingar við frumvarp til breytinga á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem flutt er samhliða frumvarpi þessu.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Kristinn H. Gunnarsson og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. mars 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Gunnar Birgisson.		Hjálmar Árnason.

939. Breytingartillögur [448. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum (rekstrarumgjörð).

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, EKG, SAÞ, GunnB, HjÁ).

1. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „meiri hluta atkvæða í B-deild“ í 4. málsl. 1. efnismgr. komi: meiri hluta í B-deild.
   b. 6. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Hækkun á séreignarhlutum félagsmanna telst til A-deildar en einnig er heimilt að ákveða í samþykktum að hækkun á séreignarhlutum skuli afhent félagsmönnum með samvinnuhlutabréfum í B-deild stofnsjóðs félagsins.
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   3. mgr. 41. gr. laganna orðast svo:

Aðalfundur getur ákveðið að greiða félagsmönnum út arð með peningum eða öðrum verðmætum í stað þess að leggja hann í stofnsjóð. Gjalddagi arðs skal ekki vera síðar en sex mánuðum eftir að ákvörðun um úthlutun hans hefur verið tekin.

3. Við 4. gr. sem verði 5. gr. Í stað orðanna „meiri hluta atkvæða í B-deild“ í 3. málsl. 1. efnismgr. komi: meiri hluta í B-deild.
4. Við 5. gr. sem verði 6. gr.
   a. Í stað orðanna „meiri hluta atkvæða í B-deild“ í síðari málslið 6. mgr. a-liðar (61. gr.) komi: meiri hluta í B-deild.
   b. 1. og 2. málsl. 2. mgr. b-liðar (61. gr. a). orðist svo: Hluthafar í B-deild félags, er verið hafa á móti breytingartillögu, eiga kröfu á að hlutabréf þeirra verði innleyst ef skrifleg krafa er gerð um það innan mánaðar frá því að fundurinn var haldinn. Ef þess hefur verið farið á leit við hluthafa fyrir ákvarðanatöku að þeir sem vilja nota innlausnarréttinn gefi til kynna vilja sinn í því efni er innlausnarrétturinn bundinn því skilyrði að hlutaðeigendur hafi gefið yfirlýsingu þar um á fundinum.
5. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað ártalsins „2003“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: 2004.

940. Nefndarálit [449. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um samvinnufélög, nr. 22/1991, með síðari breytingum (innlánsdeildir).

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti, Ólaf Pál Gunnarsson frá fjármálaráðuneyti, Guðmund Guðbjarnason frá ríkisskattstjóra, Pál Gunnar Pálsson og Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu, Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands, Jóhannes Sigurðsson hrl. og Geir Geirsson, löggiltan endurskoðanda. Þá bárust umsagnir um málið frá Fjármálaeftirlitinu, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, ríkisskattstjóra, Kaupfélagi Skagfirðinga, Verslunarráði Íslands og Félagi löggiltra endurskoðenda.

Frumvarpið er endurflutt nánast óbreytt frá 125. löggjafarþingi, en þá var það ekki útrætt. Því er ætlað að bæta stöðu innlánsdeilda samvinnufélaga með því að styrkja eiginfjárhlutfall þeirra og tryggja virkara eftirlit en verið hefur.

Við meðferð málsins í nefndinni var rætt um það hvort rekstur innlánsdeilda væri bundinn við samvinnufélög, þannig að eftir breytingu samvinnufélags í hlutafélag væri því óheimilt að reka innlánsdeild áfram. Í lögum um hlutafélög eru ekki ákvæði um heimild hlutafélags til að reka innlánsdeild, en í lögum um samvinnufélög er skýrt tekið fram að samvinnufélagi sé heimilt að starfrækja innlánsdeild. Meiri hlutinn lítur svo á að ekki hafi verið ætlunin að svipta samvinnufélög sem breytt er í hlutafélög rétti til að reka áfram innlánsdeildir og gerir breytingartillögu við frumvarpið þess efnis til að skera úr um allan vafa hvað þetta varðar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. efnismgr. 1. gr. bætist svohljóðandi málsliður: Hlutafélag, sem breytt hefur verið úr samvinnufélagi á grundvelli 61. gr., 61. gr. a og 61. gr. b, skal hafa sömu heimild og sam-

vinnufélagið til að reka áfram innlánsdeild og skal í þessum rekstri hafa sömu réttarstöðu í íslenskri löggjöf og samvinnufélög eftir því sem við á.

Kristinn H. Gunnarsson og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. mars 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Gunnar Birgisson.		Hjálmar Árnason.

941. Nefndarálit [565. mál]

um till. til þál. um aðild að samningi um opinber innkaup.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Hauk Jóhannesson og Þorbjörn Jónsson frá utanríkisráðuneyti, Guðmund Ólason frá fjármálaráðuneyti og Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum atvinnulífsins.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að samningi um opinber inkaup sem gerður var í Marakess 15. apríl 1994 en samningurinn er einn af fjölhliða samningum þeim sem tilgreindir eru í 4. viðauka við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Aðild að samningnum skuldbindur ríki til að veita fyrirtækjum í aðildarríkjunum aðgang að innkaupum opinberra aðila á jafnréttis- og gagnkvæmnisgrundvelli þegar verðmæti innkaupa fer yfir ákveðna fjárhæð, en viðmiðunarfjárhæðin er sú sama og gildir á Evrópska efnahagssvæðinu. Áhrif samningsins eru einkum þau að skylt verður að veita fyrirtækjum frá ríkjum utan EES-svæðisins aðgang að íslenskum innkaupamarkaði en á sama hátt opnar samningurinn íslenskum fyrirtækjum aðgang að mjög stórum markaði á jafnréttisgrundvelli.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 26. mars 2001.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Jónína Bjartmarz.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Rannveig Guðmundsóttir.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

942. Nefndarálit [481. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti, Ólaf Pál Gunnarsson frá fjármálaráðuneyti, Guðmund Guðbjarnason frá ríkisskattstjóra, Pál Gunnar Pálsson og Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu, Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands, Jóhannes Sigurðsson hrl. og Geir Geirsson, löggiltan endurskoðanda. Þá bárust umsagnir um málið frá Fjármálaeftirlitinu, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, ríkisskattstjóra, Kaupfélagi Skagfirðinga, Verslunarráði Íslands og Félagi löggiltra endurskoðenda.

Frumvarpið er endurflutt lítillega breytt frá 125. löggjafarþingi, en þá varð það ekki útrætt. Því er ætlað að laga ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt að breytingum á lögum um samvinnufélög sem lagðar eru til í frumvarpi sem snýr að rekstrarumgjörð samvinnufélaga, 448. máli. Frumvarpið gerir ráð fyrir skattfrelsi við hækkun stofnsjóðs samvinnufélaga þannig að við hækkunina sem slíka stofnast ekki skattskylda, þó svo að síðar kunni að koma til skattlagningar við eigendaskipti. Þessi breyting er gerð til að samræma ákvæði um samvinnufélög núgildandi ákvæðum skattalaga um skattfrjálsa útgáfu jöfnunarhlutabréfa og er liður í því að bæta rekstrarumhverfi samvinnufélaga.

Meiri hlutinn leggur til breytingu við frumvarpið þess efnis að tekið verði skýrt fram í 1. gr. að samvinnuhlutabréf sem félagsaðilum í samvinnufélagi eru afhent við hækkun séreignarhluta í því teljist ekki til arðs og séu því skattfrjáls. Þá er gerð tillaga um orðalagsbreytingu í 4. gr. til samræmis við önnur ákvæði 1. mgr. 56. gr. A laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með því að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Kristinn H. Gunnarsson og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. mars 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Gunnar Birgisson.		Hjálmar Árnason.

943. Breytingartillögur [481. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, EKG, SAÞ, GunnB, HjÁ).

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „A-deild stofnsjóðs samvinnufélaga“ komi: eða samvinnuhlutabréf sem félagsaðilum eru afhent við slíka hækkun séreignarhluta í samvinnufélagi.

2. Við 4. gr. Fyrri efnismálsliður orðist svo: Sé samvinnufélagi skipt þannig að fleiri en eitt samvinnufélag eða hlutafélag taki við eignum og skuldum frá félaginu skulu ákvæði þessarar málsgreinar gilda um slíka skiptingu.

944. Tillaga til þingsályktunar [592. mál]

um auknar forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi og öðrum sjúkdómum þeim tengdum.

Flm.: Árni R. Árnason, Ásta Möller, Drífa Hjartardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Gísli S. Einarsson, Soffía Gísladóttir, Katrín Fjeldsted, Guðjón Guðmundsson, Guðmundur Hallvarðsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Þuríður Backman, Jónína Bjartmarz, Ögmundur Jónasson, Árni Steinar Jóhannsson, Sigríður Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og hrinda í framkvæmd víðtæku forvarna- og leitarstarfi vegna krabbameins í meltingarvegi. Jafnframt verði hafinn undirbúningur að því að beita sömu aðferðum, eftir því sem fært er, í baráttu við aðrar algengustu tegundir krabbameina hér á landi og hefja síðar skipulagt og reglubundið forvarna- og leitarstarf vegna þeirra.

Leitar- og forvarnastarf verði byggt á þeim grunni sem lagður hefur verið með starfsemi Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands og samstarfsaðila þess, auk víðtækrar samvinnu allra aðila innan og utan heilbrigðisþjónustunnar sem vinna að málefnum krabbameinssjúkra, í heilbrigðisþjónustu, við rannsóknir, í forvarnastarfi, fræðslu og stuðningsþjónustu.

Greinargerð.

Um krabbameinssjúkdóma á Íslandi.

Á hverju ári greinast um eitt þúsund Íslendingar með krabbamein. Samkvæmt tölum úr krabbameinsskrá Krabbameinsfélags Íslands greindust 505 karlmenn og 481 kona með krabbamein árið 1998. Þriðjungur karla og helmingur kvenna sem fær krabbamein er yngri en 70 ára við greiningu. Árlega deyja um 450 manns úr krabbameini.

Skipuleg skráning krabbameina á vegum Krabbameinsfélags Íslands hófst árið 1954 og hefur því verið hægt að fylgjast með breytingum á tíðni krabbameina hér á landi í hartnær hálfa öld. Á þessu tímabili hefur orðið um 1% árleg aukning á tíðni krabbameina, að teknu tilliti til fjölgunar íbúa og breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar. Þriðji til fjórði hver Íslendingur getur vænst þess að greinast með krabbamein einhvern tíma fyrir áttrætt. Fram til ársins 2010 er talið að nýgengi krabbameina muni aukast um 37% og dánartíðni um 32% og er þessi aukning talin verða nokkru meiri hjá konum en körlum. Þá má gera ráð fyrir að um 1.400 Íslendingar greinist með krabbamein á ári hverju.

Fimm mannskæðustu krabbameinin hjá körlum eru krabbamein í blöðruhálsi, lungum, ristli, þvagblöðru og maga. Tíðni einstakra meina hefur breyst verulega frá því að farið var að skrá þau. Hjá karlmönnum hefur tíðni krabbameins í blöðruhálskirtli nær fjórfaldast og lungnakrabbameins þrefaldast, en á hinn bóginn er tíðni magakrabbameins einungis þriðjungur af því sem áður var og má það helst þakka breyttum neysluvenjum Íslendinga.

Fimm mannskæðustu krabbameinin hjá konum eru krabbamein í brjóstum, lungum, ristli, eggjastokkum og legbol, í þessari röð. Tíðni lungnakrabbameins hjá konum hefur fjórfaldast, en á hinn bóginn er tíðni leghálskrabbameins einungis þriðjungur af því sem áður var, sem skýrist helst af árangri leitar að sjúkdómnum á forstigi (tafla 1).

Um langt skeið jafngilti það nánast dauðadómi að fá krabbamein. Það hefur hins vegar breyst verulega á síðustu áratugum vegna aukinnar þekkingar á krabbameini og framförum í meðferð. Þannig hafa lífshorfur sjúklinga sem fá krabbamein batnað verulega og eru nú um sjö þúsund Íslendingar á lífi sem hafa fengið krabbamein, um 3.000 karlar og um 4.000 þúsund konur (tafla 2).

Tafla 1. Algengustu krabbamein.
Árlegur meðalfjöldi nýrra tilfella 1994–1998.
(Nóvember 1999. Krabbameinsfélag Íslands.)

Karlar		*Konur*	
Blöðruhálskirtilskrabbamein	144	Brjóstakrabbamein	131
Lungnakrabbamein	59	Lungnakrabbamein	51
Ristilkrabbamein	43	Ristilkrabbamein	35
Þvagblöðrukrabbamein	38	Eggjastokkakrabbamein	27
Magakrabbamein	27	Legbolskrabbamein	23
Nýrnakrabbamein	27	Skjaldkirtilskrabbamein	18
Eitlasarkmein	20	Sortuæxli	18
Húðkrabbamein	19	Heilaæxli	17
Heilaæxli	15	Nýrnakrabbamein	15
Endaþarmskrabbamein	14	Leghálskrabbamein	15

Tafla 2. Á lífi með krabbamein.
Miðað við árslok 1998.
(Krabbameinsfélag Íslands.)

Karlar		*Konur*	
Blöðruhálskirtilskrabbamein	818	Brjóstakrabbamein	1323
Þvagblöðrukrabbamein	287	Skjaldkirtilskrabbamein	290
Ristilkrabbamein	220	Legbolskrabbamein	277
Eistnakrabbamein	153	Leghálskrabbamein	269
Nýrnakrabbamein	141	Eggjastokkakrabbamein	252
Magakrabbamein	118	Ristilkrabbamein	211
Húðkrabbamein	116	Sortuæxli	192
Heilaæxli	108	Heilaæxli	157
Eitlasarkmein	104	Húðæxli	125
Lungnakrabbamein	96	Nýrnakrabbamein	75

Um forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum.

Forvörnum gegn sjúkdómum, þar með krabbameini, er almennt skipt í þrjú stig.

Fyrsta stigs forvarnir snúa að því að minnka hættu á sjúkdómum, að koma í veg fyrir þá með því að fjarlægja áhættuþætti og orsakir, m.a. með tilteknum breytingum á lífsháttum. Talið er að umhverfisþættir eigi mikinn þátt í myndun átta til níu af hverjum tíu krabbamein-

um í mönnum. Í fyrsta stigs forvörnum gegn krabbameini felst m.a. að ráðleggja fólki að reykja ekki, nota áfengi í hófi, virða öryggisreglur á vinnustað, forðast geislun, nota estrógen einungis ef þörf krefur, stunda sólböð í hófi og ávallt með sólarvörn, borða fjölbreytt trefjaríkt fæði, minnka fituneyslu, auka neyslu grænmetis og ávaxta og forðast offitu. Einnig að hreyfa sig reglulega og forðast streitu eða hafa stjórn á henni.

Annars stigs forvarnir snúa að áhættuhópum og þeim sem eru með forstigseinkenni krabbameins. Þær felast í því að greina krabbamein á forstigi, stöðva framgang sjúkdómsins og skilgreina einstaklinga eða hópa sem eru í hættu og leita að forstigseinkennum hjá þeim. Í annars stigs forvörnum felst m.a. fræðsla til almennings um einkenni krabbameins og hvatning til að bregðast við þeim. Skipuleg krabbameinsleit telst til annars stigs forvarna. Markmið skipulegrar krabbameinsleitar er að greina sjúkdóminn hjá einstaklingum sem eru án ytri einkenna. Þær kröfur eru gerðar til leitaraðferðarinnar að hún sé nægilega nákvæm og áreiðanleg til að hægt sé að greina sjúkdóminn á frumstigi eða greina forstig hans og að meðferð sem stendur til boða beri árangur. Þannig er ekki talið skynsamlegt að beita skipulegri leit að krabbameini við allar tegundir krabbameina, heldur er það háð ýmsum skilyrðum og hafa Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin og Alþjóðakrabbameinssamtökin skilgreint ströng skilyrði fyrir slíkri leit.

Þriðja stigs forvarnir eiga við þá sem eru með krabbamein. Tilgangurinn er að efla andlegt og líkamlegt atgervi fólks að meðferð lokinni til að hefta framgang sjúkdómsins og koma í veg fyrir eða minnka líkur á fylgikvillum og endurkomu sjúkdómsins.

Þingsályktunartillaga þessi snýr fyrst og fremst að 1. og 2. stigs forvörnum gegn krabbameini í meltingarvegi, þ.e. í ristli og endaþarmi.

Um forvarna- og leitarstarf vegna krabbameinssjúkdóma á Íslandi.

Skipuleg leit að krabbameini í leghálsi og brjóstum kvenna hefur staðið yfir hér á landi um áratugaskeið. Þannig hefur skipuleg leit að leghálskrabbameini í konum hjá Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands staðið sleitulaust frá 1964. Fram til ársins 1995 féll nýgengi sjúkdómsins um 67% og dánartíðni um 76%. Leghálskrabbamein var í þriðja sæti yfir algengi krabbameins hjá konum þegar leitarstarf hófst, en er nú í 9. sæti algengustu krabbameina hjá konum. Skipuleg leit að brjóstakrabbameini hjá konum hófst árið 1971, en árið 1987 var skipuleg leit með röntgenmyndatöku hafin. Rannsóknir benda til þess að regluleg brjóstamyndataka á 18–24 mánaða fresti hjá konum á aldrinum 40–69 ára geti lækkað dánartíðni af völdum brjóstakrabbameins um 30–45%. Af ýmsum ástæðum, t.d. lélegu mætingarhlutfalli kvenna, hefur dánartíðni íslenskra kvenna af völdum brjóstakrabbameins eftir að skipuleg leit var hafin ekki lækkað.

Önnur skipuleg leit að krabbameini hefur ekki farið fram hér á landi.

Um krabbameinssjúkdóma í meltingarvegi á Íslandi.

Krabbamein í maga hefur verið á undanhaldi á síðustu áratugum, hefur fallið um 70% hjá báðum kynjum frá sjötta áratugnum. Þá var það algengasta krabbamein hjá körlum og næstalgengast hjá konum en hefur nú fallið um fimm sæti hjá báðum kynjum. Þessa þróun ber helst að þakka breyttum neysluvenjum, minni neyslu á söltuðum og reyktum mat og aukinni neyslu grænmetis og ávaxta. Einnig má þakka nýjum lyfjameðferðum við magabólgum þessa þróun, en magabólgur geta verið undanfarar magakrabbameins. Athyglisvert er að tíðni magakrabbameins er hærri utan höfuðborgarsvæðis, sem er öfugt við allar aðrar tegundir krabbameina. Það hefur verið mat sérfræðinga að ósennilegt sé að hafin verði skipuleg leit að magakrabbameini hér á landi.

Krabbamein í ristli og endaþarmi eru þriðju algengustu krabbameinin hér á landi hjá báðum kynjum, samtals litlu færri en lungnakrabbamein. Tíðni sjúkdómsins hefur aukist um 60% frá sjötta áratugnum. Þekkt er að blóð í hægðum er einkenni um krabbamein í ristli og endaþarmi og einnig að sepamyndun í þessum líffærum getur verið merki um byrjandi krabbameinsvöxt. Krabbameinsfélag Íslands gerði á árunum 1986–1988 könnunarrannsókn til að athuga notagildi rannsóknar (skimunar) á blóði í hægðum til að greina þessar tegundir krabbameina, en reglubundin leit hefur að öðru leyti ekki farið fram að einkennum þessara sjúkdóma. Erlendar rannsóknir benda til þess að hægt sé að lækka dánartíðni um allt að 15–33% með rannsókn á blóði í hægðum á eins til tveggja ára fresti.

Leit að krabbameini í ristli og endaþarmi fer nú fram í Bandaríkjunum, Þýskalandi og Japan og er í undirbúningi í Ástralíu og Ísrael. Leit í þessum löndum er gerð hjá fólki sem leitar læknis í því skyni en íbúar eru ekki almennt boðaðir til leitar. Læknasamtök og krabbameinssamtök gefa út leiðbeiningar- og fræðsluefni um einkenni, áhættuþætti og leitarstöðvar. Í grein eftir Kristján Sigurðsson, yfirlækni Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands, sem bar heitið „Krabbameinsleit til framtíðar litið“ og birtist í Morgunblaðinu 16. desember 2000, kom fram sú skoðun að rétt væri að hefja undirbúning að leit að krabbameinum í ristli og endaþarmi hér á landi. Þá kom einnig fram að nefnd (skimunarnefnd) á vegum landlæknis kanni nú hvað gera beri í þessu máli og er þess vænst að nefndin skili niðurstöðu á þessu ári.

Í Læknablaðinu 2/2001 (2001/87) var birt ritgerðin „Ristilkrabbamein á Íslandi 1955–1989/Meinafræðileg athugun“ eftir læknana Lárus Jónasson, Jónas Hallgrímsson, Ásgeir Theodórs, Þorvald Jónsson, Jónas Magnússon og Jón Gunnlaug Jónasson. Þar segir m.a. í inngangi: „Ristilkrabbamein eru meðal algengustu krabbameina vestrænna þjóða og er hlutfallslega algeng orsök dauðsfalla hjá þeim sem árlega greinast með illkynja æxli. Undanfarna áratugi hefur nýgengi ristilkrabbameina farið hækkandi meðal þeirra þjóða heims sem búa við almenna velmegun og á það ekki síst við um Norðurlandaþjóðirnar. Þó virðist sem mögulega séu vísbendingar um nokkra lækkun á nýgengi ristilkrabbameina í Bandaríkjunum síðasta áratug.“ Einnig segir í niðurstöðum: „Aldursstaðlað nýgengi heildarinnar 1205 aðlagað alþjóðastaðli á 100 þúsund íbúa jókst á rannsóknartímabilinu, eða úr 8,2 á 100.000 íbúa í 21,8 á 100.000 hjá körlum og úr 7,9 á 100.000 í 15,8 á 100.000 hjá konum.“ Þá segir um nýgengi: „Ristilkrabbamein er á meðal algengustu krabbameina hjá þróuðum þjóðum heims og var nýgengi á árunum 1983–1987 hæst í Norður-Ameríku, Norður-Evópu og Ástralíu eða á bilinu 16–35 á 100.000 íbúa. Á Norðurlöndum, á árabilinu 1955–1980, var nýgengi samkvæmt krabbameinsskrám hjá báðum kynjum hæst í Danmörku, síðan nokkuð lægra en svipað innbyrðis á Íslandi, í Noregi og í Svíþjóð, og áberandi var það lægst í Finnlandi. Hækkun nýgengis var nokkuð jöfn hjá báðum kynjum á öllu tímabilinu í löndunum fimm. Á tímabilinu 1987–1993 hafði nýgengi í Noregi náð svipuðu marki og í Danmörku, samkvæmt krabbameinsskrám (karlar: Noregur 23,3, Danmörk 22,6, og konur: Noregur 20,8, Danmörk 22,0), á Íslandi og í Svíþjóð var það nokkuð lægra (karlar: Ísland 19,6, Svíþjóð 17,1, og konur: Ísland 15, Svíþjóð 14,9) og enn var það lægst í Finnlandi (karlar: 13,0 og konur: 11,7).

Nýgengi samkvæmt Krabbameinsskrá hjá Íslendingum á rannsóknartímabili okkar nær þrefaldaðist á meðal karla og nær tvöfaldaðist á meðal kvenna og hjá hinum Norðurlandaþjóðunum nema Svíum varð aukning á svipuðu tímabili eða nær tvöföldun hjá báðum kynjum. Höfundar hafa ekki fundið rannsóknaniðurstöður frá öðrum löndum og þar á meðal ekki frá hinum Norðurlöndunum þar sem gögn frá krabbameinsskrám hafa verið endurskoðuð á sama hátt og við höfum gert.

Ekki er skýring til á breytilegri tíðni ristilkrabbameina milli Norðurlandaþjóða og ekki er ákveðin skýring til á nýgengisaukningu þessara æxla. Breytingar þær sem orðið hafa á fæðu-

venjum á Íslandi, það er hækkun á hlutfalli grófmetis, grænmetis og ávaxta, hefur að minnsta kosti ekki náð að draga úr nýgengisaukningunni hjá Íslendingum á rannsóknartímabilinu. Tilkoma ristilspeglana á síðari hluta rannsóknartímabilsins ásamt fjarlægingu ristilsepa hefur heldur ekki náð að draga sýnilega úr nýgengisaukningu á tímabilinu."

Af framangreindu má sjá að ristilkrabbamein er meðal algengustu krabbameina hjá vestrænum þjóðum og þróuðum þjóðum heims. Í ritgerðinni kemur fram að eina hugsanlega vísbendingin um nokkra lækkun nýgengis var í Bandaríkjunum síðastliðinn áratug. Við það má bæta að í Bandaríkjunum hefur einnig orðið nokkur fækkun dauðsfalla vegna þessara krabbameina og er álitið að hvort tveggja megi rekja til leiðbeiningar- og fræðslustarfs bandarísku krabbameinssamtakanna og læknasamtakanna um viðbrögð við einkennum um þau mein svo og ábendingar samtakanna til fólks yfir 50 ára aldri um að leita eftir skimun fyrir einkennum. Í okkar heimshluta er einna hæst nýgengi ristilkrabbameina, og á Íslandi er það sambærilegt við nýgengi annars staðar á Norðurlöndum, nema Finnlandi þar sem það er lægst. Framfarir á síðari hluta tímabilsins í læknisskoðun ristils og brottnámi ristilsepa náðu ekki að draga úr nýgengi. Nýgengi á Íslandi á tímabilinu hefur nær þrefaldast hjá körlum og nær tvöfaldast hjá konum (tafla 3).

Tafla 3. Aldursstaðlað nýgengi ristilkrabbameins á Íslandi.
Árlegur meðalfjöldi nýrra tilfella 1955–1989.



Aldursstaðlað nýgengi ristilkrabbameins á 100 þúsund íbúa á Íslandi á 35 ára tímabili, 1955–1989.

Um tillöguna.

Á síðustu árum hafa orðið framfarir í læknavísindum og tækjakosti til rannsókna og aðgerða sem gera það kleift að beina forvarnastarfi og leit að einkennum um forstig krabbameina í ristli og endaþarmi. Forvarnastarf krefst almennra rannsókna til að greina forstig krabbameins eða mein á frumstigi og skipulegra viðbragða vegna þeirra sem greinast með sjúkdóm. Það krefst heildrænnar skráningar sjúkdómanna á öllum stigum, allt frá góðkynja forstigi (separ), frumstigi (kirtilæxli), til langt fram genginna meina og sjúkdóma er þeim fylgja. Það kallar á fræðslu og vakningu meðal almennings og innan heilbrigðisþjónustunnar

allrar um þessa sjúkdóma, einkenni um þá, afleiðingar þeirra og áhrif á lífsgæði, aðferðir til að draga úr áhættu af þeim, úrræði til að stöðva þá eða hefta framgang þeirra og draga úr fylgikvillum, og um möguleika og leiðir sjúklinga til að lifa og njóta lífsgæða þrátt fyrir þá.

Tillaga þessi er lögð fram í því skyni að grundvöllur verði lagður að víðtækara forvarna- og leitarstarfi á sviði krabbameinssjúkdóma. Byggt verði á því ágæta starfi sem unnið er á vegum Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands og annarra í þessum efnum. Greina má efni tillögunnar í tvo meginþætti.

Forvarnir og leit að krabbameini í ristli og endaþarmi.

Fyrri efnisþáttur tillögunnar er að undirbúið verði og hrundið í framkvæmd forvarna- og leitarstarfi vegna krabbameins í meltingarvegi, þ.e. í ristli og endaþarmi, og skilgreindar forsendur til að greina áhættuhópa, svo sem vegna aldurs, hugsanlegs arfgengis, næmis eða af öðrum ástæðum.

Tvær ástæður valda því að tillagan gerir ráð fyrir því að hefja forvarnir og skipulega leit að þessu krabbameini:

- Fullnægjandi forsendur skortir til leitar að forstigum krabbameins í blöðruhálskirtli karla og virðast læknar samdóma um að leit að forstigum lungnakrabbameins verði gagnslaus, en besta forvörnin sé að forðast reykingar.
- Krabbamein í ristli og endaþarmi eru að mestu samkynja mein og því rétt að líta á heildarfjölda eða samanlagða tíðni þeirra, sem jafngildir tíðni krabbameins í lungum. Sama leit nær til beggja meinanna.

Þar sem nú er til þekking og búnaður til leitar að forstigum krabbameins í ristli og endaþarmi, þetta mein svo algengt sem að framan greinir og vitað að meðhöndlun sjúkdóms á forstigum er léttbærari fyrir sjúklinga og kostnaðarminni heldur en meðhöndlun langt genginna og útbreiddra meina og fylgikvilla er ljóst að umtalsverður ávinningur getur fengist af því að hefja víðtækt forvarnastarf og almenna leit að þessum sjúkdómum.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar tilraunir með leit að einkennum krabbameins í ristli og endaþarmi hérlendis og í ýmsum öðrum löndum. Hafa þær náð til nokkurra þúsunda manna og þykja skila þeim niðurstöðum að leit muni færa ávinning í baráttunni við þessi mein. Samtök sérfræðinga í meltingarsjúkdómum hafa víða um Evrópu undirbúið átak til að fræða almenning og vekja til að bregðast við einkennum krabbameins í ristli og endaþarmi og leita fljótt læknis vegna þeirra. Slíkt átak er í undirbúningi hér á landi á vegum félags sérfræðinga í meltingarsjúkdómum og í samstarfi við fjölmarga aðra aðila. Sem fyrr sagði hefur nefnd (skimunarnefnd) á vegum landlæknis unnið að skilgreiningu læknisfræðilegs grundvallar að skipulegri leit að þessum meinum og er niðurstöðu hennar að vænta á næstunni. Þing Póllands hefur samþykkt að framkvæmd skuli almenn leit um land allt að krabbameini í meltingarvegi fólks og er hún hafin. Fyrir danska þinginu liggur tillaga þess efnis.

Áhugamenn um almenna og skipulega leit að krabbameini í meltingarvegi hafa kannað möguleika á því að meta þjóðhagsleg áhrif hennar, þ.e. ávinninginn af því að meðhöndla forstig krabbameins eða sjúkdóminn á frumstigum samanborið við tilkostnað og fórnarkostnað við ríkjandi ástand sem er einungis meðhöndlun langt genginna sjúkdóma, jafnvel útbreiddra krabbameina. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur lýst sig reiðubúna til að vinna mat á þjóðhagslegum áhrifum almennrar skipulegrar leitar að krabbameini í meltingarvegi, þ.e. í ristli og endaþarmi.

Í forvarna- og leitarstarfi gæti m.a. falist:

1. Skipulagt leitar- og forvarnastarf á vegum Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands, heilbrigðisstofnana og annarra aðila meðal fólks í áhættuhópum og frá skilgreindu aldursmarki.
2. Fræðsluátak um þá sjúkdóma sem starfið beinist að, þar sem markmiðið er að auka vitund og þekkingu almennings á sjúkdómum í meltingarvegi. Í því felist m.a. gerð fræðsluefnis og námsefnis fyrir almenning og nemendur um krabbamein í meltingarvegi og aðra krabbameinssjúkdóma, hvernig lífshættir geta haft áhrif á heilsu manna og hættu á að fá krabbamein, forvarnir og leit að einkennum, áhrif slíkra sjúkdóma á daglegt líf fólks, hvernig bregðast skuli við þeim og hvernig má hefta framgang þeirra. Fræðsluefni verði m.a. aðgengilegt á vefsíðum.
3. Þekking starfsmanna heilbrigðisþjónustunnar á sjúkdómum í meltingarvegi verði efld.
4. Komið verði á heildrænum gagnagrunni allra sjúkdómseinkenna sem talin eru tengjast þessum sjúkdómum. Skráð verði öll þekkt byrjunareinkenni frumubreytinga og sjúkdóma sem álitið er að geti leitt til krabbameins í meltingarvegi, sjúkdómseinkenni og sjúkdómsferill. Skráning verði skipulögð með það fyrir augum að tengja megi grunninn við upplýsingar í öðrum gagnagrunnum í því skyni að greina:
   a. orsakavalda sjúkdóma,
   b. áhættu af sjúkdómum innan fjölskyldna og ætta,
   c. hvort og þá hvernig forðast mætti sjúkdóma,
   d. helstu þætti í framgangi sjúkdóma,
   e. hvernig stöva mætti eða hefta framgang sjúkdóma.

Sömu aðferðum verði beitt í baráttu við aðra algenga krabbameinssjúkdóma.

Síðari efnisþáttur tillögunnar er að hafinn skuli undirbúningur að því að beita sömu aðferðafræði í baráttu við aðrar tegundir krabbameinssjúkdóma og hefja síðar skipulagt og reglubundið forvarnastarf og krabbameinsleit í fleiri líffærum og líkamshlutum fólks, í því skyni að slík starfsemi, allt frá forvörnum til leitar að sjúkdómum á frumstigi, beinist að öllum þekktustu og algengustu krabbameinssjúkdómum.

945. Fyrirspurn [593. mál]

til iðnaðarráðherra um auðlindagjald af vatnsafli í þjóðlendum.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hefur verið litið til þess við samningu frumvarps til nýrra raforkulaga hvort og þá hvernig auðlindagjald verður í framtíðinni innheimt af vatnsafli í þjóðlendum?

946. Fyrirspurn [594. mál]

til fjármálaráðherra um virðisaukaskatt af hugbúnaðarvinnu.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hvað hefur verið gert til að jafna samkeppnisstöðu þeirra hugbúnaðarfyrirtækja, sem starfa á markaðnum og greiða virðisaukaskatt af vinnu sinni, og hinna sem byggð hafa verið upp sem deildir innan fyrirtækja sem ekki greiða virðisaukaskatt?

947. Fyrirspurn [595. mál]

til menntamálaráðherra um uppbyggingu tækninams á háskólastigi.

Frá Svanfríði Jónasdóttur og Einari Má Sigurðarsyni.

1. Hvað olli viðræðuslitum milli ráðuneytisins og þeirra aðila sem sóttust eftir því að koma að uppbyggingu tæknihäskóla á grunni Tækniskóla Íslands?
2. Hvaða hugmyndir eru nú uppi um að efla tækninám á háskólastigi?

948. Fyrirspurn [596. mál]

til iðnaðarráðherra um háspennulínur í jörðu.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Í hve miklum mæli hafa háspennulínur verið lagðar í jörð á vegum:
   a. Rariks,
   b. Landsvirkjunar?
2. Eru til áætlanir um lagningu háspennulína í jörð hjá:
   a. Rarik,
   b. Landsvirkjun?
3. Er kostnaður við að leggja háspennulínur í jörð annars vegar og loftlínur hins vegar sambærilegur?
4. Hver er kostnaður við jarðlínur á vegum:
   a. Rariks,
   b. Landsvirkjunar?
5. Hver er alþjóðleg þróun í flutningi raforku eftir jarð- og loftlínum?
6. Hvernig er orkutapi við flutning eftir jarðlínum annars vegar og loftlínum hins vegar háttað?

Skriflegt svar óskast.

949. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 107/1999, um fjarskipti.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneytinu og Sigrúnu Jóhannesdóttur frá Persónuvernd. Jafnframt bárust umsagnir um málið frá Blaðamannafélagi Íslands, tölvunefnd, Almannavörnum ríkisins, ríkislögreglustjóra, Landssíma Íslands hf., Samtökum fjármálafyrirtækja, Póst- og fjarskiptastofnun og Landhelgisgæslu Íslands.

Með lögum nr. 107/1999 voru sett ný heildarlög um fjarskipti. Í lögum þessum voru fjölmörg nýmæli, þar á meðal ákvæði 3. mgr. 44. gr. sem hér er til umfjöllunar. Í umræddu ákvæði er kveðið á um að sá aðili að símtali sem vill hljóðrita það skuli í upphafi þess tilkynna viðmælanda sínum um þá fyrirætlan.

Fljótlega eftir að lögin voru samþykkt kom fram talsverð gagnrýni á þetta ákvæði laganna. Gagnrýnin fólst einkum í því að ákvæðið væri of strangt og án undantekninga sem gerði það að verkum að það raskaði hagsmunum bæði stjórnvalda og einkaaðila sem nýttu sér hljóðritanir í starfsemi sinni. Einkum mótmælti Blaðamannafélag Íslands þessu ákvæði harðlega. Einnig var gagnrýnt að ákvæðið gengi mun lengra en nauðsynlegt væri skv. 5. gr. tilskipunar 97/66/EB, sem ákvæðið er byggt á.

Í kjölfar þessa flutti meiri hluti samgöngunefndar á 125. þingi frumvarp til laga þar sem lagt var til að umrætt ákvæði yrði fellt niður. Frumvarpið varð ekki útrætt.

Nefndin hefur rætt fyrirliggjandi frumvarp ítarlega. Meiri hlutinn telur þær undantekningar sem lagðar eru til frá meginreglu 3. mgr. 44. gr. nægjanlegar og vill í því sambandi vekja sérstaka athygli á túlkun samgönguráðherra á 1. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins, en í greininni segir að aðili þurfi ekki að tilkynna sérstaklega um upptöku samtals þegar ótvírætt má ætla að viðmælanda sé kunnugt um hljóðritunina. Um þetta sagði samgönguráðherra í framsöguræðu sinni:

„Hér skiptir öllu máli að viðkomandi hafi fengið eða getað fengið vitneskju um upptökuna. Ljóst er að með þessu ákvæði er fjallað um alla aðra en stjórnvöld, þar á meðal einstaklinga, félög og fjármálastofnanir sem ekki þurfa að tilkynna sérstaklega um hljóðritun samtals þegar ótvírætt má ætla að viðmælanda sé kunnugt um hana. Sem dæmi má nefna ákvæði í viðskiptasamningi, almenn ummæli eða tilkynningar í eitt skipti fyrir öll. Fórnarlamb persónuofsókna á samkvæmt því að geta hljóðritað símtöl eftir einfalda tilkynningu."

Meiri hlutinn tekur undir framangreinda túlkun samgönguráðherra. Meiri hlutinn lítur svo á að samkvæmt þessu geti t.d. fjölmiðill með almennri tilkynningu fullnægt tilkynningarskyldu skv. 3. mgr. 44. gr. laganna þannig að þeir sem starfa hjá honum séu þar með undanþegnir tilkynningarskyldunni í skjóli þessa ákvæðis. Með sama hætti lítur meiri hlutinn svo á að það nægi fórnarlambi persónuofsókna að tilkynna ofsækjanda það í eitt skipti fyrir öll að samtöl þeirra verði tekin upp.

Í 2. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins eru opinberar stofnanir undanþegnar tilkynningarskyldu þegar hljóðritun er eðlilegur þáttur í starfsemi stjórnvalds og nauðsynleg vegna þjóðar- og almannaöryggis.

Meiri hlutinn telur, með hliðsjón af framansögðu, að þær undantekningar sem tilgreindar eru í frumvarpinu séu nægjanlegar og tryggi hagsmuni þeirra sem helst nýta hljóðritanir í

starfi sínu, sem og neyðarhagsmuni einstaklinga. Meiri hlutinn telur þannig að tillögur frumvarpsins séu til þess fallnar að sætta andstæð sjónarmið í málinu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Lúðvík Bergvinsson og Kristján L. Möller skrifa undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 26. mars 2001.

Árni Johnsen, form., frsm.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Hjálmar Árnason.
Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Jón Kristjánsson.	Guðmundur Hallvarðsson.
Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.		Kristján L. Möller, með fyrirvara.

950. Frumvarp til laga [597. mál]

um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Náttúrufræðistofnun Íslands er heimilt að taka gjald til að standa straum af rekstrarkostnaði fyrir rannsóknir og ráðgjöf sem falla undir 4. gr., greiningu vegna inn- og útflutnings á dýrum og plöntum sem heyra undir samning um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, eftirlit vegna rannsókna og nýtingar á hveraörverum samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, leyfisveitingar vegna útflutnings á náttúruminjum og fyrir greiningar á náttúrusýnum. Ráðherra getur að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands sett gjaldskrá vegna þeirrar starfsemi sem að framan er talin.

b. 2. mgr. orðast svo:

Náttúrufræðistofnun Íslands er heimilt að veita viðtöku fjárframlögum, vísindastyrkjum, vísindalegum eintökum, náttúrugripum og sambærilegum gjöfum frá einstaklingum eða öðrum.

2. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að leyfa starfrækslu allt að átta náttúrustofa er starfa á vegum sveitarfélaga og skal um hverja stofu gera samning milli ráðherra og þeirra sveitarfélaga sem standa að náttúrustofu. Náttúrustofur og Náttúrufræðistofnun Íslands hafa með sér samvinnu samkvæmt nánari ákvörðun þeirra hverju sinni.

3. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Eitt eða fleiri sveitarfélög geta átt og rekið náttúrustofu með stuðningi ríkisins. Ábyrgð á rekstri og starfsemi náttúrustofu er hjá þeim sveitarfélögum sem gert hafa samning um rekstur hennar. Framlag ríkissjóðs til náttúrustofu er ákveðið í fjárlögum hverju sinni og miðast við upphæð sem nemur launum forstöðumanns í fullu starfi að viðbættri upphæð sem er allt að jafnhá þeirri upphæð og rennur hún til reksturs náttúrustofu. Framlag ríkissjóðs er háð því að fyrir liggi samningur um rekstur náttúrustofu, sbr. 9. gr. Í samningi skal meðal annars kveðið á um aðsetur og starfssvæði náttúrustofu, launakjör forstöðumanns og fjárskuldbindingar sveitarfélaga vegna reksturs hennar, sem skulu miðast við 30% af framlagi ríkisins.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Helstu hlutverk náttúrustofu eru:

a. að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúrurannsóknir, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar,
b. að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga,
c. að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verksviði stofunnar samkvæmt ákvörðun stjórnar náttúrustofu hverju sinni,
d. að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun gegn greiðslu á verksviði stofunnar að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila,
e. að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, sbr. 7. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar. Náttúruvernd ríkisins skal gera samning um slíkt eftirlit við náttúrustofur sem staðfestur er af ráðherra.

b. Við bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Náttúrustofur skulu fyrir lok apríl ár hvert skila skýrslu til ráðherra um starfsemi sína næstliðið ár ásamt ársreikningi.

5. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Stjórn náttúrustofu skipa þrír menn. Sveitarfélag eða sveitarfélög sem starfrækja náttúrustofu tilnefna menn í stjórn og skal einn þeirra vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

6. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Stjórn náttúrustofu getur sett gjaldskrá fyrir rannsóknir, vöktun og ráðgjöf á verksviði stofunnar, sbr. d-lið 11. gr.

7. gr.

Orðin „með ríkisaðild“ í 16. gr. laganna falla brott.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra skal fyrir 1. ágúst 2001 gera samning, sbr. 9. gr., við sveitarfélög sem standa að þeim náttúrustofum sem eru starfandi við gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var af umhverfisráðherra með bréfi dagsettu 9. júní 2000. Í nefndinni áttu sæti: Sigríður Auður Arnardóttir, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, formaður, Jón Kristjánsson, alþingismaður og stjórnarmaður í náttúrustofu Austurlands, Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, Ragna Ívarsdóttir, formaður stjórnar náttúrustofu Vesturlands, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Starfsmaður nefndarinnar var Hersir Gíslason, deildarsérfræðingur í umhverfisráðuneytinu.

Í skipunarbréfi nefndarinnar kemur fram að nefndin hafi það hlutverk að gera tillögur um framtíðarstöðu og hlutverk náttúrustofa í kjördæmum, sbr. lög nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Nefndin skyldi hafa hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af starfsemi náttúrustofa og hafa það að leiðarljósi að starfsemi þeirra styrki sveitarstjórnarstigið í framkvæmd náttúruverndarmála. Var nefndinni falið að huga sérstaklega að tengslum náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og starfsemi náttúrustofa í því sambandi. Þá var nefndinni ætlað að huga að verðandi breytingu á kjördæmaskipan landsins sem kemur til framkvæmda þegar næst verður kosið til Alþingis. Við samningu frumvarpsins fékk nefndin á fundi sína forstöðumenn þeirra fimm náttúrustofa sem starfandi voru á þeim tíma. Síðastliðið haust var sett á fót náttúrustofa Reykjaness og eru því nú starfræktar sex náttúrustofur á landinu öllu. Þeir forstöðumenn sem nefndin ræddi við eru Guðrún Jónsdóttir, forstöðumaður náttúrustofu Austurlands, Þorsteinn Sæmundsson, forstöðumaður náttúrustofu Norðurlands vestra, Ármann Höskuldsson, forstöðumaður náttúrustofu Suðurlands, Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður náttúrustofu Vestfjarða, og Jón Baldur Sigurðsson, forstöðumaður náttúrustofu Vesturlands. Nefndin lagði fyrir framangreinda forstöðumenn spurningalista þar sem óskað var eftir skriflegum svörum um ýmis grundvallaratriði er varða starfsemi náttúrustofa. Nefndin fékk jafnframt á fund sinn Árna Bragason, forstjóra Náttúruverndar ríkisins. Með bréfum dagsettum 17. október 2000 sendi nefndin drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur til umsagnar stjórna þeirra sex náttúrustofa sem taldar voru upp hér að framan auk þeirra sveitarfélaga sem að náttúrustofum standa. Jafnframt voru Náttúruvernd ríkisins send drögin til umsagnar. Nefndin gerði nokkrar breytingar á frumvarpinu með hliðsjón af þeim athugasemdum sem gerðar voru.

Full samstaða var í nefndinni um þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu. Gerð var ein breyting á frumvarpinu eftir að nefndin skilaði tillögum sínum að lagafrumvarpi til ráðherra: b-lið var bætt við 1. gr. Hér verður gerð grein fyrir þeim breytingum sem felast í frumvarpinu:

Lagt er til að gjaldtökuheimild Náttúrufræðistofnunar Íslands verði skýrari og stofnuninni veitt heimild til að taka gjald fyrir tilgreinda þjónustu og verkefni sem óskað er eftir af henni. Einnig er lagt til að náttúrustofum verði veitt heimild til að taka gjald fyrir þau verkefni sem talin eru upp í 6. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að starfræksla náttúrustofa sé alfarið á ábyrgð þeirra sveitarfélaga sem að þeim standa en með stuðningi ríkisins. Framlag ríkisins skal miðast við laun forstöðumanns náttúrustofu og að auki skal koma til jafnhátt framlag til reksturs stofunnar. Á fjárlagaárinu 2001 er fast framlag ríkissjóðs til hverrar náttúrustofu 5,2 millj. kr. Heildarframlag ríkissjóðs á fjárlagaárinu 2001 til náttúrustofa nemur 39,7 millj. kr. en náttúrustofa Vestfjarða í Bol-

ungarvík og náttúrustofa Austurlands í Neskaupstað fengu tímabundið viðbótarframlag. Fast framlag ríkissjóðs til náttúrustofa skiptist þannig á fjárlagaárinu 2001 að 3,6 millj. kr. voru vegna launa forstöðumanns en 1,6 millj. kr. vegna stofnkostnaðar. Lagt er til að framlag ríkissjóðs sé háð því skilyrði að sveitarfélögin leggi að lágmarki fram fjárhæð sem nemur 30% af framlagi ríkisins, jafnframt að fyrir liggi samningur milli umhverfisráðherra og þeirra sveitarfélaga sem starfrækja náttúrustofu um viðkomandi náttúrustofu. Eins og rakið er hér að framan eru náttúrustofurnar nú sex talsins, þ.e. náttúrustofa Reykjaness sem starfandi er í Sandgerði en Sandgerðisbær og Grindavíkurkaupstaður standa að henni, Fjarðabyggð rekur náttúrustofu Austurlands sem hefur aðsetur í Neskaupstað, Vestmannaeyjabær rekur náttúrustofu Suðurlands í Vestmannaeyjum, náttúrustofa Vesturlands er í Stykkishólmi og stendur Stykkishólmsbær að baki henni, náttúrustofa Vestfjarða hefur aðsetur í Bolungarvík en Súðavíkurhreppur, Ísafjarðarbær og Bolungarvíkurkaupstaður reka hana og að lokum er náttúrustofa Norðurlands vestra rekin af Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi. Verði frumvarp þetta að lögum er gert ráð fyrir að gerðir verði nýir samningar um þessar stofur, sbr. ákvæði til bráðabirgða.

Þá er gert ráð fyrir að verkefni náttúrustofa verði aukin og þau skilgreind með skýrari hætti. Að lokum er lagt til að gerð verði breyting á skipan stjórnar þannig að formaður stjórnar verði skipaður af þeim sveitarfélögum sem standa að stofunni í stað umhverfisráðherra áður. Fulltrúar í stjórn koma því eingöngu frá sveitarfélögunum sjálfum en ekki er gert ráð fyrir að ríkið eigi fulltrúa í stjórn náttúrustofa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er mælt fyrir um gjaldtökuheimild til handa Náttúrufræðistofnun Íslands vegna þeirra verkefna sem talin eru upp í greininni. Með ákvæðinu er kveðið á um það með skýrum hætti fyrir hvaða verkefni og þjónustu Náttúrufræðistofnun Íslands hefur heimild til að taka gjald. Gjöld þau sem hér um ræðir eru svokölluð þjónustugjöld er taka mið af kostnaði við framkvæmd einstakra verkefna og mega gjöldin ekki vera hærri en sem nemur þeim kostnaði. Með lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, var Náttúrufræðistofnun Íslands falið eftirlitshlutverk í tengslum við rannsóknir og nýtingu á hveraörverum. Ekki er að finna gjaldtökuheimild í lögunum í tengslum við þessi verkefni og er hér bætt úr því. Með lögum nr. 85/2000, um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, var staðfest aðild Íslands að CITES-samningnum og hefur Náttúrufræðistofnun Íslands ráðgjafarhlutverki að gegna vegna samningsins gagnvart ýmsum aðilum. Þegar um er að ræða gjaldtöku Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna verkefna þar sem stofnunin er í samkeppnisrekstri er almennt litið svo á að þar sé um að ræða verkefni sem ekki er heimilt að kveða á um gjaldtöku fyrir í lögum.

Lagt er til að stofnunin hafi heimild til að veita viðtöku fjárframlögum, vísindastyrkjum, vísindalegum eintökum, náttúrugripum og sambærilegum gjöfum frá einstaklingum eða öðrum. Breytingin sem hér er lögð til er gerð til að gæta samræmis við það sem gildir um aðrar stofnanir sem heyra undir ráðuneytið en Náttúrufræðistofnun Íslands. Sambærilegt ákvæði og 2. mgr. 5. gr. er ekki að finna í löggjöf þeirri sem gildir um þær stofnanir.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um að heimilt sé að leyfa starfrækslu allt að átta náttúrustofa sem starfa á vegum sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að gerðir verði samningar milli þeirra sveitarfélaga sem standa að náttúrustofu og ráðherra um rekstur náttúrustofu og er í 3. gr. kveðið

nánar á um efni samningsins. Náttúrustofur og Náttúrufræðistofnun Íslands hafa með sér samvinnu eins og er í gildandi lögum, sbr. 3. og 6. gr. laganna. Lagt er til að tekin sé ákvörðun hverju sinni um það hvernig samvinnu þessari skuli háttað.

Lögð er til sú breyting á 9. gr. laganna að staðsetning náttúrustofa verði ekki bundin sérstaklega við kjördæmaskipan. Með lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, var gerð breyting á kjördæmaskipan landsins sem kemur til framkvæmdar á árinu 2003 og fækkar þá kjördæmum úr átta í sex. Ekki þykir rétt að binda í lög staðsetningu náttúrustofa við tiltekið landsvæði en æskilegast væri að náttúrustofur dreifðust jafnt um land allt þannig að öll sveitarfélög hefðu greiðan aðgang að einhverri náttúrustofu. Lagt er til að stofurnar verði ekki fleiri en átta talsins. Þar sem stofurnar eru nú sex er gert ráð fyrir að ráðherra hafi heimild til að leyfa starfrækslu tveggja nýrra náttúrustofa. Miðað við núverandi dreifingu náttúrustofa væri æskilegt að nýjar stofur yrðu á Norðausturlandi og Suðausturlandi.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að starfsemi náttúrustofu verði alfarið á ábyrgð þeirra sveitarfélaga sem standa að henni en með stuðningi ríkisins. Þannig er rekstur og eignarhald stofanna á ábyrgð sveitarfélaganna. Eitt eða fleiri sveitarfélög geta starfrækt náttúrustofu en aðrir aðilar hafa ekki heimild til þess. Þegar náttúrustofa er sett á fót skal gerður samningur milli viðkomandi sveitarfélaga sem standa að náttúrustofu og ráðherra og skal ríkissjóður leggja fram ákveðið framlag til náttúrustofunnar sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni. Framlag ríkissjóðs skal miðast við laun forstöðumanns í fullu starfi eins og er í gildandi lögum að viðbættri allt að jafnhárri upphæð til reksturs náttúrustofu eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Framlag ríkissjóðs er háð því að sveitarfélög sem reka viðkomandi stofu leggi til stofunnar 30% af framlagi ríkisins. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu veitir ríkissjóður 5,2 millj. kr. til hverrar stofu á fjárlagaárinu 2001. Hér er lögð til hækkun á framlagi ríkissjóðs til hverrar stofu vegna hins nýja verkefnis náttúrustofa að styrkja starf náttúruverndarnefnda, sbr. c-lið 4. gr., og til að styrkja starfsemi náttúrustofa þannig að þær geti betur sinnt því hlutverki sem þeim hefur verið falið.

Í samningi ráðherra og þeirra sveitarfélaga sem standa að viðkomandi stofu skal m.a. kveðið á um staðsetningu náttúrustofu og á hvaða svæði henni er einkum ætlað að starfa. Jafnframt skal kveðið á um í samningi um framangreinda fjárhagsskuldbindingu sveitarfélaga. Gert er því ráð fyrir að stofurnar hafi skyldubundnu hlutverki að gegna gagnvart þeim sveitarfélögum sem standa að stofunni.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um verkefni náttúrustofa og eru þau talin upp í fimm liðum. Hlutverk náttúrustofu samkvæmt a-lið er nær óbreytt frá því sem segir í a-lið 1. mgr. 11. gr. gildandi laga. Náttúrustofum er einkum ætlað að sinna staðbundnum rannsóknum en nauðsynlegt getur þó verið í einhverjum tilvikum að rannsóknir sem þær stunda nái út fyrir það landsvæði sem viðkomandi náttúrustofa þjónar. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur það hlutverk samkvæmt lögum nr. 60/1992 að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Íslands. Þannig sinnir stofnunin rannsóknum á landinu öllu en líta má á rannsóknir náttúrustofa sem framhald af þeirri starfsemi.

Í b-lið er mælt fyrir um að náttúrustofur skuli stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd auk þess sem þeim ber að veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga. Sú fræðsla yrði ýmist veitt almenningi, svo sem í skólum, eða einka-

aðilum. Þetta hlutverk náttúrustofa er það sama og þær hafa nú, sbr. b- og c-lið 11. gr. laganna.

Lagt er til í c-lið að náttúrustofa veiti náttúruverndarnefndum á starfssvæði sínu upplýsingar og ráðgjöf á verksviði stofunnar. Hér er um nýmæli að ræða þar sem náttúrustofur hafa ekki haft þetta verkefni áður. Þar sem verkefni þessi geta verið umfangsmikil og tímafrek er lagt til að stjórn náttúrustofu taki ákvörðun um það hverju sinni hvaða verkefni náttúrustofa skuli taka að sér svo að stofurnar geti sinnt því hlutverki sem þeim er falið. Þar sem starfssvæði náttúrustofu kemur fram í samningi og náttúrustofur starfa fyrir þær náttúruverndarnefndir sem eru á viðkomandi svæði er gert ráð fyrir að nefndirnar verði tilgreindar í samningi. Þannig er skýrt fyrir hvaða náttúruverndarnefndir stofurnar starfa. Náttúruverndarnefndir starfa á vegum sveitarfélaga eða héraðsnefnda og eru þær sveitarstjórnum til ráðgjafar um náttúruverndarmál, sbr. 11. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Náttúruverndarnefndir hafa það hlutverk að stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m.a. með fræðslu og umfjöllun um framkvæmdir sem gætu haft áhrif á náttúruna og gera tillögur um úrbætur m.a. til sveitarstjórna. Hlutverk náttúrustofa fellur vel að þessu hlutverki náttúruverndarnefnda og gætu því náttúrustofur styrkt starfsemi náttúruverndarnefnda með þeirri sérfræðiþekkingu sem þær búa yfir. Dæmi um verkefni sem náttúrustofur gætu veitt náttúruverndarnefndum er ráðgjöf vegna lögbundins umsagnarhlutverks náttúruverndarnefnda, sbr. 33. gr. og 2. mgr. 37. gr. laga nr. 44/1999. Nái frumvarp þetta fram að ganga mun starfsemi náttúrustofa því styrkja sveitarstjórnarstigið í framkvæmd náttúruverndarmála.

Í d-lið er náttúrustofum veitt heimild til að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun á verksviði sínu að beiðni ýmissa aðila. Um slíkt þarf að gera samning þar sem m.a. yrði kveðið á um gjaldtöku á grundvelli gjaldskrár náttúrustofa. Dæmi um verkefni sem hægt væri að fela náttúrustofum eru rannsóknir og vöktun að beiðni Náttúrufræðistofnunar Íslands. Slík verkefni væru í beinu framhaldi af verkefnum náttúrustofa samkvæmt a-lið. Vöktun er hluti af starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands og fer vel á því að slík verkefni séu unnin af náttúrustofum vegna nálægðar við verkefnið og þekkingar á viðkomandi svæði.

Þá er lagt til það nýmæli í e-lið að náttúrustofur annist almennt eftirlit með náttúru landsins, einkum í þeim landshluta sem náttúrustofa þjónar, en dæmi um slíkt eftirlit er umsjón með friðlöndum. Ákvæðið tekur mið af 7. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, en þar segir að Náttúruvernd ríkisins sé heimilt að fela náttúrustofum almennt eftirlit með náttúru landsins og ber að gera um það samning sem ráðherra staðfestir.

Lagt er til að náttúrustofur skili fyrir lok apríl ár hvert skýrslu um starfsemi sína til ráðherra. Ákvæðið er nýmæli en rétt þykir að náttúrustofur geri árlega grein fyrir starfsemi náttúrustofu vegna líðandi árs þannig að yfirlit fáist um þau störf sem unnin eru á vegum náttúrustofa.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um skipun stjórnar náttúrustofa. Sú breyting er lögð til á 12. gr. laganna að ekki er gert ráð fyrir að ráðherra skipi í stjórn stofnunarinnar heldur skuli það sveitarfélag eða sveitarfélög sem starfrækja náttúrustofu skipa samtals þrjá menn í stjórn náttúrustofa. Stjórn náttúrustofa verður því alfarið á ábyrgð framangreindra aðila.

Um 6. gr.

Hér er mælt fyrir um heimild til stjórnar náttúrustofu að setja gjaldskrá fyrir rannsóknir, vöktun og ráðgjöf sem óskað er eftir af henni, sbr. d-lið 4. gr. Ekki er gerð krafa um að ráðherra staðfesti þær gjaldskrár sem náttúrustofur gefa út enda starfa náttúrustofur á ábyrgð sveitarfélaganna.

Um 7. gr.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru til samræmis við breytingar skv. 2. gr. og 5. gr. að sveitarfélög eitt eða fleiri beri ábyrgð á rekstri og starfsemi náttúrustofa og að ráðherra skipi ekki lengur í stjórn náttúrustofa.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ef frumvarp þetta verður að lögum ber ráðherra að gera samning við þau sveitarfélög sem standa að þeim sex náttúrustofum sem nú starfa, enda er framlag ríkissjóðs háð því að fyrir liggi slíkur samningur.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er einkum sá að skýra nánar gjaldtökuheimildir Náttúrufræðistofnunar og náttúrustofa ásamt því að auka og skilgreina nánar hlutverk náttúrustofa. Í samræmi við það fjallar frumvarpið aðallega um þrennt, í fyrsta lagi um gjaldtökuheimildir Náttúrufræðistofnunar, í öðru lagi um fjármögnun rekstrar náttúrustofa og í þriðja lagi um hlutverk og gjaldtökuheimildir náttúrustofa.

1. Gildandi lög heimila Náttúrufræðistofnun að vinna rannsóknir gegn greiðslu en mæla ekki fyrir um ákvörðun gjalds fyrir þá vinnu. Á þessu er tekið í 1. gr. frumvarpsins og gjaldtökuheimildir stofnunarinnar þar skýrðar og skilgreindar. Ekki er reiknað með að gjöld stofnunarinnar umfram tekjur breytist að ráði þessa vegna.

2. Í gildandi lögum er kveðið á um að framlag ríkissjóðs til náttúrustofu takmarkist við laun forstöðumanns í fullu starfi og stofnkostnað vegna húsnæðis, innréttinga og bóka- og tækjakaupa eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni, enda liggi fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum. Í 3. gr. frumvarpsins er framlag ríkissjóðs skilgreint upp á nýtt, þannig: „Framlag ríkissjóðs til náttúrustofu er ákveðið í fjárlögum hverju sinni og miðast við upphæð sem nemur launum forstöðumanns í fullu starfi að viðbættri upphæð sem er allt að jafnhá þeirri upphæð og rennur hún til reksturs náttúrustofu.“ Í fjárlögum 2001 er fast framlag ríkissjóðs til hverrar náttúrustofu 5,2 m.kr. Sú fjárhæð er þannig til komin að 3,6 m.kr. eru vegna launa forstöðumanns en 1,6 m.kr. vegna stofnkostnaðar. Því má gera ráð fyrir að fast framlag ríkissjóðs vegna hverrar náttúrustofu hækki úr 5,2 m.kr. í 7,2 m.kr., eða um 2,0 m.kr. fyrir hverja stofu, og er þá miðað við óbreytta launaviðmiðun forstöðumanna. Kostnaðaraukning ríkissjóðs miðað við þær sex náttúrustofur sem starfandi eru í dag yrði því 12,0 m.kr. á ári.

3. Ekki er gert ráð fyrir að ríkissjóður beri annan kostnað af starfrækslu náttúrustofa en þann sem hér hefur verið gerð grein fyrir, enda yrði eignarhald og rekstur stofanna alfarið á verksviði sveitarfélaga.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má því gera ráð fyrir að kostnaðarauki ríkissjóðs verði 12,0 m.kr. á ári, miðað við núverandi sex náttúrustofur, en 16,0 m.kr. á ári miðað við átta stofur.

951. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elínu Blöndal frá félagsmálaráðuneyti og Viðar Má Matthíasson frá réttarfarsnefnd.

Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Samtökum atvinnulífsins, Mannréttindaskrifstofu Íslands, laganefnd LMFÍ, Félagi íslenskra atvinnuflugmanna, Verslunarráði Íslands, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Starfsmannafélagi Seltjarnarness, Vélstjórafélagi Íslands, fjármálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Félagi fréttamanna, stéttarfélaginu Vökli, Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Íslenska álfélaginu, Íbúðalánasjóði, samninganefnd bankanna, Samiðn, Stéttarfélagi verkfræðinga, Félagi bókagerðarmanna, Þjóðhagsstofnun, Læknafélagi Íslands, Verkalýðsfélagi Húsavíkur, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands.

Frumvarpið er einkum lagt fram með hliðsjón af ákvæði 1. tölul. 2. gr. í 7. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu sem hefur lagagildi hér á landi, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994, og samkvæmt áliti réttarfarsnefndar og refsiréttarnefndar. Í ákvæðinu greinir að sérhver sem dómstóll finnur sekan um afbrot eigi rétt á að láta æðri dóm endurskoða sakfellinguna eða refsinguna. Það þykir því rétt að lögum um stéttarfélög og vinnudeilur verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að kæra sektarákvarðanir Félagsdóms til Hæstaréttar. Þá er í frumvarpinu að finna lagfæringar á texta laganna.

Félagsmálanefnd leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ólafur Örn Haraldsson og Drífa Hjartardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. mars 2001.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Kristján Pálsson.	Jónína Bjartmarz.
Pétur H. Blöndal.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Ásta R. Jóhannesdóttir.

Steingrímur J. Sigfússon.

952. Tillaga til þingsályktunar [598. mál]

um sýslur.

Flm.: Þuríður Backman, Jón Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd sem hafi það verkefni að fjalla um stöðu sýslna í íslenskri löggjöf, landfræðileg mörk þeirra og hvort festa skuli þau í sessi með löggjöf. Að starfi nefndarinnar loknu leggi ráðherra málið fyrir Alþingi til upplýsinga og ákvörðunar um framtíðarstöðu sýslna.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 123. löggjafarþingi 1999 af Hjörleifi Guttormssyni en þá náðist ekki að mæla fyrir henni. Tillagan er flutt óbreytt, en lítils háttar hefur verið aukið í greinargerðina. Þau fylgiskjöl sem fylgdu tillögunni þegar hún var fyrst borin fram fylgja hér einnig með.

Eftir breytingu á sveitarstjórnarlögum 1986 (lög nr. 8/1986) og aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði með lögum nr. 92/1989 heyra sýslur í íslenskri stjórnsýslu að mestu eða öllu sögunni til. Orðið sýslumaður vísar ekki lengur til landfræðilegs umdæmis og fylgja stjórnsýsluumdæmi þeirra nú ekki þeim mörkum sem áður voru hefðbundin sýslumörk heldur miðast við mörk og heiti sveitarfélaga. Um þetta vísast til skriflegs svars dómsmálaráðherra við fyrirspurn um sýslur á 122. löggjafarþingi, 668. mál, sem birt er sem fylgiskjal I með tillögunni. Stjórnskipuleg staða einstakra sýslna er þar sögð mismunandi eftir því hvort mörk þeirra falla saman við mörk stjórnsýsluumdæmis einstaks sýslumanns.

Eftir breytingu á sveitarstjórnarlögum 1986 (lög nr. 8/1986) og aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði með lögum nr. 92/1989 heyra sýslur í íslenskri stjórnsýslu að mestu eða öllu sögunni til. Orðið sýslumaður vísar ekki lengur til landfræðilegs umdæmis og fylgja stjórnsýsluumdæmi þeirra nú ekki þeim mörkum sem áður voru hefðbundin sýslumörk heldur miðast við mörk og heiti sveitarfélaga. Um þetta vísast til skriflegs svars dómsmálaráðherra við fyrirspurn um sýslur á 122. löggjafarþingi, 668. mál, sem birt er sem fylgiskjal I með tillögunni. Stjórnskipuleg staða einstakra sýslna er þar sögð mismunandi eftir því hvort mörk þeirra falla saman við mörk stjórnsýsluumdæmis einstaks sýslumanns.

Almenningur er almennt ekki meðvitaður um þessar breytingar á stöðu sýslna og jafnvel embættismenn og stjórnmálamenn velkjast í vafa um stöðu þeirra. Um það vísast meðal annars til fyrrgreinds svars ráðherra á Alþingi og til auglýsinga ráðuneyta, sbr. meðfylgjandi frásögn úr Morgunblaðinu 9. maí 1996 í fylgiskjali II. Skýrt dæmi um þetta er að finna í nýlegum bæklingi, Um hálendi Íslands – fjársjóður þjóðarinnar, gefnum út af ríkisstjórn Íslands. Þar er birtur uppdráttur af Íslandi sem í texta er sagður sýna sýslumörk, en í skýringum kemur fram að um er að ræða umdæmamörk sýslumanna!

Í máli almennings, handbókum og kennsluefni fyrir skóla og víðar lifa sýslur áfram góðu lífi. Í lögum og einnig í stjórnarskrá lýðveldisins er enn vísað til sýslna í nokkrum tilvikum. Sýslumörk eru hins vegar farin á flot í meðförum manna eins og að framan greinir, þar eð ruglað er saman umdæmum sýslumanna og sýslum sem landfræðilegum einingum. Að mati flutningsmanna er full ástæða til að varpa ljósi á þetta samhengi og að Alþingi taki síðan afstöðu til stöðu sýslna framvegis. Þetta er bæði menningarsögulegt og hagnýtt viðfangsefni. Það sýnir sig að þörf er á stærri landfræðilegum einingum að vísa til en sveitarfélögum. Þótt þau fari stækkandi með sameiningu getur orðið bið á að þau fylli út í sýslurnar í landfræði-

legum skilningi og með öllu óvíst að mörk yrðu hin sömu. Allt eru þetta rök fyrir því að rýna þurfi í málið af vísum mönnum.

Um tilurð og þróun sýslna hérlendis má meðal annars vísa í fróðlega ritgerð Axels Kristinssonar: Embættismenn konungs fyrir 1400 (Saga XXXVI (1998), bls. 113–152) þar sem nefndar eru ýmsar heimildir. Í ritgerð þessari segir m.a. (bls. 121–122):

„Á síðari tímum hafa sýslur verið fastar landfræðilegar einingar með ákveðin nöfn. Þannig var það ekki á miðöldum. Sýsla merkti þá það svæði sem embættismaður hafði til yfirsóknar. Áherslan var á embættismanninn en ekki landsvæðið. Sýsluheitið var heldur ekki einskorðað við veraldlega valdsmenn því oft var talað um sýslur biskupa framan af. Sýsla var embætti valdsmannsins og það svæði sem hann stjórnaði, hversu stórt eða lítið sem það var. Flest bendir til að stærð sýslna og mörk þeirra hafi verið mjög á reiki og farið mest eftir því samkomulagi sem hver sýslumaður náði við konung eða hirðstjóra.

Landshættir hafa þó oft sett sýslum eðlileg mörk sem gátu haldist þótt nýir sýslumenn kæmu til. Einnig hafði þinga- og fjórðungaskipanin áhrif á sýsluskiptinguna og smám saman mynduðust hefðir um það hvar sýslumörk skyldu vera. Það er þó ekki fyrr en eftir lok miðalda að sýslurnar verða að föstum landfræðilegum einingum. Þetta sést vel á því að sýslunöfn þau sem við þekkjum koma ekki til sögunnar fyrr en á 16. öld – þau elstu eru frá fyrri hluta aldarinnar en flest birtast ekki í heimildum fyrr en um miðja öldina, þegar konungsvald var mjög að eflast og má þannig setja þau í samband við skilvirkara stjórnkerfi konungs á þeim tíma.“

Eðlilegt þykir að forsætisráðherra skipi þá nefnd sem tillagan gerir ráð fyrir þar eð málið er ekki sérstaklega á borði dómsmálaráðherra og varðar stjórnsýslu og menningarsögu í víðu samhengi. Vonandi verður tillagan til þess að óvissu um mörk og stöðu sýslna verði eytt og staða þeirra verði lýðum ljós.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Svar dómsmálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um sýslur. Sjá þskj. 1251 (668. mál 122. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1997–98, bls. 5382–5383.
II. Forsætisráðuneytið vísar til sýslumarka í auglýsingu en sýslur „eru ekki til lengur“ (Mbl. 9. maí 1996).

953. Nefndarálit [510. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorgeir Örlygsson og Svein Þorgrímsson frá iðnaðarráðuneyti, Gunnar Örn Gunnarsson frá Kísiliðjunni hf. og Gylfa Arnbjörnsson, Hákon Björnsson og Jón Sveinsson frá Allied EFA hf.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að íslenska ríkinu verði veitt heimild til að selja 51% hluta sinn í Kísiliðjunni hf. við Mývatn. Söluandvirði hluta ríkisins er áætlað 62 m.kr. og á að renna til

atvinnuuppbyggingar á svæðinu. Gert er ráð fyrir að allar undanþágur núverandi verksmiðju frá lögum falli brott með lögfestingu ákvæða frumvarpsins.

Ástæður þess að nú er ráðist í sölu á Kísiliðjunni eru þær að mikill kostnaður er fyrirséður samfara því að á næstu árum kunni að verða nauðsynlegt að dæla kísilgúr úr Syðriflóa. Þá hefur markaðssvæði núverandi framleiðslu Kísiliðjunnar dregist mjög saman og endurnýjun tækja liggur nú fyrir. Einnig hefur launakostnaður hækkað en söluverð afurða hins vegar lækkað um 1,5% á ári síðastliðin 10 ár.

Samningar hafa verið gerðir um kaup fyrirtækjanna Allied EFA hf. og Allied Resource Corporation á verksmiðjunni. Fyrirtækin kaupa aðgang að þeirri reynslu og grunngerð sem til staðar eru í verksmiðjunni og á svæðinu. Jafnframt tryggja þau sölu á núverandi framleiðslu hennar þar til kísilgúrframleiðslu verður hætt. Væntanlegir eigendur verksmiðjunnar hyggjast síðan breyta henni þannig að í framtíðinni verði framleitt þar kísilduft með nýjum eiginleikum sem selt verður á nýjum mörkuðum. Kísilduftið mun m.a. verða notað sem íblöndunarefni í matvæla- og lyfjaiðnaði. Meiri hlutinn telur að þarna skapist möguleikar á meiri verðmætasköpun en verið hefur og bendir jafnframt á að við sölu á Kísiliðjunni er tryggt að atvinna í sveitarfélaginu verður samfelld þar til hin fyrirhugaða kísilduftsverksmiðja tekur til starfa.

Meiri hlutinn bendir á að orkukostnaður við framleiðslu Kísiliðjunnar hefur verið mikill og mun verða það áfram. Hins vegar er Kísiliðjan eina fyrirtækið hér á landi sem notar jarðgufu til iðnaðarnota, en hún er mjög hagkvæm.

Loks vekur meiri hlutinn athygli á því að í Evrópu, Kanada og Bandaríkjum Norður-Ameríku eru veittir stofnstyrkir til erlendra fjárfesta sem vilja byggja upp ný fyrirtæki. Í umfjöllun nefndarinnar um málið kom fram að fjárfestar telja Ísland standa höllum fæti hvað þetta varðar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt**.

Guðjón Guðmundsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Pétur H. Blöndal skrifar undir álitið með fyrirvara og áskilur sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögu við málið.

Alþingi, 27. mars 2001.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Bryndís Hlöðversdóttir.	Drífa Hjartardóttir.
Árni R. Árnason.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Svanfríður Jónasdóttir.

Pétur H. Blöndal,
með fyrirvara.

954. Nefndarálit [510. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, með síðari breytingum.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Minni hlutinn setur fyrirvara varðandi kísilgúrnám í Mývatni að aflokinni vinnslu í Ytriflóa og einnig varðandi uppbyggingu nýrrar verksmiðju með annars konar vinnsluferli. Það mál þarf að taka til sérstakrar athugunar, bæði hvað varðar verksmiðjuna sjálfa og hráefnisöflun til hennar.

Að öðru leyti er minni hlutinn samþykkur því að stefna beri að sölu á hluta ríkissjóðs í Kísiliðjunni hf. við Mývatn.

Alþingi, 27. mars 2001.

Árni Steinar Jóhannsson.

955. Breytingartillaga [510. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, með síðari breytingum.

Frá Pétri H. Blöndal.

2. gr. orðist svo:
12. gr. laganna fellur brott.

956. Frumvarp til laga [599. mál]

um fjárreiður stjórnmálasamtaka og frambjóðenda í kosningum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Karl V. Matthíasson.

I. KAFLI

Fjárframlög til stjórnmálasamtaka og frambjóðenda í kosningum.

1. gr.

Til stjórnmálasamtaka samkvæmt lögum þessum teljast samtök einstaklinga og félaga sem bjóða fram til Alþingis eða sveitarstjórnar. Skulu stjórnmálasamtök skráð hjá dómsmálaráðuneyti.

Til frambjóðenda samkvæmt lögum þessum teljast einstaklingar sem eru í kjöri til Alþingis, sveitarstjórnar eða til embættis forseta Íslands.

2. gr.

Stjórnmálasamtök eru bókhaldsskyld samkvæmt ákvæðum laga um bókhald og ber að skila skattframtali.

Árlega skulu reikningar stjórnmálasamtaka endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og lagðir fram til samþykktar á landsfundi eða öðrum sambærilegum vettvangi. Samþykktir reikningar skulu sendir dómsmálaráðuneyti, sem sér um að birta þá í B-deild Stjórnartíðinda eigi síðar en einum mánuði eftir samþykkt þeirra.

3. gr.

Stjórnmálasamtökum er heimilt að taka við fjárframlagi eða ígildi þess frá einstökum aðilum, þ.e. einstaklingum, fyrirtækjum, félagasamtökum eða sjóðum, þó þannig að fari heildarframlög frá einstökum aðilum yfir 300.000 kr. á hverju reikningsári skal birta nafn styrktaraðila samhliða birtingu ársreikninga, sbr. 2. mgr. 2. gr.

Með orðunum fjárframlagi eða ígildi þess er átt við peninga, vörur, þjónustu og önnur samsvarandi framlög og stuðning sem veittur er án gagngreiðslu, þó ekki venjubundið ókeypis vinnuframlag í kosningabaráttu og við kosningar.

Stjórnmálasamtökum er óheimilt að taka við fjárframlagi eða ígildi þess skv. 1. mgr. ef um nafnlaust fjárframlag er að ræða eða að öðru leyti óljóst hver stendur að því. Berist stjórnmálasamtökum fjárframlag eða ígildi þess samkvæmt þessari málsgrein skal fela dómsmálaráðuneyti vörslu og skráningu þess.

4. gr.

Frambjóðendur til Alþingis, sveitarstjórna eða til embættis forseta Íslands sem náð hafa kjöri skulu fyrir lok kosningaárs gera grein fyrir heildarútgjöldum kosningabaráttu, fjármögnun hennar, útbúa yfirlit yfir tekjur og gjöld framboðsins ásamt yfirlýsingu löggilts endurskoðanda um að reikningar framboðsins hafi verið endurskoðaðir í samræmi við góðar reikningsskilavenjur.

Gera skal annars vegar grein fyrir eigin fjármunum frambjóðanda sem notaðir eru í kosningabaráttu og hins vegar utanaðkomandi fjárframlögum eða ígildi þeirra sem frambjóðandi veitir viðtöku. Jafnframt skal gera grein fyrir ef stuðningshópur, eða annar félagsskapur sem myndaður hefur verið til stuðnings frambjóðandanum, hefur veitt fjárframlögum viðtöku fyrir hans hönd. Sundurliða skal framlög eftir því hvort um er að ræða stuðning frá einstaklingum, fyrirtækjum, félagasamtökum eða sjóðum. Andvirði fjárframlags og nafn stuðningsaðila skal sérstaklega tekið fram ef heildarfjárframlag eða ígildi þess, sbr. 2. mgr. 3. gr., nemur meira en 150.000 kr.

Frambjóðanda er óheimilt að taka við fjárframlagi eða ígildi þess ef um nafnlaust fjárframlag er að ræða eða að öðru leyti óljóst hver stendur að því. Berist frambjóðanda fjárframlag eða ígildi þess samkvæmt þessari málsgrein skal fela dómsmálaráðuneyti vörslu og skráningu þess.

II. KAFLI
Ríkisframlög til stjórnmálasamtaka og þingflokka.

5. gr.

Stjórnmálasamtök sem bjóða fram til Alþingis skulu fá framlag úr ríkissjóði til starfsemi sinnar, þ.e. til almenns reksturs og útgáfumála. Framlagið skal ákvarðað í fjárlögum hvers árs.

Framlag til einstakra stjórnmálasamtaka byggist á hlutfallslegri skiptingu þingsæta í undangengnum alþingiskosningum, þó þannig að stjórnmálasamtök sem hafa fengið a.m.k. 2,5% af greiddum atkvæðum í kosningunum á landinu öllu án þess að hafa náð þingsæti eiga rétt á framlagi sem svarar til eins þingsætis í eitt ár. Framlag samkvæmt þessari grein skal greitt í upphafi hvers árs.

6. gr.

Greiða skal þingflokkum tiltekna lágmarksfjárhæð úr ríkissjóði og að auki ákveðna upphæð fyrir hvern þingmann til að kosta sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokkinn og þingmenn hans við þingstörf. Utanflokkaþingmaður fær sömu upphæð og greidd er á hvern þingmann þingflokks. Greiðslur til þingflokks skulu inntar af hendi ársfjórðungslega, þ.e. 1. febrúar, 1. maí o.s.frv., og skulu miðaðar við skipan Alþingis í byrjun ársfjórðungs, þ.e. 1. janúar, 1. apríl o.s.frv.

Þingflokkur er samtök tveggja eða fleiri þingmanna, sem eru fulltrúar stjórnmálasamtaka, sem hafa komið á fót landssamtökum.

7. gr.

Forseti Alþingis setur í samráði við formenn þingflokka reglur um skiptingu þess fjár sem veitt er hverju sinni til aðstoðar þingflokkum.

8. gr.

Formenn þingflokka skulu árlega senda forseta Alþingis greinargerð um ráðstöfun þess fjár sem þeir veita móttöku skv. II. kafla laganna eftir nánari reglum sem forseti Alþingis setur. Sama gildir um þingmenn utan flokka.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum eða þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum eftir því sem við á.

10. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 56/1971, um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka.

Ákvæði til bráðabirgða.

Dómsmálaráðherra skal skipa nefnd sem móti samræmdar reglur um óbeina styrki frá opinberum stofnunum og fyrirtækjum til stjórnmálasamtaka í tengslum við kosningar, svo sem afslátt af gjaldskrám og aukinn aðgang að þjónustu, t.d. kjörgögnum frá Hagstofu Íslands. Skal nefndin skila af sér tillögum eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara.

Greinargerð.

Frumvarp um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka var flutt á fimm síðustu þingum en hlaut ekki afgreiðslu. Það er nú endurflutt í breyttri mynd. Við samningu frumvarps þessa

hefur víða verið leitað fanga og reynt að nýta það sem þótt hefur vænlegt til eftirbreytni, en það á sér enga beina fyrirmynd, hvorki innlenda né erlenda. Í frumvarpinu er ekki fjallað um starfsemi stjórnmálasamtaka en ítarlega er fjallað um fjárreiður stjórnmálasamtaka og jafnframt um fjárreiður frambjóðenda í kosningum til Alþings, sveitarstjórna eða til embættis forseta Íslands.

Á Íslandi hefur lengi tíðkast að einstaklingar og fyrirtæki styrki fjárhagslega þau stjórnmálasamtök sem þeir styðja. Það getur skapað tortryggni að leynd hvíli yfir háum styrkjum frá einstaklingum eða fyrirtækjum, enda er það óeðlilegt. Einnig getur verið hætta á hagsmunaárekstrum.

Almennt er lítið vitað um fjármál stjórnmálasamtaka hér á landi, enda eru þau hvorki framtalsskyld né skattskyld. Þó er greinilegt að mikið fjármagn fer oft og tíðum í gegnum fjárhirslur þeirra, ekki hvað síst í kosningabaráttunni. Markmið þessa frumvarps er að gera fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda opin og sýnileg, enda er leynd einungis til þess fallin að auka tortryggni almennings í garð stjórnmálasamtaka og einstakra frambjóðenda. Í umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka sem lagt hefur verið fram á fyrri þingum kom fram að ríkisskattstjóri teldi það mjög til bóta að settar yrðu réttarreglur um fjárreiður stjórnmálasamtaka.

Stjórnmálasamtök eru bókhaldsskyld en hér er lagt til að þau verði einnig framtalsskyld og að þau leggi árlega fram endurskoðaða reikninga í dómsmálaráðuneytinu. Jafnframt er, eins og í frumvörpum sem lögð hafa verið fram á undanförnum þingum, lagt til að fari fjárframlag eða ígildi þess frá einstökum aðilum, þ.e. einstaklingum, fyrirtækjum, félagasamtökum eða sjóðum, yfir 300 þúsund krónur skuli birta nafn styrktaraðila samhliða birtingu ársreikninga. Víða í vestrænum löndum hafa verið lögfestar strangar reglur í þessu sambandi og iðulega miðað við, eins og hér er gert, að birta nöfn styrktaraðila opinberlega fari framlög yfir tiltekna fjárhæð. Má t.d. nefna að nýlega voru lögfestar í Noregi og Finnlandi reglur þar að lútandi og taka ákvæði þessa frumvarps mið af þeim. Jafnframt má geta þess að í Bretlandi hafa verið settar mjög ítarlegar reglur um takmarkanir á fjárstuðningi við stjórnmálasamtök og tilkynningar um fjárstuðning. Í frumvarpinu þykir ekki ástæða til að ganga jafnlangt og þar en þess í stað er stuðst við framangreindar norrænar fyrirmyndir.

Í frumvarpinu eru þau nýmæli að frambjóðendur til Alþingis, sveitarstjórna eða til embættis forseta Íslands sem náð hafa kjöri skulu fyrir lok kosningaárs gera grein fyrir heildarútgjöldum kosningabaráttunnar og fjármögnun hennar. Þessi ákvæði frumvarpsins styðjast við finnsk lög frá 12. maí 2000, um tilkynningu fjármögnunar frambjóðenda í kosningum. Til að komast hjá hagsmunaárekstrum og óeðlilegum fyrirgreiðslum er mikilvægt, líkt og lagt er til um framlög til stjórnmálasamtaka, að uppi á borðum sé hverjir styrki frambjóðendur með verulegum fjárframlögum. Í Finnlandi er miðað við 10.000 finnsk mörk til frambjóðenda og 20.000 finnsk mörk í framlögum til stjórnmálasamtaka. Fjárhæðir í þessu frumvarpi eru svipaðar eða 150.000 króna framlag til einstaklinga og 300.000 króna framlag til stjórnmálasamtaka. Ef til vill væri ástæða til að skoða hvort framlög til frambjóðenda í kosningabaráttu skyldu vera frádráttarbær frá skatti líkt og nú gildir um framlög til stjórnmálasamtaka.

Þess ber að geta að skv. 7. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, hvílir á stofnuninni sérstök eftirlitsskylda með samtökum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu. Þannig getur Ríkisendurskoðun krafist reikningsskila af samtökum, þar á meðal stjórnmálasamtökum, sem fá framlög eða styrki úr ríkissjóði í því skyni að rannsaka hvernig ríkisframlögum er varið. Gera verður ráð fyrir að Ríkisendurskoðun beiti þessari heimild sinni telji hún ástæðu til.

Árið 1993 voru gerðar breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þar

sem fjárframlög til stjórnmálasamtaka voru gerð frádráttarbær hjá rekstraraðilum. Í framhaldi af því var gerð breyting á reglugerð, sbr. 15.–18. gr. reglugerðar nr. 483/1994. Þetta frumvarp fjallar ekki um slík fjárframlög þannig að framkvæmd skattyfirvalda á fyrrnefndu reglugerðarákvæði breytist ekki verði frumvarpið að lögum.

Auk frjálsra framlaga eru íslensk stjórnmálasamtök fjármögnuð af ríkissjóði. Þetta er gert til þess öðrum þræði að jafna aðstöðu flokkanna. Það samræmist ekki hugmyndum manna um lýðræði ef aðeins fjárhagslega sterk samtök geta boðið fram til Alþingis. Í annan stað sporna ríkisstyrkir við þeirri tegund af fyrirgreiðslupólitík þegar stjórnmálasamtök verða óeðlilega háð styrktaraðilum. Í flestum OECD-löndunum hefur opinber fjárstuðningur við stjórnmálasamtök aukist á undanförnum árum. Í lýðræðisþjóðfélögum gegna stjórnmálasamtök veigamiklu hlutverki. Fjárhagsstuðningur hins opinbera er mikilvægur til að samtök geti sinnt nauðsynlegri stjórnmálastarfsemi og til að nokkurt jafnræði geti ríkt milli stjórnmálasamtaka. Auk þess er það grundvallaratriði að stjórnmálasamtök verði ekki fjárhagslega háð neinum styrktaraðila.

Samkvæmt upplýsingum stjórnmálafræðinga við Háskóla Íslands er upplýsingaskylda stjórnvalda um fjárreiður undantekingalítið fyrir hendi í nágrannalöndum okkar. Innan stjórnmálafræðinnar er talið nauðsynlegt að stjórnmálasamtök geri grein fyrir fjárreiðum sínum, hvort sem um er að ræða ráðstöfun opinberra fjármuna eða framlaga frá fyrirtækjum og einstaklingum. Lagasetning í anda þess sem frumvarpið gerir ráð fyrir er nauðsynleg til að eyða tortryggni og auka tiltrú almennings á stjórnmálaflokkum og lýðræðislegum stjórnarháttum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að mótaðar verði lögbundnar reglur um ríkisframlög sem öll stjórnmálasamtök geti gengið að. Enn fremur þykir rétt að hafa sérstök lagaákvæði um sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka, enda eru greiðslur fyrir slíka aðstoð eingöngu ætlaðar til aðstoðar þingflokkum eins og nafnið bendir til. Með því að fella lög nr. 56/1971, um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka, inn í frumvarpið verður sjónarmiðum um lagasamræmi náð og krafan um eftirlit með ráðstöfun styrkjanna verður virkari.

Oft hefur komið upp umræða á Alþingi og víðar um nauðsyn þess að setja lög um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka án þess að úr því hafi orðið. Á 97. löggjafarþingi (1975–76) lagði Benedikt Gröndal fram frumvarp til laga um stjórnmálasamtök sem ekki náði fram að ganga. Þar var að finna ítarleg ákvæði um starfsemi stjórnmálasamtaka, svo og reglur um fjárframlög til þeirra. Frumvarpið náði aðeins til stjórnmálasamtaka sem bjóða fram til Alþingis. Frá árinu 1995 hefur á hverju ári verið flutt frumvarp til laga um að lögfesta ákvæði um fjárreiður stjórnmálasamtaka.

Forsætisráðherra skipaði nefnd árið 1995 til að fjalla um og undirbúa frumvarp til laga um fjárhagslegan stuðning við stjórnmálasamtök og þá þætti sem slíkum stuðningi tengjast. Þessi nefnd var skipuð fulltrúum stjórnmálasamtakanna. Hún starfaði í mörg ár, eða allt fram á árið 1999.

Niðurstaða nefndarinnar var að gera ekki neitt nema lögfesta gildandi framkvæmd á fjárhagsstuðningi ríkisins við stjórnmálasamtök og að leggja til fjárframlög úr ríkissjóði til forsetaframbjóðenda, ásamt því að slík framlög væru undanþegin lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Ekki náðist samstaða í nefndinni um að skylda flokkana til að birta upplýsingar um fjárhagsmálefni sín eða að birta nöfn þeirra styrktaraðila sem gefa framlög yfir tiltekinni fjárhæð. Vekur furðu að eftir fimm ára starf nefndar forsætisráðherra skuli ekki hafa einu sinni hafa náðst samstaða um að stjórnmálasamtök birti ársreikninga sína opinberlega. Rökin fyrir þeirri niðurstöðu er líka fráleit.

Í skýrslu nefndarinnar þar sem hún gerir grein fyrir niðurstöðu sinni kemur fram að nefndin telur að hið nýja félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar frá 1995 innihaldi frekari löghelg-

un og vernd fyrir stofnun og starfsemi stjórnmálasamtaka en áður var og fortakslausa vernd innri málefna þeirra, sem ekki verði hróflað við af Alþingi. Fram kemur einnig orðrétt: „Með breytingunni var þessi skilningur staðfestur, en telja verður þó að Alþingi verði eftir breytinguna að gæta meiri varfærni í hugsanlegri lagasetningu er tengist starfsemi stjórnmálaflokka en áður. Stafar það af því, að nú er komin afdráttarlaus löghelgun á stjórnmálaflokkum í stjórnarskránni og afskipti af starfsemi stjórnmálaflokka verði því ekki undirorpin teygjanlegri lagatúlkun eða lagasetningu á sama hátt og áður hefði e.t.v. verið hugsanlegt."

Svona rökleysa og kattarþvottur er til þess fallinn að magna enn frekar tortryggni gagnvart fjármálum stjórnmálasamtaka. Stjórnmálasamtök eru orðin langt á eftir í þeirri þróun sem orðið hefur með kröfum um opnari stjórnsýslu, en leynd og pukur með fjármál stjórnmálasamtaka er ógn við lýðræði og heilbrigða stjórnarhætti.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er sett fram skilgreining á stjórnmálasamtökum til að afmarka hvaða samtök falla undir frumvarpið. Skilyrði fyrir því að samtök teljist stjórnmálasamtök samkvæmt frumvarpinu er að þau bjóði fram fulltrúa við kosningu til sveitarstjórna eða Alþingis. Jafnframt er kveðið á um að stjórnmálasamtök skuli skráð hjá dómsmálaráðuneytinu. Einnig er í þessari grein skilgreining á frambjóðendum samkvæmt frumvarpinu en það eru þeir sem eru í kjöri til Alþingis, sveitarstjórnar eða til embættis forseta Íslands.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir að öll stjórnmálasamtök sem falla undir skilgreiningu 1. gr. séu bókhaldsskyld. Er það í samræmi við gildandi rétt. Samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt eru stjórnmálasamtök undanþegin framtals- og skattskyldu. Eftirlit skattyfirvalda með stjórnmálasamtökum er því mjög lítið. Til að tryggja nauðsynlegt aðhald gerir frumvarpið ráð fyrir að stjórnmálasamtökum verði gert að skila skattframtali og að reikningar þeirra verði árlega endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum og þeir lagðir fram til samþykktar á landsfundi eða á öðrum sambærilegum vettvangi. Jafnframt er kveðið á um að ársreikningar stjórnmálasamtaka skuli sendir dómsmálaráðuneyti sem hlutast til um birtingu þeirra í B-deild Stjórnartíðanda eigi síðar en einum mánuði eftir samþykkt þeirra.

Um 3. gr.

Með ákvæði þessu er reynt að stemma stigu við óeðlilegum hagsmunatengslum stjórnmálasamtaka við einstaklinga, fyrirtæki, félagasamtök og sjóði. Reynt er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra með því að gera kröfu um opinbera birtingu á nöfnum þeirra einstaklinga, fyrirtækja, félagasamtaka eða sjóða sem veita stjórnmálasamtökum háa styrki. Í 2. mgr. er, að fyrirmynd úr finnskum lögum frá 12. maí 2000, um tilkynningu fjármögnunar frambjóðenda í kosningum, skilgreint hvað felst í fjárframlagi eða ígildi þess. Átt er við gjafafé, vörur, þjónustu og önnur samsvarandi framlög og stuðning sem hægt er að meta til fjár án þess að gagngreiðsla sé veitt. Víða í vestrænum löndum hafa verið lögfestar strangar reglur í þessu sambandi. Undanskilið er þó venjubundið ókeypis vinnuframlag í kosningabaráttu og við kosningar. Í 3. mgr. er enn fremur lagt bann við því að stjórnmálasamtök taki við fjárframlagi eða ígildi þess ef ekki er ljóst hver stendur að baki því. Telja verður þá reglu eðlilega þar sem að öðrum kosti væri auðvelt að komast hjá þeim mörkum sem tiltekin eru í 1. mgr. Ef stjórnmálasamtökum berst nafnlaust fjárframlag ber að fela það dómsmálaráðuneytinu til vörslu og skráningar.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er að finnskri fyrirmynd, sbr. lög frá 12. maí 2000, um tilkynningu fjármögnunar frambjóðenda í kosningum, kveðið á um að frambjóðendur til Alþingis, sveitarstjórnar eða til embættis forseta Íslands sem hafa náð kjöri skuli fyrir lok kosningaárs gera grein fyrir heildarútgjöldum kosningabaráttu og hvernig hún var fjármögnuð og skulu þeir birta yfirlit yfir tekjur og gjöld framboðsins ásamt yfirlýsingu löggilts endurskoðanda um endurskoðun reikninga framboðsins. Með heildarútgjöldum er átt við allan kostnað sem hlýst af kosningabaráttu frambjóðanda, þ.m.t. kostnað sem hlýst af þátttöku í undanfarandi prófkjöri eða annan kostnað í aðdraganda framboðs, svo sem við uppröðun á lista flokks. Jafnframt skal annars vegar gerð grein fyrir eigin fjármunum frambjóðanda sem notaðir eru í kosningabaráttu og hins vegar utanaðkomandi fjárframlögum. Skulu slík fjárframlög sundurliðuð eftir því hvort þau berast frá einstaklingum, fyrirtækjum, félagsamtökum eða sjóðum. Til að koma í veg fyrir hættu á hagsmunaárekstrum og óeðlilegum fyrirgreiðslum er mikilvægt að það sé uppi á borðum hverjir styrki frambjóðendur með verulegum framlögum. Því er kveðið á um að tiltaka skuli sérstaklega andvirði fjárframlags eða ígildis þess og hver standi að því ef það nemur meira en 150.000 kr. Með sömu rökum og í 3. gr. er lagt bann við því að frambjóðendur taki við nafnlausum framlögum.

Um 5. gr.

Til þess að vega upp á móti hertum reglum um styrki frá einstaklingum og fyrirtækjum gerir frumvarpið ráð fyrir að framlög úr ríkissjóði til stjórnmálasamtaka verði lögbundin og verði framlag til stjórnmálasamtaka sérstakur liður í fjárlögum. Slíkt framlag skal í engu skerða rétt þeirra flokka sem eiga sæti á Alþingi samkvæmt gildandi lögum um sérfræðiaðstoð við þingflokka.

Um 6.–8. gr.

Ákvæði laga um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka, nr. 56/1971, eru hér tekin efnislega óbreytt í frumvarpið þar sem eðlilegra þykir að hafa öll lagaákvæði sem snúa að stjórnmálasamtökum á einum stað.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir að brot gegn ákvæðum laganna varði sektum. Komi hins vegar til brota á öðrum lögum, svo sem bókhaldslögum, geta legið við þyngri refsingar.

Um 10.–11. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Engar samræmdar reglur gilda um afslætti og ýmiss konar ókeypis þjónustu sem stjórnmálasamtökum er látin í té í tengslum við kosningar, svo sem hjá Hagstofu Íslands eða undirstofnunum ráðuneyta. Stjórnmálasamtök hafa t.d. iðulega fengið afslátt af gjöldum Pósts og síma, en þó hefur þurft að sækja um það í hvert tiltekið skipti og ekki er ljóst hvort hið sama á við um alla í því efni. Eðlilegt er að settar verði skýrar samræmdar reglur um þetta sem stjórnmálasamtök geta gengið að vísum.

957. Nefndarálit [313. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti og Erlend Gíslason frá Lögmannafélagi Íslands.

Umsagnir hafa borist nefndinni frá Landssambandi lögreglumanna, Mannréttindaskrifstofu Íslands, laganefnd LMFÍ, dómstólaráði, Fangelsismálastofnun ríkisins og ríkissaksóknara.

Með frumvarpinu er lagt til að refsimörk 1. mgr. 173. gr. a almennra hegningarlaga verði hækkuð úr allt að 10 árum í allt að 12 ár. Þá er lagt til að refsimörk 2. mgr. 264. gr. sömu laga verði til samræmis hækkuð úr allt að 10 árum í allt að 12 ár.

Í ljósi þess að dómstólar hafa á síðustu árum nýtt refsimörk 173. gr. a nánast að fullu í alvarlegustu fíkniefnabrotum telur meiri hluti nefndarinnar nauðsynlegt að refsimörkin verði hækkuð og dómstólum þannig veitt frekara svigrúm til að ákveða þyngri refsingu ef til alvarlegri brota kemur. Jafnframt telur meiri hlutinn eðlilegt að refsimörk vegna peningaþvættis verði hækkuð til samræmis við hækkun refsimarka vegna fíkniefnabrota. Meiri hlutinn mælir því með að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Hjálmar Jónsson og Sverrir Hermannsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. mars 2001.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm. | Ásta Möller. | Katrín Fjeldsted.

Jónína Bjartmarz. | Ólafur Örn Haraldsson.

958. Nefndarálit [265. mál]

um frv. til l. um framkvæmd samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti.

Umsagnir bárust nefndinni frá Landhelgisgæslu Íslands.

Með frumvarpinu er verið að fullnægja skuldbindingum Íslands samkvæmt samningi um allsherjarbann við tilraunum um kjarnavopn sem samþykktur var í New York 10. september 1996 og mælir allsherjarnefnd með því að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðsins „tilraunasprengingar“ komi: tilraunir.

Ögmundur Jónasson áheyrnarfulltrúi er samþykkur afgreiðslu málsins.
Ólafur Örn Haraldsson, Jónína Bjartmarz og Sverrir Hermannsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. mars 2001.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.
Hjálmar Jónsson.	Lúðvík Bergvinsson.	Guðrún Ögmundsdóttir.

959. Nefndarálit [314. mál]

um frv. til l. um breyt. á barnalögum, nr. 20 22. maí 1992.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason og Drífu Pálsdóttur frá dómsmálaráðuneyti og Þórhildi Líndal, umboðsmann barna.
Umsagnir bárust frá Sýslumannafélagi Íslands, umboðsmanni barna, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Barnaverndarstofu, Barnaheill, áfengis- og vímuvarnaráði, Félagi íslenskra uppeldis- og meðferðarstofnana fyrir börn og unglinga, fjölskylduráði, dómstólaráði, laganefnd LMFÍ, Rauðakrosshúsinu og Félagi einstæðra foreldra.
Í frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að sýslumaður bjóði sérfræðiráðgjöf frá sérfræðingum í fjölskylduráðgjöf til lausnar ágreiningi um umgengni og forsjá barna. Barn, sem náð hefur 12 ára aldri, á samkvæmt frumvarpinu einnig rétt á slíkri ráðgjöf ef það þjónar hagsmunum þess. Í öðru lagi er lagt til að sýslumanni verði gert kleift að beita sektarúrræði til að knýja fram efndir vegna allra umgengnisúrskurða en ekki eingöngu þegar umgengnisforeldri á í hlut eins og nú er.
Nefndin telur mikilvægt að farsæl lausn finnist á svo viðkvæmum og vandmeðförnum málum sem ágreiningsmál foreldra um forsjá og umgengni barna eru og að sú sérfræðiráðgjöf sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu muni stuðla að því. Nefndin leggur þó áherslu á að sýslumaður bindi sig ekki um of við aldursmarkið í frumvarpinu, 12 ár, heldur meti það sérstaklega í hverju tilviki fyrir sig hvort barni sé boðin ráðgjöf og það mat fari bæði eftir aldri og þroska barnsins. Hvetur nefndin til þess að þetta verði skoðað enn frekar við væntanlega heildarendurskoðun laganna. Þá er það mat nefndarinnar að eðlilegt sé að sýslumaður geti beitt sektarúrræðum til að knýja fram efndir á umgengnisúrskurðum hver svo sem á í hlut. Mælir nefndin því með því að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 3. gr. Í stað orðsins „apríl“ komi: júní.

Ögmundur Jónasson áheyrnarfulltrúi er samþykkur afgreiðslu málsins

Ólafur Örn Haraldsson, Jónína Bjartmarz og Sverrir Hermannsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. mars 2001.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.
Hjálmar Jónsson.	Lúðvík Bergvinsson.	Guðrún Ögmundsdóttir.

960. Nefndarálit [285. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78 26. maí 1997.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason og Hjalta Zóphóníasson frá dómsmálaráðuneyti, Björn Bjarnason frá Þingvallanefnd, Sveinbjörn Jóhannesson frá Þingvallasókn, Einar Sigurbjörnsson frá guðfræðideild Háskóla Íslands, Þorvald Helgason biskupsritara og Guðmund Þór Guðmundsson frá kirkjuráði.

Umsagnir bárust nefndinni frá Guðfræðistofnun Háskóla Íslands, sóknarnefnd Þingvallaprestakalls og Félagi sumarhúsaeigenda við Þingvallavatn.

Með frumvarpinu er verið að fella úr lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar það ákvæði sem felur í sér sérreglu um veitingu prestsembættis í Þingvallaprestakalli og lögbundna tilvist prestakallsins. Nefndin telur að ákvæði sem felur í sér frávik frá almennum reglum um skipan prestakalla og veitingu prestsembætta fyrir eitt prestakall eigi ekki lengur rétt á sér og mælir því með því að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Í stað orðsins „janúar“ komi: júní.

Hjálmar Jónsson og Sverrir Hermannsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. mars 2001.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Ásta Möller.
Ólafur Örn Haraldsson.	Jónína Bjartmarz.	Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.

Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.

961. Nefndarálit [261. mál]

um frv. til l. um framkvæmd samnings um bann við notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutningi jarðsprengna gegn liðsafla og um eyðingu þeirra.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust frá Landhelgisgæslu Íslands og Rauða krossi Íslands.

Með frumvarpinu er verið að fullnægja skuldbindingum Íslands samkvæmt samningi um bann við notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutningi jarðsprengna gegn liðsafla og um eyðingu þeirra sem samþykktur var í Ósló 18. september 1997 og mælir allsherjarnefnd með því að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Ögmundur Jónasson áheyrnarfulltrúi er samþykkur afgreiðslu málsins.

Ólafur Örn Haraldsson, Jónína Bjartmarz og Sverrir Hermannsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. mars 2001.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Ásta Möller.
Hjálmar Jónsson.	Lúðvík Bergvinsson.	Guðrún Ögmundsdóttir.

962. Þingsályktun [429. mál]

um aðild að sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vöru milli ríkja.

(Afgreidd frá Alþingi 27. mars.)

Samhljóða þskj. 690.

963. Þingsályktun [444. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2000, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 27. mars.)

Samhljóða þskj. 710.

964. Þingsályktun [445. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2000, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 27. mars.)

Samhljóða þskj. 711.

965. Þingsályktun [446. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2000, um breytingar á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 27. mars.)

Samhljóða þskj. 712.

966. Þingsályktun [498. mál]

um aðild að samningi um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna.

(Afgreidd frá Alþingi 27. mars.)

Samhljóða þskj. 785.

967. Þingsályktun [565. mál]

um aðild að samningi um opinber innkaup.

(Afgreidd frá Alþingi 27. mars.)

Samhljóða þskj. 871.

968. Svar [439. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um innflutning gæludýrafóðurs og kjötmjöls.

1. *Hver var innflutningur gæludýrafóðurs (hunda- og kattafóðurs í smásöluumbúðum) árin 1996 til janúar 2001, mælt í tonnum, og hvert var innflutningsverð og helstu innflutningslönd?*

Innflutningur á hunda- og kattafóðri í smásöluumbúðum (tlfl. 2309.1000) 1996 til janúar 2001 skiptist þannig:

	tonn alls	CIF-verð
1996	978,5	97,0 m.kr.
1997	999,9	106,3 m.kr.
1998	1150	125,4 m.kr.
1999	1084,7	130,6 m.kr.
2000	1189,2	138,1 m.kr.
2001 (janúar)	62	8,5 m.kr.

Nánari sundurliðun, m.a. á innflutningslöndum, er að finna í töflu A. Þar má m.a. sjá að allt tímabilið 1996 til janúar 2001 hefur megnið af innflutningnum komið frá Bretlandi og Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Tafla A.

	1996	
	Alls 978,5 t	**CIF-verð 97 m.kr.**
Þar af frá:		
Bretlandi	483,9	45,6
Bandaríkjunum	417,6	41,9
Danmörku	29,7	2,4
Frakklandi	19,7	2,2
Þýskalandi	12,9	2,1
Öðrum löndum	14,7	2,8

	1997	
	Alls 999,9 t	**CIF-verð 106,3 m.kr.**
Þar af frá:		
Bretlandi	469,8	46,5
Bandaríkjunum	406	45
Danmörku	48,8	3,6
Frakklandi	32,9	3,7
Noregi	23	3
Öðrum löndum	19,4	4,5

	1998	
	Alls 1150 t	**CIF-verð 125,4 m.kr.**
Þar af frá:		
Bretlandi	473,2	50,7
Bandaríkjunum	510,5	57,4
Danmörku	61,1	4,2
Frakklandi	43,4	5,2
Hollandi	34,2	3,4
Öðrum löndum	27,6	4,5

	1999	
	Alls 1084,7 t	**CIF-verð 130,6 m.kr.**
Þar af frá:		
Bretlandi	462	57,9
Bandaríkjunum	474,1	55,2
Danmörku	49,8	4
Frakklandi	50,8	5,9
Hollandi	38,6	4,1
Öðrum löndum	9,4	3,5

	2000	
	Alls 1189,2 t	**CIF-verð 138,1 m.kr.**
Þar af frá:		
Bretlandi	393,1	42,4
Bandaríkjunum	528,1	63,1
Danmörku	59,6	4,7
Frakklandi	62,6	6,9
Austurríki	63,5	7,1
Öðrum löndum	82,3	13,9

	2001 (janúar)	
	Alls 62 t	**CIF-verð 8,5 m.kr.**
Þar af frá:		
Bretlandi	9,7	1,9
Bandaríkjunum	25,2	3,3
Danmörku	5,4	0,4
Frakklandi	14	1,5
Noregi	4	0,8
Öðrum löndum	3,7	0,6

2. *Hver var innflutningur á kjötmjöli af dýrum af nautgripakyni á sama tímabili, sundurliðað á sama hátt?*

Frá 1996 til janúar 2001 reyndist enginn innflutningur skráður í tollnúmeri 0210.2009 þar sem m.a. er að finna kjötmjöl af dýrum af nautgripakyni.

3. *Hver var heildarinnflutningur á kjötvörum árin 1999 og 2000 sundurliðað eftir vörutegund/tollnúmeri, þyngd og verðmæti?*

Í meðfylgjandi töflu, töflu B, er þessar upplýsingar að finna. Í öðrum dálki er tollnúmer, í þriðja dálki er þyngd innflutnings í viðkomandi tollnúmeri, í fjórða og fimmta dálki er verð (FOB og CIF) og að lokum er texti tollskrár.

Tafla B.
Innflutningur 2000.

EINK	TLSK	Þyngd	Fob	Cif	TEXTI
M	2023002	27.991	35.011.347	35.963.254	Frystar nautalundir
M	2023004	6	7.752	11.266	Frystir nautalærisvöðvar
M	2071200	10	4.929	8.711	Fryst kjöt af Gallus domesticus hænsnum
M	2071401	12.270	6.064.327	6.487.715	Fryst, beinlaust kjöt af Gallus domesticus hænsnum í sneiðum eða hlutum
M	2072500	7.991	2.036.319	2.309.315	Fryst kjöt af kalkúnum
M	2072701	6.501	3.645.153	3.935.959	Fryst, beinlaust kjöt af kalkúnum í sneiðum eða hlutum
M	2073300	2.996	1.107.208	1.230.223	Fryst kjöt af öndum, gæsum og perluhænsnum
M	2073601	6.606	4.714.116	4.993.221	Annað beinlaust kjöt af öndum, gæsum og perluhænsnum
M	2073602	262	566.497	588.492	Önnur lifur úr öndum, gæsum og perluhænsnum
M	2073609	710	309.560	328.007	Annað kjöt af öndum, gæsum og perluhænsnum
M	2089006	3.388	3.730.683	4.017.923	Fryst hreindýrakjöt
M	2089009	272	292.656	329.367	Annað nýtt eða fryst kjöt o.þ.h.
M	16010022	11	12.067	27.671	Pylsur sem í er > 60% kjöt o.þ.h. auk annarra efna
M	16010023	0	2.611	2.897	Pylsur sem í er > 20% en <= 60% kjöt o.þ.h. auk annarra efna
M	16022011	1.432	1.472.379	1.655.242	Lifrarkæfa sem í er > 60% dýralifur
M	16022012	93	160.144	186.262	Lifrarkæfa sem í er > 20% en <= 60% dýralifur
M	16022021	4	29.846	34.638	Aðrar vörur úr dýralifur sem í er > 60% dýralifur
M	16022022	100	175.434	203.602	Aðrar vörur úr dýralifur sem í er > 20% en <= 60% dýralifur
M	16023101	16.585	7.402.536	8.381.321	Unnið kjöt og kjötvörur úr kalkúnum sem í er > 60% kjöt o.þ.h.
M	16023201	36.595	12.855.198	14.191.633	Unnið kjöt og kjötvörur úr Gallus domesticus hænsnum sem í er > 60% kjöt o.þ.h.
M	16023202	3.000	1.291.565	1.386.931	Unnið kjöt og kjötvörur úr Gallus domesticus hænsnum sem í er > 20% en <= 60% kjöt o.þ.h.
M	16023901	8.078	4.059.845	4.538.277	Unnið kjöt og kjötvörur úr öðrum alifuglum sem í er > 60% kjöt o.þ.h.
M	16024101	2	192	7.663	Unnin læri og lærissneiðar af svínum, sem í er > 60% kjöt o.þ.h.
M	16024102	1.359	613.924	756.714	Unnin læri og lærissneiðar af svínum, sem í er > 20% en <= 60% kjöt o.þ.h.
M	16024201	6.764	4.479.382	4.907.705	Unninn bógur og bógsneiðar af svínum, sem í er > 60% kjöt o.þ.h.
M	16024901	1.549	981.418	1.179.553	Annað unnið kjöt og kjötvörur úr svínum sem í er > 60% kjöt o.þ.h.
M	16024902	6.120	1.039.997	1.195.863	Annað unnið kjöt og kjötvörur úr svínum sem í er > 20% en <= 60% kjöt o.þ.h.
M	16024909	1.020	176.072	246.171	Annað unnið kjöt og kjötvörur úr svínum

EINK	TLSK	Þyngd	Fob	Cif	TEXTI
M	16025001	670	320.822	345.308	Unnið kjöt og kjötvörur úr nautgripum sem í er > 60% kjöt o.þ.h.
M	16029021	385	94.674	120.029	Unnar kjötvörur, úr öðru kjöti, þ.m.t. framleiðsla úr hvers konar dýrablóði, sem í er > 60% kjöt o.þ.h.
M	16029022	152	41.340	89.749	Unnar kjötvörur, úr öðru kjöti, þ.m.t. framleiðsla úr hvers konar dýrablóði, sem í er > 20% en <= 60% kjöt o.þ.h.
M	19012023	288	154.833	172.290	Blöndur og deig í bökur og pítsur, með kjötinnihaldi í <= 5 kg smásöluumbúðum
M	19012024	21.365	6.641.674	7.555.248	Blöndur og deig í aðrar bökur og pítsur í <= 5 kg smásöluumbúðum
M	19012044	88.520	5.799.828	7.819.120	Blöndur og deig í aðrar bökur og pítsur, í öðrum umbúðum
M	19022022	34.760	7.671.675	8.819.816	Pasta fyllt kjöti (fylling > 3% en <= 20%)
M	19022029	2.108	623.793	709.070	Annað pasta fyllt kjöti
M	19022041	1.913	559.457	612.285	Pasta fyllt kjöti og osti (fylling > 20%)
M	19022042	12.787	2.657.439	2.855.675	Pasta fyllt kjöti og osti (fylling >=3% en < 20%)
M	19022049	24.780	1.398.866	1.898.239	Annað pasta fyllt kjöti og osti
M	19023031	2.792	1.019.843	1.081.362	Annað pasta með osti (ostur > 3%)
M	19023039	1.281	438.585	503.193	Annað pasta með osti
M	19023041	16.624	2.773.377	2.985.024	Annað pasta með kjöti og osti (fylling > 3% en <= 20%)
M	19023049	1.656	330.279	354.166	Annað pasta með kjöti og osti
M	19024029	8.584	1.248.670	1.386.044	Annað kúskús (couscous) með kjöti
M	20049006	36.636	6.266.551	6.727.941	Aðrar frystar matjurtir og matjurtablöndur, fylltar kjöti (fylling >3% en <= 20%), unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en í ediklegi
M	21039051	178	33.904	40.341	Matjurtasósur sem innihalda > 20% kjöt
M	21039052	407	471.445	508.591	Matjurtasósur sem innihalda > 3% en <= 20% kjöt
M	21039059	35.150	17.638.319	18.743.781	Aðrar matjurtasósur sem innihalda kjöt
M	21041011	32	15.060	16.700	Aðrar súpur og framleiðsla í þær, sem innihalda > 20% kjöt
M	21041012	15.533	6.373.994	6.797.910	Aðrar súpur og framleiðsla í þær, sem innihalda > 3% en <= 20% kjöt
M	21041022	17	12.866	15.212	Seyði og framleiðsla í það, sem inniheldur > 3% en <= 20% kjöt
M	21042001	310	69.361	88.176	Jafnblönduð matvæli sem innihalda > 20% kjöt
M	21042002	13.322	3.793.357	4.021.927	Jafnblönduð matvæli sem innihalda > 3% en <= 20% kjöt
M	21069064	8.677	3.017.275	3.288.395	Matvæli sem innihalda > 3% en <= 20% kjöt
M	23011009	6.000	73.420	91.484	Kögglar o.þ.h. úr kjöti; hamsar
Samtals		**486.642**	**161.783.864**	**176.752.672**	

Innflutningur 1999.

EINK	TLSK	Þyngd	Fob	Cif	TEXTI
M	2023002	11.040	14.285.392	14.577.530	Frystar nautalundir
M	2023003	826	829.273	851.965	Frystir nautahryggvöðvar (file)
M	2031902	97	5.060	92.324	Annað nýtt kjöt af svínum, með beini
M	2071401	8.539	4.324.258	4.685.384	Fryst, beinlaust kjöt af Gallus domesticus hænsnum í sneiðum eða hlutum
M	2072500	3.994	1.174.831	1.439.220	Fryst kjöt af kalkúnum
M	2072701	520	339.743	369.532	Fryst, beinlaust kjöt af kalkúnum í sneiðum eða hlutum
M	2089006	1.707	1.983.526	2.090.747	Fryst hreindýrakjöt
M	2089009	620	1.184.340	1.308.298	Annað nýtt eða fryst kjöt o.þ.h.
M	2090000	6	3.826	10.900	Svína- og alifuglafita
M	2101901	4	3.504	4.186	Annað reykt, saltað eða þurrkað, úrbeinað svínakjöt
M	2101909	7	2.912	12.287	Annað reykt, saltað eða þurrkað svínakjöt
M	2109090	49	9.970	10.245	Annað reykt, saltað eða þurrkað kjöt, þ.m.t. mjöl og innmatur
M	16010023	16	12.487	32.893	Pylsur sem í er > 20% en <= 60% kjöt o.þ.h. auk annarra efna
M	16021009	14	14.860	18.487	Unnar jafnblandaðar kjötvörur sem í er > 20% en <= 60% kjöt eða blóð
M	16022011	80	370.114	421.682	Lifrarkæfa sem í er > 60% dýralifur
M	16022012	940	920.444	1.016.043	Lifrarkæfa sem í er > 20% en <= 60% dýralifur
M	16022029	16	84.833	94.226	Aðrar vörur úr dýralifur
M	16023101	12.806	5.410.424	6.172.916	Unnið kjöt og kjötvörur úr kalkúnum sem í er > 60% kjöt o.þ.h.
M	16023102	3.989	2.189.521	2.484.527	Unnið kjöt og kjötvörur úr kalkúnum sem í er > 20% en <= 60% kjöt o.þ.h.
M	16023109	7	3.711	4.274	Annað unnið kjöt og kjötvörur úr kalkúnum
M	16023201	40.284	17.018.912	18.486.643	Unnið kjöt og kjötvörur úr Gallus domesticus hænsnum sem í er > 60% kjöt o.þ.h.
M	16023202	11	6.237	21.861	Unnið kjöt og kjötvörur úr Gallus domesticus hænsnum sem í er > 20% en <= 60% kjöt o.þ.h.
M	16023209	12	5.982	6.936	Annað unnið kjöt og kjötvörur úr Gallus domesticus hænsnum
M	16023901	3.100	1.789.438	1.915.376	Unnið kjöt og kjötvörur úr öðrum alifuglum sem í er > 60% kjöt o.þ.h.
M	16023909	16	76.992	89.999	Annað unnið kjöt og kjötvörur úr öðrum alifuglum
M	16024201	10.097	3.727.546	4.057.640	Unninn bógur og bógsneiðar af svínum, sem í er > 60% kjöt o.þ.h.
M	16024901	941	615.433	917.314	Annað unnið kjöt og kjötvörur úr svínum sem í er > 60% kjöt o.þ.h.
M	16024902	4.736	932.434	1.031.374	Annað unnið kjöt og kjötvörur úr svínum sem í er > 20% en <= 60% kjöt o.þ.h.
M	16024909	1	1.629	3.612	Annað unnið kjöt og kjötvörur úr svínum
M	16025001	4.146	2.307.846	2.495.771	Unnið kjöt og kjötvörur úr nautgripum sem í er > 60% kjöt o.þ.h.
M	16029021	220	53.297	59.920	Unnar kjötvörur, úr öðru kjöti, þ.m.t. framleiðsla úr hvers konar dýrablóði, sem í er > 60% kjöt o.þ.h.
M	16029022	339	67.285	219.782	Unnar kjötvörur, úr öðru kjöti, þ.m.t. framleiðsla úr hvers konar dýrablóði, sem í er > 20% en <= 60% kjöt o.þ.h.

EINK	TLSK	Þyngd	Fob	Cif	TEXTI
M	19012023	492	298.230	346.938	Blöndur og deig í bökur og pítsur, með kjötinnihaldi í <= 5 kg smásöluumbúðum
M	19012024	15.108	4.274.203	4.868.399	Blöndur og deig í aðrar bökur og pítsur í <= 5 kg smásöluumbúðum
M	19012043	9.523	1.299.090	1.494.762	Blöndur og deig í bökur og pítsur með kjötinnihaldi, í öðrum umbúðum
M	19012044	79.113	5.859.932	8.172.569	Blöndur og deig í aðrar bökur og pítsur, í öðrum umbúðum
M	19022021	414	148.283	166.074	Pasta fyllt kjöti (fylling > 20%)
M	19022022	21.346	5.521.614	6.208.378	Pasta fyllt kjöti (fylling > 3% en <= 20%)
M	19022029	734	114.245	123.432	Annað pasta fyllt kjöti
M	19022041	768	274.626	319.173	Pasta fyllt kjöti og osti (fylling > 20%)
M	19022042	15.022	3.365.049	3.726.015	Pasta fyllt kjöti og osti (fylling >=3% en < 20%)
M	19022049	15.665	2.001.489	2.511.216	Annað pasta fyllt kjöti og osti
M	19023031	2.907	946.143	1.000.424	Annað pasta með osti (ostur > 3%)
M	19023039	2.546	774.440	841.094	Annað pasta með osti
M	19023041	18.252	4.215.924	4.461.612	Annað pasta með kjöti og osti (fylling > 3% en <= 20%)
M	19023049	202	35.188	39.179	Annað pasta með kjöti og osti
M	19024029	7.095	804.658	920.346	Annað kúskús (couscous) með kjöti
M	20049006	32.010	5.789.527	6.207.433	Aðrar frystar matjurtir og matjurtablöndur, fylltar kjöti (fylling >3% en <= 20%), unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en í ediklegi
M	20059001	655	162.921	175.592	Aðrar ófrystar matjurtir og matjurtablöndur, fylltar kjöti (fylling >3% en <= 20%), unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en í ediklegi
M	21039051	217	64.379	77.063	Matjurtasósur sem innihalda > 20% kjöt
M	21039052	347	230.256	244.119	Matjurtasósur sem innihalda > 3% en <= 20% kjöt
M	21039059	24.870	13.430.627	14.184.264	Aðrar matjurtasósur sem innihalda kjöt
M	21041012	26.781	8.725.045	9.215.856	Aðrar súpur og framleiðsla í þær, sem innihalda > 3% en <= 20% kjöt
M	21041022	40	35.186	38.280	Seyði og framleiðsla í það, sem inniheldur > 3% en <= 20% kjöt
M	21042002	5.061	1.418.496	1.542.386	Jafnblönduð matvæli sem innihalda > 3% en <= 20% kjöt
M	21069064	6.396	2.030.560	2.185.756	Matvæli sem innihalda > 3% en <= 20% kjöt
Samtals		**394.744**	**121.576.171**	**134.074.254**	

969. Tillaga til þingsályktunar [600. mál]

um eflingu félagslegs forvarnastarfs.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna rammaáætlun um eflingu hvers kyns félagslegs forvarnastarfs sem verði liður í aðgerðum til að berjast gegn notkun ávana- og fíkniefna, þroska félagsvitund og bæta andlegt og líkamlegt heilbrigði ungs fólks.

Áætlunin feli í sér úttekt á félagsstarfi sem til greina kemur í þessu sambandi, svo sem starfi á vegum félagsmiðstöðva, ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar, nemendafélaga, skáta, tómstundafélaga og trúfélaga. Einnig verði gerðar tillögur um með hvaða hætti vænlegast sé að efla slíkt starf þannig að árangur náist.

Heimilt verði að verja allt að 75 millj. kr. á árinu 2001 til að hefja framkvæmd átaksins og síðan allt að 200 millj. kr. árlega í fimm ár.

Ríkisstjórnin skili Alþingi árlega skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar þar sem árangur átaksins er metinn.

Greinargerð.

Ljóst er að neysla fíkniefna er alvarlegt samfélagsvandamál á Íslandi. Allir stjórnmálaflokkar hafa lýst vilja til að bregðast við þessum vanda og í umræðu um þessi efni er jafnan lögð mikil áhersla á forvarnir. Sú tillaga sem hér er flutt er hugsuð sem innlegg í baráttuna gegn neyslu ávana- og fíkniefna og snýr að félagslegum forvörnum. Um leið er ætlunin að stuðla að þroskandi þátttöku ungs fólks, bæði félagslega, andlega og líkamlega, í uppbyggilegu félagsstarfi.

Það er ekki markmið forvarnastarfs í sjálfu sér að hafa úrslitaáhrif á það hvernig einstaklingar haga sínu lífi eftir að þeir eru komnir á fullorðinsár. Segja má að forvarnir snúist um að stuðla að því að fólk láti vera að nota vímuefni eða hefji a.m.k. ekki notkun þeirra fyrr en það getur tekið yfirvegaða ákvörðun um það og neyti þeirra þá ekki í óhófi. Það er samdóma álit þeirra sem vinna að forvörnum að það eitt að seinka notkun vímuefna hjá ungu fólki sé alltaf til bóta, enda hljóti það að vera betur í stakk búið til að umgangast vímugjafa eftir því sem það öðlast meiri þroska og þekkingu á þeim efnum sem um er að ræða.

Félagslegar forvarnir hafa þann mikla kost að í raun eru þátttakendurnir sjálfir að sinna eigin forvörnum með því að taka þátt í þroskandi og uppbyggjandi félagsstarfi og sniðganga vímuefnin í senn. Slíkt félagsstarf eykur alla jafna samskiptahæfni fólks, eflir sjálfstraust þess og virðingu fyrir öðrum. Hvað félagslegar forvarnir snertir er höfuðatriði að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Eðlilegt er að líta til nemendafélaga, tómstundafélaga, skáta, félagsmiðstöðva, trúfélaga og síðast en ekki síst íþróttahreyfingarinnar.

Íþróttahreyfingin vinnur sem kunnugt er geysilega mikilvægt starf á þessu sviði. Kannanir sýna að íþróttir gegna stóru hlutverki í félagslegum forvörnum gegn ávana- og fíkniefnum. Þar kemur ekki aðeins til hið mikla félagslíf sem íþróttaiðkun fylgir. Unglingar sem stunda íþróttir velja sér einnig frekar fyrirmyndir úr hópi íþróttafólks og það hvetur þá á sinn hátt til að hlúa enn frekar að heilsunni og láta vímuefni ósnert.

Þótt margvíslegt íþrótta- og tómstundastarf sé í boði á vegum fjölmargra félagasamtaka er fjöldi unglinga sem ekki finnur þar neitt við sitt hæfi. Jafnframt er brottfall úr íþróttum mikið meðal unglinga. Félagsmiðstöðvar gegna því afar mikilvægu hlutverki í lífi nútímaunglinga og skipta þá stöðugt meira máli. Í félagsmiðstöðvum er boðið upp á vímulaust,

verndað umhverfi sem foreldrar geta treyst. Þar er yfirleitt að finna starfsfólk með fjölbreytta menntun og reynslu og þar eru forvarnir útgangspunktur.

Starf félagsmiðstöðvanna er afar fjölbreytt og í sem stystu máli mætti segja að hlutverk þeirra sé að aðstoða unglinga við að gera það sem þeir hafa áhuga á, hvort sem það snýst um tónlist, leiklist, kvikmyndagerð, námskeið og fræðslufundi, skáldskap, íþróttir eða annað tómstundastarf. Fyrirlestrar af ýmsu tagi eru mikilvægur þáttur í starfi félagsmiðstöðvanna enda miða þeir að því að uppfræða unglinga og eyða fordómum, svo sem gagnvart tilteknum sjúkdómum og minnihlutahópum. Tilgangur starfsins er þó ekki síst að styrkja sjálfsímynd unglinga og gefa þeim raunverulegt val um hvernig þeir verja frítíma sínum. Oft þarf í raun og veru ekki annað en að útvega unglingum aðstöðu til að vinna að áhugamálum sínum. Á það ekki síst við um alls kyns íþróttir sem ekki hafa náð mikilli útbreiðslu, eða svokallaðar „jaðaríþróttir“, sem gjarnan ná fyrst og fremst hylli unglinga og geta átt eftir að festa rætur í íþróttalífi landsmanna síðar meir. Sem dæmi má nefna að meðal unglinga er snjóbrettaiðkun nú orðin útbreiddari en skíðaiðkun.

Nú eru meira en 70 félagsmiðstöðvar starfræktar víðs vegar um landið. Þar er unnið mikilvægt starf en fjárveitingar eru af skornum skammti. Staðreyndin er sú að á bilinu 92–97% af rekstrarfé félagsmiðstöðvanna fara í launagreiðslur. Þá er bersýnilega lítið sem ekkert eftir til viðhalds og efnis- og tækjakaupa, hvað þá til að greiða utanaðkomandi fyrirlesurum þóknun. Ófært er að ætlast til þess að félagsmiðstöðvar afli sértekna af einhverju tagi. Það gefur augaleið að þá sem þangað sækja má ekki krefja um aðgangseyri eða þátttökugjöld. Ljóst er að aðstæður unglinganna eru afar misjafnar og gjaldtaka gæti leitt til þess að þeir heltust úr lestinni sem síst mega við því.

Samkvæmt mælingum á vegum Gallup taka nú á bilinu 50–65% unglinga þátt í félagsstarfi á vegum félagsmiðstöðvanna og er það heldur meiri þátttaka en í íþróttaiðkun á vegum íþróttahreyfingarinnar. Einnig ber að hafa í huga að félagsmiðstöðvar, einkum í Reykjavík, gegna í vaxandi mæli því hlutverki að vera eins konar hverfamiðstöðvar fyrir alla aldurshópa. Dæmi eru um að 6–9 ára börnum sé sinnt allan ársins hring með frístundaheimili og leikjanámskeiðum. Því er óhætt að segja að félagsmiðstöðvar sinni stöðugt fleiri verkefnum á sviði æskulýðsmála í landinu. Allur kostnaður við rekstur þeirra er greiddur af sveitarfélögum og styrktaraðilum. Mun það vera einsdæmi innan Evrópusamtaka félagsmiðstöðva (ECYC) að landssamtök félagsmiðstöðva, í okkar tilviki Samfés sem allar félagsmiðstöðvar landsins eru í, byggist alfarið á félagsgjöldum og kostun.

Ljóst er að stórefla má félagslegt forvarnastarf með tiltölulega litlum viðbótarfjármunum. Félagsmiðstöðvarnar eru fyrst og síðast byggðar upp á fólkinu sem þar starfar þannig að þær þarfnast aðallega svigrúms til að kosta viðhald, efni og annað slíkt. Þó ber að hafa í huga að áríðandi er að félagsmiðstöðvarnar geti aukið starfsemi sína verulega á næstunni. Þar kemur ekki síst til þörf fyrir að þjóna aldurshópnum 16–18 ára sem virðist í auknum mæli leita í öryggi og afþreyingu miðstöðvanna. Sýnilegt er að nýleg hækkun á sjálfræðisaldri íslenskra unglinga kallar á sérstaka skoðun á málefnum þessa aldurshóps.

Í tillögunni er lagt til að gerð verði yfirgripsmikil úttekt á þeirri starfsemi sem fallið getur undir félagslegar forvarnir. Enn fremur að gerð verði áætlun um að efla slíkar forvarnir og veita til þess umtalsverða fjármuni. Til að meta árangurinn af slíku átaki skal ríkisstjórnin árlega skila skýrslu til Alþingis um framkvæmd áætlunarinnar.

970. Tillaga til þingsályktunar [601. mál]

um eflingu vestnorræns samstarfs og mótun íslenskrar nærsvæðastefnu.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera tillögur um eflingu vestnorræns samstarfs og mótun íslenskrar nærsvæðastefnu. Áætlun um aðgerðir í þessu skyni miði m.a. að eftirfarandi:

1. Að efla vestnorrænt og fjölþjóðlegt samstarf við norðan- og norðvestanvert Atlantshaf með frumkvæði af Íslands hálfu sem landfræðilegum, sögulegum og menningarlegum tengipunkti slíks samstarfs. Mótuð verði í þessu skyni íslensk nærsvæðastefna.
2. Að fylgja eftir uppbyggingu vestnorrænnar samvinnu sl. tvo áratugi með markvissum aðgerðum og auknum fjárframlögum, m.a. á sviði menningar- og menntamála, atvinnu- og byggðamála, umhverfis- og náttúruverndarmála og samgöngu- og ferðamála.
3. Að efla tengsl við nágrannalönd vestnorrænu landanna í austri og vestri með uppbyggingu skipulagðrar svæðissamvinnu á Norðvestur-Atlantshafssvæðinu í huga.
4. Að stuðla að rannsóknum á og ritun sögu Norðvestur-Atlantshafssvæðisins þar sem m.a. verði lögð áhersla á eftirfarandi:
   a. landnám Íslendinga á Grænlandi og sögu búsetu norrænna manna þar,
   b. sérstök tengsl Íslands og Færeyja, menningarlegan skyldleika, samstarf á sviði atvinnumála og almennt samstöðu og skyldleika þjóðanna,
   c. norræna arfleifð á skosku eyjunum og á Írlandi, Bretlandi og vesturströnd Evrópu,
   d. landnám norrænna manna á austurströnd Norður-Ameríku,
   e. söguleg tengsl Íslands og Vestur-Noregs,
   f. sögu siglinga landafunda, byggðar og búsetu almennt við strendur norðan- og norðvestanverðs Atlantshafs.
5. Að fylgja eftir kynningu á vestnorrænni sögu og framlagi Íslands á sviði landafunda og landnáms í Vesturheimi í kjölfar 1000 ára afmælis Vínlandsfundar, siglingar Íslendings og annarra atburða í tilefni af landafundaafmælinu.
6. Að rækta tengsl Íslands við Íslendingabyggðir í Kanada og Bandaríkjunum
7. Að efla stöðu Íslands sem tengipunkts á sviði samgöngu- og ferðamála á þessu svæði.
8. Að móta stefnu um fjárveitingar til framangreindra verkefna til fjögurra ára í senn sem lögð verði fyrir Alþingi og endurskoðuð með reglulegu millibili.

Greinargerð.

Norðurlandaráð er ein mikilvægasta stoð Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi og norræna samstarfið hefur reynst afar vel. Til marks um hversu sterkt þetta samstarf hefur verið má benda á að það stóð af sér blokkaskiptingu kalda stríðsins þrátt fyrir að Norðurlöndin væru ekki öll á áhrifasvæði sama risaveldisins.

Það var ekki síst í tengslum við mikla umræðu um byggðamál og svæðisbundið samstarf á vettvangi Norðurlandaráðs í lok áttunda áratugarins og í byrjun þess níunda að stofnað var til sérstakrar samvinnu Íslands, Færeyja og Grænlands árið 1985 en það hefur kallast Vestnorræna ráðið frá 1997. Samstarf vestnorrænu þjóðanna er reist á sögulegum og menningarlegum tengslum ásamt sameiginlegum hagsmunum í efnahagsmálum og umhverfismálum. Vestnorræna ráðið hefur á liðnum árum lagt höfuðáherslu á umhverfismál, menningarmál, sjávarútvegsmál, samgöngur og viðskiptamál.

Eftir að kalda stríðinu lauk og hinar pólitísku markalínur þess, sem áður skildu nágrannalönd að, voru úr sögunni hefur margs konar svæðisbundið samstarf aukist mjög. Sem dæmi um slíkt samstarf í okkar heimshluta má benda á Eystrasaltsráðið, Barentsráðið og Norðurskautsráðið.

Eystrasaltsráðið var stofnað í mars árið 1992 með þátttöku Danmerkur, Finnlands, Eistlands, Lettlands, Litháen, Póllands, Rússlands, Svíþjóðar og Þýskalands, auk Noregs og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Fyrirmynd ráðsins hvað snertir skipulag og starfsemi er einkum hið hefðbundna samstarf Norðurlandanna. Eystrasaltsráðið er vettvangur margs konar samstarfs aðildarríkjanna og gegnir ekki síst því hlutverki að tengja saman grannríki sem þrátt fyrir nálægðina eru um margt ólík og misjafnlega á vegi stödd. Samstarfið er einnig að hluta til reist á sögulegum grunni enda var Eystrasaltið um aldir miðpunktur margvíslegra samskipta þessara ríkja. Það var m.a. á grundvelli sögulegra tengsla sem Ísland fékk aðild að Eystrasaltsráðinu árið 1995 en einnig vegna breyttra áherslna Norðurlanda varðandi samstarf grannsvæða.

Í janúar 1993 var stofnað sérstakt Barentsráð með yfirlýsingu sem undirrituð var af utanríkisráðherrum sex ríkja, Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs, Rússlands og Svíþjóðar, ásamt fulltrúa framkvæmdastjórnar EB. Barentsráðið er vettvangur til að fjalla um tvíhliða og fjölþjóðlegt samstarf á sviði efnahagsmála, viðskipta, vísinda og tækni, ferðaþjónustu, umhverfismála, samgangna, mennta- og menningarmála, svo og verkefna sem varða bættar aðstæður frumbyggja á svæðinu. Ísland hefur ekki átt jafnnáið samstarf og hin Norðurlöndin við Rússland í gegnum Barentsráðið, m.a. vegna legu landsins.

Norðurskautsráðið var stofnað í september árið 1996. Aðildarríkin eru átta talsins, Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð, Bandaríkin, Rússland og Kanada. Þar að auki eiga nokkur samfélög frumbyggja á norðurslóðum beina aðild að ráðinu. Helstu verkefni Norðurskautsráðsins beinast að því að vernda umhverfi og náttúru norðurskautsins og tryggja sjálfbæra þróun til að efla efnahagslega, félagslega og menningarlega velferð fólks á norðurslóðum. Íslendingar hafa lagt mikla áherslu á að efla samstarf ríkjanna í Norðurskautsráðinu og jafnframt verið virkir þátttakendur í því. Tvær skrifstofur á vegum ráðsins eru staðsettar hér á landi, nánar tiltekið á Akureyri, og lúta báðar að samstarfi á sviði umhverfismála. Þær eru CAFF (Conservation of Arctic Flora and Fauna), sem hefur umsjón með samvinnuverkefni um náttúruvernd á norðurslóðum, og PAME (Protection of the Arctic Marine Environment), sem annast verkefni á sviði hafverndar.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og Háskólinn á Akureyri hafa verið mjög virkir þátttakendur af Íslands hálfu í auknu samstarfi á norðurslóðum. Má þar nefna uppbyggingu Háskóla norðurslóða og Rannsóknarþings norðursins (Northern Research Forum) en frumkvöðull og sérstakur hvatamaður að því samstarfi er forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson. Hugmyndina setti hann fram í ræðu í Rovaniemi á afmælishátíð Háskólans í Lapplandi árið 1998. Háskólinn á Akureyri hefur tekið þátt í undirbúningi náms í Norður-Atlantshafsfræðum (North Atlantic Studies) í samstarfi við háskóla í Skotlandi, á Írlandi og í Norðaustur-Kanada. Einnig má nefna að við stofnun Vilhjálms Stefánssonar er íslenskt aðsetur alþjóðlegu samtakanna North Atlantic Biocultural Organisation (NABO). NABO eru þverfræðileg samtök náttúruvísindafólks og félagsvísindamanna sem stunda rannsóknir og fræðslu sem beinist að umhverfi, auðlindum, sögu og menningu fólks við norðanvert Atlantshaf. Stofnunin er einnig aðsetur Samtaka um landbúnað á norðurslóðum (Circumpolar Agricultural Association) sem hafa það að markmiði að stuðla að alþjóðasamstarfi hvað varðar atvinnu, rannsóknir og stjórnun og eflingu sjálfbærs landbúnaðar. Á Akureyri er því, eins og sjá má af framantöldu, þegar til staðar ákveðinn vísir að miðstöð samstarfs á norðurslóðum. Því er eðlilegt að horfa

til Akureyrar og þeirra stofnana sem þar eru starfandi þegar að því kemur að skipuleggja þau verkefni og byggja upp það samstarf sem tillagan gerir ráð fyrir.

Loks er rétt að nefna í þessu sambandi að vestnorræn samvinna hefur smátt og smátt sett á kortið svæðishugtakið Vestur-Norðurlönd eða útnorðrið eins og það heitir svo skemmtilega á færeysku.

Margt bendir einnig til þess að áhugi á ýmiss konar nærsvæðasamstarfi og þörf fyrir það fari ört vaxandi á tímum hnattvæðingar þar sem svo virðist sem allur heimurinn renni í auknum mæli saman sem viðskipta- og samskiptaheild. Má þar taka sem dæmi að í tengslum við stækkun Evrópusambandsins hefur umræðan um mikilvægi svæðisbundinnar samvinnu innan stærri heilda dafnað á nýjan leik og lítill vafi er á því að hnattvæðingin eða alþjóðavæðingin í heild sinni hafa í för með sér svipaða þróun.

Slík stefnumótun þar sem horft er til ákveðinna svæða innan stærri heilda er mjög víða á döfinni. Til viðbótar því sem áður er nefnt má benda á „norðurstefnu“ kanadísku alríkisstjórnarinnar en veigamikill hluti hennar er stofnun sjálfsstjórnarsvæða inúíta í Norður-Kanada, Nunavut. Bandaríkin fylgja einnig ákveðinni stefnu í þessum efnum, svokallaðri „norðursvæðastefnu“. Sama gildir um Evrópusambandið sem á sínum vettvangi er að þróa hugtakið „norræna vídd“ að frumkvæði Finnlands.

Á sama hátt og Finnar höfðu frumkvæði að því að skilgreina sérstaka, norræna vídd í Evrópusamstarfinu er hugmyndin að baki tillögunni að Íslendingar taki frumkvæði að auknu svæðasamstarfi við norðvestanvert Atlantshaf. „Íslensk nærsvæðastefna“ er eingöngu vinnuheiti á slíkri hugmynd, sem er reyndar ekki ný af nálinni. Þannig hafa menn talsvert rætt um það innan vébanda vestnorrænnar samvinnu að útvíkka hana þannig að hún taki til skosku eyjanna og vesturstrandar Noregs og reyndar gerir hún það að hluta til nú þegar í Noranefndinni en þar eiga fylki á vesturströnd Noregs aðild.

Staðreynd er að Ísland hefur lengi horft talsvert í vesturátt ekkert síður en austurátt varðandi samstarf vegna mikilla viðskiptahagsmuna í Norður-Ameríku, sögulegra tengsla við Kanada, sameiginlegra sjávarútvegshagsmuna og af sögulegum og samgöngupólitískum ástæðum. Í enn ríkara mæli gildir þetta um Grænland sem landfræðilega er hluti af Norður-Ameríku og Grænlendingar hafa m.a. verið að byggja upp samstarf sitt við norðursvæðin í Kanada. Færeyingar eiga sér langa hefð fyrir því að sækja á fiskimið við austurströnd Norður-Ameríku, Ísland og Grænland. Þannig má segja að Vestur-Norðurlöndin hafi í ýmsum skilningi myndað ákveðna brú milli heimsálfanna. Ef horft er til sögulegra, landfræðilegra og náttúrufræðilegra þátta er þar margvísleg rök að finna fyrir því að Íslendingar gefi meiri gaum að þessari vídd og samvinnu og samstarfi á þessum grundvelli heldur en hingað til hefur verið gert.

Það skal undirstrikað að ætlunin er ekki að slíkt samstarf verði á nokkurn hátt á kostnað norrænnar samvinnu eða dragi úr mikilvægi þess að við ræktum góð tengsl við ríki á meginlandi Evrópu eða annars staðar. Aðstæður í alþjóðamálum kalla á að menn vinni að slíkum málum með mjög opnum huga og slíkt hentar best hagsmunum Íslands. Þá er einnig rétt að fara yfir möguleika Íslands í þessum efnum út frá þeim tækifærum sem slíkar áherslur eiga að geta skapað landinu. Í því sambandi má nefna uppbyggingu á orðspori Íslands og kynningu á landinu sem brú milli tveggja heima eða tengipunkt í norðanverðu Atlantshafinu. Stefnumótun af þessu tagi á einnig að geta fallið vel að uppbyggingu þeirrar ímyndar landsins að hér búi sjálfstæð smáþjóð sem hafi vegnað vel í kjölfar síns nýlega fengna sjálfstæðis. Þessi þáttur málsins er áhugaverður ekki síst nú þegar næstu nágrannar okkar, Færeyingar, eru á leið til sjálfstæðis og þeirrar tilhneigingar gætir víða að auka sjálfsstjórn svæða eða héraða.

Enginn vafi er á því að í sögu og fordæmi Íslands er að sækja mikla hvatningu til annarra sem búa við sambærilegar aðstæður. Hafa ýmsir bæði fyrr og síðar staldrað við sjálfstæði Íslands þegar leitað er skýringa á því að um margt hefur Íslendingum vegnað best þeirra samfélaga við norðanvert Atlantshaf sem byggja á sambærilegum aðstæðum, fyrst og fremst þeim að vera mjög háð nýtingu sjávarauðlinda. Að sjálfsögðu eiga Íslendingar að líta á það sem skyldu sína að rækta gott samstarf til allra átta en þó ekki síst við þá sem um margt eru sambærilega settir og við í okkar heimshluta. Síðast en ekki síst eiga Íslendingar að efla með sér sjálfstraust til að taka fullgildan þátt í alþjóðlegu samstarfi og leitast við að hafa þar áhrif burtséð frá smæð þjóðarinnar.

Gerð verður nánari grein fyrir hverjum tölulið tillögunnar fyrir sig í framsöguræðu við flutning hennar.

971. Frumvarp til laga [602. mál]

um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætast eftirfarandi skilgreiningar:

Grænt bókhald er efnisbókhald þar sem fram koma upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í viðkomandi starfsemi, aðallega í formi tölulegra upplýsinga.

Skýrsla um grænt bókhald merkir niðurstöður græns bókhalds fyrir hvert bókhaldstímabil þess.

2. gr.

Við 5. gr. laganna bætist nýr töluliður, 17. tölul., svohljóðandi: færslu græns bókhalds, form og framsetningu skýrslna um grænt bókhald, upplýsingar sem þar skulu koma fram, skilafresti á skýrslum um grænt bókhald, aðila sem heimilt er að skila grænu bókhaldi án þess að þeim sé það skylt og endurskoðun þess og birtingu.

3. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, svohljóðandi:

Færa skal grænt bókhald fyrir atvinnustarfsemi sem háð er starfsleyfi skv. 5. gr. og nánar greinir í fylgiskjali II með lögum þessum.

Í grænu bókhaldi skulu koma fram upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í viðkomandi starfsemi, þ.m.t. tölulegar upplýsingar um meginnotkun hráefnis, orku og vatns til starfseminnar, sem og helstu tegundir og magn mengandi efna sem losuð eru í loft, láð eða lög, koma fram í framleiðsluvöru eða falla til sem úrgangur. Ekki er þó skylt að setja í skýrslu um grænt bókhald upplýsingar sem starfsleyfishafi telur vera framleiðsluleyndarmál, enda séu slík atriði tilgreind og ekki gerðar athugasemdir við það af hálfu útgefanda starfsleyfis.

Starfsleyfishafi ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem fram koma í skýrslu um grænt bókhald. Skýrsla um grænt bókhald skal endurskoðuð á sambærilegan hátt og fjárhagsbókhald fyrirtækja.

Senda skal útgefanda starfsleyfis árlega skýrslu um grænt bókhald. Útgefandi starfsleyfis skal kanna hvort skýrsla um grænt bókhald fullnægi þeim formkröfum sem gerðar eru til skýrslna um grænt bókhald. Sé heilbrigðisnefnd útgefandi starfsleyfis skal hún því næst senda skýrsluna áfram til Hollustuverndar ríkisins.

Hollustuvernd ríkisins annast birtingu skýrslna um grænt bókhald og gerð leiðbeininga um grænt bókhald. Birting skýrslu um grænt bókhald felur ekki í sér viðurkenningu Hollustuverndar ríkisins á þeim upplýsingum sem þar koma fram.

4. gr.

Á eftir 3. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Starfi að minnsta kosti fimm heilbrigðisfulltrúar á viðkomandi eftirlitssvæði í fullu starfi er heimilt að víkja frá því skilyrði að framkvæmdastjóri hafi réttindi sem heilbrigðisfulltrúi, enda sé hann í fullu starfi sem framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits og hafi, auk háskólaprófs, staðgóða þekkingu á heilbrigðiseftirliti.

5. gr.

4. málsl. 2. mgr. 20. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

2. málsl. 2. mgr. 28. gr. laganna orðast svo: Í þeim tilvikum þar sem Hollustuvernd ríkisins fer með eftirlit fer um valdsvið og þvingunarúrræði stofnunarinnar í samræmi við þennan kafla laganna.

7. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Fyrsta bókhaldsár græns bókhalds skal vera árið 2003.

Ráðherra getur með reglugerð heimilað Hollustuvernd ríkisins að semja við starfsleyfishafa sem skuldbinda sig til að taka upp viðurkennd umhverfisstjórnunarkerfi um frest til að taka upp grænt bókhald. Fyrsta bókhaldsár skal þó eigi verða síðar en árið 2006.

8. gr.

Við lögin bætist nýtt fylgiskjal, svohljóðandi:

Starfsemi sem færa skal grænt bókhald.

1. Orkuiðnaður.

1.1. Brennslustöðvar með meiri nafnhitaafköst en 50 MW.
1.2. Jarðolíu- og gashreinsunarstöðvar.
1.3. Koksverksmiðjur.
1.4. Iðjuver þar sem kolagösun og þétting fer fram.

2. Framleiðsla og vinnsla málma.

2.1. Álframleiðsla.
2.2. Kísiljárnframleiðsla.
2.3. Kísilmálmframleiðsla.
2.4. Kísil- og kísilgúrframleiðsla.
2.5. Járn- og stálframleiðsla.

2.6. Sinkframleiðsla.
2.7. Framleiðsla á magnesíum og efnasamböndum sem innihalda magnesíum.

3. Jarðefnaiðnaður.
3.1. Sements- og kalkframleiðsla.
3.2. Stöðvar þar sem vinnsla asbests og framleiðsla vara sem innihalda asbest fer fram.
3.3. Glerullarframleiðsla. Stöðvar þar sem framleiðsla glers, einnig glertrefja, fer fram og sem geta brætt meira en 20 tonn á dag.
3.4. Steinullarframleiðsla. Stöðvar þar sem bræðsla jarðefna, einnig steinullartrefja, fer fram og sem geta brætt meira en 20 tonn á dag.
3.5. Stöðvar þar sem framleiðsla leirvara fer fram með brennslu, einkum þakflísa, múrsteina, eldfastra múrsteina, flísa, leirmuna eða postulíns, sem geta framleitt meira en 75 tonn á dag og/eða rúmtak ofns er meira en 4 m^3 og setþéttleiki hans er meiri en 300 kg/m^3.

4. Efnaiðnaður.
Með framleiðslu í starfsemi sem fellur undir þennan þátt er átt við mikla framleiðslu með efnafræðilegri vinnslu efna eða flokka efna sem er getið í liðum 4.1–4.6.
4.1. Efnaverksmiðjur sem framleiða lífræn grunnefni, svo sem:
a) einföld vetniskolefni,
b) vetniskolefni með súrefni, svo sem alkóhól, aldehýð, ketón, karboxýlsýrur, estera, asetöt, etera, peroxíð, epoxýresín,
c) brennisteinsvetniskolefni,
d) köfnunarefnisvetniskolefni, svo sem amín, amíð, nítursambönd, nítrósambönd eða nítratsambönd, nítríl, sýanöt, ísósýanöt,
e) vetniskolefni með fosfór,
f) halógenvetniskolefni,
g) lífræn málmsambönd,
h) plastefni,
i) gervigúmmí,
j) litarefni og dreifuliti,
k) yfirborðsvirk efni.
4.2. Efnaverksmiðjur sem framleiða ólífræn grunnefni, svo sem:
a) gös, svo sem ammóníak, klór eða vetnisklóríð, flúor eða vetnisflúoríð, koloxíð, brennisteinssambönd, köfnunarefnisoxíð, vetni, brennisteinsdíoxíð, karbónýlklóríð,
b) sýrur, svo sem krómsýru, flúorsýru, fosfórsýru, saltpéturssýru, saltsýru, brennisteinssýru, óleum, brennisteinstvísýrling,
c) basa, svo sem ammóníumhýdroxíð, kalíumhýdroxíð, natríumhýdroxíð,
d) sölt, svo sem ammóníumklóríð, kalíumklórat, kalíumkarbónat, natríumkarbónat, perbórat, silfurnítrat,
e) málmleysingja, málmoxíð eða önnur ólífræn sambönd, svo sem kalsíumkarbíð, kísil, kísilkarbíð.
4.3. Áburðarframleiðsla. Efnaverksmiðjur sem framleiða áburð sem inniheldur fosfór, köfnunarefni eða kalíum (einnig áburðarblöndur).
4.4. Efnaverksmiðjur sem framleiða grunnvörur fyrir plöntuheilbrigði og sæfiefni.
4.5. Stöðvar þar sem notaðar eru efnafræðilegar og líffræðilegar aðferðir við framleiðslu grunnlyfjavara.

4.6. Efnaverksmiðjur sem framleiða sprengiefni.
4.7. Kítín- og kítosanframleiðsla.
4.8. Lím- og málningarvöruframleiðsla.

5. Úrgangsstarfsemi.
5.1. Stöðvar fyrir meðhöndlun, förgun eða endurnýtingu spilliefna.
5.2. Stöðvar fyrir sorpbrennslu sem geta afkastað meira en 3 tonnum á klukkustund.
5.3. Stöðvar fyrir förgun úrgangs annars en spilliefna sem geta afkastað meira en 50 tonnum á dag.
5.4. Urðunarstaðir sem taka við meira en 10 tonnum á dag eða geta afkastað meira í heild en 25.000 tonnum af óvirkum úrgangi.

6. Önnur starfsemi.
6.1. Pappírs- og trjákvoðuframleiðsla. Iðjuver sem framleiða:
a) deig úr viði eða önnur trefjaefni,
b) pappír og pappa og geta framleitt meira en 20 tonn á dag.
6.2. Stöðvar þar sem fram fer formeðferð eða litun trefja eða textílefna og vinnslugeta er meiri en 10 tonn á dag.
6.3. Sútunarverksmiðjur. Stöðvar þar sem fram fer sútun á húðum og skinnum og vinnslugeta er meiri en 12 tonn af fullunninni vöru á dag.
6.4. Matvælavinnsla:
a) Sláturhús sem geta framleitt meira en 50 tonn af skrokkum á dag.
b) Meðferð og vinnsla fyrir matvælaframleiðslu úr:
- hráefnum af dýrum, öðrum en mjólk, þar sem hægt er að framleiða meira en 75 tonn af fullunninni vöru á dag,
- hráefnum af jurtum þar sem hægt er að framleiða að meðaltali meira en 300 tonn af fullunninni vöru á dag.

c) Meðferð og vinnsla mjólkur, tekið er á móti meira en 200 tonnum af mjólk á dag miðað við meðaltal á ársgrundvelli.
6.5. Stöðvar þar sem förgun eða endurvinnsla skrokka og úrgangs af dýrum fer fram og afkastageta er meiri en 10 tonn á dag.
6.6. Stöðvar þar sem þauleldi alifugla eða svína fer fram með fleiri en:
a) 40.000 stæði fyrir alifugla,
b) 2.000 stæði fyrir alisvín yfir 30 kg eða
c) 750 stæði fyrir gyltur.
6.7. Stöðvar þar sem fram fer yfirborðsmeðferð efna, hluta eða afurða með lífrænum leysiefnum, einkum pressun, prentun, húðun, fituhreinsun, vatnsþétting, meðhöndlun eða þakning með límvatni, málun, hreinsun eða gegndreyping og meira en 150 kg eru notuð á klukkustund eða meira en 200 tonn á ári.
6.8. Stöðvar þar sem fram fer framleiðsla kolefna eða rafgrafíts með brennslu eða umbreytingu í grafít.
6.9. Fiskimjölsverksmiðjur með meiri framleiðsluafköst en 400 tonn á sólarhring.
6.10. Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera þar sem ársframleiðsla er meiri en 200 tonn og fráveita til sjávar eða ársframleiðsla er meiri en 20 tonn og fráveita í ferskvatn.
6.11. Olíumalar- og malbikunarstöðvar með fasta staðsetningu.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta kveður á um nýmæli í íslenskri löggjöf. Með því er rekstraraðilum starfsemi, sem háð er starfsleyfi skv. 5. gr. laganna og nánar greinir í nýju fylgiskjali með lögunum, gert skylt að vinna árlega efnisuppgjör fyrir starfsemina á svipaðan hátt og gert er með fjármuni fyrirtækja. Gera skal grein fyrir streymi hráefnis, orku og vatns til starfseminnar, sem og streymi mengandi efna frá henni. Þannig skal, aðallega með tölulegum upplýsingum, gera grein fyrir því hvernig umhverfismálum er háttað í viðkomandi starfsemi. Búist er við að slíkt efnisuppgjör hafi áhrif á stjórnendur við val á aðföngum og starfsaðferðum og auki vitund starfsmanna, sem og almennings, um umhverfismál fyrirtækja. Grænt bókhald ætti, þegar fram í sækir, að gera rekstraraðilum kleift að fylgjast með helstu umhverfisþáttum starfseminnar og hvort þróunin er jákvæð eða neikvæð í umhverfislegu tilliti og gæti jafnvel orðið skref í þá átt að fyrirtæki taki upp umhverfisstjórnunarkerfi. Færsla græns bókhalds getur einnig í mörgum tilvikum leitt til fjárhagslegrar hagræðingar.

Gert er ráð fyrir að skýrslur um grænt bókhald verði aðgengilegar almenningi en almennt er viðurkennt að vöktun almennings og miðlun upplýsinga sé hluti umhverfisverndar með sama hætti og m.a. lög um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál, nr. 21/1993, og lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Þá er gert ráð fyrir að ákvæði um grænt bókhald verði framvegis í starfsleyfum viðkomandi starfsemi þegar þau verða endurnýjuð og þegar ný starfsleyfi verða veitt.

Við samningu frumvarpsins hefur verið stuðst við ákvæði um grænt bókhald í dönskum lögum (lov om miljøbeskyttelse). Ákvæði um grænt bókhald kom inn í dönsk lög árið 1995. Frumvarp þetta tekur mið af því ákvæði, aðallega að því er varðar þær upplýsingar sem koma skulu fram í grænu bókhaldi. Í dönskum lögum er gert ráð fyrir að skýrslur um grænt bókhald séu sendar til umhverfiseftirlitsaðila og sérstakrar atvinnumálastofnunar sem annast birtingu þeirra. Fyrir danska þinginu liggur nú frumvarp til laga um breytingu á ákvæði um grænt bókhald þar sem gert er ráð fyrir að skýrslur um grænt bókhald verði sendar til eftirlitsaðila sem veiti umsögn um það, síðan sendi eftirlitsaðili viðkomandi fyrirtæki umsögnina og loks sendi fyrirtækið skýrsluna ásamt umsögninni til birtingaraðila sem gert er ráð fyrir að verði sá sami og áður.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að starfsleyfishafi beri sjálfur ábyrgð á þeim upplýsingum sem fram koma í skýrslu um grænt bókhald. Jafnframt er gert er ráð fyrir að skýrsla um grænt bókhald verði send endurskoðað til útgefanda starfsleyfis. Eðlilegt þykir að útgefandi starfsleyfis taki við skýrslum um grænt bókhald og hafi þar af leiðandi aðgang að þeim upplýsingum sem þar koma fram og geti fylgt eftir skilum á skýrslum um grænt bókhald. Ekki er gert ráð fyrir sérstakri umsögn útgefanda starfsleyfis, en hins vegar að Hollustuvernd annist gerð leiðbeininga og sjái um að birta skýrslur um grænt bókhald.

Í 7. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er að finna heimild ráðherra til að veita undanþágu frá einstökum greinum reglugerða sem settar eru skv. 4. eða 5. gr. laganna þegar sérstaklega stendur á og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins. Gert er ráð fyrir að ráðherra geti með þessum hætti veitt fyrirtækjum undanþágu frá skyldu til að færa grænt bókhald.

Auk þessa eru lagðar til þrjár breytingar á lögunum í ljósi fenginnar reynslu af framkvæmd þeirra undanfarin ár. Hér er um að ræða 4., 5. og 6. gr. frumvarpsins sem varða

hæfisskilyrði framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlits, staðgengil forstjóra Hollustuverndar ríkisins og beitingu þvingunarúrræða þegar Hollustuvernd ríkisins fer með eftirlit.

Við undirbúning frumvarps þessa hefur verið haft samráð við Hollustuvernd ríkisins, Samtök atvinnulífsins, Samband íslenskra sveitarfélaga, Félag löggiltra endurskoðenda og Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa. Með vísun til 17. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir voru drög að frumvarpi þessu kynnt og lögð fyrir hollustuháttaráð. Umsögn ráðsins barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 9. febrúar 2001.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að hugtökin grænt bókhald og skýrsla um grænt bókhald verði skilgreind á sama hátt og gert er með önnur hugtök sem fjallað er um í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Grænt bókhald á aðallega að sýna mælanleg áhrif viðkomandi starfsemi á umhverfið. Skilið er á milli bókhaldsins sjálfs og skýrslu um grænt bókhald á sama hátt og skilið er á milli færslu fjárhagsbókhalds og ársreiknings. Þó að orðið skýrsla sé hér notað er við það miðað að unnt verði að skila skýrslu um grænt bókhald á rafrænu formi ef tæknilegir möguleikar reynast fyrir hendi.

Um 2. gr.

Ljóst er að útfæra þarf nánar reglur um færslu græns bókhalds, framsetningu skýrslna um grænt bókhald, upplýsingar sem þar skulu koma fram, skilafresti á skýrslum um grænt bókhald, aðila sem heimilt er að skila grænu bókhaldi án þess að þeim sé það skylt og endurskoðun þess og birtingu. Gera þarf ráð fyrir möguleika á sérstakri framsetningu til verndar upplýsingum um viðkvæm samkeppnismál. Einnig er gert ráð fyrir að það sé mismunandi eftir tegundum fyrirtækja hvaða upplýsingar er eðlilegt að fara fram á að tilgreindar verði í skýrslu um grænt bókhald. Þessi atriði verða útfærð nánar, annars vegar í reglugerð og hins vegar með leiðbeiningum, sbr. 3. gr. Haft verður samráð við hagsmunaaðila við undirbúning reglugerðarinnar.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. segir að færa skuli grænt bókhald fyrir atvinnustarfsemi sem háð er starfsleyfi skv. 5. gr. laganna og nánar greinir í nýju fylgiskjali með lögunum, sbr. 8. gr. frumvarpsins. Fylgiskjal þetta gerir fyrst og fremst ráð fyrir að stóriðja og önnur starfsemi sem telst umfangsmikil og fellur m.a. undir tilskipun 96/61/EB um samþættar mengunarvarnir, sbr. og I. viðauka í reglugerð um mengunarvarnaeftirlit, nr. 786/1999, færi grænt bókhald.

Í 2. mgr. eru tilgreindar í meginatriðum þær upplýsingar sem fram skulu koma í grænu bókhaldi. Hlutverk græns bókhalds er að sýna hvernig umhverfismálum er háttað í viðkomandi starfsemi. Með grænu bókhaldi er ekki lögð skylda á bókhaldsskylda aðila að framkvæma frekari mælingar en skylt er samkvæmt starfsleyfi og viðeigandi reglugerðum sem settar eru skv. 4. tölul. 5. gr. laganna. Nánari reglur um upplýsingar sem færa skal í grænu bókhaldi verða settar með reglugerð, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Í 2. mgr. kemur einnig fram að með grænu bókhaldi er ekki ætlunin að krefja fyrirtæki um að birta upplýsingar um framleiðsluleyndarmál. Hafi útgefandi starfsleyfis athugasemdir við framsetningu starfsleyfishafa þarf að tilkynna starfsleyfishafa um það. Slík ákvörðun er jafnframt kæranleg samkvæmt stjórnsýslulögum.

Í 3. mgr. segir að starfsleyfishafi beri ábyrgð á þeim upplýsingum sem fram koma í skýrslu um grænt bókhald. Jafnframt er kveðið á um endurskoðun græns bókhalds. Í málsgreininni segir að skýrsla um grænt bókhald skuli endurskoðuð á sambærilegan hátt og fjár-

hagsbókhald fyrirtækja. Með þessu, útgáfu reglugerðar og leiðbeininga er leitast við að tryggja áreiðanleika þeirra upplýsinga sem tilgreina skal í skýrslu um grænt bókhald.

Í 4. mgr. kemur fram að skýrslum um grænt bókhald skuli skilað til útgefanda starfsleyfis. Hann skal kanna hvort skýrslan fullnægi þeim formkröfum sem gerðar eru til skýrslna um grænt bókhald. Þegar útgefandi starfsleyfis er heilbrigðisnefnd skal hún senda skýrsluna áfram til Hollustuverndar ríkisins sem annast birtingu hennar. Rétt þykir að tengja grænt bókhald starfsleyfi með þessum hætti þannig að útgefandi starfsleyfis hafi aðgang að þessum upplýsingum og geti fylgt því eftir að skýrslum sé skilað.

Í 5. mgr. kemur fram að gert er ráð fyrir að Hollustuvernd ríkisins annist birtingu skýrslna um grænt bókhald og gerð leiðbeininga um grænt bókhald. Stofnunin mun semja leiðbeiningarnar í samráði við hagsmunaaðila eins og venja er.

Um 4. gr.

Þau sjónarmið hafa komið fram að á heilbrigðiseftirlitssvæðum þar sem heilbrigðiseftirlit er umfangsmikið og starf framkvæmdastjóra er fyrst og fremst stjórnunarstarf sé eðlilegt að gerð sé krafa um að framkvæmdastjóri fullnægi sambærilegum hæfisskilyrðum og forstjóri Hollustuverndar ríkisins. Ekki sé því gerð undantekningarlaus krafa um að framkvæmdastjóri hafi réttindi sem heilbrigðisfulltrúi. Ljóst er að þar sem framkvæmdastjóri hefur ekki réttindi sem heilbrigðisfulltrúi verða stjórnunarheimildir hans að vissu leyti takmarkaðar, sbr. t.d. 26. gr. laganna þar sem fram kemur að heilbrigðisnefnd og heilbrigðisfulltrúi geti beitt þvingunarúrræðum laganna. Því er lagt til að heimild þessi eigi eingöngu við þar sem um verulega stjórnun er að ræða og þar sem fjöldi heilbrigðisfulltrúa er nægilegur til að framkvæmdastjóri þurfi ekki að sinna heilbrigðisfulltrúastörfum þannig að á slíkar takmarkanir reyni.

Um 5. gr.

Í lokamálslið 2. mgr. 20. gr. segir að einn forstöðumanna Hollustuverndar ríkisins skuli gegna starfi staðgengils forstjóra. Litið er svo á að það sé hlutverk forstjóra að ákveða hver skuli gegna hlutverki staðgengils hans.

Um 6. gr.

Hér er lögð til lítils háttar breyting á 2. málsl. 2. mgr. 28. gr. laganna til að taka af tvímæli um túlkun ákvæðisins. Lagt er til að orðinu „stofnunarinnar“ verði bætt inn í ákvæðið. Nauðsynlegt er að ákvæði um íþyngjandi ráðstafanir séu skýr. Ekki er talið að um efnisbreytingu sé að ræða.

Um 7. gr.

Í greininni er bráðabirgðaákvæði um fyrsta bókhaldsár græns bókhalds. Þar sem viðurkennd umhverfisstjórnunarkerfi fela m.a. í sér þá grundvallarþætti sem gert er ráð fyrir að grænt bókhald feli í sér þykir eðlilegt að græna bókhaldið sé vottað um leið og umhverfisstjórnunarkerfið er vottað. Slík kerfi fela í sér mun fleiri þætti en grænt bókhald og eru umfangsmeiri. Þykir nauðsynlegt að gefa fyrirtækjum sem hyggjast taka upp slík kerfi svigrúm til þess að samþætta grænt bókhald og umhverfisstjórnunarkerfi en æskilegt þykir að sem flest fyrirtæki taki slík kerfi upp.

Um 8. gr.

Sjá athugasemdir um 3. gr.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta kveður á um nýmæli í íslenskri löggjöf og er tilgangur þess að leiða betur í ljós hvernig umhverfismálum er háttað í starfsemi sem fellur undir lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rekstraraðilum sem undir lögin falla yrði skylt að halda sérstakt bókhald, svokallað grænt bókhald sem innihéldi m.a. tölulegar upplýsingar um orku- og efnisnotkun starfseminnar og helstu tegundir og magn mengandi efna sem til verða við starfsemina. Upp úr slíku bókhaldi yrðu síðan unnin árleg endurskoðunarskyld efnisuppgjör, líkt og hefðbundin fjárhagsuppgjör sem unnin eru úr fjárhagslegu bókhaldi.

Eftir er að semja reglugerð og nánari leiðbeiningar um tilhögun og innihald bókhaldsins, þar á meðal nákvæmlega hvaða upplýsingar skuli færðar í það og hvernig. Í umhverfisráðuneytinu hefur verið tekin saman áætlun um kostnað ríkissjóðs, við upptöku og eftirlit græns bókhalds. Sú áætlun gerir ráð fyrir 6,5 m.kr. upphafskostnaði sem felst í samningu reglugerðar, gerð nákvæmra leiðbeininga um tilhögun bókhaldsins og hugbúnaðar til rafrænna skila. Þá er og gert ráð fyrir 1 m.kr. árlegum kostnaðarauka Hollustuverndar ríkisins við eftirlit og umsjón frá og með árinu 2003.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má því gera ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs við innleiðingu græns bókhalds verði 6,5 m.kr., auk 1 m.kr. árlegs rekstrarkostnaðar frá og með árinu 2003. Auk kostnaðar ríkissjóðs má ætla að kostnaður komi til með að falla á heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, en líkast til verður ekki um verulegan kostnað að ræða þar. Kostnaður atvinnulífsins við færslu græns bókhalds og aðkeypta þjónustu löggiltra endurskoðenda verður að líkindum talsvert meiri.

972. Tillaga til þingsályktunar [603. mál]

um talsmann útlendinga á Íslandi.

Flm.: Guðrún Ögmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Karl V. Matthíasson, Rannveig Guðmundsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir og Gísli S.Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stofna embætti talsmanns útlendinga á Íslandi sem sinni hagsmuna- og réttindagæslu þeirra.

Greinargerð.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands bjuggu 14.927 útlendingar á Íslandi um áramótin 1999 og 2000, þar af 11.034 á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesi, 1.231 á Vesturlandi og Vestfjörðum, 1.210 á Norðurlandi eystra og vestra, 561 á Austurlandi og 891 á Suðurlandi. Hér er um fjölda fólks að ræða sem oft á ekki auðvelt með að sinna hagsmuna- og réttindamálum sínum en mikilvægt er að þeim málum sé sinnt heildstætt svo að góð yfirsýn fáist. Ekki er síður mikilvægt að gera útlendinga meðvitaða um þá þjónustu sem þeir eiga rétt á og tryggja að ekki sé gengið á lögbundinn rétt þeirra. Hlutverk embættis talsmanns útlendinga mundi auk fyrrgreinds vera að fylgjast með því að stjórnvöld og einkaaðilar tækju fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna útlendinga. Þá mundi hann aðstoða útlendinga við rekstur dómsmála, hvort sem um er að ræða einkamál eða opinber mál. Talsmaður útlendinga yrði samkvæmt fyrrgreindu hlutverki að vera löglærður.

Til að tryggja að talsmaður útlendinga geti gegnt starfi sínu sem best er jafnframt nauðsynlegt að kynningarefni á algengustu tungumálum, auk íslensku, um hlutverk hans og staðsetningu sé aðgengilegt á sem flestum opinberum stöðum, svo sem á landamærastöðvum og í menntunar- og heilbrigðisstofnunum. Þá er ljóst að miklu skiptir að greiður aðgangur verði að talsmanni útlendinga og því þarf embætti hans að vera staðsett miðlægt, t.d. í fyrirhuguðu alþjóðahúsi sem er væntanlegt samstarfsverkefni sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, en talsmaður mundi jafnframt vinna afar náið með væntanlegum landshlutamiðstöðvum. Stofnun embættis talsmanns útlendinga yrði því ekki síður mikilvægt og gagnlegt Íslendingum.

973. Lög [510. mál]

um breytingu á lögum nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. mars.)

Samhljóða þskj. 800.

974. Fyrirspurn [604. mál]

til viðskiptaráðherra um vanskil einstaklinga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver voru heildarvanskil einstaklinga hjá viðskiptabönkum, Íbúðalánasjóði og lífeyrissjóðum 1999, 2000 og á fyrsta ársfjórðungi 2001, annars vegar í fjárhæðum og hins vegar sem hlutfall af heildarútlánum? Óskað er eftir að fram komi sérstaklega breytingar milli ára á heildarfjárhæðum og heildarútlánum, auk fjölda þeirra sem lentu í vanskilum.
2. Hver voru heildarvanskil einstaklinga hjá tryggingafélögum og eignarleigum 1999, 2000 og á fyrsta ársfjórðungi 2001? Óskað er sundurliðunar eftir bílalánum og öðrum lánum og að fram komi heildarfjárhæðir vanskila, hlutfall þeirra af heildarútlánum og fjöldi þeirra sem lentu í vanskilum.

3. Hver var heildarvanskilakostnaður og dráttarvextir, annars vegar skv. 1. lið og hins vegar skv. 2. lið?

Skriflegt svar óskast.

975. Fyrirspurn [605. mál]

til félagsmálaráðherra um úrbætur í málefnum fatlaðra.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvað hefur verið gert til þess að framfylgja þeim fjölmörgu ábendingum og tillögum um úrbætur í málefnum fatlaðra sem fram koma í skýrslu starfshóps um menningar- og tómstundastörf fatlaðra sem unnin var á vegum félagsmálaráðuneytis og skilað í október 1999?
2. Voru niðurstöður starfshópsins og tillögur kynntar fulltrúum sveitarfélaganna vegna fyrirhugaðrar yfirtöku sveitarfélaga á þessum málaflokki?
3. Hver er áætlaður heildarkostnaður við þær úrbætur sem lagðar eru til í skýrslu starfshópsins? Var tekið tillit til þess kostnaðar við útreikninga á fjárþörf við fyrirhugaða yfirtöku sveitarfélaganna á málefnum fatlaðra? Ef ekki, hvernig hyggst ráðherra tryggja að tillögum starfshópsins verði fylgt eftir?

976. Fyrirspurn [606. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um meðferðarstarf og ferðakostnað aðstandenda ungra fíkniefnaneytenda.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Er meðferðarstarf fyrir unga fíkniefnaneytendur sem fram fer á heimilum á vegum Barnaverndarstofu skilgreint sem sjúkdómsmeðferð? Ef ekki, hver er ástæða þess?
2. Hver er áætlaður heildarferðakostnaður foreldra eða aðstandenda við þátttöku þeirra í meðferðarstarfi á heimilum fyrir unga fíkniefnaneytendur?
3. Hvaða reglur gilda um þátttöku almannatryggingakerfisins í ferðakostnaði foreldra eða aðstandenda ungra fíkniefnaneytenda sem eru á meðferðarheimilum fjarri heimabyggð? Ef um hlutdeild almannatrygginga er að ræða í þessum kostnaði, hver er hún? Ef ekki, hver er ástæða þess, og mun ráðherra beita sér fyrir breytingum í þá veru?

977. Fyrirspurn [607. mál]

til menntamálaráðherra um fjölda nemenda í framhaldsskólum.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hve stór hluti nemenda úr grunnskóla skráir sig til náms í framhaldsskóla?
2. Hve margir þeirra (í hundraðshlutum eftir menntabraut) velja:
   a. bóknám,
   b. starfsnám?
3. Hve stór hluti nemenda hættir námi án formlegrar útskriftar af viðurkenndri námsbraut?
4. Hverjar eru sambærilegar tölur annars staðar á Norðurlöndum?

978. Fyrirspurn [608. mál]

til heilbrigðisráðherra um hátæknisjúkrahús.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Eru uppi áform um að byggja hátæknisjúkrahús hérlendis? Hefur farið fram athugun á því hvar slíkt sjúkrahús yrði reist ef af yrði? Kemur til greina að hafa slíkt hátæknisjúkrahús í landi Vífilsstaða?

979. Fyrirspurn [609. mál]

til dómsmálaráðherra um söfnunarkassa og happdrættisvélar.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hverjar voru brúttótekjur Íslenskra söfnunarkassa sf. og Happdrættis Háskóla Íslands af söfnunarkössum og happdrættisvélum árin 1999 og 2000?
2. Hver voru heildarrekstrargjöld hvors fyrirtækis á þessum árum?
3. Hverjar voru heildarvinningsfjárhæðir hvors fyrirtækis sömu ár?

Skriflegt svar óskast.

980. Fyrirspurn [610. mál]

til utanríkisráðherra um starfsemi Keflavíkurstöðvarinnar og framkvæmd varnarsamningsins.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Hefur starfsemi Keflavíkurstöðvarinnar tekið einhverjum breytingum frá því að bókun um varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna var staðfest árið 1996? Hefur einhver breyting orðið á tengslum stöðvarinnar við Atlantshafsflota Bandaríkjanna og Atlantshafsflota NATO, t.d. á kafbátaeftirliti og könnunarflugi Orion P-3 vélanna sem hér eru?
2. Hve oft hafa orrustuþotur á Keflavíkurflugvelli flogið til móts við erlendar herflugvélar frá 1996?
3. Hvaða herbúnaður (tegund mannvirkja, ratsjáreftirlit, vopn) er í tengslum við starfsemi F-15 orrustuflugvéla og P-3 flugvéla á Keflavíkursvæðinu?
4. Hver eru athafnasvæði P-3 flugvélanna utan Íslands? Þjónar eftirlitsflug við Noregsstrendur því markmiði að fylgjast með hernaðarathöfnum Rússa?
5. Hafa Sikorsky-þyrlur varnarliðsins einhverju öðru hlutverki að gegna en í tengslum við björgunarsveitina?
6. Hvaða þættir í starfsemi Keflavíkurstöðvarinnar snúa beint að vörnum Íslands og hvaða þættir þjóna bandarískum hagsmunum?
7. Hvers konar framkvæmdir hefur verið ráðist í frá árinu 1996? Eru einhverjar framkvæmdir fyrirhugaðar?
8. Hver er árlegur rekstrarkostnaður Keflavíkurstöðvarinnar? Hver er árlegur rekstrarkostnaður Keflavíkurflugvallar og hver er hlutur Bandaríkjastjórnar í honum? Óskað er eftir sundurliðun kostnaðar.
9. Hvað eru margir bandarískir hermenn á Íslandi? Hver eru hlutverk þeirra (sundurliðun starfsheita)? Stendur til að fækka þeim á næstu árum?
10. Er það stefna ríkisstjórnarinnar að hafa hér óbreyttan fjölda orrustuflugvéla og kafbátaleitarflugvéla?

Skriflegt svar óskast.

981. Fyrirspurn [611. mál]

til dómsmálaráðherra um meðferð mála ungra sakborninga.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu mörg mál þar sem sakborningur var 18 ára eða yngri komu til rannsóknar hjá lögreglu árin 1995–2000? Í hve mörgum tilvikum leiddi rannsókn til ákæru og dóms, skilorðsbundinnar eða óskilorðsbundinnar refsingar, samfélagsþjónustu eða sektargreiðslu? Svar óskast sundurliðað fyrir hvert ár eftir lögregluumdæmi, refsiúrræðum, kyni og aldri sakborninga.

2. Hversu mörg þessara mála tengdust neyslu eða sölu fíkniefna og í hve mörgum tilvikum var farið fram á vottorð læknis eða sálfræðings um líkamlegt og/eða andlegt ástand sakbornings meðan rannsókn stóð yfir, í samræmi við 71. gr. laga um meðferð opinberra mála? Svar óskast sundurliðað fyrir hvert ár eftir lögregluumdæmi, kyni og aldri sakborninga.

Skriflegt svar óskast.

982. Fyrirspurn [612. mál]

til forsætisráðherra um undirbúning þess að leggja Þjóðhagsstofnun niður.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvenær hófst undirbúningur að því að leggja Þjóðhagsstofnun niður?
2. Hverjir hafa komið að þeim undirbúningi?
3. Hvað hefur verið gert til að undirbúa aðrar stofnanir til að taka við verkefnum Þjóðhagsstofnunar?
4. Hvaða útgjöld eða sparnað mun þessi breyting hafa í för með sér fyrir ríkissjóð?

983. Fyrirspurn [613. mál]

til landbúnaðarráðherra um uppkaup á greiðslumarki í sauðfjárrækt.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hve mikil uppkaup hafa orðið á greiðslumarki í sauðfjárframleiðslu í samræmi við samning bænda og ríkisvaldsins um sauðfjárframleiðslu frá 11. mars 2000?
2. Hve mikil urðu þessi uppkaup í einstökum sýslum?
3. Hversu hátt hlutfall af greiðslumarki í sauðfé var selt úr hverri einstakri sýslu og á landinu í heild?
4. Hver eru áform um frekari uppkaup á greiðslumarki í sauðfjárframleiðslu?
5. Er líklegt að frjálst framsal greiðslumarks geti hafist á árinu 2002 í ljósi þeirra uppkaupa sem fram hafa farið?
6. Hefur verið lagt mat á uppkaupin með hliðsjón af stærð búa, hvort um sé að ræða hrein sauðfjárbú eða blönduð og hvort líklegt sé að þau muni stuðla að öflugri sauðfjárrækt í landbúnaðarhéruðum þar sem hún er meginbúskapargreinin?

Skriflegt svar óskast.

984. Tillaga til þingsályktunar [614. mál]

um rannsóknir á áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann.

Flm.: Drífa Hjartardóttir, Árni R. Árnason, Ásta Möller, Vilhjálmur Egilsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Katrín Fjeldsted, Soffía Gísladóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Tómas Ingi Olrich, Guðjón Guðmundsson, Arnbjörg Sveinsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að standa fyrir faraldsfræðilegri rannsókn á mögulegum áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann, sérstaklega með tilliti til nýgengis krabbameins.

Rannsóknin verði framkvæmd á næstu tíu árum og niðurstöðum hennar skilað fyrir 1. október 2010.

Ráðherra gefi Alþingi skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar strax að henni lokinni.

Greinargerð.

Nýjar erlendar rannsóknir leiða æ meiri líkur að því að rafsegulsvið hvers konar geti haft alvarleg áhrif á heilsu og líðan fólks og jafnvel valdið krabbameini. Umræðan um rafsegulsvið og áhrif þess á mannslíkamann eykst stöðugt og undanfarin ár hafa augu almennings og fræðimanna beinst æ meira að umhverfi okkar til að skoða hvort orsakir sjúkdóma og vanheilsu sé að finna þar, þ.e. hvort staðsetning rafmagnsmannvirkja geti valdið heilsutjóni hjá þeim sem búa í nágrenninu.

Nýverið hefur opinber bresk stofnun viðurkennt opinberlega að tengsl geti verið milli krabbameinstilfella og háspennulína. Rannsóknir framkvæmdar af faraldsfræðingnum Richard Doll leiddu í ljós að börn sem búa í grennd við háspennulínur eiga frekar á hættu að fá krabbamein en önnur börn. Rannsóknarhópur í háskólanum í Tórontó í Kanada og Hospital for Sick Children tilkynnti að rannsóknir hefðu sýnt að börn sem búa við há gildi rafsegulsviðs eiga frekar á hættu að fá hvítblæði en börn sem ekki búa við slík skilyrði. Mælingar á heimahögum veikra barna leiddu í ljós að 2–4 sinnum meiri líkur væru á að börn með hvítblæði hefðu búið við há gildi rafsegulsviðs.

Jafnframt hafa faraldsfræðilegar rannsóknir Dana og Svía sýnt fram á tengsl milli hvítblæðis í börnum og búsetu í nálægð við rafmagnsmannvirki. Hið sama kann að gilda um fullorðna, en það er ekki vitað fyrir víst. Því er tímabært að hér á landi verði framkvæmd faraldsfræðileg rannsókn á áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann, sérstaklega með tilliti til nýgengis krabbameins. Lagt er til að rannsóknin verði framkvæmd á næstu tíu árum og niðurstöður hennar kynntar Alþingi eigi síðar en 1. október 2010. Flutningsmenn benda á að slík rannsókn geti farið fram á vegum landlæknisembættisins og hugsanlegt er að hún geti verið afturvirk að einhverju leyti.

985. Frumvarp til laga [615. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Drífa Hjartardóttir, Vilhjálmur Egilsson, Árni Johnsen, Arnbjörg Sveinsdóttir, Gunnar Birgisson, Árni R. Árnason, Jón Kristjánsson, Hjálmar Jónsson, Einar Oddur Kristjánsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Einar K. Guðfinnsson, Guðjón Guðmundsson, Tómas Ingi Olrich, Ásta Möller, Soffía Gísladóttir.

1. gr.

Við 31. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: 74% fjárhæðar sem einstaklingar og lögaðilar hafa fengið greidda í arð frá veiðifélögum skv. VIII. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002.

Greinargerð.

Í þessu frumvarpi er lögð til sú breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt að heimilaður verði frádráttur á mótteknum arði frá veiðifélögum. Í framkvæmd hefur verið mismunur á skattlagningu eftir því hvort jarðareigandi telst stunda atvinnurekstur á þeirri jörð er veiðihlunnindi fylgja. Einstaklingar í rekstri hafa þannig greitt tekjuskatt af slíkum tekjum en aðrir jarðareigendur, sem talist hafa utan rekstrar, hafa greitt 10% fjármagnstekjuskatt af sams konar tekjum. Með lagafrumvarpi þessu er leitast við að jafna þennan mismun, enda eiga ekki sömu sjónarmið við að því er varðar tekjur af þessum eignum og öðrum eignum sem teljast rekstrareignir.

Ákvæði 1. gr. felur í sér að rekstraraðilum, hvort sem um er að ræða einstaklinga í rekstri eða félög, er heimilaður frádráttur á móti mótteknum arði frá veiðifélögum sem nemur 74% af þeim heildararði sem viðkomandi hefur móttekið. Arður þessi telst til rekstrartekna samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, en með því að heimila frádrátt á móti sem nemur 74% af mótteknum arði verður raunskattlagning þessara tekna sem næst 10%, eða 10,14% hjá einstaklingum í rekstri og 7,8% hjá hlutafélagi en 9,6% sé skattlagning hluthafa tekin með í reikninginn.

986. Svar [537. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Gunnars Birgissonar um klæðningarverkefni hjá Vegagerðinni.

1. *Hve mikið er boðið út af klæðningarverkefnum hjá Vegagerðinni og hve mikið framkvæmir Vegagerðin sjálf?*

Árið 2000 voru lagðar um 5 milljónir m^2 af einfaldri klæðingu. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar lagði um fimmtung af þessum klæðingum en verktakar um fjóra fimmtu hluta. Hér er bæði um viðhaldsverkefni og nýbyggingarverkefni að ræða. Þetta hlutfall er svolítið breytilegt milli einstakra ára, en hefur farið heldur lækkandi í heildina undanfarið.

2. *Hvernig er verðsamanburður á milli verktaka og klæðningarflokks Vegagerðarinnar?*

Ef fá á nákvæman samanburð á verði þarf að taka tillit til margra þátta, svo sem stærðar verka, hlutfall blettana og smærri viðgerða í verkum, fjarlægða í malarnámur, flutningslengda á asfalti o.fl. Hér er ekki farið í svo nákvæman samanburð heldur er einingaverð hjá klæðingarflokki Vegagerðarinnar árið 2000 borið saman við einingaverð lægstu tilboða hjá verktökum á því ári. Um er að ræða yfirlagnir í öllum tilvikum. Flokkur Vegagerðarinnar lagði klæðingar á Vestfjörðum og Norðurlandi eystra en verktakar í öðrum umdæmum. Verð var sem hér segir:

Klæðingarflokkur Vegagerðarinnar:	
Vestfirðir	63 kr./m^2
Norðurland eystra	57 kr./m^2
Verktakar:	
Vesturland	59 kr./m^2
Norðurland vestra	48 kr./m^2
Austurland	55 kr./m^2

Útboð á Suðurlandi og Reykjanesi eru ekki sambærileg (tilhögun þeirra önnur) og því ekki tekin með. Geta skal þess að útboð á Norðurlandi vestra var til tveggja ára og kann það að hafa haft áhrif til lækkunar, auk annarra atriða sem áður voru nefnd og hafa ekki verið metin. Verð verktakanna er tilboðsverð en ekki endanlegur kostnaður. Hann hefur tilhneigingu til að vera lítið eitt hærri en tilboðsverð, en það á að muna litlu í verkum af þessu tagi.

Eins og sést er hæsta verðið á Vestfjörðum, og kemur það ekki á óvart. Aðdrættir eru þar að jafnaði langir, námufjarlægðir í lengra lagi, möguleikar á aðstöðu fyrir vinnuflokk með minnsta móti og fleira mætti nefna. Lægsta verðið er á Norðurlandi vestra en hin þrjú umdæmin liggja nokkuð þétt saman.

3. *Stendur til að endurnýja tækjakost klæðningarflokks Vegagerðarinnar? Ef svo er, hvað kostar sú fjárfesting?*

Reynt hefur verið að endurnýja tækjakost klæðingarflokksins jafnt og þétt, enda örugg tæki ein af undirstöðum þess að fá góða klæðingu. Vinnuflokkurinn greiðir leigu fyrir tækin, sem stendur meðal annars undir endurnýjun þeirra. Á árinu 2001 verður dreifitankur flokksins endurnýjaður, svo og bifreið sem ber tankinn. Áætlaður kostnaður við þessa endurnýjun er 12 millj. kr.

987. Frumvarp til laga [616. mál]

um erfðaefnisskrá lögreglu.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Ríkislögreglustjóri skal halda rafræna skrá með upplýsingum um erfðaefni einstaklinga og nefnist hún erfðaefnisskrá lögreglu. Tilgangur skrárinnar er að lögregla geti nýtt hana við rannsókn sakamála og til að bera kennsl á ákveðna menn.

Ríkislögreglustjóri annast skráningu í erfðaefnisskrána og ber ábyrgð á skránni. Hann skal gæta þess að uppfyllt séu ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra um öryggismat, öryggisráðstafanir og innra eftirlit.

2. gr.

Erfðaefnisskrá skiptist í:

a. *kennslaskrá,* með upplýsingum um erfðagerð einstaklinga sem um getur í 4. gr., og
b. *sporaskrá,* með upplýsingum um erfðaefni sem fundist hafa á brotavettvangi, eða á mönnum eða munum sem ætlað er að tengist broti, án þess að vitað sé frá hverjum þau stafa.

3. gr.

Í erfðaefnisskrá skal eingöngu færa upplýsingar um nafn, kennitölu, heimilisfang og erfðagerð einstaklings ásamt vísun til dóms eða málsnúmers óupplýsts sakamáls.

Þegar erfðaefnisupplýsingar hafa verið unnar úr fyrirliggjandi lífsýni skal eyða sýninu eða fela vörslu þess lífsýnasafni með starfsleyfi samkvæmt lögum um lífsýnasöfn.

4. gr.

Í kennslaskrá má skrá upplýsingar um erfðagerð þeirra sem:

a. hlotið hafa refsidóm fyrir brot á ákvæðum X. kafla, XI. kafla, 108. gr., 164.–166. gr., 170.–171. gr., 194.–196. gr., 1. og 2. mgr. 200. gr., 201.–202. gr., 211. gr., 2. mgr. 218. gr., 1. mgr. 220. gr. og 252. gr. almennra hegningarlaga. Sama gildir um dóm fyrir tilraun og hlutdeild í þeim brotum;
b. sýknaðir hafa verið af ákæru um brot gegn þeim lagaákvæðum sem getið er í a-lið, þar með talin tilraunar- og hlutdeildarbrot, vegna skorts á sakhæfi, eða dæmdir hafa verið til að sæta öryggisráðstöfunum skv. VII. kafla almennra hegningarlaga fyrir sömu brot;
c. tilgreindir eru í a- og b-lið og afplána refsidóm uppkveðinn fyrir gildistöku laga þessara, sæta öryggisráðstöfunum eða hefur verið veitt reynslulausn og reynslutími er ekki liðinn.

Ekki má færa í kennslaskrá upplýsingar um önnur tilvik en greinir í 1. mgr. nema það hafi sérstaka þýðingu fyrir notagildi skrárinnar.

5. gr.

Hafi lífsýni ekki verið tekið úr einstaklingi áður en fullnaðardómur gengur er heimilt að gera það innan sex mánaða frá uppkvaðningu dóms.

Töku blóðsýnis annast læknir, hjúkrunarfræðingur eða meinatæknir. Dómfellda er skylt að hlíta þeirri meðferð sem talin er nauðsynleg vegna töku lífsýnis.

6. gr.

Þegar upplýsingar um einstakling hafa verið skráðar á grundvelli 4. gr. ber ríkislögreglustjóra að tilkynna honum skriflega um skráninguna.

7. gr.

Upplýsingar sem skráðar hafa verið í kennslaskrá skal afmá:

a. eigi síðar en tveimur árum eftir andlát hins skráða,
b. þegar hinn skráði hefur verið sýknaður eftir endurupptöku máls,
c. þegar ljóst er að þær eru rangar eða hafa verið skráðar án tilskilinnar heimildar.

Upplýsingar sem skráðar hafa verið í sporaskrá skal afmá:
a. þegar kennsl hafa verið borin á þann sem upplýsingarnar stafa frá,
b. við fyrningu brots sem um er að ræða.

8. gr.

Eftirtöldum yfirvöldum má veita aðgang að upplýsingum úr skránni:
a. lögreglustjórum, ríkissaksóknara, dómsmálaráðuneytinu,
b. erlendum dómstólum og erlendum dómsmálayfirvöldum þegar upplýsingar á að nota við rannsókn eða meðferð sakamáls, enda verði það talið samrýmanlegt íslensku réttarskipulagi,
c. rannsóknarstofu sem annast greiningu erfðaefnis samkvæmt þjónustusamningi við dómsmálaráðuneytið, að því marki sem nauðsynlegt er vegna rannsóknar eða meðferðar sakamáls.

Öðrum en þeim sem getur í 1. mgr. er ekki heimilt að veita aðgang að skránni, sbr. þó 2. mgr. 9. gr.

9. gr.

Persónuvernd skal hafa eftirlit með því að skráning og meðferð skráðra upplýsinga sé í samræmi við lög þessi og reglur sem gilda um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Persónuvernd skal einnig hafa eftirlit með því að öryggi skrárinnar sé tryggt þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að henni eða geti haft áhrif á skráningu í hana.

Persónuvernd hefur aðgang að skráðum upplýsingum og öðrum nauðsynlegum gögnum til að sinna eftirliti með erfðaefnisskrá.

Nú gerir Persónuvernd athugasemdir við starfrækslu skrárinnar og skal hún þá koma þeim og tillögum um úrbætur á framfæri við ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðuneytið. Að öðru leyti fer um heimildir Persónuverndar samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

10. gr.

Dómsmálaráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laganna, þar á meðal um færslur í skrána, aðgang að henni og eftirlit.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Inngangur.

Hinn 29. janúar 1999 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að vinna að undirbúningi reglna um DNA-rannsóknir, nánar tiltekið um sýnatöku, skrásetningu sýna og vörslu þeirra, í þágu rannsóknar sakamála. Formaður nefndarinnar var Ragnheiður Harðardóttir saksóknari, en aðrir nefndarmenn voru Bjarni J. Bogason aðstoðaryfirlögregluþjónn, Gunnlaugur Geirsson prófessor, Haraldur Briem yfirlæknir, Kolbeinn Árnason, deildarstjóri í dómsmálaráðuneytinu, og Þórir Oddsson vararíkislögreglustjóri. Arnar Þór Jónsson, deildarstjóri í dómsmálaráðuneytinu, tók sæti Kolbeins Árnasonar í nefndinni en hann hvarf til annarra starfa. Nefndin kannaði framkvæmd og reglusetningu á þessu sviði á Norðurlöndum og í Bretlandi, auk þess sem hún leitaði upplýsinga hjá fagaðilum í Bandaríkjunum, Bretlandi og Noregi.

Í störfum sínum hafði nefndin hliðsjón af þessum reglum, auk tilmæla ráðherranefndar Evrópuráðsins um DNA-rannsóknir í þágu opinberra mála nr. R(92)1 [Recommendation No. R(92)1 of the Committee of Ministers to Member States on the Use of Analysis of Deoxyribonucleic Acid (DNA) within the Framework of the Criminal Justice System].

Nefndin skilaði skýrslu sinni til dómsmálaráðherra 30. mars 2000 og byggist frumvarp þetta að meginstefnu á tillögum hennar, auk þess sem hliðsjón hefur verið höfð af dönskum lögum um þetta efni.

II.
Tilgangur og markmið.

Með frumvarpinu er stefnt að því að koma á fót sérstakri lögregluskrá um upplýsingar um erfðaefni í þeim tilgangi að auðvelda lögreglu rannsókn alvarlegra sakamála, svo sem manndráps, nauðgunar, líkamsárásar og misnotkunar gegn börnum, en í slíkum málum skilja brotamenn oft eftir sig líffræðileg spor sem innihalda erfðaefni, tæk til rannsókna.

Kostir slíkrar skrár eru margvíslegir. Ber þar fyrst að nefna að með aðgengilegum upplýsingum aukast möguleikar rannsóknaraðila til samanburðarrannsókna. Bera má sýni sem finnst á brotavettvangi saman við skrásettar upplýsingar og getur það leitt til þess að maður sem sakfelldur hefur verið fyrir tiltekið brot verður fyrr tengdur nýju broti, eða fyrr hreinsaður af grun um brotið. Mikilvægi slíkra samanburðarrannsókna er ekki síst fólgið í því að hreinsa saklausa menn af grun um afbrot. Þá ber að nefna að með samanburðarrannsóknum sem þessum kann að komast upp um eldra brot, áður óupplýst, við samanburð sýnis af þeim brotavettvangi og sýnis frá manni sem tekið er í þágu rannsóknar nýs brots. Sömuleiðis hefur verið nefnt að aðgangur að skrá um erfðaefni geri lögreglu kleift að bera saman sýni af fleiri en einum brotavettvangi og fá þannig upplýsingar um að brotin séu framin af einum og sama manni, þótt kennsl hafi enn ekki verið borin á hann. Þrátt fyrir að brotamaðurinn sé ókunnur geta slíkar upplýsingar haft mikilvæga þýðingu fyrir áframhaldandi rannsókn málsins. Að lokum ber að nefna að skráning upplýsinga um erfðaefni getur haft sérstök varnaðaráhrif. Brotamaður sem veit að upplýsingar um erfðaefni hans eru skráðar kann að halda sig frá afbrotum sem hann hefði annars framið, af ótta við að upp um hann komist.

III.
Um DNA-kennslagreiningu.

Deoxyribonucleinsýra (DNA) er efnasamband í frumukjörnum, tengt við eggjahvítu og skipað í raðir sem eru í eðli sínu mjög flóknar og tilbrigðaríkar að gerð. Í gerð þeirra felst mótið að myndgerð líkama manna og dýra og hefur það því verið nefnt „erfðaefnið“. Á sama hátt og hver og einn er sérstakur að útliti er erfðaefni í hverjum og einum sérstakt, með þeirri einu undantekningu þegar eineggja tvíburar eiga í hlut.

Með nútímatækni hefur reynst kleift að myndgreina efnið á þann hátt að nýta sér hina sérstöku byggingu hjá hverjum og einum og sjá þannig sérkenni manns. Kallast það „DNA-prófill“ eða „DNA-snið“. Þessi tæknivísindi, ásamt nútímaerfðafræði, eru undirstaða þess að beita DNA-rannsóknaraðferðinni í þágu réttvísinnar. Kemur þar fyrst og fremst til það sem nefna má kennslagreiningu með DNA-rannsóknaraðferðum. Í þeim tilvikum sem rannsókn á brotavettvangi leiðir í ljós að sá er brotið framdi hefur skilið eftir sig lífsýni sem hefur að geyma erfðaefni hans, má taka það til rannsókna. Vegna nákvæmni rannsóknaraðferðanna má nú greina með þessum hætti lífsýni, svo sem fingraför, munnvatn, saur, blóð, sæði og hár.

IV.
Gildandi lagaheimildir til töku lífsýna.

Kennslagreining á erfðaefni verður ekki framkvæmd nema fyrir liggi lífsýni úr einstaklingi. Með lífsýni í þessum lögum er átt við blóð, sæði, munnvatn, húð- og vefjahluta, hár, þvag, skaf undan nöglum og bletti eða flekki af lífrænum toga. Um heimildir lögreglu til töku sýna til notkunar við kennslagreiningu erfðaefnis eru ákvæði í 92. og 93. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, sem fjalla um leit og líkamsrannsókn. Samkvæmt 1. mgr. 92. gr. má leita á sakborningi ef nauðsynlegt þykir til að taka af honum gögn eða muni sem hald skal leggja á. Leiki grunur á að maður feli innvortis muni eða efni sem hald skal leggja á er heimilt að framkvæma leit að fengnu áliti læknis. Þá má taka blóð- og þvagsýni úr sakborningi og framkvæma á honum aðra þá líkamsrannsókn í þágu rannsóknar sem gerð verður á honum að meinalausu. Enn fremur má taka af honum fingraför og myndir í þágu rannsóknar. Í 2. mgr. segir að leita megi á öðrum en sakborningi ef ástæða er til að ætla að hann hafi á sér gögn eða muni sem hald skuli leggja á. Í 93. gr. segir svo að leit og rannsókn skv. 92. gr. skuli ákveðin í úrskurði dómara nema sá sem í hlut eigi samþykki hana en rannsóknara er þó rétt að leita án dómsúrskurðar ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum.

Samkvæmt 92. gr. laga um meðferð opinberra mála er heimilt að taka sýni úr sakborningi og einskorðast sú heimild við sakborning. Á það ber þó að líta að tíðkast hefur hér á landi að taka sýni úr öðrum en sakborningi ef ótvírætt samþykki hefur legið fyrir og má í því sambandi nefna í dæmaskyni Hrd. 1991:264. Liggi samþykki á hinn bóginn ekki fyrir verður viðkomandi ekki þvingaður til að láta í té lífsýni á grundvelli dómsúrskurðar. Lagafrumvarp þetta haggar á engan hátt við þessari réttarstöðu annarra en sakborninga.

V.
Grundvöllur skráningar.

Gert er ráð fyrir að skrá sú sem lagt er til að sett verði á fót hafi að geyma tvenns konar upplýsingar. Þessar upplýsingar eru annars vegar um erfðaefni einstaklinga sem hafa hlotið dóm fyrir tiltekin afbrot eða tilgreindar aðrar ástæður eiga við um og hins vegar um erfðaefni sem fengin eru úr lífsýnum á brotavettvangi án þess að vitað sé frá hverjum þau stafa. Fyrrnefndi hluti skrárinnar kallast kennslaskrá, af þeirri ástæðu að þar er að finna upplýsingar um erfðaefni sem kennsl hafa verið borin á og vitað er frá hverjum stafa. Síðarnefndi hluti skrárinnar kallast sporaskrá því hann inniheldur upplýsingar um þau líffræðilegu spor sem skilin hafa verið eftir á brotavettvangi án þess að vitað sé hverjum þau tilheyra.

Lagt er til að í kennslaskrá verði heimilt að skrá upplýsingar um erfðagerð einstaklinga sem sakfelldir hafa verið fyrir brot eða tilraun til brots gegn nánar tilteknum ákvæðum almennra hegningarlaga. Einnig er lagt til að heimilt verði að skrá upplýsingar um þá sem sýknaðir hafa verið af brotum gegn nefndum ákvæðum vegna skorts á sakhæfi og þá sem hafa verið dæmdir til að sæta öryggisráðstöfun samkvæmt VII. kafla almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun um það hvaða ákvæði almennra hegningarlaga gætu orðið grundvöllur skráningar er horft til tilgangs skrárinnar sem er að vera hjálpartæki lögreglu við að upplýsa alvarleg brot í þeim tilvikum sem brotamenn skilja eftir sig líffræðileg ummerki. Þeir brotaflokkar sem þannig er ástatt um eru helst manndráp, líkamsmeiðingar og kynferðisbrot. Þá er einnig talið rétt að landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess auk nokkurra almannahættubrota verði einnig skráð vegna alvarleika slíkra brota.

Eingöngu er heimilt að skrá upplýsingar um erfðaefni manna sem hafa verið fundnir sekir um brot með dómi eða dæmdir ósakhæfir. Samkvæmt dönsku lögunum um skráningu erfðaefnis er heimilt að skrá upplýsingar um erfðaefni manna sem hafa verið grunaðir um afbrot en verið sýknaðir fyrir dómi. Í breskum rétti er heimilt að færa í sambærilega skrá upplýsingar um þá sem eru grunaðir, en sönnunarreglur eru þó með því sniði að ef máli lýkur með sýknudómi eða niðurfellingu máls er óheimilt að vitna til upplýsinga fenginna við rannsókn þess máls við sönnunarfærslu í máli sem síðar kann að verða höfðað á hendur viðkomandi. Í Bandaríkjum Norður-Ameríku er heimilt að skrá grunaða menn sem ekki hafa komist undir manna hendur.

Í frumvarpinu þykir ekki ráðlegt að ganga jafnlangt og tíðkast í nefndum ríkjum. Því er lagt til að eingöngu verði heimilt að skrá upplýsingar um þá einstaklinga sem sakfelldir hafa verið með dómi eða verið sýknaðir vegna sakhæfisskorts.

VI.
Um persónuvernd.

Vegna þess eðlis erfðaefnis að geyma mótið að myndgerð líkama manna dylst engum að hér er um að ræða upplýsingar sem eru mjög persónulegar og viðkvæmar. Samkvæmt tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(97)5 frá 13. febrúar 1997 um verndun heilsufarsupplýsinga teljast sýni, sem innihalda mannsfrumur eða hluta úr þeim með kjarnasýrum og notuð eru til rannsókna á erfðaefni, til sérstaklega viðkvæmra persónuupplýsinga.

Í frumvarpi þessu eru gerðar strangar kröfur til skráningar og varðveislu upplýsinga um erfðaefni. Einnig er gert ráð fyrir að aðgangur að þessum upplýsingum verði mjög takmarkaður. Persónuvernd er falið að hafa eftirlit með því að skráning og meðferð skráðra upplýsinga sé í samræmi við gildandi lög og einnig að hafa eftirlit með því að óviðkomandi fái ekki aðgang að skránni eða geti haft áhrif á skráningu í hana. Að öðru leyti gilda lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, um skráningu og meðferð upplýsinga um erfðaefni samkvæmt lögum þessum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að komið verði á fót sérstakri rafrænni lögregluskrá sem inniheldur upplýsingar um erfðaefni ákveðinna einstaklinga. Skráin er eingöngu ætluð til nota lögreglu við rannsókn sakamála, þó með þeim þröngu undantekningum sem getur í 8. gr. Notkun skrárinnar felst í því að erfðaupplýsingar úr lífsýnum eru bornar saman við þær upplýsingar sem eru í skránni. Komi í ljós svörun við þær upplýsingar sem fyrir eru í kennslaskrá hafa kennsl verið borin á þann sem sýnið stafar frá. Komi hins vegar fram svörun við upplýsingar sem skráðar eru í sporaskrá eru líkindi fyrir að sami einstaklingur hafi orðið uppvís að því að hafa framið annað brot.

Ríkislögreglustjóra er ætlað að halda skrána og annast skráningu í hana. Hann ber jafnframt ábyrgð á skránni í samræmi við 11. og 12. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000.

Um 2. gr.

Erfðaefnisskránni er ætlað að vera skipt í tvo hluta, kennslaskrá og sporaskrá. Í kennslaskrá verði skráðar upplýsingar um erfðagerð manna sem sakfelldir hafa verið fyrir brot á þeim ákvæðum almennra hegningarlaga sem getið er í 4. gr. frumvarpsins eða verið sýknaðir vegna sakhæfisskorts. Í sporaskrá verði skráðar upplýsingar um erfðaefni sem finnst á brota-

vettvangi og á mönnum eða munum sem ætlað er að tengist broti, án þess að vitað sé frá hverjum erfðaefnið stafar. Ekki er í þeim tilfellum gerð krafa um vissan alvarleika brots til að heimila skráningu erfðaefnisupplýsinga og eru því mun rýmri heimildir til skráningar í sporaskrá en kennslaskrá. Þó er gert ráð fyrir að erfðaefnisupplýsingar verði að jafnaði ekki skráðar í sporaskrá nema grunur leiki á um að brotið hafi verið gegn þeim ákvæðum sem getið er í 4. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. eru tæmandi taldar þær upplýsingar sem skráðar verða í erfðaefnisskrá lögreglu. Í kennslaskrá verður heimilt að skrá nafn, kennitölu, heimilisfang og erfðagerð dómfellds einstaklings ásamt tilvísun til dómsins. Í sporaskrá verða skráðar erfðaefnisupplýsingar sem unnar hafa verið úr lífsýnum sem finnast á brotavettvangi eða á mönnum eða munum sem ætlað er að tengist broti.

Samkvæmt 2. mgr. skal, þegar erfðaefnisupplýsingar hafa verið unnar úr lífsýni, eyða lífsýninu eða fela vörslu þess lífsýnasafni með starfsleyfi samkvæmt lögum um lífsýnasöfn, nr. 110/2000.

Um 4. gr.

Hér er fjallað um hvaða upplýsingar er heimilt að skrá í kennslaskrá.

Samkvæmt a-lið er heimilt að skrá upplýsingar um erfðagerð þeirra sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn eftirfarandi köflum og ákvæðum almennra hegningarlaga: X. kafla um landráð, XI. kafla um brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess, 108. gr. um ofbeldisbrot, nauðung eða hótun gegn vitnum, 164.–166. gr. og 170.–171. gr., sem öll eru almannahættubrot, 194.–196. gr., 1. og 2. mgr. 200. gr., 201.–202. gr., sem öll eru kynferðisbrot, 211. gr. um manndráp, 2. mgr. 218. gr. um stórfellt líkamstjón, 1. mgr. 220. gr. um að veita ekki aðstoð í nauð og 252. gr. um rán. Þá er einnig heimilt að skrá upplýsingar um þá sem gerast sekir um tilraun eða hlutdeild í áðurgreindum brotum. Tekið skal fram að brot framin af gáleysi geta aldrei verið grundvöllur skráningar.

Samkvæmt b-lið er heimilt að skrá upplýsingar um erfðagerð þeirra sem hafa verið sýknaðir af ákæru um þau brot sem greinir í a-lið vegna sakhæfisskorts eða hafa verið dæmdir til að sæta öryggisráðstöfun.

Í c-lið er kveðið á um að heimilt sé að skrá upplýsingar um þá sem afplána dóm kveðinn upp fyrir gildistöku laga þessara, sæta öryggisráðstöfunum eða hefur verið veitt reynslulausn og reynslutími ekki liðinn.

Í 2. mgr. er kveðið á um að aðrar upplýsingar en greinir í 1. mgr. verði ekki skráðar nema þær hafi sérstaka þýðingu fyrir notagildi skrárinnar. Þetta felur í sér þrönga undantekningarheimild sem ekki verður notuð nema brýn ástæða sé til. Hér er fyrst og fremst um að ræða brot sem eru alvarlegs eðlis og þung refsing liggur við. Sem dæmi um slík brot mætti nefna þjófnaðarbrot sem væri sérstaklega stórfellt vegna aðferðarinnar sem höfð var við þjófnaðinn eða sérstaklega vítaverð brot gegn þeim ákvæðum almennra hegningarlaga sem hafa í för með sér almannahættu en er ekki getið í 4. gr. Ákvörðun um slíka skráningu er kæranleg á sama hátt og önnur skráning á grundvelli laganna eftir almennum reglum stjórnsýsluréttarins.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er að finna heimild til að taka lífsýni úr einstaklingi eftir að endanlegur dómur gengur ef það hefur ekki verið gert fyrir þann tíma. Taka sýnis skal fara fram innan sex mánaða frá uppkvaðningu fullnaðardóms. Miðað er við að taka blóðsýnis fari fram af lækni,

hjúkrunarfræðingi eða meinatækni en lögreglu er heimilt að annast töku munnvatnssýnis. Dómfellda er skylt að hlíta þeirri meðferð sem talin er nauðsynleg við töku lífsýnis.

Um 6. gr.

Hér er sú skylda lögð á ríkislögreglustjóra að tilkynna skráðum einstaklingi um skráninguna. Almennar reglur stjórnsýsluréttarins gilda um slíka tilkynningu og um rétt til að kæra slíka ákvörðun til æðra stjórnvalds.

Um 7. gr.

Grein þessi fjallar um það hvenær upplýsingar verða máðar úr skránni. Mismunandi reglur gilda hér um sporaskrá og kennslaskrá.

Upplýsingar skulu máðar úr kennslaskrá eigi síðar en tveimur árum eftir andlát hins skráða. Þegar hinn skráði hefur verið sýknaður eftir endurupptöku máls ber að afmá skráðar upplýsingar vegna fyrri dóms að sýknudómi gengnum. Ekki er í ákvæðinu talað um tímafrest í þessu sambandi en miða skal við að upplýsingarnar verði afmáðar eins fljótt og kostur er eftir uppkvaðningu sýknudóms. Þá skal einnig afmá upplýsingar úr kennslaskrá þegar ljóst er að skráðar upplýsingar eru rangar eða hafa verið færðar í skrána án tilskilinnar heimildar. Eðlilegt er að sá sem skráir upplýsingar sem svo er ástatt um geti að eigin frumkvæði máð þær úr skránni.

Úr sporaskrá skal afmá upplýsingar þegar kennsl hafa verið borin á þann sem upplýsingarnar stafa frá. Þetta leiðir af eðli máls þar sem upplýsingarnar eiga ekki heima í sporaskrá þegar kennsl hafa verið borin á þær. Þá skal einnig afmá skráðar upplýsingar við fyrningu brots. Eðlilegt er að upplýsingar verði máðar úr sporaskrá við þær aðstæður þar sem þær hafa ekki þýðingu fyrir rannsókn og meðferð máls eftir þann tíma.

Um 8. gr.

Ríkislögreglustjóri annast skráningu upplýsinga og hefur aðgang að skránni, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Nauðsynlegt er þó, þegar tillit er tekið til tilgangs og hagnýts gildis skrárinnar, að tiltekin stjórnvöld, svo og erlend yfirvöld, hafi aðgang að upplýsingum úr henni. Gert er ráð fyrir að slíkur aðgangur verði veittur eftir beiðni til ríkislögreglustjóra.

Í a-lið er lögreglustjórum, ríkissaksóknara og dómsmálaráðuneytinu veittur aðgangur að skránni. Aðgangur lögreglu yrði einkum í tengslum við rannsókn sakamáls og aðgangur ríkissaksóknara vegna saksóknar máls. Aðgangur dómsmálaráðuneytisins að upplýsingum úr skránni væri einkum nauðsynlegur þegar það fengi kærumál vegna óréttmætrar skráningar til meðferðar.

Í b-lið er erlendum dómstólum og dómsmálayfirvöldum heimilaður aðgangur að upplýsingum úr skránni. Við mat á því hvort fallast beri á slíka beiðni verður að líta til þess hvort um er að ræða réttarsamvinnu við viðkomandi ríki og hvort slík upplýsingagjöf samrýmist hagsmunum landsins og sé ekki andstæð íslensku réttarskipulagi.

Í c-lið er rannsóknarstofu þeirri sem annast greiningu erfðaefnis veitt heimild til aðgangs að upplýsingum úr skránni. Slíkur aðgangur takmarkast við rannsókn eða meðferð sakamáls.

Í 2. mgr. er áréttað að í greininni sé tæmandi talið hverjum megi heimila aðgang að skránni.

Um 9. gr.

Í greininni er lagt til að Persónuvernd skuli annast eftirlit með skránni. Í því eftirliti felst að gæta þess að skráning og meðferð upplýsinga sé í samræmi við það sem mælt er fyrir um í frumvarpinu. Í þeim efnum koma einnig til álita reglur laga um persónuvernd og meðferð

persónuupplýsinga, nr. 77/2000, og meginreglur laga um friðhelgi einkalífs. Þá er jafnframt lagt til að Persónuvernd hafi eftirlit með því að öryggi skrárinnar sé tryggt þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að henni eða geti haft áhrif á skráningu upplýsinga í hana. Þetta eftirlit er til viðbótar innra eftirliti ríkislögreglustjóra sem hann fer með sem ábyrgðaraðili kerfisins samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í 10. gr. er svo gert ráð fyrir að nánari ákvæði verði í reglugerð um eftirlit Persónuverndar með skránni.

Það eftirlit sem lagt er til að Persónuvernd hafi með höndum er almennt. Í því felst ekki heimild til að hnekkja ákvörðunum ríkislögreglustjóra um skráningu eða gefa honum bein fyrirmæli heldur eingöngu að koma á framfæri athugasemdum og eftir atvikum tillögum til úrbóta.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að nánari ákvæði um framkvæmd laganna verði sett í reglugerð. Í ákvæðinu er sérstaklega gert ráð fyrir að í reglugerð verði kveðið á um færslur í skrána, aðgang að henni og eftirlit.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um erfðaefnisskrá lögreglu.

Með frumvarpi þessu er lagt til að á vegum ríkislögreglustjóra verði komið á fót skrám með upplýsingum um erfðaefni einstaklinga. Annars vegar verði um að ræða svokallaða kennslaskrá um erfðaefni manna sem hlotið hafa dóm fyrir brot gegn tilteknum ákvæðum almennra hegningarlaga eða hafa verið sýknaðir á grundvelli sakhæfisskorts. Hins vegar verði um að ræða svokallaða sporaskrá um DNA-upplýsingar úr lífsýnum sem fundist hafa á vettvangi afbrota eða á brotaþola. Reiknað er með því að sýnataka aukist við það að skráningin verði færð í skipulegt horf. Hér á landi hafa árlega verið tekin á rannsóknarstigi mála um 10 sýni af þeim toga sem færð yrðu í kennslaskrá. Miðað við undanfarin ár má áætla að tekin verði lífsýni úr um 50 sakfelldum mönnum til viðbótar að meðaltali á ári og að viðbótarkostnaður við það gæti þá numið um 1,5 m.kr. þar sem greiddar eru um 30 þús. kr. til Rannsóknastofu Háskóla Íslands fyrir hvert sýni. Erfiðara er að áætla umfang skráningar í sporaskrá þar sem slík sýni geta verið af margvíslegum toga. Þó er gert ráð fyrir að einungis verði um að ræða skráningu í þeim tilvikum þegar grunur leikur á því að brotið hafi verið gegn þeim ákvæðum hegningarlaga sem eru grundvöllur skráningar í kennslaskrá. Undanfarin ár hafa um 10 lífsýni af þessum toga verið send árlega í DNA-greiningu en talið er að með tilkomu skrárinnar kunni slíkum greiningum að fjölga um u.þ.b. 40 á ári. Árlegur viðbótarkostnaður gæti þá numið um 3,2 m.kr. þar sem meðalkostnaður við þessi sýni er um 80 þús. kr. Í fjárlögum færist sá kostnaður á lið fyrir opinberan málskostnað hjá dómsmálaráðuneytinu. Íslenskum stjórnvöldum stendur til boða að fá sérstakan gagnagrunn fyrir erfðaefnisskrárnar endurgjaldslaust á grundvelli samkomulags við bandarísku alríkislögregluna (FBI). Gert er ráð fyrir að stofnkostnaður hjá embætti ríkislögreglustjóra vegna kaupa á

vélbúnaði fyrir gagnagrunninn og uppsetningar á honum gæti numið um 0,7 m.kr. Samtals er því áætlað að útgjöld ríkissjóðs aukist um 5,4 m.kr. verði frumvarpið að lögum.

988. Nefndarálit [526. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um bókasafnsfræðinga, nr. 97/1984.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þóru Óskarsdóttur frá menntamálaráðuneyti, Ingu Rún Ólafsdóttur og Maríu Frímannsdóttur frá Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga og Þórdísi Þórarinsdóttur og Svövu Friðgeirsdóttur frá Upplýsingu, félagi bókasafns- og upplýsingafræða.

Með frumvarpinu er lagt til að lagaákvæði um lögbundið starfsheiti bókasafnsfræðinga verði löguð að þeim breytingum sem orðið hafa á námi og þar með starfssviði bókasafnsfræðinga. Í frumvarpinu er enn fremur lagt til að námskröfur til þeirra sem sækja um leyfi til þess að bera starfsheitið bókasafns- og upplýsingafræðingur verði gerðar skýrari.

Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Alþingi, 27. mars 2001.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Tómas Ingi Olrich.
Ólafur Örn Haraldsson.	Einar Már Sigurðarson.	Árni Johnsen.
Kolbrún Halldórsdóttir.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	

989. Fyrirspurn [617. mál]

til dómsmálaráðherra um notkun lagaheimildar til að skylda sakborninga til dvalar á meðferðarstofnun.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hversu oft á árunum 1995–2000 hafa dómstólar beitt ákvæði 4. tölul. 57. gr. almennra hegningarlaga þess efnis að heimilt sé að skylda sakborning til dvalar á meðferðarstofnun í allt að 18 mánuði vegna áfengis- og deyfilyfjanotkunar, og hve oft hafa átt í hlut sakborningar 18 ára og yngri?

990. Nefndarálit [447. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2000, um breytingar á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Hauk Jóhannesson og Högna S. Kristjánsson frá utanríkisráðuneyti og Helga Jóhannesson frá samgönguráðuneyti. Þá barst nefndinni umsögn frá Sjómannafélagi Reykjavíkur.

Með þingsályktunartillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2000, um breytingar á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. Með samþykkt tilskipunar 1999/95/EB, sem lagt er til að verði felld inn í viðaukann, er stefnt að því að láta lágmarksreglur um skipulag vinnutíma á farskipum, sem innleiddar verða með tilskipun 1999/63/EB, ná til skipa sem skráð eru utan ESB en taka höfn á ESB-svæðinu þrátt fyrir að vera ekki skráð á skipaskrám ríkja þess.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 28. mars 2001.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Árni R. Árnason.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Jónína Bjartmarz.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	

991. Fyrirspurn [618. mál]

til utanríkisráðherra um friðargæslu.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur og Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvernig miðar undirbúningi þátttöku Íslendinga í friðargæslu?
2. Hvernig verður framkvæmd friðargæslunnar háttað og hver mun þjálfa íslenska friðargæsluliða?
3. Hvað stendur til að þjálfa marga Íslendinga til slíkra starfa?
4. Hvers konar störf eiga Íslendingar að inna af hendi?
5. Hver er áætlaður kostnaður?
6. Er friðargæslan liður í þátttöku Íslendinga í NATO?

992. Tillaga til þingsályktunar [619. mál]

um staðfestingu breytinga á samningi um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT).

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir hönd Íslands breytingar á samningi um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT) sem gerðar voru á þingi aðildarríkja INMARSAT í London 20.–24. apríl 1998.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta breytingar á stofnsamningnum sem samþykktar voru á þingi aðildarríkja hans í London 20.–24. apríl 1998. Með þeim breytingum var nafni samningsins breytt í „samning um Alþjóðastofnun um farstöðvaþjónustu um gervitungl.“ Breyttur samningur er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Alþingi heimilaði ríkisstjórninni með ályktun 17. desember 1990 að gerast aðili að samningi um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT) sem gerður var í London 3. september 1976. Ísland gerðist síðan aðili að samningnum 26. mars 1991.

Samhliða stofnun INMARSAT árið 1976 var undirritaður rekstrarsamningur milli símastjórna í aðildarríkjunum. Rekstraraðilar, einn frá hverju aðildarríki, lögðu fram hlutafé til INMARSAT og hafa haft æðsta vald í daglegum rekstri INMARSAT. Í staðinn hafa rekstraraðilar haft einkarétt á aðgangi að gervitunglunum í því skyni að veita fjarskiptaþjónustu.

Gervitungl INMARSAT veita fjarskiptaþjónustu víðs vegar um heim, þ.m.t. talsíma-, telex- og gagnaflutningaþjónustu. Frá því að hafa einungis samband við skip hefur starfsemi INMARSAT í auknum mæli færst yfir í að annast jafnframt fjarskipti við flugvélar og farartæki á fastalandi. Fjarskiptamöguleikar INMARSAT gervitunglanna gegna mikilvægu hlutverki í alheims-neyðar- og öryggiskerfi sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur komið á fót.

Það hefur verið almenn stefna að afnema einkarétt í fjarskiptum og láta í þess stað markaðssjónarmiðin ráða. Sú stefna hefur valdið vaxandi gagnrýni á núverandi fyrirkomulag INMARSAT. Stjórnendur INMARSAT hafa því talið fyrirkomulag þeirra hindra eðlilegan vöxt og að einkarétturinn sem felst í stofnsamningnum sé byrði á INMARSAT við ríkjandi markaðsaðstæður. Á áðurnefndu þingi INMARSAT þar sem þátt tóku fulltrúar stjórnvalda í aðildarríkjunum var af þessum sökum ákveðið að breyta rekstrarforminu. Meginbreytingarnar eru eftirfarandi:

1. Stofnað verður nýtt fyrirtæki, Inmarsat Ltd., og verður það staðsett í Bretlandi. Hluthafar fyrirtækisins skulu velja því stjórn. Fyrirtækinu verður heimilt að afla fjármagns og stunda viðskipti. Eignir og skuldbindingar alþjóðastofnunarinnar INMARSAT verða færðar til hins nýja fyrirtækis, þ.m.t. gervitungl og aðstaða sem tengist þeim, fjármunaleigur, hugverk og starfsmannasamningar í samræmi við sérstakt samkomulag þar um.
2. Fyrirtækið Inmarsat Ltd. mun gefa út til INMARSAT, hér eftir nefnd stofnunin INMARSAT, sérstakt hlutabréf sem veitir stofnuninni neitunarvald gegn ákveðnum tegundum breytinga á samþykktum fyrirtækisins. Hlutabréfið mun jafnframt gefa stofnuninni ákveðin réttindi til íhlutunar um innri málefni fyrirtækisins. Hið sérstaka hlutabréf mun ekki hafa í för með sér nein fjárhagsleg réttindi en heimilar hins vegar stofnuninni að

krefjast þess að kallaður verði saman stjórnar- eða hluthafafundur svo að hún geti komið á framfæri áhyggjum sínum af frammistöðu fyrirtækisins á sviði almennrar þjónustu.

3. Stofnunin INMARSAT skal samanstanda af þingi aðildarríkja (Assembly of Parties) og embættisskrifstofu undir stjórn forstjóra.
4. Við stofnun hins nýja fyrirtækis Inmarsat Ltd. fá undirritunaraðilar upphaflegs rekstrarsamnings INMARSAT hlutabréf í fyrirtækinu sem samsvarar fyrri eignarhlut þeirra í INMARSAT. Eftir gildistöku hinnar nýju uppbyggingar Inmarsat Ltd. er umskráning hlutabréfa opin og eigendum í sjálfsvald sett. Núverandi hluthafar munu geta selt bréf sín hverjum sem er. Undantekning frá þessu frjálsræði með hlutabréfin er sú regla að stærsti hluturinn má aldrei verða umfram fimmtán hundraðshluta (15%).
5. Hinu sérstaka hlutabréfi stofnunarinnar INMARSAT tengjast þrjár heimildir:
   a. heimild til að beita neitunarvaldi vegna breytinga á samþykktum fyrirtækisins sem kynnu að hafa neikvæð áhrif á grunnreglur, sbr. 6. tölul.;
   b. heimild til að krefjast fundar með yfirstjórn fyrirtækisins til að koma á framfæri áhyggjum yfir því að ekki sé farið að grunnreglunum; og
   c. heimild til að kveða sér hljóðs á ársfundi eða kalla saman aukaaðalfund hluthafa til að taka til athugunar og leggja til ályktanir í sambandi við ákvarðanir yfirstjórnar af því tagi sem vísað er til hér að framan.
6. Með hliðsjón af þeirri þörf sem talin er vera fyrir sameiginlegt eftirlit ríkisstjórna verður aðaltilgangur stofnunarinnar INMARSAT að tryggja að fyrirtækið Inmarsat Ltd. uppfylli skyldur sem á því munu hvíla um að veita þjónustu í sambandi við alheims-neyðar- og öryggiskerfi fyrir siglingar og að fyrirtækið fari að eftirfarandi grunnreglum:
   a. að gætt sé jafnræðis milli ríkja;
   b. að starfsemin verði einungis í friðsamlegum tilgangi;
   c. að leitast verði við að þjóna öllum heimssvæðum þar sem þörf er fyrir farþjónustu um gervitungl; og
   d. að starfsemin sé rekin í anda sanngjarnrar samkeppni.
7. Stofnunin INMARSAT skal með samþykki þings stofnunarinnar gera samning við fyrirtækið Inmarsat Ltd. um almenna þjónustu. Stofnunin skal jafnframt komast að samkomulagi við fyrirtækið um fyrirkomulag að öðru leyti sem það kann að vera nauðsynlegt til þess að stofnunin geti haft eftirlit með og framfylgt því að fyrirtækið fari að grunnreglunum sem taldar eru upp í 6. tölul.
8. Stofnunin INMARSAT og fyrirtækið Inmarsat Ltd. skulu komast að samkomulagi um greiðslu á kostnaði og útgjöldum stofnunarinnar. Samkomulagið á að tryggja að fyrirtækið Inmarsat Ltd. beri kostnað af stofnun og starfrækslu embættisskrifstofu stofnunarinnar INMARSAT, kostnað við að halda þing stofnunarinnar og kostnað við ráðstafanir hennar til að tryggja að Inmarsat Ltd. virði grunnreglur.
9. Sérhvert aðildarríki getur með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila sagt sig úr stofnuninni og skal úrsögnin taka gildi við móttöku tilkynningarinnar.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UM ALÞJÓÐASTOFNUN UM FARSTÖÐVAÞJÓNUSTU UM GERVITUNGL.

Aðildarríki samnings þessa,

sem hafa í huga meginreglu ályktunar 1721 XVI. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna að þjóðir heims skulu allar og án mismununar eiga þess kost að nota gervitungl til fjarskipta svo fljótt sem verða má,

sem hafa í huga viðeigandi ákvæði samnings um rannsóknir og not ríkja á himingeimnum, tungli og stjörnum, sem gerður var hinn 27. janúar 1967, einkum 1. gr. hans þar sem segir að nýting himingeimsins skuli koma öllum löndum til góða og fara fram í þágu þeirra allra,

eru staðráðnir í að halda áfram að gera ráðstafanir í þessu skyni til hagsbóta fyrir fjarskiptanotendur allra þjóða með notkun fullkomnustu geimtækni sem völ er á, til þess að skapa bestu og hagkvæmustu aðstöðu sem unnt er og samræmist bestu og réttlátustu notkun tíðnirófsins og sporbauga gervitungla,

viðurkenna að Alþjóðlega stofnunin um farstöðvaþjónustu um gervitungl hafi, í samræmi við upphaflegan tilgang, komið á fót alheimskerfi farstöðvaþjónustu um gervitungl fyrir fjarskipti við skip, þ.m.t. neyðar- og öryggisfjarskipti sem skilgreind eru í alþjóðasamningi um öryggi mannslífa á hafinu frá 1974, með áorðnum breytingum, og í radióreglugerðinni sem skilgreind er í stofnskrá og samningi Alþjóðafjarskiptasambandsins, með áorðnum breytingum, sem uppfyllir ákveðnar þarfir um alheimsneyðar- og öryggiskerfi á sjó (GMDSS),

minnast þess að stofnunin hefur útvíkkað upphaflegan tilgang sinn með því að bjóða fjarskipti um gervitungl við loftför og á landi, þ.m.t. gervitunglafjarskipti við flugför fyrir flugumferðarstjórn og rekstrareftirlit loftfara (öryggisþjónusta flugsins) og veitir einnig þráðlausa staðsetningarþjónustu,

CONVENTION ON THE INTERNATIONAL MOBILE SATELLITE ORGANIZATION

THE STATES PARTIES TO THIS CONVENTION:

CONSIDERING the principle set forth in Resolution 1721 (XVI) of the General Assembly of the United Nations that communication by means of satellites should be available to the nations of the world as soon as practicable on a global and non-discriminatory basis,

CONSIDERING the relevant provisions of the Treaty on Principles Governing the Activities of States in the Exploration and Use of Outer Space, Including the Moon and Other Celestial Bodies, concluded on 27 January 1967, and in particular Article 1, which states that outer space shall be used for the benefit and in the interests of all countries,

DETERMINED, to this end, to continue to make provision for the benefit of telecommunications users of all nations through the most advanced suitable space technology available, for the most efficient and economic facilities possible consistent with the most efficient and equitable use of the radio frequency spectrum and of satellite orbits,

RECOGNIZING that the International Mobile Satellite Organization has, in accordance with its original purpose, established a global mobile satellite communications system for maritime communications, including distress and safety communications capabilities which are specified in the International Convention for the Safety of Life at Sea, 1974, as amended from time to time, and the Radio Regulations specified in the Constitution and the Convention of the International Telecommunication Union, as amended from time to time, as meeting certain radiocommunications requirements of the Global Maritime Distress and Safety System (GMDSS),

RECALLING that the Organization has extended its original purpose by providing aeronautical and land mobile satellite communications, including aeronautical satellite communications for air traffic management and aircraft operational control (aeronautical safety services), and is also providing radiodetermination services,

viðurkenna að aukin samkeppni í framboði farstöðvaþjónustu um gervitungl hefur gert það nauðsynlegt að Inmarsat gervitunglakerfið verði starfrækt af fyrirtækinu sem skilgreint er í 1. gr. svo það geti verið arðvænlegt í viðskiptum og þar með tryggja, sem grundvallarreglu, áframhald neyðar- og öryggisfjarskiptaþjónustu á sjó um gervitungl fyrir alheimsneyðar- og öryggiskerfið á sjó (GMDSS),

ACKNOWLEDGING that increased competition in the provision of mobile satellite services has made it necessary for the Inmarsat satellite system to be operated through the Company as defined in Article 1 in order that it can remain commercially viable and thereby ensure, as a basic principle, the continuity of maritime satellite distress and safety communications services for the Global Maritime Distress and Safety System (GMDSS),

með fyrirætlun um að fyrirtækið skuli virða ákveðnar aðrar grunnreglur, nefnilega jafnræði allra þjóða, stundi starfsemi í friðsamlegum tilgangi einum, sýni viðleitni til þess að þjóna öllum hafsvæðum þar sem þörf er fyrir farstöðvaþjónustu um gervitungl og sanngjarna samkeppni,

INTENDING that the Company will observe certain other basic principles, namely, non-discrimination on the basis of nationality, acting exclusively for peaceful purposes, seeking to serve all areas where there is a need for mobile satellite communications, and fair competition,

hafa veitt því eftirtekt að fyrirtækið mundi starfa á traustum efnahagslegum og fjárhagslegum grundvelli, með tilliti til viðurkenndra viðskiptavenja,

NOTING that the Company would operate on a sound economic and financial basis, having regard to accepted commercial principles,

staðfesta á ný að það er þörf fyrir sameiginlega yfirumsjón ríkisstjórna til að tryggja að félagið standi við skyldur sínar um framboð þjónustu fyrir alheims-neyðar- og öryggiskerfið á sjó (GMDSS) og framfylgi öðrum grundvallarreglum;

AFFIRMING that there is a need for intergovernmental oversight to ensure that the Company fulfils obligations for provision of services for the Global Maritime Distress and Safety System (GMDSS) and complies with the other basic principles;

eru ásátt um eftirfarandi:

AGREE AS FOLLOWS:

1. gr.
Skilgreiningar.

Article 1
Definitions

Í samningi þessum merkir:

For the purposes of this Convention:

(a) „stofnunin" yfirþjóðlegu stofnunina sem komið er á fót skv. 2. gr.

(a) "The Organization" means the intergovernmental organization established pursuant to Article 2.

(b) „fyrirtækið" lögaðila eða aðila sem komið er á fót samkvæmt innlendri löggjöf og innan hvers vébanda Inmarsat gervitunglakerfið er starfrækt.

(b) "The Company" means the corporate entity or entities established under national law and through which the Inmarsat satellite system is operated.

(c) „aðili" ríki sem samningur þessi hefur öðlast gildi gagnvart.

(c) "Party" means a State for which this Convention has entered into force.

(d) „samkomulag um almenna þjónustu" samkomulag sem gert var milli stofnunarinnar og fyrirtækisins sem vísað er til í grein 4(1).

(d) "Public Services Agreement" means the Agreement executed by the Organization and the Company, as referred to in Article 4(1).

(e) „GMDSS" alheims-neyðar- og öryggiskerfi skipa sem stofnað hefur verið til af Alþjóðasiglingastofnuninni.

(e) "GMDSS" means the Global Maritime Distress and Safety System as established by the International Maritime Organization.

2. gr.
Stofnun Inmarsat.

Article 2
Establishment of the Organization

Alþjóðastofnun um notkun gervitungla fyrir farstöðvar (Inmarsat), hér eftir nefnd „stofnunin", er hér með sett á fót.

The International Mobile Satellite Organization, herein referred to as "the Organization", is hereby established.

3. gr.
Tilgangur.

Tilgangur stofnunarinnar er að tryggja að fyrirtækið virði þær grundvallarreglur sem settar eru fram í þessari grein, þ.e.

(a) að tryggja áframhaldandi framboð á gervitunglafjarskiptum fyrir alheims-neyðar- og öryggisþjónustu skipa, sérstaklega þær sem tilteknar eru í alþjóðasamningnum um öryggi mannslífa á sjó frá 1974, með áorðnum breytingum, og radíóreglugerðinni sem skilgreind er í stofnsamningi og reglum Alþjóðafjarskiptasambandsins, með áorðnum breytingum, í sambandi við GMDSS;
(b) að bjóða fram þjónustu án mismununar á grundvelli þjóðernis;
(c) að starfa einungis í friðsamlegum tilgangi;
(d) að reyna að þjóna öllum svæðum þar sem þörf er fyrir gervitunglafjarskipti við farstöðvar og gefa strjálbýlum og fjarlægum héruðum þróunarríkja viðeigandi gaum;
(e) að starfa á þann hátt sem samrýmist sanngjarnri samkeppni háð viðeigandi lögum og reglum.

4. gr.
Framkvæmd grundvallarreglna.

(1) Stofnunin skal með samþykki þingsins annast framkvæmd samkomulags um almenna þjónustu við fyrirtækið og skal skipa þannig málum eins og nauðsynlegt kann að vera til að gera stofnuninni kleift að hafa umsjón með og tryggja að fyrirtækið virði grundvallarreglur þær sem fram eru settar í 3. gr. og koma í framkvæmd sérhverju öðru ákvæði þessa samnings.

(2) Sérhver aðili þess lands þar sem höfuðstöðvar fyrirtækisins eru staðsettar skal gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við innlend lög sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að gera fyrirtækinu kleift að veita GMDSS þjónustu og virða aðrar grundvallarreglur eins og vísað er til í 3. gr.

5. gr.
Skipulag.

Innan stofnunarinnar skulu starfa:

(a) þingið;
(b) embættisskrifstofa, undir stjórn forstjóra.

6. gr.
Þingið, skipan þess og fundir.

(1) Á þinginu eiga allir aðilar sæti.

(2) Þingið skal koma saman reglulega á tveggja ára fresti. Það skal kvatt saman til aukafunda að ósk

Article 3
Purpose

The purpose of the Organization is to ensure that the basic principles set forth in this Article shall be observed by the Company, namely:

(a) ensuring the continued provision of global maritime distress and safety satellite communications services, in particular those which are specified in the International Convention for the Safety of Life at Sea, 1974, as amended from time to time, and the Radio Regulations specified in the Constitution and the Convention of the International Telecommunication Union, as amended from time to time, relative to the GMDSS;
(b) providing services without discrimination on the basis of nationality;
(c) acting exclusively for peaceful purposes;
(d) seeking to serve all areas where there is a need for mobile satellite communications, giving due consideration to the rural and the remote areas of developing countries;
(e) operating in a manner consistent with fair competition, subject to applicable laws and regulations.

Article 4
Implementation of Basic Principles

(1) The Organization, with the approval of the Assembly, shall execute a Public Services Agreement with the Company and shall conclude such other arrangements as may be necessary to enable the Organization to oversee and ensure the observance by the Company of the basic principles set forth in Article 3, and to implement any other provision of this Convention.

(2) Any Party in whose territory the Company's headquarters are located shall take appropriate measures, in accordance with its national laws, as may be necessary to enable the Company to continue to provide GMDSS services and observe the other basic principles, as referred to in Article 3.

Article 5
Structure

The organs of the Organization shall be:

(a) The Assembly.
(b) A Secretariat, headed by a Director.

Article 6
Assembly - Composition and Meetings

(1) The Assembly shall be composed of all the Parties.

(2) Regular sessions of the Assembly shall be held once every two years. Extraordinary sessions shall be

þriðjungs aðilanna eða forstjórans eða eins og mælt kann að vera fyrir í fundarsköpum þingsins.

(3) Allir aðilar eiga rétt til að sækja og taka þátt í fundum þingsins óháð því hvar fundirnir eru haldnir. Fyrirkomulag sem gert er við sérhvert land sem er gestgjafi skal vera í samræmi við þessar skyldur.

convened upon the request of one-third of the Parties or upon the request of the Director, or as may be provided for in the Rules of Procedure for the Assembly.

(3) All Parties are entitled to attend and participate at meetings of the Assembly, regardless of where the meeting may take place. The arrangements made with any host country shall be consistent with these obligations.

7. gr.
Þingsköp.

(1) Á þinginu skal hver aðili hafa eitt atkvæði.

(2) Ákvarðanir um efnisatriði skal taka með tveimur þriðju hlutum atkvæða, en um þingsköp með einföldum meiri hluta þeirra aðila sem viðstaddir eru og atkvæði greiða. Aðilar sem sitja hjá við atkvæðagreiðslu skulu ekki taldir greiða atkvæði.

(3) Formaður ákvarðar hvort mál varði efnisatriði eða fundarsköp. Slíkri ákvörðun hans verður hnekkt með tveimur þriðju hlutum atkvæða þeirra sem viðstaddir eru og greiða atkvæði.

(4) Þingfundur er lögmætur ef meiri hluti aðila sækir hann.

Article 7
Assembly - Procedure

(1) Each Party shall have one vote in the Assembly.

(2) Decisions on matters of substance shall be taken by a two-thirds majority, and on procedural matters by a simple majority, of the Parties present and voting. Parties which abstain from voting shall be considered as not voting.

(3) Decisions whether a question is procedural or substantive shall be taken by the Chairman. Such decisions may be overruled by a two-thirds majority of the Parties present and voting.

(4) A quorum for any meeting of the Assembly shall consist of a majority of the Parties.

8. gr.
Störf þingsins.

Þingið skal hafa eftirfarandi starfssvið:

(a) að huga að og endurskoða tilgang, almenna stefnumörkun og langtímamarkmið stofnunarinnar og starfsemi fyrirtækisins sem lýtur að þeim grundvallarreglum sem settar eru fram í 3. gr. og taka með í reikninginn sérhverja tillögu fyrirtækisins þar að lútandi;

(b) að gera allar ráðstafanir eða viðtaka starfsreglur sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja að fyrirtækið virði grundvallarreglurnar sem 4. gr. kveður á um, þar með talið samþykkt niðurstöðu, breytinga og endaloka samkomulagsins um almenna þjónustu samkvæmt grein 4(1);

(c) að taka ákvörðun um spurningar um formlegt samband stofnunarinnar og ríkja, hvort sem þau eru aðilar eða ekki, og alþjóðasamtaka;

(d) að ákvarða um sérhverja breytingu á þessum reglum í samræmi við 18. gr.;

(e) að skipa forstjóra skv. 9. gr. og að víkja forstjóranum úr starfi; og

(f) að gegna sérhverju öðru hlutverki sem því er falið samkvæmt einhverri annarri grein þessara reglna.

Article 8
Assembly - Functions

The functions of the Assembly shall be:

(a) to consider and review the purposes, general policy and long term objectives of the Organization and the activities of the Company which relate to the basic principles, set forth in Article 3, taking into account any recommendations made by the Company thereon;

(b) to take any steps or procedures necessary to ensure observance by the Company of the basic principles, as provided for in Article 4, including approval of the conclusion, modification and termination of the Public Services Agreement under Article 4(1);

(c) to decide upon questions concerning formal relationships between the Organization and States, whether Parties or not, and international organizations;

(d) to decide upon any amendment to this Convention pursuant to Article 18 thereof;

(e) to appoint a Director under Article 9 and to remove the Director; and

(f) to exercise any other function conferred upon it under any other Article of this Convention.

9. gr.
Embættisskrifstofa.

(1) Skipunartími forstjórans skal vera fjögur ár eða hver sá annar tími sem þingið ákveður.

(2) Forstjórinn skal vera fulltrúi stofnunarinnar að lögum og aðalframkvæmdastjóri embættisskrifstofunnar og skal vera ábyrgur gagnvart stjórn þingsins og heyra undir þingið.
(3) Forstjórinn skal, með fyrirvara um leiðbeiningar og fyrirmæli þingsins, ákvarða skipulag, starfsmannafjölda og staðlaða ráðningarskilmála yfirmanna, starfsmanna, sérfræðinga og annarra ráðgefandi aðila skrifstofunnar og skal skipa starfslið embættisskrifstofunnar.
(4) Meginatriði við skipun forstjórans og annars starfsliðs embættisskrifstofunnar skal vera að tryggja bestu frammistöðu að því er varðar ráðvendni, hæfni og dugnað.
(5) Stofnunin skal gera við sérhvern aðila í landi þar sem stofnunin kemur embættisskrifstofunni á fót samkomulag háð samþykki þingsins um alla aðstöðu, forréttindi og friðhelgi stofnunarinnar, forstjóra hennar, aðra yfirmenn og fulltrúa aðila meðan þeir eru á landsvæði ríkisstjórnar sem er gestgjafi í þeim tilgangi að gegna hlutverkum sínum. Rifta skal samkomulaginu ef embættisskrifstofan er flutt frá landsvæði ríkisstjórnar þar sem samtökin starfa.
(6) Allir aðilar nema sá aðili sem hefur gert það samkomulag sem vísað er til í lið (5) skulu gera með sér reglur um forréttindi og friðhelgi stofnunarinnar, forstjóra hennar, starfslið, sérfræðinga sem vinna verkefni fyrir stofnunina og fulltrúa aðila á meðan þeir eru á landsvæði aðila í þeim tilgangi að gegna hlutverkum sínum. Reglurnar skulu vera óháðar samkomulagi þessu og mæla fyrir um skilyrði fyrir niðurfellingu þeirra.

10. gr.
Kostnaður.

(1) Stofnunin skal í samkomulaginu um almenna þjónustu gera ráðstafanir til þess að kostnaður í tengslum við eftirfarandi sé greiddur af fyrirtækinu:
(a) stofnun og starfsemi embættisskrifstofunnar;
(b) fundi þingsins; og
(c) framkvæmd sérhverra ákvarðana sem stofnunin tekur í samræmi við 4. gr. til að tryggja að fyrirtækið virði grundvallarreglur.

(2) Hver aðili skal bera eigin kostnað af þátttöku í fundum þingsins.

Article 9
Secretariat

(1) The term of appointment of the Director shall be for four years or such other term as the Assembly decides.
(2) The Director shall be the legal representative of the Organization and Chief Executive Officer of the Secretariat, and shall be responsible to and under the direction of the Assembly.
(3) The Director shall, subject to the guidance and instructions of the Assembly, determine the structure, staff levels and standard terms of employment of officials and employees, and consultants and other advisers to the Secretariat, and shall appoint the personnel of the Secretariat.
(4) The paramount consideration in the appointment of the Director and other personnel of the Secretariat shall be the necessity of ensuring the highest standards of integrity, competency and efficiency.
(5) The Organization shall conclude, with any Party in whose territory the Organization establishes the Secretariat, an agreement, to be approved by the Assembly, relating to any facilities, privileges and immunities of the Organization, its Director, other officers, and representatives of Parties whilst in the territory of the host Government, for the purpose of exercising their functions. The agreement shall terminate if the Secretariat is moved from the territory of the host Government.
(6) All Parties, other than a Party which has concluded an agreement referred to in paragraph (5), shall conclude a Protocol on the privileges and immunities of the Organization, its Director, its staff, of experts performing missions for the Organization and representatives of Parties whilst in the territory of Parties for the purposes of exercising their functions. The Protocol shall be independent of this Convention and shall prescribe the conditions for its termination.

Article 10
Costs

(1) The Organization shall, in the Public Services Agreement, arrange for the costs associated with the following to be paid by the Company:
(a) establishment and operation of the Secretariat;
(b) the holding of Assembly sessions; and
(c) the implementation of any measures taken by the Organization in accordance with Article 4 to ensure that the Company observes the basic principles.

(2) Each Party shall meet its own costs of representation at Assembly meetings.

11. gr.
Skaðabótaskylda.

Aðilar eru sem slíkir ekki skaðabótaskyldir vegna athafna eða skuldbindinga stofnunarinnar eða fyrirtækisins nema gagnvart ríkjum sem ekki eru aðilar eða mönnum eða lögaðilum sem þau kunna að vera í fyrirsvari fyrir að því leyti sem ábyrgð kann að leiða af þjóðréttarsamningum sem í gildi eru milli aðilans og viðkomandi ríkis sem er ekki aðili. Hins vegar skal þetta ekki koma í veg fyrir að aðili, sem krafinn hefur verið um greiðslu bóta til ríkis sem ekki er aðili eða manns eða lögaðila sem það kann að vera í fyrirsvari fyrir, nýti sér rétt sem hann kann að eiga gagnvart öðrum aðila samkvæmt þjóðréttarsamningnum.

Article 11
Liability

Parties are not, in their capacity as such, liable for the acts and obligations of the Organization or the Company, except in relation to non-Parties or natural or juridical persons they might represent in so far as such liability may follow from treaties in force between the Party and the non-Party concerned. However, the foregoing does not preclude a Party which has been required to pay compensation under such a treaty to a non-Party or to a natural or juridical person it might represent from invoking any rights it may have under that treaty against any other Party.

12. gr.
Lögaðili.

Stofnunin skal vera lögaðili. Til þess að hún geti starfað á réttan hátt skal hún sérstaklega hafa hæfi til samningagerðar, til að eignast, leigja, hafa í umráðum og afsala sér lausafé og fasteignum, vera aðili að dómsmálum og gera samninga við ríki eða alþjóðlegar stofnanir.

Article 12
Legal Personality

The Organization shall have legal personality. For the purpose of its proper functioning, it shall, in particular, have the capacity to contract, to acquire, lease, hold and dispose of movable and immovable property, to be a party to legal proceedings and to conclude agreements with States or international organizations.

13. gr.
Tengsl við aðrar alþjóðastofnanir.

Stofnunin skal eiga samstarf við Sameinuðu þjóðirnar og stofnanir þeirra sem fást við friðsamleg not af himingeimnum og höfum jarðar, sérstofnanir þeirra og aðrar alþjóðastofnanir um sameiginleg hagsmunamál.

Article 13
Relationship with other International Organizations

The Organization shall cooperate with the United Nations and its bodies dealing with the Peaceful Uses of Outer Space and Ocean Area, its Specialized Agencies, as well as other international organizations, on matters of common interest.

14. gr.
Úrsögn.

Sérhver aðili getur hvenær sem er sagt sig úr stofnuninni með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila og skal slík úrsögn taka gildi við móttöku vörsluaðila á slíkri tilkynningu.

Article 14
Withdrawal

Any Party may, by written notification to the Depositary, withdraw voluntarily from the Organization at any time, such withdrawal to be effective upon receipt by the Depositary of such notification.

15. gr.
Lausn deilumála.

Deilur milli aðila eða milli aðila og stofnunarinnar varðandi sérhvert mál sem verður til vegna samnings þessa skal leysa með samningaviðræðum þeirra sem í hlut eiga. Hafi sættir ekki tekist innan árs frá því að deiluaðili óskaði eftir lausn á deilunni og deiluaðilar hafa þá ekki komið sér saman um annaðhvort (a) í deilumálum milli aðila að leggja þau fyrir Alþjóðadómstólinn; eða (b) í öðrum deilumálum um einhverja aðra aðferð til að leysa úr ágreiningi má vísa deilunni, ef deiluaðilar samþykkja, til gerðardóms í samræmi við viðauka við samning þennan.

Article 15
Settlement of Disputes

Disputes between Parties, or between Parties and the Organization, relating to any matter arising under this Convention, should be settled by negotiation between the parties concerned. If within one year of the time any party has requested settlement, a settlement has not been reached and if the parties to the dispute have not agreed either (a) in the case of disputes between Parties to submit it to the International Court of Justice; or (b) in the case of other disputes to some other procedure for settling disputes, the dispute may, if the parties to the dispute consent, be submitted to arbitration in accordance with the Annex to this Convention.

16. gr.
Samþykki um skuldbindingu.

(1) Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar í London þar til hann öðlast gildi og skal eftir það vera opinn til aðildar. Öll ríki geta gerst aðilar að samningnum með:
(a) undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, eða
(b) undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki sem fullgilding, staðfesting eða samþykki fylgir, eða
(c) aðild.

(2) Fullgilding, staðfesting eða samþykki skal fara fram með afhendingu viðeigandi skjals til vörsluaðila.

(3) Eigi má gera fyrirvara við samning þennan.

17. gr.
Gildistaka.

(1) Samningur þessi skal öðlast gildi sextíu dögum eftir að ríki sem eru fulltrúar fyrir 95 af hundraði upphaflegs hlutafjár hafa gerst aðilar að honum.

(2) Hafi samningur þessi ekki öðlast gildi innan 36 mánaða frá þeim degi er hann var lagður fram til undirritunar skal hann þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. ekki öðlast gildi.

(3) Gagnvart ríki sem afhendir fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjal sitt eftir að samningur þessi hefur öðlast gildi skal fullgildingin, staðfestingin, samþykkið eða aðildin öðlast gildi á afhendingardegi.

18. gr.
Breytingar.

(1) Sérhver aðili getur lagt fram tillögur til breytinga á samningi þessum og skal þeim dreift af forstjóranum til allra annarra aðila og til fyrirtækisins. Þingið skal fjalla um breytingartillöguna eigi fyrr en sex mánuðum þar á eftir og hafa í huga sérhverjar tillögur fyrirtækisins. Frest þennan getur þingið í einstökum tilfellum stytt með ákvörðun um efnisatriði í allt að þrjá mánuði.

(2) Ef breytingartillaga er samþykkt af þinginu skal hún öðlast gildi 120 dögum eftir að vörsluaðili hefur tekið við tilkynningu um samþykki frá tveimur þriðju hlutum þeirra ríkja sem voru aðilar þegar þingið samþykkti tillöguna. Breytingin skal vera bindandi við gildistöku fyrir alla aðila sem hafa samþykkt hana. Fyrir sérhvert annað ríki sem var aðili þegar þingið samþykkti breytinguna skal hún verða bindandi á þeim degi sem vörsluaðili tekur við tilkynningu þess um samþykkt.

Article 16
Consent to be Bound

(1) This Convention shall remain open for signature in London until entry into force and shall thereafter remain open for accession. All States may become Parties to the Convention by:
(a) Signature not subject to ratification, acceptance or approval, or
(b) Signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval, or
(c) accession.

(2) Ratification, acceptance, approval or accession shall be effected by the deposit of the appropriate instrument with the Depositary.

(3) Reservations cannot be made to this Convention.

Article 17
Entry into Force

(1) This Convention shall enter into force sixty days after the date on which States representing 95 percent of the initial investment shares have become Parties to the Convention.

(2) Notwithstanding paragraph (1), if the Convention has not entered into force within thirty-six months after the date it was opened for signature, it shall not enter into force.

(3) For a State which deposits an instrument of ratification, acceptance, approval or accession after the date on which the Convention has entered into force, the ratification, acceptance, approval or accession shall take effect on the date of deposit.

Article 18
Amendments

(1) Amendments to this Convention may be proposed by any Party, and shall be circulated by the Director to all other Parties and to the Company. The Assembly shall consider the amendment not earlier than six months thereafter, taking into account any recommendation of the Company. This period may in any particular case be reduced by the Assembly by a substantive decision by up to three months.

(2) If adopted by the Assembly, the amendment shall enter into force one hundred and twenty days after the Depositary has received notices of acceptance from two-thirds of those States which, at the time of adoption by the Assembly, were Parties. Upon entry into force, the amendment shall become binding upon those Parties that have accepted it. For any other State which was a Party at the time of adoption of the amendment by the Assembly, the amendment shall become binding on the day the Depositary receives its notice of acceptance.

19. gr.
Vörsluaðili.

(1) Vörsluaðili samnings þessa skal vera aðalritari Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

(2) Vörsluaðili skal þegar í stað tilkynna öllum ríkjum um:
(a) Sérhverja undirritun samnings þessa.
(b) Sérhverja afhendingu fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjala.
(c) Gildistöku samnings þessa.
(d) Samþykkt sérhverra breytinga á samningi þessum og um gildistöku þeirra.
(e) Sérhverja tilkynningu um úrsögn.
(f) Aðrar tilkynningar og orðsendingar sem samninginn varða.

(3) Þegar breytingar á samningi þessum öðlast gildi skal vörsluaðili senda skrifstofu Sameinuðu þjóðanna staðfest afrit hans til skráningar og birtingar skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna undirritað samning þennan.

GJÖRT Í LONDON 3. september 1976 á ensku, frönsku, rússnesku og spænsku en allir textarnir eru jafngildir í einu frumriti sem skal sent vörsluaðila til varðveislu, en hann skal senda ríkisstjórn hvers ríkis sem boðið var að taka þátt í alþjóðaráðstefnu um stofnun alþjóðlegs gervitunglakerfis fyrir siglingar og ríkisstjórn hvers þess ríkis sem undirritar samning þennan eða gerist aðili að honum staðfest afrit hans.

Article 19
Depositary

(1) The Depositary of this Convention shall be the Secretary-General of the International Maritime Organization.

(2) The Depositary shall promptly inform all Parties of:
(a) Any signature of the Convention.
(b) The deposit of any instrument of ratification, acceptance, approval or accession.
(c) The entry into force of the Convention.
(d) The adoption of any amendment to the Convention and its entry into force.
(e) Any notification of withdrawal.
(f) Other notifications and communications relating to the Convention.

(3) Upon entry into force of an amendment to the Convention, the Depositary shall transmit a certified copy to the Secretariat of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, duly authorized by their respective Governments, have signed this Convention.

DONE AT LONDON this third day of September one thousand nine hundred and seventy-six in the English, French, Russian and Spanish languages, all the texts being equally authentic, in a single original which shall be deposited with the Depositary, who shall send a certified copy to the Government of each of the States which were invited to attend the International Conference on the Establishment of an International Maritime Satellite System and to the Government of any other State which signs or accedes to this Convention.

VIÐAUKI

REGLUR UM LAUSN DEILUMÁLA SEM VÍSAÐ ER TIL Í 15. GR. SAMNINGSINS.

1. gr.

Deilur sem sjá má að falli undir 15. gr. samningsins skulu meðhöndlaðar af þriggja manna gerðardómi.

2. gr.

Málshefjandi eða hópur málshefjenda sem óska þess að leggja deilu fyrir gerðardóm skulu afhenda hverjum gagnaðila og embættisskrifstofunni skjal sem inniheldur:

ANNEX

PROCEDURES FOR THE SETTLEMENT OF DISPUTES REFERRED TO IN ARTICLE 15 OF THE CONVENTION

Article 1

Disputes cognizable pursuant to Article 15 of the Convention shall be dealt with by an arbitral tribunal of three members.

Article 2

Any petitioner or group of petitioners wishing to submit a dispute to arbitration shall provide each respondent and the Secretariat with a document containing:

(a) Tæmandi lýsingu á deilunni, ástæður þess að hver gagnaðili fyrir sig er krafinn um þátttöku í málinu og þær aðgerðir sem óskað er eftir;
(b) Ástæður þess að efni deilunnar fellur undir lögsögu gerðardómsins og hvers vegna framkvæma má aðgerðir þær sem beðið er um ef gerðardómurinn fellur kæranda í vil;
(c) Skýringu á því hvers vegna málshefjanda hefur reynst ókleift að jafna deiluna með viðræðum eða annars konar aðferðum öðrum en gerðardómi;
(d) Sönnun á samþykki eða viðurkenningu deiluaðila þegar slíkt er forsenda fyrir því að leggja mál fyrir gerðardóm;
(e) Nafn þess sem málshefjandi tilnefnir til þess að eiga sæti í gerðardóminum.

Embættisskrifstofan skal þegar í stað dreifa skjalinu til allra aðildarríkja.

3. gr.

(1) Innan sextíu daga frá því að afrit af skjalinu sem lýst er í 2. gr. hefur borist í hendur allra gagnaðila skulu þeir sameiginlega útnefna einstakling til þess að eiga sæti í gerðardóminum. Innan þess tímabils mega gagnaðilar sameiginlega eða hver fyrir sig afhenda hverjum deiluaðila og embættisskrifstofunni skjal sem lýsi yfir viðbrögðum þeirra hvers fyrir sig eða sameiginlega til skjalsins sem lýst er í 2. gr. og sem inniheldur gagnkröfur sem til kunna að verða vegna viðkomandi deilumáls.
(2) Innan þrjátíu daga frá útnefningu hinna tveggja meðlima gerðardómsins skulu þeir komast að samkomulagi um þriðja meðlim gerðardómsins. Hann má ekki vera af sama þjóðerni eða vera búsettur í sama landi og einhver deiluaðila eða í þjónustu hans.
(3) Ef annar hvor deiluaðila bregst því að tilnefna fulltrúa í gerðardóminn innan tilskilins tíma eða ef þriðji meðlimur gerðardómsins hefur ekki verið skipaður innan settra tímamarka getur forseti Alþjóðadómstólsins, eða ef hann getur ekki brugðist við eða er af sama þjóðerni og deiluaðili, varaforsetinn, eða ef hann getur ekki brugðist við eða er af sama þjóðerni og deiluaðili, elsti dómaranna sem er ekki af sama þjóðerni og deiluaðili, að beiðni annars hvors deiluaðila skipað dómara einn eða fleiri eftir því sem málsatvik krefjast.
(4) Þriðji gerðardómarinn skal vera forseti gerðardómsins.
(5) Gerðardómurinn telst skipaður strax og forseti hans hefur verið valinn.

4. gr.

(1) Ef sæti losnar í gerðardóminum af einhverri ástæðu sem forseti eða aðrir meðlimir gerðardómsins sem eftir eru ákveða að sé ekki á færi deiluaðila að

(a) A full description of the dispute, the reasons why each respondent is required to participate in the arbitration, and the measures being requested;
(b) The reasons why the subject matter of the dispute comes within the competence of a tribunal and why the measures requested can be granted if the tribunal finds in favour of the petitioner;
(c) An explanation why the petitioner has been unable to achieve a settlement of the dispute by negotiation or other means short of arbitration;
(d) Evidence of the agreement or consent of the disputants when this is a condition for arbitration;
(e) The name of the person designated by the petitioner to serve as a member of the tribunal.

The Secretariat shall promptly distribute a copy of the document to each Party.

Article 3

(1) Within sixty days from the date copies of the document described in Article 2 have been received by all the respondents, they shall collectively designate an individual to serve as a member of the tribunal. Within that period, the respondents may jointly or individually provide each disputant and the Secretariat with a document stating their individual or collective responses to the document referred to in Article 2 and including any counter-claims arising out of the subject matter of the dispute.
(2) Within thirty days after the designation of the two members of the tribunal, they shall agree on a third arbitrator. He shall not be of the same nationality as, or resident in the territory of, any disputant, or in its service.
(3) If either side fails to nominate an arbitrator within the period specified or if the third arbitrator is not appointed within the period specified, the President of the International Court of Justice, or, if he is prevented from acting or is of the same nationality as a disputant, the Vice-President, or, if he is prevented from acting or is of the same nationality as a disputant, the senior judge who is not of the same nationality as any disputant, may at the request of either disputant, appoint an arbitrator or arbitrators as the case requires.
(4) The third arbitrator shall act as president of the tribunal.
(5) The tribunal is constituted as soon as the president is selected.

Article 4

(1) If a vacancy occurs in the tribunal for any reason which the president or the remaining members of the tribunal decide is beyond the control of the disputants,

stýra eða er samrýmanlegt réttri stjórn málaferlanna skal fylla sætið í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

(a) Ef sætið losnar sem afleiðing úrsagnar meðlims sem skipaður er af öðrum hvorum málsaðila skal sá aðili velja nýjan aðila innan tíu daga frá því að sætið losnar.
(b) Ef sæti losnar sem afleiðing úrsagnar forseta eða meðlims sem skipaður er samkvæmt grein 3(3) skal velja nýjan aðila með þeim hætti sem lýst er í 2. mgr. eða 3. mgr. 3. gr. eftir því sem við á.

(2) Ef sæti losnar af einhverri annarri ástæðu eða ef sæti er ekki fyllt skv. 1. mgr. skal sá hluti gerðardóms sem eftir stendur hafa vald, óháð 1. gr., að beiðni annars hvors málsaðila, til að halda áfram málaferlunum og taka lokaákvörðun í gerðardóminum.

5. gr.

(1) Gerðardómurinn skal ákveða tíma og staðsetningu fyrir fundi sína.
(2) Málaferlin skulu fara fram fyrir luktum dyrum og öll málsskjöl skulu vera trúnaðarskjöl. Hins vegar skal stofnunin eiga rétt á að vera við málaferlin og hafa aðgang að framlögðum skjölum. Þegar stofnunin er aðili að málinu skulu öll aðildarríki eiga rétt á því að vera viðstödd og eiga aðgang að þeim skjölum sem lögð eru fram.
(3) Ef deila rís um lögsögu gerðardómsins skal gerðardómurinn taka afstöðu til hennar fyrst.

(4) Málaferlin skulu fara fram skriflega og hvor aðili skal eiga rétt til þess að leggja fram skrifleg sönnunargögn til stuðnings kæru sinni um efni og lagaform. Hins vegar má flytja mál munnlega og gefa vitnisburð ef gerðardómurinn telur það viðeigandi.
(5) Málaferlin skulu hefjast á kynningu málshefjanda á málinu þ.m.t. rökum hans, skyldum rökum sem staðfest eru með sönnunargögnum og þeim lagareglum sem stuðst er við. Á eftir málshefjanda skulu koma andsvör gagnaðila. Málshefjandi getur lagt fram svar við andmælum gagnaðila og gagnaðili getur lagt fram andsvar. Frekari málflutningur skal einungis fara fram ef gerðardómur telur slíkt nauðsynlegt.
(6) Gerðardómurinn skal veita áheyrn og ákvarða gagnkröfur sem fram koma vegna beinna tengsla við efni deilunnar ef gagnkröfur eru innan lögsögu gerðardómsins eins og hún er skilgreind í 15. gr. samningsins.
(7) Ef deiluaðilar ná samkomulagi meðan á málaferlum stendur skal skrá samkomulagið í formi ákvörðunar gerðardómsins sem deiluaðilar veita samþykki.

or is compatible with the proper conduct of the arbitration proceedings, the vacancy shall be filled in accordance with the following provisions:
(a) If the vacancy occurs as a result of the withdrawal of a member appointed by a side to the dispute, then that side shall select a replacement within ten days after the vacancy occurs;
(b) If the vacancy occurs as a result of the withdrawal of the president or of a member appointed pursuant to Article 3(3), a replacement shall be selected in the manner described in paragraph (2) or (3), respectively, of Article 3.

(2) If a vacancy occurs for any other reason, or if a vacancy occurring pursuant to paragraph (1) is not filled, the remainder of the tribunal shall have the power, notwithstanding Article 1, upon request of one side, to continue the proceedings and give the final decision of the tribunal.

Article 5

(1) The tribunal shall decide the date and place of its meetings.
(2) The proceedings shall be held in private and all material presented to the tribunal shall be confidential. However, the Organization shall have the right to be present and shall have access to the material presented. When the Organization is a disputant in the proceedings, all Parties shall have the right to be present and shall have access to the material presented.
(3) In the event of a dispute over the competence of the tribunal, the tribunal shall deal with that question first.
(4) The proceedings shall be conducted in writing, and each side shall have the right to submit written evidence in support of its allegations of fact and law. However, oral arguments and testimony may be given if the tribunal considers it appropriate.
(5) The proceedings shall commence with the presentation of the case of the petitioner containing its arguments, related facts supported by evidence and the principles of law relied upon. The case of the petitioner shall be followed by the counter-case of the respondent. The petitioner may submit a reply to the counter-case of the respondent and the respondent may submit a rejoinder. Additional pleadings shall be submitted only if the tribunal determines they are necessary.
(6) The tribunal shall hear and determine counter-claims arising directly out of the subject matter of the dispute, if the counter-claims are within its competence as defined in Article 15 of the Convention.

(7) If the disputants reach an agreement during the proceedings, the agreement shall be recorded in the form of a decision of the tribunal given by consent of the disputants.

(8) Gerðardómurinn getur hvenær sem er meðan á málaferlunum stendur lokið þeim ef hann ákveður að deilan falli utan lögsögu hans eins og hún er skilgreind í 15. gr. samningsins.
(9) Umfjöllun gerðardómsins skal haldið leyndri.
(10) Birta skal ákvörðun gerðardómsins skriflega og skal hún vera studd með skriflegri álitsgerð. Dómar og ákvarðanir gerðardómsins verða að hljóta samþykki að minnsta kosti tveggja meðlima gerðardómsins. Meðlimur sem er andvígur tekinni ákvörðun getur skilað séráliti.
(11) Gerðardómurinn skal senda ákvörðun sína til embættisskrifstofunnar sem skal senda hana til allra aðildarríkja.
(12) Gerðardómurinn getur samþykkt viðbótarmálsmeðferðarreglur sem eru í samræmi við reglur þessa viðauka og viðeigandi fyrir málaferlin.

(8) At any time during the proceedings, the tribunal may terminate the proceedings if it decides the dispute is beyond its competence as defined in Article 15 of the Convention.
(9) The deliberations of the tribunal shall be secret.
(10) The decisions of the tribunal shall be presented in writing and shall be supported by a written opinion. Its rulings and decisions must be supported by at least two members. A member dissenting from the decision may submit a separate written opinion.

(11) The tribunal shall forward its decision to the Secretariat, which shall distribute it to all Parties.

(12) The tribunal may adopt additional rules of procedure, consistent with those established by this Annex, which are appropriate for the proceedings.

6. gr.

Ef annar málsaðili kynnir ekki mál sitt getur hinn málsaðilinn farið fram á að gerðardómurinn taki ákvörðun á grundvelli málskynningar sinnar. Áður en gerðardómurinn tekur ákvörðun sína skal hann fullvissa sig um að hann hafi lögsögu í málinu og að málatilbúnaður sé vel grundvallaður á staðreyndum og lagaákvæðum.

Article 6

If one side fails to present its case, the other side may call upon the tribunal to give a decision on the basis of its presentation. Before giving its decision, the tribunal shall satisfy itself that it has competence and that the case is well-founded in fact and in law.

7. gr.

Sérhver aðili eða stofnunin getur sótt um leyfi til gerðardómsins til að skerast í leikinn og gerast viðbótardeiluaðili. Gerðardómurinn skal veita samþykki ef hann ákveður að umsækjandi hafi umtalsverða hagsmuni af málinu.

Article 7

Any Party or the Organization may apply to the tribunal for permission to intervene and become an additional disputant. The tribunal shall grant permission if it determines that the applicant has a substantial interest in the case.

8. gr.

Gerðardómurinn getur skipað sérfræðinga sér til aðstoðar að beiðni deiluaðila eða að eigin frumkvæði.

Article 8

The tribunal may appoint experts to assist it at the request of a disputant or on its own initiative.

9. gr.

Sérhver aðili og stofnunin skulu veita allar upplýsingar sem gerðardómurinn, að beiðni deiluaðila eða að eigin frumkvæði, ákveður að þörf sé fyrir vegna málsmeðferðar og ákvörðunar í deilunni.

Article 9

Each Party and the Organization shall provide all information which the tribunal, at the request of a disputant or on its own initiative, determines to be required for the handling and determination of the dispute.

10. gr.

Áður en kemur að lokaákvörðun getur gerðardómurinn gefið til kynna bráðabirgðaaðgerðir sem hann álítur að grípa eigi til til þess að viðhalda rétti hvors deiluaðila.

Article 10

Pending the final decision, the tribunal may indicate any provisional measures which it considers ought to be taken to preserve the respective rights of the disputants.

11. gr.

(1) Ákvörðun gerðardómsins skal samrýmast alþjóðalögum og vera byggð á:
(a) samningnum;

Article 11

(1) The decision of the tribunal shall be in accordance with international law and be based on:
(a) The Convention;

(b) almennt viðurkenndum meginreglum laga.
(2) Ákvörðun gerðardómsins, þ.m.t. sérhver ákvörðun tekin samkvæmt grein 5(7), skal vera bindandi fyrir alla deiluaðila og skal framfylgt af þeim í góðri trú. Ef stofnunin er deiluaðili og gerðardómurinn ákveður að ákvörðun einhvers stjórntækis stofnunarinnar sé ógild vegna þess að hún hefur ekki verið heimiluð af eða í samræmi við samninginn skal ákvörðun gerðardómsins vera bindandi fyrir alla aðila.
(3) Ef deila rís um merkingu eða gildissvið ákvörðunar gerðardómsins skal hann skýra hana að beiðni einhvers deiluaðila.

12. gr.

Nema gerðardómurinn ákvarði annað vegna sérstaka kringumstæðna málsins skal kostnaði við gerðardóminn, þ.m.t. greiðslum til meðlima gerðardómsins, skipt jafnt milli málsaðila. Þegar málsaðili er skipaður fleiri en einum deiluaðila skal gerðardómurinn jafna niður hlut þess málsaðila milli viðeigandi deiluaðila. Þegar stofnunin er deiluaðili skal kostnaður þess vegna gerðardómsins skoðaður sem liður í stjórnunarkostnaði stofnunarinnar.

BREYTING Á REKSTRARSAMKOMULAGI VEGNA SAMNINGS UM ALÞJÓÐASTOFNUN UM FARSTÖÐVAÞJÓNUSTU UM GERVITUNGL

Samkomulagi þessu er sagt upp þegar samningurinn rennur út eða þegar breytingar við hann, um niðurfellingu tilvísana til rekstrarsamkomulagsins, öðlast gildi, eftir því hvort verður fyrr.

(b) Generally accepted principles of law.
(2) The decision of the tribunal, including any reached by agreement of the disputants pursuant to Article 5(7), shall be binding on all the disputants, and shall be carried out by them in good faith. If the Organization is a disputant, and the tribunal decides that a decision of any organ of the Organization is null and void as not being authorized by or in compliance with the Convention, the decision of the tribunal shall be binding on all Parties.
(3) If a dispute arises as to the meaning or scope of its decision, the tribunal shall construe it at the request of any disputant.

Article 12

Unless the tribunal determines otherwise because of the particular circumstances of the case, the expenses of the tribunal, including the remuneration of the members of the tribunal, shall be borne in equal shares by each side. Where a side consists of more than one disputant, the tribunal shall apportion the share of that side among the disputants on that side. Where the Organization is a disputant, its expenses associated with the arbitration shall be regarded as an administrative cost of the Organization.

AMENDMENT TO THE OPERATING AGREEMENT ON THE INTERNATIONAL MOBILE SATELLITE ORGANIZATION

This Agreement shall terminate either when the Convention ceases to be in force or when amendments to the Convention deleting references to the Operating Agreement enter into force, whichever is earlier.

993. Frumvarp til laga [620. mál]

um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.

Flm.: Mörður Árnason, Guðrún Ögmundsdóttir.

1. gr.

Í stað orðanna „danskir, finnskir, norskir og sænskir“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: erlendir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Erlendir ríkisborgarar sem sest hafa að á Íslandi eða dvalist í landinu um nokkurt skeið hafa að norrænum mönnum undanteknum ekki rétt til þátttöku í kosningum. Eðlilegt er að slík þátttaka í landsmálum einskorðist við íslenska ríkisborgara, sem einir hafi kosningarrétt og kjörgengi í alþingiskosningum og forsetakosningum. Öðru máli gegnir um kosningar til sveitarstjórnar og atkvæðagreiðslur sem miðast við kjörskrá í sveitarstjórnarkosningum. Þótt erlendur ríkisborgari kjósi að halda ríkisfangi sínu á hann heima í íslenska sveitarfélaginu meðan hann dvelst hér.

Þetta hafa norrænu ríkin viðurkennt og að frumkvæði Norðurlandaráðs var tekin upp sú skipan á árunum 1976–82 að norrænn ríkisborgari í öðru norrænu landi hefur kosningarrétt og kjörgengi í sveitarstjórnarkosningum (og í kjöri til amtsráðs í Danmörku og fylkisþings í Noregi og Svíþjóð). Íslendingar voru síðastir norrænna þjóða við þetta, árið 1982. Finnar og Svíar komu þessari skipan á 1976, Danir 1978, Norðmenn 1979.

Rök sem í greinargerð með stjórnarfrumvarpinu 1982 voru talin mæla með kosningarrétti og kjörgengi norrænna manna um Norðurlönd öll voru „norrænn vinnumarkaður, hópar norrænna innflytjenda í löndunum, víðtækt norrænt samstarf og aukið jafnrétti norrænna innflytjenda á við borgara dvalarlandsins“. Þá var bent á að þessir menn greiddu skatta og skyldur til jafns við ríkisborgara landsins, og talið að kosningarréttur til sveitarstjórnar snerti ekki „fullveldis- eða þjóðernissjónarmið á sama hátt og ef um þingkosningar væri að ræða. Þá eru náin tengsl íbúa og sveitarstjórna.“ Engum mótmælum var hreyft við þessu ákvæði frumvarpsins á 104. löggjafarþinginu. Tveir þingmenn, Guðmundur Vésteinsson og Magnús H. Magnússon, töldu þó réttast að ákvæðið ætti við alla erlenda ríkisborgara, eins og nú er lagt til, en fluttu þó ekki um það formlega tillögu. Athyglisvert er að meginhluti þeirra raka sem fyrir um tveimur áratugum þóttu eiga við um Norðurlandabúa eiga nú við um ríkisborgara á EES-svæðinu, og raunar í síauknum mæli um heimsþorpið gjörvallt.

Síðan þessari skipan var komið á um Norðurlönd hafa Finnar, Danir, Norðmenn og Svíar gengið lengra. Í Danmörku og Svíþjóð er héraðskosningum svo háttað að þessu leyti að allir norrænir menn og borgarar ESB-landa hafa kosningarrétt og kjörgengi sem miðast við sömu búsetuskilyrði og við eiga um innlenda kjósendur. Aðrir erlendir ríkisborgarar verða að hafa dvalist í landinu í þrjú ár. Finnar hafa sömu skipan, en setja aðeins tveggja ára búsetuskilyrði. Þessi ríki eiga aðild að Evrópusambandinu og taka því sérstakt tillit til ESB-borgara, en um það er þó engin almenn regla eða samningar innan ESB. Í Noregi, sem hefur sömu stöðu og Ísland í Evrópumálum, er sú skipan að norrænir menn hafa í héraðskosningum sama rétt og Norðmenn en réttur allra annarra er bundinn þriggja ára búsetuskilyrði.

Erlendir ríkisborgarar á Íslandi voru í árslok 1999 (Landshagir 2000, tafla 2.12, sendiráðs- og setuliðsmenn ekki meðtaldir) 14.927, en með annað ríkisfang en norrænt 9.642, sem þá nam um 3,5% af heildarmannfjölda á Íslandi. Þar af voru 2.668 frá öðrum EES-löndum. Hvorki eru teknar saman hér á landi upplýsingar um aldur erlendra ríkisborgara, dreifingu þeirra í sveitarfélög né búsetutíma á Íslandi, en þess skal getið að hlutfall manna á kosningaaldri af heildarfjölda íslenskra ríkisborgara er rúmlega 73 af hundraði.

994. Tillaga til þingsályktunar [621. mál]

um hertar aðgerðir á sviði smitsjúkdómavarna og aukið eftirlit með innfluttum matvælum og aðföngum.

Flm.: Þuríður Backman, Jón Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að herða þegar í stað þær sóttvarnaaðgerðir sem hægt er að grípa til vegna komu fólks frá smitsjúkdómasvæðum til landsins. Alþingi ályktar að skipuð verði samstarfsnefnd á vegum a.m.k. landbúnaðar-, umhverfis-, samgöngu- og dómsmálaráðherra til að gera samræmdar tillögur um hvernig megi styrkja eftirlit, úrræði og starfsaðstöðu stjórnvalda vegna innflutnings á matvöru og aðföngum sem líklegt er að geti borið smit til landsins. Nefndinni verði einnig falið að móta tillögur um virkt eftirlit með komu fólks til landsins með tilliti til smitleiða með skófatnaði og ferða fólks inn á búgarða og sýkt svæði, enda þótt ekki sé um faraldra að ræða.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er lögð fram í kjölfar á smitsjúkdómafaröldrum sem geisað hafa í Evrópu undanfarið. Ekki er langt síðan kúariða greindist víða í Evrópu og í Bretlandi herjar nú gin- og klaufaveiki sem er bráðsmitandi veirusjúkdómur og leggst á klaufdýr, svo sem nautgripi, sauðfé, svín og geitur. Í ráðleggingum yfirdýralæknis um smitvarnir vegna gin- og klaufaveikifaraldursins í Bretlandi kemur m.a. fram að smitefnið dreifist auðveldlega með lifandi dýrum, afurðum þeirra, fólki og fatnaði. Smithætta er því veruleg samfara heimsóknum í héruð þar sem sjúkdómurinn hefur komið upp, en einnig getur verið hætta á smiti í þeim héruðum þar sem sjúkdómurinn hefur ekki enn verið greindur, því að sýkt dýr skilja út sjúkdómsveiruna áður en sjúkdómseinkenni koma í ljós.

Í ljósi framangreinds telja flutningsmenn nauðsynlegt að þegar hefjist vinna við að herða varúðarráðstafanir og aðgerðir sem hægt er að grípa til þegar fólk kemur til landsins frá smitsjúkdómasvæðum. Tryggja verður að tollyfirvöld, embætti yfirdýralæknis og önnur hlutaðeigandi stjórnvöld hafi yfir nægilegum fjármunum og úrræðum að ráða til að geta gripið til nauðsynlegra aðgerða vegna framangreindrar smitsjúkdómahættu.

Jafnframt telja flutningsmenn ljóst að renna þurfi styrkari stoðum undir eftirlit með innfluttri matvöru til landsins og má þá sérstaklega nefna frosna matvöru sem oft inniheldur kjöt. Er veruleg hætta á að sýkt kjöt geti borist til landsins með slíkum matvælum. Eftirlit með frosinni matvöru virðist aðallega beinast að merkingum og innihaldslýsingum vörunnar án frekari rannsókna og athugana á hollustu og heilbrigði. Úr því þarf að bæta og styrkja eftirlit, úrræði og starfsaðstöðu stjórnvalda sem sinna innflutningi matvæla.

Enn fremur er brýnt að koma á virku eftirliti með innfluttri vöru sem hugsanlega getur borið smitefni til landsins. Þar má sérstaklega nefna dýrafóður, hvort sem það er ætlað búfé eða gæludýrum, notuð landbúnaðartæki og golfsett.

Mjög alvarlegir dýrasjúkdómar hafa geisað í mörgum Evrópulöndum í vetur og með stóraukningu verksmiðjubúskap, frjálsu flæði vöru og þjónustu milli ríkja verður æ erfiðara að halda alvarlegum dýrasjúkdómum í skefjum. Í ljósi þessa og með tilliti til aukinna ferðalaga Íslendinga sem og annarra er nauðsynlegt að endurskoða sóttvarnir í almennri móttöku fólks sem kemur hingað til lands. Í tilfelli sumra sjúkdóma, svo sem gin- og klaufaveiki og hitasóttar í hrossum, geta smitefni hæglega borist með skófatnaði, með fötum fólks svo og tækjum og áhöldum eins og golfsettum. Því er mikilvægt að tekið sé tillit til þessara smitleiða og endurskoðaðar þær almennu sóttvarnareglur sem í gildi eiga að vera, óháð því fári sem nú herjar á klaufdýr víða um heim.

995. Tillaga til þingsályktunar [622. mál]

um rannsóknir á þorskeldi.

Flm.: Karl V. Matthíasson, Kristján L. Möller, Gísli S. Einarsson, Svanfríður Jónasdóttir, Össur Skarphéðinsson, Einar Már Sigurðarson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að hlutast til um að skipulegar rannsóknir á þorskeldi frá klaki til slátrunar verði hafnar, svo og að fjarða- og kvíaeldi á þorski verði eflt og stutt, með það að markmiði að Íslendingar geti framleitt eldisþorsk til útflutnings innan fárra ára.

Greinargerð.

Á Íslandi hefur ekki verið mótuð nein stefna varðandi eldi á þorski eða þorskseiðum.

Mikill vöxtur hefur orðið í öllu eldi á heimsvísu og samkvæmt FAO (The Food and Agriculture Organization of the United Nations) er fiskeldi sú grein matvælaiðnaðarins sem vex hraðast. Þess má geta að fiskeldi annaði heildaraukningu á fiskneyslu heimsins á árunum 1990–97, aukningu sem nam um 20 milljónum tonna.

Ástæður aukinnar heildarneyslu fisks eru ekki eingöngu fólksfjölgun heldur einnig almennt meiri fiskneysla. Þau vandamál sem upp hafa komið í evrópskum landbúnaði á síðustu missirum ættu, ef að líkum lætur, að auka enn frekar fiskneyslu.

Frændur okkar Norðmenn hafa lagt fyrir sig laxeldi með góðum árangri og er nú svo komið að verðmæti framleiðslu þeirra á eldislaxi eru orðin meiri en sem nemur verðmæti útflutnings okkar Íslendinga á þorski, ýsu, ufsa og karfa. Ótaldar eru þó tekjurnar sem þeir hafa af útflutningi þekkingar og tækni sem tengist fiskeldi.

Á undanförnum árum hefur þorskafli minnkað í Atlantshafi og hefur það leitt til hækkandi verðs á þorskafurðum. Minnkandi afli og hækkandi olíuverð hefur leitt til aukins kostnaðar við veiðarnar. Reynslan hefur hins vegar sýnt að framleiðslukostnaður við eldi fer lækkandi og markaðirnir kalla eftir þeim stöðugleika í framboði og gæðum sem eldisfiskur býður upp á.

Eðlilegt má því telja að Íslendingar horfi til eldis og er óhætt að segja að þorskurinn standi okkur næst, enda samlegðaráhrif þorskeldis og sjávarútvegs á Íslandi nokkuð augljós og augljósari en t.d. laxeldis og sjávarútvegs. Ræður þar mestu þekking á vinnslu og mörkuðum og

markaðsstaða íslenska þorsksins. Aðstæður til þorskeldis eru á margan hátt hagstæðar hér við land og hafa eldistilraunir hingað til lofað góðu og nokkuð góður vöxtur náðst í þeim. Einnig má benda á að við ýmsa fiskvinnslu á Íslandi fellur til mikið af aukaafurðum sem nýta mætti til að fóðra eldisfisk.

Hinar miklu væntingar sem gerðar voru til laxeldis á áttunda áratugnum brugðust. Ástæðurnar voru ef til vill fyrst og fremst skortur á þekkingu, rannsóknum og þróun. Mikilvægt er að læra af reynslunni og standa betur að undirbúningi nýrrar atvinnugreinar nú.

Eins og kemur fram hér á eftir hafa fyrirtæki og hið opinbera meðal margra þjóða þegar markað sér stefnu í þorskeldismálum. Nái áform þessara þjóða fram að ganga gæti sú staða komið upp innan nokkurra ára að við yrðum eftirbátar í samkeppninni.

Hugsanlega eru hér ónýttir möguleikar, möguleikar sem áfram geta haldið íslenskum sjávarútvegi í fremstu röð.

Ótal vandamál eru óleyst í þorskeldi.

Skortur á seiðum stendur stríðeldi á þorski fyrir þrifum, ótímabær kynþroski er vandamál og líka hátt lifrarhlutfall. Ekki hefur verið þróað nógu skilvirkt fóður, þekking á atferli þorsks í eldi er takmörkuð, vöxtur er ekki nógu hraður, sjúkdómar hafa ekki verið rannsakaðir nægjanlega og samspil eldis við umhverfið og villta þorskstofna er óþekkt. Sum þessara vandamála blöstu við laxeldismönnum í árdaga þeirrar atvinnugreinar en hafa nú verið leyst. Ekki er ástæða til að ætla annað en að slík vandamál mætti einnig leysa í þorskeldi en til þess þarf markvissar rannsóknir og samvinnu eldisaðila.

Þorskeldi getur orðið mikil lyftistöng fyrir landsbyggðina og hafa ýmsir reynt fyrir sér í greininni á undanförnum árum. Rétt væri að nýta áhuga þeirra, þekkingu og reynslu til samstarfs um rannsóknir.

Staða þorskeldis í dag.

Ísland.

Þorskseiðaframleiðsla á Íslandi er eingöngu stunduð hjá útibúi Hafrannsóknastofnunarinnar á Stað við Grindavík. Þar hafa verið framkvæmdar ýmsar tilraunir með eldi á þorskseiðum frá árinu 1993. Frá árinu 1994 þar til nú hefur ársframleiðslan verið á bilinu 1.000–7.000 seiði. Hafró hefur einnig verið með hrygningarstofn og tilraunir með áframeldi í landkerum. Þarna er um að ræða lítið tilraunaverkefni þar sem fjárveitingar hafa verið af skornum skammti hingað til.

Við tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum hafa verið gerðar rannsóknir á sjúkdómum og sníkjudýrum í þorskseiðum. Síðasta áratug hafa verið gerðar nokkrar tilraunir með áframeldi og fjarðaeldi á Íslandi. Tilgangur þessara tilrauna var m.a. að kanna holdgæði, vaxtarhraða o.fl. Niðurstöðurnar eru nokkuð misvísandi, en þó eru þær ákveðinn grunnur til að byggja síðari tilraunir á.

Við sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri hefur verið vaxandi áhugi á þorskeldi. Nemendur þar hafa unnið nokkur verkefni tengd þorskeldi í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir og er Háskólinn í samstarfi við fyrirtæki um rannsóknir á þorskeldi. Í Eyjafirði stendur til að fara af stað með fóðurtilraun í sumar og er það samstarf nokkurra nema við sjávarútvegsdeild HA og sjávarútvegsfyrirtækis.

Ársframleiðsla á eldisþorski hefur undanfarin ár verið á milli 20 og 30 tonn. Nú er vitað um tvær tilraunir með áframeldi. Á Vestfjörðum hefur einn aðili sótt um leyfi fyrir þrjár kvíar í Álftafirði. Þar stendur til að gera tilraun með heilsársáframeldi.

Á Tálknafirði er að fara af stað tilraunaverkefni um áframeldi í samstarfi Hafró, RF, HÍ og heimamanna. Enn fremur hafa nokkur sjávarútvegsfyrirtæki sótt um leyfi til þorskeldis, samtals á milli 10 og 20 þúsund tonn.

Noregur.

Í Noregi er um þessar mundir mikill áhugi á þorskeldi. Nú eru 20 seiðaeldisstöðvar í burðarliðnum og gæti framleiðsla þeirra numið um 19 milljónum seiða árið 2004. Þegar hafa rúmlega tvö hundruð leyfi verið gefin út til stöðva sem hyggja á matfiskeldi og rúmlega eitt hundrað umsóknir til viðbótar liggja nú hjá yfirvöldum til meðhöndlunar. Framleiðsla nú er u.þ.b. 150 tonn á ári en gæti farið í 50 þúsund tonn á næstu árum.

Nýfundnaland og Austur-Kanada.

Mjög lítil seiðaframleiðsla hefur verið í Kanada. Hugmyndir eru um að byggja seiðaeldisstöð með framleiðslugetu upp á 2 milljónir seiða. Í Kanada hefur verið lögð áhersla á áframeldi og snýst umræðan þar um að eingöngu verði leyfðar þorskveiðar til áframeldis. Tvær ástæður eru helst nefndar fyrir því, annars vegar er það bágt ástands þorskstofna þar og hins vegar efling dreifðra byggða. Árið 1999 nam framleiðslan 200 tonnum af þorski og kom hún öll frá einyrkjum í áframeldi.

Bretland.

Áætlað er að koma upp fimm til sex seiðaeldisstöðvum í samvinnu háskóla og eldisfyrirtækja. Reiknað er með að framleiðslan verði um 2,1 milljón seiða strax árið 2004 og 5.000 tonna „hágæðaafurð" árið 2006, sem jafnast á við íslenskan „flugfisk" í verði og gæðum. Komið hefur fram að Bretar stefna leynt og ljóst í eldisáformum sínum á ferska markaðinn. Í fyrra var framleiðsla Breta um 50 tonn og var það samvinna Marks & Spencer og Seafish. Við sölu á þessum fiski var hann aðgreindur frá villtum fiski og sérmerktur sem eldisþorskur. Eldisfiskurinn þótti ekki gefa þeim villta neitt eftir í gæðum og var mjög vinsæll. Vinsældirnar voru fyrst og fremst til komnar af því að um var að ræða eldisafurð en ekki fisk úr ofveiddum stofni. Rétt er að vekja athygli á því að um mjög lítið magn var að ræða og því óvíst hvort umhyggja fyrir ofveiddum stofnum sé almenn.

Danmörk.

Danir hafa uppi mikil áform í þorskeldi. Þar er aðallega um eitt fyrirtæki að ræða og fer þar fremstur í flokki Björn Westh, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra Dana. Áform eru uppi um 20–30 þúsund tonna ársframleiðslu og verður verkefnið styrkt af Evrópusambandinu. Jafnvel eru hugmyndir um að flytja þorskinn lifandi í tankbílum á markað! Áætlað er að hefja rekstur á næsta ári.

Af framangreindu má sjá að Íslendingum er ekki til setunnar boðið hvað þorskeldi varðar og er brýnt að hafist verði hér handa um að móta ákveðna stefnu í þessum málum landi og lýð til heilla.

996. Svar [371. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um samanburð á launakjörum lögreglumanna hér á landi og í Danmörku.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver eru mánaðargrunnlaun almennra lögreglumanna sem lokið hafa lögreglunámi hér á landi eftir 1 árs, 5, 10, 15, 20 og 25 ára starf? Hver eru mánaðargrunnlaun lögreglumanna með lögreglumenntun í Danmörku, skipt niður á sömu ár? Hver eru mánaðarlaun menntaðra lögreglumanna hér á landi með föstu vaktaálagi, skipt niður á sömu starfsár? Hver eru mánaðarlaun menntaðra lögreglumanna í Danmörku með föstu vaktaálagi, skipt niður á sömu starfsár? Hvert er meðaltal yfirvinnutíma á mánuði á hvern menntaðan lögreglumann sem gengur almennar vaktir hér á landi, skipt niður á embætti og sömu starfsár? Hvert er sambærilegt meðaltal yfirvinnutíma í Danmörku?*
2. *Hver eru mánaðargrunnlaun almennra lögreglumanna sem hafa ekki lokið lögreglunámi hér á landi eftir 1 árs, 5, 10, 15, 20 og 25 ára starf? Hver eru mánaðargrunnlaun lögreglumanna án lögreglumenntunar í Danmörku, skipt niður á sömu ár? Hver eru mánaðarlaun ómenntaðra lögreglumanna hér á landi með föstu vaktaálagi, skipt niður á sömu starfsár? Hver eru mánaðarlaun ómenntaðra lögreglumanna í Danmörku með föstu vaktaálagi, skipt niður á sömu starfsár? Hvert er meðaltal yfirvinnutíma á mánuði á hvern ómenntaðan lögreglumann sem gengur almennar vaktir hér á landi, skipt niður á embætti og sömu starfsár? Hvert er sambærilegt meðaltal yfirvinnutíma í Danmörku?*
3. *Hver eru mánaðargrunnlaun varðstjóra í lögreglunni hér á landi eftir 1 árs, 5, 10, 15, 20 og 25 ára starf? Hver eru mánaðargrunnlaun varðstjóra í lögreglunni í Danmörku eftir sama starfsárafjölda? Hver eru mánaðargrunnlaun ásamt föstu álagi hér á landi og í Danmörku, skipt niður á sömu ár? Hvert er meðaltal yfirvinnutíma varðstjóra á mánuði, skipt niður á lögregluumdæmi? Hvert er meðaltal yfirvinnutíma á mánuði hjá varðstjóra eða manni í sambærilegri stöðu í Danmörku?*

Í tilefni af framkominni fyrirspurn var óskað eftir upplýsingum ríkislögreglustjóra um efni hennar, þar sem leita þurfti upplýsinga á fleiri en einum stað. Embætti ríkislögreglustjóra framsendi Ríkisbókhaldi, launadeild, fyrirspurnina að því er varðar launakjör lögreglumanna hér á landi, en jafnframt var fyrirspurnin framsend ríkislögreglustjóra í Danmörku. Þó að fyrirspurnin hafi einungis verið í þremur tölusettum liðum er raunverulega spurt um níu atriði og miðaðist fyrirspurnin til Ríkisbókhalds, launadeildar, við það. Langan tíma hefur tekið fyrir þessa aðila að leita svara við fyrirspurninni. Meðfylgjandi samantektir eru tvær að því er varðar launakjör, annars vegar sú sem snýr að launakjörum lögreglumanna hér á landi og hins vegar sú sem snýr að launakjörum danskra lögreglumanna. Enn fremur fylgir samantekt sem hefur að geyma meðalmánaðartekjur íslenskra lögreglumanna árið 2000. Er sú samantekt í töflu 3. Að því er varðar launakjör íslenskra lögreglumanna, sjá töflu 1, eru forsendur Ríkisbókhalds, launadeildar, eftirfarandi:

1. Svörin byggjast á launum lögreglumanna árið 2000 og eru takmörkuð við þá sem hafa fengið greitt fyrir alla mánuði ársins, en starfsaldur er reiknaður miðað við árslok 1999.
2. Til mánaðarlauna eru talin laun á hefðbundnum mánaðarlaunategundum auk orlofs- og desemberuppbótar.
3. Vaktaálag er vaktaálag á launategundum 501 til 516 en aðeins talið hjá þeim sem eru með vaktaálagstegund vaktavinnumanna (50x).

4. Við reikning á meðalyfirvinnustundum á mánuði er lögð saman sú yfirvinna sem viðkomandi fékk auðkennda því starfsheiti sem gildir um svarið en fjöldi mánaða eru þeir mánuðir sem hann fékk greidda dagvinnu í samræmi við starfsheiti.
5. Þær tölur sem gefnar eru upp eru meðaltalstölur frá 1 ári að 5 árum, frá 5 árum að 10 árum, frá 10 árum að 15 árum, frá 15 árum að 20 árum og síðan 25 ár og yfir. Ríkisbókhald, launadeild, taldi t.d. réttara að miða við meðallaun á starfsaldursbili heldur en meðallaun á starfsaldri.

Tafla tvö, er varðar launakjör danskra lögreglumanna, sýnir að launauppbygging dönsku lögreglunnar er mjög ólík þeirri sem er hér á landi og því mjög erfitt um samanburð. Launakjör samkvæmt samantektinni miðast við nýjustu kjarasamninga danskra lögreglumanna og er í launatöflum miðað við kjör samkvæmt samningum 1. október 2000. Samkvæmt upplýsingum frá starfsmannadeild ríkislögreglustjórans í Danmörku er ekki hægt að setja kjör lögreglumanna þar upp í töflu, líkt og beðið var um af hálfu ríkislögreglustjóra. Danskir lögreglumenn byrja í launaflokki 13 eftir skóla og eru þá ráðnir til reynslu í þrjú ár. Að þeim tíma loknum flytjast þeir í launaflokk 16. Þeir hækka síðan sjálfkrafa um þrep innan launaflokks á tveggja ára fresti. Möguleiki er að sækja um launaflokkshækkun, upp í launaflokk 19, sem fjármálaráðuneytið verður að gefa samþykki við. Er miðað við aukna menntun lögreglumanna við þá ákvörðunartöku.

Við skráningu í meðfylgjandi samantekt er miðað við að lögreglumenn byrji í launaflokki 13, hækki síðan í launaflokk 16 eftir þrjú ár og hækki síðan á tveggja ára fresti um eitt þrep innan launaflokksins. Ekki er tekinn með sá möguleiki að hækka úr launaflokki 16 í 19, þar sem slíkt er háð mati hverju sinni og ekki algilt.

Samkvæmt upplýsingum frá danska ríkislögreglustjóranum vinna lögreglumenn að jafnaði ekki yfirvinnu og sé um það að ræða, þá taka þeir frí frá störfum á dagvinnutíma á móti. Einungis í undantekningartilfellum er greitt fyrir unna yfirvinnu. Þá kemur einnig fram í samantektinni að í Danmörku starfar enginn sem lögreglumaður án prófs frá danska lögregluskólanum.

Að lokum skal ítrekað að örðugt er að bera saman þessi launakerfi þar sem þau eru mjög ólík að uppbyggingu. Íslenska kerfið byggist á grunnlaunum sem síðan bætast við margvíslegar álögur. Launatekjur eru því í mörgum tilvikum í ósamræmi við þá heildarmynd sem grunnlaun lögreglumanna gefa. Sem dæmi um framangreint má vísa til þeirra talna sem fram koma í töflu 3.

Tafla 1. Niðurstöðutölur úr upplýsingum frá Ríkisbókhaldi, launadeild.

Mánaðargrunnlaun lögreglumanna sem lokið hafa prófi frá Lögregluskólanum (LSR)

Sp. nr. 1	1 ár að 5	5 ár að 10	10 ár að 15	15 ár að 20	Eftir 25 ár
Meðallaun	108.364	122.304	133.437	143.587	145.613

Mánaðarlaun lögreglumanna með föstu vaktaálagi sem lokið hafa prófi frá LSR

Sp. nr. 2	1 ár að 5	5 ár að 10	10 ár að 15	15 ár að 20	Eftir 25 ár
Meðallaun	136.607	150.252	161.001	165.325	162.638

Meðaltal yfirvinnu lögreglumanna á mánuði sem lokið hafa prófi frá LSR

Sp. nr.2	1 ár að 5	5 ár að 10	10 ár að 15	15 ár að 20	Eftir 25 ár
Keflav.flv.	66,6	63,5	64,0	84,9	0
Reykjavík	43,2	33,5	31,4	33,7	42,7
Akranes	55,2	61,6	44,4	0	0
Borgarnes	0	68,9	0	0	0
Stykkishólmur	25,9	0	0	0	0
Patreksfjörður	0	66,5	105,4	0	0
Ísafirði	36,9	0	0	0	0
Blönduós	0	55,9	61,4	0	0
Sauðárkrókur	0	0	0	33,5	0
Siglufjörður	0	0	45,6	0	0
Akureyri	33,0	40,5	24,0	35,6	45,8
Eskifjörður	0	0	59,3	0	0
Höfn	0	0	0	56,5	0
Vík	24,7	32,1	0	0	0
Hvolsvöllur	88,0	0	34,4	0	0
Vestm.eyjar	47,8	48,2	14,9	0	0
Selfoss	59,4	0,1	0	62,9	46,0
Keflavík	85,0	0	49,2	0	50,8
Hafnarfjörður	41,2	33,6	46,8	0	21,4
Kópavogur	55,8	0	73,3	53,0	0

Mánaðargrunnlaun lögreglumanna sem ekki hafa próf frá Lögregluskólanum (LSR)

Sp. nr. 4	1 ár að 5	5 ár að 10	10 ár að 15	15 ár að 20	Eftir 25 ár
Meðallaun	91.479	95.929			

Mánaðarlaun lögreglumanna með föstu vaktaálagi sem ekki hafa próf frá LSR

Sp. nr. 5	1 ár að 5	5 ár að 10	10 ár að 15	15 ár að 20	Eftir 25 ár
Meðallaun	124.361	133.689			

Meðaltal yfirvinnu lögreglumanna á mánuði sem ekki hafa próf frá LSR

Sp. nr. 6	1 ár að 5	5 ár að 10	10 ár að 15	15 ár að 20	Eftir 25 ár
Keflav.flv.	91,7	0	0	0	0
Reykjavík	46,9	45,0	0	0	0
Stykkishólmur	49,5	0	0	0	0
Bolungarvík	0	98,7	0	0	0
Ísafjörður	63,5	0	0	0	0
Blönduós	89,8	0	0	0	0
Sauðárkrókur	53,0	0	0	0	0
Siglufjörður	0	62,6	0	0	0
Akureyri	50,6	0	0	0	0
Húsavík	78,3	0	0	0	0
Eskifjörður	76,1	0	0	0	0
Hvolsvöllur	64,0	0	0	0	0
Selfoss	48,6	0	0	0	0
Keflavík	78,1	0	0	0	0
Hafnarfjörður	47,9	47,5	0	0	0
Kópavogur	63,3	0	0	0	0

Mánaðargrunnlaun varðstjóra

Sp. nr. 7	1 ár að 5	5 ár að 10	10 ár að 15	15 ár að 20	Eftir 25 ár
Meðallaun	131.970	141.241	146.680	153.319	154.238

Mánaðargrunnlaun varðstjóra ásamt föstu vaktaálagi

Sp. nr. 8	1 ár að 5	5 ár að 10	10 ár að 15	15 ár að 20	Eftir 25 ár
Meðallaun	204.712	195.465	191.356	200.370	185.041

Meðaltal yfirvinnu varðstjóra á mánuði

Sp. nr. 9	1 ár að 5	5 ár að 10	10 ár að 15	15 ár að 20	Eftir 25 ár
Keflav.flv.	0	72,9	92,1	0	23,3
Ríkislögr.stj.	63,7	63,0	77,8	90,2	0
Reykjavík	0	57,5	68	65	47,1
Akranes	0	0	0	136,7	50,5
Borgarnes	0	0	0	93,9	0
Stykkishólmur	0	0	0	42,8	38,8
Búðardalur	33,9	0	53,1	0	0
Patreksfjörður	0	87,2	0	78,4	0
Bolungarvík	0	0	63,7	0	0
Ísafjörður	92,1	57,2	0	0	0
Hólmavík	0	0	46,0	0	0
Blönduós	0	74,3	0	0	96,5
Sauðárkrókur	0	0	0	57,5	90,6
Siglufjörður	0	0	59,0	0	0
Ólafsfjörður	0	0	69,7	0	0
Akureyri	0	0	51,5	50,2	0
Húsavík	0	84,7	90,3	87,2	0
Seyðisfjörður	0	76,0	82,1	104,5	85,2
Eskifjörður	51,2	0	65,3	0	50,3
Höfn	0	0	95,4	0	0
Vík	0	0	0	56,7	0
Hvolsvöllur	0	0	50,3	0	0
Vestm.eyjar	0	0	55,9	38,4	0
Selfoss	0	0	68,1	74,7	62,4
Keflavík	0	0	72,2	69,2	65,9
Hafnarfjörður	0	0	43,7	54,6	38,0
Kópavogur	0	0	0	87,1	62,3

Tafla 2. Laun lögreglumanna í Danmörku, niðurstöðutölur úr upplýsingum frá starfsmannadeild ríkislögreglustjórans í Danmörku.

Dags.: 10.03.2001. Gengi: 10,752.

Laun lögreglumanna í Danmörku eru miðuð við taxta frá 1. október 2000.

		Eftir 1 ár	Eftir 5 ár	Eftir 10 ár	Eftir 15 ár	Eftir 25 ár
Mánaðargrunnlaun lögreglumanna sem lokið hafa prófi frá lögregluskóla	DKR	18.295,43	20.139,14	20.631,66	20.885,92	20.885,92
	IKR	196.712,46	216.536,03	221.831,61	224.565,41	224.565,41
Mánaðarlaun lögreglumanna með föstu vaktaálagi sem lokið hafa prófi frá lögregluskóla	DKR	20.295,43	22.139,14	22.631,66	22.885,92	22.885,92
	IKR	218.216,46	238.040,03	243.335,61	246.069,41	246.069,41
Greitt er fast vaktaálag, u.þ.b. 2.000 DKR á mánuði ef lögreglumenn ganga vaktir						
Mánaðargrunnlaun lögreglumanna sem ekki hafa próf frá lögregluskóla		Enginn starfar sem lögreglumaður án prófs frá lögregluskóla				
Mánaðarlaun lögreglumanna með föstu vaktaálagi sem ekki hafa próf frá lögregluskóla		Enginn starfar sem lögreglumaður án prófs frá lögregluskóla				
Meðaltal yfirvinnu lögreglumanna á mánuði sem ekki hafa próf frá lögregluskóla		Enginn starfar sem lögreglumaður án prófs frá lögregluskóla				
Mánaðargrunnlaun varðstjóra	DKR	22.669,59	23.818,26	23.818,26	24.415,73	24.415,73
	IKR	243.743,43	249.834,44	256.093,93	262.517,93	262.517,93
Mánaðargrunnlaun varðstjóra ásamt föstu vaktaálagi	DKR	24.669,59	25.236,09	25.818,26	26.415,73	26.415,73
	IKR	265.247,43	271.338,44	277.597,93	284.021,93	284.021,93
Meðaltal yfirvinnu varðstjóra á mánuði		Yfirvinna er ekki hluti af launum lögreglumanna og í þeim tilvikum, sem vinnuálag kallar á yfirvinnu, er tekið samsvarandi frí á móti. Yfirvinna er ekki greidd út nema í sérstökum tilvikum.				

Tafla 3. Meðalmánaðartekjur karla og kvenna 2000.

Staða	Nánari lýsing	Meðalmánaðarlaun Karlar	Konur
Yfirlögregluþjónn		361.054	0
Aðstoðaryfirlögregluþjónn		342.965	401.136
Lögreglufulltrúi		310.442	232.558
Aðalvarðstjóri		331.262	380.575
Rannsóknarlögreglumaður 1	Eftir 3 ár sem rannsóknarlögreglumaður 2	285.502	232.943
Lögregluvarðstjóri		302.731	237.621
Rannsóknarlögreglum. 2		261.951	259.878
Aðstoðarvarðstjóri		282.054	313.825
Lögreglumaður, flokksstjóri 1	Eftir 15 ár í starfi	265.142	241.830
Lögreglumaður, flokksstjóri 2	Eftir 10 ár í starfi	283.253	242.943
Lögreglumaður, flokksstjóri 3	Eftir 5 ár í starfi	257.029	235.797
Lögreglumaður	Í sérhæfðu starfi	236.505	233.390
Lögreglumaður	Eftir Lögregluskólann	221.643	207.748
Afleysingamaður	Án prófs frá Lögregluskólann	178.742	169.441

Upplýsingar um launatekjur eru fengnar frá Ríkisbókhaldi, launadeild. Sérstaklega þarf að athuga að hér er um að ræða meðaltal mánaðarlauna sem fengið er þannig að reiknuð eru út heildarlaun ársins fyrir hvert starfsheiti og síðan meðaltal á mánuði á hvert stöðuheiti út frá fjölda ársverka. Ekki er munur á grunnlaunum karla og kvenna í hverju stöðuheiti, heldur felst mismunurinn fyrst og fremst í mismikilli aukavinnu og mismunandi starfsaldursþrepum.

997. Svar [423. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Guðjóns A. Kristjánssonar um Fiskistofu.

1. *Hverjar voru tekjur og gjöld Fiskistofu á árunum 1993–2000, sundurliðað eftir árum og helstu tekju- og gjaldaliðum stofunnar á verðlagi ársins 2000?*

Tekjur og gjöld Fiskistofu á árunum 1993–2000 birtast í eftirfarandi töflum. Töflurnar sýna tekjur og gjöld á meðalverðlagi ársins 2000.

Tekjur og gjöld Fiskistofu á árunum 1993–2000.

Gjöld ársins 1993		Tekjur ársins 1993	
Neysluv.vísit. meðaltal 167,8		Neysluv.vísit. meðaltal 167,8	
Laun	153.656	Framlag ríkisins	191.269
Ferðir og fundir	35.723	Veiðieftirlitsgjöld	87.865
Almennar rekstrarvörur	11.882	Vinnsluleyfi	1.927
Aðkeypt þjónusta	62.847	Kostn. v. eftirlits um borð í skipum	-
Húsnæði	12.850	Kostn. v. landamæraeftirlits	-
Bifreiðar og vélar	6.722	Útflutningsvottorð	-
Vextir, bætur, skattar	4	Flutningur aflahlutdeilda	-
Eignakaup	11.781	Gagnabanki	57
Tilfærslur	6	Ýmsar tekjur	2.175
Samtals	**295.470**	**Samtals**	**283.293**

Gjöld ársins 1994		**Tekjur ársins 1994**	
Neysluv.vísit. meðaltal 170,3		Neysluv.vísit. meðaltal 170,3	
Laun	153.662	Framlag ríkisins	164.144
Ferðir og fundir	29.721	Veiðieftirlitsgjöld	100.634
Almennar rekstrarvörur	7.164	Vinnsluleyfi	2.122
Aðkeypt þjónusta	59.120	Kostn. v. eftirlits um borð í skipum	3.659
Húsnæði	15.788	Kostn. v. landamæraeftirlits	-
Bifreiðar og vélar	6.725	Útflutningsvottorð	3.712
Vextir, bætur, skattar	71	Flutningur aflahlutdeilda	476
Eignakaup	13.589	Gagnabanki	912
Samtals	**285.840**	Ýmsar tekjur	3.692
		Samtals	**279.351**

Gjöld ársins 1995		**Tekjur ársins 1995**	
Neysluv.vísit. meðaltal 173,2		Neysluv.vísit. meðaltal 173,2	
Laun	152.469	Framlag ríkisins	126.104
Ferðir og fundir	28.480	Veiðieftirlitsgjöld	109.105
Almennar rekstrarvörur	7.478	Vinnsluleyfi	4.059
Aðkeypt þjónusta	19.238	Kostn. v. eftirlits um borð í skipum	7.539
Húsnæði	12.263	Útflutningsvottorð	9.476
Bifreiðar og vélar	5.757	Flutningur aflahlutdeilda	1.055
Vextir, bætur, skattar	4.584	Gagnabanki	1.408
Eignakaup	11.967	Ýmsar tekjur	886
Samtals	**242.235**	**Samtals**	**259.632**

Gjöld ársins 1996		**Tekjur ársins 1996**	
Neysluv.vísit. meðaltal 177,1		Neysluv.vísit. meðaltal 177,1	
Laun	259.270	Framlag ríkisins	202.922
Ferðir og fundir	46.763	Veiðieftirlitsgjöld	121.432
Almennar rekstrarvörur	10.724	Vinnsluleyfi	3.108
Aðkeypt þjónusta	41.823	Kostn. v. eftirlits um borð í skipum	55.631
Húsnæði	12.182	Útflutningsvottorð	10.260
Bifreiðar og vélar	7.816	Flutningur aflahlutdeilda	655
Vextir, bætur, skattar	2	Gagnabanki	1.491
Eignakaup	16.402	Ýmsar tekjur	459
Tilfærslur	112	**Samtals**	**395.958**
Samtals	**395.095**		

Gjöld ársins 1997		**Tekjur ársins 1997**	
Neysluv.vísit. meðaltal 180,3		Neysluv.vísit. meðaltal 180,3	
Laun	224.813	Framlag ríkisins	196.450
Ferðir og fundir	38.748	Veiðieftirlitsgjöld	149.932
Almennar rekstrarvörur	11.629	Vinnsluleyfi	1.353
Aðkeypt þjónusta	37.075	Kostn. v. eftirlits um borð í skipum	29.590
Húsnæði	10.943	Útflutningsvottorð	10.059
Bifreiðar og vélar	7.850	Flutningur aflahlutdeilda	1.072
Vextir, bætur, skattar	3	Gagnabanki	1.262
Eignakaup	17.675	Endurgr. kostn. v. Þróunarsjóðs	3.337
Tilfærslur	110	Ýmsar tekjur	1.278
Samtals	**348.847**	Styrkur/sjávarútvegsráðuneyti	4.617
		Samtals	**398.950**

Gjöld ársins 1998		**Tekjur ársins 1998**	
Neysluv.vísit. meðaltal 183,3		Neysluv.vísit. meðaltal 183,3	
Laun	251.239	Framlag ríkisins	187.912
Ferðir og fundir	34.650	Veiðieftirlitsgjöld	131.626
Almennar rekstrarvörur	11.152	Vinnsluleyfi	12.067
Aðkeypt þjónusta	43.560	Kostn. v. eftirlits um borð í skipum	25.882
Húsnæði	12.320	Útflutningsvottorð	9.173
Bifreiðar og vélar	6.347	Flutningur aflahlutdeilda	1.105
Vextir, bætur, skattar	143	Ráðgjafarþjónusta	3.797
Eignakaup	18.269	Gagnabanki	850
Samtals	**377.679**	Endurgr. kostn. v. Þróunarsjóðs	6.209
		Ýmsar tekjur	1.995
		Samtals	**380.618**

Gjöld ársins 1999		**Tekjur ársins 1999**	
Neysluv.vísit. meðaltal 189,6		Neysluv.vísit. meðaltal 189,6	
Laun	284.039	Framlag ríkisins	189.090
Ferðir og fundir	38.716	Veiðieftirlitsgjöld	160.748
Almennar rekstrarvörur	10.721	Vinnsluleyfi	3.754
Aðkeypt þjónusta	52.656	Kostn. v. eftirlits um borð í skipum	34.132
Húsnæði	26.046	Útflutningsvottorð	7.512
Bifreiðar og vélar	7.024	Flutningur aflahlutdeilda	686
Vextir, bætur, skattar	172	Gagnabanki	855
Eignakaup	17.644	Endurgr. kostn. v. Þróunarsjóðs	4.693
Samtals	**437.018**	Ráðgjafarþjónusta	869
		Ýmsar tekjur	914
		Samtals	**403.251**

Gjöld ársins 2000		**Tekjur ársins 2000**	
Neysluv.vísit. meðaltal 199,1		Neysluv.vísit. meðaltal 199,1	
Laun	298.853	Framlag ríkisins	191.800
Ferðir og fundir	43.253	Veiðieftirlitsgjöld	215.670
Almennar rekstrarvörur	10.755	Vinnsluleyfi	3.395
Aðkeypt þjónusta	56.343	Kostn. v. eftirlits um borð í skipum	34.613
Húsnæði	20.576	Kostn. v. landamæraeftirlits	10.179
Bifreiðar og vélar	7.623	Útflutningsvottorð	5.471
Vextir, bætur, skattar	3.354	Flutningur aflahlutdeilda	1.154
Eignakaup	19.364	Gagnabanki	775
Samtals	**460.121**	Ráðgjafarþjónusta	3.024
		Endurgr. kostnaður v. Þróunarsjóðs	5.358
		Ýmsar tekjur	3.167
		Samtals	**474.606**

2. *Hver var fjöldi stöðugilda og starfsmanna hjá Fiskistofu á árunum 1993–2000, sundurliðað eftir árum og helstu starfsheitum, svo sem stjórnendum, veiðieftirlitsmönnum og öðrum eftirlitsmönnum?*

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu fastráðinna starfsmanna Fiskistofu í lok hvers árs 1993–2000 ásamt samanlögðum fjölda ársverka. Mismunur á heildarstarfsmannafjölda og ársverkum skýrist af lausráðnum starfsmönnum við eftirlit á Flæmingjagrunni frá 1996 og á skipum Evrópusambandsins frá 1999, ræstingum, afleysingum í barnsburðarleyfum, sumarafleysingum og því að fastráðnir starfsmenn geta verið í hlutastörfum.

Fjöldi fastráðinna starfsmanna Fiskistofu í lok hvers árs 1993–2000.

	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Stjórnendur	7	7	7	7	7	7	9	9
Skrifstofufólk	23	22	22	25	25	28	30	32
Tölvufólk	8	9	9	10	9	9	9	10
Veiðieftirlitsmenn	20	19	19	18	18	21	24	28
Aðrir eftirlitsmenn	1	3	3	6	6	3	3	5
	59	60	60	66	65	68	75	84
Ársverk	**61,6**	**61,9**	**59,3**	**85,5**	**75,8**	**75,3**	**83,2**	**87,7**

3. *Hver er fjöldi kærumála sem Fiskistofa beitti sér fyrir á árunum 1993–2000, sundurliðað eftir árum og efni kærumála? Einnig er óskað eftir upplýsingum um fjölda mála sem leitt hafa til viðurlaga.*

Hér á eftir fer yfirlit yfir fjölda kæra, dóma og veiðileyfissviptinga á árunum 1993–2000, sundurliðað eftir efni og árum. Tekið skal fram að fyrir gildistöku laga nr. 57/1996 voru veiðileyfissviptingar á hendi sjávarútvegsráðuneytisins. Í töflu um viðurlagaákvarðanir Fiskistofu er fiskveiðibrotum skipt í tvo hluta og helgast það af því að veiðileyfasviptingar vegna veiða umfram aflamark byggjast á 14. gr. laga nr. 57/1996 en önnur fiskveiðilagabrot á 15. gr. sömu laga.

Fjöldi kærumála hjá Fiskistofu sem leitt hefur til viðurlaga á árunum 1993–2000.

Dómar fyrir brot á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, og/eða lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, eða reglugerðum settum með stoð í framangreindum lögum:

Dómstóll	Fjöldi mála	Þar af sýknudómar
Héraðsdómur Vestfjarða	5	1
Héraðsdómur Reykjaness	20	2
Héraðsdómur Suðurlands	6	1
Héraðsdómur Austurlands	1	0
Héraðsdómur Norðurlands eystra	4	0
Héraðsdómur Norðurlands vestra	3	1
Héraðsdómur Vesturlands	2	0
Héraðsdómur Reykjavíkur	2	0
Samtals	**43**	**5**

Viðurlagaákvarðanir Fiskistofu 1994–2000.

Ár	Fjöldi veiðileyfasviptinga vegna veiða umfram aflaheimildir*	vegna annarra fiskveiðilagabrota**
1994	67	1
1995	45	6
1996	54	7
1997	39	9
1998	35	22
1999	41	24
2000	52	50

* Sviptingar á grundvelli 14. gr. laga nr. 57/1996.
** Sviptingar á grundvelli 15. gr. laga nr. 57/1996.

Mál sem Fiskistofa kærði til lögreglu á árunum 1993–2000.

1993 – Tvö mál kærð:
1 kæra vegna of margra neta í sjó.
1 kæra vegna löndunar fram hjá vigt.

1994 – Ellefu mál kærð:
5 kærur vegna veiða skipa sem svipt höfðu verið veiðileyfi.
2 kærur vegna falsana á vigtarnótum.
2 kærur vegna þess að þorskur var falinn undir ufsa við vigtun á hafnarvog.
1 kæra vegna löndunar fram hjá vigt.
1 kæra vegna flutnings á óvigtaðri rækju úr landi.

1995 – Þrjátíu og níu mál kærð:
7 kærur vegna löndunar fram hjá vigt.
1 kæra vegna neta sem skilin voru eftir í sjó.
19 kærur vegna veiða krókabáta á banndegi.
1 kæra vegna þess að þorskur var falinn undir ufsa við vigtun á hafnarvog.
1 kæra vegna þess að keila var við útflutning til Frakklands tilgreind sem steinbítur.
7 kærur vegna brottkasts á afla.
1 kæra vegna þess að frádæmd rækja var flutt úr landi til manneldis.
1 kæra vegna flutnings á afla milli báta úti á sjó.
1 kæra vegna skráningar afla á rangan bát við löndun.

1996 – Þrettán mál kærð:
2 kærur vegna neitunar útgerða við því að taka eftirlitsmann frá Fiskistofu með á veiðar á Flæmingjagrunni.
5 kærur vegna löndunar fram hjá vigt.
2 kærur vegna brottkasts á afla.
1 kæra vegna þess að slægður þorskur var sagður óslægður við löndun.
1 kæra vegna rangrar tilgreiningar á tegundum sem fluttar voru út með gámum.
1 kæra vegna flutnings á afla milli báta úti á sjó.
1 kæra vegna tveggja veiðiferða á einum sóknardegi.

1997 – Fimm mál kærð:
2 kærur vegna þess að þorskur var sagður ufsi við vigtun á hafnarvog.
3 kærur vegna löndunar fram hjá vigt.

1998 – Sex mál kærð:
1 kæra vegna löndunar fram hjá vigt.
3 kærur vegna rangrar tilgreiningar á afla við vigtun á hafnarvog.
1 kæra vegna saltfisksvinnslu án vinnsluleyfis.
1 kæra fyrir veiðar án veiðileyfis.

1999 – Fjórtán mál kærð:
1 kæra vegna veiða án aflaheimilda.
2 kærur vegna brota á reglum um fullvinnslu sjávarafla um borð í skipum.
3 kærur vegna brota á reglum um meðferð, vinnslu og dreifingu á sjávarafla.
2 kærur vegna rangrar tilgreiningar á afla við vigtun á hafnarvog.
6 kærur vegna löndunar fram hjá vigt.

2000 – Nítján mál kærð:
1 kæra vegna verkunar, vinnslu og útflutnings á óvigtuðum afla og fleira.
14 kærur vegna brottkasts.
1 kæra vegna flutnings á afla milli báta úti á sjó.
1 kæra vegna veiða erlends skips utan afmarkaðs veiðisvæðis.
1 kæra vegna veiða án aflaheimilda.
1 kæra vegna löndunar fram hjá vigt.

Á árunum 1993–2001 hafa samtals verið kærð af Fiskistofu 109 mál.

998. Frumvarp til laga [623. mál]

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Orðin „samkvæmt lögum þessum“ í lok 1. mgr. 41. gr. laganna falla brott.

2. gr.

42. gr. laganna orðast svo:

Valdsvið.

Málsaðili getur skotið ákvörðun Íbúðalánasjóðs, húsnæðisnefndar eða þeirrar nefndar á vegum sveitarfélags sem falið hefur verið verkefni húsnæðisnefndar til kærunefndar húsnæðismála. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

Málskot til nefndarinnar frestar ekki framkvæmd kærðrar ákvörðunar nema nefndin ákveði annað.

Úrskurði kærunefndar húsnæðismála verður ekki skotið til félagsmálaráðherra.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um störf og starfshætti kærunefndar og skrifstofuhald.

3. gr.

Við 47. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Stjórn Íbúðalánasjóðs er einnig heimilt að afskrifa útistandandi veðkröfur sjóðsins í sérstökum tilvikum, svo sem þegar íbúð sem stóð að veði fyrir viðkomandi kröfu hefur eyðilagst af óviðráðanlegum orsökum og eigandi hennar hefur ekki fengið bætur eða bætur hafa ekki dugað til uppgreiðslu á áhvílandi kröfum. Skilyrði fyrir afskriftum samkvæmt þessari málsgrein eru að fasteignareigandi hafi tekið venjubundnar fasteignatryggingar.

4. gr.

48. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að veita skuldbreytingarlán til allt að 15 ára í því skyni að leysa úr tímabundnum greiðsluerfiðleikum hjá lánþegum vegna almennra lána, viðbótarlána og lána sem sjóðurinn hefur yfirtekið, sbr. 53. gr. Skilyrði er að greiðsluvandi stafi af óvæntum tímabundnum erfiðleikum vegna veikinda, slysa, minni atvinnu eða atvinnuleysis eða af öðrum ófyrirséðum atvikum.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt, með sömu skilyrðum og um getur í 1. mgr., að fresta greiðslum hjá einstökum lánþegum vegna almennra lána, viðbótarlána og lána sem sjóðurinn hefur yfirtekið, sbr. 53. gr., í allt að þrjú ár og leggja þær greiðslur við höfuðstól skuldarinnar, enda þyki slík aðstoð líkleg til að koma í veg fyrir greiðsluvanda. Upphaflegur lánstími lengist sem nemur frestunartíma.

Skuldbreytingarlán skv. 1. mgr. og frestun á greiðslum skv. 2. mgr. geta farið saman.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að lengja upphaflegan lánstíma lána sjóðsins hjá hverjum lántaka í allt að 15 ár með sömu skilyrðum og nefnd eru í 1. mgr. Hámarkslánstími hvers láns má ekki vera lengri en 55 ár.

Stjórn varasjóðs viðbótarlána skal samþykkja aðstoð Íbúðalánasjóðs skv. 1.–4. mgr. vegna lána sjóðsins sem eru með veði í íbúð sem viðbótarlán hvílir á.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að fresta greiðslum hjá lántakendum lána til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði og lánþegum eldri lána sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið, sbr. 53. gr., vegna tímabundinna greiðsluerfiðleika. Skilyrði er að greiðsluvandi sé tilkominn vegna ófyrirséðra atvika eða endurskipulagningar á fjárhag félaga eða félagasamtaka, enda þyki slík aðstoð líkleg til að koma í veg fyrir greiðsluvanda.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis að fengnum tillögum stjórnar Íbúðalánasjóðs.

5. gr.

2. tölul. 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis III orðast svo: Sveitarstjórn getur ákveðið að leigja íbúðina út. Áður skal sveitarstjórn greiða upp áhvílandi lán sem veitt hafa verið af Byggingarsjóði verkamanna og/eða Byggingarsjóði ríkisins eða leita eftir samþykki Íbúðalánasjóðs á yfirtöku lána úr Byggingarsjóði verkamanna og/eða Byggingarsjóði ríkisins. Sveitarstjórn sem greitt hefur upp áhvílandi lán sem veitt hafa verið af Byggingarsjóði verkamanna og/eða Byggingarsjóði ríkisins skal eiga rétt á nýju láni úr Íbúðalánasjóði skv. VIII. kafla laga þessara. Þá skal sveitarstjórn sem yfirtekur lán úr Byggingarsjóði verkamanna og/eða Byggingarsjóði ríkisins eiga rétt á nýju láni úr Íbúðalánasjóði skv. VIII. kafla laga þessara

sem má nema mismun á áhvílandi lánum og allt að 90% af innlausnarverði íbúðar. Heildarlánveiting Íbúðalánasjóðs getur þó aldrei orðið hærri en 90% af innlausnarverði íbúðar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga nr. 44/1998, um húsnæðismál. Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu varða valdsvið kærunefndar húsnæðismála, heimildir Íbúðalánasjóðs til að afskrifa veðlán, fjölgunar úrræða fólks sem er í vanskilum við Íbúðalánasjóð og heimild sveitarfélaga til að yfirtaka áhvílandi lán á innleystum íbúðum sem breytt er í leiguíbúðir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að verksvið kærunefndar húsnæðismála verði rýmkað, sbr. 1. mgr. 41. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál. Sérstök kærunefnd húsnæðismála þykir hafa sannað gildi sitt en hún var eitt af nýmælum laga um húsnæðismál, nr. 44/1998. Líklegt er að málum kunni að fjölga hjá nefndinni eftir að verksvið hennar hefur verið rýmkað. Samkvæmt núgildandi lögum hefur verksvið kærunefndar húsnæðismála verið þröngt og ákveðin réttaróvissa verið um hvert eigi að beina kæru. Lögskýringargögn hafa ekki gert nægilega glöggan greinarmun annars vegar á kæruheimild til kærunefndar og hins vegar á hvaða grundvelli endurskoðun skuli fara fram, en þar hefur einungis verið vísað til að um ákvarðanir sé að ræða á grundvelli laga um húsnæðismál. Við setningu laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, var á því byggt að ekki væri heimilt að kæra ákvarðanir Íbúðalánasjóðs og húsnæðisnefnda samkvæmt lögunum til félagsmálaráðuneytisins, heldur einungis til kærunefndar húsnæðismála. Ef ákvarðanir Íbúðalánasjóðs og húsnæðisnefnda verða ekki kærðar til kærunefndar húsnæðismála samkvæmt túlkun nefndarinnar er vandséð að þær verði bornar undir önnur stjórnvöld til endurskoðunar. Þegar frumvarp til núgildandi laga um húsnæðismál var í undirbúningi og lagt fram það nýmæli að koma á fót sérstakri kærunefnd húsnæðismála virðist sem ákveðið hafi verið að fara varlega af stað. Því var lagt til að verkefni kærunefndar yrðu afmörkuð við ákvarðanir Íbúðalánasjóðs og húsnæðisnefnda samkvæmt lögunum. Af framangreindum ástæðum þykir tilefni til að rýmka verksvið kærunefndar húsnæðismála.

Um 2. gr.

Þessi grein er breyting á núgildandi 42. gr. laga um húsnæðismál og er vísað til athugasemda við 1. gr. varðandi hana. Er þessi breyting óhjákvæmileg með tilliti til þess að hlutverk kærunefndar húsnæðismála er rýmkað.

Það skal áréttað hér að með málsaðila er að öllu jöfnu átt við einstakling, t.d. umsækjanda um lán hjá Íbúðalánasjóði eða um viðbótarlán hjá húsnæðisnefnd. Undantekning getur verið fyrir hendi, t.d. þegar um er að ræða framkvæmdaraðila samkvæmt reglugerð um lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur en þar getur verið um að ræða sveitarfélög eða félög og félagasamtök. Samkvæmt reglugerðinni geta þeir aðilar kært til kærunefndar húsnæðismála. Varnaraðilar eru Íbúðalánasjóður, húsnæðisnefndir og aðrar nefndir innan sveitarfélags, einkum félagsmálanefndir, sem falin hafa verið verkefni húsnæðisnefnda.

Í greininni er kveðið á um fjögurra vikna kærufrest. Í núgildandi lögum er almennur kærufrestur í samræmi við stjórnsýslulög, nr. 37/1993, það er þrír mánuðir. Eðlilegt þykir að gæta

samræmis varðandi kærunefndir í stjórnsýslunni en almennt er kærufrestur fjórar vikur. Sem dæmi má nefna úrskurðarnefnd félagsþjónustu, sbr. 63. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Með ákvörðun Íbúðalánasjóðs eða húsnæðisnefnda og félagsmálanefnda, sem falin hafa verið verkefni húsnæðisnefnda, er átt við stjórnvaldsákvörðun í skilningi stjórnsýslulaga. Ástæða þykir til að taka fram að málskot til kærunefndar fresti ekki framkvæmd ákvörðunar nema nefndin ákveði annað en það er ekki tekið fram í núgildandi lögum.

Telja verður að valdsvið kærunefndar húsnæðismála taki til mikilvægra hagsmuna, þ.e. réttar til að fá endurskoðun innan stjórnsýslunnar á ákvörðunum Íbúðalánasjóðs og húsnæðisnefnda, og þykir nú óþarft að tilgreina, og þar með takmarka, valdsvið kærunefndar húsnæðismála sérstaklega. Til þess að auka aðhald í stjórnsýslunni og auka réttaröryggi borgaranna er mikilvægt að valdsvið slíkrar kærunefndar sé ekki takmarkað með þessum hætti. Þessi breyting, að ekki verði tilgreint sérstaklega hvaða ákvarðanir falli undir kærunefnd húsnæðismála, þýðir að nefndin úrskurðar um lögmæti ákvarðana, þ.e. að við ákvörðun hafi verið farið eftir lögum, reglugerðum og reglum sveitarfélagsins, þar sem þeim er til að dreifa, og að staðið hafi verið rétt að ákvörðun, þ.e. með lögmætum og málefnalegum hætti. Eftir sem áður markar kærunefnd húsnæðismála valdsvið sitt en með þessari breytingu er valdsviðið rýmkað til muna frá því sem áður var.

Um 3. gr.

Lagt er til að heimildir Íbúðalánasjóðs til að afskrifa veðlán verði rýmkaðar. Þau tilvik hafa komið upp að íbúðir hafa eyðilagst af óviðráðanlegum orsökum, svo sem af völdum veggjatítlna og jarðhræringa. Í slíkum tilvikum hafa eigendur slíkra húsa fengið takmarkaðar bætur en setið uppi með veðkröfur vegna hússins. Að óbreyttum lögum hefur Íbúðalánasjóður ekki haft tök á að verða við beiðnum um að afskrifa veðlán í slíkum tilvikum.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að lán vegna greiðsluerfiðleika verði nefnd skuldbreytingarlán enda er lánsfjárhæð takmörkuð við fjárhæð vanskila við Íbúðalánasjóð. Í 2. mgr. er lagt til að við frestun greiðslna lengist upphaflegur lánstími sem svarar til frestunartíma. Í 4. mgr. er brugðist við því að talið er nauðsynlegt að lögfesta heimild til að lengja lánstímann til að koma til móts við fólk í greiðsluvanda, m.a. við lántaka sem sjá fram á erfiðleika en eru ekki komnir í vanskil. Lagt er til að hámark lánstíma verði 55 ár. Í 5. mgr. er lagt til að samþykki stjórnar varasjóðs viðbótarlána þurfi vegna aðstoðar við lántakendur sem fengið hafa viðbótarlán. Þetta er talið nauðsynlegt vegna þeirrar ábyrgðar sem varasjóður ber á viðbótarlánum skv. 44. gr. laga um húsnæðismál. Efni 3., 6. og 7. mgr. 4. gr. frumvarpsins er efnislega samhljóða 3., 4. og 5. mgr. 48. gr. laganna.

Um 5. gr.

Lagt er til að sveitarstjórn sem ákveður að leigja út íbúð sem hún hefur leyst til sín samkvæmt ákvæðum eldri laga geti yfirtekið lán sem veitt hafa verið af Byggingarsjóði verkamanna og/eða Byggingarsjóði ríkisins og fengið nýtt lán sem nemur mismun á áhvílandi lánum og allt að 90% af innlausnarverði íbúðar. Heildarlánveiting Íbúðalánasjóðs (nýtt lán skv. VIII. kafla laganna og yfirtekin lán úr Byggingarsjóði verkamanna og/eða Byggingarsjóði ríkisins) getur þó aldrei orðið hærri en 90% af innlausnarverði íbúðar. Ástæða þess er sú að samkvæmt lögum um húsnæðismál skal sveitarstjórn áður en hún ákveður að leigja út íbúð sem hún hefur leyst til sín greiða upp áhvílandi lán sem veitt hafa verið af Byggingar-

sjóði verkamanna. Ekkert er kveðið á um hvernig fara skuli með áhvílandi lán úr Byggingarsjóði ríkisins og hefur ákvæðið verið túlkað svo að sveitarstjórn geti leitað eftir samþykki Íbúðalánasjóðs um yfirtöku lána úr Byggingarsjóði ríkisins. Með breytingartillögunni er ætlunin að sveitarstjórn sem ákveður að leigja út íbúð sem hún hefur leyst til sín samkvæmt ákvæðum eldri laga geti yfirtekið áhvílandi lán sem veitt hafa verið af Byggingarsjóði verkamanna og kveða skýrar á um það að heimildin nái einnig til áhvílandi lána úr Byggingarsjóði ríkisins. Sveitarfélag sem fengið hefur nýtt lán úr Íbúðalánasjóði og yfirtekið lán úr Byggingarsjóði verkamanna og/eða Byggingarsjóði ríkisins getur ákveðið að stofna félag skv. 38. gr. húsnæðislaga er annist útleigu íbúða í eigu sveitarfélagsins sem það hefur leyst til sín. Slíkt félag yfirtekur áhvílandi lán sveitarfélagsins á innleystum íbúðum.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að verksvið kærunefndar húsnæðismála verði rýmkað og að þeir sem telja á sig hallað af hálfu Íbúðalánasjóðs, húsnæðisnefndar eða sveitarstjórnar, þar sem húsnæðisnefnd er ekki starfandi, geti skotið viðkomandi ákvörðun til nefndar.

Frumvarpið gerir enn fremur ráð fyrir að rýmka heimildir Íbúðalánasjóðs til skuldbreytinga og lengingar lána enda þyki slík aðstoð líkleg til að koma í veg fyrir greiðsluvanda. Þá er lagt til að stjórn Íbúðalánasjóðs fái heimild til að afskrifa útistandandi veðkröfur hafi íbúð sem stóð að veði viðkomandi kröfu eyðilagst af óviðráðanlegum ástæðum og eigandi hennar ekki fengið bætur sem duga til uppgreiðslu á áhvílandi kröfum. Í greinargerð kemur fram að Íbúðalánasjóður hefur ekki tök á að óbreyttum lögum að afskrifa veðlán þegar íbúðir hafa eyðilagst af óviðráðanlegum orsökum, svo sem af völdum veggjatítlna og jarðhitahræringa. Af greinargerð má ráða að stjórn Íbúðalánasjóðs er ætlað að beita þessari heimild mjög þröngt. Ekki er talið að framangreind ákvæði hafi teljandi áhrif á afkomu sjóðsins.

Loks er lagt til að sveitarstjórn sem ákveður að leigja út íbúð sem hún hefur leyst til sín samkvæmt ákvæðum eldri laga geti yfirtekið lán sem veitt hafa verið af Byggingarsjóði verkamanna og/eða Byggingarsjóði ríkisins og fengið nýtt lán sem nemur mismun á áhvílandi lánum og allt að 90% af innlausnarverði íbúðar. Að óbreyttum lögum þarf sveitarfélag að greiða upp eldri lán ákveði hún að leigja íbúðina út. Með heimild sveitarfélaga til að yfirtaka eldra lán á óbreyttum vöxtum í stað þess að greiða þau upp verður Íbúðalánasjóður af þeim vaxtamun sem er á eldri og nýrri lánum og lengri tími mun líða þar til lán úr eldra kerfi verði greidd upp. Þá má gera ráð fyrir að þessi ráðstöfun hvetji sveitarfélög enn frekar til að leigja út íbúðir sem annars yrðu innleystar í Varasjóð viðbótarlána með söluhagnaði. Það kæmi til með að draga eitthvað úr tekjum sjóðsins. Varasjóður er í eign og á ábyrgð sveitarfélaga en óvíst er hvort og þá að hve miklu leyti fjárþörf sjóðsins eykst af þessum sökum. Komi til aukinna útgjalda Varasjóðs þarf að auka hlut viðkomandi sveitarfélaga í hámarki niðurgreiðslu áhvílandi lána Byggingarsjóðs verkamanna.

999. Frumvarp til laga [624. mál]

um atvinnuréttindi útlendinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Ákvæði laga þessara gilda um heimild útlendinga til atvinnu hér á landi, þó með þeim undantekningum sem koma fram í III. kafla laganna.

Íslenskir ríkisborgarar geta einnig borið skyldur samkvæmt lögunum.

2. gr.
Tilgangur.

Lögin gefa heimild til að veita atvinnuleyfi vegna starfa útlendinga hér á landi í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni.

Lögunum er einnig ætlað að tryggja réttaröryggi útlendinga sem koma til landsins í atvinnuskyni og kveða á um rétt útlendinga til atvinnu hér á landi að ákveðnum skilyrðum fullnægðum.

3. gr.
Orðskýringar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Atvinnuleyfi:* Leyfi sem félagsmálaráðherra veitir útlendingi til að starfa hér á landi eða atvinnurekanda til að ráða útlending í starf.
2. *Tímabundið atvinnuleyfi:* Tímabundið leyfi veitt atvinnurekanda til að ráða útlending til starfa.
3. *Atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna:* Tímabundið leyfi veitt útlendingi vegna sérhæfðra verkefna.
4. *Óbundið atvinnuleyfi:* Ótímabundið leyfi veitt útlendingi til að vinna á Íslandi.
5. *Atvinnuleyfi vegna námsdvalar og vistráðningar:* Atvinnuleyfi erlendra námsmanna í íslenskum skólum eða vegna samninga um vistráðningu á heimili.
6. *Atvinnurekandi:* Einstaklingur eða fyrirtæki sem er með atvinnurekstur hér á landi án tillits til þess hvernig rekstrarformi og eignarhaldi er háttað.
7. *Útlendingur:* Einstaklingur sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt.

4. gr.
Framkvæmd laganna.

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum og setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

Vinnumálastofnun annast að öðru leyti framkvæmd laganna.

II. KAFLI
Atvinnuleyfi.

5. gr.
Almennt.

Atvinnuleyfi veitir rétt til að vinna hér á landi samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði.

Leyfi samkvæmt lögum þessum er heimilt að binda skilyrðum öðrum en þeim er koma fram í lögum þessum og ráðherra telur nauðsynleg vegna mikilvægra almannahagsmuna.

Vinnumálastofnun skal gefa út atvinnuleyfi samkvæmt nánari ákvæðum sem sett skulu í reglugerð.

6. gr.

Óheimilt er að veita útlendingi leyfi samkvæmt lögum þessum sem hefur ekki dvalarleyfi hér á landi samkvæmt lögum um útlendinga eða hefur verið gert að fara af landi brott.

Óheimilt er hverjum manni, félagi eða stofnun, sem rekur atvinnu eða starfrækir fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að ráða útlending til starfa, hvort heldur er um langan tíma eða skamman, eða hlutast til um að útlendingur flytjist til landsins í því skyni án atvinnuleyfis.

Útlendingi er óheimilt að ráða sig í vinnu eða starfa sjálfstætt nema leyfi hafi verið veitt samkvæmt lögum þessum.

Útlendingar sem falla undir ákvæði 14. og 15. gr. eru undanþegnir ákvæðum 2. og 3. mgr.

7. gr.
Tímabundið atvinnuleyfi.

Tímabundið atvinnuleyfi er veitt atvinnurekanda til að ráða útlending til starfa. Skilyrði þess að atvinnuleyfi megi veita samkvæmt þessari grein eru eftirfarandi:

a. Að kunnáttumenn verði ekki fengnir innan lands, atvinnuvegi landsins skorti vinnuafl eða aðrar sérstakar ástæður mæli með leyfisveitingu. Áður en atvinnuleyfi er veitt ber atvinnurekanda að hafa leitað til svæðisvinnumiðlunar eftir vinnuafli, nema slík leit verði fyrirsjáanlega árangurslaus að mati Vinnumálastofnunar.
b. Að fyrir liggi umsögn stéttarfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein eða viðkomandi landssambands. Umsögn skal liggja fyrir innan 14 daga frá móttöku umsagnaraðila á umsókn um atvinnuleyfi. Þó er heimilt í sérstökum tilvikum að víkja frá þessu skilyrði þegar ekki er til að dreifa stéttarfélagi eða landssambandi í hlutaðeigandi starfsgrein.
c. Að fyrir liggi undirskrifaður ráðningarsamningur til tiltekins tíma eða verkefnis sem tryggi starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn, sbr. lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.
d. Að atvinnurekandi sjúkratryggi erlendan starfsmann þannig að hann njóti verndar til jafns við ákvæði almannatryggingalaga.
e. Að atvinnurekandi ábyrgist greiðslu á heimflutningi starfsmanns að starfstíma loknum ef starfsmaður verður óvinnufær um lengri tíma vegna veikinda eða slysa og ef um er að ræða ráðningarslit sem starfsmaður á ekki sök á. Í ráðningarsamningi komi fram til hvaða lands heimflutningur nær.
f. Að lagt hafi verið fram fullnægjandi heilbrigðisvottorð.

Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna nánustu aðstandenda útlendings sem fengið hefur búsetuleyfi og óbundið atvinnuleyfi. Skilyrði er að áður hafi verið veitt dvalarleyfi samkvæmt ákvæðum laga um útlendinga um dvalarleyfi fyrir aðstandendur. Við veit-

ingu leyfis samkvæmt þessari málsgrein er heimilt að víkja frá skilyrðum a- og e-liðar 1. mgr.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um tímabundin atvinnuleyfi.

8. gr.

Tímabundið atvinnuleyfi skal liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta skipti til starfa á Íslandi. Frá þessu má þó víkja ef ríkar sanngirnisástæður eru fyrir hendi.

Atvinnuleyfi sem veitt er í fyrsta skipti skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs. Heimilt er að framlengja það um allt að tvö ár í senn, enda séu uppfyllt skilyrði sem fram koma í a–c-liðum 1. mgr. 7. gr.

Heimilt er að veita útlendingi, sem er ríkisborgari í ríki sem hefur gert samning við íslensk stjórnvöld um atvinnuréttindi eða er aðili að alþjóðasamningum um félagsleg réttindi sem Ísland hefur fullgilt, leyfi til að stunda atvinnu á Íslandi í lengri tíma en greinir í 2. mgr.

9. gr.

Íslenskukennsla og samfélagsfræðsla.

Atvinnurekandi og stéttarfélag skulu veita starfsmanni með tímabundið atvinnuleyfi upplýsingar um grunnnámskeið í íslensku fyrir útlendinga, samfélagsfræðslu og aðra þá fræðslu sem honum og fjölskyldu hans stendur til boða.

10. gr.

Atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna.

Heimilt er við sérstakar aðstæður að veita útlendingi, sem fyrirhugað er að senda hingað til lands á vegum fyrirtækis sem ekki hefur starfsstöð hér á landi, tímabundið atvinnuleyfi, að uppfylltum skilyrðum c–f-liðar 1. mgr. 7. gr.

Þjónustusamningur við fyrirtæki hér á landi skal liggja fyrir. Í samningnum skal m.a. koma fram að skilyrði viðskiptanna sé að starfsmaður hins erlenda fyrirtækis annist þjónustuna.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal að jafnaði ekki veitt til lengri tíma en sex mánaða á grundvelli sama þjónustusamnings.

Atvinnuleyfi veitt samkvæmt þessari grein skal liggja fyrir áður en útlendingur kemur til landsins.

11. gr.

Óbundið atvinnuleyfi.

Heimilt er að veita útlendingi óbundið atvinnuleyfi. Skilyrði þess að atvinnuleyfi megi veita samkvæmt þessari grein eru eftirfarandi:

a. að hann hafi átt samfellt lögheimili á Íslandi í þrjú ár,
b. að hann hafi öðlast búsetuleyfi á Íslandi samkvæmt lögum um útlendinga,
c. að áður hafi verið veitt leyfi skv. 7. gr.

Víkja má frá ofangreindum skilyrðum ef um er að ræða erlendan maka Íslendings sem undanþeginn er kröfu um atvinnuleyfi samkvæmt síðari málslið a-liðar 14. gr. við skilnað eða andlát maka. Þegar um skilnað er að ræða þarf hjúskapur að hafa varað í a.m.k. tvö ár og hinn erlendi maki þarf að eiga og hafa átt samfellt lögheimili hér á landi í a.m.k. tvö ár.

Víkja má frá skilyrði c-liðar ef um er að ræða útlending sem verið hefur í námi hér á landi að lágmarki í þrjú ár og lokið því.

Heimilt er að veita útlendingi, sem hefur fengið landvist hér á landi sem flóttamaður, atvinnuleyfi samkvæmt þessari grein.

Leyfi samkvæmt þessari grein gildir meðan útlendingur hefur fasta búsetu hérlendis.

12. gr.

Atvinnuleyfi vegna námsdvalar.

Heimilt er að veita útlendingi, sem stundar fullt nám hér á landi samkvæmt vottorði frá hlutaðeigandi skóla, leyfi til að stunda vinnu sem hluta af námi, með námi eða í námsleyfum, enda sé námsframvinda eðlileg.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt þessari grein er framvísun innritunarvottorðs hlutaðeigandi skóla. Leyfi skal ekki veitt til lengri tíma en sex mánaða í senn. Heimilt er að framlengja atvinnuleyfi vegna námsdvalar gegn innritunarvottorði og vottorði um námsframvindu.

Skilyrði þess að atvinnuleyfi sé veitt á grundvelli þessarar greinar er að útlendingur hafi lagt fram fullnægjandi heilbrigðisvottorð.

Í reglugerð skal kveðið nánar um atvinnuleyfi vegna námsdvalar, þ.m.t. hámarksvinnustundafjölda.

13. gr.

Atvinnuleyfi vegna vistráðningar.

Heimilt er að veita leyfi til að ráða útlending á aldrinum 18–26 ára í vist á íslenskt heimili.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis er að fyrir liggi skriflegur samningur milli aðila þar sem fram kemur m.a. gildistími samnings, hlunnindi að því er varðar fæði og húsnæði, daglegur vinnutími, daglegur og vikulegur hvíldartími, réttur til að stunda nám og ákvæði um sjúkra- og slysatryggingar. Fæði og húsnæði skal vera ókeypis.

Skilyrði þess að atvinnuleyfi sé veitt á grundvelli þessarar greinar er að útlendingur hafi lagt fram fullnægjandi heilbrigðisvottorð.

Óheimilt er að veita leyfi til ráðningar sama einstaklings skv. 1. mgr. til lengri tíma en eins árs.

Vinnumálastofnun skal gefa út nauðsynleg eyðublöð vegna samninga um vistráðningu. Á eyðublaðið skal prenta upplýsingar um ábyrgð þess sem ræður til sín útlending í vist, m.a. í sambandi við sjúkra- og slysatryggingar og önnur hlunnindi.

Vinnumálastofnun skal ákveða upphæð vasapeninga sem greiða skal útlendingi sem ráðinn hefur verið í vist skv. 1. mgr.

Vinnumálastofnun er heimilt að fela stofnun eða fyrirtæki alla milligöngu og eftirlit með ráðningum skv. 1. mgr.

Nánar skal kveða á um skilyrði þessa ákvæðis í reglugerð.

III. KAFLI
Undanþáguákvæði.

14. gr.

Eftirtaldir eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi:

a. Útlendingar sem falla undir reglur um Evrópska efnahagssvæðið. Sama gildir um erlendan maka íslensks ríkisborgara og börn hans að 18 ára aldri.
b. Útlendingar sem hafa verið íslenskir ríkisborgarar frá fæðingu en hafa misst íslenskan ríkisborgararétt.
c. Útlendingar í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja.

15. gr.

Eftirtaldir útlendingar eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi vegna vinnu í allt að fjórar vikur á ári hér á landi:

a. Vísindamenn og fyrirlesarar að því leyti sem varðar kennslu eða hliðstæða starfsemi.
b. Listamenn, að undanskildum hljóðfæraleikurum sem ráða sig til starfa á veitingahúsum.
c. Íþróttaþjálfarar.
d. Fulltrúar í viðskiptaerindum fyrir fyrirtæki sem ekki hafa útibú hérlendis.
e. Ökumenn fólksflutningabifreiða sem skráðar eru í erlendu ríki, enda hafi þeir komið með erlenda ferðamenn í bifreiðunum til landsins.
f. Blaða- og fréttamenn erlendra fjölmiðla sem eru í þjónustu fyrirtækja sem ekki hafa starfsstöð á Íslandi.
g. Starfsmenn, ráðgjafar og leiðbeinendur sem vinna að sérhæfðri samsetningu, uppsetningu, eftirliti eða viðgerð tækja.

Þeir sem koma fram á næturklúbbum eru ekki undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi.

Ráðherra getur sett reglur sem skilgreina nánar einstök störf sem falla undir undanþágu samkvæmt þessari grein.

IV. KAFLI
Afturköllun atvinnuleyfis og viðurlög.

16. gr.

Afturköllun.

Vinnumálastofnun er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi ef útlendingur eða atvinnurekandi hefur við umsókn, gegn betri vitund, veitt rangar upplýsingar eða leynt atvikum sem hefðu getað haft verulega þýðingu við leyfisveitinguna eða ekki er lengur fullnægt skilyrðum fyrir veitingu atvinnuleyfis eða það leiðir að öðru leyti af almennum stjórnsýslureglum.

17. gr.

Viðurlög.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Dæma má lögaðila jafnt sem einstaklinga til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Um refsiábyrgð lögaðila fer samkvæmt II. kafla A almennra hegningarlaga.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta opinberri meðferð.

18. gr.

Heimflutningur.

Hafi einhver hlutast til um að útlendingur, sem hefur verið synjað um atvinnuleyfi eða hefur ekki sótt um atvinnuleyfi, flytjist til landsins til að taka hann í þjónustu sína ber honum að sjá um heimflutning hans innan þess tíma sem Vinnumálastofnun tiltekur, ríkissjóði að kostnaðarlausu.

V. KAFLI
Samráð Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar.

19. gr.

Samráðsnefnd.

Vinnumálastofnun og Útlendingastofnun skulu koma á fót sérstakri samráðsnefnd vegna framkvæmdar laga þessara.

Samráðsnefndin skal skipuð fjórum mönnum og skipar hvor stofnunin tvo menn í nefndina. Skipunartími nefndarinnar er tvö ár. Samráðsnefndin velur formann úr hópi nefndarmanna. Skal formaður annast boðun funda og stjórn þeirra.

20. gr.

Vinnumálastofnun skal tilkynna allar atvinnuleyfisveitingar og synjanir til Útlendingastofnunar.

Útlendingastofnun skal í samráði við Vinnumálastofnun gefa út skírteini þar sem m.a. komi fram upplýsingar um dvalarleyfi og réttindi útlendingsins til að stunda vinnu á Íslandi. Þar skulu einnig vera nauðsynlegar persónuupplýsingar. Heimilt er að krefja umsækjanda um atvinnuleyfi um endurgjald fyrir skírteinið. Endurgjaldið skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði við útgáfu þess.

VI. KAFLI
Málsmeðferð.

21. gr.

Almennar reglur um málsmeðferð.

Stjórnsýslulögin gilda um meðferð mála nema annað leiði af lögum þessum.

22. gr.

Málshraði.

Vinnumálastofnun skal taka ákvörðun um hvort orðið er við umsókn um atvinnuleyfi svo fljótt sem verða má.

Þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast ber að skýra aðila máls frá því. Skal þá upplýst um ástæðu tafanna og hvenær ákvörðunar er að vænta.

23. gr.

Leiðbeiningarskylda.

Í máli er varðar synjun eða afturköllun atvinnuleyfis skal stjórnvald leiðbeina útlendingi um kæruheimild skv. 24. gr. laganna.

24. gr.

Kæruheimild.

Ákvörðun Vinnumálastofnunar um synjun eða afturköllun atvinnuleyfis má kæra til félagsmálaráðuneytis.

Nú vill umsækjandi nýta sér kæruheimild og er kærufrestur fjórar vikur frá því að tilkynning barst um ákvörðun Vinnumálastofnunar. Að öðru leyti fer um kæru skv. VII. kafla stjórnsýslulaga um stjórnsýslukæru.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði og gildistaka.

25. gr.

Samstarfsnefnd.

Félagsmálaráðherra skal skipa samstarfsnefnd sem í eiga sæti fulltrúar Vinnumálastofnunar, Útlendingastofnunar, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Félagsmálaráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Samstarfsnefndin skal kölluð saman:
a. vegna almennra álitamála varðandi útgáfu atvinnuleyfa,
b. þegar beiðnir berast til Vinnumálastofnunar um atvinnuleyfi fyrir hópa útlendinga.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2001.

Við gildistöku laganna falla úr gildi lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði í lok árs 1999. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar frá félagsmálaráðuneyti, Vinnumálastofnun, Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandi Íslands og dómsmálaráðuneyti. Nefndinni var falið að endurskoða núgildandi lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994. Frumvarp þetta felur í sér heildarendurskoðun á lögunum.

Í frumvarpinu er að finna reglur um rétt útlendinga hér á landi til atvinnu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Frumvarpinu er einnig ætlað að tryggja réttaröryggi útlendinga sem koma til landsins í atvinnuskyni.

Frá gildistöku núgildandi laga hafa orðið miklar breytingar á íslenskum vinnumarkaði. Eftirspurn eftir erlendu vinnuafli hefur stóraukist sem rekja má til mikillar þenslu á vinnumarkaði síðustu ár. Þá hefur orðið sú breyting að þeir útlendingar sem hingað koma til vinnu dvelja hér lengur en áður var og reynir því oftar á rétt fjölskyldu þeirra til dvalar og atvinnu í landinu.

Í störfum nefndarinnar hefur sérstaklega verið litið til framkvæmdar núgildandi laga m.a. með tilkomu Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana þar sem félagsmálaráðherra hefur falið Vinnumálastofnun að hafa með höndum veitingu atvinnuleyfa. Með frumvarpinu er m.a. verið að festa þessa framkvæmd í sessi.

Vegna þeirra breytinga sem orðið hafa féllu núgildandi lög í mörgu tilliti illa að aðstæðum í íslensku samfélagi. Í frumvarpinu hefur einnig verið tekið tillit til þeirrar almennu þróunar sem orðið hefur á löggjöf á sviði stjórnsýsluréttar, mannréttinda og í alþjóðlegu samstarfi.

Endurskoðun laga um atvinnuréttindi útlendinga hefur tekið nokkuð mið af frumvarpi til laga um útlendinga. Það á m.a. við um hugtakanotkun. Leitast hefur verið við að hafa samræmi á þessu sviði eins og unnt er. Dvalarleyfi og atvinnuleyfi eru nátengd, þannig að nauðsynlegt var að taka tillit til framangreinds frumvarps. Þá er í frumvarpinu kveðið á um samstarf Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar. Eins er að finna ákvæði um útgáfu skírteinis vegna dvalar og atvinnuleyfis sem Útlendingastofnun skuli annast útgáfu á, enda er það til samræmis við núgildandi vinnulag þar sem slík útgáfa er í höndum útlendingaeftirlits samkvæmt samkomulagi.

Ákvæði um brottvísun í núgildandi lögum um atvinnuréttindi útlendinga er fellt út, enda er um brottvísun fjallað í 20. gr. frumvarps til laga um útlendinga, en forsenda dvalarleyfis vegna atvinnu er m.a. vissan um að atvinnuleyfi fáist.

II. Helstu nýmæli frumvarpsins.

Kaflaskipan frumvarpsins er með nokkuð öðrum hætti en í núgildandi lögum. Frumvarpið skiptist í eftirfarandi kafla:

I. Almenn ákvæði.

II. Atvinnuleyfi.
III. Undanþáguákvæði.
IV. Afturköllun atvinnuleyfis og viðurlög.
V. Samráð Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar.
VI. Málsmeðferð.
VII. Ýmis ákvæði og gildistaka.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru eftirfarandi:

1. Atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna.
2. Heimilt er að víkja frá skilyrði um umsögn stéttarfélags þegar ekki er til að dreifa stéttarfélagi eða landssambandi í hlutaðeigandi starfsgrein.
3. Atvinnurekandi skal samkvæmt frumvarpinu sjúkratryggja erlendan starfsmann sinn þar til hann nýtur verndar samkvæmt ákvæðum almannatryggingalaga.
4. Atvinnurekandi skal undir sérstökum kringumstæðum ábyrgjast greiðslu vegna heimflutnings starfsmanns.
5. Framkvæmd vegna útgáfu heilbrigðisvottorða verði breytt þannig að tekin verða gild erlend vottorð ef þau eru fullnægjandi samkvæmt reglugerð á grundvelli laganna og sóttvarnalaga, nr. 19/1997.
6. Í frumvarpinu er heimildarákvæði um að veita nánustu aðstandendum útlendings tímabundið atvinnuleyfi, enda hafi hann fengið búsetuleyfi og óbundið atvinnuleyfi.
7. Með frumvarpinu er, ef ríkar sanngirnisástæður eru fyrir hendi, heimilt að víkja frá þeirri meginreglu að tímabundið atvinnuleyfi skuli ætíð liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta sinn til starfa hér á landi.
8. Í frumvarpinu er sérstakt ákvæði um íslenskukennslu og samfélagsfræðslu.
9. Í frumvarpinu er heimild til að víkja frá skilyrðum varðandi óbundið atvinnuleyfi þegar um er að ræða skilnað útlendings sem hefur verið giftur Íslendingi í a.m.k. tvö ár, enda hafi viðkomandi átt samfellt lögheimili á landinu í a.m.k. tvö ár.
10. Í frumvarpinu er heimilt að víkja frá skilyrðum varðandi óbundið atvinnuleyfi þegar um er að ræða andlát íslensks maka útlendings.
11. Frumvarpið kveður einnig á um að víkja megi frá því skilyrði við veitingu óbundins atvinnuleyfis að þegar liggi fyrir tímabundið atvinnuleyfi, ef um er að ræða útlending sem verið hefur í námi hér á landi að lágmarki í þrjú ár og lokið námi.
12. Í frumvarpinu eru skilyrði afturköllunar atvinnuleyfis tilgreind.
13. Í frumvarpinu er kveðið á um samráðsnefnd Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar.
14. Í frumvarpinu er nýr kafli um málsmeðferð þar sem koma fram helstu meginreglur um málsmeðferðina og kæruheimild.
15. Lagt er til að skipuð verði samstarfsnefnd sem taki á almennum álitamálum varðandi útgáfu atvinnuleyfa og fjalli um beiðnir sem berast til Vinnumálastofnunar vegna atvinnuleyfa fyrir hópa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er fjallað um gildissvið laganna. Ákvæðum laganna er ætlað að gilda um heimild útlendinga til að stunda atvinnu hér á landi. Í 1. mgr. kemur fram að ákvæðunum er ætlað að gilda um útlendinga, en útlendingur telst hver sá sem ekki er íslenskur ríkisborgari samkvæmt lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952.

Með 2. mgr. er lögð áhersla á að íslenskir ríkisborgarar geti einnig borið skyldur samkvæmt lögunum. Þar eru einkum hafðir í huga íslenskir atvinnurekendur sem sækja um atvinnuleyfi fyrir útlending.

Um 2. gr.

Í þessari grein er tilgangi laganna lýst. Í 1. mgr. segir að í lögunum sé heimild til að veita útlendingum atvinnuleyfi hér á landi. Stjórnvöldum er nauðsyn að hafa stjórn á og eftirlit með þeim útlendingum sem stunda atvinnu hér á landi. Skal þetta gert í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni. Stefna stjórnvalda kemur m.a. fram í þeim reglum sem settar verða á grundvelli laganna. Stefnan getur til dæmis varðað takmarkanir með hliðsjón af vinnuaflsþörf í landinu á hverjum tíma.

Samkvæmt 2. mgr. er lögunum ætlað að tryggja réttaröryggi útlendinga sem falla undir þau. Þannig eru í VI. kafla reglur um málsmeðferð sem meðal annars kveða á um leiðbeiningarskyldu, kæruheimild o.fl.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða 2. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að fellt verði úr lögunum atvinnuleyfi til bráðabirgða, sbr. 2. og 12. gr. laganna, og atvinnurekstrarleyfi, sbr. 2. og 9. gr. laganna. Þá er nýtt ákvæði um atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna.

Ákvæði um atvinnuleyfi til bráðabirgða var einnig í fyrri lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 26/1982. Það var sérstaklega hugsað til að koma til móts við atvinnurekendur sem þurftu af sérstökum ástæðum og með litlum fyrirvara að ráða til sín hópa útlendinga. Lítið sem ekkert hefur reynt á þetta ákvæði. Þegar hingað hafa komið hópar útlendinga sem þurft hafa atvinnuleyfi hefur reynst mögulegt að afgreiða erindið með útgáfu tímabundins atvinnuleyfis á nafn hvers og eins.

Ákvæði um atvinnurekstrarleyfi eða atvinnuréttarleyfi eins og það var kallað kom inn í lög með lögum nr. 26/1982. Ákvæðið var fellt úr lögum með lögum nr. 69/1993 vegna notkunarleysis. Ákvæði um atvinnurekstrarleyfi voru svo tekin upp í núgildandi lög, en ástæður þess voru tvíþættar. Talið var óeðlilegt að útlendingur sem hygðist stofna til rekstrar hér á landi ætti greiðari aðgang að atvinnulífi og vinnumarkaði en þeir sem réðu sig til almennra starfa. Enn fremur var það talið nauðsynlegt til að auðvelda eftirlitsaðilum, fyrst og fremst útlendingaeftirlitinu, að rækja lögbundið eftirlitsstarf. Í frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði um atvinnurekstrarleyfi verði lögð niður á nýjan leik. Ástæður eru fyrst og fremst notkunarleysi sem fyrr, lítið hefur reynt á ákvæði þetta og hefur það jafnframt valdið nokkrum vanda í framkvæmd þar sem lítið er um viðmiðunarreglur sem hins vegar er að finna þegar kemur að útgáfu atvinnuleyfa. Þannig veita atvinnurekstrarleyfi í þeirri mynd sem þau eru í dag enga frekari möguleika á eftirliti umfram það sem útgáfa atvinnu- og dvalarleyfa gerir. Enn fremur má segja að þau rök sem haldið var fram þegar ákvæðið var tekið upp í lög um greiðari aðgang erlendra aðila sem hyggjast stunda sjálfstæðan atvinnurekstur eigi ekki við. Með því að ólíkar reglur gildi um sjálfstæðan atvinnurekstur og almenna launþega má miklu frekar segja að um mismunun sé að ræða. Eðlilegra er að fella niður sérstakt ákvæði um atvinnurekstrarleyfi þannig að ákvæði um atvinnuleyfi, auk reglna um dvalarleyfi, gildi með sama hætti um sjálfstæða atvinnurekendur og almenna launþega. Þannig mundi hlutafélag eða einkahlutafélag sem stofnað er af erlendum aðila búsettum hér á landi, að uppfylltum skilyrðum laga, sækja um atvinnuleyfi fyrir hönd hins erlenda starfsmanns með sama hætti og innlendir atvinnurekendur gera. Enn fremur er rétt að hafa í huga að í lögum um hlutafélög og einkahlutafélög er að finna reglur um rétt erlendra aðila til stofnunar hlutafélaga hér

á landi, en með þeim kröfum má segja að felist ákveðið eftirlit með stofnun slíks atvinnurekstrar. Niðurfelling atvinnurekstrarleyfa á auk þess ekki að hafa áhrif á eftirlit útlendingaeftirlits þar sem erlendur aðili sem hyggst stofna til sjálfstæðs rekstrar verður eftir sem áður að uppfylla skilyrði laga um dvalarleyfi ásamt skilyrðum laga um atvinnuleyfi.

Með örfáum undantekningum gera innlend lög á sviði fjárfestinga- og atvinnurekstrar ráð fyrir því að erlendur aðili sem hefur fasta búsetu hérlendis skuli njóta sömu réttinda og innlendur aðili með fasta búsetu. Einnig er rétt að benda á að þróun tvíhliða og fjölþjóðlegra samninga á þessu sviði gengur í sömu átt. Hafa Íslendingar m.a. verið talsmenn þessa á alþjóðavettvangi. Það er í samræmi við þessar áherslur að erlendum aðilum verði veitt landskjararéttindi (e. national treatment) eins og afnám sérstaks atvinnurekstrarleyfis væri.

Um atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna er fjallað í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Í greininni er tekið fram hverjir skuli annast framkvæmd laganna. Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum og setur nánari reglur um heimild útlendinga til atvinnu hér á landi.

Samkvæmt 2. mgr. verður framkvæmd laganna að öðru leyti í höndum Vinnumálastofnunar.

Um 5. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru óbreytt frá 6. gr. núgildandi laga. Ákvæði 3. mgr. frumvarpsins er nýmæli en með því er Vinnumálastofnun gert að gefa út atvinnuleyfi samkvæmt nánari ákvæðum þar um í reglugerð. Er þessi tilhögun í samræmi við framkvæmd á útgáfu atvinnuleyfa eins og hún er nú.

Um 6. gr.

Ákvæði 3. mgr. greinarinnar er breytt frá núgildandi lögum til samræmis við þá breytingu sem lögð er til í frumvarpinu að fella úr lögum sérstakt ákvæði um atvinnurekstrarleyfi, sbr. athugasemd við 3. gr. frumvarpsins. Aðrar málsgreinar þessarar greinar eru óbreytt ákvæði frá núgildandi lögum. Ákvæði 2. mgr. er samhljóða ákvæði 5. gr. núgildandi laga og 3. mgr. er fyrri málsliður 1. mgr. 4. gr. núgildandi laga.

Um 7. gr.

Greinin fjallar um skilyrði þess að veita megi tímabundið atvinnuleyfi.

Fyrri málsliður a-liðar 1. mgr. er óbreyttur frá núgildandi lögum. Við greinina bætist hins vegar nýr málsliður þess efnis að atvinnurekandi skuli hafa leitað til svæðisvinnumiðlunar eftir vinnuafli, nema slík leit verði fyrirsjáanlega árangurslaus að mati Vinnumálastofnunar. Ákvæðið kemur í stað 4. mgr. 7. gr. núgildandi laga, en með lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 13/1997, var svæðisvinnumiðlunum m.a. falið að annast skráningu atvinnulausra, miðla upplýsingum um atvinnuástand og atvinnuleysi og atvinnuhorfur.

Tveir fyrstu málsliðir b-liðar eru óbreyttir en við stafliðinn bætist málsliður sem heimilar í sérstökum tilvikum að vikið sé frá skilyrðinu. Ber að túlka þá heimild þröngt, enda þykir mikilvægt að fengin sé slík umsögn sem um ræðir í greininni. Þau tilvik sem gætu fallið undir undanþáguna hér eru m.a. leyfi vegna íþróttamanna, þjálfara og stjórnenda.

Ákvæði c-liðar er óbreytt frá fyrri málslið c-liðar 7. gr. núgildandi laga. Seinni málsliður þeirrar greinar er felldur niður en inn kemur nýr liður, e-liður, þar sem kveðið er á um ábyrgð

atvinnurekanda á greiðslu heimflutnings erlends starfsmanns. Ákvæðið er lögfesting á núverandi framkvæmd laganna og felur í sér að atvinnurekandi sem fær leyfi til að ráða erlendan starfsmann til landsins beri ábyrgð á því að hann komist til heimalands síns þegar ráðningarsambandi lýkur. Vilji starfsmaður hins vegar ráða sig til annars atvinnurekanda þegar ráðningarsambandi lýkur en áfram á grundvelli tímabundins atvinnuleyfis þá getur upphaflegur atvinnurekandi samið við nýja atvinnurekandann um að ábyrgjast þennan heimflutning.

Í d-lið er nýmæli þess efnis að atvinnurekandi skuli sjúkratryggja erlendan starfsmann þannig að hann njóti verndar til jafns við ákvæði almannatryggingalaga. Er ákvæðinu fyrst og fremst ætlað að tryggja rétt starfsmannsins meðan biðtími bótaréttar samkvæmt ákvæðum almannatrygginga varir.

Þá er í f-lið skilyrði að lagt hafi verið fram heilbrigðisvottorð. Er gert ráð fyrir að heimilt verði að leggja fram vottorð frá heimalandi, enda verði sett reglugerð með stoð í lögunum og með stoð í sóttvarnalögum hvaða kröfur eru gerðar til heilbrigðisvottorðs með tilliti til almenns heilbrigðis og sóttvarna við komu til landsins.

2. mgr. greinarinnar er nýmæli. Ákvæðið heimilar að vikið sé frá almennum vinnumarkaðssjónarmiðum í a-lið þegar um er að ræða nánustu aðstandendur útlendings sem fengið hefur búsetuleyfi og óbundið atvinnuleyfi. Er þar vísað til skilgreininga frumvarps til laga um útlendinga á því hverjir geti talist til aðstandenda. Skilyrði er að dvalarleyfi hafi verið veitt samkvæmt ákvæðum þeirra laga um dvalarleyfi fyrir aðstandendur. Er einnig heimilt að víkja frá skilyrði um ábyrgð atvinnurekanda á heimflutningi við veitingu atvinnuleyfis samkvæmt þessari grein.

Um 8. gr.

Ákvæði 1. mgr. greinarinnar er nú í lokamálslið 1. mgr. 4. gr. núgildandi laga. Þar er um að ræða ófrávíkjanlega meginreglu um að atvinnuleyfi skuli liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta skipti til starfa á Íslandi. Er hér gerð sú tillaga að heimilað verði að víkja frá þeirri meginreglu, til samræmis við 13. gr. frumvarps til laga um útlendinga, ef ríkar sanngirnisástæður eru fyrir hendi. Er gert ráð fyrir þröngri túlkun ákvæðisins, en með ríkum sanngirnisástæðum er m.a. átt við þá aðstöðu að útlendingur fái veitingu hælis hér á landi eða honum veitt dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða. Í slíkum tilfellum mæla sanngirnisástæður með því að útlendingurinn fái að starfa á Íslandi ef vinnumarkaðssjónarmið koma ekki í veg fyrir það.

Ákvæði 2. mgr. greinarinnar er hliðstætt ákvæði 2. mgr. 7. gr. núgildandi laga og 3. mgr. greinarinnar er samhljóða 5. mgr. 7. gr. núgildandi laga.

Um 9. gr.

Greinin er nýmæli og samkvæmt henni er atvinnurekendum og stéttarfélagi gert að veita starfsmanni, sem fengið hefur tímabundið atvinnuleyfi, upplýsingar um grunnnámskeið í íslensku fyrir útlendinga, um samfélagsfræðslu og aðra þá fræðslu sem honum og fjölskyldu hans stendur til boða. Afar mikilvægt er að útlendingar sem hér búa eigi þess kost að læra íslensku og fá kynningu á samfélaginu, réttindum sínum og skyldum. Það er æ algengara að útlendingar ílengist hér, fái framlengt atvinnuleyfi og jafnvel óbundið atvinnuleyfi. Af þessum sökum er sífellt mikilvægara að útlendingar sem hingað koma í atvinnuskyni fái kennslu í íslensku og fræðslu um samfélagið. Greinin kveður þó ekki á um að halda skuli slík námskeið heldur að útlendingur fái upplýsingar um það sem í boði er. Mikilvægt er að útlendingnum sé kunnugt um það svo fljótt sem auðið er eftir að hann hefur komið til lands-

ins og fengið atvinnuleyfi. Því er í frumvarpinu lagt til að upplýsingaskyldan varði útlendingana strax og þeir fá tímabundið leyfi til að starfa hér á landi.

Um 10. gr.

Greinin er nýmæli og er henni ætlað að taka til þeirra sérstöku aðstæðna þegar fyrirtæki sem ekki hefur starfsstöð hér á landi hefur gert þjónustusamning við innlent fyrirtæki og skilyrði viðskiptanna er að starfsmaður seljanda annist ákveðna þjónustu í tengslum við viðskiptin. Ástæða þótti til að hafa ákvæði sem þetta í frumvarpinu þar sem íslensk fyrirtæki hafa í auknum mæli sóst eftir kaupum á þjónustu sérfræðinga og sérhæfðra starfsmanna erlendis frá í tengslum við nýja tækni eða nýjan búnað.

Almenn skilyrði c- til f-liðar 7. gr. gilda við veitingu atvinnuleyfa samkvæmt þessari grein og telst hið erlenda fyrirtæki atvinnurekandi.

Í 3. mgr. greinarinnar segir að atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna skuli að jafnaði ekki veitt til lengri tíma en sex mánaða á grundvelli sama þjónustusamnings. Þótti ástæða til að setja slíkt ákvæði í greinina til að koma í veg fyrir að með henni væri opnuð jafngreið eða jafnvel greiðari leið til atvinnuleyfis hér á landi en fæst með tímabundnu atvinnuleyfi skv. 7. gr.

Ákvæði 4. mgr. greinarinnar er til samræmis við skilyrði í 8. gr. frumvarpsins vegna tímabundins atvinnuleyfis.

Um 11. gr.

Ákvæði greinarinnar fjallar um óbundið atvinnuleyfi. Sambærilegt ákvæði er í 8. gr. núgildandi laga. Kom það ákvæði í stað þess sem kallað var sjálfstætt atvinnuleyfi í eldri löggjöf og var þar um verulega breytingu að ræða. Með því ákvæði var viðurkennt að útlendingur sem dvalið hefði hérlendis í þrjú ár hefði fest rætur á Íslandi og gæti því sótt um persónubundið atvinnuleyfi sem er óháð skilyrðinu um þörf atvinnuveganna fyrir vinnuafl. Er 1. mgr. ákvæðisins að efni til óbreytt frá fyrra ákvæði, þ.e. að skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis er að útlendingur hafi átt lögheimili á Íslandi í samfellt þrjú ár og áður hafi verið veitt tímabundið atvinnuleyfi. Til samræmis við ákvæði frumvarps til laga um útlendinga er skilyrði að útlendingur hafi öðlast búsetuleyfi í stað ótímabundins dvalarleyfis í núgildandi lögum. Þar er ekki um efnislega breytingu að ræða heldur hugtakanotkun til samræmis við frumvarp til laga um útlendinga.

Það nýmæli kemur fram í 2. mgr. greinarinnar að heimilt er að víkja frá skilyrði um að áður hafi verið veitt tímabundið atvinnuleyfi ef um er ræða erlendan maka Íslendings sem undanþeginn hefur verið kröfu um atvinnuleyfi samkvæmt síðari málslið a-liðar 14. gr. vegna skilnaðar en skilyrði er að hjúskapur hafi varað í tvö ár. Er þar brugðist við því tilviki að forsenda brestur fyrir dvalarleyfi með rétti til atvinnuþátttöku sem útlendingur öðlast á grundvelli hjúskapar. Á sama hátt er heimilt að veita eftirlifandi maka Íslendings óbundið leyfi en þar er ekki sett skilyrði um lengd hjúskapar.

Ákvæði 3. mgr. er einnig nýmæli. Þar er á sama hátt og í 2. mgr. heimilað að víkja frá skilyrði um að áður hafi verið veitt tímabundið atvinnuleyfi þegar um er að ræða útlending sem hefur lokið þriggja ára námi hérlendis. Var talið óeðlilegt að í slíkum tilfellum þyrfti útlendingur sem hyggst starfa hér á landi, að loknu námi, að sækja um tímabundið atvinnuleyfi og vera þannig bundinn af umsókn atvinnurekanda. Er litið svo á að með vilja sínum til að dvelja hér áfram að loknu námi lýsi hann yfir áhuga sínum á að festa hér rætur líkt og þeir sem hér hafa dvalið á grundvelli tímabundins atvinnuleyfis í þrjú ár og sækja um óbundið atvinnuleyfi að því loknu.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um atvinnuleyfi vegna námsdvalar, sbr. 10. gr. núgildandi laga, og er ákvæðið í megindráttum sambærilegt við ákvæði í núgildandi lögum. Þó er nú sett inn skilyrði um að námsframvinda sé eðlileg og hámarksgildistími leyfis styttur úr ári í sex mánuði. Er þar um að ræða þrengri skilyrði en eru í núgildandi lögum, en við framkvæmd þess ákvæðis hefur komið í ljós að skilgreiningar eru of rúmar. Það hefur m.a. leitt til þess að útlendingar hafa jafnvel átt greiðari leið inn á íslenskan vinnumarkað á grundvelli atvinnuleyfis vegna námsdvalar en á grundvelli tímabundins atvinnuleyfis. Þá er fellt niður skilyrði um umsögn stéttarfélags þegar um er að ræða starf sem er hluti af námi. Skilyrði fyrir framlengingu á atvinnuleyfi námsmanns er að lagt verði fram vottorð um námsframvindu en slíkt skilyrði er ekki að finna í núgildandi lögum.

Ákvæði 3. mgr. er sambærilegt f-lið 7. gr. frumvarpsins. Er gert ráð fyrir að heimilt verði að leggja fram vottorð frá heimalandi, enda verði sett reglugerð, með stoð í lögunum og með stoð í sóttvarnalögum, um hvaða kröfur eru gerðar til heilbrigðisvottorðs með tilliti til almenns heilbrigðis og sóttvarna við komu til landsins.

Gert er ráð fyrir að í reglugerð sé kveðið nánar á um atvinnuleyfi samkvæmt þessari grein, þ.m.t. um hámarksvinnustundafjölda.

Um 13. gr.

Greinin fjallar um vistráðningu sem í daglegu tali er almennt nefnd „au pair-ráðning“. Greinin byggist á samningi Evrópuráðsins um „au pair-ráðningar“ þar sem slík ráðning er skilgreind sem „tímabundin móttaka fjölskyldna, í skiptum fyrir ákveðna þjónustu, á ungum, erlendum einstaklingum, sem koma til þess að auka tungumálakunnáttu sína og jafnvel faglega þekkingu, jafnframt því að víkka menningarlegan sjóndeildarhring sinn með því að öðlast meiri þekkingu á landi því sem þeir koma til.“ Samkvæmt þeirri skilgreiningu er því um að ræða eins konar menningarskiptasamning sem hvorki fellur undir skilgreiningar um námsmenn né almenna starfsmenn. Er því ekki gert ráð fyrir að sá sem fær vistráðningu geti farið til starfa á almennum vinnumarkaði á gildistíma vistráðningarleyfis.

Fjallað er um vistráðningar í 12. gr. í núgildandi lögum og eru í þessu frumvarpi gerðar nokkrar breytingar á þeirri grein. Aldursmörkum er breytt úr 17–30 ára í 18–26 ára. Neðri aldursmörkum er breytt til samræmis við lögræðisaldur og til samræmis við þá reynslu sem komin er á ákvæðið í núgildandi lögum er efri aldursmörkum breytt í 26 ár.

Í 2. mgr. er kveðið á um skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt greininni. Nýmæli er að sérstakt ákvæði skal vera í ráðningarsamningi um sjúkra- og slysatryggingar. Í núgildandi lögum er aftur á móti aðeins kveðið á um að gert skuli ráð fyrir slíkum upplýsingum í eyðublaði.

Ákvæði 3. mgr. er sambærilegt f-lið 7. gr. frumvarpsins. Er gert ráð fyrir að heimilt verði að leggja fram vottorð frá heimalandi, enda verði sett reglugerð, með stoð í lögunum og með stoð í sóttvarnalögum, um hvaða kröfur eru gerðar til heilbrigðisvottorðs með tilliti til almenns heilbrigðis og sóttvarna við komu til landsins. Að öðru leyti eru skilyrði óbreytt frá 1. mgr. 12. gr. núgildandi laga.

Ákvæði 4. mgr. er óbreytt frá 4. mgr. 11. gr. núgildandi laga.

Í stað félagsmálaráðuneytis skal Vinnumálastofnun nú gefa út nauðsynleg eyðublöð og ákveða upphæð vasapeninga.

Í 7. mgr. er nýmæli þess efnis að Vinnumálastofnun er heimilt að fela stofnun eða fyrirtæki alla milligöngu og eftirlit með ráðningum. Í Evrópuráðssamningnum er ákvæði þess efnis að stjórnvöld skuli tilnefna opinbera aðila, eða einkaaðila, til að sjá um málefni er varða

vistráðningu. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að félagsmálaráðuneytinu sé heimilt að veita stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum heimild til að hafa milligöngu um vistráðningar. Það ákvæði kemur hins vegar ekki í veg fyrir að einstaklingar sem ekki hafa sérstakt leyfi ráðuneytisins til milligöngu og eftirlits geti verið milligönguaðilar um slíkar ráðningar. Er hér því gert ráð fyrir að einungis umsóknir sem eru tilkomnar fyrir atbeina þess fyrirtækis eða stofnunar sem Vinnumálastofnun hefur falið að hafa milligöngu og eftirlit með ráðningum hljóti afgreiðslu.

Um 14. gr.

Ákvæði a-liðar er efnislega samhljóða a-lið 13. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að undanþágan taki einnig til barna maka íslensks ríkisborgara, enda séu þau yngri en 18 ára. Með börnum er átt við, auk eigin barna, kjörbörn og fósturbörn. Ástæða þótti til að víkka ákvæðið með þessum hætti því að ella væri boðið upp á hugsanlega hættu á sundrun fjölskyldunnar.

Ákvæði greinarinnar er að öðru leyti óbreytt frá 13. gr. núgildandi laga.

Um 15. gr.

Greinin er nær óbreytt frá 14. gr. núgildandi laga.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um afturköllun atvinnuleyfa. Um er að ræða nánari skilgreiningu á heimild Vinnumálastofnunar til afturköllunar atvinnuleyfa eins og hún er nú skv. 16. gr. núgildandi laga. Gert er ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði heimilt að afturkalla atvinnuleyfi ef útlendingur eða atvinnurekandi hefur við umsókn, gegn betri vitund, veitt rangar upplýsingar eða leynt atvikum sem hefðu getað haft verulega þýðingu við leyfisveitinguna eða ef ekki er lengur fullnægt skilyrðum fyrir veitingu atvinnuleyfis eða það leiðir af almennum stjórnsýslureglum. Meta verður hverju sinni hvort heimild þessi skuli nýtt og er ákvörðunin kæranleg til félagsmálaráðuneytis. Ákvæði þetta er til samræmis við ákvæði í frumvarpi til laga um útlendinga um afturköllun dvalarleyfa. Er hér um svo náskyld leyfi að ræða að eðlilegt er talið að sömu reglur gildi hvað varðar afturköllun.

Um 17. gr.

Samkvæmt ákvæðinu má refsa fyrir brot gegn lögunum með sektum nema þyngri refsing liggi við brotinu samkvæmt öðrum lögum. Einnig er kveðið á um að refsa megi lögaðilum vegna brota á lögum þessum. Er þar um nýmæli að ræða. Getur bæði verið um að ræða að íslenskir og/eða erlendir ríkisborgarar gerist brotlegir við lögin.

Um 18. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. mgr. 15. gr. núgildandi laga að því undanskildu að Vinnumálastofnun er í stað ráðherra falið að ákvarða tímafrest á heimflutningi útlendings.

Um 19. gr.

Greinin er nýmæli. Samkvæmt henni skal Vinnumálastofnun og Útlendingastofnun, sem svo er nefnd í frumvarpi til laga um útlendinga, setja á laggirnar samráðsnefnd sem fjalli um samstarf þessara stofnana. Slík samvinna er afar mikilvæg svo að afgreiðsla mála sé samræmd, en Útlendingastofnun gefur út dvalarleyfi samkvæmt frumvarpi um útlendinga og Vinnumálastofnun atvinnuleyfi samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Það leiðir

af hlutarins eðli að þessi starfsemi er nátengd og því verður að telja mikilvægt að stofnanirnar hafi skipulagt samstarf um þessi mál og að fulltrúar frá þeim hafi reglulegt samráð. Þeirri samráðsnefnd sem gert er ráð fyrir að koma á laggirnar samkvæmt greininni er ætlað að móta verklag við veitingu dvalar- og atvinnuleyfa auk þess að fjalla um einstök álitamál sem upp geta komið við framkvæmd laganna og varða starfsemi þessara stofnana.

Um 20. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 19. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að þar er ekki fjallað sérstaklega um það vinnulag sem verið hefur við útgáfu skírteinanna, en útgáfan hefur verið í höndum útlendingaeftirlits. Með greininni er það vinnulag fest í sessi. Þá er lagt til að felld verði út sú krafa að útlendingur skuli hafa skírteinið tiltækt og framvísa því ef löggæslumaður óskar þess. Þótti þessi breyting vera í takt við breytt viðhorf til útlendinga.

Um 21. gr.

Greinin er nýmæli og felur í sér almenna tilvísun til þess að við meðferð mála samkvæmt lögunum skuli fara eftir stjórnsýslulögum, nema annað leiði af öðrum ákvæðum laganna. Mál samkvæmt lögunum falla undir stjórnsýslu ríkisins og gilda því stjórnsýslulögin um þau. Ákvæðið er fyrst og fremst í frumvarpinu í upplýsingaskyni.

Um 22. gr.

Greinin er nýmæli. Um meðferð máls vegna umsóknar um atvinnuleyfi gilda ákvæði stjórnsýslulaga. Hér er um að ræða ákvörðun stjórnvalds um rétt eða skyldu manna og telst ákvörðunin því vera stjórnsýsluákvörðun. Markmiðið með þeim reglum er varða undirbúning og rannsókn máls er að tryggja að nægilega vandaður og skýr grundvöllur verði lagður að máli áður en ákvörðun er tekin í því. Oftast hafa aðilar ekki síður brýna hagsmuni af því að mál fái hraða afgreiðslu hjá stjórnvöldum. Hér er um að ræða opinbert leyfi sem mikilvægt er vegna hagsmuna umsækjanda að verði leyst úr svo fljótt sem unnt er. Þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast ber að skýra aðila máls frá því og upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

Um 23. gr.

Greinin er nýmæli. Í henni er kveðið á um sérstaka leiðbeiningarskyldu stjórnvalda varðandi höfnun á að veita atvinnuleyfi eða við afturköllun atvinnuleyfis. Að öðru leyti gilda ákvæði 7. gr. stjórnsýslulaga.

Um 24. gr.

Greinin er nýmæli. Í henni er kveðið á um kæruheimild til æðra stjórnvalds, þ.e. að kæra megi ákvörðun Vinnumálastofnunar til félagsmálaráðuneytis. Í núgildandi lögum er ekki fjallað sérstaklega um kæruheimildina. Lagt er til að kærufrestur verði 4 vikur, þar sem almennur kærufrestur skv. 27. gr. stjórnsýslulaga þykir of langur, þ.e. 3 mánuðir. Að öðru leyti fer um kæru skv. VII. kafla stjórnsýslulaga.

Um 25. gr.

Í greininni er lagt til að skipuð verði samstarfsnefnd Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar. Skal hver um sig tilnefna einn fulltrúa í nefndina og einn til vara. Félagsmálaráðherra skipar formann án tilnefningar og einn nefndarmann til vara.

Greinin kemur að hluta til í stað 20. gr. núgildandi laga en þar er kveðið á um að árlega skuli leitað álits helstu samtaka atvinnurekenda og launafólks. Hlutverk nefndarinnar verði víðtækt og varði almenn álitamál í tengslum við útgáfu atvinnuleyfa og einnig skal nefndin kölluð saman þegar beiðnir berast Vinnumálastofnun um atvinnuleyfi fyrir hópa útlendinga.

Um 26. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. júlí 2001. Er það gert til samræmis við gildistökuákvæði í frumvarpi til laga um útlendinga sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Þá er nauðsynlegt að setja í reglugerð ítarlegri ákvæði um einstök atriði og þarf að ætla hæfilegan tíma til þess.

Jafnframt er gert ráð fyrir að gildandi lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994, með síðari breytingum, falli úr gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994, og er því ætlað að leysa þau af hólmi. Í frumvarpinu er að finna reglur um rétt útlendinga til atvinnu hér á landi en margt hefur breyst á íslenskum vinnumarkaði á síðustu árum er varðar atvinnuréttindi útlendinga. Samkvæmt frumvarpinu fer félagsmálaráðherra með yfirstjórn þeirra mála sem lögin taka til en felur Vinnumálastofnun að öðru leyti framkvæmd laganna. Meðal nýmæla í frumvarpinu eru skýrari málsmeðferðarreglur og ákvæði um málskotsrétt umsækjenda. Þá er kveðið á um aukið samráð Vinnumálastofnunar og Útlendingastofu og skipan samstarfsnefndar þessara tveggja stofnana annars vegar og Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins hins vegar. Ekki verður séð að frumvarpið hafi teljandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Hins vegar kunna útgjöld Vinnumálastofnunar að aukast eitthvað en útgjöld aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytis ættu að dragast saman að sama skapi.

1000. Frumvarp til laga [625. mál]

um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Við 3. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ekki er þó skylt að þinglýsa leigusamningi vegna íbúðar í eigu sveitarfélaga eða félaga sem eru að öllu leyti í eigu sveitarfélaga.

2. gr.

1. tölul. 6. gr. laganna orðast svo: ef umsækjandi eða einhver sem í húsnæðinu býr með honum er skyldmenni leigusala sem býr í sama húsi í beinan legg eða kjörbarn, fósturbarn, systkini, barn þeirra eða tengdaforeldri.

3. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1.–4. mgr. um íbúðarhúsnæði hafa fatlaðir sem búa saman á sérstökum sambýlum fyrir fatlaða rétt til húsaleigubóta. Undanþága þessi gildir einnig um námsmenn sem eru í námi á framhalds- eða háskólastigi og leigja á heimavist eða á námsgörðum.

4. gr.

Við 1. tölul. 11. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ekki er þó skylt að þinglýsa leigusamningi vegna íbúðar í eigu sveitarfélaga eða félaga sem eru að öllu leyti í eigu sveitarfélaga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á vegum félagsmálaráðuneytisins er starfandi samráðsnefnd um húsaleigubætur sem skipuð er fulltrúum félagsmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hlutverk samráðsnefndarinnar er m.a. að fylgjast með framkvæmd laga um húsaleigubætur, nr. 138/1997. Samráðsnefndin hefur leitað eftir athugasemdum við framkvæmd laganna hjá þeim starfsmönnum sveitarfélaga sem annast afgreiðslu húsaleigubóta og frá félagasamtökum sem starfa á sviði húsnæðismála sem rekstraraðilar eða hagsmunasamtök. Hinn 10. mars 2000 hélt samráðsnefndin málþing þar sem fjallað var um reynsluna af lögunum.

Frumvarp þetta er byggt á tillögum sem samráðsnefnd um húsaleigubætur lagði fyrir félagsmálaráðherra með bréfi 21. nóvember 2000. Markmiðið með þeim tillögum var að lagfæra þau vandamál sem komið hafa fram við framkvæmd laga um húsaleigubætur, nr. 138/1997, og einnig að koma betur til móts við hópa sem búa við sérstakar aðstæður, svo sem fatlaða á sambýlum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, var sú breyting gerð að þeir sem bjuggu í félagslegu húsnæði sveitarfélaga gátu sótt um húsaleigubætur. Með 1. og 4. gr. frumvarpsins er lagt til að sveitarfélög og leigjendur þeirra verði leyst undan skyldu til þinglýsingar á leigusamningum. Hér er um að ræða leiguíbúðir sem eru í eigu sveitarfélaga. Sveitarfélögin sjálf greiða út húsaleigubætur. Stundum er það jafnvel sama stofnunin, þ.e. félagsmálastofnun eða félagsþjónusta viðkomandi sveitarfélags, sem sér um úthlutun íbúðanna og afgreiðslu húsaleigubóta. Tilgangurinn með skilyrði um þinglýsingu var sá að stuðla að því að vandað yrði til leigusamninga og að koma í veg fyrir málamyndagerninga. Sveitarfélög eru í þessu tilviki í senn leigusalar og greiðendur húsaleigubóta. Þykir því óþarft að þinglýsa leigusamningum vegna leiguíbúða sveitarfélaga. Vegna þessa hefur komið fram sú ósk frá sveitarfélögum að afnumin verði sú skylda að þinglýsa verði leigusamningum vegna útleigu íbúða sem eru í eigu sveitarfélaga. Slíkt fyrirkomulag mundi einfalda ferlið á útleigu þessara íbúða.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að áhrif skyldleikatengsla verði þrengd. Komið hefur fram mikil gagnrýni á þá ákvörðun að rýmka áhrif skyldleikatengsla með lögunum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, þannig að bannið tæki til allra íbúða sem eru í eigu skyldmenna eða tengdra,

óháð því hvort leigusali og leigutaki búi í sama húsnæði. Ákvæði eldri laga, nr. 100/1994, gerðu greinarmun á því hvort leigusali byggi í sama húsi og leigutaki eða annars staðar. Sérstaklega kemur óhagræði í ljós vegna þessa þegar sífellt verður erfiðara að fá leiguíbúðir og leiga á almennum leigumarkaði hækkar. Starfsmenn sveitarfélaga sem annast afgreiðslu húsaleigubóta hafa gagnrýnt þetta ákvæði og telja það oft koma illa niður á ungu og efnaminna fólki. Talið er að vægi skyldleikatengsla varðandi leigufjárhæð sé minna þegar leiguhúsnæðið er annað en það sem leigusali býr sjálfur í. Vegna þessa er lagt til að ákvæði 6. gr. laga nr. 138/1997 varðandi skyldleikatengsl milli leigjanda og leigusala verði fært til fyrra horfs, það er eins og 7. gr. laga nr. 100/1994 hljóðaði áður.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að réttur til húsaleigubóta verði rýmkaður. Fram hafa komið ábendingar um nauðsyn þess að bæta rétt þeirra sem búa í samnýttu húsnæði, t.d. öryrkja sem búa á sambýlum. Markmiðið með þessu ákvæði er að bæta rétt öryrkja sem búa á sambýlum þar sem hluti rýmisins er sameiginlegur, svo sem eldunaraðstaða. Í skýrslu kostnaðarnefndar vegna tilflutnings þjónustu við fatlaða til sveitarfélaga, frá október 2000, kemur m.a. eftirfarandi fram: „Kostnaðarnefnd gengur út frá því að íbúar hvers sambýlis muni njóta húsaleigubóta sem einstaklingar en ekki sem hópur eins og verið hefur og miða áætlanir um auknar leigugreiðslur við það. Aukakostnaður vegna þessa er áætlaður um 40 m.kr.“

Lagt er til að stúdentar sem búa í herbergjum með sameiginlegum aðgangi að eldhúsi og baðherbergi eigi einnig rétt til húsaleigubóta. Rétt þykir að láta undanþágu þessa taka til námsmanna á framhalds- og háskólastigi sem leigja á heimavist eða á námsgörðum. Í þessum tilvikum telst aðstaða þeirra „íbúðarhúsnæði“. Ástæða þessa er að félagslegar aðstæður þeirra kalla á slíkt fyrirkomulag.

Um 4. gr.

Greinin er sama efnis og 1. gr. frumvarpsins. Um skýringar vísast í athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ekki verði skylt að þinglýsa leigusamningi vegna íbúðar í eigu sveitarfélags eða félaga í þeirra eigu. Einnig er lagt til að áhrif skyldleikatengsla leigusala og leigutaka verði þrengd og mun réttur leigutaka til húsaleigubóta aðeins falla niður ef leigusali er skyldmenni sem býr í sama húsnæði og leigutaki. Ekki er unnt að meta að hve miklu leyti bótaþegum muni fjölga við þessa breytingu.

Þá er lagt til að fatlaðir sem búa saman á sérstökum sambýlum fyrir fatlaða hafi rétt til húsaleigubóta, svo og námsmenn á framhalds- og háskólastigi sem leigja á heimavist eða á námsgörðum. Verði frumvarpið að lögum munu fatlaðir á sambýlum eiga rétt á húsaleigubót-

um en Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur til þessa að verulegu leyti staðið undir þeim kostnaði ásamt leigutekjum. Með samþykkt frumvarpsins má því gera ráð fyrir að húsaleigubætur ásamt leigutekjum standi að mestu undir rekstri húsnæðisins. Gera má ráð fyrir að auknar húsleigubætur til fatlaðra geti verið á bilinu 30–35 m.kr. á ári. Nokkur óvissa er um áhrif frumvarpsins á húsaleigubætur til námsmanna á framhalds- og háskólastigi en gera má ráð fyrir að þær gætu numið um 14–16 m.kr. á ári. Samtals aukast því húsaleigubætur sveitarfélaga um 44–51 m.kr. á ári verði frumvarpið að lögum. Samkvæmt samningi milli ríkis og sveitarfélaga greiðir ríkissjóður árlega framlag til jöfnunar húsaleigubóta í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og nemur það 306 m.kr. árið 2001. Ekki liggur fyrir endanlegt samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um hvernig auknum kostnaði af frumvarpinu verður mætt.

1001. Frumvarp til laga [626. mál]

um sölu kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða í Fljótsdalshreppi.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Hreppsnefnd Fljótsdalshrepps er heimilt að selja ábúendum kristfjárjarðirnar Arnheiðarstaði og Droplaugarstaði í Fljótsdalshreppi.

Verð jarðanna, mannvirkja og ræktunar á þeim fer eftir því sem um semst, en ella skal það ákveðið af dómkvöddum matsmönnum.

Andvirði jarðanna skal varið til félagslegra framkvæmda í hreppnum. Ráðstöfun söluandvirðis skal háð samþykki félagsmálaráðuneytisins og vera samræmanleg hinum forna tilgangi kristfjárgjafa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Kristfjárjarðir eru sjálfseignarstofnanir eða ígildi þeirra. Tilurð þeirra er sú að þær voru gefnar í því skyni að fátæklingar í viðkomandi hreppi mættu njóta afgjalds eftir þær um aldur og ævi. Upphaflega voru þessar jarðir í umsjá kirkjunnar en frá því á 19. öld hafa kirkjuleg yfirvöld almennt haft lítil afskipti af þeim. Hefur umsýsla kristfjárjarða frá þeim tíma almennt verið í höndum viðkomandi sveitarstjórna og hefur afgjald þeirra a.m.k. stundum runnið í sveitarsjóð. Þetta á meðal annars við um jörðina Arnheiðarstaði sem hefur verið talin kristfjárjörð svo langt aftur sem skriflegar heimildir ná, en gjafabréf jarðarinnar er löngu týnt. Jörðin Droplaugarstaðir er byggð út úr Arnheiðarstöðum árið 1943 eða 1944.

Afla verður sérstakrar lagaheimildar til sölu kristfjárjarða þar sem þær eru eigin eign. Hefur Alþingi ávallt sett það skilyrði að söluandvirði verði varið í samræmi við fornan tilgang kristfjárgjafarinnar. Varðandi þær tvær kristfjárjarðir sem frumvarp þetta varðar var slík lagaheimild veitt með lögum nr. 20/1953 þar sem hreppsnefnd Fljótsdalshrepps var heimilað að selja kristfjárjarðir hreppsins. Heimildin var tímabundin, gilti einungis til ársloka 1954, og neytti hreppsnefnd eingöngu heimildar til að selja jörðina Geitagerði innan tímafrestsins. Því verður að afla heimildar Alþingis að nýju vegna þeirra jarða sem frumvarp þetta varðar.

Hvað varðar ráðstöfun jarðanna er lagt til í frumvarpinu að heimild verði einungis veitt til þess að selja ábúendum jarðirnar. Á báðum jörðum eiga ábúendur nánast allar byggingar og stærstan hluta ræktaðs lands. Á Arnheiðarstöðum er stundaður sauðfjárbúskapur en á Droplaugarstöðum eru uppi hugmyndir um uppbyggingu á sviði ferðaþjónustu. Frumvarp þetta er samið í félagsmálaráðuneytinu og er það lagt fram að beiðni hreppsnefndar Fljótsdalshrepps. Telur hreppsnefnd það þjóna best hagsmunum íbúa hreppsins að búskap verði haldið áfram á jörðunum og að það verði best tryggt með því að selja ábúendum jarðirnar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um sölu kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða í Fljótsdalshreppi.

Með frumvarpi þessu er óskað eftir að hreppsnefnd Fljótsdalshrepps fái heimild til að selja kristfjárjarðirnar Arnheiðarstaði og Droplaugarstaði í Fljótsdalshreppi ábúendum þeirra. Kristfjárjarðir eru sjálfseignarstofnanir eða ígildi þeirra og hefur umsýsla þeirra verið um langt skeið í höndum viðkomandi sveitarstjórna. Alþingi hefur ávallt sett það skilyrði fyrir sölu kristfjárjarða að söluandvirði þeirra verði varið í samræmi við fornan tilgang kristfjárgjafa. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að söluandvirði jarðanna skuli vera samræmanleg hinum forna tilgangi kristfjárgjafa og verði ráðstafað með samþykki félagsmálaráðuneytis til félagslegra framkvæmda í hreppnum. Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

1002. Frumvarp til laga [627. mál]

um breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Lögin gilda um vinnslu persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu hér á landi, enda fari vinnsla persónuupplýsinganna fram á Evrópska efnahagssvæðinu eða í landi eða á stöðum sem Persónuvernd auglýsir í Stjórnartíðindum.

Lögin gilda einnig um vinnslu persónuupplýsinga þótt ábyrgðaraðili hafi staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi.

Lögin gilda einnig um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust lögaðila, sbr. 45. gr. laganna, enda þótt ábyrgðaraðili hafi ekki staðfestu hér á landi, ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi.

Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda ekki ef umræddur tækjabúnaður er einungis notaður til að flytja persónuupplýsingar um Ísland.

Þegar svo hagar til sem greinir í 2. og 3. mgr. skal ábyrgðaraðili tilnefna fulltrúa sinn sem hefur staðfestu hér á landi og gilda þá ákvæði laganna varðandi ábyrgðaraðila um þann fulltrúa eftir því sem við á.

2. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga uppfylli ávallt ákvæði 1. mgr.

3. gr.

11. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Áhættumat, öryggi og gæði persónuupplýsinga.

Ábyrgðaraðili skal gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysni og gegn óleyfilegum aðgangi.

Beita skal ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að áhættumat og öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga séu í samræmi við lög, reglur og fyrirmæli Persónuverndar um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga, þ.m.t. þá staðla sem hún ákveður að skuli fylgt.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að áhættumat sé endurskoðað reglulega og öryggisráðstafanir endurbættar að því marki sem þörf krefur til að uppfylla ákvæði þessarar greinar.

Ábyrgðaraðili skal skrá með hvaða hætti hann mótar öryggisstefnu, gerir áhættumat og ákveður öryggisráðstafanir. Skal Persónuvernd hafa aðgang að upplýsingum um framangreind atriði hvenær sem hún óskar.

4. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Ábyrgðaraðili skal viðhafa innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi lög og reglur og þær öryggisráðstafanir sem ákveðnar hafa verið.

Innra eftirlit skal viðhaft með reglubundnum hætti. Tíðni eftirlitsins og umfang þess skal ákveðið með hliðsjón af áhættunni sem er samfara vinnslunni, eðli þeirra gagna sem unnið er með, þeirri tækni sem notuð er til að tryggja öryggi upplýsinganna og kostnaði af framkvæmd eftirlitsins. Það skal þó eigi fara fram sjaldnar en árlega.

Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að gerð sé skýrsla um hverja aðgerð sem er liður í innra eftirliti. Í slíkri skýrslu skal lýsa niðurstöðu hvers þáttar eftirlitsins. Skýrslur um innra eftirlit skal varðveita tryggilega. Persónuvernd hefur rétt til að aðgangs að þeim hvenær sem er.

Persónuvernd getur sett frekari fyrirmæli um framkvæmd innra eftirlits og veitt undanþágu frá því að slíkt innra eftirlit skuli viðhaft eða takmarkað til hvaða þátta í vinnslunni það skuli taka.

5. gr.

13. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Trúnaðarskylda vinnsluaðila við meðferð persónuupplýsinga.

Ábyrgðaraðila er heimilt að semja við tiltekinn aðila um að annast, í heild eða að hluta, þá vinnslu persónuupplýsinga sem hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum laga þessara. Slíkt er þó háð því skilyrði að ábyrgðaraðili hafi áður sannreynt að umræddur vinnsluaðili geti framkvæmt viðeigandi öryggisráðstafanir og viðhaft innra eftirlit skv. 12. gr. laga þessara.

Samningur skv. 1. mgr. skal vera skriflegur og a.m.k. í tveimur eintökum. Þar skal m.a. koma fram að vinnsluaðila sé einungis heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila og að ákvæði laga þessara um skyldur ábyrgðaraðila gildi einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili annast. Ábyrgðaraðili og vinnsluaðili skulu hvor varðveita sitt eintak af samningnum.

Hverjum þeim er starfar í umboði ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila, að vinnsluaðila sjálfum meðtöldum, og hefur aðgang að persónuupplýsingum, er aðeins heimilt að vinna með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila, nema lög mæli fyrir á annan veg.

Hafi vinnsluaðili staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en ábyrgðaraðili, sbr. 1. mgr. 6. gr., skal jafnframt mælt svo fyrir í samningi að lög og reglur þess ríkis þar sem vinnsluaðili hefur staðfestu gildi um öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga. Getur Persónuvernd t.d. í auglýsingu í Stjórnartíðindum áskilið að slíkur samningur innihaldi stöðluð ákvæði sem séu í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins. Sama á við þegar ábyrgðaraðili hefur staðfestu í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en vinnsluaðili ekki fari vinnslan fram í landi eða á stöðum sem upp eru taldir í auglýsingu sem Persónuvernd gefur út.

6. gr.

28. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Um andmælarétt hins skráða og um bannskrá Hagstofunnar.

Hinum skráða er heimilt að andmæla vinnslu upplýsinga um sjálfan sig ef hann hefur til þess lögmætar og knýjandi ástæður vegna sérstakra aðstæðna sinna, nema kveðið sé á um annað í öðrum lögum. Eigi andmælin rétt á sér er ábyrgðaraðila óheimil frekari vinnsla umræddra upplýsinga.

Hagstofa Íslands skal halda skrá yfir þá sem andmæla því að nöfn þeirra séu notuð í markaðssetningarstarfsemi en Persónuvernd setur Hagstofu Íslands nánari fyrirmæli um gerð og notkun slíkra skráa og hvaða upplýsingar skuli koma þar fram. Ábyrgðaraðilar sem starfa í beinni markaðssókn og þeir sem nota skrá með nöfnum, heimilisföngum, netföngum, símanúmerum og þess háttar eða miðla þeim til þriðja aðila í tengslum við slíka starfsemi skulu, áður en slík skrá er notuð í slíkum tilgangi, bera hana saman við skrá Hagstofunnar til að koma í veg fyrir að markpóstur verði sendur eða hringt verði til einstaklinga sem hafa andmælt slíku. Persónuvernd getur heimilað undanþágu frá þessari skyldu í sérstökum tilvikum.

Öll notkun bannskrár skv. 2. mgr. er óheimil í öðrum tilgangi en þar er lýst.

Skylt er að nafn ábyrgðaraðila komi fram á áberandi stað á útsendum markpósti og hvert þeir sem andmæla því að fá slíkan markpóst og marksímtöl geti snúið sér. Viðtakandi markpósts á rétt á að fá vitneskju um hvaðan þær upplýsingar koma sem liggja úthringingu eða útsendingu til grundvallar. Þetta gildir ekki um markaðssetningu ábyrgðaraðila á eigin vöru og þjónustu sem notar eigin viðskiptamannaskrár, enda beri útsent efni með sér hvaðan það kemur.

Ábyrgðaraðila er óheimilt að verða við beiðni um afhendingu félaga-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota við dreifingu markpósts nema hann hafi áður gefið félagsmönnum, starfsmönnum eða viðskiptamönnum kost á að andmæla því að nafn viðkomandi verði á hinni afhentu skrá. Þá ber ábyrgðaraðila enn fremur, áður en hann lætur umrædda skrá af hendi, að kanna hvort viðkomandi hafi með tilkynningu til Hagstofu komið á framfæri andmælum, sbr. 2. mgr.

Ákvæði 5. mgr. gildir ekki ef afhending félaga-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota við dreifingu markpósts byggist á samþykki hins skráða, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr.

Ákvæði 1.–5. mgr. gilda, eftir því sem við á, einnig um markaðs-, neyslu- og skoðanakannanir. Persónuvernd er heimilt að undanþiggja vísindarannsóknir og hliðstæðar rannsóknir slíkum takmörkunum, enda þyki ljóst að slíkt geti skert til muna áreiðanleika niðurstöðu rannsóknarinnar.

7. gr.

Við 2. mgr. 29. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama á við um lönd eða staði sem Persónuvernd auglýsir í Stjórnartíðindum að virtum ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
   7. ef miðlun er nauðsynleg eða fyrirskipuð samkvæmt lögum vegna þess að brýnir almannahagsmunir krefjast þess eða til að unnt sé að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur, eða
   8. um sé að ræða upplýsingar sem almennur aðgangur er að.
b. Í stað lokamálsliðar 2. mgr. koma fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Persónuvernd getur heimilað miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa þótt þau hafi ekki verið talin veita friðhelgi borgaranna nægilega einkalífsvernd. Slíkt er háð því að ábyrgðaraðili hafi, að mati stofnunarinnar, veitt nægilegar tryggingar fyrir slíku. Getur stofnunin t.d. áskilið að ábyrgðaraðili hafi gert við viðtökuaðila skriflegan samning sem hafi að geyma tiltekin stöðluð samningsákvæði í samræmi við ákvörðun sem Persónuvernd hefur auglýst í Stjórnartíðindum, að teknu tilliti til ákvarðana framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga þessara. Að öðru leyti getur Persónuvernd sett nánari fyrirmæli um flutning persónuupplýsinga úr landi.

9. gr.

Við fyrri málslið 2. mgr. 37. gr. laganna bætist: á Íslandi, hvort sem íslensk lög eða lög annars ríkis gilda um vinnsluna.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000. Markmið þeirrar lagasetningar var einkum að lögtaka efni tilskipunar Evrópubandalagsins (EB) frá 24. október 1995, nr. 95/46/EB, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.

Hún öðlaðist gildi innan aðildarríkja bandalagsins 24. október 1998. Tilefni þess að tilskipunin var sett var að löggjöf aðildarríkjanna á persónuverndarsviðinu var afar mismunandi og stóð orðið í vegi fyrir frjálsu flæði persónuupplýsinga milli aðildarríkjanna og skapaði vandkvæði í efnahagslegu samstarfi þeirra. Ryðja varð þeim hindrunum burt svo að hinn frjálsi og opni markaður fengi þrifist. Af sömu ástæðum var séð fyrir að önnur ríki utan EB mundu af sömu ástæðum kjósa að veita persónuupplýsingum samsvarandi vernd. Í ljósi þess var í 25. gr. tilskipunarinnar sett ákvæði þess efnis að framkvæmdastjórn EB gæti ákveðið að þriðja land teldist tryggja nægilega vernd í krafti laga sinna eða alþjóðaskuldbindinga um vernd friðhelgi einkalífs og grundvallarfrelsis og réttinda manna, þ.m.t. skuldbindinga sem stofnað er til eftir samningaviðræður. Nú liggja fyrir þrjár slíkar ákvarðanir. Í lög nr. 77/2000 skortir hins vegar leiðsögn um það með hvaða hætti fullgilda megi slíkar ákvarðanir hér á landi. Er þessu frumvarpi m.a. ætlað að bæta þar úr með því að heimila Persónuvernd að auglýsa gildi þeirra hér á landi.

Þær ákvarðanir framkvæmdastjórnar EB sem hér um ræðir eru nr. 2000/518/EB, 2000/519/EB og 2000/520 og verður hér rakinn efnisútdráttur úr þeim:

— Ákvörðun nr. 2000/518/EB fjallar um stöðu persónuupplýsingaverndar í Sviss með hliðsjón af landslögum. Var skipaður vinnuhópur til að gera úttekt á stöðu mála varðandi vernd persónuupplýsinga í Sviss, en alríkislög landsins taka jafnt til verndar persónuupplýsinga hjá opinberum (alríkis) aðilum og einkaaðilum, en lög hverrar kantónu taka til verndar persónuupplýsinga varðandi stofnanir hennar. Í ljós kom þegar alríkislög, en þau taka bæði til rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga og handvirkrar, voru borin saman við skilyrði tilskipunar 95/46/EB að öllum skilyrðum tilskipunarinnar var fullnægt. Þó þótti ástæða til að nánar yrði skilgreint hvernig vernd viðkvæmra persónuupplýsinga skyldi háttað þótt sjónarmiða um gagnsæi í stjórnsýslu skyldi almennt gætt við vinnslu opinberra (alríkis) aðila á persónuupplýsingum. Við samanburð á skilyrðum tilskipunarinnar við lög innan hverrar kantónu kom í ljós að kantónunum er áskilið að uppfylla ákvæði alríkislaganna varðandi vernd persónuupplýsinga og varð því niðurstaða vinnuhópsins að sama gilti um lög einstakra kantóna og alríkislög.
— Ákvörðun nr. 2000/519/EB fjallar um stöðu persónuupplýsingaverndar í Ungverjalandi með hliðsjón af landslögum. Skipaður var vinnuhópur til að gera úttekt á stöðu mála varðandi vernd persónuupplýsinga, en í áliti hans kom fram að gildissvið ungverskra laga um persónuvernd er mjög víðtækt og skýrar reglur gilda um aðgang almennings að opinberum skjölum. Enn fremur reyndust lögin uppfylla skilyrði tilskipunar 95/46/EB. Var því niðurstaða vinnuhópsins að ungversk lög veittu persónuupplýsingum fullnægjandi vernd í skilningi 6. mgr. 25. gr. tilskipunarinnar.
— Ákvörðun nr. 2000/520/EB fjallar um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Bandaríkjunum í ljósi meginreglna um öruggar hafnir (Safe Harbour Privacy Principles) og svara við algengum spurningum (Frequently asked questions (FAQ)) sem bandarísk viðskiptaráðuneytið gaf út 19. apríl 1999. Segir í gerðinni að meta megi þá vernd nægilega, í skilningi 2. mgr. 25. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB, ef uppfylltar séu meginreglurnar um örugga höfn, að virtum þeim skýringum á efni þeirra sem ráða má af „FAQ“, svo framarlega sem eftirtalin skilyrði verði uppfyllt:
  a. Að sá aðili sem móttekur persónuupplýsingarnar hafi ótvírætt og opinberlega lýst því yfir að hann muni framfylgja meginreglunum um opinbera höfn, sem beitt verði með hliðsjón af „FAQ“, í öllu tilliti, og
  b. að viðtakandi persónuupplýsinganna heyri undir valdsvið einhverra þeirra opinberu stjórnvalda er talin eru upp í viðauka 3 við gerðina sem geta tekið kærur til með-

ferðar og komið í veg fyrir óréttláta eða villandi framkvæmd, svo og ákvarðað bætur til einstaklinga, án tillits til búsetulands þeirra eða þjóðernis, vegna brota á meginreglunum.

Framangreind skilyrði teljast uppfyllt þegar viðtakandi persónuupplýsinga hefur lýst því yfir gagnvart bandaríska viðskiptaráðuneytinu að hann skuldbindi sig til að framfylgja meginreglunum og undir valdsvið hvaða opinbers stjórnvalds hann heyri. Þá segir að stjórnvöld í aðildarríkjunum geti stöðvað flæði persónuupplýsinga til móttökuaðila, til verndar tilteknum einstaklingi, þegar unnið er með persónuupplýsingar um hann enda hafi opinbert stjórnvald skv. b-lið hér á undan komist að þeirri niðurstöðu að viðkomandi aðili hafi brotið gegn meginreglunum. Einnig má stöðva flæði persónuupplýsinga til viðtökuaðila séu verulegar líkur taldar á að brotið hafi verið gegn meginreglunum. Um leið og bætt hefur verið úr, skal viðtökuaðila veittur aðgangur að upplýsingum á ný. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórn EB jafnskjótt og þau grípa til aðgerða af þessum toga. Ýmis önnur úrræði eru og fyrir hendi til að tryggja að eftirlitsaðilar (opinber stjórnvöld sem talin eru upp í viðauka 3 við gerðina) ræki skyldur sínar. Í gerðinni eru og ákvæði um endurskoðun hennar og að henni skuli framfylgt innan 90 daga frá því að hún hefur verið tilkynnt aðildarríkjunum.

Til þess að skapa svigrúm til að fullgilda framangreindar gerðir og í fyllingu tímans væntanlega aðrar sambærilegar gerðir er í frumvarpi þessu lagt til að í ákvæði 6., 13., 29. og 30. gr. laganna verði heimild fyrir Persónuvernd til að ákveða og auglýsa í Stjórnartíðindum gildi þeirra hér á landi, enda hafi stofnunin engar sérstakar athugasemdir við efni þeirra. Umræddar gerðir hafa verið gefnar út og er að finna í „Official Journal“, dags. 28. ágúst 2000. Tekið skal fram að samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/99 skal tilkynna EFTA-ríkjunum um slíkar ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar með sama hætti og EB-ríkjum. Áður en slík ráðstöfun tekur gildi tilkynna EFTA-ríkin um það hvort þau hyggist beita viðkomandi ráðstöfun eða ekki. Berist engin tilkynning frá viðkomandi EFTA-ríki ber þeim að beita ráðstöfuninni með sama hætti og EB-ríkin gera. Síðar ákveður sameiginlega EES-nefndin hvort hún fellir ráðstöfunina inn í EES-samninginn eða ekki. Geri nefndin það hins vegar ekki er EFTA-ríki heimilt að hætta að beita ráðstöfuninni en þar með tekur ríkið þá áhættu að verða í þessum skilningi virt sem þriðja ríki með þeim afleiðingum að hindranir geti orðið á frjálsu flæði upplýsinga þangað og þar með skapast vandkvæði í efnahagslegu samstarfi.

Í öðru lagi er markmið frumvarps þess að lögtaka með afdráttarlausari hætti en nú lagaskilaákvæði tilskipunarinnar. Eins og fram kemur í 8. gr. formála tilskipunarinnar er eitt meginmarkmið hennar að ná sambærilegri vernd mannréttinda og persónufrelsis í öllum aðildarríkjum EB. Engu síður veitir tilskipunin ríkjum heimildir til þess að gera undantekningar frá ákveðnum ákvæðum hennar, takmarka gildissvið annarra og mæla nánar fyrir um hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til að vinnsla sé lögleg, sbr. 5. og 13. gr. tilskipunarinnar. Í 18. gr. formála tilskipunarinnar er tekið fram að til að tryggja að einstaklingar séu ekki sviptir þeirri vernd sem þeir eiga rétt á samkvæmt tilskipuninni verði öll vinnsla persónuupplýsinga innan EB að fara fram í samræmi við lög einhvers aðildarríkis. Í ljósi þess að ekki er fullkomið lagasamræmi á milli ríkja á EES-svæðinu er ljóst að grundvallarþýðingu hefur hvers lands lögum beri að beita um vinnslu persónuupplýsinga þegar málum er haldið til laga. Spurningum af þessum toga svara lagaskilareglur, en 4. gr. tilskipunarinnar hefur að geyma slíkar reglur. Með töluverðri einföldun má segja að lagaskilareglunum sé skipt í fernt, bæði í tilskipuninni og í lögum nr. 77/2000, (1) lagaskilareglur um valdmörk persónuverndarstofnana (eftirlitsstofnana), (2) lagaskilareglur er ákvarða lögsögu í refsimálum, (3) laga-

skilareglur er varða öryggi vinnslu sem fram fer hjá vinnsluaðila og loks (4) lagaskilareglur um önnur ákvæði laga nr. 77/2000.

Í þriðja lagi er með frumvarpinu lagt til að ákvæði laganna um öryggi við vinnslu persónuupplýsinga verði fyllri og endurspegli betur en nú tiltekin ákvæði tilskipunarinnar þar að lútandi. Er fyrst að nefna 16. gr. tilskipunarinnar um trúnað við vinnslu persónuupplýsinga sem segir að hverjum þeim er starfar í umboði ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila, að vinnsluaðila sjálfum meðtöldum, og hefur aðgang að persónuupplýsingum sé aðeins heimilt að vinna þær samkvæmt fyrirmælum ábyrgðaraðila. Þá er að nefna ákvæði 17. gr. tilskipunarinnar um öryggi vinnslu sem segir m.a. að ábyrgðaraðili skuli, ef vinnsla fer fram fyrir hans hönd, velja vinnsluaðila sem veitir nægilegar tryggingar og að vinnsla, sem fer fram með hjálp vinnsluaðila, skuli falla undir ákvæði samnings. Ákvæði 2., 3. og 4. gr. frumvarpsins endurspegla ákvæði 16. og 17. gr. tilskipunarinnar.

Loks er í frumvarpi þessu að finna ákvæði sem ætlað er að lögtaka almennt ákvæði 14. gr. tilskipunar EB um andmælarétt hins skráða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í samræmi við fyrirmæli a-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 95/46/EB byggjast lög nr. 77/2000 á þeirri meginreglu að lögin gildi um vinnslu persónuupplýsinga ef ábyrgðaraðili hefur staðfestu hér á landi. Samkvæmt því kemur fram í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 77/2000 að lögin gildi um vinnslu persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu hér á landi. Lagaskilaregla a-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar felur hins vegar í raun í sér að þetta sé háð því að vinnsla upplýsinganna fari fram á EES- svæðinu. Er því til skýringar lagt til að það komi fram í 6. gr laganna. Auk þess er lögð til sú efnisbreyting að sama geti átt við ef vinnsla fer fram í landi eða á stöðum sem Persónuvernd tilgreinir í sérstakri auglýsingu í Stjórnartíðinum. Þessi tillaga á eins og rakið er í almennum athugasemdum hér að framan rætur að rekja til 25. og 26. gr. tilskipunarinnar og er nánar lýst í athugasemdum við 5. og 6. gr. frumvarps þessa.

Samkvæmt 45. gr. laga nr. 77/2000 taka lögin til upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust fyrirtækja en slíkar upplýsingar falla ekki undir tilskipunina, sbr. a-lið 2. gr. hennar. Þar sem lög nr. 77/2000 gilda þannig jafnframt um efni sem tilskipunin tekur ekki til er þörf viðbótarlagaskilareglu þegar ábyrgðaraðili á staðfestu í einhverju öðru ríki, hvort sem það er innan eða utan EES-svæðisins.

Um 2. gr.

Sú breyting sem hér er lögð til er nauðsynleg vegna þess að breyting á 11. gr. laganna hefur það í för með sér að brott fellur ákvæði þess efnis að ábyrgðaraðili beri ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga sé ávallt í samræmi við ákvæði 7. gr.

Um 3. gr.

Eins og þegar hefur verið vikið að í almennum athugasemdum er í frumvarpinu að finna tillögur að breytingum á þeim ákvæðum laga nr. 77/2000 er varða öryggi við vinnslu persónuupplýsinga þannig að ákvæði tilskipunar EB þar að lútandi verði lögtekin með skýrari hætti en nú. Í 1. mgr. 17. gr. tilskipunarinnar er kveðið svo á að í lögum aðildarþjóða skuli koma fram að ábyrgðaraðili skuli gera viðeigandi skipulagslegar og tæknilegar ráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða

breytist fyrir slysni, gegn óleyfilegri miðlun eða aðgangi, einkum ef vinnslan felur í sér sendingu upplýsinga um net, og gegn allri annarri ólöglegri vinnslu.

Í tilskipuninni er ekki vikið sérstaklega að skyldu til að framkvæma áhættumat við vinnslu persónuupplýsinga. Á hinn bóginn er ljóst að ekki er unnt að grípa til „viðeigandi skipulagslegra og tæknilegra ráðstafana“ í skilningi 1. mgr. 17. gr. tilskipunarinnar nema að undangenginni rannsókn og mati á áhættu við vinnsluna.

Ákvæðið hvílir á þeim viðhorfum að rafræn vinnsla persónuupplýsinga, og þá sérstaklega þegar hún fer fram á neti, auki verulega hættuna á því að óviðkomandi menn fái aðgang að upplýsingum. Hættan felst einnig í því að menn, sem hafa heimild til aðgangs að upplýsingunum vinni með þær á óheimilan hátt. Rafræn vinnsla persónuupplýsinga á neti gerir kleift að samtengja persónuupplýsingar og útbúa mjög ítarleg persónusnið. Um leið og kennitala gerir kleift að tryggja örugga persónugreiningu auðveldar hún samtengingu upplýsinga og eykur hættuna á því að á ólöglegan hátt verði unnið með persónusnið manna.

Eins og áður segir á ábyrgðaraðili vinnslu að gera viðeigandi skipulagslegar og tæknilegar ráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar. Í tilskipuninni er ekki fjallað um hvaða ráðstafanir falla þar undir. Á hinn bóginn voru nefnd dæmi um slíkar ráðstafanir í athugasemdum framkvæmdastjórnarinnar um drög að tilskipuninni frá 24. september 1990. Þar er rætt um aðgangstakmarkanir að húsnæði þar sem vinnsla fer fram og gögn eru varðveitt, tölvuöryggi, svo sem aðgangsorð þeirra sem vinna mega með upplýsingarnar, dulkóðun upplýsinga, eftirlit með árangurslausum aðgangi að tölvukerfum, að starfsmenn hafi ekki aðgang að öðrum hlutum kerfisins en þeir hafa beinlínis þörf fyrir vegna starfa sinna. Loks má geta þess að e.t.v. má beita rafrænum undirskriftum við að auka öryggi gagnavinnslu.

Þegar ábyrgðaraðili vinnslu tekur afstöðu til þess hvaða skipulagslegar og tæknilegar ráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar teljist viðeigandi er mælt svo fyrir í lokamálslið 1. mgr. 17. gr. tilskipunarinnar að þessar ráðstafanir skuli tryggja nægilegt öryggi miðað við (1) áhættu af vinnslunni og (2) eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af (3) nýjustu tækni og (4) kostnaði við framkvæmd þeirra. Tilskipunin er byggð á því að val á skipulagslegum og tæknilegum ráðstöfunum byggist á hagsmunamati sem fram fer á grundvelli þessara sjónarmiða.

Eðli þeirra gagna sem verja á ræður miklu um efni öryggiskrafna. Þannig verður almennt að gera mun ríkari öryggiskröfur þegar unnið er með viðkvæmar persónuupplýsingar, svo sem upplýsingar um heilsufar, en þegar unnið er með almennar persónuupplýsingar.

Í 10. tölul. formála tilskipunarinnar er áréttað að samræming reglna um vinnslu persónuupplýsinga megi ekki leiða til minni verndar heldur skuli þvert á móti leitast við að tryggja mikla vernd í bandalaginu.

Ekki nægir eingöngu að huga að öryggismálum þegar komið er að því að vinna með upplýsingarnar. Oftast þarf að taka afstöðu til þeirra tæknilegu ráðstafana sem þörf er á að grípa til strax við val á hug- og vélbúnaði. Í 46. tölul. formála tilskipunarinnar er þetta áréttað. Þar kemur fram að gera verði viðeigandi skipulagslegar og tæknilegar ráðstafanir, bæði við hönnun vinnslukerfis og í vinnslunni sjálfri, til að varðveita öryggi og koma í veg fyrir óleyfilega vinnslu.

Í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2000 er Persónuvernd falið að ákveða hvaða staðla skuli nota við ákveðna vinnslu og að öðru leyti setja þær reglur sem fylgt skal við vinnslu persónuupplýsinga til að tryggja öryggi upplýsinganna. Það er álitamál hvernig slíkar reglur eiga að vera úr garði gerðar. Þar sem vinnsla persónuupplýsinga er margbreytileg er vart hægt að setja nákvæmar reglur um hana. Persónuvernd hefur þegar sett almennar öryggisreglur sem taka mið af staðlinum ÍST BS 7799, en væntalega mun stofnunin enn fremur þurfa að setja sérstakar

reglur sem taki til afmarkaðra sviða þar sem hún telur þörf á. Þannig mætti t.d. hugsa sér að settar yrðu sérstakar reglur um vinnslu persónuupplýsinga í lyfjabúðum, í bankakerfinu o.s.frv.

Um 4. gr.

Í 12. gr. laga nr. 77/2000 er að finna ákvæði um að ábyrgðaraðili skuli viðhafa innra eftirlit og gera reglulega skýrslur um það. Segir að í slíkum skýrslum skuli m.a. koma fram upplýsingar um hvaða kerfi sé notað við eftirlitið og hvernig það tryggi að farið sé að ákvæðum laganna og skilmálum leyfa og/eða fyrirmæla. Í framkvæmd laganna hefur þegar komið í ljós að þörf er ítarlegra ákvæðis er setji ramma um hið innra eftirlit. Er þessari frumvarpsgrein ætlað að bæta þar úr. Benda má á að Hæstiréttur hefur, t.d. í Hrd. nr. 1988/1532, 1996:2956 og 1999:1709, gert áskilnað um að löggjafinn setji sjálfur helstu meginreglur sem lagðar skuli um atvinnufrelsi. Af þeim sökum þykir rétt að fyrirmæli stjórnvalds um innra eftirlit eigi sé ótvíræða lagastoð.

Samkvæmt framangreindu ákvæði frumvarpins er ætlast til að ábyrgðaraðili viðhafi innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi lög og reglur, þar á meðal þá skilmála sem Persónuvernd hefur sett um viðkomandi vinnslu. Skal innra eftirlit m.a. beinast að athugun á því hvort vinnslan sé heimil samkvæmt lögum nr. 77/2000, hvort fullnægt hafi verið tilkynningar- eða leyfisskyldu þeirri sem kveðið er á um í lögunum og hvort uppfylltar séu reglur 7. gr. laganna um lögmæti vinnslu, þar á meðal ákvæði 5. tölul. um eyðingu persónuupplýsinga sem ekki þarf að varðveita lengur, miðað við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra. Þá skal innra eftirlit beinast að athugun á því hvort virt séu í framkvæmd ákvæði um rétt hins skráða samkvæmt lögunum og hvort fylgt sé þeim öryggisráðstöfunum sem valdar hafa verið.

Um 5. gr.

Í 13. gr. laga nr. 77/2000 er mælt fyrir um það að vinnsluaðila sé óheimilt að nota persónuupplýsingar í öðrum tilgangi en upphaflega var ákveðið nema samkvæmt ósk ábyrgðaraðila. Segir og að vinnsluaðila sé óheimilt að afhenda öðrum upplýsingarnar til varðveislu eða vinnslu nema það sé gert í samráði við ábyrgðaraðila. Markmið þeirrar breytingar sem hér er lagt til að gerð verði á 13. gr. laga nr. 77/2000 er að lögleiða ákvæði 16. gr. og 2.–4. mgr. 17. gr. tilskipunarinnar með afdráttarlausari hætti en gert var með þeim lögum. VIII. þáttur tilskipunarinnar ber heitið „Trúnaður og öryggi vinnslu“. Hann hefur að geyma ákvæði sem hefur það markmið að tryggja að persónuupplýsingar séu aðeins unnar á löglegan hátt í samræmi við þann tilgang sem ábyrgðaraðili vinnslunnar hafði ákveðið.

Samkvæmt 16. gr. tilskipunarinnar er hverjum þeim sem starfar í umboði ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila, að vinnsluaðila sjálfum meðtöldum, og hefur aðgang að persónuupplýsingum aðeins heimilt að vinna með þær samkvæmt fyrirmælum frá ábyrgðaraðila, nema lög mæli fyrir á annan veg. Öll vinnsla þessara aðila sem ekki er í samræmi við fyrirmæli ábyrgðarmanns er því ólögleg. Af ákvæðinu leiðir einnig að ekki má vinna með upplýsingarnar eftir fyrirmælum neins annars en ábyrgðaraðila. Þetta gildir þó ekki ef lög mæla fyrir á annan veg. Af 16. gr. tilskipunarinnar leiðir einnig að ábyrgðaraðili vinnslu verður að gefa fyrirmæli um vinnsluna. Láti ábyrgðaraðili það hjá líða gæti það haft í för með sér að vinnslan yrði talin ólögleg þar sem hún færi ekki fram á grundvelli fyrirmæla ábyrgðaraðila. Eins og áður segir er óheimilt að vinna með upplýsingar á annan veg en ábyrgðaraðili hefur mælt fyrir um, nema lög mæli fyrir um á annan veg. Í lögum er að finna ýmis ákvæði sem mæla fyrir um ákveðna vinnslu persónuupplýsinga, svo sem um aðgang að þeim. Þannig ber t.d.

vinnsluaðila að veita starfsmönnum Persónuverndar aðgang að persónuupplýsingum sem unnið er með við eftirlit og rannsókn máls á grundvelli 38. gr. laga nr. 77/2000, hvað svo sem líður fyrirmælum ábyrgðaraðila.

Til að koma í veg fyrir að ábyrgðaraðili geti hlaupist undan ábyrgð sinni með því að ráða sér verktaka er kveðið svo á í 2. mgr. 17. gr. tilskipunarinnar að ábyrgðaraðili skuli, ef vinnsla fer fram fyrir hans hönd, velja vinnsluaðila sem veiti nægilegar tryggingar að því er varðar þær öryggisráðstafanir sem gera skal og sjá til þess að þessum ráðstöfunum sé hlítt.

Tilskipunin hefur ekki að geyma sérstakan áskilnað um form fyrirmæla ábyrgðaraðila um vinnsluna. Undantekning er þó gerð um fyrirmæli til vinnsluaðila en í 3. mgr. 17. gr. tilskipunarinnar er kveðið svo á að ábyrgðaraðili skuli gera skriflegan samning við vinnsluaðila. Ætla verður þó að hér mundi t.d. falla undir aðferð sem lögmæt telst samkvæmt löggjöf um rafrænar undirskriftir. Áskilið er að samningurinn hafi að lágmarki ákveðið efni. Þannig skal tekið fram að vinnsluaðili skuli aðeins starfa eftir fyrirmælum ábyrgðaraðila og að ákvæði tilskipunarinnar um öryggi persónuupplýsinga gildi einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðila er falin. Ef vinnsluaðili hefur staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en ábyrgðaraðili skal jafnframt tekið fram að lagaákvæði þess ríkis sem vinnsluaðili hefur staðfestu um í skuli gilda um öryggisráðstafanir við vinnsluna. Þetta er áréttað í 4. mgr. 17. gr. tilskipunarinnar þar sem segir að til að varðveita sönnunargögn skuli þeir hlutar samnings eða réttargjörðar sem varða vernd upplýsinga og þær kröfur sem varða öryggisráðstafanir vera skriflegar eða á sambærilegu formi.

Um 6. gr.

Í greininni er lagt til að 28. gr. laga nr. 77/2000 verði breytt þannig að lögtekið verði ákvæði 14. gr. tilskipunarinnar um andmælarétt hins skráða. Er því til samræmis við framangreint ákvæði tilskipunarinnar lagt til það nýmæli að í 1. mgr. 28. gr. laganna komi fram að hinum skráða sé heimilt að andmæla vinnslu upplýsinga um sjálfan sig hafi hann til þess lögmætar og knýjandi ástæður vegna sérstakra aðstæðna sinna, nema kveðið sé á um annað í öðrum lögum. Eigi andmælin rétt á sér er ábyrgðaraðila óheimil frekari vinnsla umræddra upplýsinga. Í greininni er einnig lagt til það nýmæli að ábyrgðaraðili geti afhent félaga-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota við dreifingu markpósts ef hann hefur áður gefið félagsmönnum, starfsmönnum eða viðskiptamönnum kost á að andmæla því að nafn viðkomandi verði á hinni afhentu skrá. Þá ber ábyrgðaraðila enn fremur að kanna hvort viðkomandi einstaklingur hafi með tilkynningu til Hagstofu andmælt slíkri notkun á nafni sínu við útsendingu markpósts. Þetta þykir ekki varhugavert með tilliti til persónuverndar en markaðssetning af þessu tagi hefur viðgengist lengi hér á landi og í öðrum löndum.

Ekki eru lögð til önnur efnisleg nýmæli en lagðar eru til nokkrar orðalagsbreytingar á ákvæðinu til frekari samræmingar og skýringar.

Um 7. gr.

Lagt er til að við 2. mgr. 29. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama á við um lönd eða staði sem Persónuvernd auglýsir í Stjórnartíðindum að virtum ákvörðunum framkvæmdarstjórnar Evrópubandalagsins. Þegar hafa í almennum athugasemdum verið raktar skýringar þessa en hér liggur til grundvallar ákvæði 6. liðar 25. gr. tilskipunarinnar þar sem fram kemur að komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að þriðja land tryggi nægilega vernd skuli aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þeirri ákvörðun.

Um 8. gr.

Í greininni er lagt til að sú breyting verði á 30. gr. laganna að við 1. mgr. bætist tveir nýir töluliðir. Í fyrsta lagi er lagt til að miðlun upplýsinga geti verið heimil sé hún nauðsynleg eða fyrirskipuð samkvæmt lögum vegna þess að brýnir almannahagsmunir krefjast þess eða til að unnt sé að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur. Hér er stefnt að lögtöku d-liðar 1. mgr. 26. gr. tilskipunarinnar. Þá er lagt til að heimil sé miðlun upplýsinga sem almennur aðgangur er að. Það getur átt við um það þegar miðlað er úr skrá sem ætlað er samkvæmt lögum og reglugerðum að veita almenningi upplýsingar og sem almenningur hefur aðgang að eða hver sá sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta. Hér er stefnt að lögtöku f-liðar 1. mgr. 26. gr. tilskipunarinnar.

Þá er lagt til að í stað lokamálsliðar 2. mgr. komi fjórir nýir málsliðir um að Persónuvernd geti heimilað miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa þótt þau veiti ekki viðhlítandi upplýsingavernd ef ábyrgðaraðili veitir nægilegar tryggingar fyrir persónuvernd, t.d. með því að gera skriflegan samning við viðtökuaðila sem hafi að geyma tiltekin stöðluð samningsákvæði í samræmi við ákvörðun sem Persónuvernd hefur auglýst í Stjórnartíðindum, að teknu tilliti til ákvarðana framkvæmdastjórnar EB. Hér er tekið mið af 2., 3. og 4. lið 26. gr. tilskipunarinnar þar sem ráð er fyrir því gert að einstök ríki geti heimilað miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa þótt þau veiti ekki viðhlítandi upplýsingavernd ef ábyrgðaraðili veitir nægilegar tryggingar fyrir persónuvernd, en þær geti einkum komið fram í viðeigandi samningsákvæðum. Segir að ákveði framkvæmdastjórnin að tiltekin stöðluð samningsákvæði veiti nægilegar tryggingar skuli aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þeirri ákvörðun. T.d. gæti tiltekið fyrirtæki í þriðja ríki fremur kosið þá leið að grundvalla flutning persónuupplýsinga milli sín og fyrirtækis inna tiltekins ríkis innan ESB á slíkum samningum fremur en því að verða viðurkennt sem örugg höfn („Safe harbour“).

Um 9. gr.

Lagt er til að fyrri málsliður 2. mgr. 37. gr. breytist þannig að mælt verði fyrir um að Persónuvernd úrskurði í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um vinnslu persónuupplýsinga á Íslandi, hvort sem íslensk lög eða lög annars ríkis gilda um vinnsluna. Skv. 6. mgr. 28. gr. tilskipunarinnar er hver persónuverndarstofnun (eftirlitsyfirvald) bær á eigin yfirráðasvæði til að beita þeim heimildum sem henni hafa verið fengnar án tillits til þess hvaða lög gilda um viðkomandi vinnslu. Af ákvæði þessu leiðir að Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma á yfirráðasvæði íslenska ríkisins um vinnslu persónuupplýsinga, enda þótt lög annars ríkis gildi um vinnsluna. Þessi lagaskilaregla leggur þann vanda á starfsmenn persónuverndastofnana EES að þeir verða að kunna skil á lögum allra aðildarríkja EES. Til þess að gera starfsmönnum þessara stofnana auðveldara fyrir er, í 6. mgr. 28. gr. tilskipunarinnar, mælt fyrir um að persónuverndarstofnanir skuli hafa nauðsynlegt samstarf. Í 64. lið formála tilskipunarinnar er áréttað að þetta skuli gert til að tryggja að verndarreglunum sé fylgt á öllu svæðinu. Í þessu sambandi er rétt að minna á að skv. 39. gr. laga nr. 77/2000 standa ákvæði um þagnarskyldu því ekki í vegi að starfsmenn Persónuverndar veiti erlendum systurstofnunum sínum nauðsynlegar upplýsingar. Persónuverndarstofnanir geta jafnframt hjálpast að við að framfylgja ákvörðunum, en í 6. mgr. 28. gr. tilskipunarinnar er tekið fram að hvert yfirvald geti farið þess á leit við yfirvald annars aðildarríkis að það beiti heimildum sínum.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á lögum nr. 77/ 2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sem miða að því að leiða í lög tilteknar ákvarðanir framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins á þessu sviði. Ekki er talið að frumvarpið hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

1003. Frumvarp til laga [628. mál]

um breytingu á mörkum Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæma suður og norður.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæma suður og norður í suðurhlíðum Úlfarsfells skulu ákvarðast af eftirtöldum hnitum í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951:

Nr.	x-hnit	y-hnit
1	11986.4	18379.1
2	11399.400	18304.730
3	10759.351	18088.672
4	10539.402	18015.490
5	10418.802	17972.124
6	10288.693	17930.731
7	10280.431	17928.559
8	9938.844	17813.095
9	9928.809	17810.086
10	9467.337	17654.857
11	9884.968	17333.835
12	9936.344	17382.371
13	9997.587	17338.628
15	10056.334	17210.640
16	10147.194	17211.753
17	10150.204	17211.800
18	10150.340	17211.790
19	10149.570	17172.490
20	10155.193	16723.559
21	10172.083	16718.634
22	10182.636	16717.792
23	10207.610	16727.920
24	10229.695	16723.766

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45 3. júní 1998, hefur félagsmálaráðuneytið hinn 30. mars 2001 breytt mörkum Mosfellsbæjar og Reykjavíkurborgar til staðfestingar á samkomulagi milli sveitarfélaganna í 3. tölul. samnings þeirra, dags. 28. febrúar 2001.

Samkvæmt því breytast mörk sveitarfélaganna þannig að suðurhlíðar Úlfarsfells, sem eru innan marka Mosfellsbæjar, verða innan marka Reykjavíkur svo sem sýnt er á meðfylgjandi hnitasettum uppdrætti sem er jafnframt fylgiskjal 1 með samningnum.

Á þessu landssvæði búa um 30 manns sem nú eiga kosningarrétt í Suðvesturkjördæmi. Meginhluti þessa lands er í eigu Reykjavíkurborgar. Nú hefur verið ákveðið að skipuleggja landið fyrir íbúðabyggð og atvinnusvæði og þykir nauðsynlegt að byggð þar fylgi Reykjavíkurkjördæmi.

Í 2. mgr. 6. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24 16. maí 2000, segir að verði mörkum sveitarfélaga breytt og varði slík breyting mörk kjördæma skuli þau mörk þó haldast óbreytt. Samkvæmt 2. mgr. 129. gr. laganna verður ákvæðum um kjördæmamörk ekki breytt nema með samþykki ⅔ atkvæða á Alþingi, sbr. 6. mgr. 31. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, sbr. 1. gr. laga nr. 77/1999.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Alþingi samþykki breytingar á mörkum Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæma suður og norður til samræmis við samkomulag sveitarfélaganna. Breytingarnar öðlast eigi gildi nema Alþingi samþykki þær með ⅔ atkvæða.

Fylgiskjal I.

Fylgiskjal 1

Hnitaskrá, Reykjavíkurkerfi 1951.

Nr	X-Hnit	Y-Hnit	Skýring
1	11986.4	18379.1	Frá Mælingad. Hákinnarhorn.
2	11399.400	18304.730	Frá Ráðgjöf (Stóri-Hnúkur).
3	10739.351	18088.672	Frá Ráðgjöf
4	10539.402	18015.490	Frá Ráðgjöf
5	10418.802	17972.124	Frá Ráðgjöf
6	10288.693	17930.731	Frá Ráðgjöf
7	10280.431	17928.539	Frá Ráðgjöf
8	9938.844	17813.095	Frá Ráðgjöf
9	9928.809	17810.086	Frá Ráðgjöf
10	9467.337	17654.857	Frá Ráðgjöf
11	9884.968	17333.835	Frá Ráðgjöf
12	9936.344	17382.371	Frá Forverkaskýrslu
13	9997.387	17338.628	Frá Forverkaskýrslu
14	10056.334	17210.640	Frá Forverkaskýrslu
15	10147.194	17211.753	Frá Forverkaskýrslu
16	10150.204	17211.800	Frá Ráðgjöf
17	10150.340	17211.790	Frá Ráðgjöf
18	10149.570	17172.490	Frá Ráðgjöf
19	10155.193	16723.559	Frá Ráðgjöf
20	10172.083	16718.634	Frá Ráðgjöf
21	10182.636	16717.792	Frá Ráðgjöf
22	10207.610	16727.920	Frá Ráðgjöf
23	10229.695	16723.766	Frá Ráðgjöf

"Frá Ráðgjöf" er samkvæmt þingtýsu skjali frá 26.9.2000, um kaup Borgarsjóðs Reykjavíkur á Úlfarsfellslandi.

"Frá Forverkaskýrslu" er samkvæmt skýrslu frá febrúar 1987, skýrslan er nefnd Úlfarsfell og var unnin vegna kaupa Reykjavíkurborgar á spildum í landi Úlfarsfells samanb. kaupsamning dags. 10. des 1985

Mörk milli punkta (nr 1 til 24, 14 undanskilið) eru óbrotnar beinar línur.

_____ "Núverandi" lögsögumörk, sem breytingin nær ekki til.

_ _ _ _ _ "Núverandi" lögsögumörk, sem breytast.

_____ Ný lögsögumörk.

Breytingin á lögsögumörkunum, á við svæði alls um 447 ha (204 + 243 = 447 ha)

Lögsögumörk Reykjavíkur og Mosfellsbæjar
Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík,
Mælingadeild,
Mælikvarði 1:10000,
Unnið 27.2.2001.

ISG JS

metrar

0 250 500 750 1000


Ulfarsfell
243 ha
N

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á mörkum Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæma suður og norður.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Alþingi samþykki breytingar á mörkum Suðvesturkjördæmis og Reykjvíkurkjördæma suður og norður til samræmis við samkomulag milli Mosfellsbæjar og Reykjavíkurborgar. Að mati fjármálaráðuneytisins hefur frumvarpið engan kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

1004. Tillaga til þingsályktunar [629. mál]

um vöruverð á landsbyggðinni.

Flm.: Kristján L. Möller, Einar Már Sigurðarson, Sigríður Jóhannesdóttir, Gísli S. Einarsson, Karl V. Matthíasson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Lúðvík Bergvinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það hlutverk að kanna þróun vöruverðs á landsbyggðinni síðastliðin tíu ár og bera saman við þróun vöruverðs á höfuðborgarsvæðinu á sama tímabili. Nefndin kanni hvaða þættir hafi helst áhrif á vöruverð á landsbyggðinni annars vegar og á höfuðborgarsvæðinu hins vegar og hvar skilji á milli.

Nefndin kanni sérstaklega og meti áhrif þungaskatts á vöruverð og hvaða áhrif breytingar undanfarinna ára á þungaskatti hafa haft á vöruverð á landsbyggðinni. Nefndin móti tillögur sem hafi að markmiði að draga úr áhrifum þungaskatts á vöruverð.

Nefndin skili skýrslu til Alþingis fyrir árslok 2001.

Greinargerð.

Verðlagskannanir hafa sýnt að verðlag á landsbyggðinni er yfirleitt hærra en á höfuðborgarsvæðinu og munar oft talsverðu. Þá hafa kannanir sýnt að fólk telur óhagstætt verðlag á meðal helstu ókosta þess að búa á landsbyggðinni.

Orsakir hærra verðlags á landsbyggðinni eru margvíslegar og má þar t.d. nefna háan flutningskostnað, óhagstæðar rekstrareiningar og oft litla samkeppni.

Með þingsályktunartillögu þessari er ætlunin að kannað verði rækilega hvaða orsakir liggja að baki umræddum verðlagsmun þannig að menn geti gripið til markvissra aðgerða sem hafi það að markmiði að jafna þennan mun. Í þessum tilgangi er lagt til að skipuð verði nefnd sem hafi það hlutverk að kanna þróun vöruverðs á landsbyggðinni og bera hana saman við þróun vöruverðs á höfuðborgarsvæðinu. Lagt er til að nefndin kanni þá þætti sem helst hafa áhrif á vöruverð á landsbyggðinni annars vegar og á höfuðborgarsvæðinu hins vegar og greini jafnframt hvar helst ber á milli.

Verulega hefur skort á aðgerðir í byggðamálum þótt vandi landsbyggðarinnar og áhrif hans hafi verið ljós. Má í því sambandi vitna í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001 sem samþykkt var á 123. þingi en þar segir í upphafi ályktunargreinarinnar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi áætlunar um byggðamál fyrir árin 1998–2001 sem hafi að markmiði að treysta búsetu á landsbyggðinni. Stefnt verði að því að fólksfjölgun þar verði ekki undir landsmeðaltali og nemi 10% til ársins 2010.“

Í fylgiskjali IV. með tillögunni segir síðan:

„IV. Hvers vegna flytur fólk búferlum frá landsbyggðinni?

Rannsóknin á orsökum búferlaflutninga á Íslandi, sem sagt er frá í bókinni Búseta á Íslandi, leiðir í ljós að mjög náið samband er milli mats íbúa einstakra landshluta á búsetuskilyrðum byggðarlagsins og fólksfjöldaþróunar. Þar sem íbúar hafa yfir fleiru að kvarta í búsetuskilyrðunum hefur fólksfjöldaþróunin orðið óhagstæðust vegna mikils brottflutnings. Þar sem ánægja með 24 þætti búsetuskilyrða er mest hefur þróunin orðið hagstæðust og mest fjölgað.

Búsetan er almennt veikust í smæstu sjávarútvegsbyggðarlögunum, einkum í þorpum með innan við 1000 íbúa. Náið samband er milli þróunar atvinnutækifæra í fiskvinnslu á landsbyggðinni og brottflutnings til höfuðborgarsvæðisins á síðastliðnum 35 árum. Flutningur vinnslu út á sjó í frystitogara og það óöryggi sem frjálst framsal veiðikvóta skapar í minni sjávarútvegsþorpum virðist eiga ríkan þátt í aukinni búseturöskun á síðustu árum. Hins vegar eru íbúar sumra stærri þéttbýlisstaðanna á landsbyggðinni ánægðari með búsetuskilyrði sín en íbúar höfuðborgarsvæðisins.

IV.1. Viðhorf íbúa á hættusvæðunum.

Til að draga skýrt fram niðurstöður rannsóknarinnar er gagnlegt að skoða meðfylgjandi yfirlit um óánægju með einstaka þætti búsetuskilyrðanna í mestu jaðarbyggðunum, eða þeim svæðum sem Byggðastofnun hefur skilgreint sem sérstök hættusvæði á landsbyggðinni, vegna þess að þau hafa tapað meira en 10% af íbúum sínum á síðustu 10 árum.[1] Þessi greining sýnir á skýran hátt hvaða einstakir þættir búsetuskilyrðanna það eru sem mest svíður undan á þeim svæðum sem flestu fólki tapa. Um er að ræða eftirfarandi svæði:

Hættusvæðin á landsbyggðinni:

Vesturland:	Dalasýsla og Austur-Barðastrandasýsla
Vestfirðir:	Allt kjördæmið
Norðurland vestra:	Vestur- og Austur-Húnavatnssýsla
Norðurland eystra:	Siglufjörður, Fljóta- og Hofshreppur
Austurland:	Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Suður-Múlasýsla
Suðurland: Vestur-Skaftafellssýsla	

Tafla 2 sýnir hvaða þættir búsetuskilyrðanna það eru sem mest óánægja er með á hættusvæðunum á landsbyggðinni. Heildarmynstur niðurstaðna er í samræmi við niðurstöðurnar fyrir landið allt, þó að mikilvægi einstakra þátta sé misjafnt. Hér kemur skýrlega fram að flestir íbúar hættusvæðanna, þ.e. þeirra svæða sem langflestu fólki hafa tapað á síðastliðnum árum, eru óánægðir með húshitunarkostnað, næstmest er óánægjan með verðlag og verslunar-

[1] „Byggðir sem höllum fæti standa“ (Byggðastofnun, október 1997).

aðstæður, þá kemur lagning og viðhald vega, tekjuöflunarmöguleikar, atvinnutækifæri, húsnæðiskostnaður almennt, framboð hentugs húsnæðis á svæðinu, atvinnuöryggi og framhaldsskólamál. Á hinum enda listans eru þau atriði sem litla óánægju vekja, og þar eru áberandi margir þættir opinberrar þjónustu, veðurfar og umhverfisskilyrði.

Tafla 2. Viðhorf íbúa til búsetuskilyrða á hættusvæðunum á landsbyggðinni. Það sem flestir eru óánægðir með.

	% íbúa sem segjast óánægðir með viðkomandi þátt
Húshitunarkostnaður	78
Verðlag og verslunaraðstæður	69
Lagning og viðhald vega	58
Tekjuöflunarmöguleikar	52
Atvinnutækifæri	49
Húsnæðiskostnaður almennt	49
Framboð hentugs húsnæðis	45
Atvinnuöryggi	43
Framhaldsskólamál	43
Aðstaða til afþreyingar	38
Vöruúrval	37
Skemmtanalíf	37
Menningarlíf	35
Hætta vegna náttúruhamfara	34
Þjónustuúrval	32
Ruðningur vega á vetrum	29
Aðstaða til íþróttaiðkunar	28
Flugsamgöngur	27
Dagvistunarmál	24
Heilbrigðisþjónusta	22
Veðurfar í byggðarlaginu	21
Grunnskólamál	20
Þjónusta við aldraða	14
Hætta af völdum umferðar og ofbeldis	8

Heimild: Landshlutakönnun búsetuskilyrða, vorið 1997

Húshitunarkostnaðurinn er beint kjaraatriði fyrir almenning, en eins og fram kemur í annarri greinargerð,[2] þá greiða íbúar þeirra svæða sem ekki njóta jarðhitaveitna allt að tvöfaldan húshitunarkostnað á við það sem tíðkast á höfuðborgarsvæðinu. Meðalhúshitunarkostnaður á „köldu svæðunum“ er nú nærri heilum mánaðarlaunum verkamanns á einu ári.

Annað mesta umkvörtunarefnið, verðlag og verslunaraðstæður, tengist auðvitað aðgengi að verslunarþjónustu sem erfitt er að veita svo fullnægjandi teljist nema í stærri þéttbýliskjörnum. Síðan koma atriði tengd atvinnumálum og svo fleiri atriði tengd húsnæðisaðstæðum. Loks eru margir sem kvarta undan aðgengi að framhaldsskólanámi, sem eðlilega er takmarkað á umræddum svæðum.“

[2] Stefán Ólafsson, „Tengsl viðhorfa til húshitunarkostnaðar og aðgangs að hitaveitu“ (greinargerð fyrir stjórn Byggðastofnunar, janúar 1998).

Þrátt fyrir að verðlag sé annað mesta umkvörtunarefni fólks, samanber það sem fram kemur hér að framan, er jöfnun verðlags ekki meðal þeirra atriða sem talin eru upp í texta umræddrar þingsályktunar.

Mikilvægt er að rannsaka ofan í kjölinn þær ástæður sem liggja að baki mismunandi vöruverði eftir landshlutum þannig að unnt sé grípa til viðeigandi ráðstafanna til að jafna muninn. Jöfnun lífskjara að þessu leyti verður vera meðal forgangsverkefna ef árangur á að nást í byggðamálum.

Ríkisvaldinu ber skylda til að tryggja að allir landsmenn sitji við sama borð þegar kemur að setningu laga og reglna í samfélaginu. Fullyrða má að þungaskattskerfið sem við búum við sé þess eðlis að það komi harðar niður á landsbyggðarbúum en íbúum höfuðborgarsvæðisins. Nú er svo komið að langstærstum hluta innfluttra vara er skipað upp í Reykjavík eða nágrenni hennar og þaðan er vörunum dreift út um landið með vöruflutningabifreiðum. Þungaskattur leggst á þessa flutninga og því lengra sem ekið er með vöru því hærri verður þungaskatturinn. Skatturinn kemur þannig fram í hærri flutningskostnaði sem aftur kemur fram í hærra vöruverði til viðkomandi neytenda.

Nauðsynlegt er að bregðast við þessu og því er lagt til að nefndin kanni sérstaklega áhrif þungaskatts á vöruverð og hvaða áhrif breytingar undanfarinna ára á þungaskatti hafa haft á vöruverð á landsbyggðinni en ætla má að áhrif hans hafi aukist hin seinni ár, sérstaklega eftir að afsláttarkerfi þungaskatts var fellt niður.

Lagt er til að nefndinni verði falið að gera tillögur sem miði að því að draga úr áhrifum þungaskatts á vöruverð á landsbyggðinni. Benda má á að í núgildandi lögum um fjáröflun til vegagerðar er veittur afsláttur af þungaskatti af akstri almenningsvagna í áætlunarferðum og eins njóta bændur afsláttar. Í lögunum er jafnframt kveðið á um að þeir sem noti innlenda orkugjafa í tilraunaskyni skuli greiða 50% lægri þungaskatt. Af þessu má sjá að þungaskatturinn er bæði notaður til jöfnunar og sem stýritæki.

Í Noregi hafa menn farið þá leið að skipta landinu niður í svæði og er mismunandi skattheimta á milli svæðanna réttlætt út frá byggðasjónarmiðum. Rétt er að nefndin skoði ítarlega hvernig þetta er framkvæmt í Noregi.

1005. Frumvarp til laga [630. mál]

um breytingu á lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Sama gildir um sölt, esta, peptíð og hvers konar afleiður (afbrigði) efna, sbr. 2. og 3. gr., þar með taldar afleiður sem eru frábrugðnar upprunalega efninu (viðmiðunarefninu) að því er varðar staðsetningu efnahóps eða efnahópa á kolefni, köfnunarefni, súrefni og/eða brennisteini.

2. gr.

Í stað orðsins „lögmætan“ í 6. mgr. 5. gr. laganna kemur: ólögmætan.

3. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Eftirtalin ávana og fíkniefni falla undir 1. mgr. 2. gr.: 1-Fenyl-2-butylamine, 4-metylaminorex, 4-MTA, A1-fenyl-1-piperidyl-(2)-metyl acetat, Acetorphine, Acetylmeskaline, Allobarbital, Brallobarbital, Brolamfetamine, Brotizolam, Brom-STP, Butobarbital, Cannabis (Kannabis, Marihuana, Hass), Cannabis harpix, Carfentanil, Cathinone, Chlorali hydras, Chloralodolum, Clomethiazolum, Cocainum, Desornorphinum, DET, Dexamfetamine, DMA, DMHP, DMT, DOET, Enhexymalum, Eticyclideine, Etilamfetamine, Etorphine, Fenetylline, GHB, Heptamalum, Heroin, Hexapropymatum, Hydroxyamfetamine, Hydroxytetrahydrokannabinolar, Ibogain, Kat, Levonantradol, Lysergide, MDA, MDE, MDMA, Mescaline, Methamfetamine, Methandriolum, Methaqualone, Methcathinone, Methylpentynolum, Metohexital, Metylmeskaline, MMDA, Modafinil, Nabilon, N-ethyl MDA, N-hydroxyamfetamine, Parahexyl, PHP, PCPY, PMA, Propylhexedrinum, Psilocybinum, Psilocine, Pyrityldion, STP, DOM, TCP, TMA, Tybamatum, Vinylbital.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er unnið eftir tillögum starfshóps sem dómsmálaráðherra skipaði og fól að fara yfir löggjöf og reglur varðandi vörslu og meðferð ávana- og fíkniefna. Hópurinn var settur á fót að tillögu ríkissaksóknara vegna óvissu, sem reis í kjölfar dóma þar sem sýknað hafði verið af ákærum þar sem refsiheimildir á þessu sviði þóttu ófullnægjandi. Af þeim sökum hefur ekki verið talið fært af ákæruvaldsins hálfu að höfða opinber mál vegna þeirra efna sem um ræðir í frumvarpinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er um nokkurs konar „regnhlífarákvæði" að ræða, sem veitir ráðherra heimild til að grípa fljótt inn í og banna tiltekin efni á íslensku yfirráðasvæði, en til þessa hefur heimild ráðherra skv. 2. mgr. 2. gr. laganna verið bundin við að efnin séu á alþjóðlegum listum um ávana- og fíkniefni, sbr. alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að. Þeir samningar eru Alþjóðasamningur um ávana- og fíkniefni, 1961, með síðari breytingum (Single Convention on Narcotic Drugs 1961), Alþjóðasamningur um ávana- og fíkniefni, 1971, ásamt viðaukum (Convention on Psychotropic Substances 1971) og Alþjóðasamningur gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni, 1988, (United Nations Convention against Illicit Traffic in Narcotic Drugs and Psychotropic Substances 1988). Nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna, International Narcotics Control Board (INCB), uppfærir listana. Þegar ný efni koma upp, sem ástæða þykir til að banna sem ávana- og fíkniefni, er þannig ekki unnt að banna þau hér á landi nema breyting hafi verið gerð á alþjóðasamningum og þau tekin þar upp. Breytingar á slíkum samningum geta hins vegar tekið langan tíma og á meðan er ekki unnt að refsa fyrir sölu og meðferð efnanna. Þannig er hætta á að löggjafinn sé ávallt skrefi á eftir. Ávallt geta komið upp ný ávana- og fíkniefni og ýmis afbrigði þeirra sem ekki eru í alþjóðasamningum en telja verður nauðsynlegt að banna sem ávana- og fíkniefni. Er lagt til að ráðherra verði heimilt að kveða á um, í reglugerð um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni, að auk efna sem talin eru upp í fylgiskjali með reglugerðinni séu jafnframt bönnuð sölt, estar, peptíð og hvers konar afleiður (afbrigði) efnanna sem tilgreind eru í fylgiskjölum I og II með henni,

þar með taldar afleiður, sem eru frábrugðnar upprunalega efninu (viðmiðunarefninu) að því er varðar staðsetningu efnahóps eða efnahópa á kolefni, köfnunarefni, súrefni og/eða brennisteini. Dæmi: Fentanyl og alfametylfentanyl, 3,4-metylendíoxyamfetamín (MDA) og 3,4-metylendíoxymetylamfetamín (MDMA, morfín og metylmorfín (kódein)).

Þess er að geta að í dönsku ávana- og fíkniefnalögunum, Lov om euforiserende stoffer nr. 391/1969, með síðari breytingum, er heimild ráðherra til að banna efni ekki eingöngu bundin við efni í alþjóðasamningum heldur er unnt að banna efni sem heilbrigðisráðuneytið metur þannig að sérstaklega mikil hætta stafi af. Þá má nefna að í bresku ávana- og fíkniefnalögunum, The Misuse of Drugs Act 1971, með síðari breytingum, hefur verið sett sérstakt ákvæði sem er ætlað að ná sérstaklega til ýmissa afbrigða MDMA.

Um 2. gr.

Í greininni er verið að lagfæra augljósa misritun í lögunum.

Um 3. gr.

Varsla og meðferð þeirra ávana- og fíkniefna, sem talin eru í greininni, er óheimil á íslensku forráðasvæði. Miklar breytingar hafa orðið á ávana- og fíkniefnum frá því að lögin voru sett 1974. Listinn er ítarlegri en sá sem er í gildandi lögum. Ráðherra er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu banni þegar sérstaklega stendur á og þá aðeins eftir þeim reglum og skilyrðum sem hann setur, sbr. 3. mgr. 2. gr. gildandi laga.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að rýmkuð verði heimild ráðherra til að takmarka innflutning, vörslu og meðferð efna sem teljast til ávana- og fíkniefna. Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

1006. Svar [530. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um hjónabönd útlendinga hér á landi.

1. *Hversu margir útlendingar hafa gengið í hjónaband hér á landi undanfarin 10 ár, sundurliðað eftir árum?*

	Fjöldi einstaklinga		
	Erlendur ríkisborgari giftist öðrum útlendingi eða íslenskum ríkisborgara þegar annað brúðhjóna eða bæði voru með skráð lögheimili á Íslandi.	**Hjónavígslur erlendra ríkisborgara þegar hvorugt brúðhjóna var með skráð lögheimili á Íslandi.**	**Fjöldi erlendra ríkisborgara sem gekk í hjónaband á Íslandi.**
1990	129	4	**133**
1991	153	44	**197**
1992	137	56	**193**
1993	140	48	**188**
1994	123	66	**189**
1995	108	66	**174**
1996	125	86	**211**
1997	147	72	**219**
1998	183	98	**281**
1999	226	132	**358**
1990–1999 samtals	**1471**	**672**	**2143**
2000		116	

2. *Hversu margir Íslendingar hafa gengið í hjónaband með erlendum ríkisborgurum undanfarin 10 ár, sundurliðað eftir árum?*

Íslenskur ríkisborgari giftist erlendum ríkisborgara þegar annað brúðhjóna eða bæði voru með skráð lögheimili á Íslandi.	
1990	121
1991	141
1992	121
1993	130
1994	117
1995	84
1996	109
1997	131
1998	161
1999	186
1990–1999 samtals	**1301**

3. *Hversu margir þeirra erlendu ríkisborgara sem gengu í hjónaband hér á landi koma frá löndum á Evrópska efnahagssvæðinu og hve margir frá öðrum löndum?*

Fjöldi erlendra ríkisborgara sem gekk í hjónaband á Íslandi 1990–1999.	
Frá landi innan EES	1024
Frá landi utan EES	1119
Samtals	**2143**

1007. Svar [564 mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Þorgerðar K. Gunnarsdóttur um reynslulausn.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu oft hefur reynslulausn verið beitt á undanförnum 4 árum?*
2. *Hversu oft hefur reynslulausn verið beitt á undanförnum 4 árum eftir að helmingur fangelsisrefsingar er liðinn?*
3. *Hversu oft hefur reynslulausn verið beitt á undanförnum 4 árum eftir að tveir þriðju hlutar fangelsisrefsingar eru liðnir?*
4. *Við hvers konar hegningarlagabrot hefur reynslulausn verið beitt á undanförnum 4 árum, sundurliðað?*
5. *Hver er helsti rökstuðningur Fangelsismálastofnunar þegar hún veitir reynslulausn, en skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar um fullnustu refsidóma, nr. 29/1993, ber stofnuninni að rökstyðja ákvörðun sína?*

Reynslulausn var veitt 423 sinnum á tímabilinu 1. janúar 1997 til 31. desember 2000, en 451 sinni frá 1. janúar 1997 til 27. mars 2001. Á tímabilinu 1. janúar 1997 til 31. desember 2000 luku 265 fangar afplánun að fullu.

Reynslulausn var veitt 190 sinnum eftir að helmingur refsitímans var afplánaður á tímabilinu 1. janúar 1997 til 31. desember 2000, en 199 sinnum frá 1. janúar 1997 til 27. mars 2001. Reynslulausn var veitt 233 sinnum eftir að tveir þriðju hlutar refsitímans voru afplánaðir á tímabilinu 1. janúar 1997 til 31. desember 2000, en 252 sinnum frá 1. janúar 1997 til 27. mars 2001.

Í töflunum hér á eftir er yfirlit yfir hegningarlagabrot sem dæmt var fyrir í þeim dómum sem reynslulausn hefur verið veitt á, en til frekari skýringar ná yfirlitin einnig til sérrefsilagabrota.

Í töflunni yfir reynslulausnir veittar eftir afplánun helmings refsitímans kemur fram að 1997 hafi verið veitt reynslulausn vegna brots gegn 211. gr. almennra hegningarlaga. Þar var um að ræða tilraun til manndráps og dómþolinn yngri en 18 ára. Einnig kemur fram að 1997 og 2000 hafi verið veitt reynslulausn vegna brota gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, en þar voru dómþolar í báðum tilvikum yngri en 18 ára.

Reynslulausnir veittar að liðnum helmingi refsitíma, skipt eftir brotum.

Lagagreinar	1997	1998	1999	2000	til 27. mars 2001
148.1.1	1	1	0	1	0
155.1	8	6	7	5	1
173.a.1	2	0	0	3	1
173.a.2	1	0	0	0	0
211	1	0	0	0	0
217.1	1	0	1	0	0
218.1	0	1	0	0	0
218.2	1	0	0	1	0
220.4	0	0	0	1	0
232.1	1	0	0	0	0
244.1	8	18	8	3	2
247.1	1	2	1	0	0
248	5	3	3	5	0
249	1	1	0	0	0
254.1	1	0	0	0	0
257.1	0	0	0	1	0
259.1	2	0	2	0	0
262	1	0	0	1	0
50/87	7	12	5	15	2
65/74	17	7	6	10	3
75/98	0	0	0	1	0
Samtals	**59**	**51**	**33**	**47**	**9**

Reynslulausnir veittar að liðnum ⅔ hlutum refsitíma, skipt eftir brotum.

Lagagreinar	1997	1998	1999	2000	til 27. mars 2001
106.1	0	1	0	0	1
148.1.1	0	0	0	0	0
155.1	13	5	8	5	2
164.1	0	1	0	0	0
173.a.1	3	2	7	2	1
173.a.2	0	1	3	2	0
194	3	3	3	4	1
195	1	0	0	0	0
196	0	0	3	1	0
201.1	1	0	1	0	0
201.2	1	1	0	0	0
202.1.1	3	1	5	0	1
202.1.2	0	2	1	0	0
202.2	0	1	0	0	1
211	0	0	1	1	1
217.1	3	1	1	0	0
218.1	4	2		2	1
218.2	7	5	7	1	0
220.4	0	0	0	0	0
226.1	0	2	0	0	0
232.1	0	0	0	0	0
244.1	20	9	10	10	2
247.1	0	0	1	1	0
248	1	0	0	0	0
249	0	0	0	0	0
252	1	2	2	1	0

Lagagreinar	1997	1998	1999	2000	til 27. mars 2001
254.1	0	0	0	0	0
257.1	0	0	0	0	0
259.1	1	0	0	0	0
262	1	0	0	0	0
50/87	7	3	10	4	4
65/74	7	7	4	6	4
75/98	0	0	0	0	0
Samtals	**77**	**49**	**67**	**40**	**19**

Heimild til að veita fanga reynslulausn er í 40. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Skv. 1. mgr. er heimilt að veita reynsluslausn eftir afplánun ⅔ hluta refsitímans og Skv. 2. mgr. eftir helming refsitímans ef sérstaklega stendur á. Í 3. mgr. segir að reynslulausn verði ekki veitt ef slíkt þykir óráðlegt vegna haga fangans, enda skuli honum vís hentugur samastaður og vinna eða sambærileg kjör sem nægja honum til framfærslu. Yfirlýsing hans skuli og fengin um að hann vilji hlíta þeim skilyrðum sem sett eru fyrir reynslulausn. Í 41. gr. almennra hegningarlaga er kveðið á um lengd reynslutíma, hann skal vera allt að þremur árum en má vera allt að fimm árum ef óafplánað fangelsi er lengra en þrjú ár. Í 2. mgr. 41. gr. er kveðið á um að það sé skilyrði reynslulausnar að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutíma. Einnig að reynslulausn skuli vera bundin því skilyrði að aðili sé háður umsjón og eftirliti Fangelsismálastofnunar ríkisins og er það skilyrði ávallt sett. Enn fremur að binda megi reynslulausn sérstökum skilyrðum, nokkrum eða öllum, sem greinir í 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga en þar segir m.a.:

„1. Að aðili sæti á skilorðstímanum umsjón einstakra manna, félags eða stofnunar. Aðili skal jafnan sæta slíkri umsjón, ef honum eru sett skilyrði samkvæmt 2.–5. tölul. hér á eftir.

2. Að aðili hlíti fyrirmælum umsjónarmanns um dvalarstaði, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn og notkun tómstunda.

3. Að aðili neyti ekki á skilorðstímanum áfengis né deyfilyfja.

4. Að aðili gangist undir dvöl á hæli tiltekinn tíma, ef nauðsyn þykir til bera, allt að 18 mánuðum, er venja þarf hann af notkun áfengis eða deyfilyfja, en ella allt að 1 ári."

Nánar er fjallað um veitingu reynslulausna í reglugerð um fullnustu refsidóma nr. 29/1993. Í 5. gr. reglugerðarinnar eru nánari reglur um hvenær reynslulausn skuli veitt. Samkvæmt 3. mgr. skal að jafnaði ekki veita fanga reynsluslusn þegar liðinn er helmingur refsitímans ef hann afplánar refsingu fyrir manndráp, ofbeldis- eða kynferðisbrot, meiri háttar fikniefnabrot, brennu eða annað almennt hættubrot, rán eða annað afbrot sem er sérlega gróft nema sérstakar ástæður mæli með, þ.m.t. lengd refsingar, persónulegar aðstæður og framúrskarandi hegðun í refsivistinni. Í 2. mgr. er kveðið á um að fanga verði að jafnaði ekki veitt reynslulausn þegar liðinn er helmingur refsitímans ef hann hefur áður afplánað óskilorðsbundnar refsingar tvívegis eða oftar, nema sérstakar ástæður mæli með, þ.m.t. lengd dómsins, persónulegar aðstæður og framúrskarandi hegðun í refsivistinni, eða að mörg ár eru liðin frá síðustu afplánun. Í 4. mgr. er kveðið á um að fanga verði að jafnaði ekki veitt reynslulausn ef hann telst vera síbrotamaður eða honum hafi ítrekað verið veittar reynslulausnir og rofið skilyrði þeirra, nema alveg sérstaklega standi á. Loks er í 5. mgr. kveðið á um að reynslulausn verið ekki veitt ef slíkt þyki að öðru leyti óráðlegt vegna haga fangans.

Eins og sjá má af þessum laga- og reglugerðarákvæðum er það meginreglan að fangi á rétt á að vera veitt reynslulausn ef ekki eru til staðar þau atvik sem skulu leiða til þess að reynslulausn sé hafnað. Þegar fangi sækir um veitingu reynslulausnar gerir hann grein fyrir högum sínum þar á meðal að hann uppfylli skilyrði þau sem sett eru í 3. mgr. 40. gr. almennra

hegningarlaga um vísan hentugan samastað og vinnu eða sambærileg kjör sem nægi honum til framfærslu. Honum er leiðbeint um hvernig hann geti uppfyllt þessi skilyrði og veitt aðstoð til þess ef unnt er, t.d. með því að útvega vistun á áfangaheimili.

Fangelsismálastofnun metur hverja umsókn sjálfstætt, en í þeim hluta umsókna um reynslulausn þar sem uppfyllt eru meginskilyrði þess að reynsluslaun skuli veita er rökstuðningur stuttur. Þegar umsókn er hafnað er rökstuðningur með sama hætti stuttur þegar þau atvik sem koma í veg fyrir að reynslulausn skuli veita eru augljóslega til staðar. Þegar atvik eru þannig að vafi leikur á um hvort veita skuli reynslulausn, liggja oft fyrir fleiri gögn en venjulega, t.d. umsagnir lækna eða sálfræðinga. Þá er ákvörðunin rökstudd sérstaklega hvort sem samþykkt er eða hafnað að veita reynslulausn. Við afgreiðslu reynslulausnarbeiðna er ávallt litið til lögbundinna atriða eins og að fangi hafi samastað og geti framfleytt sér, persónulegra haga fangans og hegðunar í refsivist. Þegar undantekningar eru gerðar frá meginreglum, t.d. þegar fanga sem ítrekað hefur rofið skilyrði reynslulausnar og/eða telst vera síbrotamaður er veitt reynslulausn eftir að hafa afplánað tvo þriðju hluta refsitímans, er rökstuðningur ítarlegur. Þar getur verið um að ræða breyttar persónulegar aðstæður fangans, framúrskarandi hegðun í refsivistinni, meðferðarúrræði í fangelsinu eru talin hafa borið árangur, aldur og heilsufar geta skipt máli, eða að langur tími sé liðinn frá síðasta afbroti. Í þessum tilvikum er beitt sérskilyrðum skv. 3. mgr. 40. gr. almennra hegningarlaga ef við á. Svo er einnig gert í öðrum tilvikum þegar fangi á við einhver þau vandamál að stríða sem mögulegt er að ná tökum á með beitingu sérskilyrða. Hefð hefur skapast fyrir því að fanga sem er í fyrstu eða annarri afplánun og er dæmdur fyrir önnur brot en þau sem greinir í 3. mgr. 5. gr. reglugerðar um fullnustu refsidóma, nr. 29/1993, er veitt skilorðsbundin reynslulausn eftir að helmingur refsitímans er afplánaður. Hér er þó einnig horft til persónulegra aðstæðna fangans, aldurs og hegðunar í refsivist. Verulegar ástæður þarf til að veitt sé reynslulausn eftir að helmingur refsitímans er afplánaður ef dómþoli hefur gerst sekur um þau brot sem nefnd eru í 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar. Hér koma helst til alvarleg staðfest veikindi fangans. Einnig er litið til þess ef fanginn hefur verið yngri en 18 ára þegar brotið var framið. Ávallt er gætt að því að jafnræðis sé gætt þannig að samræmi sé í afgreiðslu reynslulausnarbeiðna í sambærilegum málum. Þá eru ákvarðanir Fangelsismálastofnunar um reynslulausnir kæranlegar til dóms- og kirkjumálaráðuenytisins sem úrskurðar um kærur að fengnum rökstuddum tillögum náðunarnefndar.

1008. Beiðni um skýrslu [631. mál]

frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um umfang og rekstrarkostnað heilbrigðisþjónustunnar að undanskildum lyfjakostnaði á árunum 1990–2001.

Frá Bryndísi Hlöðversdóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur, Einari Má Sigurðarsyni, Gísla S. Einarssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur, Jóhanni Ársælssyni, Karli V. Matthíassyni, Kristjáni L. Möller, Lúðvík Bergvinssyni, Margréti Frímannsdóttur, Merði Árnasyni, Rannveigu Guðmundsdóttur, Sigríði Jóhannesdóttur, Svanfríði Jónasdóttur, Þórunni Sveinbjarnardóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um umfang og rekstrarkostnað heilbrigðisþjónustunnar að undanskildum lyfjakostnaði á árunum 1990–2001.

Óskað er eftir upplýsingum um eftirtalin atriði:

1. Hvaða breytingar hafa orðið á rekstrarformi heilbrigðisstofnana og viðfangsefnum í heilbrigðisþjónustu á árunum 1990–2001? Í hvaða tilvikum hefur rekstur verið að færast frá opinberum rekstri yfir í einkarekstur á tímabilinu? Hvaða ný viðfangsefni hafa einkarekin fyrirtæki tekið að sér með kostnaðarþátttöku ríkisins á tímabilinu? Hver hefur þróun útgjalda ríkisins vegna heilbrigðisþjónustu verið samhliða þessum breytingum sem hlutfall af þjóðarútgjöldum? Í hvaða tilvikum er starfsfólk í opinberum heilbrigðisstofnunum líka í einkarekstri? Hversu margt er það starfsfólk? Leggja opinberar heilbrigðisstofnanir til aðstöðu fyrir slíkan rekstur, þ.e. húsnæði, tæki eða starfsfólk, og ef svo er, hvernig er gjaldtöku fyrir slíka aðstöðu háttað? Svör við öllum spurningunum óskast sundurliðuð eftir eftirfarandi rekstrareiningum:
   a. sjúkrahúsum,
   b. hjúkrunar- og dvalarheimilum,
   c. sjálfstætt starfandi læknastofum,
   d. rannsóknarstofum,
   e. heilsugæslu.
2. Hvernig hefur þróunin verið á notkun þjónustunnar á árunum 1990–2001?
   a. Hvernig hefur fjöldi heimsókna til sjálfstætt starfandi sérfræðinga þróast á tímabilinu?
   b. Hvernig hafa komur í heilsugæslu þróast á tímabilinu?
   c. Hvernig hefur fjöldi aðgerða í einkageira þróast, greint á sérgreinar?
   d. Hvernig hefur fjöldi rannsókna þróast, greint á sérgreinar?
   e. Hvernig hefur fjöldi aðgerða á sjúkrahúsum þróast, greint á sérgreinar?
   f. Hvernig hefur fjöldi innlagna á sjúkrahúsin þróast á tímabilinu, greint á sérgreinar, annars vegar á stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík (Landspítali – háskólasjúkrahús) og hins vegar á öðrum sjúkrahúsum?
   g. Hvernig hefur fjöldi heimsókna á göngudeildir stóru sjúkrahúsanna þróast?
   h. Hvernig hefur fjöldi ferliverka þróast á tímabilinu, á sjúkrahúsum, á læknastofum og þeirra sem unnin eru af sjálfstætt starfandi sérfræðingum á sjúkrahúsum?
3. Hvernig hefur fjöldi koma á slysa- og bráðamóttökur þróast á tímabilinu 1990–2001? Hvernig hefur fjöldi innlagna á lyflæknisdeildir breyst á sama tímabili?

4. Hvernig hefur aldurssamsetning innlagna á sjúkrahúsum þróast á tímabilinu 1990–2001? Hvernig hefur aldurssamsetning þjóðarinnar þróast á sama tíma? Hefur hjúkrunarþyngd verið að breytast á tímabilinu? Ef svo er, þá hvernig?
5. Hvernig er aldurssamsetningu þeirra sem farið hafa í aðgerðir á árunum 1990–2001 háttað, flokkað eftir sérgreinum:
   a. inni á sjúkrahúsum,
   b. á sjálfstætt starfandi læknastofum,
   c. á rannsóknarstofum?
6. Hver er stefnumótun heilbrigðisráðuneytisins um frekari einkarekstur í heilbrigðiskerfinu, einkum í sjúkrahúsþjónustu? Hvernig sér ráðuneytið stöðu Landspítala – háskólasjúkrahúss í þeirri stefnumótun?
7. Hvernig er samningum um kaup og kjör lækna háttað og hver fer með samningsumboð fyrir hönd heilbrigðisstofnana og Tryggingastofnunar? Hefur verið íhugað að hafa samningsumboð við alla lækna á einni hendi? Hvað kemur í veg fyrir að það sé gert?
8. Hvernig er uppbyggingu á launagreiðslum til lækna háttað fyrir þá þjónustu sem þeir veita? Óskað er eftir upplýsingum um það í hvaða tilvikum er um fastlaunagreiðslur að ræða, greiðslur fyrir einingar/læknisverk, hlunnindi o.s.frv.:
   a. á sjúkrahúsum,
   b. á sjálfstætt starfandi læknastofum,
   c. í heilsugæslu,
   d. á rannsóknarstofum.
9. Hvernig hefur þróunin verið í kaupum Tryggingastofnunar ríkisins á læknisþjónustu á árunum 1990–2001? Hversu stór hluti rekstarkostnaðar heilbrigðiskerfisins hefur þessi þáttur verið á sama tíma og hversu hátt hlutfall af þjóðarútgjöldum? Óskað er eftir að svar sé flokkað eftir sérgreinum.
10. Hvernig hefur þróun útgjalda til sjúkrahúsanna verið á tímabilinu 1990–2001, sem hlutfall af rekstrarkostnaði heilbrigðiskerfisins annars vegar og sem hlutfall af þjóðarútgjöldum hins vegar:
    a. stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík (Landspítala – háskólasjúkrahúss),
    b. Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri,
    c. annarra sjúkrahúsa á landsbyggðinni?
11. Hvaða samanburðarrannsóknir hafa verið gerðar á starfsemi og hlutverki sjúkrahúsa hér á landi og hyggst ráðherra endurskipuleggja hlutverk sjúkrahúsa á grundvelli slíkra rannsókna?
12. Hvernig hafa útgjöld til heilsugæslu þróast á tímabilinu 1990–2001 sem hlufall af rekstrarkostnaði heilbrigðiskerfisins í heild annars vegar og sem hlutfall af þjóðarútgjöldum hins vegar?
13. Hefur verið lögð í það einhver vinna af hálfu heilbrigðisyfirvalda að auka upplýsingaflæði („heilsunet“) innan heilbrigðiskerfisins? Hafa kröfur um virkt upplýsingaflæði til heilsugæslunnar verið settar sem skilyrði fyrir rekstri einkarekinnar/opinberrar heilbrigðisþjónustu? Hafa einhver önnur skilyrði verið sett fyrir rekstrarleyfi til slíkrar þjónustu?
14. Hefur verið lögð í það einhver vinna af hálfu heilbrigðisyfirvalda að auka samvinnu á milli frumheilsugæslu og sérfræðisþjónustu á borð við það sem reynt hefur verið annars staðar á Norðurlöndunum (Praksiskonsulentordningen)? Hefur Ísland tekið þátt í samnorrænum samstarfshópi um slíka samvinnu? Hafa aðrar leiðir verið reyndar á árunum 1990–2001 til aukinnar samnýtingar og samræmingar þeirrar þjónustu sem heilbrigðis-

kerfið hefur upp á að bjóða, og ef svo er, hverjar? Hefur náðst mælanlegur árangur í forgangsröðun heilbrigðisþjónustu á tímabilinu?

15. Hver er rekstrarkostnaður opinberrar heilsugæslu á tímabilinu (annars vegar sem hlutfall af útgjöldum ríkisins til heilbrigðiskerfisins og hins vegar sem hlutfall af þjóðarútgjöldum) og hvernig hafa útgjöld ríkisins vegna einkarekinnar heilsugæslu þróast á sama tíma (sem hlutfall af útgjöldum ríkisins til heilbrigðiskerfisins og sem hlutfall af þjóðarútgjöldum)?
16. Hvernig hefur fjármögnun heilbrigðisþjónustu verið háttað á tímabilinu 1990–2001? Hafa verði lögð drög að því að gera breytingar á fjármögnunarkerfinu? Ef svo er, hver og á hvaða stigi er sú vinna?

1009. Frumvarp til laga [632. mál]

um breytingu á lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Flm.: Gísli S. Einarsson.

1. gr.

Við 1. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í þeim reglum skal kveðið skýrt á um að þeim sem ekki hafa leyfi til grásleppuveiða sé óheimilt að koma með grásleppu veidda í net eða önnur veiðarfæri að landi sem meðafla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á liðnum árum hefur því ekki verið gefinn gaumur að grásleppu hefur verið landað sem meðafla án afskipta. Magnið sem boðið hefur verið á fiskmörkuðum skiptir tonnum á hverjum degi. Mikil breyting hefur orðið á stærð möskva þorskaneta, riðill hefur stækkað úr 7½ tommu í 9–10 tommur sem hefur þær afleiðingar að mun meira af grásleppu veiðist í þessi net en áður. Grásleppa er sennilega eini fiskurinn sem þolir að vera dreginn af miklu dýpi og unnt er að sleppa ósködduðum, jafnvel eftir að hafa legið á dekki í allt að hálfa klukkustund. Hrognkelsi eru oftast ósködduð eftir allt að fjórar nætur í neti, hvort sem um er að ræða grunnsævi eða dýpi, þannig að unnt er að sleppa þessum fiskum lifandi í sjó aftur við ólíklegustu aðstæður. Í mörgum tilvikum er grásleppan einnig vel lifandi og unnt að sleppa henni í sjó aftur úr trolli og dragnót. Miðað við ástandið í markaðsmálum grásleppuhrogna er ástæða til að herða eftirlit og setja ótvíræðar reglur um grásleppu sem meðafla án veiðiheimildar. Sérstakt veiðileyfi þarf að kaupa til grásleppuveiða.

1010. Frumvarp til laga [633. mál]

um leigubifreiðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til fólksbifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs. Fólksbifreiðar sem skráðar eru fyrir fleiri en átta farþega falla þó ekki undir lög þessi. Leiguakstur fólksbifreiða telst það þegar fólksbifreið er seld á leigu ásamt ökumanni fyrir tiltekið gjald til flutnings á farþegum og farangri þeirra.

Heimilt er með reglugerð að kveða á um mörkin á milli atvinnusviðs fólksbifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs. Rísi ágreiningur um þessi mörk sker Vegagerðin úr.

Leigubifreiðar skulu auðkenndar samkvæmt reglum sem samgönguráðherra setur að fengnum tillögum Vegagerðarinnar.

2. gr.
Umsjón með leiguakstri.

Vegagerðin fer með framkvæmd mála er varða leigubifreiðar. Undir starfssvið hennar fellur útgáfa starfsleyfa bifreiðastöðva, útgáfa atvinnuleyfa, útgáfa leyfa fyrir forfallabílstjóra, námskeiðahald og starfræksla gagnagrunns sem veitir m.a. staðfestingu atvinnuleyfa og heimildir til undanþágu frá akstri eigin bifreiðar. Í framangreindan gagnagrunn eru skráðar þær lágmarksupplýsingar sem nauðsynlegar eru til útgáfu atvinnu- og/eða starfsleyfis.

Bifreiðastöðvar skulu gefa Vegagerðinni upplýsingar um einstaka atvinnuleyfishafa, svo sem hverjir aka á hvaða stöð og önnur atriði er varða umsýslu leigubifreiðamála. Vegagerðin getur heimilað sérstakar útstöðvar frá gagnagrunninum á bifreiðastöðvum eða hjá bifreiðastjórafélögum til þess að afgreiða undanþágur skv. 9. gr.

Atvinnuleyfishöfum er skylt að veita Vegagerðinni upplýsingar sem varða atvinnuleyfi þeirra og nýtingu þess, þ.m.t. staðfest afrit af skattframtölum.

3. gr.
Bifreiðastöðvar.

Allar leigubifreiðar á takmörkunarsvæði skv. 8. gr. skulu hafa afgreiðslu á bifreiðastöð sem fengið hefur viðurkenningu Vegagerðarinnar. Vegagerðin gefur út starfsleyfi til bifreiðastöðva.

Bifreiðastöðvar fyrir leigubifreiðar skulu í samráði við félög leigubifreiðastjóra skipuleggja starfsemi sína með þeim hætti að almenningi verði veitt góð og örugg þjónusta. Hver bifreiðastöð skal fylgjast með því að ökumenn, sem þar hafa afgreiðslu, fari eftir fyrirmælum laga og reglugerða um leigubifreiðar. Skal hún sérstaklega fylgjast með því að reglur um nýtingu atvinnuleyfis séu ekki brotnar.

Bifreiðastöð skal sjá um afgreiðslu undanþágna frá akstri eigin bifreiða skv. 9. gr. laga þessara. Telji bifreiðastöð að þeir sem hafa afgreiðslu á stöðinni hafi brotið gegn ákvæðum þessum skal hún stöðva afgreiðslu þeirra og tilkynna það til Vegagerðarinnar.

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um hlutverk og skyldur bifreiðastöðva og skilyrði starfsleyfis að fengnum tillögum Vegagerðarinnar. Þar geta m.a. komið fram kröfur um þjónustustig, lágmarksfjölda bifreiða og tæknibúnað. Vegagerðinni er heimilt að setja í reglur gæðastaðla um þjónustu leigubifreiðastjóra, stærð og búnað bifreiða o.fl. Bifreiðastöðvar skulu sjá um að gæðastöðlum sé framfylgt.

4. gr.

Úrskurðarnefnd leigubifreiðamála.

Ákvarðanir Vegagerðarinnar og bifreiðastöðva samkvæmt lögum þessum má kæra til úrskurðarnefndar leigubifreiðamála sem starfar fyrir allt landið og eru ákvarðanir hennar endanlegar innan stjórnsýslunnar.

Í úrskurðarnefnd leigubifreiðamála sitja þrír menn skipaðir af samgönguráðherra og jafnmargir til vara. Samgönguráðherra skipar tvo aðalmenn og tvo varamenn án tilnefningar, þ.m.t. formann. Formaður og varamaður hans skulu fullnægja almennum skilyrðum um hæfi héraðsdómara. Einn aðalmaður og varamaður skulu tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár. Kostnaður af starfi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Skrifleg kæra skal berast innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Úrskurður nefndarinnar skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja vikna frá því að kæra berst. Um starfshætti nefndarinnar fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

II. KAFLI

Leyfisveitingar.

5. gr.

Skilyrði fyrir atvinnuleyfi.

Sá sem fullnægir öllum eftirtöldum skilyrðum getur fengið atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum:

1. Hefur fullnægjandi starfshæfni, þ.m.t. fullnægjandi ökuréttindi og tilskilin námskeið sem nánar er fjallað um í reglugerð.
2. Er skráður eigandi fólksbifreiðar, þ.e. atvinnuleyfishafi skal vera skráður eigandi bifreiðar eða skráður fyrsti umráðamaður með meirihlutaeign samkvæmt samningi við löggilt kaupleigufyrirtæki.
3. Stundar leiguakstur að aðalatvinnu, sbr. þó 9. gr.
4. Hefur óflekkað mannorð. Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem dæmdur hefur verið til óskilorðsbundinnar fangelsisvistar eða öryggisgæslu. Ef meira en fimm ár eru liðin frá uppkvaðningu dómsins og dómurinn hefur ekki kveðið á um lengri en fjögurra mánaða fangelsis- eða varðhaldsvist telst brotið fyrnt í skilningi laganna nema um sé að ræða skírlífisbrot eða að viðkomandi hafi verið dæmdur fyrir kynferðislegt ofbeldi. Brotið telst þó ætíð fyrnt ef viðkomandi hefur fengið uppreisn æru.
5. Er fjár síns ráðandi.
6. Er 70 ára eða yngri, sbr. þó 2. málsl. 7. mgr. 9. gr.

Forfallabílstjóri skal uppfylla skilyrði 1., 4. og 6. tölul. 1. mgr.

Samgönguráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um skilyrði fyrir atvinnuleyfi og akstri forfallabílstjóra.

6. gr.

Veiting atvinnuleyfa.

Atvinnuleyfi skv. 5. gr. er skilyrði þess að viðkomandi sé heimilt að taka að sér eða stunda leiguakstur á fólki, sbr. þó 9. gr. Atvinnuleyfi eru gefin út af Vegagerðinni hvort sem er á takmörkunarsvæðum eða utan þeirra.

Atvinnuleyfi er bundið við nafn. Engum má veita meira en eitt atvinnuleyfi. Leyfishafa er óheimilt að selja atvinnuleyfi, leigja það út eða ráðstafa því á annan hátt til þriðja aðila. Bifreiðastjórar sem stunda leiguakstur samkvæmt lögum þessum skulu hafa í bifreiðinni skírteini til sönnunar á því að þeir hafi atvinnuleyfi eða stundi leiguakstur í forföllum leyfishafa. Vegagerðin gefur atvinnuskírteinin út gegn gjaldi skv. 12. gr.

Vegagerðin skal halda námskeið fyrir umsækjendur um atvinnuleyfi með hæfilegu millibili og skal gera viðunandi prófárangur að skilyrði fyrir því að leyfi verði veitt. Vegagerðinni er heimilt að fela öðrum aðila framkvæmd námskeiða og fræðslu samkvæmt lögum þessum.

Vegagerðin skal gefa út leyfi til forfallabílstjóra til staðfestu því að þeir hafi leyfi til að aka leigubíl eftir að hafa sýnt fram á að þeir hafi fullnægt skilyrðum 5. gr.

Heimilt er að taka sérstakt tillit til umsókna um atvinnuleyfi frá öryrkjum, enda uppfylli þeir skilyrði þessara laga. Endurnýja ber skírteinin á þriggja ára fresti.

7. gr.

Skilyrt atvinnuleyfi.

Þrátt fyrir ákvæði þessa kafla er Vegagerðinni heimilt að veita tímabundið og skilyrt atvinnuleyfi til reksturs eðalvagnaþjónustu og til bifreiðastjóra sem jafnframt er fullgildur leiðsögumaður.

8. gr.

Takmörkun á fjölda bifreiða.

Samgönguráðherra setur í reglugerð, eftir tillögum Vegagerðarinnar, nánari reglur um fjölda bifreiða í leiguakstri á ákveðnum svæðum að fenginni umsögn viðkomandi sveitarstjórna, héraðsnefnda og félaga bifreiðastjóra.

Þegar heimild til takmörkunar á fjölda leigubifreiða er veitt er óheimilt að skerða atvinnuréttindi þeirra manna sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur er takmörkun hefst.

Þar sem takmörkun á fjölda fólksbifreiða hefur verið ákveðin skal umsækjandi fullnægja skilyrðum 5. gr. og situr hann að jafnaði fyrir við úthlutun leyfa hafi hann stundað leiguakstur á fólki í a.m.k. eitt ár. Þar sem ekki hefur verið kveðið á um takmörkun á fjölda fólksbifreiða í leiguakstri á umsækjandi rétt á að fá útgefið atvinnuleyfi ef hann fullnægir skilyrðum 5. gr. Vegagerðinni er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði. Takmörkun þessi er framkvæmd með útgáfu atvinnuleyfa samkvæmt þessum kafla.

9. gr.

Nýting atvinnuleyfis.

Leyfishafi skal hafa leiguakstur að aðalatvinnu. Þó má víkja frá því skilyrði á svæðum þar sem íbúar eru færri en 10.000.

Veita má leyfishafa tímabundnar undanþágur frá akstri eigin bifreiðar vegna:

a. orlofs, veikinda eða annarra forfalla,
b. vaktaskipta á álagstímum,
c. viðgerðar eða endurnýjunar á bifreið.

Samgönguráðherra setur nánari reglur um undanþágur skv. 2. mgr. að fengnum tillögum Vegagerðarinnar og félaga bifreiðastjóra. Bifreiðastöðvar annast veitingu undanþágna á grundvelli upplýsinga í gagnagrunni sem Vegagerðin heldur og hefur að geyma upplýsingar um leyfishafa, undanþágur til þeirra, forfallabílstjóra og annað sem nauðsynlegt þykir í þessu skyni, sbr. 2. gr.

Vegagerðin getur heimilað að félög bifreiðastjóra annist afgreiðslu undanþágna standist félagið kröfur hennar, sbr. 4. mgr. 3. gr.

Bifreiðastjóra sem öðlast atvinnuleyfi ber að hefja nýtingu þess innan sex mánaða frá útgáfudegi og að nýta það samfellt í tvö ár áður en til fyrstu innlagnar kemur. Að öðrum kosti fellur atvinnuleyfi úr gildi.

Vegagerðin setur reglur um heimildir til tímabundinna innlagna atvinnuleyfa.

Atvinnuleyfi fellur úr gildi við lok 70 ára aldurs leyfishafa. Þó er heimilt að framlengja atvinnuleyfi til eins árs í senn þar til atvinnuleyfishafi nær 76 ára aldri ef hann telst hæfur til að stunda leiguakstur. Nánar má kveða á um þessi atriði í reglugerð.

Heimilt er að leyfa eftirlifandi maka eða dánarbúi leyfishafa að nýta atvinnuleyfi hans í allt að þrjú ár eftir andlát leyfishafa, þó eigi lengur en til þess tíma er leyfishafi hefði misst leyfið fyrir aldurs sakir ef hann hefði lifað, þó aldrei skemur en tólf mánuði.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

10. gr.
Gjaldmælar.

Löggiltir gjaldmælar skulu vera í öllum fólksbifreiðum sem notaðar eru til leiguaksturs samkvæmt lögum þessum. Löggildingarstofan hefur eftirlit með notkun og meðferð gjaldmæla. Vegagerðin setur reglur um með hvaða hætti verðskrá leigubifreiða skal sýnileg viðskiptavinum þeirra.

11. gr.
Refsingar. Svipting leyfis.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, geta varðað leyfissviptingum og sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum, og skal farið með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

Fyrsta brot gegn ákvæðum laganna varðar sex mánaða sviptingu atvinnuleyfis en sviptingu fyrir fullt og allt við ítrekað brot ef ítrekun á sér stað innan þriggja ára frá fyrra broti. Atvinnuleyfishafi er háður ákvæðum laga og reglugerða um leigubifreiðar eins og þau eru á hverjum tíma.

12. gr.
Leyfisgjöld.

Greiða skal 16.000 kr. árlegt gjald fyrir hvert atvinnuleyfi sem í gildi er. Að auki skulu eftirtalin gjöld innheimt:

1. Fyrir útgáfu atvinnuskírteina 2.500 kr.
2. Fyrir tímabundna innlögn leyfis 1.000 kr.
3. Fyrir úttekt leyfis 1.000 kr.
4. Fyrir vottorð um gilt atvinnuleyfi vegna bifreiðakaupa 1.000 kr.
5. Fyrir færslu á milli stöðva 2.000 kr.

Halda skal tekjum og gjöldum vegna framangreinds aðskildum í bókhaldi.

Framangreind gjöld skulu renna til Vegagerðarinnar og standa undir umsýslu og starfsemi samkvæmt lögum þessum. Jafnframt er heimilt að innheimta námskeiðsgjöld fyrir kostnaði.

13. gr.

Reglugerð.

Samgönguráðherra setur að öðru leyti reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002. Jafnframt falla úr gildi lög um leigubifreiðar, nr. 61/1995, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Bifreiðastöðvar sem starfandi eru við gildistöku laga þessara skulu 1. júlí 2002 hafa uppfyllt öll ákvæði reglna sem Vegagerðin setur um bifreiðastöðvar.

Hinn 1. júlí 2002 skulu allir forfallabílstjórar hafa staðist fullnægjandi námskeið skv. 2. og 5. gr. laga þessara. Að öðrum kosti falla leyfi þeirra niður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu. Gildandi lög um leigubifreiðar eru nr. 61/1995.

Tilgangur frumvarpsins er að færa lög um leigubifreiðar að breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu. Þetta á ekki hvað síst um auknar kröfur sem gerðar verða til starfsstéttarinnar og bifreiðastöðva um aukið öryggi. Þjónusta leigubifreiða er á margan hátt frábrugðin annarri þjónustu. Hún er óstaðbundin og notandi hennar því hugsanlega staddur einn á óskilgreindum stað með bifreiðastjóra. Á þessu byggist krafa um aukið traust og trúverðugleika stéttarinnar.

Með frumvarpi þessu verður mögulegt með nýjustu tækni að halda á samræmdan hátt utan um skipulag greinarinnar fyrir allt landið. Gildissviðinu er breytt verulega frá gildandi lögum um leigubifreiðar því öll ákvæði um sendibifreiðar og vörubifreiðar eru felld brott. Fyrir liggur frumvarp frá samgönguráðuneytinu um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi sem lagt verður fram samhliða þessu en þar eru samræmd ákvæði um allar starfsgreinar landflutninga. Þá eru gerðar verulegar breytingar á stjórnsýslu í þessum málaflokki.

Verði frumvarp þetta að lögum færist stjórnsýsla málaflokksins og öll umsýsla leigubifreiðamála frá samgönguráðuneytinu til Vegagerðarinnar. Það er í samræmi við eðli málaflokksins og krafna sem gerðar eru til stjórnsýslunnar.

Hlutverk Vegagerðarinnar felst í útgáfu atvinnuleyfa og skírteina fyrir afleysingabílstjóra, að hafa umsjá með námskeiðum og að starfrækja gagnagrunn sem mun geyma allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að umsýsla og skipulag verði með viðunandi hætti. Starfssvið Vegagerðarinnar mun auk þessa felast í leyfisveitingum og eftirliti með bifreiðastöðvum, en frumvarpið gerir ráð fyrir mjög aukinni ábyrgð þeirra. Bifreiðastöðvarnar munu, verði frumvarpið að lögum, sjá um útgáfu undanþágna sem áður voru hjá bifreiðastjórafélögunum auk þess að taka á sig þá ábyrgð innan ramma starfsleyfisins að lögum og reglum sé fylgt í hvívetna.

Gagnagrunnur Vegagerðarinnar mun geyma upplýsingar um nafn og kennitölu bifreiðastjóra, heimilisfang, bifreiðastöð og kallnúmer, nýtingu atvinnuleyfis, heimilað og tekið orlof, útgerðarheimildir vegna veikinda o.fl. Markmiðið með rekstri grunnsins er margþætt. Gagnagrunnurinn mun tryggja betur að útgáfa undanþáguheimilda verði eins og lög og reglur

kveða á um. Grunnforritun hans leiðir til þess að ekki verður mögulegt að veita undanþáguheimildir nema öll atriði séu í lagi.

Á höfuðborgarsvæðinu hefur útgáfa akstursleyfa frá nóvember 1999 verið í höndum þriggja stéttarfélaga leigubifreiðastjóra. Ráðuneytið telur það fyrirkomulag ekki hafa gefist vel. Sem dæmi má nefna að mjög erfitt hefur verið að tryggja samræmda framkvæmd félaganna. Ákveðins trúnaðarbrests hefur því miður einnig gætt milli hinna einstöku félaga.

Með tilkomu gagnagrunns Vegagerðarinnar verður lögreglu auðveldað eftirlitshlutverk sitt en henni ber að hafa eftirlit með því að á götum úti aki enginn leigubifreið nema sá sem til þess hefur réttindi.

Gert er ráð fyrir að aðgangur að grunnupplýsingum gagngrunnsins verði mjög takmarkaður og í fullu samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Með frumvarpinu er einnig kynnt sú nýlunda að setja megi lágmarksgæðastaðla fyrir þjónustu leigubifreiða. Nokkuð hefur verið mismunandi hvaða kröfur einstakar stöðvar hafa gert að þessu leyti. Engir almennir staðlar hafa því verið til. Með þessu verður mögulegt að auka gæði þjónustunnar. Það ætti að koma öllum almenningi til góða og jafnframt bæta ímynd íslenskrar ferðaþjónustu. Það skal þó tekið skýrt fram að um heimildarákvæði er að ræða.

Þá er gert ráð fyrir þyngri viðurlögum verði lög og reglur brotin. Er þetta gert til að auka ábyrgð einstakra leyfishafa og bifreiðastöðva á því að reglum sé fylgt.

Sérstök sjálfstæð úrskurðarnefnd leigubifreiðamála mun taka til meðferðar mál sem upp kunna að koma við framkvæmd laganna, en hún starfar samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Úrskurðir hennar verða ekki kæranlegir til samgönguráðuneytisins.

Samkvæmt gildandi lögum er þessi umsýsla hjá umsjónarnefndum fólksbifreiða á svokölluðum takmörkunarsvæðum sem í eiga sæti fulltrúar þriggja aðila, formaður skipaður af ráðherra án tilnefningar, einn skipaður af sveitarfélagi og sá þriðji af stéttarfélagi bifreiðastjóra á viðkomandi stað. Mögulegt hefur verið að vísa úrskurðum þeirra til samgönguráðuneytisins. Þetta fyrirkomulag er að mörgu leyti úrelt og hefur ekki alls staðar gefist vel. Með hinu nýja fyrirkomulagi er hlutlæg meðferð mála tryggð. Verði frumvarp þetta að lögum verður hlutverk samgönguráðuneytisins fyrst og fremst setning reglna. Úrskurðarnefnd leigubifreiðamála mun þjóna öllu landinu og felst í því sú réttarbót að úrskurðir verða samræmdir. Hingað til hafa umsjónarnefndir starfað á fjórum takmörkunarsvæðum á landinu en utan þeirra hafa leyfishafar snúið sér til ráðuneytisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er skilgreint hvað falli undir gildissvið laganna. Í fyrstu grein núgildandi laga er kveðið á um starfsemi sendi- og vörubifreiða en þau ákvæði eru felld brott. Engu að síður er gert ráð fyrir að samgönguráðuneytið geti sett reglur um mörkin á milli starfssviða sendibifreiða, vörubifreiða og leigubifreiða. Er það gert þar sem starfssvið þeirra hefur hingað til skarast og hafa leigubifreiðar flutt t.d. bréf og blóm án þess að flytja farþega í sömu ferð. Talið er eðlilegt að svo verði áfram.

Um 2. gr.

Hér er um nýmæli að ræða frá gildandi lögum. Hlutverk Vegagerðarinnar er tiltekið í ákvæðinu og nú er framkvæmd laganna í höndum hennar. Í gagnagrunni Vegagerðarinnar verða upplýsingar um þá sem hafa atvinnuleyfi, heimilað orlof, tekið orlof, heimildir til veikindaútgerðar o.fl. Frá því í nóvember 1999 hafa þrjú félög á höfuðborgarsvæðinu haft með

útgáfu undanþágna að gera en það fyrirkomulag hefur ekki gefist vel. Því er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að horfið verði frá þessu fyrirkomulagi. Gert er ráð fyrir að bifreiðastöðvar sjái um útgáfu undanþágna með heimild frá Vegagerðinni.

Nú er skylt að krefja þá sem aka fyrir aðra í forföllum þeirra um að þeir hafi sótt sérstakt námskeið á vegum Vegagerðarinnar og telst fullnægjandi árangur á slíku námskeiði m.a. til fullnægjandi starfshæfni skv. 1. tölul. 5. gr.

Þá eru Vegagerðinni veittar ítarlegri heimildir til eftirlits með atvinnuleyfishöfum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir misnotkun fenginna leyfa.

Um 3. gr.

Kröfur til starfrækslu bifreiðastöðva eru verulega auknar samkvæmt frumvarpi þessu. Gert er ráð fyrir að starfræksla leigubifreiðastöðva sé háð viðurkenningu Vegagerðarinnar. Vegagerðin gefur út starfsleyfi til þeirra. Þá er í frumvarpinu gerð ríkari krafa til stöðvanna um að þær sjái til þess að lögum um leigubifreiðar sé framfylgt og m.a. gert ráð fyrir að stöðvarnar sæti ströngum viðurlögum sinni þær ekki þeim skyldum sem á þær eru lagðar.

Ákvæði um heimild Vegagerðarinnar til að setja reglur um gæðastaðla er nýmæli. Þetta er gert til að tryggja betri og áreiðanlegri þjónustu og bætta ímynd stéttarinnar. Reglur um þetta tíðkast víða erlendis.

Um 4. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Gert er ráð fyrir nýrri nefnd, úrskurðarnefnd leigubifreiðamála, sem starfi fyrir allt landið, en allar umsjónarnefndir fólksbifreiða samkvæmt núgildandi lögum verði lagðar niður. Þetta er m.a. til þess að tryggja samræmi í úrskurðum. Í frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir að stéttarfélög atvinnuleyfishafa tilnefni fulltrúa í framangreinda úrskurðarnefnd. Á það ber að líta að nefndin er einungis úrskurðarnefnd en kemur að öðru leyti ekki að stjórn leigubifreiðamála. Þá er það tilgreint að niðurstaða nefndarinnar er endanleg innan stjórnsýslunnar.

Um 5. gr.

Í greininni eru gerðar sambærilegar kröfur til atvinnuleyfishafa og í núgildandi lögum, þó með auknum kröfum um óflekkað mannorð og starfshæfni. Ekki er um sömu skilgreiningu að ræða á óflekkuðu mannorði og greinir í 5. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000. Ákveðinn er fyrningarfrestur brota nema um sé að ræða brot sem ekki geta talist samræmast eðli starfseminnar. Tilgreint er hvaða skilyrði forfallabílstjórar þurfa að uppfylla samkvæmt lögunum.

Um 6. gr.

Nýmæli ákvæðisins er það að samkvæmt frumvarpinu er framkvæmd þess í höndum Vegagerðarinnar. Að öðru leyti er ákvæðið efnislega samhljóða 5. og 6. gr. núgildandi laga, nr. 61/1995.

Um 7. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. mgr. 10. gr. núgildandi laga, nr. 61/1995, og vísast til hennar.

Um 8. gr.

Greinin er að mestu sambærileg 4. og 6. gr. núgildandi laga, nr. 61/1995. Það nýmæli er þó að Vegagerðinni er heimilað að veita undanþágu til aksturs samkvæmt frumvarpinu á

strjálbýlum svæðum. Leyfishafi skal uppfylla öll skilyrði 5. gr. frumvarpsins að því undanskildu að hafa sótt einhver af þeim námskeiðum sem tilskilin er skv. 1. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Um 9. gr.

Það er nýmæli samkvæmt frumvarpi þessu að heimilt verður að víkja frá skilyrði 3. tölul. 5. gr. um að leyfishafi þurfi að hafa starfið að aðalatvinnu. Þetta er samkvæmt núgildandi lögum heimilt ef færri en 5.000 íbúar búa á svæðinu en samkvæmt frumvarpinu er heimilt að víkja frá þessu ef íbúar eru færri en 10.000.

Þá eru rýmkaðar heimildir eftirlifandi maka til nýtingar atvinnuleyfa.

Um 10. gr.

Samkvæmt frumvarpi þessu er gerð krafa um að gjaldmælar skuli vera löggiltir. Einnig skal Vegagerðin setja reglur um að verðskrá leigubifreiða sem er í notkun hverju sinni skuli vera viðskiptavinum sýnileg. Að öðru leyti er greinin efnislega samhljóða 9. gr. núgildandi laga.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu eru sett strangari viðurlög við brotum gegn lögunum. Gert er ráð fyrir að þegar við fyrsta brot missi leyfishafi atvinnuleyfi sitt tímabundið en við ítrekuð brot geti leyfishafi misst það fyrir fullt og allt. Þá er gert ráð fyrir að allt daglegt eftirlit með atvinnuleyfishöfum og forfallabílstjórum sé í höndum lögreglunnar.

Um 12. gr.

Ákvæði þetta fjallar um gjaldtökuheimild Vegagerðarinnar og er ætlað að standa straum af kostnaði sem hlýst af námskeiðahaldi, útgáfu leyfa og eftirliti samkvæmt lögunum. Í frumvarpinu er afmörkuð sú fjárhæð sem er ætlað að standa straum af fyrrgreindum kostnaðarliðum. Fjárhæð gjaldsins tekur mið af þeim kostnaði sem hlýst af veittri þjónustu Vegagerðarinnar.

Um 13. og 14. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um leigubifreiðar.

Tilgangur frumvarpsins er að færa stjórnsýslu leigubifreiðamála frá samgönguráðuneytinu til Vegagerðarinnar. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að hlutverk Vegagerðarinnar felist í útgáfu atvinnuleyfa og skírteina fyrir afleysingabílstjóra, að hafa umsjón með námskeiðum og að starfrækja gagnagrunn sem mun geyma upplýsingar um nafn og kennitölu bif-

reiðastjóra, heimilisfang, bifreiðastöð og kallnúmer, nýtingu atvinnuleyfis, heimilað og tekið orlof, útgerðarheimildir vegna veikinda o.fl. Til að standa straum af kostnaði sem hlýst af þjónustu Vegagerðarinnar er í frumvarpinu veitt gjaldtökuheimild skv. 12. gr. Gert er ráð fyrir að árlegur kostnaður af veitingu atvinnuleyfa verði u.þ.b. 11 m.kr.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að allar umsjónarnefndir fólksbifreiða verði lagðar niður en í þeirra stað komi ein stjórnsýslunefnd, úrskurðarnefnd leigubifreiðamála sem starfar fyrir allt landið. Kostnaður af starfi umsjónarnefnda fólksbifreiða hefur verið u.þ.b. 3 m.kr á ári og er gert ráð fyrir samsvarandi kostnaði við úrskurðarnefnd leigubifreiða sem greiðist úr ríkissjóði. Verði frumvarpið að lögum verða útgjöld ríkissjóðs óbreytt.

1011. Frumvarp til laga [634. mál]

um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um fólksflutninga á landi í atvinnuskyni með bifreiðum sem skráðar eru fyrir níu farþega eða fleiri, sbr. þó 8. og 10. gr., og vöruflutninga og efnisflutninga á landi í atvinnuskyni með ökutækjum, hvort sem um eitt ökutæki eða samtengd ökutæki er að ræða. Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum þessara laga fyrir tiltekna vöruflutninga og fyrir ákveðnar tegundir ökutækja eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

2. gr.
Yfirstjórn.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga og almenningssamgangna samkvæmt lögum þessum. Vegagerðin fer með framkvæmd laga þessara og stjórnvaldsreglna settra samkvæmt þeim.

II. KAFLI
Orðskýringar.

3. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

a. *Almennt rekstrarleyfi:* Leyfi skv. 4. gr. sem allir sem stunda fólksflutninga, vöruflutninga og/eða efnisflutninga gegn gjaldi þurfa að hafa.
b. *Sérleyfi:* Leyfi sem veitt er til reglubundinna fólksflutninga og er aðgangur annarra takmarkaður á sérleyfisleið.
c. *Einkaleyfi:* Sérleyfi sveitarfélags til reglubundinna fólksflutninga innan lögsagnarumdæmis þess.
d. *Reglubundnir fólksflutningar:* Fastar ferðir á ákveðinni leið samkvæmt fyrir fram birtri áætlun þar sem farþegar eru teknir upp og settir af á leiðinni. Þjónustan er öllum opin, þ.e. almenningssamgöngur.

e. *Sérstakir reglubundnir fólksflutningar:* Reglubundnir flutningar á ákveðnum hópi farþega og aðrir farþegar eru útilokaðir.
f. *Óreglubundnir fólksflutningar:* Aðrir fólksflutningar en þeir sem tilgreindir eru í d- og e-lið. Með óreglubundnum flutningum er að jafnaði átt við flutning á hópi fólks sem orðið hefur til fyrir frumkvæði viðskiptavinar eða leyfishafans sjálfs. Slíkar ferðir geta verið farnar með reglulegu millibili án þess að teljast reglubundnir flutningar.
g. *Fólksflutningar í atvinnuskyni:* Flutningur fólks gegn gjaldi, þar sem farþeginn er ekki tengdur rekstri fyrirtækisins sem sér um flutninginn.
h. *Fólksflutningar í eigin þágu:* Flutningur fólks, þar sem ekki er innheimt gjald fyrir. Sem dæmi má nefna flutning starfsfólks til og frá vinnustað eða á milli vinnustaða ef fólksflutningabifreiðin er í eigu vinnuveitanda og ökumaður er starfsmaður hans. Flutningur sjúklinga og vistmanna heilbrigðisstofnana, enda sé bifreiðin í eigu stofnunarinnar og ökumaður starfsmaður hennar.
i. *Vöruflutningar og efnisflutningar í atvinnuskyni:* Flutningur á vöru eða efni gegn gjaldi, þar sem rekstraraðili bifreiðar er hvorki eigandi, leigjandi, seljandi né kaupandi vörunnar/efnisins sem flutt er eða varan/efnið á annan hátt beint tengd starfsemi hans. Með efnisflutningi er átt við flutning á jarðefnum, svo sem möl eða sandi.
j. *Vöruflutningar og efnisflutningar í eigin þágu:* Flutningur vöru/efnis sem er í eigu skráðs eiganda eða umráðamanns ökutækis sem flutt er með eða flutningur á vörum/efni sem hann hefur á leigu eða að láni, hefur í útleigu eða til láns eða hefur í vörslum sínum í því skyni að kaupa, selja, framleiða, umbreyta eða til viðgerðar eða í öðrum sambærilegum tilgangi. Ef um fyrirtæki er að ræða telst flutningur því aðeins í eigin þágu að flutningurinn sé lítill hluti af starfsemi viðkomandi fyrirtækis og ökumaður sé starfsmaður þess.

III. KAFLI
Leyfisveitingar.

4. gr.
Almennt rekstrarleyfi.

Almennt rekstrarleyfi Vegagerðarinnar þarf til að stunda fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum þessum. Leyfið skal gilda í fimm ár og vera óframseljanlegt. Vegagerðinni er heimilt að gera mismunandi kröfur til útgáfu mismunandi leyfa eftir því sem eðli starfseminnar gefur tilefni til.

Ekkert leyfi þarf til flutnings í eigin þágu. Samgönguráðherra getur með reglugerð sett nánari skilyrði um veitingu leyfa.

5. gr.
Skilyrði leyfis.

Þeir einir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum geta öðlast rekstrarleyfi skv. 4. gr. laga þessara:

1. Hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.
2. Fullnægja skilyrðum um starfshæfni eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.
3. Hafa ekki verið dæmdir til refsivistar eða framið alvarleg eða ítrekuð brot á lögum og reglugerðum sem um starfsgreinina gilda. Hafi brot verið smávægilegt eða langt er um liðið frá því að brot var framið getur umsækjandi þó öðlast leyfi samkvæmt lögunum.

Skilyrðum skv. 1. mgr. verður leyfishafi einnig að fullnægja á leyfistímanum.

6. gr.
Sérleyfi.

Hlutverk reglubundinna fólksflutninga er að sjá almenningi fyrir samgöngum með fólksflutningabifreiðum. Vegagerðin hefur umsjón með skipulagi almenningssamgangna með bifreiðum.

Vegagerðin getur takmarkað fjölda aðila í reglubundnum fólksflutningum á einstökum leiðum með því að veita sérleyfi á þeim leiðum. Öðrum en sérleyfishafa er óheimilt að stunda reglubundna fólksflutninga á sérleyfisleið. Við veitingu sérleyfis skal gerður sérstakur þjónustusamningur þar sem þau skilyrði koma fram sem Vegagerðin setur, svo sem um ferðatíðni, ferðaleiðir, viðkomustaði, leyfilegar bifreiðar, umhverfisstuðla, gildistíma, uppsögn og greiðslu. Nánari útfærsla á þjónustusamningi skal tilgreind í reglugerð. Takist ekki slíkur samningur á milli aðila skal Vegagerðin efna til útboðs, eftir atvikum í samstarfi við aðra aðila sem stunda fólksflutninga, svo sem skólaakstur. Vegagerðin getur, séu fyrir því veigamikil rök, efnt til útboðs án undangenginnar tilraunar til þjónustusamnings fyrir 1. ágúst 2005.

Óheimilt er að framselja sérleyfi nema með samþykki Vegagerðarinnar.

Sérleyfishafa er, með samþykki Vegagerðarinnar, heimilt að nota bifreiðar sem skráðar eru fyrir færri en níu farþega við akstur á sérleyfisleið.

Vegagerðin getur sagt upp samningnum á leyfistímanum vegna skipulagsbreytinga innan ákveðinna svæða sem viðkomandi sveitarfélög standa sameiginlega að. Slíkur uppsagnarfrestur skal ekki vera skemmri en tvö ár. Segi sérleyfishafi upp samningnum eða brjóti gegn ákvæðum 14. gr. á leyfistímanum skal Vegagerðin efna til útboðs.

7. gr.
Einkaleyfi.

Vegagerðin getur veitt sveitarfélögum eða byggðasamlögum einkaleyfi til að skipuleggja og sjá um almenningssamgöngur með bifreiðum innan sveitarfélags. Einkaleyfishafi getur falið öðrum tímabundið að annast reglubundna fólksflutninga samkvæmt einkaleyfi.

Öðrum en einkaleyfishafa er óheimilt nema með samþykki hans að flytja um einkaleyfissvæðið aðra farþega en þá sem teknir eru upp utan þess og þá sem teknir eru upp innan svæðisins til flutnings út fyrir það. Vegagerðinni er heimilt að binda einkaleyfi þeim skilyrðum er þurfa þykir. Vegagerðin getur sagt upp einkaleyfi vegna skipulagsbreytinga á almenningssamgöngum.

Þeir aðilar sem stunda reglubundna flutninga samkvæmt einkaleyfi skulu í einu og öllu uppfylla skilyrði þessara laga, þar á meðal að hafa almennt rekstrarleyfi skv. 4. gr. og fullnægja gæða- og tæknikröfum Vegagerðarinnar.

8. gr.
Sérstakir reglubundnir fólksflutningar.

Þrátt fyrir ákvæði 6. og 7. gr. er öðrum en sérleyfishafa heimilt að stunda sérstaka reglubundna flutninga, enda hafi viðkomandi almennt rekstrarleyfi skv. 4. gr. Til sérstakra reglubundinna flutninga teljast flutningar starfsfólks til og frá vinnustað á kostnað vinnuveitanda séu þeir ekki stundaðir í eigin þágu, sbr. skilgreiningu í h-lið 3. gr., og akstur skólanemenda. Flutningsaðili þarf að uppfylla skilyrði laganna og þær gæða- og tæknikröfur sem Vegagerðin setur.

9. gr.

Almenn ákvæði um leyfishafa.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má veita einstaklingum, hlutafélögum, einkahlutafélögum eða sameignarfélögum, enda uppfylli leyfishafinn skilyrði 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. Ef leyfishafinn er einstaklingur skal hann jafnframt uppfylla 2. og 3. tölul. 5. gr.

Ef leyfishafinn er félag skal starfa hjá því forsvarsmaður sem ber ábyrgð á rekstrinum. Hann skal uppfylla skilyrði 2. og 3. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Heimilt er að kæra ákvarðanir Vegagerðarinnar samkvæmt lögum þessum til samgönguráðuneytis.

10. gr.

Akstur sérútbúinna bifreiða.

Vegagerðin skal veita leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða, t.d. til fjallaferða, enda þótt slíkar bifreiðar rúmi færri farþega en níu. Skilyrði slíks leyfis er að það sé notað í tengslum við þjónustu við ferðamenn og að umsækjandi hafi almennt rekstrarleyfi skv. 4. gr.

11. gr.

Fólks-, vöru- og efnisflutningar innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Þeir sem hafa almennt leyfi skv. 4. gr. geta sótt um leyfi til Vegagerðarinnar til að stunda fólks-, vöru- og efnisflutninga á milli ríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða innan lands í þeim ríkjum. Vegagerðin veitir slík leyfi á grundvelli reglna sem um slík leyfi gilda. Sama gildir um leyfi sem veitt eru á grundvelli samninga við lönd utan Evrópska efnahagssvæðisins.

IV. KAFLI
Rekstrarleyfi og gjöld.

12. gr.

Gæða- og tæknikröfur.

Bifreið, sem notuð er til fólksflutninga samkvæmt lögum þessum, skal uppfylla gæða- og tæknikröfur Vegagerðarinnar og hana má eingöngu nota til slíkra flutninga meðan leyfið gildir, sbr. þó 10. gr. Þó er heimilt að flytja frakt í þar til gerðu rými, enda uppfylli bifreiðin að öðru leyti skilyrði fólksflutningabifreiðar.

Framangreindar kröfur Vegagerðarinnar skulu staðfestar af ráðherra.

Vegagerðinni er heimilt að takmarka notkun strætisvagna utan þéttbýlis, sbr. skilgreiningu í reglugerð nr. 411/1993, um gerð og búnað ökutækja.

Vegagerðinni er heimilt að gera sérkröfur til bifreiða sem notaðar eru til flutnings skólabarna.

13. gr.

Eftirlit og leyfisgjöld.

Greiða skal fyrir útgáfu leyfa.

Fyrir rekstrarleyfi skv. 4. gr. skal greiða eftirfarandi árlegt gjald:

1. Fyrir sendibíla 5.000 kr.
2. Fyrir önnur rekstrarleyfi 10.000 kr.

Fyrir sérleyfi og einkaleyfi skal greiða 20.000 kr. á ári.

Fyrir sérútbúnar bifreiðar skv. 10. gr. skal greiða 4.000 kr. á ári.

Halda skal tekjum og gjöldum vegna framangreindra leyfa aðskildum í bókhaldi.

Framangreind gjöld skulu renna til Vegagerðarinnar og standa undir eftirliti og leyfisveitingum samkvæmt lögum þessum. Vegagerðinni er heimilt að fela þriðja aðila þetta eftirlit.

14. gr.

Rekstrarstöðvun.

Verði aðili uppvís að því að stunda leyfisskylda starfsemi samkvæmt lögum þessum án þess að hafa til þess tilskilin leyfi er Vegagerðinni heimilt að stöðva starfsemina og bifreiðar þegar í stað þar til leyfi hefur verið fengið.

15. gr.

Refsingar. Svipting leyfis.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum er settar kunna að verða samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum og skal fara með slík mál að hætti opinberra mála. Sektir allt að 100.000 krónum fyrir brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim skulu ákveðnar í reglugerð sem ráðherra setur. Þar skal tilgreint hvaða tegunda brota hún tekur til og hvaða sekt og önnur viðurlög skuli koma fyrir hverja tegund brots. Heimilt er að víkja frá ákvæðum reglugerðarinnar ef veigamikil rök mæla með því.

Við alvarleg eða ítrekuð brot er Vegagerðinni heimilt að svipta viðkomandi leyfum er honum hafa verið veitt samkvæmt lögum þessum. Slík svipting tekur gildi þegar í stað og gildir þar til úrlausn hefur fengist í málinu skv. 1. mgr.

Sama gildir um skilyrði leyfis eins og þau eru tilgreind í leyfisbréfi.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

16. gr.

Reglugerð.

Samgönguráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um einstök ákvæði í lögum þessum.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum vegna skuldbindinga er leiðir af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir um skipulag á vöruflutningum með ökutækjum vegna skuldbindinga er leiðir af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

17. gr.

Gildistaka.

Lög þessi taka gildi 1. september 2001. Jafnframt falla brott lög um vöruflutninga á landi, nr. 47/1994, með síðari breytingum, lög um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, nr. 13/1999, og lög um samsetta flutninga o.fl. vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, nr. 33/1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

Leyfi til fólksflutninga með hópferðabifreiðum, sem gefin hafa verið út samkvæmt eldri lögum, halda gildi sínu samkvæmt lögum þessum þar til gildistími þeirra er útrunninn eða leyfið fellur niður skv. 15. gr. laganna.

Handhafar sérleyfa samkvæmt eldri lögum skulu að jafnaði sitja fyrir um endurúthlutun sérleyfa á viðkomandi sérleyfisleið fram til ársins 2005. Endurúthlutuð leyfi skulu ekki gilda lengur en til 1. ágúst 2005 og skal þá efnt til útboðs á öllum sérleyfum.

Þeir sem stunda vöruflutninga með ökutækjum skv. 1. gr. gegn gjaldi við gildistöku laga þessara skulu uppfylla skilyrði laganna og afla sér leyfis Vegagerðarinnar samkvæmt lögum þessum eigi síðar en 31. desember 2001.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samið í samgönguráðuneytinu. Við samningu þess var haft samráð við þá hagsmunaaðila sem frumvarpið varðar.

Gildandi lög um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum eru nr. 13/1999 og lög um vöruflutninga á landi eru nr. 47/1994. Í ljósi reglna sem settar hafa verið á Evrópska efnahagssvæðinu eða eru væntanlegar á því svæði og rúmast innan gildissviðs EES-samningsins telur ráðuneytið ástæðu til þess að endurskoða þessi tvenn lög í heild og fella saman í einn lagabálk. Miklar breytingar hafa orðið á umhverfi þessarar greinar, m.a. hefur vöruflutningaakstur og akstur með ferðamenn aukist verulega. Aftur á móti hefur afkoma fyrirtækja í sérleyfisakstri farið versnandi og farþegum fækkað.

Meginbreyting laganna felst í því að almennar kröfur sem lögfestar voru með lögum nr. 13/1999 gilda nú einnig um vöruflutninga og efnisflutninga. Þó skal tekið fram hér í upphafi að lögin taka ekki til flutnings á hættulegum efnum og að um hann gildir reglugerð nr. 984/2000, sem sett er með stoð í 2. mgr. 50. gr., 1. mgr. 60. gr. og 73. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987. Þá er einnig gert ráð fyrir í frumvarpinu að starfræksla sendibíla sem áður hefur átt undir lög um leigubifreiðar, nr. 61/1995, falli undir þetta frumvarp. Við það fellur stöðvarskylda leigubifreiðalaga út og í staðinn kemur atvinnuleyfakerfi sem setur ramma utan um atvinnureksturinn.

Í gildandi lögum um fólksflutninga var mörkuð sú stefna að setja rammalöggjöf um atvinnustarfsemina sem byggist á útgáfu almennra leyfa. Ábyrgð stjórnenda fyrirtækja á þessum sviðum var gerð skýrari og krafist tiltekinna skilyrða um fjárhagsstöðu, starfshæfni og gott mannorð. Þessi ákvæði standa óbreytt í þessu frumvarpi og taka nú einnig til stjórnenda vöruflutninga- og efnisflutningafyrirtækja.

Önnur meginbreyting laganna snýr að fólksflutningunum. Nú er skýlaus heimild Vegagerðarinnar fyrir því að gera svokallaða þjónustusamninga við sérleyfishafa. Jafnframt er gert ráð fyrir að núverandi sérleyfisfyrirkomulag haldist að mestu óbreytt fram til 1. ágúst 2005. Eftir þann tíma er gert ráð fyrir að öll sérleyfi verði boðin út.

Í áliti umboðsmanns barna um skólaakstur frá 23. nóvember 1998 er lögð áhersla á að til þess að tryggja ákveðna samræmingu í skólaakstri á vegum sveitarfélaga sé nauðsynlegt að settar verði lágmarksreglur um tilhögun skólaaksturs. Þetta álit umboðsmanns barna hefur verið haft til hliðsjónar við samningu frumvarpsins. Álitsgerðin var í fyrstu send menntamálaráðherra sem fer með yfirstjórn grunnskólamála í landinu en hann lýsti þeirri skoðun sinni að eðlilegra væri að skapa forsendur fyrir almennar reglur um skólaakstur á vettvangi laga um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, nr. 13/1999, en á vettvangi grunnskólalaga.

Það nýmæli er í lögum þessum að Vegagerðinni er heimilt að gera sérkröfu til bifreiða sem notaðar eru til flutnings skólabarna.

Í áliti samkeppnisráðs frá 23. apríl 1998 er fjallað um erindi Félags hópferðaleyfishafa um mismunun í starfsskilyrðum hópferðaleyfishafa og sérleyfishafa. Samkeppnisráð beindi til-

mælum til samgönguráðherra í fjórum liðum. Í frumvarpi þessu er tekið á öllum þeim atriðum sem fram komu í álitinu.

Í fyrsta lagi leggur samkeppnisráð til að þeirri mismunun í reglum sem lúta að starfssviði hópferðaleyfishafa miðað við sérleyfishafa verði eytt. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að gerðir verði skýrir þjónustusamningar við sérleyfishafa þar sem m.a. komi fram sú skylda að reka hina styrktu starfsemi aðskilda frá annarri starfsemi, þannig að ekki sé hætta á að styrkurinn greiði niður aðra starfsemi sérleyfishafa.

Í öðru lagi beinir samkeppnisráð þeim tilmælum til samgönguráðherra að gerð verði könnun á rekstrarlegri afkomu sérleyfishafa á einstökum leiðum. Ráðuneytið kynnti fyrir nokkru skýrslu um úttekt og tillögur til úrbóta á fólksflutningum á landsbyggðinni og jafnframt gerði Vegagerðin könnun á rekstrarlegri afkomu sérleyfishafa að beiðni ráðuneytisins.

Í þriðja lagi beinir samkeppnisráð þeim tilmælum til samgönguráðherra að ráðherra beiti sér fyrir því að sérleyfi til fólksflutninga með langferðabifreiðum verði felld úr gildi þar sem rekstur stendur undir kostnaði þegar ríkisstyrkur í formi endurgreiðslu á þungaskatti hefur verið frátalinn. Í frumvarpi þessu er ekki lagt til að sérleyfi falli úr gildi þótt rekstur standi undir kostnaði enda þjóni það ekki hagsmunum almenningssamgangna á landinu.

Í fjórða lagi beinir samkeppnisráð þeim tilmælum til samgönguráðherra að þær leiðir sem sannanlega þurfa að njóta opinberra fjárframlaga verði boðnar út og höfð verði hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992, um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sérleyfi verði almennt boðin út eftir 1. ágúst 2005, en þar sem sérstök skilyrði eru fyrir hendi sé heimilt að bjóða sérleyfi út fyrr. Með þessu er komið til móts við framangreind tilmæli samkeppnisyfirvalda en þó með nauðsynlegum aðlögunartíma að mati samgönguráðuneytisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gildissvið laganna útvíkkað þannig að það nær einnig til vöruflutninga og efnisflutninga á landi, en áður voru ákvæði um vöruflutninga á landi í lögum nr. 47/1994 en engin ákvæði um efnisflutninga. Hagkvæmt þótti að sameina reglur um flutninga fólks, vöru og efnis á landi í einn lagabálk. Höfð var hliðsjón af sambærilegri lagasetningu á Norðurlöndum og skuldbindingum Íslands vegna EES-samningsins á þessu sviði.

Gildissvið laganna nær eingöngu til þeirra flutninga á landi sem framkvæmdir eru í atvinnuskyni.

Um 2. gr.

Með þessu ákvæði eru tekin af öll tvímæli um hver fari með stjórn þessa málaflokks. Þá er gert ráð fyrir að Vegagerðin fari með framkvæmd laga þessara.

Um 3. gr.

Grein þessi skilgreinir þau hugtök sem notuð eru í lögunum. Hér eru í raun felldar í eina grein allar þær orðskýringar sem fyrir eru í gildandi lögum. Þá er bætt við skilgreiningum um efnis- og vöruflutninga.

Um 4. gr.

Grein þessi er nánast óbreytt frá 3. gr. núgildandi laga um skipulag fólksflutninga með hópferðabifreiðum og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 5. gr.

Þetta ákvæði er efnislega óbreytt frá 10. gr. laga nr. 13/1999. Þó tekur þetta ákvæði laganna einnig til vöru- og efnisflutninga í atvinnuskyni og eru þessi skilyrði í samræmi við reglur Evrópusambandsins.

Um 6. gr.

Grein þessi fjallar um hlutverk reglubundinna flutninga og sérleyfi. Tilgreint er það skilyrði við veitingu sérleyfa að gerður verði þjónustusamningur við sérleyfishafann. Takist slíkur samningur ekki skal efna til útboðs. Hér er þó lögfest heimild Vegagerðarinnar til þess að efna strax til útboðs án þess að þurfa að fara samningsleiðina fyrst og veita sérleyfi í kjölfarið á því. Til þess að heimila útboð strax þurfa að liggja fyrir veigamikil fjárhagsleg og efnisleg rök. Helstu skilyrði þjónustusamnings skulu tilgreind í reglugerð sem sett er af samgönguráðherra. Það er gert til þess að tryggja skýrar leikreglur á milli samningsaðila. Í grein þessari felst heimild Vegagerðarinnar til þess að tilgreina ferðatíðni. Í vissum tilfellum getur undir þetta ákvæði fallið samningur um pöntunarþjónustu en ekki reglulegar ferðir, þar sem fámenni er mikið.

Í ákvæðinu er tiltekið að Vegagerðin geti boðið út sérleyfi í samvinnu við aðila sem stunda aðra reglubundna fólksflutninga eins og til dæmis akstur skólabarna enda sé það hagkvæmt og almenningssamgöngum til framdráttar. Um getur verið að ræða leiðir í fámennum héruðum sem ekki yrði annars þjónað.

Með ákvæði um útboð er komið til móts við tilmæli samkeppnisráðs, sem að framan voru rakin, og þær tillögur sem nú liggja fyrir hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í þessum málaflokki. Jafnframt er þetta í samræmi við útboðsstefnu ríkisstjórnarinnar. Gengið er út frá því að öll sérleyfi verði boðin út eftir 1. ágúst 2005. Staða atvinnugreinarinnar er slík að það þjónar ekki hagsmunum almenningssamgangna á Íslandi að breyta sérleyfisfyrirkomulaginu í einni svipan. Fyrirtækin þurfa nauðsynlega langan aðlögunartíma til þess að vera viðbúin þeirri breytingu sem útboðsfyrirkomulagið hefur í för með sér, sérstaklega þar sem flest þeirra hafa stundað sérleyfisakstur svo áratugum skiptir.

Þá er það nýmæli að sérleyfishafa er, með samþykki Vegagerðarinnar, heimilt að nota bifreiðar sem skráðar eru fyrir færri en níu farþega á fámennari leiðum.

Fellt er út ákvæði um umsagnarumleitan Vegagerðarinnar við veitingu sérleyfa.

Að öðru leyti er ákvæðið efnislega samhljóða eldra ákvæði laga nr. 13/1999 um þetta efni.

Um 7. gr.

Ákvæðið er að mestu óbreytt frá 5. gr. laga nr. 13/1999. Þó er tiltekið að ákvæði um almennt rekstrarleyfi 4. gr. gildi einnig um einkaleyfishafa.

Um 8. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 6. gr. laga nr. 13/1999 um sama efni. Þó er undirstrikað það skilyrði aksturs í atvinnuskyni að viðkomandi þurfi almennt leyfi skv. 4. gr. og að uppfylla þurfi tækni- og gæðakröfur Vegagerðarinnar. Þessi ítrekun er m.a. sett hér inn vegna álits umboðsmanns barna um kröfur sem gera verður til bílstjóra og ökutækja sem notuð eru í skólaakstri barna.

Um 9. gr.

Þetta er almennt ákvæði um leyfishafa og er óbreytt frá lögum 13/1999. Þó er kæruheimild sem er í 3. gr. gildandi laga sett hér sem almennt ákvæði.

Um 10. gr.

Ákvæði þetta er að mestu óbreytt frá 9. gr. gildandi laga um skipulag á fólksflutningum og þarfnast ekki skýringa. Ekki var talin þörf á að gildistími leyfa samkvæmt ákvæðinu væri tiltekinn sérstaklega.

Um 11. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli. Í lögum nr. 33/1995, um samsetta flutninga o.fl. vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, er fjallað um flutninga um Evrópska efnahagssvæðið. Tilgangur þeirra laga var að fullnægja þeim skuldbindingum sem leiðir af ákvæðum um flutningastarfsemi í 6. kafla III. hluta samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og XIII. viðauka við samninginn. Nú hafa efnisatriði framangreindra laga verið felld inn í þessi lög og falla þau úr gildi. Við það að fá réttindi til flutninga samkvæmt þessu frumvarpi öðlast réttindahafar sömu réttindi í öllum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins að uppfylltu skilyrði 4. gr. laganna. Vegagerðin veitir leyfi samkvæmt ákvæðinu.

Um 12. gr.

Hér er um efnislega samhljóða ákvæði og 12. gr. gildandi laga nr. 13/1999. Þó er hér nýmæli í 2. mgr. um heimild Vegagerðarinnar til að takmarka notkun strætisvagna utan þéttbýlis. Öryggissjónarmið búa fyrst og fremst þar að baki.

Um 13. gr.

Ákvæði þetta fjallar um gjaldtökuheimild Vegagerðarinnar sem er ætlað að standa straum af kostnaði sem hlýst af námskeiðahaldi, útgáfu leyfa og eftirliti samkvæmt lögunum. Með frumvarpi þessu er afmörkuð upphæð þess gjalds sem er ætlað að standa straum af fyrrgreindum kostnaðarliðum. Upphæð gjaldsins tekur mið af þeim kostnaði sem hlýst af veittri þjónustu Vegagerðarinnar. Að fenginni reynslu af framkvæmd núgildandi laga, nr. 13/1999, er þekktur kostnaður af umsýslu Vegagerðarinnar vegna verkefna sem tengjast fólksflutningabifreiðum. Með hliðsjón af þeim kostnaði hefur verið mögulegt að áætla heildarkostnað sem hlýst af útvíkkun gildissviðs laganna. Um er ræða hækkun á gjöldum til samræmis við raunkostnað.

Um 14. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 14. gr. núgildandi laga nr. 13/1999.

Um 15. gr.

Hér er kveðið á um refsingar og sektir vegna brota gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Það hefur sýnt sig í framkvæmd laga nr. 13/1999 að núverandi ákvæði hafa ekki haft tilætluð áhrif. Ákvæðið er efnislega óbreytt frá gildandi lögum um skipulag fólksflutninga með hópferðabifreiðum að því frátöldu, að lagt er til að nánari ákvæði um sektir við brotum verði sett í reglugerð. Er þar höfð hliðsjón af sambærilegu ákvæði í 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. 3. gr. laga nr. 57/1997. Með ákvæði þessu er horft til þess hagræðis sem er af því að staðla innan ákveðinna marka viðurlög við brotum gegn lögunum. Samkvæmt ákvæði 3. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, lætur ríkissaksóknari í té skrá um til hvaða brota sektarheimild lögreglustjóra nær til og leiðbeiningar um sektarfjárhæð. Slíkar leiðbeiningar hafa ekki verið gefnar út vegna brota gegn gildandi lögum um fólksflutninga með hópferðabifreiðum. Með ákvæði þessu er ætlunin að leiðbeiningar af þessu tagi verði í reglugerð í stað þess að ríkissaksóknari

gefi þær út. Með því móti verða þær sýnilegri og um leið auðveldara fyrir almenning að kynna sér efni þeirra. Um rök fyrir þessari tilhögun og stöðlun viðurlaga vísast að öðru leyti til greinargerðar með frumvarpi til laga um breytingu á almennum hegningarlögum og umferðarlögum sem lagt var fram á 121. löggjafarþingi, þingskjal nr. 490.

Um 16. gr.

Í þessu ákvæði eru sameinaðar heimildir ráðherra til þess að setja reglugerðir um skipulag á fólksflutningum og skipulag á vöru- og efnisflutningum vegna skuldbindinga sem leiða má af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum). Vöruflutningum og efnisflutningum er hér bætt við þar sem gildissvið laga þessara taka nú til þeirra eins og áður er fram komið.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með þessari grein er tiltekið að þeir sem þegar hafa leyfi til fólksflutninga samkvæmt gildandi lögum, halda því leyfi þar til það er útrunnið eða fellur niður skv. 15. grein laganna. Þá er haldið í forgangsúthlutun þeirra sem þegar hafa sérleyfi en það er þó tímabundinn forgangur sem verður ekki lengur fyrir hendi eftir 1. ágúst 2005.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

Með frumvarpinu eru gildandi lög um sama efni endurskoðuð í ljósi krafna sem settar eru á Evrópska efnahagssvæðinu. Meginbreytingin felst í því að almennar kröfur sem lögfestar voru árið 1999, munu samkvæmt frumvarpinu einnig gilda um vöruflutninga. Þá er heimild Vegagerðarinnar til samninga við sérleyfishafa styrkt og lögfest að sérleyfi sem veitt eru eftir 1. ágúst árið 2005 verði boðin út. Ljóst er að leyfisveitingar verða umfangsmeiri í kjölfar breytinganna og er kostnaðurinn borinn af leyfisgjöldum skv. 13. gr. frumvarpsins. Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar sem annast eftirlit og útgáfu rekstrarleyfanna eru áætlaðar tekjur af leyfisveitingum u.þ.b. 10 m.kr. á ári, og vega þær á móti kostnaði við veitingu leyfanna. Þá er gert ráð fyrir að árlegur fjöldi útgefinna leyfa verði u.þ.b. 1.200 leyfi. Ekki verður séð að frumvarpið hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð verði það að lögum.

1012. Frumvarp til laga [635. mál]

um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum, o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI
Breyting á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Skylt er að lögskrá alla skipverja sem ráðnir eru til starfa á skipum sem skráð eru hér á landi og eru 20 brúttótonn eða stærri, þar með talið skipstjóra. Heimilt er með reglugerð að veita undanþágur frá ákvæðum þessara laga um að lögskrá áhafnir hafnsögubáta, dráttarbáta og björgunarskipa. Jafnframt er heimilt að uppfylltum skilyrðum, sem nánar skulu skilgreind í reglugerð, að ákveða fyrirkomulag lögskráningar skv. 4. og 5. gr. á annan hátt vegna tiltekinna flokka skipa.

II. KAFLI
Breyting á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

2. gr.

Í stað upphafsmálsliðar 2. mgr. 172. gr. laganna koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Skylt er útgerðarmanni að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum er á hann kunna að falla skv. 1. mgr. Sé útgerðarmaður jafnframt í áhöfn skips er honum skylt að tryggja sig með sama hætti. Tryggingin skal vera sem hér segir.

III. KAFLI
Breyting á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

3. gr.

Við 1. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Eigi skal þó haffærisskírteini gefið út fyrir skip sem er minna en 20 brúttótonn nema fyrir liggi yfirlýsing tryggingafélags um áhafnartryggingu skv. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985.

4. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ákvæðum í lögum um lögskráningu sjómanna verði breytt í þeim tilgangi að tryggja að allir sjómenn á íslenskum skipum séu slysa- og líftryggðir. Í lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum, er í 2. gr. kveðið á um að skylt sé að lögskrá alla skipverja sem ráðnir eru til starfa á íslenskum skipum sem eru 12 rúmlestir brúttó eða stærri. Einn megintilgangur með lögskráningu sjómanna er að ganga úr skugga um að áhöfn skips sé líf- og slysatryggð með fullnægjandi hætti, en lögskráning sjómanna fer fram á útgerðarstað skips og er framkvæmd af sýslumönnum og tollstjóra í Reykjavík. Segja má að tilgangur lögskráningar sé einkum:

1. að fyrirliggjandi séu upplýsingar um áhöfn skips hverju sinni,
2. að áhöfn skips hafi tilskilin atvinnuskírteini til starfa á skipum,

3. að áhöfn skips sé líf- og slysatryggð með fullnægjandi hætti,
4. að sannreyna siglingatíma vegna öflunar atvinnuskírteinis á skipi,
5. að áhöfn hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna og
6. grundvöllur fyrir skattafslætti sjómanna.

Við lögskráningu er miðað við að fyrir liggi yfirlýsing frá viðkomandi tryggingafélagi um líf- og slysatryggingu skipverja og á lögskráningarstjóri að ganga úr skugga um að tryggingin sé í samræmi við gildandi lög og kjarasamninga.

Lög um lögskráningu sjómanna kveða á um að ef útgerðarmaður vanrækir að hafa líf- og slysatryggingu í gildi þá sé hann ábyrgur fyrir viðkomandi bótagreiðslum. Reynist útgerðarmaður ekki fær um greiðslu slíkra bóta ber ríkissjóður fulla ábyrgð á greiðslu þeirra.

Samkvæmt ákvæðum siglingalaga ber útgerðarmaður ábyrgð á kröfum vegna líf- eða líkamstjóns þeirra sem ráðnir eru í skiprúm hjá honum hafi slys borið að höndum er hlutaðeigandi var staddur á skipi eða vann í beinum tengslum við rekstur skips enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggisráðstafana né heldur yfirsjónar þeirra er starfa í þágu skips. Lækka má fébætur eða láta þær niður falla ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, sýndi vítavert gáleysi sem leiddi til slyssins eða tjónsins. Skylt er útgerðarmanni að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum er á hann kunna að falla samkvæmt ákvæðum laganna eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum.

Samkvæmt lögum um almannatryggingar eru allir launþegar sem starfa á íslenskum skipum slysatryggðir samkvæmt ákvæðum laganna sem og útgerðarmenn sem sjálfir eru skipverjar. Bætur slysatrygginga eftir almannatryggingalögum eru sjúkrahjálp, dagpeningar, örorkubætur og dánarbætur eftir því sem lögin kveða nánar á um.

Þá er rétt í þessu sambandi að vekja athygli á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, en samkvæmt þeim er öllum launamönnum og þeim sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði.

Eins og hér hefur komið fram eru útgerðarmenn á bátum 12 brúttórúmlestir og minni slysatryggðir samkvæmt almannatryggingalögum. Engin lagaskylda hvílir á þeim samkvæmt gildandi lögum að líf- og slysatryggja sig frekar. Samkvæmt upplýsingum frá Landssambandi smábátaeigenda hefur sambandið rekið mjög mikinn áróður fyrir því að félagsmenn kaupi sérstaka líf- og slysatryggingu, m.a. með greinum í fréttabréfi og kynningum hvers konar, og er talið að mikill meiri hluti útgerðarmanna hafi keypt líf- og slysatryggingu til hagsbóta fyrir sjálfa sig verði þeir fyrir slysum við störf í sínu skipi.

Þess eru dæmi að slys hafi orðið á bátum sem ekki er skylt að lögskrá á og sjómenn hafi slasast eða farist án þess að hafa verið líf- eða slysatryggðir. Til að koma í veg fyrir slíkt skipaði samgönguráðherra starfshóp 8. september 1999 til að endurskoða lög um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987. Í skipunarbréfi starfshópsins kom fram að honum var ætlað að taka til umfjöllunar það álitaefni hvort skylt eigi að vera að lögskrá alla þá sem ráðnir eru til starfa á íslenskum skipum óháð stærð þeirra, en gildandi lög miða við 12 brúttórúmlestir í því efni. Jafnframt var hópnum ætlað að fjalla um álitaefni sem varða framkvæmd laganna, t.d. að taka upp brúttótonn í stað brúttórúmlesta, lögskráningu á hafnsögubáta og björgunarbáta Slysavarnafélags Íslands og lögskráningu á farþegabáta sem notaðir eru í atvinnuskyni og eru undir þeim stærðarmörkum sem gildandi lög miða við.

Í starfshópinn voru skipaðir: Helgi Jóhannesson frá samgönguráðuneyti, formaður, Kristján Torfason frá dómsmálaráðuneyti, Hlynur Skúli Auðunsson frá Siglingastofnun Íslands og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda. Starfsmaður hópsins var Kristinn Ingólfsson frá Siglingastofnun Íslands.

Starfshópurinn skilaði tillögum sínum til samgönguráðherra með bréfi dags. 14. mars 2001, en í áliti hópsins kemur eftirfarandi fram:

„Það er samdóma mat hópsins að efni þyki ekki standa til þess að kveða á um lögskráningarskyldu allra skipa heldur verði miðað við skip 20 brúttótonn og stærri í því efni. Fjöldi skipa undir 20 brúttótonnum er mjög mikill, sjósókn þeirra er óregluleg og verulegt óhagræði og kostnaður myndi fylgja því að leggja slíka skyldu á útgerðarmenn eða skipstjóra þeirra skipa. Til þess að tryggja að áhafnir þessara skipa séu tryggðar með sama hætti og áhafnir skipa sem skylt er að lögskrá á gerir hópurinn tillögu um breytingu á siglingalögum, nr. 34/1985, sem kveður á um að útgerðarmanni sé skylt að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum sem á hann kunna að falla skv. 1. mgr. 171. gr. siglingalaga. Jafnframt er lagt til að gerðar verði breytingar á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, og kveðið á um að skip minni en 20 brúttótonn fái ekki útgefið haffærisskírteini nema að fyrir liggi yfirlýsing tryggingafélags um áhafnartryggingu skv. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga."

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar sem felast einkum í þremur atriðum:

a. Lögskráningarskylda miðast við brúttótonn í stað brúttórúmlesta.

Reglur nr. 244/1987, um mælingar skipa, kveða á um að frá og með 1. júlí 1987 skuli mæla skip samkvæmt alþjóðasamþykkt um mælingu skipa (International Convention on Tonnage Measurement of Ships) sem undirritað var í Lundúnum 23. júní 1969 og tók gildi 18. júlí 1982. Þar er miðað við að nýjar mælingareglur taki ekki til gamalla skipa fyrr en 1. janúar 1999, þ.e. annarra gamalla skipa en þeirra sem ekki eru gerðar breytingar á eftir 1. júlí 1987 og ekki hefur verið óskað endurmælingar á. Í þessum reglum felst að taka þarf upp brúttótonn í stað brúttórúmlesta í mælingum skipa, en lög um lögskráningu sjómanna miða við að skylt sé að lögskrá á skip sem eru 12 brúttórúmlestir og stærri. Þá er lagt til að skylt verði að lögskrá alla skipverja sem ráðnir eru til starfa á skipum sem eru 20 brúttótonn og stærri og skráð hér á landi. Ekki þykir ástæða til að kveða á um lögskráningarskyldu allra skipa, þ.e. skipa undir 20 brúttótonnum, þar sem fjöldi þeirra er mjög mikill, sjósókn er óregluleg og verulegt óhagræði og kostnaður mundi fylgja því að leggja slíka skyldu á útgerðarmann eða skipstjóra þeirra skipa. Ekki er ætlunin að láta lögskráningarskyldu ná til fleiri skipa en verið hefur. Hinn 1. janúar 2001 voru á skipaskrá 1.646 skip minni en 12 brúttórúmlestir sem notuð eru í atvinnuskyni og því utan lögskráningarskyldu samkvæmt gildandi lögum. Hinn 1. janúar 2001 voru á skipaskrá 1.658 skip minni en 20 brúttótonn sem notuð eru í atvinnuskyni og því utan lögskráningarskyldu samkvæmt frumvarpi þessu.

b. Undanþágur frá lögskráningarskyldu.

Lagt er til að heimilt verði með reglugerð að veita undanþágur frá ákvæðum þessara laga um að lögskrá áhafnir hafnsögubáta, dráttarbáta og björgunarskipa.

Samkvæmt gildandi lögum hefur höfnum verið skylt að lögskrá skipverja á hafnsögubáta í hverri ferð fyrir sig. Þeirri skipan mála fylgir mikið óhagræði þar sem stöðugt þarf að vera að skrá og afskrá skipverja. Ósk um aðstoð hafnsögubáts berst oft með skömmum fyrirvara og því lítill tími að lögskrá skipverja. Hafnsögubátar eru í öllum tilfellum reknir af höfnum viðkomandi sveitarfélaga og því á að vera tryggt að einungis menn með tilskilin atvinnuréttindi til skipstjórnar og vélstjórnar séu ráðnir til starfa og að lögboðnar tryggingar áhafnar skips séu fyrir hendi. Hvað björgunarskip varðar gilda sömu sjónarmið og um hafnsögubáta. Þessi skip eru flest í eigu Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Sjálfboðaliðar eru kallaðir út þegar hætt ber að og þeir fyrstu sem koma til skips sigla út.

Jafnframt er lagt til að heimilt sé að uppfylltum skilyrðum, sem nánar skuli skilgreind í reglugerð, að ákveða fyrirkomulag lögskráningar á annan hátt vegna tiltekinna flokka skipa en kveðið er á um í 4. og 5. gr. laganna. Þetta á fyrst og fremst við þegar sama útgerðin hefur mörg farþegaskip eða farþegabáta í rekstri og farið er í stuttar skoðunarferðir yfir sumartímann. Í mörgum tilfellum eru útgerðir með tvö til þrjú misstór skip sem notuð eru í samræmi við eftirspurn hverju sinni, unnið er á vöktum og áhafnir færðar á milli skipa með stuttum fyrirvara. Slíkar tilfærslur geta orðið margar á dag og hefur því samkvæmt gildandi lögum í för með sér mikið óhagræði og kostnað fyrir útgerðir og lögskráningarstjóra.

c. Lögskráning skipstjóra.

Lagt er til að kveðið verði afdráttarlaust á um það í lögum um lögskráningu sjómanna að lögskrá beri skipstjóra á sama hátt og aðra í áhöfn skipsins.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að áhafnir skipa sem ekki er skylt að lögskrá á, þ.e. skipa undir 20 brúttótonnum, séu tryggðar með sama hætti og áhafnir skipa sem skylt er að lögskrá á og að útgerðarmanni sé skylt að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum sem á hann kunna að falla skv. 1. mgr. 172. gr. siglingalaga.

Um 3. gr.

Í greininni er lögð til breyting til að tryggja að áhafnir skipa sem ekki er skylt að lögskrá á, þ.e. skipa undir 20 brúttótonnum, séu tryggðar með sama hætti og áhafnir skipa sem skylt er að lögskrá á. Með þessari breytingu er kveðið á um að skip sem eru minni en 20 brúttótonn fái ekki útgefið haffærisskírteini nema fyrir liggi yfirlýsing tryggingafélags um áhafnartryggingu skv. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum, o.fl.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á nokkrum lögum er varða lögskráningu sjómanna í þeim tilgangi að tryggja að áhafnir skipa sem ekki er skylt að lögskrá á, þ.e. skipa undir 20 brúttótonnum, séu tryggðar með sama hætti og áhafnir skipa sem skylt er að lögskrá á. Eru þetta lög um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum, siglingalög, nr. 34/1985, með síðari breytingum, og lög um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum. Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að heimilt verði með reglugerð að veita undanþágur frá ákvæðum laga nr. 43/1987 um lögskráningu áhafna hafnsögubáta, dráttarbáta og björgunarskipa. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð.

1013. Frumvarp til girðingalaga. [636. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Markmið með þessum lögum er að fjalla um hverjir fara með forræði yfir girðingum, kostnaðarskiptingu við uppsetningu þeirra á landamerkjum og hvaða skilyrði girðing þarf að uppfylla til að teljast fullnægjandi varsla fyrir búfé.

Lögin gilda um allar girðingar. Sérlög um girðingar halda gildi sínu en ákvæði þessara laga, og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim, gilda þó alltaf um gerð girðinga.

2. gr.

Girðingar í lögum þessum eru þegar ekki er annars getið:

1. *Netgirðing* með 5 strengja vírneti, einum gaddavírsstreng neðan við netið og minnst einum ofan við það. Hæð girðingarinnar skal vera 1,10 m. Jarðfastir tré-, járn- eða plaststaurar skulu vera með mest 4 m millibili, þegar ekki eru notaðar renglur. Þegar notaðar eru renglur skal mesta bil á milli jarðfastra staura vera 9 m, enda sé þá bil á milli rengla mest 3 m.
2. *Gaddavírsgirðing* með 6 gaddavírsstrengjum. Hæð girðingarinnar skal vera 1,10 m. Jarðfastir tré-, járn- eða plaststaurar skulu vera með mest 4 m millibili, þegar ekki eru notaðar renglur. Þegar notaðar eru renglur skal mesta bil á milli jarðfastra staura vera 9 m, enda sé bil á milli rengla mest 3 m.
3. *Rafgirðing* háspennt og varanleg með 5 vírstrengjum, þar sem hún er talin henta að mati viðkomandi búnaðarsambands. Hæð girðingarinnar skal vera 0,95 m. Jarðfastir tréstaurar, þar með úr harðviði, og plaststaurar skulu vera með mest 10 m millibili, þegar ekki eru notaðar renglur. Þegar notaðar eru renglur skal mesta bil á milli jarðfastra staura vera 24 m, enda sé bil á milli rengla mest 8 m.
4. *Girðingar úr ýmsu efni*, svo sem tré, steinsteypu, stáli, áli, plasti, grjóti og torfi sem teljast gripheldar að mati búnaðarsambands.
5. *Skurður* sem er minnst 3 m breiður og 1,5 m djúpur, framræsluskurður, með þremur eða fleiri gaddavírsstrengjum á skurðbakka, eða annað jafngilt. Jarðfastir tréstaurar, þar með úr harðviði, og plaststaurar skulu vera með mest 6 m millibili.

Auk þess aðrar tegundir girðinga sem búnaðarsamband telur gripheldar.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra setur almenna reglugerð sem kveður á um ýmsa staðla og orðskýringar. Í reglugerðinni skal kveðið á um það hvaða skilyrði girðing þarf að uppfylla til að teljast fullnægjandi varsla fyrir hverja búfjártegund. Í henni skal einnig mælt fyrir um hvernig háttað skuli undirbúningi, uppsetningu, gerð og tæknilegum frágangi girðinga, hliða o.fl. sem tengist þeim.

4. gr.

Nú er jörð ekki í ábúð og/eða umráðamaður lands hefur ekki hug á að nota girðingu og er þá heimilt að láta girðinguna standa ef nágrannajörð eða jarðir geta haft not af henni eða hluta úr henni og skal þá viðhaldsskyldan að þeim hluta færast yfir á ábúanda þeirrar jarðar, enda á hann rétt á að kaupa girðinguna eða þann hluta hennar er hann hefur gagn af, eftir mati úrskurðaraðila, sbr. 7. gr.

5. gr.

Nú vill umráðamaður lands girða það og hefur hann þá rétt til að krefjast að sá eða þeir sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði greiði hálfan girðingarkostnaðinn að jöfnu að tiltölu við lengd girðingar fyrir landi hvers og eins. Eigi síðar en ári áður en verk er hafið skal sá er samgirðingar óskar hafa samráð við þann eða þá sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði og leggja fram tillögur um tegund girðingar. Hver aðili hefur rétt til að leggja fram efni, flutning og vinnu í hlutfalli við þátttöku í kostnaðinum. Neiti sá er samgirðingar er krafinn þátttöku í undirbúningi eða framkvæmd verksins getur sá er girða vill beint tilmælum til viðkomandi búnaðarsambands um að tilnefna fagaðila til að skera úr um ágreining, sbr. ákvæði 7. gr. Telji úrskurðaraðilar að sá sem girða vill eigi rétt á samgirðingu getur hann sett girðinguna upp og á hann þá kröfurétt á endurgreiðslu á þeim hluta kostnaðar er hinum ber að greiða.

6. gr.

Vilji meiri hluti landeigenda, sem eiga lönd er liggja að afrétti, girða milli afréttar og heimalanda sinna skulu eigendur eða notendur afréttar greiða $\frac{4}{5}$ hluta stofnkostnaðar girðingarinnar en eigendur eða ábúendur hlutaðeigandi jarða $\frac{1}{5}$. Þegar forráðamenn sveitarfélaga ákveða einhliða að reisa slíka girðingu greiðir sveitarfélagið allan stofnkostnað girðingarinnar. Ef ágreiningur verður um framkvæmd verksins fer um það eins og segir í 5. og 7. gr. Um girðingarkostnað milli afréttarlanda gilda sömu reglur og þegar um landamerkjagirðingar er að ræða. Viðhaldskostnaður allra girðinga greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður, nema þeirra girðinga er Vegagerðin setur upp, sbr. vegalög, nr. 45/1994.

Nú er landamerkjagirðing til staðar sem kostuð hefur verið eftir öðrum hlutföllum en um getur í 5. gr. og skal þá viðhald hennar falla undir fyrirmæli 5. gr., eftir að lög þessi hafa öðlast gildi, enda brjóti það ekki í bága við gildandi samninga.

7. gr.

Nú verða aðilar ekki ásáttir um hvers konar girðingu skuli reisa, kostnaðarskiptingu eða um aðra framkvæmd verksins og skal þá viðkomandi búnaðarsamband tilnefna fagaðila til að skera úr um ágreining. Liggi girðing á mörkum sveitarfélaga skal hvor aðili tilnefna aðila úr sínu sveitarfélagi til að jafna ágreininginn ásamt oddamanni frá hlutaðeigandi búnaðarsambandi. Liggi girðingin á mörkum stjórnsýsluumdæma tilnefna hlutaðeigandi sýslumenn sinn manninn hver en stjórn Bændasamtaka Íslands tilnefnir oddamann eða oddamenn og skal afl atkvæða ráða úrslitum.

Kostnað við matið greiða aðilar eftir sömu hlutföllum og girðingarkostnaðinn og ákveða úrskurðaraðilar hverju hann nemur.

8. gr.

Nú hafa verið lagðar girðingar á vegum ríkisstofnana, án framlags frá ábúendum eða eigendum viðkomandi jarða, og einstaklingum eða sveitarfélögum er gefinn kostur á því að eignast þær. Þá gilda sömu reglur um greiðslu á viðhaldi, eftir því sem við á, eins og um aðrar þær girðingar er lög þessi mæla fyrir um en haldast skulu sérákvæði annarra laga um slíkar girðingar.

Nú er ekki þörf á slíkri girðingu og enginn gefur kost á að halda henni við og er þá ríkinu skylt að láta taka hana upp. Hafi þessi skylda verið vanrækt í eitt ár eða lengur, eftir að lög þessi öðlast gildi, er viðkomandi sveitar- eða upprekstrarfélagi/félögum heimilt að láta taka girðinguna upp á kostnað ríkisins.

9. gr.

Nú er girðing gerð á landamerkjum og skal hún þá svo reist að á hvorugan sé gengið sem land á að henni. Efni skal eftir því sem með þarf taka að jöfnu úr þeim löndum, sem að henni liggja.

Nú ræður landamerkjum krókóttur vatnsfarvegur eða merki liggja í smákrókum af öðrum ástæðum en landeigandi vill girða beint og vill sá eigi samþykkja er á land á móti. Þá skal það þó heimilt ef úrskurðaraðilar, sbr. 7. gr., meta að eigi séu gildar ástæður til að banna girðinguna og skulu þeir þá ákveða girðingunni stað og skal það gert þannig að sem jafnast sneiðist bæði löndin. Nú fer þó svo að meira sneiðist annað landið og skal þá meta skaðabætur þeim er landið missir. Girðingarstæðið skal merkt inn á jarðakort. Það sama á við þegar náttúrulegar hindranir gera ókleift eða óhóflega dýrt að mati úrskurðaraðila, sbr. 7. gr., að girða á landamerkjum.

Réttur til hvers konar hlunninda, jarðhita eða námuverðmæta helst þó óbreyttur, nema samkomulag verði um að girðingin skipti löndum til fullnustu.

10. gr.

Sé land í óskiptri sameign geta einn eða fleiri landeigendur því aðeins girt á því landi að allir sameigendur séu samþykkir girðingunni.

Náist ekki samkomulag er því aðeins hægt að girða eftir að landskipti hafa farið fram.

11. gr.

Skylt er að halda öllum girðingum svo vel við að búfé eða öðrum stafi ekki hætta af þeim.

Samgirðingu, sem lögð er samkvæmt ákvæðum 5.–10. gr., er skylt að halda við þannig að hún sé gripheld svo fljótt sem verða má eftir að snjóa leysir og þar til snjó leggur á jörð. Vanræki annar hvor aðili viðhald hennar að sínum hluta er hinum heimilt, að höfðu samráði við viðkomandi búnaðarsamband, að gera við hana á kostnað eiganda. Nú sýnir eigandi samgirðingar stórfellt hirðuleysi í þessu efni svo að sameigandi hans í girðingunni eða annar aðili verður af þeim sökum fyrir sannanlegu tjóni og á hann þá rétt til bóta frá þeim sem olli.

Valdi vanræksla í þessu efni skaða varðar það sektum og skaðabótum til tjónþola.

Nú er hætt að nota samgirðingu og jafnframt að halda henni við og er þá girðingareigendum skylt að taka hana upp svo að hún valdi ekki tjóni.

12. gr.

Þegar lögð er girðing af ábúanda fer um skyldur jarðeiganda við burtför ábúandans eftir sömu reglum og um hús á jörðinni sé að ræða, sbr. 16. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976.

Öllum umráðamönnum lands er skylt að hreinsa burtu af landi sínu ónothæfar girðingar og girðingaflækjur. Nú vanrækir umráðamaður lands þessi fyrirmæli í eitt ár eftir að lög þessi öðlast gildi og er þá sveitarstjórn skylt að framkvæma verkið á hans kostnað að fengnu mati búnaðarsambands og á sveitarstjórn þá lögveð í jörðinni fyrir greiðslu kostnaðar. Það sama gildir um eyðijarðir.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

Með brot móti lögum þessum og samþykktum, sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt eru úr gildi felld girðingalög, nr. 10/1965, ásamt síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 26. apríl árið 2000 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd sem var falið það hlutverk að endurskoða girðingalögin. Í nefndinni sátu:

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir, lögfræðingur í landbúnaðarráðuneytinu, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Grétar Einarsson, sviðsstjóri Bútæknisviðs RALA, Ólafur R. Dýrmundsson, landnýtingarráðunautur, Bændasamtökum Íslands, Stefán Erlendsson, lögfræðingur hjá Vegagerðinni, og Valgarður Hilmarsson, oddviti Engihlíðarhrepps.

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 16. ágúst árið 2000. Alls voru haldnir átta fundir og varð nefndin sammála um það frumvarp sem hér er lagt fram.

Helstu breytingar með frumvarpinu eru þær að lagt er til að skipting girðingarkostnaðar á landamerkjum verði alltaf til helminga og bætt er inn í lögin ákvæðum varðandi rafgirðingar. Einnig er ákvæði sett í lögin þess efnis að girðingar skuli teknar upp ef hætt er að nota þær, svo þær valdi ekki tjóni. Hér ber einnig að nefna það að 14.–24. gr. girðingalaga, nr. 10/1965, eru ekki teknar upp hér þar sem fjallað er um veggirðingar í vegalögum og þykir óeðlilegt að fjallað sé um þær á tveimur stöðum. Það skal þó tekið fram að ákvæði girðingalaga taka til veggirðinga, hvað varðar uppsetningu og tæknilegan frágang. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði fjallað um hvaða skilyrði girðing þurfi að uppfylla til að teljast fullnægjandi varsla fyrir hverja búfjártegund. Einnig verði fjallað í reglugerð um hvernig hátta skuli undirbúningi, uppsetningu, gerð og tæknilegum frágangi girðinga, hliða o.fl. sem tengist girðingum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um markmið laganna.

Í 2. mgr. er fjallað um gildissvið laganna og tekið fram að sérlög haldi gildi sínu. Með sérlögum er t.d. átt við vegalög því þessi lög gilda ekki um veggirðingar, þ.e. girðingar sem liggja meðfram þjóðvegum landsins. Ákvæði þessara laga gilda þó ávallt um gerð girðinga.

Um 2. gr.

Greinin er nýmæli en í henni er fjallað almennt um girðingar og taldar upp ýmsar tegundir girðinga, svo sem netgirðing, gaddavírsgirðing, rafgirðing, girðingar úr ýmsu efni auk skurða og annarra tegunda girðinga sem búnaðarsambönd telja gripheldar. Þar er einnig tekið fram að girðingar í lögum þessum séu þær sem taldar eru upp í greininni þegar ekki er annars getið. Er hér verið að vísa til 3. gr. frumvarpsins en gert er ráð fyrir því að í almennri reglugerð verði taldar upp mismunandi tegundir girðinga og skilyrði sem girðing þurfi að uppfylla til að teljast fullnægjandi varsla fyrir hverja búfjártegund.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á að landbúnaðarráðherra setji í reglugerð fyrirmæli um staðla og orðskýringar. Í reglugerðinni skuli fjalla um hvaða skilyrði girðing þurfi að uppfylla til að teljast fullnægjandi varsla fyrir hverja búfjártegund. Einnig er gert ráð fyrir að í reglugerðinni verði fjallað um hvernig hátta skuli undirbúningi, gerð og tæknilegum frágangi girðinga.

Um 4. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 2. mgr. 3. gr. laga nr. 10/1965 en orðunum „og/eða umráðamaður lands hefur ekki hug á að nota girðingu“ er bætt inn þar sem eðlilegt þykir að gefa umráðamanni lands tækifæri á því að halda girðingu þrátt fyrir að jörðin sé ekki í ábúð. Með umráðamanni lands er átt við þann aðila sem á landið eða hefur það á leigu. Einnig er orðinu „úttektarmanna“ breytt í „úrskurðaraðila“ og vísað er til úrskurðaraðila sem fjallað er um í 7. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Hér er fjallað um umráðamann lands, þ.e. þann sem er eigandi lands eða hefur það á leigu. Þá er kveðið á um helmingaskiptaregluna sem felur það í sér að sá eða þeir sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði greiði girðingarkostnað að jöfnu í samræmi við lengd girðingar fyrir landi hvers og eins. Það ákvæði í gildandi lögum að helmingur girðingarkostnaðar skiptist eftir því hvert gagn hver um sig hefur af girðingunni og verði ekki samkomulag eigi matsmenn að skera úr þykir ekki raunhæft lengur. Það er lengi hægt að deila um það hvor landeigandi hafi meira gagn af girðingu. Búfjáreigandi getur haft gagn af því að halda búfé sínu innan ákveðins afmarkað svæðis en landeigandi, sem ekki heldur búfé en kýs hins vegar að rækta land sitt, getur haft gagn af því að halda búfé frá landi sínu. Því þykir eðlilegt að þessi kostnaður fari ekki eftir mati heldur greiði hvor um sig jafnmikið miðað við lengd girðingar fyrir landi hvers og eins. Náist ekki samkomulag um girðinguna gilda ákvæði 9. gr. laganna, þar sem kveðið er á um úrskurðaraðila til að jafna ágreining.

Hér ber einnig að benda á það að 4. gr. gildandi laga er felld niður. Ástæðan fyrir því er sú að rétt þykir að ein lagagrein fjalli um girðingar á merkjum, þ.e. að engar sérreglur gildi um girðingar í þéttbýlum (þorpum og bæjarfélögum) heldur gildi í öllum tilvikum sama reglan, sem kemur fram í 5. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

1. og 2. mgr. eru að mestu óbreyttar frá 1. og 2. mgr. 7. gr. gildandi laga nema hvað tilvísanir í lagagreinar eru lítillega breyttar í samræmi við efni frumvarpsins. Þá er þeim málslið bætt inn í greinina að þegar forráðamenn sveitarfélaga ákveða einhliða að reisa afréttargirðingu greiðir sveitarfélagið allan stofnkostnað girðingarinnar. Þessi framkvæmd er víða tíðkuð og þykir eðlilegt að lögfesta hana.

Um 7. gr.

1. mgr. greinarinnar er töluvert breytt frá 6. gr. gildandi laga. Þessi grein er eins konar úrskurðargrein ef aðilar eru ekki ásáttir um hvers konar girðingu skuli reisa, um kostnaðarskiptingu eða aðra framkvæmd verksins. Hér er lagt til að viðkomandi búnaðarsamband tilnefni fagaðila til að jafna ágreining sem upp kemur milli aðila, þ.e. ef um landamerkjagirðingu er að ræða. Liggi girðing hins vegar á mörkum sveitarfélaga þykir eðlilegt að hvor aðili tilnefni aðila úr sínu sveitarfélagi til að jafna ágreining en oddamaður sé tilnefndur af viðkomandi búnaðarsambandi. Liggi girðing hins vegar á mörkum stjórnsýsluumdæma þykir rétt að sýslumenn tilnefni sinn manninn hver, en Bændasamtök Íslands tilnefni oddamann eða menn ef stjórnsýsluumdæmin eru þrjú. Afl atkvæða skal ávallt ráða úrslitum.

2. mgr. greinarinnar er samhljóðandi 2. mgr. 6. gr. gildandi laga, nema hvað orðinu „matsmenn“ er breytt í „úrskurðaraðilar“.

Um 8. gr.

1. mgr. greinarinnar er að mestu samhljóða 1. mgr. 10. gr. gildandi laga, nema hvað rétt þykir að rýmka ákvæðið þannig að það nái til allra girðinga sem lagðar eru eða hafa verið lagaðar fyrir ríkisfé, t.d. girðingar sem lagðar eru af Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins, Vegagerðinni og á vegum embættis yfirdýralæknis. Rétt þykir þó að sérákvæði annarra laga haldi gildi sínu hvað varðar viðhald girðinga.

Sé ekki lengur þörf á slíkri girðingu og enginn gefur kost á sér til að viðhalda henni er ríkinu skylt að taka hana upp. Sé þessi skylda vanrækt í eitt ár eða lengur er viðkomandi sveitarfélagi eða upprekstrarfélagi heimilt að láta taka girðinguna upp á kostnað ríkisins. Hér er skýrt kveðið á um það að sé girðingar ekki lengur þörf og ekki hægt að nýta hana af öðrum er skylt að taka hana upp.

Um 9. gr.

1. mgr. greinarinnar er samhljóða 1. mgr. 12. gr. gildandi laga.

2. mgr. er einnig að mestu samhljóða 2. mgr. 12. gr. gildandi laga nema hvað tilvísun til lagaákvæðis er breytt í samræmi við uppröðun í frumvarpinu. Við málsgreinina er bætt svohljóðandi málslið: „Girðingarstæðið skal merkt inn á jarðakort.“ Þessu er bætt inn af því að nauðsynlegt þykir að merkja þessar girðingar inn á jarðakort, þar sem oft koma upp deilur um landamerki og vilja þá umráðamenn jarða oft á tíðum halda því fram að landamerkin séu þau sömu og girðingarstæðin, sem þó er alls ekki alltaf reyndin. Með þessu er átt við að merkja skuli girðingarstæðið inn á jarðakort til upplýsinga en ekki til þess að kveða á um ný landamerki. Hins vegar geta landeigendur einnig samið svo en þá verður að taka fram að um ný landamerki sé að ræða, allir landeigendur verða að undirrita skjalið og það skal fært inn í landamerkjabók hjá sýslumanni.

Við 2. mgr. er einnig bætt svohljóðandi málslið: „Það sama á við þegar náttúrulegar hindranir gera ókleift eða óhóflega dýrt að mati úrskurðaraðila að girða á landamerkjum.“ Þessum málslið er bætt inn af því að ef upp kemur sú staða að ekki er hægt að girða á merkjum þar sem klappir og annað gera það ókleift eða ef mjög kostnaðarsamt er að girða á merkjum verður að vera hægt að fara aðra leið og jafnframt að fá úrskurðaraðila til að meta þessi atriði í hverju tilviki fyrir sig.

3. mgr. greinarinnar er samhljóða 3. mgr. 12. gr. gildandi laga.

Um 10. gr.

Þessi grein er nýmæli. Nauðsynlegt þykir að hafa skýrar lagareglur um heimild til að girða land sem er í óskiptri sameign. Rétt þykir að heimildin gildi ekki nema allir sameigendur nái samkomulagi um girðingarstæði. Nái sameigendur ekki samkomulagi er ekki hægt að girða landið nema landskipti eigi sér stað.

Um 11. gr.

1. mgr. greinarinnar er óbreytt frá 1. mgr. 13. gr. gildandi laga.

2. mgr. greinarinnar er lítillega breytt frá 2. mgr. 13. gr. gildandi laga. Tilvísunum í lagaákvæði er breytt auk þess sem greinin er einfölduð. Orðinu „fjárheld“ er breytt í „gripheld“. Nægilegt þykir að sagt sé „þegar snjóa leysir“ og „þar til snjó leggur á jörð“ en taka út tilvísanir til árstíma. Eðlilegt þykir ef sú staða kemur upp að annar hvor aðili vanræki viðhald að sínum hluta að hinn aðilinn hafi samráð við viðkomandi búnaðarsamband áður en til viðhalds kemur.

3. mgr. greinarinnar er breytt frá 3. mgr. 13. gr. gildandi laga að því leyti að talið er eðlilegt að sá sem verður fyrir tjóni fái það bætt óháð því hvort tjónið verður á búfé eða öðru.
4. mgr. er óbreytt frá 4. mgr. 13. gr. gildandi laga.

Um 12. gr.

1. mgr. greinarinnar er óbreytt frá 1. mgr. 2. gr. gildandi laga. Rétt er að geta þess að 2. mgr. þeirrar greinar þykir ekki lengur eiga við og er því ekki tekin upp hér.
Í 2. mgr. greinarinnar er tekið á því að rétt þykir að allar ónothæfar girðingar og girðingaflækjur séu fjarlægðar af landi og er sú skylda lögð á umráðamann lands. Búnaðarsamband metur hvort um ónothæfar girðingar sé að ræða komi upp ágreiningur þess efnis. Vanræki umráðamaður lands þá skyldu í eitt ár, eftir að lög þessi öðlast gildi, að taka upp ónothæfar girðingar og girðingaflækjur þykir rétt að sveitarstjórn framkvæmi verkið á hans kostnað. Það sama gildir um eyðijarðir. Þetta ákvæði er í 24. gr. gildandi laga en gildissvið þess er rýmkað töluvert samkvæmt frumvarpinu, þannig að það nái til allra umráðamanna, þó svo að þeir hafi ekki haft landið á leigu nema í eitt ár. Hafa ber í huga að ákvæði 2. mgr. 12. gr. ber að túlka í samræmi við 4. gr. frumvarpsins.

Um 13.–14. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um girðingalög.

Tilgangur frumvarpsins er að skilgreina hvaða reglur gilda um girðingar vegna búfjár og hvernig kostnaður við uppsetningu þeirra og viðhald skuli skiptast milli hlutaðeigandi aðila.
Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

1014. Tillaga til þingsályktunar [637. mál]

um landgræðsluáætlun 2002–2013.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar að á næstu 12 árum skuli fjármagn veitt til landgræðslu í samræmi við lög nr. 17/1965, um landgræðslu, og lög nr. 43/1975, um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna. Fjármagni þessu skal varið til landgræðsluaðgerða samkvæmt eftirfarandi áætlun:

I. Áætlun um fjáröflun.

Fjárhæðir eru tilgreindar í millj. kr. á áætluðu meðalverði árið 2000 samkvæmt fjárlögum.

1. Tímabil 2002–2005	1.852
2. Tímabil 2006–2009	2.050
3. Tímabil 2010–2013	2.140

II. Kostnaðaráætlun.

(Fjárhæðir í millj. kr.)

A. Kostnaðaráætlun 2002–2013

	2002–05	*2006–09*	*2010–13*	*Samtals*
1. Almennur rekstur	595	610	620	1.825
2. Uppgræðsluverkefni	856	920	930	2.706
3. Verkefnið *Bændur græða landið*	145	190	200	535
4. Landbótasjóður	45	125	130	300
5. Fyrirhleðslur	211	205	260	676
Samtals	**1.852**	**2.050**	**2.140**	**6.042**

B. Kostnaðaráætlun 2002–2005

	2002	*2003*	*2004–05*	*Samtals*
1. Almennur rekstur	145	150	300	595
2. Uppgræðsluverkefni	203	213	440	856
3. Verkefnið *Bændur græða landið*	30	35	80	145
4. Landbótasjóður	0	5	40	45
5. Fyrirhleðslur	40	45	126	211
Samtals	**418**	**448**	**986**	**1.852**

III. Sundurliðuð kostnaðaráætlun 2002–2005.
(Fjárhæðir í millj. kr.)

	2002	2003	2004–05	Samtals
1. Almennur rekstur	**145**	**150**	**300**	**595**
1.1. Yfirstjórn	15	15	30	60
1.2. Stoðþættir	130	135	270	535
2. Uppgræðsluverkefni	**203**	**213**	**440**	**856**
2.1. Vesturland	20	24	50	94
2.2. Norðurland	80	82	170	332
2.3. Austurland	23	25	50	98
2.4. Suðurland	80	82	170	332
3. Bændur græða landið	**30**	**35**	**80**	**145**
4. Landbótasjóður	**0**	**5**	**40**	**45**
Almenn landgræðsla samtals	**378**	**403**	**860**	**1.641**
5. Fyrirhleðslur	**40**	**45**	**126**	**211**
5.1. Vesturland	2	2	7	11
5.2. Norðurland	8	9	30	47
5.3. Austurland	5	6	18	29
5.4. Suðurland	23	25	71	119
5.5. Heildarúttekt	2	3	0	5
Kostnaður alls	**418**	**448**	**986**	**1.852**

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

I. Inngangur

Landgræðsla ríkisins hefur unnið árangursríkt landgræðslustarf í áratugi. Þrátt fyrir það á sér enn stað mikið jarðvegsrof og ástand jarðvegs og gróðurs er víða í ósamræmi við mögu-leg gróðurskilyrði. Tryggja þarf að landnýting verði alls staðar sjálfbær, þ.e. að ekki verði gengið á gæði landsins.

Landgræðsluáætlunin mótar ramma um landbætur og verndun landkosta til ársins 2013. Markaðar eru áherslur í stöðvun jarðvegseyðingar, uppgræðslu, eftirliti með ástandi gróðurs og jarðvegs, stjórn landnýtingar, fræðslu, ráðgjöf, rannsóknum og upplýsingamiðlun. Áætl-unin felur í sér aukna landgræðslu sem mun veita atvinnu og bæta landkosti víða um land. Árangurinn byggist á samstarfi við fjölmarga aðila, ekki síst bændur og aðra íbúa á viðkom-andi svæðum. Stór hluti landgræðsluverkefna tekur langan tíma og mörg þeirra þurfa nokkurn aðdraganda vegna undirbúnings og samninga um beitarstjórnun. Landgræðsluað-gerðir þurfa einnig að falla að gildandi stefnu í skipulagsmálum og náttúruvernd. Land-græðslustarf það sem áætlunin tekur til miðar jafnframt að því að uppfylla alþjóðasamninga sem Íslendingar eru aðilar að. Landgræðsla er hagkvæm leið til að binda kolefni og hjálpar á þann hátt til að mæta hluta af skuldbindingum Íslands gagnvart loftslagssáttmála Samein-

uðu þjóðanna. Stöðvun jarðvegsrofs og uppgræðsla lands getur einnig stuðlað að líffræðilegum fjölbreytileika.

Gert er ráð fyrir að áætlun þessi verði endurskoðuð fyrir árslok 2003.

1.1. Landgræðsla ríkisins.

Landgræðsla ríkisins starfar eftir lögum nr. 17/1965, um landgræðslu, og ber að vinna að stöðvun gróðureyðingar og jarðvegsrofs, gróðureftirliti, gróðurvernd og landbótum. Landgræðslan var stofnuð árið 1907 og hét þá Sandgræðsla Íslands. Hún hefur höfuðstöðvar í Gunnarsholti á Rangárvöllum en starfrækir auk þess sex héraðssetur, í Árnesi, Reykjavík, Hvanneyri, Hólum, Húsavík og Kirkjubæjarklaustri. Einnig starfa landgræðsluverðir víða um land. Landgræðslan fer einnig með fyrirhleðslur samkvæmt lögum nr. 43/1975, um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna.

1.2. Landgræðslustarfið.

Starfsemin er mjög fjölþætt og víðfeðm og hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum. Fjölmörg verkefni hafa verið færð til bænda og annarra verktaka. Stöðvun jarðvegsrofs og sandfoks, verndun gróðurs, ræktun beitilanda og bætt ásýnd lands eru dæmi um mismunandi tilgang landgræðslustarfsins. Rík áhersla er lögð á samstarf við landnotendur um sjálfbæra landnotkun. Frá árinu 1907 hefur Landgræðslan girt af alls um 160 svæði. Um 65 uppgrædd svæði hafa verið afhent fyrri eigendum. Nú eru um 304.000 ha innan landgræðslugirðinga. Þá hafa fyrirhleðslur á undanförnum árum og áratugum ekki aðeins bjargað hundruðum eða jafnvel þúsundum hektara gróins lands heldur hafa einnig gróið upp þúsundir hektara af gróðurvana landi í skjóli þeirra varnargarða sem gerðir hafa verið, t.d. í Austur-Skaftafells- og Rangárvallasýslu.



Fjárveitingar ríkisins til landgræðslu jukust verulega eftir samþykkt „þjóðargjafarinnar" 1974. Þær fóru síðan stöðugt lækkandi til ársins 1997 en þá hófst átak í landgræðslu vegna aðildar Íslands að rammasáttmála Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Framlög ríkisins til varnar landbroti af völdum fallvatna voru hæst rétt fyrir þjóðargjöfina en hafa síðan farið lækkandi. Heildarfjárveiting til Landgræðslu ríkisins á árinu 2001 er alls 362 millj. kr., þar af um 80 millj. kr. til sérstaks átaks ríkisstjórnarinnar í landgræðslu og skógrækt vegna bindingar kolefnis og stöðvunar hraðfara gróðureyðingar og jarðvegsrofs.

1.3. Alþjóðlegir sáttmálar.

Með aðild að erlendum sáttmálum um umhverfismál, sem Íslendingar hafa staðfest, eru þeir skuldbundnir til að vinna að þeim markmiðum sem sáttmálarnir kveða á um. Slíkir sáttmálar sem tengjast landgræðslustarfinu eru:

Sáttmáli um varnir gegn myndun eyðimarka sem var samþykktur 1994 og tók gildi hér á landi snemma árs 1997. Eitt helsta markmið hans er að bæta landnýtingu og koma í veg fyrir uppblástur og gróðureyðingu. Kveðið er á um að aðildarríki starfi eftir sérstökum landgræðsluáætlunum sem hafi sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Rammasamningur um loftslagsbreytingar. Á umhverfisráðstefnunni í Ríó 1992 var gerður rammasamningur um loftslagsbreytingar sem Ísland staðfesti 1993. Samningurinn tók gildi 1994. Markmið hans er að halda styrk gróðurhúsalofttegunda innan hættumarka svo að áhrif manna á loftslag jarðar verði sem minnst. Landgræðsluaðgerðir er ein þeirra leiða sem færar eru til að minnka koltvísýring í andrúmslofti og draga þannig úr gróðurhúsaáhrifum.

Sáttmáli um líffræðilega fjölbreytni stuðlar að verndun líffræðilegrar fjölbreytni, stöðvun jarðvegsrofs og verndun vistkerfa. Hann var samþykktur 1992 og tók gildi hér á landi 1994.

1.4. Markmið.

Meginmarkmið landgræðslustarfsins eru:

— Að stöðva hraðfara jarðvegsrof og gróðureyðingu og fyrirbyggja frekari eyðingu og landspjöll.
— Að byggja upp gróður og jarðveg í samræmi við gróðurskilyrði og landnýtingarþörf.
— Að öll landnýting verði sjálfbær.
— Að binda kolefni í gróðri og jarðvegi til mótvægis við losun gróðurhúsalofttegunda.

Til að ná þessum markmiðum er mikilvægt:

— Að auka þekkingu á þeim vandamálum sem við er að etja og leita hagkvæmustu leiða við lausn þeirra.
— Að veita fræðslu og ráðgjöf til að efla skilning á verndun og sjálfbærri landnýtingu og auka þátttöku í landgræðslustarfinu.
— Að allir notendur og eigendur lands axli ábyrgð á meðferð gróðurs og jarðvegs.
— Að lög og reglugerðir sem snerta verndun gróðurs og jarðvegs verði samræmd, gerð markvissari og felld að áðurgreindum markmiðum.
— Að fjárveitingar til landgræðslu verði auknar verulega.

1.5. Áherslur til 2013.

Forgangsröðun landgræðsluverkefna byggist m.a. á úttekt og kortlagningu á jarðvegsrofi á öllu landinu og markmiðum um vistfræðilega sjálfbæra landnýtingu. (Sjá nánar ritið Jarðvegsrof á Íslandi 1997.) Land með rofeinkunn 0-2 er jafnan í góðu eða ásættanlegu ástandi með tilliti til jarðvegsrofs. Svæði á láglendi með rofeinkunn 3 er víða unnt að bæta með uppgræðslu og beitarstjórn til að ná markmiðum sjálfbærrar landnýtingar. Svæði með rofeinkunnir 4 og 5 þarfnast yfirleitt mikilla landgræðsluaðgerða.

Kortlagning á jarðvegsrofi

		%	km^2
Rofeinkunn 0 – 2	(Lítið eða ekkert rof)	37	38.501
Rofeinkunn 3	(Talsvert rof)	23	23.669
Rofeinkunn 4	(Mikið rof)	11	10.872
Rofeinkunn 5	(Mjög mikið rof)	6	6.641
Jöklar, vötn og hæstu fjöll		22	22.210
Ókortlagt		1	1.129
	Samtals:	100	103.022

Gróðurskilyrði versna yfirleitt eftir því sem land hækkar og kostnaður við landgræðslu eykst að sama skapi. Því er gert ráð fyrir að landgræðsluverkefni til 2013 verði að mestu neðan við 500 m y.s. Ekki er því gert ráð fyrir uppgræðslu á hálendi nema þar sem jarðvegsrof ógnar mannvirkjum eða náttúruminjum.

Svæði í rofflokkum 4 og 5 neðan við 200 m y.s. eru að langstærstum hluta sjávarsandar. Á hæðarbilinu 200–500 m eru hins vegar yfir 4.300 km^2 með rofeinkunn 4 og 5 sem er um 4% af heildarflatarmáli landsins. Svo mikið jarðvegsrof á þessu hæðarbili sýnir glöggt hversu alvarlegt ástandið er. Svæði neðan við 500 m y.s. sem fá rofeinkunnina 3 eru 10.800 km^2, það er meira en 10% af heildarflatarmáli landsins. Stöðugt þarf að fylgjast með ástandi og fram-

vindu gróðurs og jarðvegs. Góð stjórn landnýtingar er forsenda þess að árangur náist en víða þarf að grípa til beinna uppgræðsluaðgerða til þess að flýta fyrir árangri.

Í landgræðsluáætlun til 2013 er lögð megináhersla á eftirfarandi:

— *Stöðvun hraðfara jarðvegseyðingar,* einkum þar sem rof er í grónu landi og þar sem sandur ógnar mannvirkjum. Til 2005 verði einkum unnið á láglendi þar sem aðgerða er brýn þörf.
— *Gróðurvernd og stjórn landnýtingar.* Stefnt er að því að öll landnýting verði sjálfbær. Gerðar verði gróður- og jarðvegsverndaráætlanir fyrir þá afrétti sem verst eru farnir og unnið að samkomulagi við landnotendur um framkvæmd þeirra. Einnig verði unnið að samningum um beitarstjórn þar sem ofbeit er í heimalöndum. Til 2005 verði komið á vöktunarkerfi og kerfi til að votta sjálfbæra landnýtingu. Einnig að veita ráðgjöf og aðstoð við gerð landnýtingaráætlana einkum fyrir jarðir í verkefninu *Bændur græða landið.*
— *Uppgræðslu lands, einkum á láglendi.* Til 2005 verði stuðlað að auknu frumkvæði og þátttöku heimamanna í landgræðslu. Stofnaður verði sérstakur sjóður, Landbótasjóður, í þessu skyni og samstarfsverkefnið *Bændur græða landið* verði eflt enn frekar.
— *Heftingu landbrots.* Gerð verði heildarúttekt á þörfinni og verkefnum forgangsraðað. Til 2005 verði auk heildarúttektar einkum unnið að brýnu viðhaldi eldri mannvirkja og nýverkefnum við Skaftá, Jökulsá á Dal, Héraðsvötn og Markarfljót.
— *Upplýsingaaöflun.* Haldið verði áfram kortlagningu landgræðslusvæða og uppbyggingu landupplýsingakerfis. Til 2005 verði lokið við að kortleggja landsvæði í umsjá Landgræðslunnar og öllum gögnum komið í samræmdan gagnagrunn sem starfsmenn hafi aðgang að hvar sem er á landinu.
— *Rannsóknir og þróun* til að auka hagkvæmni og bæta árangur í landgræðslustarfinu. Stefnt er að því að fjölga úrræðum við landbætur, m.a. með aukinni notkun innlendra tegunda. Til 2005 verði lögð áhersla á að bæta árangur uppgræðslu, þróa aðferðir við mat á ástandi lands og árangri aðgerða og rannsaka framvindu landgræðslusvæða, m.a. með tilliti til bindingar kolefnis og líffjölbreytileika.
— *Fræðslu og ráðgjöf.* Unnið verður áfram að fræðslu um landgræðslustarfið og landnýtingu í sátt við landið svo og aukinni ráðgjöf fyrir umsjónarmenn lands. Til 2005 verði einkum unnið að gerð fræðsluefnis fyrir grunn- og framhaldsskóla, og fræðsluefnis fyrir landnotendur, m.a. á vefsíðu Landgræðslunnar.

1.6. Binding kolefnis með landgræðslu.

Markmið loftslagssáttmála Sameinuðu þjóðanna sem sett voru á umhverfisráðstefnunni í Ríó 1992 eru að halda styrk gróðurhúsalofttegunda í lofthjúpnum innan hættumarka svo að áhrif manna á loftslag jarðar verði sem minnst. Umbreyting koltvísýrings úr andrúmslofti í lífræn efni í gróðri og jarðvegi vinnur að þessu markmiði og gerir sama gagn og að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Landgræðsla er bæði gagnleg og örugg leið til að binda koltvísýring í gróðri og jarðvegi á hagkvæman hátt.

Árangur af átaksverkefni ríkisstjórnarinnar í bindingu koltvísýrings með landgræðslu og skógrækt var mjög góður. Það markmið, að auka árlega bindingu um 100 þúsund tonn af koltvísýringi (liðlega 27 þúsund tonn af kolefni) umfram það sem var árið 1990, náðist árið 2000 eins og stefnt var að. Þar af náðist að binda 17.500 tonn af koltvísýringi, á nýjum landgræðslusvæðum sem er mun meira en vænst var. Þrátt fyrir að átaksverkefninu sé formlega lokið er lögð rík áhersla á að halda áfram aðgerðum til að auka bindingu kolefnis. Hingað til

hefur verið unnið á 19 skilgreindum svæðum í þessu skyni og er aðgerðum á nokkrum þeirra lokið.

Hér á landi eru sérstaklega góðar aðstæður til að binda kolefni með uppgræðslu vegna þess hve mikið er af ógrónu landi með litlum kolefnisforða en jafnframt viðunandi aðstæðum til að græða það upp. Þá er hér ríkjandi eldfjallajarðvegur sem bindur meira kolefni en nokkur annar þurrlendisjarðvegur. Mikilvægt er að skoða vel þá möguleika sem felast í aukinni landgræðslu og skógrækt til að breyta koltvísýringi andrúmsloftsins í lífræn efni til hagsbóta fyrir land og þjóð. Meta þarf kolefnisbindingu landgræðsluaðgerða og þróa aðferðir til þess. Aukin kolefnisbinding mundi einnig auka frjósemi landsins og til lengri tíma litið styrkja búsetuskilyrði þjóðarinnar.

1.7. Þátttaka og frumkvæði heimamanna.

Landgræðsla ríkisins leggur ríka áherslu á að sú þróun haldi áfram að verkefni hennar verði unnin meira af heimamönnum í hverju héraði. Búið er að leggja grunn að slíku starfi með samstarfsverkefninu „Bændur græða landið“ (BGL). Miklir möguleikar eru þó á enn meira samstarfi, t.d. er uppgræðsla á afréttum í umsjón heimamanna vænleg til árangurs. Þeir þekkja landið best og eiga yfirleitt þau tæki sem þarf til uppgræðslu. Byggð mun styrkjast með því að auka þátttöku og áhrif heimamanna á þennan hátt, t.d. sem verktakar Landgræðslunnar. Þar sem landgæði aukast verður auðveldara að bæta beitarstýringu og létta beit af þeim svæðum sem eru verst farin og færa hana á nýuppgrædd beitarsvæði. Með betri beitarstýringu fást meiri afurðir og með lífrænni eða vistvænni framleiðslu fæst væntanlega hærra afurðaverð og betri lífskjör. Auk þess binda uppgræðsluaðgerðir kolefni í gróðri og jarðvegi og stuðla þannig að minni gróðurhúsaáhrifum í anda loftlagssáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Héraðssetur Landgræðslunnar eru víða um land og hafa héraðsfulltrúar umsjón með verkefnum Landgræðslunnar í héraðinu. Efling setranna mun skila sér í bættum tengslum Landgræðslunnar og íbúa héraðanna.

Komið verður á landgræðsluráði í hverjum landshluta sem verði stuðningsaðili héraðssetranna, og umræðuvettvangur um aðgerðir. Ráðinu er ætlað að beita sér fyrir aukinni landgræðslu í landshlutanum og framlögum til landgræðsluverkefna.

1.8. Samstarf við umhverfisráðuneytið og stofnanir þess.

Ákveðnir þættir landgræðsluáætlunar tengjast verkefnum umhverfisráðuneytisins og stofnana þess, svo sem Náttúrverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Skipulagsstofnunar. Þar sem svo háttar skal Landgræðslan hafa náið samstarf við umhverfisráðuneytið við undirbúning framkvæmda þar sem gætt verði laga um náttúruverndar- og skipulagsmál.

II. Verkefni og aðgerðir.
Helstu verkefni til 2005.

1. Almennur rekstur.

1.1. Yfirstjórn.

Höfuðstöðvar Landgræðslunnar eru í Gunnarsholti og annast aðalskrifstofan skipulag, samhæfingu og stjórn landgræðslustarfsins. Héraðssetur Landgræðslunnar verða efld til að gegna mikilvægu hlutverki við að auka þátttöku heimaaðila. Þátttaka Landgræðslunnar í erlendu samstarfi um umhverfismál er mikilvæg og skilar árangri heima fyrir. Þá getur íslensk reynsla nýst á erlendum vettvangi enda höfum við hvað lengsta reynslu allra þjóða af landgræðslu.

Helstu verkefni:
— Efla starf héraðssetra og koma á fót héraðssetri á Austurlandi.
— Þátttaka í fjölþjóðlegu samstarfi vegna alþjóðlegra sáttmála er varða landgræðslu.

1.2. Stoðverkefni.

Í stoðverkefnum felast verkefni við fræöflun, sjálfbæra landnýtingu, gagnaöflun, áætlanagerð, rannsóknir, þróun, fræðslu og ráðgjöf.

a. Fræöflun.

Fræ af helstu landgræðslutegundum fæst ekki á alþjóðamarkaði og verður Landgræðslan því að treysta á innlenda fræöflun. Til að mæta aukinni fræþörf verður leitað í auknum mæli til bænda og annarra aðila um framleiðslu á fræi til landgræðslu m.a. til að dreifa ræktuninni um landið og minnka þannig staðbundna áhættu. Jafnframt verður þróuð fræræktaf af nýjum landgræðslutegundum.

Helstu verkefni:
— Auka fræframleiðslu af landgræðsluplöntum með því að stækka fræakra og bæta afrakstur þeirra.
— Auka samstarf við bændur um fræframleiðslu.
— Þróa aðferðir við öflun og meðferð fræs af landgræðslutegundum.
— Auka gæðastjórnun og bæta frægæði og aðferðir við frærækt og hreinsun og húðun á fræi.

b. Sjálfbær landnýting.

Eitt meginhlutverk Landgræðslunnar er að fylgjast með ástandi og nýtingu lands, koma í veg fyrir hnignun þess og stuðla að eðlilegri gróðurframvindu. Æskilegt er að færa eftirlit með beitilöndum í auknum mæli til sveitarfélaga. Búfjáreftirlitsmenn sinni eftirliti með beit og fóðrun búfjár árið um kring. Unnið verður með sveitarstjórnum að því að tryggja sjálfbæra nýtingu á afréttum landsins. Víða er nýting afrétta í samræmi við landgæði, annars staðar þarf að girða góð beitarsvæði frá auðnum. Brýnt er að gera samkomulag um beitarstjórn á þeim svæðum sem verst eru farin, einkum svæðum á hálendinu með mikið rof.

Skipulegt mat á árangri verður aukið til að tryggja sem bestan árangur landgræðsluaðgerða. Allir sem vinna að landgræðslu þurfa að geta metið árangur verka sinna.

Helstu verkefni:
— Koma á vöktunarkerfi fyrir ástand og nýtingu beitilanda, bæði heimalanda og afrétta.
— Vinna að úrbótum þar sem nýting skerðir landgæði eða tefur framvindu gróðurs.
— Vinna að mati á árangri aðgerða við mismunandi aðstæður.
— Veita bændum og samtökum búfjáreigenda aðstoð og ráðgjöf við beitarskipulag og mat á hóflegri nýtingu lands svo og aðrar fyrirbyggjandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að land spillist vegna nýtingar.

c. Gagnaöflun og áætlanagerð.

Mikilvægur hluti landgræðslustarfsins er öflun upplýsinga um vistkerfið, kortlagning til að geta unnið áætlanir um uppgræðslu og landnýtingu, eftirlit með ástandi og nýtingu lands og mat á árangri aðgerða. Mörg verkefni á þessu sviði eru langtímaverkefni þar sem afla þarf upplýsinga reglulega til að meta breytingar og endurskoða áætlanir. Upplýsingar um jarð-

vegsrof eru forsenda forgangsröðunar verkefna, áætlanagerðar og áhættuflokkunar lands varðandi nýtingu. Samræma þarf upplýsingar frá ýmsum aðilum, svo sem um landgæði og álagsþol afrétta og annarra beitilanda til að tryggja sjálfbæra nýtingu þeirra og vinna landnýtingaráætlanir. Afla þarf upplýsinga um svæði sem Landgræðslunni er ætlað að gefa umsögn um, m.a. vegna skipulagsmála. Þá er nauðsynlegt að hafa góða skrá um öll svæði Landgræðslunnar og verkefni sem unnin eru á hennar vegum í gagnagrunni sem verði aðgengilegur starfsmönnum og almenningi. Nauðsynlegt er að halda greinagott og trúverðugt bókhald um bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi, m.a. vegna skuldbindinga Íslands um að minnka magn kolefnis í andrúmslofti.

Helstu verkefni:

— Byggja upp samræmdan gagnagrunn um vistkerfi, ástand lands og landgræðslustarfið, í samstarfi við aðrar stofnanir landbúnaðarins.
— Gera áætlanir um úrbætur og forvarnir í kjölfar könnunar á ástandi bithaga.
— Gera áætlanir um aðgerðir á landgræðslusvæðum.
— Gera gróður- og jarðvegsverndaráætlanir fyrir þá afrétti sem verst eru farnir.
— Veita ráðgjöf við gerð landnýtingaráætlana fyrir einstakar jarðir.

d. Rannsóknir og þróun.

Landgræðslustarfið þarf að byggjast á traustum faglegum grunni. Ein af undirstöðum þess er öflugt og fjölþætt rannsóknar- og þróunarstarf. Unnið verður að rannsóknum og þróun á sviði uppgræðslu, vistheimtar og ástandi lands. Landgræðslurannsóknir eru í eðli sínu þverfaglegar og verða þær unnar í samstarfi við aðra rannsóknarhópa á sviði landbúnaðar-, umhverfis- og náttúrufræða, innan lands og utan. Lögð verður áhersla á að rannsóknarverkefni séu í samræmi við þarfir og forgangsröðun landgræðslustarfsins og niðurstöðurnar nýtist fljótt og vel.

Helstu verkefni:

— Rannsaka eiginleika, ræktunaraðferðir og notkunarmöguleika tegunda til landgræðslu með áherslu á innlendar tegundir.
— Þróa uppgræðslutækni til að bæta árangur og draga úr kostnaði við uppgræðslu, m.a. örva sjálfgræðslu og gróðurframvindu.
— Þróa aðferðir við mat á ástandi gróðurs og jarðvegs og árangri landgræðsluaðgerða, þ.m.t. kolefnisbindingu.
— Rannsaka áhrif beitar á gróður og jarðveg.
— Hefja uppsetningu reitakerfis til langtímarannsókna á gróðurfari og ástandi gróðurs.
— Rannsaka forsendur sjálfbærrar landnýtingar og tækni við beitarstjórnun.
— Þátttaka í vísindastarfi Evrópusambandsins á sviði landgræðslu og gróðureyðingar.

e. Fræðsla og ráðgjöf.

Fræðslustarf Landgræðslunnar miðar að því að efla skilning á nauðsyn þess að stöðva landeyðingu og vernda gróður og jarðveg. Enn fremur að efla skilning á því hvað felst í sjálfbærri nýtingu lands og miðla þekkingu á aðferðum til að græða upp landið og bæta illa farin vistkerfi þess. Fræðsla og ráðgjöf eru skilvirkustu leiðir til að efla þátttöku almennings í landgræðslustarfi og stuðla að verndun og sjálfbærri landnýtingu.

Helstu verkefni:
— Gerð fræðsluefnis um landgræðslustarfið og verndun vistkerfa og koma því efni á framfæri.
— Samstarf við skóla og aðra aðila um gerð fræðsluefnis fyrir grunn- og framhaldsskóla um landgræðslu og gróðurvernd. Enn fremur leiðsögn fyrir kennara um notkun þess.
— Námskeið um landlæsi og beitarstjórn fyrir landnotendur o.fl.
— Samstarf við menntastofnanir landbúnaðarins um fræðslu á sviði landgræðslu og landnýtingar.

2. Uppgræðsluverkefni.

Gerð hefur verið kostnaðaráætlun fyrir verkefni sem ráðast þarf í á næstu árum. Við endurskoðun landgræðsluáætlunar þarf að huga að landgræðslu á fleiri svæðum en hér eru talin.

2.1. Vesturland.

Gróðurfar er víðast hvar gott á Vesturlandi, sérstaklega í lágsveitum. Þó er talsvert rof sem m.a. endurspeglar mikla útbreiðslu mela og hnignaðs gróðurfars. Á Reykjanesskaga eru slæm rofsvæði einkum í Krísuvík. Jarðsil er ein algengasta rofmyndin en helstu aðgerðir á slíkum svæðum væri beitarstjórn. Stærstu rofsvæðin, með mikið eða mjög mikið rof, eru umhverfis Langjökul. Þar eru sandar og rofabörð ríkjandi rofmyndir.



Nokkur smærri rofsvæði eru á Vesturlandi þar sem rofabörð og sandfok frá sjávarströnd er algengast.

Á Vestfjörðum er hálendi með bröttum hlíðum og rýrum heiðarlöndum. Þar er víða talsvert rof mest jarðsil, vatnsrof og brattar ógrónar urðir. Á Vesturlandi eru rúmlega 3.500 km^2 (um 3,5% af flatarmáli alls landsins) af söndum og melum, neðan 400 m y.s. og mikið af þeim henta mjög vel til uppgræðslu.

Helstu verkefni:

- Í **Krísuvík** á Reykjanesi eru stór rofsvæði. Haldið verður áfram uppgræðslu þar.
- Á **Hafnarmelum** í Borgarfirði eru stór svæði í slæmu ástandi. Brýnt er að stöðva jarðvegsrof og vernda þær skógarleifar sem enn tóra og græða örfoka land. Uppgræðslu þar verður haldið áfram.
- **Vesturbyggð.** Unnið verður að varnaraðgerðum á nokkrum sjávarsandsvæðum með áfoksgeirum í Breiðavík, Kollsvík og Sauðlauksdal. Aðgerða er þörf á fleiri svæðum.
- Sveitarfélögum á Reykjanesi verður veitt aðstoð við að takmarka lausagöngu búfjár, einkum með uppgræðslu í beitarhólfum, og fjölþættu samstarfi um landbætur.
- Unnið verður að heftingu sandfoks í Sandvíkum á Reykjanesi.
- Unnið verður að samkomulagi um beitarstjórn á Oddsstaðaafrétti, Hallmundarhrauni og austasta hluta Arnarvatnsheiðar.
- Hítardalur er eitt stærsta rofsvæðið á Miðvesturlandi. Botn dalsins að utanverðu er örfoka hraun og einnig er mikið jarðvegsrof í hlíðum dalsins. Unnið verður með landeigendum að uppgræðslu dalsins og beitarstjórn.



2.2. Norðurland.



Á vesturhluta Norðurlands eru láglendi og heiðarlönd yfirleitt vel gróin og lítið um jarðvegsrof. Landnýting er þó sums staðar í ósamræmi við landkosti. Mikið er um ofbeit af völdum hrossa í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum og ofbeittum hrossahögum fer fjölgandi

austar í fjórðungnum. Láglendi Eyjafjarðarsvæðisins er vel gróið og lítið um jarðvegsrof en á afréttum sunnan til eru auðnir alls ráðandi. Í Þingeyjarsýslum eru svæði þar sem rof er hvað minnst á landinu en einnig eru þar stærstu samfelldu rofsvæði landsins og örasta gróðureyðingin. Neðan 400 m y.s. eru um 1.550 km^2 af melum og söndum sem henta til uppgræðslu heimalanda.

Á Tjörnesi er land víða illa farið og brýnt að ná betri tökum á landnýtingunni og styrkja enn frekar uppgræðslu heimalanda. Gerð verður heildstæð landgræðsluáætlun fyrir hreppinn. Á Vaðlaheiði eru stór rofsvæði, aðallega rofabörð og vatnsrásir. Aukin beitarstjórn og uppgræðsla á vegum heimaaðila verða helstu aðgerðir. Á Reykjaheiði er víðáttumikið rofabarðasvæði. Unnið verður að því að koma á beitarstjórn og samhliða því styrkja uppgræðslu bænda í heimalöndum. Á Grjóthálsi og í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum er víða mikið jarðvegsrof sem gengur á gróið land og gæti ógnað náttúruperlum þjóðgarðsins. Landið er friðað fyrir beit og unnið verður að stöðvun rofs og uppgræðslu í samvinnu við Náttúruvernd ríkisins. Á Öxarfjarðarheiði er víða hraðfara jarðvegsrof og gróðureyðing. Þar þarf að bæta beitarstjórnun og auka uppgræðslu á vegum bænda.



Helstu verkefni:

- Í **Bárðdælahreppi** er mikið jarðvegsrof á ásunum beggja vegna dalsins. Unnin verður heildaráætlun um landnýtingu og uppgræðslustörf bænda styrkt.
- Í **Aðaldal** eru tæplega 1.000 ha sandfokssvæði frá Skjálfandafljóti og austur að Laxá. Landið er friðað en sandur sækir á gróið land. Landgræðslugirðing verði stækkuð til suðvesturs til að friða birkiskóg fyrir sandágangi.

- **Hólasandur** er stórt sandsvæði með miklu jarðvegsrofi á jöðrum svæðisins. Landið er friðað en mikið land ógrætt. Unnið verður að alhliða landgræðslu samkvæmt fyrirliggjandi áætlun.
- Á **Mývatnsöræfum** er stærsta rofsvæði landsins. Á öræfunum frá Skjálfandafljóti austur að Jökulsá á Fjöllum verður unnið að samkomulagi um að girða vel gróin svæði af til beitar frá auðnum öræfanna. Sáð verður í verstu sandfokssvæðin.
- **Kelduhverfi / Öxarfjörður.** Þar eru sandfokssvæði við sjó og meðfram Jökulsá á Fjöllum. Unnið verður áfram að heftingu sandfoks.
- **Hólsfjöll** eru annað stærsta rofsvæði landsins. Svæðið er friðað fyrir búfjárbeit og mikið hefur verið unnið þar síðustu ár. Þörf er umfangsmikilla aðgerða til að stöðva hraðfara jarðvegsrof og verður unnið að því.
- Landgræðslan mun vinna að bættri landnýtingu í Skagafirði í samvinnu við hlutaðeigandi aðila.
- Gert verði samkomulag um bætta landnýtingu fyrir syðstu hluta afrétta Austur-Húnavatnssýslu og einnig afrétti frá Eyvindarstaðaheiði austur að Jökulsá á Fjöllum.
- Gerðar verði landgræðslu- og landnýtingaráætlanir fyrir stór samfelld svæði svo sem Tjörnes, Vaðlaheiði, Reykjaheiði og Öxarfjarðarheiði.

2.3. Austurland.



Landgæði eru mismikil á Austurlandi. Í byggð er víðast vel gróið og lítið jarðvegsrof á sléttlendi en mikið í hlíðum og öðru brattlendi, þar sem gróðurfar er víða rýrt. Afréttir eru sums staðar mjög illa farnir, sérstaklega afréttir Vopnfirðinga, Jökuldalsheiði og Brúaröræfi. Einnig eru þar afréttir í góðu ástandi og með lítið jarðvegsrof, svo sem á Hofteigsheiði og suður yfir Fljótsdalsheiði, að hálendinu við Vatnajökul. Suðurhluti fjórðungsins er víða brattlendur og því hætt við jarðvegsrofi. Fjalllendið einkennist af bröttum, ógrónum urðarhlíðum sem margar voru grónar áður fyrr. Í Austur-Skaftafellssýslu er mikið af sandsvæðum, þar er nú ör gróðurframför í kjölfar ýmissa aðgerða og breyttra búskaparhátta á undanförnum árum. Melar og sandar neðan 400 m y.s. eru rúmlega 1.200 km^2. Stór hluti þeirra hentar vel til uppgræðslu.

Helstu verkefni:

- **Héraðssandur.** Milli Selfljóts og Jökulsárhlíðar eru víðáttumikil sandfokssvæði friðuð að hluta. Unnið verður áfram að sáningu og styrkingu gróðurs.
- **Skógey** er stórt friðað sandsvæði. Þar hefur uppgræðsla gengið mjög vel. Haldið verður áfram uppgræðslu til að stöðva sandfokið varanlega.
- Í **Öræfasveit** verður aðallega unnið ofan Fagurhólsmýrar og að heftingu sandfoks við Ingólfshöfða.
- Eflt verði samstarf um uppgræðslu heimalanda einkum í Vopnafirði, Jökuldal, Skriðdal og Álftafirði. Samhliða þarf víða að bæta beitarstjórn.
- Gert verði samkomulag um friðun öræfanna milli Jökulsár á Fjöllum og Jökulsár á Brú. Einnig afréttarlanda upp af Vopnafirði svo og Lónsöræfa.

2.4. Suðurland.



Suðurlandsundirlendið er víðast vel gróið. Þar hefur verið mikið uppgræðslustarf og sjálfgræðsla á undanförnum áratugum. Á láglendi er lítið um svæði með miklu rofi að frátöldum sandfokssvæðum með ströndinni og meðfram nokkrum jökulám en svæði með talsverðu rofi eru nokkuð algeng. Afréttir eru flestir illa farnir, rofabörð og sandsvæði eru algengar rofmyndir og laus sandur og gjóska herjar á gróðurleifar. Neðan 400 m y.s. eru rúmlega 1.100 km^2 af melum og söndum sem henta vel til uppgræðslu. Ofbeit hrossa hefur farið vaxandi á Suðurlandi.

Helstu verkefni:

- Í **Skaftárhreppi** verður unnið að því hefta sandfok út frá farvegum Skaftár og Hverfisfljóts þar sem sandur fýkur á gróið land. Aðgerðir eru brýnar á mörgum svæðum. Við Atley verða grædd upp stór moldarflög sem eru að eyðast.
- **Mýrdalssandur.** Sandfok hamlar oft umferð um sandinn. Unnið verður áfram í samvinnu við Vegagerðina að uppgræðslu í samræmi við áætlun frá 2000.
- **Land- og Árskógar** í ofanverðri Rangárvallasýslu. Haldið verður áfram uppgræðslu þar og bætt við nýjum svæðum.
- **Tunguheiði.** Unnið verður áfram að uppgræðslu í samstarfi við Landgræðslufélag Biskupstungna.

- **Haukadalsheiði** hefur verið eitt mesta uppblásturssvæði landsins á þessari öld. Svæðið er friðað fyrir beit. Miklar landgræðsluframkvæmdir hafa verið á heiðinni og verður þeim haldið áfram í samræmi við landgræðsluáætlun um heiðina.
- Í **Þorlákshöfn** verður unnið að því að fyrirbyggja sandfok inn í kauptúnið. Græða verður upp helstu sandfokssvæðin. Unnið verður eftir áætlun um svæðið frá 1996.
- Efla samstarf um uppgræðslu á láglendi, í hálendisjaðrinum og á nokkrum stöðum á afréttum.
- Undirbúa örfoka land til skógræktar með uppgræðslu í samvinnu við Suðurlandsskóga og fleiri aðila.
- Vakta landbrot af völdum sjávar við Vík í Mýrdal einkum með tilliti til sandfoks á þorpið.
- Landeyjasandar er stórt sandfokssvæði við ströndina. Landið er friðað en gífurleg verkefni eru fram undan við stöðvun sandfoks. Að þeim verði unnið
- Rangárvallaafréttur er sá afréttur landsins sem hvað verst er farinn. Unnið verður að samkomulagi um friðun afréttarins og sáningu á verstu svæðunum.
- Á „Hafinu" og sunnanverðum Gnúpverjaafrétti eru mikil jarðvegsrofsvæði. Þar verður uppgræðslu haldið áfram.
- Hagavatnssvæði. Útfall Hagavatns hefur færst til við hopun jökla. Vatnið hefur minnkað og verulegt jarðvegsrof er á öllu svæðinu sunnan og vestan Langjökuls. Ört gengur á þær gróðurleifar sem enn eru eftir. Verið er að leita leiða til að leysa þennan vanda.



3. Samstarfsverkefnið *Bændur græða landið.*

Formlegt samstarf Landgræðslunnar og bænda um uppgræðslu heimalanda hefur staðið í 10 ár. Samstarfsverkefni þetta nefnist *Bændur græða landið* (BGL). Þátttakendum hefur fjölgað ár frá ári og voru nær 600 árið 2000. Þátttaka landnotenda í landgræðslustörfum ýtir undir frumkvæði og ábyrgð þeirra í gróðurvernd og stuðlar að sjálfbærri landnýtingu. Áhugi bænda á uppgræðslu er mikill en fjárskortur kemur í veg fyrir enn meira uppgræðslustarf á þeirra vegum. Landgræðslan hefur umsjón og eftirlit með verkefninu, veitir ráðgjöf, styrkir bændur við áburðarkaup á uppgræðslusvæðin og lætur í té fræ þar sem þess er þörf. BGL hefur verið styrkt verulega af umhverfislið búvörusamnings um sauðfjárafurðir og einnig hafa nokkur sveitarfélög styrkt það. Efla þarf BGL og gera samninga við þátttakendur þar sem kveðið verði á um gagnkvæmt hlutverk og skyldur.

Helstu verkefni:

- Veita bændum ráðgjöf og stuðning við uppgræðslu heimalanda gegn mótframlagi þeirra.

4. Landbótasjóður.

Stofnaður verður sérstakur sjóður – Landbótasjóður – sem landeigendur og aðrir umsjónaraðilar lands geta sótt um styrk úr til landbóta. Markmið sjóðsins er að færa verkefni heim í héruð og að bændur, landgræðslufélög og önnur grasrótarfélög geti fengið greitt að verulegu leyti fyrir vinnu, tæki og hráefni en leggi jafnframt að mörkum hluta af heildarkostnaði aðgerðanna. Verkefnin verða undir forsjá og ábyrgð heimaaðila en Landgræðslan veitir ráðgjöf og fjármagn og hafi eftirlit með verkefnunum. Auglýst verður eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Forgangsröðun umsókna falli að markmiðum og áherslum þessarar áætlunar, þá njóti þeir aðilar sem unnið hafa landgræðslu- og landnýtingaráætlanir fyrir aðgerðasvæði að öðru jöfnu forgangs.

Helstu verkefni:

- Ráðgjöf og fjárhagslegur stuðningur við landgræðsluverkefni.
- Styrkja landgræðslustörf áhugafólks.

5. Fyrirhleðslur.

Unnið verður að ítarlegri heildarúttekt á landbroti og þörf fyrir fyrirhleðslur og verkefnum forgangsraðað. Slík úttekt er kostnaðarsöm. Vegagerðin hefur gert kostnaðaráætlanir fyrir varnaraðgerðir við nokkur af stærstu fallvötnunum. Unnið er að varnaraðgerðum á 30–40 stöðum á landinu. Brýnustu verkefni eru við Markarfljót, Héraðsvötn, Jökulsá á Dal og Skaftá en þörf er aðgerða á miklu fleiri stöðum.

Helstu verkefni:

- **Vesturland.** Allmörg verkefni eru vegna viðhalds eldri mannvirkja. Ný verkefni eru helst við Hvítá, Norðurá og margar ár í Dalasýslu.
- **Norðurland.** Viðhald eldri mannvirkja er mikið einkum í vestari hluta fjórðungsins. Ný verkefni eru fjölmörg. Þau helstu eru við Miðfjarðará, Víðidalsá, Vatnsdalsá, Blöndu, Svartá, Héraðsvötn, Hörgá, Fnjóská, Skjálfandafljót og Jökulsá á Fjöllum. Verulegt landbrot er einnig við mörg smærri vatnsföll.
- **Austurland.** Við ár á Austurlandi bíða mörg verkefni við viðhald eldri mannvirkja, sérstaklega við Hornafjarðarfljót. Ný verkefni eru helst við Jökulsá á Dal, Jökulsá í Lóni, Djúpá, og Kotá. Einnig bíða mörg smærri verkefni við flestar ár í fjórðungnum.

- **Suðurland.** Landbrot af völdum fallvatna er mest á Suðurlandi. Þörf er á viðhaldi eldri mannvirkja við nær öll stærri vatnsföll þó sérstaklega í austurhluta fjórðungsins. Stærstu verkefni eru við Skaftá, Kúðafljót, Markarfljót, Þjórsá og Hvítá. Þá bíða verkefni við nær öll vatnsföll í Skaftárhreppi, Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppi og enn fremur víða í uppsveitum Árnessýslu.

1015. Tillaga til þingsályktunar [638. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2000, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2000 frá 30. nóvember 2000, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 2000/518/EB frá 26. júlí 2000 sem byggð er á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB og fjallar um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Sviss, 2000/519/EB frá 26. júlí 2000 sem byggð er á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB og fjallar um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Ungverjalandi og 2000/520/EB frá 26. júlí 2000 sem byggð er á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB og fjallar um fullnægjandi vernd samkvæmt þeim meginreglum um örugga höfn fyrir friðhelgi einkalífsins og þeim algengu spurningum og svörum um það efni sem viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna hefur gefið út.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2000 frá 30. nóvember 2000, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 2000/518/EB frá 26. júlí 2000 sem byggð er á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB og fjallar um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Sviss, 2000/519/EB frá 26. júlí 2000 sem byggð er á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB og fjallar um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Ungverjalandi og 2000/520/EB frá 26. júlí 2000 sem byggð er á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB og fjallar um fullnægjandi vernd samkvæmt þeim meginreglum um örugga höfn fyrir friðhelgi einkalífsins og þeim algengu spurningum og svörum um það efni sem viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna hefur gefið út.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirra ákvarðana sem hér um ræðir. Gerðir þessar fela ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir eru prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðunum sjálfum.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um vernd persónuupplýsinga í Sviss, Ungverjalandi og Bandaríkjunum.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/518/EB fjallar um stöðu persónuupplýsingaverndar í Sviss með hliðsjón af landslögum. Var skipaður vinnuhópur til að gera úttekt á stöðu mála varðandi vernd persónuupplýsinga í Sviss, en alríkislög landsins taka jafnt til verndar persónuupplýsinga hjá opinberum (alríkis) aðilum og einkaaðilum, en lög hverrar kantónu taka til verndar persónuupplýsinga varðandi stofnanir hennar. Í ljós kom er alríkislög, en þau taka bæði til rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga sem handvirkrar, voru borin saman við skilyrði tilskipunar 95/46/EB, að öllum skilyrðum tilskipunarinnar var fullnægt. Samt þótti ástæða til að nánar yrði skilgreint hvernig vernd viðkvæmra persónuupplýsinga skyldi háttað þótt sjónarmiða um gagnsæi í stjórnsýslu skyldi almennt gætt við vinnslu opinberra (alríkis) aðila á persónuupplýsingum. Að öðru leyti gildir regla alríkislaganna um góða trú. Við samanburð á skilyrðum tilskipunarinnar við lög innan hverrar kantónu kom í ljós að kantónunum er áskilið að uppfylla ákvæði alríkislaganna varðandi vernd persónuupplýsinga og var því niðurstaða vinnuhópsins að sama gildi um lög einstakra kantóna og alríkislög.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/519/EB fjallar um stöðu persónuupplýsingaverndar í Ungverjalandi með hliðsjón af landslögum. Var skipaður vinnuhópur til að gera úttekt á stöðu mála varðandi vernd persónuupplýsinga, en í áliti hans kom fram að gildissvið ungverskra laga um persónuvernd er mjög víðtækt og skýrar reglur gilda um aðgang almennings að opinberum skjölum. Enn fremur reyndust lögin uppfylla skilyrði tilskipunar 95/46/EB. Var því niðurstaða vinnuhópsins að ungversk lög veittu persónuupplýsingum fullnægjandi vernd í skilningi 6. mgr. 25. gr. tilskipunarinnar.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/520/EB fjallar um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Bandaríkjunum í ljósi sjónarmiða um öruggar hafnir (Safe Harbour Privacy Principles) og svara við algengum spurningum (Frequently asked questins (FAQ)) sem bandaríska viðskiptaráðuneytið gefur út. Segir að meta megi þá vernd nægilega, í skilningi 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB, ef uppfylltar séu meginreglurnar um örugga höfn, að virtum þeim skýringum á efni þeirra sem ráða má af „FAQ“, svo framarlega sem eftirtalin skilyrði verði uppfyllt:

a) að sá aðili sem móttekur persónuupplýsingarnar hafi ótvírætt og opinberlega lýst því yfir að hann muni framfylgja meginreglunum um opinbera höfn sem beitt verði með hliðsjón af FAQ, í öllu tilliti, og,
b) að viðtakandi persónuupplýsinganna heyri undir valdsvið einhverra þeirra opinberu stjórnvalda sem talin eru upp í viðauka 3 sem geta tekið kærur til meðferðar og komið í veg fyrir óréttláta eða villandi framkvæmd, svo og ákvarðað bætur til einstaklinga, án tillits til búsetulands þeirra eða þjóðernis, vegna brota á meginreglunum.

Framangreind skilyrði teljast uppfyllt þegar viðtakandi persónuupplýsinga hefur lýst því yfir gagnvart bandaríska viðskiptaráðuneytinu að hann skuldbindi sig til að framfylgja meginreglunum og undir valdsvið hvaða opinbera stjórnvalds hann heyri. Þá segir að stjórnvöld í aðildarríkjunum geti stöðvað flæði persónuupplýsinga til móttökuaðila, til verndar tilteknum einstaklingi, þegar unnið er með persónuupplýsingar enda hafi opinbert stjórnvald skv. b-lið hér á undan ákveðið að viðkomandi aðili hafi brotið gegn meginreglunum. Einnig má stöðva flæði persónuupplýsinga til viðtökuaðila séu verulegar líkur taldar á að brotið hafi verið gegn meginreglunum. Um leið og bætt hefur verið úr, skal viðtökuaðila veittur aðgangur að upplýsingum að ný. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórn ESB jafnskjótt og þau grípa til aðgerða af þessum toga. Ýmis önnur úrræði eru og fyrir hendi til að tryggja að eftirlitsaðilar (opinber stjórnvöld sem talin eru upp í viðauka 3) ræki skyldur sínar. Í gerðinni

eru og ákvæði um endurskoðun gerðarinnar og að viðhafa skuli allar ráðstafanir til að framfylgja henni eigi síðar en 90 dögum frá því hún hefur verið tilkynnt aðildaríkjum.

Dómsmálaráðherra mun á yfirstandandi löggjafarþingi leggja fram frumvarp til breytinga á lögum um persónuvernd sem nauðsynlegar eru til að geta innleitt þessar ákvarðanir í íslenskan rétt.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 108/2000

frá 30. nóvember 2000

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2000 frá 27. október 2000([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/1999([2]).

3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/518/EB frá 26. júlí 2000 sem byggð er á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB og fjallar um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Sviss([3]) skal felld inn í samninginn.

([1]) Hefur enn ekki verið birt.
([2]) Hefur enn ekki verið birt.
([3]) Stjtíð. EB L 215, 25.8.2000, bls. 1.

4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/519/EB frá 26. júlí 2000 sem byggð er á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB og fjallar um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Ungverjalandi([4]) skal felld inn í samninginn.

5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/520/EB frá 26. júlí 2000 sem byggð er á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB og fjallar um fullnægjandi vernd samkvæmt þeim meginreglum um örugga höfn fyrir friðhelgi einkalífsins og þeim algengu spurningum og svörum um það efni sem viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna hefur gefið út([5]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 5e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„5ea. **32000 D 0518**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/518/EB frá 26. júlí 2000 sem byggð er á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB og fjallar um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Sviss (Stjtíð. EB L 215, 25.8.2000, bls. 1).

5eb. **32000 D 0519**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/519/EB frá 26. júlí 2000 sem byggð er á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB og fjallar um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Ungverjalandi (Stjtíð. EB L 215, 25.8.2000, bls. 4).

5ec. **32000 D 0520**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/520/EB frá 26. júlí 2000 sem byggð er á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB og fjallar um fullnægjandi vernd samkvæmt þeim meginreglum um örugga höfn fyrir friðhelgi einkalífsins og þeim algengu spurningum og svörum um það efni sem viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna hefur gefið út (Stjtíð. EB L 215, 25.8.2000, bls. 7).“

2. gr.

Texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2000/518/EB, 2000/519/EB og 2000/520/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 22. nóvember 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni([*]).

([4]) Stjtíð. EB L 215, 25.8.2000, bls. 4.
([5]) Stjtíð. EB L 215, 25.8.2000, bls. 7.
([*]) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 30. nóvember 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

G. S. Gunnarsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes *E. Gerner*

Fylgiskjal II.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 26. júlí 2000

sem byggð er á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB og fjallar um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Sviss

(tilkynnt með númeri C (2000) 2304)

(Texti sem varðar EES)

(2000/518/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([1]), einkum 6. mgr. 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 95/46/EB er aðildarríkjunum gert að kveða á um að einungis megi flytja persónuupplýsingar til lands utan bandalagsins ef það land tryggir fullnægjandi vernd og ef farið hefur verið að lögum aðildarríkisins við framkvæmd annarra ákvæða tilskipunarinnar þegar flutningurinn á sér stað.

2) Framkvæmdastjórnin getur komist að þeirri niðurstöðu að þriðja land tryggi fullnægjandi vernd. Sé svo er heimilt að flytja persónuupplýsingar frá aðildarríkinu án frekari tryggingar.

3) Samkvæmt tilskipun 95/46/EB skal meta stig gagnaverndar í ljósi allra ríkjandi aðstæðna þegar gagnaflutningsaðgerð eða röð gagnaflutningsaðgerða á sér stað og taka tillit til þeirra skilyrða sem sett eru. Starfshópurinn um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem komið var á fót samkvæmt þeirri

([1]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

tilskipun, hefur gefið út leiðbeiningar um gerð slíks mats ([1]).

4) Í ljósi þess hve ólíkar leiðir eru farnar að gagnavernd í þriðju löndum skal fara fram mat á fullnægjandi vernd og framfylgja skal öllum ákvörðunum, sem eru byggðar á 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB, á þann hátt að það hafi ekki í för með sér geðþóttabundna eða órétt-lætanlega mismunun gegn eða á milli þriðju landa þar sem skilyrði eru svipuð né myndi dulbúnar viðskiptahindranir, að teknu tilliti til skuldbindinga bandalagsins á alþjóðavettvangi.

5) Í sambandslýðveldinu Sviss hafa lagareglur um vernd persónuupplýsinga bindandi lagaleg áhrif, bæði innan sambandslýðveldisins og hverrar kantónu um sig.

6) Stjórnarskrá sambandslýðveldisins, sem var breytt með þjóðaratkvæðagreiðslu 18. apríl 1999 og tók gildi 1. janúar 2000, veitir sérhverjum einstaklingi rétt til þess að friðhelgi einkalífs hans sé virt og einkum að hann sé verndaður fyrir því að gögn um hann séu misnotuð. Ríkisdómstóllinn hefur þróað fordæmisrétt á grundvelli fyrri stjórnarskrárlaga, en í þeim voru engin ákvæði voru um slíkt, þar sem mælt er fyrir um almennar meginreglur sem skulu gilda um vinnslu persónuupplýsinga, einkum gæði þeirra gagna sem unnið er úr, rétt viðkomandi einstaklings til þess að fá aðgang að þeim og rétt til að krefjast þess að gögn séu leiðrétt eða þeim eytt. Þessar meginreglur eru bindandi bæði hvað varðar sambandslýðveldið og einstakar kantónur.

7) Svissnesku lögin um gagnavernd frá 19. júní 1992 öðluðust gildi 1. júlí 1993. Ríkisráðið mælti fyrir um reglur um framkvæmd tiltekinna ákvæða í lögunum, meðal annars um rétt einstaklinga til að hafa aðgang að gögnum er varða þá, tilkynningu gagnavinnsluaðila til óháðra eftirlitsyfirvalda og gagnaflutninga til annarra landa. Lögin gilda um vinnslu persónuupplýsinga á vegum stofnana sambandsríkisins, alls einkageirans og um gagnavinnslu stofnana einstakra kantóna samkvæmt lögum sambandsríkisins þar sem slík vinnsla fellur ekki undir ákvæði einstakra kantóna um gagnavernd.

8) Flestar kantónurnar hafa samþykkt lög um gagnavernd á þeim sviðum sem heyra undir lögmælt yfirráð þeirra, einkum að því er varðar opinber sjúkrahús, menntun, beina skatta til kantónunnar og lögregluna. Í hinum kantónunum er slík gagnavinnsla háð reglugerðarákvæðum eða meginreglum í fordæmisrétti kantónunnar. Kantónur verða fara eftir stjórnskipulegum meginreglum burtséð frá uppruna og innihaldi ákvæða kantónanna eða þegar engin ákvæði hafa verið sett innan kantónunnar. Yfirvöld kantónanna geta, hvert á sínu yfirráðasvæði, þurft að flytja persónuupplýsingar til opinberra yfirvalda í nálægum löndum, aðallega sem lið í gagnkvæmri aðstoð til að vernda mikilvæga hagsmuni almennings eða, þegar um er að ræða opinber sjúkrahús, til að vernda lífshagsmuni viðkomandi einstaklinga.

9) Sviss fullgilti, 2. október 1997, samþykkt Evrópuráðsins um vernd einstaklinga að því er varðar sjálfvirka vinnslu persónuupplýsinga (samþykkt nr. 108) ([2]), sem miðar að því að efla vernd persónuupplýsinga og tryggja frjálsa dreifingu þeirra milli samningsaðila með fyrirvara um þær undanþágur sem þessir aðilar kunna að kveða á um. Þótt ekki sé um að ræða beina beitingu samþykktarinnar er í henni mælt fyrir um alþjóðlegar skuldbindingar bæði sambandsríkisins og kantónanna. Þessar skuldbindingar varða ekki aðeins grundvallarreglur um vernd, sem hver samningsaðili verður að taka upp í landslög sín, heldur einnig samstarfsfyrirkomulag milli samningsaðilanna. Einkum skulu lögbær svissnesk yfirvöld veita yfirvöldum annarra samningsaðila, sem þess óska, allar upplýsingar um lög og stjórnsýsluvenjur varðandi gagnavernd og upplýsingar um hvert og eitt tilvik um sjálfvirka gagnavinnslu. Þau skulu einnig aðstoða alla einstaklinga, sem dvelja erlendis, við að halda þeim rétti sínum að vera látinn vita ef gögn um hann eru unnin, rétti til að hafa aðgang að þessum gögnum og rétti til að fara fram á að þau verði leiðrétt eða þeim eytt og rétti til lagalegra úrræða.

([1]) Álit 12/98 sem starfshópurinn samþykkti 24.7.1998: „Flutningur persónuupplýsinga til þriðja lands". Beitt er 25. og 26. gr. gagnaverndartilskipunar ESB (DG MARKT D/5025/98), tiltæk á Evrópuvef framkvæmdastjórnarinnar: http://europa.eu.int/comm/internal_market/en/media/dataprot/wpdocs/index.htm.

([2]) Tiltæk á vefsetrinu:http://conventions.coe.int/treaty/EN/cadreintro.htm.

10) Gildandi réttarreglur í Sviss ná yfir allar þær grundvallarreglur sem eru nauðsynlegar til að ná viðunandi verndarstigi fyrir einstaklinga, jafnvel þótt undanþágur og takmarkanir séu einnig veittar til að vernda mikilvæga hagsmuni almennings. Tryggt er með lagaúrræðum að þessum reglum sé beitt og með óháðu eftirliti sem yfirvöldin annast, t.d. umboðsmaður sambandsríkisins sem hefur verið falið vald til rannsókna og íhlutunar. Enn fremur gilda ákvæði svissneskra laga um einkaréttarlega ábyrgð ef ólögleg vinnsla á sér stað sem skaðar viðkomandi einstakling.

11) Til að tryggja gagnsæi, og til að gera lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum kleift að vernda einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga um þá, er nauðsynlegt að tilgreina í þessari ákvörðun undantekningartilvik þar sem réttlætanlegt er að stöðva tímabundið tilteknar gagnasendingar þrátt fyrir að vernd sé talin fullnægjandi.

12) Starfshópurinn um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem komið var á fót samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB, hefur skilað áliti um það verndarstig sem felst í svissneskum lögum sem tekið hefur verið tillit til við gerð þessarar ákvörðunar ([1]).

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót samkvæmt 31. gr. tilskipunar 95/46/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Með tilliti til 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB, og að því er varðar alla starfsemi sem fellur undir gildissvið þeirrar tilskipunar, telst Sviss veita fullnægjandi verndarstig fyrir persónuupplýsingar sem eru sendar frá bandalaginu.

2. gr.

Þessi ákvörðun varðar aðeins það hvort Sviss veiti fullnægjandi vernd með tilliti til þess að uppfylla kröfurnar í 1. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB og hefur ekki áhrif á önnur skilyrði eða takmarkanir við framkvæmd annarra ákvæða þeirrar tilskipunar sem snerta vinnslu persónuupplýsinga í aðildarríkjunum.

3. gr.

1. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum geta, án þess að það hafi áhrif á heimild þeirra til að grípa til aðgerða til að tryggja að farið sé að innlendum ákvæðum, sem eru samþykkt samkvæmt öðrum ákvæðum tilskipunar 95/46/EB en ákvæðum 25. gr., beitt valdi sínu til að stöðva tímabundið gagnasendingar til viðtakanda í Sviss til að vernda einstaklinga með tilliti til vinnslu persónuupplýsinga um þá í tilvikum þar sem:

a) lögbær svissnesk yfirvöld hafa ákvarðað að viðtakandi brjóti gildandi reglur um vernd; eða

b) verulegar líkur eru á því að reglur um vernd séu brotnar, gild ástæða er til að ætla að lögbær svissnesk yfirvöld geri ekki eða muni ekki gera nægilegar ráðstafanir í tæka tíð til að leysa málið sem um ræðir, áframhaldandi gagnaflutningur myndi setja hina skráðu í yfirvofandi hættu á að skaðast alvarlega og lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum hafa gert verulegt átak í málinu til viðvörunar þeim aðila sem ber ábyrgð á vinnslunni og hefur staðfestu í Sviss og veitt honum tækifæri til andsvara.

Hætta skal tímabundinni stöðvun jafnskjótt og tryggt er að farið sé að reglum um vernd og viðkomandi lögbær yfirvöld í bandalaginu hafa verið látin vita af því.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um ráðstafanir sem eru gerðar á grundvelli 1. mgr.

3. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu einnig tilkynna hvert öðru um þau tilvik þar sem aðgerðir aðila, sem tryggja skulu samræmi við reglur um vernd í Sviss, tryggja ekki slíkt samræmi.

4. Ef upplýsingarnar, sem er aflað samkvæmt 1., 2. og 3. mgr., leiða í ljós að aðili, sem ber ábyrgð á að tryggja samræmi við reglur um vernd í Sviss, gegnir ekki hlutverki sínu á skilvirkan hátt, skal framkvæmdastjórnin tilkynna lögbæru svissnesku yfirvaldi um það og, ef nauðsyn krefur, leggja fram drög að ráðstöfunum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 31. gr. tilskipunar 95/46/EB með það fyrir augum að fella niður eða fresta gildistöku þessarar ákvörðunar eða takmarka gildissvið hennar.

([1]) Álit 5/99 sem starfshópurinn samþykkti 07.06.99 (DG MARKT 5054/99), tiltækt á Evrópuvefnum sem um getur í 2. nmgr.

4. gr.

1. Breyta má þessari ákvörðun hvenær sem er í ljósi reynslunnar af framkvæmd hennar eða vegna breytinga á svissneskum lögum.

Framkvæmdastjórnin skal, þremur árum eftir tilkynningu þessarar ákvörðunar til aðildarríkjanna, leggja mat á framkvæmd hennar á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga og greina nefndinni, sem var komið á fót samkvæmt 31. gr. tilskipunar 95/46/EB, frá öllum niðurstöðum þar að lútandi, þar á meðal öllum gögnum sem geta haft áhrif á þá niðurstöðu í 1. gr. þessarar ákvörðunar að vernd í Sviss sé fullnægjandi í skilningi 25. gr. tilskipunar 95/46/EB og öllum tilvikum þar sem framkvæmd þessarar ákvörðunar hefur haft mismunum í för með sér.

2. Framkvæmdastjórnin skal, ef þörf krefur, leggja fram drög að ráðstöfunum í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 31. gr. tilskipunar 95/46/EB.

5. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari eigi síðar en 90 dögum eftir að aðildarríkjunum hefur verið tilkynnt um hana.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. júlí 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Frederik BOLKESTEIN
framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal III.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 26. júlí 2000

sem byggð er á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB og fjallar um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Ungverjalandi

(tilkynnt með númeri C (2000) 2305)

(Texti sem varðar EES)

(2000/519/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([1]), einkum 6. mgr. 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 95/46/EB er aðildarríkjunum gert að kveða á um að einungis megi flytja persónuupplýsingar til lands utan bandalagsins ef það land tryggir fullnægjandi vernd og ef farið hefur verið að lögum aðildarríkisins við framkvæmd annarra ákvæða tilskipunarinnar þegar flutningurinn á sér stað.

2) Framkvæmdastjórnin getur komist að þeirri niðurstöðu að þriðja land tryggi fullnægjandi vernd. Sé svo er heimilt að flytja persónuupplýsingar frá aðildarríkinu án frekari tryggingar.

3) Samkvæmt tilskipun 95/46/EB skal meta stig gagnaverndar í ljósi allra ríkjandi aðstæðna þegar gagnaflutningsaðgerð eða röð gagnaflutningsaðgerða á sér stað og taka tillit til þeirra skilyrða sem sett eru. Starfshópurinn um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem komið var á fót samkvæmt þeirri

([1]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

tilskipun, hefur gefið út leiðbeiningar um gerð slíks mats ([1]).

4) Í ljósi þess hve ólíkar leiðir eru farnar að gagnavernd í þriðju löndum skal fara fram mat á fullnægjandi vernd og framfylgja öllum ákvörðunum, sem eru byggðar á 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB, á þann hátt að það hafi ekki í för með sér geðþóttabundna eða óréttlætanlega mismunun gegn eða á milli þriðju landa þar sem skilyrði eru svipuð né myndi dulbúnar viðskiptahindranir, að teknu tilliti til skuldbindinga bandalagsins á alþjóðavettvangi.

5) Í Ungverjalandi hafa lagareglur um vernd persónuupplýsinga bindandi lagaleg áhrif.

6) Kveðið er á um verndun einkalífsins, einkum að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga, í 59. gr. ungversku stjórnarskrárinnar. Mælt er fyrir um ákvæðin í lögum LXIII frá 17. nóvember 1992 sem öðluðust gildi 1. maí 1993. Í lögum um ýmsar sérgreinar eru einnig ákvæði um vernd persónuupplýsinga á ýmsum sviðum, svo sem í hagskýrslum, markaðsrannsóknum, vísinda rannsóknum og á heilbrigðissviði.

7) Ungverjaland fullgilti, 1. febrúar 1998, samþykkt Evrópuráðsins um vernd einstaklinga að því er varðar sjálfvirka vinnslu persónuupplýsinga (samþykkt nr. 108) ([2]), sem miðar að því að efla vernd persónuupplýsinga og tryggja frjálsa dreifingu þeirra milli samningsaðila með fyrirvara um þær umdanþágur sem þessir aðilar kunna að kveða á um. Þótt ekki sé um að ræða beina beitingu samþykktarinnar er í henni mælt fyrir um alþjóðlegar skuldbindingar sem varða ekki aðeins grundvallarreglur um vernd, sem hver samningsaðili verður að taka upp í landslög sín, heldur einnig samstarfsfyrirkomulag milli samningsaðilanna. Einkum skulu lögbær ungversk yfirvöld veita yfirvöldum annarra samningsaðila, sem þess óska, allar upplýsingar um lög og stjórnsýsluvenjur varðandi gagnavernd og upplýsingar um hvert og eitt tilvik um sjálfvirka gagnavinnslu. Þau skulu einnig aðstoða alla einstaklinga, sem dvelja erlendis, við að halda þeim rétti sínum að vera látinn vita ef gögn um hann eru unnin, rétti til að hafa aðgang að þessum gögum og rétti til að fara fram á að þau verði leiðrétt eða þeim eytt og rétti til lagalegra úrræða.

8) Gildandi réttarreglur í Ungverjalandi ná yfir allar þær grundvallarreglur sem eru nauðsynlegar til að ná viðunandi verndarstigi fyrir einstaklinga, jafnvel þótt undanþágur og takmarkanir séu einnig veittar til að vernda mikilvæga hagsmuni almennings. Tryggt er með lagaúrræðum að þessum reglum sé beitt og með óháðu eftirliti þess umboðsmanns sem þingið hefur tilnefnt samkvæmt lögum LXIII frá 1992. Enn fremur eru skaðabætur til einstaklinga, sem hafa orðið fyrir skaða vegna ólöglegrar gagnavinnslu, tryggðar með lögum.

9) Til að tryggja gagnsæi, og til að gera lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum kleift að vernda einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga um þá, er nauðsynlegt að tilgreina í þessari ákvörðun undantekningartilvik þar sem réttlætanlegt er að stöðva tímabundið tilteknar gagnasendingar þrátt fyrir að vernd sé talin nægileg.

10) Starfshópurinn um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem komið var á fót samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB, hefur skilað áliti um það verndarstig sem felst í ungverskum lögum sem tekið hefur verið tillit til við gerð þessarar ákvörðunar ([3]).

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót samkvæmt 31. gr. tilskipunar 95/46/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Með tilliti til 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB, og að því er varðar alla starfsemi sem fellur undir gildissvið þeirrar tilskipunar, telst Ungverjaland veita nægilegt verndarstig fyrir persónuupplýsingar sem eru sendar frá bandalaginu.

([1]) Álit 12/98 sem starfshópurinn samþykkti 24.07.98: „Flutningur persónuupplýsinga til þriðja lands. Beitt er 25. og 26. gr. gagnaverndartilskipunar ESB“ (DG MARKT D/5025/98), tiltæk á Evrópuvef framkvæmdastjórnarinnar: http://europa.eu.int/comm/internal_market/en/media/dataprot/wpdocs/index.htm.

([2]) Tiltækt á vefsetrinu:http://conventions.coe.int/treaty/EN/cadreintro.htm

([3]) Álit 6/99 sem starfshópurinn samþykkti 7.september 1999 (DG MARKT 5070/99), tiltækt á Evrópuvefnum sem um getur í 2. nmgr.

2. gr.

Þessi ákvörðun varðar aðeins það hvort Ungverjaland veiti nægilega vernd með tilliti til þess að uppfylla kröfurnar í 1. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB og hefur ekki áhrif á önnur skilyrði eða takmarkanir við framkvæmd annarra ákvæða þeirrar tilskipunar sem snerta vinnslu persónuupplýsinga í aðildarríkjunum.

3. gr.

1. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum geta, án þess að það hafi áhrif á heimild þeirra til að grípa til aðgerða til að tryggja að farið sé að innlendum ákvæðum, sem eru samþykkt samkvæmt öðrum ákvæðum tilskipunar 95/46/EB en 25. gr., beitt valdi sínu til að stöðva tímabundið gagnasendingar til viðtakanda í Ungverjalandi til að vernda einstaklinga með tilliti til vinnslu persónuupplýsinga um þá í tilvikum þar sem:

a) lögbær ungversk yfirvöld hafa ákvarðað að viðtakandi brjóti gildandi reglur um vernd; eða

b) verulegar líkur eru á því að reglur um vernd séu brotnar, gild ástæða er til að ætla að lögbær ungversk yfirvöld geri ekki eða muni ekki gera viðeigandi ráðstafanir í tæka tíð til að leysa málið sem um ræðir, áframhaldandi flutningur myndi setja þá sem gögnin eru um í yfirvofandi hættu á að skaðast og lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum hafa gert verulegt átak í málinu til viðvörunar þeim aðila sem ber ábyrgð á vinnslunni og hefur staðfestu í Ungverjalandi og tækifæri til andsvara.

Hætta skal tímabundinni stöðvun jafnskjótt og tryggt er að farið sé að reglum um vernd og viðkomandi lögbær yfirvöld í bandalaginu hafa verið látin vita af því.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um ráðstafanir sem eru gerðar á grundvelli 1. mgr.

3. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu einnig tilkynna hvert öðru um þau tilvik þar sem aðgerðir aðila, sem tryggja skulu samræmi við reglur um vernd í Ungverjalandi, tryggja ekki slíkt samræmi.

4. Ef upplýsingarnar, sem er aflað samkvæmt 1., 2. og 3. mgr., leiða í ljós að einhver aðili, sem ber ábyrgð á að tryggja samræmi við reglur um vernd í Ungverjalandi, gegnir ekki hlutverki sínu á skilvirkan hátt skal framkvæmdastjórnin tilkynna lögbæru ungversku yfirvaldi um það og, ef nauðsyn krefur, leggja fram drög að ráðstöfunum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 31. gr. tilskipunar 95/46/EB með það fyrir augum að fella niður eða fresta gildistöku þessarar ákvörðunar eða takmarka gildissvið hennar.

4. gr.

1. Breyta má þessari ákvörðun hvenær sem er í ljósi reynslunnar af framkvæmd hennar eða vegna breytinga á ungverskum lögum.

Framkvæmdastjórnin skal, þremur árum eftir tilkynningu sína til aðildarríkjanna leggja mat á framkvæmd þessarar ákvörðunar á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga og greinaa nefndinni, sem var komið á fót samkvæmt 31. gr. tilskipunar 95/46/EB, frá öllum niðurstöðum þar að lútandi, þar á meðal öllum gögnum sem geta haft áhrif þá niðurstöðu í 1. gr. þessarar ákvörðunar að vernd í Ungverjalandi sé nægileg í skilningi 25. gr. tilskipunar 95/46/EB og öllum tilvikum þar sem framkvæmd þessarar ákvörðunar hefur haft mismunum í för með sér.

2. Framkvæmdastjórnin skal, ef þörf krefur, leggja fram drög að ráðstöfunum í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 31. gr. tilskipunar 95/46/EB.

5. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari eigi síðar en 90 dögum eftir að aðildarríkjunum hefur verið tilkynnt um hana.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. júlí 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Frederik BOLKESTEIN
framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal IV.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 26. júlí 2000

sem byggð er á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB og fjallar um fullnægjandi vernd samkvæmt þeim meginreglum um örugga höfn fyrir friðhelgi einkalífsins og þeim algengu spurningum og svörum um það efni sem viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna hefur gefið út

(tilkynnt með númeri C (2000) 2441)

(Texti sem varðar EES)

(2000/520/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([1]), einkum 6. mgr. 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 95/46/EB er aðildarríkjunum gert að kveða á um að einungis megi flytja persónuupplýsingar til lands utan bandalagsins ef það land tryggir fullnægjandi vernd og ef farið hefur verið að lögum aðildarríkisins við framkvæmd annarra ákvæða tilskipunarinnar þegar flutningurinn á sér stað.

2) Framkvæmdastjórnin getur komist að þeirri niðurstöðu að þriðja land tryggi fullnægjandi vernd. Sé svo er heimilt að flytja persónuupplýsingar frá aðildarríkinu án frekari tryggingar.

3) Samkvæmt tilskipun 95/46/EB skal meta stig gagnaverndar í ljósi allra ríkjandi aðstæðna þegar gagnaflutningsaðgerð eða röð gagnaflutningsaðgerða á sér stað og taka tillit til þeirra skilyrða sem sett eru. Starfshópurinn um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu upplýsinga, sem komið var á fót samkvæmt þeirri tilskipun ([2]), hefur gefið út leiðbeiningar um gerð slíks mats ([3]).

4) Í ljósi þess hve ólíkar leiðir eru farnar að gagnavernd í þriðju löndum skal fara fram mat á fullnægjandi vernd og framfylgja skal öllum ákvörðunum, sem eru byggðar á 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB, á þann hátt að það hafi ekki í för með sér geðþóttabundna eða óréttlætanlega mismunun gegn þriðju löndum eða á milli þeirra þar sem skilyrði eru svipuð né myndi dulbúnar viðskiptahindranir, að teknu tilliti til skuldbindinga bandalagsins á alþjóðavettvangi.

5) Fullnægjandi vernd fyrir flutning gagna frá bandalaginu til Bandaríkjanna, samkvæmt þessari ákvörðun, telst hafa náðst ef fyrirtækin fara eftir meginreglum um örugga höfn fyrir friðhelgi einkalífsins við vernd persónuupplýsinga sem eru fluttar frá aðildarríki til Bandaríkjanna (hér á eftir nefndar „meginreglurnar") og algengum spurningum og svörum (hér á eftir nefnd Spurningar og svör) sem ríkisstjórn Bandaríkjanna gaf út 21. júlí 2000 til leiðbeiningar um framkvæmd meginreglnanna. Enn fremur skulu fyrirtækin birta opinberlega stefnu sína varðandi friðhelgi einkalífsins og þau skulu annaðhvort heyra undir Alríkisviðskiptastofnunina (FTC) samkvæmt ákvæðum 5. þáttar laga um hana (The Federal Trade Commission Act), þar sem kveðið er á um bann við óheiðarlegri eða villandi háttsemi eða starfsháttum í viðskiptum eða í starfsemi sem hefur áhrif á viðskipti, eða annan lögskipaðan aðila

([1]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

([2]) Veffang vinnuhópsins er: http://www.europa.eu.int/comm/internal_market/en/media/dataprot/wpdocs/index.htm

([3]) Vinnuskjal 12: Flutningur persónuupplýsinga til þriðju landa: beiting 25. og 26. gr. gagnaverndartilskipunar ESB, sem starfshópurinn samþykkti 24. júlí 1998.

sem tryggir á skilvirkan hátt samræmi við meginreglurnar sem eru framkvæmdar í samræmi við Spurningar og svör.

6) Þessi ákvörðun gildir ekki um sérsvið og/eða gagnavinnslu sem heyrir ekki undir neina af þeim bandarísku stjórnarstofnunum sem eru taldar upp í VII. viðauka við þessa ákvörðun.

7) Til að tryggja að þessari ákvörðun sé beitt á réttan hátt er nauðsynlegt að hagsmunaaðilar, t.d. hinir skráðu, þeir sem flytja gögnin út og gagnaverndaryfirvöld, geti borið kennsl á þau fyrirtæki sem gangast undir meginreglurnar og Spurningar og svör. Í því augnamiði er rétt að viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna eða fulltrúi þess taki að sér að halda skrá, sem almenningur hefur aðgang að, yfir fyrirtæki sem votta sjálf að þau gangist undir meginreglurnar sem eru framkvæmdar í samræmi við Spurningar og svör og heyra undir að minnsta kosti eina stjórnarstofnun sem um getur í VII. viðauka við þessa ákvörðun.

8) Til að tryggja gagnsæi, og til að gera lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum kleift að vernda einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga um þá, er nauðsynlegt að tilgreina í þessari ákvörðun undantekningartilvik þar sem réttlætanlegt er að stöðva tímabundið tilteknar gagnasendingar þrátt fyrir að vernd sé talin fullnægjandi.

9) Hugsanlega þarf að endurskoða kerfið „örugga höfn", sem byggist á meginreglunum og Spurningum og svörum, í ljósi reynslunnar, þróunar í tengslum við verndun einkalífsins við aðstæður þar sem tæknin gerir flutning og vinnslu persónuupplýsinga sífellt auðveldari og í ljósi skýrslna viðkomandi þar til bærra yfirvalda um framkvæmdina.

10) Starfshópurinn um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem komið var á fót samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB, hefur skilað áliti um það verndarstig sem felst í meginreglunum um „örugga höfn" í Bandaríkjunum sem tekið hefur verið tillit til við gerð þessarar ákvörðunar ([1]).

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót samkvæmt 31. gr. tilskipunar 95/46/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Með tilliti til 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB og að því er varðar alla starfsemi sem fellur undir gildissvið þeirrar tilskipunar skulu meginreglurnar um „örugga höfn" (hér á eftir nefndar „meginreglurnar") eins og þær eru settar fram í I. viðauka við þessa ákvörðun, framkvæmdar í samræmi við leiðbeiningarnar í „algengum spurningum og svörum" (hér á eftir nefnd Spurningar og svör), sem viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna gaf út 21. júlí 2000, eins og fram kemur í II. viðauka við þessa ákvörðun, teljast tryggja fullnægjandi vernd persónuupplýsinga sem eru fluttar frá bandalaginu til fyrirtækja með staðfestu í Bandaríkjunum að teknu tilliti til eftirfarandi skjala sem viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna gefur út.

a) yfirlit yfir það hvernig reglunum um „örugga höfn" er framfylgt, sem gerð er grein fyrir í III. viðauka;

b) greinargerð um bætur fyrir brot á friðhelgi einkalífsins og sérstakar heimildir í bandarískum lögum sem gerð er grein fyrir í IV. viðauka;

c) bréf frá Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna sem kemur fram í V. viðauka;

([1]) Vinnuskjal 15: Álit 1/99 varðandi stig gagnaverndar í Bandaríkjunum og yfirstandandi skoðanaskipti milli framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna og Bandaríkjanna.
Vinnuskjal 19: Álit 2/99 á því hvort alþjóðlegu meginreglurnar um „örugga höfn", sem gefnar voru út í viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna 19. apríl 1999, séu fullnægjandi.
Vinnuskjal 21: Álit 4/99 um „algengar spurningar og svör" sem viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna gefur út í tengslum við tillögu að meginreglum um „örugga höfn" um það hvort alþjóðlegu meginreglurnar um „örugga höfn" séu fullnægjandi.
Vinnuskjal 23: Vinnuskjal um stöðu yfirstandandi umræðna framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna og ríkisstjórnar Bandaríkjanna varðandi alþjóðlegu meginreglurnar um „örugga höfn".
Vinnuskjal 27: Álit 7/99 um stig gagnaverndar alþjóðlegu meginreglnanna um „örugga höfn", eins og þær voru gefnar út ásamt „algengum spurningum og svörum" og öðrum skjölum þar að lútandi í viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna 15. og 16. nóvember 1999.
Vinnuskjal 31: Álit 3/2000 varðandi umræður ESB/BNA um reglurnar um „örugga höfn".
Vinnuskjal 32: Álit 4/2000 um þá vernd sem meginreglurnar um „örugga höfn" veita.

d) bréf frá samgöngumálaráðuneyti Bandaríkjanna sem kemur fram í VI. viðauka;

2. Uppfylla verður eftirfarandi skilyrði í tengslum við sérhvern gagnaflutning:

a) að fyrirtæki, sem taka á móti gögnum, hafi ótvírætt og opinberlega lýst yfir að þau skuldbindi sig til að fara að meginreglunum sem er beitt í samræmi við Spurningar og svör.

b) að fyrirtækið sé háð lögboðnu valdi stjórnarstofnunar í Bandaríkjunum, sem er tilgreind í VII. viðauka við þessa ákvörðun og hefur vald til að rannsaka kærur og veita réttarúrræði gegn óheiðarlegum eða villandi starfsháttum, og einnig til að tryggja að einstaklingar nái rétti sínum, óháð búsetulandi eða þjóðerni, þegar ekki hefur verið farið eftir meginreglunum sem er beitt í samræmi við Spurningar og svör.

3. Hvert fyrirtæki, sem vottar sjálft að það gangist undir meginreglurnar sem eru framkvæmdar í samræmi við Spurningar og svör, telst uppfylla skilyrðin, sem eru sett fram í 2. mgr., frá þeim degi er fyrirtækið sendir viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna (eða fulltrúa þess) opinbera yfirlýsingu um skuldbindinguna sem um getur í a-lið 2. mgr. og tilgreinir stjórnarstofnunina sem um getur í b-lið 2. mgr.

2. gr.

Þessi ákvörðun varðar aðeins það hvort veitt sé fullnægjandi vernd í Bandaríkjunum samkvæmt meginreglunum sem eru framkvæmdar í samræmi við Spurningar og svör með það fyrir augum að uppfylla kröfurnar í 1. mgr. 25. gr. í tilskipun 95/46/EB og hefur ekki áhrif á beitingu annarra ákvæða þeirrar tilskipunar sem snerta vinnslu persónuupplýsinga í aðildarríkjunum, til dæmis 4. gr.

3. gr.

1. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum geta, án þess að það hafi áhrif á heimild þeirra til að grípa til aðgerða til að tryggja að farið sé að innlendum ákvæðum, sem eru samþykkt samkvæmt öðrum ákvæðum tilskipunar 95/46/EB en ákvæðum 25. gr., beitt valdi sínu til að stöðva tímabundið gagnasendingar til fyrirtækis sem hefur sjálft vottað að það gangist undir meginreglurnar, sem eru beitt í samræmi við Spurningar og svör, til að vernda einstaklinga með tilliti til vinnslu persónuupplýsinga um þá í tilvikum þar sem:

a) bandaríska stjórnarstofnunin, sem um getur í VII. viðauka við þessa ákvörðun, eða óháður málskotsaðili í skilningi a-liðar meginreglunnar um framfylgd, sem er lýst í I. viðauka við þessa ákvörðun, hefur ákvarðað að fyrirtæki brjóti meginreglurnar sem er beitt í samræmi við Spurningar og svör; eða

b) verulegar líkur eru á því að meginreglurnar séu brotnar, gild ástæða er til að ætla að viðkomandi aðili, sem á að framfylgja málinu sem um ræðir, geri ekki eða muni ekki gera nægilegar ráðstafanir í tæka tíð til að leysa það, áframhaldandi gagnaflutningur myndi setja hina skráðu í yfirvofandi hættu á að skaðast verulega og lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum hafa gert verulegt átak í málinu fyrirtækinu til viðvörunar og veitt því tækifæri til andsvara.

Hætta skal tímabundinni stöðvun jafnskjótt og tryggt hefur verið að farið sé að meginreglunum, sem er beitt í samræmi við Spurningar og svör, og viðkomandi lögbærum yfirvöldum í bandalaginu hefur verið tilkynnt um það.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um ráðstafanir sem eru gerðar á grundvelli 1. mgr.

3. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu einnig tilkynna hvert öðru um þau tilvik þar sem aðgerðir aðila, sem tryggja skulu samræmi við meginreglurnar, sem er beitt í samræmi við Spurningar og svör í Bandaríkjunum, tryggja ekki slíkt samræmi.

4. Ef upplýsingarnar, sem er aflað samkvæmt 1., 2. og 3. mgr., leiða í ljós að aðili, sem á að tryggja samræmi við meginreglurnar sem eru framkvæmdar í samræmi við Spurningar og svör í Bandaríkjunum, gegnir ekki hlutverki sínu á skilvirkan hátt skal framkvæmdastjórnin tilkynna viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna um það og, ef nauðsyn krefur, leggja fram drög að ráðstöfunum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 31. gr. tilskipunar 95/46/EB með það fyrir augum að fella niður eða fresta gildistöku þessarar ákvörðunar eða takmarka gildissvið hennar.

4. gr.

1. Breyta má þessari ákvörðun hvenær sem er í ljósi reynslunnar af framkvæmd hennar og/eða ef gerð er krafa í bandarískum lögum um sama verndarstig og um getur í meginreglunum og Spurningum og svörum.

Framkvæmdastjórnin skal undir öllum kringumstæðum, þremur árum eftir tilkynningu þessarar ákvörðunar til aðildarríkjanna, leggja mat á framkvæmd hennar á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga og greina nefndinni, sem var komið á fót samkvæmt 31. gr. tilskipunar 95/46/EB, frá öllum niðurstöðum þar að lútandi, þar á meðal öllum gögnum, sem geta haft áhrif á það mat að ákvæðin í 1. gr. þessarar ákvörðunar veiti fullnægjandi vernd í skilningi 25. gr. tilskipunar 95/46/EB, og öllum tilvikum þar sem framkvæmd þessarar ákvörðunar hefur haft mismunun í för með sér.

2. Framkvæmdastjórnin skal, ef þörf krefur, leggja fram drög að ráðstöfunum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 31. gr. tilskipunar 95/46/EB.

5. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari eigi síðar en 90 dögum eftir að aðildarríkjunum hefur verið tilkynnt um hana.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. júlí 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Frederik BOLKESTEIN
framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

MEGINREGLUR UM „ÖRUGGA HÖFN FYRIR FRIÐHELGI EINKALÍFSINS“

gefnar út af viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna 21. júlí 2000

Heildarlöggjöf Evrópusambandsins um friðhelgi einkalífsins, tilskipunin um gagnavernd (hér á eftir kölluð tilskipunin), tók gildi 25. október 1998. Samkvæmt henni má einungis flytja persónuupplýsingar til landa utan Evrópusambandsins þar sem verndarstig einkalífsins er „fullnægjandi“. Þótt Bandaríkin og Evrópusambandið hafi það að sameiginlegu markmiði að auka vernd einkalífsins fyrir þegna sína eru aðrar aðferðir notaðar við vernd einkalífsins í Bandaríkjunum en í Evrópusambandinu. Í Bandaríkjunum eru notaðar aðferðir sem miðast við sérsvið þar sem blandað er saman lögum, reglum og sjálfseftirliti. Vegna þessa mismunar hafa mörg bandarísk fyrirtæki látið í ljós efasemdir um áhrif staðalsins um „fullnægjandi vernd“ sem er krafist í Evrópusambandinu um flutning persónuupplýsinga frá Evrópusambandinu til Bandaríkjanna.

Til að draga úr þeirri óvissu og setja fastari ramma um slíkan gagnaflutning gefur viðskiptaráðuneytið út þetta skjal og „algengar spurningar og svör“ (meginreglurnar) í krafti lögboðinna heimilda með það fyrir augum að styðja við, stuðla að og þróa alþjóðaviðskipti. Meginreglurnar voru þróaðar í samráði við atvinnulífið og almenning til að greiða fyrir viðskiptum og verslun milli Bandaríkjanna og Evrópusambandsins. Þær eru eingöngu ætlaðar fyrir bandarísk fyrirtæki, sem taka við persónuupplýsingum frá Evrópusambandinu, með það fyrir augum að fyrirtækin geti uppfyllt skilyrðin um „örugga höfn“ og „fullnægjandi vernd“ sem þar eru sett. Meginreglurnar voru eingöngu settar til að þjóna þessum tilgangi og því getur verið óheppilegt að samþykkja þær í öðrum tilgangi. Ekki má nota meginreglurnar í stað innlendra ákvæða til framkvæmdar tilskipuninni sem gilda um vinnslu persónuupplýsinga í aðildarríkjunum.

Það er algerlega á valdi fyrirtækjanna sjálfra hvort þau uppfylla reglurnar um „örugga höfn“ og þau geta gert það á mismunandi vegu. Fyrirtæki, sem ákveða að gangast undir meginreglurnar, verða að fara eftir þeim til að geta fengið og notið áfram hagræðis af „öruggri höfn“ og lýsa því yfir opinberlega að þau geri það. Fyrirtæki, sem tekur þátt í sjálfseftirlitsverkefni í einkageiranum varðandi friðhelgi einkalífsins þar sem meginreglunum er beitt, hefur til dæmis rétt til þátttöku í kerfinu „öruggri höfn“. Fyrirtæki geta einnig uppfyllt skilyrði með því að þróa sína eigin stefnu um friðhelgi einkalífsins að því tilskildu að hún sé í samræmi við meginreglurnar. Ef fyrirtæki fer eftir meginreglunum, en reiðir sig að öllu leyti eða að hluta á sjálfseftirlit, á einnig að vera hægt að draga það til ábyrgðar samkvæmt 5. þætti laga Alríkisviðskiptastofnunarinnar þar sem kveðið er á um bann við óheiðarlegri eða villandi háttsemi eða samkvæmt öðrum lögum eða reglum sem banna slíka háttsemi. (Sjá skrá yfir lögskipaða aðila, sem Evrópusambandið viðurkennir, í viðaukanum.) Að auki geta fyrirtæki, sem eru bundin lögum eða stjórnsýslufyrirmælum eða öðrum reglum eða ákvæðum sem vernda friðhelgi einkalífsins á skilvirkan hátt, uppfyllt skilyrði fyrir því að njóta hagræðis af „öruggri höfn“ Fyrirtæki

sem vill njóta hagræðis af „öruggri höfn“ getur undir öllum kringumstæðum átt það víst frá þeim degi er fyrirtækið vottar sjálft hjá viðskiptaráðuneytinu (eða fulltrúa þess) að það gangist undir meginreglurnar í samræmi við leiðbeiningarnar í Spurningum og svörum um sjálfvottun.

Gildissvið þessara meginreglna getur takmarkast við: a) það sem nauðsynlegt er vegna þjóðaröryggis, hagsmuna almennings eða til að framfylgja lögum og reglum; b) lög, stjórnsýsluákvarðanir eða fordæmisrétt sem leiðir af sér skuldbindingar eða sérstakar heimildir sem stangast á að því tilskildu að við framkvæmd slíkra heimilda geti fyrirtækið sýnt fram á að það fari ekki eftir meginreglunum einungis að því marki sem er nauðsynlegt til að gæta lögmætra ráðandi hagsmuna sem slík heimild veitir; eða c) þær undantekningar eða undanþágur sem tilskipunin eða lög aðildarríkjanna leyfa að því tilskildu að slíkum undantekningum eða undanþágum sé beitt í sambærilegu samhengi. Í samræmi við markmiðið um að auka vernd einkalífsins skulu fyrirtæki leitast við að framkvæma þessar meginreglur til fulls og á gagnsæjan hátt, þar á meðal með því að tilgreina í áætlun sinni um vernd einkalífsins hvar leyfilegum undanþágum á meginreglunum, samkvæmt b-lið hér að framan, verður almennt beitt. Af sömu ástæðu er til þess ætlast að fyrirtæki velji að veita meiri vernd þegar hægt er að koma því við og meginreglurnar og/eða bandarísk lög leyfa.

Fyrirtæki kunna að vilja beita meginreglunum við alla gagnavinnslu sína, til hagræðingar eða af öðrum ástæðum, en þeim ber ekki skylda til að beita þeim á gögn sem eru flutt fyrr en þau hafa gerst aðilar að kerfinu „öruggri höfn“. Fyrirtæki þurfa ekki að beita þessum meginreglum á persónuupplýsingar í handunnum skjalakerfum til að uppfylla skilyrðin um „örugga höfn“. Fyrirtæki, sem vilja njóta hagræðis af „öruggri höfn“ til að taka við upplýsingum í handunnum skjalakerfum frá Evrópusambandinu, verða að beita meginreglunum á allar slíkar upplýsingar sem eru fluttar eftir að þau gerast aðilar að því kerfi. Fyrirtæki, sem vill njóta aukins hagræðis af „öruggri höfn“ svo að kerfið taki til persónuupplýsinga um starfsmenn, sem eru fluttar frá Evrópusambandinu til að nota í tengslum við starfsráðningar, verður að taka það fram þegar það leggur fram sjálfvottun hjá viðskiptaráðuneytinu (eða fulltrúa þess) og uppfylla kröfurnar sem eru settar fram í Spurningum og svörum um sjálfvottun. Fyrirtæki geta einnig lagt fram þær tryggingar, sem eru nauðsynlegar samkvæmt 26. gr. tilskipunarinnar, ef þau, með tilliti til þýðingarmestu ákvæðanna um friðhelgi einkalífsins, taka meginreglurnar inn í skriflega samninga við aðilana sem flytja gögnin frá Evrópusambandinu eftir að framkvæmdastjórnin og aðildarríkin hafa heimilað önnur ákvæði fyrir slíka staðlaða samninga.

Bandarísk lög gilda um mál sem tengjast túlkun og samræmi við meginreglurnar um „örugga höfn“ (þar á meðal Spurningar og svör) og þeirri stefnu sem fyrirtækin, sem eru þátttakendur í „öruggri höfn“, hafa varðandi friðhelgi einkalífsins nema í þeim tilvikum þar sem fyrirtækin hafa skuldbundið sig til að starfa með evrópskum gagnaverndaryfirvöldum. Öll ákvæði um meginreglurnar um „örugga höfn“ og Spurningar og svör gilda þar sem þau eiga við nema annað sé tekið fram.

Persónuupplýsingar eru gögn um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling sem eru innan gildissviðs tilskipunarinnar og sem bandarískt fyrirtæki tekur á móti frá Evrópusambandinu og eru skráð með einhverjum hætti.

TILKYNNINGAR

Fyrirtæki verður að tilkynna einstaklingum um það í hvaða tilgangi það safnar upplýsingum um þá og notar þær, hvernig hægt sé að hafa samband við fyrirtækið með fyrirspurnir eða kærur, hvaða þriðju aðilum það afhendir upplýsingarnar og um kosti og leiðir sem fyrirtækið býður einstaklingum upp á til að takmarka notkun þeirra og afhendingu. Þessi tilkynning verður að vera á skýru og greinilegu máli. Hún skal send einstaklingum þegar þeir eru fyrst beðnir að veita fyrirtækinu persónuupplýsingar eða eins fljótt eftir það og unnt er en í öllum tilvikum áður en fyrirtækið notar slíkar upplýsingar í öðrum tilgangi en þeim sem fyrirhugað var þegar þeim var upphaflega safnað eða þær unnar af fyrirtækinu sem flytur þær eða afhendir í fyrsta sinn til þriðja aðila ([1]).

([1]) Reglan um tilkynningu eða valfrelsi gildir ekki þegar upplýsingar eru afhentar þriðja aðila sem vinnur verkefni sem fulltrúi fyrir hönd fyrirtækisins og samkvæmt fyrirmælum þess. Meginreglan um framsendingu gildir hins vegar um slíka afhendingu.

VALFRELSI

Fyrirtæki verður að veita einstaklingum tækifæri til að hafna því (opt out) að persónuupplýsingar um þá verði, a) afhentar þriðja aðila (1) eða b) notaðar í tilgangi sem er ósamrýmanlegur því sem fyrirhugað var þegar þeim var upphaflega safnað eða í tilgangi sem einstaklingurinn veitti leyfi fyrir síðar. Einstaklingar skulu geta valið á skýran og greinilegan hátt með búnaði sem auðvelt er að fá aðgang að og án mikils tilkostnaðar.

Þegar um er að ræða viðkvæmar upplýsingar (t.d. persónulegar upplýsingar um læknisfræðilegt eða heilsufarslegt ástand, kynþátt eða þjóðerni, stjórnmálaskoðanir, trúarbrögð eða heimspekilega sannfæringu, aðild að verkalýðsfélagi eða upplýsingar um kynlíf einstaklingsins) skal einstaklingurinn eiga kost á að samþykkja eða velja sérstaklega (opt in) hvort afhenda eigi þriðja aðila upplýsingarnar eða nota þær í öðrum tilgangi en þeim sem fyrirhugaður var þegar þeim var upphaflega safnað eða í tilgangi sem einstaklingurinn veitti leyfi fyrir síðar með vali (opt in). Undir öllum kringumstæðum skal fyrirtæki fara með allar upplýsingar, sem það fær frá þriðja aðila, sem viðkvæmar upplýsingar ef þriðji aðili tilgreinir og meðhöndlar þær sem slíkar.

FRAMSENDING

Ef fyrirtæki afhenda þriðja aðila upplýsingar verða þau að beita meginreglunum um tilkynningu og valfrelsi. Þegar fyrirtæki óskar að flytja upplýsingar til þriðja aðila sem gegnir hlutverki fulltrúa, eins og lýst er í neðanmálsgreininni, getur það gert það ef það fullvissar sig fyrst um að þriðji aðilinn fari eftir meginreglunum eða falli undir tilskipunina eða aðra staðfestingu á fullnægjandi vernd eða gerir skriflegan samning við slíkan þriðja aðila þar sem þess er krafist að þriðji aðilinn veiti að minnsta kosti sömu vernd að því er varðar friðhelgi einkalífsins og krafist er í viðkomandi meginreglum. Fyrirtæki, sem uppfyllir þessar kröfur, verður ekki dregið til ábyrgðar (nema það samþykki annað) þegar þriðji aðili, sem það sendir slíkar upplýsingar til, vinnur úr þeim á þann hátt sem fer í bága við takmarkanir eða yfirlýsingar nema fyrirtækið hafi vitað eða átt að vita að þriðji aðili myndi vinna úr þeim á þennan ranga hátt og fyrirtækið hafi ekki gert eðlilegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða stöðva slíka vinnslu.

ÖRYGGI

Fyrirtæki sem búa til, viðhalda, nota eða dreifa persónuupplýsingum verða að gera eðlilegar varúðarráðstafanir til að varna því að þær glatist, séu misnotaðar, að veittur sé óleyfilegur aðgangur að þeim, að þær séu afhentar, þeim breytt eða þær eyðilagðar.

HEILLEIKI GAGNA

Persónuupplýsingar skulu vera í tengslum við þann tilgang sem þeim er ætlað að þjóna í samræmi við meginreglurnar. Fyrirtæki má ekki vinna úr persónuupplýsingum á þann hátt sem er ósamrýmanlegur þeim tilgangi sem fyrirhugaður var þegar þeim var safnað eða einstaklingurinn veitti leyfi fyrir síðar. Fyrirtæki skal, eftir því sem nauðsyn krefur, gera eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að gögn séu áreiðanleg miðað við fyrirhugaða notkun, nákvæm, fullnægjandi og uppfærð.

AÐGANGUR

Einstaklingar skulu hafa aðgang að persónuupplýsingum sem fyrirtæki hafa um þá og eiga kost á að leiðrétta, breyta eða eyða upplýsingum sem eru ekki réttar, nema fyrirhöfnin og kostnaðurinn við að veita aðgang, í því tilviki sem um ræðir, sé í engu samræmi við hættuna á að réttur einstaklings til friðhelgi einkalífsins, eða sá réttur annarra einstaklinga, sé brotinn.

FULLNUSTA

Í skilvirkri vernd einkalífsins skal felast að til séu úrræði til að tryggja að farið sé eftir meginreglunum, möguleika á málskoti fyrir einstaklinga sem gögnin varða, sem það bitnar á ef ekki er farið eftir meginreglum, og til að tryggja að fyrirtæki þurfi að taka afleiðingum ef þau fara ekki að meginreglunum. Slíkar aðferðir skulu að minnsta kosti fela í sér a) óháð málskotskerfi, sem auðvelt er að fá aðgang að án mikils tilkostnaðar, þar sem kærur og deilumál hvers einstaklings eru skoðuð og leyst með skírskotun í meginreglurnar og tjón er bætt þegar gert er ráð fyrir því í gildandi lögum eða að frumkvæði einkageirans, b) málsmeðferð til eftirfylgni til að kanna hvort þær vottanir og yfirlýsingar sem fyrirtæki hafa gefið um starfshætti sína að því er varðar

friðhelgi einkalífsins séu sannar og að það hafi sýnt þá starfshætti í verki og c) skuldbindingar fyrirtækja, sem tilkynna að þau gangist undir meginreglurnar, um að greiða úr vandamálum sem koma upp þegar ekki er farið eftir þeim og afleiðingar slíks fyrir fyrirtæki. Viðurlög skulu vera nægilega ströng til að tryggja að fyrirtæki fari eftir meginreglunum.

Viðauki

Skrá yfir lögskipaða aðila í Bandaríkjunum sem Evrópusambandið viðurkennir

Evrópusambandið viðurkennir vald eftirfarandi stjórnarstofnana í Bandaríkjunum til að rannsaka kærur og veita réttarúrræði gegn óheiðarlegum eða villandi starfsháttum og einnig til að tryggja að einstaklingar nái rétti sínum þegar ekki hefur verið farið eftir meginreglunum sem eru framkvæmdar í samræmi við Spurningar og svör:

- Alríkisviðskiptastofnunin (Federal Trade Commission) á grundvelli þeirra heimilda sem hún hefur samkvæmt 5. þætti laganna um stofnunina (Federal Trade Commission Act),

- Samgönguráðuneyti Bandaríkjanna, á grundvelli þeirra heimilda sem það hefur samkvæmt 49. bálki bandarískra laga, þætti 41712.

II. VIÐAUKI

SPURNINGAR OG SVÖR

Spurningar og svör 1 — Viðkvæm gögn

Sp: *Verður fyrirtæki alltaf að gefa kost á sérstöku (opt in) vali með tilliti til viðkvæmra gagna?*

Sv: Nei, þess er ekki krafist að slíkt val fari fram þegar vinnslan er: 1) bráðnauðsynleg fyrir þann sem gögnin varða eða annan einstakling, 2) nauðsynleg til að stofna eða verja réttarkröfur, 3) nauðsynleg fyrir læknishjálp eða sjúkdómsgreiningu, 4) framkvæmd sem liður í löglegri starfsemi sjóðs, félags eða einhverrar annarar stofnunar, sem er ekki rekin í hagnaðarskyni, af stjórnmálalegum, heimspekilegum, trúarlegum eða stéttarlegum toga og með því skilyrði að vinnslan nái einungis til meðlima stofnunarinnar eða þeirra einstaklinga sem eru í reglulegu sambandi við hana í tengslum við tilgang hennar og að gögnin séu ekki afhent þriðja aðila án samþykkis hinna skráðu, 5) nauðsynleg til að rækja skyldur fyrirtækisins á sviði laga um starfsráðningar eða, 6) í tengslum við gögn sem einstaklingurinn hefur augljóslega gert opinber.

Spurningar og svör 2 — Undantekningar vegna dagblaða

Sp: *Gilda meginreglurnar um „örugga höfn" um persónuupplýsingar sem er safnað, viðhaldið og dreift til að birta þær á prenti með tilliti til stjórnarskrárverndaðs prentfrelsis og undantekningarákvæða tilskipunarinnar að því er varðar efni sem birta á á prenti?*

Sv: Þar sem rétturinn til prentfrelsis, sem er innifalinn í fyrstu breytingu á stjórnarskrá Bandaríkjanna, stangast á við réttinn til friðhelgi einkalífsins verður jafnvægi á milli þessara hagsmuna að ráðast af fyrstu breytingunni að því er varðar starfsemi fyrirtækja og einstaklinga í Bandaríkjunum. Persónuupplýsingar sem er safnað í því skyni að gefa þær út, útvarpa þeim, sjónvarpa eða dreifa með öðrum almennum aðferðum við að koma fjölmiðlaefni á framfæri opinberlega, hvort sem þær eru notaðar eða ekki, og upplýsingar, sem teknar eru úr áður birtu efni úr gagnageymslum fjölmiðla, eru ekki háðar kröfum meginreglnanna um „örugga höfn".

Spurningar og svör 3 — Annars stigs ábyrgð

Sp: *Eru veitendur Netþjónustu, fjarskiptafyrirtæki eða önnur fyrirtæki ábyrg samkvæmt meginreglunum um „örugga höfn", þegar þau annast einungis flutning, framsendingu, skiptiþjónustu eða geymslu upplýsinga fyrir aðra sem geta verið brot á ákvæðum þeirra.*

Sv: Nei, ekki er gert ráð fyrir annars stigs ábyrgð, hvorki í tilskipuninni né reglunum um „örugga höfn". Ekki er hægt að draga fyrirtæki til ábyrgðar fyrir það eitt að flytja upplýsingar, sem þriðji aðili sendir, svo framarlega sem það ákveður hvorki til hvers persónuupplýsingarnar eru unnar né aðferðirnar við það.

Spurningar og svör 4 — Fjárfestingarbankar og endurskoðendur

Sp: *Starfsemi endurskoðenda og fjárfestingarbanka getur haft í för með sér vinnslu persónuupplýsinga án samþykkis eða vitneskju viðkomandi einstaklinga. Við hvaða aðstæður er þetta leyft samkvæmt meginreglunum um tilkynningu, valfrelsi og aðgang?*

Sv: Starfsemi fjárfestingarbanka og endurskoðenda getur einungis falið í sér vinnslu persónuupplýsinga án vitneskju viðkomandi einstaklinga að því marki og í þann tíma sem það tekur að uppfylla kröfur um lögboðna eða almenna hagsmuni og í öðrum tilvikum þar sem beiting þessara meginreglna fer í bága við réttmæta hagsmuni fyrirtækisins. Þessir réttmætu hagsmunir ná yfir eftirlit með því að fyrirtækið uppfylli löglegar skyldur sínar og réttmætar bókhaldsaðgerðir og þörfina á þagnarskyldu í tengslum við hugsanleg kaup, samruna, sameiginleg verkefni og önnur svipuð viðskipti sem fjárfestingarbankar eða endurskoðendur annast.

Spurningar og svör 5 — Hlutverk gagnaverndaryfirvalda

Sp: *Hvernig munu fyrirtæki, sem skuldbinda sig til að eiga samstarf við gagnaverndaryfirvöld Evrópusambandsins, standa að þeim skuldbindingum og hvernig verða þær framkvæmdar?*

Sv: Samkvæmt kerfinu „öruggri höfn" er bandarískum fyrirtækjum, sem taka á móti persónuupplýsingum frá Evrópusambandinu, skylt að taka upp skilvirkar aðferðir sem tryggja að farið sé eftir meginreglunum um „örugga höfn". Nánar tiltekið skulu þau, eins og fram kemur í meginreglunni um framfylgd, a) veita einstaklingum sem gögnin tengjast rétt til málskots, b) hafa málsmeðferð til að sannreyna að þær vottanir og yfirlýsingar, sem þau hafa gefið um starfshætti sína, séu réttar, c) skuldbinda sig til að greiða úr vandamálum sem koma upp þegar ekki er farið eftir meginreglunum og láta slík fyrirtæki taka afleiðingunum. Fyrirtæki verður að uppfylla a- og c-lið meginreglunnar um framfylgd ef það gengst undir kröfur þessara Spurninga og svara um samstarf við gagnaverndaryfirvöld.

Fyrirtæki getur skuldbundið sig til að eiga samstarf við gagnaverndaryfirvöld með því að lýsa því yfir í vottorði sínu um „örugga höfn" til viðskiptaráðuneytisins (sjá 6. lið Spurninga og svara um sjálfvottun) að það:

1. kjósi að uppfylla kröfurnar í a- og c-lið meginreglu kerfisins „örugg höfn" um framfylgd með því að skuldbinda sig til samstarfs við gagnaverndaryfirvöld,

2. muni eiga samstarf við gagnaverndaryfirvöld um að rannsaka og leysa kærumál sem kunna að koma upp í tengslum við kerfið „örugga höfn", og

3. fari eftir öllum ráðum gagnaverndaryfirvalda þegar það er mat þeirra að fyrirtækið þurfi að gera sérstakar ráðstafanir til að fara eftir meginreglunum um „örugga höfn", þar á meðal ráðstafanir til að leysa deilumál eða greiða skaðabætur til einstaklinga, sem brot á meginreglunum bitnar á, og muni láta gagnaverndaryfirvöldum í té skriflega staðfestingu á því að slíkar ráðstafanir hafi verið gerðar.

Samstarfið mun, af hálfu gagnaverndaryfirvalda, verða í formi upplýsinga og ráðgjafar sem hér segir:

- Gagnaverndaryfirvöld veita ráðgjöf með milligöngu óformlegrar nefndar gagnaverndaryfirvalda sem komið hefur verið á fót hjá Evrópusambandinu og mun hún meðal annars gagnast við að tryggja samræmda og samfellda aðferð.

- Nefndin veitir bandarískum fyrirtækjum ráðgjöf varðandi óafgreidd kærumál frá einstaklingum um meðferð persónuupplýsinga sem hafa verið fluttar frá Evrópusambandinu samkvæmt reglunum um „örugga höfn". Þessi ráðgjöf verður miðuð við það að tryggja að meginreglunum um „örugga höfn" sé beitt rétt og fela meðal annars í sér upplýsingar um þau úrræði sem viðkomandi einstaklingum bjóðast og gagnaverndaryfirvöld telja hæfileg.

- Nefndin veitir þessa ráðgjöf í málum, sem viðkomandi fyrirtæki vísa til hennar, og/eða varðandi kærur, sem berast henni beint frá einstaklingum, á hendur fyrirtækjum sem hafa skuldbundið sig til að eiga samstarf við gagnaverndaryfirvöld um „örugga höfn" og hvetur og, ef þess gerist þörf, aðstoðar þessa einstaklinga til að byrja á því að nota þá innri kærumálameðferð sem fyrirtækið kann að bjóða.

- Ráðgjöf verður einungis veitt þegar báðir aðilar í deilumáli hafa fengið eðlilegt tækifæri til að gera athugasemdir og leggja fram þau gögn sem þeir óska. Nefndin mun leitast við að veita ráðgjöf eins fljótt og auðið er með tilliti til kröfunnar um rétta meðferð málsins. Meginreglan er sú að nefndin stefni að því að veita ráðgjöf innan 60 daga frá því að henni berst kæra eða máli er vísað til hennar og fyrr ef það er unnt.

- Nefndin birtir opinberlega niðurstöður sínar um kærur sem henni berast ef hún telur ástæðu til.

- Ráðgjöf, sem nefndin veitir, hefur ekki í för með sér neinar kvaðir, hvorki fyrir nefndina sjálfa né einstök gagnaverndaryfirvöld.

Eins og getið er hér að framan verða fyrirtæki, sem velja þennan kost til að leysa deilumál, að fara að ráðum gagnaverndaryfirvalda. Ef fyrirtæki fer ekki að ráðum nefndarinnar innan 25 daga frá því að þau eru gefin, og leggur ekki fram fullnægjandi skýringu á þeirri töf, lætur nefndin vita af því að hún áformi annaðhvort að leggja málið fyrir Alríkisviðskiptastofnunina (Federal Trade Commission) eða aðra bandaríska alríkis- eða ríkisstofnun sem hefur lögmæltar heimildir til að framfylgja málinu með aðgerðum ef um er að ræða sviksemi eða villandi upplýsingar eða hún ályktar að um alvarlegt brot sé að ræða á samningnum um samstarf og þess vegna verði að líta svo á að hann sé ógildur. Í síðarnefnda tilvikinu tilkynnir nefndin viðskiptaráðuneytinu (eða fulltrúa þess) um það svo að hægt sé að breyta skránni yfir aðila að reglukerfinu um „örugga höfn". Ef ekki er staðið við skuldbindingar um samstarf við gagnaverndaryfirvöld eða ekki farið eftir meginreglunum um „örugga höfn" gefur það tilefni til málsóknar fyrir sviksamlega starfshætti samkvæmt 5. kafla laga um Alríkisviðskiptastofnunina eða áþekkum lögum.

Fyrirtæki, sem velja þennan kost, þurfa að greiða árgjald sem miðast við að það nægi fyrir kostnaði vegna starfa nefndarinnar og auk þess kunna þau að verða krafin um kostnað vegna þýðinga í tengslum við meðferð nefndarinnar á málskotum eða kærur á hendur þeim. Árgjaldið verður ekki hærra en 500 Bandaríkjadollarar og lægra fyrir lítil fyrirtæki.

Fyrirtæki, sem gerast aðilar að kerfinu um „örugga höfn", eiga kost á samstarfi við gagnaverndaryfirvöld í þrjú ár. Gagnaverndaryfirvöld endurskoða þetta fyrirkomulag fyrir lok þess tímabils ef í ljós kemur að of mörg bandarísk fyrirtæki hafa valið þennan kost.

Spurningar og svör 6 — Sjálfvottun

Sp: *Hvernig vottar fyrirtæki sjálft að það gangist undir meginreglurnar um „örugga höfn"?*

Sv: Fyrirtæki njóta hagræðis af reglunum um „örugga höfn" frá þeim degi er fyrirtækið vottar sjálft hjá viðskiptaráðuneytinu (eða fulltrúa þess) að það gangist undir meginreglurnar í samræmi við leiðbeiningarnar hér á eftir.

Fyrirtæki geta sjálf vottað að þau hlíti meginreglunum um „örugga höfn" með því að senda bréf til viðskiptaráðuneytisins (eða fulltrúa þess), undirritað af manni í ábyrgðarstöðu fyrir hönd fyrirtækisins sem gerist aðili að kerfinu „öruggri höfn" og í því skulu vera að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar:

1. nafn fyrirtækisins, póstfang, tölvupóstfang og síma- og bréfasímanúmer,

2. lýsing á starfsemi fyrirtækisins með tilliti til persónuupplýsinga sem berast frá Evrópusambandinu, og

3. lýsing á stefnu fyrirtækisins varðandi vernd slíkra persónuupplýsinga, þar með talið, a) hvort almenningur geti kynnt sér hana, b) hvenær henni verði hrundið í framkvæmd, c) hvaða aðili taki við kærum, umsóknum um aðgang og annist önnur mál sem koma upp í tengslum við „örugga höfn", d) sérstakur lögskipaður aðili sem hefur lögsögu í kærumálum á hendur fyrirtækinu varðandi hugsanlega óréttláta eða villandi viðskiptahætti og brot á lögum eða reglum um friðhelgi einkalífsins (og sem er skráður í viðaukanum við meginreglurnar), e) nafn allra áætlana til verndar einkalífsins sem fyrirtækið er aðili að, f) aðferð við sannprófun (t.d. innra eftirlit, eftirlit þriðja aðila) ([1]), g) óháður málskotsaðili sem hægt er að fá til að rannsaka óleyst kærumál.

Fyrirtæki, sem vill að hagræði af kerfinu „öruggri höfn" nái til starfsmannaupplýsinga, sem eru fluttar frá Evrópusambandinu til að nota í tengslum við starfsráðningar er það heimilt þegar lögskipaður aðili er til staðar sem hefur lögsögu í kærumálum á hendur fyrirtækinu sem rísa vegna starfsmannaupplýsinga sem eru skráðar í viðaukanum við meginreglurnar. Auk þess skal fyrirtækið taka það fram í bréfi sínu og lýsa því yfir að það skuldbindi sig til að eiga samstarf við viðkomandi yfirvald eða yfirvöld Evrópusambandsins í samræmi við 9. eða 5. lið Spurninga og svara, eftir því sem við á, og að það muni fara að ráðum þessara yfirvalda.

Viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna (eða fulltrúi þess) heldur skrá yfir öll fyrirtæki sem hafa sent slík bréf og tryggir með því að þau geti notið hagræðis af „öruggri höfn" og uppfærir þessa skrá á grundvelli árlegra bréfa og tilkynninga sem berast samkvæmt 11. lið Spurninga og svara. Slík sjálfvottunarbréf skal senda eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Sé það ekki gert er fyrirtækið tekið af skránni og það á ekki lengur víst að njóta hagræðis af reglunum um „örugga höfn". Bæði skráin og sjálfvottunarbréf fyrirtækjanna verða birt opinberlega. Öll fyrirtæki sem leggja fram sjálfvottun í tengslum við „örugga höfn" verða einnig að tilgreina að þau gangist undir meginreglurnar í viðkomandi stefnuyfirlýsingum sem þau birta.

Sú skuldbinding að gangast undir meginreglurnar um „örugga höfn" gildir án tímatakmarkana þegar um er að ræða gögn sem tekið við á því tímabili sem fyrirtæki nýtur hagræðis af „öruggri höfn". Skuldbinding fyrirtækis merkir að það muni halda áfram að beita meginreglunum á slík gögn svo lengi sem það geymir, notar eða dreifir þeim, jafnvel þótt það hætti síðar aðild að „öruggri höfn" af einhverjum ástæðum.

Fyrirtæki, sem hættir að vera til sem sérstakur lögaðili vegna samruna eða yfirtöku, verður að tilkynna viðskiptaráðuneytinu (eða fulltrúa þess) um það fyrirfram. Í tilkynningunni skal einnig koma fram hvort fyrirtækið, sem yfirtekur annað fyrirtæki, eða fyrirtækið, sem verður til við samruna, muni 1) halda áfram að vera bundið af meginreglunum um „örugga höfn" á grundvelli laga sem gilda um yfirtöku eða samruna, eða 2) velja á milli þess að votta sjálft að það gangist undir meginreglurnar um „örugga höfn" eða setja

([1]) Sjá SPS 7 um vottun.

í staðinn aðrar verndarráðstafanir, svo sem skriflegan samning sem tryggir að farið sé eftir meginreglunum um „örugga höfn". Ef hvorki 1) eða 2) á við verður þegar í stað að eyða öllum gögnum sem hefur verið aflað í skjóli reglnanna um „örugga höfn".

Fyrirtæki þarf ekki að beita meginreglunum um „örugga höfn" á allar persónuupplýsingar en það verður að beita þeim á allar persónuupplýsingar sem það tekur á móti frá Evrópusambandinu eftir að það gerist aðili að kerfinu „öruggri höfn".

Alríkisviðskiptastofnunin eða önnur viðeigandi stjórnarstofnun getur gripið til aðgerða gagnvart fyrirtæki sem veitir almenningi villandi upplýsingar um að það hafi gengist undir meginreglurnar um „örugga höfn". Grípa má til aðgerða gegn fyrirtæki, sem gefur viðskiptaráðuneytinu (eða fulltrúa þess) villandi upplýsingar, samkvæmt bandarískum lögum um rangar upplýsingar (False Statements Act 18 U.S.C. § 1001).

Spurningar og svör 7 — Sannprófun

Sp: *Hvernig beita fyrirtæki eftirfylgniaðgerðum til að sannprófa að vottanir og yfirlýsingar þeirra um starfshætti sína við að beita reglum „öruggrar hafnar" með tilliti til friðhelgi einkalífsins séu réttar og slíkir starfshættir verið viðhafðir á þann hátt sem gefið er til kynna og í samræmi við meginreglurnar um „örugga höfn".*

Sv: Til að uppfylla sannprófunarkröfur í meginreglunni um framfylgd getur fyrirtæki sannprófað slíkar vottanir og yfirlýsingar annaðhvort með sjálfsmati eða með samræmisathugunum aðila utan fyrirtækisins.

Ef sjálfsmatsleiðin er farin verður slík sannprófun að gefa til kynna að auglýst einkalífsverndarstefna fyrirtækisins með tilliti til persónuupplýsinga sem berast frá Evrópusambandinu, sé rétt, heildstæð, sett fram á áberandi hátt, framkvæmd til fulls og auðvelt að fá aðgang að henni. Einnig skal sannprófun leiða í ljós að stefnan varðandi friðhelgi einkalífsins sé í samræmi við meginreglurnar um „örugga höfn", að einstaklingar fái upplýsingar um innri kærumeðferð og um óháðan aðila þar sem hægt er að leggja fram kærur, að til séu aðferðir til að þjálfa starfsmenn við framkvæmdina og að tekið sé á því ef þeir nota þær ekki og að fyrir hendi sé innri málsmeðferð til að gera reglubundið hlutlæga athugun á því hvort farið sé eftir framansögðu. Að minnsta kosti einu sinni á ári skal maður í ábyrgðarstöðu í fyrirtækinu eða annar fulltrúi þess undirrita yfirlýsingu um að sjálfsmatið hafi verið sannreynt og hafa hana tiltæka fyrir einstaklinga sem óska eftir því eða í tengslum við rannsókn eða kærur um að ekki sé farið að reglum.

Fyrirtæki skulu halda skrá yfir starfshætti sína við að framfylgja reglunum um „örugga höfn" og hafa hana tiltæka, samkvæmt beiðni, fyrir óháðan aðila sem rannsakar kærur um að ekki sé farið eftir reglum eða fyrir það yfirvald sem hefur lögsögu í málum sem varða óheiðarlega eða villandi viðskiptahætti.

Þegar fyrirtæki kýs samræmisathugun utanaðkomandi aðila skal slík athugun leiða í ljós að stefna þess varðandi friðhelgi einkalífsins með tilliti til persónuupplýsinga sem berast frá Evrópusambandinu sé í samræmi við meginreglurnar um „örugga höfn", að farið sé eftir þeim reglum og að einstaklingar séu upplýstir um eftir hvaða leiðum þeir geta borið fram kærur. Við athugun má beita ótakmarkað aðferðum á borð við endurskoðun, slembiathuganir, notkun „tálbeitu" eða notkun tæknibúnaðar eftir því sem við á. Að minnsta kosti einu sinni á ári skal eftirlitsaðili, aðili í ábyrgðarstöðu í fyrirtækinu eða annar viðurkenndur fulltrúi þess undirrita yfirlýsingu þar sem staðfest er að utanaðkomandi athugun á samræmi hafi farið fram og hafa hana tiltæka fyrir einstaklinga sem óska eftir því eða í tengslum við rannsókn eða kærur um að ekki sé farið að reglum.

Spurningar og svör 8 — Aðgangur

Meginreglur um aðgang:

Einstaklingar skulu hafa aðgang að persónuupplýsingum sem fyrirtæki hafa um þá og eiga kost á að leiðrétta, breyta eða eyða upplýsingum sem eru ekki réttar, nema fyrirhöfnin og kostnaðurinn við að fá aðgang, í því tilviki sem um ræðir, sé í engu samræmi við hættuna á að réttur einstaklings til friðhelgi einkalífsins, eða lögmætur réttur annarra einstaklinga, sé brotinn.

1. Sp: *Er rétturinn til aðgangs ótakmarkaður?*

1. Sv: Nei. Samkvæmt meginreglunum um örugga höfn er aðgangsrétturinn grundvallaratriði að því er varðar vernd einkalífsins. Einkum veitir hann einstaklingum færi á að sannreyna hvort upplýsingar um þá séu réttar. Engu að síður er sú skylda fyrirtækis að veita aðgang að persónuupplýsingum, sem það hefur undir höndum, háð meðalhófs- eða réttmætisreglunni og hana þarf að takmarka í sumum tilvikum. Raunar kemur skýrt fram í greinargerð með viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um friðhelgi einkalífsins að sú skylda sé ekki ótakmörkuð. Rétturinn til aðgangs hefur ekki í för með sér heimildir til jafnnákvæmrar leitar og til dæmis þegar fyrirtækinu er stefnt og ekki er heldur krafist aðgangs að öllum þeim miðlum sem fyrirtækið kann að nota til að geyma upplýsingar.

Reynslan hefur þó sýnt að þegar fyrirtæki bregðast við beiðni einstaklings um aðgang ættu þau fyrst huga að ástæðunni fyrir því að beiðnin kemur fram. Ef beiðni um aðgang er til dæmis óljós eða umfangsmikil getur fyrirtækið rætt við einstaklinginn til að skilja betur ástæðuna fyrir beiðninni og til að auðvelda leitina að umbeðnum upplýsingum. Fyrirtækið getur hugsanlega leitað svara við því hvaða hluta þess einstaklingurinn hefur haft samskipti við og/eða um eðli þeirra upplýsinga (eða þau not) sem eru tilefni aðgangsbeiðninnar. Einstaklingar þurfa þó ekki að færa rök fyrir beiðni um aðgang að gögnum um þá sjálfa.

Kostnaður og aukið álag eru þýðingarmiklir þættir sem taka þarf tillit til en þeir ráða ekki úrslitum þegar ákveða þarf hvort sanngjarnt sé að veita aðgang. Ef upplýsingarnar eru til dæmis notaðar í tengslum við ákvarðanir, sem hafa veruleg áhrif fyrir einstaklinginn (varða t.d. mikilvæga hagsmuni, svo sem tryggingar, lán eða atvinnu), verður fyrirtækið, í samræmi við önnur ákvæði í þessum spurningum og svörum, að afhenda þessar upplýsingar þótt það hafi í för með sér tiltölulega mikla fyrirhöfn eða kostnað.

Ef upplýsingarnar sem beðið er um eru ekki viðkvæmar eða ekki notaðar í tengslum við ákvarðanir sem hafa veruleg áhrif á einstaklinginn (t.d. markaðsgögn sem eru notuð til að ákvarða hvort senda eigi einstaklingnum bækling eða ekki) en auðvelt er og ódýrt að afla þeirra, verður fyrirtækið að veita aðgang að þeim upplýsingum um staðreyndir sem þar eru geymdar um einstaklinginn. Viðkomandi upplýsingar geta verið staðreyndir fengnar frá einstaklingnum sjálfum, staðreyndir sem hefur verið safnað í tengslum við viðskipti eða staðreyndir sem snerta einstaklinginn, fengnar frá öðrum.

Í samræmi við meginregluna um aðgang skulu fyrirtæki jafnan leitast við að veita aðgang. Ef vernda þarf t.d. tilteknar upplýsingar og auðvelt er að aðskilja þær frá öðrum upplýsingum sem beðið er um aðgang að skal fyrirtækið skilja vernduðu upplýsingarnar frá og veita aðgang að hinum upplýsingunum. Ef fyrirtæki ákveður að synja skuli um aðgang í einhverju tilviki skal það gefa einstaklingnum, sem biður um aðgang, skýringu á því hvers vegna sú ákvörðun var tekin og upplýsa hann um það hvert hann getur snúið sér með frekari fyrirspurnir.

2. Sp: *Hvað eru viðskiptaupplýsingar sem eru trúnaðarmál og getur fyrirtæki synjað um aðgang til að vernda þær?*

2. Sv: Viðskiptaupplýsingar, sem eru trúnaðarmál, eins og það hugtak er notað í bandarískum lögum (the Federal Rules of Civil Procedure on discovery) eru upplýsingar sem fyrirtæki hefur gert ráðstafanir til að verði ekki afhentar því að samkeppnisaðili á markaðinum hefði hag af því. Tiltekið tölvukerfi sem fyrirtæki notar, til dæmis hönnunarkerfi, eða einstakir hlutar þess geta verið viðskiptaupplýsingar sem eru trúnaðarmál. Ef auðvelt er að aðskilja viðskiptaupplýsingar sem eru trúnaðarmál frá öðrum upplýsingum, sem beðið er um aðgang að, skal fyrirtækið skilja þær frá og veita aðgang að hinum upplýsingunum. Fyrirtæki getur synjað um aðgang eða takmarkað hann ef hætta er á að það ljóstri upp sínum eigin viðskiptaupplýsingum sem eru trúnaðarmál, eins og skilgreint er hér að framan, til dæmis varðandi markaðsstærðir og -flokkun, eða viðskiptaupplýsingum annarra fyrirtækja, sem eru trúnaðarmál, þegar slíkar upplýsingar eru háðar samningsbundnum skyldum um trúnað við aðstæður þar sem fyrirtæki taka venjulega á sig eða er gert að taka á sig slíkar skuldbindingar um trúnað.

3. Sp: *Getur fyrirtæki látið nægja að afhenda einstaklingum persónuupplýsingar um þá úr gagnagrunni sínum eða þarf það að veita aðgang að gagnagrunninum?*

3. Sv: Fyrirtæki getur veitt einstaklingi aðgang með því að afhenda viðkomandi upplýsingar og þarf ekki að veita honum aðgang að gagnagrunni sínum.

4. Sp: *Þarf fyrirtæki að ummóta gagnagrunna sína til að geta veitt aðgang?*

4. Sv: Einungis þarf að veita aðgang að því marki sem fyrirtækið geymir upplýsingar. Meginreglan um aðgang skuldbindur ekki fyrirtæki til að geyma, viðhalda, endurskipuleggja eða ummóta skrár með persónuupplýsingum.

5. Sp: *Skýrt kemur fram í þessum svörum að í sumum tilvikum er hægt að synja um aðgang. Í hvaða tilvikum öðrum getur fyrirtæki synjað einstaklingum um aðgang að persónuupplýsingum um þá?*

5. Sv: Um er að ræða takmörkuð tilvik og hafa verður sérstakar ástæður fyrir því að synja um aðgang. Fyrirtæki getur neitað að veita aðgang að upplýsingum að því marki að líklegt sé að afhending stangist á við vernd þýðingarmikilla almennra hagsmuna svo sem þjóðaröryggis, landvarna eða almannaöryggis. Einnig er hægt að synja um aðgang ef vinnsla persónuupplýsinga er eingöngu vegna rannsókna eða tölfræði. Einnig er hægt að synja um aðgang eða takmarka hann þegar hann:

a. veldur erfiðleikum við framkvæmd eða framfylgd laganna, þar á meðal að koma í veg fyrir, rannsaka eða koma upp um brot eða að því er varðar réttinn til réttlátrar dómsmeðferðar;

b. veldur erfiðleikum í tengslum við rekstur einkamála, þar á meðal að fyrirbyggja eða rannsaka réttarkröfur og réttur til réttlátrar dómsmeðferðar;

c. felur í sér afhendingu persónuupplýsinga um aðra einstaklinga þegar ekki er hægt að skilja slíkar upplýsingar frá;

d. felur í sér brot á löglegum eða öðrum faglegum forréttindum eða skyldum;

e. felur í sér nauðsynlegan trúnað varðandi væntanlegar eða yfirstandandi samningaviðræður t.d í tengslum við kaup á fyrirtækjum á verðbréfamarkaði;

f. veldur erfiðleikum við öryggiseftirlit sem varðar starfsmenn eða meðferð kvörtunarmála;

g. raskar trúnaði sem kann að vera nauðsynlegur í takmarkaðan tíma í tengslum við áætlanir um röðun starfsmanna og endurskipulagningu félaga; eða

h. raskar trúnaði sem kann að vera nauðsynlegur í tengslum við gæslu, eftirlit eða stjórnunarstörf í tengslum við trausta efnahags- eða fjárhagsstjórnun; eða

i. hefði, við aðrar aðstæður, í för með sér óeðlilega fyrirhöfn eða kostnað eða að gengið yrði á lögmæt réttindi eða hagsmuni annarra.

Sönnunarbyrðin hvílir á fyrirtæki sem áskilur sér rétt til að neita um aðgang á grundvelli undantekningar (eins og venjan er). Eins og fram kemur hér að framan skal upplýsa einstaklinga um ástæður fyrir synjun eða takmörkun á aðgangi og hvert þeir geta snúið sér með frekari fyrirspurnir.

6. Sp: *Getur fyrirtæki tekið gjald til að standa straum af kostnaði við að veita aðgang?*

6. Sv: Já, í viðmiðunarreglum OECD er það viðurkennt að fyrirtæki geti tekið gjald, að því tilskildu að það sé ekki óhóflega hátt. Fyrirtækin mega því taka hóflegt gjald fyrir aðgang. Gjaldtaka getur verið gagnleg til að draga úr endurteknum og tilefnislausum fyrirspurnum.

Fyrirtæki, sem starfa við sölu upplýsinga sem allir hafa greiðan aðgang að, mega því taka það gjald sem fyrirtæki taka venjulega fyrir svör við beiðnum um aðgang. Einstaklingar geta einnig valið að fá aðgang að upplýsingum um sig frá fyrirtækjunum sem söfnuðu þeim upphaflega.

Ekki er hægt að synja um aðgang á grundvelli kostnaðar ef hlutaðeigandi býðst til að greiða kostnaðinn.

7. Sp: *Þarf fyrirtæki að veita aðgang að persónuupplýsingum sem eru fengnar úr opinberum skrám?*

7. Sp: Opinberar skrár eru skrár stofnana, hvar sem er í stjórnsýslunni, sem almenningur hefur aðgang að. Ekki er nauðsynlegt að beita meginreglunni um aðgang á slíkar upplýsingar á meðan þær eru ekki samtengdar við aðrar persónuupplýsingar nema þegar upplýsingar í litli magni, úr óopinberum skrám, eru notaðar til að flokka eða skipuleggja upplýsingar í opinberum skrám. Þó verður að uppfylla öll skilyrði sem lögbært yfirvald setur fyrir aðgangi að þeim. Þegar upplýsingar úr opinberum skrám eru samtengdar við aðrar upplýsingar úr óopinberum skrám (öðrum en þeim sem eru sérstaklega tilgreindar hér að framan) verður fyrirtæki þó að veita aðgang að öllum slíkum upplýsingum að því gefnu að þær falli ekki undir aðrar leyfðar undantekningar.

8. Sp: *Þarf að beita meginreglunni um aðgang á persónuupplýsingar sem allir hafa greiðan aðgang að?*

8. Sv: Að því er varðar upplýsingar úr opinberum skrám (sjá 7. Sp.) er ekki nauðsynlegt að beita meginreglunni um aðgang vegna upplýsinga sem allur almenningur hefur þegar greiðan aðgang að á meðan þær eru ekki samtengdar við upplýsingar sem ekki er almennur aðgangur að.

9. Sp: *Hvernig getur fyrirtæki varið sig gegn endurteknum og tilefnislausum beiðnum um aðgang?*

9. Sv: Fyrirtæki þarf ekki að svara slíkum beiðnum um aðgang. Þess vegna geta fyrirtæki tekið sanngjarnt gjald og sett því eðlileg takmörk hve oft þau svara beiðni frá tilteknum einstaklingi á tilteknu tímabili. Þegar fyrirtækið setur slíkar takmarkanir skal það tala mið af þáttum eins og því hve oft upplýsingar eru uppfærðar, í hvaða tilgangi þær eru notaðar og hvers eðlis þær eru.

10. Sp: *Hvernig getur fyrirtæki varið sig gegn sviksamlegum beiðnum um aðgang?*

10. Sv: Fyrirtæki þarf ekki að veita aðgang nema það fái nægar upplýsingar til að geta staðfest hver það er sem leggur fram beiðnina.

11. Sp: *Þarf að svara beiðni um aðgang innan tiltekins frests?*

11. Sv: Já, fyrirtæki þurfa að svara án óþarfrar tafar og innan hæfilegs frests. Hægt er að fullnægja þessari kröfu á mismunandi vegu eins og fram kemur í greinargerð með viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) frá 1980 um friðhelgi einkalífsins. Til dæmis getur ábyrgðaraðili

gagnanna, sem og veitir upplýsingar til þeirra sem gögnin eru um með reglulegu millibili, verið undanþeginn skyldunni að svara einstökum beiðnum þegar í stað.

Spurningar og svör 9 — Starfsmannaupplýsingar

1. Sp: *Gilda reglurnar um „örugga höfn" um flutning persónuupplýsinga, sem hefur verið safnað vegna starfsráðninga, frá Evrópusambandinu til Bandaríkjanna*

1. Sv: Já, þegar fyrirtæki í Evrópusambandinu flytur persónuupplýsingar, sem það hefur safnað um starfsmenn sína (núverandi eða fyrrverandi) vegna starfsráðninga, til móðurfyrirtækis eða fyrirtækis í eignartengslum eða án eignartengsla, sem veitir þjónustu í Bandaríkjunum og er aðili að kerfinu „öruggri höfn", gildir það kerfi um flutning gagnanna. Í þeim tilvikum verður öflun upplýsinganna og vinnsla þeirra áður en flutningur á sér stað að vera í samræmi við landslög í því landi Evrópusambandsins þar sem þeim var safnað og öll skilyrði eða takmarkanir á flutningi þeirra samkvæmt þeim lögum virt.

   Meginreglurnar um „örugga höfn" eiga aðeins við þegar persónugreinanlegar upplýsingar eru fluttar eða skoðaðar. Tölfræðiskýrslur sem byggja á gagnasafni um starfsráðningar og/eða notkun nafnlausra eða dulkóðaðra gagna falla ekki undir friðhelgi einkalífsins.

2. Sp: *Á hvaða hátt gilda meginreglurnar um tilkynningu og valfrelsi um slíkar upplýsingar?*

2. Sv: Bandarískt fyrirtæki sem hefur tekið við upplýsingum um starfsmenn frá Evrópusambandinu samkvæmt reglunum um „örugga höfn" getur einungis afhent þær þriðja aðila og/eða notað þær í öðrum tilgangi ef það er gert í samræmi við meginreglurnar um tilkynningu og valfrelsi. Ef bandarískt fyrirtæki ætlar til dæmis að nota persónuupplýsingar, sem er safnað í tengslum við starfsráðningar, í einhverjum þeim tilgangi sem ekki tengist starfsráðningum, til dæmis í tengslum við markaðssetningu, verður það að veita einstaklingunum, sem upplýsingarnar varða, kost á vali áður en það er gert nema þeir hafi áður heimilað að upplýsingarnar yrðu notaðar í þeim tilgangi. Valfrelsi starfsmanns má ekki nota þannig að ráðningarmöguleikar hans séu takmarkaðir eða til að refsa honum á neinn hátt.

   Rétt er að benda á að tiltekin skilyrði, sem gilda almennt um flutning frá sumum aðildarríkjum, geta útilokað aðra notkun slíkra upplýsinga, jafnvel eftir að þær hafa verið fluttar út úr Evrópusambandinu, og slík skilyrði skal virða.

   Vinnuveitendur skulu enn fremur leggja sig fram um að koma til móts við óskir starfsmanna um friðhelgi einkalífsins. Þetta felur til dæmis í sér takmarkaðan aðgang að gögnum, nafnleysi tiltekinna gagna eða notkun kóða eða dulnefna þegar ekki er nauðsynlegt að nota réttu nöfnin við þá vinnslu sem um er að ræða.

   Fyrirtæki þarf ekki að gefa kost á tilkynningu og valfrelsi að því marki og í þann tíma sem nauðsynlegur er til að komast hjá því að lögmætir hagsmunir fyrirtækisins skerðist að því er varðar stöðuhækkanir, stöðuveitingar eða aðrar ákvarðanir í tengslum við ráðningar.

3. Sp: *Á hvaða hátt er meginreglunni um aðgang beitt?*

3. Sv: Spurningar og svör um aðgang veita leiðbeiningar um ástæður sem geta réttlætt synjun eða takmörkun aðgangs sem beðið er um í tengslum við starfsmannaupplýsingar. Vinnuveitendur í Evrópusambandinu skulu að sjálfsögðu fara eftir innlendum reglum og sjá til þess að starfsmenn í Evrópusambandinu hafi aðgang að þeim upplýsingum sem krafist er samkvæmt lögum í heimalöndum þeirra án tillits til þess hvar gögnin eru unnin og geymd. Samkvæmt reglunum um „örugga höfn" skal fyrirtæki, sem vinnur úr slíkum gögnum í Bandaríkjunum, hafa samstarf um að veita aðgang, annaðhvort beint eða með milligöngu vinnuveitanda í Evrópusambandinu.

4. Sp: *Hvernig verður framfylgd meginreglnanna um „örugga höfn" háttað með tilliti til upplýsinga um starfsmenn?*

4. Sv: Að svo miklu leyti sem upplýsingar eru eingöngu notaðar í tengslum við ráðningar starfsmanna liggur ábyrgðin á gögnum um starfsmanninn fyrst og fremst hjá fyrirtækinu í Evrópubandalaginu. Af því leiðir að þegar evrópskir starfsmenn leggja fram kæru vegna brots á rétti þeirra til gagnaverndar, og eru ekki ánægðir með niðurstöður málsmeðferðar við innra eftirlit, kærur og áfrýjun (eða annarrar málsmeðferðar sem er beitt við kvörtunarmál samkvæmt samningi við stéttarfélag), skal þeim beint til gagnaverndar ríkisins eða yfirvalds sem hefur lögsögu í atvinnumálum á þeim stað þar sem starfsmaðurinn vinnur. Þetta gildir einnig í tilvikum þar sem meint misnotkun á persónuupplýsingum um þá hefur átt sér stað í Bandaríkjunum og er á ábyrgð bandarísks fyrirtækis, sem hefur fengið upplýsingar frá vinnuveitandanum, en ekki á ábyrgð vinnuveitandans, og er þess vegna meint brot á meginreglunum um „örugga höfn" fremur en á innlendum lögum til framkvæmdar tilskipuninni. Þetta er skilvirk aðferð til að meðhöndla réttindi og skyldur sem oft skarast og eru ákveðin í vinnulöggjöf og kjarasamningum og einnig í lögum um gagnavernd.

Bandarískt fyrirtæki, sem á aðild að kerfinu „öruggri höfn" og notar starfsmannaupplýsingar frá Evrópusambandinu, sem eru fluttar þaðan í tengslum við starfsráðningar, og óskar eftir því að reglunum um „örugga höfn" sé beitt við þann flutning, verður því að skuldbinda sig til að eiga samstarf um rannsóknir við þar til bær yfirvöld í Evrópusambandinu og fara að ráðum þeirra um þau mál. Gagnaverndaryfirvöld, sem hafa samþykkt að eiga samstarf á þennan hátt, skulu tilkynna framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna og viðskiptaráðuneytinu um það. Ef bandarískt fyrirtæki, sem er aðili að kerfinu „öruggri höfn", óskar að flytja starfsmannaupplýsingar frá aðildarríki og gagnaverndaryfirvöld hafa ekki samþykkt það gilda ákvæði 5. liðar í Spurningum og svörum.

Spurningar og svör 10 — Samningar samkvæmt 17. gr.

Sp: *Er nauðsynlegt að gera samning þegar gögn eru flutt frá Evrópusambandinu til Bandaríkjanna til vinnslu eingöngu, án tillits til þess hvort sá sem vinnur úr gögnunum á aðild að kerfinu „öruggri höfn"?*

Sv: Já, ábyrgðaraðilar gagna í Evrópusambandinu þurfa alltaf að gera samning þegar gögn eru flutt til vinnslu eingöngu, hvort sem vinnslan fer fram innan eða utan Evrópusambandsins. Tilgangurinn með samningi er að vernda hagsmuni ábyrgðaraðila gagnanna, þ.e. þess einstaklings eða stofnunar sem ákveður til hvers gögnin eru unnin og hvernig það er gert og ber fulla ábyrgð á gögnunum gagnvart viðkomandi einstaklingi eða einstaklingum. Í samningnum skal því koma fram hvernig fyrirhugað er að vinna úr gögnunum og allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja vernd þeirra.

Bandarískt fyrirtæki, sem á aðild að kerfinu „öruggri höfn" og tekur við persónuupplýsingum frá Evrópusambandinu til vinnslu eingöngu, þarf því ekki að beita meginreglunum við meðferð þessara upplýsinga þar eð sá sem hefur umsjón með þeim innan Evrópusambandsins ber áfram ábyrgð á þeim gagnvart einstaklingnum í samræmi við viðkomandi ákvæði Evrópusambandsins (sem geta verið strangari en jafngildar meginreglur um „örugga höfn").

Þar eð þeir sem eiga aðild að kerfinu „öruggri höfn" veita nægа vernd þarf ekki að fá fyrirfram leyfi fyrir samningum við þá ef þeir snerta eingöngu vinnslu upplýsinga (eða slík leyfi fást sjálfkrafa afgreidd hjá aðildarríkjunum) þótt þess þurfi vegna samninga við viðtakendur sem eiga ekki aðild að „öruggri höfn" eða veita ekki fullnægjandi vernd á annan hátt.

Spurningar og svör 11 — Lausn deilumála og framfylgd

Sp: *Hvernig á að framkvæma kröfuna um lausn deilumála, sem er ákveðin í meginreglunni um framfylgd, og hvernig skal bregðast við ef fyrirtæki vanrækir stöðugt að fara eftir meginreglum?*

Sv: Kröfur um framfylgd reglnanna um „örugga höfn" eru ákveðnar í meginreglunni um framfylgd. Í spurningum og svörum um sannprófun (7. liður Spurninga og svara) kemur fram hvernig skuli uppfylla kröfurn-

ar í b-lið meginreglunnar. Í þessum lið (11. lið Spurninga og svara) er fjallað um a- og c-lið en í þeim báðum er gerð krafa um óháða málskotsaðila. Þessir aðilar geta haft mismunandi kerfi en þeir verða að uppfylla kröfur meginreglunnar um framfylgd. Fyrirtæki geta uppfyllt kröfurnar með því að: 1) vera í samræmi við áætlanir um friðhelgi einkalífsins, sem hafa verið þróaðar innan einkageirans og fela í sér meginreglurnar um „örugga höfn" skilvirk kerfi til framfylgdar af þeirri gerð sem er lýst í meginreglunni um framfylgd, 2) skuldbinda sig til að fara eftir reglum eftirlitsyfirvalda sem eru til þess bær samkvæmt lögum eða stjórnsýslufyrirmælum að taka einstakar kærur til meðferðar og leysa deilumál eða 3) skuldbinda sig til að eiga samstarf við gagnaverndaryfirvöld sem eru staðsett í Evrópusambandinu eða viðurkennda fulltrúa þeirra. Þessari skrá er ætlað að vera lýsandi en ekki takmarkandi. Einkaaðilar geta hannað önnur kerfi fyrir framfylgd svo fremi að þau séu í samræmi við kröfurnar sem eru settar fram í meginreglunni um framfylgd og í Spurningum og svörum. Takið eftir að kröfurnar, sem koma fram í meginreglunni um framfylgd, eru til viðbótar kröfunum, sem eru settar fram í 3. mgr. inngangsins að meginreglunum, um að draga megi fyrirtæki til ábyrgðar vegna framtaks undir eigin eftirliti samkvæmt 5. gr. í lögum um Alríkisviðskiptastofnunina eða svipuðum lögum.

Málskotsaðili.

Hvetja skal neytendur til að bera fram þær kvartanir sem þeir kunna að hafa við viðkomandi fyrirtæki áður en haldið er áfram með kæruna til óháðs málskotsaðila. Hægt er að sýna á ýmsa vegu að málskotsaðili geti talist óháður, til dæmis með innsýn í samsetningu hans og fjármál eða með staðfestri ferilskrá. Eins og kveðið er á í meginreglunni um framfylgd skulu einstaklingar eiga greiðan aðgang að málskotsaðila án mikils tilkostnaðar. Aðilar, sem annast lausn deilumála, athuga allar kærur sem berast frá einstaklingum nema þær séu augljóslega tilefnislausar eða alvörulausar. Þetta kemur ekki í veg fyrir að málskotsaðilinn geti sett skilyrði fyrir því að taka við kærum en slík skilyrði skulu vera gagnsæ og á rökum reist (t.d. til að útiloka kærur sem falla utan gildissviðs áætlunarinnar eða sem skoða skal á öðrum vettvangi), og skulu ekki hafa þau áhrif að draga úr skyldunni að athuga lögmætar kærur. Auk þess skal málskotsaðili veita einstaklingum ítarlegar og aðgengilegar upplýsingar um málsmeðferð við lausn deilumála þegar þeir leggja fram kæru. Í þeim upplýsingum skal gerð grein fyrir starfsháttum aðilans að því er varðar friðhelgi einkalífsins í samræmi við meginreglurnar um örugga höfn (1). Þeir skulu einnig starfa saman að þróun hjálpartækja eins og staðlaðra eyðublaða fyrir kærur til að auðvelda lausn kærumála.

Úrræði og viðurlög.

Úrræði aðilans, sem sér um lausn deilumála, ættu að verða til þess að fyrirtækið snúi til hins betra eða leiðrétti afleiðingar þess að það fór ekki eftir reglum, eftir því sem ástæða er til, og að vinnsla fyrirtækisins verði framvegis í samræmi við meginreglurnar og, þegar við á, að vinnslu persónuupplýsinga um einstaklinginn, sem leggur fram kæruna, verði hætt. Viðurlög skulu vera nægilega ströng til að tryggja að fyrirtæki fari eftir meginreglunum. Aðilar, sem sjá um lausn deilumála, skulu geta beitt ýmiss konar misströngum viðurlögum, eftir því hve alvarlegt brotið er, til að bregðast á réttan hátt við því þegar ekki er farið eftir reglum. Viðurlög geta bæði falið í sér að það sé gert opinbert ef ekki hefur verið farið eftir reglum og, við tilteknar aðstæður, fyrirmæli um að eyða gögnum (2). Í öðrum viðurlögum getur falist að fella niður viðurkenningu fyrirtækisins, tímabundið eða endanlega, að greiða bætur til einstaklinga vegna skaða sem þeir verða fyrir í kjölfar þess að ekki er farið eftir reglum eða lögbann. Aðilar, sem sjá um lausn deilumála af hálfu einkafyrirtækja og sjálfseftirlitsaðilar, verða að tilkynna það til stjórnarstofnunar sem hefur lögsögu í málinu ef fyrirtæki sem eru aðilar að kerfinu „öruggri höfn" fara ekki eftir úrskurðum þeirra eða til dómstóla, eftir því sem við á, og til viðskiptaráðuneytisins (eða fulltrúa þess)

(1) Aðilar sem sjá um lausn deilumála eru ekki skyldugir til að fara eftir meginreglunni um framfylgd. Þeir geta einnig vikið frá meginreglunum þegar þeir þurfa að sinna skyldum sem stangast á eða fá sérstakar heimildir þegar þeir vinna að sérstökum málum.

(2) Aðilar, sem sjá um lausn deilumála, ákveða sjálfir við hvaða aðstæður þeir beita þessum viðurlögum. Eitt af því sem taka þarf tillit til þegar ákveðið er hvort gerð skuli krafa um að eyða gögnum er það hversu viðkvæm gögnin eru og eins hvort fyrirtækið hefur safnað, notað eða afhent upplýsingarnar í blóra við meginreglurnar.

Aðgerðir af hálfu Alríkisviðskiptastofnunarinnar (FTC)

Alríkisviðskiptastofnunin hefur skuldbundið sig til að veita forgang málum, sem varða meint brot á meginreglunum um „örugga höfn“ og vísað er til þeirra af sjálfseftirlitsaðilum sem starfa á sviði friðhelgi einkalífsins, svo sem „BBBOnline“ og „TRUSTe“ eða aðildarríkjum Evrópubandalagsins, til að ákvarða hvort um brot sé að ræða á 5. þætti laganna um Alríkisviðskiptastofnunina þar sem bann er lagt við óheiðarlegum og villandi viðskiptaháttum. Ef Alríkisviðskiptastofnunin hefur ástæðu til að ætla að um brot sé að ræða á ákvæðum 5. þáttar getur hún leyst málið með því að fara fram á stjórnsýslubann við þeim starfsháttum sem kærðir hafa verið eða með því að leggja fram kæru í alríkisundirrétti sem, ef hún nær fram að ganga, getur leitt til sömu niðurstöðu alríkisdómstóls. Alríkisviðskiptastofnunin getur fengið sett viðurlög í einkamálarétti vegna brota á stjórnsýslubanni og getur fengið dæmda óvirðingu við einkamálarétt eða sakamálarétt vegna brota á dómum alríkisdómstóls. Alríkisviðskiptastofnunin tilkynnir viðskiptaráðuneytinu um allar slíkar aðgerðir. Viðskiptaráðuneytið hvetur aðrar ríkisstofnanir til að tilkynna ráðuneytinu um lokaniðurstöður slíkra mála sem er skotið til þess eða aðra úrskurði sem ákvarða að gengist skuli undir meginreglurnar um „örugga höfn“.

Stöðug brot á meginreglum.

Ef fyrirtæki brýtur stöðugt meginreglurnar á það ekki lengur rétt á því að njóta hagræðis af reglunum um „örugga höfn“. Um stöðugt brot á meginreglum telst vera að ræða þegar fyrirtæki, sem hefur sjálfvottað hjá viðskiptaráðuneytinu (eða fulltrúa þess), neitar að fara eftir lokaniðurstöðu sjálfseftirlitsstofnunar eða stjórnarstofnunar eða þegar slík stofnun ákvarðar að fyrirtækið brjóti meginreglurnar svo oft að yfirlýsing þess um að það fari að meginreglum sé ekki lengur trúverðug. Þegar um slíkt er að ræða skal fyrirtækið strax tilkynna viðskiptaráðuneytinu (eða fulltrúa þess) um það. Grípa má til aðgerða gegn fyrirtæki, sem rækir ekki þessa skyldu, samkvæmt bandarískum lögum um rangar upplýsingar (False Statements Act 18 U.S.C. § 1001).

Ráðuneytið (eða fulltrúi þess) greinir í opinberri skrá, sem það heldur yfir fyrirtæki, sem sjálfvotta að þau gangist undir meginreglurnar um „örugga höfn“, frá öllum tilkynningum sem það fær um stöðug brot á meginreglum, hvort þær upplýsingar hafa borist frá fyrirtækinu sjálfu, frá sjálfseftirlitsstofnun eða stjórnarstofnun en ekki fyrr en það hefur veitt fyrirtækinu, sem hefur brotið reglurnar, þrjátíu (30) daga frest til andsvara. Þannig kemur skýrt fram í skránni, sem viðskiptaráðuneytið (eða fulltrúi þess) heldur, hvaða fyrirtæki falla undir reglurnar um „örugga höfn“ og hver ekki.

Fyrirtæki sem sækir um þátttöku hjá sjálfseftirlitsstofnun í þeim tilgangi að fá endurhæfingu í því að vinna eftir reglunum um „örugga höfn“ verður að veita þeirri stofnun allar upplýsingar um fyrri þátttöku sína í því kerfi.

Spurningar og svör 12 — Valfrelsi — Tímamörk til að hafna notkun persónuupplýsinga (Opt Out)

Sp: *Leyfir meginreglan um valfrelsi einstaklingum aðeins að velja í upphafi samskipta eða hvenær sem er?*

Sv: Tilgangurinn með meginreglunni um valfrelsi er almennt sá að tryggja að persónuupplýsingar séu notaðar og afhentar á þann hátt að það sé í samræmi við væntingar og óskir einstaklingsins. Þannig á einstaklingur hvenær sem er að geta hafnað því (opt-out) eða valið að persónuupplýsingar um hann verði ekki notaðar í beinni markaðssetningu með fyrirvara um eðlilegan tímafrest sem fyrirtækið setur, til dæmis til að fái tíma til að taka slíkt valkerfi í notkun. Fyrirtæki getur einnig krafist þess að fá nægar upplýsingar til að fá staðfest hver einstaklingurinn er sem hafnar markaðssetningu (opt out). Í Bandaríkjunum eiga einstaklingar að geta nýtt sér þennan kost með því að nota miðlægt höfnunarkerfi svo sem þjónustu samtaka fyrirtækja með beina markaðssetningu (Direct Marketing Association's Mail Preference Service). Fyrirtæki sem eru aðilar að þessum samtökum skulu koma þessum þjónustukosti á framfæri við viðskiptamenn sem óska ekki eftir því að fá upplýsingar um viðskiptamál. Einstaklingar skulu undir öllum kringumstæðum geta valið á skýran og greinilegan hátt með búnaði sem auðvelt er að fá aðgang að og án mikils tilkostnaðar.

Á sama hátt getur fyrirtæki notað upplýsingar í tiltekinni beinni markaðssetningu þegar mjög erfitt er að veita einstaklingi tækifæri til að hafna markaðssetningu (opt out) áður en það notar upplýsingarnar en þó því aðeins að fyrirtækið veiti einstaklingnum samtímis tækifæri til, hvenær sem hann biður um það og honum að kostnaðarlausu, að biðjast undan frekari beinum markaðssetningarsamskiptum og að fyrirtækið fari að óskum einstaklingsins.

Spurningar og svör 13 — Upplýsingar um ferðalög

Sp: *Hvenær má flytja upplýsingar um farþegabókanir með flugi og aðrar ferðaupplýsingar, svo sem upplýsingar um tíðar flugferðir eða hótelpantanir og þörf fyrir sérmeðferð, svo sem sérstakt fæði vegna trúarástæðna eða upplýsingar um þarfir vegna hreyfihömlunar, til fyrirtækis utan Evrópusambandsins?*

Sv: Slíkar upplýsingar má flytja við ýmsar mismunandi aðstæður. Samkvæmt 26. gr. tilskipunarinnar er hægt að flytja persónuupplýsingar til þriðja lands sem tryggir ekki fullnægjandi vernd í skilningi 2. mgr. 25. gr. með því skilyrði að það 1) sé nauðsynlegt til að veita þá þjónustu sem viðskiptamaðurinn biður um eða til að fullnægja skilmálum samnings, svo sem samnings um tíðar flugferðir, eða 2) viðskiptamaðurinn hafi gefið ótvírætt samþykki sitt til þess. Bandarísk fyrirtæki, sem eru aðilar að kerfinu „öruggri höfn", veita fullnægjandi vernd fyrir persónuupplýsingar og mega því taka við gagnasendingum frá Evrópubandalaginu þó að þau uppfylli ekki þessi skilyrði eða önnur skilyrði sem eru sett fram í 26. gr. tilskipunarinnar. Þar eð sérstakar reglur um viðkvæmar upplýsingar eru fólgnar í reglunum um „örugga höfn" mega slíkar upplýsingar (sem hugsanlega þarf að afla t.d. í tengslum við þarfir viðskiptamannsins vegna hreyfihömlunar) vera með í gagnasendingum til aðila að „öruggri höfn". Fyrirtækið, sem flytur upplýsingarnar, þarf þó alltaf að virða lögin í því aðildarríki Evrópusambandsins þar sem það starfar en þau geta meðal annars kveðið á um sérstök skilyrði fyrir meðferð viðkvæmra gagna.

Spurningar og svör 14 — Lyfja- og lækningavörur

1. Sp: *Hvort er farið eftir lögum aðildarríkis Evrópusambandsins eða meginreglunum um „örugga höfn" þegar persónuupplýsingum er safnað í Evrópusambandinu og þau flutt til Bandaríkjanna til lyfjarannsókna og/eða í öðrum tilgangi?*

1. Sv: Lög aðildarríkisins gilda um söfnun persónuupplýsinganna og alla vinnslu sem á sér stað áður en þau eru flutt til Bandaríkjanna. Meginreglurnar um „örugga höfn" gilda um gögnin þegar þau hafa verið flutt til Bandaríkjanna. Gögn sem eru notuð til lyfjarannsókna og í öðrum tilgangi skulu gerð nafnlaus þegar það á við.

2. Sp: *Persónuupplýsingar, sem eru þróaðar í sérstökum læknis- eða lyfjafræðilegum rannsóknum, hafa oft mikla þýðingu í vísindarannsóknum framtíðarinnar. Þegar persónuupplýsingar, sem er safnað vegna tiltekinnar rannsóknar, eru fluttar til bandarísks fyrirtækis sem er aðili að „öruggri höfn", er fyrirtækinu þá heimilt að nota gögnin til nýrra rannsóknarverkefna?*

2. Sv: Já, ef farið er eftir meginreglunni um tilkynningu og valfrelsi við fyrstu notkun. Í tilkynningunni skulu koma fram upplýsingar um öll sérstök fyrirhuguð not af gögnunum, svo sem reglulega eftirfylgni, athuganir á tengdum sviðum eða markaðssetningu. Að sjálfsögðu er ekki hægt að tilgreina alla framtíðarnotkun gagnanna þar eð notkun þeirra við nýjar rannsóknir getur byggst á nýrri sýn á upphaflegu gögnunum, nýjum læknisfræðilegum uppgötvunum og framförum, eða þróun á sviði almannaheilbrigðis og heilbrigðislöggjafar. Í tilkynningunni skal því útskýrt, þegar við á, að persónuupplýsingarnar kunni í framtíðinni að verða notaðar í læknis- og lyfjafræðilegum rannsóknum sem ekki er fyrirsjáanlegt hverjar verða. Ef gögnin eru ekki notuð í samræmi við þann almenna tilgang til rannsókna sem þeim var upphaflega safnað til eða sem einstaklingurinn samþykkir síðar verður að fá nýtt samþykki.

3. Sp: *Hvað verður um gögn einstaklings ef þátttakandi ákveður, sjálfviljugur eða að beiðni ábyrgðaraðila tilraunar, að draga sig út úr meðferðartilraun?*

3. Sv: Þátttakendur geta hvenær sem er ákveðið eða verið beðnir að draga sig út úr meðferðartilraun. Halda má áfram vinnslu gagna, sem er safnað áður en þátttakandi dregur sig út úr meðferðartilraun, ásamt öðrum gögnum sem var safnað vegna tilraunarinnar, ef hlutaðeigandi hefur verið tilkynnt um það á skýran hátt þegar hann/hún gerðist þátttakandi.

4. Sp: *Fyrirtæki sem framleiða lyf og lækningatæki hafa leyfi til að afhenda persónuupplýsingar úr meðferðartilraunum sem fara fram í Evrópubandalaginu til eftirlitsyfirvalda í Bandaríkjunum vegna eftirlits þeirra og umsjónar. Eru svipaðir flutningar leyfðir til annarra aðila en eftirlitsyfirvalda eins og framleiðslufyrirtækja og annarra sem stunda rannsóknir?*

4. Sv: Já, í samræmi við meginreglurnar um tilkynningu og valfrelsi.

5. Sp: *Til að tryggja hlutleysi í meðferðartilraunum er ekki hægt að veita þátttakendum, og oft ekki þeim sem stunda rannsóknir, aðgang að upplýsingum um það hvaða meðferð hver þátttakandi fær. Væri það gert stefndi það í hættu gildi og niðurstöðum rannsóknarverkefnisins. Munu þátttakendur í slíkum meðferðartilraunum (s.k. „blindum" rannsóknum) hafa aðgang að gögnunum um meðferð sína meðan á tilrauninni stendur?*

5. Sv: Nei, ekki þarf að veita þátttakanda slíkan aðgang ef þessi takmörkun hefur verið útskýrð þegar þátttakandinn fór í tilraunina og afhending slíkra upplýsinga myndi stefna í hættu heilleika rannsóknarinnar. Samningur um að taka þátt í tilraun með þessum skilyrðum jafngildir því afsali á réttinum til aðgangs. Eftir að tilrauninni lýkur og greiningar á niðurstöðum hennar liggja fyrir skulu þátttakendur hafa aðgang að gögnum um sjálfa sig ef þeir óska eftir því. Þeir skulu fyrst og fremst leita eftir þeim hjá lækninum eða öðru heilsugæslufólki sem meðhöndlaði þá í meðferðartilrauninni eða að öðrum kosti hjá fyrirtækinu sem er ábyrgðaraðili tilraunarinnar.

6. Sp: *Þarf fyrirtæki, sem framleiðir lyf eða lækningatæki, að beita meginreglunum um „örugga höfn" með tilliti til tilkynningar, valfrelsis, framsendingar og aðgangs í eftirliti sínu með öryggi framleiðsluvörunnar og skilvirkni, þar á meðal til skýrslugerðar um neikvæð áhrif, og skráningar sjúklinga eða fólks sem notar tiltekin lyf eða lækningatæki (t.d. gangráða)?*

6. Sv: Nei, ekki ef meginreglurnar fara í bága við löglegar kröfur eftirlitsyfirvalda. Þetta gildir bæði að því er varðar t.d. skýrslur heilsugæslufólks til fyrirtækja sem framleiða lyf og lækningatæki og skýrslur fyrirtækja sem framleiða lyf og lækningatæki til stjórnarstofnana eins og Matvæla- og lyfjaeftirlit Bandaríkjanna.

7. Sp: *Reglan er sú að yfirmaður rannsóknarinnar dulkóðar rannsóknargögn í upphafi til að ekki komi fram hvaða einstaklinga gögnin eru um. Lyfjafyrirtæki, sem eru verkbeiðendur slíkra rannsókna, fá ekki lykilinn að kóðanum. Rannsóknaraðilinn er sá eini sem hefur lykilinn að þessum eingilda kóða til að hann geti borið kennsl á rannsóknarviðfangið við sérstakar aðstæður (t.d. ef þörf er á áframhaldandi læknismeðferð). Er litið svo á að flutningur gagna, sem eru kóðuð á þennan hátt, frá Evrópusabandinu til Bandaríkjanna, jafngildi flutningi persónuupplýsinga sem falla undir meginreglurnar um „örugga höfn"?*

7. Sv: Nei, það jafngildir ekki flutningi persónuupplýsinga sem falla undir meginreglurnar.

Spurningar og svör 15 — Opinberar skrár og upplýsingar sem eru aðgengilegar öllum

Sp: *Er nauðsynlegt að beita meginreglunum um tilkynningu, valfrelsi og framsendingu á upplýsingar í opinberum skrám eða upplýsingar sem eru aðgengilegar öllum?*

Sv: Ekki er nauðsynlegt að beita meginreglunum um tilkynningu, valfrelsi og framsendingu á opinberar skrár svo framarlega sem þær eru ekki samtengdar upplýsingum úr óopinberum skrám og svo framarlega sem öll skilyrði um aðgang, sem kveðið er á um í viðkomandi lögsögu, eru virt.

Almennt er ekki heldur nauðsynlegt að beita meginreglunum um tilkynningu, valfrelsi og framsendingu á upplýsingar sem eru aðgengilegar öllum nema evrópski flutningsaðilinn gefi til kynna að slíkar upplýsingar séu háðar takmörkunum þannig að þess sé krafist að fyrirtækið beiti þessum meginreglum við þá notkun sem það hefur í hyggju. Fyrirtæki bera enga ábyrgð á því hvernig slíkar upplýsingar eru notaðar af þeim sem fá þær úr útgefnu efni.

Ef í ljós kemur að fyrirtæki birtir persónuupplýsingar opinberlega af ásettu ráði, andstætt meginreglunum, svo að það eða aðrir geta notið góðs af þessum undantekningum fullnægir það ekki lengur skilyrðunum fyrir því að njóta hagræðis af kerfinu „öruggri höfn“

III. VIÐAUKI

Yfirlit yfir framkvæmd meginreglnanna um „örugga höfn“

Heimildir alríkisyfirvalda og yfirvalda einstakra ríkja með tilliti til óheiðarlegra eða villandi viðskiptahátta og friðhelgi einkalífsins.

Í þessari greinargerð er yfirlit yfir það hvaða heimildir Alríkisviðskiptastofnunin (FTC) hefur samkvæmt 5. þætti laga um Alríkisviðskiptastofnunina (15 U.S.C. §§ 41–58, með áorðnum breytingum) til að grípa til aðgerða gegn þeim sem vernda ekki friðhelgi persónuupplýsinga í samræmi við yfirlýsingar sínar og/eða skuldbindingar um að gera það. Það fjallar einnig um undantekningar frá þeim heimildum og möguleika annarra alríkis- og ríkisstofnana til að grípa til aðgerða utan lögsögu Alríkisviðskiptastofnunarinnar ([1]).

Heimildir Alríkisviðskiptastofnunarinnar í málum er varða óheiðarlega og villandi viðskiptahætti

Í 5. þætti laganna um Alríkisviðskiptastofnunina er því lýst yfir að ólöglegt sé að viðhafa „óheiðarlega eða villandi háttsemi eða starfshætti í viðskiptum eða í starfsemi sem hefur áhrif á viðskipti“, sjá 15 U.S.C. § 45(a)(1). Í 5. þætti er Alríkisviðskiptastofnuninni gefin full heimild til að koma í veg fyrir slíka háttsemi og starfshætti, sjá § 45(a)(2). Alríkisviðskiptastofnunin getur því, eftir formlega skýrslutöku, gefið út stjórnsýslubann (cease and desist) til að stöðva brotlegt athæfi, sjá 15 U.S.C. § 45(b). Ef það þjónar hagsmunum almennings getur Alríkisviðskiptastofnunin einnig óskað eftir bráðabirgðakyrrsetningu eða bráðabirgða- eða varanlegu lögbanni í bandarískum undirrétti, sjá 15 U.S.C. § 53(b). Í tilvikum þar sem um er að ræða útbreidda óheiðarlega eða villandi háttsemi eða starfshætti, eða þar sem Alríkisviðskiptastofnunin hefur þegar sett stjórnsýslubann í málinu, getur hún birt stjórnsýsluúrskurð þar sem lýst er þeirri háttsemi eða starfsháttum sem um er að ræða, sjá 15 U.S.C. § 57a.

Hver sá sem fer ekki eftir ákvörðun Alríkisviðskiptastofnunarinnar verður að greiða sekt til ríkisins sem nemur allt að 11 000 Bandaríkjadollurum og litið er á hvern dag sem brotið heldur áfram sem sérstakt brot ([2]), sjá 15 U.S.C. § 45(1). Einnig er hægt að dæma hvern þann sem vitandi vits brýtur gegn úrskurði Alríkisviðskiptastofnunarinnar til að greiða 11 000 dollara fyrir hvert brot, sjá 15 U.S.C. § 45(m). Aðgerðir til að framfylgja málum eru annaðhvort á hendi dómsmálaráðuneytisins eða, ef það hafnar því, á hendi Alríkisviðskiptastofnunarinnar, sjá 15 U.S.C. § 56.

([1]) Hér verður ekki rætt um hin ýmsu alríkislög sem fjalla um friðhelgi einkalífsins í sérstöku samhengi né lög einstakra ríkja og þá réttarvenju sem kann að gilda. Alríkislög um öflun og notkun persónuupplýsinga í viðskiptum fela meðal annars í sér: „Cable Communications Policy Act“ (47 U.S.C. § 551), „Driver's Privacy Protection Act“ (18 U.S.C. § 2721), „Electronic Communications Privacy Act“ (18 U.S.C. § 2701 og áfram), „Electronic Funds Transfer Act“ (15 U.S.C. §§ 1693, 1693m), „Fair Credit Reporting Act“ (15 U.S.C. § 1681 og áfram), „Right to Financial Privacy Act“ (12 U.S.C. § 3401 og áfram), „Telephone Consumer Protection Act“ (47 U.S.C. § 227), og „Video Privacy Protection Act“ (18 U.S.C. § 2710). Mörg ríki hafa hliðstæða löggjöf á þessu sviði. Sjá t.d. „Mass. Gen. Laws“ kafla. 167B, § 16 (sem banna fjármálafyrirtækjum að afhenda þriðja aðila upplýsingar um fjármál viðskiptamanna sinna nema fyrir liggi samþykki þeirra eða dómsúrskurður), „N.Y. Pub. Health Law“ § 17 (sem takmarka notkun og afhendingu skráa um líkamlega eða andlega heilsu og veita sjúklingum rétt til að hafa aðgang að þeim).

([2]) Í slíkum aðgerðum getur undirréttur í Bandaríkjunum einnig úrskurðað lögbann eða hæfilegt réttarúrræði til að framfylgja úrskurði Alríkisviðskiptastofnunarinnar, sjá 15 U.S.C. § 45 (1).

Heimildir Alríkisviðskiptastofnunarinnar með tilliti til friðhelgi einkalífsins

Þegar Alríkisviðskiptastofnunin beitir heimildum sínum samkvæmt 5. þætti lítur hún svo á að rangar upplýsingar um það hvers vegna upplýsingum er safnað frá neytendum eða hvernig upplýsingar eru notaðar teljist villandi viðskiptahættir ([1]). Árið 1998 lagði Alríkisviðskiptastofnunin t.d. fram kæru á hendur fyrirtækinu GeoCities fyrir að afhenda þriðja aðila upplýsingar sem það hafði safnað á vefsíðu sína til markaðssetningar þrátt fyrir yfirlýsingar um hið gagnstæða og án þess að fá til þess leyfi fyrirfram ([2]). Starfsfólk Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hefur einnig haldið því fram að söfnun persónuupplýsinga frá börnum og sala og afhending þeirra upplýsinga, án samþykkis foreldranna, geti talist óheiðarlegir viðskiptahættir([3]).

Formaður Alríkisviðskiptastofnunarinnar, Pitofsky, tiltók í bréfi til aðalframkvæmdastjóra Evrópusambandsins, John Mogg, hvaða takmarkanir væru á heimildum Alríkisviðskiptastofnunarinnar til verndar friðhelgi einkalífsins, þar sem ekki er um rangar upplýsingar að ræða (eða alls engar upplýsingar), varðandi það hvernig upplýsingar, sem er safnað, verði notaðar. Sjá bréf Pitofsky formanns til John Mogg (23. september 1998). Fyrirtæki sem vilja gangast undir það reglukerfi um „örugga höfn" sem fyrirhugað er verða að staðfesta að þau muni vernda upplýsingar, sem þau safna, í samræmi við fyrirhugaðar viðmiðunarreglur. Það teljast því vera rangar upplýsingar og villandi viðskiptahættir í skilningi 5. þáttar ef fyrirtæki vottar að það muni standa vörð um friðhelgi upplýsinga en gerir það ekki.

Þar eð lögsaga Alríkisviðskiptastofnunarinnar nær til óheiðarlegrar eða villandi háttsemi eða starfshátta „í viðskiptum eða í starfsemi sem hefur áhrif á viðskipti" nær hún ekki til söfnunar og notkunar persónuupplýsinga sem ekki er ætlunin að nota í viðskiptalegum tilgangi, t.d. fjársöfnunar fyrir góðgerðastarfsemi. Sjá bréf Pitofsky, bls 3. Séu persónuupplýsingar notaðar í verslunarviðskiptum af einhverju tagi nægir það hins vegar til að fullnægja þessu lögsöguskilyrði. Ef vinnuveitandi seldi t.d. persónuupplýsingar um starfsmenn sína til markaðsfyrirtækis myndu þau viðskipti flokkast undir ákvæði 5. þáttar.

Undantekningar samkvæmt 5. þætti

Í 5. þætti eru undantekningar frá heimildum Alríkisviðskiptastofnunarinnar með tilliti til óheiðarlegra og villandi háttsemi eða starfshátta að því er varðar:

- fjármálastofnanir, þar á meðal banka, sparisjóði og lánastofnanir og samvinnusjóði (credit unions);
- almenna flutningsaðila í fjarskiptum og samgöngum milli ríkja Bandaríkjanna;
- flugfélög; og
- aðila sem annast pökkun og búpeningsbirgðastöðvar.

Sjá 15 U.S.C. § 45(a)(2). Hér á eftir verður fjallað um hverja undantekningu og eftirlitsyfirvöld sem koma í stað FTC.

([1]) „Villandi viðskiptahættir" eru skilgreindir sem yfirlýsing, vanræksla eða viðskiptahættir sem líklegt er að blekki viðskiptamenn með góða dómgreind á afgerandi hátt.

([2]) Sjá www.ftc.gov/opa/1998/9808/geocitie.htm.

([3]) Sjá bréf starfsfólks til „Center for Media Education" www.ftc.gov/os/1997/9707/cenmed.htm. Auk þess er Alríkisviðskiptastofnuninni veitt sérstök lögheimild, í lögum um friðhelgi einkalífs barna í tengslum við beinlínuþjónustu „the Children's Online Privacy Protection Act" frá 1998, til að setja þeim sem starfrækja vefsíður og beinlínuþjónustu reglur um söfnun persónuupplýsinga frá börnum, sjá15 U.S.C. §§ 6501–6506.Einkum er þess krafist í lögunum að rekstraraðilar beinlínuþjónustu láti foreldra vita og fái sannanlega samþykki foreldra áður en þeir safna, nota eða dreifa persónuupplýsingum frá börnum, sjá einnig § 6502 (b). Lögin veita foreldrum einnig rétt til aðgangs og til að synja um leyfi fyrir áframhaldandi notkun upplýsinganna. Sjá áður.

Fjármálastofnanir ([1])

Fyrsta undantekningin gildir um „banka, sparisjóði og lánastofnanir sem er lýst í þætti 18(f)(3) [15 U.S.C. § 57a(f)(3)]“ og „alríkissamvinnusjóði sem er lýst í þætti 18(f)(4) [15 U.S.C. § 57a(f)(4)]“ ([2]). Þessar fjármálastofnanir falla þess í stað undir reglur sem eru settar af „Federal Reserve Board“, „Office of Thrift Supervision“ ([3]), eða „National Credit Union Administration Board“. Sjá 15 U.S.C. § 57(a)(f). Þessar eftirlitsstofnanir hafa það hlutverk að setja nauðsynlegar reglur til að koma í veg fyrir að fjármálastofnanirnar beiti óheiðarlegum og villandi viðskiptaháttum ([4]) og til að koma á fót sérstakri deild til að fjalla um kærur viðskiptamanna, sjá 15 U.S.C. 57a(f)(1). Loks er heimild til framfylgdar ákveðin í 8. þætti laganna um alríkistryggingu innlána „Federal Deposit Insurance Act“ (12 U.S.C. § 1818), fyrir banka og sparisjóði og lánastofnanir og í 120. og 206. þætti laganna um alríkissamvinnusjóði „Federal Credit Union Act“ fyrir alríkissamvinnusjóði, sjá 15 U.S.C. §§ 57a(f)(2)–(4).

Tryggingageirinn er ekki sérstaklega nefndur í skránni yfir undantekningar í 5. þætti en í lögunum „McCarran-Ferguson Act“ (15 U.S.C. § 1011 og áfram) er almennt vísað til einstakra ríkja um eftirlit með tryggingastarfsemi ([5]).Enn fremur geta alríkislög ekki, samkvæmt b-lið annars þáttar laganna „McCarran-Ferguson Act“, ógilt, veikt eða leyst af hólmi lög einstakra ríkja „nema slík lög viðkomi tryggingastarfsemi sérstaklega“, sjá 15 U.S.C. § 1012(b). Ákvæði laga Alríkisviðskiptastofnunarinnar gilda þó um tryggingastarfsemi „að svo miklu leyti sem slík starfsemi heyrir ekki undir lög einstakra ríkja,“ eins og áður segir. Einnig má geta þess að í lögunum „McCarran-Ferguson Act“ er einungis vísað til ríkjanna þegar um er að ræða „tryggingastarfsemi.“ Þess vegna heldur Alríkisviðskiptastofnunin heimild sinni gagnvart óheiðarlegum eða villandi viðskiptaháttum tryggingafyrirtækja í málum er snerta aðra starfsemi en tryggingar. Þetta á t.d. við þegar tryggingafyrirtæki selur persónuupplýsingar um tryggingataka sína til aðila sem starfa við beina markaðssetningu á öðru en tryggingum ([6]).

Almennir flutningsaðilar

Önnur undantekning 5. þáttar nær yfir almenna flutningsaðila sem „heyra undir lög um viðskipti.“ Sjá 15 U.S.C. § 45(a)(2). Með „lögum um viðskipti“ er hér vísað til IV. undirbálks (subtitle) 49. bálks (Title) í lögum

([1]) Þann 12. nóvember 999 staðfesti Clinton forseti „Gramm-Leach-Bliley Act“ (útg. L. 106–102, flokkun: 15 U.S.C. § 6801 og áfram). Lögin takmarka afhendingu fjármálafyrirtækja á persónuupplýsingum um viðskiptamenn sína. Lögin krefjast þess meðal annars að fjármálafyrirtæki tilkynni öllum viðskiptamönnum um stefnu sína og starfshætti varðandi friðhelgi einkalífsins þegar persónuupplýsingum er miðlað til annarra fyrirtækja, með eða án eignartengsla. Lögin veita Alríkisviðskiptastofnuninni, alríkisbankayfirvöldum og öðrum yfirvöldum heimild til að setja reglur um framkvæmdina við vernd einkalífsins eins og krafist er í lögunum. Yfirvöldin hafa lagt fram tillögur að reglum í þessu skyni.

([2]) Skilmálar þessarar undantekningar eru þannig að hún gildir ekki um verðbréfageirann. Þess vegna heyra verðbréfasalar, dreifiaðilar og aðrir, sem stunda verðbréfaviðskipti, undir lögsögu „Securities and Exchange Commission“ og FTC að því er varðar óheiðarlega og villandi háttsemi og viðskiptavenjur.

([3]) Undantekningin í 5. þætti var upphaflega með tilvísun til nefndarinnar „Federal Home Loan Bank Board“ sem var lögð niður í ágúst 1989 með lögunum „Financial Institutions Reform, Recovery and Enforcement Act“ frá 1989. Verkefni hennar var flutt yfir til „Office of Thrift Supervision“ og „Resolution Trust Corporation“, „Federal Deposit Insurance Corporation“, og „Housing Finance Board“.

([4]) Í 5. þætti er ákveðið að fjármálastofnanir skuli ekki heyra undir lögsögu FTC en þar er einnig kveðið á um að þegar FTC gefur úrskurð um óheiðarlega eða villandi háttsemi eða viðskiptahætti skuli eftirlitsyfirvöld fjármála samþykkja sambærilegar reglur innan 60 daga, sjá 15 U.S.C. § 57a(f)(1).

([5]) Tryggingar og allir einstaklingar sem starfa við þær skulu heyra undir lög hinna ýmsu ríkja sem tengjast reglum eða skattlagningu í þeirri atvinnugrein. Sjá 15 U.S.C. § 1012(a).

([6]) Alríkisviðskiptastofnunin hefur haft lögsögu í málum tryggingafyrirtækja í ýmiss konar samhengi. Í einu tilviki greip Alríkisviðskiptastofnunin til aðgerða gagnvart fyrirtæki fyrir villandi auglýsingar í ríki einu þar sem það hafði ekki leyfi til að reka viðskipti. Staðfest var að Alríkisviðskiptastofnunin hefði lögsögu í málinu á þeim forsendum að lög ríkisins giltu ekki vegna þess að fyrirtækið væri utan lögsögu þess. Sjá FTC gegn Travelers Health Association, 362 U.S. 293 (1960). 17 ríki hafa samþykkt lögin um friðhelgi einkalífsins með tilliti til tryggingaupplýsinga (Insurance Information and Privacy Protection Act) sem eru sett af „National Association of Insurance Commissioners“ (NAIC). Í lögunum eru ákvæði um tilkynningu, notkun og afhendingu og aðgang. Auk þess hafa nærri öll ríkin samþykkt kerfi NAIC „Unfair Insurance Practices Act“ sem beinist sérstaklega að óheiðarlegum viðskiptaháttum í tryggingastarfsemi.

Bandaríkjanna (United States Code) og til laga um fjarskipti frá 1934 (47 U.S.C. § 151 og áfram) (Communications Act), sjá 15 U.S.C. § 44.

Ákvæði IV. undirbálks 49. bálks bandarísku laganna (um milliríkjaflutninga) ná til flutningsaðila á járnbrautum, vegum og vatnaleiðum, miðlara, vöruflutningsaðila og leiðsluflutningsaðila, sjá 49 U.S.C. § 10101 og áfram. Þessir almennu flutningsaðilar falla undir reglur „Surface Transporation Board" sem er sjálfstæð stofnun innan samgönguráðuneytisins, sjá 49 U.S.C. §§ 10501, 13501 og 15301. Í öllum tilvikum gildir að flutningsaðilanum er bannað að afhenda upplýsingar um eðli, ákvörðunarstað og önnur atriði viðvíkjandi farminum sem hægt væri að nota til óþurftar fyrir sendandann, sjá 49 U.S.C. §§ 11904, 14908 og 16103. Tekið skal fram að þessi ákvæði vísa til upplýsinga um farm sendandans og ættu því ekki að ná yfir persónuupplýsingar um sendandann sem snerta ekki sendinguna sem um er að ræða.

Í lögunum um fjarskipti er kveðið á um að Alríkisfjarskiptastofnunin „Federal Communications Commission" (FCC) skuli setja reglur um „fjarskipti í milliríkjaviðskiptum og erlendum viðskiptum, um þráð eða þráðlaus", sjá 47 U.S.C §§ 151 and 152. Auk almennra flutningsaðila í fjarskiptum gilda fjarskiptalögin einnig um fyrirtæki sem eru með sjónvarps- og útvarpsútsendingar og kapalþjónustu en eru ekki almennir flutningsaðilar. Síðarnefndu fyrirtækin uppfylla ekki skilyrðin um undantekningar samkvæmt 5. þætti í lögum um alríkisviðskiptastofnunina. Alríkisviðskiptastofnunin hefur því lögsögu að því er varðar rannsóknir á þessum fyrirtækjum með tilliti til óheiðarlegra og villandi starfshátta en Alríkisfjarskiptastofnunin hefur sömu lögsögu til að beita óháðum heimildum sínum á þessu sviði eins og lýst er hér á eftir.

Samkvæmt lögunum um fjarskipti er öllum „flutningsaðilum í fjarskiptum", þar á meðal skiptistöðvum á hverjum stað, skylt að vernda persónuupplýsingar um viðskiptamenn ([1]), sjá 47 U.S.C. § 222(a). Auk þessarar almennu heimildar til verndar einkalífsins var fjarskiptalögunum breytt með lögum um kapalsendingar, „Cable Communications Policy Act" frá 1984 (the Cable Act), 47 U.S.C. § 521 og áfram, þar sem sérstök fyrirmæli eru til þeirra sem reka kapalsjónvarp um að vernda „persónugreinanlegar upplýsingar" um áskrifendur, sjá 47 U.S.C. § 551 ([2]). Í lögunum um kapalsendingar eru settar takmarkanir á söfnun persónuupplýsinga, af hendi þeirra sem reka kapalsjónvarp, og gerð krafa um að þeir tilkynni áskrifendum um það hvers eðlis þær upplýsingar séu sem er safnað og hvernig þær upplýsingar verði notaðar. Í lögunum um kapalsendingar er áskrifendum veittur réttur til að fá aðgang að upplýsingum um sig og þeir sem reka kapalsjónvarp skyldaðir til að eyðileggja upplýsingar sem þeir hafa ekki lengur þörf fyrir.

Fjarskiptalögin veita Alríkisfjarskiptastofnuninni heimild til að framfylgja þessum tveimur ákvæðum um friðhelgi einkalífsins, annaðhvort að eigin frumkvæði eða í kjölfar utanaðkomandi kæru ([3]), sjá 47 U.S.C. §§ 205, 403; einnig § 208. Ef Alríkisfjarskiptastofnunin kemst að raun um að flutningsaðili í fjarskiptum (þar á meðal rekandi kapalsjónvarps) hafi brotið ákvæði 222. eða 551. þáttar eru til þrjár grunnaðgerðir sem hægt er að grípa til: Fjarskiptastofnunin getur í fyrsta lagi eftir skýrslutöku, og eftir að ákvarðað hefur verið hvort um brot sé að ræða, gert flutningsaðilanum að greiða fésektir ([4]), sjá 47 U.S.C. § 209. Í annan stað getur Alríkisfjarskiptastofnunin gefið út boð eða bann (cease and desist) til að stöðva brotlegt athæfi, sjá 47 U.S.C. § 205(a). Loks getur FCC gefið flutningsaðilanum, sem hefur brotið af sér, fyrirmæli um að gæta samræmis við þær reglur og beita þeim starfsháttum sem FCC gefur fyrirmæli um, eins og áður segir.

Einstaklingar, sem telja að flutningsaðili í fjarskiptum eða aðili sem rekur kapalsjónvarp hafi brotið viðkomandi ákvæði fjarskiptalaganna eða laganna um kapalsjónvarp, getur annaðhvort lagt fram kæru hjá Alríkisfjarskiptastofnuninni eða lagt kröfur sínar fram í alríkisundirrétti, sjá 47 U.S.C. § 207. Kæruaðili sem

([1]) Hugtakið „einkaupplýsingar um netnotanda" merkir upplýsingar sem tengjast „magni, tæknilegri uppbyggingu, tegund, ákvörðunarstað og því hve mikil notkun fjarskiptaþjónustu er" hjá notanda ásamt upplýsingum um innheimtu fyrir símanotkun, sjá 47 U.S.C. § 222 (f) (1). Hugtakið felur þó ekki í sér upplýsingar af áskrifendaskrá, eins og áður segir.

([2]) Í lögunum er ekki skýr skilgreining á „persónugreinanlegum upplýsingum."

([3]) Þessi heimild tekur til réttarins að fá bót sinna mála vegna brota á friðhelgi einkalífsins, bæði skv. 222. þætti fjarskiptalaganna eða, þegar um er að ræða áskrifendur kapalsjónvarps, skv. 551. þætti breytingalaga um kapalsjónvarp. Sjá einnig 47 U.S.C. § 551 (f) (3) (einkamál í alríkisundirrétti útilokar ekki önnur úrræði en stendur til boða til viðbótar við önnur lagaúrræði áskrifanda að kapalsjónvarpi).

([4]) Þótt kæruaðili verði ekki fyrir beinu tjóni er það ekki næg ástæða til að vísa kæru frá. Sjá 47 U.S.C. § 208(a).

höfðar mál fyrir alríkisdómstóli gegn flutningsaðila í fjarskiptum fyrir að hafa ekki verndað persónuupplýsingar um viðskiptamann samkvæmt víðari skilgreiningu í 222. þætti samskiptalaganna getur fengið dæmdar bætur og lögfræðikostnað, sjá 47 U.S.C § 206. Kæruaðili sem höfðar mál gegn flutningsaðila í fjarskiptum fyrir að hafa ekki gætt friðhelgi einkalífsins samkvæmt 551. þætti kapalsjónvarpslaganna getur, auk skaðabóta og lögfræðikostnaðar, einnig fengið dæmdar miskabætur og málskostnað, sjá 47 U.S.C. § 206.

FCC hefur samþykkt nákvæmar reglur til framkvæmdar 222. þætti, sjá 47 CFR 64.2001–2009. Í þessum reglum eru sérstakar verndarráðstafanir gegn óleyfilegum aðgangi að einkaupplýsingum um netnotanda. Í reglunum eru flutningsaðilar í fjarskiptum skyldaðir til:

- að þróa og framkvæma hugbúnaðarkerfi sem sýnir stöðu notandans með tilliti til tilkynningar/samþykkis þegar þjónustuskrá notandans birtist fyrst á skjánum;
- að halda rafræna „skoðunarskrá“ til að fylgjast með umgangi um skrá notanda, meðal annars hvenær skrá hans er opnuð, hver gerir það og í hvaða tilgangi;
- að þjálfa starfsfólk sitt í leyfilegri notkun einkaupplýsinga um netnotanda með ákveðnum verklagsreglum;
- að koma á fót eftirlitsferli til að tryggja að reglum sé fylgt við markaðssetningu utan fyrirtækis; og
- að gefa FCC árlega skýrslu um það hvernig reglurnar séu haldnar.

Flugfélög

Bandarísk og erlend flugfélög, sem falla undir loftferðalög í Bandaríkjunum „Federal Aviation Act“ frá 1958, eru einnig undanþegin ákvæðum 5. þáttar laga um Alríkisviðskiptastofnunina, sjá 15 U.S.C. § 45(a)(2). Þetta á við um alla sem flytja vörur eða farþega milli ríkja eða milli landa með flugvélum og einnig þá sem flytja póst með flugvélum, sjá 49 U.S.C. § 40102. Flugfélög heyra undir samgönguráðuneytið. Samgönguráðherra hefur í þessu sambandi heimild til að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir óheiðarlega eða villandi eða samkeppnishamlandi viðskiptahætti eða undirboð í flutningaflugi, sjá 49 U.S.C. § 40101(a)(9). Ef það þjónar hagsmunum almennings getur samgönguráðherra rannsakað hvort bandarískt eða erlent flugfélag eða farmiðasali hafi viðhaft óheiðarlega eða villandi viðskiptahætti, sjá 49 U.S.C. § 41712. Samgönguráðherra getur, að lokinni skýrslutöku, gefið út fyrirmæli um að stöðva ólöglega viðskiptahætti, eins og áður segir. Okkur er ekki kunnugt um að samgönguráðherra hafi nýtt þessa heimild til að taka upp mál í tengslum við vernd persónuupplýsinga um viðskiptamenn flugfélaga ([1]).

Til eru tvö ákvæði til verndar friðhelgi einkalífsins með tilliti til persónuupplýsinga sem gilda um flugfélög í sérstöku samhengi. Í fyrsta lagi eru reglur um friðhelgi einkalífs umsækjenda um flugmannsstöðu í loftferðalögunum „Federal Aviation Act“, sjá 49 U.S.C. § 44936(f). Samkvæmt lögunum hafa flugfélögin leyfi til að fá starfsferilskrá atvinnuumsækjenda en um leið veita þau umsækjanda ákveðinn rétt; að fá tilkynningu um að beðið hafi verið um þessar upplýsingar, að veita samþykki sitt fyrir beiðninni, að leiðrétta villur og að upplýsingarnar verði aðeins sýndar þeim sem taka ákvörðun um ráðningu hans. Í öðru lagi eru ákvæði um það í reglum samgönguráðuneytisins að upplýsingar um farþegaskrá, sem er safnað fyrir stjórnvöld til að nota ef stórt flugslys yrði, skuli geymdar sem trúnaðarmál og einungis afhentar utanríkisráðuneytinu, samgöngunefndinni (National Transportation Board) (að beiðni NTSB) og samgönguráðuneyti Bandaríkjanna, sjá 14. þátt alríkislaga, 243. hluta, § 243.9(c) (eins og þeim er breytt með 63. þætti 8258).

([1]) Þó er það skilningur okkar að unnið sé í atvinnugreininni að málum sem snerta friðhelgi einkalífsins. Fulltrúar atvinnugreinarinnar hafa rætt um tillöguna að meginreglunum um „örugga höfn“ og að þeim verði hugsanlega beitt gagnvart flugfélögum. Við umræður hefur komið fram tillaga um að samþykkja sérstaka áætlun fyrir atvinnugreinina um að tryggja friðhelgi einkalífsins með þátttöku fyrirtækja sem ótvírætt samþykkja heimildir samgönguráðuneytisins.

Pökkunaraðilar og búpeningsbirgðastöðvar

Samkvæmt lögum um pökkunaraðila og búpeningsbirgðastöðvar „Packers and Stockyards Act" frá 1921 (7 U.S.C. § 181 og áfram) er pökkunaraðilum óheimilt, að því er varðar búpening, kjöt, kjötafurðir eða óunnar afurðir af búpeningi, eða þeim sem versla með lifandi fugla að taka þátt í eða beita hvers konar óheiðarlegum viðskiptaháttum eða ráðstöfunum, sem mismuna á óréttlátan hátt eða eru villandi, sjá 7 U.S.C. § 192(a); sjá einnig 7 U.S.C. § 213(a) (sem bannar hvers kyns óheiðarlega viðskiptahætti eða ráðstafanir í tengslum við búpening sem mismuna á óréttlátan hátt eða eru villandi). Landbúnaðarráðherra ber fyrst og fremst ábyrgð á því að framfylgja þessum ákvæðum en FTC hefur lögsögu í málum sem snerta smásöluverslun og alifuglaeldi, sjá 7 U.S.C. § 227(b)(2).

Óljóst er hvort landbúnaðarráðherra muni túlka það sem „villandi viðskiptahætti" samkvæmt lögum um pökkunaraðila og búpeningsbirgðastöðvar (Packers and Stockyards Act) ef pökkunaraðilar og rekendur búpeningsbirgðastöðva gæta ekki friðhelgi einkalífsins í samræmi við yfirlýsta stefnu Undantekning 5. þáttar gildir einungis um einstaklinga og félög sem heyra undir lögin um pökkunaraðila og búpeningsbirgðastöðvar. Ef friðhelgi einkalífsins er ekki málefni sem fellur undir lögin um pökkunaraðila og búpeningsbirgðastöðvar er hugsanlegt að undantekningin í 5. þætti gildi ekki og pökkunaraðilar og búpeningsbirgðastöðvar falli undir heimildir Alríkisviðskiptastofnunarinnar hvað það varðar.

Valdsvið einstakra ríkja með tilliti til óheiðarlegra eða villandi viðskiptahátta.

Samkvæmt greiningu starfsfólks Alríkisviðskiptastofnunarinnar hafa „öll 50 ríkin, auk Kólumbíusvæðisins (District of Columbia), Gvam, Puerto Rico og bandarísku Jómfrúreyjanna, tekið upp lög sem eru að meira eða minna leyti eins og lög Alríkisviðskiptastofnunarinnar til að koma í veg fyrir óheiðarlega eða villandi viðskiptahætti." Upplýsingaskjal frá Alríkisviðskiptastofnuninni, endurprentað í „Comment, Consumer Protection: The Practical Effectiveness of State Deceptive Trade Practices Legislation", 59 Tul, L. Rev. 427 (1984). Í öllum tilvikum hefur sú stofnun, sem sér um framfylgd, heimild til rannsókna með vitnastefnum eða rannsóknarkröfum einkamálaréttar (civil investigative demands), til að fullvissa sig um að farið sé að farið sé eftir reglum af frjálsum vilja, til að gefa út stjórnsýslubann eða fá sett lögbann hjá dómstóli til að koma í veg fyrir óheiðarlega, óréttláta eða villandi viðskiptahætti, eins og áður segir. Í 46 lögsagnarumdæmum gera lög ráð fyrir að hægt sé að höfða skaðabótamál til að krefjast bóta fyrir þann skaða sem hefur orðið, tvöfaldrar eða þrefaldrar þeirrar upphæðar eða miskabóta og í sumum tilvikum endurgreiðslu á kostnaði og lögfræðikostnaði, eins og áður segir.Í lögum Flórida um óheiðarlega og villandi viðskiptahætti „Deceptive and Unfair Trade Practices Act" er til dæmis heimild fyrir saksóknara til að rannsaka og skrá einkamál sem eru höfðuð vegna „óheiðarlegra samkeppnishátta eða óheiðarlegra, óréttlátra eða villandi viðskiptahátta", þar á meðal rangar eða villandi auglýsingar, villandi sérleyfis- eða viðskiptatilboð, sviksamleg símasala og sala með pýramídafyrirkomulagi. Sjá einnig almenn viðskiptalög New York „N.Y. General Business Law" § 349 (sem banna óheiðarlegar og villandi starfshætti í viðskiptum).

Könnun sem „National Association of Attorneys General" (NAAG) gerði á þessu ári staðfestir þessar niðurstöður. 43 ríkin sem svöruðu eru öll með svokallaðar „mini-FTC-reglur" eða aðrar reglur sem veita sambærilega vernd. Í sömu könnun upplýstu 39 ríki að þau hefðu heimild til að fjalla um kærur þeirra sem hafa ekki heimili sitt í ríkinu. Að því er varðar neytendavernd upplýstu 37 af 41 ríki að þau myndu taka til meðferðar kærur þess efnis að fyrirtæki í lögsögu þeirra færu ekki eftir þeirri stefnu varðandi friðhelgi einkalífsins sem þau hefðu sjálf gefið yfirlýsingu um.

IV. VIÐAUKI

Skaðabætur vegna brota gegn friðhelgi einkalífsins, lagaheimildir og samruni og yfirtaka í bandarískum lögum

Þetta er andsvar við beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um að bandarísk lög séu skýrð með tilliti til a) krafna um bætur vegna brota gegn friðhelgi einkalífsins b) sérstakra heimilda í bandarískum lögum um notkun persónuupplýsinga á þann hátt sem samrýmist ekki meginreglunum um „örugga höfn", og c) áhrifa samruna og yfirtöku á skuldbindingar samkvæmt meginreglunum um „örugga höfn".

A. **Bætur vegna brota gegn friðhelgi einkalífsins**

Sé ekki farið eftir meginreglunum um „örugga höfn" getur það gefið tilefni til ýmissa krafna í einkamálarétti, eftir eðli máls. Einkum er hægt að draga fyrirtæki, sem gangast undir reglurnar um „örugga höfn", til ábyrgðar fyrir að gefa rangar upplýsingar þegar þau standa ekki við yfirlýsta stefnu sína. Í einkamálarétti er einnig gefinn möguleiki á því að höfða einkamál vegna brota gegn friðhelgi einkalífsins. Í alríkislögum og lögum einstakra ríkja um friðhelgi einkalífsins er víða að finna ákvæði um að einstaklingar geti fengið skaðabætur vegna brota gegn friðhelgi einkalífsins.

Rétturinn til skaðabóta vegna brota gegn friðhelgi einkalífsins er vel tryggður í bandarískum lögum.

Að nota persónuupplýsingar á þann hátt sem er ósamrýmanlegur meginreglunum um „örugga höfn" getur skapað skaðabótaábyrgð samkvæmt lögfræðilegu áliti margra. Til dæmis geta bæði sá sem hefur umsjón með flutningi gagna og einstaklingarnir, sem gögnin eru um, kært fyrirtæki fyrir að gefa villandi upplýsingar, ef það gengst undir reglurnar um „örugga höfn" en vanrækir að standa við skuldbindingar sínar. Samkvæmt bandarískum lögum um bótarétt „Restatement of the Law, Second, Torts" ([1]) gildir eftirfarandi:

> Sá sem gefur villandi upplýsingar í sviksamlegum tilgangi um staðreyndir, álit, fyrirætlun eða lög í þeim tilgangi að fá annan aðila til athafna, eða til að hætta við þær á grundvelli þeirra upplýsinga, er bótaskyldur gagnvart þeim aðila, sem hefur verið blekktur, vegna fjárhagslegs tjóns sem hann verður fyrir vegna villandi upplýsinga sem hann hafði ástæðu til að ætla að væru réttar.

„Restatement" § 525. Villandi upplýsingar eru „sviksamlegar" ef þær eru gerðar með þeirri vitneskju eða í þeirri trú að þær séu rangar. Sjá einnig § 526. Almennt gildir að sá sem gefur villandi upplýsingar í sviksamlegum tilgangi er ábyrgur gagnvart öllum sem hann hefur í hyggju eða reiknar með að reiði sig á þær fyrir hverju því fjárhagslegu tjóni sem þeir gætu orðið fyrir vegna þess. Sjá einnig 531. Enn fremur getur aðili, sem gefur öðrum aðila villandi upplýsingar í sviksamlegum tilgangi, verið ábyrgur gagnvart þriðja aðila ef brotlegi aðilinn hefur í hyggju eða væntir þess að upplýsingum hans verði miðlað til þriðja aðila sem grípur til aðgerða á grundvelli þeirra. Sjá einnig § 533.

Í tengslum við kerfið „örugga höfn" er opinber yfirlýsing fyrirtækisins sú trygging sem það gefur fyrir því að það gangist undir meginreglurnar um „örugga höfn". Eftir að hafa gengist undir slíka skuldbindingu og vísvitandi er vanrækt að fara eftir meginreglunum geta þeir sem reiddu sig á yfirlýsinguna höfðað mál á grundvelli villandi upplýsinga. Þar eð sú skuldbinding að gangast undir meginreglurnar er gerð opinber í stórum dráttum geta bæði einstaklingar, sem upplýsingarnar eru um, og eins ábyrgðaraðili gagnanna í Evrópusambandinu, sem flytur persónuupplýsingar til Bandaríska fyrirtækisins, höfðað mál gegn því á grundvelli villandi upplýsinga ([2]). Auk þess ber bandaríska fyrirtækið áfram skaðabótaábyrgð gagnvart þeim vegna „villandi upplýsinga" á meðan þeir halda áfram að reiða sig á þessar villandi upplýsingar og skaðast á því, sjá § 535.

Þeir sem reiða sig á villandi upplýsingar í sviksamlegum tilgangi eiga rétt á skaðabótum. Samkvæmt „Restatement" gildir eftirfarandi:

> Sá sem fær villandi upplýsingar, sem gefnar eru í sviksamlegum tilgangi, getur höfðað mál vegna svika á hendur þeim sem veitir upplýsingarnar og krafist þess að fá bætt það fjártjón sem hann hefur orðið fyrir og má sannanlega rekja til villandi upplýsinga.

„Restatement" § 549. Leyfilegar skaðabætur geta falið sér bætur fyrir beint peningalegt tjón og einnig það að „verða af hagnaði" í viðskiptum. Sjá einnig „Boling v. Tennessee State Bank, 890 S.W.2d 32 (1994)"

([1]) Second Restatement of the Law, Second, Torts (bótarétturinn); American Law Institute (1997).

([2]) Þetta gæti til dæmis átt við þegar einstaklingarnir sem persónuupplýsingar eru um treysta á skuldbindingar bandaríska fyrirtækisins þegar þeir gefa umsjónaraðilanum samþykki sitt fyrir því að þær séu fluttar til Bandaríkjanna.

(bankinn var dæmdur til að greiða lántakendum 14 825 Bandaríkjadali í skaðabætur fyrir að hafa afhent bankastjóra, sem hafði gagnstæðra hagsmuna að gæta, persónuupplýsingar og viðskiptaáætlanir lántakenda).

Til að upplýsingar teljist vera villandi í sviksamlegum tilgangi þarf hlutaðeigandi að hafa beina vitneskja um að svo sé eða að minnsta kosti trúa því að upplýsingarnar séu rangar en bótaskylda getur einnig legið við villandi upplýsingum af gáleysi. Samkvæmt „Restatement" getur hver sá sem gefur rangar upplýsingar í viðskiptum sínum, fagi eða starfi eða í peningaviðskiptum af einhverju tagi orðið bótaskyldur „ef hann sýnir ekki hæfilega gætni eða hæfni við viðtöku eða afhendingu upplýsinganna." „Restatement" § 552(1). Öfugt við villandi upplýsingar í sviksamlegum tilgangi takmarkast skaðabótaábyrgð vegna villandi upplýsinga af gáleysi við beint peningalegt tjón, sjá eins og áður segir, sjá § 552B (1).

Hæstiréttur Connecticut dæmdi t.d í nýlegu máli á þá leið að hægt væri að lögsækja rafmagnsfyrirtæki, sem hafði vanrækt að tilkynna um að það hefði afhent upplýsingar um greiðslur viðskiptamanns til innlendra lánastofnana, fyrir að veita villandi upplýsingar. Sjá „Brouillard gegn United Illuminating Co., 1999 Conn. Super. LEXIS 1754". Í þessu máli var stefnanda neitað um lán vegna þess að stefndi tilkynnti að greiðslur hefðu borist of seint eða ekki fyrr en þrjátíu dögum eftir dagsetningu reiknings. Stefnandi bar að hann hefði ekki verið látinn vita af þessari venju þegar hann stofnaði reikning vegna rafmagnsviðskipta hjá stefnda. Í dómnum var þess sérstaklega getið að „byggja megi kæru vegna villandi upplýsinga af gáleysi á því að sá sem ákærður er vanrækir að gefa upplýsingar þótt það sé skylda hans". Þetta mál sýnir enn fremur að sviksamlegur ásetningur þarf ekki nauðsynlega að vera meðal ástæðna fyrir málsókn vegna villandi upplýsinga af gáleysi. Þannig er hægt að krefja bandarískt fyrirtæki um skaðabætur vegna villandi upplýsinga ef það af gáleysi vanrækir að upplýsa hvernig það hyggst nota persónuupplýsingar sem það fær innan ramma kerfisins „örugg höfn"

Hafi brot á meginreglunum um „örugga höfn" í för með sér misnotkun persónuupplýsinga getur það einnig orðið tilefni skaðabótakröfu vegna brots á friðhelgi einkalífsins frá hinum skráða samkvæmt réttarvenju. Í bandarískum lögum hefur lengi verið viðurkennt að brot á friðhelgi einkalífsins geti verið grundvöllur fyrir málsókn. Í dómsmáli frá 1905 ([1]) úrskurðaði hæstiréttur Georgíu að rétturinn til friðhelgi einkalífsins ætti rætur í náttúrurétti og réttarvenju þegar hann dæmdi í máli almenns borgara sem líftryggingafyrirtæki hafði birt mynd af í auglýsingu, án samþykkis hans eða vitneskju. Dómarar komust að þeirri niðurstöðu að notkun myndarinnar væri „af illum hvötum", „röng" og líkleg til þess að „gera ákærandann að aðhlátursefni í augum heimsins" ([2]) en þetta eru hugmyndir sem nú eru alþekktar í bandarískum lögum um friðhelgi einkalífsins. Grundvallarforsendur Pavesich-dómsins hafa haldist með minni háttar undantekningum og orðið undirstaða bandarískra laga um þetta efni. Dómstólar einstakra ríkja hafa stöðugt tekið fyrir dómsmál um brot á friðhelgi einkalífsins og réttarvenja að minnsta kosti 48 ríkja viðurkennir nú sumar af ástæðunum fyrir slíkum dómsmálum ([3]). Enn fremur vernda stjórnarskrárákvæði að minnsta kosti 12 ríkja rétt borgara sinna til að vera laus við átroðning ([4]), sem getur í sumum tilvikum náð yfir vernd gegn átroðningi óopinberra aðila. Sjá t.d. „Hill gegn NCAA, 865 P.2d 633 (Ca 1994)"; sjá einnig „S. Ginder, Lost and Found in Cyberspace: Informational Privacy in the age of the Internet, 34 S.D.L. Rev. 1153 (1997)" („í stjórnarskrá sumra ríkja ganga ákvæði um vernd friðhelgi einkalífsins lengra en ákvæði um friðhelgi einkalífsins í stjórnarskrá Bandaríkjanna: Alaska, Arizona, California, Florida, Hawaii, Illinois, Louisiana, Montana, South Carolina og Washington hafa verndarákvæði sem fela í sér víðtækari vernd að því er varðar friðhelgi einkalífsins.")

Í annarri enduryfirlýsingu um bótarétt (Second Restatement of Torts) er áreiðanlegt yfirlit yfir lög á þessu sviði. Þar er útskýrt að í samræmi við almenna réttarvenju nær réttur til friðhelgi einkalífsins yfir fjórar mismunandi ástæður fyrir því að höfða mál fyrir bótarétti. Sjá „Restatement" § 652. Í fyrsta lagi er hægt að höfða mál vegna „átroðnings í einkalífi" (intrusion upon seclusion) á hendur þeim sem af ásettu ráði hefur

([1]) Pavesich v. New England Life Ins. Co., 50 S.E. 68 (Ga. 1905).
([2]) Sjá einnig § 69.
([3]) Með rafrænni leit í Westlaw-gagnagrunninum fundust 2703 einkaréttarmál um friðhelgi einkalífsins sem hafa verið höfðuð fyrir dómstólum einstakra ríkja frá 1995. Við höfum áður sent framkvæmdastjórninni niðurstöður þessarar leitar.
([4]) Sjá t.d. stjórnarskrá Alaska, 1. gr. 22. þáttar; Arizona, 2. gr. 8. þáttar; Kaliforníu, 1. gr., 1. þáttar; Flórida, 1. gr. 23. þáttar; Hawaii, 1. gr., 5. þáttar; Illinois, 1. gr., 6. þáttar; Louisiana, 1. gr., 5. þáttar; Montana, 2. gr., 10. þáttar; New York, 1. gr., 12. þáttar; Pennsylvania, 1. gr., 1. þáttar; South Carolina, 1. gr., 10. þáttar; og Washington, 1. gr., 7. þáttar.

í frammi átroðning, líkamlega eða með öðrum hætti, gagnvart einveru annars manns eða einkalífi hans eða einkamálum ([1]). Í öðru lagi er hægt að höfða mál á grundvelli persónuátroðnings (appropriation) gegn þeim sem notar nafn eða útlit annars til eigin nota eða ávinnings ([2]). Í þriðja lagi er hægt að höfða mál vegna birtingar einkaupplýsinga (publication of private facts) þegar efnið sem er birt er mjög særandi fyrir venjulegt fólk og viðkemur ekki almenningi ([3]). Loks er hægt að höfða mál vegna ærumeiðinga (false light publicity) gegn þeim sem vitandi vits eða af kæruleysi sýnir annan opinberlega í röngu ljósi á þann hátt sem er mjög særandi fyrir venjulegt fólk ([4]).

„Átroðningur í einkalífi“ getur, innan ramma reglnanna um „örugga höfn“, falið í sér óleyfilega söfnun persónuupplýsinga en óleyfileg notkun persónuupplýsinga í viðskiptalegum tilgangi getur gefið tilefni til málshöfðunar vegna persónuátroðnings (appropriation). Á sama hátt getur afhending rangra persónuupplýsinga gefið ástæðu til að krefjast skaðabóta vegna ærumeiðinga (false light publicity) ef upplýsingarnar geta talist mjög særandi fyrir venjulegt fólk. Loks getur brot á friðhelgi einkalífsins, sem stafar af birtingu eða afhendingu viðkvæmra persónuupplýsinga, gefið ástæðu til þess að höfða mál vegna birtingar einkaupplýsinga (publication of private facts). (Sjá dæmin hér á eftir).

Með tilliti til skaðabóta getur brot á friðhelgi einkalífsins gefið þeim sem brotið er á rétt til skaðabóta þegar um er að ræða:

a) tjón sem hann verður fyrir vegna brots á friðhelgi einkalífsins;

b) sálræna erfiðleika sem unnt er að sanna ef þeir eru af því tagi sem venjulega er afleiðing slíkra brota á friðhelgi; og

c) sérstakan skaða sem orsakast af broti á friðhelgi.

„Restatement“ § 652. Vegna þess að bótarétturinn gildir almennt og vegna þess að mál eru höfðuð af mörgum ólíkum ástæðum sem snerta friðhelgi einkalífsins er líklegt að þeir sem brotið er á í tengslum við friðhelgi einkalífsins vegna þess að fyrirtækin hafa ekki gengist undir meginreglurnar um örugga höfn geti krafist bóta í peningum.

Dómstólar hinna ýmsu ríkja fá fjölda svipaðra mála til meðferðar þar sem því er haldið fram að um brot á friðhelgi einkalífsins sé að ræða. Í málinu „Ex Parte AmSouth Bancorporation et al., 717 So. 2d 357“ var t.d. um að ræða sameiginlega málshöfðun þar sem því var haldið fram að ákærði hefði „nýtt sér það traust sem viðskiptamenn bankans báru til hans með því að afhenda eignartengdum banka trúnaðarupplýsingar um þá og reikninga þeirra til að gera honum kleift að selja hlutabréf í sameiginlegum sjóðum og öðrum fjárfestingum. Bætur eru oft dæmdar í slíkum málum. Í málinu „Vassiliades gegn Garfinckel's, Brooks Bros., 492 A.2d 580 (D.C.App. 1985)“ breytti áfrýjunardómstóll dómi óæðri dómstóls í þá veru að notkun ljósmynda af ákæranda fyrir og eftir lýtaaðgerð, sem voru sýndar í stórmarkaði, væri brot á friðhelgi einkalífsins þar eð það flokkaðist undir birtingu einkaupplýsinga. Í málinu „Candebat gegn Flanagan, 487 So.2d 207 (Miss. 1986)“ notaði ákærði, sem var tryggingafélag, slys, þar sem eiginkona ákæranda hlaut alvarleg meiðsl, í auglýsingaherferð. Ákærandi kærði brot gegn friðhelgi einkalífsins. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ákærandi ætti rétt á bótum vegna tilfinningalegs álags og persónuátroðnings. Óþekktir einstaklingar geta höfðað mál vegna persónuátroðnings. Sjá t.d. „Staruski gegn Continental Telephone Co., 154 Vt. 568 (1990)“ (ákærði notaði nafn og mynd starfsmanns síns í auglýsingu í dagblaði til að hagnast á því í viðskiptum). Í málinu „Pulla gegn Amoco Oil Co., 882 F.Supp 836 (S.D. Iowa 1995)“ sýndi vinnuveitandi starfsmanni sínum átroðning í einkalífi með því að láta annan starfsmann rannsaka greiðslukortafærslur hans til að kanna fjarvistir hans á veikindadögum. Dómstóllinn staðfesti niðurstöður kviðdóms um 2 Bandaríkjadollara í skaðabætur og 5000 000 Bandaríkjadollara í miskabætur. Annar vinnuveitandi var dæmdur til að greiða

([1]) Sjá einnig 28. kafla, 62. þátt B.
([2]) Sjá einnig 28. kafla, 652. þátt C.
([3]) Sjá einnig 28. kafla, 652. þátt D.
([4]) Sjá einnig 28. kafla, 652. þátt E.

skaðabætur fyrir að birta frétt í blaði fyrirtækisins um starfsmann sem hafði verið sagt upp starfi vegna gruns um að hafa falsað ráðningarskýrslur sínar. Sjá „Zinda gegn Louisiana-Pacific Corp., 140 Wis.2d 277 (Wis.App. 1987)". Birting greinarinnar var brot á friðhelgi einkalífsins og flokkaðist undir birtingu einkaupplýsinga þar eð blaðinu var dreift í næsta nágrenni. Loks var skóli, þar sem nemendur voru látnir gangast undir alnæmispróf, eftir að þeim hafði verið sagt að blóðprufan væri aðeins vegna rauðra hunda, dæmdur til að greiða skaðabætur vegna átroðnings í einkalífið. Sjá „Doe gegn High-Tech Institute, Inc., 972 P.2d 1060 (Colo.App. 1998)". (Sjá viðbæti við „Restatement" § 652H" um önnur skráð mál).

Bandaríkin eru oft gagnrýnd fyrir það að skjóta málum of oft til dómstóla en það er einnig til marks um það að einstaklingar, sem telja að brotið hafi verið á sér, geta farið í mál – og gera það. Bandarískt dómskerfi gerir ákærendum á margan hátt auðvelt að höfða mál, annaðhvort sem einstaklingar eða hópar. Lögmannastéttin er hlutfallslega stærri en í nokkru öðru landi og því er auðvelt að fá fagmann til að flytja mál. Lögmaður ákæranda, sem flytur mál fyrir einstaklinga í einkamálum, fær yfirleitt laun sem hlutfall af ávinningi og það gerir félitlum einstaklingum kleift að leita réttar síns. Þetta leiðir til annars sem er mikilvægt: í Bandaríkjunum greiðir hvor aðili allajafna laun lögmanna sinna og annan kostnað. Þetta er öfugt við gildandi reglu í Evrópu þar sem aðilinn, sem tapar máli, verður að endurgreiða hinum aðilanum kostnað. Án þess að kostir og gallar þessara tveggja kerfa séu metnir eru reglurnar í Bandaríkjunum ólíklegri til að koma í veg fyrir lögmætar kröfur einstaklinga sem væru ekki færir um að greiða kostnað beggja aðila ef þeir töpuðu máli.

Einstaklingar geta höfðað skaðabótamál jafnvel þótt um tiltölulega lágar upphæðir sé að ræða. Í flestum, ef ekki öllum lögsagnarumdæmum í Bandaríkjunum, eru dómstólar sem bjóða upp á einfaldaða og ódýra málsmeðferð í smærri deilumálum þar sem kröfur eru undir mörkum samkvæmt lögum ([1]). Möguleikinn á því að fá miskabætur gefur einstaklingum sem hafa e.t.v. ekki orðið fyrir miklu beinu fjártjóni kost á því að fara í mál á grundvelli ámælisverðra athafna. Loks geta einstaklingar sem hafa orðið fyrir sams konar skaða sameinað úrræði sín og kröfur og höfðað mál sameiginlega.

Gott dæmi um möguleika einstaklinga á því að höfða mál til að rétta hlut sinn er mál sem nú er fyrir dómstólum gegn Amazon.com vegna brots á friðhelgi einkalífsins. Amazon.com, sem er stór smásöluverslun á Netinu, er fyrir rétti vegna máls sem var höfðað sameiginlega þar sem ákærendur halda því fram að þeim hafi ekki verið tjáð, og þeir hafi ekki veitt samþykki fyrir því, að persónuupplýsingum um þá var safnað þegar þeir notuðu hugbúnað í eigu Amazon, sem kallast Alexa. Ákærendur í þessu máli hafa borið fyrir sig brot á lögum um tölvusvik (Computer Fraud and Abuse Act) með ólöglegum aðgangi að fjarskiptum sem hafa verið sett í geymslu og á lögum um friðhelgi einkalífsins í rafrænum fjarskiptum (Electronic Communications Privacy Act) vegna ólöglegrar hlerunar á fjarskiptum þeirra, rafrænum og um þráð. Þeir geta einnig borið fyrir sig brot á friðhelgi einkalífsins samkvæmt réttarvenju. Sérfræðingur í netöryggi lagði upphaflega fram kæru á þeim forsendum í desember. Í málinu gerði hver ákærandi í hópnum kröfu um 1 000 dala skaðabætur auk lögfræðikostnaðar og endurgreiðslu þess hagnaðar sem hafði fengist með því að brjóta lög. Skaðabæturnar gætu numið milljörðum dollara þar eð margar milljónir einstaklinga gætu verið sameiginlegir ákærendur í málinu. Alríkisviðskiptastofnunin (Federal Trade Commission) rannsakar einnig þessar ákærur.

Í alríkislöggjöf og löggjöf einstakra ríkja um friðhelgi einkalífsins eru oft ákvæði um ástæður fyrir höfðun einkamála þar sem krafist er skaðabóta í peningum.

Ef ekki er farið eftir meginreglunum um „örugga höfn." getur það, auk þess að gefa tilefni til skaðabóta-ábyrgðar samkvæmt skaðabótarétti, einnig gengið gegn einhverju af þeim hundruðum lagaákvæða sem eru til í alríkislöggjöf og lögum einstakra ríkja um friðhelgi einkalífsins. Mörg af þessum lagaákvæðum, sem snerta meðferð bæði stjórnvalda og einkaaðila á persónuupplýsingum, gera einstaklingum kleift að höfða skaðabótamál þegar brotið er á þeim, til dæmis:

Lögin um friðhelgi einkalífsins í rafrænum fjarskiptum (Electronic Communications Privacy Act) frá 1986. Í þeim lögum er bannað að hlera farsímasamtöl og sendingar milli tölva án leyfis. Brot á þessum lögum getur haft í för með sér skaðabótaábyrgð sem nemur að minnsta kosti 100 Bandaríkjadölum fyrir hvern brotlegan

([1]) Við höfum áður veitt framkvæmdastjórninni upplýsingar um mál sem snúast um litlar fjárhæðir.

dag. Lögin veita einnig vernd gegn óleyfilegum aðgangi eða afhendingu á rafrænum fjarskiptum sem hafa verið sett í geymslu. Lögbrjótar eru skaðabótaskyldir vegna þess skaða sem þeir valda og geta þurft að endurgreiða þann ágóða sem lögbrotið hefur fært þeim.

Fjarskiptalög (Telecommunications Act) frá 1996. Samkvæmt 702. þætti laganna má ekki nota einkaupplýsingar um netnotanda (customer proprietary network information) til neins annars en að veita fjarskiptaþjónustu. Áskrifendur þjónustu geta annaðhvort lagt fram kæru hjá „Federal Communications Commission" eða höfðað mál fyrir alríkisundirrétti til að fá greiddar skaðabætur og lögfræðikostnað.

Lög um umbætur að því er varðar upplýsingar um fjárhagsstöðu neytenda (Consumer Credit Reporting Reform Act) frá 1996. Lögin frá 1996 breyttu lögunum um réttmætar upplýsingar um fjárhagsstöðu (Fair Credit Reporting Act) frá 1970 þannig að krafist er tilkynninga í auknum mæli og aðgangs fyrir þá sem gögnin eru um. Í umbótalögunum eru einnig settar nýjar takmarkanir varðandi sölu upplýsinga um fjárhagsstöðu neytenda. Neytendur geta fengið greiddar skaðabætur og lögfræðikostnað vegna brota á lögunum.

Lög einstakra ríkja vernda friðhelgi einkalífsins einnig á margvíslegan hátt. Einstök ríki hafa sett lög í ýmsum málaflokkum, meðal annars um bankaupplýsingar, upplýsingar um áskrift að kapalsjónvarpi, lánaupplýsingar, upplýsingar um starfsráðningar, opinberar upplýsingar, erfðafræðilegar upplýsingar og heilbrigðisupplýsingar, tryggingaupplýsingar, skólaupplýsingar, upplýsingar um rafræn fjarskipti og myndbandaleigur ([1]).

B. Sérstakar lagaheimildir

Í meginreglunum um „örugga höfn" er kveðið á um undantekningar þar sem lög, reglur eða fordæmisréttur leiðir af sér „skuldbindingar eða sérstakar heimildir sem stangast á, að því tilskildu að við framkvæmd slíkra heimilda geti fyrirtækið sýnt fram á að fari það ekki eftir meginreglunum sé það einungis að því marki sem er nauðsynlegt til að gæta lögmætra ráðandi hagsmuna sem slík heimild veitir." Ljóst er að þegar skyldur samkvæmt bandarískum lögum stangast á við aðrar reglur verða bandarísk fyrirtæki, hvort sem þau eru aðilar að „öruggri höfn" eða ekki, að fara að lögum. Að því er varðar sérstakar heimildir þá er meginreglunum um „örugga höfn" ætlað að brúa bilið á milli bandarískrar og evrópskrar löggjafar um friðhelgi einkalífsins en okkur ber að virða heimildir kjörinna fulltrúa okkar til lagasetningar. Hinar takmörkuðu undantekningar frá því að fara í einu og öllu eftir meginreglunum um „örugga höfn" hafa þann tilgang að halda jafnvægi milli lögmætra hagsmuna beggja aðila.

Undantekningar takmarkast við mál sem sérstök lagaheimild er til um. Þess vegna gildir það almennt að í viðkomandi lögum, reglum og dómsúrskurðum skulu að minnsta kosti vera afdráttarlausar heimildir fyrir athöfnum fyrirtækis sem hefur gengist undir reglurnar um „örugga höfn" ([2]). Með öðrum orðum gilda undantekningar ekki ef þeirra er ekki getið í lögunum. Auk þess gildir undantekning því aðeins að sérstök lagaheimild stangist á við meginreglurnar um örugga höfn. Í þeim tilvikum er undantekningin „takmörkuð við það sem er nauðsynlegt til að gæta þeirra ráðandi lögmætu hagsmuna sem slík heimild veitir." Til dæmis gildir undantekning ekki ef lögin heimila fyrirtæki einungis að veita yfirvöldum persónuupplýsingar. Sé fyrirtæki hins vegar sérstaklega heimilað í lögum að veita opinberum stofnunum persónuupplýsingar án samþykkis einstaklings er um að ræða „sérstaka heimild" til aðgerða sem stangast á við meginreglurnar um „örugga höfn." Að öðrum kosti flokkast sérstakar undantekningar frá skýlausum kröfum um tilkynningu og samþykki undir undantekningar (þar eð það jafngilti sérstakri heimild að afhenda upplýsingarnar án tilkynningar og samþykkis). Til dæmis gætu lög, sem heimiluðu læknum að afhenda heilbrigðisyfirvöldum sjúkraskýrslur sjúklinga sinna án fyrirframsamþykkis þeirra, verið ástæða til að gera undantekningu frá meginreglunum um tilkynningu og valfrelsi. Læknir hefði ekki leyfi, samkvæmt þeirri heimild, til að afhenda heilsuræktarstöðvum eða fyrirtækjum sem stunda lyfjarannsóknir í viðskiptalegum tilgangi sömu sjúkraskýrslur því að það þjónaði ekki þeim tilgangi sem heimilaður er í lögum og flokkast því ekki undir

([1]) Með rafrænni leit nýverið í Westlaw-gagnagrunninum fundust 994 mál varðandi skaðabætur og brot á friðhelgi einkalífsins sem hafa verið höfðuð fyrir dómstólum einstakra ríkja.

([2]) Þess má geta til skýringar að í viðkomandi lagaheimild þarf ekki að vera sérstök tilvísun til meginreglnanna um „örugga höfn."

undantekningu ([1]). Lagaheimildin, sem um er að ræða, getur verið einstök (stand alone) heimild til að gera eitthvað sérstakt við persónuupplýsingar en, eins og dæmin hér á eftir sýna, er líklegra að hún sé undantekning frá almennari lögum þar sem mælt er fyrir um söfnun, notkun, eða afhendingu persónuupplýsinga.

Fjarskiptalög (Telecommunications Act) frá 1996

Í flestum tilvikum er leyfileg notkun annaðhvort í samræmi við kröfur tilskipunarinnar og meginreglnanna eða heimiluð samkvæmt einhverri af öðrum leyfilegum undantekningum. Til dæmis er lögð sú skylda á flutningsaðila í fjarskiptum, í 702. þætti fjarskiptalaganna (flokkun: 47 U.S.C. § 222) að viðhalda leynd persónuupplýsinga sem þeir hafa undir höndum í tengslum við þjónustu sem þeir veita viðskiptamönnum sínum. Þetta ákvæði veitir flutningsaðila í fjarskiptum sérstakt leyfi til:

1) að nota upplýsingar um viðskiptamenn til að veita fjarskiptaþjónustu, þar á meðal að birta skrár yfir áskrifendur;

2) veita öðrum upplýsingar um viðskiptamann samkvæmt skriflegri beiðni viðskiptamannsins; og

3) veita upplýsingar um viðskiptamann í samanteknu formi.

Sjá 47 U.S.C. § 222(c)(1)–(3). Í lögunum er einnig undantekning sem gefur flutningsaðila í fjarskiptum leyfi til að nota upplýsingar um viðskiptamenn:

1) til að koma á fót og veita þjónustuna, skrifa reikninga fyrir henni og innheimta þá;

2) til verndar gegn sviksamlegu eða ólöglegu athæfi eða misnotkun; og

3) til að láta viðskiptamanninum í té vörukynningu, tilvísanir eða upplýsingaþjónustu í símtali sem viðskiptamaðurinn á upptökin að ([2]).

Sjá einnig § 222 (d)–(3). Loks er þess krafist að flutningsaðilar í fjarskiptum veiti fyrirtækjum, sem gefa út símaskrár, upplýsingar um áskrifendur sem eiga einungis að innihalda nöfn, heimilisföng, símanúmer og starfsgrein þegar um fyrirtæki er að ræða. Sjá einnig § 222(e).

Undantekning varðandi „sérstakar heimildir“ getur fengið þýðingu þegar flutningsaðilar í fjarskiptum nota einkaupplýsingar um netnotendur til að koma í veg fyrir svik eða annað ólöglegt athæfi. Einnig þá geta slíkar aðgerðir flokkast undir „hagsmuni almennings“ og verið leyfðar samkvæmt meginreglunum af þeirri ástæðu.

Reglur sem ráðuneyti heilbrigðis- og mannverndar leggur til

Ráðuneyti heilbrigðis- og mannverndar (Department of Health and Human Services (HHS)) hefur lagt til reglur um leynd persónugreinanlegra heilsufarsupplýsinga. Sjá 64 Fed. Reg. 59.918 (November 2, 1999) (verður flokkað sem: 45 C.F.R. pts. 160–164). Reglunum er ætlað að vera til framkvæmdar kröfum um friðhelgi einkalífsins í lögum um yfirfærslu og áreiðanleika sjúkratrygginga „Health Insurance Portability and Accountability Act frá 1996, útg. L. 104–191. Reglurnar sem lagðar eru til banna þeim aðilum sem reglurnar

([1]) Á sama hátt gæti læknirinn í þessu dæmi ekki reitt sig á lagaheimildir til að hnekkja rétti einstaklinga til að hafna (opt out) beinni markaðssetningu auglýsingasambandsins (Direct Marketing Association's Mail Preference Service) sem kveðið er á um í 12. lið Spurninga og svara. Gildissvið „sérstakra heimilda“ takmarkast ófrávíkjanlega við gildissvið heimildarinnar í viðkomandi lögum.

([2]) *Gildissvið þessarar undantekningar er mjög takmarkað. Samkvæmt henni getur flutningsaðili í fjarskiptum einungis not*að einkaupplýsingar um netnotanda (customer proprietary network information) í símtali sem viðskiptamaðurinn á upptökin að. Enn fremur hefur Alþjóðafjarskiptastofnunin (FCC) upplýst að flutningsaðili í fjarskiptum megi ekki nota einkaupplýsingar um netnotendur til að markaðssetja aðra þjónustu en þá sem viðskiptamaðurinn óskar sjálfur eftir. Að lokum skal tekið fram að þar eð viðskiptamaðurinn verður sjálfur að samþykkja notkun einkaupplýsinganna í þessum tilgangi getur þetta ákvæði ekki flokkast undir „undantekningu“.

ná til (þ.e. sjúkrasamlögum, greiðslujöfnunarstöðvum og heilsugæsluaðilum sem flytja heilsufarsupplýsingar á rafrænu formi, að nota eða afhenda verndaðar heilsufarsupplýsingar án leyfis viðkomandi einstaklings. Sjá tillögu að 45 U.S.C. § 164,506. Í reglutillögunum er gert ráð fyrir því að verndaðar heilsufarsupplýsingar séu einungis afhentar í tvennum tilgangi: 1. til að einstaklingar geti skoðað og afritað heilsufarsupplýsingar um sjálfa sig, sjá einnig § 164.514; og 2. til að framfylgja reglunum, sjá einnig § 164.522.

Reglurnar sem lagðar eru til gera ráð fyrir að nota megi eða afhenda verndaðar heilsufarsupplýsingar án sérstakrar heimildar einstaklingsins við takmarkaðar aðstæður. Þetta getur til dæmis verið vegna umsjónar með heilsuverndarkerfinu, vegna framkvæmdar laga og í neyðartilvikum. Sjá einnig § 164,510. Í reglutillögunum eru takmarkanir á notkun og afhendingu settar fram sundurliðaðar. Þess utan myndi leyfileg notkun og afhending verndaðra heilsufarsupplýsinga takmarkast við minnsta magn upplýsinga sem hægt er að komast af með. Sjá einnig § 164,506.

Notkun sú sem sérstök heimild er fyrir í reglutillögunum er yfirleitt í samræmi við meginreglurnar um „örugga höfn" eða þá leyfð með annarri undantekningu. Til dæmis er gerð undantekning vegna framkvæmdar laga og réttar svo og læknisfræðilegra rannsókna. Önnur notkun, svo sem eftirlit með heilbrigðiskerfinu, opinber heilbrigðisþjónusta og gagnakerfi hins opinbera yfir heilsufar, þjónar hagsmunum almennings. Til að unnt sé að reka heilsugæslu er nauðsynlegt að afhenda upplýsingar til vinnslu um greiðslur og iðgjöld til hennar. Notkun upplýsinga í neyðartilvikum, þegar hafa þarf samráð við nána ættingja varðandi meðferð og „ekki er mögulegt eða ekki hægt með góðu móti" að fá samþykki sjúklings, eða til að bera kennsl á hinn látna eða ákvarða dánarorsök, verndar grundvallarhagsmuni þess sem gögnin eru um og annarra. Notkun vegna stjórnunar herliðs í hernaðaraðgerðum og annarra sérstakra flokka einstaklinga auðveldar góða framkvæmd hernaðaraðgerða eða svipaðra aðkallandi verkefna; að öðru leyti hefur slík notkun lítil, ef nokkur, áhrif á neytendur almennt.

Þá er aðeins eftir sú notkun persónuupplýsinga sem tengist gerð sjúkraskráa á heilsugæslu- og sjúkrastöðvum. Þótt slík notkun flokkist ekki undir „lífsnauðsynlega" hagsmuni koma þessar skrár sjúklingum, vinum þeirra og vandamönnum að notum. Einnig er gildissvið þessarar heimildar takmarkað eðli málsins samkvæmt. Þess vegna hefur það lágmarksáhættu í för með sér með tilliti til friðhelgi einkalífs sjúklinganna þegar undantekning frá meginreglunum samkvæmt „sérstakri heimild" í lögum er notuð í þessum tilgangi.

Lög um réttmætar upplýsingar um fjárhagsstöðu (Fair Credit Reporting Act)

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur látið í ljós áhyggjur yfir því að undantekningin, sem fæst með „sérstakri heimild", verði í raun talin niðurstaða um fullnægjandi vernd laganna um réttmætar upplýsingar um fjárhagsstöðu. Svo er ekki. Hafi ekki verið sérstaklega skorið úr um að lögin veiti fullnægjandi vernd með tilliti til réttmætra upplýsinga um fjárhagsstöðu verða bandarísk fyrirtæki, sem annars myndu reiða sig á slíka niðurstöðu, að heita því að fara að öllu leyti eftir meginreglunum um „örugga höfn" Þetta hefur í för með sér að þegar gerðar eru meiri verndarkröfur í lögunum um réttmætar upplýsingar um fjárhagsstöðu en gert er í meginreglunum þarf bandaríska fyrirtækið einungis að fara eftir kröfunum sem gilda um réttmætar upplýsingar um fjárhagsstöðu. Veiti lögin um réttmætar upplýsingar um fjárhagsstöðu hins vegar minni vernd þurfa fyrirtækin aftur á móti að færa starfshætti sína við meðferð persónuupplýsinga til samræmis við meginreglurnar. Undantekning hefur ekki áhrif á þessa grundvallarreglu. Samkvæmt henni gildir undantekningin því aðeins að í viðkomandi lögum sé „sérstök heimild" fyrir gerðum sem eru ósamrýmanlegar reglunum um „örugga höfn.". Undantekningin gildir ekki þegar kröfur í lögunum um réttmætar upplýsingar um fjárhagsstöðu standast ekki meginreglurnar um „örugga höfn" ([1]).

Með öðrum orðum er það ekki ætlun okkar að undantekning jafngildi því að allt sem ekki er gerð krafa um sé „heimilað sérstaklega". Þar að auki gildir undantekningin einungis þegar það sem er „sérstök heimild" fyrir

([1]) Þetta ber ekki að skilja sem samþykki fyrir því að reglurnar um réttmætar upplýsingar um fjárhagsstöðu veiti ekki nægilega vernd. Við mat á reglum um réttmætar upplýsingar um fjárhagsstöðu verður að líta á vernd samkvæmt lögum í heild sinni en ekki á undantekningar eins og gert er hér.

í bandarískum lögum stangast á við kröfur í meginreglunum um „örugga höfn." Viðkomandi lög verða að standast báðar þessar viðmiðanir áður en leyft er að sniðganga meginreglurnar.

Í 604. þætti laganna um réttmætar upplýsingar um fjárhagsstöðu er fyrirtækjum, sem veita neytendaupplýsingar, heimilað að gefa út neytendaupplýsingar við ýmsar aðstæður sem eru sérstaklega tilgreindar. Sjá FCRA, § 604. Ef fyrirtæki, sem veita upplýsingar um fjárhagsstöðu, fá þannig heimild samkvæmt 604. þætti til athafna sem stangast á við meginreglurnar um „örugga höfn" þurfa þau fyrirtæki að gera það í krafti undantekningarinnar (*nema auðvitað að önnur undantekning gildi*). Fyrirtæki, sem veita upplýsingar um fjárhagsstöðu, verða að hlýða úrskurði dómstóla og stefnum rannsóknarnefnda og, notkun leyfisyfirvalda félagsmálastofnana og barnaverndarstofnana á upplýsingum um fjárhagsstöðu skal vera í þágu almennings. Sjá einnig § 604 (a)(1), (3)(D) og (4). Þar af leiðandi þarf fyrirtækið, sem veitir upplýsingar um fjárhagsstöðu, ekki að bera fyrir sig undantekningu samkvæmt „sérstakri heimild" til þessara hluta. Þegar gerðir fyrirtækis, sem veitir neytendaupplýsingar, eru í samræmi við rituð fyrirmæli neytandans samrýmast þær meginreglunum um „örugga höfn" að fullu. Sjá einnig § 604 (a)(2). Á sama hátt má einungis afhenda neytendaupplýsingar í tengslum við starfsráðningu með skriflegu leyfi neytandans (sjá einnig §§ 604(a)(3)(B) og (b)(2)(A)(ii)) og einungis í lána- eða tryggingamálum sem neytandinn á ekki frumkvæðið að, ef hann hefur ekki hafnað slíkum möguleika með vali (opt out) (sjá einnig § 604(c)(1)(B)). Í lögunum um réttmætar upplýsingar um fjárhagsstöðu er einnig lagt bann við því að fyrirtæki sem veita upplýsingar um fjárhagsstöðu veiti heilbrigðisupplýsingar í tengslum við starfsráðningu án samþykkis neytandans. Sjá einnig § 604(g). Slík notkun er í samræmi við meginreglurnar um tilkynningu og valfrelsi. Annar tilgangur sem er heimilaður samkvæmt 604. þætti snertir viðskipti sem neytandinn á hlut að og eru þess vegna leyfð samkvæmt meginreglunum. Sjá einnig § 604(a)(3)(A) og (F).

Loks er það notkun sem er „heimiluð" samkvæmt 604. þætti og tengist annars stigs lánamörkuðum. Sjá einnig § 604 (a)(3)(E). Enginn árekstur er í sjálfu sér á milli notkunar neytendaupplýsinga í þessum tilgangi og meginreglnanna um „örugga höfn". Að sönnu er til dæmis ekki krafist tilkynningar og samþykkis í lögunum um réttmætar upplýsingar um fjárhagsstöðu þegar aðilar veita upplýsingar í þessum tilgangi. Þó minnum við á að þótt ekki sé sett fram krafa jafngildir það ekki „sérstakri heimild" fyrir öðrum athöfnum en þeim sem tilgreindar eru. Á sama hátt mega fyrirtæki, sem veita upplýsingar um fjárhagsstöðu, veita stjórnvöldum ýmsar persónuupplýsingar samkvæmt 608. þætti. Þessi „heimild" réttlætir það ekki að fyrirtæki sem veita upplýsingar um fjárhagsstöðu vanræki skuldbindingar sínar um að fara eftir meginreglunum um „örugga höfn." Þetta stingur í stúf við önnur dæmi okkar þar sem undantekningar frá kröfum um tilkynningu og valfrelsi hafa í för með sér sérstaka heimild fyrir því að nota persónuupplýsingar án þess að kröfunni um tilkynningu og valfrelsi sé beitt.

Niðurstaða

Ákveðið mynstur kemur í ljós við þetta takmarkaða yfirlit okkar yfir gildandi reglur:

- „Sérstök heimild" í lögunum veitir yfirleitt heimild til að nota eða afhenda persónuupplýsingar án fyrirframsamþykkis einstaklingsins. Þannig takmarkast undantekningin við meginreglurnar um tilkynningu og valfrelsi.

- Í flestum tilvikum eru undantekningar, sem eru heimilaðar samkvæmt lögum, þröngt markaðar svo að þær gildi við sérsakar aðstæður í sérstökum tilgangi. Í öllum tilvikum er óheimil notkun eða afhending persónuupplýsinga, sem er ekki innan ramma þessara takmarkana, bönnuð annars staðar í lögum.

- Í flestum tilvikum þjónar heimiluð notkun eða afhending hagsmunum almennings í samræmi við tilgang laganna.

- Í nær öllum tilvikum er heimiluð notkun annaðhvort að öllu leyti í samræmi við kröfur meginreglnanna um „örugga höfn" eða hún er leyfð samkvæmt einhverri af öðrum leyfilegum undantekningum.

Niðurstaðan er sú að undantekning samkvæmt „sérstakri heimild" í lögum hefur, eðli máls samkvæmt, fremur takmarkað gildissvið.

C. Samruni og yfirtaka

Vinnuhópurinn um 29. gr. lét í ljós áhyggjur yfir aðstæðum sem skapast þegar fyrirtæki innan kerfisins „örugg höfn" er yfirtekið af eða rennur saman við fyrirtæki sem hefur ekki tekið á sig skuldbindingar um að fara eftir meginreglunum um „örugga höfn." Vinnuhópurinn virðist hafa talið að fyrirtækið sem eftir stendur sé ekki skyldugt til að beita meginreglunum um örugga höfn á persónuupplýsingar sem voru í vörslu fyrirtækisins sem er yfirtekið en það þarf ekki að vera svo samkvæmt bandarískum lögum. Almenna reglan í Bandaríkjunum, að því er varðar samruna og yfirtöku, er að fyrirtæki, sem eignast öll fyrirliggjandi hlutabréf í öðru fyrirtæki, tekur yfirleitt á sig skyldur og skuldbindingar þess fyrirtækis. Sjá 15 Fletcher Cyclopedia of the Law of Private Corporations § 7117 (1990); sjá einnig Model Bus. Corp. Act § 11.06(3) (1979) („fyrirtækið sem eftir stendur tekur á sig allar skuldbindingar allra fyrirtækja sem eiga aðild að samrunanum"). Samkvæmt því væri fyrirtæki, sem eftir stendur eftir samruna við eða eftir yfirtöku fyrirtækis sem á aðild að meginreglunum um „örugga höfn", bundið af skuldbindingum hins síðarnefnda varðandi reglurnar um „örugga höfn".

Þótt samruni eða yfirtaka eigi sér stað með kaupum á hlutabréfum gætu skuldbindingar fyrirtækisins, sem keypt er, engu að síður skuldbundið fyrirtækið, sem eignast þau, við tilteknar aðstæður. 15 Fletcher, § 7122. Þess má geta að fylgi skuldbindingar ekki með í samruna myndu þær ekki heldur fylgja með í samruna ef gögn væru flutt frá Evrópu samkvæmt samningi — en það er eini haldbæri valkosturinn á móti reglunum um „örugga höfn" þegar gögn eru flutt til Bandaríkjanna. Auk þess er þess nú krafist í endurskoðuðum skjölum um „örugga höfn" að öll fyrirtæki, sem eiga aðild að reglunum um „örugga höfn", tilkynni viðskiptaráðuneytinu um allar yfirtökur og leyfi því aðeins að gögn séu flutt til fyrirtækisins sem tekur við að það fyrirtæki gangist undir reglurnar um „örugga höfn". Sjá Spurningar og svör, 6. lið. Bandaríkin hafa sem sé endurskoðað lagarammann um „örugga höfn" þannig að þess er nú krafist að bandarísk fyrirtæki við þessar kringumstæður eyði upplýsingum sem þau hafa tekið á móti innan ramma laganna um „örugga höfn" ef skuldbindingar þeirra þar að lútandi gilda ekki áfram og ekki eru gerðar aðrar viðeigandi verndarráðstafanir í þeirra stað.

V. VIÐAUKI

14. júlí 2000

John Mogg
Aðalframkvæmdastjóri, DG XV
Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna
Skrifstofa C 107-6/72
Rue de la Loi/Wetstraat 200
B–1049 Brussels

Herra aðalframkvæmdastjóri

Bréf mitt til yðar frá 29. mars 2000 virðist hafa vakið allmargar spurningar. Ég sendi þetta bréf til að skýra heimildir okkar á þeim sviðum þar sem spurningar hafa vaknað og bæti við og tek saman efni fyrri bréfaskipta til að auðvelda tilvísanir síðar.

Í heimsóknum yðar og bréfum hafið þér borið fram nokkrar spurningar um valdsvið bandarísku stofnunarinnar Alríkisviðskiptastofnunarinnar „Federal Trade Commission" að því er varðar friðhelgi einkalífsins við beinlínuþjónustu. Ég tel það vera gagnlegt að taka saman fyrri svör mín varðandi starfsemi Alríkisviðskiptastofnunarinnar á þessu sviði og veita frekari upplýsingar um lögsögu stofnunarinnar í málum er varða friðhelgi einkalífs neytenda sem tekin eru upp í síðasta bréfi yðar. Þér spyrjið sérstaklega: 1) hvort Alríkisviðskiptastofnunin hafi lögsögu í málum er varða flutning gagna sem tengjast starfsráðningum og á sér stað í trássi við bandarísku meginreglurnar um „örugga höfn". 2) hvort Alríkisviðskiptastofnunin hafi lögsögu að því er varðar merkingarkerfi til verndar friðhelgi einkalífsins sem ekki er rekið í hagnaðarskyni. 3) hvort lögin um Alríkisviðskiptastofnunina gildi jafnt um málefni í beinlínuþjónustu og utan hennar, og 4) hvað gerist ef lögsaga Alríkisviðskiptastofnunarinnar skarast við lögsögu annarra stofnana sem framfylgja lögum.

Beiting laga FTC til verndar friðhelgi einkalífsins

Eins og yður er kunnugt hefur Alríkisviðskiptastofnunin tekið forystu síðustu fimm árin í því að styðja viðleitni bandarískra atvinnugreina og neytendahópa til að þróa heildarlausn í málum er snerta friðhelgi einkalífs neytenda þar á meðal söfnun og notkun persónuupplýsinga á Netinu. Við höfum aðstoðað við að greina lykilmálefni að því er varðar stefnumótun og þróa skynsamlegar lausnir á almennum vinnufundum og með stöðugu samráði við aðila í atvinnulífinu, fulltrúa neytenda og samstarfsmenn í viðskiptaráðuneytinu og aðrar bandarískar stjórnarstofnanir.

Löglegar heimildir Alríkisviðskiptastofnunarinnar á þessu sviði er að finna í 5. þætti laganna um hana, „Federal Trade Commission Act", þar sem bann er lagt við „óheiðarlegum eða villandi athöfnum eða starfsháttum í viðskiptum eða í starfsemi sem hefur áhrif á viðskipti" ([1]). Villandi viðskiptahættir eru skilgreindir sem yfirlýsing, vanræksla eða starfshættir sem líklegt er að blekki neytendur með góða dómgreind á afgerandi hátt. Starfshættir eru óheiðarlegir ef þeir valda eða eru líklegir til að valda neytendum verulegum skaða sem ekki er auðvelt að komast hjá og er ekki bættur upp með ávinningi fyrir neytendur eða bættri samkeppnisstöðu ([2]).

Telja má að tilteknir starfshættir við upplýsingasöfnun standist ekki lög Alríkisviðskiptastofnunarinnar. Ef því er til dæmis haldið fram með röngu að á vefsíðu sé farið eftir yfirlýstri stefnu að því er varðar friðhelgi einkalífsins eða viðmiðunarreglum um sjálfseftirlit er lagagrundvöllur í 5. þætti laganna um Alríkisviðskiptastofnunina til að vefengja slíkar rangar upplýsingar og telja þær villandi. Okkur hefur tekist að framfylgja lögunum á þann hátt að þessari meginreglu hefur verið komið á ([3]). Þar að auki hefur stofnunin tekið þá afstöðu að hún kunni að andmæla sérstaklega smánarlegum starfsháttum er varða friðhelgi einkalífsins sem óheiðarlegum samkvæmt 5. þætti ef slíkir starfshættir snerta börn eða notkun mjög viðkvæmra upplýsinga svo sem fjárhagslegra upplýsinga ([4]) og heilsufarsupplýsinga. Alríkisviðskiptastofnunin hefur og mun halda áfram að framfylgja lögum með vakandi eftirliti og rannsóknum og á grundvelli mála sem sjálfseftirlitsstofnanir og aðrir aðilar, þar á meðal aðildarríki Evrópusambandsins, vísa til okkar.

Stuðningur Alríkisviðskiptastofnunarinnar við sjálfseftirlit

Alríkisviðskiptastofnunin hefur jafnan stutt viðleitni atvinnugreina til að þróa skilvirk eigin eftirlitskerfi til að tryggja vernd friðhelgi einkalífs neytenda á Netinu. Eigi þessi viðleitni að bera árangur er almenn þátttaka atvinnugreinanna þó nauðsynleg. Um leið verður að styðja við sjálfseftirlit með því að framfylgja lögum. Þess vegna mun Alríkisviðskiptastofnunin veita forgang málum sem fyrirtæki á borð við „BBBOnline" og „TRUSTe" vísa til hennar þar sem ekki er farið eftir viðmiðunarreglum um sjálfseftirlit. Þessi aðferð er í samræmi við langt samstarf okkar við „National Advertising Review Board (NARB)" sem heyrir undir „Better Business Bureau" sem vísar kærum vegna auglýsinga til Alríkisviðskiptastofnunarinnar. Innlend auglýsingadeild (National Advertising Division) hjá „National Advertising Review Board" úrskurðar í kærumálum með dómsmálsmeðferð sem er notuð við innlendar auglýsingar. Þegar aðili neitar að fara að ákvörðun „National Advertising Division" er málinu vísað til Alríkisviðskiptastofnunarinnar. Starfslið Alríkisviðskiptastofnunarinnar athugar fyrst auglýsingu sem er vefengd til að ákvarða hvort hún brjóti í bága við lög Alríkis-

([1]) 15 U.S.C. § 45. Lögin um „Fair Credit Reporting" gilda einnig um gagnasöfnun á Netinu og sölu sem uppfyllir lagalegar skilgreiningar á „upplýsingar um neytendur" (consumer report) og „stofnun fyrir upplýsingar um neytendur" (consumer reporting agency).

([2]) 15 U.S.C. § 45 (n).

([3]) Sjá „GeoCities, mál nr. C-3849" (lokaniðurstaða 12. febrúar 1999) (aðgengileg á www.ftc.gov/os/1999/9902/9823015d%26o.htm); „Liberty Financial Cos., Docket No C-3891" (lokaniðurstaða ág. 12, 1999) (aðgengileg á www.ftc.gov/opa/1999/9905/younginvestor.htm). Sjá einnig „Children's Online Privacy Protection Act Rule (COPPA)", 16 C.F.R. 312. hluti (aðgengileg á www.ftc.gov/opa/1999/9910/childfinal.htm). Þess er krafist í COPPA-reglunum, sem tóku gildi í síðasta mánuði, að umsjónarmenn vefsíðna, sem beint er til barna undir 13 ára aldri, eða sem vitað er að safna persónuupplýsingum frá börnum undir 13 ára aldri, að þeir fari eftir COPPA-reglunum um heiðarlegar starfsaðferðir við upplýsingaöflun.

([4]) Sjá „FTC v Touch Tone, Inc., almennt dómsmál nr. 99-WM-783 (D.Co.)" (skráð 21. apríl 1999) aðgengilegt á www.ftc.gov/opa/1999/9904/touchtone.htm. Álit (Staff Opinion Letter) frá 17. júlí 1997, svar við dómskvaðningu frá „Center for Media Education", aðgengileg á www.ftc.gov/os/1997/9707/cenmed.htm.

viðskiptastofnunarinnar og tekst oft að stöðva háttsemina sem er vefengd eða telja viðkomandi aðila á að gangast aftur undir málsmeðferð „National Advertising Review Board".

Á sama hátt mun Alríkisviðskiptastofnunin veita forgang málum sem aðildarríki Evrópusambandsins vísa til hennar þar eð ekki er farið eftir meginreglum um „örugga höfn". Þegar um er að ræða tilvísanir frá bandarískum sjálfseftirlitsfyrirtækjum athugar starfsfólk okkar allar upplýsingar sem lúta að því hvort háttsemin sem kærð er brjóti í bága við 5. þátt laga Alríkisviðskiptastofnunarinnar. Þessa skuldbindingu er einnig að finna í meginreglunum um „örugga höfn" í Spurningum og svörum um framfylgd laga.

GeoCities: Fyrsta mál Alríkisviðskiptastofnunarinnar um friðhelgi einkalífsins í tengslum við beinlínuþjónustu

Fyrsta mál Alríkisviðskiptastofnunarinnar um friðhelgi einkalífsins í tengslum við Netið var byggt á heimild stofnunarinnar samkvæmt 5. þætti laganna. ([1]). Í því máli hélt Alríkisviðskiptastofnunin því fram að GeoCities gæfi bæði fullorðnum og börnum villandi upplýsingar um það hvernig persónuupplýsingar um þau yrðu notuð. Í kæru sinni hélt Alríkisviðskiptastofnunin því fram að GeoCities hefði lýst því yfir að einungis ætti að nota tilteknar persónugreinanlegar upplýsingar, sem safnað hafði verið á vefsíðu fyrirtækisins, til innanhúsnota eða til að veita neytendum sérstök auglýsingatilboð og vörur eða þjónustu sem þeir bæðu um og að tilteknar „valfrjálsar" viðbótarupplýsingar myndu ekki verða látnar af hendi við neinn án leyfis neytandans. Í reynd voru þessar upplýsingar afhentar þriðju aðilum sem notuðu þær til að mynda markhópa við markaðssetningu án samþykkis neytendanna. Kæran byggðist einnig á því að starfshættir GeoCities við söfnun upplýsinga frá börnum hefðu verið villandi. Samkvæmt kæru Alríkisviðskiptastofnunarinnar bar GeoCities að það hefði starfrækt vefsvæði fyrir börn á vefsíðu sinni og að GeoCities geymdi upplýsingarnar sem safnað hefði verið þar. Í reynd var þessum svæðum á vefsíðunni stjórnað af þriðju aðilum sem söfnuðu upplýsingunum og geymdu þær.

Í sáttargerð er GeoCities bannað að gefa villandi upplýsingar um tilganginn með söfnun eða notkun persónugreinanlegra upplýsinga um neytendur, þar á meðal börn. Í úrskurðinum er þess krafist að fyrirtækið setji á vefsíðu sína, skýrt og greinilega, tilkynningu um friðhelgi einkalífsins þar sem neytendum er sagt hvaða upplýsingum sé safnað og í hvaða tilgangi, hverjum þær verði afhentar og hvernig neytendur geti komist að upplýsingunum og fjarlægt þær. Til að tryggja eftirlit foreldra er þess einnig krafist í sáttargerð að GeoCities fái samþykki foreldra barna yngri en 12 ára áður en fyrirtækið safnar persónugreinanlegum upplýsingum, frá þeim. Í dómnum er þess krafist að GeoCities sendi tilkynningu til viðskiptamanna sinna og veiti þeim tækifæri til að láta eyða upplýsingum um sig úr gagnagrunni GeoCities og gagnagrunnum þriðju aðila. Í sáttargerð er þess sérstaklega krafist að GeoCities sendi tilkynningu til foreldra 12 ára barna og yngri og eyði upplýsingum um þau nema foreldri veiti ákveðið samþykki sitt til þess að upplýsingarnar séu geymdar og notaðar. Loks er þess krafist að GeoCities hafi samband við þriðju aðila, sem fyrirtækið hefur þegar afhent upplýsingar, og fari fram á að þeir eyði einnig upplýsingunum ([2]).

([1]) GeoCities, mál nr. C-3849 (lokaniðurstaða 12. febrúar 1999) (er á vefsíðu www.ftc.gov/os/1999/9902/9823015d%26o.htm).

([2]) Alríkisviðskiptastofnunin úrskurðaði síðar í öðru máli um beinlínusöfnun persónuupplýsinga frá börnum. „Liberty Financial Companies, Inc." starfrækti vefsíðuna „Young Investor" sem var beint til barna og unglinga og með áherslu á málefni tengd peningum og fjárfestingum. Alríkisviðskiptastofnunin hélt því fram að umsjónaraðili vefsíðunnar hefði ranglega gefið til kynna að persónuupplýsingarnar, sem safnað yrði frá börnum í könnun, yrðu geymdar nafnlausar og að þátttakendur fengju fréttabréf í tölvupósti og einnig verðlaun. Í reynd voru persónuupplýsingar um börnin og fjármál fjölskyldna þeirra geymdar þannig að hægt var að rekja þær til einstaklinga og engin fréttabréf eða verðlaun voru send. Í málssátt eru slíkar villandi upplýsingar bannaðar framvegis og Liberty Financial er gert að tilkynna um friðhelgi einkalífsins á vefsíðu sinni fyrir börn og fá sannanlega samþykki foreldra áður en persónugreinanlegum upplýsingum er safnað hjá börnum. Liberty Financial Cos., mál nr. C-3891 (lokaniðurstaða 12. ágúst 1999) (sjá vefsíðu www.ftc.gov/opa/1999/9905/younginvestor.htm).

ReverseAuction.com

Síðar höfðaði stofnunin mál á hendur öðru beinlínufyrirtæki vegna meints brots á friðhelgi einkalífsins. Í janúar 2000 samþykkti stofnunin að taka til meðferðar kæru og ná sáttum í máli „ReverseAuction.com", uppboðssíðu á Netinu sem haldið var fram að hefði fengið persónugreinanlegar upplýsingar um neytendur frá vefsíðu keppinautar (eBay.com) og síðan sent villandi og óumbeðin tölvubréf til þessara neytenda og falast eftir viðskiptum við þá ([1]). Kæra okkar byggðist á því að „ReverseAuction" hefði brotið gegn ákvæðum 5. þáttar laga Alríkisviðskiptastofnunarinnar með því að afla persónugreinanlegra upplýsinga og innihéldu tölvupóstföng „eBay"-notenda og persónubundin notendakenni (user IDs) og með villandi tölvupóstsendingum.

Eins og lýst er í kærunni skráði „ReverseAuction" sig sem notanda hjá „eBay" áður en fyrirtækið fékk upplýsingarnar og samþykkti að fara eftir notendasamningi og stefnu þess fyrirtækis varðandi friðhelgi einkalífsins. Samningurinn og reglurnar vernda friðhelgi einkalífs neytandans á þann hátt að banna notendum „eBay" að safna og nota persónugreinanlegar upplýsingar á óleyfilegan hátt svo sem að senda óumbeðinn tölvupóst í viðskiptalegum tilgangi. Kæra okkar var því í fyrsta lagi byggð á því að „ ReverseAuction" hefði haldið því ranglega fram að fyrirtækið myndi fara eftir notendasamningi og stefnu „eBay" varðandi friðhelgi einkalífsins, og eru það villandi starfshættir samkvæmt 5. þætti. Til vara var kæran byggð á því að sú notkun „ReverseAuction" á upplýsingunum að senda óumbeðinn tölvupóst í viðskiptalegum tilgangi, í trássi við notendasamning og stefnu „eBay" varðandi friðhelgi einkalífsins væru óheiðarlegir viðskiptahættir samkvæmt 5. þætti.

Í öðru lagi var kæran byggð á því að í tölvupósti til neytenda hefði verið villandi efnislína með upplýsingum þar sem öllum var tjáð að notendakenni þeirra „væri að verða útrunnið." Loks var kæran byggð á því að í tölvupóstinum væri það ranglega gefið til kynna að „eBay" hefði beint eða óbeint látið „ReverseAuction" í té persónugreinanlegar upplýsingar eða átt með öðrum hætti þátt í því dreifingu hins óumbeðna tölvupósts.

Í sáttargerð, sem Alríkisviðskiptastofnuninni tókst að ná, er séð til þess að „ReverseAuction" endurtaki ekki þetta brot. Einnig er þess krafist að „ReverseAuction" sendi tilkynningu til allra þeirra neytenda sem hafa skráð eða munu skrá sig hjá „ReverseAuction" í kjölfar tölvupóstsins sem fyrirtækið sendi þeim. Í tilkynningunni skal þessum neytendum tjáð að notendakenni þeirra hjá „eBay" hafi ekki verið um það bil að renna út og að „eBay" hafi ekki vitað um eða heimilað dreifingu „ReverseAuction" á þessum óumbeðna tölvupósti. Tilkynningin skal einnig gefa þessum neytendum tækifæri til að láta taka sig af skrá hjá „ReverseAuction" og láta eyða persónugreinanlegum upplýsingum um sig úr gagnagrunni þess fyrirtækis. Auk þess er þess krafist í úrskurðinum að „ReverseAuction" eyði og hætti að nota eða afhenda persónugreinanlegar upplýsingar viðskiptamanna „eBay" sem fengu tölvupóstinn frá „ReverseAuction" án þess að vera skráðir þar. Loks er þess krafist í sáttargerðinni, í samræmi við fyrri úrskurði stofnunarinnar um friðhelgi einkalífsins, að „ReverseAuction" kynni sína eigin stefnu varðandi friðhelgi einkalífsins á vefsíðu sinni á Netinu og þar eru víðtæk ákvæði um skráahald til að Alríkisviðskiptastofnunin geti fylgst með því að úrskurðurinn sé haldinn.

Af máli „ReverseAuction" sést að Alríkisviðskiptastofnunin er skuldbundin til að styðja viðleitni atvinnugreina til sjálfseftirlits á sviði friðhelgi einkalífs neytenda við beinlínuþjónustu. Í þessu máli var sem sé andmælt háttsemi sem gróf undan stefnunni um friðhelgi einkalífsins og notendasamningi en það gæti rýrt traust neytenda á ráðstöfunum sem netfyrirtæki gera til að vernda friðhelgi einkalífsins. Þar eð þetta mál snerist um óréttmæta notkun fyrirtækis á neytendaupplýsingum sem voru verndaðar með stefnu annars fyrirtækis varðandi friðhelgi einkalífsins getur það haft sérstaka þýðingu með tilliti til gagnaflutnings fyrirtækja milli landa.

Þrátt fyrir aðgerðir Alríkisviðskiptastofnunarinnar til framkvæmdar lögunum gagnvart GeoCities, Liberty Financial Cos., og ReverseAuction eru heimildir stofnunarinnar takmarkaðri á sumum sviðum er varða friðhelgi einkalífsins við beinlínuþjónustu. Eins og getið er hér að framan er einungis hægt að beita lögum Alríkisviðskiptastofnunarinnar gagnvart söfnun og notkun persónuupplýsinga án samþykkis að það teljist

([1]) Sjá „ReverseAuction.com, Inc.", einkamál nr. 000032 (D.D.C.) (skráð 6. janúar 2000) (fréttatilkynning og málflutningur á www.ftc.gov/opa/2000/9904/touchtone.htm.

annaðhvort villandi eða óheiðarlegir viðskiptahættir. Lög Alríkisviðskiptastofnunarinnar myndu því að líkindum ekki gilda um starfshætti á vefsíðu þar sem safnað væri persónugreinanlegum upplýsingum um neytendur en hvorki væru gefnar villandi upplýsingar um það til hvers upplýsingunum væri safnað né þær notaðar eða afhentar á þann hátt sem líklegt væri að neytendur hefðu verulegan skaða af. Það mun ekki heldur vera á valdsviði Aríkisviðskiptastofnunarinnar að krefjast þess almennt að fyrirtæki sem safna persónuupplýsingum á Netinu fylgi yfirlýstri stefnu varðandi friðhelgi einkalífsins eða einhverri tiltekinni stefnu þar að lútandi ([1]). Hins vegar er líklegt að það flokkist undir villandi starfshætti ef fyrirtæki fer ekki eftir yfirlýstri stefnu sinni um friðhelgi einkalífsins eins og áður er getið.

Enn fremur nær lögsaga Alríkisviðskiptastofnunarinnar á þessu sviði einungis til óheiðarlegra og villandi starfshátta ef þeir eiga sér stað í viðskiptum eða hafa áhrif á þau. Upplýsingasöfnun viðskiptafyrirtækja, sem bjóða fram vörur eða þjónustu, þar á meðal að safna og nota upplýsingar í viðskiptalegum tilgangi, stenst að öllum líkindum þær kröfur sem snúa að viðskiptum. Á hinn bóginn getur verið að margir einstaklingar og aðrir aðilar safni upplýsingum af Netinu án þess að gera það í viðskiptalegum tilgangi og kunna því að falla utan lögsögu Alríkisviðskiptastofnunarinnar. Dæmi um þessa slíkt eru spjallrásir ef þær eru reknar af aðilum sem stunda ekki viðskipti, t.d. líknarfélögum.

Loks eru margar undantekningar, að hluta til eða að öllu leyti lögbundnar, frá grunnlögsögu Alríkisviðskiptastofnunarinnar með tilliti til viðskiptahátta sem takmarka möguleika Alríkisviðskiptastofnunarinnar á því að taka á fullnægjandi hátt á málum er snerta friðhelgi einkalífsins á Netinu. Þar á meðal eru undantekningar sem gilda um mörg fyrirtæki sem þurfa að hafa mikið af upplýsingum eins og bankar, tryggingafélög og flugfélög. Eins og yður er kunnugt geta aðrar alríkis- eða ríkisstofnanir haft lögsögu í málum þessara aðila, eins og t.d. bankastjórnir alríkisbankanna (federal banking agencies) og samgönguráðuneytið.

Í málum þar sem Alríkisviðskiptastofnunin hefur lögsögu tekur stofnunin við kærum sem neytendur leggja fram í pósti eða símleiðis til neytendaþjónustunnar (Consumer Response Center) og nýverið á vefsíðu hennar ([2]) og grípur til aðgerða eftir því sem hún hefur tök á. Neytendaþjónustan tekur við kærum frá öllum neytendum, einnig þeim sem búa í aðildarríkjum Evrópusambandsins. Samkvæmt lögum Alríkisviðskiptastofnunarinnar hefur stofnunin nægilegar heimildir til að fá sett lögbann við brotum gegn lögunum í framtíðinni og einnig getur hún vísað málum til dómstólanna til að fá neytendum dæmdar skaðabætur. Þótt við leysum ekki einstakar deilur neytenda athugum við samt hvort viðkomandi fyrirtæki hafi aðhafst ólöglega í víðara samhengi. Á liðnum árum hefur Alríkisviðskiptastofnunin rétt hlut borgara bæði í Bandaríkjunum og öðrum löndum ([3]). Alríkisviðskiptastofnunin mun halda áfram að beita heimildum sínum, eftir því sem við á, til að rétta hlut borgara annarra landa sem hafa skaðast vegna villandi starfshátta í lögsögu stofnunarinnar.

([1]) Af þessari ástæðu benti Alríkisviðskiptastofnunin á það í vitnisburði fyrir bandaríska þinginu að þörf kynni að vera á frekari löggjöf sem skyldaði alla, sem setja upp bandarískar vefsíður í viðskiptalegum tilgangi og snúa sér beint til neytenda, til að taka upp tiltekna heiðarlega starfshætti við upplýsingagjöf. „Consumer Privacy on the World Wide Web," lagt fyrir „Subcommittee on Telecommunications, Trade and Consumer Protection of the House Committee on Commerce United States House of Representatives, 21. júlí 1998 (sjá www.ftc.gov/os/9807/privac98.htm). Alríkisviðskiptastofnunin frestaði beiðni sinni um slíka löggjöf til þess að ráðrúm gefist til að sýna fram á að sjálfseftirlit muni leiða til útbreiðslu heiðarlegra starfshátta við upplýsingagjöf á vefsíðum. Í skýrslu Alríkisviðskiptastofnunarinnar til þingsins um friðhelgi einkalífsins í netþjónustu „Privacy Online: A Report to Congress," frá júní 1998 (skýrsluna er að finna á www.ftc.gov/reports/privacy3/toc.htm) mælti hún með löggjöf þar sem samþykkis foreldra er krafist áður en safnað er persónugreinanlegum upplýsingum frá börnum undir 13 ára aldri á vefsíðum þar sem viðskipti eiga sér stað. Sjá 3. nmgr. hér að framan. Á síðasta ári var komist að þeirri niðurstöðu í skýrslu Alríkisviðskiptastofnunarinnar um sjálfseftirlit og friðhelgi einkalífsins í beinlínuþjónustu „Self-Regulation and Privacy Online: A Federal Trade Commission Report to Congress" frá júlí 1999 (skýrsluna er að finna á www.ftc.gov/os/1999/9907/index.htm 13) að næg framþróun væri í sjálfseftirliti og því var ákveðið að mæla ekki með löggjöf að sinni. Alríkisviðskiptastofnunin mun senda þinginu nýja skýrslu á næstu vikum um það hvernig sjálfseftirliti miðar.

([2]) Sjá http://www.ftc.gov/ftc/complaint.htm um kærueyðublað Alríkisviðskiptastofnunarinnar á Netinu.

([3]) Í nýlegu máli varðandi sölu með pýramídafyrirkomulagi á Netinu náði Alríkisviðskiptastofnunin til dæmis að knýja fram endurgreiðslu til 15 622 neytenda, um það bil 5,5 milljónir Bandaríkjadala samanlagt. Neytendurnir bjuggu í Bandaríkjunum og 70 öðrum löndum. Sjá www.ftc.gov/opa/9807/fortunar.htm; www.ftc.gov/opa/9807/ftcrefund01.htm.

Gögn um starfsráðningar

Í síðasta bréfi yðar var óskað eftir frekari skýringu á lögsögu Alríkisviðskiptastofnunarinnar að því er varðar gögn um starfsráðningar. Í fyrsta lagi er spurt hvort Alríkisviðskiptastofnunin geti gripið til aðgerða samkvæmt 5. þætti gegn fyrirtæki sem lýsir yfir því að það muni fara eftir meginreglunum um „örugga höfn" en flytur eða notar gögn varðandi starfsráðningar á þann hátt að brýtur í bága við þessar reglur. Við fullvissum yður um að við höfum skoðað vandlega lög um heimildir Alríkisviðskiptastofnunarinnar um heimildir, skjöl sem tengjast þeim og viðeigandi fordæmisrétt og komist að þeirri niðurstöðu að Alríkisviðskiptastofnunin hafi sömu lögsögu í málum sem snerta gögn varðandi starfsráðningar og hún hefur almennt samkvæmt 5. þætti laga Alríkisviðskiptastofnunarinnar ([1]). Þetta merkir að við getum gripið til aðgerða í málum er tengjast starfsráðningum að því tilskildu að málið falli undir viðmiðanir okkar (óheiðarlega eða villandi viðskiptahætti) fyrir aðgerðir til verndar friðhelgi einkalífsins.

Við vísum einnig á bug þeirri skoðun að Alríkisviðskiptastofnunin hafi einungis heimild til að grípa til aðgerða til verndar friðhelgi einkalífsins við aðstæður þar sem fyrirtæki hefur blekkt einstaka neytendur. Í reynd, eins og nýlegar aðgerðir í máli Alríkisviðskiptastofnuninni gegn „ReverseAuction" sýna ([2]), mun stofnunin grípa til aðgerða til verndar friðhelgi einkalífsins í málum sem snerta gagnaflutning milli fyrirtækja þar sem haldið er fram að eitt fyrirtæki hafi brotið lög á öðru og hugsanlega valdið með því skaða fyrir bæði neytendur og fyrirtæki. Við teljum að við þessar aðstæður sé líklegast að upp komi mál sem snerta starfsráðningar þar eð gögn varðandi starfsráðningar um Evrópubúa eru flutt frá evrópsku fyrirtækjum til bandarískra fyrirtækja sem hafa skuldbundið sig til að fara eftir meginreglunum um „örugga höfn."

Við viljum þó nefna eitt dæmi um aðstæður þar sem aðgerð af hálfu Alríkisviðskiptastofnunarinnar myndi vera takmörkuð. Það gætu verið aðstæður þar sem málið hefði þegar fengið meðferð til lausnar deilumáls samkvæmt hefðbundnum vinnurétti, þar sem að líkindum væri um að ræða kvörtunarmál eða gerðardóm eða að kært hefði verið til „National Labor Relations Board" vegna óheiðarlegra starfshátta. Þetta gæti t.d. gerst ef vinnuveitandi hefði tekið á sig skuldbindingu í tengslum við sameiginlegan samning um notkun persónuupplýsinga og starfsmaður eða starfsmannafélag héldi því fram að vinnuveitandinn hefði brotið samninginn. Alríkisviðskiptastofnunin myndi að líkindum vísa slíku máli frá ([3]).

Lögsaga að því er varðar merkingakerfi

Í öðru lagi spurðuð þér hvort Alríkisviðskiptastofnunin hefði lögsögu í málum sem snerta „merkingakerfi" bandarískra aðila sem sjá um lausn deilumála sem gefa villandi upplýsingar um hlutverk sitt bæði við að framfylgja meginreglunum um „örugga höfn" og fjalla um einstakar kærur, þótt slíkir aðilar störfuðu ekki tæknilega séð „með hagnað í huga". Til að ákvarða hvort við höfum lögsögu yfir aðilum, sem lýsa því yfir að þeir starfi ekki með hagnað í huga, athugar Alríkisviðskiptastofnunin vandlega hvort aðilinn kunni að stuðla að hagnaði meðlima sinna þótt hann sem slíkur hagnist ekki. Alríkisviðskiptastofnunin hefur haldið því fram með góðum árangri að stofnunin hefði lögsögu í málum er varða slíka aðila og fyrir ekki alls löngu, eða 24. maí 1999, staðfesti hæstiréttur Bandaríkjanna einróma, í málinu „California Dental Association" gegn Alríkisviðskiptastofnuninni að stofnunin hefði lögsögu í einokunarmáli sem varðaði sjálfboðastarf sem staðbundið félag tannlæknastofa stundaði án hagnaðar. Dómurinn komst að eftirfarandi niðurstöðu:

([1]) Sé ekki sérstök undantekning í heimildarlögum Alríkisviðskiptastofnunarinnar er lögsaga hennar jafn víðtæk, samkvæmt lögum stofnunarinnar um starfshætti „í viðskiptum eða sem hafa áhrif á viðskipti", og stjórnskipulegt vald þingsins samkvæmt „Commerce Clause, United States v. American Building Maintenance Industries", 422 U.S. 271, 277 n. 6 (1975). Lögsaga Alríkisviðskiptastofnunarinnar nær því yfir starfshætti sem tengjast starfsráðningum í fyrirtækjum og atvinnugreinum í alþjóðaviðskiptum.

([2]) Sjá „Online Auction Site Settles FTC Privacy Charges", FTC Fréttabréf (6. Sjá www.ftc.gov/opa/2000/9808/geocitie.htm.

([3]) Ákvörðun á því hvort háttsemi felur í sér „óleyfilega starfshætti gagnvart launamönnum" eða brot á sameiginlegum samningi, er tækniles eðlis og venjulega vísað til sérfræðinga í vinnurétti, sem hlýða á málflutning beggja aðila, svo sem gerðardómur og „National Labour Relation Board".

> Alríkisviðskiptastofnunin leggur sig ekki einungis fram um að ná til aðila sem stunda viðskipti með hagnað í huga, 15 U.S.C. § 44, heldur einnig þeirra sem reka viðskipti með hagnað „meðlima sinna" í huga. ... Ólíklegt er að það hafi verið ætlun þingsins að takmarka á þennan hátt lögsögu viðkomandi stuðningsstofnana og gefa þannig færi á því að sniðganga lögin þegar tilgangurinn með lögum Alríkisviðskiptastofnunarinnar er að sjálfsögðu að tryggja framgang þeirra.

Eigi að ákvarða hvort lögsaga nái yfir tiltekinn aðila, sem hagnast ekki á starfsemi sinni og sem hefur tiltekið merkingakerfi, þyrfti að athuga reglulega í hve miklum mæli sá aðili veitir meðlimum sínum fjárhagslegan ávinning. Ef slíkur aðili starfrækti merkingakerfi sitt þannig að það skilaði meðlimum hans fjárhaglegum ávinningi myndi Alríkisviðskiptastofnunin að líkindum hafa lögsögu í málinu. Alríkisviðskiptastofnunin myndi að líkindum einnig hafa lögsögu í sviksamlegu merkingakerfi aðila sem gæfi ranglega til kynna að hann starfaði án hagnaðar.

Friðhelgi einkalífsins utan Netsins

Í þriðja lagi nefnið þér að fyrri bréfaskipti okkar hafi að mestu fjallað um friðhelgi einkalífsins í beinlínuþjónustu. Þótt friðhelgi einkalífsins við beinlínuþjónustu hafi verið aðalviðfangsefni Alríkisviðskiptastofnunarinnar sem snar þáttur í þróun rafrænna viðskipta ná lög hennar allt aftur til 1914 og gilda jafnt um aðra. Þannig getum við saksótt fyrirtæki sem hafa ekki starfsemi á Netinu en viðhafa óheiðarlega eða villandi viðskiptahætti að því er varðar friðhelgi einkalífsins ([1]). Í máli sem Alríkisviðskiptastofnunin höfðaði á síðasta ári, „FTC gegn TouchTone Information, Inc." ([2]) var upplýsingamiðlari ákærður fyrir að hafa ólöglega fengið og selt einkaupplýsingar um fjármál neytanda. Alríkisviðskiptastofnunin hélt því fram að Touch Tone hefði fengið upplýsingar um neytanda undir fölsku yfirskyni (pretexting), en svo er það kallað í einkarannsóknargeiranum til að lýsa starfsvenju við að fá persónuupplýsingar um aðra á fölskum forsendum, aðallega í gegnum síma. Í málinu, sem var skráð 21. apríl 1999 hjá alríkisdómstól í Colorado, er krafist lögbanns og endurgreiðslu alls ólöglegs hagnaðar.

Lögsögur sem skarast

Að lokum spyrjið þér um skiptingu milli lögsögu Alríkisviðskiptastofnunarinnar og lögsögu annarra stofnana sem framfylgja lögum, einkum þegar lögsögur skarast. Við höfum komið á góðum vinnutengslum við fjölmargar aðrar stofnanir sem framfylgja lögum, þar á meðal stjórnir alríkisbankanna og saksóknaraembætti ríkisins. Við samstillum oft rannsóknir til að nýta efni okkar sem best þegar lögsögur skarast. Við vísum einnig oft málum til viðeigandi ríkis- eða alríkisstofnunar til rannsóknar.

Ég vona að þetta yfirlit komi að gagni. Vinsamlegast látið vita ef þér óskið eftir frekari upplýsingum.

Yðar einlægur,

Robert Pitofsky

([1]) Eins og þér vitið frá fyrri viðtölum hafa lögin um réttmætar upplýsingar um fjárhagsstöðu „Fair Credit Reporting Act" einnig veitt Alríkisviðskiptastofnuninni heimild, innan ramma laganna, til að vernda neytendur gegn aðgangi að einkaupplýsingum um fjármál þeirra og Alríkisviðskiptastofnunin kvað nýlega upp úrskurð í máli af þessu tagi. Sjá „In the Matter of Trans Union", málsnr. 9255 (1. mars 2000) (fréttatilkynning og álit, sjá www.ftc.gov/os/2000/03/index.htm1).

([2]) Einkamál 99-WM-783 (D.Colo.) (sjá http://www.ftc.gov/opa/1999/9904/touchtone.htm) (bíður úrskurðar í framhaldi af dómssátt).

VI. VIÐAUKI

John Mogg
Aðalframkvæmdastjóri, DG XV
Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna
Skrifstofa C 107-6/72
Rue de la Loi/Wetstraat 200
B–1049 Brussels

Herra aðalframkvæmdastjóri:

Ég skrifa yður þetta bréf að beiðni bandarísku viðskiptaráðuneytisins til að útskýra hvaða hlutverk samgönguráðuneytið hefur við vernd friðhelgi einkalífs neytenda með tilliti til upplýsinga sem þau veita flugfélögum.

Samgönguráðuneytið mælir með sjálfseftirliti sem þeirri aðferð sem er minnst truflandi og skilvirkust til að tryggja vernd upplýsinga sem neytendur veita flugfélögum og styður því að tekið verði upp reglukerfið um „örugga höfn" sem gerir flugfélögum kleift að uppfylla kröfurnar í gagnaverndartilskipun Evrópusambandsins að því er varðar gagnaflutning frá Evrópusambandinu. Ráðuneytið viðurkennir hins vegar að sjálfseftirlit geti því aðeins borið árangur að flugfélögin, sem gangast undir meginreglurnar um friðhelgi einkalífsins, sem eru settar fram í reglukerfinu „öruggri höfn", fari eftir þeim í reynd. Þess vegna verður að styðja við sjálfseftirlit með því að beita lögum. Með því að nýta sér gildandi lögbundnar heimildir um vernd neytenda vill ráðuneytið sjá til þess að flugfélögin standi við skuldbindingar um friðhelgi einkalífsins gagnvart almenningi og fylgja eftir ábendingum um meinta óhlýðni sem berast því frá sjálfseftirlitsstofnunum og öðrum aðilum þar á meðal aðildarríkjum Evrópusambandsins.

Heimild ráðuneytisins til að grípa til aðgerða á þessu sviði hefur stoð í bandarískum lögum, 49 41712, þar sem flutningsaðila er bannað að viðhafa „óheiðarlega eða villandi starfshætti eða óheiðarlegar samkeppnisaðferðir" í flutningum í lofti sem skaða eða líklegt er að skaði neytendur. Þáttur 41712 er sniðinn eftir 5. þætti laga „Federal Trade Commission" (15 U.S.C. 45). Flugfélög eru þó, samkvæmt bandarískum lögum, 15 U.S.C. 45(a)(2), undanþegin reglum 5. þáttar laga „Federal Trade Commission".

Ráðuneytið rannsakar og sækir mál samkvæmt 49. þætti bandarískra laga 41712. (Sjá t.d. úrskurð samgönguráðuneytisins 99-11-5, 9. nóvember 1999; 99-8-23, 26. ágúst, 1999; 99-6-1, 1. júní 1999; 98-6-24, 22. júní 1998; 98-6-21, 19. júní 1998; 98-5-31, 22. maí 1998; og 97-12-23,18. desember 1997.) Við byggjum málsókn á okkar eigin rannsóknum og einnig formlegum og óformlegum kærum sem berast frá einstaklingum, ferðaskrifstofum, flugfélögum og bandarískum og erlendum stjórnarstofnunum.

Ég bendi á að þótt flutningsaðili sinni ekki vernd upplýsinga, sem hann hefur fengið frá farþegum, telst það ekki sjálfkrafa vera brot á ákvæðum þáttar 41712. Þegar flutningsaðili skuldbindur sig til að fara eftir meginreglunum um „örugga höfn" um að vernda neytendaupplýsingar, sem hann fær í hendur, hefur ráðuneytið vald til að beita lagaákvæðum hluta 41712 til að tryggja að farið sé eftir þessum meginreglum. Þegar farþegi hefur látið af hendi upplýsingar til flutningsaðila, sem hefur heitið því að virða meginreglurnar um „örugga höfn", er því líklegt að það valdi neytandanum skaða og sé brot á ákvæðum þáttar 41712 ef hann gerir það ekki. Ráðuneytið veitir rannsókn á meintum brotum og málsókn í málum þar sem slík brot hafa sannast algeran forgang. Við tilkynnum einnig viðskiptaráðuneytinu um niðurstöður allra slíkra mála.

Brot á ákvæðum þáttar 41712 geta leitt til stjórnsýslubanns og almennrar refsingar við brotum á því. Þótt við höfum ekki heimild til að veita skaðabætur eða peningalega aðstoð til einstakra kæruaðila höfum við heimild til að samþykkja samkomulag sem næst í kjölfar rannsókna og mála sem ráðuneytið á frumkvæði að og kemur neytendum til góða annaðhvort sem niðurfelling eða uppbót vegna peningasekta sem annars þyrfti að greiða. Þetta höfum við gert áður og getum og munum gera það í tengslum við meginreglurnar um „örugga höfn" þegar aðstæður leyfa. Verði bandarísk flugfélög uppvís að endurteknum brotum á ákvæðum þáttar 41712 gæti það vakið spurningar um hvort flugfélag sé fært um að framfylgja lögum en það gæti, í versta tilviki, leitt til þess að það yrði dæmt óhæft til að starfa og misst þannig rekstrarleyfi sitt. (Sjá úrskurði samgönguráðuneytisins 93-6-34, 23. júní 1993 og 93-6-11, 9. júní 1993. Þótt þetta mál hafi ekki fallið undir þátt 41712 leiddi það

til þess að starfsleyfi flutningsaðilans var afturkallað vegna þess að hann hafði algerlega hunsað ákvæði loftferðalaga Bandaríkjanna (Federal Aviation Act), tvíhliða samning og reglur og ákvarðanir ráðuneytisins.

Ég vona að þessar upplýsingar komi að gagni. Vinsamlegast hafið samband ef þér óskið eftir frekari upplýsingum.

Yðar einlægur,

Samuel Podberesky

Aðstoðarlögmaður (Assistant General Counsel)
Flugmálastjórnar (Aviation Enforcement and Proceeding)

VII. VIÐAUKI

Með tilvísun til b-liðar, 2. mgr. 1. gr. hafa eftirfarandi stjórnarstofnanir í Bandaríkjunum vald til að rannsaka kærur og veita réttarúrræði gegn óheiðarlegum eða villandi viðskiptaháttum og einnig til að tryggja að einstaklingar geti rétt hlut sinn, óháð búsetulandi eða þjóðerni, þegar ekki hefur verið farið eftir meginreglunum sem eru framkvæmdar í samræmi við Spurningar og svör:

1. Alríkisviðskiptastofnunin (Federal Trade Commission), og

2. Samgönguráðuneyti bandaríkjanna (US Department of Transportation).

Alríkisviðskiptastofnunin starfar á grundvelli heimilda samkvæmt 5. þætti laga þess. Alríkisviðskiptastofnunin hefur ekki lögsögu í málefnum banka, sparisjóða og lána- og samvinnusjóða samkvæmt 5. þætti, né almennra flutningsaðila í fjarskiptum og samgöngum milli landa, flugfélaga og pökkunaraðila og búpeningsbirgðastöðva. Þó að tryggingageirinn sé ekki sérstaklega nefndur í skránni yfir undantekningar í 5. þætti er í lögunum „McCarran-Ferguson Act" ([1]) almennt vísað til einstakra ríkja um eftirlit með tryggingamálum. Ákvæði laga Alríkisviðskiptastofnunarinnar gilda þó um tryggingastarfsemi að svo miklu leyti sem slík starfsemi heyrir ekki undir lög einstakra ríkja. Alríkisviðskiptastofnunin heldur heimild sinni gagnvart óréttlátum eða villandi viðskiptaháttum tryggingafyrirtækja í málum er snerta aðra starfsemi en tryggingar.

Samgönguráðuneyti Bandaríkjanna starfar á grundvelli heimilda sinna samkvæmt 49. bálki bandarískra laga, þætti 41712. Samgönguráðuneytið byggir málsókn á eigin rannsóknum og einnig formlegum og óformlegum kærum sem berast frá einstaklingum, ferðaskrifstofum, flugfélögum og bandarískum og erlendum stjórnarstofnunum.

([1]) 15 U.S.C. § 1011 og áfram.

1016. Tillaga til þingsályktunar [639. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2001, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2001 frá 31. janúar 2001, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB frá 16. maí 2000, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um breytingar á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 88/357/EBE (Fjórða tilskipun um ökutækjatryggingar).

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2001 frá 31. janúar 2001, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB frá 16. maí 2000, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um breytingar á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 88/357/EBE (Fjórða tilskipun um ökutækjatryggingar).

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir og nauðsynlegum lagabreytingum til innleiðingar hennar í íslenskan rétt. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir eru prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndar-

innar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB frá 16. maí 2000, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um breytingar á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 88/357/EBE (Fjórða tilskipun um ökutækjatryggingar).

Tilgangur tilskipunarinnar er að setja sérákvæði vegna tjónþola sem á rétt á skaðabótum, vegna atviks í öðru aðildarríki en því þar sem hann býr, af völdum ökutækis sem vátryggt er og skráð í aðildarríki.

Aðildarríkjum er ætlað að tryggja að tjónþoli geti höfðað mál beint á hendur því vátryggingafélagi sem vátryggt hefur þann sem ábyrgð ber.

Vátryggingafélag sem annast ökutækjatryggingar skal tilnefna fulltrúa til að annast tjónauppgjör í öðrum aðildarríkjum en þar sem það hefur fengið starfsleyfi. Fulltrúinn skal hafa aðsetur í því aðildarríki þar sem hann er tilnefndur. Fulltrúi má starfa fyrir fleiri en eitt vátryggingafélag. Fulltrúi skal hafa umboð til að koma fram gagnvart tjónþola og ganga frá bótakröfu hans. Tilnefning fulltrúa kemur ekki í veg fyrir að tjónþoli eða vátryggingafélag tjónþola reki mál beint gegn tjónvaldi eða vátryggingafélagi hans. Ríkjunum er ætlað að tryggja með viðeigandi viðurlögum að vátryggingafélag/tjónafulltrúi leggi, innan þriggja mánaða frá framlagningu bótakröfu, fram rökstutt bótatilboð eða rökstutt svar við kröfum sem annaðhvort er hafnað eða ekki liggja ljósar fyrir.

Aðildarríkjum er ætlað að sjá um að í hverju landi sé til upplýsingaskrifstofa sem, í því skyni að tjónþoli geti leitað bóta, hafi upplýsingar um skráningarnúmer ökutækja, númer vátryggingarskírteina, vátryggingafélög, ökutæki sem eru undanþegin vátryggingarskyldu og hver annist uppgjör tjóna vegna þeirra o.fl., eða sjái um söfnun og miðlun slíkra upplýsinga, og aðstoði þá sem eiga rétt til þess við að fá aðgang að upplýsingum.

Þá skal í hverju aðildarríki vera tjónakröfuskrifstofa sem tjónþolar geta lagt fram kröfu hjá ef tjónakröfu er ekki sinnt innan þriggja mánaða eða ef tjónafulltrúi hefur ekki verið tilnefndur. Tjónaskrifstofur aðildarríkjanna skulu gera með sér samning um starfsemi þeirra, skyldur og endurgreiðslu.

Loks er sérákvæði um tjón vegna óþekktra ökutækja og þegar ekki er unnt að tilgreina vátryggingafélag.

Fyrri tilskipanir á þessu sviði hafa verið teknar upp í EES-samninginn.

Aðildarríkjunum er ætlað að setja viðeigandi löggjöf um þetta efni fyrir 20. júlí 2002 er komi til framkvæmda fyrir 20. janúar 2003. Tjónaskrifstofum skal komið á fót fyrir 20. janúar 2002 og þær eiga að hafa gert með sér samkomulag fyrir 20. júlí 2002.

Unnið er að undirbúningi nauðsynlegra lagabreytinga vegna þessa í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu en nauðsynlegt reynist að gera breytingar á umferðarlögum.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 4/2001

frá 31. janúar 2001

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/1999 frá 30. september 1999([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB frá 16. maí 2000 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um breytingar á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 88/357/EBE (Fjórða tilskipun um ökutækjatryggingar)([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. viðauka við samninginn.

1. Eftirfarandi liður komi aftan við 10. lið (þriðja tilskipun ráðsins 90/232/EBE).

„10a. **32000 L 0026**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB frá 16. maí 2000 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um breytingar á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 88/357/EBE (Fjórða tilskipun um ökutækjatryggingar) (Stjtíð. EB L 181, 20.7.2000, bls. 65).“

([1]) Stjtíð. EB L 325, 21.12.2000, bls. 32 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 60, 21.12.2000, bls. 420.
([2]) Stjtíð. EB L 181, 20.7.2000, bls. 65.

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (fyrsta tilskipun ráðsins 73/239/EBE) og 7. lið (tilskipun ráðsins 88/357/EBE):

„- **32000 L 0026**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB frá 16. maí 2000 Stjtíð. EB L 181, 20.7.2000, bls. 65).“

2. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. janúar 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 31. janúar 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2000/26/EB frá 16. maí 2000

um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um breytingar á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 88/357/EBE

(Fjórða tilskipun um ökutækjatryggingar)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr. og 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]), á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 7. apríl 2000,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Eins og sakir standa er misræmi á milli ákvæða laga og stjórnsýslufyrirmæla í aðildarríkjunum um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og þetta misræmi er hindrun í vegi frjálsra fólksflutninga og frjálsrar tryggingaþjónustustarfsemi.

2) Nauðsynlegt er því að samræma þessi ákvæði til að innri markaðurinn geti starfað snurðulaust.

3) Í tilskipun 72/166/EBE ([4]) samþykkti ráðið ákvæði um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og til að kveða á um skyldu til að viðhalda vátryggingu gagnvart slíkri ábyrgð.

4) Í tilskipun 88/357/EBE ([5]) samþykkti ráðið ákvæði um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum á sviði frumtrygginga, annarra en líftrygginga, og um að greiða fyrir því að réttur til að stunda þjónustustarfsemi sé nýttur.

5) Fyrirkomulagið með skrifstofur vegna græna skírteinisins tryggir að skjótt tjónsuppgjör geti farið fram í landi tjónþola jafnvel þótt hinn aðilinn sé frá öðru landi í Evrópu.

6) Fyrirkomulagið með skrifstofur vegna græna skírteinisins leysir ekki allan vanda tjónþola sem þarf að gera kröfu í öðru landi á hendur aðila sem er búsettur þar og á hendur vátryggingafélagi með starfsleyfi þar (erlent réttarkerfi, erlent tungumál, framandi málsmeðferð við tjónsuppgjör og oft óviðunandi tafir á tjónsuppgjöri).

7) Í ályktun sinni frá 26. október 1995 um tjónsuppgjör vegna umferðarslysa sem verða utan heimalands kröfuhafa ([6]) fór Evrópuþingið þess á leit við framkvæmdastjórnina, í samræmi við 2. mgr. 192. gr. sáttmálans, að hún legði fram tillögu að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins til að leysa þennan vanda.

([1]) Stjtíð. EB C 343, 13.11.1997, bls. 11 og Stjtíð. EB C 171, 18.6.1999, bls. 4.

([2]) Stjtíð. EB C 157, 25.5.1998, bls. 6.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 16. júlí 1998 (Stjtíð. EB C 292, 21.9.1998, bls. 123), staðfest 27. október 1999, sameiginleg afstaða ráðsins frá 21. maí 1999 (Stjtíð. EB C 232, 13.8.1999, bls. 8) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 15. desember 1999 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 2. maí 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 16. maí 2000.

([4]) Stjtíð. EB L 103, 2.5.1972, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 84/5/EBE (Stjtíð. EB L 8, 11.1.1984, bls. 17).

([5]) Stjtíð. EB L 172, 4.7.1988, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/49/EBE (Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1).

([6]) Stjtíð. EB C 308, 20.11.1995, bls. 108.

8) Tímabært er að bæta við þær ráðstafanir sem komið var á með tilskipunum 72/166/EBE, 84/5/EBE ([1]) og 90/232/EBE ([2]) til að tryggja að tjónþolar, sem hafa orðið fyrir tjóni vegna slysa sem vélknúin ökutæki valda, sitji við sama borð án tillits til þess hvar innan bandalagsins slysin verða. Ýmsu er ábótavant að því er varðar tjónsuppgjör vegna slysa, sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, sem eiga sér stað í öðru ríki en því þar sem tjónþoli hefur búsetu.

9) Beiting þessarar tilskipunar við slys sem eiga sér stað í þriðju löndum þar sem fyrirkomulagið um notkun græna skírteinisins gildir og sem hafa áhrif á tjónþola sem eru búsettir innan bandalagsins og þar sem vélknúin ökutæki koma við sögu sem eru tryggð og að öllu jöfnu staðsett í aðildarríki, felur ekki í sér þá landfræðilegu útvíkkun á lögboðinni ökutækjatryggingarvernd sem kveðið er á um í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 72/166/EBE.

10) Þetta felur í sér að tjónþoli öðlast rétt til að beina kröfu sinn beint til vátryggingafélags aðilans sem ber ábyrgð á slysinu.

11) Viðunandi lausn fyrir tjónþola sem verða fyrir tjóni vegna slysa, sem vélknúin ökutæki valda og sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar og verða í öðru ríki en þar sem þeir eru búsettir, gæti verið að mega gera kröfu í aðildarríkinu, þar sem þeir hafa búsetu, á hendur tjónsuppgjörsfulltrúa sem er tilnefndur þar af vátryggingafélagi aðilans, sem ber ábyrgð á slysinu.

12) Þessi lausn fæli í sér að farið yrði með tjón, sem tjónþolar verða fyrir utan aðildarríkisins þar sem þeir hafa búsetu, eftir málsmeðferð sem þeim er kunn.

13) Það fyrirkomulag að hafa tjónsuppgjörsfulltrúa í aðildarríkinu þar sem tjónþoli hefur búsetu hefur hvorki áhrif á það hvaða efnisrétti skuli beita í hverju einstöku tilviki né á lögsögu.

14) Það að sá, sem orðið hefur fyrir tjóni, skuli eiga rétt til að beina kröfu sinni beint til vátryggingafélags er rökrétt viðbót við að tilnefna slíka fulltrúa og bætir auk þess lagalega stöðu tjónþola að því er varðar slys af völdum vélknúinna ökutækja sem eiga sér stað utan aðildarríkisins þar sem aðilinn er búsettur.

15) Í því skyni að bæta úr téðum atriðum, sem ábótavant er, skal kveða á um að aðildarríkið, þar sem vátryggingafélagið hefur starfsleyfi, krefjist þess að félagið tilnefni tjónsuppgjörsfulltrúa sem búsettir eru, eða hafa staðfestu, í hinum aðildarríkjunum og skulu þeir safna öllum nauðsynlegum upplýsingum í tengslum við kröfur vegna slíkra slysa og gera viðeigandi ráðstafanir til að gera upp kröfur fyrir hönd vátryggingafélagsins og á kostnað þess, þar á meðal greiða skaðabætur. Tjónsuppgjörsfulltrúar skulu hafa umboð til að koma fram fyrir hönd vátryggingafélagsins gagnvart fólki sem orðið hefur fyrir tjóni vegna slíkra slysa, auk þess að koma fram fyrir hönd þess frammi fyrir innlendum yfirvöldum, þar á meðal dómstólum þegar þess gerist þörf, svo fremi það samræmist reglum alþjóðlegs einkamálaréttar um val á lögsögu.

16) Starfsemi tjónsuppgjörsfulltrúa er ekki nægilegur grundvöllur fyrir því að valin sé lögsaga dómstóla í aðildarríkinu, þar sem tjónþoli er búsettur, ef reglur alþjóðlegs einkamálaréttar um val á lögsögu kveða ekki á um það.

17) Tilnefning fulltrúa sem annast uppgjör bótakrafna skal vera eitt af skilyrðunum fyrir því að hefja og stunda vátryggingastarfsemi þá sem talin er upp í 10. flokki A-liðar í viðaukanum við tilskipun 73/239/EBE ([3]), að undanskilinni ábyrgð vegna flutninga. Þetta skilyrði skal því uppfyllt með einu opinberu leyfi sem gefið er út af yfirvöldum í aðildarríkinu þar sem vátryggingafélagið hefur aðalskrifstofu, eins og tiltekið

([1]) Önnur tilskipun ráðsins (84/5/EBE) frá 30. desember 1983 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar á vélknúnum ökutækjum (Stjtíð. EB L 8, 11.1.1984, bls. 17). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 90/232/EBE (Stjtíð. EB L 129, 19.5.1990, bls. 33).

([2]) Þriðja tilskipun ráðsins (90/232/EBE) frá 14. maí 1990 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar á vélknúnum ökutækjum (Stjtíð. EB L 129, 19.5.1990, bls. 33).

([3]) Fyrsta tilskipun ráðsins (73/239/EBE) frá 24. júlí 1973 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga (Stjtíð. EB L 228, 16.8.1973, bls. 3). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/26/EB (Stjtíð. EB L 168, 18.7.1995, bls. 7).

er í II. bálki tilskipunar 92/49/EBE ([1]). Þetta skilyrði skal einnig gilda um vátryggingafélög sem hafa aðalskrifstofu utan bandalagsins og hafa tryggt sér leyfi sem heimilar þeim að hefja vátryggingastarfsemi í aðildarríki bandalagsins. Af þessum sökum skal tilskipun 73/239/EBE breytt og bætt við hana.

18) Auk þess að tryggja að vátryggingafélagið hafi fulltrúa í ríkinu þar sem tjónþoli er búsettur, er rétt að tryggja tjónþola þann rétt að krafan verði gerð upp eins skjótt og auðið er. Því er nauðsynlegt, ef vátryggingafélagið eða fulltrúi þess skyldu bregðast þeirri skyldu sinni að bjóða skaðabætur innan viðunandi frests, að í landslögum séu viðeigandi skilvirk og kerfisbundin stjórnsýsluviðurlög, fjárhagsleg eða jafngild, svo sem fyrirmæli ásamt stjórnsýslusektum, reglubundin skýrslugjöf til eftirlitsyfirvalda, vettvangseftirlit, birting í innlendu lögbirtingablaði og í dagblöðum, afturköllun á starfsemi félagsins (bann við gerð nýrra samninga í tiltekinn tíma), tilnefning sérstaks fulltrúa eftirlitsyfirvalda sem hefur eftirlit með því að rekstur sé í samræmi við vátryggingalög, afturköllun starfsleyfis eða viðurlög gagnvart stjórnendum og forstöðumönnum. Þetta skal ekki hafa áhrif á beitingu neinna annarra ráðstafana, einkum og sér í lagi samkvæmt eftirlitslögum, sem kunna að teljast við hæfi. Til þess að vátryggingafélagið geti boðið bætur byggðar á rökstuðningi innan tilskilins frests er það þó skilyrði að ekki leiki vafi á bótaábyrgð og tjóninu sem orðið er. Rökstutt boð um skaðabætur skal vera skriflegt og í því tíundaður grundvöllur mats á bótaábyrgð og tjóni.

19) Auk þessara viðurlaga er rétt að kveða á um að vextir skuli greiðast ofan á bótafjárhæð sem vátryggingafélag býður eða dómstóll dæmir tjónþola, hafi bætur ekki verið boðnar innan tilskilins frests. Ef innlendar reglur aðildarríkja taka til kröfu um dráttarvexti er heimilt að beita þessu ákvæði með tilvísun til þeirra reglna.

20) Tjónþolar, sem hafa orðið fyrir tjóni í slysi sem hlýst af notkun vélknúinna ökutækja, eiga stundum erfitt með að fá gefið upp nafn vátryggingafélagsins sem viðkomandi ökutæki eru ábyrgðartryggð hjá.

21) Aðildarríki skulu koma á fót upplýsingamiðstöðvum í þágu slíkra aðila til að tryggja að slíkar upplýsingar séu veittar eins skjótt og auðið er. Í þessum upplýsingamiðstöðvum skulu tjónþolar einnig geta nálgast upplýsingar um tjónsuppgjörsfulltrúa. Nauðsynlegt er að slíkar miðstöðvar hafi með sér samstarf og veiti skjót svör við beiðnum um upplýsingar um tjónsuppgjörsfulltrúa frá miðstöðvum í öðrum aðildarríkjum. Rétt er að slíkar miðstöðvar safni upplýsingum um það hvenær tryggingavernd rennur út í raun en ekki um það hvenær upprunalegum gildistíma tryggingaskírteinisins lýkur ef samninginn má endurnýja með því að segja honum ekki upp.

22) Setja skal sérákvæði um ökutæki (svo sem ökutæki í eigu hins opinbera eða hers) sem undanþágur frá ábyrgðartryggingarskyldu gilda um.

23) Ef lögmætir hagsmunir tjónþola felast í því að honum sé tilkynnt um deili á eiganda ökutækisins, þeim sem ekur því að jafnaði eða skráðum umráðamanni þess, svo sem ef hann getur einungis fengið bætur frá þessum mönnum vegna þess að ökutækið er ekki tryggt á viðeigandi hátt eða ef tjón nemur meiru en vátryggingarfjárhæð, ber einnig að veita þessar upplýsingar.

24) Tilteknar upplýsingar, svo sem nafn og heimilisfang eigandans eða þess sem ekur ökutækinu að jafnaði og númer vátryggingarskírteinis eða skráningarnúmer ökutækisins, eru persónuupplýsingar í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([2]). Vinnsla slíkra gagna, með skírskotun til þessarar tilskipunar, verður því að vera í samræmi við innlendar ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt tilskipun 95/46/EB. Nafn og heimilisfang þess sem ekur ökutækinu að jafnaði skal því einungis látið uppi að kveðið sé á um slíkt í landslögum.

([1]) Tilskipun ráðsins (92/49/EBE) frá 18. júní 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar, aðrar en líftryggingar, og um breytingu á tilskipunum 73/239/EBE og 88/357/EBE (þriðja tilskipun um skaðatryggingar) (Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1). Tilskipuninni var breytt með tilskipun 95/26/EB (Stjtíð. EB L 168, 18.7.1995, bls. 7).

([2]) Stjtíð. EB, L 281, 23.11.1995, bls. 31.

25) Nauðsynlegt er að tjónþoli geti leitað til tjónsuppgjörsstofnunar ef vátryggingafélagið hefur ekki tilnefnt fulltrúa eða er augljóslega að tefja uppgjör kröfu eða ef ekki eru vituð deili á vátryggingafélagi til þess að tryggja að tjónþoli verði ekki af þeim bótum sem hann á rétt á. Íhlutun tjónsuppgjörsstofnunar skal takmarkast við örfá, einstök tilvik þar sem vátryggingafélag hefur ekki uppfyllt skyldur sínar þrátt fyrir letjandi áhrif hugsanlegrar viðurlagaálagningar.

26) Hlutverk tjónsuppgjörsstofnunar er einungis að gera upp bótakröfur vegna hvers kyns tjóns sem tjónþoli verður fyrir þegar ekki leikur vafi á ábyrgð og því verður tjónsuppgjörsstofnun að takmarka starfsemi sína við að ganga úr skugga um að bætur hafi verið boðnar innan þeirra tímamarka og í samræmi við málsmeðferð sem mælt hefur verið fyrir um, án þess að meta málsatvik.

27) Lögpersónur, sem samkvæmt lögum ganga inn í kröfu tjónþola gegn þeim sem ber ábyrgð á slysinu eða vátryggingafélagi hans (svo sem, til dæmis, önnur vátryggingafélög eða tryggingastofnanir), skulu ekki eiga rétt á að gera samsvarandi kröfu á tjónsuppgjörsstofnun.

28) Tjónsuppgjörsstofnun skal eiga rétt á kröfuhafaskiptum að því marki sem hann hefur bætt tjónþola tjónið. Til að auðvelda tjónsuppgjörsstofnun að framfylgja kröfu sinni á hendur vátryggingafélagi, sem hefur ekki tilnefnt tjónsuppgjörsfulltrúa eða er augljóslega að tefja uppgjör kröfu, skal sá aðili sem greiðir bætur í ríki tjónþola sjálfkrafa öðlast endurkröfurétt með yfirfærslu réttinda tjónþola til tilsvarandi aðila í ríkinu þar sem vátryggingafélagið hefur aðsetur. Síðarnefndur aðili er í bestri aðstöðu til að höfða mál vegna endurkröfu á hendur vátryggingafélaginu.

29) Jafnvel þótt aðildarríkin geti séð til þess að krafa á hendur tjónsuppgjörsstofnun sé til vara skal ekki skylda tjónþola til að leggja fram kröfu á hendur þeim sem ber ábyrgð á slysinu áður en hann gerir kröfu á hendur tjónsuppgjörsstofnun. Staða tjónþola í slíku tilviki skal ekki vera lakari en þegar um er að ræða kröfu gegn ábyrgðarsjóði samkvæmt 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 84/5/EBE.

30) Þetta kerfi má gera starfhæft með samningi milli tjónsuppgjörsstofnana, sem aðildarríkin koma á fót eða samþykkja, sem skilgreinir starfsemi þeirra og skyldur og málsmeðferð við endurgreiðslu.

31) Ef ómögulegt reynist að finna vátryggjanda ökutækisins skulu gerðar ráðstafanir til þess að sá sem að lokum á að reiða fram fjárhæðina sem tjónþoli fær í skaðabætur, sé ábyrgðarsjóðurinn sem kveðið er á um í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 84/5/EBE í aðildarríkinu þar sem hið ótryggða ökutæki, sem olli slysinu, er að öllu jöfnu staðsett. Ef ómögulegt reynist að staðfesta um hvaða ökutæki er að ræða skulu gerðar ráðstafanir til þess að sá sem að lokum á að reiða fram fjárhæðina sé ábyrgðarsjóðurinn sem kveðið er á um í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 84/5/EBE í aðildarríkinu þar sem slysið átti sér stað.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

1. Markmiðið með þessari tilskipun er að mæla fyrir um sérákvæði sem gilda um tjónþola sem eiga rétt á skaðabótum vegna hvers kyns tjóns sem þeir verða fyrir í slysum, sem eiga sér stað í öðru aðildarríki en því þar sem tjónþoli er búsettur, og hljótast af notkun ökutækja sem eru tryggð og að öllu jöfnu staðsett í aðildarríki.

Með fyrirvara um löggjöf þriðju landa um skaðabótaábyrgð og alþjóðlegan einkamálarétt skal þessi tilskipun einnig gilda um tjónþola sem eru búsettir í aðildarríki og eiga rétt á bótum vegna hvers kyns tjóns af völdum slysa sem eiga sér stað í þriðju löndum þar sem landsskrifstofur bifreiðatrygginga, sem eru skilgreindar í 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 72/166/EBE, hafa gerst aðilar að fyrirkomulaginu um notkun græna skírteinisins ef slík slys hljótast af notkun ökutækja sem eru tryggð, og að jafnaði staðsett, í aðildarríki.

2. Ákvæði 4. og 6. gr. skulu aðeins gilda þegar um er að ræða slys sem hlýst af notkun ökutækis

a) sem er vátryggt hjá starfsstöð í öðru aðildarríki en því ríki þar sem tjónþoli er búsettur, og

b) sem er að jafnaði staðsett í öðru aðildarríki en því ríki þar sem tjónþoli er búsettur.

3. Ákvæði 7. gr. skulu einnig gilda um slys af völdum ökutækja frá þriðju löndum sem falla undir 6. og 7. gr. tilskipunar 72/166/EBE.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „vátryggingafélag“: félag sem fengið hefur starfsleyfi yfirvalda í samræmi við 6. gr. eða 2. mgr. 23. gr. tilskipunar 73/239/EBE;

b) „starfsstöð“: aðalskrifstofa, útibú eða umboð vátryggingafélags, eins og skilgreint er í c-lið 2. gr. tilskipunar 88/357/EBE;

c) „ökutæki“: ökutæki eins og það er skilgreint í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 72/166/EBE;

d) „tjónþoli“: tjónþoli eins og hann er skilgreindur í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 72/166/EBE;

e) „aðildarríkið þar sem ökutækið er að öllu jöfnu staðsett“: landsvæðið þar sem ökutækið er að öllu jöfnu staðsett eins og það er skilgreint í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 72/166/EBE.

3. gr.

Réttur til að beina kröfu beint til vátryggingafélags

Sérhvert aðildarríki skal tryggja að tjónþolar þeir, sem um getur í 1. gr., sem hafa orðið fyrir slysi í skilningi þess ákvæðis, eigi rétt á að beina kröfu sinni beint til vátryggingafélagsins sem aðilinn, sem ber ábyrgð á slysinu, er ábyrgðartryggður hjá.

4. gr.

Tjónsuppgjörsfulltrúar

1. Sérhvert aðildarríki skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að öll vátryggingafélög, sem tryggja gegn áhættu sem flokkast í 10. flokk í A-lið viðaukans við tilskipun 73/239/EBE, annarri en ábyrgð vegna flutninga, tilnefni tjónsuppgjörsfulltrúa í sérhverju aðildarríki öðru en því þar sem þau hafa fengið starfsleyfi yfirvalda. Tjónsuppgjörsfulltrúi skal fara með kröfur og uppgjör vegna tjóna af völdum slysa í þeim tilvikum sem um getur í 1. gr. Tjónsuppgjörsfulltrúi skal vera búsettur eða hafa staðfestu í aðildarríkinu þar sem hann hefur verið tilnefndur.

2. Val á tjónsuppgjörsfulltrúa skal vera ákvörðun vátryggingafélagsins. Aðildarríkjunum er óheimilt að takmarka þetta val.

3. Tjónsuppgjörsfulltrúi getur unnið fyrir eitt eða fleiri vátryggingafélög.

4. Tjónsuppgjörsfulltrúi skal, í tengslum við slíkar kröfur, safna öllum nauðsynlegum upplýsingum er varða tjónauppgjör og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að semja um þær. Sú krafa að tilnefndur sé tjónsuppgjörsfulltrúi skal ekki fyrirbyggja rétt tjónþola eða vátryggingafélags hans til að hefja málssókn beint gegn þeim sem var valdur að slysinu eða vátryggingafélagi hans.

5. Tjónsuppgjörsfulltrúar skulu hafa umboð til að koma fram fyrir hönd vátryggingafélagsins gagnvart tjónþolum í þeim tilvikum sem um getur í 1. gr. og bæta kröfur þeirra að fullu. Þeir verða að vera færir um að kanna mál á opinberu tungumáli eða -málum aðildarríkisins þar sem tjónþoli er búsettur.

6. Aðildarríkin skulu gera það að skyldu, og styðja með viðeigandi, árangursríkum og kerfisbundnum stjórnsýsluviðurlögum, fjárhagslegum eða samsvarandi, að innan þriggja mánaða frá þeim degi þegar tjónþoli gerir bótakröfu, annað hvort beint á vátryggingafélag þess sem olli slysinu eða tjónsuppgjörsfulltrúa þess,

a) sé þess krafist að vátryggingafélag þess sem olli slysinu eða tjónsuppgjörsfulltrúi þess bjóði bætur og rökstyðji þær í tilvikum þar sem ekki ríkir ágreiningur um bótaábyrgð og tjón hefur verið metið, eða

b) þess sé krafist að vátryggingafélag sem bótakröfu er beint til eða tjónsuppgjörsfulltrúi þess gefi rökstutt svar við þeim atriðum sem tiltekin eru í kröfunni í tilvikum þar sem bótaábyrgð er hafnað eða ekki hefur verið skorið úr um hana eða ef tjón hefur ekki verið metið að fullu.

Aðildarríkin skulu setja ákvæði til að tryggja að þegar bætur eru ekki boðnar innan þriggja mánaða frestsins skuli vextir greiðast ofan á bótafjárhæðina sem vátryggingafélag býður eða dómstóll dæmir tjónþola.

7. Framkvæmdastjórnin skal gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um framkvæmd fyrstu undirgreinar 4. mgr. og um skilvirkni þess ákvæðis sem og um samræmi innlendra viðurlagaákvæða fyrir 20. janúar 2006 og leggja fram tillögur ef nauðsyn ber til.

8. Tilnefning tjónsuppgjörsfulltrúa skal ekki í sjálfu sér teljast opnun útibús, í skilningi b-liðar 1. gr. tilskipunar 92/49/EBE og tjónsuppgjörsfulltrúi skal ekki talinn vera starfsstöð í skilningi c-liðar 2. gr. tilskipunar 88/357/EBE né starfsstöð í skilningi Brussel-samningsins frá 27. september 1968 um dómsvald og um viðurkenningu dóma í einkamálum ([1]).

5. gr.

Upplýsingamiðstöðvar

1. Í því skyni að gera tjónþola kleift að fara fram á bætur skal sérhvert aðildarríki koma á fót eða samþykkja upplýsingamiðstöð sem:

a) halda skal skrá um:

1. skráningarnúmer vélknúinna ökutækja sem eru að öllu jöfnu staðsett á yfirráðasvæði viðkomandi ríkis;

2. (i) númer vátryggingaskírteina sem taka til notkunar þessara ökutækja að því er varðar áhættu sem flokkast í 10. flokk í A-lið viðaukans við tilskipun 73/239/EBE, aðra en ábyrgð vegna flutninga, og, ef gildistími vátryggingaskírteinis er útrunninn, einnig daginn sem vátryggingarvernd rennur út;

(ii) númer græna skírteinisins eða landamæravátryggingaskírteinis ef annað þessara skjala gildir um ökutækið, svo framarlega sem það nýtur undanþágunnar sem kveðið er á um í b-lið 4. gr. tilskipunar 72/166/EBE;

3. þau vátryggingafélög sem notkun ökutækja er tryggð hjá að því er varðar áhættu sem flokkast í 10. flokk í A-lið viðaukans við tilskipun 73/239/EBE, aðra en ábyrgð vegna flutninga, og tjónsuppgjörsfulltrúar sem tilnefndir eru af slíkum vátryggingafélögum í samræmi við 4. gr., en nöfn þeirra skulu tilkynnt upplýsingamiðstöðinni í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar;

4. skrá um ökutæki sem í hverju aðildarríki njóta undanþágu frá kröfu um ábyrgðartryggingarvernd í samræmi við a- og b-lið 4. gr. tilskipunar 72/166/EBE;

5. þegar um er að ræða ökutæki sem kveðið er á um í 4-lið:

(i) nafn yfirvalds eða stofnunar sem tilnefnd er í samræmi við aðra undirgrein a-liðar 4. gr. tilskipunar 72/166/EBE til að annast bótagreiðslur til tjónþola í tilvikum þar sem málsmeðferðin, sem kveðið er á um í fyrsta undirlið 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 72/166/EBE, á ekki við ef ökutækið nýtur undanþágunnar sem kveðið er á um í a-lið 4. gr. tilskipunar 72/166/EBE;

(ii) nafn stofnunar sem ábyrgist ökutækið í aðildarríkinu þar sem það er að öllu jöfnu staðsett ef ökutækið nýtur undanþágunnar sem kveðið er á um í b-lið 4. gr. tilskipunar 72/166/EBE;

b) eða samræma söfnun og miðlun þessara upplýsinga;

c) og aðstoða bótakröfuhafa við að fá aðgang að upplýsingunum sem fjallað er um í 1.-5. lið a-liðar.

Upplýsingar samkvæmt 1.-3. lið a-liðar skal geyma í sjö ár eftir að skráning ökutækisins eða gildistími vátryggingasamningsins rennur út.

2. Vátryggingafélög, sem um getur í 3. lið a-liðar í 1. mgr., skulu tilkynna upplýsingamiðstöðvum í öllum aðildarríkjunum nafn og heimilisfang þess tjónsuppgjörsfulltrúa sem þau hafa tilnefnt, samkvæmt 4. gr., í hverju aðildarríki.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að í sjö ár eftir slysið eigi tjónþoli rétt á því að upplýsingamiðstöðin í aðildarríkinu þar sem hann er búsettur, í aðildarríkinu þar sem ökutækið er að öllu jöfnu staðsett eða í aðildarríkinu þar sem slysið átti sér stað, láti honum í té, án tafar, eftirtaldar upplýsingar:

a) nafn og heimilisfang vátryggingafélagsins;

b) númerið á vátryggingaskírteininu; og

([1]) Stjtíð. EB C 27, 26.1.1998, bls. 1 (samsteypt skjal).

c) nafn og heimilisfang tjónsuppgjörsfulltrúa vátryggingafélagsins í ríkinu þar sem tjónþoli er búsettur.

Upplýsingamiðstöðvar skulu hafa með sér samvinnu.

4. Upplýsingamiðstöðin skal láta tjónþola í té nafn og heimilisfang eiganda ökutækisins, þess sem ekur því að jafnaði eða skráðs umráðamanns þess ef lögmætir hagsmunir tjónþola felast í því að hann fái þessar upplýsingar. Að því er varðar þetta ákvæði skal upplýsingamiðstöðin einkum snúa sér:

a) til vátryggingafélagsins, eða

b) til skráningarskrifstofu ökutækja.

Njóti ökutækið undanþágunnar, sem kveðið er á um í a-lið 4. gr. tilskipunar 72/166/EBE, skal upplýsingamiðstöðin tilkynna tjónþola um nafn þess yfirvalds eða stofnunar sem tilnefnd er í samræmi við aðra undirgrein a-liðar 4. gr. þeirrar tilskipunar til að annast bótagreiðslur til tjónþola í þeim tilvikum þar sem málsmeðferðin, sem kveðið er á um í fyrsta undirlið 2. mgr. 2. gr. í þeirri tilskipun, gildir ekki.

Ef ökutækið nýtur undanþágunnar, sem kveðið er á um í b-lið 4. gr. tilskipunar 72/166/EBE, skal upplýsingamiðstöðin tilkynna tjónþola nafn stofnunarinnar sem ábyrgist ökutækið í landinu þar sem það er að öllu jöfnu staðsett.

5. Sú vinnsla persónuupplýsinga, sem um getur í málsgreinunum hér að framan, skal fara fram í samræmi við innlendar ráðstafanir sem gerðar eru í samræmi við tilskipun 95/46/EB.

6. gr.

Tjónsuppgjörsstofnun

1. Sérhvert aðildarríki skal koma á eða samþykkja tjónsuppgjörsstofnun sem annast bótagreiðslur til tjónþola í þeim tilvikum sem um getur í 1. gr.

Slíkir tjónþolar geta gert kröfu á tjónsuppgjörsstofnun í aðildarríkinu þar sem þeir eru búsettir:

a) ef vátryggingafélag eða tjónsuppgjörsfulltrúi þess hefur ekki látið í té rökstutt svar við þeim atriðum sem koma fram í kröfu innan þriggja mánaða frá þeim degi sem tjónþoli gerði bótakröfu á hendur vátryggingafélaginu sem ökutækið, sem olli slysinu, var tryggt hjá eða á hendur tjónsuppgjörsfulltrúa þess; eða

b) ef vátryggingafélag hefur ekki tilnefnt tjónsuppgjörsfulltrúa í ríkinu þar sem tjónþoli er búsettur í samræmi við 1. mgr. 4. gr. Í því tilviki geta tjónþolar ekki gert kröfu á hendur tjónsuppgjörsstofnun ef þeir hafa gert bótakröfu beint á hendur vátryggingafélaginu þar sem ökutækið, sem olli slysinu, var tryggt og hafa fengið rökstutt svar innan þriggja mánaða frá því að krafan var gerð.

Tjónþolar geta hins vegar ekki gert kröfu á tjónsuppgjörsstofnun hafi þeir hafið málsókn beint á hendur vátryggingafélaginu.

Tjónsuppgjörsstofnunin skal grípa til aðgerða innan tveggja mánaða frá þeim degi sem tjónþoli gerir bótakröfu á hendur henni en hún skal hætta aðgerðum ef vátryggingafélagið, eða tjónsuppgjörsfulltrúi þess, sendir í kjölfarið rökstutt svar við kröfunni.

Tjónsuppgjörsstofnunin skal þegar í stað tilkynna:

a) vátryggingafélagi ökutækisins sem olli slysinu eða tjónsuppgjörsfulltrúa þess;

b) tjónsuppgjörsstofnun í aðildarríkinu þar sem vátryggingafélagið, sem gaf út vátryggingaskírteinið, hefur staðfestu;

c) þeim sem var valdur að slysinu, ef vitað er,

að hún hafi móttekið kröfu frá tjónþola og að hún muni svara kröfunni innan tveggja mánaða frá því að hún var gerð.

Ákvæði þetta skerðir hvorki rétt aðildarríkis til að meta hvort bætur þessarar stofnunar teljast fullnaðarbætur eða ekki né til að setja ákvæði um tjónsuppgjör milli þess aðila og þess eða þeirra sem voru valdir að slysinu og annarra vátryggjenda eða tryggingastofnana á vegum hins opinbera sem eiga að greiða tjónþola bætur vegna sama slyss. Aðildarríki mega þó ekki veita tjónsuppgjörsstofnun heimild til þess að setja nein skilyrði fyrir greiðslu bóta, önnur en þau sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, svo sem að tjónþoli sýni fram á að sá sem ber skaðabótaábyrgð sé ófær um eða neiti að bæta tjónið.

2. Tjónsuppgjörsstofnunin, sem bætt hefur tjónþola tjónið í ríkinu þar sem hann er búsettur, skal eiga rétt á að krefjast endurgreiðslu á fjárhæðinni, sem greidd var í bætur, frá tjónsuppgjörsstofnun í aðildarríkinu þar sem vátryggingafélagið, sem gaf út vátryggingaskírteinið, hefur staðfestu.

Réttindi tjónþola gagnvart þeim sem var valdur að slysinu eða vátryggingafélagi hans skulu þá færast yfir til síðarnefndrar tjónsuppgjörsstofnunar að því marki sem tjónsuppgjörsstofnunin í aðildarríkinu þar sem tjónþoli er búsettur hefur bætt tjónið sem um ræðir. Sérhverju aðildarríki ber skylda til að viðurkenna slík kröfuhafaskipti eins og kveðið er á um þau í hinum aðildarríkjunum.

3. Ákvæði þessarar greinar skulu koma til framkvæmda:

a) eftir að samningur hefur verið gerður milli tjónsuppgjörsstofnananna, sem komið er á eða sem aðildarríkin samþykkja, um störf þeirra og skyldur og málsmeðferð um endurgreiðslu;

b) frá og með þeim degi sem framkvæmdastjórnin ákveður, eftir að hún hefur, í nánu samstarfi við aðildarríkin, gengið úr skugga um að slíkur samningur hafi verið gerður.

Framkvæmdastjórnin skal gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um framkvæmd þessarar greinar og um áhrif hennar fyrir 20. júlí 2005 og leggja fram tillögur ef nauðsyn ber til.

7. gr.

Ef ómögulegt reynist að staðfesta um hvaða ökutæki er að ræða eða ef ómögulegt reynist, innan tveggja mánaða frá slysinu, að finna vátryggingafélagið, getur tjónþoli sótt um bætur frá tjónsuppgjörsstofnun í aðildarríkinu þar sem hann er búsettur. Tjón skal bætt í samræmi við 1. gr. tilskipunar 84/5/EBE. Tjónsuppgjörsstofnunin skal þá eiga kröfu, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 6. gr. þessarar tilskipunar:

a) ef ekki er unnt að staðfesta um hvaða vátryggingafélag er að ræða: á hendur ábyrgðarsjóðnum, sem kveðið er á um í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 84/5/EBE, í aðildarríkinu þar sem ökutækið er að öllu jöfnu staðsett;

b) ef um er að ræða óþekkt ökutæki: á hendur ábyrgðarsjóðnum í aðildarríkinu þar sem slysið átti sér stað;

c) ef um er að ræða ökutæki frá þriðja landi: á hendur ábyrgðarsjóðnum í aðildarríkinu þar sem slysið átti sér stað.

8. gr.

Tilskipun 73/239/EBE er breytt sem hér segir:

a) Í 1. mgr. 8. gr. bætist eftirfarandi liður við:

„f) tilkynni nafn og heimilisfang tjónsuppgjörsfulltrúa sem tilnefndur er í hverju aðildarríki öðru en því þar sem sótt er um starfsleyfið, ef áhættan sem tryggt er gegn flokkast í 10. flokk í A-lið viðaukans, að undanskilinni ábyrgð vegna flutninga."

b) Í 2. mgr. 23. gr. bætist eftirfarandi liður við:

„h) tilkynni nafn og heimilisfang tjónsuppgjörsfulltrúa sem tilnefndur er í hverju aðildarríki öðru en því þar sem sótt er um starfsleyfið, ef áhættan sem tryggt er gegn flokkast í 10. flokk í A-lið viðaukans, að undanskilinni ábyrgð vegna flutninga."

9. gr.

Tilskipun 88/357/EBE er breytt sem hér segir:

Í 4. mgr. 12. gr. a bætist eftirfarandi undirgrein við:

„Ef vátryggingafélag hefur ekki tilnefnt fulltrúa geta aðildarríkin samþykkt að tjónsuppgjörsfulltrúi, sem tilnefndur er í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2000/26/EB(*) annist störf fulltrúans sem tilnefndur er samkvæmt þessari málsgrein.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB frá 16. maí 2000 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um breytingar á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 88/357/EBE (Stjtíð. EB L 181, 20.7.2000, bls. 65)."

10. gr.

Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta fyrir 20. júlí 2002 nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum fyrir 20. janúar 2003.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Með fyrirvara um 1. mgr. skulu aðildarríkin koma á fót eða samþykkja tjónsuppgjörsstofnun í samræmi við 1. mgr. 6. gr. fyrir 20. janúar 2002. Ef tjónsuppgjörsstofnanir hafa ekki gert samning í samræmi við 3. mgr. 6. gr. fyrir 20. júlí 2002 skal framkvæmdastjórnin koma með tillögu um ráðstafanir til að tryggja að ákvæði 6. og 7. gr. komi til framkvæmda fyrir 20. janúar 2003.

4. Aðildarríkin mega, í samræmi við sáttmálann, viðhalda eða samþykkja ákvæði sem eru hagstæðari fyrir tjónþola en ákvæðin sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari.

5. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

11. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

12. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu samþykkja viðurlög vegna brota á innlendum ákvæðum sem þau samþykkja til framkvæmdar þessari tilskipun og gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að þessum viðurlögum sé beitt. Viðurlögin skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þessi ákvæði eigi síðar en 20. júlí 2002 og breytingar, sem kunna að verða gerðar á þeim, eins fljótt og unnt er.

13. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. maí 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
Nicole FONTAINE	Manuel CARRILHO
forseti.	*forseti.*

1017. Tillaga til þingsályktunar [640. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2001, um breytingar á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2001 frá 30. mars 2001, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/28/EB frá 18. september 2000, um breytingu á tilskipun 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2001 frá 30. mars 2001, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/28/EB frá 18. september 2000, um breytingu á tilskipun 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir eru prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn

kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/28/EB frá 18. september 2000, um breytingu á tilskipun 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana.

Tilskipunin fjallar um rafeyrisfyrirtæki og mælir fyrir um að slík fyrirtæki skuli skilgreind sem lánastofnanir. Þetta gerir það að verkum að rafeyrisfyrirtæki getur stundað starfsemi hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Að öðru leyti er nauðsynlegt að horfa á tilskipunina með hliðsjón af tilskipun um rafeyrisfyrirtæki, nr. 2000/46/EB.

Unnið er að undirbúningi nauðsynlegra lagabreytinga vegna þessa í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu en sérstök nefnd sem vinnur að gerð frumvarps um fjármálafyrirtæki mun gera tillögur um hvernig tilskipunin verður tekin upp í íslenskan rétt. Samkvæmt tilskipuninni er gert ráð fyrir að efni hennar komi til framkvæmda á Evrópska efnahagssvæðinu eigi síðar en 27. apríl 2002.

Fylgiskjal I.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2001

frá 30. mars 2001

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2001 frá 28. febrúar 2000([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/28/EB frá 18. september 2000 um breytingu á tilskipun 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við á undan aðlögunartextanum í 14. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB) í IX. viðauka við samninginn:

„- **32000 L 0028**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/28/EB frá 18. september 2000 um breytingu á tilskipun 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana (Stjtíð. EB L 275, 27.10.2000, bls. 37).“

2. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/28/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

([1]) Hefur enn ekki verið birt.
([2]) Stjtíð. EB L 275, 27.10.2000, bls. 37.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 31. mars 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 30. mars 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2000/28/EB

frá 18. september 2000

um breytingu á tilskipun 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum fyrsta og þriðja málsl. 2. mgr. 47. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar [1],

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar [2],

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu [3],

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans [4],

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við markmið sáttmálans ber að vinna að samræmdri þróun í starfsemi lánastofnana í bandalaginu, einkum að því er varðar útgáfu rafeyris.

2) Tilteknar stofnanir takmarka starfsemi sína í meginatriðum við útgáfu rafeyris. Til að komast hjá röskun á samkeppni milli þeirra sem gefa út rafeyri, jafnvel í tengslum við beitingu ráðstafana er varða peningastefnu, er æskilegt að þessar stofnanir séu felldar undir gildissvið tilskipunar 2000/12/EB [5], samanber þó viðeigandi sérákvæði þar sem tekið er tillit til sérkenna þeirra.

3) Það er því ráðlegt að rýmka skilgreininguna á lánastofnunum, sem kveðið er á um í 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB, þannig að hún nái til þessara stofnana.

4) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB frá 18. september um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim [6] eru rafeyrisstofnanir skilgreindar.

5) Rafeyrir skal vera innleysanlegur til að handhafar hans hafi trú á honum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2000/12/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað fyrsta undirliðar 1. liðar 1. gr. komi eftirfarandi texti:

„1. „Lánastofnun“:

a) fyrirtæki með starfsemi sem felst í að taka á móti innlánum eða öðru fé frá almenningi til endurgreiðslu og veita lán fyrir eigin reikning; eða

b) rafeyrisstofnun í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB frá 18. september um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim (*),

(*) Stjtíð. EB L 275, 27.10.2000, bls. 39.“

2. Eftirfarandi grein bætist við V. bálk:

„*33. gr. a*

Ákvæði 3. gr. tilskipunar 2000/46/EB skulu gilda um lánastofnanir.“

([1]) Stjtíð. EB C 317, 15.10.1998, bls. 12.
([2]) Stjtíð. EB C 101, 12.4.1999, bls. 64.
([3]) Stjtíð. EB C 189, 6.7.1999, bls. 7.
([4]) Álit Evrópuþingsins frá 15. apríl 1999 (Stjtíð. EB C 219, 30.7.1999, bls. 421), staðfest 27. október 1999, sameiginleg afstaða ráðsins frá 29. nóvember 1999 (Stjtíð. EB C 26, 28.1.2000, bls. 12) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 11. apríl 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).
([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana (Stjtíð. EB L 126, 26.5.2000, bls.1).

([6]) Stjtíð. EB L 275, 27.10.2000, bls. 39.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 27. apríl 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. september 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. FONTAINE	H.VÉDRINE
forseti.	*forseti.*

1018. Tillaga til þingsályktunar [641. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2001, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2001 frá 30. mars 2001, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB frá 18. september 2000, um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2001 frá 30. mars 2001, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB frá 18. september 2000, um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir eru prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB frá 18. september 2000, um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim.

Tilskipunin fjallar um rafeyrisfyrirtæki, þ.e. fjármálafyrirtæki önnur en lánastofnanir sem hafa með höndum útgáfu og umsýslu með rafeyri. Í tilskipuninni er meðal annars kveðið á

um heimildir til útgáfu rafeyris, lágmarkskröfur um eigið fé rafeyrisfyrirtækis og um eftirlit og fjárfestingarstefnu slíkra fyrirtækja. Kröfur um eigið fé eru lægri en gilda um lánastofnanir. Heimilt er að undanþiggja lítil rafeyriskerfi frá ákvæðum tilskipunarinnar.

Unnið er að undirbúningi nauðsynlegra lagabreytinga vegna þessa í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu en sérstök nefnd sem vinnur að gerð frumvarps um fjármálafyrirtæki mun gera tillögur um hvernig tilskipunin verður tekin upp í íslenskan rétt. Samkvæmt tilskipuninni er gert ráð fyrir að efni hennar komi til framkvæmda á Evrópska efnahagssvæðinu eigi síðar en 27. apríl 2002.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 45/2001

frá 30. mars 2001

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2001 frá 28. febrúar 2001([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB frá 18. september 2000 um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað 15. liðar í IX. viðauka við samninginn.

„15. **32000 L 0046**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB frá 18. september 2000 um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim (Stjtíð. EB L 275, 27.10.2000, bls. 39).“

([1]) Hefur enn ekki verið birt.
([2]) Stjtíð. EB L 275, 27.10.2000, bls. 39.

2. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 31. mars 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 30. mars 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2000/46/EB
frá 18. september 2000
um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum fyrsta og þriðja málslið 2. mgr. 47. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Lánastofnanir, í skilningi b-liðar fyrsta undirliðar 1. liðar 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB ([5]), hafa takmarkað starfssvið.

2) Taka þarf tillit til séreinkenna þessara stofnana og kveða á um viðeigandi og nauðsynlegar ráðstafanir til að samræma og samhæfa lög aðildarríkjanna um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim.

3) Að því er varðar þessa tilskipun er rafeyrir rafrænn staðgengill fyrir mynt og peningaseðla sem er geymdur í rafrænum búnaði, eins og á gjörvakortum eða í tölvuminni, og er að jafnaði ætlaður til rafrænnar greiðslu lágra fjárhæða.

4) Aðferðin, sem valin var, hentar til að ná einmitt þeirri grunnsamhæfingu sem þarf og nægir til að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á (starfs)leyfum og eftirlit með rafeyrisstofnunum, sem gerir það að verkum að nóg er að gefa út eitt leyfi sem er viðurkennt í öllu bandalaginu og er ætlað að tryggja tiltrú handhafa þess og beitingu meginreglunnar um eftirlit heimaríkis.

5) Séð í samhengi við þá hröðu þróun sem á sér stað í rafrænum viðskiptum er æskilegt að sett verði rammaákvæði sem stuðla að því að allir kostir rafeyris verði nýttir og varna því einkum að tækninýjungar verði tafðar. Í þessari tilskipun eru því sett rammaákvæði sem eru hlutlaus í tæknilegu tilliti og samhæfa eftirlit með rafeyrisstofnunum að því marki sem er nauðsynlegt til að tryggja traustan og varfærinn rekstur þessara stofnana og einkum fjárhagslegan heilleika þeirra.

6) Skv. 5. lið I. viðauka við tilskipun 2000/12/EB er lánastofnunum nú þegar heimil útgáfa og umsýsla greiðslumiðla, að meðtöldum rafeyri, og ástundun slíkrar starfsemi í öllu bandalaginu svo fremi að þau hafi hlotið gagnkvæma viðurkenningu og heyri undir heildareftirlitskerfi í samræmi við bankatilskipanir Evrópubandalagsins.

7) Það er rökrétt og æskilegt að taka upp sérstakt eftirlitskerfi fyrir rafeyrisstofnanir sem er frábrugðið því kerfi sem gildir fyrir aðrar lánastofnanir þótt það sé sniðið eftir því, einkum að því er varðar tilskipun 2000/12/EB, nema 2. og 3. kafla V. bálks hennar, því að útgáfa rafeyris telst ekki í sjálfu sér, með hliðsjón af séreinkennum hans sem rafræns staðgengils fyrir mynt og bankaseðla, innlánsstarfsemi skv. 3. gr. tilskipunar 2000/12/EB ef fjármununum, sem tekið er við, er umsvifalaust skipt í rafeyri.

([1]) Stjtíð. EB C 317, 15. 10. 1998, bls. 7.
([2]) Stjtíð. EB C 101, 12. 4. 1999, bls. 64.
([3]) Stjtíð. EB C 189, 6. 7. 1999, bls. 7.
([4]) Álit Evrópuþingsins frá 15. apríl 1999 (Stjtíð. EB C 219, 30. 7. 1999, bls. 415), staðfest 27. október 1999, sameiginleg afstaða ráðsins frá 29. nóvember 1999 (Stjtíð. EB C 26, 28. 1. 2000, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 11. apríl 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 16. júní 2000.
([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana (Stjtíð. EB L 126, 26. 5. 2000, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2000/28/EB (Stjtíð. EB L 275, 27.10.2000, bls. 37).

8) Viðtaka fjármuna frá almenningi í skiptum fyrir rafeyri, sem leiðir til innistæðu á reikningi hjá stofnuninni sem gefur þá út, telst viðtaka innláns eða annarra endurgreiðanlegra fjármuna að því er varðar tilskipun 2000/12/EB.

9) Rafeyrir skal vera innleysanlegur til að handhafar hans hafi trú á honum. Að rafeyrir sé innleysanlegur merkir ekki endilega að líta beri á fjármuni, sem tekið er við í skiptum fyrir rafeyri, sem innlán eða annað endurgreiðanlegt fé, að því er varðar tilskipun 2000/12/EB.

10) Endurgreiðsla skal ætíð vera á nafnverði.

11) Vegna þeirrar sérstöku áhættu sem tengist útgáfu rafeyris verður eftirlitskerfið að vera markvissara og um leið þjálla en eftirlitskerfið sem gildir fyrir lánastofnanir, einkum af því að kröfur um stofnfé eru lægri og tilskipun 93/6/EBE ([1]) og II. og III. þætti 2. kafla V. bálks tilskipunar 2000/12/EB er ekki beitt.

12) Það er þó nauðsynlegt að skapa jöfn samkeppnisskilyrði milli rafeyrisstofnana og annarra lánastofnana sem gefa út rafeyri og tryggja þannig sanngjarna samkeppni milli fleiri stofnana, sem kemur sér vel fyrir handhafana. Þessu takmarki verður náð því að á móti framangreindri einföldun á eftirlitskerfinu, sem gildir fyrir rafeyrisstofnanir, vega strangari ákvæði en gilda um aðrar lánastofnanir, meðal annars að því er varðar takmarkanir á þeirri viðskiptastarfsemi sem rafeyrisstofnunum er heimilt að stunda og varfærnismörk fyrir fjárfestingar þessara stofnana, til að öruggt sé að fjárhagslegar skuldbindingar þeirra vegna útistandandi rafeyris séu ávallt tryggðar með nægilegu lausafé með lítilli áhættu.

13) Uns eftirlit með utankaupastarfsemi fyrir lánastofnanir hefur verið samhæft er rétt að rafeyrisstofnanir hafi trausta og varfærna stjórnun og eftirlitsaðferðir. Til að fyrirtæki, sem sæta ekki eftirliti, geti annast rekstrarþætti og aðra stoðþætti sem tengjast útgáfu rafeyris er mikilvægt að rafeyrisstofnanir hafi innra stjórnskipulag sem er í samræmi við fjárhagslega áhættu og aðra áhættu sem þeim er búin.

14) Útgáfa rafeyris getur haft áhrif á fjármálakerfið og snurðulausan rekstur greiðslukerfa. Mat á heilleika rafeyriskerfa útheimtir náið samstarf.

15) Lögbær yfirvöld ættu að eiga kost á að veita undanþágu frá sumum eða öllum kröfum sem settar eru fram í þessari tilskipun ef um er að ræða rafeyrisstofnanir sem starfa aðeins á yfirráðasvæðum viðkomandi aðildarríkis.

16) Samþykkt þessarar tilskipunar er besta leiðin til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að. Þessi tilskipun er takmörkuð við það lágmark sem þarf til að ná þessum markmiðum og gengur ekki lengra en þarf til þess.

17) Rétt er að kveða á um endurskoðun þessarar tilskipunar með hliðsjón af þróuninni á markaðinum og verndun handhafa rafeyris.

18) Samráð hefur verið haft við ráðgjafarnefnd um bankamál varðandi samþykkt þessarar tilskipunar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið, skilgreiningar og takmörkun starfsemi

1. Tilskipun þessi gildir um rafeyrisstofnanir.

2. Hún gildir ekki um stofnanir sem um getur í 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2000/12/EBE.

3. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „rafeyrisstofnun“: fyrirtæki eða önnur lögpersóna, nema lánastofnun samkvæmt skilgreiningu í a-lið fyrsta undirliðar 1. liðar 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB, sem gefur út greiðslumiðil í formi rafeyris;

b) „rafeyrir“: peningaleg verðmæti, í formi kröfu á útgefanda, sem eru:

i) geymd í rafrænum miðli;

ii) gefin út í skiptum fyrir fjárhæð sem er ekki lægri en þau peningalegu verðmæti sem eru gefin út;

([1]) Tilskipun ráðsins 93/6/EBE frá 15. mars 1993 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana (Stjtíð. EB L 141, 11. 6. 1993, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 98/33/EB (Stjtíð. EB L 204, 21. 7. 1998, bls. 29).

iii) samþykkt sem greiðslumiðill af öðrum fyrirtækjum en útgefanda.

4. Aðildarríkin skulu banna einstaklingum, lögpersónum eða fyrirtækjum, sem eru ekki lánastofnanir samkvæmt skilgreiningu í a-lið fyrsta undirliðar 1. liðar 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB, að stunda viðskiptastarfsemi sem felst í útgáfu rafeyris.

5. Önnur viðskiptastarfsemi rafeyrisstofnana en útgáfa rafeyris skal takmörkuð við:

a) náskylda fjármálaþjónustu eða aðra þjónustu, svo sem umsýslu rafeyris með því að annast rekstrarþætti og aðra stoðþætti sem tengist útgáfu hans og útgáfa og umsýsla annarra greiðslumiðla, að undanskilinni hvers konar lánveitingu; og

b) geymslu gagna í rafræna búnaðinum fyrir önnur fyrirtæki eða opinberra stofnanir.

Rafeyrisstofnanir mega ekki eiga hlut í öðrum fyrirtækjum nema fyrirtækin annist rekstrarþætti eða aðra stoðþætti sem tengist rafeyri sem viðkomandi stofnun gefur út eða dreifir.

2. gr.

Beiting bankatilskipana

1. Aðeins tilvísanir til lánastofnana í tilskipun 91/308/EBE ([1]) og tilskipun 2000/12/EB, að undanskildum 2. kafla V. bálks hennar, gilda um rafeyrisstofnanir nema skýrt sé kveðið á um annað.

2. Ákvæði 5., 11., 13., 19., 20. (7. mgr.), 51. og 59. gr. tilskipunar 2000/12/EB gilda ekki. Það fyrirkomulag á gagnkvæmri viðurkenningu, sem kveðið er á um í tilskipun 2000/12/EB, gildir ekki um aðra viðskiptastarfsemi rafeyrisstofnana en útgáfu rafeyris.

3. Viðtaka fjármuna í skilningi ii-liðar b-liðar 3. mgr. 1. gr. telst ekki innlán eða annað endurgreiðanlegt fé, skv. 3. gr. tilskipunar 2000/12/EB, ef fénu, sem tekið er við, er strax skipt í rafeyri.

3. gr.

Endurgreiðanleiki

1. Handhafi rafeyris getur, á þeim tíma sem hann er í gildi, beðið útgefanda um að innleysa hann á nafnverði í mynt og peningaseðlum eða með því að færa hann á reikning án annars endurgjalds en er strangt til tekið nauðsynlegt til að framkvæma þá aðgerð.

2. Í samningi milli útgefanda og handhafa skal tilgreina skýrt skilyrðin fyrir innlausn.

3. Í samningnum má setja lágmark fyrir innlausn. Lágmarkið má ekki vera hærri 10 evrur.

4. gr.

Stofnfjárkröfur og eiginfjárkröfur

1. Rafeyrisstofnanir skulu hafa stofnfé, skv. skilgreiningu í 1. og 2. lið 2. mgr. 34. gr. tilskipunar 2000/12/EBE, sem er ekki undir einni milljón evra. Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. skal eigið fé þeirra, skv. skilgreiningu í tilskipun 2000/12/EBE, aldrei fara niður fyrir þá fjárhæð.

2. Rafeyrisstofnanir skulu ávallt hafa yfir að ráða eigin fé sem er að minnsta kosti 2% af því sem hærra er: fjárskuldbindingum hverju sinni vegna útistandandi rafeyris eða meðalfjárskuldbindingum næstliðinna sex mánaða vegna útistandandi rafeyris.

3. Hafi rafeyrisstofnun ekki enn starfað í sex mánuði, að meðtöldum þeim degi sem starfssemi hennar hófst, skal eigið fé hennar vera að minnsta kosti 2% af því sem hærra er: fjárskuldbindingum hverju sinni vegna útistandandi rafeyris eða heildarfjárhæð sex mánaða áætlunar um fjárskuldbindingar hennar vegna útistandandi rafeyris. Heildarfjárhæð sex mánaða áætlunar um fjárskuldbindingar viðkomandi stofnunar vegna útistandandi rafeyris skal koma fram í viðskiptaáætlun stofnunarinnar með fyrirvara um breytingar á áætluninni sem lögbær yfirvöld kynnu að hafa óskað eftir.

5. gr.

Takmörkun fjárfestinga

1. Fjárfestingar rafeyrisstofnana skulu að minnsta kosti samsvara fjárskuldbindingum þeirra vegna útistandandi rafeyris en aðeins í eftirfarandi eignum:

a) nægilega seljanlegum eignum sem, skv. 1., 2., 3. og 4. lið a-liðar 1. mgr. 43. gr. og 1. mgr. 44. gr. tilskipunar 2000/12/EB, fá lánsáhættuvægið núll;

([1]) Tilskipun ráðsins 91/308/EEC frá 10. júní 1991 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvottar (Stjtíð. EB L 166, 28.6.1991, bls. 77).

b) sýningarinnlánum hjá lánastofnunum á svæði A, eins og þær eru skilgreindar í tilskipun 2000/12/EB; og

c) skuldaskjölum sem:

i) eru nægilega seljanleg;

ii) heyra ekki undir a-lið 1. mgr.;

iii) eru viðurkennd af lögbærum yfirvöldum sem fullgildir liðir í skilningi í 12. mgr. 2. gr. tilskipunar 93/6/EBE;

iv) eru gefin út af öðrum fyrirtækjum en þeim sem eiga virkan eignarhluta, eins og hann er skilgreindur í 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB, í viðkomandi rafeyrisstofnun eða þeim sem koma fram í samstæðureikningum þessara fyrirtækja.

2. Fjárfestingar, sem um getur í b- og c-lið 1. mgr., mega ekki fara yfir tuttugufalt eigið fé viðkomandi rafeyrisstofnunar og skulu vera háðar takmörkunum sem eru að minnsta kosti jafnstrangar og þær sem gilda um lánastofnanir í samræmi við III. þátt 2. kafla V. bálks tilskipunar 2000/12/EB.

3. Til að baktryggja sig gegn markaðsáhættu sem leiðir af útgáfu rafeyris og fjárfestinganna sem um getur í 1. mgr. er rafeyrisstofnunum heimilt að nota nægilega seljanlega vaxtaberandi og gengistengda liði utan efnahagsreiknings í formi afleiddra skjala sem verslað er með á verðbréfamarkaði (þ.e. ekki afleidd skjöl sem verslað er með utan verðbréfamarkaðar) þar sem þau heyra undir daglegar kröfur um tryggingarfé eða gjaldeyrissamninga með upphaflegan lánstíma sem er í mesta lagi 14 dagar. Notkun afleiddra skjala samkvæmt fyrsta málslið er því aðeins leyfileg að ætlunin sé að útrýma til fulls markaðsáhættu og að því markmiði sé náð eftir því sem unnt er.

4. Aðildarríkin skulu setja viðeigandi takmarkanir á markaðsáhættu rafeyrisstofnana í tengslum við fjárfestingarnar sem um getur í 1. mgr.

5. Við beitingu 1. mgr. skal meta eignir á því verði sem er lægra: kaupverði eða markaðsverði.

6. Ef verðgildi eignanna, sem um getur í 1. mgr., fer niður fyrir fjárhæð fjárskuldbindinga vegna útistandandi rafeyris skulu lögbær yfirvöld sjá til þess að viðkomandi rafeyrisstofnun geri viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á því ástandi án tafar. Í því skyni geta lögbær yfirvöld heimilað, en aðeins tímabundið, að fjárskuldbindingar stofnunarinnar vegna útistandandi rafeyris séu tryggðar með öðrum eignum en þeim sem um getur í 1. mgr. sem nemur að hámarki fjárhæð sem er í mesta lagi 5% af þessum skuldbindingum eða af samanlögðu eigin fé stofnunarinnar.

6. gr.

Eftirlit lögbærra yfirvalda með sérkröfum

Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að reiknað sé út að minnsta kosti tvisvar á ári hvort ákvæðum 4. og 5. gr. hafi verið hlítt og að annaðhvort annist rafeyrisstofnanirnar sjálfar útreikningana og sendi niðurstöðurnar og nauðsynleg fylgigögn til lögbærra yfirvalda eða að lögbær yfirvöld annist þá og noti til þess gögn frá rafeyrisstofnununum.

7. gr.

Traustur og varfærinn rekstur

Rafeyrisstofnanir skulu hafa trausta og varfærna stjórnun og umsýslu- og reikningshaldsaðferðir og fullnægjandi innri eftirlitskerfi. Þessi kerfi ættu að vera í samræmi við þá fjárhagslegu áhættu og aðra áhættu sem viðkomandi stofnun er búin, þar með talið áhætta sem tengist tækni og málsmeðferð og áhætta sem tengist samstarfi hennar við annað fyrirtæki sem annast rekstrarþætti eða aðra stoðþætti í tengslum við viðskiptastarfsemi hennar.

8. gr.

Undanþágur

1. Aðildarríkin geta leyft lögbærum yfirvöldum sínum að undanþiggja rafeyrisstofnanir beitingu sumra eða allra ákvæða þessarar tilskipunar svo og beitingu tilskipunar 2000/12/EB:

a) ef öll viðskiptastarfsemi stofnunarinnar af þeirri tegund, sem um getur í a-lið 3. mgr. 1. gr. þessarar tilskipunar, leiðir til fjárskuldbindinga vegna útistandandi rafeyris sem að heildarfjárhæð fara að jafnaði ekki yfir 5 milljónir evra og aldrei yfir 6 milljónir evra.; eða

b) ef rafeyririnn, sem stofnunin gefur út, er aðeins viðurkenndur sem greiðslumiðill hjá dótturfyrirtækjum stofnunarinnar, sem annast rekstrarþætti eða aðra stoðþætti vegna rafeyris sem stofnunin gefur út eða dreifir, hjá móðurfyrirtæki stofnunarinnar eða hjá öðrum dótturfyrirtækjum móðurfyrirtækisins; eða

c) ef rafeyrir, sem stofnunin gefur út, er aðeins viðurkenndur sem greiðslumiðill hjá takmörkuðum fjölda fyrirtækja sem ótvírætt má þekkja á því að:

i) þau eru staðsett á sama athafnasvæði eða öðru afmörkuðu svæði á staðnum; eða

ii) þau eru í nánum fjárhagslegum eða viðskiptalegum tengslum við útgáfustofnunina, svo sem með sameiginlegu markaðs- eða dreifingarkerfi.

Í þeim samningum, sem liggja til grundvallar, skulu vera ákvæði um að í mesta lagi megi geyma 150 evrur á rafræna geymslumiðlinum sem handhafar fá til ráðstöfunar til greiðslu.

2. Rafrænar stofnanir, sem hafa fengið undanþágu skv. 1. mgr., skulu ekki njóta góðs af því fyrirkomulagi á gagnkvæmri viðurkenningu sem kveðið er á um í tilskipun 2000/12/EB.

3. Aðildarríkin skulu krefjast þess að allar rafeyrisstofnanir, sem hafa fengið undanþágu frá þessi tilskipun og tilskipun 2000/12/EB, skili reglubundið skýrslu um starfsemi sína, þar með talið um heildarfjárhæð fjárskuldbindinga vegna rafeyris.

9. gr.

Starfsleyfi til starfandi stofnana

Litið skal svo á að rafeyrisstofnanir hafi starfsleyfi ef þær heyra undir þessa tilskipun og hófu starfsemi sína í samræmi við gildandi ákvæði í aðildarríkinu, þar sem þær hafa aðalskrifstofur, fyrir gildistökudag ákvæða sem samþykkt eru til að koma þessari tilskipun í framkvæmd eða fyrir daginn sem um getur í 1. mgr. 10. gr., eftir því hvor dagurinn kemur á undan. Aðildarríkin skulu skylda þessar rafeyrisstofnanir til að afhenda lögbærum yfirvöldum allar viðeigandi upplýsingar til að þau geti metið, innan sex mánaða frá gildistöku ákvæða sem samþykkt eru til að koma þessari tilskipun í framkvæmd, hvort stofnanirnar uppfylli kröfur samkvæmt þessari tilskipun, hvaða ráðstafanir þurfi að gera til að tryggja að kröfur séu uppfylltar eða hvort starfsleyfi skuli afturkallað. Ef kröfur hafa ekki verið uppfylltar innan sex mánaða frá deginum sem um getur í 1. mgr. 10. gr. skal rafeyrisstofnunin ekki njóta gagnkvæmrar viðurkenningar eftir þann tíma.

10. gr.

Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 27. apríl 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum, sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

11. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 27. apríl 2005, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar tilskipunar, einkum að því er varðar:

- ráðstafanir til að vernda handhafa rafeyris, þar með talið hugsanleg þörf á að taka upp ábyrgðarkerfi,
- eiginfjárkröfur,
- undanþágur, og
- hugsanlega þörf á banni gegn greiðslu vaxta á fé sem tekið er við í skiptum fyrir rafeyri, ef þörf krefur ásamt tillögu um endurskoðun bannsins.

12. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

13. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. september 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. FONTAINE	H. VÉDRINE
forseti.	*forseti.*

1019. Tillaga til þingsályktunar [642. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2001, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2001 frá 30. mars 2001, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2887/2000 frá 18. desember 2000, um opinn aðgang að heimtaugum.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2001 frá 30. mars 2001, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2887/2000 frá 18. desember 2000, um opinn aðgang að heimtaugum.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar gerðar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir eru prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn

kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2887/2000 frá 18. desember 2000, um opinn aðgang að heimtaugum.

Reglugerðin hefur það markmið að efla framboð og samkeppni fyrir alla fjarskiptaþjónustu, þar á meðal breiðbandsmargmiðlun og háhraða Internet.

Í fyrsta lagi kemur fram að markmið reglugerðarinnar er að efla samkeppni enn frekar og örva tækniframfarir í heimtaugarnetum með því að setja samræmd skilyrði fyrir aðgangi að heimtaug og viðeigandi aðstöðu rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild.

Í öðru lagi kemur fram að fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild eiga að birta viðmiðunartilboð fyrir 31. desember 2000 þar sem fram komi hvers kyns aðgang þau veiti með hliðsjón af viðauka reglugerðarinnar.

Í þriðja lagi er fjarskiptastofnunum heimilað að grípa inn í samningagerð fjarskiptafyrirtækja að eigin frumkvæði að vissum skilyrðum uppfylltum

Í fjórða lagi kemur fram að þegar nægileg samkeppni hafi náðst á heimtaugarmarkaði skuli fjarskiptastofnun létta framangreindri kvöð um aðgang að heimtaug á kostnaðargrundvelli af fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild.

Í viðauka er skilgreint hvaða lágmarksatriði verða að vera í viðmiðunartilboði fjarskiptafyrirtækis með umtalsverða markaðshlutdeild. Að öðru leyti fer um málsmeðferð og skilmála samtengingar samkvæmt tilskipunum um fjarskipti, einkum samtengingartilskipunarinnar 97/33/EB.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 47/2001

frá 30. mars 2001

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2001 frá 28. febrúar 2001([1]).

2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2887/2000 frá 18. desember 2000 um opinn aðgang að heimtaugum([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 5cd (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 128/1999/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„5ce. **32000 R 2887**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2887/2000 frá 18. desember 2000 um opinn aðgang að heimtaugum (Stjtíð. EB L 336, 30.12.2000, bls. 4).“

2. gr.

Texti reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2887/2000 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

([1]) Hefur enn ekki verið birt.
([2]) Stjtíð. EB L 336, 30.12.2000, bls. 4.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 31. mars 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 30. mars 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2887/2000

frá 18. desember 2000

um opinn aðgang að heimtaugum (Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í niðurstöðum fundar leiðtogaráðsins í Lissabon frá 23. og 24. mars 2000 kemur fram að fyrirtæki og borgarar þurfi að hafa aðgang að ódýrum samskiptakerfum á heimsmælikvarða og umfangsmikilli þjónustu svo að vaxtar- og starfsmöguleikar í stafrænu hagkerfi, sem grundvallast á þekkingu, verði nýttir að fullu í Evrópu. Leitað er til aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að vinna að því að koma á aukinni samkeppni í staðaraðgangsnetum fyrir lok ársins 2000 og opna aðgang að heimtaugum í þeim tilgangi að ná fram verulegri lækkun kostnaðar við notkun á Netinu. Fundur leiðtogaráðsins í Feira 20. júní 2000 ljáði tillögunni um aðgerðaráætlunina „e-Evrópa" fylgi, en í henni er gert grein fyrir að opinn aðgangur að heimtaugum hafi bráðabirgðaforgang.

2) Opinn aðgangur að heimtaugum ætti að koma til fyllingar ákvæðum sem fyrir eru í lögum bandalagsins og tryggja altæka þjónustu og viðráðanlegt gjald fyrir aðgang fyrir alla borgara með því að auka samkeppni, tryggja arðsemi og sé til sem mestra hagsbóta fyrir notendur.

3) „Heimtaug" er símalína sem gerð er úr tveimur samtvinnuðum vírum í fasta almenna símnetkerfinu sem tengir nettengipunktinn hjá símnotandanum við aðaltengigrind eða sambærilegan búnað. Eins og fram kemur í fimmtu skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd lagabálksins um fjarskipti er staðaraðgangsnetið sá geiri sem gefinn hefur verið frjáls á fjarskiptamarkaðinum sem er síst samkeppnishæfur. Nýir aðilar hafa ekki annað umfangsmikið netgrunnvirki og geta ekki, með venjulegri tækni náð þeirri stærðarhagkvæmni eða útbreiðslu sem fyrirtæki með sterka markaðsstöðu í föstum almennum símanetum hafa. Ástæðan er sú að þessi fyrirtæki komu upp málmgrunnvirkjum fyrir staðaraðgang á töluvert löngum tíma þar sem þau nutu verndar einkaréttar og var kleift að fjármagna kostnaðinn við fjárfestinguna með einokunarleigutekjum.

4) Í ályktun Evrópuþingsins frá 13. júní 2000 um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar í endurskoðaðri orðsendingu frá 1999 er lögð áhersla á mikilvægi þess að í þessum geira fái að þróast grunnvirki sem stuðlar að auknum rafrænum fjarskiptum og rafrænni verslun ásamt mikilvægi þess að þeim sé stjórnað með vöxt þeirra í huga. Þar er bent á að aðgangur að heimtaugum varðar nú aðallega málmgrunnvirki yfirburðafyrirtækis og ef fjárfest er í öðrum grunnvirkjum verður það að tryggja sanngjarnan hagnaðarhlut þar sem það gæti greitt fyrir útbreiðslu á þessum grunnvirkjum á svæðum þar sem þau eru lítið útbreidd.

5) Veiting aðgangs að nýjum heimtaugum með mikla ljósleiðaragetu beint til stærstu viðskiptavina er sérstakur markaður sem er að þróast við samkeppnisskilyrði með nýjum fjárfestingum.

([1]) Áliti var skilað 19. október 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 26. október 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 5. desember 2000.

Þessi reglugerð gildir þess vegna um aðgang að málmheimtaugum án þess að hafa áhrif á innlendar skuldbindingar hvað varðar aðrar gerðir staðaraðgangs að grunnvirkjum.

6) Það væri ekki fjárhagslega hagkvæmt fyrir nýja aðila að koma upp öðru heilu, nákvæmlega eins málmgrunnvirki fyrir staðaraðgang innan hæfilegra tímamarka. Önnur grunnvirki, svo sem kapalsjónvarp, gervihnöttur, þráðlausar heimtaugar hafa almennt ekki sama nýtanleika eða sömu heildarútbreiðslu fyrst um sinn, þótt aðstæður í aðildarríkjum kunni að vera mismunandi.

7) Opinn aðgangur að heimtaugum gerir nýjum aðilum kleift að keppa við tilkynnta rekstraraðila og bjóða gagnaflutningsþjónustu á miklum bitahraða með samfelldum Netaðgangi og fyrir margmiðlunarnotkun sem byggist á stafrænni áskriftarlínutækni (DSL) ásamt talsímaþjónustu. Réttmæt beiðni um opinn aðgang gefur til kynna að aðgangurinn sé nauðsynlegur til að hægt sé að veita rétthafa þjónustu, og að höfnun beiðninnar hindraði, takmarkaði eða raskaði samkeppni í þessum geira.

8) Í þessari reglugerð er eingöngu tilkynntum rekstraraðilum sem viðkomandi innlend eftirlitsyfirvöld hafa, í samræmi við viðeigandi ákvæði bandalagsins, tilkynnt að hafa sterka markaðsstöðu (hér á eftir nefndir „tilkynntir rekstraraðilar"), veittur opinn aðgangur að málmheimtaugum. Aðildarríkin hafa þegar tilkynnt framkvæmdastjórninni um heiti þeirra rekstraraðila fastra almennra símanetkerfa sem eru með sterka markaðsstöðu í 1. hluta I. viðauka tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/33/EB frá 30. júní 1997 um samtengingu í fjarskiptum með tilliti til altækrar þjónustu og rekstrarsamhæfi með því að beita meginreglum um frjálsan aðgang að netum (ONP) ([1]), og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/10/EB frá 26. febrúar 1998 um frjálsan aðgang að netum (ONP) fyrir talsímaþjónustu og altæka fjarskiptaþjónustu í samkeppnisumhverfi ([2]).

9) Ekki er hægt að krefjast þess að tilkynntur rekstraraðili veiti aðgang sem hann hefur ekki vald til að veita, til dæmis þegar framkvæmd beiðninnar yrði til þess að brotið væri á lagalegum rétti sjálfstæðs þriðja aðila. Sú skuldbinding að veita opinn aðgang að heimtaug felur ekki í sér að tilkynntir rekstraraðilar verði að setja sérstaklega upp algjörlega nýtt grunnvirki fyrir staðarnet til að uppfylla kröfur þess sem nýtur góðs af því.

10) Jafnvel þótt viðskiptaviðræður sé æskileg aðferð til að ná samkomulagi um tæknileg atriði og verðlagningu varðandi aðgang að heimtaugum sýnir reynslan að í flestum tilvikum eru regluleg afskipti nauðsynleg í ljósi ójafnrar samningsstöðu nýju aðilanna og tilkynntu rekstaraðilanna, auk þess að ekki eru aðrir kostir í boði. Við vissar aðstæður geta innlend eftirlitsyfirvöld, samkvæmt lögum bandalagsins, gripið inn í að eigin frumkvæði til að tryggja sanngjarna samkeppni, arðsemi og að sé til sem mestra hagsbóta fyrir notendur. Ef tilkynnti rekstraraðilinn virðir ekki afgreiðslufrestinn ætti notandinn að eiga rétt á bótum.

11) Reglur um kostnað og verðlagningu á heimtaugum og skyldum búnaði ættu að vera gagnsæjar, án mismununar og hlutlægar til að tryggja að sanngirni sé viðhöfð. Reglur um verðlagningu ættu að tryggja að sá sem veitir aðgang að heimtaugum geti greitt viðeigandi kostnað hvað þetta varðar og fengið sanngjarnan hagnaðarhlut að auki til að tryggja langtímaþróun og endurnýjun á staðaraðgangsgrunnvirki. Reglur um verðlagningu á heimtaugum ættu að stuðla að sanngjarnri og lífvænlegri samkeppni, með tilliti til þess hver þörfin á fjárfestingu í öðrum grunnvirkjum er og tryggja að engin röskun verði á samkeppni, einkum engin bjögun á réttum hlutföllum milli heildsöluverðs og verðs á smásöluþjónustu tilkynnts rekstraraðila vegna óeðlilega lágrar álagningar. Þess vegna er talið mikilvægt að hafa samráð við samkeppnisyfirvöld.

12) Tilkynntir rekstraraðilar ættu að veita þriðja aðila upplýsingar og opinn aðgang með sömu skilyrðum og af sömu gæðum og væri um eigin þjónustu að ræða eða þjónustu við systurfyrirtæki. Í þessu augnamiði mundi birting tilkynnts rekstraraðila á fullnægjandi viðmiðunarútboði á opnum aðgangi að heimtaug, innan skammra tímamarka og helst á Netinu, og undir stjórn innlenda eftirlitsyfirvaldsins, stuðla að því að gagnsæ markaðsskilyrði án mismununar sköpuðust.

([1]) Stjtíð. EB L 199, 26.7.1997, bls. 32. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 98/61/EB (Stjtíð. EB L 268, 3.10.1998, bls. 37).

([2]) Stjtíð. EB L 101, 1.4.1998, bls. 24.

13) Í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2000/417/EB frá 25. maí 2000 um opinn aðgang að heimtaugum, sem auðveldar samkeppni á öllum sviðum þjónustu vegna rafrænna fjarskipta, þar með talið margmiðlunar á breiðbandi og háhraðaneti ([1]), og í orðsendingu sinni frá 26. apríl 2000 ([2]) lagði framkvæmdastjórnin fram nákvæmar leiðbeiningar innlendum eftirlitsyfirvöldum til aðstoðar við sanngjarna stjórnun á mismunandi tegundum af opnum aðgangi að heimtaugum.

14) Í samræmi við dreifræðisregluna eins og hún er sett fram í 5. gr. sáttmálans geta aðildarríkin ekki náð því markmiði að fá samræmdan ramma yfir opinn aðgang að heimtauginni til að skapa samkeppnisgrundvöll á ódýrum, fjarskiptagrunnvirkjum á heimsmælikvarða og umfangsmikilli þjónustu fyrir öll fyrirtæki og borgara í bandalaginu á öruggan, samræmdan og fljótlegan hátt og verður því betur náð fram á vettvangi bandalagsins. Í samræmi við hlutfallsregluna eins og hún er sett fram í þessari grein ganga ákvæði reglugerðarinnar ekki lengra en nauðsynlegt er í þessu augnamiði. Þau eru samþykkt án þess að hafa áhrif á innlend ákvæði og eru í samræmi við lög bandalagsins þar sem settar eru fram ítarlegri ráðstafanir, til dæmis um sýndarstaðsetningu.

15) Þessi reglugerð er til fyllingar lagaramma fyrir fjarskipti, einkum tilskipanir 97/33/EB og 98/10/EB. Í nýja lagarammanum fyrir rafræn fjarskipti ættu að felast viðeigandi ákvæði sem koma í stað þessarar reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið og gildissvið

1. Markmiðið með þessari reglugerð er að auka samkeppni og hvetja til tækninýsköpunar á markaðinum fyrir staðaraðgang með því að setja samræmd skilyrði fyrir opinn aðgang að heimtaugum til að stuðla að samkeppni á víðtæku sviði þjónustu er varðar rafræn fjarskipti.

2. Þessi reglugerð skal gilda um opinn aðgang að heimtaugum og skyldum búnaði tilkynntra rekstraraðila eins og skilgreint er í a-lið 2. gr.

3. Þessi reglugerð skal gilda með fyrirvara um þær skuldbindingar að tilkynntir rekstraraðilar fylgi jafnræðisreglunni þegar þeir nota fasta almenna símanetið í þeim tilgangi að veita þriðju aðilum háhraðaaðgang og gagnaflutningaþjónustu á sama hátt og um eigin þjónustu væri að ræða eða þjónustu sem þeir veita systurfyrirtækjum sínum í samræmi við ákvæði bandalagsins.

4. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkja til að viðhalda ráðstöfunum eða taka þær upp í samræmi við lög bandalagsins, en í þeim felast ítarlegri ákvæði en þau sem sett eru í þessari reglugerð og/eða falla ekki undir þessa reglugerð, meðal annars með tilliti til annars konar aðgangs að staðargrunnvirkjum.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „tilkynntur rekstraraðili“ er rekstraraðili fastra almennra símaneta sem hefur verið tilnefndur af innlendu eftirlitsyfirvaldi með sterka markaðsstöðu hvað varðar framboð á föstum almennum símanetum og þjónustu eins og tilgreint er í 1. hluta I. viðauka tilskipunar 97/33/EB eða tilskipunar 98/10/EB;

b) „rétthafi“ er þriðji aðili sem er viðurkenndur í samræmi við tilskipun 97/13/EB ([3]) eða hefur rétt til að veita fjarskiptaþjónustu samkvæmt innlendum lögum og uppfyllir skilyrði fyrir opinn aðgang að heimtaugum;

c) „heimtaug“ er símalína sem gerð er úr tveimur samtvinnuðum vírum og tengir saman nettengipunkt hjá símnotanda við aðaltengigrind eða sambærilegan búnað í fasta almenna símanetkerfinu;

d) „heimtaugargrein“ er hluti af heimtaug sem tengir nettengipunktinn hjá símnotanda við tengigrind

([1]) Stjtíð. EB L 156, 29.6.2000, bls. 44.
([2]) Stjtíð. EB C 272, 23.9.2000, bls. 55.

([3]) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/13/EB frá 10. apríl 1997 um sameiginlegan ramma fyrir almennar heimildir og rekstrarleyfi á sviði fjarskiptaþjónustu (Stjtíð. EB L 117, 7.5.1997, bls. 15).

eða sérstaka millitengingu í fasta almenna símanetkerfinu;

e) „opinn aðgangur að heimtaug“ er bæði fullur aðgangur að heimtauginni og samnýttur aðgangur að henni; í því felst ekki breytt eignarhald á heimtauginni;

f) „ótakmarkaður opinn aðgangur að heimtaug“ er þegar veittur er aðgangur að heimtaug eða heimtaugargrein tilkynnts rekstraraðila með notkunarheimild á heildartíðnisviði samtvinnuðu víranna;

g) „samnýttur aðgangur að heimtaug“ er þegar veittur er aðgangur að heimtaug eða heimtaugargrein tilkynnts rekstraraðila með notkunarheimild fyrir samtvinnaða víra á tíðnisviði sem ekki er fyrir raddflutning; tilkynnti rekstraraðilinn notar áfram heimtaugina til að geta veitt almenningi símaþjónustu;

h) „sameiginleg staðsetning“ er veiting aðgangs að svæði og tækniþjónustu sem nauðsynleg er til að koma viðeigandi búnaði rétthafa fyrir með góðu móti og tengja hann, eins og fram kemur í B-lið viðaukans;

i) „skyldur búnaður“ er búnaður sem tengist því að veita opinn aðgang að heimtaug, einkum sameiginlega staðsetningu, kapaltengingar og viðeigandi upplýsingatæknikerfi, og er nauðsynlegt fyrir þann sem nýtur aðgangsins að veitt sé þjónusta á sanngjörnum samkeppnisgrundvelli.

3. gr.

Opinn aðgangur

1. Tilkynntir rekstaraðilar skulu birta, og uppfæra, viðmiðunarútboð á opnum aðgangi að heimtaugum sínum og skyldum búnaði frá 31. desember 2000 og skulu felast í því að minnsta kosti þau atriði sem skráð eru í viðaukann. Útboðið skal vera nægilega opið svo að rétthafi þurfi ekki að greiða fyrir netþætti eða búnað sem ekki er þörf á þegar þeir fá þjónustu, í því skal einnig vera lýsing á efnisþáttum útboðsins, tengdum skilmálum og skilyrðum, þar með talið gjald.

2. Tilkynntir rekstraraðilar skulu frá 31. desember 2000 verða við réttmætum beiðnum frá þeim sem njóta opins aðgangs að heimtaugum þeirra og skyldum búnaði, um gagnsæ og sanngjörn skilyrði og án mismununar. Beiðnum skal aðeins hafnað ef höfnunin byggist á hlutlægum viðmiðunum eða þeirri nauðsyn að viðhalda heildstæði netsins eða af tæknilegum ástæðum. Ef aðgangi er hafnað getur sá aðili sem hafnað er lagt málið til meðferðar til lausnar deilumála sem vísað er til í 5. mgr. 4. gr. Tilkynntir rekstraraðilar skulu veita rétthöfum sambærilega þjónustu og væri um eigin þjónustu að ræða eða þjónustu sem þeir veita systurfyrirtækjum sínum, með sömu skilyrðum og innan sömu tímamarka.

3. Með fyrrivara um 4. mgr. 4. gr. skulu tilkynntir rekstraraðilar setja upp verð fyrir opinn aðgang að heimtaugum og skyldum búnaði á grundvelli kostnaðartengingar.

4. gr.

Eftirlit innlenda eftirlitsyfirvaldsins

1. Innlenda eftirlitsyfirvaldið skal sjá til þess að gjaldskráin fyrir opinn aðgang að heimtaugum stuðli að sanngjarnri og lífvænlegri samkeppni.

2. Innlenda eftirlitsyfirvaldið skal hafa heimild til:

a) að gera breytingar á viðmiðunarútboði fyrir opinn aðgang að heimtaugum og skyldum búnaði, einnig verðbreytingar þar sem ástæða er til; og

b) að krefjast þess að tilkynntir rekstraraðilar láti í té upplýsingar er varða framkvæmd þessarar reglugerðar.

3. Innlenda eftirlitsyfirvaldið getur, þegar ástæða er til, gripið inn í að eigin frumkvæði í þeim tilgangi að tryggja jafnræði, sanngjarna samkeppni, arðsemi og sé til sem mestra hagsbóta fyrir notendur.

4. Þegar innlenda eftirlitsyfirvaldið ákvarðar að staðaraðgangsmarkaðurinn sé nægilega samkeppnishæfur skal það losa tilkynntu rekstraraðilana undan skuldbindingunni sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 3. gr. um verðlagningu sem grundvallast á kostnaðartengingu.

5. Deilumál milli fyrirtækja um málefni sem þessi reglugerð tekur til skulu falla undir innlenda málsmeðferð við lausn deilumála sem ákveðin er í samræmi við tilskipun 97/33/EB og skulu þau tekin til meðferðar á skjótan, sanngjarnan og gagnsæjan hátt.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. Fontaine

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

D. Voynet

forseti.

VIÐAUKI

SKRÁ UM ÞAU ATRIÐI SEM AÐ LÁGMARKI SKULU VERA Í VIÐMIÐUNARÚTBOÐI FYRIR OPINN AÐGANG AÐ HEIMTAUGUM SEM TILKYNNTIR REKSTRARAÐILAR SKULU BIRTA

A. Skilyrði fyrir opnum aðgangi að heimtaugum

1. Hlutar netsins sem aðgangur er boðinn að og ná einkum til eftirfarandi þátta:

   a) aðgangur að heimtaugum,

   b) aðgangur að heimtaugum með tíðnisvið sem ekki er fyrir raddflutning, ef um samnýttan aðgang að heimtaugum er að ræða.

2. Upplýsingar um staðsetningu aðgangs ([1]), hvar heimtaugar eru fáanlegar í tilteknum hlutum aðgangsnetsins.

3. Tæknileg skilyrði tengd aðgangi og notkun heimtaugar, þar með taldir tæknilegir eiginleikar samtvinnuðu víranna í heimtaugunum.

4. Framkvæmd á pöntunum og veitingum, notkunartakmarkanir.

B. Þjónusta vegna sameiginlegrar staðsetningar

1. Upplýsingar um viðkomandi staði tilkynntra rekstraraðila ([1]).

2. Valkostir um sameiginlega staðsetningu á stöðum sem tilgreindir eru í 1. lið (þar með talin náttúrleg staðsetning og, þar sem við á, fjarstaðsetning og sýndarstaðsetning).

3. Eiginleikar búnaðar: takmarkanir, ef einhverjar eru, á búnaði sem hægt er að raða niður.

4. Öryggisatriði: tilkynntir rekstraraðilar gera ráðstafanir til að tryggja öryggi staðsetninga sinna.

5. Aðgangsskilyrði fyrir starfsmenn rekstraraðila sem eiga í samkeppni.

6. Öryggisstaðlar.

7. Reglur fyrir úthlutun rýmis þar sem rými fyrir sameiginlega staðsetningu er takmarkað.

([1]) Takmarka má aðgang að þessum upplýsingum við hagsmunaaðila til að tryggja almannaöryggi.

8. Skilyrði fyrir rétthafa til að skoða staðsetningu þar sem náttúrleg staðsetning er fyrir hendi, eða staði þar sem beiðni um sameiginlega staðsetningu hefur verið hafnað vegna skorts á flutningsgetu.

C. Upplýsingakerfi

Skilyrði fyrir aðgangi að rekstrarstuðningskerfi tilkynnts rekstraraðila, upplýsingakerfi eða gagnagrunnum fyrir forpantanir, veitingum, pöntunum, beiðnum um viðhald og viðgerðir og gerð fylgireikninga.

D. Afgreiðsluskilyrði

1. Frestur til að svara beiðnum um afgreiðslu á þjónustu og búnaði; þjónustusamningar, gera ráðstafanir vegna bilana, aðferðir til fara aftur á venjulegt þjónustustig og færibreytur um gæði þjónustunnar.

2. Stöðluð samningsskilyrði, þar með talið, ef við á, bætur veittar ef afgreiðslufresturinn er ekki virtur;

3. Verð eða verðlagningarreglur fyrir hvert einkenni, hlutverk og búnað sem skráð er hér að ofan.

1020. Tillaga til þingsályktunar [643. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2001, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2001 frá 30. mars 2001, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/709/EB frá 6. nóvember 2000, um lágmarksviðmiðanir sem aðildarríkin skulu taka tillit til þegar þau tilnefna aðila í samræmi við 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 1999/93/EB um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2001 frá 30. mars 2001, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og að fella inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/709/EB frá 6. nóvember 2000, um lágmarksviðmiðanir sem aðildarríkin skulu taka tillit til þegar þau tilnefna aðila í samræmi við 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 1999/93/EB um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar gerðar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir eru prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/709/EB frá 6. nóvember 2000, um lágmarksviðmiðanir sem aðildarríkin skulu taka tillit til þegar þau tilnefna aðila í samræmi við 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 1999/93/EB um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur ákveðið þær viðmiðanir sem hafa ber í huga við mat á aðilum sem teljast bærir til að meta hvort undirritunarbúnaður telst öruggur samkvæmt tilskipun um rafrænar undirskriftir.

Í III. viðauka tilskipunar um rafrænar undirskriftir, nr. 1999/93/EB, er kveðið á um þau skilyrði sem búnaður þarf að uppfylla til að teljast öruggur undirskriftarbúnaður samkvæmt tilskipuninni. Skv. 4. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar skulu þar til bærar opinberar stofnanir eða einkaaðilar, sem aðildarríkin tilnefna, skera úr um það hvort undirskriftarbúnaður sé í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka. Samkvæmt sama ákvæði skal framkvæmdastjórnin samþykkja viðmiðanir sem aðildarríkin fari eftir þegar ákveðið er hvort tilnefna beri tiltekinn aðila. Með ákvörðun þessari hefur framkvæmdastjórnin fullnægt þessari skyldu sinni.

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um rafrænar undirskriftir sem varðar m.a. það atriði sem hér um ræðir.

Fylgiskjal I.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 48/2001

frá 30. mars 2001

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2001 frá 28. febrúar 2001([1]).

2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/709/EB frá 6. nóvember 2000 um lágmarksviðmiðanir sem aðildarríkin skulu taka tillit til þegar þau tilnefna aðila í samræmi við 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 1999/93/EB um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir([2]) skal felld inn í samninginn.

([1]) Hefur enn ekki verið birt.
([2]) Stjtíð. EB L 289, 16.11.2000, bls. 42.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 5g (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„5ga. **32000 D 0709**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/709/EB frá 6. nóvember 2000 um lágmarksviðmiðanir sem aðildarríkin skulu taka tillit til þegar þau tilnefna aðila í samræmi við 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 1999/93/EB um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir (Stjtíð. EB L 289, 16.11.2000, bls. 42).“

2. gr.

Texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/709/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 31. mars 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 30. mars 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 6. nóvember 2000

um lágmarksviðmiðanir sem aðildarríkin skulu taka tillit til þegar þau tilnefna aðila í samræmi við 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 1999/93/EB um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir

(tilkynnt með númeri C(2000)3179)

(Texti sem varðar EES)

(2000/709/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 13. desember 1999 um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir ([1]), einkum 4. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þann 13. desember 1999 samþykktu Evrópuþingið og ráðið tilskipun 1999/93/EB um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir.

2) Í III. viðauka við tilskipun 1999/93/EB er fjallað um kröfur sem eru gerðar til öruggs undirskriftarbúnaðar. Skv. 4. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar skulu til þess bærar opinberar stofnanir eða einkaaðilar, sem aðildarríkin tilnefna, skera úr um hvort öruggur undirskriftarbúnaður sé í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka og skal framkvæmdastjórnin ákveða viðmiðanir sem aðildarríkin fari eftir þegar ákveða skal hvort tilnefna beri tiltekinn aðila til að framkvæma þetta samræmismat.

3) Framkvæmdastjórnin ákvarðar framangreindar viðmiðanir að höfðu samráði við nefndina um rafrænar undirskriftir sem komið var á fót skv. 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 1999/93/EB.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um rafrænar undirskriftir.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Markmiðið með þessari ákvörðun er að setja viðmiðanir sem aðildarríkin fari eftir þegar þau ákveða hvort innlendur aðili skuli tilnefndur sem ábyrgðaraðili fyrir samræmismat öruggs undirskriftarbúnaðar.

2. gr.

Ef tilnefndur aðili er hluti af stofnun sem hefur með höndum aðra starfsemi en að meta samræmi öruggs undirskriftarbúnaðar við kröfurnar, sem mælt er fyrir um í III. viðauka við tilskipun 1999/93/EB, verður hann að vera skýrt afmörkuð eining innan þeirrar stofnunar. Mismunandi starfsemi skal vera skýrt aðgreind.

3. gr.

Aðilinn og starfsfólk hans skulu ekki hafa með höndum neina þá starfsemi sem gæti haft áhrif á sjálfstætt mat þeirra og heilindi varðandi störf þeirra. Sérstaklega verður aðilinn að vera óháður öðrum aðilum sem eiga hlut að máli. Því skulu tilkynnti aðilinn, yfirmaður hans og það starfsfólk, sem annast samræmismatið, hvorki vera hönnuðir, framleiðendur, birgjar né sjá um uppsetningu á öruggum undirskriftarbúnaði né heldur veitendur vottunarþjónustu sem gefa út vottorð til almennings og ekki vera viðurkenndir fulltrúar neins þessara aðila.

Þeir skulu vera fjárhagslega óháðir og mega hvorki taka beinan þátt í hönnun, smíði, markaðssetningu eða viðhaldi á öruggum undirskriftarbúnaði né vera umboðsmenn aðila sem stunda þessa starfsemi. Þetta útilokar ekki möguleikann á að framleiðandinn og tilnefndi aðilinn skiptist á tæknilegum upplýsingum.

([1]) Stjtíð. EB L 13, 19.1.2000, bls.12.

4. gr.

Tilnefndi aðilinn og starfsfólk hans verða að geta staðfest samræmi öruggs undirskriftarbúnaðar við kröfurnar, sem mælt er fyrir um í III. viðauka við tilskipun 1999/93/EB, með faglegri ráðvendni, áreiðanleika og tæknilegri færni.

5. gr.

Starfsvenjur aðilans við samræmismat skulu vera gagnsæjar og hann skal skrá allar upplýsingar, er máli skipta, varðandi þessar starfsvenjur. Allir hagsmunaaðilar skulu eiga kost á þjónustu aðilans. Aðilinn skal beita þeim verklagsreglum, sem hann fylgir, án mismununar.

6. gr.

Tilkynnti aðilinn verður að hafa á að skipa nauðsynlegu starfsfólki og hafa nauðsynlega aðstöðu til að geta framkvæmt á réttan hátt og skjótt tæknileg störf og stjórnunarstörf sem tengjast verkefninu sem hann hefur verið tilnefndur til að annast.

7. gr.

Starfsfólk sem ber ábyrgð á samræmismati skal hafa:

- trausta tækni- og fagmenntun, einkum á sviði rafrænnar undirskriftartækni og þeirra öryggisþátta í upplýsingatækni sem henni tengist,

- fullnægjandi þekkingu á þeim kröfum sem eru gerðar við samræmismatið sem þeir framkvæma og næga starfsreynslu til að framkvæma slíkt mat,

8. gr.

Hlutleysi starfsfólksins skal vera tryggt. Laun þeirra mega hvorki vera háð því hversu oft þeir framkvæma samræmismat né niðurstöðum samræmismats.

9. gr.

Aðilinn skal gera viðeigandi ráðstafanir til að geta staðið við þá skaðabótaskyldu sem fylgir starfsemi hans, til dæmis með viðeigandi tryggingu.

10. gr.

Aðilinn skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja leynd upplýsinga sem hann aflar sér við störf sem falla undir tilskipun 1999/93/EB eða önnur ákvæði landslaga til framkvæmdar henni nema gagnvart lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu sem tilnefndi hann.

11. gr.

Ef tilnefndur aðili gerir samkomulag um að annar aðili annist hluta samræmismatsins skal hann sjá til þess og geta sýnt fram á að sá aðili sé hæfur til að inna af hendi viðkomandi þjónustu. Tilnefndi aðilinn verður að bera fulla ábyrgð á þeirri vinnu sem unnin er samkvæmt slíku samkomulagi. Tilnefndi aðilinn tekur lokaákvörðun.

12. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. nóvember 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

1021. Tillaga til þingsályktunar [644. mál]

um samþykkt ákvörðunar ráðherraráðs Evrópusambandsins um að koma á, í samræmi við 34. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, samningi um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að tilkynna fyrir Íslands hönd samþykki á ákvörðun ráðherraráðs Evrópusambandsins um að koma á, í samræmi við 34. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, samningi um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins að því leyti sem ákvæði hans byggjast á Schengen-samningnum.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til að samþykkja ákvörðun ráðherraráðs Evrópusambandsins um að koma á, í samræmi við 34. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, samningi um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af ráðherraráði Evrópusambandsins 29. maí 2000. Í samræmi við 8. gr. samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna hefur Ísland tilkynnt Evrópusambandinu að efni gerðarinnar geti ekki orðið bindandi fyrir Ísland fyrr en stjórnskipuleg skilyrði hafa verið uppfyllt.

2. Um Schengen-gerðir er kalla á lagabreytingar.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna hvílir sú skylda á Íslandi og Noregi að samþykkja, koma í framkvæmd og beita gerðum og ráðstöfunum Evrópusambandsins sem breyta eða bætast við þau ákvæði sem um getur í viðaukum við Brussel-samninginn.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. 8. gr. samningsins skal Evrópusambandið tilkynna Íslandi og Noregi án tafar um samþykkt gerða eða ráðstafana sem farið hefur verið með samkvæmt þeim málsmeðferðarreglum sem settar eru í samningnum. Ísland og Noregur skulu, hvort í sínu lagi, ákveða hvort þau samþykkja efni þeirra og taka þær upp í landsrétt sinn.

Í b-lið sama ákvæðis kemur fram að ef efni slíkrar gerðar eða ráðstöfunar getur ekki orðið bindandi fyrir Ísland fyrr en stjórnskipuleg skilyrði hafa verið uppfyllt skuli Ísland gera Evrópusambandinu grein fyrir því. Þegar öll stjórnskipuleg skilyrði hafa verið uppfyllt skal Ísland þegar í stað gera ráðinu og framkvæmdastjórninni skriflega grein fyrir því. Í samræmi við þetta ákvæði hefur Ísland gert Evrópusambandinu grein fyrir því að Ísland geti ekki látið uppi endanlega afstöðu sína til málsins fyrr en að stjórnskipulegum skilyrðum uppfylltum.

Sú afstaða hefur verið mótuð í utanríkisráðuneytinu að í þessum tilvikum skuli sams konar málsmeðferð viðhöfð og við meðferð gerða á grunni EES-samningsins sem samþykktar hafa verið með stjórnskipulegum fyrirvara. Gilda að mati ráðuneytisins sömu sjónarmið í báðum tilvikum.

3. Um efni gerðarinnar.

Hinn 29. maí 2000 var samþykktur af ráðherraráði Evrópusambandsins og undirritaður af aðildarríkjum þess samningur um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli ríkjanna. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Markmið samningsins er að bæta og auka réttaraðstoð milli ríkjanna í sakamálum á þeim grundvelli sem þegar er fyrir hendi, en sú samvinna hvílir einkum á Evrópusamningi um gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 20. apríl 1959, ásamt viðbótarbókun frá 17. mars 1978, og samningi frá 19. júní 1990, um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 15. júní 1985 (Schengen-samningnum). Samningur ríkja Evrópusambandsins um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum felur meðal annars í sér breytingu á Schengen-reglum sem gilda á þessu sviði og getur í viðauka A við samninginn sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Í 2. gr. samnings Evrópusambandsríkjanna um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum eru rakin þau ákvæði samningsins sem hér um ræðir.

Ákvæðin eru 3. gr., sem felur í sér að gagnkvæma réttaraðstoð skuli einnig veita í refsimálum til úrlausnar hjá stjórnvöldum og í málum vegna refsiábyrgðar lögaðila, 5. gr., um sendingu og afhendingu málsskjala, 6. gr., um sendingu beiðna um gagnkvæma réttaraðstoð, 7. gr., um miðlun upplýsinga án formlegrar beiðni, 12. gr., um afhendingu undir eftirliti, og 23. gr., um vernd persónuupplýsinga. Að því er varðar afhendingu undir eftirliti skv. 12. gr. gilda einnig ákvæði 15. gr. samningsins um refsiábyrgð opinberra starfsmanna og 16. gr. um skaðabótaábyrgð vegna opinberra starfsmanna.

Fyrir Alþingi liggur á þingskjali 724 frumvarp dómsmálaráðherra þar sem lagðar eru til nauðsynlegar breytingar á lögum til að geta fullnægt af Íslands hálfu þeim skuldbindingum sem samningur þessi felur í sér að því leyti sem honum er ætlað að ná yfir ákvæði sem fyrir eru í Schengen-samningnum.

Fylgiskjal.

GERÐ RÁÐSINS
um
að koma á, í samræmi við 34. gr. sáttmálans um Evrópusambandið,
samningi um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum
milli aðildarríkja Evrópusambandsins.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum a-lið 31. gr. og d-lið 2. mgr. 34. gr.,

með hliðsjón af frumkvæði aðildarríkjanna,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins,[1]

[1] Áliti var skilað 17. febrúar 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til þess að ná markmiðum Evrópusambandsins ætti að endurbæta reglur um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins og í þeim tilgangi koma á samningi þeim sem fram kemur í viðaukanum.
2) Nokkur ákvæða samningsins falla undir gildissvið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag um beitingu samningsins sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.[1]
3) Þetta á við 3., 5., 6., 7., 12. og 23. gr. og, að því marki sem við kemur 12. gr., 15. og 16. gr. og, að því marki sem við kemur greinunum sem um getur, 1. gr.
4) Málsmeðferðin, sem lýst er í samningnum sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna,[2] hefur verið virt með tilliti til þessara ákvæða.
5) Þegar Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur fá tilkynningu um samþykkt þessarar gerðar í samræmi við a-lið 2. mgr. 8. gr. framangreinds samnings verða þessi tvö ríki sérstaklega upplýst um inntak 29. gr. um gildistöku að því er Ísland og Noreg varðar og verður boðið að leggja fram viðeigandi yfirlýsingar skv. 24. gr. samningsins um leið og þau tilkynna ráðinu og framkvæmdastjórninni að stjórnskipuleg skilyrði hafi verið uppfyllt.

HEFUR ÁKVEÐIÐ að samningnum er hér með komið á en texti hans fylgir með í viðaukanum og hafa fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkja Evrópusambandsins undirritað hann í dag,

BEINIR ÞEIM TILMÆLUM TIL aðildarríkjanna að samþykkja hann í samræmi við viðeigandi stjórnskipuleg skilyrði sín,

HVETUR aðildarríkin til þess að hefja viðeigandi málsmeðferð í því skyni fyrir 1. janúar 2001.

Gjört í Brussel hinn 29. maí 2000.

Fyrir hönd ráðsins,
A. COSTA, forseti.

---

[1] Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.
[2] Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.

VIÐAUKI

SAMNINGUR,
SEM RÁÐIÐ KEMUR Á,
Í SAMRÆMI VIÐ 34. GR.
SÁTTMÁLANS UM EVRÓPUSAMBANDIÐ,
UM GAGNKVÆMA RÉTTARAÐSTOÐ Í SAKAMÁLUM
MILLI AÐILDARRÍKJA EVRÓPUSAMBANDSINS.

HINIR HÁU SAMNINGSAÐILAR samnings þessa, aðildarríki Evrópusambandsins,

VÍSA TIL gerðar ráðsins um að koma á samningi um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins,

HAFA HUG Á að bæta dómsmálasamstarf í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins, sbr. þó ákvæði um verndun einstaklingsfrelsis,

BENDA Á þá sameiginlegu hagsmuni aðildarríkjanna að tryggja að gagnkvæm réttaraðstoð milli aðildarríkjanna sé veitt fljótt og með skilvirkum hætti sem samrýmist grundvallarreglum landslaga þeirra og í samræmi við rétt einstaklinga og meginreglur Evrópusáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem var undirritaður í Róm 4. nóvember 1950,

LÁTA Í LJÓS trú sína á skipulagi og starfsemi réttarkerfa sinna og möguleika allra aðildarríkjanna til að tryggja sanngjörn réttarhöld,

EINSETJA SÉR að bæta við Evrópusamninginn um gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 20. apríl 1959 og aðra gildandi samninga á þessu sviði með samningi Evrópusambandsins,

VIÐURKENNA að ákvæði þessara samninga gilda áfram á öllum þeim sviðum sem ekki er fjallað um í samningi þessum,

HAFA Í HUGA að aðildarríkin leggja áherslu á að efla dómsmálasamstarf jafnframt því að virða meðalhófsregluna,

HAFA HUGFAST að með samningi þessum eru settar reglur um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum þar sem byggt er á meginreglum samningsins frá 20. apríl 1959,

HAFA Í HUGA að 20. gr. samnings þessa nær að vísu yfir tiltekin sérstök tilvik um hlerun fjarskipta án þess að hún hafi nein áhrif á önnur slík tilvik sem falla utan gildissviðs samningsins,

HAFA Í HUGA að almennar meginreglur þjóðaréttar eiga við tilvik sem samningur þessi nær ekki yfir,

VIÐURKENNA að samningur þessi hefur ekki áhrif á hvernig aðildarríkin sinna þeirri skyldu sinni að halda uppi lögum og reglu og tryggja innra öryggi og við hvaða aðstæður

hvert aðildarríki ákveður, í samræmi við 33. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, að halda uppi lögum og reglu og tryggja innra öryggi,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM EFTIRFARANDI ÁKVÆÐI:

I. BÁLKUR
ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Tengsl við aðra samninga um gagnkvæma réttaraðstoð.

1. Markmið þessa samnings er að vera viðbót við eftirfarandi ákvæði og auðvelda beitingu þeirra innan aðildarríkja Evrópusambandsins:

a) Evrópusamning um gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 20. apríl 1959, hér á eftir nefndur „Evrópusamningurinn um gagnkvæma aðstoð“;
b) viðbótarbókun frá 17. mars 1978 við Evrópusamninginn um gagnkvæma aðstoð;
c) ákvæði um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum í samningnum frá 19. júní 1990 um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum (hér á eftir nefndur „Schengen-framkvæmdarsamningurinn“) sem eru ekki felld úr gildi skv. 2. mgr. 2. gr.;
d) ákvæði 2. kafla sáttmálans um framsal og gagnkvæma aðstoð í sakamálum milli Konungsríkisins Belgíu, Stórhertogadæmisins Lúxemborgar og Konungsríkisins Hollands frá 27. júní 1962, eins og honum var breytt með bókuninni frá 11. maí 1974 (hér á eftir nefndur „Benelúx-sáttmálinn“), að því er varðar samskipti aðildarríkja Benelúx-efnahagssambandsins.

2. Þessi samningur hefur hvorki áhrif á beitingu hagstæðari ákvæða tvíhliða eða fjölþjóðlegra samninga milli aðildarríkja né, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 26. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð, samkomulag um gagnkvæma aðstoð í sakamálum á grundvelli samræmdrar löggjafar eða sérstaks kerfis þar sem gert er ráð fyrir gagnkvæmum ráðstöfunum vegna gagnkvæmrar réttaraðstoðar á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna.

2. gr.

Ákvæði sem tengjast Schengen-gerðunum.

1. Í ákvæðum 3., 5., 6., 7., 12. og 23. gr. og, að því marki sem við kemur 12. gr., í ákvæðum 15. og 16. gr. og, að því marki sem við kemur greinunum sem um getur, í ákvæðum 1. gr. er að finna ráðstafanir sem breyta eða eru byggðar á ákvæðunum sem um getur í viðauka A við samninginn sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.[1]

2. Ákvæði a-liðar 49. gr. og 52., 53. og 73. gr. Schengen-framkvæmdarsamningsins eru hér með felld úr gildi.

3. gr.

Málsmeðferð þar sem gagnkvæm réttaraðstoð skal einnig veitt.

1. Gagnkvæm réttaraðstoð skal einnig veitt við málsmeðferð stjórnvalda vegna verknaða sem eru refsiverðir samkvæmt lögum þess aðildarríkis, sem leggur fram beiðni, eða þess sem

---

[1] Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.

beiðni er beint til eða beggja og teljast brot á lögum sem stjórnvöld geta tekið ákvörðun um og slíkar ákvarðanir geta leitt til málsmeðferðar fyrir þar til bærum dómstóli í sakamálum.

2. Gagnkvæm réttaraðstoð skal einnig veitt í tengslum við meðferð sakamáls og málsmeðferð sem um getur í 1. mgr. að því er varðar verknaði eða brot sem draga má lögaðila til ábyrgðar fyrir í því aðildarríki sem leggur fram beiðni.

4. gr.

Formleg skilyrði og málsmeðferð við framkvæmd beiðna um gagnkvæma réttaraðstoð.

1. Þegar gagnkvæm réttaraðstoð er veitt skal aðildarríkið, sem beiðni er beint til, uppfylla þau formlegu skilyrði og fylgja þeirri málsmeðferð sem aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, tilgreinir sérstaklega, nema kveðið sé á um annað í þessum samningi og að því tilskildu að formlegu skilyrðin og málsmeðferðin brjóti ekki í bága við grundvallarlagareglur í aðildarríkinu sem beiðni er beint til.

2. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal verða við beiðni um réttaraðstoð eins fljótt og unnt er og skal taka, eftir því sem unnt er, að fullu til greina málsmeðferðarfresti og aðra fresti sem aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, tilgreinir. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, skal tilgreina ástæður fyrir því að frestur er settur.

3. Ef ekki er unnt að verða við beiðninni, eða ekki er unnt að verða við henni að öllu leyti, í samræmi við þær kröfur sem aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, setur fram skulu yfirvöld aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, tilkynna yfirvöldum aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, það strax og tilgreina að hvaða skilyrðum fullnægðum unnt sé að verða við beiðninni. Yfirvöld aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, og þess sem beiðni er beint til geta síðar komið sér saman um til hvaða aðgerða skuli gripið í kjölfar beiðninnar og skal framkvæmd aðgerðanna vera háð því að framangreind skilyrði séu uppfyllt ef þörf krefur.

4. Ef fyrirsjáanlegt er að ekki er unnt að verða við beiðni innan þess frests sem aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, hefur tilgreint til að verða við beiðni þess og ef það kemur greinilega í ljós af þeim ástæðum sem um getur í 2. málsl. 2. mgr. að töf muni verulega skaða málsmeðferðina sem fylgt er í aðildarríkinu sem leggur fram beiðni skulu yfirvöld aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, tilgreina strax þann tíma sem áætlað er að þurfi til að unnt sé að verða við beiðninni. Yfirvöld aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, skulu strax tilgreina hvort beiðnin verði engu að síður lögð fram. Yfirvöld aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, og þess sem beiðni er beint til geta síðar komið sér saman um til hvaða aðgerða skuli gripið í kjölfar beiðninnar.

5. gr.

Sending og afhending málsskjala.

1. Hvert aðildarríki um sig skal senda beint í pósti málsskjöl sem eiga að fara til einstaklinga sem dvelja á yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

2. Hægt er að senda málsskjöl fyrir milligöngu þar til bærra yfirvalda aðildarríkisins sem beiðni er beint til þegar:

a) heimilisfang einstaklingsins, sem skjalið á að fara til, er óþekkt eða óvisst; eða
b) samkvæmt viðeigandi málsmeðferðarreglum aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, er krafist annarrar staðfestingar á því að skjalið hafi verið afhent viðtakanda en þeirrar sem unnt er að fá með póstsendingum; eða
c) ekki hefur verið unnt að afhenda skjalið í pósti; eða
d) aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, hefur réttmætar ástæður til að ætla að afgreiðsla í pósti beri ekki árangur eða sé óviðeigandi.

3. Þegar ástæða er til að ætla að viðtakandi skilji ekki tungumálið sem skjalið er samið á skal þýða skjalið, eða að minnsta kosti mikilvægustu kafla þess, á tungumál eða eitt af tungumálum þess aðildarríkis sem ræður yfirráðasvæðinu þar sem viðtakandi dvelur. Ef yfirvaldinu, sem gefur út málsskjalið, er kunnugt um að viðtakandi skilur eingöngu eitthvert annað tungumál skal þýða skjalið, eða að minnsta kosti mikilvægustu kafla þess, á það tungumál.

4. Öllum málsskjölum skal fylgja tilkynning þar sem því er lýst yfir að viðtakandi geti fengið upplýsingar um réttindi sín og skyldur varðandi skjalið frá yfirvaldinu sem gaf skjalið út eða frá öðrum yfirvöldum þess aðildarríkis. Ákvæði 3. mgr. eiga einnig við um þessa tilkynningu.

5. Þessi grein hefur hvorki áhrif á beitingu 8., 9. og 12. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð né heldur beitingu 32., 34. og 35. gr. Benelúx-sáttmálans.

6. gr.

Sending beiðna um gagnkvæma réttaraðstoð.

1. Beiðnir um gagnkvæma réttaraðstoð og upplýsingaskipti án beiðni, sem um getur í 7. gr., skulu vera skrifleg eða miðlað þannig að unnt sé við tilteknar aðstæður að fá skriflega útgáfu sem gerir aðildarríkinu, sem fær beiðni, kleift að ganga úr skugga um að hún sé áreiðanleg. Þessar beiðnir skulu fara beint á milli dómsmálayfirvalda sem eru bær til þess á því svæði að hefja meðferð þeirra og verða við þeim og skulu þær sendar sömu leið til baka nema annað sé tekið fram í þessari grein.

Allar upplýsingar, sem aðildarríki leggur fram með það í huga að meðferð máls fari fram fyrir dómstóli í öðru aðildarríki í skilningi 21. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð og 42. gr. Benelúx-sáttmálans, geta farið beint á milli þar til bærra dómsmálayfirvalda.

2. Ákvæði 1. mgr. útiloka ekki þann möguleika að beiðnir séu sendar eða sendar til baka í sérstökum tilvikum:

a) milli miðlægs yfirvalds eins aðildarríkis og miðlægs yfirvalds annars aðildarríkis; eða
b) milli dómsmálayfirvalds eins aðildarríkis og miðlægs yfirvalds annars aðildarríkis.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta Breska konungsríkið og Írland, hvort fyrir sig, lýst því yfir, þegar send er tilkynning skv. 2. mgr. 27. gr., að beiðnir og orðsendingar til ríkjanna, eins og tilgreint er í yfirlýsingunni, verði að senda um miðlægt yfirvald þeirra. Þessi aðildarríki geta með annarri yfirlýsingu, hvenær sem er, takmarkað gildissvið slíkrar yfirlýsingar í þeim tilgangi að auka áhrif 1. mgr. Þau skulu haga málsmeðferð á þennan hátt þegar ákvæði Schengen-framkvæmdarsamningsins um gagnkvæma réttaraðstoð koma til framkvæmda gagnvart þeim.

Hvert aðildarríki getur beitt meginreglunni um gagnkvæmni í tengslum við yfirlýsingarnar sem um getur hér að framan.

4. Allar beiðnir um gagnkvæma réttaraðstoð má, í neyðartilvikum, senda gegnum Alþjóðasamband sakamálalögreglu (Interpol) eða aðra þar til bæra stofnun samkvæmt ákvæðum sem eru samþykkt samkvæmt sáttmálanum um Evrópusambandið.

5. Ef, að því er varðar beiðnir skv. 12., 13. eða 14. gr., þar til bært yfirvald er dómsmálayfirvald eða miðlægt yfirvald í öðru aðildarríkinu en lögreglu- eða tollyfirvald í hinu aðildarríkinu má senda beiðnir og svör við þeim beint á milli þessara yfirvalda. Ákvæði 4. mgr. eiga við um þessa tengiliði.

6. Ef, að því er varðar beiðnir um gagnkvæma réttaraðstoð í tengslum við málsmeðferðina sem lýst er í 1. mgr. 3. gr., þar til bært yfirvald er dómsmálayfirvald eða miðlægt yfirvald í öðru aðildarríkinu en stjórnsýsluyfirvald í hinu aðildarríkinu má senda beiðnir og svör við þeim beint á milli þessara yfirvalda.

7. Hvert aðildarríki getur, þegar það leggur fram tilkynninguna sem kveðið er á um í 2. mgr. 27. gr., lýst því yfir að það sé óbundið af 1. málsl. 5. mgr. eða 6. mgr. þessarar greinar eða báðum þessum ákvæðum eða að það muni einungis beita þessum ákvæðum við sérstakar aðstæður sem það mun tilgreina. Slíka yfirlýsingu má draga til baka eða breyta hvenær sem er.

8. Eftirfarandi beiðnir eða orðsendingar skulu sendar gegnum miðlæg yfirvöld aðildarríkjanna:

a) beiðnir um tímabundinn flutning eða gegnumferð einstaklinga í varðhaldi eins og um getur í 9. gr. þessa samnings, 11. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð og 33. gr. Benelúx-sáttmálans;
b) upplýsingar úr sakaskrám eins og um getur í 22. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma réttaraðstoð og 43. gr. Benelúx-sáttmálans. Beiðnir um afrit af refsidómum og ráðstöfunum, sem um getur í 4. gr. viðbótarbókunar við Evrópusamninginn um gagnkvæma aðstoð, má senda beint gegnum þar til bær yfirvöld.

7. gr.

Upplýsingaskipti án beiðni.

1. Innan ramma landslaga geta þar til bær yfirvöld aðildarríkjanna skipst á upplýsingum, án þess að beiðni þar að lútandi hafi borist, um refsiverða verknaði og brot á lögum sem um getur í 1. mgr. 3. gr. ef refsing eða meðferð slíkra brota fellur undir lögsögu viðtökuyfirvaldsins á þeim tíma sem upplýsingarnar eru veittar.

2. Yfirvaldið, sem sendir upplýsingarnar, getur samkvæmt landslögum sett skilyrði um hvernig viðtökuyfirvaldið notar þessar upplýsingar.

3. Viðtökuyfirvaldið er bundið af þessum skilyrðum.

II. BÁLKUR
BEIÐNIR UM SÉRSTÖK TILTEKIN EYÐUBLÖÐ UM GAGNKVÆMA RÉTTARAÐSTOÐ

8. gr.

Skil.

1. Að beiðni aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, og með fyrirvara um réttindi þriðja aðila í góðri trú, getur aðildarríkið, sem beiðni er beint til, afhent aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, hluti til umráða sem fengnir voru með ólögmætum hætti með það í huga að þeim verði skilað til réttmætra eigenda.

2. Við beitingu 3. og 6. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð og 2. mgr. 24. gr. og 29. gr. Benelúx-sáttmálans getur aðildarríkið, sem beiðni er beint til, fallið frá því að hlutum verði skilað annaðhvort áður eða eftir að það hefur afhent þá aðildarríkinu sem leggur fram beiðni ef það er til þess fallið að auðvelda skil þessara hluta til réttmæts eiganda. Þetta hefur ekki áhrif á réttindi þriðja aðila í góðri trú.

3. Í því tilviki að aðildarríkið, sem beiðni er beint til, fellur frá því að hlutum verði skilað áður en það afhendir þá aðildarríkinu sem leggur fram beiðni skal fyrrnefnda aðildarríkið ekki beita tryggingarétti eða öðrum rétti um endurkröfu vegna þessara hluta samkvæmt skatta- eða tollalöggjöf.

Þegar fallið er frá því að hlutum verði skilað eins og um getur í 2. mgr. skal það gert með fyrirvara um rétt aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, til að innheimta skatta eða gjöld af réttmætum eiganda.

9. gr.

Tímabundinn flutningur manna sem eru í varðhaldi vegna rannsóknar.

1. Svo framarlega sem samningur er í gildi milli þar til bærra yfirvalda hlutaðeigandi aðildarríkja getur aðildarríki, sem hefur beðið um rannsókn, flutt tímabundið, í þágu rannsóknarinnar, mann, sem það hefur í varðhaldi á sínu yfirráðasvæði, á yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem rannsóknin fer fram.

2. Í samningnum skal fjallað um fyrirkomulag við tímabundinn flutning mannsins og hvaða dag verður að flytja hann til baka á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem leggur fram beiðni.

3. Þegar krafist er samþykkis viðkomandi manns fyrir flutningnum skal tafarlaust senda yfirlýsingu um samþykki eða afrit af henni til ríkisins sem beiðni er beint til.

4. Tíma í varðhaldi á yfirráðasvæði aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, skal draga frá þeim varðhaldstíma sem viðkomandi maður sætir eða verður gert skylt að sæta á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem leggur fram beiðni.

5. Ákvæði 2. og 3. mgr. 11. gr. og 12. og 20. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð eiga við um þessa grein að breyttu breytanda.

6. Hvert aðildarríki um sig getur lýst því yfir, þegar send er tilkynning skv. 2. mgr. 27. gr., að það muni, áður en samkomulagi er náð skv. 1. mgr. þessarar greinar, krefjast samþykkis sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar eða krefjast þess við tilteknar aðstæður sem tilgreindar eru í yfirlýsingunni.

10. gr.

Yfirheyrsla á myndfundi.

1. Ef dómsmálayfirvöld eins aðildarríkis þurfa að yfirheyra vitni eða sérfræðing, sem dvelur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, getur fyrrnefnda aðildarríkið, ef óæskilegt eða ómögulegt er að maðurinn, sem á að yfirheyra, komi í eigin persónu á yfirráðasvæði þess, farið þess á leit að yfirheyrslan fari fram á myndfundi eins kveðið er á um í 2. til 8. mgr.

2. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal samþykkja að yfirheyrslan fari fram á myndfundi að því tilskildu að myndfundir séu ekki í andstöðu við grundvallarreglur landslaga og með því skilyrði að það ráði yfir tæknibúnaði fyrir yfirheyrslu af því tagi. Ef aðildarríkið, sem beiðni er beint til, hefur ekki aðgang að tæknibúnaði fyrir myndfundi getur aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, lagt því til þann búnað samkvæmt samkomulagi.

3. Í beiðnum um yfirheyrslu á myndfundi skal koma fram, auk þeirra upplýsinga sem um getur í 14. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð og í 37. gr. Benelúx-sáttmálans, ástæða þess að talið er óæskilegt eða ómögulegt að vitnið eða sérfræðingurinn komi til yfirheyrslu í eigin persónu, heiti dómsmálayfirvaldsins og nöfn þeirra manna sem sjá munu um yfirheyrsluna.

4. Dómsmálayfirvald aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, skal kveðja viðkomandi mann til yfirheyrslu í samræmi við þau formsatriði sem mælt er fyrir um í lögum þess.

5. Eftirfarandi reglur gilda um yfirheyrslu á myndfundi:

a) Dómsmálayfirvald aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, skal vera viðstatt yfirheyrsluna og, ef nauðsyn krefur, njóta aðstoðar túlks auk þess sem það skal tryggja að staðfest sé að maðurinn, sem á að yfirheyra, sé sá sem hann segist vera og að virtar séu grundvallarreglur laga í því aðildarríki sem beiðni er beint til. Ef dómsmálayfirvald aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, er þeirrar skoðunar að grundvallarreglur laga þess hafi verið brotnar við yfirheyrsluna skal það þegar í stað gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að yfirheyrslan haldi áfram í samræmi við umræddar meginreglur.

b) Þar til bær yfirvöld aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, og aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, skulu , ef þörf krefur, koma sér saman um ráðstafanir til að vernda þann mann sem á að yfirheyra.
c) Dómsmálayfirvald aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, skal annast yfirheyrsluna beint eða stýra henni í samræmi við eigin lög.
d) Að beiðni aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, eða þess manns, sem á að yfirheyra, skal aðildarríkið, sem beiðni er beint til, tryggja, ef nauðsyn krefur, að sá maður, sem á að yfirheyra, fái notið aðstoðar túlks.
e) Maðurinn, sem á að yfirheyra, getur nýtt sér rétt sinn til að neita að bera vitni samkvæmt lögum aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, eða aðildarríkisins sem leggur fram beiðni.

6. Með fyrirvara um þær ráðstafanir, sem samþykktar hafa verið um verndun manna, skal dómsmálayfirvald aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, bóka við lok yfirheyrslunnar þar sem kemur fram hvenær og hvar yfirheyrslan fór fram, hver var yfirheyrður, hvaða aðrir menn í aðildarríkinu, sem beiðni er beint til, hafi tekið þátt í yfirheyrslunni og hvert hlutverk þeirra var, hvort einhverjir hafi verið eiðsvarnir og hvaða tækni var viðhöfð við yfirheyrsluna. Þar til bært yfirvald aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, skal senda skjalið til þar til bærs yfirvalds aðildarríkisins sem leggur fram beiðni.

7. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, skal endurgreiða aðildarríkinu, sem beiðni er beint til, kostnað við að koma á myndsambandi, rekstrarkostnað vegna myndsambandsins í aðildarríkinu sem beiðni er beint til, laun túlka sem það ríki útvegaði og greiðslur til vitna og sérfræðinga og ferðakostnað þeirra í aðildarríkinu sem beiðni er beint til, nema síðarnefnda aðildarríkið falli frá kröfu um endurgreiðslu allra þessara útgjalda eða hluta þeirra.

8. Hvert aðildarríki um sig skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að, þegar vitni eða sérfræðingar eru yfirheyrðir á yfirráðasvæði þess í samræmi við þessa grein og neita að bera vitni þegar þeim er það skylt eða greina ekki rétt frá, þá gildi lög þess aðildarríkis á sama hátt og ef yfirheyrslan færi fram við innlenda málsmeðferð.

9. Aðildarríkin geta, ef þau svo kjósa, einnig beitt ákvæðum þessarar greinar við yfirheyrslu sakbornings á myndfundi ef það á við og með samþykki þar til bærra dómsmálayfirvalda sinna. Í því tilviki skulu viðkomandi aðildarríki koma sér saman um þá ákvörðun að halda myndfundinn og hvernig hann skuli fara fram, í samræmi við lög þeirra og viðeigandi alþjóðlega gerninga, þ.á m. Evrópusáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 1950.

Aðildarríki getur, þegar send er tilkynning skv. 2. mgr. 27. gr., lýst því yfir að það muni ekki beita fyrstu undirgrein. Slíka yfirlýsingu má draga til baka hvenær sem er.

Yfirheyrslur skulu aðeins fara fram með samþykki sakbornings. Til að vernda réttindi sakborninga, skal ráðið, ef þurfa þykir, samþykkja nauðsynlegar reglur í bindandi gerningi að lögum.

11. gr.

Yfirheyrsla vitna og sérfræðinga á símafundi.

1. Ef dómsmálayfirvöld eins aðildarríkis þurfa að yfirheyra vitni eða sérfræðing, sem dvelur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, getur fyrrnefnda aðildarríkið, ef heimilt er samkvæmt innlendum lögum, farið þess á leit að síðarnefnda aðildarríkið geri það kleift að yfirheyra viðkomandi á símafundi eins og kveðið er á um í 2. til 5. mgr.

2. Yfirheyrsla á símafundi getur því aðeins farið fram að vitnið eða sérfræðingurinn samþykki að hún fari fram með þeim hætti.

3. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal samþykkja yfirheyrslu á símafundi að því tilskildu að það brjóti ekki í bága við grundvallarreglur landslaga.

4. Beiðnum um yfirheyrslu á símafundi skal fylgja, auk þeirra upplýsinga sem um getur í 14. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð og í 37. gr. Benelúx-sáttmálans, heiti dómsmálayfirvaldsins og nöfn þeirra manna sem sjá um yfirheyrsluna og upplýsingar um að vitni eða sérfræðingur sé fús til þess að taka þátt í yfirheyrslu á símafundi.

5. Viðkomandi aðildarríki skulu koma sér saman um fyrirkomulag yfirheyrslu í reynd. Þegar slíku samkomulagi hefur verið náð skal aðildarríkið, sem beiðni er beint til, taka að sér að:

a) tilkynna viðkomandi vitni eða sérfræðingi um hvenær og hvar yfirheyrslan fari fram;
b) tryggja að staðfest sé að vitni eða sérfræðingur sé sá sem hann segist vera;
c) sannreyna að vitni eða sérfræðingur samþykki yfirheyrslu á símafundi.

Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, getur ákveðið að samkomulagið sé háð, að einhverju eða öllu leyti, viðeigandi ákvæðum 5. og 8. mgr. 10. gr. Ákvæði 7. mgr. 10. gr. eiga við að breyttu breytanda nema samkomulag hafi orðið um annað.

12. gr.

Afhending undir eftirliti.

1. Hvert aðildarríki um sig skal sjá um að tryggja, að heimilt verði að fallast á beiðni annars aðildarríkis um afhendingu undir eftirliti á yfirráðasvæði þess við rannsókn sakamála vegna brota sem leitt geta til framsals.

2. Ákvörðun um hvort afhending undir eftirliti fari fram skulu þar til bær yfirvöld aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, taka í hverju tilviki fyrir sig að teknu tilliti til laga þess aðildarríkis.

3. Afhending undir eftirliti skal fara fram í samræmi við málsmeðferð hjá aðildarríkinu sem beiðni er beint til. Þar til bær yfirvöld þess aðildarríkis skulu hafa heimild til að grípa inn í, stjórna og hafa eftirlit með aðgerðum.

13. gr.

Sameiginlegir rannsóknarhópar.

1. Þar til bær yfirvöld tveggja eða fleiri aðildarríkja geta með gagnkvæmu samkomulagi, í sérstökum tilgangi og í takmarkaðan tíma, sem unnt er að framlengja með gagnkvæmu samþykki, komið á fót sameiginlegum rannsóknarhópi til að vinna að rannsókn sakamála í einu eða fleiri þeirra aðildarríkja sem komu hópnum á fót. Í samkomulaginu skal tilgreint hvernig hópurinn skuli vera samsettur.

Sameiginlegum rannsóknarhópi skal einkum komið á fót þegar:

a) rannsókn aðildarríkis á sakamáli er krefjandi og erfið og varðar önnur aðildarríki;
b) nokkur aðildarríki fara með rannsókn sakamáls þar sem nauðsynlegt er vegna aðstæðna málsins að grípa til samræmdra, samstilltra aðgerða í viðkomandi aðildarríkjum.

Hvert og eitt hlutaðeigandi aðildarríkja getur lagt fram beiðni um að komið verði á fót sameiginlegum rannsóknarhópi. Hópnum skal komið á fót í því aðildarríki þar sem búist er við að rannsókn fari fram.

2. Auk upplýsinganna, sem um getur í viðeigandi ákvæðum 14. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð og 37. gr. Benelúx-sáttmálans, skulu tillögur um samsetningu hópsins fylgja beiðnum um að komið verði á fót sameiginlegum rannsóknarhópi.

3. Sameiginlegur rannsóknarhópur skal starfa á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, sem komu honum á fót, að uppfylltum eftirfarandi almennum skilyrðum:

a) Stjórnandi hópsins skal vera fulltrúi þar til bærs yfirvalds, sem tekur þátt í rannsókn sakamála, frá því aðildarríki þar sem hópurinn starfar. Stjórnandi hópsins skal starfa innan marka þeirra heimilda sem hann hefur samkvæmt landslögum.
b) Hópurinn skal sinna verkefnum sínum í samræmi við lög aðildarríkisins þar sem hann starfar. Þátttakendur í hópnum skulu sinna verkefnum sínum undir stjórn þess manns sem um getur í a-lið, að teknu tilliti til þeirra skilyrða sem þeirra eigin yfirvöld hafa sett í samkomulaginu um að koma hópnum á fót.
c) Aðildarríkið, þar sem hópurinn starfar, skal gera nauðsynlegar ráðstafanir innan stjórnkerfisins til þess að hann geti starfað.

4. Í skilningi þessarar greinar er litið svo á að þátttakendur í sameiginlega rannsóknarhópnum frá aðildarríkjum, öðrum en því aðildarríki þar sem hópurinn starfar, séu „sendir til starfa“ í hópnum.

5. Þátttakendur, sem hafa verið sendir til starfa í sameiginlega rannsóknarhópnum, eiga rétt á því að vera viðstaddir þegar ráðstafanir eru gerðar vegna rannsóknarinnar í aðildarríkinu þar sem aðgerðir fara fram. Þó getur stjórnandi hópsins, af sérstökum ástæðum, ákveðið annað í samræmi við lög aðildarríkisins þar sem hópurinn starfar.

6. Þátttakendum, sem hafa verið sendir til starfa í sameiginlega rannsóknarhópnum, er heimilt, í samræmi við lög aðildarríkisins þar sem hópurinn starfar, að grípa til tiltekinna ráðstafana vegna rannsóknarinnar sem stjórnandi hópsins felur þeim og þar til bær yfirvöld aðildarríkisins, þar sem hópurinn starfar, og aðildarríkisins, sem sendi mennina til starfa, samþykkja.

7. Þegar sameiginlegi rannsóknarhópurinn þarf að grípa til ráðstafana vegna rannsóknarinnar í einu þeirra aðildarríkja sem komu hópnum á fót, geta þátttakendur, sem sendir hafa verið til starfa í hópnum frá því aðildarríki, farið fram á að þar til bær yfirvöld í eigin ríki geri þær ráðstafanir. Í því aðildarríki skal meta þessar ráðstafanir samkvæmt þeim skilyrðum sem ættu við ef farið væri fram á ráðstafanir í innlendri rannsókn.

8. Þegar sameiginlegi rannsóknarhópurinn þarfnast aðstoðar aðildarríkis, sem var ekki meðal þeirra ríkja sem kom hópnum á fót, eða þriðja ríkis geta þar til bær yfirvöld ríkisins, þar sem hópurinn starfar, lagt fram beiðni um aðstoð sem beint er til þar til bærra yfirvalda viðkomandi ríkis í samræmi við viðeigandi gerninga eða samkomulag.

9. Þátttakandi í sameiginlega rannsóknarhópnum getur, í samræmi við landslög og innan heimilda sinna, veitt hópnum upplýsingar, sem fengnar eru í aðildarríkinu sem sendi hann til starfa, í þágu rannsóknar sakamáls sem hópurinn stjórnar.

10. Upplýsingar, sem þátttakandi eða þátttakandi sem hefur verið sendur til starfa í hópnum fær á löglegan hátt á meðan hann starfar með hópnum og þar til bær yfirvöld viðkomandi aðildarríkja geta ekki fengið á annan hátt, má nota á eftirfarandi hátt:

a) til að þjóna þeim tilgangi sem var ástæða þess að hópnum var komið á fót;
b) til að ljóstra upp um, rannsaka og ákæra fyrir aðra refsiverða verknaði, að fengnu fyrirframsamþykki aðildarríkisins þar sem upplýsingarnar fengust. Aðeins má neita að veita slíkt samþykki þegar slík notkun myndi stofna í hættu rannsókn sakamáls í viðkomandi aðildarríki eða í þeim tilvikum þar sem það aðildarríki myndi neita að veita gagnkvæma réttaraðstoð;
c) til að koma í veg fyrir bráða og alvarlega ógnun við almannaöryggi ef hafin er rannsókn sakamáls í beinu framhaldi, sbr. þó b-lið;
d) í öðrum tilgangi svo framarlega sem aðildarríkin, sem komu hópnum á fót, samþykkja það.

11. Ákvæði þessarar greinar hafa ekki áhrif á önnur gildandi ákvæði eða samkomulag um að koma á fót eða starfrækja sameiginlega rannsóknarhópa.

12. Svo framarlega sem lög viðkomandi aðildarríkja eða ákvæði lagagerninga, sem gilda milli þeirra, heimila má komast að samkomulagi um að menn, aðrir en fulltrúar þar til bærra yfirvalda aðildarríkjanna sem komu sameiginlega rannsóknarhópnum á fót, taki þátt í störfum hópsins. Þessir menn geta t.d. verið embættismenn við stofnanir sem komið hefur verið á fót samkvæmt sáttmálanum um Evrópusambandið. Réttindi, sem þeir sem eru í hópnum eða þeir sem hafa verið sendir til starfa í honum, hafa öðlast samkvæmt þessari grein eiga ekki við umrædda menn, nema í samkomulaginu sé skýrt kveðið á um annað.

14. gr.

Rannsókn með aðstoð flugumanna.

1. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, og aðildarríkið, sem beiðni er beint til, geta komið sér saman um að aðstoða hvort annað við rannsókn sakamáls með því að nota lögreglumenn sem starfa leynilega eða undir fölsku nafni (rannsókn með aðstoð flugumanna).

2. Þar til bær yfirvöld aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, tekur ákvörðun um beiðni í hverju einstöku tilviki að teknu tilliti til laga þess og innlendrar málsmeðferðar. Aðildarríkin skulu koma sér saman um, að teknu tilliti til laga þeirra og innlendrar málsmeðferðar, hve lengi rannsókn með aðstoð flugumanna skuli standa, hvernig henni skuli háttað í smáatriðum og hver sé lagaleg staða viðkomandi lögreglumanna á meðan þeir starfa sem flugumenn.

3. Rannsókn með aðstoð flugumanna skal fara fram í samræmi við lög og málsmeðferð þess aðildarríkis sem ræður því yfirráðasvæði þar sem rannsóknin fer fram. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu vinna sameiginlega að því að tryggja undirbúning rannsóknar með aðstoð flugumanna og eftirlit með rannsókninni og gera ráðstafanir til að stuðla að öryggi lögreglumannanna sem starfa leynilega eða undir fölsku nafni.

4. Hvert aðildarríki getur, þegar send er tilkynning skv. 2. mgr. 27. gr., lýst því yfir að það sé óbundið af þessari grein. Slíka yfirlýsingu er unnt að draga til baka hvenær sem er.

15. gr.

Refsiábyrgð opinberra starfsmanna.

Á meðan á aðgerðum, sem um getur í 12., 13. og 14. gr., stendur hafa opinberir starfsmenn frá öðru aðildarríki en ríkinu, þar sem aðgerðirnar fara fram, sömu stöðu og opinberir starfsmenn frá síðarnefnda ríkinu með tilliti til refsiverðra verknaða sem þeir verða fyrir eða fremja sjálfir.

16. gr.

Einkaréttarábyrgð vegna opinberra starfsmanna.

1. Þegar embættismenn aðildarríkis starfa í öðru aðildarríki, í samræmi við 12., 13. og 14. gr., skal fyrrnefnda aðildarríkið bera ábyrgð á því tjóni sem þeir valda meðan á aðgerðunum stendur í samræmi við lög aðildarríkisins sem ræður því yfirráðasvæði sem þeir starfa á.

2. Aðildarríkið, sem ræður því yfirráðasvæði þar sem unnið var tjón sem um getur í 1. mgr., skal bæta tjónið samkvæmt skilyrðum sem gilda þegar þeirra eigin embættismenn valda tjóni.

3. Aðildarríkið, sem hefur embættismenn í sinni þjónustu sem hafa valdið öðrum tjóni á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, skal endurgreiða síðarnefnda aðildarríkinu að fullu þá fjárhæð sem það hefur þurft að greiða til tjónþola eða annarra fyrir þeirra hönd.

4. Hvert aðildarríki um sig skal afsala sér, í því tilviki sem kveðið er á um í 1. mgr., réttinum til að krefjast skaðabóta vegna tjóns sem annað aðildarríki hefur valdið því með fyrirvara um rétt sinn gagnvart þriðja aðila og að undanskildum ákvæðum 3. mgr.

III. BÁLKUR
HLERUN FJARSKIPTA

17. gr.

Yfirvöld sem eru bær til þess að fyrirskipa hlerun fjarskipta.

Að því er tekur til beitingar 18., 19. og 20. gr. skal „þar til bært yfirvald“ merkja dómsmálayfirvald eða, þegar dómsmálayfirvöld hafa ekki lögsögu á því sviði sem þessi ákvæði ná yfir, sambærilegt þar til bært yfirvald sem er tilgreint skv. e-lið 1. mgr. 24. gr. og vinnur að rannsókn sakamáls.

18. gr.

Beiðnir um hlerun fjarskipta.

1. Þar til bært yfirvald í aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, getur, í þágu rannsóknar sakamáls og í samræmi við landslög, beint beiðni til þar til bærs yfirvalds í aðildarríkinu, sem beiðni er beint til, um að:

a) fjarskipti séu hleruð og upplýsingar sendar tafarlaust til aðildarríkisins sem leggur fram beiðni; eða
b) fjarskipti séu hleruð, tekin upp og síðan sé upptakan send aðildarríkinu sem leggur fram beiðni.

2. Beiðnir skv. 1. mgr. má leggja fram í tengslum við fjarskiptanotkun þess manns sem hlerað er hjá ef hann er staddur í:

a) aðildarríkinu sem leggur fram beiðni og það aðildarríki þarfnast tæknilegrar aðstoðar aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, til að hlera fjarskipti viðkomandi;
b) aðildarríkinu sem beiðni er beint til og unnt er að hlera fjarskipti viðkomandi í því aðildarríki;
c) þriðja aðildarríki sem hefur fengið upplýsingar skv. a-lið 2. mgr. 20. gr. og aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, þarfnast tæknilegrar aðstoðar aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, til að hlera fjarskipti mannsins.

3. Með fyrirvara um 14. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð og 37. gr. Benelúx-sáttmálans skal eftirfarandi koma fram í beiðnum samkvæmt þessari grein:

a) hvaða yfirvald leggur fram beiðnina;
b) staðfesting á að lögleg skipun eða heimild til hlerunar hafi verið gefin út í tengslum við rannsókn sakamáls;
c) upplýsingar sem gera kleift að staðfesta hver sá er sem hlera á hjá;
d) hvaða refsiverða hegðun er til rannsóknar;
e) á hvaða tímabili óskað er eftir hlerun; og,
f) ef unnt er, nægar tæknilegar upplýsingar, einkum tölvupóstfang, til að tryggja að unnt sé að verða við beiðninni.

4. Þegar um er að ræða beiðni skv. b-lið 2. mgr. skal einnig vera í beiðninni yfirlit yfir staðreyndir málsins. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, getur krafist allra frekari upplýsinga til að það geti ákveðið hvort gripið yrði til ráðstöfunarinnar, sem beðið er um, í sambærilegu tilviki innanlands.

5. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal skuldbinda sig til að verða við beiðnum skv. a-lið 1. mgr.:

a) þegar um er að ræða beiðni skv. a- og c-lið 2. mgr. og ríkið hefur fengið upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, getur heimilað að hlerun haldi áfram án frekari formsatriða;
b) þegar um er að ræða beiðni skv. b-lið 2. mgr. og ríkið hefur fengið upplýsingarnar sem um getur í 3. og 4. mgr. og gripið yrði til ráðstöfunarinnar, sem beðið er um, í sambærilegu tilviki innanlands. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, getur veitt samþykki sitt með sömu skilyrðum og þyrfti að uppfylla í sambærilegu tilviki innanlands.

6. Þegar tafarlaus sending er ekki möguleg skal aðildarríkið, sem beiðni er beint til og hefur fengið upplýsingarnar sem um getur í 3. og 4. mgr., verða við beiðni skv. b-lið 1. mgr. ef gripið yrði til umbeðinnar ráðstöfunar í sambærilegu tilviki innanlands. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, getur veitt samþykki sitt með sömu skilyrðum og þyrfti að uppfylla í sambærilegu tilviki innanlands.

7. Hvert aðildarríki getur, þegar send er tilkynning skv. 2. mgr. 27. gr., lýst því yfir að það sé aðeins bundið af 6. mgr. þegar það geti ekki annast tafarlausa sendingu. Í því tilviki getur hitt aðildarríkið beitt meginreglunni um gagnkvæmni.

8. Þegar beiðni skv. b-lið 1. mgr. er lögð fram getur aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, þegar það hefur sérstakar ástæður til þess, einnig beðið um skriflegt eftirrit af upptökunni. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal taka slíka beiðni til athugunar í samræmi við landslög og innlenda málsmeðferð.

9. Aðildarríkið, sem fær upplýsingarnar sem kveðið er á um í 3. og 4. mgr. skal fara með þær sem trúnaðarmál í samræmi við landslög.

19. gr.

Hlerun fjarskipta á eigin yfirráðasvæði með aðstoð þjónustuveitenda.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fjarskiptakerfi, sem eru starfrækt um stöð á yfirráðasvæði þeirra og veita ekki beinan aðgang til að hlera löglega fjarskipti manns, sem dvelur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, geti veitt því aðildarríki beinan aðgang til að hlera löglega með aðstoð milliliðar sem skal vera tilnefndur þjónustuveitandi á yfirráðasvæði þess.

2. Í því tilviki, sem um getur í 1. mgr., skulu þar til bær yfirvöld aðildarríkis hafa, í þágu rannsóknar sakamáls og í samræmi við gildandi landslög og að því tilskildu að sá sem hlerað er hjá sé staddur í því aðildarríki, heimild til hlerunar með aðstoð milliliðar sem skal vera tilnefndur þjónustuveitandi á yfirráðasvæði þess án afskipta aðildarríkisins sem ræður því yfirráðasvæði þar sem stöðin er.

3. Ákvæði 2. mgr. gilda einnig þegar hlerað er samkvæmt beiðni sem lögð er fram skv. b-lið 2. mgr. 18. gr.

4. Ekkert í þessari grein kemur í veg fyrir að aðildarríki sendi beiðni til aðildarríkisins, sem ræður því yfirráðasvæði þar sem stöðin er, um löglega hlerun fjarskipta í samræmi við 18. gr., einkum þegar ekki er milliliður í aðildarríkinu sem leggur fram beiðni.

20. gr.

Hlerun fjarskipta án tæknilegrar aðstoðar annars aðildarríkis.

1. Með fyrirvara um almennar meginreglur þjóðaréttar, svo og ákvæði c-liðar 2. mgr. 18. gr., eiga skuldbindingar samkvæmt þessari grein við um fyrirskipanir um hlerun sem þar til bært yfirvald aðildarríkis gefur eða heimilar þegar á rannsókn sakamáls stendur sem einkennist af því að lúta nánar að tilgreindu broti, þ.m.t. tilraunum til að fremja slíkt brot svo framarlega sem þær eru taldar refsiverðar samkvæmt landslögum, í þeim tilgangi að staðfesta hverjir beri ábyrgð, handtaka þá, hefja lögsókn og kveða upp dóm yfir þeim.

2. Þegar þar til bært yfirvald eins aðildarríkis („aðildarríkisins sem annast hlerun“) heimilar, í þágu rannsóknar sakamáls, hlerun fjarskipta og fjarskiptafang mannsins, sem tilgreindur er í fyrirskipun um hlerun, er í notkun á yfirráðasvæði annars aðildarríkis („aðildarríkisins sem fær tilkynningu“) en ekki er þörf á tæknilegri aðstoð þess til hlerunar skal aðildarríkið, sem annast hlerun, upplýsa aðildarríkið, sem fær tilkynningu, um hlerunina:

a) áður en hlerun fer fram í tilvikum þar sem vitað er áður en aðildarríkið fyrirskipar hlerun að maðurinn, sem hlera á hjá, er staddur á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem fær tilkynningu;
b) í öðrum tilvikum um leið og ljóst er að maðurinn, sem hlera á hjá, er staddur á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem fær tilkynningu.

3. Í tilkynningu aðildarríkisins, sem annast hlerun, skal eftirfarandi koma fram:

a) hvaða yfirvald fyrirskipar hlerunina;
b) staðfesting á að lögleg skipun til hlerunar hafi verið gefin út í tengslum við rannsókn sakamáls;
c) upplýsingar til að staðfesta hver sá er sem hlera á hjá;
d) hvaða refsiverða hegðun er til rannsóknar; og
e) á hvaða tímabili óskað er eftir hlerun.

4. Eftirfarandi gildir þegar aðildarríki fær tilkynningu skv. 2. og 3. mgr.:

a) Þar til bært yfirvald aðildarríkisins, sem fær tilkynningu, skal, þegar því berast upplýsingar skv. 3. mgr., án tafar og í síðasta lagi innan 96 klukkustunda svara aðildarríkinu, sem annast hlerun, með tilliti til þess:
   i) hvort leyfi er veitt til að hlerun fari fram eða sé haldið áfram. Aðildarríkið, sem fær tilkynningu, getur veitt samþykki sitt með sömu skilyrðum og þyrfti að uppfylla í sambærilegu tilviki innanlands;
   ii) hvort þess er krafist að hlerun fari ekki fram eða sé hætt þar sem hlerun er ekki heimil samkvæmt lögum aðildarríkisins sem fær tilkynningu eða af ástæðum sem tilgreindar eru í 2. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð. Þegar aðildarríkið, sem fær tilkynningu, gerir slíka kröfu skal það tilgreina skriflega ástæður fyrir þeirri ákvörðun;
   iii) hvort, í tilvikum sem um getur í ii-lið, þess er krafist að ekki megi nota efni sem fengist hefur með hlerun á meðan sá sem hlerað var hjá var staddur á yfirráðasvæði þess eða hvort nota megi það með skilyrðum sem téð ríki tiltekur. Aðildarríkið, sem fær tilkynningu, skal upplýsa aðildarríkið, sem annast hlerun, um rökin fyrir því að þessi skilyrði eru sett.
   iv) hvort þess er krafist að aðildarríkið, sem annast hlerun, samþykki stuttan frest, að hámarki 8 daga, til viðbótar við hinn upprunalega 96 klukkustunda frest til þess að fram fari innlendri málsmeðferð samkvæmt landslögum. Aðildarríkið, sem fær tilkynningu, skal upplýsa aðildarríkið, sem annast hlerun, skriflega um hvaða skilyrði, samkvæmt landslögum, réttlæti að beðið er um framlengingu frests.
b) Þar til aðildarríkið, sem fær tilkynningu, hefur tekið ákvörðun skv. i- eða ii-lið a-liðar má aðildarríkið, sem annast hlerun:
   i) halda hleruninni áfram; en
   ii) ekki nota efnið sem safnað hefur verið með hlerun, nema:
      – viðkomandi aðildarríki hafi samþykkt annað; eða
      – vegna brýnna ráðstafana til að koma í veg fyrir bráða og alvarlega ógnun við almannaöryggi. Aðildarríkið, sem fær tilkynningu, skal upplýst um alla notkun af þessu tagi og ástæður sem réttlæta hana.

c) Aðildarríkið, sem fær tilkynningu, getur beðið um yfirlit yfir staðreyndir málsins og aðrar nauðsynlegar upplýsingar til þess að taka ákvörðun um hvort hlerun væri heimiluð í sambærilegu tilviki innanlands. Slík beiðni hefur ekki áhrif á beitingu b-liðar, nema aðildarríkið, sem fær tilkynningu, og aðildarríkið, sem annast hlerun, komi sér saman um annað.
d) Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að svar berist innan 96 klukkustunda. Í því skyni skulu þau tilnefna tengiliði sem eru á vakt allan sólarhringinn og tilgreina þá í yfirlýsingum sínum skv. e-lið 1. mgr. 24. gr.

5. Aðildarríkið, sem fær tilkynningu, skal fara með upplýsingarnar, sem veittar eru skv. 3. mgr., sem trúnaðarmál í samræmi við landslög.

6. Þegar aðildarríkið, sem annast hlerun, er þeirrar skoðunar að upplýsingarnar, sem veittar eru skv. 3. mgr., séu sérstaklega viðkvæmar má senda þær til þar til bærs yfirvalds fyrir milligöngu sérstaks yfirvalds þegar viðkomandi aðildarríki hafa komið sér saman um það á tvíhliða grundvelli.

7. Hvert aðildarríki getur, þegar send er tilkynning skv. 2. mgr. 27. gr. eða hvenær sem er eftir það, lýst því yfir að það sé ekki nauðsynlegt að veita því upplýsingar um hlerun eins og lýst er í þessari grein.

21. gr.

Ábyrgð á kostnaði sem fjarskiptafyrirtæki stofna til.

Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, skal bera kostnað sem fjarskiptafyrirtæki eða þjónustuveitendur stofna til þegar orðið er við beiðnum skv. 18. gr.

22. gr.

Tvíhliða samningar.

Ekkert í þessum bálki kemur í veg fyrir tvíhliða eða fjölþjóðlega samninga milli aðildarríkjanna til þess að auðvelda að tæknilegir möguleikar séu nýttir í nútíð og framtíð að því er varðar löglega hlerun fjarskipta.

IV. BÁLKUR

23. gr.

Vernd persónuupplýsinga.

1. Persónuupplýsingar, sem sendar eru samkvæmt þessum samningi, má aðildarríki, sem hefur fengið þær, nota:

a) vegna málsmeðferðar sem þessi samningur gildir um;
b) vegna meðferðar annarra dóms- eða stjórnsýslumála sem tengist beint málsmeðferð sem um getur í a-lið;
c) til að koma í veg fyrir bráða og alvarlega ógnun við almannaöryggi;
d) í einhverjum öðrum tilgangi því aðeins að aðildarríkið, sem veitir upplýsingarnar, samþykki það fyrir fram, nema viðkomandi aðildarríki hafi fengið samþykki þess sem upplýsingarnar fjalla um.

2. Þessi grein gildir einnig um persónuupplýsingar sem voru ekki sendar heldur fengnar á annan hátt samkvæmt þessum samningi.

3. Við sérstakar aðstæður í einstöku máli getur aðildarríkið, sem veitir upplýsingar, krafist þess að aðildarríkið, sem fékk persónuupplýsingarnar, veiti upplýsingar um notkun þeirra.

4. Ef sett hafa verið skilyrði fyrir notkun persónuupplýsinganna skv. 2. mgr. 7. gr., b-lið 5. mgr. 18. gr., 6. mgr. 18. gr. eða 4. mgr. 20. gr. ganga þau skilyrði framar. Ef engin slík skilyrði hafa verið sett gildir þessi grein.

5. Ákvæði 10. mgr. 13. gr. ganga framar þessari grein að því er varðar upplýsingar sem fengnar eru skv. 13. gr.

6. Þessi grein gildir ekki um persónuupplýsingar sem aðildarríki fær samkvæmt þessum samningi og eru upprunnar í því aðildarríki.

7. Lúxemborg getur, við undirritun samningsins, lýst því yfir að eftirfarandi gildi um persónuupplýsingar sem Lúxemborg veitir öðru aðildarríki samkvæmt þessum samningi:

Lúxemborg getur, með fyrirvara um c-lið 1. mgr., með tilliti til aðstæðna í einstöku máli krafist þess, nema viðkomandi aðildarríki hafi fengið samþykki þess sem upplýsingarnar fjalla um, að persónuupplýsingarnar megi einungis nota í þeim tilgangi sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. að fengnu samþykki Lúxemborgar fyrir fram að því er varðar málsmeðferð sem Lúxemborg gæti hafa neitað eða takmarkað sendingu eða notkun persónuupplýsinganna við í samræmi við ákvæði þessa samnings eða gerninganna sem um getur í 1. gr.

Ef, í einstöku tilviki, Lúxemborg neitar að samþykkja beiðni frá aðildarríki samkvæmt ákvæðum 1. mgr. verður Lúxemborg að tilgreina skriflega ástæður fyrir þeirri ákvörðun.

V. BÁLKUR
LOKAÁKVÆÐI

24. gr.

Yfirlýsingar.

1. Hvert aðildarríki skal, þegar send er tilkynning skv. 2. mgr. 27. gr., gefa út yfirlýsingu þar sem þau yfirvöld eru tilgreind, auk þeirra sem þegar hafa verið tilgreind í Evrópusamningnum um gagnkvæma aðstoð og Benelúx-sáttmálanum, sem eru bær til þess að beita þessum samningi og að beita ákvæðum þeirra gerninga, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkjanna, þar sem einkum skal tilgreina:

a) þar til bær stjórnsýsluyfirvöld í skilningi 1. mgr. 3. gr., ef við á;
b) eitt eða fleiri miðlæg yfirvöld vegna beitingar 6. gr. svo og þar til bær yfirvöld til að fjalla um beiðnir sem um getur í 8. mgr. 6. gr.;
c) þar til bær lögreglu- eða tollyfirvöld vegna 5. mgr. 6. gr., ef við á;
d) þar til bær stjórnsýsluyfirvöld vegna 6. mgr. 6. gr., ef við á; og
e) þar til bært yfirvald eða þar til bær yfirvöld vegna beitingar 18. og 19. gr. og 1. til 5. mgr. 20. gr.

2. Yfirlýsingum, sem eru gefnar út í samræmi við 1. mgr., má, hvenær sem er, breyta með sömu málsmeðferð að einhverju eða öllu leyti.

25. gr.

Fyrirvarar.

Ekki er unnt að gera aðra fyrirvara við samning þennan en þá sem skýrt er kveðið á um í honum.

26. gr.

Gildissvið.

Samningur þessi mun taka til Gíbraltar þegar gildissvið Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð verður rýmkað þannig að hann taki einnig til Gíbraltar.

Breska konungsríkið skal tilkynna forseta ráðsins skriflega þegar það æskir þess að samningurinn taki til Ermarsundseyja og eyjarinnar Manar eftir að gildissvið Evrópusamningsins

um gagnkvæma aðstoð hefur verið rýmkað þannig að hann taki einnig til þeirra svæða. Ráðið skal taka ákvörðun um slíka beiðni með samhljóða samþykki.

27. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi er háður samþykki aðildarríkjanna í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði þeirra hvers um sig.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna aðalframkvæmdastjóra ráðs Evrópusambandsins um að stjórnskipuleg skilyrði hafi verið uppfyllt fyrir samþykkt samnings þessa.

3. Að því er varðar þau átta aðildarríki sem hlut eiga að máli öðlast samningur þessi gildi 90 dögum eftir að tilkynningin, sem um getur í 2. mgr., berst frá ríki sem er aðildarríki Evrópusambandsins þegar ráð þess samþykkir gerðina um að koma samningi þessum á og er hið áttunda í röðinni til að uppfylla þessa formkröfu.

4. Sérhver tilkynning frá aðildarríki sem berst eftir að áttunda tilkynningin, sem um getur í 2. mgr., hefur borist, hefur í för með sér að samningur þessi öðlast gildi, 90 dögum eftir síðari tilkynninguna, milli þess aðildarríkis og þeirra aðildarríkja þar sem samningurinn hefur þegar öðlast gildi.

5. Áður en samningurinn öðlast gildi skv. 3. mgr. getur hvert aðildarríki, þegar það sendir tilkynninguna sem um getur í 2. mgr. eða hvenær sem er eftir það, lýst því yfir að það muni beita samningi þessum í samskiptum við aðildarríki sem hafa gefið sams konar yfirlýsingu. Slíkar yfirlýsingar skulu koma til framkvæmda 90 dögum eftir að þær eru afhentar til vörslu.

6. Samningur þessi gildir um gagnkvæma réttaraðstoð sem hafin er eftir gildistökudag hans eða er beitt skv. 5. mgr. milli hlutaðeigandi aðildarríkja.

28. gr.

Aðild nýrra aðildarríkja.

1. Hverju ríki, sem gerist aðili að Evrópusambandinu, er heimilt að gerast aðili að samningi þessum.

2. Ráð Evrópusambandsins gerir texta samnings þessa á tungumáli ríkisins sem fær aðild að samningnum og er hann jafngildur öðrum textum.

3. Aðildarskjölin skulu afhent vörsluaðila til vörslu.

4. Samningur þessi öðlast gildi, að því er varðar hvert ríki sem fær aðild að honum, 90 dögum eftir að það hefur afhent aðildarskjöl sín til vörslu eða þann dag sem samningur þessi öðlast gildi ef hann hefur ekki þegar öðlast gildi þegar 90 daga tímabilinu lýkur.

5. Ef samningur þessi hefur ekki enn öðlast gildi þegar þau aðildarríki, sem fá aðild að samningnum, afhenda aðildarskjöl sín til vörslu gildir 5. mgr. 27. gr. um þau ríki.

29. gr.

Gildistaka að því er Ísland og Noreg varðar.

1. Með fyrirvara um 8. gr. samningsins sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna („samstarfssamningurinn“) öðlast ákvæðin, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., gildi, að því er Ísland og Noreg varðar, 90 dögum eftir að ráðið og framkvæmdastjórnin taka á móti upplýsingum skv. 2. mgr. 8. gr. samstarfssamningsins um að Ísland og Noregur hafi uppfyllt stjórnskipuleg skilyrði í gagnkvæmum samskiptum við öll aðildarríki þar sem samningur þessi hefur þegar öðlast gildi skv. 3. eða 4. mgr. 27. gr.

2. Gildistaka samnings þessa, að því er varðar eitthvert aðildarríki, eftir þann dag sem ákvæðin, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., öðlast gildi að því er Ísland og Noreg varðar, hefur í för með sér að ákvæði þessi öðlast einnig gildi að því er varðar gagnkvæm samskipti þess aðildarríkis og Íslands og Noregs.

3. Ákvæðin, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., verða í engu tilviki bindandi á Íslandi og í Noregi fyrir þann dag sem verður ákveðinn skv. 4. mgr. 15. gr. samstarfssamningsins.

4. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. hér að framan öðlast ákvæðin, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., gildi, að því er Ísland og Noreg varðar, eigi síðar en þann dag sem samningur þessi öðlast gildi að því er varðar fimmtánda ríkið sem er aðildarríki Evrópusambandsins þegar ráð þess samþykkir gerðina um að koma samningi þessum á.

30. gr.

Vörsluaðili.

1. Aðalframkvæmdastjóri ráðs Evrópusambandsins skal vera vörsluaðili samnings þessa.

2. Vörsluaðilinn skal birta í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna upplýsingar um framgang samþykkta og aðildar, yfirlýsingar og fyrirvara og allar aðrar tilkynningar sem varða samning þennan.

Gjört í Brussel tuttugasta og níunda dag maímánaðar árið tvö þúsund í einu frumriti á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, írsku, ítölsku, portúgölsku, spænsku, sænsku og þýsku og eru allir textarnir jafngildir en frumritið verður afhent til vörslu í skjalasafni aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins. Aðalframkvæmdastjórinn lætur hverju aðildarríki um sig í té staðfest endurrit.

YFIRLÝSINGAR

Yfirlýsing ráðsins um 9. mgr. 10. gr.

„Þegar ráðið hyggst samþykkja gerning, eins og um getur í 9. mgr. 10. gr., ber því að virða skuldbindingar aðildarríkja samkvæmt Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda.“

Yfirlýsing Breska konungsríkisins um 20. gr.

Þessi yfirlýsing er samþykktur, óaðskiljanlegur hluti samningsins:

„Í Breska konungsríkinu gildir 20. gr. að því er varðar hlerunarheimildir sem innanríkisráðherrann gefur út til lögreglu eða toll- og skattayfirvalda þegar yfirlýstur tilgangur með heimildinni er, í samræmi við landslög um hlerun fjarskipta, að ljóstra upp um alvarlega refsiverða verknaði. Hún gildir einnig um slíkar heimildir sem gefnar eru út til öryggisdeilda, í samræmi við landslög, þegar verkefni þeirra er að aðstoða við rannsókn sem er sama eðlis og lýst er í 1. mgr. 20. gr.“

1022. Skýrsla [339. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um forvarnir gegn krabbameinum og öðrum sjúkdómum þeim tengdum, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Hinn 7. desember sl. var samþykkt á Alþingi beiðni frá Árna R. Árnasyni o.fl. þingmönnum um skýrslu um forvarnir gegn krabbameinum og öðrum sjúkdómum þeim tengdum, sbr. þskj. 447, 339. mál.

Óskað er eftir ýmsum upplýsingum um starf Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins og annarra aðila innan heilbrigðiskerfisins að forvörnum gegn krabbameini og tengdum sjúkdómum, árangur af því starfi og áhrif. Þá var spurt hvernig rannsóknarniðurstöður Krabbameinsfélagsins væru kynntar og nýttar í heilbrigðisþjónustunni sem og af vísindamönnum, t.d. við genarannsóknir eða erfðarannsóknir á lífsýnum.

Í greinargerð með beiðninni kemur fram að tilgangurinn með beiðninni sé að fá sérstaka umfjöllun um forvarnir sem eru tiðkaðar, að hvaða hópum og hvaða sjúkdómum forvarnastarfið beinist og um árangur af því starfi, þ.m.t. hversu almenn þátttaka almennings hefur verið í skipulegri krabbameinsleit. Einnig var þess óskað að metið yrði hvernig nýta mætti árangur af starfi Krabbameinsfélagsins og annarra aðila að forvörnum gegn krabbameini til frekara forvarnastarfs á þessu sviði.

Inngangur.

Ekki er hægt að ræða áhrif forvarnastarfs án þess að skilgreina hvað átt er við með hugtökunum *forvarnir* (prevention) og *heilsuefling* (health promotion) og hvað skilur þau frá hefðbundinni sjúkdómameðferð. *Heilsuefling* er skilgreind sem aðgerð er beinist að einstaklingnum og miðar að því að auka þekkingu hans og skapa þær aðstæður í samfélaginu er auðvelda honum að taka sjálfstæðar ákvarðanir um aðgerðir til að bæta heilsu sína. Þar sem tilgangur heilsueflingar er að koma í veg fyrir sjúkdóma ber að líta á þessa aðgerð sem hluta forvarna. *Forvarnir* eru aðgerðir sem beinast að öllu samfélaginu eða hópi einstaklinga með það fyrir augum að draga úr líkum á að menn verði fyrir áreiti sem leiði til krabbameina og annarra sjúkdóma eða styrkir heilsu sjúklinga eftir hefðbundna meðferð.

Forvörnum er skipt í fjögur stig eftir eðli þeirra: Fyrstu tvö stigin (*frumstig* og *fyrsta stig forvarna*) eru nátengd og markmið þeirra samtvinnuð. Hér beinast aðgerðir að ákveðnum aðstæðum og orsakaþáttum er leitt geta til myndunar krabbameina og tengdra sjúkdóma. Stjórnvöld nýta hér lög og reglugerðir til að koma í veg fyrir dreifingu hættulegra efna í umhverfið, notkun þeirra í fæðutegundir, og til að efla tóbaksvarnir, bólusetningar, mæðra- og ungbarnaeftirlit, ýmiss konar fræðslu tengda forvörnum o.fl.

Annað stig forvarna beinist að greiningu sjúkdóma á forstigi eða hulinstigi, m.a. með skipulegri krabbameinsleit. Skipuleg leit merkir að stórum hópi af einkennalausum og í flestum tilfellum heilbrigðum einstaklingum er boðið til skoðunar. Slík leit er háð ströngum skilyrðum af hálfu Alþjóðaheibrigðisstofnunarinnar og Alþjóðakrabbameinssamtakanna. Eingöngu þrenns konar krabbmein uppfylla þau skilyrði nú, þ.e. leghálskrabbamein, brjóstakrabbamein og ristilkrabbamein.

Þriðja stig forvarna beinist að því að efla andlegt og líkamlegt atgervi eftir sjúkdómameðferð og eru skilin milli þessa stigs forvarna og hefðbundinnar meðferðar oft óljós.

Forvarnir.

Forvarnir á fyrsta og þriðja stigi beinast að öllum líkamshlutum og líffærum mannsins en forvarnir á öðru stigi beinast að ákveðnum líkamshlutum. Hér á landi koma ýmsir að þessu forvarnastarfi og má þar nefna heilsugæslu, sjúkrahús, heilsuræktarstöðvar, skólakerfið, ýmis áhugamannafélög, Alþingi, landlækni, sóttvarnalækni og manneldisráð.

Starf Krabbameinsfélags Íslands (KÍ) er hér áberandi. Hefur starfsemi félagsins frá stofnun þess árið 1951 beinst að skráningu krabbameina (grunnur faraldsfræðirannsókna) og síðar að krabbameinsleit (annað stig forvarna), heimahlynningu krabbameinssjúkra (þriðja stig forvarna), tóbaksvörnum (fyrsta stig forvarna), forvarna- og sjúklingaráðgjöf (fyrsta og þriðja stig forvarna), auk rannsókna tengdra faraldsfræði, arfgengi krabbameina og genarannsókna tengdra brjóstakrabbameini.

Forvarnastarf fer einnig fram á heilsugæslustöðvum um land allt, svo og heilbrigðisstofnunum, og á það við um öll stig forvarna. Fer sú vinna fram samkvæmt leiðbeiningum landlæknis og Krabbameinsfélagsins.

Áhrif starfseminnar á heilbrigðisþjónustu og lífslíkur Íslendinga.

Forvarnir gegn krabbameinum og tengdum sjúkdómum hafa ýmiss konar áhrif á heilbrigðisþjónustu. Fyrir það fyrsta minnka þær álag á sjúkrahús en auka jafnframt álag á heilsugæslu og ferliverkaþjónustu. Forvarnir leiða til þess að aðgerðir verða umfangsminni, geisla- og lyfjameðferðum fækkar og einnig fækkar veikindaforföllum.

Áhrif forvarnastarfsemi Krabbameinsfélagsins á lífslíkur og eru nátengd áhrifum annarrar forvarnastarfsemi, svo sem forvarna gegn hjarta- og æðasjúkdómum, sem einnig byggjast á upplýsingum um reykingar, neyslu áfengis, mataræði (ávextir, grænmeti, kjötmeti, mettuð og ómettuð fita, trefjar), offitu, líkamsrækt o.fl.

Ólifuð meðalævi 65 ára karla hefur lengst um 1,6 ár og kvenna um 3,3 ár frá því sem var á árunum 1951–60 til áranna 1997–98. Ekki er gerlegt að segja til um með vissu hvað forvarnir eiga stóran þátt í þessu en benda má á að hlutfallsleg 5 ára lifun kvenna sem greinst hafa með leghálskrabbamein hefur aukist úr 46% frá því á árunum 1956–60 í 87% 1991–95. Á sama tíma hefur nýgengi þessa sjúkdóms fallið úr 2.–3. sæti í 10.–11. sæti á lista yfir algengustu krabbamein meðal kvenna, bæði hefur tíðni sjúkdómsins lækkað og tíðni annarra krabbameina hækkað. Lækkunin nemur um 67% og má eingöngu þakka forvörnum. Þessi árangur hefur örugglega áhrif á heildarlífslíkur kvenna.

Starf Leitarsöðvar KÍ og áhrif þess á nýgengi og dánartíðni.

Almennt forvarnastarf. Af upplýsingum úr krabbameinsskrá er ljóst að hlutfallsleg lifun krabbameinssjúklinga hefur batnað um 34% meðal karla og um 33% meðal kvenna, ef lifun sjúklinga greindra á tímabilinu 1956–60 er borin saman við lifun þeirra sem greindust á árunum 1990–94. Þegar vissir sjúkdómar eru til meðferðar er mögulegt að greina hvenær bætt lifun er betri meðferð að þakka og hvenær forvörnum. Auknar lífslíkur sjúklinga með hvítblæði, krabbamein í eitlum og krabbamein í eistum má greinilega þakka bættri meðferð, en hvað varðar magakrabbamein, leghálskrabbamein og húðæxli má þakka forvörnum betri lifun og lækkun nýgengis.

Skipuleg krabbameinsleit. Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands hefur annast skipulega leghálskrabbameinsleit frá því í júní 1964. Áhrif þessarar leitar eru metin út frá breytingum á nýgengi (vegna greiningar á forstigi) og dánartíðni (vegna greiningar á hulinstigi ífarandi sjúkdóms). Árangurinn er ótvíræður, dánartíðni hefur fallið um 76% og nýgengið um 67%.

Brjóstakrabbameinsleit hefur einnig verið í höndum Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins og hófst árið 1971. Konur voru upplýstar um mikilvægi sjálfskoðunar brjósta og bauðst að láta lækni skoða og þreifa brjóst þeirra þegar þær mættu til leghálskrabbameinsleitar. Frá árinu 1988 hefur konum á aldrinum 40–69 ára verið boðin brjóstaröntgenmyndataka á tveggja ára fresti. Það hefur verið tengt mætingu til leghálskrabbameinsleitar þegar við á. Árangur brjóstakrabbameinsleitar verður eingöngu metinn út frá áhrifum á dánartíðni þar sem tilgangur leitar er fyrst og fremst að greina krabbameinið á hulinstigi en ekki á forstigi.

Nýgengi brjóstakrabbameins hefur farið vaxandi frá upphafi krabbameinsskráningar. Faraldsfræðilegar rannsóknir sýna að það tengist að hluta því að það tímabil í ævi konunnar þegar hún verður fyrir áhrifum kynhormóna hefur lengst (með færri fæðingum og eldri frumbyrjum, lækkandi aldri við fyrstu tíðablæðingar og aukinni notkun kynhormóna) þó að ýmsar aðrar ástæður hafi einnig verið nefndar, þar á meðal mataræði. Ættgeng afbrigðileg gen eru aðeins talin skýra um 10% tilfella. Þrátt fyrir hækkandi nýgengi hefur dánartíðni haldist nokkuð stöðug og tengist það bæði bættri meðferð og forvarnastarfi. Viss hækkun dánartíðni fram til 1996 veldur þó áhyggjum þar sem hún verður í hópi þeirra kvenna sem boðaðar eru í röntgenmyndatöku brjósta. Fyrstu athuganir gefa til kynna að hækkunin sé aðallega í þeim hópi sem ekki mætir eða mætir óreglulega, sem eru um 40% kvenna á boðunaraldri. Það er langt frá því að vera viðunandi árangur.

Þátttaka í starfi Krabbameinsfélagsins og viðbrögð við lítilli þátttöku.

Upplýsingar um þátttöku í starfi Krabbameinsfélagsins ná eingöngu til starfsemi á vegum leitarsviðs Krabbameinsfélagsins. Sú starfsemi hefur farið fram á Leitarstöðinni, heilsugæslustöðvum og víðar. Frá árinu 1982 hefur leitarstarf Krabbameinsfélagsins verið endurskipulagt og hefur það leitt til stóraukinnar þátttöku kvenna í leghálskrabbameinsleit félagsins, en mæting á þriggja ára fresti jókst úr um 50% í um 82%. Auk mætingar hjá Leitarstöð eru meðtaldar sýnatökur kvensjúkdómalækna og annarra lækna utan stöðvarinnar, í samræmi við samning við kvensjúkdómalækna um að þeir taki þátt í leitarstarfinu og fylgi ákvæðum starfsreglna Leitarstöðvarinnar.

Þátttaka í brjóstakrabbameinsleit með brjóstamyndatöku hefur valdið nokkrum vonbrigðum og hefur tveggja ára mæting fallið úr 70% í upphafi, 1988–89, í um 62% á tímabilinu 1998–99. Lökust er þátttakan á þéttbýlissvæðunum en hún er allgóð og jafnvel ágæt víða í dreifbýli. Ástæður lélegrar mætingar hafa verið kannaðar með spurninga vagni og í fræðilegri könnun og eru m.a. eftirfarandi:

- Konur telja sig ekki í áhættuhópi.
- Konur eru hræddar við geislun.
- Konur trúa meira á þreifingu brjósta.
- Konur leita til annarra en Leitarstöðvarinnar í leghálsskoðun og gleyma brjóstamyndatökunni.

Þessar niðurstöður benda til að auka þurfi fræðslu um þessa forvarnastarfsemi, meðal kvenna, heilbrigðisstétta og embættis- og stjórnmálamanna. Reynt hefur verið að bæta mætingu með aukinni samvinnu við heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu, auk þess sem haldnir hafa verið almennir fræðslufundir, gerðar sjónvarpsauglýsingar, fræðslubæklingar, veggspjöld og myndband um brjóstaskoðanir, birtar greinar í blöðum og tímaritum.

Samvinna við heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu hefur falist í því að yfirlæknum eru sendar upplýsingar með kennitölum kvenna sem ekki hafa mætt á Leitarstöðina í hefðbundna skoðun og þeir hvattir til að ná til þeirra og upplýsa þær um mikilvægi þessara forvarna. Auk þess er heilsugæslulæknum boðið að sinna hópskoðunum á Leitarstöð í þeim til-

gangi að kynnast starfsemi leitarsviðs Krabbameinsfélagsins. Árangur þessa samstarfs hefur ekki skilað þeim árangri sem vonast var til og eru ástæður þess m.a. eftirfarandi:

- Læknamönnun stöðvanna er í lágmarki.
- Nýtt fastlaunakerfi heilsugæslulækna hefur dregið úr áhuga á störfum utan stöðvanna.
- Forvarnastarfið hefur minni forgang en önnur störf heilsugæslunnar.
- Tölvutenging Leitarstöðvar og heilsugæslustöðva hefur ekki verið forgangsatriði.
- Skörun á póstnúmerum og upptökusvæðum heilsugæslustöðva torveldar að ná til kvenna sem ekki hafa skráðan heilsugæslulækni.

Haldnir hafa verið samráðsfundir með héraðslæknum, framkvæmdastjórum og yfirlæknum stöðvanna og er málið nú til umræðu í nefnd heilsugæslulækna á höfuðborgarsvæðinu.

Grundvöllur, kostnaður og fjármögnun starfsins og eftirlit með henni.

Krabbameinsleit er byggð á ákvæðum laga um heilsuverndarstarf, sem í raun er hlutverk heilsugæslu, skv. 11.gr. III. kafla laga um heilbrigðisþjónustu. Með hliðsjón af reynslu Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins fól ráðuneytið félaginu umsjón með framkvæmd leghálss- og brjóstakrabbameinsleitar með verksamningi í lok ársins 1987. Leitarstöð ber að hafa samvinnu við héraðslækna, heilsugæslulækna og aðra lækna um framkvæmd leitarinnar. Faglegt eftirlit með starfseminni er lögum samkvæmt á hendi landlæknis.

Kostnaður við skipulega krabbameinsleit var lengi vel borinn uppi af Krabbameinsfélaginu og þátttakendum sjálfum. Frá 1988 hefur kostnaður hópleitar verið greiddur af ríki og komugjöldum kvenna. Kostnaður við fyrstu framhaldsrannsókn eftir hópskoðun (leghálsspeglun, brjóstaástunga og ómskoðun) hefur fram til 1999 verið greiddur af Tryggingastofnun, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Frá og með 1999 hafa þessar framhaldsrannsóknir verið hluti samnings við ráðuneytið.

Hinn 30. desember 1999 var undirritaður þjónustusamningur milli Krabbameinsfélags Íslands og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins með staðfestingu fjármálaráðuneytis um starfsemi Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands. Samningurinn er til fimm ára og tók gildi 1. janúar 1999. Heildarupphæð samningsins, allt samningstímabilið, er 803,1 millj. kr. sem breytist í samræmi við verðlagsþróun. Markmið samningsins er að fjármagna skipulega leit að leghálskrabbameini og brjóstakrabbameini til að draga úr sjúkdómnum og fækka dauðsföllum af þess völdum í samræmi við tilmæli Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar um krabbameinsvarnir. Landlæknir mun annast faglegt eftirlit með störfum verksala og gæðum þjónustunnar samkvæmt reglum sem gilda á hverjum tíma.

Árið 1999 voru um 40 starfsgildi á leitarsviði Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð í Reykjavík og auk þess tók starfsfólk heilsugæslustöðva utan Reykjavíkur þátt í hópskoðunum félagsins. Heildarkostnaður sameiginlegrar leghálss- og brjóstakrabbameinsleitar á árinu 1999 (kostnaður heilsugæslustöðva undanskilinn) var um 206 millj. kr., þar af voru komugjöld 33 millj. kr. (16%), fjárveiting frá ráðuneyti um 144 millj. kr. (70%) og aðrar tekjur um 7,4 millj. kr. (3,5%). Rekstrarhalli var því um 22 millj. kr. (10%) og var jafnaður út með höfuðstól rannsóknar- og tækjasjóðs leitarsviðs (RTSL). Sjóðurinn var jafnframt lagður niður í samræmi við nýjan samning við ráðuneytið. Þessi sjóður hafði fram til þess tíma m.a. staðið undir öllum tækjakaupum leitarsviðs (aðallega vegna brjóstakrabbameinsleitar), kostnaði við rannsóknir, viðhorfskannanir, fræðslu við almenning, endurmenntun starfsfólks o.fl. Kostnaður við forvarnastarf heilsugæslustöðva, heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna verður ekki greindur sérstaklega frá öðrum kostnaði í rekstri þessara aðila.

Kynning rannsóknarniðurstaðna, notkun þeirra og tenging við gena- og erfðarannsóknir. (upplýsingarnar ná eingöngu til starfsemi á vegum leitarsviðs Krabbameinsfélagsins).

Rannsóknarstarf á vegum leitarsviðs félagsins hefur þann tilgang að kanna gagnsemi leitarinnar og renna stoðum undir vinnu- og verklagsreglur starfsins. Um 40 greinar hafa verið birtar í erlendum fræðiritum og hefur þeim og starfsreglum leitarinnar verið dreift til erlendra og innlendra fræðimanna, lækna, hjúkrunarfræðinga og annarra samstarfsaðila. Niðurstöður rannsókna eru nýttar við kennslu læknanema og hjúkrunarfræðinga og til upplýsingar fyrir almenning, bæði í riti og á vefsíðu Krabbameinsfélagsins. Þar er komið á framfæri upplýsingum um tengsl kynlífs og leghálskrabbameins auk upplýsinga um skaðsemi reykinga. Þessar upplýsingar eru til þess fallnar að hafa áhrif á kynhegðan og lífsstíl.

Við leitarstarfið er heilsufarsupplýsingum safnað og þær nýttar til faraldsfræðilegra rannsókna á vegum vísindasviðs Krabbameinsfélagsins. Þær hafa m.a. verið framkvæmdar í samvinnu við Hjartavernd og aðra rannsóknaraðila. Þessar heilsufarsupplýsingar hafa jafnframt verið nýttar við genarannsóknir á vísindasviði félagsins, í samræmi við gildandi opinberar reglur. Á vegum leitarsviðs hefur lífsýnum verið safnað til að kanna möguleg orsakatengsl frumubreytinga og veirusýkingar af HPV-gerð (human papilloma virus). Hefur það verið gert með vitund og samþykki þátttakenda. Ekki hafa verið framkvæmdar neinar slíkar rannsóknir eftir tilkomu nýrra laga um persónuvernd. Komi til þess verður það gert í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Framtíðarsýn.

Til framtíðar litið er talið að mun fleira en endurbætt hefðbundin meðferð þurfi að koma til svo að lifun sjúklinga með krabbamein batni. Heilsuefling og forvarnir geta leitt til verulegrar lækkunar á nýgengi þessara sjúkdóma og aukið lífslíkur sjúklinga. Í þessu sambandi er rétt að vitna til eftirfarandi greina um áhrif forvarna og annarra þátta á dánartíðni og nýgengi krabbameina: Millennium Review 2000: (a) Fabio Levi. „Cancer Prevention: Epidemiology and Perspective." *European Journal of Cancer*, Vol.35, 1912–1924 (1999); (b) Jack Cuzick. „Screening for cancer: future potential." *European Journal of Cancer,* Vol 35, 685–692 (1999).

Hér skiptir forvarnastarf tóbaksvarnanefndar verulegu máli þar sem reykingar valda margs konar krabbameini og eru taldar valda um 25–30% allra dauðsfalla í Evrópu. Nýlegar tölur benda til verulegs árangurs þessa forvarnastarfs þar sem hlutfall reykingamanna er nú komið niður í um 25% og hefur aldrei verið lægra. Rannsóknir á áhrifum mataræðis og uppgötvun nýrra sameindaæxlisvísa er einnig talið geta haft verulega jákvæð áhrif.

Hvað krabbameinsleit varðar er nú talið að leit að krabbameini í ristli og endaþarmi með könnun á blóði í hægðum eða ristilspeglun eingöngu uppfylli grundvallarskilyrði skipulegrar leitar. Slík leit er enn ekki hafin hér á landi en er til umræðu í nefnd undir stjórn landlæknis.

Enginn vafi er á að forvarnir munu til framtíðar litið skipta meginmáli í baráttunni við krabbamein og aðra sjúkdóma. Margir aðilar vinna nú beint og óbeint að forvarnastarfi hér á landi og er samhæfing og samvinna þeirra oft lítil eða engin. Reynsla annarra þjóða gefur tilefni til að ætla að það sé af hinu góða að samhæfing og eftirlit með þessum störfum sé á einni hendi og er í því sambandi vísað til lýðheilbrigðisstofnunar Finna (The National Public Health Institute).

1023. Tillaga til þingsályktunar [645. mál]

um skráningarskyldu skipa.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að semja reglur og breyta lögum ef nauðsyn krefur í þá veru að skráningarskylt verði sérhvert skip sem notað er í atvinnuskyni, svo og önnur skip sem eru lengri en átta metrar að skráningarlengd.

Ráðherra setji reglur um skip sem eru undir átta metrum að stærð og kunna að vera notuð tímabundið í atvinnuskyni.

Greinargerð.

Eðlilegt verður að telja að öll skip sem haldið er úti í atvinnuskyni séu skráningar- og eftirlitsskyld, óháð stærð þeirra. Á slík skip er líklegt að ráðnir séu til starfa launþegar (fiskimenn), aðrir en eigendur. Hins vegar er einnig sjálfsagt að skilgreina í reglugerð, enda sé slíkrar heimildar aflað í lögum, hvað sé tímabundin atvinnustarfsemi þeirra manna sem róa fáa daga eða vikur á ári, t.d. við sérveiðar á ákveðnum svæðum eða til tímabundinnar tekjuöflunar við sjávarnytjar eða leiðsögu. Líklegt má telja að á næstu árum fjölgi bátum allt að átta metrum að stærð í flokkum skemmti- og tómstundabáta. Þessi þróun mun verða samhliða því að eldri bátar sem nú eru notaðir í atvinnuskyni verða seldir þegar atvinnumenn endurnýja fiskibáta sína. Telja verður eðlilegt að mæta þessari þróun sem óhjákvæmilega verður með því að setja nýjar viðmiðanir í lög og reglur um báta sem ekki eru að jafnaði notaðir í atvinnuskyni.

1024. Tillaga til þingsályktunar [646. mál]

um endurskoðun á starfsemi og stöðu Þjóðhagsstofnunar.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að setja á fót nefnd til að gera úttekt á starfsemi Þjóðhagsstofnunar. Í nefndinni skulu sitja fulltrúar allra þingflokka, einn fulltrúi tilnefndur af starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar og einn fulltrúi forsætisráðuneytis og skal hann jafnframt vera formaður. Verkefni nefndarinnar verði, auk almennrar úttektar, að skoða verkaskiptingu milli Þjóðhagsstofnunar og annarra aðila sem vinna að einhverju leyti að svipuðum verkefnum og meta kosti þess að Þjóðhagsstofnun verði færð undir Alþingi

Nefndin skili niðurstöðum sínum í skýrslu til Alþingis. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Sú hugsun er ekki ný af nálinni að hin opinbera stofnun, sem hafi það meginhlutverk að annast mat á þjóðhagshorfum, safna, vinna með og birta upplýsingar um ýmis þjóðhagsmálefni sem liggja utan ramma hinnar sígildu skráningar hagskýrslna, þurfi að geta starfað óháð framkvæmdarvaldinu, hagsmunaaðilum, fyrirtækjum og öðrum stofnunum á sama sviði.

Þannig var frumvarp um að flytja Þjóðhagsstofnun til Alþingis flutt af Kristni H. Gunnarssyni og fleirum á 122. löggjafarþingi (þskj. 832, 489. mál) og oft og iðulega hefur verið rætt um að efla óháða starfsemi á vegum Alþingis á þessu sviði.

Breyting á stjórnsýslulegri stöðu Þjóðhagsstofnunar af því tagi sem gert er ráð fyrir samkvæmt tillögunni að verði skoðuð mundi styrkja stofnunina sem óháða fagstofnun, sjálfstæða gagnvart framkvæmdavaldinu. Mikilvægt er að stofnun, sem hefur það með höndum að meta stöðu og horfur í þjóðarbúskapnum, hafi svigrúm til að miðla hlutlægum upplýsingum í hvívetna og njóti sem slík almenns trausts í þjóðfélaginu. Ljóst er að slík stofnun gæti jafnframt orðið Alþingi til styrktar við að rækja eftirlitshlutverk sitt og komið að gagni við gerð fjárlaga.

Eitt meginhlutverk Þjóðhagsstofnunar er að fylgjast með framvindu efnahagsmála, meta árangurinn af efnahagsstjórn ríkisstjórnar á hverjum tíma og líklegar afleiðingar ráðstafana í efnahagsmálum. Því getur tæpast talist heppilegt að stofnunin heyri beint undir forsætisráðuneytið sem fer með yfirstjórn efnahagsmála og hefur þar á ofan nýlega tekið við forsvari fyrir Seðlabankann. Benda má á að breytingar á stöðu Ríkisendurskoðunar, sem var færð undir yfirstjórn Alþingis frá framkvæmdarvaldinu, urðu til þess að styrkja þá stofnun mjög sem sjálfstæðan, óháðan og faglegan eftirlitsaðila. Sömu sögu er að segja af starfsemi umboðsmanns Alþingis, þó að ekki sé um efninslega sambærilega hluti að ræða, að vistun starfseminnar í skjóli Alþingis hefur reynst haldgóð trygging fyrir því að stofnunin njóti óskoraðs trausts og virðingar og að fagleg og hlutlæg vinnubrögð séu ekki dregin í efa, einmitt vegna þess hver staða hennar er í stjórnsýslunni.

Í tilefni af breytingum sem líklega eru í aðsigi, m.a. á stöðu Seðlabankans, á gjaldeyris- og peningamarkaði og fleiri sviðum, er eðlilegt að farið sé yfir stöðu og hlutverk stofnana og embætta sem hlutverki gegna á þessu sviði. Tillagan hefur sem grundvallarforsendu að allar breytingar sem gerðar kunna að verða á starfsemi og stöðu stofnana á þessu sviði séu yfirvegaðar og vandlega undirbúnar, í góðu samstarfi við starfsmenn og samtök þeirra.

1025. Frumvarp til laga [647. mál]

um breytingu á kirkjuskipan ríkisins.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Árni Steinar Jóhannsson, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

Allar kirkjudeildir og trúarsöfnuðir skulu njóta jafnréttis að lögum.

2. gr.

Fullum aðskilnaði ríkis og hinnar evangelísku lútersku kirkju skal náð innan fimm ára frá gildistöku laga þessara. Með fullum aðskilnaði er átt við lagalegan, stjórnunarlegan og fjárhagslegan aðskilnað.

3. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðherra skal skipa nefnd fimm manna til að undirbúa nauðsynleg lagafrumvörp og sjá um annan undirbúning fyrir aðskilnað ríkis og kirkju skv. 2. gr.

Nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar. Formaður og varaformaður nefndarinnar skulu hafa lokið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands.

4. gr.

Eftir að lög þessi hafa verið lögð fyrir forseta Íslands til staðfestingar skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar skal leggja málið undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar í samræmi við 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram samhliða næstu almennu sveitarstjórnarkosningum vorið 2002. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið annast undirbúning atkvæðagreiðslunnar. Hún skal vera leynileg og ræður meiri hluti greiddra atkvæða úrslitum. Um nánari framkvæmd kosninganna fer eftir lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

5. gr.

Ákvæði 1.–3. gr. öðlast gildi að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar, enda hafi meiri hluti þeirra er greiddu atkvæði veitt þeim samþykki sitt.

Ákvæði 4. gr. öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Efnislega felur þetta frumvarp í sér að öllum trúfélögum skuli gert jafnhátt undir höfði og í samræmi við það skuli stefnt að aðskilnaði ríkis og hinnar evangelísku lútersku kirkju.

Kirkjuskipan sú sem við búum við er bundin í stjórnarskrá, nánar tiltekið í 62. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir í 1. mgr.:

„Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styrkja hana og vernda.“

Í 2. mgr. 62. gr. stjórnarskrárinnar er síðan tekið fram að þessu megi breyta með lögum, og þýðir það að sú kirkjuskipan sem mælt er fyrir um í greininni nýtur ekki verndar 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar. Í 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar er mælt fyrir um hina hefðbundnu meðferð sem frumvörp til breytinga á stjórnarskránni verða að hljóta áður en þau geta talist gild stjórnskipunarlög. Einungis þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem varin eru af 1. mgr. 79. gr. teljast til grundvallarlaga í íslenskum rétti. Ákvæði 1. mgr. 62. gr. stjórnarskrárinnar er ekki í þeim flokki þar sem breyta má þeirri kirkjuskipan sem þar er kveðið á um með almennum lögum frá Alþingi. Þótt ákvæði 1. mgr. 62. gr. teljist ekki til grundvallarlaga nýtur það þó sérstakrar verndar sem kveðið er á um í 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir:

„Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins skv. 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.“

Frumvarp það sem hér liggur fyrir miðar að því að breyta kirkjuskipan ríkisins samkvæmt 62. gr. stjórnarskrárinnar og því ber að leggja málið, hljóti það samþykki á Alþingi, undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu skv. 2. mgr. 79. gr. og ræður niðurstaða þeirra kosninga úrslitum um það hvort lögin öðlast gildi eða ekki.

Þótt kirkjuskipan sú sem kveðið er á um í 62. gr. stjórnarskrárinnar teljist ekki til grundvallarlaga eins og flest önnur ákvæði stjórnarskrárinnar má segja að sú vernd sem ákvæðinu er veitt í 2. mgr. 79. gr. sé ekki minni en felst í 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar þótt annars eðlis sé. Þjóðaratkvæðagreiðsla um löggjafarmál er einungis stjórnarskrárbundin í tveimur tilvikum, annars vegar skv. 2. mgr. 79. gr. sem hér hefur verið rædd og hins vegar þegar forseti hefur synjað staðfestingar á lögum skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Því er ljóst að stjórnarskráin veitir ríkjandi kirkjuskipan mikla og sérstaka vernd sem tryggir að henni verður ekki breytt án mikillar og almennrar umræðu í þjóðfélaginu.

Í 1. gr. frumvarpsins segir að allar kirkjudeildir og trúarsöfnuðir skulu njóta jafnréttis að lögum. Þetta er í samræmi við ákvæði 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar sem hljóðar svo:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti."

Núverandi ástand er í andstöðu við þau meginsjónarmið sem þetta ákvæði stjórnarskrárinnar byggist á. Ef 63. gr. stjórnarskrárinnar um trúfrelsi er skoðuð með hliðsjón af 65. gr. er eðlilegast að draga þá ályktun að hvers kyns forréttindi eins trúfélags umfram önnur gangi gegn þeim grundvallarsjónarmiðum sem trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og jafnræðisregla eru byggð á. Ákvæði 1. gr. frumvarpsins felur í sér að óheimilt er að mæla fyrir um það í lögum að eitt trúfélag skuli njóta einhverra sérréttinda umfram önnur og kemur þannig til móts við þá kröfu að menn skuli hafa jafnan rétt og jafna möguleika á að iðka trú sína.

Í 2. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um aðskilnað ríkisins og hinnar evangelisku lútersku kirkju og skal honum náð innan fimm ára frá gildistöku laganna. Kveðið er á um fullan aðskilnað og með því átt við lagalegan, stjórnunarlegan og fjárhagslegan aðskilnað. Ákvæði 2. gr. er í samræmi við 1. gr. frumvarpsins og í raun rökrétt afleiðing þeirrar greinar þar sem jafnrétti verður ekki talið ríkja meðal trúarsafnaða og kirkjudeilda fyrr en þessi aðskilnaður hefur farið fram.

Aðskilnaður ríkis og kirkju er flókið verk og margt sem þarf að huga að og því er ekki gert ráð fyrir því í frumvarpinu að aðskilnaðurinn sé að fullu yfirstaðinn fyrr en að fimm árum liðnum frá gildistöku laganna að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2002.

Hér verður ekki fjallað að öðru leyti um það samkomulag sem ríkisvaldið og kirkjan hafa gert með sér hvað varðar eignaskiptingu o.fl., enda varðar það ekki grundvallaratriði þessa frumvarps, heldur er það framkvæmdaratriði sem leysa verður þegar grundvallaratriðið um aðskilnað ríkis og kirkju hefur verið fest í lög.

Fleiri rök eru fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju. Íslenskir söfnuðir, sem standa utan þjóðkirkjunnar, eru margir og þeim hefur fjölgað ört á undanförnum árum.

Hér á landi hafa lengi starfað fríkirkjusöfnuðir, sumir hverjir evangelisk-lúterskir eins og þjóðkirkjan, en hafa þó ekki notið aðstoðar ríkisvaldsins með sama hætti og þjóðkirkjan.

Sífellt fleira fólk flyst hingað til lands frá öðrum þjóðlöndum, fólk sem iðkar ólík trúarbrögð. Því fólki og þeim trúarbrögðum ber okkur skv. 65. gr. stjórnarskrárinnar að sýna fyllstu virðingu. Mismunun gagnvart þeim er engan veginn sæmandi.

Með núverandi skipan mála má segja að öðrum trúarhópum en þjóðkirkjunni sé sýnt órétttlæti sem ekki samrýmist eiginlegu trúfrelsi.

Skoðanakannanir hafa leitt í ljós að 60–65% þjóðarinnar styðja aðskilnað ríkis og kirkju. Skoðanakannanir Gallups á Íslandi um aðskilnað ríkis og kirkju hafa verið gerðar átta sinnum á síðastliðnum átta árum. Alltaf hefur verið spurt sömu spurninganna. Úrtakið hefur verið um 1200 manns í hvert sinn. Samkvæmt niðurstöðu skoðanakönnunar, sem Gallup gerði í september sl., voru tæplega tveir af hverjum þremur fylgjandi aðskilnaði ríkis og kirkju en rúmur þriðjungur andvígur. Á sama tíma eru nær níu af hverjum tíu landsmönnum skráðir í þjóðkirkjuna og bendir það til þess að þeir vilji þrátt fyrir það hverfa frá núverandi skipan mála.

Tengsl þjóðkirkjunnar við fólkið í landinu hafa slævst. Til marks um það var kristnihátíð á Þingvöllum síðastliðið sumar sem almenningur sýndi mikið tómlæti.

Flytjendum þessa frumvarps er öldungis ljóst mikilvægi hins menningarlega og félagslega hlutverks kirkjunnar í samfélaginu. Því felur frumvarpið ekki á neinn hátt í sér óvild í garð

kirkjunnar. Með því er einungis ætlunin að tryggja jafnrétti allra þegnanna á þessu sviði sem öðrum í samfélaginu.

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins skal ráðherra skipa sérstaka nefnd sem verði honum til aðstoðar við gerð nauðsynlegra lagafrumvarpa og við annan undirbúning fyrir aðskilnað ríkis og kirkju skv. 2. gr. Til þess að fyllsta hlutleysis verði gætt er lagt til að ráðherra skipi nefndarmenn samkvæmt tilnefningum frá Hæstarétti Íslands. Þá er gert ráð fyrir að a.m.k. tveir nefndarmenn hafi lokið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands sem er eðlileg krafa ef horft er til þeirra verkefna sem nefndinni er ætlað að inna af hendi.

Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um það með hvaða hætti skuli leggja málið undir atkvæði kosningarbærra manna í landinu, sbr. 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar. Í greininni er síðan kveðið á um að um nánari framkvæmd kosninganna skuli fara eftir lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á sem felur meðal annars í sér að um kosningarrétt manna fer eftir þeim lögum.

Álitaefni er með hvaða hætti eigi að fara með frumvarpið eftir að það hefur verið samþykkt frá Alþingi. Samkvæmt orðalagi 2. mgr. 79. gr. virðist nærtækast að skilja ákvæðið svo að efnt skuli til þjóðaratkvæðagreiðslu áður en málið er lagt fyrir forseta Íslands til staðfestingar, enda veitir staðfesting forseta því lagagildi, sbr. 26. gr. stjórnarskrárinnar, nema það öðlist gildi síðar samkvæmt ákvæðum sínum. Þetta fyrirkomulag vekur hins vegar spurningar um það hvernig með skuli fara ef forseti, eftir að málið hefur verið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu, synjar frumvarpinu staðfestingar. Hér vaknar það álitaefni hvort leggja beri frumvarpið undir þjóðaratkvæðagreiðslu að nýju, sbr. 26. gr., eða hvort synjunarréttur forseta sé niður fallinn í þessum tilvikum. Í riti Ólafs Jóhannessonar, Stjórnskipun Íslands, annarri útgáfu 1978, bls. 300, segir svo um þetta efni:

„Eigi er þess getið í stjórnarskránni hvernig með skuli fara, ef forseti synjaði slíku frumvarpi staðfestingar, sem reyndar er ekki sennilegt, en þó ekki fræðilega útilokað. Samkvæmt 26. gr. stjskr. er að vísu ljóst, að lögin taka þegar gildi, þrátt fyrir synjun forseta, en spurningin er, hvort leggja þurfi málið af nýju undir þjóðaratkvæði vegna synjunar á staðfestingu. Eftir orðanna hljóðan mætti ætla að lögin þyrftu að nýju að ganga til þjóðaratkvæðis, en það væri þó heldur umsvifamikið að láta þannig tvisvar sinnum hvað eftir annað fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um sama frumvarpið. Sennilega yrði því ekki talin þörf á nýrri atkvæðagreiðslu, heldur yrði hin fyrri talin fullnægjandi, og fengju þá lögin fullt gildi til frambúðar, þótt forseti synjaði staðfestingar. Þýðir það í reyndinni, að forseti hefur ekki málskotsrétt gagnvart þeim lögum, sem þegar hafa gengið til þjóðaratkvæðis, og ber því að staðfesta þau. Hin aðferðin, að bera frumvarpið fyrst upp fyrir forseta, verður ekki höfð, því að lögin fá gildi við staðfestingu hans eða synjun samkvæmt 26. gr. stjskr., en það er ekki ætlunin samkv. 2. mgr. 79. gr. stjskr."

Síðan segir í sama riti:

„Reyndar mætti mæla svo fyrir í lögunum, að þau öðluðust ekki gildi fyrr en þau hefðu verið samþykkt af kjósendum við almenna atkvæðagreiðslu. Mætti þá sjálfsagt leita staðfestingar forseta fyrir þjóðaratkvæðið, þótt ekki sé það alveg í samræmi við bókstaf 2. mgr. 79. gr. stjskr."

Í því frumvarpi sem hér liggur fyrir er síðastnefnda leiðin farin. Gert er ráð fyrir því að frumvarpið verði lagt fyrir forseta Íslands til staðfestingar með hefðbundnum hætti eftir að það hefur verið samþykkt frá Alþingi. Eftir að lögin hafa verið lögð fyrir forseta Íslands til staðfestingar skal leggja málið undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu og er lagt til að kosningarnar fari fram samhliða næstu almennu sveitarstjórnarkosningum vorið 2002. Þessi leið hefur þann kost að ef hún er farin reynir ekki á það álitaefni sem nefnt var hér að

framan hvað skuli gera ef forseti synjar staðfestingar eftir að lögin hafa verið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Með því að setja málið fram með þeim hætti sem hér er gert hefur synjun forseta enga réttarlega þýðingu því skyldan til þjóðaratkvæðagreiðslu er þegar fyrir hendi og um leið tryggt að ekki þurfi að fara fram tvær þjóðaratkvæðagreiðslur um sama málið. Þá gefur þessi leið möguleika á því að kveða nánar á um þjóðaratkvæðagreiðsluna í sama lagafrumvarpinu og þar sem kveðið er á um hina breyttu kirkjuskipan, svo sem gert er í því frumvarpi sem hér liggur fyrir. En telja verður nauðsynlegt að kveða nánar á um framkvæmd kosninga í lögum þar sem ekki er kveðið á um einstök framkvæmdaratriði kosninganna í 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Í samræmi við framangreint er gildistaka laganna tvískipt. Annars vegar öðlast 4. gr. laganna gildi með hefðbundnum hætti en hins vegar ræður þjóðaratkvæðagreiðslan, sbr. 4. gr., úrslitum um hvort ákvæði 1.–3. gr. öðlast gildi eða ekki eins og gert er ráð fyrir í 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

1026. Frumvarp til laga [648. mál]

um breyting á lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sbr. lög nr. 46/1996.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi félagsmálaráðherra um atvinnuréttindi útlendinga. Í gildandi lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994, og í gildandi lögum um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri er að finna ákvæði um atvinnurekstrarleyfi. Bæði frumvörpin gera ráð fyrir að sérstök atvinnurekstrarleyfi verði afnumin.

Ákvæði um atvinnurekstrarleyfi, eða atvinnuréttarleyfi eins og það var nefnt, var lögfest með lögum nr. 26/1982. Það var síðan fellt úr lögum með lögum nr. 69/1993 vegna notkunarleysis. Ákvæði um atvinnurekstrarleyfi voru tekin aftur upp með lögum nr. 133/1994, um atvinnuréttindi útlendinga, en ástæður þess voru tvíþættar samkvæmt greinargerð. Talið var óeðlilegt að útlendingur, sem hygðist stofna til rekstrar hér á landi, ætti greiðari aðgang að atvinnulífi og vinnumarkaði en þeir sem réðu sig til almennra starfa. Enn fremur var það talið nauðsynlegt til að auðvelda eftirlitsaðilum, fyrst og fremst Útlendingaeftirlitinu, að rækja lögbundið eftirlitsstarf.

Í frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði um atvinnurekstrarleyfi verði lögð niður á nýjan leik. Ástæður eru fyrst og fremst notkunarleysi sem fyrr, lítið hefur reynt á ákvæði þetta og hefur það jafnframt valdið nokkrum vanda í framkvæmd þar sem lítið er um viðmiðunarreglur sem hins vegar er að finna þegar kemur að útgáfu atvinnuleyfa. Þannig veita atvinnurekstrarleyfi í þeirri mynd sem þau eru í dag enga frekari möguleika á eftirliti umfram það sem út-

gáfa atvinnu- og dvalarleyfa gerir. Enn fremur má segja að fyrrnefnd rök um greiðari aðgang erlendra aðila sem hyggjast stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, sem haldið var fram þegar ákvæðið var tekið upp í lög, eigi ekki við. Með því að ólíkar reglur gildi um sjálfstæðan atvinnurekstur og almenna launþega má miklu frekar segja að um mismunun sé að ræða.

Telja má víst að það sé til einföldunar á stjórnsýslu að fella niður sérstakt ákvæði um atvinnurekstrarleyfi þannig að ákvæði um atvinnuleyfi, auk reglna um dvalarleyfi, gildi með sama hætti um sjálfstæða atvinnurekendur og almenna launþega. Þannig mundi hlutafélag eða einkahlutafélag sem stofnað er af erlendum aðila búsettum hér á landi, að uppfylltum skilyrðum laga, sækja um atvinnuleyfi fyrir hönd hins erlenda starfsmanns með sama hætti og innlendir atvinnurekendur gera. Enn fremur er rétt að hafa í huga að í lögum um hlutafélög og einkahlutafélög er að finna reglur um rétt erlendra aðila til stofnunar hlutafélaga hér á landi, en með þeim kröfum má segja að felist ákveðið eftirlit með stofnun slíks atvinnurekstrar. Niðurfelling atvinnurekstrarleyfa á auk þess ekki að hafa áhrif á eftirlit Útlendingaeftirlitsins þar sem erlendur aðili sem hyggst stofna til sjálfstæðs rekstrar verður eftir sem áður að uppfylla skilyrði laga um dvalarleyfi ásamt skilyrðum laga um atvinnuleyfi.

Með örfáum undantekningum gera innlend lög á sviði fjárfestinga- og atvinnurekstrar ráð fyrir því að erlendur aðili sem hefur fasta búsetu hér á landi skuli njóta sömu réttinda og innlendur aðili með fasta búsetu. Einnig er rétt að benda á að þróun tvíhliða og fjölþjóðlegra samninga á þessu sviði gengur í sömu átt. Hafa Íslendingar m.a. verið talsmenn þessa á alþjóðavettvangi. Það er í samræmi við þessar áherslur að erlendum aðilum verði veitt landskjararéttindi (e. national treatment) eins og afnám sérstaks atvinnurekstrarleyfis væri.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sbr. lög nr. 46/1996.

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi félagsmálaráðherra um atvinnuréttindi útlendinga. Tilgangur með frumvörpunum er að afnema sérstök atvinnurekstrarleyfi erlendra aðila.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

1027. Frumvarp til laga [649. mál]

um líftækniiðnað.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til atvinnustarfsemi sem byggist á líffræðilegum erfðaauðlindum og felur í sér hagnýtar rannsóknir og hagnýta framleiðslu eða úrvinnslu á líftækniafurðum unnum úr örverum, plöntum og dýrum, auk grunnrannsókna samkvæmt nánari ákvæðum laga þessara. Lög þessi taka ekki til lífsýna úr vefjum manna.

Um rannsóknir og nýtingu samkvæmt lögum þessum gilda einnig lög um erfðabreyttar lífverur, náttúruverndarlög og önnur lög og reglugerðir sem varða rannsóknir og nýtingu á líffræðilegum erfðaauðlindum.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Líffræðilegar erfðaauðlindir:* Erfðaefni (DNA- og RNA-kjarnsýrur) sem finna má í hvers konar lífverum og veirum, öðrum en mönnum.
2. *Líftækni*: Hvers konar tæknileg breyting þar sem notuð eru líffræðileg kerfi, lifandi lífverur eða úrefni þeirra til að búa til eða breyta framleiðsluvörum eða ferlum í hagnýtum tilgangi.
3. *Örverur:* Örverufræðileg eining, mynduð af frumum eður ei, sem fær er um eftirmyndun eða yfirfærslu erfðaefnis.
4. *Grunnrannsóknir:* Tilraunir eða vinna sem innt er af hendi fyrst og fremst með það í huga að afla nýrrar þekkingar á meginundirstöðum fyrirbæra og atburða sem unnt er að skoða án þess að hafa nokkra tiltekna hagnýtingu eða notkun í huga.
5. *Hagnýtar rannsóknir:* Frumathuganir sem gerðar eru með það í huga að afla nýrrar þekkingar, en er fyrst og fremst beint að sérstökum hagnýtum markmiðum.
6. *Rannsóknarleyfi:* Annars vegar almennt leyfi eins eða fleiri aðila til hagnýtra rannsókna á sérstökum líffræðilegum erfðaauðlindum án þess að um sérleyfi sé að ræða. Hins vegar sérleyfi eins aðila til hagnýtra rannsókna á sérstökum líffræðilegum erfðaauðlindum í takmarkaðan tíma.
7. *Nýtingarleyfi:* Leyfi til að hagnýta tilteknar líffræðilegar erfðaauðlindir í framleiðslu og/eða til sölu.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

3. gr.
Yfirstjórn.

Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Rannsóknar- og nýtingarleyfi.

Iðnaðarráðherra veitir samkvæmt lögum þessum rannsóknarleyfi og nýtingarleyfi. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar umhverfisráðherra.

Nýtingarleyfi er heimilt að veita þeim sem áður hafa fengið rannsóknarleyfi eða stundað í vísindalegum tilgangi grunnrannsóknir sem leitt hafa til hinna hagnýtu nota. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar umhverfisráðherra.

Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um veitingu leyfa til rannsókna og nýtingar á örverum sem finna má á jarðhitasvæðum í samráði við umhverfisráðherra.

5. gr.

Grunnrannsóknir.

Ekki þarf sérstakt leyfi samkvæmt lögum þessum til grunnrannsókna, annarra en á örverum á jarðhitasvæðum. Þeim sem stunda grunnrannsóknir er þó ávallt skylt að tilkynna iðnaðarráðherra skriflega um rannsóknirnar.

6. gr.

Umsókn og tilkynningar.

Í umsóknum um rannsóknar- og nýtingarleyfi skv. 4. gr. sem og tilkynningum um grunnrannsóknir skv. 5. gr. skal koma skýrt fram hver tilgangur sé með öflun rannsóknar- og nýtingarleyfis eða grunnrannsóknum ásamt ítarlegum upplýsingum um rannsóknir umsækjanda eftir nánari ákvörðun ráðherra.

7. gr.

Skilyrði sérleyfis og nýtingarleyfis.

Umsækjandi um sérleyfi til hagnýtra rannsókna eða nýtingarleyfi þarf að sýna fram á tæknilega og fjárhagslega getu til að stunda viðkomandi rannsóknir eða nýtingu. Iðnaðarráðherra getur í reglugerð sett frekari skilyrði fyrir sérleyfi og nýtingarleyfi.

8. gr.

Endurgjald.

Ef líffræðileg erfðaauðlind er háð eignar- eða umráðarétti þarf umsækjandi nýtingarleyfis að framvísa samkomulagi við eiganda eða þann sem fer með umráð líffræðilegrar erfðaauðlindar um nýtingu hennar og endurgjald fyrir notin.

9. gr.

Efni rannsóknar- og nýtingarleyfis.

Í rannsóknar- og nýtingarleyfi skal m.a. tilgreina:

1. Gildistíma leyfis auk ákvæða um hvenær framkvæmdir skuli hefjast í síðasta lagi og hvenær þeim skuli lokið.
2. Til hvaða líffræðilegu erfðaauðlindar leyfið nær.
3. Afmörkun svæðis sem leyfi nær til, ef við á.
4. Upplýsinga- og tilkynningarskyldu leyfishafa, þar með talda skyldu til afhendingar á sýnum og gögnum og hvernig hún skuli innt af hendi.

10. gr.
Afturköllun leyfis.

Ráðherra getur afturkallað leyfi samkvæmt lögum þessum ef skilyrðum þeirra er ekki fullnægt. Nú hlítir leyfishafi ekki skilyrðum þeim sem sett eru í leyfinu eða samningum sem tengjast leyfinu og getur þá ráðherra veitt honum skriflega aðvörun og frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri aðvörun getur ráðherra afturkallað leyfið.

Heimilt er að afturkalla leyfi ef bú leyfishafa er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga.

11. gr.
Eftirlit.

Iðnaðarráðherra fer með eftirlit samkvæmt lögum þessum.

Iðnaðarráðherra getur með reglugerð falið öðrum aðilum að fara með eftirlitið í heild eða að hluta undir yfirumsjón hans.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

12. gr.
Endurgjald fyrir nýtingu.

Iðnaðarráðherra hefur heimild til að semja við nýtingarleyfishafa um endurgjald fyrir nýtingu líffræðilegra erfðaauðlinda í eignarlöndum ríkisins að höfðu samráði við þann aðila sem fer með forræði eignarinnar.

Til nýtingar á líffræðilegum erfðaauðlindum í þjóðlendum þarf auk leyfis samkvæmt þessum lögum leyfi samkvæmt ákvæðum laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Um samninga um endurgjald fyrir líffræðilegar auðlindir í þjóðlendum og leigu fyrir nauðsynlegt land og önnur réttindi sem leyfishafi þarf til að hagnýta slíkar auðlindir í þjóðlendum sem leyfið tekur til fer eftir reglum laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

13. gr.
Bann við framsali.

Leyfi samkvæmt lögum þessum eru ekki framseljanleg né má setja þau til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi ráðherra.

14. gr.
Stjórnvaldsfyrirmæli.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

15. gr.
Refsingar.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á starfsmann lögaðilans.

16. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 34. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp það sem hér er lagt fram hefur að geyma reglur um stjórnsýslu og eftirlit með líftækniiðnaði hér á landi. Frumvarpið felur í sér endurskoðun á 34. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, en endurskoðunin er í samræmi við fyrirmæli 3. mgr. 36. gr. laganna þar sem segir að endurskoða skuli ákvæði 34. gr. fyrir 1. janúar 2001. Ákvæði 34. gr. er svohljóðandi:

„Lög þessi taka eftir því sem við á til rannsókna og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum. Rannsóknir og nýting örvera á jarðhitasvæðum er óheimil án leyfis iðnaðarráðherra samkvæmt lögum þessum. Leyfi samkvæmt þessari grein skal veitt að höfðu samráði við umhverfisráðherra. Náttúrufræðistofnun Íslands fer með eftirlit með rannsókn og nýtingu samkvæmt þessari grein.

Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar í samráði við umhverfisráðherra.

Með örverum er átt við örverufræðilega einingu, myndaða af frumum eður ei, sem fær er um eftirmyndun eða yfirfærslu erfðaefnis."

Ákvæði 34. gr. laga nr. 57/1998 kom inn í frumvarp til þeirra laga við meðferð þess á Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98. Í nefndaráliti meiri hluta iðnaðarnefndar um frumvarpið sagði m.a. að brýna nauðsyn bæri til að setja á næstu árum heildarlöggjöf um hagnýtingu lífrænna verðmæta. Mótun slíkrar löggjafar tæki þó nokkurn tíma. Því væri lagt til að bætt yrði inn í frumvarpið ákvæði um rannsóknir og nýtingu örvera á jarðhitasvæðum, en sú aðferðafræði sem frumvarpið byggði á við rannsóknir og nýtingu félli vel að verndun þeirrar auðlindar sem í örverum fælist. Ríó-sáttmálinn um verndun líffræðilegs fjölbreytileika, sem Ísland hefði staðfest (Samningur um líffræðilega fjölbreytni sem gerður var í Ríó de Janeiró 5. júní 1992 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 11. desember 1994, sjá C-deild Stjórnartíðinda 1995, bls. 169 o.áfr.), bæri það með sér að viðurkennt væri að þau verðmæti sem finna megi í lífríki einstakra landa tilheyri upprunalandinu og utanaðkomandi aðilum sé óheimilt að hagnýta sér slík verðmæti án samþykkis og eftirlits viðkomandi lands. Ekki hafi verið sett lög á Íslandi sem hafi beinlínis þann tilgang að tryggja markmið Ríó-sáttmálans að þessu leyti eins og gert hefði verið í sumum öðrum löndum. Væri því lagt til að bætt yrði úr brýnni þörf og rannsóknir og nýting örvera á jarðhitasvæðum felldar undir meginefni frumvarpsins í ljósi þess að heildarlöggjöf um hagnýtingu lífrænna verðmæta skorti. Með þessu ætti að tryggja að aðgangur að þeim auðlindum sem fólgnar eru í íslenskum hverum sé háður stjórn og eftirliti með sama hætti og aðgangur að öðrum auðlindum í jörðu sem frumvarpið næði til.

Af framangreindri umfjöllun í nefndaráliti meiri hluta iðnaðarnefndar má ráða að við það var miðað, er ákvæði 34. gr. var sett inn í frumvarp það sem síðar varð að lögum nr. 57/1998, að tekið væri á hagnýtingu lífrænna verðmæta á heildstæðan hátt. Þó að rannsóknir og nýting örvera á hverasvæðum falli ágætlega að lögum nr. 57/1998 verður ekki sagt að rannsóknir og hagnýting á ýmsum öðrum líffræðilegum erfðaauðlindum falli með sama hætti vel að ákvæðum laganna. Ákvæði laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, eru sniðin að þeim auðlindum sem finna má í jörðu. Þær líffræðilegu erfðaauðlindir sem unn-

ið er með í líftækniiðnaði eru miklu fjörbreyttari og eiga m.a. uppruna sinna að rekja til dýra. Af þessu leiðir að frumvarp það sem hér er lagt fram verður að ná til líftækniiðnaðarins í heild án tillits til þess hvar hinar líffræðilegu erfðaauðlindir eiga uppruna sinn.

Samkvæmt framansögðu er ástæða til að fella niður þá takmörkun sem felst í 34. gr. laga nr. 57/1998 að lögin taki eingöngu til rannsókna og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum. Sú takmörkun átti rætur að rekja til þess að rannsóknir á örverum sem eiga náttúruleg heimkynni á jarðhitasvæðum höfðu verið stundaðar á Iðntæknistofnun allt frá árinu 1985 og voru rannsóknir á þeim komnar nokkuð lengra en sambærilegar rannsóknir í líftækni með annað erfðaefni. Aðgangur vísindamanna hvaðanæva úr heiminum að jarðhitasvæðunum hafði verið óheftur með öllu og lítil vitneskja var til um hvar sýni hefðu verið tekin, hvar þau hefðu verið rannsökuð erlendis eða hvers konar rannsóknir hefðu verið stundaðar á þeim. Þó var vitað að afurðir örvera sem teknar höfðu verið á íslenskum jarðhitasvæðum voru orðnar að söluvöru í alþjóðaviðskiptum, án þess að nokkur arður af viðskiptunum félli Íslendingum í skaut. Í þessu sambandi skal þess getið að samkvæmt Ríó-sáttmálanum hafa ríki fullveldisrétt yfir eigin líffræðilegum auðlindum. Frumvarp þetta lýtur m.a. að því að tryggja að hagsmuna Íslands sé gætt að þessu leyti.

Þróun líftækninnar hefur verið mjög ör hin síðari ár. Líftækniiðnaðurinn er orðinn þverfaglegur í þeim skilningi að ekki skiptir sérstöku máli hvaðan erfðaefnið er upprunið. Það er því andstætt hagsmunum líftækniiðnaðarins að afmarka eða flokka hann eftir hefðbundinni atvinnugreinaskiptingu, eins og að binda hann við t.d. sjávarútveg eða landbúnað. Nýr hátækniiðnaður sem byggist á samtvinnun líftækni og upplýsingatækni er í miklum vexti um allan heim, m.a. hér á landi. Hagnýting erfðavísinda vex hröðum skrefum með aukinni þekkingu á starfsemi lífvera og byggist það á örri tækniþróun á raðgreiningu hvers kyns erfðaefnis og fjölþættri tölvuúrvinnslu erfðaupplýsinga.

II. Stjórnsýsla.

Því frumvarpi sem hér er lagt fram er ekki ætlað að vera heildstæð löggjöf á sviði líftækni heldur er í frumvarpinu fyrst og fremst mælt fyrir um stjórnsýslu á sviði líftækniiðnaðar. Brýnt þykir að mæla fyrir um að líftækniiðnaðurinn lúti eftirliti iðnaðarráðherra og sækja þurfi um viðeigandi leyfi til ráðherra. Í samræmi við þá skipan sem verið hefur er í frumvarpinu mælt fyrir um að iðnaðarráðherra fari með yfirstjórn málaflokksins.

Í 1. gr. Ríó-sáttmálans er bæði vikið að vernd og notkun þeirra lífvera sem samningurinn tekur til. Eðlilegt er að iðnaðarráðuneytið fari með þann þátt sem snýr að nýtingu þessara auðlinda en að umhverfisráðuneytið hafi með höndum þá hlið sem snýr að vernd lífveranna eins og verið hefur. Þannig er ekki hróflað við því fyrirkomulagi að iðnaðarráðuneytið veiti leyfi til nýtingar auðlinda í þessum iðnaði. Áður en iðnarráðuneytið veitir leyfi til nýtingar auðlindarinnar er tryggð aðkoma umhverfisráðuneytis að málinu eða þeirra stofnana sem undir það heyra.

Samkvæmt framansögðu er gert ráð fyrir ákveðinni verkaskiptingu milli iðnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis við veitingu leyfa til starfsemi á sviði líftækniiðnaðar. Í þessu sambandi skal þess getið að umhverfisráðuneytið hefur m.a. á verksviði sínu lög nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur; reglugerð nr. 330/1997, um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera; reglugerð nr. 68/1998, um ráðgjafarnefnd um erfðabreyttar lífverur; lög nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Samkvæmt tilvitnuðum lögum og reglugerðum þarf ýmis leyfi umhverfisráðuneytisins fyrir mismunandi þáttum sem snúa að nýtingu þeirra lífvera sem hér um ræðir. Verður því um ákveðna verkaskiptingu milli stjórnvalda að ræða. Frumvarpið styrkir önnur lög sem hafa að markmiði að vernda náttúru landsins, vistkerfi þess

og heilsu manna og dýra. Í því sambandi má m.a. benda á að fyrirtæki í líftækniiðnaði þurfa eftir sem áður að afla starfsleyfis á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um erfðabreyttar lífverur þegar um slíka starfsemi er að ræða, en þar er tekið á verndarsjónarmiðum umhverfis og náttúru auk öryggissjónarmiða sem tengjast meðhöndlun erfðabreyttra lífvera. Núgildandi lög tengjast þó ekki atvinnustarfseminni sjálfri þótt þau bindi ytri umgjörð þeirra hvað varðar framangreind verndarsjónarmið.

III. Skilið milli grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna.

Mikilvægt er að árétta að við þessa endurskoðun er miðað við að skilið sé á milli grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna þar sem tekið er á grunnrannsóknum í sérlögum en hagnýtingarþátturinn er alfarið felldur undir þessi lög. Í frumvarpinu er stefnt að því að takmarka eins lítið og unnt er frelsi vísindamanna til að stunda grunnrannsóknir. Engu að síður er þörf á að til sé vitneskja um viðfangsefni rannsókna sem stundaðar eru á þessu fagsviði.

IV. Eðli lífrænna erfðaauðlinda – skipting hagnaðar.

Þegar fjallað er um líftækniiðnað verður að hafa í huga að auðlindin sem slík felst fyrst og fremst í framleiðslu sem verður til vegna þekkingar á þeirri lífrænu erfðaauðlind sem í hlut á. Það varðar því aðila miklu máli að þeir hafi leyfi lögum samkvæmt, t.d. varðandi skiptingu þess hagnaðar sem stafar af nýtingu erfðaauðlinda og einkaleyfisumsóknir.

Á síðustu árum hefur fengist alþjóðleg viðurkennig á því að erfðaauðlindir náttúrunnar séu í grundavallaratriðum eins og aðrar náttúruauðlindir og teljist eign ríkjanna þar sem þær er að finna. Þetta er staðfest með samþykkt Ríó-sáttmálans frá 1992, sem fullgiltur var af Íslands hálfu árið 1994. Markmið hans er m.a. að stuðla að sanngjarnri skiptingu þess hagnaðar sem hlýst af nýtingu erfðaauðlinda. Með því að óskoraður réttur einstakra ríkja yfir náttúruauðlindunum hefur verið viðurkenndur er aðgangur að erfðaauðlindunum aðeins háður löggjöf ríkjanna. Brýnt er að slík löggjöf verði sett og á framangreint endurskoðunarákvæði 36. gr. laga nr. 57/1998 m.a. rætur að rekja til þess. Í frumvarpi því sem hér er lagt fram er einungis mælt fyrir um nýtingarþáttinn en öðrum þáttum er haldið fyrir utan, eins og vikið var að í III. kafla hér að framan.

Með Ríó-sáttmálanum er nú viðurkennt að erfðauðlindir skuli meðhöndla eins og aðrar náttúruauðlindir, sem séu á forræði viðkomandi ríkja. Nokkur eðlismur er þó á milli mismunandi náttúruauðlinda og þarf því að aðlaga þær venjur sem skapast hafa um nýtingu hefðbundinna náttúruauðlinda að nýjum auðlindum. Þetta tengist m.a. því að þrátt fyrir að uppsprettur erfðaauðlinda séu staðbundnar, t.d. við hverasvæði, er nýtingin alfarið óháð upprunastað og þarf oft ekki nema örlítið sýni til að vinna úr því verðmætar erfðaupplýsingar. Til að tryggja að erfðaauðlindirnar séu íslenskum þegnum til sem mestra hagsbóta er því nauðsynlegt að setja reglur um aðgang þeirra sem hyggjast rannska og nýta erfðaauðlindirnar sér til efnahagslegs ávinnings. Á þessu hefur þegar verið tekið til bráðabirgða fyrir örverur á jarðhitasvæðum en nauðsynlegt er að taka á þessu heildstætt fyrir allar erfðaauðlindir í náttúru Íslands.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um gildissvið frumvarpsins. Í 1. mgr. er lagt til grundvallar að frumvarpið taki til atvinnustarfsemi sem byggist á líffræðilegum erfðaauðlindum og felur í sér hagnýtar rannsóknir og hagnýta framleiðslu eða úrvinnslu á líftækniafurðum unnum úr örverum, plöntum og dýrum. Þegar fjallað er um líftækniafurðir er átt við afurð sem unnin

er úr örverum með því að beita líftækni. Utan gildissviðs frumvarpsins falla því grunnrannsóknir og annars konar starfsemi, t.d. rannóknir og kennsla. Reglum frumvarpsins er þó ætlað að taka til grunnrannsókna á örverum á jarðhitasvæðum, sbr. 2. mgr. 5. gr. Þá skal áréttað að utan gildissviðs frumvarpsins falla hagnýtar rannsóknir sem miða að hefðbundnum kynbótum í landbúnaði. Í lokamálsl. 1. mgr. kemur fram að frumvarpið tekur ekki til lífsýna úr vefjum manna. Er þetta gert til áréttingar því að frumvarpið tekur ekki til þeirrar lífsýnatöku sem fram fer á heilbrigðissviðinu.

Í 2. mgr. segir að um rannsóknir og nýtingu gildi einnig lög um erfðabreyttar lífverur, náttúrverndarlög og önnur lög og reglugerðir sem varða rannsóknir og nýtingu á líffræðilegum erfðaauðlindum. Upptalningin er ekki tæmandi heldur einungis í dæmaskyni, en líftækniiðnaðurinn verður að sjálfsögðu að taka mið af þeim lögum og reglum sem um starfsemi hans gilda á hverjum tíma. Eins og um margar aðrar atvinnugreinar verður að gæta sérstaklega að kröfum sem eru af umhverfisréttarlegum toga og er tekið tillit til þess í frumvarpinu.

Um 2. gr.

Í þessari frumvarpsgrein er að finna skilgreiningar.

Í 1. tölul. eru líffræðilegar erfðaauðlindir skilgreindar sem erfðaefni (DNA- og RNA-kjarnsýrur) sem finna má í hvers konar lífverum og veirum, öðrum en mönnum. Skilgreiningin felur í sér þá afmörkun gagnvart töku lífsýna úr mönnum sem ráð er fyrir gert í 1. gr. frumvarpsins.

Í 2. tölul. er hugtakið líftækni skilgreint með sama hætti í 3. mgr. 2. gr. Ríó-sáttmálans.

Í 3. tölul. er haldið þeirri skilgreiningu á örverum sem nú er að finna í 3. mgr. 34. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Í 4. og 5. tölul. eru hugtökin grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir skilgreind. Þessi skipting hefur mikla þýðingu í frumvarpinu. Meginreglan er sú að ekki þurfi sérstakt leyfi ráðherra til að stunda grunnrannsóknir. Hins vegar er sú skylda lögð á þá sem stunda grunnrannsóknir að tilkynna ráðherra um slíkar rannsóknir skv. 6. gr. frumvarpsins. Ástæða þess er sú að skilin milli grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna eru engan veginn skýr og slíkar rannsóknir geta skarast. Af þessu leiðir að stjórnvöld verða að hafa yfirsýn yfir allar rannsóknir, hvort heldur grunnrannsóknir eða hagnýtar rannsóknir, til að geta lagt mat á það hvorum flokknum rannsóknir tilheyra. Með hagnýtum rannsóknum er átt við þau tilvik þegar niðurstöðum hagnýtra rannsókna er einkum ætlað að gilda um einstaka eða takmarkaðan fjölda framleiðsluvöru, aðgerða, aðferða eða kerfa. Með hagnýtum rannsóknum er leitast við að koma hugmyndum í framkvæmd. Þekkingin eða upplýsingarnar sem þannig fást eru oft tengdar við einkaleyfi en einnig er hugsanlegt að þeim sé haldið leyndum. Það er einkenni grunnrannsókna að niðurstöður þeirra eru ekki seldar heldur birtar í vísindaritum.

Í 6. tölul. er að finna skilgreiningu á hugtakinu rannsóknarleyfi. Eins og þar kemur fram getur slíkt leyfi falið annað hvort í sér sérleyfi til hagnýtra rannsókna til handa einum aðila eða almennt leyfi til handa öllum að stunda hagnýtar rannsóknir án þess að það veiti neinn einkarétt til rannsókna á viðkomandi sviði. Það skal þó áréttað að sérleyfi til hagnýtra rannsókna kemur ekki í veg fyrir grunnrannsóknir í vísindaskyni á viðkomandi líffræðilegum erfðaauðlindum, svo fremi að grunnrannsóknir skarist ekki svo við rannsóknir leyfishafa að þær spilli fyrir hagnýtingunni, t.d. með því að hindra veitingu fyrirsjánlegs einkaleyfis.

Í 7. tölul. er skilgreining á hugtakinu nýtingarleyfi, en nýtingarleyfi er skilgreint hér sem leyfi til að hagnýta tilteknar líffræðilegar erfðaauðlindir í framleiðslu og/eða til sölu.

Um 3. gr.

Hér er mælt fyrir um það að iðnaðarráðherra fari með yfirstjórn málaflokksins. Eins og greinir í almennum athugasemdum við frumvarpið er við það miðað að iðnaðarráðuneytið fari með þann þátt sem snýr að rannsóknum og nýtingu líffræðilegra erfðaauðlinda en að umhverfisráðuneytið hafi með höndum vernd lífveranna. Gert er ráð fyrir ákveðinni verkaskiptinu milli ráðuneytanna en skv. 4. gr. skal leita umsagnar umhverfisráðherra áður en rannsóknar- og nýtingarleyfi er veitt samkvæmt frumvarpinu.

Um 4. gr.

Samkvæmt 1. mgr. veitir iðnaðarráðherra rannsóknar- og nýtingarleyfi þegar tilgangur rannsókna og nýtingar er hagnýtur, en áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar umhverfisráðherra. Í 2. mgr. ræðir um heimild ráðherra til að veita leyfi til nýtingar en hér er um að ræða leyfi sem veitt verður í framhaldi af hagnýtum rannsóknum eða grunnrannsóknum sem leitt hafa til hagnýtra nota.

Um 5. gr.

Meginreglan er sú að ekki þurfi sérstakt leyfi til grunnrannsókna, annarra en á hveraörverum, og öflunar sýna úr náttúrunni, enda falli þau undir ákvæði annarra laga. Þrátt fyrir að ekki þurfi sérstakt leyfi til grunnrannsókna þarf engu að síður að tilkynna iðnaðarráðherra skriflega um rannsóknirnar en tilgangur þess er að auðvelda eftirlit með rannsóknunum.

Sú undantekning gildir þó um örverur á jarðhitasvæðum að rannsóknir og nýting þeirra er óheimil án leyfis iðnaðarráðherra. Skiptingin í hagnýtar rannsóknir og grunnrannsóknir hefur því aðeins þýðingu þegar um er að ræða sérleyfi til rannsókna á örverum á jarðhitasvæðum, en reglan er í samræmi við 34. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Lagt er til að atvinnustarfsemi sem byggist á líffræðilegum erfðaauðlindum sé leyfisskyld eins og rannsóknir og hagnýting annarra auðlinda. Ástæða þess tengist m.a. endurgjaldi til landeiganda fyrir auðlindina og því hvernig skipta eigi á sanngjarnan hátt þeim hagnaði sem stafar af nýtingu og verslun með afurðir líffræðilegra auðlinda. Einnig er talið mikilvægt að svo veigamikil atvinnustarfsemi sem líftækniiðnaðurinn er lúti einni heildstæðri löggöf þannig að henni verði tryggð viðunandi samkeppnisstaða. Þannig verði líftækniiðnaði ekki settar sértækar lagaskorður er beinist að atvinnugreininni með öðrum hætti en með aðlögun þessara laga að nýjum viðmiðum. Með því er komið í veg fyrir misvísandi kröfur sem gætu beinst að greininni frá mismunandi stjórnvöldum.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Eðlilegt þykir að umsækjandi um sérleyfi til hagnýtra rannsókna sýni fram á fjárhagslega og tæknilega getu til þess að stunda þær rannsóknir sem sótt er um sérleyfi fyrir. Rétt þykir að gera strangar kröfur til þeirra sem fá sérleyfi enda verða að vera sérstök rök fyrir því að sérleyfi sé veitt, svo sem að sérleyfi sé forsenda þess að leyfishafi leggi í kostnaðarsamar rannsóknir.

Um 8. gr.

Hér er fjallað um endurgjald fyrir afnot auðlindar. Gert er að skilyrði að sé líffræðileg erfðaauðlind háð eignar- eða umráðarétti þurfi umsækjandi nýtingarleyfis að framvísa sam-

komulagi við eiganda eða þann sem fer með umráð líffræðilegrar erfðaauðlindar um nýtingu hennar og endurgjald fyrir notin.

Um 9. gr.

Hér er mælt fyrir þau efnisatriði rannsóknar- og nýtingarleyfis sem þurfa að vera til staðar í leyfi. Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Hér er fjallað um heimildir ráðherra til afturköllunar leyfis. Þarfnast ákvæðið ekki frekari skýringar.

Um 11. gr.

Í þessari frumvarpsgrein kemur fram að iðnaðarráðherra fer með eftirlit samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Þó er ljóst að hér er um að ræða starfsemi þar sem ýmis önnur stjórnvöld fara með afmarkaða þætti starfseminnar, t.d. á sviði umhverfismála, en þessi grein raskar ekki því fyrirkomulagi. Í greininni er jafnframt ráð fyrir því gert að ráðherra geti falið öðrum stjórnvöldum sem heyra undir iðnaðarráðuneytið að fara með hluta eftirlitsins undir yfirumsjón hans. Þetta þykir hentugt, sérstaklega þar sem nauðsyn er á sérfæðiþekkingu eftirlitsaðilans.

Um 12. gr.

Þessi frumvarpsgrein er svipaðs efnis og 31. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Hér lagt til að ráðherra semji við nýtingarleyfishafa um endurgjald fyrir líffræðilegar erfðaauðlindir sem finnast í eignarlöndum ríkisins í samráði við þann aðila sem fer með forræði eignarinnar. Um samninga um endurgjald fyrir nýtingu líffræðilegra erfðaauðlindir sem finnast kunna í þjóðlendum fer eftir lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Um 13. gr.

Óeðlilegt þykir að leyfi sem hér eru til umfjöllunar geti gengið kaupum og sölum eða að þau sé hægt að setja til tryggingar fjárskuldbindingum.

Um 14.–16. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um líftækniiðnað.

Frumvarpið er lagt fram til að skilgreina hvaða starfsemi fellur undir líftækniiðnað annan en þann sem viðkemur mönnum, sem og þær reglur, ábyrgð og stjórnsýslu sem gilda eiga um atvinnuveginn.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

1028. Frumvarp til laga [650. mál]

um Iðntæknistofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Iðntæknistofnun Íslands er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn iðnaðarráðuneytisins.

Stofnunin hefur aðalaðsetur í Reykjavík, en heimilt er að setja á stofn útibú annars staðar.

2. gr.

Hlutverk Iðntæknistofnunar Íslands er að vinna að nýsköpun í íslensku atvinnulífi, tækniþróun og aukinni framleiðni með því að veita sérhæfða þjónustu á sviði tækni- og stjórnunarmála, stuðla að hagkvæmri nýtingu íslenskra auðlinda og þekkingar í atvinnulífinu.

Hlutverki sínu skal stofnunin gegna meðal annars með því að vinna að ráðgjöf og fræðslu, öflun og dreifingu upplýsinga, hagnýtum rannsóknum, tilraunum og prófunum, tæknilegu eftirliti og leiðsögn. Stofnunin annast samskipti við hliðstæðar erlendar stofnanir.

3. gr.

Iðnaðarráðherra skipar sjö manna stjórn Iðntæknistofnunar Íslands sem hér segir: Einn fulltrúa án tilnefningar, tvo fulltrúa samkvæmt tilnefningu Samtaka iðnaðarins, einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnverkafólks, einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu stjórnar Rannsóknarráðs Íslands og einn fulltrúa tilnefndan af stjórn Félags framtaksfjárfesta.

Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi stjórnarmanna og ákveður stjórnarlaun. Stjórnarmenn skulu skipaðir til tveggja ára í senn.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar hefur með höndum stjórn hennar, markar henni stefnu og fer, ásamt forstjóra, með tengsl stofnunarinnar við iðnaðarráðuneytið.

5. gr.

Iðnaðarráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar að fengnum tillögum stjórnar hennar. Skal hann skipaður til fimm ára í senn.

Forstjóri sér um daglega stjórn stofnunarinnar. Hann gerir tillögur til stjórnar um starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar og ber ábyrgð á fjárreiðum hennar.

Forstjóra og forstöðumönnum deilda ber að leggja áherslu á samstarf við aðrar stofnanir og fyrirtæki eftir því sem tilefni gefst til.

6. gr.

Tekjur stofnunarinnar skulu vera sem hér segir:

a. Framlag í fjárlögum.
b. Tekjur fyrir selda þjónustu, samkvæmt gjaldskrá.
c. Greiðslur frá aðilum vegna stórra verkefna, samkvæmt samningi hverju sinni.
d. Framlög til sérstakra verkefna og aðrar tekjur.

7. gr.

Iðntæknistofnun Íslands er heimilt, að fengnu samþykki stjórnar stofnunarinnar og iðnaðarráðherra, að eiga aðild að sprotafyrirtækjum svo og rannsókna- og þróunarfyrirtækjum sem eru hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð er þrói hugmyndir og hagnýti niðurstöður rannsókna- og þróunarverkefna sem tengist starfssviði stofnunarinnar hverju sinni.

8. gr.

Iðnaðarráðherra getur falið Iðntæknistofnun Íslands að fara með eignir ríkisins í sprotafyrirtækjum og verkefnum á frumstigi nýsköpunar. Skal stofnunin halda bókhaldi vegna þessara þátta aðskildu frá bókhaldi stofnunarinnar. Iðnaðarráðherra ákveður ráðstöfun á andvirði þessara eigna.

9. gr.

Forstjóri ræður starfslið stofnunarinnar í samráði við forstöðumenn viðkomandi deilda og annast forstöðumenn daglega stjórn deildanna í samráði við forstjóra.

Starfslið stofnunarinnar skal ýmist ráðið ótímabundið með gagnkvæmum uppsagnarfresti eða til ákveðins tíma, t.d. til ákveðinna verkefna.

Um launakjör starfsfólks fer samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna á hverjum tíma.

10. gr.

Starfsmönnum stofnunarinnar er óheimilt að taka að sér aukastörf, sem skoðast geta sem samkeppni við stofnunina, nema með samþykki forstjóra. Forstjóra er á sama hátt óheimilt að taka að sér aukastörf án samþykkis stjórnar.

11. gr.

Starfsfólki stofnunarinnar er óheimilt að láta þriðja aðila í té upplýsingar um rannsóknir, tilraunir, prófanir eða önnur verkefni sem stofnunin vinnur að nema fyrir liggi skriflegt samþykki verkbeiðanda. Forstjóri ákveður upplýsingagjöf um rannsóknir sem stofnunin kostar af eigin fé.

12. gr.

Iðnaðarráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu falla úr gildi lög nr. 41/1978, um Iðntæknistofnun Íslands, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um Iðntæknistofnun Íslands eru frá 1978 og tók sú stofnun þá við starfsemi og eignum, réttindum og skyldum Rannsóknastofnunar iðnaðarins og Iðnþróunarstofnunar Íslands. Vegna örra breytinga sem orðið hafa á ytra umhverfi iðnaðarins á þeim 23 árum sem liðin eru frá gildistöku laganna er orðið tímabært að endurskoða þau og aðlaga að nýjum aðstæðum.

Lögin hafa staðist tímans tönn nokkuð vel, en þeim hefur engu að síður verið breytt tvisvar. Fyrra skiptið var árið 1986 þegar stofnuninni var veitt heimild til að eiga minnihlutaaðild að rannsókna- og þróunarfyrirtækjum. Síðari breytingarnar voru gerðar 1997 og fjölluðu um hlutverk forstjóra við ráðningu starfsmanna.

Það frumvarp sem hér er lagt fram er byggt á núverandi lögum um Iðntæknistofnun Íslands, nr. 41/1978. Heiti laganna er haldið óbreyttu sem er til marks um að núverandi löggjöf er látin halda sér í meginatriðum. Aðallega er um að ræða breytingar sem auðvelda stofnuninni að taka með virkari hætti þátt í frumstigum nýsköpunar atvinnulífsins og veita frumkvöðlum og sprotafyrirtækjum þá nauðsynlegu þjónustu sem krafa er gerð um í tæknisamfélagi nútímans.

Iðntæknistofnun Íslands vinnur að þróun, nýsköpun og aukinni framleiðni í íslensku atvinnulífi. Stofnunin vinnur að markmiðum sínum í samstarfi við fyrirtæki, félög og einstaklinga, vísinda- og rannsóknastofnanir og stjórnvöld. Áhersla er lögð á frumkvæði og sveigjanleika til að mæta þörfum viðskiptavina á hverjum tíma.

Starfsemi Iðntæknistofnunar Íslands greinist í þrjú meginsvið. Á tækniþróunar- og fræðslusviði eru stundaðar rannsóknir, tækniyfirfærsla, fræðsla og ráðgjöf. Upplýsinga- og þjónustusvið veitir frumkvöðlum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum almennar upplýsingar og leiðsögn. Rekstrar- og stjórnunarsvið er stoðeining við alla starfsemi stofnunarinnar.

Íslenskt atvinnulíf hefur breyst mikið á undanförnum árum og hefur Iðntæknistofnun Íslands leitast við að laga starfsemi sína að breyttu umhverfi til að þjónusta sem best nýsköpun atvinnulífsins og auka framleiðni í samfélaginu. Stofnunin aðstoðar fyrirtæki við að hagnýta nýja tækni og þekkingu í starfsemi sinni. Að þessu er m.a. unnið í umfangsmiklum alþjóðlegum þróunarverkefnum.

Í byrjun árs 1999 var komið á nýrri þjónustu fyrir frumkvöðla og fyrirtæki undir heitinu „Impra“. Meginástæður þess voru: Í fyrsta lagi var þjónusta við frumkvöðla og lítil og meðalstór fyrirtæki ófullnægjandi hér á landi. Iðntæknistofnun hafði í takmörkuðum mæli sinnt slíkri þjónustu, en aðallega í tengslum við framleiðslugreinarnar. Nauðsynlegt var að efla og útvíkka þjónustuna og leggja jafnframt áherslu á að fleiri atvinnugreinar nytu hennar. Í öðru lagi kveða samkeppnislög á um að þjónusta opinberra aðila megi ekki skekkja samkeppni á almennum markaði. Því var sú starfsemi stofnunarinnar sem kostuð var af ríkisfé fjárhagslega og stjórnunarlega aðskilin frá þeirri starfsemi sem gæti verið í samkeppni við sambærilega starfsemi á almennum markaði.

Starfræksla frumkvöðlaseturs er hluti af starfsemi Impru. Þar fá frumkvöðlar aðstoð við úrlausn daglegra viðfangsefna við að fullþróa hugmyndir að nýjum vörum og þjónustu. Eftir 18 mánaða rekstur hefur starfsemin skapað um 70 ný störf og veltu sem er rúmar 200 millj. kr.

Unnið er að stofnsetningu frumkvöðlagarðs fyrir fyrirtæki á sviði efna- og líftækni. Til þess verður nýtt sérhæft húsnæði þar sem áður var rekin líftæknistarfsemi stofnunarinnar. Iðntæknistofnun er aðili að Frumkvöðlasetri Norðurlands sem er sniðið að þessari fyrirmynd.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi grein er óbreytt frá 1. gr. gildandi laga. Eins og fyrr er gert ráð fyrir að aðalaðsetur stofnunarinnar verði í Reykjavík. Starfssvið stofnunarinnar hefur þó ætíð náð til landsins alls og mun svo verða áfram. Nú er stofnunin með starfsmenn á Ísafirði og Akureyri auk Reykjavíkur. Auk þess mun sá hluti starfseminnar sem fyrst og fremst beinist að aðstoð við frumkvöðla og sprotafyrirtæki í auknum mæli verða komið fyrir úti á landi, t.d. með starfrækslu frumkvöðlasetra. Frumkvöðlasetur Norðurlands, sem um þessar mundir er að hefja starfsemi sína á Akureyri, Dalvík og Húsavík, byggist á aðferðafræði sem fylgt er á Iðntæknistofnun og nýtur aðstoðar þaðan.

Um 2. gr.

Með þessari grein er hlutverk stofnunarinnar útvíkkað nokkuð. Nýsköpun fær aukið vægi og í stað þess að tiltaka iðnað og iðnfyrirtæki sérstaklega er nú vísað til íslensks atvinnulífs. Í þessu felst að Iðntæknistofnun er ætlað að sinna hagsmunum atvinnulífsins alls á sviði nýsköpunar að svo miklu leyti sem þeim hagsmunum er ekki sinnt af öðrum og hlutverk stofnunarinnar gefur tilefni til. Þetta hlutverk er þó ekki nýmæli því að hin síðari ár hefur stofnunin þjónað öllum atvinnuvegum án tillits til starfssviðs þeirra.

Aukið vægi Iðntæknistofnunar í þekkingarmiðlun og leiðsögn á sviði nýsköpunar byggist á því að mörkin á milli hinna hefðbundnu atvinnugreina hafa riðlast og orðið iðnaður hefur fengið nýja og víðtækari merkingu í hugum flestra en áður var. Komnar eru fram nýjar atvinnugreinar sem fyrir einum til tveimur áratugum voru ekki til, eða flestum ókunnar. Upplýsingatækniiðnaður og líftækniiðnaður eru dæmi um nýjar atvinnugreinar sem ekki fylgja hefðbundinni afmörkun atvinnugreinanna en eru þess í stað þverfaglegar. Iðntæknistofnun hefur látið sig hin nýju fræðasvið máli skipta og hefur m.a. gegnt lykilhlutverki í framvindu líftækniiðnaðar hér á landi.

Nýsköpunin er sérstakt áhersluatriði vegna þess að nýsköpun atvinnulífsins er undirstaða efnahagslegra og félagslegra framfara í þjóðfélaginu. Hin síðari ár hefur stofnunin aðlagað starfsemi sína mjög að því að sinna þörfum frumkvöðla og sprotafyrirtækja, eflt tækniyfirfærslu og erlent samstarf. Með frumvarpi þessu er hinar nýju áherslur festar í sessi.

Um 3. gr.

Skipun stjórnar markast af megináherslum í starfsemi stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að í stjórninni sitji fulltrúar ráðherra, atvinnurekenda og launþega eins og áður var, en auk þeirra bætist nú við einn fulltrúi frá vísindasamfélaginu sem tilnefndur yrði af stjórn Rannsóknarráðs Íslands og annar fulltrúi frá framtaksfjárfestum sem tilnefndur yrði af Félagi framtaksfjárfesta.

Þessi breyting markast af því mikilvæga hlutverki Iðntæknistofnunar að brúa bilið á milli uppruna hinnar vísindalegu og tæknilegu þekkingar sem til verður í háskólum og rannsóknastofnunum og hinna fullgerðu markaðshæfu afurða sem eru þróaðar hjá fyrirtækjunum. Þetta hlutverk þekkingarmiðlunar og leiðsagnar stofnunarinnar mun fá stöðugt aukið vægi á komandi árum og byggist það umfram annað á traustu samstarfi allra þeirra aðila sem gert er ráð fyrir að skipi stjórn Iðntæknistofnunar Íslands.

Um 4. gr.

Stjórn stofnunarinnar er fyrst og fremst ætlað að móta framtíðarstarfsemi hennar og fjármál en ekki að hafa afskipti af daglegum rekstri.

Stjórninni er ætlað að gegna mikilvægu hlutverki við að tengja starfsemi Iðntæknistofnunar við nánasta starfsumhverfi sitt í þeim tilgangi að ná fram samlegðaráhrifum við t.d. starfsemi vísindamanna, atvinnulífs og fjárfesta. Þá er og mikilvægt að stjórnin geti átt þátt í ráðgjöf stofnunarinnar við iðnaðarráðuneytið um málefni vísinda, atvinnuþróunar og nýsköpunar og geti haft áhrif á stjórnvaldsákvarðanir ráðuneytisins í málefnum er snerta stofnunina.

Um 5. gr.

Skipun forstjóra er í samræmi við 23. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Þar sem gert er ráð fyrir að stjórnin verði skipuð fulltrúum helstu samstarfsaðila stofnunarinnar sem hafi ríka yfirsýn yfir starfsumhverfi hennar er eðlilegt að stjórnin geri tillögu til ráðherra um skipun forstjóra.

Forstjóra er ætlað að bera ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar og fjárreiðum hennar. Stjórnin er fyrst og fremst ráðgefandi eins og fram kemur í umfjöllun um 4. gr. en engu að síður er til þess ætlast að hún samþykki starfsáætlanir og fjárhagsáætlanir, bæði ársáætlanir og langtímaáætlanir.

Í þriðju málsgrein er sérstaklega lögð áhersla á samstarf við aðrar stofnanir og fyrirtæki sem tengjast starfsemi Iðntæknistofnunar. Þetta ákvæði er til að leggja áherslu á mikilvægi þess að stofnunin hafi frumkvæði að samstarfi við aðra sem vinna að sömu markmiðum og stofnunin, sbr. 2. gr.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir að Iðntæknistofnun njóti beinna framlaga úr ríkissjóði á sama hátt og aðrar sambærilegar stofnanir. Framlag ríkissjóðs er nú aðeins um ⅓ af veltu stofnunarinnar en meginhluta tekna sinna aflar Iðntæknistofnun með verkefnasölu og með þátttöku í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum.

Árið 1999 var sá hluti rekstursins sem eingöngu er rekinn af ríkisfé skilinn frá samkeppnisstarfseminni. Ríkið kostar nú hina veigamiklu þekkingarmiðlun og leiðsagnarstarfsemi fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki og kostar rannsóknir sem nauðsynlegar eru fyrir atvinnuþróunina og er þess eðlis að aðrir telja sér ekki ávinning að því að stunda eða kosta slíkar rannsóknir.

Um 7. gr.

Iðntæknistofnun hefur frá árinu 1986 haft heimild með samþykki stjórnar stofnunarinnar og iðnaðarráðherra til að eiga minnihlutaaðild að rannsókna- og þróunarfyrirtækjum. Með ákvæði þessarar greinar er krafan um minnihlutaaðild felld brott og stofnuninni einnig veitt heimild til að eiga aðild að félögum sem vinna við rannsóknir eða hagnýti niðurstöður rannsókna- og þróunarverkefna sem tengist starfssviði stofnunarinnar hverju sinni. Mikilvægt er að gera tímabundið eignarhald að slíkum fyrirtækjum einfalt því að eðli frumkvöðlasetra eins og rekið er á Iðntæknistofnun er m.a. að fóstra misvel skilgreindar hugmyndir svo að til verði þroskavænleg fyrirtæki.

Um 8. gr.

Umhverfi nýsköpunarinnar hefur breyst mjög hin síðustu ár með tilkomu framtaksfjárfesta sem sýnt hafa nýsköpunarstarfinu mikinn áhuga. Þetta hefur leitt til þess að viðhorf til stuðnings ríkisins hefur breyst. Nú eru frumkvöðlar sem leita aðstoðar ríkisins á frumstigi nýsköpunarinnar margir hverjir fúsir að veita ríkinu takmarkaða aðild í hugmyndinni verði hún að veruleika gegn stuðningi við að þróa hugmyndina á það stig að hún verði áhugaverð fyrir framtaksfjárfestana.

Auk þessa er nauðsynlegt að ríkið komi einstaka sinnum að verkefnum með fjárframlagi til þess að þau nái tilætluðum árangri. Þá hefur ríkið hlutverki að gegna við að skapa tiltrú annarra sem vildu leggja fram fé en gerðu það ekki án frumkvæðis ríkisins og að undangengnu mati sérfræðinga þess á málinu.

Áður var algengara en nú að líta á hin takmörkuðu fjárframlög ríkisins sem óafturkræfa styrki, enda ekki hefð fyrir öðru. Í ljósi breyttra viðhorfa og þess möguleika sem nú hefur skapast til að endurnýta fjárframlög ríkisins er nauðsynlegt að varðveita þessar eignir í sprotafyrirtækjum og verkefnum á frumstigi nýsköpunar á einum stað. Með hlutverk Iðntæknistofnunar í huga er eðlilegt að ætla þeirri stofnun varðveisluna.

Um 9. gr.

Um ráðningu og kjör starfsmanna og stjórnun deilda eru farnar hefðbundnar leiðir sem þarfnast ekki frekari skýringa. Þó þarf að geta þess að vegna breytilegra verkefna, bæði í eðli og umfangi, er sveigjanleiki í ráðningum nauðsynlegri en hjá mörgum öðrum stofnunum.

Um 10. gr.

Margt í starfsemi Iðntæknistofnunar er byggt á áralöngu þróunarstarfi og gæti verið skaði af því fyrir stofnunina ef starfsmenn hennar tækju að sér aukastörf á eigin vegum eða fyrir aðra sem kynnu að vera í samkeppni við stofnunina. Auk þess er núorðið almennt talið mikilvægt að aukastörfum sé haldið í hófi og stjórn höfð á þeim.

Á grundvelli þessa er starfsmönnum gert að leita heimildar forstjóra til að sinna aukastörfum þegar um gæti verið að ræða samkeppni við stofnunina og forstjóra að leita heimildar stjórnar þegar um sams konar aukavinnu hans er að ræða.

Um 11. gr.

Iðntæknistofnun vinnur að margvíslegum vísindalegum og tæknilegum rannsóknum fyrir ríkið og fjölmarga verkkaupa. Ljóst má vera að í mörgum tilfellum fela þessi verkefni í sér meðferð upplýsinga sem leynd þarf að hvíla yfir, m.a. vegna viðskiptalegra hagsmuna.

Þá er ekki síður mikilvægt að stofnunin geti gætt eigin hagsmuna og hagsmuna ríkisins, t.d. vegna rannsókna sem unnar eru á kostnað stofnunarinnar og ríkisins.

Margar rannsóknir stofnunarinnar eru þó þess eðlis að ekki þarf að fara leynt með framkvæmd eða niðurstöður þeirra. Þegar svo ber við eru rannsóknirnar yfirleitt birtar almenningi í ritum eða á heimasíðu stofnunarinnar. Góð regla er engu að síður að birting og meðferð rannsóknaniðurstaðna sé í samræmi við þarfir verkkaupa hverju sinni eða í samræmi við viðurkennt verklag sem verkkaupum er almennt kunnugt um.

Um 12. og 13. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Iðntæknistofnun.

Frumvarpið er lagt fram til að skilgreina betur starfsemi stofnunarinnar, verkefni, ábyrgð og stjórnsýslu.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

1029. Frumvarp til laga [651. mál]

um breytingu á lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

Flm.: Jón Bjarnason.

1. gr.

Við 43. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þegar svo ber undir skal fjármálaráðherra leggja slíkt frumvarp fyrir Alþingi bæði þegar er það kemur saman að hausti og áður en því er slitið að vori.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, er gert ráð fyrir því að með frumvarpi til fjáraukalaga sé leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir ef nauðsyn krefur. Meginákvæði laganna hvað þetta varðar kveða á um að heimilda til slíkra útgjalda skuli leitað fyrir fram, þ.e. áður en skuldbindandi ákvörðun er tekin, nema í undantekningartilvikum, sbr. 33. gr. og 1. mgr. 44. gr. laganna.

Hvergi í lögunum er kveðið á um hversu oft eða hvenær skuli leggja fram frumvarp til fjáraukalaga. Þó segir í 44. gr. að heimilda fyrir ófyrirséðum fjárráðstöfunum sem grípa þurfi til eftir samþykkt fjáraukalaga skuli leitað í lokafjárlögum. Það gæti vísað til þess að fjáraukalög skuli aðeins vera ein á árinu, enda virðist sú hefð hafa mótast að frumvarp til fjáraukalaga sé lagt fram einu sinni á ári, þ.e. að hausti, og taki til fjárráðstafana sem nauðsynlegt hefur þótt að grípa til án þess að heimild hafi verið fyrir þeim á fjárlögum. Fjáraukalög fyrir yfirstandandi ár hafa svo verið afgreidd og samþykkt frá Alþingi í desember eða um líkt leyti og fjárlög næsta árs.

Það vinnulag að stofna til útgjalda fyrst og leita svo heimilda eftir á er ekki í anda laga um fjárreiður ríkisins. Frumvarp þetta miðar að því að frumvarp til fjáraukalaga verði lagt fyrir Alþingi tvisvar á ári ef þörf krefur, að vori áður en þingi er slitið og svo aftur að hausti í upphafi þings. Frá áramótum til vors geta aðstæður breyst þannig að forsendur verði fyrir breytingum á útgjöldum ríkisins. Ný lög sem hafa í för með sér fjárútlát geta hafa verið samþykkt eða aðrar ástæður verið fyrir breytingum á fjárheimildum sem krefjast afgreiðslu þingsins. Flutningsmaður telur að með þeirri breytingu sem hér er lögð til sé um að ræða eðlilegan þátt í ábyrgð og aðkomu Alþingis að fjármálum ríkisins.

Annars gilda almennt ákvæði 33. gr. laganna þar sem segir: „Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún enga bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga.“

1030. Frumvarp til laga [652. mál]

um breyting á lögum um leikskóla, nr. 78/1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

2. og 3. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra setur leikskólum aðalnámskrá leikskóla. Þar skal kveðið á um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans, gildi leiksins og meginstefnu varðandi starfshætti og innra gæðamat.

Menntamálaráðuneytið hefur aðalnámskrá leikskóla stöðugt til endurskoðunar, sér um útgáfu hennar og breytingar þegar þörf er talin á. Auglýsing um gildistöku aðalnámskrár leikskóla skal birt í Stjórnartíðindum.

2. gr.

Við 1. mgr. 12. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Heimilt er að starfsfólk án leikskólakennaramenntunar taki þátt í að annast uppeldi og menntun barna undir stjórn leikskólakennara, enda fáist ekki leikskólakennari til starfsins. Nánar skal kveðið á um leiðbeiningar- og stjórnunarhlutverk leikskólakennara í reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að ósk Sambands íslenskra sveitarfélaga í samræmi við sameiginlega niðurstöðu Félags íslenskra leikskólakennara og launanefndar sveitarfélaga í tengslum við samþykkt nýs kjarasamnings þar sem er að finna svofellda sameiginlega yfirlýsingu þessara aðila:

„Vegna þess að ekki hefur tekist að uppfylla ákvæði 12. gr. laga nr. 78/1994, um leikskóla, um að það starfslið sem annast uppeldi og menntun barna í leikskólum skuli hafa leikskólakennaramenntun og ekki er fyrirséð að það takist á næstu árum, lýsa aðilar þessa samnings því yfir að þeir muni beita sér sameiginlega fyrir því að gerð verði breyting á lögum, sem skilgreinir sérstaklega ábyrgðarhlutverk leikskólakennarans við uppeldi og menntun innan leikskólans og stjórnunarábyrgð hans gagnvart aðstoðarfólki sem ekki hefur leikskólakennaramenntun. Aðilar eru sammála því að til lengri tíma skuli stefnt að því að allir starfsmenn leikskóla sem annast uppeldi og menntun skuli hafa leikskólakennaramenntun.

Með framangreint að leiðarljósi hvetja samningsaðilar bæði sveitarfélög og leikskólastjóra til að haga ráðningarmálum í leikskólum á þann veg að allar stjórnunarstöður hafi forgang hvað mönnun varðar. Þannig verði lögð aukin áhersla á að allar deildir leikskóla verði undir stjórn leikskólakennara."

Í frumvarpi þessu er lagt til að 12. gr. leikskólalaga verði breytt til samræmis við sameiginlega niðurstöðu Félags leikskólakennara og launanefndar sveitarfélaga.

Þá er enn fremur lagt til að í stað orðsins uppeldisstefna í 2. og 3. mgr. 4. gr. verði notað heitið aðalnámskrá leikskóla um uppeldismarkmið í starfi leikskóla.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um leikskóla, nr. 78/1994.

Í frumvarpinu er annars vegar lagt til að nota heitið aðalnámskrá leikskóla fyrir það sem hefur heitið uppeldisstefna leikskóla. Hins vegar er lagt til að starfsfólk án leikskólakennaramenntunar taki þátt í að annast uppeldi og menntun barna undir stjórn leikskólakennara, enda fáist ekki leikskólakennarar til starfanna.

Frumvarpið hefur ekki áhrif á útgjöld ríkisins sem fer með yfirstjórn leikskólamála samkvæmt lögunum.

1031. Frumvarp til laga [653. mál]

um breyting á lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

1. málsl. 3. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Skólameistari ræður aðstoðarskólameistara til allt að fimm ára í senn, áfangastjóra til allt að fjögurra ára og aðra stjórnendur að höfðu samráði við skólanefnd.

2. gr.

1. málsl. 1. mgr. 24. gr. laganna orðast svo: Almennt námsmat í framhaldsskóla er í höndum kennara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við lausn kjaradeilu Félags framhaldsskólakennara, Félags stjórnenda í framhaldsskólum og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs í janúar sl.

Hinn 8. janúar sl. gaf menntamálaráðherra út tvær endurskoðaðar reglugerðir um starfsemi framhaldsskóla, um starfslið og skipulag framhaldsskóla, nr. 5/2001, og um starfstíma framhaldsskóla og leyfisdaga, nr. 6/2001. Endurskoðun þessara reglugerða var hluti af lausn kjaradeilu fyrrnefndra aðila. Fyrri reglugerðin fól í sér veigamikla breytingu á innra skipulagi framhaldsskóla. Mikilvæg ákvæði um vinnutíma, skiptingu starfa og ábyrgð eru nú skilgreind í reglugerð í stað kjarasamnings áður.

Í samræmi við framangreindar breytingar er með frumvarpi þessu lagt til að starfsheitið deildarstjóri verði fellt niður í lögum um framhaldsskóla. Að öðru leyti þarfnast frumvarp þetta ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um framhaldsskóla nr. 80/1996, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að starfsheitið deildarstjóri verði fellt úr lögunum og störf þeirra ýmist falin kennurum eða öðrum stjórnendum í samræmi við ákvæði reglugerðar menntamálaráðherra um starfslið og skipulag framhaldsskóla.

Frumvarpið er flutt í tengslum við lausn á kjaradeilu Félags framhaldsskólakennara, Félags stjórnenda í framhaldsskólum og fjármálaráðherra í janúar sl. Kostnaður vegna breytinga sem felast í frumvarpinu er hluti af kostnaði vegna kjarasamningsins og hefur ekki verið metinn sérstaklega. Fjármálaráðuneytið hefur áætlað að kostnaður við kjarasamninginn nemi um 800 m.kr. á ári þegar allir þættir hans verða komnir til framkvæmda.

1032. Tillaga til þingsályktunar [654. mál]

um fullgildingu Árósasamnings um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum sem gerður var í Árósum 25. júní 1998.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum sem gerður var í Árósum 25. júní 1998. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Samningur sá sem hér um ræðir var samþykktur á fjórða ráðherrafundinum um umhverfi Evrópu í Árósum 25. júní 1998 og hefur verið nefndur Árósasamningur. Sama dag undirrituðu samninginn 35 ríki, þar á meðal Ísland, og Evrópubandalagið. Fjögur ríki til viðbótar undirrituðu hann áður en frestur til þess rann út 21. desember 1998. Hinn 27. mars 2001 höfðu tíu ríki fullgilt samninginn eða gerst aðilar að honum. Aðild að samningnum er opin aðildarríkjum Efnahagsráðs Evrópu, Evrópubandalaginu og þeim ríkjum sem hafa stöðu samráðsaðila í Efnahagsráði Evrópu. Samningurinn öðlast gildi á nítugasta degi eftir að sextánda skjalið um fullgildingu eða aðild er afhent til vörslu.

Árósasamningurinn er ný tegund samnings um umhverfismál. Hann tengir saman umhverfisrétt og mannréttindi. Hann viðurkennir að menn hafi skyldum að gegna gagnvart komandi kynslóðum. Samningurinn staðfestir að sjálfbærri þróun verður ekki náð án aðildar allra hagsmunaaðila og tengir saman ábyrgð stjórnvalda og umhverfisvernd. Hann beinir athygl-

inni að gagnverkandi áhrifum almennings og stjórnvalda í lýðræðislegu samhengi og kveður á um ný ferli varðandi þátttöku almennings í viðræðum um alþjóðlega samninga og framkvæmd þeirra.

Markmið samningsins er sett fram í 1. gr. Samkvæmt því ákvæði skulu samningsaðilar ábyrgjast rétt til aðgangs að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgangs að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum í samræmi við ákvæði samningsins í því skyni að stuðla að verndun réttinda hvers einstaklings af núlifandi og komandi kynslóðum til að lifa í umhverfi sem er fullnægjandi fyrir heilsu og velferð hans.

Árósasamningurinn veitir almenningi því réttindi og leggur samningsaðilum og stjórnvöldum skyldur á herðar varðandi aðgang að upplýsingum og þátttöku almennings í ákvarðanatöku. Hann styður þessi réttindi með ákvæðum um aðgang að réttlátri málsmeðferð sem stuðla að auknu vægi samningsins. Í formála samningsins eru umhverfisvernd og mannréttindi tengd saman og réttindum í umhverfismálum veitt sama staða og öðrum mannréttindum.

Helstu efnisatriði samningsins eru eftirfarandi:

Í formála samningsins er gerð grein fyrir þeim væntingum og markmiðum sem voru hvatinn að samningnum og sem verða höfð að leiðarljósi í framtíðinni. Sérstök áhersla er lögð á tvö grundvallaratriði: umhverfisrétt sem mannréttindi annars vegar og mikilvægi aðgangs að upplýsingum, þátttöku almennings og aðgangs að réttlátri málsmeðferð við sjálfbæra þróun hins vegar.

Í formálanum er sú hugmynd að fullnægjandi umhverfisvernd sé undirstaða þess að menn geti notið grundvallarmannréttinda tengd þeirri hugmynd að hver einstaklingur eigi rétt á að lifa í heilbrigðu umhverfi og honum beri skylda til að vernda umhverfið. Í formálanum er síðan dregin sú ályktun að til þess að geta krafist þessa réttar og sinnt þessari skyldu verði borgarar að hafa aðgang að upplýsingum, hafa rétt til þátttöku í ákvarðanatöku og njóta réttlátrar málsmeðferðar í umhverfismálum.

Í formála samningsins er viðurkennt að sjálfbær og vistvæn þróun byggist á virkri ákvarðanatöku stjórnvalda sem grundvallist bæði á umhverfislegum sjónarmiðum og framlagi almennings. Þegar stjórnvöld veiti almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál og geri honum kleift að eiga aðild að ákvarðanatöku stuðli þau að markmiðum samfélagsins um sjálfbæra þróun.

Í fyrstu þremur greinum Árósasamningsins er lagður grunnur að samningnum í heild, en þar eru sett fram markmið, skilgreiningar og meginkröfur sem höfð eru að leiðarljósi við túlkun og framkvæmd samningsins.

Í 3. gr., sem hefur að geyma almenn ákvæði samningsins, er gerð grein fyrir almennum meginreglum sem hafðar eru að leiðarljósi að því er varðar önnur nákvæmari og sérhæfðari ákvæði. Þær varða viðhorf sem eru mikilvæg fyrir framkvæmd samningsins, m.a. hvernig hinir ólíku þættir hans tengjast, leiðbeiningar um það hvernig samningurinn getur orðið almenningi að gagni, umhverfisfræðslu og aukna umhverfisvitund, sem og stuðning við hópa sem vinna að umhverfisvernd.

Í 4. gr. samningsins er fjallað um aðgang almennings að upplýsingum og í hvaða tilvikum megi hafna aðgangi að þeim. Í 5. gr. er fjallað um söfnun og dreifingu upplýsinga um umhverfismál, m.a. í þeim tilgangi að þær séu fyrir hendi og að þær séu sem aðgengilegastar. Í 6.–8. gr. er fjallað um þátttöku almennings í ákvörðunum um tiltekna starfsemi, um áætlanir, verkefni og stefnur er varða umhverfið og í undirbúningi bindandi reglna sem kunna að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið. Þá er í 9. gr. fjallað um aðgang að réttlátri málsmeðferð og rétt manna til aðgangs að endurskoðunarleiðum fyrir dómstólum eða öðrum óháðum aðilum.

Í 10.–22. gr. samningsins er að finna ákvæði er lúta að framkvæmd samningsins, stofnanamálum, formsatriðum o.fl. Samningnum fylgja tveir viðaukar. I. viðauki hefur að geyma lista yfir starfsemi þar sem þátttaka almennings í ákvarðanatöku um hvort hún skuli leyfð er heimiluð, sbr. a-lið 1. mgr. 6. gr. samningsins. Í II. viðauka er fjallað um meðferð gerðardóms á deilum um túlkun eða beitingu samningsins.

Þau lög sem fjalla um þá þætti sem Árósasamningurinn tekur til eru annars vegar lög nr. 21/1993, um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál, og hins vegar lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Á grundvelli síðarnefndu laganna hefur verið sett reglugerð nr. 671/2001, um mat á umhverfisáhrifum. Að mati umhverfisráðuneytisins kallar fullgilding samningsins ekki á lagabreytingar hér á landi.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UM AÐGANG AÐ UPPLÝSINGUM, ÞÁTTTÖKU ALMENNINGS Í ÁKVARÐANATÖKU OG AÐGANG AÐ RÉTTLÁTRI MÁLSMEÐFERÐ Í UMHVERFISMÁLUM

Aðilar þessa samnings

minna á 1. reglu Stokkhólmsyfirlýsingarinnar um umhverfi mannsins,

minna einnig á 10. reglu Ríóyfirlýsingarinnar um umhverfi og þróun,

minna enn fremur á ályktun allsherjarþingsins nr. 37/7 frá 28. október 1982 um heimssáttmálann um náttúruna og 45/94 frá 14. desember 1990 um þörfina á að tryggja heilbrigt umhverfi fyrir velferð einstaklingsins,

minna á Evrópusáttmálann um umhverfi og heilsu sem samþykktur var á fyrstu Evrópuráðstefnunni um umhverfi og heilsu á vegum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar í Frankfurt am Main, Þýskalandi, 8. desember 1989,

staðfesta þörfina á að vernda, varðveita og bæta ástand umhverfisins og að tryggja sjálfbæra þróun sem er umhverfisvæn og örugg,

viðurkenna að fullnægjandi verndun umhverfisins er nauðsynleg fyrir velferð mannsins og til að hann geti notið grundvallarmannréttinda, þar með talinn rétturinn til sjálfs lífsins,

viðurkenna einnig rétt sérhvers einstaklings til að lifa í umhverfi sem er fullnægjandi fyrir heilsu og velferð hans og að honum beri skylda til, bæði sem einstaklingi og í samvinnu við aðra, að vernda og bæta umhverfið til hagsbóta fyrir núverandi og komandi kynslóðir,

telja að til þess að geta staðið á þessum rétti sínum og uppfyllt þessar skyldur sínar verði borgararnir að hafa aðgang að upplýsingum, hafa heimild til að taka þátt í ákvarðanatöku og hafa aðgang að réttlátri

CONVENTION ON ACCESS TO INFORMATION, PUBLIC PARTICIPATION IN DECISION-MAKING AND ACCESS TO JUSTICE IN ENVIRONMENTAL MATTERS

The Parties to this Convention,

Recalling principle 1 of the Stockholm Declaration on the Human Environment,

Recalling also principle 10 of the Rio Declaration on Environment and Development,

Recalling further General Assembly resolutions 37/7 of 28 October 1982 on the World Charter for Nature and 45/94 of 14 December 1990 on the need to ensure a healthy environment for the well-being of individuals,

Recalling the European Charter on Environment and Health adopted at the First European Conference on Environment and Health of the World Health Organization in Frankfurt-am-Main, Germany, on 8 December 1989,

Affirming the need to protect, preserve and improve the state of the environment and to ensure sustainable and environmentally sound development,

Recognizing that adequate protection of the environment is essential to human well-being and the enjoyment of basic human rights, including the right to life itself,

Recognizing also that every person has the right to live in an environment adequate to his or her health and well-being, and the duty, both individually and in association with others, to protect and improve the environment for the benefit of present and future generations,

Considering that, to be able to assert this right and observe this duty, citizens must have access to information, be entitled to participate in decision-making and have access to justice in environmental

málsmeðferð í umhverfismálum, og viðurkenna í þessu tilliti að borgararnir kunna að þurfa aðstoð til að beita rétti sínum,

viðurkenna að á sviði umhverfismála auki bættur aðgangur að upplýsingum og þátttaka almennings í ákvarðanatöku gæði og framkvæmd ákvarðana, efli vitund almennings um umhverfismál, gefi almenningi tækifæri til að lýsa sjónarmiðum sínum og geri opinberum yfirvöldum kleift að taka viðeigandi tillit til slíkra sjónarmiða,

stefna þannig að því að auka ábyrgð og gegnsæi í ákvarðanatöku og efla stuðning almennings við ákvarðanir varðandi umhverfið,

viðurkenna hve æskilegt gegnsæi er á öllum sviðum stjórnsýslu og óska eftir því við löggjafa að þeir hrindi í framkvæmd meginreglum þessa samnings,

viðurkenna einnig að almenningur þarf að vera upplýstur um málsmeðferð fyrir þátttöku í ákvörðunum um umhverfismál, hafa frjálsan aðgang að henni og kunna að nota hana,

viðurkenna enn fremur hve mikilvægt hlutverk einstakir borgarar, frjáls félagasamtök og einkageirinn geta haft varðandi umhverfisvernd,

æskja þess að efla menntun um umhverfismál til að auka skilning á umhverfinu og sjálfbærri þróun og til að hvetja til víðtæks skilnings almennings á og þátttöku hans í ákvörðunum sem hafa áhrif á umhverfið og sjálfbæra þróun,

benda á, í þessu sambandi, mikilvægi þess að nýta fjölmiðla og rafrænar eða annars konar samskiptaleiðir í framtíðinni,

viðurkenna mikilvægi þess að fella umhverfissjónarmið að fullu inn í ákvarðanatöku stjórnvalda og þörfina sem þar af leiðir fyrir opinber yfirvöld að búa yfir nákvæmum, yfirgripsmiklum og nýjustu upplýsingum um umhverfismál,

staðfesta að opinber yfirvöld varðveiti upplýsingar um umhverfismál til hagsbóta fyrir almenning,

láta sig varða að virk réttarfarsleg úrræði séu aðgengileg almenningi, þar með töldum samtökum, þannig að réttmætir hagsmunir hans séu varðir og lögum framfylgt,

benda á mikilvægi þess að neytendum séu látnar í té fullnægjandi upplýsingar um framleiðsluvörur til að gera þeim kleift að taka upplýsta ákvörðun um umhverfismál,

viðurkenna áhyggjur almennings af því að erfðabreyttum lífverum sé af ásetningi hleypt út í umhverfið og þörfina á auknu gegnsæi og þátttöku almennings í ákvarðanatöku á þessu sviði,

matters, and acknowledging in this regard that citizens may need assistance in order to exercise their rights,

Recognizing that, in the field of the environment, improved access to information and public participation in decision-making enhance the quality and the implementation of decisions, contribute to public awareness of environmental issues, give the public the opportunity to express its concerns and enable public authorities to take due account of such concerns,

Aiming thereby to further the accountability of and transparency in decision-making and to strengthen public support for decisions on the environment,

Recognizing the desirability of transparency in all branches of government and inviting legislative bodies to implement the principles of this Convention in their proceedings,

Recognizing also that the public needs to be aware of the procedures for participation in environmental decision-making, have free access to them and know how to use them,

Recognizing further the importance of the respective roles that individual citizens, non-governmental organizations and the private sector can play in environmental protection,

Desiring to promote environmental education to further the understanding of the environment and sustainable development and to encourage widespread public awareness of, and participation in, decisions affecting the environment and sustainable development,

Noting, in this context, the importance of making use of the media and of electronic or other, future forms of communication,

Recognizing the importance of fully integrating environmental considerations in governmental decision-making and the consequent need for public authorities to be in possession of accurate, comprehensive and up-to-date environmental information,

Acknowledging that public authorities hold environmental information in the public interest,

Concerned that effective judicial mechanisms should be accessible to the public, including organizations, so that its legitimate interests are protected and the law is enforced,

Noting the importance of adequate product information being provided to consumers to enable them to make informed environmental choices,

Recognizing the concern of the public about the deliberate release of genetically modified organisms into the environment and the need for increased transparency and greater public participation in decision-making in this field,

eru sannfærðir um að framkvæmd þessa samnings muni stuðla að eflingu lýðræðis á svæði Efnahagsráðs Evrópu (ECE),

gera sér grein fyrir því hlutverki sem Efnahagsráð Evrópu gegnir á þessu sviði og minna meðal annars á viðmiðunarreglur þess um aðgang að upplýsingum um umhverfismál og þátttöku almennings í ákvarðanatöku um umhverfismál sem samþykkt var á þriðja ráðherrafundinum „umhverfi í Evrópu" sem haldinn var í Sofíu, Búlgaríu, 25. október 1995,

hafa í huga viðeigandi ákvæði samningsins um mat á umhverfisáhrifum milli landamæra sem gerður var í Espoo, Finnlandi, 25. febrúar 1991 og samningsins um áhrif af iðnaðarslysum milli landa og samningsins um verndun og nýtingu árfarvega og vatna sem ná yfir fleiri en eitt land sem báðir voru gerðir í Helsinki 17. mars 1992, ásamt öðrum svæðisbundnum samningum,

gera sér grein fyrir því að samþykkt þessa samnings mun vera framlag til eflingar ferlisins „umhverfi Evrópu" og til niðurstöðu fjórða ráðherrafundarins í Árósum, Danmörku, í júní 1998,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.
Markmið.

Í þeim tilgangi að stuðla að verndun réttinda hvers einstaklings af núverandi og komandi kynslóðum til að lifa í umhverfi sem er fullnægjandi fyrir heilsu og velferð hans skal sérhver aðili ábyrgjast rétt til aðgangs að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgangs að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum í samræmi við ákvæði þessa samnings.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „aðili" merkir samningsaðila að þessum samningi, nema texti hans tilgreini annað;
2. „opinber yfirvöld" merkir:
a) stjórnvöld ríkis, landsvæðis eða á öðru stigi;

b) einstaklinga eða lögpersónur sem sinna opinberri stjórnsýslu samkvæmt landslögum, þar með taldar sérstakar skyldur, athafnir og þjónusta í tengslum við umhverfið;
c) sérhverja aðra einstaklinga eða lögpersónur sem hafa opinbera ábyrgð eða hlutverk eða veita opinbera þjónustu í tengslum við umhverfið og

Convinced that the implementation of this Convention will contribute to strengthening democracy in the region of the United Nations Economic Commission for Europe (ECE),

Conscious of the role played in this respect by ECE and recalling, *inter alia*, the ECE Guidelines on Access to Environmental Information and Public Participation in Environmental Decision-making endorsed in the Ministerial Declaration adopted at the Third Ministerial Conference "Environment for Europe" in Sofia, Bulgaria, on 25 October 1995,

Bearing in mind the relevant provisions in the Convention on Environmental Impact Assessment in a Transboundary Context, done at Espoo, Finland, on 25 February 1991, and the Convention on the Transboundary Effects of Industrial Accidents and the Convention on the Protection and Use of Transboundary Watercourses and International Lakes, both done at Helsinki on 17 March 1992, and other regional conventions,

Conscious that the adoption of this Convention will have contributed to the further strengthening of the "Environment for Europe" process and to the results of the Fourth Ministerial Conference in Aarhus, Denmark, in June 1998,

Have agreed as follows:

Article 1
OBJECTIVE

In order to contribute to the protection of the right of every person of present and future generations to live in an environment adequate to his or her health and well-being, each Party shall guarantee the rights of access to information, public participation in decision-making, and access to justice in environmental matters in accordance with the provisions of this Convention.

Article 2
DEFINITIONS

For the purposes of this Convention,

1. "Party" means, unless the text otherwise indicates, a Contracting Party to this Convention;
2. "Public authority" means:
(a) Government at national, regional and other level;
(b) Natural or legal persons performing public administrative functions under national law, including specific duties, activities or services in relation to the environment;
(c) Any other natural or legal persons having public responsibilities or functions, or providing public services, in relation to the environment, under

eru undir stjórn stjórnvalds eða einstaklings eða lögpersónu sem falla undir a- eða b-lið;

d) stofnanir sérhverra svæðisbundinna samtaka um efnahagssamvinnu sem getið er í 17. gr. og eru aðili að þessum samningi.

Þessi skilgreining nær ekki til stjórnvalda eða stofnana sem hafa dóms- eða löggjafarvald;

3. „upplýsingar um umhverfismál" merkir hvers konar upplýsingar sem settar eru fram á ritaðan, sjónrænan, hljóðrænan, rafrænan eða hvers konar annan efnislegan hátt varðandi:

a) ástand hinna ýmsu umhverfisþátta, svo sem lofts og lofthjúps, vatns, jarðvegs, lands, landslags og náttúruminja, líffræðilegrar fjölbreytni og hluta hennar, þar með taldar erfðabreyttar lífverur, og samspil þessara þátta;

b) atriði, svo sem efni, orku, hávaða og geislun, svo og athafnir eða aðgerðir, þar með taldar stjórnunaraðgerðir, umhverfissamninga, stefnur, löggjöf, áætlanir og framkvæmdir, sem hafa áhrif á eða líkur eru á að muni hafa áhrif á umhverfisþættina sem falla undir a-lið hér að framan, og kostnaðarábatagreiningu og aðrar efnahagslegar greiningar og ályktanir sem notast er við þegar teknar eru ákvarðanir um umhverfismál;

c) heilsufar manna og öryggi, skilyrði fyrir mannlífi, menningarstaði og mannvirki, að því marki sem þau eru undir eða kunna að verða fyrir áhrifum af ástandi umhverfisþáttanna eða, með tilstilli þessara þátta, af þeim atriðum, athöfnum eða aðgerðum sem getið er í b-lið hér að framan;

4. „almenningur" merkir einn eða fleiri einstaklinga eða lögpersónur í samræmi við landslög og venjur, félög þeirra, samtök eða hópa;

5. „almenningur sem málið varðar" merkir almenning sem verður fyrir eða er líklegt að verði fyrir áhrifum af eða á hagsmuna að gæta við ákvarðanatöku í umhverfismálum; hvað varðar þessa skilgreiningu skulu frjáls félagasamtök, er stuðla að umhverfisvernd og uppfylla kröfur samkvæmt landslögum af einhverju tagi, teljast eiga hagsmuna að gæta.

3. gr.

Almenn ákvæði.

1. Sérhver aðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir með lögum, reglugerðum eða öðrum aðgerðum, þar með taldar ráðstafanir til að ná fram samræmi milli ákvæða um framkvæmd þeirra ákvæða samningsins er varða upplýsingar, þátttöku almennings og aðgang að réttlátri málsmeðferð, svo og viðeigandi ráðstafanir um framfylgd, til að koma á fót og viðhalda

the control of a body or person falling within subparagraphs (a) or (b) above;

(d) The institutions of any regional economic integration organization referred to in article 17 which is a Party to this Convention.

This definition does not include bodies or institutions acting in a judicial or legislative capacity;

3. "Environmental information" means any information in written, visual, aural, electronic or any other material form on:

(a) The state of elements of the environment, such as air and atmosphere, water, soil, land, landscape and natural sites, biological diversity and its components, including genetically modified organisms, and the interaction among these elements;

(b) Factors, such as substances, energy, noise and radiation, and activities or measures, including administrative measures, environmental agreements, policies, legislation, plans and programmes, affecting or likely to affect the elements of the environment within the scope of subparagraph (a) above, and cost-benefit and other economic analyses and assumptions used in environmental decision-making;

(c) The state of human health and safety, conditions of human life, cultural sites and built structures, inasmuch as they are or may be affected by the state of the elements of the environment or, through these elements, by the factors, activities or measures referred to in subparagraph (b) above;

4. "The public" means one or more natural or legal persons, and, in accordance with national legislation or practice, their associations, organizations or groups;

5. "The public concerned" means the public affected or likely to be affected by, or having an interest in, the environmental decision-making; for the purposes of this definition, non-governmental organizations promoting environmental protection and meeting any requirements under national law shall be deemed to have an interest.

Article 3

GENERAL PROVISIONS

1. Each Party shall take the necessary legislative, regulatory and other measures, including measures to achieve compatibility between the provisions implementing the information, public participation and access-to-justice provisions in this Convention, as well as proper enforcement measures, to establish and maintain a clear, transparent and consistent

skýrri, gegnsærri og samræmdri rammaáætlun til að framkvæma ákvæði þessa samnings.
2. Sérhver aðili skal leitast við að tryggja að embættismenn og yfirvöld veiti almenningi aðstoð og leiðbeiningar við leit að upplýsingum, við að auðvelda þátttöku í ákvarðanatöku og við að leita eftir réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.
3. Sérhver aðili skal efla kennslu um umhverfismál og meðvitund um umhverfismál meðal almennings, einkum um hvernig unnt er að fá aðgang að upplýsingum, taka þátt í ákvarðanatöku og fá aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.
4. Sérhver aðili skal veita viðeigandi viðurkenningu og stuðning til félaga, samtaka og hópa sem stuðla að verndun umhverfisins og tryggja að réttarkerfi landsins sé í samræmi við þessa skuldbindingu.

5. Ákvæði þessa samnings skulu ekki hafa áhrif á réttindi aðila til að viðhalda eða innleiða aðgerðir sem veita víðtækari aðgang að upplýsingum, fela í sér aukna þátttöku almennings í ákvarðanatöku og veita betri aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum en kveðið er á um í þessum samningi.
6. Þessi samningur skal ekki rýra neinn rétt sem fyrir er til aðgangs að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgangs að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.
7. Sérhver aðili skal stuðla að beitingu meginreglna þessa samnings í alþjóðlegri ákvarðanatöku um umhverfismál og á vettvangi alþjóðastofnana í málefnum er varða umhverfið.

8. Sérhver aðili skal tryggja að einstaklingar, sem beita réttindum sínum í samræmi við ákvæði þessa samnings, skuli ekki beittir refsingum, saksókn eða áreitni á neinn hátt vegna afskipta sinna. Þetta ákvæði skal ekki hafa áhrif á vald innlendra dómstóla til að dæma sanngjarnan málskostnað í málaferlum.
9. Innan marka viðeigandi ákvæða þessa samnings skal almenningur hafa aðgang að upplýsingum, hafa möguleika á að taka þátt í ákvarðanatöku og hafa aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum án mismununar hvað varðar ríkisfang, þjóðerni eða heimkynni, og, hvað viðkemur lögpersónu, án mismununar vegna þess hvar hún hefur skráð aðsetur sitt eða raunverulega miðstöð aðgerða sinna.

framework to implement the provisions of this Convention.
2. Each Party shall endeavour to ensure that officials and authorities assist and provide guidance to the public in seeking access to information, in facilitating participation in decision-making and in seeking access to justice in environmental matters.
3. Each Party shall promote environmental education and environmental awareness among the public, especially on how to obtain access to information, to participate in decision-making and to obtain access to justice in environmental matters.
4. Each Party shall provide for appropriate recognition of and support to associations, organizations or groups promoting environmental protection and ensure that its national legal system is consistent with this obligation.
5. The provisions of this Convention shall not affect the right of a Party to maintain or introduce measures providing for broader access to information, more extensive public participation in decision-making and wider access to justice in environmental matters than required by this Convention.
6. This Convention shall not require any derogation from existing rights of access to information, public participation in decision-making and access to justice in environmental matters.
7. Each Party shall promote the application of the principles of this Convention in international environmental decision-making processes and within the framework of international organizations in matters relating to the environment.
8. Each Party shall ensure that persons exercising their rights in conformity with the provisions of this Convention shall not be penalized, persecuted or harassed in any way for their involvement. This provision shall not affect the powers of national courts to award reasonable costs in judicial proceedings.

9. Within the scope of the relevant provisions of this Convention, the public shall have access to information, have the possibility to participate in decision-making and have access to justice in environmental matters without discrimination as to citizenship, nationality or domicile and, in the case of a legal person, without discrimination as to where it has its registered seat or an effective centre of its activities.

4. gr.
Aðgangur að upplýsingum um umhverfismál.

1. Með fyrirvara um eftirfarandi málsgreinar þessarar greinar skal sérhver aðili tryggja að séu opinber yfirvöld krafin um upplýsingar um umhverfismál

Article 4
ACCESS TO ENVIRONMENTAL INFORMATION

1. Each Party shall ensure that, subject to the following paragraphs of this article, public authorities, in response to a request for environmental informa-

skuli þau láta slíkar upplýsingar almenningi í té, innan ramma landslaga, þar með talið, ef um er beðið og með fyrirvara um b-lið, eintök af eiginlegum skjölum sem innihalda eða mynda slíkar upplýsingar:

a) án þess að geta þurfi um hagsmuni;
b) á hinu umbeðna formi nema:
   (i) sanngjarnt sé að hið opinbera yfirvald láti þær í té á öðru formi en þá skulu tilgreindar ástæður þess að upplýsingarnar séu látnar í té á því formi; eða
   (ii) upplýsingarnar séu þegar aðgengilegar opinberlega á öðru formi.

2. Upplýsingar um umhverfismál, sem vísað er til í 1. mgr. hér að framan, skulu látnar í té svo skjótt sem auðið er og í síðasta lagi innan mánaðar frá því að beiðni var lögð fram, nema ef magn og flókin gerð upplýsinganna réttlæta framlengingu á þessu tímabili um allt að tveimur mánuðum eftir að beiðni var lögð fram. Umsækjandinn skal upplýstur um hvers konar framlengingu og ástæður sem réttlæta hana.

3. Hafna má beiðni um upplýsingar um umhverfismál ef:

a) hið opinbera yfirvald sem beiðninni er beint til hefur ekki hinar umbeðnu upplýsingar undir höndum;
b) beiðnin er augljóslega ósanngjörn eða sett fram á of almennan hátt; eða
c) beiðnin varðar efni sem er í vinnslu eða innri samskipti opinberra yfirvalda þar sem gerð er slík undanþága í landslögum eða viðteknum hefðum, að teknu tilliti til þeirra almannahagsmuna sem þjónað væri með birtingu upplýsinganna.

4. Hafna má beiðni um upplýsingar um umhverfismál ef birting þeirra myndi hafa skaðleg áhrif á:

a) trúnað í starfsemi opinberra yfirvalda, þar sem gert er ráð fyrir slíkum trúnaði í landslögum;
b) alþjóðasamskipti, landvarnir og öryggi almennings;
c) framgang réttlætisins, möguleika einstaklings til að fá réttláta málsmeðferð fyrir dómstólum eða getu opinbers yfirvalds til að framkvæma rannsókn sem varðar glæpi eða refsingar;
d) trúnað varðandi viðskipta- eða iðnaðarupplýsingar, þar sem slíkur trúnaður er verndaður með lögum til að vernda lögmæta efnahagslega hagsmuni. Innan þessa ramma skal láta í té upplýsingar um efnalosun sem skipta máli varðandi verndun umhverfisins;
e) hugverkarétt;
f) trúnað varðandi persónulegar upplýsingar og/eða skrár sem tengjast einstaklingi þegar sá einstaklingur hefur ekki samþykkt að slíkar upplýsingar séu gerðar opinberar, þegar slíkur trúnaður er verndaður með lögum.

5. Upplýsingar sem falla undir 4. mgr. skal veita að því marki sem unnt er að aðskilja upplýsingar um umhverfismál sem beiðnin varðar frá upplýsingum sem falla undir undanþágur 4. mgr.

6. Ákvörðun um að hafna beiðni um upplýsingar skal tilkynnt innan mánaðar frá því að beiðni var lögð fram, nema ef flókin gerð upplýsinganna réttlæti framlengingu á þessu tímabili um allt að tveimur mánuðum eftir að beiðni var lögð fram. Umsækjandinn skal upplýstur um hvers konar framlengingu og ástæður sem réttlæta hana. Í ákvörðuninni skal tilgreina ástæður synjunar og upplýsa um málskotsleiðir samkvæmt 7. gr.

7. Heimilt er að innheimta gjald fyrir að veita upplýsingar um umhverfismál en gjaldið skal ekki vera hærra en sanngjarnt er og hóflegt. Í reglum um gjaldtöku skal vísað til viðmiðana sem birtar skulu af hálfu ráðherra.

8. Ákvæði 1.–7. mgr. skulu ekki gilda um upplýsingar sem safnað er fyrir gildistöku laga þessara.

9. Ákvæði 1.–7. mgr. skulu ekki gilda um upplýsingar sem safnað er fyrir gildistöku laga þessara.

(a) Without an interest having to be stated;
(b) In the form requested unless:
   (i) It is reasonable for the public authority to make it available in another form, in which case reasons shall be given for making it available in that form; or
   (ii) The information is already publicly available in another form.

2. The environmental information referred to in paragraph 1 above shall be made available as soon as possible and at the latest within one month after the request has been submitted, unless the volume and the complexity of the information justify an extension of this period up to two months after the request. The applicant shall be informed of any extension and of the reasons justifying it.

3. A request for environmental information may be refused if:

(a) The public authority to which the request is addressed does not hold the environmental information requested;
(b) The request is manifestly unreasonable or formulated in too general a manner; or
(c) The request concerns material in the course of completion or concerns internal communications of public authorities where such an exemption is provided for in national law or customary practice, taking into account the public interest served by disclosure.

4. A request for environmental information may be refused if the disclosure would adversely affect:

(a) The confidentiality of the proceedings of public authorities, where such confidentiality is provided for under national law;
(b) International relations, national defence or public security;
(c) The course of justice, the ability of a person to receive a fair trial or the ability of a public authority to conduct an enquiry of a criminal or disciplinary nature;
(d) The confidentiality of commercial and industrial information, where such confidentiality is protected by law in order to protect a legitimate economic interest. Within this framework, information on emissions which is relevant for the protection of the environment shall be disclosed;
(e) Intellectual property rights;
(f) The confidentiality of personal data and/or files relating to a natural person where that person

staklingur hefur ekki gefið samþykki sitt fyrir því að upplýsingarnar séu látnar af hendi til almennings, þar sem gert er ráð fyrir slíkum trúnaði í landslögum;

g) hagsmuni þriðja aðila sem hefur útvegað umbeðnar upplýsingar án þess að þeim aðila sé eða geti verið gert skylt samkvæmt lögum að láta upplýsingarnar í té og þar sem sá aðili samþykkir ekki að upplýsingarnar séu látnar af hendi; eða

h) umhverfið sem upplýsingarnar varða, svo sem uppeldisstöðvar sjaldgæfra tegunda.

Framangreindar synjunarástæður skal túlka þröngt, að teknu tilliti til þeirra almannahagsmuna sem þjónað er með birtingu upplýsinganna og þess hvort umbeðnar upplýsingar varða efnalosun út í umhverfið.

5. Í þeim tilvikum þegar opinbert yfirvald býr ekki yfir þeim upplýsingum um umhverfismál sem beðið er um skal það yfirvald, svo skjótt sem unnt er, greina umsækjandanum frá því til hvaða opinbers yfirvalds það telur að unnt sé að sækja um umbeðnar upplýsingar eða beina beiðninni til þess yfirvalds og tilkynna umsækjandanum um það.

6. Sérhver aðili skal tryggja, sé unnt að aðgreina upplýsingar sem eru undanþegnar birtingu skv. c-lið 3. mgr. og 4. mgr. hér að framan án þess að setja trúnað upplýsinganna sem undanþegnar eru í hættu, að opinber yfirvöld láti í té það sem eftir er af hinum umbeðnu upplýsingum um umhverfismál.

7. Höfnun beiðni skal vera skrifleg ef beiðnin var skrifleg eða ef umsækjandinn æskir þess. Í höfnun skal tilgreina ástæður fyrir höfnuninni og veita upplýsingar um aðgang að endurskoðunarferlinu sem gert er ráð fyrir í 9. gr. Höfnun skal gerð svo skjótt sem unnt er og í síðasta lagi innan eins mánaðar, nema ef flókin gerð upplýsinganna réttlætir framlengingu þess frests um allt að tveimur mánuðum eftir að beiðni er lögð fram. Umsækjandanum skal tilkynnt um hvers konar framlengingu og ástæður sem réttlæta hana.

8. Sérhver aðili getur heimilað opinberum yfirvöldum að taka gjald fyrir að láta upplýsingar í té, en slíkt gjald skal ekki fara fram úr sanngjarnri upphæð. Opinber yfirvöld, sem ætla sér að taka slíkt gjald fyrir að útvega upplýsingar, skulu láta umsækjendum í té gjaldskrá sem gefur til kynna hvenær gjalds kunni að vera krafist eða undanþága veitt frá því og hvenær útvegun upplýsinga er háð fyrirframgreiðslu slíks gjalds.

has not consented to the disclosure of the information to the public, where such confidentiality is provided for in national law;

(g) The interests of a third party which has supplied the information requested without that party being under or capable of being put under a legal obligation to do so, and where that party does not consent to the release of the material; or

(h) The environment to which the information relates, such as the breeding sites of rare species.

The aforementioned grounds for refusal shall be interpreted in a restrictive way, taking into account the public interest served by disclosure and taking into account whether the information requested relates to emissions into the environment.

5. Where a public authority does not hold the environmental information requested, this public authority shall, as promptly as possible, inform the applicant of the public authority to which it believes it is possible to apply for the information requested or transfer the request to that authority and inform the applicant accordingly.

6. Each Party shall ensure that, if information exempted from disclosure under paragraphs 3 (c) and 4 above can be separated out without prejudice to the confidentiality of the information exempted, public authorities make available the remainder of the environmental information that has been requested.

7. A refusal of a request shall be in writing if the request was in writing or the applicant so requests. A refusal shall state the reasons for the refusal and give information on access to the review procedure provided for in accordance with article 9. The refusal shall be made as soon as possible and at the latest within one month, unless the complexity of the information justifies an extension of this period up to two months after the request. The applicant shall be informed of any extension and of the reasons justifying it.

8. Each Party may allow its public authorities to make a charge for supplying information, but such charge shall not exceed a reasonable amount. Public authorities intending to make such a charge for supplying information shall make available to applicants a schedule of charges which may be levied, indicating the circumstances in which they may be levied or waived and when the supply of information is conditional on the advance payment of such a charge.

5. gr.

Söfnun og dreifing upplýsinga um umhverfismál.

1. Sérhver aðili skal sjá til þess:

a) að opinber yfirvöld búi yfir og uppfæri upplýsingar um umhverfismál sem varða starfsemi þeirra;

b) að komið verði á upplýsingaskyldu, þannig að nægilegar upplýsingar berist til opinberra yfirvalda um fyrirhugaða og núverandi starfsemi sem kann að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið;

c) sé um að ræða yfirvofandi ógnun við heilsu manna eða umhverfið, hvort sem hún er af völdum starfsemi manna eða á sér náttúrulegar orsakir, skal dreifa öllum upplýsingum, sem eru í fórum opinbers yfirvalds og gætu gert almenningi kleift að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr skaða af völdum ógnunarinnar, strax og án tafar til þess hluta almennings sem kann að verða fyrir áhrifum af honum.

2. Sérhver aðili skal sjá til þess, innan ramma landslaga, að aðferðin sem opinber yfirvöld beita til að láta almenningi í té upplýsingar um umhverfismál sé gegnsæ og að upplýsingar um umhverfismál séu raunverulega aðgengilegar, meðal annars með því að:

a) láta almenningi í té fullnægjandi upplýsingar um gerð og umfang upplýsinga um umhverfismál sem viðeigandi opinber yfirvöld búa yfir, grundvallarskilmála og -skilyrði fyrir því að slíkar upplýsingar séu látnar í té og gerðar aðgengilegar, og aðferðina við að afla þeirra;

b) koma á fót og viðhalda hagnýtu fyrirkomulagi, svo sem:

(i) listum, skrám eða skjölum aðgengilegum almenningi;

(ii) að krefjast þess að embættismenn aðstoði almenning við að leita upplýsinga samkvæmt þessum samningi; og

(iii) að tilgreina tengiliði; og

c) veita aðgang að upplýsingum um umhverfismál sem er að finna í listum, skrám eða skjölum er vísað er til í b-lið (i) hér að framan án endurgjalds.

3. Sérhver aðili skal sjá til þess að upplýsingar um umhverfismál verði smám saman fyrirliggjandi á rafrænum gagnagrunnum sem eru auðveldlega aðgengilegir fyrir almenning gegnum net fjarskiptakerfa. Upplýsingar sem aðgengilegar eru á þessu formi skulu meðal annars vera eftirfarandi:

a) skýrslur um ástand umhverfisins, svo sem tilgreint er í 4. mgr.;

b) lagatextar um umhverfið eða varðandi það;

c) eftir því sem við á, stefnur, áætlanir og verkefni

Article 5

COLLECTION AND DISSEMINATION OF ENVIRONMENTAL INFORMATION

1. Each Party shall ensure that:

(a) Public authorities possess and update environmental information which is relevant to their functions;

(b) Mandatory systems are established so that there is an adequate flow of information to public authorities about proposed and existing activities which may significantly affect the environment;

(c) In the event of any imminent threat to human health or the environment, whether caused by human activities or due to natural causes, all information which could enable the public to take measures to prevent or mitigate harm arising from the threat and is held by a public authority is disseminated immediately and without delay to members of the public who may be affected.

2. Each Party shall ensure that, within the framework of national legislation, the way in which public authorities make environmental information available to the public is transparent and that environmental information is effectively accessible, *inter alia*, by:

(a) Providing sufficient information to the public about the type and scope of environmental information held by the relevant public authorities, the basic terms and conditions under which such information is made available and accessible, and the process by which it can be obtained;

(b) Establishing and maintaining practical arrangements, such as:

(i) Publicly accessible lists, registers or files;

(ii) Requiring officials to support the public in seeking access to information under this Convention; and

(iii) The identification of points of contact; and

(c) Providing access to the environmental information contained in lists, registers or files as referred to in subparagraph (b) (i) above free of charge.

3. Each Party shall ensure that environmental information progressively becomes available in electronic databases which are easily accessible to the public through public telecommunications networks. Information accessible in this form should include:

(a) Reports on the state of the environment, as referred to in paragraph 4 below;

(b) Texts of legislation on or relating to the environment;

(c) As appropriate, policies, plans and programmes

um eða varðandi umhverfið, og umhverfissamningar; og

d) aðrar upplýsingar, svo fremi að aðgengi að þeim upplýsingum á þessu formi myndi auðvelda beitingu landslaga við framkvæmd þessa samnings,

að því tilskildu að slíkar upplýsingar séu þegar fyrir hendi á rafrænu formi.

4. Sérhver aðili skal með reglulegu millibili, sem sé ekki lengra en þrjú eða fjögur ár, gefa út og dreifa landsskýrslu um ástand umhverfisins, þar með taldar upplýsingar um gæði umhverfisins og upplýsingar um ágengni á umhverfið.

5. Sérhver aðili skal gera ráðstafanir innan ramma laga sinna í því augnamiði að dreifa meðal annars:

a) lögum og skjölum með stefnumörkun, svo sem skjölum um heildaráætlanir, stefnu, verkefni og aðgerðaáætlanir sem varða umhverfið, og skýrslum um árangur af framkvæmd þeirra, sem gerðar eru á hinum ýmsu stigum stjórnsýslunnar;

b) alþjóðasamningum um umhverfismál; og

c) öðrum mikilvægum alþjóðlegum skjölum um umhverfismál, eftir því sem við á.

6. Sérhver aðili skal hvetja þá sem reka starfsemi er hefur umtalsverð áhrif á umhverfið til að upplýsa almenning reglulega um umhverfisáhrif af starfsemi eða framleiðsluvörum þeirra, þar sem við á með umhverfismerkingum eða umhverfiseftirliti sem komið er á að frumkvæði þeirra sem reka starfsemina, eða með öðrum aðferðum.

7. Sérhver aðili skal:

a) gefa út staðreyndir og greiningu á staðreyndum sem hann telur að skipti máli og séu mikilvægar við mótun tillagna um stefnu í umhverfismálum;

b) gefa út, eða gera aðgengilegt með öðrum hætti, efni sem fyrir hendi er til útskýringar á samskiptum sínum við almenning í málefnum sem falla undir gildissvið þessa samnings; og

c) útvega á viðeigandi formi upplýsingar um opinbera starfsemi eða opinbera þjónustu á sviði umhverfismála sem framkvæmd er af stjórnvöldum á öllum stigum.

8. Sérhver aðili skal þróa leiðir í því augnamiði að tryggja að nægilegar upplýsingar um framleiðsluvörur séu látnar almenningi í té á þann hátt að neytendum sé gert kleift að taka upplýstar ákvarðanir um umhverfismál.

9. Sérhver aðili skal gera ráðstafanir til að setja upp smám saman, að teknu tilliti til alþjóðlegra ferla þar sem við á, heildstætt kerfi á landsvísu þar sem skráðar eru upplýsingar um mengun í skipulagðan og

on or relating to the environment, and environmental agreements; and

(d) Other information, to the extent that the availability of such information in this form would facilitate the application of national law implementing this Convention,

provided that such information is already available in electronic form.

4. Each Party shall, at regular intervals not exceeding three or four years, publish and disseminate a national report on the state of the environment, including information on the quality of the environment and information on pressures on the environment.

5. Each Party shall take measures within the framework of its legislation for the purpose of disseminating, *inter alia*:

(a) Legislation and policy documents such as documents on strategies, policies, programmes and action plans relating to the environment, and progress reports on their implementation, prepared at various levels of government;

(b) International treaties, conventions and agreements on environmental issues; and

(c) Other significant international documents on environmental issues, as appropriate.

6. Each Party shall encourage operators whose activities have a significant impact on the environment to inform the public regularly of the environmental impact of their activities and products, where appropriate within the framework of voluntary eco-labelling or eco-auditing schemes or by other means.

7. Each Party shall:

(a) Publish the facts and analyses of facts which it considers relevant and important in framing major environmental policy proposals;

(b) Publish, or otherwise make accessible, available explanatory material on its dealings with the public in matters falling within the scope of this Convention; and

(c) Provide in an appropriate form information on the performance of public functions or the provision of public services relating to the environment by government at all levels.

8. Each Party shall develop mechanisms with a view to ensuring that sufficient product information is made available to the public in a manner which enables consumers to make informed environmental choices.

9. Each Party shall take steps to establish progressively, taking into account international processes where appropriate, a coherent, nationwide system of pollution inventories or registers on a structured,

tölvuvæddan gagnagrunn sem byggður er á stöðluðum tilkynningum og almenningur hefur aðgang að. Slíkt kerfi getur innihaldið upplýsingar um innsetningu, losun og tilflutning á tilgreindum flokkum efna og framleiðsluvara, þar með talið vatn, orka og notkun auðlinda, frá ákveðnum tegundum starfsemi út í umhverfið og til meðhöndlunar- og förgunarstöðva á staðnum eða annars staðar.

10. Ekkert í þessari grein má skerða rétt aðila til að synja um afhendingu ákveðinna upplýsinga um umhverfismál í samræmi við 3. og 4. mgr. 4. gr.

6. gr.

Þátttaka almennings í ákvörðunum um tiltekna starfsemi.

1. Sérhver aðili:

a) skal beita ákvæðum þessarar greinar að því er varðar ákvarðanir um hvort eigi að leyfa fyrirhugaða starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka;

b) skal, í samræmi við landslög, einnig beita ákvæðum þessarar greinar við ákvarðanir um fyrirhugaða starfsemi sem ekki er tilgreind í I. viðauka sem kann að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið. Í þessu augnamiði skulu aðilar ákveða hvort slík fyrirhuguð starfsemi sé háð þessum ákvæðum; og

c) getur ákveðið, í hverju tilviki fyrir sig ef svo er mælt fyrir um í landslögum, að beita ekki ákvæðum þessarar greinar varðandi fyrirhugaða starfsemi sem er í þágu landvarna telji sá aðili að beiting ákvæðanna myndi hafa skaðleg áhrif þar á.

2. Almenningur er málið varðar skal upplýstur, annaðhvort með almennri tilkynningu eða einstaklingsbundið eftir því sem við á, snemma í ákvörðunarferli um umhverfismál og á fullnægjandi, tímanlegan og virkan hátt meðal annars um:

a) fyrirhugaða starfsemi og þá umsókn sem ákvörðun verður tekin um;

b) eðli hugsanlegra ákvarðana eða drög að ákvörðun;

c) hið opinbera yfirvald sem ber ábyrgð á að taka ákvörðunina;

d) fyrirhugað ferli, þar með talið, ef og þegar unnt er að útvega þessar upplýsingar:

(i) upphaf ferlis;

(ii) tækifæri til þátttöku almennings;

(iii) stað og stund opinbers fundar sem kann að vera fyrirhugaður;

(iv) ábendingu um hvaða opinbera yfirvald getur veitt viðkomandi upplýsingar og hvar viðkomandi upplýsingum hefur verið komið fyrir svo almenningur geti kynnt sér þær;

computerized and publicly accessible database compiled through standardized reporting. Such a system may include inputs, releases and transfers of a specified range of substances and products, including water, energy and resource use, from a specified range of activities to environmental media and to on-site and off-site treatment and disposal sites.

10. Nothing in this article may prejudice the right of Parties to refuse to disclose certain environmental information in accordance with article 4, paragraphs 3 and 4.

Article 6

PUBLIC PARTICIPATION IN DECISIONS ON SPECIFIC ACTIVITIES

1. Each Party:

(a) Shall apply the provisions of this article with respect to decisions on whether to permit proposed activities listed in annex I;

(b) Shall, in accordance with its national law, also apply the provisions of this article to decisions on proposed activities not listed in annex I which may have a significant effect on the environment. To this end, Parties shall determine whether such a proposed activity is subject to these provisions; and

(c) May decide, on a case-by-case basis if so provided under national law, not to apply the provisions of this article to proposed activities serving national defence purposes, if that Party deems that such application would have an adverse effect on these purposes.

2. The public concerned shall be informed, either by public notice or individually as appropriate, early in an environmental decision-making procedure, and in an adequate, timely and effective manner, *inter alia*, of:

(a) The proposed activity and the application on which a decision will be taken;

(b) The nature of possible decisions or the draft decision;

(c) The public authority responsible for making the decision;

(d) The envisaged procedure, including, as and when this information can be provided:

(i) The commencement of the procedure;

(ii) The opportunities for the public to participate;

(iii) The time and venue of any envisaged public hearing;

(iv) An indication of the public authority from which relevant information can be obtained and where the relevant information has been deposited for examination by the public;

(v) ábendingu um viðeigandi opinbert yfirvald eða annan opinberan aðila sem tekur við athugasemdum eða spurningum og um tímasetningu varðandi framlagningu athugasemda og spurninga; og
(vi) ábendingu um hvaða upplýsingar um umhverfismál sem varða fyrirhugaða starfsemi eru fyrirliggjandi; og

e) þá staðreynd að starfsemin er háð mati á umhverfisáhrifum innanlands eða milli landa.

3. Ferlið fyrir þátttöku almennings skal innihalda sanngjörn tímamörk fyrir hina mismunandi þætti þannig að nægilegur tími sé til að upplýsa almenning í samræmi við 2. mgr. hér að framan og til að almenningur geti undirbúið sig og tekið virkan þátt á meðan á ákvarðanatöku um umhverfismál stendur.

4. Sérhver aðili skal gera ráð fyrir þátttöku almennings snemma í ferlinu meðan allir kostir eru fyrir hendi og virk þátttaka almennings getur átt sér stað.

5. Sérhver aðili ætti, þar sem við á, að hvetja væntanlega umsækjendur til að greina þann hóp almennings sem málið varðar, hefja umræður og veita upplýsingar um markmið umsóknar sinnar áður en sótt er um leyfi.

6. Sérhver aðili skal krefjast þess að þar til bær opinber yfirvöld veiti almenningi sem málið varðar aðgang til að athuga allar upplýsingar sem máli skipta varðandi ákvarðanatöku sem vísað er til í þessari grein sem fyrir liggja þegar ferlið fyrir þátttöku almennings hefst, án endurgjalds og um leið og þær liggja fyrir, að beiðni þar sem þess er krafist samkvæmt landslögum, að óskertum rétti aðila til að synja um að láta í té ákveðnar upplýsingar í samræmi við 3. og 4. mgr. 4. gr. Að óskertum ákvæðum 4. gr. skulu viðeigandi upplýsingar innihalda að minnsta kosti:

a) lýsingu á staðháttum og ytri efnislegum og tæknilegum einkennum fyrirhugaðrar starfsemi, þar með talið mat á væntanlegum úrgangi og efnalosun;
b) lýsingu á umtalsverðum áhrifum fyrirhugaðrar starfsemi á umhverfið;
c) lýsingu á aðgerðum sem fyrirsjáanlegar eru til að hindra og/eða draga úr áhrifunum, þar með talin efnalosun;
d) samantekt af framangreindu án tæknilegrar útfærslu;
e) yfirlit yfir helstu kosti sem umsækjandinn hefur athugað; og
f) í samræmi við landslög, helstu skýrslur og ráðgjöf sem hinu opinbera yfirvaldi hefur borist þegar upplýsa skal almenning sem málið varðar í samræmi við 2. mgr. hér að framan.

(v) An indication of the relevant public authority or any other official body to which comments or questions can be submitted and of the time schedule for transmittal of comments or questions; and
(vi) An indication of what environmental information relevant to the proposed activity is available; and

(e) The fact that the activity is subject to a national or transboundary environmental impact assessment procedure.

3. The public participation procedures shall include reasonable time-frames for the different phases, allowing sufficient time for informing the public in accordance with paragraph 2 above and for the public to prepare and participate effectively during the environmental decision-making.

4. Each Party shall provide for early public participation, when all options are open and effective public participation can take place.

5. Each Party should, where appropriate, encourage prospective applicants to identify the public concerned, to enter into discussions, and to provide information regarding the objectives of their application before applying for a permit.

6. Each Party shall require the competent public authorities to give the public concerned access for examination, upon request where so required under national law, free of charge and as soon as it becomes available, to all information relevant to the decision-making referred to in this article that is available at the time of the public participation procedure, without prejudice to the right of Parties to refuse to disclose certain information in accordance with article 4, paragraphs 3 and 4. The relevant information shall include at least, and without prejudice to the provisions of article 4:

(a) A description of the site and the physical and technical characteristics of the proposed activity, including an estimate of the expected residues and emissions;
(b) A description of the significant effects of the proposed activity on the environment;
(c) A description of the measures envisaged to prevent and/or reduce the effects, including emissions;
(d) A non-technical summary of the above;

(e) An outline of the main alternatives studied by the applicant; and
(f) In accordance with national legislation, the main reports and advice issued to the public authority at the time when the public concerned shall be informed in accordance with paragraph 2 above.

7. Í ferlinu fyrir þátttöku almennings skal almenningi gert kleift að leggja fram, skriflega eða, eftir því sem við á, á opinberum fundi eða í opinberum fyrirspurnum til umsækjanda, hvers konar athugasemdir, upplýsingar, greiningar eða skoðanir sem hann telur að skipti máli varðandi fyrirhugaða starfsemi.
8. Sérhver aðili skal tryggja að við ákvarðanatöku sé tekið eðlilegt tillit til niðurstöðu af þátttöku almennings.
9. Sérhver aðili skal tryggja að þegar ákvörðun hefur verið tekin af opinberu yfirvaldi skuli almenningur án tafar vera upplýstur um ákvörðunina í samræmi við viðeigandi starfshætti. Sérhver aðili skal láta almenningi í té texta ákvörðunarinnar ásamt þeim ástæðum og sjónarmiðum sem ákvörðunin er byggð á.
10. Sérhver aðili skal tryggja að þegar opinbert yfirvald endurskoðar eða uppfærir starfsskilyrði fyrir starfsemi sem vísað er til í 1. mgr. skuli ákvæðum 2.–9. mgr. þessarar greinar beitt að breyttu breytanda og eftir því sem við á.
11. Sérhver aðili skal, innan ramma landslaga, beita ákvæðum þessarar greinar, að því marki sem unnt er og við á, um ákvarðanir um hvort leyfa beri vísvitandi losun erfðabreyttra lífvera út í umhverfið.

7. Procedures for public participation shall allow the public to submit, in writing or, as appropriate, at a public hearing or enquiry with the applicant, any comments, information, analyses or opinions that it considers relevant to the proposed activity.

8. Each Party shall ensure that in the decision due account is taken of the outcome of the public participation.
9. Each Party shall ensure that, when the decision has been taken by the public authority, the public is promptly informed of the decision in accordance with the appropriate procedures. Each Party shall make accessible to the public the text of the decision along with the reasons and considerations on which the decision is based.
10. Each Party shall ensure that, when a public authority reconsiders or updates the operating conditions for an activity referred to in paragraph 1, the provisions of paragraphs 2 to 9 of this article are applied *mutatis mutandis*, and where appropriate.
11. Each Party shall, within the framework of its national law, apply, to the extent feasible and appropriate, provisions of this article to decisions on whether to permit the deliberate release of genetically modified organisms into the environment.

7. gr.

Þátttaka almennings varðandi áætlanir, verkefni og stefnur er varða umhverfið.

Eftir að hafa látið almenningi í té nauðsynlegar upplýsingar skal sérhver aðili gera viðeigandi hagnýtar og/eða aðrar ráðstafanir vegna þátttöku almennings við undirbúning áætlana og verkefna er varða umhverfið, innan gegnsæs og sanngjarns ramma. Innan þessa ramma skal beitt 3., 4. og 8. mgr. 6. gr. Sá hluti almennings, sem taka má þátt, skal tilgreindur af viðeigandi opinberu yfirvaldi, að teknu tilliti til markmiða þessa samnings. Að því marki sem eðlilegt er skal sérhver aðili leitast við að veita almenningi tækifæri til að taka þátt í undirbúningi stefnumótunar er varðar umhverfið.

Article 7

PUBLIC PARTICIPATION CONCERNING PLANS, PROGRAMMES AND POLICIES RELATING TO THE ENVIRONMENT

Each Party shall make appropriate practical and/or other provisions for the public to participate during the preparation of plans and programmes relating to the environment, within a transparent and fair framework, having provided the necessary information to the public. Within this framework, article 6, paragraphs 3, 4 and 8, shall be applied. The public which may participate shall be identified by the relevant public authority, taking into account the objectives of this Convention. To the extent appropriate, each Party shall endeavour to provide opportunities for public participation in the preparation of policies relating to the environment.

8. gr.

Þátttaka almennings við undirbúning framkvæmdareglna og/eða lagalega bindandi reglna sem hafa almennt gildi.

Sérhver aðili skal leggja sig fram um að efla virka þátttöku almennings á viðeigandi stigi og meðan kostir eru enn fyrir hendi í undirbúningi opinberra yfirvalda á framkvæmdareglum og öðrum lagalega

Article 8

PUBLIC PARTICIPATION DURING THE PREPARATION OF EXECUTIVE REGULATIONS AND/OR GENERALLY APPLICABLE LEGALLY BINDING NORMATIVE INSTRUMENTS

Each Party shall strive to promote effective public participation at an appropriate stage, and while options are still open, during the preparation by public authorities of executive regulations and other

bindandi reglum sem hafa almennt gildi og kunna að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið. Í þessum tilgangi ætti að gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) setja tímamörk sem eru fullnægjandi til að ná fram virkri þátttöku;
b) gefa út drög að reglum eða gera þau almenningi aðgengileg á annan hátt; og
c) gefa almenningi kost á að gera athugasemdir, annaðhvort beint eða gegnum ráðgefandi aðila sem kemur fram fyrir hans hönd.

Taka skal tillit til niðurstöðu af þátttöku almennings að svo miklu leyti sem unnt er.

9. gr.

Aðgangur að réttlátri málsmeðferð.

1. Sérhver aðili skal, innan ramma landslaga, tryggja að hver maður, sem telur að beiðni hans um upplýsingar skv. 4. gr. hafi verið hunsuð, hafnað ranglega, hvort heldur að hluta til eða í heild, svarað á ófullnægjandi hátt eða að hún hafi að öðru leyti ekki fengið meðferð í samræmi við ákvæði þeirrar greinar, hafi aðgang að endurskoðunarleið fyrir dómstólum eða öðrum óháðum og hlutlausum aðila samkvæmt lögum.

Í þeim tilvikum þegar aðili gerir ráðstafanir til að fyrir hendi sé slík endurskoðunarleið fyrir dómstólum skal hann tryggja að viðkomandi maður hafi einnig aðgang að fljótvirkri meðferð sem mælt skal fyrir um í lögum sem sé ókeypis eða ódýr um endurmat af hálfu opinbers yfirvalds eða endurskoðun af hálfu óháðs og hlutlauss aðila annars en dómstólum.

Endanlegar ákvarðanir skv. 1. mgr. skulu vera bindandi fyrir hið opinbera yfirvald sem býr yfir upplýsingunum. Ástæður skulu tilgreindar skriflega, að minnsta kosti ef aðgangi að upplýsingum er hafnað samkvæmt þessari málsgrein.

2. Sérhver aðili skal, innan ramma landslaga, tryggja að einstaklingar sem málið varðar sem

a) eiga nægjanlegra hagsmuna að gæta

eða, að öðrum kosti,

b) halda því fram að gengið hafi verið á rétt þeirra, þar sem slíkt skilyrði er sett í lögum aðila um opinbera stjórnsýslu,

hafi aðgang að endurskoðunarleið fyrir dómstólum og/eða öðrum óháðum og hlutlausum aðila samkvæmt lögum til að véfengja lagagildi sérhverrar ákvörðunar, aðgerðar eða aðgerðaleysis, hvað varðar efni og form, samkvæmt ákvæðum 6. gr. og, sé kveðið svo á í landslögum og að óskertum ákvæðum 3. mgr. hér á eftir, öðrum viðeigandi ákvæðum þessa samnings.

Hvað teljast nægjanlegir hagsmunir og hvenær talið er að gengið hafi verið á rétt skal ákvarðast í samræmi við skilyrði landslaga og ávallt með það að

generally applicable legally binding rules that may have a significant effect on the environment. To this end, the following steps should be taken:

(a) Time-frames sufficient for effective participation should be fixed;
(b) Draft rules should be published or otherwise made publicly available; and
(c) The public should be given the opportunity to comment, directly or through representative consultative bodies.

The result of the public participation shall be taken into account as far as possible.

Article 9

ACCESS TO JUSTICE

1. Each Party shall, within the framework of its national legislation, ensure that any person who considers that his or her request for information under article 4 has been ignored, wrongfully refused, whether in part or in full, inadequately answered, or otherwise not dealt with in accordance with the provisions of that article, has access to a review procedure before a court of law or another independent and impartial body established by law.

In the circumstances where a Party provides for such a review by a court of law, it shall ensure that such a person also has access to an expeditious procedure established by law that is free of charge or inexpensive for reconsideration by a public authority or review by an independent and impartial body other than a court of law.

Final decisions under this paragraph 1 shall be binding on the public authority holding the information. Reasons shall be stated in writing, at least where access to information is refused under this paragraph.

2. Each Party shall, within the framework of its national legislation, ensure that members of the public concerned

(a) Having a sufficient interest

or, alternatively,

(b) Maintaining impairment of a right, where the administrative procedural law of a Party requires this as a precondition,

have access to a review procedure before a court of law and/or another independent and impartial body established by law, to challenge the substantive and procedural legality of any decision, act or omission subject to the provisions of article 6 and, where so provided for under national law and without prejudice to paragraph 3 below, of other relevant provisions of this Convention.

What constitutes a sufficient interest and impairment of a right shall be determined in accordance with the requirements of national law and consistent-

markmiði að veita almenningi sem málið varðar víðtækan aðgang að réttlátri málsmeðferð innan ramma þessa samnings. Í þessu augnamiði skulu hagsmunir sérhverra frjálsra félagasamtaka sem uppfylla þau skilyrði sem vísað er til í 5. mgr. 2. gr. taldir vera nægjanlegir með tilliti til a-liðar hér að framan. Slík samtök skulu einnig teljast hafa réttindi sem hægt er að ganga á í skilningi b-liðar hér að framan.

Ákvæði 2. mgr. skulu ekki útiloka möguleikann á endurskoðunarleið til bráðabirgða fyrir opinberu yfirvaldi og skulu ekki hafa áhrif á það skilyrði að tæma allar endurskoðunarleiðir fyrir yfirvöldum áður en gripið er til endurskoðunarleiða fyrir dómstólum þar sem slík krafa er gerð í landslögum.

3. Til viðbótar og að óskertum þeim endurskoðunarleiðum sem vísað er til í 1. og 2. mgr. hér að framan skal sérhver aðili tryggja að uppfylli einstaklingar þau viðmiðunarskilyrði, ef einhver eru, sem kveðið er á um í landslögum skuli þeir hafa aðgang að stjórnsýslu- og dómstólaleiðum til að véfengja aðgerðir og aðgerðaleysi af hálfu einstaklinga og opinberra yfirvalda sem ganga gegn ákvæðum eigin landslaga um umhverfið.
4. Til viðbótar og að óskertri 1. mgr. hér að framan skulu leiðirnar, sem vísað er til í 1., 2. og 3. mgr. hér að framan, veita fullnægjandi og virk úrræði, þar með lögbannsleið eftir því sem við á, og vera sanngjarnar, réttlátar, tímanlegar og ekki óhæfilega dýrar. Ákvarðanir samkvæmt þessari grein skulu tilkynntar eða skráðar skriflega. Niðurstöður dómstóla, svo og annarra aðila þar sem unnt er, skulu vera aðgengilegar almenningi.
5. Til að efla virkni ákvæða þessarar greinar skal sérhver aðili tryggja að upplýsingar séu veittar almenningi um aðgang að endurskoðunarleiðum fyrir yfirvöldum og dómstólum og skal huga að því að koma á viðeigandi stuðningskerfum til að fjarlægja eða draga úr fjárhagslegum og öðrum hindrunum gegn aðgangi að réttlátri málsmeðferð.

10. gr.
Fundir aðila.

1. Fyrsti fundur aðila skal kallaður saman eigi síðar en einu ári eftir að samningur þessi öðlast gildi. Síðan skal halda reglulegan fund aðila að minnsta kosti á tveggja ára fresti nema aðilarnir ákveði annað eða að fenginni skriflegri beiðni einhvers aðila, að því tilskildu að þessi beiðni sé studd af að minnsta kosti einum þriðja hluta aðila innan sex mánaða frá því að framkvæmdastjóri Efnahagsráðs Evrópu sendir beiðnina til allra aðila.

ly with the objective of giving the public concerned wide access to justice within the scope of this Convention. To this end, the interest of any non-governmental organization meeting the requirements referred to in article 2, paragraph 5, shall be deemed sufficient for the purpose of subparagraph (a) above. Such organizations shall also be deemed to have rights capable of being impaired for the purpose of subparagraph (b) above.

The provisions of this paragraph 2 shall not exclude the possibility of a preliminary review procedure before an administrative authority and shall not affect the requirement of exhaustion of administrative review procedures prior to recourse to judicial review procedures, where such a requirement exists under national law.
3. In addition and without prejudice to the review procedures referred to in paragraphs 1 and 2 above, each Party shall ensure that, where they meet the criteria, if any, laid down in its national law, members of the public have access to administrative or judicial procedures to challenge acts and omissions by private persons and public authorities which contravene provisions of its national law relating to the environment.
4. In addition and without prejudice to paragraph 1 above, the procedures referred to in paragraphs 1, 2 and 3 above shall provide adequate and effective remedies, including injunctive relief as appropriate, and be fair, equitable, timely and not prohibitively expensive. Decisions under this article shall be given or recorded in writing. Decisions of courts, and whenever possible of other bodies, shall be publicly accessible.
5. In order to further the effectiveness of the provisions of this article, each Party shall ensure that information is provided to the public on access to administrative and judicial review procedures and shall consider the establishment of appropriate assistance mechanisms to remove or reduce financial and other barriers to access to justice.

Article 10
MEETING OF THE PARTIES

1. The first meeting of the Parties shall be convened no later than one year after the date of the entry into force of this Convention. Thereafter, an ordinary meeting of the Parties shall be held at least once every two years, unless otherwise decided by the Parties, or at the written request of any Party, provided that, within six months of the request being communicated to all Parties by the Executive Secretary of the Economic Commission for Europe, the said request is supported by at least one third of the Parties.

2. Á fundum sínum skulu aðilar hafa til stöðugrar endurskoðunar framkvæmd þessa samnings á grundvelli reglulegrar skýrslugerðar aðilanna og, með þennan tilgang í huga, skulu þeir:

a) endurskoða stefnu varðandi lagalegar og aðferðafræðilegar leiðir er varða aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum í þeim tilgangi að bæta þær enn frekar;
b) skiptast á upplýsingum varðandi reynslu sem aflað hefur verið við að gera og framkvæma tvíhliða og marghliða samninga eða annars konar fyrirkomulag sem varðar tilgang þessa samnings og sem einn eða fleiri aðilar að þessum samningi eru aðilar að;
c) leita, þar sem við á, eftir þjónustu stofnana Efnahagsráðs Evrópu og annarra þar til bærra alþjóðlegra stofnana og sérstakra nefnda varðandi alla þætti er lúta að því að ná fram markmiðum þessa samnings;
d) setja á fót hvers konar undirnefndir eftir því sem þeir telja nauðsynlegt;
e) undirbúa, þar sem við á, bókanir við þennan samning;
f) fjalla um og samþykkja tillögur um breytingar á þessum samningi í samræmi við ákvæði 14. gr.;
g) fjalla um og hrinda í framkvæmd sérhverjum viðbótaraðgerðum sem kunna að vera nauðsynlegar til að ná fram markmiðum þessa samnings;
h) fjalla um á fyrsta fundi sínum og samþykkja samhljóða fundarsköp fyrir fundi sína og fundi undirnefnda;
i) fara á fyrsta fundi sínum yfir reynslu sína af framkvæmd ákvæða 9. mgr. 5. gr. og fjalla um hvaða skref eru nauðsynleg til að þróa frekar kerfið sem þar er vísað til, að teknu tilliti til alþjóðlegra ferla og þróunar, þar með talin útfærsla á viðeigandi gerningi varðandi skrár og upplýsingasöfn um losun og flutning mengunarefna sem mætti gera að viðauka við þennan samning.

3. Fundur aðilanna getur, ef þörf krefur, fjallað um að koma á fjárhagslegum ráðstöfunum með einróma samþykki.

4. Rétt til að taka þátt í fundum aðila sem áheyrnaraðilar hafa Sameinuðu þjóðirnar, sérstofnanir þeirra og Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, ásamt sérhverju ríki eða svæðisbundnum samtökum um efnahagssamvinnu sem er heimilt skv. 17. gr. að undirrita þennan samning en er ekki aðili að honum, og einnig sérhver milliríkjastofnun sem er hæf á þeim sviðum sem þessi samningur snertir.

2. At their meetings, the Parties shall keep under continuous review the implementation of this Convention on the basis of regular reporting by the Parties, and, with this purpose in mind, shall:

(a) Review the policies for and legal and methodological approaches to access to information, public participation in decision-making and access to justice in environmental matters, with a view to further improving them;
(b) Exchange information regarding experience gained in concluding and implementing bilateral and multilateral agreements or other arrangements having relevance to the purposes of this Convention and to which one or more of the Parties are a party;
(c) Seek, where appropriate, the services of relevant ECE bodies and other competent international bodies and specific committees in all aspects pertinent to the achievement of the purposes of this Convention;
(d) Establish any subsidiary bodies as they deem necessary;
(e) Prepare, where appropriate, protocols to this Convention;
(f) Consider and adopt proposals for amendments to this Convention in accordance with the provisions of article 14;
(g) Consider and undertake any additional action that may be required for the achievement of the purposes of this Convention;
(h) At their first meeting, consider and by consensus adopt rules of procedure for their meetings and the meetings of subsidiary bodies;
(i) At their first meeting, review their experience in implementing the provisions of article 5, paragraph 9, and consider what steps are necessary to develop further the system referred to in that paragraph, taking into account international processes and developments, including the elaboration of an appropriate instrument concerning pollution release and transfer registers or inventories which could be annexed to this Convention.

3. The Meeting of the Parties may, as necessary, consider establishing financial arrangements on a consensus basis.

4. The United Nations, its specialized agencies and the International Atomic Energy Agency, as well as any State or regional economic integration organization entitled under article 17 to sign this Convention but which is not a Party to this Convention, and any intergovernmental organization qualified in the fields to which this Convention relates, shall be entitled to participate as observers in the meetings of the Parties.

5. Sérhverjum frjálsum félagasamtökum, sem eru hæf á þeim sviðum sem þessi samningur snertir og hafa tilkynnt framkvæmdastjóra Efnahagsráðs Evrópu um vilja sinn til þess að eiga fulltrúa á fundum aðila, skal heimilt að taka þátt sem áheyrnaraðili, nema að minnsta kosti einn þriðji hluti aðila sem viðstaddir eru á fundinum hafi uppi mótmæli.
6. Að því er varðar 4. og 5. mgr. hér að framan skulu fundarsköp þau sem vísað er til í h-lið 2. mgr. hér að framan gera ráð fyrir hagnýtu fyrirkomulagi varðandi málsmeðferð við að veita aðgang og aðra viðeigandi skilmála.

11. gr.
Atkvæðisréttur.

1. Að öðru leyti en því sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar skal sérhver aðili að samningi þessum hafa yfir einu atkvæði að ráða.
2. Í málum sem falla undir valdsvið þeirra skulu svæðisbundin samtök um efnahagssamvinnu neyta atkvæðisréttar síns með atkvæðafjölda sem er jafn fjölda aðildarríkja þeirra sem eru aðilar að þessum samningi. Samtök þessi skulu ekki neyta atkvæðisréttar síns ef aðildarríki þeirra gera það og öfugt.

12. gr.
Skrifstofan.

Framkvæmdastjóri Efnahagsráðs Evrópu skal inna af hendi eftirfarandi störf skrifstofunnar:

a) kalla saman og undirbúa fundi aðilanna;

b) dreifa til aðilanna skýrslum og öðrum upplýsingum sem berast í samræmi við ákvæði þessa samnings; og
c) hver þau önnur störf sem aðilarnir kunna að ákveða.

13. gr.
Viðaukar.

Viðaukarnir við þennan samning skulu teljast óaðskiljanlegur hluti hans.

14. gr.
Breytingar á samningnum.

1. Sérhver aðili getur borið fram tillögu um breytingu á samningi þessum.
2. Texti sérhverrar tillögu um breytingu á samningi þessum skal lagður fram skriflega hjá framkvæmdastjóra Efnahagsráðs Evrópu sem skal senda hann til allra aðila eigi síðar en níutíu dögum fyrir fund aðilanna þar sem tillagan er lögð fram til samþykktar.

5. Any non-governmental organization, qualified in the fields to which this Convention relates, which has informed the Executive Secretary of the Economic Commission for Europe of its wish to be represented at a meeting of the Parties shall be entitled to participate as an observer unless at least one third of the Parties present in the meeting raise objections.
6. For the purposes of paragraphs 4 and 5 above, the rules of procedure referred to in paragraph 2 (h) above shall provide for practical arrangements for the admittance procedure and other relevant terms.

Article 11
RIGHT TO VOTE

1. Except as provided for in paragraph 2 below, each Party to this Convention shall have one vote.

2. Regional economic integration organizations, in matters within their competence, shall exercise their right to vote with a number of votes equal to the number of their member States which are Parties to this Convention. Such organizations shall not exercise their right to vote if their member States exercise theirs, and vice versa.

Article 12
SECRETARIAT

The Executive Secretary of the Economic Commission for Europe shall carry out the following secretariat functions:
(a) The convening and preparing of meetings of the Parties;
(b) The transmission to the Parties of reports and other information received in accordance with the provisions of this Convention; and
(c) Such other functions as may be determined by the Parties.

Article 13
ANNEXES

The annexes to this Convention shall constitute an integral part thereof.

Article 14
AMENDMENTS TO THE CONVENTION

1. Any Party may propose amendments to this Convention.
2. The text of any proposed amendment to this Convention shall be submitted in writing to the Executive Secretary of the Economic Commission for Europe, who shall communicate it to all Parties at least ninety days before the meeting of the Parties at which it is proposed for adoption.

3. Aðilar skulu gera sitt ítrasta til að ná samkomulagi um tillögu um breytingu á samningi þessum með einróma samþykki. Hafi allar tilraunir til að ná einróma samþykki reynst árangurslausar og ekkert samkomulag liggur fyrir skal síðasta úrræðið vera að samþykkja breytinguna með atkvæðum þriggja fjórðu hluta þeirra aðila sem viðstaddir eru og atkvæði greiða á fundinum.
4. Breytingar á samningi þessum, sem samþykktar eru í samræmi við 3. mgr. hér að framan, skal vörsluaðili senda öllum aðilum til fullgildingar, samþykktar eða staðfestingar. Breytingar á samningi þessum, aðrar en á viðauka, öðlast gildi að því er varðar aðila sem hafa fullgilt þær, samþykkt eða staðfest á nítugasta degi eftir að vörsluaðili hefur tekið við tilkynningu um fullgildingu, samþykkt eða staðfestingu þeirra frá þremur fjórðu hlutum þeirra aðila hið minnsta. Eftir þann tíma skulu þær öðlast gildi að því er varðar sérhvern annan aðila á nítugasta degi eftir að sá aðili hefur afhent skjal sitt um fullgildingu, samþykkt eða staðfestingu á breytingunum til vörslu.
5. Sérhver aðili, sem getur ekki samþykkt breytingu á viðauka við þennan samning, skal tilkynna það til vörsluaðilans skriflega eigi síðar en tólf mánuðum frá dagsetningu tilkynningar um samþykkt á fundi aðila. Vörsluaðilinn skal án tafar greina öllum aðilum frá sérhverri slíkri tilkynningu sem hann tekur við. Aðili getur hvenær sem er látið staðfestingu sína koma í stað fyrri tilkynningar sinnar og skulu breytingar á viðkomandi viðauka öðlast gildi að því er þann aðila varðar þegar hann afhendir skjal sitt um staðfestingu til vörsluaðila.
6. Að liðnum tólf mánuðum frá dagsetningu tilkynningar frá vörsluaðila sem kveðið er á um í 4. mgr. að framan skal breyting á viðauka öðlast gildi að því er þá aðila varðar sem ekki hafa lagt fram tilkynningu til vörsluaðila í samræmi við ákvæði 5. mgr. að framan, að því tilskildu að eigi fleiri en þriðjungur aðila hafi lagt fram slíka tilkynningu.

7. Hvað varðar þessa grein skal „aðilar sem viðstaddir eru og atkvæði greiða“ merkja þá aðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði með eða móti.

15. gr.
Athugun á því hvernig ákvæðum samningsins er fylgt.

Fundur aðila skal með einróma samþykki koma á laggirnar valfrjálsu fyrirkomulagi sem ekki leiðir til átaka, er ekki tengt dómstólum og er í formi ráðgjafar til að fara yfir það hvernig ákvæðum samnings þessa er fylgt. Þetta fyrirkomulag skal gera ráð fyrir viðeigandi þátttöku almennings og kann að fela í sér

3. The Parties shall make every effort to reach agreement on any proposed amendment to this Convention by consensus. If all efforts at consensus have been exhausted, and no agreement reached, the amendment shall as a last resort be adopted by a three-fourths majority vote of the Parties present and voting at the meeting.

4. Amendments to this Convention adopted in accordance with paragraph 3 above shall be communicated by the Depositary to all Parties for ratification, approval or acceptance. Amendments to this Convention other than those to an annex shall enter into force for Parties having ratified, approved or accepted them on the ninetieth day after the receipt by the Depositary of notification of their ratification, approval or acceptance by at least three fourths of these Parties. Thereafter they shall enter into force for any other Party on the ninetieth day after that Party deposits its instrument of ratification, approval or acceptance of the amendments.

5. Any Party that is unable to approve an amendment to an annex to this Convention shall so notify the Depositary in writing within twelve months from the date of the communication of the adoption. The Depositary shall without delay notify all Parties of any such notification received. A Party may at any time substitute an acceptance for its previous notification and, upon deposit of an instrument of acceptance with the Depositary, the amendments to such an annex shall become effective for that Party.

6. On the expiry of twelve months from the date of its communication by the Depositary as provided for in paragraph 4 above an amendment to an annex shall become effective for those Parties which have not submitted a notification to the Depositary in accordance with the provisions of paragraph 5 above, provided that not more than one third of the Parties have submitted such a notification.
7. For the purposes of this article, "Parties present and voting" means Parties present and casting an affirmative or negative vote.

Article 15
REVIEW OF COMPLIANCE

The Meeting of the Parties shall establish, on a consensus basis, optional arrangements of a non-confrontational, non-judicial and consultative nature for reviewing compliance with the provisions of this Convention. These arrangements shall allow for appropriate public involvement and may include the

þann kost að taka til athugunar ábendingar frá almenningi um málefni er varða þennan samning.

16. gr.
Lausn deilumála.

1. Nú kemur upp deila milli tveggja eða fleiri aðila um túlkun eða beitingu samnings þessa og skulu þeir þá leita lausnar með samningum eða með einhverjum öðrum hætti sem aðilar að deilunni eru ásáttir um.
2. Við undirritun, fullgildingu, staðfestingu eða samþykkt þessa samnings eða við aðild að honum, eða hvenær sem er síðar, getur aðili sent vörsluaðila skriflega yfirlýsingu um að varðandi deilu sem ekki hefur verið leyst í samræmi við 1. mgr. að framan samþykki hann eina eða báðar af eftirfarandi leiðum til lausnar á deilum sem bindandi hvað varðar sérhvern aðila sem einnig samþykkir sömu skuldbindingu:

a) að leggja deiluna fyrir Alþjóðadómstólinn;

b) gerð í samræmi við málsmeðferð sem lýst er í II. viðauka.

3. Ef aðilar að deilunni hafa samþykkt báðar leiðir til lausnar á deilum skv. 2. mgr. má aðeins leggja deiluna fyrir Alþjóðadómstólinn, nema þeir komi sér saman um annað.

17. gr.
Undirritun.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar í Árósum (Danmörku) hinn 25. júní 1998 og eftir það í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York til 21. desember 1998 af hálfu aðildarríkja Efnahagsráðs Evrópu auk þeirra ríkja sem hafa stöðu samráðsaðila hjá Efnahagsráði Evrópu skv. 8. og 11. mgr. ályktunar efnahags- og félagsmálaráðsins nr. 36 (IV) frá 28. mars 1947, og af hálfu svæðisbundinna samtaka um efnahagssamvinnu sem stofnuð eru af fullvalda ríkjum sem eru meðlimir í Efnahagsráði Evrópu og falið hafa samtökunum vald í málum er falla undir þennan samning, þar með talið vald til að gera samninga varðandi þessi mál.

18. gr.
Vörsluaðili.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal vera vörsluaðili þessa samnings.

option of considering communications from members of the public on matters related to this Convention.

Article 16
SETTLEMENT OF DISPUTES

1. If a dispute arises between two or more Parties about the interpretation or application of this Convention, they shall seek a solution by negotiation or by any other means of dispute settlement acceptable to the parties to the dispute.
2. When signing, ratifying, accepting, approving or acceding to this Convention, or at any time thereafter, a Party may declare in writing to the Depositary that, for a dispute not resolved in accordance with paragraph 1 above, it accepts one or both of the following means of dispute settlement as compulsory in relation to any Party accepting the same obligation:

(a) Submission of the dispute to the International Court of Justice;
(b) Arbitration in accordance with the procedure set out in annex II.

3. If the parties to the dispute have accepted both means of dispute settlement referred to in paragraph 2 above, the dispute may be submitted only to the International Court of Justice, unless the parties agree otherwise.

Article 17
SIGNATURE

This Convention shall be open for signature at Aarhus (Denmark) on 25 June 1998, and thereafter at United Nations Headquarters in New York until 21 December 1998, by States members of the Economic Commission for Europe as well as States having consultative status with the Economic Commission for Europe pursuant to paragraphs 8 and 11 of Economic and Social Council resolution 36 (IV) of 28 March 1947, and by regional economic integration organizations constituted by sovereign States members of the Economic Commission for Europe to which their member States have transferred competence over matters governed by this Convention, including the competence to enter into treaties in respect of these matters.

Article 18
DEPOSITARY

The Secretary-General of the United Nations shall act as the Depositary of this Convention.

19. gr.
Fullgilding, staðfesting, samþykkt og aðild.

1. Samningur þessi er háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykkt ríkja og svæðisbundinna samtaka um efnahagssamvinnu sem undirritað hafa hann.
2. Ríki og svæðisbundin samtök um efnahagssamvinnu sem vísað er til í 17. gr. geta gerst aðilar að þessum samningi frá og með 22. desember 1998.

3. Sérhvert annað ríki, sem ekki er vísað til í 2. mgr. að framan og er aðildarríki Sameinuðu þjóðanna, getur gerst aðili að þessum samningi með samþykki fundar aðilanna.
4. Sérhver samtök, sem vísað er til í 17. gr. og gerast aðili að þessum samningi án þess að nokkurt aðildarríkja þeirra sé aðili, skulu vera bundin af öllum skuldbindingum þessa samnings. Ef eitt eða fleiri aðildarríki að slíkum samtökum er aðili að samningi þessum skulu samtökin og aðildarríki þeirra skera úr um ábyrgð hvers um sig á að framkvæma skuldbindingar sínar samkvæmt þessum samningi. Í slíkum tilvikum skal samtökunum og aðildarríkjunum ekki heimilt að beita réttindum sínum samkvæmt þessum samningi samtímis.
5. Í skjölum sínum um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild skulu þau svæðisbundnu samtök um efnahagssamvinnu, sem um getur í 17. gr., tilgreina hvert valdsvið þeirra nær í málefnum sem samningur þessi nær til. Skulu samtökin einnig skýra vörsluaðila frá öllum umtalsverðum breytingum á valdsviði sínu.

20. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi á nítugasta degi eftir að sextánda skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild hefur verið afhent til vörslu.
2. Að því er varðar 1. mgr. að framan skal sérhvert skjal, sem svæðisbundin samtök um efnahagssamvinnu afhenda til vörslu, ekki talið vera viðbót við skjöl sem aðildarríki hennar afhenda.

3. Að því er varðar hvert ríki eða samtök sem vísað er til í 17. gr. sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir þennan samning eða gerist aðili að honum eftir að sextánda skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild hefur verið afhent til vörslu skal samningurinn öðlast gildi á nítugasta degi eftir að það ríki eða þau samtök afhenda til vörslu skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild.

Article 19
RATIFICATION, ACCEPTANCE, APPROVAL AND ACCESSION

1. This Convention shall be subject to ratification, acceptance or approval by signatory States and regional economic integration organizations.
2. This Convention shall be open for accession as from 22 December 1998 by the States and regional economic integration organizations referred to in article 17.
3. Any other State, not referred to in paragraph 2 above, that is a Member of the United Nations may accede to the Convention upon approval by the Meeting of the Parties.
4. Any organization referred to in article 17 which becomes a Party to this Convention without any of its member States being a Party shall be bound by all the obligations under this Convention. If one or more of such an organization's member States is a Party to this Convention, the organization and its member States shall decide on their respective responsibilities for the performance of their obligations under this Convention. In such cases, the organization and the member States shall not be entitled to exercise rights under this Convention concurrently.
5. In their instruments of ratification, acceptance, approval or accession, the regional economic integration organizations referred to in article 17 shall declare the extent of their competence with respect to the matters governed by this Convention. These organizations shall also inform the Depositary of any substantial modification to the extent of their competence.

Article 20
ENTRY INTO FORCE

1. This Convention shall enter into force on the ninetieth day after the date of deposit of the sixteenth instrument of ratification, acceptance, approval or accession.
2. For the purposes of paragraph 1 above, any instrument deposited by a regional economic integration organization shall not be counted as additional to those deposited by States members of such an organization.
3. For each State or organization referred to in article 17 which ratifies, accepts or approves this Convention or accedes thereto after the deposit of the sixteenth instrument of ratification, acceptance, approval or accession, the Convention shall enter into force on the ninetieth day after the date of deposit by such State or organization of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

21. gr.
Uppsögn.

Hvenær sem er að liðnum þremur árum frá því að samningur þessi öðlast gildi að því er aðila varðar getur viðkomandi aðili sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila. Sérhver uppsögn skal öðlast gildi á nítugasta degi eftir að vörsluaðili tekur við henni.

Article 21
WITHDRAWAL

At any time after three years from the date on which this Convention has come into force with respect to a Party, that Party may withdraw from the Convention by giving written notification to the Depositary. Any such withdrawal shall take effect on the ninetieth day after the date of its receipt by the Depositary.

22. gr.
Gildir textar.

Frumrit samnings þessa, en textar hans á ensku, frönsku og rússnesku eru allir jafngildir, skal afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

Article 22
AUTHENTIC TEXTS

The original of this Convention, of which the English, French and Russian texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized thereto, have signed this Convention.

GJÖRT í Árósum (Danmörku) hinn 25. júní 1998.

DONE at Aarhus (Denmark), this twenty-fifth day of June, one thousand nine hundred and ninety-eight.

I. VIÐAUKI
Listi yfir starfsemi sem vísað er til í a-lið 1. mgr. 6. gr.

1. Orkugeirinn:
- hreinsunarstöðvar fyrir jarðolíu og gas;
- verksmiðjur til gasmyndunar og vökvamyndunar;
- varmaorkuver og önnur brennslusver með orkuaðveitu 50 megavött (MW) eða meira;
- koksofnar;
- kjarnorkuver og aðrir kjarnaofnar, þar með talið að taka í sundur eða taka úr notkun slík orkuver eða ofna[1] (nema rannsóknarver fyrir framleiðslu og ummyndun kjarnakleyfra og frjórra efna með orku sem er ekki meiri en 1 kW stöðugt varmaálag);
- stöðvar þar sem geisluð kjarnakleyf efni eru endurunnin;
- stöðvar sem hannaðar eru:
  - til framleiðslu eða auðgunar kjarnakleyfra efna;
  - til vinnslu geislaðra kjarnakleyfra efna eða mjög geislavirks úrgangs;
  - til endanlegrar förgunar á geisluðum kjarnakleyfum efnum;
  - eingöngu til endanlegrar förgunar á geislavirkum úrgangi;

Annex I
LIST OF ACTIVITIES REFERRED TO IN ARTICLE 6, PARAGRAPH 1 (a)

1. Energy sector:
- Mineral oil and gas refineries;
- Installations for gasification and liquefaction;
- Thermal power stations and other combustion installations with a heat input of 50 megawatts (MW) or more;
- Coke ovens;
- Nuclear power stations and other nuclear reactors including the dismantling or decommissioning of such power stations or reactors[1] (except research installations for the production and conversion of fissionable and fertile materials whose maximum power does not exceed 1 kW continuous thermal load);
- Installations for the reprocessing of irradiated nuclear fuel;
- Installations designed:
  - For the production or enrichment of nuclear fuel;
  - For the processing of irradiated nuclear fuel or high-level radioactive waste;
  - For the final disposal of irradiated nuclear fuel;
  - Solely for the final disposal of radioactive waste;

- eingöngu til geymslu (til meira en 10 ára) á geisluðum kjarnakleyfum efnum eða geislavirkum úrgangi annars staðar en á framleiðslustað.

2. Framleiðsla og vinnsla málma:
- verksmiðjur til að baka eða sindra málmgrýti (þar með talið brennisteinssúlfíð);
- stöðvar til framleiðslu á steypujárni eða stáli (fyrsta eða önnur bræðsla) ásamt samfelldri steypingu með afköstum yfir 2,5 tonnum á klst.;
- stöðvar til framleiðslu á járnkenndum málmum:
  (i) heitvölsunarstöðvar með afköstum yfir 20 tonn af hrástáli á klst.;
  (ii) smiðjur með hömrum sem eru meira en 50 kilojoule hver og þar sem kaloríuorkan, sem notuð er, er meiri en 20 MW;
  (iii) varnarhúðun með bræddum málmum þar sem notkun er meiri en 2 tonn af hrástáli á klst.;
- málmsteypusmiðjur fyrir járnkennda málma með afköst yfir 20 tonn á dag;
- stöðvar:
  (i) til að framleiða málma sem ekki hafa eiginleika járns úr málmgrýti, uppsafni eða brotamálmum með aðferðum málmvinnslu, efnafræði eða rafgreiningar;
  (ii) til bræðslu, einnig málmblendis, á járnlausum málmum, þar á meðal endurheimtum vörum (hreinsun, steypa í steypusmiðjum o.s.frv.), með bræðsluafköst yfir 4 tonn á dag fyrir blý og kadmíum og 20 tonn á dag fyrir alla aðra málma;
- stöðvar til vinnslu málma og plastefna ofanjarðar með rafgreiningar- eða efnameðferð ef rúmmál meðferðarkeranna er meira en 30 m^3.

3. Steinefnaiðnaður:
- verksmiðjur til að framleiða sementsgjall í snúningsbrennsluofnum með afköst yfir 500 tonn á dag eða kalk í snúningsbrennsluofnum með afköst yfir 50 tonn á dag eða í annars konar brennsluofnum með afköst yfir 50 tonn á dag;
- stöðvar til framleiðslu á asbesti og asbestvörum;
- stöðvar til framleiðslu á gleri og trefjaefni með bræðsluafköst yfir 20 tonn á dag;
- stöðvar til að bræða steinefni og framleiða steinefnatrefjar með bræðsluafköst yfir 20 tonn á dag;

- Solely for the storage (planned for more than 10 years) of irradiated nuclear fuels or radioactive waste in a different site than the production site.

2. Production and processing of metals:
- Metal ore (including sulphide ore) roasting or sintering installations;
- Installations for the production of pig-iron or steel (primary or secondary fusion) including continuous casting, with a capacity exceeding 2.5 tons per hour;
- Installations for the processing of ferrous metals:
  (i) Hot-rolling mills with a capacity exceeding 20 tons of crude steel per hour;
  (ii) Smitheries with hammers the energy of which exceeds 50 kilojoules per hammer, where the calorific power used exceeds 20 MW;
  (iii) Application of protective fused metal coats with an input exceeding 2 tons of crude steel per hour;
- Ferrous metal foundries with a production capacity exceeding 20 tons per day;
- Installations:
  (i) For the production of non-ferrous crude metals from ore, concentrates or secondary raw materials by metallurgical, chemical or electrolytic processes;
  (ii) For the smelting, including the alloying, of non-ferrous metals, including recovered products (refining, foundry casting, etc.), with a melting capacity exceeding 4 tons per day for lead and cadmium or 20 tons per day for all other metals;
- Installations for surface treatment of metals and plastic materials using an electrolytic or chemical process where the volume of the treatment vats exceeds 30 m^3.

3. Mineral industry:
- Installations for the production of cement clinker in rotary kilns with a production capacity exceeding 500 tons per day or lime in rotary kilns with a production capacity exceeding 50 tons per day or in other furnaces with a production capacity exceeding 50 tons per day;
- Installations for the production of asbestos and the manufacture of asbestos-based products;
- Installations for the manufacture of glass including glass fibre with a melting capacity exceeding 20 tons per day;
- Installations for melting mineral substances including the production of mineral fibres with a melting capacity exceeding 20 tons per day;

– stöðvar til framleiðslu á leirvöru með brennslu, einkum þakflísum, múrsteinum, eldföstum múrsteinum, flísum, leirmunum og postulíni, með afköst yfir 75 tonn á dag og/eða ofnarými yfir 4 m^3 og með hleðsluþéttleika yfir 300 kg/m^3 á hvern brennsluofn.

4. Efnaiðnaður: Framleiðsla innan þeirra flokka starfsemi sem greinir í þessum tölulið merkir framleiðslu á stærðargráðu iðnaðar með kemískri vinnslu efna eða flokka efna sem getið er í a- til g-liðum:

a) efnaverksmiðjur til að framleiða lífræn hráefni, svo sem:
   (i) einföld kolefnissambönd (línu- eða hringtengd, mettuð eða ómettuð, alifatísk eða arómatísk);
   (ii) súrefnisinnihaldandi kolvetni svo sem alkóhól, aldehýð, ketón, karboxýlsýrur, esterar, asetöt, eterar, peroxíð, epoxýefni;
   (iii) kolvetnissúlfíð;
   (iv) níturkolvetni svo sem amín, amíð, níturssambönd, nítró- eða nítratsambönd, nítríl, sían öt, ísósían öt;
   (v) kolvetni sem innihalds fosfór;
   (vi) halótgenisk kolvetni;
   (vii) lífræn málmefnasambönd;
   (viii) hráefni í plastiðnaði, (pólýmer, gerviþræðir og sellulósaþræðir);
   (ix) gervigúmmí;
   (x) litunarefni og litarefni;
   (xi) yfirborðsvirk efni;
b) efnaverksmiðjur til að framleiða ólífræn hráefni, svo sem:
   (i) gastegundir, svo sem ammóníak, klór eða klórvetni, flór eða flórvetni, kolefnisoxíð, brennisteinssambönd, níturoxíð, vetni, brennisteinsdíoxíð, karbónílklóríð;
   (ii) sýrur, svo sem krómsýru, flórvetnissýru, fosfórsýru, saltpéturssýru, saltsýru, brennisteinssýru, olíusýru, brennisteinstvísýrlinga;
   (iii) basa, svo sem ammóníumhýdroxíð, kalíumhýdroxíð, natríumhýdroxíð;
   (iv) sölt, svo sem ammóníumklóríð, kalíumklóríð, kalíumkarbónat, natríumkarbónat, perbórat, silfurnítrat;
   (v) málmleysingja, málmoxíð og önnur ólífræn efnasambönd svo sem kalsíumkarbíð, silíkon, silíkonkarbíð;

– Installations for the manufacture of ceramic products by firing, in particular roofing tiles, bricks, refractory bricks, tiles, stoneware or porcelain, with a production capacity exceeding 75 tons per day, and/or with a kiln capacity exceeding 4 m^3 and with a setting density per kiln exceeding 300 kg/m^3.

4. Chemical industry: Production within the meaning of the categories of activities contained in this paragraph means the production on an industrial scale by chemical processing of substances or groups of substances listed in subparagraphs (a) to (g):
(a) Chemical installations for the production of basic organic chemicals, such as:
   (i) Simple hydrocarbons (linear or cyclic, saturated or unsaturated, aliphatic or aromatic);
   (ii) Oxygen-containing hydrocarbons such as alcohols, aldehydes, ketones, carboxylic acids, esters, acetates, ethers, peroxides, epoxy resins;
   (iii) Sulphurous hydrocarbons;
   (iv) Nitrogenous hydrocarbons such as amines, amides, nitrous compounds, nitro compounds or nitrate compounds, nitriles, cyanates, isocyanates;
   (v) Phosphorus-containing hydrocarbons;
   (vi) Halogenic hydrocarbons;
   (vii) Organometallic compounds;
   (viii) Basic plastic materials (polymers, synthetic fibres and cellulose-based fibres);
   (ix) Synthetic rubbers;
   (x) Dyes and pigments;
   (xi) Surface-active agents and surfactants;
(b) Chemical installations for the production of basic inorganic chemicals, such as:
   (i) Gases, such as ammonia, chlorine or hydrogen chloride, fluorine or hydrogen fluoride, carbon oxides, sulphur compounds, nitrogen oxides, hydrogen, sulphur dioxide, carbonyl chloride;
   (ii) Acids, such as chromic acid, hydrofluoric acid, phosphoric acid, nitric acid, hydrochloric acid, sulphuric acid, oleum, sulphurous acids;
   (iii) Bases, such as ammonium hydroxide, potassium hydroxide, sodium hydroxide;
   (iv) Salts, such as ammonium chloride, potassium chlorate, potassium carbonate, sodium carbonate, perborate, silver nitrate;
   (v) Non-metals, metal oxides or other inorganic compounds such as calcium carbide, silicon, silicon carbide;

c) efnaverksmiðjur til að framleiða áburð sem inniheldur fosfór, köfnunarefni eða kalíum (einnig áburðarblöndur);
d) efnaverksmiðjur til að framleiða grunnvörur fyrir plöntuvarnarefni og lifeyða;
e) verksmiðjur til að framleiða grunnlyfjavörur með efnafræðilegum eða líffræðilegum aðferðum;
f) kemískar verksmiðjur til framleiðslu á sprengiefni;
g) kemískar verksmiðjur þar sem kemískar eða líffrænar aðferðir eru notaðar til að framleiða viðbótarefni í prótínfóðurbæta, hvata og önnur prótínefni.
5. Meðferð úrgangs:
– stöðvar fyrir brennslu, endurvinnslu, efnameðferð eða urðun hættulegra úrgangsefna;
– verksmiðjur fyrir brennslu heimilisúrgangs með afköst yfir 3 tonn á klst.;
– verksmiðjur fyrir förgun á úrgangi sem ekki er hættulegur með afköst yfir 50 tonn á dag;
– urðunarstaðir sem taka við meira en 10 tonnum á dag eða með heildarrými fyrir meira en 25.000 tonn, að frátöldum urðunarstöðum fyrir óbreytanlegan úrgang.
6. Skólphreinsistöðvar með meiri afkastagetu en sem svarar til 150.000 íbúa byggðar.
7. Verksmiðjur fyrir:
a) framleiðslu á pappírsdeigi úr timbri eða svipuðum trefjaefnum;
b) framleiðslu á pappír og pappa sem geta framleitt meira en 20 tonn á dag.
8. a) Lagning járnbrauta yfir miklar vegalengdir, svo og flugvalla,[2] með 2100 metra langa meginflugbraut eða lengri;
b) lagning vega og hraðbrauta;[3]
c) lagning nýs vegar með fjórum akreinum eða fleiri, eða lagfæring á veglínu og/eða breikkun vegar með tveimur akreinum eða færri til þess að fjölga akreinum í minnst fjórar, ef nýi vegurinn, lagfærð veglína og/eða breikkaður vegarhluti væri 10 km eða meira að lengd samfellt.
9. a) Skipgengar vatnaleiðir og innhafnir sem skip stærri en 1350 tonn komast um;
b) viðskiptahafnir, bryggjur til útskipunar og uppskipunar tengdar landi og ytri hafnir (að frátöldum ferjubryggjum) sem skip stærri en 1350 tonn geta lagst að.
10. Kerfi til að vinna grunnvatn eða veita því á svæði, ef árlegt magn vatns sem unnið er eða veitt á er 10 milljónir rúmmetrar eða meira.

(c) Chemical installations for the production of phosphorous-, nitrogen- or potassium-based fertilizers (simple or compound fertilizers);
(d) Chemical installations for the production of basic plant health products and of biocides;
(e) Installations using a chemical or biological process for the production of basic pharmaceutical products;
(f) Chemical installations for the production of explosives;
(g) Chemical installations in which chemical or biological processing is used for the production of protein feed additives, ferments and other protein substances.
5. Waste management:
– Installations for the incineration, recovery, chemical treatment or landfill of hazardous waste;
– Installations for the incineration of municipal waste with a capacity exceeding 3 tons per hour;
– Installations for the disposal of non-hazardous waste with a capacity exceeding 50 tons per day;
– Landfills receiving more than 10 tons per day or with a total capacity exceeding 25,000 tons, excluding landfills of inert waste.
6. Waste-water treatment plants with a capacity exceeding 150,000 population equivalent.
7. Industrial plants for the:
(a) Production of pulp from timber or similar fibrous materials;
(b) Production of paper and board with a production capacity exceeding 20 tons per day.
8. (a) Construction of lines for long-distance railway traffic and of airports[2] with a basic runway length of 2,100 m or more;
(b) Construction of motorways and express roads;[3]
(c) Construction of a new road of four or more lanes, or realignment and/or widening of an existing road of two lanes or less so as to provide four or more lanes, where such new road, or realigned and/or widened section of road, would be 10 km or more in a continuous length.
9. (a) Inland waterways and ports for inland-waterway traffic which permit the passage of vessels of over 1,350 tons;
(b) Trading ports, piers for loading and unloading connected to land and outside ports (excluding ferry piers) which can take vessels of over 1,350 tons.
10. Groundwater abstraction or artificial groundwater recharge schemes where the annual volume of water abstracted or recharged is equivalent to or exceeds 10 million cubic metres.

11. a) Mannvirki til að flytja vatnslindir milli vatnssvæða ef flutningurinn miðar að því að koma í veg fyrir vatnsskort og magn vatnsins, sem flutt er, er yfir 100 milljónir rúmmetrar á ári.

b) Í öllum öðrum tilvikum, mannvirki til að flytja vatnslindir milli vatnssvæða ef meðalstreymi um svæðið, sem safnað er af, er yfir 2000 milljónir rúmmetrar á ári og magnið, sem flutt er, er yfir 5% af því streymi.

Í báðum tilvikum er flutningur drykkjarvatns í leiðslum undanskilinn.

12. Vinnsla í viðskiptaskyni á meira en 500 tonnum á dag af jarðolíu og meira en 500.000 rúmmetrum á dag af jarðgasi.

13. Gerð stíflna og annarra mannvirkja til að hemja vatn eða geyma það til langs tíma, ef vatnsmagnið, sem hamið er eða geymt, er meira en 10 milljónir rúmmetrar.

14. Leiðslur, sem eru meira en 800 mm í þvermál og meira en 40 km langar, til flutnings á gasi, olíu eða efnum.

15. Stöðvar þar sem fram fer þauleldi alifugla eða svína með meira en:

a) 40.000 stæði fyrir alifugla;
b) 2.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg); eða
c) 750 stæði fyrir gyltur.

16. Grjótnámur og opnar námur sem ná yfir meira en 25 hektara ofanjarðar eða mótekja þar sem yfirborðið nær yfir meira en 150 hektara.

17. Lagning loftlína sem eru gerðar til flutnings á raforku með að minnsta kosti 220 kV spennu og eru lengri en 15 km.

18. Geymslustöðvar fyrir jarðolíu, efni unnin úr jarðolíu eða efnavörur, með 200.000 tonna geymslugetu eða meira.

19. Önnur starfsemi:

- verksmiðjur þar sem fram fer formeðferð (svo sem þvottur, bleiking og mersivinnsla) eða litun trefja eða textílefna þar sem afkastageta við meðferðina er yfir 10 tonn á dag;
- verksmiðjur fyrir sútun skinna og húða þar sem afkastageta er yfir 12 tonn af unninni vöru á dag;
  a) sláturhús sem afkasta meiru en 50 tonnum af sláturafurðum á dag;
  b) meðferð og vinnsla sem ætluð er til framleiðslu á matvörum til manneldis úr:
     (i) hráefnum úr dýraríkinu (öðrum en mjólk) með afkastagetu á unnum afurðum yfir 75 tonn á dag;

11. (a) Works for the transfer of water resources between river basins where this transfer aims at preventing possible shortages of water and where the amount of water transferred exceeds 100 million cubic metres/year.
(b) In all other cases, works for the transfer of water resources between river basins where the multi-annual average flow of the basin of abstraction exceeds 2,000 million cubic metres/year and where the amount of water transferred exceeds 5 per cent of this flow.

In both cases transfers of piped drinking water are excluded.

12. Extraction of petroleum and natural gas for commercial purposes where the amount extracted exceeds 500 tons/day in the case of petroleum and 500,000 cubic metres/day in the case of gas.

13. Dams and other installations designed for the holding back or permanent storage of water, where a new or additional amount of water held back or stored exceeds 10 million cubic metres.

14. Pipelines for the transport of gas, oil or chemicals with a diameter of more than 800 mm and a length of more than 40 km.

15. Installations for the intensive rearing of poultry or pigs with more than:

(a) 40,000 places for poultry;
(b) 2,000 places for production pigs (over 30 kg); or
(c) 750 places for sows.

16. Quarries and opencast mining where the surface of the site exceeds 25 hectares, or peat extraction, where the surface of the site exceeds 150 hectares.

17. Construction of overhead electrical power lines with a voltage of 220 kV or more and a length of more than 15 km.

18. Installations for the storage of petroleum, petrochemical, or chemical products with a capacity of 200,000 tons or more.

19. Other activities:

- Plants for the pretreatment (operations such as washing, bleaching, mercerization) or dyeing of fibres or textiles where the treatment capacity exceeds 10 tons per day;
- Plants for the tanning of hides and skins where the treatment capacity exceeds 12 tons of finished products per day;
  (a) Slaughterhouses with a carcass production capacity greater than 50 tons per day;
  (b) Treatment and processing intended for the production of food products from:
     (i) Animal raw materials (other than milk) with a finished product production capacity greater than 75 tons per day;

(ii) hráefnum úr jurtaríkinu með afkastagetu á unnum afurðum yfir 300 tonn á dag (meðalgildi, mælt á ársfjórðungsgrundvelli);

c) meðferð og vinnsla mjólkur, sé magn móttekinnar mjólkur meira en 200 tonn á dag (meðalgildi, mælt á ársgrundvelli);

- mannvirki til förgunar eða endurvinnslu á dýraskrokkum og dýraúrgangi með afkastagetu yfir 10 tonn á dag;
- verksmiðjur fyrir yfirborðsmeðferð efna, hluta eða framleiðsluvara þar sem notast er við lífræn leysiefni, einkum til að klæða, prenta, húða, hreinsa fitu, vatnsverja, gljábera, mála, þrífa og gegnvæta, með notkun yfir 150 kg á klst eða meira en 200 tonn á ári;

- verksmiðjur til framleiðslu á kolefni (harðbrenndum kolum) eða rafgrafíti með brennslu eða grafítmyndun.

20. Sérhver starfsemi sem ekki fellur undir 1.–19. tölul. að framan þar sem gert er ráð fyrir þátttöku almennings í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar samkvæmt landslögum.

21. Ákvæði a-liðar 1. mgr. 6. gr. þessa samnings gildir ekki um neina framangreinda starfsemi sé hún eingöngu eða aðallega í þágu rannsókna, þróunar eða prófana á nýjum aðferðum eða framleiðsluvörum og standi yfir í minna en tvö ár, nema líklegt sé að hún valdi umtalsverðum skaðlegum áhrifum á umhverfi eða heilsu.

22. Allar breytingar á eða viðbætur við starfsemi sem falla í sjálfum sér undir viðmiðanir/takmarkanir þessa viðauka skulu háðar ákvæðum a-liðar 1. mgr. 6. gr. þessa samnings. Allar aðrar breytingar á eða viðbætur við starfsemi skulu háðar ákvæðum b-liðar 1. mgr. 6. gr. samningsins.

Athugasemdir

[1] Kjarnorkuver og aðrir kjarnaofnar teljast ekki lengur slík ver eða búnaður þegar búið er að fjarlægja varanlega allt kjarnorkueldsneyti og önnur geislavirk efni úr verinu.

[2] Hvað varðar þennan samning merkir „flugvöllur" flugvöll sem fellur að skilgreiningunni í Chicagosamningnum frá 1944 þar sem Alþjóðaflugmálastofnuninni var komið á fót (viðauki 14).

[3] Hvað varðar þennan samning merkir „hraðbraut" veg sem fellur að skilgreiningunni í Evrópusamningi um aðalumferðaræðar milli landa frá 15. nóvember 1975.

(ii) Vegetable raw materials with a finished product production capacity greater than 300 tons per day (average value on a quarterly basis);

(c) Treatment and processing of milk, the quantity of milk received being greater than 200 tons per day (average value on an annual basis);

- Installations for the disposal or recycling of animal carcasses and animal waste with a treatment capacity exceeding 10 tons per day;
- Installations for the surface treatment of substances, objects or products using organic solvents, in particular for dressing, printing, coating, degreasing, waterproofing, sizing, painting, cleaning or impregnating, with a consumption capacity of more than 150 kg per hour or more than 200 tons per year;
- Installations for the production of carbon (hard-burnt coal) or electrographite by means of incineration or graphitization.

20. Any activity not covered by paragraphs 1–19 above where public participation is provided for under an environmental impact assessment procedure in accordance with national legislation.

21. The provision of article 6, paragraph 1 (a) of this Convention, does not apply to any of the above projects undertaken exclusively or mainly for research, development and testing of new methods or products for less than two years unless they would be likely to cause a significant adverse effect on environment or health.

22. Any change to or extension of activities, where such a change or extension in itself meets the criteria/thresholds set out in this annex, shall be subject to article 6, paragraph 1 (a) of this Convention. Any other change or extension of activities shall be subject to article 6, paragraph 1 (b) of this Convention.

Notes

[1] Nuclear power stations and other nuclear reactors cease to be such an installation when all nuclear fuel and other radioactively contaminated elements have been removed permanently from the installation site.

[2] For the purposes of this Convention, "airport" means an airport which complies with the definition in the 1944 Chicago Convention setting up the International Civil Aviation Organization (Annex 14).

[3] For the purposes of this Convention, "express road" means a road which complies with the definition in the European Agreement on Main International Traffic Arteries of 15 November 1975.

II. VIÐAUKI

Gerð.

1. Nú er deila lögð í gerð skv. 2. mgr. 16. gr. þessa samnings og skal aðili eða aðilar þá tilkynna skrifstofunni um efnisinnihald gerðarinnar og tilgreina sérstaklega þær greinar samningsins sem deilt er um túlkun eða beitingu á. Skal skrifstofan senda öllum aðilum að samningnum þær upplýsingar sem hún hefur fengið.

2. Í gerðardómi skulu eiga sæti þrír gerðarmenn. Bæði umkvörtunaraðilinn eða -aðilarnir og hinn aðilinn eða aðilarnir skulu skipa einn gerðarmann og þeir tveir gerðarmenn sem þannig eru skipaðir skulu síðan koma sér saman um tilnefningu hins þriðja er skal vera forseti gerðardómsins. Hann skal hvorki vera ríkisborgari deiluaðila, eiga aðsetur að jafnaði í landi deiluaðila, vera í starfi hjá deiluaðilum né áður hafa haft afskipti af sama máli í nokkru öðru starfi.

3. Nú hefur forseti gerðardóms eigi verið tilnefndur innan tveggja mánaða frá því að hinn síðari gerðarmaður var skipaður og skal þá framkvæmdastjóri Efnahagsráðs Evrópu tilnefna hann að ósk annars hvors deiluaðila innan annarra tveggja mánaða.

4. Nú skipar annar deiluaðili ekki gerðarmann innan tveggja mánaða frá því er ósk kemur fram um það og getur þá hinn deiluaðilinn tilkynnt það framkvæmdastjóra Efnahagsráðs Evrópu sem tilnefnir formann gerðardómsins innan annarra tveggja mánaða. Er hann hefur verið tilnefndur skal forseti gerðardómsins beina því til þess deiluaðila sem ekki hefur skipað gerðarmann að gera það innan tveggja mánaða. Ef hann gerir það ekki innan þess tíma skal forsetinn skýra framkvæmdastjóra Efnahagsráðs Evrópu frá því og skal hann þá skipa gerðarmanninn innan annarra tveggja mánaða.

5. Gerðardómur skal byggja úrlausn sína á reglum þjóðaréttar og ákvæðum samnings þessa.

6. Gerðardómur sem komið er á samkvæmt ákvæðum viðauka þessa skal setja sér eigin starfsreglur.

7. Úrlausnir gerðardóms, bæði um málsmeðferð og efni máls, skulu kveðnar upp með atkvæðum meiri hluta gerðarmanna.

8. Gerðardómur getur gert allar viðeigandi ráðstafanir til að leiða málsatvik í ljós.

9. Deiluaðilar skulu leitast við að auðvelda störf gerðardómsins og einkum neyta allra ráða sem þeir búa yfir til að:

Annex II

ARBITRATION

1. In the event of a dispute being submitted for arbitration pursuant to article 16, paragraph 2, of this Convention, a party or parties shall notify the secretariat of the subject matter of arbitration and indicate, in particular, the articles of this Convention whose interpretation or application is at issue. The secretariat shall forward the information received to all Parties to this Convention.

2. The arbitral tribunal shall consist of three members. Both the claimant party or parties and the other party or parties to the dispute shall appoint an arbitrator, and the two arbitrators so appointed shall designate by common agreement the third arbitrator, who shall be the president of the arbitral tribunal. The latter shall not be a national of one of the parties to the dispute, nor have his or her usual place of residence in the territory of one of these parties, nor be employed by any of them, nor have dealt with the case in any other capacity.

3. If the president of the arbitral tribunal has not been designated within two months of the appointment of the second arbitrator, the Executive Secretary of the Economic Commission for Europe shall, at the request of either party to the dispute, designate the president within a further two-month period.

4. If one of the parties to the dispute does not appoint an arbitrator within two months of the receipt of the request, the other party may so inform the Executive Secretary of the Economic Commission for Europe, who shall designate the president of the arbitral tribunal within a further two-month period. Upon designation, the president of the arbitral tribunal shall request the party which has not appointed an arbitrator to do so within two months. If it fails to do so within that period, the president shall so inform the Executive Secretary of the Economic Commission for Europe, who shall make this appointment within a further two-month period.

5. The arbitral tribunal shall render its decision in accordance with international law and the provisions of this Convention.

6. Any arbitral tribunal constituted under the provisions set out in this annex shall draw up its own rules of procedure.

7. The decisions of the arbitral tribunal, both on procedure and on substance, shall be taken by majority vote of its members.

8. The tribunal may take all appropriate measures to establish the facts.

9. The parties to the dispute shall facilitate the work of the arbitral tribunal and, in particular, using all means at their disposal, shall:

a) útvega gerðardóminum öll viðkomandi skjöl, aðstöðu og upplýsingar;
b) gera honum kleift, ef nauðsyn krefur, að kalla til vitni og sérfræðinga og heyra vitnisburð þeirra.

10. Aðilarnir og gerðarmennirnir skulu viðhafa trúnað varðandi allar upplýsingar sem þeir taka við í trúnaði við málarekstur gerðardómsins.

11. Gerðardómurinn getur að ósk annars deiluaðila mælst til þess að gerðar séu nauðsynlegar verndarráðstafanir til bráðabirgða.

12. Komi deiluaðili ekki fyrir gerðardóminn eða haldi ekki fram máli sínu getur hinn deiluaðilinn farið þess á leit við gerðardóminn að hann haldi málarekstrinum áfram og kveði upp úrlausn sína. Útivist aðila eða skortur á vörnum fyrir máli hindrar ekki framgang máls.

13. Gerðardómur getur fjallað um og skorið úr um gagnkröfur sem beinlínis eiga rætur að rekja til deiluefnisins.

14. Ákveði gerðardómur ekki annað vegna sérstakra atvika í máli skulu deiluaðilar bera kostnað af störfum gerðardóms að jöfnu, þ.m.t. þóknun gerðarmanna. Dómurinn skal færa allan kostnað sinn til bókar og láta deiluaðilum í té endanlegt yfirlit um hann.

15. Sérhverjum aðila að þessum samningi, sem á lagalegra hagsmuna að gæta varðandi deiluefnið og úrlausn í málinu getur haft áhrif á, er heimil meðalganga með samþykki gerðardómsins.

16. Gerðardómur skal kveða upp dóm sinn innan fimm mánaða frá því er hann var skipaður nema hann telji nauðsynlegt að lengja þann frest um tíma sem ekki skyldi vera lengri en fimm mánuðir.

17. Rökstuðningur skal fylgja dómi gerðardóms. Dómur er endanlegur og bindandi fyrir deiluaðila. Gerðardómurinn skal tilkynna deiluaðilum og skrifstofunni um dóminn. Skrifstofan sendir fengnar upplýsingar til allra aðila að þessum samningi.

18. Nú kemur upp deila milli aðila um túlkun eða fullnustu á dómi gerðardóms og getur þá deiluaðili vísað henni til þess gerðardóms sem dóminn kvað upp, eða ef hann er ekki tiltækur, til annars gerðardóms sem komið er á í því skyni á sama hátt og sá fyrri.

(a) Provide it with all relevant documents, facilities and information;
(b) Enable it, where necessary, to call witnesses or experts and receive their evidence.

10. The parties and the arbitrators shall protect the confidentiality of any information that they receive in confidence during the proceedings of the arbitral tribunal.

11. The arbitral tribunal may, at the request of one of the parties, recommend interim measures of protection.

12. If one of the parties to the dispute does not appear before the arbitral tribunal or fails to defend its case, the other party may request the tribunal to continue the proceedings and to render its final decision. Absence of a party or failure of a party to defend its case shall not constitute a bar to the proceedings.

13. The arbitral tribunal may hear and determine counter-claims arising directly out of the subject matter of the dispute.

14. Unless the arbitral tribunal determines otherwise because of the particular circumstances of the case, the expenses of the tribunal, including the remuneration of its members, shall be borne by the parties to the dispute in equal shares. The tribunal shall keep a record of all its expenses, and shall furnish a final statement thereof to the parties.

15. Any Party to this Convention which has an interest of a legal nature in the subject matter of the dispute, and which may be affected by a decision in the case, may intervene in the proceedings with the consent of the tribunal.

16. The arbitral tribunal shall render its award within five months of the date on which it is established, unless it finds it necessary to extend the time limit for a period which should not exceed five months.

17. The award of the arbitral tribunal shall be accompanied by a statement of reasons. It shall be final and binding upon all parties to the dispute. The award will be transmitted by the arbitral tribunal to the parties to the dispute and to the secretariat. The secretariat will forward the information received to all Parties to this Convention.

18. Any dispute which may arise between the parties concerning the interpretation or execution of the award may be submitted by either party to the arbitral tribunal which made the award or, if the latter cannot be seized thereof, to another tribunal constituted for this purpose in the same manner as the first.

1033. Tillaga til þingsályktunar [655. mál]

um fullgildingu V. viðauka við samning um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, um verndun og varðveislu vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni hafsvæðisins.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd V. viðauka við samning um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, um verndun og varðveislu vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni hafsvæðisins, og 3. viðbæti við samninginn sem gerðir voru í Sintra 23. júlí 1998.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á V. viðauka við samning frá 22. september 1992 um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, um verndun og varðveislu vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni hafsvæðisins, og 3. viðbæti við samninginn sem gerðir voru í Sintra í Portúgal 23. júlí 1998. Viðaukinn og viðbætirinn eru prentaðir sem fylgiskjal I með tillögu þessari.

Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins (hér eftir nefndur OSPAR-samningurinn), sem gerður var í París 22. september 1992, var fullgiltur af Íslands hálfu 2. júní 1997, en Alþingi hafði með ályktun 7. maí sama ár heimilað fullgildingu samningsins, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 15/1997. OSPAR-samningurinn, sem kom í stað Óslóarsamnings um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum frá 15. febrúar 1972 og Parísarsamnings um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum frá 4. júní 1974, öðlaðist gildi 25. mars 1998.

OSPAR-samningurinn hefur það að markmiði, eins og heiti hans ber með sér, að vernda umhverfi Norðaustur-Atlantshafsins. Um er að ræða rammasamning sem skiptist upphaflega í meginhluta, fjóra viðauka og tvo viðbæta. Meginhlutinn hefur að geyma almenn ákvæði en í viðaukunum eru settar reglur um mengun frá landstöðvum, mengun af völdum varps eða brennslu, mengun frá uppsprettum á hafi og mat á ástandi hafsins. Viðbætarnir eru tæknilegs eðlis. Uppbygging samningsins miðast við að hann sé sveigjanlegur og geti, með ákveðnum takmörkunum, rúmað ný svið sem ekki voru fyrirséð þegar samningurinn var gerður.

Eitt af þeim málum sem athyglin hefur beinst að á vettvangi OSPAR á undanförnum árum er vernd tegunda og búsvæða á hafsvæði því sem OSPAR-samningurinn nær yfir. Hafa bæði almenningur og stjórnvöld í löndum, sem liggja að Norðursjó og eru einnig aðilar að OSPAR, haft verulegar áhyggjur af þróun þessara mála. Á fundi ráðherra umhverfismála þessara landa, sem haldinn var í Esbjerg 1996, var samþykkt að ganga til samninga um sameiginlegar aðgerðir um vernd tegunda og búsvæða. Á þeim fundi kom einnig fram vilji til þess að heppilegast væri að marka viðfangsefninu stað í nýjum viðauka við OSPAR-samninginn.

Aðildarríki OSPAR-samningsins, sem eiga ekki land að Norðursjó, töldu í upphafi að tæpast væri ástæða til að gera slíkan viðauka við samninginn, enda lytu fjölmargir alþjóðasamningar að fiskveiðistjórnun og vernd einstakra tegunda á hafsvæði OSPAR-samningsins. Ísland og Noregur lögðu áherslu á að nýr viðauki mætti ekki á nokkurn hátt ná til nýtingar lifandi auðlinda hafsins, enda félli hún utan gildissviðs OSPAR-samningsins. Í næstsíðustu málsgrein í inngangsorðum samningsins viðurkenna aðildarríki hans að málum er varða

stjórnun fiskveiða sé best stýrt með alþjóðlegum og svæðisbundnum samningum sem sérstaklega fjalla um slík mál.

Samningaviðræður um efni V. viðauka reyndust mjög erfiðar og tímafrekar og tóku fulltrúar utanríkisráðuneytisins og sjávarútvegsráðuneytisins þátt í þeim fyrir Íslands hönd, auk fulltrúa Hollustuverndar ríkisins. Loks náðist samkomulag um texta viðaukans sem fulltrúar Íslands töldu ásættanlegt. Tvennt skiptir mestu máli í því sambandi. Í fyrsta lagi segir í 1. mgr. 4. gr. viðaukans að í samræmi við næstsíðustu málsgrein í inngangsorðum samningsins skuli ekki samþykkja neina áætlun eða aðgerð samkvæmt viðaukanum um mál er varða stjórnun fiskveiða. Telji nefndin, sem starfar samkvæmt samningnum, hins vegar að aðgerð sé æskileg í tengslum við slíkt mál skuli hún vekja athygli viðkomandi lögbærs yfirvalds eða alþjóðastofnunar á því máli. Sé aðgerð sem heyrir undir valdsvið nefndarinnar æskileg til viðbótar eða til að styðja við aðgerð viðkomandi yfirvalda eða stofnana skuli nefndin leita eftir samstarfi við þessa aðila.

Í öðru lagi var samhliða hinum nýja viðauka gert samkomulag þar sem m.a. var viðurkennt að hugtakið „stjórnun fiskveiða“, að því er OSPAR-samninginn varðar, næði til stjórnunar veiða á sjávarspendýrum. Samkomulag þetta, sem var mjög mikilvægt að mati fulltrúa Íslands og Noregs, er prentað sem fylgiskjal II með þingsályktunartillögu þessari.

Hinn nýi viðauki við OSPAR-samninginn, um verndun og varðveislu vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni hafsvæðisins, var samþykktur á fundi ráðherra aðildarríkja samningsins í Sintra í Portúgal 23. júlí 1998. Kjarni V. viðauka kemur fram í 2. gr. hans þar sem segir að aðildarríki OSPAR-samningsins skuli a) grípa til nauðsynlegra aðgerða til að vernda og varðveita vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni hafsvæðis samningsins og, þegar raunhæft er, endurheimta hafsvæði sem orðið hafa fyrir skaðlegum áhrifum, og b) vinna í sameiningu að samþykkt áætlana og aðgerða sem þjóna þeim tilgangi að stjórna mannlegum athöfnum sem skilgreindar eru í viðmiðunum í 3. viðbæti. Samkvæmt 3. gr. viðaukans skal það m.a. vera hlutverk nefndarinnar, sem starfar á grundvelli samningsins, að gera áætlanir og leggja til aðgerðir í því skyni að hafa stjórn á mannlegum athöfnum sem skilgreindar eru í viðmiðunum í 3. viðbæti.

Með hinum nýja viðauka eru verndaraðgerðir tengdar við varnir gegn mengun sjávar, eftir því sem við á. Gera má ráð fyrir að starf OSPAR samkvæmt þessum viðauka móti mjög aðgerðir til verndunar vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni og að athygli manna muni beinast að því að samþætta varnir gegn mengun sjávar og varnir gegn álagi á umhverfi sjávar af annars konar völdum.

V. viðauki við OSPAR-samninginn um verndun og varðveislu vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni hafsvæðisins og 3. viðbætir við samninginn öðluðust gildi 30. ágúst 2000 þegar sjö samningsaðilar, Finnland, Spánn, Sviss, Lúxemborg, Evrópubandalagið, Bretland og Danmörk, höfðu fullgilt þá. Svíþjóð fullgilti viðaukann og viðbætinn 5. september 2000.

Fylgiskjal I.

V. VIÐAUKI
við samning um verndun Norðaustur-Atlantshafsins.

Um verndun og varðveislu vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni hafsvæðisins.

1. gr.

Í þessum viðauka og í 3. viðbæti er merking hugtakanna „líffræðileg fjölbreytni", „vistkerfi" og „búsvæði" sú sama og í samningnum um líffræðilega fjölbreytni frá 5. júní 1992.

2. gr.

Þegar samningsaðilar standa við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum um að grípa, hver fyrir sig og sameiginlega, til nauðsynlegra aðgerða til að vernda hafsvæðið gegn skaðlegum áhrifum af mannlegum athöfnum í því skyni að standa vörð um heilsu manna, varðveita vistkerfi hafsins og, þegar raunhæft er, endurheimta hafsvæði sem orðið hafa fyrir skaðlegum áhrifum, svo og þegar samningsaðilar standa við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum um líffræðilega fjölbreytni frá 5. júní 1992 um að þróa stefnu, áform eða áætlanir um verndun og sjálfbæra nýtingu á líffræðilegri fjölbreytni, skulu þeir:

a) grípa til nauðsynlegra aðgerða til að vernda og varðveita vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni hafsvæðisins og, þegar raunhæft er, endurheimta hafsvæði sem orðið hafa fyrir skaðlegum áhrifum; og
b) vinna í sameiningu að samþykkt áætlana og aðgerða sem þjóna þeim tilgangi að stjórna mannlegum athöfnum sem skilgreindar eru í viðmiðunum í 3. viðbæti.

3. gr.

1. Að því er varðar þennan viðauka skal það meðal annars vera hlutverk nefndarinnar:

a) að gera áætlanir og leggja til aðgerðir í því skyni að hafa stjórn á mannlegum athöfnum sem skilgreindar eru í viðmiðunum í 3. viðbæti;
b) og í því augnamiði:
   i. safna upplýsingum og endurskoða upplýsingar um slíkar athafnir og áhrif þeirra á vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni;
   ii. þróa aðferðir, sem samrýmast þjóðarétti, til að koma í framkvæmd aðgerðum til verndar, varðveislu eða endurheimtar, eða varúðarráðstöfunum í tengslum við sérstök

ANNEX V
to the Convention for the Protection of the Marine Environment of the North-East Atlantic

On the Protection and Conservation of the Ecosystems and Biological Diversity of the Maritime Area

Article 1

For the purposes of this Annex and of Appendix 3 the definitions of "biological diversity", "ecosystem" and "habitat" are those contained in the Convention on Biological Diversity of 5 June 1992.

Article 2

In fulfilling their obligation under the Convention to take, individually and jointly, the necessary measures to protect the maritime area against the adverse effects of human activities so as to safeguard human health and to conserve marine ecosystems and, when practicable, restore marine areas which have been adversely affected, as well as their obligation under the Convention on Biological Diversity of 5 June 1992 to develop strategies, plans or programmes for the conservation and sustainable use of biological diversity, Contracting Parties shall:

a. take the necessary measures to protect and conserve the ecosystems and the biological diversity of the maritime area, and to restore, where practicable, marine areas which have been adversely affected; and
b. cooperate in adopting programmes and measures for those purposes for the control of the human activities identified by the application of the criteria in Appendix 3.

Article 3

1. For the purposes of this Annex, it shall *inter alia* be the duty of the Commission:

a. to draw up programmes and measures for the control of the human activities identified by the application of the criteria in Appendix 3;
b. in doing so:
   i. to collect and review information on such activities and their effects on ecosystems and biological diversity;
   ii. to develop means, consistent with international law, for instituting protective, conservation, restorative or precautionary

svæði eða staði eða í tengslum við sérstakar tegundir eða búsvæði;

iii. hafa í huga sjónarmið innlendrar stefnu og leiðbeiningar um sjálfbæra nýtingu á þáttum líffræðilegrar fjölbreytni á hafsvæðinu, með tilliti til áhrifa þeirra á svæði og svæðishluta innan hafsvæðisins, sbr. þó 4. gr. þessa viðauka;

iv. stuðla að því að aðferðum er byggjast á heildstæðu mati á vistkerfi sé beitt, sbr. þó 4. gr. þessa viðauka;

c) og í því augnamiði einnig að taka til greina áætlanir og aðgerðir sem samningsaðilar samþykkja í því skyni að vernda og varðveita vistkerfi á hafsvæðum sem þeir hafa fullveldisrétt eða lögsögu yfir.

2. Þegar slíkar áætlanir og aðgerðir eru samþykktar skal íhuga gaumgæfilega hvort einhver sérstök áætlun eða aðgerð skuli taka til alls hafsvæðisins eða einungis tiltekins hluta þess.

4. gr.

1. Í samræmi við næstsíðustu málsgrein í inngangsorðum samningsins skal samkvæmt þessum viðauka ekki samþykkja neina áætlun eða aðgerð um mál er varða stjórnun fiskveiða. Telji nefndin hins vegar að aðgerð sé æskileg í tengslum við slíkt mál skal hún vekja athygli viðkomandi lögbærs yfirvalds eða alþjóðastofnunar á því máli. Ef aðgerð sem heyrir undir valdsvið nefndarinnar er æskileg til viðbótar eða til að styðja við aðgerð viðkomandi yfirvalda eða stofnana skal nefndin leita eftir samstarfi við þessa aðila.

2. Ef nefndin telur að aðgerð samkvæmt þessum viðauka sé æskileg í tengslum við mál er varðar sjóflutninga skal hún vekja athygli Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar á því máli. Samningsaðilar sem eru aðilar að Alþjóðasiglingamálastofnuninni skulu leita eftir samstarfi á vettvangi þeirrar stofnunar í því skyni að fá fram viðeigandi viðbrögð, þar með talið, eftir því sem við á, samþykki þeirrar stofnunar fyrir svæðisbundinni eða staðbundinni aðgerð, enda sé höfð hliðsjón af þeim leiðbeiningarreglum sem stofnunin hefur sett um tilnefningu sérstakra svæða, auðkenningu svæða sem eru sérstaklega viðkvæm eða önnur mál.

measures related to specific areas or sites or related to particular species or habitats;

iii. subject to Article 4 of this Annex, to consider aspects of national strategies and guidelines on the sustainable use of components of biological diversity of the maritime area as they affect the various regions and sub-regions of that area;

iv. subject to Article 4 of this Annex, to aim for the application of an integrated ecosystem approach;

c. also in doing so, to take account of programmes and measures adopted by Contracting Parties for the protection and conservation of ecosystems within waters under their sovereignty or jurisdiction.

2. In the adoption of such programmes and measures, due consideration shall be given to the question whether any particular programme or measure should apply to all, or a specified part, of the maritime area.

Article 4

1. In accordance with the penultimate recital of the Convention, no programme or measure concerning a question relating to the management of fisheries shall be adopted under this Annex. However where the Commission considers that action is desirable in relation to such a question, it shall draw that question to the attention of the authority or international body competent for that question. Where action within the competence of the Commission is desirable to complement or support action by those authorities or bodies, the Commission shall endeavour to cooperate with them.

2. Where the Commission considers that action under this Annex is desirable in relation to a question concerning maritime transport, it shall draw that question to the attention of the International Maritime Organisation. The Contracting Parties who are members of the International Maritime Organisation shall endeavour to cooperate within that Organisation in order to achieve an appropriate response, including in relevant cases that Organisation's agreement to regional or local action, taking account of any guidelines developed by that Organisation on the designation of special areas, the identification of particularly sensitive areas or other matters.

3. VIÐBÆTIR

Viðmið til skilgreiningar á mannlegum athöfnum að því er varðar V. viðauka.

1. Viðmiðin sem ber að nota til að skilgreina mannlegar athafnir að því er varðar V. viðauka, að teknu tilliti til mismunandi aðstæðna á svæðum, eru sem hér segir:
   a. hve umfangsmiklar og öflugar þær mannlegu athafnir eru sem eru til umfjöllunar og hversu lengi þær vara;
   b. hvaða skaðleg áhrif, raunveruleg og hugsanleg, þessar mannlegu athafnir hafa á tilteknar tegundir, samfélög og búsvæði;
   c. hvaða skaðleg áhrif, raunveruleg og hugsanleg, þessar mannlegu athafnir hafa á tiltekin vistfræðileg ferli;
   d. hvort þessi áhrif eru óafturkræf eða hve lengi þau vara.
2. Ekki er víst að þessi viðmið séu tæmandi eða öll jafnmikilvæg við umfjöllun um einstakar athafnir.

APPENDIX 3

Criteria for Identifying Human Activities for the Purpose of Annex V

1. The criteria to be used, taking into account regional differences, for identifying human activities for the purposes of Annex V are:
   a. the extent, intensity and duration of the human activity under consideration;
   b. actual and potential adverse effects of the human activity on specific species, communities and habitats;
   c. actual and potential adverse effects of the human activity on specific ecological processes;
   d. irreversibility or durability of these effects.
2. These criteria are not necessarily exhaustive or of equal importance for the consideration of a particular activity.

Fylgiskjal II.

OSPAR-samkomulag um merkingu tiltekinna hugtaka í V. viðauka við OSPAR-samninginn frá 1992, um verndun og varðveislu vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni hafsvæðisins.

OSPAR hefur samþykkt að tilvísanir til „mála er varða stjórnun fiskveiða“ í V. viðauka við OSPAR-samninginn frá 1992, um verndun og varðveislu vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni hafsvæðisins, séu tilvísanir til mála er kunna m.a. að kalla á aðgerðir samkvæmt:

   a. gerningum þar sem sameiginleg fiskveiðistefna Evrópubandalagsins er sett fram;
   b. gerningum sem fela í sér samsvarandi löggjöf samningsaðila sem ekki eiga aðild að Evrópusambandinu;
   c. gerningum sem fela í sér samsvarandi löggjöf sem í gildi er í Færeyjum, á Grænlandi, Ermarsundseyjum og Mön; eða
   d. stofnsamningum Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar og Norður-Atlantshafslaxa-verndunarstofnunarinnar,

hvort sem ráðist hefur verið í slíkar aðgerðir eður ei.

Til að taka af allan vafa nær stjórnun fiskveiða, að því er OSPAR-samninginn varðar, til stjórnunar veiða á sjávarspendýrum.

OSPAR Agreement on the meaning of certain concepts in Annex V to the 1992 OSPAR Convention on the Protection and Conservation of the Ecosystems and Biological Diversity of the Maritime Area

OSPAR agreed that references in Annex V to the 1992 OSPAR Convention on the Protection and Conservation of the Ecosystems and Biological Diversity of the Maritime Area to "questions relating to the management of fisheries" are references to the questions on which action can be taken under such instruments as those constituting:

   a. the Common Fisheries Policy of the European Community;
   b. the corresponding legislation of Contracting Parties which are not Member States of the European Union;
   c. the corresponding legislation in force in the Faroe Islands, Greenland, the Channel Islands and the Isle of Man; or
   d. the North East Atlantic Fisheries Commission and the North Atlantic Salmon Commission

whether or not such action has been taken.

For the avoidance of doubt, in the context of the OSPAR Convention, the management of fisheries includes the management of marine mammals.

1034. Tillaga til þingsályktunar [656. mál]

um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2001.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtalda samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2001 sem gerðir voru í Skagen 18. október 2000:

1. Sameiginlega bókun um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2001.
2. Bókun um sérstakar verndunarráðstafanir með tilliti til stjórnunar veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2001.
3. Samning milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2001.
4. Samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 2001.
5. Samkomulag milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2001.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á eftirtöldum samningum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2001 sem gerðir voru í Skagen 18. október 2000: 1. sameiginlegri bókun milli Evrópubandalagsins, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2001; 2. bókun milli Færeyja, Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins um sérstakar verndunarráðstafanir með tilliti til stjórnunar veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2001; 3. samningi milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2001; 4. samkomulagi milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 2001; og 5. samkomulagi milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2001. Sameiginlega bókunin er prentuð sem fylgiskjal I með þingsályktunartillögu þessari, bókunin um sérstakar verndunarráðstafanir sem fylgiskjal II, samningurinn við Færeyjar sem fylgiskjal III, samkomulagið við Noreg sem fylgiskjal IV og samkomulagið við Rússneska sambandsríkið sem fylgiskjal V.

Hinn 6. maí 1996 var undirrituð í Ósló bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi. Aðilar eru strandríkin fjögur: Ísland, Færeyjar, Noregur og Rússland. Þau skuldbinda sig í bókuninni til að starfa saman að verndun síldarstofnsins, skynsamlegri nýtingu hans og stjórn veiða úr honum í því skyni að tryggja sjálfbæra nýtingu stofnsins til langs tíma. Önnur langtímamarkmið koma fram í bókuninni. Samkvæmt lið 6.2. skulu aðilar í viðræðum sínum um skiptingu aflaheimilda á komandi árum taka mið af breytingum sem verða á dreifingu stofnsins. Á grundvelli þessa ákvæðis var komið á fót vinnuhópi vísindamanna til að fylgjast með og meta þróun og dreifingu stofnsins í þessu skyni. Kveðið var á um skiptingu heildarafla samningsaðila fyrir árið 1996. Hins vegar náðist ekki samkomulag við Evrópubandalagið um takmarkanir á veiðum þess á árinu 1996 og ákvarðaði það sér einhliða kvóta.

Brýnt var talið að ná samkomulagi allra aðila sem stunda veiðar úr stofninum. Eftir tvær samningalotur tókust í Ósló hinn 14. desember 1996 samningar strandríkjanna fjögurra og Evrópubandalagsins um veiðar á árinu 1997. Aðilar hafa síðan samið árlega um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Á fundi aðila í Skagen 17. og 18. október 2000 náðist samkomulag um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2001. Heildaraflamarkið var ákveðið 850.000 lestir, sbr. sameiginlega bókun aðila, fylgiskjal I. Það var 1.250.000 lestir árið 2000 og því um 400.000 lesta samdrátt að ræða. Samkvæmt sérstakri bókun er Rússland skuldbundið til þess að veiða ekki 6.800 lestir af þeim kvóta sem í þess hlut kemur, sbr. fylgiskjal II. Aflinn skiptist milli aðila í sömu hlutföllum og verið hefur og koma í hlut Íslands 132.080 lestir, í hlut Færeyja 46.420 lestir, í hlut Evrópubandalagsins 71.260 lestir, í hlut Noregs 484.500 lestir og í hlut Rússlands 115.740 lestir.

Eins og fyrr er í sameiginlegu bókuninni gert ráð fyrir að aðilar komi sér í sérstökum tvíhliða samningum saman um frekara fyrirkomulag veiða, m.a. um heimildir til veiða í lögsögu hvers annars. Í samningi milli Íslands og Færeyja er kveðið á um að skipum hvors aðila verði heimilt að veiða allan sinn hlut í lögsögu hins með sama hætti og á undanförnum árum, sbr. fylgiskjal III.

Samkvæmt tvíhliða samningi milli Íslands og Noregs fá íslensk skip áfram ótakmarkaðan aðgang að lögsögunni við Jan Mayen og mega veiða 5.900 lestir af kvóta Íslands í efnahagslögsögunni við meginland Noregs. Norsk skip fá heimild til að veiða allt að 94.200 lestir í íslenskri lögsögu á árinu 2001, sbr. fylgiskjal IV. Samkvæmt samningi milli Íslands og Rússlands er rússneskum skipum veitt heimild til að veiða allt að 3.700 lestir á takmörkuðu svæði í austurhluta efnahagslögsögu Íslands, sbr. fylgiskjal V.

Ráðgjafarnefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins, ICES, hafði lagt til að heildaraflinn yrði 753.000 lestir á árinu 2001, í samræmi við aflareglu sem samþykkt var að vinna eftir á fundi aðila árið 1999. Ekki náðist samstaða á fundinum í Skagen um að fylgja ráðgjöfinni og varð að lokum samkomulag um að heildaraflinn árið 2001 yrði 850.000 lestir eins og að framan er getið. Aðilar lýstu því hins vegar yfir að stefnt yrði að því að fylgja aflareglunni frá og með árinu 2002.

Sameiginlegu bókuninni og öðrum samningum skal beitt til bráðabirgða frá og með 1. janúar 2001. Bókunin og samningarnir öðlast gildi þegar allir aðilar hafa tilkynnt hver öðrum um að nauðsynlegri innlendri málsmeðferð sé lokið.

Fylgiskjal I.

SAMEIGINLEG BÓKUN um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2001.

1. Sendinefnd Evrópubandalagsins undir forystu Friedrich Wieland, sendinefnd Færeyja undir forystu Kaj P. Mortensen, sendinefnd Íslands undir forystu Eiðs Guðnasonar, sendinefnd Noregs undir forystu Johán H. Williams og sendinefnd Rússneska sambandsríkisins undir forystu Vladimir V. Sokolov hitt-

AGREED RECORD of Conclusions of Fisheries Consultations on the Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) Herring Stock in the North-East Atlantic for 2001

1. A Delegation of the European Community, headed by Mr. Friedrich Wieland, a Delegation of the Faroe Islands, headed by Mr. Kaj P. Mortensen, a Delegation of Iceland, headed by Mr. Eiður Guðnason, a Delegation of Norway, headed by Mr. Johán H. Williams, and a Delegation of the Russian

ust í Skagen 17. og 18. október 2000 til að eiga viðræður um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2001.

2. Formenn sendinefndanna komu sér saman um að leggja til, hver við sín yfirvöld, að því fyrirkomulagi um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2001, sem greinir í I. viðauka við bókun þessa, verði komið á. Enn fremur komu þeir sér saman um að leggja til, hver við sín yfirvöld, það fyrirkomulag langtímastjórnunar sem greinir í II. viðauka.

3. Bókun þessari, ásamt tvíhliða samningum sem tengjast framkvæmd hennar, skal beitt til bráðabirgða frá og með 1. janúar 2001 og öðlast bókunin og samningarnir gildi þegar allir aðilar hafa tilkynnt hver öðrum um að nauðsynlegri málsmeðferð sé lokið.

Gjört í Skagen 18. október 2000 í fimm frumeintökum á ensku. Aðilar skulu koma sér saman um opinbera texta bókunar þessarar á ensku, færeysku, íslensku, norsku og rússnesku.

Fyrir sendinefnd Evrópubandalagsins
Friedrich Wieland

Fyrir sendinefnd Færeyja
Kaj P. Mortensen

Fyrir sendinefnd Íslands
Eiður Guðnason

Fyrir sendinefnd Noregs
Johán H. Williams

Fyrir sendinefnd Rússneska sambandsríkisins
Vladimir V. Sokolov

I. VIÐAUKI

1. Aðilar voru sammála um að leggja til grundvallar að leyfilegur heildarafli úr norsk-íslenska síldarstofninum verði 851.500 lestir á árinu 2001.

2. Samkvæmt framantöldu voru aðilar sammála um að takmarka veiðar sínar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2001 við 850.000 lestir á grundvelli eftirfarandi kvóta:

Evrópubandalagið	71260 lestir*
Færeyjar	46.420 lestir*
Ísland	132080 lestir
Noregur	484500 lestir
Rússneska sambandsríkið	115740 lestir

3. Aðilar koma sér tvíhliða saman um aðrar ráðstafanir, m.a. um heimildir til veiða hver í annars fiskveiðilögsögu og önnur skilyrði fyrir veiðum þar.

Federation, headed by Mr. Vladimir V. Sokolov, met in Skagen on 17 and 18 October 2000 to consult on the management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock for 2001.

2. The Heads of Delegations agreed to recommend to their respective authorities the arrangements for the regulation of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in 2001 set out in Annex I to this Agreed Record. Furthermore, they agreed to recommend to their respective authorities the long-term management arrangement set out in Annex II.

3. This Agreed Record, including the bilateral arrangements related to the implementation of this Agreed Record, shall be applied provisionally from 1 January 2001 and enter into force when all Parties have notified each other of the completion of their necessary procedures.

Done at Skagen on 18 October 2000 in five originals in English. The Parties shall agree on official texts of this Agreed Record in English, Faroese, Icelandic, Norwegian and Russian.

For the Delegation of the European Community
Friedrich Wieland

For the Delegation of the Faroe Islands
Kaj P. Mortensen

For the Delegation of Iceland
Eiður Guðnason

For the Delegation of Norway
Johán H. Williams

For the Delegation of the Russian Federation
Vladimir V. Sokolov

ANNEX I

1. The Parties agreed to take as a basis a TAC (total allowable catch) for the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock, hereinafter referred to as herring, of 851,500 tonnes in 2001.

2. In keeping with the above, the Parties agreed to restrict their fishing on the herring stock in 2001 to a maximum limit of 850,000 tonnes on the basis of the following quotas:

European Community	71,260 tonnes*
Faroe Islands	46,420 tonnes*
Iceland	132,080 tonnes
Norway	484,500 tonnes
Russian Federation	115,740 tonnes

3. Further arrangements, including arrangements for access and other conditions for fishing in the respective zones of fisheries jurisdiction of the Parties, are regulated by bilateral arrangements.

4. Aðilar, sem gera sér grein fyrir að aflatakmarkanirnar skv. 2. mgr. hafa verið samþykktar við sérstakar aðstæður er lúta að breytingum á mati á stofnstærð í vísindaráðgjöf ICES fyrir árið 2001, ítrekuðu skuldbindingu sína um að haga langtímastjórnun veiðanna í samræmi við það sem samþykkt var árið 1999. Því voru þeir sammála um að farið skyldi að fullu eftir framangreindri samþykkt við ákvörðun um stjórnunarráðstafanir fyrir árið 2002 og eftirfarandi ár.

5. Aðilar komu sér saman um að senda eftirfarandi beiðni til skrifstofu NEAFC:

Þess er óskað að NEAFC noti mánaðarlegar aflaskýrslur, sem tilgreindar eru í 8. gr. reglna NEAFC um eftirlit og framkvæmd, til að gera töflu er sýni afla aðila af norsk-íslenskri síld.

Taflan skal sýna afla hvers aðila bæði á stjórnunarsvæði NEAFC og á hinum ýmsu svæðum sem eru undir innlendri lögsögu aðilanna.

Skrifstofa NEAFC skal dreifa þessari töflu til samningsaðilanna í hverjum mánuði.

6. Aðilar komu sér saman um að senda eftirfarandi beiðni til ICES:

Þess er óskað að ICES láti í té upplýsingar um ástand stofnsins eins og gert er ráð fyrir í viðauka við gagnkvæma bókun ICES og NEAFC. Enn fremur er þess óskað að ICES láti í té aflaspá fyrir árið 2002 og að miðað verði við fiskveiðidánarstuðla á bilinu F = 0,08–0,15, meðal annars F = 0,125.

Þess er einnig óskað að ICES meti líkindi þess að hrygningarstofninn verði minni en B_{pa} sem er 5.000.000 tonn og B_{lim} sem er 2.500.000 tonn á 5 og 10 ára tímabili miðað við mismunandi þunga sókn sem helst óbreytt út tímabilið, að því tilskildu að hrygningarstofninn sé stærri en B_{pa}. Prófa skal sókn sem miðast meðal annars við fiskveiðidánarstuðlana F = 0,05, 0,08, 0,10, 0,125, 0,15 og 0,2.

Að því er hverja þessara aflaspáa varðar er þess óskað að ICES meti væntanlegt meðaltal hlutfallslegra breytinga á afla frá ári til árs og væntanlegan meðalafla á sama 10 ára tímabili.

4. Realising that the catch restrictions set out in paragraph 2 have been adopted in special circumstances pertaining to a change in the perception of stock size contained in the scientific advice from ICES for 2001, the Parties re-emphasised their commitment to the long-term management arrangement, which was agreed upon in 1999. They, therefore, recognised that the said arrangement shall be fully implemented in the adoption of management measures for 2002 and subsequent years.

5. The Parties agreed to submit the following request to the Secretariat of NEAFC:

NEAFC is requested to utilise the monthly catch reports, as specified in Article 8 of the NEAFC Scheme of Control and Enforcement. to produce a table showing the Parties' catches of Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring.

The table should show the catches by the different Parties both in the Regulatory Area of NEAFC and in the various zones under the national jurisdiction of the Parties.

The Secretariat of NEAFC should circulate this table to the Contracting Parties each month.

6. The Parties agreed to submit the following request to ICES:

ICES is requested to provide information about the stock development in accordance with the Annex of the Memorandum of Understanding with NEAFC. Furthermore, it should provide catch options for 2002 based on fishing mortalities in the range F = 0.08 to 0.15 including F = 0.125.

ICES should evaluate the probability that the SSB will fall below B_{pa} of 5,000,000 tonnes and B_{lim} of 2,500,000 tonnes in a 5 and 10-year period at various levels of constant fishing mortalities while the SSB is above B_{pa}, including values in the range of F = 0.05, 0.08, 0.10, 0.125, 0.15, 0.2.

For each of these combinations, evaluate the expected average percentage change in catches from year to year and the expected average catches over the same ten-year period.

* Færeyjar og Evrópubandalagið munu í tvíhliða samningi skiptast á 2.580 lestum.

* Within the bilateral arrangements, the Faroe Islands and the European Community will exchange 2,580 tonnes.

ICES skal einkum halda áfram að meta breytilegar aðferðir til að endurreisa hrygningarstofninn ef hann verður minni en B_{pa} sem er 5.000.000 tonn, þar á meðal skal meta kosti þess að fiskveiðidánarstuðullinn lækki í sama hlutfalli og hrygningarstofninn ef hann verður minni en B_{pa}. Markmið hinna ýmsu aðferða við að endurreisa stofninn skulu leiða til þess að miklar líkur verði á því að komið verði í veg fyrir að stofninn verði minni en B_{lim} og tryggja að hann stækki á ný upp fyrir B_{pa} innan fyrirsjáanlegra tímamarka.

Þess er óskað að ICES láti þessar upplýsingar í té fyrir 15. september 2001.

ICES should particularly continue to evaluate adaptive recovery strategies, including an option with linear reduction in F, in the event SSB falls below B_{pa} of 5,000,000 tonnes. The strategies should aim at preventing the SSB from falling below B_{lim} with a high probability and ensure the safe recovery of the stock to above B_{pa} at various time horizons.

ICES is requested to provide this information before 15 September 2001.

II. VIÐAUKI

Fyrirkomulag langtímastjórnunar veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Aðilar voru sammála um að framkvæma langtímastjórnunaráætlun vegna veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum sem sé í samræmi við varúðarleiðina og sé ætlað að halda nýtingu innan öruggra líffræðilegra marka og tryggja sjálfbærar veiðar. Áætlunin skal samanstanda af eftirfarandi:

1. Leitast skal við eftir fremsta megni að halda hrygningarstofninum yfir hættumörkunum (B_{lim}) 2.500.000 tonnum.

2. Að því er árið 2002 og eftirfarandi ár varðar voru aðilar sammála um að takmarka veiðar sínar á grundvelli leyfilegs heildarafla í samræmi við fiskveiðidánarstuðul undir 0,125 fyrir viðeigandi aldurshópa eins og skilgreint er af ICES, nema vísindaráðgjöf í framtíðinni krefjist breytinga á þessum fiskveiðidánarstuðli.

3. Skyldi hrygningarstofninn minnka niður fyrir viðmiðunarmörkin 5.000.000 tonn (B_{pa}) skal aðlaga fiskveiðidánarstuðulinn sem getið er um í 2. mgr. í ljósi vísindalegs mats á ríkjandi aðstæðum. Slík aðlögun skal tryggja að hrygningarstofninum verði með öruggum og skjótum hætti komið yfir 5.000.000 tonn.

4. Aðilar skulu, eftir því sem við á, endurskoða þessar stjórnunarráðstafanir og nýtingarstefnu á grundvelli nýrrar ráðgjafar sem ICES lætur í té.

ANNEX II

Arrangement on the Long-Term Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) Herring Stock

The Parties agreed to implement a long-term management plan for the Norwegian spring-spawning (Atlanto-Scandian) herring stock, which is consistent with a precautionary approach, intended to constrain harvesting within safe biological limits and designed to provide for sustainable fisheries. The plan shall consist of the following:

1. Every effort shall be made to maintain a level of Spawning Stock Biomass (SSB) greater than the critical level (B_{lim}) of 2,500,000 tonnes.

2. For the year 2002 and subsequent years, the Parties agreed to restrict their fishing on the basis of a TAC consistent with a fishing mortality rate of less than 0.125 for appropriate age groups as defined by ICES, unless future scientific advice requires modification of this fishing mortality rate.

3. Should the SSB fall below a reference point of 5,000,000 tonnes (B_{pa}), the fishing mortality rate, referred to under paragraph 2, shall be adapted in the light of scientific estimates of the conditions then prevailing. Such adaptation shall ensure a safe and rapid recovery of the SSB to a level in excess of 5,000, 000 tonnes.

4. The Parties shall, as appropriate, review and revise these management measures and strategies on the basis of any new advice provided by ICES.

Fylgiskjal II.

BÓKUN
um sérstakar verndunarráðstafanir með tilliti til stjórnunar veiða úrnorsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2001.

Með vísan til liðar 2.1 í bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi og sameiginlegrar bókunar um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2001 sem undirrituð var í dag.

Rússneska sambandsríkið skal láta 6.800 lestir af kvóta sínum á árinu 2001 í efnahagslögsögu sinni í Barentshafi óveiddar í verndunarskyni.

Gjört í Skagen 18. október 2000 í fjórum frumeintökum á ensku.

Fyrir sendinefnd Færeyja
Kaj P. Mortensen

Fyrir sendinefnd Íslands
Eiður Guðnason

Fyrir sendinefnd Noregs
Johán H. Williams

Fyrir sendinefnd Rússneska sambandsríkisins
Vladimir V. Sokolov

UNDERSTANDING
on Special Conservation Measures with Respect to Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) Herring Stock in 2001

With reference to Article 2.1 of the Protocol on the Conservation, Rational Utilisation and Management of Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring in the Northeast Atlantic, and with reference to the Agreed Record of Conclusions of Fisheries Consultations on the Management of the Norwegian Spring Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in the North-East Atlantic for 2001 signed today.

The Russian Federation shall reserve, for conservation purposes, 6,800 tonnes of its quota for 2001 in its Exclusive Economic Zone in the Barents Sea.

Done at Skagen on 18 October 2000 in four originals in English.

For the Delegation of the Faroe Islands
Kaj P. Mortensen

For the Delegation of Iceland
Eiður Guðnason

For the Delegation of Norway
Johán H. Williams

For the Delegation of the Russian Federation
Vladimir V. Sokolov

Fylgiskjal III.

Samningur
milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2001.

Ísland og Færeyjar
vísa til niðurstöðu samningaviðræðna um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2001 milli Evrópubandalagsins, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússlands í Skagen 18. október 2000
og hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.
Ísland heimilar færeyskum veiðiskipum að veiða 46.420 tonn úr norsk-íslenska síldarstofninum innan efnahagslögsögu Íslands samkvæmt þeim reglum sem gilda um veiðar þar.

Semja
millum Føroyar og Ísland um fyrisiting av várgýtandi norðurhavssildini í 2001.

Føroyar og Ísland,
vísa til niðurstøðu í samráðingunum, sum hava verið um fyrisiting av várgýtandi norðurhavssildini í 2001 millum Europeiska Felagsskapin, Føroyar, Ísland, Noreg og Russland í Skagen 18. oktober 2000,
hava gjørt semju um fylgjandi:

1. gr.
Ísland loyvir føroyskum fiskiførum at veiða 46.420 tons av várgýtandi norðurhavssild á íslendska búskaparliga økinum undir teimum reglum, sum galda fyri fiskiskapi á hesum øki.

Færeyjar heimila íslenskum veiðiskipum að veiða 132.080 tonn úr norsk-íslenska síldarstofninum innan fiskveiðilögsögu Færeyja samkvæmt þeim reglum sem gilda um veiðar þar.

2. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum innan lögsögu hins aðilans. Veiðiskip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila.

Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta.

Skip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn.

3. gr.

Til að tryggja skipulegar veiðar getur landstjórn Færeyja takmarkað fjölda íslenskra skipa sem stunda samtímis veiðar innan fiskveiðilögsögu Færeyja við 25 skip og íslensk stjórnvöld takmarkað fjölda færeyskra skipa sem stunda veiðar samtímis innan efnahagslögsögu Íslands við 8 skip.

4. gr.

Samningur þessi hefur ekki fordæmisgildi gagnvart samningum milli aðila í framtíðinni.

Gjört í Skagen 18. október 2000 í tveimur eintökum, öðru á íslensku og hinu á færeysku.

Fyrir hönd íslensku sendinefndarinnar:
Eiður Guðnason

Fyrir hönd færeysku sendinefndarinnar:
Kaj P. Mortensen

Føroyar loyva íslendskum fiskiførum at veiða 132.080 tons av várgýtandi norðurhavssild á føroyskum fiskiøki undir teimum reglum, sum galda fyri fiskiskapi á hesum øki.

2. gr.

Partarnir skulu fráboða ein lista yvir tey fiskifør, sum ætla at veiða norðurhavssild á økjunum hjá hvørjum øðrum. Bert tey fiskifør, sum eru á hesum lista, hava loyvi at veiða á økjunum.

Áðrenn fiskiskapurin byrjar skulu avvarðandi myndugleikar hava boð um navn á skipi saman við øðrum upplýsingum av týdningi.

Skipið skal boða frá, tá tað kemur á veiðiøki, uppgeva knøttstøðu og veiðinøgd, sum er veidd áðrenn komu á økið og síðani uppgeva knøttstøðu og veiðu hvønn dag. Tá skip fer av veiðiøkinum skal mett veiða verða givin upp.

3. gr.

Til tess at tryggja skipaða veiðu kunnu føroyskir myndugleikar avmarka talið av íslendskum skipum sum veiða í senn í føroyskum sjógvi til 25 skip og íslendskir myndugleikar avmarka talið av føroyskum skipum sum veiða í senn á íslendska búskaparøkinum til 8 skip.

4. gr.

Henda avtala hevur ikki fordømisgildi fyri semjur partanna millum í framtíðini.

Gjørd í Skagen 18. oktober 2000 í tveimum eintøkum, onnur á føroyskum og hin á íslendskum.

Vegna føroysku sendinevndina:
Kaj P. Mortensen

Vegna íslendsku sendinevndina:
Eiður Guðnason

Fylgiskjal IV.

SAMKOMULAG
milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 2001.

Í samræmi við 3. tölul. I. viðauka við sameiginlega bókun frá 18. október 2000 um niðurstöður fiskveiðiviðræðna milli Evrópubandalagsins, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í

ARRANGEMENT
between Iceland and Norway on Access to the Icelandic Economic Zone and the Norwegian Economic Zone and the Fishery Zone around Jan Mayen in 2001

In accordance with paragraph 3 of Annex I to Agreed Record dated 18 October 2000 of conclusions of fisheries consultations between the European Community, the Faroe Islands, Iceland, Norway and the Russian Federation on the management

Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2001 hafa verið gerðir sérstakir tvíhliða samningar um veiðar aðila í fiskveiðilögsögu hvers annars.

Að því er varðar Ísland og Noreg verður fyrirkomulagið sem hér segir:

Íslenskum fiskiskipum er á árinu 2001 heimilt að veiða allt að 132.100 lestir af síld í fiskveiðilögsögu Jan Mayen og í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, þar af að hámarki 5.900 lestir í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N.

Norskum fiskiskipum er heimilt að veiða allt að 94.200 lestir af síld í efnahagslögsögu Íslands á árinu 2001.

Aðilar munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

Gjört í Skagen 18. október 2000.

Fyrir hönd norsku sendinefndarinnar:
Johán H. Williams

Fyrir hönd íslensku sendinefndarinnar:
Eiður Guðnason

of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in the North-East Atlantic for 2001, separate bilateral arrangements on access to the respective zones of fisheries jurisdiction of the Parties have been concluded.

The following arrangement between Iceland and Norway shall apply:

Icelandic fishing vessels are granted access in 2001 to fish 132,100 tonnes of herring in the Fishery Zone around Jan Mayen or in the Norwegian Economic Zone north of 62°N, of which a maximum of 5,900 tonnes of herring may be fished in the Norwegian Economic Zone north of 62°N.

Norwegian fishing vessels are granted access in 2001 to fish 94,200 tonnes of herring in the Icelandic Economic Zone.

The Parties will agree upon further provisions on the conditions of the fisheries.

Done at Skagen, 18 October 2000.

For the Norwegian Delegation:
Johán H. Williams

For the Icelandic Delegation:
Eiður Guðnason

Fylgiskjal V.

SAMKOMULAG
milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2001.

1. Með vísan til sameiginlegrar bókunar um niðurstöður viðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2001, sem undirrituð var í dag af Evrópubandalaginu, Færeyjum, Íslandi, Noregi og Rússneska sambandsríkinu, hafa sendinefndir Íslands og Rússneska sambandsríkisins komið sér saman um að rússneskum fiskiskipum verði veitt heimild til að veiða á árinu 2001 allt að 3.700 lestir af síld innan efnahagslögsögu Íslands austan línu sem er dregin milli eftirtalinna punkta:

A. 64°00'N–09°00'V
B. 67°00'N–09°00'V
C. 69°25'N–13°00'V

2. Rússnesk yfirvöld skulu tilkynna Fiskistofu Íslands fyrir fram um hvaða fiskiskip hyggjast stunda fiskveiðar innan efnahagslögsögu Íslands og hvaða gerð veiðarfæra verði notuð. Fjöldi þeirra fiskiskipa, sem tilkynnt eru, skal ekki vera meiri en 20. Þeim er

ARRANGEMENT
between Iceland and the Russian Federation on Access to the Icelandic Economic Zone in 2001

1. With reference to the Agreed Record of Conclusions signed today between the European Community, the Faroe Islands, Iceland, Norway and the Russian Federation on the Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in the North-East Atlantic for 2001, the Delegations of Iceland and the Russian Federation have agreed that Russian fishing vessels shall be granted access in 2001 to take up to 3,700 tonnes of herring within the Icelandic Economic Zone east of a line drawn between the following points:

A. 64°00'N–09°00'W
B. 67°00'N–09°00'W
C. 69°25'N–13°00'W

2. Russian authorities shall notify the Directorate of Fisheries in Iceland in advance as to which fishing vessels intend to engage in fisheries within the Icelandic Economic Zone and the type of fishing gear to be used. The total number of fishing vessels noti-

ekki heimilað að hefja fiskveiðar fyrr en Fiskistofa Íslands hefur veitt samþykki sitt fyrir veiðum þeirra.

3. Eftirfarandi reglur gilda um tilkynningar til Landhelgisgæslu Íslands um veru rússneskra skipa innan efnahagslögsögu Íslands og veiðar þeirra þar:

A. Öll fiskiskip skulu tilkynna, með mest 12 klukkustunda fyrirvara en minnst 6 klukkustunda fyrirvara, um komu sína inn í efnahagslögsögu Íslands og láta í té upplýsingar um aflann um borð.

B. Öll fiskiskip skulu tilkynna daglega, milli klukkan tíu fyrir hádegi og tólf á hádegi á meðan þau eru innan efnahagslögsögu Íslands, um staðsetningu sína og láta í té upplýsingar um aflann undangengnar 24 klukkustundir.

C. Þegar skip siglir út úr efnahagslögsögu Íslands ber að tilkynna það og láta í té upplýsingar um allan afla um borð.

4. Fara skal að með sérstakri gát ef skip eru þétt saman að veiðum á fiskveiðisvæði. Sýna ber hringnótaskipum sérstaka tillitssemi.

fied shall not exceed 20. They are not authorised to commence fishing until the Directorate of Fisheries in Iceland has agreed to their fishing.

3. Regarding notification to the Icelandic Coast Guard on the presence and fishing of Russian vessels within the Icelandic Economic Zone, the following rules shall apply:

A. Each fishing vessel shall, at a notice of 12 hours maximum but 6 hours minimum, notify of its arrival into the Icelandic Economic Zone and provide information on the catch onboard.

B. Each fishing vessel shall notify daily between 10 a.m. and 12 noon, while within the Icelandic Economic Zone, of the vessel's position and provide information on the last 24 hours' catch.

C. A notification shall be given when a vessel sails out of the Icelandic Economic Zone and information shall be provided on the total catch onboard.

4. In case of high density of fishing vessels in a fishing area, the fishing operations shall be carried out with particular caution. Special consideration shall be shown towards purse seine fishing vessels.

Skagen, 18. október 2000.

Fyrir hönd sendinefndar Íslands:
Eiður Guðnason

Fyrir hönd sendinefndar Rússneska sambandsríkisins:
Vladimir V. Sokolov

Skagen, 18 October 2000.

For the Delegation of Iceland:
Eiður Guðnason

For the Delegation of the Russian Federation:
Vladimir V. Sokolov

1035. Tillaga til þingsályktunar [657. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2001.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2001 sem gengið var frá með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 12. febrúar og 2. mars 2001.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2001 sem gengið var frá með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 12. febrúar og 2. mars 2001. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Áður en samningur þessi var gerður var á grundvelli samnings landanna frá 1976 um heimildir Færeyinga til veiða í lögsögu Íslands ákveðið að færeyskum skipum væri heimilt að veiða 5.600 lestir af botnfiski við Ísland á árinu 2001.

Samkvæmt samningi þessum munu aðilar semja fyrir 20. júní 2001 um veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni sem stendur frá þeim degi til apríl 2002. Er eins og í samningi landanna frá 2000 við það miðað að veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á þessu tímabili verði um 30 þúsund lestir enda breytist forsendur varðandi leyfðan heildarafla og önnur atriði er máli skipta ekki í verulegum atriðum.

Gert er ráð fyrir því að heimilt sé að landa aflanum til vinnslu á Íslandi, en að óheimilt sé að vinna eða frysta afla sem veiddur er á tímabilinu janúar til apríl um borð og að utan Íslands sé einungis heimilt að landa þeim afla til bræðslu.

Í samningnum er eins og í samningi aðila frá fyrra ári kveðið á um að færeyskum skipum sé heimilt á loðnuvertíðinni 2001/2002 að veiða allt að 10.000 lestir af loðnu innan lögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda.

Samningurinn gerir enn fremur ráð fyrir gagnkvæmri heimild skipa hvors aðila til kolmunnaveiða innan lögsögu hins á árinu 2001.

Loks er í samningnum staðfest heimild íslenskra skipa til veiða á allt að 1.300 lestum af makríl og 2.000 lestum af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á árinu 2001.

Samningurinn tók gildi til bráðabirgða 2. mars 2001 og mun öðlast endanlegt gildi þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið fullnægt.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2001.

a. Bréf utanríkisráðherra Íslands til lögmanns Færeyja.

Reykjavík, 12. febrúar 2001

Hr. lögmaður
Anfinn Kallsberg
Föroya Landsstýri
Torshavn

Herra lögmaður.

Ég leyfi mér að vísa til samtala milli íslenskra og færeyskra stjórnvalda um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2001.

Mér skilst að samkomulag hafi orðið um eftirfarandi samning:

„Samningur
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2001.

1. gr.

Aðilar munu semja fyrir 20. júní 2001 um veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni sem stendur frá 20. júní 2001 til apríl 2002. Er við það miðað að veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á þessu tímabili verði um 30 þúsund lestir enda breytist forsendur varðandi leyfðan heildarafla og önnur atriði er máli skipta ekki í verulegum atriðum.

Heimilt er að landa aflanum til vinnslu á Íslandi. Óheimilt er að vinna eða frysta afla sem veiddur er á tímabilinu janúar til apríl um borð og utan Íslands er einungis heimilt að landa þeim afla til bræðslu.

Færeyskum skipum er heimilt á loðnuvertíðinni 2001/2002 að veiða allt að 10 þús. lestir af loðnu innan efnahagslögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda.

2. gr.

Færeyskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2001. Að höfðu samráði við landstjórn Færeyja geta íslensk stjórnvöld ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

3. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2001. Að höfðu samráði við íslensk stjórnvöld getur landstjórn Færeyja ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

4. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á allt að 1.300 lestum af makríl innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2001 og veiðar á allt að 2.000 lestum af síld úr síldarstofnum öðrum en þeim norsk-íslenska.

5. gr.

Færeysk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan íslenskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar íslenskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði.

Íslensk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan færeyskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar færeyskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði.

Skipum við kolmunnaveiðar er óheimilt að hafa um borð veiðarfæri sem nota má til botnfiskveiða.

6. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan lögsögu hins aðilans. Skip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila.

Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta.

Veiðiskip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn. Nánar er kveðið á um tilkynningar þessar í reglugerð."

Ef þér staðfestið að ofangreint sé skilningur yðar leyfi ég mér að leggja til að samningur þessi taki gildi til bráðabirgða þegar svarbréf yðar þar um er dagsett og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.

Virðingarfyllst,
Halldór Ásgrímsson
utanríkisráðherra

b. Svarbréf lögmanns Færeyja.

Tórshavn, 2. mars 2001

Uttanríkisráðharri
Halldór Ásgrímsson
Uttanríkisráðuneytið
Rauðarárstíg 25
IS-150 Reykjavík

Harra uttanríkisráðharri.

Eg loyvi mær at vátta bræv tygara dagsett 12. februar 2001, sum ljóðar soleiðis:

"Eg loyvi mær at vísa til samráðingar millum íslendskar og føroyskar myndugleikar um fiskiveiði í íslendskum og føroyskum sjógvi í 2001.
Eg havi skilt, at semja er vordin um fylgjandi:

"Semja
millum Ísland og Føroyar
um fiskiveiði í íslendskum og føroyskum sjógvi í 2001.

1. gr.

Partarnir fara fyri 20. juni 2001 at gera sáttmála um veiðiheimildir hjá føroyskum nótaskipum í lodnutíðini, sum varar frá 20. juni 2001 til apríl 2002. Samráðingarstøðið er, at veiðiheimildir hjá føroyskum nótaskipum í hesum tíðarskeiði verða um 30 túsund tons, treytað av at fyritreytir viðvíkjandi loyvdari heildarveiði og onnur viðurskifti, sum hava týdning, ikki broytast munandi.
Loyvt er at landa veiðina til framleiðslu í Íslandi. Tað er ikki loyvt at framleiða ella frysta tann partin av veiðini, sum er veiddur í tíðarskeiðnum januar til apríl um borð, og uttan fyri Ísland er bert loyvt at landa sama partin til ídnað.

Føroyskum skipum er í lodnuvertíðini 2001/2002 loyvt at veiða upp til 10.000 tons av lodnu í hvørji vertíð í íslendskum búskaparøki við veiðiheimildum, sum eru fingnar við samráðingum millum Føroyar og Grønland.

2. gr.

Føroyskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft í íslendskum búskaparøki í 2001. Eftir samráðingar við landsstýrið í Føroyum kunnu íslendskir myndugleikar áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

3. gr.

Íslendskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft í føroyskum sjógvi í 2001. Eftir samráðingar við íslendskar myndugleikar kann Føroya landsstýri áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

4. gr.

Íslendskum skipum er loyvt at veiða upp til 1.300 tons av makreli í føroyskum sjógvi í 2001 og at veiða upp til 2.000 tons av sild úr øðrum sildastovni enn várgýtandi norðurhavssild.

5. gr.

Føroysk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í íslendskum búskaparøki, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri íslendsk skip um reiðskap og fiskileiðir.

Íslendsk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í føroyskum sjógvi, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri føroysk skip um reiðskap og fiskileiðir.

Skipum, ið veiða eftir svartkjafti, er ikki loyvt at hava reiðskap til botnfiskaveiði um borð.

6. gr.

Partarnir skulu fráboða ein lista yvir tey fiskifør, sum ætla at veiða á økjunum hjá hvørjum øðrum. Bert tey fiskifør, sum eru á hesum lista, hava loyvi at veiða á økjunum.

Áðrenn fiskiskapurin byrjar, skulu avvarðandi myndugleikar hava boð um navn á skipi saman við øðrum upplýsingum av týðningi.

Skipið skal boða frá, tá tað kemur á veiðiøkið, uppgeva knøttstøðu og veiðinøgd, sum er veidd, áðrenn komu á økið, og síðani uppgeva knøttstøðu og veiðu hvønn dag. Tá skip fer av veiðiøkinum skal mett veiða verða givin upp. Nágreiniligari ásetingar um fráboðanir verða ásettar í kunngerð."

Um tygum staðfesta, at tað, ið stendur omanfyri, er í samsvar við fatan tygara, loyvi eg mær at skjóta upp, at henda avtala fær gildi fyribils, tá svarbræv tygara hesum viðvíkjandi er dagsett og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfyllt."

Eg loyvi mær at staðfesta, at tað ið stendur omanfyri, er í samsvar við fatan Føroya landsstýris, og avtalan fær gildi fyribils í dag og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfylt.

Við hávirðing,
Anfinn Kallsberg
løgmaður

1036. Tillaga til þingsályktunar [658. mál]

um aðild að Genfarsamningi um breytingu á Haagsamningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar að heimila að Ísland gerist aðili að Genfarsamningi um breytingu á Haagsamningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar sem gerður var í Genf 2. júlí 1999.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að Genfarsamningi frá 2. júlí 1999 um breytingu á Haagsamningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögunni.

Haagsamningurinn um alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar er frá 6. nóvember 1925. Samningurinn hefur verið endurskoðaður með samningum sem undirritaðir voru í London 1934 og Haag 1960, viðbótarsamningum frá Mónakó 1961 og Stokkhólmi 1967 og nú síðast með Genfarsamningnum frá 2. júlí 1999. Saman mynda þessir samningar svokallað Haagsamband. Genfarsamningurinn hefur enn ekki öðlast gildi.

Tilgangur Genfarsamningsins er að gera fleirum kleift að gerast aðilar að Haagsambandinu, að viðhalda einfaldleika kerfisins og gera það meira aðlaðandi fyrir umsækjendur um skráningu hönnunar. Alþjóðahugverkastofnunin (WIPO) í Genf hefur yfirumsjón með þessu alþjóðlega skráningarkerfi og heldur alþjóðlega hönnunarskrá.

Genfarsamningurinn gerir íbúum í aðildarríkjum hans kleift að sækja um skráningu hönnunar í öllum aðildarríkjum samningsins með einni umsókn. Unnt er að sækja um alþjóðlega skráningu beint til Alþjóðahugverkastofnunarinnar eða hjá einkaleyfaskrifstofu hvers ríkis. Skráning alþjóðlegrar hönnunar hefur sömu réttaráhrif og hefði hún verið lögð beint inn hjá aðildarríki sem landsbundin umsókn. Skráningaryfirvöld í hverju aðildarríki geta hafnað skráningu hönnunar á grundvelli þeirra laga sem gilda í hverju landi fyrir sig.

Hið alþjóðlega skráningarkerfi gerir umsækjanda um skráningu hönnunar mögulegt að öðlast vernd í tilteknum fjölda landa með því að leggja inn eina umsókn, á einu tungumáli og gegn greiðslu einfalds gjalds. Skráningarkerfið er bæði einfalt og hagkvæmt og mun án efa verða hvatning fyrir íslenska hönnuði sem óska jöfnum höndum eftir vernd hér á landi og á alþjóðlegum vettvangi. Einnig mun kerfið tvímælalaust hafa í för með sér fjölgun erlendra hönnunarskráninga hér á landi. Aðild að samningnum hefur ekki í för með sér kostnað fyrir aðildarríki hans þar eð allur kostnaður er greiddur með umsóknar- og endurnýjunargjöldum.

Genfarsamningnum um breytingu á Haagsamningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar svipar um margt til bókunar við Madrídarsamninginn um alþjóðlega skráningu merkja sem öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 15. apríl 1997.

Í X. kafla frumvarps til laga um hönnunarrétt, sem iðnaðarráðherra hefur lagt fram á yfirstandandi þingi, er fjallað um alþjóðlega skráningu hönnunar. Þar er skilgreint hvað átt sé við með alþjóðlegri skráningu hönnunar og kveðið á um meðferð alþjóðlegrar skráningar hér á landi. Í 60. gr. frumvarpsins er sérákvæði um gildistöku X. kafla. Ákvæði kaflans öðlast ekki gildi fyrr en við birtingu auglýsingar um að Ísland hafi gerst aðili að Genfarsamningnum.

Með frumvarpinu skapast skilyrði til að standa við skuldbindingar sem aðildarríki gangast undir samkvæmt samningnum.

Fylgiskjal.

GENFARSAMNINGUR UM BREYTINGU Á HAAGSAMNINGNUM UM ALÞJÓÐLEGA SKRÁNINGU HÖNNUNAR Á SVIÐI IÐNAÐAR

INNGANGSÁKVÆÐI

1. gr.

Stytting heita.

Í samningi þessum eru merkingar sem hér segir:

i) „Haagsamningurinn" merkir Haagsamninginn um alþjóðlega skrásetningu hönnunar á sviði iðnaðar, hér eftir gefið nýja heitið Haagsamningurinn um alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar;

ii) „samningur þessi" merkir Haagsamninginn eins og honum hefur verið breytt með samningi þessum;

iii) „reglugerð" merkir reglugerð samkvæmt samningi þessum;

iv) „kveðið á um" merkir kveðið á um í reglugerðinni;

v) „Parísarsamningurinn" merkir Parísarsamninginn um vernd eignarréttar á sviði iðnaðar sem undirritaður var í París 20. mars 1883, eins og hann hefur verið endurskoðaður og honum breytt;

vi) „alþjóðleg skráning" merkir alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar sem framkvæmd er samkvæmt samningi þessum;

vii) „alþjóðleg umsókn" merkir umsókn um alþjóðlega skráningu;

viii) „alþjóðaskrá" merkir opinbera söfnun gagna vegna alþjóðlegrar skráningar sem alþjóðaskrifstofan annast og samningur þessi eða reglugerðin krefjast eða heimila, án tillits til þess hvaða miðill er notaður til vistunar slíkra gagna;

ix) „aðili" merkir einstakling eða lögaðila;

x) „umsækjandi" merkir þann aðila sem skráður er fyrir alþjóðlegri umsókn;

xi) „eigandi" merkir þann aðila sem skráður er fyrir alþjóðlegri skráningu í alþjóðaskránni;

xii) „milliríkjastofnun" merkir milliríkjastofnun

GENEVA ACT OF THE HAGUE AGREEMENT CONCERNING THE INTERNATIONAL REGISTRATION OF INDUSTRIAL DESIGNS

INTRODUCTORY PROVISIONS

Article 1

Abbreviated Expressions

For the purposes of this Act:

(i) "the Hague Agreement" means the Hague Agreement Concerning the International Deposit of Industrial Designs, henceforth renamed the Hague Agreement Concerning the International Registration of Industrial Designs;

(ii) "this Act" means the Hague Agreement as established by the present Act;

(iii) "Regulations" means the Regulations under this Act;

(iv) "prescribed" means prescribed in the Regulations;

(v) "Paris Convention" means the Paris Convention for the Protection of Industrial Property, signed at Paris on March 20, 1883, as revised and amended;

(vi) "international registration" means the international registration of an industrial design effected according to this Act;

(vii) "international application" means an application for international registration;

(viii) "International Register" means the official collection of data concerning international registrations maintained by the International Bureau, which data this Act or the Regulations require or permit to be recorded, regardless of the medium in which such data are stored;

(ix) "person" means a natural person or a legal entity;

(x) "applicant" means the person in whose name an international application is filed;

(xi) "holder" means the person in whose name an international registration is recorded in the International Register;

(xii) "intergovernmental organization" means an

sem gerst getur aðili að samningi þessum í samræmi við ii-lið 1. mgr. 27. gr.;

xiii) „samningsaðili“ merkir ríki eða milliríkjastofnun sem er aðili að samningi þessum;

xiv) „samningsaðili umsækjanda“ merkir samningsaðila, eða einn af samningsaðilunum, sem veitir umsækjandanum rétt til þess að leggja inn alþjóðlega umsókn með því að fullnægja, með tilliti til þess samningsaðila, a.m.k. einu af skilyrðum þeim sem tilgreind eru í 3. gr.; þegar um er að ræða tvo eða fleiri samningsaðila sem veitt geta umsækjandanum rétt skv. 3. gr. til að leggja fram alþjóðlega umsókn merkir „samningsaðili umsækjanda“ þann aðila meðal samningsaðilanna sem vísað er til sem slíks í alþjóðlegu umsókninni;

xv) „landsvæði samningsaðila“ merkir, þegar samningsaðilinn er ríki, landsvæði þess ríkis og, þegar samningsaðili er milliríkjastofnun, landsvæðið þar sem stofnsamningur milliríkjastofnunarinnar gildir;

xvi) „skrifstofa“ merkir umboðsstofu sem samningsaðili hefur falið að veita hönnun á sviði iðnaðar vernd er gildir á landsvæði viðkomandi samningsaðila;

xvii) „rannsóknarstofa“ merkir skrifstofu sem hefur það hlutverk að rannsaka af sjálfsdáðum umsóknir sem lagðar eru inn hjá henni til verndar hönnun á sviði iðnaðar, a.m.k. í því skyni að ákvarða hvort hönnun á sviði iðnaðar fullnægir skilyrðinu um nýnæmi;

xviii) „tilnefning“ merkir beiðni um að alþjóðleg skráning gildi hjá samningsaðila; það merkir einnig færslu þessarar beiðnar í alþjóðaskrána;

xix) „tilnefndur samningsaðili“ og „tilnefnd skrifstofa“ merkja samningsaðila og skrifstofu samningsaðilans, eftir því sem við á, sem tilnefning gildir um;

xx) „samningurinn frá 1934“ merkir þann samning um breytingu á Haagsamningnum sem undirritaður var í London 2. júní 1934;

xxi) „samningurinn frá 1960“ merkir þann samning um breytingu á Haagsamningnum sem undirritaður var í Haag 28. nóvember 1960;

xxii) „viðbótarsamningurinn frá 1961“ merkir samninginn sem undirritaður var í Mónakó 18. nóvember 1961 og kemur til viðbótar samningnum frá 1934;

intergovernmental organization eligible to become party to this Act in accordance with Article 27(1)(ii);

(xiii) "Contracting Party" means any State or intergovernmental organization party to this Act;

(xiv) "applicant's Contracting Party" means the Contracting Party or one of the Contracting Parties from which the applicant derives its entitlement to file an international application by virtue of satisfying, in relation to that Contracting Party, at least one of the conditions specified in Article 3; where there are two or more Contracting Parties from which the applicant may, under Article 3, derive its entitlement to file an international application, "applicant's Contracting Party" means the one which, among those Contracting Parties, is indicated as such in the international application;

(xv) "territory of a Contracting Party" means, where the Contracting Party is a State, the territory of that State and, where the Contracting Party is an intergovernmental organization, the territory in which the constituent treaty of that intergovernmental organization applies;

(xvi) "Office" means the agency entrusted by a Contracting Party with the grant of protection for industrial designs with effect in the territory of that Contracting Party;

(xvii) "Examining Office" means an Office which ex officio examines applications filed with it for the protection of industrial designs at least to determine whether the industrial designs satisfy the condition of novelty;

(xviii) "designation" means a request that an international registration have effect in a Contracting Party; it also means the recording, in the International Register, of that request;

(xix) "designated Contracting Party" and "designated Office" means the Contracting Party and the Office of the Contracting Party, respectively, to which a designation applies;

(xx) "1934 Act" means the Act signed at London on June 2, 1934, of the Hague Agreement;

(xxi) "1960 Act" means the Act signed at The Hague on November 28, 1960, of the Hague Agreement;

(xxii) "1961 Additional Act" means the Act signed at Monaco on November 18, 1961, additional to the 1934 Act;

xxiii) „viðaukasamningurinn frá 1967“ merkir viðaukasamninginn um breytingu á Haagsamningnum sem undirritaður var í Stokkhólmi 14. júlí 1967, með breytingum;

xxiv) „samband“ merkir Haagsambandið, sem stofnað var með Haagsamningnum frá 6. nóvember 1925 og viðhaldið með samningunum frá 1934 og 1960, viðbótarsamningnum frá 1961, viðaukasamningnum frá 1967 og samningi þessum;

xxv) „þing“ merkir þingið sem vísað er til í a-lið 1. mgr. 21. gr., eða stofnun sem kemur í stað þess þings;

xxvi) „stofnun“ merkir Alþjóðahugverkastofnunina;

xxvii) „aðalframkvæmdastjóri“ merkir aðalframkvæmdastjóra stofnunarinnar;

xxviii) „alþjóðaskrifstofa“ merkir alþjóðaskrifstofu stofnunarinnar;

xxix) „fullgildingarskjal“ skal túlkað þannig að það taki einnig til skjala um staðfestingu eða samþykkt.

(xxiii) "Complementary Act of 1967" means the Complementary Act signed at Stockholm on July 14, 1967, as amended, of the Hague Agreement;

(xxiv) "Union" means the Hague Union established by the Hague Agreement of November 6, 1925, and maintained by the 1934 and 1960 Acts, the 1961 Additional Act, the Complementary Act of 1967 and this Act;

(xxv) "Assembly" means the Assembly referred to in Article 21(1)(a) or any body replacing that Assembly;

(xxvi) "Organization" means the World Intellectual Property Organization;

(xxvii) "Director General" means the Director General of the Organization;

(xxviii) "International Bureau" means the International Bureau of the Organization;

(xxix) "instrument of ratification" shall be construed as including instruments of acceptance or approval.

2. gr.

Gildissvið annarrar verndar á grundvelli laga samningsaðila og vissra alþjóðasamninga.

1. [Lög samningsaðila og vissir alþjóðasamningar]

Ákvæði samnings þessa skulu ekki hafa áhrif á það þegar meiri vernd er beitt samkvæmt lögum samningsaðila, né skulu þau á nokkurn hátt hafa áhrif á vernd þá sem veitt er listaverkum og nytjalist með alþjóðlegum höfundaréttarsamningum, eða á vernd þá sem veitt er hönnun á sviði iðnaðar á grundvelli samningsins um hugverkarétt í viðskiptum sem er viðauki við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

2. [Skylda til að hlíta Parísarsamningnum]

Hver samningsaðili skal hlíta ákvæðum Parísarsamningsins sem varða hönnun á sviði iðnaðar.

Article 2

Applicability of Other Protection Accorded by Laws of Contracting Parties and by Certain International Treaties

(1) [Laws of Contracting Parties and Certain International Treaties]
The provisions of this Act shall not affect the application of any greater protection which may be accorded by the law of a Contracting Party, nor shall they affect in any way the protection accorded to works of art and works of applied art by international copyright treaties and conventions, or the protection accorded to industrial designs under the Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights annexed to the Agreement Establishing the World Trade Organization.

(2) [Obligation to Comply with the Paris Convention]
Each Contracting Party shall comply with the provisions of the Paris Convention which concern industrial designs.

I. KAFLI

ALÞJÓÐLEG UMSÓKN OG ALÞJÓÐLEG SKRÁNING

3. gr.

Réttur til að leggja inn alþjóðlega umsókn.

Sérhver einstaklingur skal hafa rétt til þess að leggja inn alþjóðlega umsókn, enda sé hann ríkisborgari ríkis sem er samningsaðili, ríkisborgari ríkis í milliríkjastofnun sem er samningsaðili ellegar eigi hann lögheimili, hafi fasta búsetu eða eigi raunverulegt og virkt iðnaðar- eða verslunarfyrirtæki á landsvæði samningsaðila.

4. gr.

Meðferð innlagningar á alþjóðlegri umsókn.

1. [Bein eða óbein innlagning]
   a) Alþjóðlega umsókn má leggja inn að vali umsækjanda annaðhvort beint á alþjóðaskrifstofuna eða fyrir milligöngu skrifstofu samningsaðila umsækjanda.
   b) Þrátt fyrir a-lið getur sérhver samningsaðili með skriflegri yfirlýsingu tilkynnt aðalframkvæmdastjóranum að ekki megi leggja inn alþjóðlegar umsóknir á skrifstofu samningsaðilans.
2. [Yfirfærslugjald vegna óbeinnar innlagningar] Skrifstofa samningsaðila getur í eigin þágu krafist yfirfærslugjalds af umsækjanda vegna alþjóðlegrar umsóknar sem lögð er inn hjá henni.

5. gr.

Efni alþjóðlegrar umsóknar.

1. [Skylduefni alþjóðlegu umsóknarinnar]

   Alþjóðlega umsóknin skal vera á því tungumáli sem kveðið er á um, eða einu af þeim tungumálum sem kveðið er á um, og í henni skulu felast eða henni skulu fylgja:
   i) beiðni um alþjóðlega skráningu samkvæmt samningi þessum;
   ii) gögn þau sem kveðið er á um varðandi umsækjandann;
   iii) tilskilinn fjöldi eintaka af endurgerð eða ýmsum ólíkum endurgerðum, að vali umsækjanda, af þeirri hönnun á sviði iðnaðar sem er efni alþjóðlegu umsóknarinnar, kynnt á þann hátt sem kveðið er á um; ef hins vegar er um að ræða tvívíddarhönnun á sviði iðnaðar og farið er fram á frestun birtingar skv. 5. mgr. getur tilskil-

CHAPTER I

INTERNATIONAL APPLICATION AND INTERNATIONAL REGISTRATION

Article 3

Entitlement to File an International Application

Any person that is a national of a State that is a Contracting Party or of a State member of an intergovernmental organization that is a Contracting Party, or that has a domicile, a habitual residence or a real and effective industrial or commercial establishment in the territory of a Contracting Party, shall be entitled to file an international application.

Article 4

Procedure for Filing the International Application

(1) [Direct or Indirect Filing]
   (a) The international application may be filed, at the option of the applicant, either directly with the International Bureau or through the Office of the applicant's Contracting Party.
   (b) Notwithstanding subparagraph (a), any Contracting Party may, in a declaration, notify the Director General that international applications may not be filed through its Office.

(2) [Transmittal Fee in Case of Indirect Filing] The Office of any Contracting Party may require that the applicant pay a transmittal fee to it, for its own benefit, in respect of any international application filed through it.

Article 5

Contents of the International Application

(1) [Mandatory Contents of the International Application]
   The international application shall be in the prescribed language or one of the prescribed languages and shall contain or be accompanied by

   (i) a request for international registration under this Act;
   (ii) the prescribed data concerning the applicant;
   (iii) the prescribed number of copies of a reproduction or, at the choice of the applicant, of several different reproductions of the industrial design that is the subject of the international application, presented in the prescribed manner; however, where the industrial design is two-dimensional and a request

inn fjöldi sýnishorna af hönnun á sviði iðnaðar þó fylgt alþjóðlegu umsókninni og komið í stað endurgerða;

iv) vísbending um vöruna eða vörurnar sem mynda hönnun á sviði iðnaðar eða tengjast notkun hönnunar á sviði iðnaðar eins og kveðið er á um;

v) vísbending um tilnefnda samningsaðila;

vi) gjöldin sem kveðið er á um;

vii) sérhver önnur atriði sem kveðið er á um.

2. [Annað skylduefni alþjóðlegu umsóknarinnar]

a) Sérhver samningsaðili, sem hefur skrifstofu sem er rannsóknarstofa og þar sem lög hans krefjast þess, við aðild hans að samningi þessum, að í umsókn um veitingu verndar á hönnun á sviði iðnaðar sé að finna einhver þeirra atriða sem tilgreind eru í b-lið til þess að umsóknin hljóti umsóknardag samkvæmt þeim lögum, getur með skriflegri yfirlýsingu tilkynnt aðalframkvæmdastjóranum um þessi atriði.

b) Atriði þau sem tilkynna má skv. a-lið eru eins og hér segir:

i) vísbendingar um hver sé höfundur þeirrar hönnunar á sviði iðnaðar sem er efni þeirrar umsóknar;

ii) stutt lýsing á endurgerðinni eða þáttum þeim er einkenna þá hönnun á sviði iðnaðar sem er efni þeirrar umsóknar;

iii) krafa.

c) Þegar í alþjóðlegu umsókninni felst tilnefning á samningsaðila sem staðið hefur að tilkynningu skv. a-lið skal í umsókninni einnig vera, á þann hátt sem kveðið er á um, sérhvert það atriði sem var efni þeirrar tilkynningar.

3. [Annað hugsanlegt efni í alþjóðlegu umsókninni]

Alþjóðlega umsóknin getur falið í sér eða henni geta fylgt önnur atriði sem tilgreind eru í reglugerðinni.

4. [Margs konar hönnun á sviði iðnaðar í sömu alþjóðlegu umsókninni]
Með fyrirvara um skilyrði þau sem kveðið kann að vera á um getur alþjóðleg umsókn falið í sér tvær eða fleiri tegundir hönnunar á sviði iðnaðar.

for deferment of publication is made in accordance with paragraph (5), the international application may, instead of containing reproductions, be accompanied by the prescribed number of specimens of the industrial design;

(iv) an indication of the product or products which constitute the industrial design or in relation to which the industrial design is to be used, as prescribed;

(v) an indication of the designated Contracting Parties;

(vi) the prescribed fees;

(vii) any other prescribed particulars.

(2) [Additional Mandatory Contents of the International Application]

(a) Any Contracting Party whose Office is an Examining Office and whose law, at the time it becomes party to this Act, requires that an application for the grant of protection to an industrial design contain any of the elements specified in subparagraph (b) in order for that application to be accorded a filing date under that law may, in a declaration, notify the Director General of those elements.

(b) The elements that may be notified pursuant to subparagraph (a) are the following:

(i) indications concerning the identity of the creator of the industrial design that is the subject of that application;

(ii) a brief description of the reproduction or of the characteristic features of the industrial design that is the subject of that application;

(iii) a claim.

(c) Where the international application contains the designation of a Contracting Party that has made a notification under subparagraph (a), it shall also contain, in the prescribed manner, any element that was the subject of that notification.

(3) [Other Possible Contents of the International Application]
The international application may contain or be accompanied by such other elements as are specified in the Regulations.

(4) [Several Industrial Designs in the Same International Application]
Subject to such conditions as may be prescribed, an international application may include two or more industrial designs.

5. [Beiðni um frestun birtingar]
Beiðni um frestun birtingar getur verið í alþjóðlegu umsókninni.

6. gr.

Forgangsréttur.

1. [Krafa um forgangsrétt]
a) Í alþjóðlegu umsókninni getur falist yfirlýsing um kröfu skv. 4. gr. Parísarsamningsins til forgangsréttar til handa einni eða fleiri fyrri umsóknum er lagðar hafa verið inn í einhverju landi eða fyrir hönd einhvers lands sem er aðili að þeim samningi eða Alþjóðaviðskiptastofnuninni.
b) Í reglugerðinni getur verið kveðið á um að gefa megi út yfirlýsingu skv. a-lið þegar alþjóðlega umsóknin hefur verið lögð inn. Í slíku tilviki skal reglugerðin kveða á um hvenær slík yfirlýsing skuli gefin út í síðasta lagi.

2. [Alþjóðleg umsókn notuð sem grundvöllur að forgangsréttarkröfu]
Alþjóðlega umsóknin skal, frá þeim degi er hún er lögð inn og hver svo sem örlög hennar kunna að verða, jafngilda venjulegri innlagningu umsóknar í skilningi 4. gr. Parísarsamningsins.

7. gr.

Tilnefningargjöld.

1. [Tilskilið tilnefningargjald]
Tilskilin gjöld skulu fela í sér tilnefningargjald fyrir hvern tilnefndan samningsaðila, sbr. þó 2. mgr.
2. [Sérstakt tilnefningargjald]
Sérhver samningsaðili með skrifstofu sem er rannsóknarstofa og sérhver samningsaðili sem er milliríkjastofnun geta með skriflegri yfirlýsingu tilkynnt aðalframkvæmdastjóranum að í tengslum við alþjóðlega umsókn þar sem samningsaðilinn er tilnefndur og í tengslum við endurnýjun á alþjóðlegri umsókn sem rekja má til slíkrar alþjóðlegrar umsóknar skuli í staðinn fyrir tilskilið tilnefningargjald skv. 1. mgr. koma sérstakt tilnefningargjald en fjárhæð þess skal tilgreind í yfirlýsingunni og má breyta henni í síðari yfirlýsingum. Framangreindur samningsaðili getur ákvarðað umrædda fjárhæð fyrir upphafstíma verndar og hvert endurnýjunartímabil eða fyrir hámarkstíma verndar sem viðkomandi samningsaðili heimilar. Fjárhæðin má hins vegar ekki vera hærri en jafnvirði fjárhæðar þeirrar sem skrifstofa þessa samningsaðila ætti rétt á að fá greidda af hálfu umsækjanda fyrir veitta vernd á samsvarandi tíma

(5) [Request for Deferred Publication]
The international application may contain a request for deferment of publication.

Article 6

Priority

(1) [Claiming of Priority]
(a) The international application may contain a declaration claiming, under Article 4 of the Paris Convention, the priority of one or more earlier applications filed in or for any country party to that Convention or any Member of the World Trade Organization.

(b) The Regulations may provide that the declaration referred to in subparagraph (a) may be made after the filing of the international application. In such case, the Regulations shall prescribe the latest time by which such declaration may be made.

(2) [International Application Serving as a Basis for Claiming Priority]
The international application shall, as from its filing date and whatever may be its subsequent fate, be equivalent to a regular filing within the meaning of Article 4 of the Paris Convention.

Article 7

Designation Fees

(1) [Prescribed Designation Fee]
The prescribed fees shall include, subject to paragraph (2), a designation fee for each designated Contracting Party.

(2) [Individual Designation Fee]
Any Contracting Party whose Office is an Examining Office and any Contracting Party that is an intergovernmental organization may, in a declaration, notify the Director General that, in connection with any international application in which it is designated, and in connection with the renewal of any international registration resulting from such an international application, the prescribed designation fee referred to in paragraph (1) shall be replaced by an individual designation fee, whose amount shall be indicated in the declaration and can be changed in further declarations. The said amount may be fixed by the said Contracting Party for the initial term of protection and for each term of renewal or for the maximum period of protection allowed by the Contracting Party concerned. However, it may not be higher than the equivalent of the amount which the Office of that Contracting

vegna sama fjölda hönnunar á sviði iðnaðar, enda lækki þessi fjárhæð vegna sparnaðar sem alþjóðlega meðferðin hefur í för með sér.

3. [Sending tilnefningargjalda]
Tilnefningargjöld skv. 1. og 2. mgr. skal alþjóðaskrifstofan senda samningsaðilunum sem gjöld þessi voru greidd fyrir.

8. gr.

Leiðrétting á misfellum.

1. [Rannsókn á alþjóðlegu umsókninni]
Ef alþjóðaskrifstofan kemst að þeirri niðurstöðu að alþjóðlega umsóknin fullnægi ekki, við móttöku af hálfu skrifstofunnar, kröfum samnings þessa og reglugerðarinnar skal hún bjóða umsækjandanum að gera nauðsynlegar leiðréttingar innan tilskilins frests.
2. [Misfellur ekki leiðréttar]
   a) Ef umsækjandinn þiggur ekki boðið áður en tilskilinn frestur er liðinn skal alþjóðlega umsóknin talin afskrifuð, sbr. þó b-lið.

   b) Ef umsækjandinn þiggur ekki boðið innan tilskilins frests þegar um misfellur er að ræða er tengjast 2. mgr. 5. gr. eða sérstakri kröfu sem samningsaðili hefur tilkynnt aðalframkvæmdastjóranum samkvæmt reglugerðinni skal talið að í alþjóðlegu umsókninni felist ekki tilnefning þess samningsaðila.

9. gr.

Umsóknardagur alþjóðlegrar umsóknar.

1. [Bein innlagning alþjóðlegrar umsóknar]
Þegar alþjóðlega umsóknin er lögð beint inn til alþjóðaskrifstofunnar skal umsóknardagurinn vera sá dagur er alþjóðaskrifstofunni berst umsóknin, sbr. þó 3. mgr.

2. [Óbein innlagning alþjóðlegrar umsóknar]
Þegar alþjóðlega umsóknin er lögð inn fyrir milligöngu skrifstofu samningsaðila umsækjandans skal umsóknardagur ákvarðaður eins og kveðið er á um.
3. [Alþjóðleg umsókn með ákveðnum misfellum]

Þegar þær misfellur eru á alþjóðlegu umsókninni á móttökudegi hennar á alþjóðaskrifstofunni sem kveðið er á um að séu misfellur sem hafa í för

Party would be entitled to receive from an applicant for a grant of protection for an equivalent period to the same number of industrial designs, that amount being diminished by the savings resulting from the international procedure.
(3) [Transfer of Designation Fees]
The designation fees referred to in paragraphs (1) and (2) shall be transferred by the International Bureau to the Contracting Parties in respect of which those fees were paid.

Article 8

Correction of Irregularities

(1) [Examination of the International Application]
If the International Bureau finds that the international application does not, at the time of its receipt by the International Bureau, fulfill the requirements of this Act and the Regulations, it shall invite the applicant to make the required corrections within the prescribed time limit.
(2) [Irregularities Not Corrected]
   (a) If the applicant does not comply with the invitation within the prescribed time limit, the international application shall, subject to subparagraph (b), be considered abandoned.
   (b) In the case of an irregularity which relates to Article 5(2) or to a special requirement notified to the Director General by a Contracting Party in accordance with the Regulations, if the applicant does not comply with the invitation within the prescribed time limit, the international application shall be deemed not to contain the designation of that Contracting Party.

Article 9

Filing Date of the International Application

(1) [International Application Filed Directly]
Where the international application is filed directly with the International Bureau, the filing date shall, subject to paragraph (3), be the date on which the International Bureau receives the international application.
(2) [International Application Filed Indirectly]
Where the international application is filed through the Office of the applicant's Contracting Party, the filing date shall be determined as prescribed.
(3) [International Application with Certain Irregularities]
Where the international application has, on the date on which it is received by the International Bureau, an irregularity which is prescribed as an

með sér frestun á umsóknardegi alþjóðlegu umsóknarinnar skal umsóknardagur vera sá dagur er leiðrétting á slíkum misfellum berst alþjóðaskrifstofunni.

10. gr.

Alþjóðleg skráning, dagsetning alþjóðlegrar skráningar, birting og trúnaðareintök af alþjóðlegri skráningu.

1. [Alþjóðleg skráning]
Alþjóðaskrifstofan skal skrá hverja hönnun á sviði iðnaðar sem er efni alþjóðlegrar umsóknar þegar við móttöku á skrifstofunni eða, þegar boðið er upp á að gera leiðréttingar skv. 8. gr., þegar við móttöku nauðsynlegra leiðréttinga. Skráningin skal fara fram hvort sem birtingu er frestað skv. 11. gr. eða ekki.

2. [Dagsetning alþjóðlegu skráningarinnar]
   a) Dagsetning alþjóðlegu skráningarinnar skal vera umsóknardagur hennar, sbr. þó b-lið.

   b) Þegar misfellur, sem tengjast 2. mgr. 5. gr., eru á alþjóðlegu umsókninni á þeim degi er hún berst alþjóðaskrifstofunni skal skráningardagur alþjóðlegu skráningarinnar vera sá dagur er leiðrétting á slíkum misfellum berst skrifstofunni eða umsóknardagur alþjóðlegu umsóknarinnar, hvor sem er síðar.

3. [Birting]
   a) Alþjóðaskrifstofan skal birta alþjóðlegu skráninguna. Allir samningsaðilar skulu meta slíka birtingu sem fullnægjandi kynningu og ekki má krefjast neinnar annarrar kynningar af eiganda.

   b) Alþjóðaskrifstofan skal senda eintak af birtingu alþjóðlegu skráningarinnar til allra tilnefndra skrifstofa.
4. [Trúnaðargæsla fyrir birtingu]

   Alþjóðaskrifstofan skal gæta trúnaðar um hverja alþjóðlega umsókn og hverja alþjóðlega skráningu fram að birtingu, sbr. þó 5. mgr. þessarar greinar og b-lið 4. mgr. 11. gr.
5. [Trúnaðareintök]
   a) Alþjóðaskrifstofan skal þegar að lokinni skráningu senda afrit af alþjóðlegu skráningunni, ásamt öllum viðeigandi yfirlýsingum, skjölum eða sýnishornum sem fylgja alþjóð-

irregularity entailing a postponement of the filing date of the international application, the filing date shall be the date on which the correction of such irregularity is received by the International Bureau.

Article 10

International Registration, Date of the International Registration, Publication and Confidential Copies of the International Registration

(1) [International Registration]
The International Bureau shall register each industrial design that is the subject of an international application immediately upon receipt by it of the international application or, where corrections are invited under Article 8, immediately upon receipt of the required corrections. The registration shall be effected whether or not publication is deferred under Article 11.

(2) [Date of the International Registration]
   (a) Subject to subparagraph (b), the date of the international registration shall be the filing date of the international application.
   (b) Where the international application has, on the date on which it is received by the International Bureau, an irregularity which relates to Article 5(2) , the date of the international registration shall be the date on which the correction of such irregularity is received by the International Bureau or the filing date of the international application, whichever is the later.

(3) [Publication]
   (a) The international registration shall be published by the International Bureau. Such publication shall be deemed in all Contracting Parties to be sufficient publicity, and no other publicity may be required of the holder.
   (b) The International Bureau shall send a copy of the publication of the international registration to each designated Office.

(4) [Maintenance of Confidentiality Before Publication]
Subject to paragraph (5) and Article 11(4)(b), the International Bureau shall keep in confidence each international application and each international registration until publication.

(5) [Confidential Copies]
   (a) The International Bureau shall, immediately after registration has been effected, send a copy of the international registration, along with any relevant statement, document or

legu umsókninni, til hverrar skrifstofu sem tilkynnt hefur alþjóðaskrifstofunni að hún óski þess að fá slíkt afrit afhent og hefur verið tilnefnd í alþjóðlegu umsókninni.

b) Skrifstofan skal, fram að þeim tíma er alþjóðaskrifstofan birtir alþjóðlegu skráninguna, gæta trúnaðar um hverja alþjóðlega skráningu sem henni hefur borist eintak af frá alþjóðaskrifstofunni og getur hún einungis notað umrætt eintak í því skyni að rannsaka alþjóðlegu skráninguna og umsóknir um vernd hönnunar á sviði iðnaðar sem lagðar hafa verið inn hjá samningsaðilanum eða fyrir hann þar sem skrifstofan er bær. Sérstaklega er henni óheimilt að upplýsa nokkurn einstakling utan skrifstofunnar, annan en eiganda alþjóðlegu skráningarinnar, um efni nokkurrar slíkrar alþjóðlegrar skráningar, nema vegna máls fyrir stjórnvaldi eða dómstóli út af ágreiningi um rétt til þess að leggja inn alþjóðlegu umsóknina er alþjóðlega skráningin byggist á. Í slíku máli fyrir stjórnvaldi eða dómstóli er einungis heimilt að upplýsa málsaðila í trúnaði um efni alþjóðlegu skráningarinnar en þeir skulu skuldbundnir til að virða trúnaðinn um það sem þeim hefur verið skýrt frá.

specimen accompanying the international application, to each Office that has notified the International Bureau that it wishes to receive such a copy and has been designated in the international application.

(b) The Office shall, until publication of the international registration by the International Bureau, keep in confidence each international registration of which a copy has been sent to it by the International Bureau and may use the said copy only for the purpose of the examination of the international registration and of applications for the protection of industrial designs filed in or for the Contracting Party for which the Office is competent. In particular, it may not divulge the contents of any such international registration to any person outside the Office other than the holder of that international registration, except for the purposes of an administrative or legal proceeding involving a conflict over entitlement to file the international application on which the international registration is based. In the case of such an administrative or legal proceeding, the contents of the international registration may only be disclosed in confidence to the parties involved in the proceeding who shall be bound to respect the confidentiality of the disclosure.

11. gr.

Frestun birtingar.

1. [Lagaákvæði samningsaðila um frestun birtingar]

a) Þar sem lög samningsaðila kveða á um frestun birtingar á hönnun á sviði iðnaðar um tíma sem er skemmri en tilskilinn frestur skal sá samningsaðili tilkynna aðalframkvæmdastjóranum með skriflegri yfirlýsingu um leyfilega tímalengd frestunar.

b) Þegar lög samningsaðila kveða ekki á um frestun birtingar á hönnun á sviði iðnaðar skal sá samningsaðili tilkynna aðalframkvæmdastjóranum um þá staðreynd með skriflegri yfirlýsingu.

2. [Frestun birtingar]
Þegar alþjóðlega umsóknin inniheldur beiðni um frestun birtingar skal birting fara fram:

i) þegar enginn af þeim samningsaðilum sem tilnefndir eru í alþjóðlegu umsókninni hefur gefið út yfirlýsingu skv. 1.

Article 11

Deferment of Publication

(1) [Provisions of Laws of Contracting Parties Concerning Deferment of Publication]

(a) Where the law of a Contracting Party provides for the deferment of the publication of an industrial design for a period which is less than the prescribed period, that Contracting Party shall, in a declaration, notify the Director General of the allowable period of deferment.

(b) Where the law of a Contracting Party does not provide for the deferment of the publication of an industrial design, the Contracting Party shall, in a declaration, notify the Director General of that fact.

(2) [Deferment of Publication]
Where the international application contains a request for deferment of publication, the publication shall take place,

(i) where none of the Contracting Parties designated in the international application has made a declaration under

mgr., er tilskilinn frestur rennur út, eða

ii) þegar einhver af þeim samningsaðilum sem tilnefndir eru í alþjóðlegu umsókninni hefur gefið út yfirlýsingu skv. a-lið 1. mgr., við lok þess frests sem tilkynntur er í slíkri yfirlýsingu eða, þegar fleiri en einn slíkur samningsaðili er tilnefndur, við lok skemmsta frests sem tilkynntur er í yfirlýsingum þeirra.

3. [Meðferð beiðna um frestun birtingar þegar frestun er óheimil samkvæmt gildandi lögum]

Þegar beðið hefur verið um frestun birtingar og einhver þeirra samningsaðila sem tilnefndir eru í alþjóðlegu umsókninni hefur gefið út yfirlýsingu skv. b-lið 1. mgr. er þessi frestun birtingar óheimil samkvæmt lögum samningsaðilans:

i) alþjóðaskrifstofan skal tilkynna umsækjanda slíkt, sbr. þó ii-lið; ef umsækjandi dregur ekki tilnefningu umrædds samningsaðila til baka innan tilskilins frests með skriflegri tilkynningu til alþjóðaskrifstofunnar skal hún virða að vettugi beiðnina um frestun birtingar;

ii) þegar alþjóðlegu umsókninni fylgdu sýnishorn af hönnun á sviði iðnaðar í stað endurgerðar hönnunarinnar skal alþjóðaskrifstofan virða tilnefningu umrædds samningsaðila að vettugi og ber að tilkynna umsækjandanum slíkt.

4. [Beiðni um birtingu fyrr eða sérstakan aðgang að alþjóðlegu skráningunni]

a) Meðan frestur skv. 2. mgr. varir getur eigandi hvenær sem er farið fram á birtingu á einni eða fleiri tegundum hönnunar á sviði iðnaðar sem er efni alþjóðlegu skráningarinnar en í því tilviki skal fresturinn vegna slíkrar hönnunar teljast hafa runnið út á þeim degi er alþjóðaskrifstofunni berst beiðnin.

b) Eigandi getur einnig, hvenær sem er meðan frestur skv. 2. mgr. varir, beðið alþjóðaskrifstofuna að útvega þriðja aðila, sem tilgreindur skal af eiganda, útdrátt úr, eða heimila þessum aðila aðgang að, einhverjum eða öllum tegundum hönnunarinnar sem er efni alþjóðlegu skráningarinnar.

paragraph (1), at the expiry of the prescribed period or,

(ii) where any of the Contracting Parties designated in the international application has made a declaration under paragraph (1)(a), at the expiry of the period notified in such declaration or, where there is more than one such designated Contracting Party, at the expiry of the shortest period notified in their declarations.

(3) [Treatment of Requests for Deferment Where Deferment Is Not Possible Under Applicable Law]

Where deferment of publication has been requested and any of the Contracting Parties designated in the international application has made a declaration under paragraph (1)(b) that deferment of publication is not possible under its law,

(i) subject to item (ii), the International Bureau shall notify the applicant accordingly; if, within the prescribed period, the applicant does not, by notice in writing to the International Bureau, withdraw the designation of the said Contracting Party, the International Bureau shall disregard the request for deferment of publication;

(ii) where, instead of containing reproductions of the industrial design, the international application was accompanied by specimens of the industrial design, the International Bureau shall disregard the designation of the said Contracting Party and shall notify the applicant accordingly.

(4) [Request for Earlier Publication or for Special Access to the International Registration]

(a) At any time during the period of deferment applicable under paragraph (2), the holder may request publication of any or all of the industrial designs that are the subject of the international registration, in which case the period of deferment in respect of such industrial design or designs shall be considered to have expired on the date of receipt of such request by the International Bureau.

(b) The holder may also, at any time during the period of deferment applicable under paragraph (2), request the International Bureau to provide a third party specified by the holder with an extract from, or to allow such a party access to, any or all of the industrial designs that are the subject of the international registration.

5. [Höfnun og takmörkun]
   a) Ef eigandi, á einhverjum tíma meðan frestur skv. 2. mgr. varir, hafnar alþjóðlegu skráningunni, hvað snertir alla tilnefnda samningsaðila, skal ekki birta hönnun, eina eða fleiri, sem er efni alþjóðlegu skráningarinnar.

   b) Ef eigandi, á einhverjum tíma meðan frestur skv. 2. mgr. varir, takmarkar alþjóðlegu skráninguna, hvað alla tilnefnda samningsaðila snertir, við eina hönnun eða fleiri á sviði iðnaðar sem er efni alþjóðlegu skráningarinnar skal önnur hönnun, sem er efni alþjóðlegu skráningarinnar, ekki birt.

6. [Birting og útvegun endurgerða]
   a) Þegar gildandi frestur samkvæmt ákvæðum þessarar greinar rennur út skal alþjóðaskrifstofan birta alþjóðlegu skráninguna enda séu tilskilin gjöld greidd. Ef slík tilskilin gjöld eru ekki greidd skal alþjóðlegu skráningunni hafnað og birting hennar ekki fara fram.

   b) Þegar alþjóðlegu umsókninni fylgdi eitt eða fleiri sýnishorn af hönnun á sviði iðnaðar skv. iii-lið 1. mgr. 5. gr. skal eigandi innan tilskilins frests leggja fram tilskilinn fjölda eintaka af endurgerð hverrar hönnunar á sviði iðnaðar sem er efni umsóknar hans hjá alþjóðaskrifstofunni. Ef eigandinn gerir það ekki skal alþjóðlegu umsókninni hafnað og birting ekki fara fram.

(5) [Renunciation and Limitation]
   (a) If, at any time during the period of deferment applicable under paragraph (2), the holder renounces the international registration in respect of all the designated Contracting Parties, the industrial design or designs that are the subject of the international registration shall not be published.
   (b) If, at any time during the period of deferment applicable under paragraph (2), the holder limits the international registration, in respect of all of the designated Contracting Parties, to one or some of the industrial designs that are the subject of the international registration, the other industrial design or designs that are the subject of the international registration shall not be published.

(6) [Publication and Furnishing of Reproductions]
   (a) At the expiration of any period of deferment applicable under the provisions of this Article, the International Bureau shall, subject to the payment of the prescribed fees, publish the international registration. If such fees are not paid as prescribed, the international registration shall be canceled and publication shall not take place.
   (b) Where the international application was accompanied by one or more specimens of the industrial design in accordance with Article 5(1)(iii), the holder shall submit the prescribed number of copies of a reproduction of each industrial design that is the subject of that application to the International Bureau within the prescribed time limit. To the extent that the holder does not do so, the international registration shall be canceled and publication shall not take place.

12. gr.

Synjun.

1. [Réttur til synjunar]
Skrifstofa sérhvers tilnefnds samningsaðila getur synjað áhrifum alþjóðlegu skráningarinnar að nokkru eða öllu leyti á landsvæði samningsaðilans þegar skilyrðum fyrir veitingu verndar samkvæmt lögum samningsaðilans er ekki fullnægt með tilliti til einhverrar eða sérhverrar þeirrar hönnunar á sviði iðnaðar sem er efni alþjóðlegrar skráningar; þó getur engin skrifstofa að nokkru eða öllu leyti synjað áhrifum alþjóðlegrar skráningar af þeirri ástæðu að samkvæmt lögum hlutaðeigandi samningsaðila hafi ekki verið fullnægt skilyrðum þeim um form og efni alþjóðlegu umsóknarinnar sem tilgreind eru í samningi þessum

Article 12

Refusal

(1) [Right to Refuse]
The Office of any designated Contracting Party may, where the conditions for the grant of protection under the law of that Contracting Party are not met in respect of any or all of the industrial designs that are the subject of an international registration, refuse the effects, in part or in whole, of the international registration in the territory of the said Contracting Party, provided that no Office may refuse the effects, in part or in whole, of any international registration on the ground that requirements relating to the form or contents of the international application that are provided for in this Act or the Regulations or are

eða reglugerðinni, eða koma þeim til viðbótar eða eru frábrugðin þeim.

2. [Tilkynning um synjun]
   a) Skrifstofan skal tilkynna alþjóðaskrifstofunni um synjun á áhrifum alþjóðlegrar skráningar innan tilskilins frests.

   b) Í sérhverri tilkynningu um synjun skal tilgreina allar ástæður fyrir synjuninni.
3. [Sending tilkynningar um synjun; úrræði]

   a) Alþjóðaskrifstofan skal án tafar senda eiganda skráningar eintak af tilkynningunni um synjun.
   b) Eigandi skal njóta sömu úrræða og ef hönnun á sviði iðnaðar, sem er efni alþjóðlegu skráningarinnar, hefði verið efni umsóknar um veitingu verndar samkvæmt þeim lögum sem skrifstofan sem tilkynnti um synjunina fer eftir. Slík úrræði skulu að *minnsta kosti* felast í möguleikanum á endurmati, endurupptöku eða áfrýjun synjunarinnar.

4. [Afturköllun synjunar]
   Skrifstofan sem tilkynnir um synjun getur hvenær sem er afturkallað hana að nokkru eða öllu leyti.

13. gr.

Sérstakar kröfur um samstæða hönnun.

1. [Tilkynning um sérstakar kröfur]
   Sérhver samningsaðili þar sem lög krefjast þess, þegar hann verður aðili að samningi þessum, að hönnun, sem er efni einnar og sömu umsóknar, fari eftir kröfu um samstæða hönnun, samstæða framleiðslu eða samstæða notkun, eða tilheyri sömu samstæðu eða samsetningu hluta, eða að einungis megi gera kröfu til einnar, sjálfstæðrar og aðskilinnar hönnunar í einni umsókn, getur tilkynnt aðalframkvæmdastjóranum slíkt með skriflegri yfirlýsingu. Hins vegar skal engin slík yfirlýsing hafa áhrif á rétt umsækjandans til þess að steypa minnst tvenns konar hönnun á sviði iðnaðar saman í eina alþjóðlega umsókn skv. 4. mgr. 5. gr. jafnvel þótt samningsaðilinn, sem gefið hefur út yfirlýsinguna, sé tilnefndur í umsókninni.
2. [Áhrif yfirlýsingar]
   Sérhver slík yfirlýsing skal gera skrifstofu samningsaðilans sem gaf hana út kleift að synja áhrifum alþjóðlegu skráningarinnar skv. 1. mgr. 12. gr. uns orðið verður við kröfunni sem samningsaðilinn tilkynnti um.

additional to, or different from, those requirements have not been satisfied under the law of the Contracting Party concerned.

(2) [Notification of Refusal]
   (a) The refusal of the effects of an international registration shall be communicated by the Office to the International Bureau in a notification of refusal within the prescribed period.
   (b) Any notification of refusal shall state all the grounds on which the refusal is based.

(3) [Transmission of Notification of Refusal; Remedies]
   (a) The International Bureau shall, without delay, transmit a copy of the notification of refusal to the holder.
   (b) The holder shall enjoy the same remedies as if any industrial design that is the subject of the international registration had been the subject of an application for the grant of protection under the law applicable to the Office that communicated the refusal. Such remedies shall at least consist of the possibility of a re-examination or a review of the refusal or an appeal against the refusal.

(4) [Withdrawal of Refusal]
   Any refusal may be withdrawn, in part or in whole, at any time by the Office that communicated it.

Article 13

Special Requirements Concerning Unity of Design

(1) [Notification of Special Requirements]
   Any Contracting Party whose law, at the time it becomes party to this Act, requires that designs that are the subject of the same application conform to a requirement of unity of design, unity of production or unity of use, or belong to the same set or composition of items, or that only one independent and distinct design may be claimed in a single application, may, in a declaration, notify the Director General accordingly. However, no such declaration shall affect the right of an applicant to include two or more industrial designs in an international application in accordance with Article 5(4), even if the application designates the Contracting Party that has made the declaration.

(2) [Effect of Declaration]
   Any such declaration shall enable the Office of the Contracting Party that has made it to refuse the effects of the international registration pursuant to Article 12(1) pending compliance with the requirement notified by that Contracting Party.

3. [Frekari gjöld sem greiða skal við skiptingu alþjóðlegrar skráningar]
Þegar alþjóðlegri skráningu er skipt gagnvart viðkomandi skrifstofu í kjölfar tilkynningar um synjun skv. 2. mgr. í því skyni að vinna bug á ástæðunni fyrir synjun sem skráð er í tilkynningunni skal skrifstofunni heimilt að krefjast gjalds vegna hverrar frekari alþjóðlegrar umsóknar sem nauðsynleg hefði orðið til þess að komast hjá synjunarástæðu þessari.

(3) [Further Fees Payable on Division of Registration]
Where, following a notification of refusal in accordance with paragraph (2), an international registration is divided before the Office concerned in order to overcome a ground of refusal stated in the notification, that Office shall be entitled to charge a fee in respect of each additional international application that would have been necessary in order to avoid that ground of refusal.

14. gr.

Áhrif alþjóðlegrar skráningar.

1. [Áhrif sem umsókn samkvæmt gildandi lögum]
Alþjóðlega skráningin skal frá dagsetningu hennar hafa a.m.k. sömu áhrif hjá hverjum tilnefndum samningsaðila og almenn innlögð umsókn um veitingu verndar á hönnun á sviði iðnaðar samkvæmt lögum þess samningsaðila.

2. [Áhrif sem veiting verndar samkvæmt gildandi lögum]
   a) Hjá sérhverjum tilnefndum samningsaðila, þar sem skrifstofan hefur ekki kunngert synjun skv. 12. gr., skal alþjóðlega skráningin hafa sömu áhrif og veiting verndar á hönnun á sviði iðnaðar samkvæmt lögum þess samningsaðila í síðasta lagi frá þeim degi er fresturinn rennur út sem skrifstofunni var veittur til að tilkynna um synjun eða, þegar samningsaðili hefur gefið út hliðstæða yfirlýsingu samkvæmt reglugerðinni, í síðasta lagi frá þeim degi sem tilgreindur er í þeirri yfirlýsingu.

   b) Þegar skrifstofa tilnefnds samningsaðila hefur tilkynnt um synjun og hefur síðar að nokkru eða öllu leyti afturkallað þá synjun skal alþjóðlega skráningin, að svo miklu leyti sem synjunin er afturkölluð, hafa sömu áhrif hjá þeim samningsaðila og veiting verndar á hönnun á sviði iðnaðar samkvæmt lögum samningsaðilans í síðasta lagi frá þeim degi er synjunin var afturkölluð.

   c) Áhrif sem veitt eru alþjóðlegri skráningu samkvæmt þessari málsgrein skulu gilda um eina hönnun eða fleiri á sviði iðnaðar, sem er efni þeirrar skráningar eins og hún var þegar hún barst tilnefndu skrifstofunni frá alþjóðaskrifstofunni eða, þar sem við á, eins og henni var breytt við málsmeðferð hjá þeirri skrifstofu.
3. [Yfirlýsing um áhrif tilnefningar samningsaðila umsækjanda]

Article 14

Effects of the International Registration

(1) [Effect as Application Under Applicable Law]
The international registration shall, from the date of the international registration, have at least the same effect in each designated Contracting Party as a regularly-filed application for the grant of protection of the industrial design under the law of that Contracting Party.
(2) [Effect as Grant of Protection Under Applicable Law]
   (a) In each designated Contracting Party the Office of which has not communicated a refusal in accordance with Article 12, the international registration shall have the same effect as a grant of protection for the industrial design under the law of that Contracting Party at the latest from the date of expiration of the period allowed for it to communicate a refusal or, where a Contracting Party has made a corresponding declaration under the Regulations, at the latest at the time specified in that declaration.
   (b) Where the Office of a designated Contracting Party has communicated a refusal and has subsequently withdrawn, in part or in whole, that refusal, the international registration shall, to the extent that the refusal is withdrawn, have the same effect in that Contracting Party as a grant of protection for the industrial design under the law of the said Contracting Party at the latest from the date on which the refusal was withdrawn.
   (c) The effect given to the international registration under this paragraph shall apply to the industrial design or designs that are the subject of that registration as received from the International Bureau by the designated Office or, where applicable, as amended in the procedure before that Office.
(3) [Declaration Concerning Effect of Designation of Applicant's Contracting Party]

a) Sérhver samningsaðili með skrifstofu sem er rannsóknarstofa getur með skriflegri yfirlýsingu tilkynnt aðalframkvæmdastjóranum að í þeim tilvikum sem hann er samningsaðili umsækjandans skuli tilnefning þess samningsaðila í alþjóðlegri skráningu ekki hafa nokkur áhrif.

b) Þegar samningsaðili, sem gefið hefur út yfirlýsingu skv. a-lið, er tilgreindur í alþjóðlegri umsókn bæði sem samningsaðili umsækjanda og tilnefndur samningsaðili skal alþjóðaskrifstofan virða tilnefningu þess samningsaðila að vettugi.

(a) Any Contracting Party whose Office is an Examining Office may, in a declaration, notify the Director General that, where it is the applicant's Contracting Party, the designation of that Contracting Party in an international registration shall have no effect.

(b) Where a Contracting Party having made the declaration referred to in subparagraph (a) is indicated in an international application both as the applicant's Contracting Party and as a designated Contracting Party, the International Bureau shall disregard the designation of that Contracting Party.

15. gr.

Ógilding.

1. [Krafa um tækifæri til varnar]
Þar til bær yfirvöld tilnefnds samningsaðila mega ekki úrskurða um ógildingu á áhrifum alþjóðlegu skráningarinnar að nokkru eða öllu leyti á landsvæði þess samningsaðila, nema eiganda hafi með góðum fyrirvara verið gefið tækifæri til þess að verja réttindi sín.

2. [Tilkynning um ógildingu]
Skrifstofa samningsaðila á landsvæði því sem áhrif alþjóðlegu skráningarinnar hafa verið ógilt á skal, þegar hún verður áskynja um ógildinguna, tilkynna alþjóðaskrifstofunni um hana.

Article 15

Invalidation

(1) [Requirement of Opportunity of Defense]
Invalidation, by the competent authorities of a designated Contracting Party, of the effects, in part or in whole, in the territory of that Contracting Party, of the international registration may not be pronounced without the holder having, in good time, been afforded the opportunity of defending his rights.

(2) [Notification of Invalidation]
The Office of the Contracting Party in whose territory the effects of the international registration have been invalidated shall, where it is aware of the invalidation, notify it to the International Bureau.

16. gr.

Skráning á breytingum og öðrum málefnum varðandi alþjóðlegar skráningar.

1. [Skráning á breytingum og öðrum málefnum]
Alþjóðaskrifstofan skal eins og kveðið er á um skrásetja í alþjóðaskrána:
   i) sérhver eigendaskipti á alþjóðlegu skráningunni varðandi einhvern eða alla tilnefnda samningsaðila og einhverja eða sérhverja hönnun á sviði iðnaðar sem er efni alþjóðlegu skráningarinnar, svo framarlega sem nýja eigandanum er heimilt að leggja inn alþjóðlega umsókn skv. 3. gr.,
   ii) sérhverja breytingu á nafni eða heimilisfangi eiganda,
   iii) skipun umboðsmanns umsækjanda eða eiganda og sérhverjar aðrar staðreyndir sem máli skipta um slíkan umboðsmann,

Article 16

Recording of Changes and Other Matters Concerning International Registrations

(1) [Recording of Changes and Other Matters]
The International Bureau shall, as prescribed, record in the International Register
   (i) any change in ownership of the international registration, in respect of any or all of the designated Contracting Parties and in respect of any or all of the industrial designs that are the subject of the international registration, provided that the new owner is entitled to file an international application under Article 3,
   (ii) any change in the name or address of the holder,
   (iii) the appointment of a representative of the applicant or holder and any other relevant fact concerning such representative,

iv) sérhverja höfnun eiganda á alþjóðlegu skráningunni með tilliti til einhvers eða allra tilnefndra samningsaðila,

v) sérhverjar takmarkanir eiganda á alþjóðlegu skráningunni, með tilliti til einhvers eða allra tilnefndra samningsaðila, við einhverja eða sérhverja hönnun á sviði iðnaðar sem er efni alþjóðlegu skráningarinnar,

vi) sérhverja ógildingu þar til bærra yfirvalda tilnefnds samningsaðila á áhrifum alþjóðlegu skráningarinnar á landsvæði þess samningsaðila varðandi einhverja eða sérhverja hönnun á sviði iðnaðar sem er efni alþjóðlegu skráningarinnar,

vii) sérhverjar aðrar staðreyndir sem máli skipta og tilgreindar eru í reglugerðinni varðandi réttindi til einhverrar eða sérhverrar hönnunar á sviði iðnaðar sem er efni alþjóðlegu skráningarinnar.

2. [Áhrif skrásetningar í alþjóðaskrána]
Sérhver skrásetning skv. i-, ii-, iv-, v-, vi- og viiliðum 1. mgr. skal hafa sömu áhrif og hún hefði haft með skráningu í skrá skrifstofu sérhvers hlutaðeigandi samningsaðila en samningsaðili getur þó með skriflegri yfirlýsingu tilkynnt aðalframkvæmdastjóranum að skrásetning skv. i-lið 1. mgr. skuli ekki hafa þau áhrif hjá þeim samningsaðila fyrr en skrifstofu samningsaðilans hafa borist yfirlýsingar eða skjöl sem tilgreind eru í yfirlýsingunni.

3. [Gjöld]
Krefjast má gjalds fyrir sérhverja skrásetningu skv. 1. mgr.

4. [Birting]
Alþjóðaskrifstofan skal birta tilkynningar um sérhverja skrásetningu skv. 1. mgr. Hún skal senda eintak af birtingu tilkynningarinnar til skrifstofa allra hlutaðeigandi samningsaðila.

17. gr.

Upphafstímabil og endurnýjun alþjóðlegrar skráningar og lengd verndar.

1. [Upphafstímabil alþjóðlegu skráningarinnar]
Upphafstímabil alþjóðlegu skráningarinnar skal vera fimm ár frá dagsetningu alþjóðlegu skráningarinnar.

(iv) any renunciation, by the holder, of the international registration, in respect of any or all of the designated Contracting Parties,

(v) any limitation, by the holder, of the international registration, in respect of any or all of the designated Contracting Parties, to one or some of the industrial designs that are the subject of the international registration,

(vi) any invalidation, by the competent authorities of a designated Contracting Party, of the effects, in the territory of that Contracting Party, of the international registration in respect of any or all of the industrial designs that are the subject of the international registration,

(vii) any other relevant fact, identified in the Regulations, concerning the rights in any or all of the industrial designs that are the subject of the international registration.

(2) [Effect of Recording in International Register]
Any recording referred to in items (i), (ii), (iv), (v), (vi) and (vii) of paragraph (1) shall have the same effect as if it had been made in the Register of the Office of each of the Contracting Parties concerned, except that a Contracting Party may, in a declaration, notify the Director General that a recording referred to in item (i) of paragraph (1) shall not have that effect in that Contracting Party until the Office of that Contracting Party has received the statements or documents specified in that declaration.

(3) [Fees]
Any recording made under paragraph (1) may be subject to the payment of a fee.

(4) [Publication]
The International Bureau shall publish a notice concerning any recording made under paragraph (1). It shall send a copy of the publication of the notice to the Office of each of the Contracting Parties concerned.

Article 17

Initial Term and Renewal of the International Registration and Duration of Protection

(1) [Initial Term of the International Registration]
The international registration shall be effected for an initial term of five years counted from the date of the international registration.

2. [Endurnýjun alþjóðlegu skráningarinnar]
Alþjóðlegu skráninguna má endurnýja önnur fimm ár til viðbótar samkvæmt tilskilinni meðferð gegn greiðslu gjalda þeirra sem kveðið er á um.
3. [Lengd verndar hjá tilnefndum samningsaðilum]

a) Að því tilskildu að alþjóðlega skráningin sé endurnýjuð og með fyrirvara um b-lið skal lengd verndar hjá hverjum tilnefndum samningsaðila vera 15 ár frá dagsetningu alþjóðlegu skráningarinnar.

b) Þegar lög tilnefnds samningsaðila kveða á um lengri vernd en 15 ár á hönnun á sviði iðnaðar þar sem vernd hefur verið veitt samkvæmt þeim lögum skal lengd verndar, að því tilskildu að alþjóðlega skráningin sé endurnýjuð, vera hin sama og sú sem lög þess samningsaðila kveða á um.

c) Sérhver samningsaðili skal með skriflegri yfirlýsingu tilkynna aðalframkvæmdastjóranum um hámarkstíma verndar samkvæmt lögum sínum.
4. [Möguleiki á takmarkaðri endurnýjun]
Endurnýjun alþjóðlegrar skráningar má framkvæma fyrir einhvern eða alla tilnefnda samningsaðila og fyrir einhverja eða sérhverja hönnun á sviði iðnaðar sem er efni alþjóðlegu skráningarinnar.
5. [Skrásetning og birting endurnýjunar]
Alþjóðaskrifstofan skal skrásetja endurnýjanir í alþjóðaskránni og birta tilkynningu þess efnis. Hún skal senda eintak af birtingu tilkynningarinnar til skrifstofa allra hlutaðeigandi samningsaðila.

(2) [Renewal of the International Registration]
The international registration may be renewed for additional terms of five years, in accordance with the prescribed procedure and subject to the payment of the prescribed fees.
(3) [Duration of Protection in Designated Contracting Parties]
(a) Provided that the international registration is renewed, and subject to subparagraph (b), the duration of protection shall, in each of the designated Contracting Parties, be 15 years counted from the date of the international registration.
(b) Where the law of a designated Contracting Party provides for a duration of protection of more than 15 years for an industrial design for which protection has been granted under that law, the duration of protection shall, provided that the international registration is renewed, be the same as that provided for by the law of that Contracting Party.
(c) Each Contracting Party shall, in a declaration, notify the Director General of the maximum duration of protection provided for by its law.
(4) [Possibility of Limited Renewal]
The renewal of the international registration may be effected for any or all of the designated Contracting Parties and for any or all of the industrial designs that are the subject of the international registration.
(5) [Recording and Publication of Renewal]
The International Bureau shall record renewals in the International Register and publish a notice to that effect. It shall send a copy of the publication of the notice to the Office of each of the Contracting Parties concerned.

18. gr.

Upplýsingar um birtar alþjóðlegar skráningar.

1. [Aðgangur að upplýsingum]
Alþjóðaskrifstofan skal útvega öllum sem um það sækja og greitt hafa tilskilið gjald útdrætti úr alþjóðaskránni, eða upplýsingar um efni skrárinnar, að því er snertir alþjóðlegar skráningar sem birtar hafa verið.

2. [Undantekning frá löggildingu]
Útdrættir úr alþjóðaskránni, sem lagðir eru fram af hálfu alþjóðaskrifstofunnar, skulu undanþegnir skilyrðum um löggildingu hjá hverjum einstökum samningsaðila.

Article 18

Information Concerning Published International Registrations

(1) [Access to Information]
The International Bureau shall supply to any person applying therefor, upon the payment of the prescribed fee, extracts from the International Register, or information concerning the contents of the International Register, in respect of any published international registration.
(2) [Exemption from Legalization]
Extracts from the International Register supplied by the International Bureau shall be exempt from any requirement of legalization in each Contracting Party.

II. KAFLI

STJÓRNUNARÁKVÆÐI

19. gr.

Sameiginleg skrifstofa nokkurra ríkja.

1. [Tilkynning um sameiginlega skrifstofu]
Ef ríki sem áforma aðild að samningi þessum, eða ríki sem eru aðilar að samningi þessum, eru sammála um að hrinda í framkvæmd samræmingu á landslögum sínum um hönnun á sviði iðnaðar geta þau tilkynnt aðalframkvæmdastjóranum:
   i) að sameiginleg skrifstofa skuli koma í staðinn fyrir landsskrifstofu hjá hverju þeirra, og
   ii) að öll landsvæði þeirra hvers um sig þar sem hin samræmda löggjöf skal gilda skuli talin einn samningsaðili hvað snertir beitingu 1. gr., 3.–18. gr. og 31. gr. samnings þessa.

2. [Tímasetning tilkynningar]
Tilkynningar skv. 1. mgr. skulu:

   i) ríki sem áforma að gerast aðilar að samningi þessum gefa út þegar lögð eru fram skjöl skv. 2. mgr. 27. gr.;

   ii) aðildarríki að samningi þessum gefa út hvenær sem er eftir að samræming á landslögum hefur verið hrundið í framkvæmd.

3. [Dagsetning gildistöku tilkynningarinnar].
Tilkynning skv. 1. og 2. mgr. skal öðlast gildi:

   i) þegar ríki sem áforma að gerast aðilar að samningi þessum verða bundin af honum;

   ii) að því er varðar ríki sem eru aðilar að samningi þessum, þremur mánuðum eftir dagsetningu tilkynningar þar að lútandi frá aðalframkvæmdastjóranum til hinna samningsaðilanna, eða síðar eins og gefið er til kynna í tilkynningunni.

20. gr.

Aðild að Haagsambandinu.

Samningsaðilar skulu vera aðilar að sama sambandi og ríkin sem eru aðilar að samningunum frá 1934 eða 1960.

CHAPTER II

ADMINISTRATIVE PROVISIONS

Article 19

Common Office of Several States

(1) [Notification of Common Office]
If several States intending to become party to this Act have effected, or if several States party to this Act agree to effect, the unification of their domestic legislation on industrial designs, they may notify the Director General
   (i) that a common Office shall be substituted for the national Office of each of them, and
   (ii) that the whole of their respective territories to which the unified legislation applies shall be deemed to be a single Contracting Party for the purposes of the application of Articles 1, 3 to 18 and 31 of this Act.

(2) [Time at Which Notification Is to Be Made]
The notification referred to in paragraph (1) shall be made,
   (i) in the case of States intending to become party to this Act, at the time of the deposit of the instruments referred to in Article 27(2);
   (ii) in the case of States party to this Act, at any time after the unification of their domestic legislation has been effected.

(3) [Date of Entry into Effect of the Notification]
The notification referred to in paragraphs (1) and (2) shall take effect,
   (i) in the case of States intending to become party to this Act, at the time such States become bound by this Act;
   (ii) in the case of States party to this Act, three months after the date of the communication thereof by the Director General to the other Contracting Parties or at any later date indicated in the notification.

Article 20

Membership of the Hague Union

The Contracting Parties shall be members of the same Union as the States party to the 1934 Act or the 1960 Act.

21. gr.

Þing.

1. [Skipan]
   a) Samningsaðilar skulu vera aðilar að sama þingi og ríkin sem bundin eru af 2. gr. viðaukasamningsins frá 1967.

   b) Hver aðili að þinginu skal hafa einn fulltrúa á þinginu en honum til aðstoðar mega vera varafulltrúar, ráðgjafar og sérfræðingar og má hver fulltrúi aðeins hafa umboð fyrir einn samningsaðila.
   c) Aðilar að sambandinu sem ekki eru aðilar að þinginu geta sótt þingfundi sem áheyrnarfulltrúar.
2. [Störf]
   a) Þingið skal:
      i) fást við öll málefni varðandi viðgang og þróun sambandsins og framkvæmd samnings þessa;

      ii) neyta þeirra réttinda og vinna þau störf sem því eru sérstaklega veitt eða falin samkvæmt samningi þessum eða viðaukasamningnum frá 1967;
      iii) gefa aðalframkvæmdastjóranum fyrirmæli varðandi undirbúning að ráðstefnum um endurskoðun og ákveða boðun til sérhverrar ráðstefnu af þeim toga;
      iv) breyta reglugerðinni;
      v) endurskoða og samþykkja skýrslur og athafnir aðalframkvæmdastjórans varðandi sambandið og gefa honum öll nauðsynleg fyrirmæli varðandi málefni á valdsviði sambandsins;

      vi) ákvarða framkvæmdaáætlun og samþykkja tveggja ára fjárhagsáætlun sambandsins, svo og samþykkja reikninga þess;
      vii) samþykkja fjármálareglugerð sambandsins;
      viii) skipa þær nefndir og starfshópa sem það álítur við hæfi til þess að ná markmiðum sambandsins;
      ix) ákvarða hvaða ríki, milliríkjastofnanir og frjáls félagasamtök geti sótt fundi þess sem áheyrnarfulltrúar, sbr. þó c-lið 1. mgr.;

      x) gera sérhverjar aðrar viðeigandi ráðstafanir í því skyni að efla markmið sambandsins og sinna sérhverri annarri starf-

Article 21

Assembly

(1) [Composition]
   (a) The Contracting Parties shall be members of the same Assembly as the States bound by Article 2 of the Complementary Act of 1967.
   (b) Each member of the Assembly shall be represented in the Assembly by one delegate, who may be assisted by alternate delegates, advisors and experts, and each delegate may represent only one Contracting Party.
   (c) Members of the Union that are not members of the Assembly shall be admitted to the meetings of the Assembly as observers.
(2) [Tasks]
   (a) The Assembly shall
      (i) deal with all matters concerning the maintenance and development of the Union and the implementation of this Act;
      (ii) exercise such rights and perform such tasks as are specifically conferred upon it or assigned to it under this Act or the Complementary Act of 1967;
      (iii) give directions to the Director General concerning the preparations for conferences of revision and decide the convocation of any such conference;
      (iv) amend the Regulations;
      (v) review and approve the reports and activities of the Director General concerning the Union, and give the Director General all necessary instructions concerning matters within the competence of the Union;
      (vi) determine the program and adopt the biennial budget of the Union, and approve its final accounts;

      (vii) adopt the financial regulations of the Union;
      (viii) establish such committees and working groups as it deems appropriate to achieve the objectives of the Union;
      (ix) subject to paragraph (1)(c), determine which States, intergovernmental organizations and non-governmental organizations shall be admitted to its meetings as observers;
      (x) take any other appropriate action to further the objectives of the Union and perform any other functions as are appropriate under this Act.

semi sem viðeigandi er samkvæmt samningi þessum.

b) Varðandi málefni sem eru einnig áhugaverð fyrir önnur sambönd sem stofnunin stjórnar skal þingið taka ákvarðanir sínar eftir að hafa hlustað á ráðgjöf samræmingarnefndar stofnunarinnar.

3. [Ályktunarhæfi]

a) Þingið telst ályktunarhæft að því er atkvæðagreiðslu um tiltekið mál varðar ef helmingur þeirra aðila að þinginu, sem eru ríki og hafa atkvæðisrétt um málefnið, eru viðstaddir.

b) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar getur þingið, ef þingfund sækja aðilar að þinginu, sem eru ríki er hafa rétt til að greiða atkvæði um tiltekið málefni og þingfulltrúar þeirra eru mættir, en tala þingaðila er lægri en nemur helmingi þingaðila en jafnhá eða hærri en nemur einum þriðja af tölu þingaðila sem eru ríki og hafa rétt til að greiða atkvæði um málefni þetta, tekið ákvarðanir, en að undanteknum ákvörðunum um þingsköp skulu allar þessar ákvarðanir því aðeins öðlast gildi að fullnægt sé skilyrðum þeim sem tilgreind verða hér á eftir. Alþjóðaskrifstofan skal koma framangreindum ákvörðunum til aðila þingsins sem eru ríki sem hafa rétt til að greiða atkvæði um tilgreint málefni en áttu ekki fulltrúa á þingfundi og skal bjóða þeim að greiða, innan þriggja mánaða frá dagsetningu tilkynningarinnar, skriflega atkvæði eða sitja hjá. Ef tala þeirra aðila sem að liðnum fresti þessum hafa greitt atkvæði á þennan hátt eða setið hjá nær þeim fjölda aðila er á vantaði til þess að fundurinn væri ályktunarhæfur skulu slíkar ákvarðanir öðlast gildi, að því tilskildu að nauðsynlegur meiri hluti sé enn fyrir hendi.

4. [Ákvarðanataka á þinginu]

a) Þingið skal leitast við að taka ákvarðanir sínar samhljóða.

b) Þegar ekki er unnt að taka ákvörðun samhljóða skal viðkomandi mál afgreitt með atkvæðagreiðslu. Í slíku tilviki:

i) skal sérhver samningsaðili sem er ríki hafa eitt atkvæði og aðeins greiða atkvæði í eigin nafni, og

ii) getur sérhver samningsaðili sem er milliríkjastofnun greitt atkvæði í stað aðildarríkja sinna með atkvæðafjölda sem samsvarar tölu aðildarríkja hennar sem eru aðilar að samningi þessum og skal engin slík milliríkjastofnun taka þátt í atkvæða-

(b) With respect to matters which are also of interest to other Unions administered by the Organization, the Assembly shall make its decisions after having heard the advice of the Coordination Committee of the Organization.

(3) [Quorum]

(a) One-half of the members of the Assembly which are States and have the right to vote on a given matter shall constitute a quorum for the purposes of the vote on that matter.

(b) Notwithstanding the provisions of subparagraph (a), if, in any session, the number of the members of the Assembly which are States, have the right to vote on a given matter and are represented is less than one-half but equal to or more than one-third of the members of the Assembly which are States and have the right to vote on that matter, the Assembly may make decisions but, with the exception of decisions concerning its own procedure, all such decisions shall take effect only if the conditions set forth hereinafter are fulfilled. The International Bureau shall communicate the said decisions to the members of the Assembly which are States, have the right to vote on the said matter and were not represented and shall invite them to express in writing their vote or abstention within a period of three months from the date of the communication. If, at the expiration of this period, the number of such members having thus expressed their vote or abstention attains the number of the members which was lacking for attaining the quorum in the session itself, such decisions shall take effect provided that at the same time the required majority still obtains.

(4) [Taking Decisions in the Assembly]

(a) The Assembly shall endeavor to take its decisions by consensus.

(b) Where a decision cannot be arrived at by consensus, the matter at issue shall be decided by voting. In such a case,

(i) each Contracting Party that is a State shall have one vote and shall vote only in its own name, and

(ii) any Contracting Party that is an intergovernmental organization may vote, in place of its Member States, with a number of votes equal to the number of its Member States which are party to this Act, and no such intergovern-

greiðslunni ef eitthvert aðildarríkja stofnunarinnar beitir atkvæðisrétti sínum og öfugt.

c) Um málefni er varða einungis ríki sem bundin eru af 2. gr. viðaukasamningsins frá 1967 skulu samningsaðilar sem eru ekki bundnir af þessari grein ekki hafa atkvæðisrétt, en hins vegar skulu einungis hinir síðarnefndu hafa atkvæðisrétt um málefni er varða einungis samningsaðila.

5. [Meiri hluti]
   a) Til ákvarðana þingsins þarf tvo þriðju greiddra atkvæða, sbr. þó 2. mgr. 24. gr. og 2. mgr. 26. gr.
   b) Hjáseta skal ekki talin sem atkvæði.
6. [Fundir]
   a) Þingið skal koma saman einu sinni annað hvert almanaksár til venjulegs fundar samkvæmt boðun aðalframkvæmdastjórans og, ef ekki eru óvenjulegar kringumstæður fyrir hendi, á sama tíma og sama stað og allsherjarþing stofnunarinnar.

   b) Þingið skal koma saman til aukafunda þegar aðalframkvæmdastjórinn boðar þingið, annaðhvort að ósk eins fjórða þingaðila eða að eigin frumkvæði.

   c) Aðalframkvæmdastjórinn skal undirbúa dagskrá hvers fundar.
7. [Þingsköp]
   Þingið skal setja sér eigin þingsköp.

22. gr.

Alþjóðaskrifstofa.

1. [Stjórnunarstörf]
   a) Alþjóðaskrifstofan skal inna af hendi alþjóðlega skráningu og tengd störf, svo og öll önnur stjórnunarstörf varðandi sambandið.

   b) Sér í lagi skal alþjóðaskrifstofan undirbúa fundina og sjá þinginu og þeim sérfræðinganefndum og vinnuhópum sem þingið kann að skipa fyrir skrifstofuþjónustu.

2. [Aðalframkvæmdastjóri]
   Aðalframkvæmdastjórinn skal vera æðsti stjórnandi sambandsins og koma fram fyrir þess hönd.
3. [Fundir aðrir en þingfundir]
   Aðalframkvæmdastjórinn skal kalla saman sérhverja nefnd og vinnuhóp sem þingið skipar og

mental organization shall participate in the vote if any one of its Member States exercises its right to vote, and vice versa.

(c) On matters concerning only States that are bound by Article 2 of the Complementary Act of 1967, Contracting Parties that are not bound by the said Article shall not have the right to vote, whereas, on matters concerning only Contracting Parties, only the latter shall have the right to vote.

(5) [Majorities]
   (a) Subject to Articles 24(2) and 26(2), the decisions of the Assembly shall require two-thirds of the votes cast.
   (b) Abstentions shall not be considered as votes.
(6) [Sessions]
   (a) The Assembly shall meet once in every second calendar year in ordinary session upon convocation by the Director General and, in the absence of exceptional circumstances, during the same period and at the same place as the General Assembly of the Organization.
   (b) The Assembly shall meet in extraordinary session upon convocation by the Director General, either at the request of one-fourth of the members of the Assembly or on the Director General's own initiative.
   (c) The agenda of each session shall be prepared by the Director General.
(7) [Rules of Procedure]
   The Assembly shall adopt its own rules of procedure.

Article 22

International Bureau

(1) [Administrative Tasks]
   (a) International registration and related duties, as well as all other administrative tasks concerning the Union, shall be performed by the International Bureau.
   (b) In particular, the International Bureau shall prepare the meetings and provide the secretariat of the Assembly and of such committees of experts and working groups as may be established by the Assembly.
(2) [Director General]
   The Director General shall be the chief executive of the Union and shall represent the Union.
(3) [Meetings Other than Sessions of the Assembly]
   The Director General shall convene any committee and working group established by the As-

alla aðra fundi er fjalla um málefni sem skipta sambandið máli.

4. [Hlutverk alþjóðaskrifstofunnar á þingi og öðrum fundum]
   a) Aðalframkvæmdastjórinn og einstaklingar tilnefndir af honum skulu, án atkvæðisréttar, taka þátt í öllum fundum þingsins, nefnda og vinnuhópa sem þingið hefur skipað og öðrum fundum sem aðalframkvæmdastjórinn boðar til á vegum sambandsins.

   b) Aðalframkvæmdastjórinn eða einhver úr starfsliðinu sem tilnefndur er af aðalframkvæmdastjóranum skal samkvæmt embættisskyldu gegna embætti ritara þingsins og nefnda, vinnuhópa og annarra funda sem tilgreindir eru í a-lið.
5. [Ráðstefnur]
   a) Alþjóðaskrifstofan skal, í samræmi við fyrirmæli þingsins, sinna undirbúningi fyrir endurskoðunarráðstefnur.

   b) Alþjóðaskrifstofan getur við umræddan undirbúning haft samráð við milliríkjastofnanir og alþjóðleg og innlend frjáls félagasamtök.

   c) Aðalframkvæmdastjórinn og einstaklingar tilnefndir af honum skulu, án atkvæðisréttar, taka þátt í umræðum á endurskoðunarráðstefnum.
6. [Önnur störf]
   Alþjóðaskrifstofan skal inna af hendi öll önnur störf sem henni eru falin varðandi samning þennan.

sembly and all other meetings dealing with matters of concern to the Union.

(4) [Role of the International Bureau in the Assembly and Other Meetings]
   (a) The Director General and persons designated by the Director General shall participate, without the right to vote, in all meetings of the Assembly, the committees and working groups established by the Assembly, and any other meetings convened by the Director General under the aegis of the Union.
   (b) The Director General or a staff member designated by the Director General shall be ex officio secretary of the Assembly, and of the committees, working groups and other meetings referred to in subparagraph (a).

(5) [Conferences]
   (a) The International Bureau shall, in accordance with the directions of the Assembly, make the preparations for any revision conferences.
   (b) The International Bureau may consult with intergovernmental organizations and international and national non-governmental organizations concerning the said preparations.
   (c) The Director General and persons designated by the Director General shall take part, without the right to vote, in the discussions at revision conferences.

(6) [Other Tasks]
   The International Bureau shall carry out any other tasks assigned to it in relation to this Act.

23. gr.

Fjármál.

1. [Fjárhagsáætlun]
   a) Sambandið skal gera fjárhagsáætlun.
   b) Fjárhagsáætlun sambandsins skal innihalda yfirlit um tekjur og gjöld fyrir sambandið og framlag þess til fjárhagsáætlunar um sameiginleg útgjöld sambandanna sem stofnunin stjórnar.
   c) Útgjöld sem ekki er unnt að eigna sambandinu einu heldur einnig einu eða fleiri samböndum öðrum sem stofnunin stjórnar skulu talin sameiginleg útgjöld sambandanna. Hlutdeild sambandsins í slíkum sameiginlegum útgjöldum skal vera í hlutfalli við hagsmuni sambandsins í þeim.

Article 23

Finances

(1) [Budget]
   (a) The Union shall have a budget.
   (b) The budget of the Union shall include the income and expenses proper to the Union and its contribution to the budget of expenses common to the Unions administered by the Organization.
   (c) Expenses not attributable exclusively to the Union but also to one or more other Unions administered by the Organization shall be considered to be expenses common to the Unions. The share of the Union in such common expenses shall be in proportion to the interest the Union has in them.

2. [Samræming við fjárhagsáætlanir annarra sambanda]
Fjárhagsáætlun sambandsins skal gerð með tilhlýðilegu tilliti til krafna um samræmingu við fjárhagsáætlanir annarra sambanda sem stofnunin stjórnar.
3. [Úrræði til að fjármagna fjárhagsáætlun]
Fjárhagsáætlun sambandsins skal fjármögnuð með eftirtöldum úrræðum:
   i) gjöldum tengdum alþjóðlegri skráningu;
   ii) gjöldum fyrir aðra þjónustu sem alþjóðaskrifstofan innir af hendi til sambandsins;
   iii) sölu á eða greiðslum fyrir rit alþjóðaskrifstofunnar varðandi sambandið;
   iv) gjöfum, ánöfnunum og fjárframlögum;
   v) leigu, vöxtum og ýmsum öðrum tekjum.
4. [Ákvörðun gjalda; fjárhæð fjárhagsáætlunar]
   a) Fjárhæð gjalda skv. i-lið 3. mgr. skal að tillögu aðalframkvæmdastjórans ákvörðuð af þinginu. Gjöld skv. ii-lið 3. mgr. skulu ákvörðuð af aðalframkvæmdastjóranum og skal beitt tímabundið með fyrirvara um samþykki þingsins á næsta fundi þess.
   b) Fjárhæð gjalda skv. i-lið 3. mgr. skal ákvörðuð þannig að tekjur sambandsins af gjöldum og öðrum tekjulindum skuli a.m.k. nægja til þess að greiða allan kostnað alþjóðaskrifstofunnar vegna sambandsins.
   c) Ef fjárhagsáætlunin er ekki samþykkt fyrir byrjun nýs fjárhagsárs skal hún vera á sama þrepi og fjárhagsáætlun undanfarandi árs eins og kveðið er á um í fjármálareglugerðinni.
5. [Rekstrarfjársjóður]
Sambandið skal hafa rekstrarfjársjóð sem skal myndaður af tekjum umfram skuldir og skal beita eingreiðslu frá sérhverjum aðila sambandsins ef þetta umframfé hrekkur ekki til. Ef sjóðurinn reynist ekki nægur skal þingið ákveða að efla hann. Þingið skal að tillögu aðalframkvæmdastjórans ákveða hlutfallið og greiðsluskilmála.
6. [Lán frá gistiríkinu]
   a) Í aðalstöðvasamningi sem gerður er við gistiríkið þar sem aðalstöðvar stofnunarinnar eru skal vera ákvæði þess efnis að hlutaðeigandi ríki skuli veita lán hvenær sem rekstrarfjársjóður reynist ekki nægur. Í hverju tilviki skal

(2) [Coordination with Budgets of Other Unions]
The budget of the Union shall be established with due regard to the requirements of coordination with the budgets of the other Unions administered by the Organization.
(3) [Sources of Financing of the Budget]
The budget of the Union shall be financed from the following sources:
   (i) fees relating to international registrations;
   (ii) charges due for other services rendered by the International Bureau in relation to the Union;
   (iii) sale of, or royalties on, the publications of the International Bureau concerning the Union;
   (iv) gifts, bequests and subventions;
   (v) rents, interests and other miscellaneous income.
(4) [Fixing of Fees and Charges; Level of the Budget]
   (a) The amounts of the fees referred to in paragraph (3)(i) shall be fixed by the Assembly on the proposal of the Director General. Charges referred to in paragraph 3(ii) shall be established by the Director General and shall be provisionally applied subject to approval by the Assembly at its next session.
   (b) The amounts of the fees referred to in paragraph (3)(i) shall be so fixed that the revenues of the Union from fees and other sources shall be at least sufficient to cover all the expenses of the International Bureau concerning the Union.
   (c) If the budget is not adopted before the beginning of a new financial period, it shall be at the same level as the budget of the previous year, as provided in the financial regulations.
(5) [Working Capital Fund]
The Union shall have a working capital fund which shall be constituted by the excess receipts and, if such excess does not suffice, by a single payment made by each member of the Union. If the fund becomes insufficient, the Assembly shall decide to increase it. The proportion and the terms of payment shall be fixed by the Assembly on the proposal of the Director General.
(6) [Advances by Host State]
   (a) In the headquarters agreement concluded with the State on the territory of which the Organization has its headquarters, it shall be provided that, whenever the working capital fund is insufficient, such State shall grant

kveðið á um fjárhæð slíkra lána og skilmála um veitingu þeirra í sérsamningum milli viðkomandi ríkis og stofnunarinnar.

b) Ríkið sem vísað er til í a-lið og stofnunin skulu hvort um sig eiga rétt til þess að segja upp kvöðinni um lánveitingar með skriflegri tilkynningu. Uppsögnin skal öðlast gildi að þremur árum liðnum frá lokum þess árs er hún var tilkynnt.

7. [Endurskoðun reikninga]
Endurskoðun reikninga skal framkvæmd af hálfu eins eða fleiri ríkja sem eru aðilar að sambandinu eða af utanaðkomandi endurskoðendum, eins og kveðið er á um í fjármálareglugerðinni. Þeir skulu tilnefndir af þinginu með samþykki þeirra.

24. gr.

Reglugerð.

1. [Viðfangsefni]
Í reglugerðinni skal kveða nánar á um framkvæmd samnings þessa. Þar skal einkum kveða á um:
   i) málefni sem samningur þessi kveður beinlínis á um að mælt skuli fyrir um;
   ii) fleiri nauðsynleg eða gagnleg atriði við framkvæmd ákvæða samnings þessa;
   iii) sérhver stjórnunarskilyrði, málefni eða málsmeðferð.
2. [Breytingar á vissum ákvæðum reglugerðarinnar]
   a) Í reglugerðinni má taka sérstaklega fram að vissum ákvæðum hennar megi einungis breyta með einróma samþykki eða einungis með fjórum fimmtu hlutum atkvæða.
   b) Til ákvörðunar um að krafan um einróma samþykki eða fjóra fimmtu hluta atkvæða gildi ekki lengur varðandi breytingu á ákvæði reglugerðarinnar í framtíðinni skal krafist einróma samþykkis.
   c) Til ákvörðunar um að krafan um einróma samþykki eða fjóra fimmtu hluta atkvæða gildi í framtíðinni um breytingu á ákvæði reglugerðarinnar skal krafist fjögurra fimmtu hluta atkvæða.
3. [Ósamræmi milli samnings þessa og reglugerðarinnar]
Ef um er að ræða ósamræmi milli ákvæða samnings þessa og ákvæða reglugerðarinnar skulu hin fyrrnefndu ganga framar.

advances. The amount of those advances and the conditions on which they are granted shall be the subject of separate agreements, in each case, between such State and the Organization.

(b) The State referred to in subparagraph (a) and the Organization shall each have the right to denounce the obligation to grant advances, by written notification. Denunciation shall take effect three years after the end of the year in which it has been notified.

(7) [Auditing of Accounts]
The auditing of the accounts shall be effected by one or more of the States members of the Union or by external auditors, as provided in the financial regulations. They shall be designated, with their agreement, by the Assembly.

Article 24

Regulations

(1) [Subject Matter]
The Regulations shall govern the details of the implementation of this Act. They shall, in particular, include provisions concerning
   (i) matters which this Act expressly provides are to be prescribed;
   (ii) further details concerning, or any details useful in the implementation of, the provisions of this Act;
   (iii) any administrative requirements, matters or procedures.

(2) [Amendment of Certain Provisions of the Regulations]
   (a) The Regulations may specify that certain provisions of the Regulations may be amended only by unanimity or only by a four-fifths majority.
   (b) In order for the requirement of unanimity or a four-fifths majority no longer to apply in the future to the amendment of a provision of the Regulations, unanimity shall be required.
   (c) In order for the requirement of unanimity or a four-fifths majority to apply in the future to the amendment of a provision of the Regulations, a four-fifths majority shall be required.

(3) [Conflict Between This Act and the Regulations]
In the case of conflict between the provisions of this Act and those of the Regulations, the former shall prevail.

III. KAFLI
ENDURSKOÐUN OG BREYTING

25. gr.

Endurskoðun samnings þessa.

1. [Endurskoðunarráðstefnur]
Ráðstefna samningsaðila getur endurskoðað samning þennan.
2. [Endurskoðun eða breyting á vissum greinum]
Ákvæðum 21., 22., 23. og 26. gr. má breyta annaðhvort á endurskoðunarráðstefnu eða þinginu samkvæmt ákvæðum 26. gr.

26. gr.

Breytingar þingsins á vissum greinum.

1. [Tillögur um breytingu]
a) Sérhver samningsaðili eða aðalframkvæmdastjórinn má leggja fram tillögur um breytingar af hálfu þingsins á 21., 22. og 23. gr. ásamt þessari grein.
b) Slíkar tillögur skal aðalframkvæmdastjórinn senda samningsaðilum a.m.k. sex mánuðum áður en þær koma til umfjöllunar þingsins.

2. [Meiri hluti]
Til þess að samþykkja breytingar á greinunum sem vísað er til í 1. mgr. þarf þrjá fjórðu hluta atkvæða, að því undanskildu að til breytinga á 21. gr. eða þessari málsgrein þarf fjóra fimmtu hluta atkvæða.
3. [Gildistaka]
a) Sérhverjar breytingar á þeim greinum sem vísað er til í 1. mgr. skulu, nema þar sem b-liður á við, öðlast gildi einum mánuði eftir að skriflegar tilkynningar, sem gefnar hafa verið um staðfestingu samkvæmt stjórnskipulegri meðferð hvers fyrir sig, hafa borist aðalframkvæmdastjóra frá þremur fjórðu hlutum þeirra samningsaðila sem voru aðilar að þinginu og áttu rétt til að greiða atkvæði um breytinguna þegar hún hlaut samþykki.

b) Sérhver breyting á 3. eða 4. mgr. 21. gr. eða þessum lið skal ekki öðlast gildi ef einhver samningsaðila tilkynnir aðalframkvæmdastjóranum, innan sex mánaða frá því að þingið samþykkti slíka breytingu, að hann fallist ekki á hana.
c) Sérhver breyting sem öðlast gildi í samræmi við ákvæði þessarar málsgreinar skal skuldbinda öll ríkin og milliríkjastofnanir sem eru samningsaðilar á þeim tíma er breytingin öðlast gildi eða gerast samningsaðilar síðar.

CHAPTER III
REVISION AND AMENDMENT

Article 25

Revision of This Act

(1) [Revision Conferences]
This Act may be revised by a conference of the Contracting Parties.
(2) [Revision or Amendment of Certain Articles]
Articles 21, 22, 23 and 26 may be amended either by a revision conference or by the Assembly according to the provisions of Article 26.

Article 26

Amendment of Certain Articles by the Assembly

(1) [Proposals for Amendment]
(a) Proposals for the amendment by the Assembly of Articles 21, 22, 23 and this Article may be initiated by any Contracting Party or by the Director General.
(b) Such proposals shall be communicated by the Director General to the Contracting Parties at least six months in advance of their consideration by the Assembly.
(2) [Majorities]
Adoption of any amendment to the Articles referred to in paragraph (1) shall require a three-fourths majority, except that adoption of any amendment to Article 21 or to the present paragraph shall require a four-fifths majority.
(3) [Entry into Force]
(a) Except where subparagraph (b) applies, any amendment to the Articles referred to in paragraph (1) shall enter into force one month after written notifications of acceptance, effected in accordance with their respective constitutional processes, have been received by the Director General from three-fourths of those Contracting Parties which, at the time the amendment was adopted, were members of the Assembly and had the right to vote on that amendment.
(b) Any amendment to Article 21(3) or (4) or to this subparagraph shall not enter into force if, within six months of its adoption by the Assembly, any Contracting Party notifies the Director General that it does not accept such amendment.
(c) Any amendment which enters into force in accordance with the provisions of this paragraph shall bind all the States and intergovernmental organizations which are Contracting Parties at the time the amendment enters into force, or which become Contracting Parties at a subsequent date.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

27. gr.

Aðild að samningi þessum.

1. [Aðildarhæfi]
   Með fyrirvara um 2. og 3. mgr. og 28. gr.:
   i) getur sérhvert ríki, sem er aðili að stofnuninni, undirritað samning þennan og gerst aðili að honum;
   ii) getur sérhver milliríkjastofnun, sem rekur skrifstofu þar sem unnt er að öðlast vernd á hönnun á sviði iðnaðar sem gildir á landsvæðinu þar sem stofnsamningur milliríkjastofnunarinnar gildir, undirritað samning þennan og gerst aðili að honum, að því tilskildu að a.m.k. eitt af aðildarríkjum milliríkjastofnunarinnar sé aðili að stofnuninni og slík skrifstofa sé ekki háð tilkynningu skv. 19. gr.

2. [Fullgilding eða aðild]
   Sérhvert ríki eða milliríkjastofnun sem vísað er til í 1. mgr. getur afhent til vörslu:
   i) skjal um fullgildingu ef það hefur undirritað samning þennan, eða
   ii) skjal um aðild ef það hefur ekki undirritað samning þennan.
3. [Virk dagsetning afhendingar]
   a) Með fyrirvara um b–d-lið skal virk dagsetning afhendingar fullgildingar- eða aðildarskjals til vörslu vera dagurinn þegar skjalið er afhent til vörslu.
   b) Virk dagsetning afhendingar til vörslu á fullgildingar- eða aðildarskjali ríkis, þar sem einungis er unnt að fá vernd á hönnun á sviði iðnaðar fyrir milligöngu skrifstofu milliríkjastofnunar sem það ríki er aðili að, skal vera dagurinn þegar skjal milliríkjastofnunarinnar er afhent til vörslu ef sá dagur er síðar en dagurinn þegar skjal framangreinds ríkis var afhent til vörslu.
   c) Virk dagsetning afhendingar til vörslu á fullgildingar- eða aðildarskjali er geymir tilkynningu skv. 19. gr., eða hún fylgir skjalinu, skal vera dagurinn þegar afhent er til vörslu hið síðasta af skjölum aðildarríkjanna sem eru í þeim hópi ríkja er hafa staðið að fyrrgreindri tilkynningu.

CHAPTER IV

FINAL PROVISIONS

Article 27

Becoming Party to This Act

(1) [Eligibility]
Subject to paragraphs (2) and (3) and Article 28,
   (i) any State member of the Organization may sign and become party to this Act;
   (ii) any intergovernmental organization which maintains an Office in which protection of industrial designs may be obtained with effect in the territory in which the constituting treaty of the intergovernmental organization applies may sign and become party to this Act, provided that at least one of the member States of the intergovernmental organization is a member of the Organization and provided that such Office is not the subject of a notification under Article 19.

(2) [Ratification or Accession]
Any State or intergovernmental organization referred to in paragraph (1) may deposit
   (i) an instrument of ratification if it has signed this Act, or
   (ii) an instrument of accession if it has not signed this Act.

(3) [Effective Date of Deposit]
   (a) Subject to subparagraphs (b) to (d), the effective date of the deposit of an instrument of ratification or accession shall be the date on which that instrument is deposited.
   (b) The effective date of the deposit of the instrument of ratification or accession of any State in respect of which protection of industrial designs may be obtained only through the Office maintained by an intergovernmental organization of which that State is a member shall be the date on which the instrument of that intergovernmental organization is deposited if that date is later than the date on which the instrument of the said State has been deposited.
   (c) The effective date of the deposit of any instrument of ratification or accession containing or accompanied by the notification referred to in Article 19 shall be the date on which the last of the instruments of the States members of the group of States having made the said notification is deposited.

d) Sérhvert fullgildingar- eða aðildarskjal getur innihaldið, eða því getur fylgt, yfirlýsing sem gerir það að skilyrði fyrir því að það sé talið hafa verið afhent til vörslu að einnig sé afhent til vörslu skjal eins annars ríkis eða einnar milliríkjastofnunar, eða skjöl frá tveimur öðrum ríkjum, eða skjöl eins annars ríkis og einnar milliríkjastofnunar sem tilgreind er með nafni og getur gerst aðili að samningi þessum. Skjalið sem geymir slíka yfirlýsingu eða hún fylgir skal talið hafa verið afhent til vörslu þann dag er skilyrðinu er fullnægt sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Hins vegar þegar skjal sem tilgreint er í sjálfri yfirlýsingunni geymir, eða því fylgir, yfirlýsing af umræddum toga skal skjalið talið afhent til vörslu þann dag er skilyrðinu er fullnægt sem tilgreint er í seinni yfirlýsingunni.

e) Sérhverja yfirlýsingu sem gefin er út skv. d-lið má afturkalla hvenær sem er, annaðhvort í heild sinni eða að hluta. Slík afturköllun verður virk sama dag og tilkynning um afturköllun berst aðalframkvæmdastjóranum.

(d) Any instrument of ratification or accession of a State may contain or be accompanied by a declaration making it a condition to its being considered as deposited that the instrument of one other State or one intergovernmental organization, or the instruments of two other States, or the instruments of one other State and one intergovernmental organization, specified by name and eligible to become party to this Act, is or are also deposited. The instrument containing or accompanied by such a declaration shall be considered to have been deposited on the day on which the condition indicated in the declaration is fulfilled. However, when an instrument specified in the declaration itself contains, or is itself accompanied by, a declaration of the said kind, that instrument shall be considered as deposited on the day on which the condition specified in the latter declaration is fulfilled.

(e) Any declaration made under paragraph (d) may be withdrawn, in its entirety or in part, at any time. Any such withdrawal shall become effective on the date on which the notification of withdrawal is received by the Director General.

28. gr.

Virk dagsetning gildistöku fullgildingar og aðildar.

1. [Skjöl sem taka skal tillit til]
Samkvæmt þessari grein skal einungis taka tillit til fullgildingar- eða aðildarskjala sem ríki eða milliríkjastofnanir skv. 1. mgr. 27. gr. afhenda til vörslu og þar sem dagsetning skv. 3. mgr. 27. gr. er virk.

2. [Gildistaka samnings þessa]
Samningur þessi öðlast gildi þremur mánuðum eftir að sex ríki hafa afhent fullgildingar- eða aðildarskjöl sín til vörslu, að því tilskildu að samkvæmt nýjustu árlegu hagskýrslu sem alþjóðaskrifstofan tekur saman fullnægi a.m.k. þrjú þessara ríkja a.m.k. öðru eftirfarandi skilyrða:

i) a.m.k. 3.000 umsóknir um vernd á hönnun á sviði iðnaðar hafi verið lagðar inn hjá hlutaðeigandi ríki eða fyrir það, eða

ii) a.m.k. 1.000 umsóknir um vernd á hönnun á sviði iðnaðar hafi verið lagðar inn hjá hlutaðeigandi ríki eða fyrir það af hálfu íbúa í öðrum ríkjum en því.

Article 28

Effective Date of Ratifications and Accessions

(1) [Instruments to Be Taken into Consideration]
For the purposes of this Article, only instruments of ratification or accession that are deposited by States or intergovernmental organizations referred to in Article 27(1) and that have an effective date according to Article 27(3) shall be taken into consideration.

(2) [Entry into Force of This Act]
This Act shall enter into force three months after six States have deposited their instruments of ratification or accession, provided that, according to the most recent annual statistics collected by the International Bureau, at least three of those States fulfill at least one of the following conditions:

(i) at least 3,000 applications for the protection of industrial designs have been filed in or for the State concerned, or

(ii) at least 1,000 applications for the protection of industrial designs have been filed in or for the State concerned by residents of States other than that State.

3. [Gildistaka fullgildingar og aðildar]

a) Sérhvert ríki eða milliríkjastofnun, sem afhent hefur til vörslu fullgildingar- eða aðildarskjal sitt þremur mánuðum fyrir gildistöku samnings þessa eða fyrr, skal bundið af samningi þessum á gildistökudegi hans.

b) Sérhvert annað ríki eða milliríkjastofnun skal bundin af samningi þessum að liðnum þremur mánuðum frá þeim degi er það afhenti til vörslu fullgildingar- eða aðildarskjal sitt eða frá síðari degi sem tilgreindur er í því skjali.

29. gr.

Bann við fyrirvörum.

Enga fyrirvara má gera við samning þennan.

30. gr.

Yfirlýsingar af hálfu samningsaðila.

1. [Hvenær gefa má út yfirlýsingar]
Sérhverjar yfirlýsingar skv. b-lið 1. mgr. 4. gr., a-lið 2. mgr. 5. gr., 2. mgr. 7. gr., 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 13. gr., 3. mgr. 14. gr., 2. mgr. 16. gr. eða c-lið 3. mgr. 17. gr. má gefa út:
i) þegar afhent er til vörslu skjal skv. 2. mgr. 27. gr. sem verður þá virkt þann dag er ríkið eða milliríkjastofnunin verður bundin af samningi þessum eftir að hafa gefið út yfirlýsinguna, eða

ii) þegar afhent hefur verið til vörslu skjal skv. 2. mgr. 27. gr. sem verður þá virkt að liðnum þremur mánuðum frá þeim degi er það berst í hendur aðalframkvæmdastjóranum, eða frá síðari degi sem tilgreindur er í yfirlýsingunni, en skal einungis gilda með tilliti til alþjóðlegra skráninga með sama eða seinni skráningardag en virk dagsetning yfirlýsingarinnar.

2. [Yfirlýsingar af hálfu ríkja með sameiginlega skrifstofu]
Þrátt fyrir 1. mgr. skal sérhver yfirlýsing samkvæmt þeirri málsgrein, sem gefin er út af hálfu ríkis sem hefur ásamt öðru ríki eða ríkjum tilkynnt aðalframkvæmdastjóranum skv. 1. mgr. 19. gr. að sameiginleg skrifstofa komi í stað landsskrifstofa þeirra, aðeins verða virk ef hitt ríkið

(3) [Entry into Force of Ratifications and Accessions]
(a) Any State or intergovernmental organization that has deposited its instrument of ratification or accession three months or more before the date of entry into force of this Act shall become bound by this Act on the date of entry into force of this Act.
(b) Any other State or intergovernmental organization shall become bound by this Act three months after the date on which it has deposited its instrument of ratification or accession or at any later date indicated in that instrument.

Article 29

Prohibition of Reservations

No reservations to this Act are permitted.

Article 30

Declarations Made by Contracting Parties

(1) [Time at Which Declarations May Be Made]
Any declaration under Articles 4(1)(b), 5(2)(a), 7(2), 11(1), 13(1), 14(3), 16(2) or 17(3)(c) may be made

(i) at the time of the deposit of an instrument referred to in Article 27(2), in which case it shall become effective on the date on which the State or intergovernmental organization having made the declaration becomes bound by this Act, or
(ii) after the deposit of an instrument referred to in Article 27(2), in which case it shall become effective three months after the date of its receipt by the Director General or at any later date indicated in the declaration but shall apply only in respect of any international registration whose date of international registration is the same as, or is later than, the effective date of the declaration.

(2) [Declarations by States Having a Common Office]
Notwithstanding paragraph (1), any declaration referred to in that paragraph that has been made by a State which has, with another State or other States, notified the Director General under Article 19(1) of the substitution of a common Office for their national Offices shall become ef-

eða hin ríkin gefa samsvarandi yfirlýsingu eða yfirlýsingar.

3. [Afturköllun yfirlýsinga]
Sérhverja yfirlýsingu skv. 1. mgr. má afturkalla hvenær sem er með tilkynningu sem stíluð skal á aðalframkvæmdastjórann. Slík afturköllun skal öðlast gildi að liðnum þremur mánuðum frá degi þeim er aðalframkvæmdastjóranum hefur borist tilkynningin eða frá síðari degi sem tilgreindur er í tilkynningunni. Þar sem yfirlýsing er gefin út skv. 2. mgr. 7. gr. skal afturköllunin ekki hafa áhrif á alþjóðlegar umsóknir sem lagðar hafa verið inn fyrir gildistöku framangreindrar afturköllunar.

31. gr.

Gildissvið samninganna frá 1934 og 1960.

1. [Samskipti ríkja sem eru bæði aðilar að samningi þessum og samningnum frá 1934 eða 1960]
Einungis samningur þessi skal gilda um gagnkvæm samskipti ríkja sem eru bæði aðilar að samningi þessum og samningnum frá 1934 eða 1960. Hins vegar skulu þessi ríki í gagnkvæmum samskiptum sínum beita samningnum frá 1934 eða samningnum frá 1960, eftir því sem við á, um hönnun á sviði iðnaðar sem lögð hefur verið inn hjá alþjóðaskrifstofunni fyrir þann dag er samningur þessi öðlast gildi varðandi gagnkvæm samskipti þeirra.
2. [Samskipti milli ríkja sem eru bæði aðilar að samningi þessum og samningnum frá 1934 eða 1960, svo og ríkja sem eru aðilar að samningnum frá 1934 eða 1960 en ekki samningi þessum]
   a) Sérhvert ríki, sem er bæði aðili að samningi þessum og samningnum frá 1934, skal halda áfram að beita samningnum frá 1934 í samskiptum sínum við ríki sem er aðili að samningnum frá 1934 en ekki að samningnum frá 1960 eða samningi þessum.
   b) Sérhvert ríki, sem er bæði aðili að samningi þessum og samningnum frá 1960, skal halda áfram að beita samningnum frá 1960 í samskiptum sínum við ríki sem eru aðilar að samningnum frá 1960 en ekki að samningi þessum.

32. gr.

Uppsögn samnings þessa.

1. [Tilkynning]
Sérhver samningsaðili getur sagt samningi þessum upp með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans.

fective only if that other State or those other States makes or make a corresponding declaration or corresponding declarations.

(3) [Withdrawal of Declarations]
Any declaration referred to in paragraph (1) may be withdrawn at any time by notification addressed to the Director General. Such withdrawal shall take effect three months after the date on which the Director General has received the notification or at any later date indicated in the notification. In the case of a declaration made under Article 7(2), the withdrawal shall not affect international applications filed prior to the coming into effect of the said withdrawal.

Article 31

Applicability of the 1934 and 1960 Acts

(1) [Relations Between States Party to Both This Act and the 1934 or 1960 Acts]
This Act alone shall be applicable as regards the mutual relations of States party to both this Act and the 1934 Act or the 1960 Act. However, such States shall, in their mutual relations, apply the 1934 Act or the 1960 Act, as the case may be, to industrial designs deposited at the International Bureau prior to the date on which this Act becomes applicable as regards their mutual relations.

(2) [Relations Between States Party to Both This Act and the 1934 or 1960 Acts and States Party to the 1934 or 1960 Acts Without Being Party to This Act]
   (a) Any State that is party to both this Act and the 1934 Act shall continue to apply the 1934 Act in its relations with States that are party to the 1934 Act without being party to the 1960 Act or this Act.

   (b) Any State that is party to both this Act and the 1960 Act shall continue to apply the 1960 Act in its relations with States that are party to the 1960 Act without being party to this Act.

Article 32

Denunciation of This Act

(1) [Notification]
Any Contracting Party may denounce this Act by notification addressed to the Director General.

2. [Virk dagsetning]
Uppsögn skal öðlast gildi [illegible] ári eftir þann dag er aðalframkvæmdastjóranum hefur borist tilkynningin eða á síðari degi sem tilgreindur er í tilkynningunni. Hún skal ekki hafa áhrif á beitingu samnings þessa um alþjóðlega umsókn sem bíður afgreiðslu og alþjóðlega skráningu sem við gildistöku uppsagnarinnar er í gildi gagnvart þeim samningsaðila er að uppsögn stendur.

(2) [Effective Date]
Denunciation shall take effect one year after the date on which the Director General has received the notification or at any later date indicated in the notification. It shall not affect the application of this Act to any international application pending and any international registration in force in respect of the denouncing Contracting Party at the time of the coming into effect of the denunciation.

33. gr.

Tungumál samnings þessa; undirritun.

1. [Frumtextar; opinberir textar]
a) Samningur þessi skal undirritaður í einu frumriti á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku og skulu allir textarnir jafngildir.
b) Aðalframkvæmdastjórinn skal, að höfðu samráði við ríkisstjórnir sem eiga hagsmuna að gæta, ganga frá opinberum textum á þeim tungumálum öðrum sem þingið kann að kveða á um.
2. [Frestur til undirritunar]
Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar í aðalstöðvum stofnunarinnar um eins árs skeið eftir samþykkt hans.

Article 33

Languages of This Act; Signature

(1) [Original Texts; Official Texts]
(a) This Act shall be signed in a single original in the English, Arabic, Chinese, French, Russian and Spanish languages, all texts being equally authentic.
(b) Official texts shall be established by the Director General, after consultation with the interested Governments, in such other languages as the Assembly may designate.

(2) [Time Limit for Signature]
This Act shall remain open for signature at the headquarters of the Organization for one year after its adoption.

34. gr.

Vörsluaðili.

Aðalframkvæmdastjórinn skal vera vörsluaðili samnings þessa.

Article 34

Depositary

The Director General shall be the depositary of this Act.

1037. Tillaga til þingsályktunar [659. mál]

um aðild að alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafnar fiskiskips.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar að heimila að Ísland gerist aðili að alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafnar fiskiskips, 1995 sem gerð var í Lundúnum 7. júlí 1995.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til að Ísland gerist aðili að alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafnar fiskiskips, 1995.

Samþykktin var gerð á ráðstefnu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) í Lundúnum 26. júní – 7. júlí 1995 og tóku 74 ríki þátt í ráðstefnunni. Samþykktin hefur að geyma ákvæði um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður skipstjóra, stýrimanna, vélstjóra og fjarskiptamanna um borð í fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd eða lengri. Samþykktin er fyrsta tilraunin á alþjóðavettvangi til að samræma bindandi lágmarksviðmiðanir um menntun og þjálfun áhafna fiskiskipa. Samþykktin öðlast gildi 12 mánuðum eftir að 15 ríki fullgilda hana. Hinn 26. mars 2001 höfðu tvö ríki fullgilt samþykktina, Danmörk og Rússland. Á næstunni áformar IMO að gera sérstakt átak í því að fá aðildarríki sín til að fullgilda samþykktina.

Hinn 5. júní 2000 skipaði samgönguráðherra nefnd með fulltrúum hagsmunaaðila í sjávarútvegi og siglingum sem var falið að gera tillögur til ráðuneytisins um frumvarp til laga um áhafnir íslenskra skipa. Nefndin skilaði áliti sínu 8. nóvember 2000 með bréfi formanns nefndarinnar til samgönguráðherra. Í því fólust tillögur um frumvarp til laga um áhafnir íslenskra skipa, ásamt tillögu um að Ísland fullgilti samþykktina. Á grundvelli tillagna nefndarinnar hefur samgönguráðherra lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um áhafnir íslenskra skipa. Það frumvarp byggist á því að Ísland gerist aðili að samþykktinni og taka ákvæði frumvarpsins mið af ákvæðum hennar.

Í I. kafla viðauka við samþykktina er að finna skilgreiningar á ýmsum hugtökum auk ákvæða um gildissvið, tilhögun eftirlits, miðlun upplýsinga, útgáfu skírteina, áritanir skírteina, lagaskil, undanþágur og lágmarkskröfur.

Í II. kafla viðaukans eru ákvæði um lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að öðlast réttindi skipstjóra og yfirmanna siglingavakta á fiskiskipum, þ.m.t. um viðeigandi skírteini, aldur, heilbrigði, siglingatíma, nám og próf. Ítarleg ákvæði eru um námsskrá sem skal vera undirstaða prófs til tiltekinna atvinnuréttinda skipstjórnarmanna.

Í II. kafla viðaukans eru jafnframt ákvæði um lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að öðlast réttindi yfirvélstjóra og 2. vélstjóra á fiskiskipum með 750 kW aðalvél eða stærri, þ.m.t. ákvæði um viðeigandi skírteini, aldur, heilbrigði, siglingatíma, nám og próf. Ítarleg ákvæði er jafnframt að finna um námsskrá sem skal vera undirstaða prófs til tiltekinna atvinnuréttinda yfirvélstjóra og 2. vélstjóra.

Í 6. reglu í II. kafla eru ákvæði um lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að öðlast réttindi fjarskiptamanns um borð í fiskiskipum, þ.m.t. um viðeigandi skírteini, aldur, heilbrigði, siglingatíma, nám og próf. Ítarleg ákvæði eru um námsskrá sem skal vera undirstaða prófs til að gegna stöðu fjarskiptamanns um borð í fiskiskipi.

Í 7. og 8. reglu í II. kafla eru ákvæði um lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að tryggja áframhaldandi hæfni og endurmenntun skipstjóra, yfirmanna siglingavakta, vélstjóra og fjarskiptamanna.

Í III. kafla viðaukans eru ákvæði um grunnmenntun og þjálfun áhafnar fiskiskips.

Í IV. kafla viðaukans eru ákvæði um grundvallaratriði sem fylgja ber við siglingavakt um borð í fiskiskipum.

Í viðbæti við samþykktina er að finna ýmis form skírteina, m.a. form fyrir alþjóðlegt skírteini til starfa á fiskiskipi sem gefið er út til ríkisborgara útgáfuríkis og áritun sem staðfestir viðurkenningu á skírteini erlends ríkisborgara.

Fylgiskjal.

ALÞJÓÐASAMÞYKKT um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafnar fiskiskips, 1995

AÐILAR AÐ ÞESSARI ALÞJÓÐASAMÞYKKT,

VÍSA TIL alþjóðasamþykktar um menntun, þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978 (hér eftir nefnd „alþjóðasamþykktin frá 1978"),

ÆSKJA þess að efla frekar öryggi mannslífa og eigna á sjó og varnir gegn mengun sjávar með því að samþykkja í almennum samningi alþjóðastaðla um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa,

TELJA að þessu marki megi best ná með því að gera alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafnar fiskiskips, hér eftir nefnd „samþykktin",

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR um eftirfarandi:

1. gr.
Almennar skyldur.

1. Aðilar taka í gildi ákvæði alþjóðasamþykktarinnar og viðaukans við hana sem er óaðskiljanlegur hluti samþykktarinnar. Sérhver tilvísun til samþykktarinnar er jafnframt tilvísun til viðaukans.

2. Aðilar láta öll lög, tilskipanir, fyrirmæli og reglur taka gildi og framkvæma allt það annað sem nauðsynlegt er til að samþykktin fái fullt og raunverulegt gildi og tryggja, með hliðsjón af öryggi mannslífa og eigna á sjó og vörnum gegn mengun sjávar, að sjómenn á fiskiskipum sem sigla á opnu hafi séu hæfir til starfa sinna.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í þessari alþjóðasamþykkt, nema annað sé sérstaklega tekið fram, merkir:

.1 *Aðili*, aðildarríki þar sem samþykktin hefur öðlast gildi.

.2 *Stjórnvöld*, ríkisstjórn aðildarríkis sem heimilar skipi að sigla undir fána sínum.

INTERNATIONAL CONVENTION ON STANDARDS OF TRAINING, CERTIFICATION AND WATCHKEEPING FOR FISHING VESSEL PERSONNEL, 1995

THE PARTIES TO THIS CONVENTION,

NOTING the International Convention on Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Seafarers, 1978 (hereinafter referred to as the "1978 STCW Convention"),

DESIRING to further promote safety of life and property at sea and the protection of the marine environment by establishing in common agreement international standards of training, certification and watchkeeping for personnel employed on board fishing vessels,

CONSIDERING that this end may be best achieved by the conclusion of an International Convention on Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Fishing Vessel Personnel, hereinafter referred to as "the Convention",

HAVE AGREED as follows:

ARTICLE 1
General obligations

1 The Parties undertake to give effect to the provisions of the Convention and the Annex thereto, which shall constitute an integral part of the Convention. Every reference to the Convention constitutes at the same time a reference to the Annex hereto.

2 The Parties undertake to promulgate all laws, decrees, orders and regulations and to take all other steps which may be necessary to give the Convention full and complete effect, so as to ensure that, from the point of view of safety of life and property at sea and the protection of the marine environment, seagoing fishing vessel personnel are qualified and fit for their duties.

ARTICLE 2
Definitions

For the purpose of the Convention, unless expressly provided otherwise:

.1 "Party" means a State for which the Convention has entered into force.

.2 "Administration" means the Government of the Party whose flag the vessel is entitled to fly.

.3 *Skírteini*, skjal sem er í gildi, hvaða nafni sem það nefnist, gefið út eða viðurkennt í samræmi við ákvæði samþykktarinnar sem heimilar skírteinishafa að gegna þeim störfum sem tilgreind eru í skírteininu eða heimilað er samkvæmt reglum viðkomandi lands.

.4 *Skírteinishafi*, réttmætan handhafa skírteinis.

.5 *Stofnunin*, Alþjóðasiglingamálastofnunina.

.6 *Framkvæmdastjóri*, framkvæmdastjóra stofnunarinnar.

.7 *Fiskiskip* eða *skip*, hvert það skip sem notað er í atvinnuskyni til að veiða fisk eða aðrar lífrænar auðlindir hafsins.

.8 *Fiskiskip sem siglir á opnu hafi*, fiskiskip önnur en þau sem sigla eingöngu á innri vatnaleiðum, á svæðum sem njóta skjóls af landi eða á svæðum þar sem hafnarreglur gilda.

3. gr.

Gildissvið.

Samþykktin skal ná til áhafna fiskiskipa sem sigla á opnu hafi og eiga rétt á að sigla undir fána aðila.

4. gr.

Miðlun upplýsinga.

Hver aðili skal senda framkvæmdastjóranum eftirfarandi upplýsingar:

.1 skýrslu um ráðstafanir sem hann hefur gert til að gefa ákvæðum samþykktarinnar fullt gildi, þ.m.t. sýnishorn af skírteinum gefnum út samkvæmt samþykktinni; og

.2 aðrar upplýsingar sem tilgreindar eru í reglu I/5.

5. gr.

Aðrir samningar og túlkun.

1. Allir fyrri samningar, samþykktir og ráðstafanir um menntun, þjálfun, skírteini og vaktstöðu áhafna fiskiskipa sem í gildi eru milli aðila skulu halda fullu gildi út samningstíma sinn hvað varðar:

.1 áhafnir fiskiskipa sem samþykkt þessi nær ekki til; og

.2 áhafnir fiskiskipa sem samþykkt þessi nær til hvað varðar mál sem samþykktin hefur ekki að geyma nein sérstök ákvæði um.

2. Að því marki sem þessir samningar, samþykktir eða ráðstafanir eru í ósamræmi við ákvæði samþykktarinnar skulu aðilar endurskoða skuldbindingar

.3 "Certificate" means a valid document, by whatever name it may be known, issued or recognized in accordance with the provisions of the Convention, authorizing the holder to serve as stated in this document or as authorized by national regulations.

.4 "Certificated" means properly holding a certificate.

.5 "Organization" means the International Maritime Organization.

.6 "Secretary-General" means the Secretary-General of the Organization.

.7 "Fishing vessel" or "vessel" means any vessel used commercially for catching fish or other living resources of the sea.

.8 "Seagoing fishing vessel" means a fishing vessel other than those which navigate exclusively in inland waters or in waters within, or closely adjacent to, sheltered waters or areas where port regulations apply.

ARTICLE 3

Application

The Convention shall apply to personnel serving on board seagoing fishing vessels entitled to fly the flag of a Party.

ARTICLE 4

Communication of information

Each Party shall communicate to the Secretary-General the following information:

.1 a report on the measures it has taken to give full and complete effect to the provisions of the Convention, including a specimen of certificates issued in compliance with the Convention; and

.2 other information which may be specified or provided for in regulation I/5.

ARTICLE 5

Other treaties and interpretation

1 All prior treaties, conventions and arrangements relating to standards of training, certification and watchkeeping for fishing vessel personnel in force between the Parties, shall continue to have full and complete effect during the terms thereof as regards:

.1 fishing vessel personnel to whom this Convention does not apply; and

.2 fishing vessel personnel to whom this Convention applies, in respect of matters for which it has not expressly provided.

2 To the extent, however, that such treaties, conventions or arrangements conflict with the provisions of the Convention, the Parties shall review their

sínar samkvæmt þessum samningum, samþykktum og ráðstöfunum í þeim tilgangi að tryggja að ekki verði ósamræmi milli þessara skuldbindinga og ákvæða samþykktarinnar.

3. Öll atriði sem engin sérstök ákvæði samþykktarinnar fjalla um eru áfram háð lagasetningu aðila.

6. gr.

Skírteini.

Skírteini til áhafna fiskiskipa skulu gefin út í samræmi við viðaukann með samþykktinni.

7. gr.

Ákvæði einstakra ríkja.

1. Hver aðili skal koma á fót ferli hlutlausrar rannsóknar um hverja tilkynnta vanhæfni, athafnir eða vanrækslu handhafa skírteina sem gefin eru út af þeim aðila og varðar skyldur þeirra samkvæmt skírteinunum og ógnað getur með beinum hætti öryggi mannslífa eða eigna á sjó eða umhverfis og um afturköllun, brottfall og ógildingu skírteina af þeim ástæðum og til að koma í veg fyrir slíkt.

2. Hver aðili skal mæla fyrir um refsingar eða agaráðstafanir þegar ákvæðum innlendra laga samkvæmt samþykktinni er ekki fylgt af skipum sem sigla undir fána þess aðila eða af áhöfnum fiskiskipa sem hafa skírteini gefin út af þeim aðila.

3. Sérstaklega skal mæla fyrir um slíkar refsingar eða agaráðstafanir og þeim haldið fram í tilfellum þegar:

.1 eigandi, umboðsmaður eiganda eða skipstjóri hefur ráðið til starfa einstakling sem ekki hefur skírteini sem krafist er samkvæmt þessari samþykkt;

.2 reglur þessar áskilja að til þess að sinna eða gegna ákveðinni stöðu skuli viðkomandi hafa til þess viðeigandi skírteini, en skipstjóri hefur leyft einstaklingi að gegna stöðunni sem hvorki hefur til þess viðeigandi skírteini eða undanþágu; og

.3 einstaklingur hefur með svikum eða fölsuðum skjölum fengið starf þar sem reglur þessar krefjast að því megi einungis sinna einstaklingur sem hefur til þess viðeigandi skírteini eða undanþágu.

4. Aðili, þar sem eigandi, umboðsmaður eiganda eða sérhver einstaklingur sem skýrar ástæður eru til að ætla að sé ábyrgur fyrir eða sé kunnugt um hvað það sem sýnist vera í bága við samþykktina það sem tilgreint er í grein 3, skal láta í té allt mögulegt sam-

commitments under such treaties, conventions and arrangements with a view to ensuring that there is no conflict between these commitments and their obligations under the Convention.

3 All matters which are not expressly provided for in the Convention remain subject to the legislation of Parties.

ARTICLE 6

Certification

Fishing vessel personnel shall be certificated in accordance with the provisions of the Annex to this Convention.

ARTICLE 7

National provisions

1 Each Party shall establish processes and procedures for the impartial investigation of any reported incompetency, act or omission, that may pose a direct threat to safety of life or property at sea or to the marine environment, by the holders of certificates or endorsements issued by that Party in connection with their performance of duties related to their certificates and for the withdrawal, suspension and cancellation of such certificates for such cause and for the prevention of fraud.

2 Each Party shall prescribe penalties or disciplinary measures for cases in which the provisions of its national legislation giving effect to this Convention are not complied with in respect of vessels entitled to fly its flag or of fishing vessel personnel duly certificated by that Party.

3 In particular, such penalties or disciplinary measures shall be prescribed and enforced in cases in which:

.1 an owner, owner's agent or skipper has engaged a person not holding a certificate as required by this Convention;

.2 a skipper has allowed any function or service in any capacity required by these regulations to be performed by a person holding an appropriate certificate to be performed by a person not holding an appropriate certificate or dispensation; or

.3 a person has obtained by fraud or forged documents an engagement to perform any function or serve in any capacity required by these regulations to be performed or filled by a person holding a certificate or dispensation.

4 A Party within whose jurisdiction there is based an owner or owner's agent or any person who is believed on clear grounds to have been responsible for, or to have knowledge of, any apparent non-compliance with the Convention specified in paragraph 3,

starf til sérhvers annars aðila og tilkynna um áform hans um aðgerðir.

8. gr.
Eftirlit.

1. Meðan fiskiskip eru í höfn annars aðila eru þau háð eftirliti manna sem sá aðili hefur veitt umboð til þess að sannreyna hvort allir sjómenn, sem skulu hafa skírteini samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar, hafi þau eða viðeigandi undanþágur.

2. Þegar í ljós koma einhverjar brotalamir sem vísað er til í grein 3 í reglu I/4, að því leyti sem þær eru hættulegar mönnum, eignum eða umhverfi, skal aðili sem fer með eftirlitið gera ráðstafanir til að tryggja að skipið sigli ekki á ný nema eftir að eftirlitsákvæðum þessum hefur verið fullnægt að því marki að ekki sé lengur hætta á ferð. Strax skal tilkynna framkvæmdastjóranum og stjórnvöldum um ástæðurnar fyrir þessum aðgerðum.

3. Við framkvæmd eftirlits skal:

.1 allt gert til þess að forðast að skipi sé haldið eða það tafið að óþörfu. Sé skipi haldið eða það tafið að óþörfu á það rétt til skaðabóta fyrir tjónið sem það verður fyrir vegna þessa; og

.2 ekki gera minni kröfur til áhafna erlendra fiskiskipa en til áhafna skipa sem sigla undir fána hafnarríkisins.

4. Þessari grein skal beitt eins og nauðsyn krefur til þess að tryggja að skip sem siglir undir fána ríkis sem ekki er aðili hljóti ekki hagkvæmari afgreiðslu en skip sem siglir undir fána aðila.

9. gr.
Efling tæknisamvinnu.

1. Aðilar að samþykktinni skulu í samráði við og með aðstoð stofnunarinnar efla stuðning sinn við þau ríki sem óska eftir tæknilegri aðstoð við:

.1 menntun og þjálfun starfsfólks við stjórnunar- og tæknistörf;
.2 að setja á stofn mennta- og þjálfunarstofnanir fyrir áhafnir fiskiskipa;
.3 að útvega tæki og aðstöðu fyrir mennta- og þjálfunarstofnanir;
.4 að semja viðeigandi námsskrá sem einnig nær yfir verklega þjálfun á fiskiskipum sem sigla á opnu hafi; og
.5 að styrkja aðrar gerðir og ráðstafanir sem auka hæfni áhafna fiskiskipa,

shall extend all co-operation possible to any Party which advises it of its intention to initiate proceedings under its jurisdiction.

ARTICLE 8
Control

1 Fishing vessels, while in the port of another Party, are subject to control by officers duly authorized by that Party to verify that all persons serving on board who are required to be certificated by this Convention are so certificated or hold an appropriate dispensation.

2 In the event of failure to correct any deficiency referred to in paragraph 3 of regulation I/4 in so far as it poses a danger to persons, property or the environment, the Party carrying out the control shall take steps to ensure that the vessel will not sail unless and until these requirements are met to the extent that the danger has been removed. The facts concerning the action taken shall be reported promptly to the Secretary-General and to the Administration.

3 When exercising control:

.1 1 all possible efforts shall be made to avoid a vessel being unduly detained or delayed. If a vessel is unduly detained or delayed, it shall be entitled to compensation for any loss or damage resulting therefrom; and
.2 the discretion allowed in the case of the personnel of foreign fishing vessels shall not be less than that afforded to the personnel of vessels flying the flag of the port State.

4 This article shall be applied as may be necessary to ensure that no more favourable treatment is given to a vessel entitled to fly the flag of a non-Party than is given to a vessel entitled to fly the flag of a Party.

ARTICLE 9
Promotion of technical co-operation

1 Parties to the Convention shall promote, in consultation with and with the assistance of the Organization, support for those States which request technical assistance for the:

.1 training of administrative and technical personnel;
.2 establishment of institutions for training of fishing vessel personnel;
.3 supply of equipment and facilities for training institutions;
.4 development of adequate training programmes, including practical training on seagoing fishing vessels; and
.5 facilitation of other measures and arrangements to enhance the qualifications of fishing vessel personnel,

helst í eigin landi eða á nálægum svæðum til þess að ná tilgangi og markmiði samþykktarinnar og um leið taka sérstakt tillit til þarfa þróunarríkjanna í þessu efni.

2. Fyrir sitt leyti skal stofnunin sækjast eftir að ná fyrrgreindum markmiðum, eins og við á, í samráði eða samstarfi við aðrar alþjóðastofnanir, sérstaklega Alþjóðavinnumálastofnunina (ILO) og Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO).

10. gr.

Breytingar.

1. Samþykktinni má breyta á einhvern þann hátt sem segir í grein þessari.

2. Breyting gerð eftir athugun á samþykktinni hjá stofnuninni:

.1 Sérhverja breytingartillögu skal senda framkvæmdastjóranum sem skal síðan dreifa henni til allra aðila að stofnuninni, til allra aðila og til framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) og Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) a.m.k. sex mánuðum áður en tillagan er tekin til umfjöllunar.

.2 Sérhverri breytingartillögu sem lögð er fram og dreift sem að ofan greinir skal vísað til siglingaöryggisnefndar stofnunarinnar til umfjöllunar.

.3 Aðilar, hvort sem þeir eru aðilar að stofnuninni eða ekki, skulu eiga rétt á því að taka þátt í störfum siglingaöryggisnefndar við umfjöllun og samþykkt breytingartillagna.

.4 Breytingartillögu skal samþykkja með tveimur þriðju hlutum atkvæða aðila sem viðstaddir eru og atkvæði greiða í siglingaöryggisnefnd, stækkaðri samkvæmt grein 2.3 (hér eftir nefnd „stækkuð siglingaöryggisnefnd"), enda sé a.m.k. þriðjungur aðila viðstaddur atkvæðagreiðsluna.

.5 Framkvæmdastjórinn skal senda öllum aðilum breytingar sem samþykktar eru samkvæmt grein 2.4.

.6 Breyting á grein telst hafa öðlast staðfestingu þann dag sem tveir þriðju aðilanna hafa staðfest hana.

.7 Breyting á viðaukanum eða á viðbætinum við hann telst hafa öðlast staðfestingu:

.7.1 þegar liðin eru tvö ár frá þeim degi er hún var samþykkt; eða

.7.2 við lok annars tímabils sem skal ekki vera styttra en eitt ár ef svo er ákveðið þegar

preferably on a national, sub-regional or regional basis, to further the aims and purposes of the Convention, taking into account the special needs of developing countries in this regard.

2 On its part, the Organization shall pursue the aforesaid efforts, as appropriate, in consultation or association with other international organizations, particularly the International Labour Organization and the Food and Agriculture Organization of the United Nations.

ARTICLE 10

Amendments

1 The Convention may be amended by either of the procedures specified in this article.

2 Amendments after consideration within the Organization:

.1 Any amendment proposed by a Party shall be submitted to the Secretary-General, who shall then circulate it to all Members of the Organization, to all the Parties and to the Director-General of the International Labour Office and of the Food and Agriculture Organization of the United Nations respectively, at least six months prior to its consideration.

.2 Any amendment proposed and circulated as above shall be referred to the Maritime Safety Committee of the Organization for consideration.

.3 Parties whether or not Members of the Organization shall be entitled to participate in the proceedings of the Maritime Safety Committee for the consideration and adoption of amendments.

.4 Amendments shall be adopted by a two-thirds majority of the Parties present and voting in the Maritime Safety Committee, expanded as provided for in paragraph 2.3 (hereinafter referred to as "the expanded Maritime Safety Committee"), on condition that at least one-third of the Parties shall be present at the time of voting.

.5 Amendments adopted in accordance with paragraph 2.4 shall be communicated by the Secretary-General to all the Parties.

.6 An amendment to an article shall be deemed to have been accepted on the date on which it is accepted by two-thirds of the Parties.

.7 An amendment to the Annex or to an appendix to the Annex shall be deemed to have been accepted:

.7.1 at the end of two years from the date of adoption; or

.7.2 at the end of a different period, which shall not be less than one year, if so de-

hún er samþykkt með tveimur þriðju hluta aðila sem viðstaddir eru og atkvæði greiða í stækkaðri siglingaöryggisnefnd.

Samt sem áður telst breytingin ekki hafa öðlast staðfestingu ef, innan hins tiltekna tímabils, meira en þriðjungur aðilanna tilkynnir framkvæmdastjóranum að hann sé henni mótfallinn.

.8 Breyting á grein skal öðlast gildi fyrir þá aðila sem hafa staðfest hana sex mánuðum eftir þann dag sem hún er talin hafa öðlast staðfestingu og fyrir hvern aðila sem staðfestir hana síðar sex mánuðum eftir þann dag er sá aðili staðfesti hana.

.9 Breyting á viðaukanum og á viðbætinum við viðaukann skal öðlast gildi fyrir alla aðila aðra en þá sem hafa mótmælt breytingunni samkvæmt grein 2.7 og ekki afturkallað mótmælin, sex mánuðum eftir þann dag sem hún er talin hafa öðlast staðfestingu. Hins vegar getur sérhver aðili tilkynnt framkvæmdastjóranum, fyrir hinn ákveðna gildistökudag, að hann undanskilji sig því að láta breytinguna öðlast gildi, þó ekki lengur en eitt ár frá gildistökudegi, nema lengri tími sé ákveðinn af tveimur þriðju hlutum atkvæða aðila sem viðstaddir eru og atkvæði greiða í stækkaðri siglingaöryggisnefnd þegar breytingartillagan er samþykkt.

3. Breyting gerð á ráðstefnu:

.1 Að ósk aðila og með stuðningi a.m.k. þriðjungs aðilanna skal stofnunin, í samstarfi eða samráði við framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna, eftir því sem við á, boða til ráðstefnu aðilanna til þess að fjalla um breytingar á þessari samþykkt.

.2 Hverja breytingu, sem samþykkt er á slíkri ráðstefnu af tveimur þriðju hlutum aðila sem viðstaddir eru og atkvæði greiða, skal framkvæmdastjórinn senda öllum aðilum til staðfestingar.

.3 Ákveði ráðstefnan ekki annað telst breyting staðfest og hafa öðlast gildi samkvæmt þeirri málsmeðferð sem tilgreind er í grein 2.6 og 2.8 eða 2.7 og 2.9, eftir því sem við á, þó að því tilskildu að þar sem rætt er um stækkaða siglingaöryggisnefnd skuli átt við ráðstefnuna.

termined at the time of its adoption by a two-thirds majority of the Parties present and voting in the expanded Maritime Safety Committee.

If, within the specified period, more than one-third of the Parties notify the Secretary-General that they object to the amendment, it shall be deemed not to have been accepted.

.8 An amendment to an article shall enter into force, with respect to those Parties which have accepted it, six months after the date on which it is deemed to have been accepted, and with respect to each Party which accepts it after that date, six months after the date of that Party's acceptance.

.9 An amendment to the Annex and to an appendix to the Annex shall enter into force with respect to all Parties, except those which have objected to the amendment under paragraph 2.7 and which have not withdrawn such objections, six months after the date on which it is deemed to have been accepted. However, before the date set for entry into force any Party may give notice to the Secretary-General that it exempts itself from giving effect to that amendment for a period not longer than one year from the date of its entry into force, or for such longer period as may be determined by a two-thirds majority of the Parties present and voting in the expanded Maritime Safety Committee at the time of the adoption of the amendment.

3 Amendment by a Conference:

.1 Upon the request of a Party concurred with by at least one-third of the Parties, the Organization shall convene, in association or consultation with the Director-General of the International Labour Office and of the Food and Agriculture Organization of the United Nations respectively, a Conference of the Parties to consider amendments to the present Convention.

.2 Every amendment adopted by such a Conference by a two-thirds majority of the Parties present and voting shall be communicated by the Secretary-General to all the Parties for acceptance.

.3 Unless the Conference decides otherwise, the amendment shall be deemed to have been accepted and shall enter into force in accordance with the procedures specified in paragraphs 2.6 and 2.8 or 2.7 and 2.9 respectively, provided that references in those paragraphs to the expanded Maritime Safety Committee shall be taken to mean references to the Conference.

4. Sérhverja yfirlýsingu um staðfestingu eða mótmæli við breytingu eða tilkynningu, sem gerð er samkvæmt grein 2.9, skal senda á skriflegan hátt til framkvæmdastjórans sem skal tilkynna öllum aðilum um hverja slíka tilkynningu og hvaða dag hún var móttekin.

5. Framkvæmdastjórinn skal tilkynna öllum aðilum um sérhverja breytingu sem öðlast gildi, svo og hvaða dag hún öðlast gildi.

11. gr.

Undirritun, fullgilding, staðfesting, samþykki og aðild.

1. Samþykktin skal liggja frammi til undirritunar í aðalstöðvum stofnunarinnar frá 1. janúar 1996 til 30. september 1996, en eftir þann tíma skal hún vera opin til aðildar. Öll ríki geta orðið aðilar með því að:

.1 undirrita án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki; eða
.2 undirrita með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, sem síðar verði fullgilt, staðfest eða samþykkt; eða
.3 gerast aðili.

2. Fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild skal gerð með því að afhenda framkvæmdastjóra stofnunarinnar skjal þess efnis.

12. gr.

Gildistaka.

1. Samþykktin skal öðlast gildi tólf mánuðum frá þeim degi er eigi færri en fimmtán ríki hafa annaðhvort undirritað hana án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, eða afhent nauðsynleg gögn um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild í samræmi við 11. gr.

2. Að því er varðar ríki sem afhenda skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild að þessari samþykkt eftir að skilyrðum fyrir gildistöku hefur verið fullnægt en fyrir gildistökuna skal fullgildingin, staðfestingin, samþykkið eða aðildin öðlast gildi á gildisdegi þessarar samþykktar eða þremur mánuðum frá þeim degi sem skjalið er afhent eftir því hvor dagsetningin kemur síðar.

3. Að því er varðar ríki sem afhenda skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild eftir að þessi samþykkt öðlast gildi skal hún öðlast gildi þremur mánuðum frá þeim degi er skjalið er afhent.

4. Þegar breyting við þessa samþykkt telst hafa öðlast staðfestingu skv. 10. gr. skal sérhvert skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, sem afhent er, eiga við samþykktina með áorðnum breytingum.

4 Any declaration of acceptance of, or objection to, an amendment or any notice given under paragraph 2.9 shall be submitted in writing to the Secretary-General, who shall inform all Parties of any such submission and the date of its receipt.

5 The Secretary-General shall inform all the Parties of any amendments which enter into force, together with the date on which each such amendment enters into force.

ARTICLE 11

Signature, ratification, acceptance, approval and accession

1 The Convention shall remain open for signature at the Headquarters of the Organization from 1 January 1996 until 30 September 1996 and shall thereafter remain open for accession. States may become Parties to the Convention by:

.1 signature without reservation as to ratification, acceptance or approval; or
.2 signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptanceor approval; or
.3 accession.

2 Ratification, acceptance, approval or accession shall be effected by the deposit of an instrument to that effect with the Secretary-General.

ARTICLE 12

Entry into force

1 The Convention shall enter into force 12 months after the date on which not less than 15 States have either signed it without reservation as to ratification, acceptance, or approval, or have deposited the requisite instruments of ratification, acceptance, approval or accession in accordance with article 11.

2 For States which have deposited an instrument of ratification, acceptance, approval or accession in respect of the Convention after the requirements for entry into force thereof have been met but prior to the date of entry into force, the ratification, acceptance, approval or accession shall take effect on the date of entry into force of the Convention or three months after the date of deposit of the instrument, whichever is the later date.

3 For States which have deposited an instrument of ratification, acceptance, approval or accession after the date on which the Convention entered into force, the Convention shall become effective three months after the date of deposit of the instrument.

4 After the date on which an amendment to the Convention is deemed to have been accepted under article 10, any instrument of ratification, acceptance, approval or accession deposited shall apply to the Convention as amended.

13. gr.

Uppsögn.

1. Sérhver aðili getur sagt samþykktinni upp hvenær sem er að liðnum fimm árum frá þeim degi sem hún öðlast gildi gagnvart viðkomandi aðila.

2. Uppsögn á sér stað með skriflegri tilkynningu til framkvæmdastjórans.

3. Uppsögn skal öðlast gildi tólf mánuðum eftir að tilkynningin um uppsögn berst framkvæmdastjóranum eða að liðnum lengri tíma sem kann að vera tilgreindur í tilkynningunni.

14. gr.

Vörsluaðili.

1. Þessari samþykkt skal komið í vörslu framkvæmdastjóra stofnunarinnar (hér eftir nefndur „vörsluaðilinn").

2. Vörsluaðilinn skal:

.1 tilkynna ríkisstjórnum allra ríkja sem hafa undirritað þessa samþykkt eða gerst aðilar að henni um:

.1.1 hverja nýja undirskrift eða afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild ásamt hvaða dag það átti sér stað;

.1.2 þann dag er þessi samþykkt öðlast gildi;

.1.3 afhendingu sérhvers skjals um uppsögn á þessari samþykkt ásamt móttökudegi hennar og þeim degi þegar uppsögnin öðlast gildi; og

.2 senda staðfest rétt afrit þessarar samþykktar til ríkisstjórna allra ríkja sem hafa skrifað undir þessa samþykkt eða gerst aðilar að henni.

3. Um leið og samþykkt þessi öðlast gildi skal vörsluaðilinn senda staðfest rétt afrit hennar til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar og birtingar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

15. gr.

Tungumál.

Þessi samþykkt er gerð í einu eintaki á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku og eru allir textarnir jafngildir.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa umboð ríkisstjórna sinna, undirritað alþjóðasamþykkt þessa.

GJÖRT Í LUNDÚNUM 7. júlí 1995.

ARTICLE 13

Denunciation

1 The Convention may be denounced by any Party at any time after the expiry of five years from the date on which the Convention enters into force for that Party.

2 Denunciation shall be effected by notification in writing to the Secretary-General.

3 A denunciation shall take effect 12 months after receipt of the denunciation by the Secretary-General or after the expiry of any longer period which may be indicated in the notification.

ARTICLE 14

Depositary

1 The Convention shall be deposited with the Secretary-General of the Organization (hereinafter referred to as "the depositary").

2 The depositary shall:

.1 inform the Governments of all States which have signed the Convention or acceded thereto of:

.1.1 each new signature or deposit of an instrument of ratification, acceptance, approval or accession, together with the date thereof;

.1.2 the date of entry into force of the Convention;

.1.3 the deposit of any instrument of denunciation of the Convention, together with the date on which it was received and the date on which the denunciation takes effect; and

.2 transmit certified true copies of the Convention to the Governments of all States which have signed the present Convention or acceded thereto.

3 As soon as the Convention enters into force a certified true copy thereof shall be transmitted by the depositary to the Secretary-General of the United Nations, for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

ARTICLE 15

Languages

The Convention is established in a single original in the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish languages, each text being equally authentic.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized by their respective Governments for that purpose, have signed the Convention.

DONE AT LONDON, this seventh day of July, one thousand nine hundred and ninety five.

VIÐAUKI

I. KAFLI
Almenn ákvæði.
Regla 1
Skilgreiningar.

Í þessum viðauka hafa eftirfarandi hugtök merkingu sem hér segir:

1. *Reglur*, reglur sem eru í viðaukanum við samþykktina.

2. *Samþykkt*, samþykkt af aðila í samræmi við reglurnar.

3. *Skipstjóri*, sá sem fer með æðsta vald á fiskiskipi.

4. *Yfirmaður*, einhver skipverja, annar en skipstjóri, sem skilgreindur er sem slíkur að landslögum eða reglugerðum eða ef slíku er ekki til að dreifa, af heildarsamningum eða venjum.

5. *Yfirmaður siglingavaktar*, yfirmaður sem uppfyllir kröfur samkvæmt reglu II/2 eða II/4 í þessari samþykkt.

6. *Vélstjóri*, yfirmaður sem uppfyllir kröfur samkvæmt reglu II/5 í samþykkt þessari.

7. *Yfirvélstjóri*, æðsti vélstjóri sem ber ábyrgð á vélum sem knýja skipið og rekstri og viðhaldi vél- og rafbúnaðar skipsins.

8. *2. vélstjóri*, sá vélstjóri sem gengur næst yfirvélstjóra að völdum og ber, í forföllum yfirvélstjóra, ábyrgð á vélum sem knýja skipið og rekstri og viðhaldi vél- og rafbúnaðar skipsins.

9. *Fjarskiptamaður*, sá sem hefur viðeigandi skírteini gefið út og viðurkennt af stjórnvaldi samkvæmt ákvæðum alþjóðaradíóreglugerðarinnar.

10. *Alþjóðaradíóreglugerðin*, reglur um fjarskipti sem eru viðauki við, eða sem taldar eru viðauki við, nýlegustu alþjóðafjarskiptasamþykktina sem er í gildi á hverjum tíma.

11. *Alþjóðasamþykktin frá 1978*, alþjóðasamþykktin um menntun, þjálfun, skírteini og vaktstöðu sjómanna frá 1978, með síðari breytingum.

12. *Torremolinos-bókunin frá 1993*, Torremolinos-bókunina frá 1993 sem samþykkt var í framhaldi af Torremolinos-alþjóðasamþykktinni um öryggi fiskiskipa frá 1977.

13. *Vélarafl*, heildarhámark samfellds útafls allra aðalvéla skipsins, mælt í kílówöttum, sem fram kemur í skráningarskírteini skipsins eða öðrum opinberum skjölum.

ANNEX

CHAPTER I
GENERAL PROVISIONS
Regulation 1
Definitions

For the purpose of this Annex the following definitions apply.

1 "Regulations" means regulations contained in the Annex to the Convention.

2 "Approved" means approved by the Party in accordance with the regulations.

3 "Skipper" means the person having command of a fishing vessel.

4 "Officer" means a member of the crew, other than the skipper, designated as such by national law or regulations or, in the absence of such designation, by collective agreement or custom.

5 "Officer in charge of a navigational watch" means an officer qualified in accordance with regulation II/2 or II/4 of this Convention.

6 "Engineer officer" means an officer qualified in accordance with regulation II/5 of this Convention.

7 "Chief engineer officer" means the senior engineer officer responsible for the mechanical propulsion and operation and maintenance of mechanical and electrical installations of the vessel.

8 "Second engineer officer" means the engineer officer next in rank to the chief engineer officer and upon whom the responsibility for the mechanical propulsion and the operation and maintenance of the mechanical and electrical installations of the vessel will fall in the event of the incapacity of the chief engineer officer.

9 "Radio operator" means a person holding an appropriate certificate issued or recognized by an Administration under the provisions of the Radio Regulations.

10 "Radio Regulations" means the Radio Regulations annexed to, or regarded as being annexed to, the most recent International Telecommunication Convention which may be in force at any time.

11 "1978 STCW Convention" means the International Convention on Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Seafarers, 1978, as amended.

12 "1993 Torremolinos Protocol" means the Torremolinos Protocol of 1993 relating to the Torremolinos International Convention for the Safety of Fishing Vessels, 1977.

13 "Propulsion power" means the total maximum continuous rated output power in kilowatts of all the vessel's main propulsion machinery which appears on the vessel's certificate of registry or other official document.

14. *Takmarkað hafsvæði,* svæði nálægt aðila, eins og skilgreint er af stjórnvöldum hans, þar sem sérstakar öryggisreglur eiga við sem gera kleift að gera vægari kröfur um hæfni og skírteini skipstjóra og yfirmanna á fiskiskipum en þeirra sem starfa utan þess svæðis. Þegar ákveðin eru takmörk þessa svæðis skulu stjórnvöld hafa til hliðsjónar leiðbeiningar stofnunarinnar.

15. *Ótakmarkað hafsvæði,* svæði utan takmarkaðs hafsvæðis.

16. *Lengdin (L),* skal vera 96% af mestu lengd í vatnslínu við 85% af minnstu mótuðu dýpt, mældri frá kjöllínu (spónlínu), eða sem lengdin frá fremri brún á stefni í miðju stýrisáss, í sömu vatnslínu, ef þessi lengd er lengri. Í skipum hönnuðum með kjölhalla skal vatnslínan, sem lengdin er mæld á, vera samsíða hönnunarvatnslínunni.

17. *Mótaða dýptin,* lóðrétta fjarlægðin mæld frá kjöllínunni (spónfarslínunni) að efri brún á þilfarsbita aðalþilfarsins út við síðu.

Regla 2

Gildissvið.

Stjórnvöld aðila geta ákveðið, ef þau telja ástæðulaust og óeðlilegt að uppfylla allar kröfur reglna II/3, II/4 og II/5 og kröfur um enskukunnáttu áhafna fiskiskipa 45 metra og styttri sem sigla aðeins frá eigin höfnum og stunda veiðar innan takmarkaðs hafsvæðis, að reglur þessar, að hluta til eða að öllu leyti, taki ekki til áhafna þessara skipa, án frávika frá meginreglum samþykktarinnar um öryggi. Í slíkum tilfellum skulu viðeigandi stjórnvöld upplýsa framkvæmdastjórann nákvæmlega um leiðir sem þau hafa valið með tilliti til menntunar og þjálfunar og skírteina áhafna slíkra skipa.

Regla 3

Skírteini og áritanir.

1. Skírteini til áhafna fiskiskipa skulu aðeins gefin út ef uppfyllt eru skilyrði um siglingatíma, aldur, heilbrigði, menntun, þjálfun, hæfni og próf í samræmi við reglur samkvæmt samþykktinni.

2. Skírteini gefið út af aðila í samræmi við 1. mgr. skal áritað af þeim aðila til að votta útgáfu skírteinisins á því formi sem fram kemur í viðbæti 1 eða viðbæti 2.

3. Skírteini og áritanir skulu gefin út á hinu opinbera tungumáli eða á tungumálum þess lands sem gefur þau út. Ef tungumálið sem notað er er ekki enska skal textinn hafa að geyma þýðingu yfir á það tungumál.

14 "Limited waters" means those waters in the vicinity of a Party as defined by its Administration within which a degree of safety is considered to exist which enables the standards of qualification and certification for skippers and officers of fishing vessels to be set at a lower level than for service outside the defined limits. In determining the extent of limited waters the Administration shall take into consideration the guidelines developed by the Organization.

15 "Unlimited waters" means waters beyond limited waters.

16 "Length" (L) shall be taken as 96 per cent of the total length on a waterline at 85 per cent of the least moulded depth measured from the keel line, or as the length from the foreside of the stem to the axis of the rudder stock on that waterline, if that be greater. In vessels designed with rake of keel the waterline on which this length is measured shall be parallel to the designed waterline.

17 "Moulded depth" is the vertical distance measured from the keel line to the top of the working deck beam at side.

Regulation 2

Application

The Administration of a Party, if it considers it unreasonable or impracticable to apply the full requirements of regulations II/3, II/4 and II/5 and the requirement of the use of English language to personnel serving on board a fishing vessel of less than 45 metres in length operating exclusively from its ports and fishing within its limited waters, may determine which of these regulations should not apply, wholly or in part, to such personnel, without derogation from the principles of safety in the Convention. In such a case, the Administration concerned shall report to the Secretary-General on the details of the measures it has taken with respect to the training and certification of such personnel.

Regulation 3

Certificates and endorsements

1 Certificates for fishing vessel personnel shall only be issued if the requirements for service, age, medical fitness, training, qualification and examinations are met in accordance with these regulations.

2 A certificate issued by a Party in compliance with paragraph 1 shall be endorsed by that Party attesting the issue of that certificate in the form as prescribed in appendix 1 or appendix 2 .

3 Certificates and endorsements shall be issued in the official language or languages of the issuing country. If the language used is not English, the text shall include a translation into that language.

4. Hvað varðar fjarskiptamann geta aðilar:

.1 gert kröfu um viðbótarþekkingu sem krafist er samkvæmt reglu II/6 sem hluta af prófum til útgáfu skírteinis samkvæmt alþjóðaradíóreglugerðinni; eða

.2 gefið út sérstakt skírteini sem ber með sér að handhafi þess hafi þá viðbótarþekkingu sem krafist er samkvæmt reglu II/6.

5. Stjórnvöld, sem hafa viðurkennt skírteini sem gefið er út af öðrum aðila eða undir hans eftirliti í samræmi við reglu 7, skulu gefa út áritun til að votta viðurkenninguna á formi því sem fram kemur í viðbæti 3.

6. Áritunin skal falla úr gildi um leið og gildistími skírteinis sem áritað var rennur út, það er afturkallað, fellt brott eða fellt niður af þeim aðila sem gaf það út og aldrei síðar en fimm árum frá því að það var gefið út.

7. Hvert viðeigandi skírteini sem gefið var út samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar frá 1978 og handhafa þess heimilað að starfa sem yfirvélstjóri, vélstjóri eða fjarskiptamaður skal með hliðsjón af tilgangi greinar 1 talið samsvarandi skírteini á fiskiskipum.

8. Með hliðsjón af breytilegum formum skv. 1., 2. eða 3. viðbæti geta stjórnvöld notað önnur form en þau sem þar eru lögð fram ef slík form hafa að geyma a.m.k. umbeðnar upplýsingar og þau eru skrifuð með rómverskum bókstöfum eða arabískum tölustöfum.

Regla 4

Tilhögun eftirlits.

1. Eftirlit framkvæmt af starfsmanni sem hefur til þess heimild skv. 8. gr. er háð eftirfarandi takmörkunum:

.1 staðfestingu þess að öll áhöfn fiskiskips, sem ber samkvæmt samþykktinni að hafa skírteini, hafi gild skírteini eða gildar undanþágur. Slík skírteini skulu viðurkennd nema skýrar ástæður séu til að ætla að skírteinið hafi verið fengið með sviksamlegum hætti eða að handhafi skírteinisins sé ekki sá einstaklingur sem skírteinið var upphaflega gefið út til; og

.2 mati á getu áhafnar fiskiskipsins til að fullnægja kröfum um vaktstöðu samkvæmt samþykktinni ef skýrar ástæður eru til að ætla að þeim kröfum sé ekki fullnægt af því að eftirfarandi hefur gerst:

.2.1 skipið hafi lent í árekstri, tekið niðri eða strandað; eða

4 In respect of radio operators, Parties may:

.1 include the additional knowledge required by regulation II/6 in the examination for the issue of a certificate complying with the Radio Regulations; or

.2 issue a separate certificate indicating that the holder has the additional knowledge required by regulation II/6.

5. The Administration which has recognized a certificate issued by or under the authority of another Party in compliance with regulation 7 shall issue an endorsement attesting the recognition of that certificate in the form prescribed in appendix 3.

6 The endorsement shall expire as soon as the certificate endorsed expires or is withdrawn, suspended or cancelled by the Party which issued it and, in any case, not more than five years after the date of issue.

7 Any appropriate certificate issued under the provisions of the 1978 STCW Convention, for the holder to serve as a Chief Engineer Officer, an Engineer Officer or Radio Operator shall be deemed to be a corresponding certificate for the purposes of paragraph 1 with regard to fishing vessels.

8 Subject to the variations permitted under appendices 1, 2 and 3, Administrations may use a format different from the format given in those appendices provided that such format contains, as a minimum, the required information and that the particulars are inserted in Roman characters and Arabic figures.

Regulation 4

Control procedures

1 Control exercised by a duly authorized officer under article 8 shall be limited to the following:

.1 verification that all fishing vessel personnel serving on board who are required to be certificated by this Convention are so certificated or hold the required dispensation. Such certificates shall be accepted unless there are clear grounds for believing that a certificate has been fraudulently obtained or that the holder of a certificate is not the person to whom that certificate was originally issued; and

.2 assessment of the ability of the fishing vessel personnel to maintain watchkeeping standards as required by the Convention if there are clear grounds for believing that such standards are not being maintained, because the following have occurred:

.2.1 the vessel has been involved in a collision, grounding or stranding; or

.2.2 efni, sem eru ólögleg samkvæmt alþjóðasamningum, hafi verið losuð úr skipinu meðan það var á siglingu, lá fyrir akkeri eða við bryggju; eða

.2.3 skipinu hafi verið stjórnað á reikulan eða ótryggan hátt og ekki hafi verið fylgt reglum stofnunarinnar um bil á milli skipa eða öruggum siglingavenjum og siglingaleiðarmerkjum; eða

.2.4 skipinu sé að öðru leyti siglt á þann hátt að valdið geti hættu fyrir menn, eignir eða umhverfi.

2. Þegar í ljós koma skv. 1. mgr. skal starfsmaður sem fer með eftirlitið þegar upplýsa skipstjóra skipsins og stjórnvöld skriflega svo að gera megi viðeigandi ráðstafanir. Slíkar upplýsingar skulu greina nákvæmlega í hverju brotalamirnar eru fólgnar og ástæður þess að aðili telji að þessar brotalamir geti valdið mönnum, eignum eða umhverfi hættu.

3. Brotalamir, sem telja má að valdið geti hættu fyrir menn, eignir og umhverfi, geta meðal annars verið eftirfarandi:

.1 brugðist hafi að menn sem áttu að hafa skírteini hafi haft gild skírteini eða gilda undanþágu;

.2 brugðist hafi að menn á vakt á stjórnpalli eða í vélarúmi hafi fullnægt þeim reglum sem skipinu voru settar af stjórnvöldum;

.3 vantað hafi á vakt mann sem var hæfur til að stjórna nauðsynlegum tækjum til öruggrar siglingar og fjarskipta eða til að koma í veg fyrir mengun; eða

.4 brugðist hafi að tryggt hafi verið að óþreyttir menn væru á fyrstu vakt í byrjun siglingar og síðan á þeim vöktum sem við tóku.

Regla 5

Miðlun upplýsinga.

1. Framkvæmdastjóri skal, sé þess óskað, veita aðilum allar upplýsingar sem honum eru veittar á grundvelli 4. greinar.

2. Aðili, sem veitir ekki upplýsingar sem veita skal á grundvelli 4. greinar innan 24 mánaða eftir að samþykktin tók gildi hjá aðila, getur ekki öðlast réttindi samkvæmt þessari samþykkt fyrr en framkvæmdastjórinn hefur fengið upplýsingarnar í hendur.

Regla 6

Útgáfa skírteina.

1. Hver aðili ábyrgist að koma á fót og viðhalda áætlun um leiðbeiningar og verklega þjálfun sem nauðsynleg er til að uppfylla hæfniskröfur og að

.2.2 there has been a discharge of substances from the vessel when underway, at anchor or at berth which is illegal under international conventions; or

.2.3 the vessel has been manoeuvred in an erratic or unsafe manner, whereby routeing measures adopted by the Organization, or safe navigation practices and procedures, have not been followed; or

.2.4 the vessel is otherwise being operated in such a manner as to pose a danger to persons, property or the environment.

2 In the event that deficiencies are found under paragraph 1, the officer carrying out the control shall forthwith inform, in writing, the skipper of the vessel and the Administration, so that appropriate action may be taken. Such notification shall specify the details of the deficiencies found and the grounds on which the Party determines that these deficiencies pose a danger to persons, property or the environment.

3 Deficiencies which may be deemed to pose a danger to persons, property or the environment include the following:

.1 failure of persons, required to hold a certificate, to have an appropriate certificate or dispensation;

.2 failure of navigational or engineering watch arrangements to conform to the requirements specified for the vessel by the Administration;

.3 absence in a watch of a person qualified to operate equipment essential to safe navigation, safety radiocommunications or the prevention of pollution; or

.4 inability to provide rested persons for the first watch at the commencement of a voyage, and for subsequent relieving watches.

Regulation 5

Communication of information

1 The Secretary-General shall, on request, provide Parties with any information communicated to him under article 4.

2 A Party which fails to communicate information required by article 4 within twenty-four months after the date of entry into force of the Convention for a Party shall not be entitled to claim the privileges of this Convention until such time as the information has been received by the Secretary-General.

Regulation 6

Administration of certification arrangements

1 Each Party undertakes to establish and maintain a means of ensuring that programmes incorporating such instruction and practical training as is necessary

þeim sé reglulega viðhaldið til að tryggja áhrif þeirra.

2. Hver aðili ábyrgist, eftir því sem hagkvæmt er, að halda skrá eða skrár yfir öll skírteini og áritanir samkvæmt reglu 3 og II/1 til II/6 sem gefin hafa verið út, felld úr gildi, endurnýjuð, tilkynnt glötuð, felld brott eða ógilt og undanþágur sem gefnar hafa verið út og gefa upplýsingar um stöðu slíkra skírteina, áritana og undanþágna þegar þess er óskað af öðrum aðila.

Regla 7

Viðurkenning skírteina.

1. Hver stjórnvöld skulu, vegna viðurkenningar, tryggja, með áritun í samræmi við reglu 3, að skírteini sem gefið er út af öðrum aðila eða undir stjórn hans sé í samræmi við kröfur um hæfni, sem og um útgáfu og áritun af þeim aðila.

2. Skírteini sem gefin eru út af ríki eða undir stjórn ríkis sem ekki er aðili að samþykktinni skulu ekki viðurkennd.

3. Þrátt fyrir kröfur 1. mgr. í þessari reglu og 5. mgr. í reglu 3, geta stjórnvöld, ef aðstæður krefja, heimilað einstaklingi sem er handhafi viðeigandi og gilds skírteinis sem gefið er út af öðrum aðila og ekki er áritað skv. 5. mgr. í reglu 3, að starfa í allt að þrjá mánuði um borð í skipi sem siglir undir fána þeirra með því skilyrði að skjalfest sönnun liggi fyrir um að lögð hafi verið fram umsókn um áritun hjá stjórnvöldum.

Regla 8

Lagaskilaákvæði.

1. Skírteini um hæfni til starfa eða þjónustu sem samþykktin krefst einnig skírteinis fyrir og sem gefið var út af aðila áður en samþykktin tók gildi hjá honum í samræmi við lög hans eða alþjóðaradíóreglugerðina skal áfram viðurkennt í gildi eftir að samþykktin hefur gengið í gildi hjá aðila.

2. Eftir að samþykktin hefur tekið gildi hjá aðila, getur hann haldið áfram að gefa út í nokkurn tíma skírteini um hæfni í samræmi við fyrri starfsvenjur en þó ekki lengur en í fimm ár. Slík skírteini skulu viðurkennd í gildi með hliðsjón af tilgangi samþykktarinnar. Á meðan þessum lagaskilatíma stendur skal aðeins gefa út þessi skírteini til manna sem hófu störf sín á sjó áður en samþykktin tók gildi hjá þeim til tiltekinna starfa á skipum sem skírteinin vísa til. Aðili skal tryggja að umsækjendur um skírteini

to achieve the competency standards are regularly monitored to ensure their effectiveness.

2 Each Party undertakes, to the extent practicable, to maintain a register or registers of all certificates and endorsements specified in regulations 3 and II/1 to II/6 which are issued, have expired, or have been revalidated, reported lost, suspended or cancelled, and of dispensations issued, and provide information on the status of such certificates, endorsements and dispensations when so requested by another Party.

Regulation 7

Recognition of certificates

1 Each Administration shall ensure, in order to recognize, by endorsement in accordance with regulation 3, a certificate issued by or under the authority of another Party, that the requirements for standards of competence, as well as the issue and endorsement of certificates by that Party, are fully complied with.

2 Certificates issued by or under the authority of a non-Party shall not be recognized.

3 Notwithstanding the requirement of paragraph 1 of this regulation and paragraph 5 of regulation 3, an Administration may, if circumstances require, allow a person to serve for a period not exceeding three months on board a vessel entitled to fly its flag while holding an appropriate and valid certificate issued by another Party without it being endorsed as required by paragraph 5 of regulation 3 provided that documented proof is made available that application for an endorsement has been submitted to the Administration.

Regulation 8

Transitional provisions

1 A certificate of competency or of service in a capacity for which this Convention requires a certificate and which before entry into force of the Convention for a Party is issued in accordance with the laws of that Party or the Radio Regulations, shall be recognized as valid for service after entry into force of the Convention for that Party.

2 After the entry into force of the Convention for a Party, it may continue to issue certificates of competency in accordance with its previous practices for a period not exceeding five years. Such certificates shall be recognized as valid for the purpose of the Convention. During this transitional period such certificates shall be issued only to persons who had commenced their sea service before entry into force of the Convention for that Party within the specific ship department to which those certificates relate.

gangist undir próf og fái skírteini í samræmi við samþykktina.

3. Aðila er heimilt innan tveggja ára frá gildistöku samþykktarinnar hjá honum að gefa út skírteini til áhafna fiskiskipa sem hvorki eru handhafar skírteinis samkvæmt samþykktinni né skírteinis um hæfni gefið út samkvæmt lögum aðilans fyrir gildistöku samþykktarinnar hjá honum, en hafa þó:

.1 unnið í starfi sem þeir sækja um skírteini fyrir, þó ekki skemur en í þrjú ár til sjós á síðastliðnum sjö árum fyrir gildistöku samþykktarinnar hjá aðila;

.2 sýnt fram á að þeir hafi á fullnægjandi hátt leyst störf sín af hendi; og

.3 fullnægi kröfum aðila um heilbrigði, þ.m.t. sjón og heyrn, með hliðsjón af aldri umsækjanda þegar umsókn er lögð fram.

Með hliðsjón af tilgangi samþykktarinnar skal telja skírteini sem gefið er út samkvæmt þessari grein jafngilt skírteini sem gefið er út samkvæmt samþykktinni.

Regla 9

Undanþágur.

1. Þegar brýna nauðsyn ber til geta stjórnvöld, ef þau telja að það valdi mönnum ekki neinni hættu, eignum eða umhverfi, veitt tilteknum sjómanni undanþágu til að vinna á ákveðnu fiskiskipi í ákveðinn tíma, sem hann hefur ekki tilskilin réttindi fyrir, en þó ekki lengur en í sex mánuði, nema til starfa fjarskiptamanns, eftir því sem viðkomandi alþjóðaradíóreglugerð heimilar, að því tilskildu að sá sem undanþáguna fær sé fullhæfur að mati stjórnvalda til þess að annast þetta starf á öruggan hátt að mati stjórnvalda.

2. Undanþágu fyrir stöðu skal aðeins veita manni sem hefur full réttindi fyrir næstu lægri stöðu. Þar sem samþykktin krefst ekki skírteina fyrir næstu lægri stöðu má veita manni undanþágu sem hefur hæfileika og reynslu að mati stjórnvalda sem augljóslega jafngilda þeim skilyrðum sem sett eru fyrir veitingu stöðunnar, að því tilskildu þó að ef umræddur maður hefur engin tilskilin réttindi skal hann skyldur til þess að standast próf sem stjórnvöld samþykkja til þess að sýna fram á að undanþáguna megi veita að skaðlausu. Að auki skulu stjórnvöld tryggja að stöðuna fái, svo fljótt sem auðið er, maður með tilskilin réttindi.

The Party shall ensure that all other candidates for certification shall be examined and certificated in accordance with the Convention.

3 A Party may, within two years after entry into force of the Convention for that Party, issue a certificate of service to fishing vessel personnel who hold neither an appropriate certificate under the Convention nor a certificate of competency issued under its laws before entry into force of the Convention for that Party but who have:

.1 served in the capacity for which they seek a certificate of service for not less than three years at sea within the last seven years preceding entry into force of the Convention for that Party;

.2 produced evidence that they have performed that service satisfactorily; and

.3 satisfied the Party as to medical fitness, including eyesight and hearing, taking into account their age at the time of application.

For the purpose of the Convention, a certificate of service issued under this paragraph shall be regarded as the equivalent of a certificate issued under the Convention.

Regulation 9

Dispensation

1 In circumstances of exceptional necessity, an Administration, if in its opinion this will not cause danger to persons, property or the environment, may issue a dispensation permitting a person to serve in a specified fishing vessel for a specified period not exceeding six months in a capacity, other than that of the radio operator, except as provided by the relevant Radio Regulations, for which the person does not hold the appropriate certificate, provided that the person to whom the dispensation is issued shall be adequately qualified to fill the vacant post in a safe manner, to the satisfaction of the Administration.

2 Any dispensation granted for a post shall be granted only to a person properly certificated to fill the post immediately below it. Where certification of the post below is not required by the Convention, a dispensation may be issued to a person whose competence and experience are, in the opinion of the Administration, clearly equivalent to the requirements for the post to be filled, provided that, if such a person holds no appropriate certificate, the person shall be required to pass a test accepted by the Administration as demonstrating that such a dispensation may safely be issued. In addition, the Administration shall ensure that the post in question is filled by the holder of an appropriate certificate as soon as possible.

3. Hver aðili skal svo fljótt sem auðið er eftir 1. janúar ár hvert senda skýrslu til framkvæmdastjórans með upplýsingum um fjölda undanþágna sem veittar hafa verið í hverja stöðu þar sem skírteinis er krafist.

Regla 10

Jafngildi.

1. Samþykktin skal ekki vera í vegi fyrir því að stjórnvöld haldi áfram menntunar- eða þjálfunarleiðum eða taki aðrar upp, að meðtöldum þeim leiðum sem eru fyrir þjónustustörf á sjó og fyrir skipulag um borð í tengslum við þróun tæknibúnaðar, einnig þróun sérhannaðra skipa, þannig að þjónusta til sjós, þekking og afköst í siglingum og tæknileg stjórnun skipa tryggi að vissu marki öryggi á sjó og stuðli að vörnum gegn mengun, a.m.k. til jafns við ákvæði samþykktarinnar.

2. Lýsingu á þessum menntunar- og þjálfunarleiðum skal gefa í skýrslu samkvæmt grein 4.

II. KAFLI
Skírteini skipstjóra, yfirmanna, vélstjóra og fjarskiptamanna.

Regla 1

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að öðlast réttindi skipstjóra á fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri og sigla á ótakmörkuðu hafsvæði.

1. Allir skipstjórar á fiskiskipi sem er 24 metrar að lengd og lengra og siglir á ótakmörkuðu hafsvæði skulu hafa viðeigandi skírteini.

2. Allir umsækjendur um réttindi skulu:

.1 færa stjórnvöldum sönnur á heilbrigði sitt, einkum varðandi sjón og heyrn;

.2 fullnægja kröfum til að öðlast skírteini yfirmanns siglingavaktar á fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri og sigla á ótakmörkuðu hafsvæði og hafa að baki viðurkenndan siglingatíma, eigi skemmri en 12 mánuði, sem yfirmaður siglingavaktar eða skipstjóri á fiskiskipum sem ekki eru styttri en 12 metrar að lengd. Hins vegar geta stjórnvöld heimilað þess í stað allt að sex mánaða viðurkenndan siglingatíma sem yfirmaður siglingavaktar á skipum sem sigla á opnu hafi og falla undir alþjóðasamþykktina frá 1978; og

.3 hafa staðist viðeigandi próf með fullnægjandi hætti að mati stjórnvalda. Slík próf eiga að ná til þess efnis sem getið er í viðbætinum við reglu þessa. Umsækjandi um próf sem hefur gilt skírteini, gefið út í samræmi við alþjóða-

3 Each Party shall as soon as possible after 1 January each year send a report to the Secretary-General giving information of the total number of dispensations in respect of each capacity for which a certificate is required, including nil returns.

Regulation 10

Equivalents

1 The Convention shall not prevent a Party from retaining or adopting other educational and training arrangements, including those involving seagoing service and shipboard organization especially adapted to technical developments and to special types of vessels, provided that the level of seagoing service, knowledge and efficiency as regards navigational and technical handling of vessels ensures a degree of safety at sea and has a preventive effect as regards pollution at least equivalent to the requirements of the Convention.

2 Details of such arrangements shall be included in the report under article 4.

CHAPTER II
CERTIFICATION OF SKIPPERS, OFFICERS, ENGINEER OFFICERS AND RADIO OPERATORS

Regulation 1

Mandatory minimum requirements for certification of skippers on fishing vessels of 24 metres in length and over operating in unlimited waters

1 Every skipper on a fishing vessel of 24 metres in length and over operating in unlimited waters shall hold an appropriate certificate.

2 Every candidate for certification shall:

.1 satisfy the Party as to medical fitness, particularly regarding eyesight and hearing;

.2 meet the requirements for certification as an officer in charge of a navigational watch on fishing vessels of 24 metres in length and over operating in unlimited waters, and have approved seagoing service of not less than 12 months as an officer in charge of a navigational watch or skipper on fishing vessels of not less than 12 metres in length. However, the Party may allow the substitution of a period not exceeding six months of approved seagoing service as an officer in charge of a navigational watch on seagoing ships covered by the 1978 STCW Convention; and

.3 have passed an appropriate examination or examinations for assessment of competence to the satisfaction of the Party. Such examination or examinations shall include the material set out in the appendix to this regulation. A can-

samþykktina frá 1978, þarf ekki að endurtaka próf í þeim greinum sem upp eru taldar í viðbætinum og eru á hærra eða sama þekkingarstigi og krafist er til útgáfu skírteinis samkvæmt þeirri samþykkt.

Viðbætir við reglu 1

Lágmarksþekking sem krafist er til að öðlast réttindi skipstjóra á fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri og sigla á ótakmörkuðu hafsvæði.

1. Eftirfarandi námsskrá skal vera undirstaða prófs sem lagt er fyrir þá sem vilja öðlast réttindi skipstjóra á fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri og sigla á ótakmörkuðu hafsvæði. Með það í huga að skipstjóri ber endanlega ábyrgð á öryggi skipsins og áhafnar þess hvenær sem er, þ.m.t. á veiðum, er prófum í þessum greinum ætlað að meta hvort nemandi hafi tileinkað sér með viðunandi hætti allar tiltækar upplýsingar sem hafa áhrif á öryggi skipsins og áhafnar þess í samræmi við námsskrána.

2. Sigling skips og staðarákvarðanir.

2.1 Siglingaáætlun og siglingar skips við allar aðstæður:

.1 með viðurkenndum aðferðum við að setja út stefnu skips á rúmsjó;
.2 á þröngum hafsvæðum;
.3 eftir því sem við á, við siglingu í ís;
.4 í takmörkuðu skyggni;
.5 þar sem það á við, á aðskildum siglingaleiðum; og
.6 á svæðum, þar sem sjávarfalla og hafstrauma gætir.

2.2 Staðarákvarðanir:

.1 með athugun himinhnatta;
.2 með jarðlægum athugunum, þar á meðal kunnáttu í að nota miðanir og mið af kennileitum og siglingamerkjum, svo sem vitum, leiðar- og sjómerkjum sem merkt eru í viðeigandi sjókort, notkun tilkynninga til sjófarenda og annarra gagna til að meta nákvæmni staðarákvörðunar; og
.3 með notkun nútímarafeindasiglingatækja, sem fiskiskip eru búin og uppfylla kröfur stjórnvalda um þekkingu og notkun, ásamt sérstakri þekkingu á því hvernig tækin starfa í meginatriðum, takmörkunum þeirra, skekkjuvöldum, greiningu á villandi upplýsingum og aðferðum við leiðréttingar til að fá nákvæma staðarákvörðun.

3. Vaktstaða.

3.1 Hafa mjög góða þekkingu á efni, gildissviði og markmiðum samþykktar um alþjóðareglur til að

didate for examination who holds a valid certificate of competency issued in accordance with the provisions of the 1978 STCW Convention need not be re-examined in those subjects listed in the appendix which were passed at a higher or equivalent level for issue of the Convention certificate.

Appendix to Regulation 1

Minimum knowledge required for certification of skippers on fishing vessels of 24 metres in length and over operating in unlimited waters

1 The syllabus given below is compiled for examination of candidates for certification as skippers on fishing vessels of 24 metres in length and over operating in unlimited waters. Bearing in mind that the skipper has ultimate responsibility for the safety of the vessel and its crew at all times including during fishing operations, examination in these subjects shall be designed to test that the candidate has assimilated properly all available information that affects the safety of the vessel and its crew in accordance with the syllabus.

2 Navigation and position determination

2.1 Voyage planning and navigation for all conditions:

.1 by acceptable methods of determining ocean tracks;
.2 within restricted waters;
.3 where applicable, in ice;
.4 in restricted visibility;
.5 where applicable, in traffic separation schemes; and
.6 in areas affected by tides or currents.

2.2 Position determination:

.1 by celestial observations;
.2 by terrestrial observations, including the ability to use bearings from landmarks and aids to navigation such as lighthouses, beacons and buoys in conjunction with appropriate charts, notices to mariners and other publications to assess the accuracy of the resulting position fix; and
.3 by using, to the satisfaction of the Party, modern ship electronic navigational aids as provided in fishing vessels, with specific reference to knowledge of their operating principles, limitations, sources of error, detection of misrepresentation of information and methods of correction to obtain accurate position fixing.

3 Watchkeeping

3.1 Demonstrate thorough knowledge of the content, application and intent of the International Regu-

koma í veg fyrir árekstra á sjó frá 1972 (alþjóðasiglingareglna frá 1972), sérstaklega II. og IV. viðauka, sem fjalla um örugga siglingu skipa.

3.2 Sýna þekkingu á efni IV. kafla um grundvallaratriði siglingavakta.

4. Ratsjársigling.

4.1 Sýna með notkun ratsjárhermis eða, ef hann er ekki fyrir hendi, með ratsjármyndvarpa, þekkingu á grundvallaratriðum ratsjár og kunna að stilla og nota ratsjá svo og að túlka og greina upplýsingar sem fást með því tæki, en í því felst eftirfarandi:

.1 kunna skil á því sem dregur úr virkni og nákvæmni ratsjár;
.2 stilla endurvörp á myndskjá ratsjár;
.3 greina villandi upplýsingar, fölsk endurvörp og endurvörp frá sjó;
.4 stilla inn fjarlægð og miðun;
.5 þekkja hættuleg endurvörp;
.6 finna stefnu og hraða annarra skipa;
.7 finna hvenær og í hvaða fjarlægð skip er í minnstri fjarlægð framan við eigið skip þegar mætt er eða siglt er fram úr öðrum skipum;
.8 finna stefnu- og hraðabreytingu annarra skipa;
.9 finna áhrif breytinga á stefnu eða hraða eigin skips eða hvort tveggja; og
.10 beita alþjóðasiglingareglunum frá 1972.

5. Segul- og gýróáttavitar.

5.1 Kunna að ákvarða og leiðrétta skekkjur á segul- og gýróáttavita, með athugun kennileita og himinhnatta.

6. Veður- og haffræði.

6.1 Þekkja tæki til veðurathugana og notkun þeirra.

6.2 Kunna að nota tiltækar veðurfræðilegar upplýsingar.

6.3 Þekkja sérkenni ýmissa veðurkerfa, þar á meðal, eftir mati stjórnvalda, hvirfilvinda í hitabeltinu og hvernig forðast megi miðjur fellibylja og hina hættulegu fjórðungsboga hvirfilvinda.

6.4 Þekkja veðurskilyrði eins og þoku sem getur haft hættu í för með sér fyrir skipið.

6.5 Kunna að nota viðeigandi gögn og upplýsingar um sjávarföll og hafstrauma.

6.6 Kunna að reikna tíma flóðs og fjöru, finna stöðu sjávarfalla og meta stefnu og hraða sjávarfallastrauma.

7. Stjórntök fiskiskips og sigling.

7.1 Stjórntök og sigling fiskiskips við allar aðstæður, en í því felst eftirfarandi:

.1 fara frá, leggja að bryggju og nota akkeri við ýmsar aðstæður af völdum vinda og sjávarfalla;

lations for Preventing Collisions at Sea, 1972, specially Annexes II and IV concerned with safe navigation.

3.2 Demonstrate knowledge of Basic Principles to be Observed in Keeping a Navigational Watch as prescribed in chapter IV.

4 Radar navigation

4.1 Demonstrate using a radar simulator or, when not available, manoeuvring board knowledge of the fundamentals of radar and ability in the operation and use of radar, and in the interpretation and analysis of information obtained from the equipment including the following:

.1 factors affecting performance and accuracy;
.2 setting up and maintaining displays;
.3 detection of misrepresentation of information, false echoes, sea return;
.4 range and bearing;
.5 identification of critical echoes;
.6 course and speed of other ships;
.7 time and distance of closest approach of crossing, meeting or overtaking ships;
.8 detecting course and speed changes of other ships;
.9 effect of changes in own vessel's course or speed or both; and
.10 application of the International Regulations for Preventing Collisions at Sea, 1972.

5 Magnetic and gyro-compasses

5.1 Ability, using terrestrial and celestial means, to determine and apply the errors of the magnetic and gyro-compasses.

6 Meteorology and oceanography

6.1 Knowledge of meteorological instruments and their application.

6.2 Ability to apply meteorological information available.

6.3 Knowledge of characteristics of various weather systems, including, at the discretion of the Party, tropical revolving storms and avoidance of storm centres and the dangerous quadrants.

6.4 Knowledge of weather conditions, such as fog, liable to endanger the vessel.

6.5 Ability to use appropriate navigational publications on tides and currents.

6.6 Ability to calculate times and heights of high and low water and estimate the direction and rate of tidal streams.

7 Fishing vessel manoeuvring and handling

7.1 Manoeuvring and handling of a fishing vessel in all conditions including the following:

.1 berthing, unberthing and anchor work under various conditions of wind and tide;

.2 stjórntök á grunnsævi;
.3 stjórntök og sigling fiskiskips í slæmu veðri og að sigla með hæfilegum hraða, sérstaklega þegar siglt er undan sjó og vindi eða þegar sjór og vindur stendur skuthallt á skipið, aðstoð við skip eða flugvél í háska, hvernig á að halda skipi sem ekki er hægt að stýra upp í sjó og vind og hvernig á að draga úr reki;
.4 stjórntök skips við fiskveiðar með sérstöku tilliti til þátta sem gætu stofnað öryggi skipsins í hættu þegar það er að veiðum;

.5 varúðarráðstafanir við stjórntök þegar björgunarbátar eða -för eru sjósett í slæmu veðri;
.6 aðferðir við að taka um borð skipbrotsmenn úr björgunarbátum og -förum;
.7 gera viðeigandi og raunhæfar ráðstafanir þegar siglt er í ís, í námunda við borgarís eða þegar ís hleðst á skip;
.8 að sigla eftir aðskildum siglingaleiðum og beita þar viðeigandi stjórntökum;
.9 að mikilvægt er draga úr hraða til að forðast skemmdir af völdum eigin stafn- eða skutbylgju;
.10 umskipun afla á sjó yfir í verksmiðjuskip eða önnur skip; og
.11 taka eldsneyti á hafi úti.

8. Smíði fiskiskipa og stöðugleiki.

8.1 Almenn þekking á helstu byggingarhlutum skips og á réttum nöfnum hinna ýmsu hluta.

8.2 Þekking á fræðsluefni og þáttum sem hafa áhrif á stafnhalla og stöðugleika og nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öruggan stafnhalla og stöðugleika.

8.3 Sýna kunnáttu í að nota stöðugleikagögn, stöðugleika- og hleðslutöflur og reikna út væntanlegan stöðugleika á siglingu skipsins.

8.4 Þekkja, eftir því sem við á, áhrif óhefts yfirborðs vökva og áhrif ísingar.

8.5 Þekkja hvaða áhrif sjór á þilfari hefur.

8.6 Vita að afar mikilvægt er að hafa traustar og veður- og vatnsþéttar lokanir.

9. Meðferð aflans og hleðsla.

9.1 Hleðsla og öruggur frágangur afla og veiðarfæra um borð í skipi.

9.2 Lestun og losun með sérstöku tilliti til hallavægis og þungavægis afla og veiðarfæra.

10. Vélbúnaður fiskiskipa.

10.1 Meginreglur um aðalvélar í fiskiskipum.

10.2 Hjálparvélar skips.

10.3 Alhliða þekking á tæknihugtökum um vélar í skipum.

.2 manoeuvring in shallow water;
.3 management and handling of fishing vessels in heavy weather, including appropriate speed, particularly in following and quartering seas, assisting a ship or aircraft in distress, means of keeping an unmanageable vessel out of a sea trough and lessening drift;

.4 manoeuvring the vessel during fishing operations, with special regard to factors which could adversely affect the vessel's safety during such operations;
.5 precautions in manoeuvring for launching rescue boats or survival craft in bad weather;
.6 methods of taking on board survivors from rescue boats or survival craft;
.7 where applicable, practical measures to be taken when navigating in ice, icebergs or conditions of ice accretion on board the vessel;
.8 the use of, and manoeuvring in, traffic separation schemes;
.9 the importance of navigating at reduced speed to avoid damage caused by own vessel's bow or stern wave;
.10 transferring fish at sea to factory ships or other vessels; and
.11 refuelling at sea.

8 Fishing vessel construction and stability

8.1 General knowledge of the principal structural members of a vessel and the proper names of the various parts.

8.2 Knowledge of the theories and factors affecting trim and stability and measures necessary to preserve safe trim and stability.

8.3 Demonstrate ability to use stability data, stability and trim tables and pre-calculated operating conditions.

8.4 Knowledge of effects of free surfaces and ice accretion, where applicable.

8.5 Knowledge of effects of water on deck.

8.6 Knowledge of the significance of weathertight and watertight integrity.

9 Catch handling and stowage

9.1 The stowage and securing of the catch on board vessels, including fishing gear.

9.2 Loading and discharging operations, with special regard to heeling moments from gear and catch.

10 Fishing vessel power plants

10.1 Operating principles of marine power plants in fishing vessels.

10.2 Vessel's auxiliary machinery.

10.3 General knowledge of marine engineering terms.

11. Eldvarnir og slökkvibúnaður.

11.1 Skipulag slökkviæfinga.

11.2 Flokkar og efnasamsetning elda.

11.3 Slökkvikerfi.

11.4 Þátttaka í viðurkenndu eldvarnanámskeiði.

11.5 Þekking á búnaði slökkvitækja.

12. Neyðarúrræði.

12.1 Varúðarráðstafanir þegar skipi er rennt á land.

12.2 Ráðstafanir sem gera á fyrir og eftir að skip strandar.

12.3 Úrræði sem gripið er til þegar veiðarfæri festast í botni eða öðrum hindrunum.

12.4 Strönduðu skipi náð á flot með eða án aðstoðar.

12.5 Úrræði í kjölfar áreksturs.

12.6 Þétting leka til bráðabirgða.

12.7 Ráðstafanir til verndar og öryggis áhafnar á neyðarstundu.

12.8 Takmörkun tjóns og björgun skips eftir bruna eða sprengingu.

12.9 Skip yfirgefið.

12.10 Neyðarstýring, uppsetning og notkun neyðarstýringar og hvernig á að útbúa neyðarstýri þar sem því við verður komið.

12.11 Björgun manna í sjávarháska af skipi eða flaki.

12.12 Björgun manns sem fellur fyrir borð.

12.13 Skip dregið eða tekið í drátt.

13. Heilsugæsla.

13.1 Kunna að veita skyndihjálp.

13.2 Kunna að biðja um læknisráðgjöf með fjarskiptum.

13.3 Þekkja til hlítar notkun eftirfarandi rita:

.1 Alþjóðleg læknisráðgjöf fyrir skip (International Medical Guide for Ships) eða sambærileg rit einstakra þjóða; og

.2 Læknisrágjöf Alþjóðamerkjabókarinnar (International Code of Signals).

14. Sjóréttur.

14.1 Þekkingu á alþjóðalögum um siglingar eins og þau koma fram í alþjóðasamningum og -samþykktum, hvað varðar sérstaka ábyrgð og skyldur skipstjóra, einkum hvað varðar öryggi og varnir gegn mengun lífríkis sjávar. Sérstakt tillit skal tekið til eftirfarandi atriða:

.1 skírteina og annarra skjala sem skylt er að hafa um borð í fiskiskipum samkvæmt alþjóðasamþykktum, hvernig er unnt að fá þau í hendur og gildistíma þeirra;

11 Fire prevention and fire-fighting appliances

11.1 Organization of fire drills.

11.2 Classes and chemistry of fire.

11.3 Fire-fighting systems.

11.4 Participation in an approved fire-fighting course.

11.5 Knowledge of provisions concerning fire-fighting equipment.

12 Emergency procedures

12.1 Precautions when beaching a vessel.

12.2 Action to be taken prior to, and after, grounding.

12.3 Action to be taken when the gear becomes fast to the ground or other obstruction.

12.4 Floating a grounded vessel, with and without assistance.

12.5 Action to be taken following a collision.

12.6 Temporary plugging of leaks.

12.7 Measures for the protection and safety of crew in emergencies.

12.8 Limiting damage and salving the vessel following a fire or explosion.

12.9 Abandoning ship.

12.10 Emergency steering, rigging, and use of jury steering and the means of rigging a jury rudder, where practicable.

12.11 Rescuing persons from a ship in distress or from a wreck.

12.12 Man-overboard procedures.

12.13 Towing and being towed.

13 Medical care

13.1 Knowledge of first aid procedures.

13.2 Knowledge of procedures for obtaining medical advice by radio.

13.3 A thorough knowledge of the use of the following publications:

.1 International Medical Guide for Ships or equivalent national publications; and

.2 Medical section of the International Code of Signals.

14 Maritime law

14.1 A knowledge of international maritime law as embodied in the international agreements and conventions as they affect the specific obligations and responsibilities of the skipper, particularly those concerning safety and the protection of the marine environment. Particular regard shall be paid to the following subjects:

.1 certificates and other documents required to be carried on board fishing vessels by international conventions, how they may be obtained and the period of their legal validity;

.2 ábyrgðar samkvæmt kröfum Torremolinos-bókunarinnar frá 1993, eftir því sem við á;
.3 ábyrgðar samkvæmt kröfum V. kafla alþjóðasamþykktar um öryggi mannslífa á hafinu frá 1974 (SOLAS), eftir því sem við á;
.4 ábyrgðar skv. I. og V. viðauka við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum frá 1973 (MARPOL), með breytingum með bókuninni frá 1978;
.5 yfirýsinga um heilbrigði á hafinu og hvaða kröfur eru gerðar í alþjóðaheilbrigðisreglum;
.6 ábyrgðar samkvæmt alþjóðasiglingareglunum frá 1972; og
.7 ábyrgðar samkvæmt öðrum alþjóðasáttmálum sem hafa áhrif á öryggi skips og áhafnar þess.

14.2 Stjórnvöldum hvers lands er í sjálfsvald sett hvaða þekkingar þau krefjast á eigin siglingalöggjöf, en þó skal krefjast þekkingar á hvernig gildandi alþjóðasamningum og alþjóðasamþykktum skuli framfylgt í viðkomandi landi.

15. Enska.

Fullnægjandi kunnátta í enskri tungu sem gerir skipstjóra kleift að nota kort og önnur siglingarit, skilja veðurfræðilegar upplýsingar og ráðstafanir er varða öryggi skipsins og störf um borð og geta tjáð sig á ensku í fjarskiptum við önnur skip eða strandastöðvar. Skilja og kunna að nota staðlaðan orðalista Alþjóðsiglingamálastofnunarinnar um viðskipti skipa (IMO Standard Marine Communication Phrases).

16. Fjarskipti.

16.1 Almenn þekking á nauðsynlegum grundvallarreglum og -atriðum til öruggrar og skilvirkrar notkunar á öllum búnaði og varabúnaði alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfis fjarskipta á sjó (GMDSS).

16.2 Þekking á siglinga- og veðurfræðilegum viðvörunarkerfum og val á fjarskiptaþjónustu sem við á hverju sinni.

16.3 Þekkja alvarlegar afleiðingar ef slíkur fjarskiptabúnaður er misnotaður.

16.4 Þegar aðili hefur prófað nemendur í þessum greinum á lægri stigum skírteina mega þeir sjálfir ráða hvort þeir gangi síðar undir próf í þessum greinum.

16.5 Kunna að senda og taka á móti morse-ljósmerkjum og að nota Alþjóðamerkjabókina (International Code of Signals).

17. Björgun mannslífa.

17.1 Þekkja til hlítar björgunarbúnað og hvernig staðið er að björgun.

.2 responsibilities under the relevant requirements of the 1993 Torremolinos Protocol;
.3 responsibilities under the relevant requirements of chapter V of the International Convention for the Safety of Life at Sea, 1974;
.4 responsibilities under Annex I and Annex V of the International Convention for the Prevention of Pollution from Ships, 1973, as modified by the Protocol of 1978 thereto;
.5 maritime declarations of health and the requirements of the international health regulations;
.6 responsibilities under the Convention on International Regulations for Preventing Collisions at Sea, 1972; and
.7 responsibilities under other international instruments affecting the safety of the ship and crew.

14.2 The extent of knowledge of national maritime legislation is left to the discretion of the Party, but shall include national arrangements for implementing applicable international agreements and conventions.

15 English language

Adequate knowledge of the English language enabling the skipper to use charts and other nautical publications, to understand meteorological information and measures concerning the vessel's safety and operation, and to communicate with other ships or coast stations. Ability to understand and use the IMO Standard Marine Communication Phrases.

16 Communications

16.1 General knowledge of the principles and basic factors necessary for the safe and efficient use of all sub-systems and equipment required by the Global Maritime Distress and Safety System (GMDSS).

16.2 Knowledge of navigational and meteorological warning systems and the selection of the appropriate communication services.

16.3 Knowledge of the adverse effect of misuse of such communication equipment.

16.4 Where the Party has examined candidates in these subjects at lower levels of certification, they may have the option of not re-examining in these subjects.

16.5 Ability to transmit and receive signals by Morse light and to use the International Code of Signals.

17 Life-saving

17.1 A thorough knowledge of life-saving appliances and arrangements.

17.2 Þekkja til hlítar neyðarráðstafanir, neyðaráætlanir og hvernig staðið er að björgunaræfingum.

18. Leit og björgun.

18.1 Þekkja til hlítar handbók Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um leit og björgun kaupskipa (Merchant Ship Search and Rescue Manual – MERSAR).

19. Leiðarvísir Matvæla- og landbúnaðarstofnunarinnar (FAO) / Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) / Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) um öryggi fiskimanna og fiskiskipa.

19.1 Þekkja efni A-hluta leiðarvísis FAO/ILO/IMO um öryggi fiskimanna og fiskiskipa.

20. Aðferðir við að sýna hæfni.

20.1 *Sigling skips.*

20.1.1 Sýna notkun sextants, miðunarskífu, azimútspegils og færni í að setja út staðarákvarðanir, stefnur og miðanir.

20.2 Sýna fram á fullkomna þekkingu á efni alþjóðasiglingareglnanna frá 1972, gildissviði þeirra og markmiði.

20.2.1 Með notkun lítilla líkana sem sýna rétt merki eða ljós eða með því að nota siglingaljósahermi.

20.3. *Ratsjá.*

20.3.1 Með því að fylgjast með siglingu í ratsjárhermi eða ratsjármyndvarpa.

20.4. *Slökkvistörf.*

20.4.1 Með þátttöku í viðurkenndu námskeiði í slökkvistörfum.

20.5. *Fjarskipti.*

20.5.1 Með verklegum prófum.

20.6. *Björgun mannslífa.*

20.6.1. Með notkun björgunarbúnaðar, þ.m.t. hvernig klæðast skuli björgunarvestum og, eftir því sem við á, flotbúningum.

Regla 2

Lágmarksþekking sem krafist er til að öðlast réttindi yfirmanna siglingavakta á fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri og sigla á ótakmörkuðu hafsvæði.

1. Allir yfirmenn siglingavaktar á fiskiskipi sem er 24 metrar að lengd og lengra og siglir á ótakmörkuðu hafsvæði skulu hafa viðeigandi skírteini.

2. Allir umsækjendur um skírteini skulu:

.1 ekki vera yngri en 18 ára;

.2 færa stjórnvöldum sönnur á heilbrigði sitt, einkum varðandi sjón og heyrn;

.3 hafa að baki viðurkenndan siglingatíma eigi skemmri en 24 mánuði á þilfari á fiskiskipum sem ekki eru styttri en 12 metrar að lengd. Hins vegar geta stjórnvöld heimilað þess í stað

17.2 A thorough knowledge of emergency procedures, musters and drills.

18 Search and rescue

18.1 A thorough knowledge of the Merchant Ship Search and Rescue Manual (MERSAR).

19 The FAO/ILO/IMO Code of Safety for Fishermen and Fishing Vessels

19.1 Knowledge of part A of the FAO/ILO/IMO Code of Safety for Fishermen and Fishing Vessels

20 Methods for demonstration of proficiency

20.1 *Navigation*

20.1.1 Demonstrate the use of sextant, pelorus, azimuth mirror and ability to plot position course and bearings.

20.2 Demonstrate thorough knowledge of the content, application and intent of the Convention on the International Regulations for Preventing Collisions at Sea, 1972

20.2.1 By the use of small models displaying proper signals or lights or by the use of a navigation light simulator.

20.3 *Radar*

20.3.1 By observation of radar simulators or manoeuvring boards.

20.4 *Fire fighting*

20.4.1 By participation in an approved fire-fighting course.

20.5 *Communications*

20.5.1 By practical test.

20.6 *Life-saving*

20.6.1 By handling of life-saving appliances, including the donning of lifejackets and, as appropriate immersion suit.

Regulation 2

Mandatory minimum requirements for certification of officersin charge of a navigational watch on fishing vessels of 24 metres in length and over operating in unlimited waters

1 Every officer in charge of a navigational watch on a fishing vessel of 24 metres in length and over operating in unlimited waters shall hold an appropriate certificate.

2 Every candidate for certification shall:

.1 be not less than 18 years of age;

.2 satisfy the Party as to medical fitness, particularly regarding eyesight and hearing;

.3 have approved seagoing service of not less than two years in the deck department on fishing vessels of not less than 12 metres in length. However, the Administration may allow the

allt að 12 mánuði vegna sérstakrar þjálfunar, enda sé tíminn talinn sambærilegur að gildi við þann sem hann kom í stað fyrir, eða viðurkenndan siglingatíma sem staðfestur er með viðurkenndri sjóferðabók samkvæmt alþjóðasamþykktinni frá 1978;

.4 hafa staðist viðeigandi próf með fullnægjandi hætti að mati stjórnvalda. Slík próf eiga að ná til þess efnis, sem getið er í viðbætinum við reglu þessa. Umsækjandi um próf sem hefur gilt skírteini, gefið út í samræmi við alþjóðasamþykktina frá 1978, þarf ekki að endurtaka próf í þeim greinum sem upp eru taldar í viðbætinum og eru á hærra eða sama þekkingarstigi og krafist er til útgáfu skírteinis samkvæmt þeirri samþykkt;

.5 fullnægja viðeigandi kröfum reglu 6 til að uppfylla fjarskiptaskyldur samkvæmt alþjóðaradíóreglugerðinni.

substitution of the seagoing service by a period of special training not exceeding one year, provided that the period of the special training programme shall be at least equivalent in value to the period of the required seagoing service it substitutes or by a period of approved seagoing service evidenced by an approved record book covered by the 1978 STCW Convention.

.4 have passed an appropriate examination or examinations for the assessment of competency to the satisfaction of the Party. Such examination or examinations shall include the material set out in the appendix to this regulation. A candidate for examination who holds a valid certificate of competency issued in accordance with the provisions of the 1978 STCW Convention need not be re-examined in those subjects listed in the appendix which were passed at a higher or equivalent level for issue of the Convention certificate;

.5 meet the applicable requirements of regulation 6, as appropriate for performing designated radio duties in accordance with the Radio Regulations.

Viðbætir við reglu 2

Lágmarkspekking sem krafist er til að öðlast réttindi yfirmanna siglingavakta á fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri og sigla á ótakmörkuðu hafsvæði.

1. Eftirfarandi námsskrá skal vera undirstaða prófs sem lagt er fyrir þá sem vilja öðlast skírteini yfirmanna siglingavakta á fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri og sigla á ótakmörkuðu hafsvæði.

2. Sigling með athugun himinhnatta.

Kunna að ákvarða kompásskekkju með athugun himinhnatta.

3. Sigling með athugun jarðlægra kennileita og sigling með ströndum fram.

3.1 Kunna að staðsetja skip með því að nota:

.1 kennileiti;
.2 siglingamerki, svo sem vita, leiðar- og sjómerki; og
.3 beita leiðarreikningi, að teknu tilliti til vinda, sjávarfalla, hafstrauma og siglingahraða miðað við snúningshraða skrúfu á mínútu og skriðmælis.

3.2 Kunna til hlítar að nota sjókort og siglingarit, t.d. um siglingaleiðir, töflur um sjávarföll, tilkynningar til sjófarenda og viðvaranir í útvarpi um siglingar.

4. Ratsjársigling.

4.1 Sýna með notkun ratsjárhermis eða, ef hann

Appendix to Regulation 2

Minimum knowledge required for certification of officers in charge of a navigational watch on fishing vessels of 24 metres in length and over operating in unlimited waters

1 The syllabus given below is compiled for examination of candidates for certification as officers in charge of a navigational watch on fishing vessels of 24 metres in length and over operating in unlimited waters.

2 Celestial navigation

Ability to use a celestial body to determine compass errors.

3 Terrestrial and coastal navigation

3.1 Ability to determine the vessel's position by the use of:

.1 landmarks;
.2 aids to navigation, including lighthouses, beacons and buoys; and
.3 dead reckoning, taking into account winds, tides, currents, speed by propeller revolutions per minute and by log.

3.2 Thorough knowledge of and ability to use navigational charts and publications such as sailing directions, tide tables, notices to mariners and radio navigational warnings.

4 Radar navigation

4.1 Demonstrate using a radar simulator or, when

er ekki fyrir hendi, með ratsjármyndvarpa, þekkingu á grundvallaratriðum ratsjár og kunna að stilla og nota ratsjá svo og að túlka og greina upplýsingar sem fást með því tæki, en í því felst eftirfarandi:

.1 kunna skil á því sem dregur úr virkni og nákvæmni ratsjár;
.2 stilla endurvörp á myndskjá ratsjár;
.3 greina villandi upplýsingar, fölsk endurvörp og endurvörp frá sjó;
.4 stilla inn fjarlægð og miðun;
.5 þekkja hættuleg endurvörp;
.6 finna stefnu og hraða annarra skipa;
.7 finna hvenær og í hvaða fjarlægð skip er í minnstri fjarlægð framan við eigið skip, þegar mætt er eða siglt er fram úr öðrum skipum;
.8 finna stefnu- og hraðabreytingu annarra skipa;
.9 finna áhrif breytinga á stefnu eða hraða eigin skips eða hvort tveggja; og
.10 beita alþjóðasiglingareglunum frá 1972.

5. Vaktstaða.

5.1 Hafa mjög góða þekkingu á efni, gildissviði og markmiðum alþjóðasiglingareglna frá 1972, sérstaklega II. og IV. viðauka, sem fjalla um örugga siglingu skipa.

5.2 Sýna þekkingu á efni IV. kafla um grundvallaratriði siglingavakta.

6. Rafeindakerfi til staðarákvarðana og siglingar.

6.1 Kunna að staðsetja skip með notkun rafeindasiglingatækja með fullnægjandi hætti að mati stjórnvalda.

7. Veðurfræði.

7.1 Þekkja tæki um borð til veðurathugana og notkun þeirra.

7.2 Þekkja sérkenni ýmissa veðurkerfa.

8. Segul- og gýróáttavitar.

8.1 Meðferð og notkun áttavita og skylds búnaðar.

9. Fjarskipti.

9.1 Almenn þekking á nauðsynlegum grundvallarreglum og -atriðum til öruggrar og skilvirkrar notkunar á öllum búnaði og varabúnaði alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfis fjarskipta á sjó (GMDSS).

9.2 Þekking á siglinga- og veðurfræðilegum viðvörunarkerfum og val á fjarskiptaþjónustu sem við á hverju sinni.

9.3 Þekkja alvarlegar afleiðingar ef slíkur fjarskiptabúnaður er misnotaður.

not available, manoeuvring board knowledge of the fundamentals of radar and ability in the operation and use of radar, and in the interpretation and analysis of information obtained from the equipment including the following:

.1 factors affecting performance and accuracy;
.2 setting up and maintaining displays;
.3 detection of misrepresentation of information, false echoes, sea return;
.4 range and bearing;
.5 identification of critical echoes;
.6 course and speed of other ships;
.7 time and distance of closest approach of crossing, meeting or overtaking ships;
.8 detecting course and speed changes of other ships;
.9 effect of changes in own vessel's course or speed or both; and
.10 application of the International Regulations for Preventing Collisions at Sea, 1972.

5 Watchkeeping

5.1 Demonstrate thorough knowledge of the content, application and intent of the International Regulations for Preventing Collisions at Sea, 1972, especially Annexes II and IV concerned with safe navigation.

5.2 Demonstrate knowledge of the content of the Basic Principles to be Observed in Keeping a Navigational Watch as prescribed in chapter IV.

6 Electronic systems of position-fixing and navigation

6.1 Ability to determine the ship's position by the use of electronic navigational aids to the satisfaction of the Party.

7 Meteorology

7.1 Knowledge of shipborne meteorological instruments and their application.

7.2 Knowledge of the characteristics of the various weather systems.

8 Magnetic and gyro-compasses

8.1 Care and use of compasses and associated equipment.

9 Communications

9.1 General knowledge of the principles and basic factors necessary for the safe and efficient use of all sub-systems and equipment required by the Global Maritime Distress and Safety System (GMDSS).

9.2 Knowledge of navigational and meteorological warning systems and the selection of the appropriate communication circuits.

9.3 Knowledge of the adverse effect of misuse of such communication equipment.

10. Eldvarnir og slökkvibúnaður.

10.1 Þekkja flokka elda og efnasamsetningu.

10.2 Þekkja slökkvikerfi og kunna að beita þeim.

10.3 Þátttaka í viðurkenndu eldvarnanámskeiði.

11. Björgun mannslífa.

Geta stjórnað æfingum þar sem skip er yfirgefið og þekkja til hlítar björgunarbúnað og fylgihluti hans, þ.m.t. tvíátta talstöðvabúnað. Björgun á sjó, þ.m.t. þátttaka í viðurkenndu námskeiði í björgun á sjó.

12. Neyðarúrræði og öruggar vinnuaðferðir áhafna fiskiskipa.

Þekkja atriði sem nefnd eru í viðeigandi hluta leiðarvísis FAO/ILO/IMO um öryggi fiskimanna og fiskiskipa, kafla A og í VIII. kafla í viðauka við Torremolinos-bókunina frá 1993.

13. Stjórntök fiskiskips og sigling.

13.1 Undirstöðuþekking á stjórntökum og siglingu fiskiskips, en í því felst eftirfarandi:

.1 fara frá, leggja að bryggju og beita akkeri og stjórntök við að leggja að öðrum skipum á rúmsjó;

.2 stjórntök við fiskveiðar með sérstöku tilliti til þátta sem gætu stofnað öryggi skipsins í hættu þegar það er að veiðum;

.3 áhrif vinda, sjávarfalla og hafstrauma á stjórntök;

.4 stjórntök á grunnsævi;

.5 stjórntök fiskiskips í slæmu veðri;

.6 björgun manna og aðstoð við skip eða flugvél sem er í hættu stödd;

.7 skip dregið eða tekið í drátt;

.8 björgun manns sem fellur fyrir borð; og

.9 gera viðeigandi og raunhæfar ráðstafanir þegar siglt er í ís, í námunda við borgarís eða þegar ís hleðst á skip.

14. Smíði fiskiskipa.

Almenn þekking á helstu byggingarhlutum skips.

15. Stöðugleiki skips.

Sýna kunnáttu í að nota stöðugleikagögn, stöðugleika- og hleðslutöflur og reikna út væntanlegan stöðugleika á siglingu skipsins.

16. Meðferð afla og hleðsla.

Kunna örugga meðhöndlun og hleðslu afla og áhrif þessara atriða á öryggi skipsins.

10 Fire prevention and fire-fighting appliances

10.1 Knowledge of classes and chemistry of fire.

10.2 Knowledge of fire-fighting systems and procedures.

10.3 Participation in an approved fire-fighting course.

11 Life-saving

Ability to direct abandon ship drills and knowledge of the operations of life-saving appliances and their equipment, including the two-way radio-telephone apparatus. Survival at-sea techniques including participation in an approved survival at-sea course.

12 Emergency procedures and safe working practices for fishing vessel personnel

Knowledge of the items listed in the appropriate sections of the FAO/ILO/IMO Code of Safety for Fishermen and Fishing Vessels, part A, and in chapter VIII of the Annex to the 1993 Torremolinos Protocol.

13 Fishing vessel manoeuvring and handling

13.1 Basic knowledge of manoeuvring and handling a fishing vessel, including the following:

.1 berthing, unberthing, anchoring and manoeuvring alongside other vessels at sea;

.2 manoeuvring during fishing operations with special regard to factors which could adversely affect the vessel's safety during such operations;

.3 effects of wind, tide and current on ship handling;

.4 manoeuvring in shallow water;

.5 management of fishing vessels in heavy weather;

.6 rescuing persons and assisting a ship or aircraft in distress;

.7 towing and being towed;

.8 man-overboard procedure; and

.9 where applicable, practical measures to be taken when navigating in ice or in conditions of ice accretion on board the vessel.

14 Fishing vessel construction

General knowledge of the principal structural members of a vessel.

15 Vessel stability

Demonstrate ability to use stability data, stability and trim tables and pre-calculated operating conditions.

16 Catch handling and stowage

Knowledge of safe handling and stowage of catch and the effect of these factors on the safety of the vessel.

17. Enska.

Fullnægjandi kunnátta í ensku sem gerir yfirmanni kleift að nota sjókort og önnur siglingarit, skilja veðurfræðilegar upplýsingar og skeyti er varða öryggi skipsins. Skilja og kunna að nota staðlaðan orðalista Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um viðskipti skipa (IMO Standard Marine Communication Phrases).

18. Læknishjálp.

Kunna að veita skyndihjálp. Geta hagnýtt læknisfræðileg leiðbeiningargögn og beðið um læknisráðgjöf með fjarskiptum.

19. Leit og björgun.

Kunna að beita með fullnægjandi hætti aðferðum sem byggjast á handbók Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um leit og björgun kaupskipa (Merchant Ship Search and Rescue Manual – MERSAR).

20. Varnir gegn mengun lífríkis sjávar.

Kunna skil á varúðarráðstöfunum sem grípa þarf til svo að koma megi í veg fyrir mengun lífríkis sjávar.

21. Aðferðir við að sýna hæfni.

Stjórnvöld skulu mæla fyrir um leiðir til að sýna hæfni samkvæmt viðeigandi kröfum þessa viðbætis.

Regla 3

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að öðlast réttindi skipstjóra á fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri og sigla á takmörkuðu hafsvæði.

1. Allir skipstjórar á fiskiskipi sem er 24 metrar að lengd og lengra og siglir á takmörkuðu hafsvæði skuli, nema þeir hafi skírteini samkvæmt reglu 1, hafa viðeigandi skírteini sem er a.m.k. gefið út í samræmi við ákvæði þessarar reglu.

2. Allir umsækjendur um skírteini skulu:

.1 færa stjórnvöldum sönnur á heilbrigði sitt, einkum varðandi sjón og heyrn;

.2 fullnægja kröfum til að öðlast skírteini yfirmanns siglingavaktar á fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri og sigla á takmörkuðu hafsvæði og hafa að baki viðurkenndan siglingatíma eigi skemmri en 12 mánuði sem yfirmaður siglingavaktar eða skipstjóri á fiskiskipum sem ekki eru styttri en 12 metrar að lengd. Hins vegar geta stjórnvöld heimilað þess í stað allt að sex mánaða viðurkenndan siglingatíma sem yfirmaður siglingavaktar á kaupskipum;

.3 hafa staðist viðeigandi próf með fullnægjandi hætti að mati stjórnvalda. Slíkt próf á að ná til

17 English language

Adequate knowledge of the English language enabling the officer to use charts and other nautical publications, to understand meteorological information and messages concerning ship's safety and operation. Ability to understand and use the IMO Standard Marine Communication Phrases.

18 Medical aid

Knowledge of first aid procedures. Practical application of medical guides and advice by radio.

19 Search and rescue

Adequate knowledge of search and rescue procedures based on the Merchant Ship Search and Rescue Manual (MERSAR).

20 Prevention of pollution of the marine environment

Knowledge of the precautions to be observed to prevent pollution of the marine environment.

21 Methods to demonstrate proficiency

The Party shall prescribe methods for the demonstration of proficiency in relevant requirements of this appendix.

Regulation 3

Mandatory minimum requirements for certification of skippers on fishing vessels of 24 metres in length and over operating in limited waters

1 Every skipper on a fishing vessel of 24 metres in length and over operating in limited waters shall, unless they hold certificates issued in compliance with regulation 1, hold an appropriate certificate issued in compliance with at least the provisions of this regulation.

2 Every candidate for certification shall:

.1 satisfy the Party as to medical fitness, particularly regarding eyesight and hearing;

.2 meet the requirements for certification as an officer in charge of a navigational watch on fishing vessels of 24 metres in length and over operating in limited or unlimited waters, and have approved seagoing service of not less than 12 months as an officer in charge of a navigational watch or skipper on fishing vessels of not less than 12 metres in length. However, a Party may allow the substitution of a period not exceeding six months of approved seagoing service as officer in charge of a navigational watch on merchant ships;

.3 have passed an appropriate examination or examinations for the assessment of competen-

þess efnis sem getið er í viðbætinum við reglu þessa.

3. Stjórnvöld skulu, með hliðsjón af öryggi allra skipa sem sigla á sama takmarkaða hafsvæði, hafa í huga það takmarkaða hafsvæði sem það hefur skilgreint í samræmi við reglu I/1 og taka ákvörðun um nauðsynlegt viðbótarnámsefni til prófs.

4. Umsækjandi um próf, sem hefur gilt skírteini gefið út í samræmi við alþjóðasamþykktina frá 1978, þarf ekki að endurtaka próf í þeim greinum sem upp eru taldar í viðbætinum og eru á hærra eða sama þekkingarstigi og krafist er til að öðlast réttindi samkvæmt þeirri samþykkt.

Viðbætir við reglu 3

Lágmarksþekking sem krafist er til að öðlast réttindi skipstjóra á fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri og sigla á takmörkuðu hafsvæði.

1. Eftirfarandi námsskrá skal vera undirstaða prófs sem lagt er fyrir þá sem vilja öðlast réttindi skipstjóra á fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri og sigla á takmörkuðu hafsvæði. Með það í huga að skipstjóri ber endanlega ábyrgð á öryggi skipsins og áhafnar þess hvenær sem er, þ.m.t. á veiðum, er prófum í þessum greinum ætlað að meta hvort nemandi hafi tileinkað sér með viðunandi hætti allar tiltækar upplýsingar sem hafa áhrif á öryggi skipsins og áhafnar þess í samræmi við námsskrána.

2. Sigling skips og staðarákvarðanir.

2.1 Siglingaáætlun og siglingar skips við allar aðstæður:

.1 með viðurkenndum aðferðum við að setja út stefnu skips;
.2 á þröngum hafsvæðum;
.3 eftir því sem við á, við siglingu í ís;
.4 í takmörkuðu skyggni;
.5 þar sem það á við, á aðskildum siglingaleiðum; og
.6 á svæðum þar sem sjávarfalla og hafstrauma gætir.

2.2 Staðarákvörðun:

.1 með jarðlægum athugunum, þar á meðal kunnáttu í að nota miðanir og mið af kennileitum og siglingamerkjum, svo sem vitum, leiðar- og sjómerkjum sem merkt eru í viðeigandi sjókort, notkun tilkynninga til sjófarenda og annarra gagna til að meta nákvæmni staðarákvörðunar; og
.2 með notkun nútímarafeindasiglingatækja sem fiskiskip eru búin og uppfylla kröfur stjórnvalda.

cy to the satisfaction of the Party. Such examination or examinations shall include the material set out in the appendix to this regulation.

3 The Party, bearing in mind the effect on the safety of all ships and structures which may be operating in the same limited waters, should consider the limited waters it has defined in accordance with the definition given in regulation I/1 and determine any additional material that should be included in the examination or examinations.

4 A candidate for examination who holds a valid certificate of competency issued in accordance with the provision of the 1978 STCW Convention need not be re-examined in those subjects listed in the appendix which were passed at a higher or equivalent level for issue of the Convention certificate.

Appendix to Regulation 3

Minimum knowledge required for certification of skippers on fishing vessels of 24 metres in length and over operating in limited waters

1 The syllabus given below is compiled for examination of candidates for certification as skippers on fishing vessels of 24 metres in length and over operating in limited waters. Bearing in mind that the skipper has ultimate responsibility for the safety of the vessel and its crew at all times including during fishing operations, examination in these subjects shall be designed to test that the candidate has assimilated properly all available information that affects the safety of the vessel and its crew in accordance with the syllabus.

2 Navigation and position determination

2.1 Voyage planning and navigation for all conditions:

.1 by acceptable methods of determining tracks;
.2 within restricted waters;
.3 where applicable, in ice;
.4 in restricted visibility;
.5 where applicable, in traffic separation schemes; and
.6 in areas affected by tides or currents.

2.2 Position determination:

.1 by terrestrial observations, including the ability to use bearings from landmarks and aids to navigation such as lighthouses, beacons and buoys in conjunction with appropriate charts, notices to mariners and other publications, and assessment of the accuracy of the resulting position fix; and
.2 by using, to the satisfaction of the Party, modern ship electronic navigational aids as provided in the fishing vessels concerned.

3. Vaktstaða.

3.1 Hafa mjög góða þekkingu á efni, gildissviði og markmiðum alþjóðasiglingareglna frá 1972, sérstaklega II. og IV. viðauka, sem fjalla um örugga siglingu skipa.

3.2 Sýna þekkingu á efni IV. kafla um grundvallaratriði siglingavakta.

4. Ratsjársigling.

4.1 Stjórnvöld skulu ákveða hvort eftirfarandi námsskráratriði um ratsjá skuli vera hluti almennra krafna til að öðlast skírteini skipstjóra. Ákveði stjórnvöld að þessi námsskráratriði skuli ekki vera hluti almennra krafna skulu þau tryggja að tekið sé tillit til þeirra til að öðlast skírteini skipstjóra sem starfa um borð í skipum sem búin eru ratsjá og sigla á takmörkuðu hafsvæði.

4.2 Sýna með notkun ratsjárhermis eða, ef hann er ekki fyrir hendi, með ratsjármyndvarpa, þekkingu á grundvallaratriðum ratsjár og kunna að stilla og nota ratsjá svo og að túlka og greina upplýsingar sem fást með því tæki, en í því felst eftirfarandi:

.1 kunna skil á því sem dregur úr virkni og nákvæmni ratsjár;
.2 stilla endurvörp á myndskjá ratsjár;
.3 greina villandi upplýsingar, fölsk endurvörp og endurvörp frá sjó;
.4 stilla inn fjarlægð og miðun;
.5 þekkja hættuleg endurvörp;
.6 finna stefnu og hraða annarra skipa;
.7 finna hvenær og í hvaða fjarlægð skip er í minnstri fjarlægð framan við eigið skip, þegar mætt er eða siglt er fram úr öðrum skipum;
.8 finna stefnu- og hraðabreytingu annarra skipa;
.9 finna áhrif breytinga á stefnu eða hraða eigin skips eða hvorutveggja; og
.10 beita alþjóðasiglingareglunum frá 1972.

5. Áttavitar.

5.1 Kunna að ákvarða og leiðrétta kompásskekkju.

6. Veður- og haffræði.

6.1 Þekkja tæki til veðurathugana og notkun þeirra.

6.2 Kunna að nota tiltækar veðurfræðilegar upplýsingar.

6.3 Þekkja sérkenni ýmissa veðurkerfa sem hafa áhrif innan þess takmarkaða hafsvæðis sem við á, að mati stjórnvalda.

6.4 Þekkja veðurskilyrði innan þess takmarkaða hafsvæðis sem við á og stofnað getur skipinu í hættu.

3 Watchkeeping

3.1 Demonstrate thorough knowledge of the content, application and intent of the International Regulations for Preventing Collisions at Sea, 1972, especially Annexes II and IV concerned with safe navigation.

3.2 Demonstrate knowledge of Basic Principles to be Observed in Keeping a Navigational Watch as prescribed in chapter IV.

4 Radar navigation

4.1 The Party shall decide whether or not to incorporate the radar syllabus below in the general requirements for certification of skippers. If the Party decides not to include the syllabus in the general requirements, it shall ensure that the syllabus is taken into account for purposes of certification of skippers serving on vessels fitted with radar equipment and plying within limited waters.

4.2 Demonstrate using a radar simulator or, when not available, manoeuvring board, knowledge of the fundamentals of radar and ability in the operation and use of radar, and in the interpretation and analysis of information obtained from the equipment including the following:

.1 factors affecting performance and accuracy;
.2 setting up and maintaining displays;
.3 detection of misrepresentation of information, false echoes, sea return;
.4 range and bearing;
.5 identification of critical echoes;
.6 course and speed of other ships;
.7 time and distance of closest approach of crossing, meeting or overtaking ships;
.8 detecting course and speed changes of other ships;
.9 effect of changes in own vessel's course or speed or both; and
.10 application of the International Regulations for Preventing Collisions at Sea, 1972.

5 Compasses

5.1 Ability to determine and apply compass errors.

6 Meteorology and oceanography

6.1 Knowledge of meteorological instruments and their application.

6.2 Ability to apply meteorological information available.

6.3 Knowledge of characteristics of various weather systems affecting the limited waters concerned, at the discretion of the Party.

6.4 Knowledge of weather conditions affecting the limited waters concerned liable to endanger the vessel, at the discretion of the Party.

6.5 Kunna að nota viðeigandi gögn og upplýsingar um sjávarföll og hafstrauma, eftir því sem við á.

7. Stjórntök fiskiskips og sigling.

7.1 Stjórn og sigling fiskiskips við allar aðstæður, þar á meðal eftirfarandi:

.1 fara frá og leggja að bryggju og nota akkeri við ýmsar aðstæður af völdum vinda og sjávarfalla;

.2 stjórntök á grunnsævi;

.3 stjórntök og sigling fiskiskips í slæmu veðri og að sigla með hæfilegum hraða, sérstaklega þegar siglt er undan sjó og vindi eða þegar sjór og vindur stendur skuthallt á skipið, aðstoð við skip eða flugvél í háska, hvernig á að halda skipi sem ekki er hægt að stýra upp í sjó og vind og hvernig á að draga úr reki;

.4 stjórntök skips við fiskveiðar með sérstöku tilliti til þátta sem gætu stofnað öryggi skipsins í hættu þegar það er að veiðum;

.5 varúðarráðstafanir við stjórntök þegar björgunarbátar eða -för eru sjósett í slæmu veðri;

.6 aðferðir við að taka um borð skipbrotsmenn úr björgunarbátum og -förum;

.7 gera viðeigandi og raunhæfar ráðstafanir þegar siglt er í ís, í námunda við borgarís eða þegar ís hleðst á skip;

.8 að sigla eftir aðskildum siglingaleiðum og beita þar viðeigandi stjórntökum, eftir því sem við á;

.9 að mikilvægt er draga úr hraða til að forðast skemmdir af völdum eigin stafn- eða skutbylgju; og

.10 umskipun afla á sjó yfir í verksmiðjuskip eða önnur skip.

8. Smíði fiskiskipa og stöðugleiki.

8.1 Almenn þekking á helstu byggingarhlutum skips og á réttum nöfnum hinna ýmsu hluta.

8.2 Þekking á fræðsluefni og þáttum sem hafa áhrif á stafnhalla og stöðugleika og nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öruggan stafnhalla og stöðugleika.

8.3 Sýna kunnáttu í að nota stöðugleikagögn, stöðugleika- og hleðslutöflur og reikna út væntanlegan stöðugleika á siglingu skipsins.

8.4 Þekkja, eftir því sem við á, áhrif óhefts yfirborðs vökva og áhrif ísingar.

8.5 Þekkja hvaða áhrif sjór á þilfari hefur.

8.6 Vita að afar mikilvægt er að hafa traustar og veður- og vatnsþéttar lokanir.

9. Meðferð aflans og hleðsla.

9.1 Hleðsla og öruggur frágangur afla og veiðarfæra um borð í skipi.

6.5 Where applicable, ability to use appropriate navigational publications on tides and currents.

7 Fishing vessel manoeuvring and handling

7.1 Manoeuvring and handling of a fishing vessel in all conditions including the following:

.1 berthing, unberthing and anchor work under various conditions of wind and tide;

.2 manoeuvring in shallow water;

.3 management and handling of fishing vessels in heavy weather, including appropriate speed, particularly in following and quartering seas, assisting a ship or aircraft in distress, means of keeping an unmanageable vessel out of a sea trough and lessening drift;

.4 manoeuvring the vessel during fishing operations with special regard to factors which could adversely affect the vessel's safety during such operations;

.5 precautions in manoeuvring for launching rescue boats or survival craft in bad weather;

.6 methods of taking on board survivors from rescue boats or survival craft;

.7 where applicable, practical measures to be taken when navigating in ice or conditions of ice accretion on board the vessel;

.8 where applicable, the use of, and manoeuvring in, traffic separation schemes;

.9 the importance of navigating at reduced speed to avoid damage caused by own vessel's bow or stern wave; and

.10 transferring fish at sea to factory ships or other vessels.

8 Fishing vessel construction and stability

8.1 General knowledge of the principal structural members of a vessel and the proper names of the various parts.

8.2 Knowledge of the theories and factors affecting trim and stability and measures necessary to preserve safe trim and stability.

8.3 Demonstrate ability to use stability data, stability and trim tables and pre-calculated operating conditions.

8.4 Where applicable, knowledge of effects of free surfaces and ice accretion.

8.5 Knowledge of effects of water on deck.

8.6 Knowledge of the significance of weathertight and watertight integrity.

9 Catch handling and stowage

9.1 The stowage and securing of catch on board vessels, including fishing gear.

9.2 Lestun og losun með sérstöku tilliti til hallavægis og þungavægis afla og veiðarfæra.

10. Vélbúnaður fiskiskipa.

10.1 Meginreglur um aðalvélar í fiskiskipum.

10.2 Hjálparvélar skips.

10.3 Almhliða þekking á tæknihugtökum um vélar í skipum.

11. Eldvarnir og slökkvibúnaður.

11.1 Skipulag slökkviæfinga.

11.2 Flokkar og efnasamsetning elda.

11.3 Slökkvikerfi.

11.4 Þátttaka í viðurkenndu eldvarnanámskeiði.

11.5 Þekking á búnaði slökkvitækja.

12. Neyðarúrræði.

12.1 Varúðarráðstafanir þegar skipi er rennt á land.

12.2 Ráðstafanir sem gera á fyrir og eftir að skip strandar.

12.3 Úrræði sem gripið er til þegar veiðarfæri festast í botni eða öðrum hindrunum.

12.4 Strönduðu skipi náð á flot með eða án aðstoðar.

12.5 Úrræði í kjölfar áreksturs.

12.6 Þétting leka til bráðabirgða.

12.7 Ráðstafanir til verndar og öryggis áhafnar á neyðarstundu.

12.8 Takmörkun tjóns og björgun skips eftir bruna eða sprengingu.

12.9 Skip yfirgefið.

12.10 Neyðarstýring, uppsetning og notkun neyðarstýringar og hvernig á að útbúa neyðarstýri, þar sem því verður við komið.

12.11 Björgun manna í sjávarháska af skipi eða flaki.

12.12 Björgun manns sem fellur fyrir borð.

12.13 Skip dregið eða tekið í drátt.

13. Heilsugæsla.

13.1 Kunna að veita skyndihjálp. Geta hagnýtt læknisfræðileg leiðbeiningargögn og aflað læknisráðgjafar með fjarskiptum.

13.2 Geta hagnýtt læknisfræðileg leiðbeiningargögn og afla læknisráðgjafar með fjarskiptum, þar á meðal geta gert haldgóðar ráðstafanir þegar að höndum ber slys eða veikindi sem líklegt er að geti átt sér stað um borð í skipi.

14. Sjóréttur.

14.1 Með hliðsjón af takmörkuðu hafsvæði eins og það er skilgreint af stjórnvöldum skal vera fyrir hendi þekking á alþjóðalögum um siglingar eins og þau koma fram í alþjóðasamningum og -samþykktum hvað varðar sérstaka ábyrgð og skyldur skip-

9.2 Loading and discharging operations, with special regard to heeling moments from gear and catch.

10 Fishing vessel power plants

10.1 Operating principles of marine power plants in fishing vessels.

10.2 Vessel's auxiliary machinery.

10.3 General knowledge of marine engineering terms.

11 Fire prevention and fire-fighting appliances

11.1 Organization of fire drills.

11.2 Classes and chemistry of fire.

11.3 Fire-fighting systems.

11.4 Participation in an approved fire-fighting course.

11.5 Knowledge of provisions concerning fire-fighting equipment.

12 Emergency procedures

12.1 Precautions when beaching a vessel.

12.2 Action to be taken prior to, and after, grounding.

12.3 Action to be taken when the gear becomes fast to the ground or other obstruction.

12.4 Floating a grounded vessel, with and without assistance.

12.5 Action to be taken following a collision.

12.6 Temporary plugging of leaks.

12.7 Measures for the protection and safety of crew in emergencies.

12.8 Limiting damage and salving the vessel following a fire or explosion.

12.9 Abandoning ship.

12.10 Emergency steering, rigging and use of jury steering and the means of rigging a jury rudder, where practicable.

12.11 Rescuing persons from a ship in distress or from a wreck.

12.12 Man-overboard procedures.

12.13 Towing and being towed.

13 Medical care

13.1 Knowledge of first aid procedures. Practical application of medical guides and advice by radio.

13.2 Practical application of medical guides and advice by radio, including the ability to take effective action based on such knowledge in the case of accidents or illnesses that are likely to occur on board the vessel.

14 Maritime law

14.1 Taking into account the limited waters as defined by the Party, a knowledge of international maritime law as embodied in the international agreements and conventions as they affect the specific obligations and responsibilities of the skipper in the

stjóra, einkum hvað varðar öryggi og varnir gegn mengun lífríkis sjávar.

14.2 Það er í höndum stjórnvalda að ákveða hversu víðtækrar þekkingar á innlendri siglingalöggjöf er krafist en námsefni skal fela í sér þær innanlandsráðstafanir sem gerðar hafa verið til að hrinda í framkvæmd alþjóðasamningum og -samþykktum.

15. Björgun mannslífa.

Þekkja til hlítar björgunarbúnað um borð í fiskiskipi. Geta stjórnað æfingum þar sem skip er yfirgefið og notað búnaðinn.

16. Leit og björgun.

Vita hvernig leitar- og björgunaraðgerðir ganga fyrir sig.

17. Leiðarvísir FAO/ILO/IMO um öryggi fiskimanna og fiskiskipa, A-hluta.

Þekkja efni þeirra hluta leiðarvísis FAO/ILO/IMO um öryggi fiskimanna og fiskiskipa sem krafist kann að vera af stjórnvöldum.

18. Aðferðir við að sýna hæfni.

Stjórnvöld skulu mæla fyrir um leiðir til að sýna hæfni í viðeigandi kröfum þessa viðbætis.

waters concerned, particularly those related to safety and the protection of the marine environment.

14.2 The extent of knowledge of national maritime legislation is left to the discretion of the Party, but should include national arrangements for implementing applicable international agreements and conventions.

15 Life-saving

Knowledge of life-saving appliances provided on fishing vessels. Organization of abandon ship drills and the use of the equipment.

16 Search and rescue

Knowledge of search and rescue procedures.

17 The FAO/ILO/IMO *Code of Safety for* Fishermen and Fishing Vessels, Part A

Knowledge of such sections of the FAO/ILO/IMO Code of Safety for Fishermen and Fishing Vessels as may be required by the Party.

18 Methods for demonstration of proficiency

The Party shall prescribe appropriate methods for the demonstration of proficiency in relevant requirements of this appendix.

Regla 4

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að öðlast réttindi yfirmanna siglingavakta á fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri og sigla á takmörkuðu hafsvæði.

1. Allir yfirmenn siglingavaktar á fiskiskipi sem er 24 metrar að lengd og lengra og siglir á takmörkuðu hafsvæði skulu annaðhvort hafa skírteini sem gefið er út í samræmi við reglu 2 eða hafa viðeigandi skírteini sem er a.m.k. gefið út í samræmi við ákvæði þessarar reglu.

2. Allir umsækjendur um skírteini skulu:

.1 ekki vera yngri en 18 ára;

.2 færa stjórnvöldum sönnur á heilbrigði sitt, einkum varðandi sjón og heyrn;

.3 hafa að baki viðurkenndan siglingatíma eigi skemmri en 24 mánuði á þilfari á fiskiskipum, sem ekki eru styttra en 12 metrar að lengd. Hins vegar geta stjórnvöld heimilað þess í stað allt að 12 mánuði vegna sérstakrar þjálfunar, enda sé tíminn talinn sambærilegur að gildi við þann sem hann kom í stað fyrir, eða viðurkenndan siglingatíma sem staðfestur er með viðurkenndri sjóferðabók samkvæmt alþjóðasamþykktinni frá 1978;

.4 hafa staðist viðeigandi próf með fullnægjandi hætti að mati stjórnvalda. Slík próf eiga að ná til þess efnis sem getið er í viðbætinum við

Regulation 4

Mandatory minimum requirements for certification of officersin charge of a navigational watch on fishing vessels of 24 metres in length and over operating in limited waters

1 Every officer in charge of a navigational watch on a fishing vessel of 24 metres in length and over operating in limited waters shall either hold a certificate issued in compliance with regulation 2 or hold an appropriate certificate issued in compliance with at least the provisions of this regulation.

2 Every candidate for certification shall:

.1 be not less than 18 years of age;

.2 satisfy the Party as to medical fitness, particularly regarding eyesight and hearing;

.3 have approved seagoing service of not less than two years in the deck department on fishing vessels of not less than 12 metres in length. However, the Administration may allow the substitution of the seagoing service by a period of special training not exceeding one year, provided that the period of the special training programme shall be at least equivalent in value to the period of the required seagoing service it substitutes or by a period of approved seagoing service evidenced by an approved record book covered by the 1978 STCW Convention;

.4 have passed an appropriate examination or examinations for assessment of competency to the satisfaction of the Party. Such examination

reglu þessa. Umsækjandi um próf sem hefur gilt skírteini, gefið út í samræmi við alþjóðasamþykktina frá 1978, þarf ekki að endurtaka próf í þeim greinum sem upp eru taldar í viðbætinum og eru á hærra eða sama þekkingarstigi og krafist er til útgáfu skírteinis samkvæmt þeirri samþykkt;

.5 fullnægja viðeigandi kröfum reglu 6 til að uppfylla fjarskiptaskyldur samkvæmt alþjóðaradíóreglugerðinni.

or examinations shall include the material set out in the appendix to this regulation. A candidate for examination who holds a valid certificate of competency issued in accordance with the provisions of the 1978 STCW Convention need not be re-examined in those subjects listed in the appendix which were passed at a higher or equivalent level for issue of the Convention certificate; and

.5 meet the applicable requirements of regulation 6, as appropriate for performing designated radio duties in accordance with the Radio Regulations.

Viðbætir við reglu 4

Lágmarksþekking sem krafist er til að öðlast réttindi yfirmanna siglingavakta á fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri og sigla á takmörkuðu hafsvæði.

1. Eftirfarandi námsskrá skal vera undirstaða prófs sem lagt er fyrir þá sem vilja öðlast skírteini yfirmanna siglingavakta á fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri og sigla á takmörkuðu hafsvæði.

2. Sigling með athugun jarðlægra kennileita og sigling með ströndum fram.

2.1 Kunna að staðsetja skip með því að:

.1 nota kennileiti;
.2 nota siglingamerki, svo sem vita, leiðar- og sjómerki; og
.3 beita leiðarreikningi, að teknu tilliti til vinda, sjávarfalla, hafstrauma og siglingahraða miðað við snúningshraða skrúfu á mínútu og skriðmælis.

2.2 Kunna til hlítar að nota sjókort og siglingarit, t.d. um siglingaleiðir, töflur um sjávarföll, tilkynningar til sjófarenda og viðvaranir í útvarpi um siglingar.

3. Ratsjársigling.

3.1 Stjórnvöld skulu ákveða hvort eftirfarandi námsskráratriði um ratsjá skuli vera hluti almennra krafna til að öðlast skírteini yfirmanna siglingavakta. Ákveði stjórnvöld að þessi námsskráratriði skuli ekki vera hluti almennra krafna skal að tekið sé tillit til þeirra til að öðlast skírteini yfirmanna siglingavakta sem starfa um borð í skipum sem búin eru ratsjá og sigla á takmörkuðu hafsvæði.

3.2 Sýna með notkun ratsjárhermis eða, ef hann er ekki fyrir hendi, með ratsjármyndvarpa, þekkingu á grundvallaratriðum ratsjár og kunna að stilla og nota ratsjá svo og að túlka og greina upplýsingar sem fást með því tæki, en í því felst eftirfarandi:

Appendix to Regulation 4

Minimum knowledge required for certification of officers in charge of a navigational watch on fishing vessels of 24 metres in length and over operating in limited waters

1 The syllabus given below is compiled for examination of candidates for certification as officers in charge of a navigational watch on fishing vessels of 24 metres in length and over operating in limited waters.

2 Terrestrial and coastal navigation

2.1 Ability to determine the vessel's position by the use of:

.1 landmarks;
.2 aids to navigation, including lighthouses, beacons and buoys; and
.3 dead reckoning, taking into account winds, tides, currents and speed by propeller revolutions per minute and by log.

2.2 Thorough knowledge of and ability to use navigational charts and publications such as sailing directions, tide tables, notices to mariners and radio navigational warnings.

3 Radar navigation

3.1 The Party shall decide whether or not to incorporate the radar syllabus below in the general requirements for certification of officers in charge of a navigational watch. If the Party decided not to include the syllabus in the general requirements, it shall ensure that the syllabus is taken into account for purposes of certification of officers in charge of a navigational watch serving on vessels fitted with radar equipment and plying within limited waters.

3.2 Demonstrate using a radar simulator or, when not available, manoeuvring board, knowledge of the fundamentals of radar and ability in the operation and use of radar, and in the interpretation and analysis of information obtained from the equipment including the following:

.1 kunna skil á því sem dregur úr virkni og nákvæmni ratsjár;
.2 stilla endurvörp á myndskjá ratsjár;
.3 greina villandi upplýsingar, fölsk endurvörp og endurvörp frá sjó;
.4 stilla inn fjarlægð og miðun;
.5 þekkja hættuleg endurvörp;
.6 finna stefnu og hraða annarra skipa;
.7 finna hvenær og í hvaða fjarlægð skip er í minnstri fjarlægð framan við eigið skip þegar mætt er eða siglt er fram úr öðrum skipum;
.8 finna stefnu- og hraðabreytingu annarra skipa;

.9 finna áhrif breytinga á stefnu eða hraða eigin skips eða hvorutveggja; og
.10 beita alþjóðasiglingareglunum frá 1972.

4. Vaktstaða.

4.1 Hafa mjög góða þekkingu á efni, gildissviði og markmiðum alþjóðasiglingareglna frá 1972, sérstaklega II. og IV. viðauka sem fjalla um örugga siglingu skipa.

4.2 Sýna þekkingu á efni IV. kafla um grundvallaratriði siglingavakta.

5. Rafeindakerfi til staðarákvarðana og siglingar.

5.1 Kunna að staðsetja skip með notkun rafeindasiglingatækja með fullnægjandi hætti að mati stjórnvalda.

6. Veðurfræði.

6.1 Þekkja tæki um borð til veðurathugana og notkun þeirra.

6.2 Þekkja sérkenni ýmissa veðurkerfa sem hafa áhrif innan þess takmarkaða hafsvæðis sem við á.

7. Áttavitar.

7.1 Kunna að ákvarða og leiðrétta kompásskekkju.

8. Eldvarnir.

8.1 Kunna skil á eldvörnum og eldvarnabúnaði.

8.2 Hafa tekið þátt í viðurkenndu eldvarnanámskeiði.

9. Björgun mannslífa.

9.1 Þekkja til hlítar björgunarbúnað um borð í fiskiskipi. Geta stjórnað æfingum þar sem skip er yfirgefið og notað búnaðinn.

9.2 Hafa tekið þátt í viðurkenndu námskeiði um björgun mannslífa á sjó.

10. Neyðarúrræði og öruggar vinnuaðferðir áhafna fiskiskipa.

10.1 Þekkja atriði sem tilgreind eru í viðeigandi hluta leiðarvísis FAO/ILO/IMO um öryggi fiski-

.1 factors affecting performance and accuracy;

.2 setting up and maintaining displays;
.3 detection of misrepresentation of information, false echoes, sea returns;
.4 range and bearing;
.5 identification of critical echoes;
.6 course and speed of other ships;
.7 time and distance of closest approach of crossing, meeting or overtaking ships;

.8 detecting course and speed changes of other ships;
.9 effect of changes in own vessel's course or speed or both; and
.10 application of the International Regulations for Preventing Collisions at Sea, 1972.

4 Watchkeeping

4.1 Demonstrate thorough knowledge of the content, application and intent of the International Regulations for Preventing Collisions at Sea, 1972, specially Annexes II and IV concerned with safe navigation.

4.2 Demonstrate knowledge of the content of Basic Principles to be Observed in Keeping a Navigational Watch as prescribed in chapter IV.

5 Electronic systems of position fixing and navigation

5.1 Ability to determine the ship's position by the use of electronic navigational aids, where applicable, to the satisfaction of the Party.

6 Meteorology

6.1 Knowledge of shipborne meteorological instruments and their application.

6.2 Knowledge of the characteristics of the various weather systems affecting the limited waters concerned.

7 Compasses

7.1 Ability to determine and apply compass errors.

8 Fire fighting

8.1 Knowledge of fire prevention and use of fire-fighting appliances.

8.2 Participation in an approved fire-fighting course.

9 Life-saving

9.1 Knowledge of life-saving appliances provided on fishing vessels. Organization of abandon ship drills and the use of the equipment.

9.2 Participation in an approved survival at-sea course.

10 Emergency procedures and safe working practices for fishing vessel personnel

10.1 Knowledge of the items listed in the appropriate sections of the FAO/ILO/IMO Code of Safety

manna og fiskiskipa, kafli A og í VIII. kafla í viðauka við Torremolinos bókunina frá 1993.

11. Stjórntök fiskiskips og sigling.

11.1 Undirstöðuþekking á stjórntökum og siglingu fiskiskips, en í því felst eftirfarandi:

.1 fara frá, leggja að bryggju og beita akkeri og stjórntök við að leggja að öðrum skipum á rúmsjó;

.2 stjórntök við fiskveiðar með sérstöku tilliti til þátta sem gætu stofnað öryggi skipsins í hættu þegar það er að veiðum;

.3 áhrif vinda, sjávarfalla og hafstrauma á stjórntök;

.4 stjórntök á grunnsævi;

.5 stjórntök fiskiskips í slæmu veðri;

.6 björgun manna og aðstoð við skip eða flugvél sem er í hættu statt;

.7 skip dregið eða tekið í drátt;

.8 björgun manns sem fellur fyrir borð; og

.9 gera viðeigandi og raunhæfar ráðstafanir þegar siglt er í ís, í námunda við borgarís eða þegar ís hleðst á skip.

12. Stöðugleiki skips.

12.1 Sýna kunnáttu í að nota stöðugleikagögn, stöðugleika- og hleðslutöflur og reikna út væntanlegan stöðugleika á siglingu skipsins.

13. Meðferð afla og hleðsla.

13.1 Kunna örugga meðhöndlun og hleðslu afla og áhrif þessara atriða á öryggi skipsins.

14. Smíði fiskiskipa.

14.1 Almenn þekking á helstu byggingarhlutum skips.

15. Læknishjálp

15.1 Kunna að veita skyndihjálp. Geta hagnýtt læknisfræðileg leiðbeiningargögn og beðið um læknisráðgjöf með fjarskiptum.

16. Leit og björgun.

16.1 Kunna að beita aðferðum við leit og björgum.

17. Varnir gegn mengun lífríkis sjávar.

17.1 Kunna skil á varúðarráðstöfunum sem grípa þarf til svo að koma megi í veg fyrir mengun lífríkis sjávar.

18. Aðferðir við að sýna hæfni.

18.1 Stjórnvöld skulu mæla fyrir um leiðir til að sýna hæfni í viðeigandi kröfum þessa viðbætis.

for Fishermen and Fishing Vessels, part A, and in chapter III of the Annex to the 1993 Torremolinos Protocol.

11 Fishing vessel manoeuvring and handling

11.1 Basic knowledge of manoeuvring and handling a fishing vessel, including the following:

.1 berthing, unberthing, anchoring and manoeuvring alongside other vessels at sea;

.2 manoeuvring during fishing operations with special regard to factors which could adversely affect the vessels during such operations;

.3 effects of wind and tide/current on ship handling;

.4 manoeuvring in shallow water;

.5 management of fishing vessels in heavy weather;

.6 rescuing persons and assisting a ship or aircraft in distress;

.7 towing and being towed;

.8 man-overboard procedure; and

.9 where applicable, practical measures to be taken when navigating in ice or in conditions of ice accretion on board the vessel.

12 Vessel stability

12.1 Demonstrate ability to use stability data, stability and trim tables and pre-calculated operating conditions.

13 Catch handling

13.1 Knowledge of safe handling and stowage of catch and the effect of these factors on the safety of the vessel.

14 Fishing vessel construction

14.1 General knowledge of the principal structural members of a vessel.

15 Medical aid

15.1 Knowledge of first aid procedures. Practical application of medical guides and advice by radio.

16 Search and rescue

16.1 Knowledge of search and rescue procedures.

17 Prevention of pollution of the marine environment

17.1 Knowledge of the precautions to be observed to prevent pollution of the marine environment.

18 Methods to demonstrate proficiency

18.1 The Party shall prescribe methods for the demonstration of proficiency in relevant requirements of this appendix.

Regla 5

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að öðlast réttindi yfirvélstjóra og 2. vélstjóra á fiskiskipum með 750 kW aðalvél eða stærri.

1. Allir yfirvélstjórar og 2. vélstjórar sem starfa á fiskiskipi sem siglir á opnu hafi og er með 750 kW aðalvél eða stærri skulu hafa viðeigandi skírteini.

2. Allir umsækjendur um skírteini skulu:

.1 ekki vera yngri en 18 ára;

.2 færa stjórnvöldum sönnur á heilbrigði sitt, einkum varðandi sjón og heyrn;

.3 vegna útgáfu skírteinis sem 2. vélstjóri hafa að baki viðurkenndan siglingatíma í vélarúmi eigi skemmri en 12 mánuði. Hins vegar má stytta þennan tíma í sex mánuði krefjist aðili sérstakrar þjálfunar sem hann metur til jafns við viðurkenndan siglingatíma sem hún kom í staðinn fyrir;

.4 vegna útgáfu skírteinis yfirvélstjóra, hafa viðurkenndan siglingatíma eigi skemmri en 24 mánuði en af þeim tíma skulu 12 mánuðir vera vegna starfa sem fullgildur 2. vélstjóri;

.5 hafa sótt viðurkennt námskeið í brunavörnum; og

.6 hafa staðist viðeigandi próf með fullnægjandi hætti að mati stjórnvalda. Slík próf eiga að ná til þess efnis sem getið er í viðbætinum við þessa reglu. Aðili getur þó breytt kröfum um próf og viðurkenndan siglingatíma yfirmanna á fiskiskipum sem sigla á takmörkuðu hafsvæði en þó skal ávallt tekið tillit til vélarafls og áhrifa á öryggi allra fiskiskipa sem sigla á sama svæði.

3. Við menntun og þjálfun til þess að öðlast nauðsynlega fræðilega þekkingu og verklega reynslu á að hafa hliðsjón af viðeigandi alþjóðareglum og tilmælum.

4. Kröfur um kunnáttu samkvæmt hinum ýmsu greinum viðbætisins geta verið mismunandi eftir því hvort um er að ræða skírteini yfirvélstjóra eða 2. vélstjóra.

Regulation 5

Mandatory minimum requirements for certification of chief engineer officers and second engineer officers of fishing vessels powered by main propulsion machinery of 750 kW propulsion power or more

1 Every chief engineer officer and second engineer officer serving on a seagoing fishing vessel powered by main propulsion machinery of 750 kW propulsion power or more shall hold an appropriate certificate.

2 Every candidate for certification shall:

.1 be not less than 18 years of age;

.2 satisfy the Party as to medical fitness, including eyesight and hearing;

.3 for certification as second engineer officer, have not less than 12 months approved seagoing service in the engine-room; however, this period may be reduced to not less than 6 months if the Party requires special training which it considers to be equivalent to the approved seagoing service it replaces;

.4 for certification as chief engineer officer, have not less than 24 months approved seagoing service, of which not less than 12 months shall be served while qualified to serve as second engineer officer;

.5 have participated in an approved practical firefighting course; and

.6 have passed an appropriate examination for the assessment of competency to the satisfaction of the Party. Such examination shall include the material set out in the appendix to this regulation, except that the Party may vary the requirements for examination and seagoing service for officers of fishing vessels engaged in voyages in limited waters bearing in mind the power of the propulsion machinery and the effect on the safety of all fishing vessels which may be operating in the same waters.

3 Training to achieve the necessary theoretical knowledge and practical experience shall take into account relevant international regulations and recommendations.

4 The level of knowledge required under the different paragraphs of the appendix may be varied according to whether the certificate is being issued at chief engineer officer or second engineer officer level.

Viðbætir við reglu 5

Lágmarksþekking sem krafist er til að öðlast réttindi yfirvélstjóra og 2. vélstjóra á fiskiskipum með 750 kW aðalvél eða stærri.

1. Eftirfarandi námsskrá skal vera undirstaða prófs sem lagt er fyrir þá sem vilja öðlast réttindi yfirvélstjóra og 2. vélstjóra á fiskiskipum með 750 kW. aðalvél eða stærri. Með það í huga að 2. vélstjóri kann að þurfa að taka að sér ábyrgð yfirvélstjóra hvenær sem er er prófum í þessum greinum ætlað að prófa hæfni nemandans til að hagnýta allar upplýsingar sem fyrir hendi eru og varða öruggan rekstur vélbúnaðar fiskiskipsins.

2. Hvað varðar greinar 3.4 og 4.1 hér á eftir getur aðili fellt niður kröfur um þekkingu á öðrum gerðum vélbúnaðar en þeirri sem viðkomandi skírteini nær til. Skírteini sem gefið er út samkvæmt þessu gildir ekki til starfa við vélbúnað, sem ekki er tilgreindur í því, fyrr en vélstjórinn hefur fært sönnur á hæfni sína á því sviði að mati aðila. Allar slíkar takmarkanir skulu skráðar á skírteinið.

3. Allir umsækjendur skulu hafa næga fræðilega undirstöðuþekkingu til að skilja þau meginlögmál sem gilda í eftirtöldum greinum:

.1 brunaferli;
.2 varmaflutningi;
.3 vélfræði og vatnsvélafræði;
.4 eftir því sem við á:
  .4.1 dísilvélum;
  .4.2 skipagufuvélum;
  .4.3 skipagashverflum;
.5 stýrisbúnaði;
.6 eiginleikum eldsneytis og smurefna;
.7 eiginleikum efna;
.8 slökkviefnum;
.9 rafbúnaði skipa;
.10 sjálfvirkni, tækjabúnaði og stjórnkerfum;
.11 smíði fiskiskipa, þ.m.t. stöðugleika, og aðgerðir til að draga úr skemmdum;
.12 hjálparkerfi; og
.13 kælikerfi.

4. Allir umsækjendur skulu hafa nægilega verklega þekkingu í a.m.k. eftirtöldum greinum:

.1 rekstri og viðhaldi á, eftir því sem við á:
  .1.1 skipadísilvélum;
  .1.2 skipagufuvélum;
  .1.3 skipagashverflum;

Appendix to Regulation 5

Minimum knowledge required for certification of chief engineer officers and second engineer officers of fishing vesselspowered by main propulsion machinery of 750 kW propulsion power or more

1 The syllabus given below is compiled for examination of candidates for certification as chief engineer officer or second engineer officer of fishing vessels powered by main propulsion machinery of 750 kW propulsion power or more. Bearing in mind that a second engineer officer will be in a position to assume the responsibilities of the chief engineer officer at any time, examination in these subjects shall be designed to test that the candidate has assimilated properly all available information that affects the safe operation of the fishing vessel's machinery.

2 With respect to paragraphs 3.4 and 4.1 below, the Party may omit knowledge requirements for types of propulsion machinery other than machinery installations for which the certificate to be awarded is to be valid. A certificate awarded on such a basis shall not be valid for any category of machinery installation which has been omitted until the engineer officer proves to be competent in these items to the satisfaction of the Party. Any such limitation shall be stated in the certificate.

3 Every candidate shall possess sufficient elementary theoretical knowledge to understand the basic principles involved in the following subjects:

.1 combustion processes;
.2 heat transmission;
.3 mechanics and hydromechanics;
.4 as appropriate:
  .4.1 marine diesel engines;
  .4.2 marine steam propulsion plant;
  .4.3 marine gas turbines;
.5 steering gear systems;
.6 properties of fuels and lubricants;
.7 properties of materials;
.8 fire-extinguishing agents;
.9 marine electrical equipment;
.10 automation, instrumentation and control systems;
.11 fishing vessel construction, including stability and damage control;
.12 auxiliary systems; and
.13 refrigeration systems

4 Every candidate shall possess adequate practical knowledge in at least the following subjects:

.1 operation and maintenance of, as appropriate:
  .1.1 marine diesel engines;
  .1.2 marine steam propulsion plant;
  .1.3 marine gas turbines;

.2 rekstri og viðhaldi hjálparvéla, þ.m.t. stýrisbúnaðar;

.3 rekstri, prófun og viðhaldi raf- og stjórntækja;

.4 viðhaldi veiðibúnaðar og vélbúnaðar á þilfari;

.5 greiningu bilana, staðsetningu bilana og úrræðum til að koma í veg fyrir skemmdir;

.6 skipulagningu öruggra aðferða við viðhald og viðgerðir;

.7 aðferðum til að koma í veg fyrir eldsvoða og finna þá, slökkva eld og notkun viðeigandi hjálpartækja;

.8 reglugerðum sem framfylgja ber varðandi mengun sjávar og aðferðum og ráðum til að koma í veg fyrir slíka mengun;

.9 skyndihjálp vegna meiðsla sem búast má við í vélarúmum og notkun viðeigandi tækja;

.10 verkun og notkun tækja til björgunar mannslífa;

.11 aðferðum við að draga úr skemmdum, einkum með tilliti til þeirra úrræða sem grípa skal til ef sjór streymir inn í vélarúm; og

.12 öruggum vinnuaðferðum.

5. Allir umsækjendur skulu hafa þekkingu á alþjóðasiglingalögum, eins og þau koma fram í alþjóðasamningum og alþjóðasamþykktum, hvað varðar skyldur og ábyrgð starfsmanna í vélarúmi, einkum hvað varðar öryggismál og varnir gegn mengun sjávar. Stjórnvöldum hvers lands er í sjálfsvald sett hverrar þekkingar þau krefjast í siglingalögum síns lands en þó ber að krefjast þekkingar á ráðstöfunum innan lands til að framfylgja alþjóðasamningum og alþjóðasamþykktum.

6. Allir umsækjendur skulu hafa þekkingu á verkstjórn, skipulagningu og þjálfun um borð í fiskiskipum.

Regla 6

Lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að öðlast réttindi starfsmanna sem bera ábyrgð á eða annast fjarskipti um borð í fiskiskipum.

Skýring.

Reglur varðandi fjarskiptavakt eru í alþjóðaradíóreglugerðinni og Torremolinos-bókuninni frá 1993. Reglur um viðhald eru í Torremolinos-bókuninni frá 1993 og leiðbeiningum samþykktum af stofnuninni.

Gildissvið.

1. Ákvæði þessarar reglu skulu taka til starfsmanna sem bera ábyrgð á eða annast fjarskipti á

.2 operation and maintenance of auxiliary machinery systems, including steering gear systems;

.3 operation, testing and maintenance of electrical and control equipment;

.4 maintenance of catch handling equipment and deck machinery;

.5 detection of machinery malfunction, location of faults and action to prevent damage;

.6 organization of safe maintenance and repair procedures;

.7 methods of, and aids for, fire prevention, detection and extinction;

.8 regulations to be observed regarding operational or accidental pollution of the marine environment and methods and aids to prevent such pollution;

.9 first aid related to injuries which might be expected in machinery spaces and use of first aid equipment;

.10 functions and use of life-saving appliances;

.11 methods of damage control with specific reference to action to be taken in the event of flooding of seawater into the engine-room; and

.12 safe working practices.

5 Every candidate shall possess a knowledge of international law as embodied in international agreements and conventions as they affect the specific obligations and responsibilities of the engine department, particularly those concerning safety and the protection of the marine environment. The extent of knowledge of national maritime legislation is left to the discretion of the Party, but shall include arrangements for implementing international agreements and conventions.

6 Every candidate shall possess a knowledge of personnel management, organization and training aboard fishing vessels.

Regulation 6

Mandatory minimum requirements for certification of personnel in charge of or performing radiocommunication duties on board fishing vessels

Explanatory note

Mandatory provisions relating to radio watchkeeping are set forth in the Radio Regulations and the 1993 Torremolinos Protocol. Provisions for radio maintenance are set forth in the 1993 Torremolinos Protocol and the guidelines adopted by the Organization.

Application

1 Except as provided in paragraph 2, the provisions of this regulation shall apply to personnel in

skipi sem ber samkvæmt alþjóðasamningum eða landsrétti að hafa fjarskiptabúnað sem notar tíðni og alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS), sbr. þó 2. gr.

2. Áhafnir skipa þar sem fjarskiptabúnaður þarf ekki að vera samkvæmt alþjóðasamningum eða landsrétti þurfa ekki að fullnægja skilyrðum þessarar reglu, en skulu engu að síður fylgja ákvæðum alþjóðaradíóreglugerðarinnar. Stjórnvöld skulu tryggja að viðeigandi skírteini skuli gefin út eða viðurkennd til slíkra starfsmanna sem fullnægja ákvæðum alþjóðaradíóreglugerðarinnar.

Lágmarkskröfur fyrir útgáfu skírteina starfsmanna GMDSS-fjarskipta.

1. Allir sem bera ábyrgð á eða annast fjarskipti um borð í skipi skulu vera handhafar viðeigandi skírteinis eða skírteina sem gefin eru út eða viðurkennd af stjórnvöldum samkvæmt ákvæðum Alþjóðaradíóreglugerðarinnar.

2. Lágmarksþekking, skilningur og hæfni sem krafist er vegna útgáfu skírteinis samkvæmt þessari reglu skal vera fullnægjandi fyrir starfsmenn fjarskipta til að annast fjarskipti með öruggum og fullnægjandi hætti.

3. Allir umsækjendur um skírteini skulu:

.1 ekki vera yngri en 18 ára að aldri;

.2 færa stjórnvöldum sönnur á heilbrigði sitt, einkum varðandi sjón og heyrn; og

.3 fullnægja kröfum viðauka við reglu þessa.

4. Allir umsækjendur um skírteini skulu gangast undir próf þannig að fullnægjandi sé að mati aðila.

5. Við áritun allra tegunda skírteina sem gefin eru út samkvæmt ákvæðum alþjóðaradíóreglugerðarinnar og fullnægja kröfum samþykktarinnar eru gerðar kröfur í viðbæti við þessa reglu um þekkingu, skilning og hæfni. Þegar ákveðin eru viðeigandi stig þekkingar, menntunar og þjálfunar skal aðili einnig taka mið af viðeigandi meðmælum stofnunarinnar.

Viðbætir við reglu 6

Lágmarkskröfur um viðbótarþekkingu, menntun og þjálfun starfsmanna GMDSS-fjarskipta.

1. Allir umsækjendur um skírteini skulu auk þess að uppfylla kröfur um útgáfu skírteinis samkvæmt alþjóðaradíóreglugerðinni hafa þekkingu á:

.1 ákvæðum um fjarskiptaþjónustu í neyðartilvikum;

charge of, or performing, radiocommunication duties on a vessel required by international agreement or national law to carry radio equipment using the frequencies and techniques of the Global Maritime Distress and Safety System (GMDSS).

2 Personnel on vessels for which carriage of radio equipment is not compulsory under international agreements or national law are not required to meet the provisions of this regulation, but are nevertheless required to comply with the Radio Regulations. The Administration shall ensure that the appropriate certificates meeting the requirements of the Radio Regulations are issued or recognised in respect of such personnel.

Minimum requirements for certification of GMDSS radio personnel

1 Every person in charge of, or performing, radiocommunication duties on a vessel shall hold an appropriate certificate or certificates issued or recognised by the Administration under the provisions of the Radio Regulations.

2 The minimum knowledge, understanding and proficiency required for certification under this regulation shall be sufficient for radio personnel to carry out their radio duties safely and efficiently.

3 Every candidate for certification shall:

.1 be not less than 18 years of age;

.2 satisfy the Party as to medical fitness, particularly regarding eyesight and hearing; and

.3 meet the requirements of the appendix to this regulation.

4 Every candidate for certification shall be required to pass an examination or examinations to the satisfaction of the Party.

5 For endorsement of all types of certificates issued under the provisions of the Radio Regulations as meeting the requirements of the Convention, the required knowledge, understanding and proficiency is given in the appendix to this regulation. In determining the appropriate level of knowledge and training the Party shall also take into account the relevant recommendations of the Organization.

Appendix to Regulation 6

Minimum additional knowledge and training requirements for GMDSS radio personnel

1 In addition to satisfying the requirements for the issue of a certificate in compliance with the Radio Regulations, every candidate for certification shall have knowledge of:

.1 provision of radio services in emergencies;

.2 fjarskiptum við leit og björgun, þ.m.t. handbók Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um leit og björgun kaupskipa. (The Merchant Ship Search and Rescue Manual – MERSAR);
.3 leiðum til að koma í veg fyrir að falskt neyðarkall sé sent og leiðir til að draga úr áhrifum falsks neyðarkalls sem sent hefur verið út;
.4 tilkynningarkerfi skipa;
.5 læknisþjónustu gegnum fjarskipti;
.6 notkun á alþjóðamerkjakerfinu (International Code of Signals) og á stöðluðum orðalista stofnunarinnar um fjarskipti (Standard Marine Communication Phrases); og
.7 fyrirbyggjandi ráðstöfunum vegna öryggis skipsins og áhafnar í tengslum við hættu sem fjarskiptabúnaður getur valdið, þ.m.t. á raflosti og útgeislun.

Regla 7

Lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að tryggja áframhaldandi hæfni og endurmenntun skipstjóra, yfirmanna og vélstjóra.

1. Allir skipstjórar eða yfirmenn sem hafa skírteini og starfa á sjó eða ætla að hverfa aftur á sjóinn eftir nokkurn tíma í landi skulu til þess að geta talist áfram fullgildir til starfa á sjó færa stjórnvöldum sönnur á eftirfarandi atriði með eigi lengra millibili en fimm árum:

.1 heilbrigði, einkum varðandi sjón og heyrn; og

.2 siglingatíma sem skipstjóri eða yfirmaður a.m.k. í eitt ár á síðustu fimm árum, eða

.3 með því að hafa innt af hendi störf sem jafna má til viðkomandi skírteinis og teljast a.m.k. sambærileg við siglingatímann sem krafist er skv. 1.2. mgr., eða með því að:

.3.1 standast viðurkennt próf; eða
.3.2 ljúka á fullnægjandi hátt viðurkenndu námskeiði eða viðeigandi námskeiðum fyrir skipstjóra og yfirmenn sem starfa á fiskiskipum, sérstaklega fyrir þá sem eru að koma aftur til starfa á þeim skipum; eða
.3.3 hafa að baki viðurkenndan siglingatíma sem yfirmaður í a.m.k. þrjá mánuði á fiskiskipi sem aukamaður rétt áður en hann hlaut það starfsstig, sem hann á tilkall til samkvæmt skírteini sínu.

2. Endurmenntunarnámskeið sem krafist er samkvæmt þessari reglu skulu vera samþykkt af stjórnvöldum og hafa að geyma texta nýlegra breytinga á

.2 search and rescue radiocommunications, including procedures in the Merchant Ship Search and Rescue Manual (MERSAR);
.3 the means to prevent the transmission of false distress alerts and the procedures to mitigate the effects of false distress alerts;
.4 ship reporting systems;
.5 radio medical services;
.6 use of the International Code of Signals and the Standard Marine Communication Phrases; and
.7 preventive measures for the safety of the vessel and personnel in connection with hazards related to radio equipment, including electrical and non-ionising radiation hazards.

Regulation 7

Mandatory minimum requirements to ensure the continued proficiency and updating of knowledge for skippers, officers and engineer officers

1 Every skipper or officer holding a certificate who is serving at sea or intends to return to sea after a period ashore shall, in order to continue to qualify for seagoing service, be required at regular intervals not exceeding five years, to satisfy the Administration as to:

.1 medical fitness, particularly regarding eyesight and hearing; and
.2 seagoing service as skipper or officer of at least one year during the preceding five years; or
.3 ability to perform fishing vessel operational duties relating to the duties appropriate to the grade of certificate held which are considered to be at least equivalent to the seagoing service required in paragraph 1.2, or by:
.3.1 passing an approved test; or
.3.2 successfully completing an approved course or course appropriate, for skippers and officers who are serving on fishing vessels, especially for re-entrants to seagoing service on these vessels; or
.3.3 having completed approved seagoing service as an officer for a period of not less than three months on a fishing vessel in a supernumerary capacity, immediately prior to taking up the position for which the certificate is valid.

2 The refresher and updating courses required by this regulation shall be approved by the Administration and include the text of recent changes in inter-

alþjóðareglum um öryggi mannslífa og varnir gegn mengun sjávar.

3. Stjórnvöld skulu tryggja að texti nýlegra breytinga á alþjóðareglum um öryggi mannslífa og varna gegn mengun sjávar sé tiltækur mönnum á skipum sem sigla í lögsögu þeirra.

Regla 8

Lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að tryggja áframhaldandi hæfni og endurmenntun starfsmanna GMDSS-fjarskipta.

1. Allir starfsmenn GMDSS-fjarskipta, sem eru handhafar skírteinis eða skírteina sem gefin eru út eða viðurkennd af aðila, skulu til að viðhalda hæfni til að starfa á sjó fullnægja kröfum aðila hvað varðar eftirfarandi atriði:

.1 heilbrigði, einkum varðandi sjón og heyrn, með reglulegu millibili sem ekki er lengra en fimm ár; og

.2 hæfni í starfi:

.2.1 með staðfestum siglingatíma við fjarskiptastörf a.m.k. í eitt ár á síðustu fimm árum; eða

.2.2 með því að sinna störfum sem jafna má til staðfests siglingatíma sem krafist er samkvæmt grein 1.2.1; eða

.2.3 með því að ljúka viðurkenndu prófi eða standast með fullnægjandi hætti viðurkennt þjálfunarnámskeið á sjó eða í landi sem skal hafa að geyma atriði sem varða með beinum hætti öryggi mannslífa á hafinu og með tilliti til þess skírteinis sem viðkomandi er handhafi að í samræmi við kröfur Torremolinos-bókunarinnar frá 1993.

2. Þegar nýjar venjur, búnaður eða vinnubrögð eru lögbundin í skipum sem sigla undir fána aðila getur aðili krafið starfsmenn GMDSS-fjarskipta að gangast undir viðurkennt próf eða standast með fullnægjandi hætti viðeigandi þjálfunarnámskeið á sjó eða í landi með sérstöku tilliti til skyldna á sviði öryggis.

3. Stjórnvöld skulu tryggja að texti nýlegra breytinga á alþjóðareglum um öryggi mannslífa og varna gegn mengun sjávar sé tiltækur mönnum á skipum sem sigla í lögsögu þeirra.

national regulations concerning the safety of life at sea and the protection of the marine environment.

3 The Administration shall ensure that the texts of recent changes in international regulations concerning the safety of life at sea and the protection of the marine environment are made available to ships under its jurisdiction.

Regulation 8

Mandatory minimum requirements to ensure the continued proficiency and updating of knowledge for GMDSS radio personnel

1 Every GMDSS radio personnel holding a certificate or certificates issued or recognized by the Party shall, in order to continue to qualify for seagoing service, be required to satisfy the Party as to the following:

.1 medical fitness, particularly regarding eyesight and hearing, at regular intervals not exceeding five years; and

.2 professional competence:

.2.1 by approved seagoing service involving radiocommunication duties of at leastone year in total during the preceding five years; or

.2.2 by virtue of having performed functions relating to the duties appropriate to the grade of certificate held which are considered to be at least equivalent to the seagoing service required in paragraph 1.2.1; or

.2.3 by passing an approved test or successfully completing an approved training course or courses at sea or ashore which shall include those elements which areof direct relevance to the safety of life at sea, and which are applicable for the certificate that the person is holding, in accordance with the requirements of the 1993 Torremolinos Protocol.

2 When new modes, equipment or practices are to become mandatory aboard vessels entitled to fly the flag of a Party, the Party may require GMDSS radio personnel to pass an approved test or successfully complete an appropriate training course or courses, at sea or ashore, with particular reference to safety duties.

3 The Administration shall ensure that the texts of recent changes in international regulations relating to radiocommunications and relevant to the safety of life at sea are available to ships entitled to fly its flag.

III. KAFLI
Grundvallarmenntun og þjálfun áhafnar fiskiskips.
Regla 1
Grundvallarmenntun og þjálfun áhafnar fiskiskips.

1. Áhöfn fiskiskips skal áður en hún tekur á sig nokkrar skyldur um borð í skipinu fá grundvallarmenntun og þjálfun, sem staðfest er af stjórnvöldum, í eftirfarandi greinum:

.1 hvernig halda á lífi í sjó, þ.m.t. hvernig klæðast á björgunarvestum og, eftir því sem við á, björgunarbúningum;
.2 brunavörnum og slökkvistarfi;
.3 neyðarúrræðum;
.4 skyndihjálp;
.5 vörnum gegn mengun sjávar; og
.6 slysavörnum um borð.

2. Stjórnvöld skulu við framkvæmd á ákvæðum 1. mgr. ákveða hvort og að hve miklu leyti ákvæði þessi skuli taka til áhafna lítilla fiskiskipa eða áhafna sem þegar starfa á fiskiskipum.

IV. KAFLI
Vaktstaða.
Regla 1
Grundvallaratriði sem fylgja ber við siglingavakt um borð í fiskiskipum.

1. Stjórnvöld skulu vekja athygli skipseiganda og útgerðarstjóra fiskiskipa, skipstjóra og þeirra sem ganga vaktir á eftirfarandi grundvallaratriðum sem hafa ber í huga til að tryggja að ávallt sé staðin örugg vakt.

2. Skipstjóri á hverju fiskiskipi skal tryggja að fyrirkomulag vakta sé á þann veg að ávallt sé staðin örugg siglingavakt. Undir yfirumsjón skipstjóra eru stýrimenn ábyrgir fyrir öruggri siglingu skipsins á sinni vakt og ber þeim sérstaklega að varast árekstur og strand.

3. Um borð í öllum fiskiskipum á að hafa til hliðsjónar þau grundvallaratriði sem hér eru talin upp en er þó ekki tæmandi upptalning. Þrátt fyrir það getur aðili undanskilið mjög lítil fiskiskip sem sigla á takmörkuðu hafsvæði frá því að fylgja þessum grundvallarreglum að öllu leyti.

4. Leið til og frá fiskimiðum.

4.1 *Fyrirkomulag siglingavaktar.*

4.1.1 Vakt skal ávallt valin og mönnuð nægilega og eftir aðstæðum hverju sinni og þess gætt að hafa dyggilegan útvörð.

CHAPTER III
BASIC SAFETY TRAINING FOR ALL FISHING VESSEL PERSONNEL
Regulation 1
Basic safety training for all fishing vessel personnel

1 Fishing vessel personnel shall, before being assigned to any shipboard duties, receive basic training approved by the Administration in the following areas:

.1 personal survival techniques including donning of lifejackets and, as appropriate, immersion suits;
.2 fire prevention and fire fighting;
.3 emergency procedures;
.4 elementary first-aid;
.5 prevention of marine pollution; and
.6 prevention of shipboard accidents.

2 In implementing the provisions of paragraph 1, the Administration shall determine whether and, if so to what extent, these provisions shall apply to personnel of small fishing vessels or personnel already employed on fishing vessels.

CHAPTER IV
WATCHKEEPING
Regulation 1
Basic principles to be observed in keeping a navigational watch on board fishing vessels

1 Administrations shall direct the attention of owners and operators of fishing vessels, skippers and watchkeeping personnel to the following principles, which shall be observed to ensure that a safe navigational watch is maintained at all times.

2 The skipper of every fishing vessel shall ensure that watchkeeping arrangements are adequate for maintaining a safe navigational watch. Under the skipper's general direction, the officers of the watch are responsible for navigating the fishing vessel safely during their periods of duty, when they will be particularly concerned with avoiding collision and stranding.

3 The basic principles, including but not limited to the following, shall be taken into account on all fishing vessels. However, a Party may exclude very small fishing vessels operating in limited waters from fully observing the basic principles.

4 En route to or from fishing grounds

4.1 *Arrangements of the navigational watch*

4.1.1 The composition of the watch shall at all times be adequate and appropriate to the prevailing circumstances and conditions, and shall take into account the need for maintaining a proper look-out.

4.1.2 Þegar skipuð er vakt í brúnni skal ásamt öðru hafa eftirtalin atriði í huga:

.1 að brúin má aldrei vera mannlaus;

.2 veðurskilyrði, skyggni og hvort bjart er af degi eða dimmt af nóttu;

.3 nálægð yfirvofandi hættu fyrir siglingar sem kann að gera það brýnt að yfirmaður á vakt fylgist enn nánar með siglingu skipsins;

.4 notkun og ganghæfni siglingatækja eins og ratsjár eða annarra nútímastaðarákvörðunartækja sem og allra tækja er koma að notum við örugga siglingu skipsins;

.5 hvort skipið er búið sjálfstýringu; og

.6 óvenjulegt álag á þá sem standa siglingavakt og kann að leiða af sérstökum aðstæðum vegna siglingar skipsins.

4.2 *Hæfni til skyldustarfa.*

Fyrirkomulag vakta skal vera með þeim hætti að þreyta dragi ekki úr árvekni þeirra sem standa vaktir. Þær skal setja þannig að þeir sem taka fyrstu vakt í upphafi sjóferðar og síðan þeir sem leysa af og ganga næstu vaktir séu nægilega hvíldir og að öðru leyti vel á sig komnir til að gegna skyldustörfum.

4.3 *Sigling.*

4.3.1 Væntanlega siglingaleið skal ákvarða fyrir fram að því marki sem unnt er og skal þá hafa til hliðsjónar og athuga allar handbærar upplýsingar um leiðina. Allar stefnur sem settar hafa verið út í kort skal sannprófa og mæla upp áður en sjóferðin hefst.

4.3.2 Á vakt skal með reglulegu millibili og nægilega oft sannreyna stýrða stefnu skipsins, stað þess og hraða með notkun allra nauðsynlegra siglingatækja sem fyrir hendi eru til að tryggja að skipið sigli eftir útsettri stefnu.

4.3.3 Yfirmaður á vakt skal vita nákvæmlega um staðsetningu allra öryggis- og siglingatækja um borð í skipinu og þekkja notkun þeirra til hlítar. Yfirmanni skulu enn fremur vera ljós takmörk þessara tækja og við notkun þeirra skal hann taka mið af því.

4.3.4 Yfirmaður á siglingavakt skal ekki taka að sér né skulu honum falin nein þau skyldustörf sem gætu truflað örugga siglingu skipsins.

4.4 *Siglingatæki.*

4.4.1 Yfirmaður á vakt skal nota til hins ítrasta öll siglingatæki sem hann hefur yfir að ráða.

4.4.2 Við notkun ratsjár skal yfirmaður á vakt hafa í huga að nauðsynlegt er að fylgja í hvívetna

4.1.2 When deciding the composition of the watch the following factors, inter alia, shall be taken into account:

.1 at no time shall the wheelhouse be left unattended;

.2 weather conditions, visibility and whether there is daylight or darkness;

.3 proximity of navigational hazards which may make it necessary for the officer in charge of the watch to carry out additional navigational duties;

.4 use and operational condition of navigational aids such as radar or electronic position-indicating devices and of any other equipment affecting the safe navigation of the vessel;

.5 whether the vessel is fitted with automatic steering; and

.6 any unusual demands on the navigational watch that may arise as a result of special operational circumstances.

4.2 *Fitness for duty*

The watch system shall be such that the efficiency of watchkeeping personnel is not impaired by fatigue. Duties shall be so organized that the first watch at the commencement of a voyage and the subsequent relieving watches are sufficiently rested and otherwise fit for duty.

4.3 *Navigation*

4.3.1 The intended voyage shall, as far as practicable, be planned in advance taking into consideration all pertinent information, and any course laid down shall be checked before the voyage commences.

4.3.2 During the watch the course steered, position and speed shall be checked at sufficiently frequent intervals, using any available navigational aids necessary, to ensure that the vessel follows the planned course.

4.3.3 The officer in charge of the watch shall have full knowledge of the location and operation of all safety and navigational equipment on board the vessel, and shall be aware and take account of the operating limitations of such equipment.

4.3.4 The officer in charge of a navigational watch shall not be assigned or undertake any duties which would interfere with the safe navigation of the vessel.

4.4 *Navigational equipment*

4.4.1 The officers in charge of the watch shall make the most effective use of all navigational equipment at their disposal.

4.4.2 When using radar the officer in charge of the watch shall bear in mind the necessity to comply

reglum um notkun ratsjár sem eru í viðeigandi reglugerðum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó.

4.4.3 Ef þörf krefur skal yfirmaður á siglingavakt ekki hika við að nota stýri, vélarafl og hljóð- og ljósmerkjatæki skipsins.

4.5 *Skyldur og ábyrgð vegna siglingar skipsins.*

4.5.1 Yfirmaður vaktar skal:

.1 standa vakt í brúnni;

.2 ekki víkja af stjórnpalli undir neinum kringumstæðum fyrr en hann hefur verið leystur af vakt á tilhlýðilegan og viðunandi hátt;

.3 hafa áfram ábyrgð á öruggri siglingu skipsins þrátt fyrir nærveru skipstjóra á stjórnpalli og þar til skipstjóri tilkynnir honum sérstaklega að hann taki sjálfur að sér ábyrgð á vaktinni og sé gagnkvæmur skilningur þeirra milli á því;

.4 hafa samband við skipstjóra ef hann er í nokkrum vafa um hvað gera skuli til að tryggja öryggi skipsins; og

.5 ekki skila af sér vakt til yfirmanns sem á að leysa hann af hafi hann ástæðu til að ætla að sá sem taka á við sé augljóslega ekki fær um að gegna skyldustörfum sínum af árvekni og öryggi og skal þetta tilkynnt skipstjóra.

4.5.2 Þegar yfirmaður leysir af vakt skal hann sannreyna ágiskaðan eða athugaðan stað skipsins, útsetta stefnu í korti, stýrða stefnu og hraða og gæta að hvers konar hættum sem búast má við á vaktinni við siglingu skipsins.

4.5.3 Halda skal nákvæma leiðarbók eða dagbók um siglingu skipsins og annað það sem gerist á vaktinni og varðar siglingu skipsins.

4.6 *Útvörður.*

4.6.1 Ætíð skal halda dyggilegan útvörð í samræmi við 5. reglu alþjóðasiglingareglnanna frá 1972, en með dyggilegum útverði er markmiðið að:

.1 að gæta með stöðugri árvekni, jafnt með auga og eyra sem og öllum tiltækum tækjum, sérstaklega að öllum breytingum er geta skipt máli þar sem skipið er statt;

.2 að leggja fullkomið mat á það sem er að gerast og hver hætta sé á árekstri, strandi og öðrum hættum fyrir siglingu skipsins; og

.3 að sjá skip eða flugvélar sem eru í nauðum stödd, skipreika fólk, flök, rekgóss og aðrar hættur fyrir örugga siglingu skipa.

4.6.2 Þegar ákveðið er hvernig siglingavakt sé valin og mönnuð svo að fullnægjandi sé til að tryggja að ávallt sé staðinn öruggur útvörður skal skipstjóri taka tillit til allra viðkomandi atriða, þar á meðal þeirra sem nefnd eru í 4.1. mgr. sem og eftirfarandi atriða:

at all times with the provisions on the use of radar contained in the applicable regulations for preventing collisions at sea.

4.4.3 In cases of need the officer of the watch shall not hesitate to use the helm, engines, sound and light signalling apparatus.

4.5 *Navigational duties and responsibilities*

4.5.1 The officer in charge of the watch shall:

.1 keep watch in the wheelhouse;

.2 in no circumstances leave the wheelhouse until properly relieved;

.3 continue to be responsible for the safe navigation of the vessel despite the presence of the skipper in the wheelhouse until informed specifically that the skipper has assumed that responsibility and this is mutually understood;

.4 notify the skipper when in any doubt as to what action to take in the interest of safety; and

.5 not hand over the watch to a relieving officer if there is reason to believe that the latter is not capable of carrying out the watchkeeping duties effectively, in which case the skipper shall be notified.

4.5.2 On taking over the watch the relieving officer shall confirm and be satisfied as to the vessel's estimated or true position and confirm its intended track, course and speed, and shall note any dangers to navigation expected to be encountered during the watch.

4.5.3 Whenever practicable a proper record shall be kept of the movements and activities during the watch relating to the navigation of the vessel.

4.6 *Look-out*

4.6.1 A proper look-out shall be maintained in compliance with Rule 5 of the International Regulations for Preventing Collisions at Sea, 1972. It shall serve the purpose of:

.1 maintaining a continuous state of vigilance by sight and hearing as well as by all other available means, with regard to any significant changes in the operating environment;

.2 fully appraising the situation and the risk of collision, stranding and other dangers to navigation; and

.3 detecting ships or aircraft in distress, shipwrecked persons, wrecks and debris.

4.6.2 In determining that the composition of the navigational watch is adequate to ensure that a proper look-out can continuously be maintained, the skipper shall take into account all relevant factors, including those described under paragraph 4.1 of this regulation, as well as the following factors:

.1 skyggni, veðurs og sjólags;
.2 fjölda skipa á siglingaleið og annarra umsvif þar sem skipið siglir;
.3 árvekni, sem er brýn, þegar siglt er á eða nærri aðskildum siglingaleiðum eða eftir öðrum fyrirmælum um ákveðna siglingaleið;
.4 viðbótarvinnuálags vegna þeirra verkefna sem skipið er í, væntanlegra umsvifa og stjórntaka innan mjög skamms tíma;
.5 stjórnar stýris og skrúfu og hvernig skipið lætur að stjórn;
.6 starfshæfni allra í áhöfn skipsins sem eru reiðubúnir, verði þeir kallaðir á vakt;
.7 reynslu og þekkingu yfirmanna á hæfni annarra yfirmanna og áhafnar skipsins;
.8 reynslau yfirmanna á siglingavakt, þekkingu þeirra á útbúnaði skipsins, daglegum rekstri og vinnureglum ásamt því hvernig skipið lætur að stjórn;
.9 umsvifa um borð á hverjum tíma, þ.m.t. fjarskipta og hvernig eigi að að kalla umsvifalaust á aðstoð í brúnni ef þess gerist þörf;
.10 gangfærni tækja og stjórnborða í brúnni, þ.m.t. viðvörunarkerfi;
.11 stærðar skipsins og sjónsviðs frá stjórnpalli;
.12 hvernig brúin er byggð og innréttuð með tilliti til þess að það gæti komið í veg fyrir að vaktmaður sæi eða heyrði hvað væri að gerast í námunda við skipið; og
.13 allra annarra gildandi öryggisreglna, fyrirmæla eða leiðbeininga sem varða fyrirkomulag vakta og starfshæfni og hafa verið samþykktar af Alþjóðasiglingamálastofnuninni.

4.7 *Umhverfisvernd sjávar.*

Skipstjóri og yfirmaður á vakt skulu sérstaklega hafa í huga hinar alvarlegu afleiðingar sem mengun hafs og sjávarstranda vegna daglegs rekstrar skips eða óhappa getur haft. Þeir skulu gera allar hugsanlegar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir slíka mengun, sérstaklega í samræmi við og innan ramma gildandi alþjóðareglna og hafnarreglugerða.

4.8 *Veðurskilyrði.*

Yfirmaður siglingavaktar skal gera viðeigandi ráðstafanir og upplýsa skipstjóra ef breytingar á veðri geta haft áhrif á öryggi skipsins, þ.m.t. veðurskilyrði sem geta leitt til ísingar.

5. Sigling með hafnsögumann um borð.

Nærvera hafnsögumanns um borð leysir hvorki skipstjóra né yfirmann á vakt undan þeirra skyldum og skuldbindingum vegna öryggis skipsins. Skip-

.1 visibility, state of weather and sea;
.2 traffic density, and other activities occurring in the area in which the vessel is navigating;
.3 the attention necessary when navigating in or near traffic separation schemes and other routeing measures;
.4 the additional workload caused by the nature of the vessel's functions, immediate operating requirements and anticipated manoeuvres;
.5 rudder and propeller control and vessel manoeuvring characteristics;
.6 the fitness for duty of any crew members on call who may be assigned as members of the watch;
.7 knowledge of and confidence in the professional competence of the vessel's officers and crew;
.8 the experience of the officer of the navigational watch and the familiarity of that officer with the vessel's equipment, procedures, and manoeuvring capability;
.9 activities taking place on board the vessel at any particular time, and the availability of assistance to be summoned immediately to the wheelhouse when necessary;
.10 the operational status of instrumentation in the wheelhouse and controls, including alarm systems;
.11 the size of the vessel and the field of vision available from the conning position;
.12 the configuration of the wheelhouse, to the extent such configuration might inhibit a member of the watch from detecting by sight or hearing any external developments; and
.13 any relevant standards, procedures and guidelines relating to watchkeeping arrangements and fitness for duty which have been adopted by the Organization.

4.7 *Protection of the marine environment*

The skipper and the officer in charge of the watch shall be aware of the serious effects of operational or accidental pollution of the marine environment, and shall take all possible precautions to prevent such pollution, particularly within the framework of relevant international and port regulations.

4.8 *Weather conditions*

The officer in charge of the watch shall take relevant measures and notify the skipper when adverse changes in weather could affect the safety of the vessel, including conditions leading to ice accretion.

5 Navigation with pilot embarked

The presence of a pilot on board does not relieve the skipper or officer in charge of the watch from their duties and obligations for the safety of the ves-

stjóri og hafnsögumaður skulu skiptast á upplýsingum varðandi tilhögun um siglingu skipsins, aðstæður á hverjum stað, stjórnhæfni skipsins og sérstök viðbrögð þess. Skipstjóri og yfirmaður á siglingavakt skulu hafa nána samvinnu við hafnsögumann og fylgjast áfram nákvæmlega með stað skipsins og siglingu.

6. Skip að fiskveiðum eða í leit að fiski.

6.1 Til viðbótar grundvallaratriðum sem eru talin upp í 4. tölul. skal yfirmaður vaktar hafa eftirfarandi atriði í huga og taka tillit til:

.1 veiða og veiðarfæra annarra skipa, einkenna eigin skips við stjórntökum, sérstaklega stöðvunarvegalengdar og þvermáls hrings þegar skipinu er snúið við á siglingu og með veiðarfæri úti;
.2 öryggis áhafnar á þilfari;
.3 gagnstæðra áhrifa á öryggi skipsins og áhafnarinnar vegna minnkandi stöðugleika og fríborðs sem kemur í kjölfar óvenjulegra atvika vegna veiða, meðferðar afla og hleðslu og óvenjulegrar sjávar- og veðurskilyrða;
.4 nálægðar við landgrunn með sérstöku tilliti til áhættusvæða; og
.5 skipsflaka og annarra hindrana neðan sjávar sem geta verið hættulegar fyrir veiðarfæri.

6.2 Þegar afla er komið fyrir skal ætíð þegar siglt er til löndunarhafnar gæta að fullnægjandi fríborði, fullnægjandi stöðugleika og traustleika vatnsþéttra skilrúma. Taka skal tillit til birgða og eyðslu eldsneytis, möguleika á veðurbreytingum, sérstaklega að vetri til, hættu á ísingu á eða yfir óvörðu þilfari á svæðum þar sem vænta má ísingar.

7. Akkerisvakt.

Skipstjóri skal, með tilliti til öryggis skipsins og áhafnarinnar, tryggja að viðeigandi vakt sé ávallt staðin í brú eða á þilfari fiskiskips sem liggur við akkeri.

8. Fjarskiptavakt.

Skipstjóri skal tryggja að staðin sé fullnægjandi fjarskiptavakt þegar skipið er á sjó, á viðeigandi tíðnum samkvæmt kröfum alþjóðaradíóreglugerðarinnar.

sel. The skipper and the pilot shall exchange information regarding navigation procedures, local conditions and the vessel's characteristics. The skipper and the officer in charge of the watch shall co-operate closely with the pilot and maintain an accurate check of the vessel's position and movement.

6 Vessels engaged in fishing or searching for fish

6.1 In addition to the principles enumerated in paragraph 4, the following factors shall be considered and properly acted upon by the officer in charge of the watch:

.1 other vessels engaged in fishing and their gear, own vessel's manoeuvring characteristics, particularly its stopping distance and the diameter of turning circle at sailing speed and with the fishing gear overboard;
.2 safety of the crew on deck;
.3 adverse effects on the safety of the vessel and its crew through reduction of stability and freeboard caused by exceptional forces resulting from fishing operations, catch handling and stowage, and unusual sea and weather conditions;
.4 the proximity of offshore structures, with special regard to the safety zones; and
.5 wrecks and other underwater obstacles which could be hazardous for fishing gear.

6.2 When stowing the catch, attention shall be given to the essential requirements for adequate freeboard, adequate stability and watertight integrity at all times during the voyage to the landing port, taking into consideration consumption of fuel and stores, risk of adverse weather conditions and, especially in winter, risk of ice accretion on or above exposed decks in areas where ice accretion is likely to occur.

7 Anchor watch

The skipper shall ensure, with a view to the safety of the vessel and the crew, that a proper watch is maintained at all times from the wheelhouse or deck on fishing vessels at anchor.

8 Radio watchkeeping

The skipper shall ensure that an adequate radio watch is maintained while the vessel is at sea, on appropriate frequencies, taking into account the requirements of the Radio Regulations.

Viðbætir 1.

Formið til að staðfesta útgáfu á skírteini skal vera á þann hátt sem að neðan greinir og er gert ráð fyrir að orðunum „eða þess dags sem gildistími þessa skírteinis er endurnýjaður til eins og skírteinið kann að bera með sér“ sem koma fram á framhlið formsins og ákvæði um skráningu endurnýjana sem koma fram á bakhlið þess sé sleppt þegar gefin eru út ný skírteini í stað þeirra sem renna út.

(Opinber stimpill)

(LAND)

SKÍRTEINI GEFIÐ ÚT SAMKVÆMT ÁKVÆÐUM ALÞJÓÐASAMÞYKKTAR UM MENNTUN OG ÞJÁLFUN, SKÍRTEINI OG VAKTSTÖÐU ÁHAFNAR FISKISKIPS, 1995

Ríkisstjórn ..... staðfestir að handhafi þessa skírteinis fullnægir ákvæðum reglu ..... ofannefndrar alþjóðasamþykktar og er hæfur til neðangreindra starfa með þartilgreindum takmörkunum fram til dagsins ..... eða þess dags sem gildistími þessa skírteinis er endurnýjaður til eins og skírteinið kann að bera með sér.

Löglegum handhafa þessa skírteinis er heimilt að starfa í eftirfarandi stöðu eða stöðum:

STAÐA	TAKMARKANIR (ef einhverjar)

Skírteini nr. ..... gefið út .....

(Opinber stimpill) .....
Undirskrift lögskipaðs útgefanda
.....
Nafn lögskipaðs útgefanda

Fæðingardagur handhafa skírteinisins .....
Undirskrift handhafa skírteinisins .....
Ljósmynd af handhafa skírteinisins:

Skírteini þetta er endurnýjað til .....

(Opinber stimpill) .....
Undirskrift lögskipaðs útgefanda

Endurnýjað þann ....
Nafn lögskipaðs útgefanda

Skírteini þetta er endurnýjað til .....

(Opinber stimpill) .....
Undirskrift lögskipaðs útgefanda

Endurnýjað þann ....
Nafn lögskipaðs útgefanda

Viðbætir 2.

Formið til að staðfesta útgáfu á skírteini skal vera á þann hátt sem að neðan greinir og er gert ráð fyrir að orðunum „eða þess dags sem gildistími þessa skírteinis er endurnýjaður til eins og skírteinið kann að bera með sér“ sem koma fram á framhlið formsins og ákvæði um skráningu endurnýjana sem koma fram á bakhlið þess sé sleppt þegar gefin er út ný áritun í stað þeirrar sem rennur út.

(Opinber stimpill)

(LAND)

ÁRITUN SEM STAÐFESTIR ÚTGÁFU SKÍRTEINIS SAMKVÆMT ÁKVÆÐUM ALÞJÓÐASAMÞYKKTAR UM MENNTUN OG ÞJÁLFUN, SKÍRTEINI OG VAKTSTÖÐU ÁHAFNAR FISKISKIPS, 1995

Ríkisstjórn ..... staðfestir að skírteini nr. ..... hefur verið gefið út til ....., sem fullnægir ákvæðum reglu ..... ofannefndrar alþjóðasamþykktar og er hæfur til neðangreindra starfa með þartilgreindum takmörkunum fram til dagsins ..... eða þess dags sem gildistími þessa skírteinis er endurnýjaður til eins og skírteinið kann að bera með sér.

Löglegum handhafa þessarar áritunar er heimilt að starfa í eftirfarandi stöðu eða stöðum sem tilgreindar eru í viðeigandi kröfum stjórnvalda um örugga mönnun:

STAÐA	TAKMARKANIR (ef einhverjar)

Áritun nr. ..... gefin út .....

(Opinber stimpill) .....
Undirskrift lögskipaðs útgefanda
.....
Nafn lögskipaðs útgefanda

Fæðingardagur handhafa skírteinisins .....
Undirskrift handhafa skírteinisins .....
Ljósmynd af handhafa skírteinisins:

Áritun þessi er endurnýjuð til .....

(Opinber stimpill) .....
Undirskrift lögskipaðs útgefanda

Endurnýjuð þann ....
Nafn lögskipaðs útgefanda

Áritun þessi er endurnýjuð til .....

(Opinber stimpill) .....
Undirskrift lögskipaðs útgefanda

Endurnýjuð þann ....
Nafn lögskipaðs útgefanda

Viðbætir 3.

Formið til að staðfesta viðurkenningu á skírteini skal vera á þann hátt sem að neðan greinir nema að orðunum „eða þess dags sem gildistími þessa skírteinis er endurnýjaður til eins og skírteinið kann að bera með sér“ sem koma fram á framhlið formsins og ákvæði um skráningu endurnýjana sem koma fram á bakhlið þess skal sleppt þegar gefin er út ný áritun í stað þeirrar sem rennur út.

(Opinber stimpill)

(LAND)

ÁRITUN SEM STAÐFESTIR VIÐURKENNINGU Á SKÍRTEINI SAMKVÆMT ÁKVÆÐUM ALÞJÓÐASAMÞYKKTAR UM MENNTUN OG ÞJÁLFUN, SKÍRTEINI OG VAKTSTÖÐU ÁHAFNAR FISKISKIPS, 1995

Ríkisstjórn ..... staðfestir að skírteini nr. ..... gefið út til ..... af eða fyrir hönd ríkisstjórnar ..... er viðurkennt í samræmi við ákvæði reglu I/7 ofannefndrar samþykktar og að löglegur handhafi er hæfur til neðangreindra starfa með þartilgreindum takmörkunum fram til dagsins ..... eða þess dags sem gildistími þessarar áritunar er endurnýjaður til eins og skírteinið kann að bera með sér.

Löglegum handhafa þessarar áritunar er heimilt að starfa í eftirfarandi stöðu eða stöðum sem tilgreindar eru í viðeigandi kröfum stjórnvalda um örugga mönnun:

STAÐA	TAKMARKANIR (ef einhverjar)

Áritun nr. ..... gefin út .....

(Opinber stimpill) .....
Undirskrift lögskipaðs útgefanda
.....
Nafn lögskipaðs útgefanda

Fæðingardagur handhafa skírteinisins .....
Undirskrift handhafa skírteinisins .....
Ljósmynd af handhafa skírteinisins:

Áritun þessi er endurnýjuð til .....

(Opinber stimpill) .....
Undirskrift lögskipaðs útgefanda

Endurnýjuð þann ....
Nafn lögskipaðs útgefanda

Áritun þessi er endurnýjuð til .....

(Opinber stimpill) .....
Undirskrift lögskipaðs útgefanda

Endurnýjuð þann ....
Nafn lögskipaðs útgefanda

Appendix 1

The form used to attest the issue of a certificate shall be as shown hereunder, provided that the words "or until the date of expiry of any extension of the validity of this certificate as may be shown overleaf" appearing on the front of the form and the provisions for recording extension of the validity appearing on the back of the form shall be omitted where the certificate is required to be replaced upon its expiry.

(Official Seal)

(COUNTRY)

CERTIFICATE ISSUED UNDER THE PROVISIONS OF THE INTERNATIONAL CONVENTION ON STANDARDS OF TRAINING, CERTIFICATION AND WATCHKEEPING FOR FISHING VESSEL PERSONNEL, 1995

The Government of ..... certifies that the holder of this certificate has been found duly qualified in accordance with the provisions of regulation ... of the above Convention and has been found competent to serve as specified below, subject to any limitations indicated until ..... or until the date of expiry of any extension of the validity of this certificate as may be shown overleaf:

The lawful holder of this certificate may serve in the following capacity or capacities.

CAPACITY	LIMITATIONS APPLYING (IF ANY)

Certificate No..... issued on .....

(Official Seal) .....
Signature of duly authorized official
.....
Name of duly authorized official

Date of birth of the holder of the certificate .....
Signature of the holder of the certificate .....
Photograph of the holder of the certificate:

The validity of this certificate is hereby extended until .....

(Official seal) .....
Signature of duly authorized official

Date of revalidation ....
Name of duly authorized official

The validity of this certificate is hereby extended until .....

(Official seal) .....
Signature of duly authorized official

Date of revalidation ....
Name of duly authorized official

Appendix 2

The form used to attest the issue of a certificate shall be as shown hereunder, provided that the words "or until the date of expiry of any extension of the validity of this endorsement as may be shown overleaf" appearing on the front of the form and the provisions for recording extension of the validity appearing on the back of the form shall be omitted where the endorsement is required to be replaced upon its expiry.

(Official Seal)

(COUNTRY)

ENDORSEMENT ATTESTING THE ISSUE OF A CERTIFICATE UNDER THE PROVISIONS OF THE INTERNATIONAL CONVENTION ON STANDARDS OF TRAINING, CERTIFICATION AND WATCHKEEPING FOR FISHING VESSEL PERSONNEL 1995

The Government of ..... certifies that certificate No. ..... has been issued to ..... who has been found duly qualified in accordance with the provisions of regulation ..... of the above Convention and has been found competent to serve as specified below, subject to any limitations indicated until ..... or until the date of expiry of any extension of the validity of this endorsement as may be shown overleaf:

The lawful holder of this endorsement may serve in the following capacity or capacities specified in the applicable safe manning requirements of the Administration:

CAPACITY	LIMITATIONS APPLYING (IF ANY)

Endorsement No..... issued on .....

(Official Seal) .....
Signature of duly authorized official
.....
Name of duly authorized official

Date of birth of the holder of the certificate .....
Signature of the holder of the certificate .....
Photograph of the holder of the certificate:

The validity of this endorsement is hereby extended until .....

(Official seal) .....
Signature of duly authorized official

Date of revalidation ....
Name of duly authorized official

The validity of this endorsement is hereby extended until .....

(Official seal) .....
Signature of duly authorized official

Date of revalidation ....
Name of duly authorized official

Appendix 3

The form used to attest the recognition of a certificate shall be as shown hereunder, except that the words "or until the date of expiry of any extension of the validity of this endorsement as may be shown overleaf" appearing on the front of the form and the provisions for recording extension of the validity appearing on the back of the form shall be omitted where the endorsement is required to be replaced upon its expiry.

(Official Seal)

(COUNTRY)

ENDORSEMENT ATTESTING THE RECOGNITION OF A CERTIFICATE UNDER THE PROVISIONS OF THE INTERNATIONAL CONVENTION ON STANDARDS OF TRAINING, CERTIFICATION AND WATCHKEEPING FOR FISHING VESSEL PERSONNEL, [1995]

The Government of ..... certifies that Certificate No. ..... issued to ..... by or on behalf of the Government of ..... is duly recognized in accordance with the provisions of regulation I/7 of the above Convention, and the lawful holder is authorized to serve as specified below, subject to any limitations indicated until ..... or until the date of expiry of any extension of the validity of this endorsement as may be shown overleaf:

The lawful holder of this endorsement may serve in the following capacity or capacities specified in the safe manning requirements of the Administration:

CAPACITY	LIMITATIONS APPLYING (IF ANY)

Endorsement No..... issued on .....

(Official Seal) .....
Signature of duly authorized official
.....
Name of duly authorized official

Date of birth of the holder of the certificate .....
Signature of the holder of the certificate .....
Photograph of the holder of the certificate:

The validity of this endorsement is hereby extended until .....

(Official seal) .....
Signature of duly authorized official

Date of revalidation ....
Name of duly authorized official

The validity of this endorsement is hereby extended until .....

(Official seal) .....
Signature of duly authorized official

Date of revalidation ....
Name of duly authorized official

1038. Fyrirspurn [660. mál]

til landbúnaðarráðherra um verndun íslenskra búfjárkynja.

Frá Þuríði Backman.

1. Er unnið á vegum landbúnaðarráðuneytis að stefnumörkun varðandi verndun íslenskra búfjárkynja?
2. Telur ráðherra þörf á sérstökum aðgerðum á þessu sviði?

Skriflegt svar óskast.

1039. Fyrirspurn [661. mál]

til samgönguráðherra um öryggi vegfarenda á Norðfjarðarvegi.

Frá Þuríði Backman.

Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa, í samráði við Vegagerðina, til að auka öryggi vegfarenda á Norðfjarðarvegi:

a. gagnvart snjóflóðum, m.a. á Oddsdal úr Hátúni og úr Grænafelli innarlega í Reyðarfirði,
b. með vegriðum til varnar útafakstri við erfiðar aðstæður, svo sem af völdum hálku og þoku,
c. með jarðgöngum milli Norðfjarðar og Eskifjarðar?

1040. Fyrirspurn [662. mál]

til landbúnaðarráðherra um rannsóknaraðstöðu í Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

Frá Þuríði Backman.

1. Telur ráðherra að aðstaða fyrir rannsóknir á veirusjúkdómum, riðu og erfðabreyttum örverum samkvæmt P-2 staðli sé fullnægjandi í Tilraunastöðinni að Keldum?
2. Telur ráðherra að núverandi aðstaða á Keldum sé viðunandi ef grunur vaknar hér á landi um gin- og klaufaveikismit eða annan sambærilegan bráðsmitandi sjúkdóm í dýrum?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir bættu öryggi við rannsóknir á smitandi efni úr búfé og öðrum sýnum sem Tilraunastöðinni að Keldum er falið að sinna með því að koma upp aðstöðu samkvæmt P-3 staðli?

4. Mun ráðherra beita sér fyrir byggingu nýs húss fyrir þessar sérhæfðu rannsóknir á smitefnum?

Skriflegt svar óskast.

1041. Frumvarp til laga [663. mál]

um breyting á vatnalögum, nr. 15/1923.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Kolbrún Halldórsdóttir.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist eftirfarandi orðskýring í réttri stafrófsröð: *Vatnasvið:* Landsvæði sem vatn safnast af í sameiginlegan farveg.

2. gr.

Við 1. mgr. 50. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Flutningur vatnsfalls með meira meðaltalsársrennsli en 4 rúmmetra á sekúndu úr fornum farvegi og yfir á annað vatnasvið er þó aldrei heimill nema að fengnu sérstöku samþykki Alþingis; sama gildir um vatnsmiðlun skv. 1. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 69. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vatnalögin frá 1923 eru með merkari lagabálkum. Þrátt fyrir að vera tæplega átta áratuga gömul halda velflest ákvæði þeirra fullu gildi þó að annað hafi minna gildi við þær aðstæður sem nú ríkja, svo sem ákvæði um áveitur.

Höfundar laganna hafa verið vel meðvitaðir um mikilvægi þess að mannvirkjagerð, hvort sem heldur væri áveitur, stíflugerð eða vatnstaka til neyslu eða virkjana, raskaði ekki meiru í náttúrunni en óhjákvæmilegt væri. Á mörgum stöðum er vikið að því að hvers kyns breytingum og raski skuli haldið í lágmarki og vatnsfarvegum ekki breytt meira en óhjákvæmilegt sé. Almenna reglan er skýrt mótuð í 1. mgr. 7. gr. laganna þar sem segir: „Vötn öll skulu renna sem að fornu hafa runnið.“ Frávikin frá þeirri meginreglu laganna helgast svo af því sem nauðsynlegt er vegna nýtingar vatnsorku eða vatnsmiðlunar. Athyglisverð er sú áhersla sem á það er lögð í IV. kafla, um áveitur, að eins lítið sé hróflað við náttúrulegum eða fornum rennslisháttum vatnsfalla og mögulegt er, sbr. t.d. 1. mgr. 41. gr.

Tæplega hafa menn við setningu vatnalaganna 1923 gert sér í hugarlund að áform yrðu uppi um jafnstórfellda vatnaflutninga og nú eru á dagskrá ef ráðist verður í Kárahnjúkavirkjun eystra og til eru á teikniborði í frumhugmyndum um nokkrar fleiri stórvirkjanir.

Allmiklir vatnaflutningar hafa þegar átt sér stað á Þjórsársvæðinu og með Kvíslaveitum og tilraun var gerð til að snúa kvíslum úr Skjálfandafljóti við í Vonarskarði þannig að það vatn félli suður af heiðum en ekki norður. Frumvarpið gerir ráð fyrir þeirri einföldu breytingu að allir meiri háttar vatnaflutningar verðir háðir sérstöku samþykki Alþingis í hverju einstöku tilviki. Er tilgangurinn sá að jafnalvarleg breyting og það er í náttúrunni að flytja vatnsfall

milli vatnasviða fái ávallt sérstaka umfjöllun og skoðun og Alþingi sjálft taki um slíkt endanlega ákvörðun. Slíkt yrði að sjálfsögðu gert að undangengnu mati á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar og að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Rétt þykir að bæta inn í 1. gr. laganna einfaldri skilgreiningu á orðinu „vatnasvið“ þar sem efni frumvarpsins tekur til þess sérstaklega ef flytja á vatnsföll milli vatnasviða. Vatnasvið er það landsvæði sem vatn safnast saman af í sameiginlegan farveg af nokkru svæði þannig að um verða að ræða skýrt afmarkað vatnsfall. Ekki er með öðrum orðum átti við smákvíslar eða drög heldur meginfarveg sem safnar vatni af nokkru svæði. Á hinn bóginn er ekki gert að skilyrði að vatnsfall hafi sérstakan farveg allt til sjávar. Þverár hafa sín sjálfstæðu vatnasvið, sem aftur eru svo hluti af vatnasviði stærri vatnsfalla. Til að fyrirbyggja misskilning eru svo sett viðmiðunarmörk, sbr. 2. gr. frumvarpsins, þar sem miðað er við tiltekið meðaltalsársrennsli.

Lagt er til að flutningur vatnsfalls með meira meðaltalsársrennsli en 4 m^3/sek. meðaltalsársrennsli úr fornum farvegi og yfir á annað vatnasvið verði í öllum tilvikum háður sérstöku samþykki Alþingis. Frumvarpið tekur þannig til flutnings á vatnsföllum með svipað rennsli og Elliðaár í Reykjavík eða meira. Enginn slíkur flutningur í tengslum við virkjanir, sbr. V. kafla, eða vatnsmiðlun, sbr. VI. kafla, yrði heimill nema með sérstöku samþykki Alþingis og þá auðvitað að undangengnu mati á umhverfisáhrifum og að öðrum skilyrðum uppfylltum. Vatnaflutningarnir sem slíkir fengju því alltaf sérstaka skoðun og umfjöllun á Alþingi og þingið sjálft hefði síðasta orðið um hvort leyft yrði.

1042. Tillaga til þingsályktunar [664. mál]

um nýja námsbraut við Sjómannaskóla Íslands.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Árni R. Árnason, Guðjón Guðmundsson, Kristján Pálsson, Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra athugun á möguleikum þess að við Sjómannaskóla Íslands verði stofnað til viðbótarnáms (námskeiðs) er lýtur að störfum skipstjórnarmanna á skemmtiferðaskipum. Námið verði með alþjóðlegu sniði, kennsla fari fram á ensku en tímalengd og umfang námsins ráðist af þeim kröfum sem gerðar eru í dag til öryggis og rekstrar skemmtiferðaskipa.

Nám þetta verði viðbót við hefðbundið skipstjórnarnám (stýrimenn, vélstjórar) en miðist fyrst og fremst við umfangsmikinn rekstur skemmtiferðaskipa.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur hlutdeild skemmtiferðaskipa í ferðamannafjölda stóraukist. Talið er að aukning í þessari grein, miðað við farþegafjölda, hafi verið 8% að meðaltali sl. 15 ár. Nú eru 53 skemmtiferðaskip í pöntun hjá skipasmíðastöðvum víðs vegar um heiminn en smíði þeirra síðustu á að vera lokið árið 2003.

Hér er um að ræða viðbót við þann flota sem fyrir er.

Talið er að á næstu fimm árum þurfi u.þ.b. 100.000 nýja starfsmenn í áhafnir skemmtiferðaskipanna.

Mjög erfitt reynist að finna og fá skipstjóra, stýrimenn og vélstjóra frá Vestur-Evrópulöndum til starfa, m.a. vegna þess að ungt fólk er orðið fráhverfara sjómennsku en áður var og æ færri stunda nám í sjómannaskólum. Á hinn bóginn sækjast flest félög, sem reka skemmtiferðaskip, eftir evrópskum yfirmönnum, og er þess oft getið í kynningu og sölugögnum viðkomandi skips fyrir farþega að yfirmenn séu frá Evrópu og þykir það mjög traustvekjandi.

Til þess að gera störf yfirmanna eftirsóknarverðari hafa kjörin verið bætt, sem m.a. felst í því að tvær áhafnir yfirmanna eru tengdar hverju skipi. Stöður yfirmanna eru þá að sjálfsögðu fleiri og frítíminn meiri. Einnig þurfa útgerðir skemmtiferðaskipa skipstjórnarmenn til starfa í landi við margs konar stjórnunarstörf.

Útgerðarfyrirtæki hafa vissulega reynt að bregðast við þessum vanda, m.a. leitað eftir skipstjórnarmönnum frá gömlu Austur-Evrópu, en þá er vandinn málakunnátta. Önnur útgerðarfyrirtæki hafa snúið sér til menntamálayfirvalda í viðkomandi landi og hvatt til aukinnar áherslu á þær greinar sem áður voru nefndar. Önnur leggja mikla áherslu á innri starfsmenntunarmál og samvinnu við sjómannaskóla víða um heim. Fram hefur þó komið að ákveðna og skipulagða kennslu vantar á þessu sviði.

Flutningsmenn telja mikla möguleika felast í kennslu og fræðslu á þessu sviði hér á landi í ljósi þess hve umfangsmikil þessi grein ferðamála er orðin og fer ört vaxandi. Þessi vöxtur er hvatning fyrir Íslendinga, jafnt einstaklinga sem fyrirtæki, til frekari þátttöku í alþjóðasiglingum. Þá má benda á að með þessu námi mundi Sjómannaskólahúsið nýtast allt árið og einnig nýjar nemendaíbúðir við Sjómannaskólann ásamt íbúðum við Kennaraháskólann. Þá má ætla að nám erlendra manna hér á landi vegna reksturs skemmtiferðaskipa gæti, til langs tíma litið, leitt til þess að komum slíkra skipa til Íslands fjölgaði verulega.

1043. Frumvarp til laga [665. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. og 2. mgr. 6. gr. skal heimilt að framleiða án leyfis vín úr innlendum berjum, ávöxtum eða jurtum til eigin neyslu, sem í eru að rúmmáli minna en 15% af hreinum vínanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur frumvarps þessa er að gera þeim sem vilja og getu hafa til kleift að framleiða létt vín úr innlendum ávöxtum og jurtum og að þeir megi bera það fram án þess að slíkur heimilisiðnaður teljist lögbrot. Flutningsmaður telur að rétt sé að lagfæra áfengislögin þannig að framleiðsla léttvíns með tilgreindum hráefnum verði leyfð. Með því aukna frelsi sem hér er lagt til gæti innan fárra ára orðið til þekking við gerð matarvína sem kynni síðar að verða

sérislensk framleiðslu- og verslunarvara, t.d. vín úr hreinni náttúruafurð eins og íslenskum berjum.

1044. Frumvarp til laga [666. mál]

um breytingu á lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995, og lögum um eftirlaun alþingismanna, nr. 46/1965.

Flm.: Pétur H. Blöndal.

I. KAFLI
Breytingar á lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995.

1. gr.

4. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

7. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Alþingi greiðir sannanlegan kostnað við ferðir sem alþingismaður fer á vegum þingsins eða vegna starfs síns sem alþingismaður innan lands og til útlanda.

4. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 9. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Greiða skal 60% biðlaun þegar biðlaun skv. 1. mgr. falla niður. Þau skulu greidd í jafnlangan tíma og full biðlaun voru greidd.
b. 2. mgr., sem verður 3. mgr., orðast svo:
   Nú hefur alþingismaður sem nýtur biðlauna skv. 1. eða 2. mgr. tekjur af starfi og skulu þá biðlaunagreiðslur samkvæmt þessari grein falla niður ef tekjurnar sem starfinu fylgja eru jafnar eða hærri en biðlaunagreiðslur til hans. Ef tekjurnar af starfinu eru lægri skal greiða honum mismuninn.

6. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Þingfararkaup skal nema 450.000 kr. á mánuði.

Árlegt þingfararkaup alþingismanna skal ekki nema hærri fjárhæð en 5.400.000 kr. að frádregnum helmingi þeirra tekna skv. 7. gr. laga nr. 75/1981 sem þeir njóta í starfi við annað en þingmennsku eða ráðherradóm. Aldrei skal þingfararkaup þó vera lægra en 2.700.000 kr. á ári.

Forsætisnefnd Alþingis skal hækka eða lækka greiðslur skv. 1. og 2. mgr. til samræmis við almenna breytingu á dagvinnulaunum í landinu að mati Hagstofu Íslands.

Forsætisnefnd Alþingis skal fyrir mitt kjörtímabil kanna hvort ástæða sé til að hækka eða lækka þingfararkaup næsta kjörtímabils og flytja um það breytingartillögu tímanlega fyrir kosningar.

Forsætisnefnd Alþingis ákveður aðrar greiðslur samkvæmt lögum þessum og setur nánari reglur um þær. Upplýsa skal um allar greiðslur vegna einstakra alþingismanna.

7. gr.

16. gr. laganna fellur brott.

II. KAFLI
Breyting á lögum um eftirlaun alþingismanna, nr. 46/1965.

8. gr.

3. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Eftirlaunin skulu fylgja þingfararkaupi alþingismanns eins og það er á hverjum tíma og vera 75% þess hundraðshluta sem eftirlaunarétturinn skv. 1. mgr. segir til um.

9. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Alþingismaður, sem þess óskar, getur tryggt sig hjá viðurkenndum lífeyrissjóði án ábyrgðar ríkissjóðs. Forsætisnefnd Alþingis skal meta hvað hækka beri þingfararkaup almennt ef ekki fellur til ábyrgð ríkissjóðs eða aukaiðgjald og birta niðurstöðuna.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi á fyrsta degi næsta kjörtímabils.

Ákvæði til bráðabirgða.

Alþingismaður sem átt hefur sæti á Alþingi og tekur sæti á Alþingi að nýju að loknum alþingiskosningum getur óskað þess að njóta launakjara samkvæmt lögum nr. 88/1995 eins og þau voru fyrir gildistöku laga þessara. Skulu launakjör hans vera með þeim hætti út kjörtímabil hans. Slík ósk skal koma fram innan tveggja mánaða frá kosningum.

Greinargerð.

Frumvarp svipað þessu var lagt fram 13. október 1998 á 123. þingi en varð ekki útrætt enda var þá stutt í kosningar. Þar var lagt til að þingfararkaupið yrði 375 þús. kr. á mánuði og það átti að öðlast gildi í maí 1999 að loknum kosningum. Meginbreyting frá því frumvarpi er að hér er gert ráð fyrir að þingfararkaupið verði 450 þús. kr. á mánuði, þ.e. 20% hærra, en það endurspeglar almennar launabreytingar á tæpum þremur árum. Þá er sú breyting að lagt er til að forsætisnefnd Alþingis meti fyrir mitt kjörtímabil hvert skuli vera þingfararkaup alþingismanna fyrir næsta kjörtímabil. Þannig verði komist hjá þeim vandræðum að alþingismenn séu að skammta sér sín eigin laun því engin trygging er fyrir einstaka alþingismenn að þeir nái endurkjöri eins og rætt verður hér á eftir. Þá er enn fremur gert ráð fyrir að sérstök lífeyrisréttindi alþingismanna verði metin til launagreiðslna og þingfararkaupið hækkað sem því nemur.

Frá stofnun Alþingis ákváðu alþingismenn þingfararkaup sitt sjálfir en virtust ekki geta hækkað það nægilega mikið vegna stöðugs þrýstings frá vissum hópum manna, sem sjá of-

sjónum yfir þingfararkaupinu hvert sem það er. Sem lausn á þessum vanda ákvað Alþingi að fela Kjaradómi að annast þessi mál í trausti þess að þannig yrðu launin sanngjörn og eðlileg. Kjaradómur hefur gert tilraun til þess að bæta kjörin en ríkisstjórn og Alþingi hafa ítrekað séð sig knúin til að ómerkja þá hækkun nema þá síðustu þegar Kjaradómur úrskurðaði um 30% hækkun þingfararkaups daginn eftir kosningar. Var sá dómur mjög gagnrýndur, enda ef til vill ekki eðlilegt að ákveða kjör fólks eftir að það hefur sótt um og fengið stöðu. Einhverjir kynnu að hafa boðið fram krafta sína ef þeir hefðu vitað að kjörin yrðu stórbætt. Þessu verður að breyta. Alþingi má heldur ekki láta kjör alþingismanna verða svo léleg að þau séu ekki á nokkurn hátt eftirsóknarverð fyrir hæfileikafólk.

Ríkisvaldinu er þrískipt í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Þessi skipting er til verndar borgurunum, einstaklingunum, gegn ofurvaldi ríkisins. Þó að þessi skipting sé engan veginn nægilega skýr er þó fullur vilji til að stuðla að henni. Það fær ekki staðist þessa skiptingu að löggjafarvaldið feli dómsvaldinu jafnveigamikla ákvörðun.

Laun alþingismanna eru ætíð mikið til umræðu. Fáar launagreiðslur eru eins mikið í sviðsljósinu og hefur oft verið haldið á lofti að alþingismenn skammti sér laun jafnvel þó að Kjaradómur skeri úr um þingfararkaupið. Enn fremur eru lífseigar þær ranghugmyndir að alþingismenn fái alls kyns aukagreiðslur fyrir setu í nefndum þingsins og störf fyrir það erlendis. Reyndar fá varaforsetar Alþingis og formenn þingnefnda 15% álag á þingfararkaupið en að öðru leyti er ekki greitt fyrir nefndastörf þingsins eða störf erlendis sérstaklega.

Þegar fólk sem starfar t.d. við stjórnun í atvinnulífinu eða hjá hinu opinbera er spurt hvort það vilji gefa kost á sér til starfa á Alþingi fást oft þau svör að það hafi ekki efni á því að fara á þing, það lækki í launum. Svo getur fallið til mikill kostnaður við prófkjör sem hleypur jafnvel á milljónum. Hugsanlega nær fólk svo ekki kjöri. Starfið er mikið í sviðsljósinu sem oft er nokkuð óvægið. Svo hugsa margir til þess hvað taki við þegar þeir hætta á þingi. Fyrirtæki hafa ekki verið áfjáð í að ráða fyrrverandi alþingismenn til starfa. Spyrja má þeirrar spurningar hvort þjóðin hafi efni á að greiða hásetum á þessari skútu svo illa að hún verði ekki toppmönnuð. Þingfararkaupið sem hér er lagt til, 450 þús. kr. á mánuði, er að mati flutningsmanns almenn laun fyrir efri millistjórnendur í atvinnulífinu.

Það getur verið mjög skaðlegt fyrir þjóðina ef þessi hópur fólks gefur ekki kost á sér til setu á Alþingi, sérstaklega með hliðsjón af því hvað öll löggjöf er orðin flókin og gerir miklar kröfur til þekkingar á þjóðfélaginu og atvinnulífinu sérstaklega og yfirsýnar yfir það. Þess vegna er hér lagt til að hækka þingfararkaupið nokkuð og bæta biðlaunarétt þeirra alþingismanna sem ekki fá vinnu strax þegar þeir falla af þingi.

Komið hefur fram að forsætisráðherra landsins, sem jafnframt er alþingismaður, er með allt að helmingi lægri tekjur en margir forstjórar ríkisfyrirtækja og æðstu embættismenn. Slík staða er illskiljanleg.

Þingfararkaupið er núna um 304 þús. kr. á mánuði. Ekki er greiddur þrettándi mánuðurinn. Hækkunin verður því 49% fyrir þá alþingismenn sem ekki sinna öðrum störfum jafnframt þingmennsku. Hækkunin verður minni hjá þeim alþingismönnum sem stunda aðra launaða vinnu jafnframt þingstörfum og einnig hjá þeim alþingismönnum sem ekki hafa haft þann kostnað sem fastar greiðslur, 31 þús. kr. bifreiðastyrkur og 40 þús. kr. föst kostnaðargreiðsla, eiga að standa undir. Reyndar hafa ekki allir alþingismenn tekið við föstu 40 þús. kr. kostnaðargreiðslunni. Hækkunin verður að sjálfsögðu engin hjá þeim alþingismönnum sem falla af þingi.

Nokkuð er um fastar greiðslur til að mæta kostnaði. Það er eflaust mjög misjafnt eftir því hvernig alþingismenn kjósa að starfa hvernig þessar greiðslur koma út fyrir einstaka alþingismenn. Sumir hafa ekki þennan kostnað, aðrir miklu meiri. Auk bifreiðastyrksins og föstu

kostnaðargreiðslunnar eru dagpeningagreiðslur vegna ferða til útlanda nokkuð ríflegar eða 80% af dagpeningum opinberra starfsmanna og hótelgisting er greidd. Þessar föstu greiðslur má eflaust meta til launaauka í mörgum tilfellum. Svo er gerð tilraun til að bæta alþingismönnum utan af landi kostnað við rekstur tveggja heimila. Auk þess eru greidd afnot af heimilissíma og Alþingi sér alþingismönnum fyrir heimilistölvu.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að hverfa frá föstum greiðslum en taka upp greiðslu sannanlegs kostnaðar. Þess vegna verður launahækkunin ekki eins mikil og virðist við fyrstu sýn. Þá er gert ráð fyrir að upplýsa eigi um kostnaðargreiðslur til einstakra alþingismanna og mætti vel hugsa sér að þær yrðu birtar á netinu.

Ekki er ætlunin að taka heilsteypt á lífeyrismálum alþingismanna en lífeyrisréttur þeirra tekur óverulegum breytingum. Þannig lækkar rétturinn um 25% í samræmi við hækkað þingfararkaup og helst því sem næst óbreyttur. Sjálfsagt er að sú þingnefnd sem fær málið til afgreiðslu hugi að því að alþingismenn njóti almennra lífeyriskjara og núverandi kjör verði metin til launa. Gert er ráð fyrir að forsætisnefnd Alþingis hafi forgöngu um að meta aukinn lífeyrisrétt alþingismanna til launa og að einstakir alþingismenn geti valið að hafa almenn lífeyrisréttindi eins og þorri kjósenda þeirra gegn tilsvarandi hækkun launa.

Þessi breyting gerir launakjör alþingismanna gagnsærri en því hefur verið haldið fram að launamisrétti sem viðgengst allt of víða og fer vaxandi frekar en hitt sé falið með ógagnsæjum launakjörum. Sumir fái alls konar aukagreiðslur en aðrir ekki. Breytingin er því liður í því að auka jafnrétti fólks.

Þessari breytingu er ætlað að taka gildi eftir næstu kosningar og enn eru ekki hafin nein prófkjör né byrjað að stilla upp listum. Því fólki sem finnst þetta há og eftirsóknarverð laun er því í lófa lagið að sækjast eftir kjöri til Alþingis og ber að fagna því ef mikið og aukið mannval býður sig fram þjóðinni til heilla. Þeir alþingismenn sem styðja þetta frumvarp eru því ekki að skara eld að sinni köku heldur safna glóðum elds að höfði sér því að samkeppni um þingsætin mun væntanlega stóraukast.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 4. gr. núgildandi laga njóta opinberir starfsmenn þeirra forréttinda umfram fólk á almennum vinnumarkaði að halda starfinu í allt að fimm ár og hafa forgang að sambærilegri stöðu hjá hinu opinbera í allt að fimm ár í viðbót þegar þeir taka að sér þingmennsku. Þetta leiðir óhjákvæmilega til þess að það er minni áhætta fyrir opinbera starfsmenn að taka að sér þingmennsku og veldur því að það eru frekar opinberir starfsmenn sem sækjast eftir þingmennsku. Það er mjög bagalegt því að allar stéttir þurfa að eiga fulltrúa á Alþingi og mikið vægi opinberra starfsmanna á þingi kann að skekkja afstöðu þess til ríkisrekstrar, sveitarfélaga og borgaranna.

Í stað þessara forréttinda opinberra starfsmanna er lögð til lenging á biðlaunum til þeirra alþingismanna sem verða atvinnulausir, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt lauslegri könnun skrifstofu Alþingis mun um helmingur alþingismanna hafa verið opinberir starfsmenn áður en þeir tóku við þingmennsku. Hins vegar eru um 20% kjósenda opinberir starfsmenn.

Um 2.–4. gr.

Hér er lagt til að reglur um endurgreiðslu kostnaðar við ferðir innan lands og til útlanda lúti samræmdum reglum sem settar verði af forsætisnefnd skv. 14. gr. laganna, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Endurgreiðslur skulu vera í samræmi við sannanlegan kostnað en horfið er frá

föstum greiðslum sem sætt hafa nokkurri gagnrýni. Sama á við um endurgreiðslu almenns starfskostnaðar, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Þessar breytingar hafa einnig í för með sér að dagpeningar falla niður sem föst greiðsla en þess í stað verði greitt samkvæmt reikningum. Þó verður að gera ráð fyrir að smærri greiðslur, eins og fyrir leigubíla, hóflegan mat o.s.frv., þurfi ekki að sanna með reikningum, enda er óeðlilegt að reikna alltaf með að fólk svindli. Núverandi fyrirkomulag dagpeninga er allt of rúmt og er í reynd tekjuauki fyrir þá alþingismenn sem fara í ferðir.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir að bæta biðlaunarétt þeirra alþingismanna sem eiga í erfiðleikum með að fá vinnu þegar þeir falla út af þingi í samræmi við það sem rætt er um í almennri greinargerð. Alþingismönnum er núna tryggt fullt þingfararkaup í þrjá eða sex mánuði, ef þeir hafa verið á þingi í meira en tvö kjörtímabil. Hér er gert ráð fyrir að þeir haldi þessum rétti eða 450 þús. kr. á mánuði. Eftir það eru þeim tryggð 60% af þingfararkaupi í jafnlangan tíma eða 270 þús. kr. á mánuði. Laun fyrir önnur störf koma að fullu til frádráttar eins og verið hefur.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir að þingfararkaup verði ákveðið með lögum í stað þess að Kjaradómur ákvarði það. Alltaf hefur verið viðkvæmt hver geti ákvarðað þingfararkaup og sú ákvörðun hefur ætíð verið umdeild. Vegna þrískiptingar ríkisvaldsins er mjög vafasamt að dómur ákvarði laun löggjafarvaldsins. Hins vegar eru alþingismenn í vanda þegar kemur að því að ákvarða eigin laun. Þessi vandi er leystur í þessu frumvarpi með því að fráfarandi þing ákvarðar tímanlega laun þess þings sem verður kosið í næstu kosningum. Þó að eflaust verði einhverjir núverandi alþingismenn endurkjörnir er ekki á vísan að róa í því sambandi. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þingfararkaupið verði 450.000 kr. á mánuði eða 5,4 millj. kr. á ári og er þá tekið mið af launum efri millistjórnenda í atvinnulífinu og hjá hinu opinbera.

Gert er ráð fyrir að 50% af launum alþingismanna sem þeir fá fyrir störf utan Alþingis skerði þingfararkaupið en það verði þó aldrei lægra en helmingur óskerts þingfararkaups. Hér er tekið mið af því að þingmennskan er orðin svo umfangsmikil að annað hvort starfið hljóti að líða fyrir hitt nema bæði snúi að sama verki. Því er í öllum tilfellum eðlilegt að skerða þingfararkaupið um allt að helming og er þetta nýmæli.

Gert er ráð fyrir að forsætisnefnd Alþingis hafi þröngar heimildir til að hækka eða lækka þingfararkaupið ef almennar launabreytingar verða að mati Hagstofu Íslands. Þá skal forsætisnefnd Alþingis jafnframt fyrir mitt kjörtímabil taka ákvörðun um þingfararkaup næsta þings ef henni sýnist ástæða til að breyta því og er þetta nýmæli.

Óbreytt er ákvæði um að forsætisnefnd Alþingis ákveði aðrar greiðslur samkvæmt lögunum og setji nánari reglur um þær. Nýmæli er að upplýsa beri um allar greiðslur og mætti gera það á netinu. Það er í samræmi við vaxandi kröfur um upplýsingar, eyðir tortryggni og eykur aðhald.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að felld verði brott sérstök heimild til að greiðsla þingfararkostnaðar sé framtalsskyld en ekki skattskyld. Rétt er að alþingismenn falli undir skattalögin eins og aðrir borgarar.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að breyta grundvelli lífeyrisgreiðslna núverandi og fyrrverandi alþingismanna þannig að lífeyrisréttur taki ekki sömu hækkunum og þingfararkaupið heldur verði grundvöllur lífeyrisgreiðslna skertur um 25%. Lífeyrir miðast við 75% af 450 þús. kr. á mán-

uði eða 338 þús. kr. á mánuði en hefur miðast við 303 þús. kr. á mánuði. Hann hækkar því ekki eins og þingfararkaupið eða um 11%. Mikil skerðing verður á lífeyri vegna framtíðariðgjalda miðað við hækkuð laun og kann að vera að 10% iðgjaldið gefi tilefni til betri lífeyrisréttar. Það þyrfti að skoða í nefnd.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að forsætisnefnd Alþingis meti hvað lífeyrisréttur alþingismanna kosti almennt sem hlutfall af launum umfram það 10% iðgjald sem greitt er að jafnaði til almennra lífeyrissjóða. Heimilt verði að hækka þingfararkaup alþingismanns, sem þess óskar, og greiða iðgjald vegna hans til almenns lífeyrissjóðs sem ekki nýtur ábyrgðar ríkissjóðs. Þannig mundi ríkissjóður greiða beint til alþingismannsins þá ábyrgð eða aukaiðgjald sem hann greiðir vegna flestra starfsmanna sinna.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að lögin taki gildi þegar eftir næstu kosningar á fyrsta degi nýs kjörtímabils.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

1045. Frumvarp til laga [667. mál]

um breyting á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

4. málsl. 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Skólanefnd gerir tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólastarfi.

2. gr.

1. málsl. 1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Skólastjóri er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir honum faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn.

3. gr.

2. mgr. 24. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

1. mgr. 26. gr. laganna orðast svo:

Starfstími nemenda í grunnskóla skal á hverju skólaári vera að lágmarki níu mánuðir. Kennsludagar skulu ekki vera færri en 170.

5. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

Í grunnskóla skal miðað við að jólaleyfi nemenda sé frá og með 21. desember til og með 3. janúar og páskaleyfi frá pálmasunnudegi til og með þriðjudegi eftir páska. Heimilt er að

víkja frá þessu ákvæði í skólanámskrá, enda sé þess gætt að hvíldartími nemenda sé ekki skertur á skólaárinu.

6. gr.

2. mgr. 36. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að veita þessum nemendum undanþágu frá því að þreyta samræmt próf í íslensku í 4. og 7. bekk. Jafnframt er heimilt að veita nemendum með annað móðurmál en íslensku undanþágu frá því að þreyta samræmt próf í stærðfræði í 4. og 7. bekk hafi þeir dvalið skemur á landinu en eitt ár.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagðar til breytingar á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum. Óskaði Samband íslenskra sveitarfélaga eftir því við menntamálaráðherra með bréfi, dags. 14. og 29. mars 2001, að hann beitti sér fyrir breytingu á grunnskólalögunum í samræmi við sameiginlegar tillögur launanefndar sveitarfélaga, Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands, dags. 13. mars 2001, í tengslum við nýgerðan kjarasamning sveitarfélaganna og Kennarasambands Íslands.

Helstu nýmæli þessa frumvarps eru eftirfarandi:

1. Ákvæði er lúta að umboði skólastjóra og ábyrgð gagnvart sveitarstjórn á starfsemi grunnskóla eru gerð skýrari.
2. Í stað afdráttarlauss ákvæðis um að starfstími grunnskóla sé níu mánuðir á ári verði kveðið á um níu mánaða lágmarksstarfstíma nemenda á hverju skólaári.
3. Heimilað verði að víkja frá ákvæðum um lögbundnar dagsetningar jóla- og páskaleyfa nemenda sem eru frá og með 21. desember til og með 3. janúar og páskaleyfi frá pálmasunnudegi til og með þriðjudegi eftir páska. Ef vikið verður frá þessum dagsetningum ber að kveða á um slíkt í skólanámskrá og er við slík frávik ekki heimilt að skerða lögboðinn hvíldartíma nemenda á skólaárinu.
4. Heimilað verði að veita nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku undanþágu frá því að þreyta samræmt próf í íslensku í 4. og 7. bekk og undanþágu frá því að þreyta samræmt próf í stærðfræði í 4. og 7. bekk hafi þeir dvalið skemur á landinu en eitt ár. Samkvæmt núgildandi lögum er einungis heimilt að veita nemendum með annað tungumál en íslensku undanþágu frá því að þreyta samræmt lokapróf í íslensku, en þau próf eru nú orðin valfrjáls og er því núgildandi undanþáguheimild vegna samræmdra lokaprófa í íslensku óþörf.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með breytingu þessari er lagt til að tvímæli um rétt skólanefndar að gera tillögur til skólastjóra eða eftir atvikum sveitarstjórnar um úrbætur í skólastarfi. Er þessi breyting í samræmi við ósk Sambands íslenskra sveitarfélaga, launanefndar sveitarfélaga, Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að tekin verði af tvímæli um ábyrgð sveitarstjórnar á starfseminni og að staða og umboð skólastjóra verði skilgreint með skýrum hætti. Er þessi breyting í samræmi

við ósk Sambands íslenskra sveitarfélaga, launanefndar sveitarfélaga, Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að heimildarákvæði fyrir skólastjóra til þess að fela kennara árgangastjórn, fagstjórn og leiðsögn nýliða falli brott. Telur Samband íslenskra sveitarfélaga að forsendur fyrir þessu lagaákvæði séu brostnar með nýjum kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands og að óeðlilegt sé að þessum málum sé skipað með lögum.

Við yfirfærslu reksturs grunnskólans til sveitarfélaganna var miðað við að sveitarfélög héldu a.m.k. uppi svipuðu umfangi þessara starfa og verið hafði fyrir yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga. Hefur Samband íslenskra sveitarfélaga staðfest að í nýgerðum kjarasamningi aðila sé tryggt að þessum störfum verði sinnt svo sem verið hefur. Árganga- og fagstjórn sé hluti af verkstjórnartíma skólastjóra og leiðsögn nýliða sé hluti af faglegum störfum kennara. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur verið upplýst að í fyrirhugaðri „Handbók" sem samningsaðilar hyggjast gefa út standi: „Nauðsynlegt er að styðja sérstaklega nýja kennara í starfi. Það er skylda skólans að taka vel á móti nýjum kennurum og setja þá inn í starfið. Mikilvægt er því að skólar komi sér upp skipulögðu kerfi við móttöku nýliða. Nýliðum skal tryggð leiðsögn hjá reyndum kennara."

Um 4. gr.

Breyting sú sem Samband íslenskra sveitarfélaga leggur til að gerð verði á 1. mgr. 26. gr. grunnskólalaga felur það í sér að í stað orðalags greinarinnar um að starfstími grunnskóla skuli vera níu mánuðir verði kveðið á um níu mánaða lágmarksstarfstíma nemenda í grunnskólum. Þessi breyting á 1. mgr. 26. gr. felur ekki í sér breytingu á lágmarksréttindum nemenda til kennslu, þ.e. að kennsludagar skuli eigi vera færri en 170, og lágmarkskennslustundafjölda nemenda á viku sem hver nemandi á rétt á í einstökum námsgreinum skv. 27. gr. grunnskólalaganna.

Í greinargerð launanefndar sveitarfélaga, Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands með tillögum um breyting á 1. mgr. 26. gr. grunnskólalaga segir: „Launanefnd sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands hafa með kjarasamningi ákveðið að skóladagar nemenda skuli vera 180 dagar. Sveitarfélögin hafa með þessum kjarasamningi sett markið hærra en lögin gera ráð fyrir en orðalag lagagreinarinar á ekki að hindra þá eflingu skólastafs sem launanefnd sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands hafa komið sér saman um." Þá segir enn fremur í greinargerðinni: „Skóladögum verði fjölgað um tíu og 180 skóladagar nemenda skulu rúmast á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Tilgangurinn með fleiri skóladögum er fyrst og fremst sá að auka fjölbreytni skólastarfsins, t.d. til að fylgja eftir nýrri aðalnámskrá, en líka til að gefa skólum tækifæri til að laga skólastarfið enn frekar að þörfum skólasamfélagsins og síbreytilegum og auknum kröfum þess þjóðfélags sem við lifum í. Einnig er þörf á að fjölga skóladögunum vegna þess að 170 lögbundnir dagar rúma ekki þá starfsemi sem skólarnir bjóða uppá." Óskaði menntamálaráðuneytið eftir nánari greinargerð um þessa lengingu skólaársins: „Í bréfi ráðuneytisins dags. 27. mars sl. er spurst fyrir um hvernig þeir 10 viðbótarskóladagar sem kjarasamningurinn kveður á um geti verið notaðir. Samningsaðilar hafa sameiginlega svarað opinberlega fyrirspurn sama efnis með eftirfarandi hætti: „10 viðbótardagar eru skóladagar nemenda, sem eiga að nýtast til að auka fjölbreytni skólastarfs. Þeir eru þó ekki endilega bundnir við hefðbundna kennslu heldur getur skólinn ákveðið í skóladagatali að þeir verði notaðir t.d. undir jólatrésskemmtun, foreldraviðtöl eða annað óhefðbundið skólastarf ef sveitarstjórnin samþykkir þá tilhögun með staðfestingu á skóladagatali.""

Um 5. gr.

Hér er lagt til að heimild verði að víkja frá ákvæðum um lögbundnar dagsetningar jóla- og páskaleyfa nemenda sem eru frá og með 21. desember til og með 3. janúar og frá pálmasunnudegi til og með þriðjudegi eftir páska. Verði kveðið á um slíkt í skólanámskrá og hvíldartími nemenda á skólaárinu ekki skertur. Er þessi tillaga að breytingu í samræmi við óskir Sambands íslenskra sveitarfélaga en um þetta efni segir í bréfi sambandsins, dags. 29. mars 2001: „Með nýjum kjarasamningi er frelsi skóla til að hagræða skólastarfi aukið verulega. Skóli getur hafist 20. ágúst og staðið til 10. maí. Skóladagar verða þó aldrei fleiri en 180 á hverju skólaári. Skólum er með þessu skipulagi gefinn kostur á að taka upp vetrarfrí eins og tíðkast í nálægum löndum. Vegna aukins sveigjanleika í skólastarfi er talið æskilegt að geta vikið frá lögbundnu upphafi og lokum jóla- og páskafría. Þegar t.d. 21. desember ber upp á föstudag getur verið hagkvæmt í starfi skólans að ljúka fullri vinnuviku nemenda án þess þó að skólaárið sé lengt. Ákvörðun um slíka breytingu verður að koma fram á skóladagatali sem fjallað er um af kennurum skólans, það borið undir foreldraráð og að lokum staðfest af skólanefnd í umboði sveitarstjórnar."

Í hverjum skóla skal árlega gefa út skólanámskrá sem unnin er af kennurum skólans og er skólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar, sbr. 31. gr. grunnskólalaga. Skólanámskrá ber að leggja fyrir skólanefnd og foreldraráð til umsagnar ár hvert. Skólanámskrá er starfsáætlun skóla, þar sem m.a. er gerð grein fyrir skólatíma, skóladagatali, kennsluskipan, markmiðum og inntaki náms, námsmati, mati á skólastarfi, slysavörnum, félagslífi í skólanum og öðru því sem varðar starfsemi skólans.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að heimilað verði að veita nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku undanþágu frá því að þreyta samræmt próf í íslensku í 4. og 7. bekk og undanþágu frá því að þreyta samræmt próf í stærðfræði í 4. og 7. bekk hafi þeir dvalið skemur á landinu en eitt ár. Samkvæmt núgildandi lögum er einungis heimilt að veita nemendum með annað tungumál en íslensku undanþágu frá því að þreyta samræmt lokapróf í íslensku. Samræmd lokapróf úr grunnskóla eru nú orðin valfrjáls og er því núgildandi undanþáguheimild vegna lokaprófa í íslensku óþörf.

Reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að fyrir hendi sé heimild í lögum til þess að veita nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku undanþágu frá samræmdum prófum í 4. og 7. bekk. hafi þeir dvalið skemur á landinu en eitt ár.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á ákvæðum er lúta að stjórnun grunnskóla, starfstíma þeirra og samræmdum prófum sem lögð eru fyrir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku.

Sveitarfélög kosta rekstur grunnskóla en ríkið útgáfu námsbóka vegna kennslu samkvæmt aðalnámskrá ásamt gerð og yfirferð samræmdra prófa. Að mati fjármálaráðuneytisins felur

frumvarpið ekki í sér breytingu á útgjöldum ríkisins og að mati Sambands íslenskra sveitarfélaga leiðir það ekki til aukins kostnaðar.

1046. Frumvarp til kvikmyndalaga. [668. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI
Markmið og yfirstjórn.

1. gr.

Markmið laga þessara er að efla kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu á Íslandi.

Kvikmynd merkir í lögum þessum hvers kyns hreyfimyndaefni án tillits til þess með hvers konar tækni eða aðferðum það er framleitt.

Íslensk kvikmynd í skilningi laga þessara er kvikmynd sem unnin er og kostuð af íslenskum aðilum eða er samstarfsverkefni íslenskra og erlendra aðila.

2. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn kvikmyndamála samkvæmt lögum þessum.

Kvikmyndaráð veitir stjórnvöldum ráðgjöf um kvikmyndamálefni og gerir tillögur til menntamálaráðherra um stefnu og markmið opinberra aðgerða á sviði kvikmyndalistar.

Menntamálaráðherra skipar sjö fulltrúa í kvikmyndaráð til þriggja ára í senn, formann og varaformann án tilnefningar, en hina fimm samkvæmt tilnefningum eftirtalinna aðila: Félags kvikmyndagerðarmanna, Framleiðendafélagsins – SÍK, Samtaka kvikmyndaleikstjóra, Félags kvikmyndahúsaeigenda og Bandalags íslenskra listamanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í kvikmyndaráð oftar en tvisvar samfleytt.

II. KAFLI
Kvikmyndamiðstöð Íslands.

3. gr.

Verkefni Kvikmyndamiðstöðvar Íslands eru að:

1. Styrkja framleiðslu og dreifingu íslenskra kvikmynda.
2. Stuðla að kynningu, útbreiðslu og sölu á íslenskum kvikmyndum hér á landi og erlendis og afla upplýsinga um íslenskar kvikmyndir og gefa þær út.
3. Efla kvikmyndamenningu á Íslandi.
4. Stuðla að auknum samskiptum við erlenda aðila á sviði kvikmyndamála.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Kvikmyndamiðstöðvar Íslands til fimm ára í senn, að fenginni umsögn kvikmyndaráðs. Forstöðumaðurinn skal hafa staðgóða þekkingu á kvikmyndamálum og íslenskri menningu almennt.

Forstöðumaðurinn fer með yfirstjórn Kvikmyndamiðstöðvar, er í fyrirsvari fyrir hana út á við, ber ábyrgð á rekstri hennar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Jafnframt annast forstöðumaðurinn ráðningar annarra starfsmanna Kvikmyndamiðstöðvarinnar.

5. gr.

Tekjur Kvikmyndamiðstöðvar Íslands eru árlegt framlag í fjárlögum, vaxtatekjur og aðrar tekjur. Fjárveitingar til Kvikmyndasjóðs skulu sérgreindar í fjárlögum hverju sinni. Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingar á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar Kvikmyndamiðstöðvarinnar til þriggja ára.

6. gr.

Kvikmyndasjóður starfar á vegum Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Hlutverk Kvikmyndasjóðs er að efla íslenska kvikmyndagerð með fjárhagslegum stuðningi.

Kvikmynd, sem styrkt er af Kvikmyndamiðstöð Íslands, skal hafa íslenska menningarlega skírskotun nema sérstök menningarleg rök leiði til annars.

7. gr.

Forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands tekur ákvörðun um veitingu fjárstuðnings úr Kvikmyndasjóði til undirbúnings, framleiðslu og/eða dreifingar íslenskra kvikmynda, hvort heldur er með styrkjum, lánum eða veitingu tímabundinna vilyrða um stuðning, svo sem kveðið er á um í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fenginni umsögn kvikmyndaráðs. Í reglugerðinni skulu sett ákvæði m.a. um undirbúning úthlutunar og greiðslur úr Kvikmyndasjóði. Þar skal enn fremur kveðið á um meginskiptingu fjárveitinga Kvikmyndasjóðs milli einstakra greina kvikmyndagerðar, skilyrði fyrir framlögum úr sjóðnum og veitingu vilyrða fyrir stuðningi, svo og um tilhögun mats á umsóknum, störfum úthlutunarnefnda og kvikmyndaráðgjafa.

III. KAFLI
Kvikmyndasafn Íslands.

8. gr.

Hlutverk Kvikmyndasafns Íslands er að:

1. Safna, skrásetja og varðveita íslenskar kvikmyndir, samvinnuverkefni íslenskra og erlendra aðila og erlendar kvikmyndir sem teknar hafa verið á Íslandi, þ.m.t. að varðveita skilaskylt efni samkvæmt lögum um skilaskyldu til safna.
2. Hafa eftirlit með skylduskilum kvikmyndaefnis samkvæmt lögum um skilaskyldu til safna.
3. Standa fyrir sýningum á innlendri og erlendri kvikmyndalist.
4. Sjá um viðhald og endurgerðir á kvikmyndum safnsins.
5. Skapa fræðimönnum og fagmönnum aðstöðu til að stunda kvikmyndafræðilegar rannsóknir.
6. Efla kvikmyndamenningu á Íslandi.

9. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Kvikmyndasafns Íslands til fimm ára í senn. Forstöðumaðurinn skal hafa staðgóða þekkingu á kvikmyndamálum og íslenskri menningarsögu.

10. gr.

Framleiðendum kvikmynda sem hlotið hafa styrk úr Kvikmyndasjóði er skylt innan sjö ára frá frumsýningardegi að afhenda Kvikmyndasafni tvö eintök kvikmyndar og skal annað eintakið vera frumeintak eða ígildi þess, sem og annað efni er varðar kvikmyndina og varðveislugildi hefur. Nánar skal kveðið á um framkvæmd skila í reglugerð.

11. gr.

Tekjur Kvikmyndasafns Íslands eru árlegt framlag í fjárlögum, vaxtatekjur og aðrar tekjur. Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingar á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar Kvikmyndasafnsins til þriggja ára.

Kvikmyndasafni Íslands er heimilt að taka gjald fyrir eftirtalda þætti þjónustunnar: Útlán á kvikmyndum, kvikmyndasýningar, sérvinnslu skráa og úttak tölvugagna, sérfræðilega heimildaþjónustu og hvers konar afritun og fjölföldun, til þess að standa straum af launum og efniskostnaði vegna þessara þátta. Gjaldskrá vegna þessarar þjónustu skal háð samþykki menntamálaráðherra.

Kvikmyndasafn Íslands skal afla fullnægjandi heimilda rétthafa samkvæmt höfundalögum svo að markmið starfsemi Kvikmyndasafns nái fram að ganga.

IV. KAFLI
Önnur ákvæði.

12. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að skipa markaðsnefnd kvikmynda til þriggja ára í senn er í sitji fulltrúar samkvæmt tilnefningum frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, stjórn Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, utanríkisráðuneyti og Útflutningsráði. Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Hlutverk nefndarinnar er að veita innlendum og erlendum aðilum þjónustu er varðar gerð kvikmynda á Íslandi. Nefndinni er heimilt að kynna Ísland sem vettvang kvikmyndagerðar.

Menntamálaráðherra setur nefndinni erindisbréf. Menntamálaráðherra er heimilt að fela Kvikmyndamiðstöð Íslands rekstur markaðsnefndarinnar með sérstökum samningi.

13. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu vera komin að fullu til framkvæmda 1. október 2001. Um leið falla úr gildi lög um kvikmyndamál, nr. 94/1984, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kvikmyndamiðstöð Íslands og Kvikmyndasafn Íslands taka við tekjum og eignum Kvikmyndasjóðs Íslands. Kvikmyndamiðstöð tekur við réttindum og skyldum Kvikmyndasjóðs gagnvart viðskiptavinum hans í samræmi við ákvæði laga þessara.

Umboð núverandi stjórnar Kvikmyndasjóðs Íslands fellur niður frá gildistöku laga þessara.

Framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs Íslands er forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands þar til nýr forstöðumaður hefur verið skipaður samkvæmt ákvæðum 4. gr., þó eigi lengur en til 1. september 2001. Staða framkvæmdastjóra Kvikmyndasjóðs Íslands skal lögð niður frá og með þeim tíma er hann lætur af störfum.

Núverandi safnstjóri Kvikmyndasafns Íslands gegnir störfum forstöðumanns Kvikmyndasafns Íslands þar til skipað hefur verið í embætti forstöðumanns að undangenginni auglýsingu.

Lokið skal við að skipa í kvikmyndaráð skv. 2. gr. laga þessara fyrir 1. júlí 2001.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum menntamálaráðuneytisins og hefur við gerð þess verið haft samráð við framkvæmdastjóra og stjórn Kvikmyndasjóðs Íslands og félög kvikmyndagerðar á Íslandi.

Nýjum kvikmyndalögum er samkvæmt frumvarpinu ætlað að leysa af hólmi núgildandi lög um kvikmyndamál, nr. 94/1984, með síðari breytingum. Eitt meginmarkmið frumvarpsins er að skýra stjórnsýslulega framkvæmd af hálfu opinberra aðila til eflingar íslenskri kvikmyndamenningu.

Helstu breytingar og nýmæli sem í frumvarpinu felast frá núgildandi löggjöf eru þessi:

1. Með frumvarpi þessu er lagt til að tvær stofnanir sinni þeim verkefnum er nú heyra undir Kvikmyndasjóð Íslands. Lagt er til að stofnuð verði Kvikmyndamiðstöð Íslands annars vegar er hafi með höndum verkefni sambærileg þeim er Kvikmyndasjóður Íslands hefur sinnt fyrir utan rekstur Kvikmyndasafns Íslands. – Starfsemi Kvikmyndasjóðs hefur aukist mjög á undanförnum árum og þykir heitið Kvikmyndamiðstöð Íslands lýsa betur margþættu hlutverki opinberra aðila varðandi stuðning við framleiðslu og dreifingu á íslenskum kvikmyndum. Nafnið Kvikmyndasjóður verður notað áfram um úthlutunarsjóð er starfar á vegum Kvikmyndamiðstöðvar til framleiðslu eða dreifingar íslenskra kvikmynda. Kvikmyndasafn Íslands sem nú heyrir undir Kvikmyndasjóð verði sjálfstæð stofnun.
2. Lagt er til að sett verði á laggirnar kvikmyndaráð opinberum aðilum til ráðgjafar um aðgerðir í kvikmyndamálum. Ráðið taki ekki ákvarðanir um stjórnsýsluleg eða fjárhagsleg málefni, enda eru þau á ábyrgð forstöðumanna Kvikmyndamiðstöðvar og Kvikmyndasafns á verksviði hvors um sig.
3. Breytt er ákvæðum um fyrirkomulag úthlutunar framlaga til kvikmyndagerðar. Forstöðumaður tekur endanlega ákvörðun um úthlutun framlaga í samræmi við ákvæði í reglugerð sem sett er að fenginni umsögn kvikmyndaráðs. Þykir nauðsynlegt að skapa stjórnvöldum meira svigrúm en nú er til að setja úthlutunarreglur um framlög úr Kvikmyndasjóði og bregðast þannig við breytilegum þörfum kvikmyndagerðar án þess að komi til lagabreytinga í hvert sinn. Öll fjármögnun kvikmyndagerðar hefur tekið stakkaskiptum síðustu ár, m.a. með tilkomu ýmissa alþjóðlegra kvikmyndasjóða og breyttrar úthlutunar úr sjóðum helstu nágrannaríkja, en íslenskir framleiðendur leita mikið til þeirra. Hefur þessi þróun leitt til aukinna tækifæra fyrir íslenska kvikmyndaframleiðendur og kvikmyndagerðarmenn á alþjóðlegum vettvangi. Er nauðsynlegt að lagalegt svigrúm sé fyrir hendi til að þau geti nýst.
4. Veitt er heimild fyrir markaðsnefnd sem gegni því hlutverki að auka atvinnu við kvikmyndagerð hér á landi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Markmið laganna er að efla kvikmyndagerð á Íslandi í þeim tilgangi að kvikmyndir verði veigamikill þáttur í menningu íslensku þjóðarinnar.

Skilgreining á kvikmynd í 2. mgr. tekur til allra tegunda kvikmynda án tillits til þess með hvaða tækni eða aðferðum kvikmynd er framleidd eða henni komið á framfæri við almenning. Er miðað við að frumvarpið taki m.a. til kvikmynda sem framleiddar eru með stafrænni tækni og dreift með nettengingum um tölvur, t.d. kvikmynda á geisladiskum, disklingum eða á öðru sambærilegu formi, sem og til sýningar á netinu. Eftir atvikum geta fallið undir þessa skilgreiningu svokölluð margmiðlunarverkefni, þ.e. samsetning margs konar efnis, t.d. texta,

tals, tónlistar og annarra hljóða, tölvugrafíkur, myndlistar, ljósmynda, kvikmynda og margs fleira, ef myndmál vegur þungt í framsetningu efnis.

Skilgreiningin á því hvað teljist íslensk kvikmynd byggist á því að hún sé unnin og kostuð af íslenskum aðilum eða sé samstarfsverkefni milli íslenskra og erlendra aðila. Ísland hefur gerst aðili að eftirtöldum alþjóðlegum samningum á sviði kvikmyndagerðar: Evrópusamningi um samframleiðslu kvikmyndaverka, sem samþykktur var í Strassborg 2. október 1992 en öðlaðist gildi á Íslandi 1. september 1997, og samframleiðslusamningi Íslands og Kanada, sem undirritaður var í Washington 15. október 1997 og öðlaðist gildi á Íslandi 2. febrúar 1998.

Um 2. gr.

Í grein þessari er kveðið á um að yfirstjórn kvikmyndamála samkvæmt lögum þessum heyri stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra og að sérstakt kvikmyndaráð skuli vera stjórnvöldum til ráðgjafar við mótun opinberrar stefnu og aðgerða á sviði kvikmyndamála. Gert er ráð fyrir að kvikmyndaráð sé skipað sjö mönnum, sömu fulltrúum og stjórn Kvikmyndasjóðs samkvæmt núgildandi lögum en menntamálaráðherra skipi nú einnig varaformann og við bætist fulltrúi Samtaka kvikmyndaleikstjóra. Ekki er lengur gert ráð fyrir tilnefningu fulltrúa Námsgagnastofnunar og Þjóðminjasafns Íslands, sem eiga nú aðild að stjórninni, þegar fjallað er um málefni er varða verksvið þessara stofnana. Hlutverk kvikmyndaráðs er að vera til ráðgjafar en það tekur ekki ákvarðanir um stjórnsýsluleg eða fjárhagsleg málefni.

Um 3. gr.

Í grein þessari er fjallað um verkefni Kvikmyndamiðstöðvar Íslands og vísast til almennra athugasemda þar að lútandi. Kvikmyndasjóður Íslands hefur að hluta til gegnt því hlutverki sem hér er gerð tillaga um að verði lögfest, þ.e. að samræma störf og efla íslenska kvikmyndagerð og íslenska kvikmyndamenningu.

Eitt meginmarkmið Kvikmyndamiðstöðvar Íslands er að stuðla að eflingu íslenskrar kvikmyndagerðar. Verkefni miðstöðvarinnar eru skilgreind með svipuðum hætti og í eldri lögum.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um forstöðumann Kvikmyndamiðstöðvar. Sem forstöðumaður ríkisstofnunar ber hann ábyrgð í samræmi við ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, að því er varðar forstöðumenn ríkisstofnana. Sett eru þau starfsgengisskilyrði að forstöðumaður hafi þekkingu á kvikmyndamálum og íslenskri menningu almennt.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um að fjárveitingar til Kvikmyndamiðstöðvar skuli ákveðnar í fjárlögum á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar til þriggja ára. Slík áætlun hefur verið unnin með gerð árangursstjórnunarsamnings menntamálaráðuneytisins við Kvikmyndasjóð Íslands sem undirritaður var 30. desember 1999. Þá er í gildi samkomulag frá 19. desember 1998 milli menntamálaráðherra og fjármálaráðherra og samtaka í íslenskri kvikmyndagerð um stefnumörkun til að efla íslenska kvikmyndagerð. Urðu aðilar sammála um að stefna að því að árlega yrðu gerðar fimm leiknar íslenskar kvikmyndir í fullri lengd og að hlutfall framleiðslustyrks úr Kvikmyndasjóði af kostnaðaráætlun yrði 40%. Þá varð að samkomulagi að miða við 100 millj. kr. meðalframleiðslukostnað af hverri íslenskri kvikmynd í fullri lengd

þannig að heildarframlag til framleiðslustyrkja vegna þessara mynda yrði allt að 200 millj. kr. árið 2002 að fengnu samþykki Alþingis við gerð fjárlaga ár hvert. Í samkomulaginu var einnig gert ráð fyrir að legðist Menningarsjóður útvarpsstöðva af samkvæmt nýsamþykktum útvarpslögum yrði stofnuð deild innan Kvikmyndasjóðs sem annaðist heimildamyndir, stuttmyndir, sjónvarpsmyndir og aðrar tegundir kvikmynda. Aðilar voru sammála um að stefna að því að Kvikmyndasjóður gæti varið 100 millj. kr. árlega til framleiðslustyrkja til slíkra verkefna. Þetta ákvæði kom til framkvæmda þegar Menningarsjóður útvarpsstöðva var lagður niður og hófust fjárveitingar samkvæmt því árið 2001 með 25 millj. kr. framlagi á fjárlögum.

Um 6. gr.

Hlutverki Kvikmyndasjóðs er breytt frá því sem er í gildandi lögum í það að vera deild innan Kvikmyndamiðstöðvar sem veitir framlög til eflingar íslenskri kvikmyndagerð með styrkjum, lánum og vilyrðum.

Í greininni er sett það skilyrði að kvikmynd sem styrkt er af Kvikmyndasjóði skuli hafa íslenska menningarlega skírskotun nema sérstök menningarleg rök leiði til annars. Í núgildandi lögum er byggt á þeirri skilgreiningu að með íslenskri kvikmyndagerð sé átt við verkefni þar sem íslenskir aðilar hafa forræði. Þá er gert ráð fyrir því að kvikmyndir sem hljóta styrk frá Kvikmyndasjóði séu gerðar með íslensku tali, nema sérstakar menningarlegar ástæður leiði til annars. Nú þegar eru til dæmi um slíkt, svo sem kvikmyndirnar Tár úr steini og María, sem voru að mestu leyti leiknar á þýsku, enda eðlilegar ástæður þar að baki. Þá styrkti Kvikmyndasjóður árið 1999 gerð kvikmyndarinnar Dancer in the Dark, eftir Lars von Trier, sem er að mestu leyti erlend kvikmynd og leikin á ensku, en ástæða þótti til að veita íslenskum meðframleiðanda styrk til að taka þátt í myndinni þar sem hún hefur íslenskt listrænt gildi. Myndin er dans- og söngvamynd og tónlist og söngtextar eftir Íslendinga (Björk Guðmundsdóttur og Sjón). Að öðru leyti er greinin efnislega samhljóða fyrri lögum að því er varðar verksvið hinnar opinberu kvikmyndastofnunar.

Um 7. gr.

Í grein þessari er fjallað um úthlutun úr Kvikmyndasjóði. Í samræmi við rekstrarlega ábyrgð forstöðumanns Kvikmyndamiðstöðvar er það hans hlutverk að ákveða úthlutun úr Kvikmyndasjóði og skal kveðið á um í reglugerð með hvaða hætti úthlutanir skuli undirbúnar.

Varðandi úthlutun úr Kvikmyndasjóði er tekið fram að stjórninni er heimilað að veita framlög til eflingar íslenskri kvikmyndagerð, hvort heldur er í formi styrkja, lána eða vilyrða, en vilyrði eru styrkloforð veitt eitt ár fram í tímann. Árið skal sá sem vilyrðið hlýtur nota til að ná fullri fjármögnun til kvikmyndarinnar. Náist það markmið ekki fellur vilyrðið niður. Er talið eðlilegt að lögbinda það fyrirkomulag sem hefur tíðkast undanfarin ár og þótt takast vel. Fær forstöðumaður með þessu móti nokkurt svigrúm til að ákveða hvers konar framlög falli best að einstökum kvikmyndaverkefnum. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 9. og 10. gr.

Mikilvægt er að í reglugerð þeirri sem sett verður að fenginni umsögn kvikmyndaráðs verði byggt á því markmiði að veita framlög til allra tegunda kvikmynda. Þá skal í reglugerð nánar kveðið á um meginskiptingu framlaga úr Kvikmyndasjóði til einstakra greina kvikmyndagerðar, þ.m.t. til leikinna kvikmynda, heimildamynda, stuttmynda, teiknimynda, innlendrar dagskrárgerðar fyrir sjónvarp og annarra tegunda hreyfimynda, sbr. 2. mgr. 1. gr., þ.m.t. framlög til margmiðlunarverkefna, enda falli þau undir skilgreiningu 2. mgr. 1. gr., hvort sem er til undirbúnings þeirra, framleiðslu eða dreifingar.

Framlög úr Kvikmyndasjóði geta runnið til íslenskrar kvikmyndagerðar á hvaða stigi framleiðslu hennar eða dreifingar sem er. Heimilt er að veita framlög til markaðssetningar og kynningar kvikmynda. Framlög geta verið styrkir, lán eða vilyrði.

Í reglugerð er heimilt að kveða á um skipan sérstakra úthlutunarnefnda sem og ráðningu kvikmyndaráðgjafa. Er hér lagt til að fallið verði frá þeirri tilhögun samkvæmt núgildandi lögum að sérstök úthlutunarnefnd annist úthlutun úr Kvikmyndasjóði og þess í stað veitt svigrúm til þess að ákveða tilhögun undirbúnings úthlutunar án þess að koma þurfi til lagabreyting í hvert sinn auk þess sem mögulegt er að úthluta til kvikmyndagerðar oftar en einu sinni á ári. Það gefur enn fremur svigrúm til þess að fela sérstökum kvikmyndaráðgjöfum að meta listrænt gildi kvikmyndaverkefna, aðstoða við undirbúning úthlutunar fjárframlaga til einstakra verkefna eða vera forstöðumanni til aðstoðar við einstök verkefni sem hann hefur tekið ákvörðun um að styðja. Fyrirmyndin er sótt m.a. til Norðurlanda þar sem slík tilhögun hefur þótt gefast vel. Forstöðumaður setur kvikmyndaráðgjafa erindisbréf innan ramma gildandi laga og reglugerða og ber hann ábyrgð í starfi sínu gagnvart forstöðumanni.

Um 8. og 9. gr.

Nokkuð ítarlegri ákvæði eru í frumvarpinu um hlutverk og starfssvið Kvikmyndasafns en í gildandi lögum. Jafnframt er vikið í þessari grein að sérstöku hlutverki Kvikmyndasafns Íslands samkvæmt ákvæðum laga um skylduskil til safna, en frumvarp þess efnis hefur verið lagt fyrir Alþingi. Lagt er til að Kvikmyndasafn Íslands verði rekstrarlega sjálfstæð stofnun en tilheyri ekki rekstri Kvikmyndamiðstöðvar Íslands og forstöðumaður beri ábyrgð á rekstri safnsins í samræmi við ákvæði starfsmannalaga og fjárreiðulaga.

Um 10. gr.

Þessi grein er nýmæli. Með henni er gert lögskylt að afhenda Kvikmyndasafni tvö eintök kvikmyndar en í gildandi lögum er um heimildarákvæði að ræða. Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um skylduskilin í reglugerð eða lögum um skylduskil til safna.

Um 11. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá gildandi lögum en áréttað að safnið skuli afla heimilda rétthafa samkvæmt höfundalögum svo að markmiðum starfsemi Kvikmyndasafns verði náð. Þá er í greininni kveðið á um gjaldtökuheimildir stofnunarinnar.

Um 12. gr.

Svokallaðar markaðsnefndir kvikmynda eru starfandi í flestum Evrópulöndum og í einstökum ríkjum Bandaríkjanna. Þær hafa það hlutverk að gera viðkomandi lönd eða borgir að sögusviði eða upptökustað erlendra kvikmynda, bæði í þeim tilgangi að auka atvinnu við kvikmyndagerð á viðkomandi stað og að koma landinu á framfæri við áhorfendur hvarvetna í heiminum. Nú þegar hafa ýmis íslensk fyrirtæki sérhæft sig í þjónustu við erlend kvikmyndafyrirtæki og gæti markaðsnefndin nýst þessum fyrirtækjum við frekari eflingu á þessu sviði.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar. Vegna þess að skipan stjórnar Kvikmyndamiðstöðvar Íslands og skipun framkvæmdastjóra stofnunarinnar krefst nokkurs undirbúnings er gert ráð fyrir að lög þessi komi ekki til fullra framkvæmda fyrr en 1. október 2001.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða eru settar skýrar reglur um hvernig standa skuli að undirbúningi skipunar fyrstu stjórnar Kvikmyndamiðstöðvar Íslands og skipun forstöðumanna Kvikmyndamiðstöðvar og Kvikmyndasafns.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til kvikmyndalaga.

Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á stjórnsýslulegri framkvæmd ríkisins á kvikmyndamálum og lögbundnar skyldur þess auknar. Eftirfarandi nýmæli í frumvarpinu gætu haft áhrif á kostnað ríkisins:

Lagt er til að stofnað verði sjö manna kvikmyndaráð í stað núverandi fimm manna stjórnar Kvikmyndasjóðs Íslands. Áætlað er að þessu fylgi 0,2 m.kr. aukin útgjöld á ári.

Lagt er til að meðferð umsókna og fyrirkomulagi úthlutunar verði breytt. Í stað þriggja manna úthlutunarnefndar samkvæmt gildandi lögum ákveði forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands styrkina í samræmi við nánari reglur sem kveðið verður á um í reglugerð sem menntamálaráðherra setur. Í reglugerðinni verður m.a. kveðið á um störf úthlutunarnefnda og kvikmyndaráðgjafa. Ekki eru forsendur til að meta áhrif breytts fyrirkomulags á útgjöld ríkisins.

Kvikmyndamiðstöð Íslands mun samkvæmt frumvarpinu annast sambærileg verkefni og Kvikmyndasjóður Íslands gerir samkvæmt gildandi lögum séu verkefni kvikmyndasafns undanskilin. Fjármálaráðuneytið telur að breytt orðalag í upptalningu verkefna gefi ekki tilefni til að auka útgjöld.

Frumvarpið felur í sér að Kvikmyndasafn Íslands verði gert að sérstakri ríkisstofnun og lögbundið hlutverk þess aukið, en safnið hefur starfað innan vébanda Kvikmyndasjóðs. Fyrst skal telja að safnið hefur staðið fyrir sýningum á kvikmyndalist og gerir frumvarpið ráð fyrir að það verði bundið í lög. Safnið hefur endurgjaldslaus afnot af Bæjarbíói í Hafnarfirði til ársins 2011 samkvæmt samningi við Hafnarfjarðarbæ. Ríkið hefur tekið þátt í kostnaði við endurnýjun húss og búnaðar og er áætlað að 19 m.kr. þurfi til að ljúka verkinu umfram það sem vilyrði hafa verið veitt fyrir. Ekki liggur nákvæmlega fyrir hversu stór hluti gæti fallið í hlut ríkisins, en í þessari kostnaðarumsögn verður miðað við 14 m.kr. Talið er að það geti kostað um 28 m.kr. að halda uppi sýningum alla daga vikunnar en til þessa hefur ekki verið starfsemi í húsinu. Áætlun safnsins gerir ráð fyrir að stærsti hluti kostnaðarins verði borinn af styrkjum og aðgangseyri, en ríkið leggi til allt að 5 m.kr. Í öðru lagi er lagt til að safninu verði ætlað að safna, varðveita og hafa eftirlit með skylduskilum efnis. Við þetta starfa tveir menn og er áætlað að fjölga þurfi um allt að þrjá til viðbótar auk þess sem bæta þarf tækjabúnað. Áætlað er að aðeins 10% kvikmynda í safninu hafi verið skráðar, afritaðar á mynd-

band og settar í umbúðir sem tryggja varðveislu þeirra. Í kostnaðaráætlun með frumvarpi til laga um skylduskil safna er talið að árlegur rekstrarkostnaður Kvikmyndasafns og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns vegna skylduskila kvikmyndaefnis muni aukast um 13–16 m.kr. og stofnkostnaður nema 26–32 m.kr. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir sem lögbundnu hlutverki safnsins að sjá um viðhald og endurgerðir á kvikmyndum safnsins. Engar upplýsingar eru til um þörf fyrir endurgerð kvikmynda safnsins, en lauslega er áætlað að 1–3 m.kr. kosti að endurgera eina kvikmynd. Í fjórða lagi verður safninu ætlað að skapa aðstöðu til að stunda kvikmyndafræðilegar rannsóknir. Talið er að koma megi upp lágmarksaðstöðu með óverulegum tilkostnaði. Í fimmta lagi er lagt til að safninu verði ætlað að efla kvikmyndamenningu á Íslandi, án þess að tilgreint sé hvernig að því skuli staðið. Árlegur kostnaðarauki vegna þessa þáttar gæti hugsanlega verið á bilinu 0,5–4 m.kr. eða eftir því sem fjárveitingar leyfa. Að lokum er talið að aukin verkefni og sjálfstæði safnsins leiði til þess að efla þurfi fjármálastjórnun og aðra stoðþjónustu innan safnsins sem gæti kostað 4–5 m.kr. á ári. Þegar á heildina er litið er talið að þetta frumvarp og frumvarp um skylduskil leiði til þess að útgjöld ríkisins til Kvikmyndasafns og verkefna sem tengjast skilduskilum á kvikmyndaefni aukist um 40–46 m.kr. vegna stofnbúnaðar og um 19–33 m.kr. vegna árlegs rekstrar.

Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra verði heimilt að skipa markaðsnefnd kvikmynda til að veita þjónustu vegna töku á kvikmyndum á Íslandi og kynna Ísland sem vettvang kvikmyndagerðar. Samkvæmt frumvarpinu er ekki tekið fram að þeir sem notfæra sér þjónustu nefndarinnar greiði kostnaðinn. Lauslega er talið að rekstrargjöld ríkisins aukist um 1–5 m.kr. á ári vegna þessa eða eftir því sem fjárveitingar verða ákveðnar.

Að öllu samanlögðu er talið að þetta frumvarp og frumvarp um skilduskil leiði til 40–46 m.kr. stofnkostnaðar og 20–38 m.kr. hækkunar rekstrarkostnaðar kvikmyndamála frá því sem nú er.

1047. Frumvarp til laga [669. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, 6. og 7. tölul., svohljóðandi:

6. Vörugjald af bifreiðum til ökukennslu skal lagt á samkvæmt eftirfarandi töflu miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentímetrum:

Flokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0–2.000	10
II	Yfir 2.000	13

Skilyrði fyrir því að bifreið til ökukennslu beri vörugjald samkvæmt þessum tölulið eru að kaupandi hennar hafi hlotið löggildingu sem ökukennari og hafi akstur hennar að aðalatvinnu.

7. Vörugjald af bifreiðum sem notaðar eru til ökukennslu og leigubifreiðaaksturs skal lagt á samkvæmt eftirfarandi töflu miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentímetrum:

Flokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0–2.000	10
II	Yfir 2.000	13

Skilyrði fyrir því að bifreið sem nýtt er til ökukennslu og leigubifreiðaaksturs beri vörugjald samkvæmt þessum tölulið eru að kaupandi hennar hafi atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða og hafi hlotið löggildingu sem ökukennari og hafi þessi störf samanlagt að aðalatvinnu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu er lagt til að vörugjald af bifreiðum til ökukennslu lækki til samræmis við vörugjald af leigubifreiðum til fólksflutninga og bílaleigubifreiðum. Sömu reglur giltu um lækkun gjalda af leigubifreiðum og kennslubifreiðum fyrir árið 1987, sbr. reglur nr. 234/1980, um lækkun aðflutningsgjalda af bifreiðum til atvinnubifreiðastjóra og ökukennara. Með lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., var sett heimild til að lækka vörugjald af leigubifreiðum niður í allt að 30%, sem síðar hefur verið lækkað enn frekar og er vörugjald af leigubifreiðum nú 10% eða 13% eftir sprengirými aflvélar. Vörugjald af bifreiðum til ökukennslu hefur hins vegar haldist það sama og af fólksbílum. Í úrskurði nr. 10/1999 komst samkeppnisráð að þeirri niðurstöðu að reglur um lækkun vörugjalds af bifreiðum til leiguaksturs gætu haft þau áhrif, a.m.k. í vissum tilvikum, að aðilar sem sinna kennslu til ökuréttinda gætu haft af því hag að sækja um leyfi til leiguaksturs og fengið þar með vörugjöld lækkuð af bifreiðum sínum. Frumvarpið gerir jafnframt ráð fyrir að þeir sem stundi bæði leigubifreiðaakstur og ökukennslu og hafi til þess réttindi geti talið fram tekjur af þessum störfum saman þannig að skilyrði um aðalatvinnu séu uppfyllt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að eigendur bifreiða til ökukennslu geti fengið vörugjald lækkað í 10 eða 13% eftir sprengirými aflvélar hafi þeir ökukennslu að aðalatvinnu. Það þýðir að sömu reglur gilda um vörugjald af bifreiðum til ökukennslu og leigubifreiða eins og var til ársins 1987.

Jafnframt er lögð til breyting sem lýtur að þeim aðilum sem stunda bæði leigubílaakstur og ökukennslu. Rétt þykir að þeir aðilar njóti lækkunar hafi þeir greinarnar að aðalatvinnu samanlagt en ekki aðalatvinnu af báðum greinunum enda gæti slíkt leitt til mismununar.

Um 2. gr.

Í greininni er mælt fyrir um gildistöku laganna. Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af bifreiðum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að vörugjald af bifreiðum til ökukennslu verði lækkað til jafns við vörugjald af bílaleigubifreiðum og leigubifreiðum til fólksflutninga. Ekki er talið að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

1048. Frumvarp til laga [670. mál]

um opinber innkaup.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. ÞÁTTUR
Almenn ákvæði.
I. KAFLI
Tilgangur og orðskýringar.
1. gr.
Tilgangur laganna.

Tilgangur laga þessara er að tryggja jafnræði bjóðenda við opinber innkaup og stuðla að virkri samkeppni og hagkvæmni í opinberum rekstri.

2. gr.
Orðskýringar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

Almennt útboð: Útboð þar sem ótilteknum fjölda er með auglýsingu gefinn kostur á að gera tilboð.

Bjóðandi: Einstaklingur eða lögaðili, sem býður fram þá vöru, verk eða þjónustu, sem aflað er samkvæmt lögum þessum.

Evrópskur staðall: Staðall sem samþykktur er af Staðlastofnun Evrópu (CEN) eða Rafstaðlastofnun Evrópu (CENELEC) sem evrópskur staðall (EN) eða samræmingarskjal (HD) samkvæmt sameiginlegum reglum þessara stofnana eða af Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) sem evrópskur fjarskiptastaðall (ETS).

Evrópskt tæknisamþykki: Jákvæður dómur um nothæfi vöru með hliðsjón af grunnkröfum til byggingarframkvæmda sem byggist á eðliseiginleikum vöru og skilgreindri notkun og notkunarsviði hennar. Evrópskt tæknisamþykki skal gefið út af stofnun sem ríki Evrópska efnahagssvæðisins samþykkja í þessu skyni.

Forval: Aðferð við val á þátttakendum í lokuðu útboði eða samningskaupum.

Frávikstilboð: Tilboð sem leysir þarfir kaupandans á annan hátt en gert er ráð fyrir í tæknilegri lýsingu útboðsgagna og uppfyllir jafnframt lágmarkskröfur þeirra.

Kaupandi: Ríki, sveitarfélög, stofnanir þeirra og samtök, og aðrir opinberir aðilar skv. 2. mgr. 3. gr.

Lokað útboð: Útboð þar sem tilteknum aðilum er einum gefinn kostur á að gera tilboð.

Rammasamningur: Samningar við einn eða fleiri bjóðendur, þar sem magn og umfang samnings er að meira eða minna leyti ótilgreint, en kaupendur, einn eða fleiri, skuldbinda sig til að kaupa af þeim þá vöru, þjónustu eða verk, sem samningurinn kveður á um, m.a. hvað varðar gæði, tækni, þjónustu, afhendingartíma og verð á samningstímanum.

Sameiginleg tækniforskrift: Tækniforskrift, sem samin er samkvæmt sameiginlegum reglum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins í því skyni að tryggja einsleita beitingu í öllum ríkjunum og birt hefur verið í EES-viðbæti Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins.

Samningskaup: Þegar kaupandi ræðir við seljendur samkvæmt fyrir fram ákveðnu ferli, sem þeim hefur áður verið kynnt, og semur við einn eða fleiri þeirra.

Sérleyfissamningur um verk: Verksamningur, þar sem greiðsla fyrir verk felst að hluta eða í heild í rétti til að nýta sér afrakstur verksins.

Staðall: Forskrift, sem samþykkt er af viðurkenndri staðlastofnun og beita má endurtekið og að staðaldri, án þess að skylt sé að fara eftir henni. Staðall er opinbert skjal og ætlaður til frjálsra afnota.

Tækniforskrift: Allar tæknilegar kröfur, sem gerðar eru í útboði og skilgreina einkenni verks, efnis, vöru eða aðfanga og gefa hlutlæga lýsingu á verki, efni, vöru eða aðföngum á þann hátt að þau komi að þeim notum sem kaupandi ætlast til. Þessar kröfur geta varðað gæðastig, notkunareiginleika, öryggi og stærð, þar á meðal kröfur um ábyrgðir fyrir gæðum, merkingar, prófanir og pökkun. Tækniforskrift getur einnig varðað reglur um hönnun, ákvörðun kostnaðar, skilmála um prófun, skoðun og samþykki verka og aðferða eða tækni við byggingar ásamt öllum öðrum tæknilegum skilyrðum, sem kaupandi getur áskilið samkvæmt almennum eða sérstökum reglum um fullbúin verk og um efni og hluta, sem til þeirra teljast.

Útboð: Þegar kaupandi leitar skriflegra, bindandi tilboða í vöru, þjónustu eða verk frá fleiri en einum aðila á grundvelli sömu upplýsinga og innan sama frests.

II. KAFLI
Gildissvið.
3. gr.
Til hverra lögin taka.

Lög þessi taka til ríkis, sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra opinberra aðila, sbr. 2. mgr. Lögin taka einnig til samtaka sem þessir aðilar, einn eða fleiri, kunna að hafa með sér.

Aðili telst opinber ef hann getur borið réttindi og skyldur að lögum og sérstaklega hefur verið stofnað til hans í því skyni að þjóna almannahagsmunum, enda reki hann ekki starfsemi, sem jafnað verður til starfsemi einkaaðila, svo sem á sviði viðskipta eða iðnaðar. Auk þess skal eitthvert eftirfarandi atriða eiga við um hann:

a. Starfsemi hans er að mestu leyti rekin á kostnað ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila. Miðað skal við að aðili sé að mestu leyti rekinn á kostnað ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila, ef opinber fjármögnun nemur meira en 50% af rekstrarkostnaði.
b. Hann lýtur yfirstjórn ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila.
c. Hann lýtur sérstakri stjórn, sem ríki eða sveitarfélög, stofnanir þeirra eða aðrir opinberir aðilar skipa að meiri hluta.

4. gr.

Til hvaða samninga lögin taka.

Lög þessi taka til samninga, sem kaupendur skv. 3. gr. gera við bjóðendur um innkaup á vörum, þjónustu og verkum.

Til vörusamninga teljast samningar um kaup, leigu eða fjármögnunarleigu á vörum, með eða án kaupréttar. Samningur um vörukaup getur falið í sér flutning, afhendingu og uppsetningu vöru.

Til þjónustusamninga teljast samningar sem ekki eru samningar um vöru- eða verkkaup.

Til verksamninga teljast samningar um framkvæmd eða framkvæmd og hönnun á þeim verkum, sem greinir í II. viðauka laga þessara, eða verkum, þar sem stefnt er að byggingu mannvirkis eða gerð búnaðar með verkfræðilegum aðferðum í því skyni að mæta einhverjum fjárhagslegum eða tæknilegum þörfum. Einnig aðrir samningar um verk, sem unnin eru samkvæmt tilteknum kröfum kaupanda. Sérleyfissamningar um verk teljast verksamningar.

Eftirfarandi samningar teljast ekki til vöru-, þjónustu- eða verksamninga:

a. Samningar um kaup eða leigu á landi, byggingum, sem þegar eru til, eða öðrum fasteignum eða réttindum yfir þeim að undanskildum samningum um fjármálaþjónustu sem gerðir eru fyrir, eftir eða samhliða samningi um kaup eða leigu á fasteign;
b. Samningar um kaup, þróun og framleiðslu á dagskrárefni fyrir útvarp og sjónvarp eða samningar um útsendingartíma;
c. Samningar um talsíma, telex, þráðlausa síma, boðkerfi og gervihnattaþjónustu;
d. Samningar um gerðardóma og sáttameðferðir;
e. Samningar um fjármálaþjónustu í tengslum við útgáfu, sölu, kaup eða aðilaskipti að verðbréfum eða öðrum sambærilegum gögnum og þjónustu seðlabanka;
f. Vinnusamningar;
g. Samningar um rannsókn og þróun á þjónustu, að frátöldum samningum, þar sem kaupendur skv. 3. gr. bera allan kostnað af þjónustunni og hafa einkarétt á að njóta góðs af árangrinum í starfsemi sinni.

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. getur ráðherra ákveðið að ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki hagi innkaupum sínum samkvæmt lögum þessum einnig við gerð þeirra samninga sem þar greinir. Ráðherra getur einnig ákveðið að ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki geri sérleyfissamninga einungis að undangengnu útboði sem hann setur nánari reglur um.

Ef opinber samningur nær bæði til kaupa á vöru og þjónustu telst hann samningur um þjónustu ef sá þáttur samningsins, sem lýtur að þjónustu, nemur hærri fjárhæð en vöruþátturinn.

5. gr.

Kostnaðarþátttaka opinberra aðila.

Fara ber að ákvæðum laga þessara þegar þeir aðilar, sem eru kaupendur skv. 3. gr, greiða meira en 50% af kostnaði við kaup á þjónustu eða verki á vegum annars aðila. Þetta á þó aðeins við um þá verksamninga, sem tengjast byggingarframkvæmdum fyrir sjúkrahús, íþrótta- og tómstundaiðkun, skóla og háskóla og opinbera stjórnsýslu auk þeirra verka, sem greinir í flokki 50, hópi 502 í skrá Evrópubandalagsins um atvinnugreinaflokkun (NACE), sbr. II. viðauka laga þessara.

6. gr.

Samningar stofnana, sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti.

Ákvæði XIII. og XIV. kafla laga þessara gilda um innkaup þeirra aðila, sem falla undir tilskipun nr. 93/38/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem

annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti, eins og hún hefur verið tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Að öðru leyti taka lögin ekki til innkaupa þessara aðila.

Ráðherra getur með reglugerð mælt nánar fyrir um innkaup þeirra aðila, sem greinir í 1. mgr., til samræmis við skuldbindingar íslenska ríkisins á sviði opinberra innkaupa samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða öðrum milliríkjasamningum.

7. gr.

Samningar undanskildir lögunum.

Lög þessi taka ekki til:

a. Þjónustusamninga sem gerðir eru við aðila, sem sjálfir teljst kaupendur skv. 3. gr., á grundvelli einkaréttar sem þeir njóta samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.
b. Vöru-, þjónustu- eða verksamninga sem lýstir eru leynilegir eða ef sérstökum öryggisráðstöfunum verður að beita við framkvæmd þeirra í samræmi við gildandi lög og stjórnvaldsfyrirmæli eða ef grundvallarhagsmunir ríkisins krefjast þess.
c. Samninga, sem lúta öðrum reglum um opinber innkaup og gerðir eru á grundvelli milliríkjasamnings íslenska ríkisins við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins um kaup á þjónustu til sameiginlegra framkvæmda eða hagnýtingar verkefna, enda sé slíkur samningur tilkynntur Eftirlitsstofnun EFTA (ESA).
d. Samninga á grundvelli milliríkjasamnings um setu herliðs.
e. Samninga samkvæmt sérstökum reglum alþjóðlegra stofnana.

8. gr.

Þeir sem njóta réttar samkvæmt lögunum.

Réttar samkvæmt lögum þessum njóta einstaklingar og lögaðilar með staðfestu í einhverju ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Sama gildir um aðra einstaklinga og lögaðila, sem eiga að njóta slíkra réttinda á grundvelli milliríkjasamninga sem íslenska ríkið er aðili að.

Í reglugerð er heimilt að setja nánari fyrirmæli um opinber innkaup samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup og öðrum samningum um opinber innkaup sem íslenska ríkið kann að gerast aðili að.

2. ÞÁTTUR
Opinber innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins.

III. KAFLI
Gildissvið þessa þáttar.

9. gr.

Innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins.

Ákvæði þessa þáttar taka til opinberra innkaupa undir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins skv. 56. gr.

10. gr.

Aðilar undanskildir ákvæðum þessa þáttar.

Ákvæði þessa þáttar taka ekki til innkaupa sveitarfélaga, stofnana þeirra, annarra opinberra aðila á þeirra vegum, sbr. 2. mgr. 3. gr., eða samtaka, sem þessir aðilar kunna að hafa með sér.

IV. KAFLI
Fyrirkomulag opinberra innkaupa.

11. gr.

Jafnræði bjóðenda.

Við opinber innkaup skal kaupandi gæta jafnræðis bjóðenda.

12. gr.

Útboðsskylda.

Öll innkaup á vöru og þjónustu yfir 3.000.000 krónur og kaup á verkum yfir 10.000.000 krónur skal bjóða út. Sérleyfissamninga um verk er þó ekki skylt að bjóða út. Sama á við um innkaup á þeirri þjónustu sem talin er upp í I. viðauka B. Ráðherra getur þó ákveðið að ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki geri þessa samninga aðeins að undangengnu útboði.

Fjárhæðir skv. 1. mgr. skulu breytast annað hvert ár í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs, í fyrsta sinn 1. janúar 2002. Heimilt skal að færa fjárhæðir þessar upp þannig að þær standi á heilu þúsundi. Ráðherra skal með hæfilegum fyrirvara auglýsa opinberlega þær breytingar sem verða á viðmiðunarfjárhæðum samkvæmt þessari grein.

13. gr.

Innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum.

Við innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum 1. mgr. 12. gr. skal kaupandi ávallt gæta hagkvæmni og gera samanburð meðal sem flestra seljenda.

14. gr.

Áætlun fjárhæða samninga.

Við mat á ætlaðri fjárhæð samnings skal telja með allan kostnað innkaupa að frátöldum virðisaukaskatti miðað við þann tíma þegar auglýsing um þau ætti að birtast. Sé fyrirhugað að kaupa vöru, þjónustu eða verk í áföngum skal miða við samanlagt heildarverð allra áfanga.

Þegar valfrjáls ákvæði eru fyrirhuguð í samningi skal miða við hæsta mögulega kostnað við samning.

Óheimilt er að skipta innkaupum eða nota sérstakar aðferðir við útreikning á kostnaði í því skyni að komast hjá útboði.

15. gr.

Áætlun fjárhæða vörusamninga.

Við mat á ætlaðri fjárhæð vörusamninga skal telja kostnað vegna flutnings vöru með í vöruverði. Ef vara er keypt „frí á skipsfjöl“ (fob) í erlendri höfn skal þó ekki telja flutning með í vöruverði.

Þegar um er að ræða samninga um fjármögnunarleigu, leigu eða kaupleigu á vörum skal áætla fjárhæð með eftirfarandi hætti:

a. Þegar samningur er tímabundinn skal miða við heildarsamningsfjárhæð, ef samningstíminn er 12 mánuðir eða skemmri, en heildarfjárhæð auk virðis varanna við lok samningstímans, ef samningur er til lengri tíma en 12 mánaða;
b. Þegar samningur er ótímabundinn eða óvíst er hver samningstíminn verður skal miða við heildargreiðslur samkvæmt samningnum í 48 mánuði.

Þegar um er að ræða reglulega samninga eða samninga sem endurnýja á innan tiltekins tíma skal áætla fjárhæð með öðrum hvorum hætti:

a. Með hliðsjón af heildarfjárhæð áþekkra samninga á undangengnu fjárhagsári eða síðustu 12 mánuðum að teknu tilliti til breytinga á magni og verði fyrir næstkomandi 12 mánuði;
b. Með hliðsjón af áætluðum kostnaði fyrir næstu 12 mánuði, eða lengra tímabil, ef því er að skipta, frá fyrstu afhendingu.

Ef gera á tvo eða fleiri sjálfstæða samninga á sama tíma um sömu vöru, sem ætlað er að mæta sömu þörfum, skal miða við samanlagða fjárhæð allra samninganna.

16. gr.

Áætlun fjárhæða þjónustusamninga.

Þegar um er að ræða tryggingarþjónustu skal miða við fjárhæð þeirra iðgjalda sem greidd eru.

Þegar um er að ræða banka- og fjármálaþjónustu skal miða við fjárhæð gjalda, umboðslauna og vaxta auk annarrar þóknunar.

Þegar um er að ræða samninga um hönnun skal miðað við fjárhæð gjalda eða launa sem greidd eru.

Þegar um er að ræða samninga, þar sem heildarfjárhæð er ótilgreind, skal áætla fjárhæð með eftirfarandi hætti:

a. Þegar samningur er gerður til 48 mánaða eða skemmri tíma skal miða við áætlaða samningsfjárhæð allan gildistíma samningsins;
b. Þegar samningur er ótímabundinn eða óvíst er hver samningstíminn verður skal miða við heildargreiðslur samkvæmt samningnum í 48 mánuði.

Þegar um er að ræða reglulega samninga eða samninga sem endurnýja á innan tiltekins tíma skal áætla fjárhæð með eftirfarandi hætti:

a. Annaðhvort með hliðsjón af heildarfjárhæð áþekkra samninga á undangengnu fjárhagsári eða síðustu 12 mánuðum að teknu tilliti til breytinga á magni og verði fyrir næstkomandi 12 mánuði;
b. Eða með hliðsjón af áætluðum kostnaði fyrir næstu 12 mánuði, eða lengra tímabil, ef því er að skipta, frá því þjónustan er fyrst innt af hendi.

17. gr.

Áætlun fjárhæða verksamninga.

Við útreikning fjárhæða verksamninga skal einnig taka tillit til verðmætis aðfanga sem kaupandi lætur bjóðanda í té við verkið.

Þar sem verki er skipt í nokkra áfanga og hver þeirra lýtur sérstökum samningi, skal miða við samanlagt verðmæti allra samninganna. Þegar heildarfjárhæð slíkra samninga er yfir viðmiðunarfjárhæðum, er heimilt að gera einstaka samninga án útboðs fyrir allt að 20% af samanlagðri heildarfjárhæð verksamninganna.

18. gr.

Meginreglan um almennt eða lokað útboð.

Í öllum öðrum tilvikum en greinir í 19. og 20. gr. skal útboð vera almennt eða lokað. Forval skal ávallt viðhaft á undan lokuðu útboði.

Við framkvæmd forvals skal fara að reglum um almennt útboð eftir því sem við á.

19. gr.

Samningskaup að undangenginni birtingu útboðsauglýsingar.

Ef ekkert lögmætt tilboð berst í almennu eða lokuðu útboði, öll tilboð eru óaðgengileg eða öllum boðum er vísað frá á grundvelli ákvæða VI. kafla, er heimilt að viðhafa samningskaup að undangenginni birtingu auglýsingar, enda sé upphaflegum skilmálum útboðsins ekki breytt í verulegum atriðum. Þó þarf ekki að auglýsa útboð að nýju ef öllum bjóðendum, sem uppfylltu skilyrði VI. kafla um hæfi og lögðu fram gild tilboð, er boðið að taka þátt í útboði.

Innkaup á þjónustu eftir samningskaup að undangenginni birtingu útboðsauglýsingar eru heimil þegar ómögulegt er að áætla heildarkostnað fyrir fram vegna eðlis þjónustunnar eða áhættu sem henni fylgir. Sama á við þegar þjónustan, sem leitað er eftir, einkum þjónusta á sviði hugverka eða rannsókna og þróunar, er þess eðlis að ekki er unnt að skilgreina forsendur samnings fyrir fram í almennu eða lokuðu útboði.

Innkaup á verki eftir samningskaup að undangenginni birtingu útboðsauglýsingar eru heimil þegar um er að ræða verk, sem eingöngu eru unnin vegna rannsókna, tilrauna eða þróunar og ekki í ágóðaskyni eða til þess að mæta kostnaði vegna rannsókna og þróunarverkefna. Sama á við þegar ómögulegt er að áætla heildarkostnað fyrir fram vegna eðlis verksins eða áhættu sem því fylgir.

20. gr.

Samningskaup án undangenginnar birtingar útboðsauglýsingar.

Opinber innkaup eftir samningskaup án undanfarandi birtingar útboðsauglýsingar eru heimil í eftirfarandi tilvikum:

a. Þegar engin tilboð eða engin gild tilboð berast í almennu eða lokuðu útboði á vöru, verki eða þjónustu, enda sé í endanlegum samningi ekki vikið í verulegum atriðum frá upphaflegum skilmálum útboðsgagna.
b. Þegar um er að ræða samninga um vörur, sem eingöngu eru framleiddar vegna rannsókna, tilrauna, athugana eða þróunar. Þetta nær þó ekki til fjöldaframleiðslu, sem ætlað er að skila hagnaði eða endurheimta rannsóknar- og þróunarkostnað.
c. Þegar aðeins einn bjóðandi vöru, þjónustu eða verks kemur til greina af tæknilegum eða listrænum ástæðum eða sökum þess að um lögverndaðan einkarétt er að ræða.
d. Þegar ekki er unnt að standa við fresti í almennu útboði, lokuðu útboði eða samningskaupum skv. 19. gr. á vöru, þjónustu eða verki vegna ófyrirsjáanlegra atburða sem kaupanda verður ekki um kennt.
e. Þegar um er að ræða viðbótarvörur, sem annaðhvort er ætlað að koma að hluta til í stað venjulegra birgða eða búnaðar eða er aukning á venjulegum birgðum eða búnaði og val á nýjum bjóðanda mundi skuldbinda kaupanda til að kaupa efni sem hefðu aðra tæknilega eiginleika og samræmdust illa eldri tæknibúnaði eða leiddu til óeðlilega mikilla tæknilegra erfiðleika við rekstur og viðhald. Slíkir samningar svo og endurnýjaðir samningar skulu að jafnaði ekki gilda lengur en þrjú ár.
f. Þegar um er að ræða viðbótarverk, sem ekki var gert ráð fyrir í áður umsömdu verki, og nauðsynlegt er, vegna áður ófyrirsjáanlegra aðstæðna, að sami bjóðandi sjái um, enda sé ekki unnt að skilja verkið frá áður umsömdu verki af tæknilegum og fjárhagslegum ástæðum án stórfelldra vandkvæða fyrir kaupanda. Sama á við ef viðbótarverk er óhjákvæmilegt til að ljúka áður umsömdu verki. Samanlagt verðmæti samninga um viðbótarverk skal ekki nema hærri fjárhæð en helmingi af upphaflegri samningsfjárhæð.
g. Þegar um er að ræða sams konar verk eða þjónustu og áður hefur verið samið um við bjóðanda á grundvelli almenns eða lokaðs útboðs. Þetta á þó aðeins við að í útboðs-

gögnum hafi verið tiltekið að þessari reglu kynni að verða beitt og ekki eru liðin þrjú ár frá því fyrsti samningurinn var gerður.

h. Þegar um er að ræða viðbót á þjónustu, sem vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna hefur orðið nauðsynleg vegna áður keyptrar þjónustu, enda sé ekki unnt að skilja þjónustuna frá áður umsaminni þjónustu af tæknilegum eða fjárhagslegum ástæðum án stórfelldra vandkvæða eða ef viðbótarþjónustan er óhjákvæmileg til að ljúka verkefni.

i. Þegar samningur um þjónustu er gerður eftir samkeppni um hönnun, þar sem skylt er að semja við þann þátttakanda, sem sigrar eða fleiri þeirra. Í síðarnefnda tilvikinu er skylt að bjóða öllum, sem sigra í hönnunarsamkeppni, að taka þátt í viðræðum.

21. gr.

Samningskaup vegna hönnunarsamkeppni.

Þegar nota skal samningskaup vegna hönnunarsamkeppni skv. i-lið 20. gr. skal öllum gefinn kostur á þátttöku eða skýr skilyrði sett fyrir þátttöku, sem mismuna ekki þátttakendum, ef þátttaka er takmörkuð. Í síðarnefnda tilvikinu skal fjöldi þátttakenda vera nægilegur til að tryggja raunverulega samkeppni.

Í dómnefnd mega aðeins sitja menn, sem eru óháðir þátttakendum, og skulu þeir vera sjálfstæðir og óháðir í störfum sínum. Sé í samkeppninni farið fram á tiltekna starfsmenntun eða að þátttakendur uppfylli tiltekin hæfisskilyrði skal að minnsta kosti þriðjungur dómnefndarmanna fullnægja þessum eða sambærilegum skilyrðum.

Óheimilt er að takmarka rétt til þátttöku í hönnunarsamkeppni við einstaklinga eða lögaðila í íslenskri lögsögu eða hluta hennar.

22. gr.

Rammasamningar.

Rammasamninga skal gera að undangengnu almennu eða lokuðu útboði.

Ef vara, þjónusta eða verk er keypt inn samkvæmt rammasamningi skal litið svo á að skyldu til útboðs hafi verið fullnægt, enda þótt innkaup séu yfir viðmiðunarfjárhæðum skv. 1. mgr. 12. gr.

Í rammasamningi er heimilt að ákveða að kaupendur séu ekki skuldbundnir til að skipta eingöngu við aðila rammasamnings við þau innkaup sem samningur tekur til. Tilgreina skal slík frávik í útboðsgögnum.

V. KAFLI
Útboðsgögn.

23. gr.

Almennir skilmálar.

Útboðsgögn skulu innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar til að bjóðanda sé unnt að gera tilboð. Eftirfarandi atriði skulu koma fram í útboðsgögnum eftir því sem við á:

a. Lýsing á útboðinu þar sem kveðið er á um magn og annað sem máli skiptir.
b. Nafn kaupanda og allar upplýsingar um samskipti við umsjónaraðila útboðsins.
c. Framsetning tilboða.
d. Upptalning á útboðsgögnum.
e. Tilboðstími og hvar og hvenær tilboð verða opnuð.
f. Afhendingar- eða framkvæmdatími.
g. Gildistími tilboða.
h. Greiðslur, verðbætur og tryggingar, ef þeim er að skipta.

i. Gögn til sönnunar á fjárhagslegri og tæknilegri getu, sem bjóðandi skal leggja fram eða kann að verða krafinn um, sbr. 30. og 31. gr.
j. Meðhöndlun fyrirspurna frá væntanlegum bjóðendum.
k. Afhendingarskilmálar.
l. Á hvaða tungumáli eða tungumálum skila skal tilboðum.
m. Forsendur fyrir vali tilboða.
n. Hvort leyfilegt sé að bjóða í aðeins hluta af fyrirhuguðum innkaupum.
o. Hvort frávikstilboð séu óheimil og hver séu skilyrði fyrir gerð þeirra.
p. Frestur kaupanda til að taka tilboði.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um gerð og frágang útboðsgagna.

24. gr.

Tæknilegar útskýringar.

Í útboðsgögnum skal vöru, þjónustu eða verki lýst eins nákvæmlega og kostur er með tækniforskriftum. Ef frávikstilboð eru heimil skal tilgreina hvaða lágmarkskröfum slík tilboð þurfi að fullnægja.

Tækniforskriftir skulu að jafnaði vera í samræmi við evrópska staðla eða íslenska staðla, sem settir eru samkvæmt þeim, evrópskt tæknisamþykki eða sameiginlegar tækniforskriftir.

Heimilt er að víkja frá áskilnaði 2. mgr. í eftirfarandi tilvikum:

a. Þegar staðlar, evrópskt tæknisamþykki eða sameiginlegar tækniforskriftir fela ekki í sér ákvæði um hvernig skuli ganga úr skugga um hvort það sem óskað er kaupa á er í samræmi við þau viðmið, sem þar koma fram, eða tæknilegar aðferðir skortir til þess að það verði gert.
b. Þegar notkun staðla, evrópsks tæknisamþykkis eða sameiginlegra tækniforskrifta mundi neyða kaupanda til að afla sér efnis eða áhalda, sem samræmdust ekki tækjabúnaði þeim, sem þegar er í notkun eða hefði í för með sér ótilhlýðilegan kostnað eða tæknilega örðugleika.
c. Þegar það sem óskað er kaupa á felur í sér algera nýjung og notkun gildandi staðla, evrópsks tæknisamþykkis eða sameiginlegra tækniforskrifta á ekki við.
d. Þegar framkvæmd áskilnaðar 2. mgr. brýtur í bága við framkvæmd tilskipunar ráðherraráðsins nr. 86/361/EBE frá 24. júlí 1986 um fyrsta áfanga gagnkvæmrar viðurkenningar á samþykki fyrir gerð notendabúnaðar til fjarskipta eða ákvörðun ráðherraráðsins nr. 87/95/EBE frá 22. desember 1986 um stöðlun á sviði upplýsingatækni og fjarskipta eða annarra reglna Evrópska efnahagssvæðisins um tiltekin þjónustu- eða vörusvið.

Séu evrópskir staðlar, tæknisamþykki eða sameiginlegar tækniforskriftir ekki fyrir hendi skulu tækniforskriftir skilgreindar með hliðsjón af íslenskum tækniforskriftum, enda samræmist þær reglum Evrópska efnahagssvæðisins um tæknilega samræmingu. Heimilt er að vísa til íslenskra tækniforskrifta þegar um er að ræða hönnun, útreikninga og útfærslu verka og efnisnotkun. Einnig er heimilt að skírskota til íslenskra staðla, sem samþykktir hafa verið til að framfylgja alþjóðlegum stöðlum. Ef það er ekki unnt skal vísað til staðla og tæknisamþykkis annarra landa, en ef það er ekki unnt til enn annarra staðla.

Ekki má vísa til vörumerkja, einkaleyfa, gerða eða sérstaks uppruna eða framleiðslu, án þess að efni samningsins réttlæti slíka tilvísun. Ef engin leið er til þess að lýsa efni samnings með tækniforskriftum, sem eru nógu nákvæmar eða skilmerkilegar fyrir kaupanda og bjóðendur, er þó heimilt að vísa til slíkra atriða, enda fylgi slíkri tilvitnun orðalagið „eða jafngildur“ eða sambærilegt orðalag.

25. gr.

Tilboðsblað.

Tilboðsblað skal vera hluti útboðsgagna og skal það vera þannig úr garði gert að tilboð séu sett fram á sama hátt og þannig samanburðarhæf.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um gerð og frágang tilboðsblaða.

26. gr.

Forsendur fyrir vali tilboðs.

Í útboðsgögnum skal greina frá forsendum fyrir vali tilboðs.

Ef kaupandi hyggst meta hagkvæmni tilboðs á grundvelli fleiri forsendna en verðs skal tiltekið hverjar þessar forsendur eru og þeim raðað eftir mikilvægi, nema slíkt sé útilokað.

Heimilt er að taka að taka tillit til umhverfissjónarmiða við mat á hagkvæmni tilboðs.

27. gr.

Frávikstilboð.

Ef kaupandi hyggst meta tilboð á grundvelli fjárhagslegrar hagkvæmni, er heimilt að gera frávikstilboð, enda fullnægi slíkt boð lágmarkskröfum útboðsgagna til eiginleika þess sem óskað er kaupa á. Ef frávikstilboð eru óheimil skal það tekið fram í útboðsgögnum.

VI. KAFLI

Hæfi bjóðenda.

28. gr.

Heimild til að vísa bjóðanda frá.

Á hvaða stigi útboðs sem er skal vísa bjóðanda frá ef eitthvert af eftirtöldum atriðum á við um hann:

a. Bú bjóðanda er undir gjaldþrotaskiptum, hann hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar, eða er í annarri sambærilegri stöðu;
b. Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta á búi bjóðanda, hann hefur leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu;
c. Bjóðandi hefur með dómi verið fundinn sekur um refsivert brot í starfi;
d. Fyrir liggur að bjóðandi hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi;
e. Bjóðandi er í vanskilum með opinber gjöld, lífeyrissjóðsiðgjöld, eða sambærileg lögákveðin gjöld;
f. Bjóðandi hefur gefið rangar upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu sína, sbr. 30. og 31. gr.

Heimilt er að krefjast þess að bjóðandi sýni fram á að ekkert þeirra atriða, sem greinir í a–f-lið 1. mgr., eigi við um hann á hvaða stigi útboðs sem er. Ef bjóðandi er krafinn um sönnun um þessi atriði skal viðeigandi opinbert vottorð, þar sem fram kemur að hann uppfylli öll skilyrðin, metið sem fullnægjandi sönnun.

29. gr.

Skráning bjóðanda.

Þess má krefjast að bjóðandi sýni fram á að hann sé skráður í fyrirtækjaskrá, eða sambærilega skrá, samkvæmt þeim reglum, sem gilda í því landi, þar sem hann hefur staðfestu.

30. gr.

Fjárhagsstaða bjóðanda.

Fjárhagsstaða bjóðanda skal vera það trygg að hann geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda.

Að jafnaði getur bjóðandi fært sönnur á fjárhagslega getu sína með því að leggja fram viðeigandi upplýsingar frá bönkum, endurskoðaða reikninga fyrri ára, upplýsingar um veltu síðustu ára eða hlutdeild viðkomandi vöru, þjónustu eða verks í þeirri veltu.

Í útboðsgögnum skal koma fram hvaða gögn skv. 2. mgr. krafist er að bjóðandi leggi fram eða kunni á síðari stigum að vera beðinn um að leggja fram. Ekki skal krefja frekari gagna en nauðsynlegt er með hliðsjón af eðli og umfangi fyrirhugaðra innkaupa.

Þegar bjóðandi er ófær um að leggja fram þau gögn, sem greinir í 2. mgr. af ástæðum sem honum verður ekki um kennt, skal gefa honum kost á að sýna fram á fjárhagslega getu sína með framvísun annarra gagna.

31. gr.

Tæknileg geta.

Tæknileg geta bjóðanda skal vera það trygg að hann geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda.

Bjóðandi getur fært sönnur á tæknilega getu sína með eftirfarandi gögnum:

a. Með vottorðum um efndir helstu samninga síðastliðin þrjú þegar um er að ræða útboð á vöru og þjónustu, en fimm ár þegar um er að ræða útboð á verkum. Í vottorðum skulu koma fram upphæðir samninga, dagsetningar og yfirlýsing úm að samningur hafi verið efndur með fullnægjandi hætti;
b. Með lýsingu á fjölda starfsmanna, tæknibúnaði, aðferðum til að tryggja gæði og aðstöðu til athugana og rannsókna;
c. Með upplýsingum um menntun og hæfni yfirmanna og annarra, sem koma munu að framkvæmd samnings, hvort sem þeir eru starfsmenn bjóðanda eða ekki;
d. Þegar um er að ræða vöru: með sýnishornum, lýsingum eða ljósmyndum, þannig að unnt sé að staðreyna að vara sé fullnægjandi;
e. Þegar um er að ræða vöru: með vottorði frá opinberri gæðaeftirlitsstofnun eða viðurkenndum aðila um að vara, sem á að vera í samræmi við tækniforskriftir eða staðla, sé það í raun;
f. Þegar um er að ræða vöru eða þjónustu sem er margbrotin eða sem aflað er í sérstökum tilgangi: með opinberu vottorði um framleiðslu, rannsóknaraðstöðu og gæðaeftirlit bjóðanda.

Í útboðsgögnum skal koma fram hvaða gögn samkvæmt 2. mgr. krafist er að bjóðandi leggi fram eða kunni á síðari stigum að vera beðinn um að leggja fram. Ekki skal krefja um frekari gögn en nauðsynlegt er með hliðsjón af eðli og umfangi þess sem óskað er kaupa á.

Taka skal tillit til lögmætra hagsmuna bjóðenda af vernd tækni- og viðskiptaleyndarmála.

32. gr.

Framlagning gagna.

Kaupanda er heimilt að gefa bjóðanda færi á því að auka við framkomin gögn samkvæmt 28. til 31. gr. eða skýra þau á hvaða stigi útboðs sem er.

VII. KAFLI
Framkvæmd útboða.

33. gr.
Auglýsing útboða.

Skylt er að auglýsa almennt útboð með áberandi hætti þannig að allir mögulegir bjóðendur viðkomandi vöru, þjónustu eða verks eigi kost á að taka þátt í útboði. Í auglýsingu skulu koma fram nægilega miklar upplýsingar til að bjóðendur viðkomandi vöru, þjónustu eða verks geti tekið afstöðu til þess hvort þeir hyggjast taka þátt í útboði eða forvali.

Samtímis því, eða eftir að auglýst er, getur kaupandi hvatt tiltekna aðila til þátttöku í forvali eða útboði. Ekki má þó veita slíkum aðilum aðrar upplýsingar en fram koma í tilkynningu um útboð.

34. gr.
Lokuð útboð og samningskaup.

Við lokað útboð og samningskaup skal velja þá með forvali sem gefinn er kostur á að leggja fram tilboð.

Þegar um lokað útboð er að ræða, eða samningskaup skv. 19. gr., skal auglýsa forval með áberandi hætti með það fyrir augum að allir þeir sem boðið geta fram viðkomandi vöru, þjónustu eða verk eigi kost á að taka þátt í forvali.

Þegar um lokað útboð er að ræða er heimilt að takmarka fjölda þeirra sem valdir eru til að taka þátt í útboði. Aðilarnir skulu að jafnaði ekki vera færri en fimm og ekki fleiri en tuttugu. Fjöldi valinna aðila skal í öllum tilvikum nægja til að tryggja raunhæfa samkeppni í útboði. Taka skal fram í útboðsgögnum, ef takmarka á þann fjölda, sem velja á í forvali.

Þegar um er að ræða samningskaup skv. 19. gr. skal fjöldi þeirra, sem velja á í forvali til að taka þátt í útboði, ekki vera færri en þrír, svo fremi fjöldi þátttakenda sé nægur.

Við lokað útboð og samningskaup skal gefa þeim, sem valdir hafa verið til að taka þátt í útboði í forvali, kost á að gera tilboð með tilkynningu, sem þeim er send samtímis. Með tilkynningu skulu fylgja útboðsgögn og fylgiskjöl, ef þeim er að skipta.

35. gr.
Frestur til að skila tilboðum.

Tilboðstími skal vera nægjanlega langur til að bjóðendur geti undirbúið tilboð.

36. gr.
Frestur í almennu útboði.

Frestur til að leggja fram tilboð í almennu útboði skal vera minnst 15 almanaksdagar. Frestur reiknast frá deginum eftir að útboð er auglýst að meðtöldum opnunardegi. Allir almanaksdagar eru taldir með.

37. gr.
Frestur í lokuðu útboði og samningskaupum.

Frestur til að skila þátttökubeiðnum í forvali vegna lokaðs útboðs eða samningskaupum skv. 19. gr. skal vera minnst 15 almanaksdagar. Frestur reiknast frá deginum eftir að útboð er auglýst að meðtöldum opnunardegi.

Þeim sem valdir hafa verið í forvali skal gefa að minnst 10 almanaksdaga frest til að leggja fram tilboð. Frestur reiknast frá þeim degi þegar útboðsgögn eru send út. Að öðru leyti gilda sömu reglur um ákvörðun frests og við almenn útboð.

38. gr.

Hraðútboð.

Ef nauðsynlegt er að hraða útboði af ástæðum, sem kaupanda verður ekki um kennt, er heimilt að víkja frá þeim frestum, sem greinir í 36., 37. og 41. gr. Frestur til að skila tilboðum skal þó aldrei vera skemmri en 7 almanaksdagar frá birtingu auglýsingar.

39. gr.

Afhending gagna.

Útboðsgögn skulu vera tilbúin til afhendingar innan þriggja daga frá birtingu auglýsingar.

40. gr.

Vettvangsskoðun.

Ef ekki er unnt að gera tilboð án þess að bjóðendur skoði vettvang, eða ef boðið er upp á vettvangsskoðun, skal lengja tilboðsfrest sem nemur eðlilegum tíma til vettvangsskoðunar, ef þess er óskað af bjóðendum.

41. gr.

Fyrirspurnir og athugasemdir á tilboðstíma.

Ef óskað er eftir ítarlegri gögnum eða nánari skilgreiningu á útboðsgögnum skal skrifleg beiðni vera komin til umsjónarmanns útboðs eigi síðar en 7 almanaksdögum áður en tilboðsfrestur rennur út.

Telji kaupandi tilefni til að senda ný gögn eða svara fyrirspurn skv. 1. mgr. skal senda gögnin eða fyrirspurnina ásamt svörum við henni til allra sem hafa óskað eftir og fengið send útboðsgögn. Ný gögn eða skýringar skulu vera komin til bjóðenda eigi síðar en 4 almanaksdögum áður en tilboðsfrestur rennur út.

Allar athugasemdir við útboð og framkvæmd þeirra skulu vera skriflegar.

42. gr.

Tilboð afturkölluð.

Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt áður en tilboð eru opnuð, enda sé það gert skriflega eða með öðrum jafntryggum hætti.

43. gr.

Opnun tilboða frestað.

Þurfi að fresta opnun tilboða skal það gert með að minnsta kosti 4 almanaksdaga fyrirvara. Séu færri en fjórir dagar fram að opnun er óheimilt að boða frestun, heldur skal haldinn opnunarfundur og skráð hverjir skila inn tilboði, án þess að opna tilboðin. Þeim sem skiluðu tilboði er einum boðin áframhaldandi þátttaka.

44. gr.

Afhending tilboða.

Tilboðum skal skilað í lokuðu umslagi og þarf nafn og aðsetur bjóðanda að koma fram á umslaginu ásamt heiti útboðs og númeri, ef því er að skipta.

Séu tilboð send með pósti eða í símbréfi er bjóðandi ábyrgur fyrir því að þau komist í réttar hendur fyrir opnun tilboða.

Leyfilegt er að skila eingöngu inn heildartilboðsupphæð, ef einingarverð og önnur tilskilin gögn fylgja í lokuðu umslagi, eða eru sannanlega komin í póst degi áður en tilboð eru opnuð.

Bjóðandi getur síðan óskað eftir því að einingarverð verði ekki tekin til skoðunar nema tilboð hans komi til álita.

45. gr.

Gerð frávikstilboða.

Sé frávikstilboð gert skal geta þess sérstaklega á tilboðsblaði að um slíkt tilboð sé að ræða. Með frávikstilboði skal fylgja skýr og greinargóð lýsing á því í hvaða atriðum vikið sé frá tæknilegri lýsingu útboðsgagna.

46. gr.

Tilboð fleiri aðila.

Fleiri aðilum er heimilt að standa að tilboði sameiginlega, enda teljast þeir þá bera ábyrgð einn fyrir alla og allir fyrir einn á efndum samnings.

Þegar um sameiginlegt tilboð fleiri aðila er að ræða skal leggja fram þau gögn sem um ræðir í VI. kafla og skulu þau miðast við alla bjóðendur.

Kaupanda er heimilt að áskilja í útboðsgögnum að einn bjóðenda komi fram fyrir hönd hinna við framkvæmd samnings og standi kaupanda öll skil.

47. gr.

Opnun tilboða.

Bjóðendum skal vera heimilt að vera við opnun tilboða og eiga rétt á að eftirfarandi upplýsingar séu lesnar upp eftir því sem þær koma fram í tilboðum:

a. Nafn bjóðanda;
b. Heildartilboðsupphæð;
c. Greiðsluskilmálar;
d. Afhendingarskilmálar;
e. Eðli frávikstilboða.

Tilboð sem berast of seint skulu send bjóðendum óopnuð ásamt skýringu á ástæðum þess að þau eru endursend.

48. gr.

Form tilboða og annarra gagna.

Tilboð skulu vera skrifleg og skal afhenda þau kaupanda eða umsjónarmanni hans eða senda honum þau í pósti.

Heimilt er kaupanda að ákveða að tilboð megi leggja fram með öðrum hætti en skriflegum, ef tryggt er að óviðkomandi verði ekki kunnugt um efni tilboðsins og unnt er að staðreyna móttöku og móttökutíma þess.

Kaupanda er heimilt að taka við og svara fyrirspurnum bjóðenda skv. 41. gr. með öðrum hætti en skriflegum, til dæmis með símbréfi, rafpósti, símskeyti eða öðrum jafntryggum hætti.

VIII. KAFLI
Val tilboðs.

49. gr.

Þau tilboð sem koma til greina.

Við val á bjóðanda skal eingöngu litið til gildra tilboða.

50. gr.

Mat á hagstæðasta boði.

Við val á bjóðanda skal gengið út frá hagkvæmasta boði. Hagkvæmasta tilboð er það boð, sem er lægst að fjárhæð, eða það boð, sem fullnægir þörfum kaupanda best samkvæmt þeim forsendum sem settar hafa verið fram í útboðsgögnum samkvæmt, sbr. 26. gr.

Óheimilt er að meta tilboð á grundvelli annarra forsendna en fram koma í útboðsgögnum, sbr. 26. gr.

Heimilt er að velja fleiri en eitt tilboð sé kaupum skipt í fleiri sjálfstæða hluta í útboðsgögnum.

51. gr.

Óeðlilega lág tilboð.

Þegar tilboð virðist óeðlilega lágt miðað við raunvirði þess sem kaupa á skal kaupandi óska eftir nánari upplýsingum frá bjóðanda um þau atriði, sem máli skipta, og sannreyna þau áður en boði er hafnað. Ef kaupandi hafnar bjóðanda á fyrrgreindum forsendum skal hann tilkynna honum um þau atriði sem hann getur ekki fallist á.

Þegar í útboðsgögnum er kveðið á um að lægsta tilboði skuli tekið ber kaupanda að rökstyðja þá ákvörðun að hafna tilboðum sem álitin eru óeðlilega lág.

Upplýsingar sem kaupandi fær samkvæmt þessari grein skal fara með sem trúnaðarmál.

52. gr.

Höfnun tilboðs.

Kaupandi telst hafa hafnað tilboði, ef hann er búinn að semja við annan aðila, gildistími tilboðs er liðinn án þess að óskað hafi verið eftir framlengingu tilboðs, eða öllum tilboðum hefur verið hafnað formlega.

Eftir að kaupandi hefur hafnað tilboði getur bjóðandi óskað eftir að hann endursendi sér tilboðið og öll gögn sem því fylgdu.

Kaupanda er óheimilt að nýta hugmyndir eða tilboð bjóðanda á nokkurn hátt eftir að því hefur verið hafnað.

53. gr.

Rökstuðningur höfnunar tilboðs og annarra ákvarðana.

Kaupandi skal tilkynna bjóðendum um niðurstöðu útboðs eða forvals, eins fljótt og kostur er. Ef ákveðið hefur verið að hafna öllum boðum eða láta nýtt útboð fara fram, skal rökstuðningur fylgja slíkri ákvörðun. Tilkynning skal vera skrifleg sé þess óskað.

Skylt er að skýra frá ástæðum þess að tilboði tiltekins bjóðanda var hafnað, ef hann krefst þess. Rökstuðningur skal liggja fyrir eigi síðar en 15 dögum eftir að beiðni um það barst kaupanda eða umsjónarmanni útboðs. Í rökstuðningi skal þó ekki upplýsa um atriði, sem gætu torveldað löggæslu eða ganga að öðru leyti gegn almannahagsmunum, eða mundu skaða lögmæta viðskiptahagsmuni einstakra fyrirtækja eða samkeppni milli þeirra.

54. gr.

Samþykki tilboðs.

Tilboð skal samþykkja skriflega innan gildistíma þess og er þá kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs bjóðanda. Þó skal gera sérstakan samning um kaup á vöru, þjónustu eða verki á grundvelli útboðsins þegar við á eða annar aðila óskar þess.

Þegar kominn er á samningur skv. 1. mgr. skal það tilkynnt öllum bjóðendum án tafar.

55. gr.

Gerviverktaka.

Verktaka og undirverktaka er óheimilt að gera samning um undirverktöku við einstaka starfsmenn eða starfshópa í þeim tilvikum þar sem um ráðningarsamband er að ræða og það á við samkvæmt venju og eðli máls.

3. ÞÁTTUR
Opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu.

IX. KAFLI
Gildissvið þessa þáttar.

56. gr.

Ákvæði þessa þáttar gilda um opinber innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum, sem ráðherra birtir í reglugerð í samræmi við tilskipun ráðherraráðsins nr. 92/50/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um kaup á þjónustu, tilskipun ráðherraráðsins nr. 93/36/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um vörukaup og tilskipun ráðherraráðsins nr. 93/37/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, eins og þessum tilskipunum kann síðar að hafa verið breytt og þær teknar upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Einnig skal í reglugerð birta aðrar viðmiðunarfjárhæðir, sem máli skipta fyrir framkvæmd opinberra innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu, svo sem viðmiðunarfjárhæðir heildarinnkaupa.

Í reglugerð skv. 1. mgr. er heimilt að setja nánari reglur um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu til samræmis við ákvæði þeirra tilskipana, sem þar greinir.

X. KAFLI
Framkvæmd innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu.

57. gr.

Almennar reglur.

Við opinber innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum 56. gr. skal fara að reglum 2. þáttar, ef ekki leiðir annað af ákvæðum þessa kafla.

Við ákvörðun tímabila, dagsetninga og fresta skal gæta ákvæða reglugerðar ráðherraráðsins nr. 1182/71/EBE/KBE frá 3. júní 1971 sem setur reglur um hvernig reikna ber tímabil, dagsetningar og fresti.

58. gr.

Samningar um hönnun og byggingu húsnæðis á vegum hins opinbera.

Þegar um er að ræða hönnun og byggingu félagslegs húsnæðis, þar sem umfang, tími og eðli verksins gerir það nauðsynlegt að skipulagning sé frá upphafi byggð á nánu samstarfi innan verkefnahóps, sem í eiga sæti fulltrúar hins opinbera, sérfræðingar og verktakar, er heimilt að velja bjóðanda samkvæmt reglum, sem hafa það að markmiði að sá sem best fellur inn í verkefnahópinn verði fyrir valinu. Að öðru leyti fer um slíkt útboð samkvæmt reglum um lokuð útboð.

59. gr.

Tilkynning um heildarinnkaup.

Eins snemma á fjárhagsárinu og unnt er skulu kaupendur birta áætluð heildarinnkaup á vörum, þjónustu eða verkum, sem greinir í I. viðauka A, fyrir næstu tólf mánuði, ef heildarfjárhæð kaupanna nær viðmiðunarfjárhæðum vegna heildarinnkaupa, sem birtar eru í reglugerð ráðherra skv. 1. mgr. 56. gr.

60. gr.

Tilkynning um einstök innkaup.

Kaupandi, sem hyggst bjóða út opinber innkaup yfir þeim viðmiðunarfjárhæðum, sem ráðherra birtir í reglugerð skv. 56. gr., skal tilkynna þá fyrirætlun sína. Sama á við þegar um hönnunarsamkeppni er að ræða og gerð sérleyfissamninga um verk. Fyrirhuguð innkaup á þjónustu, sem greinir í I. viðauka B, þarf þó ekki að tilkynna.

61. gr.

Tilkynning um samning.

Þegar gerður hefur verið samningur í framhaldi af útboði á Evrópska efnahagssvæðinu skal tilkynna um niðurstöðu útboðsins. Sama gildir um niðurstöðu hönnunarsamkeppni.

Heimilt er að víkja frá 1. mgr., ef birting tilkynningar gæti torveldað löggæslu, verið á annan hátt andstæð almannahagsmunum, skaðað lögmæta viðskiptahagsmuni einstakra fyrirtækja, opinberra eða einkarekinna, eða hindrað samkeppni.

Þegar um er að ræða þjónustu, sem tilgreind er í I. viðauka B, skal kaupandi ákveða í tilkynningu um samning hvort hana eiga að birta skv. 62. gr.

62. gr.

Birting tilkynninga.

Senda skal tilkynningar með tryggum hætti til útgáfustjórnar Evrópubandalagsins, eins skjótt og unnt er, til birtingar í Stjórnartíðindum bandalagsins og gagnabönkum. Tilkynning skal að jafnaði ekki vera lengri en 650 orð.

Tilkynning, sem um getur í 59. gr., skal send eins snemma á fjárhagsárinu og unnt er.

Tilkynning, sem um getur í 61. gr., skal send í síðasta lagi 48 dögum eftir að samningur hefur verið gerður eða frá lokum hönnunarsamkeppni.

Óheimilt er að birta aðrar tilkynningar um útboð áður en samsvarandi tilkynning hefur verið send útgáfustjórn Evrópubandalagsins. Sömuleiðis skulu í öðrum tilkynningum ekki koma fram ítarlegri upplýsingar en þar greinir.

63. gr.

Form og efni tilkynninga.

Ráðherra getur í reglugerð mælt fyrir um form og efni tilkynninga skv. 59. gr.–62. gr.

64. gr.

Frestir í almennum útboðum.

Við almenn útboð skal frestur til að leggja fram tilboð ekki vera skemmri en 52 dagar frá sendingardegi tilkynningar að telja.

Nú hefur kaupandi tilkynnt heildarinnkaup skv. 59. gr. með fullnægjandi hætti eigi síðar en 52 dögum fyrir sendingu tilkynningar um einstök innkaup og ekki fyrr en 12 mánuðum fyrir sama dag og er þá heimilt að stytta frest til að skila tilboðum, ef tilkynning um

heildarinnkaup hafði að geyma sambærilegar upplýsingar um innkaupin og fram skulu koma í tilkynningu um einstök innkaup. Fresturinn skal jafnan eigi vera skemmri en 36 dagar og aldrei skemmri en 22 dagar.

Skylt er að senda útboðsgögn innan sex daga frá því að beiðni berst, enda hafi beiðni borist með hæfilegum fyrirvara.

Viðbótarupplýsingum skv. 41. gr. skal komið til bjóðenda eigi síðar en sex dögum áður en frestur til að skila tilboðum rennur út, enda hafi upplýsinganna verið óskað með hæfilegum fyrirvara. Þegar um er að ræða þjónustu er þessi frestur þó fjórir dagar.

Ef útboðsgögn eða viðbótarupplýsingar eru svo umfangsmiklar að ekki er unnt að afhenda þau innan þeirra fresta, sem greinir í 2. og 3. mgr., eða ef vettvangsganga er nauðsynleg, skulu frestir lengjast í samræmi við þær tafir sem af þessu hljótast.

Frestur til að sækja um aðild að sérleyfissamningi um verk skal ekki vera skemmri en 52 dagar frá sendingardegi auglýsingar.

65. gr.

Frestir í lokuðum útboðum og samningskaupum.

Við lokuð útboð og samningskaup skal frestur til að skila tilkynningum um þátttöku ekki vera skemmri en 37 dagar frá sendingardegi tilkynningar að telja.

Frestur til að skila tilboði í lokuðu útboði skal ekki vera styttri en 40 dagar.

Nú hefur kaupandi tilkynnt heildarinnkaup skv. 59. gr. með fullnægjandi hætti eigi síðar en 52 dögum fyrir sendingu tilkynningar um einstök innkaup og ekki fyrr en 12 mánuðum fyrir sama dag og er þá almennt heimilt að stytta frest til að skila tilboðum, ef tilkynning um heildarinnkaup hafði að geyma sambærilegar upplýsingar um innkaupin og fram skulu koma í tilkynningu um einstök innkaup. Fresturinn skal eigi vera skemmri en 26 dagar.

Ef útboðsgögn eða viðbótarupplýsingar eru svo umfangsmiklar að ekki er unnt að afhenda þau innan þeirra fresta, sem greinir í 1. og 2. mgr., eða ef vettvangsganga er nauðsynleg, skulu frestir lengjast í samræmi við þær tafir, sem af þessu hljótast.

Reynist frestur til að skila tilboði of skammur við gerð aðkallandi samninga má stytta frest bjóðanda til að tilkynna um þátttöku og skila tilboði. Frestur til að tilkynna um þátttöku skal þó eigi vera skemmri en 15 dagar frá sendingardegi tilkynningar og frestur til að skila tilboði eigi skemmri en 10 dagar frá sendingu tilkynningar.

66. gr.

Heimild til að auglýsa útboð undir viðmiðunarfjárhæðum.

Kaupanda er heimilt að birta í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins auglýsingar um opinber innkaup sem eru undir viðmiðunarfjárhæðum 56. gr.

XI. KAFLI
Skýrslur, Eftirlitsstofnun EFTA, o.fl.

67. gr.

Skýrslur um opinber innkaup.

Kaupanda er skylt að senda fjármálaráðuneytinu skýrslu um þá samninga sem hann hefur gert. Fjármálaráðuneytið sendir Eftirlitsstofnun EFTA skýrslurnar, ef þess er óskað.

Kaupandi skal eigi síðar en 1. febrúar ár hvert senda fjármálaráðuneytinu yfirlit yfir þá dóma, sem kveðnir hafa verið upp vegna brota hans á ákvæðum laga þessara og varða innkaup, sem skylt er að bjóða út á Evrópska efnahagssvæðinu.

Heimilt er í reglugerð að kveða nánar á um hvaða upplýsingar skuli koma fram í skýrslum samkvæmt þessari grein.

68. gr.

Rannsókn Eftirlitsstofnunar EFTA.

Telji Eftirlitsstofnun EFTA að um augljóst brot á reglum Evrópska efnahagssvæðisins um opinber innkaup sé að ræða getur hún hafið rannsókn á ætluðu broti. Innan 14 daga frá tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA um ástæður fyrir því áliti að augljóst brot hafi átt sér stað skal kaupandi senda fjármálaráðuneytinu staðfestingu á því að bætt hafi verið úr brotinu, greinargerð um ástæður þess að engar úrbætur hafi verið gerðar eða tilkynningu um að útboð og gerð samnings hafi verið stöðvuð um stundarsakir.

Fjármálaráðherra getur stöðvað um stundarsakir útboð eða gerð samnings í tilefni af tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt þessari grein.

4. ÞÁTTUR
Stjórnsýsla, meðferð kærumála, o.fl.
XII. KAFLI
Yfirstjórn opinberra innkaupa og starfsemi innkaupastofnunar.

69. gr.

Yfirstjórn opinberra innkaupa.

Opinber innkaup heyra undir fjármálaráðherra sem fer með framkvæmd laga þessara.

70. gr.

Ríkiskaup.

Á vegum ríkisins skal rekin innkaupastofnun, Ríkiskaup. Stofnunin annast innkaup fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki, rannsakar sameiginlegar þarfir á vörum og þjónustu og beitir sér fyrir samræmdum innkaupum til þarfa ríkisins. Einnig skal stofnunin láta í té aðstoð og leiðbeiningar um útboð og innkaup eftir því sem þörf krefur. Komi upp ágreiningur um ákvörðun við val á tilboðum milli Ríkiskaupa sem umsjónaraðila útboðs og kaupanda, er heimilt að vísa ágreiningnum til fjármálaráðuneytisins.

Stofnunin ráðstafar eignum ríkisins sem ekki er lengur þörf fyrir samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

Ríkiskaup gera rammasamninga fyrir hönd ríkisins og annast útboð á vegum ríkisstofnana vegna innkaupa yfir viðmiðunarmörkum skv. 12. gr. laganna. Fjármálaráðherra getur þó heimilað einstökum ríkisstofnunum að annast eigin innkaup yfir viðmiðunarmörkum.

71. gr.

Markmið í rekstri Ríkiskaupa.

Ríkiskaup skulu leitast við að tryggja hagkvæmni við innkaup ríkisins. Markmiði þessu skal náð með því að:

a. þróa hágæða þjónustustofnun á sviði opinberra innkaupa með starfsfólki sem býr yfir þekkingu og reynslu á sviði innkaupa fyrir ríkisstofnanir,
b. þróa verklag við útboð og innkaup sem tryggir jafnræði bjóðenda og virka samkeppni,
c. auka framleiðni og einföldun í opinberum innkaupum með nútímalegu innkaupakerfi, útboðum og samræmdum innkaupum,
d. auðvelda viðskiptatengsl milli birgja og ríkisstofnana,

e. miðla þekkingu og reynslu til ríkisstofnana til að fullnægja sem best viðskiptalegum þörfum ríkisins.

72. gr.

Yfirstjórn Ríkiskaupa.

Fjármálaráðherra skipar stjórn Ríkiskaupa til þriggja ára í senn og skal hún skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Hlutverk stjórnar er að móta stefnu um helstu áherslur, verkefni og starfshætti stofnunarinnar í samráði við forstjóra.

73. gr.

Forstjóri Ríkiskaupa.

Fjármálaráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnar. Forstjóri annast daglegan rekstur Ríkiskaupa og ber ábyrgð á fjárreiðum stofnunarinnar og reikningshaldi. Forstjóri gerir tillögur um fjárhagsáætlun stofnunarinnar og leggur áætlunina fyrir stjórn til meðferðar. Forstjóri ræður starfslið í samráði við stjórn stofnunarinnar.

74. gr.

Gjaldskrá Ríkiskaupa.

Ríkiskaup selur ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum þjónustu sína á kostnaðarverði að viðbættri þóknun samkvæmt gjaldskrá sem fjármálaráðherra setur samkvæmt tillögum stjórnar stofnunarinnar. Gjaldskráin skal miðast við að tekjur standi undir rekstri stofnunarinnar.

XIII. KAFLI

Kærunefnd útboðsmála.

75. gr.

Hlutverk og skipan kærunefndar útboðsmála.

Í kærunefnd útboðsmála eiga sæti þrír menn sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Formaður nefndarinnar og varamaður hans skulu fullnægja skilyrðum laga til að gegna embætti héraðsdómara. Aðrir nefndarmenn skulu hafa alhliða reynslu og þekkingu á viðskiptum. Nefndarmenn skulu vera óháðir hagsmunum ríkis eða annarra opinberra aðila.

Hlutverk kærunefndar útboðsmála er að leysa með skjótum og óhlutdrægum hætti úr kærum einstaklinga og lögaðila vegna ætlaðra brota á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim.

Nefndin er sjálfstæð í störfum sínum. Úrskurðum hennar og ákvörðunum samkvæmt lögum þessum verður ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Að beiðni fjármálaráðuneytisins er kærunefnd útboðsmála heimilt að láta uppi ráðgefandi álit vegna tiltekinna innkaupa þótt engin kæra hafi borist.

76. gr.

Sérfræðileg ráðgjöf.

Nefndinni er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila, ef hún telur þörf á. Skulu þeir aðilar starfa með kærunefndinni eftir nánari ákvörðun formanns eða varaformanns sem ákveður þeim þóknun fyrir starfann.

77. gr.

Málskotsréttur.

Heimild til að skjóta málum til nefndarinnar hafa þeir einstaklingar og lögaðilar sem njóta réttinda samkvæmt lögum þessum og hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn máls.

Heimilt er kæranda að framselja kæruheimild sína til félags eða samtaka sem gæta hagsmuna hans.

78. gr.

Kærufrestur.

Kæra skal borin skriflega undir kærunefnd útboðsmála innan fjögurra vikna frá því kærandi vissi eða mátti vita um ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum.

Í kæru skulu koma fram upplýsingar um kæranda, þann aðila, sem kæra beinist að og ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi, sem er kærð. Í kæru skulu koma fram kröfur kæranda ásamt stuttri lýsingu málsatvika, málsástæðna og rökstuðningur. Kröfugerð kæranda skal lúta að úrræðum nefndarinnar skv. 79. og 80. gr.

Ef kæra fullnægir ekki skilyrðum 2. mgr. skal kærunefndin beina því til kæranda að bæta úr annmörkum innan hæfilegs frests. Verði kærandi ekki við því skal kærunefndin vísa kærunni frá.

Kærunefnd er jafnan heimilt að beina því til kæranda að leggja fram frekari gögn eða upplýsingar máli til skýringar ef hún telur málið ekki nægilega upplýst og setja honum ákveðinn frest í því skyni.

79. gr.

Meðferð kæru og gagnaöflun.

Nú er kæra tæk til efnismeðferðar skv. 78. gr. og gefur nefndin þá þeim, sem kæra beinist gegn, kost á að tjá sig um efni kærunnar. Kæranda skal jafnan gefinn stuttur frestur til að tjá sig um athugasemdir hins kærða. Málflutningur skal vera skriflegur, en heimilt er nefndinni að gefa aðilum kost á að færa fram athugasemdir munnlega, ef mál er óvenjulega flókið eða umfangsmikið.

Nefndin getur krafist þess að málsaðilar leggi fram öll þau gögn og aðrar upplýsingar sem málið varðar. Sinni kærandi ekki slíkri kröfu er heimilt að vísa kæru hans frá þegar í stað. Sinni sá, sem kæra beinist að ekki slíkri kröfu, má meta tómlæti hans honum í óhag við úrlausn málsins.

Afl atkvæða nefndarmanna ræður niðurstöðu máls. Minnihlutaatkvæði skal fylgja nefndaráliti, ef því er að skipta. Formaður eða varaformaður stýrir störfum nefndarinnar. Þegar nefndarmenn eru eigi sammála um niðurstöðu ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef nefndin þríklofnar í afstöðu sinni eða niðurstaða getur eigi ráðist af atkvæðamagni ræður atkvæði formanns.

Kærunefnd skal kveða upp úrskurð um kæru eins fljótt og auðið er og eigi síðar en einum mánuði eftir að henni hafa borist gögn sem um ræðir í 78. og 79. gr.

Um meðferð mála fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

80. gr.

Stöðvun samningsgerðar um stundarsakir.

Nú telur nefndin að verulegar líkur séu á því að brotið hafi verið gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim við tiltekin innkaup og getur hún þá, eftir kröfu kæranda, stöðvað útboð eða gerð samnings, þar til endanlega hefur verið skorið úr kæru.

Þeim sem kæra beinist gegn skal að jafnaði gefinn skammur frestur til að tjá sig um hugsanlega stöðvun útboðs eða stöðvun samningsgerðar um stundarsakir. Víkja má frá þessu, ef um er að ræða skýrt og augljóst brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Aðili máls getur krafist þess að nefndin rökstyðji ákvörðun samkvæmt þessari grein skriflega hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt.

81. gr.

Úrræði kærunefndar útboðsmála.

Nefndin getur með úrskurði fellt úr gildi eða breytt ákvörðun kaupanda vegna opinberra innkaupa, sbr. þó 83. gr. Nefndin getur lagt fyrir kaupanda að bjóða út tiltekin innkaup, auglýsa útboð á nýjan leik eða breyta útboðsauglýsingu, útboðslýsingu eða öðrum þáttum útboðsgagna.

Nefndin getur látið uppi álit sitt á skaðabótaskyldu kaupanda gagnvart kæranda, en tjáir sig ekki um fjárhæð skaðabóta.

Nefndin getur ákveðið að sá, sem kæra beinist gegn, greiði kæranda kostnað við að hafa kæruna uppi. Ef kæra er bersýnilega tilefnislaus eða höfð uppi í þeim tilgangi að tefja fyrir framgangi opinberra innkaupa getur nefndin úrskurðað kæranda til að greiða málskostnað sem rennur í ríkissjóð.

Ef ekki er farið að úrskurði nefndarinnar skv. 1. mgr. er henni heimilt að ákveða að leggja dagsektir á þann sem úrskurður beinist að. Sektir geta numið allt að 500.000 krónum fyrir hvern dag sem líður án þess að farið sé að úrskurði nefndarinnar. Ef úrskurði er skotið til dómstóla byrja dagsektir ekki að falla á fyrr en dómur er endanlegur.

Dagsektir skv. 4. mgr. renna í ríkissjóð. Gera má aðför, án undangengins dóms, til fullnustu dagsekta og úrskurðar um málskostnað skv. 3. mgr.

82. gr.

Starfsreglur fyrir kærunefnd útboðsmála.

Kærunefnd útboðsmála getur sett nánari reglur, sem ráðherra staðfestir, um framlagningu gagna, málsmeðferð fyrir nefndinni og birtingu úrskurða.

XIV. KAFLI

Gildi samninga og skaðabætur.

83. gr.

Ógilding samninga.

Eftir að samningur hefur verið gerður verður hann ekki felldur úr gildi eða honum breytt þótt ákvörðun kaupanda um framkvæmd útboðs eða gerð samnings hafi verið ólögmæt.

Nú gerir kaupandi samning þótt útboð eða samningsgerð hafi verið stöðvuð skv. 80. gr. og er þá allt að einu heimilt að ógilda samninginn og beita þeim úrræðum sem greinir í 81. gr.

Um gildi samninga, sem stofnað er til samkvæmt lögum þessum, fer að öðru leyti eftir almennum reglum.

84. gr.

Skaðabótaskylda.

Kaupandi er skaðabótaskyldur vegna þess tjóns sem brot á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim hefur í för með sér fyrir bjóðanda. Bjóðandi þarf einungis að sanna að hann hafi átt raunhæfa möguleika á að verða valinn af kaupanda og möguleikar hans hafi

skerst við brotið. Bótafjárhæð skal miðast við kostnað við að undirbúa tilboð og taka þátt í útboði.

Um skaðabætur vegna brota á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim fer að öðru leyti eftir almennum reglum.

XV. KAFLI
Gildistaka, brottfall laga, o.fl.

85. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

86. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

87. gr.

Við gildistöku laga þessara falla á brott lög nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 302/1996, um innkaup ríkisins.

Viðaukar:

I. Viðauki A.

Þjónusta skv. 8. gr. tilskipunar 92/50/EBE.

I. Viðauki B.

Þjónusta skv. 9. gr. tilskipunar 92/50/EBE.

Viðauki II.

Skrá yfir atvinnustarfsemi samkvæmt almennri atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE), sbr. II. viðauka tilskipunar nr. 93/37/EBE.

I. Viðauki A.
Þjónusta skv. 8. gr. tilskipunar 92/50/EBE

	ÞJÓNUSTA Í FLOKKI A	
NR	VIÐFANGSEFNI	CPC-FLOKKUNARNÚMER
1	VIÐHALDS- OG VIÐGERÐAÞJÓNUSTA	6612, 6122, 633, 886
2	FLUTNINGAÞJÓNUSTA Á LANDI (1), Þ.M.T. MEÐ BRYNVÖRÐUM BIFREIÐUM, OG HRAÐSENDINGARÞJÓNUSTA, AÐ UNDANSKILDUM PÓSTFLUTNINGUM	712 (ÞÓ EKKI 71235) 7512, 87304
3	FARÞEGA- OG VÖRUFLUTNINGAÞJÓNUSTA Í LOFTI, AÐ UNDANSKILDUM PÓSTFLUTNINGUM	73 (ÞÓ EKKI 7321)
4	PÓSTFLUTNINGAR Á LANDI(1) OG Í LOFTI	71235, 7321
5	FJARSKIPTAÞJÓNUSTA(2)	752
6	FJÁRMAGNSÞJÓNUSTA TRYGGINGAR BANKA- OG FJÁRFESTINGAÞJÓNUSTA(3)	ÚR 81 812, 814
7	TÖLVUÞJÓNUSTA OG SKYLD ÞJÓNUSTA	84
8	ÞJÓNUSTA VIÐ RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN(4)	85
9	REIKNINGSHALD, ENDURSKOÐUN OG BÓKFÆRSLUÞJÓNUSTA	862
10	MARKAÐSRANNSÓKNIR OG ÞJÓNUSTA VIÐ SKOÐANAKANNANIR	864
11	RÁÐGJÖF VIÐ STJÓRNUN(5) OG SKYLD ÞJÓNUSTA	865, 866
12	ARKITEKTAÞJÓNUSTA; VERKFRÆÐIÞJÓNUSTA OG SAMRÆMD VERKFRÆÐIÞJÓNUSTA; SKIPULAGSÞJÓNUSTA OG ÞJÓNUSTA SKRÚÐGARÐYRKJUMEISTARA; VÍSINDALEG OG TÆKNILEG RÁÐGJÖF SEM TENGIST ÞESSUM GREINUM; TÆKNIPRÓFUNAR- OG GREININGARÞJÓNUSTA	867
13	AUGLÝSINGAÞJÓNUSTA	871
14	HREINGERNINGAR- OG HÚSVARÐARÞJÓNUSTA	874, 82201 TIL 82206
15	ÚTGÁFU- OG PRENTUNARÞJÓNUSTA GEGN GJALDI EÐA SAMKVÆMT SAMNINGI	88442
16	ÞJÓNUSTA VIÐ FRÁVEITUR OG SORPEYÐINGU; HREINLÆTISÞJÓNUSTA.	94

(1) Að undanskildum járnbrautarflutningum sem heyra undir flokk 18.
(2) Að undanskildum talsíma- og fjarritaþjónustu, þráðlausum talsíma, boðkerfis- og gervihnattaþjónustu.
(3) Að undanskildum samningum um fjármagnsþjónustu í sambandi við útgáfu, sölu, kaup eða yfirfærslu verðbréfa og annarra fjármálaskjala, og seðlabankaþjónustu.
(4) Að undanskildum samningum um rannsóknir, nema þar sem opinberir aðilar bera allan kostnað við þjónustuna sem um ræðir og hafa einkarétt til að njóta góðs af árangrinum í starfsemi sinni.
(5) Að undanskilinni þjónustu vegna gerðardóms og sáttameðferðar.

I. Viðauki B.

Þjónusta skv. 9. gr. tilskipunar 92/50/EBE.

	ÞJÓNUSTA Í FLOKKI B	
NR	VIÐFANGSEFNI	CPC-FLOKKUNARNÚMER
17	HÓTEL- OG VEITINGAÞJÓNUSTA	64
18	JÁRNBRAUTARFLUTNINGAR	711
19	FLUTNINGAR Á SJÓ EÐA VATNALEIÐUM	72
20	AUKA- EÐA VIÐBÓTARFLUTNINGAÞJÓNUSTA	74
21	LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA	861
22	RÁÐNINGARÞJÓNUSTA	872
23	ÖRYGGIS- OG EFTIRLITSÞJÓNUSTA, AÐ UNDANSKILDUM FLUTNINGUM MEÐ BRYNVÖRÐUM BIFREIÐUM	873 (ÞÓ EKKI 87304)
24	KENNSLA OG STARFSMENNTUNARÞJÓNUSTA	92
25	HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSMÁLAÞJÓNUSTA	93
26	TÓMSTUNDA-, MENNINGAR- OG ÍÞRÓTTAÞJÓNUSTA	96
27	ÖNNUR ÞJÓNUSTA	

Viðauki II.

Skrá yfir atvinnustarfsemi samkvæmt almennri atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE), sbr. II. viðauka tilskipunar nr. 93/37/EBE.

SKRÁ YFIR ATVINNUSTARFSEMI SAMKVÆMT ALMENNRI ATVINNUGREINAFLOKKUN EVRÓPUBANDALAGSINS (NACE)

Flokkar	Hópar	Undirhópar og atriði	Lýsing
50			BYGGINGAR OG MANNVIRKJAGERÐ
	500		**Almenn byggingarvinna og mannvirkjagerð (ósérhæfð) og niðurrif**
		500.1	Almenn byggingarvinna og mannvirkjagerð (ósérhæfð)
		500.2	Niðurrif
	501		**Byggingar íbúða, skrifstofuhúsnæðis, sjúkrahúsa og annars húsnæðis til íbúðar eða annarra nota**
		501.1	Almenn byggingaverktakavinna
		501.2	Þaklagnir
		501.3	Smíði skorsteina, brennsluofna og miðstöðva
		501.4	Vatns- og rakaeinangrun
		501.5	Lagfæring og viðhald útveggja (málning, hreinsun o.s.frv.)
		501.6	Vinna við að reisa og taka niður vinnupalla
		501.7	Önnur sérhæfð vinna við byggingar (þar með talin trésmíði)
	502		**Mannvirkjagerð: vegagerð, brúarsmíði, járnbrautarlagning o.s.frv.**
		502.1	Almenn mannvirkjagerð
		502.2	Jarðvegsvinna
		502.3	Smíði brúa, ganga og stokka; borun
		502.4	Vatnsvirkjun (ár, skurðir, hafnir, stíflur, flóðgáttir og -garðar)
		502.5	Vegagerð (þar með talin sérhæfð lagning flugvalla og flugbrauta)
		502.6	Sérhæfð byggingarvinna við vatnsmannvirki (þ.e. við áveitur, framræslu, vatnsveitu, hreinsun og losun fráveituvatns o.s.frv.)
		502.7	Sérhæfð starfsemi á öðrun sviðum mannvirkjagerðar
	503		**Lagnavinna og einangrun**
		503.1	Almenn lagnavinna
		503.2	Gas- og vatnslagnir og uppsetning hreinlætistækja
		503.3	Uppsetning hitunar- og loftsræstibúnaðar (miðstöðvarhitunar, loftkælingar, loftræstingar)
		503.4	Hljóð- og hitaeinangrun, einangrun gegn titringi
		503.5	Raflagnir
		503.6	Uppsetning loftneta og eldingavara, símalagnir o.s.frv.
	504		**Frágangur bygginga**
		504.1	Almenn frágangsvinna við byggingar
		504.2	Múrverk
		504.3	Innrétting, einkum samsetning á byggingarstað og/eða uppsetning (þar með talin lagning parketgólfa)
		504.4	Málningarvinna, glerjun, veggfóðrun
		504.5	Flísalagning og önnur gólf- og veggklæðing
		504.6	Önnur frágangsvinna við byggingar (arinhleðsla o.s.frv.)

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Aðdragandi frumvarpsins

Fjármálaráðherra skipaði 11. ágúst 1999 nefnd til að vinna að tillögum vegna endurskoðunar laga og reglna um opinber innkaup. Í nefndinni sátu Guðmundur I. Guðmundsson lögfræðingur Ríkiskaupa, Guðjón Rúnarsson aðstoðarframkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands, Ólafur Helgi Árnason lögfræðingur Samtaka iðnaðarins og Guðmundur Ólason sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu sem jafnframt gegndi formennsku í nefndinni. Ritari nefndarinnar var Erna Hjaltested lögfræðingur í fjármálaráðuneytinu. Þau atriði sem nefndin hafði einkum til skoðunar voru gildissvið laga og reglna um opinber innkaup, útboð og útboðsferli, eftirlit og réttarúrræði bjóðenda, samskipti kaupenda og bjóðenda og þróun opinberra innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu. Nefndin ráðfærði sig við ýmsa aðila sem sérfróðir eru um opinber innkaup eða hafa sérstakra hagsmuna að gæta á þessu sviði. Á fund nefndarinnar komu meðal annarra Jón H. Ásbjörnsson deildarstjóri útboðsdeildar Ríkiskaupa, Júlíus S. Ólafsson forstjóri Ríkiskaupa, Marinó Þorsteinsson skrifstofustjóri Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar, Páll Sigurðsson formaður kærunefndar útboðsmála, Ragnheiður Snorradóttir lögfræðingur í fjármálaráðuneytinu, Sigfús Jónsson forstjóri Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar, Skúli Magnússon lektor við lagadeild Háskóla Íslands og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin skilaði áliti um áherslur við endurskoðun laga og reglna um opinber innkaup í maí 2000 og er gerð grein fyrir helstu atriðum álitsins í kafla IV. Í framhaldi af því var Guðmundi Ólasyni sérfræðingi í fjármálaráðuneytinu og Skúla Magnússyni lektor við lagadeild Háskóla Íslands falið að semja frumvarp til nýrra laga um opinber innkaup.

II. Þróun íslenskra réttarreglna um opinber innkaup

Fyrsta lagasetning á sviði opinberra innkaupa hér á landi voru lög nr. 72/1947 um Innkaupastofnun ríkisins. Á grundvelli laganna var sett reglugerð nr. 73/1952 um Innkaupastofnun ríkisins sem síðar var felld úr gildi með reglugerð nr. 164/1959 um sama efni. Í 2. mgr. 5. gr. síðargreindu reglugerðarinnar var kveðið svo á að öll meiri háttar vörukaup á vegum stofnunarinnar skyldu auglýst opinberlega eða óskað væri skriflega eftir tilboðum með hæfilegum fyrirvara. Skyldi jafnan tekið því boði, sem hagkvæmast gæti talist, miðað við verð, vörugæði, afgreiðslu og aðra skilmála, ef ekki hindruðu gjaldeyris- eða innflutningsráðstafanir. Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar skyldu þeir, sem tilboð sendu, hafa rétt til að vera viðstaddir þegar tilboðin væru opnuð. Með lögum nr. 52/1987 um opinber innkaup voru gildandi meginreglur reglugerðarinnar lögfestar í aðalatriðum, en í 1. gr. laganna kom fram að tilgangur laganna væri að tryggja hagkvæmni í rekstri ríkisins að því er varðaði kaup á vörum og þjónustu til rekstrar og framkvæmda. Með lögunum var komið á fót sérstakri yfirstjórn opinberra innkaupa sem fjármálaráðherra skipaði. Lögin höfðu hins vegar ekki að geyma nánari ákvæði um framkvæmd útboða eða réttarstöðu bjóðenda en verið höfðu í reglugerð nr. 164/1959.

Á sjöunda áratugnum komu reglur um verklegar framkvæmdir ríkisins sérstaklega til skoðunar stjórnvalda, en þær féllu að meginstefnu utan gildissviðs fyrrnefndrar reglugerðar nr. 164/1959. Sjö manna nefnd, sem fjármálaráðherra skipaði, skilaði frumvarpi til laga um skipan opinberra framkvæmda sem varð að lögum nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda. Markmiðið með frumvarpinu var að tryggja sem hagkvæmasta nýtingu þess fjármagns sem varið var til opinberra framkvæmda. Í samræmi við þetta fjölluðu ákvæði frumvarpsins í meginatriðum um undirbúning og skipulagningu opinberra framkvæmda innan

stjórnsýslunnar. Ákvörðun um að hefja verk skyldi þannig ekki taka fyrr en fullnaðarundirbúningi væri lokið svo að unnt væri að gera greiðsluskuldbindingar fyrir verkið í heild og ekki þyrfti til þess að koma að lausaskuldir söfnuðust eða verk stöðvaðist af fjárhagsástæðum. Með þessu var leitast við tryggja samfellt og hagkvæmt framhald verka og þar með sem stystan framkvæmdatíma. Með lögunum var komið á fót framkvæmdadeild við Innkaupastofnun ríkisins og skyldi deildin að jafnaði fara með yfirstjórn verklegra framkvæmda, sbr. 23. gr. laga nr. 63/1970. Samkvæmt 21. gr. laganna skyldi fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun, hins vegar fara með fjármálalega yfirstjórn framkvæmdanna. Lögum nr. 63/1970 var breytt í nokkrum atriðum með lögum nr. 32/1984.

Með aðild íslenska ríkisins að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið sem undirritaður var í Óporto 2. maí 1992 urðu þáttaskil í þróun reglna um opinber innkaup. Í XVI. viðauka samningsins, sem fjallaði sérstaklega um opinber innkaup, var vísað til tilskipana Evrópubandalagsins á þessu sviði, þar sem kveðið var á um framkvæmd útboða og ýmis réttindi bjóðenda með öðrum og ítarlegri hætti en þekkst hafði í íslenskum rétti. Með lögum nr. 55/1993 um breytingu á lögum nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda og lögum nr. 52/1987 um opinber innkaup með síðari breytingum, sem sett voru í tilefni af samningnum, var lagabálkunum tveimur breytt til samræmis við fyrrgreindar skuldbindingar ríkisins á sviði opinberra innkaupa. Tæplega er þó hægt að segja að um heildarendurskoðun laganna hafi verið að ræða. Þess í stað var bætt við lögin einstökum greinum um útboð á Evrópska efnahagssvæðinu. Við lög nr. 63/1970 var þannig bætt nýjum kafla, þar sem helstu efnisreglur samningsins um innkaup á sviði verklegra framkvæmda voru teknar upp. Með breytingu á 1. gr. laganna var gildissvið þessa kafla sérstaklega skilgreint þannig að meta þurfti sérstaklega hvaða aðilar féllu undir kaflann án tillits til gildissviðs laganna að öðru leyti. Svipuðu máli gegndi um breytingar á lögum nr. 52/1987, þar sem bætt var við lögin sex nýjum greinum um innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu. Í lögunum var nú einnig í fyrsta sinn kveðið á um kærur einstaklinga og lögaðila vegna ætlaðra brota á reglum um opinber innkaup, sbr. 25. gr. og 26. gr. laga nr. 63/1970, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1993.

Þrátt fyrir þær breytingar, sem urðu á lögum nr. 63/1970 og lögum nr. 52/1987 með lögum nr. 55/1993, skorti á að allar efnisreglur tilskipana Evrópubandalagsins, sem máli skiptu, hefðu verið lögfestar. Með reglugerð nr. 302/1996 um innkaup ríkisins var leitast við að bæta úr þessu. Var þar í fyrsta sinn í íslenskum reglum kveðið ítarlega á um framkvæmd og fyrirkomulag opinberra innkaupa með hliðsjón af réttindum þeirra einstaklinga og lögaðila sem tækju þátt eða hefðu áhuga á því að taka þátt í opinberum innkaupum. Í 50. gr. reglugerðarinnar var kveðið svo á að þær tilskipanir Evrópubandalagsins um opinber innkaup, sem teknar voru upp í XVI. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skyldu öðlast gildi. Með reglugerðinni var jafnframt komið á fót kærunefnd útboðsmála sem skyldi láta uppi ráðgefandi álit til fjármálaráðherra á kærum vegna ætlaðra brota á lögum og reglum um opinber innkaup.

Samkvæmt öllu framangreindu eiga íslenskar reglur um opinber innkaup einkum rót sína í þeirri viðleitni að tryggja hagkvæmni í rekstri ríkisins við kaup á vörum, þjónustu og verkum. Í samræmi við þetta fjölluðu íslensk lög á þessu sviði einkum um innri málefni stjórnsýslunnar, svo sem skipulagningu og fjármögnun innkaupa og verkaskiptingu stofnana, fremur en að kveðið væri á um fyrirkomulag og framkvæmd opinberra innkaupa með hliðsjón af réttindum þeirra einstaklinga og lögaðila sem buðu fram þá vöru, þjónustu eða verk, sem opinberir aðila kaupa. Með aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið urðu þáttaskil að því er þetta atriði varðaði. Reglur samningsins kveða ítarlega á um framkvæmd opinberra innkaupa og réttindi einstaklinga í því sambandi. Styðjast þessar reglur við

þau rök að nauðsynlegt sé að setja opinberum aðilum skorður við framkvæmd opinberra innkaupa og tryggja með því jafnræði bjóðenda, meðal annars með hliðsjón af þjóðerni.

III. Þróun reglna Evrópubandalagsins um opinber innkaup.

1. Meginreglur Rómarsáttmálans og opinber innkaup.

Efnahagsbandalag Evrópu (sem eftir stofnun Evrópusambandsins ber heitið Evrópubandalagið) var stofnað með Rómarsáttmálanum sem undirritaður var 25. mars 1957. Með sáttmálanum var lagður grunnur að svokölluðum sameiginlegum markaði aðildarríkjanna, en innan hans átti frjáls för vara, þjónustu, vinnuafls og fjármagns — svokallað fjórfrelsi — að vera tryggt, auk þess sem komið var á sameiginlegum samkeppnisreglum. Annar þáttur hins sameiginlega markaðar var sameiginlegir tollar aðildarríkjanna gagnvart ríkjum utan bandalagsins. Samkvæmt þessu var stefnt að því að skapa umhverfi á öllu bandalagssvæðinu sem svaraði í öllum meginatriðum til markaðsaðstæðna innan einstaks ríkis.

Opinber innkaup voru með engum hætti undanskilin meginreglum Rómarsáttmálans um frjálsa för vara, þjónustu, vinnuafls og fjármagns. Af þessu leiddi að mismunun á grundvelli þjóðernis við opinber innkaup var skýlaust óheimil. Í dómum sínum skýrði Evrópudómstóllinn hins vegar einnig ákvæði Rómarsáttmálans um bann við hindrunum á innflutningi vara og þjónustu svo og staðfesturétti á þá leið að þessu ákvæði hefðu beina réttarverkan. Dómstóllinn skýrði þessi ákvæði einnig rýmkandi þannig að hvers konar hindranir á því að einstaklingar og lögaðilar í öðrum ríkjum gætu boðið fram vöru, þjónustu eða verk við opinber innkaup í öðru ríki voru í raun óheimilar án sérstakrar réttlætingar af hálfu viðkomandi ríkis. Aðildarríkin gátu þannig til dæmis ekki gert kröfu um að vara samræmdist innlendum stöðlum, ef vara fullnægði öðrum stöðlum, sem tryggðu sambærileg gæði og öryggi. Sama má segja um áskilnað um búsetu eða skráningu aðila í viðkomandi ríki. Með meginreglum Rómarsáttmálans um fjórfrelsið má því segja að réttur bjóðenda til að njóta jafnræðis á við innlenda bjóðendur við opinber innkaup hafi verið tryggður.

Þótt meginreglur Rómarsáttmálans hafi veitt bjóðendum mikilvæg réttindi við opinber innkaup, sem að meginstefnu var ætlað að tryggja þá gegn hvers konar mismunun á grundvelli þjóðernis, beinni eða óbeinni, kvað mikið að því að opinberir aðilar beindu innkaupum sínum til innlendra aðila. Vandkvæðin við að virkja réttindi áhugasamra bjóðenda í öðrum ríkjum beindust einkum að því að engar reglur voru í Rómarsáttmálanum um skyldu til að auglýsa innkaup. Engar tryggingar voru þannig fyrir því að þessum aðilum yrði kunnugt um innkaup þannig að þeir gætu boðið fram vöru, þjónustu eða verk sín. Í annan stað voru engar reglur um nánara fyrirkomulag og framkvæmd opinberra innkaupa, til dæmis um að skylt væri að bjóða ákveðin innkaup út og taka hagkvæmasta tilboði. Með öðrum orðum skorti mikið á að bjóðendur vöru, þjónustu og verka í öðrum löndum hefðu í raun sömu möguleika á því að taka þátt í opinberum innkaupum og innlendir aðilar þrátt fyrir meginreglur Rómarsáttmálans. Þegar haft er í huga að opinber innkaup vörðuðu umtalsverðan hluta þjóðarframleiðslu aðildarríkja bandalaganna er skiljanlegt að litið hafi verið svo á að um verulegan annmarka á sameiginlega markaðinum væri að ræða.

Samkvæmt framangreindu var ljós þörfin á sérstökum reglum, sem stuðluðu að því að öllum hlutaðeigandi yrði kunnugt um innkaup og tryggðu eftir föngum að hagkvæmasta tilboði yrði tekið. Gera þurfti bjóðendum í öðrum aðildarríkjum kleift að nýta sér í raun þau réttindi sem þeir nutu á grundvelli Rómarsáttmálans. Til að mæta þessum þörfum hófust stofnanir bandalaganna snemma handa við að setja reglur um opinber innkaup á grundvelli heimilda Rómarsáttmálans. Þessar reglur höfðu allt frá upphafi það að markmiði að auka gegnsæi og aðgengi bjóðenda við opinber innkaup og skapa þannig aðstæður fyrir virkri sam-

keppni og lægri verðum til opinberra aðila. Í samræmi við almenn markmið Rómarsáttmálans var stefnt að almennri hagræðingu í opinberum innkaupum á bandalagssvæðinu og fótum spornað við því að við ákvarðanir á þessu sviði væri litið til þröngra sérhagsmuna einstakra ríkja. Leitast var við að ná þessu markmiði með þremur meginreglum:

1. Skyldu til að auglýsa innkaup yfir tilteknum viðmiðunarmörkum á öllu bandalagssvæðinu;
2. Banni við tæknilegum kröfum sem mismunuðu bjóðendum í öðrum ríkjum;
3. Skyldu til reisa val á þátttakendum í opinberum innkaupum og val á tilboði á hlutlægum sjónarmiðum.

Í stað þess að settar væru almennar reglur um hvers konar opinber innkaup innan bandalaganna var eitt athafnasvið tekið fyrir í einu. Verður rakið stuttlega hvernig reglur bandalagsins um opinber innkaup á vörum, þjónustu og verkum urðu til og þróuðust.

2. Reglur Evrópubandalagsins um opinber innkaup á vörum.

Með tilskipun nr. 70/32/EBE var kveðið á um opinber innkaup á vörum. Tilskipuninni var stefnt gegn mismunun á innlendum og innfluttum vörum við opinber innkaup án þess að sérstaklega væri kveðið á um fyrirkomulag innkaupa, svo sem skyldu til einhvers konar útboða. Í raun bætti tilskipunin lítið við 30. gr. Rómarsáttmálans (nú 28. gr.) um bann við hvers konar magntakmörkunum við innflutningi á vörum, eins og hún var síðar skýrð í dómum Evrópudómstólsins. Með tilskipun nr. 77/62/EBE var hins vegar kveðið um samræmingu reglna um útboð og gerð samninga um vörukaup. Með þessari tilskipun, sem gekk í gildi árið 1978, var gerð krafa um að vörukaupasamningar væru gerðir að undangenginni almennri auglýsingu á öllu bandalagssvæðinu. Lagt var bann við tæknilegum kröfum sem mismunuðu bjóðendum frá öðrum aðildarríkjum. Loks var gerð krafa um að val á þátttakendum og tilboði færi fram á grundvelli hlutrænna sjónarmiða. Mikilvægir samningar voru þó undanskildir tilskipuninni. Þá var í tilskipuninni að finna ýmsar heimildir til að víkja frá framangreindum meginreglum hennar.

Tilskipun 77/62/EBE var breytt með tilskipun nr. 80/767/EBE í tilefni af samningi Alþjóða viðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup frá 1979. Í hvítbók framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins um innri markaðinn árið 1985 (COM 310) var sérstaklega fjallað um vandkvæði við að tryggja frjálsa för vara við opinber innkaup, en tilskipun nr. 77/62/EBE þótti ekki hafa náð markmiðum sínum með fullnægjandi hætti. Með einingarlögum Evrópu árið 1986 var áætlun framkvæmdastjórnarinnar um innri markaðinn veittur lagalegur grundvöllur og greitt fyrir lagasetningu í þágu markmiða markaðarins með nýrri heimild til setningar tilskipana í 100. gr. a Rómarsáttmálans (nú 95. gr.). Á grundvelli þessarar nýju heimildar var tilskipun nr. 77/62/EBE breytt með nýrri tilskipun nr. 88/295/EBE.

Hin nýja tilskipun fól í sér þær meginbreytingar að opinber innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum urðu að meginreglu að fara fram á grundvelli almenns eða lokaðs útboðs að undangengnu forvali, en samningskaup aðeins leyfð í undantekningatilvikum. Undanþágum frá tilskipun nr. 77/62/EBE var fækkað og aðferðir við að áætla fjárhæð samnings skýrðar. Sú skylda var lögð á kaupendur að birta tilkynningu um áætluð heildarinnkaup sín á hverju fjárhagsári. Loks voru reglur tilskipunarinnar um kröfur til tæknilegra eiginleika vara færðar til samræmis við nýja stefnu framkvæmdastjórnarinnar á sviði staðla sem sett hafði verið fram í hvítbókinni 1985.

Öllum framangreindum tilskipunum var steypt saman með tilskipun nr. 93/36/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um vörukaup sem enn er í gildi. Tilskipuninni var breytt með tilskipun nr. 97/52/EB í tilefni af nýjum samningi

Alþjóða viðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup árið 1994 (Government Procurement Agreement, skst. GPA).

3. Reglur Evrópubandalagsins um opinber innkaup á framkvæmdum.

Með tilskipun nr. 71/304/EBE frá 26. júlí 1971 um afnám hafta á rétti til að veita þjónustu á sviði opinberra verksamninga og um gerð opinberra verksamninga fyrir milligöngu umboða eða útibúa var í fyrsta sinn kveðið á um opinber innkaup á framkvæmdum eða verkum. Tilskipuninni var stefnt gegn mismunun á innlendum og erlendum verktökum og átti að tryggja að þeir síðarnefndu gætu staðfest sig og eða veitt þjónustu sína til jafns við innlenda aðila án þess að sérstaklega væri kveðið á um fyrirkomulag innkaupa, svo sem skyldu til útboða. Með tilskipun nr. 71/305/EBE var hins vegar komið á sambærilegu regluverki og áður er lýst um tilskipun nr. 77/62/EBE vegna opinberra innkaupa á vörum. Með tilskipuninni var þannig kveðið á um almenna skyldu til auglýsinga, tæknilegar hindranir bannaðar og mælt fyrir um að val á bjóðendum og tilboðum ætti að fara fram á grundvelli hlutrænna sjónarmiða.

Tilskipuninni var breytt með tilskipun nr. 89/440/EBE í tengslum við áætlun framkvæmdastjórnarinnar um stofnun innri markaðarins. Var þar um að ræða sambærilegar breytingar og áður hafa verið ræddar í tengslum við opinber innkaup á vörum. Í tilskipun nr. 89/440/EBE var þó að finna nokkrar sérreglur, svo sem skyldu til útboðs þegar um var að ræða niðurgreidda samninga sem einkaaðilar gerðu, auk ákvæða um svokallaða sérleyfissamninga um verk.

Tilskipun nr. 71/305/EBE og tilskipun nr. 89/440/EBE var steypt saman með tilskipun nr. 93/37/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga sem enn er í gildi. Tilskipuninni var breytt með tilskipun nr. 97/52/EB í tilefni af nýjum samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup árið 1994 (GPA).

4. Reglur Evrópubandalagsins um opinber innkaup á þjónustu.

Afleiddar reglur Evrópubandalagsins um opinber innkaup á þjónustu eiga sér mun styttri sögu en reglur um opinber innkaup á vörum og framkvæmdum. Með tilskipun nr. 92/50/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um kaup á þjónustu var fyrst kveðið á um opinber innkaup á þessu sviði. Með setningu tilskipunarinnar var fylgt sömu meginsjónarmiðum og fram komu í áðurnefndum tilskipunum um opinber innkaup á vörum og framkvæmdum. Tilskipunin kvað þó á um nýja innkaupsaðferð, hönnunarsamkeppni, í tengslum við hönnun mannvirkja og þess háttar. Ýmsir mikilvægir samningar voru alfarið undanþegnir tilskipuninni, til dæmis samningar um kaup og leigu á fasteignum, kaup á sjónvarpsefni og símaþjónusta, svo eitthvað sé nefnt. Þá var þjónustu skipt upp í svokallað A og B þjónustu, en sú síðarnefnda var undanþegin útboðsskyldu. Tilskipuninni var breytt með tilskipun nr. 97/52/EB í tilefni af nýjum samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup árið 1994 (GPA).

5. Reglur Evrópubandalagsins um opinber innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti.

Innkaup þessara aðila höfðu að meginstefnu verið undanþegin gildisviði fyrrgreindra tilskipana Evrópubandalagsins um opinber innkaup á vörum og framkvæmdum, meðal annars vegna þess að mjög misjafnt var milli aðildarríkja hvort einka- eða opinberir aðilar höfðu þessi verkefni með höndum. Með tilskipun nr. 90/531/EBE voru innkaup þessara aðila felld undir sambærilegar reglur og kveðið var á um í tilskipunum bandalagsins um opinber innkaup á vörum, þjónstu og framkvæmdum, þó með ýmsum mikilvægum undantekningum.

Þannig tók tilskipunin til dæmis til innkaupa einkaaðila að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, auk þess sem kaupendum var veitt ákveðið frjálsræði í vali á útboðsaðferðum. Tilskipunin var felld úr gildi með tilskipun nr. 93/38/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti. Hin nýja tilskipun, sem enn er í gildi, kveður efnislega á um sömu reglur og fyrri tilskipunin að því frátöldu að ýmis þjónusta varð útboðsskyld í samræmi við tilskipun nr. 92/50/EBE sem áður ræðir. Tilskipuninni var breytt með tilskipun nr. 98/4/EB í tilefni af nýjum samningi Alþjóða viðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup árið 1994 (GPA).

6. Eftirlitstilskipanir Evrópubandalagsins á sviði opinberra innkaupa.

Í þeirri viðleitni að stuðla að því reglur um opinber innkaup verði virtar af aðildarríkjunum hafa verið settar tvær tilskipanir um eftirlit með opinberum innkaupum og réttarúrræði einstaklinga. Fyrri tilskipunin er nr. 89/665/EBE frá 21. desember 1989 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna á reglum um meðferð kæru vegna útboðs og gerðar opinberra vörukaupa- og verksamninga. Sú síðari er nr. 92/13/EBE frá 25. febrúar 1992 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla um beitingu á reglum bandalagsins um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti. Í báðum tilskipununum er kveðið á um rétt bjóðenda til skjótra og virkra réttarúrræða vegna ætlaðra brota á reglum um opinber innkaup.

7. Þróun reglna Evrópubandalagsins um opinber innkaup á næstu árum.

Hjá framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins er nú unnið að umtalsverðum breytingum á tilskipunum bandalagsins um opinber innkaup. Í grænbók framkvæmdastjórnarinnar um opinber innkaup sem út kom árið 1996 (COM 583) var talið að tilkoma og þróun upplýsingasamfélagsins, aukið frjálsræði á markaði og þörf á meiri sveigjanleika í samskiptum hins opinbera og einkamarkaðarins kallaði á breytingar á tilskipununum. Framkvæmdastjórnin setti fram þau meginmarkmið að breyta bæri reglum um opinber innkaup til samræmis við þróun í efnahagslífi og samfélagi, til dæmis vegna tilkomu rafrænna viðskipta. Þá væri æskilegt að einfalda ákvæði tilskipananna, sem þykja oft á tíðum of flóknar og óaðgengilegar, með því að sameina tilskipanirnar um innkaup á vöru, þjónustu og framkvæmdum í eina. Einnig var talið æskilegt að sveigjanleiki í útboðsaðferðum til innkaupa við mismunandi aðstæður yrði aukinn.

Framkvæmdastjórnin vinnur nú að frumvarpi að nýrri tilskipun um opinber innkaup í samræmi við framangreind markmið. Á þessari stundu er ekki vitað hvenær frumvarpið muni verða lagt fyrir ráðherraráðið og Evrópuþingið til samþykktar eða hvert nánara efni þess verður. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því að ný tilskipun um opinber innkaup muni taka gildi fyrr en í fyrsta lagi eftir tvö til þrjú ár.

IV. Gildandi reglur Evrópska efnahagssvæðisins um opinber innkaup.

Tilskipanir nr. 71/305/EBE, 77/62/EBE, 90/531/EBE, með síðari breytingum, voru allar teknar upp í XVI. viðauka samnings um Evrópska efnahagssvæðið, auk tilskipunar nr. 89/665/EBE. Auk þess var tilskipun nr. 71/304/EBE, sem í dag hefur mjög takmarkaða raunhæfa þýðingu, tekin upp í viðaukann. Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 voru hinar uppfærðu tilskipanir um opinber innkaup á vöru og verkum, sem að framan greinir, teknar upp í viðaukann, auk tilskipunar nr. 92/20/EBE og tilskipunar nr. 92/13/EBE. Loks var tilskipun nr. 97/52/EB og tilskipun nr. 98/4/EB tekin upp í viðaukann með ákvörð-

un Sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/99. Samkvæmt þessu gilda nú eftirfarandi tilskipanir um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu.

1. Tilskipun ráðsins nr. 89/665/EBE frá 21. desember 1989 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna á reglum um meðferð kæru vegna útboðs og gerð opinberra vörukaupa- og verksamninga.
2. Tilskipun ráðsins nr. 92/13/EBE frá 25. febrúar 1992 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla um beitingu á reglum bandalagsins um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti.
3. Tilskipun ráðsins nr. 92/50/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um kaup á þjónustu.
4. Tilskipun ráðsins nr. 93/36/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um vörukaup, sbr. tilskipun nr. 97/52/EB.
5. Tilskipun ráðsins nr. 93/37/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, sbr. tilskipun nr. 97/52/EB.
6. Tilskipun ráðsins nr. 93/38/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti, sbr. tilskipun nr. 98/4/EB.
7. Tilskipun ráðsins og þingsins nr. 97/52/EB frá 13. október 1997, sem breytir tilskipunum nr. 92/50/EBE, 93/36/EBE og 93/37/EBE.
8. Tilskipun ráðsins og þingsins nr. 98/4/EB frá 16. febrúar 1998, sem breytir tilskipun nr. 93/38/EBE.

Um aðlögun þessara tilskipana að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og aðrar gerðir, sem hafa ber hliðsjón af, verður að vísa til XVI. viðauka samningsins með síðari breytingum. Hafa ber í huga að réttaráhrif framangreindra tilskipana á Evrópska efnahagssvæðinu eru ekki fyllilega þau sömu og innan bandalaganna, þar sem mörg ákvæði þeirra geta haft beina réttarverkan í aðildarríkjum bandalaganna. Einstaklingar og lögaðilar í EFTA-ríkjum efnahagssvæðisins geta hins vegar ekki byggt rétt beint á ákvæðum tilskipananna án þess að þær hafi verið leiddar inn í landsrétt með viðhlítandi hætti.

V. Tillögur nefndar um endurskoðun laga og reglna um opinber innkaup.

Í áliti þeirrar nefndar, sem skipuð var til að vinna að tillögum vegna endurskoðunar laga og reglna um opinber innkaup, og frá er greint í I. kafla, var vakin athygli á ýmsum annmörkum á gildandi lögum og reglum um opinber innkaup. Gerðar voru eftirfarandi tillögur til úrbóta:

- Framsetning laga: Það er mat nefndarinnar að æskilegt sé að skýra framsetningu gildandi reglna um opinber innkaup og færa ýmis efnisákvæði úr reglugerðum í almenn lög. Reglur um opinber innkaup er nú að finna í mörgum lagabálkum og reglugerðum sem gerir framkvæmd og túlkun þeirra erfiðari en ella. Almennar efnisreglur um innkaup ríkisins ber að setja í ein heildarlög en útfæra tæknileg atriði í reglugerð.
- Opinber útboðsstefna: Nefndin leggur áherslu á að útboðsstefna ríkisstjórnarinnar verði endurskoðuð samhliða því að unnið verði að endurskoðun núgildandi laga. Í útboðsstefnunni verði lögð áhersla á að stuðla að hagkvæmni innkaupa fyrir ríkið með útboðum og rammasamningum á vegum Ríkiskaupa. Áhersla verði lögð á að nýta rafræn viðskipti til að minnka umsýslukostnað við smáinnkaup, auka sérhæfingu í innkaupum og að innkaupaferlar verði endurskoðaðir.
- Gildissvið laga: Mikilvægt er að í lögum um opinber innkaup séu skýr ákvæði um gildissvið þannig að ekki fari á milli mála til innkaupa hvaða félaga og stofnana reglur um

opinber innkaup taki. Nauðsynlegt er að samræmis sé gætt á milli gildissviðs laga um opinber innkaup, reglugerða, sem settar eru með stoð í lögunum, og ákvæða annarra laga, sem tengjast opinberum innkaupum. Einnig ber að gæta þess að gildissvið laganna samræmist tilskipunum Evrópubandalagsins um opinber innkaup. Lagt er til að stofnaður verði samstarfshópur ríkis og sveitarfélaga með það að markmiði að auka samræmingu í löggjöf um innkaup hins opinbera.

- Útboðs- og innkaupaferli: Mikilvægt er að skilningur ríki milli kaupanda og seljanda á framkvæmd útboða. Þróun innkaupa og útboðsmála á undanförnum árum kallar á nauðsyn þess að skilgreina nokkur atriði í útboðs- og innkaupaferlinu betur. Einnig þarf að setja reglur um samningskaup og einkaframkvæmd sem eru útboðsaðferðir sem eru nýjar af nálinni. Þá telur nefndin mikilvægt að sett verði í lög skýr atriði varðandi rammasamningskerfið þar sem mikilvægt er að slíkir samningar verði þannig úr garði gerðir að full sátt sé um þá meðal allra aðila sem að þeim koma. Við val á tilboðum er í núgildandi löggjöf gengið út frá því að hagstæðasta tilboði skuli tekið hverju sinni. Í reglugerð eru hins vegar óljós skilyrði um hversu nákvæmlega eigi að tilgreina í útboðsgögnum þau atriði er ráða vali á tilboðum. Þessi atriði hafa undanfarið verið til umræðu á vettvangi Evrópubandalagsins. Nefndin telur eðlilegt að hagstæðasta boði sé ávallt tekið en að það sé skylda kaupanda að tilgreina eins vel og mögulegt er í útboðsgögnum hvaða atriði munu ráða vali á tilboði.
- Hlutverk Ríkiskaupa: Skýra þarf ákvæði laga og reglugerðar um hlutverk Ríkiskaupa varðandi það hvort ríkisstofnunum sé skylt að láta Ríkiskaup annast innkaup sín. Nefndin telur að slíkt eigi ekki að binda almennt í lög en hins vegar sé eðlilegt að samræmd innkaup séu höfð að leiðarljósi við mótun útboðsstefnu ríkisins, sér í lagi þegar magn innkaupa og markaðsaðstæður gefa tilefni til. Hlutverk Ríkiskaupa er mikilvægt bæði fyrir ríkið og atvinnulífið. Samræmd innkaup tryggja ríkisstofnunum hagstæð kjör á smávörum og þjónustu og tryggja aðgengi markaðarins að innkaupum ríkisins með útboðum.
- Lausn ágreiningsmála: Ísland hefur sætt gagnrýni af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA, þar sem úrskurðaraðili um kærur vegna opinberra útboða er fjármálaráðherra, en kærunefnd útboðsmála er einungis ráðgefandi. ESA telur gagnrýnivert að það stjórnvald sem fari með yfirstjórn málaflokkisins skeri jafnframt úr ágreiningsmálum á æðra stjórnsýslustigi. Þetta fyrirkomulag hefur einnig verið gagnrýnt af hálfu markaðarins. Nefndin leggur til að komið verði á fót sjálfstæðri kærunefnd í útboðsmálum. Þá verði úrræðum kærunefndar fjölgað frá því sem nú er, t.d. geti nefndin gripið til þeirra bráðabirgðaráðstafana að stöðva útboð eða gerð samnings á grundvelli útboðs þegar hagsmunir kæranda krefjast þess.
- Umhverfisvæn innkaup: Nefndin telur rétt að umhverfissjónarmið skuli vera eitt af þeim viðmiðunum sem líta beri til í tengslum við opinber innkaup t.a.m. við val á tilboðum. Þó mega slík sjónarmið ekki verða notuð til að mismuna bjóðendum.

Við samningu frumvarpsins hefur þessum tillögum nefndarinnar verið fylgt. Með frumvarpinu er íslenskri útboðsstefnu markaður lagalegur farvegur auk þess sem íslenskur réttur er lagaður að reglum Evrópska efnahagssvæðisins um opinber innkaup með viðhlítandi hætti. Með frumvarpinu er ráðgert að allar helstu efnisreglur verði að finna í einum heildarlögum um opinber innkaup, hvort sem um er að ræða innkaup yfir eða undir viðmiðunarfjárhæðum fyrrnefndra tilskipana. Í samræmi við þetta er einnig leitast við, eftir því sem kostur er, að fækka þeim atriðumsem kveða þarf á um í reglugerð.

Með frumvarpinu er leitast við að samræma reglur um innkaup innan lands og innkaup sem fram fara á hinu Evrópska efnahagssvæði. Að meginstefnu munu þannig sömu aðilar og sömu samningar vera háðir útboði hvort heldur útboð fer fram innan lands eða á öllu

Evrópska efnahagssvæðinu. Um framkvæmd útboða, heimildir til frávika frá almennum útboðum, gerð útboðsgagna og mat á hagkvæmni útboða, munu einnig gilda sömu reglur. Reglur um auglýsingar og fresti verða þó eðli málsins samkvæmt að vera aðrar þegar um útboð á Evrópska efnahagssvæðinu er að ræða. Samkvæmt þessu gildir eitt einsleitt regluverk um öll opinber innkaup, hvort sem þau eru undir eða yfir viðmiðunarfjárhæðum efnahagssvæðisins. Ekki kemur því til þess að aðili, sem er útboðsskyldur samkvæmt reglum um útboð innan lands, sé ekki útboðsskyldur samkvæmt reglum Evrópska efnahagssvæðisis, eða að tilteknir samningar séu háðir útboði samkvæmt innlendum reglum, en séu það ekki samkvæmt reglum efnhagssvæðisins. Þessi leið hefur hins vegar það í för með sér að reglur um innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins verða jafnflóknar þeim reglum sem gilda um innkaup yfir fjárhæðunum. Allt að einu þykir það þó horfa til einföldunar og skýrleika að innkaup yfir og undir viðmiðunarfjárhæðum fari að sömu reglum með fáum undantekningum. Er því ekki gert ráð fyrir sérreglum vegna innlendra innkaupa nema að því er varðar auglýsingar og fresti. Verði frumvarpið að lögum eiga því jafnt kaupendur sem bjóðendur að geta gengið að því sem vísu að sömu reglur gildi um innkaup innan lands og á hinu Evrópsku efnhagssvæði með nokkrum fáum og skýrum undantekningum.

V. Helstu efnisatriði frumvarpsins.

1. Tilgangur.

Tilgangur frumvarpsins er að tryggja jafnræði bjóðenda við opinber innkaup og stuðla að virkri samkeppni og hagkvæmni í opinberum rekstri, sbr. 1. gr. þess. Frumvarpið hvílir þannig á þeim forsendum að með því að tryggja réttarstöðu bjóðenda og skapa með því betri aðstæður fyrir virkri samkeppni sé stuðlað að skynsamlegri meðferð almannafjár við opinber innkaup. Tilgangsyfirlýsing frumvarpsins styðst við útboðsstefnu ríkisins frá 25. maí 1993, en fellur auk þess að meginmarkmiðum reglna Evrópska efnahagssvæðisins um opinber innkaup. Íslenskri útboðsstefnu er markaður lagalegur farvegur með frumvarpinu auk þess sem íslenskur réttur er lagaður að skuldbindingum íslenska ríkisins á sviði opinberra innkaupa samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

2. Gildissvið.

Gildissvið frumvarpsins er afmarkað í II. kafla þess í samræmi við þær tilskipanir Evrópubandalagsins sem áður greinir. Frá þessu er þó sú mikilvæga undantekning að frumvarpið tekur ekki til innkaupa stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti að frátöldum ákvæðum XIII. og XIV. kafla sem fjalla um réttarúrræði einstaklinga og skaðabætur. Ýmsar sérreglur eiga við um innkaup þessara aðila og er gert ráð fyrir því að ráðherra mæli fyrir um innkaup þeirra í reglugerð.

Þeir aðilar sem falla undir frumvarpið eru ríkið, sveitarfélög, stofnanir þeirra og aðrir opinberir aðilar. Við úrlausn á því hverjir teljast „aðrir opinberir aðilar“ er í grundvallaratriðum litið til þess hversu náin tengsl fyrirtæki eða stofnun hefur við ríki eða sveitarfélög. Ef aðili starfar að fullu á sviði iðnaðar eða viðskipta og lýtur þannig hefðbundnum lögmálum markaðarins fellur hann þó utan gildissviðs laganna. Frumvarpið tekur til samninga um innkaup á vörum, þjónstu og verkum, eins og þessir samningar eru nánar skilgreindir. Niðurgreiddir samningar á sviði verk- og þjónustukaupa falla undir gildissvið laganna að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Ýmsir samningar á sviði þjónustu eru þó undanskildir gildissviði laganna og eru þær undantekningar í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins. Þá eru vissir samningar sem snerta grundvallarhagsmuni ríkisins og varnarmál undanskildir lögunum.

3. Innkaup innan lands og innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu.

Um innkaup innan lands og innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu er fjallað í sitthvorum þætti frumvarpsins. Ákvæði 2. þáttar fjalla um opinber innkaup innan lands, það er innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins. Undan þættinum eru skilin innkaup sveitarfélaga og stofnana þeirra, en að öðru leyti tekur þátturinn til allra opinberra aðila, eins og þeir eru skilgreindir í II. kafla frumvarpsins. Þar sem ákvæði þáttarins um fyrirkomulag og framkvæmd innkaupa innan lands er í öllum meginatriðum í samræmi við fyrrgreindar tilskipanir Evrópubandalagsins er í 3. þætti frumvarpsins vísað til reglna 2. þáttar um framkvæmd innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu. Sérreglur um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu í 3. þætti lúta nánast eingöngu að auglýsingum og frestum. Með þessu eru innkaup opinber innkaup yfir og undir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins felld undir eins einsleitt regluverk og mögulegt er.

4. Fyrirkomulag opinberra innkaupa.

Í IV. kafla frumvarpsins er mælt fyrir um fyrirkomulag opinberra innkaupa. Samkvæmt ákvæðum kaflans er meginreglan sú að opinber innkaup fari fram á grundvelli útboða. Kaupendar geta valið á milli almenns eða lokaðs útboðs. Ef um lokað útboð er að ræða þarf hins vegar að viðhafa forval, þar sem öllum áhugasömum gefst kostur á þátttöku. Aðeins í undantekningartilvikum er heimilt að viðhafa samningskaup. Hönnunarsamkeppni er heimil við ákveðin innkaup á þjónustu. Þá er því slegið föstu að innkaup samkvæmt rammasamningi séu heimil þótt innkaup séu yfir viðmiðunarfjárhæðum útboðsskyldu.

5. Samningar undanþegnir útboðsskyldu.

Sú þjónusta sem talin er upp í I. viðauka B við lögin er undanþegin útboði. Þegar um er að ræða innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu þarf þó að auglýsa fyrirhugaða samninga um innkaup á þessari þjónustu. Svokallaðir sérleyfissamningar um verk eru einnig undanþegnir útboði samkvæmt frumvarpinu, en með þeim er átt við samninga, þar sem greiðsla til verktaka felst að hluta eða heild í rétti hans til að nýta byggingu, mannvirki eða annan afrakstur verks. Þegar um er að ræða innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu þarf þó að auglýsa fyrirhugaða samninga um veitingu sérleyfis um verk. Sérleyfissamningar á sviði þjónustu falla hins vegar alfarið utan gildissviðs laganna. Ráðherra er heimilt að setja reglur um gerð þessara samninga að því er varðar ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki og leggja á þau ríkari skyldur en leiða af reglum frumvarpsins.

6. Útboðsgögn, framkvæmd útboða og val tilboðs.

Reglur frumvarpsins um útboðsgögn, framkvæmd útboða og val tilboðs eru í öllum meginatriðum sambærilegar gildandi reglum. Með þessu reglum er leitast við að gera framkvæmd útboða gagnsæja og tryggja með því jafnræði bjóðenda og virka samkeppni þeirra á milli. Ákvæði frumvarpsins um tæknilegar útskýringar eru nokkuð ítarlegri en gildandi reglur og taka mið af fyrrnefndum tilskipunum Evrópubandalagsins um opinber innkaup. Sama á við um ákvæði frumvarpsins um hæfi bjóðenda.

Meginreglan við val á tilboði er, eins og í gildandi reglum, að taka eigi hagkvæmasta tilboði miðað við þær forsendur sem tilgreindar hafa verið í útboðsgögnum. Tekin eru af tvímæli um að við mat á hagkvæmni tilboða megi líta til umhverfissjónarmiða, en slík forsenda yrði að sjálfsögðu að koma fram í útboðsgögnum.

7. Sérreglur um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í 3. þætti frumvarpsins er fjallað um innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins, eins og áður segir. Þar sem viðmiðunarfjárhæðirnar geta tekið breytingum þykir ekki heppilegt að binda þær lögum, en þess í stað er ráðherra falið að birta þær í reglugerð. Þar sem reglur um innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum samkvæmt 2. þætti frumvarpsins taka mið af tilskipunum Evrópubandalagsins um opinber innkaup gilda sömu reglur um innkaup samkvæmt 3. þætti með nokkrum skýrum undantekningum. Í 1. mgr. 57. gr. frumvarpsins er því einfaldlega vísað til ákvæða 2. þáttar um framkvæmd þessara innkaupa. Í X. kafla frumvarpsins er að finna sérrreglur um auglýsingar innkaupa og fresti vegna innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu, en þessar reglur hljóta eðli málsins samkvæmt að vera aðrar þegar um innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu er að ræða. Í XI. kafla er kveðið á um skýrslugerð vegna innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu og rannsóknarheimild Eftirlitsstofnunar EFTA.

8. Réttarúrræði og skaðabætur.

Í XIII. kafla frumvarpsins er að finna nýmæli um kærunefnd útboðsmála sem lagt er til að verði sjálfstæð stjórnsýslunefnd með úrskurðarvald í ágreiningsmálum vegna opinberra innkaupa. Einnig er leitast við að fjölga þvingunarúrræðum vegna brota á reglum um opinber innkaup með ákvæðum um dagsektir. Verði frumvarpið að lögum er að fullu komið til móts við athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA vegna ófullnægjandi lögfestingar eftirlitstilskipana Evrópubandalagsins sem áður greinir.

Í XIV. kafla frumvarpsins eru því settar skorður hvenær ógilda má samninga vegna brota á reglum um opinber innkaup. Er gert ráð fyrir því að sú meginregla gildi áfram að samningar verði almennt ekki ógiltir eftir að þeir hafa verið gerðir. Með þessu er sköpuð vissa um framkvæmd samnings sem er nauðsynlegt bæði vegna almannahagsmuna og hagsmuna viðsemjanda hins opinbera aðila. Vikið er frá þessari meginreglu þegar samningur hefur verið gerður andstætt ákvörðun kærunefndar útboðsmála um stöðvun samningsgerðar um stundarsakir. Þegar ekki er hægt að ógilda samning þótt brotið hafi verið gegn hagsmunum tiltekins bjóðanda með ólögmætum hætti myndi hann almennt eiga rétt á skaðabótum.

Slegið er fastri þeirri meginreglu að kaupandi beri sönnunarbyrðina fyrir því að brot hans hafi ekki valdið bjóðanda tjóni þegar um er að ræða kröfu um bætur fyrir kostnað við að undirbúa boð. Þegar um er að ræða bætur fyrir missi hagnaðar verður bjóðandi hins vegar að sanna tjón sitt samkvæmt almennum reglum.

Athugasemdir við einstaka þætti, kafla og greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um skýringu greinarinnar má vísa til almennra athugasemda um tilgang frumvarpsins. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki sérstakra skýringa.

Um 2. gr.

Í greininni er að finna skýringar á ýmsum orðum og heitum sem notuð eru í frumvarpinu, en orðskýringar í gildandi reglum er að finna í 3. gr. reglugerðar nr. 302/1996 um innkaup ríkisins.

Heitin *almennt útboð* og útboð eru hér notað í efnislega sömu merkingu og lögum nr. 65/1993 um framkvæmd útboða.

Með orðinu *bjóðandi* er ekki aðeins átt við þá sem taka þátt í eiginlegu útboði, heldur alla þá sem bjóða fram vöru, verk eða þjónustu sem aflað er samkvæmt lögunum.

Orðið *tækniforskrift* (e. *technical specifications,* fr. *spécifications techniques)* er yfirheiti yfir allar tæknilegar kröfur, sem gerðar eru til þess sem óskað er kaupa. Orðin *evrópskur staðall* (e. *European standards,* fr. *normes européennes*), *evrópsk tæknisamþykki* (e. *European technical approval,* fr. *agrément technique européen*), *sameiginleg tækniforskrift* (e. *common technical specification,* fr. *spécifications techniques communes*) og *staðall* (e. *standards,* fr. *normes*), sem öll vísa til tækniforskrifta, eru skilgreind með hliðsjón af II. viðauka tilskipunar nr. 92/50/EBE, III. viðauka tilskipunar nr. 93/36/EBE og III. viðauka tilskipunar nr. 93/37/EBE. Orðið *frávikstilboð* er hér sömuleiðis skýrt til samræmis við ákvæði tilskipananna, eins og nánar greinir í athugasemdum við 27. gr. frumvarpsins.

Orðið *rammasamningur* er hér skýrt með efnislega sama hætti og í 3. gr. reglugerðar nr. 302/1996 að því undanskildu að skýrt er tekið fram að slíkur samningur sé bindandi fyrir kaupanda.

Hugtakið *samningskaup* er ekki skýrt sérstaklega í tilskipunum Evrópubandalagsins um opinber innkaup og hefur hvert og eitt ríki nokkurt svigrúm við nánari afmörkun á reglum um samningskaup. Gert er ráð fyrir því að kaupandi hafi umtalsvert svigrúm við tilhögun samningskaupa. Í samræmi við almenn jafnræðissjónarmið er hins vegar áskilið að hann setji ætluðum viðræðum við bjóðendur skorður með því að ákveða fyrirfram það ferli sem hann hyggst nota við samningskaup.

Með *sérleyfissamningum um verk* (e. *public work concession contract,* fr. *un contrat de concession de travaux publics*) er átt við við samning um verkkaup, sbr. 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins með því fráviki að greiðsla fyrir verk felst að hluta eða heild í rétti til að nýta afrakstur verksins í stað þess að eingöngu sé um peningagreiðslu að ræða. Um sérleyfissamninga hefur einnig verið notað orðið rekstrarleyfi. Dæmi um sérleyfissamning um verk væri bygging jarðganga, þar sem greiðsla til verktaka felst í heimild til að taka gjald af notendum ganganna. Við úrlausn á því hvort samningur telst sérleyfissamningur um verk eða hefðbundinn samningur um verkkaup verður einkum að líta til þess hvort réttur verktakans til nýtingar felur jafnframt í sér yfirfærslu ábyrgðar til hans á fjárhagslegum og tæknilegum þáttum framkvæmdarinnar. Ábyrgist kaupandi endanlegan kostnað af verkinu myndi samningur almennt ekki teljast sérleyfissamningur í skilningi ákvæðisins. Lögin taka eingöngu til sérleyfissamninga um verk og falla því sérleyfissamningar um þjónustu því utan gildissviðs laganna [skýra sérleyfissamninga um þjónustu].

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um II. kafla.

Í kaflanum er að finna ákvæði um gildissvið frumvarpsins. Í fyrsta lagi eru þeir skilgreindir, sem falla undir frumvarpið og ber skylda til að haga innkaupum sínum til samræmis við það. Í annan stað er tilgreint hvaða samningar falli undir frumvarpið. Að síðustu er að finna sérákvæði um aðila og samninga sem undanskildir eru lögunum auk afmörkunar á þeim einkaaðilum sem njóta réttar samkvæmt frumvarpinu.

Með ákvæðum II. kafla frumvarpsins er leitast við að samræma að fullu gildissvið reglna um opinber innkaup við gildissvið fyrrnefndra tilskipana Evrópubandalagsins. Sömu aðilar eiga því að meginstefnu að vera útboðsskyldir innan lands og á hinu Evrópska efnahagssvæði. Sú staða, að tiltekinn aðili sé útboðsskyldur innan lands, sbr. 2. þátt frumvarpsins, án þess að vera útboðsskyldur samkvæmt reglum Evrópska efnahagssvæðisins um opinber innkaup, sbr. 3. þátt þess, á því ekki að geta komið upp. Sömuleiðis eiga tiltekin innkaup aðeins að vera háð útboði innan lands, ef þau myndu að teknu tilliti til viðmiðunarfjárhæða vera háð útboði á Evrópska efnahagssvæðinu. Í samræmi við þetta markmið ber að skýra ákvæði

frumvarpsins um gildissvið til samræmis við samsvarandi ákvæði tilskipana Evrópubandalagsins um opinber innkaup. Í sama skyni er gert ráð fyrir reglugerðarheimild ráðherra í 3. gr. og 4. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Ákvæðið svarar efnislega til b-liðar 1. gr. tilskipunar nr. 92/50/EBE, b-liðar 1. gr. tilskipunar nr. 93/36/EBE og a. liðar 1. gr. tilskipunar nr. 93/37/EBE, en þessi ákvæði eru nær samhljóða. Í fyrsta viðauka allra tilskipananna er að finna skrá yfir þá aðila sem falla undir tilskipanirnar. Samsvarandi upptalningu, að því er varðar EFTA ríki Evrópska efnahagssvæðisins, er að finna í XVI. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þeir íslensku aðilar sem taldir eru upp í fyrrnefndum XVI. viðauka myndu ótvírætt falla undir gildissvið laganna, enda sé viðaukanum ekki breytt að þessu leyti. Upptalning þessara aðila er hins vegar fremur fábrotin og um sumt úrelt. Því getur í mörgum tilvikum þurft að taka afstöðu til þess hvort aðili falli undir gildissvið laganna samkvæmt þeim almennu viðmiðum sem fram koma í greininni.

Við úrlausn á því hvaða aðilar falli undir gildissvið laganna veldur afmörkun á „öðrum opinberum aðilum“ en ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra mestum vafa (e. *body governed by public law,* fr. *organismes de droit public*). Til þess að aðili teljist opinber þarf hann að fullnægja þremur skilyrðum. Í fyrsta lagi skal hafa verið til hans stofnað til að þjóna almannahagsmunum en ekki hefðbundnum viðskiptum eða iðnaði (e. *established for the specific purpose of meeting needs in the general interest, not having an industrial or commercial character,* fr. *créé pour satisfaire spécifiquement des besoins d'intérêt général, ayant un caractère autre qu'industriel ou commercial*). Í annan stað þarf að hann vera lögaðili, það er að geta borið réttindi og skyldur að lögum. Í þriðja lagi verður aðili að vera háður ríki, sveitarélögum eða öðrum opinberum aðilum með einhverjum þeim hætti sem tilgreindur er í a- til c-lið 2. mgr. frumvarpsins.

Í dómum Evrópudómstólsins hefur verið lagt til grundvallar að ef aðili hefði með höndum starfsemi sem væri sérkennandi fyrir hið opinbera teldist til hans stofnað í því skyni að þjóna almannahagsmunum. Ekki skiptir máli með hvaða hætti stofnað hefur verið til aðilans eða hvert form hans að lögum er. Einu gildir þótt aðeins hluti af starfsemi aðilans þjóni almannahagsmunum en hann sé að öðru leyti rekinn í samkeppnisumhverfi. Einnig ræður það ekki úrslitum þótt sambærilegur rekstur kunni að vera í höndum einkaaðila, ef rekstur viðkomandi aðila stjórnast ekki af hefðbundnum sjónarmiðum viðskiptalífsins af einhverjum ástæðum.. (Sjá nánar dóma Evrópudómstólsins í máli nr. 44/96, Mannesmann Anlagenbau Austria o.fl. gegn Strohal Rotationsdruck, ECR [1998] I-73 og máli nr. 360/96, Gemeente Arnhem o.fl. gegn BFI Holding BV, ECR [1998] I-6821).

Skilyrðið um að aðili þurfi að geta borið réttindi og skyldur að lögum veldur tæplega vafa að íslenskum rétti. Hvað varðar þriðja skilyrðið, sem að framan greinir, getur það einkum valdið vafa hvenær starfsemi aðila telst að mestu leyti rekin á kostnað ríkis eða sveitarfélaga eða annarra opinberra aðila. Í frumvarpinu er við það miðað að þetta eigi við, ef opinber fjármögnun nemur meira en 50% af rekstrarkostnaði. Þetta viðmið kemur ekki sérstaklega fram í tilskipunum Evrópubandalagsins, en er í samræmi við fordæmi Evrópudómstólsins. (Sjá nánar dóm Evrópudómstólsins í máli nr. 380/98 3. otkóber 2000, Regina gegn H.M. Treasury, ex parte The University of Cambridge). Hafa ber í huga að fjármögnun þarf ekki nauðsynlega að vera í formi peningagreiðslu til aðilans sjálfs heldur getur hún falist í styrkjum til einhverra þriðju, til dæmis þeirra sem sækja þjónustu til aðilans.

Um 4. gr.

1. mgr. greinarinnar tekur til samninga, sem opinberir aðilar samkvæmt 3. gr., gera við bjóðendur. Frumvarpið tekur samkvæmt þessu ekki til ráðstafana sem gerðar eru „innan húss“ (e. *in-house*), það er ráðstafanir sem aðilinn tekst á hendur sjálfur án afskipta utanaðkomandi. Ákveði opinber aðili að framleiða vöru sjálfur, annast þjónustu eða framkvæma verk er ekki um að ræða opinber innkaup í skilningi frumvarpsins. Samningar milli tveggja opinberra aðila, til dæmis tveggja sveitarfélaga, myndu hins vegar ekki vera undanþegnir lögunum samkvæmt þessu. Eðlilegt er að slíkir samningar á séu gerðir skriflega og er slíkt raunar skylt þegar um er að ræða samninga sem gerðir eru eftir útboð á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ákvæði 2. til 5. mgr. greinarinnar svara að meginstefnu efnislega til a-liðar 1. gr. tilskipunar nr. 92/50/EBE, a. liðar 1. gr. tilskipunar nr. 93/36/EBE og b-liðar 1. gr. tilskipunar nr. 93/37/EBE. Síðast greinda tilskipunin vísar meðal annars til sérstakrar skráar yfir atvinnustarfsemi samkvæmt almennri atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE) og er sú tilvísun tekin upp í 4. mgr. greinarinnar, en viðaukinn í heild er jafnframt tekinn upp sem viðauki við frumvarpið. Eins og málsgreinin ber með sér er skráin alls ekki tæmandi talning á þeim verkum sem falla undir gildissvið frumvarpsins.

Í 4. mgr. eru sérleyfissamningar um verk skilgreindir sem verksamningar, sem falla innan gildissviðs frumvarpsins. Af tilvísun málsgreinarinnar til sérleyfissamninga um verk má gagnálykta um að aðrir sérleyfissamningar, til dæmis sérleyfissamningar um þjónustu, falli ekki innan gildissviðs laganna. Er sú niðurstaða í samræmi við álit framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins 12. apríl 2000. Samkvæmt þessu myndu samningar, þar sem opinber aðili semur við einkaaðila um að veita einhverja þjónustu til almennings ekki falla undir gildissvið laganna að fullnægðum öðrum skilyrðum um sérleyfi.

Við afmörkun á því hvaða samningar teljast til þjónustusamninga samkvæmt 3. mgr. má hafa hliðsjón af upptalningu í I. viðauka frumvarpsins. Ákveðin innkaup á þjónustu eru undanþegin lögunum, sbr. 5. mgr. og falla utan gildissviðs laganna. Þessar undantekningar ber að skýra þröngt í samræmi við almennar reglur. Er slík skýring ennfremur í samræmi við fordæmi Evrópudómstólsins um skýringar á samsvarandi undanþágum í tilskipunum Evrópubandalagsins um opinber innkaup. (Sjá til dæmis dóm Evrópudómstólsins í máli nr. 3/88, framkvæmdastjórnin gegn ítalska ríkinu, ECR [1989] 4035).

Í 6. mgr. greinarinnar er ráðherra veitt heimild til að ákveða að ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki bjóði út þá samninga sem annars eru undanskildir gildissviði laganna skv. 5. mgr. frumvarpsins. Ráðherra gæti þannig ákveðið að einstök innkaup skuli bjóða út eða sett almenn stjórnvaldsfyrirmæli um tilteknar tegundir innkaupa. Þá er ráðherra einnig veitt heimild til að ákveða með sama hætti að sérleyfissamningar ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja skuli gerðir að undangengnu útboði. Þessi heimild tekur bæði til sérleyfissamninga um verk sbr. 4. mgr. greinarinnar, og til sérleyfissamninga um þjónustu sem að öðru leyti eru undanþegnir gildissviði laganna.

Tiltekin innkaup geta í senn varðað vöru, þjónustu og verk. Í 7. mgr. greinarinnar er sett fram sú leiðbeiningarregla hvað varðar afmörkun á þjónustusamningum gagnvart vörusamningum að líta beri til þess þáttar sem varðar hærri fjárhæð, en fyrirmynd ákvæðisins er 2. gr. tilskipunar nr. 92/50/EBE. Hafa ber í huga að um er að ræða vöru og þjónustu sem fellur undir gildissvið frumvarpsins. Ef til dæmis samningur varðar fjarskiptaþjónustu að fjárhæð 100.000.000 krónur og fjarskiptatæki að fjárhæð 90.000.000 krónur myndi samningurinn teljast samningur um þjónustukaup, ef fjarskiptaþjónustan varðar ekki talsíma, telex, þráðlausan síma, boðkerfi eða gervihnattaþjónustu, sem er undanskilinn frumvarpinu. Ef þjón-

ustuhluti samningsins varðandi talsíma, telex, þráðlausan síma, boðkerfi eða gervihnattþjónustu næmi 20.000.000 krónum myndi samningur einnig teljast samningur um kaup á vörum, enda væri þjónustuhluti samningsins, sem félli undir frumvarpið, þá lægri en vöruhlutinn.

Í frumvarpinu er ekki að finna sérstaka reglu um hvernig afmarka beri vöru- og þjónustusamninga frá verksamningum. Ef samningur fellur undir skilgreiningu 3. mgr. greinarinnar á verksamningi telst hann verksamningur þótt í honum felist einnig kaup á þjónustu. Er því engin þörf á að líta til þess hvort þjónustu- eða verkhluti samnings er hærri. Þó ber að hafa í huga að ef verkþáttur samnings er óverulegur eða tilviljunarkenndur telst samningur ekki verksamningur í skilningi tilskipana Evrópubandalagsins. (Sjá til dæmis dóm Evrópudómstólsins í máli nr. 331/92, ECR [1994] I-1329, Gestion Hotelera Internacional SA gegn Communidad Autonoma de Canarias o.fl.)

Um 5. gr.

Greinin svarar efnislega til 3. gr. tilskipunar nr. 92/50/EBE og 2. gr. tilskipunar nr. 93/37/EBE. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 6. gr.

Eins og áður greinir gildir sérstök tilskipun um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti. Þessi tilskipun er í ýmsum atriðum frábrugðin tilskipun nr. 92/50/EBE, tilskipun nr. 93/36/EBE og tilskipun nr. 93/37/EBE sem áður ræðir. Tilskipun nr. 93/38/EBE tekur þannig til innkaupa ýmissa aðila sem ekki teljast opinberir í skilningi 3. gr. frumvarpsins. Þá eru reglur um framkvæmd innkaupa um ýmislegt frábrugðnar ákvæðum hinna tilskipananna. Af þessum sökum er óhægt að taka ákvæði tilskipunar nr. 93/38/EBE upp í lög um opinber innkaup. Þessi sjónarmið eiga þó ekki við um ákvæði frumvarpsins um réttarúrræði bjóðenda og skaðabætur, sbr. XII. og XIV. kafla frumvarpsins og er því lagt til að þessir kaflar gildi óskorað um innkaup þessara aðila. Eru innkaup, sem falla undir tilskipun nr. 93/38/EBE því að öðru leyti undanskilin lögunum, en gert ráð fyrir því að ráðherra geti sett um þau sérstaka reglugerð með hliðsjón af tilskipun nr. 93/38/EBE, eins og henni hefur verið breytt með tilskipun nr. nr. 98/4/EB, sem tekin hefur verið upp í XVI. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Hins vegar er á það að líta að í veigamiklum atriðum koma sömu meginreglur fram í tilskipun nr. 93/38/EBE og tilskipunum þremur sem frumvarpinu er ætlað að lögfesta. Verði frumvarpið að lögum mætti því beita reglum laganna sem meginreglum eða fyrir lögjöfnun um innkaup þessara aðila, svo sem reglum laganna um fyrirkomulag opinberra innkaupa, útboðsgögn, hæfi bjóðenda, framkvæmd útboða og val tilboðs, að því leyti sem það samræmdist ákvæðum tilskipunar nr. 93/38/EBE.

Um 7. gr.

Töluliður a. svarar til 6. gr. tilskipunar nr. 92/50/EBE. Samkvæmt ákvæðinu tekur frumvarpið ekki til þjónustusamninga sem ríki, sveitarfélag og aðrir opinberir aðilar gera við aðila, sem sjálfur telst opinber í skilningi 3. gr. frumvarpsins vegna einkaréttar, til dæmis á grundvelli sérstaks leyfis, sem hann nýtur samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum. Einkaréttur aðilans verður þó að vera í samræmi við reglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. 6. gr. tilskipunar nr. 92/50/EBE. Tölulíðir b. til e. svara efnislega til 4. gr. og 5. gr. tilskipunar nr. 92/50/EBE, 3. gr. og 4. gr. tilskipunar nr. 93/36/EBE og 4. gr. og 5. gr. tilskipunar nr. 93/37/EBE.

Um 8. gr.

Í samræmi við almennar reglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðisins eru tilskipanirnar bundnar við aðila með staðfestu í einhverju ríkja EES. Íslenska ríkið getur hins vegar skuldbundið sig að veita aðilum með staðfestu í einhverju ríki utan efnahagssvæðisins sambærileg réttindi og fram koma í tilskipununum. Er fyrirhugað að íslenska ríkið gerist aðili að samningi Alþjóða viðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup frá 1994 og var umsókn þess um aðild samþykkt 29. september 2000 af nefnd Alþjóða viðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup. Tillaga til þingsályktunar um aðild að samningnum var lögð fyrir Alþingi í mars 2001 á 126. löggjafarþingi.

Þar sem Evrópubandalagið er jafnframt aðili að framangreindum samningi hefur innkaupatilskipunum verið breytt til samræmis við samninginn með tilskipun nr. 97/52/EB og tilskipun nr. 98/4/EB, eins og áður greinir. Tilskipanir nr. 97/52/EB og nr. 98/7/EB voru teknar upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96 16. júní 1999 og hefur verið höfð hliðsjón af þeim breytingum sem af þeim leiða við samningu frumvarpsins. Ákvæði tilskipunar nr. 4/98/EB falla þó að mestu utan gildissviðs laganna, eins og nánar greinir í athugasemdum við 6. gr. frumvarpsins. Af þessu leiðir að ákvæði frumvarpsins eiga að vera í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt samningi Alþjóða viðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup. Verði íslenska ríkið aðili að samningnum má almennt ganga út frá því að þeir aðilar, sem njóta réttar samkvæmt samningnum njóti óskerts réttar samkvæmt lögunum.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er afmarkað gildissvið 2. þáttar frumvarpsins sem fjallar um opinber innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins. Hafa ber í huga að í 3. þætti laganna, sem fjallar um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu, er vísað til ákvæða 2. þáttar laganna að öðru leyti en því sem sérreglur er að finna í þættinum. Opinber innkaup yfir og undir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins eiga því í öllum meginatriðum að lúta sömu reglum hvað varðar útboðsskyldu, framkvæmd útboða og val tilboðs. Eins og nánar greinir í athugasemdum við 3. þátt frumvarpsins lúta sérreglur þáttarins nánast eingöngu að auglýsingum um útboð og frestum í sambandi við þau.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. 56. gr. laganna er gert ráð fyrir því að ráðherra birti viðmiðunarfjárhæðir fyrir innkaup sem þurfa að fara fram á Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við tilskipun nr. 92/50/EBE, tilskipun nr. 93/36/EBE og tilskipun nr. 93/37/EBE. Um öll opinber innkaup, sem falla undir gildissvið frumvarpsins, eins og það er afmarkað í II. kafla, en ná ekki þessum fjárhæðum, fer því samkvæmt 2. þætti laganna.

Um 10. gr.

Ákvæði 2. þáttar taka ekki til sveitarfélaga, stofnana þeirra eða samtaka. Þessir aðilar þurfa því einungis að haga innkaupum sínum til samræmis við frumvarpið, ef þau ná viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins samkvæmt 56. gr. frumvarpsins. Með þessu eru ekki lagðar ríkari skyldur á heðar sveitarfélögunum og stofnunum þeirra en leiðir af skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Á það skal minnt að þótt innkaup sveitarfélaga undir viðmiðunarfjárhæðum efnahagssvæðisins falli utan tilskipana Evrópubandalagsins um opinber innkaup og þar með utan ákvæða 2. þáttar frumvarpsins, haggar það ekki skyldum þeirra samkvæmt meginmáli samn-

ingsins um Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. samnefnd lög nr. 2/1993. Þótt tiltekin innkaup sveitarfélags séu þannig ekki háð útboði vegna þess að þau ná ekki þeim viðmiðunarfjárhæðum sem greinir í 56. gr. laganna breytir það engu um skyldu sveitarfélagsins til að virða meginreglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um frjálsa för vara, þjónustu og vinnuafls og almennt bann við mismunun á grundvelli þjóðernis. Af þessu leiðir að þótt 2. þáttur laganna gildi ekki um tiltekin innkaup sveitarfélags eiga sömu reglur við um innkaupin í mikilvægum atriðum, svo sem hvað varðar tæknilegar kröfur til þess sem óskað er kaupa á, sbr. 24. gr. frumvarpsins.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla er kveðið á um fyrirkomulag opinberra innkaupa undir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins. Tekin er afstaða til þess hvaða innkaup eigi að bjóða út og hvernig útboði skuli nánar háttað. Ákvæði kaflans um áætlun samningsfjárhæða, heimilda til samningskaupa, o.s.frv., svara alfarið til ákvæða tilskipunar nr. 92/50/EBE, tilskipunar nr. 93/36/EBE og tilskipunar nr. 93/37/EBE. Sömu reglur eiga því til dæmis við um útboðsskyldu og fyrirkomulag útboðs og greinir í tilskipunum að því einu frátöldu að viðmiðunarfjárhæðirnar eru hér aðrar og lægri.

Um 11. gr.

Í greininni er lögfest almenn jafnræðisregla sem svarar til 2. mgr. 3. gr. tilskipunar nr. 92/50/EBE, 7. mgr. 5. gr. tilskipunar nr. 93/36/EBE og 6. mgr. 6. gr. tilskipunar nr. 93/37/EBE, eins og þeim tveimur síðastnefndu var breytt með tilskipun nr. 97/52/EBE. Í núgildandi reglum um opinber innkaup er regluna að finna í 21. gr. reglugerðar nr. 302/1996.

Almenn jafnræðisrök liggja til grundvallar fjölmörgum ákvæðum frumvarpsins, eins og meðal annars má álykta af 1. gr. þess. Hin almenna jafnræðisregla getur því haft þýðingu við lögskýringu annarra ákvæða frumvarpsins. Í sumum tilvikum getur hún einnig haft sjálfstæða þýðingu við úrlausn um lögmæti ákvarðana kaupanda. Sem dæmi um hið síðarnefnda má nefna álitaefni um heimildir ráðgefandi aðila, sem aðstoðað hafa kaupanda við innkaup, til að taka þátt í útboði á þeim innkaupum. Hafi slíkur aðili aðstoðað kaupanda við gerð útboðsgagna og mat á hagkvæmni tilboða er augljóst að hann getur ekki jafnframt tekið þátt í útboði án þess að með því sé brotið gegn jafnræði bjóðenda. Hins vegar myndi aðili, sem gefið hefði almenn ráð um skipulagningu innkaupa, yfirleitt getað tekið þátt í útboði án þess að brotið væri gegn jafnræði bjóðenda. Úr álitamálum sem þessum þyrfti að leysa að virtum öllum aðstæðum hverju sinni með hliðsjón af hinni almennu jafnræðisreglu.

Um 12. gr.

Í þessari grein er viðmiðunarfjárhæðum vegna útboðsskyldu innan lands slegið föstum. Viðmiðunarfjárhæðir vegna kaupa á vörum og þjónustu eru í samræmi við það sem kveðið er á um í núgildandi reglum. Hins vegar er lagt til að viðmiðunarfjárhæð vegna kaupa á verkum verði 10 milljónir króna í stað 5 milljóna í núgildandi reglum. Fari samningsfjárhæð hins vegar yfir þær fjárhæðir sem leiða af 56. gr. frumvarpsins bæri að fara eftir ákvæðum 3. þáttar. Frávikin varða þó fyrst og fremst auglýsingu útboða og fresti í því sambandi, eins og áður greinir.

Frá útboðsskyldu er að finna tvær mikilvægar undantekningar. Annars vegar er ekki skylt að bjóða út sérleyfissamninga um verk. Hins vegar er ekki skylt að bjóða út þá þjónustu sem talin er upp í viðauka I B. Í greininni er ráðherra þó veitt heimild til að ákveða að ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki skuli allt að einu gera þessa samninga að undangengnu útboði. Slík

ákvörðun ráðherra gæti varðað einstök innkaup eða verið í formi almennra stjórnvaldsfyrirmæla. Ef samningur varðar bæði þjónustu sem getið er um í I. viðauka A og B verður að meta hvort bjóða á út samninginn samkvæmt viðmiðum 5. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Með öðrum orðum ætti að líta til þess hvor þjónustuþátturinn nemur hærri fjárhæð.

Þótt ekki sé skylt að bjóða út þessa samninga verður eftir sem áður að gæta jafnræðisreglu 22. gr. frumvarpsins og haga tæknilegum kröfum til þess sem óskað er kaupa á í samræmi við 24. gr. frumvarpsins. Eins og fram er komið í athugasemdum við 4. gr. myndu sérleyfissamningar á öðrum sviðum en verkkaupum falla utan gildissviðs laganna. Svara þessar reglur til ákvæða tilskipunar nr. 92/50/EBE, tilskipunar nr. 93/36/EBE og tilskipunar nr. 93/37/EBE.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 13. gr.

Í greininni er lögfest sambærileg regla og fram kemur í 3. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 302/1996. Kaupendur geta að sjálfsögðu notað útboðsformið við innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum, ef þeir kjósa. Í sumum tilvikum kann kaupandi hins vegar að vera bundinn af rammasamningi og ber honum þá að haga innkaupum sínum til samræmis við þann samning, sbr. 21. gr. frumvarpsins. Jafnræðisregla 22. gr. frumvarpsins á við um þessi innkaup eins og önnur.

Um 14.–17. gr.

Í greinunum eru lögfestar efnislega sömu reglur um áætlun samningsfjárhæða og fram koma í tilskipun nr. 92/50/EBE, tilskipun nr. 93/36/EBE og tilskipun nr. 93/37/EBE, eins og þeim hefur verið breytt með tilskipun nr. 97/52/EB. Við áætlun kostnaðar vegna viðmiðunarfjárhæða samkvæmt 12. gr. frumvarpsins ber því að leggja sömu reglur til grundvallar og við áætlun kostnaðar vegna viðmiðunarfjárhæða Evrópska efnahagssvæðisins. Skilur það eitt á milli að viðmiðunarfjárhæðir 12. gr. frumvarpsins eru mun lægri en þær sem leiða af 56. gr. frumvarpsins. Leiki vafi á því hvort innkaup séu yfir viðmiðunarfjárhæð skal bjóða innkaupin út. Að öðru leyti þarfnast greinarnar ekki skýringa.

Um 18. gr.

Í greininni er lögfest sú meginregla að útboð skuli vera almennt eða lokað. Ef um lokað útboð er að ræða skal fara fram forval, þar sem öllum áhugasömum er gefinn kostur á þátttöku með auglýsingu með sama hætti og þegar um almennt útboð er að ræða, sbr. 34. gr. frumvarpsins. Um önnur atriði, svo sem gerð forvalsgagna og samskipti við þátttakendur skal fara að reglum um almenn útboð eftir því sem við á.

Um 19. og 20. gr.

Í greinunum eru heimiluð frávik frá meginreglu 17. gr. um almennt eða lokað útboð að undangengnu forvali með ákvæðum um samningskaup. Þessi frávik eru tæmandi talin í greinunum og ber því að skýra heimildir til samningskaupa þrengjandi í samræmi við almennar reglur. Sérstaklega á þetta við um heimildir til samningskaupa án undangenginnar auglýsingar samkvæmt 20. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. getur kaupandi stuðst við samningskaup að undangenginni auglýsingu ef öll tilboð, sem borist hafa í almennu eða lokuðu útboði, hafa verið ólögmæt, óaðgengileg eða borist frá bjóðendum sem ekki fullnægja hæfisskilyrðum útboðsins. Dæmi um ólögmætt tilboð væru boð sem bersýnilega væru grundvölluð á ólögmætu verðsamráði

eða fælu í sér misnotkun á markaðsyfirráðum. Óaðgengileg væru boð sem bærust eftir að tilboðsfresti lýkur eða væru óeðlilega há eða of lág. Í þessum tilvikum hefur mistekist að afla fullnægjandi tilboða með almennu eða lokuðu útboði og er því heimilt að viðhafa samningskaup.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. getur kaupandi stuðst við samningskaup án undangenginnar auglýsingar ef engin tilboð eða engin gild tilboð berast í almennu eða lokuðu útboði. Í þessum tilvikum verður aðstæðum í raun jafnað við að ekkert tilboð hafi borist. Er kaupanda því heimilt að viðhafa samningskaup án undangenginnar auglýsingar, enda sé í endanlegum samningi ekki vikið verulega frá upphaflegum skilmálum. Vekja ber athygli á því að þessi heimild til samningskaupa er mun þrengri en 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 21. gr.

Í greininni er kveðið nánar á um fyrirkomulag hönnunarsamkeppni samkvæmt i. lið 20. gr. frumvarpsins. Greinin svarar til 13. gr. tilskipunar nr. 92/50/EBE, eins og henni hefur verið breytt með tilskipun nr. 97/52/EB.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 22. gr.

Í greininni eru tekin af tvímæli um gerð og réttaráhrif rammasamninga. Þar sem rammasamninga ber að gera að undangengnu útboði er litið svo á að innkaup samkvæmt rammasamningi fullnægi útboðsskyldu kaupanda án tillits til þess hvort þau eru yfir viðmiðunarfjárhæðum 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins. Kaupandi, sem er aðili að rammasamningi, á því ekki að bjóða út innkaup, sem falla undir tiltekinn rammasamning.

Í áliti kærunefndar útboðsmála 27. apríl 2000 í máli nr. 5/2000, Kaldasel ehf. gegn Ríkiskaupum, var 20. gr. reglugerðar nr. 302/1996 skýrð á þá leið að aðilar rammasamnings ættu ekki sjálfdæmi um hvort þeir keyptu inn samkvæmt rammasamningi. Er þessi skilningur á rammasamningshugtakinu tekinn upp í 22. gr. frumvarpsins. Kaupandi, sem bundinn er af rammasamningi, getur samkvæmt þessu ekki boðið innkaup út eða keypt inn með öðrum hætti, ef rammasamningur tekur til innkaupanna og honum hefur ekki verið sagt upp eða rift. Í 3. mgr. greinarinnar er hins vegar áréttað að hægt er að semja sérstaklega á þá leið að kaupendum sé þetta heimilt og skulu slík frávik tilgreind sérstaklega í útboðsgögnum þannig að samningsaðilum sé þessi heimild ljós.

Ákvæði um rammasamninga er ekki að finna í tilskipun nr. 92/50/EBE, tilskipun nr. 93/36/EBE og tilskipun nr. 93/37/EBE. Reglur um rammasamninga er hins vegar að finna í tilskipun nr. 93/38/EBE, en þær reglur hafa ekki beina þýðingu hér. Evrópudómstóllinn hefur hins vegar talið gerð rammasamninga til innkaupssamninga í skilningi fyrrnefndra tilskipana, enda þótt magn þess sem óskað er kaupa á væri óákveðið. (Sjá dóm Evrópudómstólsins í máli nr. 79/94, framkvæmdastjórnin gegn gríska ríkinu, ECR [1995] I-1071).

Um V. kafla.

Í kaflanum er að finna ákvæði um form og efni útboðsgagna. Ákvæðin eru í öllum meginatriðum í samræmi við gildandi reglur reglugerðar nr. 302/1996 um innkaup ríkisins.

Um 23. gr.

Í greininni er tekin upp regla 2. mgr. 3. gr. laga nr. 65/1993 um framkvæmd útboð um að útboðsgögn skuli innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar til að bjóðanda sé unnt að gera

tilboð. Að auki eru talin upp atriði sem rétt þykir að komi fram í útboðsgögnum með hliðsjón af framangreindri meginreglu.

Um 24. gr.

Í greininni er að finna reglur sem svara til IV. þáttar tilskipunar nr. 92/50/EBE, II. þáttar tilskipunar nr. 93/36/EBE og II. þáttar tilskipunar nr. 93/37/EBE. Sambærileg sjónarmið um tæknilegar kröfur til þess sem óskað er kaupa á leiða í raun af meginreglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um frjálsa för vöru og þjónustu, sbr. 11. gr. og 36. gr. samningsins, sbr. lög nr. 2/1993. Ber að skoða 24. gr. sem nánari útfærslu þessara meginreglna með hliðsjón af opinberum innkaupum.

Um 25. gr.

Í greininni er horfið frá því að setja ítarlegar reglur um gerð tilboðsblaðs, eins og nú er gert með 27. gr. reglugerðar nr. 302/1996 um innkaup ríkisins. Þess í stað er gerð sú almenna krafa að tilboðsblað sé þannig úr garði gert að unnt sé að bera saman tilboð, en að öðru leyti eru kaupanda veittar frjálsar hendur um að ákveða í útboðsgögnum hvernig hann kýs að tilboðum sé skilað. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 26. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er áréttuð sú grunnregla að forsendur fyrir vali tilboðs komi fram í útboðsgögnum, sbr. einnig l. lið 23. gr. frumvarpsins. Sambærileg regla kemur fram í 36. gr. tilskipunar nr. 92/50/EBE, 26. gr. tilskipunar nr. 93/36/EBE og 30. gr. tilskipunar nr. 93/37/EBE. Þessi regla skiptir sköpum við að tryggja gegnsæi við opinber innkaup með því að bjóðendur eiga að virtum útboðsgögnum að geta áttað sig á því fyrirfram hvernig staðið verði að mati á hagkvæmasta tilboði og hagað boðum sínum í samræmi við það.

Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar getur kaupandi annað hvort metið hagkvæmni boðs eingöngu á grundvelli verðs eða einnig litið til annarra atriða, sem þá verður að tilgreina sérstaklega í útboðsgögnum. Kjósi kaupandi að líta til annarra atriða en verðs verður almennt að gera þá kröfu að unnt sé að meta þessi atriði á grundvelli hlutrænna sjónarmiða. Hér gæti til dæmis verið um að ræða endingu þess sem óskað er kaupa á, afhendingardag, rekstrarkostnað, rekstrarhagkvæmni eða tiltekna tæknilega eiginleika. Almennt væri kaupanda skylt að meta þessi atriði með vísan til gagna, sem bjóðendum bæri að leggja fram, eða annarra fyrirliggjandi upplýsinga. Atriði sem gefa kaupanda ótakmarkað svigrúm til mats eru hins vegar ekki viðhlítandi forsendur við val á tilboðum. Ef forsendur eru þannig úr garði gerðar að kaupanda eru í raun engar skorður settar við mat á hagkvæmasta tilboði yrði eftir atvikum að líta svo á að útboðsgögn fullnægðu ekki áskilnaði 1. mgr. greinarinnar, en slíkt gæti leitt til þess að útboðið yrði ógilt. Við samningskaup væri þó heimilt að haga forsendum þannig að unnt væri að semja um nánar tiltekin atriði innkaupanna að undangengnum viðræðum við bjóðendur.

Kaupanda ber að raða forsendum eftir mikilvægi, nema slíkt sé útilokað. Sönnunarbyrðin fyrir því að útilokað sé að raða forsendum upp eftir mikilvægi hvílir á kaupanda. Ef nota á reiknilíkan, þar sem hverju tilboði eru gefnar einkunnir samkvæmt tilteknum viðmiðum, þurfa fullnægjandi upplýsingar um líkanið að koma fram í útboðsgögnum.

Í 3. mgr. greinarinnar er því slegið föstu að tillit til umhverfisins sé lögmæt forsenda við mat á hagkvæmni tilboða.

Ákvæði 26. gr. frumvarpsins ber að skýra með hliðsjón af meginreglu 11. gr. um jafnræði bjóðenda. Forsendur sem mismuna bjóðendum með ólögmætum hætti eru því óheimilar og

geta valdið ógildi útboðs eða því að rétt væri að líta fram hjá slíku atriði við mat á hagkvæmasta boði. Forsendur byggðar á búsetu myndu almennt ganga gegn jafnræði bjóðenda með þessum hætti, nema slíkur áskilnaður væri studdur efnislegum rökum.

Um 27. gr.

Frávikstilboð eru tilboð, þar sem leitast er við að leysa þarfir kaupanda á annan hátt, en gert er ráð fyrir í tæknilegri lýsingu þess sem óskað er kaupa á í útboðsgögnum. Ákvæði frumvarpsins um frávikstilboð svara til 24. gr. tilskipunar nr. 92/50/EBE, 16. gr. tilskipunar nr. 93/36/EBE og 19. gr. tilskipunar nr. 93/37/EBE.

Frávikstilboð þarf að greina frá tilboði sem er í verulegu ósamræmi við áskilnað útboðsgagna, en slíku boði ber skilyrðislaust að hafna, sbr. meginreglu 12. gr. laga nr. 65/1993 um framkvæmd útboða. Samkvæmt þessu verður frávikstilboð að fullnægja þeim lágmarkskröfum sem kaupandi gerir til þess sem óskað er kaupa á, til dæmis hvað varðar öryggi, notagildi og endingu, og tilgreindar eru í útboðsgögnum. Tilboð, sem ekki fullnægir þessum kröfum, myndi hins vegar teljast í verulegu ósamræmi við útboðsgögn. Dæmi um gilt frávikstilboð væri tilboð, þar sem miðað væri við aðra tæknilega staðla, en gert væri í útboðsgögnum, en um leið væri sýnt fram á að þessir staðlar tryggðu öryggi og mættu tæknilegum þörfum með sambærilegum hætti og þeir staðlar sem vísað væri til í útboðsgögnum.

Samkvæmt framangreindu koma frávikstilboð einkum til greina þar sem lægsta verð er lagt til grundvallar mati á hagkvæmasta boði og aðrar tæknilegar lausnir, en lýst er í útboðsgögnum, koma til greina. Hafa ber í huga að bjóðanda er ekki heimilt að endurskilgreina þarfir kaupanda og kröfur hans eða bjóða fram allt aðra vöru, þjónustu eða verk, en kaupandi óskar eftir, undir því yfirskini að um frávikstilboð sé að ræða. Bjóðanda ber að gera viðhlítandi grein fyrir frávikstilboði og lýsa því hvernig tilboð hans fullnægir þörfum kaupanda eins og þær eru skilgreindar í útboðsgögnum. Frávikstilboð eru heimil nema annað sé tekið fram í auglýsingu um útboð eða útboðsgögnum.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla er fjallað um hvaða skilyrðum bjóðendur þurfi að fullnægja til að mega taka þátt í útboði eða forvali. Ákvæðin svara til II. kafla VI. þáttar tilskipunar nr. 92/50/EBE, II. kafla IV. þáttar tilskipunar nr. 93/36/EBE og II. kafla IV. þáttar tilskipunar nr. 93/37/EBE.

Um 28. gr.

Greinin felur í sér sambærilegar reglur og fram koma í 3. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 302/1996. Þegar um erlenda bjóðendur er að ræða ber að meta viðeigandi opinbert vottorð frá því ríki, þar sem þeir hafa staðfestu, sem nægilega sönnun um að fullnægt sé skilyrðum greinarinnar.

Um 29. gr.

Heimilt er að áskilja að bjóðandi sé skráður í fyrirtækjaskrá eða sambærilega erlenda skrá, sbr. 30. gr. tilskipunar nr. 92/50/EBE, 21. gr. tilskipunar nr. 93/36/EBE og 25. gr. tilskipunar nr. 93/37/EBE, sbr. einnig upptalningu XVI. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið að því er varðar EFTA ríki efnahagssvæðisins. Hins vegar leiðir af greininni að óheimilt er að áskilja að bjóðandi sé skráður í tilteknu landi. Slíkur áskilnaður myndi væntanlega einnig fela í sér brot gegn 36. gr. meginmáls samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993.

Um 30. gr.

Í greininni koma fram efnislega sömu reglur og í 1. mgr. og 2. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 302/1996. Í greininni er ekki talið upp með tæmandi hætti hvaða gagna kaupandi getur krafist af bjóðendum til sönnunar á fjárhagslegri getu þeirra. (Sjá til hliðsjónar dóm Evrópudómstólsins í málum nr. 27 til 29/86, SA Constructions et entreprises industrielles (CEI) o.fl. gegn Société coopérative „Association intercommunale pour les autoroutes des Ardennes", ECR [1987] 3347). Þá er ekki tiltekið hvaða efnislegu kröfur megi gera til fjárhagslegrar getu hverju sinni. Hins vegar ber kaupanda skilyrðislaust að tilgreina í útboðsauglýsingu eða útboðsgögnum hvaða gagna er krafist í þessu sambandi. Ekki skal krefja um frekari gögn en nauðsynlegt er með tilliti til eðlis innkaupanna. Í samræmi við almennar reglur ætti enn fremur ekki að gera meiri efnislegar kröfur til fjárhagslegrar getu en nauðsynlegt er með hliðsjón af innkaupunum.

Um 31. gr.

Í greininni koma fram efnislega sambærilegar reglur og í 24. gr. reglugerðar nr. 302/1996. Um skýringu greinarinnar eiga við sömu sjónarmið sem áður greinir í 30. gr. frumvarpsins.

Um 32. gr.

Í greininni er því slegið föstu að kaupandi geti gefið bjóðanda færi á því að auka við gögn um fjárhagslega og tæknilega getu sína eða skýra fyrirliggjandi gögn, jafnvel eftir opnun tilboða. Regluna ber að skoða sem frávik frá meginreglunni um almennt bann við viðræðum kaupanda við bjóðendur eftir að tilboð hafa verið opnuð og ber því að skýra þrengjandi. Samskipti kaupanda og bjóðanda eiga að takmarkast við framlagningu eða útskýringu á umræddum gögnum. Hins vegar veitir reglan enga heimild til frekari viðræðna kaupanda og bjóðanda eða breytinga á framkomnu tilboði bjóðanda, en slíkar ráðstafanir myndu almennt ganga gegn jafnræðisreglu 22. gr. frumvarpsins, nema þegar um væri að ræða samningskaup.

Um VII. kafla.

Í kaflanum er að finna ákvæði um nánari framkvæmd útboða sem í öllum meginatriðum eru efnislega þau sömu og fram koma í VII. kafla núgildandi reglugerðar nr. 302/1996.

Um 33. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 34. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 35. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 36. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 37. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 38. gr.

Leggja ber áherslu á að heimildir til hraðútboðs er háð því skilyrði að kaupanda verði ekki kennt um ástæður þess að hraða þarf innkaupum. Hafi kaupandi mátt sjá fyrir þær þarfir, sem leitast er við að fullnægja með innkaupum, með svo löngum fyrirvara að hægt hefði verið að virða almenna fresti, kemur hraðútboð almennt ekki til greina. Sein vinnubrögð hjá viðkomandi stofnun geta ekki réttlætt hraðútboð.

Um 39. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 40. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 41. gr.

Í greininni er því slegið föstu að ný gögn eða skýringar kaupanda skuli vera komin til bjóðenda eigi síðar en 4 almanaksdögum áður en tilboðsfrestur rennur út. Í samræmi við almennar reglur ber því að miða við að bjóðandi eða umboðsmaður hans geti kynnt sér viðkomandi gögn innan þessa frests, til dæmis þannig að þau hafi borist starfsstöð hans í pósti. Í 48. gr. eru tekin af tvímæli um að kaupanda sé heimilt að svara fyrirspurnum bjóðenda með öðrum hætti en skriflegum, til dæmis með símbréfi, rafpósti eða símskeyti. Í framkvæmd ætti því almennt að vera auðvelt að koma umræddum gögnum eða upplýsingum til bjóðenda með skjótum hætti, jafnvel þótt þeir séu með starfsstöð fjarri kaupanda.

Um 42. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 43. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 44. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 45. gr.

Í greininni eru tekin af tvímæli um að bjóðanda beri að vekja athygli kaupanda á því að um sé að ræða frávikstilboð og rökstyðja hvernig tilboðið fullnægir þörfum hans þrátt fyrir að vera í ósamræmi við lýsingu útboðsgagna. Frávikstilboð, sem ekki fullnægði þessum áskilnaði, bæri að hafna þegar af þessum ástæðum. Um frávikstilboð vísast að öðru leyti til athugasemda við 27. gr.

Um 46. gr.

Í greininni eru tekin af tvímæli um að í sameiginlegu tilboði fleiri aðila felist yfirlýsing um að þeir beri ábyrgð á tilboðinu einn fyrir alla og allir fyrir einn. Öll tilboðsgerð slíkra aðila verður þar af leiðandi að miðast við þá alla, einkum upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu þeirra. (Sjá til hliðsjónar dóm Evrópudómstólsins í máli nr. 389/92, Ballast Nedam Groep BV gegn belgíska ríkinu, ECR [1994] I-1289).

Í framkvæmd hafa kaupendur kosið að eiga samskipti við aðeins einn af fleiri bjóðendum þegar sameiginlegu tilboði er að skipta. Í 3. mgr. greinarinnar er því slegið föstu að heimilt

sé að áskilja að við sameiginlegt tilboð tilgreini bjóðendur einn forsvarsaðila sem komi fram fyrir hönd þeirra allra í samskiptum við kaupanda. Sameiginlegt boð kann að fela í sér samráð aðila sem bryti í bága við 10. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. 3. gr. laga nr. 107/2000. Úrlausn á því hvort svo sé heyrir undir samkeppnisyfirvöld.

Um 47. gr.

Í greininni er slegið föstum rétti bjóðenda til að vera viðstaddir opnun tilboða og tilgreind þau atriði sem þeir eiga rétt á að séu lesin upp á opnunarfundi. Þá kveðið á um að tilboð sem berast eftir tilgreindan opnunartíma séu ógild og beri að senda þau bjóðendum óopnuð ásamt skýringum.

Um 48. gr.

Í greininni er kaupendum veitt heimild til að ákveða að leggja megi fram tilboð með öðrum hætti en skriflegum, til dæmis rafrænum upplýsingamiðlum. Er ákvæðið efnislega sambærilegt 2. mgr. 23. gr. tilskipunar nr. 92/50/EBE, 3. mgr. 15. gr. tilskipunar nr. 93/36/EBE og 2. mgr. 18. gr. tilskipunar nr. 93/37/EBE, eins og öllum þessum tilskipunum var breytt með tilskipun nr. 97/52/EB. Sú grunnkrafa er gerð að framlagning á öðru formi en skriflegu sé jafn trygg með hliðsjón af leynd, móttöku og staðreynslu á móttökutíma.

Í 2. mgr. greinarinnar eru tekin af tvímæli um að samskipti kaupanda og bjóðenda megi fara fram með hjálp nútímafjarskiptatækni. Í öllum tilvikum ætti kaupanda að vera unnt að tryggja sér viðhlítandi sönnun fyrir því að upplýsingar hafi komið til bjóðanda.

Um VIII. kafla.

Í VIII. kafla er fjallað um ákvarðanir við mat og val á tilboðum. Reglur frumvarpsins svara til ákvæða 3. kafla VI. þáttar kafla tilskipunar nr. 92/50/EBE, 3. kafla IV. þáttar tilskipunar nr. 93/36/EBE og 3. kafla IV. þáttar tilskipunar nr. 93/37/EBE.

Um 49. gr.

Til þess að tilboð komi til efnislegrar skoðunar þarf það að vera gilt. Í þessu felst í fyrsta lagi að það verður að hafa borist frá bjóðanda sem fullnægir skilyrðum um fjárhagslega og tæknilega getu, sbr. VI. kafla frumvarpsins. Í annan stað verður það að hafa verið lagt fram innan þeirra fresta sem áskildir eru í útboðsgögnum. Í þriðja lagi þarf boð að vera í samræmi við útboðsgögn eða fela í sér gilt frávikstilboð, sbr. 27. gr. frumvarpsins. Kaupanda standa opnir tveir kostir við mat á formlegum og efnislegum atriðum tilboðs. Annars vegar er heimilt að taka afstöðu til þess hvort tilboð séu gild í sérstöku ákvörðunarferli og vísa sérstaklega frá þeim boðum sem teljast ógild án þess að um leið sé tekin afstaða til hagkvæmasta boðs. Kaupandi getur hins vegar lagt mat á gildi boða samtímis því sem tekin er afstaða til þess hvaða boð er hagkvæmast. Í slíku tilviki er ógildum boðum ekki sérstaklega vísað frá heldur er þeim hafnað af þessum ástæðum.

Um 50. gr.

Með því að tilgreina forsendur við mat á hagkvæmasta tilboði í útboðsgögnum samkvæmt 26. gr. bindur kaupandi hendur sínar. Mat kaupanda á því að vera fyrirsjáanlegt og byggt á hlutrænum sjónarmiðum, eins og nánar fram kemur í athugasemdum við 26. gr. Í 3. mgr. 26. gr. er því slegið föstu að heimilt sé að taka tillit til umhverfissjónarmiða við mat á hagkvæmni tilboðs. Greinin svarar efnislega til 36. gr. tilskipunar nr. 92/50/EBE, 26. gr. tilskipunar nr. 93/36/EBE og 30. gr. tilskipunar nr. 93/37/EBE og þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 51. gr.

Samkvæmt 51. gr. getur kaupandi hafnað tilboði á þeim forsendum að það sé óeðlilega lágt miðað við raunvirði þess sem óskað er kaupa á. Greinin svarar til 37. gr. tilskipunar nr. 92/50/EBE, 27. gr. tilskipunar nr. 93/36/EBE og 4. mgr. 30. gr. tilskipunar nr. 93/37/EBE.

Óeðlilega lág tilboð skapa hættu á því að bjóðandi muni ekki geta staðið við boð sitt. Það er hins vegar ekki skilyrði fyrir því að hafna megi boði af þessum ástæðum að líkur séu leiddar að hættu á vanefndum bjóðanda, enda er tilgangur ákvæðisins einnig að koma í veg fyrir að bjóðandi geti nýtt sér hvers konar óeðlilegt forskot miðað við aðra bjóðendur. Um slíkt óeðlilegt forskot getur verið að ræða þegar bjóðandinn nýtur ríkisstyrkja eða annarrar opinberrar fyrirgreiðslu og getur greitt niður kostnað af þeim sökum. Markaðsráðandi staða bjóðanda getur einnig gefið tilefni til skoðunar á því hvort boð hans sé óeðlilega lágt. Endanleg úrlausn á því hvort tiltekið tilboð hefur falið í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu samkvæmt a. lið 11. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. 4. gr. laga nr. 107/2000, á hins vegar undir samkeppnisyfirvöld.

Sú fortakslausa skylda er lögð á kaupanda að rannsaka hvort tilboð sé óeðlilega lágt áður en því er hafnað, meðal annars með því að gefa bjóðanda kost á að tjá sig um þetta atriði og skýra forsendur boðs síns. Bjóðandi verður að útskýra tilboðsfjárhæð með vísan til hlutrænna sjónarmiða, til dæmis vinnulauna, tæknilegra lausna eða annarra atriða. Huglæg afstaða bjóðandans um að tilboð hans sé ekki óeðlilega lágt getur hins vegar ekki skorið úr um hvort svo sé. Með því að bjóðandi á rétt á því að útskýra fjárhæð tilboðs síns með hliðsjón af sérstökum aðstæðum sínum er almennt óheimilt að notast við fastan mælikvarða við mat á óeðlilega lágum tilboðum, enda útilokar slík aðferð í raun að bjóðandi geti fært rök fyrir tilboðsfjárhæðinni. Þannig væri til dæmis óheimilt að telja öll tilboð, sem viku 10% frá meðaltalsverði allra framkominna tilboða, óeðlilega lág án frekari skoðunar. Er sú niðurstaða í samræmi við fordæmi Evrópudómstólsins um sambærileg ákvæði í tilskipunum Evrópubandalagsins um opinber innkaup. (Sjá til hliðsjónar dóm Evrópudómstólsins í máli nr. 103/88, Frattelli Costanzo ApA gegn Comune di Milano, ECR [1989] 1839.)

Um 52. gr.

Greinin er í samræmi við núgildandi reglur og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 53. gr.

Greinin svarar til 1. mgr. og 2. mgr. 12. gr. tilskipunar nr. 92/50/EBE, 1. mgr. og 2. mgr. 7. gr. tilskipunar nr. 93/36/EBE og 1. mgr. og 2. mgr. 8. gr. tilskipunar nr. 93/37/EBE, eins og þeim hefur verið breytt með tilskipun nr. 97/52/EB. Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 54. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 55. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um IX. kafla.

Í þessum kafla er kveðið á um gildissvið 3. þáttar laganna sem fjallar um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu. Með ákvæðum þáttarins er leitast við að laga íslenskan rétt að skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt tilskipunum nr. 92/50/EBE, tilskipunar nr.

93/36/EBE og tilskipunar nr. 93/37/EBE, eins og þeim hefur verið breytt með tilskipun nr. 97/52/EB, og þær teknar upp í XVI. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Innkaup stofnana, sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti, sbr. tilskipun nr. 93/38/EBE, eins og henni hefur verið breytt með tilskipun nr. 98/4/EB, falla hins vegar utan gildissviðs frumvarpsins nema að því er varðar XIII. og XIV. kafla, eins og nánar greinir í athugasemdum við 6. gr. frumvarpsins.

Eins og áður greinir er gildissvið frumvarpsins það sama að því er varðar opinber innkaup innan lands eða á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. nánar athugasemdir við II. kafla frumvarpsins. Það sem ræður úrslitum um hvort tiltekin innkaup falla undir ákvæði 2. þáttar frumvarpsins eða 3. þáttar þess er því áætluð fjárhæð innkaupanna. Sé áætluð fjárhæð innkaupanna yfir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins fer um innkaupin samkvæmt ákvæðum 3. þáttar, en ella samkvæmt ákvæðum 2. þáttar.

Viðmiðunarfjárhæðir tilskipunar nr. 92/50/EBE, tilskipunar nr. 93/36/EBE og tilskipunar nr. 93/37/EBE, eins og þeim hefur verið breytt með tilskipun nr. 97/52/EB, eru uppfærðar á tveggja ára fresti frá 1. janúar 1996 að telja. Af þessum ástæðum þykir óhentugt að tilgreina fjárhæðirnar endanlega í almennum lögum og er því gert ráð fyrir því að ráðherra birti þær í reglugerð. Um áætlun fjárhæða einstakra samninga gilda almennt sömu reglur og um innkaup innan lands, sbr. 1. mgr. 57. gr. frumvarpsins. Í reglugerð gæti ráðherra hins vegar mælt nánar fyrir um áætlun þessara fjárhæða ef þurfa þætti.

Athygli er vakin á því að innkaup sveitarfélaga eru ekki undanskilin ákvæðum 3. þáttar, svo sem gert er í 10. gr. frumvarpsins að því er varðar innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins.

Um X. kafla.

Eins og nánar greinir í almennum athugasemdum við frumvarpið er eitt af markmiðum þess að skapa samræmi milli reglna um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu og annarra opinberra innkaupa. Með öðrum orðum er að því stefnt að sömu reglur gildi um opinber innkaup hvort heldur er innan lands eða á Evrópska efnahagssvæðinu, eins og framast er unnt. Eðli málsins samkvæmt hljóta þó reglur um innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu að fela í sér nokkur frávik, einkum hvað varðar auglýsingar og fresti. Sú leið er því farin í frumvarpinu að vísa til reglna 2. þáttar um framkvæmd opinberra innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu að svo miklu leyti sem ekki er sérstaklega vikið frá þeim í X. kafla. Frávik X. kafla felast fyrst og fremst í ákvæðum um auglýsingar og fresti, eins og áður segir. Við framkvæmd opinberra innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu fer kaupandi því að öðru leyti að sömu reglum og ef um væri að ræða innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum efnahagssvæðisins.

Um 57. gr.

Af greininni leiðir að sömu reglur gilda um útboðsskyldu á Evrópska efnahagssvæðinu og innan lands, sbr. 11. gr. frumvarpsins. Þannig er til dæmis hvorki skylt að bjóða út sérleyfissamninga um verk eða þá þjónustu sem greinir í I. viðauka B. Þá gilda almennt sömu reglur um áætlanir fjárhæða samnings, sbr. 13. gr. til 16. gr. Hér skilur það eitt á milli að viðmiðunarfjárhæðirnar eru ekki þær sömu og við útboð innan lands. Um heimildir til samningskaupa, sbr. 17. gr. til 19. gr. gilda sömu reglur. Sama á við um útboðsgögn, sbr. ákvæði V. kafla, og kröfur til hæfis bjóðenda samkvæmt VI. kafla frumvarpsins. Ákvæði VII. kafla um framkvæmd útboða eiga einnig við um útboð á Evrópska efnahagssvæðinu, þó að teknu tilliti til sérreglna X. kafla um fresti og auglýsingar. VIII. kafli frumvarpsins á að fullu við um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í XVI. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er reglugerð nr. 71/1182/EBE/KBE, sem setur reglur um hvernig reikna ber tímabil, dagsetningar og fresti, tekin upp. Reglugerðin hefur aðeins þýðingu við nánari skýringu ákvæða X. kafla frumvarpsins um fresti og þykir því ekki nauðsynlegt að lögfesta hvert og eitt ákvæði hennar.

Um 58. gr.

Greinin svarar til 9. gr. tilskipunar nr. 93/37/EBE. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki sérstakra skýringa.

Um 59. gr.

Greinin svarar til 1. mgr. 15. gr. tilskipunar nr. 92/50/EBE, 1. mgr. 9. gr. tilskipunar nr. 93/36/EBE og 1. mgr. 11. gr. tilskipunar nr. 93/37/EBE. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki sérstakra skýringa.

Um 60. gr.

Greinin svarar til 2. mgr. og 3. mgr. 15. gr. tilskipunar nr. 92/50/EBE, 2. mgr. 9. gr. tilskipunar nr. 93/36/EBE og 2. mgr. og 3. mgr. 11. gr. tilskipunar nr. 93/37/EBE. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki sérstakra skýringa.

Um 61. gr.

Greinin svarar til 16. gr. tilskipunar nr. 92/50/EBE, 3. mgr. 9. gr. tilskipunar nr. 93/36/EBE og 5. mgr. 11. gr. tilskipunar nr. 93/37/EBE. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki sérstakra skýringa.

Um 62. gr.

Greinin svarar til 17. gr. tilskipunar nr. 92/50/EBE, 4. mgr. til 11. mgr. 9. gr. tilskipunar nr. 93/36/EBE og 6. mgr. til 13. mgr. 11. gr. tilskipunar nr. 93/37/EBE. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki sérstakra skýringa.

Um 63. gr.

Í fyrrnefndum tilskipunum er áskilið að tilkynningar séu samdar með hliðsjón af fyrirmyndum sem birtar eru sem viðaukar við tilskipanirnar. Einnig er áskilið að innkaup séu skilgreind með vísan til flokkunarkerfa Evrópubandalagsins. Ástæðulaust þykir að taka þessi ákvæði tilskipananna um form og gerð tilkynninga upp í almenn lög. Verði misbrestur á því að íslenskir kaupendur fylgi umræddum ákvæðum tilskipananna er hins vegar gert ráð fyrir því að ráðherra geti áréttað þessar reglur í reglugerð, sbr. 2. mgr. 56. gr.

Um 64. gr.

Greinin svarar til 18. gr. tilskipunar nr. 92/50/EBE, 10. gr. tilskipunar nr. 93/36/EBE og 12. gr. tilskipunar nr. 93/37/EBE, eins og þessum greinum hefur verið breytt með tilskipun nr. 97/52/EB. Í 15. gr. og 16. gr. tilskipunar nr. 93/37/EBE er að finna sérákvæði um sérleyfissamninga um verk. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki sérstakra skýringa.

Um 65. gr.

Greinin svarar til 19. gr. tilskipunar nr. 92/50/EBE, 11. gr. tilskipunar nr. 93/36/EBE og 13. gr. tilskipunar nr. 93/37/EBE, eins og þessum greinum hefur verið breytt með tilskipun nr. 97/52/EB. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki sérstakra skýringa.

Um 66. gr.

Greinin svarar til 21. g. tilskipunar nr. 92/50/EBE, 13. gr. tilskipunar nr. 93/36/EBE og 17. gr. tilskipunar nr. 93/37/EBE, eins og þessum greinum hefur verið breytt með tilskipun nr. 97/52/EB. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki sérstakra skýringa.

Um 67. gr.

Í lokaákvæðum tilskipunar nr. 92/50/EBE, tilskipunar nr. 93/36/EBE og tilskipunar nr. 93/37/EBE, eins og þessum ákvæðum hefur verið breytt með tilskipun nr. 97/52/EB, er kveðið á um skýrslur og tölfræðilegar úttektir á opinberum innkaupum. Heimilt er að kveða nánar um hvaða upplýsingar skuli koma fram í þessum skýrslum í reglugerð.

Um 68. gr.

Greinin svarar efnislega til 3. gr. tilskipunar nr. 89/665/EBE um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna á reglum um meðferð kæru vegna útboðs og gerðar opinberra vörukaupa- og verksamninga. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki sérstakra skýringa.

Um XII. kafla.

Í XII. kafla frumvarpsins er í fyrsta lagi kveðið á um að opinber innkaup falla undir fjármálaráðherra og fer hann með framkvæmd laganna. Í öðru lagi er kveðið á um hlutverk, markmið og stjórn Ríkiskaupa, en í lögum nr. 52/1987 um opinber innkaup er að finna núverandi lagastoð fyrir stofnuninni. Stofnuninni er samkvæmt gildandi lögum ætlað að annast innkaup á vörum og þjónustu fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki. Ríkiskaup hefur mikilvægu hlutverki að gegna við samræmingu innkaupa ríkisins meðal annars með rammasamningskerfinu. Nefnd fjármálaráðherra sem vann tillögur um endurskoðun laga og reglna um opinber innkaup taldi að skýra þyrfti ákvæði laga og reglugerðar um hlutverk Ríkiskaupa og samskipti stofnunarinnar við aðrar ríkisstofnanir. Mat nefndarinnar var að skilgreina bæri að hvaða leyti skylt væri að láta Ríkiskaup annast innkaup. Jafnframt lagði nefndin til að hlutverk Ríkiskaupa varðandi rammasamninga væri skilgreint í lögum. Fyrir utan þær breytingar sem nefndin lagði til eru í frumvarpinu gerðar breytingar á nokkrum greinum sem snúa að tæknilegum atriðum svo sem hvað varðar heimildir til að binda fjármuni ríkisins sem nú er skilgreint í lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins.

Gerðar eru breytingar á stjórn opinberra innkaupa sem hefur það hlutverk samkvæmt frumvarpinu að móta stefnu og starfshætti Ríkiskaupa en hefur samkvæmt núgildandi lögum margvísleg verkefni er varða framkvæmd opinberra innkaupa. Gert er ráð fyrir því að þessi verkefni færist til fjármálaráðuneytisins sem ber stjórnsýslulega ábyrgð á málaflokknum. Sú breyting er einnig lögð til að Ríkiskaup annist útboð fyrir ríkisstofnanir sem eru yfir viðmiðunarmörkum samkvæmt lögunum. Samkvæmt 6. gr. reglugerðar 302/1996 um innkaup ríkisins, sem gert er ráð fyrir að verði felld úr gildi verði frumvarp þetta að lögum, ber öllum stofnunum sem reknar eru fyrir reikning ríkissjóðs að öllu eða einhverju leyti að láta Ríkiskaup annast innkaup sín.

Um 69. gr.

Í greininni er kveðið á um að opinber innkaup heyra undir fjármálaráðherra og að hann fari með framkvæmd laganna. Stjórnsýsla vegna laganna, meðal annars vegna Ríkiskaupa, heyrir undir fjármálaráðherra.

Um 70. gr.

Í greininni er skilgreint hlutverk Ríkiskaupa. Greinin er í meginatriðum samhljóða núverandi skilgreiningu á hlutverki stofnunarinnar að öðru leyti en því að lagt er til að ef ágreiningur rís milli Ríkiskaupa sem umsjónaraðila útboðs og kaupanda er heimilt að vísa honum til fjármálaráðuneytisins. Tilgangurinn með þessu ákvæði er að skýra ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru við útboð. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Um 71. gr.

Með greininni eru Ríkiskaupum sett markmið í rekstri. Greinin er breyting frá því sem er að finna í núverandi löggjöf og felur í sér áherslu á þjónustu stofnunarinnar við ríkisstofnanir og birgja. Jafnframt er lögð áhersla á að við innkaup sem stofnunin annast sé ávallt leitast við að ná ítrustu hagkvæmni meðal annars með nútímalegum innkaupakerfum.

Um 72. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra skipi stjórn Ríkiskaupa til þriggja ára í senn. Gert er ráð fyrir þeirri breytingu að hlutverk stjórnarinnar takmarkist við mótun stefnu um helstu áherslur, verkefni og starfshætti stofnunarinnar en að stjórnsýsluverkefni sem áður voru á hendi stjórnar opinberra innkaupa flytjist til fjármálaráðuneytisins.

Um 73. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 74. gr.

Greinin er efnislega samhljóða núverandi ákvæðum í lögum nr. 52/1987 um opinber innkaup. Gjaldskrá Ríkiskaupa skal miðast við að stofnunin selji ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum þjónustu sína á kostnaðarverði þannig að þjónustugjöld standi undir rekstri stofnunarinnar. Ríkiskaup hafa ekki fengið fjárveitingar á fjárlögum og ekki er gert ráð fyrir því að það breytist með frumvarpinu. Fjármálaráðherra birtir gjaldskrá Ríkiskaupa að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar og að teknu tilliti til rekstrarstöðu stofnunarinnar.

Um XIII. kafla.

Í XIII. kafla frumvarpsins er lagt til að sjálfstæðri stjórnsýslunefnd, kærunefnd útboðsmála, verði falið að leysa úr kærum vegna ætlaðra brota á lögum um opinber innkaup og reglum settum samkvæmt þeim. Sá háttur að fjármálaráðuneytið fari með úrskurðarvald á þessu sviði er óheppilegur með hliðsjón af því að ráðuneytið fer jafnframt með yfirstjórn opinberra innkaupa ríkisins, eins og nánar greinir í almennum athugasemdum við frumvarpið. Með ákvæðum kaflans um kærunefnd útboðsmála er ótvírætt fullnægt skyldum íslenska ríkisins samkvæmt tilskipun nr. 89/665/EBE um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna á reglum um meðferð kæru vegna útboðs og gerðar opinberra vörukaupa- og verksamninga og tilskipun nr. 92/13/EBE um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla um beitingu á reglum bandalagsins um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti, til að tryggja bjóðendum skjót og virk réttarúrræði.

Um 75. gr.

Í greininni er kveðið á um hlutverk og skipan kærunefndar útboðsmála. Samkvæmt greininni er hlutverk nefndarinnar bundið við að taka til meðferðar formlegar kærur einstaklinga og lögaðila. Í 4. mgr. greinarinnar er þó gert ráð fyrir því að fjármálaráðuneytið geti óskað

ráðgefandi álits nefndarinnar í einstökum málum þótt engin kæra hafi borist. Gæti slík beiðni til dæmis komið til greina þegar ráðgerð eru innkaup, þar sem verulegir hagsmunir eru í húfi, og mikilvægt er að tekin sé afstaða til lögmætis nánar tiltekinna atriða fyrirfram. Slíkt álit yrði þó aðeins ráðgefandi og myndi ekki binda hendur kærunefndar útboðsmála við úrlausn á eiginlegri kæru á síðari stigum málsins.

Í 1. mgr. er kveðið á um skipan kærunefndar útboðsmála. Gert er ráð fyrir því að í nefndinni sitji þrír menn og aðrir þrír til vara. Þótt nefndarmenn séu skipaðir af ráðherra eiga þeir að vera sjálfstæðir og óháðir fjármálaráðuneytinu í störfum sínum Í samræmi við almennar reglur stjórnsýsluréttar er áréttað það almenna hæfisskilyrði að nefndarmenn skuli vera óháðir hagsmunum ríkisins eða annarra opinberra aðila. Er með því komið í veg fyrir að einstakir nefndarmenn séu vanhæfir í þorra þeirra mála sem berast nefndinni til úrlausnar.

Í 3. mgr. eru tekin af tvímæli um að nefndin skuli vera sjálfstæð í störfum sínum. Úrskurðum hennar og öðrum ákvörðunum verður ekki skotið til fjármálaráðherra eða annarra stjórnvalda. Ákvæðið takmarkar hins vegar ekki almennar heimildir til að bera gildi úrlausna nefndarinnar undir dómstóla.

Um 76. gr.

Í greininni er kærunefnd útboðsmála veitt heimild til að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila. Ágreiningsmál um opinber innkaup geta varðað mjög sérhæfða vöru, þjónustu eða verk. Æskilegt er að nefndin geti leitað aðstoðar viðeigandi sérfræðinga í slíkum tilvikum, til að unnt sé að leysa úr kæru.

Um 77. gr.

Samkvæmt greininni eiga allir þeir sem njótar réttar samkvæmt lögunum, sbr. 8. gr. frumvarpsins, málskotsrétt til nefndarinnar. Þeir verða þó að hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn máls í samræmi við almennar reglur. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki sérstakra skýringa.

Um 78. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 79. gr.

Í greininni er kveðið á um málsmeðferð fyrir kærunefnd útboðsmála, en sambærileg ákvæði er að finna núgildandi 54. gr. reglugerðar nr. 302/1996. Ráðgert er að viðhaldið verði því fyrirkomulagi að sá sem kæra beinist gegn fái stuttan frest til að tjá sig um kæru en að því loknu geti kærandi tjáð sig um svar kærða. Kærandi getur hins vegar almennt ekki aukið við kröfur eða málsástæður í andsvari sínu. Er því ekki nauðsynlegt að gefa kærða kost á því að tjá sig sérstaklega um svar kærandans. Nefndinni er heimilað að ákveða munnlegan málflutning í kærumálum, en slíkt mun aðeins eiga við í undantekningartilvikum.

Í 2. mgr. greinarinnar er fjallað um áhrif þess að aðilar sinna ekki tilmælum nefndarinnar um framlagningu gagna. Í samræmi við almennar reglur ber að meta slíkt tómlæti kærða í óhag hvað varðar sönnunaratriði málsins. Með þessu er komið í veg fyrir að kaupandi geti hindrað að viðkomandi bjóðandi geti nýtt sér réttarúrræði sín samkvæmt kaflanum. Verði kærandi hins vegar ekki við tilmælum nefndarinnar um framlagningu gagna er heimilt að vísa málinu frá meðferð þegar í stað.

Hraða skal meðferð mála fyrir nefndinni. Af þessum sökum verða frestir málsaðila til greinargerða að vera skammir. Hæfilegur frestur til greinargerðar kærða yrði almennt talin um ein vika. Þetta ber þó að meta með hliðsjón af eðli málsins. Frestir til andsvars kæranda

myndu almennt vera mjög skammir, enda á málatilbúnaður hans að liggja fyrir í kærunni að öllu verulegu leyti.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki sérstakra skýringa.

Um 80. gr.

Í greininni er kærunefnd útboðsmála veittar sambærilegar heimildir til að stöðva útboð eða samningsgerð um stundarsakir og fjármálaráðuneytið nýtur nú samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 63/1970, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1993. Í samræmi við framkvæmd kærunefndar útboðsmála er þó áskilið að verulegar líkur á því að brotið hafi verið gegn reglum um opinber innkaup þurfi að koma til svo heimilt sé að beita þessu úrræði.

Frestur til handa kærða til að tjá sig um hugsanlega stöðvun útboðs eða samningsgerðar um stundarsakir skal vera skammur. Meta verður lengd frests með hliðsjón af eðli hvers og eins máls og þörf á skjótum viðbrögðum. Almennt ætti frestur í þessu skyni ekki að vera lengri en þrír sólarhringar. Ef um skýrt og augljóst brot á reglum um opinber innkaup er að ræða má alfarið víkja frá því að gefa kærða kost á því að tjá sig um hugsanlega stöðvun um stundarsakir. Þetta úrræði ætti fyrst og fremst við þegar frestun ákvörðunar hefði í för með sér hættu á réttarspjöllum fyrir kæranda, til dæmis vegna þess að kaupandi hefði í hyggju að ganga til samninga innan skamms tíma.

Ákvörðun um stöðvun um stundarsakir getur þurft að taka með mjög skömmum fyrirvara. Slík ákvörðun bindur að sjálfsögðu ekki endi á mál og að jafnaði á rökstuddur úrskurður nefndarinnar í málinu að liggja fyrir innan mánaðar. Þolanda ákvörðunar er heimilt að krefja nefndina um rökstuðning eftir á með sambærilegum hætti og um getur í 20. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Hins vegar er ekki gerð sú krafa að rökstuðningur fylgi ákvörðun samkvæmt þessari grein þegar hún er birt þolanda.

Um 81. gr.

Í greininni er kærunefnd útboðsmála veittar sambærileg úrræði vegna brota á reglum um opinber innkaup og fjármálaráðuneytið nýtur nú samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 63/1970, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1993.

Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. núgildandi starfsreglna fyrir kærunefnd útboðsmála nr. 517/1996 getur nefndin látið uppi álit á meintri bótaskyldu kærða, en tjáir sig ekki um fjárhæð bóta. Með hliðsjón af því að úrræði kæranda, eftir að samningur hefur verið gerður, eru í raun takmörkuð við skaðabætur vegna ákvæða 83. gr. frumvarpsins er heppilegt að nefndin geti áfram látið uppi álit um þetta atriði. Álit nefndarinnar um skaðabótaábyrgð er á engan hátt bindandi fyrir kærða og hefur fyrst og fremst þá þýðingu að skapa grundvöll fyrir sáttum aðilanna og minnka þörfina á því að kærandi þurfi að sækja skaðabætur fyrir almennum dómstólum. Úrlausn um fjárhæð skaðabóta er háð sönnunarfærslu sem almennt getur ekki farið fram með viðhlítandi hætti á grundvelli þeirrar málsmeðferðar sem kveðið er á um í XIII. kafla. Kemur því ekki til álita að nefndin tjái sig um fjárhæð skaðabóta.

Í 3. mgr. er að finna það nýmæli að heimilt er að ákveða kæranda málskostnað úr hendi kærða vegna reksturs máls fyrir nefndinni. Slík ákvörðun kæmi að jafnaði aðeins til greina þegar kærði tapaði máli fyrir nefndinni í öllum verulegum atriðum. Meginreglan er sú að bjóðandi getur fengið leyst úr kærum fyrir nefndinni án þess að eiga á hættu að þurfa greiða málskostnað. Í undantekningartilvikum er þó heimilt að úrskurða kærða til að greiða málskostnað sem rennur í ríkissjóð. Ákvæðið er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir bersýnilega tilefnislausar kærur sem hafðar eru uppi í þeim tilgangi einum að tefja fyrir framgangi opinberra innkaupa.

Í 4. mgr. er að finna það nýmæli að heimilt er að leggja á kaupanda dagsektir, ef hann fer ekki að úrskurði nefndarinnar. Með þessu er leitast við að skapa nefndinni raunhæft úrræði til að knýja einstaka kaupendur til að fara að reglum um opinber innkaup, en skort hefur á að slík úrræði væru fyrir hendi.

Um 82. gr.

Í ljósi þess að lagt er til að kærunefnd útboðsmála sé sjálfstæð og óháð ráðherra í störfum sínum þykir eðlilegt að nefndin setji sér sjálf starfsreglur sem ráðherra staðfesti og birti með viðeigandi hætti.

Um XIV. kafla.

Í kaflanum er kveðið á um tvö atriði. Annars vegar er fjallað um gildi samninga, en hins vegar skaðabætur til handa bjóðendum vegna brota á reglum um opinber innkaup. Ákvæði kaflans taka meðal annars mið af tilskipun nr. 89/665/EBE um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna á reglum um meðferð kæru vegna útboðs og gerðar opinberra vörukaupa- og verksamninga og tilskipun nr. 92/13/EBE um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla um beitingu á reglum bandalagsins um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti. Ákvæði þessara tilskipana eru þó mjög almenn um þessi gildi samninga og skaðabætur og þarfnast nánari útfærslu í íslenskum lögum.

Um 83. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar kemur fram regla sem er efnislega sambærileg núgildandi 1. mgr. 29. gr. laga nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1993. Reglan felur það í sér að eftir að samningur hefur verið gerður á sviði opinberra innkaupa verður hann ekki ógiltur þótt brotið hafi verið gegn reglum um opinber innkaup. Með ákvæðinu er tryggt að grundvelli tiltekinna innkaupa verði ekki hnekkt á síðari stigum með tilheyrandi óvissu og fjárhagslegu tjóni fyrir kaupanda. Er ljóst að slík niðurstaða er til þess fallin að skaða almannahagsmuni sem og hagsmuni viðsemjanda kaupandans. Æskilegt þykir að tekin séu af tvímæli um tímamark ógildis í stað þess að leggja það í hendur kærunefndar útboðsmála að meta hverju sinni hvort neikvæðar afleiðingar af ógildi samnings vegi þyngra en hagsmunir tiltekins bjóðanda af því að fá hann ógiltan. Er meðal annars á það líta að hagsmunir slíks aðila eiga að vera nægilega tryggðir með skaðabótaúrræðum samkvæmt 84. gr. frumvarpsins, ef ógilding samnings er útilokuð vegna ákvæðisins. Ekkert í tilskipun nr. 89/665/EBE eða tilskipun nr. 92/13/EBE útilokar að tekið sé tillit til neikvæðra afleiðinga af ógildi samnings með þeim hætti sem hér er lagt til, enda sé bjóðendum tryggð önnur virk réttarúrræði. (Sjá til hliðsjónar dóm Evrópudómstólsins 28. október 1999 í máli nr. 81/98, Alcatel Austria AG o.fl. gegn Bundesministerium für Wissenschaft und Verkehr). Með hliðsjón af rúmum rétti bjóðenda til skaðabóta samkvæmt 84. gr. frumvarpsins fullnægir regla 83. gr. áskilnaði framangreindra tilskipana um virk réttarúrræði bjóðenda.

Í 2. mgr. kemur fram það nýmæli að heimilað er að ógilda samning og beita þeim úrræðum sem greinir í 81. gr. frumvarpsins ef samningur hefur verið gerður í bága við ákvörðun um stöðvun útboðs eða samningsgerðar um stundarsakir. Í slíkum tilvikum væri um að ræða skýrt brot á reglum um opinber innkaup. Þótt mikilvægir almannahagsmunir séu bundnir við að vissa ríki um gildi samnings og framkvæmd opinberra innkaupa geta þeir þó ekki réttlætt að skýr og augljós brot á reglum um opinber innkaup viðgangist. Ákvæðið á því að koma í veg fyrir að kaupendur hagi einstökum innkaupum í bága við reglur um opinber

innkaup, jafnvel af ásettu ráði, í þeirri vissu að afleiðingar brotsins takmarkist við skaðabætur til tiltekinna bjóðenda.

Í 3. mgr. er vísað til þess að samningur á sviði opinberra innkaupa getur verið ógildur af öðrum ástæðum en vegna brota á reglum um opinber innkaup. Koma hér fyrst og fremst til greina reglur III. kafla laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Um 84. gr.

Í 1. mgr. er sett fram sú almenna regla að kaupanda beri að greiða bjóðanda kostnað, sem leitt hefur af þátttöku hans í útboði, nema sýnt sé fram á að réttarbrot hans hafi ekki haft þýðingu um niðurstöðu útboðsins. Ákvæði 1. mgr. er í samræmi við 7. mgr. 2. gr. tilskipunar nr. 92/13/EBE og skýringu Hæstaréttar á 27. gr. laga nr. 63/1970, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1993, í dómi 18. nóvember 1999 í máli nr. 169/1998, Fagtún ehf. gegn byggingarnefnd Borgarholtsskóla, íslenska ríkinu, Reykjavíkurborg og Mosfellsbæ. Með ákvæðinu er sönnunarbyrðin um að afleiðing brots hafi ekki valdið bjóðanda tjóni lögð á kaupanda. Með þessu er bjóðanda veitt virkt úrræði til að bregðast við réttarbroti kaupanda og fá þetta tjón sitt bætt með nokkuð auðveldum hætti. Er reglan því ótvírætt til þess fallin að tryggja hagsmuni bjóðenda og hvetja kaupendur til að vanda til framkvæmdar opinberra innkaupa. Mat á fjárhæð bóta samkvæmt 1. mgr. myndi miðast við að gera stöðu bjóðandans sem líkasta því að hann hefði aldrei tekið þátt í útboði svipað og þegar vangildisbætur innan samningaréttar eru ákveðnar. Af sönnunarreglu ákvæðisins leiðir að fleiri bjóðendur geta átt rétt á bótum vegna einnar og sömu ákvörðunar kaupanda.

Í 2. mgr. er vísað til þess að um skaðabætur vegna brota á reglum um opinber innkaup fari að öðru leyti eftir almennum reglum. Með þessu er áréttað að regla 1. mgr. útiloki ekki að bjóðendur geti krafist bóta umfram tjón vegna kostnaðar við að undirbúa útboð. Nánar tiltekið kemur 1. mgr. ekki í veg fyrir að bjóðandi geti krafist bóta sem miða að því að hann verði eins settur og ef samningur hefði verið gerður við hann. Með öðrum orðum væri um eins konar efndabætur að ræða þótt samningur hefði aldrei verið gerður og kemur hér einkum til skoðunar tjón bjóðanda vegna missis hagnaðar. Meðal norænna fræðimanna hefur um langt skeið verið umdeilt hvort heimilt væri að greiða efndabætur vegna brota á reglum um opinber innkaup. Hefur þá einkum verið litið til þess að í þeim tilvikum þegar gengið hefur verið framhjá tilteknum bjóðanda með ólögmætum hætti hefur enginn gildur samningur verið gerður. Í þessu sambandi hefur einnig verið bent á að kaupanda sé almennt heimilt að hafna öllum framkomnum tilboðum og því sé í raun aldrei hægt að fullyrða að tiltekinn bjóðandi hefði átt að verða fyrir valinu. Í samræmi við almennar reglur samningaréttar komi ekki til greina að gera stöðu bjóðanda eins setta og ef samningur hefði verið gerður. Bótaréttur bjóðanda takmarkist því við svokallaða neikvæða samningshagsmuni hans sem fyrst og fremst felast í rétti til að fá bættan kostnað við að hafa uppi tilboð. Þessum sjónarmiðum hefur nú almennt verið hafnað og réttur bjóðanda til að fá bættan missi hagnaðar viðurkenndur. Styðst sú niðurstaða meðal annars við áðurtilvitnaðan dóm Hæstaréttar 18. nóvember 1999 í máli nr. 169/1998. Andstætt því sem við á um bótakröfu samkvæmt 1. mgr. þarf bjóðandi hins vegar að færa sönnur á þetta tjón sitt samkvæmt almennum reglum. Í því felst í fyrsta lagi að hann verður að sýna fram á að samið hefði verið við hann, ef ekki hefði komið til saknæmt réttarbrot kaupanda. Í þessu felst ekki aðeins sú krafa að bjóðandi færi sönnur fyrir því að tilboð hans hafi verið hagkvæmast heldur einnig að kaupandi hefði ekki hafnað öllum framkomnum tilboðum, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 8. febrúar 2001 í máli nr. 298/2000, Stykkishólmsbær vegna Hitaveitu Stykkishólms gegn G.V. Gröfum ehf. og gagnsök. Í annan stað verður kaupandi að færa sönnur á umfangi tjóns síns, svo sem að hann

hefði hagnast á samningi við kaupanda. Að þessu virtu er ljóst að það getur verið ýmsum vandkvæðum bundið fyrir bjóðanda að sækja bótakröfu af þessu tagi. Um nánari umfjöllun um almennar skaðabótakröfur vegna brota á reglum um opinber innkaup verður að öðru leyti að vísa til almennra fræðirita.

Um 85. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 86. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 87. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um opinber innkaup.

Frumvarpi þessu er ætlað að tryggja jafnræði bjóðenda við opinber innkaup og stuðla þannig að virkri samkeppni og hagkvæmni í opinberum rekstri. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lög nr. 52/1987, um opinber innkaup, og reglugerð nr. 302/1996, um innkaup ríkisins, verði felld úr gildi. Einnig er gert ráð fyrir að ákvæði tilskipana Efnahagsbandalags Evrópu sem Íslendingar undirgengust með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið verði leidd í lög með frumvarpinu. Ekki er um að ræða miklar efnislegar breytingar varðandi framkvæmd opinberra innkaupa fyrir ríkisstofnanir frá núgildandi lögum og er ekki ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi aukinn kostnað í för með sér.

1049. Frumvarp til laga [671. mál]

um skipan opinberra framkvæmda.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Opinber framkvæmd merkir í lögum þessum gerð, viðhald eða breytingu mannvirkis, sem kostuð er af ríkissjóði að nokkru eða öllu leyti, enda nemi áætlaður kostnaður ríkissjóðs a.m.k. 5 millj. kr. Heimilt er fjármálaráðuneytinu að breyta áðurnefndri fjárhæð til samræmis við verðbreytingar. Ákvæði laganna taka einnig til kaupa og leigu á eignum, eftir því sem við getur átt.

Um útboð opinberra framkvæmda fer samkvæmt lögum um opinber innkaup.

2. gr.

Meðferð máls varðandi opinbera framkvæmd frá upphafi, uns henni er lokið, fer eftir ákveðinni boðleið, er skiptist í fjóra áfanga, svo sem hér segir:

Frumathugun, sbr. 3.–5. gr., áætlunargerð, sbr. 6.–10. gr., verklega framkvæmd, sbr. 11.–15. gr., og skilamat, sbr. 16. gr.

II. KAFLI
Frumathugun.

3. gr.

Frumathugun er könnun og samanburður þeirra kosta, er til greina koma við lausn þeirra þarfa, sem framkvæmdinni er ætlað að fullnægja.

Í greinargerð um frumathugun skulu vera áætlanir um kosti. Þessar áætlanir skulu vera tvíþættar. Annars vegar áætlun um stofnkostnað, þ.m.t. kostnað við áætlunargerð, og hins vegar áætlun um árlegan rekstrarkostnað, þ.m.t. lánsfjárkostnað og tekjur, ef við á. Í greinargerðinni skal skýrt frá þeim rökum, er liggja að vali kosts þess, sem tekinn er, þar á meðal hagkvæmnireikningum, sem notaðir eru í samanburði. Greinargerð um frumathugun skulu auk þess fylgja tillögur um staðsetningu og stærð, svo og frumuppdrættir að fyrirhugaðri framkvæmd, eftir því sem við á.

4. gr.

Frumathugun fer fram á vegum hlutaðeigandi ráðuneytis, ríkisstofnunar, sveitarfélags eða annarra væntanlegra eignaraðila. Hafi annar aðili en ráðuneyti látið gera frumathugun, skal greinargerð skv. 3. gr. send viðkomandi ráðuneyti.

Viðkomandi ráðuneyti gerir tillögur til fjármálaráðuneytisins um fjárveitingar til einstakra framkvæmda á grundvelli frumathugana og jafnframt um röð framkvæmda til ákvörðunar við gerð fjárlagafrumvarps. Tillögur um röð innan sama framkvæmdaflokks skulu lagðar fyrir fjárlaganefnd Alþingis, áður en hún ákvarðar tillögur sínar um skiptingu framkvæmdafjár við afgreiðslu fjárlagafrumvarps.

Ef ráðuneyti telur ekki fært að gera tillögu til fjármálaráðuneytisins um fjárveitingu til framkvæmdar samkvæmt frumathugun, sem því hefur borist, skal sú ákvörðun tilkynnt aðilum svo fljótt sem verða má og gerð grein fyrir ástæðum.

5. gr.

Nú hefur verið ákveðið að veita fé til opinberrar framkvæmdar í fjárlögum, án þess að frumathugun hafi verið gerð, og skal þá frumathugun eigi að síður fara fram samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr. laga þessara.

III. KAFLI
Áætlunargerð.

6. gr.

Áætlunargerð um opinbera framkvæmd fer fram á vegum hlutaðeigandi ráðuneytis, ríkisstofnunar, sveitarfélags eða annarra væntanlegra eignaraðila í samráði við Framkvæmdasýslu ríkisins.

Þegar opinberri framkvæmd, sem ríkið og annar aðili standa að, er ráðstafað til áætlunargerðar skal gera samning milli væntanlegra eignaraðila og þeirra aðila, er taka að sér áætlunargerð. Þátttaka ríkissjóðs í kostnaði vegna áætlunargerðar er háð skriflegu samþykki fjármálaráðuneytisins á þeim samningi.

7. gr.

Áætlunargerð um opinberar framkvæmdir skal vera í tvennu lagi:

1. Fullnaðaruppdrættir og tæknileg verklýsing á þeirri framkvæmd, sem fyrirhuguð er, skrá um efnisþörf, nákvæm kostnaðaráætlun um verkið, tímaáætlun um framkvæmd þess og greiðslu- og fjáröflunaráætlun fyrir framkvæmdartímabilið.
2. Rekstraráætlun sem nær til minnst fimm ára eftir að framkvæmd er lokið.

8. gr.

Að lokinni áætlunargerð skv. 7. gr. skal hlutaðeigandi ráðuneyti senda fjármálaráðuneyti áætlunina til athugunar.

Áætluninni skulu fylgja skilríki um það, að fullnægjandi lóðarréttindi og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru vegna væntanlegrar framkvæmdar, verði fyrir hendi, þegar á þarf að halda.

9. gr.

Nú er áætlun um opinbera framkvæmd í fullu samræmi við ákvæði 7. og 8. gr. og byggð á raunhæfum forsendum að áliti fjármálaráðuneytis, og skal þá áætlunin í heild eða skýrt afmarkaður hluti hennar, er nær nýtanlegum áfanga koma til athugunar við gerð fjárlagafrumvarps fyrir næsta ár.

Ef fjármálaráðuneytið tekur ekki slíka áætlun í fjárlagafrumvarp, skal það tilkynnt hlutaðeigandi ráðuneyti svo fljótt sem verða má og jafnframt gerð grein fyrir ástæðum.

10. gr.

Í frumvarpi til fjárlaga skal tilfæra þá fjárhæð, sem ætluð er á fjárlagaárinu til viðkomandi framkvæmdar, og í greinargerð skal tilfæra þær fjárskuldbindingar, sem falla á seinni fjárlagaár í samræmi við áætlunina. Þegar um er að ræða fjárveitingar til einstakra framkvæmdaflokka skulu atriði þau, sem um getur í 1. málsl., koma fram í tillögum og sérstakri greinargerð fjárlaga Alþingis. Í fjárlagafrumvörpum næstu ára skal á sama hátt tilgreina fjárhæðir, sem samkvæmt endurskoðaðri áætlun nægja til þess að ljúka framkvæmd á tilsettum tíma.

IV. KAFLI
Verkleg framkvæmd.

11. gr.

Verkleg framkvæmd merkir í lögum þessum gerð verksamninga, verkið sjálft, eftirlit með því og úttekt. Verk merkir bæði vinnu og efni.

Útboðslýsingar, verklýsingar og verksamningar skulu vera í samræmi við áætlun skv. 9. gr.

12. gr.

Verklega framkvæmd, sem greiða skal eingöngu af ríkisfé, er óheimilt að hefja fyrr en fyrir liggur:

1. Heimild í fjárlögum.
2. Ákvörðun hlutaðeigandi ráðuneytis um að nota þá heimild.
3. Staðfesting fjármálaráðuneytisins á því, að fjármagn verði handbært í samræmi við greiðsluáætlun skv. 7. gr.

Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og annars aðila, er eigi heimilt að hefja opinbera framkvæmd fyrr en fé hefur verið veitt til hennar í fjárlögum og undirritaður

hefur verið samningur viðkomandi ráðuneytis og aðilans með áritun fjármálaráðuneytisins, er tryggi, að fjármagn verði handbært á framkvæmdartímanum í samræmi við greiðsluáætlun skv. 7. gr.

Eigi sveitarfélag hlut að máli og sé í greiðsluáætlun gert ráð fyrir framlögum úr sveitarsjóði, nægir um það atriði skrifleg yfirlýsing sveitarstjórnar, að á framkvæmdartímanum verði fjárhæðir teknar á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins í samræmi við greiðsluáætlun skv. 7. gr.

13. gr.

Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags, annast sveitarfélag útboð, undirbúning samningsgerðar við verktaka og reikningshald og greiðslur vegna verksins, nema öðruvísi um semjist eða fjármálaráðherra ákveði annað.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir getur áskilið, að sveitarfélag, er sér um útboð vegna framkvæmdar, skuli fá samþykki Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir útboðslýsingu, áður en útboð fer fram.

Þegar framlög til sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélags eru miðuð við ákveðið einingarverð, sbr. XII. kafla laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla, annast sveitarfélag útboð og verklega framkvæmd, nema öðruvísi um semjist.

14. gr.

Samningur við verktaka skal undirritaður af hlutaðeigandi ráðuneyti. Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags eða annars eignaraðila, skal samningur undirritaður af báðum eða öllum aðilum, nema öðruvísi um semjist, sbr. þó 3. mgr. 13. gr.

15. gr.

Nú raskast kostnaðar- eða tímaáætlun verks vegna verðlagsbreytinga eða af tæknilegum orsökum, og skal þá hlutaðeigandi ráðuneyti svo fljótt sem auðið er gera tillögur til fjármálaráðuneytisins um breytta greiðsluáætlun. Samþykki fjármálaráðuneytið hina breyttu greiðsluáætlun, skal miða við hana í frumvarpi til fjárlaga næsta árs. Sé um að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og annars aðila, komi einnig til samþykki þess aðila á breyttri greiðsluáætlun.

V. KAFLI
Skilamat.

16. gr.

Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því, hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir, sem þegar hafa verið metnar.

Framkvæmdasýsla ríkisins setur nánari reglur um fyrirkomulag skilamats og sér um að greinargerðir um skilamat séu lagðar fyrir fjárlaganefnd Alþingis, samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir og eignaraðila.

VI. KAFLI
Yfirstjórn opinberra framkvæmda.

17. gr.

Opinberar framkvæmdir heyra undir fjármálaráðherra sem fer með framkvæmd laga þessara.

Fjármálaráðuneytið fer með fjármálalega yfirstjórn opinberra framkvæmda, þ.e. frumathugunar, sbr. 3.–5. gr., og áætlunargerðar, sbr. 6.–10. gr. Framkvæmdasýsla ríkisins fer með yfirstjórn verklegrar framkvæmdar, sbr. 11.–15. gr. og gerð skilamats, sbr. 16. gr.

Sveitarfélög eða aðrir eignaraðilar fara með stjórn þeirra þátta, sem ræddir eru í 4., 6. og 13. gr., eftir því sem þar segir nánar.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þessi verkefni.

18. gr.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir er fjármálaráðuneytinu til ráðuneytis um fjármálalega framkvæmd laga þessara, sbr. I.–IV. kafla. Í nefndinni eiga sæti þrír menn: formaður fjárlaganefndar Alþingis eða sérstaklega tilnefndur fulltrúi nefndarinnar, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins og ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, sem er formaður nefndarinnar. Hlutaðeigandi ráðuneyti hafa rétt til að eiga fulltrúa á fundum, þar sem fjallað er um mál, sem eru innan verksviðs þeirra. Þegar nefndin fjallar um sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélags, á fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga rétt á að sitja fundi hennar, nema sveitarfélag óski sjálft að tilnefna fulltrúa til fundarsetu.

Nefndin hefur það hlutverk að leiða saman sjónarmið eignaraðila opinberrar framkvæmdar á undirbúnings- og framkvæmdastigi og rannsaka frumathugun og áætlunargerð, sem er undanfari verklegrar framkvæmdar. Nefndin fylgist að öðru leyti með framkvæmd hinnar fjármálalegu hliðar opinberrar framkvæmdar.

Ef nefndin telur, að óþarfa dráttur sé á afgreiðslu máls, sem sameignaraðili sendir hlutaðeigandi ráðuneyti, skal hún hlutast til um, að úr sé bætt.

Ráðherra setur nefndinni nánari starfsreglur.

VII. KAFLI
Starfsemi Framkvæmdasýslu ríkisins.

19. gr.

Á vegum ríkisins skal rekin stofnun, Framkvæmdasýsla ríkisins, sem fer með stjórn verklegra framkvæmda af hálfu ríkisins nema annað sé sérstaklega tilgreint í lögum þessum. Stofnunin veitir ráðuneytum og ríkisstofnunum ráðgjöf um byggingatæknileg málefni og undirbúning framkvæmda. Framkvæmdasýsla ríkisins heyrir undir fjármálaráðuneytið.

20. gr.

Framkvæmdasýsla ríkisins skal beita sér fyrir að hagkvæmni sé gætt í skipan opinberra framkvæmda. Til að sinna þessu hlutverki skal hún:

a. veita ráðgjöf og vinna að samræmingu við undirbúning og áætlunargerð við opinberar verkframkvæmdir.
b. undirbúa og annast framkvæmd útboða og samninga við verktaka,
c. sjá um reikningshald og greiðslur vegna verka, nema öðruvísi um semjist eða fjármálaráðherra ákveði annað,
d. hafa frumkvæði að útgáfu viðmiðana um stærð rýma og gæði opinberra mannvirkja,
e. byggja upp og viðhalda skrá yfir fasteignir ríkisins sem gagnast ráðuneytum og ríkisstofnunum við stjórn fasteignaumsýslu,
f. stuðla að þróun verktakamarkaðar og aukinni samkeppni,
g. stuðla að skilvirkni og faglegum vinnubrögðum í tengslum við verklegar framkvæmdir.

21. gr.

Fjármálaráðherra skipar forstjóra Framkvæmdasýslu ríkisins til fimm ára í senn og er hann ábyrgur fyrir rekstri stofnunarinnar. Forstjóri mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti stofnunarinnar ásamt því að ráða starfslið hennar.

22. gr.

Framkvæmdasýsla ríkisins selur ráðuneytum og ríkisstofnunum þjónustu sína samkvæmt gjaldskrá sem fjármálaráðherra staðfestir. Gjaldskráin skal miðast við að tekjur stofnunarinnar standi undir rekstri hennar.

23. gr.

Fjármálaráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

24. gr.

Lög þessi taka þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Aðdragandi frumvarpsins.

Haustið 1999 skipaði fjármálaráðherra nefnd til að vinna að tillögum vegna endurskoðunar laga og reglna um opinber innkaup. Nefndin skilaði áliti sínu í maí 2000. Í tillögum sínum lagði nefndin megináherslu á að skýra þyrfti framsetningu gildandi reglna um opinber innkaup þar sem reglur um opinber innkaup væri nú að finna í mörgum lagabálkum og reglugerðum sem gerði framkvæmd og túlkun þeirra erfiðari en ella. Tillaga nefndarinnar var sú að almennar efnisreglur um innkaup bæri að setja í ein heildarlög. Í framhaldi af tillögum nefndarinnar var nýtt frumvarp til laga um opinber innkaup undirbúið á vegum fjármálaráðuneytisins. Í frumvarpinu er að finna allar meginreglur um opinber innkaup er snúa að tilgangi, gildissviði, innkaupum á EES, fyrirkomulagi innkaupa, samningum sem undanþegnir eru útboðsskyldu, útboðsgögnum, framkvæmd útboða, val tilboðs, réttarúrræðum og skaðabótum. Þannig er gert ráð fyrir að þessar efnisreglur verði einungis í lögum um opinber innkaup. Um tilhögun innkaupa er varða opinberar framkvæmdir fer þá samkvæmt lögum um opinber innkaup. Í gildandi lögum um skipan opinberra framkvæmda eru ákvæði er snúa að fyrirkomulagi útboða verkframkvæmda á Evrópska efnahagssvæðinu sem innleidd voru við gildistöku samningsins á árinu 1993. Þá eru ennfremur í lögunum almenn ákvæði um útboð. Vegna þess frumvarps sem lagt hefur verið fram á Alþingi um opinber innkaup er því nauðsynlegt að leggja samhliða fram nýtt frumvarp um skipan opinberra framkvæmda þar sem afnumin eru ákvæði þeirra laga er snúa að innkaupum og útboðum.

II. Núverandi lagaumhverfi opinberra framkvæmda.

Lög um skipan opinberra framkvæmda nr. 63/1970 voru unnin á grundvelli álits nefndar sem fjármálaráðherra skipaði á sjöunda áratugnum. Markmiðið með lögunum er að tryggja sem hagkvæmasta nýtingu þess fjármagns sem varið er til opinberra framkvæmda. Í samræmi við þetta er í lögunum kveðið á um ákveðna tilhögun um undirbúning og skipulagningu opinberra framkvæmda innan stjórnsýslunnar. Verkframkvæmdum er skipt í fjóra áfanga; frumathugun, áætlunargerð, verklega framkvæmd og skilamat og er málsmeðferð innan hvers áfanga nánar skilgreind í lögunum. Ákvörðun um að hefja verk skal þannig ekki taka fyrr en fullnaðarundirbúningi er lokið svo að unnt sé að gera greiðsluskuldbindingar fyrir verkið í

heild og ekki þurfi að koma til þess að lausaskuldir safnist eða verk stöðvist af fjárhagsástæðum. Með þessu er leitast við tryggja samfellt og hagkvæmt framhald verka og þar með sem stystan framkvæmdatíma. Með lögunum var komið á fót framkvæmdadeild við Innkaupastofnun ríkisins og skyldi deildin að jafnaði fara með yfirstjórn verklegra framkvæmda, sbr. 23. gr. laga nr. 63/1970. Samkvæmt 21. gr. laganna skyldi fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun, hins vegar fara með fjármálalega yfirstjórn framkvæmdanna. Lögum nr. 63/1970 var breytt í nokkrum atriðum með lögum nr. 32/1984.

Annað markmið laganna er að tryggja hagkvæmni innkaupa með útboðum. Kveðið er á um útboðsskyldu hvað varðar verklegar framkvæmdir, fyrirkomulag og framkvæmd útboða. Með lögunum var í fyrsta skipti lögð sérstök áhersla á útboð við verkframkvæmdir en í lögum nr. 72/1947 um Innkaupastofnun ríkisins hafði verið lögð megináhersla á útboð á vörum og þjónustu.

III. Helstu efnisbreytingar frá lögum nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda.

Með frumvarpinu er gerð tillaga um tvær meginbreytingar á lögum nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda. Í fyrsta lagi eru breytingar sem leiða af breytingum á lögum um opinber innkaup. Stærsta breytingin að þessu leyti er sú að IV. kafli laganna fellur niður þar sem tilgreindar voru ýmsar efnisreglur um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu. Einnig eru lagðar til breytingar á nokkrum öðrum greinum og ákvæði felld niður þar sem kveðið er á um tilhögun útboða á verkframkvæmdum og réttarúrræðum til handa bjóðendum o.s.frv.

Í öðru lagi er í frumvarpinu kveðið á um starfsemi og hlutverk Framkvæmdasýslu ríkisins. Í lögum nr. 63/1970 eru ákvæði er snúa að Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins og er gert ráð fyrir því að Framkvæmdasýsla ríkisins hafi samskonar hlutverk samkvæmt frumvarpinu. Ástæðan fyrir þessari breytingu er breytt hlutverk og starfshættir Innkaupastofnunar ríkisins á undanförnum árum. Framkvæmdasýsla ríkisins hefur í raun starfað sem sjálfstæð ríkisstofnun með hlutverk er snýr að verklegum framkvæmdum. Hlutverk og starfsemi Innkaupastofnunar ríkisins, Ríkiskaupa, er hins vegar skilgreint í frumvarpi til laga um opinber innkaup. Verkaskipting milli stofnananna er þannig skýrð með þessum tveimur frumvörpum.

Til viðbótar þessum tveimur meginbreytingum er gerð tillaga um ýmsar minni breytingar er snúa frekar að lagatæknilegum atriðum en efnisatriðum. Má þar nefna breytingar á ákvæðum er snúa að fjárlaga- og hagsýslustofnun þar sem í frumvarpinu er nú talað um fjármálaráðuneyti, Framkvæmdadeild innkaupastofnunar breytist í Framkvæmdasýslu ríkisins og fjárveitinganefnd breytist í fjárlaganefnd. Þessar breytingar þarfnast ekki frekari skýringa.

IV. Markmið laganna.

Markmið laganna er fyrst og fremst að tryggja faglega málsmeðferð við framkvæmdir sem ríkið stendur að. Þannig eru skilgreind mismunandi stig, ábyrgð, skýrslugerð og uppgjör vegna opinberra framkvæmda. Hinn 5. janúar sl. skipaði fjármálaráðherra nefnd til að fara yfir stjórn og skipulag opinberra framkvæmda. Hlutverk nefndarinnar er að kanna hvort ástæða sé til að styrkja einhverja þætti við framkvæmd laganna, annaðhvort með lagabreytingu eða reglugerðarsetningu. Nefndin hefur ekki lokið störfum en það er mat nefndarmanna að lögin marki góðan ramma um skipan opinberra framkvæmda, að lögin hafi haldið gildi sínu vel og að þau séu ekki ástæða þess sem úrskeiðis hefur farið við opinberar framkvæmdir. Nefndarmenn hafa hins vegar talið að nauðsynlegt sé að efla og styrkja innviði laganna að því er varðar verkferla, verkaskiptingu, boðleiðir og ábyrgðarsvið þeirra aðila er koma að hinum fjóru stigum framkvæmdanna. Mælt er með setningu reglna um nánari skil-

greiningu á verklagi og skipulagi hinna einstöku áfanga opinberra framkvæmda, þ.e. frumathugun, áætlunargerð, verklega framkvæmd og skilamat. Eftir að settar hafa verið slíkar reglur þyrfti í framhaldinu að huga að endurskoðun á Handbók um opinberar framkvæmdir, sem gefin var út af fjármálaráðuneytinu 1991, í samræmi við þær breytingar sem nefndin leggur til.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um gildissvið laganna. Áréttuð er sú túlkun sem fram kom í greinargerð með frumvarpi til laga um skipan opinberra framkvæmda sem lagt var fram árið 1969 um viðhald fasteigna, en samkvæmt greininni er það flokkað sem opinber framkvæmd. Viðhald fasteigna getur í mörgum tilfellum verið bæði umfangsmikið og fjárfrekt og því þykir ástæða til að árétta þennan skilning og leggja til að viðhald verði sérstaklega tilgreint og ríkisaðilum þar með gert skylt að nálgast framkvæmdir er snúa að viðhaldi með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í frumvarpinu. Þessi breyting tekur af vafa um skilgreiningu á framkvæmdum þar sem oft á tíðum hefur reynst erfitt að meta framkvæmdir sem snúa að endurnýjun og viðhaldi og ákveða hvernig fara skuli með þær samkvæmt lögunum.

Lagt er til að viðmiðunarfjárhæð vegna framkvæmdanna verði 5 m.kr. í stað 1 m.kr. í fyrrnefndum lögum nr. 63/1970. Þess ber þó að geta að 1 m.kr. að teknu tilliti til verðbreytinga er rúmlega 5 m.kr. á núvirði þannig að ekki er um efnislega breytingu að ræða.

Í greininni er lagt til að ákvæði laganna taki einnig til kaupa og leigu á eignum, eftir því sem við á. Þegar ákvörðun um opinberar framkvæmdir er undirbúin er í meginatriðum um þrjá kosti að velja þegar litið er til eignarhalds og fjármögnunar. Í fyrsta lagi er mögulegt að ríkið eigi fasteignina og annist um framkvæmdir. Þetta er hefðbundin leið og taka öll ákvæði frumvarpsins til þessarar aðferðar. Í öðru lagi getur ríkið keypt mannvirki í stað þess að ráðast í nýbyggingu, t.a.m. þegar útvega þarf nýtt húsnæði fyrir ríkisaðila. Þrátt fyrir að ríkið annist ekki framkvæmdir er nauðsynlegt að undirbúningur að ákvörðun um kaup sé faglegur, m.a. með frumathugun á kostum, þarfagreiningu og áætlanagerð. Í þriðja lagi er mögulegt fyrir ríkisaðila að leigja mannvirki, oftast fasteignir. Þessi kostur verður sífellt algengari bæði meðal ríkisaðila og á almennum markaði, m.a. með tilkomu sérstakra fasteignafyrirtækja sem bjóða sérhæft húsnæði til útleigu gegn langtímasamningi. Einnig hefur færst í vöxt að fyrirtæki sem sérhæfa sig í fasteignarekstri gera samninga við ríkið um byggingu og rekstur nýs húsnæðis sem sérstaklega er hannað til að mæta þörfum þessara aðila, m.a. undir merkjum einkaframkvæmdar. Í þessum samningum eru umtalsverðar skuldbindingar af hálfu ríkisins og er því lagt til að þeir verði felldir undir það verkferli sem skilgreint er í lögunum.

Um 2. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. gr. núgildandi laga.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða 3. gr. núgildandi laga.

Um 4. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 4. gr. núgildandi laga. Felldar hafa verið niður tilvísanir til „fjárlaga og hagsýslustofnunar“ og „fjárveitinganefndar“ en í staðinn vísað til „fjármála-

ráðuneytisins“ og „fjárlaganefndar“. Í 2. mgr. hefur verið felld niður tilvísun til skólamannvirkja þar sem ekki þykir þörf á að nefna skólamannvirki sérstaklega í dæmaskyni.

Um 5. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 5. gr. núgildandi laga.

Um 6. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að í stað þess að áætlunargerð um opinbera framkvæmd fari fram í samráði við fjármálaráðuneytið eins og gert er ráð fyrir í núgildandi lögum fari hún fram í samráði við Framkvæmdasýslu ríkisins. Þetta helgast af því að stærstur hluti áætlunargerðarinnar snýr að hinum verklega þætti framkvæmdarinnar, sbr. 7. gr. frumvarpsins og því er Framkvæmdasýsla ríkisins sem faglegur aðili vel fallin til samráðs um þá hlið málsins. Ekki er um neina meginbreytingu að ræða frá núgildandi lögum enda mæla 8. og 9. gr. fyrir um að áætlunina skuli síðan senda til fjármálaráðuneytisins til athugunar og yfirferðar.

Um 7. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 7. gr. núgildandi laga.

Um 8. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 8. gr. núgildandi laga.

Um 9. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 9. gr. núgildandi laga.

Um 10. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 10. gr. núgildandi laga. Felld hefur verið niður tilvísun til skólamannvirkja eins og í 4. gr., þar sem ekki þykir þörf á að nefna þau sérstaklega í dæmaskyni.

Um 11. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 11. gr. núgildandi laga. Bætt hefur verið inn nýrri málsgrein sem er samhljóða 3. mgr. 13. gr. núgildandi laga.

Um 12. gr.

Greinin er samhljóða 12. gr. núgildandi laga.

Um 13. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 14. gr. núgildandi laga. Felld hefur verið niður tilvísun til „Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins“ og er í staðinn vísað til „Framkvæmdasýslu ríkisins“. Lagt er til að gerð verði sú breyting að 1. mgr. 14. gr. núgildandi laga verði færð undir VII. kafla laganna sem fjallar um starfsemi Framkvæmdasýslu ríkisins. Í 3. mgr. 13. gr. er jafnframt vísað til laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla í stað laga um nr. 49/1967 um skólakostnað, sem fallin eru úr gildi.

Um 14. gr.

Greinin er samhljóða 16. gr. núgildandi laga.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóða 19. gr. núgildandi laga.

Um 16. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 20. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að í stað þess að Ríkisendurskoðun sjái um þennan þátt opinberra framkvæmda er lagt til að hann færist til Framkvæmdasýslu ríkisins. Í skilamati fellst mat á framkvæmd verksins miðað við áætlanir og kostnaðarsamanburð við önnur sambærileg verk. Í framkvæmd hefur Framkvæmdasýsla ríkisins séð um gerð og kynningu skilamats, enda með nauðsynlega heildaryfirsýn yfir verkframkvæmdina. Í þessu sambandi má einnig nefna að Ríkisendurskoðun hefur samkvæmt lögum nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun víðtækar heimildir til endurskoðunar og eftirlits með opinberum framkvæmdum ríkisins.

Um 17. gr.

Greinin er byggð á 32. gr. núgildandi laga. Þær breytingar sem lagðar eru til miða að því að skýra efnisatriði greinarinnar. Lagt er til að tilgreint verði sérstaklega í 1. mgr. 17. gr. frumvarpsins að opinberar framkvæmdir heyri undir fjármálaráðherra, sem jafnframt fari með framkvæmd laganna. Í 2. mgr. er lögð til sú breyting frá gildandi lögum að Framkvæmdasýsla ríkisins hafi umsjón með og sjái um gerð skilamats sbr. athugasemdir við 16. gr.

Jafnframt er lagt til að felld verði niður síðari hluti 3. mgr. 32. gr. núgildandi laga sem mælir fyrir um útboð, þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að ákvæði um útboð verði að finna í lögum um opinber innkaup.

Í samræmi við tillögu 1. mgr. 17. gr. frumvarpsins um að það verði tilgreint sérstaklega að opinberar framkvæmdir heyri undir fjármálaráðherra sem jafnframt fari með framkvæmd laganna og með hliðsjón af nútíma stjórnsýsluháttum, er lagt til að felld verði niður 4. mgr. 32. gr. núgildandi laga sem mælir fyrir um að ríkisstjórnin úrskurði vafaatriði sem snerta gildissvið og efni laganna.

Um 18. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 33. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að kveðið er á um að fjármálaráðherra setji nefndinni nánari starfsreglur varðandi hlutverk og starfssvið, málsmeðferð, vistun og aðstöðu.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins sem ekki er í núgildandi lögum er fjallað um starfsemi og hlutverk Framkvæmdasýslu ríkisins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Framkvæmdasýsla ríkisins fari með það hlutverk sem Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins fer með samkvæmt núgildandi lögum. Ástæðan er sú breyting sem orðið hefur á starfsháttum stofnunarinnar eins og ýtarlega er greint frá í III. kafla athugasemda við frumvarpið.

Eins og fyrr segir er lagt til að í þessum kafla frumvarpsins verði lögfest hlutverk og starfsemi Framkvæmdasýslu ríkisins, en um hlutverk og starfsemi Ríkiskaupa í frumvarpi til laga um opinber innkaup.

Um 19. gr.

Í greininni er starfsemi Framkvæmdasýslu ríkisins nánar skilgreind. Hlutverk hennar verður að fara með stjórn verklegra framkvæmda af hálfu ríkisins. Þar er ekki um efnisbreyt-

ingu að ræða frá hlutverki Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins eins og það er í núgildandi lögum. Í greinini er einnig lögð áhersla á það hlutverk stofnunarinnar að veita ráðuneytum og ríkistofnunum ráðgjöf um byggingatæknileg málefni og undirbúning framkvæmda.

Um 20. gr.

Í greininni eru skilgreind helstu markmið og hlutverk Framkvæmdasýslu ríkisins. Samkvæmt því verður meginhlutverk stofnunarinnar að tryggja hagkvæmni við opinberar framkvæmdir. Einnig er lögð áhersla á þjónustu stofnunarinnar við ráðuneyti og ríkisstofnanir sem m.a. felst í ráðgjöf á öllum stigum opinberra framkvæmda, aðstoð við undirbúning útboðs, samningsgerð við verktaka og að hafa með höndum reikningshald og greiðslur. Samkvæmt greininni á stofnunin að hafa frumkvæði að almennum leiðbeiningarreglum um stærð og gerð mannvirkja og uppbyggingu og skrá yfir fasteignir ríkisins. Að lokum er gerð tillaga um að eitt af markmiðum stofnunarinnar verði að stuðla almennt að þróun íslensks verktakamarkaðar með því að hlutast til um skilvirkni og fagleg vinnubrögð.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 24. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um skipan opinberra framkvæmda.

Tilgangur frumvarpsins er að tryggja faglega málsmeðferð við framkvæmdir sem ríkið stendur að. Í frumvarpinu eru lagðar til tvær meginbreytingar frá núgildandi lögum, nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda. Annars vegar er um að ræða breytingar sem leiðir af nýju frumvarpi til laga um opinber innkaup á þann veg að allt sem lýtur að útboðsskyldu og framkvæmd innkaupa er nú sett fram í frumvarpi til laga um opinber innkaup. Hins vegar er kveðið á um starfsemi og hlutverk Framkvæmdasýslu ríkisins. Fram kemur í greinargerð frumvarpsins að Framkvæmdasýsla ríkisins hefur í raun starfað sem sjálfstæð ríkisstofnun undanfarin ár og að frumvarpið mun ekki hafa í för með sér breytingar á rekstri stofnunarinnar. Eftir sem áður er fyrirhugað að tekjur stofnunarinnar muni standa undir rekstri hennar. Ekki er því gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs aukist verði frumvarpið óbreytt að lögum.

1050. Frumvarp til laga [672. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

a. Á eftir 47. gr. laganna kemur ný grein, 47. gr. a, svohljóðandi:
Ökumanni vélknúins ökutækis er við akstur óheimilt að nota farsíma án handfrjáls búnaðar.
Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um notkun annars fjarskiptabúnaðar og svipaðs búnaðar við akstur.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: **Notkun farsíma og annars fjarskiptabúnaðar.**

2. gr.

Á eftir 4. mgr. 51. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fullnaðarskírteini til þess sem hefur bráðabirgðaskírteini má gefa út, enda fullnægi hlutaðeigandi eftirtöldum skilyrðum:

a. hafi farið í akstursmat eftir að hafa haft bráðabirgðaskírteini samfellt í eitt ár.
b. hafi ekki í eitt ár samfellt fengið punkta í punktakerfi vegna umferðarlagabrota eða á sama tíma verið án ökuréttar vegna sviptingar hans.

Nú stenst umsækjandi ekki akstursmat og skal honum þá vísað í próf að nýju. Ef umsækjandi stenst ekki próf skal lögreglustjóri afturkalla ökuréttindi skv. 53. gr.

Nú fullnægir hlutaðeigandi ekki skilyrðum b-liðar 5. mgr. og skal þá endurútgefa bráðabirgðaskírteini að liðnum gildistíma þess.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 52. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „ökupróf“ í b-lið kemur: og akstursmat.
b. Á eftir orðinu „próf“ í d-lið kemur: akstursmat.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar sex mánuðir eru liðnir frá birtingu þeirra. Eigi skal refsa fyrir brot gegn 1. gr. fyrr en ár er liðið frá gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, að notkun farsíma við akstur án handfrjáls búnaðar verði bönnuð. Einnig eru lagðar til breytingar á ákvæðum umferðarlaga um ökuréttindi.

Frumvarpið er byggt á tillögum starfshóps sem dómsmálaráðherra skipaði til að fara yfir umferðarlög og reglur settar á grundvelli þeirra í þeim tilgangi að gera tillögur og ábendingar um atriði sem betur mættu fara í því skyni að auka umferðaröryggi og bæta umferðina. Í starfshópnum áttu sæti Þorgerður K. Gunnarsdóttir alþingismaður, sem var formaður hópsins, Hjálmar Björgvinsson aðalvarðstjóri, tilnefndur af ríkislögreglustjóra, Ingvi Hrafn Óskarsson, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra, Jakob Falur Garðarsson, aðstoðarmaður samgönguráðherra, og Óli H. Þórðarson, framkvæmdastjóri Umferðarráðs. Ritari starfshópsins var Sandra Baldvinsdóttir, lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Starfshópurinn skilaði skýrslu sinni til dómsmálaráðherra í febrúar 2001. Þar er að finna fjölmargar tillögur um breytingar á lögum og reglum um umferðarmálefni. Að öðru leyti en fram kemur í frumvarpinu eru tillögur hópsins til nánari athugunar í ráðuneytinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að bann verði sett við notkun farsíma án handfrjáls búnaðar við akstur vélknúins ökutækis. Einnig er lagt til að dómsmálaráðherra fái heimild til að setja nánari reglur um notkun annars fjarskiptabúnaðar og svipaðs búnaðar við akstur. Heimildarákvæðinu er ætlað að tryggja að samfara tæknilegri þróun verði unnt að setja reglur um notkun slíks búnaðar við akstur með hliðsjón af umferðaröryggi.

Í umferðarlögum er ekki að finna ákvæði sem fjallar beinlínis um notkun farsíma við akstur. Í 1. mgr. 4. gr. laganna er mælt fyrir um að vegfarandi skuli „sýna tillitssemi og varúð svo að eigi leiði til hættu eða valdi tjóni eða óþægindum, og þannig að eigi trufli eða tefji umferð að óþörfu. Hann skal og sýna þeim, sem búa eða staddir eru við veg, tillitssemi". Þetta almenna ákvæði getur tekið til notkunar farsíma og mun áfram gilda að sínu leyti.

Notkun farsíma án handfrjáls búnaðar í umferðinni er augljóslega til þess fallin að draga úr færni ökumanns til að stjórna bifreið og auka hættu í umferðinni. Þetta styðst við fjölda erlendra rannsókna. Af þessum sökum hafa mörg ríki lagt bann við notkun farsíma án handfrjáls búnaðar við akstur og má meðal þeirra telja Danmörku, Noreg, Bretland, Belgíu, Grikkland, Ítalíu, Lúxemborg og Þýskaland. Hér er lagt til að fylgt verði fordæmi þessara þjóða.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að sett verði sérstök skilyrði fyrir því að gefið verði út fullnaðarskírteini til þess sem hefur bráðabirgðaskírteini. Þessi skilyrði eru að hlutaðeigandi hafi farið í akstursmat eftir að hafa haft bráðabirgðaskírteini í a.m.k. eitt ár og að viðkomandi hafi ekki undanfarandi ár fengið punkta í punktakerfi ökumanna eða verið án ökuréttar vegna sviptingar hans.

Sú staðreynd er vel þekkt að ungir og reynslulitlir ökumenn valda hlutfallslega fleiri slysum en aðrir í umferðinni. Þetta kemur ekki á óvart þar sem augljóst er að ökumaður nær aukinni færni eftir því sem hann öðlast meiri reynslu af akstri. Í þessu sambandi hefur því verið hreyft hvort rétt væri að hækka ökuskírteinisaldur en hann er víða hærri en hér á landi. Fyrir þessu hafa verið færð þau rök að draga mundi úr slysatíðni hjá byrjendum væru þeir eldri og þroskaðri. Þetta hefur þó ekki verið leitt í ljós með óyggjandi hætti, enda verður ekki fullyrt að hærri aldri fylgi aukin þekking á umferðarreglum né örugg vissa fyrir því að eldri ökumenn brjóti í minna mæli umferðarreglur. Þá þykir heppilegra að reynt verði að sporna gegn slysum hjá ungum ökumönnum með öðrum og vægari aðgerðum sem byggjast á fræðslu og hvatningu um að fylgja umferðarreglum. Slíkar aðgerðir hvíla á trausti og taka mið af því að velflestir ungir ökumenn eru til fyrirmyndar í umferðinni. Þessi viðhorf eru lögð til grundvallar hér og er lagt til að gerð verði frekari aðgreining milli bráðabirgðaökuskírteinis og fullnaðarskírteinis með því að setja áðurgreind skilyrði fyrir því að gefið verði út fullnaðarskírteini. Þessi skilyrði fela í sér aðhald fyrir byrjendur í umferðinni þannig að þeir fari að umferðarreglum og stuðla að því að þeir leitist við að efla þjálfun sína fyrir akstursmat sem gangast verður undir áður en fullnaðarskírteini er gefið út.

Gert er ráð fyrir að akstursmat fari fram á vegum Umferðarráðs og að það annist löggiltir prófdómendur. Miðað er við að akstursmat taki um 30–45 mínútur og fari fram á bifreið sem

umsækjandi hefur til umráða. Nánar verður kveðið á um akstursmat í reglugerð. Ekki er gert ráð fyrir að akstursmatið verði jafnumfangsmikið og verklegt ökupróf. Því er gert ráð fyrir að umsækjanda verði vísað í próf að nýju sé árangur í akstursmati ekki viðhlítandi. Standist umsækjandi ekki próf ber lögreglustjóra að afturkalla ökuréttindi, sbr. 53. gr. laganna.

Samkvæmt 2. mgr. 51. gr. laganna er bráðabirgðaskírteini gefið út til byrjanda og gildir í tvö ár. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að unnt verði að sækja um fullnaðarskírteini þegar umsækjandi hefur haft bráðabirgðaskírteini í eitt ár. Ef ekki er fullnægt skilyrðum til að fá útgefið fullnaðarskírteini er gert ráð fyrir að bráðabirgðaskírteini verði endurútgefið að liðnum gildistíma þess.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji reglur um akstursmat svo og um gjaldtöku vegna akstursmats. Er þá miðað við að gjald standi undir kostnaði við akstursmatið.

Um 4. gr.

Til að ráðrúm gefist til að undirbúa gildistöku er lagt til að lögin taki ekki gildi fyrr en sex mánuðum frá birtingu þeirra. Mikilvægt er að bann við notkun farsíma án handfrjáls búnaðar verði kynnt almenningi, auk þess sem akstursmat þarfnast undirbúnings með setningu ítarlegra reglna. Þá er lagt til að ekki verði refsað fyrir brot gegn 1. gr. fyrr en ár er liðið frá gildistöku laganna. Til stuðnings því fyrirkomulagi má vísa til fenginnar reynslu við lögleiðingu öryggisbelta.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

Með frumvarpi þessu er í fyrsta lagi lagt til að notkun farsíma án handfrjáls búnaðar við akstur bifreiða verði bönnuð. Ekki er talið að lögfesting þessa ákvæðis leiði til teljandi útgjalda fyrir ríkissjóð. Í öðru lagi er í frumvarpinu lagt til að sett verði skilyrði fyrir því að gefið verði út fullnaðarskírteini til þeirra sem fengið hafa bráðabirgðaökuskírteini til tveggja ára, þ.e. einkum til ungra ökumanna. Þessi skilyrði felist í því að viðkomandi fari í akstursmat eftir að hafa haft bráðabirgðaskírteini í eitt ár og hafi ekki fengið punkta í punktakerfi ökumanna á tímabilinu. Fyrirhugað er að löggildir prófdómendur á vegum Umferðarráðs annist akstursmatið og að það verði ekki jafnumfangsmikið og verklegt ökupróf heldur taki það 30–45 mínútur. Áætlað er að viðbótarkostnaður Umferðarráðs af því að standa fyrir akstursmatinu geti numið alls um 10 m.kr. Þar af eru um 8 m.kr. launakostnaður prófdómara og skrifstofufólks en afgangurinn er vegna ferðakostnaðar, aðkeyptrar þjónustu og hlutdeildar í sameiginlegum kostnaði. Í frumvarpinu er jafnframt ákvæði um að þessum kostnaði verði mætt að fullu með ríkistekjum af gjaldi á þá sem gangast undir akstursmat á sama hátt og á við um ökupróf. Verði frumvarpið að lögum er því gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist jafnmikið og útgjöldin, eða um 10 m.kr., þannig að afkoman verði óbreytt eftir sem áður.

1051. Frumvarp til laga [673. mál]

um breyting á lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25 22. apríl 1967.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

2. mgr. 15. gr. laganna, sbr. lög nr. 142/1998, fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að 2. mgr. 15. gr. laganna falli brott en henni var bætt við lögin með lögum nr. 142/1998. Hún hljóðar svo: „Við smíði varðskips er eigi skylt að láta fara fram útboð og er heimilt að leita tilboða frá einum eða fleiri aðilum. Sama gildir um viðhald varðskips þegar sérstakir öryggishagsmunir krefjast."

Eftirlitsstofnun EFTA í Brussel gerði athugasemdir við þessa lagabreytingu og krafðist þess að hún yrði felld úr gildi. Hóf stofnunin undirbúning að málshöfðun gegn íslenska ríkinu fyrir EFTA-dómstólnum.

Eftir nánari athugun og viðræður hefur orðið að samkomulagi að leggja til að umrædd breyting verði felld brott og að smíði varðskips verði þegar þar að kemur boðin út á Evrópska efnahagssvæðinu. Málaferli fyrir EFTA-dómstólnum munu þá um leið falla niður. Er frumvarp þetta flutt í tilefni af því samkomulagi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25 22. apríl 1967.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fellt verði niður ákvæði í lögum um Landhelgisgæslu Íslands þar sem tiltekið er að ekki sé skylt að láta fara fram útboð um smíði varðskips heldur sé heimilt að leita tilboða frá einum eða fleiri aðilum. Þessi tillaga um breytingu á lögunum er gerð í framhaldi af samkomulagi íslenskra stjórnvalda við Eftirlitsstofnun EFTA í Brussel sem gert hafði athugasemdir við lagasetninguna. Verði frumvarpið að lögum er fyrirhugað að smíði nýs varðskips verði boðin út á Evrópska efnahagssvæðinu þegar þar að kemur. Ætla má að útboð á breiðari grundvelli en skylt er samkvæmt gildandi lögum geti haft í för með sér meiri verðsamkeppni og lægri smíðakostnað en ella væri. Ógerlegt er þó að segja til um hugsanleg kostnaðaráhrif enda hefur ekki verið leitað eftir tilboðum í smíði nýs varðskips.

1052. Svar [509. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um Landmælingar Íslands.

1. *Hver var heildarrekstrarkostnaður Landmælinga Íslands síðasta heila starfsárið fyrir flutning stofnunarinnar til Akraness?*

Landmælingar Íslands fluttust frá Reykjavík til Akraness í ársbyrjun 1999 og því var árið 1998 síðasta rekstrarár stofnunarinnar í Reykjavík. Það ár nam bruttórekstrarkostnaður stofnunarinnar 158,7 millj. kr., sértekjur hennar voru 43,4 millj. kr. og því nam nettórekstrarkostnaður 115,3 millj. kr., fyrir utan tækjakaup stofnunarinnar, að andvirði 22,4 millj. kr. það ár.

2. *Hver var heildarrekstrarkostnaður Landmælinga Íslands fyrsta heila starfsárið eftir flutning stofnunarinnar til Akraness?*

Fyrsta heila starfsár Landmælinga Íslands á Akranesi er árið 1999 og það ár nam bruttórekstrarkostnaður stofnunarinnar 155,2 millj. kr., sértekjur hennar voru 40,7 millj. kr. og því nam nettórekstrarkostnaður 114,5 millj. kr., fyrir utan tækjakaup stofnunarinnar, að andvirði 17,6 millj. kr. það ár.

Allar tölur eru á verðlagi hvors árs.

1053. Tillaga til þingsályktunar [674. mál]

um aðgerðir gegn útlendingaandúð.

Flm.: Þórunn Sveinbjarnardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að grípa til sérstakra aðgerða til þess að stemma stigu við vaxandi andúð í garð útlendinga hér á landi. Í því skyni verði stofnaður starfshópur sem hafi að aðalverkefni að vinna að fræðsluátaki í fjölmiðlum, skólum og á vinnustöðum. Starfshópurinn verði skipaður sjö manns. Eftirfarandi aðilar skipi einn fulltrúa hver í hópinn: Miðstöð nýbúa, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rauði kross Íslands, Mannréttindasamtök innflytjenda, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins. Dómsmálaráðherra skipi einn fulltrúa sem jafnframt leiði starf hópsins.

Greinargerð.

Á liðnum missirum hefur vaxandi andúðar í garð útlendinga orðið vart í opinberri umræðu hér á landi. Í blaðaviðtölum, útvarpi og sjónvarpi hefur mátt heyra þær skoðanir viðraðar að Ísland sé fyrir Íslendinga og enga aðra. Svo virðist sem sú skoðun eigi vaxandi fylgi að fagna að fólk af erlendum uppruna eigi ekki heima í íslensku samfélagi.

Í niðurstöðum könnunar sem Gallup birti í nóvember árið 2000 kemur fram að fólk í aldurshópnum 16–24 ára telur þorra landsmanna vera frekar eða mjög fordómafullan gagnvart útlendingum (58% frekar fordómafull og 19% mjög fordómafull). Hins vegar segist þessi sami hópur ekki hafa mikla fordóma gagnvart útlendingum (15% frekar mikla og 1% mjög mikla). Niðurstöður þessarar könnunar benda einnig til þess að margir álíti að útlend-

ingar séu of margir á Íslandi og aukinn fjöldi þeirra gæti haft slæm áhrif á samfélagið. Þannig telja 32,3% svarenda að Íslendingar eigi ekki að leitast við að vera fjölþjóðlegt samfélag en 52,4% telja það æskilegt. Rúmur þriðjungur svarenda er einnig þeirrar skoðunar að Íslendingar eigi að ganga fyrir í störf hér á landi. Einnig var spurt hvort fólk væri samþykkt markmiði félags íslenskra þjóðernissinna að sporna við innflutningi fólks frá Asíu og Afríku og reyndust 27,1% svarenda samþykk því, 12,6% tóku ekki afstöðu en 60,3% svarenda voru ekki samþykk markmiði félagsins.

Varasamt er að draga of víðtækar ályktanir af niðurstöðu einnar könnunar en hins vegar er ljóst að jarðvegur útlendingaandúðar er frjór hér á landi, rétt eins og annars staðar í Evrópu. Það er því skylda stjórnvalda að grípa til aðgerða í bráð og lengd sem miða að því að sporna við vaxandi fordómum í garð útlendinga.

Í 65. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“ Sé ekkert að gert getur útlendingaandúð smám saman grafið undan þessum grundvallarmannréttindum.

Með skipan starfshóps sem undirbýr aðgerðir gegn útlendingaandúð er þess vænst að leggja megi grunn að fræðslu um gildi þess að búa í fjölmenningarlegu samfélagi, þar sem hæfileikar allra fá að njóta sín án tillits til uppruna. Það er brýnt að hópurinn nýti áhrifamátt fjölmiðla til þess að koma upplýsingum og fræðslu á framfæri og að hann fái til þess verkefnis næga fjármuni. Að öðru leyti hefur hópurinn frjálsar hendur um starf sitt og mótun tillagna.

Fylgiskjal.

Ana Isorena Atlason:

Erindi um rasisma (kynþáttahyggju) flutt í Listasafni Reykjavíkur á alþjóðlegum degi Sameinuðu þjóðanna gegn kynþáttahyggju.
(21. mars 2001.)

„Today, 21st of March is the United Nations International Day for the Elimination of Racial Discrimination, with the theme „Empowering Youth to Fight Racism“.

Now, let me try to speak in Icelandic.“

Við erum hér í tilefni af þessum degi til að skoða saman hvað hægt er að gera til að efla starf sem miðar að því að koma í veg fyrir að ungt fólk, og allt fólk, aðhyllist rasisma og beiti aðra misrétti aðeins vegna þjóðernis eða litarháttar.

Við trúum því að allir í samfélaginu eigi sama rétt til að lifa og starfa og að leikreglurnar eigi að vera þær sömu fyrir okkur öll, án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, tungu eða trúar. Öll leggjum við jú okkar af mörkum til samfélagsins og eigum rétt á því að vera fullgildir þátttakendur.

Því miður er rasismi mikill í íslensku samfélagi í dag og nú er ljótleiki hans að koma upp á yfirborðið. Þjóðernishyggja virðist djúpstæð í íslensku samfélagi og lítið hefur verið lagt í að uppræta þann ófögnuð. Börnum er sagt að Ísland sé besta land í heimi og að hér sé allt best og mest. Íslendingar eru betri en annað fólk. Svona uppeldi er mjög varhugavert og í

raun hættulegt. Heldur ætti að leggja áherslu á í kennslu og uppeldi barna hvað margt er líkt með fólki frá hinum ýmsu stöðum í veröldinni. Það ætti að kenna þeim að við búum öll saman á einni jörð og að allir séu mikilvægir einstaklingar sem eiga rétt á að lifa í friði og öryggi. Það ætti líka að kenna þeim að allt er í heiminum hverfult og þjálfa þau í að setja sig í spor annarra. Allt of oft er sagt frá því hvað er ólíkt í menningu fólks, í stað þess að segja hvað margt er líkt, því í raun er það miklu fleira sem er líkt með okkur en það sem ólíkt er.

Stjórnvöld á Íslandi hafa almennt ekki brugðist við vaxandi andúð á fólki sem er af erlendu bergi brotið. Það er mjög alvarlegt. Stjórnvöld eru meira að segja að reyna að setja lög sem brjóta mannréttindi okkar á ýmsan hátt og skerða réttindi okkar frá því sem nú er. Mig langar þó að minnast á að Reykjavíkurborg hefur sett sér stefnu og markmið á þessu sviði sem er til fyrirmyndar.

Það er nauðsynlegt að bregðast við rasismanum. Sérstaklega er mikilvægt að koma fræðslu inn í leik- og grunnskóla en til þess þarf líka að mennta kennara á þessu sviði.

Þeirri óheillaþróun rasismans sem nú er hér verður að snúa við. Við þurfum að knýja á um að stjórnvöld fylgi þeim alþjóðlegu samningum sem þau hafa skrifað undir. Það má ekki samþykkja rasisma með þögn og því verðum við að tala, og við vonum að fólkið sem er fylgjandi mannréttindum fyrir alla þegna samfélagsins tali líka, en þegi ekki. Öll berum við ábyrgð og hvert handtak er mikils vert á vogarskálum hins illa og hins góða.

Að lokum langar mig því að minnast orða Martin Luther King er hann sagði:

„Við endalokin munum við ekki minnast orða óvina okkar, heldur þagnar vina okkar.“

1054. Frumvarp til laga [675. mál]

um Seðlabanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI
Staða, markmið og verkefni.

1. gr.

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Um stjórn hans fer samkvæmt lögum þessum.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Seðlabankans.

2. gr.

Aðsetur og varnarþing Seðlabanka Íslands er í Reykjavík.

3. gr.

Meginmarkmið Seðlabanka Íslands er að stuðla að stöðugu verðlagi. Með samþykki forsætisráðherra er Seðlabankanum heimilt að lýsa yfir tölulegu markmiði um verðbólgu.

Seðlabankinn skal stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, enda telji hann það ekki ganga gegn meginmarkmiði sínu skv. 1. mgr.

4. gr.

Seðlabanki Íslands skal sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

II. KAFLI
Útgáfa seðla og myntar.

5. gr.

Seðlabanki Íslands hefur einkarétt til þess að gefa út peningaseðla og láta slá og gefa út mynt eða annan gjaldmiðil sem geti gengið manna á milli í stað peningaseðla eða löglegrar myntar.

Seðlar og mynt sem Seðlabankinn gefur út skulu vera lögeyrir til allra greiðslna með fullu ákvæðisverði.

Tilefnismynt sem Seðlabankinn gefur út skal vera lögeyrir til allra greiðslna með fullu ákvæðisverði. Seðlabankanum er heimilt að ákveða að tilefnismynt sé seld með álagi á ákvæðisverð hennar. Ágóða af sölu tilefnismyntar skal varið til lista, menningar eða vísinda samkvæmt ákvörðun forsætisráðherra.

Forsætisráðherra ákveður að fengnum tillögum Seðlabankans lögun, útlit og fjárhæð seðla þeirra og myntar sem bankinn gefur út og lætur birta auglýsingu um það efni.

III. KAFLI
Innlend viðskipti.

6. gr.

Seðlabanki Íslands tekur við innlánum frá innlánsstofnunum en til þeirra teljast viðskiptabankar, sparisjóðir, útibú erlendra innlánsstofnana og aðrar stofnanir og félög sem heimilt er lögum samkvæmt að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar. Honum er einnig heimilt að taka við innlánum frá öðrum lánastofnunum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu.

Seðlabankinn setur nánari reglur um viðskipti sín samkvæmt þessari grein, þar á meðal hvaða lánastofnunum öðrum en innlánsstofnunum er heimilt að eiga innstæður í bankanum.

7. gr.

Seðlabanki Íslands getur veitt lánastofnunum, sem geta átt innlánsviðskipti við bankann, sbr. 6. gr., lán með kaupum á verðbréfum eða á annan hátt gegn tryggingum sem bankinn metur gildar. Lánsviðskipti þessi geta verið í innlendri eða erlendri mynt. Bankinn setur nánari reglur um viðskipti sín samkvæmt þessari málsgrein.

Þegar sérstaklega stendur á og Seðlabankinn telur þess þörf til að varðveita traust á fjármálakerfi landsins getur hann veitt lánastofnunum í lausafjárvanda ábyrgðir eða önnur lán en um ræðir í 1. mgr. á sérstökum kjörum og gegn öðrum tryggingum en um getur í 1. mgr. eða öðrum skilyrðum sem bankinn setur.

8. gr.

Til að ná markmiðum sínum skv. 3. gr. kaupir Seðlabanki Íslands og selur ríkistryggð verðbréf og önnur trygg innlend verðbréf á verðbréfamarkaði eða í beinum viðskiptum við lánastofnanir.

9. gr.

Seðlabanka Íslands er heimilt að gefa út framseljanleg verðbréf í innlendri eða erlendri mynt til að selja lánastofnunum sem geta átt innlánsviðskipti við hann, sbr. 6. gr.

10. gr.

Seðlabanki Íslands ákveður vexti af innlánum við bankann, af lánum sem hann veitir og af verðbréfum sem hann gefur út.

11. gr.

Seðlabanka Íslands er heimilt að ákveða að lánastofnanir skuli eiga fé á bundnum reikningi í bankanum. Honum er einnig heimilt að ákveða að tiltekinn hluti aukningar innlána eða ráðstöfunarfjár við hverja stofnun skuli bundinn á reikningi í bankanum, enda fari heildarfjárhæð sem viðkomandi stofnun er skylt að eiga í Seðlabankanum ekki fram úr því hámarki sem sett er skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar. Enn fremur er Seðlabankanum heimilt að ákveða að verðbréfasjóðir skuli eiga fé á bundnum reikningi í bankanum.

Seðlabankinn setur nánari reglur um grundvöll og framkvæmd bindingar samkvæmt þessari grein, þar á meðal til hvaða lánastofnana hún tekur. Í þeim má ákveða að bindihlutfall sé mismunandi eftir eðli lánastofnana og verðbréfasjóða og flokkum innlána og annarra skuldbindinga sem bindingin nær til. Gæta skal jafnræðis við ákvörðun bindiskyldu þannig að hún valdi ekki röskun á samkeppnisstöðu á milli þeirra innlendu fyrirtækja sem sæta innlánsbindingu.

12. gr.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár lánastofnana sem þeim ber ætíð að hafa yfir að ráða í þeim tilgangi að mæta fyrirsjáanlegum og hugsanlegum greiðsluskuldbindingum á tilteknu tímabili, sbr. 4. gr. Í þeim má ákveða að mismunandi ákvæði gildi um einstaka flokka lánastofnana.

13. gr.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja lánastofnunum reglur um gjaldeyrisjöfnuð. Í slíkum jöfnuði skal auk gengisbundinna eigna og skulda telja skuldbindingar og kröfur sem tengdar eru erlendum gjaldmiðlum utan efnahags, svo sem framvirka samninga og valréttarsamninga.

14. gr.

Seðlabanki Íslands annast hvers konar bankaþjónustu fyrir ríkissjóð aðra en lánafyrirgreiðslu, sbr. 16. gr. Innstæður ríkissjóðs skulu varðveittar á reikningum í Seðlabankanum nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars.

Seðlabankinn skal vera ríkisstjórn til ráðuneytis um allt sem varðar gjaldeyrismál, þar á meðal erlendar lántökur, og taka að sér framkvæmd í þeim efnum eftir því sem um verður samið.

15. gr.

Stjórnvöld veita Seðlabanka Íslands þær upplýsingar um efnahagsmál almennt og um ríkisfjármál, lántökur og greiðsluáætlanir ríkissjóðs sem nauðsynlegar eru fyrir starfsemi bankans.

16. gr.

Seðlabanka Íslands er óheimilt að veita ríkissjóði, sveitarfélögum og ríkisstofnunum öðrum en lánastofnunum lán.

Verðbréf, sem skráð eru í opinberri kauphöll og gefin eru út af þeim aðilum sem um ræðir í 1. mgr. og Seðlabankinn kaupir á verðbréfamarkaði eða af lánastofnunum til að ná markmiðum sínum í peningamálum, skulu ekki teljast lán samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

17. gr.

Seðlabanki Íslands stundar önnur banka- og verðbréfaviðskipti sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka. Í því skyni er bankanum meðal annars heimilt að eiga aðild að og hlut í fyrirtækjum og stofnunum á sviði kauphallarstarfsemi, verðbréfaskráningar og greiðslukerfa.

Seðlabankanum er óheimilt að annast viðskipti við einstaklinga og fyrirtæki sem samkvæmt lögum, venju eða eðli máls teljast verkefni lánastofnana og annarra fjármálastofnana. Honum er þó heimilt að annast frumsölu og innlausn verðbréfa sem ríkissjóður hefur gefið út.

IV. KAFLI
Gengismál, gjaldeyrismarkaður og erlend viðskipti.

18. gr.

Seðlabanki Íslands verslar með erlendan gjaldeyri, hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og stundar önnur erlend viðskipti sem samrýmast markmiðum og hlutverki bankans.

Að fengnu samþykki forsætisráðherra ákveður Seðlabankinn hvaða stefna skuli gilda um ákvörðun á verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum.

Seðlabankinn setur reglur um starfsemi skipulegra gjaldeyrismarkaða eftir því sem kveðið er á um í lögum um gjaldeyrismál. Þegar sérstaklega stendur á getur Seðlabankinn tímabundið takmarkað eða stöðvað viðskipti á skipulegum gjaldeyrismörkuðum.

19. gr.

Hvern virkan dag sem skipulegir gjaldeyrismarkaðir eru almennt starfandi skal Seðlabanki Íslands skrá gengi krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum. Það gengi skal notað til viðmiðunar í opinberum samningum, dómsmálum og öðrum samningum milli aðila þegar önnur gengisviðmiðun er ekki sérstaklega tiltekin. Enn fremur getur Seðlabankinn ákveðið að skrá gengi krónunnar á þeim dögum sem skipulegir gjaldeyrismarkaðir eru almennt ekki starfandi. Þegar sérstaklega stendur á getur Seðlabankinn tímabundið fellt niður skráningu á gengi krónunnar.

20. gr.

Seðlabanki Íslands varðveitir gjaldeyrisvarasjóð í samræmi við markmið og hlutverk bankans. Bankastjórn setur starfsreglur um varðveislu gjaldeyrisvarasjóðsins sem bankaráð staðfestir, sbr. 28. gr.

Seðlabankanum er heimilt að taka lán til að efla gjaldeyrisvarasjóðinn. Honum er jafnframt heimilt að taka þátt í samstarfi erlendra seðlabanka og alþjóðlegra banka- eða fjármálastofnana um lánveitingar til að efla gjaldeyrisvarasjóð þátttakenda.

21. gr.

Seðlabanki Íslands annast samskipti og viðskipti við alþjóðlegar stofnanir á starfssviði sínu í umboði ríkisstjórnarinnar eða eftir því sem honum er falið með lögum.

Seðlabankinn fer með fjárhagsleg tengsl við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn fyrir hönd ríkisins. Forsætisráðherra skipar einn mann og annan til vara til fimm ára í senn til þess að taka sæti í sjóðsráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Seðlabankanum er jafnframt heimilt að eiga aðild að öðrum alþjóðlegum stofnunum, enda samrýmist það hlutverki hans sem seðlabanka.

V. KAFLI
Stjórnskipulag.

22. gr.

Yfirstjórn Seðlabanka Íslands er í höndum forsætisráðherra og bankaráðs svo sem fyrir er mælt í lögum þessum. Stjórn bankans er að öðru leyti í höndum bankastjórnar.

23. gr.

Í bankastjórn Seðlabanka Íslands sitja þrír bankastjórar og er einn þeirra formaður bankastjórnar. Bankastjórn ber ábyrgð á rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum.

Forsætisráðherra skipar formann bankastjórnar Seðlabankans og aðra bankastjóra til sjö ára í senn. Ekki er skylt að auglýsa þessi embætti laus til umsóknar. Aðeins er heimilt að skipa sama mann bankastjóra tvisvar sinnum. Sama á við um þann sem skipaður er formaður bankastjórnar. Hafi hann áður verið skipaður bankastjóri tvisvar sinnum verður hann þó aðeins einu sinni skipaður formaður bankastjórnar. Um endurskipun gilda ekki ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Forfallist bankastjóri þannig að bankastjórn sé ekki fullskipuð getur forsætisráðherra sett bankastjóra tímabundið í stað hans.

Undirskrift tveggja bankastjóra Seðlabankans þarf til þess að skuldbinda bankann. Þó er bankastjórn heimilt að veita tilteknum starfsmönnum umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum samkvæmt reglum sem hún setur og staðfestar skulu af bankaráði, sbr. 28. gr.

24. gr.

Formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands er talsmaður bankans og kemur fram fyrir hönd bankastjórnar. Bankastjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum, sbr. ákvæði 1. mgr. 23. gr., þ.m.t. hver skuli vera staðgengill formanns bankastjórnar í fjarveru hans.

Formaður bankastjórnar Seðlabankans kallar bankastjórn saman til fundar. Ávallt skal boðað til fundar þegar annar hinna bankastjóranna óskar. Fundurinn er ályktunarhæfur ef meiri hluti bankastjórnar situr hann. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu mála. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns bankastjórnar.

Ákvarðanir bankastjórnar skulu skráðar og áritaðar af bankastjórn. Bankastjórn setur starfsreglur sem bankaráð staðfestir um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana sinna í peningamálum. Opinberlega skal gerð grein fyrir ákvörðunum bankastjórnar í peningamálum og forsendum þeirra.

25. gr.

Bankastjórum Seðlabanka Íslands er óheimilt að sitja í stjórnum stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema slíkt sé boðið í lögum eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem bankinn á aðild að. Rísi ágreiningur um ákvæði þessarar greinar gagnvart bankastjórum skal ráðherra skera úr. Með samþykki banka-

ráðs setur bankastjórn reglur um þátttöku annarra starfsmanna í stjórnum stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans, sbr. 28. gr.

26. gr.

Kjósa skal bankaráð Seðlabanka Íslands að loknum kosningum til Alþingis. Bankaráð skipa sjö fulltrúar kjörnir hlutbundinni kosningu af Alþingi ásamt jafnmörgum til vara. Eigi má kjósa stjórnendur eða starfsmenn lánastofnana eða annarra fjármálastofnana sem eiga viðskipti við bankann til setu í bankaráði. Umboð bankaráðs gildir þar til nýtt bankaráð hefur verið kjörið. Láti bankaráðsmaður af störfum tekur varamaður sæti hans þar til Alþingi hefur kosið nýjan aðalmann til loka kjörtímabils bankaráðsins.

Bankaráð velur formann og varaformann úr eigin röðum. Ráðherra ákveður þóknun bankaráðs sem greidd er af Seðlabankanum.

27. gr.

Formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands kallar bankaráð saman til fundar. Ætíð skal þó halda bankaráðsfund þegar bankaráðsmaður æskir þess. Fundur bankaráðs er ályktunarhæfur ef meiri hluti bankaráðs situr fund. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu mála. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns. Á fundum bankaráðs skal halda gerðabók.

Bankastjórar sitja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum. Þeir skulu þó víkja af fundi ef bankaráð ákveður.

28. gr.

Bankaráð hefur eftirlit með því að Seðlabanki Íslands starfi í samræmi við lög sem um starfsemina gilda. Bankastjórn skal jafnan upplýsa bankaráð um helstu þætti í stefnu bankans og um reglur sem hann setur. Að öðru leyti skal bankaráð sérstaklega sinna eftirtöldum verkefnum:

a. Staðfesta tillögur bankastjórnar um höfuðþætti í stjórnskipulagi bankans.
b. Ákveða laun og önnur starfskjör bankastjóra, þ.m.t. rétt til biðlauna og eftirlauna og önnur atriði sem varða fjárhagslega hagsmuni þeirra.
c. Hafa umsjón með innri endurskoðun við bankann og ráða aðalendurskoðanda.
d. Staðfesta starfsreglur sem bankastjórn setur um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana í peningamálum, sbr. 24. gr.
e. Staðfesta reglur sem bankastjórn setur um umboð starfsmanna bankans til þess að skuldbinda bankann, sbr. 23. gr.
f. Staðfesta kjarasamninga við starfsmenn bankans, fjalla um reglur um lífeyrissjóð þeirra og staðfesta skipun fulltrúa í stjórn hans þegar svo ber undir.
g. Staðfesta tillögu Seðlabankans til forsætisráðherra um reglur um reikningsskil og ársreikning bankans, sbr. 32. gr.
h. Veita forsætisráðherra umsögn um reglugerð um framkvæmd einstakra þátta laga þessara þegar svo ber undir, sbr. 39. gr.
i. Staðfesta ársreikning bankans, sbr. 32. gr.
j. Staðfesta áætlun um rekstrarkostnað bankans sem bankastjórn leggur fram í upphafi hvers starfsárs.
k. Hafa eftirlit með eignum og rekstri bankans og staðfesta ákvarðanir um meiri háttar fjárfestingar.
l. Staðfesta reglur sem bankastjórn setur um viðurlög í formi dagsekta, sbr. 37. gr.

m. Staðfesta reglur sem bankastjórn setur um heimild starfsmanna bankans til setu í stjórnum stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans, sbr. 25. gr.
n. Staðfesta starfsreglur sem bankastjórn setur um varðveislu gjaldeyrisforðans, sbr. 20. gr.

VI. KAFLI
Öflun upplýsinga, rannsóknir og skýrslugerð.

29. gr.

Til þess að sinna hlutverki sínu skv. 3. og 4. gr. getur Seðlabanki Íslands milliliðalaust aflað upplýsinga frá þeim sem eru í viðskiptum við bankann skv. 6. gr., sbr. 7. gr., auk fyrirtækja í greiðslumiðlun og annarra fyrirtækja eða aðila sem lúta opinberu eftirliti með starfsemi sinni, sbr. lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Skylt skal öllum að láta Seðlabankanum í té þær upplýsingar sem hann þarf á að halda til hagskýrslugerðar að viðlögðum viðurlögum skv. 37. gr.

30. gr.

Seðlabanki Íslands gerir skýrslur og áætlanir um peningamál, greiðslujöfnuð, gengis- og gjaldeyrismál og annað sem hlutverk og stefnu bankans varðar. Seðlabankinn skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega gera opinberlega grein fyrir stefnu sinni í peningamálum og fyrir þróun peningamála, gengis- og gjaldeyrismála og aðgerðum sínum á þeim sviðum. Þá skal Seðlabankinn gefa út ársskýrslu þar sem hann gerir ítarlega grein fyrir starfsemi sinni.

31. gr.

Seðlabanki Íslands stundar hagrannsóknir sem lúta að viðfangsefnum bankans á sviði peningamála og fjármálakerfis. Jafnframt er bankanum heimilt að stuðla að rannsóknum annarra á þessum sviðum.

VII. KAFLI
Reikningsskil og ráðstöfun hagnaðar.

32. gr.

Reikningsár Seðlabanka Íslands er almanaksárið. Fyrir hvert reikningsár skal gera ársreikning og skal gerð hans lokið innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs. Um gerð ársreiknings fer eftir lögum, reglum og góðri reikningsskilavenju.

Forsætisráðherra setur nánari reglur um reikningsskil og ársreikning að fengnum tillögum Seðlabankans, sbr. 28. gr.

33. gr.

Innri endurskoðun í Seðlabanka Íslands er í höndum aðalendurskoðanda, sbr. 28. gr. Auk þess skal Ríkisendurskoðun annast endurskoðun hjá Seðlabankanum.

Að lokinni endurskoðun á ársreikningi bankans skal hann undirritaður af bankastjórn og staðfestur af bankaráði, sbr. 28. gr. Hafi bankaráðsmaður fram að færa athugasemdir við ársreikning skal hann undirritaður með fyrirvara og koma skal fram hvers eðlis fyrirvarinn er.

Endurskoðaður reikningur skal lagður fyrir forsætisráðherra til áritunar eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ársreikning Seðlabankans skal birta í ársskýrslu bankans, sbr. 30. gr. Enn fremur skal bankinn birta mánaðarlegt efnahagsyfirlit.

34. gr.

Árlega skal fjárhæð sem svarar til tveggja þriðju hluta hagnaðar Seðlabanka Íslands á liðnu reikningsári greidd í ríkissjóð. Greiðsla fer fram eigi síðar en 1. júní ár hvert.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal Seðlabankinn aðeins greiða þriðjung hagnaðar síns í ríkissjóð ef eigið fé bankans í lok reikningsárs svarar ekki að lágmarki til 2,25% af fjárhæð útlána og innlendrar verðbréfaeignar lánakerfisins í lok reikningsársins á undan.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

35. gr.

Bankaráðsmenn, bankastjórar og aðrir starfsmenn Seðlabanka Íslands eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem varðar hagi viðskiptamanna bankans og málefni bankans sjálfs, svo og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða til lögreglu eða skylt sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Bankaráðsmönnum, bankastjórum og öðrum starfsmönnum Seðlabankans er óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar, sem þeir komast yfir vegna starfs síns í bankanum, í þeim tilgangi að hagnast eða forðast fjárhagslegt tjón í viðskiptum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Seðlabankanum heimilt að eiga gagnkvæm upplýsingaskipti við opinbera aðila erlendis um atriði sem lög þessi taka til að því tilskildu að sá, sem óskar upplýsinga, sé háður samsvarandi þagnarskyldu.

Seðlabanki Íslands skal veita Fjármálaeftirlitinu allar upplýsingar sem bankinn býr yfir og nýtast kunna í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Upplýsingar sem veittar eru samkvæmt þessari grein eru háðar þagnarskyldu samkvæmt lögum þessum og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið skulu gera með sér samstarfssamning þar sem m.a. er kveðið nánar á um samskipti stofnananna.

36. gr.

Seðlabanki Íslands er undanþeginn tekju- og eignarskatti samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt eins og þau eru á hverjum tíma.

Hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

37. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða fangelsi liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Seðlabanka Íslands er heimilt að beita lánastofnanir viðurlögum í formi dagsekta sem ákveðnar eru samkvæmt reglum sem settar eru af bankastjórn með samþykki bankaráðs, sbr. 28. gr., hlíti þær ekki reglum bankans um bindiskyldu, laust fé og gjaldeyrisjöfnuð. Dagsektir sem ákveðnar eru samkvæmt þessari grein má innheimta með aðför að lögum. Reglur um viðurlög skulu kynntar Fjármálaeftirlitinu, lánastofnunum og öðrum fjármálastofnunum. Ákvörðun um að beita dagsektum má kæra til ráðherra. Sé vanræksla ítrekuð er bankanum heimilt að höfðu samráði við Fjármálaeftirlitið að leggja til við viðskiptaráðherra að viðkom-

andi stofnun verði svipt starfsleyfi. Innheimt viðurlög samkvæmt þessari grein skulu renna að ¾ hlutum til ríkissjóðs og skulu þau greidd 1. júní ár hvert fyrir næstliðið ár.

Seðlabankanum er heimilt að beita þá aðila viðurlögum í formi dagsekta sem vanrækja að veita bankanum upplýsingar, sem hann á rétt á samkvæmt lögum þessum, eða veita bankanum vísvitandi rangar upplýsingar. Bankastjórn setur reglur um þessi viðurlög sem skulu staðfestar af bankaráði.

38. gr.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur um viðfangsefni sín samkvæmt lögum þessum eftir því sem ástæða verður talin til. Seðlabankinn birtir reglur sem hann setur samkvæmt lögum þessum þannig að þær séu aðgengilegar almenningi.

IX. KAFLI
Gildistaka o.fl.

39. gr.

Forsætisráðherra getur, að fengnu áliti bankaráðs, sett með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd einstakra ákvæða laga þessara.

40. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar. Um leið falla úr gildi lög nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með áorðnum breytingum. Ákvæði 5. gr. laga nr. 54/1974 um þátttöku Seðlabanka Íslands í greiðslu kostnaðar af starfsemi Þjóðhagsstofnunar fellur úr gildi 1. janúar 2002.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við gildistöku laga þessara kýs Alþingi sjö fulltrúa í bankaráð Seðlabanka Íslands og jafnmarga til vara. Frá sama tíma fellur niður umboð þeirra er þá sitja í bankaráðinu.

II.

Bankastjórar Seðlabanka Íslands við gildistöku laga þessara halda störfum sínum til loka skipunartíma síns. Ákvæði 2. mgr. 23. gr. um skipun bankastjóra gildir frá og með fyrstu skipun í embætti bankastjóra eftir gildistöku laganna. Við gildistöku laganna skipar forsætisráðherra formann bankastjórnar úr röðum bankastjóra til sama tíma og skipun hans í embætti bankastjóra varir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í desember 2000 skipaði forsætisráðherra nefnd til þess að semja frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands. Í nefndinni áttu sæti Ólafur Davíðsson, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneyti, formaður, Jón Sigurðsson rekstrarhagfræðingur, Sighvatur Björgvinsson alþingismaður, sem skipaður var framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands á meðan nefndin starfaði, Steingrímur J. Sigfússon alþingismaður og Vilhjálmur Egilsson alþingismaður. Ritari nefndarinnar var Skarphéðinn Steinarsson í forsætisráðuneyti. Ingimundur Friðriksson, aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Íslands, starfaði með nefndinni. Í erindisbréfi nefndarinnar sagði m.a. að núgildandi lög um bankann væru að stofni til frá árinu 1986. Frá þeim tíma hefðu orðið miklar breytingar á íslenskum og alþjóðlegum fjármálamarkaði. Því væri nauðsynlegt að laga löggjöf um Seðlabankann að þessum breyttu aðstæðum. Í því sem hér fylgir er greint frá þeim meginsjónarmiðum um einföldun markmiða, sjálfstæði til að beita stjórn-

tækjum og um gagnsæi og reikningsskil gagnvart stjórnvöldum og almenningi sem höfð voru að leiðarljósi við samningu frumvarpsins. Nefndin átti þess kost að kynna sér ýmislegt efni um þróun þessara þátta í öðrum löndum auk löggjafar seðlabanka ýmissa landa.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á starfsemi Seðlabanka Íslands sem munu leiða til að bankinn verði sjálfstæðari en áður og geti þannig betur sinnt stjórnun peningamála. Með auknu sjálfstæði seðlabanka er þeim gert kleift að vinna með markvissari hætti að því hlutverki sínu.

Helstu breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir eru að starfsemi Seðlabanka Íslands verði sett skýrt markmið um að tryggja stöðugt verðlag. Ráðherra komi að því að skilgreina það markmið en bankinn hafi fullt sjálfstæði í ákvörðunum um hvernig markmiðinu verði náð með beitingu þeirra stjórntækja sem hann býr yfir. Ríkisstjórnin mun eftir sem áður ákveða gengisstefnuna, þó í samræmi við meginmarkmið laganna um stöðugt verðlag. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þrír bankastjórar sitji í bankastjórn Seðlabankans og að ákvörðunarvald í peningamálum verði í höndum bankastjórnar. Bankastjórn mun ein taka ákvörðun um beitingu stjórntækja bankans í stað þess að eiga um það samráð við ráðherra. Þá er skipunartími bankastjóra lengdur úr fimm árum í sjö en fjöldi skipunartímabila takmarkaður og ráðherra skipar bankastjóra og formann bankastjórnar sérstaklega. Einnig er kveðið á um fjölgun í bankaráði og að það kjósi sér sjálft formann úr eigin röðum. Hlutverk þess er líka eflt nokkuð. Ríkissjóði verður óheimilt að taka lán hjá bankanum. Þá er í frumvarpinu kveðið á um að bankastjórn setji starfsreglur um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana sinna í peningamálum og að opinberlega skuli gerð grein fyrir slíkum ákvörðunum og forsendum þeirra. Með þessu er stuðlað að faglegum vinnubrögðum og frekara gagnsæi stefnunnar í peningamálum. Nauðsynlegt þykir að styrkja eiginfjárstöðu bankans og gerir frumvarpið ráð fyrir að svo verði.

Með samþykki frumvarpsins mun Seðlabanki Íslands búa við sams konar starfsskilyrði og seðlabankar í flestum iðnríkjum.

Núgildandi lög um Seðlabanka Íslands voru sett 1986 og tóku gildi 1. nóvember það ár. Í þeim var m.a. staðfest sú meginbreyting að Seðlabankinn ákvæði ekki lengur einhliða vexti innlánsstofnana en rýmkun á því fyrirkomulagi hófst á árinu 1984. Frá því að lögin um Seðlabankann voru sett hafa orðið afar miklar breytingar á íslensku fjármálakerfi. Peningamarkaður og millibankamarkaður fyrir gjaldeyri urðu til á fyrri hluta síðasta áratugar. Fjármagnsmarkaður þróaðist hratt í framhaldi af stofnun Verðbréfaþings Íslands árið 1985 og skráning hlutabréfa hófst árið 1990. Á síðasta áratug var löggjöf um starfsemi hinna ýmsu tegunda fjármálastofnana endurnýjuð, að verulegu leyti að fyrirmynd Evrópusambandsins sem Íslandi var skylt að fylgja í kjölfar aðildarinnar að Evrópska efnahagssvæðinu. Segja má að íslensk löggjöf um fjármálakerfið sé nú nánast í fullu samræmi við það sem gerist í Evrópu.

Lögin um Seðlabanka Íslands hafa þó að mestu staðið óbreytt frá 1986 þrátt fyrir þær miklu breytingar sem urðu á innlendum fjármálamarkaði og þrátt fyrir endurskoðun nánast allra annarra laga sem um starfsemi á fjármálamarkaði gilda. Nokkrar breytingar hafa þó verið gerðar á lögunum þegar nauðsynlegt hefur verið talið að laga einstök atriði þeirra að breyttum aðstæðum. Flestar hafa þær einskorðast við afmörkuð atriði. Mikilvæg breyting varð þó á árinu 1998 þegar Alþingi samþykkti lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Um leið var felldur niður sá kafli laganna um Seðlabankann sem fjallaði um bankaeftirlit. Af öðrum nýlegum breytingum má nefna að á árinu 1998 var bætt inn í 3. gr. laganna ákvæði þess efnis að Seðlabankinn skyldi stuðla að greiðri, hagkvæmri og öruggri greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Í lok ársins 1999 var einnig lítillega breytt ákvæði 8. gr. laganna til

þess að gera bankanum kleift að setja lausafjárreglur fyrir lánastofnanir sem betur samrýmdust aðstæðum en þær sem bankinn hafði sett fyrr á því ári. Þá var samþykkt breyting sem fól í sér flutning á forræði Seðlabankans frá viðskiptaráðherra til forsætisráðherra í byrjun árs 2000.

Á undanförnum árum hefur löggjöf seðlabanka fjölmargra landa verið breytt í grundvallaratriðum. Nefna má að Maastricht-sáttmálinn sem fól í sér stofnun Efnahags- og myntbandalags Evrópu kvað á um grundvallaratriði sem gilda skyldu um starfsemi Seðlabanka Evrópu og seðlabanka allra aðildarlanda bandalagsins. Meðal skilyrða fyrir aðild að myntbandalaginu var að löggjöf um seðlabanka viðkomandi lands hefði verið breytt til samræmis við ákvæði Maastricht-sáttmálans. Jafnvel í löndum sem ekki uppfylltu önnur skilyrði aðildar og ekki hafa enn gengið í myntbandalagið, svo sem í Svíþjóð, var lögunum breytt og uppfylla þau nú skilyrði aðildar að myntbandalaginu. Víða annars staðar var löggjöf bankanna einnig breytt, svo sem í Bretlandi. Nýtt fyrirkomulag þar í landi uppfyllir þó ekki að fullu skilyrði Maastricht-sáttmálans en er mun fullkomnara en hið fyrra varðandi gagnsæi og reikningsskil peningastefnunnar. Löggjöf nýsjálenska seðlabankans var breytt í upphafi tíunda áratugarins og þess ástralska nokkrum árum síðar. Þá hefur löggjöf seðlabanka fjölmargra nýiðnvæddra ríkja og þróunarríkja verið breytt á undanförnum árum auk þess sem sett voru lög um seðlabanka í þeim ríkjum sem hurfu frá miðstýrðu hagkerfi að markaðsbúskap.

Megineinkenni breytinga sem gerðar hafa verið á löggjöf seðlabanka er að markmið þeirra hafa verið einfölduð, sjálfstæði þeirra til að beita tækjum sínum í peningamálum aukið og ríkari kröfur gerðar um gagnsæi peningastefnunnar og starfsemi bankanna og reikningsskil þeirra gagnvart stjórnvöldum og almenningi. Þá hefur verið tekið fyrir aðgang ríkissjóðs að fjármögnun í seðlabankanum þar sem hann hafði verið heimill. Síðast en ekki síst hafa gjarnan verið gerðar veigamiklar breytingar á fyrirkomulagi yfirstjórnar bankanna sem m.a. hafa í sumum tilvikum falið í sér stofnun sérstakra peningastefnunefnda sem veitt er ákvörðunarvald í peningamálum og þurfa að gera rækilega grein fyrir ákvörðunum sínum. Í einföldun markmiðssetningar bankanna hefur falist að peningastefnunni hefur yfirleitt verið falið eitt meginmarkmið í iðnríkjunum, þ.e. að stuðla að verðstöðugleika þar sem verðstöðugleiki þýðir lítil mæld verðbólga, t.d. á bilinu 1–3%. Sums staðar er seðlabönkunum sjálfum falið að skilgreina meginmarkmiðið en annars staðar er það sett af ríkisstjórn eða í samvinnu ríkisstjórnar og seðlabanka. Annað algengt markmið seðlabanka er að stuðla að öryggi fjármálakerfisins, þ.m.t. öryggi greiðslukerfa. Þetta viðfangsefni hefur orðið æ umfangsmeira í starfsemi margra seðlabanka á undanförnum árum, enda talið nauðsynlegt í kjölfar þess að hömlum var létt af fjármagnshreyfingum á milli landa. Á alþjóðavettvangi hefur verið lögð mjög vaxandi áhersla á virkt eftirlit með fjármálastarfsemi og virka yfirsýn yfir ýmsa áhættuþætti í fjármálakerfinu og í þjóðarbúskapnum í því skyni að leitast við að koma í veg fyrir alvarleg áföll.

Stöðugt verðlag hefur verið valið meginmarkmið peningastefnunnar þar sem verðbólga er fyrst og fremst peningalegt fyrirbrigði. Margt getur valdið tímabundinni verðbólgu. Viðvarandi verðbólga er hins vegar afleiðing ófullnægjandi aðhalds í peningamálum. Til langs tíma hefur stefnan í peningamálum því áhrif á verðlag en síður á hagvöxt og atvinnu. Þar sem seðlabankar hafa í aðalatriðum aðeins eitt stjórntæki, þ.e. vexti, og geta því aðeins náð einu þjóðhagslegu markmiði til langs tíma er eðlilegt að meginmarkmið peningastefnunnar sé stöðugt verðlag. Þetta þýðir ekki að markmiðið um stöðugt verðlag sé mikilvægara en t.d. markmið um fulla atvinnu, heldur einfaldlega að það sé í eðli hinna peningapólitísku stjórntækja að þau henti betur til að hafa áhrif á verðlag. Tilgangslítið er að setja peningastefnunni markmið sem hún getur ekki náð. Reynsla gefur einnig til kynna að slík markmiðssetning

geti leitt til verri árangurs í stjórn peningamála en ella. Með verðstöðugleika geta peningamálin með framsýnni stefnumótun lagt sitt af mörkum til að stuðla að stöðugu efnahagsumhverfi sem er undirstaða vaxtargetu hagkerfisins til langs tíma.

Að sama skapi hefur skilningur vaxið á nauðsyn þess að festa stefnu verðstöðugleika í lög. Með því ávinnst það að mun erfiðara verður að bregða út af stöðugleikastefnu í peningamálum fyrir skammtímahagsmuni. Heppilegast til þess að ná þessu markmiði hefur gjarnan verið talið að gefa seðlabönkum með formlegum hætti fullt og óskorað vald til þess beita stjórntækjum sínum í því skyni að ná meginmarkmiðinu um stöðugt verðlag. Bankarnir þurfi ekki að hlíta fyrirskipunum ríkisstjórnar eða ráðherra um aðgerðir í peningamálum sem ganga gegn því markmiði.

Ekki felst í þessu að seðlabanki taki einn ákvörðun um hvert eigi að vera hið endanlega markmið peningastefnunnar. Sú ákvörðun er betur komin í höndum lýðræðislega kjörinna fulltrúa þjóðarinnar að því tilskildu að markmiðin sem kjörin stjórnvöld setja seðlabankanum séu þannig að þeim verði náð með stjórntækjum hans og að þau séu sett fyrir opnum tjöldum.

Segja má að fyrsta skref í aðlögun gengisstefnunnar frá harðri fastgengisstefnu í átt til meiri sveigjanleika hafi verið stigið með víkkun vikmarka gengisstefnunnar í +/-6% haustið 1995. Annað skref var stigið í febrúar 2000 þegar þau voru víkkuð í +/-9%. Í kjölfar breytinganna var genginu leyft að sveiflast innan markanna. Upptaka verðbólgumarkmiðs sem kjölfestu peningastefnunnar og afnám vikmarka yrði af þessum sökum ekki eins róttæk breyting og ef fylgt hefði verið harðri fastgengisstefnu. Af þessu leiðir að afnám vikmarkanna eitt og sér gæfi ekki tilefni til breytinga á gengi krónunnar. Í opnu hagkerfi hefur gengið sterk áhrif á verðlag. Peningastefnan mundi af þeirri ástæðu eftir sem áður þurfa að taka tillit til gengisþróunarinnar.

Sem fyrr segir hafa auknar kröfur um gagnsæi einnig einkennt breytingarnar á löggjöf seðlabanka víða um heim. Þessi þróun tengist að nokkru almennum kröfum um aukið gagnsæi í opinberri stjórnsýslu en sjónum hefur einnig verið beint sérstaklega að gagnsæi peningamála fyrir mikilvægi stefnunnar í peningamálum almennt og trúverðugleika hennar fyrir hagkerfið í heild. Haustið 1998 voru staðfestar á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins reglur um gagnsæi peningamála sem aðildarlöndin voru eindregið hvött til þess að tileinka sér þótt þau væru ekki skyldug til þess (sjá grein í þriðja hefti ársfjórðungsrits Seðlabankans, Peningamála, árið 2000). Sérstaklega er vikið að gagnsæi peningastefnunnar og kveðið á um að starfsreglur skuli setja um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana bankastjórnar í peningamálum, sbr. 24. gr. og skýringar við hana.

Breytingarnar sem felast í þessu frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands þýða að meginmarkmið stefnunnar í peningamálum verður hið sama og annars staðar, hliðstæðar kröfur verða gerðar til Seðlabanka Íslands og gerðar eru til annarra seðlabanka um gagnsæi og fagleg vinnubrögð við mótun og framkvæmd stefnunnar í peningamálum, bankanum verður veitt sjálfstæði til þess að beita tækjum sínum til þess að ná meginmarkmiði laganna og fjárhagslegt sjálfstæði hans eykst við að lokað verður í lögum fyrir möguleika ríkissjóðs á fjármögnun í Seðlabankanum. Á alþjóðavettvangi hefur mikið verið lagt upp úr þessum atriðum í mati á löggjöf seðlabanka. Að frumvarpinu samþykktu mundu lögin um Seðlabanka Íslands því líta vel út á þá mælikvarða sem lagðir hafa verið á slík lög á undanförnum árum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fyrsta málsgrein er efnislega samhljóða 1. gr. núgildandi Seðlabankalaga. 2. mgr. er samhljóða 1. málsl. 2. gr. núgildandi Seðlabankalaga. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. málsl. 2. gr. núgildandi Seðlabankalaga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 3. gr.

Í þessari grein felast verulegar breytingar frá 3. gr. núgildandi Seðlabankalaga og vísast í því sambandi m.a. til þess sem fram kom í almennum athugasemdum hér að framan. Í núgildandi lögum er Seðlabankanum ætlað margþætt hlutverk. Viðfangsefnin sem þar eru talin upp eru ekki endilega í innbyrðis samræmi og að einhverju leyti falla þau utan hefðbundins verksviðs seðlabanka. Eins og fram kom í almennum athugasemdum hér að framan hefur í breytingum sem gerðar hafa verið á lögum um seðlabanka ýmissa landa á undanförnum árum nánast án undantekningar falist mikil einföldun á markmiðssetningu bankanna. Verðbólga er fyrst og fremst peningalegt fyrirbrigði sem fyrr segir og stjórntæki seðlabanka duga öðru fremur til þess að hafa áhrif á verðbólgu. Því hefur markmiðið um stöðugt verðlag orðið meginmarkmið seðlabanka flestra iðnríkja auk fjölmargra annarra ríkja. Með stöðugu verðlagi er ekki átt við að verðbólga verði engin heldur að hún verði lítil. Algengt er í iðnríkjunum að stefna að því að hún sé á bilinu 1–3%.

Önnur markmið, svo sem um fulla atvinnu og hagkvæma nýtingu framleiðsluþátta, eru jafnan mikilvæg markmið efnahagsstjórnar stjórnvalda. Í frumvarpinu felst hins vegar viðurkenning á því sem lýst er í almennu athugasemdunum að framan að stjórntæki peningamála henta best til þess að hafa áhrif á verðlag. Því er eðlilegt að setja þeim meginmarkmið í þeim efnum fremur en markmið sem stjórntæki þeirra duga illa eða ekki til þess að ná.

Í 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. segir að með samþykki ráðherra sé Seðlabankanum heimilt að lýsa yfir tölulegu markmiði um verðbólgu. Hér er átt við svokallað formlegt verðbólgumarkmið sem nú tíðkast meðal ýmissa seðlabanka, bæði í iðnríkjum og utan þeirra. Með verðbólgumarkmiði er átt við að Seðlabankanum sé sett ákveðið tölulegt markmið um verðbólgu og að hann hafi óheft svigrúm til þess að beita stjórntækjum sínum í því skyni að vinna að því að verðbólgumarkmiðinu sé náð. Í grein eftir Þórarin G. Pétursson sem birtist í fyrsta hefti ársfjórðungsrits Seðlabanka Íslands, Peningamála, árið 2000, sagði m.a.: „Megineinkenni þessa fyrirkomulags eru í fyrsta lagi að verðstöðugleiki er gerður með formlegum hætti að meginmarkmiði stjórnar peningamála. Þannig eru gefin skýr skilaboð um hvar áherslur í stjórnun peningamála liggja og á hvaða kvarða beri að meta frammistöðu seðlabankans. Í öðru lagi er gefin yfirlýsing um að verðbólgu verði haldið innan tiltekinna marka innan ákveðins tímabils. Í þriðja lagi velja stjórnvöld verðbólgumarkmiðið (einhliða eða í samráði við seðlabankann) en seðlabanka viðkomandi lands er veitt frelsi til að ná því markmiði með þeim hætti sem hann telur vænlegast til árangurs. Að lokum er gagnsæi í stjórnun peningamála og upplýsingaflæði frá seðlabankanum til almennings og stjórnvalda aukið. Jafnframt er oft nánari útlistun á því hvernig Seðlabankinn standi reikningsskil gerða sinna.

Þar sem peningastefnan byggist á verðbólgumarkmiði er ekki um að ræða neitt formlegt millimarkmið, eins og fast gengi eða tiltekinn vöxt peningamagns. Hins vegar má segja að vegna þess lykilhlutverks sem verðbólguspár seðlabankans gegna í stjórn peningamála með formlegu verðbólgumarkmiði sé verðbólguspáin sjálf orðin nokkurs konar millimarkmið stefnunnar. Í reynd virkar stefnan þá þannig að seðlabankinn gerir verðbólguspá miðað við óbreytta stefnu í peningamálum. Sé spáð verðbólga (t.d. til næstu tveggja ára) utan marka verðbólgumarkmiðsins ber seðlabankanum að bregðast við með aðgerðum í peningamálum. Stjórnendur bankans velja síðan þá samsetningu aðgerða sem þeir telja heppilegasta til að ná markmiðum hans.“

Í greininni segir enn fremur að ýmis lönd hafa valið að taka upp beint verðbólgumarkmið sem kjölfestu peningastefnu seðlabanka sinna. Þeirra á meðal eru Ástralía, Bretland, Kanada, Nýja-Sjáland, Svíþjóð, Tékkland, Ísrael og Brasilía.

Sem fyrr segir er í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að með samþykki ráðherra geti Seðlabankinn sett tölulegt markmið um verðbólgu. Þetta þýðir að ákvörðun um hið endanlega verðbólgumarkmið sé í höndum ráðherra og að Seðlabankinn fái síðan fullt svigrúm til þess að beita stjórntækjum sínum til þess að ná því markmiði. Með því að taka upp formlegt verðbólgumarkmið sem kjölfestu peningastefnunnar væri stefnt að því að formfesta verðstöðugleika sem meginmarkmið peningastefnunnar. Markmiðið væri einnig að tryggja opnari og skilvirkari stjórn peningamála sem stuðlar að efnahagslegum langtímastöðugleika og hagsæld til frambúðar. Verði sett tölulegt markmið um verðbólgu hér á landi verður um leið skilgreint hvaða verðbólgumælikvarða skuli stuðst við og til hve langs tíma skuli horft við setningu þess.

Í núgildandi lögum er ákvæði um að bankastjórn Seðlabankans hafi rétt til að lýsa opinberlega verulegum ágreiningi við ríkisstjórnina og skýra skoðanir sínar. Hún skuli engu síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því að sú stefna sem ríkisstjórnin markar nái að lokum tilgangi sínum. Í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins er þessu breytt og Seðlabankanum gert skylt að stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum svo fremi sem hann telji það ekki ganga gegn meginmarkmiði sínu eins og það er skilgreint í 1. mgr. greinarinnar. Með breytingu á 3. gr. laganna verður óþarft ákvæðið um að bankastjórn hafi rétt til þess að lýsa opinberlega verulegum ágreiningi við ríkisstjórn. Með tímanum hefur sú breyting orðið að Seðlabankinn gerir reglulega, opinberlega og með skömmu millibili grein fyrir mati sínu á stöðu og horfum í efnahags- og peningamálum. Auk þess að lýsa stefnunni í peningamálum og framvindu peningamálanna birtir bankinn mat sitt á öðrum þáttum þjóðarbúskaparins og samspili þeirra við peningamálin.

Í þessari grein felst að Seðlabankinn hefur sjálfstæði til þess að beita tækjum sínum til að vinna að meginmarkmiðinu um stöðugt verðlag. Verði valin sú leið að setja skilgreint markmið um verðbólgu, þ.e. verðbólgumarkmið, felur greinin í sér að endanleg ákvörðun um hvað það skuli vera verður tekin af ráðherra. Bankinn mun þó taka þátt í mótun markmiðsins og það getur augljóslega ekki stangast á við meginmarkmiðið um stöðugt verðlag. Bankinn tekur hins vegar ákvörðun um hvernig tæki hans skuli notuð til þess að ná því markmiði, sem kann að verða sett, án íhlutunar ráðherra.

Um 4. gr.

Í 3. gr. núgildandi Seðlabankalaga eru talin upp margvísleg ólík hlutverk bankans. Fremur en að telja upp hin ýmsu viðfangsefni hans er valin sú leið að kveða almennt á um þau og að hann skuli sinna þeim viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka. Ástæða þykir þó til að tilgreina sérstaklega varðveislu gjaldeyrisvarasjóðs og að bankinn skuli stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd. Ástæða þess að þessi viðfangsefni eru valin sérstaklega er að þau eru einkar mikilvæg í starfi seðlabanka. Viðfangsefni flestra seðlabanka er að varðveita gjaldeyrisvarasjóð þjóðar sinnar en hlutverk hans er m.a. að tryggja fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við. Áherslan á virkt og öruggt fjármálakerfi er í samræmi við þá auknu áherslu sem lögð er á það í seðlabönkum flestra landa að stuðla að öryggi fjármálakerfisins, þ.e. að tryggja fjármálastöðugleika. Þetta er vaxandi viðfangsefni í Seðlabanka Íslands og nauðsynlegt þykir að kveða sérstaklega á um það í lögunum. Í þessu felst ekki að bankinn feti sig inn á verksvið Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið hefur hlutverki að gegna sem skilgreint er í lögum um opinbert eftirlit með fjármála-

starfsemi. Það byggist m.a. á því að fylgjast með því að stofnanir sem sæta eftirliti Fjármálaeftirlits starfi í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda. Athygli Seðlabankans beinist ekki að þessu og síður að einstökum stofnunum en verkefni Fjármálaeftirlitsins. Seðlabankinn beinir fyrst og fremst sjónum að hinu þjóðhagslega umhverfi fjármálakerfisins og að fjármálakerfinu í heild, styrk þess og veikleikum. Bankinn leitast við að stuðla að öryggi fjármálakerfisins. Greiðslukerfi falla undir þetta viðfangsefni Seðlabankans. Þau eru þó tilgreind sérstaklega, enda einkar mikilvægt að tryggja virka og örugga starfsemi þeirra. Víðast hvar er það svo að seðlabankar gegna þýðingarmiklu hlutverki í greiðslukerfum landa sinna. Þeir eru einnig miðstöð uppgjörs á greiðslum á milli einstakra lánastofnana. Lengi vel var ekki minnst á greiðslukerfi eða greiðslumiðlun í lögum um Seðlabanka Íslands. Ákvæði um að hann skyldi stuðla að greiðri, hagkvæmri og öruggri greiðslumiðlun í landinu og við útlönd var þó fellt inn í 3. gr. laganna á árinu 1998 eins og þegar hefur verið getið. Þá þegar hafði Seðlabankinn tekið frumkvæðið í að breytingar yrðu gerðar á fyrirkomulagi innlendra greiðslukerfa þannig að það uppfyllti kröfur sem almennt eru gerðar til greiðslukerfa í öðrum löndum, ekki síst um öryggi. Það hefur verið gert og nú snemma árs 2001 hillir undir að innlend greiðslukerfi uppfylli allar kröfur sem gerðar eru á alþjóðavettvangi til greiðslukerfa. Um þessi mál hefur verið fjallað í ársfjórðungsriti Seðlabankans, Peningamálum, t.d. í 1. og 4. hefti árið 2000.

Um 5. gr.

Greinin er samhljóða 5. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 6. gr. núgildandi Seðlabankalaga. Í henni er kveðið á um að Seðlabanki Íslands taki við innlánum frá innlánsstofnunum sem nánar eru skilgreindar í greininni og frá öðrum lánastofnunum. Með öðrum lánastofnunum er hér átt við stofnanir sem starfa samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en banka og sparisjóði, svo og ýmsa opinbera lánasjóði, svo sem Íbúðalánasjóð, Byggðastofnun, Lánasjóð landbúnaðarins, Lánasjóð sveitarfélaga, Framleiðnisjóð landbúnaðarins, Ferðamálasjóð, Lánasjóð íslenskra námsmanna, Hafnabótasjóð, Orkusjóð, Atvinnuleysistryggingasjóð og Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Í núgildandi lögum segir að Seðlabankinn megi ákveða að taka við innlánum frá öðrum lánastofnunum en bönkum og sparisjóðum og frá fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu. Í þeim segir einnig að Seðlabankinn setji nánari reglur um viðskipti sín samkvæmt þessari grein. Á grundvelli gildandi laga hefur bankinn kosið að taka við innlánum frá lánastofnunum sem sæta bindiskyldu af hálfu Seðlabankans. Auk innlánsstofnana hefur bindiskylda frá árinu 1998 náð til þeirra annarra lánastofnana sem ekki njóta framlaga á fjárlögum til starfsemi sinnar. Að því er varðar aðrar lánastofnanir en banka og sparisjóði þykir einnig eðlilegt að Seðlabankinn geti átt viðskipti við Íbúðalánasjóð. Á grundvelli þessarar greinar getur bankinn tekið við innlánum frá dótturfyrirtækjum eða útibúum erlendra banka sem kjósa að starfa á Íslandi.

Um 7. gr.

Fyrri málsgrein þessarar greinar er efnislega samhljóða 7. gr. núgildandi laga um Seðlabankann. Hún felur í sér að bankinn getur veitt þeim stofnunum sem eiga innlánsviðskipti við hann skv. 6. gr. lán með kaupum á verðbréfum eða gegn annarri tryggingu sem bankinn metur gilda. Meginlausafjárviðskipti Seðlabankans við lánastofnanir sem eiga kost á innlánsviðskiptum við bankann fara nú fram með reglulegum uppboðum á svokölluðum endurhverf-

um verðbréfasamningum. Lánastofnanir sem eiga innlánsviðskipti við bankann eiga einnig möguleika á svokölluðum daglánum. Í öllum þessum viðskiptum krefst Seðlabankinn tryggginga af hálfu stofnananna sem felast í markaðsverðbréfaeign þeirra.

Í 2. mgr. 7. gr. felst nýmæli. Hér er fjallað um það hlutverk seðlabanka sem kallað hefur verið lánveitandi til þrautavara (eða örþrifalánveitandi, á ensku „lender of last resort"). Í gildandi Seðlabankalögum er ekkert ákvæði sem beinlínis kveður á um að Seðlabankanum sé heimilt við sérstakar aðstæður að veita lánastofnunum fyrirgreiðslu umfram þá sem fellur undir regluleg viðskipti. Í málsgreininni segir að þegar sérstaklega standi á og Seðlabankinn telur þess þörf til að varðveita traust á fjármálakerfi landsins geti hann veitt lánastofnunum í lausafjárvanda ábyrgðir eða önnur lán en um ræðir í 1. mgr. á sérstökum kjörum og gegn öðrum tryggingum en um getur í 1. mgr. eða öðrum skilyrðum sem bankinn setur. Þetta þýðir að þegar bankinn metur það svo að fyrirgreiðsla hans sé nauðsynleg til þess að ekki skapist ótti um öryggi fjármálakerfisins eða möguleiki á keðjuverkun vegna erfiðleika einnar stofnunar geti hann gripið inn í til þess að fleyta viðkomandi stofnun tímabundið yfir þá erfiðleika sem hún kann að hafa ratað í. Sérstaklega er tekið fram að þetta gildi um lausafjárvanda einstakra stofnana. Það þýðir að Seðlabankinn kemur ekki til aðstoðar með sérstakri fyrirgreiðslu til þess að efla eiginfjárstöðu stofnana sem lenda í vanda. Hann veitir með öðrum orðum ekki gjaldþrota lánastofnunum eða stofnunum með eiginfjárstöðu undir löglegum mörkum fyrirgreiðslu til þess að forða þeim frá gjaldþroti eða gera þeim kleift að uppfylla skilyrði laga um lágmarks eigið fé. Í slíkum tilvikum verður að koma til nýtt hlutafé.

Seðlabankinn má aðeins veita sérstaka fyrirgreiðslu ef sannanlegt þykir að viðkomandi stofnun eigi við lausafjárvanda en ekki eiginfjárvanda að stríða. Fyrirgreiðsla Seðlabankans getur annars vegar falist í því að hann veiti ábyrgð á skuldbindingum þeirra lánastofnana sem í hlut eiga eða veiti þeim lán með sérstökum kjörum og þá hugsanlega gegn öðrum tryggingum en venja er að krefjast í viðskiptum skv. 1. mgr., þ.e. í reglulegum viðskiptum bankans við lánastofnanir. Það verður Seðlabankans að meta tryggingarnar sem hér um ræðir og geta þær m.a. verið önnur skuldabréf í eigu viðkomandi stofnunar en þau sem uppfylla þau skilyrði sem Seðlabankinn hefur sett til reglubundinna viðskipta skv. 1. mgr. eða fasteignir eða aðrar eignir viðkomandi lánastofnunar. Þá getur einnig komið til álita að bankinn krefjist breytinga á starfsemi viðkomandi stofnunar, t.d. breytinga á yfirstjórn, sem skilyrði fyrir fyrirgreiðslu. Erfitt getur reynst að greina á milli lausafjárvanda og víðtækari vanda stofnunar. Þegar upp koma vandamál af því tagi sem ákvæði þessarar málsgreinar beinast að leiðir af sjálfu sér að Seðlabankinn mun eiga náið samstarf og samráð við Fjármálaeftirlitið við lausn þess vanda sem upp kann að hafa komið. Þá verður einnig að gera ráð fyrir því að Seðlabankinn geri ráðherra sérstaklega grein fyrir slíkum tilvikum.

Þess má geta að ákvæði hliðstæð því sem hér um ræðir eru í lögum fjölmargra seðlabanka og þykja nauðsynleg sem varnagli fyrir fjármálakerfið. Rök sem beint hefur verið gegn því að ákvæði þessa efnis skuli vera í seðlabankalögum eru einkum þau að með því sé skapaður svokallaður freistnivandi (e. „moral hazard") sem gerir lánastofnanir áhættusæknari en þær mundu ella verða í trausti þess að seðlabanki komi þeim til bjargar ef á bjátar. Vitað er af samskiptum við alþjóðleg fyrirtæki sem meta lánshæfi að þau leggja mikið upp úr skýrum ákvæðum um möguleika seðlabanka til þess að gegna hlutverki lánveitanda til þrautavara. Meðal annars af þeim sökum er talið eðlilegt að leggja til að það verði fest í lög um Seðlabanka Íslands.

Um 8. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 11. gr. núgildandi Seðlabankalaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. mgr. 11. gr. núgildandi Seðlabankalaga að öðru leyti en því að í gildandi lögum er óheimilt að framselja verðbréf sem greinin fjallar um til annarra en lánastofnana sem geta átt innlánsviðskipti við bankann. Ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir hömlum á framsal þessara verðbréfa. Ástæða þess er sú að hæfa þykir að Seðlabankinn hafi möguleika til þess að gefa út markaðsverðbréf til þess að tryggja greið viðskipti á innlendum verðbréfamarkaði ef skortur verður á framboði verðbréfa annarra útgefenda, svo sem ríkissjóðs.

Um 10. gr.

Greinin er samhljóða 9. gr. núgildandi Seðlabankalaga að viðbættri heimild til þess að ákveða vexti af verðbréfum sem bankinn gefur út. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 11. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. og 2. mgr. 8. gr. núgildandi Seðlabankalaga ef frá er talin krafa um samþykki ráðherra sem er í 1. málsl. 1. mgr. 8. gr. gildandi laga. Seðlabankinn hefur haft heimild lögum samkvæmt til þess að beita stjórntækjum sínum án þess að kveðið sé á um sérstakt samráð við ráðherra ef frá hefur verið talin bindiskylda. Í frumvarpinu sem hér liggur fyrir er Seðlabankanum tryggt sjálfstæði til þess að beita tækjum sínum og því fylgir að afnumin er kvöðin sem hingað til hefur gilt um að einungis megi leggja bindiskyldu á lánastofnanir að samþykki ráðherra liggi fyrir. Þess má geta að bindiskyldu hefur afar sjaldan verið breytt undanfarin ár. Síðla árs 1993 voru bindihlutföll lækkuð nokkuð í tengslum við umfangsmiklar aðgerðir sem miðuðu að lækkun vaxta. Snemma árs 1998 var fyrirkomulagi innlánsbindingar breytt og það samræmt því sem þá þegar hafði verið ákveðið fyrir Seðlabanka Evrópu. Enda þótt breytingarnar 1998 hafi verið umfangsmiklar fólst ekki í þeim breyting á heildarfjárhæð bundinna innlána þeirra stofnana sem sætt höfðu innlánsbindingu til þess tíma. Hins vegar var lögð bindiskylda á fleiri stofnanir en áður.

Þá er sú breyting gerð í 2. mgr. greinarinnar að kveðið er á um að gæta skuli jafnræðis við ákvörðun bindiskyldu þannig að hún valdi ekki röskun á samkeppnisstöðu á milli þeirra innlendu fyrirtækja sem sæta innlánsbindingu af hálfu Seðlabankans. Í þessu ákvæði felst ekki að innlánsbinding skuli vera hin sama í íslenskum og hliðstæðum erlendum stofnunum.

Heimilt verður að setja sérstakar reglur um útibú erlendra lánastofnana ef ákvæði í reglum um innlendar lánastofnanir falla illa að þeim, svo sem ef viðmiðun er höfð við stærðir úr samstæðureikningi og þess háttar.

Um 12. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. mgr. 8. gr. gildandi laga. Hér er á vissan hátt um svokallaðar varúðarreglur að ræða og má færa fyrir því rök að setning þeirra ætti að vera í höndum Fjármálaeftirlitsins. Rétt er þó talið að halda þessu ákvæði í Seðlabankalögunum, enda mikilvægt að Seðlabankinn hafi jafnan eins góða möguleika og kostur er til þess að vaka yfir lausafjárstöðu lánastofnana og kerfisins í heild. Eins og fram kemur í athugasemdum við 34. gr. hafa Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið með sér náið samstarf og samráð. Upplýsingar streyma greiðlega á milli stofnananna á grundvelli samstarfssamnings sem þær hafa gert sín í milli lögum samkvæmt.

Heimilt verður að setja sérstakar reglur um útibú erlendra lánastofnana ef ákvæði í reglum um innlendar lánastofnanir falla illa að þeim, svo sem ef viðmiðun er höfð við stærðir úr samstæðureikningi og þess háttar.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru samhljóða 4. mgr. 8. gr. núgildandi Seðlabankalaga. Á vissan hátt gildir hið sama um efni þessarar greinar og um efni 12. gr. sem lýst er hér að framan, þ.e. að um varúðarreglur er að ræða. Eðlilegt þykir þó að setning þeirra og eftirfylgni með þeim sé í höndum Seðlabankans, sérstaklega að því er varðar þær lánastofnanir og annarra sem tekið hafa að sér hlutverk viðskiptavaka á innlendum gjaldeyrismarkaði. Nauðsynlegt er fyrir Seðlabankann að geta daglega fylgst með gjaldeyrisjöfnuði þeirra.

Heimilt verður að setja sérstakar reglur um útibú erlendra lánastofnana ef ákvæði í reglum um innlendar lánastofnanir falla illa að þeim, svo sem ef viðmiðun er höfð við stærðir úr samstæðureikningi og þess háttar.

Um 14. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 1. mgr. 10. gr. núgildandi Seðlabankalaga að öðru leyti en því að hér er tekið fram að Seðlabankinn megi ekki veita ríkissjóði lánafyrirgreiðslu, sbr. 16. gr. Í henni er m.a. kveðið á um að innstæður ríkissjóðs skuli varðveittar í Seðlabankanum nema sérstakt tilefni gefist til annars. Þetta er mikilvægt í hagstjórnarskyni en þó viðurkennt að undir einhverjum kringumstæðum kunni ríkissjóður að vilja eiga innstæður annars staðar og þá væntanlega í tengslum við afmörkuð viðfangsefni. Seinni málsgrein þessarar greinar er samhljóða 17. gr. núgildandi laga. Í lögum um Lánasýslu ríkisins segir að heimilt sé að semja við Seðlabankann um að hann annist framkvæmd erlendra lánamála, ríkisábyrgða- og endurlánamála, svo og önnur verkefni sem Lánasýslunni eru falin eftir því sem hagkvæmt þykir. Seðlabankinn hefur um áratuga skeið annast erlend lánamál ríkissjóðs í umboði fjármálaráðherra. Á grundvelli laganna um Lánasýslu ríkisins sömdu fjármálaráðherra og Seðlabankinn um að bankinn færi áfram með erlend lánamál ríkissjóðs. Sá samningur var síðast endurnýjaður í apríl 1997.

Um 15. gr.

Þessi grein er nýmæli. Stjórnvöld skulu veita Seðlabankanum þær upplýsingar um efnahagsmál almennt og sérstaklega um ríkisfjármál, lántökur og greiðsluáætlanir ríkissjóðs sem nauðsynlegar eru fyrir starfsemi bankans. Hér er um það að ræða að Seðlabankinn hafi ætíð undir höndum allar upplýsingar um efnahagsmál, ekki síst fjármál ríkissjóðs, sem áhrif geta haft á mat hans á stöðu og horfum í efnahags- og peningamálum sérstaklega og á þörf fyrir aðgerðir af hans hálfu. Mikilvægt er að bankinn sé ætíð vel upplýstur um ríkisfjármál og annað í störfum ríkisstjórnar sem áhrif getur haft á ákvarðanir hans í peningamálum.

Um 16. gr.

Veigamikil breyting er gerð frá ákvæðum núgildandi Seðlabankalaga. Seðlabankanum verður óheimilt að veita ríkissjóði, sveitarfélögum og ríkisstofnunum, öðrum en lánastofnunum, lán. Í 2. mgr. 10. gr. núgildandi Seðlabankalaga segir að bankanum sé „heimilt að veita ríkissjóði lán til skamms tíma. Skulu slík lán greiðast upp innan þriggja mánaða frá lokum hvers fjárhagsárs með lántöku eða annarri fjáröflun utan Seðlabankans.“ Óheftur aðgangur ríkissjóðs að fyrirgreiðslu í Seðlabankanum átti án efa sinn þátt í óstöðugleika og mikilli verðbólgu sem hér ríkti fram undir lok níunda áratugarins.

Á árinu 1992 var gerður samningur á milli fjármálaráðherra og Seðlabanka Íslands um að ríkissjóður hætti að yfirdraga reikninga sína í Seðlabankanum og mundi þaðan í frá mæta fjárþörf sinni með uppboðum á ríkisverðbréfum á markaði. Þessi samningur hefur verið endurnýjaður þrisvar síðan og á sinn þátt í að hér á landi tókst að skapa þann stöðugleika sem ríkti á síðasta áratug liðinnar aldar. Við endurskoðun seðlabankalaga víða um heim á undan-

förnum árum hefur ein meginbreytingin falist í því að loka fyrir aðgang ríkissjóðs að seðlabönkum þar sem hann hefur á annað borð verið til staðar. Þetta er mikilvægur þáttur í að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði seðlabankanna og stuðla að eðlilegri vaxtamyndun í landinu auk þess að koma í veg fyrir þensluhvetjandi fjármögnun á fjárþörf ríkissjóðs. Með þessari breytingu yrði staðfestur í lögum sá mikilvægi áfangi sem náðist með samkomulagi fjármálaráðherra og Seðlabankans á árinu 1992 og Seðlabankalögin að þessu leyti færð í sama horf og í flestum eða öllum öðrum iðnríkjum auk fjölda annarra ríkja.

Í 2. mgr. þessarar greinar er þó kveðið á um að Seðlabankinn megi kaupa á verðbréfamarkaði verðbréf sem gefin eru út af ríkissjóði, sveitarfélögum og ríkisstofnunum til þess að ná markmiðum sínum í peningamálum. Kaup á verðbréfum þessara aðila með þessum hætti skulu ekki teljast lán samkvæmt ákvæðum greinarinnar. Verðbréf útgefin af ríkissjóði mynda gjarnan kjölfestu á verðbréfamörkuðum þjóðlanda og mynda um leið grundvöll fyrir hvers konar viðskipti seðlabanka og afskipti þeirra af mörkuðum í því skyni að vinna að meginmarkmiðum sínum í peningamálum.

Um 17. gr.

Fyrsti málsliður greinarinnar er efnislega samhljóða 1. málsl. 12. gr. núgildandi Seðlabankalaga. Í 2. málsl. er kveðið á um að Seðlabankanum sé heimilt að eiga aðild að og hlut í fyrirtækjum og stofnunum á sviði kauphallarstarfsemi, verðbréfaskráningar og greiðslukerfa. Í þessu felst m.a. að Seðlabankanum sé heimilt að eiga hlut í Verðbréfaþingi Íslands, Reiknistofu bankanna, Fjölgreiðslumiðlun hf. og í verðbréfamiðstöðvum sem starfa samkvæmt lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa. Heimildin nær einnig til eignaraðildar bankans að Bank for International Settlements í Basel í Sviss. Fyrri málsliður 2. mgr. er efnislega samhljóða 2. málsl. 12. gr. núgildandi Seðlabankalaga. Hér er þó einnig kveðið á um að Seðlabankanum sé heimilt að annast frumsölu og innlausn verðbréfa sem ríkissjóður hefur gefið út.

Um 18. gr.

Framsetning þessarar greinar er töluvert einfaldari en hliðstætt ákvæði í 15. gr. núgildandi Seðlabankalaga. Greinin felur í sér að Seðlabankinn versli með erlendan gjaldeyri, hafi milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og stundi önnur erlend viðskipti sem samrýmast markmiðum og hlutverki bankans.

Í 2. mgr. segir að Seðlabankinn ákveði að fengnu samþykki ráðherra hvaða stefna skuli gilda um ákvörðun á verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Þetta er í samræmi við núgildandi Seðlabankalög en ber einnig að skilja í samræmi við meginmarkmið bankans eins og því er lýst í 3. gr. frumvarpsins; gengisstefnan getur ekki orðið önnur en sú sem samrýmist meginmarkmiði stefnunnar í peningamálum. Gengisstefnan getur m.a. falist í fastgengisstefnu gagnvart einum gjaldmiðli eða „körfu“ gjaldmiðla, með eða án vikmarka. Hún getur einnig falist í sveigjanlegri gengisstefnu, eða gengisfloti, sem fara mundi saman við val á verðbólgumarkmiði sem kjölfestu peningastefnunnar á grundvelli 3. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er kveðið á um að Seðlabankinn setji reglur um starfsemi skipulegra gjaldeyrismarkaða og að þegar sérstaklega standi á geti bankinn tímabundið takmarkað eða stöðvað viðskipti á skipulegum gjaldeyrismörkuðum. Með skipulegum gjaldeyrismarkaði er átt við heildsölumarkað sem byggist á þátttöku viðskiptavaka með þeim réttindum og skyldum sem kveðið verður á um í reglum. Ákvæði af þessu tagi er nauðsynlegt því að þær aðstæður geta skapast að Seðlabankinn telji að ekki verði hjá því komist að takmarka viðskipti, a.m.k. um

stundarsakir. Aðstæður sem hér um ræðir eru m.a. þær að erlend staða Seðlabankans verði fyrir skyndilegum skakkaföllum.

Um 19. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru efnislega samhljóða ákvæðum í V. kafla núgildandi Seðlabankalaga og þarfnast ekki frekari skýringa annarra en þeirra að tilefni til þess að fella niður gengisskráningu getur verið hið sama og greint er í niðurlagi skýringar við 18. gr.

Um 20. gr.

Hér er kveðið á um að Seðlabankinn skuli varðveita gjaldeyrisvarasjóð í samræmi við markmið og hlutverk bankans. Ákvæði greinarinnar eru einfölduð frá ákvæðum hliðstæðra greina í núgildandi Seðlabankalögum. Þá felst sú breyting í orðalagi greinarinnar að kveðið er á um að bankastjórn skuli setja starfsreglur um varðveislu gjaldeyrisvarasjóðsins og að bankaráð skuli staðfesta þær.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Seðlabankanum sé heimilt að taka lán til að efla gjaldeyrisvarasjóðinn. Slík heimild er í núgildandi Seðlabankalögum og krefst hún ekki frekari skýringa. Þá er tekið fram að Seðlabankanum sé heimilt að taka þátt í samstarfi erlendra seðlabanka og alþjóðlegra banka og fjármálastofnana um lánveitingar til að efla gjaldeyrisvarasjóð þátttakenda. Ákvæði þessa efnis er ekki í núgildandi Seðlabankalögum en eðlilegt þykir að Seðlabankanum sé gert kleift að taka þátt í alþjóðlegum samningum af þessu tagi líkt og seðlabönkum flestra eða allra nágrannalandanna.

Um 21. gr.

Greinin er að hluta til samsvarandi ákvæðum í V. kafla núgildandi Seðlabankalaga. Bankinn getur m.a. átt samskipti við stofnanir á borð við Alþjóðabankann, Efnahags- og framfarastofnunina OECD og aðrar stofnanir á starfssviði hans. Kveðið er sérstaklega á um að Seðlabankanum sé jafnframt heimilt að eiga aðild að öðrum alþjóðlegum stofnunum en um getur í 2. mgr., enda samrýmist það hlutverki hans sem seðlabanka.

Um 22. gr.

Greinin er samhljóða 21. gr. núgildandi Seðlabankalaga.

Um 23. gr.

Við skipun í embætti er almenna reglan að skipa í embætti til fimm ára í senn og ekki eru takmarkanir á því hversu oft megi skipa sama mann í embættið. Frá þessari reglu er vikið í frumvarpinu og gert ráð fyrir að bankastjórar Seðlabankans verði skipaðir til sjö ára í senn og að ekki verði heimilt að skipa þá oftar en tvisvar eða samtals í fjórtán ár. Með því móti er leitast við að tryggja stöðugleika í starfsemi bankans en jafnframt að hæfileg endurnýjun verði í yfirstjórn bankans. Álitið er að jafnvægi verði milli nauðsynlegs stöðugleika og endurnýjunar með þessum hætti. Formaður bankastjórnar er skipaður af ráðherra. Í því felst breyting frá núgildandi Seðlabankalögum sem kveða á um að bankastjórn kjósi formann úr sínum hópi til þriggja ára í senn. Bankastjóra sem endurskipaður hefur verið í embætti, þ.e. hefur verið bankastjóri í meira en sjö ár, má skipa formann bankastjórnar til sjö ára frá gildistökudegi skipunarinnar að telja. Þannig er fræðilega mögulegt að sami maður geti verið bankastjóri í allt að 21 ár, bankastjóri í allt að fjórtán ár og formaður bankastjórnar í sjö ár. Í nefndinni sem samdi frumvarpið var nokkuð rætt hvort breyta ætti stöðuheitum á þann veg að oddviti bankastjórnar yrði kallaður aðalbankastjóri en ekki formaður bankastjórnar. Ekki

var efnislegur munur á þeim skilningi sem lagður var í hvort heiti um sig og niðurstaðan varð sú að halda því síðarnefnda.

Mikilvægt er að bankastjórn sé jafnan fullskipuð, þ.e. að skipað sé í lausar stöður án ástæðulauss dráttar. Ella getur sú staða komið upp að ákvörðunarvald í peningamálum sé alfarið í höndum formanns bankastjórnar. Því er í greininni gert ráð fyrir að forsætisráðherra geti sett bankastjóra tímabundið ef bankastjóri forfallast um stundarsakir eða hverfur fyrirvaralaust úr starfi, svo sem við andlát. Þetta gildir jafnt um formann bankastjórnar sem aðra bankastjóra.

Ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins munu áfram gilda um allt það sem varðar bankastjóra Seðlabanka Íslands og ekki er sérstaklega ákveðið að hafa með öðrum hætti. Gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins því m.a. um brottvikningu bankastjóra. Vísað er til þess að ákvæði 2. mgr. 23. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eins og það er nú gildi ekki um endurskipun bankastjóra.

Rétt þykir að kveða á um að undirskrift tveggja bankastjóra þurfi til að skuldbinda bankann, enda er yfirstjórn bankans í höndum þriggja einstaklinga og því þurfi meiri hluta þeirra til að staðfesta skuldbindingar bankans.

Um 24. gr.

Staða formanns bankastjórnar Seðlabanka Íslands verður sérstakt embætti með þessum lögum og er hlutverk hans að vera talsmaður bankans, stýra fundum bankastjórnar og annað sem kann að felast í slíku oddvitahlutverki. Bankastjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum, þar á meðal um hvor bankastjóranna gegnir störfum staðgengils formanns bankastjórnar. Á fundum bankastjórnar er fjallað um öll mál sem varða starfsemi bankans og ákvarðanir teknar um málefni hans nema öðrum sé falið ákvörðunarvald samkvæmt lögunum. Afl atkvæða í bankastjórn ræður úrslitum við afgreiðslu mála. Ef aðeins tveir bankastjórar eru á fundum bankastjórnar ræður atkvæði formanns ef ágreiningur er um afgreiðslu mála.

Ákvarðanir sem teknar eru á fundum bankastjórnar skulu skráðar með viðeigandi hætti og staðfestar með áritun bankastjórnar. Til þess að tryggja að ætíð séu viðhöfð bestu fagleg vinnubrögð við mótun og framkvæmd peningastefnunnar, í ljósi ákvæðanna um meginmarkmið stefnunnar skv. 3. gr., þykir rétt að festa í lög ákvæði um að sérstakar starfsreglur gildi um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana bankastjórnar í peningamálum. Hér er t.d. átt við verkferli sem gilda við undirbúning ákvarðana, við hvaða upplýsingar skuli stuðst og eftir atvikum hvaða embættismenn bankans aðrir en bankastjórar taki þátt í því ferli þótt á endanum sé það bankastjórn sem formlega tekur ákvörðun. Mikilvægt er einnig að gera skýra grein fyrir ákvörðunum bankastjórnar, sérstaklega þeim sem varða beitingu stjórntækja bankans í peningamálum. Þær skal birta opinberlega þannig að skýrt sé á hvaða forsendum þær byggjast og hvað í þeim felst. Með ákvæðum þessarar greinar er leitast við að tryggja að ákvarðanir bankastjórnar séu ætíð reistar á eins faglegum grunni og kostur er, að peningastefnan sé gagnsæ og að bankastjórn standi reikningsskil gerða sinna gagnvart stjórnvöldum og almenningi. Greinin felur ekki í sér kvöð um að bankastjórn skuli birta frásagnir af umræðum á fundum þegar ákvarðanir í peningamálum eru teknar eða afstöðu einstakra bankastjóra.

Í nefndinni sem samdi frumvarpið var rætt hvort kveða skyldi á um sérstaka peningastefnunefnd sem í sætu fleiri en bankastjórar sem færi með ákvörðunarvald í peningamálum. Niðurstaðan varð sú að gera það ekki heldur að fela bankastjórn ákvörðunarvaldið en jafnframt að fela henni að setja starfsreglur um ákvörðunarferil peningamála sem lýst er í málsgreininni hér að framan.

Um 25. gr.

Efni þessarar greinar svarar til 2. mgr. 28. gr. núgildandi Seðlabankalaga. Með þessu ákvæði er lögfest að bankastjórum og formanni bankastjórnar er óheimilt að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti. Telja verður eðlilegt að bankastjórn setji reglur um þetta efni gagnvart öðrum helstu yfirmönnum bankans og öðrum starfsmönnum. Ætla verður að ákvæði um þetta efni verði í ráðningarsamningi þeim er bankaráð gerir við forstöðumann endurskoðunardeildar telji bankaráð ástæðu til þess.

Rísi ágreiningur um efni þessarar greinar gagnvart bankastjórum þykir eðlilegt að ráðherra skeri úr. Gagnvart öðrum starfsmönnum bankans er það bankastjórnar að skera úr.

Ákvæði þessarar greinar ber að túlka þröngt þannig að bankastjórar sitji ekki í stjórn stofnana eða atvinnufyrirtækja utan bankans eða taki þátt í atvinnurekstri nema slíkt sé sérstaklega boðið í lögum.

Um 26. gr.

Lagt er til að bankaráðsmönnum verði fjölgað úr fimm í sjö. Þessi breyting er í samræmi við eflt eftirlitshlutverk bankaráðsins. Hún tryggir breiðari samsetningu þess og að fleiri sjónarmið komist að við umfjöllun í bankaráði. Þótt hlutverk bankaráðsins sé skilgreint í lögunum og þar komi fram hvaða atriði það eru sem bankaráðinu ber að fjalla um og taka ákvarðanir um er engu síður ástæða til að á fundum bankaráðs verði fjallað um mál sem eru til athugunar hjá bankastjórn, sérstaklega varðandi stefnuna í peningamálum.

Þriðji málsliður 1. mgr. er nýjung. Telja verður óeðlilegt vegna hættu á hagsmunaárekstrum og aðgangs að trúnaðarupplýsingum um samkeppnisaðila að stjórnendur og starfsmenn lánastofnana og þeirra fjármálastofnana sem Seðlabankinn á viðskipti við sitji í bankaráði Seðlabankans. Því er lagt til að óheimilt verði að kjósa þá í bankaráðið.

Fjórði málsliður 1. mgr. er einnig nýjung. Rétt þykir að tilgreina að umboð bankaráðs gildi þar til nýtt bankaráð hefur verið kjörið til að tryggja að Seðlabankinn verði ekki án bankaráðs.

Í þessari málsgrein er einnig tekið fram að varamaður taki sæti aðalmanns sem látið hefur af störfum þar til Alþingi hefur kosið nýjan aðalmann til loka kjörtímabils bankaráðsins. Rétt þykir að hafa skýrt ákvæði af þessu tagi í lögunum. Gert er ráð fyrir að nýtt bankaráð verði kjörið í upphafi hvers kjörtímabils.

Fram að þessu hefur ráðherra skipað formann og varaformann bankaráðs úr hópi kjörinna aðalmanna. Eftirleiðis er gert ráð fyrir að bankaráðið kjósi sér sjálft formann og varaformann og skal kosningin gilda fyrir kjörtímabil ráðsins. Fela má formanni bankastjórnar að kalla nýkjörið bankaráð saman til fyrsta fundar og stjórna kjöri formanns bankaráðs.

Um 27. gr.

Þessi grein samsvarar 3. mgr. 31. gr. og 32. gr. núgildandi Seðlabankalaga. Lagt er til að í stað núgildandi ákvæðis um að bankaráð haldi fundi eftir þörfum en að jafnaði eigi sjaldnar en hálfsmánaðarlega komi ákvæði þess efnis að formaður bankaráðs kalli bankaráð saman til fundar án þess að getið sé um lágmarkstíðni funda. Telja verður eðlilegt að bankaráð setji sér sjálft slíkar reglur ef þörf krefur. Þá er lagt til að lögfest verði ákvæði um að atkvæði formanns ráði úrslitum ef atkvæði falla jafnt á fundum bankaráðs. Einnig er lagt til að lögfest verði að halda skuli gerðabók á fundum bankaráðs.

Ekki er lagt til að kveðið verði sérstaklega á um þátttöku annarra starfsmanna bankans en bankastjóra á fundum bankaráðs. Bankaráð getur þó ákveðið að tilgreindir starfsmenn bankans sitji reglulega fundi ráðsins og kallað aðra til eftir því sem tilefni gefst til.

Um 28. gr.

Í þessari grein eru talin upp verkefni bankaráðs. Ákvæði þar að lútandi er að finna á víð og dreif í núgildandi Seðlabankalögum, svo sem 2. mgr. 13. gr., 25. gr., 2. og 3. mgr. 26. gr., 28. gr., 29. gr., 31. gr. og 34. gr. Einnig eru talin upp fjölmörg verkefni bankaráðs í reglugerð fyrir bankann.

Víða í frumvarpinu er vísað til ákvarðana sem Seðlabankinn skal taka eða tillagna sem hann skal gera. Sé ekki tekið fram í þessari grein að bankaráð hafi ákvörðunarvald á því sviði ber að líta svo á að ákvörðunarvaldið eða tillöguréttur inn sé í höndum bankastjórnar.

Í 1. málsl. greinarinnar er tekið fram að bankaráð hafi eftirlit með starfsemi bankans. Það ber að skilja þannig að bankaráði, sem er kjörið af Alþingi, sé falið að veita rekstri og starfsemi hans aðhald og sinna eftirliti af hálfu löggjafarvaldsins auk annarra verkefna sem eru nánar tilgreind í þessari grein. Þá er í 2. málsl. kveðið á um að bankastjórn skuli upplýsa bankaráð um helstu þætti í stefnu bankans og um reglur sem hann setur. Í því felst m.a. að fara yfir mat bankastjórnar á stöðu og horfum í efnahags- og peningamálum og forsendur ákvarðana og ákvarðanir í peningamálum og ganga úr skugga um að ætíð sé unnið á faglegum grunni. Því er ætlast til að bankaráð fjalli um stefnu bankans í peningamálum þótt það taki ekki ákvarðanir um hana. Auk þess fylgist bankaráð með öðrum þáttum í starfsemi bankans.

Í a–n-liðum eru síðan talin upp verkefni sem bankaráði er sérstaklega ætlað að sinna.

Ákvæði a-liðar ber að túlka þannig að bankaráð verði að staðfesta skipurit bankans en ekki önnur atriði í stjórnskipulagi hans eins og starfslýsingar einstakra starfsmanna.

Bankaráði ber samkvæmt ákvæði b-liðar að ákveða laun og önnur starfskjör bankastjóra, þ.m.t. formanns bankastjórnar. Auk ákvörðunar um laun og hlunnindi sem fylgja starfinu þarf bankaráð að ákveða hvaða rétt bankastjórar hafa til biðlauna og eftirlauna og hvernig með skuli farið við starfslok. Þannig kann í einhverjum tilvikum að vera ástæða til að kveða sérstaklega á um fyrirkomulag eftirlauna bankastjóra sem láta af starfi áður en þeir komast á eftirlaun frá þeim lífeyrissjóði sem þeir eiga aðild að.

Í c-lið er kveðið á um að bankaráð skuli hafa umsjón með innri endurskoðun við bankann og ráða aðalendurskoðanda. Er þetta í samræmi við það sem tíðkast hefur í Seðlabankanum og í öðrum bönkum og fjármálastofnunum. Bankaráðið hefur með höndum eftirlit með starfsemi bankans og því er rökrétt að innri endurskoðun fari fram á þess vegum. Eins og fram kemur í 33. gr. annast Ríkisendurskoðun einnig endurskoðun hjá Seðlabankanum.

Samkvæmt ákvæði d-liðar skal bankaráð staðfesta reglur sem bankastjórn setur um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana í peningamálum. Eins og fram kemur í skýringum við 24. gr. er þetta mikilvægur þáttur í að tryggja fagleg vinnubrögð og gagnsæi stefnunnar í peningamálum.

Mikilvægt er að skýrar reglur gildi um hverjum sé heimilt að skuldbinda bankann og er í e-lið kveðið á um að reglur um slíkt sem settar eru innan bankans skuli staðfestar af bankaráði.

Þótt gerð kjarasamninga teljist hluti daglegrar stjórnunar á rekstri bankans og því í höndum bankastjórnar að standa að þeim er um að ræða svo viðamikinn þátt í rekstri að eðlilegt telst að bankaráð þurfi að staðfesta gerð slíkra samninga, sbr. f-lið. Þá eru reglur er lúta að lífeyrismálum starfsmanna af sama tagi.

Í g-, i-, j- og k-liðum eru skilgreind verkefni bankaráðs varðandi áætlun um rekstur, reikningsskil og ráðstöfun eigna.

Bankaráðið skal skv. h-lið veita forsætisráðherra umsögn um reglugerð um framkvæmd einstakra þátta laganna. Bankaráðið þarf að þekkja vel til starfsemi bankans á hverjum tíma og er því viðeigandi til samráðs fyrir setningu frekari reglna um starfsemi bankans.

Seðlabanka Íslands verður skv. 37. gr. heimilt að beita lánastofnanir viðurlögum í formi dagsekta, sem ákveðnar eru af bankastjórn með samþykki bankaráðs, hlíti þær ekki reglum bankans um bindiskyldu, laust fé eða gjaldeyrisjöfnuð. Hér er átt við að bankastjórn setji reglur um viðurlög sem bankaráð skal staðfesta en ekki að bankaráð skuli fjalla um einstök tilvik þegar viðurlögum er beitt. Í l-lið er bankaráði falið að staðfesta reglur um viðurlög.

Í 25. gr. frumvarpsins er kveðið á um að bankastjórum sé almennt óheimilt að sitja í stjórnum stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri. Ekki er þörf á að setja svo skýrt lagaákvæði um aðra starfsmenn bankans en fela bankaráðinu þess í stað að setja reglur þar um.

Seðlabankinn skal varðveita gjaldeyrisvarasjóð í samræmi við markmið og hlutverk bankans. Skv. 20. gr. frumvarpsins skal bankastjórn setja starfsreglur um varðveislu hans. Í n-lið er bankaráði falið að staðfesta slíkar starfsreglur.

Um 29. gr.

Í VI. kafla frumvarpsins er sameinað efni sem fjallað er um í IV. og VI. kafla núgildandi Seðlabankalaga. Upplýsingaöflun er mjög þýðingarmikil í starfi Seðlabankans, bæði til þess að hann geti sinnt hlutverki sínu skv. 3. og 4. gr. og til hagskýrslugerðar. Hagskýrslugerðin nær til allra þátta sem varða peningamál, greiðslujöfnuð við útlönd og gengis- og gjaldeyrismál. Því er mjög brýnt að heimildir bankans í þessum efnum séu rúmar og skýrar og að heimilt sé að beita viðurlögum ef upplýsingaskylda er vanrækt, líkt og t.d. er kveðið á um í lögum um hagfræðiskýrslur.

Um 30. gr.

Seðlabanki Íslands skal gera skýrslur og áætlanir um peningamál, greiðslujöfnuð, gengis- og gjaldeyrismál og annað sem hlutverk og stefnu bankans varðar. Ekki er aðeins ætlast til þess að bankinn sinni þessu hlutverki heldur einnig að hann geri opinberlega grein fyrir stefnu sinni í peningamálum og fyrir þróun peningamála, gengis- og gjaldeyrismála og aðgerðum sínum á þeim sviðum. Þessi kvöð þykir sjálfsögð í seðlabankalöggjöf nú til dags. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið hefur víða um lönd verið lögð mjög rík áhersla á að auka gagnsæi í opinberri stjórnsýslu, ekki síst í mótun og framkvæmd peningastefnu. Ákveðnar leiðbeiningarreglur í þessum efnum voru samþykktar á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins haustið 1998 og er eindregið mælt með að seðlabankar aðildarlanda sjóðsins tileinki sér þær í hvívetna. Þær fela m.a. í sér það sem kveðið er á um í þessari grein, þ.m.t. að gefa út ársskýrslu þar sem ítarlega er gerð grein fyrir starfsemi bankans.

Í greininni er sett kvöð á Seðlabankann að standa reikningsskil (e. „accountability“) gerða sinna. Það er liður í auknum gagnsæiskröfum að seðlabankar geri sem rækilegasta grein fyrir stefnu sinni í peningamálum, forsendum ákvarðana, mati á stöðu og horfum í efnahags- og peningamálum sem lagt er til grundvallar stefnumótun hans og síðast en ekki síst ýmsum þáttum í starfi bankans öðrum en þeim sem snerta endilega peningastefnuna beint. Þessu viðfangsefni sinnir Seðlabanki Íslands nú með útgáfu ársfjórðungsritsins Peningamála þar sem hann gerir grein fyrir stefnu sinni, aðgerðum og mati á stöðu og horfum í efnahags- og pen-

ingamálum. Í ársskýrslu sinni gerir bankinn svo grein fyrir ýmsum þáttum í starfsemi sinni. Þá hafa bankastjórn og aðrir yfirmenn bankans jafnan verið reiðubúnir að skýra opinberlega stefnu og markmið bankans. Enda þótt þessi háttur sé við hafður nú þegar þykir sjálfsagt að lögfesta kröfu um upplýsingaskyldu bankans með þeim hætti sem hér er gert.

Um 31. gr.

Seðlabanki Íslands skal stunda hagrannsóknir sem lúta að viðfangsefnum hans á sviði peningamála og fjármálakerfis. Með rökum má eflaust halda því fram að ákvæði af þessu tagi sé óþarft í lögum um Seðlabankann. Hins vegar þykir ástæða til þess að leggja áherslu á þetta viðfangsefni og þá skyldu Seðlabankans að sinna hagrannsóknum á verksviði sínu. Þá er í greininni jafnframt kveðið sérstaklega á um heimild bankans til þess að stuðla að rannsóknum annarra á þessum sviðum, t.d. háskóla og stofnana þeirra.

Um 32. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 31. gr. gildandi Seðlabankalaga ef frá er talið að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að gerð ársreiknings skuli lokið innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs í stað tveggja samkvæmt núgildandi lögum. Ástæða þessa er sú að í 34. gr. frumvarpsins er kveðið á um tengingu eigin fjár Seðlabankans við niðurstöðutölu úr reikningsuppgjöri lánakerfisins í lok næstliðins árs. Það uppgjör liggur jafnan ekki fyrir fyrr en í byrjun þriðja mánaðar ársins á eftir. Ákvæði 2. mgr. um að ráðherra setji nánari reglur um reikningsskil og ársreikning að fengnum tillögum Seðlabankans er efnislega samhljóða ákvæðum núgildandi laga.

Um 33. gr.

Hér er kveðið á um að innri endurskoðun í Seðlabanka Íslands skuli vera í höndum aðalendurskoðanda, sbr. 28. gr. Auk þess annist Ríkisendurskoðun endurskoðun hjá Seðlabankanum. Gengið er út frá því að aðalendurskoðandi sé löggiltur endurskoðandi. Í þessari málsgrein felst sú breyting frá 29. gr. núgildandi Seðlabankalaga að fellt er niður ákvæði um að auk þess skuli endurskoðun hjá Seðlabankanum framkvæmd af skoðunarmanni, löggiltum endurskoðanda, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Endurskoðun hjá bankanum verður þá með sama hætti og hjá öðrum stofnunum ríkisins. Eins og í gildandi lögum er aðalendurskoðandi, sem stýrir innri endurskoðun bankans, ráðinn af bankaráði og heyrir beint undir það, sbr. ákvæði 28. gr. Ríkisendurskoðun hefur annast endurskoðun hjá Seðlabankanum og verður ekki séð að sérstakur skoðunarmaður sé nauðsynlegur til þess að tryggja fullnægjandi endurskoðun. Ríkisendurskoðun hefur það jafnan í hendi sér að fela sjálfstætt starfandi endurskoðanda fyrir sína hönd endurskoðun hjá Seðlabankanum.

Að öðru leyti er greinin efnislega samhljóða ákvæðum gildandi laga ef frá er talið að ekki er lengur kveðið á um að bankinn skuli birta mánaðarlegt efnahagsyfirlit í Lögbirtingablaðinu.

Um 34. gr.

Í 33. gr. núgildandi Seðlabankalaga er kveðið á um að árlega skuli helmingur af meðalhagnaði næstliðinna þriggja ára, að frádregnu framlagi í arðsjóð skv. 2. mgr., greiddur í ríkissjóð. Í 1. mgr. 34. gr. frumvarpsins er kveðið á um að árlega skuli fjárhæð sem svarar til tveggja þriðju hluta hagnaðar Seðlabankans á liðnu reikningsári greidd í ríkissjóð. Frumvarpið gerir sem sagt ráð fyrir því að hærra hlutfall af hagnaði Seðlabankans skuli greitt í ríkissjóð en gert hefur verið samkvæmt núgildandi Seðlabankalögum. Í 2. mgr. er hins vegar

kveðið á um að þrátt fyrir þetta skuli Seðlabankinn aðeins greiða þriðjung hagnaðar síns í ríkissjóð ef eigið fé hans í lok reikningsársins svarar ekki að lágmarki til 2,25% af fjárhæð útlána og innlendrar verðbréfaeignar lánakerfisins í lok ársins. Með útlánum og innlendri verðbréfaeign lánakerfisins er átt við þá stærð sem birtist í skýrslum Seðlabankans sem m.a. eru birtar í ritum bankans og í Hagtölum Seðlabankans á heimasíðu hans. Þar nær lánakerfið til Seðlabankans, innlánsstofnana, annarra lánastofnana, sbr. athugasemdir við 6. gr., lífeyrissjóða, tryggingafélaga, lána ríkisins og útlanda, þ.e. lána frá útlöndum. Miðað við uppgjör reikninga lánakerfisins í lok ársins 2000 þyrfti eigið fé bankans að vera 36,4 milljarðar króna. Miðað skal við þær upplýsingar sem fyrir liggja við uppgjör reikninga bankans og skal eiginfjárviðmiðuninni ekki breytt þótt þær kynnu að breytast síðar. Viðmiðun við þessa heildarstærð úr reikningum lánakerfisins er valin þar sem hún gefur vísbendingu um umfang fjármálakerfisins sem þykir eðlileg viðmiðun í þessu samhengi.

Ástæða þess að greinin er útfærð á þennan hátt er sú að nauðsynlegt þykir að tryggja að Seðlabankinn búi jafnan yfir ákveðnu lágmarks eigin fé til þess að hafa styrk til þess að gegna hlutverki sínu. Sem stendur er eigið fé bankans lægra en viðmiðunin segir til um og því nauðsynlegt að efla eiginfjárstöðuna. Ástæður þessa eru m.a. að talið er nauðsynlegt að eigið fé Seðlabankans sé nægilega mikið til þess að ávöxtun þess geti staðið undir rekstrarkostnaði bankans. Auk rekstrarfjár þarf bankinn á fé að halda til þess að framfylgja markmiðum sínum í verðlagsmálum og að því er varðar fjármálastöðugleika. Rök hníga til þess að sterk tengsl séu á milli eiginfjárþarfar seðlabanka og þeirrar gengis- og vaxtaáhættu sem hann býr við. Seðlabanki Íslands býr við mikla gengisáhættu vegna eignasamsetningar sinnar auk þess sem hlutfall seðla og myntar af heildareignum bankans er mjög lágt miðað við það sem gerist hjá öðrum seðlabönkum. Talið er nauðsynlegt, í ljósi sveiflna sem verða í umhverfi Seðlabankans, að hann hafi yfir nægilega rúmri eiginfjárstöðu að ráða til þess að geta tekist af fullnægjandi afli á við sveiflur á mörkuðum, t.d. í líkingu við þær sem urðu á gjaldeyrismarkaði á miðju ári 2000. Engar algildar reglur eða viðmiðanir eru til um eigið fé seðlabanka. Þó má fullyrða að vegna smæðar hagkerfisins og sveiflna í umhverfinu þurfi Seðlabanki Íslands að ráða yfir sterkari eiginfjárstöðu en seðlabankar í stærri ríkjum sem ekki sæta sömu sveiflum og verða hér á landi. Í lok ársins 2000 var eigið fé Seðlabankans 21,7 milljarðar króna. Til þess að ávöxtun þess nægi til að standa straum af rekstrarkostnaði bankans þyrfti eigið fé að vera 24–25 milljarðar króna og til þess að Seðlabankinn sé undir það búinn að mæta sveiflum sem fyrirvaralaust geta orðið í gjaldeyrisforðanum og á innlendum mörkuðum má færa rök fyrir því að eigið fé hans þyrfti að auka til viðbótar um a.m.k. 10 milljarða króna. Lágmarks eigið fé Seðlabankans ætti samkvæmt því að vera um 35 milljarðar króna.

Nefnd sem samdi frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands sem rætt var á Alþingi 1992 en hlaut ekki afgreiðslu varð sammála um að leggja til að eigið fé bankans í lok reikningsárs skyldi ekki vera lægra en 6% af vergri landsframleiðslu ársins á undan. Væri eigið fé undir þessum mörkum greiddist fjórðungur af meðalhagnaði næstliðinna þriggja ára í ríkissjóð, annars hagnaðurinn að fullu. Í greinargerð með því frumvarpi sagði m.a. að æskileg stærð gjaldeyrisvarasjóðs réðist einkum af tvennu: annars vegar mikilvægi utanríkisviðskipta fyrir þjóðarbúið og hins vegar hvort víðtækar hömlur gildi um fjármagnshreyfingar til og frá landinu. Athuganir sýndu að eigið fé Seðlabankans væri lægra í hlutfalli við verga landsframleiðslu en eigið fé seðlabanka annars staðar á Norðurlöndum að Finnlandi undanskildu. Utanríkisviðskipti Íslands væru hærra hlutfall af vergri landsframleiðslu en annars staðar á Norðurlöndum. Það kallaði því á hlutfallslega stærri gjaldeyrisvarasjóð hér á landi en á öðrum Norðurlöndum. Jafnframt hefði markvisst verið dregið úr hömlum á fjármagnshreyfingum síðan 1990 og innan nokkurra ára mætti búast við því að þær hefðu horfið að fullu.

Aukið frelsi í gengis- og gjaldeyrismálum leiddi væntanlega til meiri sveiflna í gjaldeyriskaupum og sölu og kallaði á stærri gjaldeyrisvarajóð en ella. Þá mætti benda á að hér á landi væru seðlar og mynt í umferð mun lægra hlutfall af vergri landsframleiðslu en annars staðar á Norðurlöndum. Af öllum þessum atriðum leiddi að eigið fé Seðlabankans væri mikilvægara til að fjármagna gjaldeyrisforðann en annars staðar á Norðurlöndum og þyrfti því að vera hlutfallslega meira hér á landi. Ef viðmiðun frumvarpsins frá 1992 ætti að gilda þyrfti eigið fé bankans nú að vera um 37 milljarðar króna. Í litlu og opnu hagkerfi með sjálfstæðan gjaldmiðil er mjög mikilvægt að seðlabankinn búi yfir sterkri eiginfjárstöðu.

Sömu rök gilda nú og við samningu frumvarpsins sem lagt var fram 1992. Hömlum var létt af fjármagnsflutningum og frá byrjun árs 1995 hafa engar takmarkanir verið á flutningi fjármagns til og frá landinu. Það liggur í eðli máls að sú breyting fól m.a. í sér hættu á meiri sveiflum en áður.

Hægt er að efla eigið fé bankans með tvennum hætti, annars vegar með beinu framlagi úr ríkissjóði og hins vegar með því að gera honum kleift að styrkja það á nokkru árabili þar til ákveðnu marki er náð eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í 2. mgr. 33. gr. núgildandi Seðlabankalaga er kveðið á um að árlega skuli leggja í svokallaðan arðsjóð a.m.k. jafngildi 40 millj. kr. miðað við verðlag í árslok 1994. Arðsjóður skuli ávaxtaður í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum eða innlánum en helmingur árlegra tekna hans skuli renna í Vísindasjóð, sbr. lög um Rannsóknarráð Íslands. Þetta ákvæði er fellt út úr frumvarpinu nú. Ástæðan er sú að óeðlilegt er að leggja kvaðir á Seðlabankann sem eru óskyldar starfsemi hans og hlutverki sem seðlabanka og eðli máls samkvæmt eiga heima í fjárlögum. Ákvæðið um framlag í arðsjóð hefur verið í lögunum um Seðlabankann allt frá setningu fyrstu laganna árið 1961. Á þeim tíma kunna að hafa verið gildar ástæður til þess að búa svo um hnúta að Seðlabankinn stæði undir framlagi hins opinbera til Vísindasjóðs. Fyrirkomulag af þessu tagi heyrir sögunni til og er ástæða til þess að fella niður þá kvöð sem á bankanum hefur hvílt að fjármagna Vísindasjóð.

Um 35. gr.

Í greininni er kveðið á um þagnarskyldu og trúnaðarupplýsingar, gagnkvæm upplýsingaskipti við opinbera aðila erlendis og um samskipti við Fjármálaeftirlitið. Efni greinarinnar er að mestu leyti samhljóða ákvæðum gildandi laga. Þess má þó geta í sambandi við 4. mgr. að í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og í núgildandi Seðlabankalögum er kveðið á um að Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið skuli gera með sér sérstakan samstarfssamning. Skömmu eftir að Fjármálaeftirlitið tók til starfa var gerður slíkur samstarfssamningur og var hann endurnýjaður á miðju síðasta ári. Þar er kveðið á um ýmsa þætti sem varða samstarf stofnananna og nákvæmlega skilgreind regluleg upplýsingaskipti á milli þeirra.

Í greininni er einnig kveðið á um upplýsingaskipti við opinbera aðila erlendis. Hér er einkum átt við seðlabanka annarra landa eða stofnanir á sviði eftirlits með fjármálastarfsemi. Upplýsingar sem um ræðir varða einkum málefni einstakra fjármálastofnana eða atriði sem snerta fjármálalegan stöðugleika.

Um 36. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 35. gr. núgildandi Seðlabankalaga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 37. gr.

Fyrsta málsgrein þarfnast ekki skýringa. Í 2. mgr. er kveðið á um viðurlög í formi dagsekta. Í 5. mgr. 8. gr. núgildandi Seðlabankalaga segir að Seðlabankinn geti beitt lánastofnanir og verðbréfasjóði viðurlögum skv. 37. gr. sömu laga sé ákvörðunum bankans varðandi bindiskyldu, laust fé og gjaldeyrisjöfnuð ekki hlítt. Í núgildandi Seðlabankalögum er ráðherra heimilt að setja nánari ákvæði um starfsemi bankans. Þar á meðal skuli ákveða viðurlög í formi dagsekta og refsivaxta sé ákvörðunum bankans ekki hlítt. Í frumvarpinu er kveðið á um þessi atriði og að ákvörðun dagsekta verði ekki reglugerðarefni heldur verði þær ákveðnar af bankastjórn með samþykki bankaráðs. Þá er einnig kveðið á um það í þessari grein að viðurlögin skuli kynnt Fjármálaeftirlitinu og lánastofnunum sem þau geta átt við. Þá er kveðið á um að sé vanræksla ítrekuð geti bankinn að höfðu samráði við Fjármálaeftirlitið lagt til við viðskiptaráðherra að viðkomandi stofnun verði svipt starfsleyfi. Ólíklegt er að til þessa komi en engu síður talið nauðsynlegt að til slíkra örþrifaráða sé hægt að grípa þegar tilefni gefst til.

Í 3. mgr. er ákvæði sem byggist á 20. gr. gildandi laga og felur í sér að Seðlabankinn geti beitt þá viðurlögum sem vanrækja að veita bankanum upplýsingar sem hann á rétt á. Ákvæðið er efnislega áþekkt ákvæðum laga um hagskýrslur.

Um 38. gr.

Seðlabanki Íslands skal birta reglur sem hann setur þannig að þær séu aðgengilegar almenningi. Í samræmi við ákvæði laga um birtingu stjórnvaldsákvarðana hefur Seðlabankinn um allmargra ára skeið birt allar reglur sem hann hefur sett í B-deild Stjórnartíðinda áður en þær hafa tekið gildi. Í einstökum greinum frumvarpsins er kveðið á um að Seðlabankinn setji nánari reglur um einstök atriði. Þrátt fyrir það er talin ástæða til að hafa einnig í lögunum almenna heimild fyrir Seðlabankann til að setja reglur um viðfangsefni sín önnur en þau sem sérstaklega er kveðið á um að hann skuli setja reglur um. Viðfangsefni af þessu tagi geta t.d. verið á sviði greiðslumiðlunar.

Um 39. gr.

Ráðherra getur að fengnu áliti bankaráðs sett með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd einstakra ákvæða laganna. Í 37. gr. gildandi laga segir að í reglugerð sem ráðherra gefur út að fengnum tillögum bankaráðs skuli setja nánari ákvæði um starfsemi bankans í samræmi við lögin. Breytingin felst í því að gert er valkvætt hvort ráðherra setur reglugerð fremur en að það verði skylt eins og er í núgildandi Seðlabankalögum.

Um 40. gr.

Ekkert ætti að hindra að lögin geti tekið gildi um leið og Alþingi hefur samþykkt frumvarpið. Við gildistöku nýrra laga um Seðlabanka Íslands falla úr gildi ákvæði 5. gr. laga nr. 54/1974 um þátttöku Seðlabankans í greiðslu kostnaðar af starfsemi Þjóðhagsstofnunar. Um þetta gilda svipuð rök og færð voru fram í skýringum við 34. gr. um framlag bankans til Vísindasjóðs. Þjóðhagsstofnun er ríkisstofnun sem eðlilegt er að njóti að fullu framlaga á fjárlögum til starfsemi sinnar.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Við gildistöku laganna kýs Alþingi nýtt bankaráð þannig að það umboð þess gildi frá þeim tíma. Frá sama tíma fellur niður umboð þess bankaráðs sem kosið var á Alþingi síðla árs 1998 fyrir fjögurra ára kjörtímabil sem hófst 1. október það ár.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í samræmi við ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins kveður ákvæðið á um að bankastjórar Seðlabanka Íslands við gildistöku laganna skuli gegna störfum til loka skipunartíma síns. Frá og með fyrstu skipun í embætti bankastjóra eftir að lögin hafa tekið gildi skulu hins vegar gilda ákvæði 2. mgr. 23. gr. Það þýðir með öðrum orðum að bankastjóri sem heldur stöðu sinni við gildistöku laganna situr til loka þess tímabils sem hann var skipaður til. Að því loknu er heimilt að endurskipa hann til sjö ára, tvisvar sinnum, sbr. ákvæði 2. mgr. 23. gr. Þá gerir ákvæðið jafnframt ráð fyrir að við gildistöku laganna skipi ráðherra formann bankastjórnar úr röðum þáverandi bankastjóra og að fyrsta formennskuskeið hans takmarkist við þau ár sem eftir lifa af skipunartíma hans sem bankastjóra við gildistöku laganna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands.

Tilgangur frumvarpsins er að auka sjálfstæði Seðlabanka Íslands og gera honum kleift að vinna með markvissari hætti að stjórn peningamála.

Bein áhrif frumvarpsins á afkomu ríkissjóðs, verði það óbreytt að lögum, eru þau að niður fellur hlutdeild bankans í rekstri Þjóðhagsstofnunar, sem undanfarin ár hefur verið um 60 m.kr. á ári, og einnig fellur niður framlag bankans í Vísindasjóð sem hefur verið 145 m.kr. á ári. Að öðru leyti munu áhrifin ráðast af arðgreiðslum bankans í ríkissjóð.

Gildandi lög um Seðlabanka Íslands kveða á um að arðgreiðsla hans í ríkissjóð skuli vera helmingur af meðalhagnaði bankans næstliðin þrjú ár, að frádregnu framlagi í arðsjóð. Frumvarpið kveður hins vegar á um að árlega skuli fjárhæð sem svarar til tveggja þriðju hluta hagnaðar bankans á liðnu reikningsári greidd í ríkissjóð, þó þannig að ef eigið fé bankans í lok reikningsárs svarar ekki að lágmarki til 2,25% af fjárhæð útlána og innlendrar verðbréfaeignar lánakerfisins skal aðeins greiða þriðjung hagnaðar í arð. Arðgreiðslur bankans í ríkissjóð munu því ráðast af hagnaði bankans og hlutfalli eigin fjár hans miðað við fjárhæð útlána og innlendrar verðbréfaeignar lánakerfisins.

1055. Tillaga til þingsályktunar [676. mál]

um aðgerðir gegn ofbeldi.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að skorin verði upp herör gegn ofbeldi á götum úti og innbrotum á höfuðborgarsvæðinu, fyrst og fremst með eflingu löggæslu og bættum réttarúrræðum. Settur verði á fót starfshópur á vegum dómsmálaráðherra og félagsmálaráðherra sem meti stöðu þessara mála og móti tillögur til úrbóta.

Greinargerð.

Órækur vitnisburður er um að ofbeldi og innbrot á höfuðborgarsvæðinu séu komin á annað og alvarlegra stig en var fyrir tiltölulega fáum árum. Telja margir borgarbúar að þeir geti ekki lengur gengið um borgina að kvöld- og næturlagi án þess að eiga á hættu að verða fyrir tilefnislausum árásum. Foreldrar hafa vaxandi áhyggjur af börnum sínum sem náð hafa lögaldri og sækja skemmtistaði eða eru af öðrum ástæðum á ferð að kvöld- og næturlagi. Þá eru innbrot í heimahús og bíla orðin tíð og valda oft miklu tjóni og vekja óhug meðal almennings.

Flest bendir til þess að samhliða breyttu borgarsamfélagi og auknu og harkalegra ofbeldi hafi löggæsla ekki fylgt þróuninni og sé bæði of fámenn og aðbúnaður löggæslufólksins ekki fullnægjandi.

Nauðsynlegt er að stemma stigu við þessu ástandi áður en það verður landlægt og hluti af því borgarlífi sem nú er að mótast á höfuðborgarsvæðinu. Því er lagt til að dómsmálaráðherra og félagsmálaráðherra setji á fót starfshóp sem meti stöðu þessara mála og móti tillögur í framhaldi af því. Leitað verði eftir mikilli samvinnu við sveitarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu og aðra þá aðila sem best þekkja til svo komast megi að rótum vandans. Jafnhliða slíkri undirbúningsvinnu verði löggæsla efld á höfuðborgarsvæðinu.

1056. Tillaga til þingsályktunar [677. mál]

um aukið samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu.

Flm.: Katrín Fjeldsted, Jónína Bjartmarz, Bryndís Hlöðversdóttir, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að kanna gildi þess fyrir framgang heilbrigðisáætlunar og jafnframt hagkvæmni þess að koma á auknu samstarfi heilsugæslu við aðrar fagstéttir svo sem gert er ráð fyrir í lögum um heilbrigðisþjónustu og reglugerð fyrir heilsugæslustöðvar.

Greinargerð.

Mikilvægi heilsugæslunnar sem einnar af grunnstoðum heilbrigðisþjónustunnar í landinu er óumdeilt. Talið hefur verið að 80–85% af landsmönnum ættu að geta fengið þjónustuþörf sinni fullnægt innan heilsugæslunnar. Jafnframt því sem áhersla er lögð á að fjölga heimilislæknum þarf að huga að aðkomu skjólstæðinga að stoðþjónustu og ráðgjöf annarra fagstétta og hefur löggjafinn gert ráð fyrir að á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skuli veitt þjónusta af ýmsu tagi. Í 19. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, er kveðið á um starfsemi heilsugæslustöðva, en þar segir:

„19.1. Á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skal veita þjónustu eftir því sem við á og hér segir:

1. Almenn læknisþjónusta, hjúkrunarþjónusta, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, vaktþjónusta, vitjanir og sjúkraflutningar.
2. Lækningarannsóknir.
3. Sérfræðileg læknisþjónusta, tannlækningar og læknisfræðileg endurhæfing.
4. Heimahjúkrun.
5. Heilsuvernd. Aðalgreinar heilsuverndar eru:

5.1. Heilbrigðisfræðsla í fyrirbyggjandi tilgangi.
5.2. Mæðravernd.
5.3. Ungbarna- og smábarnavernd.
5.4. Heilsugæsla í skólum.
5.5. Ónæmisvarnir.
5.6. Berklavarnir.
5.7. Kynsjúkdómavarnir.
5.8. Geðvernd, áfengis-, tóbaks- og fíkniefnavarnir.
5.9. Sjónvernd.
5.10. Heyrnarvernd.
5.11. Heilsuvernd aldraðra.
5.12. Hópskoðanir og skipulögð sjúkdómaleit.
5.13. Félagsráðgjöf, þ.m.t. fjölskyldu- og foreldraráðgjöf.
5.14. Umhverfisheilsuvernd.
5.15. Atvinnusjúkdómar, sbr. og lög nr. 46/1980.
5.16. Slysavarnir.

Sé aðsetur heilbrigðisfulltrúa ákveðið þar sem heilsugæslustöð er, skal heilbrigðiseftirlit starfrækt frá stöðinni."

Nánar er síðan fjallað um inntak þessarar þjónustu í reglugerð fyrir heilsugæslustöðvar, nr. 160/1982, sem reyndar er komin nokkuð til ára sinna og brýnt að ný og endurskoðuð reglugerð verði sett hið fyrsta.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að ráðherra verði falið að kanna hagkvæmni þess að heilsugæslan auki starfstengsl sín við fleiri fagstéttir en nú er. Tillögunni er ætlað að stuðla að auknu og bættu þjónustustigi innan heilsugæslunnar þannig að hún sé betur fær um að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til hennar. Aukið samstarf við aðrar fagstéttir ætti jafnframt að létta nokkuð álagi af heimilislæknum og um leið auka afköst heilsugæslunnar í heild sinni. Þannig gæti heilsugæslan m.a. samið við félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, sálfræðinga o.fl. um samstarf til stuðnings þeim skjólstæðingum sem heimilislæknar stöðvanna teldu að þyrftu á slíkri þjónustu að halda. Vert er í þessu sambandi að minnast á verkefnið „Nýja barnið". Það var þróunarverkefni Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri og lagði stöðin þar áherslu á að nýta fjölskylduráðgjöf til að þróa nýja vídd í heilsuverndarstarfi, sérstaklega í mæðra- og ungbarnavernd. Verkefnið var síðan tilnefnt af heilbrigðisráðuneytinu sem framlag Íslands í samkeppni þróunarverkefna sem efnt var til í tilefni 50 ára afmælis Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar 1998 og þar fékk það sérstaka viðurkenningu. Þá hefur samstarf um fyrirbyggjandi aðgerðir komist á milli heilsugæslunnar í Hafnarfirði við skólaskrifstofu og aðra faghópa og jafnframt á heilsugæslan í Grafarvogi aðild að Miðgarði, þar sem rekin er fjölskylduþjónusta fyrir íbúa Grafarvogs.

Fyrir þinginu liggur nú tillaga til þingsályktunar um heilbrigðisáætlun til ársins 2010. Í þeirri ályktun eru sett fram metnaðarfull markmið til næstu ára. Til að þessi markmið megi nást verður heilsugæslan að geta veitt þá þjónustu sem lög um heilbrigðisþjónustu og reglugerð um starfsemi heilsugæslustöðva gera ráð fyrir. Af þessum sökum er lagt til að ráðherra kanni gildi aukins samstarfs fyrir framgang heilbrigðisáætlunar sérstaklega. Með því að efla samstarf við aðrar fagstéttir er unnt að renna styrkari stoðum undir starfsemi heilsugæslunnar í landinu.

1057. Frumvarp til laga [678. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Karl V. Matthíasson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 1 14. janúar 1999 og 1. gr. laga nr. 9 16. mars 1999:

a. Í stað ártalsins „2001“ í 1. mgr. kemur: 2002.
b. Í stað ártalsins „2001“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: 2002.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XXIII við lögin, sbr. ákvæði til bráðabirgða I við lög nr. 1 14. janúar 1999 og 2. gr. laga nr. 9 16. mars 1999:

a. Í stað orðanna „1998/1999, 1999/2000 og 2000/2001“ í 1. mgr. kemur: 1998/1999, 1999/2000, 2000/2001 og 2001/2002.
b. Í stað orðanna „1998/1999, 1999/2000 og 2000/2001“ í 11. mgr. kemur: 1998/1999, 1999/2000, 2000/2001 og 2001/2002.
c. Í stað orðanna 1999/2000 og 2000/2001“ í 12. mgr. kemur: 1999/2000, 2000/2001 og 2001/2002.
d. Í stað orðanna „1998/1999, 1999/2000 og 2000/2001“ í 2. málsl. 14. mgr. kemur: 1998/1999, 1999/2000, 2000/2001 og 2001/2002.
e. Í stað orðanna „1. september 2001“ í 1. málsl. 15. mgr. kemur: 1. september 2002.
f. Í stað orðanna „á fiskveiðiárinu 1999/2000“ og „á fiskveiðiárinu 2000/2001“ í 16. mgr. kemur: á fiskveiðiárunum 1999/2000 og 2000/2001 og á fiskveiðiárunum 2000/2001 og 2001/2002.

3. gr.

Í stað orðanna „á fiskveiðiárinu 2000/2001“ í 1. og 2. málsl. 8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIV við lögin, sbr. ákvæði til bráðabirgða II við lög nr. 1 14. janúar 1999 og 3. gr. laga nr. 9 16. mars 1999, kemur: á fiskveiðiárunum 2000/2001 og 2001/2002.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að núverandi skipan á veiðum krókabáta samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, verði framlengd um eitt ár og því verði skipan veiða þessara báta á fiskveiðiárinu 2001/2002 hin sama og á fiskveiðiárinu 2000/2001. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 1/1999, sbr. lög nr. 9/1999, var ætlað að meginþorra krókabáta yrði úthlutað aflahlutdeildum og að árlegu aflamarki yrði úthlutað í ýsu, ufsa og steinbít til viðbótar þeirri framkvæmd sem verið hefur um þorskaflahámark krókaveiðibáta, en að veiðar á öðrum tegundum yrðu frjálsar. Öðrum krókabátum skyldi úthlutað sóknardögum til handfæraveiða. Með lögum nr. 93/2000 var gildistöku fyrrgreindrar skipanar frestað um eitt fiskveiðiár. Ástæða þess var fyrst og fremst sú að yfir stóð heildarendurskoðun laga um stjórn fiskveiða sem samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXVII skyldi vera lokið fyrir lok fiskveiðiársins

2000/2001. Þótti óheppilegt að taka upp nýja skipan við stjórn veiða smábáta meðan þessi endurskoðun stæði yfir. Eins og endurskoðunarvinnunni hefur miðað má telja víst að henni verði ekki lokið á tilsettum tíma. Er því lagt til að núverandi skipan verði haldið óbreyttri á næsta fiskveiðiári. Flutningsmaður telur óeðlilegt að kvótasetja smábátaflotann enda hníga ekki til þess rök að það þjóni hagsmunum þjóðarinnar að hefta frekar veiðar smábáta. Miklu heldur mundi það auka verðmæti af auðlindinni að smábáta- og strandveiðiflotinn fengi aukið frelsi til að veiða meira af ýsu, ufsa og steinbít, enda hafa þessar fisktegundir ekki verið nýttar af stórútgerðinni á undanförnum árum. Þar hefur smábátaflotinn bjargað milljörðum króna í afla- og útflutningsverðmætum á land sem ella hefðu ekki verið veidd og unnin. Það sanna tölur um veiðar á ýsu, ufsa og steinbít.

1058. Frumvarp til laga [679. mál]

um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Við lögin bætist ný grein, 37. gr., svohljóðandi:

Stimpilgjald óþinglýstra skjala skal lækka um fimmtung árlega frá 1. janúar 2002 fram til 1. janúar 2006. Frá þeim tíma skal stimpilgjald af skjölum sem ekki ber skylda til að þinglýsa fellt endanlega niður.

Stimpilgjald þinglýstra skjala skal lækkað niður í raunkostnað við þá þjónustu sem veitt er við stimplunina 1. janúar 2002.

2. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Taka skal lög þessi til heildarendurskoðunar með tilliti til þess hvort fella eigi þau úr gildi fyrir 1. júlí 2006.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í núgildandi lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, er gert ráð fyrir að greitt sé stimpilgjald af íslenskum viðskiptaskjölum. Nokkuð er misjafnt eftir því hvers konar skjal er um að ræða hversu hátt stimpilgjaldið er.

Skattheimta á borð við innheimtu stimpilgjalda hefur verið á hröðu undanhaldi í OECD-ríkjum síðustu áratugi. Slík skattheimta hefur í för með sér neikvæð áhrif, svo sem að mismuna aðilum innan lands og veikja samkeppnisstöðu fyrirtækja gagnvart erlendum fyrirtækjum. Eins og íslenskt viðskiptaumhverfi hefur þróast er óhætt að halda því fram að stimpilgjöldin séu bein samkeppnishindrun fyrir íslensk fjármálafyrirtæki, sem og íslenska útgefendur verðbréfa sem hyggjast skrá þau á erlendum mörkuðum. Jafnframt má halda því fram að með tilkomu rafrænnar eignarskráningar verðbréfa sé hlutverki stimpilskyldu í raun lokið. Ekki er hægt að stimpla rafræn verðbréf, auk þess sem ekki er um skjöl í eiginlegri merkingu

þess orðs að ræða. Einnig má líta svo á að með innheimtu stimpilgjalds af lánum til einstak linga til húsnæðiskaupa eða annarra nauðsynja sé í raun verið að innheimta nokkurs konar „fátækraskatt“, en þessi lán eru oftast veitt þeim sem ekki hafa efni á að fjármagna húsnæðis-kaup eða aðrar nauðsynjar með eigin fé. Þá bendir flutningsmaður jafnframt á að óeðlilegt sé að við skuldbreytingar á lánum sem fjölskyldur hafa tekið sé stimpilgjald innheimt æ ofan í æ. Þarna er á ferðinni gjaldtaka sem er langt umfram það sem þjónustan kostar í raun.

Hér er lagt til að stimpilgjald af óþinglýstum skjölum verði afnumið í þrepum, þannig að það lækki um fimmtung árlega og falli endanlega niður 1. janúar 2006. Þá er gert ráð fyrir að frá og með 1. janúar 2002 verði stimpilgjald þinglýstra skjala lækkað niður í raunkostnað við þá þjónustu sem veitt er. Eftir stendur þá þjónustugjald í stað skatts. Jafnframt er gert ráð fyrir að lögin verði endurskoðuð í heild með tilliti til þess hvort fella eigi þau endanlega úr gildi eigi síðar en 1. júlí 2006.

1059. Frumvarp til laga [680. mál]

um úrvinnslugjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úr-gangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um eftirtalda efnisflokka umbúða: Pappír, pappa, karton og aðrar pappírs-umbúðir, glært umbúðaplast, landbúnaðarplast og samsettar pappaumbúðir. Þá gilda lögin jafnframt um hjólbarða, ökutæki og vinnuvélar. Í lögum þessum verður framangreint nefnt vara og er það skilyrði að hægt verði að endurnota og/eða endurnýta vöruna eftir að hún er orðin að úrgangi.

Undir lög þessi fellur ekki sorphreinsun sveitarfélaga.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Endurnýting:* Hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun.
2. *Endurnotkun:* Endurtekin notkun úrgangs í óbreyttri mynd.
3. *Hjólbarðar:* Hjólbarðar fyrir flugvélar, reiðhjól, ökutæki og vinnuvélar.
4. *Meðhöndlun úrgangs:* Söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, end-urnýting, pökkun og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðum eftir að þeim hefur verið lokað.
5. *Móttökustöð:* Staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða

skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar eða nýtingar, eða honum er fargað á staðnum.

6. *Samsettar pappaumbúðir:* Umbúðir samsettar úr pappa og öðru efni, t.d. áli eða plasti, sem einkum eru notaðar fyrir drykkjar- og matvöru.
7. *Söfnunarstöð (gámastöð):* Staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.
8. *Úrgangur:* Hvers kyns efni eða hlutir sem einstaklingar eða lögaðilar ákveða að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og falla undir gildissvið laganna.
9. *Úrvinnsla úrgangs:* Söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs.
10. *Vinnuvélar:* Tæki sem knúið er af aflvél og hægt er að vinna með við nánar tiltekin störf.
11. *Ökutæki:* Bifreiðir, bifhjól, torfærutæki, dráttarvélar, eftirvagnar bifreiða og dráttarvéla sem gerðir eru fyrir meira en 750 kg heildarþyngd, hjólhýsi og tjaldvagnar.

II. KAFLI
Stjórn og skipan.

4. gr.
Yfirstjórn.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála sem lög þessi fjalla um.

5. gr.
Nefnd um úrvinnslu úrgangs.

Ráðherra skipar nefnd um úrvinnslu úrgangs til fjögurra ára í senn og annast hún framkvæmd laga þessara og fer með stjórn og umsýslu úrvinnslugjalds. Nefndin fer jafnframt með stjórn spilliefnagjalds, sbr. lög um spilliefnagjald, nr. 56/1996, og annast framkvæmd þeirra laga. Nefndin skal gera áætlun um hvernig standa skal að úrvinnslu úrgangs samkvæmt lögum þessum. Nefndin skal hafa samráð við hagsmunaaðila um skilgreiningu markmiða hvað einstök viðfangsefni varðar og leggur tillögur fyrir ráðherra til staðfestingar.

Í nefndinni eiga sæti níu menn og skulu tveir tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn af hverjum eftirtalinna aðila: Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunar og þjónustu og Alþýðusambandi Íslands. Enn fremur skal einn skipaður sameiginlega af Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Samtökum fiskvinnslustöðva. Ráðherra skipar tvo nefndarmenn og skal annar vera formaður. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir með sama hætti. Nefndin velur sér varaformann úr hópi aðalmanna. Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna fyrir setu í nefndinni.

Í reglugerð sem ráðherra setur samkvæmt tillögum nefndar um úrvinnslu úrgangs skal kveða nánar á um hlutverk og starfshætti nefndarinnar.

III. KAFLI
Gjald, gjaldtaka o.fl.

6. gr.
Vörur sem heimilt er að leggja gjald á.

Heimilt er að leggja sérstakt gjald, úrvinnslugjald, sbr. 7. gr., á þær vörur sem fluttar eru til landsins og eru framleiddar hér á landi og falla undir lög þessi. Við flokkun til gjaldskyldu skal fylgt flokkunarreglum tollalaga og gilda ákvæði þeirra laga jafnframt um úrskurðarvald í ágreiningsmálum um tollflokkun vöru.

7. gr.

Úrvinnslugjald.

Úrvinnslugjald skal standa undir kostnaði vegna reksturs söfnunarstöðva, flutnings frá söfnunarstöðvum til endurnýtingar, móttöku og annarrar úrvinnslu úrgangs. Jafnframt skal gjaldið standa undir greiðslu kostnaðar vegna starfsemi nefndar um úrvinnslu úrgangs. Ráðherra er heimilt í reglugerð að fenginni tillögu nefndar um úrvinnslu úrgangs að kveða á um að hluta úrvinnslugjalds megi nýta sem skilagjald til þess sem skilar tilteknum úrgangi til viðurkenndrar móttökustöðvar.

Upphæð úrvinnslugjalds skal vera eftirfarandi:

1. Efnisflokkar umbúða, sbr. 2. gr., allt að 150 kr. á hvert kg.
2. Hjólbarðar, allt að 40 kr. á hvert kg.
3. Ökutæki og vinnuvélar, allt að 20.000 kr. á hvert tæki.

Nefnd um úrvinnslu úrgangs skal skipta ofangreindum vörum í flokka eftir því sem við á. Ráðherra skal samkvæmt tillögu nefndar um úrvinnslu úrgangs kveða með reglugerð á um upphæð úrvinnslugjalds á vörur í hverjum flokki og nánar um ráðstöfun gjaldsins. Nefndin skal miða tillögur sínar við áætlun um kostnað við úrvinnslu úrgangs á grundvelli útreikninga, útboða eða verksamninga. Nefnd um úrvinnslu úrgangs skal þegar unnt er bjóða út verkþætti úrvinnslu úrgangs. Þetta skal gert fyrir landið allt eða einstök landsvæði. Tekjur og gjöld í hverjum flokki skulu standast á. Hver flokkur skal vera fjárhagslega sjálfstæður.

8. gr.

Varsla gjalds.

Nefnd um úrvinnslu úrgangs semur við þar til bæran aðila um vörslu og ávöxtun úrvinnslugjalds. Ársreikningar nefndarinnar skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

9. gr.

Frjálst samkomulag.

Fyrirtækjum og atvinnugreinum er heimilt að semja sín á milli um ráðstafanir til að auka endurnýtingu og endurnotkun úrgangs. Ráðherra getur þá undanþegið vörur gjaldtöku samkvæmt lögum þessum. Ráðherra skal staðfesta slíka samninga að fenginni umsögn nefndar um úrvinnslu úrgangs og Hollustuverndar ríkisins. Hollustuvernd ríkisins skal hafa eftirlit með framkvæmd slíkra samninga.

10. gr.

Gjalddagi og innheimta.

Gjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skal innheimt ásamt aðflutningsgjöldum.

Gjald vegna gjaldskyldrar vöru, framleiddrar hér á landi, skal leggja á við sölu hennar frá framleiðanda til kaupanda og hefur það ekki þýðingu með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram. Hvert uppgjörstímabil er þrír mánuðir, janúar, febrúar og mars, apríl, maí og júní, júlí, ágúst og september, október, nóvember og desember.

Gjaldi vegna úrvinnslu úrgangs af innlendri framleiðslu skal skila ásamt framleiðsluskýrslu í því formi sem nefnd um úrvinnslu úrgangs ákveður og eigi síðar en á gjalddaga. Gjalddagi er fimmti dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Aðilum sem keypt hafa hráefni eða efni til gjaldskyldrar framleiðslu sinnar og greitt af því gjald vegna úrvinnslu úrgangs er heimilt að draga þá upphæð frá við endanleg skil gjaldsins, samkvæmt reglum sem nefndin setur. Ráðherra skal samkvæmt tillögu nefndar um úrvinnslu úrgangs ákveða með

reglugerð með hverjum hætti skal undanþiggja vörur gjaldi eða endurgreiða gjald í þeim tilvikum þegar vara kemur ekki til úrvinnslu hér á landi.

11. gr.
Álag.

Ef úrvinnslugjald er ekki greitt á gjalddaga skal aðili sæta álagi til viðbótar gjaldinu. Sama gildir ef framleiðsluskýrslu skv. 3. mgr. 10. gr. hefur ekki verið skilað.

Álag skv. 1. mgr. skal vera 1% af þeirri fjárhæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Sé gjaldið ekki greitt innan eins mánaðar frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir vaxtalögum.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

12. gr.
Viðurlög.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

13. gr.
Ágreiningur um framkvæmd laganna.

Rísi ágreiningur um framkvæmd laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim er heimilt að vísa málinu til fullnaðarúrskurðar ráðherra. Þetta gildir þó ekki um ágreining á grundvelli 6. gr. Um kærurétt og málsmeðferð fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga.

14. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er meðal annars fjallað um úrvinnslu úrgangs og segir þar: „Hrint verði af stað umhverfisátaki, þar sem einstaklingar, fyrirtæki og sveitarfélög verði hvött til að endurnýta efni og flokka úrgang.“ Hafa verður í huga að flokkun úrgangs er ekki markmið í sjálfu sér heldur verðmætasköpun úr þeim úrgangi sem til fellur og því verður að safna honum saman aðgreindum.

Í upphafi árs 2000 skipaði umhverfisráðherra nefnd til að gera tillögur um aðgerðir sem stuðlað gætu að aukinni endurnýtingu úrgangs og tillögur um lagasetningu í því skyni. Nefndinni er ætlað fram til ársins 2003 að fara yfir þær skuldbindingar sem Ísland hefur tekið á sig með aðild að EES-samningnum hvað varðar úrvinnslu úrgangs og hvernig innleiða beri þær reglur. Frumvarp þetta er unnið af framangreindri nefnd í samráði við umhverfisráðuneytið. Lagt er til að sérstakt gjald verði lagt á tilteknar vörur til að hægt sé að endurnýta eða endurnota þann úrgang sem af þeim hlýst. Um er að ræða ökutæki, vinnuvélar, hjólbarða og eftirtalda efnisflokka umbúða: Pappír, pappa, karton og aðrar pappírsumbúðir, glært umbúðaplast, landbúnaðarplast og samsettar pappaumbúðir. Við undirbúning frumvarpsins var m.a. haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Samtök fiskvinnslustöðva og Hollustuvernd ríkisins.

Á síðasta áratug hafa miklar breytingar átt sér stað í sorphirðumálum hér á landi. Aukinn áhugi á umhverfismálum hefur leitt af sér auknar kröfur einstaklinga, sveitarfélaga og atvinnulífs til þess að vörur hafi ekki skaðleg áhrif á umhverfið og að markvisst sé tekið á málum er varða úrgang. Segja má að lyft hafi verið grettistaki í þessum málum á síðustu árum. Aðild Íslands að EES-samningnum hefur í för með sér ýmsar skyldur á sviði sorphirðumála sem leysa verður með stjórnvaldsaðgerðum. Líta verður á kostnað við endurnýtingu, endurnotkun og förgun úrgangs sem eðlilegan kostnað við framleiðslu og notkun vörunnar. Tilgangur með því frumvarpi sem hér er lagt fram er að setja fram eins hagkvæmar lausnir á framkvæmd úrgangsmála og kostur er þar sem aðilar sem bera ábyrgð á málaflokknum, þ.e. einstaklingar, sveitarfélög og atvinnulífið hafi frumkvæði og samvinnu um málið. Lagt er til að starfseminni sé búið lagalegt umhverfi og sérstök nefnd þeirra sem að málinu koma sjái um framkvæmd laganna í samræmi við lög nr. 56/1996, um spilliefnagjald, en mjög góð reynsla er af framkvæmd þeirra laga.

Sett hafa verið lög sem hafa sama markmið og frumvarp þetta, þ.e. að draga úr magni úrgangs sem fer til urðunar og skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu hans. Fyrstu lög sem sett voru í þessa veru voru lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur. Síðar voru svo sett lög um spilliefnagjald, nr. 56/1996. Þar er um að ræða rammalöggjöf um afmarkaðan fjölda vöruflokka sem innihalda vörur sem geta orðið að spilliefnum. Spilliefnanefnd sér um framkvæmd laganna og vörslu spilliefnagjalds. Spilliefnagjald er lagt á viðkomandi vörur í innflutningi og á gjaldið að standa undir kostnaði við förgun vöruafganga viðkomandi vöruflokka. Hér er um þjónustugjald að ræða þar sem tekjur og gjöld í hverjum vöruflokki skulu standast á. Hvaða lögaðili sem er getur tekið að sér framkvæmd á einum eða fleiri verkþáttum gegn fyrirframákveðnu gjaldi, enda hafi viðkomandi tilskilin leyfi. Hugmyndin að baki laga um spilliefnagjald er að skapa hagrænt umhverfi fyrir atvinnurekstur sem starfar við söfnun, flutning, endurnýtingu og förgun á spilliefnaúrgangi. Að mestu hefur tekist að ná tökum á skilum spilliefna eftir setningu laganna.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að farin verði sama leið og í lögum um spilliefnagjald og lagt til að reynslan af því verði nýtt til að skapa hagræn skilyrði fyrir úrvinnslu ökutækja, vinnuvéla, hjólbarða og þeirra efnisflokka umbúða sem taldir eru upp í 2. gr. Við innflutning og framleiðslu vöru á að greiða gjald af viðkomandi vöru, hafi verið tekin ákvörðun um að leggja úrvinnslugjald á hana. Gjaldið á að standa undir kostnaði við úrvinnslu úrgangs sem af vörunni leiðir. Nefnd um úrvinnslu úrgangs sem lagt er til að starfi samkvæmt lögunum semur við ríkissjóð um innheimtu gjaldsins gegn þóknun og við þar til bæran aðila um vörslu og ávöxtun þess. Á síðari stigum er reiknað með að neytandi vörunnar greiði úrvinnslugjaldið til baka í vöruverði. Úrvinnsla úrgangs skal fara fram í náinni samvinnu við viðkomandi sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila. Hlutverk ríkisvaldsins er að skapa hagræn skilyrði sem nauðsynleg eru til að hrinda aðgerðunum í framkvæmd.

Samkvæmt frumvarpinu er heimilt að leggja gjald á vörur sem falla undir frumvarp þetta til þess að standa straum af kostnaði við úrvinnslu þess umbúðaúrgangs sem af þeim leiðir. Viðkomandi umbúðaúrgangi verður þá hægt að skila til móttökustöðva án greiðslu sérstaks móttökugjalds. Álögðu gjaldi verður varið til þess að greiða kostnað sem hlýst af endurvinnslu og annarri endurnýtingu umbúðaúrgangs eða förgun hans. Reglugerð nr. 609/1996, um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs, tekur til allra umbúða sem settar hafa verið á markað. Reglugerðin var sett til að lögfesta tilskipun 94/62/EB, sem er hluti EES-samningsins. Markmiðið er að samhæfa ráðstafanir aðildarríkjanna við meðhöndlun umbúða og umbúðaúrgangs til að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum þeirra á umhverfið. Meðhöndlun umbúða

skal fyrst og fremst miða að því að koma í veg fyrir myndun úrgangs, endurnota skal umbúðaúrgang sé þess kostur en endurvinna umbúðir og endurnýta umbúðaúrgang ella til að draga sem mest úr brennslu eða urðun. Til að uppfylla markmið 8. gr. reglugerðar nr. 609/1996, sem mælir fyrir um hversu hátt hlutfall umbúðaúrgangs skuli endurnýttur og endurnotaður fyrir 1. júlí 2001, er lagt til að lagt verði úrvinnslugjald á þá efnisflokka umbúða sem taldir eru upp í 2. gr. Lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, ná aðeins til lítils hluta þeirra umbúða sem falla undir framangreinda reglugerð. Þar er kveðið á um að lagt skuli skilagjald á innfluttar drykkjarvörur í einnota umbúðum úr stáli, áli, gleri eða plastefni. Sama gjald skal lagt á drykkjarvörur sem framleiddar eru eða átappaðar hér á landi og seldar í sams konar umbúðum.

Þá er lagt til að heimilt sé að leggja úrvinnslugjald á ökutæki, vinnuvélar og hjólbarða. Tilskipun 2000/53/EB, um ónýt ökutæki, hefur öðlast gildi hjá Evrópusambandinu en er ekki enn orðin hluti af EES-samningnum. Markmið hennar er að draga sem mest úr úrgangi sem fellur til við endurvinnslu ökutækja. Tilskipunin gerir ráð fyrir að sett verði á fót samræmt kerfi sem sinni móttöku, meðhöndlun og endurnýtingu ökutækja. Auk þess eru í tilskipuninni sett markmið fyrir endurnýtingu ökutækja. Lagt er til að gjald sé lagt á ökutæki við innflutning og að þeir fjármunir sem þannig eru innheimtir séu notaðir til að greiða fyrir söfnun og endurvinnslu ökutækjanna. Auk þess er gert ráð fyrir að hluti af gjaldinu geti verið skilagjald sem eigandi fær þegar hann kemur ökutæki sínu í endurvinnslu. Í þessu sambandi má nefna að í Noregi er lagt á jafnvirði um 13.000 ísl. kr. á innflutta bíla og skilagjald fyrir bílflak er um 15.000 kr. Jafnframt er lagt til að lagt verði úrvinnslugjald á hjólbarða. Samkvæmt tilskipun um urðun úrgangs, 1999/31/EB, sem væntanlega verður hluti af EES samningnum innan skamms, verður bannað að urða hjólbarða á næstu árum. Því er nauðsynlegt að auka endurnýtingu á hjólbörðum hérlendis.

Í frumvarpinu er að finna skilgreiningar á því hvað er átt við með ökutækjum, vinnuvélum og hjólbörðum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni kemur fram markmið laganna. Meginmarkmið þeirra er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr mengun og minnka það magn úrgangs sem fer til urðunar. Verði frumvarp þetta að lögum má gera ráð fyrir að endurnýting og endurnotkun úrgangs sem frumvarpið tekur til aukist verulega. Tilgangur frumvarpsins er að finna leið til þess að ná tökum á því vandamáli sem vaxandi úrgangsmagn neysluþjóðfélagsins hefur í för með sér. Hér er og farin leið svokallaðrar mengunarbótareglu (Polluter Pays Principle), þ.e. að sá sem til úrgangs stofnar greiði fyrir endurnýtingu, endurnotkun eða förgun þess úrgangs.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um gildissvið frumvarpsins en það tekur til eftirtaldra efnisflokka umbúða: Pappírs, pappa, kartons og annarra pappírsumbúða, glærs umbúðaplasts, landbúnaðarplasts og samsettra pappaumbúða. Þá taka lögin til hjólbarða, ökutækja og vinnuvéla. Þessir úrgangsflokkar eru hugsaðir sem fyrsta skref til að draga úr magni úrgangs en þegar reynsla er fengin af frumvarpi þessu, verði það að lögum, og þegar frekari vinna og sundurgreining hefur farið fram varðandi umfang annarra úrgangsflokka, t.d. rafeindatækja, munu væntanlega fleiri úrgangsflokkar bætast við og verða felldir undir lög um úrvinnslugjald. Til að taka

af öll tvímæli er tekið fram í greininni að sorphreinsun sveitarfélaga falli ekki undir gildissvið frumvarpsins.

Um 3. gr.

Í greininni eru skilgreiningar á helstu orðum og orðasamböndum sem notuð eru í frumvarpinu og unnið hafa sér sess á þessu sviði. Lögð hefur verið áhersla á að samræma orðanotkun við gildandi lög og reglugerðir.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um að umhverfisráðherra fari með yfirstjórn þeirra mála sem frumvarpið fjallar um.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um að nefnd um úrvinnslu úrgangs skuli fara með stjórn og umsýslu úrvinnslugjalds og framkvæmd frumvarpsins sem og stjórn spilliefnagjalds. Því þarf að leggja fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um spilliefnagjald, nr. 56/1996. Þar verður lagt til að í stað spilliefnanefndar komi nefnd um úrvinnslu úrgangs, en hana skipi níu aðilar sem fari með stjórn spilliefnagjalds og framkvæmd laga um spilliefnagjald, auk þeirra verkefna sem að framan eru talin. Hér er lagt til að sama nefnd fari með stjórn úrvinnslugjalds og spilliefnagjalds og framkvæmd framangreindra laga. Hagkvæmara þykir að sama nefndin sjái um framkvæmd laga um spilliefnagjald og laga um úrvinnslugjald, verði frumvarp þetta að lögum. Nefndin mundi fjalla um úrvinnslu úrgangs og framkvæmdin við þessa úrvinnslu kemur til með að lúta svipuðum starfsháttum og verklagsreglum. Víðara starfssvið nefndarinnar kallar á fulltrúa fleiri hagsmunaaðila. Því er lagt til að í nefndina komi fulltrúi frá Samtökum verslunar og þjónustu og annar fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þannig að gætt verði bæði hagsmuna höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. Nefndinni er ætlað víðtækt samstarf við hagsmunaaðila og við aðila vinnumarkaðarins og samtök sveitarfélaga. Lagt er til að sett verði reglugerð um hlutverk nefndarinnar og starfshætti.

Um 6. gr.

Í greininni kemur fram hvaða vörur yrði heimilt að leggja á úrvinnslugjald, þ.e. þær vörur sem lögin tækju til, verði þetta frumvarp að lögum, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Heimilt yrði að leggja gjaldið bæði á innfluttar vörur og innlenda framleiðslu. Það er innflytjandi viðkomandi vöru eða framleiðandi sem skal greiða úrvinnslugjaldið við innflutning og framleiðslu vörunnar.

Um 7. gr.

Greinin kveður á um undir hvaða kostnaði úrvinnslugjald skuli standa. Gjaldinu skal verja til að standa straum af kostnaði við söfnun og flutning úrgangs, kostnaði við móttöku og meðhöndlun sem og endurnýtingu eða endurnotkun vörunnar. Gjaldið skal og standa undir kostnaði við störf nefndar um úrvinnslu úrgangs, þ.m.t. kynningu og fræðslu vegna framkvæmdar frumvarpsins verði það að lögum, aðkeyptri sérfræðiþjónustu og upplýsingaöflun.

Úrvinnslugjald er þjónustugjald fyrir þá efnisþætti sem taldir eru upp hér að framan. Tengslin milli úrvinnslugjalds, þeirrar þjónustu sem gjaldinu er ætlað að standa undir og greiðanda gjaldsins eru þau að greiðandi tekst á hendur ákveðnar skuldbindingar sem fela það í sér að varan sem gjald er lagt á fær ákveðna þjónustu eftir notkun, þ.e. úrvinnslu þess úrgangs sem af vörunni hlýst. Með úrvinnslugjaldi er keypt sú þjónusta sem til þarf og er hún greidd við innflutning eða framleiðslu vörunnar. Gjaldið skal einvörðungu standa undir þeirri

þjónustu og ekki vera hærra en nemur kostnaði við þjónustuna. Vara getur farið á milli manna áður en til þjónustunnar kemur. Rafgeymi sem hefur meðallíftíma 5 ár kann t.d. vera skilað til móttökustöðvar af öðrum en upphaflegum kaupanda. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að þeim sem setur vöru á markað sem lagt hefur verið á úrvinnslugjald verði jafnframt gert að greiða kostnaðinn við úrvinnslu úrgangs vörunnar. Þar sem úrvinnsla er eðli máls samkvæmt ekki tímabær um leið og vöru er komið í umferð er gjaldið greitt fyrir fram. Við meðhöndlun úrgangs ber að fara að ákvæðum reglugerðar nr. 805/1999, um úrgang, og er í 6. gr. þeirrar reglugerðar lagt bann við því að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu.

Kveðið er á um hámark gjaldsins en jafnframt að gjöld og tekjur skuli standast á. Erfitt er að festa upphæð gjalds nema ákveðnar upplýsingar liggi áður fyrir. Þannig verður gjaldið að byggjast á áætlun á innflutnings- og framleiðslumagni vörunnar sem er breytilegt milli ára og innan árs. Magn úrgangs verður einnig að áætla og þar með kostnað við úrvinnslu hans. Nefnd um úrvinnslu úrgangs er ætlað að gera nákvæmari áætlanir og útreikninga varðandi álagningu gjaldsins hvað viðvíkur úrvinnslu viðkomandi úrgangsefna og byggja kostnaðarmat sitt á útboðum eða verksamningum þar sem því verður við komið. Gert er ráð fyrir að upphæð gjaldsins verði ákvörðuð í reglugerð samkvæmt tillögum nefndarinnar. Eftir því sem unnt er skal nefndin bjóða út einstaka þætti úrvinnslunnar, svo sem flutninga, söfnun, móttöku, endurnýtingu eða endurnotkun. Ef ekki þykir grundvöllur til útboðs getur nefndin samið við einstaka aðila um framkvæmd ákveðinna þátta eða gert tillögu um gjald fyrir hana þar sem það á við. Nefndin skal hafa að leiðarljósi að ná sem bestum árangri með sem minnstum tilkostnaði.

Lagt er til að heimilt verði að nýta hluta úrvinnslugjalds til að greiða skilagjald til þess sem skilar tilteknum úrgangi til viðurkenndrar móttökustöðvar. Má hugsa sér að slíkt verði m.a. notað þegar um umbúðir er að ræða, t.d. fernur, og einnig um ökutæki og vinnuvélar.

Lagt er til að hámarksgjald fyrir efnisflokka umbúða verði 150 kr. á hvert kg og á það við um öll umbúðaefni. Í reynd verður gjaldið mishátt eftir kostnaði við endurnýtingu umbúðaefnis. Í tilvikum þar sem umbúðir eru samsettar úr fleiri en einu efni verður endanlegt gjald vegið meðaltal af nauðsynlegu gjaldi fyrir hvert umbúðaefni fyrir sig. Sem dæmi má nefna að séu umbúðir 80% pappi og 20% plast yrði gjaldið samtala 80% af nauðsynlegu gjaldi fyrir pappa og 20% af nauðsynlegu gjaldi fyrir plast. Til samanburðar er fróðlegt að skoða gjald fyrir umbúðir sem merktar eru Græna punktinum í Þýskalandi. Það er samsett úr annars vegar gjaldi á þyngdareiningu og hins vegar gjaldi á rúm- eða flatarmál. Gjaldið á þyngdareiningu er 9,4 kr. á hvert kg fyrir gler, 14,5 kr á hvert kg fyrir pappír og pappa, 20,3 kr. á hvert kg fyrir járn, 54,3 kr. á hvert kg fyrir ál, 107,1 kr. á hvert kg fyrir plast, 61,7 kr. á hvert kg fyrir samsettar drykkjarvöruumbúðir og 76 kr. á hvert kg fyrir samsettar umbúðir, t.d. jógúrtdósir með álloki. Rúm- og flatarmálsgjaldið er 3,6–43,4 kr. á einingu. Þessar krónutölur eru miðaðar við gengi þýska marksins 1 DEM = 36,30 ísl. kr. Lagt er til að hámarksgjald fyrir hjólbarða verði 40 kr. á hvert kg. Endanleg álagning verður hugsanlega stykkjagjald sem fer eftir þyngd hjólbarðans. Þá er lagt til að hámarksgjald fyrir ökutæki og vinnuvélar verði 20.000 kr. á hvert tæki. Gjaldið verður væntanlega hærra fyrir vinnuvélar en ökutæki þar sem kostnaðarsamara er að endurnýta þær.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um að nefnd um úrvinnslu úrgangs semji við þar til bæran aðila um ávöxtun og vörslu úrvinnslugjalds. Ríkisendurskoðun skal endurskoða reikninga nefndarinnar og skulu þeir birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að fyrirtæki eða atvinnugreinar geti gert með sér samninga um endurnýtingu og endurnotkun úrgangs til að ná markmiðum frumvarpsins. Slíkir samningar skulu staðfestir af ráðherra en nefnd um úrvinnslu úrgangs og Hollustuvernd ríkisins skulu gefa umsögn um þá. Ráðherra getur þá undanþegið viðkomandi vörur úrvinnslugjaldi. Dæmi um slíka samninga er samningur sem olíufélögin hafa gert um söfnun, flutninga og eyðingu svartolíuúrgangs. Samningar sem hér er mælt fyrir um eru vel þekktir í nágrannalöndum okkar.

Um 10. gr.

Greinin kveður á um með hvaða hætti úrvinnslugjald skuli innheimt og gjalddaga þess. Innlendur framleiðandi skal skila framleiðsluskýrslu þegar gjaldið er innt af hendi.

Um 11. gr.

Í greininni er kveðið á um álag sem lagt skal á sé úrvinnslugjald ekki greitt á gjalddaga eða hafi framleiðsluskýrslu ekki verið skilað. Ákvæði um álag er í samræmi við lög um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, sbr. 27. gr. þeirra laga.

Um 12. gr.

Kveðið er á um refsingu fyrir brot gegn ákvæðum laganna. Varðar brot sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Um 13. gr.

Hér er kveðið á um rétt aðila til að kæra til ráðherra ágreining vegna framkvæmdar laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim. Í ágreiningsmálum um tollflokkun vöru skal fara eftir ákvæðum tollalaga, nr. 55/1987, sbr. 6. gr. Ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda um kærurétt og málsmeðferð.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Greinargerð starfshóps um endurnýtingu úrgangs.

Inngangur

Starfshópur um endurnýtingu úrgangs sem unnið hefur að lagafrumvarpi um úrvinnslugjald hefur í meðfylgjandi greinargerð dregið saman helstu forsendur og ýmsar upplýsingar sem gengið var út frá við vinnu starfshópsins.

Meðfylgjandi skýringarmynd sýnir rásir úrgangs.

ÚRVINNSLA ÚRGANGS



UMBÚÐAÚRGANGUR

Samkvæmt frumvarpinu verður lagt gjald á vörur og þrjá efnisflokka umbúða til þess að standa straum af kostnaði vegna úrvinnslu þess umbúðaúrgangs sem af þeim leiðir. Viðkomandi umbúðaúrgangi verður þá hægt að skila til móttökustöðva án greiðslu sérstaks móttökugjalds. Álagt gjald fer til þess að greiða þann kostnað sem hlýst af endurvinnslu og annarri endurnýtingu umbúðaúrgangs eða förgun hans.

Lagaumhverfi

Reglugerð nr. 609/1996, um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs, tekur til allra umbúða sem settar hafa verið á markað. Umbúðareglugerðin var sett til að lögfesta umbúðatilskipun Evrópusambandsins nr. 94/62/EB sem er hluti EES-samningsins. Lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, taka aðeins til skilgreinds hluta þeirra umbúða sem falla undir umbúðareglugerðina.

Umbúðatilskipunin

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 94/62/EB, um umbúðir og umbúðaúrgang, tók gildi 31. desember 1994 með birtingu í Stjórnartíðindum EB og varð hluti EES-samningsins ári síðar, 31. desember 1995. Samkvæmt ákvæðum samningsins skyldi tilskipunin lögfest hér á landi fyrir 1. júlí 1996. Um leið bar að fella úr gildi tilskipun ráðsins 85/339/EBE, um umbúðir fyrir drykkjarvörur.

Tilgangur tilskipunarinnar er að samræma aðgerðir aðildarríkjanna við meðhöndlun umbúða og umbúðaúrgangs og koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum þeirra á umhverfið. Markmiðið er að samhæfa ráðstafanir aðildarríkjanna við meðhöndlun umbúða og umbúðaúrgangs til að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum þeirra á umhverfið í öllum aðildarríkjunum og þriðju löndum. Meðhöndlun umbúða skal fyrst og fremst miða að því að koma í veg fyrir myndun úrgangs, endurnota skal umbúðaúrgang sé þess kostur en endurvinna umbúðir og endurnýta umbúðaúrgang ella til að draga sem mest úr brennslu eða urðun.

Gildissvið tilskipunarinnar tekur til allra umbúða í skilningi tilskipunarinnar sem settar hafa verið á markað í aðildarríkjum og alls umbúðaúrgangs. Undir umbúðir í skilningi tilskipunarinnar falla söluumbúðir (grunnumbúðir), safnumbúðir (annars stigs umbúðir) og flutningsumbúðir (þriðja stigs umbúðir), þó ekki ílát til farmflutninga á vegum, með skipum eða flugvélum.

Í tilskipuninni eru sett fram eftirfarandi skammtímamarkmið:

1. Fimm árum eftir gildistöku tilskipunarinnar skulu minnst 50% og mest 65% af þyngd umbúðaúrgangs endurnýtt.
2. Innan þessa tíma og innan þessa skammtímamarkmiðs skulu minnst 25% og mest 45% af þyngd allra pökkunarefna í umbúðaúrgangi endurunnin með minnst 15% af þyngd fyrir hvert umbúðahráefni.
3. Ráðið mun ákveða hvaða hundraðshluti umbúðaúrgangs skal endurunninn og endurnýttur tíu árum eftir gildistöku tilskipunarinnar.

Umbúðareglugerðin

Til lögfestingar framangreindri tilskipun Evrópusambandsins setti umhverfisráðherra í nóvember 1996 reglugerð nr. 609/1996, um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs. Markmið reglugerðarinnar er m.a. að draga úr magni umbúða sem er fargað, minnka heildarrúmmál umbúða, koma í veg fyrir myndun umbúðaúrgangs og stuðla að endurnotkun umbúða og endurnýtingu umbúðaúrgangs.

Reglugerðin tekur til allra umbúða sem settar hafa verið á markað. Aðeins eftirfarandi notkunarsvið umbúða falla undir hugtakið umbúðir:

- söluumbúðir eða grunnumbúðir (fyrsta stigs umbúðir),
- safnumbúðir (annars stigs umbúðir),
- flutningsumbúðir (þriðja stigs umbúðir). (Gámar til vöruflutninga eru ekki taldir til flutningsumbúða.)

Eftir 1. júlí 1999 má aðeins setja á markað umbúðir sem eru í samræmi við þær kröfur sem fram koma í reglugerðinni.

Umbúðir skulu auðkennast með merki sem segir til um efnisgerð þeirra.

Styrkur þungmálma í umbúðum skal ekki fara yfir ákveðin mörk.

Setja skal upp áætlun um hvernig komið verði í veg fyrir myndun umbúðaúrgangs og hvernig umbúðir verði endurnotaðar.

Í 8. gr. reglugerðar eru tilgreind markmið reglugerðarinnar með endurnýtingu og endurvinnslu umbúðaúrgangs:

„Eftir 1. júlí 2001 skal minnst 50% og mest 65% af þyngd umbúðaúrgangs endurnýtt.

Innan þeirra marka og á sama tíma, og um getur í 1. mgr., skal minnst 25% og mest 45% af þyngd allra umbúðaefna í umbúðaúrgangi endurunnið, þar af minnst 15% af þyngd allra umbúðaefna í umbúðaúrgangi fyrir hverja tegund umbúðaefnis.

Orkuvinnsla úr umbúðaúrgangi og lífræn endurvinnsla umbúðaúrgangs eru aðferðir til endurnýtingar."

Til að ná þessum markmiðum reglugerðarinnar og til að setja upp áætlun þar að lútandi skipar umhverfisráðherra umsjónarnefnd. Hún á að hafa lokið störfum eigi síðar en í nóvember 1997.

Koma skal upp og varðveita gagnagrunn um umbúðir og umbúðaúrgang úr gleri, plasti, pappír/pappa (þ.m.t. samsettar pappaumbúðir), málmi, viði, og öðrum efnum að því er varðar fyrsta, annars og þriðja stigs umbúðir eins og fram kemur í viðaukum með reglugerðinni.

Hollustuvernd ríkisins skal sjá um að setja upp og varðveita gagnagrunn um umbúðir og umbúðaúrgang.

Umsjónarnefnd

Umsjónarnefnd skipuð samkvæmt ákvæðum 9. gr. reglugerðar nr. 609/1996 tók til starfa í mars 1997 og átti að ljúka störfum eigi síðar en í nóvember 1997. Hún var skipuð fulltrúum umhverfisráðuneytis, Hollustuverndar ríkisins, Vinnumálasambandsins, Samtaka iðnaðarins, Vinnuveitendasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umsjónarnefndin gerði grein fyrir störfum sínum á tilsettum tíma. Hafði hún þá tekið saman og kortlagt magn umbúðaúrgangs sem til féll á landinu 1995 og skipt því upp í eftirfarandi sjö efnisflokka, sbr. reglugerð 609/1996, um umbúðir og umbúðaúrgang.

1. Pappír, pappi, karton (PPK)
   - Pappír
   - Pappi
   - Karton og aðrar pappírsumbúðir
2. Plastumbúðir
   - Landbúnaðarplast
   - Drykkjarflöskur
3. Glerumbúðir
   - Drykkjarflöskur
4. Málmumbúðir

5. Samsettar pappaumbúðir (mjólkur- og safafernur o.þ.h.)
6. Umbúðir úr timbri
7. Umbúðir úr spunaefnum (textíl)

Umhverfisráðherra fór þess á leit við umsjónarnefndina að hún héldi áfram störfum til að freista þess að leita úrræða til að ná fram markmiðum laganna. Hefur síðan verið unnið að gerð módels sem haldið gæti utan um hagræna stýringu á endurnýtingu umbúðaúrgangs. Það er byggt á sömu hugmyndafræði og fram kemur í lögum um spilliefnagjald, þ.e. að gjald er tekið af umbúðum við innflutning vöru eða sölu á innlendri framleiðslu og greitt aftur við förgun þess umbúðaúrgangs sem til fellur. Hönnun þessa módels er nú á lokastigi.

Einnota drykkjarvöruumbúðir

Lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, ná aðeins til skilgreinds hluta þeirra umbúða sem falla undir umbúðareglugerðina. Lögin kveða á um að lagt skuli skilagjald á innfluttar drykkjarvörur í einnota umbúðum úr málmi, gleri eða plastefni. Sama gjald skal lagt á drykkjarvörur sem framleiddar eru eða átappaðar hér á landi og seldar í sams konar umbúðum. Til viðbótar skilagjaldi skal með sama hætti leggja á umsýsluþóknun.

Iðnaðarráðherra beitir sér fyrir stofnun hlutafélags sem tekur að sér umsýslan skilagjaldsins, svo og söfnun og endurvinnslu einnota umbúða sem falla undir lögin. Hlutafélagið Endurvinnslan hf., sem starfrækt hefur verið frá 1989, hefur einkarétt á þessari starfsemi og fær umsýsluþóknun skilagjaldsins til að standa undir rekstrinum, auk skilagjalds af þeim umbúðum sem ekki er skilað.

Rekstur Endurvinnslunnar hf. hefur fram að þessu staðið undir sér á framangreindum forsendum. Vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á rekstrarumhverfinu undanfarið hafa forráðamenn fyrirtækisins farið fram á breytingu á framangreindum lögum til að bæta rekstrarskilyrðin. Breytingar sem orðið hafa á rekstrarumhverfi Endurvinnslunnar hf. felast einkum í breytingu á tegundum umbúða í umferð, áherslubreytingu í söfnun umbúðaúrgangs, breyttum verðlagsforsendum innan lands og lækkun á markaðsverði afurðanna erlendis.

[redacted]

ENDURNÝTING UMBÚÐA - staða 1995

					ENDURNÝTING													
					ENDURVINNSLA													
Umbúða-flokkur	Einn. tonn	Margn. tonn	Heildarmagn tonn	%	Endurvinnsla tonn	%	Jarðgerð tonn	%	Gasvinnsla tonn	%	Endurv. öll tonn	%	Orkuvinnsla tonn	%	Annað tonn	%	ENDUR-NÝTING	%
GLER			**5000**	**8,5**	**1700**	**34,0**					**1700**	**34,0**			**0**	**0**	**1700**	**34,0**
drykkjarv.fl.	2800	400	3200	64,0	1700	53,1					**1700**	53,1			0	0	1700	
annað	1800	0	1800	36,0	0	0,0					0	0,0			0	0	0	
PLAST			**16300**	**27,6**	**1500**	**9,2**	**0**	**0,0**	**0**	**0,0**	**1500**	**9,2**	**310**	**1,9**	**0**	**0**	**1810**	**11,1**
landb plast	1000	0	1000	6,1	200	20,0	0	0,0	0	0,0	200	20,0		0,0	0	0	200	
kassar og kör	0	1000	1000	6,1	150	15,0	0	0,0	0	0,0	150	15,0		0,0	0	0	150	
filmur, sekkar, pokar, blöð	8300	0	8300	50,9		0,0	0	1,0 0,0	0	0,0	0	0,0		0,0	0	0	0 0	
plastflöskur	1300	0	1300	8,0	1100	84,6	0	0,0	0	0,0	1100	84,6		0,0	0	0	1100	
ílát önnur en fl.	4000	0	4000	24,5		0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0		0,0	0	0	0	
annað	700	0	700	4,3	50	7,1	0	0,0	0	0,0	50	7,1		0,0	0	0	50	
PPK			**19800**	**33,5**	**2200**	**11,1**	**0**	**0,0**	**0**	**0,0**	**2200**	**11,1**	**380**	**1,9**	**0**	**0**	**2580**	**13,0**
bylgjupappír	10700	0	10700	54,0	2200	20,6	0	0,0	0	0,0	2200	20,6		0,0	0	0	2200	
sekkir og pokar	800	0	800	4,0		0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0		0,0	0	0	0	
kassar	7500	0	7500	37,9		0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0		0,0	0	0	0	
annað	800	0	800	4,0		0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0		0,0	0	0	0	
SAMS. UMB.			**2800.1**	**4,7**	**0**	**0.0**	**0**	**0.0**	**0**	**0.0**	**0**	**0,0**	**55**	**2.0**	**0**	**0**	**55**	**2,0**
drykkjarv.umb.	2800	0	2800	100,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0		0,0	0	0	0	
annað	0	0	0,1	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0		0,0	0	0	0	
MÁLMAR			**3800**	**6,4**	**1200**	**31.6**					**1200**	**31,6**			**0**	**0**	**1200**	**31.6**
drykkjarv.umb.	600	0	600	15,8	500	83,3					500	83,3			0	0	500	
tunnur	800	0	800	21,1	700	87,5					700	87,5			0	0	700	
annað	2400	0	2400	63,2		0,0					0	0,0			0	0	0	
TIMBUR			**11300**	**19.1**	**4400**	**38,9**	**0**	**0,0**	**0**	**0,0**	**4400**	**38,9**	**210**	**1.9**	**0**	**0**	**4610**	**40,8**
vörubretti	10000	1000	11000	97,3	4400	40,0	0	0,0	0	0,0	4400	40,0		0,0	0	0	4400	
annað	300	0	300	2,7		0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0		0,0	0	0	0	
ANNAÐ			**50**	**0,1**	**10**	**20.0**	**0**	**0.0**	**0**	**0.0**	**10**	**20,0**	**0**	**0,0**	**0**	**0**	**10**	**20,0**
spunasekkir	50	0	50	100,0	10	20,0	0	0,0	0	0,0	10	20,0	0	0,0	0	0	10	
HEILD	**56650**	**2400**	**59050,1**	**100,0**	**11010**	**18,6**	**0**	**0,0**	**0**	**0,0**	**11010**	[redacted]	**955**	**1,6**	**0**	**0%**	**11965**	**20,3**

11010

tölur í ljósgráum ramma: >15% endurvinnsla [redacted] **hvít tala í dökkgráum ramma: 50-65% endurnýting í heild**

Leiðir að markmiðum

Eins og fram kemur hér að framan er í 8. gr. reglugerðar tilgreint hvaða markmiðum skuli ná fyrir 1. júlí 2001, nánar tiltekið að 50–65% umbúðaúrgangs verði endurnýtt, 25–45% allra umbúðaefna endurunnin, þó ekki lægra hlutfall en 15% í hverri umbúðategund.

Í töflu 2 hér á eftir, sem er einfölduð mynd af töflu 1, er staða mála í endurnýtingu umbúðaúrgangs sýnd eins og hún var 1995. Ekki er völ á nýrri tölum en ætla má að ástandið 1995 enduspegli að miklu leyti núverandi ástand.

Tafla 2. Endurnýting umbúðaúrgangs 1995.

	Umbúða-notkun 1995 tonn	Ástand 1995				
		Endur-vinnsla tonn	Endur-vinnsla %	Orku-vinnsla tonn	Endur-nýting tonn	Endur-nýting %
Gler	5.000	1.700	34		1.700	34
Plast	16.300	1.500	9	310	1.810	11
PPK	19.800	2.200	11	380	2.580	13
Sams.umb.	2.800		0	55	55	2
Málmur	3.800	1.200	32		1.200	32
Timbur	11.300	4.400	39	210	4.610	41
Annað	50	10	20		10	20
Samtals	**59.050**	**11.010**	**19**	**955**	**11.965**	**20**

Úr töflunni má lesa að endurnýtingin árið 1995 nær aðeins 20% í stað 50–65%, endurvinnsla nær aðeins 19% í stað 25–45% og upp á vantar í þremur umbúðategundum, plasti, PPK og samsettum pappaumbúðum að tilskildum 15% sé náð.

Til að ná settum markmiðum í endurnýtingu umbúðaúrgangs eru eftirfarandi leiðir hugsanlegar:

Plast

Lagt yrði förgunargjald á landbúnaðarplast í innflutningi til að tryggja skil til endurvinnslu þess með framleiðslu á brettakubbum, girðingastaurum o.fl. í huga. Gjaldið yrði einnig notað til að skapa fjárhagslegt umhverfi fyrir slíka endurvinnslu.

Gjald yrði lagt á innflutning á glæru umbúðaplasti sem notað er í flutningsumbúðir fyrir innlenda framleiðslu. Einnig yrði lagt á slíkar flutningsumbúðir sem berast til landins með innfluttum vörum, enda er verið að skoða hugmyndir að endurvinnslu á glæru plasti.

PPK

Lagt verði gjald á umbúðapappa sem berst með innfluttum vörum. Rekinn verður áróður fyrir flokkun pappa frá almennum úrgangi. Álagt gjald greiði fyrir flokkun og söfnun á slíkum úrgangi. Pappinn verði síðan endurunninn eða endurnýttur.

Samsettar pappaumbúðir

Rekinn verði áróður fyrir flokkun og söfnun á fernum undan mjólk, safa o.fl. til að auka skil þeirra á söfnunarstaði sveitarfélaganna. Fernurnar yrðu endurunnar eða endurnýttar.

Með framangreindum breytingum tæki tafla 2 á sig eftirfarandi mynd:

Tafla 3. Endurnýting umbúðaúrgangs með framangreindum breytingum.

Umbúða-efni	Umbúða notkun	Utan við nýtt kerfi		Nýtt kerfi		Samtals endurvinnsla umbúðaefnis		Samtals orkuv-vinnsla	Samtals endurnýtin umbúðaúrgangs	
		Endur-vinnsla	Orku-vinnsla	Endurv-vinnsla	Orku-vinnsla					
	1995	tonn	tonn	tonn	tonn	tonn	%	tonn	tonn	%
Gler	5.000	1.700				1.700	34	0	1.700	3
Plast	16.300	1.300	310	1.100	6.000	2.400	15	6.310	8.710	15
PPK	19.800		380	11.000		11.000	56	380	11.380	19
Sams.umb.	2.800		55	2.000		2.000	71	55	2.055	3
Málmur	3.800	1.200				1.200	32	0	1.200	2
Timbur	11.300	4.400	210			4.400	39	210	4.610	8
Annað	50	10				10	20	0	10	0
Samtals	**59.050**	**8.610**	**955**	**14.100**	**6.000**	**22.710**	**38**	**6.955**	**29.665**	**50**

Hér hefur markmiðum reglugerðar fyrir endurvinnslu- og endurnýtingu umbúðaúrgangs verið fullnægt. Ef tekið er mið af kostnaðartölum nágrannalandanna má ætla að kostnaður við þessar aðgerðir verði um 469 millj. kr., eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Tafla 4. Áætlaður kostnaður.

Umbúða-flokkur	Tegund umbúða	Áætlaður kostn. við endurnýtingu		
		tonn	kr/kg	Þús. Kr
Plast	Landbúnaðar-, flutningsplast	7.100	40	284.000
PPK	Bylgjupappi	11.000	15	165.000
Sams. umb.	Drykkjarvöruumbúðir	2.000	10	20.000
		20.100		**469.000**

Það skal tekið fram að öll úrvinnsla umbúðaúrgangs er flókið ferli og framangreindir uppsláttarreikningar því bundnir allnokkurri óvissu.

ÖKUTÆKI

Til að draga úr umhverfisvanda af völdum ökutækjaflaka hefur undanfarin ár verið unnið að tillögu að nýrri tilskipun um förgun flakanna. Markmið hennar er að draga sem mest úr úrgangi sem fellur til við endurvinnslu ökutækja. Tilskipunin gerir ráð fyrir að sett verði á fót heildstætt kerfi móttöku, meðhöndlunar og endurnýtingar ökutækja. Samkvæmt tilskipuninni er gert ráð fyrir að þessu kerfi verði komið á frá og með janúar 2001. Auk þess eru í tilskipuninni sett markmið fyrir endurvinnsluhlutföll ökutækja.

Engin úttekt hefur verið gerð á því hversu mörg ökutækjaflök eru í hirðuleysi víðs vegar um landið. Hins vegar er vitað að æði víða er samsafn ónýtra ökutækja og vinnuvéla, sem og annarra tækja.

Vísbending um vandann er fjöldi afskráðra ökutækja annars vegar og fjöldi ökutækja sem fara í endurvinnslu hjá þeim aðilum sem taka á móti brotajárni og flytja út hins vegar.

Myndin hér á eftir sýnir fjölda nýskráðra og afskráðra ökutækja annars vegar og mat á fjölda ökutækja sem hafa verið meðhöndluð af endurvinnsluaðilum hins vegar. Með í tölunum eru fólks-, hóp- og sendi- og vörubifreiðir auk dráttarvéla. Erfitt er að bera saman tölur um afskráð ökutæki og þau sem eru endurunnin á sama ári þar sem uppsafnaður vandi fyrri ára er verulegur. Þess ber einnig að geta að nokkuð er um að ökutæki séu afskráð án þess að þau séu ónýt og þau síðan endurskráð seinna. Aðeins tveir aðilar taka á móti ökutækjaflökum

til endurvinnslu og eru báðir á höfuðborgarsvæðinu. Því má ætla að vandinn sé meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.



Endurvinnsla á ökutækjaflökum stendur undir sér miðað við meðalheimsmarkaðsverð á brotajárni. Hins vegar er ekki unnt að leggja í mikinn kostnað við að safna þeim saman. Myndin sýnir skiptingu afskráðra ökutækja eftir landshlutum.



Sveitarfélög á landsbyggðinni hafa lagt mismikla vinnu í að safna þessum flökum saman og koma þeim til endurvinnslu. Nauðsynlegt er að tryggja fjármagn til að ná frekari árangri.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að gjald sé lagt á ökutæki við innflutning og að þeir fjármunir sem þannig eru innheimtir séu notaðir til að greiða fyrir söfnun og endurvinnslu á ökutækjunum. Auk þess er gert ráð fyrir að hluti af gjaldinu geti verið skilagjald sem eigandi ökutækis fær þegar hann kemur því í endurvinnslu.

Í Noregi er lagt á um 13.000 kr. gjald á innflutta bíla, en greitt skilagjald fyrir bílflak er um 15.000 kr. Miðað við þessar upphæðir og fjölda skráninga og afskráninga 1998 hefði inn-

heimt gjald 1998 verið um 220 millj. kr. og greitt skilagjald um 140 millj. kr. Hér er hvorki gert ráð fyrir misháu gjaldi eftir stærð ökutækis né vanda fyrri ára. Auk þess ber að hafa í huga að verulegar sveiflur eru í innflutningi á ökutækjum og þar af leiðandi fjölda ökutækja sem berst til endurvinnslu en gera má ráð fyrir að meðalaldur ökutækja sé um 10 ár eins og myndin hér á eftir sýnir. Þess vegna er ekki líklegt að innheimt gjald og útgreitt skilagjald standist alltaf á.

Meðalaldur bifreiða á Íslandi árin 1981 til 1998



HJÓLBARÐAR

Innflutningur hjólbarða

Nýir gúmmíhjólbarðar fyrir bíla, meðaltal fyrir árin 1997–1999	**Magn, kg**	**Meðal-þyngd, kg**	**Magn, stk.**	**CIF-meðal-verð, kr/kg**
Innfluttir	1.822.000	6	303.000	335
Innfluttir sólaðir	404.000	6	67.300	227
Innfluttir til sólningar	656.000	6	109.400	95
Aðrir nýir hjólbarðar	95.700	6	16.000	350
Nýir gúmmíhjólbarðar fyrir almenningsvagna og vörubíla, meðaltal fyrir árin 1997–1999				
Innfluttir nýir	489.700	40	12.250	314
Aðrir hjólbarðar, t.d. fyrir reiðhjól,bifhjól, flugvélar.				
Reiðhjól	3.471	0,75	4.628	623
Bifhjól	6.919	2	3.460	630
Flugvélahjólbarðar	7.950			1.115
Nýir bílar	1.000.000		100.000	
Samtals:	**4.485.740**		**616.038**	

Árlegur innflutningur á hjólbörðum er um 4.500 tonn. Má ætla að svipað magn falli til árlega af ónýtum eða notuðum hjólbörðum á ári. Stærsti hluti þessara hjólbarða er urðaður en eitthvað fer til brennslu eða endurvinnslu. Kostnaður við urðun og brennslu er 10–15 kr. á

kg sem samsvarar ef allt fer í þennan farveg 45–70 millj. kr. Sá hluti sem fer til endurvinnslu er áætlaður um 10%, sem samsvarar um 450 tonnum, og fer einkum í sólningu og framleiðslu á ýmsum gúmmíhlutum. Um 15% af heildarinnflutningi hjólbarða er innflutningur á notuðum hjólbörðum sem að hluta til eru notaðir til sólningar.

Væntanleg er löggilding á tilskipun Evrópusambandsins um urðun þar sem lagt er bann við urðun á hjólbörðum á næstu árum. Þetta gefur ærna ástæðu til að endurskoða stöðu þessara mála með aukna endurvinnslu og endurnýtingu á hjólbörðum hérlendis í huga.

Í þessu sambandi virðist orkunýting á einn eða annan hátt skipta mestu máli. Í nágrannalöndum okkar er stór hluti af ónýtum og notuðum hjólbörðum notaður sem orkugjafi í sementsverksmiðjum.

Einnig má benda á að með flokkun á notuðum hjólbörðum sem falla til hérlendis má ætla að innflutningur á notuðum hjólbörðum til sólningar verði óþarfur.

Í flestum endurnýtingarleiðum er flokkun og kurlun hjólbarða nauðsynleg, misgróf eftir leiðum.



Heildarkostnaður

Gróft mat á heildarkostnaðarauka vegna þeirra aðgerða sem frumvarpið tekur til er 500–600 millj. kr. eins og fram kemur í töflunni hér á eftir.

Í millj. kr.	Kostnaður samkvæmt frumvarpi	Núverandi urðunar-kostnaður	Kostnaðarauki
Umbúðir	469	150	319
Ökutæki og vinnuvélar	300		100[1]
Hjólbarðar	180	53	127
Samtals	949	203	546

[1]Reiknað er með að um 200 millj. kr. verði endurgreiddar til síðasta eiganda sem skilagjald.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um úrvinnslugjald.

Tilgangur frumvarpsins er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnýtingu úrgangs með það fyrir augum að draga úr mengun og minnka magn þess úrgangs sem fer til förgunar. Í því skyni yrði heimilt að leggja sérstakt gjald, úrvinnslugjald, á tilteknar umbúðir, hjólbarða, ökutæki og vinnuvélar til að standa straum af kostnaði við úrvinnslu þessa varnings eftir að hann er orðinn að úrgangi.

Með setningu reglugerðar nr. 609/1996, um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs, var lögfest umbúðatilskipun Evrópusambandsins nr. 94/62. Reglugerðin og tilskipunin tilgreina ákveðin markmið, bæði í endurvinnslu og endurnýtingu umbúðaúrgangs, sem ná skal innan fimm ára frá gildistöku þeirra. Þeim markmiðum hafa Íslendingar enn ekki náð hvað varðar plastumbúðir, pappaumbúðir og samsettar pappaumbúðir.

Í fylgiskjali með frumvarpinu, greinargerð starfshóps um endurnýtingu úrgangs, er bent á þær leiðir til að ná settum markmiðum í endurvinnslu og endurnýtingu umbúðaúrgangs, að úrvinnslugjald verði lagt á landbúnaðarplast, glært umbúðaplast sem notað er í flutningsumbúðir og umbúðapappa sem berst með innfluttum vörum og vörum framleiddum innanlands, ásamt því að rekinn verði áróður fyrir flokkun á pappa frá öðrum úrgangi og söfnun á fernum undan drykkjarvörum til að auka skil þeirra á söfnunarstaði.

Nefnd umhverfisráðherra um endurnýtingu úrgangs, sem unnið hefur að samningu frumvarpsins í samvinnu við umhverfisráðuneytið, vinnur nú að heildarúttekt á stöðu úrgangsmála í landinu og gerð úrvinnsluáætlunar. Það er mat nefndarinnar að kostnaður við að ná framangreindum markmiðum í endurvinnslu og endurnýtingu umbúðaúrgangs geti orðið nálægt 470 m.kr. á ári. Úrvinnslugjaldi á umbúðir er ætlað að afla þeirra fjármuna. Á móti kemur að atvinnulífið greiðir nú þegar í kringum 100 m.kr. á ári fyrir losun á umbúðasorpi, miðað við núgildandi gjaldskrá Sorpu og sama magn. Sú gjaldtaka mundi falla niður við upptöku úrvinnslugjalds.

Í greinargerðinni kemur einnig fram að væntanleg sé löggilding á tilskipun Evrópusambandsins um urðun þar sem kveðið er á um bann við urðun hjólbarða á næstu árum. Einnig segir þar að unnið sé að gerð nýrrar tilskipunar um förgun ökutækjaflaka með það að markmiði að draga sem mest úr úrgangi sem til falli við endurvinnslu þeirra og að sett verði á fót heildstætt kerfi sem sinni móttöku, meðhöndlun og endurnýtingu ökutækja. Því er í frumvarpinu einnig gert ráð fyrir að heimilt verði að leggja úrvinnslugjald á hjólbarða, ökutæki og vinnuvélar til að standa undir kostnaði við aukna endurvinnslu og endurnýtingu þeirra.

Árlega eru um 4.500 tonn af hjólbörðum flutt til landsins og ætla má að svipað magn falli árlega til sem úrgangur. Stærstur hluti ónýtra hjólbarða hefur lengst af verið urðaður en eitthvað hefur þó farið til brennslu og endurvinnslu. Sorpa hefur að vísu ekki urðað ónýta hjólbarða undanfarin þrjú ár, heldur safnað í fjall. Mat nefndarinnar er að kostnaður við úrvinnslu hjólbarða yrði um 180 m.kr. á ári. Miðað við núverandi gjaldskrá er árlegt móttökugjald þessa magns hjólbarða í kringum 40 m.kr. Þess ber þó að geta að líkur eru á að gjaldskráin muni hækka um mitt þetta ár og gjaldtakan fari þá í um 70 m.kr. á ári. Þessi gjaldtaka mundi falla niður við upptöku úrvinnslugjalds.

Árlega eru nýskráð að meðaltali ríflega 13.700 ökutæki hér á landi og er þá miðað við meðaltal áranna 1986–1999. Á höfuðborgarsvæðinu og stærstu þéttbýlisstöðum fer nú þegar

fram söfnun bílhræja til endurnýtingar og niðurrifs og stendur sú starfsemi fjárhagslega undir sér. Verði á hinn bóginn gerðar auknar kröfur um endurvinnslu, endurnýtingu og tilhögun slíkrar starfsemi má búast við að þeim fylgi aukinn kostnaður. Erfitt er að meta á þessu stigi hver sá kostnaður yrði en frumvarpið gerir ráð fyrir að heimilt verði að leggja allt að 20.000 kr. úrvinnslugjald á hvert tæki. Úrvinnslugjald sem lagt yrði á ökutæki og vinnuvélar gæti því orðið í kringum 300 m.kr. að meðaltali á ári. Frumvarpið gerir ráð fyrir að heimilt verði að nýta hluta úrvinnslugjalds sem skilagjald. Ekki er ólíklegt að hluti úrvinnslugjalds á ökutæki og vinnuvélar verði nýttur til þess og í greinargerðinni er reiknað með að 2/3 hlutar úrvinnslugjalds á ökutæki og vinnuvélar verði nýttir sem skilagjald.

Niðurstaðan er því sú, verði frumvarpið óbreytt að lögum, að úrvinnslugjald á varning þann er frumvarpið nær til gæti orðið u.þ.b. 950 m.kr. á ári, en þar af verði um 200 m.kr. nýttar sem skilagjald. Á móti kemur að atvinnulífið greiðir nú þegar í kringum 140–170 m.kr. á ári í móttökugjöld. Þau gjöld mundu falla niður.

Hvað áhrif úrvinnslugjalds á afkomu ríkissjóðs varðar er til þess að líta að í frumvarpinu er mælt fyrir um að gjaldið skuli standa undir öllum kostnaði við framkvæmd laganna og að tekjur og gjöld skuli standast á. Ríkissjóður mun því ekki bera beinan kostnað við framkvæmd laganna heldur mun kostnaður ráðast af verðlagsáhrifum gjaldsins og notkun ríkisins á gjaldskyldum varningi.

1060. Frumvarp til laga [681. mál]

um breytingu á lögum um spilliefnagjald, nr. 56/1996, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Nefnd um úrvinnslu úrgangs, sbr. lög um úrvinnslugjald, fer með stjórn spilliefnagjalds og framkvæmd þessara laga.

2. gr.

Í stað orðsins „spilliefnanefnd“ í 4., 5., 6., 7. og 10. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarfalli): nefnd um úrvinnslu úrgangs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um úrvinnslugjald. Í 5. gr. frumvarps til laga um úrvinnslugjald er gerð tillaga um að nefnd um úrvinnslu úrgangs fari með stjórn og umsýslu úrvinnslugjalds og framkvæmd þess málaflokks sem frumvarpið nær til. Í ákvæðinu er jafnframt gerð tillaga um að nefndin fari með stjórn spilliefnagjalds og framkvæmd laga um spilliefnagjald. Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um spilliefnagjald til samræmis við þetta, þannig að nefnd um úrvinnslu úrgangs komi í stað spilliefnanefndar og með því hefur skipan nefndarinnar einnig breyst þar sem gert er ráð fyrir

að nefnd um úrvinnslu úrgangs verði skipuð níu aðilum en spilliefnanefnd er skipuð sjö aðilum, sbr. 3. gr. laganna. Þetta er lagt til þar sem hagkvæmt þykir að sama nefndin fari með framkvæmd framangreindra laga verði frumvarp um úrvinnslugjald að lögum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um spilliefnagjald, nr. 56/1996, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um úrvinnslugjald. Hagkvæmt þykir að sama nefndin fari með stjórn og umsýslu þessara mála. Samþykkt frumvarpsins leiðir ekki til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð.

1061. Frumvarp til laga [682. mál]

um breytingu á lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55 10. júní 1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Í stað orðanna „Til og með 30. júní 2001“ í ákvæði til bráðabirgða í lögunum kemur: Til og með 31. desember 2002.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að til og með 31. desember 2002 þurfi að leita leyfis fyrir innflutningi lifandi sjávardýra.

Með 5. gr. laga nr. 115/1999, um breytingu á lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, var gildistími bráðabirgðaákvæðis laganna framlengdur til 30. júní 2001. Gildistími bráðabirgðaákvæðisins hafði áður verið framlengdur til 31. desember 1999 með 3. gr. laga nr. 134/1998, um breytingu á sömu lögum. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að þeim lögum er forsaga bráðabirgðaákvæðisins rakin. Þá kemur einnig fram að með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 17. júlí 1998 hafi Ísland yfirtekið tilskipanir ráðherraráðsins 91/496/EBE um eftirlit með heilbrigði lifandi dýra og dýraafurða frá þriðju ríkjum og 90/425/EBE um eftirlit með heilbrigði dýra og dýraafurða frá ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins að því er varðar humar, lúðuseiði, barrahrogn, hrogn og svil Atlantshafslax, regnbogasilungs og bleikju. Samkvæmt ákvörðuninni hafi átt að endurskoða ákvæðið fyrir 1. júlí 1998. Í ljósi væntanlegrar endurskoðunar og þar sem embætti yfirdýralæknis hefði lýst yfir áhyggjum sínum vegna takmarkaðra möguleika til eftirlits með innflutningi

á framangreindum tegundum væri lagt til að framlengja gildistíma ákvæðisins um eitt ár. Endurskoðun fór fram á árinu 1999 og með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 18. desember 1999 er gert ráð fyrir að gildissvið gerðanna að því er Ísland varðar haldist óbreytt til og með 30. júní 2001. Eftir það taki Ísland gerðirnar yfir varðandi alla lifandi fiska sem falla undir þær. Það þýðir að fram til 30. júní 2001 eiga áðurtaldar tegundir að vera í frjálsu flæði á Evrópska efnahagssvæðinu en eftir 30. júní 2001 allar tegundir lifandi fiska sem undir gerðirnar falla. Landbúnaðarráðuneytið hefur sótt um til Eftirlitsstofnunar EFTA að fá samþykkta viðbótarvernd, í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins þar um, gegn innflutningi á lifandi fiski frá stöðvum þar sem tilteknir fisksjúkdómar finnast. Þar sem ákvörðun hefur ekki verið tekin um það hvort Ísland fái slíka viðbótarvernd samþykkta þykir rétt að leggja til að núgildandi bráðabirgðaákvæði verði framlengt frá 30. júní 2001 til 31. desember 2002.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að framlengja um 18 mánuði gildistíma bráðabirgðaákvæðis um frjálsan innflutning lifandi sjávardýra milli Íslands og Evrópska efnahagssvæðisins.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

1062. Frumvarp til laga [683. mál]

um breyting á tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Við 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Tollar á vörur sem upprunnar eru í fátækustu þróunarríkjum heims skulu falla niður til samræmis við niðurfellingu tolla á vörum sem upprunnar eru á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Fjármálaráðherra skal með reglugerð tiltaka hver skuli talin fátækustu þróunarríki heims og styðjast í þeim efnum við alþjóðleg viðmið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ísland gaf út yfirlýsingu á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (World Trade Organization, WTO) 3. maí 2000 um að það mundi veita fátækustu þróunarríkjum heims betri aðgang að markaði sínum með einhliða tollalækkunum. Þessi yfirlýsing var sett fram í samræmi við samkomulag sem gert var á vettvangi stofnunarinnar og kallast GSP-kerfi (General System of Preferences).

Markmið samkomulagsins er að veita fátækustu þróunarríkjum heims betri möguleika á að flytja út framleiðsluvörur sínar til þeirra ríkja sem efnaðri eru. Mörg þeirra síðarnefndu hafa þegar veitt fátækustu þróunarríkjunum betri markaðsaðgang á grundvelli þessa samkomulags en þeirra á meðal eru ríki ESB, Sviss og Noregur. Í yfirlýsingunni frá því í maí felst ákvörðun af Íslands hálfu um að gerast aðili að þessu samkomulagi. Breyting þessi á tollalögum er nauðsynleg til þess að unnt sé að lækka tolla á framleiðsluvörum frá þessum ríkjum.

Í frumvarpinu er valinn sá kostur að ákveða með reglugerð hvaða ríki skuli talin til fátækustu þróunarríkjanna. Er gert ráð fyrir að farið verði eftir skilgreiningu nefndar um framtak, auðveldun viðskipta og þróunarmál (Committee on Enterprise, Business Facilitation and Development) en hún starfar á vettvangi ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og þróun (United Nations Conference on Trade and Development, UNCTAD) um það hvaða ríki teljist til fátækustu þróunarríkja heims. Er þetta gert af hagkvæmnisástæðum því ef ríki falla af listanum eða bætast á hann er hægt að gera viðeigandi breytingar þar á með reglugerð.

Samkvæmt skilgreiningu nefndarinnar eru eftirtalin 48 ríki fátækustu þróunarríki heims: Afganistan, Angóla, Bangladess, Benín, Bútan, Búrkína Fasó, Búrundí, Kambódía, Grænhöfðaeyjar, Mið-Afríkulýðveldið, Tsjad, Kómoreyjar, Kongó, Djíbútí, Miðbaugs-Gínea, Erítrea, Eþíópía, Gambía, Gínea, Gínea-Bissá, Haítí, Kíribatí, Laos, Lesótó, Líbería, Madagaskar, Malaví, Maldíveyjar, Malí, Máritanía, Mósambík, Burma, Nepal, Níger, Rúanda, Samóa, Saó Tóme og Prinsípe, Síerra Leóne, Salómonseyjar, Sómalía, Súdan, Tógó, Túvalú, Úganda, Tansanía, Vanúatú, Jemen og Sambía.

Tolltekjur af innflutningi á varningi frá þessum 48 ríkjum voru á árinu 2000 um 3 milljónir króna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1987, tollalögum, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tollar á vörur sem upprunnar eru í fátækustu þróunarríkjum heims falli niður í samræmi við ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Tilgangurinn með niðurfellingunni er að auðvelda þessum ríkjum að flytja framleiðsluvörur sínar inn á markaði þeirra ríkja sem efnaðri eru. Áætlað er að tekjur ríkissjóðs lækki um tæplega 3 m.kr. við þessa breytingu.

1063. Frumvarp til laga [684. mál]

um breyting á lögum um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

3. gr. laganna verður svohljóðandi:

Iðgjaldsstofn bænda og maka þeirra, sem starfa að búrekstri, skal vera reiknuð laun þeirra í landbúnaði samkvæmt ákvæðum laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Með búrekstri í þessu sambandi er átt við búrekstur samkvæmt atvinnugreinanúmerum 01, jarðrækt og garðyrkju þ.m.t. ylrækt og búfjárrækt, og 02, skógrækt, í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 95, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.4, 01.5 og 02.02. Iðgjald þeirra bænda og maka þeirra sem reikna sér ekki laun en þiggja laun frá einkahlutafélagi eða öðrum lögaðila sem rekur bú, sbr. 1. mgr. 2. gr., skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa til þeirra vegna búrekstrar, sbr. 3. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Iðgjald sjóðfélaga skv. 1. mgr. 2. gr. skal vera 4% af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. þessarar greinar. Á móti iðgjaldi sjóðfélaga skal greitt mótframlag sem skal vera 50% hærra en iðgjald skv. 1. málsl. Mótframlag skal greitt af sjóðfélaga sé ekki samið um greiðslu þess úr ríkissjóði í búvörusamningi eða með öðrum sambærilegum hætti.

Greiðsla iðgjalds og mótframlags skv. 2. mgr. skal að jafnaði fara fram mánaðarlega og skulu gjalddagar að jafnaði vera tíundi dagur næsta mánaðar eftir launatímabil og eindagi 30 dögum síðar. Stofn til innheimtu á mánaðarlegu iðgjaldi bænda og maka þeirra, sem starfa að búrekstri og reikna sér laun, skal miða við reiknað endurgjald í hverjum mánuði eins og það er ákveðið skv. 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 1. málsl. 6. mgr. Liggi ekki fyrir upplýsingar um reiknað endurgjald yfirstandandi árs skal miðað við laun næstliðins tekjuárs. Einkahlutafélög og aðrir lögaðilar sem reka bú, sbr. 3. málsl. 1. mgr., skulu standa skil á iðgjaldi fyrir alla menn sem að búrekstrinum starfa. Greiðandi skal sundurliða iðgjöld eftir sjóðfélögum.

Sjóðurinn annast innheimtu iðgjalda. Á greiðsludögum beingreiðslna samkvæmt búvörulögum skal þrátt fyrir 1. málsl. 3. mgr. halda eftir af þeim iðgjaldi þeirra sjóðfélaga sem beingreiðslna njóta fyrir næstliðinn mánuð og skila því til sjóðsins eigi síðar en 30 dögum eftir að þau eru greidd og skulu þau sundurliðuð eftir sjóðfélögum og tímabilum.

Sé iðgjald ekki greitt á eindaga eða sé það vangreitt skulu reiknast hæstu leyfilegu dráttarvextir samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands á þá fjárhæð sem vangoldin er frá gjalddaga til greiðsludags.

Leiði eftirlit ríkisskattstjóra skv. 6. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, í ljós að iðgjald bónda hefur verið vangreitt eða ofgreitt skal sjóðstjórn innheimta vangreidd iðgjöld eða úrskurða um bakfærslu og endurgreiðslu ofgreiddra iðgjalda. Iðgjald sem flutt hefur verið í annan lífeyrissjóð, lán verið veitt út á eða lífeyrir verið úrskurðaður og greiddur út á skal hvorki endurgreitt né réttindi sem af því leiða bakfærð. Sjóðfélagi getur enn fremur óskað eftir því að iðgjaldsstofn hans sé reiknað endurgjald í staðgreiðslu sé það hærra en reiknuð laun hans, sbr. 1. málsl. 1. mgr., samkvæmt álagningu að liðnu tekjuári. Vextir skulu reiknaðir á endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt vaxtalögum, nr. 25/1987.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um iðgjaldagreiðslur, innheimtu, innheimtuþóknun, dráttarvexti og annað er varðar framkvæmd þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda vegna iðgjaldsákvörðunar á tekjur frá og með 1. janúar 2001.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 1. gr., sbr. 4. mgr. 1. gr., skulu iðgjöld vegna 1. janúar 2001 til gildistöku laganna falla í gjalddaga með iðgjöldum þess greiðslutímabils sem næst fer á eftir gildistöku laganna.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu ákvæði 6. mgr. 1. gr. koma til framkvæmda vegna iðgjalda af tekjum ársins 2000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á 3. gr. laga nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda, en í greininni er að finna ákvæði um innheimtu lífeyrisiðgjalda bænda. Lagaákvæðum um iðgjöld bænda og innheimtu þeirra var breytt í desember 1997 og tóku breytingarnar gildi 1. janúar 1998. Með gildistöku laga nr. 12/1999 var sjóðnum heimiluð innheimta hjá bændum sem ekki reikna sér laun. Lífeyrisiðgjöld bænda eru nú 4% af launum eins og kveðið er á um í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Innheimta iðgjaldanna hefur samkvæmt gildandi lögum farið þannig fram að greiðslu upp í iðgjald yfirstandandi árs hefur annars vegar verið haldið eftir af beingreiðslum þeirra bænda sem þeirra njóta og hins vegar innheimt með gjöldum utan staðgreiðslu á sama hátt og búnaðargjald. Auk þess hefur lífeyrissjóðurinn sjálfur annast innheimtu iðgjalda af bændum í þeim tilvikum þegar um greidd laun hefur verið að ræða en ekki reiknað endurgjald. Samtímis álagningu opinberra gjalda samkvæmt skattframtölum um mitt næsta ár hefur síðan farið fram álagning iðgjalda í Lífeyrissjóð bænda.

Frá gildistöku laga nr. 12/1999 hafa komið í ljós ýmsir vankantar, sem erfitt hefur reynst að komast hjá. Starfsfólk lífeyrissjóðsins, ríkisskattstjóra, ríkisbókhalds, skattstjóra og sýslumanna hefur lagt sig fram við að leysa úr þeim vandamálum sem upp hafa komið en flestar leiðréttingar varðandi álagninguna hafa reynst erfiðar og tímafrekar. Í stuttu máli hefur samspil þeirra tveggja innheimtuleiða, sem bundnar eru í lögum sjóðsins og álagning iðgjalda um mitt næsta ár, endurgreiðslur iðgjalda, endurvinnsla álagningar síðar og sá tími sem innheimtan tekur hamlað mjög eðlilegri starfsemi sjóðsins og valdið sjóðfélögum miklum óþægindum. Auk þess hefur síðustu tvö ár ekki verið unnt að gera trúverðuga tryggingafræðilega úttekt á sjóðnum vegna óvissu um iðgjaldagreiðslur og réttindaávinnslu.

Hlutaðeigandi aðilar hafa haldið fundi með jöfnu millibili um framkvæmdaatriði innheimtunnar og álagningu iðgjalda. Margt hefur verið lagfært en þrátt fyrir það hafa aðgerðir ekki skilað viðunandi árangri. Haustið 2000 stofnaði ríkisskattstjóri vinnuhóp með fulltrúum frá Lífeyrissjóði bænda, ríkisskattstjóra og fjármálaráðuneyti til þess að finna leiðir til úrbóta.

Í samræmi við niðurstöður vinnuhópsins er í frumvarpi þessu lagt til að sjóðurinn annist sjálfur mánaðarlega innheimtu iðgjalda annarra bænda en þeirra sem beingreiðslna njóta. Jafnframt verði lögð af innheimta samhliða búnaðargjaldi. Enn fremur er lagt til að álagningið-

gjalda samkvæmt skattframtölum verði lögð af og eftirlit ríkisskattstjóra með greiðslum í lífeyrissjóð komi í stað hennar.

Í frumvarpinu eru eingöngu lagðar til breytingar á 3. gr. laganna. Í 1. mgr., sem er efnislega óbreytt, er lagt til að skotið verði inn tilvísun í lög nr. 75/1981, þar sem tilgreint er nánar hvaða atvinnugreinar falla undir þá atvinnugreinaflokka sem kveðið er á um og í síðasta málslið bætt við tilvísun í lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

2. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum.

Í stað ákvæða um tvær fastbundnar innheimtuaðferðir í 3. og 4. mgr. 3. gr. gildandi laga er lagt til að komi ný 3. mgr. með almennum skýrum ákvæðum um greiðslu iðgjalds, gjalddaga, eindaga, innheimtustofn með tilvísun í lög og greiðendur, en efnislega er hún óbreytt frá gildandi lögum.

Í nýrri 4. mgr. er lagt til að sjóðurinn innheimti sjálfur iðgjöld, önnur en þau sem innheimt eru af beingreiðslum, á grundvelli upplýsinga um reiknað endurgjald á hverjum tíma, en skv. 3. málsl. 4. mgr. gildandi laga hefur sjóðurinn einungis heimild til að innheimta sjálfur iðgjöld af þeim bændum sem þiggja laun af einkahlutafélögum eða öðrum lögaðilum sem reka bú. Gert er ráð fyrir að innheimta af beingreiðslum verði óbreytt að öðru leyti en því að hún miðist nú við næstliðinn mánuð í stað yfirstandandi mánaðar. Lagt er til að ákvæði um skil iðgjalda verði bætt við 2. málsl. Ákvæði þetta er nú í lokamálslið 3. mgr. 3. gr. gildandi laga.

Ákvæði 5. mgr. eru efnislega óbreytt frá 4. málsl. 4. mgr. gildandi laga en í stað orðalagsins „innan 30 daga“ er lagt til að notað verði orðalagið „á eindaga“.

Lagt er til að 6. mgr. komi í stað 5. mgr. í gildandi lögum en hún fjallar um álagningu iðgjalda, viðbótarinnheimtu og endurgreiðslur ofgreiddra iðgjalda eftir því sem við á. Þar sem nú er gert ráð fyrir samtímainnheimtu iðgjalda er hér lagt til að komi sérstakt ákvæði um að leiði eftirlit ríkisskattstjóra með greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóð í ljós að iðgjald bónda hafi verið vangreitt þá skuli sjóðurinn innheimta það sem á vantar. Á sama hátt er gert ráð fyrir að ofgreitt iðgjald í lífeyrissjóð verði endurgreitt hafi réttindi þau er það veitti í sjóðnum ekki verið nýtt á neinn hátt, eða sjóðfélaginn óski eftir að iðgjaldsstofn hans sé reiknað endurgjald í staðgreiðslu, hafi það verið hærra en framtaldar tekjur á skattframtali. Ákvæði þetta er nýtt og kemur í veg fyrir ýmis óþægindi fyrir sjóðfélaga auk þess sem það auðveldar lífeyrisúrskurði og nauðsynleg samskipti við aðra lífeyrissjóði. Einnig getur það komið í veg fyrir stórfellt réttindatap þeirra bænda sem reka bú sín með tapi. Með ákvæðum þessum ættu í raun ákvæði núverandi 5. mgr. að ná fram að ganga.

7. mgr. er óbreytt frá 6. mgr. í gildandi lögum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda.

Frumvarp þetta miðar að því að sníða af vankanta sem eru á núverandi framkvæmd við innheimtu iðgjalda í Lífeyrissjóð bænda. Með frumvarpinu er lagt til að fyrirkomulagi á innheimtu lífeyrisiðgjaldanna verði breytt til hagsbóta fyrir sjóðfélaga og þá aðila sem annast innheimtuna. Ekki er ástæða til að ætla að útgjöld ríkissjóðs aukist svo nokkru nemi verði frumvarpið að lögum.

1064. Frumvarp til laga [685. mál]

um breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

9. tölul. 2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

9. *ársreikningaskrá:* skrá sem starfrækt er í því skyni að taka á móti, geyma og birta ársreikninga skilaskyldra félaga.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „félagaskrá“ í 4. tölul. 1. mgr. kemur: ársreikningaskrá.
b. Í stað orðsins „Félagaskrá“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. kemur: Ársreikningaskrá.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „félagaskrá“ í 1., 2. og 3. mgr. kemur: ársreikningaskrá.
b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Ráðherra ákveður aðsetur ársreikningaskrár.

4. gr.

Í stað orðsins „félagaskrá“ í 70. gr. laganna kemur: ársreikningaskrá.

5. gr.

Í stað orðsins „félagaskrá“ í 1. mgr. 71. gr. laganna kemur: ársreikningaskrá.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 73. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
Útibússtjórar í útibúum erlendra félaga, sem skráð eru hér á landi, skulu í síðasta lagi átta mánuðum eftir lok reikningsárs senda staðfest endurrit ársreiknings eða samstæðureiknings félagsins til ársreikningaskrár ásamt reikningsskilum útibúsins.
b. Í stað orðsins „félagaskrá“ í 2., 3. og 4. mgr. kemur: ársreikningaskrá.

7. gr.

Í stað orðsins „félagaskrá“ í 1. og 2. mgr. 74. gr. laganna kemur: ársreikningaskrá.

8. gr.

Í stað orðsins „félagaskrá“ í 1. og 2. mgr. 75. gr. laganna kemur: ársreikningaskrá.

9. gr.

Í stað orðsins „félagaskrá“ í 1., 2., 3. og 4. mgr. 76. gr. laganna kemur: ársreikningaskrá.

10. gr.

Í stað orðsins „félagaskrá“ í 1. mgr. 77. gr. laganna kemur: ársreikningaskrá.

11. gr.

78. gr. laganna orðast svo:

Ársreikningaskrá skal gera úrtakskannanir og athuganir á ársreikningum, samstæðureikningum og skýrslum stjórna í því skyni að sannreyna að þessi gögn séu í samræmi við ákvæði þessara laga. Hún getur krafist þeirra upplýsinga hjá hverju félagi sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.

Í því skyni að sannreyna hvort félög uppfylli ákvæði laganna um stærðarmörk til að mega skila samandregnum ársreikningum og samstæðureikningum hefur ársreikningaskrá heimild til að fá aðgang að eftirfarandi upplýsingum hjá ríkisskattstjóra:

1. Veltufjárhæðum úr virðisaukaskattsskrám eða heildarveltu samkvæmt ársreikningi eða skattframtali.
2. Samtölu eigna samkvæmt eignarhlið ársreiknings eða skattframtali.
3. Fjölda starfsmanna samkvæmt uppgjöri til staðgreiðslu.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda við skil á ársreikningum vegna rekstrarársins 2000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, eru ítarleg ákvæði um félagaskrá. Í 9. tölul. 2. mgr. 1. gr. laganna er félagaskrá skilgreind sem hver sú stofnun sem með lögum er fengið það hlutverk að skrásetja félög og afla og geyma gögn um stofnun félaga og starfsemi þeirra. Samkvæmt 1. mgr. 69. gr. laganna er félögum sem lögin taka til skylt að senda félagaskrá ársreikninga ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðanda eða skoðunarmanna og upplýsingar um það hvenær ársreikningurinn var samþykktur. Eru þessi ákvæði í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum, sbr. 4. tilskipun ráðsins (78/660/EBE), þar sem fram kemur að í hverju ríki skuli vera stofnun sem taki við ársreikningum félaga og hafi með höndum eftirlit með því að ákvæði laganna um gerð og birtingu ársreikninga séu virt. Með reglugerð nr. 134/1996, um skil og birtingu ársreikninga, og reglugerð nr. 749/1997, um skil og birtingu ársreikninga á árinu 1998, var ríkisskattstjóra falið að annast þau störf félagaskrár, sem varða móttöku, geymslu og birtingu ársreikninga, úrtakskannanir og athuganir. Með reglugerð nr. 801/1998, um ársreikningaskrá, skil og birtingu ársreikninga, var sérstakri ársreikningaskrá falið sama hlutverk og ríkisskattstjóra hafði verið falið með fyrri reglugerðum. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp í málinu nr. 2507/2000, var niðurstaðan hins vegar sú að þar sem félagaskrá í skilningi ársreikningslaga hefði ekki verið sett á stofn með lögum, væri í lögum um ársreikninga ekki að finna fullnægjandi lagastoð fyrir ársreikningaskrá. Í ljósi þessa er með frumvarpi þessu lagt til að veitt verði fullnægjandi lagastoð fyrir starfrækslu ársreikningaskrár, í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum. Jafnframt er með frumvarpi þessu styrktur grundvöllur ársreikningaskrár til eftirlits og athugunar á ársreikningum með upplýsingaöflun frá skattyfirvöldum vegna heimildar félaga til að skila samandregnum ársreikningi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er ársreikningaskrá skilgreind.

Um 2.–5. gr.

Með þessum ákvæðum eru einungis gerðar þær breytingar að í stað félagaskrár kemur ársreikningaskrá. Þá er bætt við ákvæði þar sem fjármálaráðherra er veitt heimild til að ákveða aðsetur ársreikningaskrár.

Um 6. gr.

Í a-lið greinarinnar eru lagðar til orðalagsbreytingar á 1. mgr. 73. gr. laga um ársreikninga og er því ekki um efnisbreytingar að ræða. Í stað tilvísunarinnar „sem skráð eru hjá félagaskrá“ kemur: sem skráð eru hér á landi.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að ársreikningaskrá komi í stað félagaskrár.

Um 7.–10. gr.

Með þessum ákvæðum eru gerðar þær breytingar að ársreikningaskrá kemur í stað félagaskrár. Þarfnast þessi ákvæði ekki frekari skýringa.

Um 11. gr.

1. mgr. ákvæðisins er samhljóða gildandi ákvæði ársreikningslaga að öðru leyti en því að í stað félagaskrár kemur ársreikningaskrá.

Við ákvæðið bætist ný málsgrein þar sem styrktur er grundvöllur ársreikningaskrár til eftirlits og athugunar á ársreikningum með upplýsingaöflun frá skattyfirvöldum vegna heimildar félaga til að skila samandregnum ársreikningi.

Um 12. gr.

Lögin öðlast þegar gildi en taka jafnframt til skila á ársreikningum vegna rekstrarársins 2000.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, sem miða einkum að því að treysta lagagrundvöll fyrir ársreikningaskrá. Ekki er um að ræða efnislegar breytingar á framkvæmd laga um ársreikninga og er því ekki gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

1065. Frumvarp til laga [686. mál]

um breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Heimilt er að endurgreiða þeim sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 13/1999, um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, ⅔ hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2003. Endurgreiðsluheimildin er bundin við hópferðabifreiðar fyrir 18 farþega eða fleiri, sem nýskráðar eru á tímabilinu og búnar eru EURO2-aflvélum eða sambærilegum aflvélum. Heimildin tekur ekki til almenningsvagna. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd endurgreiðslunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú breyting á lögum um virðisaukaskatt að tímabundið, þ.e. vegna tímabilsins 1. september 2000 til 31. desember 2003, verði heimilt að endurgreiða 2/3 hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er af kaupverði eða leiguverði hópferðabifreiða, fyrir 18 farþega eða fleiri, sem nýskráðar eru á tímabilinu og búnar eru EURO2-aflvélum eða öðrum sambærilegum aflvélum. Um er að ræða tímabundna aðgerð, byggða á öryggis- og umhverfissjónarmiðum, sem miðar að því að auðvelda rekstraraðilum hópferðabifreiða og sérleyfishöfum að endurnýja hópferðabifreiðaflota sinn.

Meginrökin að baki framangreindri tillögu eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er hópferðabifreiðafloti landsmanna orðinn óeðlilega gamall. Nú er svo komið að meðalaldur hópferðabifreiða er í kringum 17 ár og stendur það þessari grein ferðaþjónustu fyrir þrifum. Ljóst er að þörf er til endurnýjunar í greininni en erfið rekstrarstaða hópferðabifreiðaeigenda hefur leitt til þess að í hópferðaakstri eru í notkun gamlar hópferðabifreiðar sem ógna umferðaröryggi á vegum landsins.

Í öðru lagi er mengun frá þessum gömlu hópferðabifreiðum mikil. Í frumvarpinu er gerð krafa um aflvél samkvæmt EURO2-staðli ESB, eða sambærilega aflvél, sem mengar mun minna en þær aflvélar sem áður hafa verið notaðar. Verði frumvarp þetta að lögum mun það því hafa jákvæð áhrif á umhverfið.

Með frumvarpinu er því verið að stíga ákveðið skref í endurnýjun hópferðabifreiða til að ná fram jákvæðum áhrifum í ferðaþjónustu sem og öryggis- og umhverfismálum. Ef frumvarpið verður að lögum hefur það hvetjandi áhrif á rekstraraðila til að flytja inn umhverfisvænni hópferðabifreiðar, þ.e. bifreiðar með aflvélar samkvæmt EURO2-staðli eða sambærilegar aflvélar. Endurgreiðsluheimildin mun einnig ná til nýrri staðla, t.d. EURO3.

Bent hefur verið á að samkeppni við erlenda aðila sem flytja bifreiðar sínar til landsins yfir háannatímann til að aka erlendum ferðamönnum hafi aukist á undanförnum árum og gert innlendum rekstraraðilum hópferðabifreiða erfitt fyrir. Ef frumvarpið verður að lögum mun það jafna samkeppnisskilyrði milli þessara innlendu og erlendu aðila í sömu starfsemi hérlendis.

Til þess að koma í veg fyrir skyndileg áhrif á innflutning og óeðlilegar sveiflur hjá rekstraraðilum er í frumvarpinu lagt til að undanþágan gildi til ársloka 2003. Miðað er við 1. september 2000 með hliðsjón af því að á þeim tímapunkti er mesti annatíminn í tengslum við ferðamannaiðnaðinn og hópferðaakstur að baki og rekstraraðilar í greininni farnir að hefja undirbúning að nýju rekstrarári.

Í frumvarpinu er tekið fram að endurgreiðsluheimildin nái ekki til almenningsvagna (strætisvagna) enda er tillögunni eingöngu ætlað að koma til móts við þann umhverfis- og öryggisvanda sem stafar af úreltum hópferðabifreiðaflota landsins. Með almenningsvögnum er átt við almenningsvagna sem eru í áætlunarferðum samkvæmt fyrirframákveðinni tímaáætlun í þéttbýli gegn fyrirframákveðnu gjaldi.

Endurgreiðslunni er ekki aðeins ætlað að taka til bifreiða sem fluttar eru inn fullbúnar heldur einnig til smíði slíkra bifreiða að fullu eða að nokkru leyti hér á landi.

Samkvæmt upplýsingum frá samtökum ferðaþjónustunnar (SAF) mun meðalverð á nýrri hópferðabifreið, fyrir 18 farþega eða fleiri, vera á bilinu 15–20 m.kr. Samkvæmt frumvarpinu mun endurgreiðsla virðisaukaskatts af 18 m.kr. hópferðabifreið nema tæpum 3 m.kr. Árið 2000 voru fluttar inn 17 nýjar rútur og mun samkvæmt þeim tölum árleg endurgreiðsla virðisaukaskatts nema u.þ.b. 50 m.kr. Gera verður þann fyrirvara við þessar tölur að erfitt er að sjá fyrir hversu mikið innflutningur hópferðabifreiða eykst verði frumvarpið að lögum en gera verður ráð fyrir að hann aukist töluvert.

Gert er ráð fyrir í frumvarpinu að fjármálaráðherra setji nánari reglur um framkvæmd endurgreiðslunnar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Samkvæmt frumvarpi þessu verður heimilað að endurgreiða 2/3 hluta virðisaukaskatts af kaup- eða leiguverði hópbifreiða af tiltekinni gerð sem nýskráðar eru á tímabilinu frá 1. janúar 2001 til 31. desember 2003. Frumvarpið leiðir ekki til aukinna útgjalda ríkissjóðs verði það að lögum.

1066. Frumvarp til laga [687. mál]

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Fyrir afsagnargerðir, stefnubirtingar og aðrar slíkar gerðir er lögbókandi framkvæmir skal greiða 1.200 kr. Sama gjald skal greiða fyrir staðfestingar er starfsmenn utanríkisþjónustunnar framkvæma.

2. gr.

Á eftir 15. tölul. 10. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi:

16. Leyfi til tannsmiða.

3. gr.

Við 11. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

50. Útflutningsleyfi	1.200 kr.

4. gr.

Við 12. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

17. Leyfi til skoteldasýningar	5.000 kr.
18. Brennuleyfi	5.000 kr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Við 1. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi:
   d. Útgáfa vegabréfa til öryrkja fer skv. 2. tölul.

b. Á eftir 2. tölul. koma þrettán nýir töluliðir, svohljóðandi:

3. Fyrir útgáfu diplómatískra vegabréfa og þjónustuvegabréfa:	
a. Fyrir 18–66 ára	4.600 kr.
b. Skyndiútgáfa fyrir 18–66 ára	9.200 kr.
c. Fyrir aðra	1.700 kr.
d. Skyndiútgáfa fyrir aðra	3.400 kr.
4. Aðgangsskírteini að Keflavíkurflugvelli:	
a. Fyrir fastráðna starfsmenn	2.000 kr.
b. Fyrir tímabundið skírteini	1.000 kr.
5. Vegabréfsáritun til gegnumferðar um flughöfn A	800 kr.
6. Vegabréfsáritun til gegnumferðar um ríki B (ein, tvær eða fleiri komur)	800 kr.
7. Vegabréfsáritun til skamms tíma C1 (hámark til 30 daga)	1.800 kr.
8. Almenn vegabréfsáritun C2 (hámark til 90 daga)	2.400 kr.
og að auki fyrir hverja komu frá og með annarri komu	400 kr.
9. Vegabréfsáritun fyrir fleiri en eina komu sem gildir í eitt ár C3	4.000 kr.
10. Vegabréfsáritun fyrir fleiri en eina komu sem gildir að hámarki í fimm ár C4	4.000 kr.
og að auki fyrir hvert viðbótarár	2.400 kr.
11. Vegabréfsáritun til langs tíma D	2.400 kr.
12. Vegabréfsáritun með takmarkað gildissvið	2.400 kr.
13. Vegabréfsáritanir fyrir hópa í flokkum A og B (5–50 einstaklingar)	800 kr.
og að auki fyrir hvern einstakling	80 kr.
14. Vegabréfsáritanir fyrir hópa í flokki C1 (30 dagar) ein eða tvær komur (5–50 einstaklingar)	2.400 kr.
og að auki fyrir hvern einstakling	80 kr.
15. Vegabréfsáritanir fyrir hópa í flokki C1 (30 dagar) meira en tvær komur (5–50) einstaklingar	2.400 kr.
og að auki fyrir hvern einstakling	240 kr.

c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Verði vegabréfsáritun gefin út við landamæri skal innheimta tvöfalda fjárhæð þess flokks vegabréfsáritunar sem um er að ræða.

6. gr.

Á eftir VIII. kafla laganna kemur nýr kafli, IX. kafli, **Gjöld vegna sérstakrar þjónustu starfsmanna utanríkisþjónustunnar**, með einni grein, svohljóðandi og breytist töluröð kafla og greina sem því nemur:

Greiða skal gjöld fyrir sérstaka þjónustu er starfsmenn utanríkisþjónustunnar veita svo sem hér segir:

1. Fyrir aðstoð við útvegun vottorða og yfirlýsinga frá opinberum stjórnvöldum eða öðrum á Íslandi eða erlendis 3.000 kr.
2. Fyrir þýðingar sendiskrifstofa, hver síða 3.500 kr.
3. Fyrir milligöngu um birtingu stefnu í einkamálum og greiðsluáskoranir fyrir aðila erlendis 5.000 kr.
4. Fyrir tilnefningu vegna móttöku stefna, dóma og tilkynninga fyrir hönd innlendra fyrirtækja og stofnana 10.000 kr.
5. Fyrir millifærslu fjármuna til og frá útlöndum:
   a. Fyrir millifærslu allt að 50.000 kr. 3.000 kr.
   b. Fyrir millifærslu á bilinu 50.000 kr. til 200.000 kr. 7.500 kr.
   c. Fyrir millifærslu yfir 200.000 kr. skal greiða 3,75% af millifærðri fjárhæð en þó ekki hærra en 37.500 kr.

7. gr.

Við 19. gr. laganna, sem verður 20. gr., bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Gjöld samkvæmt lögum þessum sem innt eru af hendi erlendis ber að greiða í mynt hlutaðeigandi ríkis í samræmi við skráð gengi hverju sinni. Gjöld sem mælt er fyrir um í 5.–10. tölul. og 12.–15. tölul. 14. gr. skulu taka mið af gengi evrunnar. Við útreikning gjalda þessara er heimilt að námunda upphæðina.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögunum um aukatekjur ríkissjóðs er kveðið á um ýmiss konar gjaldtöku sem rennur í ríkissjóð.

Frumvarpið samanstendur af tillögum um lögfestingu ýmissa gjaldtökuheimilda er tengjast starfsemi utanríkisþjónustunnar, en fram til þessa hafa þær heimildir verið að finna í reglugerð nr. 353/1999, um gjöld fyrir embættisverk starfsmanna utanríkisþjónustunnar.

Samhliða er lagt til að lögfestar verði heimildir til gjaldtöku fyrir vegabréfsáritanir er byggjast á reglum Schengen-samstarfsins sem Ísland hefur skuldbundið sig að þjóðarétti til að fylgja. Verður nánar vikið að þessum atriðum í athugasemdum við einstök ákvæði frumvarpsins.

Jafnframt er í frumvarpinu verið að jafna rétt öryrkja þannig að þeir greiði sama gjald og aldraðir fyrir útgáfu vegabréfa til útlanda. Grundvöllurinn fyrir þessari breytingu er sá að aldraðir og öryrkjar njóta í flestum tilvikum sams konar réttar til niðurfellingar eða undanþágu frá greiðslu ýmissa gjalda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með frumvarpinu er lagt til að það gjald sem innheimt verður vegna staðfestinga starfsmanna utanríkisþjónustunnar á skjölum verði hið sama og innheimt er fyrir aðrar eðlislíkar aðgerðir stjórnvalda.

Um 2. gr.

Tannsmiðir fá útgefið starfsleyfi á grundvelli laga nr. 109/2000, um starfsréttindi tannsmiða. Fyrir útgáfu sambærilegra atvinnuréttinda eru greiddar 5.000 kr. og er talið rétt að fella atvinnuréttindi tannsmiða undir sömu reglu.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að gjald fyrir útflutningsleyfi verði 1.200 kr. sem er í samræmi við gildandi reglugerð sem utanríkisráðuneytið hefur byggt á. Hafa ber í huga að gjald þetta gildir einvörðungu að því er varðar útflutningsleyfi sem utanríkisráðuneyti gefur út en gert er ráð fyrir að sérstök ákvæði um gjöld fyrir útflutningsleyfi sem kunna að vera innheimt á grundvelli annarra laga haldi gildi sínu.

Um 4. gr.

Með þessum breytingum er lagt til að gjald verði tekið af leyfisveitingum til skoteldasýninga og til skipulagðra brenna. Lögregluembætti hafa töluverða fyrirhöfn af framangreindum leyfisveitingum. Afgreiðsla umsóknar kostar bæði tíma og fyrirhöfn innan embættanna. Leita þarf umsagnar annarra stofnana, t.d. þarf að fá starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirlitinu auk samráðs við forvarnarsvið slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Þá getur lögreglan auk þess þurft að kanna hvort samþykki lóðareiganda liggur fyrir, ef hann er annar en umsækjandi. Lögreglan þarf enn fremur að framkvæma vettvangsskoðun til þess að athuga aðstæður áður en skoteldasýningin eða brennan hefst, auk þess sem hún kemur í eftirlitsferðir á meðan á brennunni eða sýningunni stendur eða að henni lokinni. Lagt er til að innheimtar verði 5.000 kr. bæði fyrir brennuleyfi og leyfi fyrir skoteldasýningu.

Um 5. gr.

Í 5. gr. er m.a. mælt fyrir um ýmsar breytingar á gjaldtöku sem snerta útgáfu vegabréfa og vegabréfsáritana.

Í Schengen-samstarfinu tekur Ísland þátt í samstarfi Schengen-ríkjanna um meðferð og útgáfu vegabréfsáritana. Það samstarf byggist á samræmdum reglum sem m.a. fela í sér að samræmdur áritunarmiði er tekinn upp sem tekur til allra Schengen-ríkjanna. Samræmdar reglur gilda um skilyrði þess að áritun verði gefin út auk þess sem gjald það sem innheimta ber fyrir útgefnar áritanir verður samræmt. Samræming gjaldtöku að þessu leyti styðst við þau rök að mismunandi gjaldtaka kunni að leiða til þess að umsækjendur mundu leita þangað sem gjaldið væri lægst sem m.a. væri til þess fallið að auka hættuna á misnotkun kerfisins.

Þær reglur er gilda um gjaldtöku fyrir vegabréfsáritanir samkvæmt Schengen-samningnum eru skuldbindandi fyrir Ísland að þjóðarétti og er talið eðlilegt að þær heimildir verði lögfestar.

Í ákvæðinu eru lagðar til eftirfarandi breytingar:

a. Lagt er til að réttarstaða öryrkja og aldraðra verði jöfnuð að því er varðar gjaldtöku fyrir vegabréf. Aldraðir og öryrkjar hafa í flestum tilvikum notið sams konar réttar til niðurfellingar eða undanþágu frá greiðslu ýmissa gjalda. Sem dæmi um gjöld má nefna

fasteignagjöld, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, fast afnotagjald síma og lægra gjald við læknisheimsóknir og lyfjakaup. Því hefur verið lagt til að öryrkjar greiði sama gjald og ellilífeyrisþegar við útgáfu vegabréfa. Í þessu sambandi ber að skilgreina öryrkja á sama hátt og gert er í lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar. Þar kemur fram að öryrki er sá sem er metinn til a.m.k. 75% örorku til langframa vegna afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar, er á aldrinum 16 til 67 ára og hefur verið búsettur á Íslandi a.m.k. þrjú síðustu ár áður en umsókn er lögð fram eða í sex mánuði ef starfsorka var óskert er hann tók hér búsetu. Öryrkjar með hlutfallslega örorku undir 75% njóta ekki þessarar lækkunar greiðslu á útgáfu vegabréfa.

b. Í 3. tölul. b-liðar ákvæðisins er lagt til að gjaldtaka fyrir diplómatísk vegabréf og þjónustuvegabréf verði færð til samræmis við gjaldtöku fyrir annars konar vegabréf. Fram til þessa hefur gjaldtaka fyrir þessar tegundir vegabréfa byggst á reglugerð en ekki þykja standa rök til þess að mismunur sé gerður að þessu leyti milli einstakra flokka vegabréfa. Fjárhæðir breytast ekki frá því sem verið hefur samkvæmt tilvitnaðri reglugerð.

Jafnframt eru lagðar til ýmsar breytingar á lögunum sem annars vegar tengjast gjaldtöku á vegum utanríkisráðuneytisins eða stofnana þess og hins vegar þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Um er að ræða eftirtaldar breytingar:

Um 4. tölul.: Lagt er til að lögfest verði gjald vegna aðgangsskírteina sem sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli gefur út og veita heimild til aðgangs að flugvellinum. Er þar annars vegar um að ræða tímabundin skírteini og hins vegar skírteini til fastráðinna starfsmanna.

Um 5. tölul.: Vegabréfsáritun samkvæmt þessum tölulið heimilar handhafa hennar, sem sérstaklega þarf á því að halda, að fara um alþjóðlegt gegnumferðarsvæði flughafnar án þess að fara inn á yfirráðasvæði viðkomandi ríkis vegna millilendingar eða þegar skipt er um vél milli tveggja áfanga alþjóðlegrar flugleiðar. Samkvæmt Schengen-reglum er miðað við að gjald fyrir þessa tegund áritana sé 10 evrur.

Um 6. tölul.: Vegabréfsáritun samkvæmt þessum tölulið heimilar handhafa hennar á leið frá einu þriðja ríki til annars að fara um yfirráðasvæði Schengen-ríkjanna. Samkvæmt Schengen-reglum er miðað við að gjald fyrir þessa tegund áritana sé 10 evrur.

Um 7. tölul.: Vegabréfsáritun samkvæmt þessum tölulið heimilar handhafa hennar aðgang að Schengen-svæðinu til óslitinnar dvalar eða til að dveljast þar í nokkur skipti, í mesta lagi 30 daga. Samkvæmt Schengen-reglum er miðað við að gjald fyrir þessa tegund áritana sé 15–25 evrur. Að fyrirmynd Dana er lagt til gjaldtakan miðist við 23 evrur.

Um 8. tölul.: Vegabréfsáritun samkvæmt þessum tölulið heimilar handhafa hennar aðgang að Schengen-svæðinu til óslitinnar dvalar eða til að dveljast þar í nokkur skipti, í mesta lagi þrjá mánuði samanlagt næsta hálfa ár eftir fyrstu komu til lands. Samkvæmt Schengen-reglum er miðað við að gjald fyrir þessa tegund áritana sé 30 evrur auk 5 evra fyrir hverja komu.

Um 9. tölul.: Vegabréfsáritun samkvæmt þessum tölulið heimilar handhafa hennar aðgang að Schengen-svæðinu til óslitinnar dvalar eða til að dveljast þar í nokkur skipti, í mesta lagi þrjá mánuði samanlagt næsta hálfa ár eftir fyrstu komu til lands. Gildistími hennar er eitt ár. Samkvæmt Schengen-reglum er miðað við að gjald fyrir þessa tegund áritana sé 50 evrur.

Um 10. tölul.: Vegabréfsáritun samkvæmt þessum tölulið heimilar handhafa hennar aðgang að Schengen-svæðinu til óslitinnar dvalar eða til að dveljast þar í nokkur skipti, í mesta lagi þrjá mánuði samanlagt næsta hálfa ár eftir fyrstu komu til lands. Gildistími hennar getur verið allt að fimm ár. Samkvæmt Schengen-reglum er miðað við að gjald fyrir þessa tegund áritana sé 50 evrur auk 30 evra fyrir hvert viðbótarár.

Um 11. tölul.: Í þessu ákvæði er lagt til að gjald fyrir vegabréfsáritun sem bundin er við ferð til Íslands verði 2.500 kr. en í því efni er höfð hliðsjón af gjaldi því er Danir heimta fyrir áritun sem bundin er við ferð til Danmerkur.

Um 12. tölul.: Hér er um að ræða samræmda Schengen vegabréfsáritun sem hefur takmarkað landfræðilegt gildissvið, bundin við eitt eða fleiri tiltekin Schengen-ríki. Reglur Schengen setja tilteknar viðmiðanir vegna gjalds fyrir þessa tegund áritana. Sú fjárhæð sem lögð er til í þessu tilviki tekur mið af gjaldi því er Danir heimta.

Um 13. tölul.: Hér er mælt fyrir um gjald fyrir vegabréfsáritanir í flokkum A og B sem gefnar eru út fyrir hópa. Þetta eru vegabréfsáritanir til gegnumferðar. Reglur Schengen gera ráð fyrir að gjald fyrir þessar áritanir sé 10 evrur auk 1 evru fyrir hvern einstakling í hópnum.

Um 14. tölul.: Hér er mælt fyrir um gjald fyrir vegabréfsáritanir í flokki C1 sem gefnar eru út til hópa. Um er að ræða samræmda vegabréfsáritun sem heimilar dvöl á Schengen-svæðinu í allt að 30 daga. Reglur Schengen gera ráð fyrir að gjald fyrir þessar áritanir sé 30 evrur auk 1 evru fyrir hvern einstakling í hópnum.

15. tölul.: Hér er um að ræða sams konar áritun og getur í 14. tölul. en heimilar fleiri en eina komu inn á Schengen-svæðið. Reglur Schengen gera ráð fyrir að gjald fyrir þessar áritanir sé 30 evrur auk 3 evra fyrir hvern einstakling í hópnum.

c. Reglur Schengen-samningsins heimila í undantekningartilvikum að vegabréfsáritanir verði gefnar út á landamærum einstakra aðildarríkja. Í reglum Schengen er mælt fyrir um að í þeim tilvikum skuli innheimt tvöföld sú fjárhæð sem innheimt yrði ef áritun hefði verið gefin út með hefðbundnum hætti. Reglurnar heimila þó að fallið sé frá gjaldtöku í þessu tilviki og mundi slík ákvörðun falla undir almennt undanþáguákvæði sem lagt er til í 6. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er lagt til að nýjum kafla verði bætt við lög um aukatekjur ríkissjóðs þar sem verði að finna heimildir til gjaldtöku vegna sérstakrar þjónustu sem starfsmenn utanríkisþjónustunnar veita.

Þarfnast ákvæðið ekki skýringar umfram það að það endurspeglar ýmiss konar þjónustu sem utanríkisþjónustan veitir. Í öllum tilvikum taka tillögurnar mið af þeirri gjaldtöku sem mælt er fyrir um í gildandi reglugerð, nr. 353/1999, um gjöld fyrir embættisverk starfsmanna utanríkisþjónustunnar.

Um 7. gr.

Hér er lagt til með hliðsjón af skuldbindingum Íslands samkvæmt Schengen-samningnum að sett verði ítarleg ákvæði um innheimtu gjalda vegna vegabréfsáritana. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að gjöld fyrir vegabréfsáritanir skuli taka mið af gengi evrunnar en það er sú viðmiðun er reglur Schengen-samningsins gera ráð fyrir.

Að lokum er lagt til að við útreikning gjalda þessara verði heimilt að námunda fjárhæðina en það er í samræmi við gildandi reglugerð.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði ákvæði um ýmsa gjaldtöku í tengslum við starfsemi utanríkisþjónustunnar sem fram til þessa hefur verið byggð á reglugerð um gjöld fyrir embættisverk starfsmanna utanríkisþjónustunnar. Jafnframt eru í frumvarpinu ákvæði um gjaldtöku fyrir vegabréfsáritanir vegna Schengen-samningsins og nokkrar aðrar breytingar á gjöldum sem innheimt eru á grundvelli laga um aukatekjur ríkissjóðs. Lögfesting frumvarpsins ætti ekki að hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

1067. Frumvarp til laga [688. mál]

um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Við 31. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem verða 2. og 3. mgr. og orðast svo:

Fasteignamat ríkisins getur að eigin frumkvæði endurmetið einstakar eignir í því skyni að tryggja samræmt mat hliðstæðra eigna.

Berist beiðni um endurmat fasteignar frá öðrum en eiganda og Fasteignamat ríkisins telur ástæðu til breytinga skal eiganda tilkynnt um þá breytingu sem fyrirhugað er að gera á fasteignamati. Vilji eigandi ekki una þeirri breytingu skal veita honum a.m.k. fjögurra vikna frest til að tilkynna það með sannanlegum hætti til Fasteignamats ríkisins. Að öðrum kosti tekur breytt fasteignamat gildi að liðnum fresti.

2. gr.

2. málsl. 32. gr. laganna orðast svo: Málsmeðferð samkvæmt þessari grein og endurmat einstakra eigna skal fara eftir 31. gr. laganna.

3. gr.

Við 35. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr. og orðast svo:

Skráðu matsverði fasteigna skal breytt í fasteignaskrá í samræmi við framangreinda stuðla og skal það verð talið fasteignamatsverð frá og með 31. desember til jafnlengdar næsta ár nema sérstakt endurmat komi til.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur frumvarps þessa um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, er aðallega að samræma útgáfu árlegrar fasteignamatsskrár þeim breytingum á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykktar voru á Alþingi 29. nóvember 2000. Í frumvarpinu felst einnig að leitast er við að tryggja betur andmælarétt fasteignaeigenda og að skapa betra samræmi í fasteignamati.

Eigandi, sveitarfélag og fjármálaráðuneyti geta samkvæmt gildandi lögum óskað eftir því að Fasteignamat ríkisins endurmeti eign fasteignamati. Stofnuninni sjálfri er hins vegar ekki heimilt að taka eign til endurmats að eigin frumkvæði en í frumvarpinu er lagt til að hún fái slíka heimild. Þar er m.a. miðað við fordæmi sem er í lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, þar sem samsvarandi heimild er orðuð svo: „Fasteignamat ríkisins getur endurmetið skyldutryggðar húseignir þegar stofnunin sér ástæðu til. Húseiganda skal tilkynnt um fyrirhugaða breytingu á mati. Vilji húseigandi ekki una breyttu mati samkvæmt þessari málsgrein skal hann tilkynna það með sannanlegum hætti innan fjögurra vikna frá dagsetningu tilkynningar um matið. Komi ekki fram athugasemdir tekur hið nýja brunabótamat gildi að fjórum vikum liðnum frá dagsetningu tilkynningar Fasteignamats ríkisins.“ Þessi heimild er mikilvæg bæði hvað varðar endurmat brunabótamats og fasteignamats til að stofnunin geti samræmt mat þar sem hún verður ósamræmis vör, t.d. íbúða í sama fjöleignarhúsi eða hliðstæðra eininga í atvinnuhúsnæði. Jafnframt skapar þetta stofnuninni svigrúm til endurmats þar sem fasteignamat er í ósamræmi við gangverð eða þegar endurmeta þarf eignir vegna sérstakra aðstæðna, svo sem náttúruhamfara.

Jafnframt er lagt til í frumvarpinu að þegar beiðni um endurmat berst Fasteignamati ríkisins frá öðrum en fasteignareiganda og stofnunin telur forsendur vera til breytinga á fasteignamati þá skuli hún hafa frumkvæði að því að tilkynna eiganda um fyrirhugaða breytingu. Eiganda skal veittur kostur á að koma að sjónarmiðum sínum, sbr. meginreglu stjórnsýslulaga um andmælarétt. Berist athugasemdir frá honum innan tilskilins frests skal taka afstöðu til þeirra áður en endanleg ákvörðun um breytt fasteignamat er tekin.

Í lögum um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum var m.a. kveðið á um að stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir skuli vera fasteignamat þeirra 31. desember og að Fasteignamat ríkisins skuli gefa út skrá um gildandi fasteignamat þann dag ár hvert sem notuð er til álagningar fasteignagjalda. Samkvæmt lögum nr. 6/2001 skal Fasteignamat ríkisins gefa út fasteignamatsskrá 1. desember ár hvert þar sem nýtt framreiknað fasteignamat er birt opinberlega. Frumvarpið miðar að því að sameina útgáfudag þessara tveggja skráa og hafa hann 31. desember. Það fyrirkomulag kemur í veg fyrir rugling sem kann að skapast vegna tveggja skráa sem innihalda sömu efnisatriði nema hvað varðar fasteignir sem breytast í mati í desember ár, hvert auk þess sem slíkt fyrirkomulag er ódýrara þar sem um verður að ræða eina útgáfu í stað tveggja að óbreyttum lögum. Það er einnig í samræmi við aðra upplýsingagjöf á sviði fjárhagsmálefna að miða við stöðu í árslok frekar en 1. desember. Einnig skapar þessi breyting aukið svigrúm til ákvörðunar framreiknings fasteignamats ár hvert þar sem útgáfa fasteignamatsskrár verður einum mánuði seinna en nú er.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Til þess að ná samræmi í fasteignamati, t.d. íbúða í sama fjölbýlishúsi eða hliðstæðra eininga í atvinnuhúsnæði, er mikilvægt að Fasteignamat ríkisins hafi heimild til að endurmeta einstakar fasteignir þegar stofnunin telur ástæðu til. Jafnframt því að mæla fyrir um slíka heimild er lögð til sú málsmeðferð að stofnunin tilkynni fasteignareiganda um fyrirhugaða breytingu á fasteignamati og honum sé veittur kostur á að koma að sjónarmiðum sínum áður en ákvörðun um breytt mat er tekin, sbr. meginreglu stjórnsýslulaga um andmælarétt. Berist athugasemdir frá honum innan tilskilins frests skal taka afstöðu til þeirra áður en endanleg ákvörðun um breytt fasteignamat er tekin. Hliðstætt ákvæði hefur verið í gildi varðandi brunabótamat og hefur gefist vel.

Um 2. gr.

Lagt er til að sú málsmeðferð skuli viðhöfð sem mælt er fyrir um í 1. gr. frumvarpsins í þeim tilvikum þegar fjármálaráðuneytið eða sveitarfélag gerir kröfu um endurmat fasteigna samkvæmt 32. gr. laganna. Í henni felst að fasteignareiganda skuli send tilkynning um fyrirhugaða breytingu og veittur frestur til athugasemda.

Um 3. gr.

Þann 29. nóvember sl. voru samþykkt á Alþingi lög um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum. Þar er m.a. kveðið á um að stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir skuli vera fasteignamat þeirra 31. desember. Samkvæmt lögum nr. 6/2001 gefur Fasteignamat ríkisins út skrá 1. desember þar sem nýtt framreiknað fasteignamat er birt opinberlega og samkvæmt framangreindri breytingu á lögum nr. 4/1995 skal stofnunin gefa út aðra skrá til sveitarfélaga 31. desember sem notuð er til álagningar fasteignagjalda. Í þeirri skrá koma fram allar breytingar sem hafa orðið í desembermánuði. Seinni breytingin sem hér er lögð til lýtur að því að einungis verði gefin út ein skrá með nýju framreiknuðu fasteignamati sem gildi frá og með 31. desember. Gert er ráð fyrir að niðurstöður framreiknings fasteignamats liggi fyrir í lok nóvember ár hvert og ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að kynna sveitarfélögum framreikningsstuðla á þeim tíma.

Seinkun á gildistöku nýs fasteignamats úr 1. des. í 31. des. hefur það í för með sér að fasteignamat, sem gekk í gildi 1. desember 2000, mun gilda í 13 mánuði.

Um 4. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum.

Tilgangur þessa frumvarps er aðallega að samræma útgáfu árlegrar fasteignamatsskráar við þær breytingar sem gerðar voru á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, sem samþykktar voru á Alþingi 29. nóvember árið 2000. Samkvæmt gildandi lögum um skrán-

ingu og mat fasteigna b[illegible]asteignamati ríkisins að gefa út fasteignamatsskrá 1. desember ár hvert en í lögum um [illegible] justofna sveitarfélaga er hins vegar kveðið á um að stofn til álagningar fasteignaskatts skuli vera skrá um fasteignamat miðað við 31. desember. Frumvarpið miðar að því að sameina birtingu fasteignamatsins þannig að gefin verði út ein skrá 31. desember ár hvert. Í frumvarpinu er einnig lagt til að Fasteignamat ríkisins fái heimild til að endurmeta einstakar fasteignir til að tryggja samræmi við mat hliðstæðra fasteigna um leið og leitast er við að treysta andmælarétt eigenda fasteigna.

Hér er ekki um að ræða miklar efnislegar breytingar á núverandi skipan mála og má fremur ætla að nokkur sparnaður verði af sameiningu á útgáfu fasteignamatsskráa en að útgjöld ríkissjóðs aukist verði frumvarpið að lögum.

1068. Fyrirspurn [689. mál]

til fjármálaráðherra um þjóðlendur.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvenær er að vænta úrskurðar óbyggðanefndar um mörk þjóðlendna í Árnessýslu?
2. Kemur til greina að fresta nú þegar frekari kröfugerð á öðrum landsvæðum uns sá úrskurður liggur fyrir í ljósi þeirrar miklu óánægju sem orðið hefur vart með vinnubrögð og kröfugerð ráðuneytisins við ákvörðun þjóðlendna?
3. Kemur til greina að endurskoða frá grunni vinnubrögð við framkvæmd laga um þjóðlendur og móta nýjar verklagsreglur fyrir kröfugerð ríkisins til þjóðlendna sem væru nær anda laganna?
4. Kemur til greina að ráðherra afturkalli kröfurnar sem hann hefur sett fram gagnvart landeigendum í Austur-Skaftafellssýslu og vinni þær upp á nýtt ef úrskurður óbyggðanefndar í Árnessýslu verður mjög fjarri þeirri kröfugerð sem hann setti fram í upphafi?

1069. Fyrirspurn [690. mál]

til sjávarútvegsráðherra um loðnukvóta.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hver hefur heildarkvóti loðnu verið sl. 10 ár, hver hefur hann verið í upphafi sumarvertíðar, hvenær hefur hann verið gefinn út og hvenær hefur hann verið aukinn?
2. Hversu mikið af útgefnum loðnukvóta hefur ekki náðst að veiða hverju sinni sl. 10 ár, sundurliðað eftir skipum og útgerðum?

Skriflegt svar óskast.

1070. Fyrirspurn [691. mál]

til fjár[illegible]málaráðherra um reikningsskil og bókhald fyrirtækja.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Er ráðherra hlynntur því að horfið verði frá verðbólgureikningsskilum í uppgjöri fyrirtækja?
2. Er ráðherra hlynntur því að íslensk fyrirtæki geti gefið út hlutabréf í erlendri mynt og skráð þau á Verðbréfaþingi Íslands?
3. Er ráðherra hlynntur því að íslensk fyrirtæki sem hafa umfangsmikil viðskipti erlendis geti valið um að færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt eingöngu?

1071. Fyrirspurn [692. mál]

til félagsmálaráðherra um Framkvæmdasjóð fatlaðra.

Frá Soffíu Gísladóttur.

Hverjir hafa fengið úthlutanir úr Framkvæmdasjóði fatlaðra, til hvaða framkvæmda og hversu háar upphæðir frá og með árinu 1995?

Skriflegt svar óskast.

1072. Nefndarálit [367. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.

Frá r[illegible]eiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti, Jakob Möller frá Lögmannafélagi Íslands, Helga I. Sigurðsson frá Dómarafélagi Íslands, Boga Nilsson ríkissaksóknara og Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmann.

Umsagnir bárust frá Dómarafélagi Íslands og laganefnd LMFÍ, lögreglustjóranum í Reykjavík, dómstólaráði, Sýslumannafélagi Íslands og ríkissaksóknara.

Með frumvarpinu er lagt til að hagsmunaaðili geti kært til dómsmálaráðherra ákvörðun ríkissaksóknara um hvort opinber rannsókn á grundvelli 4. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála skuli fara fram eða ekki. Þegar svo ber undir er gert ráð fyrir að ráðherra geti fellt ákvörðun ríkissaksóknara úr gildi og sett sérstakan saksóknara til að ákveða hvort rannsókn fari fram og færi hann þá jafnframt með málið.

Í umsögnum sem borist hafa nefndinni er lögð áhersla á sjálfstæði embættis ríkissaksóknara sem æðsta handhafa ákæruvalds lögum samkvæmt. Ríkissaksóknari, Lögmannafélag Íslands og Dómarafélag Íslands telja að frumvarpið feli í sér frávik frá grundvallarreglunni um sjálfstæði ákæruvaldsins og því sé það í ósamræmi við þá réttarþróun sem átt hefur séð stað í þessum málaflokki.

Meiri hluti nefndarinnar lítur hins vegar svo á að sjálfstæði ákæruvaldsins sé ekki ógnað með þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu því að ákvörðun ríkissaksóknara getur aldrei lotið að beitingu ákæruvalds þar sem refsingu verður ekki við komið í þessu tilviki heldur er um að ræða sérstaka heimild ríkissaksóknara sem æðsta handhafa rannsóknarvalds til að mæla fyrir um rannsókn vegna ríkra almanna- og einkahagsmuna. Ríkissaksóknara var fengin þessi heimild með breytingu á lögunum hinn 10. mars 1999 og telur meiri hlutinn eðlilegt að ákvarðanir ríkissaksóknara um synjun á slíkum rannsóknum geti sætt endurskoðun ráðherra, enda er um ríka almanna- og einkahagsmuni að ræða.

Það er þó mat meiri hlutans að endurskoðun dómsmálaráðherra eigi eingöngu að taka til synjunar ríkissaksóknara um að hefja skuli rannsókn á grundvelli 4. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála og leggur til að frumvarpinu verði breytt í samræmi við það. Meiri hlutinn telur varasamt að ekki sé hægt að kæra slíka synjun ríkissaksóknara til ráðherra í tilvikum sem til dæmis geta varðað hugsanleg brot í opinberu starfi.

Loks telur meiri hlutinn bæði rétt og eðlilegt að það sé ráðherra sem ákveði, um leið og hann fellir ákvörðun ríkissaksóknara um synjun á rannsókn úr gildi, að rannsókn skuli hefjast en ekki sérstakur saksóknari, eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið, og er því gerð tillaga um breytingu á frumvarpinu til að undirstrika það. Hlutverk hins sérstaka saksóknara sé eingöngu að stýra rannsókn málsins í kjölfar ákvörðunar ráðherra. Það fyrirkomulag telur meiri hlutinn að sé einfaldara og í samræmi við reglur stjórnsýslunnar.

Meiri hlutinn leggur því til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við 4. mgr. 66. gr. laganna, sbr. lög nr. 36/1999, bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sá sem á hagsmuna að gæta getur kært ákvörðun ríkissaksóknara um synjun á rannsókn til dómsmálaráðherra. Nú ákveður ráðherra að rannsókn fari fram og setur hann þá sérstakan saksóknara til að fara með og rannsaka málið.

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur afgreiðslu málsins.

Guðrún Ögmundsdóttir og Sverrir Hermannsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. apríl 2001.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ólafur Örn Haraldsson.
Soffía Gísladóttir.	Guðmundur Hallvarðsson.	Katrín Fjeldsted.

1073. Svar [584. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Lúðvíks Bergvinssonar um kostnað ríkissjóðs við leigubifreiðaakstur.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver var kostnaður ríkissjóðs árin 1998, 1999 og 2000 af leigubifreiðaakstri opinberra starfsmanna, sundurliðað eftir árum?

Kostnaður af leigubifreiðaakstri hjá stofnunum í A-hluta ríkisreiknings var 75.188.721 kr. árið 1998 og 89.830.501 kr. árið 1999.

Þar sem uppgjöri ríkisreiknings vegna síðastliðins árs er ólokið er ekki unnt að veita upplýsingar um leigubifreiðakostnað árið 2000.

1074. Skýrsla [693. mál]

um athugun Ríkisendurskoðunar á rammasamningum Ríkiskaupa.

Frá fjárlaganefnd.

Með vísan til 26. gr. þingskapa hefur nefndin tekið til athugunar skýrslu Ríkisendurskoðunar, sem kom út í maí 2000, um rammasamninga Ríkiskaupa. Ríkisendurskoðun gerir grein fyrir umfangi rammasamninganna í skýrslu sinni og leggur mat á þann árangur sem náðst hefur við innkaup ríkisstofnana í skjóli þessa samningakerfis.

Við meðferð málsins fékk nefndin á sinn fund fulltrúa frá Ríkisendurskoðun og Ríkiskaupum.

I.

Tilgangurinn með könnun Ríkisendurskoðunar var að ganga úr skugga um hvort með rammasamningakerfinu hefðu náðst þau markmið sem að var stefnt þegar því var komið á laggirnar á árinu 1994. Að auki kannaði stofnunin í hve ríkum mæli ríkisstofnanir hefðu fært sér það í nyt og hver ávinningurinn hefði verið.

Eins og rakið er í skýrslu Ríkisendurskoðunar ýttu Ríkiskaup rammasamningakerfinu úr vör með það að markmiði að koma á fót einföldu og þægilegu kerfi til innkaupa á skrifstofu- og rekstrarvörum fyrir opinberar stofnanir og fyrirtæki. Kerfinu er ætlað að tryggja þessum aðilum hagkvæm kjör á markaðinum hverju sinni og draga úr kostnaði þeirra við innkaup. Rammasamningakerfið er talið geta haft ótvíræða kosti, sérstaklega fyrir minni aðila. Að jafnaði er það talið fela í sér tímasparnað og stuðla að hagstæðu verði. Áskrifendum að kerfinu hefur fjölgað jafnt og þétt og er nú svo komið að fjölmargir ríkisaðilar eru áskrifendur að því.

Heildarinnkaup samkvæmt rammasamningum jukust um 32% á milli áranna 1997 og 1998 og um 9% á milli 1998 og 1999. Þrátt fyrir fjölgun áskrifenda og umtalsverða aukningu á innkaupum samkvæmt samningunum er staðan enn sú að ríkisaðilar kaupa meiri hluta þeirrar vöru og þjónustu sem þeir þarfnast án þess að nota rammasamninga enda þótt samningar séu til um viðkomandi vöru og þjónustu. Í þeim vöruflokkum sem athugun Ríkisendurskoðunar

náði til var hlutfall innkaupa samkvæmt rammasamningum á bilinu 16–61%, en hlutfallið var mjög breytilegt eftir vöruflokkum. Þannig má nefna að aðeins um 16% af kaupum á sendibifreiðaþjónustu eru gerð samkvæmt rammasamningum og um 30% af kaupum á þjónustu leigubifreiða.

Lágt hlutfall innkaupa samkvæmt rammasamningum er að hluta talið skýrast af því að ríkisaðilar hafi náð sambærilegum eða betri kjörum en rammasamningarnir kveða á um. Þetta á ekki síst við um stærri kaupendur sem vegna mikillar veltu og sérþekkingar þeirra sem annast innkaup fyrir þeirra hönd hafa getað tryggt sér bestu kjör við innkaupin. Ýmsar aðrar ástæður eru og taldar valda því að ríkisaðilar nýta sér ekki rammasamningana meira en raun ber vitni. Má þar t.d. nefna vanafestu í innkaupum sem oft er réttlætt með því að þjónusta ákveðins söluaðila sé betri en almennt gerist á markaðinum eða að viðkomandi vara sé betri en sambærilegar vörur sem rammasamningakerfið tekur til. Að mati Ríkisendurskoðunar réðust staðhæfingar af þessu tagi stundum fremur af huglægu mati kaupenda en af beinni samanburðarkönnun þeirra sjálfra. Loks er ljóst að sumir ríkisaðilar geta ekki nýtt sér alla rammasamninga þótt fullur vilji sé fyrir hendi. Til dæmis eiga ríkisaðilar úti á landi óhægt um vik að nýta sér rammasamninga við þjónustufyrirtæki sem eru á Reykjavíkursvæðinu. Má hér nefna þjónustu leigubifreiða, sendibifreiða og bifreiðaviðgerðir.

Þó að könnun Ríkisendurskoðunar bendi ótvírætt til þess að rammasamningakerfið hafi skilað ríkisaðilum ávinningi leiddi hún í ljós eitt og annað sem betur má fara í framkvæmd. Í því sambandi er einkum bent á eftirfarandi atriði:

- Dæmi voru um að seljendur skiluðu ekki upplýsingum til Ríkiskaupa um sölu samkvæmt rammasamningum eins og þeim ber ótvírætt að gera samkvæmt skýru ákvæði samninganna. Þetta hefur leitt til þess að umsamin þóknun Ríkiskaupa skilar sér ekki auk þess sem upplýsingar um innkaup samkvæmt rammasamningum eru ekki alls kostar réttar.
- Rammasamningakerfið virðist ekki tryggja seljendum, sem taka þátt í því, nægjanlega aukin viðskipti sem m.a. er ætlað að réttlæta umsamda verðlækkun. Ótvírætt er að seljandi ætlast til þess að fá aukin viðskipti gegn því að bjóða lægra verð. Ef samningarnir tryggja seljendum ekki meiri viðskipti hlýtur slíkt þegar til lengdar lætur að draga úr áhuga seljenda á þátttöku í samningunum. Mun þegar vera farið að bera á vísbendingum um að áhugi þeirra fari minnkandi.
- Dæmi voru um að starfsmenn seljenda vissu ekki um rammasamningana eða að engin ábending hefði komið fram í sölukerfum viðkomandi seljanda um gildandi rammasamning og það verð sem gilti um kaup samkvæmt honum.

II.

Í könnun Ríkisendurskoðunar kemur fram að tímabært sé að huga að breytingum á framkvæmd rammasamningakerfisins sem gætu orðið til þess að kerfið næði frekar tilgangi sínum. Í því sambandi bendir stofnunin einkum á eftirtalin atriði:

- Bæta þarf upplýsingagjöf og eftirfylgni með framkvæmd rammasamninga. Í því sambandi þarf að tryggja að Ríkiskaup hafi á hverjum tíma áreiðanlegar og sundurgreindar upplýsingar um öll viðskipti sem eru gerð á grundvelli þeirra. Jafnframt ætti að leita skýringa frá stofnunum sem ekki nota kerfið við innkaup.
- Sérhver ríkisaðili þarf að marka sér innkaupastefnu sem kveður á um hvernig haga skuli innkaupum og setja sér innkaupareglur á grundvelli hennar. Reglurnar kveði m.a. á um hvernig standa skuli að vali á birgjum, hverjir skuli annast innkaup og hvernig hátta beri eftirliti með að reglunum sé fylgt.

- Fylgja þarf eftir ákvæðum laga og reglugerða um innkaup ríkisins um skyldu stofnana til að beina viðskiptum til aðila sem rammasamningar hafa verið gerðir við.
- Efla þarf fræðslu hjá stofnunum um innkaup og hvetja til þess að stofnanir notfæri sér rammasamningakerfið. Ríkiskaup, ráðuneytin og Ríkisendurskoðun þurfa að koma að þeirri vinnu.
- Kynningargögn sem kaupendum standa til boða þurfa að vera þannig úr garði gerð að ekki sé hætta á að rammasamningar verði túlkaðir á annan veg en til var ætlast í upphafi. Hér er átt við að ljóst sé hvaða vörur og þjónusta eru ekki innifalin í viðkomandi samningi þegar um er að ræða sambærilega vöruflokka.
- Ein leið til að tryggja meiri notkun rammasamninga gæti verið sú að koma á virku tengiliðakerfi milli ríkisaðila og Ríkiskaupa. Hægt er að hugsa sér að valinn hópur ríkisaðila, sem mundi skuldbinda sig til að kaupa inn samkvæmt rammasamningum, ætti náið samstarf og færi hann í samráði við Ríkiskaup yfir hvernig til hefði tekist, legði mat á samninga, verð, vörur og þjónustu og önnur atriði sem máli skipta.

III.

Fjárlaganefnd bendir á að lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum, er ætlað að stuðla að því að hagsýni sé jafnan gætt við innkaup ríkisins á vörum og þjónustu. Í þeim er m.a. lögð nokkur áhersla á að ríkisstofnanir hagi viðskiptum sínum í samræmi við ákvæði laganna og hlíti fyrirmælum stjórnar opinberra innkaupa. Í 20. gr. reglugerðar nr. 302/1996, um innkaup ríkisins, kemur fram að hlutverk Ríkiskaupa sé að gera rammasamninga og að ríkisaðilum beri að beina viðskiptum sínum til viðsemjenda þeirra. Í ljósi þessa verður að líta svo á að ríkisstofnunum beri að jafnaði að beina viðskiptum sínum til þeirra sem Ríkiskaup hafa gert rammasamninga við. Frá þessari almennu reglu geta að sjálfsögðu verið undantekningar vegna augljóss óhagræðis sem hún kann að hafa í för með sér fyrir einstakar stofnanir, svo sem vegna þess hvar starfsemi þeirra er.

Eins fram kemur í könnun Ríkisendurskoðunar er full ástæða til þess að huga að endurbótum á framkvæmd rammasamningakerfisins til þess að það nái frekar tilgangi sínum. Nefndin tekur undir tillögur um að bæta upplýsingagjöf og eftirfylgni með framkvæmd rammasamninga, mörkun innkaupastefnu og setningu innkaupareglna hjá ríkisaðilum á grundvelli hennar. Á sama hátt þarf greinilega að efla fræðslu hjá stofnunum um innkaup og hvetja til þess að stofnanir notfæri sér rammasamningakerfið. Loks þarf að vekja athygli stofnana á þeirri lagaskyldu sem á þeim hvílir varðandi innkaup. Nefndin hvetur Ríkiskaup, ráðuneytin og Ríkisendurskoðun til þess að beita sér fyrir endurbótum af þessu tagi á rammasamningakerfinu.

Alþingi, 2. apríl 2001.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Einar Már Sigurðarson.
Árni Johnsen.	Gísli S. Einarsson.	Hjálmar Jónsson.
Jón Bjarnason.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
Össur Skarphéðinsson.		Kristján Pálsson.

1075. Skýrsla [694. mál]

um könnun Ríkisendurskoðunar á kaupum ríkisstofnana á ráðgjöf og annarri sérfræðiþjónustu.

Frá fjárlaganefnd.

Með vísan til 26. gr. þingskapa hefur nefndin tekið til athugunar könnun Ríkisendurskoðunar á kaupum ríkisstofnana á ráðgjöf og annarri sérfræðiþjónustu. Stofnunin gerði grein fyrir könnun sinni í skýrslu sem kom út í maí 2000 undir heitinu „Sérfræðiþjónusta“. Könnunin takmarkaðist við þá ráðgjöf sem ríkisaðilar í A-hluta ríkisreiknings keyptu í afmarkaðan tíma og fól að jafnaði í sér athugun á tilteknum vandamálum, aðstoð við þróun á nýjum kerfum eða nýjum möguleikum innan stofnunar, greiningu, ráðleggingu eða sérstakar rannsóknir.

Við meðferð málsins fékk nefndin á sinn fund fulltrúa frá Ríkisendurskoðun.

I.

Könnuninni var ætlað að greina frá umfangi og kostnaði ríkisins við kaup á þjónustu hinna ýmsu sérfræðinga, en jafnframt að varpa skýrara ljósi á hvernig staðið er að kaupum á ráðgjöf og annarri sérfræðiþjónustu, samskiptum við þá aðila sem hana veita er háttað og hver sé ávinningur af henni. Leiddi hún m.a. eftirfarandi atriði í ljós:

- Kostnaður ríkisstofnana vegna kaupa á sérfræðiþjónustu hækkaði úr 1,1 milljarði kr. á árinu 1994 í rúma 2,0 milljarða kr. á árinu 1998 (á verðlagi 1998). Nemur hækkunin tæpum 85%. Kostnaðaraukningin var mest milli áranna 1994 og 1995 eða 32%.
- Kostnaður ríkisstofnana vegna ráðgjafar, eins og hún er skilgreind í könnuninni, nam 1.301 millj. kr. á árinu 1998 eða sem nam um 64% alls sérfræðikostnaðar það ár. Flest ráðgjafarverkefnin voru fremur smá í sniðum, t.d. fengu aðeins 13,5% ráðgjafa greiddar 500 þús. kr. eða meira á árinu 1998 fyrir störf sín og aðeins 2,6% fengu greiddar 3 millj. kr. eða meira.
- Ríkisstofnanir virðast ekki fara eftir neinum samræmdum reglum eða leiðbeiningum við kaup á ráðgjöfinni. Ýmist er það æðsti stjórnandi stofnunar eða einstakir yfirmenn sem velja ráðgjafann, semja við hann, segja til um hvort hrinda eigi tillögum hans í framkvæmd og meta árangur starfa hans. Þá kom fram að stofnanir telja að ávinningur af starfi ráðgjafa sé að jafnaði fremur mikill, en hafa verður í huga að matið er oftast á hendi þess sem einnig tók ákvörðun um kaupin, stjórnaði vinnunni og kom tillögunum í framkvæmd.
- Ástæðan fyrir kaupum á ráðgjafarþjónustu var oftast sú að viðkomandi stofnun bjó ekki yfir þeirri sérfræðiþekkingu sem eftir var leitað ellegar að þörf var á mati eða áliti óháðra aðila. Vakin var athygli á því að tæplega 37% stofnana sögðu ástæðu fyrir kaupum á sérfræði- eða ráðgjafarþjónustu hafa verið þá að starfsmenn voru of tengdir tilteknu vandamáli eða verkefni sem leysa þurfti úr.
- Verkefni ráðgjafa var oft og tíðum óskilgreint. Verklýsing var því gjarnan ónákvæmari eða opnari en ella, einkum þó um þann tíma sem verja skyldi til verksins.
- Þrátt fyrir ákvæði í lögum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmæli ýmiss konar um að beita skuli útboðum heyrir til undantekninga að aflað sé tilboða frá fleiri en einum ráðgjafa. Útboð á ráðgjöf, hæfnismat eða verðsamkeppni meðal ráðgjafa er nær óþekkt innan ríkisgeirans nema þegar um er að ræða verklegar framkvæmdir.
- Innan við helmingur þeirra stofnana sem könnunin náði til gerði skriflegt samkomulag

við þá ráðgjafa sem fyrir þær unnu. Jafnframt komu fram vísbendingar um að umsjón með vinnu ráðgjafa hafi ekki verið nægjanlega markviss.

II.

Í úttekt sinni bendir Ríkisendurskoðun á að í ljósi þess hve kostnaður ríkisins af ráðgjafarþjónustu hefur aukist á liðnum árum sé bæði tímabært og eðlilegt að gefnar verði út viðmiðunarreglur eða leiðbeiningar um kaup ríkisstofnana á ráðgjafarþjónustu. Meginatriðin í slíkum reglum eða leiðbeiningum ættu að mati stofnunarinnar einkum að lúta að eftirtöldum fjórum atriðum:

Mat á þörf fyrir ráðgjöf. Brýnt er að þeim ríkisaðila sem hyggst fá aðstoð ráðgjafa verði gert að móta skýra verk- eða markmiðslýsingu vegna hins áformaða verkefnis.

Val á ráðgjafa. Sá ráðgjafi sem valinn er hverju sinni verður að uppfylla sanngjarnar og eðlilegar kröfur um gæði og verð. Mikilvægt er að mæla fyrir um þá meginreglu að ganga skuli frá samningi um þjónustuna með formlegum og skýrum hætti.

Stjórnun og eftirlit. Leggja verður áherslu á að verkkaupi sé í eins nánu sambandi eða samstarfi við ráðgjafann og eðli verkefnisins gefur tilefni til hverju sinni. Leggja ber áherslu á að verkkaupi fylgist grannt með því að viðfangsefnið sé unnið á skilvirkan og markvissan hátt innan umsamins verktíma og fjárhagsáætlunar.

Mat á árangri ráðgjafar. Mæla þarf fyrir um að meta skuli með formlegum hætti á hvern hátt niðurstaða ráðgjafa hefur verið notuð og hvort hún hafi skilað þeim árangri sem vænst var. Slíkt mat getur einnig leitt til þess að kaup á ráðgjöf til lausnar ákveðnum viðfangsefnum verði hagað á annan hátt í framtíðinni.

III.

Fyrir liggur að skv. 12. gr. reglugerðar um innkaup ríkisins, nr. 302/1996, eru öll vörukaup og aðkeypt þjónusta yfir 3 m.kr. útboðsskyld. Á sama hátt skulu ríkisaðilar eftir því sem við verður komið fylgja þeirri meginreglu að nota útboðsformið til verðákvörðunar við kaup á þjónustu undir framangreindum fjárhæðarmörkum. Þá er þess að geta að með bréfi dags. 3. apríl 1995, sem sent var öllum ráðuneytum, mæltist fjármálaráðuneytið til þess að allar ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki legðu þær leiðbeiningar og aðferðir, sem kynntar eru í skýrslu samstarfshóps á vegum ráðuneytisins, til grundvallar við kaup á ráðgjöf. Skýrslan er tekin saman af samstarfshóp sem í áttu sæti fulltrúar fjármálaráðuneytis, Framkvæmdasýslu ríkisins, Arkitektafélags Íslands og Félags ráðgjafarverkfræðinga og kom út í mars 1995 undir heitinu „Kaup á ráðgjöf. Val á ráðgjafa".

Reglum þessum er ætlað að stuðla að því að hagkvæmustu kosta sé jafnan leitað. Auk þess er rétt að hafa í huga að útboðsaðferðin tryggir best jafnræði milli aðila og að valið fari fram á sanngjarnan og málefnalegan hátt. Þá er útboðsaðferðin líkleg til þess að tryggja betur en ella hlutleysi og trúverðugleika ráðgjafarinnar og efla þannig traust á henni.

Að mati nefndarinnar benda niðurstöður könnunar Ríkisendurskoðunar ótvírætt til þess að gera þurfi mikla bragarbót í þessum efnum. Greinilegt er að herða þarf á reglum og fyrirmælum og kveða skýrar á um þær meginskyldur sem á ríkisaðilum hvíla þegar þjónustukaup eru annars vegar. Fyrir liggur að nefnd á vegum fjármálaráðuneytisins hefur unnið að gerð tillagna að reglum á þessu sviði um nokkurt skeið. Fjárlaganefnd hvetur til þess að nefndin hraði störfum sínum og skili fjármálaráðherra sem fyrst tillögum sínum til úrbóta.

Nefndin tekur undir hugmyndir þær sem fram koma í skýrslu Ríkisendurskoðunar um þau atriði sem leggja ber áherslu á í nýjum reglum og leiðbeiningum um kaup ríkisstofnana á ráðgjafarþjónustu. Hvetur hún fjármálaráðherra til þess að taka bæði þessar tillögur og væntan-

legar tillögur nefndar þeirrar sem hefur verið að skoða þessi mál til gaumgæfilegrar athugunar og beita sér í framhaldinu fyrir því að settar verði skýrar og aðgengilegar reglur og leiðbeiningar á þessu sviði.

Alþingi, 2. apríl 2001.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Einar Már Sigurðarson.
Árni Johnsen.	Gísli S. Einarsson.	Hjálmar Jónsson.
Jón Bjarnason.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
Össur Skarphéðinsson.		Kristján Pálsson.

1076. Frumvarp til laga [695. mál]

um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórnir í heilsugæsluumdæmi, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, skipa fimm fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra að loknum sveitarstjórnarkosningum. Héraðslæknir tilnefnir lækni, með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga, og hjúkrunarfræðing, með þekkingu á öldrunarþjónustu. Sveitarstjórnir skipa án tilnefningar tvo fulltrúa sem hafa þekkingu á félagslegri þjónustu við aldraða. Skal annar þeirra vera félagsráðgjafi eða hafa hliðstæða menntun. Samtök eldri borgara á svæðinu tilnefna einn fulltrúa úr sínum röðum og sinnir hann öðrum verkefnum þjónustuhóps aldraðra en þeim sem kveðið er á um í 4. tölul. 8. gr.

2. gr.

Á eftir orðunum „þjónustuhóps aldraðra“ í 2. mgr. 15. gr. laganna kemur: sbr. þó 7. og 8. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt 4. tölul. 8. gr. laga um málefni aldraðra hefur þjónustuhópur aldraðra m.a. það hlutverk að meta vistunarþörf aldraðra. Sveitarstjórnir skipa þjónustuhópa aldraðra á hverjum stað. Samtök eldri borgara á hverju svæði tilnefna einn fulltrúa í hópinn og tekur hann fullan þátt í verkefnum starfshópsins eins og þau eru skilgreind í 8. gr. laganna.

Þátttaka fulltrúa eldri borgara í vistunarmatinu hefur sætt nokkurri gagnrýni og hafa allmörg sveitarfélög gert athugasemd við þetta fyrirkomulag. Hefur sú gagnrýni einkum byggst

á þeirri forsendu að vistunarmatið eigi eingöngu að byggjast á vinnu fólks með fagþekkingu á sviði heilbrigðisþjónustu og félagslegrar þjónustu.

Við mat á vistunarþörf er stuðst við viðkvæmar persónuupplýsingar um félagslegar og heilsufarslegar aðstæður einstaklinga. Benda má á að skv. 15. gr. laga um réttindi sjúklinga skulu einungis þeir starfsmenn sem nauðsynlega þurfa hafa aðgang að sjúkraskrám. Sömu sjónarmið eiga við þegar vistunarmat er framkvæmt. Vistunarmat felur í sér faglega greiningu á þörfum viðkomandi einstaklings og verður aðkoma fulltrúa aldraðra að þeirri vinnu vart talin nauðsynleg.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að vistunarmatið verði eingöngu í höndum fagfólks. Samtök aldraðra eiga eftir sem áður fulltrúa í þjónustuhópi aldraðra á hverjum stað, en hann mun ekki taka þátt í að meta vistunarþörf aldraðra skv. 4. tölul. 8. gr. laganna.

Við mótun þeirra tillagna sem hér eru lagðar fram var haft samráð við fulltrúa Landssambands eldri borgara og kom fram af þeirra hálfu að þeir styddu þessar breytingu.

Til að tryggja faglega hæfni þjónustuhópsins enn frekar er lagt til að annar þeirra tveggja fulltrúa sem sveitarstjórn skipar án tilnefningar verði félagsráðgjafi eða hafi hliðstæða menntun.

Þess má geta að í Reykjavík er vistunarmatið ekki í höndum þjónustuhóps aldraðra heldur sinnir sérstakur matshópur þessu hlutverk, sbr. reglugerð um vistunarmat. Matshópurinn er eingöngu skipaður fagfólki og er í reglugerð sérstaklega kveðið á um menntun þeirra sem sinna matinu. Það hlýtur að teljast óeðlilegt að minni kröfur séu gerðar til þeirra sem sinna vistunarmati í öðrum sveitarfélögum.

1077. Nefndarálit [480. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorgeir Örlygsson og Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti. Jafnframt bárust gögn frá Ólafi Kristjánssyni, bæjarstjóra í Bolungarvík og formanni viðræðuhóps Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Frumvarpinu er ætlað að heimila stofnun hlutafélags um rekstur Orkubús Vestfjarða, en íslenska ríkið á 40% hlut í því. Gert er ráð fyrir að öll réttindi Orkubús Vestfjarða haldist óbreytt, þrátt fyrir að því verði breytt úr sameignarfélagi í hlutafélag og réttindi starfsmanna tryggð með ákvæðum frumvarpsins. Þá er gert ráð fyrir að gjaldskrá Orkubús Vestfjarða verði aðlöguð gjaldskrá Rariks, en að það verði gert í áföngum. Þetta kemur til af því að íslenska ríkið mun væntanlega samræma gjaldskrá Orkubús Vestfjarða við gjaldskrá Rariks. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir áframhaldandi skattfrelsi Orkubús Vestfjarða þrátt fyrir að það verði gert að hlutafélagi. Þetta er til samræmis við fyrirkomulag annarra orkufyrirtækja á landinu.

Frumvarpið er til komið að frumkvæði Fjórðungssambands Vestfirðinga haustið 1999 þar sem óskað var eftir viðræðum við íslenska ríkið um kaup á meiri hluta sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða. Frumvarpið sjálft er byggt á samkomulagi allra sveitarfélaga á Vestfjörðum. Við það að Orkubúi Vestfjarða er breytt í hlutafélag verður hverju sveitarfélagi

heimilt að selja sinn hlut í því og liggur fyrir að íslenska ríkið mun ganga til viðræðna við sveitarfélögin um kaup ríkisins á hlut þeirra í félaginu og gera skuldbindandi kauptilboð. Það verður síðan hverju sveitarfélagi í sjálfsvald sett hvort það selur hlut sinn eða hefur hann áfram í eigu sinni. Eignarhlutföll sveitarfélaganna eru byggð á íbúatölu hvers sveitarfélags 1. desember 2000 eins og kveðið er á um í lögum.

Ljóst er að skiptar skoðanir eru meðal sveitarfélaga á Vestfjörðum um hvort selja skuli ríkinu hlut hvers þeirra um sig til þess að sporna við fjárhagsvanda einstakra sveitarfélaga. Meiri hlutinn lítur hins vegar svo á að frumvarpið eitt og sér taki einungis til breytts rekstrarforms Orkubús Vestfjarða, en að fjárhagsvandi sveitarfélaganna sé í raun annað mál, og leggur áherslu á að með frumvarpinu sé ekki verið að taka ákvörðun um sölu heldur að skapa aðstæður og lagalegt umhverfi til þess að af sölu geti orðið.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt**.

Ísólfur Gylfi Pálmason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Bryndís Hlöðversdóttir og Svanfríður Jónasdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 3. apríl 2001.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Drífa Hjartardóttir.
Bryndís Hlöðversdóttir, með fyrirvara.	Svanfríður Jónasdóttir, með fyrirvara.	Pétur H. Blöndal.

Árni R. Árnason.

1078. Nefndarálit [480. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Að svo stöddu er minni hlutinn andvígur því að Orkubúi Vestfjarða verði breytt í hlutafélag. Af umfjöllun um málið í þinginu og í nefnd er ljóst að áform um sölu fyrirtækisins með sérstökum samningi við ríkisstjórnina grundvallast á því að söluandvirði þess verði nýtt til þess að greiða niður skuldir sveitarfélaga á Vestfjörðum og þá ekki síst að leysa þann vanda sem til er orðinn vegna félagslega íbúðakerfisins.

Einnig er afar óljóst hvort mat fyrirtækisins upp á 4,6 milljarða kr. er rétt. Í því sambandi má nefna að árið 1999 var eigið fé fyrirtækisins 3.984.424 kr. Þegar til framtíðar er litið er óvissa um verðmæti fyrirtækisins ávísun á dýrari orku, en ljóst er að Rarik áformar að samræma orkuverð á Vestfjörðum og almenna gjaldskrá sína. Þetta þýðir í reynd hækkun orkuverðs fyrir einstaklinga og fyrirtæki á Vestfjörðum.

Með tilliti til þeirra vandamála sem Vestfirðingar standa frammi fyrir hvað varðar búsetumál, skuldastöðu og slæma fjárhagsstöðu sveitarfélaganna telur minni hlutinn að leysa beri

fjárhagsvanda sveitarfélaga á Vestfjörðum með beinni þátttöku ríkisins. Að þeirri vinnu lokinni telur minni hlutinn fyllilega koma til greina að gera Orkubú Vestfjarða að hlutafélagi.

Alþingi, 3. apríl 2001.

Árni Steinar Jóhannsson.

1079. Svar [586. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Lúðvíks Bergvinssonar um reynslulausn fanga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur ákvörðunum um reynslulausn fanga verið háttað undanfarin fimm ár? Hversu margir fangar hafa fengið reynslulausn eftir að hafa afplánað tvo þriðju hluta fangelsisrefsingar, hversu margir eftir að hafa afplánað helming fangelsisrefsingar, hversu margir hafa setið í fangelsi allan þann tíma sem dómstólar kváðu á um og hafa einhverjir setið skemur en helming refsivistarinnar í fangelsi eða lengur en tvo þriðju hluta dæmdrar refsivistar?

Ákvarðanir um reynslulausnir fanga eru teknar samkvæmt lögum og reglugerðum. Ávallt er aflað ákveðinna gagna áður en reynslulausnarbeiðni er afgreidd. Þau eru sakavottorð, vottorð forstöðumanns fangelsis um hegðun fangans og upplýsingar frá lögreglu og ákæruvaldi um hvort fanginn eigi mál til meðferðar. Þá leggja fangar stundum fram gögn til stuðnings reynslulausnarbeiðni og frekari gagna er aflað ef ástæða þykir til, eins og fram kemur hér á eftir.

Heimild til að veita fanga reynslulausn er í 40. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Samkvæmt 1. mgr. er heimilt að veita reynslulausn eftir afplánun tveggja þriðju hluta refsitímans og skv. 2. mgr. eftir helming refsitímans, ef sérstaklega stendur á. Í 3. mgr. segir að reynslulausn verði ekki veitt ef slíkt þykir óráðlegt vegna haga fangans, enda skuli honum vís hentugur samastaður og vinna eða sambærileg kjör sem nægja honum til framfærslu. Yfirlýsing hans skuli og fengin um að hann vilji hlíta þeim skilyrðum sem sett eru fyrir reynslulausn. Í 41. gr. almennra hegningarlaga er kveðið á um lengd reynslutíma, hann skal vera allt að þremur árum en má vera allt að fimm árum ef óafplánað fangelsi er lengra en þrjú ár. Í 2. mgr. 41. gr. er kveðið á um að það sé skilyrði reynslulausnar að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutíma. Einnig að reynslulausn skuli vera bundin því skilyrði að aðili sé háður umsjón og eftirliti Fangelsismálastofnunar ríkisins og er það skilyrði ávallt sett. Enn fremur að binda megi reynslulausn sérstökum skilyrðum, nokkrum eða öllum, sem greinir í 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga en þar segir m.a.:

„1. Að aðili sæti á skilorðstímanum umsjón einstakra manna, félags eða stofnunar. Aðili skal jafnan sæta slíkri umsjón, ef honum eru sett skilyrði samkvæmt 2.–5. tölul. hér á eftir.

2. Að aðili hlíti fyrirmælum umsjónarmanns um dvalarstaði, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn og notkun tómstunda.

3. Að aðili neyti ekki á skilorðstímanum áfengis né deyfilyfja.

4. Að aðili gangist undir dvöl á hæli tiltekinn tíma, ef nauðsyn þykir til bera, allt að 18 mánuðum, er venja þarf hann af notkun áfengis eða deyfilyfja, en ella allt að 1 ári.“

Nánar er fjallað um veitingu reynslulausna í reglugerð um fullnustu refsidóma nr. 29/1993. Í 5. gr. reglugerðarinnar eru nánari reglur um hvenær reynslulausn skuli veitt. Samkvæmt 3. mgr. skal að jafnaði ekki veita fanga reynsluslusn þegar liðinn er helmingur refsitímans ef hann afplánar refsingu fyrir manndráp, ofbeldis- eða kynferðisbrot, meiri háttar fíkniefnabrot, brennu eða annað almennt hættubrot, rán eða annað afbrot sem er sérlega gróft nema sérstakar ástæður mæli með, þ.m.t. lengd refsingar, persónulegar aðstæður og framúrskarandi hegðun í refsivistinni. Í 2. mgr. er kveðið á um að fanga verði að jafnaði ekki veitt reynslulausn þegar liðinn er helmingur refsitímans ef hann hefur áður afplánað óskilorðsbundnar refsingar tvívegis eða oftar, nema sérstakar ástæður mæli með, þ.m.t. lengd dómsins, persónulegar aðstæður og framúrskarandi hegðun í refsivistinni, eða að mörg ár eru liðin frá síðustu afplánun. Í 4. mgr. er kveðið á um að fanga verði að jafnaði ekki veitt reynslulausn ef hann telst vera síbrotamaður eða honum hafi ítrekað verið veittar reynslulausnir og hann rofið skilyrði þeirra, nema alveg sérstaklega standi á. Loks er í 5. mgr. kveðið á um að reynslulausn verði ekki veitt ef slíkt þyki að öðru leyti óráðlegt vegna haga fangans.

Eins og sjá má af þessum laga- og reglugerðarákvæðum er það meginreglan að fangi á rétt á að vera veitt reynslulausn ef ekki eru til staðar þau atvik sem skulu leiða til þess að reynslulausn sé hafnað. Þegar fangi sækir um veitingu reynslulausnar gerir hann grein fyrir högum sínum, þar á meðal að hann uppfylli skilyrði þau sem sett eru í 3. mgr. 40. gr. almennra hegningarlaga um vísan hentugan samastað og vinnu eða sambærileg kjör sem nægi honum til framfærslu. Honum er leiðbeint um hvernig hann geti uppfyllt þessi skilyrði og veitt aðstoð til þess ef unnt er, t.d. með því að útvega vistun á áfangaheimili.

Fangelsismálastofnun metur hverja umsókn sjálfstætt, en í þeim hluta umsókna um reynslulausn þar sem uppfyllt eru meginskilyrði þess að reynslulausn skuli veita er rökstuðningur stuttur. Þegar umsókn er hafnað er rökstuðningur með sama hætti stuttur þegar þau atvik sem koma í veg fyrir að reynslulausn skuli veita eru augljóslega til staðar. Þegar atvik eru þannig að vafi leikur á um hvort veita skuli reynslulausn, liggja oft fyrir fleiri gögn en venjulega, t.d. umsagnir lækna eða sálfræðinga. Þá er ákvörðunin rökstudd sérstaklega hvort sem samþykkt er eða hafnað að veita reynslulausn. Við afgreiðslu reynslulausnarbeiðna er ávallt litið til lögbundinna atriða eins og að fangi hafi samastað og geti framfleytt sér, persónulegra haga fangans og hegðunar í refsivist. Þegar undantekningar eru gerðar frá meginreglum, t.d. þegar fanga sem ítrekað hefur rofið skilyrði reynslulausnar og/eða telst vera síbrotamaður er veitt reynslulausn eftir að hafa afplánað tvo þriðju hluta refsitímans, er rökstuðningur ítarlegur. Þar getur verið um að ræða breyttar persónulegar aðstæður fangans, framúrskarandi hegðun í refsivistinni, meðferðarúrræði í fangelsinu eru talin hafa borið árangur, aldur og heilsufar geta skipt máli, eða að langur tími sé liðinn frá síðasta afbroti. Í þessum tilvikum er beitt sérskilyrðum skv. 3. mgr. 40. gr. almennra hegningarlaga ef við á. Svo er einnig gert í öðrum tilvikum þegar fangi á við einhver þau vandamál að stríða sem mögulegt er að ná tökum á með beitingu sérskilyrða. Hefð hefur skapast fyrir því að fanga sem er í fyrstu eða annarri afplánun og er dæmdur fyrir önnur brot en þau sem greinir í 3. mgr. 5. gr. reglugerðar um fullnustu refsidóma, nr. 29/1993, er veitt skilorðsbundin reynslulausn eftir að helmingur refsitímans er afplánaður. Hér er þó einnig horft til persónulegra aðstæðna fangans, aldurs og hegðunar í refsivist. Verulegar ástæður þarf til að veitt sé reynslulausn eftir að helmingur refsitímans er afplánaður ef dómþoli hefur gerst sekur um þau brot sem nefnd eru í 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar. Hér koma helst til alvarleg staðfest veikindi fangans. Einnig er litið til þess ef fanginn hefur verið yngri en 18 ára þegar brotið var framið. Ávallt er gætt að því að jafnræðis sé gætt þannig að samræmi sé á afgreiðslu reynslulausnarbeiðna í sambærilegum málum. Þá eru ákvarðanir Fangelsismálastofnunar um

reynslulausnir eru kæranlegar til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sem úrskurðar um kærur að fengnum rökstuddum tillögum náðunarnefndar.

Á tímabilinu 1. janúar 1996 til 31. desember 2000 fengu alls 587 fangar reynslulausn, 303 eftir að hafa afplánað tvo þriðju hluta refsitímans, 284 eftir að hafa afplánað helming refsitímans, 418 afplánuðu refsingu að fullu, enginn afplánaði minna en helming refsitímans og 14 afplánuðu meira en tvo þriðju hluta refsitímans, en afplánuðu refsinguna ekki að fullu. Síðasta talan er inni í fjölda þeirra sem afplánað hafa tvo þriðju hluta refsitímans, enda hafa þeir fengið reynslulausn eftir þau tímamörk, annað hvort vegna þess að þeir hafa ekki uppfyllt skilyrði reynslulausnar þá en gert það síðar eða ekki sótt um reynslulausn fyrr en eftir þau tímamörk.

1080. Svar [609. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um söfnunarkassa og happdrættisvélar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar voru bruttótekjur Íslenskra söfnunarkassa sf. og Happdrættis Háskóla Íslands af söfnunarkössum og happdrættisvélum árin 1999 og 2000?*
2. *Hver voru heildarrekstrargjöld hvors fyrirtækis á þessum árum?*
3. *Hverjar voru heildarvinningsfjárhæðir hvors fyrirtækis sömu ár?*

Dómsmálaráðuneytið leitaði eftir upplýsingum frá Íslenskum söfnunarkössum og Happdrætti Háskóla Íslands vegna fyrirspurnarinnar. Byggjast meðfylgjandi tölur á þeim upplýsingum.

Fram kemur í upplýsingunum að peningar sem spilað er fyrir í vélunum/kössunum og eru greiddir út á staðnum, þ.e. úr vélunum/kössunum, eru ekki innleystir sem tekjur í bókhaldi, né eru vinningar gjaldfærðir. Því er ekki unnt að veita svar við 3. lið fyrirspurnarinnar, um heildarvinningsfjárhæðir, nema hvað varðar greiðslu úr gull- og silfurpottum Gullnámu Happdrættis Háskóla Íslands. Að því er varðar Happdrætti Háskóla Íslands taka upplýsingarnar einungis til þess hluta starfsemi happdrættisins sem lýtur að rekstri happdrættisvéla.

Tekjur, heildarrekstrargjöld og vinningar, upphæðir í kr.

		Íslenskir söfnunarkassar	Happdrætti HHÍ
Tekjur	1999	1.210.448.446	985.672.227
	2000	1.289.258.385	960.000.000
Heildarrekstrargjöld	1999	318.191.912	385.526.161
	2000	356.855.197	375.000.000
Vinningar, gull- og silfurpottar Gullnámu	1999		183.756.319
	2000		166.000.000

Ekki er unnt að veita upplýsingar um vinninga úr söfnunarkössum og vinningar sem gjaldfærðir eru hjá Happdrætti Háskóla Íslands varða einungis greiðslu úr gull- og silfurpottum Gullnámunnar. Aðrir vinningar eru hvorki tekju- né gjaldfærðir.

1081. Nefndarálit [448. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum (rekstrarumgjörð).

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta hefur verið til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd og er eitt þriggja frumvarpa þar sem lagðar eru til breytingar á lögum er varða rekstur samvinnufélaga. Frumvörp þessi voru öll lögð fram á síðasta löggjafarþingi en fengu ekki afgreiðslu þá og eru nú endurflutt lítið breytt. Markmið þessa frumvarps er að auðvelda samvinnufélögum að breyta rekstrarformi sínu. Verði frumvarpið að lögum fá samvinnufélög m.a. heimild til að breyta rekstrarfyrirkomulagi sínu yfir í hlutafélagsform. Einnig er ætlunin að búa svo um hnúta að stofnsjóðseignir félagsmanna endurspegli eigið fé félaganna. Kjósi félögin að breyta rekstrarformi sínu geta þau samt sem áður haldið einkennum samvinnufélaga að einhverju leyti. Svipaðar leiðir hafa verið farnar í nágrannalöndum þar sem sterkustu samvinnufélögin eru nú rekin sem hlutafélög.

Fulltrúar Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd eru sammála um nauðsyn þess að samvinnufélög fái heimild til að breyta rekstrarformi sínu og geti með því brugðist við breyttum rekstraraðstæðum, en telur að skoða þurfi aðrar leiðir að því markmiði en þær sem settar eru fram í frumvarpinu. Enn fremur telur minni hlutinn að ekki liggi fyrir skýrar upplýsingar um mikilvæga þætti svo sem eignastöðu og eignamyndun samvinnufélaganna þannig að hægt sé að leggja mat á hvort um eðlilega og sanngjarna leið sé að ræða varðandi skiptingu eigna á milli félagsmanna. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir fulltrúa Samfylkingarinnar í nefndinni hefur ekki tekist að fá yfirlit yfir heildareignir samvinnufélaga og tengdra félaga og því er ekki unnt að átta sig á hversu miklar eignir færast í hendur einstakra félagsmanna án þess að þær teljist til skattskyldra tekna.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að stofnsjóðir samvinnufélaganna hafi rýrnað það mikið að varla sé lengur um að ræða raunverulegt eða eiginlegt eigendafjármagn í fyrirtækjunum. Aðeins brot af eigin fé félaganna sé beint tengt félagsmönnum og því skorti svo kallaða „eigendavitund“. Árið 1996 var eigið fé kaupfélaganna um 30% af eignum, en stofnsjóður að jafnaði aðeins 3% af eignum. Til þess að auka tilfinningu félagsmanna fyrir eign sinni og ábyrgð á rekstri félaganna er í frumvarpinu veitt heimild til að færa eignir félaganna til einstaklinga án þess að þeim beri að greiða skatta af þessari búbót. Fulltrúar Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd telja að þessi málsmeðferð sé óeðlileg og benda máli sínu til stuðnings á umsagnir ríkisskattstjóra frá síðasta löggjafarþingi og nú við umfjöllun efnahags- og viðskiptanefndar eftir að frumvarpið var lagt fram að nýju. Í umsögn ríkisskattstjóra um frumvarpið frá 125. löggjafarþingi segir m.a.: „Markmið frumvarpsins er að auðvelda breytingu á rekstrarumgjörð samvinnufélaga og skilgreina eignaraðildina. Gengið er út frá því að framkvæmd þeirra reglna sem settar verða hafi ekki sem slík skattalegar afleiðingar fyrir viðkomandi félög og félagsaðila. Með frumvarpinu er skattskyldu við afhendingu verðmæta milli aðila aflétt. Tekjur sem samkvæmt almennum skattareglum teldust til skatt-

stofns hjá móttakanda verða samkvæmt því að fullu skattfrjálsar. Hvorki leggst á almennur skattur né fjármagnstekjuskattur. Afsalar ríkissjóður sér því skatttekjum með slíkum ívilnandi reglum.“ Fulltrúar Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd spurðust fyrir um það hjá ríkisskattstjóra hvort hægt væri að áætla hvað ríkissjóður afsali sér miklum skatttekjum með þeim ívilnandi reglum sem lagðar eru til í frumvarpinu. Í svari ríkisskattstjóra kemur fram að engar tölulegar upplýsingar liggja fyrir hjá skattyfirvöldum nú frekar en þegar fjallað var um málið á síðasta löggjafarþingi þannig að ekki er hægt að leggja mat á þær fjárhæðir sem heimilt verður að yfirfæra hjá samvinnufélögum til séreignarsjóða félagsaðila verði frumvarpið að lögum. Ekki liggja heldur fyrir upplýsingar um fjölda þeirra félagsmanna sem tilkall gætu átt til slíkra eignarhluta.

Í umsögn sinni frá síðasta þingi, sem er í fullu gildi hvað varðar frumvarpið sem nú er endurflutt, vekur ríkisskattstjóri einnig athygli á því að með lögfestingu frumvarpsins sé verið að afhenda félagsaðilum endurgjaldslaust verðmæti úr samvinnufélögunum sem þeir hafa aldrei átt tilkall til samkvæmt lögum um samvinnufélög. Samkvæmt almennum reglum skattalaga sé þessi afhending tekjur sem greiða beri skatt af, þær séu að hluta til orðnar til af óskattlögðum tekjum viðkomandi félags. Auk þess að fella niður skattlagningu við afhendinguna sé búið til nýtt stofnverð í hendi eigenda sem leiði til þess að þær tekjur sem mynduðust við afhendingu koma heldur ekki til skattlagningar við sölu síðar. Ríkisskattstjóri varar einnig við því fordæmi sem frumvarpið felur í sér verði það að lögum.

Bent hefur verið á að sú ákvörðun að úthluta verðmætum til félagsmanna án þess að það teljist til skattskyldra tekna eigi sér hliðstæðu annars vegar í útgáfu jöfnunarhluta og hlutabréfa sem miðaðist við árslok 1996 og hins vegar heimild hlutafélaga á grundvelli laga um hlutafélög og einkahlutafélög til að gefa út og afhenda skattfrjálst jöfnunarhlutabréf eftir árið 1996. Þetta er ekki með öllu rétt því skattfrjáls útgáfa jöfnunarhlutabréfa og útreikningar á jöfnunarverðmæti takmarkast við að verðbæta hlutafé þannig að innborganir hluthafa haldi raungildi sínu. Ekki er gert ráð fyrir slíkum takmörkunum varðandi úthlutun verðmæta til félagsmanna í samvinnufélögum. Í ljósi þessa telja fulltrúar Samfylkingarinnar í nefndinni eðlilegt að leggja fram breytingartillögu við frumvarpið, sem miðar að því að koma í veg fyrir að í væntanlegri lagasetningu felist skattaívilnanir umfram þær sem gilda um hlutafélög. Með tillögu þessari er gerð tilraun til að sníða verstu agnúana af frumvarpinu.

Samvinnufélög hafa staðið fyrir fjölþættum rekstri sem vissulega hefur í áranna rás haft mikið að segja í uppbyggingu atvinnulífs, sérstaklega á landsbyggðinni. Rekstrarfyrirkomulag þeirra hefur ekki fylgt þeim breytingum sem orðið hafa á aðstæðum í atvinnulífi. Samfylkingin tekur undir þau sjónarmið að nauðsynlegt sé að gera ráðstafanir til að auka samkeppnishæfni samvinnufélaga og auðvelda þeim að takast á við breyttar aðstæður, en telur hins vegar að nauðsynlegt hefði verið að skoða betur þær leiðir sem færar eru að þessu markmiði og getur ekki fallist á þá leið sem valin er til úthlutunar á skattfrjálsu fjármagni til félagsmanna í samvinnufélögum, ekki síst þar sem ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um heildarupphæð þeirra fjármuna eða eigna sem um er að ræða hjá samvinnufélögunum og tengdra félaga. Til dæmis var ógerlegt að fá á þeim tíma sem notaður var til umfjöllunar um frumvarpið í nefndinni, upplýsingar um kvótaeign þeirra félaga sem um ræðir eða tengdra félaga. Eitt kaupfélag er þó skráð fyrir skipi með úthlutuðum kvóta um 2500 þorskígildistonn. Ekki liggja fyrir upplýsingar um eignaraðild samvinnufélaga að félögum sem eiga fiskiskip með aflaheimildir. Árið 1997 var eigið fé kaupfélaganna, ekki samvinnufélaganna almennt, talið vera um 7,8 milljarðar króna. Af þeim litlu upplýsingum sem fyrir liggja er ljóst að um er að ræða verulega fjármuni og eignir sem áætlað er að flytja skattfrjálst til

félagsmanna. Á þá tilhögun geta fulltrúar Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd ekki fallist.

Minni hlutinn leggur til eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða bætist nýr málsliður, sem verði 3. málsl., svohljóðandi: Hækkun endurmats takmarkast af framreiknuðum A-deildar stofnsjóði félagsins frá upphafi og breytingum á honum milli ára samkvæmt þeim reglum sem giltu um útgáfu jöfnunarhlutabréfa í árslok 1996 samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Alþingi, 20. mars 2001.

Margrét Frímannsdóttir, frsm. Jóhanna Sigurðardóttir.

1082. Nefndarálit [449. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum (innlánsdeildir).

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur haft til umfjöllunar þrjú frumvörp sem öll lúta að breytingu á lögum er varða rekstrarumgjörð samvinnufélaga. Mál þessi voru lögð fram á síðasta þingi en voru ekki afgreidd. Í fyrsta lagi er um að ræða 448. mál þar sem tekið er á sjálfu rekstrarformi samvinnufélaganna og m.a. veitt heimild til þess að breyta þeim yfir í hlutafélög. Í öðru lagi 481. mál þar sem um er að ræða breytingar á ákvæðum er lúta að samvinnufélögum í lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Í þriðja lagi 449. mál, efni þessa nefndarálits, þar sem um er að ræða breytingar á ákvæðum um innlánsdeildir samvinnufélaga.

Segja má að innlánsdeildir samvinnufélaga séu arfur liðins tíma þegar ekki var jafngreiður aðgangur að fjármagni til rekstrar og í dag. Innlánsdeildirnar taka við fjármagni frá félags- og viðskiptamönnum til ávöxtunar en nýta það jafnframt til þess að fjármagna rekstur félaganna. Samvinnufélög sem starfrækja innlánsdeildir þurfa að uppfylla tiltekin skilyrði og Tryggingasjóður innlánsdeilda er starfandi. Skilyrðin eru þó ekki þau sömu og t.d. viðskiptabankar eða önnur fjármálafyrirtæki þurfa að lúta bæði hvað varðar kröfur um eigið fé og tryggingar til verndar viðskiptamönnum. Því tekur minni hlutinn undir þau orð er fram koma í umsögn frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja að í raun sé um meiri áhættufjárfestingu að ræða í viðskiptum við innlánsdeildir samvinnufélaga en í viðskiptum við t.d. viðskiptabanka og sparisjóði eins og dæmin sýna.

Það er viðurkennd staðreynd að innlánsstarfsemi fer almennt ekki vel saman við rekstur sem er af allt öðrum toga. Það er ástæða þess að í löggjöf um banka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir er tekið fyrir að þeim sé heimilt að stunda aðra starfsemi en fjármálastarfsemi. Fulltrúar Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd telja að ef heimila eigi samvinnufélögum að færa sig yfir í skilvirkara rekstrarform, þ.e. hlutafélagsformið, þá eigi þau að búa

við sama rekstrarumhverfi og önnur hlutafélög. Samvinnufélög sem kjósa að breyta rekstrarformi sínu yfir í hlutafélög skuli fjármagna starfsemi sína með sama hætti og annar rekstur sem lýtur því félagsformi. Segja má að tekið sé undir þetta sjónarmið minni hlutans í athugasemdum við málið, en þar kemur fram að ekki sé hægt að líta á innlánsstarfsemi samvinnufélaga sem framtíðarleið fyrir samvinnufélög á fjármagnsmarkaði og að innlánsstarfsemi sé almennt talin fara illa saman við annan atvinnurekstur. Þar kemur einnig fram að staða innlánsdeilda samvinnufélaga gagnvart öðrum almennum lánastofnunum hefur versnað á síðustu árum. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu leggur meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar ekki til þá breytingu á frumvarpinu að starfsemi innlánsdeilda verði hætt heldur að gerðar verði til þeirra strangari kröfur.

Fulltrúar Samfylkingarinnar í nefndinni geta ekki fallist á þá leið sem valin er í frumvarpinu. Það er með öllu óeðlilegt að um leið og ætlað er að veita samvinnufélögum heimild til að breyta rekstrarformi sínu yfir í rekstrarform hlutafélaga eigi þau samhliða annarri starfsemi að fá heimild til að viðhalda starfsemi innlánsdeilda m.a. til þess að fjármagna aðra starfsemi sína og búa þannig við aðrar aðstæður og kröfur en önnur starfandi hlutafélög, ekki síst fjármálafyrirtæki. Þessi niðurstaða skapar ójafnræði á markaði.

Samfylkingin tekur undir þau sjónarmið sem m.a. komu fram í umsögnum frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja til nefndarinnar á síðasta löggjafarþingi og aftur núna, að verði 448. mál um breytingu á rekstrarumgjörð samvinnufélaga samþykkt sem lög frá Alþingi þá verði þeim samvinnufélögum sem kjósa að breyta rekstrarformi sínu gert skylt að loka innlánsdeildum sínum. Ráðherra sé þó heimilt að veita einhvern aðlögunartíma en þó aldrei lengri en tvö ár.

Samfylkingin lítur svo á að innlánsdeildir samvinnufélaga séu barn síns tíma og eigi ekki heima í nútímafjármálaumhverfi. Engin rök mæla með áframhaldandi rekstri þeirra. Fulltrúar Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd gera því breytingartillögu við frumvarpið þess efnis að innlánsdeildir samvinnufélaga verði lagðar niður.

Minni hlutinn leggur til eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. efnismgr. 1. gr. bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þó skal samvinnufélagi sem kýs að breyta rekstrarformi sínu í hlutafélag á grundvelli ákvæða laga þessara skylt að loka innlánsdeild sinni. Ráðherra er heimilt að veita frest til að ganga frá slíku uppgjöri en hann skal þó aldrei vera lengri en tvö ár.

Alþingi, 20. mars 2001.

Margrét Frímannsdóttir, frsm. Jóhanna Sigurðardóttir.

1083. Svar [549. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Árna Stefánssonar um um fjárskuldbindingar sveitarfélaga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu miklar eru fjárskuldbindingar sveitarfélaga, sem þegar liggja fyrir og samkvæmt fyrirliggjandi áformum, vegna svokallaðrar einkafjármögnunar og rekstrarleigu, sundurliðað eftir verkefnum og sveitarfélögum?

Til að svör við fyrirspurninni gætu orðið sem ítarlegust sendi félagsmálaráðuneytið spurningalista til allra sveitarfélaga með 1.000 íbúa og fleiri, þar sem óskað var eftir upplýsingum um framangreindar fjárskuldbindingar sem þegar liggja fyrir og samkvæmt fyrirliggjandi áformum. Einnig hafa fyrirliggjandi ársreikningar sveitarfélaga fyrir árið 1999 verið kannaðir ásamt fjárhagsáætlunum þeirra.

Á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir liggja um málefnið eru fjárskuldbindingar sveitarfélaga vegna einkafjármögnunar og rekstrarleigu eftirfarandi, miðað við að mánaðarlegar afborganir séu núvirtar með 6,5% ávöxtunarkröfu á ársgrundvelli:

a. Fjárskuldbindingar sveitarfélaga samkvæmt samningum sem þegar hafa verið gerðir nema samtals 2.095,2 millj. kr.
b. Fjárskuldbindingar sveitarfélaga samkvæmt fyrirliggjandi áformum nema samtals 2.727,5 millj. kr.

Í meðfylgjandi yfirliti koma fram nánari upplýsingar um fjárskuldbindingarnar skipt eftir verkefnum og sveitarfélögum ásamt öðrum upplýsingum til fróðleiks.

Fjárskuldbindingar sveitarfélaga, sem þegar liggja fyrir og samkvæmt fyrirliggjandi áformum, vegna svokallaðrar einkafjármögnunar og rekstrarleigu, sundurliðað eftir verkefnum og sveitarfélögum.

Verkefni	Lengd samnings eða áætluð lengd ef um áform er að ræða, ár	Mánaðarlegar afborganir, kr.	Fjöldi mánaðarlegra afborgana	Þættir sem samningurinn nær til*)	Sér sveitarfélagið um viðhald húsnæðisins?	Gerður samningur eða áform	Mánaðarlegar afborganir núvirtar m.v. 6,50% ávöxtunarkröfu á ári
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður							
Grunnskóli							
Grunnskóli 1	25	8.333.000	300	A	Nei	Gerður samningur	1.234.139.754
Grunnskóli 2	25	9.167.000	300	A	Nei	Áform	1.357.657.401
Leikskóli							
Leikskóli 1	25	1.750.000	300	A	Nei	Áform	259.179.716
Leikskóli 2	25	1.750.000	300	A	Nei	Gerður samningur	259.179.716
Leikskóli 3	25	1.333.000	300	A	Nei	Áform	197.420.892
Leikskóli 4	25	1.750.000	300	A	Nei	Áform	259.179.716
Íþróttamannvirki							
Íþróttamannvirki 1	25	4.416.000	300	B	Nei	Áform	372.421.405
2000 Reykjanesbær							
Íþróttamannvirki							
Reykjaneshöllin, fjölnota íþróttahús	35 01.01.2000 til 2035 Óuppsegjanlegur	2.250.000 m.v. nv. 182,8	420	A	RNB sér frá upphafi um viðhald að innan, en að utan eftir fimm ár	Gerður samningur undirritaður 14.3.99	229.511.566
2300 Grindavíkurkaupstaður							
Leikskóli	29 1.1.2001–31.12.2029	1.467.067	348	A	Nei	Gerður samningur	229.511.566
Samtals		**32.216.249**					**4.822.711.664**

*) Valmöguleikar varðandi 4. spurningu, um innihald samnings:
A Samningur um leigu og rekstur húsnæðisins.
B Samingur um leigu, rekstur húsnæðis og aðra starfsemi í húsnæðinu (fagþjónusta).

1084. Svar [501. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um sjúkrasjóði stéttarfélaga.

1. *Hve margir sjúkrasjóðir taka við iðgjöldum í samræmi við greiðsluskyldu skv. 6. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda?*

Samkvæmt upplýsingum Alþýðusambands Íslands eru reknir sjúkrasjóðir á vegum allra 108 aðildarfélaga þess. Í kjarasamningum vinnuveitanda og þessara aðildarfélaga eru ákvæði um sjúkrasjóði þar sem kveðið er á um greiðsluskyldu atvinnurekanda í samræmi við ákvæði 6. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980.

Með samkomulagi milli Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands annars vegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og launanefndar sveitarfélaga hins vegar um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna í framangreindum samtökum var stofnaður sérstakur fjölskyldu- og styrktarsjóður en launagreiðendur greiða iðgjöld í sjóðinn. Má því segja að öll aðildarfélög BSRB hafi sérstaka sjúkrasjóði með hliðstæðu sniði og tíðkast á almennum vinnumarkaði.

2. *Hvert er markmið og hlutverk sjúkrasjóða samkvæmt lögum?*

Í lögum er ekki kveðið á um markmið og hlutverk sjúkrasjóða heldur er það gert í kjarasamningum milli aðila vinnumarkaðarins og reglugerðum einstakra sjóða. Markmið sjúkrasjóðanna er fyrst og fremst að taka við greiðsluskyldu í veikinda- og slysatilfellum þegar veikindagreiðslur vinnuveitanda falla niður. Þegar reglur einstakra sjúkrasjóða eru skoðaðar virðist sem meginmarkmið og hlutverk séu nokkuð sambærileg óháð því hvaða stéttarfélag á í hlut.

3. *Ber atvinnurekanda að greiða iðgjald af launum starfsmanns sem á ekki aðild að stéttarfélagi og hver er réttur starfsmannsins til bóta?*

Í 6. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980, segir að „[ö]llum atvinnurekendum er skylt að greiða í sjúkrasjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarfélaga iðgjöld þau, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni, og samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina.“ Ágreiningur um túlkun þessa ákvæðis hefur komið til kasta íslenskra dómstóla í máli nr. 344/1988 (H. 1988:1464). Ekki var um það deilt í málinu að vinnuveitandi hafi átt aðild að kjarasamningum vinnuveitenda við hið umrædda stéttarfélag enda aðili að þar til greindum samtökum vinnuveitenda. Einnig var óumdeilt í málinu að ákvæði voru í kjarasamningunum um greiðslur vinnuveitanda í styrktarsjóð stéttarfélagsins. Í dómi Hæstaréttar segir síðan að „[s]amkvæmt orðalagi og tilgangi 6. gr. laga nr. 55/1980, en tilganginum er lýst í greinargerð með lögum nr. 9/1974, sem lög nr. 55/1980 leystu af hólmi, skiptir ekki máli hvort starfsmenn áfrýjanda eru félagsbundnir eða ekki, enda verður við það að miða, samkvæmt málflutningi stefnda og reglum sjóðanna, að við greiðslu áfrýjanda öðlist starfsmenn hans full og óskoruð réttindi til úthlutunar úr sjóðum þessum.“ Af dómi Hæstaréttar má draga þá ályktun að félagsaðild starfsmanns sé ekki skilyrði þess að vinnuveitanda sé skylt að greiða í tiltekinn sjúkrasjóð. Hins vegar er það skilyrði að starfsmaður öðlist full og óskoruð réttindi til úthlutunar úr viðkomandi sjúkrasjóði.

Í reglugerðum einstakra sjúkrasjóða er tekið á því hverjir eigi réttindi til greiðslna úr þeim. Um réttindi sjóðfélaga fer síðan eftir nánari reglum hvers sjúkrasjóðs fyrir sig.

4. Hvert er iðgjaldið sem hlutfall af launum og hvaða laun eru lögð til grundvallar hjá einstökum sjúkrasjóðum?

Samkvæmt 6. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980, er atvinnurekendum skylt að greiða þau iðgjöld sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni og samkvæmt þeim reglum sem kjarasamningar greina. Í lögum um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, nr. 19/1979, er kveðið á um að vinnuveitendur skulu greiða 1% af útborguðu kaupi verkafólks í sjúkrasjóð viðkomandi stéttarfélags, nema um hærri greiðslur hafi verið samið í kjarasamningum, sbr. 7. gr.

Þegar einstakir kjarasamningar eru skoðaðir virðist sem hlutfallið sem vinnuveitandi greiðir af launum sé jafnan það sama, þ.e. 1%, enda þótt ekki verði fullyrt hér að hlutfallið geti ekki verið hærra í einstökum samningum. Hins vegar virðist sem ekki sé fullkomið samræmi um hvers konar laun lögð eru til grundvallar. Svo dæmi séu tekin úr einstökum kjarasamningum er fjallað um „1% af útborguðu kaupi verkafólks“ í kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins annars vegar og Landssambands íslenskra verslunarmanna og Verslunarmannafélags Reykjavíkur hins vegar (10.1). Jafnframt er vísað í lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda og lög um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Í kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins og Samiðnar – Sambands iðnfélaga f.h. aðildarfélaga í málmiðnaði, byggingariðnaði og skrúðgarðyrkja (10.2) er kveðið á um að greiða skuli 1% á allt kaup starfsmanna til að standa straum af veikindum og sjúkrakostnaði og renni þær greiðslur í sjúkrasjóð viðkomandi félags. Þá skulu vinnuveitendur greiða 1% af kaupi í Styrktarsjóð RSÍ samkvæmt kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins og Samtaka atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði annars vegar og Rafiðnaðarsambands Íslands vegna aðildarfélaga hins vegar (10.1). Að lokum má nefna að í kjarasamningi milli Póstmannafélags Íslands og Íslandspósts hf. skal launagreiðandi greiða 1% af heildarlaunum starfsmanna (13.1).

5. Hvernig er iðgjaldið ákveðið eða því breytt hjá einstökum sjúkrasjóðum?

Iðgjald er ákveðið í kjarasamningum milli aðila vinnumarkaðarins, sbr. þó 7. gr. laga um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms og slysaforfalla. Þar er kveðið á um lágmarksiðgjald vinnuveitanda í sjúkrasjóð en ákvæðið er svohljóðandi: „Vinnuveitendur skulu greiða 1% af útborguðu kaupi verkafólks í sjúkrasjóð viðkomandi stéttarfélags, nema um hærri greiðslur hafi verið samið í kjarasamningum.“

6. Hverjar eru reglur um bætur hjá einstökum sjúkrasjóðum?

Hver einstakur sjóður ákveður þær reglur er gilda um réttindi félagsmanna til bóta úr sjóðnum. Enda þótt ákveðinn grunnréttindi sé að finna í flestum sjóðunum til samræmis við meginmarkmið þeirra má reikna með að réttindi sjóðfélaga í sjúkrasjóðum séu mismunandi og fari eftir styrk hlutaðeigandi stéttarfélags. Þess má jafnframt geta að Alþýðusamband Íslands hefur gefið út leiðbeinandi reglugerð fyrir sjúkrasjóði stéttarfélaga innan þess. Aðildarfélög Alþýðusambandsins eru ekki bundin af því að fylgja efni hinnar leiðbeinandi reglugerðar en Alþýðusambandið hefur þó sett ákveðnar lágmarksreglur sem öllum sjúkrasjóðum aðildarfélaga þess er gert að fylgja. Er sjóðunum meðal annars gert skylt að setja sér reglugerð sem skal hljóta staðfestingu viðkomandi landssambands og miðstjórnar Alþýðusambandsins.

7. *Hver er fjárfestingarstefna einstakra sjúkrasjóða?*
8. *Hvernig er fjármálaeftirliti og endurskoðun reikninga háttað hjá hverjum sjúkrasjóði?*
9. *Hver skipar stjórnir einstakra sjúkrasjóða?*
10. *Hverjar eru nýjustu upplýsingar úr ársreikningum einstakra sjúkrasjóða um eftirtalin atriði:*
    a. *tekjur vegna iðgjalds skv. 4. lið,*
    b. *aðrar tekjur,*
    c. *bótagreiðslur,*
    d. *rekstrarkostnað,*
    e. *annan kostnað,*
    f. *eignir,*
    g. *skuldir,*
    h. *hreina eign?*

Félagsmálaráðherra fer ekki með fjármálaeftirlit með sjúkrasjóðum stéttarfélaga og er ráðuneytinu því ekki kunnugt um fjárfestingarstefnu einstakra sjóða né heldur hvernig fjármálaeftirliti eða endurskoðun reikninga er háttað. Stéttarfélög eru almenn félög sem falla ekki undir 1. gr. laga um ársreikninga, nr. 144/1994, og því ekki skyldug til að birta ársreikninga sína né skylt að skila þeim til viðeigandi aðila samkvæmt þeim lögum. Ekki er heldur kveðið á um slíka skyldu í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, með síðari breytingum. Er það þess vegna ekki á valdsviði félagsmálaráðherra að veita nýjustu upplýsingarnar úr ársreikningum einstakra sjúkrasjóða. Þess má geta að í leiðbeiningarreglugerð Alþýðusambands Íslands eru ákvæði sem fjalla um hugsanlegar fjárfestingarleiðir sjóðanna í þeim tilgangi að ávaxta fé sitt. Einnig er þar að finna leiðbeinandi reglur um hvernig fara eigi með ársreikninga sjúkrasjóða. Eins og áður sagði er stéttarfélögum innan Alþýðusambandsins ekki skylt að fara eftir þessum reglum enda þótt þeim sé skylt að setja sér reglugerð sem skal hljóta staðfestingu miðstjórnar sambandsins. Enn fremur kveður 44. gr. laga Alþýðusambandsins á um að endurskoðaðir reikningar sem sýna stöðu sjúkrasjóðs áritaðir af löggiltum endurskoðanda skulu sendir miðstjórn fyrir maílok ár hvert.

Samkvæmt upplýsingum Alþýðusambands Íslands eru stjórnir sjóðanna annaðhvort kjörnar á aðalfundum viðkomandi stéttarfélags eða á sérstökum aðalfundi sjúkrasjóðsins. Jafnframt er dæmi um að í kjarasamningi sé kveðið á um að vinnuveitendum sé heimilt að tilnefna annan endurskoðanda sjóðsins, sbr. meðal annars kjarasamning milli Samtaka atvinnulífsins og Verkamannasambands Íslands (Starfsgreinasambands Íslands) vegna aðildarfélaga annarra en Eflingar – stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis.

11. *Hefur verið kannað hvort lagaskylda allra atvinnurekenda til að greiða iðgjald í sjúkrasjóð, sem er ákveðið af þriðja aðila og nýtist launþega en ekki atvinnurekanda, samrýmist ákvæðum 77. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, um að skattamálum skuli skipað með lögum?*

Samkvæmt 6. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980, er öllum vinnuveitendum skylt að greiða í sjúkrasjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarfélaga iðgjöld þau sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni og samkvæmt þeim reglum sem kjarasamningar greina. Samhljóða ákvæði 6. gr. laganna var áður að finna í lögum um starfskjör launþega o.fl., nr. 9/1974. Í greinargerð með þeim lögum var fjallað um mikilsvert félagslegt og menningarlegt hlutverk sem lífeyrissjóðir, sjúkrasjóðir og orlofssjóðir gegndu og var því spáð að það hlutverk mundi fara mjög vaxandi. Það var

skoðun manna að löggjafarvaldinu bæri tvímælalaust skylda til að tryggja öllum launþegum aðild að þessum sjóðum svo að ekki skapaðist verulegt misrétti milli starfsfólks innbyrðis. Var því tilgangur þessarar lagasetningar fyrst og fremst sá að tryggja það að vinnuveitendur gætu ekki komist hjá því að greiða iðgjöld í framangreinda sjóði með því að standa sjálfir utan samtaka vinnuveitenda og að því tilskildu að starfsfólk þeirra stæði af einhverjum ástæðum utan samtaka launafólks. Var því verið að stuðla að jafnrétti meðal starfsfólks í þessum efnum. Vinnuveitendum var þannig gert skylt að greiða iðgjald í sjúkrasjóði stéttarfélaga en ekki var ákveðið hvert iðgjaldið skyldi vera. Kom það í hlut aðila vinnumarkaðarins að semja um það í kjarasamningsviðræðum.

Á 100. löggjafarþingi Alþingis voru samþykkt lög um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóma- og slysaforfalla, nr. 19/1979, en þar var lögfest sú skylda vinnuveitanda að greiða 1% af útborguðu kaupi verkafólks í sjúkrasjóð viðkomandi stéttarfélaga, nema um hærri greiðslur hafi verið samið í kjarasamningum, sbr. 7. gr. Þarna var ákveðið lágmarksiðgjald fyrir tiltekinn hóp launafólks en engu að síður er heimild til að semja um hærri iðgjöld. Í greinargerð með lögunum kom fram að ákvæði um framlög vinnuveitanda í sjúkrasjóði verkafólks væru þegar í samningum flestra launþegasamtaka. Var jafnframt tekið fram að hlutfall þessara greiðslna væri víða hærra en það 1% sem gert væri ráð fyrir að væri lágmarksgreiðsla samkvæmt lögunum.

Með hugtakinu skattur í 77. gr. stjórnarskrárinnar er átt við greiðslu, venjulega peningagreiðslu, sem tilteknir hópar einstaklinga eða lögaðila verða að gjalda til hins opinbera samkvæmt einhliða ákvörðun ríkisvaldsins eftir almennum, efnislegum mælikvarða og án sérgreinds endurgjalds frá hinu opinbera. Það er því skilyrði til þess að greiðsla teljist skattur að hún renni í ríkissjóð, um sé að ræða einhliða ákvörðun ríkisvaldsins sem byggist á almennum, efnislegum mælikvarða og að ekkert sérgreint endurgjald komi í staðinn fyrir greiðsluna frá hinu opinbera.

Umrætt iðgjald vinnuveitenda í sjúkrasjóði uppfyllir ekki framangreind skilyrði þar sem ekki er um að ræða greiðslur í ríkissjóð heldur í sjúkrasjóði tiltekinna félagasamtaka, stéttarfélaga. Jafnframt byggist iðgjaldið ekki á einhliða ákvörðun ríkisvaldsins enda þótt kveðið sé á um lágmarksiðgjaldagreiðslu fyrir tiltekinn hóp launafólks þar sem aðilar vinnumarkaðarins hafa ákveðið frelsi til að semja um iðgjöldin í kjarasamningsviðræðum. Er því um að ræða skyldu vinnuveitenda til að semja um og greiða iðgjald í sjúkrasjóði til að auka félagsleg réttindi launafólks sem ekki verður jafnað við skattaálögur í skilningi 77. gr. stjórnarskrárinnar.

1085. Svar [493. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um rétt unglinga til debetkorta.

Viðskiptaráðuneytið leitaði til þriggja viðskiptabanka, þ.e. Búnaðarbanka Íslands hf., Íslandsbanka – FBA hf. og Landsbanka Íslands hf., og þriggja stærstu sparisjóðanna, þ.e. Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis (SPRON), Sparisjóðs Hafnarfjarðar (SPH) og Sparisjóðs vélstjóra, og óskaði eftir svari við fyrirspurninni. Svar ráðherra byggist á upplýsingum þessara viðskiptabanka og sparisjóða.

1. *Hve margir 13–16 ára unglingar annars vegar og 16–18 ára hins vegar hafa nú til umráða debetkort hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum?*

Um 14.100 unglingar á aldrinum 13–16 ára hafa debetkort í viðskiptabönkunum og þremur stærstu sparisjóðunum og um 11.400 unglingar á aldrinum 16–18 ára.

2. *Hver eru skilyrði fyrir rétti til debetkorta hjá þeim sem eru undir 16 ára annars vegar og 16–18 ára hins vegar, m.a. úttektarheimild, lágmarksinnstæða og ábyrgðarmenn? Þarf samþykki forráðamanna ófjárráða unglinga fyrir debetkortum þeirra?*

Svar Búnaðarbanka Íslands hf.: Bankinn hefur sett þá vinnureglu að unglingar á aldrinum 12–16 ára þurfi samþykki lögráðamanns við stofnun debetkortareiknings. Gert er að skilyrði að lágmarksinnstæða reiknings sé 1.000 kr. til að heimilt sé að stofna debetkort. Unglingar yngri en 18 ára hafa ekki heimild til að stofna til yfirdráttar. Innlánsreikningum ólögráða er við stofnun skipt í þrjá flokka eftir uppruna þeirra og úttektarheimildum, þ.e. hvort um sjálfaflafé eða gjafafé er að ræða sem ólögráða reikningseigandi hefur einn úttektarheimild fyrir ef annað er ekki tekið fram, hvort um gjafafé er að ræða, en í slíkum tilvikum hefur hinn ólögráða reikningseigandi einn úttektarheimild nema gefandi mæli sérstaklega fyrir um annað, og í þriðja lagi hvort um annað fé er að ræða sem ólögráða einstaklingar hafa ekki heimild til að ráðstafa. Ekki er krafist ábyrgðarmanna við stofnun debetreikninga ólögráða einstaklinga.

Svar Íslandsbanka – FBA hf.: Fram að 18 ára aldri er skilyrði fyrir rétti til debetkorta að fjármunirnir á reikningnum séu sjálfsaflafé og/eða gjafafé gefið án skilyrða, sem eru þeir fjármunir sem unglingurinn hefur ráðstöfunarrétt yfir samkvæmt lögum. Reikningseigandi einn hefur úttektarheimild. Ekki er um ábyrgðarmenn að ræða, en reikningar þessir eru ekki með yfirdráttarheimild. Engin sérstök krafa er gerð um lágmarksinnstæðu. Bankinn hefur ekki farið fram á samþykki forráðamanna fyrir debetkortum unglinga. Rétt er að geta þess að þegar útgáfa á kortum til unglinga 13–16 ára var í undirbúningi var haft samráð við embætti umboðsmanns barna, enda tilgangurinn að leiðbeina um ábyrga notkun nútímagreiðslumiðils.

Svar Landsbanka Íslands hf.: Með því að ganga í Sportklúbb Landsbankans geta 13 ára unglingar fengið debetkort samkvæmt starfsreglum bankans. Skilyrði er að samþykki forráðamanna liggi fyrir en jafnframt eru öll kortin svonefnd síhringikort þar sem innstæða er alltaf sannprófuð áður en færsla er framkvæmd. Kortið gengur að öllum hraðbönkum og unnt er að nota það til að taka út peninga hjá gjaldkerum banka og sparisjóða.

Samkvæmt starfsreglum geta unglingar 14–17 ára fengið debetkort með því að ganga í Námuna, sem er klúbbur hjá Landsbankanum fyrir ungt námsfólk. Sömu reglur gilda og greint er frá hér á undan að því undanskyldu að kortin má nota til úttekta hjá verslunum.

Samkvæmt starfsreglum er óheimilt að veita yfirdráttarheimildir til unglinga undir 18 ára aldri og því er ekki krafist ábyrgðarmanna. Þegar stofnað er til viðskipta í unglingaklúbbum bankans þarf að leggja inn 1.000 kr. Aðeins eru gefin út debetkort en ekki tékkhefti.

Svar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis: Unglingar á aldrinum 12–16 ára geta fengið debetkort ef þeir eru í unglingaklúbbi SPRON sem nefnist Start. Kortin má nota í öllum verslunum og hraðbönkum og hjá gjaldkerum banka og sparisjóða. Engin úttektarheimild, lágmarksinnstæða eða ábyrgðarmenn þurfa að vera á bak við þessi debetkort. Reglur SPRON gera kröfu um það að forráðamaður samþykki fyrst umsókn viðkomandi.

Á aldrinum 16–18 ára eiga félagar í Námsmannaþjónustu SPRON (16 ára og eldri) kost á debetkorti samkvæmt nánari reglum SPRON. Engin lágmarksinnstæða er á þessum reikningum. Þeim sem eiga rétt á láni frá LÍN stendur til boða yfirdráttarheimild á tékkareikningi

sínum, en sú heimild getur numið allt að 100% af áætlaðri lánveitingu frá LÍN. Ekki er þörf fyrir ábyrgðarmenn á þessa reikninga þar sem alla jafna er ekki gefinn kostur á yfirdráttarheimild, en ef yfirdráttarlán er veitt er lánið frá LÍN næg ábyrgð. Þess má geta að það er algjör undantekning að yfirdráttarlán sé veitt þessum aldurshópi, enda mjög fáir í LÍN-hæfu námi.

Þar sem farið er eftir nánari reglum SPRON við afgreiðslu á debetkortum þarf samþykki forráðamanns ófjárráða unglings þegar hann sækir um debetkort.

Svar Sparisjóðs Hafnarfjarðar: Öllum unglingum er velkomið að sækja um debetkort (Start-kort) hjá SPH en undantekningarlaust þarf samþykki foreldra fyrir debetkorti þeirra sem yngri eru en 16 ára. Í þeim tilvikum þegar 16 og 17 ára unglingar sækja um debetkort er ekki gerð krafa um samþykki foreldra. Öll þessi kort eru síhringikort sem þýðir að ekki er hægt að setja stöðu kortareikningsins í mínus, úttektarheimild reikningsins er því sú sama og innstæðan á hverjum tíma og lágmarksinnstæðan 0 kr. Þar sem staða reikningsins getur aldrei farið í mínus er engin þörf fyrir ábyrgðarmenn.

Svar Sparisjóðs vélstjóra: Fyrir unglinga undir 18 ára aldri þarf samþykki foreldra/forráðamanns til að fá debetkort (hvort sem viðkomandi er í flokknum undir 16 ára eða 16–18 ára). Við stofnun reikningsins þarf viðkomandi unglingur að leggja inn 5.000 kr. en aðrar lágmarksinnstæður eru ekki. Ábyrgðarmenn þarf ekki á debetkortareikning unglinga undir 18 ára aldri enda ekki um útlán að ræða. Úttektarheimildir á debetkortum unglinga 18 ára og yngri miðast við innstæðu reiknings.

3. *Hver eru vaxtakjör og gjaldtökuheimildir á framangreindum debetkortum?*

Svar Búnaðarbanka Íslands hf.: Vextir debetkorta ólögráða eru 6,20% og eru kortin án allra færslugjalda og án árgjalds.

Svar Íslandsbanka – FBA hf.: Vaxtakjör fara eftir vaxtatöflu bankans eins og hún er hverju sinni. Innlánsvextir á debetkortareikningum einstaklinga eru nú 2 %. Færslugjöld eru engin séu debetkort notuð í hraðbönkum en 11 kr. á hverja færslu í öðrum tilvikum. Árgjald debetkorts er 280 kr.

Svar Landsbanka Íslands hf.: Innvextir á Sportklúbbsreikningum/Námureikningum reiknast daglega og eru nú 2,8% á ári. Árgjald af Námukorti er 275 kr. en engin færslugjöld eru tekin. Af Sportklúbbsreikningi reiknast hvorki árgjöld né færslugjöld.

Svar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis: Innlánsvextir á reikningum 12–16 ára eru 2,5%. Útlánsvextir eru engir þar sem engin úttektarheimild er til staðar. Gjaldtökuheimildir eru:

Debetkortaárgjald er 280 kr.

Færslugjald í verslunum og hjá gjaldkerum er 11 kr.

Færslugjald í hraðbönkum er 0 kr.

Endurútgefið glatað debetkort er 1.000 kr.

Innlánsvextir á reikningum 16–18 ára eru 2,5%. Útlánsvextir eru 14,85% fyrir þá sem eiga kost á láni frá LÍN, en 19,25% fyrir aðra. Gjaldtökuheimildir eru:

Debetkortaárgjald er 280 kr.

Færslugjald í verslunum og hjá gjaldkerum er 11 kr.

Færslugjald í hraðbönkum er 0 kr.

Endurútgefið glatað debetkort er 1.000 kr.

Svar Sparisjóðs Hafnarfjarðar: Vextir Start-reiknings og Námsmannareiknings eru 2,5%. Innheimt eru færslugjöld þegar kortin eru notuð í verslunum. Færslugjöld eru 11 kr. á hverja færslu.

Svar Sparisjóðs vélstjóra:
Debetkortaárgjald er 280 kr.
Færslugjald debetkorta er 11 kr.
Færslugjald í hraðbönkum er 0 kr.
Upplýsingar um stöðu í síma er 40 kr.
Yfirlit sent í pósti annað en um áramót er 75 kr.
Aukayfirlit afhent í afgreiðslu er 75 kr.
Endurútgefið glatað debetkort er 1.000 kr.

4. *Er um að ræða rétt til yfirdráttarheimildar á debetkortum unglinga 16–20 ára og ef svo er, hve háar geta slíkar yfirdráttarheimildir orðið? Geta unglingar safnað slíkum yfirdráttarheimildum hjá mörgum innlánsstofnunum samtímis? Hver eru vaxtakjör og gjaldtaka á slíkum yfirdráttarheimildum?*

Svar Búnaðarbanka Íslands hf.: Ólögráða einstaklingar fá ekki yfirdráttarheimild í bankanum. Frá 18 ára aldri geta viðskiptamenn bankans fengið yfirdráttarheimild allt að fjárhæð 100.000 kr. Yfirdráttarvextir eru 14,90% af notaðri heimild. Viðskiptabankarnir geta að sjálfsögðu ekki fylgst með viðskiptum einstaklinga í öðrum viðskiptabönkum og því er ekki fylgst með hvort unglingar safna yfirdráttarheimildum hjá mörgum innlánsstofnunum samtímis.

Svar Íslandsbanka – FBA hf.: Viðskiptavinum eru ekki veittar yfirdráttarheimildir fyrr en þeir eru orðnir fullra 18 ára og fjárráða. Hver umsókn um yfirdráttarheimild er metin sérstaklega með tilliti til umsækjanda. Litið er til viðskipta viðkomandi, t.d. hvort hann er með launaveltureikning. Ekki er algengt að veita 18–20 ára ungmennum yfirdráttarheimildir, en þegar það er gert er yfirdráttarheimild nær undantekningarlaust á bilinu 50–100 þús. kr. Vaxtakjör eru samkvæmt verðskrá bankans eins og hún er á hverjum tíma. Yfirdráttarvextir eru nú 20,9 %. Bankinn hefur ekki aðgang að upplýsingum um það hvort unglingar sem eru með debetkort í bankanum eru með debetkort í öðrum banka einnig. Þó kemur fyrir að unglingar veita bankanum umboð til að fá lánayfirlit frá öðrum lánastofnunum til þess að kanna þetta.

Svar Landsbanka Íslands hf.: Reglur bankans gera ekki ráð fyrir að ófjárráða unglingar geti stofnað til yfirdráttar á reikningi hjá bankanum. Þegar fjárræði er náð við 18 ára aldur gilda þær reglur að veitt er heimild til yfirdráttar ef lögð er fram fullnægjandi trygging að mati bankans. Samkvæmt starfsreglum ber að gæta fyllstu varfærni við veitingu slíkra heimilda en þær eru ekki föst fjárhæð heldur ráðast af mati bankans í hverju tilviki. Ekki er sérstaklega fylgst með því hvort einstaklingar sem eru í viðskiptum við Landsbankann stofna reikninga hjá öðrum innlánsstofnunum. Vaxtakjör og gjaldtaka ræðst af ákvörðunum bankans á hverjum tíma.

Svar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis: Þeir sem eru yngri en 18 ára og eru aðilar í Námsmannaþjónustu SPRON geta fengið yfirdráttarheimild ef þeir eiga kost á því að fá lán frá LÍN. Slíkt er þó algjör undantekning. Heimildin getur aldrei orðið meiri en áætlað lán frá LÍN. Útlánsvextirnir eru 14,85%. Þeir sem eru 18–20 ára geta sótt um yfirdráttarheimild upp í allt að 100 þús. kr. án tryggingar, samkvæmt nánari reglum SPRON sem kveða m.a. á um greiðslugetu o.fl. Ef þeir eiga kost á að fá lán frá LÍN eru yfirdráttarvextirnir 14,85%, en annars 19,25%.

Svar Sparisjóðs Hafnarfjarðar: Ófjárráða unglingi er aldrei veitt yfirdráttarheimild. Þeir sem orðnir eru 18 ára hafa möguleika á að sækja um yfirdráttarheimild. Tilvik hvers og eins er skoðað þegar ákvörðun er tekin um það hvort umsóknin sé samþykkt eða ekki. Ekki er

hægt að nefna neina ákveðna tölu sem svar við spurningunni um hve háar yfirdráttarheimildir geti orðið því eins og fyrr segir er hver og einn viðskiptavinur skoðaður sérstaklega með tilliti til viðskiptasögu. Almenna reglan er þó að fara mjög varlega með þá sem eru að fá yfirdráttarheimildir á fyrstu árunum og er það undantekning ef hærri heimildir en 50.000 kr. eru veittar til aðila á aldrinum 18–20 ára. Ef sótt er um hærri heimildir en 50.000 kr. er oftast óskað eftir tryggingarvíxli. Spurt er hvort unglingar geti safnað yfirdráttarheimildum í lánastofnunum. Þessu er erfitt að svara en hjá SPH er iðulega óskað eftir því að viðkomandi unglingur samþykki að starfsmaður SPH kalli fram svokallað lánayfirlit sem er safn upplýsinga um útlán viðkomandi einstaklings í öllum bönkum og sparisjóðum. Á lánayfirlitinu koma því fram upplýsingar um það hvort viðkomandi er í skuld við aðra fjármálastofnun. Ef svo er skerðir það möguleika unglingsins til lántöku hjá SPH. Vaxtakjör á Námsmannareikningum eru 19,25% og á Sértékkareikningum eru þau 20,75%. Gjaldtaka er sambærileg og hjá öðrum viðskiptavinum, þ.e. innheimt eru færslugjöld, útskriftargjöld og kortagjöld.

Svar Sparisjóðs vélstjóra: Ekki eru veittar yfirdráttarheimildir frekar en önnur útlán til ófjárráða einstaklinga. Eftir 18 ára aldur er hver einstaklingur metinn fyrir sig með tilliti til útlána. Reynt er að koma í veg fyrir að einstaklingar safni yfirdráttarheimildum í mörgum lánastofnunum með því að skoða svokallað FE-yfirlit (með skriflegu leyfi viðkomandi einstaklings). Upphæð yfirdráttarheimildarinnar fer alfarið eftir tekjum hvers og eins. Einstaklingar á aldrinum 18–20 ára þurfa nær undantekningarlaust að koma með tryggingarvíxil með ábyrgðarmönnum til að fá yfirdráttarheimild. Þeir sem stunda nám sem er lánshæft hjá LÍN geta fengið allt að 90% lánsins fyrir fram í formi yfirdráttar.

5. *Hver eru viðurlög við úttektum án innstæðu af debetkortum unglinga og hve mikið var um innstæðulausar úttektir af þessum debetkortum á sl. ári?*

Svar Búnaðarbanka Íslands hf.: Allir einstaklingar á aldrinum 12–18 ára eru með síhringikort. Einstaklingum undir 18 ára aldri er ekki veitt yfirdráttarheimild. Ef innstæðulaus úttekt á sér stað þrátt fyrir það er ekkert sérstakt gjald skuldfært á debertkortareikninginn. Ekki liggja fyrir nein slík tilvik um innstæðulausar úttektir á sl. ári.

Svar Íslandsbanka – FBA hf.: Ófjárráða viðskiptavinir fá einungis svokölluð „síhringikort“ en með því er ætlunin að tryggja að úttekt sé ekki möguleg ef innstæða er ekki fyrir hendi. Örfá dæmi eru til um að unnt hefur verið að taka út af síhringikortum, þrátt fyrir að það eigi ekki að vera hægt. Er þar um tæknigalla að ræða í heimildargjafakerfi. Gjald vegna innstæðulausrar debetkortafærslu er fellt niður þegar um síhringikort er að ræða.

Svar Landsbanka Íslands hf.: Reglur bankans gera ekki ráð fyrir að ófjárráða unglingar geti fengið yfirdráttarheimild. Samkvæmt gjaldskrá Landsbanka Íslands hf., dags. 20. mars 2001, er vanskilagjald af innstæðulausum færslum á reikning frá 650 kr. og fer stighækkandi en hámarksgjald er 5.490 kr. Auk þess ber að greiða dráttarvexti miðað við fjárhæð. Í undantekningartilvikum, svo sem þegar verslanir aftengja posa eða síhringikerfið bilar, getur myndast yfirdráttur á reikningi án yfirdráttarheimildar. Hafi reikningur verið yfirdreginn án heimildar í 10 daga er honum lokað. Innstæðulausar úttektir á síðasta ári af debetkortum unglinga 13–18 ára hjá Landsbankanum voru 152 og um mjög lágar fjárhæðir var að ræða í flestum tilvikum.

Sérstaklega skal tekið fram að sé um námsmenn 18 ára og eldri að ræða, sem eiga von á láni frá LÍN, geta þeir fengið yfirdrátt á tékkareikning sinn samkvæmt náms- og lánsfjáráætlun frá LÍN. Vaxtakjör eru misjöfn, bæði innvextir og útvextir.

Svar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis: Ef einstaklingur tekur út af reikningi sínum umfram úttektarheimild þarf hann að borga ákveðið gjald sem fer eftir því hvað debetkortafærslan var há. Eftirfarandi gjaldtaka er í gildi:

725 kr. ef upphæð færslu er 0–5.000.

1.395 kr. ef upphæð færslu er 5.001–10.000.

2.295 kr. ef upphæð færslu er 10.001–50.000.

3.895 kr. ef upphæð færslu er 50.000–200.000.

6.750 kr. ef upphæð færslu er 200.000 og hærri.

Hjá 12–18 ára viðskiptavinum SPRON voru innstæðulausar úttektir 80 talsins árið 2000. Þær námu samtals 111 þús. kr., eða 1.388 kr. að meðaltali hver úttekt.

Hjá 19–20 ára viðskiptavinum SPRON voru innstæðulausar úttektir 2.004 talsins árið 2000. Þær námu samtals 2.956 þús. kr., eða 1.475 kr. að meðaltali hver úttekt.

Samtals voru hjá 12–20 ára viðskiptavinum SPRON innstæðulausar úttektir því 2.084 talsins árið 2000. Þær námu samtals 3.067 þús. kr., eða 1.472 kr. að meðaltali hver úttekt.

Svar Sparisjóðs Hafnarfjarðar: Allir unglingar fram að 18 ára aldri eru með síhringikort og hafa þeir því enga möguleika á því að framvísa kortunum án innstæðu. Undantekning frá þessu er ef færslu er hleypt í gegn án þess að hringt sé og beðið um stöðu reikningsins en slíkt gerist ef bilun á sér stað, t.d. í símkerfi. Slíkt á sér einungis stað í undantekningartilvikum og eru slíkar færslur í öllum tilvikum án nokkurra viðurlaga.

Svar Sparisjóðs vélstjóra: Viðurlög við úttektum án innstæðu eru svokallaður FIT-kostnaður samkvæmt gjaldskrá.

6. *Hvernig er eftirliti háttað með debetkortum og er það eðlilegt að mati ráðherra að ófjárráða unglingar hafi rétt til debetkorta?*

Um opinbert eftirlit með debetkortum sem og annarri fjármálastarfsemi eftirlitsskyldra aðila fer samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Samkvæmt 75. gr. lögræðislaga, nr. 71/1997, ræður ófjárráða maður sjálfur sjálfsaflafé sínu og gjafafé. Þá ræður hann einnig því fé sem lögráðamaður hans hefur látið hann hafa til ráðstöfunar. Þannig hafa ófjárráða unglingar rétt til að ráðstafa sjálfir framangreindum fjármunum. Viðskiptaráðherra telur því eðlilegt að ófjárráða unglingar hafi rétt til debetkorta til að ráðstafa sjálfsaflafé og gjafafé, enda er hér eingöngu um að ræða nýjan miðil til ráðstöfunar fjárins. Afstaða ráðherra er þó vitanlega háð þeim forsendum að fyllstu varkárni sé beitt af hálfu viðskiptabanka og sparisjóða, svo sem að ekki sé unnt að stofna til skuldar með yfirdráttarheimild og að debetkortið sé síhringikort.

1086. Svar [610. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Þórunnar Sveinbjarnardóttur um starfsemi Keflavíkurstöðvarinnar og framkvæmd varnarsamningsins.

1. *Hefur starfsemi Keflavíkurstöðvarinnar tekið einhverjum breytingum frá því að bókun um varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna var staðfest árið 1996? Hefur einhver breyting orðið á tengslum stöðvarinnar við Atlantshafsflota Bandaríkjanna og Atlantshafsflota NATO, t.d. á kafbátaeftirliti og könnunarflugi Orion P-3 vélanna sem hér eru?*

Nei, starfsemin sem slík hefur ekki tekið breytingum frá því að bókunin 1996 var gerð.

Hins vegar hefur orðið breyting á herstjórnarskipulagi Atlantshafsbandalagsins sem tók gildi 1998. Hún felur í sér aukin tengsl varnarliðsins við höfuðstöðvar Atlantshafsbandalagsins í Northwood í Bretlandi (Allied Command Eastern Atlantic – EASTLANT).

2. *Hve oft hafa orrustuþotur á Keflavíkurflugvelli flogið til móts við erlendar herflugvélar frá 1996?*
Einu sinni, árið 1999.

3. *Hvaða herbúnaður (tegund mannvirkja, ratsjáreftirlit, vopn) er í tengslum við starfsemi F-15 orrustuflugvéla og P-3 flugvéla á Keflavíkursvæðinu?*
Íslenska loftvarnakerfið samanstendur af fjórum ratsjárstöðvum ásamt tilheyrandi fjarskiptabúnaði og stjórnstöðvum sem fylgjast með flugumferð. Hús ratsjár-, stjórn- og fjarskiptastöðvanna, svo og skýli orrustuflugvélanna, eru sérstaklega styrkt til að takmarka skemmdir af völdum sprenginga. Orrustuþotur varnarliðsins (F-15) eru búnar litlum flugskeytum og byssum gegn flugvélum. Eftirlitsflugvélar varnarliðsins (P-3) eru hýstar í flugskýli af hefðbundinni gerð. Þær geta borið tundurskeyti gegn kafbátum og lítil flugskeyti gegn skipum og skotmörkum á landi.

4. *Hver eru athafnasvæði P-3 flugvélanna utan Íslands? Þjónar eftirlitsflug við Noregsstrendur því markmiði að fylgjast með hernaðarathöfnum Rússa?*
Athafnasvæði P-3 vélanna er hafsvæðið milli Grænlands, Íslands og Noregs, en þær vélar sem hér eru fara lítið til eftirlits undan ströndum Noregs, nema til þátttöku í heræfingum með öðrum NATO-ríkjum.

5. *Hafa Sikorsky-þyrlur varnarliðsins einhverju öðru hlutverki að gegna en í tengslum við björgunarsveitina?*
Nei. Fjórar HH-60G Pavehawk brynvarðar björgunarþyrlur og ein HC-130 Hercules fjarskipta- og eldsneytisvél eru í flugflota varnarliðsins til aðstoðar við leit og björgun. Umræddur flugkostur gegnir einnig mikilvægu borgaralegu björgunarhlutverki á sjó og landi í samstarfi við Landhelgisgæsluna.

6. *Hvaða þættir í starfsemi Keflavíkurstöðvarinnar snúa beint að vörnum Íslands og hvaða þættir þjóna bandarískum hagsmunum?*
Varnarliðið á Keflavíkurflugvelli er liður í varnarkerfi Atlantshafsbandalagsins. Eðli málsins samkvæmt er ekki hægt að aðgreina þætti í starfsemi varnarliðsins með vísan til hagsmuna einstakra NATO-ríkja, enda um samofna hagsmuni Íslands, Bandaríkjanna og annarra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins að ræða.

7. *Hvers konar framkvæmdir hefur verið ráðist í frá árinu 1996? Eru einhverjar framkvæmdir fyrirhugaðar?*
Frá árinu 1996 hafa verið gerðar ýmsar endurbætur á flugvallar- og varnarmannvirkjum á Keflavíkurflugvelli, íbúðum, þjónustu- og starfsaðstöðu varnarliðsmanna og fjölskyldna þeirra. Eitt flugskýli var endurnýjað frá grunni, nýtt verkstæði reist til viðhalds á vopnabúnaði flugvéla flotans, níu stórir íbúðarskálar hermanna voru endurnýjaðir frá grunni, auk tíu fjölskylduíbúða. Verið er að endurnýja lendingarljósabúnað flugvallarins og áætluð er áframhaldandi endurnýjun á íbúðar- og þjónustuhúsnæði, viðhald á flugbrautum, lagning skolpræs-

is í sjó fram í samvinnu við Reykjanesbæ og endurnýjun á vopnageymslum varnarliðsins á Pattersonflugvelli.

8. *Hver er árlegur rekstrarkostnaður Keflavíkurstöðvarinnar? Hver er árlegur rekstrarkostnaður Keflavíkurflugvallar og hver er hlutur Bandaríkjastjórnar í honum? Óskað er eftir sundurliðun kostnaðar.*

Samkvæmt upplýsingum frá varnarliðinu nam árlegur heildarkostnaður við rekstur varnarstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli að meðaltali um 27 milljörðum króna (300 milljónum Bandaríkjadala) á árunum 1997–99, þ.m.t. rekstur Keflavíkurflugvallar, og skiptist sá kostnaður þannig: Vinnulaun, þ.m.t. hermanna, 95.524.000 dalir, efni, 15.560.000 dalir, verksamningar, 59.095.000 dalir, verkefni, 29.696.000 dalir, og annað 99.935.000 dalir.

9. *Hvað eru margir bandarískir hermenn á Íslandi? Hver eru hlutverk þeirra (sundurliðun starfsheita)? Stendur til að fækka þeim á næstu árum?*

31. mars sl. voru í varnarliðinu 1.186 liðsmenn Bandaríkjaflota, 635 úr flugher, 2 úr landher og 52 landgönguliðar flotans. Engar áætlanir liggja fyrir um fækkun í varnarliðinu á næstunni.

10. *Er það stefna ríkisstjórnarinnar að hafa hér óbreyttan fjölda orrustuflugvéla og kafbátaleitarflugvéla?*

Ríkisstjórnin hefur engin áform þess efnis að óska eftir breytingum á fjölda orrustuflugvéla og kafbátaleitarvéla varnarliðsins í Keflavík.

1087. Svar [690. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um loðnukvóta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver hefur heildarkvóti loðnu verið sl. 10 ár, hver hefur hann verið í upphafi sumarvertíðar, hvenær hefur hann verið gefinn út og hvenær hefur hann verið aukinn?*
2. *Hversu mikið af útgefnum loðnukvóta hefur ekki náðst að veiða hverju sinni sl. 10 ár, sundurliðað eftir skipum og útgerðum?*

Upplýsingarnar sem beðið er um koma fram í eftirfarandi töflum.

Úthlutun loðnuaflamarks, loðnuafli og mismunur úthlutunar og afla fiskveiðiárin 1991/92 til 2000/01.

Fiskveiðiár	Upphafs-úthlutun	Dags.	Viðbótar-úthlutun	Dags.	Heildar-úthlutun *	Afli	Mis-munur	Mism. % af úthl.
1991/1992	*187.200*	*25.10.1991*						
1991/1992			156.000	31.12.1991				
1991/1992			234.000	28.1.1992				
1991/1992			115.800	15.2.1992				
1991/1992 *			50.000	15.3.1992	*743.000*	*631.273*	*111.727*	*15,0*
1992/1993	*390.000*	*8.7.1992*						
1992/1993			249.600	9.11.1992				
1992/1993 *			180.400	17.2.1993	*820.000*	*700.177*	*119.823*	*14,6*
1993/1994	*702.000*	*14.6.1993*						
1993/1994			273.000	7.12.1993				
1993/1994			97.000	17.2.1994	*1.072.000*	*1.003.082*	*68.918*	*6,4*
1994/1995	*636.500*	*22.6.1994*						
1994/1995 *			181.280	6.3.1995	*817.780*	*754.580*	*63.200*	*7,7*
1995/1996	*536.000*	*9.6.1995*						
1995/1996			571.760	22.2.1996	*1.107.760*	*885.100*	*222.660*	*20,1*
1996/1997	*737.000*	*25.6.1996*						
1996/1997			480.000	30.12.1996				
1996/1997			60.000	21.2.1997	*1.277.000*	*1.258.050*	*18.950*	*1,5*
1997/1998	*569.475*	*30.6.1997*						
1997/1998			415.000	28.11.1997				
1997/1998			23.550	1.3.1998	*1.008.025*	*993.243*	*14.782*	*1,5*
1998/1999	*688.200*	*19.6.1998*						
1998/1999			306.500	2.3.1999	*994.700*	*911.487*	*83.213*	*8,4*
1999/2000	*575.850*	*28.5.1999*						
1999/2000			315.650	23.2.2000	*891.500*	*852.323*	*39.177*	*4,4*
2000/2001	*417.750*	*20.6.2001*						
2000/2001			400.876	19.2.2001				
2000/2001			100.000	14.3.2001	*918.626*	*901.393*	*17.233*	*1,9*

* Aflaheimildir ufmram heildarúthlutun:
1991/92 vegna rannsókna 8.000 tonn,
1992/93 leigukvóti frá Grænlendingum 3.307 tonn,
1994/95 leigukvóti frá Grænlendingum 20.100 tonn.

Loðnuúthlutun og -afli fiskveiðiárið 1991/92, skipt eftir skipum og útgerðum.

Skip	Heiti	Eigandi	Úthlutun	Milli skipa	Afla-heimild	Afli	Staða
130	Júpiter	Hrólfur Gunnarsson	18.775	3.621	22.396	20.828	1.568
155	Jón Kjartansson	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	17.350	1.100	18.450	15.254	3.196
183	Sigurður	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	19.423	5.380	24.803	22.139	2.664
220	Víkingur	Haraldur Böðvarsson hf.	18.969	8.059	27.028	21.162	5.866
226	Beitir	Síldarvinnslan hf.	19.035	-17.753	1.282	0	1.282
264	Þórður Jónasson	Valtýr Þorsteinsson ehf.	13.399	1.311	14.710	14.709	1
967	Keflvíkingur	Miðnes ehf.	20.714	-2.000	18.714	13.447	5.267
973	Björg Jónsdóttir	Langanes hf.	13.852	-11.285	2.567	3.083	-516
979	Víkurberg	Reynir Jóhannsson	13.656	900	14.556	14.501	55
1002	Sunnuberg	Sigluberg hf.	21.039	765	21.804	16.569	5.235
1006	Háberg	Sigluberg hf.	21.296		21.296	18.352	2.944
1011	Gígja	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	15.019	5.000	20.019	15.898	4.121
1012	Örn	Sólbakki ehf.	26.926	-2.421	24.505	17.262	7.243
1020	Guðmundur Ólafur	Garðar Guðmundsson hf.	13.980	600	14.580	13.861	719
1029	Svanur	Ingimundur Ingimundarson	14.628	2.250	16.878	15.627	1.251
1030	Björg Jónsdóttir	Haraldur Böðvarsson hf.	13.917	-2.595	11.322	9.056	2.266
1031	Bergur	Bergur ehf.	13.463	2.969	16.432	12.685	3.747
1033	Harpa	Eskfirðingur hf.	21.230	-17.107	4.123	0	4.123
1035	Heimaey	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	13.594	-10.000	3.594	0	3.594
1037	Dagfari	Útgerðarfélagið Njörður ehf., Húsavík	13.594	-1.411	12.183	4.462	7.721
1046	Albert	Þróttur ehf.	14.111	6.583	20.694	19.639	1.055
1048	Faxi	Faxamjöl hf.	14.241	2.690	16.931	15.634	1.297
1060	Súlan	Súlan ehf.	15.407	2.900	18.307	16.301	2.006
1061	Sighvatur Bjarnason	Vinnslustöðin hf.	14.628	1.980	16.608	16.659	-51
1062	Kap	Vinnslustöðin hf.	14.628	-909	13.719	13.159	560
1070	Húnaröst	Húnaröst ehf.	14.304	1.766	16.070	14.135	1.935
1076	Guðrún Þorkelsdóttir	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	15.019	707	15.726	14.197	1.529
1272	Guðmundur	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	16.184	5.000	21.184	19.577	1.607
1293	Börkur	Síldarvinnslan hf.	17.608	15.901	33.509	30.320	3.189
1401	Gullberg	Ufsaberg ehf.	14.111	2.408	16.519	11.464	5.055
1411	Huginn	Huginn ehf.	14.111	-1.670	12.441	11.725	716
1413	Höfrungur	Haraldur Böðvarsson hf.	16.119	9.278	25.397	21.230	4.167
1416	Ásborg	Borg ehf., útgerð	14.111	-13.161	950	0	950
1501	Þórshamar	Festi ehf.	14.046	3.715	17.761	12.896	4.865
1504	Bjarni Ólafsson	Runólfur Hallfreðsson	17.415	2.104	19.519	16.182	3.337
1512	Grindvíkingur	Fiskanes hf.	17.415	335	17.750	16.293	1.457
1525	Hólmaborg	Hólmaborg hf	20.654	7.584	28.238	27.733	505
1551	Hilmir	Hilmir hf.	32.886	5.600	38.486	32.953	5.533
1586	Sjávarborg	Sjávarborg hf.	15.407		15.407	12.840	2.567
1610	Ísleifur	Ísleifur ehf.	15.019	7.672	22.691	17.234	5.457
1742	Jón Finnsson	Gísli Jóhannesson	14.111	-13.161	950	0	950
1807	Hákon	Gjögur ehf., Grenivík	15.407	3.715	19.122	14.440	4.682
1809	Pétur Jónsson	Pétur Stefánsson	15.471	-14.420	1.051	0	1.051
1903	Helga II	Ingimundur hf.	26.731	4.000	30.731	27.767	2.964
Samtals			**743.003**	**8.000**	**751.003**	**631.273**	**119.730**

* Aflaheimild 8.000 tonnum meiri en heildarúthlutun stafar af úthlutun til rannsókna í júlí 1991. Loðnuveiðar að mestu bannaðar 1991.

Loðnuúthlutun og afli fiskveiðiárið 1992/93, skipt eftir skipum og útgerðum.

Skip	Heiti	Eigandi	Úthlutun	Milli skipa	Afla-heimild	Afli	Staða
130	Júpiter	Júpiter hf., Bolungarvík	20.721	4.000	24.721	22.537	2.184
155	Jón Kjartansson	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	19.148	2.000	21.148	19.318	1.830
183	Sigurður	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	21.436	6.615	28.051	22.959	5.092
220	Víkingur	Haraldur Böðvarsson hf.	24.361	4.347	28.708	27.808	900
226	Beitir	Síldarvinnslan hf.	21.006	-8.100	12.906		12.906
264	Þórður Jónasson	Valtýr Þorsteinsson ehf.	14.787		14.787	13.597	1.190
967	Keflvíkingur	Miðnes ehf.	22.861	1.116	23.977	17885	6.092
973	Björg Jónsdóttir II	Langanes hf.	15.287	-15.287	0		0
979	Víkurberg	Reynir Jóhannsson	15.072	3.590	18.662	18.716	-54
1000	Guðmundur Kristinn	Pólarsíld hf.		1.005	1.005	1.005	0
1002	Sunnuberg	Sigluberg hf.	23.218	-3.390	19.828	17.110	2.718
1006	Háberg	Sigluberg hf.	23.504	-523	22.981	21.879	1.102
1011	Gígja	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	16.574	2.704	19.278	15.479	3.799
1012	Örn	Sólbakki ehf.	29.718	-2.400	27.318	26.496	822
1020	Guðmundur Ólafur	Garðar Guðmundsson hf.	15.430	1.117	16.547	16.547	0
1029	Svanur	Ingimundur Ingimundarson	16.144	4.780	20.924	20.786	138
1030	Björg Jónsdóttir	Haraldur Böðvarsson hf.	15.359	6.403	21.762	15.940	5.822
1031	Bergur	Bergur ehf.	15.768	824	16.592	15.697	895
1035	Heimaey	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	15.001	-11.701	3.300		3.300
1037	Dagfari	Útgerðarfélagið Njörður ehf., Húsavík	15.001	0	15.001	9.921	5.080
1046	Albert	Þróttur ehf.	15.573	9.189	24.762	24.762	0
1048	Faxi	Faxamjöl hf.	15.717	3.452	19.169	16.968	2.201
1060	Súlan	Súlan ehf.	17.004	1.307	18.311	16.642	1.669
1061	Sighvatur Bjarnason	Vinnslustöðin hf.	17.878	-836	17.042	13.391	3.651
1062	Kap II	Vinnslustöðin hf.	16.144		16.144	15.603	541
1070	Húnaröst	Húnaröst ehf.	15.786	1.000	16.786	14.288	2.498
1076	Guðrún Þorkelsdóttir	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	16.574	-7.800	8.774		8.774
1272	Guðmundur	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	17.862	5.968	23.830	21.365	2.465
1293	Börkur	Síldarvinnslan hf.	19.433	8.100	27.533	27.521	12
1401	Gullberg	Ufsaberg ehf.	16.937	1.458	18.395	13.119	5.276
1411	Huginn	Huginn ehf.	15.573	-2.000	13.573	13.451	122
1413	Höfrungur	Haraldur Böðvarsson hf.	17.790	10.138	27.928	25.641	2.287
1416	Arney	Borg ehf., útgerð	12.147	-12.147	0		0
1501	Þórshamar	Festi ehf.	19.798	693	20.491	18.135	2.356
1504	Bjarni Ólafsson	Runólfur Hallfreðsson	19.219	2.000	21.219	16.883	4.336
1512	Grindvíkingur	Fiskanes hf.	19.219	1.964	21.183	15.485	5.698
1525	Hólmaborg	Hólmaborg hf	22.794	5.000	27.794	26.841	953
1551	Hilmir	Hilmir hf.	36.295	2.000	38.295	32.284	6.011
1586	Sjávarborg	Fiskveiðasjóður Íslands	17.004	-5.000	12.004	10.827	1.177
1610	Ísleifur	Ísleifur ehf.	20.405	331	20.736	19.246	1.490
1742	Jón Finnsson	Gísli Jóhannesson	15.573		15.573	15.140	433
1807	Hákon	Gjögur ehf., Grenivík	21.104	-4.000	17.104	11.377	5.727
1809	Pétur Jónsson	Pétur Stefánsson	17.074	-13.318	3.756		3.756
1903	Helga II	Ingimundur hf.	29.501	2.000	31.501	27.528	3.973
2061	Sunna	Þormóður rammi – Sæberg hf.	7.196	-3.292	3.904		3.904
Samtals			**819.996**	**3.307**	**823.303**	**700.177**	**123.126**

* Aflaheimild 3.307 tonnum meiri en heildarúthlutun stafar af tilfærslu aflamarks frá Grænlandi til 1002 og 1060.

Loðnuúthlutun og -afli fiskveiðiárið 1993/94, skipt eftir skipum og útgerðum.

Skip	Heiti	Eigandi	Úthlutun	Milli skipa	Afla-heimild	Afli	Staða
130	Júpiter	Júpiter hf., Bolungarvík	31.288	10.282	41.570	41.380	190
155	Jón Kjartansson	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	25.032	10.005	35.037	34.951	86
183	Sigurður	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	28.024	16.654	44.678	44.560	118
220	Víkingur	Haraldur Böðvarsson hf.	47.729	-1.500	46.229	43.575	2.654
226	Beitir	Síldarvinnslan hf.	27.463	-6.510	20.953	16.495	4.458
233	Júlli Dan	Þorbjörn hf.		3.880	3.880	3.506	374
250	Skinney	Skinney hf.		1.800	1.800	1.245	555
264	Þórður Jónasson	Valtýr Þorsteinsson ehf.	19.331	2.000	21.331	21.333	-2
967	Keflvíkingur	Miðnes ehf.	29.886	-5.000	24.886	23.021	1.865
979	Víkurberg	Reynir Jóhannsson	19.704	-2.500	17.204	16.474	730
1002	Sunnuberg	Sigluberg hf.	30.354	2.520	32.874	32.874	0
1006	Háberg	Sigluberg hf.	30.726	100	30.826	30.824	2
1011	Gígja	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	21.668	8.193	29.861	29.135	726
1012	Örn	Sólbakki ehf.	38.850	-3.600	35.250	32.620	2.630
1020	Guðmundur Ólafur	Garðar Guðmundsson hf.	20.171	1.100	21.271	21.259	12
1029	Svanur	Ingimundur Ingimundarson	21.106	7.247	28.353	27.432	921
1030	Björg Jónsdóttir	Langanes hf.	20.541	1.053	21.594	17.149	4.445
1031	Bergur	Bergur ehf.	21.692	-2.000	19.692	18.971	721
1035	Heimaey	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	19.613	-10.943	8.670	8.627	43
1037	Dagfari	Útgerðarfélagið Njörður ehf., Húsavík	19.613	-3.260	16.353	12.874	3.479
1046	Albert	Þróttur ehf.	20.359	4.878	25.237	24.794	443
1048	Faxi	Faxamjöl hf.	20.547	-1.000	19.547	16.511	3.036
1060	Súlan	Súlan ehf.	22.228	2.200	24.428	22.102	2.326
1061	Sighvatur Bjarnason	Vinnslustöðin hf.	23.373	-1.500	21.873	20.928	945
1062	Kap II	Vinnslustöðin hf.	21.106	3.500	24.606	24.437	169
1070	Húnaröst	Húnaröst ehf.	21.835	6.751	28.586	28.020	566
1076	Guðrún Þorkelsdóttir	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	21.668	-14.585	7.083	7.065	18
1272	Guðmundur	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	23.351	13.956	37.307	37.204	103
1293	Börkur	Síldarvinnslan hf.	25.406	19.926	45.332	41.677	3.655
1353	Viðar	Hólmsteinn Helgason ehf.				2	-2
1401	Gullberg	Ufsaberg ehf.	23.760	-3.000	20.760	14.500	6.260
1411	Huginn	Huginn ehf.	20.359	-500	19.859	19.580	279
1413	Höfrungur	Haraldur Böðvarsson hf.	43.336	-4.269	39.067	33.564	5.503
1501	Þórshamar	Festi ehf.	26.787	-2.000	24.787	21.990	2.797
1504	Bjarni Ólafsson	Runólfur Hallfreðsson	25.127	8.269	33.396	32.945	451
1512	Grindvíkingur	Fiskanes hf.	31.047	1.232	32.279	29.300	2.979
1525	Hólmaborg	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	33.499	16.686	50.185	50.183	2
1551	Ex Hilmir seldur til Chile 29.10.93	Hilmir hf.	31.072	-9.947	21.125	21.125	0
1586	Ex Sjávarborg seld til Svíþjóðar	Fiskveiðasjóður Íslands	14.556	-14.556	0		0
1610	Ísleifur	Ísleifur ehf.	26.676		26.676	23.776	2.900
1742	Jón Finnsson	Gísli Jóhannesson	20.359	-6.246	14.113	14.095	18
1807	Hákon	Gjögur ehf., Grenivík	27.588	-8.700	18.888	14.372	4.516
1809	Ex Pétur Jónsson seldur úr landi 28/1 94	Pétur Stefánsson	22.323	-15.977	6.346		6.346
1903	Helga II	Ingimundur hf.	38.568	-10.500	28.068	26.607	1.461
2061	Sunna	Þormóður rammi – Sæberg hf.	1.609	-1.463	146		146
2197	Blængur	Síldarvinnslan hf.	12.676	-12.676	0		0
Samtals			**1.072.006**	**0**	**1.072.006**	**1.003.082**	**68.924**

Loðnuúthlutun og -afli fiskveiðiárið 1994/95, skipt eftir skipum og útgerðum.

Skip	Heiti	Eigandi	Úthlutun	Milli skipa	Afla-heimild	Afli	Staða
91	Helga	Ingimundur hf.		0	0		0
120	Erling	Hópsnes hf.		2.223	2.223		2.223
130	Júpiter	Júpiter hf., Bolungarvík	25.680	7.106	32.786	22.956	9.830
155	Jón Kjartansson	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	19.096	4.000	23.096	21.423	1.673
183	Sigurður	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	22.322	6.366	28.688	28.094	594
220	Víkingur	Haraldur Böðvarsson hf.	36.409	-4.183	32.226	24.264	7.962
226	Beitir	Síldarvinnslan hf.	20.950	2.045	22.995	17.787	5.208
233	Júlli Dan	Þorbjörn hf.		8.492	8.492	6.329	2.163
264	Þórður Jónasson	Valtýr Þorsteinsson ehf.	14.747		14.747	14.202	545
967	Keflvíkingur	Miðnes ehf.	22.799	-2.100	20.699	15.931	4.768
968	Arnþór	G. Ben sf.		5.800	5.800	5.580	220
973	Björg Jónsdóttir II	Langanes hf.		7.022	7.022	7.022	0
979	Víkurberg	Reynir Jóhannsson	15.031		15.031	13.772	1.259
980	Stafnes	Uggi ehf.		67	67		67
1002	Sunnuberg	Sigluberg hf.	23.155	-200	22.955	22.733	222
1006	Háberg	Sigluberg hf.	23.440	200	23.640	23.612	28
1011	Gígja	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	17.259	3.964	21.223	20.534	689
1012	Örn	Sólbakki ehf.	29.636	-3.123	26.513	24.557	1.956
1020	Guðmundur Ólafur	Garðar Guðmundsson hf.	15.388	1.700	17.088	16.391	697
1028	Sæljón	Friðþjófur hf., Eskifirði		525	525	525	0
1029	Svanur	Ingimundur Ingimundarson	16.101	-1.000	15.101	14.586	515
1030	Björg Jónsdóttir	Langanes hf.	16.473	-3.222	13.251	13.227	24
1031	Bergur	Bergur ehf.	16.547	240	16.787	12.888	3.899
1035	Heimaey	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	14.961	-9.431	5.530	5.530	0
1037	Dagfari	Útgerðarfélagið Njörður ehf., Húsavík	14.961	610	15.571	15.527	44
1046	Albert	Þróttur ehf.	15.531	8.218	23.749	22.667	1.082
1048	Faxi	Faxamjöl hf.	15.675	2.109	17.784	17.003	781
1060	Súlan	Súlan ehf.	16.957	1.803	18.760	17.717	1.043
1061	Sighvatur Bjarnason	Vinnslustöðin hf.	17.830	2.254	20.084	20.084	0
1062	Kap	Vinnslustöðin hf.	16.101	4.800	20.901	20.901	0
1070	Húnaröst	Húnaröst ehf.	20.435	3.000	23.435	22.544	891
1076	Guðrún Þorkelsdóttir	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	16.529	-5.525	11.004	10.612	392
1272	Guðmundur	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	18.601	7.744	26.345	26.345	0
1293	Börkur	Síldarvinnslan hf.	19.381	12.000	31.381	25.546	5.835
1308	Venus	Hvalur hf.	906	-906	0		0
1401	Gullberg	Ufsaberg ehf.	18.125	-1.872	16.253	15.479	774
1411	Huginn	Huginn ehf.	15.531	-240	15.291	15.163	128
1413	Höfrungur	Haraldur Böðvarsson hf.	33.059	-1.700	31.359	24.985	6.374
1416	Arney	Arney ehf.		3.000	3.000	2.654	346
1501	Þórshamar	Festi ehf.	20.435	-610	19.825	17.300	2.525
1504	Bjarni Ólafsson	Runólfur Hallfreðsson	19.168	12.200	31.368	23.799	7.569
1512	Grindvíkingur	Fiskanes hf.	30.439	-7.765	22.674	17.564	5.110
1525	Hólmaborg	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	30.910	-1.500	29.410	28.919	491
1610	Ísleifur	Ísleifur ehf.	20.350	4.004	24.354	24.354	0
1742	Jón Finnsson	Gísli Jóhannesson	15.531	-12.629	2.902	2.902	0
1807	Hákon	Gjögur ehf., Grenivík	21.046	-3.000	18.046	15.762	2.284
1809	Pétur Jónsson	Pétur Stefánsson	11.663	-11.663	0		0
1903	Helga II	Ingimundur hf.	29.422	-500	28.922	27.497	1.425
2061	Sunna	Þormóður rammi – Sæberg hf.	1.227	-955	272		272
2197	Blængur	Síldarvinnslan hf.	26.464	-26.308	156		156
2216	Pétur Jónsson	Pétur Stefánsson	602	415	1.017		1.017
2233	Jóna Eðvalds	Skinney hf.	906	6.625	7.531	7.313	218
Samtals			**817.779**	**20.100**	**837.879**	**754.580**	**83.299**

* Aflaheimild 20.100 tonnum meiri en heildarúthlutun stafar af grænlensku aflamarki sem flutt var á 130, 968 og 1504.

Loðnuúthlutun og -afli fiskveiðiárið 1995/96, skipt eftir skipum og útgerðum.

Skip	Heiti	Eigandi	Úthlutun	Milli skipa	Afla-heimild	Afli	Staða
130	Júpiter	Júpíter hf., Bolungarvík	43.409	-10.107	33.302	32.426	876
155	Jón Kjartansson	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	25.867	3.000	28.867	28.669	198
183	Sigurður	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	34.731		34.731	31.426	3.305
220	Víkingur	Haraldur Böðvarsson hf.	48.109	-7.632	40.477	29.972	10.505
226	Beitir	Síldarvinnslan hf.	28.379		28.379	25.468	2.911
233	Júlli Dan	Stakkar ehf.		10.107	10.107	9.364	743
264	Þórður Jónasson	Valtýr Þorsteinsson ehf.	19.975		19.975	16.762	3.213
967	Keflvíkingur	Miðnes ehf.	30.883		30.883	18.316	12.567
968	Arnþór	G. Ben sf.		6.451	6.451	6.451	0
973	Björg Jónsdóttir II	Langanes hf.		7.748	7.748	7.748	0
979	Víkurberg	Reynir Jóhannsson	20.361		20.361	14.354	6.007
1002	Sunnuberg	Sigluberg hf.	31.366		31.366	26.010	5.356
1006	Háberg	Sigluberg hf.	31.751		31.751	25.125	6.626
1011	Gígja	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	26.852		26.852	23.687	3.165
1012	Örn	Sólbakki ehf.	40.146	-600	39.546	27.023	12.523
1020	Guðmundur Ólafur	Garðar Guðmundsson hf.	20.844		20.844	17.621	3.223
1029	Svanur	Ingimundur Ingimundarson	21.810	600	22.410	22.264	146
1030	Björg Jónsdóttir	Langanes hf.	22.314	-5.959	16.355	16.351	4
1031	Bergur	Bergur ehf.	22.416	-1.500	20.916	12.943	7.973
1035	Heimaey	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	20.266	-4.000	16.266	15.031	1.235
1037	Dagfari	Útgerðarfélagið Njörður ehf., Húsavík	20.266	-1.500	18.766	13.348	5.418
1046	Albert	Þróttur ehf.	21.039	4.500	25.539	25.067	472
1048	Faxi	Faxamjöl hf.	22.091	670	22.761	21.348	1.413
1060	Súlan	Súlan ehf.	22.970		22.970	17.180	5.790
1061	Sighvatur Bjarnason	Vinnslustöðin hf.	24.152	5.180	29.332	21.668	7.664
1062	Kap	Vinnslustöðin hf.	21.810	5.000	26.810	23.771	3.039
1070	Húnaröst	Húnaröst ehf.	27.682	-4.700	22.982	21.644	1.338
1076	Guðrún Þorkelsdóttir	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	22.390	-3.000	19.390	16.159	3.231
1272	Guðmundur	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	28.939	4.000	32.939	31.083	1.856
1293	Börkur	Síldarvinnslan hf.	26.254	15.000	41.254	32.275	8.979
1308	Venus	Hvalur hf.	5.539		5.539		5.539
1348	Eyvindur Vopni	Fiskiðjan Skagfirðingur hf.	1.211	-1.211	0		0
1401	Gullberg	Ufsaberg ehf.	24.553		24.553	21.102	3.451
1411	Huginn	Huginn ehf.	21.039		21.039	18.333	2.706
1413	Höfrungur	Haraldur Böðvarsson hf.	44.782	-2.250	42.532	26.460	16.072
1416	Arney	Arney ehf.		9.093	9.093	8.572	521
1501	Þórshamar	Festi ehf.	27.680	-1.000	26.680	14.030	12.650
1504	Bjarni Ólafsson	Runólfur Hallfreðsson	25.964	2.500	28.464	23.559	4.905
1508	Höfðavík	Krossvík hf.		3.271	3.271		3.271
1512	Grindvíkingur	Fiskanes hf.	32.611		32.611	26.902	5.709
1525	Hólmaborg	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	41.871		41.871	35.906	5.965
1610	Ísleifur	Ísleifur ehf.	27.566		27.566	24.356	3.210
1742	Hersir	Steinavík ehf.	21.039	-12.180	8.859		8.859
1807	Hákon	Gjögur ehf., Grenivík	28.508	-3.000	25.508	20.032	5.476
1903	Þorsteinn	Ingimundur hf.	39.855	-4.500	35.355	25.122	10.233
2061	Sunna	Þormóður rammi – Sæberg hf.	804		804		804
2165	Baldvin Þorsteinsson	Samherji hf.				-2	2
2197	Blængur	Síldarvinnslan hf.	28.451	-15.000	13.451		13.451
2216	Pétur Jónsson	Pétur Stefánsson	3.681	-3.681	0		0
2233	Jóna Eðvalds	Skinney hf.	5.539	4.700	10.239	10.174	65
Samtals			**1.107.765**	**0**	**1.107.765**	**885.100**	**222.665**

Loðnuúthlutun og -afli fiskveiðiárið 1996/97, skipt eftir skipum og útgerðum.

Skip	Heiti	Eigandi	Úthlutun	Milli skipa	Afla-heimild	Afli	Staða
130	Júpiter	Júpiter hf., Bolungarvík	50.040	-9.820	40.220	40.237	-17
155	Jón Kjartansson	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	29.819	16.700	46.519	46.442	77
183	Sigurður	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	40.036	-6.884	33.152	33.152	0
220	Víkingur	Haraldur Böðvarsson hf.	49.193	-3.770	45.423	45.360	63
226	Beitir	Síldarvinnslan hf.	32.715	16.637	49.352	47.601	1.751
233	Júlli Dan	Stakkar ehf.		13.667	13.667	13.667	0
264	Þórður Jónasson	Valtýr Þorsteinsson ehf.	23.028	2.533	25.561	25.561	0
967	Bergur Vigfús	Njáll ehf.		11.762	11.762	11.517	245
968	Glófaxi	G. Ben sf.		7.857	7.857	7.806	51
973	Sigla	Siglfirðingur ehf.		10.267	10.267	10.296	-29
979	Víkurberg	Reynir Jóhannsson	23.473	-3.005	20.468	18.487	1.981
1002	Sunnuberg	Sigluberg hf.	26.268	3.117	29.385	29.385	0
1006	Háberg	Sigluberg hf.	36.603	-5.982	30.621	29.957	664
1011	Gígja	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	30.953	-6.029	24.924	24.924	0
1012	Örn	Sólbakki ehf.	46.278	-19.381	26.897	26.351	546
1020	Guðmundur Ólafur	Garðar Guðmundsson hf.	24.029	945	24.974	25.031	-57
1029	Svanur	Ingimundur Ingimundarson	25.141	280	25.421	25.419	2
1030	Arnþór	G. Ben sf.	14.846	-7.641	7.205	7.205	0
1031	Bergur	Bergur ehf.	25.840	-8.300	17.540	14.652	2.888
1035	Heimaey	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	13.484	-2.458	11.026	11.026	0
1037	Dagfari	Útgerðarfélagið Njörður ehf., Húsavík	23.364	-2.000	21.364	21.267	97
1046	Oddeyrin	Þróttur ehf.	24.253	4.056	28.309	27.626	683
1048	Faxi	Faxamjöl hf.	26.392	1.748	28.140	25.985	2.155
1060	Súlan	Súlan ehf.	26.479	-2.862	23.617	23.617	0
1061	Sólfell	Vinnslustöðin hf.	16.069	187	16.256	16.248	8
1062	Kap	Vinnslustöðin hf.	25.141	9.782	34.923	34.917	6
1070	Húnaröst	Húnaröst ehf.	31.909	-9.223	22.686	22.555	131
1076	Guðrún Þorkelsdóttir	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	25.811	-10.700	15.111	14.702	409
1272	Guðmundur	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	33.359	-4.685	28.674	28.678	-4
1293	Börkur	Síldarvinnslan hf.	30.264	5.200	35.464	33.822	1.642
1308	Venus	Hvalur hf.	6.385	-6.385	0		0
1348	Eyvindur Vopni	Tangi hf.	7.662	-7.662	0		0
1401	Gullberg	Ufsaberg ehf.	28.304	-1.000	27.304	25.695	1.609
1411	Huginn	Huginn ehf.	24.253	3.974	28.227	28.166	61
1413	Höfrungur	Haraldur Böðvarsson hf.	51.625	-13.004	38.621	38.709	-88
1416	Arney	Arney ehf.		6.550	6.550	6.447	103
1501	Þórshamar	Festi ehf.	31.909	-15.283	16.626	16.307	319
1504	Bjarni Ólafsson	Runólfur Hallfreðsson	29.930	3.276	33.206	33.206	0
1508	Björg Jónsdóttir	Langanes hf.	10.878	15.162	26.040	26.040	0
1512	Grindvíkingur	Fiskanes hf.	37.592		37.592	37.641	-49
1525	Hólmaborg	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	48.268	-4.500	43.768	43.683	85
1556	Arnarnúpur	Hraðfrystihús Grundarfjarðar hf.		16.283	16.283	16.280	3
1610	Ísleifur	Ísleifur ehf.	31.776	-134	31.642	31.606	36
1742	Hersir	Ljósavík hf.	24.253	-24.253	0		0
1807	Hákon	Gjögur ehf., Grenivík	32.864	-600	32.264	31.936	328
1903	Þorsteinn	Ingimundur hf.	45.943	-8.927	37.016	35.189	1.827
2197	Blængur	Síldarvinnslan hf.	32.797	-32.797	0		0
2216	Pétur Jónsson	Pétur Stefánsson	4.093	-4.024	69		69
2233	Jóna Eðvalds	Skinney hf.	6.385	4.373	10.758	10.825	-67
2253	Elliði	Miðnes ehf.	35.602	-2.600	33.002	32.799	203
2275	Jón Sigurðsson	Sigluberg hf.	10.040	23.816	33.856	33.865	-9
2277	Antares	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	9.880	24.693	34.573	34.573	0
2281	Sighvatur Bjarnason	Bárustígur ehf.	11.773	20.620	32.393	31.590	803
2287	Bjarni Ólafsson	Runólfur Hallfreðsson		424	424	0	424
Samtals			**1.276.999**	**0**	**1.276.999**	**1.258.050**	**18.949**

Loðnuúthlutun og -afli fiskveiðiárið 1997/98, skipt eftir skipum og útgerðum.

Skip	Heiti	Eigandi	Úthlutun	Milli skipa	Afla-heimild	Afli	Staða
130	Júpiter	Júpiter hf., Bolungarvík	39.501	-11.898	27.603	26.941	662
155	Jón Kjartansson	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	23.539	-12.769	10.770	10.770	0
183	Sigurður	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	31.603	4.644	36.247	36.245	2
220	Víkingur	Haraldur Böðvarsson hf.	38.831	240	39.071	38.342	729
226	Beitir	Síldarvinnslan hf.	25.823	13.506	39.329	38.810	519
264	Þórður Jónasson	Valtýr Þorsteinsson ehf.	18.177	1.925	20.102	20.090	12
968	Glófaxi	Útgerðarfélagið Glófaxi ehf.		5.750	5.750	5.690	60
979	Víkurberg	Reynir Jóhannsson	18.528	1.255	19.783	19.734	49
1002	Sunnuberg	Tangi hf.	10.081	8.198	18.279	18.266	13
1006	Háberg	Fiskimjöl og lýsi hf.	31.086	-698	30.388	30.291	97
1011	Gígja	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	24.434	-4.431	20.003	20.002	1
1012	Örn	Sólbakki ehf.	36.531	-16.261	20.270	17.842	2.428
1020	Guðmundur Ólafur	Garðar Guðmundsson hf.	18.968	3.335	22.303	22.302	1
1028	Sæljón	Friðþjófur hf., Eskifirði	8.032	-6.406	1.626	1.626	0
1029	Svanur	Ingimundur Ingimundarson	19.847	2.100	21.947	21.888	59
1030	Arnþór	BGB hf., Bliki G. Ben		3.762	3.762	3.759	3
1031	Bergur	Bergur ehf.	20.397	2.639	23.036	23.109	-73
1035	Heimaey	Ísfélag Vestmannaeyja hf.		7.935	7.935	7.935	0
1037	Dagfari	Útgerðarfélagið Njörður ehf., Húsavík	18.443	-10.410	8.033	8.033	0
1046	Oddeyrin	Samherji hf.	19.144	15.207	34.351	34.279	72
1048	Faxi	Faxamjöl hf.	20.833	740	21.573	20.452	1.121
1060	Súlan	Súlan ehf.	20.901	5.520	26.421	26.364	57
1061	Sólfell	Ú.D. Vestmannaeyjum		15.384	15.384	15.359	25
1062	Kap II	Vinnslustöðin hf.	19.847	-14.917	4.930	4.897	33
1070	Húnaröst	Húnaröst ehf.	20.452	-315	20.137	19.884	253
1076	Guðrún Þorkelsdóttir	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	20.374	5.093	25.467	25.467	0
1272	Guðmundur	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	26.333	-3.479	22.854	22.854	0
1293	Börkur	Síldarvinnslan hf.	23.889	-8.246	15.643	14.855	788
1308	Venus	Hvalur hf.	5.040	-5.029	11	11	0
1348	Eyvindur Vopni	Tangi hf.	3.528	-3.528	0		0
1401	Gullberg	Ufsaberg ehf.	22.342	13	22.355	22.355	0
1411	Huginn	Huginn ehf.	19.144	2.200	21.344	21.187	157
1413	Höfrungur	Haraldur Böðvarsson hf.	40.751	-7.870	32.881	30.730	2.151
1501	Þórshamar	Festi ehf.	25.188		25.188	24.527	661
1504	Neptúnus	Skálar ehf.		16.931	16.931	16.905	26
1508	Björg Jónsdóttir	Langanes hf.	20.305	3.351	23.656	23.656	0
1512	Grindvíkingur	Fiskanes hf.	29.675	717	30.392	30.392	0
1525	Hólmaborg	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	38.101	8.876	46.977	46.971	6
1556	Arnarnúpur	Jökull hf.		1.881	1.881	1.856	25
1610	Ísleifur	Ísleifur ehf.	25.084	0	25.084	24.726	358
1742	Kap	Ljósavík hf.	19.144	7.846	26.990	26.990	0
1807	Hákon	Gjögur ehf., Grenivík	25.942	520	26.462	26.329	133
1903	Þorsteinn	Samherji hf.	36.266	-9.508	26.758	26.758	0
2197	Blængur	Síldarvinnslan hf.	25.889	-25.889	0		0
2216	Húsvíkingur	Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf.	469	-469	0		0
2233	Jóna Eðvalds	Skinney hf.	9.778	-197	9.581	9.579	2
2253	Elliði	Haraldur Böðvarsson hf.	28.103	3.220	31.323	29.247	2.076
2275	Jón Sigurðsson	Fiskimjöl og lýsi hf.	13.277	-357	12.920	12.920	0
2277	Antares	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	18.443	2.719	21.162	21.162	0
2281	Sighvatur Bjarnason	Bárustígur ehf.	21.977	-2.373	19.604	19.654	-50
2287	Bjarni Ólafsson	Runólfur Hallfreðsson ehf.	23.627	-96	23.531	21.202	2.329
2288	Pétur Jónsson	Pétur Stefánsson	361	-361	0		0
Samtals			**1.008.028**	**0**	**1.008.028**	**993.243**	**14.785**

Loðnuúthlutun og -afli fiskveiðiárið 1998/99, skipt eftir skipum og útgerðum.

Skip	Heiti	Eigandi	Úthlutun	Milli skipa	Afla-heimild	Afli	Staða
11	Freyr	Vísir hf.		4.800	4.800		4.800
130	Júpiter	Júpiter hf., Bolungarvík	38.979	-17.674	21.305	18.207	3.098
155	Jón Kjartansson	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	23.227	3.156	26.383	26.274	109
183	Sigurður	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	33.637	-1.654	31.983	31.977	6
220	Víkingur	Haraldur Böðvarsson hf.	38.318	-3.000	35.318	34.578	740
226	Beitir	Síldarvinnslan hf.	28.358	-1.800	26.558	26.021	537
264	Þórður Jónasson	Valtýr Þorsteinsson ehf.	17.937	82	18.019	18.019	0
560	Helgi	Skúli Kristjánsson		72	72		72
612	Ritur	Jón Elías Vagnsson		11	11		11
967	Bergur Vigfús	Njáll ehf.		2.000	2.000		2.000
968	Glófaxi	Útgerðarfélagið Glófaxi ehf.		5.479	5.479	5.479	0
979	Víkurberg	Víkurberg ehf.	19.173	2.685	21.858	21.858	0
1002	Sunnuberg	Tangi hf.	10.131	5.650	15.781	15.485	296
1006	Háberg	Samherji hf.	33.485	-7.530	25.955	25.952	3
1011	Gígja	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	34.660	-13.692	20.968	20.783	185
1012	Örn	Sólbakki ehf.	36.048	-1.002	35.046	35.042	4
1020	Guðmundur Ólafur	Garðar Guðmundsson hf.	18.717	1.100	19.817	19.817	0
1028	Sjöfn	Samherji hf.	12.604	-12.604	0		0
1029	Svanur	Ingimundur Ingimundarson	19.585	-393	19.192	18.843	349
1031	Bergur	Bergur ehf.	20.128		20.128	20.106	22
1035	Heimaey	Ísfélag Vestmannaeyja hf.		4.246	4.246	4.229	17
1037	Dagfari	Útgerðarfélagið Njörður ehf., Húsavík	12.591	-12591	0		0
1046	Oddeyrin	Samherji hf.	23.033	1.100	24.133	24.112	21
1048	Faxi II	Faxamjöl hf.	14.223	-9.362	4.861	4.859	2
1060	Súlan	Súlan ehf.	22.158	1.748	23.906	23.892	14
1061	Sólfell	Snæfell hf.	10.581	7.691	18.272	18.191	81
1062	Kap	Vinnslustöðin hf.	17.839	-4.462	13.377	13.325	52
1070	Húnaröst	Skinney–Þinganes hf.	20.104	-1.317	18.787	18.787	0
1076	Guðrún Þorkelsdóttir	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	20.105	270	20.375	20.362	13
1103	Otur	Otur ehf.		2.054	2.054		2.054
1181	Finnbjörn	Björn Elías Ingimarsson		126	126		126
1258	Byr	Byr ehf., útgerðarfélag		234	234		234
1272	Guðmundur	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	6.548	-304	6.244	6.243	1
1279	Brettingur	Tangi hf.		1.553	1.553		1.553
1293	Börkur	Síldarvinnslan hf.	27.038	8.508	35.546	35.315	231
1308	Venus	Hvalur hf.	4.974	-4.974	0		0
1348	Óseyri	Þorbjörn hf.	2.409	-2.409	0		0
1381	Víkingur	Vísir hf.		511	511		511
1401	Gullberg	Ufsaberg ehf.	22.046	-2.888	19.158	19.158	0
1411	Huginn	Huginn ehf.	18.891	320	19.211	19.207	4
1413	Arnþór	Haraldur Böðvarsson hf.	27.821	-13.528	14.293	14.293	0
1431	Herjólfur Jónsson	Fiskverkun Kristj/Guðbergs sf.		512	512		512
1487	Ásbjörg	Dynjandi ehf., útgerð		3.700	3.700		3700
1501	Þórshamar	Festi ehf.	24.856	-2.105	22.751	22.712	39
1504	Neptúnus	Skálar ehf.		20.548	20.548	20.502	46
1508	Björg Jónsdóttir	Langanes hf.	20.037	876	20.913	20.426	487
1511	Gaui gamli	Jos ehf.		301	301		301
1512	Grindvíkingur	Fiskanes hf.	29.283	-2.300	26.983	26.899	84
1525	Hólmaborg	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	37.597	-7.870	29.727	29.727	0
1556	Seley	Jökull hf.	1.471	13.125	14.596	12.932	1.664
1610	Ísleifur	Ísleifur ehf.	24.752	-495	24.257	24.136	121
1634	Hólmadrangur	Hólmadrangur hf.		779	779		779
1639	Dalaröst	Árnes hf., Stokkseyri		4.456	4.456		4.456
1675	Emma II	Stefán Einarsson		371	371		371
1742	Faxi	Melur hf.	20.937	9.429	30.366	28.872	1494
1753	Guðmundur Péturs	Básafell hf.		4.525	4.525		4525

Skip	Heiti	Eigandi	Úthlutun	Milli skipa	Afla-heimild	Afli	Staða
1787	Stundvís	Vís ehf.		240	240		240
1807	Hákon	Gjögur ehf., Grenivík	25.599	818	26.417	23.940	2.477
1856	Auðbjörg	Sandbrún ehf.		1.700	1.700		1.700
1871	Kópur	Jón Kristinn Antoníusson		86	86		86
1903	Þorsteinn	Samherji hf.	35.787	-8.877	26.910	20.805	6.105
1975	Dóra	Hali ehf., Ísafjarðarbæ		542	542		542
2048	Drangavík	Vinnslustöðin hf.	1.437	-1.437	0		0
2061	Sunna	Þormóður rammi – Sæberg hf.		17.570	17.570		17.570
2070	Jón Garðar	Garðar Garðarsson		186	186		186
2197	Örvar	Síldarvinnslan hf.	17.675	-17.675	0		0
2233	Jóna Eðvalds	Skinney hf.	9.726	1.843	11.569	11.568	1
2242	Orri	Básafell hf.		7.475	7.475		7.475
2253	Elliði	Haraldur Böðvarsson hf.	27.731	-4.000	23.731	22.768	963
2275	Jón Sigurðsson	Fiskimjöl og lýsi hf.				837	-837
2277	Antares	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	24.635	2.780	27.415	27.404	11
2281	Sighvatur Bjarnason	Bárustígur ehf.	21.312	-2.000	19.312	19.154	158
2287	Bjarni Ólafsson	Runólfur Hallfreðsson ehf.	23.314	-500	22.814	22.748	66
2288	Pétur Jónsson	Pétur Stefánsson	818	8.541	9.359		9.359
2312	Gardar	Útgerðarfélagið Kistufell		1.723	1.723	1.723	0
2334	Óli í Sandgerði	Haraldur Böðvarsson hf.	12.391	2.528	14.919	13.920	999
5879	Hlýri	Jón Guðmundsson		74	74		74
6788	Gissur Hvíti	Melavík ehf.		96	96		96
6985	Gustur	Jóhann Halldórsson		223	223		223
Samtals			**994.706**	**0**	**994.706**	**911.487**	**83.219**

Loðnuúthlutun og -afli fiskveiðiárið 1999/2000, skipt eftir skipum og útgerðum.

Skip	Heiti	Eigandi	Úthlutun	Milli skipa	Afla-heimild	Afli	Staða
130	Júpiter	Júpíter hf., Bolungarvík	34.934	-16.581	18.353	18.351	2
155	Jón Kjartansson	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	20.818	3.747	24.565	24.565	0
183	Sigurður	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	35.082	-9.946	25.136	25.136	0
220	Víkingur	Haraldur Böðvarsson hf.	34.343	-2.099	32.244	32.242	2
226	Beitir	Síldarvinnslan hf.	29.625	-4.584	25.041	25.041	0
264	Þórður Jónasson	Valtýr Þorsteinsson ehf.	16.076	-2.497	13.579	12.940	639
335	Þórarinn	Jón Guðmundsson		51	51		51
663	Hlíf	Gunnar Berg Ólafsson		260	260		260
780	Ver	Kristjana Ólafsdóttir		1.185	1.185		1.185
918	Hrauney	Ólgusjór ehf.		30	30		30
967	Bergur Vigfús	Njáll ehf.		2.840	2.840	2.278	562
968	Glófaxi	Útgerðarfélagið Glófaxi ehf.		2.964	2.964	2.964	0
973	Sigurður Jakobsson	Langanes hf.		5.273	5.273	5.272	1
979	Sunnutindur	Vísir hf.		17.164	17.164	17.114	50
1002	Arnarnúpur	Útgerðarfélag Akureyringa hf.	9.450	1.674	11.124	11.124	0
1006	Háberg	Þorbjörn hf.		9.244	9.244	9.234	10
1011	Gígja	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	18.060	-5.848	12.212	12.212	0
1012	Örn	Sólbakki ehf.	32.308	-3.464	28.844	28.536	308
1020	Guðmundur Ólafur	Garðar Guðmundsson hf.	16.775	1.487	18.262	18.187	75
1029	Svanur	Ingimundur Ingimundarson	17.553		17.553	17.333	220
1031	Bergur	Bergur ehf.	18.039	-1.089	16.950	16.825	125
1035	Heimaey	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	3.157	7.192	10.349	10.349	0
1046	Oddeyrin	Samherji hf.	32.545	-12.984	19.561	19.441	120
1060	Súlan	Súlan ehf.	22.943	-3.810	19.133	19.132	1
1061	Birtingur	Snæfell hf.	20.768	-1.205	19.563	19.395	168
1062	Kap	Vinnslustöðin hf.	12.474	4.530	17.004	16.996	8
1070	Húnaröst	Skinney – Þinganes hf.	17.864	-4.954	12.910	11.547	1.363
1076	Guðrún Þorkelsdóttir	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	18.019	987	19.006	19.003	3
1142	Draupnir	Sigurður Guðmundur Jónsson		207	207		207

Skip Heiti	Eigandi	Úthlutun	Milli skipa	Afla-heimild	Afli	Staða
1214 Kristján S	Kristján L. Runólfsson		207	207		207
1222 Árni Óla	Pétur Runólfsson		860	860		860
1226 Hlýri	Gandí ehf.		2.000	2.000		2.000
1228 Dögg	Dynjandi ehf., útgerð		625	625		625
1263 Örlygur	Keilir KE 111 ehf.		117	117		117
1272 Guðmundur	Ísfélag Vestmannaeyja hf.		2.906	2.906	2.906	0
1293 Börkur	Síldarvinnslan hf.	31.203	-2.514	28.689	28.689	0
1308 Venus	Hvalur hf.	4.457	-4.457	0		0
1350 Hafborg	Björn Sigurður Ólafsson		95	95		95
1401 Gullfaxi	Daney ehf.	12.763	-12.763	0	0	0
1411 Huginn	Huginn ehf.	16.931	982	17.913	17.913	0
1413 Arnþór	BGB hf., Bliki G. Ben	1.578	8.464	10.042	8.893	1.149
1414 Haförn	Ólafur Ármann Sigurðsson		100	100		100
1489 Anný	Jóhann Egilsson		120	120		120
1501 Þórshamar	Festi ehf.	22.276	-7.491	14.785	14.785	0
1504 Neptúnus	Skálar ehf.		21.485	21.485	[illegible]	[illegible]
1508 Björg Jónsdóttir	Langanes hf.	17.958	502	18.460	18.458	2
1512 Grindvíkingur	Fiskanes hf.	26.244	-925	25.319	25.319	0
1525 Hólmaborg	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	33.697	-3.757	29.940	29.844	96
1535 Dagný	Andrés Friðrik Árnmarsson		60	60		60
1556 Seley	Samherji hf.	30.724	-15.500	15.224	15.176	48
1587 Hafborg	Saltver ehf.		31	31		31
1590 Freyja	Adolf Magnússon		74	74		74
1606 Mundi Á Bakka	Vélaverkstæði Jóhanns Ólafs ehf.		73	73		73
1610 Ísleifur	Ísleifur ehf.	22.184	-1.574	20.610	20.515	95
1675 Emma II	Stefán Einarsson		180	180		180
1742 Faxi	Melur hf.	22.882	6.907	29.789	29.700	89
1761 Meta	Þróunarsjóður sjávarútvegs		14	14		14
1775 Ásrún	Þorsteinn Óskarsson		75	75		75
1777 Grótta	Grímur M. Steindórsson		17	17		17
1807 Hákon	Gjögur ehf., Grenivík	23.677	-51	23.626	23.624	2
1827 Svali	Rækjuver ehf.		26	26		26
1834 Neisti	Daníel B Pétursson		60	60		60
1859 Sundhani	Ásbjörn Magnússon		320	320		320
1866 Víkurberg	Víkurfiskur sf.		738	738		738
1867 Nípa	Jón Sveinbjörnsson		35	35		35
1871 Kópur	Jón Kristinn Antoníusson		68	68		68
1875 Gná	Friðrik Pétur Guðmundsson		283	283		283
1881 Sigurvin	Stefán Arnórsson		20	20		20
1893 Nónborg	Nónborg ehf., Bíldudal		72	72		72
1903 Þorsteinn	Samherji hf.	32.074	-7.230	24.844	24.817	27
1910 Glaður	Sigurður Jónsson		23	23		23
1911 Sjöfn	Fiskiðjan Bjarg ehf.		687	687		687
1925 Hrappur	Skinney – Þinganes hf.		292	292		292
1938 Gunnar Níelsson	Árni Eyfjörð Halldórsson		156	156		156
1999 Fram	Óðinn Sigurðsson		40	40		40
2005 Birgir	Svanur Jónsson		442	442		442
2012 Grunnvíkingur	Grunnvíkingur ehf.		480	480		480
2018 Fiskanes	Kollumúli ehf.		358	358		358
2024 Bjargey	Óli Bjarni Ólason		382	382		382
2048 Drangavík	Vinnslustöðin hf.	4.180	-4.180	0		0
2070 Jón Garðar	Garðar Garðarsson		780	780		780
2091 Guðrún María	Haukur Jónsson		183	183		183
2233 Jóna Eðvalds	Skinney – Þinganes hf.	8.871	1.789	10.660	10.660	0
2235 Snotra	Njáll Helgason		135	135		135
2253 Elliði	Haraldur Böðvarsson hf.	24.854	-4.686	20.168	20.066	102
2277 Antares	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	32.860	-10.281	22.579	22.579	0
2281 Sighvatur Bjarnason	Bárustígur ehf.	28.353	-3.100	25.253	25.236	17
2287 Bjarni Ólafsson	Runólfur Hallfreðsson ehf.	20.895	1.394	22.289	22.288	1
2288 Pétur Jónsson	Pétur Stefánsson		1.357	1.357		1.357
2309 Ólöf	Guðni Kristján Ásgrímsson		546	546		546

Skip Heiti	Eigandi	Úthlutun	Milli skipa	Afla-heimild	Afli	Staða
2329 Sveinn Benediktsson	SR-mjöl hf.		11.671	11.671	11.667	4
2334 Óli í Sandgerði	Haraldur Böðvarsson hf.	36.039	-8.915	27.124	27.067	57
2336 Sunnuberg	Tangi hf.	18.972	4.115	23.087	23.087	0
2345 Hoffell	Loðnuvinnslan hf.		5.091	5.091	5.091	0
2363 Gullberg	Ufsaberg ehf.	6.996	11.603	18.599	18.598	1
5048 Sigursæll	Gunnlaugur Valdimarsson		1.100	1.100		1.100
5132 Ósk	Sigursteinn Óskarsson		3	3		3
5362 Hafdís	Ólafur Guðmundur Jóhannesson		134	134		134
5525 Bjarki	Helgi Héðinsson		17	17		17
5773 Jóhanna	Sigurður Steinar Konráðsson		144	144		144
5879 Hlýri	Sæhamar ehf.		60	60		60
6084 Harpa	Börkur Jónsson		32	32		32
6110 Eyrún	Vilhjálmur Hendriksson		5	5		5
6121 Helga María	Ólafur Helgi Sigþórsson		28	28		28
6186 Frosti	Hreinn Sverrisson		202	202		202
6389 Stormur	Karl Hallbertsson		55	55		55
6391 Merkúr	Eiður Marinósson		153	153		153
6425 Mardís	Árni Sigurðsson		304	304		304
6517 Ólsen	Kristinn Þór Ingvarsson		35	35		35
6533 Hróðgeir Hvíti	Ingvar Jónasson		364	364		364
6539 Hrönn II	Kristinn Konráðsson		206	206		206
6540 Sædís	Þorvaldur Loftsson		1	1		1
6620 Ás	Sigfús Vilhjálmsson		113	113		113
6708 Kópur	Bjarni Þ. Bergmann		149	149		149
6710 Þröstur	Súlur ehf.		1	1		1
6726 Skíði	Helga Jónsdóttir		229	229		229
6788 Silfurnes	Melavík ehf.		20	20		20
6837 Edda	Hreinn Björgvinsson		95	95		95
6849 Örn II	Hilmar Ágústsson		9	9		9
6935 Máni	Sigurbjörn Björnsson		120	120		120
6961 Lundey	Kristbjörn Árnason		42	42		42
6969 Rita	Guðmundur Ragnarsson		140	140		140
6970 Guðrún Hermanns	Höskuldur Skarphéðinsson		85	85		85
6996 Björn	Henning Jóhannesson		710	710		710
7000 Fönix	Baldur Hólmsteinsson		20	20		20
7005 Uggi	Bjarni Pétursson		24	24		24
7008 Hafrún	Bjarni Elíasson		55	55		55
7015 Hafborg	Guðni Þórarinn Sigurðsson		35	35		35
7022 Kristín Finnbogadóttir	Ólafur Magnússon		30	30		30
7023 Silla	Sigurður Guðjónsson		135	135		135
7044 Ásbjörg	Dynjandi ehf., útgerð		2.000	2.000		2.000
7048 Grótta	Gísli Geirsson		154	154		154
7057 Birna	Þráinn Sigurðsson		156	156		156
7096 Jón Páll	Hafþór Gylfi Jónsson		455	455		455
7106 Óli	Jón K. Ólafsson		32	32		32
7113 Emilía	Böðvar Ingvason		175	175		175
7120 Óskar	Magnús Hólm Sigurðsson		92	92		92
7184 Sporður	Nýhús ehf.		600	600		600
7249 Svanur	Sveinn Jónsson		91	91		91
Samtals		**891.501**	**0**	**891.501**	**852.323**	**39.178**

Loðnuúthlutun og -afli fiskveiðiárið 2000/2001, skipt eftir skipum og útgerðum.

Skip	Heiti	Eigandi	Úthlutun	Milli skipa	Afla-heimild	Afli *	Staða
130	Júpiter	Hraðfrystistöð Þórshafnar hf.	32.492	-5.662	26.830	25.682	1.148
155	Jón Kjartansson	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	21.451	5.300	26.751	26.627	124
183	Sigurður	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	36.149	2.892	39.041	38.330	711
220	Víkingur	Haraldur Böðvarsson hf.	35.388	10.020	45.408	43.852	1.556
226	Beitir	Síldarvinnslan hf.	27.559	-5.171	22.388	21.677	711
264	Þórður Jónasson	Valtýr Þorsteinsson ehf.	16.565	-3.664	12.901	12.227	674
979	Sunnutindur	Vísir hf.		21.593	21.593	22.455	-862
1002	Arnarnúpur	SR-mjöl hf.	4.428	-4.428	0		0
1012	Örn	Sólbakki ehf.	33.291	5.100	38.391	37.397	994
1020	Guðmundur Ólafur	Garðar Guðmundsson hf.	17.286	300	17.586	17.585	1
1029	Svanur	Ingimundur Ingimundarson	18.087	671	18.758	18.753	5
1031	Bergur	Bergur ehf.	18.588	750	19.338	19.302	36
1035	Heimaey	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	4.178	3.721	7.899	7.899	0
1046	Oddeyrin	Samherji hf.	33.536	-16.179	17.357	17.357	0
1060	Súlan	Súlan ehf.	23.642	477	24.119	24.119	0
1061	Birtingur	Snæfell hf.	21.400	847	22.247	21.466	781
1062	Kap	Vinnslustöðin hf.	12.853	6.300	19.153	19.123	30
1070	Húnaröst	Skinney-Þinganes hf.	18.408	-18.284	124		124
1076	Guðrún Þorkelsdóttir	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	18.567	-5.526	13.041	13.040	1
1272	Guðmundur	Ísfélag Vestmannaeyja hf.		2.873	2.873	2.873	0
1293	Börkur	Síldarvinnslan hf.	32.152	-1.629	30.523	30.523	0
1308	Venus	Hvalur hf.	4.593	-4.593	0		0
1411	Huginn	Huginn ehf.	17.446	1.925	19.371	19.370	1
1413	Harpa	BGB hf.,Bliki G. Ben	9.602	8.463	18.065	18.065	0
1501	Þórshamar	Festi ehf.	22.955	-13.431	9.524	9.252	272
1504	Neptúnus	Hraðfrystistöð Þórshafnar hf.		5.000	5.000	1.354	3.646
1508	Björg Jónsdóttir	Langanes hf.	22.010	-1.434	20.576	18.431	2.145
1512	Grindvíkingur	Þorbjörn hf.	27.043	250	27.293	27.278	15
1525	Hólmaborg	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	34.722	-174	34.548	34.412	136
1556	Seley	Samherji hf.	31.658	-17.636	14.022	14.022	0
1590	Freyja	Adolf Magnússon		52	52		52
1610	Ísleifur	Ísleifur ehf.	22.858	1.927	24.785	24.784	1
1742	Faxi	Faxamjöl hf.	23.578	8.163	31.741	31.739	2
1807	Hákon	Gjögur ehf., Grenivík	24.398		24.398	24.250	148
1838	Freyja	Gunnar I. Hafsteinsson		1.340	1.340		1.340
1871	Kópur	Jón Kristinn Antoníusson		521	521		521
1903	Þorsteinn	Samherji hf.	33.050	-13.731	19.319	18.552	767
1970	Öðlingur	Eiður Marinósson		7	7		7
2048	Drangavík	Vinnslustöðin hf.	4.307	-4.307	0		0
2091	Guðrún María	Haukur Jónsson		645	645		645
2233	Jóna Eðvalds	Skinney – Þinganes hf.	9.141	4.824	13.965	13.965	0
2253	Elliði	Haraldur Böðvarsson hf.	22.822	-22.822	0		0
2277	Antares	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	46.537	-23.996	22.541	22.541	0
2281	Sighvatur Bjarnason	Bárustígur ehf.	29.215	-1.443	27.772	28.441	-669
2287	Bjarni Ólafsson	Runólfur Hallfreðsson ehf.	21.531	-403	21.128	21.128	0
2309	Ólöf	Guðni Kristján Ásgrímsson		234	234		234
2329	Sveinn Benediktsson	SR-mjöl hf.	5.309	11.622	16.931	19.276	-2.345
2334	Óli í Sandgerði	Haraldur Böðvarsson hf.	37.137	-11.420	25.717	25.720	-3
2336	Sunnuberg	Tangi hf.	19.549	2.432	21.981	21.981	0
2363	Gullberg	Ufsaberg ehf.	20.360	2.200	22.560	22.393	167
2388	Ingunn	Haraldur Böðvarsson hf.	2.788	23.222	26.010	23.911	2.099
2410	Vilhelm Þorsteinsson	Samherji hf.		26.781	26.781	26.781	0
2412	Ásgrímur Halldórsson	Þingey ehf.		13.460	13.460	13.460	0
5362	Hafdís	Ólafur Guðmundur Jóhannesson		400	400		400
5458	Sigurvon	Björn Lúðvíksson		357	357		357
6084	Harpa	Börkur Jónsson		107	107		107

Skip Heiti	Eigandi	Úthlutun	Milli skipa	Afla-heimild	Afli *	Staða
6391 Merkúr	Eiður Marinósson		433	433		433
6461 Gauti	Ásgeir Gunnar Jónsson		43	43		43
6970 Guðrún Hermanns	Höskuldur Skarphéðinsson		376	376		376
7057 Birna	Þráinn Sigurðsson		305	305		305
Samtals		**918.629**	**0**	**918.629**	**901.393**	**17.236**

* Aflinn fiskveiðiárið 2000/2001 er samkvæmt bráðabirgðatölum.

1088. Svar [613. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um uppkaup á greiðslumarki í sauðfjárrækt.

1. *Hve mikil uppkaup hafa orðið á greiðslumarki í sauðfjárframleiðslu í samræmi við samning bænda og ríkisvaldsins um sauðfjárframleiðslu frá 11. mars 2000?*
   Á árinu 2000 voru gerðir samningar um uppkaup á 35.106,8 ærgildum.

2. *Hve mikil urðu þessi uppkaup í einstökum sýslum?*
3. *Hversu hátt hlutfall af greiðslumarki í sauðfé var selt úr hverri einstakri sýslu og á landinu í heild?*

Í töflunni koma fram svör við þessum spurningum. Fyrsti dálkur sýnir greiðslumark í hverri sýslu, annar dálkur hlutfall greiðslumarks á landsvísu, þriðji dálkur sýnir skiptingu keypts greiðslumarks eftir sýslum, fjórði dálkur sýnir hlutfall keypts greiðslumarks miðað

Sýslur	Greiðslumark ærgildi	Hlutfall af landinu	Keypt ærgildi 2000	Hlutfall af keyptu	Hlutfall af sýslu
Gullbringu- og Kjósarsýsla	2.886,7	0,73%	645,2	1,84%	22,35%
Borgarfjarðarsýsla	13.607,9	3,44%	1.529,3	4,36%	11,24%
Mýrasýsla	12.837,3	3,25%	1.086,2	3,09%	8,46%
Snæfellsnessýsla	12.855,0	3,25%	1.986,4	5,66%	15,45%
Dalasýsla	21.773,2	5,51%	2.683,3	7,64%	12,32%
Vestfirðir	21.375,6	5,41%	1.685,8	4,80%	7,89%
Strandasýsla	23.975,5	6,06%	1.066,8	3,04%	4,45%
Vestur-Húnavatnssýsla	24.584,2	6,22%	3.061,8	8,72%	12,45%
Austur-Húnavatnssýsla	25.755,1	6,51%	1.072,0	3,05%	4,16%
Skagafjarðarsýsla	29.706,4	7,51%	2.786,1	7,94%	9,38%
Eyjafjarðarsýsla	18.437,9	4,66%	2.993,1	8,53%	16,23%
Suður-Þingeyjarsýsla	25.508,7	6,45%	1.900,7	5,41%	7,45%
Norður-Þingeyjarsýsla	22.086,9	5,59%	498,1	1,42%	2,26%
Norður-Múlasýsla	36.460,4	9,22%	3.272,2	9,32%	8,97%
Suður-Múlasýsla	19.494,5	4,93%	968,6	2,76%	4,97%
Austur-Skaftafellssýsla	13.174,8	3,33%	719,3	2,05%	5,46%
Vestur-Skaftafellssýsla	22.734,1	5,75%	1.009,6	2,88%	4,44%
Rangárvallasýsla	25.147,6	6,36%	3.766,6	10,73%	14,98%
Árnessýsla	22.988,0	5,81%	2.375,7	6,77%	10,33%
Samtals	**395.389,8**	**100,00%**	**35.106,8**	**100,00%**	**8,88%**

*Tveir hreppar í Suður-Þingeyjarsýslu eru með í tölunni fyrir Eyjafjarðarsýslu, þ.e. Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur.

við heildaruppkaup og fimmti dálkurinn sýnir hversu hátt hlutfall keypts greiðslumarks er innan sýslunnar.

4. *Hver eru áform um frekari uppkaup á greiðslumarki í sauðfjárframleiðslu?*

Samkvæmt ákvæðum samnings um framleiðslu sauðfjárafurða frá 11. mars 2000 er í hagræðingarskyni stefnt að uppkaupum á greiðslumarki í sauðfjárframleiðslu. Markmiðið er að kaupa 45 þúsund ærgildi. Þegar hafa verið keypt um 35 þúsund og því áform um að kaupa upp 10 þúsund til viðbótar á árinu 2001.

5. *Er líklegt að frjálst framsal greiðslumarks geti hafist á árinu 2002 í ljósi þeirra uppkaupa sem fram hafa farið?*

Samningur um framleiðslu sauðfjárafurða felur í sér að viðskipti með greiðslumark verði gefin frjáls þegar keypt hafa verið upp 45 þúsund ærgildi og þó eigi síðar en 1. janúar árið 2004. Verulegar líkur eru á að uppkaupamarkmiðið náist þegar á árinu 2001 og að viðskipti með greiðslumark verði gefin frjáls í byrjun næsta árs.

6. *Hefur verið lagt mat á uppkaupin með hliðsjón af stærð búa, hvort um sé að ræða hrein sauðfjárbú eða blönduð og hvort líklegt sé að þau muni stuðla að öflugri sauðfjárrækt í landbúnaðarhéruðum þar sem hún er meginbúskapargreinin?*

Framkvæmdanefnd búvörusamninga hefur annast kaup á greiðslumarki. Nefndin hefur ekki látið flokka uppkaupin eftir því hvort greiðslumark hefur verið selt frá hreinum eða blönduðum búum. Flokkun hefur verið gerð eftir stærð sauðfjárbúa, en greiðslumark er því aðeins keypt að allt sé selt frá viðkomandi búi. Niðurstaða þeirrar flokkunar er þessi:

Fjöldi seldra ærgilda	**Fjöldi seljenda**
Greiðslumark undir 100	161
100–199	69
200–299	49
300–399	10
400–500	7
Fjöldi seljanda alls	**296**

Samkvæmt upplýsingum sem fram koma í töflu um sölu á greiðslumarki eftir sýslum má draga þá ályktun að hlutfallslega minna hafi verið selt af svæðum sem byggja hlutfallslega mest á sauðfjárrækt, þó að undanskilinni Vestur-Húnavatnssýslu. Af þessum upplýsingum og yfirliti um flokkun á sölu á greiðslumarki eftir bústærð má draga þá ályktun að uppkaupin styrki sauðfjárræktina sem heild.

1089. Nefndarálit [521. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason og Jónínu S. Lárusdóttur frá viðskiptaráðuneyti, Gunnar Viðar frá Landsbanka Íslands hf., Árna Tómasson frá Búnaðarbanka Íslands hf., Friðbert Traustason frá Sambandi íslenskra bankamanna, Helgu Jónsdóttur frá Félagi starfsmanna Landsbanka Íslands, Jón Ágúst Sigurðsson frá Starfsmannafélagi Búnaðarbanka Íslands, Eirík Guðnason og Tryggva Pálsson frá Seðlabanka Íslands, Finn Sveinbjörnsson frá Verðbréfaþingi Íslands, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Sigríði Andersen frá Verslunarráði Íslands, Pál Gunnar Pálsson og Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu, Þórð Friðjónsson, Magnús Harðarson og Pál Harðarson frá Þjóðhagsstofnun, Tryggva Má Herbertsson frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Jón Sveinsson, Guðmund Ólason og Skarphéðinn Steinarsson frá framkvæmdanefnd um einkavæðingu, Ara Edwald frá Samtökum atvinnulífsins, Vilhjálm Bjarnason frá Samtökum fjárfesta og sparifjáreigenda og Guðmund Sigurðsson og Guðlaug Stefánsson frá Samkeppnisstofnun. Jafnframt bárust umsagnir um málið frá Verðbréfaþingi Íslands, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Sambandi íslenskra bankamanna, Félagi starfsmanna Landsbanka Íslands og Starfsmannafélagi Búnaðarbanka Íslands, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands hf., Landsbanka Íslands hf., Verslunarráði Íslands, Fjármálaeftirlitinu, Íslandsbanka-FBA, Landssamtökum lífeyrissjóða og Neytendasamtökunum. Einnig bárust nefndinni gögn frá viðskiptaráðuneytinu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að heimild verði veitt til að selja hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Hlutur ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. er rúm 68%, en í kringum 72,5% í Búnaðarbanka Íslands hf. Með frumvarpinu er fylgt eftir þeirri stefnu að selja beri hlut ríkisins í fyrirtækjum sem stunda starfsemi sem einkaaðilar geta stundað með eðlilegum hætti þegar virk samkeppni er fyrir hendi.

Meiri hlutinn bendir á að framkvæmdanefnd um einkavæðingu vinnur um þessar mundir að undirbúningi tillagna um fyrirkomulag sölu bankanna tveggja með fyrirvara um heimild Alþingis og mun í vinnu sinni taka afstöðu til atriða á borð við áfangaskiptingu og tímasetningu sölunnar, fyrirkomulag útboðs, þ.e. hvort um almennt útboð með dreifðri sölu verði að ræða eða tilboðssölu hérlendis og erlendis, um sölu til innlendra eða erlendra kjölfestufjárfesta og hlutfall milli einstakra söluaðferða. Jafnframt mun framkvæmdanefnd um einkavæðingu taka afstöðu til þess hvort um samhliða sölu í báðum bönkunum verði að ræða eða ekki og meta líklegt framboð og eftirspurn eftir hlutabréfum í þeim.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt**.

Alþingi, 6. apríl 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Gunnar Birgisson.	Ragnheiður Hákonardóttir.	Daníel Árnason.

1090. Nefndarálit [522. mál]

um frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason og Jónínu S. Lárusdóttur frá viðskiptaráðuneyti, Þórólf Jónsson hdl., Sigríði Andersen frá Verslunarráði, Tryggva Pálsson og Ingimund Friðriksson frá Seðlabanka Íslands, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Pál Gunnar Pálsson, Hannes J. Hafstein og Rúnar Guðmundsson frá Fjármálaeftirlitinu, Sigurjón Geirsson frá Landsbanka Íslands og Val Valsson frá Íslandsbanka–FBA. Þá bárust umsagnir um málið frá Verslunarráði Íslands, Seðlabanka Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Vátryggingafélagi Íslands hf., Samtökum fjármálafyrirtækja, Fjármálaeftirlitinu og Verðbréfaþingi Íslands. Nefndinni bárust einnig gögn frá viðskiptaráðuneyti.

Frumvarpið er lagt fram í tengslum við töluverða umræðu um dreifða eignaraðild að fjármálafyrirtækjum undanfarin ár og þá sérstaklega um að tryggja beri sem dreifðasta eignaraðild að þeim fyrirtækjum sem ríkissjóður selur í hendur einkaaðila. Frumvarpinu er ætlað að auka eftirlit Fjármálaeftirlitsins með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum. Í því skyni þarf að breyta ákvæðum laga um viðskiptabanka og sparisjóði, laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, laga um verðbréfaviðskipti og laga um vátryggingastarfsemi. Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geri ítarlega könnun þegar einstaklingar eða lögaðilar hyggjast eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtækjum. Þeir aðilar skulu beina skriflegri umsókn til Fjármálaeftirlitsins með nákvæmum upplýsingum um umsækjandann sjálfan til þess að mat geti farið fram á hæfi hans til að eignast og fara með eignarhlutinn. Samþykki Fjármálaeftirlitsins er nauðsynleg forsenda þess að einstaklingur eða lögaðili geti eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki. Í frumvarpinu er nákvæmlega tilgreint hvaða upplýsingar þurfi að fylgja umsókn um heimild til kaupa á virkum eignarhlut í fjármálafyrirtæki, sem og þær viðmiðanir sem Fjármálaeftirlitið skal hafa til hliðsjónar við mat á hæfi umsækjanda. Eftir sem áður er gert ráð fyrir því að virkur eignarhlutur sé bein eða óbein hlutdeild sem nemi 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða önnur hlutdeild sem gerir eigandanum kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi fjármálafyrirtækis. Sömu viðmiðunarreglur gilda jafnframt um aukningu á eignarhlut, þ.e. aukningu umfram 20%, 33% og 50%.

Við meðferð frumvarpsins í nefndinni var töluvert rætt um það að með lögfestingu þeirra reglna sem hér eru lagðar til yrði gengið lengra en nauðsynlegt er samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins nr. 2000/12/EBE sem gildandi löggjöf er í samræmi við. Nefndin lítur hins vegar svo á að með hliðsjón af því að verulega hafi vantað upp á að núgildandi ákvæðum laga um tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins hafi verið fylgt eftir séu þær reglur sem lagðar eru til í frumvarpinu um að afla verði samþykkis Fjármálaeftirlitsins áður en kaup á virkum eignarhlut fara fram til bóta og muni stuðla að virkum og öruggum fjármálamarkaði. Skilvirkara er að slík kaup séu samþykkt fyrir fram frekar en að kaupendur virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum eigi á hættu að kaupin verði látin ganga til baka. Það eru því hagsmunir fyrirtækjanna sjálfra sem eru í fyrirrúmi við lögfestingu hinna nýju reglna. Nefndin bendir jafnframt á að þrátt fyrir að ákvæði um þau atriði sem leggja skal til grundvallar við mat á því hvort umsækjandi sé hæfur til að eiga virkan eignarhlut séu matskennd

er þó mjög til bóta að slík ákvæði séu lögfest svo að Fjármálaeftirlitið hafi tryggan grunn að byggja á við meðferð umsókna.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lögð er til orðalagsbreyting við þær greinar þar sem rætt er um að samþykki Fjármálaeftirlitsins þurfi fyrir fram við kaup á virkum eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum.
2. Lagt er til að skilyrði um að upplýsa um kennitölu verði fellt brott þar sem það kallar á óþarfa umstang fyrir erlenda umsækjendur og Fjármálaeftirlitinu ætti að vera hægt um vik að fá þessar upplýsingar um íslenska umsækjendur.
3. Lagt er til að í stað ákvæðis um að umsækjandi skuli upplýsa um markmið sitt með eignarhaldi verði kveðið á um að hann skuli upplýsa um áform sín um breytingar á verkefnum viðkomandi fjármálafyrirtækis. Nefndin lítur svo á að með þessu sé greinin gerð markvissari og umsækjendum ljósara hvað í raun sé verið að biðja um.
4. Nefndin leggur til að í stað opins og ómarkviss ákvæðis um að umsækjanda verði gert skylt að upplýsa um þekkingu sína og atvinnusögu komi ákvæði um að hann veiti upplýsingar um reynslu sína af fjármálastarfsemi.
5. Lagt er til að felldur verði brott liður um að veita upplýsingar um fyrri afskipti eftirlitsstjórnvalda en Fjármálaeftirlitið hefur hins vegar heimild til að krefjast þessara upplýsinga og annarra sem máli skipta við mat á hæfi eigenda virkra eignarhluta.
6. Lagt er til að tilgreint verði að viðbótarupplýsingar sem Fjármálaeftirlitið fer fram á að umsækjandi veiti verði að hafa þýðingu við mat á hæfi eigenda virkra eignarhluta.
7. Lagt er til að við bætist heimild til handa Fjármálaeftirlitinu til að veita umsækjendum undanþágur frá skilum á upplýsingum sem veittar skulu með umsókn um samþykki til kaupa á virkum eignarhlut. Nefndin telur að sú staða geti komið upp að lögaðili geti ekki aflað allra þeirra upplýsinga sem kveðið er á um í frumvarpinu, sér í lagi upplýsinga sem varða eigendur umsækjandans. Fyrri hluti breytingartillögunnar veitir Fjármálaeftirlitinu heimild til að veita undanþágu frá skilum á upplýsingum við slíkar kringumstæður en auk þess er lagt til að Fjármálaeftirlitið geti leitað til fjármálaeftirlita annarra ríkja um upplýsingar er varða umsækjanda er lýtur opinberu fjármálaeftirliti þar.
8. Lögð er til breyting þess efnis að ótvírætt verði kveðið á um að við mat Fjármálaeftirlitsins á hæfi umsækjanda skuli gætt meðalhófs. Þetta er í samræmi við meðalhófsákvæði stjórnsýslulaga.
9. Þá er lagt til að ótvírætt verði kveðið á um heimildir Fjármálaeftirlitsins til að beita dagsektum í þeim tilvikum þegar eignarhlutur er ekki seldur þrátt fyrir að aðila sé það skylt. Nefndin lítur svo á að hæpið sé að unnt sé að beita ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi þar sem eigendur virkra eignarhluta eru ekki eftirlitsskyldir samkvæmt þeim og telur því nauðsyn bera til að kveða á um slíka heimild í lögum.
10. Loks eru lagðar til breytingar á frumvarpinu til lagfæringar, annars vegar þannig að tilvísun í 53. gr. laga um verðbréfaviðskipti er breytt í tilvísun í 60. gr. sömu laga og hins vegar þannig að tilvísun í 13. tölul. 2. gr. í 30. gr. laganna er breytt í tilvísun í 14. tölul. 2. gr.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali.

Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson og Ögmundur Jónasson skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 6. apríl 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Gunnar Birgisson.	Ragnheiður Hákonardóttir.	Daníel Árnason.
Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Össur Skarphéðinsson, með fyrirvara.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

1091. Breytingartillögur [522. mál]

við frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. 1. málsl. 3. efnismgr. orðist svo: Aðilar sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í við skiptabanka skulu leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fram.
   b. Orðið „kennitölu“ í 1. tölul. 4. efnismgr. falli brott.
   c. 4. tölul. 4. efnismgr. orðist svo: Áform um breytingar á verkefnum viðskiptabanka.
   d. 8. tölul. 4. efnismgr. orðist svo: Reynslu umsækjanda af fjármálastarfsemi.
   e. 11. tölul. 4. efnismgr. falli brott.
   f. Við 12. tölul. bætist: sbr. 3. mgr. 4. gr.
   g. 13. tölul. 4. efnismgr. orðist svo: Aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið fer fram á að umsækjandi veiti og máli skipta við mat á hæfi eigenda virkra eignarhluta.
   h. Við 5. efnismgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágur frá skilum á upplýsingum skv. 4. mgr. hafi lögaðili ekki tök á að afla þeirra eða ef umsækjandi lýtur opinberu fjármálaeftirliti í öðru ríki og unnt sé að afla sambærilegra upplýsinga frá fjármálaeftirliti heimaríkis umsækjanda.
   i. 1. málsl. 6. efnismgr. orðist svo: Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort umsækjandi sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs viðskiptabanka og skal gæta meðalhófs við það mat.
   j. Við 10. efnismgr. bætist nýr málsliður, sem verði 8. málsl., svohljóðandi: Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
   k. Við 11. efnismgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
2. Við 6. gr.
   a. 1. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Aðilar sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í

fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fram.

b. Orðið „kennitölu“ í 1. tölul. 2. efnismgr. falli brott.
c. 4. tölul. 2. efnismgr. orðist svo: Áform um breytingar á verkefnum fyrirtækis í verðbréfaþjónustu.
d. 8. tölul. 2. efnismgr. orðist svo: Reynslu umsækjanda af fjármálastarfsemi.
e. 11. tölul. 2. efnismgr. falli brott.
f. Við 12. tölul. bætist: laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.
g. 13. tölul. 2. efnismgr. orðist svo: Aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið fer fram á að umsækjandi veiti og máli skipta við mat á hæfi eigenda virkra eignarhluta.
h. Við 3. efnismgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágur frá skilum á upplýsingum skv. 4. mgr. hafi lögaðili ekki tök á að afla þeirra eða ef umsækjandi lýtur opinberu fjármálaeftirliti í öðru ríki og unnt sé að afla sambærilegra upplýsinga frá fjármálaeftirliti heimaríkis umsækjanda.
i. 1. málsl. 4. efnismgr. orðist svo: Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort umsækjandi sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fyrirtækis í verðbréfaþjónustu og skal gæta meðalhófs við það mat.
j. Við 8. efnismgr. bætist nýr málsliður, sem verði 8. málsl. svohljóðandi: Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
k. Við 9. efnismgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

3. Á eftir 8. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
Í stað tilvísunarinnar „13. tölul. 2. gr.“ í 30. gr. laganna kemur: 14. tölul. 2. gr.
4. Við 9. gr. Inngangsmálsliður orðist svo: 4. tölul. 1. mgr. 60. gr. laganna orðast svo.
5. Við 10. gr., sem verði 11. gr.

a. 1. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Aðilar sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í vátryggingafélagi skulu leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fram.
b. Orðið „kennitölu“ í 1. tölul. 2. efnismgr. falli brott.
c. 4. tölul. 2. efnismgr. orðist svo: Áform um breytingar á verkefnum vátryggingafélags.
d. 8. tölul. 2. efnismgr. orðist svo: Reynslu umsækjanda af fjármálastarfsemi.
e. 11. tölul. 2. efnismgr. falli brott.
f. Við 12. tölul. bætist: laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.
g. 13. tölul. 2. efnismgr. orðist svo: Aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið fer fram á að umsækjandi veiti og máli skipta við mat á hæfi eigenda virkra eignarhluta.
h. Við 3. efnismgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágur frá skilum á upplýsingum skv. 4. mgr. hafi lögaðili ekki tök á að afla þeirra eða ef umsækjandi lýtur opinberu fjármálaeftirliti í öðru ríki og unnt sé að afla sambærilegra upplýsinga frá fjármálaeftirliti heimaríkis umsækjanda.
i. 1. málsl. 4. efnismgr. orðist svo: Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort umsækjandi sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs vátryggingafélags og skal gæta meðalhófs við það mat.
j. Við 8. efnismgr. bætist nýr málsliður, sem verði 8. málsl., svohljóðandi: Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
k. Við 9. efnismgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sé hlutur ekki seldur á tilskild-

um tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

1092. Nefndarálit [524. mál]

um frv. til l. um rafrænar undirskriftir.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jónínu S. Lárusdóttur og Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneyti, Steven McDonnel frá VeriSign í London, Jóhann Kristjánsson, Sigurð Másson, Eirík Sæmundsson og Helga A. Nielsen frá Skýrr, Ársæl Þorsteinsson frá Löggildingarstofu, Birgi Ármannsson frá Verslunarráði, Sigrúnu Jóhannesdóttur og Hörð H. Helgason frá Persónuvernd, Skarphéðin Steinarsson og Ágúst Þór Jónsson frá ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur, Þórð Skúlason og Guðmund Tómasson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Karl Fr. Garðarsson frá tollstjóranum í Reykjavík, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Björk Sigurgísladóttur frá Neytendasamtökunum, Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins og Stefán Jón Friðriksson frá Icepro, nefnd um rafræn viðskipti. Þá bárust umsagnir um málið frá Verslunarráði Íslands, tollstjóranum í Reykjavík, Icepro, nefnd um rafræn viðskipti, Neytendasamtökunum, Persónuvernd, Samtökum iðnaðarins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Skýrr hf., Auðkenni hf., Löggildingarstofu og Seðlabanka Íslands. Nefndinni bárust einnig gögn frá viðskiptaráðuneytinu.

Í frumvarpinu er kveðið á um rafrænar undirskriftir og réttaráhrif þeirra, auk þess sem settar eru reglur um vottunaraðila slíkra undirskrifta og eftirlit með þeim. Ákvæðum frumvarpsins er ætlað að stuðla að öryggi í rafrænum viðskiptum og öðrum samskiptum í opnum kerfum, svo sem á netinu. Frumvarpið er lagt fram með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB frá 13. desember 1999 um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir til að fullnægja skyldum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Með rafrænni undirskrift er átt við rafræn gögn sem koma út úr brenglunarferli sem felur í sér tætingu gagna og síðan dulritun þeirra. Sá sem sendir gögn með rafrænum hætti þarf að nota sérstakan dulritunarlykil til að dulrita gögnin og móttakandi gagnanna þarf síðan að dulráða þau með öðrum dulritunarlykli. Dulritunarlyklarnir geta því m.a. tryggt að einungis réttir móttakendur gagna geti fengið aðgang að þeim.

Með setningu laga um rafrænar undirskriftir er stefnt að því að skapa nauðsynlegt öryggi í rafrænum viðskiptum. Þær kröfur sem gerðar eru í frumvarpinu miða allar að því að þetta öryggi verði sem mest, en frumvarpið fjallar að meginefni aðeins um fullgildar rafrænar undirskriftir, þ.e. þær sem fullnægja ströngum öryggiskröfum, og þjónustu sem þeim tengist. Nefndin lítur svo á að með frumvarpinu sé stuðlað að aukinni útbreiðslu rafrænna viðskipta og þar með auknu hagræði fyrir neytendur, fyrirtæki og stofnanir.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lögð er til breyting á 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins til að gera orðalag hennar almennara og koma í veg fyrir misskilning.

2. Lagt er til að ákvæði 2. mgr. 18. gr. um eftirlitsgjald verði breytt, en við meðferð málsins í nefndinni var það mikið til umræðu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að 200 kr. gjald skuli greitt til Löggildingarstofu vegna hvers fullgilds vottorðs og að eftirlitsgjald sem vottunaraðili greiði skuli aldrei vera lægra en 1.000.000 kr. á ári. Nefndin bendir m.a. á að gjald sem miðast við fjölda útgefinna vottorða er ekki til þess fallið að stuðla að útbreiðslu vottorða og notkun þeirra. Með hliðsjón af þessu leggur nefndin til að gjaldið miðist eingöngu við hina föstu fjárhæð á ári og að fellt verði brott ákvæði um 200 kr. gjald vegna hvers útgefins vottorðs. Jafnframt leggur nefndin til smávægilegar orðalagsbreytingar á greininni.
3. Lagt er til að röð 18. og 19. gr. frumvarpsins verði breytt, þannig að 19. gr. verði 18. gr. og öfugt. Þetta stafar af því að í 18. gr. er fjallað um eftirlitsaðila með vottunaraðilum án þess að það komi beinlínis fram hver eftirlitsaðilinn er. Það kemur hins vegar skýrt fram í 19. gr. Nefndin lítur svo á að sú breyting sem lögð er til sé til þess fallin að gera lagatextann skýrari.
4. Lögð er til orðalagsbreyting á d-lið 22. gr.
5. Loks leggur nefndin til að við frumvarpið verði bætt bráðabirgðaákvæði þess efnis að endurskoða skuli ákvæði VII. kafla laganna þegar tvö ár eru liðin frá gildistöku þeirra með hliðsjón af reynslu af eftirlitinu og umfangi þess. Sérstaklega skuli þá skoðað hvort rök séu til að endurskoða ákvæði um eftirlitsgjald. Þessi breyting stafar af því að það eftirlit sem koma skal á fót samkvæmt frumvarpinu er nýtt af nálinni og ekki unnt að áætla nákvæmlega hvaða kostnaður muni hljótast af eftirlitinu eða hversu umfangsmikið það muni verða. Því telur nefndin rétt að þau ákvæði sem lúta að eftirlitsgjaldinu verði endurskoðuð þegar reynsla er komin á framkvæmd laganna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. apríl 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Gunnar Birgisson.	Ragnheiður Hákonardóttir.	Daníel Árnason.
Margrét Frímannsdóttir.	Össur Skarphéðinsson.	Ögmundur Jónasson.

1093. Breytingartillögur [524. mál]

við frv. til l. um rafrænar undirskriftir.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 4. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Ákvæði 1. mgr. er því ekki til fyrirstöðu að aðrar rafrænar undirskriftir en þar greinir geti uppfyllt skilyrði um undirskrift samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða af öðrum orsökum.

2. Við 18. gr.
   a. 2. mgr. orðist svo:
      Vottunaraðili sem gefur út fullgild vottorð skal greiða gjald að fjárhæð 1.000.000 kr. á ári til að standa straum af kostnaði eftirlits samkvæmt lögum þessum. Ef vottunaraðili byrjar eða hættir starfsemi á gjaldárinu skal lágmarksárgjaldið ákvarðað í réttu hlutfalli við þann tíma sem starfrækslan varði á árinu. Eftirlitsgjaldið skal renna beint til Löggildingarstofu og vera innheimt af henni. Aðför má gera til fullnustu kröfum um eftirlitsgjald án undangengins dóms, úrskurðar eða sáttar.
   b. Greinin verði 19. gr.
3. Við 19. gr. Greinin verði 18. gr.
4. Við 22. gr. D-liður orðist svo: Vottorðið eða vottunaraðilinn er viðurkenndur af Íslandi, Evrópubandalaginu, ríkjum utan Evrópubandalagsins eða alþjóðlegum stofnunum, í tvíhliða eða marghliða samningum.
5. Við bætist bráðabirgðaákvæði, svohljóðandi:
   Endurskoða skal ákvæði VII. kafla laga þessara þegar tvö ár eru liðin frá gildistöku þeirra með hliðsjón af reynslu af eftirlitinu og umfangi þess. Sérstaklega skal þá skoðað hvort rök séu til að endurskoða ákvæði um eftirlitsgjald.

1094. Frumvarp til laga [254. mál]

um lækningatæki.

(Eftir 2. umr., 23. apríl.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til framleiðslu, sölu, markaðssetningar, markaðseftirlits, viðhalds og notkunar lækningatækja og eftirlits heilbrigðisyfirvalda með þeim.

2. gr.

Markmið.

Markmið með lögum þessum er að koma í veg fyrir að notendur lækningatækja verði fyrir tjóni og tryggja að framleiðsla, viðhald og notkun lækningatækja sé í samræmi við bestu fagþekkingu á hverjum tíma.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Lækningatæki:* Hvert það verkfæri, búnaður, áhald, efni (þó ekki lyf) eða annar hlutur, notað eitt sér eða með öðru, ásamt hugbúnaði sem þarf til að tækið starfi rétt, sem framleiðandi ætlar til notkunar fyrir menn til þess að:
   a. greina, hindra, athuga, meðhöndla eða lina sjúkdóma,
   b. greina, hafa eftirlit með, meðhöndla, draga úr eða bæta líkamstjón, fötlun eða skerta getu,

c. rannsaka, breyta eða koma í stað líffæris eða lífeðlisfræðilegrar starfsemi,
d. koma í veg fyrir þungun.

Tæki sem er hluti af lækningatæki eða á annan hátt tengist notkun lækningatækis telst einnig vera lækningatæki.

Tæki sem virkar aðallega á eða í mannslíkamanum með lyfjafræðilegum, efnafræðilegum, ónæmisfræðilegum eða efnaskiptalegum aðferðum telst ekki lækningatæki, þó getur það verið hluti af lækningatæki.

Ef vafi leikur á hvort tæki eða hlutur telst lækningatæki sker landlæknir úr um það.

2. *Framleiðandi:* Einstaklingur eða lögpersóna sem ber ábyrgð á hönnun, framleiðslu, pökkun og merkingu tækis áður en það er markaðssett í hans nafni, hvort sem hann framkvæmir þessar aðgerðir sjálfur eða þriðji aðili fyrir hans hönd.

Einstaklingur eða lögpersóna, sem setur saman, pakkar, vinnur að, endurgerir að fullu og/eða merkir eina eða fleiri framleiðsluvöru og/eða tilgreinir tilætluð not hennar sem tækis í því skyni að setja hana á markað í eigin nafni, telst framleiðandi.

Aðili, sem setur saman eða aðlagar tæki, sem eru á markaði, að þörfum einstakra sjúklinga, telst ekki vera framleiðandi.

3. *Notandi:* Sá sem þarf á lækningatækjum að halda vegna sjúkdóms, fötlunar eða skertrar getu, vinnur með lækningatæki eða hefur umsjón með tækjum og/eða sér um viðhald þeirra.

4. *Klínísk prófun:* Rannsóknir á mönnum, í þeim tilgangi að afla upplýsinga og/eða sannprófa að lækningatæki séu við eðlilega notkun í samræmi við grunnkröfur um eiginleika og skil, en kveðið er á um grunnkröfur þessar í tilskipunum Evrópusambandsins sem eru hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Með klínískri prófun er einnig lagt mat á óæskilegar hliðarverkanir lækningatækja.

II. KAFLI
Kröfur sem lækningatæki skulu uppfylla.

4. gr.
Öryggiskröfur.

Lækningatæki skulu vera þannig úr garði gerð, notuð, þeim viðhaldið og eftir þeim litið að þau uppfylli öryggiskröfur sem gerðar eru í lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim til að vernda líf og heilsu notenda. Samsetning, framleiðsla, pökkun og viðhald lækningatækja skal vera þannig að tækið virki eins og leiðbeiningar framleiðandans gera ráð fyrir.

Lækningatæki má því aðeins setja á markað og taka í notkun að hönnun þeirra, gerð og frágangur stofni ekki öryggi notenda í hættu.

Sömu ákvæði skulu gilda um lækningatæki sem hönnuð eru og framleidd innan heilbrigðisstofnana.

5. gr.
Merkingar.

Áður en lækningatæki eru sett á markað, seld eða tekin í notkun er skylt að merkja þau í samræmi við reglur Evrópusambandsins um lækningatæki, sem eru hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eða kröfur sem gerðar eru í samningum sem Ísland hefur gert við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Landlæknir getur tekið lækningatæki af markaði þrátt fyrir að það sé merkt í samræmi við 1. mgr. ef í ljós kemur að tækið hefur hættulega eiginleika.

Gera má undantekningu frá 1. mgr. vegna tækja sem eru eingöngu ætluð til útstillingar á kaupstefnum, sýningum, við sýnikennslu og þess háttar, til klíniskra prófana, sbr. 9. gr., eða eru sérsmíðuð fyrir einstakling.

6. gr.

Notkunarleiðbeiningar.

Öllum lækningatækjum skulu fylgja nauðsynlegar upplýsingar um framleiðanda og leiðbeiningar um örugga notkun. Leiðbeiningar, sem þarf til að nota tækið á öruggan hátt, skulu, eftir því sem við verður komið, tilgreindar á tækinu sjálfu og/eða á umbúðum þess. Lækningatækjum, sem ætluð eru almenningi til notkunar, skulu fylgja upplýsingar á íslensku.

7. gr.

Meðferð.

Eigandi lækningatækis ber ábyrgð á réttri notkun tækis og hæfni notanda. Auk þess ber eiganda að sjá til þess að frágangur og geymsla sé fullnægjandi og að viðhalds- og viðgerðarþjónustu sé sinnt af þar til bærum aðilum þannig að öryggi notenda sé tryggt.

8. gr.

Skráning.

Landlæknir skal halda skrá yfir þá aðila sem reka fyrirtæki með aðsetur á Íslandi og framleiða lækningatæki eða eru ábyrgir fyrir markaðssetningu slíkra tækja.

9. gr.

Klíniskar prófanir.

Framleiðandi skal senda umsókn um klíniska prófun á lækningatæki til landlæknis og hefur hann eftirlit með því að framkvæmd prófunar sé í samræmi við reglur um góða starfshætti og lög um réttindi sjúklinga, þar með talið ákvæði um rannsóknir og mat vísindasiðanefndar.

Landlæknir getur stöðvað framkvæmd klíniskrar prófunar sé ekki fylgt þeim skilmálum sem settir eru fyrir klíniska prófun.

III. KAFLI
Eftirlit og málsmeðferð.

10. gr.

Eftirlit.

Landlæknir hefur eftirlit með öryggi lækningatækja. Með eftirliti er annars vegar átt við markaðseftirlit, þ.e. eftirlit með því að lækningatæki sem er markaðssett á Íslandi uppfylli öryggiskröfur og kröfur um merkingar skv. 5. gr., og hins vegar eftirlit með því að viðhaldi lækningatækja sé sinnt og eftirlit með notkun lækningatækja. Landlækni er heimilt að fela öðrum aðilum tiltekna hluta þess eftirlits.

Eftirlitsaðilar geta óskað eftir nauðsynlegum upplýsingum vegna eftirlitsins, tekið sýni og gert þær athuganir og prófanir sem nauðsynlegar eru taldar í því skyni að forðast tjón af völdum lækningatækja. Framleiðendur, innflytjendur, seljendur, eigendur og notendur lækningatækja skulu veita þá aðstoð og upplýsingar er þörf krefur og óskað er eftir hverju sinni.

11. gr.

Tilkynningarskylda.

Þeim sem framleiða, selja, eiga eða nota lækningatæki og vita um frávik, galla eða óvirkni, sem kynni að valda eða valdið hefur heilsutjóni eða dauða notanda, ber skylda til að tilkynna landlækni um slíkt.

12. gr.

Gjaldtaka.

Innflytjendur og framleiðendur skulu greiða þjónustugjald vegna markaðseftirlits, sbr. 1. mgr. 10. gr., og vegna mats á umsóknum um klínískar prófanir á lækningatækjum, sbr. 9. gr., samkvæmt gjaldskrá er ráðherra setur að fengnum tillögum landlæknis. Gjaldskráin skal taka mið af kostnaði við þjónustuna.

13. gr.

Málsmeðferð, réttarúrræði og refsingar.

Um málsmeðferð og réttarúrræði eftirlitsaðila skv. 10. gr. fer skv. IV. og V. kafla laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, eftir því sem við á.

Um mál sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

IV. KAFLI

Önnur ákvæði.

14. gr.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara, t.d. um öryggi lækningatækja, merkingar, notkunarleiðbeiningar, skráningu, klínískar prófanir og tilkynningarskyldu.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur 5. mgr. 5. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Lækningatæki, sem er merkt í samræmi við tilskipun ráðsins 76/764/EBE, er heimilt að setja á markað, selja eða taka í notkun fram til 30. júní 2004.

Tæki til lífsýnagreiningar, sem uppfylltu öryggisskilyrði laga fyrir gildistöku þessara laga, er heimilt að setja á markað, selja eða taka í notkun fram til 7. desember 2003.

II.

Lögin skulu sæta endurskoðun innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

1095. Frumvarp til laga [265. mál]

um framkvæmd samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn.

(Eftir 2. umr., 23. apríl.)

1. gr.

Bann við tilraunum með kjarnavopn.

Enginn má framkvæma tilraunir með kjarnavopn eða aðrar kjarnasprengingar þannig að það stríði gegn samningnum um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn frá 10. september 1996.

2. gr.

Innlent eftirlit.

Geislavarnir ríkisins fara með eftirlit með framkvæmd laga þessara og samningsins.

Geislavarnir ríkisins geta krafist allra upplýsinga og annarra gagna sem nauðsynleg þykja við athugun einstakra mála.

Geislavarnir ríkisins geta að undangengnum dómsúrskurði gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöð og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum. Við framkvæmd athugunar skal lögregla veita Geislavörnum ríkisins nauðsynlega aðstoð.

Á varnarsvæðum fer utanríkisráðherra með lögsögu, sbr. lög um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl.

3. gr.

Alþjóðlegt eftirlit.

Eftirlitsmönnum sem starfa á grundvelli samningsins er heimilt að framkvæma hér á landi eftirlit sem kveðið er á um í samningnum í þeim tilgangi að fylgjast með því hvort Ísland framfylgir samningsskuldbindingum sínum. Fulltrúar utanríkisráðuneytisins og Geislavarna ríkisins skulu vera viðstaddir slíkar skoðanir.

Eftirlitsmenn sem starfa á grundvelli samningsins skulu njóta friðhelgi og forréttinda hér á landi eins og kveðið er á um í samningnum.

4. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra sem í hlut á getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

5. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn lögum þessum eða reglum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að fjórum árum. Nú er brotið ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið fangelsi allt að sex árum.

Tilraun eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga.

6. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt bætist nýr töluliður við 6. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 147/1998, svohljóðandi:

11. Fyrir háttsemi sem greinir í samningi um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn frá 10. september 1996.

1096. Frumvarp til laga [285. mál]

um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78 26. maí 1997.

(Eftir 2. umr., 23. apríl.)

1. gr.

51. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2001.

1097. Frumvarp til laga [291. mál]

um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 23. apríl.)

1. gr.

Í stað orðanna „viðauka 1“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: viðaukum 1A og 1B.

2. gr.

Í stað orðanna „viðauka 1“ í 7. gr. laganna kemur: viðaukum 1A og 1B.

3. gr.

Í stað orðanna „viðaukum 1 og 2“ í 1. málsl. 8. gr. laganna kemur: viðaukum 1A, 1B og 2.

4. gr.

Í stað orðsins „dýrasjúkdómanefndar“ í 1. og 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: yfirdýralæknis.

5. gr.

Í stað orðanna „viðauka 1“ í 17. gr. laganna kemur: viðauka 1A.

6. gr.

Í stað orðanna „viðauka 1“ í 18. gr. laganna kemur: viðauka 1A.

7. gr.

Í stað orðsins „dýrasjúkdómanefndar“ í 19. gr. laganna kemur: yfirdýralæknis.

8. gr.

Í stað orðsins „dýrasjúkdómanefndar“ í 1. og 2. mgr. 23. gr. laganna kemur: yfirdýralæknis.

9. gr.

27. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

1. Í stað orðanna „dýrasjúkdómanefndar“ og „svæðisnefnd“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: yfirdýralæknis, og: smitsjúkdómanefnd.
2. Í stað orðanna „Svæðisnefnd“ og „dýrasjúkdómanefnd“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: Smitsjúkdómanefnd, og: yfirdýralækni.
3. 2. mgr. fellur brott.

11. gr.

Í stað viðauka 1 og 2 við lögin koma þrír nýir viðaukar, viðauki 1A, viðauki 1B og viðauki 2, svohljóðandi:

Viðauki 1A
(A-sjúkdómar).

TILKYNNINGARSKYLDIR SJÚKDÓMAR

Dýr almennt:		
B052	Aujeszkys-veiki	Aujeszky´s disease – Pseudorabies – *Herpesviridae*
A090	Blátunga	Bluetongue – *Reoviridae*
A010	Gin- og klaufaveiki	Food and Mouth Disease – *Picornaviridae*
B352	Hérasótt	Tularemia – *Francisella tularensis*
B058	Hundaæði	Rabies – *Rhabdoviridae*
B051	Miltisbrandur	Anthrax – *Bacillus anthracis*
A020	Munnblöðrubólga	Vesicular stomatitis – *Rhabdoviridae*
A080	Rift Valley veiki	Rift Valley fever – *Bunyaviridae*
B103/B253	Smitandi fósturlát/Brúsellósa	Brucellosis – *Brucella abortus/B. suis/B. melitensis*
Hross:		
A110	Afrískönsk hrossapest	African horse sickness – *Reoviridae*
B202	Dúrín	Dourine – Ondartet beskjelersyke – *Trypanosoma equiperdum*
B205	Smitandi blóðleysi	Equine infectious anemia (EIA) – *Retroviridae*
B209	Sníf	Glanders – *Pseudomonas mallei*
Nautgripir:		
B105	Berklar	Tuberculosis – *Mycobacterium bovis/tuberculosis*
A070	Húðþrimlaveiki	Lumpy skin disease – *Poxviridae*
A060	Illkynja brjósthimnubólga	Contagious bovine pleuropneumonia – *Mycoplasma mycoides mycoides*
B115	Kúariða	Bovine spongiform encephalopati (BSE) – *Prion*
A040	Nautapest	Rinderpest – Kvegpest – Pestis bovum – *Paramyxoviridae*
B110	Smitandi barkabólga/fósturlát	IBR/IPV – *Herpesviridae*
B108	Smitandi hvítblæði	Enzootic bovine leucosis (EBL) – *Retroviridae*
Sauðfé og geitur:		
I301	Bítlaveiki	Border disease – Hairy shaker disease – *Flaviviridae*
A100	Fjárbólusótt/geitabólusótt	Sheep pox and goat pox – *Poxviridae*
A050	Fjárpest	Peste des petits ruminants (PPR) – *Paramyxoviridae*

B156	Fósturlát í ám	Enzootic abortion of ewes (EAE) – *Chlamydia psittaci*
B155	Geitakregða	Contagious caprine pleuropneumonia – *Mycoplasma* F38
B154	Kregðujúgurbólga	Contagious agalactia – *Mycoplasma* ssp.
B161	Mæði (þurramæði)/Visna	Maedi/Visna – *Retroviridae*
B160	Riðuveiki	Scrapie – *Prion*
B159	Salmonella-fósturlát	Salmonellosis – *Salmonella abortus ovis*
B153	Smitandi liða- og heilabólga í geitum	Caprine arthritis and encephalitis (CAE) – *Retroviridae*
B157	Votamæði	Jaagsiekte – Ovine pulmonary adenomatosis – *Retroviridae*

Svín:

A120	Afríkönsk svínapest	African swine fever (ASF) – *ASF-like virus*
I401	Blöðruþot í svínum	Vesicular exanthema of swine (VES) – *Caliciviridae*
A140	Illkynja grísalömun	Teschen disease – *Picornaviridae*
B254	Smitandi maga- og garnabólga	Transmissible gastroenteritis (TGE) – *Coronaviridae*
A030	Svínafár	Swine vesicular disease (SVD) – *Picornaviridae*
A130	Svínapest	Classical swine fever – Hog cholera – *Flaviviridae*

Hundar, kettir, loðdýr og kanínur:

B353	Lifrardrep	Rabbit haemorrhagic disease (VHD) – *Parvoviridae*
I501	Maurakláði	Sarcoptes mange – *Sarcoptes* spp.
I502	Plasmacytósa	Plasmacytosis – Aleutian disease – *Parvoviridae*
I503	Refafár/Minkafár	Distemper – *Paramyxoviridae*
I504	Sullaveikifár	Echinococcosis – *Echinococcus multilocularis*

Alifuglar:

A150	Hænsnapest	Avian influenza (AI) – Fowl plague – *Orthomyxoviridae*
B313	Hænsnatyfus	Fowl typhoid – *Salmonella gallinarum*
B308	Kjúklingasótt	Pullorum disease – *Salmonella pullorum*
I601	Nef- og barkabólga	Avian rhinotracheitis (ART) – *Pneumoviridae*
A160	Newcastle-veiki	Newcastle Disease (ND) – *Paramyxoviridae*
B302	Smitandi kverka- og barkabólga	Infectious laryngotracheitis (ILT) – *Herpesviridae*
B305	Veirugarnabólga í öndum	Duck virus enteritis (DVE) – *Herpesviridae*
B304	Veirulifrarbólga í öndum	Duck virus hepatitis (DVH) – *Picornaviridae*

Eldisfiskar:

B413	EHN-veiki	Epizootic haematopoietic necrosis – *Iridoviridae*
B415	Herpesveiki/OMV-veiki	*Herpesvirus salmonis/H. scophthalmi Oncorhynchus masou* virus disease
B405	IHN-veiki	Infectious haematopoietic necrosis – *Rhabdoviridae*
I701	IPN-veiki	Infectious pancreas necrosis – *Birnaviridae*
I702	ISA-veiki	Infectious salmon anemia – *Orthomyxoviridae*
I703	Roðflyðrusýki	Gyrodactylosis – *Gyrodactylus salaris*
B404	SVC-veiki	Spring viraemia of carp – *Rhabdoviridae*
B401	VHS-veiki	Viral haemorrhagic septicaemia – *Rhabdoviridae*
I704	VNN-veiki	Viral nervous necrosis – *Nodaviridae*

Skeldýr:

B434	Marteilíuveiki	Marteiliosis – *Marteilia refringens/M. sydneyi*
B436	Mykrocytos-veiki	Mikrocytosis – *Mykrocytos mackini/M. roughleyi*
B431	Ostruveiki	Bonamiosis – *Bonamia ostreae/B.* sp.
B433	Perkinsus-veiki	Perkinsosis – *Perkinsus marinus/P. olseni*
B432	Sumarveiki í ostrum	Haplosporidiosis – *Haplosporidium costale/H. nelsoni*
I801	Velar-veiki	Oyster velar virus disease – *Iridoviridae*

Krabbadýr:

I901	Humarveiki	Gaffkemi – *Aerococcous viridans*
I902	Krabbapest	Crayfish plague – *Aphanomyces astaci*

Viðauki 1B
(B-sjúkdómar).

TILKYNNINGARSKYLDIR SJÚKDÓMAR

Dýr almennt:

I001	Blóðsviti	Parafilariosis – *Parafilaria* spp.
C702	Fótrot	Footrot – *Fusobacterium necrophorum*
B059	Garnaveiki	Paratuberculosis – *Mycobacterium avium paratuberculosis*
I002	Hringskyrfi	Ringworm – *Microsporum spp./Trichophyton* spp.
B107	Hrýfi	Dermatophilosis – *Dermatophilus congolensis*
B056	Leptóspírósa/Gulusótt	Leptospirosis – *Leptospira* spp.
I003	Neosporosis	Nesosporosis – *Neospora caninum*
B057	Q-hitasótt	Q-fever – *Coxiella burnetii*
C619/C855	Salmonella-sýkingar	Intestinal salmonella infections – *Salmonella* spp. (Other than *Salmonella gallinarum/S. pullorum*)
B104	Smitandi fósturlát	Bovine genital campylobacteriosis – *Campylobacter fetus fetus*
B053	Sullaveiki	Echinococcosis – Hydatidosis – *Echinococcus granulosus*
B255	Tríkínuveiki	Trichinosis – *Trichinella spiralis*

Hross:

B206	Hestainflúensa	Equine influenza – *Orthomyxoviridae*
B210	Hrossabóla	Horse pox – *Poxviridae*
B213	Hrossakláði	Sarcoptic mange – *Sarcoptes scabiei var equi*
C753	Kverkeitlabólga	Strangles – *Streptococcus equi equi*
B208	Smitandi háls- og lungnakvef	Equine viral rhinopneumonitis/Equine abortion virus (EHV-1/EHV-4) – *Herpesviridae*
B204	Smitandi heilabólga	Eastern & Western equine encephalomyelitis – *Alphaviridae*
B201	Smitandi legbólga	Contagious equine metritis (CEM) – *Taylorella equigenitalis*
B211	Smitandi slagæðabólga	Equine viral arteritis (EVA) – *Arteriviridae*
B203	Smitandi sogæðabólga	Epizootic lymhangitis – *Histoplasma farciminosum*
B216	Venezuela-heilabólga	Equine Venezuelan encephalomyelitis – *Alphaviridae*

Nautgripir:

B112	Fósturlát í kúm	Trichomonosis – *Trichomonas foetus*
B114	Illkynja slímhúðarbólga	Malignant catarrhal fever (AHV-1) – *Herpesviridae*
C652	Smitandi slímhúðarpest	Bovine viral diarrhea/Mucosal disease (MD/BVD) – *Flaviviridae*
I201	Smitandi öndunarfærabólga	Bovine respiratory syncytial virus (BRSV) – *Paramyxoviridae*
I202	Veiruskita	Viral diarrhea – *Coronaviridae*
B106	Vöðvasullur	Bovine cysticercosis – *Taenia saginata*

Sauðfé og geitur:

I302	Fellilús	Sheep biting louse – *Damalinia ovis*
I303	Fjárkláði	Sheep scab – *Psoroptes ovis*
C706	Fótakláði	Sheep mange – *Chorioptes ovis*
I304	Færilús	Sheep keds – *Melophagus ovinus*
B151	Lyppudrep	Ovine epididymitis – *Brucella ovis*
I305	Vöðvasullur	Ovine cysticercosis – *Taenia ovis*

Svín:		
I402	Illkynja lungnabólga	Pleuropneumonia – *Actinobacillus pleuropneumonia*
B257	PRRS-veiki	Porcine respiratory and reproductive syndrome (PRRS)
I403	Smitandi veiruskita	Porcine epidemic diarrhea (PED) – *Coronaviridae*
B252	Svínabandormur	Porcine cysticercosis – *Taenia solium*
I404	Svínainflúensa	Swine influenza – Hog flue – *Orthomyxoviridae*
B256	Ælu- og vanþrifapest	Vomiting & wasting disease – Hemagglutinating encephalomyelitis virus (HEV) – *Coronaviridae*
Hundar, kettir og loðdýr:		
I505	Hundafár	Canine distemper – *Paramyxoviridae*
B501	Leishmaníu-veiki	Canine leishmaniosis – *Leishmania* spp.
I506	Lungnafár í mink	Hemorrhagic pneumonia – *Pseudomonas aeruginosa*
I507	Refavanki	Nosematosis – *Encephalitozoon cuniculi*
I508	Veiruskita í mink	Mink viral enteritis – *Parvoviridae*
Alifuglar:		
B303	Fuglaberklar	Avian tuberculosis – *Mycobacterium avium*
B307	Fuglabólusótt	Fowl pox – *Poxviridae*
B306	Fuglakólera	Fowl cholera – *Pasteurella multocida*
B311	Fuglakregða	Avian mycoplasmosis – *M. gallisepticum/M. meleagridis*
B309	Gumboro-veiki	Gumboro disease – Infectious bursal disease (IBD) – *Birnaviridae*
B310	Hænsnalömun	Marek's disease – *Herpesviridae*
C853	Mænubólga	Avian encephalomyelitis (AE) – *Picornaviridae*
I602	Paramyxóveirusýkingar	Avian paramyxovirus (other than Newcastle disease) – *Paramyxoviridae*
B312	Páfagaukaveiki	Avian chlamydiosis – Psittacosis – Ornithosis – *Chlamydia psittaci* – (annað en fósturlát í ám)
B301	Smitandi berkjubólga	Infectious bronchitis (IB) – *Coronaviridae*
I603	Varpröskun	Egg drop syndrome (EDS) – *Adenoviridae*
Eldisfiskar:		
I705	Blóðfrumuveirusótt	Erythrocitic inclusion body syndrome (EIBS) – *Togaviridae*
I706	Hindberjaveiki	Proliferative kidney disease (PKD)
I707	Hitraveiki	Coldwater vibriosis – *Vibrio salmonicida*
I708	Hvirfilveiki	Whirling disease – *Myxobolus cerebralis*
I709	Kýlaveiki	Furunculosis – *Aeromonas salm.* spp. *salmonicida*
I710	Laxalús/Fiskilús	Salmon louse infection – *Lepeophtheirus salmonis* Marine louse infection – *Caligus elongatus*
I711	Nýrnaveiki	Bacterial kidney disease (BKD) – *Renibacterium salmoninarum*
I712	PD-veiki/Brisveiki	Pancreas disease (PD) – *Togaviridae*
I713	Piskirikketsíuveiki	Piscirickettsiosis – *Piscirickettsia salmonis*
I714	Rauðmunnaveiki	Enteric red mouth (ERM) – Yersiniosis – *Yersinia ruckeri*
I715	Spírónúkleusveiki	Systemic spironucleosis – *Spironucleus barkhanus*
I716	Sundmagasótt	Swimbladder nematode of eel – *Anguillicola crassus*
Skeldýr:		
I802	Sæeyrnaskelormur	Sabellid polychaete – *Terebrasabella heterouncinata*
Krabbadýr:		
I903	Postulínsveiki	Porselenssyke – *Thelohania contejeani*
I904	Sveppablettaveiki	Brannflekksyke – *Ramularia astaci*

Býflugur:

B453	Evrópsk býflugnapest	European foulbrood – *Streptococcus pluton*
B452	Illkynja býflugnapest	American foulbrood – *Bacillus larvae*
B451	Loftsekkjaveiki	Acariosis of bees – *Acarapis woodii*
B454	Þarmaveiki	Nosemosis of bees – *Nosema apis*
B455	Varróaveiki	Varroosis – *Varroa jakobsonii*

Viðauki 2
(C-sjúkdómar).

SKRÁNINGARSKYLDIR SJÚKDÓMAR

Dýr almennt:

C612	Bogfrymlasótt	Toxoplasmosis – *Toxoplasma gondii*
I003	Bólusótt	Pox disease – *Poxviridae*
C615	Bótulismi	Botulism – *Clostridium botulinum*
C616	Clostridíasýkingar	Clostridiosis – *Clostridium* ssp. (Other than *Clostridium chauvoei, Cl. perfringens* type C og *Cl. botulinum*)
C620	Hníslasótt	Coccidiosis – *Eimeria* spp./*Isospora* spp.
C611	Hvanneyrarveiki	Listeriosis – *Listeria monocytogenes*
C613	Ígerðarsótt	Melioidosis – *Burkholderia pseudomallei*
C618	Kjálkabris	Actinomycosis – *Actinomyces* ssp.
C705/C752	Kýlapest	Caseous lymphadenitis – Ulcerative lymphangitis – *Actinobacillus lignieresii/Corynebacterium pseudotuberculosis*
I004	Lungnapest	Pasteurellosis – *Pasteurella multocida/P. haemolytica*
C617	Lungnadrep	Other pasteurellosis – *Pasteurella* ssp. (Other than *Pasteurella multocida*)
C614	Pestbjúgur	Blackleg – *Clostridium chauvoei*
C621	Ögðuveiki	Liver fluke disease – Distomatosis – *Fascicola hepatica*

Hross:

I101	Herpeskvef	Equine herpesvirus 2 (EHV-2) – *Herpesviridae*
C751	Herpesútbrot	Equine coital exhanthema (EHV-3) – *Herpesviridae*
I102	Húðsveppur	*Trichophyton equinum/T. mentagrophytes*

Sauðfé og geitur:

C701	Smitandi munnangur	Orf – Contagious echtyma (CE) – *Poxviridae*
I306	Tannlos	Broken mouth

Svín:

I405	Bjúgveiki	Edema disease – *E. coli* O138/O139/O140/O141
I406	Blóðskita	Swine dysentery – *Brachyspira hyodysenteriae*
I407	Garnadrep	Necrotic enteritis – *Clostridium perfringens* type C
I408	Gothiti	Mastitis-metritis-agalactia syndrome (MMA)
C801	Rauðsýki	Swine erysipelas – *Erysipelothrix rhusiopathiae*
I409	Smitandi fósturdauði	Porcine parvovirus (PPV) – *Parvoviridae*
B251	Snúðtrýni	Atrophic rhinitis of swine – *Pasteurella multocida* tox +
I410	Svínakláði	Sarcoptes mange – *Sarcoptes scabiei* var. *suis*
I411	Svínakregða	Endemic pneumonia (EP) – *Mycoplasma pneumonia*
I412	Þarmabólga	Porcine intestinal adenomatosis (PIA) – *Lawsonia intracellularis*

Hundar, kettir og loðdýr:		
I509	Eyrnamaur	Ear mites – *Otodectes cynotis*
I510	Kattafár	Feline leukemia virus – *Retroviridae*
I511	Kattamaur	Cheyletiellosis – *Cheyletiella parasitovorax*
I512	Smáveirusótt	Canine parvovirus – *Parvoviridae*
I513	Smitandi heila- og lifrarbólga	Hepatitis contagiosa canis (HCC)/Fox encephalitis – (CAV-1) – *Adenoviridae*
Alifuglar:		
I604	Blávængjaveiki	Chicken infectious anemia (CIA) – *Parvoviridae*
C856	Hvítblæði	Avian leucosis – *Retroviridae*
I605	Fuglakregða	Avian mycoplasmosis – (Other than *M. gallisepticum* and *M. meleagridis*)
Eldisfiskar:		
I718	Fiskaberklar	Mycobacteriosis – *Mycobacterium marinum*
I719	Kýlaveikibróðir	Ulcer disease – *Aeromonas salm.* spp. *achromogenes*
I720	Klamydíuveiki	Epitheliocystis – *Chlamydia* spp.
I721	Roðdrep í klaklaxi	Ulcerative dermatic necrosis (UDN)
I722	VEN-veiki	Viral erythrocytic necrosis – *Iridoviridae*
I723	Vetrarsár	Winter ulcers – *Moritella viscosa*
I724	Víbríuveiki	Vibriosis – *Vibrio anguillarum*
I725	Vörtuveiki	Papillomatosis – *Herpesviridae*

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1098. Frumvarp til laga [314. mál]

um breyting á barnalögum, nr. 20 22. maí 1992.

(Eftir 2. umr., 23. apríl.)

1. gr.

Á eftir 37. gr. laganna kemur ný grein, 37. gr. A, sem hljóðar svo:

Sýslumaður skal bjóða aðilum umgengnis- og forsjármála sérfræðiráðgjöf til lausnar máli. Tilgangur ráðgjafar er að aðstoða aðila við að finna lausn máls með tilliti til þess sem er barni fyrir bestu. Sýslumaður skal einnig bjóða barni, sem náð hefur tólf ára aldri, ráðgjöf og getur einnig boðið yngra barni ráðgjöf ef hann telur það þjóna hagsmunum þess.

Sýslumaður getur látið hjá líða að bjóða sérfræðiráðgjöf skv. 1. mgr. ef hann telur hana ónauðsynlega eða þýðingarlausa.

Þeim sem veitir ráðgjöf skv. 1. mgr. er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt skulu fara skv. 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Brot á þagnarskyldu varðar refsingu skv. XIV. kafla almennra hegningarlaga.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um ráðgjöf skv. 1. mgr., svo og um tilhögun þjónustusamninga við þá sem annast slíka ráðgjöf.

2. gr.

1. málsl. 38. gr. laganna hljóðar svo: Nú tálmar aðili, sem hefur forsjá barns, þeim sem á umgengnisrétt samkvæmt úrskurði að njóta umgengni við barnið og getur sýslumaður þá að kröfu þess sem meinuð er umgengnin skyldað þann sem með forsjá barnsins fer til að láta af tálmunum að viðlögðum dagsektum að fjárhæð allt að 5.000 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2001.

1099. Nefndarálit [481. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta er fylgifrumvarp tveggja annarra frumvarpa sem viðskiptaráðherra flytur um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög. Í nefndarálitum með þeim frumvörpum, annars vegar um breytingar á samvinnufélögum sem lúta að innlánsdeildum og hins vegar um breytingar á rekstrarumgjörð samvinnufélaga, kemur fram afstaða minni hlutans til þessara mála, m.a. að óeðlilegt sé að veita samvinnufélögum skattaívilnanir umfram þær sem gilda um hlutafélög. Vísar minni hlutinn um rökstuðning fyrir afstöðu sinni til þeirra nefndarálita og einnig til umsagnar ríkisskattstjóra frá síðasta þingi þar sem fram kemur að ríkissjóður afsali sér skatttekjum með slíkum ívilnandi reglum.

Alþingi, 20. mars 2001.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm. Margrét Frímannsdóttir.

1100. Nefndarálit [367. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Með frumvarpinu er lagt til, eftir breytingar meiri hluta allsherjarnefndar, að við 4. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála (oml.), sbr. lög nr. 36/1999, bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: „Sá sem á hagsmuna að gæta getur kært ákvörðun ríkissaksóknara um synjun á rannsókn til dómsmálaráðherra. Nú ákveður ráðherra að rannsókn fari fram og setur hann þá sérstakan saksóknara til að fara með og rannsaka málið.“

Umsagnir bárust frá Dómarafélagi Íslands, laganefnd Lögmannafélags Íslands, lögreglustjóranum í Reykjavík, ríkissaksóknara, dómstólaráði og Sýslumannafélagi Íslands. Lögðust

allir umsagnaraðilar gegn lögfestingu frumvarpsins á sömu forsendum, þ.e. að með lögfestingu þess væri vegið að grundvallarreglunni um sjálfstæði ákæruvalds.

Þróun ákæruvalds.

Allt frá setningu laga nr. 27/1951 hefur réttarþróun varðandi meðferð ákæruvalds verið að þróast frá rannsóknarréttarfari til ákæruréttarfars. Með setningu laganna frá 1951 var ákæruvaldið flutt að mestu frá dómurum til dómsmálaráðherra. Segja má að þessi breyting marki upphaf ákæruréttarfars hér á landi. Þetta var þó aðeins fyrsta skrefið. Til þess að hugmyndafræðin að baki ákæruréttarfari gengi upp varð að færa ákæruvaldið frá stjórnvöldum til sjálfstæðrar stofnunar sem væri óháð fyrirmælum framkvæmdarvalds og stjórnmálamanna í einstökum málum. Það var gert með lögum um saksóknara ríkisins árið 1961. Ákæruvaldið er því nú hjá ríkissaksóknara sem er æðsti handhafi ákæruvalds í landinu. Meginreglan er því sú að ákvörðunum hans verður ekki skotið til dómsmálaráðherra þar sem ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvalds í landinu; ákvarðanir hans eru því fullnaðarákvarðanir að því er varðar sakarannsóknir. Í lögum er þó að finna eina undantekningu frá meginreglunni um að ríkissaksóknari sé æðsti handhafi ákæruvalds. Í 2. mgr. 26. gr. laga um meðferð opinberra mála er ákvæði þess efnis að telji dómsmálaráðherra ákvörðun ríkissaksóknara um niðurfellingu máls fjarstæða eða löglausa getur ráðherra lagt til við forseta Íslands að ákvörðunin verði felld úr gildi og mál höfðað í því skyni. Þetta ákvæði felur ekki í sér fráhvarf frá þeirri stefnu sem mörkuð var með stofnun embættis saksóknara ríkisins 1961.

4. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Fyrir tveimur árum var lögfest nýtt ákvæði, sem nú er 4. mgr. 66. gr. oml., þess efnis að þegar sérstaklega standi á sé ríkissaksóknara heimilt að mæla fyrir um rannsókn þótt ætla megi að refsingu verði ekki við komið, svo sem vegna þess að sök er fyrnd, ef ríkir almanna- eða einkahagsmunir mæla með því. Með öðrum orðum, í lögum er heimild til þess að taka til rannsóknar mál, þótt ljóst sé að refsingu verði ekki við komið, ef ríkissaksóknari telur það þjóna ríkum almanna- og einkahagsmunum. Þetta ákvæði er í eðli sínu andstætt tilgangi sakarannsókna, því að eins og fram kemur í 67. gr. oml. er markmið sakarannsókna að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða hvort sækja skuli menn til saka eður ei. Í þeim tilvikum þar sem sök er fyrnd kemur ekki til álita að gefa út ákæru, því er það markmið horfið út úr rannsókninni. Það breytir ekki hinu að rannsókn samkvæmt oml. hefst ekki nema fyrir liggi vitneskja eða grunur um að refsiverð háttsemi hafi verið framin og því miðar rannsókn samkvæmt þeim lögum að því að varpa ljósi á það. Það breytir engu að því er varðar rannsóknina sjálfa hvort að henni lokinni verður gefin út ákæra eður ei, rannsóknin fer eins fram.

Dómsmálaráðuneytið hefur túlkað 4. mgr. 66. gr. svo að ákvörðun ríkissaksóknara um að hefja ekki rannsókn sé ekki kæranleg til ráðuneytisins, sbr. bréf ráðuneytisins til Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, dags. 5. desember 2000, en hann hafði óskað eftir því að ráðuneytið endurskoðaði ákvörðun ríkissaksóknara skv. 4. mgr. 66. gr. oml. Í því bréfi var lögmanninum tilkynnt sú ákvörðun dómsmálaráðherra að hann hygðist leggja fram frumvarp á Alþingi til breytinga á lögum um meðferð opinberra mála þannig að unnt verði að skjóta ákvörðunum ríkissaksóknara skv. 4. mgr. 66. gr. til dómsmálaráðherra. Í bréfi ráðuneytisins segir enn fremur: „Verði umrætt frumvarp að lögum mun ráðuneytið taka mál skjólstæðings yðar til meðferðar að eigin frumkvæði á grundvelli breyttra laga.“

Ákæruvaldið.

Í ákæruvaldinu felst margt, m.a. réttur til að ákveða að rannsókn skuli fara fram eða henni skuli hætt, hvað skuli rannsakað o.s.frv., enda jafnan endanlegt markmið slíkra rannsókna að ákærandi geti tekið ákvörðun á grundvelli hennar hvort ákært skuli eður ei. Samkvæmt 5. mgr. 27. gr., 2. mgr. 66. gr., 2. mgr. 77. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, með síðari breytingum, getur ríkissaksóknari kveðið á um rannsókn máls, mælt fyrir um framkvæmd hennar og fylgst með henni. Þá er það enn fremur á hans valdi að taka „fullnaðarákvörðun um hvort rannsókn skuli fara fram eða ekki“, sbr. 2. mgr. 76. gr. laganna. Er ljóst af þessum og öðrum ákvæðum að það er ríkissaksóknari sem fer með æðsta vald hér á landi við rannsókn opinberra mála, sbr. skýr orð 2. mgr. 25. gr. laganna.

Efnisregla frumvarpsins.

Í ljósi alls þessa er rétt að reyna að átta sig á því hvers konar efnisreglu er hér ætlunin að lögfesta. Áður en lengra er haldið er rétt að rifja það upp að rannsókn opinberra mála hefur það sem meginmarkmið að afla allra nauðsynlegra gagna svo að mögulegt sé að ákveða hvort maður skuli sóttur til saka eður ei. Það er gert þannig að öll atriði sem lúta að hinni refsiverðu háttsemi eru rannsökuð hvort sem þau eru líkleg til að leiða til sektar eða sýknu. Sú rannsókn sætir svo eðlilegri endurskoðun hjá dómstólum komi til þess að ákæra sé gefin út á grundvelli rannsóknarinnar. Rannsókn á máli þar sem sök er fyrnd hefur ekki það markmið að afla gagna svo að mögulegt sé að ákveða hvort maður skuli sóttur til saka eður ei vegna þess að sök er fyrnd og því verður ákæra ekki gefin út. Það breytir ekki því að rannsókn, samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, hefur það markmið að leiða í ljós hvort refsiverð háttsemi hafi verið framin og hver framdi þá háttsemi. Í þeim efnum breytir engu hvort sök er fyrnd eður ei, rannsóknin hefur sama tilgang. Sá er munurinn að sú rannsókn mun ekki koma til endurskoðunar hjá dómstólum því að aldrei mun verða ákært í málinu. Það er því vandasöm ákvörðun að ákveða að rannsókn vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi, þar sem sök er fyrnd, skuli fara fram. Með því að ákveða að rannsókn skuli fara fram er því verið að segja að fram sé komin vitneskja eða grunur um að refsiverður verknaður hafi verið framinn skv. 2. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála en sú rannsókn mun aldrei koma til endurskoðunar hjá dómstólunum. Þeir sem eru grunaðir um refsiverða háttsemi munu eiga erfitt með að hnekkja niðurstöðu rannsakenda því að málið mun ekki koma fyrir dómstóla, a.m.k. ekki sem sakamál. Með því frumvarpi sem hér liggur fyrir er verið að leggja til að dómsmálaráðherra geti endurskoðað ákvörðun ríkissaksóknara um að taka fyrnd mál ekki til rannsóknar. Það er mjög vandasöm ákvörðun að ákveða að rannsaka mál þar sem sök er fyrnd. Í ljósi þess að rannsókn samkvæmt oml. fer ekki fram nema fyrir liggi grunur um að refsiverð háttsemi hafi verið framin er augljóst að æra manna er í húfi þegar slíkar ákvarðanir eru teknar. Þetta verður öllu alvarlegra þegar ætlunin er að fela stjórnmálamanni þetta vald eins og hér er lagt til því hafa verður í huga að sú rannsókn sem færi fram samkvæmt frumvarpinu yrði ekki endurskoðuð af dómstólum. Hér er ekki verið að halda því fram að núverandi dómsmálaráðherra eða dómsmálaráðherrar framtíðarinnar muni nota þessa heimild til að hafa æruna af mönnum en sú hætta yrði vissulega til staðar.

Rannsóknin.

Með því að heimila dómsmálaráðherra að endurskoða ákvörðun ríkissaksóknara er verið að fela honum að endurmeta gögn sem ríkissaksóknari byggði ákvörðun sína á um að hafna rannsókn. Við þetta mat hyggst löggjafinn ekki leggja ráðherranum neinar línur aðrar en þær að um ríka almanna- eða einkahagsmuni kunni að vera að ræða. Með því að taka ákvörðun

um rannsókn er því óbeint verið að bera menn sökum; sökum sem menn kunna hugsanlega aldrei að geta borið af sér. Í þessu frumvarpi eru ekki sett nein skilyrði um það að einhverjar aðstæður eða ómöguleiki hafi verið uppi sem geri það að verkum að málið var aldrei tekið til skoðunar eða rannsókn þess hætt. Það er jafnan alvarleg ákvörðun að hefja opinbera rannsókn samkvæmt oml. vegna þess að í slíkri ákvörðun felst að fram séu komin gögn sem bendi til þess að refsiverður verknaður hafi verið framinn. Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum að þegar slíkt vald er komið í hendur stjórnmálamanna er alltaf hætta á að því kunni að verða beitt í samræmi við það. Það er enn fremur spurning hvernig menn hyggjast standa að slíkri rannsókn. Munu einstaklingar verða yfirheyrðir sem vitni eða sakborningar? Það liggur ekki fyrir, enda hefur það ekkert verið rætt né gerð tilraun til að skýra það í greinargerð. Þá vaknar enn fremur spurning um hverjir muni sjá um þessar rannsóknir með hinum sérstaka saksóknara, hvort skipa þurfi sérstaka sveit manna í verkefnið því að ríkissaksóknari er áfram yfirmaður rannsókna í landinu, auk þess sem flestum er kunnugt að lögregluembættin hafa ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að taka að sér aukaverkefni.

Þá er vert að nefna það að hvergi í þeim löndum sem við höfum viljað bera okkur saman við er að finna heimild eins og þá sem hér er ætlunin að lögfesta. Þetta yrði því einstakt hér á landi. Þá ber einnig að hafa í huga að dómstólar geta fjallað um ákvarðanir ríkissaksóknara, sbr. 2. mgr. 26. gr. oml., og fellt þær úr gildi. Þar falla einnig undir ákvarðanir skv. 4. mgr. 66. gr.

Niðurlag.

Þegar menn reyna að átta sig á eðli ákæruvalds, nauðsyn á sjálfstæðu ákæruvaldi, markmiðum opinberra rannsókna og þeirri þróun sem hefur orðið hér á landi undanfarna áratugi að því er varðar meðferð ákæruvalds er erfitt að átta sig á því hvað mönnum gengur til með þessari lagabreytingu. Eina sýnilega tilefnið, og reyndar í eina skiptið sem reynt hefur á 4. mgr. 66. gr., kemur fram í svari ráðuneytisins við erindi hæstaréttarlögmannsins frá því 5. desember sl., sem vitnað er til hér að framan. Það vekur sérstaka eftirtekt í umræddu bréfi að ráðuneytið lýsir yfir því að það muni taka það mál upp að eigin frumkvæði verði þetta frumvarp að lögum. Hvort í því felist yfirlýsing ráðuneytisins um að ákvörðun ríkissaksóknara hafi verið röng skal ósagt látið en tíminn mun leiða það í ljós verði þetta frumvarp að lögum.

Það kom fram á fundi allsherjarnefndar að tilefni þessa frumvarps er mál það sem vitnað er til hér að framan og ráðuneytið svaraði erindi um með bréfi dagsettu 5. desember sl. Það er því tilefni til að ræða það sérstaklega hvort eðlilegt sé að grípa til svo viðamikilla breytinga á lögum um meðferð opinberra mála, breytinga sem stríða gegn grundvallarhugsun laganna. Ef vilji hefur staðið til þess að þetta tiltekna mál yrði tekið sérstaklega fyrir hefði verið miklu eðlilegra að setja um það sérlög, eins og t.d. Danir hafa gert í einhverjum tilvikum. Það að ætla sér að setja almenn lög, þar sem sjálfstæði ríkissaksóknara er skert eins og raun ber vitni, telur minni hlutinn alvarlega aðför að sjálfstæði embættis ríkissaksóknara og að ákæruvaldinu í landinu.

Að lokum er nauðsynlegt að nefna það að í lögum er heimild til að taka til rannsóknar mál þar sem sök er fyrnd, sbr. 4. mgr. 66. gr. oml. Það sem hér er verið að gera er að lögfesta undantekningarreglu frá þeirri meginreglu að ríkissaksóknari sé æðsti handhafi ákæruvalds með því að heimila stjórnsýslukæru til dómsmálaráðherra í því tilviki að ríkissaksóknari synjar um að hefja rannsókn á máli þar sem sök er fyrnd. Eins og rakið var hér að framan verður ekki gefin út ákæra vegna rannsóknar sem fram fer undir þessum kringumstæðum, rannsóknin verður því ekki sett undir mælistiku dómstóla. Slík rannsókn getur orðið einstak-

lingum miklu þungbærari en rannsókn sem leiðir á endanum til þess að ákæra er gefin út þar sem dómstólar endurskoða þá rannsókn við meðferð málsins. Í tilvikum þar sem sök er fyrnd eiga einstaklingar sem liggja undir grun ekki annarra kosta völ en að höfða ærumeiðingamál á hendur dómsmálaráðherra vilji þeir fá rannsóknina endurmetna eða telji þeir niðurstöðu hennar ekki sannleikanum samkvæma.

Ekki er hægt að líta framhjá því að upp kunna að koma tilvik þar sem ríkissaksóknari, sem æðsti yfirmaður opinberra rannsókna, á erfitt um vik að ákvarða hvort mál skuli rannsakað þrátt fyrir að sök sé fyrnd, t.d. ef grunur leikur á að rannsakendur hafi komið sök á einstaklinga eða rannsókn tiltekins sakamáls öll verið í skötulíki. Eðlilegra væri að löggjafinn, að frumkvæði dómsmálaráðherra, setti sérlög um rannsóknir í slíkum tilvikum og bæri þá ábyrgð á slíkri rannsókn. Líkar hugmyndir mundi minni hlutinn geta stutt. En að ætla sér að setja almenn lög sem heimila dómsmálaráðherra að taka ákvörðun ríkissaksóknara til endurskoðunar án nokkurra takmarkana er með eindæmum og á sér enga hliðstæðu í löggjöf þeirra ríkja sem við viljum bera okkur saman við.

Guðrún Ögmundsdóttir var fjarverandi við umræður og afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. apríl 2001.

Lúðvík Bergvinsson.

Eftirfarandi fylgiskjölum var útbýtt með nefndarálitinu:

I. Umsögn Dómarafélags Íslands.
II. Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands.
III. Umsögn lögreglustjórans í Reykjavík.
IV. Umsögn dómstólaráðs.
V. Umsögn Sýslumannafélags Íslands.
VI. Umsögn ríkissaksóknara.
VII. Bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

1101. Þingsályktun [447. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2000, um breytingar á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 713.

1102. Nefndarálit [313. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Í frumvarpinu er lagt til að refsimörk vegna fíkniefnabrota verði hækkuð úr tíu árum í tólf ár. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að engin skoðun hefur farið fram á því hvaða áhrif þyngri refsingar kunni að hafa eða hvaða varnaðaráhrif auknar refsingar kunna að hafa. Minni hlutinn gerir athugasemdir við það að þessi málaflokkur sé tekinn út að því er virðist með tilviljanakenndum hætti og refsimörk hækkuð. Að baki þessari ákvörðun býr ekki annað en tilfinning fyrir því að dómar í fíkniefnamálum kunni að vera þróast þannig að tíu ára refsiramminn sé ekki nægilegur. Það hefur komið fram að undanförnu að lögreglan hefur lagt hald á meira magn fíkniefna undanfarið en nokkru sinni fyrr. Það bendir sterklega til þess að innflutningur sé meiri en verið hefur. Af því má ráða að hertar refsingar og þyngri dómar hafi ekki haft þau áhrif sem að var stefnt. Það ber að mati minni hlutans ekki vott um vandaða löggjafarstarfsemi að einn brotaflokkur skuli tekinn út með þessum hætti án þess að baki því liggi rannsóknir eða rök sem hald er í.

Alþingi, 24. apríl 2001.

Lúðvík Bergvinsson, frsm. Guðrún Ögmundsdóttir.

1103. Breytingartillaga [526. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um bókasafnsfræðinga, nr. 97/1984.

Frá Sigríði A. Þórðardóttur.

Í stað orðanna „Upplýsingar – félags bókasafns- og upplýsingafræðinga“ í efnismálsgrein d-liðar 2. gr. komi: Upplýsingar – félags bókasafns- og upplýsingafræða.

1104. Lög [201. mál]

um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 211.

1105. Lög [254. mál]

um lækningatæki.

(Afgreidd frá Alþingi 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 1094.

1106. Lög [261. mál]

um framkvæmd samnings um bann við notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutningi jarðsprengna gegn liðsafla og um eyðingu þeirra.

(Afgreidd frá Alþingi 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 288.

1107. Lög [265. mál]

um framkvæmd samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn.

(Afgreidd frá Alþingi 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 1095.

1108. Lög [285. mál]

um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78 26. maí 1997.

(Afgreidd frá Alþingi 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 1096

1109. Lög [291. mál]

um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 1097.

1110. Lög [314. mál]

um breyting á barnalögum, nr. 20 22. maí 1992.

(Afgreidd frá Alþingi 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 1098.

1111. Lög [504. mál]

um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

(Afgreidd frá Alþingi 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 791.

1112. Fyrirspurn [696. mál]

til sjávarútvegsráðherra um rekstur skólaskips fyrir grunnskólanemendur.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hve margir nemendur hafa farið með skólaskipinu Dröfn meðan það hefur þjónað sem slíkt?
2. Frá hve mörgum grunnskólum koma þessir nemendur og hve mörgum sveitarfélögum?
3. Hver hafa viðbrögð nemenda og kennara verið við ferðum skólaskipsins?
4. Hvernig hefur kennsla farið fram um borð í bátnum?
5. Hvernig hyggst ráðherra haga rekstri skólaskips í framtíðinni?

1113. Fyrirspurn [697. mál]

til heilbrigðisráðherra um samtengingu sjúkraskráa.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur og Þuríði Backman.

1. Telur ráðherra heimilt að tengja sjúkraskrár á milli:
   a. heilsugæslustöðva eða heilbrigðisstofnana,
   b. heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa,
   c. aðgreindra deilda innan sjúkrahúsa,
   d. sjúkrahúsa?

2. Ef svo er, á hvaða lagaheimildum og útgefnum reglum er byggt í hverju tilviki (sbr. a–d-liði 1. tölul.)?
3. Er ráðuneytinu kunnugt um að brotið hafi verið gegn settum reglum og fyrirmælum um fyrrgreind atriði?
4. Hvaða tryggingu hefur sjúklingur fyrir því að upplýsingar sem hann gefur lækni um heilsu sína og hagi séu ekki aðgengilegar læknum sem ekki stunda viðkomandi sjúkling eða einstaklingum úr öðrum heilbrigðisstéttum?

Skriflegt svar óskast.

1114. Fyrirspurn [698. mál]

til iðnaðarráðherra um viðbrögð við erindi verkefnisstjórnar rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvaða afgreiðslu hlaut erindi verkefnisstjórnar rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma frá 30. október 2000 til iðnaðarráðherra um mat á öðrum nýtingarkostum landsins norðan Vatnajökuls en þeim að reisa þar Kárahnjúkavirkjun með tengdum veitum?
2. Er þess að vænta að jafnhliða mati á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar verði lagt fram einhvers konar mat á þeim kosti að stofnaður verði þjóðgarður á svæðinu, eins og óskað var eftir af náttúruverndar- og umhverfissamtökum í lok júní á síðasta ári?

Skriflegt svar óskast.

1115. Fyrirspurn [699. mál]

til heilbrigðisráðherra um úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Frá Ástu Möller.

Hverjir hafa fengið úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra, til hvaða framkvæmda og hversu háar fjárhæðir frá 1990 til og með árinu 2000?

Skriflegt svar óskast.

1116. Fyrirspurn [700. mál]

til félagsmálaráðherra um atvinnuleysisbætur.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hve mörgum var synjað um atvinnuleysisbætur árið 2000 vegna þess að þeir uppfylltu ekki þau ákvæði laga um atvinnuleysisbætur að geta unnið öll almenn störf?

1117. Fyrirspurn [701. mál]

til félagsmálaráðherra um tilraunaverkefnið „Atvinna með stuðningi“.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hver hefur verið árangur tilraunaverkefnisins „Atvinna með stuðningi“ og hvaða áform eru uppi um framtíð þess?

1118. Fyrirspurn [702. mál]

til menntamálaráðherra um framhaldsskólanám fyrir þroskahefta.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Munu öll þroskaheft ungmenni sem sækja um skólavist í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu þar sem boðið er upp á sérstakar námsbrautir fyrir þroskahefta næsta skólaár fá skólavist í þeim skólum sem þau velja sér?
2. Munu þau þroskaheftu ungmenni sem nú stunda nám á þriðja skólaári í framhaldsskóla fá tækifæri til að hefja nám á fjórða námsári næsta skólaár?

Skriflegt svar óskast.

1119. Fyrirspurn [703. mál]

til forsætisráðherra um stjórnsýslu á varnarsvæðinu á Miðnesheiði og Keflavíkurflugvelli.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Telur ráðherra mögulegt að stjórnsýsla sem nú heyrir undir tvö ráðuneyti geti gert það áfram þótt starfsemin færist inn á varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli, t.d. ef innanlandsflug flyst til Keflavíkurflugvallar?

2. Telur ráðherra ástæðu til vegna Schengen-samningsins og aukinna umsvifa í Flugstöð Leifs Eiríkssonar að skoða sameiningu sýslumannsembættanna í Keflavík og á Keflavíkurflugvelli?
3. Er að mati ráðherra ástæða til að viðhalda því fyrirkomulagi að öll stjórnsýsla í kringum almenna starfsemi á varnasvæðum á Miðnesheiði heyri undir utanríkisráðuneytið þótt hún tengist ekki beint varnarliðinu?

1120. Lög [526. mál]

um breyting á lögum um bókasafnsfræðinga, nr. 97/1984.

(Afgreidd frá Alþingi 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 822 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: þeim sem lokið hafa BA-prófi frá Háskóla Íslands með bókasafns- og upplýsingafræði sem aðalgrein er jafngildir a.m.k. 60 námseiningum.
b. Í stað orðsins „bókasafnsfræði“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: bókasafns- og upplýsingafræði.
c. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo: þeim sem tekið hafa lokapróf frá háskóla og framhaldsgráðu í bókasafns- og upplýsingafræði til viðbótar, þ.e. MA, MLS eða sambærilega háskólagráðu.
d. 2. mgr. orðast svo:
Áður en leyfi er veitt skv. 3. og 4. lið skal leita umsagnar Upplýsingar – félags bókasafns- og upplýsingafræða, Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga og bókasafns- og upplýsingafræðiskorar við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

1121. Fyrirspurn [704. mál]

til félagsmálaráðherra um tímabundin atvinnuleyfi dansara á næturklúbbum.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Hvernig er háttað afgreiðslu umsókna um tímabundin atvinnuleyfi skv. 7. gr. laga nr. 133/1994, um atvinnuréttindi útlendinga, fyrir dansara á næturklúbbum, þar sem ASÍ veitir ekki lengur umsagnir um slíkar umsóknir?
2. Hvernig hyggst félagsmálaráðherra leysa þetta mál?
3. Hversu margar umsóknir um tímabundin atvinnuleyfi fyrir dansara hafa verið afgreiddar frá áramótum og hversu margar óafgreiddar umsóknir liggja fyrir um slík atvinnuleyfi?

Skriflegt svar óskast.

1122. Fyrirspurn [705. mál]

til dómsmálaráðherra um eftirlit á nektarstöðum.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Hvað líður afgreiðslu á tillögu samstarfsnefndar Reykjavíkurborgar, dómsmálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og samgönguráðuneytis um endurskoðun á reglugerð nr. 587/1987, um löggæslu á skemmtunum og um slit á skemmtunum og öðrum samkvæmum, í framhaldi af breytingum á lögum nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, með það að markmiði að kveða nánar á um og auðvelda eftirlit lögreglu með starfsemi veitingastaða, þar á meðal nektarstaða?
2. Í hverju felst eftirlit lögreglu með nektarstöðum og á hvaða hátt er það framkvæmt?
3. Hefur eftirlit verið aukið með nektarstöðum í kjölfar skýrslu dómsmálaráðherra um vændi? Ef svo er, hvernig er það framkvæmt?

Skriflegt svar óskast.

1123. Fyrirspurn [706. mál]

til dómsmálaráðherra um akstur og hvíldartíma ökumanna í innanlandsflutningum.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hefur verið lagt mat á þann mismun sem er á afkastamöguleikum vöruflutninga- og fólksflutningafyrirtækja á Íslandi, sbr. reglugerð nr. 8/1996, lög nr. 68/1996, sbr. lög nr. 3/1987, og reglugerð nr. 309/1996, og þeirra fyrirtækja í öðrum EES-ríkjum sem starfa samkvæmt samsvarandi lögum og reglum?
2. Hefur verið gerð athugun á því hvaða ívilnanir er unnt að veita vegna sérislenskra aðstæðna, svo sem smæðar, veðurfarsaðstæðna og gjörólíks vegakerfis? Ef svo er, hverjar eru þær?
3. Til hvaða aðgerða hefur verið gripið til að mæta árstíðabundnum aðstæðum, svo sem fiskflutningum að vetri og sumri, með hliðsjón af að reglugerðir og lög hafa leitt til þrenginga í rekstri á Íslandi í þessari atvinnugrein miðað við Evrópulöndin, sérstaklega hvað varðar einstaklinga í rekstri?
4. Telur ráðherra ekki ástæðu til að nýta til fullnustu þau sérákvæði sem gefast vegna íslenskra aðstæðna, m.a. með heimild til áritunar ökurita?

Skriflegt svar óskast.

1124. Breytingartillaga [193. mál]

við frv. til l. um breyt. á fjarskiptalögum, nr. 107/1999.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
3. mgr. 44. gr. laganna fellur brott.

1125. Nefndarálit [369. mál]

um breyt. á l. nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Óskar Maríusson frá Samtökum atvinnulífsins, Ingimar Sigurðsson frá umhverfisráðuneyti, Sigurbjörgu Gísladóttur frá Hollustuvernd ríkisins, Sigríði Andersen frá Verslunarráði Íslands, Kristján Sigmundsson frá Halldóri Jónssyni ehf., Frank Pitt frá Pharmaco og dr. Þorkel Jóhannesson.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Samtökum atvinnulífsins, SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu, Verslunarráði Íslands, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Hollustuvernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, Vinnueftirliti ríkisins, landlæknisembættinu og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að í því séu atriði sem ekki geti beðið heildarendurskoðunar laganna. Ýmist sé um að ræða nauðsynlegar breytingar vegna þess að ekki sé tekið á málum í lögum eða til að eyða réttaróvissu.

Í fyrsta lagi er lagt til að sett verði í lögin skýr og ótvíræð ákvæði um að fegrunar- og snyrtiefni falli undir lögin svo að tryggt verði að á markaði séu ekki slíkar vörur sem innihalda eiturefni og hættuleg efni. Í öðru lagi er gerð tillaga um að Hollustuvernd ríkisins geti tekið gjald fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast samkvæmt lögunum. Loks er um hreina leiðréttingu að ræða þar sem umhverfisráðherra er falin yfirstjórn mála samkvæmt lögunum þar sem málaflokkurinn færðist í reynd til hans frá heilbrigðisráðherra 1. júní 1994 án þess að lögunum væri breytt í samræmi við það.

Nefndin telur nauðsynlegt að tryggja að á markaði sé ekki að finna fegrunar- og snyrtiefni sem innihalda eiturefni og hættuleg efni. Hins vegar tekur nefndin fram að aðgerðir í þeim tilgangi megi ekki íþyngja viðskiptum með slíkar vörur óþarflega, t.d. með því að farið verði að rannsaka efni sem þegar hafa verið rannsökuð af viðurkenndum rannsóknastofum og niðurstöður liggja fyrir eða vörur sem fylgja vottorð um að þær uppfylli kröfur Evrópusambandsins. Nefndin telur því að við framkvæmd laganna verði jafnframt að tryggja að sú verði ekki reyndin.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Ólafur Örn Haraldsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Katrín Fjeldsted voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. apríl 2001.

Kristján Pálsson, varaform., frsm.	Ásta Möller.	Gunnar Birgisson.
Jóhann Ársælsson.	Kolbrún Halldórsdóttir.	Ólafía Ingólfsdóttir.

1126. Breytingartillaga [480. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á tímabilinu 1. júní 2001 til 1. júní 2004 má eigi selja hluti núverandi eignaraðila í Orkubúi Vestfjarða. Að þeim tíma liðnum má selja hluti eigenda, enda liggi fyrir því samþykki allra hluthafa.

1127. Nefndarálit [505. mál]

um frv. til l. um hönnunarrétt.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðarráðuneyti og Borghildi Erlingsdóttur frá Einkaleyfastofunni. Umsagnir bárust um málið frá Landssambandi hugvitsmanna, SVESI – Samtökum um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, og Samtökum iðnaðarins. Ekki bárust fleiri umsagnir þrátt fyrir að frumvarpið væri sent út til á annan tug aðila.

Frumvarpinu er ætlað að laga íslenska löggjöf um hönnunarrétt að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um lögvernd hönnunar, nr. 98/71/EB, og jafnframt að lögleiða ákvæði sem gera ráð fyrir aðild Íslands að Genfarsamningnum frá 2. júlí 1999 um breytingu á Haagsamningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að íslensk löggjöf á þessu sviði verði samræmd sams konar löggjöf annars staðar á Norðurlöndum.

Frumvarpið er ekki mjög frábrugðið gildandi lögum um hönnunarvernd þó svo að með því sé lagt til að sett verði ný heildarlög um hönnun og rétt á henni. Þetta stafar af því að í gildandi lög um hönnunarvernd var þegar búið að taka ýmis ákvæði EB-tilskipunarinnar. Helstu efnisbreytingar frumvarpsins eru þær að ekki er lengur gert ráð fyrir óskráðri hönnunarvernd og að unnt verður að sækja um alþjóðlega skráningu hönnunar hér á landi að því tilskildu að

Ísland gerist aðili að Genfarsamningnum frá 2. júlí 1999 um breytingu á Haag-samningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar. Nefndin bendir á að þó svo að ákvæði núgildandi laga um óskráða hönnunarvernd falli brott samkvæmt frumvarpinu verður áfram fyrir hendi vernd á óskráðum hugverkum samkvæmt ákvæðum höfundalaga og samkeppnislaga. Nefndin ítrekar jafnframt að frumvarpið tekur eingöngu til vöru í efnislegum skilningi.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Í fyrsta lagi leggur nefndin til að 1. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að talað verði um einkarétt á hönnun í stað einkaréttar til hönnunar. Sú breyting er málfarsleg en ekki efnisleg.
2. Í öðru lagi leggur nefndin til að við tilvísun í Genfarsamninginn frá 2. júlí 1999 um breytingu á Haag-samningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar í 54. og 60. gr. frumvarpsins verði bætt orðunum „á sviði iðnaðar“, en heiti samningsins misritaðist við vinnslu frumvarpsins. Nefndin leggur jafnframt til orðalagsbreytingu á 60. gr. frumvarpsins og að í stað þess að sérstaklega sé tilgreint að iðnaðarráðherra skuli birta auglýsingu um aðild Íslands að Genfarsamningnum verði látið nægja að tilgreina „ráðherra“, sem getur þá jafnt verið utanríkisráðherra sem iðnaðarráðherra.
3. Þá leggur nefndin til að heiti frumvarpsins verði breytt þannig að það verði að frumvarpi til laga um hönnun. Þetta er til samræmis við heiti annarra laga á sviði hugverkaréttar, svo sem lög um vörumerki og lög um einkaleyfi. Þá er breytingin til samræmis við hugtakanotkun í frumvarpinu sjálfu, en þar er einkum talað um hönnun.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 24. apríl 2001.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Drífa Hjartardóttir.
Svanfríður Jónasdóttir.	Bryndís Hlöðversdóttir.	Pétur H. Blöndal.
Ólafía Ingólfsdóttir.	Árni Steinar Jóhannsson.	Árni R. Árnason.

1128. Breytingartillögur [505. mál]

við frv. til l. um hönnunarrétt.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „til hönnunar“ komi: á hönnun.
2. Við 54. gr. Við greinina bætist orðin: á sviði iðnaðar.
3. Við 60. gr. 2. málsl. 1. mgr. verði svohljóðandi: Ákvæði X. kafla laganna öðlast þó ekki gildi fyrr en við birtingu auglýsingar ráðherra um að Genfarsamningurinn frá 2. júlí 1999 um breytingu á Haag-samningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar hafi öðlast gildi að því er Ísland varðar.
4. Fyrirsögn frumvarpsins verði svohljóðandi: Frumvarp til laga um hönnun.

1129. Frumvarp til laga [707. mál]

um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.
Heimild til sölu.

Heimilt er að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf.

2. gr.
Skuldbindingar.

Um skuldbindingar og starfsemi Landssíma Íslands hf. á sviði fjarskipta fer samkvæmt leyfisbréfi útgefnu af Póst- og fjarskiptastofnun og reglugerð um alþjónustu.

3. gr.
Gildistaka.

Lög þessi taka þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Alþingi veiti heimild til að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf. Stefnt er að því að 49% af heildarhlutafé verði í eigu annarra en ríkisins í árslok 2001. Markmið sölunnar eru í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 1999. Þar var kveðið skýrt á um að halda bæri áfram einkavæðingu ríkisfyrirtækja, einkum þeirra sem eru í samkeppni við fyrirtæki í eigu einkaaðila. Í stefnuyfirlýsingunni var einnig kveðið á um að hafinn yrði undirbúningur að sölu Landssímans. Sagði að við sölu hans yrði þess gætt að tryggja góða þjónustu við byggðir landsins á sem hagstæðustu verði og einnig að tryggja virka samkeppni á fjarskiptamarkaði. Sagt var að stefnumörkun á sviði einkavæðingar færi fram í ráðherranefnd um einkavæðingu en undirbúningur og framkvæmd verkefna á þessu sviði yrði í höndum framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Áður en sala einstakra ríkisfyrirtækja hæfist yrði lögð fram í ríkisstjórn áætlun um tímasetningu, fyrirkomulag og ráðstöfun andvirðis af sölu þeirra. Þá sagði í stefnuyfirlýsingunni að tekjunum yrði varið til að greiða niður skuldir ríkissjóðs, til að fjármagna sérstök verkefni í samgöngumálum og til að efla upplýsingasamfélagið.

II. Landssími Íslands hf.

1. Almennt.

Rekja má sögu Landssímans allt aftur til ársins 1906 þegar ritsímasamband komst á við umheiminn frá Seyðisfirði. Árið 1935 var rekstur Landssímans sameinaður póstþjónustunni og til varð Póst- og símamálastofnun sem var breytt í hlutafélag 1. janúar 1997, sbr. lög um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, nr. 103/1996. Við stofnun hlutafélagsins var stjórnsýsluhlutverk Póst- og símamálastofnunar flutt til Póst- og fjarskiptastofnunar. Ári síðar var póstþjónustan svo skilin frá rekstrinum að nýju og nafni Pósts og síma hf. breytt í Landssíma Íslands hf. Þau ár, sem félagið hefur starfað sem hlutafélag, hefur rekstur-

inn tekið miklum stakkaskiptum. Unnið hefur verið markvisst við aðlögun starfseminnar að hinu nýja samkeppnisumhverfi fjarskiptanna. Öll dagleg starfsemi félagsins markast af því umhverfi sem nú hefur verið innleitt með afnámi einkaréttar ríkisins til almennrar fjarskiptaþjónustu og reksturs grunnneta.

Í kjölfar ákvæða gildandi fjarskiptalaga um samtengisamninga og opið netaframboð hafa verið undirritaðir samningar milli Landssímans og annarra fjarskiptafyrirtækja um aðgang að kerfum hans. Þá hafa nýlega verið undirritaðir samningar við önnur fjarskiptafyrirtæki um svonefnt innlent reiki í GSM-kerfi Landssímans. Með þeim samningum er viðskiptavinum annarra farsímafélaga gert kleift að tengjast GSM-kerfi Landssímans á þeim landsvæðum á Íslandi þar sem viðkomandi farsímafélag rekur ekki eigin senda. Aðgangur farsímafyrirtækja að farsímanetum annarra farsímafyrirtækja var fyrst tryggður með 21. gr. gildandi fjarskiptalaga. Með þessum samningum gengur Landssíminn hins vegar lengra en reglur kveða á um í að bjóða keppinautunum aðgang að kerfi sínu. Félagið er raunar í fararbroddi í þessum efnum ef borið er saman við það sem þekkist meðal hliðstæðra fjarskiptafélaga á Evrópska efnahagssvæðinu.

Landssíminn er alhliða fjarskiptafyrirtæki sem býður viðskiptavinum sínum alla þá þjónustu sem almennt tíðkast meðal hliðstæðra fjarskiptafyrirtækja í nágrannalöndunum. Meðal helstu þjónustuþátta Landssímans, auk reksturs grunnnets, má nefna almenna talsímaþjónustu, gagnaflutningsþjónustu, farsímaþjónustu, ADSL og ISDN, Internetþjónustu, breiðvarp, upplýsingaveitur og fjarskiptaþjónustu fyrir flugumferðarstjórn og sjófarendur. Þá á Landssíminn ríflega 7% hlut í sæstrengnum Cantat-3 sem liggur milli meginlands Evrópu og Norður-Ameríku, með viðkomu á Íslandi. Loks má nefna að félagið á aðild að rekstri alþjóðlegu gervihnattafyrirtækjanna Inmarsat, Eutelsat og Intelsat.

Í gegnum tíðina hefur Landssíminn lagt sérstaka áherslu á hraða uppbyggingu fjarskiptakerfa með hjálp nýjustu tækni á hverjum tíma. Hefur sú stefna vafalítið átt sinn þátt í þeirri þróun að Ísland er nú meðal fremstu þjóða hvað varðar þjónustuframboð, útbreiðslu og notkun í fjarskiptum.

Hjá Landssímanum starfa ríflega 1.300 manns. Fyrirtækið rekur starfsemi á 21 stað á landinu með ríflega 230 starfsmönnum utan höfuðborgarsvæðisins. Unnið hefur verið að fjölgun starfa á landsbyggðinni, t.d. með uppbyggingu þjónustumiðstöðva og svarþjónustunnar 118. Þjónustumiðstöðvar Landssímans eru nú þrjár í Reykjavík, auk miðstöðva á Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi, Akranesi, Reykjanesbæ, Ísafirði og Sauðárkróki. Þá hefur félagið einnig unnið að gerð samstarfssamninga við tækni- og þjónustufyrirtæki á öðrum stöðum á landinu.

2. Sala Landssíma Íslands hf.

Með lögum nr. 103/1996 var stofnað hlutafélag um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Samkvæmt þeim verða hlutir í félaginu ekki seldir nema með samþykki Alþingis. Með því var tryggt að hlutum yrði ekki ráðstafað nema að loknum nauðsynlegum og vönduðum undirbúningi. Af því tilefni og í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar fól samgönguráðuneytið framkvæmdanefnd um einkavæðingu að vinna tillögur um hvernig staðið skyldi að sölu hlutabréfa í Landssíma Íslands hf. Skýrsla nefndarinnar sem gefin var út 26. janúar 2001 er birt sem fylgiskjal I með frumvarpi þessu. Rekstrarumhverfi fjarskiptafyrirtækja hefur breyst í grundvallaratriðum á undanförnum árum. Með nýlegum breytingum á fjarskiptalögum, sem m.a. byggjast á tilskipunum EES, var komið á samkeppni milli símafyrirtækja í þágu neytenda. Aukin samkeppni, innan lands og erlendis, tækniþróun og kröfur notenda knýja á um að fjarskiptafyrirtæki geti brugðist við nýjum, síbreytilegum aðstæðum og áherslum á markaði. Ekki er um það deilt að fjarskiptarekstur í samkeppnisumhverfi þar sem fyrir-

tækin njóta aðhalds hluthafa er vel til þess fallinn að hraða leið nýrra og hagkvæmari tæknilausna en menn hafa áður þekkt. Þá ber þess einnig að geta að fyrirtæki sem hagnýta nýjustu tækni hafa komið fram á undanförnum mánuðum og gera auknar kröfur um aðlögunarhæfni og þjónustu Landssíma Íslands hf. Aðhald sem fylgir dreifðri eignaraðild er því líklegt til að stuðla að hagkvæmri þróun íslensks fjarskiptamarkaðar á núverandi tæknigrunni Landssímans. Hlutverk stjórnvalda í þessu nýja umhverfi er að skapa þær aðstæður að samkeppni verði raunveruleg en jafnframt að gæta hagsmuna allra landsmanna og tryggja aðgang þeirra að nútímafjarskiptaþjónustu. Við þessar aðstæður og með rekstri nýrra símafyrirtækja á íslenskum markaði er ekki aðeins eðlilegt heldur beinlínis nauðsynlegt að ríkið losi um eignarhlut sinn í Landssímanum. Þessar breyttu forsendur eru lykillinn að sölu fyrirtækisins. Ríkið mun tryggja að almennri hagsmunagæslu verði sinnt með öðrum hætti en beinni eignaraðild. Hér á landi er jafn aðgangur landsmanna að fjarskiptaþjónustu tryggður með ákvæðum fjarskiptalaga, reglugerð um alþjónustu og samkomulagi samgönguráðherra og Landssíma Íslands hf. sem mælir fyrir um ríkari skyldur en kveðið er á um í fjarskiptalögum.

III. Íslenskur fjarskiptamarkaður.

Hinn 1. janúar 1998 féll niður einkaréttur ríkisins til fjarskipta og samkeppni var heimiluð í fjarskiptum á Íslandi. Frá þeim tíma hafa mikil umskipti orðið í fjarskiptum hvað varðar tækni, þjónustu og lagasetningu. Í kjölfarið hafa fjölmörg ný fyrirtæki komið á markaðinn sem eflaust hefur hraðað framboði nýrrar þjónustu til almennings frá því sem ella hefði orðið. Fjölbreytni á markaðinum og aukin samkeppni hefur gert það að verkum að útilokað er að Landssíminn, einn samkeppnisaðila á markaðinum, lúti eignarhaldi ríkisins.

Þróun síðustu ára hefur gerbreytt hefðbundnum fjarskiptum sem byggst hafa á þjónustu í gegnum talsímanetið. Vaxandi hluti fjarskipta fer í gegnum þráðlaus fjarskiptanet eins og langdræga farsímanetið (NMT) og farstöðvakerfið TETRA en þó einkum GSM-farsíma. Gjöld fyrir millilandasamtöl hafa lækkað vegna aukinnar samkeppni. Fyrirsjáanlegt er að stærri hluti fjölmiðlunar muni berast almenningi með fjarskiptanetum. Tölvueign Íslendinga er með því mesta sem þekkist og því er einnig vaxandi þörf fyrir gagnaflutning um einkatölvur.

Miklir möguleikar opnast í almenna fjarskiptanetinu með nýrri tækni, þar á meðal xDSL-flutningstækni og gagnaflutningsnetum sem nota IP-staðalinn (Internet Protocol). Nýtt almennt farsímakerfi (UMTS) mun væntanlega margfalda gagnaflutningsgetu farsíma.

Í gildandi fjarskiptalögum, nr. 107/1999, eru ákvæði sem tryggja fjarskiptaþjónustu fyrir alla landsmenn. Í IV. kafla laganna er kveðið á um alþjónustu og sértæka fjarskiptaþjónustu sem hafa það að markmiði að tryggja fullnægjandi fjarskiptaþjónustu á sanngjörnum kjörum þegar ekki er líklegt að slík þjónusta verði veitt ef einungis er tekið mið af viðskiptasjónarmiðum. Því er heimilt að gera kröfu um rekstur svokallaðrar alþjónustu. Einnig er heimild í 16. gr. fjarskiptalaga til handa samgönguráðherra til að leggja í framkvæmdir eða rekstur sem er til almannaheilla, í öryggisskyni, æskilegur af umhverfisástæðum eða mikilvægur samkvæmt byggðasjónarmiðum og ætla má að skili ekki arði, án þess að um alþjónustu sé að ræða. Í slíkum tilfellum er Póst- og fjarskiptastofnun falið að gera samning við fjarskiptafyrirtæki um slíka þjónustu í kjölfar útboðs en kostnaðurinn skal greiddur úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

Í frumvarpi þessu er vísað í samkomulag milli samgönguráðherra og Landssíma Íslands hf. þar sem lagðar eru kvaðir á Landssíma Íslands hf. umfram það sem kveðið er á um í gildandi fjarskiptalögum. Er þannig leitast við að koma til móts við þarfir allra landsmanna.

Eins og fram kemur í fylgiskjali III er í gildi samningur milli íslenskra stjórnvalda og Bandaríkjanna fyrir hönd Atlantshafsbandalagsins (NATO) um uppbyggingu, rekstur og viðhald á ljósleiðarakerfi á Íslandi til nota fyrir loftvarnakerfi Bandaríkjahers. Samningurinn var undirritaður í júlí 1989. Samkvæmt honum fékk NATO afnotaréttinn af þremur af átta þráðum ljósleiðarans gegn þátttöku í kostnaði við uppbyggingu ljósleiðarakerfisins. Landssíminn hefur fyrir hönd íslenska ríkisins séð um rekstur og viðhald strengjanna þriggja og gætt þeirra samningsskyldna sem um þá gilda. Til að tryggja hagsmuni ríkisins til frambúðar og að staðið verði við þær skuldbindingar sem íslenska ríkið hefur tekist á hendur í samningnum er gerður sérstakur samningur við Landssímann. Í slíkum samningi skuldbindur Landssíminn sig til að taka að sér ótímabundið skyldur og kvaðir íslenska ríkisins samkvæmt fyrrgreindum samningi við NATO og tryggja þar með fullan aðgang NATO að strengjunum.

IV. Undirbúningur framkvæmdanefndar um einkavæðingu.

Með erindisbréfi samgönguráðherra, dags. 23. febrúar 2000, var framkvæmdanefnd um einkavæðingu falið að vinna tillögur um hvernig staðið skyldi að sölu hlutabréfa í Landssíma Íslands hf. Hinn 26. janúar 2001 skilaði nefndin lokaskýrslu um sölu fyrirtækisins. Sérstaklega var lagt fyrir nefndina að skoða eftirfarandi atriði er tengjast undirbúningi sölu á hlutabréfum í Landssíma Íslands hf.:

- Að tryggja starfsfólki kauprétt á hlutafé í fyrirtækinu með hliðsjón af sambærilegum tilvikum við sölu annarra ríkisfyrirtækja.
- Að ákveðinn hluti verði seldur í almennri dreifðri sölu og þá sérstaklega símnotendum.
- Að kanna kosti og galla þess að selja umtalsverðan hlut í fyrirtækinu til eins aðila.
- Að meta hagkvæmni þeirra hugmynda sem fram hafa komið um að skilja að einstaka þætti í starfsemi fyrirtækisins, svo sem hið almenna fjarskiptanet.

Í framkvæmdanefnd um einkavæðingu eiga sæti Hreinn Loftsson hrl., formaður, Jón Sveinsson hrl., Steingrímur Ari Arason hagfræðingur og Sævar Þór Sigurgeirsson, löggiltur endurskoðandi. Starfsmenn nefndarinnar eru Skarphéðinn B. Steinarsson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, og Guðmundur Ólason, stjórnsýslufræðingur í fjármálaráðuneytinu. Vegna undirbúnings einkavæðingar Landssíma Íslands hf. hafa Jón Birgir Jónsson, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneyti, og Jakob Falur Garðarsson, aðstoðarmaður samgönguráðherra, tekið sæti í nefndinni. Tengiliður nefndarinnar við Landssíma Íslands hf. var Friðrik Pálsson, stjórnarformaður fyrirtækisins. Þá starfaði dr. Þórður Runólfsson rannsóknarprófessor með nefndinni að skilgreiningu á fjarskiptakerfi Landssíma Íslands hf. og könnun á mögulegri skiptingu fyrirtækisins og skilaði hann jafnframt áliti til nefndarinnar.

Starf nefndarinnar var skipulagt þannig að í upphafi var boðað til funda með aðilum sem starfa á fjarskiptamarkaði og hjá eftirlitsstofnunum. Haldnir voru fundir með hverjum eftirtalinna aðila:

- Landssíma Íslands hf.
- Póst- og fjarskiptastofnun.
- Samkeppnisstofnun.
- Tali hf.
- Íslandssíma hf.
- Línu.Neti hf.
- Frjálsum fjarskiptum hf.

Í lok starfsins var aftur boðað til fundar með fulltrúum fyrirtækja á fjarskiptamarkaði og komu þeir sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina.

Fulltrúar nefndarinnar heimsóttu einnig erlend stjórnvöld og áttu fundi með símafyrirtækjum og ráðgjöfum. Um efni skýrslunnar vísast í fylgiskjal I.

V. Skipting fyrirtækisins.

Að undanförnu hefur talsvert verið rætt um hvort aðskilja beri fjarskiptanet Landssíma Íslands hf. frá annarri starfsemi fyrirtækisins. Af því tilefni skoðaði framkvæmdanefnd um einkavæðingu tæknilegar og rekstrarlegar forsendur fyrir skiptingu Landssímans í tvö eða fleiri fyrirtæki. Til að vinna greinargerð um fjarskiptakerfi Landssíma Íslands hf. og meta tæknilegar forsendur slíkrar skiptingar leitaði nefndin til óháðs sérfræðings, dr. Þórðar Runólfssonar, rannsóknarprófessors í rafmagnsverkfræði. Hvað varðar fjárhagslegan aðskilnað milli rekstrareininga í fjarskiptakerfi Landssímans leitaði nefndin álits Póst- og fjarskiptastofnunar og Landssímans.

Lagðir hafa verið ljósleiðarar bæði í stofnnetum og í sumum tilvikum til endanotenda á síðustu árum. Segja má að ljósleiðari sé grunnurinn í burðarkerfi Landssímans um allt land þrátt fyrir að koparþræðir og þráðlausar örbylgjur hafi verið notaðar þar sem ljósleiðara sleppir.

Landssíminn starfrækir einnig rásatengt fjarskiptanet stafrænna símstöðva, svokallaðar IDN-símstöðvar (integrated digital networks). Símstöðvakerfið byggist á tvöföldu kerfi skiptistöðva (Miðbæjarstöð og Múlastöð) sem sjá um yfirstjórnun símakerfisins, samskipti við svæðisstöðvar og samskipti við útlönd sem einnig er stjórnað af tvöföldu kerfi IDN-símstöðva á sömu stöðum og skiptistöðvarnar. Landinu er skipt í níu svæði, fjögur á höfuðborgarsvæðinu og fimm á landsbyggðinni sem er stjórnað af svæðisstöðvunum. Innan hvers svæðis eru síðan útstöðvar. Auk svæðisstöðvanna tengjast beint við skiptistöðvarnar langdræga farsímakerfið NMT og GSM-farsímakerfi Landssímans, farsímakerfi Tals og fjarskiptakerfi Íslandssíma. ISDN-síma- og gagnaflutningskerfið byggist einnig á IDN-símkerfinu.

Landssíminn starfrækir einnig pakkatengd fjarskiptanet, en ýmsar útgáfur eru til fyrir umferðarstjórnarkerfi þeirra og má nefna X.25 net, Frame Relay net, Cell relay net og ATM net og nýverið hófst starfræksla IP fjarskiptanets Landssímans. Auk framangreindra fjarskiptaneta eru starfrækt heimtauganet sem tengjast notendum.

Heimtaugar Landssímans eru yfirleitt koparþræðir en ljósleiðarar eru notaðir í vaxandi mæli, einkum þar sem flutningsþörf er mikil. Á heimtaugunum er boðið upp á ISDN- og ADSL-þjónustu auk hefðbundinnar talsímaþjónustu. Landssíminn starfrækir einnig kapalkerfi til dreifingar á sjónvarpi og hljóðvarpi sem nýtir ljósleiðaradreifikerfi að götuskáp en þar tekur við kóaxkapall í hvert hús. Auk þessa alls starfrækir Landssíminn NMT, GSM og DCS 1800 farsímanet sem byggjast á grunni IDN-símstöðvanets Landssímans.

Langt fram eftir nýliðinni öld var lagaumhverfi fjarskiptafyrirtækja við það miðað að fjarskiptamarkaðurinn helgaðist í eðli sínu af einkarétti ríkisrekinna símastjórna. Þetta leiddi til þess að víða var þjónustan veitt af símamálastofnunum sem nutu lögbundins einkaréttar en þurftu jafnframt að lúta ströngu aðhaldi með verðlagningu þjónustu og þjónustustigi. Þrátt fyrir að dregið hafi úr nauðsyn slíkra aðgerða eru í gildi allítarlegar reglur sem tryggja hagsmuni notenda fjarskiptaþjónustu, einkum ef samkeppni skortir. Staða þeirra gagnvart þjónustuveitanda er því lík hvort sem hún er veitt af fyrirtæki í einkaeign eða sérstakri símamálastofnun í eigu ríkisins.

Lög og reglur áskilja að þjónusta milli rekstrareininga Landssímans sé seld á sama verði og til annarra fjarskiptafyrirtækja. Upplýsinga- og reikningskerfi Landssímans gerir kleift að skilja að einstaka kostnaðarþætti þannig að verðlagning þeirra sé í samræmi við raun-

kostnað. Málsmeðferðarreglur fjarskiptalaga tryggja að samkeppnisaðilar Landssímans eiga lögvarða kröfu á því að þjónusta sem þeir kaupa sé seld á sama verði og því sem aðrar deildir Landssímans greiða fyrir sams konar þjónustu. Notendur og fjarskiptafyrirtæki í samkeppni við Landssímann greiða því ekki hærri gjöld fyrir fjarskiptaþjónustu en þeir mundu gera ef fyrirtækinu yrði skipt upp.

Þá eru víðtækar heimildir í fjarskiptalögum til að tryggja fullnægjandi þjónustustig með svokallaðri alþjónustu auk þess sem samgönguráðherra hefur heimildir til að leggja í framkvæmdir eða rekstur sem er til almannaheilla í öryggisskyni, af umhverfisástæðum eða samkvæmt byggðasjónarmiðum og ætla má að skili ekki arði. Þannig getur ríkið eflt fjarskiptaþjónustu þar sem samkeppni skortir. Skipting fyrirtækisins hefur engin áhrif á þessi úrræði fjarskiptalaga.

Uppbygging öflugra ljósleiðaraneta utan höfuðborgarsvæðisins virðist vera hagkvæmari kostur en talið var þegar umræða um aðskilnað grunnnetsins hófst. Ljósleiðari hefur þegar verið byggður upp um Suðurland til Vestmannaeyja. Áform eru uppi um lagningu nýs ljósleiðara til Akureyrar og fjarskiptafyrirtækið Fjarski sem er í eigu Landsvirkjunar er að gera tilraunir með lagningu ljósleiðara í tengslum við dreifikerfi sitt sem nær um allt land. Fyrirtækið hefur þegar gert samning við Rannsóknar- og háskólanet Íslands hf. um uppbyggingu ljósleiðaranets á landsvísu fyrir rannsókna- og háskólastofnanir á Íslandi. Það er því líklegt að önnur fyrirtæki muni veita Landssíma Íslands hf. samkeppni í netaðgangi um allt land.

Um aðskilnað fjarskiptanetsins er fjallað nánar í 5. kafla skýrslu framkvæmdanefndar um einkavæðingu, sbr. fylgiskjal I. Niðurstaða nefndarinnar er sú að ekki sé ástæða til að skipta rekstri fyrirtækisins út frá sjónarmiðum um þjónustu eða samkeppni eða vegna fyrirhugaðrar einkavæðingar fyrirtækisins.

VI. Málsmeðferð við sölu hlutafjár í Landssíma Íslands hf.

Verði frumvarp þetta að lögum er stefnt að því að sala á hlutafé ríkisins í Landssíma Íslands hf. hefjist vorið 2001.

Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um sölu fyrirtækja í eigu ríkisins og tillögur einkavæðingarnefndar verður lögð áhersla á að salan fari fram í þremur áföngum.

Í fyrsta áfanga verður höfuðáhersla lögð á sölu til almennings, starfsmanna og lítilla og meðalstórra fjárfesta með tilboðssölu. Samtals verði boðin 24% heildarhlutafjár í þessum áfanga. Salan verði útfærð með svipuðum hætti og við sölu á hlutabréfum í Búnaðarbanka og Landsbanka í árslok 1999. Einkavæðingarnefnd telur ekki ástæðu til að gera upp á milli viðskiptavina Landssímans og annarra landsmanna við söluna. Þá eru ýmis rök og venja fyrir því að starfsmönnum sé boðið að kaupa hlutabréf í fyrsta áfanga sölu. Verð til almennings og starfsmanna miðist við matsverð sem fundið verði með aðstoð sérfræðinga á fjármálamarkaði. Fyrsti áfangi fari fram vorið 2001 og samhliða fari fram skráning hlutabréfanna á Verðbréfaþingi Íslands.

Við einkavæðingu ríkisfyrirtækja á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á sölu á hlutabréfum til starfsmanna. Því er sérstaklega kveðið á um að í fyrsta áfanga skuli áhersla m.a. lögð á sölu til starfsmanna. Mótuð hefur verið sérstök aðferðafræði sem einkavæðingarnefnd leggur til að lögð verði til grundvallar við sölu á hlutabréfum til starfsmanna Landssíma Íslands hf. Í þessu sambandi leggur einkavæðingarnefnd til að boðið verði upp á sérstaka greiðsluskilmála. Starfsmenn greiði við gerð samnings a.m.k. 10% þeirrar fjárhæðar sem þeir skrá sig fyrir en afganginn með jöfnum greiðslum næstu þrjú ár. Hlutabréfin verði afhent viðkomandi þegar þau hafa verið greidd. Gengi hlutabréfa til starfsmanna verði hið sama og í almennri sölu.

Stjórn Landssíma Íslands hf. verður heimilað að kaupa allt að 2% hlutafjár á meðalgengi í tilboðssölu í fyrsta áfanga til að bjóða starfsmönnum sínum í formi valréttarsamninga sem verði hluti af starfskjörum þeirra.

Meginmarkmið með sölu til starfsmanna er að tryggja aðild þeirra að rekstri fyrirtækisins sem þeir starfa hjá. Með því að bjóða starfsmönnum betri kjör við kaup á hlutabréfum er líklegra en ella að þeir haldi áfram að byggja upp þekkingu innan fyrirtækisins og haldi tryggð við það. Fjárfestar líta gjarnan til þess hvernig þekking starfsmanna er bundin í fyrirtækinu og tvímælalaust er það talið kostur að starfsmenn séu hluthafar. Hlutabréfaeign starfsmanna getur því orðið til þess að fjárfestar verði frekar tilbúnir til að kaupa hlut í fyrirtækinu. Einnig þykir æskilegt að starfsmenn eigi persónulega hlutdeild í hagnaði fyrirtækisins og hafi hag af velgengni þess sem eigendur.

Í öðrum áfanga verður leitað eftir kjölfestufjárfesti með það að markmiði að efla íslenska fjarskiptamarkaðinn, styrkja fyrirtækið og auka verðmæti þess við seinni sölu. Í Evrópu hafa kaup fjarskiptafyrirtækja í öðrum fjarskiptafyrirtækjum verið áberandi á undanförnum árum og einnig hefur færst í vöxt að fjarskiptafyrirtæki leiti samstarfs í því skyni að þróa og koma upp nýrri þjónustu. Með eignaraðild skapast rekstrarlegt samband sem getur leitt til hagræðingar meðal annars við innkaup, markaðssetningu og rannsóknir. Kjölfestufjárfestir mun sennilega styrkja markaðsvirði Landssímans í alþjóðlegu útboði. Slíkur fjárfestir verður valinn með samkeppni, t.d. með lokuðu útboði að loknu forvali. Gerð er tillaga um að þessi hlutur verði 25% og að salan fari fram á síðari hluta árs 2001. Auk þess er gert ráð fyrir að seljanda sé heimilt að halda frá allt að 10% heildarhlutafjár vegna kjölfestufjárfestis. Talið er mikilvægt að væntanlegum kjölfestufjárfesti sé þannig veitt fullvissa um að hann geti aukið hlut sinn í félaginu í þriðja áfanga. Að loknum öðrum áfanga einkavæðingar á ríkið væntanlega 51% hlutabréfanna en einkaaðilar 49%.

Í þriðja áfanga mun ljúka sölu á hlutafé ríkisins í Landssímanum. Lögð verði áhersla á dreifða sölu til almennings og fjárfesta. Umtalsverður hluti í fyrirtækinu verði boðinn til sölu á erlendum mörkuðum samhliða íslenskum markaði og gæti sú sala hafist á árinu 2002. Taka verður tillit til aðstæðna sem verða ríkjandi á hlutabréfamarkaði þegar að ákvörðun um framkvæmd og tímasetningu þriðja áfanga kemur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein er lagt til að heimilað verði að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf.

Um 2. gr.

Þrátt fyrir sölu ríkisins á hlutabréfum í eigu þess hafa stjórnvöld verulegra hagsmuna að gæta af því að félagið sé vel og örugglega rekið og í fullu samræmi við tilgang þess og markmið fjarskiptalaga. Landssíminn hefur byggt upp fullkomið fjarskiptakerfi og fjarskiptaþjónustu sem allir landsmenn eiga aðgang að samkvæmt gildandi fjarskiptalögum. Með vísan til reglugerðar um alþjónustu og leyfisbréfs Landssímans í þessari grein er sérstök áhersla lögð á þær skyldur sem hvíla á fyrirtækinu til að veita þjónustu um allt land, einkum ISDN-gagnaflutningsþjónustu og NMT-farsímaþjónustu.

Í reglugerð um alþjónustu og leyfisbréfi Landssímans er lögð alþjónustukvöð á fyrirtækið um að tryggja öllum landsmönnum aðgang að talsímaþjónustu og gagnaflutningsþjónustu með 128 kb/s flutningsgetu á sama verði (ISDN-þjónustu). Nú eiga tæplega 98% landsmanna kost á ISDN-þjónustu en gert er ráð fyrir að hún standi öllum til boða í árslok 2002.

Samkvæmt leyfisbréfi Landssímans skal þjónustusvæði NMT-farsíma að minnsta kosti vera eins og það er við útgáfu þess. Ef Landssíminn óskar eftir því að leggja þjónustuna niður þarf beiðni þar að lútandi að berast Póst- og fjarskiptastofnun eigi síðar en tveimur árum fyrir áætluð lok þjónustunnar. Slíka ósk má þó ekki setja fram fyrr en í fyrsta lagi 1. janúar 2004. Stofnunin getur frestað lokun um allt að tvö ár til viðbótar ef hagsmunir notenda þykja réttlæta slíka frestun.

Til að tryggja að markmiðum stjórnvalda um aðgang allra landsmanna að nútímafjarskiptaþjónustu verði náð hefur samgönguráðherra gert samkomulag við Landssíma Íslands hf. um að Landssímanum verði gert skylt að veita tiltekna fjarskiptaþjónustu umfram það sem mælt er fyrir um í fjarskiptalögum, reglugerð um alþjónustu og rekstrarleyfi Landssímans. Í samkomulaginu skuldbindur Landssíminn sig til að byggja upp ATM-þjónustu og ADSL-gagnaflutningsþjónustu á talsímanetinu umfram það sem heimilt er að krefjast af fyrirtækinu samkvæmt gildandi lögum.

Í samkomulaginu felst annars vegar að Landssíminn mun tryggja 2 Mb/s gagnaflutningsþjónustu yfir ATM-net sín eða með öðrum jafngildum innan fimm ára frá undirritun þess. Nettengipunktar munu verða í öllum þéttbýliskjörnum með 150 íbúa eða fleiri, svo og á helstu skólasetrum. Verð skal vera það sama um allt land fyrir tengingu innan sama svæðis. Þá er kveðið á um að stofngjald notenda við tengingu milli svæða skuli ekki verða hærra en 17.000 kr. og skal sú fjárhæð ekki hækka umfram það sem leiða kann af almennum verðbreytingum á gagnaflutningsþjónustu á tímabilinu. Skuldbinding sú er fram kemur í samkomulagi samgönguráðherra og Landssímans er í samræmi við yfirlýsingu sem fyrirtækið kynnti 7. september 2000 um aðgerðir til að mæta þörfum landsbyggðarinnar fyrir þjónustu á sviði gagnaflutninga.

Samkvæmt samkomulaginu áformar Landssími Íslands einnig að uppbygging á svonefndri ADSL-þjónustu í öllum stærri þéttbýliskjörnum muni fara fram á næstu tveimur árum nái framangreind þjónusta, eða önnur jafngild þjónusta, til 75–80% þjóðarinnar. Gildandi fjarskiptalög kveða þegar á um þá alþjónustukvöð að notendur skuli eiga kost á 128 kb/s flutningsgetu í gegnum tengingar sínar um heimtaugar almenna talsímanetsins. Þrátt fyrir að ekki sé mælt fyrir um flutningsaðferð í lögunum er ljóst að tilvísun þeirra til 128 kb/s felur alla jafna í sér ISDN-tengingu. Landssímanum er því skylt að veita öllum landsmönnum fremur hraðvirka gagnaflutningsþjónustu á talsímanetinu.

Möguleikar til gagnaflutnings á talsímanetinu eru mjög háðir lengd heimtauga. Víða um land er lengd þeirra meiri en svo að unnt sé að ná markmiði fjarskiptalaga með því einu að skipta um endabúnað á heimtauginni. Þetta mun hafa í för með sér umtalsverðan kostnað því setja verður sérstakan mögnunarbúnað á heimtaugar sem eru lengri en 5–6 km þegar um ISDN-þjónustu er að ræða. ADSL-búnaður vinnur á hærri tíðni en ISDN-búnaður og er því alla jafna mun skammdrægari. Þetta leiðir til þess að mun meiri kostnaður er því samfara að ná markmiði um útbreiðslu til 75–80% þjóðarinnar með ADSL-þjónustu en að ná til allra með ISDN-þjónustu.

Að öðru leyti gilda fjarskiptalög og almenn lög um starfsemi Landssíma Íslands hf., þar á meðal lög um hlutafélög.

Um 3. gr.

Með lögum nr. 103/1996 var ríkisstjórninni heimilað að stofna hlutafélag um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Hlutaféð var allt í eigu íslenska ríkisins og sala óheimil án samþykkis Alþingis. Ákvæði laganna fjalla um þær ráðstafanir sem gerðar voru við stofnun hlutafélagsins, rétt starfsmanna við stofnun félagsins og hlutverk samgönguráðherra við veitingu rekstr-

arleyfis og útgáfu gjaldskrár fyrir einkaleyfisþjónustu. Frá setningu laganna hefur mikil breyting orðið á lagalegu umhverfi fjarskipta, einkaréttur var afnuminn frá 1. janúar 1998, ný fjarskiptalög mæla fyrir um starfsumhverfi fjarskiptafyrirtækja og Póst- og fjarskiptastofnun veitir fjarskiptafyrirtækjum, þ.m.t. Landssíma Íslands hf., rekstrarleyfi. Aðgerðum vegna stofnunar hlutafélagsins, svo sem mati á eignum, skuldbindingum og viðskiptavild, er lokið. Ákvæði laga nr. 103/1996 hafa ekki lengur réttaráhrif og því er eðlilegt að fella þau úr gildi við samþykkt þessa lagafrumvarps.

Fylgiskjal I.

SKÝRSLA

Einkavæðing og sala hlutabréfa ríkisins í Landssíma Íslands hf.
Janúar 2001

Samandregnar niðurstöður

Stefna stjórnvalda í fjarskiptamálum

Höfuðmarkmið fjarskiptastefnunnar eru tilgreind í lögum nr. 107/1999 um fjarskipti. Þar segir í 1. gr. að markmið laganna sé að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti hér á landi og efla samkeppni á fjarskiptamarkaði. Íslenska ríkið skuli tryggja eftir því sem unnt er að öllum landsmönnum bjóðist aðgangur að fjarskiptaþjónustu, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögunum. Þá var lögunum ætlað að laga íslenska löggjöf að þeim tilskipunum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um fjarskiptamál. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að framangreindum lögum er með ítarlegum hætti gerð grein fyrir stefnumörkun stjórnvalda á þessu sviði. Þar kemur m.a. fram nauðsyn þess að tryggja samtengingu neta; nauðsyn þess að fyrirtækjum sem eiga þjóðbrautina (fjarskiptanetið) og aðra innviði sé gert skylt að opna aðgang að netinu og annarri aðstöðu á sanngjörnum kjörum; nauðsyn þess að stuðla að raunverulegri samkeppni á markaðnum með því að jafna samkeppnisstöðu fjarskiptafyrirtækja, t.d. með aðgangi að heimtaug; nauðsyn þess að markaðsráðandi fyrirtæki sé veitt aðhald (m.a. með kröfu um bókhaldslegan aðskilnað) og nauðsyn þess að mæta þörfum allra landsmanna um að njóta ákveðinnar lágmarksþjónustu. Þessari stefnumörkun hafa stjórnvöld leitast við að ná fram með setningu reglna og viðmiðana, gerð alþjóðlegra samninga á sviði fjarskiptamála, svo og með stofnun og starfrækslu stjórnsýslu og eftirlitsstofnana. Við einkavæðingu Landssíma Íslands hf. telur nefndin brýnt að gæta vel að framangreindum markmiðum og sjónarmiðum.

Jafn aðgangur landsmanna að fjarskiptaþjónustu

Með lögum nr. 107/1999 um fjarskipti og lögum nr. 110/1999 um Póst- og fjarskiptastofnun var almenningi og atvinnulífinu tryggður jafn aðgangur að tiltekinni lágmarksfjarskiptaþjónustu. Með skilgreiningu á alþjónustukvöð sem lögð er á rekstrarleyfishafa á fjarskiptamarkaði um að veita ákveðna þjónustu, er öllum landsmönnum tryggður aðgangur að talsímaþjónustu og gagnaflutningsþjónustu með 128 kb/s flutningsgetu á sama verði. Nú eiga tæplega 98% landsmanna kost á ISDN þjónustu, en gert er ráð fyrir að hún standi öllum til boða í árslok 2002. Svokölluð ADSL þjónusta sem er bandbreið gagnaflutningsþjónusta

býðst nú öllum íbúum höfuðborgarsvæðisins og er gert ráð fyrir að 75–80% landsmanna eigi kost á henni í lok árs 2002. Þá er þjónusta við fatlaða og notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir tryggð með ákvæðum um alþjónustu. Í dag er sama verð um allt land á hefðbundnum talsíma, á ISDN þjónustu, á ADSL þjónustu, á ATM þjónustu svo og í NMT og GSM farsímakerfunum. Verð á leigulínum sem ætlaðar eru fyrir stærstu fyrirtækin og sérhæfð fyrirtæki í upplýsingatækni, hefur lækkað mjög að undanförnu á landsbyggðinni. Með uppbyggingu ATM kerfisins á allra næstu árum verður fullnægt þörf langflestra fyrirtækja fyrir þjónustu sem krefst mikillar bandbreiddar og dregur þannig úr eftirspurn þeirra eftir leigulínum. Gjaldskrá fyrir leigulínur hvílir á vegalengd og afkastagetu en ekki á magni þeirra gagna sem flutt eru. Nefndin telur rétt að skoða hvort ekki sé mögulegt að miða gjaldskrá fremur við magn gagnaflutnings. Þetta hefði þau áhrif að verð á leigulínum myndi jafnast enn frekar yfir landið.

Bætt samkeppnisskilyrði

Í lögum nr. 107/1999 um fjarskipti eru fjölmörg ákvæði sem auðvelda nýjum fyrirtækjum að hasla sér völl á íslenskum fjarskiptamarkaði. Einstaklingum og fyrirtækjum er auðvelduð leið inn á markaðinn með minni ríkisafskiptum. Mælt er fyrir um skyldu rekstraraðila til að veita öðrum aðgang að fjarskiptanetum og þjónustu. Í reglunum felst að sá sem ræður yfir aðstöðu sem samkeppnisaðilum hans er nauðsynleg verður að veita þeim aðgang að henni. Þannig er nýjum fjarskiptafyrirtækjum tryggður aðgangur að þeim leigulínum, heimtaugum og farsímastöðvum sem markaðsráðandi aðili hefur yfir að ráða. Númeraflutningur gerir notendum síma mögulegt að halda símanúmeri sínu án tillits til þess við hvaða símafyrirtæki viðskiptin eru. Kostnaður við umskráningu verður að miðast við tilkostnað og má ekki á neinn hátt hafa þau áhrif að hindra notendur í því að óska eftir að skipta um þjónustuveitanda. Almenna reglan er sú að aðilar sjálfir eiga að semja um samtengingar og aðgang að aðstöðu. Náist ekki samkomulag ber Póst- og fjarskiptastofnun að úrskurða í málinu.

Eftirlit

Á fundum nefndarinnar með fyrirtækjum og hagsmunaaðilum á fjarskiptamarkaði hefur ítrekað komið fram að traustar eftirlitsstofnanir hafi verulega þýðingu að því er varðar framkvæmd laga og reglugerða á þessu sviði og hefur einkum verið bent á mikilvægi þess að efla þessar stofnanir. Póst- og fjarskiptastofnun var stofnuð á grundvelli laga nr. 147/1996 og var henni í upphafi ætlað að yfirtaka alla stjórnsýslu sem áður var á hendi Póst- og símamálastofnunar. Með lögum nr. 110/1999 um Póst- og fjarskiptastofnun voru hlutverk og verkefni stofnunarinnar skýrð. Samkeppnisstofnun starfar á grundvelli laga nr. 8/1993 og hefur það hlutverk að efla virka samkeppni í viðskiptum og tryggja sanngjarna viðskiptahætti. Með lögum nr. 107/2000 var hlutverk stofnunarinnar eflt verulega m.a. með nýjum ákvæðum um bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu fyrirtækja og víðtæku banni við samstarfi og samráði fyrirtækja sem hefur þau áhrif að draga úr samkeppni. Nefndin telur að með nýrri lagasetningu um eftirlitsstofnanir sé lagður traustur grunnur að starfsemi þeirra. Á hinn bóginn telur nefndin þörf á skýrari reglum um verkaskiptingu þeirra og telur nauðsynlegt að skoða hvort skilgreina eigi í lögum hvernig henni skuli háttað. Nefndin telur mikilvægt að tryggja gegnsæi í verðlagningu þeirrar þjónustu Landssímans sem ekki er í boði á samkeppnismarkaði. Einnig sé mikilvægt að stjórnsýslu- og eftirlitsaðilar hins opinbera hafi greiðan aðgang að nauðsynlegum upplýsingum þannig að tryggt sé að framboð og verðlagning slíkrar þjónustu sé jafnan í samræmi við stefnu stjórnvalda í fjarskipta- og verðlagsmálum. Nefndin

telur eðlilegt að þetta verði fyrst og fremst tryggt á grundvelli laga um fjarskipti og laga um Póst- og fjarskiptastofnun.

Þriðja kynslóð farsíma

Nýtt almennt farsímakerfi, svokölluð þriðja kynslóð farsíma, er nú að ryðja sér til rúms á farsímamarkaðnum. Þetta kerfi mun bjóða meiri gagnaflutningsmöguleika en núverandi kerfi eða allt að 2 Mb/s. Úthlutun tíðnisviða vegna þriðju kynslóðar farsíma kemur til með að hafa áhrif á rekstur Landssímans og mat fjárfesta á fyrirtækinu. Tvær aðferðir hafa verið notaðar við úthlutun tíðnisviða fyrir þriðju kynslóð farsíma í þeim löndum þar sem ákvörðun liggur fyrir. Í verðútboði felst að leitað er verðtilboða í þau leyfi sem eru til úthlutunar en þau hafa verið á bilinu 4–6. Þeir sem bjóða hæsta verð fá síðan úthlutað leyfunum. Í samanburðarútboði (sk. „fegurðarsamkeppni") er hins vegar leitað eftir bestu þjónustunni en minni áhersla lögð á verð. Nefndin telur mikilvægt að ákvörðun um fyrirkomulag við úthlutun á rekstrarleyfum fyrir þriðju kynslóð farsíma verði tekin sem fyrst. Við ákvörðun um aðferðafræði telur nefndin mikilvægast að tryggja trausta samkeppni, mikla útbreiðslu, ódýra þjónustu og gæði. Samanburðarútboð er að mati nefndarinnar líklegra til að ná fram þessum markmiðum. Áhersla er lögð á að notaðar verði hlutlægar aðferðir við mat á tilboðum og telur nefndin að hægt sé að tryggja slíkt við framkvæmd samanburðarútboðs ekki síður en við verðútboð.

Skipting fyrirtækisins

Nefndin hefur skoðað tæknilegar og rekstrarlegar forsendur skiptingar Landssímans í tvö eða fleiri fyrirtæki. Rætt hefur verið um kosti og galla þess að skilja að grunnkerfi fyrirtækisins og halda því eftir í sjálfstæðri ríkisstofnun eða stofna um það sérstakt félag í eigu ríkisins eða Landssímans. Þá hefur einnig verið skoðað hvort til greina kæmi að skilja að einstakar þjónustueiningar, svo sem rekstur farsímaþjónustu frá öðrum rekstri. Niðurstaða nefndarinnar er að ekki sé ástæða til að skipta rekstri fyrirtækisins út frá sjónarmiðum um þjónustu, samkeppni eða vegna fyrirhugaðrar einkavæðingar. Það viðhorf hefur komið fram í almennri umræðu að með því að stofna sérstakt félag um grunnkerfið og aðgreina það þannig frá öðrum rekstri megi styrkja samkeppni í fjarskiptum þar sem ný fyrirtæki á markaðnum þurfi ekki að leita til Landssímans um grunnnetsþjónustu. Nefndin leitaði til óháðs sérfræðings eftir tæknilegu áliti á þessu máli og er kafli 5 í skýrslu nefndarinnar að mestu byggður á áliti hans. Tæknileg sjónarmið málsins eru fyrst og fremst að erfitt er að skilja þjónustu grunnnetsins frá annarri þjónustu. Slíkur aðskilnaður krefðist fjárfestingar í stjórn- og tengibúnaði sem hefði í för með sér aukinn kostnað fyrir neytendur. Lagalegt umhverfi tryggir samkeppnisaðilum Landssímans greiðan aðgang að grunnkerfinu á sama verði og Landssíminn. Í leyfisbréfi fyrirtækisins er mælt fyrir um sérstaka aðgreiningu í bókhaldi og með nýju bókhalds- og upplýsingakerfi varð fyrirtækinu kleift að uppfylla skilyrði rekstrarleyfisins. Stofnlínukerfið og notendalínukerfið mynda fjárhagslega sjálfstæðar einingar bæði hvað varðar efnahag og rekstur og því er í raun um rekstrarlega skiptingu að ræða sem tryggir fjárhagslegan aðskilnað. Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með fjárhagslegum aðskilnaði rekstrarleyfishafa á grundvelli laga nr. 110/1999.

Sala til starfsmanna

Við einkavæðingu ríkisfyrirtækja á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á sölu á hlutabréfum til starfsmanna. Mótuð hefur verið sérstök aðferðafræði sem nefndin leggur til að lögð verði til grundvallar við sölu á hlutabréfum til starfsmanna Landssíma Íslands hf. Í

þessu sambandi leggur nefndin til að boðið verði upp á sérstaka greiðsluskilmála. Starfsmenn greiði við gerð samnings a.m.k. 10% þeirrar fjárhæðar sem þeir skrá sig fyrir en afganginn með jöfnum greiðslum næstu þrjú ár. Hlutabréfin verði afhent viðkomandi þegar þau hafa verið að fullu greidd. Gengi hlutabréfa til starfsmanna verði hið sama og í almennri sölu.

Fyrirkomulag sölu

Nefndin telur að hefja beri sölu á hlut ríkisins í Landssíma Íslands hf. sem fyrst. Ýmsar breytingar hafa orðið á starfsumhverfi fyrirtækisins á síðustu misserum. Aukin samkeppni í fjarskiptum knýr á um að ríkið losi um eignarhlut sinn og að fyrirtækið geti betur brugðist við nýjum aðstæðum og áherslum. Þá hafa stjórnendur fyrirtækisins lýst áhuga á að geta boðið starfsmönnum þess að eignast hlut í því líkt og tíðkast hjá samkeppnisaðilum. Nefndin leggur til eftirfarandi áfangaskiptingu sölunnar:

Áfangi 1

Sem fyrr verði höfuðáhersla lögð á sölu til almennings í fyrsta áfanga. Salan verði útfærð með svipuðum hætti og við sölu á hlutabréfum í Búnaðarbanka og Landsbanka í árslok 1999. Nefndin telur ekki ástæðu til að gera upp á milli viðskiptavina Landssímans og annarra landsmanna við söluna. Þá eru ýmis rök og venja fyrir því að starfsmönnum sé boðið að kaupa hlutabréf í fyrsta áfanga sölu. Verð til almennings og starfsmanna miðist við matsverð sem fundið verði með aðstoð sérfræðinga á fjármálamarkaði. Lagt er til að sala til almennings og starfsmanna í fyrsta áfanga verði 14% heildarhlutafjár í fyrirtækinu. Þá er mælt með því að smærri og meðalstórum fjárfestum verði gefinn möguleiki á að bjóða í stærri hluti (allt að 2–3% hverjum) með tilboðssölu samhliða sölu til almennings í fyrsta áfanga. Þessi aðferð hefur verið notuð í undanförnum einkavæðingarverkefnum og gefist vel. Lagt er til að þessi hlutur verði 10%. Fyrsti áfangi fari fram vorið 2001 og samhliða fari fram skráning hlutabréfanna á Verðbréfaþingi Íslands.

Áfangi 2

Í öðrum áfanga verði leitað eftir kjölfestufjárfesta með það að markmiði að efla íslenska fjarskiptamarkaðinn, styrkja fyrirtækið og auka verðmæti þess við seinni sölu. Slíkur fjárfestir yrði valinn með samkeppni, t.d. með lokuðu útboði að loknu forvali. Nokkur erlend símafyrirtæki hafa lýst áhuga sínum á kaupum í Landssímanum. Gerð er tillaga um að þessi hlutur verði 25% og að salan fari fram á síðari hluta árs 2001 en jafnframt er gert ráð fyrir að þessi hlutur geti stækkað í allt að 30–35% í þriðja áfanga sölunnar. Að loknum öðrum áfanga einkavæðingar eigi ríkið 51% hlutabréfanna en einkaaðilar 49%.

Áfangi 3

Lögð verði áhersla á dreifða sölu til almennings og fjárfesta í þriðja áfanga sölunnar. Umtalsverður hluti í fyrirtækinu verði boðinn til sölu á erlendum mörkuðum samhliða íslenskum markaði og gæti sú sala hafist á árinu 2002. Taka verður tillit til aðstæðna sem verða ríkjandi á hlutabréfamarkaði þegar að ákvörðun um framkvæmd og tímasetningu þriðja áfanga kemur. Einnig þarf að taka ákvörðun um stærð og umfang sölunnar og hvort hlutabréfum í félaginu (15–20%) verður haldið eftir til sölu síðar.

Næstu skref

Nefndin telur nauðsynlegt að fara vandlega yfir fjárhagslega stöðu fyrirtækisins með tilliti til eiginfjárstöðu þess og eignamála. Rétt er að huga að rekstrarleyfi fyrirtækisins og meta

hvort ástæða sé til endurskoðunar og/eða breytinga á því áður en til sölu kemur. Einnig þarf að undirbúa og ganga frá þeim samningum sem nauðsynlegir eru vegna framtíðarhagsmuna ríkisins svo sem vegna eignarhalds á ljósleiðaranum.

Nefndin leggur til að frumvarp til laga um heimild til sölu á Landssíma Íslands hf. verði lagt fram á Alþingi í upphafi vorþings 2001. Samhliða verði hugað að breytingum á lögum og reglum varðandi Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun svo að þær stofnanir geti sinnt sem best því virka eftirlitshlutverki sem þeim er ætlað. Má þar nefna skýrari verkaskiptingu, reglugerð um aðgreiningu kostnaðar, tekjustofna Póst- og fjarskiptastofnunar og hvort stofnuninni beri að leita eftir bindandi áliti samkeppnisyfirvalda við afgreiðslu tiltekinna mála. Loks verður áður en sala hefst að ganga frá setningu nauðsynlegra reglugerða á sviði fjarskiptamála og kanna hvort nauðsynlegt sé að breyta gjaldskrárákvæðum. Loks leggur nefndin til að frekari undirbúningur sölu á eignarhlut íslenska ríkisins í Landssíma Íslands hf. hefjist nú þegar og m.a. verði hafist handa við verðmat fyrirtækisins með aðstoð innlendra og/eða erlendra sérfræðinga. Nánari undirbúningur sölunnar sjálfrar fari samhliða fram af hálfu samgönguráðuneytisins og framkvæmdanefndar um einkavæðingu.

1. Formáli

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu var með bréfi samgönguráðherra dags. 23. febrúar 2000 falið að vinna tillögur um hvernig staðið skuli að sölu hlutabréfa í Landssíma Íslands hf. Sérstaklega var lagt fyrir nefndina að skoða eftirfarandi atriði er tengjast undirbúningi sölu á hlutabréfum í Landssíma Íslands hf.:[1]

- Að tryggja starfsfólki kauprétt á hlutafé í fyrirtækinu með hliðsjón af sambærilegum tilvikum við sölu annarra ríkisfyrirtækja.
- Að ákveðinn hluti verði seldur í almennri dreifðri sölu og þá sérstaklega símnotendum.
- Að kanna kosti og galla þess að selja umtalsverðan hlut í fyrirtækinu til eins aðila.
- Að meta hagkvæmni þeirra hugmynda sem fram hafa komið um að skilja að einstaka þætti í starfsemi fyrirtækisins, svo sem hið almenna fjarskiptanet.

Ákveðið var að tillögur nefndarinnar skyldu settar fram í skýrslu þar sem fjallað væri um atriði sem taka þarf tillit til við sölu á hlutabréfum ríkisins í Landssíma Íslands hf. Jafnframt hefur nefndin í samráði við samgönguráðuneytið og eftirlitsstofnanir á fjarskiptamarkaði tekið þátt í stefnumótun varðandi ýmis atriði er lúta að starfsemi fyrirtækja á fjarskiptamarkaði.

Nefndin hefur í umfjöllun sinni farið yfir atriði sem hún telur að taka þurfi afstöðu til áður en til sölu á hlutabréfum kemur. Skýrslan er byggð upp með þeim hætti að í fyrsta kafla skýrslunnar er farið yfir verkefni nefndarinnar, með hvaða hætti starfi hennar hefur verið háttað og almenn markmið með einkavæðingu. Í öðrum og þriðja kafla er lýsing á stöðu Landssímans á fjarskiptamarkaði, á fjarskiptakerfi fyrirtækisins og greining á þjónustu. Lagalegt umhverfi á fjarskiptamarkaði hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum og er í kafla fjögur gerð ítarleg grein fyrir stöðu fjarskiptafyrirtækja og almennings á fjarskiptamarkaði með tilliti til lagalegs umhverfis. Þá er einnig gerð grein fyrir samningum sem snúa að Landssímanum og haft geta áhrif á stöðu fyrirtækisins við væntanlega einkavæðingu. Samkeppni fyrirtækja á fjarskiptamarkaði er einnig gerð skil í þessum kafla. Í fimmta kafla skýrslunnar er umfjöllun um kosti og galla þess að skipta fyrirtækinu fyrir einkavæðingu. Nefndin nálgast þetta atriði annars vegar með því að líta til tæknilegra atriða og hins vegar með því að skoða möguleika skiptingar út frá fjárhagslegum sjónarmiðum. Í lokakafla skýrsl-

---

[1] Bréf samgönguráðherra til nefndarinnar er birt í viðauka við skýrsluna.

unnar er svo að finna umfjöllun og tillögur nefndarinnar varðandi framkvæmd og tímasetningar sölu á hlutabréfum ríkisins í Landssíma Íslands hf.

Í hverjum kafla fyrir sig er að finna efnislega umfjöllun um þau atriði sem nefndin telur nauðsynlegt að tekin sé afstaða til áður en til sölu á hlutabréfum ríkisins í Landssímanum kemur og tillögur um hvernig staðið skuli að framkvæmdinni. Að auki hafa megintillögur nefndarinnar verið settar fram í upphafi skýrslunnar í samandregnum niðurstöðum.

1.1. Starf nefndarinnar

Í framkvæmdanefnd um einkavæðingu eiga sæti Hreinn Loftsson hrl., formaður, Jón Sveinsson hrl., Steingrímur Ari Arason hagfræðingur og Sævar Þór Sigurgeirsson löggiltur endurskoðandi. Starfsmenn nefndarinnar eru Skarphéðinn B. Steinarsson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu og Guðmundur Ólason, stjórnsýslufræðingur í fjármálaráðuneytinu. Vegna undirbúnings einkavæðingar Landssíma Íslands hf. hafa Jón Birgir Jónsson, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneyti og Jakob Falur Garðarsson, aðstoðarmaður samgönguráðherra, tekið sæti í nefndinni. Tengiliður nefndarinnar við Landssíma Íslands hf. var Friðrik Pálsson, stjórnarformaður fyrirtækisins. Þá starfaði dr. Þórður Runólfsson, rannsóknaprófessor, með nefndinni að skilgreiningu á fjarskiptakerfi Landssíma Íslands hf. og könnun á mögulegri skiptingu fyrirtækisins og skilaði hann jafnframt áliti til nefndarinnar.

Starf nefndarinnar var skipulagt þannig að í upphafi var boðað til funda með aðilum sem starfa á fjarskiptamarkaði og eftirlitsstofnunum. Haldnir voru fundir með hverjum eftirtalinna aðila:

- Landssíma Íslands hf.
- Póst- og fjarskiptastofnun
- Samkeppnisstofnun
- Tali hf.
- Íslandssíma hf.
- Línu.Neti hf.
- Frjálsum fjarskiptum hf.

Í lok starfsins var aftur boðað til fundar með fulltrúum fyrirtækja á fjarskiptamarkaði og komu þeir sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina.

Fulltrúar nefndarinnar hafa heimsótt erlend stjórnvöld og átt fundi með símafyrirtækjum og ráðgjöfum. Má þar nefna fundi með Jørgen Abild Andersen, forstjóra Telestyrelsen í Danmörku, Henning Dyremose, forstjóra Teledanmark og John Loughrey fyrrum ráðuneytisstjóra í írska samgönguráðuneytinu. Starfsmenn á Verðbréfaþingi Íslands kynntu nefndinni NOREX samstarfið og haldnir hafa verið fundir hér á landi með innlendum og erlendum sérfræðingum. Þá hefur nefndin átt gott samstarf við fulltrúa Póst- og fjarskiptastofnunar og Landssíma Íslands hf. varðandi upplýsingar um tæknileg málefni og almennan rekstur fyrirtækisins.

1.2. Almenn markmið með einkavæðingu

Markmið með einkavæðingu geta verið efnahagsleg, pólitísk eða fjárhagsleg. Þessi markmið eru ekki alltaf samrýmanleg og vel er þekkt að ólík lönd hafa lagt mismunandi áherslu á markmið með einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Markmið með einkavæðingu geta jafnframt breyst milli mismunandi verkefna og milli tímabila. Almennt er þó talið að við einkavæðingu á innviðakerfum, s.s. símafyrirtækjum, raforkufyrirtækjum og vatnsveitum, sé mikilvægast að tryggja samkeppni með traustum lagaramma og breytingum á innri uppbyggingu fyrir-

tækjanna. Þessi áhersla skilar ekki alltaf mestum tekjum fyrir ríkissjóð en til lengri tíma litið er hún talin skila mestum árangri við uppbyggingu á viðkomandi mörkuðum.

Einkavæðing ríkisfyrirtækja hefur margfaldast í ríkjum OECD á síðustu tíu árum. Sérstaklega er áberandi aukning frá árinu 1997. Einkavæðing símafyrirtækja á þessu tímabili er einnig áberandi og hefur hún skapað meira en þriðjung tekna af einkavæðingu.

Tekjur af einkavæðingu í OECD ríkjum og tekjur af einkavæðingu símafyrirtækja



Heimild: OECD

Samræmd framkvæmd einkavæðingar er mikilvægur þáttur í því að vel takist til gagnvart almenningi og öðrum fjárfestum. Hér á landi hefur þetta verið tryggt með verklagsreglum um einkavæðingu sem samþykktar voru af ríkisstjórn 9. febrúar 1996. Reglurnar voru byggðar á reynslu við fyrri einkavæðingarverkefni og með þeim var reynt að draga lærdóm bæði af því sem vel hafði tekist og því sem miður hafði farið. Reglurnar mynda ramma um verklag sem ber að viðhafa við einkavæðingu hér á landi og kveða á um þau atriði sem hverju sinni á að tryggja.[2]

Ríkisstjórnin hefur einnig sett sér almenn markmið með einkavæðingu á ríkisfyrirtækjum og komu þau fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks frá 23. apríl 1995.

> Efnahagslegur stöðugleiki og jafnvægi í ríkisfjármálum eru forsendur framfara, lágra vaxta, öflugs atvinnulífs og atvinnuöryggis. Framtak einstaklinga verður virkjað í þágu aukinnar verðmætasköpunar. Á þann hátt verður stuðlað að hagsæld, félagslegum umbótum og afkomuöryggi. ...

Nánar er vikið að einkavæðingu, sérstaklega þar sem rakin eru meginmarkmið ríkisstjórnarinnar. Þar segir m.a.:

> Að vinna að nýskipan í ríkisrekstri, t.d. með auknum útboðum, sameiningu stofnana, þjónustusamningum, breyttu launakerfi og aukinni ábyrgð stjórnenda. Stefnt verður að meiri hagkvæmni við opinberar framkvæmdir. Unnið verður að því að gera ríkisrekstur einfaldari en um leið skilvirkari. Aðstöðumunur verður jafnaður þar sem ríkið stundar atvinnurekstur í samkeppni við einkaaðila. Arðsemiskröfur verða gerðar til fyrirtækja ríkisins.
>
> Að leggja fram áætlun á sviði einkavæðingar sem unnið verður að á kjörtímabilinu. Áhersla verður lögð á að breyta rekstrarformi ríkisviðskiptabanka og fjárfestingarlánasjóða. Það á einnig við um fyrir-

[2] Sjá enn fremur skýrslu framkvæmdanefndar um einkavæðingu, *Einkavæðing 1996-1999.*

tæki og stofnanir í eigu ríkisins sem eru í samkeppni við einkaaðila. Unnið verður að sölu ríkisfyrirtækja á kjörtímabilinu í samræmi við ákvarðanir Alþingis.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks frá 28. maí 1999 segir um einkavæðingu ríkisfyrirtækja.

Við sölu hlutabréfa ríkisins verði jafnframt hugað að því að salan hafi í för með sér aukinn sparnað almennings.

Að halda áfram einkavæðingu ríkisfyrirtækja, einkum þeirra sem eru í samkeppni við fyrirtæki í eigu einkaaðila. Hlutabréf í ríkisbönkunum verði seld með það að markmiði að ná fram hagræðingu á fjármagnsmarkaði en tryggja um leið virka samkeppni á markaðnum til að ná fram ódýrari þjónustu. Við söluna verði þess gætt að ríkið fái hámarksverð fyrir eign sína í bönkunum. Hafinn verði undirbúningur að sölu Landssímans. Við sölu hans verði þess gætt að tryggja góða þjónustu á sem hagstæðustu verði við byggðir landsins og einnig að tryggja virka samkeppni á fjarskiptamarkaði. Stefnumörkun á sviði einkavæðingar fari fram í ráðherranefnd um einkavæðingu en undirbúningur og framkvæmd verkefna á þessu sviði verði í höndum framkvæmdanefndar um einkavæðingu.

Auk þeirrar almennu stefnumörkunar sem fram kemur í þessari yfirlýsingu hafa í tengslum við einstök verkefni á sviði einkavæðingar verið sett viðbótarmarkmið. Hafa þau ýmist komið fram í sérstakri lagasetningu, umfjöllun á Alþingi, í ákvörðunum ríkisstjórnar eða einstakra ráðherra. Jafnframt hafa verið sett fram almenn markmið með einkavæðingarstarfinu af hálfu framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Helstu markmið af þessum toga eru:

1. Að auka samkeppni og skilvirkni í þjóðfélaginu. Markaðsöflin eru allajafna betri trygging fyrir skynsamlegri nýtingu framleiðsluþáttanna en ríkisafskipti.
2. Að draga úr pólitískum áhrifum í fyrirtækjum. Reynslan sýnir að meiri faglegar kröfur eru gerðar til stjórnenda og þeir fá meira aðhald frá eigendum eftir einkavæðingu.
3. Að efla hlutabréfamarkað. Öflugur innlendur hlutabréfamarkaður er mjög þýðingarmikill fyrir alla efnahagsstarfsemi. Slá má á þenslu með því að hvetja almenning til þátttöku í atvinnurekstri með hlutafjárkaupum.
4. Að bæta stöðu ríkissjóðs. Með sölu á hlutabréfum ríkisins er unnt að greiða niður umtalsvert af skuldum ríkissjóðs og minnka þannig vaxtabyrði í framtíðinni.
5. Að bæta hag neytenda. Með þeirri hagræðingu sem hlýst af einkavæðingu eru líkur á því að samkeppni á markaði aukist sem skilar sér í bættum hag neytenda.
6. Að styrkja stöðu starfsmanna. Einkavædd fyrirtæki hafa meiri möguleika en ríkisfyrirtæki til að greiða góðu starfsfólki há laun, m.a. með árangurstengdum launakerfum ásamt því að tryggja atvinnu til langframa.
7. Að draga úr áhrifum sérhagsmunahópa. Einkavæðing dregur úr möguleikum ýmissa sérhagsmunahópa til að þrýsta á um framleiðslu eða framleiðsluhætti sem eru óhagkvæmir.

Vægi þessara markmiða er eins og gefur að skilja mismikið eftir þeim verkefnum sem unnið er að á hverjum tíma. Í sumum verkefnum er hægt að stefna að öllum markmiðunum en í öðrum að hluta þeirra. Í tillögum nefndarinnar er reynt að vinna út frá þessum markmiðum.

2. Staða Landssímans á fjarskiptamarkaði

Starfsemi Landssíma Íslands hf. hefur breyst mjög á síðustu árum. Stofnun sem áður var rekin í einokunarumhverfi hefur verið breytt í fyrirtæki sem starfar í samkeppnisumhverfi. Í ljósi umfangsmikilla breytinga á starfsumhverfi Landssímans, m.a. með breytingum á lagalegu umhverfi, var samþykkt nýtt skipurit félagsins. Það miðar að því að auka sjálfstæði einstakra deilda fyrirtækisins, bæði stjórnunarlega og fjárhagslega.

Skipurit Landssíma Íslands hf. í lok september 2000



Einstök þjónustusvið eru sjálfstæð og þurfa t.a.m. að kaupa þjónustu sem seld er af öðru sviði á sama verði og önnur fyrirtæki. Á þetta m.a. við um tal og gagnaflutningaþjónustu þar sem það svið kaupir þjónustu af fjarskiptaneti.

2.1. Nýjar áherslur í rekstri

Nýjar áherslur í rekstri fyrirtækisins koma m.a. fram í stefnumörkun sem kynnt var á síðasta ári. Þar er fyrirtækið skilgreint sem alhliða þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni, með höfuðáherslu á að tryggja viðskiptavinum hraða, þægindi og öryggi í samskiptum. Í stefnu fyrirtækisins er einnig að finna áherslu á samstarf við önnur fjarskiptafyrirtæki í því skyni að tryggja góða þjónustu.

Ný svið þjónustu m.a. í tengslum við farsímanotkun, breiðbandið og gagnaflutninga eru hluti af nýjum áherslum í rekstri fyrirtækisins. Þá má nefna áherslu á samstarf á sviði rannsóknar og þróunar og fjárfestingu Landssímans í hugbúnaðarfyrirtækjum.

Eins og sjá má af skipuriti félagsins er starfseminni skipt niður í allmargar deildir. Tekjur félagsins skiptast misjafnlega milli þessara deilda og ennþá er langstærstur hluti þeirra af hefðbundinni talsímaþjónustu. Tekjur af farsímaþjónustu hafa aukist mjög á undanförnum árum jafnframt því sem þær skila stærstum hluta hagnaðar.

Skipting rekstrartekna Landssíma Íslands hf. 1998 og 1999



Heimild: Landssími Íslands hf.

2.1.1. Upplýsingakerfi

Landssíminn hefur á undanförnum árum fjárfest í öflugum upplýsingakerfum, sem ætlað er að efla hagræðingu og skilvirkni í rekstri og bæta þjónustu.

Með viðskiptamanna- og reikningagerðarkerfinu ICMS hefur fyrirtækið getað orðið við óskum viðskiptavina um einn reikning fyrir margvíslega þjónustu og aukið fjölbreytni í áskriftarflokkum og afsláttarpökkum. Kerfið hefur jafnframt gert kleift að opna þjónustuvef, þar sem hægt er að bjóða upp á sjálfsafgreiðslu á fjarskiptaþjónustu.

Fest hafa verið kaup á reikningagerðarkerfi, sem tengist ICMS, svokölluðu Portal-kerfi, sem gerir kleift að innheimta örgreiðslur (micropayments) fyrir kaup á upplýsingum eða þjónustu yfir GSM-kerfið eða internetið.

Fjárhagsupplýsingakerfið SAP/R3 heldur utan um verkefni, sem áður voru unnin í mörgum tölvukerfum. Kerfið bætir yfirsýn á reksturinn, auðveldar kostnaðargreiningu og aðgreiningu kostnaðar og bókhalds fyrir einstakar rekstrareiningar, sem Landssímanum ber að framfylgja samkvæmt 9. gr. leyfisbréfs fyrirtækisins sem Póst- og fjarskiptastofnun gaf út í júlí 1998.

Þá hafa verið tekin upp innan fyrirtækisins hópvinnukerfi sem auðvelda yfirsýn á reksturinn og óskir og þarfir viðskiptavina.

Landssíminn hefur rekið eina öflugustu upplýsingatæknideild landsins. Í september var tekin ákvörðun um að stofna um hana sérstakt fyrirtæki, Miðheima ehf., sem annast þjónustu tölvukerfa fyrir Landssímann en selur jafnframt öðrum viðskiptavinum tölvuþjónustu og hugbúnaðarveitu.

2.1.2. Starfsmannamál Landssíma Íslands hf.

Hjá Landssímanum starfa um 1.300 manns. Frá því að Landssími Íslands hf. varð til í ársbyrjun 1998 hefur mikil endurnýjun orðið á starfsliði fyrirtækisins og meðalaldur starfsmanna lækkað úr rúmlega 45 árum í tæplega 40 ár. Fyrirtækið rekur starfsemi á 21 stað á landinu. Rúmlega 230 starfsmenn starfa utan höfuðborgarsvæðisins og hefur þeim fjölgað frá 1998, m.a. vegna uppbyggingar þjónustumiðstöðva og svarþjónustunnar 118. Mikil samkeppni er um starfsfólk í fjarskipta- og upplýsingatæknigeiranum og hafa laun á markaðnum hækkað, sem birtist í hærri launakostnaði og fjölbreytilegri launakerfum m.a. bónusgreiðslum og valréttarsamningum.

Til að gera starfsmönnum kleift að takast á við nýtt samkeppnis- og starfsumhverfi hefur Landssíminn ráðist í mikið menntunarátak innan fyrirtækisins og ver til þeirra mála hærra

hlutfalli af veltu en flest önnur fyrirtæki. M.a. hefur verið lögð mikil áhersla á þjálfun stjórnenda og annarra starfsmanna með umfangsmiklu námskeiðahaldi.

2.2. Fjárfesting í fyrirtækjum

Til að mæta breyttu tækni- og samkeppnisumhverfi hefur Landssíminn markað þá stefnu að leggja áherslu á víðtækt samstarf við fyrirtæki á sviði hugbúnaðarþróunar og fjarskiptaþjónustu. Eins og sjá má af meðfylgjandi lista yfir þau fyrirtæki, sem Landssíminn á aðild að, starfa þau flest með einhverjum hætti á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni. Með þeim vinnur Landssíminn að þróun nýrrar tækni og þjónustu, sem síðan er prófuð í kerfi fyrirtækisins og þannig í mörgum tilfellum þróuð áfram til útflutnings. Allmörg dæmi má nefna um þátt Landssímans í slíkri aðstoð við markaðssókn á erlenda markaði. Samstarfsfyrirtækin hafa getað vísað til þess að vörur þeirra eða þjónusta hafi verið þróaðar og sannreyndar í tæknilega vel þróuðu umhverfi eins og íslenski markaðurinn er.

Fjöldi stjórnenda ungra hátæknifyrirtækja hefur haft frumkvæði að samstarfi og leitað eftir því að fá fjármagn og þekkingu frá Landssímanum inn í reksturinn. Á sama hátt hafa stjórnendur Landssímans fylgst grannt með hugsanlegum samstarfsaðilum og leitað tækifæra til að breikka grundvöll fyrirtækisins, sækja nýja þekkingu, þróa nýjar vörur og þjónustu og auka arðsemi. Þetta er svipuð stefna og leiðandi fjarskiptafyrirtæki í nágrannalöndunum hafa fylgt, þar á meðal þau sem enn eru í ríkiseigu að hluta t.d. Telia í Svíþjóð og Telenor í Noregi.

Eignarhlutir Landssíma Íslands hf. í öðrum félögum í nóvember 2000.

eMR – hugbúnaður hf. 20% eignarhlutur keyptur um áramót 2000. Fyrirtækið þróar og býður m.a. til kaups sjúkraskrárkerfið SÖGU, sem notað er á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum víða um land. Núverandi eignarhlutur er 17,5%. Starfsmenn: 15	**Grunnur Gagnalausnir ehf.** 80 % eignarhlutur keyptur 1999 (stofnaðili). Fyrirtækið býður heildarlausnir á sviði tölvu- og fjarskiptakerfa, einkum fyrir stærri fyrirtæki. Starfsmenn: 35
DOC.IS ehf. 30% eignarhlutur keyptur í febrúar 2000. Fyrirtækið starfar að þróun lyfseðlakerfis fyrir lækna og apótek. Núverandi eignarhlutur er 27%. Starfsmenn: 8	**Kauptorg.is** 55% eignarhlutur keyptur í janúar 2000 Starfsemi félagsins snýr að rekstri uppboðstorgs á internetinu. Starfsmenn: 2
GoPro Group (áður Hugvit hf.) 8% eignarhlutur keyptur í október 1999. Félagið þróar og dreifir hópvinnuhugbúnaðinum GoPro, sem byggir á grunni Lotus Notes hópvinnukerfisins. Unnið er að samruna félagsins við Landsteina International. Starfsmenn: 330	**Veftorg hf.** 30% eignarhlutur. Stofnað í desember 1999. Rekur og þróar vefsvæðið Torg.is Starfsmenn: 4

Stefja ehf. 42% eignarhlutur keyptur í þremur áföngum, þeim fyrsta í mars 1998. Fyrirtækið vinnur að þróun hugbúnaðar fyrir þráðlaus fjarskiptakerfi, t.d. til fjareftirlits, fyrir staðsetningarkerfi og sjálfvirka tilkynninga- skyldu sjófarenda. Stefja hefur einnig skapað sér sérstöðu sem leiðandi fyrirtæki á sviði hugbúnaðarþróunar fyrir farsímakerfi. Núverandi eignarhlutur er 41,9%. Starfsmenn: 35	**Kort hf.** 9,5% eignarhlutur. Stofnað 1999 Vettvangur fyrirtækisins er m.a. könnun á útgáfu greiðslukorta og greiðslumiðlun. Starfsmenn: 0
Íslandsvefir ehf. 30% eignarhlutur keyptur í mars 2000. Fyrirtækið á og rekur leitarvélina HA.IS á internetinu, auk þess að bjóða alhliða vefráðgjöf. Starfsmenn: 5	**Smartkort ehf.** 18 % eignarhlutur keyptur í janúar 1999. Fyrirtækið býður alhliða þjónustu í tengslum við smartkortatækni. Má þar nefna þróun aðgangsstýrikerfa, sölu og útleigu á posakerfum, útgáfu rafrænna mötuneytiskorta o.fl. Núverandi eignarhlutur er 17,8%. Starfsmenn: 5
CCP hf. 8% hlutur keyptur í maí 2000. Félagið vinnur að gerð tölvuleikja fyrir internetið. Starfsmenn: 25	**Margmiðlun hf.** 25 % eignarhlutur keyptur 1997. Fyrirtækið annast alhliða internetþjónustu ásamt annarri tengdri starfsemi. Núverandi eignarhlutur er 25,2%. Starfsmenn: 50
Gagarín ehf. 15% hlutur keyptur í júlí 2000. Fyrirtækið vinnur að gerð alhliða margmiðlunar-þjónustu, auk þess að vinna í auknum mæli að gerð afþreyingarefnis í tengslum við farsíma og gagnvirkt sjónvarp. Starfsmenn: 30	**Nett ehf** 56% eignarhlutur keyptur í janúar 2000. Fyrirtækið hefur með höndum almenna internetþjónustu á Akureyri og nágrenni, auk sérlausna á sviði gagnaflutninga. Starfsmenn: 9
Markhúsið 39,47% Eignarhluti keyptur 1998 og 2000 Starfsemi félagsins er rekstur alhliða markaðsþjónustu, s.s. í tengslum við úthringingar og svörunarþjónustu. Starfsmenn: 60	**Neyðarlínan hf.** 7,7% eignarhlutur. Fyrirtækið annast neyðarsímsvörun lögreglu og slökkviliðs, auk ýmis konar fjarvöktunarþjónustu. Starfsmenn: 23

IP Fjarskipti ehf. 75% eignarhlutur með stofnaðild í janúar 2000 Tilgangur félagsins er einkum að halda utan um eignarhluti Símans og fleiri í alþjóðlega fjarskiptafyrirtækinu Cascadent Communications, sem býður fjarskipta- þjónustu á sk. IP staðli. Starfsmenn: 0	**Stikla ehf.** 33% eignarhlutur keyptur janúar 2000 Fyrirtækið annast rekstur og þjónustu á sviði þráðlausra fjarskipta, byggða á TETRA fjarskiptatækninni. TETRA handtæki virka bæði sem n.k. farsímar og talstöðvar fyrir lokaða notendahópa, s.s. verktaka, lögreglu og björgunarsveitir. Starfsmenn: 4
SVAR hf. 30% eignarhlutur Símans keyptur vorið 2000. Fyrirtækið annast sölu á símabúnaði og símakerfum fyrir einstaklinga og smærri fyrirtæki. Til orðið við samruna Ístels og Símvirkjans. Starfsmenn: 32	**Álit ehf.** 33% eignarhlutur, keyptur í mars 2000. Fyrirtækið annast rekstur tölvu- og upplýsingakerfa og hýsingu þeirra fyrir fyrirtæki og stofnanir. Starfsmenn: 40
Span hf. 17% hlutur keyptur í mars 2000. Tilgangur félagsins er þróun hugbúnaðar og tengdrar þjónustu fyrir viðskipti milli fyrirtækja yfir Internetið, stofnsetning og rekstur rafrænnar viðskiptamiðstöðvar, sem leiðir saman kaupendur og seljendur á fyrirtækjamarkaði. Starfsmenn: 1	**Rafræn miðlun ehf.** 5,85% hlutur keyptur í mars 2000. Félagið starfar á sviði rafrænnar greiðslumiðlunar og rekstri posakerfa. Starfsmenn: 30
Króli verkfræðistofa ehf. 20% hlutur keyptur í apríl 2000. Fyrirtækið býður heildarlausnir fyrir þráðlausar handtölvur og þróar hugbúnað í tengslum við þær. Starfsmenn: 7	**FORM.IS.** 10% eignarhlutur keyptur í júní 2000. Fyrirtækið rekur og býður alhliða þjónustutorg á internetinu með sérstakri áherslu á eyðublaðaþjónustu af ýmsu tagi. Núverandi eignarhlutur er 10,4%. Starfsmenn: 4
Tan Delta ehf. Undirbúningsfélag vegna hugsanlegrar stofnunar verksmiðju til framleiðslu coax-kapla. 9,75% eignarhlutur keyptur í desember 1999. Starfsmenn: 0	**Tækniakur hf.** 50% eignarhlutur. Stofnað í febrúar 2000. Tilgangur félagsins eru kaup og sala fasteigna, þróun lóða og lendna til bygg-ingarframkvæmda, fasteignarekstur og skyld starfsemi. Stofnað m.a. til upp-byggingar og rekstrar nýs Landssímahúss. Starfsmenn: 1

Streymi ehf. 10% eignarhlutur keyptur í september 2000. Félagið vinnur m.a. að gerð veflausna fyrir háhraðaumhverfi, auk þess að reka vefhönnunarskóla. Starfsmenn: 9	**Miðheimar ehf.** 100% eignarhlutur. Stofnað september 2000. Fyrirtækið annast alhliða kerfisveituþjónustu. Starfsmenn: 40
Auðkenni hf. 17% eignarhlutur, keyptur í október 2000. Félagið mun bjóða þjónustu sem lýtur að útgáfu rafrænna skilríkja. Núverandi eignarhlutur er 17,3%. Starfsmenn: 2	**ITSS ehf.** 30% eignaraðild. Vinnur að markaðssetningu og sölu sértækra hugbúnaðarlausna fyrir fyrirtæki og stofnanir. Starfsmenn: 0
Íslenska vefstofan ehf. Síminn eignaðist 28% hlut í október 2000 er veflausnir Símans og eignir þeirra runnu inn í fyrirtækið. Fyrirtækið býður alhliða veflausnaþjónustu. Starfsmenn: 35	**Ferðasmiðurinn hf.** 7,5% hlutur keyptur í september 2000. Félagið mun bjóða alhliða upplýsinga-þjónustu fyrir ferðamenn með sérstakri áherslu á internetið og farsímakerfi. Starfsmenn: 7
Global Sign á Íslandi ehf. 50% eignarhlutur keyptur í september 2000. Félagið er umboðsaðili fyrir Global Sign, sem gefur út rafræn auðkenni í tengslum við rafræn viðskipti. Starfsmenn: 1	**Kast ehf.** 50% eignarhlutur keyptur í desember 2000 Félagið rekur staðsetningarbundna SMS-auglýsingaveitu fyrir farsímakerfi (Location Based SMS Services) Starfsmenn: 2
Birtingarhúsið ehf. 16,7% eignarhlutur, keyptur í nóvember 2000 Félagið annast birtingarþjónustu fyrir auglýsendur Starfsmenn: 2	

Eignarhlutur Landssímans í fyrirtækjum um gervitungl skv. ársskýrslu 1999:

	Bókfært verð ÍKR
Intelsat	165.143.000
Eutelsat	21.463.000
Inmarsat	34.567.000
New Skies Satellites	69.107.000
Samtals:	290.280.000.

2.3. Fjarskiptakerfi Landssíma Íslands hf.

Símakerfi Landssímans hefur á undanförnum árum verið byggt upp á sama hátt og hliðstæð kerfi í nágrannalöndum okkar. Hraði í uppbyggingu hefur jafnan verið meiri hér á landi en annars staðar og áhersla hefur verið lögð á þjónustu við alla landsmenn. Í samræmi við það varð almenna símakerfið algerlega stafrænt hér fyrr en annars staðar og því hægt að innfæra nýjungar í þjónustu að mestu samtímis um allt land. Ljósleiðari um landið og nánast inn í hvert þéttbýli á landinu skapar fyrirtækinu mjög sterka stöðu til að veita nýja þjónustu. Í heild eru ljósleiðaralagnir á vegum Landssímans um 3.700 km að lengd. Endabúnaður fyrir ljósleiðara er í stöðugri þróun og flutningsgeta með nýrri tækni af ýmsum toga fer stöðugt vaxandi. Þetta hefur í för með sér að bandbreið þjónusta hefur lækkað verulega í verði.

Tæknilega er talsímakerfið sennilega með því fullkomnasta sem þekkist í heiminum en frá og með árinu 1995 var farið að gefa viðskiptavinum fyrirtækisins kost á samnetsþjónustu (ISDN). ISDN þjónustan gefur m.a. kost á hraðvirkari internetsamskiptum og tveimur rásum á hverri línu í stað einnar, þannig að netsamband teppir ekki símasamband. Samnet gefur einnig möguleika á að nota báðar rásir fyrir gagnaflutning svo að flutningsgeta verður 128 kb/s og þar með má uppfylla kröfu um gagnaflutning sem er að finna í ákvæðum um alþjónustu í lögum um fjarskipti. Þá gefst kostur á tengingu margra tækja á sömu línu og að hafa mörg símanúmer á sömu línu, auk margvíslegrar sérþjónustu sem ekki býðst í almenna símakerfinu. Nú eiga tæplega 98% landsmanna kost á ISDN-þjónustu, en gert er ráð fyrir að hún standi öllum til boða í árslok 2002.

Talsímanetið er mikið notað fyrir gagnaflutning bæði um samnetið og með mótöldum á venjulegum símalínum. Þörf heimila og fyrirtækja fyrir bandbreið sambönd til gagnaflutnings fer hins vegar hraðvaxandi, ekki síst vegna internetnotkunar og fjarvinnu af margvíslegu tagi. Samkvæmt öllum spám mun gagnaflutningur vaxa miklu hraðar en talsímaumferð og stöðugt mun stærri hluti af flutningskerfinu verða notaður fyrir annan flutning en venjuleg talsambönd.

Þróunin í gagnafjarskiptum hefur verið frá rásaskiptum fjarskiptum í átt til pakkaskiptra fjarskipta, sem nýta betur bandbreidd og auka þar af leiðandi hagkvæmni og flutningsgetu kerfisins. Landssíminn hefur brugðist við þessari þróun með uppbyggingu ATM-netsins, auk þess sem byggt er á IP-flutningi í svokölluðu Háhraðaneti. ATM-netið mætir þörfum kaupenda fyrir bandbreidd og flutningshraða og nýtir vel hina miklu flutningsgetu ljósleiðarakerfisins. Um það er hægt að flytja tal, myndir og tölvugögn. ATM-netið nýtist jafnt stórum sem smáum fyrirtækjum til hagkvæmra fjarskipta á landsvísu en er jafnframt burðarnet fyrir ýmsa aðra fjarskiptaþjónustu, t.d. ADSL-þjónustu.

Eftirspurn heimila og smærri fyrirtækja eftir aukinni bandbreidd hefur farið vaxandi á undanförnum árum. Til skamms tíma var eini kostur stórra kaupenda á mikilli flutningsgetu að taka leigulínur, sem getur verið tiltölulega dýr lausn. Nú standa margir kostir til boða sem geta verið hagkvæmari, þ.m.t. ATM/Frame Relay-tenging og ADSL-þjónusta, sem er bandbreið gagnaflutningsþjónusta með sítengingu. ADSL-þjónustan nýtir koparlínurnar sem liggja inn í öll heimili og fyrirtæki og getur í núverandi formi boðið upp á allt að 2 mb/s samband, enda hefur hún verið kölluð breiðband um kopar. Sama lína þjónar þá samtímis gagnasambandinu og venjulegu talsímahlutverki, þannig að tölvuvinnsla teppir ekki símann. Höfuðkosturinn er þó að netsambandið er alltaf opið og gjaldtaka er óháð notkunartíma eða fjarlægð. Hámarkslengd notendalínu frá símstöð er hins vegar 4–5 km og er því fyrst og fremst um þéttbýlisþjónustu að ræða. Þjónustan hentar bæði einstaklingum og smærri fyrirtækjum og hefur náð vinsældum hjá stærri fyrirtækjum sem fjarvinnulausn fyrir starfsmenn. Frá mars 2000 áttu íbúar alls höfuðborgarsvæðisins kost á þessari þjónustu. Landssíminn

áformar að bjóða ADSL-tengingar á 7–9 stærstu þéttbýlisstöðum utan höfuðborgarinnar á næstu misserum, þannig að 75–80% landsmanna eigi kost á þjónustunni í árslok 2002. Hún verður boðin á sama verði um allt land.

Aukinni þörf heimila og fyrirtækja fyrir bandbreiða þjónustu hefur jafnframt verið mætt á undanförnum árum með því að leggja ljósleiðara og koaxstrengi í dreifikerfinu alveg heim til notenda. Hefur slíkt breiðbandskerfi nú verið lagt til yfir 35 þúsund heimila og er hafinn rekstur á kapalsjónvarpi á netinu (Breiðvarp). Þá er að því stefnt að bjóða bráðlega gagnvirkan internetaðgang yfir breiðbandið. Síðastliðið sumar tóku 60 fjölskyldur á höfuðborgarsvæðinu þátt í tilraun með slíkan aðgang, sem gaf góða raun. Íbúar í einu fjölbýlishúsi eða við eina götu skipta þá með sér bandbreidd á staðarneti, sem er yfir 20 mb/s.

Landssíminn á um 7% hlut í CANTAT-3 sæstrengnum, sem tengir Norður-Ameríku og Vestur-Evrópu. Fyrirtækið á jafnframt hlut í fjórum alþjóðlegum gervihnattafyrirtækjum, Intelsat, Eutelsat, Immarsat og New Skies Satellites og rekur jarðstöðvar að Skyggni í Mosfellsbæ og við Höfn í Hornafirði. Jarðstöðvarnar eru notaðar til að auka öryggi í fjarskiptum til útlanda og sem varaleiðir, verði bilun eða slit á CANTAT-3.

Vegna mikils vaxtar í gagnaflutningum til útlanda, einkum internetumferð, hefur Landssíminn orðið að huga að annarri ljósleiðaratengingu til útlanda og hefur verið ákveðið að ráðast í lagningu nýs strengs milli Seyðisfjarðar og Þórshafnar í Færeyjum sumarið 2001. Frá Færeyjum verður áfram lagður strengur til Skotlands. Þannig eykst öryggi og afkastageta í alþjóðlegum fjarskiptum verulega. Landssíminn og færeyska símafélagið Føroya Tele hafa ákveðið að stofna félag um lagningu og rekstur strengsins með þátttöku innlendra og erlendra fjarskiptafyrirtækja og annarra fjárfesta í því félagi.

Ný alþjóðleg kerfi, sem byggja á lágt fljúgandi gervihnöttum, eru að komast í gagnið og eru sum fyrst og fremst hönnuð með tilliti til gagnaflutnings. Óvíst er hvort þessi kerfi muni geta keppt við þá þjónustu sem Landssíminn veitir á sínum aðalþjónustusvæðum en áreiðanlega verða þau áhugaverð fyrir þá sem þurfa á þjónustu að halda utan þess svæðis, bæði á fjöllum og úti á sjó.

Farsímaþjónustan er líklega sú þjónusta sem hraðast hefur vaxið undanfarin ár og var árið 1999 metár í fjölgun notenda. Þá bættust rúmlega 42 þúsund nýir GSM-viðskiptavinir við hjá Landssímanum sem var fjölgun um 63%. Í september 2000 voru viðskiptavinir farsímaþjónustu fyrirtækisins orðnir um 153.000 talsins, þar af um 125.000 í GSM-kerfinu. Þó að útbreiðsla farsíma sé mest á Íslandi í heiminum má gera ráð fyrir að mikill vöxtur verði í þessari þjónustu á næstu árum með nýjum möguleikum á gagnaflutningi.

2.3.1. Grunnnet

Með grunneti Landssíma Íslands er átt við stofnlínur sem tengja saman mismunandi staði og símstöðvar og eru notaðar m.a. til þess að flytja tal, gögn og hljóðvarps- og sjónvarpsmerki. Mikilvægasti þáttur stofnlínunetsins er ljósleiðarahringurinn um landið en einnig eru til staðbundnir ljósleiðarahringir og einstök sambönd sem ýmist eru útfærð með ljósleiðurum eða örbylgju. Við uppbyggingu á ljósleiðarakerfinu og annarra stofnlína, hefur verið lögð áhersla á að þrátt fyrir að sambandsrof verði einhvers staðar hafi það sem minnst áhrif á kerfið í heild.

Önnur fjarskiptafyrirtæki eiga rétt á að leigja línur af grunnneti Landssímans, á sömu kjörum og hans eigin þjónustueiningar njóta, í því skyni að byggja upp eigin fjarskiptanet. Eftirfarandi mynd sýnir legu ljósleiðarans og annarra flutningskerfa Landssímans.

Grunnnet Landssímans.



Árið 1989 þegar lagning ljósleiðara um landið var komin vel á veg var gerður samningur á milli íslenskra stjórnvalda og bandarískra stjórnvalda fyrir hönd Atlantshafsbandalagsins (NATO) um lagningu, fjármögnun, afnot, rekstur og viðhald þriggja af átta þráðum ljósleiðarans ásamt nauðsynlegum fylgibúnaði. Þeir þrír þræðir ljósleiðarans sem hér um ræðir liggja framhjá skiptistöðvum Landssímans og eru eingöngu notaðir af NATO. Þræðirnir þrír eru að fullu eign íslenska ríkisins en í umsjá Landssímans fyrir þess hönd. Afnotaréttur NATO skal haldast svo lengi sem ljósleiðarinn er nýttur eða meðan varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna er í gildi. Af hálfu íslenskra stjórnvalda og á ábyrgð þeirra var Landssíminn tilnefndur á sínum tíma til þess að sjá um lagningu ljósleiðarans, starfrækslu þráðanna þriggja og viðhald þeirra. Um þá þætti er í gildi sérstakur starfrækslu- og viðhaldssamningur.

NATO fékk afnotaréttinn af þráðunum þremur gegn þátttöku í kostnaði við uppbyggingu ljósleiðarakerfisins alls. Sá hluti ljósleiðarakerfisins sem NATO tók þátt í er rúmlega 1.800 kílómetrar en samtals er ljósleiðarakerfi Landssímans um 3.700 kílómetrar. Við útreikning kostnaðargrunns vegna verðskrár fyrir aðgang að stofnlínukerfinu koma greiðslur NATO að fullu til frádráttar. Kostnaðargrunnurinn miðast því við nettófjármagnskostnað Landssímans.

Á eftirfarandi mynd sést sá hluti ljósleiðarans sem NATO hefur afnotarétt af.

NATO strengur.



2.3.2. Almenna talsímakerfið

Almennt talsímakerfi Landssímans byggist á sjálfvirkum símstöðvum, en þær eru alls tæplega 150 talsins. Þar af eru tvær útlandastöðvar, en um þær fer símaumferð til annarra landa, og tvær skiptistöðvar. Þær síðarnefndu þjóna millistöðvatengingum, auk þess sem ýmsir stærstu viðskiptavinir fyrirtækisins eru tengdir beint við þær. Svæðissímstöðvar eru níu talsins og við þær tengjast staðbundnar símstöðvar á einstökum stöðum.

Staðbundnu stöðvarnar eru rúmlega 130 talsins. Þær eru hér um bil allar útbúnar til ISDN-tenginga. ISDN-þjónustu er hægt að veita í allt að 5–6 kílómetra fjarlægð frá símstöð og þarf að bæta a.m.k. 30 símstöðvum við kerfið á næstu tveimur árum til að ljúka ISDN-væðingu í mesta dreifbýlinu.

Viðskiptavinir með hefðbundna tengingu við almenna símakerfið voru í september 2000 um 147.000 talsins og hefur þeim farið fækkandi undanfarin ár vegna mikillar fjölgunar ISDN-tenginga. ISDN-notendur með grunntengingu voru á sama tíma tæplega 16.000 talsins en um 500 stofntengingar eru jafnframt til fyrirtækja. Samtals eru tæplega 200.000 rásir tengdar í almenna talsímakerfinu og hefur þeim fjölgað jafnt og þétt á milli ára. Þar af er nú rúmur fimmtungur ISDN-rásir, sem er hátt hlutfall í alþjóðlegum samanburði.

2.3.3. ATM-netið

Gagnaflutningsgeta ljósleiðarans takmarkar að mati sérfræðinga ekki frekari þróun á fjarskiptamarkaði. ATM-netið, sem Landssíminn hefur nú byggt upp um allt land, nýtir mjög vel hina miklu gagnaflutningsgetu ljósleiðarans. Settur hefur verið upp búnaður, svokallaðar ATM-skiptistöðvar eða ATM-hnútar, á ýmsum stærstu þéttbýlisstöðum landsins. Í gegnum ATM-punktana fá fyrirtæki aðgang að ljósleiðaranetinu. Hægt er að bjóða þjónustu á ATM-

netinu á mun lægra verði en hefðbundnar leigulínur í ljósleiðarakerfinu vegna þess að um pakkaskiptan flutning og samnýtingu bandbreiddar er að ræða. Til skamms tíma þurftu fyrirtæki að taka leigulínu inn í næsta ATM-punkt. Í september 2000 kynnti Landssíminn breytingar á verðskrá og þjónustu í gagnaflutningum, sem m.a. felur í sér að fyrirtækið tryggir a.m.k. 2 mb/s ATM- eða Frame Relay-samband á 66 þéttbýlisstöðum og skólasetrum um allt land. Gert er ráð fyrir að þar sem nægilega margir viðskiptavinir fást til að hagkvæmt sé að setja upp sérstakan búnað, verði bætt við nýjum ATM-punkti, ella taki ATM-netið á sig kostnað við leigulínu inn í næsta punkt. Á viðkomandi stöðum greiða fyrirtæki því alltaf sama verð fyrir ATM-tengingu, annars vegar innan sama ATM-svæðis og hins vegar á milli svæða. Sérstaklega er þetta mikilvægt með tilliti til uppbyggingar á fjarþjónustu og upplýsingaþjónustu á landsbyggðinni. Á meðfylgjandi mynd sést hvar a.m.k. 2 mb/s tengingar inn á ATM-netið eru í boði.

ATM-net Landssímans



2.3.4. Breiðbandið

Breiðbandið er upplýsingahraðbraut Landssímans og gegnir lykilhlutverki í margmiðlun sem verður stöðugt mikilvægari. Reikna má með að breiðbandið verði eitt helsta gagnaflutningskerfi fyrir sjónvarp, útvarp, tölvur og síma í framtíðinni. Kostir breiðbandsins eru mikil flutningsgeta og öryggi í sendingum. Með því gefst kostur á gagnvirku sjónvarpi, þáttasölusjónvarpi, heimabíói, hraðvirkum netaðgangi, tal- og myndsíma svo eitthvað sé nefnt.

Tæknileg uppbygging breiðbandsins er með þeim hætti að ljósleiðarar liggja úr símstöðvum út í götuskápa, sem staðsettir eru nærri íbúðum og fyrirtækjum. Frá götuskápum til notenda liggur kóaxstrengur eða gagnakapall en í sumum tilfellum, einkum þegar um fyrirtæki og fjölbýlishús er að ræða, liggur ljósleiðari alla leið.

Breiðbandskerfið er aðgengilegt um 35 þúsund heimilum á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt er lagning breiðbands hafin á sjö stöðum úti á landi, þ.e. Húsavík, Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi, Reykjanesbæ, Stykkishólmi og Ísafirði, en eingöngu á Húsavík eru tengingar orðnar virkar. Þess er vænst að áhersla á sjónvarpsdreifingu um þetta kerfi muni fara vaxandi á næstu mánuðum og misserum. Til að kerfið nýtist sem skyldi úti um land til dreifingar á fjölda sjónvarpsrása þarf þó að koma upp búnaði til að flytja sjónvarpsmerki á stafrænu formi um lengri leiðir. Án þess eru ekki kostnaðarlegar forsendur til að nýta ljósleiðarahringinn til slíkrar dreifingar.

2.3.5. Farsímakerfi

Farsímaþjónusta er stór þáttur í rekstri Landssímans eins og áður hefur komið fram. Nú nær farsímaþjónusta Landssímans til langflestra landsmanna. Eins og sjá má af meðfylgjandi mynd nær dreifingarsvæði Símans-GSM til allra stærstu þéttbýlisstaða landsins og jafnframt til margra helstu ferðamannasvæða og fjölförnustu kafla hringvegarins. Samtals eru dreifistöðvar í kerfinu um 210 talsins og ná þær yfir svæði, þar sem tæplega 97% landsmanna eru búsett. Einstakir notendur tengjast dreifistöðvum um radíósamband en stöðvarnar eru tengdar saman með ljósleiðarakerfi Landssímans og er umferð frá þeim beint um kerfið til miðstöðvarinnar, þaðan sem hún getur tengst áfram innan kerfisins eða inn í önnur fjarskiptakerfi. Miðstöð kerfisins er í Reykjavík og Mosfellsbæ og hefur hún nýlega verið tvöfölduð til að auka afkastagetu og öryggi, þannig að þótt annar hluti stöðvarinnar bili hefur það ekki áhrif á allt kerfið.

Dreifisvæði GSM-þjónustu árslok 2000



Í langdræga NMT-kerfinu eru yfir 140 dreifistöðvar og nær dreifisvæði NMT til mestalls landsins og nálægra miða eins og sjá má á eftirfarandi mynd. NMT-kerfinu verður haldið við á næstu árum eða þar til önnur lausn býðst er uppfyllir sömu kröfur um útbreiðslu.

Dreifisvæði NMT-þjónustu



2.4. Verðþróun á innanlandsmarkaði

Með hlutafélagavæðingu Póst- og símamálastofnunar og tilkomu samkeppni á fjarskiptamarkaði hefur verið lögð áhersla á að viðskiptasjónarmið ráði verðlagningu þjónustu og í nokkrum tilfellum hefur reynst nauðsynlegt að breyta gjaldskrám með tilliti til raunkostnaðar. Þegar á heildina er litið er þó ljóst að verðþróun á fjarskiptaþjónustu á Íslandi hefur verið á þann veg að verð hefur lækkað. Tvær meginástæður eru fyrir því. Annars vegar hefur aukin samkeppni þrýst niður verði og hins vegar hafa ýmsar tækninýjungar haft í för með sér minni stofn- og rekstrarkostnað pr. einingu en áður þekktist. Eftirfarandi myndir sýna verðþróun í nokkrum flokkum úr gjaldskrá Landssíma Íslands hf.

Verðþróun á GSM-þjónustu pr. mínúta



Heimild: Hagdeild Landssíma Íslands hf.

Þróun mínútuverðs til nokkurra landa



Heimild: Hagdeild Landssíma Íslands hf.

Símakostnaður innanlands samanborið við vísitölu neysluverðs



Heimild: Hagdeild Landssíma Íslands hf.

Verð á gagnaflutningsþjónustu hefur lækkað á allra síðustu árum og má þar sérstaklega nefna breytingar á gjaldskrá sem kynntar voru af Landssímanum í september sl. Gerð er grein fyrir þessum breytingum í kafla 3.5. Á eftirfarandi mynd má sjá áhrif breytinga á gjaldskrá fyrir gagnaflutningsþjónustu milli Akureyrar og Reykjavíkur. Taka ber fram að nýir möguleikar til gagnaflutnings með svokallaðri ATM tækni, hafa í för með talsverða lækkun frá því sem var með leigulínunum.

2 mb/s samband frá Akureyri til Reykjavíkur, 444 km



Heimild: Samgönguráðuneytið

Þrátt fyrir að verð á leigulínum hafi lækkað mikið að undanförnu er ljóst að enn er talsverður munur á verðlagningu á þeirri þjónustu eftir því hvar notandinn er staðsettur á landinu. Með tilkomu ATM þjónustu má gera ráð fyrir að vægi leigulína minnki til muna þar sem sú þjónusta ætti að geta fullnægt þörfum langflestra meðalstórra og smærri fyrirtækja bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Gjaldskrá fyrir leigulínur hvílir á vegalengd og afkastagetu en ekki á magni þeirra gagna sem flutt eru. Nefndin telur rétt að skoða hvort ekki sé mögulegt að miða gjaldskrá fremur við magn gagnaflutnings. Þetta hefði þau áhrif að verð á leigulínum myndi jafnast enn frekar yfir landið.

Í dag er sama verð um allt land á hefðbundnum talsíma, á ISDN þjónustu, á ADSL þjónustu, á ATM þjónustu svo og í NMT og GSM farsímakerfunum.

2.5. Verð á þjónustu í alþjóðlegum samanburði

Verð á þjónustu er góð vísbending um það ástand sem ríkir á íslenskum fjarskiptamarkaði. Verð á fjarskiptaþjónustu hefur almennt lækkað töluvert á undanförnum árum og þá sérstaklega á sviði farsímaþjónustu og í millilandasímtölum. Eins og sést af meðfylgjandi myndum þá er verð á þjónustu Landssímans hagstætt í alþjóðlegum samanburði. Annars vegar er stuðst við upplýsingar frá Landssímanum, sem teknar eru saman úr verðskrám símafyrirtækja í apríl 2000, og hins vegar við útreikninga á vegum OECD á símakostnaði í einstökum löndum, þar sem búnar eru til sambærilegar „körfur“ fyrir notkun á fjarskiptaþjónustu.

Samanburður á fastagjaldi fyrir heimilissíma pr. mánuð



Heimild: Hagdeild Landssíma Íslands hf.

Leigulínur innanlands



Meðalkostnaður án vsk. m.v. kaupmátt í hverju landi (US$/ PPP). Heimild: OECD/Teligen Ltd. ágúst 2000. Ath: Finnland gefur ekki upp verð f. 64 kb/s línur. Áhrif síðustu verðlækkunar Landssímans á leigulínum eru ekki komin fram í þessum samanburði.

Símakostnaður heimilanna (alm. símakerfið)



Meðalkostnaður m. vsk. m.v. kaupmátt í hverju landi (US$/ PPP). Heimild: OECD/Teligen Ltd. ágúst 2000

Símakostnaður fyrirtækja (alm. símakerfið)



Meðalkostnaður án vsk. m.v. kaupmátt í hverju landi (US$/ PPP). Heimild: OECD/Teligen Ltd. ágúst 2000

GSM-farsímakostnaður heimilanna



Meðalkostnaður m vsk. m.v. kaupmátt í hverju landi (US$/ PPP). Heimild: OECD/Teligen Ltd. ágúst 2000

Verð á almennri símaþjónustu hér á landi virðist hagstætt miðað við kaupmátt samanborið við það sem þekkist í öðrum löndum. Verðlagning á símaþjónustu hefur verið að breytast með tilkomu nýrra fjarskiptalaga og opnara umhverfis í fjarskiptum. Verð á símaþjónustu nú tekur í meira mæli tillit til raunkostnaðar hvers þáttar í starfseminni heldur en áður var þegar einstakir liðir þjónustunnar voru látnir greiða niður þá þætti sem voru ekki eins arðbærir.

3. Þjónusta Landssíma Íslands hf.

Landssíminn veitir alhliða fjarskiptaþjónustu. Með tilkomu nýrra keppinauta á mörgum sviðum fyrirtækisins hefur markaðshlutdeild þess eðlilega minnkað. Fjarskiptamarkaðurinn stækkar hins vegar hröðum skrefum og fara umsvif Landssímans því vaxandi. Þannig jókst velta fyrirtækisins á milli fyrstu sex mánaða ársins 1999 og sama tímabils árið 2000 um 16,5%.

3.1. Talsímaþjónusta

Viðskiptavinir talsímaþjónustu eru um 167.000 talsins og er markaðshlutdeild Landssímans í tengingum við talsímanet og í innanlandssímtölum enn vel yfir 90%. Erfitt er út frá fyrirliggjandi gögnum að meta markaðshlutdeild fyrirtækisins í millilandasímtölum en vísbendingar eru um að hún sé ríflega 80%. Markaðurinn fer vaxandi frá ári til árs og hefur seldum mínútum í millilandasímtölum fjölgað u.þ.b. 10% árlega undanfarin ár. Seldum mínútum innanlands hefur hins vegar fjölgað u.þ.b. 15% árlega, þrátt fyrir stóraukna farsímanotkun og kemur þar einkum til sívaxandi internetnotkun. Stafræna símakerfið gerir kleift að innleiða nýjungar á sama tíma um allt land, t.d. varðandi ýmsa sérþjónustu og svokallaða virðisaukandi þjónustu í almenna talsímakerfinu.

Miklar verðlækkanir hafa orðið á millilandasímtölum í kjölfar vaxandi samkeppni. Stórt skref var stigið er millilandasímtöl voru lækkuð um leið og fastagjald hækkaði til samræmis við raunkostnað í apríl 2000. Jafnframt lækkuðu stofngjald, flutningsgjöld vegna síma og mínútugjald innanlands.

3.2. Farsímaþjónusta

Landssíminn rekur tvö farsímakerfi um allt land. Á dreifisvæði GSM-kerfisins eru tæplega 97% landsmanna búsett og það nær til allra þéttbýlisstaða með fleiri en 200 íbúa, margra sumarbústaða- og ferðamannasvæða og fjölfarinna hluta hringvegarins. Landssíminn GSM hefur þar að auki gert reikisamninga við tæplega 160 farsímafyrirtæki í yfir 70 löndum, þannig að viðskiptavinir geta notað þjónustu þeirra. Áskrifendur GSM-þjónustunnar voru í september 2000 um 125.000 talsins, sem samsvarar rúmlega 70% markaðshlutdeild. Verð fyrir GSM-þjónustu hefur farið lækkandi ár frá ári.

Auk tal- og gagnaflutningsþjónustu í gegnum GSM-kerfið býður Landssíminn ýmiss konar virðisaukandi þjónustu í sívaxandi mæli. Þar má nefna WAP-þjónustu, sem gerir viðskiptavinum kleift að nota GSM-símann til að vafra um internetið. VIT-þjónustan, sem byggir á svokallaðri SIM Application Toolkit-tækni, gerir viðskiptavinum kleift að senda fyrirspurnir og skipanir inn í gagnagrunna af ýmsu tagi og fá til baka upplýsingar í formi SMS-skilaboða. Þannig má t.d. nálgast fréttir og upplýsingar um flugáætlanir, símanúmer, menningarviðburði o.s.frv. Fyrir tilstilli VIT-þjónustunnar er hægt að stunda örugg bankaviðskipti í gegnum svokallaðan GSM-banka og kaupa vörur og þjónustu, sem gjaldfærist á símareikninginn. Hvað þessa virðisaukandi þjónustu varðar stendur Landssíminn framarlega í samanburði við símafyrirtæki í öðrum löndum.

Tekinn hefur verið upp í GSM-kerfinu svokallaður GPRS-staðall, sem gefur færi á margfalt hraðvirkari gagnaflutningi en áður og jafnframt sítengingu við internetið. Þar með er hægt að senda allt að 110–120 kb/s sem er svipuð flutningsgeta og fæst með að nota báðar rásir ISDN-tengingar fyrir gagnaflutning. GPRS er talið vera skref á leið til svokallaðrar þriðju kynslóðar farsíma, þar sem gagnaflutningsgeta er enn meiri.

NMT-þjónusta Landssímans nær til mestalls landsins og eru viðskiptavinir hennar um 28.000 talsins. Síðla árs 2000 var tekin upp SMS-skilaboðaþjónusta í NMT-kerfinu, sem ásamt SMS-þjónustu GSM-kerfisins er ætlað að koma í stað gamla boðkerfisins, sem lagt verður niður í lok janúar 2001.

Umferð í boðkerfinu hefur farið minnkandi vegna aukinnar notkunar SMS-skilaboða og er ekki talið svara kostnaði að ráðast í endurnýjun á búnaði þess, sem framleiðendur treysta sér ekki lengur til að þjónusta.

3.3. Tetra kerfi

Tetra kerfið er hannað út frá sjónarhóli öryggis- og björgunaraðila svo sem lögreglu, slökkviliðs, almannavarna og björgunarsveita sem samkvæmt eðli starfsemi sinnar hafa byggt verulega á talstöðvum til hliðar við hefðbundin fjarskiptakerfi.

Þessir aðilar geta ekki treyst á almennt fjarskiptakerfi sem er hannað þannig að einungis lítill hluti notendanna getur notað kerfið samtímis. Yfirálag í þeim kerfum myndast einmitt þegar mest ríður á að björgunaraðilar hafi fullkominn aðgang, t.d. í jarðskjálftum eða öðrum náttúruhamförum og einnig getur auðveldlega orðið staðbundið yfirálag í farsímakerfum ef slys verður á fjölförnum leiðum svo dæmi sé tekið.

Sérstaklega er tekið tillit til slíkra aðstæðna í Tetra kerfum þar sem sambönd fara beint á milli aðila eins og um talstöðvar væri að ræða þegar þeir sem þurfa að hafa samskipti sín á milli eru komnir á sama svæði.

Í Tetra kerfinu er fullkominn stjórnbúnaður sem gerir kleift að stjórna björgunaraðgerðum og skipta notendum kerfisins niður í hópa þar sem hver hópur fyrir sig fylgist með öllu sem gerist innan hópsins en aðrir eru útilokaðir.

3.4. Internetþjónusta

Internetþjónusta Landssímans er tvíþætt: annars vegar sérsniðnar lausnir fyrir fyrirtæki, þ.m.t. aðgangur að alþjóðlegri internetgátt, og hins vegar einstaklingsþjónusta. Á einstaklingsmarkaðnum hefur Síminn Internet um 18.000 viðskiptavini í áskrift og tengjast þeir ýmist með venjulegum mótaldsaðgangi um ISDN-línur eða ADSL-tengingar. Í öllum tilvikum er greitt sama verð fyrir aðganginn um allt land. Í áskriftarþjónustu Símans Internet eru boðnir margir mismunandi verðflokkar, allt eftir því hvaða virðisaukandi þjónusta felst í áskriftinni.

Síðla árs 1999 varð til nýr markaður fyrir gjaldfrjálsa internetþjónustu og tók Síminn Internet þátt í samkeppni á þeim markaði. Gengið var til samstarfs við viðskiptabanka um að bjóða gjaldfrjálsa internetþjónustu í framhaldi af því að fjarskiptanet Landssímans bauð internetþjónustuveitum hlutdeild í tekjum af internetsímtölum. Um leið lækkaði internetáskrift verulega í verði. Skráðir notendur fríþjónustu bi.is og li.is sem er boðin í tengslum við bankaþjónustu Búnaðarbanka Íslands hf. og Landsbanka Íslands hf, eru um 23.000 talsins. Eðli málsins samkvæmt er erfitt að leggja mat á markaðshlutdeild fyrir fría internetþjónustu, enda eru margir notendur skráðir hjá fleiri en einum þjónustuaðila og margar skráningar því óvirkar.

3.5. Gagnaflutningsþjónusta

Miklar breytingar hafa orðið á gagnaflutningsþjónustu Landssíma Íslands hf. á síðustu misserum. Lögð hefur verið vaxandi áhersla á heildarlausnir, sem markaðssettar eru í nokkrum flokkum, t.d. hvað varðar fjarvinnu og internet.

ATM-net Landssímans eykur mjög fjölbreytni og hagkvæmni í gagnaflutningsþjónustu fyrirtækisins. Um ATM-netið má flytja alla þekkta fjarskiptaþjónustu, tal, myndir og gögn, um sömu rás. Boðið er upp á fjölda þjónustuflokka með flutningsgetu frá 64 kb/s og upp í 155 mb/s. ATM-netið samanstendur í raun af skiptistöðvum eða tengipunktum, sem viðskiptavinir tengjast, og leigulínum, sem ATM-netið leigir af stofnlínukerfi Landssímans.

Í október 1999 tók gildi ný verðskrá fyrir leigulínur í stofnlínukerfi Landssímans. Hún byggðist á reglum EES um að verðskráin skuli endurspegla raunkostnað, sem hafði í för með sér mikla verðlækkun á burðarmeiri línum innan símstöðvasvæða og á lengri línum. Í september 2000 kynnti Landssíminn enn frekari verðlækkun og aukna þjónustu í gagnaflutningum um allt land. Helstu atriði þeirra breytinga eru eftirfarandi:[3]

- Frá og með 1. september 2000 tók gildi ný verðskrá fyrir leigulínur í stofnlínukerfi Landssímans, sem hafði í för með sér 10–60% verðlækkun frá verðskránni frá 1999. Mest er lækkunin á bandbreiðari samböndum; þannig lækka 45 mb/s línur um allt að 60% og 155 mb/s línur um allt að 40%. Kostnaðarlegar forsendur þessarar miklu lækkunar eru m.a. að búnaður til að magna upp flutningsgetu ljósleiðarans hefur lækkað í verði.
- Landssíminn býður nýjan þjónustuflokk á ljósleiðarakerfi sínu, svokallaða landsbyggðarbrú, sem hugsaður er fyrir fjarskiptafyrirtæki sem vilja veita þjónustu úti um allt land. Veittur er sérstakur 25% afsláttur frá nýju leigulínuverðskránni til fyrirtækja, sem leigja 155 mb/s sambönd um lengri veg en 1.800 km, 15% afsláttur af 45 mb/s samböndum um lengri veg en 1.800 km og 10 % aukaafsláttur af afkastaminni línum á dreifbýlustu landsvæðunum. Með þessu er stuðlað að hagkvæmari nýtingu fjarskiptakerfisins, ýtt undir endursölumarkað fyrir gagnaflutningsþjónustu og stuðlað að samkeppni í fjarskiptum um allt land.
- Frá og með 1. október 2000 tók gildi ný verðskrá ATM-netsins, byggð á áðurnefndri verðlækkun stofnlínuhlutans. Landssíminn mun bjóða 2 mb/s ATM-eða Frame Relay-tengingar í öllum þéttbýlisstöðum með fleiri en 150 íbúa fyrir sama verð um allt land, rúmlega 32.000 kr. á mánuði innan ATM-svæðis og rúmlega 48.000 kr. utan svæðis. Í mörgum tilfellum hefur þetta í för með sér yfir 70% lækkun á þeim kostnaði, sem fyrirtæki á landsbyggðinni hafa af tengingu til Reykjavíkur.
- Landssíminn skuldbindur sig til a.m.k. fimm ára til að tryggja viðskiptavinum á öllum þéttbýlisstöðum með fleiri en 150 íbúa aðgang að 2 mb/s samböndum yfir ATM-netið eða sambærilegri þjónustu á verði, sem sé það sama innan hvers svæðis en aukakostnaður við tengingar út fyrir svæði verði ekki umfram kr. 17.000 á mánuði.
- Jafnframt hefur Landssíminn boðað að ADSL-þjónusta muni á síðari hluta ársins 2002 ná til 7–9 þéttbýlisstaða á landinu, utan höfuðborgarsvæðisins, og þar með eigi allt að 80% landsmanna kost á henni. ADSL-þjónustan hefur náð vinsældum sem öflug gagna- og internettenging hjá einstaklingum jafnt sem minni fyrirtækjum. Þá nýta orðið allmörg stærri fyrirtæki ADSL sem fjarvinnulausn fyrir starfsmenn sína, en þeir geta þá tengst

---

[3] Þessi umfjöllun byggir á fréttatilkynningu Landssímans sem birt er í viðauka.

staðarnetum fyrirtækisins og haft sama vinnuumhverfi heima og í vinnunni. Í september 2000 voru ADSL-tengingar til viðskiptavina Landssímans um 1.200 talsins.

3.6. Upplýsingaveitur

Hjá upplýsingaveitum Landssímans eru veittar upplýsingar um símanúmer innanlands og erlendis, ritsímaþjónusta og handvirk símaþjónusta af ýmsu tagi, t.d. upphringiþjónusta, að koma á símafundum o.fl. Í upplýsinganúmerinu 118 starfa yfir 100 starfsmenn á fjórum stöðum á landinu. Mest er umfang starfseminnar í Reykjavík og á Akureyri. Eftirspurn eftir þjónustu 118 hefur farið vaxandi ár frá ári, þrátt fyrir að símaskráin sé nú aðgengileg á Netinu og samkeppni sé komin í upplýsingaþjónustu um símanúmer. Upplýsingaveitur Landssíma Íslands hf. gefa jafnframt út prentuðu símaskrána sem þjónar í vaxandi mæli hlutverki alhliða upplýsingarits.

3.7. Breiðbandsþjónusta

Landssíminn hefur allt frá árinu 1995 unnið að uppbyggingu á Breiðbandinu. Breiðbandið var hannað með framtíðarþörf viðskiptavina Landssímans í huga. Kerfið er svonefnt „Fiber-To-The-Curb"-kerfi, eða ljósleiðari í götuskáp. Ef um er að ræða stór fjölbýlishús er lagður ljósleiðari alla leið inni í viðkomandi byggingar. Í dag eru um 35 þúsund heimili þannig beintengd með ljósleiðara eða ljósleiðara og kóaxstreng.

Þörfin fyrir öflugt flutningskerfi fjarskipta mun vaxa hratt og breiðbandskerfi Landssímans er ætlað að vera þar í fremstu röð. Taka verður mið af því að uppbygging breiðbandsins tekur langan tíma en því er einnig ætlaður langur líftími. Það er byggt fyrir framtíðarnot og því verður það vannýtt fyrstu árin í rekstri.

Það breiðband sem nú er lagt flytur yfir 30 sjónvarpsrásir og 20 útvarpsrásir. Þetta er hefðbundinn flutningur með hliðrænum/analogue hætti. Á grundvelli tilraunar, sem gerð var sl. sumar, verður háhraða internetflutningur kynntur á 1. ársfjórðungi 2001. Þá geta heimili tengd breiðbandi notið sítengingar og hraðara internets. Þar næst koma stafrænt og gagnvirkt sjónvarp. Breiðbandið getur flutt 100–200 sjónvarpsrásir með þeim hætti. Áform um gagnvirkt stafrænt sjónvarp eru langt komin og líklegt að slík þjónusta verði boðin á árinu 2001. Þar að auki má nefna þjónustu eins og myndsíma og heimaverslun sem er í sífelldri þróun og til lengri tíma verður í boði allur flutningur til heimila á tali, gögnum og myndböndum um breiðbandsnetið. Þjónusta þróast mishratt en meginatriðið er þó það að breiðbandsnetið á að geta mætt þeim þörfum sem til verða.

3.8. Flug- og skipafjarskipti

Fjarskiptanet Landssímans annast rekstur alþjóðlegra flugfjarskipta fyrir Alþjóðaflugmálastofnunina (ICAO), öryggisþjónustu við skip auk almennra fjarskipta við skip og öryggisþjónustu strandarstöðva fyrir íslenska ríkið. Flugfjarskiptin fara vaxandi ár frá ári og hafa viðskipti Landssímans við Alþjóðaflugmálastjórnina vaxið úr 274 m.kr. árið 1995 í 356 m.kr. árið 1999. Samdráttur hefur hins vegar orðið í strandarstöðvaþjónustunni, meðal annars vegna nýrra kosta í fjarskiptum sjófarenda og nýs sjálfvirks tilkynningaskyldukerfis. Á árinu 2000 var gerður í fyrsta sinn sérstakur þjónustusamningur um rekstur strandarstöðvanna og gildir hann til ársins 2003, en að því loknu er gert ráð fyrir að rekstur stöðvanna verði boðinn út.

3.9. Rannsóknir og þróun

Sérstök rannsóknardeild er starfrækt innan Landssímans, sem meðal annars tekur þátt í ýmsum alþjóðlegum rannsóknar- og þróunarverkefnum á sviði fjarskiptaþjónustu. Rannsókna- og vöruþróunarstarf er þó áfram unnið í mörgum deildum fyrirtækisins. Landssíminn hefur farið þá leið að tengjast öðrum fyrirtækjum, einkum í hugbúnaðargeiranum, oft með eignaraðild, og gera við þau samninga um þróun nýrra lausna, sem prófaðar eru í kerfi Landssímans og þróaðar þar áfram til útflutnings, auk þess sem þær verða grundvöllur aukinnar og betri þjónustu við viðskiptavini.

4. Lagalegt umhverfi

Eitt af meginsjónarmiðum við sölu ríkisins á hlutabréfum í Landssímanum er að tryggja þau markmið sem sett hafa verið fram með lögum um fjarskipti.

Á grundvelli fjarskiptalaga frá 1984 og eldri laga hafði ríkið einkarétt til að veita fjarskiptaþjónustu á Íslandi og voru undanþágur fáar. Þessi einkaréttur ríkisins var á hinn bóginn takmarkaður með breytingu á fjarskiptalögunum á árinu 1993 og náði frá þeim tíma til almennrar talsímaþjónustu og fjarskiptanetsins. Hinn 1. janúar 1998 var þessi einkaréttur afnuminn með öllu í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Með lögum frá 1996 var Póst- og símamálastofnun breytt í hlutafélag í eigu ríkisins. Í framhaldi af því var Landssími Íslands hf. stofnaður hinn 27. desember 1997. Fyrirtækið hefur fram til þessa verið að fullu í eigu ríkisins.

Með gildandi fjarskiptalögum (nr. 107/1999) var enn stigið stórt skref í frjálsræðisátt á fjarskiptasviðinu. Eitt meginmarkmið laganna er að efla samkeppni á fjarskiptamarkaði. Meðal annarra markmiða er að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti. Í lögunum er að finna ýmis nýmæli sem skipa Íslandi í hóp þeirra þjóða sem innleitt hafa hvað ríkast frelsi í fjarskiptaþjónustu. Nægir þar að nefna ákvæði um innlenda reikisamninga, númeraflutning og aðgang að heimtaug.

Samtímis hafa lögin að geyma ákvæði sem eiga að tryggja almenningi fullnægjandi fjarskiptaþjónustu á sanngjörnum kjörum. Í reglugerð um alþjónustu, nr. 641/2000 er síðan skilgreind lágmarksþjónusta í formi alþjónustu sem skal vera í boði á viðráðanlegum kjörum.

4.1. Lög um fjarskipti

Hinn 1. janúar 2000 urðu umtalsverðar breytingar á réttarumhverfi fjarskiptafyrirtækja á Íslandi. Breytingarnar fólust í gildistöku nýrra laga um fjarskipti nr. 107/1999 og laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 110/1999.

Markmið fjarskiptalaga er sem fyrr segir annars vegar að stuðla að aukinni samkeppni og tryggja aðgang allra landsmanna að ákveðinni lágmarksþjónustu, svokallaðri alþjónustu, og hins vegar að laga íslenska löggjöf að nýjum tilskipunum EES um fjarskiptamál. Með lögunum var einkum litið til eftirfarandi atriða:[4]

- að uppfylla skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,
- að tryggja samtengingu neta svo að viðskiptavinir ólíkra fjarskiptafyrirtækja geti haft samband sín í milli,

[4] Frumvarp til laga um fjarskipti. Lagt fram á 125. löggjafarþingi. Þskj. 143 – 122. mál.

- að skylda fyrirtæki sem eiga almenn fjarskiptanet og aðra innviði að opna aðgang að netunum og annarri aðstöðu á sanngjörnum kjörum,
- að stuðla að raunverulegri samkeppni á markaðnum með því að jafna samkeppnisstöðu fjarskiptafyrirtækja, t.d. með aðgangi að heimtaug,
- að veita markaðsráðandi fyrirtæki aðhald, m.a. með kröfu um bókhaldslegan aðskilnað,
- að mæta þörfum allra landsmanna fyrir ákveðna lágmarksþjónustu,
- að tryggja svigrúm fjarskiptafyrirtækja til að starfa,
- að mæta kröfum viðskiptalífsins um að afnema hömlur og einfalda löggjöf og draga úr umfangi hennar eftir því sem samkeppni eykst,
- að tryggja aðgang stjórnvalda að nauðsynlegum upplýsingum frá markaðinum svo að þau geti sett almennar leikreglur,
- að ávallt verði til öflug fjarskiptafyrirtæki á Íslandi,
- að fyrirbyggja að löggjöf hamli þróun upplýsingatækni og komi í veg fyrir tækniframfarir.

Ýmis nýmæli eru í fjarskiptalögum sem hafa veruleg áhrif á rekstrarforsendur Landssíma Íslands hf.

Númeraflutningur

Í fyrsta lagi má nefna ákvæði um númeraflutning (e. number portability) og forval og fast forval (e. carrier selection og carrier pre-selection). Númeraflutningur gerir notendum síma kleift að halda símanúmerum án tillits til þess hjá hvaða símafyrirtæki viðskiptin eru. Til að fá aðgang að forvali velur notandi forskeyti á undan venjulegu símanúmeri og fær með því aðgang að þjónustuveitanda. Með því að sækja um fast forval getur áskrifandi sleppt því að velja forskeyti til að fá aðgang að þjónustuveitanda. Bæði númeraflutningur og forval eru talin forsenda fyrir samkeppni í símaþjónustu.

Samkvæmt reglum Póst- og fjarskiptastofnunar um númeraflutning kom númerflutningur í fastanetinu til framkvæmda 15. september 2000. Númeraflutningur milli símstöðvasvæða hvar sem er á landinu mun koma til framkvæmda 15. febrúar 2001 og númeraflutningur í farsímanetum hinn 1. júní 2001.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur einnig gefið út reglur um forval, þar sem hægt er beina viðskiptum til sérstaks fjarskiptafyrirtækis, og fast forval, þar sem ákveðinni þjónustu er alltaf beint til ákveðins fjarskiptafyrirtækis, í talsímanetum til að hrinda í framkvæmd ákvæðum fjarskiptalaga um forskeyti. Hafa áskrifendur í fastasímanetum átt þess kost að panta fast forval frá og með 1. apríl 2000.

Númeraflutningur leiðir af sér harðari samkeppni þar sem viðskiptavinir eiga auðveldara með að flytja viðskipti sín til annarra fjarskiptafyrirtækja enda kallar slíkur flutningur ekki á breytt símanúmer.

Reikisamningar

Í öðru lagi mæla lögin fyrir um innlenda reikisamninga. Með þeim er átt við að farsímafyrirtæki eigi aðgang að farsímanetum annarra farsímafyrirtækja þegar ekki verður ráðist í uppsetningu og rekstur farsímastöðvar, vegna eðlis eða umfangs fjárfestingar, eða þar sem aðstæður til uppsetningar og rekstrar farsímastöðvar eru sérstaklega erfiðar. Ákvæði fjarskiptalaganna um innlenda reikisamninga tóku gildi 1. janúar 2001.

Svokölluð þjónustuveita (e. service provision) hefur færst í vöxt í nágrannalöndum. Með þessu er átt við að rekstarleyfishafi farsímanets býður öðrum fyrirtækjum m.a. í farsímaþjónustu upp á að nota kerfi sitt í þeim tilgangi að pakka inn þjónustu sem þjónustuveitandinn

getur boðið í eigin nafni. Hefur Landssíminn boðið fyrirtækjum sem boðað hafa komu sína á farsímamarkaðinn upp á samninga þar um, sem sagðir eru hliðstæðir þeim sem þekkjast í nágrannalöndum. Jafnframt er nú unnið að frjálsum samningum farsímafyrirtækja um reiki á mestu dreifbýlissvæðum landsins. Samningur hefur þegar verið undirritaður við Tal hf. Gjaldtakan mun miðast við smásölugjaldskrá að frádregnum þjónustuliðum (e. retail minus) í samræmi við ákvæði fjarskiptalaga.

Innlendir reikisamningar geta því haft þær afleiðingar að virkari samkeppni í farsímaþjónustu komist á alls staðar á landinu. Reikisamningar geta aukið tekjur Landssímans en þeir geta jafnframt minnkað sérstöðu fyrirtækisins á markaðnum þar sem það hefur yfir að ráða fjarskiptakerfi með mestu útbreiðsluna.

Aðgangur að heimtaug

Í þriðja lagi er aðgangur að heimtaug tryggður í gildandi fjarskiptalögum. Í aðgangi að heimtaug felst að fjarskiptafyrirtæki geta átt, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, lögvarinn rétt á að leigja aðgang að heimtaug til notenda af fyrirtækjum með umtalsverða markaðshlutdeild (u.þ.b. 25%). Á grundvelli fjarskiptalaga hefur Póst- og fjarskiptastofnun frá og með 1. október, getað ákveðið að fjarskiptafyrirtæki fái með þessum hætti beinan aðgang að einstökum viðskiptamönnum. Er nú unnið að útfærslu þessara mála í vinnuhópi á vegum Póst- og fjarskiptastofnunar.

Þessi skylda hefur í för með sér breytingar fyrir Landssíma Íslands hf. Án þessa ákvæðis þyrftu ný fjarskiptafyrirtæki að byggja eigin net til að ná milliliðalaust til almennra notenda. Aðgangur að heimtaug mun því örva samkeppni á almennum notendamarkaði um allt land. Keppinautar Landssímans, t.d. Lína.Net hf. og Íslandssími hf. hafa hins vegar hafið uppbyggingu eigin grunnkerfis með heimtaugum til stærri viðskiptavina. Jafnframt hefur Lína.Net hf. boðað lagningu heimtauga með ljósleiðara til um 18.000 heimila á höfuðborgarsvæðinu. Samstarfssamningur fyrirtækjanna, sem kveður m.a. á um tímabundna takmörkun á aðgangi annarra að fjarskiptaneti Íslandssíma hf. og Línu.Nets ehf., nýtur undanþágu frá ákvæðum samkeppnislaga á grundvelli ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 22/1999. Á sama tíma er Landssímanum skylt að hleypa keppinautum inn á sitt fjarskiptanet á grundvelli reglna um opinn aðgang að netum, sem fjallað verður nánar um hér síðar.

Minni afskipti stjórnvalda

Í fjórða lagi draga fjarskiptalögin almennt úr afskiptum ríkisins af fjarskiptafyrirtækjum, og einstaklingum og fyrirtækjum er auðvelduð leið inn á markaðinn. Meginreglan er nú sú að ekki þarf sérstakt leyfi til að starfrækja fjarskiptafyrirtæki nema til starfrækslu talsímaþjónustu, farsímaþjónustu og fjarskiptanets. Þetta hefur þær afleiðingar að keppinautum Landssímans mun fjölga.

Opinn aðgangur að netum

Í fimmta lagi er í gildandi fjarskiptalögum mælt fyrir um réttindi og skyldur fjarskiptafyrirtækja m.a. varðandi opinn aðgang að fjarskiptanetum og samtengingar. Þessi ákvæði skerpa á skyldu Landssíma Íslands hf. og annarra rekstraraðila almennra fjarskiptaneta til að hleypa keppinautum að netum sínum. Hafi rekstraraðili almenns fjarskiptanets umtalsverða markaðshlutdeild getur Póst- og fjarskiptastofnun, að undangenginni sáttameðferð, ákveðið að gjöld skuli miðast við tilkostnað, þ.m.t. arðsemi fjármagns. Fjarskiptafyrirtæki eiga rétt á og ber skylda til að semja um samtengingu sín á milli. Meginreglan er sú að samningum um tæknileg eða viðskiptaleg atriði skuli náð með frjálsum samningum milli aðila. Sérstak-

lega rík skylda hvílir á fyrirtækjum með umtalsverða markaðshlutdeild á samtengingamarkaðinum (u.þ.b. 25%), en Landssíminn er eina fyrirtækið sem hefur verið úrskurðað með slíka hlutdeild hér á landi. Slík fyrirtæki verða að gæta jafnræðis og mega í engu hygla eigin deildum eða dótturfyrirtækjum í samanburði við önnur fyrirtæki. Gjaldtaka þeirra verður að byggja á kostnaði, auk hæfilegrar álagningar. Takist ekki samkomulag með frjálsum samningum, getur hvor aðili um sig skotið málinu til sáttameðferðar hjá Póst- og fjarskiptastofnun, sem getur lagt fram miðlunartillögu. Náist ekki samkomulag innan þriggja mánaða skal stofnunin að kröfu annars eða beggja aðila ákveða skilmála fyrir samtengingu og skal rökstuðningur fylgja.

4.2. Jöfnunaraðgerðir í fjarskiptaþjónustu

Ör þróun á fjarskiptamarkaði og alþjóðlegt viðskiptasamstarf ýtir á eftir einkavæðingu Landssíma Íslands hf. og þar með að ríkið hætti beinni þátttöku í atvinnurekstri sem er í samkeppni við einkafyrirtæki. Einungis með sölu á hlut sínum í Landssímanum getur ríkið búið fyrirtækinu og öðrum samkeppnisaðilum á fjarskiptamarkaði eðlileg starfsskilyrði. Með lögum og skilvirkri stjórnsýslu, en ekki með rekstri eigin fyrirtækis, á hið opinbera að hindra mismunun og stuðla að framþróun.

Í stað þess að vinna að félagslegum markmiðum í fjarskiptamálum með eigin fyrirtækjarekstri er framgangur þeirra framvegis tryggður með nýjum fjarskiptalögum. Afdráttarlaus lagaákvæði gera stjórnvöldum kleift að framfylgja jöfnunaraðgerðum án tillits til eignarhalds. Á grundvelli öflugs einkareksturs og samkeppni í fjarskiptaþjónustu gefst ríkisvaldinu með útboðum og frjálsum samningum færi á að tryggja framgang félagslegra markmiða á ódýran og hagkvæman hátt.

4.2.1. Fjarskiptalögin

Í nýju fjarskiptalögunum er skýrt kveðið á um að íslenska ríkið skuli tryggja eftir því sem unnt er að öllum landsmönnum bjóðist aðgangur að fjarskiptaþjónustu. Í þeim eru jafnframt tiltekin félagsleg markmið og hvernig unnið skal að framgangi þeirra. Markmiðin lúta að mikilvægri fjarskiptaþjónustu og að framboð hennar taki ekki eingöngu mið af hreinum viðskiptasjónarmiðum. Um er að ræða þjónustu sem tengist löggæslu og öryggismálum og þjónustu sem stjórnvöld vilja að borgararnir hafi aðgang að á niðurgreiddum kjörum vegna sérstakra aðstæðna, t.d. vegna búsetu fjarri þéttbýli. Í 13. grein fjarskiptalaganna segir:

> Ef nauðsynlegt þykir til að tryggja fullnægjandi fjarskiptaþjónustu á sanngjörnum kjörum og þeirri þjónustu verður ekki við komið ef einungis er tekið mið af viðskiptasjónarmiðum getur Póst- og fjarskiptastofnun við útgáfu rekstrarleyfa mælt svo fyrir að rekstrarleyfishafi eða rekstrarleyfishafar skuli veita alþjónustu á starfssvæði sínu. Til alþjónustu teljast m.a. talsímaþjónusta, þjónusta við fatlaða eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir og gagnaflutningsþjónusta með 128 kb/s flutningsgetu sem notendur tengjast um heimtaugar almenna talsímanetsins. Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið hámarksverð og lágmarksgæði alþjónustu. Sjái rekstrarleyfishafi sér ekki fært að veita tilteknum aðila alþjónustu skv. 1. mgr., svo sem vegna fjarlægðar, kostnaðar eða annars óhagræðis, skal ágreiningur um synjun borinn undir Póst- og fjarskiptastofnun til úrskurðar. Samgönguráðherra setur reglugerð um alþjónustu.

Rekstrarleyfishafi sem falið hefur verið að veita alþjónustu sem hann telur að sé óarðbær, getur krafist þess að fá með fjárframlögum eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir.

Í lögunum er kveðið sérstaklega á um að allt landið skuli vera eitt gjaldsvæði hvað alla talsímaþjónustu í fastsímakerfinu varðar. Þetta er kvöð sem hverjum rekstrarleyfishafa fyrir

sig er gert að uppfylla og er undirstrikað að þeim sé óheimilt að innheimta sérstakt álag vegna langlínusamtala.

Fyrir utan að geta sett alþjónustuskyldu sem skilyrði fyrir rekstrarleyfi setur Póst- og fjarskiptastofnun almenn skilyrði um framboð neyðarþjónustu og sérstaka tilhögun fyrir fatlaða, sbr. ákvæði 6. gr. Jafnframt getur samgönguráðherra falið stofnuninni að gera samning við fjarskiptafyrirtæki í kjölfar útboðs um framkvæmdir eða rekstur sem er til almannaheilla í öryggisskyni, af umhverfisástæðum eða samkvæmt byggðasjónarmiðum, sbr. 16. gr.

Með nýju fjarskiptalögunum var samþykkt að gagnaflutningaþjónusta skyldi verða hluti af alþjónustunni en ekki aðeins talsímaþjónusta eins og í eldri lögum. Með þessu leitast stjórnvöld við að tryggja öllum landsmönnum tiltekna gagnaflutningsþjónustu og þar með að bæta aðgang þeirra að internetinu. Hvað þetta varðar hafa íslensk stjórnvöld gengið lengra en flestar aðrar þjóðir, en lagaákvæðið á sér fyrirmynd í dönsku fjarskiptalögunum.

4.2.2. Fjármögnun

Í fjarskiptalögunum er gert ráð fyrir að hægt sé að fjármagna jöfnunaraðgerðir stjórnvalda með þrennum hætti, þ.e. með tilfærslu milli viðskiptavina tiltekins þjónustuaðila, með jöfnunargjaldi á alla þá sem veita tiltekna þjónustu og loks með greiðslu úr ríkissjóði.

Í fyrsta lagi er um að ræða aðgerðir sem ekki kalla á sérstakar greiðslur af hálfu ríkisins þar sem þær eru fjármagnaðar með innbyrðis tilfærslu hjá hverjum rekstraraðila fyrir sig. Þetta á til dæmis við í hefðbundinni talsímaþjónustu þar sem allt landið er eitt gjaldsvæði. Niðurgreiðsla vegna fjarlægðar eða lítillar notkunar er þannig fjármögnuð af þeim viðskiptavinum sem búa í þéttbýli eða nýta þjónustuna mikið.

Í öðru lagi er það fjarskiptaþjónusta sem hefur víðtæka skírskotun til notenda á fjarskiptamarkaðnum, t.d. þjónusta Neyðarlínunnar. Í þessum tilvikum getur fjármögnun með sérstöku jöfnunargjaldi hentað, sem þá er lagt á þau fjarskiptafyrirtæki sem starfa á hlutaðeigandi þjónustusviði í hlutfalli við umsvif viðskiptanna, sbr. 15. gr. fjarskiptalaganna. Þjónustan er í þágu allra eða flestra fjarskiptanotenda og því eðlilegt að þeir beri kostnað af henni í hlutfalli við notkun.

Í þriðja lagi er það sértæk þjónusta, sem þá er æskilegt að sé fjármögnuð með almennum sköttum frekar en með jöfnunargjaldi, s.s. sérstök fjarskiptaþjónusta fyrir skip. Annað dæmi gæti verið kvöð um að halda uppi tiltekinni fjarskiptaþjónustu í afskekktri byggð sem gengi það langt að hún jafngilti hreinum búsetustyrk. Þannig má staðhæfa að þegar inngrip stjórnvalda hefur litla þýðingu fyrir almenna notendur þjónustunnar mæli margt með beinni greiðslu úr ríkissjóði þar sem hátt jöfnunargjald dregur úr fjarskiptum og hindrar eðlileg viðskipti. Jöfnunargjald er þar að auki veltuskattur sem hefur eins og aðrir veltuskattar sérstaklega neikvæð áhrif á verkaskiptingu og getur, ef of langt er gengið, veikt samkeppnisstöðu íslenskra fjarskiptafyrirtækja.

Fjarskiptalögin gera ráð fyrir að álagt jöfnunargjald skuli ákveðið árlega með lögum og að kostnaður sem rekja má til ákvarðana samgönguráðherra um framkvæmdir eða rekstur vegna öryggis-, umhverfis- eða byggðasjónarmiða skuli að jafnaði greiddur úr ríkissjóði. Eitt af hlutverkum Póst- og fjarskiptastofnunar er að annast samninga við fjarskiptafyrirtæki um þjónustu af þessum toga að undangengnu útboði.

Lögin tryggja að rekstraraðilar geti krafist þess að fá eðlilegt endurgjald fyrir þá alþjónustu sem þeim er gert að veita og þar með að niðurgreiðslan sé fjármögnuð með almennum hætti en ekki eingöngu af eigin viðskiptavinum (þ.e. þeim hluta þeirra sem ekki þurfa á niðurgreiðslu eða stuðningi að halda.) Þannig er í lögunum leitast við að tryggja jafnræði

milli rekstraraðila og að jöfnunaraðgerðirnar raski sem minnst samkeppnisstöðu einstakra aðila.

4.2.3. Jöfnunaraðgerðir á íslenska fjarskiptamarkaðnum

Samgönguráðherra hefur sett reglugerð um alþjónustu samkvæmt heimild í lögum um fjarskipti og er síðasta útgáfa hennar nr. 641/2000. Reglugerðin hefur þann tilgang að útfæra nánar heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar og rétt almennings. Hún heimilar m.a. Póst- og fjarskiptastofnun að setja ákvæði um skyldu til að veita alþjónustu í leyfisbréf til handa rekstrarleyfishöfum. Stofnunin skal tryggja að a.m.k. einn rekstrarleyfishafi veiti hverja gerð alþjónustu. Heimilt er að deila alþjónustukvöðum milli tveggja eða fleiri rekstrarleyfishafa. Kvaðir vegna alþjónustu skulu vera tímabundnar.

Við aðstæður þær sem ríktu hér á landi fyrst eftir opnun fjarskiptamarkaðarins taldi Póst- og fjarskiptastofnun einsýnt að Landssíma Íslands hf. yrði falið að bjóða alþjónustu að öllu leyti. Í leyfisbréfi Landssíma Íslands hf. sem gefið var út 30. júlí 1998 er í 26. gr. kveðið á um alþjónustukvaðir og segir svo:

> Í samræmi við 4. gr. reglugerðar um alþjónustu nr. 216/1998 gilda um talsímaþjónustu leyfishafa þær alþjónustukvaðir sem fram koma í reglugerðinni.

Rétt til alþjónustu hafa allir landsmenn óháð búsetu nema fjarlægð nýs áskrifanda frá næsta stofnkerfi heimtauga í fjarskiptaneti rekstrarleyfishafans sé lengri en 10 km eða ef kostnaður er sérstaklega mikill. Rekstrarleyfishafa ber að verða við beiðni umsækjanda um talsíma þegar lögn er fyrir hendi á þeim stað þar sem síma er óskað. Einnig skal verða við beiðninni þó að leggja þurfi nýja línu ef eitt eftirfarandi skilyrða hefur verið uppfyllt:

a) Umsækjandi um heimilissíma hefur sýnt fram á að hann á lögheimili á þeim stað þar sem óskað er eftir síma og gefið út yfirlýsingu um að hann hyggist eiga þar fasta búsetu í a.m.k. 1 ár eftir að hafa lagt umsóknina inn.
b) Umsækjandi um atvinnusíma hefur sýnt fram á að fyrirtæki hans er löglega skráð á þeim stað þar sem óskað er eftir síma og gefið út yfirlýsingu um að fyrirtækið verði starfrækt þar í a.m.k. 1 ár.
c) Umsækjandi hefur sýnt fram á að símí er nauðsynlegur á viðkomandi stað til að tryggja öryggi almennings.

Rekstrarleyfishafa er ekki skylt að útvega heimili fleiri en tvær línur og er einnig heimilt að takmarka fjölda lína til fyrirtækis ef talið er að eðlilegum þörfum fyrirtækisins sé engu að síður mætt.

Ágreiningi sem kann að verða milli rekstrarleyfishafa og umsækjanda má skjóta til Póst- og fjarskiptastofnunar. Póst- og fjarskiptastofnun er falið að skipuleggja staðsetningu almenningssíma í sveitarfélögum í samráði við rekstrarleyfishafa sem hefur verið falinn þessi þáttur alþjónustu. Stofnunin hefur lagt fyrir Landssíma Íslands hf. tillögur þar að lútandi.

Nýju fjarskiptalögin tryggja ákveðna umgjörð og tiltekinn farveg fyrir félagsleg markmið og jöfnunaraðgerðir af hálfu stjórnvalda. Þannig er hagkvæm framkvæmd tryggð og séð til þess að aðgerðir raski sem minnst uppbyggingu og viðskiptum á fjarskiptamarkaði. Hve langt á að ganga í markmiðssetningu og aðgerðum af þessum toga verður á hinn bóginn jafnan pólitískt úrlausnarefni.

Mikilvægt er að jöfnunaraðgerðir á fjarskiptamarkaði séu vel skilgreindar og sá kostnaður sem þær hafa í för með sér sé ekki falinn, t.d. með boðum og bönnum án þess að eðlilegt endurgjald sé tryggt fyrir þá starfsemi sem um ræðir. Reynslan sýnir að hættan á ómarkvissum vinnubrögðum og duldum kostnaði margfaldast ef stjórnvöld leitast við að tryggja jöfnunarmarkmiðin með eigin atvinnurekstri. Öll forgangsröðun verður erfið og líkur á sóun og

ómarkvissri framkvæmd aukast þar sem útilokað er að finna einföldustu og ódýrustu leiðina ef kostnaðurinn er falinn. Í mörgum tilvikum og þegar vissu marki er náð kann t.d. að vera árangursríkara að beina stuðningi beint til þeirra sem hans eiga að njóta en að þrengja starfsskilyrði aðila í atvinnurekstri sem veita tiltekna þjónustu.

4.3. Leyfisveitingar og tilkynningaskylda

Heimildir til fjarskiptastarfsemi hér á landi geta á grundvelli fjarskiptalaganna verið tvenns konar, þ.e. almennar heimildir eða rekstrarleyfi. Póst- og fjarskiptastofnun veitir heimild til reksturs almennra fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu. Ekki þarf þó heimild til að veita virðisaukandi fjarskiptaþjónustu. Samkvæmt upplýsingum frá Póst- og fjarskiptastofnun eru rekstrarleyfishafar nú 33 talsins.

Meginreglan er því sú, að einungis þurfi almenna heimild til að reka fjarskiptaþjónustu. Einstaklingar og lögaðilar sem uppfylla skilyrði fjarskiptalaganna hafa slíka almenna heimild að því gefnu að tilkynnt sé um starfsemina með fjögurra vikna fyrirvara. Í slíkri tilkynningu þarf að veita upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi ekki síst í þeim tilgangi að unnt sé að meta hvort um leyfisskylda starfsemi sé að ræða.

Þeir sem veita almenna talsímaþjónustu og reka almenn fjarskiptanet og önnur net sem byggjast á notkun tíðnirófsins þurfa að sækja um sérstakt rekstrarleyfi.

Leyfisveitingarferlið á Íslandi getur ekki talist íþyngjandi í alþjóðlegum samanburði. Málsmeðferð stofnunarinnar skal lokið innan sex vikna frá því að umsókn berst. Þó er heimilt að framlengja þennan frest í allt að fjóra mánuði ef ekki er unnt að veita leyfi nema að undangenginni málsmeðferð um tíðnimál hjá alþjóðasamtökum eða ef þörf er á annarri alþjóðlegri samræmingu.

Engar takmarkanir er unnt að setja á fjölda rekstrarleyfishafa, umfram þær sem nauðsynlegar eru til að tryggja hagkvæma nýtingu tíðna eða tímabundið ef gera þarf ráðstafanir til að fjölga númerum.

Rekstrarleyfishafar og önnur fjarskiptafyrirtæki skulu greiða árlegt rekstrargjald sem nemur 0,25% af bókfærðri veltu, en með því er átt við veltu sem leyfishafi hefur af leyfisbundinni starfsemi sinni hér á landi. Gjaldi þessu er ætlað að standa undir rekstri Póst- og fjarskiptastofnunar.

Við útgáfu rekstrarleyfa þar sem takmarka þarf fjölda rekstrarleyfishafa, t.d. vegna takmarkaðs tíðnisviðs, skal innheimta sérstakt gjald fyrir tíðnirnar. Gjaldið ákvarðast af kostnaði við úthlutunina eða með útboði þegar það á við.

Að síðustu er tekið sérstakt gjald fyrir úthlutun símanúmera, sem tekur mið af tilkostnaði, nema þegar um er að ræða svokölluð stuttnúmer. Í þeim tilvikum er til viðbótar tekið kr. 200.000 gjald fyrir fjögurra stafa númer og kr. 1.000.000 fyrir þriggja stafa númer.

Væntanlega munu verða einhverjar breytingar á þessum gjaldsstofnum Póst- og fjarskiptastofnunar á næstu árum í kjölfar breytinga á tilskipunum EES.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að breyta skilyrðum í almennum heimildum og leyfisbréfum þegar það er óhjákvæmilegt vegna nýrrar löggjafar og lögfestingar EES-reglna. Slíkar breytingar skulu kynntar með hæfilegum fyrirvara og skal ekki taka nýtt leyfisgjald við slíka breytingu. Stofnunin hefur jafnframt heimild til að stöðva, fella úr gildi leyfi eða setja starfsemi skilyrði ef hún uppfyllir ekki ákvæði laga eða leyfisbréfs. Augljóslega er slíkum heimildum beitt af hófsemi og eiga fjarskiptafyrirtæki kost á að tjá sig áður en til slíkra úrræða kemur. Þá er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að leggja dagsektir á leyfishafa sem ekki uppfylla þau skilyrði sem þeim hafa verið sett eða aðrar kvaðir sem leiða af fjarskiptalöggjöfinni. Virða þarf andmælarétt fyrirtækja áður en gripið er til slíkra úrræða.

Leyfisbréf Landssíma Íslands hf.

Leyfisbréf Símans var gefið út 30. júlí 1998. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði fjarskiptalaganna skal Póst- og fjarskiptastofnun gefa út ný leyfisbréf til fjarskiptafyrirtækja 1. janúar 2001.[5]

Á grundvelli gildandi leyfis hefur Landssíminn heimild til að reka almenna talsímaþjónustu, NMT farsímaþjónustu, GSM 900-farsímaþjónustu og DCS 1800- farsímaþjónustu (einnig kölluð GSM 1800-þjónusta). Að auki er sérstakur kafli í leyfisbréfinu sem fjallar um leigulínur svo og kafli sem geymir almenn ákvæði. Verður nú vikið að einstökum þáttum leyfisbréfsins.

Í leyfisbréfinu er lagt bann við því að Landssími Íslands hf. eða eigendur hans eigi beina eða óbeina eignaraðild að fyrirtæki annars leyfishafa á sviði þjónustu þar sem fjöldi leyfishafa er takmarkaður af tæknilegum ástæðum. Leyfið miðast við að Landssíminn hafi verulega markaðshlutdeild í almennum talsímanetum, almennri talsímaþjónustu, leigulínum, farsímanetum og farsímaþjónustu. Í bréfinu eru áréttuð upplýsingaskylda fyrirtækisins og úrræði Póst- og fjarskiptastofnunar vegna eftirlits svo og ákvæði laga er taka til breytinga á ákvæðum leyfisins.

Þeir þættir sem leyfið nær til eru eftirfarandi:

- talsímaþjónusta
- telexþjónusta
- flutningur útvarpsmerkja milli tveggja staða
- NMT 450-farsímaþjónusta
- GSM 900-farsímaþjónusta
- gagnaflutningsþjónusta
- samnetsþjónusta
- ritsímaþjónusta
- DCS 1800-farsímaþjónusta
- boðkerfi
- almenn fjarskiptaþjónusta við flugför
- almenn strandarstöðvaþjónusta

Í leyfinu eru jafnframt ítarleg ákvæði um bókhaldslega aðgreiningu í rekstri Landssímans. Þannig skal sérgreina rekstur allra neta eða nethluta sem annaðhvort eru notaðir fyrir fleiri en eina þjónustu eða aðgangur er leigður öðrum leyfishafa. Fyrirkomulag bókhalds skal vera með þeim hætti að hægt sé að deila kostnaði við rekstur neta eða nethluta á viðkomandi þjónustu, leigustarfsemi eða aðgang að netum í samræmi við upptalningu á þeim þáttum sem leyfið nær til. Ennfremur er í leyfinu mælt fyrir um sérstaka aðgreiningu í bókhaldi hvað varðar alþjónustu og kostnað vegna samtengingar við net annarra fjarskiptafyrirtækja, auk þess sem sérstaklega er tekið fram að upplýsingaþjónusta um símanúmer og útgáfa símaskrár skuli hvor um sig vera aðskildar í bókhaldi frá annarri starfsemi leyfishafa. Að síðustu er kveðið á um að stundi leyfishafi einhverja aðra starfsemi sem ekki telst til fjarskipta skuli sú starfsemi vera bókhaldslega aðgreind frá þeim þáttum sem rekstrarleyfið nær til.

Tekið er fram að leyfið sé ekki framseljanlegt að því undanskildu að leyfishafa er heimilt að framselja hluta af leyfinu eða leyfið í heild til dótturfyrirtækja sem eru að öllu leyti í eigu Landssímans.

---

[5] Leyfisbréf Landssíma Íslands hf. er birt í viðauka skýrslunnar.

Í leyfinu eru nánari ákvæði um talsímaþjónustu, NMT-þjónustu og farsímaþjónustu (GSM 900 og DCS 1800). Í talsímaþjónustukaflanum eru ákvæði um alþjónustukvaðir, útbreiðsluskilmála og gjaldskrár í alþjónustu, almenningssíma og sérþarfir með tilvísan í reglugerð um alþjónustu. Hvað varðar NMT og farsímaþjónustuna er að finna ákvæði um umfang, útbreiðslu, staðla, lágmarksgæðakröfur, notendabúnað, tíðnir o.þ.h.

Að síðustu er í leyfisbréfinu sérstakur kafli um leigulínur, umfang þeirra, gjöld, tengingu við almenn fjarskiptanet, notendabúnað, kostnaðarbókhald, upplýsingaskyldu o.þ.h.

4.4. Aðgangur að fjarskiptanetum

4.4.1. Aðgangur að heimtaug

Aðgangur að heimtaugum Landssíma Íslands hf. er mikilvægur til að örva samkeppni á almennum notendamarkaði hér á landi. Hér á eftir er nánar farið yfir þau atriði fjarskiptalaga sem tryggja eiga slíkan aðgang. Í gildandi fjarskiptalögum er heimtaug skilgreind sem tenging frá tengigrind símstöðvar í almennu fjarskiptaneti að þeim búnaði sem gefur aðgang að innanhússlögn áskrifanda. Myndrænt má skýra heimtaug með eftirfarandi hætti:

4.4.2. Skilgreining á heimtaug.

Í gildandi fjarskiptalögum er heimtaug skilgreind sem tenging frá tengigrind símstöðvar í almennu fjarskiptaneti að þeim búnaði sem gefur aðgang að innanhúslögn áskrifanda.



Leiga á heimtaugum og verðlagning þeirra verður að skoðast í samhengi við aðra notkun notendakerfisins m.a. talsímaþjónustu og leigulínur. Af ýmsum ástæðum hafa föst gjöld fyrir talsímaþjónustu ekki fylgt verðlagsþróun síðustu áratuga en það hefur verið látið viðgangast vegna mikils hagnaðar af langlínu- og útlandagjöldum. Með ákvörðun Alþingis 1996 um að gera landið allt að einu gjaldsvæði og vegna samkeppni um símtöl til útlanda hefur þessi staða hins vegar breyst og það er hvorki haldbært né eðlilegt af samkeppnisástæðum að niðurgreiða einn þátt talsímaþjónustu með tekjum af öðrum þáttum. Í samræmi við hin breyttu viðhorf lögðu ákvæði til bráðabirgða í gildandi lögum um fjarskipti skyldu á Póst- og fjarskiptastofnun að ákveða fastagjald fyrir síma á grundvelli kostnaðarreikninga sem Landssíma Íslands hf. bar að leggja fram eigi síðar en 1. mars 2000. Þann 1. apríl 2000 var tekin ákvörðun um nýtt fastagjald en þar sem um mikla hækkun var að ræða var ákveðið að hún skyldi eiga sér stað í tveimur áföngum. Gjald fyrir heimtaug er einn þáttur í fastagjaldi fyrir síma en fastagjaldinu er þar að auki ætlað að ná yfir kostnað við hluta sjálfvirku símstöðvanna sem símanotendur tengjast, þ.m.t. svokallað notendastig og tengigrind og aðra þætti sem eru hluti af talsímaþjónustu, t.d. reikningagerð, kvartanamóttöku og viðgerðir.

Framangreind ákvæði laga um fjarskipti eru í samræmi við tilskipanir sem gilda innan EES en framkvæmdastjórn ESB hafði mælt fyrir að leiðréttingu talsímagjalds skyldi lokið

fyrir 1. janúar 2000. Einnig má benda á að heimtaugaleiga verður að haldast í hendur við fastagjald reiknað samkvæmt tilkostnaði. Það er útilokað að heimtaugin sem er aðeins einn þáttur í talsímanetinu verði leigð öðrum fjarskiptafyrirtækjum á sama eða hærra verði en sem nemur fastagjaldinu því að það mundi koma í veg fyrir samkeppni á þessu sviði.

Samkvæmt lögunum tók ákvæði um aðgang að heimtaug gildi sex mánuðum eftir ákvörðun um nýtt fastagjald, þ.e. 1. október 2000. Markmið löggjafans hér á landi sem innan ESB er að jafna aðstöðumun milli fjarskiptafyrirtækja því að Landssími Íslands hf. og aðrir fyrrverandi einkaréttarhafar í Evrópu byggt upp notendakerfi sín á meðan einkaréttur ríkti og kerfin eru að verulegu leyti afskrifuð. Ný fjarskiptafyrirtæki verða hins vegar að byrja frá grunni og getur Póst- og fjarskiptastofnun ákveðið að þau fái aðgang að heimtaugum Landssíma Íslands hf., þ.e. ef eðli eða umfang fjárfestingar í nýrri heimtaug stendur í vegi fyrir að fyrirtækin leggi eigin heimtaugar.

Um aðgang að heimtaugum er í lögunum vísað til málsmeðferðar um samtengingu og ber aðilum samkvæmt því að semja sín á milli um kjör en takist það ekki geta aðilar vísað málinu til Póst- og fjarskiptastofnunar. Evrópuráðið og Evrópuþingið hafa samþykkt reglugerð, dagsett 5. desember 2000, um ósamtvinnaðan aðgang að heimtaugum og aðstöðu sem tengist þeim. Reglugerðin gildir um skyldur rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild til að gæta jafnræðis við notkun hins almenna talsímanets og til að útvega samkeppnisaðilum háhraðaaðgang og flutningsþjónustu svo að þeim sé gert jafnhátt undir höfði og þjónustudeildum rekstrarleyfishafans eða fyrirtækjum sem tengjast honum. Rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild ber að birta opinberlega og halda við viðmiðunartilboði um aðgang að heimtaugum og aðstöðu tengdri þeim. Hann skal verða við öllum sanngjörnum beiðnum um aðgang á kjörum sem eru gegnsæ, sanngjörn og gæta jafnræðis. Beiðnir skulu uppfylltar til jafns við beiðnir frá þjónustudeildum rekstrarleyfishafans eða fyrirtækjum tengdum honum, með sömu skilyrðum og sama afgreiðslufresti. Öll gjöld skulu ákveðin á kostnaðargrundvelli. Eftirlitsstofnanir skulu hafa á valdi sínu að krefjast breytinga á viðmiðunartilboði, þ.m.t. gjöldum, þegar réttlætanlegt þykir. Nánari upplýsingar um aðferðir við kostnaðarreikninga má finna í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 98/322/EB um samtengingu á opnum markaði, 2. hluti: kostnaðargreining og kostnaðarbókhald.

Ákvörðun um fastagjald fyrir talsímaþjónustu byggðist eins og áður sagði á kostnaðarreikningum sem Landssími Íslands hf. lagði fram. Það var niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að rétt fastagjald fyrir talsíma væri kr. 1.275 á mánuði. Ekki var talinn vera munur á kostnaði við atvinnusíma og heimilissíma en vegna þess að atvinnusímagjaldið hefur verið tvöfalt heimilissímagjald þótti ekki fært að stíga fullt skref til jöfnunar að þessu sinni. Við seinni áfanga hækkunar fastagjaldsins nú um áramótin varð atvinnusímagjaldið kr. 1.667 á mánuði en fyrir heimilissíma kr. 1.111. Þessar upphæðir setja þak á leigu fyrir heimtaug því að í fastagjaldi fyrir talsíma eru auk heimtaugar og tengigrindar í símstöð innifaldir aðrir þættir svo sem notendastig í símstöð, kvörtunarþjónusta og reikningagerð.

Fjarskiptafyrirtæki sem vill taka á leigu heimtaug ber að semja við Landssíma Íslands hf. um leigukjör en náist ekki samkomulag geta aðilar vísað málinu til Póst- og fjarskiptastofnunar. Komi til ákvörðunar stofnunarinnar mun hún byggjast á kostnaðarreikningum fyrir heimtaug og tengigrind að teknu tilliti til rekstrarkostnaðar og eðlilegrar arðsemi af fjárfestingum.

Í tilmælum ESB um aðgang að heimtaugum kemur greinilega fram að hægt eigi að vera að leigja hluta af flutningsgetu heimtaugar. Er einkum hugsað til nýrrar tækni við gagnaflutnings- og internetþjónustu sem nefnist xDSL og býður Landssími Íslands hf. nú þegar afbrigði af henni sem heitir ADSL. Í ADSL sem og öðrum afbrigðum er heimtaugin nýtt fyrir gagna-

sendingar samtímis því sem hún þjónar upphaflegu hlutverki sínu að flytja talsímamerki til og frá notendum. Það er t.d. ekkert því til fyrirstöðu að Landssími Íslands hf. haldi áfram að nota heimtaugina fyrir talsíma samtímis því að annað fjarskiptafyrirtæki veiti sama notanda ADSL þjónustu á heimtauginni. Það er túlkun Póst- og fjarskiptastofnunar á ákvæði 20. gr. núgildandi laga um fjarskipti að aðgangur sé ekki einskorðaður við leigu á heimtauginni í heild heldur skuli aðgangur að skiptri heimtaug vera opinn. Þessi túlkun hefur verið kynnt í vinnuhópi sem fjarskiptafyrirtæki eru þátttakendur í ásamt stofnuninni og fjallar um heimtaugaleigu. Það er ekki ljóst af kostnaðarreikningum sem gerðir voru í sambandi við ákvörðun fastagjalds fyrir talsíma hvernig skipta megi heimtaugakostnaði milli talsímaþjónustu og gagnaflutnings í formi ADSL og mun Póst- og fjarskiptastofnun verða að taka ákvörðun þar að lútandi komi fjarskiptafyrirtækin sér ekki saman um skiptingu kostnaðar.

Þessu máli tengist leiga á aðstöðu í símstöð Landssíma Íslands hf. fyrir fjarskiptafyrirtækin sem leigja heimtaugar en þau þurfa að fá pláss fyrir búnað sinn til þess að geta notfært sér heimtaugarnar. Í einhverjum tilfellum munu fjarskiptafyrirtækin geta leigt sér aðstöðu í námunda við símstöð Landssíma Íslands hf. en oft verður því ekki við komið og forsenda þess að hægt sé að nýta heimtaugina er að aðstaða fáist í húsnæði símstöðvarinnar. Útvegun aðstöðu getur hugsanlega verið erfiðara mál en leiga heimtaugarinnar og mögulegt er að byggja verði við símstöð eða reisa sérhús á sömu lóð í þessum tilgangi. Af þessu getur hlotist umtalsverður kostnaður sem leigutaki verður að greiða. ESB leggur eins og fyrr segir mikla áherslu á að skilyrði og kjör fyrir samhýsingu hindri ekki eðlilega samkeppni í þjónustu.

4.4.3. Opinn aðgangur að netum

Fimmti kafli fjarskiptalaga ber yfirskriftina „Opinn aðgangur að netum og þjónustu“ og með honum er m.a. hrint í framkvæmd svokölluðum ONP-reglum EES-samningsins. Með nokkurri einföldun má segja að í reglunum felist að fyrirtæki sem ræður yfir aðstöðu sem samkeppnisaðilum þess er nauðsynleg til að geta stundað starfsemi sína þarf viðkomandi, að vissum skilyrðum uppfylltum, að veita slíkan aðgang. Reglur þessar eru m.a. settar með hliðsjón af reglum EES-samkeppnisréttar um svokallaða ómissandi aðstöðu (e. essential facility). Grunnhugsunin er sú að ef keppinautum er næsta ómögulegt, af fjárhagslegum, tæknilegum eða lagalegum ástæðum, að byggja upp eigin aðstöðu, leggst skylda á þann sem fyrir er að hleypa þeim inn á sín kerfi. Skal gjaldtaka miðast við tilkostnað hafi rekstraraðili fjarskiptanets umtalsverða markaðshlutdeild.

Á grundvelli reglnanna um opinn netaðgang er Landssímanum skylt að veita keppinautum aðgang að stofnlínukerfi sínu. Einnig er Landssímanum skylt að bjóða opinn aðgang að leigulínum, svo sem nánar verður gerð grein fyrir í næsta kafla.

4.5. Ákvæði laga um gjaldskrá þjónustu

Í fjarskiptalögunum er að finna ákvæði er kveða á um útreikninga á gjaldskrá þjónustu fyrir mismunandi einingar í fjarskiptakerfum rekstrarleyfishafa. Þá er einnig kveðið á um með hvaða hætti skuli staðið að eftirliti og upplýsingagjöf um gjaldskrá.

Talsímaþjónusta

Á grundvelli fjarskiptalaga skal notkunargjald fyrir talsímaþjónustu vera það sama alls staðar á landinu hjá hverjum rekstrarleyfishafa um sig. Þá er einnig skylt að senda Póst- og fjarskiptastofnun tilkynningu um nýja og breytta skilmála eða gjaldskrár með fjögurra daga fyrirvara. Stofnuninni er leyfilegt að krefjast breytinga ef efni skilmálanna þykir stangast á við lög, reglur eða leyfisbréf.

Leigulínur

Um opinn aðgang að leigulínum er fjallað sérstaklega í 19. gr. fjarskiptalaga. Samkvæmt henni skal fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild birta skilmála fyrir línuleigu og gjaldskrá sem tekur mið af tilkostnaði og hæfilegum arði af fjárfestingu. Skylt er að leggja gjaldskrána fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til samþykktar.

Ekki er í greinargerð með lögunum gefin nánari skýring á 19. gr. umfram einfalda tilvísun til að ákvæðið sé í samræmi við tilskipun 92/44/EBE um leigulínur.

Samkvæmt tilskipuninni, 2. mgr. 8. gr., ber Landssímanum að gæta fulls jafnræðis og gæta þess að bjóða ekki ólíka skilmála í sams konar viðskiptum, sér í lagi í samanburði við þá skilmála sem eigin deildir fyrirtækisins njóta. M.ö.o. er fyrirtækinu skylt að leggja öðrum aðilum til leigulínur með sömu skilyrðum og sömu gæðum og eigin deildum eða dótturfyrirtækjum.

Samkvæmt 10. gr. sömu tilskipunar skal gjaldtaka fyrir leigulínur byggja á meginreglunni um að endurspegla kostnað, auk þess að vera gegnsæ. Nánari leiðbeiningar er að finna í umræddu ákvæði tilskipunarinnar. Þar segir m.a. að kostnaður við leigulínur feli einkum í sér beinan útlagðan kostnað fjarskiptafyrirtækja vegna uppsetningar, reksturs og viðhalds leigulína ásamt markaðssetningu og reikningagerð. Þá segir að sameiginlegum kostnaði skuli skipt upp, að svo miklu leyti sem unnt er, á grundvelli beinnar sundurgreiningar á uppruna kostnaðarliðanna.

Gjald fyrir leigulínur skal samkvæmt ofansögðu byggja á kostnaði. Tók ný gjaldskrá fyrir leigulínur gildi hinn 1. október sl. að höfðu samráði við Póst- og fjarskiptastofnun. Var þar um umtalsverðar breytingar á leigulínugjöldum að ræða, leiga á stofnlínum lækkaði um allt að 60% en leiga á notendalínum hækkaði, í einstökum tilfellum um allt að 90%. Í heildina var um umtalsverð lækkun að ræða sem hafa skilað sér í aukinni eftirspurn eftir leigulínum. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að beinn kostnaður Landssímans vegna uppsetningar, reksturs og viðhalds eykst í hlutfalli við vegalengd línunnar. Af þessum ástæðum eru því takmörk sett hve langt fyrirtækið getur gengið í að bjóða leigulínur á sama verði, óháð lengd. Aukin umferð og bætt nýting á stofnlínukerfinu leiðir þó til aukinna tekna á móti kostnaði, sem gefur tilefni til almennrar lækkunar á einingaverði.

Notendalínur

Notendalínur liggja frá símstöðvum til notenda innan símstöðvarsvæðis. Vanalega eru þetta koparlínur með flutningsgetu sem er allt að 2 mb/s miðað við þá tækni sem fyrir hendi er en flutningsgetan minnkar eftir því sem notendalínur lengjast. Tæknilega skiptist notendalínan í tvo þætti, þ.e. endabúnað og línu. Endabúnaðurinn getur verið í eigu Landssímans eða viðskiptavinarins. Landssíminn býður fram notendalínur í nokkrum flokkum miðað við flutningsgetu og hækkar verðið í samræmi við flutningsgetu. Við ákvörðun verðs var litið svo á að allar línur væru jafnlangar og að almennt væru vegalengdir í notendalínukerfinu ekki meiri en 2 km.

Stofnlínur

Stofnlínur liggja á milli allra símstöðva á höfuðborgarsvæðinu og á milli allra símstöðva annars staðar á landinu. Þá liggja stofnlínur á alla dreifistaði fyrir farsíma og flesta dreifistaði fyrir útvarp og sjónvarp. Meirihluti stofnlína eru ljósleiðarar, en sums staðar eru notuð örbylgjusambönd. Stofnlínur skiptast í endabúnað og flutningsmiðilinn, ljósleiðara eða örbylgjuleið. Núverandi flutningsgeta í stofnlínukerfinu er 2,5 Gb/s, en verður bráðlega aukin í 10 Gb/s. Þær skyldur eru lagðar á Landssímann að leiguverð sé byggt á kostnaði og kostn-

aður við lagningu ljósleiðara er sannanlegan háður vegalengd. Kostnaður við búnaðinn er að hluta til fastur, en að hluta til háður vegalengd vegna þess að magna verður upp sendingar með reglulegu millibili. Verðskráin byggir á tveimur meginþáttum: þ.e. fastagjaldi (kr./mán.), sem reiknað er út frá kostnaði við búnað og fjarlægðargjaldi (kr./km/mán.), sem er að mestu kostnaður við lagningu og rekstur ljósleiðarans.

Í fjarskiptalögum er mælt fyrir um skyldu fyrirtækja í samsvarandi stöðu og Landssíma Íslands hf. til að veita aðgang að fjarskiptanetum sínum og þjónustu á kostnaðarverði að viðbættum hæfilegum hagnaði. Í 26. gr. laganna kemur fram grundvallarviðmiðið um það hvaða endurgjald fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild eins og Landssíminn skuli fá fyrir þjónustu sína. Í ákvæðinu segir að gjöld fyrir samtengingu skuli vera gegnsæ og byggjast á kostnaði við stofnun og rekstur nets, auk hæfilegrar ávöxtunar fjármagns á grundvelli kostnaðarbókhalds sem haldið skal. Sönnunarbyrði fyrir því að gjöld séu reiknuð út frá raunverulegum tilkostnaði skal hvíla á fyrirtækinu sem lætur í té aðgang að aðstöðu sinni.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að krefja viðkomandi fyrirtæki um rökstuðning fyrir samtengingargjöldum og þegar við á gera kröfu um lagfæringu þeirra. Þetta ákvæði nær einnig til farsímafyrirtækja sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur úrskurðað að hafi umtalsverða markaðshlutdeild á samtengingarmarkaðinum.

Eins og ákvæðið ber með sér er Landssímanum nauðsynlegt að halda fullkomið kostnaðarbókhald, því fyrirtækið verður að sanna að samtengingargjöld séu ákveðin á grundvelli tilkostnaðar. Í því skyni getur Póst- og fjarskiptastofnun krafist rökstuðnings fyrir kostnaðartölum og krafist breytinga á gjaldi þegar ástæða þykir til.

4.5.1. Reglugerð um aðgreiningu kostnaðar

Í 29. gr. laga um fjarskipti, nr. 107/1999, er heimild fyrir samgönguráðherra að setja reglugerð um aðgreiningu kostnaðar í rekstri fjarskiptafyrirtækja. Samgönguráðuneytið hefur óskað eftir því að Póst- og fjarskiptastofnun semji drög að slíkri reglugerð. Stofnunin hefur samið við endurskoðunarstofuna Deloitte & Touche um að veita stofnuninni ráðgjöf.

Með reglugerðinni á að skilgreina heimildir stjórnvalda, sérstaklega Póst- og fjarskiptastofnunar, til að krefjast aðgreiningar í bókhaldi fjarskiptafyrirtækja á kostnaði sem verður til í netum og þjónustustarfsemi. Í einstaka tilfellum er gert ráð fyrir að hægt verði að krefjast fjárhagslegrar aðgreiningar. Til hins síðarnefnda verður líklega eingöngu gripið ef sýnt þykir að fjarskiptafyrirtæki komi í veg fyrir eðlilega samkeppni með aðgerðum sínum eða ef um óréttmæta viðskiptahætti af hálfu fyrirtækisins er að ræða. Í 2. mgr. 3. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun er ákvæði þessu viðkomandi. Einnig er sá möguleiki fyrir hendi að Samkeppnisstofnun krefjist fjárhagslegrar aðgreiningar með tilvísun til ákvæða samkeppnislaga.

Tilgangur með kostnaðaraðgreiningu er að skapa möguleika fyrir útreikninga á ýmsum þjónustuþáttum fjarskiptafyrirtækja. Slíkir útreikningar eru nauðsynlegir í sambandi við þjónustu sem samkvæmt íslenskum lögum og tilskipunum EES á að veita á kjörum sem tengjast tilkostnaði með beinum hætti. Dæmi um slíka þjónustu eru samtengingar, leigulínur og heimtaugaleiga ásamt í ákveðnum tilfellum alþjónustu. Almennt eru skyldur á þessu sviði takmarkaðar við fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild en með hliðsjón af gildandi ákvæðum um að umtalsverð markaðshlutdeild teljist þegar hlutdeild á ákveðnum markaði nær 25% er ljóst að nær öll fjarskiptafyrirtæki geta lent í þessari stöðu.

Í flestum aðildarríkjum EES er verið að undirbúa samsvarandi reglur og hér um ræðir. Bretar hafa verið í fararbroddi í gerð reglna um kostnaðarbókhald og voru þegar á árinu 1997 búnir að þróa aðferðir um aðgreiningu. Framkvæmdastjórn ESB hefur mælt með ákveðnum aðferðum í sambandi við samtengingu neta og í endurskoðun á fjarskiptalöggjöf ESB sem

nú fer fram er gert ráð fyrir að nota sömu aðferðir við kostnaðargreiningu á aðgangi að netum. Undir samtengingu má einnig flokka heimtaugaleigu.

Á vegum samtaka eftirlitsstofnana innan EES hefur að undanförnu starfað vinnuhópur sem lagt hefur fram tillögur um sameiginlegt átak eftirlitsstofnananna um að útfæra nánar tilskipanir á þessu sviði. Póst- og fjarskiptastofnun hefur tekið þátt í störfum vinnuhópsins eftir því sem því hefur verið við komið.

Ýmsar aðferðir eru mögulegar í sambandi við kostnaðaraðgreiningu fjarskiptafyrirtækja. Má þar nefna aðferð sem nefnist Long Run Incremental Costing, LRIC. Áhersla hefur verið lögð á að skoða þessa aðferð af þeirri ástæðu m.a. að í nær öllum aðildarríkjum EES hefur eitt fyrirtæki yfirburðarstöðu í upphafi opins fjarskiptamarkaðar, þ.e. fyrrverandi einkaréttarfyrirtæki. Í LRIC beinist kostnaðargreining að því að finna kostnað við að veita einhverja þjónustu til viðbótar þeim sem fyrir eru eða hugsanlega einhvern nýjan þjónustuþátt. Langtímaþátturinn tekur mið af því að allur kostnaður eigi að vera breytilegur eða með öðrum orðum greiningin á að taka mið af fjárfestingum og kostnaði til langs tíma. Innan þessa ramma má velja mismunandi kosti við greiningu og gerð kostnaðarlíkans. Koma þar upp álitamál eins og hvort reikna eigi kostnað út frá gildandi netfyrirkomulagi (e. scorched node) eða alveg frá grunni miðað við bestunarlíkan (e. scorched earth) og hvort byggja eigi á nýjustum útlögðum kostnaði fjarskiptafyrirtækis (e. top down) eða afla nýrra talna um kostnað eins og hann getur verið minnstur (e. bottom up). Þessu til viðbótar koma upp álitamál eins og aðferðir við mat fjármuna, afskriftir og útreikning á fjármagnskostnaði.

Nefndin leggur áherslu á að reglugerð um aðgreiningu kostnaðar verði sett áður en til sölu á hlut ríkisins í Landssímanum kemur.

4.5.2. Samtengingargjöld

Kröfur um samtengingargjöld eru byggðar á samtengingartilskipun ESB 97/33/EB sem tekin hefur verið í EES-samninginn og skuldbindur því Ísland. Í V. viðauka tilskipunarinnar er nánari útfærsla á kostnaðargrundvelli. Framkvæmdastjórn ESB hefur auk þess gefið út tilmæli um nánari útfærslu á ákvæðum tilskipunarinnar, sjá 98/195/EB og 98/511/EB sem einnig hafa verið leidd í EES rétt. Miðað er við að virðisaukatengdur langtímakostnaður (e. long run average incremental cost LRAIC) verði notaður, fremur en sögulegur kostnaður við ákvörðun um verð þjónustu. Kemur þetta skýrt fram í inngangsorðum tilskipunarinnar og tilvitnuðum tilmælum framkvæmdastjórnarinnar.

Í 2. tölul. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 107/1999 kemur fram krafa um að fjarskiptafyrirtæki sem nýtur umtalsverðrar markaðshlutdeildar birti viðmiðunartilboð. Segir nánar tiltekið að Póst- og fjarskiptastofnun geti krafist þess að fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild birti slíkt tilboð. Innihald slíks viðmiðunartilboðs er ekki tæmandi talið í greininni, en tekið er fram að tilboðið skuli innihalda sundurliðaða lýsingu í samræmi við þörf markaðsaðila. Samtengingartilskipunin leggur eftirlitsstofnunum í einstökum ríkjum á herðar skyldu að tryggja að fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild birti viðmiðunartilboð um samtengingu.

Skyldur fjarskiptafyrirtækja til að gefa út viðmiðunartilboð og leiðbeiningar um innihald slíks tilboðs er að finna bæði í samtengingartilskipuninni, grein 7.3, og tilskipun um samkeppni á fjarskiptamarkaði 90/388/EB, með síðari breytingum. Framkvæmdastjórn ESB hefur gefið út leiðbeiningar um innihald viðmiðunartilboðs. Tilboðinu er ætlað að auðvelda nýjum fyrirtækjum á markaðinum að átta sig á möguleikum sem samtenging á að veita þeim til að bjóða notendum nýja kosti í fjarskiptaþjónustu.

Eins og áður sagði fela skuldbindingar EES-samningsins í sér að líta þarf til tilmæla 98/195/EB og 98/511/EB um samtengingarverðlagningu. Fjarskiptalög voru samin með þau

í huga eins og fram kemur í greinargerð. Tilmæli 98/195/EB sem eru nánari útfærsla á samtengingartilskipun ESB hafa nokkur megineinkenni sem hafa áhrif á verðlagningu þjónustu fjarskiptafyrirtækja sem eru í sömu stöðu og Landssími Íslands. Í fyrsta lagi er þess krafist að viðmiðunartilboð séu gegnsæ og byggð á kostnaði en sönnunarbyrði fyrir tilkostnaði hvílir á Landssímanum. Í öðru lagi er lagt til að verðlagning byggist á virðisaukatengdum langtímakostnaði (LRAIC) þar sem það kostnaðarmódel henti best samkeppnismarkaði. Í þriðja lagi er póst- og fjarskiptastofnunum á Evrópska efnahagssvæðinu gert að viðurkenna einungis verð sem rúmast innan ramma svokallaðra bestu samtengingarverða (e. best current practice) innan aðildarríkja ESB nema fjarskiptafyrirtæki takist að sanna með ótvíræðum hætti meiri kostnað. Þessi skylda hvílir á stjórnvöldum þar til verðskrám á grundvelli virðisaukatengds langtímakostnaðar hefur verið komið á. Í fjórða lagi er mælt fyrir um að ekki skuli beita mismunandi kostnaðarforsendum eftir því hvort símtal byrjar í fastanetinu eða farsímaneti. Í fimmta lagi má ekki mismuna fjarskiptafyrirtækjum eftir því hvar á EES-svæðinu þau starfa.

4.6. Þriðja kynslóð farsíma

Mikil umskipti hafa orðið í fjarskiptamálum í heiminum á undanförnum árum, bæði í tækni, þjónustu og lagasetningu. Segja má að þróun síðustu ára hafi gerbreytt hefðbundnum fjarskiptum, þráðlaus samskipti setja mark sitt á talsamband, gjald fyrir millilandasamtöl fer lækkandi og samruni fjarskipta, fjölmiðlunar og einkatölva hefur byltingarkennd áhrif. Í framtíðinni munu fjarskipti í vaxandi mæli byggjast á gagnaflutningum, svo sem fjarvinnslu, fjarmenntun, fjarlækningum, heimabönkum og gagnvirku sjónvarpi. Nýjar aðferðir skapa nýja möguleika í almennum fjarskiptanetum og má þar nefna xDSL, stafrænar notendalínur og IP-samskiptareglur (e. Internet Protocol).

Nýtt almennt farsímakerfi (UMTS) er nú að ryðja sér til rúms á farsímamarkaðnum. Flutningsgeta gagna í þessu kerfi mun verða meiri en möguleikar eru til í núverandi GSM kerfum. Gert er ráð fyrir að flutningsgeta verði allt að 2 mb/s á móti 128 kb/s sem er hámark með hinni nýju GPRS tækni í GSM þjónustu. Þetta mun gera símafyrirtækjum kleift að bjóða upp á mun víðtækari þjónustu en nú þekkist og má sem dæmi nefna skemmtiefni, gagnvirka þjónustu, fjarvinnu, fjarfundi, rafræn viðskipti, greiðsluþjónustu og sjálfvirka upplýsingaþjónustu. Að auki er gert ráð fyrir að notendabúnaður verði einfaldari og bjóði þróaðri hugbúnað heldur en í núverandi kerfum. Af þessum sökum er þriðja kynslóð farsíma talin muna gegna lykilhlutverki í rekstri fjarskiptafyrirtækja í nánustu framtíð. Áætlað er að þessi tækni verði fyrst tekin í notkun í Japan á árinu 2001 en í Evrópu árið 2002. Árið 2005 er gert ráð fyrir að kerfið verði orðið ráðandi á farsímamarkaði og núverandi GSM kerfi byrji að víkja fyrir hinni nýju tækni. Það styður þessa ályktun að fjarskiptafyrirtæki, framleiðendur hugbúnaðar, seljendur farsíma og fjárfestar hafa allir stutt innleiðingu á þessari tækni og sú fjárfesting sem nú þegar hefur verið lögð í uppbyggingu á GSM kerfi nýtist að miklu leyti í hinu nýju kerfi.

Fyrir þriðju kynslóð farsíma hefur á alþjóðatíðniráðstefnum verið úthlutað sérstökum tíðnisviðum, í fyrsta áfanga samtals 155 MHz. Má ætla að hægt sé að úthluta allt að 6 leyfum eftir því hversu miklu er úthlutað til hvers og eins. Mikil umræða hefur verið um það með hvaða hætti skuli úthluta þessum tíðnisviðum til fjarskiptafyrirtækja enda getur fyrirkomulag leyfisveitinga haft umtalsverð áhrif á rekstur þeirra. Nefndin telur æskilegt að stefnumörkun stjórnvalda varðandi úthlutun liggi fyrir áður en sala á hlutabréfum í Landssímanum fer fram.

4.6.1. Úthlutun leyfa fyrir þriðju kynslóð farsíma

Umfjöllun um úthlutun leyfa fyrir þriðju kynslóð farsíma var ekki tilgreind sérstaklega sem eitt af viðfangsefnum nefndarinnar við gerð tillagna um fyrirkomulag sölu á hlutabréfum ríkisins í Landssíma Íslands hf. Hins vegar er ljóst að úthlutun leyfanna kemur til með að hafa áhrif á rekstur Landssímans og mat fjárfesta á fyrirtækinu. Af þessum sökum ákvað nefndin að fjalla um þetta atriði í skýrslunni.

Tvær meginaðferðir hafa verið notaðar við úthlutun tíðnisviða fyrir þriðju kynslóð farsíma í þeim löndum þar ákvörðun liggur fyrir. Í verðútboði felst að leitað er verðtilboða í þau leyfi sem eru til úthlutunar en þau hafa ýmist verið 5 eða 6. Þeir sem bjóða hæsta verð fá síðan úthlutað leyfunum. Í samanburðarútboði (sk. fegurðarsamkeppni) er hins vegar leitað eftir bestu þjónustunni en minni áhersla lögð á verð. Lönd sem hafa notast við verðútboð eru m.a. Bretland, Holland, Þýskaland, Ítalía, Sviss, Portúgal, Danmörk, Austurríki og Belgía. Hins vegar hafa t.d. Finnland, Spánn, Noregur, Svíþjóð, Írland, Lúxemborg og Frakkland valið samanburðarútboð. Í Frakklandi var ákveðið að innheimta hátt gjald fyrir rekstrarleyfið án þess að það væri myndað með verðútboði og tók það mið af þeim tilboðum sem borist höfðu í leyfin í Bretlandi og Þýskalandi.

Tekjur ríkissjóðs af úthlutun rekstrarleyfa fyrir þriðju kynslóð farsíma hafa verið miklar í þeim löndum sem hafa notast við uppboð og/eða ákveðið hátt rekstrarleyfisgjald. Í öðrum löndum hefur gjaldið frekar miðast við kostnað við umsýslu og þjónustu sem innt er af hendi af hálfu ríkisins.

Í 45. gr. fjarskiptalaga er skyldum Póst- og fjarskiptastofnunar til að stuðla að hagkvæmri nýtingu tíðnirófsins í samræmi við alþjóðaákvarðanir lýst, enda verður tíðninotkun hér á landi ekki einangruð frá því sem annars staðar tíðkast þrátt fyrir fjarlægð frá öðrum löndum. Gert er ráð fyrir að þegar nauðsynlegt er að takmarka aðgang að tíðnum geti stofnunin ýmist kynnt fyrirhugaða úthlutun með opinberri tilkynningu sem gefi aðilum markaðarins kost á að tilkynna um þörf þeirra fyrir tíðni eða ákveðið að halda útboð þegar ljóst er að takmarka verður fjölda rekstrarleyfishafa sem geta fengið úthlutun á viðkomandi tíðnisviði. Í greinargerð með gildandi fjarskiptalögum segir að í þeim tilvikum sem takmarka þarf aðgang að tíðnirófinu sé lagt til að útboð verði notað sem meginstefna við úthlutun tíðni og fer um þá úthlutun skv. 11. gr. fjarskiptalaga. Sérstaka lagaheimild þarf ef ákvörðun verður tekin um gjaldtöku umfram kostnað.

Gjald á hvern íbúa fyrir 3. kynslóðar leyfi



Heimild: Samgönguráðuneytið

Tekjur ríkissjóðs vegna leyfisgjalds fyrir 3. kynslóð farsíma



Heimild: Samgönguráðuneytið

Þegar að því kemur að úthluta leyfum til reksturs þriðju kynslóðar farsíma þarf ekki aðeins að taka mið af ákvæðum fjarskiptalaga sem rakin hafa verið að framan, heldur þarf einnig að líta til skuldbindinga Íslands vegna aðildar að EES. Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 128/99/EB frá 14. desember 1998 um samræmda innleiðingu þriðju kynslóðar farsímakerfa innan bandalagsins er nú orðinn hluti EES-réttar. Ákvörðuninni er ætlað að auðvelda og hraða innleiðingu samhæfðra UMTS farsímaneta og þjónustu innan svæðisins, á viðskiptaforsendum í samræmi við fjórfrelsisákvæði EES. Ákvörðunin leiðir til þess að stjórnsýsla Póst- og fjarskiptastofnunar, t.d. við úthlutun rása á tíðnisviði, verður með svipuðum hætti og hjá öðrum fjarskiptastofnunum innan EES. Mikilvægustu atriði ákvörðunarinnar er að finna í 3. gr. en þar kemur fram að aðildarríki skulu gera allar ráðstafanir til þess að hægt verði að opna UMTS þjónustu á svæðum þeirra eigi síðar en 1. janúar 2002 og sér í lagi skulu þau koma á fót úthlutunaraðferðum fyrir UMTS leyfisveitingar eigi síðar en 1. janúar 2000. Rásum hefur ekki verið úthlutað á þeim hluta tíðnisviðsins sem ætlaður er UMTS farsímum síðan 1992.

Áður en ákvörðun um fyrirkomulag við úthlutun á rekstrarleyfum fyrir þriðju kynslóð farsíma verður tekin er vert að hafa í huga meginatriði fjarskiptastefnunnar, þ.e. að stuðla að aukinni samkeppni og tryggja aðgang allra landsmanna að ódýrri fjarskiptaþjónustu í fremstu röð. Taka þarf afstöðu til þess hvort viðhafa eigi verðútboð eða samanburðarútboð, hvernig hlutlægni verði best tryggð, hver fjöldi leyfishafa eigi að vera og hvort setja eigi kröfur um útbreiðslu þjónustunnar.

Ýmis rök hníga að því að viðhafa verðútboð. Í fyrsta lagi eru þau almennu rök að um takmörkuð gæði sé að ræða og því sé eðlilegt að menn borgi fyrir aðgang að þeim. Með verðútboði fáist raunveruleg verðmæti gæðanna sem renni til ríkissjóðs. Þá eru einnig tilgreind þau rök að þetta sé einföld leið og hlutlægur mælikvarði við úthlutun leyfanna betur tryggður. Rök á móti verðútboði snúa hins vegar að því að það verð sem greitt er fyrir leyfin skili sér að lokum til neytanda í formi hærri þjónustugjalda þar sem rekstrarleyfisfyrirtækin verði að ná inn bæði kostnaði við sjálft leyfið og fjárfestingu í búnaði. Hlutlægni megi einnig tryggja þó önnur leið yrði valin. Viðbótarrök gegn verðútboði eru að með slíku útboði sé verið að skekkja samkeppnisstöðu þriðju kynslóðar farsíma gagnvart öðrum lausnum eins og GPRS tækni og ljósleiðara þar sem ekki hefur verið um sérstaka gjaldtöku að ræða. Þannig geti verðútboð haft þau áhrif að fjarskiptafyrirtæki bjóði lausnir sem ekki eru jafn góðar tæknilega á mun betra verði til neytenda og hamli frekari framþróun í upplýsinga- og fjarskiptamálum.

Að sama skapi eru rök fyrir samanburðarútboði fjölmörg og flest af sama meiði og rök gegn verðútboði. Tekjur sem hefðu farið í greiðslu fyrir leyfin myndu nýtast til uppbyggingar á fullkomnum fjarskiptakerfum og skili sér í ódýrari eða betri þjónustu til neytenda. Þau rök hafa verið færð gegn samanburðarútboði að stjórnmálamenn og embættismenn geti ekki með góðu móti metið hvaða þjónusta sé eftirsóknarverð, þróun í fjarskiptum sé svo hröð. Hlutlægar aðferðir til að meta tilboð skorti og málsmeðferðin sé bæði tímafrek og flókin. Á móti hefur verið bent á að þau lönd sem valið hafa samanburðarútboð hafi tryggt þetta með kröfum um útbreiðslu, tæknilega getu, fjárhagslega stöðu og hraða í uppbyggingu. Stefnumörkun stjórnvalda miðist ekki að því að skilgreina hvað skuli vera í boði heldur gera kröfur um flutningsgetu sem gerir kleift að bjóða margbreytilega þjónustu.

Ákvörðun um fjölda leyfishafa er háð því hvaða leið verður valin við úthlutun leyfanna. Eins og áður hefur komið fram er mögulegt að úthluta allt að 6 leyfum hér á landi með tilliti til þess tíðnisviðs sem er til ráðstöfunar. Ekki er gott að segja til um hve mörg fyrirtæki fengjust til að taka þátt í verðútboði fyrir aðgang að 280 þús. manna markaði þrátt fyrir mikla

notkun bæði á farsímum og gagnaþjónustu. Kröfur um útbreiðslu geta haft áhrif á slíka eftirspurn og huga þarf að því hve hagkvæmt það er að byggja upp margfalt innviðakerfi þjónustunnar.

Nefndin telur að kröfur um útbreiðslu þjónustunnar eigi að skilgreina óháð því hvaða úthlutunaraðferð er notuð. Slíkt yrði í samræmi við fjarskiptastefnu stjórnvalda og hefur verið viðhaft í flestum tilvikum erlendis. Dæmi um útbreiðslukröfur gæti verið að þjónustan ætti að ná til a.m.k. 90% landsmanna.

Nefndin telur mikilvægt að ákvörðun um fyrirkomulag við úthlutun á rekstrarleyfum fyrir þriðju kynslóð farsíma verði tekin sem fyrst.

Til að ná fram þeim markmiðum sem stjórnvöld hafa sett um trausta samkeppni, mikla útbreiðslu, ódýra þjónustu og gæði telur nefndin að velja eigi aðferð sem taki mið af sérstöðu okkar vegna stærðar landsins og fámennis. Samanburðarútboð er að mati nefndarinnar líklegra til að ná fram þessum markmiðum. Áhersla er lögð á að notaðar verði hlutlægar aðferðir við mat á tilboðum.

4.7. Samningur við Bandaríkin um uppbyggingu á ljósleiðarakerfi

Eins og rakið er í kafla 2.3.1. hér að framan er í gildi samningur milli íslenskra stjórnvalda og Bandaríkjanna fyrir hönd Atlantshafsbandalagsins (NATO) um uppbyggingu, rekstur og viðhald á ljósleiðarakerfi á Íslandi til nota fyrir loftvarnakerfi Bandaríkjahers. Samningurinn var undirritaður í júlí 1989. Í samningnum er kveðið á um að þrír af átta þráðum í ljósleiðarakerfinu skuli vera eign íslenska ríkisins og til afnota fyrir NATO vegna ratsjárstöðva hér á landi. Landssíminn hefur fyrir hönd íslenska ríkisins séð um rekstur og viðhald strengjanna þriggja og gætt þeirra samningsskyldna sem um þá gilda. Sérstakur þjónustusamningur um rekstur og viðhald kerfisins er enn í gildi og sætir árlegri endurskoðun, þar sem Landssíminn leggur fram kostnaðaráætlun komandi árs sem öðlast þarf samþykki Bandaríkjanna. Ríkisendurskoðun hefur eftirlit með reikningsskilum er þessu tengjast. Við umfjöllun sína um þennan þátt hefur nefndin haft samráð við utanríkisráðuneytið sem annast hefur samskiptin við bandarísk stjórnvöld og NATO í þessu máli.

Við lagningu ljósleiðarans og við tengingu við símstöðvar hefur þráðunum þremur verið haldið algjörlega aðskildum frá öðrum hlutum ljósleiðarans (hinum fimm þráðunum) og hefur engin notkun verið á þráðunum þremur í þágu Landssímans. Þræðirnir þrír og endabúnaður í ratsjárstöðvunum, sem ljósleiðarinn liggur inn í, voru greiddur að fullu af Mannvirkjasjóði NATO á sínum tíma og eru samkvæmt samningum sem þá voru gerðir eign íslenska ríkisins en í umsjá Landssíma Íslands fyrir þess hönd.

Við sölu ríkisins á hlutabréfum í Landssímanum þarf að tryggja að staðið verði við þær skuldbindingar sem íslenska ríkið hefur undirgengist í þeim samningum sem gerðir hafa verið við Bandaríkin fyrir hönd NATO. Nefndin leggur til að það verði gert með þeim hætti að íslenska ríkið haldi eftir sem sinni eign þeim þremur þráðum sem samningar kveða á um að skuli vera eign íslenska ríkisins. Bandaríkin fyrir hönd NATO hafa ótakmarkaðan aðgang og afnotarétt af þessum þremur þráðum. Slík ráðstöfun er í raun engin breyting á því fyrirkomulagi sem ríkt hefur til þessa. Hún hefur heldur ekki áhrif á þjónustugetu Landssímans þar sem gagnaflutningsgeta ljósleiðarans er ekki takmörkuð í fyrirsjáanlegri framtíð. Hinir þræðirnir fimm verði hins vegar eign Landssímans með sama hætti og annar búnaður fyrirtækisins.

Til þess að ná framangreindum markmiðum leggur nefndin til að íslenska ríkið, undir forystu utanríkisráðuneytisins, geri sérstakan samning við Landssímann um þessi mál, þar sem m.a. komi fram helstu efnisatriði þeirra samninga sem íslenska ríkið hefur gert við bandarísk stjórnvöld fyrir hönd NATO. Í slíkum samningi gerir nefndin ráð fyrir að Landssíminn taki

að sér, ótímabundið, án uppsagnarréttar og sérstaks endurgjalds, þær skyldur og kvaðir sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist í þessu efni. Slíkur samningur fæli því í sér ótímabundna þjónustukvöð á Landssímann sem ætti þó ekki að hafa umtalsverð íþyngjandi áhrif á rekstur fyrirtækisins. Með þessu fyrirkomulagi telur nefndin ekki þörf á að taka upp þá samninga um ljósleiðaraþræðina þrjá sem gerðir hafa verið við bandarísk stjórnvöld fyrir hönd NATO. Kynna þarf samt sem áður rækilega fyrirhugað framtíðar fyrirkomulag fyrir samningsaðilum íslenskra stjórnvalda og ganga úr skugga um að athugasemdir verði ekki gerðar við það af þeirra hálfu. Nefndin leggur til að utanríkisráðuneytið, samgönguráðuneytið og Landssíminn í sameiningu skilgreini þær kvaðir sem hér um ræðir í samningi.

4.8. Samkeppni

Við undirbúning á sölu hlutabréfa ríkisins í Landssíma Íslands hf. hefur sérstaklega verið hugað að samkeppni á fjarskiptamarkaði. Í nýlegri skýrslu OECD um einkavæðingu, samkeppni og eftirlit, kemur fram að í þeim löndum þar sem samkeppni á markaði var tryggð samhliða einkavæðingu hafa gæði þjónustunnar aukist og verð lækkað. Annars staðar hefur árangur einkavæðingar ekki verið eins greinilegur.

Skilvirkt eftirlit hefur mikla þýðingu fyrir þróun fjarskiptamarkaðarins. Eftirlit hins opinbera er mikilvægt til að tryggja öryggi neytenda á þeim sviðum þar sem fákeppni ríkir en einnig til að tryggja að raunveruleg samkeppni ríki á öðrum sviðum fjarskipta. Með setningu laga um fjarskipti og laga um starfsemi Póst- og fjarskiptastofnunar, var stigið stórt skref í þá átt að tryggja eftirlit á fjarskiptamarkaði bæði með almennum ákvæðum um fjarskiptaþjónustu og með ákvæðum um hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar.

Staða Landssíma Íslands hf. á íslenska fjarskiptamarkaðnum er sterk. Í stuttu máli má lýsa stöðu fyrirtækisins þannig:

- Landssíminn hefur fjárhagslega sterka stöðu.
- GSM markaðnum er best lýst sem tvíkeppnismarkaði, Tal er með yfir 50.000 áskrifendur og Landssíminn með um 125.000 áskrifendur. Útlit er fyrir að þessi staða breytist nokkuð á næstunni þar sem úthlutað hefur verið 4 nýjum leyfum.
- Landssíminn rekur eina NMT-farsímakerfið hér á landi.
- Landssíminn hefur verið markaðsráðandi í rekstri innlendrar talsímaþjónustu og hefur þar með viðskiptatengsl við nær öll heimili og fyrirtæki í landinu.
- Landssíminn hefur yfirburðastöðu í útlandasímtölum.
- Landssíminn hefur umtalsverða markaðshlutdeild á internetmarkaðnum.
- Í skjóli áratuga einkaréttar hefur fyrirtækið byggt upp víðfeðmt fjarskiptakerfi.
- Fyrirtækið hefur lagt í mikla fjárfestingu í nýjustu tækni og er framarlega varðandi ýmsa þjónustu og tæknilausnir.
- Landssíminn hefur byggt upp víðtækt sölukerfi fyrir þjónustu sína.
- Í alþjóðlegum samanburði er verð á þjónustu Landssímans lágt. Þetta styrkir stöðu fyrirtækisins.

Markmið nýju fjarskiptalaganna var eins og fram hefur komið að tryggja samkeppni á fjarskiptamarkaði þrátt fyrir yfirburðastöðu eins aðila og að fyrirtæki gætu hafið starfsemi í eðlilegu samkeppnisumhverfi. Einnig hafa samkeppnisyfirvöld beitt heimildum sínum með ýmsum hætti gagnvart fyrirtækjum sem starfa á fjarskiptamarkaði. Allt frá setningu samkeppnislaganna nr. 8/1993 hafa stjórnvöld fjallað um kvartanir frá fyrirtækjum sem ekki hafa talið sig sitja við sama borð og keppinautar sem starfa að einhverju leyti í skjóli opinberrar verndar. Í ársskýrslu samkeppnisyfirvalda 1995 var til að mynda boðað að þessi málaflokkur yrði áfram í fyrirrúmi. Samkeppnisstofnun hefur í samræmi við þetta veitt Pósti og síma og

síðar Landssímanum strangt aðhald. Hefur því m.a. verið beint til Landssímans að starfsemi sem er á samkeppnismarkaði verði rekin í sérstakri einingu innan fyrirtækisins, með sjálfstæðu reikningshaldi. Einnig hefur því verið beint til fyrirtækisins að viðskipti milli slíkra eininga og Landssímans skuli verðlögð á markaðsvirði.[6] Þá hefur því verið beint til fyrirtækisins að tryggja, m.a. með undirritun trúnaðaryfirlýsinga, að viðkvæmar viðskiptalegar upplýsingar berist ekki frá starfsmönnum sem starfa á fjarskiptaneti fyrirtækisins til starfsmanna sem daglega starfa við GSM þjónustu. Jafnframt hvílir sú skylda á Landssímanum að senda Samkeppnisstofnun áritaða yfirlýsingu löggilts endurskoðanda um uppgjör fyrir GSM þjónustu Landssímans.[7]

Aðgerðir samkeppnisyfirvalda gagnvart Landssímanum og öðrum opinberum fyrirtækjum hafa haft það að markmiði að eyða tortryggni, koma í veg fyrir víxlniðurgreiðslu þjónustu, tryggja jafnræði á markaðnum og koma á virkri samkeppni.

Samkvæmt upplýsingum frá Landssímanum er innan fyrirtækisins verið að setja upp enn frekari múra er leiða af fyrirmælum samkeppnisyfirvalda með undirritun trúnaðaryfirlýsinga í öllum deildum, sem hafa aðgang að uppgjörs- og umferðarupplýsingum um keppinauta á öllum sviðum eða kaup þeirra á þjónustu af stofnlínukerfinu. Ráðstafanir af þessu tagi eyða tortryggni. Jafnframt vinna stjórnvöld að því að styrkja eftirlitsstofnanir sem hafa það hlutverk að tryggja fjárhagslegan aðskilnað í rekstri, koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og stuðla að eðlilegum samskiptum fyrirtækisins við samkeppnisaðila. Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun gegna lykilhlutverki í þessu sambandi.

4.8.1. Fyrirtæki á íslenskum fjarskiptamarkaði.

Gróska hefur verið á íslenskum fjarskiptamarkaði undanfarin ár og nokkur ný fyrirtæki hafið starfsemi. Á farsímamarkaði hafa sex fyrirtæki fengið rekstrarleyfi frá Póst- og fjarskiptastofnun. Hinn 27. júní 2000 veitti stofnunin fyrirtækjunum Línu.-Neti hf. og IMC Íslandi ehf. ný leyfi fyrir rekstur farsímaneta og þjónustu í DCS 1800 tíðnisviðinu. Halló-Frjálsum fjarskiptum hf. og Íslandssíma GSM hf. voru veitt leyfi 5. júní 2000 en fyrir höfðu Landssími Íslands hf. og Tal hf. leyfi fyrir DCS 1800 farsímaþjónustu. Tvö síðastnefndu fyrirtækin hafa einnig GSM 900 leyfi, en þriðja leyfinu verður úthlutað í byrjun árs 2001.

Tal hf. hefur nú boðið farsímaþjónustu í tæp þrjú ár með góðum árangri. Markaðshlutdeild Tals hf. á farsímamarkaði er nú í kringum 30%. Nýlega hafa Tal hf. og Landssíminn gert reikisamning um farsímaþjónusta hér á landi sem tryggir útbreiðslu til 97% landsmanna.

Meðfylgjandi tafla sýnir þau fyrirtæki sem hafa rekstrarleyfi í dag og hvers konar fjarskiptaþjónustu þau munu bjóða upp á.

---

[6] Ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 21/1998
[7] Ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 17/1999

Starfsemi:	*Fyrirtæki:*
Rekstur grunnkerfa	Landssími Íslands hf., Lína.Net hf., Íslandssími hf., Fjarskiptafélagið Títan ehf., Halló-Frjáls fjarskipti hf., Hringiðan ehf., Innn ehf., Internet á Íslandi hf., IRJA ehf., Islandia Internet ehf., Landsnet ehf., Margmiðlun Internet ehf., Skýrr hf., Tal hf., Teleglobe Norge AS,
Talsímaþjónusta	Landssími Íslands hf., Fjarskiptafélagið Títan ehf., Halló-Frjáls fjarskipti hf., Hringiðan ehf., Innn ehf., Internet á Íslandi hf., Islandia Internet ehf., Íslandssími hf., Landsnet ehf., Margmiðlun Internet ehf., Neyðarlínan hf., Skýrr hf., Tal hf.
Gagnaflutningur	Landssími Íslands hf., Íslandssími hf., Lína.Net hf., Skýrr hf., Fjarskiptafélagið Títan ehf., Internet á Íslandi hf., Margmiðlun Internet ehf., SITA, Tal hf.
Farsímaþjónusta	Landssími Íslands hf., Tal hf., Frjáls fjarskipti ehf., Íslandssími GSM ehf., IMC Ísland ehf., Lína.Net hf.
TETRA-fjarskipti	Stikla ehf., Irja hf.
Hljóðvarps- og sjónvarpsflutningur	Íslenska útvarpsfélagið hf., Ríkisútvarpið
Gervihnattafjarskipti	Martel ehf. (Globalstar), ORBCOMM á Íslandi ehf., Radiomiðun ehf. (Inmarsat)

Eins og sjá má á fjölda leyfishafa er sótt að markaðshlutdeild Landssímans á öllum sviðum. Sumir þeirra aðila er nýlega hafa aflað sér heimildar Póst- og fjarskiptastofnunar eru langt komnir í uppbyggingu fjarskiptaneta sinna. Af keppinautum Landssímans í farsímaþjónustunni er Tal hf. með mesta útbreiðslu. Aðrir leyfishafar eins og Íslandssími og Halló-Frjáls fjarskipti áforma að byggja upp eigin kerfi. Tilkoma þessara aðila mun auka samkeppni og lækka verð til neytenda.

Aukin samkeppni á hér einnig stað í útlandasímtölum. Þetta er dæmigert fyrir vaxandi samkeppni sem víðast hvar í heiminum hefur byrjað í farsímaþjónustu og útlandasímtölum en síðan þróast út í gagnaflutning og jafnvel almenna talsímaþjónustu.

Aukin samkeppni í gagnaflutningsþjónustu er fyrirsjáanleg á næstu mánuðum. Skýrr hf. hefur byggt upp örbylgjunet sem síðar var selt til Línu.Nets og getur keppt við Landssímann. Kostnaður við uppsetningu endabúnaðar er þó svo verulegur að samkeppni yrði fyrst og fremst á fyrirtækjamarkaði. Lína.Net hf. og Íslandssími hf. hafa byggt upp ljósleiðaranet sem nær þegar um stóran hluta Reykjavíkur og mun á næstu mánuðum ná til alls hluta höfuðborgarsvæðisins. Íslandssími hf. hefur þegar tekið í notkun öflugan skiptibúnað fyrir talsímaþjónustu og aðstöðu til gagnaflutnings. Samkvæmt lögum á Íslandssími hf. eins og önnur fjarskiptafyrirtæki ákveðinn rétt á að tengjast notendum með tengingu við heimtaugar Landssímans. Þá mun kerfi Línu.Nets hf. veita Landssímanum samkeppni á ákveðnum þéttbýlis-

stöðum. Sú staðreynd að þessi fyrirtæki bjóða fjarskiptaþjónustu í beinni samkeppni við Landssímann sýnir að lagalega er markaðsaðgengi nýrra fyrirtækja tryggt.

Markaðsstaða fjarskiptafyrirtækja gagnvart Landssímanum er frekar veik enda eru þau flest ný af nálinni. Þrátt fyrir að Landssíminn hafi forskot á markaðnum er ljóst að fyrirtækið mun mæta harðri samkeppni. Árangur Tals hf. sem starfað hefur lengst er eftirtektarverður, en uppbygging nýrra neta sýnir að sótt verður að fyrirtækinu á öllum sviðum.

Þó bendir flest til þess að óbreyttu að samkeppnin á sviði fjarskiptaneta muni einkum takmarkast við höfuðborgarsvæðið og aðra stærri þéttbýlisstaði, en verði minni í dreifbýli. Ný flutningskerfi hafa einkum orðið til á suðvesturhorninu, enda eru ákveðnar tekjur nauðsynlegar til að þjónusta tiltekin landsvæði, t.d. af farsímastöðvum, ljósleiðarastrengjum eða símstöðvum.

Á höfuðborgarsvæðinu er þegar samkeppni á heimtaugamarkaði. Fyrir liggur yfirlýsing frá Línu.Neti um að leggja ljósleiðara til um 18 þúsund heimila á höfuðborgarsvæðinu, auk þess sem fyrirtækið leggur ljósleiðara beint inn til fyrirtækja og stofnana. Lína.Net hf. hefur jafnframt keypt Loftnet af Skýrr og Gagnaveitunni, en þar er um að ræða aðgang að viðskiptavinum með notkun á örbylgjusendingum (e. wireless local loop).

Einnig er vert að nefna samruna fastnetssíma og farsíma (e. fixed mobile convergence). Nú þegar ber nokkuð á því að einstaklingar noti eingöngu farsíma. Má gera því skóna að þetta muni færast í aukana þar sem aðgangur að gagnaflutningi er nú þegar nefndur sem ein ástæða fyrir að enn fleiri láta farsímann duga og hafa sagt upp fastnetsáskrift. Með auknum gagnaflutningsmöguleikum í farsímum (GPRS og UMTS) munu gagnaflutningsmöguleikar farsímanna stóraukast, sem aftur herðir á þessari þróun.

4.8.2. Samstarf fyrirtækja á íslenskum fjarskiptamarkaði

Fyrirtæki á fjarskiptamarkaði hér á landi sem annars staðar hafa í nokkrum tilfellum stofnað til samstarfs við önnur fyrirtæki sem starfa á svipuðu sviði. Einnig er í nokkrum tilfellum um það að ræða að eitt fjarskiptafyrirtæki eigi hlut í öðru.

Nafn fyrirtækis	**Starfsemi**	**Helstu eigendur**
Landssími Íslands hf.	Alhliða fjarskiptaþjónusta	Ríkissjóður Íslands Tal hf. Farsímaþjónusta Western Wireless International Íslenska útvarpsfélagið hf. The Walter Group
Íslandssími hf.	Alhliða fjarskiptaþjónusta	Burðarás hf., Þor fjárfestingarfélag hf., Eignarhaldsfélag Valfells, Radíomiðun hf., Landsbanki Íslands hf.
Lína.Net hf.	Uppbygging á innviðakerfi	Orkuveita Reykjavíkur, Íslandssími hf., Skýrr hf., Tal hf.
Stikla ehf.	Rekstur Tetra fjarskiptakerfis	Landssími Íslands hf., Landsvirkjun, Tölvumyndir hf.
Irja hf.	Tetra-fjarskiptakerfi	Lína.Net hf.
Títan hf.	Gagnaflutningur	Nýherji hf., Íslandssími hf. Lína.Net hf.
Frjáls fjarskipti hf.	Farsímaþjónusta, gagnaflutningar	Talenta-Hátækni hf. , Lárus Jónsson, Fanney Gísladóttir, PH-Investment, Kenneth D. Peterson Jr.

Samstarf og samruni fyrirtækja á fjarskiptamarkaði bætir samkeppnisstöðu þeirra gagnvart Landssímanum. Þetta þýðir að fyrirtækjum fjölgar hægar en ella en á móti kemur að aðgengi að markaðnum er gott.

4.8.3. Erlend samkeppni

Þrátt fyrir að Landssíminn sé lítið fyrirtæki á alþjóðavísu hefur það mikið forskot á samkeppnisaðila hér á landi. Um samkeppnisstöðu Landssímans á erlendum mörkuðum gegnir öðru máli. Ef svo færi að mjög stór erlendur aðili ákvæði að hefja starfsemi á Íslandi myndi mat stjórnvalda um markaðshlutdeild og markaðsstöðu með tilliti til fjarskiptalaga einvörðungu miðast við stöðu hans á markaði hér en ekki erlendis.

Samkeppni erlendis frá gæti birst í ólíkum myndum. Verið er byggja upp gervihnattakerfi sem gætu veitt Landssímanum einhverja samkeppni. Þjónustan mun þó tæplega verða samkeppnishæf í bráð. Þó hefur fiskiskipaflotinn notast við Inmarsat-þjónustu í einhverjum mæli og líklega mun hún aukast þegar Teledesic hefur þjónustu sína sem verður talsvert ódýrari en þjónusta Inmarsat. Ef litið er lengra fram í tímann er hugsanlegt að örgervitungl sem eru mun ódýrari en þeir gervihnettir sem nú eru í notkun muni veita innlendum fjarskiptanetum samkeppni í verði.

Alþjóðleg fjarskiptafyrirtæki sem leita á innlendan markað verða að byggja upp net eða kaupa aðgang að netum sem fyrir eru. Áhugi þeirra á íslenskum fjarskiptamarkaði mun eflaust ráðast af arðsemi. Innlend samkeppnisfyrirtæki Landssímans verða örugglega áhugasöm um samstarf við alþjóðleg fjarskiptafyrirtæki, því með því öðlast þau frekari þekkingu og fjárhagslegan styrk.

4.9. Hlutverk og skipulag eftirlitsstofnana

Hér á landi eru tvær opinberar stofnanir sem hafa eftirlit með starfsemi á fjarskiptamarkaði. Annars vegar er um að ræða Póst- og fjarskiptastofnun sem sérstaklega var sett á fót í þeim tilgangi og hins vegar Samkeppnisstofnun sem hefur almennt eftirlit með neytendaþjónustu. Til að tryggja hagstæð starfsskilyrði á fjarskiptamarkaði þarf að innleiða samkeppni milli þjónustuaðila og tryggja neytendum eins víðtækt valfrelsi og kostur er. Einkavæðing Landssíma Íslands hf. er stór áfangi á þeirri leið. Án einkavæðingar Landssímans geta stjórnvöld þar að auki tæpast framfylgt trúverðugri stefnu fyrir íslenska fjarskiptamarkaðinn í heild sinni og gætt fulls jafnræðis í stjórnsýslu og eftirliti. Markmið stjórnvalda er að Ísland verði í fremstu röð tæknivæddra ríkja með ódýra og góða fjarskiptaþjónustu. Alþingi og stjórnvöld bera ábyrgð á því að tryggja réttlátar leikreglur í fjarskiptamálum, leikreglur sem stuðlað geta að aukinni velferð og hagsæld í þjóðfélaginu.

Í fjarskiptalögum eru gerðar almennar kröfur til rekstrar- og þjónustuaðila á fjarskiptamarkaði m.a. með það að markmiði að fylgt sé viðeigandi grunnkröfum, að veittar séu nauðsynlegar upplýsingar og að komið sé í veg fyrir samkeppnishamlandi aðgerðir, þ.m.t. að gjaldskrá mismuni viðskiptaaðilum. Það sem gerir lögin á hinn bóginn frábrugðin öðrum lögum um atvinnustarfsemi eru víðtæk ákvæði sem skylda markaðsráðandi aðila að veita samkeppnisaðilum aðgang að kerfum sínum og þjónustu og ákvæði sem tryggja valfrelsi neytenda, rétt þeirra til að færa sig með lágmarkstilkostnaði milli þjónustuaðila og greiðan aðgang að tiltekinni lágmarksþjónustu. Allt þetta kallar síðan á öfluga stjórnsýslu og skilvirkt eftirlit af hálfu hins opinbera.

Í viðræðum nefndarinnar við fyrirtæki á fjarskiptamarkaði hefur komið fram að styrkur eftirlitsstofnana er álitið lykilatriði í því að tryggja samkeppni á þessum markaði. Nefndin

hefur fjallað ítarlega um þetta atriði og fundað m.a. með fulltrúum samgönguráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins um tillögur til að styrkja megi þessar stofnanir.

4.9.1. Póst- og fjarskiptastofnun

Mikilvægi Póst- og fjarskiptastofnunar fyrir fjarskiptamarkaðinn er ótvírætt enda hefur stofnunin ekki aðeins sérþekkingu á tæknilegum atriðum fjarskiptatækni heldur hefur hún einnig heimildir samkvæmt ákvæðum um opið netframboð sem ganga lengra en hefðbundnar samkeppnisreglur. Fjarskiptalöggjöfin er nánast alfarið að evrópskri fyrirmynd.

Í lok níunda áratugsins byggðist stefna Evrópusambandsins á 90. gr. Rómarsáttmálans (nú 86. gr.) sem er eitt almennra samkeppnisákvæða sáttmálans og á sér beina samsvörun í EES-samningnum. Með nýjum tilskipunum sem byggjast á ákvæðum Rómarsáttmálans um innri markaðinn hefur réttargrundvöllurinn breyst frá því sem áður var. Þessar tilskipanir eru þó að sjálfsögðu allar í samræmi við hin almennu samkeppnisákvæði. Sérákvæði fjarskiptaréttar hafa þó að vissu leyti gengið lengra en hin almennu ákvæði. Þannig hafa verið sett tilmæli og nú síðast reglugerð um aðgang að heimtaug sem byggir að verulegu leyti á sjónarmiðum samkeppnisréttar en færir fjarskiptastofnunum EES-landa skýrari réttarheimildir en samkeppnisyfirvöld hafa verið talin hafa. Þá eru einnig mun skýrari ákvæði í fjarskiptalöggjöf um rétt aðila að ómissandi aðstöðu fjarskiptafyrirtækja með umtalsverða markaðshlutdeild en leidd hafa verið af 82. gr. Rómarsáttmála, 54. gr. EES-samningsins eða 11. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 sbr. breytingarlög nr. 107/2000. Einnig má ásamt mörgu öðru nefna að umtalsverð markaðshlutdeild í fjarskiptarétti er túlkuð á mun rýmri hátt en samsvarandi skilgreining samkeppnislaga á markaðsráðandi stöðu.

Alþingi samþykkti ný lög um Póst- og fjarskiptastofnun á síðasta þingi sbr. lög nr. 110/1999. Samkvæmt þeim hefur stofnunin umsjón með póst- og fjarskiptamálum hér á landi og eru helstu verkefni hennar eftirfarandi:

- úthlutun rekstrarleyfa fyrir póst- og fjarskiptastarfsemi,
- eftirlit með rekstrarleyfishöfum,
- úrlausn deilumála milli markaðsaðila,
- úthlutun tíðna,
- úthlutun númera og númeraraða,
- eftirlit með fjarskiptabúnaði,
- alþjóðlegt samstarf,
- ráðgjöf til stjórnvalda.

Annars vegar lúta þessi verkefni að eftirliti, hins vegar að ýmis konar stjórnsýslu, svo sem úthlutun leyfa og að annast samningsgerð fyrir ráðuneyti um ýmis verkefni. Í dag vinna 15 manns hjá Póst- og fjarskiptastofnun auk forstjóra sem skipaður er af samgönguráðherra. Markvisst er unnið að því að styrkja eftirlitsþátt stofnunarinnar og möguleika hennar til að standa vörð um hagsmuni neytenda og þjónustuaðila.

Sérstök fjarskiptalagaákvæði sem hafa það markmið að efla samkeppni á markaðinum ásamt þeirri sérþekkingu sem túlkun reglnanna gerir kröfu um hefur haft það í för með sér að meginábyrgðin við að koma á nýrri skipan fjarskiptamarkaðar hvílir á Póst- og fjarskiptastofnun. Mörg viðfangsefni munu verða á dagskrá eins og það hvernig stuðla megi að lægri verðum fyrir farsímaþjónustu, hvort stuðla eigi að föstu gjaldi (án tímamælingar) fyrir internetfjarskipti, endanleg útfærsla á aðgangi að heimtaug og hvernig haga eigi leyfisveitingum fyrir þriðju kynslóð farsíma. Almennt má segja að á innri markaðinum fari fjölda erinda frá fyrirtækjum og einstaklingum til systurstofnana Póst- og fjarskiptastofnunar mjög fjölgandi.

Þá er ljóst að Póst- og fjarskiptastofnun þarf að aðlaga sig að samruna sjónvarps og fjarskipta sem nú er að eiga sér stað.

Tekjustofnar Póst- og fjarskiptastofnunar byggjast á gjaldheimtu fyrir útgáfu rekstrarleyfa, árlegu 0,25% rekstrargjaldi af veltu fjarskiptafyrirtækja og gjöldum vegna úthlutunar númera. Auk þess geta komið til ýmis gjöld skv. gjaldskrá Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 598/1997 vegna tækjabúnaðar og afnota af tíðnum. Breytingar kunna að verða á fyrirkomulagi tekjustofna Póst- og fjarskiptastofnunar vegna tilskipana sem eru í farvatninu. Samkvæmt drögum nýrrar leyfisveitingatilskipunar í fjarskiptum verður fyrirkomulag leyfisveitinga einfaldað sem ætti að draga úr vinnu og kostnaði stjórnvalds.

Fjölmörg verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar eru tímafrek og kalla á sérstaka vinnu í byrjun þegar leitast er við að koma málum í ákveðinn farveg til frambúðar. Dæmi um þetta eru reglur stofnunarinnar frá því í ágúst sl. um númeraflutning. Ávöxtur slíkrar vinnu stofnunarinnar ásamt framtaki markaðsaðila og viðtökum almennings er þó þegar farinn að skila sér.

4.9.2. Samkeppnisstofnun

Samkeppnisyfirvöldum er ætlað að stuðla að því að neytendur fái góða vöru og þjónustu á sanngjörnu verði. Að þessu skal unnið með því að efla virka samkeppni í viðskiptum, samhliða því að gæta þess að heilbrigðir viðskiptahættir séu í heiðri hafðir. Í lögum nr. 8/1993, með síðari breytingum nr. 24/1994, 83/1997, 67/1998, 82/1998 og 107/2000, er kveðið á um hlutverk Samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar. Hlutverk stofnunarinnar er m.a. að:

- framfylgja bannreglum samkeppnislaga
- ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja og óréttmætum viðskiptaháttum
- gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaði
- stuðla að auknu gegnsæi markaðarins
- hafa eftirlit með greiðslukortastarfsemi
- benda stjórnvöldum á ef ákvæði laga eru talin andstæð markmiði samkeppnislaga

Samkeppnisstofnun hefur eftirlit með fjarskiptafyrirtækjum, eins og öðrum fyrirtækjum, með það að markmiði að þau starfi í samræmi við ákvæði samkeppnislaga. Meðal mikilvægra þátta á verksviði stofnunarinnar er að fylgja eftir kröfum um fjárhagslegan aðskilnað hjá fyrirtækjum sem veita alhliða fjarskiptaþjónustu og hafa markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði. Heimildir stofnunarinnar eru almenns eðlis. Hjá Samkeppnisstofnun er 21 starfsmaður auk forstjóra sem skipaður er af iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

4.9.3. Uppbygging og aukið samstarf

Póst- og fjarskiptastofnun skal framfylgja lögum um fjarskipti og póstþjónustu og tryggja að markmið laganna náist. Skal það gert m.a. með því að stuðla að samkeppni og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti í póst- og fjarskiptaþjónustu og rekstri fjarskiptaneta. Stofnunin skal taka til meðferðar mál sem upp koma vegna starfsemi fjarskiptafyrirtækja, póstrekenda og rekstrarleyfishafa.

Póst- og fjarskiptastofnun fylgist með því að fyrirtæki virði lagaákvæði um aukna samkeppni á fjarskiptamarkaði og stundi lögmæta viðskiptahætti. Þar sem einstök mál sem upp hafa komið hafa ýmist hlotið umfjöllun hjá samkeppnisyfirvöldum eða hjá Póst- og fjarskiptastofnun, og oft var óljóst hjá hvorri stofnuninni ætti að fjalla um einstök mál, var lög-

um breytt þannig að Póst- og fjarskiptastofnun fjallar nú aðeins um mál sem falla undir fjarskiptalög og lög um póstþjónustu. Í lögum um stofnunina er gert ráð fyrir að hún og Samkeppnisstofnun hafi samvinnu um að setja leiðbeinandi reglur um meðferð og úrlausn mála sem geta bæði fallið innan marka laga um póst- og fjarskiptamál og samkeppnislaga. Með setningu og birtingu slíkra reglna er þannig ætlunin að vinna gegn hugsanlegri óvissu fyrirtækja um valdmörk og lögsögu þessara stjórnvalda.

Samkeppnisyfirvöld hafa eftirlit með fyrirtækjum á fjarskipta- og póstmarkaði á grundvelli samkeppnislaga. Lög um fjarskipti og Póst- og fjarskiptastofnun breyta þannig ekki gildissviði samkeppnislaga eða takmarka valdheimildir samkeppnisyfirvalda á póst- og fjarskiptamarkaðnum. Samkeppnisyfirvöld geta eftir sem áður beitt ákvæðum samkeppnislaga á umræddum mörkuðum, svo sem reglum um bann við samráði, misnotkun á markaðsráðandi stöðu, samruna fyrirtækja og um óréttmæta viðskiptahætti. Þannig er tryggt að sams konar samkeppnisreglur gilda í öllum atvinnugreinum og að fyrirtæki búa að þessu leyti við sambærileg starfsskilyrði. Með lögum nr. 107/2000 var hlutverk samkeppnisyfirvalda eflt verulega m.a. með nýjum ákvæðum um bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu fyrirtækja og víðtæku banni við samstarfi og samráði fyrirtækja sem hefur þau áhrif að draga úr samkeppni.

Leikreglur fjarskiptanna eru um margt frábrugðnar leikreglum annarrar atvinnustarfsemi vegna þeirrar sérstöðu fjarskipta í Evrópu að þau hafa fyrst fyrir fáum árum verið leyst undan einkaréttarvernd. Meðal annars þess vegna hefur ekki verið talið tímabært að fella ákveðin lagaákvæði um fjarskiptaþjónustu undir almenna samkeppnislöggjöf, svo sem um samtengingu, um opinn aðgang að netum og um alþjónustu. Til að undirstrika þessi tengsl var ákveðið í Danmörku árið 1998 að skylda dönsku fjarskiptastofnunina til að leita eftir bindandi áliti frá samkeppnisyfirvöldum við ákvörðun hámarksverðs fyrir alþjónustu og vegna eftirlits með samtengingarsamningum.

Bindandi álit samkeppnisyfirvalda tryggir vandaða málsmeðferð og eykur réttaröryggi aðila á fjarskiptamarkaði. Það kemur einnig í veg fyrir misvísandi skilaboð frá stjórnvöldum og undirstrikar það markmið að verðákvarðanir varðandi alþjónustu og samtengingar eiga í framtíðinni að geta fallið undir samkeppnisyfirvöld.

5. Sjónarmið varðandi skiptingu fyrirtækisins

Eitt af þeim atriðum sem nefndinni var falið að skoða var hvort æskilegt væri að skipta upp starfsemi Landssíma Íslands hf. Í ljósi umræðu sem hefur verið áberandi á því tímabili sem starf nefndarinnar hefur staðið yfir, hefur verið lögð áhersla á að skoða þennan þátt. Til að vinna hlutlausa greinargerð um fjarskiptakerfi Landssíma Íslands hf. leitaði nefndin til dr. Þórðar Runólfssonar, rannsóknarprófessors í rafmagnsverkfræði. Jafnframt skilaði Þórður áliti til nefndarinnar um tæknilega möguleika á skiptingu á fjarskiptakerfinu. Kaflar númer 5.1–5.3 byggja að mestu leyti á vinnu Þórðar. Hvað varðar fjárhagslegan aðskilnað milli eininga í fjarskiptakerfi Landssímans leitaði nefndin álits Póst- og fjarskiptastofnunar og Landssímans og er þá umfjöllun að finna í köflum 5.4 og 5.5. Nefndin ber þó ein ábyrgð á niðurstöðum umfjöllunarinnar. Tekið skal fram að í kaflanum hér á eftir er lýsing á fjarskiptakerfi Landssímans öðru fremur byggð á tæknilegri nálgun en ekki út frá þjónustu eins og gert er framar í skýrslunni.

5.1. Tæknileg skipting

Í kaflanum hér á eftir sem fjallar um mögulega útfærslu og áhrif skiptingar á fjarskiptakerfi Landssímans, er gerð grein fyrir einstökum þáttum kerfisins og því hvaða möguleikar

eru í framtíðinni við uppbyggingu á fjarskiptakerfum. Eftirfarandi mynd sýnir uppbyggingu á fjarskiptakerfi Landssímans.

Fjarskiptakerfi Landssímans og tengd kerfi.



5.1.1. Ljósleiðaranetið

Grunnurinn að fjarskiptaneti Landssímans samanstendur af ljósleiðaraneti sem nær um allt landið og inn á flesta þéttbýliskjarna (stofnæðanet). Á flestum stöðum eru 8 þræðir í ljósleiðaranum og notar Landssíminn 5 þeirra en 3 eru fráteknir fyrir notkun NATO. Fyrir þá staði sem ekki eru tengdir ljósleiðara eru notaðar stafrænar örbylgjutengingar. Fjarskiptanet Landssímans er þannig uppbyggt að flestar tengingar hafa varaleið, ef ljósleiðarinn á hringnum rofnar þá kemst umferð alltaf á áfangastað með því að fara hinn hringinn. Varaleiðir tenginga við þéttbýliskjarna eru annaðhvort um ljósleiðara eða örbylgju.

Grunnflutningur gagna á mest öllu ljósleiðaranetinu er skilgreindur í staðli sem heitir SDH (e. Synchronous Digital Hierarchy) sem skilgreinir gagnaflutninga allt að 2,5 Gb/s og búist er við að staðallinn verði útvíkkaður upp í 10 Gb/s í náinni framtíð. Í SDH er skilgreint á hvaða formi gögnin skulu vera, fjölrásunaraðferðir og hvernig stjórnun umferðar á ljósleiðaranum fer fram. Fjölrásun er tækni sem notuð er til að blanda saman gagnastraumum af minni bandbreidd til að fullnýta bandbreidd (gagnaflutningshraða) línunnar. Ýmsar útfærslur af fjölrásun eru til, algengastar eru tíðnifjölrásun og tímafjölrásun. Yfir SDH eru flutt öll gögn sem flytja þarf í símakerfinu, þ.e.a.s. óháð uppruna (tal, sjónvarp, internet, o.s.frv.).

Á höfuðborgarsvæðinu eru tengipunktar grunnkerfisins tengdir með margföldu neti ljósleiðara. Til að auka flutningsgetu þessa ljósleiðarakerfis frekar eru áform um að innleiða á

næstunni nýtt kerfi sem nýtir ljósleiðarann á höfuðborgarsvæðinu enn betur en núverandi tækni. Þetta nýja kerfi kallast WDM (e. Wave Division Multiplexing, lauslega þýtt sem bylgjufjölrásun).

5.1.2. Símstöðvakerfi

Á SDH gagnaflutningskerfi ljósleiðaranets Landssímans er byggt kerfi stafrænna símstöðva, svokallaðra IDN símstöðva. Símstöðvakerfið er byggt á tvöföldu kerfi skiptistöðva (Miðbæjarstöð og Múlastöð) sem sjá um yfirstjórnun símakerfisins, samskipti við svæðisstöðvar og samskipti við útlönd sem einnig er stjórnað af tvöföldu kerfi IDN símstöðva á sömu stöðum og skiptistöðvarnar. Landinu er skipt niður í níu svæði, fjögur á höfuðborgarsvæðinu og fimm á landsbyggðinni, sem er stjórnað af svæðisstöðvunum. Innan hvers svæðis eru síðan útstöðvar, mismargar eftir stærð svæðanna. Auk svæðisstöðvanna níu tengjast beint við skiptistöðvarnar NMT og GSM farsímakerfi Landssímans, farsímakerfi Tals og fjarskiptakerfi Íslandssíma.

Símstöðvakerfi



IDN kerfið er stafrænt símkerfi sem sér um tengingu notenda í símkerfinu. Á IDN byggir ISDN síma- og gagnaflutningskerfi Landssímans (kallað Samnetið), auk ýmissa annarra þjónustuþátta sem nýta ljósleiðara Landssímans (gagnaflutningslínur, umferðarkerfi internetsins). Símkerfi eins og IDN og ISDN eru svokölluð rásatengd kerfi (e. circuit switched system). Þetta merkir að þegar tveir notendur tengjast í kerfinu þá er frátekin rás alla leið á milli notendanna og helst þessi rás frátekin á meðan á tengingunni stendur, óháð því hversu vel bandvídd fráteknu rásarinnar er notuð. Notendur í símakerfinu, sem hafa mikla gagnaflutningsþörf, leigja oft fastar línur í kerfinu sem eru rásir fráteknar fyrir þeirra notkun, óháð

notkun þeirra á hverjum tíma. Þegar um venjulegt tal er að ræða þá nýtist frátekna bandvíddin yfirleitt nokkuð vel og flest símtöl eru frekar stutt og þar af leiðandi henta rásatengd kerfi vel fyrir hefðbundin talsambönd. Ef rásin er notuð fyrir gagnaflutninga, t.d. internet tengingu, þá hefur reynslan sýnt að gögnin eru send í skömmtum og lítið notuð þess í milli. Þar að auki eru skammtar oft stórir og krefjast mikils gagnaflutningshraða (bandvíddar) á meðan á þeim stendur. Þá má einnig nefna að gagnaflutningsnotendur eru að meðaltali tengdir mun lengur en talsambandsnotendur. Þetta þýðir að gagnaflutningsnotendur nýta rásatengd kerfi illa og þar að auki er gagnaflutningshraði (bandbreidd) fráteknu rásarinnar oft of lítill fyrir slíka notkun. Vegna þessara annmarka rástengdra símkerfa hafa verið þróuð svokölluð pakkatengd kerfi fyrir gagnaflutninga.

5.1.3. Pakkatengd kerfi

Í pakkatengdum kerfum ólíkt rásatengdum kerfum er ekki tengd föst rás á milli notenda heldur samnýta margir notendur línuna. Þeir eru stöðugt tengdir við kerfið og geta sent og tekið við gögnum hvenær sem er. Þetta er gert með því að gögnum notenda er skipt upp í pakka, þeir merktir með „heimilisfangi" viðtakanda og síðan sendir út á línuna. Í kerfinu er umferðarstjórnunarkerfi sem sér um að koma pökkunum til réttra viðtakenda. Aðalkostur slíks kerfis er að notendur nýta aðeins bandbreidd kerfisins þegar þeir þurfa á henni að halda. Ókostir eru meðal annars tiltölulega mikill stjórnunarkostnaður, allir pakkar þurfa að vera merktir heimilisfangi viðtakanda, og hugsanlegar seinkanir þegar umferð í kerfinu er mikil. Ýmsar útgáfur eru til fyrir umferðarstjórnunarkerfi í pakkakerfum og má þar nefna X.25 net, Frame relay net, Cell relay net og ATM net.

X.25 net

Í þessum eldri tegundum gagnaneta eru gögn send eftir rásum í stafræna símkerfinu og hafa þar af leiðandi gagnflutningshraða sem er í margfeldum af 64 kb/s. Slík net hafa frekar lágan gagnahraða og þar að auki er mjög mikill villuleiðréttingabúnaður í hverjum skiptipunkti netsins sem hefur í för með sér enn lægri raunverulegan gagnaflutningshraða.

Frame relay net

Í þessum netum er gögnum skipt upp í mislanga pakka sem eru kallaðir „frames". Hefur það í för með sér að stjórnunarkostnaður vegna villuleiðréttinga verður minni og gagnahraði þar af leiðandi aukinn. Hins vegar hafa þessir mislöngu pakkar það í för með sér að möguleiki er að langur pakki komi á áfangastað á eftir stuttum pakka sem var sendur síðar. Þetta hefur í för með sér að nauðsynlegt er að endurraða pökkum á áfangastað og gerir Frame relay svo að segja ónothæft sem umferðarstjórnunarkerfi fyrir rauntímanotkun eins og tal og lifandi mynd.

Cell relay net

Í þessum netum er gögnum skipt upp í pakka, kallaðir „cells" (sellur), af fastri lengd og hafa þar af leiðandi ekki þau vandamál sem fylgja mislöngum pökkum í Frame relay. Hins vegar kallar mismunandi notkun á mismunandi langar sellur, tal nýtir best stuttar sellur og langar sellur henta betur fyrir ýmsa gagnaflutninga. Niðurstaðan er sú að slík net geta verið notuð fyrir bæði tal og gagnaflutninga en eru ekki hentug fyrir alla tegundir umferðar nema til komi viðbótar stjórnun og flokkun gagna. Eitt slíkt kerfi eru svokallað ATM net.

Í IDN kerfi Landssímans hefur verið til staðar X.25 gagnaflutningsnet. Landssíminn bíður einnig upp á Frame relay gagnaflutningsnet sem byggir á ATM neti fyrirtækisins auk þess sem boðið er upp á hreina ATM gagnaflutningsþjónustu.

ATM net

Þróun umferðarstjórnunarkerfa fyrir pakkatengd kerfi sem henta jafnt öllum gerðum af umferð (tali, kvikmynd, gagnaflutningum) hefur leitt til ATM (e. Asyncronous Transfer Mode) tækni. ATM er pakkanet með sellur sem eru af fastri lengd. Umferðarstjórnunarkerfi ATM er þannig byggt upp að það líkist bæði rásatengdu og pakkatengdu kerfi. Umferðarstjórnunarkerfið er margþætt og flókið og ekki verður reynt að lýsa því nema að takmörkuðu leyti hér. Sett er upp svokölluð sýndarrás (e. Virtual Connection) fyrir hverja tengingu og eru pakkar flokkaðir í nokkra flokka eftir því hversu hratt þeir þurfa að berast til viðtakanda og hversu mikil seinkun má vera í flutningi þeirra. Á leiðinni yfir netið á milli ATM tengipunkta er sýndarásum pakkað saman í sýndartengingar (e. Virtual Paths) og ræður sú sýndarás sem hefur mestu hraðakröfuna því hversu hratt gögn eru send á viðkomandi sýndartengingu. Á þennan hátt berast þau gögn sem hafa strangar kröfur um flutningshraða og/eða seinkanir, t.d. tal og kvikmyndir, hraðar yfir netið en þau gögn sem hafa minni kröfur um hraða og/eða seinkanir, t.d. internet umferð og ýmsir gagnaflutningar.

Vegna uppbyggingar sinnar þá samhæfist ATM tæknin illa IDN símstöðvum og best er að senda ATM gagnaumferð beint yfir SDH, þ.e.a.s. ATM stöðvar koma í stað IDN símstöðva. Í grunnkerfi Landssímans er ATM kerfi sem er aðskilið frá IDN símakerfinu og byggir beint á SDH grunnflutningskerfinu. ATM kerfi Landssímans er í dag eingöngu notað sem gagnaflutningskerfi (þ.e.a.s. ekki notað til að flytja tal) og samanstendur ATM netið af 19 tengipunktum víðs vegar á ljósleiðaranum á landsbyggðinni auk höfuðborgarsvæðisins. Landssíminn hefur gert áætlanir um að fjölga ATM tengipunktum á ljósleiðarahringnum um 20 auk þess að tengja 27 aðra staði, sem eru utan ljósleiðarahringsins, ATM tengingu.

5.2. Tengingar við notendur

Fjarskiptakerfi Landssímans er notað fyrir talsímasambönd og ýmsa gagnaflutninga, t.d. internet umferð, tengingar útibúa fyrirtækja við aðalstöðvar, gagnaflutninga milli banka og annarra fjármálafyrirtækja o.s.frv. Í dag er rúmlega helmingur allrar umferðar í fjarskiptakerfum gagnaflutningar (þ.e.a.s. ekki tal) og víst er að hlutur gagnaflutninga mun eiga eftir að stóraukast í framtíðinni. Ný þjónusta eins og gagnvirkt stafrænt sjónvarp og önnur gagnvirk margmiðlun mun hafa í för með sér auknar kröfur og betri nýtingu núverandi fjarskiptakerfa og uppbygging nýrra afkastameiri kerfa mun og eiga sér stað. Til viðmiðunar má nefna að flutningur kvikmyndar á stafrænu formi yfir fjarskiptakerfi krefst að minnsta kosti 1,5 mb/s gagnaflutningshraða.

Tenging við notendur



5.2.1. Heimtaugakerfið

Flest öll heimili og fyrirtæki landsins tengjast símakerfi Landssímans með heimtaugum sem tengja þau við útstöðvar símstöðvakerfisins. Heimtaugarnar eru yfirleitt koparþræðir en í einhverjum tilfellum þar sem skortur er á koparþráðaheimtaugum eða flutningsþörfin er mikil eru ljósleiðarar notaðir fyrir tengingar fjölbýlishúsa eða fyrirtækja. Heimtaugakerfið er svokallað stjörnukerfi, þ.e.a.s. hvert heimili er tengt með sérstakri frátekinni línu í hverfissímstöð (útstöð). Þó svo að dreifikerfi Landssímans sé stafrænt þá hafa heimtaugar allt fram á þennan dag nánast eingöngu verið byggðar á hliðrænni tækni. Fyrir almennt tal þarf um það bil 4 kHz bandbreidd og eru hliðrænar rásir heimtaugakerfisins yfirleitt hannaðar með þá bandbreidd í huga. Hefðbundin mótöld sem notuð eru til að tengja tölvur og önnur stafræn tæki við símakerfið yfir hliðrænar rásir eru bundin af þessari litlu bandbreidd og óhætt er að fullyrða að hliðrænu mótöldin sem til eru í dag og bjóða upp á hámarksgagnahraða á bilinu 33–56 kb/s séu farin að nálgast fræðileg mörk slíkra tækja og muni ekki geta orðið öllu betri. Yfirleitt eru símalagnir í heimtaugakerfinu hér á landi nokkuð góðar og er bandbreidd þeirra miklu meiri en sú bandbreidd sem notuð er af hliðræna talsímanum. Bandbreidd línunnar er mjög háð fjarlægð frá símstöð og ætla má að bandbreidd heimtaugar sem samanstendur af pari af koparþráðum og er um það bil 1,5 km sé um 1 MHz. Sé slík lína notuð sem flutningaleið fyrir stafræna rás með nútímatækni er hámarksgagnahraði í aðra áttina á bilinu 1,5 mb/s fyrir 5,4 km langa línu og upp í 52 mb/s fyrir 300 m langa línu.

Í ljósi þess að hægt er að flytja mun meira magn gagna yfir stafræna en hliðræna rás hefur verið þróuð stafræn tækni fyrir slík fjarskipti. Langútbreiddasta tæknin er ISDN (e. Integrated Services Digital Network / tegraða síma- og gagnaflutningskerfið) sem Samnet Landssímans byggir á. ISDN grunntenging samstendur af heimtauginni, sem samanstendur af einu pari af koparþráðum og svokölluðum DSL módemum, einu á hvorum enda. Gagnahraði

ISDN grunntengingar getur orðið allt að 160 kb/s í báðar áttir yfir línu sem er allt að 6 km löng. ISDN rásinni er skipt upp í tvær svokallaðar B-rásir (64 kb/s hvor) auk svokallaðrar D-rásar (16 kb/s). B-rásirnar má nota fyrir símtöl eða tölvutengingar að vild annaðhvort aðskildar eða samnýttar. Þannig fæst gangnaflutninghraði allt að 128 kb/s sem um það bil fjórfalt meira en næst í flestum tengingum í gegnum hliðræn mótöld. D-rásin er að hluta notuð af kerfinu sjálfu en er að mestu leyti nýtanleg fyrir notandann. DSL módemin nota bandvídd heimtaugarinnar á bilinu 0 og upp í um það bil 120 kHz. Því er ljóst að ISDN notar ekki nema lítinn hluta af bandbreidd heimtaugarinnar og er verið að þróa DSL módem sem nýta eina heimtaug sem tvær og þar með tvöfalda ISDN tengingar.

Til að nýta bandbreidd heimtaugarinnar enn betur hefur á undanförnum árum verið þróuð ný fjarskiptatækni fyrir stafrænar tengingar yfir koparþráða heimtaugar. Helst ber þar að nefna ADSL sem tilheyrir tækni sem oft er kölluð xDSL þar sem *x* stendur fyrir tiltekin forskeyti. Í ADSL er takmarkið að nýta bandbreidd heimtaugarinnar eins vel og stafræn tækni nútímans leyfir án þess að trufla hefðbundna símaþjónustu. Þetta er gert með því að skipta bandbreidd heimtaugarinnar í tvo hluta, lægra tíðnisviðið sem er notað eins og áður fyrir venjulegt talsímasamband, og tíðnisviðið þar fyrir ofan fyrir gagnaflutninga. Í ADSL er kerfið hannað þannig að gagnaflutningshraði til notenda er miklu meiri en frá þeim, t.d. býður Landssíminn upp á þjónustuflokk þar sem gagnaflutningshraðinn er 1,5 mb/s til notenda og 384 kb/s frá þeim. Sé tekið mið af því sem áður var sagt þá jafngildir þessi flokkur hámarksflutningsgetu 5,4 km langrar heimtaugar. Ástæða þess að bandbreiddin er notuð á þennan hátt er sú að yfirleitt er mun meiri þörf á mikilli flutningsgetu til notenda en frá þeim. Ef æskilegt er að ná meiri flutningsgetu í ADSL en 1,5 mb/s verður að nota styttri heimtaugar og er skilgreindir flokkar í ADSL staðlinum fyrir flutningsgetu til notenda allt upp í 8,5 mb/s fyrir 2,7 km langa línu. Hægt er að stytta heimtaugar til notenda með því að fjölga útstöðvum í símkerfinu. Ef óskað er enn meiri flutningsgetu er hægt að nota styttri heimtaugar úr koparþráðum eða skipta yfir í nýjar heimtaugar sem nota aðrar flutningsleiðir, t.d. ljósleiðara eða þráðlaus sambönd, sjá frekar síðar. Í þróun er nýr staðall, svokallaður VDSL, fyrir gagnaflutning yfir stuttar koparþráðaheimtaugar.

Þessi staðall gerir ráð fyrir flutningsgetu til notenda á bilinu 13 – 52 mb/s og frá notendum á bilinu 1,6 – 2,3 mb/s fyrir línur sem er 1,35 – 0,3 km langar.

Skipting bandbreiddar heimtaugar á milli talsíma og SDSL

5.2.2. Breiðbandið



Breiðband er skilgreint sem gagnaflutningsleið sem hefur flutningsgetu sem er meiri en 2 mb/s. Breiðbandið sem Landssíminn hefur verið að byggja upp á undanförnum árum og byggist á ljósleiðara dreifikerfi og kóax heimtaugum gæti orðið slíkt kerfi en er í dag notað sem kapalkerfi til dreifingar á hliðrænu sjónvarpi og hljóðvarpi sem gengur undir nafninu Breiðvarpið. Í breiðbandskerfi Landssímans eru heimtaugar stjörnutengdar, þ.e.a.s. frá götuskáp (tengikassa) liggur sérstakur kóaxkapall í hvert hús. Það er því tengt eins og símkerfi. Til samanburðar eru hefðbundin kapalkerfi sem eru brautarnet, þ.e.a.s. ein heimtaug er samnýtt af mörgum húsum við sömu götu, lagður er kóaxkapall frá götuskáp meðfram götunni og lagnir frá honum inn í hvert hús. Meginmunurinn á stjörnutengdu neti annars vegar og brautarneti hins vegar er sá að í brautarnetinu nýta allir notendur bandbreidd kóax heimtaugarinnar sameiginlega en í stjörnuneti hefur hver notandi alla bandbreidd heimtaugarinnar út af fyrir sig. Í framtíðinni þegar þörf á bandbreidd notenda (heimila) verður meiri en núverandi koparþráðadreifikerfi Landssímans getur boðið upp á verður mögulegt að byggja upp nýtt dreifikerfi sem mun nýta dreifikerfi breiðbandsins.

Brautar- og stjörnutengd dreifikerfi



5.2.3. Farsímakerfi

Eins og áður kom fram tengjast farsímakerfi Landssímans, þ.e.a.s. GSM og NMT kerfin, og farsímakerfi Tals við IDN símstöðvakerfi Landssímans á svipaðan hátt og svæðisstöðvar dreifikerfisins. NMT farsímakerfið tilheyrir fyrstu kynslóð farsíma og er byggt á hliðrænni tækni. NMT er staðsett á 400 MHz tíðnisviðinu og er langdrægt í samanburði við önnur farsímakerfi. Notkun NMT kerfisins hefur nær alveg vikið fyrir notkun GSM kerfisins í þéttbýli en er ennþá mikið notað í dreifbýli og á hálendinu þar sem GSM er ekki til staðar. Óhætt er að fullyrða að með tilkomu GSM farsímatækni hafi orðið bylting í notkun farsíma og er í dag langútbreiddasta farsímakerfi heimsins. GSM tilheyrir annarri kynslóð farsíma og byggir á stafrænni tækni. GSM er staðsett á 900 MHz tíðnisviðinu en einnig eru til afbrigði af GSM á 1800 MHz (DCS1800) og 1900 MHz (PCS1900), og verið er að markaðssetja GSM kerfi á 400 MHz sem mun bjóða upp á aukna drægni. Í GSM kerfinu er landsvæðinu, sem kerfið þekur, skipt upp í einingar, kallaðar sellur. Í hverri sellu er símstöð sem sér meðal annars um samskipti við notendur innan sellunnar og flutning tenginga notenda til nærliggjandi sella þegar notendur eru á hreyfingu. GSM kerfið var hannað sem farsímakerfi fyrir talsímanotkun. Það hentar því frekar illa sem gagnaflutningskerfi og bíður GSM kerfið upp á allt að 9,6 kb/s gagnaflutningshraða. Þróaðar hafa verið endurbætur á kerfinu til að auka gagnaflutningsgetuna og í boði er svokölluð GPRS þjónusta sem er pakkanet sem bíður upp á grunngagnaflutningshraða allt að 128 kb/s. Til að koma til móts við auknar kröfur um gagnaflutn-

ingshraða farsímakerfa og aukinn þéttleika notenda er í þróun þriðja kynslóð farsímakerfa og ber þar hæst UMTS staðalinn. Í UMTS er leitast við að gera farsímakerfi mun sambærilegri við þráðatengd kerfi hvað varðar gæði þjónustu og afkastagetu. Grunnkerfi UMTS er byggt á sellum líkt og GSM og mun kerfið vera á 2 GHz tíðnisviðinu. Ólíkt GSM verður stjórn kerfisins dreifð um kerfið og byggir á greindarnetum sem stóreykur aðlögunarhæfni kerfisins miðað við núverandi kerfi. Stefnt er að því að í UMTS geti notendur tengst með allt að 2 mb/s gagnaflutningshraða en hraði tengingarinnar verður meðal annars háður hreyfingu notandans.

5.2.4. Þráðlausar heimtaugar

Þráðlausar heimtaugar (e. Wireless Local Loop (WLL)) eru staðbundin skammdræg þráðlaus kerfi sem hafa drægni af stærðargráðunni 20–100 m innanhúss og upp í nokkra km utanhúss. WLL er tækni sem þróuð hefur fyrir talsíma og/eða gagnflutningskerfi þar sem annaðhvort heimtaugar eru ekki fyrir hendi og mjög dýrt væri að leggja þær eða þar sem fyrirtæki vilja bjóða upp á slíka þjónustu en hafa ekki aðgang að heimtaugakerfinu. Einna best þekkti staðallinn sem inniheldur WLL tækni er Evrópski DECT staðallinn. Upphaflega var DECT staðallinn hugsaður sem staðall fyrir stafræna þráðlausa síma og einkasímstöðvar en hefur þróast yfir í að vera einnig WLL staðall. Í WLL kerfi er þráðlaus tenging á milli notenda og dreifikerfis sem oftast er byggt sem þráðakerfi. Settur er upp þráðlaus samskiptabúnaður í götuskáp annars vegar og á húshlið notenda hins vegar. DECT kerfið er ekki farsímakerfi og er þar af leiðandi að sumu leyti tæknilega mun einfaldara en GSM en að öðru leyti er það fullkomnara, bíður t.d. upp á mun meiri þéttleika notenda. DECT er fullkomlega samhæft við Samnetið (ISDN) og býður upp á sambærilega gagnaflutningsgetu og ISDN. Að lokum er vert að nefna að þriðju kynslóðar tæknin UMTS mun hafa flesta eiginleika WLL kerfis og gæti hugsanlega einnig verið flokkað sem slíkt.

Hús tengt með þráðlausu sambandi við dreifkerfi



5.2.5. Þráðlaus aðgangskerfi

Náskyld þráðlausum heimtaugum (WLL kerfum) eru þráðlaus aðgangskerfi (e. Fixed Wireless Access (FWA)) sem eru yfirleitt skilgreind sem þráðlausar fastar tengingar við fyrirtæki og heimili. Sé litið til framtíðarinnar þá er í þróun FWA tækni sem notar örbylgjutíðnir og mun bjóða upp á allt að 45 mb/s gagnahraða. Sérstaklega ber þar að nefna LMDS (e. Local Multipoint Distribution Services) sem í Evrópu er á 28 GHz tíðnibandinu og býður upp á allt að 45 mb/s gagnahraða (í aðra áttina) og dregur allt að 4 km í sjónlínu, og MMDS (e. Multichannel Multipoint Distribution Service) sem í Evrópu er á 3,5 GHz tíðnibandinu, dregur allt að 45 km og býður upp á um það bil 10 mb/s gagnahraða (í aðra áttina). (Strangt til tekið eru LMDS og MMDS nöfn á samsvarandi kerfum í Bandaríkjunum sem eru byggð á sömu tækni en eru staðsett á aðeins öðrum tíðniböndum). Vegna þessa mikla gagnaflutningshraða er þessi tækni stundum kölluð þráðlaus breiðbandstenging (e. Broadband Wireless Access (BWA)). Þróun á þessari tækni er í hraðri framför og nú þegar er farið að setja upp slík kerfi og eru sum þeirra hönnuð sem bæði talsíma- og gagnaflutningskerfi. Vegna langdrægni MMDS kerfa og þess eiginleika að þau krefjast ekki fullkominnar sjónlínu milli senda og móttakara er mögulegt að nota þau sem almenn símakerfi, þ.e.a.s. sem annan valmöguleika á símaþjónustu (fyrir bæði tal og gagnaflutninga) í þéttbýli. Slík kerfi er verið að setja upp og prófa í nokkrum stórborgum í Bandaríkjunum af MCI WorldCom og Sprint, og einnig er verið að kanna uppsetningu á slíkum kerfum á nokkrum stöðum í Evrópu.

5.2.6. Heimtaugar raforkudreifikerfis

Á undanförnum árum hafa gagnaflutningskerfi sem byggja á heimtaugum raforkudreifikerfisins verið þó nokkuð rannsökuð og þróun slíkra kerfa komin vel á veg en hafa þó ekki ennþá verið sett á almennan markað. Þau kerfi sem hafa verið kynnt eru tölvunet (e. Ethernet) sem er ætlað að tengja heimilistölvur við internetið. Hugsanleg notkun er almenn internetnotkun og internetsími. Gagnaflutningshraði þessara neta er af stærðargráðunni 1,3 mb/s fyrir heimtaug sem er allt að 350 m löng. Vert er að benda á að taugin frá dreifiskáp, þar sem raforkudreifikerfið tengist dreifikerfi internetsins, og til notenda (húsa) er sameiginleg fyrir nokkur hús (10–20) og samnýta þessir notendur bandbreidd taugarinnar. Þar af leiðandi er gagnaflutningshraðinn 1,3 mb/s efri mörk þeirrar bandbreiddar sem hver notandi hefur kost á og raunveruleg bandbreidd notenda getur verið mun minni ef margir notendur á sömu taugginni eru tengdir við internetið á sama tíma.

5.2.7. Tetra kerfi

Tetra kerfið og farsímakerfin eru gerð til þess að þjóna aðilum með talsvert ólíkar þarfir og er því í raun um aðskilda markaði að ræða. Tetra kerfið er hannað út frá sjónarhóli öryggis- og björgunaraðila svo sem lögreglu, slökkviliðs, almannavarna og björgunarsveita sem samkvæmt eðli sinnar starfsemi hafa byggt verulega á talstöðvum til hliðar við hefðbundin fjarskiptakerfi. Þessir aðilar geta ekki treyst á almennt fjarskiptakerfi sem er hannað þannig að einungis lítill hluti notendanna getur notað kerfið samtímis. Yfirálag í þeim kerfum myndast einmitt þegar mest ríður á að björgunaraðilar hafi fullkominn aðgang að kerfinu, t.d. í jarðskjálftum eða öðrum náttúruhamförum og einnig getur auðveldlega orðið staðbundið yfirálag í farsímakerfum ef slys verður á fjölförnum leiðum svo dæmi sé tekið. Sérstaklega er tekið tillit til þessara aðstæðna í Tetra kerfum þar sem sambönd fara beint á milli aðila eins og um talstöðvar væri að ræða þegar þeir sem þurfa að hafa samskipti sín á milli eru komnir á sama svæði.

Í Tetra kerfinu er fullkominn stjórnbúnaður sem gerir kleift að stjórna björgunaraðgerðum og skipta notendum kerfisins niður í hópa þar sem hver hópur fyrir sig fylgist með öllu sem gerist innan hans en aðrir komast ekki þar inn. Að sjálfsögðu eru fleiri aðilar en þeir sem sinna öryggis og björgunarþjónustu sem geta haft not af þjónustu eins og hér er lýst svo sem leigubílar; flutningabílar og verktakar og hefur verið ákveðið að þeim megi bjóða aðgang að kerfunum hérlendis þótt öryggismál hafi þar forgang. Þó að ekkert sé því til fyrirstöðu að nota Tetra síma eins og venjulegan farsíma og nota hann til að hringja út í önnur fjarskiptakerfi og taka á móti hringingum þá er kostnaður við hvern einstakan notanda í Tetra kerfi það mikið hærri en í almennu farsímakerfi að ekki er grundvöllur fyrir notkun þess nema þar sem aukin hagkvæmni vegna séreiginleika Tetra kerfisins réttlætir dýrara kerfi.

Lauslegt mat er að í mesta lagi 3–5 % notenda farsímakerfanna gætu séð sér hag í því að gerast notendur í Tetra kerfi á næstu árum en með því er ekki sagt að þeir myndu flytja öll sín fjarskipti yfir. Niðurstaðan er sú að samkeppni milli þessara kerfa er ekki mikil og að ekki sé hægt að líta á Tetra sem staðgönguvöru fyrir almenna farsímaþjónustu.

5.3. Möguleg skipting út frá tæknilegum forsendum fyrirtækisins

Þegar skipting á kerfi Landssímans er íhuguð ber að hafa í huga að fjarskiptakerfi nútímans eru gífurlega flókin þar sem hlutar vinna saman á mörgum mismunandi stigum. Öll skipting á kerfinu í minni sjálfstæðar einingar sem gæti leitt til óhagræðingar eða takmarkana í virkni eða gert innleiðingu nýrrar tækni eða virkni erfiða, annaðhvort frá tæknilegu eða viðskiptalegu sjónarmiði, er óæskileg frá sjónarhóli notenda kerfisins. Grunneining kerfisins er stofnlínunetið ásamt grunnflutningskerfinu SDH (og PDH). Allir aðrir hlutar fjarskiptakerfisins á landsbyggðinni eru háðir þessari einingu og gæti hún hugsanlega verið aðgreind frá notendatengieiningunum (umferðarstjórnunarkerfunum) sem á henni byggjast, þ.e.a.s. stafræna símstöðvakerfinu og ATM netinu. Betri nýting á bandbreidd grunnnetsins er eitt af meginmarkmiðum rekstraraðila grunnflutningskerfisins, sérstaklega þegar til lengri tíma er litið. Því er nýting umferðarstjórnunarkerfanna (stafræna símstöðvakerfisins og ATM netsins) á flutningsgetu kerfisins mjög mikilvæg og er tilhögun tengingar grunnflutningskerfisins og umferðarstjórnunarkerfisins mikilvægt atriði í þessu sambandi. Það er álit margra aðila sem stunda rannsóknir og þróun á þessu sviði að í grunnneti framtíðarinnar munu grunnflutningskerfið og ATM umferðarstjórnunarkerfi sameinast í einu kerfi sem allir aðrir hlutar fjarskiptakerfisins munu tengjast við. Frá þeim sjónarhóli að gera slíka endurskipulagningu og innleiðingu nýrrar tækni sem henni fylgir sem auðveldasta er aðskilnaður grunnflutningskerfisins frá umferðarstjórnunarkerfunum óæskilegur.

Talsímakerfið er margþætt og notar grunnflutningskerfið á mörgum mismunandi stigum. T.d. eru stofnlínutengingar notaðar til að flytja símtöl innan þjónustusvæða svæðisstöðva á landsbyggðinni auk tenginga svæðisstöðvanna við skiptistöðvarnar í Reykjavík og aðra hluta kerfisins. Símtal frá Húsavík til Sauðárkróks er innan þjónustusvæðis svæðisstöðvarinnar á Akureyri en notar engu að síður hringtengda ljósleiðarann fyrir sambandið. Þessi tenging er í eðli sínu ólík langlínutengingu á milli svæða, t.d. frá Húsavík til Ísafjarðar, sem engu að síður notar að hluta til sama ljósleiðara. Ef grunnflutningskerfið væri aðgreint frá stafræna símstöðvakerfinu yrði að gæta þess að hagsmunir símnotenda um allt land yrðu tryggðir auk hagsmuna rekstraraðila grunnflutningskerfisins og rekstraraðila símstöðvarkerfisins. Auk þess yrði hið nýja fyrirkomulag að vera nægjanlega sveigjanlegt til leyfa innleiðingu tækninýjunga og mæta breyttum þörfum notenda.

Hugsanleg uppbygging fjarskiptakerfis framtíðarinnar.



Símstöðvakerfið og ATM netið gætu verið rekin sem aðskildar einingar þar sem þau eru kerfisfræðilega aðskilin í virkni, en hafa ber í huga að eins og kerfið er byggt upp í dag (og mun líklegast verða í náinni framtíð) þá eru kerfin engu að síður háð hvort öðru. Þannig munu sumir notenda ATM netsins tengjast við netið í gegnum tengingar (leigulínur) í símstöðvakerfinu og rekstraraðili ATM netsins myndi þurfa að kaupa þá þjónustu af rekstraraðila símakerfisins. Burðarnet ADSL þjónustu Landssímans er í dag ATM netið. ADSL er bandbreið tenging notenda yfir heimtaugakerfi dreifikerfis Landssímans og fellur þar af leiðandi undir símstöðvakerfið. Ef uppbygging burðanets ADSL þjónustunnar héldist óbreytt myndi rekstraraðili símakerfisins kaupa þjónustu af ATM netinu. Eins og áður hefur komið fram tengjast GSM og NMT farsímakerfi Landssímans við grunnkerfið í gegnum stafræna símakerfið og líklegt er að farsímakerfi framtíðarinnar muni tengjast á svipaða hátt. Hafa ber þó í huga að í náinni framtíð þegar gagnaflutningsgeta farsíma hefur stóraukist (eins og þriðja kynslóð farsíma gerir ráð fyrir) gæti tenging farsíma við ATM net þótt í sumum tilfellum fýsileg, og þar af leiðandi þyrftu farsímakerfin að hafa sem auðveldastan aðgang að bæði símstöðvakerfinu og ATM netinu. Þar sem farsímakerfin eru að flestu leyti mjög sjálfstæðar einingar og tengingar þeirra við símstöðvakerfið til komnar vegna tenginga farsímanotenda við almenna símakerfið og stofntenginga (leigulína) í símstöðvakerfinu, þá er núverandi aðskilnaður þeirra frá öðrum rekstri Landssímans eðlilegur frá tæknilegu sjónarmiði.

5.4. Atriði er varða skiptingu út frá samkeppnissjónarmiðum

Í þessum kafla skýrslunnar er litið til þeirra atriða varðandi skiptingu fyrirtækisins sem geta haft áhrif á aðgengi eftirlitsaðila að upplýsingum um rekstur Landssímans og stöðu samkeppnisaðila gagnvart fyrirtækinu. Að mati nefndarinnar er þetta mikilvægt atriði til að tryggja jafnræði á fjarskiptamarkaði og skilvirkt hlutverk eftirlitsaðila. Í upphafi starfs nefndarinnar voru boðaðir á fund hennar fulltrúar helstu samkeppnisaðila. Á fundunum, sem haldnir voru með hverjum aðila fyrir sig, komu fram fjölmörg atriði varðandi samkeppnisstöðu Landssímans og hvað það var sem önnur fyrirtæki óttuðust helst. Jafnframt kom fram á þessum fundum hvað það var sem þessir aðilar töldu nauðsynlegt til að tryggja raunverulegt samkeppnisumhverfi á íslenskum fjarskiptamarkaði. Auk samkeppnisaðila boðaði nefndin á sinn fund fulltrúa Samkeppnisstofnunar.

Eins og lýst hefur verið hér að framan starfrækir Landssíminn fjarskiptanet sem skiptist upp í ýmsar einingar svo sem breiðband, farsímakerfi, gagnaflutningskerfi, flutningskerfi fyrir hljóð- og myndflutning og talsímaþjónustu (símstöðvakerfi). Þessi kerfi kaupa öll þjónustu, leigulínur, af stofnlínukerfinu sem liggur um allt land. Önnur fjarskiptafyrirtæki kaupa jafnframt sambærilega þjónustu af stofnlínukerfinu. Notendalínukerfi Landssímans, þ.e. kerfi heimtauganna, sem liggja frá símstöðvum til notenda, hefur einnig bæði innri og ytri viðskiptavini. Frá 1. október 2000 hefur aðgangur keppinauta Landssímans að heimtaugakerfinu verið opinn.

Stofnlínur

Stofnlínur eru þær línur sem liggja á milli símstöðva og mynda net um allt land. Stofnlínukerfið byggir að stærstum hluta á ljósleiðurum þar sem afkastageta kerfisins er gífurleg. Það byggir þó einnig á örbylgjulausnum þar sem ekki er hægt að koma við ljósleiðara eða það er fjárhagslega hagstæðara að nýta örbylgjur.

Notendalínur

Notendalínur eru þær línur sem fara um notendakerfið, þ.e. línukerfið sem liggur frá símstöð til notenda. Notendalínur hafa því það hlutverk að tengja viðskiptavininn við símstöðvar. Notendalínukerfið er að mestu byggt á koparlínum. Með sérstökum endabúnaði við hverja línu má þó auka flutningsgetu að vissu marki. Þar sem ekki er framkvæmanlegt eða kostnaðarlega hagkvæmt að leggja koparlínu eru nýttar örbylgjulausnir.

Grundvallarmunur á þessum tveimur tegundum lína er sá að notendalína tengist og nýtist einungis einum notanda og er aðgangsleið notandans að fjarskiptaþjónustu og stofnlínum. Stofnlínur eru hins vegar notaðar sameiginlega fyrir marga eða jafnvel alla notendur á leiðum milli símstöðva í talsímanetinu eða stöðva fyrir aðra þjónustu.

5.4.1. Ákvæði í lögum og rekstrarleyfi um fjárhagslegan aðskilnað

Lög um fjarskipti sem og tilskipanir ESB leggja áherslu á opinn og jafnan aðgang allra fjarskiptafyrirtækja og notenda að netum og þjónustu. Í rekstrarleyfi Landssíma Íslands hf. eru einnig ítarleg ákvæði um rekstrarlegan og bókhaldslegan aðskilnað mismunandi þjónustu Landssímans.

Í 19. gr. fjarskiptalaga eru ákvæði um opinn aðgang að leigulínum. Samkvæmt greininni skal fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild birta skilmála fyrir línuleigu og gjaldskrá sem tekur mið af tilkostnaði og hæfilegum arði af fjárfestingu. Landssímanum er þ.a.l. skylt að leggja gjaldskrána fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til samþykktar.

Viðkomandi grein í fjarskiptalögum er í samræmi við tilskipun 92/44/EBE um leigulínur. Samkvæmt tilskipuninni, 2. mgr. 8. gr., ber Landssímanum að gæta fulls jafnræðis og gæta þess að bjóða ekki ólíka skilmála í sams konar viðskiptum, sér í lagi í samanburði við þá skilmála sem eigin deildir fyrirtækisins njóta. Með öðrum orðum er fyrirtækinu skylt að leggja öðrum aðilum til leigulínur með sömu skilyrðum og sömu gæðum og eigin deildum eða dótturfyrirtækjum.

Samkvæmt 10. gr. sömu tilskipunar skal gjaldtaka fyrir leigulínur byggja á meginreglunni um að endurspegla kostnað, auk þess að vera gegnsæ. Nánari leiðbeiningar er að finna í umræddu ákvæði tilskipunarinnar. Þar segir m.a. að kostnaður við leigulínur feli einkum í sér beinan útlagðan kostnað fjarskiptafyrirtækja vegna uppsetningar, reksturs og viðhalds leigulína ásamt markaðssetningu og reikningagerð. Þá segir að sameiginlegum kostnaði skuli skipt upp, að svo miklu leyti sem unnt er, á grundvelli beinnar sundurgreiningar á uppruna kostnaðarliðanna.

Í 26. grein fjarskiptalaga kemur fram grundvallarviðmið um það hvaða endurgjald fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild eins og Landssíminn skuli fá fyrir þjónustu sína. Í ákvæðinu segir að gjöld fyrir samtengingu skuli vera gegnsæ og byggjast á kostnaði við stofnun og rekstur nets, auk hæfilegrar ávöxtunar fjármagns á grundvelli kostnaðarbókhalds sem haldið skal. Sönnunarbyrði fyrir því að gjöld séu reiknuð út frá raunverulegum tilkostnaði skal hvíla á fyrirtækinu sem lætur í té aðgang að aðstöðu sinni.

Hvað varðar verð fyrir aðgang að heimtaugum notendalínukerfisins gilda um það bráðabirgðaákvæði í fjarskiptalögum, sem kveða á um að rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild skuli heimilað að færa fastagjöld fyrir talsíma til samræmis við kostnað að viðbættri hæfilegri álagningu. Þetta ákvæði var sett með hliðsjón af stöðu Landssímans. Kostnaðarreikningar Landssímans fyrir talsímaþjónustu voru lagðir fyrir Póst- og fjarskiptastofnun snemma vors 2000. Með hliðsjón af þeim ákvað Póst- og fjarskiptastofnun nýtt fastagjald fyrir síma sem tók gildi 1. apríl 2000. Verðlagning fyrir aðgang að heimtaug byggir á sömu sjónarmiðum og önnur verðlagning fyrir samtengingu, sbr. 26. gr. laganna.

5.4.2. Rekstrarleg skipting

Hvert þjónustusvið kaupir aðgang að notenda- og stofnlínum frá netdeild Landssímans auk þess að taka þátt í kostnaði við sím- og hnútstöðvar og aðra þætti starfseminnar. Netdeild Landssímans ber að innheimta sama gjald frá þjónustudeildum Landssímans eins og innheimt er hjá öðrum fjarskiptafyrirtækjum fyrir aðgang að netum. Það eru þess vegna ýmsar forsendur fyrir hendi fyrir fjárhagslegum aðskilnaði mismunandi eininga.

Þegar er komin ákveðin reynsla á rekstrarlega skiptingu hins almenna fjarskiptanets í einingar þó að því verki mun ekki ljúka fyrr en með gerð reglna um vinnuaðferðir sbr. umfjöllun um reglugerð aðgreiningu kostnaðar í kafla fjögur. Póst- og fjarskiptastofnun hefur reiknað verð á leigulínum út frá kostnaðartölum um notenda- og stofnlínur. Sömuleiðis var fundinn kostnaður sem liggur að baki fastagjaldi fyrir talsímaþjónustu og liggur að mestu í notendalínum og notendastigi símstöðva.

Ýmsir möguleikar eru fyrir hendi ef skilja á að mismunandi þætti fjarskiptarekstrar fjárhagslega. Þeir möguleikar sem eru skýrastir eru eftirfarandi:

Skipting í fjarskiptanet og þjónustu

Mögulegt er að fjarskiptanetið með notenda- og stofnlínum og skiptistöðvum (t.d. símstöðvar og hnútstöðvar) yrðu reknar sem fjárhagslega aðgreindar einingar. Ekki verður annað séð en að tiltölulega auðvelt sé að greina sérstaklega fjárfestingu og rekstrarkostnað í fjar-

skiptanetinu. Tekjustofn fjarskiptanetsins væri sala á aðgangi að netinu og flutningur merkja á því. Byggingar og stoðdeildir væru t.d. sameiginlegar með öðrum þáttum starfseminnar en fjarskiptanetið myndi kaupa þessa þjónustu af viðkomandi deildum. Talsverð vinna myndi liggja í því að skilgreina verðskrá fjarskiptanetsins en eins og fyrr segir liggur fyrir kostnaðargreining upp að vissu marki.

Sím- og hnútstöðvar aðskildar frá notenda- og stofnlínum

Símstöðvar og hnútstöðvar fyrir gagnaflutning koma aðeins að notum fyrir ákveðna þjónustu. Þess vegna er hugsanlegt að reka þær sem hluta af fjárhagslega aðgreindri þjónustu. Líklega er meiri erfiðleikum bundið að skilja á milli í þessu tilfelli en í fyrsta dæminu sbr. það að notendalína endar í notendastigi símstöðvar. Það mundi væntanlega koma í hlut þjónustudeilda að starfrækja stöðvar sem tækju þátt í að veita þjónustuna. Verkaskipting milli netdeildar og þjónustudeildar myndi þurfa að breytast nokkuð frá því sem nú er. Þá kann að vera erfitt að skilgreina tekjur af mismunandi þáttum í þessu tilfelli.

Stofnlínunetið aðskilið frá öðrum þáttum

Hér hefur að framan verið gerð grein fyrir mismun notenda- og stofnlínuneta. Ljóst af þeirri lýsingu að mörkin milli þessara neta eru oftast skýr. Stofnlínunetið líkist að sumu leyti pípu sem liggur um allt landið og fjarskiptamerki aðgreind fyrir hverja þjónustu fara inn í pípuna á hverjum stað frá notendalínum. Mismunur notenda- og stofnlína er slíkur að ekki getur verið erfitt að greina skilin á milli þeirra. Fjárfesting er af mismunandi toga, í notendalínum er mest fjárfest í koparstrengjum, tengigrindum og notendastigum símstöðva. Í stofnlínum er fjárfesting fyrst og fremst í ljósleiðurum og búnaði sem tengist þeim eða í örbylgju.

5.4.3. Fjárhagsleg skipting í rekstri Landssíma Íslands hf.

Fyrirkomulag bókhalds skal vera með þeim hætti að hægt sé að deila kostnaði við rekstur neta eða nethluta á viðkomandi þjónustu, leigustarfsemi eða aðgang að netum í samræmi við upptalningu á þeim þáttum sem leyfið nær til. Ennfremur er í leyfinu mælt fyrir um sérstaka aðgreiningu í bókhaldi hvað varðar alþjónustu og kostnað vegna samtengingar við net annarra fjarskiptafyrirtækja. Með nýju bókhalds- og upplýsingakerfi, sem tekið var í notkun hjá Landssímanum í ársbyrjun 1999, var fyrirtækinu kleift að koma kostnaðargreiningu í fullnægjandi horf og uppfylla þannig þessi skilyrði rekstrarleyfisins.

Stofnlínukerfi og notendalínukerfi Landssímans mynda fjárhagslega sjálfstæðar einingar, bæði hvað varðar efnahag og rekstur. Hjá Landssímanum eru settar upp svonefndar hagnaðarstöðvar fyrir hinar ýmsu rekstrareiningar innan fyrirtækisins. Þannig er til ein hagnaðarstöð fyrir stofnlínur og önnur fyrir notendalínur. Þar eru skráðar allar tekjur sem tilheyra hverri einingu (afurð). Við þessar hagnaðarstöðvar eru tengdar ákveðnar kostnaðarstöðvar en hver kostnaðarstöð getur aðeins tengst einni ákveðinni hagnaðarstöð. Þar er skráður beinn rekstrarkostnaður hverrar deildar. Yfirstjórnunarkostnaði og öðrum sameiginlegum kostnaði sem ekki tilheyrir einni ákveðinni deild er deilt út á rekstrareiningar í ákveðnum hlutföllum.

Skýringarmynd



Þannig má segja að stofnlínukerfið og notendakerfið virki sem fyrirtæki innan fyrirtækisins þar sem hver eining verður að skila ákveðinni arðsemi. Afkoma eininganna byggir á því að selja afurðir sínar (leigulínur) bæði til ytri viðskiptavina (annarra fjarskiptafyrirtækja) og einnig til annarra rekstrareininga Landssíma Íslands hf. Við sölu milli eininga er stuðst við þá heildsöluverðskrá leigulína, sem er í gildi hverju sinni og samþykkt af Póst- og fjarskiptastofnun. Gætt er fyllsta samræmis við sölu á leigulínum til annarra fyrirtækja. Þannig njóta aðrar einingar Landssímans engra sérkjara umfram það sem öðrum fyrirtækjum er boðið. Allar leigulínur til rekstrareininga Landssímans eru skráðar og gjaldfærðar í reikningagerðarkerfi Símans með sambærilegum hætti og leigulínur til ytri aðila.

Helstu innri kaupendur þjónustu stofnlína eru:
- GSM-farsímakerfið (milli sendistöðva)
- NMT-farsímakerfið (milli sendistöðva)
- Boðkerfið (milli sendistöðva)
- Símstöðvar (milli símstöðva)
- ATM-net (milli ATM-tengipunkta)
- Háhraðanet
- Gagnanet
- Stofnlínur (leigulínur til endursölu í smásölu)
- Sjónvarpslínur (sjónvarpslínur til endursölu í smásölu)
- Leigulínur til útlanda (varaleið til jarðstöðvar á Höfn)
- Útlandasambönd (innanlandshlutar til tengingar við sæstreng og loftnet)
- Telex
- Upplýsingaveitur (milli starfsstöðva innanlands)
- Radíóþjónusta (skipafjarskipti)

Helstu innri kaupendur þjónustu notendalínukerfisins eru:
- Talsímaþjónusta
- Samnetsþjónusta
- Telex
- Leigulínur

Verðið við sölu á milli eininga byggir eins og áður segir á opinberri heildsöluverðskrá, sem jafnframt gildir gagnvart öðrum fjarskiptafyrirtækjum.

5.4.4. Eftirlitsúrræði vegna fjárhagslegs aðskilnaðar

Á grundvelli laga nr. 110/1999, um Póst- og fjarskiptastofnun, sætir starfsemi leyfishafa, þ.e. þeirra sem veita fjarskiptaþjónustu, reka fjarskiptanet samkvæmt almennum heimildum eða hafa rekstrarleyfi skv. lögum um fjarskipti, almennu eftirliti stofnunarinnar.

Þá leiðir af ákvæðum fjarskiptalaga nr. 107/1999, að ýmsar kvaðir eru lagðar á rekstrarleyfishafa með svokallaða umtalsverða markaðshlutdeild.

Við framkvæmd hins almenna og sérstaka eftirlits hefur Póst- og fjarskiptastofnun margvísleg eftirlitsúrræði og viðurlagaheimildir. Getur stofnunin krafið leyfishafa um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála, svo sem ársreikninga, milliuppgjör, yfirlýsingar endurskoðenda o.þ.h. Ef rík ástæða er til að ætla að brotið hafi verið gegn fjarskiptalögum getur stofnunin gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað og lagt hald á gögn.

Viðurlagaúrræðin felast í sviptingu leyfis til fjarskiptaþjónustu eða tilkynningu um að fyrirtæki njóti ekki lengur almennrar heimildar, ávallt þó að undangenginni skriflegri aðvörun og kröfu um úrbætur innan ákveðins frests. Einnig hefur stofnunin heimild til að leggja á dagsektir í því skyni að stöðva rekstur fjarskiptafyrirtækis sem starfar án heimildar eða uppfyllir ekki lagaskilyrði um starfsemina.

Notendur, rekstrarleyfishafar og aðrir sem eiga lögvarða hagsmuni geta borið upp kvartanir við Póst- og fjarskiptastofnun og krafist þess að stofnunin láti málið til sín taka. Náist ekki samkomulag milli aðila sker stofnunin úr með stjórnvaldsákvörðun, sem sætir kæru til sérstakrar nefndar, úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar verður ekki skotið til dómstóla fyrr en niðurstaða úrskurðarnefndarinnar liggur fyrir.

5.5. Álit varðandi skiptingu fyrirtækisins út frá samkeppnissjónarmiðum

Þegar litið er á nauðsyn þess að skipta fyrirtækinu út frá samkeppnislegum sjónarmiðum er einkum tvennt sem verður að huga að:

- Önnur fyrirtæki verða að sitja við sama borð og þjónustudeildir Landssímans varðandi kaup á þjónustu, sér í lagi afnot af stofnlínukerfinu. Þá verður nauðsynlegt aðgengi eftirlitsstofnana, Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppnisstofnunar, að upplýsingum um rekstur Landssímans að vera tryggt.
- Rekstrarfyrirkomulag Landssímans má ekki torvelda hagræðingu og nýsköpun í þjónustu.

Í umfjölluninni hér að framan kemur fram að lög og reglur um fjarskipti áskilja Landssímanum að selja þjónustu milli rekstrareininga fyrirtækisins á sama verði og til annarra fjarskiptafyrirtækja. Upplýsinga- og reikningskerfi Landssímans gerir kleift að skilja að einstaka kostnaðarþætti þannig að verðlagning þeirra sé í samræmi við raunkostnað að viðbættri hæfilegri álagningu. Úrræði til handa samkeppnisaðilum, telji þeir á sér brotið á þessu sviði, eru einnig tryggð í núverandi löggjöf. Það er mat nefndarinnar að það umhverfi sem ríkir á fjarskiptamarkaði sé nægilega traust til að tryggja jafnræði fyrirtækja á markaði. Í öllum helstu ríkjum Evrópu hefur verið treyst á lagalegt umhverfi til að framfylgja þessum markmiðum í stað þess að skipta upp þeim símafyrirtækjum sem hafa verið í eigu ríkisins.

Hvað varðar hlutverk og aðgengi eftirlitsaðila á fjarskiptamarkaði verður að álykta að lagalegt umhverfi tryggi nægileg úrræði fyrir þessar stofnanir til að þær geti sinnt hlutverki sínu. Hugsanleg skipting fyrirtækisins væri heldur engin trygging fyrir því að þessir þættir væru viðunandi.

Framboð þjónustu bæði hjá Landssímanum og hjá öðrum fjarskiptafyrirtækjum verður best tryggt með markaðsumhverfi þar sem gegnsæi og traust ríkir. Eins og fram hefur komið er þjónusta Landssímans framarlega samanborið við verð og gæði þjónustunnar í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við. Ekkert bendir til þess að einkavæðing fyrirtækisins og þær nýjungar í rekstri sem hún hefur í för með sér, muni breyta þessari staðreynd. Tæknileg uppbygging á fjarskiptakerfi fyrirtækisins gerir því kleift að bjóða upp á fyrsta flokks þjónustu um allt land í fyrirsjáanlegri framtíð. Ný þjónusta t.a.m. þriðja kynslóð farsíma og

auknir möguleikar í gagnaflutningum, fellur auðveldlega inn í núverandi þjónustuframboð fyrirtækisins.

Möguleg skipting fyrirtækisins líkt og rakið er í þessum kafla, er ekki nauðsynleg forsenda nægjanlegs framboðs á þjónustu. Reyndar má færa rök fyrir því að slík skipting hefði neikvæð áhrif á þjónustuframboð. Aðskilnaður grunnnetsins frá annarri starfsemi myndi líklega draga úr hvata til framfara og tækninýjunga. Eigendur slíks félags eða fyrirtækis, þyrftu að standa undir fjárfestingum vegna tæknilegrar uppbyggingar. Slíkur kostnaður myndi líklega lenda á ríkissjóði og rekstraraðilar ættu á hættu að skortur á viðhaldi og uppbyggingu grunnnetsins hefði áhrif á gæði þjónustu þeirra. Aðskilnaður farsímaþjónustu frá öðrum rekstri myndi einnig líklega torvelda samspil mismunandi þjónustu til að leysa þarfir viðskiptavina.

Með lögum og reglum er tryggt að lágmarksþjónusta er í boði bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Alþjónustukvöð sem lögð er á rekstrarleyfishafa á fjarskiptamarkaði tryggir aðgang að talsímaþjónustu og gagnaflutningsþjónustu með 128 kb/s.

5.6. Skipting í tvö eða fleiri fyrirtæki eða félög.

Svo sem rakið er hér að framan hefur nefndin skoðað tæknilegar, samkeppnislegar, rekstrarlegar og þjónustulegar forsendur skiptingar Landssímans í tvö eða fleiri fyrirtæki. Í samræmi við erindisbréf sitt hefur nefndin tekið til umfjöllunar þær hugmyndir sem fram hafa komið í opinberri umræðu að skilja grunnkerfi Landssímans frá fyrirtækinu og halda því eftir í sjálfstæðri ríkisstofnun eða stofna um það sérstakt félag í eigu ríkisins. Í ljósi þess sem rakið er hér í köflunum að framan er það skoðun nefndarinnar að ekki sé nauðsynlegt að skilja grunnkerfið frá öðrum rekstri Landssímans með slíkum hætti áður en til sölu hans kemur. Ríkisstofnun eða félag í eigu ríkisins sem eingöngu hefði það hlutverk að sjá um rekstur grunnkerfisins hefði ekki nægjanlegan hvata til tæknilegrar uppbyggingar og þróunar þjónustu til að geta sinnt hlutverki sínu og gæti orðið baggi á ríkissjóði. Án skiptingar fyrirtækisins og með þeim úrræðum sem til staðar eru megi halda uppi þjónustustigi með sambærilegum hætti og tíðkast hefur til þessa, að því gefnu þó að aðrir samkeppnisaðilar Landssímans eigi ætíð greiðan og öruggan aðgang að grunnkerfinu fyrir eðlilegt og sanngjarnt verð. Aðgangurinn er tryggður með lagasetningu og öflugu eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppnisstofnunar.

Nefndin hefur jafnframt, eins og fram kemur í fyrri köflum, skoðað hvort til álita komi að skilja að einstakar þjónustueiningar Landssímans svo sem farsímaþjónustuna með því að stofna um hana sjálfstætt félag, og sölu slíkra eininga með sjálfstæðum hætti. Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að slíkt sé ekki hagkvæmt enda kynni þess háttar fyrirkomulag að hafa áhrif á heildarverðmæti fyrirtækisins og gera þjónustu þess ómarkvissari. Þá er slík aðgreining og sala ekki einföld í framkvæmd og hefur án efa víðtækari áhrif í málefnum starfsmanna en ella.

Innan nefndarinnar hafa loks verið ræddar hugmyndir um stofnun sérstaks félags um grunnkerfið sem yrði í fullri eigu Landssímans, a.m.k. fyrst í stað. Nefndin vekur einungis athygli á þessum hugmyndum en gerir ekki sérstakar tillögur í því efni. Á grundvelli viðskiptasjónarmiða getur Landssíminn framkvæmt slíka skiptingu óháð einkavæðingu fyrirtækisins.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða nefndarinnar að ekki sé ástæða til þess að skipta upp rekstri Landssímans sé litið til tækni, samkeppni, reksturs eða þjónustu vegna fyrirhugaðrar sölu fyrirtækisins.

6. Framkvæmd einkavæðingar

Í bréfi samgönguráðherra til nefndarinnar eru tilgreind atriði er varða framkvæmd einkavæðingar Landssíma Íslands hf. Í kaflanum sem hér fer á eftir eru tillögur nefndarinnar um hvernig standa skuli að sölu á hlutabréfum ríkisins í fyrirtækinu. Þau atriði sem nefndin skoðaði sérstaklega voru eftirfarandi:

- verðmat, ákvörðun á útboðsgengi
- skráning á verðbréfamarkað
- söluaðferðir
- hvernig staðið skuli að sölu til starfsmanna
- hugsanleg sala á stórum hlut til eins aðila
- heppilegar tímasetningar sölu með tilliti til markaðsaðstæðna, á Íslandi og erlendis
- aðferðafræði og tímasetningar

Við umfjöllun á þessum atriðum hefur nefndin notið aðstoðar erlendra og innlendra sérfræðinga á fjármálamarkaði auk þess sem haldnir hafa verið fundir með fulltrúum verðbréfamarkaða hér á landi og erlendis. Að mestu byggir þessi umfjöllun þó á fyrri reynslu nefndarinnar af framkvæmd einkavæðingar hér á landi.

6.1. Verðmat, ákvörðun á útboðsgengi

Nokkrar mismunandi aðferðir eru mögulegar við verðmat á hlutabréfum. Við val á aðferð eru nokkur atriði sem þarf að hafa í huga. Í fyrsta lagi þarf að hafa til hliðsjónar hverjum er verið að selja. Er t.d. verið að hvetja almenning til hlutabréfakaupa eða er fyrst og fremst verið að höfða til stofnanafjárfesta? Þá getur verið mismunandi áhersla eftir því hvort verið er að leita til innlendra eða erlendra fjárfesta. Sölufyrirkomulag getur einnig haft áhrif við val á verðmatsaðferð. Ef selt er í tilboðssölu má gera ráð fyrir að verð bréfanna ráðist af þeim tilboðum sem lögð eru fram af bjóðendum en algengt er að seljandi tilgreini lágmarksverð sem byggt er á verðmati sérfræðinga. Við sölu til almennings hér á landi hefur í flestum tilfellum verið notast við verðmat sem unnið er út frá bókhaldslegum upplýsingum um fyrirtækið og áætlunum um framtíðarrekstur. Erlendis hefur að mestu leyti verið stuðst við svokallaða „Book building" aðferð sem byggir á því að leitað er til fjárfesta áður en til sölu kemur og reynt að leggja mat á hugsanlega eftirspurn eftir bréfunum. Þessi aðferð krefst töluverðrar vinnu við kynningu á fyrirtækinu og að breiður hópur fjárfesta taki þátt í matinu.

Í verklagsreglum ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu sem samþykktar voru í febrúar 1996, er tiltekið að áður en ákvörðun er tekin um sölu á hlutabréfum ríkisfyrirtækis skuli fara fram ítarleg úttekt á rekstri þess og rekstrarumhverfi. Í verklagsreglunum er tilgreint sérstaklega að markaðsviðri fyrirtækisins skuli metið út frá áætluðu núvirtu framtíðartekjuflæði og skuli öðrum aðferðum beitt til samanburðar.

Í þeim einkavæðingarverkefnum sem unnin hafa verið á undanförnum árum hefur framkvæmdanefnd um einkavæðingu í flestum tilfellum leitað tilboða frá innlendum fjármálafyrirtækjum í vinnslu greinargerðar og verðmats á viðkomandi fyrirtæki. Þegar það fyrirtæki sem hefur hlotið verkefnið hefur skilað skýrslu til nefndarinnar hefur verið leitað álits annars fyrirtækis áður en endanleg ákvörðun um verð er tekin.

Við sölu á hlutabréfum ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. árið 1998 var valin sú leið að leita til erlendra fjármálafyrirtækja til að vinna verðmat á fyrirtækinu. Send voru erindi til fjögurra fyrirtækja sem sýnt höfðu áhuga á verkefninu og þau beðin um að gera tilboð. Ástæðan fyrir því að erlendur aðili var valinn var sú að íslensk fjármálafyrirtæki sem störfuðu á þessum markaði voru í beinni samkeppni við FBA.

Á þeim tíma sem nefndin hefur unnið að undirbúningi tillagna vegna sölu á Landssímanum hefur fjöldi erlendra fyrirtækja komið til fundar við nefndina og lýst áhuga sínum á að annast verðmat og greiningu á fyrirtækinu. Þar á meðal eru nokkur af virtustu fyrirtækjunum á þessu sviði. Þá hafa innlendar fjármálastofnanir, í sumum tilvikum í samstarfi við erlenda aðila, lýst yfir áhuga sínum.

Það er álit nefndarinnar að í ljósi stærðar Landssímans sé rétt að leita tilboða í verðmat hjá sem flestum fjármálafyrirtækjum sem lýst hafa áhuga sínum á verkefninu. Til grundvallar vali geta legið annars vegar kostnaður við verðmatið og hins vegar reynsla og hæfi bjóðenda. Nefndin telur að „Book building" aðferðin henti naumast hér á landi þar sem hópur fjárfesta sé ekki nægilega stór til að marktæk verðmyndun eigi sér stað. Þetta er þó atriði sem vel kemur til greina að skoða nánar í samstarfi við sérfræðinga á þessu sviði þegar kemur að framkvæmd sölunnar.

6.2. Skráning á hlutabréfamarkað

Á undanförnum árum hefur verið mótuð sú stefna að við einkavæðingu ríkisfyrirtækja sé reynt að virkja almenning til kaupa á hlutabréfum og hefur m.a. verið veittur sérstakur skattaafsláttur vegna þessa. Tilgangurinn með sölu til almennings er að dreifa eignarhaldi í fyrirtækjum, auka almennan sparnað og efla hlutabréfamarkað. Forsenda fyrir því að hægt sé að ná fram þessum markmiðum er að fyrirtækin séu hlutafélög og skráð á hlutabréfamarkað. Skilyrði fyrir því að hlutafélög fái skráningu á hlutabréfamarkað eru m.a. þau að a.m.k. 25% hlutabréfa í félaginu séu í dreifðri eign. Af þessum sökum hefur verið farin sú leið að skrá félag á markað samhliða því sem hlutabréf eru seld. Var þetta m.a. gert við sölu ríkisins á hlutabréfum í Lyfjaverslun Íslands hf., Jarðborunum hf., Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og við hlutafjáraukningu árið 1998 í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

Þrátt fyrir að almenningshlutafélög verði sífellt fleiri hér á landi og skráðum félögum á Verðbréfaþingi Íslands fjölgi, hefur ekkert íslenskt félag verið skráð á erlendum hlutabréfamörkuðum. Rétt er þó að nefna að DeCode móðurfélag Íslenskrar Erfðagreiningar hf. var skráð á NASDAQ hlutabréfamarkaðinn á síðasta ári.

6.2.1. Skráning á Verðbréfaþingi Íslands

Verðbréfaþing Íslands hefur vaxið mjög á undanförnum árum. Sérstaklega hefur þessi þróun verið hröð á undanförnum tveimur árum. Augljósir kostir þess að skrá hlutabréf Landssímans á Verðbréfaþingi Íslands eru þeir að almenningur hér á landi hefur betra aðgengi að þessum markaði heldur en erlendum. Almenningur og fjárfestar hér á landi eru líklegastir til að halda uppi stöðugum viðskiptum með hlutabréf fyrirtækisins.

Fjöldi skráðra félaga á Verðbréfaþingi Íslands.



Heimild: Verðbréfaþing Íslands hf.

Heildarvelta hlutabréfa á VÞÍ og utanþings frá 1995



Heimild: Verðbréfaþing Íslands hf.

Nefndin leggur því til að fyrirtækið verði skráð á Verðbréfaþingi Íslands samhliða sölu.

6.2.2. Skráning á erlenda verðbréfamarkaði

Þrátt fyrir að skráning Landssímans á Verðbréfaþingi Íslands hafi ýmsa kosti mælir ýmislegt með því að skrá fyrirtækið jafnframt erlendis. Telja verður líklegt að skráning á erlenda markaði myndi skila sér í meiri veltu með hlutabréf í félaginu þar sem fjöldi fjárfesta yrði væntanlega meiri. Meiri eftirspurn eftir bréfunum kynni að skapa hærra verð. Síðast en ekki síst er mikilvægt að innleiða þann aga og þær hefðir sem mótast hafa á erlendum verðbréfamörkuðum bæði gagnvart fjárfestum og fyrirtækinu sjálfu. Aginn fæst bæði með aðgerðum kauphallanna og með umfangsmeiri greiningu á fyrirtækjum frá þingaðilum og fjárfestingarbönkum.

6.2.3. Samstarf norrænna verðbréfafyrirtækja í NOREX

Við umfjöllun um kosti og galla þess að skrá hlutabréf Landssímans á innlenda og erlenda hlutabréfamarkaði er nauðsynlegt að geta þess að Verðbréfaþing Íslands hefur nýlega gerst aðili að NOREX sem er samstarf kauphalla á Norðurlöndum. Nefndin átti, við umfjöllun um þetta atriði, fund með fulltrúum Verðbréfaþings Íslands hf. sem kynntu samstarf norrænna verðbréfafyrirtækja í NOREX. Í viðauka skýrslunnar er að finna frekari umfjöllun um þetta samstarf.

NOREX var stofnað af dönsku og sænsku kauphöllinni í janúar 1998 með áherslu á sameiginlegan norrænan verðbréfamarkað. NOREX snýst um sameiginleg viðskiptakerfi, sameiginlegar viðskiptareglur og sameiginlegar aðildarkröfur. Frá því í júní á árinu 1999 hafa danska og sænska kauphöllin notað sama viðskiptakerfi fyrir hlutabréf og samræmdar viðskiptareglur. Hinn 15. júní 2000 gerðist Verðbréfaþing Ísland hf. aðili að NOREX og nú í haust samþykktu stjórnir norska verðbréfaþingsins og þess finnska að gerast aðilar að samstarfinu.

Í nóvember sl. hófust viðskipti í gegnum sameiginlegt viðskiptakerfi kauphallanna og ætti það að tryggja íslenskum fjárfestum auðveldari aðgang að stærri erlendum mörkuðum. Jafnframt tryggir samstarfið erlendum fjárfestum aðgang að íslenska markaðnum takist að vekja athygli þeirra á góðum fjárfestingarmöguleikum hér á landi. NOREX opnar þannig dyr á milli norrænna verðbréfamarkaða.

Nefndin telur að skráning hlutabréfa Landssíma Íslands hf. á Verðbréfaþingi Íslands með þátttöku í NOREX uppfylli þarfir fyrirtækisins við fyrsta áfanga sölunnar. Því leggur nefndin til að samhliða undirbúningi sölunnar verði undirbúin skráning fyrirtækisins á Verðbréfaþingi Íslands.

6.3. Söluaðferðir

Algengasta aðferð við sölu hlutabréfa er að bjóða þau almenningi til kaups með þeim hætti að verð er ákveðið fyrirfram og kaupendum, oftast einstaklingum, er gefinn kostur á að skrá sig fyrir takmarkaðri fjárhæð. Meginmarkmið er þá að ná að dreifa eignarhaldi í viðkomandi fyrirtækjum og hvetja almenning til hlutafjárkaupa. Skilyrði fyrir þessari aðferð er að fyrirtækin séu hlutafélög. Almennt er álitið að fyrirtæki sem selja á í dreifðri sölu til almennings þurfi að vera nokkuð stór, rekstrarumhverfi þeirra stöðugt og stefna þeirra og framtíð ekki háð mikilli óvissu. Áskriftarsala fer þannig fram að hlutabréfin eru boðin til sölu með áskrift á ákveðnu tímabili, t.d. viku. Ef umframeftirspurn er eftir bréfunum kemur til skerðingar á því sem hver og einn getur keypt. Hafa tvær aðferðir verið notaðar til að skerða hluti kaupenda. Annars vegar hafa allar áskriftir verið skertar en hins vegar hefur verið notuð sú aðferð að skerða hæstu áskriftirnar þar til nafnvirði þeirra bréfa sem boðin voru til sölu er náð.

Tilboðssala er einnig algeng leið við einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Leitað er eftir hæstu tilboðum í þau hlutabréf sem boðin eru til sölu. Aðferðin getur m.a. verið heppileg ef það fyrirtæki sem í hlut á er mjög sérhæft eða stendur í áhættusömum rekstri. Oft er gefinn sá möguleiki að gera tilboð í stóra hluti í tilboðssölu, jafnvel allt hlutafé, í þeim tilgangi að laða að fjárfesta sem hafa hug á að taka beinan þátt í rekstri fyrirtækjanna. Þá er einnig þekkt að takmörk séu sett á þá hluti sem einum kaupanda er heimilt að gera tilboð í. Mögulegt er að fara eftirfarandi leiðir við tilboðssölu:

- Opin tilboðssala: Sölulýsing liggur frammi svo bjóðendur geta kynnt sér rekstur fyrirtækisins. Kaupendur hafa allir jafnan aðgang til að gera tilboð í samræmi við útboðsskilmála. Dæmi um einkavæðingu hér á landi þar sem þessi leið var farin er hlutafjárútboð í Stofnfiski hf. og í Íslenskum aðalverktökum hf.

- Lokað útboð á hlutafé: Takmörkuðum fjölda þátttakenda er að undangengnu forvali, boðið að gera tilboð. Þeim er veittur góður aðgangur að upplýsingum um fyrirtækið m.a. á fundum með stjórnendum og stjórnarmönnum. Tilgangurinn með þessari aðferð er að veita þeim sem teljast hæfir eftir forval tækifæri til að kynnast fyrirtækinu enn betur en ef um venjulega sölulýsingu væri að ræða. Dæmi um þessa aðferð hér á landi er sala á hlutabréfum ríkisins í Áburðarverksmiðjunni hf. og sala meirihluta hlutafjár í Skýrr hf.

Sala til kjölfestufjárfesta getur bæði verið tilboðssala en einnig er líklegt að horft sé til fleiri atriða þegar slíkur fjárfestir er valinn til að kaupa hlutabréf í fyrirtæki. Megintilgangur með sölu á hlut til kjölfestufjárfesta er að leita samstarfs við fyrirtæki á sama sviði sem leitt geti af sér aukna hagkvæmni við innkaup, öflugri markaðssókn, tækninýjungar o.s.frv. Þessi leið hefur verið farin víða í Evrópu þegar hlutabréf í símafyrirtækjum hafa verið seld og jafnvel hafa hlutabréf til þessara aðila verið seld áður en skráning eða eiginlegt útboð á hlutabréfum hefur farið fram. Sem dæmi um þetta má nefna írska símafyrirtækið EirCom, Telekom Austria, Belgacom og TeleDanmark. Mismunandi er hversu stór hluti fyrirtækja er seldur til kjölfestufjárfesta en miðað er við að um nógu stóran hlut sé að ræða til að viðkomandi hafi umtalsverða hagsmuni af því að rekstur fyrirtækisins gangi vel og einnig að hluturinn tryggi nægileg stjórnunaryfirráð í fyrirtækinu. Reynslan sýnir að 20–30% hlutabréfa hafa verið talin nægileg til að uppfylla þessi skilyrði.

Sala á einstökum eignum fyrirtækis er vel þekkt leið við einkavæðingu en er þó í flestum tilfellum oftast samhliða öðrum söluaðferðum t.d. dreifðri sölu og tilboðssölu. Þó eru að sjálfsögðu til dæmi um að þessi leið hafi verið farin eingöngu en þar er nánast um það að ræða að verið sé að leggja niður rekstur fyrirtækis. Rótgrónar ríkisstofnanir sem síðan er breytt í hlutafélög og falið að starfa á almennum markaði, hafa oft á tíðum eignast umtalsverðar eignir sem ekki hafa bein áhrif á rekstur þeirrar starfsemi sem þeim er ætlað að sinna. Má sem dæmi nefna um þetta lönd og fasteignir.

Til samanburðar má líta á skiptingu milli söluaðferða við einkavæðingu í Evrópu á árunum 1990–1998.

Einkavæðing í OECD skipt eftir söluaðferðum



Heimild: OECD, Financial Market Trends (2000)

6.4. Sala til starfsmanna

Við sölu hlutabréfa ríkisins á undanförnum árum hefur jafnan verið boðið upp á sérstök kjör til starfsmanna. Sú stefna hefur verið mörkuð af framkvæmdanefnd um einkavæðingu að starfsmönnum sé annaðhvort boðið að kaupa stærri hlut en almennum kaupendum eða séu boðnir hagstæðir greiðsluskilmálar. Starfsmenn kaupa á sama gengi og almenningur og hlut-

ur þeirra er ekki skertur. Starfsmönnum hefur einnig verið boðið að dreifa greiðslunni á tvö til þrjú ár og hlutabréfin höfð að handveði hjá seljanda þar til þau eru að fullu greidd.

Meginmarkmið með sölu til starfsmanna er að tryggja aðild þeirra að rekstri fyrirtækisins sem þeir starfa hjá. Með því að bjóða starfsmönnum betri kjör við kaup á hlutabréfum er líklegra en ella að þeir haldi áfram að byggja upp þekkingu innan fyrirtækisins og haldi tryggð við það. Fjárfestar líta gjarnan til þess hvernig þekking starfsmanna er bundin í fyrirtækinu og tvímælalaust er það talið kostur að starfsmenn séu hluthafar. Hlutabréfaeign starfsmanna getur því orðið til þess að fjárfestar verði frekar tilbúnir til að kaupa hlut í fyrirtækinu. Einnig þykir æskilegt að starfsmenn eigi persónulega hlutdeild í hagnaði fyrirtækisins og hafi hag af velgengni þess sem eigendur.

Stefnu framkvæmdanefndar um einkavæðingu við sölu til starfsmanna má rekja allt aftur til sölu á hlut ríkisins í Jarðborunum hf. sem hófst í ágúst 1992 þegar starfsmönnum var boðið að kaupa hlutabréf fyrir 450 þús. kr. að kaupverði hverjum og dreifa greiðslum á þriggja ára tímabil. Gengi til starfsmanna var hið sama og við sölu í almennu útboði.

Við sölu á hlutabréfum ríkisins í Lyfjaverslun Íslands hf. í nóvember 1994 var starfsmönnum boðið að kaupa bréf fyrir tvöfalt hærri upphæð en almenningi bauðst með sömu greiðslukjörum og í sölu hlutabréfa í Jarðborunum hf. Við sölu hlutabréfa í Lyfjaversluninni var almenningi boðið að dreifa greiðslum á tvö ár.

Samhliða tilboðssölu á 51% hlut ríkisins og Reykjavíkurborgar í Skýrr hf. í árslok 1996, var starfsmönnum boðið að kaupa allt að 5% hlutabréfa á föstu gengi. Gengi til starfsmanna var byggt á fyrirliggjandi verðmati á hlutabréfum í fyrirtækinu.

Við sölu á hlut ríkisins í Íslenska járnblendifélaginu hf. árið 1998 var starfsmönnum boðið að kaupa hlutabréf fyrir allt að 250 þús. kr. hverjum og dreifa greiðslum á þrjú ár.

Við útboð á nýju hlutafé í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. á síðari hluta árs 1998 ákvað viðskiptaráðherra að starfsmönnum bankans skyldi boðið að kaupa hlutabréf á sérkjörum. Ákveðið var að miða gengi til starfsmanna við innra virði félaganna í ársbyrjun 1998. Gengi til starfsmanna var því töluvert lægra en það gengi sem boðið var almenningi. Kaup starfsmanna bankanna á hlutabréfum voru hins vegar miðuð við staðgreiðslu öfugt við það sem áður tíðkaðist.

Við sölu í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. árið 1998 var sú ákvörðun tekin af ríkisstjórn að starfsmenn bankans skyldu njóta sambærilegra kjara og þau sem ákveðin voru fyrir starfsmenn Búnaðarbanka Íslands hf. og Landsbanka Íslands hf. Var ákveðið að bjóða starfsmönnum FBA að kaupa hlutabréf á sérkjörum fyrir allt að 1 milljón króna að nafnvirði á útboðsgengi. Að auki máttu þeir taka þátt í almenna útboðinu.

Við sölu ríkisins á bréfum í Íslenskum aðalverktökum hf. árið 1998 var hverjum starfsmanni boðið að kaupa hlutabréf fyrir allt að 500 þús. að nafnvirði á sérstökum greiðslukjörum. Gengi bréfa til starfsmanna var 1,75 sem samsvaraði lágmarks gengi í tilboðssölu.

Samhliða hlutafjáraukningu í Stofnfiski hf. sem lauk í byrjun febrúar árið 1999 var starfsmönnum boðið að kaupa hlutabréf í fyrirtækinu fyrir allt að 500 þús. krónur að nafnvirði á genginu 1,4 sem jafnframt var lágmarksgengi í tilboðssölu. Sem fyrr voru starfsmönnum boðin sérstök greiðslukjör.

Eins og sjá má hefur markvisst verið unnið að því að tryggja eignaraðild starfsmanna að fyrirtækjunum og reynt hefur verið að tryggja samræmi milli mismunandi verkefna. Í öllum einkavæðingarverkefnunum á undanförnum árum hefur sala til starfsmanna tekist mjög vel og hefur þessi liður í einkavæðingunni án efa styrkt fyrirtækin á markaði.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu hefur í tillögum sínum lagt til að boðið sé upp á sérstaka greiðsluskilmála við sölu til starfsmanna þannig að ríkið láni til tveggja eða þriggja ára.

Miðað hefur verið við að gengi til starfsmanna samsvari gengi í almennri sölu eða lágmarksgengi í tilboðssölu. Einnig hefur verið tryggt að þrátt fyrir umframáskrift í almennri sölu skerðist hlutur starfsmanna ekki.

Nefndin leggur til að starfsmönnum Landssíma Íslands hf. verði boðin sambærileg kjör við sölu á hlutabréfum í fyrirtækinu og gert hefur verið í undanförnum einkavæðingarverkefnum. Starfsmenn greiði við gerð samnings a.m.k. 10% þeirrar fjárhæðar sem þeir skrá sig fyrir en afganginn með jöfnum greiðslum næstu þrjú ár. Hlutabréfin verði afhent viðkomandi þegar þau hafa verið að fullu greidd. Gengi hlutabréfa til starfsmanna verði hið sama og í almennri sölu.

Á undanförnum árum hefur færst í aukana að starfsmönnum fyrirtækja er boðið að kaupa hlutabréf í þeim fyrirtækjum sem þeir vinna hjá á sérkjörum í tengslum við ráðningarsamninga og hafa slíkir samningar verið kallaðir valréttarsamningar. Sérstaklega hefur þetta verið tíðkað á fjármálamarkaði, í hugbúnaðarhúsum og í fjarskiptafyrirtækjum. Komið hefur til umræðu í nefndinni hvort tryggja eigi Landssíma Íslands hf. sérstakan kauprétt á hlutabréfum í útboði til nota við valréttarsamninga starfsmanna. Nefndin telur það vera stjórnunarlega ákvörðun í fyrirtækinu hvort það tekur þátt í útboði og tryggja sér þannig hlutabréf til ráðstöfunar til starfsmanna Tvær mögulegar útfærslur eru fyrir hendi ef tryggja á jafnræði fyrirtækisins við þátttöku í útboði. Annars vegar að taka þátt í tilboði annarra fyrirtækja t.d. verðbréfafyrirtækja, þar sem Landssíminn hefði engin áhrif á upphæð tilboðs og hins vegar að ákvörðun yrði tekin um að skilja tiltekinn hluta af bréfum eftir og fyrirtækið myndi kaupa þann hluta á meðalgengi í tilboðssölu. Auk þessa er mögulegt að fyrirtækið kaupi einfaldlega hlutabréf í þessum tilgangi á almennum hlutabréfamarkaði eftir að fyrsti áfangi hefur farið fram.

6.5. Sala á umtalsverðum hlut í fyrirtækinu til eins aðila

Í erindisbréfi nefndarinnar var sérstaklega lagt fyrir að kanna kosti og galla þess að selja umtalsverðan hlut í Landssímanum til eins aðila. Við mat á þessu er nauðsynlegt að skilgreina hugsanleg markmið með slíkri sölu. Markmiðin geta verið eftirfarandi:

- Að leita eftir fjársterkum aðila til að veita auknu fjármagni inn í rekstur fyrirtækisins og styrkja þannig stöðu þess á markaði.
- Að leita eftir svonefndum kjölfestufjárfesti sem leitt getur fyrirtækið inn í alþjóðlegt fjarskiptaumhverfi í framtíðinni.
- Að hámarka verð fyrir hlutabréf ríkisins.

Nefndin telur ekki nauðsynlegt að leita sérstaklega eftir fjársterkum aðila til að styrkja rekstur Landssímann á íslenskum fjarskiptamarkaði. Landssíminn stendur vel að vígi fjárhagslega og markaðsstaða fyrirtækisins er sterk. Ljóst er að fjárfestar munu fá tækifæri til að kaupa hluti í fyrirtækinu annaðhvort í útboðum á hlut ríkisins eða á verðbréfamarkaði. Ekki er ólíklegt að þegar fram líður verði nokkrir slíkir fjárfestar með hlut í fyrirtækinu á bilinu 2–5% og eins og fram kemur síðar í skýrslunni leggur nefndin til að smærri og meðalstórir fjárfestar geti þegar í fyrsta áfanga sölu tekið þátt sérstakri tilboðssölu.

Nefndin telur að kostir þess að leita eftir stórum fjárfesti í Landssímanum felist fyrst og fremst í möguleikum á samstarfi slíks fjárfestis við fyrirtækið og þá sér í lagi á sviði fjarskipta. Með eignaraðild skapast rekstrarlegt samband sem leitt getur til hagræðingar m.a. við innkaup, markaðssetningu og rannsóknir. Miðlun tækniþekkingar er einnig mikilvæg í þessu sambandi. Í Evrópu hafa kaup fjarskiptafyrirtækja í hvert öðru verið áberandi á undanförnum árum og einnig hefur færst í vöxt að fjarskiptafyrirtæki leiti samstarfs í því skyni að þróa og koma upp nýrri þjónustu. Til dæmis hefur slíkt samstarf verið áberandi í útboðum sem haldin

hafa verið í tengslum við úthlutun leyfa vegna þriðju kynslóð farsíma. Landssíminn er álitlegur kostur fyrir stærri fjárfesta sem nýtt geta þekkingu á sviði fjarskipta í rekstri fyrirtækisins og komið hefur fram að símafyrirtæki á hinum Norðurlöndunum hafa lýst áhuga sínum á kaupum á hlutabréfum í Landssímanum. Umtalsverður eignarhlutur, 25–35% af heildarhlutafé, er talinn nauðsynlegur fyrir kjölfestufjárfesti. Með slíkum hlut er nægjanlega sterk staða tryggð þegar að því kemur að miðla tækniþekkingu og samnýta ýmsa þætti í rekstri. Ef um minni hlut er að ræða er áhætta tengd íhlutun annarra eiganda fyrirtækisins sem hafa ekki sömu sjónarmið varðandi reksturinn. Eins og sjá má gerir þessi leið ráð fyrir að slíkur fjárfestir nái stjórnunarlegum áhrifum í fyrirtækinu og leiði stefnumótun þess. Því er mikilvægt að kjölfestufjárfestir sé valinn af kostgæfni.

Ýmis rök hníga að því að sala á umtalsverðum hlut til eins aðila leiði til hærra verðs fyrir hlut ríkisins í Landssímanum. Í fyrsta lagi er líklegt að stór fjárfestir sé tilbúinn til að borga gott verð fyrir hlut sem tryggir stjórnunarleg áhrif í fyrirtækinu og geti þannig náð fram markmiðum sínum varðandi hagræðingu og arðsemi. Í öðru lagi er líklegt að hagræði af samstarfi við kjölfestufjárfesti auki tiltrú annarra fjárfesta á fyrirtækinu og skil ríkinu þannig hærra verði fyrir þá hluti sem eftir standa og seldir verða í seinni áföngum. Nefndin telur þetta atriði mikilvægt sér í lagi ef hlutabréf í Landssímanum verða skráð á erlendum verðbréfamarkaði. Í ljósi þess sem að framan er sagt leggur nefndin til að leitað verði eftir kjölfestufjárfesta til að kaupa umtalsverðan hlut í Landssímanum (25–35%) og að meginmarkmiðin verði að leiða saman tvö fyrirtæki sem notið geti samstarfs á sviði fjarskipta og treyst þannig verðmæti Landssímans. Ef ákvörðun verður tekin um að ríkið leiti eftir kjölfestufjárfesti leggur nefndin áherslu á að slíkur aðili verði valinn með samkeppni, t.d. með lokuðu útboði að loknu forvali. Með slíku útboði er stuðlað að því að hagstætt verð fáist fyrir hlut ríkisins og að kaupin hafi í för með sér ávinning fyrir Landssímann og neytendur í landinu.

Þó telur nefndin telur að höfuðáherslu eigi að leggja á sölu til almennings og starfsmanna fyrirtækisins. Því leggur nefndin til að hugsanleg sala á umtalsverðum hlut til eins aðila eigi sér ekki stað í fyrsta áfanga.

6.6. Markaðsaðstæður erlendis

Við umræðu um hugsanlega sölu á hlutabréfum ríkisins í Landssíma Íslands hf. til erlendra stofnanafjárfesta og mögulegar tímasetningar verður að líta á þær markaðsaðstæður sem nú ríkja erlendis.

Erlendir markaðir með hlutabréf í símafyrirtækjum hafa einkennst af miklu framboði hlutabréfa á síðustu mánuðum. Að sama skapi hefur eftirspurn eftir slíkum bréfum verið mikil. Eftirspurn eftir hlutabréfum í fjarskiptafyrirtækjum helst í hendur við þá þróun sem er í gangi almennt í fjarskiptastarfsemi. Vaxtamöguleikar eru innan greinarinnar og gert er ráð fyrir að eftirspurn eftir fjarskiptaþjónustu muni aukast árlega um 15–20%.

Sérfræðingar á hlutabréfamarkaði telja að hlutabréfamarkaðurinn sé tiltölulega mettaður og að framboð á hlutabréfum í fjarskiptafyrirtækjum verði mikið á næsta misseri. Sérstaklega er von á útboðum vegna útgáfu á nýju hlutafé í farsímafélögum og til fjármögnunar farsímasviða símafyrirtækja. Verðútboð á leyfum vegna þriðju kynslóðar farsíma í löndum eins og Bretlandi, Þýskalandi, Hollandi, Frakklandi og Belgíu, hefur kallað á aukna fjármögnun með hlutafjárútboðum í viðkomandi fyrirtækjum og haft neikvæð áhrif á gengi hlutabréfa þeirra.

Á Norðurlöndum er fyrirsjáanlegt mikið framboð á hlutabréfum í símafyrirtækjum á næsta misseri. Útboð á hlutabréfum í sænska fyrirtækinu Telia sem fram fór sl sumar, og útboð á hlutabréfum í norska fyrirtækinu TeleNor hafa aukið mjög framboð á hlutabréfum í símafyrirtækjum á norrænum mörkuðum.

6.7. Aðferðafræði við sölu og tímasetningar

Nefndin telur að hefja beri sölu á hlut ríkisins í Landssíma Íslands hf. sem fyrst. Ýmsar breytingar hafa orðið á starfsumhverfi fyrirtækisins á síðustu misserum. Aukin samkeppni í fjarskiptum knýr á um að ríkið losi um eignarhlut sinn og að fyrirtækið geti betur brugðist við nýjum aðstæðum og áherslum. Þá hafa stjórnendur fyrirtækisins lýst áhuga á því að geta boðið starfsmönnum þess að eignast hlut í fyrirtækinu líkt og tíðkast hjá samkeppnisaðilum. Nefndin leggur til eftirfarandi áfangaskiptingu sölunnar.

Áfangi 1

Sem fyrr verði höfuðáhersla lögð á sölu til almennings í fyrsta áfanga. Salan verði útfærð með svipuðum hætti og við sölu á hlutabréfum í Búnaðarbanka og Landsbanka í árslok 1999. Nefndin telur ekki ástæðu til að gera upp á milli viðskiptavina Landssímans og annarra landsmanna við söluna. Þá eru ýmis rök og venja fyrir því að starfsmönnum sé boðið að kaupa hlutabréf í fyrsta áfanga sölu. Verð til almennings og starfsmanna miðist við matsverð sem fundið verði með aðstoð sérfræðinga á fjármálamarkaði. Lagt er til að sala til almennings og starfsmanna í fyrsta áfanga verði 14% heildarhlutafjár í fyrirtækinu. Þá er mælt með því að smærri og meðalstórum fjárfestum verði gefinn möguleiki á að bjóða í stærri hluti (allt að 2–3% hverjum) með tilboðssölu samhliða sölu til almennings í fyrsta áfanga. Þessi aðferð hefur verið notuð í undanförnum einkavæðingarverkefnum og gefist vel. Lagt er til að þessi hlutur verði 10%. Fyrsti áfangi fari fram vorið 2001 og samhliða fari fram skráning hlutabréfanna á Verðbréfaþingi Íslands.

Áfangi 2

Í öðrum áfanga verði leitað eftir kjölfestufjárfesta með það að markmiði að efla íslenskan fjarskiptamarkað, styrkja fyrirtækið og auka verðmæti þess við seinni sölu. Slíkur fjárfestir yrði valinn með samkeppni, t.d. með lokuðu útboði að loknu forvali. Nokkur erlend símafyrirtæki hafa lýst áhuga sínum á kaupum í Landssímanum. Gerð er tillaga um að þessi hlutur verði 25% og að salan fari fram á síðari hluta árs 2001 en jafnframt er gert ráð fyrir að þessi hlutur geti stækkað í allt að 30–35% í þriðja áfanga sölunnar. Að loknum öðrum áfanga einkavæðingar eigi ríkið 51% hlutabréfanna en einkaaðilar 49%.

Áfangi 3

Lögð verði áhersla á dreifða sölu til almennings og fjárfesta í þriðja áfanga sölunnar. Umtalsverður hluti í fyrirtækinu verði boðinn til sölu á erlendum mörkuðum samhliða íslenskum markaði og gæti sú sala hafist á árinu 2002. Taka verður tillit til aðstæðna sem verða ríkjandi á hlutabréfamarkaði þegar að ákvörðun um framkvæmd og tímasetningu þriðja áfanga kemur. Einnig þarf að taka ákvörðun um stærð og umfang sölunnar og hvort hlutabréfum í félaginu (15–20%) verður haldið eftir til sölu síðar.

6.8. Undirbúningur sölunnar

Nefndin telur nauðsynlegt að fara vandlega yfir fjárhagslega stöðu fyrirtækisins með tilliti til eiginfjárstöðu þess og eignamála. Rétt er að huga að rekstrarleyfi fyrirtækisins og meta hvort ástæða sé til endurskoðunar og/eða breytinga á því áður en til sölu kemur. Einnig þarf að undirbúa og ganga frá þeim samningum sem nauðsynlegir eru vegna framtíðarhagsmuna ríkisins svo sem vegna eignarhalds á ljósleiðaranum.

Nefndin leggur til að frumvarp til laga um heimild til sölu á Landssíma Íslands hf. verði lagt fram á Alþingi í upphafi vorþings 2001. Samhliða verði hugað að breytingum á lögum

og reglum varðandi Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun svo að þær stofnanir geti sinnt sem best því virka eftirlitshlutverki sem þeim er ætlað. Má þar nefna skýrari verkaskiptingu, reglugerð um aðgreiningu kostnaðar, tekjustofna Póst- og fjarskiptastofnunar og hvort stofnuninni beri að leita eftir bindandi áliti samkeppnisyfirvalda við afgreiðslu tiltekinna mála. Loks verður áður en sala hefst að ganga frá setningu nauðsynlegra reglugerða á sviði fjarskiptamála og kanna hvort nauðsynlegt sé að breyta gjaldskrárákvæðum.

Loks leggur nefndin til að frekari undirbúningur sölu á eignarhlut íslenska ríkisins í Landssíma Íslands hf. hefjist nú þegar og m.a. verði hafist handa við verðmat fyrirtækisins með aðstoð innlendra og/eða erlendra sérfræðinga. Nánari undirbúningur sölunnar sjálfrar fari samhliða fram af hálfu samgönguráðuneytisins og framkvæmdanefndar um einkavæðingu.

7. Viðaukar

7.1. Upplýsingar um NOREX-samstarf norrænna kauphalla

Þann 15. júní 2000 tók Verðbréfaþing Íslands hf. mikilvægt framfaraskref á íslenskum verðbréfamarkaði þegar það gerðist aðili að NOREX – samstarfi norrænna kauphalla. Markmið NOREX er að bjóða fjárfestum, útgefendum og kauphallaraðilum hagkvæman og traustan norrænan verðbréfamarkað. NOREX-samstarfið er einstakt að því leyti að þar hefur í fyrsta sinn í slíku samstarfi verið tekið í notkun sameiginlegt viðskiptakerfi með samræmdum viðskiptareglum og aðildarkröfum. Aðilar samstarfsins eru nú kauphallirnar í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi og Verðbréfaþing Íslands hf. Kauphöllin í Ósló hefur undirritað viljayfirlýsingu um aðild að samstarfinu og unnið er að gerð aðildarsamningsins. Kauphallirnar í Eistlandi, Lettlandi og Litháen hafa einnig ritað undir viljayfirlýsingar um aðild. Íslenskur verðbréfamarkaður hefur vaxið gríðarlega á síðustu árum, meðal annars vegna einkavæðingar og fjölda nýskráninga félaga. Þátttaka Verðbréfaþings í NOREX stuðlar að áframhaldandi vexti og uppgangi markaðarins. Þingið tengist nýju, öflugu viðskiptakerfi, erlendir fjárfestar fá greiðari aðgang að íslenskum markaði og hérlendir fjárfestar að erlendum mörkuðum. Með aðildinni að NOREX væntir Verðbréfaþing þess að erlendir bankar og verðbréfafyrirtæki gerist fjaraðilar að þinginu. Íslenskir þingaðilar munu einnig geta sótt um fjaraðild að hinum NOREX-kauphöllunum.

Lykildagsetningar í sögu NOREX

12. júní 1997

Kauphallirnar í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi undirrita viljayfirlýsingu um að mynda sameiginlegan norrænan verðbréfamarkað – NOREX.

21. janúar 1998

Nordic Exchanges – NOREX formlega stofnað.

12. mars 1999

Nýja viðskiptakerfið SAXESS tekið í notkun á sænska markaðnum.

21. júní 1999

SAXESS-viðskiptakerfið tekið í notkun á danska hlutabréfamarkaðnum.

30. september 1999

FTSE International og NOREX hefja birtingu FTSE NOREX 30 vísitölunnar.

30. nóvember 1999

Kauphöllin í Ósló skrifar undir viljayfirlýsingu um aðild að NOREX.

21. mars 2000

Verðbréfaþing Íslands undirritar viljayfirlýsingu um aðild að NOREX.

2. maí 2000
Kauphallirnar í Riga, Tallinn og Vilnius undirrita viljayfirlýsingu um aðild að NOREX.
15. júní 2000
Verðbréfaþing Íslands skrifar undir aðildarsamning að NOREX.
Október 2000
Kauphöllin í Kaupmannahöfn hefur viðskipti með skuldabréf í SAXESS-kerfinu. Verðbréfaþing Íslands tekur SAXESS-kerfið í notkun á íslenskum verðbréfamarkaði.

Ávinningur Verðbréfaþings af NOREX

Ávinningur Verðbréfaþings af NOREX er margþættur. Sameiginlega viðskiptakerfið, SAXESS, býður upp á nýjar lausnir í verðbréfaviðskiptum. Samræmdar viðskipta- og aðildarreglur auðvelda viðskiptavinum þingsins aðgang að samnorrænum markaði. Með greiðari aðgangi erlendra fjárfesta að íslenskum markaði má gera ráð fyrir aukinni veltu íslenskra verðbréfa. Stefna NOREX er að viðskipti milli landa séu sem greiðust og ódýrust enda horfa fjárfestar í vaxandi mæli á atvinnugreinar fremur en landssvæði.

- Bréf skráð í einni kauphöll, ekki mörgum
- Viðskipti verða á einum stað (e. single point of liquidity)
- Þingaðilar tengjast með einni tengingu mörgum kauphöllum
- Sameiginlegar vísitölur

Samstarf kauphallanna í NOREX skerðir á engan hátt sjálfstæði þeirra. Hver kauphöll fer með æðsta vald í eigin málefnum. Verðbréfaþing tekur ákvarðanir um skráningu verðbréfa, aðild, viðurlög við brotum, gjaldskrá o.fl. Eftirlit með viðskiptum og upplýsingagjöf fer fram í kauphöllinni þar sem bréfin eru skráð.

Styrkur NOREX

Ótvíræður styrkur samstarfsins felst í sameiginlegu viðskiptakerfi þvert á landamæri. Með einni tengingu geta þingaðilar átt viðskipti í mörgum kauphöllum. Eftirlitskerfi og gagnadreifing til upplýsingaveitna verður bæði hagkvæmari og öruggari. Upplýsingum um íslenska markaðinn er dreift til upplýsingaveitna víða um heim með miklu öflugri hætti en áður og ætti slíkt að auka áhuga fjármálafyrirtækja og fjárfesta á íslenskum verðbréfum. NOREX markaðurinn er u.þ.b. 2/3 af norrænum verðbréfamarkaði, og fær í krafti stærðarinnar aukið vægi á alþjóðavettvangi sem ýtir undir seljanleika norrænna verðbréfa.

- Viðskipti með allar tegundir verðbréfa í einu kerfi
- Samræmdar reglur um viðskiptakerfi og kauphallaraðild
- FTSE Norex 30 vísitalan

Í undirbúningi:

- Reglur um skráningu verðbréfa og upplýsingaskyldu
- Samræmd lausn á frágangs- og uppgjörsmálum (e. clearing & settlement)
- Stöðluð atvinnugreinaflokkun fyrir skráð félög
- Fleiri vísitölur

Ný tækifæri þingaðila

Þingaðilar Verðbréfaþings fá ekki sjálfkrafa aðild að hinum NOREX-kauphöllunum og tenging við SAXESS-kerfið veitir ekki sjálfkrafa viðskiptaheimild annars staðar. Íslenskur þingaðili þarf að sækja um aðild ef hann vill eiga viðskipti með bréf skráð í annarri kauphöll. Þingaðilar VÞÍ þurfa þó ekki að greiða stofngjöld í hinum NOREX-kauphöllunum þar sem

þeir eru þegar tengdir SAXESS-kerfinu. Á sama hátt munu erlendir þingaðilar að NOREX-kauphöllum fá fellt niður stofngjald hér á landi gerist þeir þingaðilar. Rekstrarkostnaður kerfisins hækkar nokkuð til að byrja með enda býður Verðbréfaþing upp á mun öflugra og fjölhæfara viðskiptakerfi en hingað til hefur þekkst á íslenskum verðbréfamarkaði. Ávinningur þingaðila felst hins vegar í hagræðinu af því að nota eitt viðskiptakerfi í stað margra.

Kostir fyrir fjárfesta

Með nýju viðskiptakerfi verða viðskipti líflegri og markaðurinn eflist. Með tilkomu erlendra þingaðila má búast við aukinni veltu, sem laðar að nýja fjárfesta. Þar með verða bréf á markaðnum seljanlegri. Aukinn seljanleiki styrkir verðmyndun og dregur úr áhættu af fjárfestingu á íslenskum markaði.

Fjárfestar geta sjálfir framkvæmt viðskipti í kauphöllinni með því að gera samning við þingaðila um tölvutengingu og tilhögun uppgjörs. Þeir tengjast viðskiptakerfi þingaðilans á Netinu og geta þar slegið inn tilboð sem renna beint inn í SAXESS-kerfið á ábyrgð þingaðilans. Sjálfvirk pörun fer fram í kerfinu og þingaðili fær staðfestingu á að viðskipti hafi farið fram. Fjárfestar fá að lokum tilkynningu um viðskiptin frá þingaðilanum.

NOREX-samstarfið leiðir til þess að bréf komast á stærri markað þótt þau séu skráð í einni kauphöll. NOREX mælist til að bréf séu skráð á heimamarkaði því þar eru viðskipti yfirleitt virkust. Fjárfestar vilja eiga viðskipti sem næst uppsprettu frétta og á hefðbundnum birtingartíma frétta sem varða bréfin og útgefendur þeirra.

SAXESS-viðskiptakerfið

Hið nýja viðskiptakerfi Verðbréfaþings, SAXESS, er þróað af OM-samstæðunni í Stokkhólmi. Móðurtölva kerfisins er staðsett þar. SAXESS er svipað ásýndar og gamla kerfið sem Verðbréfaþing notaði. Það er þó miklu öflugra og afkastar um 2000 færslum á sekúndu. Reynslan af kerfinu hefur verið góð og tilkoma þess breytir ýmsu í íslenskum verðbréfaviðskiptum. Með nýju kerfi koma nýjar aðferðir:

- Sjálfvirk pörun
- Viðskiptalotur
- Opnunaruppboð
- Tilboð skilyrt eða á markaðsverði

Aukin sjálfvirkni

Kerfið sér sjálft um að koma á viðskiptum þegar kaup- og sölutilboð mætast, í stað þess að bíða þurfi eftir því að tilboði sé tekið. Reynslan hefur sýnt að sjálfvirk pörun hvetur þátttakendur til að setja inn tilboð í stað þess að sitja og bíða átekta. Reglur kerfisins kveða á um forgang, hvaða tilboð verði fyrst að viðskiptum, og þeir þátttakendur sem vilja eiga mesta möguleika á viðskiptum verða því að vera snemma á ferðinni og með hagstæðasta verðið.

Sjálfvirk pörun eykur stórlega líkur á að fjarskráning tilboða (t.d. úr heimatölvu fjárfesta) leiði til viðskipta. Fjárfestir sem ekki er aðili að kauphöll getur ekki tekið tilboði með gamla laginu, þ.e. með því að smella á tilboðið á tölvuskjánum og samþykkja viðskiptin. SAXESS-kerfið sér sjálft um að para saman tilboð og því getur fjárfestirinn sent inn tilboð á sama verði og fyrirliggjandi móttilboð og það leiðir tafarlaust til viðskipta.

Staðlaðar viðskiptafjárhæðir

Ákveðnar eru staðlaðar viðskiptastærðir, svonefndar viðskiptalotur, fyrir hvert skráð verðbréf. Að jafnaði er hver lota um 100 þús. kr. að markaðsvirði fyrir þau hlutabréf sem mest

viðskipti eru með, en um 50 þús. kr. fyrir þau sem minna hreyfast. Viðskipti með loturnar geta gengið mun greiðar en áður tíðkaðist, því auðveldara er að mæta þörfum kaupenda og seljenda með þessari tilhögun.

Viðskipti með minni fjárhæðir en sem nemur einni viðskiptalotu falla undir svonefndar smálotur. Þar fer sjálfvirk pörun fram með tvennum hætti: Aðallega eru fyrirliggjandi kaup- og sölutilboð pöruð saman á nýjasta verði úr kerfinu. Þess utan geta smálotutilboðin raðast saman og byggt upp eina viðskiptalotu og þannig orðið grundvöllur viðskipta hvenær dagsins sem er.

Verðmyndun efld

Með ýmsum hætti er leitast við að finna það sem kallað er „nýjasta verð“ fyrir sérhvert bréf. Þetta verð er notað við pörun smálotna og tilboða á markaðsverði. Viðskipti dagsins hefjast með opnunaruppboði, þar sem þátttakendur setja fram kaup- og sölutilboð og tölvan reiknar síðan út það verð þar sem mest viðskipti geta orðið. Það verð nefnist opnunarverð og er jafnframt nýjasta verð þangað til ný viðskipti verða. Í samfelldum viðskiptum yfir daginn getur verðið síðan breyst.

- Viðskiptalotur hafa áhrif á nýjasta verð – smálotur ekki
- Utanþingsviðskipti geta haft áhrif á nýjasta verð
- Utanþingsviðskipti eru framkvæmd á verði innan verðbilsins í kerfinu
- Stór utanþingsviðskipti geta þó verið utan verðbils

Þetta stuðlar að því að viðskipti fari fram á þröngu verðbili og að verðbreytingar verði ekki eins óskipulegar og ella getur orðið. Smáar fjárhæðir hreyfa ekki viðskiptaverðið og viðskipti utanþings skekkja ekki verðmyndunina.

Fjölbreytni tilboða

Unnt er að velja milli tveggja megingerða tilboða og síðan eru margs konar tilbrigði leyfð.

- **Markaðstilboð** er beiðni um að kaupa eða selja á nýjasta viðskiptaverði eða mæta hagstæðasta tilboði sem fyrir liggur. Þessi tilboð eiga einungis við um smálotur og henta þeim sem vilja eiga viðskipti sem fyrst.
- **Skilyrt tilboð** eru öll önnur tilboð, þar sem tilboðsgjafinn setur skilyrði, t.d. um verð, lágmarksfjárhæð, gildistíma o.fl. eða um ákveðna atburðarás, t.d. að kaupa ákveðin bréf að því gefnu að hann geti um leið selt einhver önnur bréf. Fjölbreytnin eykur líkur á að fjárfestar setji fram tilboð, því að þeir geta sett fram óskir sínar og látið kerfið vaka yfir því að viðskiptafærið gefist.

Markaðurinn styrkist

Engin viðskiptalágmörk eru í kerfinu og því geta smáir fjárfestar beint öllum viðskiptum sínum inn á þingið, ef þeir kjósa, í stað þess að áður voru þeir knúnir til að eiga viðskipti með lágar fjárhæðir utan þings, oft á lakara verði en bauðst á þinginu. Jafnframt tryggja viðskiptareglurnar að viðskipti með smáar fjárhæðir fara annaðhvort fram á nýjasta viðskiptaverði eða eru innan þess bils sem hagstæðustu tilboð á þinginu marka.

Reglurnar koma stórum þátttakendum einnig til góða, því að þær stuðla að því að smáu tilboðin færist inn á þingið og standi öllum til boða, í stað þess að þau dreifist um víðan völl utan þingsins.

Unnt er að setja fram stór tilboð sem eru að mestu falin en birtast öðrum þátttakendum í skömmtum eftir að viðskipti verða. Þetta eykur líkurnar á því að sá sem vill kaupa eða selja mikið magn bréfa setji tilboð inn í kerfið. Áður var tregða til að setja fram stór tilboð þar sem

tilboðsgjafi vildi ógjarnan láta fyrirætlanir sínar uppi við allan markaðinn af ótta við að það kynni að gera viðskiptin óhagstæðari, auk þess sem einungis var unnt að taka tilboði í heilu lagi og fáir mótaðilar réðu við það.

Margir samverkandi þættir stuðla að eflingu íslensks verðbréfamarkaðar:

SAXESS og nýjar viðskiptareglur eiga án efa eftir að skila sér í tíðari markaðsviðskiptum og minni utanþingsviðskiptum. Viðskiptakerfið og þátttakan í NOREX eru grundvöllur þess að alþjóðavæða íslenskan verðbréfamarkað og stuðla þannig að frekari framþróun hans. Ekki er langt síðan Verðbréfaskráning Íslands tók til starfa, en rafræn skráning bréfa er ein meginforsenda þess að erlendir fjárfestar vilji kaupa þau.

Aðilar á íslenskum verðbréfamarkaði geta horft björtum augum á framtíðina. Mörg sóknarfæri munu gefast í kjölfar þess framfaraskrefs sem Verðbréfaþing Íslands hefur nú stigið.

7.2. Leyfisbréf Landssíma Íslands hf.

Póst- og fjarskiptastofnun veitir hér með Landssíma Íslands hf. leyfi til að reka fjarskiptaþjónustu og fjarskiptanet eins og það er nánar ákvarðað í leyfi þessu, greinum 1–61. Leyfi þetta er veitt samkvæmt lögum nr. 147/1996, sbr. lög nr. 143/1996.

I. Kafli
Almennur hluti
1. gr
Leyfishafi

Landssíma Íslands hf., kt. 500269-6779 (hér eftir nefndur leyfishafi) er hér með veitt leyfi til reksturs fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu samkvæmt eftirfarandi ákvæðum í leyfi þessu.

Leyfishafi eða eigendur hans skulu ekki eiga beina eða óbeina hlutdeild að hlutafé neins annars leyfishafa á sviði þjónustu þar sem fjöldi leyfishafa er takmarkaður af tæknilegum ástæðum.

2. gr.
Veruleg markaðshlutdeild

Leyfi þetta miðast við að leyfishafi sé með verulega markaðshlutdeild eins og hún er skilgreind hverju sinni á hinu Evrópska efnahagssvæði. Núverandi skilgreining er að sá sem hefur yfir 25% af ákveðnum fjarskiptamarkaðsgeira á því landssvæði aðildarríkis þar sem hann hefur leyfi til að starfa telst hafa verulega markaðshlutdeild.

Leyfishafi telst hafa verulega markaðshlutdeild í almennum talsímanetum og almennri talsímaþjónustu, leigulínum og farsímanetum og farsímaþjónustu.

3. gr.
Upplýsingaskylda og úrræði Póst- og fjarskiptastofnunar vegna eftirlits.

Leyfishafi skal sæta eftirliti með fjárhagi sínum af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar, eins og nánar er kveðið á um í 6. gr. laga um fjarskipti nr. 143/1996. Póst- og fjarskiptastofnun skal enn fremur heimilt að grípa til úrræðis eins og kveðið er á um í lögum um stofnunina nr. 147/1996 til að krefjast upplýsinga um alla þætti reksturs leyfishafa sem eru innan sviðs þess sem leyfið tekur til. Upplýsingar þessar skulu veittar munnlega eða skriflega eins og Póst- og fjarskiptastofnun kveður á um og innan tímamarka sem hún setur.

Sem hluti af eftirliti með fjárhagsstöðu leyfishafa getur Póst- og fjarskiptastofnun krafist að hann afhendi henni ársreikninga, milliuppgjör, greinargerðir endurskoðenda hans og aðrar sambærilegar upplýsingar. Ef Póst- og fjarskiptastofnun metur fjárhagsstöðu leyfishafa slíka að honum kunni hugsanlega að vera ókleift að fullnægja ákvæðum leyfis þessa getur hún krafist umbóta á þeim fyrir tiltekinn tíma. Til þess að framfylgja lagaskyldu sinni er Póst- og fjarskiptastofnun heimill aðgangur án undanfarandi aðvörunar eða atbeina dómstóla að húsnæði leyfishafa í því skyni að sinna eftirliti.

Bregðist leyfishafi skyldu sinni að fullnægja ákvæðum leyfisins eða ef ekki er framfylgt kröfum Póst- og fjarskiptastofnunar um umbætur til úrbóta getur stofnunin afturkallað leyfið að undangengnum hæfilegum viðvörunarfresti.

4. gr.

Breyting á ákvæðum leyfisins

Leyfishafa ber að haga starfsemi sinni í samræmi við lög um fjarskipti á hverjum tíma.

Póst- og fjarskiptastofnun skal heimilt að breyta ákvæðum í leyfi þessu til samræmis við breytingar á lögum og reglum og þegar alþjóðasamningar gefa tilefni til slíks eða það telst nauðsynlegt til að ná fram markmiðum fjarskiptalaga. Nýtt leyfisgjald skal ekki tekið við slíka breytingu. Leiði breytingar á leyfistímanum til skerðinga á réttindum leyfishafa samkvæmt leyfisbréfi þessu öðlast hann ekki rétt til skaðabóta vegna slíkra skerðinga.

Leyfishafi fullnægi á hverjum tíma, eftir gildistöku leyfisins, þeim tilskipunum og reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, og þeim skuldbindingum sem Ísland undirgengst samkvæmt gildandi alþjóðasamningum á sviði fjarskiptamála.

5. gr.

Þættir sem leyfið nær til

Með fjarskiptaþjónustu í 1. gr. er átt við eftirfarandi þjónustu:

a) Talsímaþjónustu
b) Telexþjónustu
c) Flutning útvarpsmerkja milli tveggja staða
d) NMT 450 farsímaþjónustu
e) GSM 900 farsímaþjónustu
f) Gagnaflutningsþjónustu
g) Almenna strandarstöðvaþjónustu
h) Samnetsþjónustu
i) DCS 1800 farsímaþjónustu
j) Ritsímaþjónusta
k) Boðkerfi
l) Almenn fjarskiptaþjónusta við flugför

Leyfishafi skal leitast við að veita þjónustu um allt land ef eftirspurn réttlætir og þjónustan er arðbær á landsvísu.

Með fjarskiptanetum í 1. gr. er átt við almenn fjarskiptanet í samræmi við 2. gr. laga um fjarskipti nr. 143/1996 sem notuð eru til að veita framangreinda þjónustu.

Leyfi til reksturs fjarskiptaneta sbr. 1. gr. leyfis þessa felur í sér heimild til að leigja öðrum aðgang að netunum, þ.m.t. notendakerfum sem byggja á mismunandi flutningsmiðlum svo sem koparstrengjum, ljósleiðurum og þráðlausum samböndum.

Leyfishafa er skylt að láta í té leigulínur í samræmi við reglur um lágmarksframboð leigulína á Evrópska efnahagssvæðinu, sjá nánar III kafla leyfis þessa. Leyfishafa er einnig heimilt að leigja öðrum útvarpslínur með mismunandi flutningsgetu.

Nánari ákvæði um einstaka þjónustu eru í II. kafla leyfis þessa.

6. gr.
Radíóstöðvar og sambönd

Uppsetning hvers konar radíókerfa þ.m.t. radíóstöðva og radíósambanda sem eru leyfisskyld samkvæmt lögum og reglum er háð stöðvar- eða tækjabúnaðarleyfi sem Póst- og fjarskiptastofnun veitir að fenginni umsókn frá leyfishafa. Í umsóknum skal tilgreina allar breytur fyrir viðkomandi radíóstöð eða samband þ.m.t. staðsetningu, tegund og hæð loftnets, sendistyrk og ráðgerða notkun.

7. gr.
Fjarskiptavirki

Leyfishafa er heimilt að setja upp fjarskiptavirki sem hluta af fjarskiptanetum sínum sbr. 1. gr. án sérstakrar heimildar hverju sinni, sjá þó ákvæði 6. gr. um radíóstöðvar og sambönd.

8. gr.
Tæknistaðlar

Búnaður leyfishafa skal vera í samræmi við tæknistaðla sem Póst- og fjarskiptastofnun mælir fyrir um og uppfylla á hverjum tíma tilskildar tæknikröfur til að veita alhliða fjarskiptaþjónustu á viðkomandi sviði.

9. gr.
Bókhaldsleg aðgreining

Leyfishafi skal hafa aðgreiningu í bókhaldi með eftirfarandi hætti:

Rekstur allra neta eða nethluta sem annaðhvort eru notaðir fyrir fleiri en eina þjónustu eða öðrum er leigður aðgangur að skal aðgreindur frá öðrum rekstri. Fyrirkomulag bókhalds skal vera með þeim hætti að hægt sé að deila kostnaði við rekstur neta eða nethluta á viðkomandi þjónustu, leigustarfsemi eða aðgangi að netum. Aðgreining milli mismunandi þjónustu skal vera í samræmi við 1. mgr. 5. gr. þessa leyfis.

Aðgreining í bókhaldi fyrir þjónustu sem telst til alþjónustu skal vera í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar og reglugerðar sem samgönguráðherra er heimilt að setja.

Leyfishafi skal aðgreina kostnað vegna samtengingar við net annarra rekstrarleyfishafa í samræmi við reglugerð sem samgönguráðherra er heimilt að setja.

Starfræksla upplýsingaþjónustu um símanúmer og útgáfa símaskrár skulu í bókhaldi vera aðskildar hvor fyrir sig frá annarri starfsemi leyfishafa.

Stundi leyfishafi einhverja aðra starfsemi sem ekki telst til fjarskipta í skilningi laga nr. 143/1996 skal sú starfsemi vera bókhaldslega aðgreind frá þeim þáttum sem þetta rekstrarleyfi nær til nema aðrar reglur kveði á um frekari aðgreiningu.

10. gr.
Númer, vistföng

Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar númerum, númeraröðum og vistföngum til leyfishafa í samræmi við reglur birtar í B-deild Stjórnartíðinda nr. 680/1997.

11. gr.
Áskriftanúmer

Leyfishafi úthlutar áskrifendum númerum úr þeim númeraröðum sem hann hefur til úthlutunar en skal þó taka tillit til óska áskrifenda varðandi val á númerum.

12. gr.
Skrá yfir símanúmer

Leyfishafi skal tryggja að öllum fyrirspurnum um símanúmer áskrifenda hans sé svarað allan sólarhringinn alla daga vikunnar. Einnig skal hann veita upplýsingar á sama stað um símanúmer áskrifenda annarra rekstrarleyfishafa enda hafi honum verið tryggður aðgangur að þeim. Leyfishafi skal tryggja að allir notendur hans hafi aðgang að upplýsingaþjónustunni.

Leyfishafi skal árlega gefa út símaskrá yfir öll símanúmer í fastaneti sínu og farsímanetum. Öðrum rekstrarleyfishöfum skal vera heimilt að skrá áskrifendur sína í símaskrána án mismununar sama skal gilda ef áskrifendur annarra rekstraraðila óska sjálfir eftir að vera skráðir í símaskrá leyfishafa.

Leyfishafi skal tryggja að áskrifendur hans eigi aðgang að upplýsingaþjónustu í öðrum fjarskiptanetum og að áskrifendur þeirra eigi aðgang að upplýsingaþjónustu leyfishafa á sömu kjörum og áskrifendur hans.

Upplýsingar um símanúmer má ekki veita ef áskrifandi æskir þess að viðkomandi númer sé óskráð.

13. gr.
Skylda til að upplýsa um breytingu á símanúmeri

Skipti áskrifandi um símanúmer þannig að hann gerist áskrifandi hjá öðrum rekstrarleyfishafa skal leyfishafi óski fyrrum áskrifandi eftir því kynna hið nýja númer í gamla númerinu í 90 daga frá því að skipt var um númer þannig að þegar hringt er í gamla númerið þá segi að áskrifandi sé hættur með þetta númer en sé kominn með nýtt símanúmer sem svo er greint frá hvert er. Þjónusta þessi skal vera fyrrum áskrifanda leyfishafa að kostnaðarlausu.

14. gr.
Samtengingarskilmálar

Leyfishafi skal eigi síðar en 1. janúar 1999 gefa út og birta sundurliðaða skilmála í samræmi við ákvæði ONPCOM98-11bis og gjaldskrá vegna samtenginga við net sitt. Skilmála þessa og gjaldskrá skal senda Póst- og fjarskiptastofnun, a.m.k. tveimur vikum fyrir útgáfudag, til samþykktar. Póst- og fjarskiptastofnun getur óskað eftir að sýnt sé fram á að gjöld byggist á raunkostnaði, þar með talin eðlileg arðsemi af fjárfestingunni, og í einstökum tilfellum krafist breytinga á gjaldskrám og skilmálum.

15. gr.
Skilmálar, gjaldskrár

Skilmálar og gjaldskrár leyfishafa skulu liggja frammi á afgreiðslustöðum leyfishafa til afhendingar.

Í skilmálum leyfishafa skulu koma fram, auk almennra skilmála, þær gæðakröfur sem hann setur sér varðandi tímamörk á tengingu og viðgerðum og aðrir þættir sem snerta afnot áskrifenda af þjónustu leyfishafa svo sem fyrirkomulag endurgreiðslu eða bóta ef umsamin þjónusta er ekki veitt og meginatriði reglna um lausn ágreinings varðandi þjónustuna.

Leyfishafi skal leggja fram hjá Póst- og fjarskiptastofnun breytingar á skilmálum og gjaldskrám áður en þær koma til framkvæmda. Breytingar skal leyfishafi kynna opinberlega

og leggja fram hjá Póst- og fjarskiptastofnun a.m.k. [fjórum dögum][8] áður en þær taka gildi. Póst- og fjarskiptastofnun áskilur sér rétt til að breyta skilmálunum í samræmi við leyfi þetta.

Ekki skal nota upplýsingar um áskrifendur í öðrum tilgangi en að skrá þá og veita þeim þjónustu nema með skriflegu samþykki viðkomandi, þó skal heimilt að veita upplýsingar í samræmi við 11. og 12. gr. þessa leyfis.

Leyfishafi skal heimila öllum að gerast áskrifendur að þjónustu sinni með sanngjörnum og jafnræðislegum hætti. Leyfishafi skal útbúa þjónustusamning þar sem tiltekið er hvaða þjónusta verður veitt eða að öðrum kosti vísað í viðeigandi skilmála. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist breytinga á þjónustusamningi ef talið er að ákvæði hans samræmist ekki lögum og reglum.

16. gr.
Leynd fjarskipta

Leyfishafi skal tryggja að leyndar sé gætt í fjarskiptum í samræmi við viðkomandi löggjöf á Íslandi.

17. gr.
Fjarskipti á hættutímum

Leyfishafi skal á hættutímum í samræmi við fyrirmæli samgönguráðherra tryggja og viðhalda eða stöðva fjarskipti í samræmi við 34. gr. laga nr. 143/1996.

18. gr.
Hlerun

Leyfishafi skal koma fyrir, á eigin kostnað, nauðsynlegum tækjabúnaði til að tryggja möguleika á löglegri hlerun símtala.

19. gr.
Sameiginleg afnot

Ef það er mögulegt tæknilega skal leyfishafi leyfa öðrum rekstrarleyfishöfum afnot af rörum sínum og möstrum, svo og vegum sínum fyrir eðlilegt leigugjald enda eigi aðrir rekstrarleyfishafar ekki kost á að byggja upp eigin aðstöðu sem þjónar sama tilgangi.

20. gr.
Gjöld

Leyfishafi skal við útgáfu leyfis þessa greiða leyfisgjald samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 147/1996.

[Leyfishafi skal í samræmi við 9. gr. laga nr. 147/1996 greiða rekstrargjald sem nemur 0,25% af bókfærðri veltu sem leyfishafi hefur af leyfisbundinni starfsemi sinni samkvæmt leyfisbréfi þessu.][9]

Bráðabirgðagreiðslur sem greiðast á árinu 1998 miðast við veltu Pósts og síma hf. af fjarskiptarekstri á árinu 1997.

Leyfishafi skal einnig greiða önnur gjöld í samræmi við gjaldskrá Póst- og fjarskiptastofnunar.

---

[8] Breyting gerð 16. september 1998.
[9] Breyting gerð 6. nóvember 1998

21. gr.
Leyfistími

Leyfistími skal vera 10 ár frá 1. janúar 1998 að telja.

22. gr.
Framsal

Leyfið er ekki framseljanlegt. Þó skal leyfishafa heimilt að framselja hluta af leyfinu eða leyfið í heild til dótturfélaga sem eru að öllu leyti í eigu leyfishafa.

23. gr.
Afturköllun

Póst- og fjarskiptastofnun getur afturkallað leyfið ef leyfishafi stendur ekki í skilum með greiðslur gagnvart Póst- og fjarskiptastofnun, er veitt greiðslustöðvun eða verður gjaldþrota. Einnig getur Póst- og fjarskiptastofnun afturkallað leyfið ef um alvarlegt brot á ákvæðum þess er að ræða, þó ekki fyrr en leyfishafa hefur verið gefin kostur á að koma að athugasemdum sínum innan 30 daga frá tilkynningu Póst- og fjarskiptastofnunar varðandi brotið.

24. gr.
Lög

Að öðru leyti gilda um leyfi þetta lög um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 147/1996 og lög um fjarskipti nr. 143/1996.

25. gr.
Varnarþing

Varnarþing skal vera Reykjavík vegna leyfisveitingar þessarar.

II. Kafli
Nánari ákvæði um einstaka þjónustu
Talsímaþjónusta
26. gr.
Alþjónustukvaðir

Í samræmi við 4. gr. reglugerðar um alþjónustu nr. 216/1998 gilda um talsímaþjónustu leyfishafa þær alþjónustukvaðir sem fram koma í reglugerðinni.

27. gr.
Útbreiðsla talsímaþjónustu

Leyfishafi skal tryggja öllum landsmönnum talsíma, í samræmi við reglugerð um alþjónustu nr. 216/1998.

28. gr.
Skilmálar og gjaldskrár í alþjónustu

Leyfishafi skal semja og birta opinberlega þá skilmála sem gilda um fjarskiptaþjónustu hans sem heyrir undir alþjónustu. Þar skal mælt fyrir um biðtíma eftir tengingu við fjarskiptanet, eftir því sem við á, um viðgerðir eða lagfæringar ef tenging rofnar og um þjónustu leyfishafa að öðru leyti í samræmi við staðla sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.

Leyfishafa er heimilt að breyta skilmálum sínum skv. 1. mgr., enda sé slík breyting tilkynnt áskrifendum leyfishafa með hæfilegum fyrirvara. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að mæla fyrir um breytingar á skilmálum ef þeir teljast ekki í samræmi við rekstrarleyfi.

Leyfishafi skal sæta almennu eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar með gjaldskrá fyrir alþjónustu. Gjaldtaka í alþjónustu skal taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði. Gjaldskrána skal leggja fyrir Póst- og fjarskiptastofnun a.m.k. einni viku áður en hún á að taka gildi. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að mæla fyrir um hámarksverð í alþjónustu þegar sérstaklega stendur á.

Leyfishafi skal leggja fram hjá Póst- og fjarskiptastofnun eigi síðar en 1. janúar 1999 gögn er sýna fram á hver raunkostnaður við að veita alþjónustu er.

29. gr.
Almenningssímar

Leyfishafi skal starfrækja almenningssíma í samræmi við 7. gr. reglugerðar um alþjónustu nr. 216/1998. Úr almenningssímum skal vera hægt að hringja í neyðarnúmer, 112, án greiðslu, einnig skal vera hægt að hringja í upplýsingaþjónustu um símanúmer. Póst- og fjarskiptastofnun mun setja reglur um staðsetningu almenningssíma í samráði við rekstrarleyfishafa.

30. gr.
Sérþarfir

Leyfishafi skal veita fötluðum og öðrum með sérstakar þjóðfélagsþarfir sérstök kjör í samræmi við reglur sem Póst- og fjarskiptastofnun setur.

NMT 450 farsímaþjónusta

31. gr.
Umfang.

Leyfið tekur til uppsetningar og starfrækslu radíóstöðva, skiptistöðva og annars nauðsynlegs búnaðar í þeim tilgangi að veita NMT farsímaþjónustu.

32. gr.
Útbreiðsla.

Þjónustusvæði NMT farsíma skal a.m.k. vera eins og það er við útgáfu þessa leyfis. Póst- og fjarskiptastofnun getur þó veitt heimild til að leyfishafi dragi úr þjónustu enda hafi tillaga leyfishafa og rökstuðningur þar að lútandi borist með a.m.k. sex mánaða fyrirvara. Komi á leyfistímanum fram ósk leyfishafa um að leggja þjónustuna alfarið niður, skal hún berast Póst- og fjarskiptastofnun eigi síðar en tveimur árum fyrir áætluð lok þjónustunnar. Stofnunin getur frestað lokun um allt að tvö ár til viðbótar ef hagsmunir notenda þykja réttlæta slíka frestun.

33. gr.
Staðlar.

Með hliðsjón af því að staðlar fyrir NMT 450 hafa ekki verið samdir hjá ETSI (European Telecommunications Standards Institute) skulu tæknilegar breytur í NMT farsímanetinu taka mið af öðrum norrænum NMT farsímanetum.

34. gr.
Lágmarksgæðakröfur.

Frávísun símtala í þráðlausa hluta NMT farsímanetsins á annatíma skal innan skilgreinds þjónustusvæðis ekki vera hærri en nemur 5% en annars lægri.

Útfallstíðni símtala í þráðlausa hluta NMT farsímanetsins skal ekki vera hærri en 1%.

Miða skal við að sendiafl síma sé a.m.k. 10 wött. Kröfurnar gilda ekki innanhúss.

Póst- og fjarskiptastofnun getur sett reglur um skilgreiningar, mæliaðferðir og stjórnun á frávísun og útfallstíðni.

35. gr.
Höfnun á hringingum.

Leyfishafi getur hafnað hringingum til og frá NMT farsímanetinu frá farsímum sem valda truflunum á starfsemi þess. Leyfishafi getur einnig hafnað hringingum til og frá farsímum sem tilkynnt hefur verið um stuld á.

36. gr.
Neyðarhringingar.

Neyðarhringingar úr farsíma skulu afgreiddar án tillits til gjaldastöðu áskrifanda. Leyfishafi skal ekki gjaldfæra símtöl úr farsímum í viðurkennd neyðarnúmer svo sem 112.

Póst- og fjarskiptastofnun getur sett sérstakar reglur varðandi meðhöndlun neyðarhringinga.

37. gr.
Tíðnir til ráðstöfunar.

Leyfishafi skal hafa til ráðstöfunar fyrir NMT farsímanet sitt tíðnisviðin 453–457,475 og 463–467,475 MHz.

Veiti Póst- og fjarskiptastofnun leyfishafa heimild til að draga úr NMT farsímaþjónustu sinni sbr. 7. gr. þessa kafla skal hún meta hvort ástæða er til að afturkalla hluta tíðnisviðsins í a) lið. Loki leyfishafi NMT þjónustunni fellur við það niður heimild til að nota tíðnisviðið í a) lið.

GSM 900 farsímaþjónusta

38. gr.
Umfang

Leyfið tekur til uppsetningar og starfrækslu radíóstöðva, skiptistöðva og annars nauðsynlegs búnaðar í þeim tilgangi að veita GSM farsímaþjónustu.

39. gr.
Útbreiðsla

Útbreiðsla GSM þjónustu skal á leyfistímanum eigi vera lakari en hún er við útgáfu þessa leyfis nema Póst- og fjarskiptastofnun veiti heimild til annars.

40. gr.
Staðlar

Leyfisnotkun skal vera í samræmi við GSM staðla fyrir 900 MHz tíðnisviðið sem í gildi eru hverju sinni í þeirri mynd sem ETSI (European Telecommunications Standards Institute)

birtir þá. Grunnþjónusta, fjarskiptaþjónusta og aukaþjónusta sem veitt er skal vera í samræmi við viðkomandi GSM staðla.

41. gr.
Notendabúnaður

Leyfishafi skal hvorki beint né óbeint gera kröfur til notendabúnaðar sem eru frábrugðnar GSM stöðlum sbr. 16. gr. þessa kafla.

42. gr.
MoU samtökin

Leyfishafi skal vera aðili að GSM, MoU.

43. gr.
Höfnun á hringingum

Leyfishafi getur hafnað hringingum til og frá GSM netinu frá farsímum sem valda truflunum í því. Einnig getur leyfishafi hafnað hringingum til GSM netkerfisins og til og frá stolnum farsímum.

44. gr.
Lágmarksgæðakröfur

Frávísun símtala á þráðlausa hluta GSM farsímanetsins á annatíma skal ekki vera hærri en nemur 2%, en annars lægri.

Útfallstíðni símtala á þráðlausa hluta GSM farsímanetsins skal ekki vera hærri en sem nemur 1%.

Miða skal við að sendiafl síma sé a.m.k. 1 watt. Kröfurnar gilda ekki innanhúss.

Póst- og fjarskiptastofnun getur sett reglur um skilgreiningar, mæliaðferðir og stjórnun á frávísun og útfallstíðni.

45. gr.
Neyðarhringingar

Neyðarhringingar skulu afgreiddar án tillits til þess hvort notendakortið (SIM kort) er í farsímanum og án tillits til stöðu áskriftarkortsins. Leyfishafi skal ekki gjaldfæra símtöl úr farsímum í viðurkennd neyðarnúmer svo sem 112.

Póst- og fjarskiptastofnun getur sett sérstakar reglur varðandi meðhöndlun neyðarhringinga.

46. gr.
Tíðnir til ráðstöfunar

Leyfishafi skal hafa til ráðstöfunar fyrir GSM farsímanet sitt tíðnir í tíðnisviðunum 890–915 og 935–960 MHz. Við útgáfu leyfis þessa er leyfishafa heimilt að nota 2x15 MHz úr þessum tíðnisviðum þar af eru 2x3 MHz skilyrt.

Að fenginni umsókn frá leyfishafa mun Póst- og fjarskiptastofnun úthluta viðbótartíðnum á grundvelli fjölgunar notenda og radíóstöðva og hagnýtrar notkunar tíðna að því gefnu að fleiri tíðnir séu til ráðstöfunar. Við mat á þörf aukningar tíðnisviðs leyfishafa skal höfð hliðsjón af greinargerð leyfishafa um þörf og notkun í árslok 1997. Með umsókn skal sýna fram á þörfina fyrir tíðnir annaðhvort á grundvelli mældrar símaumferðar umfram þá sem ráða má við skynsamlega miðað við núverandi úthlutun eða á grundvelli ásetnings um að taka upp nýja þjónustu.

Þegar ákvörðuð er flutningsgeta farsímanetsins á hvert MHz skal tekið tillit til samsvarandi tölu í öðrum löndum.

Í því skyni að koma á laggirnar heildstæðri aðferð til mælinga á símaumferð skal Póst- og fjarskiptastofnun leggja til við GSM rekstrarleyfishafa á Íslandi áætlun um hvernig mæla megi á reglubundinn hátt Erlang álag á annatíma á afmörkuðu þjónustusvæði og hvernig nota megi umrætt gildi til að reikna út breytu fyrir tíðninýtni:

Símaumferð, mæld í Erlang, deilt með úthlutaðri bandbreidd og deilt með flatarmáli hins afmarkaða þjónustusvæðis.

GSM rekstrarleyfishafar skulu innan tveggja mánaða leggja fram samþykki sitt á aðferðinni eða athugasemdir sínar við hana. Póst- og fjarskiptastofnun tekur að því búnu ákvörðun um mælingaráætlunina sem rekstraraðilar skulu hefjast handa um innan þriggja mánaða. Mæling á nýtni úthlutaðs tíðnisviðs sem þannig er fengin skal nota til að meta umsóknir um viðbótartíðni.

Sýni mælingar og útreikningar að nýtni úthlutaðra tíðna sé verulega minni heldur en meðaltal það sem gildir fyrir aðra rekstrarleyfishafa GSM farsímaneta getur Póst- og fjarskiptastofnun breytt tíðniúthlutun og afturkallað hluta tíðnisviðsins. Leyfishafi skal hafa sex mánaða frest áður en afturköllunin verður virk. Í sex mánuði til viðbótar skal Póst- og fjarskiptastofnun halda afturkölluðum tíðnum til haga, ef svo kynni að fara að leyfishafi sýni fram á endurnýjaða þörf á mælikvarða tíðninýtnibreytunnar.

Rekstrarleyfishafar GSM farsímaneta á Íslandi geta að fengnu samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar skipst á úthlutuðum tíðnum.

Póst- og fjarskiptastofnun getur mælt fyrir um breytingar á tæknieiginleikum sem tengjast tíðniúthlutun, þ.m.t. staðsetningu loftneta, í því skyni að efla hagkvæmni í tíðninotkun eða til þess að draga úr truflanavanda. Leitast skal við að halda í lágmarki kostnaði vegna slíkra breytinga.

Leyfishafi skal fyrir eigin reikning hlíta fyrirmælum Póst- og fjarskiptastofnunar um að bæta úr innri og ytri truflanavanda sem hlýst af rekstri GSM farsímanetsins.

DCS 1800 farsímaþjónusta

47. gr.
Umfang

Leyfið tekur til uppsetningar og starfrækslu radíóstöðva, skiptistöðva og annars nauðsynlegs búnaðar í þeim tilgangi að veita DCS 1800 farsímaþjónustu.

48. gr.
Útbreiðsla

Leyfishafi skal tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun jafnóðum til hvaða svæða DCS 1800 farsímaþjónusta hans nær.

49. gr.
Staðlar

Leyfisnotkun skal vera í samræmi við GSM staðla sem í gildi eru hverju sinni í þeirri mynd sem ETSI (European Telecommunications Standards Institute) birtir þá. Verði um að ræða sérákvæði fyrir 1800 MHz skulu þau gilda fyrir DCS 1800 farsímann.

50. gr.
Notendabúnaður

Leyfishafi skal ekki beint eða óbeint gera kröfur til notendabúnaðar sem eru frábrugðnar GSM stöðlum sbr. 25. gr. í kafla þessum.

51. gr.
Höfnun á hringingum

Leyfishafi getur hafnað hringingum til og frá DCS 1800 netinu frá farsímum sem valda truflunum í því. Einnig getur leyfishafi hafnað hringingum til DCS 1800 netsins og til og frá stolnum farsímum.

52. gr.
Lágmarksgæðakröfur

Frávísun símtala á þráðlausa hluta DCS 1800 farsímanetsins á annatíma skal ekki vera hærri en nemur 2%, en annars lægri.

Útfallstíðni símtala á þráðlausa hluta DCS 1800 farsímanetsins skal ekki vera hærri en sem nemur 1%.

Miða skal við að sendiafl síma sé a.m.k. 1 watt. Kröfurnar gilda ekki innanhúss.

Póst- og fjarskiptastofnun getur sett reglur um skilgreiningar, mæliaðferðir og stjórnun á frávísun og útfallstíðni.

53. gr.
Neyðarhringingar

Neyðarhringingar skulu afgreiddar án tillits til þess hvort notendakortið (SIM kort) er í farsímanum og án tillits til stöðu áskriftarkortsins. Leyfishafi skal ekki gjaldfæra símtöl úr farsímum í viðurkennd neyðarnúmer svo sem 112.

Póst- og fjarskiptastofnun getur sett sérstakar reglur varðandi meðhöndlun neyðarhringinga.

54. gr.
Tíðnir

Leyfishafi skal hafa til ráðstöfunar fyrir DCS 1800 farsímanet sitt tíðnir í tíðnisviðunum 1.710,2–1.712 og 1.716,2–1.718 MHz ásamt móttíðnum 1.805,2–1.807 og 1.811,2–1.813 MHz.

Að fenginni umsókn frá leyfishafa mun Póst- og fjarskiptastofnun úthluta viðbótartíðnum á grundvelli fjölgunar notenda og radíóstöðva og hagnýtrar notkunar tíðna að því gefnu að fleiri tíðnir séu til ráðstöfunar. Við mat á þörf aukningar tíðnisviðs leyfishafa skal höfð hliðsjón af greinargerð leyfishafa um þörf og notkun sem hann skal senda Póst- og fjarskiptastofnun eigi síðar en 6 mánuðum eftir að opnuð hefur verið DCS 1800 farsímaþjónusta. Með umsókn skal sýna fram á þörfina fyrir tíðnir annaðhvort á grundvelli mældrar símaumferðar umfram þá sem ráða má við skynsamlega miðað við núverandi úthlutun eða á grundvelli ásetnings um að taka upp nýja þjónustu.

Þegar ákvörðuð er flutningsgeta farsímanetsins á hvert MHz skal tekið tillit til samsvarandi tölu í öðrum löndum.

Í því skyni að koma á laggirnar heildstæðri aðferð til mælinga á símaumferð skal Póst- og fjarskiptastofnun leggja til við DCS 1800 rekstrarleyfishafa á Íslandi áætlun um hvernig

mæla megi á reglubundinn hátt Erlang álag á annatíma á afmörkuðu þjónustusvæði og hvernig megi umrætt gildi til að reikna út breytu fyrir tíðninýtni:

Símaumferð, mæld í Erlang, deilt með úthlutaðri bandbreidd og deilt með flatarmáli hins afmarkaða þjónustusvæðis.

DCS 1800 rekstrarleyfishafar skulu innan tveggja mánaða leggja fram samþykki sitt á aðferðinni eða athugasemdir sínar við hana. Póst- og fjarskiptastofnun tekur að því búnu ákvörðun um mælingaráætlunina sem rekstraraðilar skulu hefjast handa um innan þriggja mánaða. Mæling á nýtni úthlutaðs tíðnisviðs sem þannig er fengin skal nota til að meta umsóknir um viðbótartíðni.

Sýni mælingar og útreikningar að nýtni úthlutaðra tíðna sé verulega minni heldur en meðaltal það sem gildir fyrir aðra rekstrarleyfishafa DCS 1800 farsímaneta getur Póst- og fjarskiptastofnun breytt tíðniúthlutun og afturkallað hluta tíðnisviðsins. Leyfishafi skal hafa sex mánaða frest áður en afturköllunin verður virk. Í sex mánuði til viðbótar skal Póst- og fjarskiptastofnun halda afturkölluðum tíðnum til haga, ef svo kynni að fara að leyfishafi sýni fram á endurnýjaða þörf á mælikvarða breytunnar fyrir tíðninýtni.

Rekstrarleyfishafar DCS 1800 farsímaneta á Íslandi geta að fengnu samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar skipst á úthlutuðum tíðnum.

Póst- og fjarskiptastofnun getur mælt fyrir um breytingar á tæknieiginleikum sem tengjast tíðniúthlutun, þ.m.t. staðsetningu loftneta, í því skyni að efla hagkvæmni í tíðninotkun eða til þess að draga úr truflanavanda. Leitast skal við að halda í lágmarki kostnaði vegna slíkra breytinga.

Leyfishafi skal fyrir eigin reikning hlíta fyrirmælum Póst- og fjarskiptastofnunar um að bæta úr innri og ytri truflanavanda sem hlýst af rekstri DCS 1800 farsímanetsins.

Hafi þjónusta í DCS 1800 farsímanetinu ekki hafist 1. október 1998 fellur niður heimild til notkun tíðna sbr. a) lið þessarar greinar. Leyfishafi getur hvenær sem er sótt um endurúthlutun. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að ákveða að slík endurúthlutun eigi sér ekki stað nema að undangenginni auglýsingu eftir umsóknum um tíðniúthlutun eða útboð á tíðnunum.

III. Kafli
Leigulínur
55. gr.
Umfang.

Leyfishafi skal bjóða til leigu að lágmarki línur í samræmi við viðauka II við tilskipun EEA nr. 92/44/EBE. Að auki skal leyfishafi leitast við að hafa á boðstólum leigulínur í samræmi við viðauka III í fyrrnefndri tilskipun eins og fram kemur í viðauka II við tilskipun EEA nr. 97/51/EC.

56. gr.
Leigulínugjöld.

Gjöld fyrir leigulínur skulu fylgja grunnreglum um kostnað og gegnsæi í samræmi við eftirfarandi:

a) Gjaldskrá leyfishafa fyrir leigulínur skal vera óháð þeirri notkun sem notendur línanna hafa af þeim.
b) Leyfishafi skal gæta jafnræðis, þegar línur eru leigðar. Sömu skilmálar skulu gilda við sams konar aðstæður fyrir leiguhafa sem veita sams konar þjónustu. Leyfishafi skal

leigja öðrum línur með sömu skilmálum og með sömu gæðum eins og hann notar fyrir eigin þjónustu eða býður dótturfyrirtækjum eða samstarfsaðilum.

c) Taxtar fyrir leigulínur mega skiptast í uppsetningargjald og fast leigugjald fyrir ákveðið tímabil. Þegar aðrar taxtaeiningar eru notaðar skulu þær vera gegnsæjar og byggðar á hlutlægum viðmiðunum.

d) Þegar um er að ræða leigulínur sem fleiri en einn rekstraraðili býður fram er heimilt að nota taxta fyrir hálfrásir, þ.e. frá öðrum nettengipunkti að miðrásarpunkti.

e) Óski leyfishafi eftir að víkja frá auglýstum taxta og skilmálum, skal hann sækja um heimild Póst- og fjarskiptastofnunar nema um sé að ræða tilrauna- og rannsóknaverkefni sem er á hans vegum eða í samvinnu við aðra.

57. gr.

Tenging leigulína við almenn fjarskiptanet.

Leyfishafi skal ekki beita takmörkunum á samtengingu leigulína eða tengingu leigulínu við almenn fjarskiptanet.

58. gr.

Tenging notendabúnaðar.

Leyfishafi skal ekki setja önnur skilyrði fyrir tengingu notendabúnaðar við leigulínu en að hann sé í samræmi við skilyrði um gerðarsamþykki sem gilda um tengingu hans við nettengipunkt viðeigandi leigulínu samkvæmt tilmælum EEA 91/263/EBE eða 93/97/EBE. Ef notendabúnaður uppfyllir ekki eða uppfyllir ekki lengur þessi skilyrði er leyfishafa heimilt að aftengja leigulínuna þangað til að búið er að aftengja notendabúnaðinn. Leiguhafa skal þegar í stað tilkynnt um aftenginguna.

59. gr.

Grunnkröfutakmarkanir.

Leyfishafa er einungis heimilt að takmarka aðgang að og notkun á leigulínum á grundvelli grunnkrafna er varða rekstraröryggi fjarskiptanetsins í neyðartilfellum, samstæði þess og í rökstuddum tilvikum rekstrarsamhæfni þjónustukerfa og verndun gagna.

60. gr.

Kostnaðarbókhald.

Leyfishafi skal eigi síðar en 31. desember 1998 móta og taka í notkun kostnaðarbókhald til þess að hægt sé að ná fram markmiðum 2. gr. í þessum kafla

Kostnaðarbókhaldið skal byggt á eftirfarandi:

1. Kostnaður við leigulínur skal m.a. fela í sér beinan útlagðan kostnað leyfishafa vegna uppsetningar, reksturs og viðhalds leigulína ásamt markaðssetningu og reikningsútskrift í tengslum við leigulínur.
2. Sameiginlegur kostnaður, þ.e. kostnaður sem hvorki er hægt að færa beint á leigulínur né á aðra starfsemi og skal honum skipt sem hér segir:
   a. þar sem hægt er skal sameiginlegum kostnaði skipt á grundvelli greiningar á uppruna hans.
   b. þegar slíkri beinni greiningu verður ekki komið við, skal sameiginlegum kostnaði skipt eins og öðrum sambærilegum kostnaði er skipt þar sem bein heimfærsla er möguleg. Þetta gildir þegar um sambærilega kostnaðarsamsetningu er að ræða.

c. þegar hvorki er hægt að koma við beinni eða óbeinni kostnaðarskiptingu skal kostnaðinum skipt í því hlutfalli sem beinn kostnaður skiptist milli umræddrar þjónustu annars vegar og annarrar þjónustutegundar hins vegar.

61. gr.
Upplýsingaskylda.

Leyfishafi skal birta, eigi síðar en 31. desember 1998, opinberlega skilmála fyrir leigulínur í samræmi við viðauka I við EEA tilskipun 92/44/EBE. Að lágmarki skulu birtar eftirfarandi upplýsingar um afgreiðsluskilmála:

- upplýsingar um pöntunaraðferð
- upplýsingar um dæmigerðan afgreiðslufrest frá þeim degi að umsækjandi leggur fram pöntun þangað til að 95% allra leigulína af sömu gerð hafa verið settar upp hjá notendum
- upplýsingar um samningstíma
- upplýsingar um dæmigerðan viðgerðartíma
- upplýsingar varðandi reglur um endurgreiðslu.

Póst- og fjarskiptastofnun, 30. júlí 1998

Gústav Arnar

Bergur Hauksson

7.3. Bréf samgönguráðherra til framkvæmdanefndar um einkavæðingu.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu
Arnarhvoli
150 Reykjavík

SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ
[illegible]
sími: 560 9630, bréfsími: 562 1702,
netfang: [illegible]
veffang: http://www.[illegible]

Tilvísun
99090092/721
Dags.
23. febrúar 2000
R11/--

Hinn 22. febrúar 2000 kynnti samgönguráðherra fyrir ríkisstjórn minnisblað um undirbúning að sölu hlutafjár í Landssíma Íslands hf. Í minnisblaðinu er vitnað til ákvæðis stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að á kjörtímabilinu verði hafinn undirbúningur að sölu Landssíma Íslands hf.

Í samræmi við stefnuyfirlýsinguna er framkvæmdanefnd um einkavæðingu hér með falið að gera tillögu um hvernig standa skuli að sölu hlutafjár í Landssíma Íslands hf. Ráðuneytisstjóri samgönguráðuneytisins, aðstoðarmaður samgönguráðherra og stjórnarformaður Landssíma Íslands hf. verða tengiliðir samgönguráðherra við nefndina.

Lögð er áhersla á að nefndin skoði eftirfarandi:
1. Að tryggja starfsfólki kauprétt á hlutafé í fyrirtækinu með hliðsjón af sambærilegum tilvikum við sölu annarra ríkisfyrirtækja.
2. Að ákveðinn hluti verði seldur í almennri dreifðri sölu og þá sérstaklega símnotendum.
3. Að kanna kosti og galla þess að selja umtalsverðan hlut í fyrirtækinu til eins aðila.
4. Að meta hagkvæmni þeirra hugmynda sem fram hafa komið um að skilja að einstaka þætti í starfsemi fyrirtækisins, svo sem hið almenna fjarskiptanet.

Þegar tillögur nefndarinnar liggja fyrir verður málið lagt fyrir ráðherranefnd um einkavæðingu.

Sturla Böðvarsson

7.4. Fréttatilkynning Landssíma Íslands hf. vegna breytinga á gjaldskrá í september 2000

Gagnaflutningsþjónusta Símans: Stórfelld lækkun og aukin þjónusta um allt land

Síminn kynnir í dag aðgerðir til að mæta þörfum landsbyggðarinnar fyrir þjónustu á sviði gagnaflutninga og ná fram markmiðum um stóreflda gagnaflutningsþjónustu við almenning og atvinnulíf í landinu. Í áætlunum fyrirtækisins felast stórfelld verðlækkun og aukin þjónusta um allt land. Helztu ákvarðanirnar, sem um ræðir, eru þessar:

- Frá og með 1. september sl. tekur gildi ný verðskrá fyrir leigulínur í stofnlínukerfi Símans, sem hefur í för með sér 10–60% verðlækkun. Mest er lækkunin á bandbreiðari samböndum; þannig lækka 45 Mb/s línur um allt að 60% og 155 Mb/s línur um allt að 40%.
- Síminn býður nýjan þjónustuflokk á ljósleiðarakerfi sínu, svokallaða landsbyggðarbrú, sem hugsaður er fyrir fjarskiptafyrirtæki sem vilja veita þjónustu úti um allt land. Veittur er sérstakur 25% afsláttur frá nýju leigulínuverðskránni til fyrirtækja, sem leigja 155 Mb/s sambönd um lengri veg en 1.800 km, 15% afsláttur af 45 Mb/s samböndum um lengri veg en 1.800 km og 10% aukaafsláttur af afkastaminni línum á dreifbýlustu landsvæðunum. Með þessu er stuðlað að hagkvæmari nýtingu fjarskiptakerfisins, ýtt undir endursölumarkað fyrir gagnaflutningsþjónustu og stuðlað að samkeppni í fjarskiptum um allt land.
- Frá og með 1. október nk. tekur gildi ný verðskrá ATM-netsins, byggð á áðurnefndri verðlækkun stofnlínuhlutans. Með henni verður bylting í aðgangi fyrirtækja og stofnana um allt land að háhraðagagnaflutningsþjónustu. Síminn mun bjóða 2 Mb/s ATM- eða Frame Relay-tengingar í öllum þéttbýlisstöðum með fleiri en 150 íbúa fyrir sama verð um allt land, rúmlega 32.000 kr. á mánuði innan ATM-svæðis og rúmlega 48.000 kr. utan svæðis. Í mörgum tilfellum hefur þetta í för með sér yfir 70% lækkun á þeim kostnaði, sem fyrirtæki á landsbyggðinni hafa af tengingu til Reykjavíkur.
- Síminn skuldbindur sig til fimm ára til að tryggja viðskiptavinum á öllum þéttbýlisstöðum með fleiri en 150 íbúa aðgang að 2 Mb/s samböndum yfir ATM-netið eða sambærilegri þjónustu á verði, sem sé það sama innan hvers svæðis en aukakostnaður við tengingar út fyrir svæði verði ekki umfram kr. 17.000 á mánuði.
- Síminn mun bjóða háhraða gagnaflutningsþjónustu fyrir fyrirtæki og einstaklinga, svokallaða ADSL-tengingu, á öllum stærri þéttbýlisstöðum og munu 75–80% landsmanna eiga kost á þeirri þjónustu innan tveggja ára. ADSL-þjónusta verður komin í gagnið á Akureyri fyrir árslok.
- Síminn mun jafnframt styðja sérstaklega við upphafsskref í rekstri fyrirtækja sem hyggjast byggja upp þjónustu sem grundvallast á hagkvæmri nýtingu fjarskiptakerfanna.
- ISDN-þjónusta mun standa öllum landsmönnum til boða innan tveggja ára.

Reykjavík, 7. september 2000

7.5. Yfirlit yfir eignarhald ríkisins í nokkrum símafyrirtækjum í desember 2000

		Eignarhald %	
Land	**Félag**	**Ríki**	**Aðrir**
Austurríki	Telekom Austria AG	47,8%	52,2%
Belgía	Belgacom	50%+1 hlutabréf	50% - 1 hlutabréf
Danmörk	TeleDanmark	0%	100%
Finnland	Sonera Ltd.	52,9%	47,1%
Frakkland	France Telecom	65%	35%
Þýskaland	Deutsche Telekom AG	43%	57%
Grikkland	OTE	51%	49%
Ítalía	Telecom Italia	5%	95%
Holland	KPN Telecom NV	34,7%	65,3%
Noregur	Telenor	79%	21%
Portúgal	Telecom Portugal	10,5%	89,5
Svíþjóð	Telia	70,6%	29,4%
Bretland	BT Cable & Wireless Kingston Telecom Cable Telephony	0%	100%
Sviss	Swisscom	65,5%	34,5%
Spánn	Telefonica	0	100%
Eistland	ETL	27,3	72,7%
Lettland	Lattelekom	51%	49%
Litháen	Lietuvos Telekomas	35%	65%
Búlgaría	BTC	49%	51%
Kýpur	Cyprus telecommunications	100%	0%
	Authority		
Malta	Maltacom	60%	40%
Pólland	Telekomukacja Polska	85%	15%
Rúmenía	Rom Telecom	65%	35%
Slóvakía	Slovak Telecom	49%	51%
Tékkland	Czech Telecom	51%	49%
Tyrkland	Turk Telekomunikasyon	100%	0%
Ungverjaland	Matav	0%	100%

7.6. Listi yfir nokkrar skammstafanir í skýrslunni[10]

Skammstöfun	Enskt heiti	Íslenskt heiti
ADSL	Asymmetric digital subscriber loop	Ósamhverf stafræn heimtaug
ATM	Asynchronous transfer mode	Ósamfasa flutningsháttur
BWA	Broadband Wireless Access	Þráðlaus breiðbandsnotendalína
Coax	Coaxial cable	Sammiðjustrengur
DECT	Digital European Cordless Telecommunications	Stafræn þráðlaus fjarskipti samkvæmt Evrópustaðli
DSL	Digital Subscriber Loop	Stafræn heimtaug
FWA	Fixed wireless access	Þráðlaus föst notendalína
Gb	Gigabyte	Gígabæti
GHz	Gigaherz	Gígaherz
GPRS	General Packet Radio Service	Almenn þráðlaus pakkasending
GSM	Global System for Mobile communications	Alheimskerfi fyrir farsímafjarskipti
ICAO	International Civil Aviation Organization	Alþjóðaflugmálastofnunin
IDN	integrated digital network	Heildað stafrænt net
IP-protocol	Internet-protocol	Samskiptareglur internetsins
ISDN	integrated services digital network (ISDN)	Samnet
Kb/s	Kilobits /second	Kílóbitar/sekúndu
KHZ	Kilohertz	Kílóherz
LMDS	Local Multipoint Distribution Services	Staðbundið fjölvarp
LRIC	Long Run Incremental Costing	Langtíma stighækkandi kostnaðarreikningur
Mb/s	Megabits /second	Megabitar/sekúndu
MHz	Megaherz	Megaherz
MMDS	Multichannel Multipoint Distribution Service	Margrása fjölvarpsþjónusta
NATO	North Atlantic Treaty Organisation	Norður Atlanshafsbandalagið
NMT	Nordic automatic Mobile Telephone system	Norræna sjálfvirka farsímakerfið
ONP	Open Network Provision	Opinn aðgangur að netum
SDH	Syncronous digital hierarchy	Stafrænt samfasa stigveldi
SDSL	Symmetric digital Subscriber loop	Samhverf stafræn heimtaug
SMS	Short Message System	Stutt skilaboða kerfi
UMTS	Universal Mobile Telecommunications System	Alheims farþjónustu fjarskiptakerfi
VDSL	Very high speed digital subscriber loop	Háhraða stafræn heimtaug
WAP	Wireless Application Protocol	Samskiptareglur fyrir þráðlausa forritanotkun
WDM	Wave division multiplexing	Bylgjulengdarfjölrásun
WLL	Wireless local loop	Þráðlaus heimtaug

[10] Sjá nánari skilgreiningar m.a. á *http://www.worldcom.com/tools-resources/communications_library/index.phtml* og *http://webopedia.internet.com*

Fylgiskjal II.

Samkomulag samgönguráðherra og Landssíma Íslands hf.
(16. mars 2001.)

Í tilefni af fyrirhugaðri ráðstöfun hluta í Landssíma Íslands hf. og að teknu tilliti til markmiða ríkisins varðandi uppbyggingu fjarskiptakerfa, gera samgönguráðherra og Landssími Íslands hf. með sér svofellt

SAMKOMULAG

1. gr.

Landssími Íslands hf. skuldbindur sig til þess, innan fimm ára frá undirritun samkomulags þessa, að tryggja 2Mb/s gagnaflutningsþjónustu yfir ATM net fyrirtækisins, eða með öðrum jafngildum hætti, í öllum þéttbýliskjörnum með 150 íbúa eða fleiri, svo og á helstu skólasetrum. Verð skal vera það sama um allt land fyrir tengingu innan sama svæðis. Kostnaðarauki við tengingu milli svæða skal ekki verða umfram kr. 17.000 og skal sú fjárhæð ekki hækka umfram það sem leiða kann af almennum verðbreytingum á gagnaflutningsþjónustu á tímabilinu.

2. gr.

Um forsendur og nánari framkvæmd skuldbindingar skv. 1. gr. vísast til greinargerðar um gagnaflutningsþjónustu Landssíma Íslands hf., dags. 5. september 2000, sem telst vera fylgiskjal með samkomulagi þessu.

3. gr.

Um áform Landssíma Íslands hf. um uppbyggingu á svonefndri ADSL þjónustu í öllum stærri þéttbýliskjörnum, þannig að á næstu tveimur árum nái framangreind þjónusta, eða önnur jafngild þjónusta, til 75–80% þjóðarinnar, vísast til framangreindrar greinargerðar um gagnaflutningsþjónustu, sbr. 2. gr.

4. gr.

Samkomulag þetta er í samræmi við samþykkt 47. fundar stjórnar Landssíma Íslands hf., frá 5. september 2000.

5. gr.

Öllu framangreindu til staðfestu rita aðilar nöfn sín hér undir.

Gjört í Reykjavík, 2001

samgönguráðherra f.h. stjórnar Landssíma Íslands hf.

Fskj.:

Greinargerð um gagnaflutningsþjónustu Landssíma Íslands hf., dags. 5. sept. 2000

Á aðalfundi Landssíma Íslands hf. í maí síðastliðnum óskaði samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson, eftir því að Síminn leitaði leiða til að bæta gagnaflutningsþjónustu á langleiðum. Markmiðið væri auka möguleika einstaklinga og fyrirtækja utan þéttbýlissvæðanna við Faxaflóa til að nýta þau tækifæri sem felast í upplýsingasamfélaginu enda standi kostnaður þá ekki í vegi slíkrar þróunar. Í framhaldi af þessum tilmælum hefur Landssíminn unnið að áætlun um það hvernig best megi ná þessum markmiðum.

Skv. íslenskri fjarskiptalöggjöf og reglum hins Evrópska efnahagssvæðis ber Símanum að byggja verðskrár fjarskiptaþjónustu á raunverulegum tilkostnaði og er óheimilt að láta eina þjónustugrein greiða niður kostnað annarrar. Þessum reglum er ætlað að tryggja eðlilegt samkeppnisumhverfi og á þessum grundvelli er verð á fjarskiptaþjónustu Landssímans ákveðið.

Undirstaða í verðmyndun á fjarskiptaþjónustu er kostnaður við stofnlínukerfi Landssímans og nýting þessa sama kerfis en þessir tveir þættir eru ákvarðandi um verð á leigulínum í stofn- og notendalínukerfum Símans. Ný verðskrá fyrir þessa þjónustu tók gildi 1. nóvember sl. en hún fól í sér verulega lækkun á gjöldum fyrir leigulínur. Frá þeim tíma hefur enn orðið mikill vöxtur í fjarskiptaþjónustu, sem leitt hefur til bættrar nýtingar á stofnlínukerfinu. Þessu fylgir bætt afkoma þrátt fyrir verulega lækkun á einingaverði í leigulínugjaldskrá sl. haust. Sú lækkun er raunar talin ein skýringin á því hversu mjög umferð hefur aukist í fjarskiptakerfunum, en sú breyting gefur nú enn færi á frekari lækkun. Landssímanum ber sem fyrr segir að miða verðlagningu á leigulínum við kostnaðarverð og eðlilega arðsemi, þannig að bættur rekstrarárangur á þessu sviði leiðir til lækkunar á einingaverði. Ný gjaldskrá, sem endurspeglar þessar aðstæður, tekur gildi frá 1. september 2000. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir þessum breytingum og þeim ákvörðunum sem Síminn hefur tekið til að ná fram markmiðum um stóreflda gagnaflutningsþjónustu við almenning og atvinnulíf í landinu.

ISDN þjóni öllum landsmönnum

Þegar rætt er um not einstaklinga af gagnaflutningsþjónustu er oftast vísað til aðgangs að Internetinu eða tölvupóstþjónustu. Langalgengast er að einstaklingar nýti sér lághraða upphringisambönd yfir almenna símkerfið í þessu skyni. 56 kb/s. upphringisambönd eru hins vegar hægvirk og henta illa fyrir mikil gagnasambönd eða fjarvinnslu. Verðlagningin tekur ekki mið af fjarlægðum en er hins vegar háð notkunartíma. Vaxandi eftirspurn hefur verið eftir bandbreiðari samböndum og hafa svonefndar ISDN-tengingar orðið vinsælar, enda er þá val um tvær talrásir sem samtals gefa færi á 128 kb/s. flutninghraða. Sama verð er um allt land, en þjónustan var framan af aðeins fáanleg í stærri bæjum, þótt nú hafi orðið grundvallarbreyting þar á.

Síminn hefur áður lagt drög að því að mæta vaxandi þörf almennings fyrir bandbreið sambönd með mismunandi hætti eftir því sem tækni og markaðsaðstæður gera mögulegt. Þannig liggur fyrir að Síminn mun á næstu tveimur árum ljúka við að fullnægja kröfum fjarskiptalöggjafarinnar um að bjóða ISDN-tengingar sem alþjónustu, á sama verði um allt land.

Þannig eiga nú þegar um 98% landsmanna kost á tengingum um ISDN og þeim fækkar hratt sem vegna fjarlægðar frá símstöð eiga enn ekki kost á slíkum tengingum. Takmarkandi þáttur við þessa þjónustu er lengd notendalínu frá símstöð en hún má ekki vera umfram 5 km

til að þjónustan sé möguleg. Því þarf að fjölga litlum símstöðvum, svonefndum útstöðvum, í dreifðustu byggðunum og verður það sem fyrr segir gert næstu 2 ár.

ADSL-þjónusta á stærri þéttbýlisstöðum

Á höfuðborgarsvæðinu hefur frá því á 1. fjórðungi þessa árs verið boðin bandbreið þjónusta með sítengingu, svonefnd ADSL-þjónusta. Þetta er hreint gagnaflutningskerfi sem nýtir koparlínurnar sem liggja inn í öll heimili og fyrirtæki og getur í núverandi formi boðið upp á allt að 1,5 Mb/s samband. Sama lína þjónar þá samtímis þessu gagnasambandi og venjulegu talsímahlutverki, þannig að tölvuvinnsla teppir ekki símann. Þessi þjónusta er tæknilega háþróuð en viðkvæm fyrir röskun og hámarkslengd notendalínu frá símstöð er 4–5 km. Nokkrir byrjunarörðugleikar hrjáðu þessa þjónustu, þótt nú sé talið að fyrir þá hafi verið komist. Höfuðkosturinn er að netsamband er alltaf opið og gjaldtaka er óháð notkunartíma eða fjarlægð.

Bandbreið sítenging yfir ADSL hefur fram til þessa aðeins verið í boði á höfuðborgarsvæðinu, m.a. sökum þess að hún hefur kallað á mikla vinnu sérhæfðra tæknimanna. Nú hefur hins vegar verið tekin ákvörðun um að bjóða hana einnig á Akureyri fyrir áramót og stefnt er að því að bjóða hana á 7–9 stærstu þéttbýlisstöðum landsins á næstu misserum. Eftirspurn mun ráða nokkru um það hversu hratt þessi þjónusta verður byggð upp úti um land. Síminn mun leggja áherslu á að bjóða a.m.k. 512 kb/s. flutningshraða gegn föstu gjaldi og á sama verði alls staðar þar sem þessi þjónusta verður í boði. Sú ákvörðun byggist á þeim ákvörðunum um uppbyggingu og eflingu svonefnds ATM-nets um land allt sem kynnt er hér á eftir, en ATM er burðarnet ADSL-þjónustunnar. Þess er vænst að þessi þjónusta nái til a.m.k. 75–80% landsmanna innan tveggja ára. ADSL er eiginleg breiðbandsþjónusta, sem öðlast hefur miklar vinsældir síðustu mánuði bæði austan hafs og vestan og væntir Síminn þess að hún fái mjög aukið vægi í fastlínuþjónustu fyrirtækisins á næstu árum. Þjónustan hentar bæði einstaklingum og minni fyrirtækjum og verður sem fyrr segir alls staðar boðin á sama verði.

Gagnatengingar og margmiðlun um breiðbandið

Breiðbandskerfi Símans samanstendur af ljósleiðaralögnum í götuskápa en svonefndum kóaxstrengjum úr skápunum og heim í hvert hús um sig. Þessir strengir eru lagðir samhliða venjulegum koparstrengjum sem ætlað er að bera símaumferð og eftir atvikum þau gagnasambönd sem falla betur að eðli koparþráðarins. Kerfið hefur til þessa fyrst og fremst verið nýtt til sjónvarpsdreifingar en í sumar hafa staðið yfir tilraunir með háhraða gagnatengingar yfir breiðbandið og lofa þær mjög góðu. Að því er stefnt að bjóða gagnvirka breiðbandsþjónustu yfir þetta net á allra næstu mánuðum.

Breiðbandskerfið er þegar aðgengilegt um 33 þúsund íbúðum á höfuðborgarsvæðinu og jafnframt er lagning breiðbands hafin á sjö stöðum úti á landi, þ.e. Húsavík, Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi, Reykjanesbæ, Stykkishólmi og Ísafirði. Þess er vænst að áhersla á sjónvarpsdreifingu um þetta kerfi muni fara vaxandi á næstu mánuðum og misserum. Til að kerfið nýtist úti um land sem skyldi til dreifingar á fjölda sjónvarpsrása þarf þó að koma upp búnaði til að flytja sjónvarpsmerki á stafrænu formi um lengri leiðir því að án þess eru ekki kostnaðarlegar forsendur til að nýta ljósleiðarahringinn til slíkrar dreifingar.

Aðgangur að grunnneti lækkar stórlega í verði

Mikil áhersla hefur verið lögð á að auðvelda samkeppni í fjarskiptaþjónustu og kemur aðgangur að grunnneti Símans sterkt inn í þá mynd, en fyrirtækið hefur byggt upp ljósleiðara-

kerfi með mikla flutningsgetu um allt land. Höfuðatriðið er að öll fjarskiptafyrirtæki, þ.m.t. hinar ýmsu deildir Landssímans, verða að kaupa aðgang að leigulínum á nákvæmlega sama verði. Tækniþróun hefur hin síðari árin gert það stöðugt ódýrara að magna upp flutningsgetu ljósleiðaranna í stofnlínukerfinu. Viðbót í bandbreidd verður því tiltölulega ódýr.

Ný verðskrá fjarskiptanetsins fyrir leigulínur endurspeglar þessa staðreynd þar sem nú er miðað við að 45 Mb/s samband kosti sem svarar sjöföldu verði fyrir 2 Mb/s en þetta hlutfall hefur verið 14 fram til þessa. Þetta leiðir eitt og sér til 50% lækkunar á 45 Mb/s samböndum. Með sama hætti verður verð á 155 Mb/s sambandi aðeins fimmtánfalt leiguverð fyrir 2 Mb/s en þetta margfeldi hefur verið 21 fram til þessa og verður lækkunin á þessum samböndum því tæplega 30% af þessum ástæðum einum. Þessi breyting auðveldar minni fyrirtækjum í fjarskiptaþjónustu að leigja bandbreið sambönd og endurselja með árangursríkari hætti á smásölumarkaði.

Þegar saman er vegin almenn lækkun sem verður á gjaldskrá á lengri leiðum og þessi sérstaka lækkun á bandbreiðari samböndum sést að t.d. 45 Mb/s samband milli Reykjavíkur og Akureyrar lækkar um nær 60% frá gildandi gjaldskrá. Er þessum breytingum ætlað að stuðla að frekari nýtingu flutningsgetu stofnlínukerfisins og jafnframt að styðja við þá pólitísku stefnumörkun að auðvelda smærri fyrirtækjum samkeppni á smásölumarkaði.

Landsbyggðarbrú – ný þjónusta stofnlínukerfisins

Síminn hefur ennfremur ákveðið að bjóða nýjan þjónustuflokk á stofnlínukerfinu sem sérstaklega er ætlað að stuðla að aukinni og hagkvæmari fjarskiptaþjónustu úti um land. Fyrir liggur að í stofnlínukerfinu, á ljósleiðarahringnum, er ónýtt afkastageta sem mikilvægt er að nýta eftir því sem tök eru á. Verðskrár fyrirtækisins hafa ekki sérstaklega hvatt til þess að fjarskiptafyrirtæki taki á leigu bandbreið sambönd um allt land heldur hefur aðgangurinn að stofnlínum verið verðlagður í beinu hlutfalli við fjarlægðir milli þeirra staða sem fjarskiptafyrirtæki hafa viljað tengja. Enginn eiginlegur magnafsláttur hefur verið veittur til að hvetja fyrirtækin til að taka víðfeðmari sambönd til að bjóða þjónustu sem víðast um landið.

Í ljósi áðurgreindra markmiða um bættan aðgang að gagnaflutningsþjónustu um land allt hefur stofnlínuhluti Símans ákveðið að bjóða fram nýjan gjaldflokk, afsláttargjald ef leigð eru mjög víðfeðm sambönd, 1.800 km eða meira og veitist þá ennfremur afsláttur af tengingum inn á þetta samband. Þessi afsláttarkjör eiga að auðvelda þjónustuaðilum í fjarskiptum að bjóða þjónustu á lægra verði um land allt en jafnframt stuðla að bættri nýtingu ljósleiðarakerfisins. Til aðgreiningar hefur þessum sérstaka gjaldflokki verið valið heitið „landsbyggðarbrú“.

Til að hvetja enn frekar til þjónustu við fjarlægari staði og ennfremur til að örva nýtingu á vannýttum leiðum í fjarskiptakerfinu hefur verið ákveðið að veita sérstakan viðbótarafslátt af tengingum á sérlega dreifbýlum svæðum þar sem nýting hinnar miklu flutningsgetu fjarskiptakerfis Símans er léleg. Þessi afsláttur verður 10% og kemur þá til viðbótar þeim magnafslætti sem felst í kaupum á „landsbyggðarbrúnni“. Árétta verður að þessi afsláttur miðar að bættri nýtingu á núverandi burðargetu í fjarskiptakerfinu og gildir ekki ef kosta þarf nýframkvæmdir til að mæta flutningsþörf. Þess er fastlega vænst að þessi sérstaki gjaldflokkur örvi fjarskiptaþjónustu og nýtingu upplýsingatækninnar um land allt. Nánari skilmálar eru sem hér segir:

Afsláttarkjör á leigulínum – landsbyggðarbrú Símans

Afsláttarkjör landsbyggðarbrúarinnar eiga einungis við um leigu á ljósleiðarahluta stofnlínukerfisins.

- Taki einn aðili á leigu 155 Mbit/sek flutningsgetu yfir lengri vegalengd en 1.800 km, fær viðkomandi 25% afslátt frá gildandi leigulínuverðskrá. Afslátturinn á við bæði um úttök og lengdargjald. Sami afsláttur er jafnframt veittur af verði sambanda með minni flutningsgetu, sem tengjast inn á framangreindan stofnlínuhluta. Taki viðkomandi einnig á leigu línur með minni flutningsgetu á svæðum þar sem nýting í flutningskerfinu er lítil, fær viðkomandi að auki 10% viðbótarafslátt frá grunnverði.
- Taki einn aðili á leigu 45 Mbit/sek flutningsgetu yfir lengri vegalengd en 1.800 km, fær viðkomandi 15% afslátt frá gildandi leigulínuverðskrá. Afslátturinn á við bæði um úttök og lengdargjald. Sami afsláttur er jafnframt veittur af verði sambanda með minni flutningsgetu, sem tengjast inn á framangreindan stofnlínuhluta. Taki viðkomandi einnig á leigu línur með minni flutningsgetu á svæðum þar sem nýting í flutningskerfinu er lítil, fær viðkomandi að auki 10% viðbótarafslátt frá grunnverði.

Skilgreining á svæðum með lítilli nýtingu

1. Vestfirðir, frá Búðardal til Ísafjarðar.
2. Norðausturland og Austurland, frá Húsavík til Hafnar í Hornafirði
3. Suðurland, frá Hvolsvelli til Hafnar í Hornafirði (Hvolsvöllur–Vestmannaeyjar eru ekki innan þessa svæðis)
4. Uppsveitir Árnessýslu, frá Nesjavöllum í Árnes.
5. Suðurhluti Reykjaness, frá Selfossi til Grindavíkur.
6. Mýrar og Snæfellsnes
7. Siglufjörður til Dalvíkur.

Staðir utan ljósleiðarakerfisins

Varðandi þá staði sem ekki eru tengdir stofnlínukerfinu með ljósleiðara gildir eftirfarandi:

1. Sé næg flutningsgeta fyrir hendi gilda sömu afsláttarkjör og koma fram hér að ofan.
2. Verði að setja upp sérstakt samband (t.d. leggja ljósleiðara) til að koma á tengingu falla öll afsláttarkjör úr gildi.

Framangreindar breytingar fela í sér verulega lækkun á bandbreiðum samböndum á löngum leiðum. Ljóst er því að stofnlínuhluti Símans tekur nokkra áhættu af því að reikningslegt tap verði af þessar breytingu um einhvern tíma í upphafi eða til þess tíma að verðlækkun leiði til þeirrar aukningar á fjarskiptum á langleiðum sem að er stefnt. Stjórnendur Landssímans telja þó réttlætanlegt að taka þessa áhættu og rétt að líta á þessa breytingu sem marktæka tilraun til að stækka markað innlendrar fjarskiptaþjónustu. Að því leyti beri að líta á tímabundinn hallarekstur af þessum sökum sem fjárfestingu í framtíðarþjónustu.

Stóraukin þjónusta ATM-netsins um allt land

Á fyrri hluta árs 1998 hóf Landssíminn uppbyggingu á nýju gagnaflutningskerfi, svonefndu ATM-neti. Þetta kerfi byggir á því að gögn eru send á pakkaformi um netið að fjöldi notenda samnýtir sömu línur andstætt því sem gerist í hefðbundnu rásaskiptu kerfi. ATM-netið hefur þannig yfirleitt kostnaðarlega yfirburði umfram leigulínur. Þetta kerfi hefur á skömmum tíma orðið vinsælt til að mæta gagnaflutningþörfum í atvinnurekstri, þar sem þörf er á mjög hraðvirkum tengingum, mikilli afkastagetu og öryggi. Tengipunktar á þessu kerfi eru nú 19 utan höfuðborgarsvæðisins. Verðskráin er alls staðar samræmd, þ.e. sama gjald er innan svæðis en gjald út fyrir svæði tekur mið af fjarlægð. Verða viðskiptamenn utan þessara staða sjálfir að kosta leigulínutengingu inn á næsta tengipunkt og eðli málsins samkvæmt getur leigulínan verið mjög mislöng. Af þessum ástæðum hefur verið afar mikill verðmunur á

þjónustunni eftir því hversu langt hefur verið inn á tengipunkt og hversu langt þaðan í áfangastað.

Gagnalausnir Símans hafa gert metnaðarfulla áætlun sem miðar að því að veita stóraukna þjónustu á þessu sviði á grundvelli þess tilboðs stofnlínuhlutans sem lýst er hér að framan. Þá er við það miðað að í öllu þéttbýli, þ.e. á 63 þéttbýlisstöðum með 150 íbúa eða fleiri og að auki þremur fjölmennum skólasetrum, sem sjá má á meðfylgjandi korti, gefist kostur á fullkominni gagnaflutningstengingu, 2 Mb/s á verði sem taki afar takmarkað tillit til fjarlægðar m.v. það sem gildandi gjaldskrár hafa gert. Áætlunin gerir ráð fyrir að ATM-netið taki á sig áðurnefndan kostnað af leigulínum inn í næsta tengipunkt frá hlutaðeigandi þéttbýlisstöðum þar sem ekki eru tengipunktar. Þessi breyting felur í sér byltingarkenndar breytingar á aðgangi að bandbreiðum samböndum í atvinnurekstri á öllum þéttbýlisstöðum um allt land.

Gjald fyrir 2 Mb/s samband um ATM-kerfið er kr. 32.129 á mánuði frá 1. sept nk. innan svæðis en kr. 48.193 milli svæða. Verðið er án virðisaukaskatts. Hér getur verið um að ræða allt að 79% lækkun frá gildandi gjaldskrá á lengstu flutningsleiðunum eins og sést á meðfylgjandi yfirliti. Í nokkrum tilvikum felur þessi ákvörðun í sér allt að 94% lækkun á kostnaði við 2 Mb/s gagnasamband frá því sem í boði var í upphafi árs 1998 (fyrir tilkomu ATM-netsins) og eru þá vegin saman áhrif tækniþróunar gagnaflutningsnetsins, áhrif almennrar endurskoðunar á gjaldskrá fyrir leigulínur og þau sérstöku áhrif sem leiða af nýjum gjaldskrárflokki fyrir svonefnda landsbyggðarbrú.

Á fjölda minni þéttbýlisstaða koma ennfremur til áhrif af áðurnefndri áætlun um gagnaflutningsþjónustu á stöðum með fleiri en 150 íbúa. Þessi áhrif má glögglega sjá í meðfylgjandi yfirliti. Landssíminn hefur ákveðið að verð á þessum tengingum verði hið sama um allt land og verðflokkar aðeins tveir, annars vegar tengingar innan símstöðvasvæðis en hins vegar út fyrir svæði. Munurinn verði ekki umfram 17 þúsund krónur á mánuði. Gjaldsvæðin verða þannig aðeins tvö. Við það er miðað að kostnaður við tengingar á ATM/Frame Relay-tengingum út fyrir svæði hækki ekki næstu fimm ár umfram það sem kann að hljótast af almennum verðbreytingum á gagnaflutningsþjónustu.

Þéttbýlisstaðir utan höfuðborgarsvæðisins með minnst 150 íbúa og fjölmenn skólasetur eru nú 66 talsins. Þar af eru 19 svæði tengd með ATM-tengipunkum nú þegar, eins og sjá má á meðfylgjandi korti. Nítján aðrir staðir eru á ljósleiðarahringnum. Kostnaður við uppsetningu á tengipunkti er þó það hár að ekki borgar sig að ráðast í hana fyrir minna en 7–8 viðskiptavini á hverjum stað. Náist það ekki er í flestum tilvikum hagkvæmara að kosta leigulínu inn á næsta tengipunkt. Þá eru 28 af umræddum stöðum utan ljósleiðarahringsins og kostnaður af tengingu þeirra inn á næsta tengipunkt í mörgum tilfellum mjög mikill og langt umfram það verð sem miðað er við hér að ofan.

Í áætlun Símans er miðað við að í framangreindum þéttbýliskjörnum gefist kostur á 2 Mb/s tengingum skv. framanskráðu en fyrirtækið meti sjálft hvort settur er upp tengibúnaður fyrir ATM-netið á ljósleiðarahringnum eða hvort gagnaflutningsdeild kosti leigulínu inn í næsta tengipunkt. Áætlanir miða við að þessi þjónusta kunni að verða rekin með nokkrum halla fyrst í stað en væntingar eru um að verðbreytingin leiði til meiri nýtingar á gagnaflutningskerfinu og að hagnaði verði náð innan 5 ára og það þótt fyrirsjáanlega hljóti að verða tap á þjónustu við þá aðila sem lengst eru frá ljósleiðarahringnum. Hlutfall þeirra viðskipta af heildinni er þó það lágt að þess er vænst að þessi þjónusta nái endum saman í heildina, þegar til lengri tíma verður litið. Ætla má að mæta megi þeim halla sem óhjákvæmilega verður á þessum rekstri fyrstu misserin með eignasölu svo hann komi ekki beinlínis niður á rekstrarárangri fyrirtækisins í heild.

Með þeim breytingum sem hér hefur verið lýst hyggst Landssíminn greiða fyrir uppbyggingu á hátækniþjónustu úti um land. Liður í því verður ennfremur að styðja sérstaklega við upphafsskref í rekstri fyrirtækja sem hyggjast byggja upp þjónustu sem grundvallast á hagkvæmri nýtingu fjarskiptakerfanna.

Skuldbinding til fimm ára

Stjórn Símans hefur fjallað um framangreindar hugmyndir m.a. í ljósi áherslu á að jafna aðgang landsmanna að gagnaflutningsþjónustu og hugmynda um sölu hluta í félaginu. Við þær aðstæður er eðlilega afar mikilvægt að áætlanir og stefna félagsins, hvað varðar grundvallarþjónustu við landsmenn alla, sé sem skýrust og þannig fram sett að viðskiptamenn megi treysta því að eftir henni verði farið. Stjórn fyrirtækisins hefur því ákveðið að formbinda samþykkt um grunnþjónustu í gagnaflutningum með þeim hætti að næstu fimm ár verði tryggð þjónusta í samræmi við framangreindar tillögur. Þannig verði á öllum þéttbýlisstöðum með 150 íbúa eða fleiri aðgangur að 2 Mb/s samböndum yfir ATM-net Símans, eða annarri sambærilegri þjónustu sem kann að koma til vegna tækniþróunar, á verði sem sé hið sama innan hvers svæðis en aukakostnaður við tengingar út fyrir svæði verði ekki umfram kr. 17 þús. á mánuði. Þessi verðmunur breytist ekki fyrr en í fyrsta lagi að 5 árum liðnum, umfram það sem leiða kann af almennum verðbreytingum á gagnaflutningsþjónustu á þessum tíma. Er við það miðað að þessi þjónusta eða önnur sem sé a.m.k. jafngild verði í boði á öllum umræddum stöðum á umræddu tímabili.

Framangreind ákvörðun byggir á því að yfirvöld fjarskiptamála geri ekki athugasemd við afsláttarkjör „landsbyggðarbrúarinnar“. Fyrir liggur að nokkur halli verði af þessari þjónustu fyrst í stað en áætlanir félagsins miðast við að þessi halli snúist í hagnað með vaxandi umferð um fjarskiptanetið. Til að tryggja að þessu marki verði náð og að þessi þjónusta veiki ekki rekstrarforsendur félagsins verður áfram unnið að hagræðingu í rekstri stofnlínuhluta og þjónustu. Þá er jafnframt við það miðað að öll önnur fjarskiptafyrirtæki hafi áfram aðstöðu til endursölu þessarar þjónustu líkt og verið hefur.

Ljóst er að þessari skuldbindingu fylgir nokkur áhætta en einnig nýir sóknarmöguleikar í aukinni umferð og fjölþættari þjónustu. Rekstur félagsins hefur að sönnu þyngst eftir endurskoðun á stofnefnahag þess þar sem félaginu var gert að greiða út til eigandans fimm milljarða króna en eftirstöðvar þessa gjaldfærast í ár og á næsta ári. Félagið mun m.a. mæta þeim skuldbindingum með sölu eigna og hagræðingaraðgerðum af ýmsum toga svo sú skuldbinding um gagnaflutningsþjónustu við landsbyggðina sem felst í þessari ákvörðun á ekki að raska framtíðarforsendum félagsins.

Lokaorð

Samþykkt stjórnar Símans um viðbótarvalkosti í gagnaflutningi í þéttbýliskjörnum um allt land miðast við næstu 5 ár. Á því tímabili er augljóst að fjöldi tækninýjunga mun líta dagsins ljós og þegar af þeirri ástæðu er ógerlegt að fullyrða um það hvaða tækni verður nýtt til að flytja gögn um fjarskiptakerfin. Reynslan segir þó að vænta megi margvíslegra framfara í því efni svo engin rök standa til annars en að ætla að valkostir muni verða fleiri en ekki færri í lok árs 2005 og fjarskiptaþjónusta verði æ hagkvæmari. Skuldbinding Símans um bandbreiða gagnaflutningsþjónustu í öllum þéttbýliskjörnum landsins er til þess fallin að skapa öryggi um þessa mikilvægu forsendu vaxtar og nýsköpunar um allt land.

Fylgiskjal III.

SAMNINGUR
um eignarhald, meðferð, rekstur og viðhald þriggja ljósleiðaraþráða í þágu Atlantshafsbandalagsins (NATO).
(27. mars 2001.)

Utanríkisráðuneytið, kt. 670269-4779, Rauðarárstíg 25, Reykjavík, fyrir hönd íslenska ríkisins, í samningi þessum nefnt „**Ríkið**“, og Landssími Íslands hf., kt. 500269-6779, Landssímahúsinu við Austurvöll, Reykjavík, í samningi þessum nefndur „**Síminn**“, hvor samningsaðila um sig í samningi þessum einnig nefndur „**aðili**“ en sameiginlega nefndir „**aðilar**“, gera með sér svofelldan

SAMNING
um eignarhald, meðferð, rekstur og viðhald þriggja ljósleiðaraþráða í þágu Atlantshafsbandalagsins (NATO).

Forsendur.

A. Í júlí árið 1989 var gerður samningur (Memorandum Of Understanding) á milli íslenskra stjórnvalda annars vegar og bandarískra stjórnvalda fyrir hönd Atlantshafsbandalagsins (hér eftir nefnt NATO) hins vegar, um lagningu, fjármögnun, afnot, rekstur og viðhald þriggja af átta þráðum ljósleiðarastrengs, sem þá var verið að ljúka lagningu á um landið, ásamt nauðsynlegum fylgibúnaði. Þeir þrír þræðir ljósleiðarans (hér eftir jafnframt nefndir NATO-þræðir) sem hér um ræðir liggja fram hjá skiptistöðvum Símans og eru eingöngu notaðir af NATO í þess þágu og fyrst og fremst vegna ratsjárstöðva hér á landi. Þræðirnir þrír skyldu að fullu vera eign íslenska ríkisins sem fól Símanum umsjá þeirra fyrir þess hönd. NATO fékk afnotarétt af þráðunum þremur gegn þátttöku í kostnaði við uppbyggingu ljósleiðarakerfisins alls. Þræðirnir þrír og endabúnaður í ratsjárstöðvum, sem ljósleiðarinn liggur inn í, voru greiddir að fullu af Mannvirkjasjóði NATO á sínum tíma. Engin notkun er á þráðunum þremur í þágu Símans. Aðrir fimm þræðir ljósleiðarans eru hins vegar í fullri eign og notkun Símans.

B. Tekið er fram í samningi íslenskra og bandarískra stjórnvalda að áframhaldandi ótruflaður afnotaréttur Bandaríkjanna fyrir hönd NATO skuli haldast svo lengi sem ljósleiðarinn er nýttur eða meðan varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 1951 er í gildi. Símanum eru kunnar þær kvaðir og skuldbindingar sem Ríkið hefur undirgengist í þessu efni.

C. Af hálfu íslenskra stjórnvalda og á ábyrgð þeirra var Síminn tilnefndur á sínum tíma til þess að sjá um lagningu ljósleiðarans, starfrækslu þráðanna þriggja og viðhald þeirra. Um þá þætti er í gildi sérstakur þjónustusamningur á milli Símans og bandarískra stjórnvalda fyrir hönd NATO um rekstur og viðhald þráðanna og alls fylgibúnaðar þeirra. Sætir samningurinn árlegri endurskoðun, þar sem Síminn leggur fram kostnaðaráætlun komandi árs sem öðlast þarf samþykki bandarískra stjórnvalda. Ríkisendurskoðun hefur haft eftirlit með reikningsskilum er þessu tengjast.

D. Við breytingu Póst- og símamálastofnunar í hlutafélag 30. desember 1996 og síðar í Landssíma Íslands hf. 1. janúar 1998 var ekki með skýrum og ótvíræðum hætti kveðið á um framtíðareignarhald á NATO-þráðunum þremur enda Síminn og forveri hans á þeim tíma í fullri eigu Ríkisins og bein söluáform um fyrirtækið þá ekki uppi. NATO-þræðirnir þrír eru ekki taldir til eignar í efnahagsreikningi Símans í dag. Hinir ljósleiðaraþræðirnir fimm eru hins vegar óumdeilanlega fullkomin eign Símans og fluttust yfir til forvera hans við hlutafélagavæðingu fyrirtækisins á sínum tíma.

E. Af hálfu samgönguráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands er nú fyrirhuguð áfangaskipt sala á eignarhlut íslenska ríkisins í Símanum til almennings, starfsmanna og fjárfesta. Gert er ráð fyrir að fyrsti áfangi þeirrar sölu hefjist á fyrri hluta þessa árs (2001) og að íslenska ríkið verði ekki eigandi Símans þegar öllum söluáföngum er lokið.

F. Með tilvísun til forsögunnnar við uppbyggingu, gerð og starfrækslu ljósleiðarstrengsins alls (allra 8 þráða ljósleiðarans) og áður en kemur að sölu íslenska ríkisins á hlutum í Símanum er nauðsynlegt að tryggja til frambúðar með samningi á milli Ríkisins og Símans að íslensk stjórnvöld geti staðið við þær skuldbindingar sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist í þeim samningum sem gerðir hafa verið af þeirra hálfu við bandarísk stjórnvöld fyrir hönd NATO og lúta að notkun NATO-þráðanna þriggja og Síminn hefur séð um frá upphafi. Jafnframt er nauðsynlegt að eignarhald NATO-þráðanna þriggja liggi fyrir með ótvíræðum hætti og hvernig því skuli fyrir komið til framtíðar.

G. Í skráningarlýsingu og einnig í sölulýsingu á hlutum íslenska ríkisins í Símanum er nauðsynlegt að geta með skýrum og ótvíræðum hætti þeirra réttinda, skyldna og kvaða sem Síminn hefur undirgengist og tekið á sig til frambúðar með samningum í þessu efni eða með öðrum hætti.

Í ljósi þess er greinir í forsendum hér að framan hafa aðilar orðið sammála um að festa í samningi þessum með bindandi hætti fyrir báða aðila framtíðarfyrirkomulag framangreindra mála svo og samskipti aðila til framtíðar eins og nánar greinir hér á eftir:

1. gr.
Eignarhald ljósleiðaraþráða.

Aðilar samnings þessa eru sammála um að Ríkið hafi frá upphafi farið með og fari jafnframt nú og til frambúðar með fullkomið og óskipt eignarhald og umráð á þeim þremur þráðum ljósleiðarans, sem notaðir eru í þágu NATO í dag (NATO-þráðunum), sem Síminn hefur til þessa farið með og annast fyrir hönd íslenskra stjórnvalda gagnvart bandarískum stjórnvöldum fyrir hönd NATO. Eignarhald og yfirráð Ríkisins tekur einnig til alls fylgibúnaðar þráðanna þriggja sem notast er við og nauðsynlegur er vegna starfrækslu þeirra, svo sem reksturs og viðhalds. Síminn gerir ekki neins konar tilkall til þráðanna þriggja og afsalar hér með til Ríkisins öllum hugsanlegum rétti og hvers konar réttindum sem þeim kunna að tengjast. Í ljósi óumdeilds eignarhalds og umráða Ríkisins á þráðunum þremur frá upphafi og samnings þessa eru aðilar sammála um að ekki þurfi að koma til formlegs afsals á þráðunum þremur af hálfu Símans til Ríkisins umfram það sem fram kemur í samningi þessum. Aðilar eru jafnframt sammála um að Síminn fer einn með bæði eignarhald og umráð annarra fimm þráða ljósleiðarans.

2. gr.
Endurgjald þráða.

Fyrir eignarhald og yfirráð NATO-þráðanna þriggja og alls fylgibúnaðar þeirra, sbr. 1. gr., skal Ríkið ekki greiða Símanum neins konar endurgjald eða þóknun, hvorki fyrir liðinn tíma né nú eða síðar. Fyrir eignarhald og yfirráð á ljósleiðaraþráðunum fimm, sem fluttust yfir til forvera Símans við hlutafélagavæðingu hans, skal Síminn ekki greiða Ríkinu neins konar endurgjald eða þóknun, hvorki fyrir liðinn tíma né nú eða síðar, umfram það sem þegar hefur verið greitt og uppgert af hálfu Símans eða samkomulag hefur verið gert um. Samningur þessi um eignarhald og yfirráð ljósleiðaraþráða skal ekki hafa nein áhrif á fyrri reikningsuppgjör Símans eða fyrri greiðslur og uppgjör á milli Símans og Ríkisins eða endurskoðun þeirra nú eða síðar.

3. gr.
Þjónustuskylda.

Síminn skuldbindur sig til þess að taka að sér, ótímabundið og svo lengi sem Ríkið óskar, að sjá um alla þjónustu NATO-þráðanna þriggja, rekstur þeirra, viðhald og annað sem nauðsynlegt er nú eða kann síðar að verða til eðlilegrar starfrækslu þeirra í þágu NATO eða varnarsamstarfs Íslands og Bandaríkjanna.

4. gr.
Þjónustugjald.

Fyrir þjónustu sína skv. 3. gr. skal Símanum greidd sanngjörn og eðlileg þóknun sem samið skal um í sérstökum þjónustusamningi.

5. gr.
Þjónustusamningur.

Sérstakur samningur um þjónustu Símans skv. 3. gr., þjónustugjald skv. 4. gr. svo og annað er varðar starfrækslu NATO-þráðanna þriggja á milli Símans og bandarískra stjórnvalda fyrir hönd NATO sem þegar hefur verið gerður og í gildi er, skal halda sínu fulla gildi. Þegar samningstíma lýkur skal, ef bandarísk stjórnvöld fyrir hönd NATO eða íslensk stjórnvöld óska, gildandi samningur framlengjast með samþykki beggja aðila eða gerður hliðstæður samningur á ný annaðhvort á milli samningsaðila eða á milli Símans og Ríkisins fyrir hönd bandarískra stjórnvalda og/eða NATO. Samningurinn skal, hver sem í hlut á, gerður í samráði við og undir eftirliti varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Ríkisendurskoðun skal fyrir hönd Ríkisins hafa eftirlit með reikningsskilum er samningnum tengjast á gildistíma hans.

6. gr.
Gildandi lög.

Um samning þennan svo og túlkun hans skal fara samkvæmt íslenskum lögum. Sama skal eiga við þjónustusamning skv. 5. gr. samnings þessa nema aðilar hans komi sér saman um annað.

7. gr.
Ágreiningsmál.

Sérhverri deilu, sem rísa kann út af samningi þessum, í sambandi við hann eða túlkun hans, þar með talin deila um hvað telst eðlileg og sanngjörn upphæð þjónustugjalds skv. 4.

gr. samningsins, skal vísað til gerðardóms þriggja manna nema á annan hátt sé samið í þjónustusamningi hvað þann samning varðar. Hvor aðila skal skipa einn gerðarmann og báðir aðilar til samans þann þriðja sem jafnframt skal vera formaður gerðardómsins. Ef aðilar koma sér ekki saman um skipun þriðja gerðarmannsins skal hann skipaður af Héraðsdómi Reykjavíkur eftir beiðni annars hvors aðilans. Gerðarmenn skulu fullnægja hæfisskilyrðum 6. gr. laga um samningsbundna gerðardóma, nr. 53/1989. Gerðardómsmálið skal háð í Reykjavík á íslensku. Málsmeðferð fyrir gerðardómnum skulu gerðarmenn ákveða með hliðsjón af almennum reglum samkvæmt íslenskum lögum um meðferð einkamála fyrir dómi. Úrskurður gerðarmanna skal rökstuddur og greina helstu forsendur. Gerðarmenn ákveða kostnað af málinu og skiptingu hans á milli aðila. Sérhver ákvörðun, sem tekin er með atkvæðum meiri hluta gerðarmanna skal vera endanleg, bindandi, aðfararhæf og óáfrýjanleg. Að öðru leyti en að framan greinir skulu meginreglur laga um samningsbundna gerðardóma, nr. 53/1989, gilda um störf gerðardómsins.

8. gr.
Samningstími.

Samningur þessi er ótímabundinn. Samningurinn verður ekki felldur úr gildi eða honum sagt upp nema báðir aðilar samþykki slíkt með skriflegum hætti. Ríkinu er þó heimilt að fella samninginn einhliða úr gildi þegar notkun NATO-þráðanna þriggja lýkur í þágu NATO eða bandarískra stjórnvalda.

9. gr.
Breytingar.

Samningi þessum má einungis breyta með viðaukasamningi sem aðilar gera með sér skriflega.

10. gr.
Framsal.

Aðilum er óheimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum í heild eða að hluta til þriðja aðila, dótturfélaga, annarra félaga, skrifstofa eða stofnana, án skriflegs samþykkis hins aðilans. Ríkinu er þó ekki skylt að afla neins konar samþykkis Símans til ráðstöfunar NATO-þráðanna þriggja þegar samningi þessum lýkur.

11. gr.
Eftirlit og samskipti.

Eftir gerð samnings þessa eru aðilar sammála um að varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins fari með forræði málsins og samnings þessa fyrir hönd Ríkisins, þ.m.t. eftirlit með samningi þessum og framkvæmd hans. Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins skal einnig annast þau samskipti við Símann og bandarísk stjórnvöld fyrir hönd NATO, þ.m.t. varnarliðið á Keflavíkurflugvelli, sem tengjast samningi þessum og þjónustusamningi skv. 5. gr.

12. gr.
Samningslok.

Verði aðilar sammála um að fella niður samning þennan eða þjónustusamning skv. 5. gr. samnings þessa, þá skal gert sérstakt samkomulag á milli aðila innan 6 mánaða frá samningslokum um meðferð, skil og frekari notkun NATO-þráðanna þriggja til frambúðar.

13. gr.
Viðaukar.

Fylgiskjöl með samningi þessum eru tveir samningar sem vitnað er til í forsendum samnings þessa, annars vegar samningur á milli íslenskra stjórnvalda og bandarískra stjórnvalda fyrir hönd NATO (Memorandum Of Understanding), dags. 25. júlí 1989, auðkenndur sem „**Fylgiskjal I**“ með samningi þessum, og hins vegar gildandi þjónustusamningur á milli Símans og bandarískra stjórnvalda fyrir hönd NATO (Performance Work Statement Facilities Support Contract Iceland Air Defense System Fiber Optics Network FY-01, ásamt bréfi dags. 15. mars 1999 og áritaðri viðbótar síðu dags. 29. september 2000), allt auðkennt sem „**Fylgiskjal II**“ með samningi þessum. Fylgiskjölin eru bæði hernaðar- og viðskiptaleg trúnaðarmál og ekki ætluð til neins konar dreifingar eða opinberra kynningar.

14. gr.
Staðfesting.

Samgönguráðherra, sem fer með allan eignarhlut íslenska ríkisins í Símanum, samþykkir efni samnings þessa sem eini eigandi Símans og staðfestir jafnframt samninginn fyrir sitt leyti með áritun á samninginn. Efni samningsins hefur einnig verið kynnt í stjórn Símans. Stjórnarformanni og forstjóra hefur verið veitt full og ótakmarkað umboð stjórnar Símans til þess að undirrita samninginn með bindandi hætti fyrir Símann.

15. gr.
Fjöldi samningseintaka.

Samningur þessi er undirritaður og afhentur í þremur eintökum, eitt fyrir hvorn samningsaðila og eitt fyrri samgönguráðuneytið. Sérhvert eintak telst frumrit.

Til staðfestu er samningur þessi undirritaður samtímis bæði af aðilum og samgönguráðuneyti í viðurvist tveggja tilkvaddra votta er staðfesta réttar undirskriftir og dagsetningu.

Reykjavík, 27. mars 2001.

F.h. utanríkisráðuneytisins:

Halldór Ásgrímsson

F.h. Landssíma Íslands hf.:

Friðrik Pálsson
Þórarinn V. Þórarinsson

F.h. samgönguráðuneytisins:

Sturla Böðvarsson

Vottar:

Jón Sveinsson
Einar Hannesson

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf.

Tilgangur frumvarpsins er að heimila sölu alls hlutafjár ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf. Í forsendum fjárlaga fyrir árið 2001 er gert ráð fyrir 15,5 ma.kr. í hagnað af sölu eigna. Áætlað er að stór hluti þeirrar fjárhæðar komi frá sölu á hlut í Landssíma Íslands hf.

Ráðgert er að kostnaður af sölu Landssímans verði greiddur af sérstakri fjárveitingu til framkvæmdanefndar um einkavæðingu og hefur nefndinni þegar verið falið að hefjast handa við verðmat fyrirtækisins.

1130. Frumvarp til laga [708. mál]

um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 107/1999.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Við 8. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: um að eigendur rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild rýri ekki efnahag leyfishafans eða geri aðrar óvenjulegar ráðstafanir sem dragi verulega úr möguleikum til að uppfylla skyldur samkvæmt lögum og leyfisbréfi.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga þar sem lagt er til að Alþingi veiti samgönguráðherra heimild til að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf. Þykir rétt í tengslum við sölu hlutfjár ríkisins í Landssímanum að setja í fjarskiptalög skýra heimild til handa Póst- og fjarskiptastofnun til að setja skilyrði í leyfisbréf rekstarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild sem tryggi að leyfishafinn uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögunum og reglum settum með heimild í þeim, svo og leyfisbréfi.

Ljóst er að ríkir almanna- og öryggishagsmunir tengjast fjarskiptum. Með ákvæði af þessum toga er fyrir fram unnt að tryggja að eigendur rekstarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild framkvæmi nauðsynlegar fjárfestingar í grunnnetinu og öðrum fjarskiptakerfum í þeim tilgangi að þjónusta dreifðar byggðir og leggja grunn að áframhaldandi nýsköpun í rekstri leyfishafans.

Á rekstarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild hvíla margvíslegar skyldur. Þykir rétt að Póst- og fjarskiptastofnun setji í leyfisbréf skilyrði sem tryggi fyrir fram að ekki séu gerðar óvenjulegar ráðstafanir í rekstri félagsins sem stefni í verulega hættu möguleika rekstrarleyfishafans til að uppfylla þessar skyldur sínar. Á hinn bóginn mundu allar venju-

legar ráðstafanir falla utan við þetta sérstaka skilyrði. Við túlkun Póst- og fjarskiptastofnunar á skilyrðinu þyrfti því að leggja til grundvallar að hér er um að ræða undantekningarreglu sem skýra beri þröngri lögskýringu.

Póst- og fjarskiptastofnun er kleift að fylgja slíkum skilyrðum eftir í krafti eftirlitsúrræða á grundvelli 5. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun. Geta gróf brot varðað leyfissviptingu, rekstrarstöðvun og dagsektum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 107/1999.

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga þar sem veitt er heimild til að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf. Með frumvarpinu er ætlunin að setja í fjarskiptalög skýra heimild til handa Póst- og fjarskiptastofnun til að setja skilyrði í leyfisbréf rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild, sem tryggi að leyfishafinn uppfylli skyldur sínar skv. lögunum og reglum settum með heimild í þeim, svo og leyfisbréfi. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

1131. Svar [245. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um kostnað við ljósleiðaravæðingu landsins.

1. *Hver er núverandi staða ljósleiðaratengingar í landinu, þ.e. til hvaða byggðarlaga og til hversu margra heimila og fyrirtækja nær ljósleiðarinn?*

Ljósleiðari Landssíma Íslands nær um allt land. Ljósleiðari Línu.nets og Íslandssíma nær um höfuðborgarsvæðið og út í Vestmannaeyjar enn sem komið er og ljósleiðarasambönd Landsvirkjunar ná til afmarkaðra staða í tengslum við virkjanir fyrirtækisins.

Endabúnaður ljósleiðarans er enn sem komið er of dýr fyrir venjulega heimilisnotkun. Ljósleiðaratengingar eru því almennt notaðar í stofnnet fjarskiptakerfa en ekki í heimtaugar til heimila og fyrirtækja. Dæmi eru um að ljósleiðari hafi verið lagður til fyrirtækja án þess að vera í notkun. Þetta kann þó að breytast vegna mikilla tækniframfara og hagræðingar sem markaðsöflin hafa verið að knýja fram á undanförnum árum. Nokkur fjarskiptafyrirtæki eru nú farin að bjóða fyrirtækjum og einstaklingum ljósleiðaratengingar alla leið heim í hús.

2. *Hver yrði áætlaður kostnaður við ljósleiðaravæðingu landsins, þ.e. að tengja öll heimili og fyrirtæki landsins við ljósleiðara?*

Erfitt er að meta kostnað við ljósleiðaravæðingu landsins enda ræðst kostnaður af mörgum mismunandi þáttum, svo sem vali á mismunandi endabúnaði ljósleiðarans. Sem dæmi má nefna að kostnaður við lagningu 48 para ljósleiðara um landið gæti numið 750.000 kr. á hvern kílómetra. Hér er um ljósleiðara fyrir stofnnet að ræða sem kann að vera umtalsvert dýrari en lagning heimtauga.

Mjög erfitt er að spá um kostnað við lagningu ljósleiðara í aðgangsnetum til heimila og fyrirtækja. Á dreifbýlum svæðum má ætla að kostnaðurinn á hvern kílómetra sé lágur, enda er hver lengdareining af ljósleiðara almennt ódýrari en samsvarandi lengdareining af koparþræði. Erlendis eru dæmi þess að íbúar hafi sjálfir lagt slíkan ljósleiðara. Kostnaður við lagningu aðgangsneta er mun hærri á þéttbýlli svæðum þar sem jarðrask getur haft í för með sér mikinn kostnað.

Gera verður ráð fyrir að umtalsverður hluti fjárfestingar í ljósleiðaraneti mundi liggja í endabúnaði en ekki ljósnetinu sjálfu eða lagningu þess.

3. *Hvað mundi kosta að tengja við ljósleiðara alla þéttbýlisstaði landsins með hundrað íbúa eða fleiri?*

Með vísan til svars við 1. lið skal tekið fram að ljósleiðari Landssíma Íslands hf. nær um allt land. Þann 16. mars 2001 gerðu samgönguráðherra og Landssími Íslands hf. samkomulag um uppbyggingu ATM-þjónustu. Í því skuldbindur Landssími Íslands hf. sig til þess, innan fimm ára frá undirritun, að tryggja 2Mb/s gagnaflutningsþjónustu yfir ATM-net fyrirtækisins, eða með öðrum jafngildum hætti, í öllum þéttbýliskjörnum með 150 íbúa eða fleiri, svo og á helstu skólasetrum. Verð skal vera það sama um allt land fyrir tengingu innan sama svæðis. Kostnaðarauki við tengingu milli svæða skal ekki verða umfram 17.000 kr. og skal sú fjárhæð ekki hækka umfram það sem leiða kann af almennum verðbreytingum á gagnaflutningsþjónustu á tímabilinu. Skuldbinding sú er fram kemur í samkomulaginu er í samræmi við yfirlýsingu sem fyrirtækið kynnti 7. september 2000 um aðgerðir til að mæta þörfum landsbyggðarinnar fyrir þjónustu á sviði gagnaflutninga.

Til þess að hægt sé að veita ATM-gagnaflutningsþjónustu yfir lengri veg er algert skilyrði að ljósleiðari sé til staðar. Samkomulagið hefur því þegar tryggt að allir þéttbýlisstaðir með 150 íbúa eða fleiri munu njóta tengingar við ljósleiðara.

Ef nýr ljósleiðari verður aftur á móti lagður í jörð við þjóðvegi landsins má, með vísan til nýlegra útboða, reikna með því að kostnaður við hvern kílómetra yrði undir 750.000 kr. Hringvegurinn er 1336 km langur ef miðað er við þjóðveg 1 nema norðan Mývatns. Frá hringveginum til Ísafjarðar eru um 320 km. Það færu því u.þ.b. 2000 km af ljósleiðara í jörðu miðað við þessar forsendur. Ætla má að kostnaður nemi í kringum 1,5 milljörðum kr. fyrir lagningu slíks ljósræns stofnnets, en hafa verður í huga að ekki er gert ráð fyrir kostnaði við endabúnað ljósleiðarans. Tæknileg útfærsla, t.d. eftir því hvort byggt er á hreinræktaðri IP-netstýringu eða ATM-netstýringu, og val á endabúnaði hefur afgerandi áhrif á allan kostnað.

4. *Hversu langan tíma tækju slíkar framkvæmdir í hvoru tilviki?*

Án þess að úttekt hafi farið fram má ætla að hægt sé að plægja ljósleiðara hringinn í kringum landið á fjórum mánuðum ef margir verktakar yrðu fengnir til að sinna jarðvegsvinnu og nýjustu tækni yrði beitt við að blása ljósleiðaranum í til þess gerð rör. Lagning ljósleiðara til heimila og fyrirtækja er hins vegar mun umfangsmeiri, þar sem útfærsla og kerfisuppbygging hefur áhrif á lengd þess þráðar sem leggja ætti.

5. *Telur ráðherra líklegt að þráðlaus sambönd eða önnur tækni til gagnaflutninga muni á næstu árum leysa ljósleiðara af hólmi eða geta komið í staðinn fyrir lagningu ljósleiðara?*

Þráðlaus sambönd munu ekki koma í stað ljósleiðara í burðarnetum nema í sérstökum undantekningartilvikum. Breytilegar aðstæður kalla þó á breytilegar lausnir. Þráðlaust samband getur verið hagkvæmasta lausnin í einu tilviki en ljósleiðari í öðru.

6. *Hefur samgönguráðuneytið mótað sérstaka stefnu um frekari uppbyggingu ljósleiðaranetsins og önnur atriði sem varða aðgang allra landsmanna, án tillits til búsetu, að nútímalegri gagnaflutninga- og fjarskiptaþjónustu?*

Samgönguráðuneytið hefur markað skýra stefnu varðandi framtíð gagnaflutninga- og fjarskiptaþjónustu sem kemur meðal annars fram í fjarskiptalögum. Á síðasta ári var á vegum ráðuneytisins og RUT-nefndar gerð skýrslan Stafrænt Ísland, þar sem metin var bandvíddarþörf til og frá landinu. Niðurstaða hennar hefur haft þau áhrif að undirbúningur fjarskiptafyrirtækja að lagningu nýs ljósleiðara til Evrópu er kominn vel á veg. Í samráði við einkavæðingarnefnd hefur einnig verið gripið til ýmiss konar ráðstafana vegna sölu Landssíma Íslands hf. sem hafa það að markmiði að bæta aðgang allra landsmanna, án tillits til búsetu, að nútímalegri gagnaflutninga- og fjarskiptaþjónustu. Vegna fyrirhugaðrar einkavæðingar Landssímans var gert samkomulag milli samgönguráðherra og fyrirtækisins, dags. 16. mars 2001. Í því er tryggður aðgangur allra landsmanna án tillits til búsetu að nútímalegri gagnaflutninga- og fjarskiptaþjónustu. Meðal annars er þar mælt fyrir um uppbyggingu ADSL- og ATM-þjónustu. Auk þess má hér nefna reglugerð nr. 641/2000, um alþjónustu, og ákvæði leyfisbréfs sem tryggir aðgang allra landsmanna að ISDN-gagnaflutningsþjónustu eða sambærilegri þjónustu í samræmi við ákvæði fjarskiptalaga. Tryggður hefur verið rekstur NMT-farsímakerfisins um allt land til lengri tíma.

Ráðuneytið tekur einnig þátt í starfi á vegum verkefnisstjórnar um upplýsingasamfélagið og starfi á vegum menntamálaráðuneytisins um hvernig koma megi upplýsingatækni til allra skóla í landinu. Ráðuneytið telur að skólastarfsemi þurfi mjög öflugar fjarskiptatengingar en miða bæri við að hver einstakur skóli nyti 100 Mb/s sambands. Kostnaður við slíka netuppbyggingu er breytilegur eftir svæðum en mun án efa gagnast best þeim sem nú njóta minnstrar samkeppni. Fyrir liggur að hluta andvirðis af sölu Landssíma Íslands hf. verður varið til sérstakra verkefna sem efla upplýsingasamfélagið á Íslandi.

1132. Svar [425. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Drífu J. Sigfúsdóttur um sjálfstæði Seðlabanka Íslands.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Á að auka sjálfstæði Seðlabanka Íslands þannig að hann geti notað tæki sín til peningastjórnar til að ná þeim markmiðum sem honum eru sett án þess að samþykki ríkisstjórnar eða ráðherra bankans þurfi að koma til?*
2. *Á að lögfesta bann við fjármögnun Seðlabanka Íslands á ríkissjóði?*
3. *Á að lengja ráðningartíma bankastjóra Seðlabanka Íslands?*
4. *Á að hætta að auglýsa stöður bankastjóra við Seðlabanka Íslands?*
5. *Hvernig miðar vinnu við að semja nýtt frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands?*

Forsætisráðherra hefur, eftir að fyrirspurn þingmannsins var lögð fram, lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands, sbr. þskj. 1054, 675. mál 126. löggjafarþings. Vísað er til þess frumvarps, greinargerðar með því og framsöguræðu ráðherra á 108. þingfundi, 6. apríl 2001, en þar koma fram svör við öllum þeim atriðum sem spurt er um.

1133. Svar [426. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Drífu J. Sigfúsdóttur um skipan gjaldeyris- og peningamála.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Er tímabært að afnema núverandi vikmörk á gengi krónunnar og taka upp fljótandi gengi?*
2. *Væri rétt að Seðlabanki Íslands hefði aðeins eitt skýrt markmið, þ.e. stöðugt verðlag, og að honum yrði sett skýrt verðbólgumarkmið?*
3. *Á að taka ákvarðanir um stjórn peningamála af einum bankastjóra, fjölskipaðri bankastjórn eða peningastefnunefnd, eða með öðrum hætti og þá hvaða?*

Forsætisráðherra hefur, eftir að fyrirspurn þingmannsins var lögð fram, lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands, sbr. þskj. 1054, 675. mál 126. löggjafarþings. Vísað er til þess frumvarps, greinargerðar með því og framsöguræðu ráðherra á 108. þingfundi, 6. apríl 2001, en þar koma fram svör við öllum þeim atriðum sem spurt er um.

1134. Breytingartillaga [367. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.

Frá Lúðvík Bergvinssyni og Guðmundi Árna Stefánssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við 4. mgr. 66. gr. laganna, sbr. lög nr. 36/1999, bætast sex nýir málsliðir, svohljóðandi: Nú hefur ríkissaksóknari hafnað beiðni þess sem á hagsmuna að gæta og getur þá sá kært ákvörðun ríkissaksóknara til dómsmálaráðherra. Sé ákvörðun ríkissaksóknara felld úr gildi skal dómsmálaráðherra leggja þingsályktunartillögu fyrir Alþingi til samþykktar eða synjunar um skipun þriggja manna rannsóknarnefndar til að fara með málið. Í þingsályktunartillögunni skal koma fram hverjir skipi nefndina, hvert sé andlag rannsóknarinnar og fjárframlög auk rökstuðnings ráðherra fyrir því að fella ákvörðun ríkissaksóknara úr gildi. Nefndin skal fá aðgang að öllum rannsóknargögnum auk þess sem hún hefur rétt til að taka skýrslur samkvæmt lögum þessum og afla annarra gagna eftir því sem við á. Nefndin skal skila Alþingi, dómsmálaráðherra og ríkissaksóknara skýrslu með niðurstöðum sínum. Hafni Alþingi þingsályktunartillögunni, eða afgreiði hana ekki, er ákvörðun dómsmálaráðherra úr gildi fallin og stendur þá fyrri ákvörðun ríkissaksóknara.

1135. Nefndarálit [414. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Ólöfu Vilhjálmsdóttur frá landbúnaðarráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Bændasamtökum Íslands, Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins, búfræðsluráði og Veiðimálastofnun.

Með frumvarpinu er lagt til að Rannsóknastofnun landbúnaðarins verði heimilt að fengnu samþykki stjórnar stofnunarinnar og landbúnaðarráðherra að eiga aðild að og stofna rannsókna- og þróunarfyrirtæki, er séu hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, sem vinni að því að þróa og hagnýta niðurstöður rannsókna stofnunarinnar. Er slík heimild í samræmi við heimildir sem ýmsar aðrar stofnanir hafa þegar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Guðjón A. Kristjánsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Jónína Bjartmarz var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þuríður Backman og Guðmundur Árni Stefánsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 25. apríl 2001.

Hjálmar Jónsson, form., frsm.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Drífa Hjartardóttir.
Guðmundur Árni Stefánsson, með fyrirvara.	Guðjón Guðmundsson.	Þuríður Backman, með fyrirvara.
Einar Oddur Kristjánsson.		Kristinn H. Gunnarsson.

1136. Frumvarp til laga [709. mál]

um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 41. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram í þeim tilgangi að leiðrétta mistök sem urðu við setningu laga nr. 21/2000, um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum. Skv. 4. gr. frumvarpsins skyldi 41. gr. laganna hljóða svo:

„Úttektarmenn skulu framkvæma mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda sem háðar eru kaupskyldu landeiganda skv. 16. gr. Við matið skulu úttektarmenn leggja til grundvallar raunvirði eigna og endurbóta fráfarandi ábúanda að teknu tilliti til ástands og viðhalds þeirra.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari reglur um útreikning raunvirðis og eigna og endurbóta og framkvæmd mats skv. 1. mgr. að öðru leyti.“

Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 41. gr., sbr. 4. gr. frumvarpsins, skyldi við mat á eignum fráfarandi ábúanda miða við raunvirði eigna. Var við meðferð frumvarpsins á Alþingi samþykkt breytingartillaga sem landbúnaðarráðuneyti lagði fyrir landbúnaðarnefnd þar sem 2.–6. mgr. 41. gr. laganna skyldi orðast svo:

„Við mat á eignum skulu úttektarmenn leggja til grundvallar efnisleg verðmæti eigna. Mat skal vera nýviði eigna að frádregnum eðlilegum afskriftum reiknað til staðgreiðslu. Nýviði er kostnaður sem því mundi fylgja á matsdegi að smíða nýja eign sem komið gæti að öllu leyti í stað hinnar metnu. Afskriftir eru verðrýrnun eigna sem rekja má til aldurs, hrörnunar, slits, úreldingar og minnkaðs notagildis.

Við mat á þeim endurbótum skal leggja til grundvallar ástand og viðhald eigna að teknu tilliti til aldurs þeirra og eðlilegs slits af notkun.

Úttektarmenn skulu leggja mat á afleiðingar þess að viðhaldi eigna hafi ekki verið sinnt með fullnægjandi hætti eða að gallar eða slit hafi orðið vegna óeðlilegrar notkunar eigna.

Aðrir þættir skulu ekki hafa áhrif á mat á endurbótum á eignum fráfarandi ábúanda.

Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd mats að öðru leyti og kostnað við það að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands.“

Samkvæmt breytingartillögunni skyldi við mat á eignum fráfarandi ábúanda miða við nýviði eigna. Áfram stóð þó 1. mgr. 41. gr., sbr. 4. gr. frumvarpsins. Þar sem sú málsgrein var látin standa óbreytt áfram eru í frumvarpinu tvenns konar viðmiðanir um hvernig beri að meta eignir fráfarandi ábúanda við ábúðarlok. Skv. 2. málsl. 1. mgr. 41. gr. ber að miða við raunvirði eigna en skv. 2. mgr. sömu greinar ber að miða við nýviði eigna. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að felldur verði brott 2. málsl. 1. mgr. 41. gr. en samkvæmt því verður óumdeilt að eftir það ber að miða mat á eignum fráfarandi ábúanda við nýviði. Að öðru leyti þarfnast frumvarpið ekki skýringa.

1137. Tillaga til þingsályktunar [710. mál]

um staðfestingu Kyoto-bókunarinnar.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Rannveig Guðmundsdóttir,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að styðja af krafti þá stefnu Evrópusambandsins að gera Kyoto-bókunina að alþjóðalögum fyrir hina svokölluðu Ríó+10 ráðstefnu sem haldin verður í Suður-Afríku á næsta ári þegar tíu ár eru liðin frá upphafi Ríóferlisins. Jafnframt beinir Alþingi því til ríkisstjórnarinnar að hún geri Bandaríkjastjórn formlega grein fyrir vonbrigðum sínum með afstöðu Bandaríkjanna til Kyoto-bókunarinnar og beiti viðeigandi ráðum til að hvetja Bandaríkjastjórn til að breyta afstöðu sinni.

Greinargerð.

Kyoto-bókunin frá 1997 markaði tímamót í viðleitni alþjóðasamfélagsins til að ná tökum á þeim gríðarlega umhverfisvanda sem felst í losun gróðurhúsalofttegunda (GHL), líkt og fjölþjóðlega skipuð vísindanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar hefur nýverið staðfest í þriðju matsskýrslu sinni. Mistakist okkur að framfylgja ákvæðum Kyoto-bókunarinnar mun viðleitni ríkja heims til að ná tökum á þessum vanda tefjast um mörg ár og þann tíma megum við ekki missa.

Afleiðingar veðurfarsbreytinga af völdum hlýnunar lofthjúpsins eru flestum kunnar. Vaxandi tíðni þurrka, flóða, fellibylja og storma er þegar orðin staðreynd, en mun að öllum líkindum aukast verulega ef ekki næst að sporna gegn vandanum. Yfirborð sjávar mun hækka, bæði vegna hlýnunar hafsins og einnig vegna bráðnunar jökla og íshellu heimskautanna. Vatnajökull gæti verið horfinn eftir 100–200 ár. Víðfeðm landflæmi í öðrum löndum gætu farið í kaf og heil menningarsamfélög með miklu lengri sögu en við Íslendingar og mun fleira fólk gætu í bókstaflegri merkingu sokkið í hafið. Ríkum þjóðum eins og Íslendingum ber því siðferðileg skylda til að taka þátt í aðgerðum til að sporna gegn þessari þróun.

Við höfum líka ástæðu til að óttast um eigin hag. Ef allra verstu spár gengju eftir gæti Golfstraumurinn, sem er forsenda þess að Ísland er byggilegt, hugsanlega veikst.

Kyoto-bókunin kveður á um að iðnríki heims (sbr. viðauka I í rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar)[1] dragi úr losun GHL um 5,2% að meðaltali frá því sem var árið 1990. Talið er að draga þurfi úr losun GHL um 60% fyrir miðja þessa öld svo að takast megi að komast hjá hættulegum loftslagsbreytingum.

[1] Fyrsta bókhaldstímabilið, 1990–2008/2012, skyldi ákvæði bókunarinnar einungis ná til þeirra 38 iðnríkja, sem talin eru upp í viðauka I í rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UN Framework Convention on Climate Change). Þetta var ein meginforsenda þess að ríki þriðja heimsins samþykktu Kyoto-bókunina. Það samningsumboð sem samþykkt var á fyrsta fundi aðildarríkja rammasamningsins í Berlín árið 1995 tiltók sérstaklega að þróunarríkin skyldu ekki bundin af samkomulagi um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda fyrsta skuldbindingartímabilið.

Hinn 13. mars sl. lýsti George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, yfir andstöðu sinni við Kyoto-bókunina.[2] Gekk yfirlýsing Bush þvert á yfirlýsingar Christine Whitman, framkvæmdastjóra Environmental Protection Agency, sem hún gaf á fundi umhverfisráðherra G8-ríkjanna í Trieste 2.–3. mars sl., þess efnis að Bandaríkin mundu vinna að lausn þeirra deilumála sem ekki reyndist unnt að leysa á 6. þingi aðildarríkja rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem haldið var í Haag í Hollandi nú í nóvember.

Stefnubreyting Bandaríkjaforseta, eins og fram kemur í bréfi hans til Chucks Hagels, kemur einnig fram í því að hann hyggst ekki skylda orkuver til að draga úr losun koltvísýrings líkt og hann lofaði í kosningabaráttu sinni í haust.[3]

Hinn 28. mars gaf Bush út yfirlýsingu um að hann hafnaði Kyoto-bókuninni og að Bandaríkin mundu draga til baka undirskrift sína við bókunina, en aðildarríkin höfðu haft frest til að undirrita bókunina til 15. mars 1999. Bill Clinton, þáverandi forseti Bandaríkjanna, undirritaði Kyoto-bókunina í nóvember 1998, en Bandaríkin voru fram að þeim tíma eina iðnríkið, ásamt Íslandi, sem ekki hafði gert það.

Þjóðarleiðtogar, Kofi Annan, aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, og Klaus Töpfer, framkvæmdastjóri Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna, hafa undanfarnar vikur lýst vonbrigðum sínum með og gagnrýni á stefnubreytinguna sem felst í yfirlýsingu Bush. Flestir telja að Bandaríkjaforseti hafi með yfirlýsingum sínum vegið að framtíð Kyoto-bókunarinnar.

Bandaríki Norður-Ameríku eru ábyrg fyrir 25% losunar koltvíoxíðs í heiminum, sem er helsta gróðurhúsalofttegundin. Að meðaltali losar hver Bandaríkjamaður 24 tonn af koltvíoxíði árlega en meðallosun Evrópubúa er 10 tonn á ári og í þróunarlöndunum er losunin einungis 2 tonn á hvert mannsbarn árlega. Til að koma í veg fyrir loftslagsbreytingar af völdum losunar GHL má meðallosun á hvern íbúa heims ekki vera meiri en 1,7 tonn.

Evrópusambandið hefur lýst yfir vilja sínum til að fullgilda Kyoto-bókunina, jafnvel þótt Bandaríkin geri það ekki. Stjórnvöld í Japan og Rússlandi hafa tekið vel í sjónarmið ESB í því efni.

Nauðsynlegt er að ríkisstjórnin taki skýra afstöðu til mikilvægis þess að grípa til aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á grundvelli niðurstaðna vísindanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC).

Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að aðgerðir til að koma í veg fyrir loftslagsbreytingar eru á ábyrgð allra þjóða heims, *en iðnríkin bera þó langmesta ábyrgð.* Jafnframt hafa fátækari ríki heims minnst færi á að ráðast gegn þeirri vá sem stafar af loftslagsbreytingum.

Brýnt er að ríkisstjórnin lýsi yfir stuðningi við Kyoto-bókunina skýrt og afdráttarlaust. Þótt samningsmarkmið Íslands feli í sér undanþágu frá því losunarmarki sem Íslandi var sett með Kyoto-bókuninni, eða 10% aukningu frá 1990, má ljóst vera að stuðningur aðildarríkja rammasamningsins við samningsmarkmið Íslands verður mun minni en ella verði stuðningur Íslands við Kyoto-bókunina dreginn í efa.

---

[2] „As you know, I oppose the Kyoto Protocol because it exempts 80 percent of the world, including major population centers such as China and India, from compliance, and would cause serious harm to the U.S. economy."

[3] „I do not believe, however, that the government should impose on power plants mandatory emissions reductions for carbon dioxide, which is not a "pollutant" under the Clean Air Act."

1138. Frumvarp til laga [448. mál]

um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum (rekstrarumgjörð).

(Eftir 2. umr., 26. apríl.)

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þó mega hlutafélög, sem stofnuð verða skv. XII. kafla laganna, halda orðinu kaupfélagi óstyttu í nafni sínu.

2. gr.

Lokamálsliður 1. mgr. 25. gr. laganna orðast svo: Upplýsingaskyldan á einnig við um samband félagsins við félög sem það er eigandi að með þeim hætti að það getur haft úrslitaáhrif á töku ákvarðana í þeim.

3. gr.

Við 38. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Samvinnufélögum er með ákvörðun félagsfundar heimilt að hækka séreignarhluti félagsaðila í A-deild stofnsjóðs félagsins á þann hátt að yfirfæra fjárhæðir sem eftir standa þegar félagið hefur ráðstafað hagnaði í samræmi við ákvæði 54. gr., um tillög í varasjóði og aðra sjóði samkvæmt samþykktum félagsins, eða fjárhæðir sem komið hafa fram vegna færslna í endurmatsreikning samkvæmt lögum um ársreikninga. Tillaga um hækkun þarf samþykki ⅔ hluta greiddra atkvæða á félagsfundi. Sé tillagan samþykkt á félagsfundi skal boða hlutahafa í B-deild félagsins á fund til að fjalla um tillöguna. Hluthafar sem ráða yfir meiri hluta í B-deild geta þar hafnað ákvörðun félagsfundar í A-deild. Ákvörðunin skal jafnframt uppfylla frekari fyrirmæli samþykkta félagsins um breytingar á samþykktum þess. Hækkun á séreignarhlutum félagsmanna telst til A-deildar en einnig er heimilt að ákveða í samþykktum að hækkun á séreignarhlutum skuli afhent félagsmönnum með samvinnuhlutabréfum í B-deild stofnsjóðs félagsins. Við hækkun á séreignarhlutum A- og B-deildar skal gætt ákvæða um fjárhæð varasjóðs.

Við ákvörðun um hækkun og afhendingu hluta í B-deild skal jafnframt kveða á um hvert skuli vera skiptahlutfall á hlutum í A-deild stofnsjóðs og hlutum í B-deild. Jafnframt skal kveðið á um hvernig innbyrðis skiptingu hækkunar milli félagsaðila í A-deild stofnsjóðs skuli háttað, þ.e. að hvaða marki skiptingin fylgi hlutfallsskiptingu og þróun stofnsjóðseignar eða skiptist með öðrum hætti.

Ákvæði 7. mgr. 61. gr. og 2. og 3. mgr. 61. gr. a gilda um ákvörðun samkvæmt þessari grein.

Heimilt er að ákveða í samþykktum að útborgun á séreignarhlutum skv. 1.–3. mgr. skuli afhent félagsmönnum með samvinnuhlutabréfum í B-deild stofnsjóðs félagsins eða skuldabréfum. Tilgreina skal í samþykktunum frá hvaða tímamörkum slík ákvæði geti fyrst komið til framkvæmda.

4. gr.

3. mgr. 41. gr. laganna orðast svo:

Aðalfundur getur ákveðið að greiða félagsmönnum út arð með peningum eða öðrum verðmætum í stað þess að leggja hann í stofnsjóð. Gjalddagi arðs skal ekki vera síðar en sex mánuðum eftir að ákvörðun um úthlutun hans hefur verið tekin.

5. gr.

52. gr. laganna orðast svo:

Félagsfundur getur samkvæmt tillögu stjórnar ákveðið með ⅔ hlutum greiddra atkvæða að lækka A-deild og/eða B-deild stofnsjóðs félagsins. Ef félagsfundur samþykkir slíka tillögu skal boða hluthafa í B-deild félagsins á fund til að fjalla um tillöguna. Hluthafar sem ráða yfir meiri hluta í B-deild geta þar hafnað ákvörðun félagsfundar í A-deild. Í fundarboði fyrir félagsfund eða fund hluthafa í B-deild skal m.a. greina frá ástæðum lækkunarinnar og hvernig hún á að fara fram. Í ákvörðuninni skal taka fram þá fjárhæð, sem lækka skal stofnsjóðinn um, ásamt upplýsingum um hvernig skuli ráðstafa lækkunarfénu en því má ráðstafa þannig:

1. Til jöfnunar taps sem verður ekki jafnað á annan hátt. Eigi má þó lækka B-deild stofnsjóðs til jöfnunar taps fyrr en A-deild stofnsjóðs er tæmd.
2. Til greiðslu til félagsmanna.
3. Til greiðslu til hluthafa í B-deild stofnsjóðs.
4. Til afskriftar á greiðsluskyldu í stofnsjóði félagsins.

Ef ráðstafa á lækkunarfjárhæðinni að nokkru eða öllu leyti í þeim tilgangi er greinir í 2., 3. og 4. tölul. 1. mgr. skal birta tvisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til kröfuhafa félagsins um að tilkynna kröfur sínar til félagsstjórnar innan tveggja mánaða frá fyrstu birtingu áskorunarinnar. Óheimilt er að framkvæma lækkun fyrr en lýstar kröfur hafa verið greiddar eða fullnægjandi tryggingar settar. Rísi ágreiningur milli félags og kröfuhafa um það hvort framboðin trygging sé nægileg geta hlutaðeigandi, innan tveggja vikna frá því að tryggingin er boðin fram, lagt málið fyrir héraðsdóm á heimilisvarnarþingi félagsins. Með tilkynningunni um lækkun skal, auk nauðsynlegra sönnunargagna, fylgja yfirlýsing, undirrituð af stjórn félags og endurskoðendum, um að skuldir félagsins séu því ekki til fyrirstöðu að lækkunin geti farið fram.

Sanni félag að það eigi fyrir skuldum er ráðherra heimilt að veita því undanþágu frá innköllunarskyldu skv. 2. mgr. ef ljóst þykir að kröfuhafar félagsins bíði ekki tjón af því.

Eftir lækkunina skulu vera fyrir hendi eignir er svara a.m.k. til stofnsjóðs félagsins og lögmæltra varasjóða.

Ef ráðstafa á allri lækkunarfjárhæðinni til jöfnunar á tapi skal strax tilkynnt til samvinnufélagaskrár að lækkun hafi farið fram. Tilkynning um lækkun, ef ráðstafa á lækkunarfjárhæðinni að nokkru leyti eða öllu skv. 2., 3. og 4. tölul. 1. mgr., skal berast samvinnufélagaskrá innan árs frá því að ákvörðun var tekin, ella fellur hún úr gildi.

6. gr.

Á undan 61. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (61. gr.)

Að tillögu félagsstjórnar getur félagsfundur með ⅔ hlutum greiddra atkvæða samþykkt að breyta samvinnufélagi í hlutafélag. Boða skal til fundarins með minnst tveggja vikna fyrirvara og viku fyrir félagsfund skulu tillaga, áætlun um breytingu og fylgiskjöl liggja frammi á skrifstofu félagsins og send sérhverjum félagsmanni sem þess óskar.

Þegar stjórn hefur samþykkt tillögu um breytinguna er óheimilt að veita nýjum félagsmönnum inngöngu í félagið og að greiða úr stofnsjóði til félagsmanna frá dagsetningu tillögunnar þar til hlutafélagið hefur verið skráð eða tillaga felld. Félagsfund skal halda innan mánaðar frá því að stjórn hefur tekið ákvörðun.

Á fundinum skal lögð fram áætlun um breytingu samvinnufélags. Í áætluninni skal koma skýrlega fram hvort hlutafélagið skuli hafa einhver einkenni samvinnufélags að því er varðar rétt manna til inngöngu, atkvæðisrétt, arðgreiðslur og tengsl þeirra við viðskiptaþátttöku félagsmanns í félaginu, skilgreiningu á tilgangi og viðskiptaþátttöku í félaginu, rétt sem fylgi búsetu á félagssvæði eða öðrum skilgreiningum, réttindi við slit o.fl. Í áætluninni skal ávallt fjallað um neðangreind atriði:

a. Greinargerð stjórnar þar sem gerð er grein fyrir röksemdum og ástæðum fyrir breytingu á rekstrarformi.
b. Við hvaða tímamark skuli miða stofnun hlutafélagsins og slit samvinnufélagsins en það tímamark skal ekki vera síðar en mánuði eftir samþykkt tillögu.
c. Fjárhæð hlutafjár sem verði gagngjald fyrir endurmetinn stofnsjóð A-deildar og samvinnuhlutabréf B-deildar og reglu um skiptingu þess á milli félagsmanna.
d. Hvort í félaginu skuli vera mismunandi flokkar hlutafjár.
e. Hvort eða hversu mikill atkvæðisréttur skuli fylgja hlutum í hverjum flokki og jafnframt hvort önnur réttindi, svo sem réttur til arðgreiðslna eða úthlutun eigna við slit, skuli vera mismunandi á milli flokka eða ekki.
f. Hvort einhverjir félagsmenn njóti sérstakra réttinda í hlutafélaginu.
g. Reglur um hækkun séreignarhluta félagsaðila í A-deild stofnsjóðs, sbr. 38. gr.
h. Hvenær hlutabréf skuli afhent í skiptum fyrir stofnsjóðsinneign eða samvinnuhlutabréf.
i. Hvort einhverjir stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og fulltrúanefndarmenn, matsmenn eða eftirlitsaðilar njóti einhverra réttinda í hlutafélaginu.

Staðfest félagaskrá félagsins þar sem séreignarhlutur hvers félagsmanns er skilgreindur, dróg að samþykktum hlutafélagsins í samræmi við lög um hlutafélög og sérfræðiskýrsla ásamt gögnum skulu einnig fylgja áætluninni sem fylgiskjöl.

Hafi verið gefin út samvinnuhlutabréf í félaginu sem ætlunin er að breyta í hlutafélag skal á fundinum enn fremur tekin afstaða til eftirfarandi:

a. Réttinda hluthafa í B-deild félagsins í hinu nýja hlutafélagi.
b. Hvernig hlutafé hins nýja félags skal skiptast á milli félagsmanna í A-deild og hluthafa í B-deild.

Ef félagsfundur samþykkir tillögu um breytingu skulu eigendur hluta í B-deild stofnsjóðs boðaðir til sérstaks fundar til ákvörðunar um tillöguna. Hluthafar sem ráða yfir meiri hluta í B-deild geta þar hafnað ákvörðun félagsfundar í A-deild.

Gerð skal sérfræðiskýrsla skv. 6. og 7. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, þar sem fram kemur mat á fjárhæð hlutafjár samkvæmt áætluninni og eftir atvikum rökstutt álit á því hvort hækkun séreignarhluta félagsaðila í A-deild stofnsjóðs félagsins og skiptahlutfall á milli félagsmanna og hluthafa sé eðlilegt og sanngjarnt, svo og innbyrðis milli félaganna. Þegar skiptahlutfall milli A-deildar og B-deildar er metið skal taka mið af þeim réttindum, sem aðilar hafa í samvinnufélagi, og hvaða réttindi þeir fá í hinu nýstofnaða hlutafélagi. Sérfræðiskýrslunni skulu fylgja ársreikningar félagsins fyrir síðustu tvö reikningsár, efnahags- og rekstrarreikningur fyrir liðinn hluta yfirstandandi reikningsárs og að auki upphafsefnahagsreikningur hins nýja félags. Um hæfi og störf sérfræðinganna gilda að öðru leyti ákvæði laga um hlutafélög.

b. (61. gr. a.)

Ef félagsmenn gera grein fyrir því á félagsfundi, áður en gengið er til atkvæða um tillögu, að þeir vilji ekki gerast hluthafar í hinu nýja hlutafélagi, og ef þeir greiða atkvæði gegn til-

lögunni, geta þeir krafist þess að greidd verði út fjárhæð séreignarhlutar í stofnsjóði félagsins eins og hann stendur fyrir breytinguna.

Hluthafar í B-deild félags, er verið hafa á móti breytingartillögu, eiga kröfu á að hlutabréf þeirra verði innleyst ef skrifleg krafa er gerð um það innan mánaðar frá því að fundurinn var haldinn. Ef þess hefur verið farið á leit við hluthafa fyrir ákvarðanatöku að þeir sem vilja nota innlausnarréttinn gefi til kynna vilja sinn í því efni er innlausnarrétturinn bundinn því skilyrði að hlutaðeigendur hafi gefið yfirlýsingu þar um á fundinum. Félagið skal kaupa hlutina af þeim á verði sem svarar til verðmætis hlutanna. Sé ekki um samkomulag að ræða skal verðið ákveðið af matsmönnum, dómkvöddum á heimilisvarnarþingi félagsins. Hvor aðili um sig getur borið ákvörðun matsmanna undir dómstóla. Mál verður að höfða innan þriggja mánaða frá því að mat hefur farið fram.

Félagsmenn og hluthafar í B-deild stofnsjóðs geta krafist skaðabóta af viðkomandi félagi ef þeir hafa gert fyrirvara um það á fundi sem fjallar um breytingartillöguna enda sé skiptahlutfall á milli félagsmanna og hluthafa hvorki sanngjarnt né efnislega rökstutt.

c. (61. gr. b.)

Samvinnufélagi telst slitið og hlutafélagið stofnað þegar öll neðangreind skilyrði eru uppfyllt:

a. Breytingaráætlun hefur verið samþykkt.
b. Ný stjórn og endurskoðendur hafa verið kjörnir fyrir hið nýja félag nema ráð sé fyrir því gert í áætluninni að sömu aðilar og áður skipi þessar trúnaðarstöður til næsta aðalfundar.
c. Kröfur skv. 61. gr. a hafa verið útkljáðar eða fullnægjandi trygging sett fyrir þeim.

Við breytingu á samvinnufélagi í hlutafélag renna öll réttindi samvinnufélagsins og skyldur til hlutafélagsins.

Tilkynna skal samvinnufélagaskrá um félagsslitin og hlutafélagaskrá um stofnun hlutafélags innan mánaðar frá því að framangreind skilyrði eru uppfyllt.

7. gr.

Við 61. gr. laganna, sem verður 62. gr. a, bætist nýr töluliður sem orðast svo: Endurskoðaðir og samþykktir ársreikningar hafa ekki verið sendir samvinnufélagaskrá fyrir þrjú síðustu reikningsár, sbr. þó ákvæði laga um ársreikninga um skil á ársreikningum.

8. gr.

62. gr. laganna verður 62. gr. b.

9. gr.

Fyrirsögn XII. kafla laganna verður: **Breyting á rekstrarformi samvinnufélaga og slit samvinnufélaga.**

10. gr.

Svohljóðandi breytingar verða í lögunum á tilvísunum í endurskoðendur og skoðunarmenn, sbr. lög um endurskoðendur:

a. Í stað orðanna „löggilts endurskoðanda“ í 2. tölul. 2. mgr. 2. gr. a í lögunum kemur: endurskoðanda.
b. Í stað orðanna „varastjórnarmanna og skoðunarmanna (endurskoðenda)“ í 4. tölul. 5. gr. laganna kemur: varastjórnarmanna, endurskoðenda og skoðunarmanna.

c. Í stað orðanna „skoðunarmanna, endurskoðanda“ í 4. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: endurskoðenda, skoðunarmanna.
d. Í stað orðanna „stjórnar og skoðunarmanna (endurskoðanda)“ í c-lið 2. mgr. 21. gr. laganna kemur: stjórnar, endurskoðenda og skoðunarmanna.
e. Í stað orðanna „stjórnar og skoðunarmanna“ í d-lið 2. mgr. 21. gr. laganna kemur: stjórnar, endurskoðenda og skoðunarmanna.
f. Í stað orðanna „stjórnarmanna og skoðunarmanna“ í 1. mgr. 35. gr. laganna kemur: stjórnarmanna, endurskoðenda og skoðunarmanna.
g. Í stað orðanna „löggilts endurskoðanda“ í 1. mgr. 47. gr. laganna kemur: endurskoðanda.
h. Í stað orðanna „skoðunarmönnum og endurskoðanda“ í 1. mgr. 55. gr. laganna kemur: endurskoðendum og skoðunarmönnum, og í stað orðanna „löggiltur endurskoðandi“ í sömu málsgrein kemur: endurskoðandi.
i. Í stað orðanna „löggilts endurskoðanda“ í 2. mgr. 62. gr. laganna, sem verður 62. gr. b, kemur: endurskoðanda.
j. Í stað orðanna „löggiltur endurskoðandi“ í 4. mgr. 62. gr. laganna, sem verður 62. gr. b, kemur: endurskoðandi.
k. Í stað orðanna „skoðunarmenn og endurskoðandi“ í 1. mgr. 74. gr. laganna kemur: endurskoðendur og skoðunarmenn.
l. Í stað orðanna „skoðunarmönnum og endurskoðanda“ í c-lið 1. mgr. 76. gr. laganna kemur: endurskoðendum og skoðunarmönnum.
m. Í stað orðanna „skoðunarmenn, endurskoðandi“ í 77. gr. laganna kemur: endurskoðendur, skoðunarmenn.

11. gr.

Svohljóðandi breytingar verða á millivísunum í einstökum greinum laganna:
a. Í 56. gr. laganna: „92. gr.“ verður: 70. gr.
b. Í 57. gr. laganna: „87. gr.“ verður: 65. gr.
c. Í 59. gr. laganna: „78. gr. og 79. gr.“ verður: 56. og 57. gr.
d. Í 62. gr. laganna sem verður 62. gr. b: „83. gr.“ verður: 62. gr. a.
e. Í 64. gr. laganna: „83. gr.“ verður: 62. gr. a.
f. Í 65. gr. laganna: „86. gr.“ verður: 64. gr.
g. Í 67. gr. laganna: „86. gr.“ verður: 64. gr.
h. Í 69. gr. laganna: „89. gr.“ verður: 67. gr.
i. Í 70. gr. laganna: „93. gr.“ verður: 71. gr.
j. Í 75. gr. laganna: „96. gr.“ verður: 74. gr.
k. Í 76. gr. laganna: „97. gr.“ verður: 75. gr.
l. Í 79. gr. laganna: „100. gr.“ verður: 78. gr.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sértækt endurmat.

Samvinnufélagi er heimilt að endurmeta séreignarhluti félagsaðila í A-deild stofnsjóðs þess fyrir árslok 2004. Endurmat þetta skal byggt á verðmæti hreinnar eignar félags í árslok 1996, samkvæmt lögum um ársreikninga, að teknu tilliti til opinberra gjalda, sem tengd eru því ári, og varasjóðs eða fjárfestingarsjóðs sem myndaður hefur verið samkvæmt eldri skatta-

lögum og ekki verið leystur upp og tekjufærður fyrir þann tíma. Ákvæði 7. mgr. 61. gr. gildir um innbyrðis skiptingu félagsmanna.

Ákvæði 4.–6. mgr. 38. gr. gilda um ákvörðun samkvæmt þessari grein.

1139. Frumvarp til laga [449. mál]

um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum (innlánsdeildir).

(Eftir 2. umr., 26. apríl.)

1. gr.

2. gr. a í lögunum orðast svo:

Heimilt er samvinnufélagi, að fullnægðum skilyrðum sem talin eru upp í 2. mgr., að starfrækja innlánsdeild sem tekur við innlögum frá félagsmönnum og viðskiptaaðilum til ávöxtunar sem rekstrarfé félagsins. Um útborganir á innlögum fer eftir ákvæðum félagssamþykkta. Hlutafélag, sem breytt hefur verið úr samvinnufélagi á grundvelli 61. gr., 61. gr. a og 61. gr. b, skal hafa sömu heimild og samvinnufélagið til að reka áfram innlánsdeild og skal í þessum rekstri hafa sömu réttarstöðu í íslenskri löggjöf og samvinnufélög eftir því sem við á.

Skilyrði fyrir því að samvinnufélag megi starfrækja innlánsdeild eru:

1. Að eigið fé félagsins sé minnst 100 milljónir króna og hlutfall eigin fjár þess af heildareignum eigi lægra en 15% eftir að frá eigin fé og heildareignum hefur verið dregið bókfært virði óskráðra eignarhluta og kröfur á dóttur- og hlutdeildarfélög. Sé saminn samstæðureikningur gildir eiginfjárkrafan fyrir samstæðuuppgjörið eingöngu. Samvinnufélag skal hafa aðlagað sig þessu skilyrði eigi síðar en 31. desember árið 2002 fullnægi félagið ekki skilyrðinu þegar við gildistöku laganna. Eiginfjárhlutfall félaga, sem fullnægja ekki skilyrðinu við gildistöku laganna, skal eigi vera lægra en 18% á aðlögunartímanum. Fullnægi samvinnufélag ekki þessum skilyrðum er viðskiptaráðherra heimilt að veita félaginu frest í allt að sex mánuði til þess að auka eigið fé að fyrrgreindum lágmörkum. Séu til þess ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja þennan frest í allt að þrjá mánuði.
2. Að endurskoðun á reikningum félagsins sé í höndum endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
3. Að félagið sé aðili að Tryggingarsjóði innlánsdeilda. Samþykktir sjóðsins skulu staðfestar af viðskiptaráðherra. Í samþykktum skal m.a. kveðið á um eignarhald á sjóðnum og ráðstöfun eigna hans til samvinnufélaga við slit á honum eða slit á innlánsdeild.

Til tryggingar fyrir fé því sem lagt er í innlánsdeild eru eignir félagsins, þar með talin eign í Tryggingarsjóði innlánsdeilda og ábyrgð félagsmanna skv. 18. gr.

Óheimilt er innlánsdeild að veita lán í eigin nafni eða reka aðra fjármálastarfsemi en um getur í 1. mgr. og hún telst hvorki innláns- né lánastofnun í skilningi laga um Seðlabanka Íslands.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi innlánsdeilda samvinnufélaga samkvæmt þessari grein. Hver innlánsdeild skal senda Fjármálaeftirlitinu endurskoðaðan ársreikning eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningstímabils og sex mánaða árshlutareikning eigi síðar en tveimur mánuðum eftir lok reikningstímabils. Sex mánaða árshlutareikningur

skal vera áritaður af endurskoðanda sem endurskoðaður eða kannaður. Um eftirlitið gilda að öðru leyti ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Tryggingarsjóður innlánsdeilda er undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögunum orðast svo:

Ríkissjóður skal endurgreiða álagða tekjuskatta og eignarskatta á Tryggingarsjóð innlánsdeilda.

Ákvæði 2. gr. a skal taka til endurskoðunar eigi síðar en 1. janúar 2004.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1140. Frumvarp til laga [481. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 26. apríl.)

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: Til arðs telst ekki úthlutun jöfnunarhlutabréfa samkvæmt lögum um einkahlutafélög, lögum um hlutafélög og lögum um samvinnufélög sem hafa ekki í för með sér breytta eignarhlutdeild hlutareiganda eða hluthafa eða hækkun séreignarhluta félagsaðila í A-deild stofnsjóðs samvinnufélaga eða samvinnuhlutabréf sem félagsaðilum eru afhent við slíka hækkun séreignarhluta í samvinnufélagi samkvæmt lögum um samvinnufélög.

2. gr.

Á eftir 3. málsl. 2. mgr. 17. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Kaupverð hlutabréfa í B-deild stofnsjóðs samvinnufélags sem skattaðili hefur eignast við sértækt endurmat A-deildar stofnsjóðs samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum um samvinnufélög skal ákvarðast jafnt fjárhæð hækkunar séreignarsjóðshluta A-deildar yfirfærðs stofnsjóðs.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna:

a. Í stað „78. gr.“ og „81. gr.“ í 2. mgr. kemur: 56. gr., og: 59. gr.

b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:

Sé samvinnufélagi slitið á þann hátt að því sé breytt í hlutafélag og félagsaðilar samvinnufélagsins fái eingöngu hlutabréf í hlutafélaginu sem gagngjald fyrir séreignarhluti sína í samvinnufélaginu skulu skiptin sem slík ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann sem séreignarhlutinn lét af hendi. Hafi samvinnufélag sem breyta á í hlutafélag myndað sérstaka B-deild stofnsjóðs með sölu hluta og eigendur samvinnuhlutabréfanna í B-deild fá eingöngu hlutabréf í hlutafélaginu sem gagngjald fyrir B-deildarhluti sína í samvinnufélaginu, þá skulu skiptin á sama hátt ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann sem samvinnuhlutabréfin lét af hendi. Þegar samvinnu-

félagi er breytt í hlutafélag skal hlutafélagið, sem við tekur, taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum samvinnufélagsins sem slitið var.

4. gr.

Við 1. mgr. 56. gr. A laganna bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Sé samvinnufélagi skipt þannig að fleiri en eitt samvinnufélag eða hlutafélag taki við eignum og skuldum frá félaginu skulu ákvæði þessarar málsgreinar gilda um slíka skiptingu. Séreignarhlutir félagsaðila í samvinnufélögunum skulu vera innbyrðis í sömu hlutföllum og séreignarhlutirnir í hinu skipta félagi en taki hlutafélag við eignum og skuldum frá samvinnufélaginu skulu allir hlutir í hlutafélaginu vera í eigu hins skipta félags.

5. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Til þess að sértækt endurmat stofnsjóðs A-deildar samvinnufélags samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum um samvinnufélög njóti skattalegs hagræðis skv. 2. málsl. 1. mgr. 9. gr., 4. málsl. 2. mgr. 17. gr. og 3. mgr. 56. gr. laganna skal endurmatið lagt fyrir skattstjóra til staðfestingar ásamt upplýsingum um skiptihlutfallið milli félagsaðila fyrir árslok 2004.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2002 vegna tekna og eigna á árinu 2001.

1141. Frumvarp til laga [524. mál]

um rafrænar undirskriftir.

(Eftir 2. umr., 26. apríl.)

I. KAFLI

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að kveða á um réttaráhrif rafrænna undirskrifta og stuðla að öruggri og árangursríkri notkun þeirra með því að mæla fyrir um kröfur til fullgildra rafrænna undirskrifta, fullgildra vottorða og starfsemi vottunaraðila sem gefa út slík vottorð.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um rafrænar undirskriftir og starfsemi vottunaraðila með staðfestu á Íslandi.

Viðskiptaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI
Skilgreiningar, réttaráhrif og vernd persónuupplýsinga.

3. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Rafræn undirskrift:* Gögn í rafrænu formi sem fylgja eða tengjast rökrænt öðrum rafrænum gögnum og eru notuð til að sannprófa frá hverjum hin síðarnefndu gögn stafa.
2. *Útfærð rafræn undirskrift:* Rafræn undirskrift sem:
   a. tengist undirritanda einum,
   b. er til þess fallin að bera kennsl á undirritanda,
   c. er gerð með aðferð sem er eingöngu á forræði undirritanda og
   d. er tengd gögnum á þann hátt að hvers konar breyting á þeim eftir undirritun er greinileg.
3. *Fullgild rafræn undirskrift:* Útfærð rafræn undirskrift sem er studd fullgildu vottorði og gerð með öruggum undirskriftarbúnaði.
4. *Undirritandi:* Sá sem hefur forræði yfir undirskriftarbúnaði og kemur fram fyrir eigin hönd eða fyrir hönd annars einstaklings eða lögpersónu.
5. *Undirskriftargögn:* Einstök gögn, svo sem kótar eða einkalykill dulritunar, sem undirritandi notar til að mynda rafræna undirskrift.
6. *Undirskriftarbúnaður:* Hugbúnaður eða vélbúnaður sem notaður er til að mynda rafræna undirskrift með hjálp undirskriftargagna.
7. *Öruggur undirskriftarbúnaður:* Undirskriftarbúnaður sem fullnægir skilyrðum sem kveðið er á um í 8. og 9. gr. laga þessara.
8. *Sannprófunargögn:* Gögn, svo sem kótar eða dreifilykill dulritunar, sem notuð eru til að sannreyna rafræna undirskrift.
9. *Sannprófunarbúnaður:* Hugbúnaður eða vélbúnaður sem notaður er til að sannreyna rafræna undirskrift með hjálp sannprófunargagna.
10. *Vottorð:* Vottorð á rafrænu formi sem tengir sannprófunargögn við undirritanda og staðfestir hver hann er.
11. *Fullgilt vottorð:* Vottorð sem hefur að geyma upplýsingar sem kveðið er á um í 7. gr. og er gefið út af vottunaraðila sem fullnægir skilyrðum V. kafla laga þessara.
12. *Vottunaraðili:* Aðili sem gefur út vottorð eða veitir aðra þjónustu í tengslum við rafrænar undirskriftir.

4. gr.
Réttaráhrif rafrænna undirskrifta.

Ef undirskrift er skilyrði réttaráhrifa samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða af öðrum orsökum fullnægir fullgild rafræn undirskrift ætíð slíku skilyrði.

Ákvæði 1. mgr. er því ekki til fyrirstöðu að aðrar rafrænar undirskriftir en þar greinir geti uppfyllt skilyrði um undirskrift samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða af öðrum orsökum.

5. gr.
Vernd persónuupplýsinga.

Vottunaraðila sem gefur út vottorð til almennings er eingöngu heimilt að safna persónuupplýsingum beint frá þeim sem upplýsingarnar varða eða með ótvíræðu samþykki hans. Aðeins má safna upplýsingunum eða nota þær í þeim mæli sem nauðsynlegt er til útgáfu eða viðhalds á vottorði nema til komi ótvírætt samþykki þess sem upplýsingarnar varða.

Um meðferð vottunaraðila á persónuupplýsingum og eftirlit með henni fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Vottunaraðilar eru tilkynningarskyldir samkvæmt þeim lögum.

III. KAFLI
Fullgild vottorð.

6. gr.
Fullgilt vottorð.

Ekki má nota heitið „fullgilt vottorð“ eða önnur heiti sem gefa til kynna að um fullgilt vottorð sé að ræða nema vottorð uppfylli ákvæði 7. gr. og sé gefið út af vottunaraðila sem uppfyllir ákvæði V. kafla laga þessara.

7. gr.
Innihald fullgilds vottorðs.

Fullgilt vottorð skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar og gögn:

1. Vísbendingu um að vottorðið sé gefið út sem fullgilt vottorð.
2. Upplýsingar um deili á vottunaraðila og hvar hann hefur staðfestu.
3. Nafn undirritanda eða dulnefni. Noti undirritandi dulnefni skal koma skýrt fram að um dulnefni sé að ræða.
4. Frekari upplýsingar um undirritanda ef þær eru nauðsynlegar vegna tilgangs vottorðsins.
5. Sannprófunargögn sem svara til þeirra undirskriftargagna sem undirritandi hefur forræði yfir.
6. Upphaf og lok gildistíma vottorðsins.
7. Auðkenniskóta vottorðsins.
8. Útfærða rafræna undirskrift vottunaraðilans sem gefur vottorðið út.
9. Upplýsingar um takmarkanir á gildissviði og á fjárhæð viðskipta sem unnt er að nota vottorðið til, séu slíkar takmarkanir fyrir hendi.

Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um þær upplýsingar sem fullgild vottorð skulu hafa að geyma í reglugerð.

IV. KAFLI
Öruggur undirskriftarbúnaður.

8. gr.
Kröfur.

Öruggur undirskriftarbúnaður skal tryggja að undirskriftargögnin:

a. geti eingöngu komið einu sinni fram,
b. verði með hliðsjón af eðlilegum öryggiskröfum ekki brotin upp og
c. séu varin með fullnægjandi hætti gegn notkun annarra en undirritanda.

Öruggur undirskriftarbúnaður skal einnig tryggja leynd undirskriftargagnanna með fullnægjandi hætti og að rafræn undirskrift sé varin gegn fölsun.

Ekki skal vera unnt að nota öruggan undirskriftarbúnað til að breyta þeim gögnum sem undirrita á eða hindra að undirritandi geti séð gögnin fyrir undirritun.

9. gr.

Viðurkenning.

Kröfum til undirskriftarbúnaðar skv. 8. gr. skal teljast fullnægt þegar:

a. þar til bær aðili hefur staðfest að hann uppfylli kröfur 8. gr.; viðskiptaráðherra getur í reglugerð kveðið á um þá aðila sem veitt geta slíka staðfestingu, eða
b. þar til bær aðili á Evrópska efnahagssvæðinu hefur viðurkennt hann.

Líta skal svo á að undirskriftarbúnaður teljist öruggur skv. 8. gr. ef hann er í samræmi við staðla sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sett um slíkan búnað og birtir hafa verið í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

V. KAFLI

Kröfur til vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð.

10. gr.

Kröfur til starfseminnar.

Vottunaraðili sem gefur út fullgild vottorð skal í starfsemi sinni fullnægja þeim kröfum sem nauðsynlegar eru til að tryggja örugga og áreiðanlega útgáfu vottorða.

Vottunaraðili skal í þessu skyni:

a. viðhafa vandaðar stjórnunar- og starfsaðferðir,
b. hafa starfsfólk sem býr yfir þeirri sérfræðiþekkingu, reynslu og hæfni sem nauðsynleg er fyrir starfsemina og
c. hafa nægjanlegt fjármagn til að stunda starfsemina með hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar eru í lögum þessum.

11. gr.

Kerfi og búnaður.

Vottunaraðili skal í starfsemi sinni nota áreiðanleg kerfi og búnað sem eru varin gegn breytingum og tryggja öryggi dulritunar og tæknilegt öryggi.

Ákvæðum 1. mgr. telst fullnægt ef vottunaraðilinn notar kerfi og búnað sem viðurkennd eru skv. 9. gr.

Vottunaraðilinn skal grípa til aðgerða til að hindra möguleika á fölsun vottorða. Í þeim tilvikum sem vottunaraðilinn býr til undirskriftargögn skal hann tryggja leynd við framleiðsluna.

12. gr.

Skráningar- og afturköllunarþjónusta.

Vottunaraðili sem gefur út fullgild vottorð skal koma á fót og starfrækja hraðvirkt og öruggt kerfi fyrir skráningu og afturköllun á vottorðum. Þá skal hann tryggja að unnt sé að sjá nákvæmlega hvenær vottorð tók gildi og hvenær það var afturkallað. Upplýsingar um takmarkanir á gildi vottorða skulu einnig liggja fyrir, sbr. 9. tölul. 1. mgr. 7. gr.

13. gr.

Kennsl borin á undirritanda.

Vottunaraðili sem gefur út fullgild vottorð skal sannreyna með viðeigandi hætti deili á undirritanda og aðrar frekari upplýsingar um hann.

Upplýsingar um aðferðir þær sem notaðar eru skv. 1. mgr. skulu aðgengilegar almenningi.

14. gr.

Geymsla upplýsinga.

Vottunaraðili sem gefur út fullgild vottorð skal geyma allar viðeigandi upplýsingar um vottorðið í hæfilega langan tíma.

Vottunaraðilinn skal nota áreiðanleg kerfi við geymslu á vottorðum þannig að:

a. enginn geti gert breytingar eða viðbætur á vottorðum nema þeir sem til þess hafa sérstaka heimild,
b. unnt sé að athuga hvort upplýsingar eru réttar,
c. vottorð sé eingöngu aðgengilegt almenningi ef undirritandi hefur samþykkt það sérstaklega og
d. hugsanlegar tæknilegar breytingar, sem geta stefnt öryggiskröfum í hættu, séu sýnilegar þeim sem starfrækja kerfið.

Vottorðin skulu geymd þannig að unnt sé að sannprófa þau.

Vottunaraðilanum er ekki heimilt að geyma eða afrita undirskriftargögn undirritanda.

15. gr.

Upplýsingar um skilmála, takmarkanir o.fl.

Áður en vottunaraðili gerir samning um útgáfu fullgilds vottorðs skal hann upplýsa undirritanda skriflega og með varanlegum hætti um:

a. skilmála og takmarkanir á notkun vottorðsins,
b. valfrjáls faggildingarkerfi sem starfrækt eru og
c. meðferð kvartana og úrlausn deilumála.

Upplýsingar skv. 1. mgr. má senda rafrænt, enda séu þær á læsilegu formi og á auðskiljanlegu máli. Þessar upplýsingar skulu, eftir því sem við á, vera aðgengilegar þriðja aðila sem treystir á vottorð og óskar eftir þeim.

16. gr.

Nánari reglur.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja nánari fyrirmæli í reglugerð um kröfur til vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð skv. V. kafla laga þessara.

VI. KAFLI
Skaðabótaábyrgð.

17. gr.

Vottunaraðili sem gefur út fullgilt vottorð til almennings eða ábyrgist gagnvart almenningi slíkt vottorð útgefið af öðrum er bótaskyldur vegna tjóns þess sem treystir á vottorð með eðlilegum hætti, að því er varðar:

a. að upplýsingar í vottorði hafi verið réttar þegar það var gefið út,
b. að vottorð hafi að geyma allar þær upplýsingar sem kveðið er á um í 7. gr.,
c. að undirritandi hafi við útgáfu vottorðs haft undir höndum undirskriftargögn sem svara til þeirra sannprófunargagna sem koma fram í vottorði,
d. að tiltekin undirskriftargögn svari eingöngu til tiltekinna sannprófunargagna og að tiltekin sannprófunargögn svari eingöngu til tiltekinna undirskriftargagna þegar vottunaraðili býr bæði gögnin til eða
e. að vottorð sé réttilega skráð í afturköllunarlista skv. 12. gr.

Vottunaraðili er ekki skaðabótaskyldur skv. 1. mgr. ef hann sannar að tjón verði ekki rakið til sakar hans.

Ef notkun vottorðs er andstæð takmörkunum á gildissviði þess eða á fjárhæð viðskipta og mögulegt er að kynna sér slíkar takmarkanir er vottunaraðili ekki skaðabótaskyldur vegna þess tjóns sem stafar af slíkri notkun.

VII. KAFLI
Eftirlit með vottunaraðilum sem gefa út fullgild vottorð.

18. gr.
Eftirlit.

Löggildingarstofa skal hafa eftirlit með því að starfsemi vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna settra á grundvelli þeirra, sbr. þó 2. mgr. 5. gr.

Löggildingarstofa getur bannað starfsemi og aðstæður sem stríða gegn ákvæðum laga þessara og reglna settra á grundvelli þeirra. Þá er heimilt að setja skilyrði fyrir áframhaldandi starfsemi og veita fresti til að fullnægja slíkum skilyrðum.

Löggildingarstofa getur krafist þess að fram fari endurskoðun á kerfi, búnaði og starfsskipulagi vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð (endurskoðun upplýsingatækni). Löggildingarstofa getur tilnefnt þá aðila sem hafa heimild til að annast slíka endurskoðun. Vottunaraðili skal bera kostnað af slíkri endurskoðun.

Löggildingarstofa getur svipt vottunaraðila heimild til að kalla vottorð sem hann gefur út „fullgild vottorð“ ef hann hefur gróflega eða ítrekað brotið gegn ákvæðum laga þessara eða reglum settum á grundvelli þeirra.

Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um tilhögun eftirlits í reglugerð.

19. gr.
Skráning og eftirlitsgjald.

Vottunaraðili sem hyggst gefa út fullgild vottorð skal senda tilkynningu um starfsemi sína til Löggildingarstofu. Eftir að slík tilkynning hefur verið send getur vottunaraðili gefið út fullgild vottorð. Í tilkynningunni skulu koma fram þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að sýna fram á að vottunaraðili fullnægi skilyrðum laga þessara í starfsemi sinni, m.a. upplýsingar um starfsemi, skipulag, kerfi og búnað. Breytingar og nýjar upplýsingar skulu sendar án tafar til eftirlitsaðila.

Vottunaraðili sem gefur út fullgild vottorð skal greiða gjald að fjárhæð 1.000.000 kr. á ári til að standa straum af kostnaði eftirlits samkvæmt lögum þessum. Ef vottunaraðili byrjar eða hættir starfsemi á gjaldárinu skal lágmarksárgjaldið ákvarðað í réttu hlutfalli við þann tíma sem starfrækslan varaði á árinu. Eftirlitsgjaldið skal renna beint til Löggildingarstofu og vera innheimt af henni. Aðför má gera til fullnustu kröfum um eftirlitsgjald án undangengins dóms, úrskurðar eða sáttar.

Gjalddagi eftirlitsgjalds er 1. febrúar ár hvert vegna síðasta almanaksárs.

Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um tilhögun skráningar, tilkynningar og upplýsingagjöf í reglugerð.

20. gr.
Athugun, aðgangur og þagnarskylda.

Afhenda skal Löggildingarstofu allar þær upplýsingar og skýringar sem henni eru nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Er Löggildingarstofu heimilt að setja fresti til afhendingar upplýsinga eða skýringa. Einnig getur Löggildingarstofa kvatt vottunaraðila og þá sem starfa á

þeirra vegum á sinn fund til að veita upplýsingar og skýringar varðandi útgáfu á vottorðum eða aðra þjónustu í tengslum við rafrænar undirskriftir.

Löggildingarstofu er án dómsúrskurðar heimill aðgangur í eftirlitsstörfum sínum að starfsstöð vottunaraðila eða öðrum þeim stöðum þar sem starfsemi sem fellur undir eftirlit laga þessara fer fram. Hún getur þar framkvæmt þær eftirlitsaðgerðir sem hún telur nauðsynlegar og krafist þess að starfsmenn á þeim stöðum veiti nauðsynlega aðstoð. Löggildingarstofa getur óskað liðveislu lögreglu ef tilraun er gerð til að hindra hana í eftirlitsstörfum sínum.

Réttur Löggildingarstofu til þess að krefjast upplýsinga eða aðgangs að starfsstöðinni og tækjabúnaði verður ekki takmarkaður með vísan til reglna um þagnarskyldu.

Starfsmenn Löggildingarstofu eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð skýra óviðkomandi frá því er þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur vottunaraðila, tengdra aðila eða annarra. Sama gildir um sérfræðinga sem starfa fyrir Löggildingarstofu að eftirlitsstarfi samkvæmt lögum þessum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

21. gr.

Dagsektir.

Löggildingarstofa getur lagt dagsektir á vottunaraðila að liðnum tilteknum fresti veiti hann ekki umbeðnar upplýsingar, fari ekki eftir kröfum hennar um úrbætur eða sinni ekki kröfum eftirlitsins að öðru leyti.

Fjárhæð dagsekta skal ákvörðuð með hliðsjón af umfangi rekstrar vottunaraðila og eðli brotsins. Dagsektir geta numið frá 10.000 kr. til 1 millj. kr. á dag. Þær greiðast þar til farið hefur verið eftir kröfum Löggildingarstofu. Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður þrátt fyrir að orðið sé við kröfum Löggildingarstofu nema Löggildingarstofa ákveði það sérstaklega.

Dagsektir eru aðfararhæfar og renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Ákvörðun Löggildingarstofu um dagsektir verður ekki kærð til ráðherra.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

22. gr.

Vottunaraðilar sem hafa staðfestu utan Íslands.

Vottorð, gefin út af vottunaraðilum sem hafa staðfestu utan Íslands, skulu teljast fullgild vottorð í skilningi laga þessara ef:

a. vottunaraðilinn fullnægir ákvæðum laga þessara og hefur verið viðurkenndur af valfrjálsu faggildingarkerfi á Evrópska efnahagssvæðinu,
b. vottunaraðili, sem hefur staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu og uppfyllir ákvæði laga þessara, ábyrgist vottorðið,
c. vottorðið stafar frá vottunaraðila sem hefur staðfestu í landi á Evrópska efnahagssvæðinu og uppfyllir kröfur þess lands til fullgildra vottorða eða
d. vottorðið eða vottunaraðilinn er viðurkenndur af Íslandi, Evrópubandalaginu, ríkjum utan Evrópubandalagsins eða alþjóðlegum stofnunum, í tvíhliða eða marghliða samningum.

23. gr.
Viðurlög.

Fyrir brot gegn lögum þessum skal refsað með sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Dæma má lögaðila jafnt sem einstaklinga til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Um refsiábyrgð lögaðila fer skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

24. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þau eru sett með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2000, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB frá 13. desember 1999, um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir.

Ákvæði til bráðabirgða.

Endurskoða skal ákvæði VII. kafla laga þessara þegar tvö ár eru liðin frá gildistöku þeirra með hliðsjón af reynslu af eftirlitinu og umfangi þess. Sérstaklega skal þá skoðað hvort rök séu til að endurskoða ákvæði um eftirlitsgjald.

1142. Breytingartillaga [524. mál]

við frv. til l. um rafrænar undirskriftir.

Frá Vilhjálmi Egilssyni.

Við 19. gr. Í stað orðsins „lágmarksárgjaldið“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: árgjaldið.

1143. Fyrirspurn [711. mál]

til umhverfisráðherra um tillögu stjórnvalda um hið svokallaða „íslenska ákvæði“ Kyoto-bókunarinnar.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Er gert ráð fyrir að losun koltvíoxíðs frá Íslandi umfram það 1,6 millj. tonna þak á losun koltvíoxíðs frá stóriðju, sem íslensk stjórnvöld gerðu tillögu um í hinu svokallaða „íslenska ákvæði“ Kyoto-bókunarinnar sem lögð var fram í breyttri mynd á 6. aðildarríkjaþingi rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar í Haag í nóvember sl., muni rúmast innan þeirra losunarmarka sem Íslandi voru sett í Kyoto (þ.e. 10% aukning miðað við 1990) og hver yrði hlutfallsleg aukning vegna losunar 1,6 millj. tonna af koltvíoxíði frá stóriðju miðað við losun frá stóriðju 1990?

2. Er gert ráð fyrir að keyptir verði losunarkvótar vegna losunar flúorkolefna frá stóriðju (FC, einkum PFC), sem tillaga íslenskra stjórnvalda gerir ráð fyrir að Ísland taki á sig, og hverjum ætlar ríkisstjórnin að bera kostnað af hugsanlegum kvótakaupum?
3. Hvaða breytingar hafa orðið á íslensku tillögunni frá því á aðildarríkjaþinginu í Haag og í hvaða mynd verður hún lögð fram á framhaldsþinginu í Bonn 16.–27. júlí nk.?
4. Verði tillaga Íslands samþykkt í Bonn og gangi áætlanir um aukna stóriðju eftir, hver verður þá heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá stóriðju á Íslandi á bókhaldstímabili Kyoto-bókunarinnar 2008–2012, sundurliðað eftir einstökum lofttegundum, og hver verður heildaraukning losunar gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi miðað við viðmiðunarárið 1990?

Skriflegt svar óskast.

1144. Fyrirspurn [712. mál]

til umhverfisráðherra um stöðu Íslands gagnvart rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hver var losun Íslands á gróðurhúsalofttegundum árið 1999 og hvernig kemur hún út miðað við ákvæði Kyoto-bókunarinnar og miðað við viðmiðunarárið 1990?
2. Hvernig hefur spá stjórnvalda um heildarlosun gróðurhúsalofttegunda hérlendis fyrir árin 2005 og 2010 breyst frá spá þeirri sem birt var í þskj. 139 á 125. löggjafarþingi?
3. Hversu mikilli losun gróðurhúsalofttegunda má gera ráð fyrir
   a. frá 420.000 tonna álveri í Reyðarfirði,
   b. vegna aukningar á ársframleiðslu álvers Norðuráls á Grundartanga í 180.000 tonn,
   c. vegna aukningar á ársframleiðslu álvers Ísals í Straumsvík í 200.000 tonn?
4. Hvað líður störfum stýrihóps ráðuneytisstjóra um loftslagsmál sem hefur m.a. það verkefni að semja framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda?

Skriflegt svar óskast.

1145. Fyrirspurn [713. mál]

til landbúnaðarráðherra um tillögur vegsvæðanefndar.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við tillögum vegsvæðanefndar? Hver er afstaða ráðherra til þess að girða búfé af í beitarhólfum í stað þess að girða vegina af?

1146. Frumvarp til laga [367. mál]

um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.

(Eftir 2. umr., 27. apríl.)

1. gr.

Við 4. mgr. 66. gr. laganna, sbr. lög nr. 36/1999, bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sá sem á hagsmuna að gæta getur kært ákvörðun ríkissaksóknara um synjun á rannsókn til dómsmálaráðherra. Nú ákveður ráðherra að rannsókn fari fram og setur hann þá sérstakan saksóknara til að fara með og rannsaka málið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1147. Lög [448. mál]

um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum (rekstrarumgjörð).

(Afgreidd frá Alþingi 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 1138.

1148. Lög [449. mál]

um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum (innlánsdeildir).

(Afgreidd frá Alþingi 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 1139.

1149. Lög [481. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 1140.

1150. Lög [524. mál]

um rafrænar undirskriftir.

(Afgreidd frá Alþingi 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 1141 með þessari breytingu:

19. gr. hljóðar svo:

Skráning og eftirlitsgjald.

Vottunaraðili sem hyggst gefa út fullgild vottorð skal senda tilkynningu um starfsemi sína til Löggildingarstofu. Eftir að slík tilkynning hefur verið send getur vottunaraðili gefið út fullgild vottorð. Í tilkynningunni skulu koma fram þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að sýna fram á að vottunaraðili fullnægi skilyrðum laga þessara í starfsemi sinni, m.a. upplýsingar um starfsemi, skipulag, kerfi og búnað. Breytingar og nýjar upplýsingar skulu sendar án tafar til eftirlitsaðila.

Vottunaraðili sem gefur út fullgild vottorð skal greiða gjald að fjárhæð 1.000.000 kr. á ári til að standa straum af kostnaði eftirlits samkvæmt lögum þessum. Ef vottunaraðili byrjar eða hættir starfsemi á gjaldárinu skal árgjaldið ákvarðað í réttu hlutfalli við þann tíma sem starfrækslan varaði á árinu. Eftirlitsgjaldið skal renna beint til Löggildingarstofu og vera innheimt af henni. Aðför má gera til fullnustu kröfum um eftirlitsgjald án undangengins dóms, úrskurðar eða sáttar.

Gjalddagi eftirlitsgjalds er 1. febrúar ár hvert vegna síðasta almanaksárs.

Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um tilhögun skráningar, tilkynningar og upplýsingagjöf í reglugerð.

1151. Lög [193. mál]

um breytingar á lögum nr. 107/1999, um fjarskipti.

(Afgreidd frá Alþingi 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 203

1152. Nefndarálit [391. mál]

um frv. til l. um framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti og Róbert Spanó frá umboðsmanni Alþingis.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá lögreglustjóranum í Reykjavík, Lögmannafélagi Íslands, ríkissaksóknara, Fangelsismálastofnun, dómstólaráði og Sýslumannafélagi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði nauðsynleg ákvæði til að yfirvöldum og dómstólum hér á landi verði unnt að framkvæma ákvæði Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn frá 17. júlí 1998 í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins.

Mælir nefndin með því að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Í fyrsta lagi er um að ræða orðalagsbreytingu á 1. mgr. 2. gr. til samræmis við hugtakanotkun alþjóðlegs refsiréttar. Í öðru lagi er lagt til að tryggður verði lagagrundvöllur einstakra rannsóknaraðgerða að beiðni dómstólsins með breytingu á 2. mgr. 3. gr. Loks er lagt til með breytingu á 1. mgr. 4. gr. að dómstólnum verði gert kleift að biðja um handtöku manns án samfara beiðni um afhendingu hans.

Kolbrún Halldórsdóttir, sem sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi, er samþykk afgreiðslu málsins.

Ólafur Örn Haraldsson, Jónína Bjartmarz og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. apríl 2001.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.
Hjálmar Jónsson.		Guðrún Ögmundsdóttir.

1153. Breytingartillögur [391. mál]

við frv. til l. um framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „brot“ og „slíkt brot“ í 1. mgr. komi: glæp, og: slíkan glæp.
2. Við 3. gr. Fyrir aftan orðin „slíkra beiðna“ í síðari málslið 2. mgr. komi: og framkvæmd aðgerða.
3. Við 4. gr. Fyrri málsliður 1. mgr. orðist svo: Að beiðni dómstólsins er heimilt að handtaka mann og beita öðrum þvingunarráðstöfunum.

1154. Nefndarálit [453. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá ríkissaksóknara, lögreglustjóranum í Reykjavík, Lögmannafélagi Íslands, Fangelsismálastofnun ríkisins, dómstólaráði og Sýslumannafélagi Íslands.

Í frumvarpinu er að finna nauðsynlegar breytingar á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984, vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Breytingarnar lúta annars vegar að gagnkvæmri réttaraðstoð við sendingu og afhendingu málsskjala í sakamálum og hins vegar að réttarstöðu embættismanna frá öðrum ríkjum með tilliti til refsiverðra verknaða sem beinast að þeim eða þeir fremja sjálfir.

Mælir nefndin með því að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Kolbrún Halldórsdóttir, sem sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi, er samþykk afgreiðslu málsins.

Ólafur Örn Haraldsson, Jónína Bjartmarz og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. apríl 2001.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.
Hjálmar Jónsson.		Guðrún Ögmundsdóttir.

1155. Nefndarálit [482. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Lögmannafélagi Íslands, ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á almennum hegningarlögum vegna fyrirhugaðrar aðildar Íslands að samningi um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna, sem gerður var í New York 9. desember 1994, og mælir allsherjarnefnd með því að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað „11“ í 1. gr. komi: 12.

Kolbrún Halldórsdóttir, sem sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi, er samþykk afgreiðslu málsins.

Ólafur Örn Haraldsson, Jónína Bjartmarz og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. apríl 2001.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm. Katrín Fjeldsted. Ásta Möller.

Hjálmar Jónsson. Guðrún Ögmundsdóttir.

1156. Nefndarálit [554. mál]

um frv. til l. um breyt. á Norðurlandasamningi um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason og Drífu Pálsdóttur frá dómsmálaráðuneyti.

Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Lögmannafélagi Íslands og fjölskyldu þjónustu kirkjunnar.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að fullgilda samkomulag sem gert var 6. febrúar 2001 um breytingar á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð sem undirritaður var í Stokkhólmi 6. febrúar 1931. Ástæður breytinganna eru annars vegar að samræma norrænan sifjarétt og hins vegar að viðhalda norrænni réttareiningu á þessu sviði.

Mælir nefndin með því að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Kolbrún Halldórsdóttir, sem sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi, er samþykk afgreiðslu málsins.

Jónína Bjartmarz, Lúðvík Bergvinsson og Ólafur Örn Haraldsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. apríl 2001.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm. Katrín Fjeldsted. Ásta Möller.

Hjálmar Jónsson. Guðrún Ögmundsdóttir.

1157. Svar [424. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Guðjóns A. Kristjánssonar um Hafrannsóknastofnunina.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar voru tekjur og gjöld Hafrannsóknastofnunarinnar á árunum 1990–2000, sundurliðað eftir árum og helstu tekju- og gjaldaliðum á verðlagi ársins 2000?*
2. *Hver var fjöldi stöðugilda og starfsmanna hjá Hafrannsóknastofnuninni á árunum 1990–2000, sundurliðað eftir árum og helstu starfsheitum, svo sem stjórnendum, sérfræðingum, starfsmönnum á hafrannsóknaskipum og rannsóknarmönnum?*
3. *Hvernig verður rannsóknaskipið Árni Friðriksson RE-200 notað á árinu 2001?*
4. *Hvers vegna hefur ráðgjafarnefnd Hafrannsóknastofnunarinnar, sem skipuð er af sjávarútvegsráðherra og starfar skv. 15. gr. laga nr. 64/1965, ekki verið kölluð saman undanfarin ár? Hefur verið skipað í nefndina á undanförnum árum?*

Yfirlit yfir tekjur og gjöld Hafrannsóknastofnunarinnar á árunum 1990–2000 fer hér á eftir í töflum 1–5. Tafla 1 sýnir sértekjur stofnunarinnar skipt eftir tegundum. Tafla 2 sýnir skiptingu tekna stofnunarinnar eftir viðfangsefnum. Tafla 3 sýnir gjöld að frádregnum tekjum og greitt ríkisframlag og tafla 4 sýnir gjöld Hafrannsóknastofnunarinnar eftir tegundum. Í töflu 5 má sjá skiptingu gjalda eftir helstu verkefnum. Töflurnar sýna tekjur og gjöld á meðalverðlagi ársins 2000.

Tafla 6 sýnir skiptingu fastra starfsmanna hjá Hafrannsóknastofnuninni eftir stöðum 1990–2000 ásamt samanlögðum fjölda ársverka.

Meðfylgjandi svari þessu er skipaáætlun rs. Árna Friðrikssonar RE–200 á árinu 2001. Skipið verður notað til ýmiss konar rannsókna á árinu en vegna ógæfta í janúar og febrúar sem og óvenjulegrar útbreiðslu loðnu þurfti að verja 15 sólarhringum umfram áætlunina í loðnumælingar. Þetta kann að kalla á breytingar á skipaáætlun stofnunarinnar síðar á árinu.

Ráðgjafarnefnd Hafrannsóknastofnunarinnar hefur ekki verið skipuð undanfarin ár með þeim hætti sem upphaflega var ætlast til. Samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar er ástæða þess sú að að áliti flestra hafi faglegur stuðningur hennar við meginmarkmið stofnunarinnar, rannsóknir og ráðgjöf, verið of lítill. Hins vegar hefur stofnunin, í góðu samráði við aðila í greininni, haft frumkvæði að myndun samstarfshópa um afmörkuð sérsvið þar sem einstaklingar með sérþekkingu og reynslu á viðkomandi sviði hafa starfað saman. Þannig hafa verið starfandi mismunandi samstarfshópar um grálúðurannsóknir, úthafsrækju- og ufsarannsóknir. Nú er á vegum ráðherra unnið að endurskoðun á lögum um Hafrannsóknastofnunina og hefur stjórn stofnunarinnar verið beðin um tillögur vegna atriða sem endurskoða þarf. Líklegt er að ákvæði um ráðgjafarnefnd komi til endurskoðunar í þeirri vinnu.

Tafla 1. Sértekjur Hafrannsóknastofnunarinnar eftir tegundum 1990-2000.*

	Seld þjónusta	Leigu-tekjur	Sala eigna	Fjármuna-tekjur	Framlög, styrkir	Sala afla	Ýmsar tekjur	Samtals
1990	10.489	23.885	101	569	76.985	24.883	10.777	**147.690**
1991	9.993	11.491	679	478	64.429	17.760	976	**105.807**
1992	10.597	11.078	0	44	159.254	20.036	1.538	**195.303**
1993	12.495	9.938	101	171	99.970	14.286	1.296	**138.257**
1994	21.366	5.418	58	505	350.853	21.077	1.378	**400.655**
1995	14.207	5.788	363	2.124	195.840	33.418	594	**252.335**
1996	10.710	5.046	1.169	233	169.920	89.714	6	**276.797**
1997	10.291	8.926	1.349	1.377	158.501	108.146	1	**288.591**
1998	23.715	15.062	244	633	194.740	129.227	1.377	**364.999**
1999	24.824	15.165	174	508	145.154	115.613	3.325	**304.764**
2000	25.607	5.162	40	20.833	140.677	82.527	4.494	**279.340**

*Á meðalverðlagi ársins 2000.

Tafla 2. Skipting tekna Hafrannsóknastofnunarinnar eftir helstu viðfangsefnum 1990–2000, í þús kr.*

	Yfir-stjórn, bókasafn, reiknid.	Sjó- og vist-fræði svið	Nytja-stofna-svið	Útibú, tilrauna-eldisstöð	Raf-tækni-deild	Skipa-rekstur	Fjöl-stofna rann-sóknir	Evrópu-verkefni	Sjávar-útvegs-skóli	Samtals
1990	22.970	27.710	14.304	18.356	100	64.251	0	0	0	**147.690**
1991	8.397	27.053	15.416	24.076	0	30.866	0	0	0	**105.807**
1992	127.581	35.505	4.829	8.700	0	18.690	0	0	0	**195.305**
1993	10.538	50.568	23.308	4.961	25	48.855	2	0	0	**138.257**
1994	262.771	51.660	49.244	4.972	58	31.925	25	0	0	**400.655**
1995	50.113	61.792	82.718	13.224	0	40.803	3.684	0	0	**252.335**
1996	34.995	83.063	85.637	6.045	0	47.634	72	19.351	0	**276.797**
1997	31.375	82.696	106.879	5.547	222	26.999	883	33.991	0	**288.591**
1998	47.709	68.311	131.646	7.670	249	42.323	7.060	27.446	32.586	**364.999**
1999	21.854	87.413	104.002	3.745	191	26.549	6.556	16.716	37.739	**304.764**
2000	34.704	55.138	86.537	7.837	59	18.813	10.073	22.441	43.737	**279.339**

*Á meðalverðlagi ársins 2000.

Tafla 3. Gjöld að frádregnum tekjum og greitt ríkisframlag 1990–2000.*

	Gjöld	Fjárfestinga-hreyfingar	Tekjur	Mismunur	Ríkisframlag
1990	834.511	4.105	147.690	690.926	2.723
1991	765.410	0	105.807	659.603	670.507
1992	800.560	4.940	195.303	610.197	628.907
1993	858.147	3.560	138.257	723.450	727.568
1994	864.059	5.846	400.655	469.250	470.761
1995	922.471	45.977	252.335	716.113	723.092
1996	951.882	30.354	276.797	705.439	723.903
1997	1.011.187	27.607	288.591	750.203	714.696
1998	1.099.566	27.155	364.999	761.722	773.432
1999	1.095.063	5.251	304.764	795.549	802.708
2000	1.129.979	0	279.340	850.639	859.228

*Á meðalverðlagi ársins 2000.

Tafla 4. Gjöld Hafrannsóknastofnunarinnar eftir tegundum 1990–2000, í þús. kr.*

	Laun	Vöruk. almenn	Vöruk. sérgr.	Þjónusta I	Þjónusta II	Fjárm. k. tryggingar	Eigna-kaup	Til-færslur	Samtals
1990	346.834	83.818	22.098	61.343	237.965	17.240	60.492	4.721	**834.511**
1991	392.916	99.166	19.178	48.030	135.660	12.452	56.149	1.858	**765.409**
1992	422.127	95.598	20.844	42.188	147.814	12.744	62.746	678	**804.738**
1993	422.384	99.580	18.300	42.714	182.289	14.064	75.430	8.843	**863.604**
1994	443.514	92.798	20.389	54.441	184.502	16.059	41.768	10.587	**864.059**
1995	463.481	103.746	25.731	48.231	194.556	10.934	64.978	10.814	**922.471**
1996	481.385	91.694	27.020	64.744	202.224	10.862	55.448	18.506	**951.882**
1997	508.994	102.421	33.760	57.754	221.129	11.027	65.536	10.565	**1.011.186**
1998	625.517	99.109	29.010	62.175	216.200	10.373	31.463	25.722	**1.099.570**
1999	617.218	102.761	24.313	71.355	207.687	9.464	49.671	12.595	**1.095.064**
2000	644.612	126.785	36.786	83.710	189.203	10.477	25.798	12.608	**1.129.979**

*Á meðalverðlagi ársins 2000.

Tafla 5. Skipting gjalda Hafrannsóknastofnunarinnar eftir helstu verkefnum 1990–2000, í þús kr.*

	Yfir-stjórn, bókasafn, reiknid.	Sjó- og vist-fræðisvið	Nytja-stofna-svið	Útibú, tilrauna-eldisstöð	Raf-tækni-deild	Skipa-rekstur	Fjölst.-ranns.	Evrópu-verkefni	Sjávar-útvegs-skóli	Samtals
1990	112.737	81.230	127.706	52.316	12.612	447.911	0	0	0	**706.806**
1991	105.723	83.517	157.585	55.353	13.280	349.952	0	0	0	**765.410**
1992	106.132	91.297	132.282	49.061	16.285	338.143	67.361	0	0	**800.560**
1993	90.305	129.756	138.701	43.221	14.638	371.181	70.346	0	0	**858.147**
1994	100.772	115.037	168.210	44.417	15.248	338.458	81.917	0	0	**864.059**
1995	91.347	113.486	217.113	49.223	13.745	358.572	78.985	0	0	**922.471**
1996	108.059	123.255	241.924	48.266	15.316	346.787	52.949	15.325	0	**951.882**
1997	104.515	128.898	239.999	49.782	16.955	364.309	47.861	58.614	255	**1.011.187**
1998	123.236	121.272	306.222	67.703	19.951	356.909	51.957	25.921	26.396	**1.099.566**
1999	131.153	179.071	292.136	68.376	14.440	350.870	10.282	14.662	34.074	**1.095.063**
2000	143.687	133.260	313.370	65.999	17.509	396.115	13.453	8.601	37.985	**1.129.979**

Tafla 6. Skipting fastra starfsmanna hjá Hafrannsóknastofnuninni eftir stöðum árin 1990–2000.

	Yfir-stjórn	Sérfræð-ingar	Rannsóknar-menn	Skipverjar	Aðrir	Samtals	Samtals ársverk
1990	5	44	28	35	11	**123**	124,8
1991	5	46	29	38	13	**131**	132,9
1992	5	46	30	38	18	**137**	143,8
1993	5	52	36	38	12	**143**	151,1
1994	5	56	42	37	13	**153**	155,0
1995	5	53	49	37	13	**157**	157,1
1996	6	56	52	38	13	**165**	156,4
1997	6	56	52	41	13	**168**	161,2
1998	6	56	51	39	14	**166**	165,9
1999	6	58	48	41	14	**167**	159,8
2000	6	58	51	42	14	**171**	164,5

Skipaáætlun rs. Árna Friðrikssonar RE–200 árið 2001.

Leið nr.	Dags.	Verkefni	Athafnasvæði	Verkefnisnúmer	Dagar
1.	16.1.-22.1.	Veiðarfæratilraunir	Vestfjarðamið	25.11, 30.21	7
2.	23.1.-3.2.	Stofnmæling loðnu	N-, A- og S-mið	23.02, 25.12	12
3	26.2.-28.2.	Hávaðamælingar	Faxaflói	23.06	3
4.	1.3.-18.3.	Stofnmæling botnfiska	Umhverfis landið	22.01, 22.20, 30.24	18
5.	7.5.-11.5.	Kvörðun bergmálsmæla	Faxaflói	23.05	4
6.	18.5.-31.5.	Síldargöngur, umhverfi og fæða síldar	Austurdjúp	31.07	14
7.	21.06.-12.07.	Bergmálsmæling úthafskarfa, hvalatalning	S- og SV-djúp	23.08, 28.02	22
8.	17.7.-30.7.	Kolmunni, síld, makríll	SV-, A-mið, Austurdjúp	23.13, 23.14, 31.07	15
9.	14.8.-24.8.	Kortlagning hafsbotnsins	S-mið	11.03	11
10.	2.10.-31.10.	Stofnmæling botnfiska að haustlagi	Umhverfis landið	22.14, 22.20	28
11.	5.11.-19.11.	Stofnmæling loðnu	NV-, V- og N-mið	23.01, 12.16	15
12.	20.11.-4.12.	Stofnmæling síldar	Umhverfis landið	23.03	15

1158. Lög [313. mál]

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

(Afgreidd frá Alþingi 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 376

1159. Frumvarp til laga [505. mál]

um hönnun.

(Eftir 2. umr., 30. apríl.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hönnuður eða sá sem sækir rétt sinn til hans getur með skráningu samkvæmt lögum þessum öðlast einkarétt á hönnun (hönnunarrétt).

2. gr.

Í lögum þessum eru eftirfarandi hugtök skilgreind sem hér segir:

1. Hönnun merkir útlit vöru eða hluta vöru sem ræðst af einstökum þáttum eða skreytingu hennar, einkum línum, útlínum, litum, lögun, gerð og/eða efni;
2. vara merkir handunninn hlut eða hlut sem framleiddur er með tæknilegum hætti, þ.m.t. hlut sem ætlaður er í samsetta vöru, umbúðir, útbúnað, grafísk tákn og leturgerðir, að undanskildum tölvuforritum;
3. samsett vara merkir vöru sem hefur að geyma marga hluti sem unnt er að skipta um þannig að vöruna megi taka í sundur og setja saman á ný.

3. gr.

Hönnunarréttur getur einungis tekið til nýrrar og sérstæðrar hönnunar.

Hönnun telst ný ef eins hönnun hefur ekki verið gerð aðgengileg almenningi fyrir umsóknardag, eða forgangsréttardag ef forgangsréttar er krafist. Hönnun telst eins og önnur hönnun ef einstakir þættir hönnunar eru aðeins ólíkir í óverulegum atriðum.

Hönnun telst sérstæð ef heildarmynd sú sem hún veitir upplýstum notanda er frábrugðin heildarmynd hans af annarri hönnun sem hefur verið gerð aðgengileg almenningi fyrir umsóknardag, eða forgangsréttardag ef forgangsréttar er krafist. Við mat á því hvort hönnun telst sérstæð skal taka mið af því svigrúmi sem hönnuður hefur haft við gerð hönnunarinnar.

4. gr.

Hönnun vöru, sem er hluti af samsettri vöru, telst aðeins ný og sérstæð:

1. ef hluti hennar, sem hefur verið felldur inn í hina samsettu vöru, er sýnilegur við eðlilega notkun og
2. sýnilegi hlutinn fullnægir kröfunni um nýjung og sérstæði.

Eðlileg notkun telst hagnýting notanda á endanlegu notkunarstigi á samsettu vörunni, þó að undanskildu viðhaldi eða viðgerð.

5. gr.

Hönnun telst aðgengileg almenningi samkvæmt lögum þessum ef hún hefur verið skráð eða gerð opinber með öðrum hætti ellegar hún hefur verið höfð til sýnis, hagnýtt í viðskiptum eða orðið þekkt með öðrum hætti.

Hönnunin telst ekki orðin aðgengileg almenningi:

1. ef ekki verður með sanngirni talið að kunnáttumenn á viðkomandi sviði á Evrópska efnahagssvæðinu hafi við venjulegar starfsaðstæður getað fengið vitneskju um téð tilvik 1. mgr. fyrir umsóknardag, eða forgangsréttardag ef forgangsréttar er krafist, eða
2. aðrir hafa öðlast vitneskju um hönnunina í trúnaði sem krafist hefur verið með ótvíræðum hætti eða ætla má að hafi verið krafist.

6. gr.

Hönnun telst ekki aðgengileg almenningi ef hún hefur á síðustu tólf mánuðum fyrir umsóknardag, eða forgangsréttardag ef forgangsréttar er krafist, verið gerð aðgengileg almenningi:

1. fyrir atbeina hönnuðar eða þess sem sækir rétt sinn til hans, ellegar fyrir atbeina annars aðila á grundvelli upplýsinga eða athafna hönnuðar eða þess sem sækir rétt sinn til hans, eða
2. vegna misbeitingar gagnvart hönnuði eða þeim sem sækir rétt sinn til hans.

7. gr.

Hönnun nýtur ekki verndar ef hún eða notkun hennar:

1. stríðir gegn siðgæði eða allsherjarreglu,
2. felur heimildarlaust í sér auðkenni sem njóta verndar skv. 6. gr. Parísarsamningsins frá 20. mars 1883 um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar eða önnur merki, tákn eða skjaldarmerki sem hafa sérstakt gildi fyrir almenning,
3. felur heimildarlaust í sér vörumerki eða heiti á virkri atvinnustarfsemi annars aðila,
4. felur heimildarlaust í sér verk sem nýtur verndar samkvæmt höfundalögum,
5. brýtur gegn hönnun sem þegar nýtur verndar samkvæmt umsókn um eða skráningu á hönnun hér á landi eða samkvæmt alþjóðlegri skráningu sem hefur gildi hér á landi.

8. gr.

Hönnunarréttur nær ekki til þeirra þátta í útliti vöru sem:

1. ráðast eingöngu af tæknilegri virkni vöru eða
2. framleiða þarf í nákvæmlega sömu lögun og stærð til að vöruna, sem hönnunin er hluti af, megi tæknilega tengja annarri vöru, ellegar láta hana í, á, um eða við aðra vöru þannig að báðar vörurnar geti gegnt hlutverki sínu.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tölul. 1. mgr. er unnt að öðlast hönnunarrétt ef hönnunin er ný og sérstæð skv. 3. gr. og gefur færi á margs konar samsetningu eða samtengingu vara í kerfi úr víxlanlegum einingum.

9. gr.

Í hönnunarrétti felst að aðrir en hönnuður megi ekki heimildarlaust hagnýta hönnun, sbr. þó undantekningar í 10.–12. gr. Ekki má t.d. heimildarlaust framleiða, bjóða til sölu, markaðssetja, flytja inn eða út eða nota vöru sem einkennist af hönnuninni, svo og safna birgðum í áðurgreindu skyni.

Hönnunarréttur skv. 1. mgr. tekur til sérhverrar hönnunar sem gefur upplýstum notanda ekki aðra heildarmynd.

10. gr.

Hönnunarréttur tekur ekki til:

1. athafna sem framkvæmdar eru í einkaþágu,
2. athafna sem framkvæmdar eru í tilraunaskyni og
3. eftirgerðar til notkunar við tilvísanir eða í fræðslu enda brjóti slíkar athafnir ekki í bága við góða viðskiptahætti, skaði ekki venjulega notkun hönnunar óhæfilega og heimildar sé getið.

11. gr.

Enn fremur tekur hönnunarréttur ekki til:

1. búnaðar skipa og loftfara sem skrásett eru í öðru ríki meðan þau eru stödd um stundarsakir í íslenskri lögsögu,
2. innflutnings hingað til lands á varahlutum og aukabúnaði til viðgerða á skipum og loftförum skv. 1. tölul. og
3. vinnu við viðgerðir á skipum og loftförum skv. 1. og 2. tölul.

12. gr.

Hönnunarréttur tekur ekki til athafna í tengslum við þá vöru sem nýtur verndar hafi eigandi hönnunarréttar eða einhver með samþykki hans markaðssett vöruna á Evrópska efnahagssvæðinu.

II. KAFLI
Umsókn um skráningu hönnunar.

13. gr.

Umsókn um skráningu hönnunar skal skila til Einkaleyfastofunnar sem heldur hönnunarskrá.

Umsókn skal hafa að geyma upplýsingar um nafn umsækjanda og tilgreiningu á vörunni eða vörunum sem hönnun tekur til.

Umsókn skulu fylgja myndir (teikningar eða ljósmyndir) er greinilega sýni hönnun þá er óskast vernduð. Auk þess má senda inn líkan með umsókninni.

Nafn hönnuðar, eins eða fleiri, skal tilgreina í umsókn. Sé umsækjandi annar en hönnuður skal umsækjandi sanna rétt sinn til hönnunar.

Umsókn skulu fylgja tilskilin gjöld, sbr. 53. gr.

14. gr.

Umsókn um skráningu hönnunar telst ekki lögð inn fyrr en umsækjandi hefur afhent myndir sem lýsa hönnuninni, tilgreint þá vöru, sem hönnunin tekur til, og greitt tilskilin gjöld, sbr. 53. gr.

Umsókn má ekki breyta þannig að hún varði aðra hönnun en þá sem lýst er í umsókninni.

15. gr.

Í einni og sömu umsókn er heimilt að sækja um vernd á fleiri en einni hönnun ef þær vörur, er hönnun tengist, mynda samstæðu og verða flokkaðar í sama flokk samkvæmt Locarno-samningnum frá 8. október 1968 um alþjóðlega flokkun hönnunar.

Nánari reglur um slíka samskráningu skal setja í reglugerð.

16. gr.

Hafi verið sótt um skráningu hönnunar í annarri umsókn um hönnun eða smáeinkaleyfi hér á landi eða í öðru ríki, sem er aðili að Parísarsamningnum frá 20. mars 1883 um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar eða Alþjóðaviðskiptastofnuninni, innan sex mánaða frá umsóknardegi í hinu ríkinu skal litið svo á að seinni umsóknin hafi verið lögð inn samtímis hinni fyrri enda leggi umsækjandi fram kröfu þess efnis.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við þegar um er að ræða ríki sem er ekki aðili að Parísarsamningnum eða Alþjóðaviðskiptastofnuninni ef það ríki viðurkennir samsvarandi forgangsrétt íslenskra umsókna og lög þess eru í aðalatriðum í samræmi við Parísarsamninginn.

Ef sótt er um skráningu hönnunar innan sex mánaða frá því að hönnun er sýnd í fyrsta skipti á opinberri eða opinberlega viðurkenndri alþjóðlegri sýningu skal litið svo á að umsóknin hafi verið lögð inn á þeim tíma. Með alþjóðlegum sýningum er átt við sýningar samkvæmt samningnum um heimssýningar sem undirritaður var í París 22. nóvember 1928.

17. gr.

Einkaleyfastofan kannar auk formskilyrða hvort umsókn taki til hönnunar í skilningi 1. tölul. 2. gr. og samræmist 1. og 2. tölul. 7. gr.

Umsækjandi getur farið fram á að Einkaleyfastofan rannsaki einnig hvort umsókn fullnægi skilyrðum 3. og 5. tölul. 7. gr. og samræmist að öðru leyti ákvæðum laga þessara.

Með beiðni um rannsókn skv. 2. mgr. skal fylgja tilskilið gjald, sbr. 53. gr.

18. gr.

Teljist umsókn fullnægja settum reglum skal hönnun skráð. Einkaleyfastofan skal flokka hönnun í samræmi við ákvæði Locarno-samningsins frá 8. október 1968 um alþjóðlega flokkun hönnunar. Tilkynning um skráningu hönnunar skal birt í ELS-tíðindum sem Einkaleyfastofan gefur út.

Að beiðni umsækjanda má þó fresta skráningu í allt að sex mánuði frá umsóknardegi, eða forgangsréttardegi ef forgangsréttar er krafist. Beiðni um frestun skal koma fram í umsókn.

19. gr.

Ef umsókn um skráningu hönnunar er ekki í samræmi við ákvæði laga eða reglna eða telji Einkaleyfastofan að aðrar tálmanir leiði til þess að synja beri um skráningu skal umsækjanda tilkynnt það og honum veittur kostur á að tjá sig eða lagfæra umsóknina innan tilskilins frests.

Komi ekki fram athugasemdir frá umsækjanda né lagfæring á umsókninni innan tilskilins frests skal umsókn afskrifuð.

Að beiðni umsækjanda skal umsókn tekin fyrir á ný ef hann, innan tveggja mánaða frá því að tilskilinn frestur rann út, tjáir sig um málið eða lagfærir umsóknina enda greiði hann endurupptökugjald, sbr. 53. gr. Endurupptaka getur aðeins átt sér stað einu sinni.

Telji Einkaleyfastofan eitthvað því til fyrirstöðu að umsókn verði samþykkt, og hafi umsækjanda verið gefinn kostur á að tjá sig um annmarkann, skal umsókninni hafnað nema Einkaleyfastofan telji ástæðu til að gefa umsækjanda á ný kost á málsmeðferð skv. 1. mgr.

20. gr.

Telji Einkaleyfastofan að eitthvað komi í veg fyrir skráningu, sbr. 19. gr., er unnt að skrá hönnunina í breyttri mynd ef hún fullnægir kröfum um vernd og heldur sérkennum sínum.

Sé umsækjandi ekki samþykkur hinni breyttu mynd skal umsókn hafnað.

III. KAFLI
Aðgengi að umsókn og upplýsingaskylda.

21. gr.

Frá og með skráningardegi hönnunar skulu umsóknargögn aðgengileg almenningi.

Þegar sex mánuðir eru liðnir frá umsóknardegi, eða forgangsréttardegi ef forgangsréttar er krafist, skulu gögn aðgengileg almenningi þótt birting skv. 18. gr. hafi ekki farið fram. Hafi verið tekin ákvörðun um að afskrifa umsókn eða hafna henni mega umsóknargögn þó ekki vera aðgengileg nema umsækjandi fari fram á endurupptöku eða kæri ákvörðun um höfnun.

Ef umsækjandi óskar þess skulu umsóknargögn gerð aðgengileg fyrr en kveðið er á um í 1. og 2. mgr.

Þegar umsóknargögn verða aðgengileg skv. 2. og 3. mgr. skal birta auglýsingu um það.

22. gr.

Beri umsækjandi um skráningu hönnunar fyrir sig umsókn sína gagnvart öðrum áður en hún er gerð almenningi aðgengileg er honum skylt að veita viðkomandi aðgang að umsóknargögnum sé þess krafist.

Gefi maður til kynna með því að snúa sér beint til annars, með auglýsingu, áritun á vöru eða umbúðir hennar eða öðrum hætti, að sótt hafi verið um skráningu hönnunar eða hún skráð, án þess að tilgreina þó jafnframt númer umsóknar eða skráningar, er honum skylt að veita þeim sem þess krefst þær upplýsingar án ástæðulausrar tafar. Ef upplýsingar eru til þess fallnar að gefa í skyn að sótt hafi verið um hönnun eða hún skráð án þess að slíkt sé skýrt tekið fram er skylt, sé þess krafist, að veita án ástæðulausrar tafar upplýsingar um hvort svo sé.

IV. KAFLI
Gildistími skráðrar hönnunar.

23. gr.

Skráð hönnun gildir eitt eða fleiri fimm ára tímabil frá umsóknardegi. Skráningu má endurnýja til fimm ára í senn þar til 25 ára verndartíma er náð.

24. gr.

Beiðni um endurnýjun skráningar ásamt tilskildu endurnýjunargjaldi, sbr. 53. gr., skal lögð inn hjá Einkaleyfastofunni í fyrsta lagi þremur mánuðum áður en skráningartímabili lýkur og í síðasta lagi sex mánuðum eftir lok þess.

Berist Einkaleyfastofunni ekki beiðni um endurnýjun á því tímabili sem um getur í 1. mgr. skal skráning afmáð úr hönnunarskrá.

Sé beiðni ekki í samræmi við ákvæði laga eða reglna lætur Einkaleyfastofan viðkomandi vita og gefur honum kost á að tjá sig innan tilskilins frests.

Að þeim tíma liðnum skal Einkaleyfastofan taka afstöðu til beiðninnar enda sé viðkomandi ekki gefinn kostur á að tjá sig á nýjan leik.

Birta skal tilkynningu um endurnýjun skráningar í ELS-tíðindum.

V. KAFLI
Brottfall skráðrar hönnunar.

25. gr.

Ógilda má skráningu hönnunar að nokkru eða öllu leyti með dómi ef:

1. skráning samræmist ekki ákvæðum 1.–8. gr. eða
2. umsókn hefur verið breytt þannig að hún brjóti í bága við ákvæði 2. mgr. 14. gr.

Hver sem er getur höfðað mál skv. 1. mgr. en þó einungis:

1. um rétt til hönnunar: sá sem segist vera löglegur eigandi hönnunar;
2. um réttindi skv. 2. tölul. 7. gr.: sá sem hefur hagsmuna að gæta vegna viðkomandi notkunar;
3. um réttindi skv. 3.–5. tölul. 7. gr.: eigandi þeirra réttinda.

Mál skv. 1. tölul. 2. mgr. skal höfða innan árs frá því að viðkomandi fær vitneskju um skráninguna og aðrar aðstæður sem málið byggist á. Þó má ekki höfða mál síðar en þremur mánuðum eftir skráningu hönnunar ef eigandi skráningarinnar hefur verið í góðri trú þegar hönnunin var skráð eða viðkomandi öðlaðist hönnunarrétt.

Skráningu hönnunar má fella úr gildi eftir að hönnunarréttur fellur brott eða honum hefur verið afsalað.

26. gr.

Hafi hönnun verið skráð á annan en þann sem skv. 1. gr. á rétt til hönnunar skal dómstóll að kröfu rétthafa yfirfæra réttinn til hans.

Hafi sá sem á þennan hátt er sviptur hönnunarrétti í góðri trú hagnýtt uppfinninguna í atvinnuskyni hérlendis eða gert umfangsmiklar ráðstafanir til þess er honum heimilt gegn sanngjörnu endurgjaldi og að öðru leyti með sanngjörnum skilmálum að halda þeirri hagnýtingu áfram eða hefja fyrirhugaða hagnýtingu enda breytist hagnýtingin ekki til muna. Með sömu forsendum hefur skráður nytjaleyfishafi sama rétt.

Rétt skv. 2. mgr. má aðeins framselja ásamt þeim atvinnurekstri þar sem rétturinn hefur verið hagnýttur eða til stóð að beita honum.

27. gr.

Þegar hönnun hefur verið skráð má leggja fram beiðni um að Einkaleyfastofan felli skráninguna að nokkru eða öllu leyti úr gildi enda sé tilskilið gjald greitt, sbr. 53. gr. Beiðni getur aðeins byggst á því:

1. að skráning samræmist ekki ákvæðum 1.–8. gr. eða
2. umsókn hafi verið breytt þannig að hún brjóti í bága við 2. mgr. 14. gr.

Beiðni skv. 1. mgr. mega aðeins eftirfarandi leggja fram:

1. um rétt til hönnunar: sá sem segist vera löglegur eigandi hönnunarréttar;
2. um réttindi skv. 2. tölul. 7. gr.: sá sem hefur hagsmuna að gæta vegna viðkomandi notkunar;
3. um réttindi skv. 3.–5. tölul. 7. gr.: eigandi þeirra réttinda.

Hafi eigandi hönnunarréttar afsalað sér réttinum skal Einkaleyfastofan afmá skráningu hönnunar.

Sé beiðni skv. 1. mgr. afturkölluð getur Einkaleyfastofan haldið meðferðinni áfram svo framarlega sem stofnunin telur ástæðu til þess.

28. gr.

Beiðni skv. 1. mgr. 27. gr. skal vera skrifleg og rökstudd. Séu gögn ófullnægjandi getur Einkaleyfastofan beðið um frekari gögn svo að taka megi afstöðu til beiðninnar.

Komi fram beiðni skv. 1. mgr. 27. gr. skal eiganda skráðrar hönnunar tilkynnt um hana og honum gefið tækifæri til að tjá sig.

29. gr.

Ef hönnun, sem byggist á forgangsrétti skv. 16. gr., hefur verið skráð eftir að sambærileg hönnun hefur verið skráð skal tilkynna eiganda hinnar skráðu hönnunar það og gefa honum kost á að tjá sig um það. Einkaleyfastofunni er heimilt að ógilda fyrri skráninguna að nokkru eða öllu leyti.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við þegar Einkaleyfastofan fær tilkynningu þar sem farið er fram á að alþjóðleg skráning gildi hér á landi. Þarf þá að vera ljóst að alþjóðlega skráningin hafi öðlast gildi hér, sbr. 1. mgr. 57. gr., áður en sótt var um þá skráningu hönnunar sem þegar hefur verið skráð.

30. gr.

Sé eitthvað því til fyrirstöðu að skráning hönnunar haldi gildi sínu samkvæmt dómi eða vegna ákvörðunar Einkaleyfastofunnar í kjölfar beiðni skv. 1. mgr. 27. gr. skal fella skráningu úr gildi. Þegar endanlegur dómur eða ákvörðun liggur fyrir skal Einkaleyfastofan birta tilkynningu þar um.

Telji Einkaleyfastofan að beiðni skv. 1. mgr. 27. gr. leiði ekki til þess að skráning skuli felld úr gildi að nokkru eða öllu leyti skal beiðninni hafnað og skráning standa.

31. gr.

Á grundvelli dóms eða ákvörðunar vegna beiðni skv. 1. mgr. 27. gr. má viðhalda skráningu hönnunar í breyttri mynd ef hönnunin í þeirri mynd fullnægir skilyrðum um vernd og heldur sérkennum sínum.

Einkaleyfastofan skal birta tilkynningu um skráninguna í breyttu formi.

Ef eigandi hönnunarréttar er ekki sammála ákvörðun Einkaleyfastofunnar í kjölfar beiðni skv. 1. mgr. 27. gr. um skráningu hönnunar í breyttri mynd skal fella skráningu hönnunar niður.

32. gr.

Ef höfðað hefur verið dómsmál til ógildingar hönnun skv. 25. gr. er ekki unnt að leggja fram beiðni skv. 1. mgr. 27. gr. um þá hönnun sem dómsmálið varðar.

Sé dómsmál höfðað eftir framlagningu beiðni skv. 1. mgr. 27. gr. skal Einkaleyfastofan fresta meðferð beiðninnar þar til dómsmálinu er endanlega lokið nema beiðnin hafi komið frá eiganda hönnunarréttarins.

33. gr.

Staðhæfi einhver við Einkaleyfastofuna að hann sé rétthafi hönnunarumsóknar eða -skráningar en ekki umsækjandi eða skráður eigandi hönnunarréttar getur Einkaleyfastofan, ef hún telur vafa leika á því, beint þeim tilmælum til viðkomandi að hann höfði mál til staðfestingar kröfu sinni innan tiltekins frests. Ef viðkomandi verður ekki við tilmælunum getur Einkaleyfastofan virt staðhæfingu hans að vettugi. Skal þess og getið í tilmælunum.

Ef höfðað er mál fyrir dómstólum um rétt til hönnunar getur Einkaleyfastofan frestað frekari meðferð þar til málinu er endanlega lokið.

34. gr.

Færi einhver sönnur á að hann en ekki umsækjandi eða skráður eigandi hönnunarréttar eigi rétt til hennar skal Einkaleyfastofan skrá hönnunina á nafn hans enda fari viðkomandi fram á það. Sá sem fær umsókn eða skráningu með þessum hætti yfirfærða á sitt nafn skal greiða umsóknargjald að nýju, sbr. 53. gr.

Komi fram beiðni um yfirfærslu hönnunarumsóknar eða -skráningar skal umsókn eða skráning standa óbreytt þar til endanleg afstaða hefur verið tekin til beiðninnar.

VI. KAFLI
Áfrýjun.

35. gr.

Umsækjandi eða eigandi hönnunarréttar getur skotið endanlegri ákvörðun Einkaleyfastofunnar til áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Sá sem lagt hefur fram beiðni um að skráning hönnunar verði felld úr gildi getur skotið til áfrýjunarnefndar ákvörðun um að skráningin skuli standa í breyttri eða óbreyttri mynd. Sé fallið frá áfrýjun getur áfrýjunarnefnd þó tekið málið til úrskurðar ef sérstakar ástæður mæla með því.

36. gr.

Áfrýjun skal berast iðnaðarráðuneyti innan tveggja mánaða frá því að viðkomandi var tilkynnt um ákvörðun. Innan sama frests skal greiða ráðuneytinu tilskilið áfrýjunargjald. Áfrýjunargjaldið skal ákveðið sem hámarksgjald vegna kostnaðar eða hluta kostnaðar við áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar, m.a. þóknunar til nefndarmanna í einstökum málum, póstburðargjalda, ljósritunarkostnaðar og annars umsýslukostnaðar er til fellur við störf nefndarinnar. Sé áfrýjunargjald ekki greitt innan frestsins skal vísa áfrýjun frá. Áfrýjun frestar frekari meðferð málsins hjá Einkaleyfastofunni.

Ákvarðanir áfrýjunarnefndar verða ekki bornar undir annað stjórnvald.

VII. KAFLI
Refsi- og bótaábyrgð o.fl.

37. gr.

Sá sem af ásetningi brýtur gegn hönnunarrétti skal sæta sektum. Sé brot alvarlegt, einkum ef ætlunin er að afla verulegs og augljóslega ólögmæts ávinnings með brotinu, getur refsing verið fangelsi allt að einu ári.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim, má einnig gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum enda séu brot tengd starfi hjá lögaðilanum.

Sókn sakar á sá sem misgert er við. Þó sæta brot skv. 2. málsl. 1. mgr. opinberri ákæru ef sá krefst þess sem misgert er við. Skulu slík mál rekin í samræmi við lög um meðferð opinberra mála.

38. gr.

Sá sem af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn hönnunarrétti skal greiða hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu hönnunar og skaðabætur fyrir annað tjón sem brot hans hefur haft í för með sér.

Hagnist einhver af broti gegn hönnunarrétti án þess að um ásetning eða gáleysi hafi verið að ræða skal hann, ef og að því marki sem það telst sanngjarnt, greiða endurgjald og skaðabætur skv. 1. mgr. Bætur þessar skulu þó ekki vera hærri en ætla má að nemi hagnaði hins bótaskylda af brotinu.

39. gr.

Hafi verið brotið gegn hönnunarrétti getur dómstóll ákveðið í þeim tilgangi að girða fyrir frekari brot, að kröfu þess sem misgert er við og að svo miklu leyti sem það telst sanngjarnt, að vörum, sem hafa verið framleiddar eða fluttar inn ólöglega, skuli breyta á tiltekinn hátt, þær skuli ónýta eða þær afhentar brotaþola gegn endurgjaldi. Sama gildir um hluti ef notkun þeirra felur í sér brot á hönnunarrétti. Ákvæðum 1. og 2. málsl. skal þó ekki beita gagnvart þeim sem hefur í góðri trú eignast viðkomandi vörur eða öðlast réttindi yfir þeim og hefur ekki sjálfur brotið gegn hönnunarrétti.

Þegar mjög sérstakar ástæður eru fyrir hendi og þess er krafist getur dómstóll, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., leyft yfirráð yfir ólöglega framleiddum eða innfluttum vörum á verndartíma

hönnunar eða hluta þess tíma gegn hæfilegu endurgjaldi og sanngjörnum kjörum að öðru leyti.

40. gr.

Sé hönnun, sem sótt hefur verið um skráningu á, hagnýtt í heimildarleysi eftir að umsóknargögn hafa verið gerð aðgengileg almenningi gilda ákvæðin um brot gegn hönnunarrétti á sama hátt enda leiði umsóknin til skráningar hönnunarréttar. Þetta á þó ekki við um ákvæði 39. gr. Ef tjón hlýst af broti sem framið er áður en umsóknargögn eru gerð aðgengileg almenningi skal viðkomandi greiða skaðabætur en þó eigi í ríkari mæli en skv. 2. mgr. 38. gr.

41. gr.

Í málum vegna brota á hönnunarrétti má því aðeins halda því fram að hönnunarréttur sé ekki til staðar að kröfu hafi verið beint að eiganda hönnunarréttar um ógildingu skráningar, eftir atvikum eftir að honum var stefnt samkvæmt reglum 45. gr. Sé skráning ógilt verður ákvæðum 37.–40. gr. ekki beitt.

42. gr.

Sá sem lætur undir höfuð leggjast að fullnægja skyldum sínum skv. 22. gr. eða gefur rangar upplýsingar skal sæta sektum enda sé ekki mælt fyrir um þyngri refsingu í öðrum lögum. Hann skal og bæta það tjón sem af slíku hefur hlotist að því marki sem sanngjarnt verður talið.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 37. gr. gilda eftir því sem við á.

VIII. KAFLI
Réttarfar.

43. gr.

Í dómsmálum, er varða rétt til hönnunar, ógildingu skráningar og yfirfærslu skráningar til annars en umsækjanda og eiganda hönnunarréttar, teljast umsækjandi og eigandi hönnunarréttar, sem eiga ekki lögheimili hér á landi, hafa varnarþing í Reykjavík.

44. gr.

Sá sem höfðar mál til ógildingar á skráðri hönnun til að fá skráningu yfirfærða á annað nafn skal tilkynna það Einkaleyfastofunni og skal þess getið í hönnunarskrá. Samtímis skal hann með ábyrgðarbréfi tilkynna málshöfðunina öllum skráðum nytjaleyfishöfum sé heimilisfangs þeirra getið í hönnunarskránni. Nytjaleyfishafi, sem höfðar mál vegna brots á hönnunarrétti, skal með sama hætti tilkynna eiganda hönnunarréttar það.

Nú sinnir stefnandi ekki tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. og getur dómari þá veitt honum stuttan frest í því skyni. Að öðrum kosti skal vísa máli hans frá dómi.

45. gr.

Þegar eigandi hönnunarréttar höfðar mál vegna brota á hönnunarrétti og stefndi gerir kröfu um að hönnunin verði dæmd ógild skal stefndi senda tilkynningar skv. 1. mgr. 44. gr. til Einkaleyfastofunnar og skráðra nytjaleyfishafa. Ákvæði 2. mgr. 44. gr. eiga hér einnig við.

Í málum vegna brota á hönnunarrétti, sem nytjaleyfishafi höfðar, getur stefndi stefnt eiganda hönnunarréttar án tillits til varnarþings hans og beint að honum kröfu um ógildingu hönnunar.

46. gr.

Endurrit dóma í málum samkvæmt lögum þessum skal dómari að eigin frumkvæði láta Einkaleyfastofunni í té.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

47. gr.

Umsækjandi eða eigandi hönnunarréttar, sem á ekki lögheimili hér á landi, skal hafa umboðsmann búsettan á EES-svæðinu sem getur fyrir hans hönd tekið við stefnu og öllum tilkynningum um hönnunina með bindandi áhrifum. Nafn og heimilisfang umboðsmanns skal skrá í hönnunarskrá.

Tilnefni umsækjandi eða eigandi hönnunarréttar ekki umboðsmann skv. 1. mgr. innan tilskilins frests skal umsókn afmáð.

48. gr.

Glati umsækjandi rétti af þeirri ástæðu að hann eða umboðsmaður hans hefur ekki virt frest sem Einkaleyfastofan hefur veitt honum á grundvelli laga þessara skal Einkaleyfastofan endurveita honum réttinn ef umsækjandi hefur gert allt sem með sanngirni má af honum krefjast til að virða frestinn. Beiðni um slíkt skal berast innan tveggja mánaða frá brottfalli hindrunar er töfinni olli, en þó aldrei síðar en einu ári frá lokum frestsins. Innan sama frests skal umsækjandi bæta úr ágöllum og greiða tilskilið endurveitingargjald, sbr. 53. gr.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við með sama hætti ef eigandi hönnunarréttar eða umboðsmaður hans hefur ekki greitt endurnýjunargjald innan frests skv. 24. gr., sbr. 53. gr. Beiðni um endurveitingu í þeim tilvikum þarf þó að hafa borist og endurnýjunargjald vera greitt innan sex mánaða frá lokum frestsins.

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um frest skv. 16. og 36. gr.

49. gr.

Hafi eigandi hönnunarréttar veitt öðrum leyfi til að nota hönnunina (nytjaleyfi) má nytjaleyfishafi ekki framselja rétt sinn nema um það hafi verið samið.

Sé nytjaleyfi veitt fyrirtæki má framselja það ásamt fyrirtækinu nema um annað sé samið.

50. gr.

Nytjaleyfishafa er að fengnu samþykki eiganda hönnunarréttar heimilt að höfða mál vegna brota á hönnunarrétti.

Nytjaleyfishafa er heimilt að gerast aðili að réttaraðgerðum sem eigandi hönnunarréttar á frumkvæði að enda eigi nytjaleyfishafi rétt á bótum vegna tjóns sem hann hefur orðið fyrir eða gæti orðið fyrir vegna brots.

51. gr.

Verði aðilaskipti að skráðri hönnun, m.a. nytjaleyfi veitt, hönnun veðsett, aðför gerð í henni eða hún fellur til þrotabús, skal þess getið í hönnunarskrá enda berist beiðni þar um frá viðkomandi aðila.

Sé um samskráningu að ræða verða aðilaskipti ekki færð í hönnunarskrá nema þau nái til hönnunarsamstæðu í heild.

Mál varðandi hönnun má ætíð höfða gegn þeim sem er skráður eigandi í hönnunarskrá og skulu tilkynningar Einkaleyfastofunnar sendar honum.

52. gr.

Einkaleyfastofunni er eftir beiðni heimilt að taka að sér sérstök verkefni á sviði hönnunar og hönnunarréttar.

Iðnaðarráðherra setur reglur um slíka þjónustu og greiðslu fyrir hana, sbr. 53. gr.

53. gr.

Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara, m.a. um hönnunarumsóknir og meðferð þeirra, meðferð andmælamála, endurnýjun og brottfall hönnunarskráningar, færslu í hönnunarskrá, efni og útgáfu ELS-tíðinda og verklag Einkaleyfastofunnar. Þá skal ráðherra ákveða gjöld samkvæmt lögunum, sbr. 36. gr.

Gjöld skulu standa straum af kostnaði við rekstur Einkaleyfastofunnar vegna hönnunarmálefna og við þjónustu sem veitt er, m.a. könnun Einkaleyfastofunnar á formskilyrðum og jafnvel efnisskilyrðum venjulegra umsókna, alþjóðlegra umsókna og endurupptekinna umsókna, þjónustu vegna samskráningar, birtingu, m.a. á myndum, yfirfærslu alþjóðlegra umsókna, umsýslu vegna endurnýjunar umsókna, könnun vegna ógildingar skráningar, útskriftir úr hönnunarskrám og þjónustuverkefni.

Gjöld samkvæmt lögum þessum renna beint til Einkaleyfastofunnar og innheimtir hún gjöldin.

X. KAFLI
Alþjóðleg skráning hönnunar.

54. gr.

Með alþjóðlegri skráningu hönnunar er átt við skráningu hönnunar samkvæmt Genfarsamningnum frá 2. júlí 1999 um breytingu á Haag-samningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar.

55. gr.

Umsókn um alþjóðlega skráningu hönnunar skal lögð inn hjá Einkaleyfastofunni eða alþjóðaskrifstofunni er starfar á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO). Skilyrði fyrir viðtöku umsóknar um alþjóðlega skráningu samkvæmt lögum þessum hér á landi er að umsækjandi sé íslenskur ríkisborgari, íslenskur lögaðili eða einstaklingur búsettur hér á landi eða að aðili reki hér á landi virka atvinnustarfsemi.

Sé umsókn um alþjóðlega skráningu hönnunar lögð inn hjá Einkaleyfastofunni skal stofnunin senda hana áfram til alþjóðaskrifstofunnar. Fyrir móttöku og meðferð umsókna skal greiða tilskilið gjald, sbr. 53. gr.

56. gr.

Telji Einkaleyfastofan alþjóðlega skráningu hönnunar óskráningarhæfa hér á landi skal alþjóðaskrifstofunni send niðurstaða Einkaleyfastofunnar ásamt rökstuðningi innan tilgreinds frests. Eiganda skráningar er heimilt að tjá sig um málið og óska eftir því að það verði tekið til skoðunar að nýju. Eigandi skráningar skal þá tilnefna umboðsmann skv. 47. gr.

Telji Einkaleyfastofan ekkert því til fyrirstöðu að alþjóðleg skráning hönnunar gildi hér á landi skal hún birt í ELS-tíðindum.

57. gr.

Alþjóðleg skráning hönnunar, sem gildir á Íslandi, hefur sömu réttaráhrif og önnur skráð hönnun hér á landi frá skráningardegi hinnar alþjóðlegu skráningar eða forgangsréttardegi.

Endurnýjun alþjóðlegrar skráningar hönnunar fer eftir reglum Genfarsamningsins. Þegar Einkaleyfastofunni berst tilkynning frá alþjóðaskrifstofunni um endurnýjun alþjóðlegrar skráningar skal hún færð í hönnunarskrá og birt í ELS-tíðindum.

58. gr.

Um umsókn og meðferð alþjóðlegrar skráningar hönnunar gilda ákvæði II. kafla laganna ef ekki er kveðið á um annað í þessum kafla.

59. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa kafla, þar á meðal um birtingu alþjóðlegrar skráningar hönnunar, andmæli gegn skráningu, endurnýjun og gjöld.

XI. KAFLI

Gildistaka.

60. gr.

Lög þessi, sem sett eru m.a. á grundvelli tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/71/EB frá 13. október 1998 um lögvernd hönnunar, öðlast gildi 1. október 2001. Ákvæði X. kafla laganna öðlast þó ekki gildi fyrr en við birtingu auglýsingar ráðherra um að Genfarsamningurinn frá 2. júlí 1999 um breytingu á Haag-samningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar hafi öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 48/1993, um hönnunarvernd, með síðari sbreytingum.

Um óskráðan hönnunarrétt, sem stofnast hefur fyrir gildistöku laga þessara, gilda ákvæði eldri laga um hönnunarvernd.

Með þeim undantekningum, sem greindar eru í 5.–6. mgr., gilda ákvæði laga þessara einnig um hönnun sem skráð hefur verið eða sótt hefur verið um skráningu á við gildistöku laga þessara.

Um meðferð umsókna, sem lagðar hafa verið inn hjá Einkaleyfastofunni fyrir gildistöku laga þessara, skal fara samkvæmt ákvæðum eldri laga um hönnunarvernd.

Hafi einhver fyrir gildistöku laga þessara hagnýtt sér hönnun með þeim hætti að ekki þurfti samþykki eiganda hönnunar samkvæmt eldri lögum um hönnunarvernd en samþykki hans er áskilið samkvæmt lögum þessum getur viðkomandi haldið hagnýtingunni áfram þrátt fyrir ákvæði laga þessara. Sá sem hefur við gildistöku laga þessara gert umtalsverðar ráðstafanir til að hagnýta hönnun getur með sömu skilyrðum hagnýtt sér hana.

1160. Lög [367. mál]

um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.

(Afgreidd frá Alþingi 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 1146.

1161. Fyrirspurn [714. mál]

til heilbrigðisráðherra um afgreiðslu dýralyfja.

Frá Þuríði Backman.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingum á 17. gr. reglugerðar nr. 539 frá 17. júlí 2000 og auka heimildir dýralækna til að ávísa sýklalyfjum þar sem borið hefur á því að dýralæknir sé ekki sóttur vegna sýkinga í búpeningi þurfi dýralæknir að fara langan veg til bænda í dreifbýli?

Skriflegt svar óskast.

1162. Fyrirspurn [715. mál]

til fjármálaráðherra um aukin útgjöld ríkissjóðs.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvaða útgjöld ríkissjóðs, sem ekki eru beinar tilgreindar fjárheimildir fyrir, hefur þegar verið samþykkt að inna af hendi á árinu?
2. Hvaða ný eða aukin útgjöld hafa einstakar stofnanir eða ráðuneyti sótt um heimildir fyrir á árinu eða er þegar sýnt að muni þurfa, án þess að tilgreindar fjárveitingar séu fyrir hendi á fjárlögum þessa árs?
3. Hvaða tilgreindar fjárveitingar í fjárlögum ársins er nú þegar sýnt að ekki verði nýttar á árinu?

Svör ásamt skýringum óskast sundurliðuð á einstök verkefni og ráðuneyti.

Skriflegt svar óskast.

1163. Fyrirspurn [716. mál]

til samgönguráðherra um NMT-farsímakerfið.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvernig hefur verð fyrir NMT-þjónustu þróast frá því að kerfið var sett á fót, miðað við verð á mínútu á kvöld- og helgartaxta og dagtaxta, sbr. yfirlit yfir GSM-þjónustu á bls. 28 í skýrslunni Einkavæðing og sala hlutabréfa ríkisins í Landssíma Íslands?
2. Hver hefur rekstrarkostnaður NMT-kerfisins verið, sundurliðað eftir árum frá því að kerfið var sett á fót?

3. Hver hefur fjárfestingarkostnaður við NMT-kerfið verið frá því að það var sett á fót?
4. Að hve miklu leyti er upphaflegur stofnkostnaður NMT-kerfisins afskrifaður?

Skriflegt svar óskast.

1164. Fyrirspurn [717. mál]

til heilbrigðisráðherra um nýgengi krabbameins á Suðurnesjum.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvert hefur verið nýgengi krabbameins á Suðurnesjum undanfarna áratugi samanborið við aðra landshluta?

Skriflegt svar óskast.

1165. Fyrirspurn [718. mál]

til heilbrigðisráðherra um samningaviðræður ríkisins við sjúkraliða.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

1. Hver er staðan í samningaviðræðum ríkisins við sjúkraliða?
2. Telur ráðherra að eðlilega hafi verið staðið að samningaviðræðunum af hálfu ríkisins?
3. Telur ráðherra að lausn deilunnar gæti falist í gerð aðlögunarkjarasamninga?

1166. Svar [562. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um eingreiðslur tekjutryggingar.

Hinn 1. apríl sl. greiddi Tryggingastofnun ríkisins út leiðrétta tekjutryggingu til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega í samræmi við lög nr. 3/2001 sem breyttu 17. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar. Þessi lagabreyting var gerð í kjölfar dóms Hæstaréttar í svokölluðu öryrkjamáli.

Hér er um að ræða endurreikning tekjutryggingar fyrir tímabilið 1. janúar 1997 – 31. desember 2000 og fara hér á eftir nánari útskýringar á því hvað breytingar þessar fela í sér, hvaða reglur gilda um útreikning, hvernig brugðist hefur verið við þeim af hálfu Tryggingastofnunar o.fl.

Hvað er verið að greiða?

Greidd er tekjutrygging ásamt 5,5% vöxtum auk orlofs- og desemberuppbótar. Til frádráttar koma greiðslur tekjutryggingar og orlofs- og desemberuppbóta sem þegar hafa verið greiddar á árunum 1997–2000. Tryggt er að greiðslur lækka ekki í kjölfar endurreiknings.

Greiðslur þessar eru skattskyldar, þ.e. bæði tekjutrygging og vextir. Staðgreiðsla skatta er hins vegar einungis dregin af fjárhæðum tekjutryggingar og orlofs- og desemberuppbóta. Vextir af þessum fjárhæðum koma hins vegar til skattlagningar við álagningu opinberra gjalda á næsta ári.

Í tengslum við þessar leiðréttingar nú sendir Tryggingastofnun viðkomandi lífeyrisþegum greiðsluseðil og sérstakt yfirlit þar sem fram koma mánaðarlegar greiðslur eins og þær voru á tímabilinu, hver rétturinn er nú samkvæmt lagabreytingunni, fjárhæð mismunar þeirra greiðslna og vextir af síðastnefndu fjárhæðinni til 1. apríl nk. Leiðrétting fyrir allt tímabilið auk vaxta er tilgreind neðst á yfirlitinu. Þar koma fram brúttótölur, þ.e. heildargreiðsla fyrir staðgreiðslu skatta.

Hverjir geta fengið greiðslu?

Þeir sem metnir hafa verið til 75% örorku á tímabilinu 1. janúar 1997 – 31.desember 2000 eða hluta þess tímabils. Einungis þeir sem hafa verið í hjónabandi eða skráðri óvígðri sambúð á þessu tímabili eða hluta þess fá greiðslu að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Eftirlifandi makar og aðrir erfingjar þeirra lífeyrisþega sem hafa látist á árunum 1997–2000 og hafa átt rétt á hærri greiðslum á tímabilinu fá sent bréf þar sem óskað er eftir upplýsingum um bankareikninga viðkomandi til að unnt verði að inna greiðsluna af hendi.

Hvaða reglur gilda um greiðslur?

Um er að ræða fjögurra ára tímabil en ekki gilda sömu reglur fyrir árin 1997 og 1998 annars vegar og 1999 og 2000 hins vegar. Skal vikið stuttlega að þeim reglum sem gilda á hvoru tímabili fyrir sig.

Á árunum 1997 og 1998 hafa tekjur maka örorkulífeyrisþega engin áhrif á greiðslur tekjutryggingar lífeyrisþegans.

Á árunum 1999 og 2000 eru öryrkjum tryggðar lágmarkstekjur að upphæð 25.000 kr. á mánuði, auk grunnlífeyris. Ekki er verið að greiða tekjutryggingu að lágmarki 25.000 kr. á mánuði heldur er tekjutryggingunni ætlað að bæta upp það sem á vantar að aðrar tekjur lífeyrisþegans, utan grunnlífeyris, nái þeirri fjárhæð. Samanlögð eigin tekjuöflun örorkulífeyrisþega og tekjutrygging hans verða þannig aldrei lægri en 25.000 kr. á mánuði, auk grunnlífeyris. Tveir þriðju hlutar tekna öryrkjans hafa áhrif á hina nýju reglu. Sem dæmi má nefna örorkulífeyrisþega sem fær 30.000 kr. á mánuði úr lífeyrissjóði og eru það einu tekjur hans. Tveir þriðju af 30.000 kr. eru 20.000 kr. Til að ná 25.000 kr. lágmarkinu fær hann greidda tekjutryggingu sem svarar mismuninum á 20.000 kr. og 25.000 kr., þ.e. 5.000 kr.

1. *Hver er heildarupphæð eingreiðslna (tekjutrygging auk vaxta) samkvæmt bráðabirgðaákvæði III í lögum nr. 3/2001, um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir 1. apríl nk.?*

Heildarfjárhæð eingreiðslna fyrir árin 1997–2000 nemur alls 1.294.670.269 kr., þar af vextir 180.081.673 kr. Af fyrrgreindri fjárhæð fara 418.533.718 kr. í staðgreiðslu skatta. Nettógreiðsla nemur því 876.136.551 kr.

2. *Hversu mörg heimili fá eingreiðslur?*
Alls fá 3.937 einstaklingar greidda eingreiðslu.
Af þessum 3.937 einstaklingum eru 2.982 konur og 955 karlar.
Taflan sýnir aldursdreifingu þeirra sem fengu eingreiðslu.

Aldur	Fjöldi
20–29 ára	103
30–39 ára	427
40–49 ára	743
50–59 ára	935
yfir 60 ára	1.729

3. *Hversu háar eru eingreiðslurnar að meðaltali?*
Að meðaltali nemur eingreiðslan 328.847 kr. en 222.539 kr. eftir staðgreiðslu skatta.
Heildarfjárhæð fyrir tímabilið 1997 og 1998 nemur 1.007.658.605 kr. og heildarfjárhæð tímabilsins 1999 og 2000 nemur 287.011.664 kr.
Hæstu greiðslur námu rétt tæplega 1,5 millj. kr. en alls fengu 69 einstaklingar eingreiðslu að upphæð 1.400.000 kr. eða meira. Eingreiðslu að upphæð 1.000.000 kr. og hærri fengu 273 einstaklingar.

4. *Hvernig dreifast eingreiðslurnar að fjölda til eftir upphæð þeirra og mánaðartekjum (viðmiðunartekjum) hjóna/sambýlisfólks? Eingreiðslunum verði skipt í: undir 250.000 kr., 250.000–500.000 kr., 500.000–750.000 kr., 750.000–1.000.000 kr., 1.000.000–1.250.000 kr., 1.250.000–1.500.000 kr., yfir 1.500.000 kr. Mánaðartekjum (viðmiðunartekjum) hjóna/sambýlisfólks verði skipt í: undir 100.000 kr., 100.000–150.000 kr., 150.000–200.000 kr., 200.000–300.000 kr., 300.000–400.000 kr., 400.000–500.000 kr., yfir 500.000 kr. Með mánaðartekjum (viðmiðunartekjum) er átt við síðustu þekktar viðmiðunartekjur.*
Taflan sýnir dreifingu eingreiðslna skipt eftir upphæð greiðslnanna, fjölda greiðsluþega og viðmiðunartekjum þeirra, fjárhæðir í þús. kr.

	Fjöldi greiðsluþega skipt eftir samanlögðum viðmiðunartekjum hjóna/sambýlisfólks								
Upphæð eingreiðslu	**Tekjur undir 100**	**Tekjur 100–150**	**Tekjur 150–200**	**Tekjur 200–250**	**Tekjur 250–300**	**Tekjur 300–400**	**Tekjur 400–500**	**Tekjur yfir 500**	**Fjöldi samtals**
0–250	999	310	289	200	148	144	69	27	2.195
250–500	263	147	147	88	62	65	32	15	819
500–750	106	44	73	48	53	52	19	15	410
750–1.000	60	17	36	34	32	36	8	13	236
1.000–1.250	38	7	10	34	13	26	8	3	139
1.250–1.500	54	0	1	14	18	27	13	11	138
Samtals	**1.520**	**525**	**565**	**418**	**326**	**350**	**149**	**84**	**3.937**

5. *Hverjar eru samtals eingreiðslur í hverjum hóp skv. 4. lið?*
Taflan sýnir skiptingu greiðslna eftir fjárhæðum og fjölda einstaklinga.

Eingreiðsla	Heildargreiðslur	Fjöldi
0–250.000	197.419.139	2.195
250.000–500.000	297.520.482	819
500.000–750.000	248.278.658	410
750.000–1.000.000	202.872.373	236
1.000.000–1.250.000	156.904.777	139
1.250.000–1.500.000	191.674.840	138
Samtals	**1.294.670.269**	**3.937**

6. *Hvað er talið að eingreiðslur hefðu hækkað mikið að jafnaði ef ákveðið hefði verið að greiða tekjutryggingu allt aftur til gildistöku laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, 1. janúar 1994?*

Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins mun það taka alllangan tíma að svara þessari spurningu og auk þess mundi það verða mjög dýrt í vinnslu. Upplýsingaöflun fyrir þennan lið fyrirspurnarinnar er því utan þess ramma sem þetta form býður upp á.

1167. Frumvarp til raforkulaga. [719. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri nýtingu orkulinda til raforkuvinnslu í því skyni að efla atvinnulíf og byggð í landinu.

Í ljósi markmiða 1. mgr. skal skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna. Jafnframt skal stuðla að aukinni skilvirkni við vinnslu, flutning, dreifingu og viðskipti með raforku. Taka skal tillit til umhverfissjónarmiða og hagsmuna neytenda.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til vinnslu, flutnings, dreifingar og viðskipta með raforku á íslensku forráðasvæði án tillits til orkugjafa.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Dreifikerfi:* Raflínur ásamt mannvirkjum og búnaði þeim tengdum sem ekki teljast til flutningskerfisins.
2. *Dreifing:* Flutningur raforku um dreifikerfi.
3. *Dreifiveita:* Fyrirtæki sem hefur leyfi til dreifingar raforku á tilgreindu svæði.
4. *Dreifiveitusvæði:* Landsvæði, venjulega í samfelldri heild, þar sem dreifiveita hefur einkarétt til dreifingar raforku.
5. *Endurnýjanlegar orkulindir:* Orkulindir sem geta endurnýjað sig í sífellu, svo sem fallvötn, jarðhiti, vindorka og sólarorka.
6. *Flutningsfyrirtæki*: Sá aðili sem stýrir rekstri flutningskerfisins og annast kerfisstjórnun.
7. *Flutningskerfi:* Raflínur og mannvirki þeim tengd sem flytja raforku á 30 kV spennu eða hærri. Flutningskerfi skal ná frá og með aflrofum fyrir stöðvarspenna í virkjunum til og með aflrofum fyrir aðveituspenna dreifiveitna. Heimilt er að undanskilja flutningsvirki sem flytja raforku alfarið innan sama dreifiveitusvæðis enda tengjast þau ekki virkjun sem skylt er að tengjast flutningskerfinu, sbr. 1. mgr. 7. gr.
8. *Flutningsvirki:* Raflína og búnaður henni tengdur til flutnings raforku.
9. *Flutningur:* Flutningur raforku um flutningskerfi.
10. *Meginflutningskerfi:* Flutningskerfi Landsvirkjunar á 132 og 220 kV spennu eins og það er við gildistöku laga þessara. Enn fremur viðbætur eftir þann tíma á 132 kV og hærri spennu til að auka flutninga um þetta kerfi en ekki geislalínur út frá kerfinu.
11. *Notandi:* Sá sem tekur við raforku og notar hana til að fullnægja orkuþörf sinni á heimilum eða í atvinnurekstri.
12. *Orkulindir*: Náttúruleg uppspretta orku á ákveðnu formi, svo sem vatnsfall, jarðhitageymir, sjávarföll, vindur og sólarljós, en einnig olíu- og gaslindir og kolanámur.
13. *Raflína*: Samsafn af leiðurum, einangrandi efni og tengdum búnaði til að flytja raforku milli tveggja staða innan raforkukerfis.
14. *Raforkukerfi:* Allur sá búnaður sem notaður er við vinnslu, flutning og dreifingu raforku og myndar starfræna heild.
15. *Raforkumarkaður:* Skipulegur markaður með orkusölusamninga.
16. *Sölufyrirtæki*: Fyrirtæki sem selur raforku eða annast raforkuviðskipti, hvort sem er í heildsölu eða smásölu.
17. *Raforkuver*: Mannvirki sem notað er til vinnslu raforku.
18. *Stórnotandi*: Notandi sem árlega notar meira en 100 GWst af raforku.
19. *Viðskipti:* Kaup og sala raforku.
20. *Vinnsla/raforkuvinnsla:* Umbreyting orku, svo sem vatnsorku, jarðvarma eða efnaorku, í raforku.
21. *Vinnslufyrirtæki:* Fyrirtæki sem hefur virkjunarleyfi.
22. *Virkjunarleyfi*: Leyfi sem ráðherra veitir til að reisa og/eða reka raforkuver.

II. KAFLI
Raforkuvinnsla.

4. gr.
Veiting virkjunarleyfis.

Leyfi ráðherra þarf til að nýta orkulindir til raforkuvinnslu og til að reisa og reka raforkuver. Þó þarf ekki leyfi ráðherra vegna raforkuvera með afli sem er undir 1 MW. Skylt er að tilkynna Orkustofnun um raforkuvinnslu með afli undir fyrrgreindu marki ef orkan er seld eða hún sett inn á raforkukerfi.

Virkjunarleyfi skal ekki gefið út til lengri tíma en 50 ára í senn. Virkjunarleyfi fellur úr gildi fimm árum eftir veitingu þess ef leyfishafi hefur þá ekki hafið framkvæmdir og 10 árum eftir veitingu þess ef virkjun er þá ekki komin í rekstur. Áður en að þessum tímamörkum kemur getur leyfishafi sótt um endurnýjun leyfis til ráðherra.

Áður en leyfishafi hefur framkvæmdir á eignarlandi á grundvelli leyfis þarf hann að hafa náð samkomulagi við landeigendur og eigendur orkulinda um endurgjald eða fengið heimild til eignarnáms skv. 23. gr. Hafi hvorki náðst samkomulag um endurgjaldið né eignarnáms verið óskað innan 60 daga frá útgáfu leyfis fellur það niður. Ákvæði þetta á einnig við um nýtingu auðlinda í þjóðlendum.

Við veitingu virkjunarleyfa er heimilt að veita þeim sem vinna raforku úr endurnýjanlegum orkulindum forgang.

5. gr.

Skilyrði fyrir veitingu virkjunarleyfis.

Virkjunarleyfi verður aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila. Handhafa virkjunarleyfis er óheimilt að stunda sérleyfisstarfsemi á orkusviði. Ráðherra getur vikið frá þessu skilyrði varðandi rekstur jarðvarmaorkuvers sem bæði vinnur raforku og heitt vatn. Skal þá haldið aðskilið bókhald vegna þessara rekstrarþátta.

Við mat á því hvort heimilt er að nýta innlendar orkulindir til raforkuvinnslu skal taka tillit til þjóðhagslegrar hagkvæmni við nýtingu viðkomandi orkulinda.

Ráðherra getur sett skilyrði fyrir útgáfu virkjunarleyfis er lúta að því að tryggja nægilegt framboð raforku, öryggi, áreiðanleika og skilvirkni raforkukerfisins og enn fremur skilyrði er lúta að umhverfisvernd, landnýtingu, eðli orkugjafa og tæknilegri og fjárhagslegri getu virkjunarleyfishafa. Mögulegt skal vera að tengja virkjun flutningskerfinu og skal samningur um tengingu liggja fyrir.

Leyfi fyrir vatnsaflsvirkjun getur verið bundið því skilyrði að samningar takist um samrekstur annarra vatnsaflsvirkjana og vatnsmiðlana á vatnasviðinu. Ef ekki näst samningar sker ráðherra úr ágreiningi og er úrskurður hans endanlegur. Virkjunarleyfi fyrir jarðgufuvirkjun getur á sama hátt verið bundið því skilyrði að samningar takist um samrekstur með öðrum jarðgufuvirkjunum sem nýta sama jarðhitasvæði. Þá er ráðherra heimilt í virkjunarleyfi að gera fyrirvara um það að öðrum aðila kunni að verða veitt leyfi til virkjunar sem nýtir sama vatnasvið eða jarðhitasvæði. Ráðherra er heimilt að endurskoða ákvæði virkjunarleyfis með tilliti til þessa og bæta í það ákvæðum sem hann telur nauðsynleg til að tryggja heildarhagkvæmni í orkunýtingu vatnasviðsins eða jarðhitasvæðisins.

Umsækjandi virkjunarleyfis skal leggja fram ítarlega lýsingu og yfirlitsuppdrætti á virkjunarkosti. Hann skal í umsókn sinni sýna fram á að skilyrðum fyrir útgáfu leyfis sé fullnægt.

6. gr.

Efni virkjunarleyfis.

Í virkjunarleyfi skal m.a. tilgreina:

1. Gildistíma leyfis auk sérákvæða um hvenær framkvæmdir skuli hefjast í síðasta lagi og hvenær þeim skuli lokið.
2. Afmörkun virkjunarsvæðis.
3. Upplýsinga- og tilkynningarskyldu leyfishafa til Orkustofnunar, annarra opinberra eftirlitsaðila og flutningsfyrirtækis, sem nauðsynleg er til að viðkomandi aðilar geti rækt hlutverk sitt.
4. Öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir.

5. Skilyrði um tæknilega og fjárhagslega getu leyfishafa.
6. Frágang á starfsstöðvum og landi.
7. Ráðstöfun mannvirkja og tækja að rekstrartíma loknum.

Heimilt er að kveða á um að virkjunarleyfi skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum, enda hafi forsendur fyrir skilyrðum leyfisins breyst verulega.

7. gr.

Skyldur vinnslufyrirtækja.

Skylt er að tengja virkjun flutningskerfinu. Ráðherra er þegar sérstaklega stendur á heimilt að víkja frá þessu skilyrði vegna virkjana sem eru undir 3,5 MW og varðandi eldsneytisstöðvar sem fyrst og fremst eru nýttar þegar truflanir koma upp í flutnings- eða dreifikerfinu.

Í þeim tilvikum þegar samningur skv. 1. tölul. 3. mgr. 9. gr. nægir ekki til að flutningsfyrirtækið geti stillt saman raforkuþörf og raforkuframboð skulu vinnslufyrirtæki breyta vinnslu virkjana sinna eftir kröfum flutningsfyrirtækisins.

Vinnslufyrirtæki skulu koma á innra eftirlitskerfi til að tryggja að kröfum um gæði raforku sé fullnægt, sbr. 28. gr.

III. KAFLI
Flutningur.

8. gr.

Rekstur flutningskerfisins og kerfisstjórnun.

Ráðherra skal tilnefna það fyrirtæki sem skal stýra rekstri flutningskerfisins í samræmi við 2. mgr. 9. gr. og annast kerfisstjórnun í samræmi við 3. mgr. 9. gr.

Fyrirtækið skal vera sjálfstæður lög- og skattaðili og má ekki stunda aðra starfsemi en nauðsynleg er til að það geti rækt skyldur sínar samkvæmt lögum þessum. Því er þó heimilt að reka raforkumarkað, enda sé bókhaldi vegna hans haldið aðskildu frá bókhaldi vegna annarrar starfsemi. Stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum og öðrum starfsmönnum vinnslufyrirtækja og raforkusölufyrirtækja er óheimilt að sitja í stjórn flutningsfyrirtækisins. Hið sama gildir um aðra þá sem hagsmuni geta haft af ákvörðunum sem þar eru teknar. Bókhald vegna kerfisstjórnunar, sbr. 3. mgr. 9. gr., skal aðskilið frá bókhaldi vegna flutningsstarfsemi.

9. gr.

Starfssvið og skyldur flutningsfyrirtækisins.

Flutningsfyrirtækið skal annast alla raforkuflutninga. Það skal byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni og áreiðanleika afhendingar. Fyrirtækið hefur eitt heimild til að reisa ný flutningsvirki, sbr. þó 7. tölul. 3. gr. og 11. gr. Leyfi ráðherra þarf ef reisa á línur sem flytja raforku á 66 kV spennu eða hærri.

Í rekstri flutningskerfisins felst m.a. að:

1. Tengja alla þá sem eftir því sækjast við flutningskerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því og greiði tengigjald. Þó er heimilt að synja nýjum aðilum um aðgang að flutningskerfinu á grundvelli sjónarmiða um flutningsgetu, öryggi og gæði kerfisins. Synjun skal vera skrifleg, rökstudd og til ákveðins tíma.
2. Útvega rafmagn í stað þeirrar orku sem tapast í kerfinu.
3. Útvega launafl fyrir kerfið.
4. Útvega varaafl vegna truflana í flutningskerfinu.
5. Mæla það rafmagn sem afhent er í samræmi við reglur þar að lútandi og tryggja nákvæmar mælingar á því rafmagni sem afhent er.

6. Koma á innra eftirlitskerfi, sbr. 25. og 28. gr.

Flutningsfyrirtækið skal annast kerfisstjórnun. Það ber ábyrgð á öruggri stýringu raforkukerfisins og skal tryggja öryggi og gæði við raforkuafhendingu. Í kerfisstjórnun felst m.a. að:

1. Stilla saman raforkuvinnslu og raforkuþörf svo að hægt sé að mæta frávikum milli umsaminna kaupa og raforkunotkunar, sem og að gera samninga við vinnslufyrirtæki svo að hægt sé að mæta þessum frávikum.
2. Tryggja nægjanlegt framboð reiðuafls.
3. Ákvarða notkunarferla fyrir einstaka notendahópa þar sem aflmæling fer ekki fram.
4. Sjá til þess að fyrir liggi spá um raforkuþörf og áætlun um uppbyggingu flutningskerfisins til skemmri og lengri tíma.
5. Veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort fyrirtækið fullnægi skyldum sínum og til að tryggja jafnræði í viðskiptum með raforku.

Flutningsfyrirtækið skal hafa aðgang að öllum upplýsingum hjá vinnslufyrirtækjum, dreifiveitum og raforkusölum sem nauðsynlegar eru til að það geti rækt hlutverk sitt.

Flutningsfyrirtækið skal gæta jafnræðis við starfrækslu sína og gæta trúnaðar um upplýsingar er varða viðskiptahagsmuni notenda og aðrar þær upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.

Ef ófyrirséð og óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægir ekki eftirspurn ber flutningsfyrirtækinu að grípa til skömmtunar raforku til dreifiveitna og notenda. Við slíka skömmtun skal gæta jafnræðis og byggja á málefnalegum sjónarmiðum sem nánar skulu útfærð í reglugerð.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um kerfisstjórnun, hlutverk og starfsemi flutningsfyrirtækisins og tengingu virkjana við flutningskerfið.

10. gr.

Eigendur flutningsvirkja.

Eigendur flutningsvirkja skulu veita flutningsfyrirtækinu full afnot af flutningsvirkjum sínum gegn hæfilegu endurgjaldi sem byggjast skal á viðmiðum 1. tölul. 2. mgr. 12. gr. eftir því sem við á. Ágreiningi um endurgjald verður skotið til kærunefndar til ákvörðunar, sbr. 30. gr.

Eigendum flutningsvirkja ber að viðhalda flutningsvirkjum sínum til að tryggja öryggi og áreiðanleika flutninga um þau. Telji flutningsfyrirtækið að eigandi flutningsvirkis sinni ekki nauðsynlegu viðhaldi getur það látið gera slíkar framkvæmdir á kostnað eiganda.

Flutningsvirki mega ekki vera í beinni eigu fyrirtækja sem stunda vinnslu eða sölu raforku.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um samskipti eigenda flutningsvirkja, afnot flutningsfyrirtækis af flutningsvirkjum og endurgjald fyrir þau.

11. gr.

Sérstakur flutningur.

Vinnslufyrirtæki og stórnotendur geta sameiginlega sótt um sérstakt leyfi ráðherra til að reisa flutningsvirki og flytja raforku beint frá virkjun til notandans, enda telji flutningsfyrirtækið kerfið ekki anna þessum flutningum, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 9. gr.

12. gr.
Gjaldskrá.

Flutningsfyrirtækið skal setja gjaldskrá vegna þjónustu fyrirtækisins í samræmi við tekjumörk sem Orkustofnun ákveður, sbr. 2. mgr., og kröfur um uppbyggingu gjaldskrárinnar, sbr. 3. mgr. Tveimur mánuðum áður en gjaldskráin á að taka gildi skal hún send Orkustofnun. Að fenginni staðfestingu Orkustofnunar skal flutningsfyrirtækið birta gjaldskrána opinberlega.

Orkustofnun skal árlega ákveða tekjumörk flutningsfyrirtækisins út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. Kostnaði sem tengist starfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds, afskrifta á nauðsynlegum eignum til reksturs kerfisins, leigukostnaði vegna flutningsvirkja, fjármagnskostnaði, almennum rekstrarkostnaði og kostnaði við kerfisstjórnun.
2. Arðsemi sem skal að jafnaði vera 2% eða hærri en þó ekki yfir tvöfaldri meðalraunávöxtun ríkisskuldabréfa síðustu fimm ár. Upphafleg arðsemiskrafa skal að hámarki jafngilda meðalraunávöxtun ríkisskuldabréfa síðustu fimm ár.
3. Hagræðingarkröfu sem skal taka mið af eðlilegum kostnaði samkvæmt mati Orkustofnunar að teknu tilliti til þeirrar þjónustu sem fyrirtækið veitir.
4. Komi í ljós að tekjur fyrirtækisins síðastliðin þrjú ár eru hærri eða lægri en ákvörðuð tekjumörk á tímabilinu, sbr. 1. tölul., eða arðsemi síðastliðinna þriggja ára er utan marka sem fram koma í 2. tölul. skal taka tillit til þess við gerð gjaldskrár á næsta ári.

Gjaldskráin skal byggð upp á eftirfarandi hátt:

1. Skilgreina skal gjald fyrir mötun og úttekt í hverjum tengipunkti flutningskerfisins. Sama gjaldskrá skal gilda fyrir mötun í öllum tengipunktum flutningskerfisins og fyrir úttekt í öllum tengipunktum meginflutningskerfisins. Þó skal taka tillit til jaðartapa og afhendingaröryggis. Gjald fyrir úttekt í öðrum hlutum flutningskerfisins skal metið út frá eðlilegum kostnaði, sbr. 1. tölul. 2. mgr., vegna viðkomandi flutningsvirkja, jaðartöpum og afhendingaröryggi, auk kostnaðar vegna meginflutningskerfisins.
2. Einstakir notendur sem tengjast flutningskerfinu skulu njóta betri kjara ef viðskipti þeirra leiða til hagkvæmari uppbyggingar og nýtingar kerfisins. Með sama hætti skulu þeir bera kostnað af því ef notkun þeirra leiðir til aukinna jaðartapa.

Standi væntanlegar tekjur vegna nýs viðskiptavinar ekki undir eðlilegum stofn- eða rekstrarkostnaði er heimilt að krefja hann um greiðslu viðbótarkostnaðar. Sama á við hafi forsendur viðskipta breyst verulega.

Í reglugerð skal setja frekari ákvæði um viðskiptaskilmála, gjaldskrá, arðsemismarkmið, kröfur um hagræðingu og hámark og lágmark jaðartapa.

IV. KAFLI
Dreifing.

13. gr.
Sérleyfi til dreifingar.

Leyfi ráðherra þarf til að reisa og/eða reka dreifikerfi á tilteknu dreifiveitusvæði og til að hætta slíkum rekstri. Í leyfinu felst einkaréttur til dreifingar á viðkomandi svæði.

Mörk dreifiveitusvæða skulu skilgreind í reglugerð. Heimilt er ráðherra að breyta skilgreiningu dreifiveitusvæðis á gildistíma leyfis.

14. gr.

Skilyrði sérleyfis.

Dreifiveitur skulu vera sjálfstæðir skatt- og lögaðilar. Þeim er óheimilt að stunda vinnslu eða viðskipti með raforku eða aðra samkeppnisstarfsemi nema í þeim tilgangi einum að gegna skyldum sínum samkvæmt lögum þessum. Stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum og öðrum starfsmönnum vinnslufyrirtækja og sölufyrirtækja er óheimilt að sitja í stjórn dreifiveitu. Hið sama gildir um aðra þá sem hagsmuni geta haft af ákvörðunum sem þar eru teknar. Ef dreifiveita stundar aðra starfsemi en dreifingu raforku skal bókhaldi vegna hennar haldið aðskildu frá bókhaldi vegna raforkudreifingar. Reki sama dreifiveita dreifikerfi á fleiri en einu dreifiveitusvæði skal aðskilja hvert svæði í bókhaldi. Eigi dreifiveita flutningsvirki skal hún aðgreina bókhald vegna þess frá annarri starfsemi. Ráðherra getur sett frekari skilyrði sem eru nauðsynleg til að tryggja öruggan og skilvirkan rekstur dreifikerfisins.

Í umsókn um sérleyfi skal vera ítarleg lýsing á viðkomandi dreifikerfi. Ef um nýtt dreifikerfi er að ræða skal auk þess fylgja áætlun um framkvæmdir. Jafnframt skulu umsækjendur sýna fram á eftirfarandi:

1. Getu til að tengja alla notendur sem þess óska innan dreifiveitusvæðisins.
2. Tæknilega og fjárhagslega getu til að byggja upp og reka fyrirhugað dreifikerfi.
3. Að unnt sé að tengja dreifikerfið flutningskerfinu með viðunandi hætti. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá þessu skilyrði við sérstakar aðstæður, svo sem ef um lítil einangruð svæði er að ræða.

15. gr.

Efni sérleyfis.

Í sérleyfi skal m.a. tilgreina eftirfarandi:

1. Gildistíma leyfis ef leyfið er tímabundið.
2. Afmörkun svæðis sem sérleyfi til dreifingar nær til.
3. Upplýsinga- og tilkynningarskyldu leyfishafa til Orkustofnunar, annarra opinberra eftirlitsaðila og flutningsfyrirtækis, sem nauðsynleg er til að viðkomandi aðilar geti rækt hlutverk sitt samkvæmt lögunum.
4. Öryggis- og umhverfisráðstafanir á framkvæmda- og rekstrartíma.
5. Skilyrði um tæknilega og fjárhagslega getu leyfishafa.
6. Frágang á starfsstöðvum og landi.
7. Hvernig skuli ráðstafa mannvirkjum og búnaði að rekstrartíma loknum.

Heimilt er að kveða á um að leyfi skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum, enda hafi forsendur fyrir skilyrðum leyfisins breyst verulega.

16. gr.

Starfssvið og skyldur dreifiveitna.

Dreifiveitur annast dreifingu raforku á dreifiveitusvæði sínu. Þær skulu viðhalda, endurbæta og byggja dreifikerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni og áreiðanleika afhendingar.

Dreifiveitum er m.a. skylt að:

1. Tryggja að notendum sé ekki mismunað.
2. Tengja alla þá notendur sem eftir því sækjast við dreifikerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því og greiði tengigjald. Þó er heimilt að synja nýjum aðilum um aðgang að kerfinu á grundvelli sjónarmiða um flutningsgetu, öryggi og gæði kerfisins. Synjun skal vera skrifleg, rökstudd og til ákveðins tíma.
3. Sjá fyrir varaafli vegna truflana í dreifikerfinu.

4. Útvega rafmagn í stað þeirrar orku sem tapast í kerfinu.
5. Útvega launafl fyrir kerfið.
6. Mæla eða láta mæla með nákvæmum hætti þá raforku sem þær afhenda eða taka við í samræmi við reglur þar að lútandi. Flutningsfyrirtækið skal hafa aðgang að mælingum.
7. Koma á innra eftirlitskerfi, sbr. 25. og 28. gr.
8. Veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort þær fullnægi skyldum sínum.
9. Gæta trúnaðar um upplýsingar er varða viðskiptahagsmuni notenda og aðrar þær upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.

Dreifiveitur geta krafist þess að notkun einstakra notenda sé aflmæld. Notendur geta farið fram á aflmælingu, enda greiði þeir kostnað af henni.

Ef ófyrirséð og óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægir ekki eftirspurn á dreifiveitusvæði ber viðkomandi dreifiveitu að grípa til skömmtunar raforku til notenda. Við slíka skömmtun skal gæta jafnræðis og byggja á málefnalegum sjónarmiðum sem nánar skulu útfærð í reglugerð.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um hlutverk og starfsemi dreifiveitna.

17. gr.

Gjaldskrá.

Á hverju dreifiveitusvæði skal vera samræmd gjaldskrá fyrir alla notendur. Að öðru leyti fer um gjaldið skv. 12. gr. eftir því sem við á.

V. KAFLI
Raforkuviðskipti.

18. gr.

Leyfi til að stunda raforkuviðskipti.

Leyfi ráðherra þarf til þess að stunda raforkuviðskipti. Slíkt leyfi felur hvorki í sér sérleyfi né önnur sérréttindi til handa leyfishafa. Leyfi skal veitt til fimm ára í senn.

Uppfylla verður eftirfarandi skilyrði fyrir útgáfu leyfis:

1. Leyfi verður einungis veitt sjálfstæðum lög- og skattaðilum.
2. Leyfi verður ekki veitt fyrirtækjum sem stunda sérleyfisstarfsemi á orkusviði.
3. Aðalskrifstofa skal vera hér á landi.
4. Framkvæmdastjóri og/eða stjórnarmenn skulu vera lögráða, hafa óflekkað mannorð, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

Iðnaðarráðuneytið skal halda skrá yfir þá sem leyfi hafa til raforkuviðskipta.

19. gr.

Skyldur sölufyrirtækja.

Sölufyrirtæki er m.a. skylt að:

1. Útvega þá raforku sem er nauðsynleg til að unnt sé að standa við orkusölusamninga.
2. Gera skriflega sölusamninga.
3. Veita stjórnvöldum upplýsingar um starfsemina sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort það fullnægi skyldum sínum.
4. Greiða flutningsfyrirtækinu kostnað sem hlýst af frávikum, sbr. 1. tölul. 3. mgr. 9. gr., auk hæfilegrar umsýsluþóknunar.

5. Tilkynna Orkustofnun og flutningsfyrirtæki um öll viðskipti með raforku.

20. gr.
Orkusölusamningar.

Óheimilt er að segja upp orkusölusamningi með skemmri en þriggja mánaða fyrirvara þegar um er að ræða notanda sem árlega notar minna en 1 GWst.

Sölufyrirtækjum ber að tilkynna um allar slíkar breytingar til viðkomandi dreifiveitu með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara.

Nýjum notendum ber að semja um orkukaup áður en farið er fram á tengingu við dreifikerfið.

VI. KAFLI
Skyldur landeigenda. Eignarnáms- og bótaákvæði.

21. gr.
Umferðarréttur.

Landeiganda og umráðamanni lands er skylt að veita vinnslufyrirtæki, flutningsfyrirtæki og dreifiveitum óhindraðan aðgang að eignarlandi því sem í hlut á. Þó má ekki hefja virkjunarframkvæmdir, leggja raflínur eða reisa önnur mannvirki á grundvelli leyfa samkvæmt lögum þessum fyrr en leyfishafi hefur náð samkomulagi við landeiganda um endurgjald fyrir landnot eða nýtingu auðlindar eða eignarnám hefur farið fram og umráðataka samkvæmt því.

Við afnot og nýtingu lands ber landeigendum og leyfishöfum samkvæmt lögum þessum að gæta þess að framkvæmdir stofni hvorki mönnum, munum né búpeningi í hættu eða valdi þeim skaða. Jafnframt skulu landeigendur og leyfishafar gæta þess að valda ekki óþarfa mengun og spjöllum á lífríki. Sama gildir um frágang nýtingarsvæðis ef nýting leggst af.

22. gr.
Skaðabætur.

Nú hefur aðili rétt samkvæmt lögum þessum til umferðar eða framkvæmda á eignarlandi og getur landeigandi þá krafist bóta vegna tjóns sem hann verður sannanlega fyrir af þeim sökum vegna röskunar eða skemmda á landi og mannvirkjum. Náist ekki samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati.

23. gr.
Eignarnám.

Nú nær leyfishafi samkvæmt lögum þessum ekki samkomulagi við landeiganda eða eiganda orkulinda vegna framkvæmda á grundvelli leyfis, þar með talið um endurgjald fyrir landnot, vatnsréttindi, jarðhitaréttindi eða aðrar orkulindir, og getur ráðherra þá tekið eignarnámi nauðsynlegt land, landgæði, mannvirki, aðstöðu og önnur réttindi landeiganda að því leyti sem nauðsyn ber til svo að leyfið geti komið að notum eða leyfishafi uppfyllt skyldur sínar. Ráðherra afhendir leyfishafa þau verðmæti sem tekin eru eignarnámi. Ráðherra getur heimilað leyfishafa að framkvæma eignarnámið. Leyfishafi ber allan kostnað af eignarnáminu.

Ráðherra er heimilt að ákveða að ríkið taki eignarnámi orkulindir sem fylgja eignarlandi, ásamt nauðsynlegu landi og mannvirkjum, ef þess reynist þörf til að koma við nýtingu, sbr. 1. mgr., eða til að koma í veg fyrir að nýting þeirra spilli fyrir hagnýtingu sömu orkulindar utan landareignarinnar.

Ef eignarnám skv. 1. og 2. mgr. á hluta af eignarlandi hefur í för með sér verulega rýrnun þess að öðru leyti á landeigandi rétt á að eignarnámið verði látið ná til þess í heild sinni.

Nú fellur leyfi til dreifingar úr gildi og samkomulag næst ekki um afnot nýs leyfishafa af dreifikerfinu og er ráðherra þá heimilt að ákveða að taka dreifikerfið eignarnámi og afhenda það nýjum leyfishafa. Ráðherra getur heimilað leyfishafa að framkvæma eignarnámið. Leyfishafi ber allan kostnað af eignarnáminu.

Framkvæmd eignarnáms á grundvelli laga þessara fer eftir almennum reglum. Við ákvörðun eignarnámsbóta vegna orkulinda skal taka sérstakt tillit til óvissu um orkulindina og kostnaðar af leit og vinnslu.

VII. KAFLI
Eftirlit og úrræði.

24. gr.
Eftirlit Orkustofnunar.

Orkustofnun skal hafa eftirlit með leyfum sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og að starfsemi og gjaldskrá flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna samræmist ákvæðum laganna og reglugerðum settum samkvæmt þeim, sbr. þó 28. gr. Orkustofnun skal hafa samráð við Samkeppnisstofnun og Löggildingarstofu um eftirlit með starfsemi og gjaldskrá flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna eftir því sem við á.

Orkustofnun getur falið faggiltri skoðunarstofu, sbr. lög um vog, mál og faggildingu, að framkvæma fyrir sína hönd eftirlit skv. 1. mgr. Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um eftirlit faggiltra skoðunarstofa á grundvelli þessarar greinar.

25. gr.
Heimildir Orkustofnunar.

Orkustofnun getur krafið eftirlitsskylda aðila um allar upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru við framkvæmd eftirlitsins. Skulu gögn og upplýsingar berast innan hæfilegs frests sem Orkustofnun setur. Orkustofnun getur einnig skyldað þessa aðila til að upplýsa stofnunina reglulega um atriði sem máli skipta við eftirlitið. Þá getur Orkustofnun krafist þess að fyrirtækin komi á innra eftirliti í samræmi við kröfur sem stofnunin setur.

Orkustofnun getur í starfi sínu krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu þeirra.

Orkustofnun getur við rannsókn mála gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöð fyrirtækis og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn skilyrðum leyfis, lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim. Við framkvæmd slíkra aðgerða skal fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

26. gr.
Úrræði Orkustofnunar.

Telji Orkustofnun að starfsemi flutningsfyrirtækis eða dreifiveitna samræmist ekki skilyrðum laga þessara, reglugerðum settum samkvæmt þeim eða skilyrðum leyfis getur hún krafist þess að úr verði bætt að viðlögðum dagsektum. Dagsektir geta numið frá 10 til 500 þús. kr. á dag. Við ákvörðun dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Ákvarðanir um að leggja á dagsektir eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður. Innheimtar dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Fari leyfishafi ekki að tilmælum Orkustofnunar skal hún veita ráðherra upplýsingar um málið.

Telji Orkustofnun að gjaldskrá sem tilkynnt hefur verið uppfylli ekki kröfur laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim tekur gjaldskráin ekki gildi fyrr en úr hefur verið bætt að mati stofnunarinnar. Þá getur Orkustofnun gert flutningsfyrirtækinu og dreifiveitum að breyta gjaldskrá sinni að viðlögðum dagsektum.

27. gr.

Eftirlit Samkeppnisstofnunar.

Samkeppnisstofnun skal hafa eftirlit með starfsemi vinnslufyrirtækja og sölufyrirtækja á grundvelli samkeppnislaga. Sama gildir um flutningsfyrirtækið og dreifiveitur, enda gildi ekki sérreglur um starfsemi þeirra samkvæmt lögum þessum.

28. gr.

Eftirlit Löggildingarstofu.

Löggildingarstofa skal hafa tæknilegt eftirlit með því að gæði raforku og afhendingaröryggi sé fullnægjandi. Skulu vinnslufyrirtæki, flutningsfyrirtækið og dreifiveitur koma á innra eftirlitskerfi í samræmi við kröfur Löggildingarstofu. Löggildingarstofa skal hafa eftirlit með innra eftirliti vinnslufyrirtækja, flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna og framkvæma úttektir hjá þeim ef nauðsynlegt þykir.

Löggildingarstofa getur falið faggiltri skoðunarstofu, sbr. lög um vog, mál og faggildingu, að framkvæma fyrir sína hönd eftirlit skv. 1. mgr. Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd slíks eftirlits.

Notendur geta borið fram kvartanir um gæði raforku til Löggildingarstofu.

Leiði eftirlit í ljós að kröfum um gæði raforku er ekki fullnægt getur Löggildingarstofa krafist þess að úr verði bætt innan tiltekinna tímamarka að viðlögðum dagsektum, sbr. 26. gr. Verði ekki farið að tilmælum Löggildingarstofu skal hún veita ráðherra upplýsingar um málið.

Ráðherra skal í reglugerð kveða á um gæði raforku og afhendingaröryggi og eftirlit faggiltra skoðunarstofa á grundvelli þessarar greinar.

29. gr.

Þagnarskylda.

Starfsmenn eftirlitsstofnana sem framkvæma eftirlit á grundvelli laga þessara eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur aðila sem þeir hafa eftirlit með. Sama gildir um sérfræðinga sem starfa á vegum stofnananna eða aðra þá sem sinna eftirliti fyrir þær. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum.

30. gr.

Kærur.

Ákvarðanir sem teknar eru af Löggildingarstofu og Orkustofnun á grundvelli laga þessara og varða gjaldskrá eða starfsemi flutningsfyrirtækisins eða dreifiveitna sæta kæru til sérstakrar úrskurðarnefndar.

Í úrskurðarnefndinni sitja þrír menn sem skipaðir eru af iðnaðarráðherra og jafnmargir til vara. Formaður og varamaður hans skulu fullnægja hæfisskilyrðum hæstaréttardómara. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Úrskurðir nefndarinnar skulu að jafnaði liggja fyrir innan átta vikna frá því að kæra berst henni.

Úrskurðir nefndarinnar skulu vera endanlegir á stjórnsýslustigi. Vilji aðili bera úrskurð nefndarinnar undir dómstóla skal hann höfða mál innan sex mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurða nefndarinnar.

Ákvarðanir sem aðeins verða kærðar til úrskurðarnefndar verða ekki bornar undir dómstóla fyrr en niðurstaða hennar liggur fyrir.

Um starfshætti nefndarinnar, málsmeðferð o.fl. skal mælt fyrir í reglugerð.

31. gr.

Gjaldtaka.

Til að standa undir kostnaði vegna eftirlits samkvæmt lögum þessum skal greiða gjöld sem hér segir:

1. Flutningsfyrirtækið skal greiða gjald af raforku sem er mötuð inn á flutningskerfið sem nemur 0,35 aurum á hverja kWst.
2. Dreifiveitur skulu greiða gjald af raforku sem er móttekin frá flutningskerfi eða beint frá virkjunum sem nemur 0,8 aurum á hverja kWst.

Orkustofnun skal annast innheimtu gjalda þessara fyrir ríkissjóð.

Gjalddagi skal vera 1. febrúar ár hvert vegna síðastliðins almanaksárs.

Eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða kostnað vegna eftirlits faggiltra skoðunarstofa, enda sé ekki um úrtakseftirlit að ræða.

VIII. KAFLI
Almenn ákvæði um leyfisveitingar.

32. gr.

Framsal leyfisveitingarvalds.

Ráðherra getur falið Orkustofnun leyfisveitingarvald samkvæmt lögum þessum að hluta eða öllu leyti. Fer Orkustofnun þá einnig með heimildir ráðherra skv. 36. gr.

33. gr.

Gjaldtaka vegna útgáfu leyfa.

Til að standa undir kostnaði af undirbúningi og útgáfu leyfa samkvæmt lögum þessum skal greiða gjöld til ríkissjóðs:

1. Fyrir virkjunarleyfi, sbr. 4. gr., skal greiða 100.000 kr.
2. Fyrir leyfi til að reisa og/eða reka dreifikerfi, sbr. 13. gr., skal greiða 100.000 kr.
3. Fyrir leyfi til að stunda raforkuviðskipti, sbr. 18. gr., skal greiða 10.000 kr.
4. Fyrir endurnýjun leyfis skal greiða 10.000 kr.

34. gr.

Málsmeðferð.

Leyfi samkvæmt lögum þessum skal veitt á grundvelli umsóknar sem skal metin á hlutlægan og gegnsæjan hátt.

Áður en ráðherra veitir virkjunarleyfi, leyfi til að byggja flutningsvirki eða sérleyfi til dreifingar raforku skal hann leita umsagnar Orkustofnunar og annarra opinberra aðila sem málið varðar. Áður en sérleyfi til dreifingar raforku er veitt skal ráðherra auk þess leita umsagnar viðkomandi sveitarfélaga. Umsagnir skulu berast innan tveggja mánaða frá því að beiðni þar að lútandi var send.

Ráðherra skal kynna umsókn með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu og í almennum fjölmiðlum. Þar skal gefa þeim aðilum er málið varðar færi á að kynna sér umsóknina og koma á framfæri sjónarmiðum sínum innan fjögurra vikna frá birtingu auglýsingar. Umsækjandi skal kosta birtingu slíkrar auglýsingar.

Synjun um leyfi samkvæmt lögum þessum skal rökstudd.

35. gr.

Framsal leyfa.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má hvorki framselja né setja til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi ráðherra.

36. gr.

Afturköllun leyfis.

Ef leyfishafi fer ekki að skilyrðum laga þessara, reglugerða settra samkvæmt þeim, skilyrðum leyfisins eða samningum sem tengjast leyfinu skal ráðherra veita honum skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Ef um alvarleg brot eða vanrækslu er að ræða eða ljóst er að leyfishafi getur ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt leyfinu getur ráðherra þó afturkallað leyfi án aðvörunar.

Ef leyfishafi sinnir ekki aðvörun ráðherra innan tilgreindra tímamarka getur ráðherra afturkallað leyfið eða breytt því.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

37. gr.

Yfirstjórn.

Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

38. gr.

Framkvæmdir á landsvæðum í ríkiseign.

Ráðherra hefur heimild til að semja við þá aðila, sem fá leyfi samkvæmt lögum þessum til framkvæmda á eignarlöndum ríkisins, um endurgjald fyrir land og landgæði þau er um ræðir hverju sinni. Haft skal samráð við þann aðila sem fer með forræði eignarinnar.

Um framkvæmdir á þjóðlendum fer samkvæmt ákvæðum laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

39. gr.

Raforkuskýrsla.

Ráðherra leggur fyrir Alþingi á fjögurra ára fresti skýrslu um raforkumálefni. Í skýrslunni skal m.a. fjalla um:

1. Yfirlit um sölu og notkun raforku síðastliðin fjögur ár.
2. Raforkuþörf og yfirlit um líklega þróun til lengri tíma á grundvelli raforkuspár og áætlana um raforkufrekan iðnað og aðra starfsemi sem raforkuspá tekur ekki til.
3. Rannsóknir orkulinda og undirbúning þeirra til raforkuvinnslu.
4. Raforkuvinnslu með hliðsjón af raforkuþörf og öryggi raforkukerfisins.
5. Styrkingu flutningskerfisins í samræmi við aukna raforkuþörf.
6. Gæði raforku, m.a. með hliðsjón af öryggi afhendingar.

7. Þjóðhagslega þýðingu áætlaðra framkvæmda á sviði raforkumála og áhrif þeirra á atvinnulíf og byggð í landinu.

40. gr.
Veiting rannsóknarleyfa.

Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu gilda um leyfi til þess að kanna og rannsaka orkulindir til undirbúnings raforkuvinnslu. Auk þeirra skilyrða sem þar eru talin skal umsækjandi um rannsóknarleyfi leggja fram mat á því hvernig tengja megi fyrirhugaða virkjun raforkukerfi landsins.

41. gr.
Ársreikningar.

Þeir sem starfa samkvæmt lögum þessum skulu færa ársreikninga í samræmi við lög um ársreikninga.

42. gr.
Tryggingar.

Ráðherra getur krafist þess að þeir sem fá leyfi samkvæmt lögum þessum taki ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu vátryggingafélagi, afli sér bankatryggingar eða leggi fram aðrar tryggingar sem ráðherra metur gildar og bæta tjón er þeir kunna að valda með störfum sínum samkvæmt lögum þessum. Kveðið skal nánar á um ábyrgðartrygginguna, m.a. um lágmarksfjárhæð og vátryggingarskilmála, í reglugerð.

43. gr.
Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á starfsmann lögaðilans.

44. gr.
Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

45. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda 1. júlí 2002.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Raforkuskýrsla skv. 39. gr. skal í fyrsta sinn lögð fyrir Alþingi eigi síðar en á árinu 2003.

II.

Þeir sem við gildistöku laga þessara hafa rétt til að eiga, reisa eða reka raforkuver halda þeim rétti sínum.

III.

Þeir sem við gildistöku laga þessara hafa rétt til að eiga, reisa eða reka búnað til raforkudreifingar halda þeim rétti sínum.

IV.

Þrátt fyrir ákvæði laganna mega dreifiveitur stunda viðskipti með raforku til og með 31. desember 2004. Bókhaldi vegna sölustarfsemi skal haldið aðskildu frá bókhaldi vegna dreifistarfsemi. Á þessu tímabili skulu dreifiveitur selja raforku til allra notenda á veitusvæði sínu sem óska ekki eftir að skipta um söluaðila, sbr. 2. mgr.

Til og með 31. desember 2003 geta eingöngu þeir sem kaupa 5 GWst af raforku á ári eða meira keypt raforku af öðrum en viðkomandi dreifiveitu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

1.1. Almennt.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á löggjöf um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku. Stefnt er að því að leggja fram frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði sem gera þarf vegna þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpi þessu. Fjármálaráðherra hefur skipað starfshóp um skattalegt umhverfi raforkufyrirtækja, með það fyrir augum að tryggja jafnræði í skattalöggjöf á þessu sviði. Þá skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að meta umfang óarðbærra eininga í raforkukerfinu og koma með tillögur um hvernig staðið skuli að jöfnuði vegna þeirra. Skipunarbréf þessara nefnda fylgja frumvarpi þessu, sjá fylgiskjöl I og II.

Í vatnalögum, nr. 15/1923, er fjallað um vatnsréttindi. Er þar m.a. kveðið á um áveitur, notkun vatnsorku og vatnsmiðlun. Í iðnaðarráðuneytinu er nú unnið að heildarendurskoðun laganna.

Frumvarpið byggist á nýjum viðhorfum í raforkumálum sem hafa verið að ryðja sér til rúms víða um heim á undanförnum árum. Meginefni þeirra felst í því að skilja í sundur náttúrulega einkasöluþætti raforkukerfisins (flutning og dreifingu) og þá þætti þar sem samkeppni verður við komið (vinnslu og sölu). Þannig hefur verið lagður grunnur að markaðsbúskap í raforkukerfi margra landa. Í ríkjum Evrópusambandsins hefur þróunin almennt grundvallast á tilskipun ESB 96/92 um innri markað raforku. Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 168/1999 frá 26. nóvember 1999 um breytingu á viðauka IV við EES-samninginn varð tilskipunin hluti af EES-samningnum. Ísland er skuldbundið til að innleiða efni tilskipunarinnar í íslenska löggjöf fyrir 1. júlí 2002.

Hefðbundin viðhorf til raforkumála hafa því verið að breytast. Hér áður fyrr var það viðtekin skoðun að hið opinbera hefði óhjákvæmilega lykilhlutverki að gegna á öllum sviðum þeirra vegna þess að markaðslausnir ættu þar ekki við, meðal annars vegna einkaréttar í starfsemi af þessu tagi. Á síðustu árum hafa hins vegar verið þróaðar aðferðir þar sem markaðsöflum hefur verið beitt á þessu sviði, einkum í vinnslu og sölu raforku. Þessar aðferðir hafa í aðalatriðum reynst vel og er nú almennt talið að meiri árangur náist að jafnaði í vinnslu og sölu þar sem samkeppni ríkir en þar sem hefðbundinn einkaréttur er allsráðandi.

Þessi nýju sjónarmið og reynslu annarra er sjálfsagt að færa sér í nyt á Íslandi þótt hér eins og annars staðar þurfi jafnframt að taka mið af aðstæðum. Þetta verður best gert með því að endurskipuleggja raforkubúskapinn á núverandi grunni með markaðssjónarmið að leiðarljósi í vinnslu og sölu raforku. Aðskilnaður samkeppnis- og einokunarþátta er þar höfuðatriði. Í tengslum við slíkar skipulagsbreytingar mælir jafnframt margt með því að hlutafélagsformið

taki við af núverandi rekstrarformi. Þannig væri meðal annars unnt að draga úr áhættu hins opinbera af fjárfestingu í orkuvinnslu vegna stóriðju. Mikilvægt er að hagkvæm orkuframleiðsla hér á landi verði til þess að styrkja samkeppnisstöðu almenns atvinnulífs gagnvart fyrirtækjum í öðrum löndum. Við það bætist að leggja þarf drög að skilvirku eftirlitskerfi í ljósi skipulagsbreytinga í þessa átt með áherslu á hagkvæmni og aðhald í flutnings- og dreifikerfinu. Jafnframt er lögð áhersla á að tekið verði tillit til umhverfissjónarmiða.

Þótt einsýnt virðist í hvaða átt beri að halda er heppilegasti vegurinn vandrataður að settu marki. Fyrir vikið er ráðlegt að stilla breytingum í byrjun í hóf. Í þeim efnum blasir við að byrja á því að skapa forsendur fyrir samkeppni með því að aðskilja einkasölu- og samkeppnisþætti og koma á frelsi til viðskipta með raforku í áföngum. Í framhaldi af því er nauðsynlegt að búa svo um hnútana að samkeppni geti þróast eðlilega á þeim sviðum þar sem hún á við og að efla eftirlitskerfið á sviðum einkaréttar.

Ástæðurnar til þess að fara ber varlega í byrjun eru margþættar. Þar á meðal má nefna víðtækar skyldur Landsvirkjunar samkvæmt núverandi skipan, svo sem skyldur varðandi framboð raforku. Jafnframt er íslenska raforkukerfið lítið og ótengt öðrum kerfum þar sem eitt fyrirtæki er langstærst og því er erfiðara að koma hér á fullnægjandi samkeppni en í flestum öðrum löndum. Fyrir vikið kann að vera óhjákvæmilegt að búa hér við slíkar aðstæður, að minnsta kosti fyrst um sinn.

1.2. Aðdragandi og undirbúningur frumvarpsins.

Árið 1996 skipaði iðnaðarráðherra tvær nefndir sem báðar skiluðu skýrslu sinni sama ár. Önnur var viðræðunefnd eignaraðila Landsvirkjunar, sem fjallaði um endurskoðun á eignarhaldi, rekstrarformi og hlutverki fyrirtækisins. Hin var ráðgjafarnefnd vegna endurskoðunar löggjafar um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku.

Í ráðgjafarnefndinni áttu sæti fulltrúar orkufyrirtækja, stjórnmálaflokka, sveitarfélaga og aðila á vinnumarkaði. Álit nefndarinnar var gefið út í ítarlegri skýrslu, *Framtíðarskipan orkumála – tillögur um breytingar.* Nefndin taldi mikilvægt að framtíðarskipan raforkumála hér á landi yrði mótuð á þeim traustu grunni sem væri til staðar um leið og menn færðu sér í nyt reynslu og rannsóknir annarra þjóða í þessum efnum eftir því sem við ætti. Vísaði nefndin sérstaklega til framfara í öðrum löndum sem byggðust á því að virkja markaðsöflin í því skyni að auka hagkvæmni í raforkubúskapnum. Í skýrslunni var gert ráð fyrir að sett yrðu sérstök raforkulög. Helstu tillögur nefndarinnar fólust í eftirfarandi atriðum:

— Að vinnsla, flutningur, dreifing og sala á rafmagni verði aðskilin, a.m.k. bókhaldslega.
— Að raforkuvinnsla verði gefin frjáls í áföngum.
— Að stofnað verði sjálfstætt félag um meginflutningskerfið, hugsanlega að hluta í eigu Landsvirkjunar.
— Að einkaleyfi rafveitna til sölu á rafmagni á tilteknu orkusölusvæði verði afnumin í áföngum.
— Að viðskipti með raforku verði gefin frjáls í áföngum.
— Að lagður verði grundvöllur að því að unnt verði að fá einkafjármagn inn í raforkugeirann, meðal annars með því að gera arðkröfur til fjármagns sem bundið er í greininni.
— Að stefna beri að verkefnafjármögnun nýrra stórverkefna í orkumálum með þátttöku innlendra og erlendra fjárfesta, þannig að þau verði ekki á ábyrgð ríkisins eða Landsvirkjunar.

Niðurstöður viðræðunefndar eigenda Landsvirkjunar, sem eigendur samþykktu, fólu meðal annars í sér eftirfarandi:

— Skýr markmið sett um að lækka verð á raforku til almennings, sem tryggi 3% árlega raunlækkun frá 2001 til 2010.
— Rekstrarformi Landsvirkjunar sem sameignarfélags verði ekki breytt að sinni.
— Stjórnskipulag félagsins verði samræmt ákvæðum hlutafélagalaga, meðal annars hvað varðar hlutverk ársfundar og verksvið stjórnar og framkvæmdastjóra.
— Stefnu að því er varðar arðsemi og meðferð arðs.
— Endurmat á eigendaframlögum sem verði notuð sem arðgreiðslustofn.
— Að Landsvirkjun verði heimiluð þátttaka í félögum á sviði orkumála, til dæmis að því er varðar meginflutningskerfið.

Að tillögu nefndarinnar samþykktu eigendur Landsvirkjunar breytingu á sameignarsamningi um fyrirtækið. Jafnframt samþykkti Alþingi breytingu á lögum um Landsvirkjun í ljósi tillagna nefndarinnar. Í tillögum sínum gekk nefndin út frá þeirri meginforsendu að staða Landsvirkjunar yrði í aðalatriðum óbreytt hvað varðar orkusölu til almenningsveitna fram yfir miðjan næsta áratug.

Í samninginn um breytingu á sameignarsamningnum var sett ákvæði um að endurskoða skuli samninginn fyrir 1. janúar 2004, þ.m.t. að ákveða hvort ástæða sé til að stofna hlutafélag um fyrirtækið.

Í kjölfar nefndarstarfsins mælti iðnaðarráðherra fyrir tillögu til þingsályktunar um framtíðarskipan raforkumála (lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98). Byggðist tillagan að verulegu leyti á starfi og niðurstöðum nefndanna tveggja og var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að unnið verði að því að breyta skipulagi raforkumála þannig að sköpuð verði skilyrði til aukinnar samkeppni í vinnslu og sölu raforku. Í upphafi skal unnið að aðskilnaði vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku innan orkufyrirtækjanna, endurskipulagningu á meginflutningskerfi raforkunnar og breyttu fyrirkomulagi á orkusölu til stórra notenda. Í kjölfarið verði unnið að því að koma á samkeppni í viðskiptum með raforku.

Alþingi felur iðnaðarráðherra:

1. *Að yfirfara rekstrarform raforkufyrirtækja sem ríkið á eignarhlut í og meta markaðsvirði þeirra með það að markmiði að samræma arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið þeirra, m.a. með hliðsjón af breytingum á sameignarsamningi um Landsvirkjun sem gerðar voru á árinu 1996.*
2. *Að láta fara fram könnun á tæknilegum og fjárhagslegum forsendum fyrir breyttu fyrirkomulagi á flutningi raforku um meginflutningskerfið.*
3. *Að beita sér fyrir því, í ljósi niðurstöðu könnunar skv. 2. tölul., að fram fari viðræður milli raforkufyrirtækjanna um forsendur fyrir stofnun félags um meginflutningskerfið.*
4. *Að móta skilyrði um veitingu virkjunarleyfa, sem m.a. taki til öryggis og áreiðanleika raforkukerfisins, landnýtingar og umhverfismála, eðlis vatnsorkunnar og jarðvarmans sem og tæknilegrar og fjárhagslegrar getu umsækjanda. Slík skilyrði þurfa jafnframt að fela í sér nauðsynlegan sveigjanleika til að tryggja sem best nýtingu orkulindanna til atvinnuuppbyggingar. Sett verði skýr ákvæði um eignarrétt á orkulindum á afréttum og almenningum.*
5. *Að kanna nýjar leiðir til nýtingar orkulindanna til atvinnuuppbyggingar og undirbúa að í samningum um nýja stóriðju verði laðað fram aukið eigið fé til vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku.*
6. *Að kanna tæknilega, fjárhagslega og umhverfislega kosti og galla þess að tengja íslenska orkukerfið við raforkukerfi á Bretlandseyjum og meginlandi Evrópu.*
7. *Að gefa þinginu skýrslu um framgang málsins eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti, í fyrsta sinn fyrir 1. desember árið 2000.“*

Talsverðar umræður urðu um tillöguna á Alþingi. Lýstu þingmenn ýmist yfir stuðningi sínum við hana eða gagnrýndu einstaka þætti hennar. Var sú gagnrýni sem þingsályktunartillagan fékk aðallega þríþætt. Í fyrsta lagi var gagnrýnt að ekki væri nægilega fjallað um umhverfissjónarmið við orkunýtingu, í öðru lagi að betur þyrfti að fjalla um jöfnun orkuverðs og í þriðja lagi að ekkert væri í tillögunni sem ráðherra gæti ekki gert og tekið ákvörðun um án atbeina Alþingis.

Var tillögunni í kjölfar umræðnanna vísað til iðnaðarnefndar sem tók hana til umfjöllunar. Fékk nefndin á sinn fund marga aðila, þar á meðal fulltrúa iðnaðarráðuneytisins, ýmissa opinberra stofnana, Samorku, Landsvirkjunar og allra rafveitna. Þá fékk nefndin fjölda umsagna. Í niðurstöðum meiri hluta nefndarinnar sagði m.a.:

„Markmið breytinga á skipulagi raforkumála er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri nýtingu orkulinda með því að markaðsumhverfi starfseminnar leiði til uppbyggingar í krafti fjárfestingaákvarðana sem byggðar eru á hagkvæmnissjónarmiðum. Það er álit meiri hluta nefndarinnar að til þess að ná þessu markmiði þurfi í fyrsta lagi að móta löggjöf sem skapar starfsumhverfi raforkufyrirtækja á þann veg að þeim verði tryggður jafn aðgangur að orkulindum og markaði og að þau geti á þeim grunni mótað eigin stefnu og áform um fjárfestingar, fjármögnun og umsvif. Þá verði í öðru lagi að haga verðjöfnunaraðgerðum þannig að í reikningi birtist allur kostnaður við orkuöflun, flutning og dreifingu orkunnar, sem og ráðstafanir til orkuverðsjöfnunar.

Samkeppni hefur rutt sér til rúms í viðskiptum með raforku hjá grannríkjum Íslands og þar er komið á markaðsumhverfi. Undirbúningi að sameiginlegum raforkumarkaði í Evrópu miðar vel. Í þeim ríkjum sem samkeppni hefur þegar verið innleidd er ljóst að breytingar í frjálsræðisátt hafa skilað árangri með aukinni hagkvæmni og sveigjanleika í rekstri og hefur það leitt til lægra raforkuverðs.

Fram undan eru miklar fjárfestingar vegna raforkuöflunar. Líklega má telja að sá háttur sem hingað til hefur verið á hafður, að fjármagna raforkuver einungis með lántökum, muni ekki duga til þegar takast þarf á við stærstu verkefnin á þessu sviði. Því þarf að opna leið fyrir fjárfesta til að leggja áhættufé í slík mannvirki og laða fjármagn til þeirra eins og annarrar atvinnustarfsemi. Að mati meiri hlutans verður það best gert með því að skapa fyrirtækjum og fjárfestum í raforkugeiranum starfsumhverfi sambærilegt því sem aðrir atvinnuvegir búa við. Það yrði byggt á möguleikum þeirra til stefnumótunar, fjárfestinga og umsvifa í samkeppni á opnum markaði. Til þess að raforkufyrirtækin geti nýtt sér þessa möguleika er nauðsynlegt að breyta eignarformi þeirra í hlutafélög. Það form hefur reynst mjög vel í stefnumótun og stjórn við þær aðstæður sem hér er lýst.

Megininntak þeirra skipulagsbreytinga sem gera þarf er aðskilnaður ýmissa þátta starfseminnar sem til þessa hafa verið á einni hendi, þ.e. vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku, sem og flutnings raforku frá orkuverum til kaupenda og dreifiveitna um meginflutningskerfi eða landsnet.“

Meiri hluti nefndarinnar gerði síðan tímaáætlun sem hann lagði til að fylgt yrði við framgang þeirra verkefna sem iðnaðarráðherra yrðu falin með samþykkt tillögunnar. Meiri hlutinn lagði einnig til að gerðar yrðu nokkrar breytingar á tillögunni til frekari áherslu. Þannig var í breytingunum lögð áhersla á að ný skipan raforkumála leiddi til þjóðhagslega hagkvæmrar nýtingar orkulinda í sátt við umhverfi landsins. Þá var lagt til að mörkuð yrði stefna í rannsóknum á orkulindum og ítrekað að við mótun skilyrða fyrir veitingu virkjunarleyfa yrði sérstaklega litið til afhendingaröryggis. Meiri hlutinn taldi jafnframt að kanna þyrfti rækilega á hvern hátt verðjöfnun yrði best komið fyrir við nýskipan raforkumála. Með vísan til framangreindra breytinga mælti meiri hlutinn (sex þingmenn af níu) með samþykkt til-

lögunnar í nefndaráliti sínu, dags. 17. apríl 1998, á þingskjali 1347, 227. mál. Alþingi afgreiddi þó ekki tillöguna.

Í október 1998 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að fjalla um stofnun fyrirtækis til að sjá um flutning orku frá virkjunum til dreifiveitna (flutningsnefndin). Nefndin lauk störfum í febrúar 2000 og var álit nefndarinnar gefið út í sérstöku riti og kynnt öllum helstu hagsmunaaðilum vorið 2000.

Í meginniðurstöðum nefndarinnar segir m.a.:

Á undanförnum árum hefur skipulagi raforkumála verið umbylt í flestum nágrannalanda okkar með það í huga að auka samkeppni og búa þessum mikilvæga þjóðfélagsþætti eðlileg viðskipta- og starfsskilyrði. Meginmarkmið slíkra breytinga er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulindanna til hagsbóta fyrir alla landsmenn. Hér á landi hefur á undanförnum misserum verið unnið að undirbúningi slíkra breytinga og eru menn sammála um að til að koma á samkeppni í vinnslu og sölu raforku þurfi að aðgreina samkeppnisþættina (vinnslu og sölu) frá sérleyfisþáttunum (flutningi og dreifingu). Nefndin er sammála um að slíkar skipulagsbreytingar á raforkuflutningi séu mikilvægar og leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar:

1) *Stofnað verði sjálfstætt fyrirtæki til að sjá um flutning raforku, Íslandsnet hf., sem verði í eigu orkuveitnanna sem leggja eignir til fyrirtækisins en stjórnunarlega aðskilið frá eigendum sínum. Fyrirtækið verði stofnað á árinu 2001 og taki til starfa í ársbyrjun 2002. Lagt er til að í upphafi taki fyrirtækið að minnsta kosti til flutningskerfis Landsvirkjunar og flutningslína sem tengja Nesjavallavirkjun og orkuverið í Svartsengi við það kerfi. Á þann hátt yrðu allar helstu virkjanir landsins tengdar Íslandsneti sem tryggir jafnræði vinnsluaðila á samkeppnismarkaði. Í framhaldi af þessu starfi þarf að skoða fyrirkomulag aðveitukerfisins sem gæti leitt til stærra Íslandsnets.*
2) *Nefndin gerir ráð fyrir að skipulag Landsvirkjunar verði lagað að breyttu fyrirkomulagi raforkuflutnings. Þetta má t.d. gera með að stofnað verði eignarhaldsfélag, sem færi með stefnumótun og yfirstjórn, og dótturfyrirtæki um einstök svið eftir því sem við ætti. Íslandsnet hf. verði eitt þessara fyrirtækja og í byrjun yrði það að stórum hluta í eigu eignarhaldsfyrirtækis Landsvirkjunar. Tengslin milli fyrirtækjanna yrðu hins vegar eingöngu fjárhagsleg. Þetta þýðir í aðalatriðum að stjórn Íslandsnetsins og framkvæmdastjóri verði óháð eignarhaldsfélaginu. Þannig verði komið á stjórnunarlegum aðskilnaði milli vinnslu, flutnings og annarra þátta.*
3) *Gjaldskrá fyrir flutning raforku á að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulindanna og því er mikilvægt að notendur fái merki um að kostnaður sé breytilegur við raforkuflutning. Af þeim sökum er lagt til að gjaldskrá fyrir hann verði byggð upp á þann hátt að gjöld verði ákveðin sérstaklega fyrir hvern mötunar- og úttektarstað í flutningskerfinu og að gjöld verði breytileg eftir árstíma (punktgjaldskrá). Á þann hátt er m.a. hægt að gefa kaupendum og seljendum raforku merki um að töp í flutningskerfinu eru mismunandi eftir því hvar og hvenær vinnsla eða notkun á sér stað. Ef talið er nauðsynlegt sökum byggðaþróunar að jafna kostnað við flutning og dreifingu raforku eða að ráðast í framkvæmdir í flutningskerfinu sem flutningsgjöld geta ekki staðið undir (félagslegar framkvæmdir) er mikilvægt að það sé gert með skatttekjum svo að það hindri ekki samkeppni eða dragi úr hagkvæmni kerfisins. Hafa verður í huga að slíkt mun væntanlega flokkast sem ríkisstyrkir samkvæmt EES-samningnum.*
4) *Til að tryggja jafnræði milli allra fyrirtækja sem stunda vinnslu, flutning, dreifingu eða sölu raforku þurfa þau að búa við sömu starfsskilyrði óháð eignarhaldi. Af þeim sökum er lagt til að öll fyrirtæki í greininni verði hlutafélög og þar með talið Íslandsnet hf.*

Opinberir aðilar hafa eftirlit með sérleyfisþáttunum en mikilvægt er að sníða eftirlitinu hóflegan stakk og byggja fremur á öflugu innra eftirliti fyrirtækjanna. Eftirlitið yrði tvískipt eða samkeppnis- og tæknilegt eftirlit.

Samhliða nefndarstarfinu var unnið að frumvarpi til raforkulaga í iðnaðarráðuneytinu og voru drög kynnt hagsmunaaðilum í apríl 1999. Haldinn var kynningarfundur og óskað eftir athugasemdum við frumvarpsdrögin. Fjöldi athugasemda barst sem hafðar voru til hliðsjónar við áframhaldandi vinnu við frumvarpið.

Í kjölfar skýrslu flutningsnefndarinnar var í iðnaðarráðuneytinu lögð aukin vinna í lokaundirbúning frumvarpsins. Myndaður var fimm manna starfshópur innan iðnaðarráðuneytisins undir forustu Þorgeirs Örlygssonar ráðuneytisstjóra og kvaddir til sérfræðingar utan ráðuneytisins til ráðgjafar við vinnuna (á sviði hagfræði, verkfræði, stærðfræði og lögfræði). Þá var ráðinn lögfræðingur til að vinna að frumvarpinu. Fulltrúar ráðuneytisins og Orkustofnunar kynntu sér fyrirkomulag og skipan mála í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Ráðuneyti, eftirlitsstofnanir og hagsmunasamtök í viðkomandi löndum voru sótt heim. Sérstaklega var leitað eftir upplýsingum um fyrirkomulag við opnun raforkumarkaðar í viðkomandi löndum, skipulag flutnings og dreifingar, verkaskiptingu og hlutverk stofnana við framkvæmd laganna og reynslu ríkjanna af núverandi fyrirkomulagi.

Við lokafráganginn tók frumvarpið nokkrum breytingum. Bauð iðnaðarráðuneytið fulltrúum frá öllum rafveitum að kynna sér frumvarpið og gera athugasemdir við það. Í því skyni komu fulltrúar frá eftirtöldum aðilum á fundi í ráðuneytinu: Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins, Hitaveitu Suðurnesja, Orkuveitu Reykjavíkur, Rafveitu Hafnarfjarðar, Bæjarveitum Vestmannaeyja, Orkubúi Vestfjarða, Selfossveitum, Rafveitu Sauðárkróks, Akranesveitum, Norðurorku, Orkuveitu Húsavíkur og Samorku. Tekið hefur verið að nokkru leyti tillit til ábendinga sem komu frá framangreindum aðilum.

2. Þróun og skipulag raforkumarkaðar og löggjafar.

2.1. Orkulindir.

Íslendingar búa við nokkra sérstöðu í orkumálum borið saman við önnur lönd í Evrópu. Landið hefur yfir að ráða miklum endurnýjanlegum orkulindum – bæði vatnsorku og jarðvarma – sem einungis hafa verið hagnýttar að hluta til enn sem komið er. Vaxandi áhersla á nýtingu hreinna orkugjafa stuðlar að því að slíkar orkulindir séu nýttar fremur en jarðefnaeldsneyti og kjarnorka.

2.2. Uppbygging raforkukerfisins.

Íslendingum varð ljóst snemma á síðustu öld að landið bjó yfir miklum orkulindum og fyrstu grunnrannsóknir á þeim hófust á fyrstu áratugum aldarinnar. Rafvæðing landsins hófst í byrjun 20. aldarinnar. Í upphafi var einkum um að ræða rafvæðingu í þéttbýli en á fjórða áratug aldarinnar var aukin áhersla lögð á rafvæðingu landsins alls. Var þá ráðist í byggingu Ljósafossstöðvar og Laxárvirkjunar ásamt tilheyrandi flutningslínum frá þessum virkjunum. Fram á miðjan sjöunda áratuginn var megináhersla lögð á rafvæðingu dreifbýlisins og byggingu samveitna innan landsvæða. Minni virkjanir voru víða reistar til að anna örri aukningu á almennri eftirspurn eftir raforku á þessum árum.

Á árabilinu 1965–1985 urðu nokkur þáttaskil í uppbyggingu raforkukerfis landsins. Með stofnun Landsvirkjunar árið 1965 var farið inn á þá braut að virkja stórt og nýta raforkuna jöfnum höndum fyrir stóriðju og almenna notkun og færa sér þannig í nyt hagkvæmni stærðarinnar. Samtenging hinna ýmsu samveitusvæða hófst árið 1974 og var lokið við hringtengingu byggðalínunnar árið 1984. Með því átaki má heita að lokið hafi tímabili innfluttra orku-

gjafa til raforkuvinnslu hér á landi. Jafnframt var lögum um Landsvirkjun breytt árið 1983, Laxárvirkjun gekk inn í fyrirtækið og varð allt landið orkuveitusvæði þess. Með samningi við ríkið árið 1982 yfirtók Landsvirkjun rekstur byggðalínukerfisins og lauk við hringtengingu þess.

Uppbygging raforkudreifikerfis í stærri þéttbýlisstöðum hófst á þriðja og fjórða áratugnum samhliða byggingu fyrstu virkjana hér á landi. Átak við uppbyggingu dreifikerfis landsbyggðarinnar hófst um miðja öldina og stóð yfir fram á áttunda áratuginn. Stuttu síðar var gert átak við að auka rafhitun í strjálbýli í kjölfar olíukreppunnar sem leiddi til þess að víða þurfti verulega að styrkja og endurbyggja dreifikerfið. Á síðasta áratug hefur endurnýjun dreifiveitna að mestu verið í því fólgin að leggja jarðstrengi í stað loftlína og hefur það mjög aukið öryggi og minnkað viðhaldskostnað.

Raforkuflutningskerfi landsins hefur verið byggt upp til að tryggja öruggan flutning raforku til allra landsmanna og til að anna orkuþörf stóriðjufyrirtækja. Af þessum sökum hefur verið unnt að ráðast í hagkvæmar virkjanir fjarri þeim svæðum þar sem raforkunotkunin er mest en það hefur síðan skilað sér í hagkvæmu heildarflutningskerfi raforku.

2.3. Raforkufyrirtæki.

Skipulag orkumála hér á landi hefur verið á þann veg að fyrirtæki sem vinna, dreifa og selja orku eru að langmestu leyti í opinberri eigu. Ýmist er hér um að ræða fyrirtæki sem að öllu leyti eru í eigu ríkisins eða sveitarfélaga eða fyrirtæki sem eru í sameign þessara aðila. Hið sama gildir um rannsóknastofnanir á þessu sviði þó svo að þar hafi einkaaðilar haslað sér völl í nokkrum mæli á undanförnum árum.

Stærsti raforkuframleiðandinn, Landsvirkjun, sinnir framleiðslu, flutningi raforku og heildsölu til dreifiveitna og sölu til stórnotenda. Önnur stærstu raforkufyrirtækin, Orkuveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja, Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða, hafa með höndum framleiðslu, flutning, dreifingu og sölu til einstakra notenda. Akranesveita og Orkuveita Húsavíkur eru einnig með nokkra vinnslu.

Á undanförnum árum hefur það orðið æ algengara að rekstur rafveitna og hitaveitna sé sameinaður í eitt fyrirtæki og oft og tíðum fylgir þá vatnsveita sveitarfélags með. Nú eru níu fyrirtæki starfandi sem reka bæði raf- og hitaveitu og eru fimm þeirra í eigu eins sveitarfélags, en þrjár veitur ná yfir stærra svæði og er ríkið eignaraðili að þeim fyrirtækjum. Um er að ræða eftirtaldar veitur: Rafmagnsveitur ríkisins, Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja, Akranesveitur, Orkubú Vestfjarða, Orkuveitu Húsavíkur, Bæjarveitur Vestmannaeyja, Selfossveitur og Norðurorku.

Samhliða fjölgun orkuveitna hefur fyrirtækjum fækkað sem eingöngu sinna raforkuvinnslu, flutningi og/eða dreifingu. Nú starfa þrjú fyrirtæki sem teljast til þessa flokks: Landsvirkjun, Rafveita Sauðárkróks og Rafveita Reyðarfjarðar.

Rafveitur og raforkufyrirtæki landsins eru samtengd í gegnum flutnings- og aðveitukerfi raforku. Einungis mjög lítil svæði eru utan samtengds raforkukerfis, en þau helstu eru Inndjúp á Vestfjörðum, Hólsfjöll og Grímsey. Landsvirkjun á og rekur meginflutningskerfið og sér til þess að raforkuvinnslan samsvari álaginu á hverjum tíma.

2.4. Raforkuvinnsla.

Mikil aukning hefur orðið í raforkuframleiðslu hér á landi sl. sex ár eins og meðfylgjandi tafla sýnir (í GWst):

	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Vatnsorka	4.678	4.764	5.203	5.617	6.043	6.352
Jarðhiti	290	346	375	655	1.138	1.323
Olía	8	4	3	4	4	4
Samtals	**4.977**	**5.113**	**5.581**	**6.276**	**7.185**	**7.679**

Aukning raforkuframleiðslu á þessu tímabili er um 54%. Notkun hefur aukist mikið á tímabilinu eða 96% hjá stóriðju og 13% hjá almennum notendum. Á þessu tímabili hefur orðið mikil aukning í raforkuframleiðslu jarðgufuvirkjana og fyrirsjáanleg er enn frekari aukning með þeim orkugjafa á næstu 1–2 árum. Þá jók Landsvirkjun raforkuframleiðslu sína á þessu tímabili með stækkun Kröflu og aukinni framleiðslu Blönduvirkjunar, byggingu Sultartangavirkjunar svo og aukinni miðlun á Þjórsár–Tungnársvæðinu.

Raforkuvinnsla Landsvirkjunar nam um 85,7% af heildarvinnslunni á landinu árið 2000 og hlutur annarra fyrirtækja var því 14,3%. Hlutur annarra skiptist svo: Orkuveita Reykjavíkur 43,9%, Hitaveita Suðurnesja 33,7%, RARIK 12%, Orkubú Vestfjarða 7%, Andakílsárvirkjun 2,9% og aðrir 0,5%.

2.5. Löggjöf.

Eftirtalin löggjöf snertir skipan raforkumála almennt:

1. Orkulög, nr. 58/1967, með síðari breytingum. Þar er fjallað um Orkustofnun, vinnslu raforku, vinnslu jarðhita, héraðsrafmagnsveitur, hitaveitur og Rafmagnsveitur ríkisins.
2. Vatnalög, nr. 15/1923, með síðari breytingum. Þar er m.a. fjallað um vatnsréttindi, notkun vatnsorku og vatnsmiðlun.
3. Lög um Orkusjóð, nr. 49/1999. Hlutverk hans er fjármögnun grunnrannsókna á sviði orkumála annars vegar og fjárhagslegur stuðningur við ýmsar framkvæmdir og verkefni hins vegar.
4. Lög um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum. Þar eru taldar þær virkjunarframkvæmdir sem heimilaðar hafa verið með lögum. Þá er þar kveðið á um að ráðherra skuli ákveða röð virkjanaframkvæmda og þau sjónarmið sem hún á að byggjast á.
5. Lög um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996. Þar er fjallað um rafmagnsöryggi og eftirlit með því.

Þá eru í gildi ýmis sérlög um fyrirtæki. Þau eru:

1. Lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum.
2. Lög um Orkubú Vestfjarða, nr. 66/1976.
3. Lög um hitaveitu Reykjavíkur, nr. 38/1940.
4. Lög um Hitaveitu Suðurnesja, nr. 100/1974, með síðari breytingum.

Auk þess ber að nefna lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, og lög um náttúruvernd, nr. 44/1999, sem öll snerta þá starfsemi sem frumvarpið fjallar um.

Samkvæmt orkulögum getur ráðherra veitt rafveitum og hitaveitum einkarétt til dreifingar og sölu á raforku og heitu vatni á tilteknu veitusvæði. Um þessar veitur gilda reglugerðir og staðfestir ráðherra gjaldskrár þeirra.

Til vinnslu raforku þarf leyfi Alþingis fyrir raforkuveri sem er stærra en 2 MW og leyfi ráðherra fyrir raforkuveri sem er á bilinu 0,2–2 MW, nema hvað heimilt er að reka varastöð allt að 1 MW án sérstaks leyfis.

Í orkulögum þar sem fjallað er um héraðsrafmagnsveitur kemur m.a. eftirfarandi fram:

— Rafveitur veita raforku um tiltekið orkuveitusvæði, sem ráðherra ákveður að fenginni umsögn viðkomandi sveitarfélags, og selja neytendum á því svæði. Ráðherra getur veitt einkarétt og bundið hann ákveðnum skilyrðum til að tryggja jafnrétti notenda.
— Sveitarfélag hefur forgang til að reka rafveitu. Ef sveitarstjórnir nýta ekki rétt sinn hafa Rafmagnsveitur ríkisins forgangsrétt.
— Rafveitu, sem hlotið hefur einkarétt, er skylt að selja öllum sem þess óska á orkuveitusvæðinu rafmagn með þeim skilyrðum sem sett eru í lögum og með reglugerð.
— Gjald fyrir raforku frá rafveitu, sem veittur hefur verið einkaréttur, skal ákveða í gjaldskrá sem stjórn veitunnar semur og ráðherra staðfestir. Gjaldskrána skal endurskoða eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

Í lögum um Landsvirkjun eru lagðar víðtækar skyldur á fyrirtækið og nýtur það ákveðinna forréttinda. Segir m.a. að fyrirtækið skuli hafa með viðunandi öryggi tiltæka nægilega raforku til þess að anna þörfum viðskiptavina sinna á hverjum tíma. Ber Landsvirkjun að hafa forgöngu um virkjanir á orkusvæði sínu svo að tryggt verði að afl- og orkuþörf viðskiptavina fyrirtækisins verði ávallt fullnægt. Einnig ber Landsvirkjun að kappkosta styrkingu og frekari uppbyggingu meginstofnlínukerfisins með það fyrir augum að tryggja sem best rekstraröryggi Landsvirkjunarkerfisins í heild.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB frá 19. desember 1996 um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku.

3.1. Almennt.

Eins og áður hefur komið fram hefur skipan raforkumála víða um lönd tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Í ársbyrjun 1992 lagði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fram tillögur að tilskipunum um innri markað fyrir raforku og jarðgas sem lagt var til að tækju gildi árið 1993. Tilskipunin öðlaðist gildi 19. febrúar 1997 eftir miklar deilur innan Evrópusambandsins og áttu aðildarríkin að koma henni í framkvæmd eigi síðar en 19. febrúar 1999. Belgía og Írland fengu þó frest til 19. febrúar árið 2000 og Grikkland til 19. febrúar árið 2001.

Hornsteinar tilskipunarinnar um innri markað á sviði raforku eru í fyrsta lagi afnám einkaréttar starfandi orkufyrirtækja, sé hann fyrir hendi, m.a. til að framleiða rafmagn. Í öðru lagi aðskilnaður vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku, a.m.k. í bókhaldi. Í þriðja lagi takmarkaður aðgangur þriðja aðila að flutningskerfum, þannig að þeir orkukaupendur sem fullnægja tilteknum skilyrðum sem hvert ríki setur á grundvelli tilskipunar geti gert samninga við orkuvinnslufyrirtæki um orkukaup og fengið orkuna flutta um orkuflutningskerfið. Hér verður lýst helstu þáttum tilskipunarinnar.

3.2. Meginefni tilskipunarinnar.

Tilskipunin skiptist í eftirtalda átta kafla auk formála eða aðfaraorða: 1. Gildissvið og skilgreiningar. 2. Almennar reglur um skipan raforkumála. 3. Vinnsla. 4. Rekstur flutningskerfisins. 5. Rekstur dreifikerfisins. 6. Aðskilnaður og gagnsæi reikninga. 7. Aðgangur að flutnings- og dreifikerfi. 8. Lokaákvæði.

Í formála er gerð ítarleg grein fyrir tilganginum með því að setja reglur um innri markað fyrir raforku. Þar segir m.a. að samkvæmt sáttmála ESB skuli tryggja frjálst flæði vöru, fólks, þjónustu og fjármagns á innri markaðinum. Mikilvægt skref sé að koma á samkeppni á raforkumarkaðinum til að koma á innri markaði fyrir orku. Með því verði vinnsla, flutningur og dreifing raforku skilvirkari en ella um leið og afhendingaröryggi sé aukið og samkeppnis-

staða Evrópusambandsríkjanna batni. Sömuleiðis er talið að slíkur markaður stuðli að samtengingu raforkukerfanna í Evrópu.

Gert er ráð fyrir að komið verði á innri markaði fyrir rafmagn í áföngum með það fyrir augum að raforkugeirinn geti lagað sig að nýjum skilyrðum með skilvirkum hætti. Þar sem hætta kann að vera á að viss ríki eigi erfitt með að aðlaga sig sameiginlegum meginreglum gefur tilskipunin möguleika á aðlögunartíma eða varanlegum undanþágum frá tilteknum ákvæðum, einkum vegna reksturs lítils og einangraðs raforkukerfis. Eins og nánar er skýrt hér á eftir fellur íslenska raforkukerfið ekki undir skilgreiningu á litlu, einangruðu kerfi.

Í samræmi við nálægðarregluna er miðað við að almenn skilyrði og skilmálar fyrir innri markaðinn séu settir sameiginlega, en einstök ríki ráði hvernig þau uppfylla þá. Þá er talið að nauðsynlegt kunni að reynast að leggja á kvaðir um almannaþjónustu til þess að tryggja afhendingaröryggi og til að vernda neytendur og náttúrulegt umhverfi og eru ákvæði þar að lútandi. Skilyrði sem beitt verður eiga að vera hlutlæg, gagnsæ og mega ekki leiða til mismununar.

Í 1. kafla tilskipunarinnar er fjallað um gildissvið og skilgreiningar. Þar kemur m.a. fram að tilskipunin feli í sér sameiginlegar reglur um vinnslu, flutning og dreifingu rafmagns. Með henni sé kveðið á um hvernig stýra skuli raforkumálum, hvernig fá megi aðgang að markaðinum, um skilyrði og starfshætti sem skuli hafa í heiðri við útboð eða leyfisveitingar sem og um rekstur kerfisins. Í kaflanum eru jafnframt 23 skilgreiningar.

Í 2. kafla eru almennar reglur um skipan raforkumála. Kveðið er á um að ríkin skuli sjá til þess að raforkufyrirtæki séu rekin í samræmi við tilskipunina til þess að koma á samkeppnismarkaði á raforkusviðinu. Ríkin geti eigi að síður með vísan til almannaþjónustu lagt kvaðir um opinbera þjónustu á fyrirtækin. Þær geti varðað öryggi, þ.m.t. öryggi orkuafhendingar, gæði og verð sem og vernd náttúrulegs umhverfis. Þessar kvaðir skuli vera skýrt skilgreindar, gagnsæjar, þær mega ekki leiða til mismununar og það þarf að vera unnt að hafa eftirlit með þeim. Birta skal opinberlega upplýsingar um kvaðir sem settar verða og tilkynna þær framkvæmdastjórninni.

Í 3. kafla er fjallað um vinnslu rafmagns. Ríkin geta valið milli leyfisveitinga og útboða þegar ný orkuver eru reist. Hvort tveggja skal byggt á hlutlægum og gagnsæjum skilyrðum án þess að mismuna þeim sem sækja um eða leggja fram tilboð. Þessi skilyrði geta varðað tiltekin atriði sem talin eru upp. Þau eru: öryggi og áreiðanleiki raforkukerfisins, umhverfisvernd, landnotkun og staðarval, nýting lands í almannaeign og almannaþjónustu, skilvirkni, eðli orkulinda, hæfni og geta umsækjanda/tilboðsgjafa, svo sem tæknilega og efnahagslega, og að lokum opinberar kvaðir, sbr. það sem segir um 2. kafla tilskipunarinnar Með þessum skilyrðum er gert ráð fyrir að ríkin geti haft nauðsynlega stjórn á raforkuvinnslunni jafnframt því sem opnuð er leið til samkeppni. Ef útboðsleiðin er valin eiga ríkin að sjá til þess að gerðar verði spár um aukna þörf fyrir raforkuvinnslu til langs tíma sem útboðin byggjast á. Í þeim ríkjum sem fara þessa leið eiga svokallaðir „sjálfstæðir framleiðendur“ jafnframt að geta sótt um leyfi til raforkuvinnslu, enda fullnægi þeir almennum skilyrðum sem sett verða. Slík skilyrði verða að vera hlutlæg, gagnsæ og mega ekki mismuna aðilum sem sækja um leyfi.

Í 4. kafla er fjallað um rekstur flutningskerfisins. Ríkin eiga að útnefna svokallaðan ábyrgan aðila til að sjá um rekstur flutningskerfisins, tryggja nauðsynlegt viðhald þess, viðbætur við það og afhendingaröryggi. Sá aðili skal vera rekstrarlega óháður raforkuvinnslu, raforkudreifingu og annarri starfsemi sem ekki tengist flutningskerfinu með beinum hætti. Álagsstýringin á að byggjast á hlutlægum opinberum skilyrðum með það fyrir augum að tryggja skilvirkan innri markað fyrir raforku. Ríkin geta þó gert kröfur til þess að orkuvinnsla sem

byggist á endurnýjanlegum orkulindum hafi forgang. Ábyrgi aðilinn má ekki mismuna aðilum og hann skal fara með allar upplýsingar sem hann þarf á að halda vegna starfsemi sinnar og eru viðkvæmar sem trúnaðarmál.

Samkvæmt túlkun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins felst eftirfarandi í rekstrarlegu sjálfstæði kerfisstjóra:

— Stjórnendur kerfisstjóra mega ekki sitja í stjórn móðurfyrirtækisins eða öðru fyrirtæki sem tengist kerfisstjóranum lóðrétt.
— Tryggja þarf sjálfstæði stjórnenda kerfisstjórans þannig að einkahagsmunir hafi ekki áhrif á ákvörðunartöku þeirra. Í því sambandi er t.d. átt við starfsframa.
— Sá sem annast kerfisstjórnun má ekki vera háður öðrum deildum eða einingum fyrirtækisins varðandi viðgerðir, viðhald og þróun flutningskerfisins.
— Þagnarskylda þeirra sem koma að kerfisstjórnun varðandi viðskiptaupplýsingar sem þeir hafa vegna hlutverks kerfisstjórans.

Auk þessa þarf að tryggja bókhaldslegan aðskilnað frá áðurnefndri starfsemi og kerfi sem tryggir nauðsynlegt fjárhagslegt sjálfstæði til að flutningskerfið sé rekið á viðskiptalegum grundvelli. Í flestum ríkjum Evrópusambandsins hafa verið stofnuð sérstök fyrirtæki um flutningskerfið. Þau eru ábyrg fyrir álagsstýringu og fyrir samrekstri með öðrum flutningskerfum.

Í 5. kafla eru ákvæði um dreifingu. Ríkin eiga að útnefna aðila, einn eða fleiri, sem verða ábyrgir fyrir rekstri dreifikerfisins, viðhaldi og styrkingu. Þessir aðilar eiga að tryggja áreiðanlegan og skilvirkan rekstur kerfisins á tilteknu svæði. Þeir mega ekki viðhafa mismunun og skulu gæta trúnaðar vegna viðkvæmra upplýsinga sem þeir þurfa á að halda. Ríkin geta krafist þess að raforku sem unnin er með endurnýjanlegum orkugjöfum eða úr sorpi sé veittur forgangur. Ríkin geta jafnframt skyldað dreifiveiturnar til að afhenda rafmagn til notenda á tilteknu svæði. Setja má reglur um gjaldskrá vegna slíkrar afhendingar til að tryggja jafnræði notenda.

Í 6. kafla er fjallað um aðskilnað og gagnsæi reikninga. Fyrirtæki sem sinna vinnslu, flutningi og dreifingu skulu færa bókhald fyrir hvern þessara þátta í því skyni að koma í veg fyrir að aðilum sé mismunað og til að hindra aðgerðir sem trufla samkeppni. Ákvæði eru um að ársreikningar raforkufyrirtækja skuli gerðir með samræmdum hætti samkvæmt tilskipunum sem fjalla um gerð ársreikninga.

Í 7. kafla er fjallað um aðgang að flutnings- og dreifikerfi. Ríkin geta heimilað aðgang að flutnings- og dreifikerfi á viðskiptagrundvelli eða á grundvelli reglna sem kveða á um rétt á aðgangi gegn greiðslu gjalds sem byggist á birtri gjaldskrá. Þá geta ríkin útnefnt lögaðila, svokallaðan „eina kaupanda“ („single buyer“), sem hefði einkarétt til viðskipta með rafmagn á tilteknu svæði. Ríkin eiga að sjá til þess að forgangsnotendur geti með frjálsum hætti gert samninga um orkukaup til að mæta raforkuþörf sinni af framleiðendum eða orkusölum utan þess svæðis sem kerfi viðkomandi „eina kaupanda“ nær til. Ríkin eiga að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja lágmarksopnun raforkumarkaðanna samkvæmt ofangreindum leiðum. Tilskipunin gerir ráð fyrir opnun markaðarins í áföngum. Nú eiga að lágmarki notendur sem árlega kaupa meira en 20 GWst að geta valið seljanda. 19. febrúar 2003 lækka þessi mörk niður í 9 GWst á ári. Þýðir það opnun u.þ.b. 30–35% raforkumarkaðar Evrópusambandsins.

Lokaákvæði eru í 8. kafla tilskipunarinnar. Þar kemur fram að ríkjunum verður heimilt að grípa til nauðsynlegra aðgerða ef upp kemur neyðarástand. Slíkar aðgerðir ber að tilkynna og skulu þær hafa í för með sér eins litla truflun á markaðinum og unnt er. Ákvæði eru um að ríkin geti sótt um tímabundinn aðlögunartíma ef þau sýna fram á að ákvæði tilskipunar-

innar valdi því að ekki sé unnt að standa við rekstrarskyldur eða ábyrgðir sem gefnar hafa verið áður en hún var sett. Þá er einnig ákvæði um að hægt sé að sækja um undanþágur frá ákvæðum 4. kafla (rekstur flutningskerfa), 5. kafla (rekstur dreifikerfa), 6. kafla (aðskilnaður og gagnsæi reikninga) og 7. kafla (skipulagning kerfisaðgangs) vegna lítilla einangraðra raforkukerfa. Slík kerfi eru skilgreind þannig að raforkunotkunin sé minni en 2500 GWst á ári jafnframt því sem innan við 5% árlegrar orkunotkunar sé mætt með viðskiptum við önnur raforkukerfi. Tekið er fram að þetta ákvæði eigi jafnframt við um Lúxemborg. Raforkuvinnsla á Íslandi var 7679 GWst á árinu 2000 og fellur íslenska raforkukerfið því ekki undir þetta ákvæði.

3.3. Framtíðarþróun.

Ráðherraráð Evrópusambandsins ályktaði á fundi, sem haldinn var í Lissabon í apríl 2000, að hraða ætti opnun raforkumarkaðarins. Í framhaldi af ályktun ráðherraráðsins mótaði framkvæmdastjórnin tillögur sem m.a. fela í sér breytingar á tilskipun 96/92 um innri markað raforku. Þær voru kynntar 13. mars 2001. Helstu efnisatriði þeirra eru að allir notendur, aðrir en einstaklingar, skulu geta keypt raforku á frjálsum markaði frá 1. janúar 2003. Fullt frelsi í viðskiptum með raforku á að vera komið á þann 1. janúar 2005. Þá eru ríkari kröfur um aðskilnað milli einokunar og samkeppnisþátta. Segir í tillögunum að það sé nauðsynlegt til að tryggja forsendur samkeppni. Er gerð krafa um fyrirtækjaaðskilnað og stjórnunarlegt sjálfstæði. Þó er heimilt að víkja frá þessu skilyrði vegna smárra dreifiveitna, þ.e. þeirra sem þjóna færri notendum en 100.000. Í ljósi reynslunnar er lagt til að heimild til vinnslu raforku skuli byggjast á útgáfu leyfa en ekki útboðum. Hins vegar skuli ríki geta boðið út virkjunarkosti ef hætta er á ófullnægjandi framboði á raforku. Þá er talið að tryggja verði betur jafnræði aðila að raforkukerfinu. Í því sambandi er lagt til að aðgangur að því skuli byggjast á fyrir fram settum reglum og birtri gjaldskrá. Samkvæmt því falla brott aðrar leiðir, þ.e. samningsleið og „franska leiðin" um einn kaupanda á afmörkuðu svæði. Þá er lagt til að ríkin skuli hafa sjálfstæðan eftirlitsaðila sem skuli m.a. hafa eftirlit með gjaldskrá einokunarfyrirtækjanna. Til að tryggja fullnægjandi framboð raforku er eftirlitsaðilanum einnig ætlað það hlutverk að annast gerð raforkuspár til lengri tíma. Þá er gert ráð fyrir að ríkin þurfi að tryggja vernd neytenda, m.a. með því að gera kröfur til raforkusölufyrirtækja um upplýsingagjöf sem og með því að tryggja aðgengilega kvörtunarferla. Þær áherslur sem fram koma í breytingartillögum framkvæmdastjórnarinnar samræmast vel ákvæðum frumvarpsins.

4. Raforkumarkaður annarra ríkja.

4.1. Almennt.

Tilskipun ESB 96/92 um innri markað raforku hefur knúið aðildarríki sambandsins til að breyta skipan raforkumála í löndum sínum. Breytingar í frjálsræðisátt höfðu þó hafist í sumum löndum áður en tilskipunin tók gildi. Má þar helst nefna Bretland.

Framkvæmdastjórnin hefur útbúið eftirfarandi töflu um innleiðingu tilskipunarinnar árið 2000.

	Opnun markaðar	Vinnsla	Aðskilnaður flutnings	Aðgangur að flutnings- og dreifikerfi
Austurríki	32%	Leyfisbundin	Fyrirtækjaaðskilnaður	Á grundvelli settra reglna
Belgía	35%	Sama	Sama	Sama
Danmörk	90%	Sama	Sama	Sama
Finnland	100%	Sama	Reglur um eignaraðild	Sama
Frakkland	30%	Sama	Stjórnunarlegur	Sama
Þýskaland	100%	Sama	Sama	Samningsbundinn
Grikkland	30%	Sama	Sama	Á grundvelli settra reglna
Írland	30%	Sama	Fyrirtækjaaðskilnaður	Sama
Ítalía	35%	Sama	Sama	Sama
Holland	33%	Sama	Sama	Sama
Lúxemborg	40%	Sama	Sama	Sama
Portúgal	30%	Útboð	Sama	Sama
Spánn	45%	Leyfisbundin	Sama	Sama
Svíþjóð	100%	Sama	Sama	Sama
Bretland	100%	Sama	Reglur um eignaraðild	Sama
ESB	**65%**			

Í Noregi er staðan eftirfarandi:

Noregur	100%	Leyfisbundin	Fyrirtækjaaðskilnaður	Á grundvelli settra reglna

Verði frumvarpið að lögum ætti eftirfarandi við um Ísland:

Ísland	100% 1.1. 2004	Leyfisbundin	Fyrirtækjaaðskilnaður	Á grundvelli settra reglna

Hvað aðskilnað milli dreifingar og samkeppnisstarfsemi varðar hafa ríkin einnig valið nokkuð mismunandi leiðir. Sum láta bókhaldslegan aðskilnað nægja, svo sem Finnland, Þýskaland, Grikkland og Írland. Önnur krefjast fyrirtækjaaðskilnaðar, svo sem Holland, Spánn, Svíþjóð, Danmörk og Bretland.

Hér á eftir fer nokkuð ítarlegri umfjöllun um Bretland, Danmörku, Finnland, Noreg, Nýja-Sjáland og Svíþjóð.

4.2. Bretland.

Bretland var eitt af fyrstu ríkjum heimsins sem kom á samkeppni á raforkumarkaði. Raforkusala var gefin frjáls í áföngum, fyrst (1990) fyrir notendur sem notuðu meira en 1 MW (um 5.000 notendur). Árið 1994 voru mörkin útvíkkuð til þeirra sem notuðu meira en 100 kW (um 67 þúsund notendur) og loks 1999 fyrir alla notendur.

Fyrir kerfisbreytinguna í Bretlandi var til staðar eitt stórt opinbert framleiðslu- og orkuflutningsfyrirtæki, Central Electricity Generating Board (CEGB). Það seldi 12 svæðisbundnum rafveitum orku, en þessar rafveitur höfðu einkaleyfi til dreifingar og sölu, hver á sínu svæði. CEGB var upp úr 1989 skipt upp í 3 framleiðslufyrirtæki í samkeppni, PowerGen, National Power og Nuclear Electric og stofnað var flutningsfyrirtækið National Grid Co.

(NGC). Dreifiveitur sem stofnaðar voru upp úr hinum 12 svæðisbundnu rafveitum héldu um sinn einkaleyfi að hluta á sínu svæði.

Um 34% raforkuvinnslu byggist á gasi, um 33% á kolum, um 25% á kjarnorku og aðrir orkugjafar eru um 8%.

Heimildir til að reisa og reka ný raforkuver byggjast á opinberu leyfi. Umsækjendur verða að uppfylla skilyrði sem eru í samræmi við tilskipun ESB 96/92 um innri markað raforku.

Öll stærri orkuviðskipti hafa til þessa farið um uppboðsmarkaðinn „Electricity Pool". Verðlagningin byggðist í stuttu máli á hæsta tilboðsverði framleiðenda fyrir hvern dag, sem allir bjóðendur fengu greitt samkvæmt. Fram komu smám saman gallar við þetta fyrirkomulag og er verið að taka í notkun nýtt fyrirkomulag um viðskipti með raforku. Nokkrir helstu gallar fyrrnefnds uppboðsmarkaðar hafa t.d. reynst vera talsverður óstöðugleiki í verði, verðlagningin hefur reynst of flókin og hún er ekki í takt við raunverulegan framleiðslukostnað.

Með nýja kerfinu er boðið upp á tvíhliða samninga um raforkuviðskipti fram í tímann. Enn fremur er komið upp sérstökum jafnvægismarkaði til að ná jafnvægi milli framleiðslu og notkunar í „rauntíma". Þessi markaður miðast sérstaklega við 3,5 klst. hlaupandi tímaramma fram í tímann þar sem kaupendur og seljendur takast á um frávik frá fyrir fram gerðum samningum til að ná nauðsynlegu jafnvægi framboðs og eftirspurnar á hverju augnabliki í raforkukerfinu.

Flutningsfyrirtækið tryggir opinn aðgang framleiðenda og kaupenda að flutningskerfinu og greiða þeir fyrir flutninginn tengigjöld og gjöld byggð á notkun netsins. Kerfinu er skipt upp í nokkur svæði til að endurspegla staðbundinn kostnað við orkuframleiðslu í tengslum við staðsetningu álagsins. Gjaldskráin er undir opinberu eftirliti eftirlitsaðilans OFGEM.

Á árinu 2000 höfðu um 18% allra raforkunotenda í Bretlandi skipt um raforkusala. Dreifiveiturnar hafa annaðhvort hætt orkusölu eða hún hefur verið aðskilin í bókhaldi þeirra. Dreifing raforku er háð einkaleyfi og er undir hliðstæðu opinberu eftirliti OFGEM og gildir um orkuflutning. Dreififyrirtækin eru sum í eigu erlendra fjárfesta, t.d. er rafveitan London Electricity nú í eigu franska fyrirtækisins Electricité de France.

4.3. Danmörk.

Frá 1. janúar 1998 gátu einstakir notendur sem notuðu meira en 100 GWst á ári keypt raforku á frjálsum markaði. Einungis 7 notendur náðu þessu lágmarki. Samanlagt notuðu þeir um 5% af raforku sem seld var í Danmörku. 1. apríl 2000 var lágmarkinu breytt í 10 GWst og 1. janúar 2001 í 1 GWst. Frá og með 1. janúar 2003 geta allir notendur keypt rafmagn á frjálsum markaði.

Raforkuvinnsla byggist aðallega á brennslu eldsneytis eða 90%, þar af er kolaorka um 60%. Dregið hefur úr notkun kola á síðustu árum en í byrjun níunda áratugarins var u.þ.b. 90% af raforku framleidd með kolaorku. Stefnt er að því að draga enn frekar úr notkun kola og auka frekar notkun gass og vindorku.

Sölufyrirtækin eru í eigu dreifiveitnanna. Notendur eiga rétt á að tengjast raforkukerfinu og fá raforku á sanngjörnu verði kjósi þeir ekki að nýta sér viðskiptafrelsið. Eiga má viðskipti í Danmörku á Nord Pool raforkumarkaðinum.

Heimildir til að reisa og reka ný raforkuver byggjast á opinberu leyfi. Uppboðsaðferðinni er þó beitt vegna vindmyllna á hafi. Ekki er heimilt að reisa kjarnorkuver.

Tvö ótengd flutningskerfi eru í Danmörku. Annað á Jótlandi og Fjóni sem er rekið af Eltra og hitt á Sjálandi sem er rekið af Elkraft System. Eltra og Elkraft System annast kerfisstjórnun. Fyrirtækin eru í eigu dreifiveitnanna. Dreifikerfið er í eigu ýmissa sveitarfélaga, notendafélaga og sjóða.

Heimila verður aðgang að flutnings- og dreifikerfinu á grundvelli birtrar gjaldskrár. Gjaldtaka vegna flutninga í hvoru flutningskerfi er óháð staðsetningu notenda. Gjaldskráin sætir eftirliti og á að grundvallast á kostnaði og hæfilegri arðsemi. Sama gjaldskrá gildir fyrir dreifingu innan hvers dreifiveitusvæðis.

Gerð er krafa um fyrirtækjaaðskilnað milli samkeppnis- og einokunarþátta.

Sérstakt stjórnvald, sem er sjö manna sjálfstæð sérfræðinganefnd, fer með eftirlit samkvæmt raforkulögunum. Nefndin er skipuð af umhverfis- og orkumálaráðherranum. Nefndinni til aðstoðar eru samkeppnisyfirvöld og orkustofnun. Ákvarðanir nefndarinnar sæta kæru til sérstakrar kærunefndar.

4.4. Finnland.

Breytingar til aukins frelsis á raforkumarkaði hófust árið 1995 í Finnlandi. Var þá notendum sem notuðu meira en 500 kWst af raforku heimilt að velja um raforkusala. Árið 1997 var öllum hindrunum aflétt. Raforkulöggjöfin hefur verið í nokkurri þróun undanfarin ár, þannig hefur t.d. reglum um raforkustýringu og mælaeign verið breytt. Þá hafa verið gerðar breytingar til að auka neytendavernd.

Um 400 raforkuver eru í Finnlandi og er u.þ.b. helmingur þeirra vatnsorkuver. 120 fyrirtæki koma að vinnslu raforku. Tölur frá 1998 sýna að stærstu framleiðendurnir eru: Fortum (fyrrum ríkisfyrirtækið IVO) 40%, Pohjolan Voima Oy (PVO) 23%, framleiðslufyrirtæki í eigu stóriðju 16% og aðrir 21%. Árið 1998 var raforkunotkun í Finnlandi 76,5 TWh. Þar af voru 12% innflutt frá Svíþjóð, Noregi og Rússlandi. Raforka framleidd með eldsneyti var 42%, með kjarnorku 27% og vatnsorku 19%.

Heimildir til að reisa og reka ný raforkuver byggjast á opinberu leyfi. Umsækjendur þurfa að uppfylla skilyrði er lúta að landnotkun, umhverfisvernd o.fl.

Stærstur hluti raforkuviðskipta fer fram með langtímasamningum milli framleiðenda og söluaðila. Í Finnlandi er starfræktur uppboðsmarkaður með raforku (EL-EX). Árið 1998 voru 10% af seldri orku í Finnlandi seld á markaðinum. Markaðurinn er hluti af Nord Pool, norrænum uppboðsmarkaði með raforku, en er sérstakt svæði innan hans.

Raforkunetið skiptist í þrjá hluta, þ.e. flutningskerfi, aðveitukerfi og dreifikerfi. Flutningskerfið er í eigu Fingrid. Það rekur flutningskerfið og stýrir raforkukerfinu. Um er að ræða sjálfstætt fyrirtæki í eigu ríkisins, fagfjárfesta og stærstu raforkuframleiðendanna. Aðveitu- og dreifikerfið er í eigu veitufyrirtækjanna. Um er að ræða u.þ.b. 110 fyrirtæki. Þar af eru ⅔ í eigu sveitarfélaga eða fyrirtækja þeirra. Dreifiveitur hafa sérleyfi til dreifingar á veitusvæðum sínum.

Gjaldskrá fyrir flutning er óháð staðsetningu þeirra sem tengjast flutningskerfinu. Sama gjaldskrá gildir innan hvers aðveitu- og dreifiveitusvæðis. Fyrirtækin setja gjaldskrá sem er birt opinberlega. Gjaldskráin verður að vera sanngjörn og má ekki mismuna aðilum. Hún þarf að byggjast á raunverulegum kostnaði og eðlilegri arðsemi. Verð til notenda er mjög breytilegt milli dreifiveitusvæða, aðallega vegna mismunandi stofn- og rekstrarkostnaðar og arðsemismarka hjá veitunum.

Flutningskerfið er eins og fyrr segir rekið í sjálfstæðu fyrirtæki sem má ekki koma að framleiðslu eða dreifingu raforku. Því er þó heimilt að kaupa raforku til að mæta töpum í kerfinu. Dreifiveitur verða að halda bókhaldi vegna dreifingar aðskildu frá bókhaldi vegna sölu og vinnslustarfsemi.

Framkvæmd raforkulaganna er í höndum sérstaks opinbers stjórnvalds. Eftirlitið er að stærstum hluta fjármagnað með gjaldi sem innheimt er af orkufyrirtækjum. Það veitir m.a.

leyfi vegna flutnings- og dreifistarfsemi og hefur eftirlit með starfsemi raforkufyrirtækja og verðákvörðunum einokunarfyrirtækja.

4.5. Noregur.

Noregur og Bretland voru fyrstu ríkin í Evrópu sem komu á frjálsum viðskiptum með raforku. Í Noregi voru gerðar breytingar á raforkulögum 1991 sem fólu í sér aðskilnað framleiðslunnar frá flutningi og dreifingu. Fyrir breytingarnar voru um 70 framleiðendur og 230 dreifiveitur í landinu. Raforkukerfið í heild var að ¾ hlutum í opinberri eigu. Ríkisfyrirtækið, Statkraft, átti um 30% af virkjunum og 80% af miðnetinu. Bæjar- og sveitarfélög áttu 55% af framleiðslugetunni, en um 15% voru í eigu einkafyrirtækja. Eignarhald hefur lítið breyst við endurskipulagninguna í Noregi, en dreififyrirtækjum hefur heldur fækkað.

Norski raforkumarkaðurinn, Nord Pool, er hluti af norræna markaðinum og er opinn fyrir alla notendur. Meiri hluti viðskipta á sér þó stað á grundvelli langtímasamninga. Sérstakt leyfi þarf fyrir raforkusölu, en miðlarar þurfa ekki leyfi. Slíkir aðilar eru nú 21 í Noregi. Sölufyrirtæki eru yfirleitt hlutafélög og stundar 71 fyrirtæki aðeins sölu. Allt fram til ársins 1998 höfðu flest heimili áfram viðskipti við söludeild dreifiveitu sinnar þar eð afar dýrt var að skipta um seljanda. Árið 1998 var reglum breytt þannig að ódýrara var að skipta um söluaðila. Árið 2000 höfðu 13% notenda skipt um raforkuframleiðanda.

Orkuvinnslufyrirtæki eru nú 158 og eru 108 þeirra rekin sem hlutafélög, en um 50 eru í eigu sveitarfélaga eða fylkja.

Ríkisfyrirtækið Statnett var skilið frá Statkraft árið 1996. Nú á Statnett 85% meginflutningskerfisins, en aðrir aðilar, um 20 rafveitur og framleiðendur, eiga um 15% flutningslína. Statnett annast kerfisstjórn alls flutningskerfisins, en greiðir öðrum eigendum flutningslína fyrir afnot af línum þeirra.

Heimildir til að reisa og reka ný raforkuver byggjast á opinberu kerfi. Til þess að byggja ný raforkuver þarf að uppfylla kröfur sem settar eru í skipulagslögum og umhverfislögum. Endanleg ákvörðun um nýjar stærri virkjanir er tekin af ráðherra og staðfest af Stórþinginu.

Flutnings- og dreifikerfinu er skipt í þrjú stig, miðnetið, svæðisveitur og dreifiveitur. Statnett annast rekstur miðnetsins en fylkin og sveitarfélög í sumum tilvikum annast svæðisdreifinguna en sveitarfélög staðbundnari dreifingu. Miðnetið er skilgreint sem þær línur sem eru reknar á yfir 132 kV spennu, svæðisnetið eru línur niður undir 22 kV spennu og dreifiveitur eru með spennu þar fyrir neðan. Samtals eru nú um 215 netfyrirtæki í Noregi, þar af eru 54 sem sinna einungis flutningi og dreifingu, hin hafa einnig með höndum framleiðslu og sölu.

Heimila verður aðgang að flutnings- og dreifikerfinu á grundvelli birtrar gjaldskrár. Greitt er fyrir úttekt og mötun, þ.e. punktgjaldskrá. Í miðnetinu er sama gjaldskrá að teknu tilliti til jaðartapa og afhendingaröryggis. Í svæðisnetinu er hins vegar reiknaður raunverulegur kostnaður á hverju svæði. Dreifikerfið skiptist í dreifiveitusvæði og gildir sama gjaldskrá á hverju svæði.

Eins og fram hefur komið er flutningskerfið rekið í sérstöku fyrirtæki en dreifiveitum ber að halda vinnslu eða sölu raforku aðskilinni frá dreifistarfseminni í bókhaldi.

NVE (norska orkustofnunin) er hinn almenni eftirlitsaðili með leyfum. Kostnaður greiðist af leyfishöfum. Stofnunin setur netfyrirtækjum tekjuramma við gjaldskrárgerð þeirra og annast eftirlit með starfsemi þeirra. Samningar eru milli NVE og samkeppnisstofnunarinnar norsku um verkaskiptingu á eftirliti raforkufyrirtækjanna. Löggildingarstofan (Produkttilsynet) hefur tæknilegt eftirlit með raforkufyrirtækjunum.

4.6. Nýja-Sjáland.

Fyrsta skrefið í átt að breytingu á raforkumarkaði í Nýja-Sjálandi var tekið árið 1987 með því að gera raforkudeild orkuráðuneytisins að sérstöku fyrirtæki, Electricity Corporation of New Zealand (ECNZ), sem sá um mestalla vinnslu (95%) og flutning á raforku. Ný raforkulög komu til framkvæmda árið 1993. Á grundvelli þeirra var frelsi í viðskiptum komið á í tveimur áföngum þannig að fullt frelsi komst á árið 1994.

Nýja-Sjáland líkist Íslandi að því leyti að raforkukerfið byggist að mestu á vatnsafli (60%) og er ekki tengt við önnur lönd. Gas og kol anna þó um 36% framleiðslunnar og jarðvarmi að mestu því sem á vantar en heildarframleiðslugeta er rúmlega 8300 MW.

Flutningskerfi Electricity Corporation of New Zealand var aðskilið frá framleiðslunni árið 1993. Þremur árum síðar (1996) var Contact Energy stofnað með um 22% af eignum ECNZ í virkjunum. Frekari sundurgreining framleiðslunnar átti sér stað 1998 með stofnun þriggja nýrra framleiðslufyrirtækja úr eignum ECNZ sem áfram eru þó í eigu ríkisins. Ekkert af fjórum stærstu orkuframleiðslufyrirtækjanna var á sl. ári með meira en 30% markaðshlutdeild og samtals þjóna þau um 85% markaðarins.

Fyrir markaðsvæðingu sáu um 60 mismunandi rafveitur um raforkudreifingu. Þessum fyrirtækjum hefur fækkað og voru þau á sl. ári orðin 30 í eigu bæði opinberra aðila og einkaaðila.

Í október 1996 var stofnaður raforkumarkaður (NZEM), þar sem nú er verslað með um ¾ allrar raforku í landinu. Afgangurinn eru beinir tvíhliða samningar kaupenda og seljenda. Markaðinum þjónar flutningafyrirtækið Transpower, sem einnig sér um kerfisstjórn, og fyrirtækið EMCO sem rekur markaðinn. Markaðurinn er svokallaður „blindur" markaður, þ.e. kaupandi og seljandi vita ekki deili hvor á öðrum þegar þeir bjóða. Jaðarverð á markaðinum er skilgreint í hálfrar klst. tímaeiningum fyrir hverja 244 afhendingarpunkta kerfisins, þar sem tekið er tillit til orkutapa og flutningstakmarkana. Verðið ræðst af því tilboðsverði, þegar eftirspurn er jöfn framboði. Upprunaleg tilboð eru síðan aðlöguð 1–2 klst. fram í tímann. Kerfisstjóri stýrir framleiðslu og gangsetningu virkjana miðað við tilboð á markaðinum þannig að jafnvægi náist. Sérstakt samkomulag er um mælingar og uppgjör sem nær einnig til viðskipta utan NZEM svo og um gæði og afhendingaröryggi hjá flutningsaðilanum Transpower.

Gjald fyrir orkuflutning hjá Transpower er metið á grundvelli hagkvæmustu endurnýjunar flutningsvirkja og er gjaldið, sem er mismunandi eftir afhendingarpunktum, metið út frá flæði aflsins um flutningskerfið. Sérstaklega er hugað að því að „sokkinn" kostnaður eldri mannvirkja hafi ekki áhrif á verðlagninguna en á hinn bóginn er hvatt til að flutningstakmarkanir hafi í gegnum verðlagningu hvetjandi áhrif á fjárfestingar Transpower til að aflétta slíkum takmörkunum.

4.7. Svíþjóð.

Frelsi í viðskiptum með raforku var komið á árið 1996. Löggjöfin hefur verið í þróun síðan og tekið nokkrum breytingum. M.a. hefur reglum um mælaeign og gjaldskrá verið breytt. Reglur um mælaeign voru með þeim hætti að notendur urðu að greiða mælakostnað þegar skipt var um seljanda. Kostnaðurinn nam u.þ.b. 80.000 ísl. kr. og kom nær alveg í veg fyrir að notendur skiptu um seljanda. Nú bera notendur nær engan kostnað vegna þessa.

Í Svíþjóð eru starfrækt u.þ.b. 300 vinnslufyrirtæki. Þar af eru 8 fyrirtæki með langstærstan hluta markaðarins eða 90%. Vattenfall er þeirra stærst með um 55% af framleiðslunni. Það er alfarið í eigu ríkisins. Sydkraft er næststærst með u.þ.b. 20% af framleiðslunni. Það er í eigu sveitarfélaga og nokkurra orkufyrirtækja, þar á meðal norskra og þýskra. Vinnsla

raforku er aðallega byggð á vatns- og kjarnorku. Heildarframleiðsla árið 1999 var 150,5 TWh. Þar af var vatnsorka 70,4 TWh en kjarnorka 70,1 TWh. Sænska þingið samþykkti orkuáætlun árið 1997. Stefnt er að því að draga úr notkun kjarnorku við raforkuframleiðslu. Ekki má veita nein ný leyfi vegna kjarnorkuvera.

Sænski uppboðsmarkaðurinn er sameiginlegur þeim norska og nefnist Nord Pool. Hann er opinn fyrir alla notendur. Meiri hluti viðskipta á sér þó stað á grundvelli langtímasamninga sem gerðir voru áður en markaðurinn var opnaður. Fram til ársins 1999 þegar fullu frelsi í raforkusölu var komið á var dreifiveitum skylt að selja notendum orku á svæðinu. Slíkum skyldum hefur nú verið aflétt. Um 10% notenda hafa skipt um seljanda.

Heimildir til að reisa og reka ný raforkuver byggjast á opinberu leyfi. Raforkulögin innihalda þó engar reglur um veitingu virkjanaleyfa. Til þess að byggja ný raforkuver þarf að uppfylla kröfur sem settar eru í skipulagslögum, umhverfislögum og auðlindalögum.

Netið skiptist í þrjú stig, flutningskerfið (220 kV og hærra), aðveitukerfið (20 kV og hærra) og dreifikerfið. Flutningskerfið er í eigu ríkisins og rekið af Svenska Kraftnät sem einnig annast stýringu raforkukerfisins. Aðveitur eru í eigu 8 stórra raforkuframleiðenda. Dreifikerfið er í eigu um 250 fyrirtækja sem flest eru í eigu sveitarfélaga. Flutningsfyrirtækinu og dreifiveitum ber að tengja nýja viðskiptavini á grundvelli gjaldskrár sem skal birt opinberlega. Dreifiveitur hafa sérleyfi til dreifingar á svæðum sínum.

Gjaldskrá verður að taka mið af hagsmunum notenda og verður að vera stöðug og sanngjörn. Á hverju dreifiveitusvæði gildir sama gjaldskrá. Gjaldskrá vegna flutnings er byggð upp með þeim hætti að aflgjaldið og orkugjaldið er breytilegt eftir staðsetningu inntaks og úttaks. Þannig er dýrara að taka út orku í Suður-Svíþjóð en í norðurhluta landsins en því er öfugt farið með innmötun. Helgast það af lengd landsins og því að meiri hluti virkjana er í norður hluta landsins.

Krafist er fyrirtækjaaðskilnaðar milli einokunar- og samkeppnisþátta á orkusviði. Ef flutnings- eða dreififyrirtæki tekur þátt í annars konar starfsemi verður að aðgreina þá starfsemi í bókhaldi.

Sérstök deild innan sænsku orkustofnunarinnar (Energimyndigheten) fer með eftirlit samkvæmt raforkulögunum. Almennt samkeppniseftirlit er í höndum samkeppnisyfirvalda.

5. Öryggi raforkuframboðs.

Stöðugt og öruggt framboð raforku er gríðarlega mikilvægt fyrir alla starfsemi í þjóðfélaginu. Samkvæmt gildandi lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, ber Landsvirkjun skylda til að hafa með viðunandi öryggi tiltæka nægilega raforku til þess að anna þörfum viðskiptavina sinna á hverjum tíma. Orkusvæði Landsvirkjunar er landið allt. Í frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, er lagt til að framangreind skylda Landsvirkjunar falli niður.

Á því er byggt í frumvarpi þessu að lögmál markaðarins um framboð og eftirspurn tryggi fullnægjandi framboð raforku. Lykilatriði til að tryggja nægilegt framboð raforku í markaðskerfi er að efnahagslegir hvatar séu til að byggja nýjar virkjanir með nægjanlega löngum fyrirvara fyrir vaxandi eftirspurn og ekki séu illfærar tálmanir af öðru tagi í vegi fyrir því. Til að stuðla að virkni markaðarins og öryggi í raforkuframboði er nauðsynlegt að upplýsingar um framleiðslu og framtíðareftirspurn séu ábyggilegar og greinargóðar. Í frumvarpinu er mælt fyrir um að flutningsfyrirtækið skuli gera spá um framboð og eftirspurn raforku og áætlanir um uppbyggingu raforkukerfisins. Þá skal Orkustofnun áfram annast spá um framboð og eftirspurn raforku til lengri tíma á grundvelli orkulaga. Á fjögurra ára fresti á ráðherra að gefa Alþingi skýrslu um raforkumál. Slík skýrslugjöf til Alþingis er mikilvægur þáttur í

upplýsingagjöf og framtíðarstefnumótun í orkumálum. Til að tryggja frekar framboð raforku er í frumvarpinu mælt fyrir um að við veitingu virkjunarleyfis megi setja skilyrði til að tryggja framboð raforku. Geta slík skilyrði lotið að því að virkjunarleyfishafi verði að fullnýta vinnslugetu virkjunar ef þörf krefur vegna raforkueftirspurnar. Þá er lagt til að flutningsfyrirtækið geti í neyðartilvikum gripið til skömmtunar raforku.

Eftirfarandi myndir sýna raforkunotkun á Íslandi árin 1990–2000, orkuvinnslu og orkuvinnslugetu á sama tímabili og orkuspá fram til ársins 2024. Mynd 1 sýnir heildarvinnslu en mynd 2 eingöngu forgangsorku. Mynd 3 sýnir spá orkuspárnefndar um orkuþörf til 2024.

Mynd 1.



Mynd 2.



Mynd 3.



Reynsla ríkja af markaðsvæðingu hefur almennt verið góð m.t.t. öryggis í framboði raforku. Að undanförnu hefur raforkuskortur í Kaliforníuríki í Bandaríkjunum mikið verið í umræðunni. Óskaði iðnaðarráðuneytið eftir því við Friðrik Má Baldursson, rannsóknarprófessor við Háskóla Íslands, að hann tæki saman greinargerð um orsakir raforkuskortsins

og hvað Íslendingar gætu lært af þeim. Í greinargerðinni sem fylgir frumvarpi þessu, sjá fylgiskjal III, kemur m.a. fram að margir þættir hafi lagst á eitt í Kaliforníu og að markaðsvæðingin sem slík hafi ekki verið orsakavaldur í því sambandi heldur frekar ýmsar hömlur sem inn í hana hafi verið byggðar svo og aðrir þættir, svo sem flóknar og síbreytilegar reglur í umhverfismálum sem hafi stöðvað byggingu nýrra orkuvera. Telur hann að miðað við drög að frumvarpi til raforkulaga sé ákaflega ólíklegt að Ísland lendi í sömu ógöngum og Kaliforníuríki.

6. Efni frumvarpsins.

6.1. Almennt.

Meginmarkmið frumvarpsins er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri nýtingu orkulinda þjóðarinnar í því skyni að efla atvinnulíf og byggð í landinu. Þetta verður best gert með því að endurskipuleggja raforkubúskapinn á núverandi grunni. Aðskilnaður samkeppnisþáttanna, vinnslu og sölu, frá einokunarstarfsemi, flutningi og dreifingu, er þar höfuðatriði. Þannig ættu breytingarnar að gera vinnslu, flutning, dreifingu og viðskipti með raforku eins skilvirk og hagkvæm og kostur er. Stefnt er að því að gera verðmyndun raforku gagnsæja. Þá verður að tryggja afhendingu raforku og gæta umhverfis- og neytendasjónarmiða. Breytingarnar miða að því að koma á markaðsbúskap í viðskiptum með raforku. Samhliða er stefnt að því að draga úr opinberum rekstri. Breytingar í frjálsræðisátt í öðrum löndum urðu oftast af því að talið var að það skipulag sem var við lýði hefði leitt til óhagkvæmni og ósveigjanleika í rekstri, fjárfestingu og verðlagningu. Markaðsskipulagið hefur sannað yfirburði sína í viðskiptum með vöru og þjónustu og leiðir til hagkvæms skipulags og fjölbreyttrar og sveigjanlegrar þjónustu.

Í frumvarpinu er að verulegu leyti stuðst við niðurstöður flutningsnefndarinnar. Í nokkrum atriðum er þó vikið frá áliti hennar og ber þar helst að nefna:

1. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að flutningsnetið nái niður á 30 kV spennu og dreifikerfi taki við á spennu neðan 30 kV.
2. Ekki er lagt til að stofnað verði fyrirtæki um flutningskerfið með þvingaðri eignaraðild eigenda flutningsvirkja. Þess í stað er gert ráð fyrir að iðnaðarráðherra feli einu fyrirtæki að annast alla raforkuflutninga. Eigendur flutningslína verði að veita flutningsfyrirtækinu afnot af þeim gegn endurgjaldi. Fyrirtækið geti eitt byggt ný flutningsvirki.
3. Í frumvarpinu er ekki gerð krafa um að raforkufyrirtæki verði rekin í hlutafélagaformi. Landsnetsnefndin lagði til að öll fyrirtæki skyldu rekin í formi hlutafélags. Með því átti m.a. að tryggja skattalegt jafnræði allra aðila á markaði. Miðað er við að tryggja jafnræði milli fyrirtækja í skattalegu tilliti óháð eignarformi þeirra með breytingum á skattalöggjöf. Hlutafélagaformið er þó æskilegt m.a. til að fá innlenda og erlenda fjárfesta til að taka þátt í byggingu virkjana hér á landi og draga þar með úr áhættu hins opinbera af fjárfestingu í orkuvinnslu vegna stóriðju.

6.2. Aðskilnaður vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu á rafmagni – forsenda samkeppni.

Forsenda samkeppni í viðskiptum með raforku er aðskilnaður samkeppnisstarfsemi og einokunarþátta, þ.e. vinnslu og sölu annars vegar og flutnings og dreifingar hins vegar. Með aðskilnaðinum er lagður grunnur að markaðskerfi. Í tilskipun ESB 96/92 um innri markað raforku er þess krafist að ríki tryggi a.m.k. bókhaldslegan aðskilnað milli einokunar- og samkeppnisþátta. Þá er þess krafist að sá er annast kerfisstjórnun sé stjórnunarlega aðskilinn frá annarri starfsemi. Eins og fram kemur í 3. kafla athugasemdanna hefur framkvæmdastjórn ESB kynnt tillögur um breytingar þar sem gerðar eru kröfur um fyrirtækjaaðskilnað. Í sumum

löndum ESB hefur verið farin sú leið að krefjast fyrirtækjaaðskilnaðar milli samkeppnis- og einokunarþátta. Ítarlegri umfjöllun um þetta er í 4. kafla. Er lagt til að sú leið verði farin hér á landi. Með því er tryggt að engar millifærslur geti átt sér stað og að eftirlit verður auðveldara. Í þessu sambandi má taka fram að flestir nefndarmanna fyrrgreindrar Orkunefndar voru þeirrar skoðunar að bókhaldsaðskilnaður umræddra þátta væri ekki nægilegur til að tryggja forsendur samkeppni. Ekki eru gerðar kröfur um eignaraðild. Því nægir þeim fyrirtækjum sem í dag stunda t.d. vinnslu, dreifingu og sölu að stofna dótturfélag um samkeppnisþættina. Gerð er krafa um bókhaldslegan aðskilnað milli einstakra einokunarþátta, svo sem dreifingar á fleiri dreifiveitusvæðum. Þá verða dreifiveitur líkt og flutningsfyrirtækið að vera stjórnunarlega sjálfstæðar.

Myndrænt má lýsa kröfum frumvarpsins um aðskilnað svo. Hver kassi sýnir aðskilnað fyrirtækja og brotin lína merkir bókhaldslegan aðskilnað.



Rétt er að skýra nánar almennu rökin fyrir aðskilnaði. Þau felast í því að flutnings- og dreifikerfið býr við svokallaða náttúrulega einkasölu og því koma aðstæður í veg fyrir að samkeppni geti átt sér stað nema aðgangur annarra aðila að kerfinu sé tryggður. Vinnsla og sala raforku er hins vegar þess eðlis að þar má beita markaðslausnum. Þessi svið verða augljóslega að vera aðgreind til að tryggja samkeppni á jafnréttisgrundvelli. Aðgreiningin hindrar að fyrirtæki sem sinna flutningi og dreifingu á rafmagni geti í skjóli náttúrulegrar einokunar haft yfirburðastöðu á samkeppnissviði.

6.3. Raforkuvinnsla.

Lagt er til að vinnsla raforku verði gefin frjáls. Verði frumvarpið að lögum munu þeir sem við gildistöku laganna hafa rétt til að eiga, reisa eða reka raforkuver halda þeim rétti sínum, sbr. bráðabirgðaákvæði II. Á það t.d. við um leyfi sem grundvallast á lögum nr. 60/1981, um raforkuver. Þau leyfi sem þegar hafa verið veitt eru ótímabundin og verða það því áfram. Þær skyldur sem vinnslufyrirtæki verða að uppfylla eiga þó við um alla leyfishafa, svo sem um aðskilnað frá einokunarstarfsemi, bókhald, skyldu til að tengjast flutningskerfinu og innra eftirlit.

Eins og frá greinir í 3. kafla athugasemdanna er í tilskipun ESB 96/92 um innri markað raforku gert ráð fyrir tveimur kostum við val á nýjum virkjanaframkvæmdum. Annars vegar útboðsleið og hins vegar leyfisveitingarleið. Í báðum tilvikum verður að byggja á hlutlægum

og gegnsæjum viðmiðum sem eiga að tryggja jafnræði. Öll ríki ESB að einu undanskildu hafa valið leyfisveitingarleiðina og er lagt til að svo verði einnig gert hér. Er það í samræmi við þá framkvæmd sem verið hefur og gefist vel. Er byggt á leyfisveitingum í lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Samkvæmt frumvarpinu þarf því leyfi ráðherra til að nýta orkulindir til raforkuvinnslu og til að reisa og reka raforkuver. Leyfi ráðherra þarf þó ekki ef um er að ræða virkjun undir 1 MW. Virkjanaleyfi eru tímabundin og er lagt til að hámarkstími sé 50 ár. Tekur sú tala mið af eðlilegum afskriftartíma virkjana. Þess er krafist að framkvæmdir séu hafnar innan 5 ára og lokið innan 10 ára frá útgáfu leyfis. Lögð er áhersla á að framlengja eigi leyfi ef forsendur þess hafa ekki breyst verulega.

Líkt og samkvæmt lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, er heimilt að innheimta gjald fyrir nýtingu auðlinda á jörðum í ríkiseign. Um innheimtu slíks gjalds í þjóðlendum fer samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, sbr. 38. gr. frumvarpsins.

Lagt er til í 40. gr. frumvarpsins að um rannsóknir á auðlindum til raforkuvinnslu fari samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Samkvæmt þeim getur rannsóknarleyfishafi fengið fyrirheit um forgang að nýtingarleyfi.

Í frumvarpinu er á því byggt að vinnslufyrirtæki megi ekki taka þátt í sérleyfisstarfsemi á orkusviði. Þá kröfu er þó ekki unnt að gera undantekningarlaust þegar um er að ræða jarðvarmaorkuver sem bæði vinnur raforku og heitt vatn.

Lagt er til að fyrirtækjaform verði frjálst en að fyrirtækin séu sjálfstæðir skatt- og lögaðilar. Hefur fjármálaráðherra skipað starfshóp um skattalegt umhverfi raforkufyrirtækja með það fyrir augum að tryggja jafnræði í skattalöggjöf á þessu sviði.

Í frumvarpinu er gerður greinarmunur annars vegar á leyfum sem lúta að nýtingu innlendra orkulinda við að reisa og reka virkjun og hins vegar þeim sem eingöngu lúta að því að reisa og/eða reka virkjun. Í fyrra tilvikinu verður ráðherra að meta þjóðhagslega hagkvæmni nýtingar viðkomandi orkulinda. Í því felst mat á því hverju ráðstöfun hennar til raforkuvinnslu skili til þjóðarbúsins miðað við aðra nýtingu. Í þessu sambandi er mikilvægt að flokka orkulindir landsins eftir hlutlægum mælikvörðum. Slík flokkun er hafin. Árið 1999 skipaði iðnaðarráðherra í samráði við umhverfisráðherra verkefnisstjórn til að gera rammaáætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Markmið rammaáætlunarinnar er að leggja mat á og flokka virkjunarkosti, jafnt vatnsafls sem háhita, meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina, meta og flokka áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar svo og á hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði. Þá eru í frumvarpinu talin upp þau sjónarmið sem leggja má til grundvallar við veitingu leyfis til að reisa og/eða reka raforkuver. Talningin er tæmandi og byggist á tilskipun ESB 96/92 um innri markað raforku. Ekki er heimilt að synja um virkjunarleyfi á þeim forsendum að framboð raforku sé fullnægjandi.

6.4. Raforkuflutningur.

6.4.1. Stærð flutningskerfisins.

Nokkrir möguleikar hafa verið ræddir í sambandi við hvaða línur skuli falla undir flutningskerfið. Þeir eru helstir:

1. Núverandi flutningskerfi Landsvirkjunar.
2. Flutningskerfi Landsvirkjunar auk tilgreindra annarra lína. (Landsnetsnefndin lagði til að flutningskerfið næði til kerfis Landsvirkjunar, Nesjavallalínu og Svartsengislínu.)
3. Allt flutnings- og aðveitukerfi raforku, þ.e. niður á 30 kV.

4. Allt flutnings- og dreifikerfið, þ.e. allt til endanlegra notenda.

Í frumvarpinu er leið 3 lögð til með smávægilegum frávikum, sbr. 3. og 11. gr. frumvarpsins. Í skýrslu landsnetsnefndar var talið að ef flutningskerfið næði niður á 30 kV mætti ná fram hagræðingu í rekstri. Með þessu er einnig tryggt að allar dreifiveitur tengjast flutningskerfinu og þar með er skilyrði hvað það varðar í tilskipun ESB 96/92 uppfyllt. Leiðir 1 og 2 tryggja ekki slíka tengingu. Leið 4 er einföld og fyrir henni má færa ákveðin hagkvæmnisrök. Hins vegar kemur hún í veg fyrir að rekstrarlegur samanburður náist milli dreifiveitna. Þá er ólíklegt að um hana náist nægileg samstaða.

Lagt er til að flutningskerfið skiptist í tvo hluta. Það er meginflutningskerfið, sem er núverandi flutningskerfi Landsvirkjunar, sbr. nánari skilgreiningu í 3. gr., og önnur flutningsvirki sem flytja raforku á 30 kV spennu eða hærri. Skýrist skiptingin af mismunandi sjónarmiðum um gjaldskrá í hvorum hluta.

RAFORKUKERFI ÍSLANDS



Dreifikerfið tekur við þar sem flutningskerfinu sleppir. Tekið er tillit til þess að lína getur í eðli sínu verið dreifilína óháð spennu. Þannig telst lína sem liggur alfarið innan dreifiveitusvæðis ekki flutningslína þó hún sé á 30 kV eða hærri spennu enda tengist hún ekki virkjun sem skylt er að tengjast flutningskerfinu. Mörk dreifiveitusvæða eru því mikilvæg í þessu sambandi. Þau verða skilgreind í reglugerð.

Gert er ráð fyrir því að fyrirtæki sem vinna raforku og endanlegir notendur sem nota árlega meira en 100 GWst raforku geti undir vissum kringumstæðum sótt um sérstakt leyfi til ráðherra til að leggja raflínu og flytja raforku beint frá virkjun til viðkomandi notanda. Slík lína teldist ekki hluti af flutningskerfinu. Meginreglan er hins vegar sú að allar línur sem sinna raforkuflutningi frá virkjun eiga að vera hluti af flutningskerfinu.

6.4.2. Kerfisstjórnun og rekstur flutningskerfisins.

Í samræmi við meginmarkmið frumvarpsins verður að tryggja að flutningskerfið tryggi gæði raforku og öryggi og áreiðanleika raforkuafhendingar fyrir landið í heild á hagkvæman hátt. Í tilskipun ESB 96/92 um innri markað raforku er gerð sú krafa að stýring raforkukerfisins sé falin ákveðnum aðila sem skuli bera ábyrgð á henni og er þar kveðið á um hvert skuli vera hlutverk hans. Nokkrir möguleikar hafa verið ræddir í þessu sambandi:

1. Einn eigandi að öllu flutningskerfinu sem einnig verði kerfisstjóri. Stofnað verði fyrirtæki og öll flutningsfyrirtæki verði að leggja flutningsvirki sín inn í það. Verðmæti eignanna verði metið til hlutafjár. Þetta var tillaga landsnetsnefndarinnar.
2. Margir eigendur að flutningskerfinu en eitt fyrirtæki sem ráðherra tilnefnir reki flutningskerfið og annist kerfisstjórnun. Fyrirtækjum verði gert að heimila flutningsfyrirtækinu afnot af flutningsvirkjum sínum gegn eðlilegu endurgjaldi. Úrskurðarnefnd ákvarði leiguna ef samkomulag næst ekki. Flutningsfyrirtækið beri ábyrgð á uppbyggingu kerfisins og hafi eitt heimild til að reisa nýjar línur.
3. Margir eigendur að flutningskerfinu og hver reki sína línu. Eitt netfyrirtæki sem ráðherra tilnefnir beri ríkari skyldur en önnur. Viðkomandi fyrirtæki væri kerfisstjóri og bæri að byggja upp kerfið eftir því sem almannahagsmunir krefjast. Lagt verði mat á hver sé kostnaður vegna öryggis og uppbyggingar og innheimt verði gjald af öllum virkjunum eða notendum til að standa undir slíkum kostnaði.
4. Margir eigendur að flutningskerfinu og hver reki sína línu. Ekkert fyrirtæki beri ábyrgð umfram önnur. Kerfisstjóri getur verið opinber aðili eða einkaaðili. Hann geri áætlun um uppbyggingu kerfisins. Enginn beri ábyrgð á uppbyggingunni og við það sé miðað að einkafyrirtæki muni vilja byggja upp línur séu þær hagkvæmar. Séu línur ekki hagkvæmar eigi almennt ekki að ráðast í byggingu þeirra. Ef þess er engu að síður þörf standi ríkið á einn eða annan hátt að slíkri byggingu.

Í frumvarpinu er lagt til að leið 2 sé farin. Gagnrýna má leið 4 að því leyti að hún tryggi ekki nægilegt öryggi þar sem á skortir að einhver beri ábyrgð á uppbyggingu kerfisins. Leið 1 hefur einkenni eignarnáms og er því mjög íþyngjandi. Hún sætti töluverðri gagnrýni þegar frumvarpið var kynnt hagsmunaaðilum 1999. Leið 2 og 3 eiga báðar að geta náð tilsettum markmiðum um öryggi og áreiðanleika að því gefnu að haft sé eftirlit með hinu ábyrga fyrirtæki. Á það bæði við um að öryggi sé ekki vanrækt og að þörf þess sé ekki ofmetin. Leið 2 er einfaldari en leið 3 í framkvæmd og tryggir betur samkvæmni í gjaldskrá.

Þó ekki sé lagt til í frumvarpinu að stofnað verði sérstakt flutningsfyrirtæki með lagaboði er æskilegt að þróunin verði sú að eitt fyrirtæki bæði eigi og reki allt flutningskerfið. Ætti það að geta leitt til einfaldari og hagkvæmari reksturs.

Ekki er tilgreint í frumvarpinu hver skuli vera kerfisstjóri og rekstraraðili kerfisins. Gert er ráð fyrir að ráðherra muni leita eftir samningum við það fyrirtæki sem hefur besta fjárhagslega og tæknilega burði til að sinna verkinu og uppfyllir þau skilyrði sem sett eru í frumvarpinu. Til að tryggja hlutleysi kerfisstjóra er m.a. gerð krafa um að hann sé rekstrarlega og stjórnunarlega aðskilinn frá annarri starfsemi.

6.4.3. Gjaldskrá.

Flutningskerfi raforku hefur verið byggt upp á síðustu áratugum til að tryggja öruggan flutning raforku til allra landsmanna og til að anna orkuþörf stóriðjufyrirtækja. Af þessum sökum hefur verið unnt að ráðast í hagkvæmar virkjanir fjarri þeim svæðum þar sem raforkunotkunin er mest en það hefur síðan skilað sér í hagkvæmu heildarkerfi. Eðlilegt er að allir landsmenn taki jafnan þátt kostnaði vegna meginflutningskerfisins (núverandi flutningskerfi

Landsvirkjunar) eins og hingað til. Þá er eðlilegt að notendur merki að kostnaður sé breytilegur við raforkuflutning. Gjaldskrá vegna flutnings verður að endurspegla þessi sjónarmið.

Gjaldskrá fyrir flutning raforku getur verið með ýmsum hætti. Við samningu gjaldskrár er mikilvægt að stefna að því að hún verði einföld, gagnsæ og stöðug. Þá þarf hún að tryggja flutningsfyrirtækinu nægilegar tekjur til að standa undir kostnaði við rekstur og uppbyggingu kerfisins. Kostnaði flutningsfyrirtækisins má skipta niður á eftirtalda þætti:

— Fjármagnskostnað.
— Kostnað við viðhald og rekstur kerfisins.
— Kostnað við yfirstjórn.
— Óbeinan kostnað, t.d. vegna eftirlits, leyfisgjalda o.fl.
— Kostnað vegna orkutapa.
— Kostnað við ýmsa þjónustu, svo sem launafl.
— Kostnað við varaafl til að tryggja rekstur kerfisins.

Síðustu þrír liðirnir eru breytilegir en að öðru leyti er um fastan kostnað að ræða.

Þrjár meginaðferðir hafa verið notaðar við að skipta kostnaði við flutning niður á notendur. Þær eru:

— *Meðalkostnaðaraðferð.* Þá er fjármagns- og rekstrarkostnaði skipt niður á notendur í hlutfalli við notkun þeirra á flutningskerfinu.
— *Viðbótarkostnaðaraðferð.* Þá þurfa nýir notendur að greiða fyrir þann kostnað sem verður vegna notkunar þeirra á kerfinu.
— *Jaðarkostnaðaraðferð.* Þá greiða notendur verð í samræmi við kostnað kerfis af aukinni notkun.

Hér á landi hefur meðalkostnaðaraðferð verið beitt og auk þess viðbótarkostnaðaraðferð í samningum vegna stóriðju. Í frumvarpinu er svipuð leið farin en auk þess miðað við jaðarkostnaðaraðferð vegna jaðartapa.

Helstu leiðir sem til greina koma við uppbyggingu gjaldskrár fyrir flutningskerfið eru:

— *Vegalengdarleið.* Samkvæmt henni er gjaldið reiknað miðað við flutningsleið frá framleiðanda til úttaks fyrir rafmagnið. Með þessari leið er hægt að nálgast kostnað við flutning til einstakra notenda en hún kallar á flókna reikninga og er illskiljanleg fyrir notendur. Sjaldgæft er að þessi leið sé farin.
— *Punktgjaldskrá.* Í nágrannalöndunum eru gjaldskrár nánast alltaf byggðar upp sem punktgjaldskrár, þ.e. notandinn sér einungis gjald í þeim punkti sem hann tengist óháð því hvaðan orkan kemur. Einstakir gjaldaliðir geta síðan verið breytilegir eða þeir sömu á milli punkta. Slík gjaldskrá er því ekki háð vegalend flutnings. Í punktgjaldskrá er tekið gjald fyrir mötun og úttekt af kerfinu í hverjum tengipunkti, þ.e. afhendingar- og mötunarstað flutningskerfisins. Er þá unnt að taka tillit til raunverulegs kostnaðar við flutning í hverjum punkti.
— *Póstleið.* Í þessari leið er kostnaður óháður fjarlægð en gjaldið er hins vegar háð því magni sem flutt er. Þessari aðferð svipar því til gjaldskrár fyrir póstþjónustu og jafnar kostnað við flutning til notenda. Ókostur við þessa aðferð er að notendur sjá ekki raunverulegan kostnað vegna notkunar sinnar.

Í frumvarpinu er lagt til að um punktgjaldskrá verði að ræða. Lagt er til að allir landsmenn taki þátt í kostnaði vegna meginflutningskerfisins en tekið verði tillit til mismunandi stofn- og rekstrarkostnaðar í öðrum hlutum þess. Þó beri að gefa notendum merki um kostnað við þjónustu við þá í meginflutningskerfinu að vissu marki. Nýjar virkjanir nálægt markaði eiga að njóta góðs af staðarvali og sama á við um nýja notkun á svæðum þar sem vinnsla er meiri en notkun. Í frumvarpinu er að mestu leyti byggt á sömu sjónarmiðum og í skýrslu landsnets-

nefndarinnar. Miðað er við að gjaldaliðir séu eins í öllum punktum meginflutningskerfisins nema orkuliður sem er byggður á jaðartöpum í hverjum punkti fyrir sig. Sama á við um innmötun í öðrum hlutum flutningskerfisins. Þar taki hins vegar úttektargjald mið af eiginlegum stofn- og rekstrarkostnaði og jaðartöpum í hverjum punkti auk kostnaðar vegna meginflutningskerfisins. Lagt er til að taka skuli tillit til afhendingaröryggis í gjaldskrá.

Gjaldskrá flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna verður að byggjast á eðlilegum kostnaði og arðsemismörkum. Viðmið sem Orkustofnun á að nota við mat á eðlilegum arðsemismörkum eru sett fram í frumvarpinu en þau verða skilgreind nánar í reglugerð. Samkvæmt frumvarpinu verður unnt að krefjast þess að fram komi hagræðing í rekstri ár hvert sem á að skila sér til notenda kerfisins í raunlækkun gjaldskrár. Hagræðingarkrafan getur verið breytileg á milli fyrirtækja og tekur hún mið af eðlilegum kostnaði við þá þjónustu sem fyrirtækið veitir út frá tekjuramma sem Orkustofnun setur. Tekjurammi gefur viðmið um eðlilegar tekjur miðað við þann rekstur sem um er að ræða. Hagræðingarkrafan verður nánar skilgreind í reglugerð. Við gerð frumvarpsins var óskað eftir því að Þjóðhagsstofnun legði mat á eðlileg arðsemismörk. Hún skrifaði álitsgerð sem fylgir frumvarpi þessu, sjá fylgiskjal IV. Þau arðsemismörk sem þar koma fram eru innan þeirra viðmiða sem sett eru í ákvæðinu.

Eftirfarandi dæmi sýna virkni punktgjaldskrár samkvæmt frumvarpinu. Í dæmunum er notuð sama uppbygging gjaldskrár fyrir flutningskerfið og í skýrslu flutningsnefndarinnar en aðrar útfærslur á gjaldskrá koma einnig til greina. Hafa ber í huga að um dæmi er að ræða og ýmsir þættir, svo sem mörk á jaðartöpum (sem verða ákvörðuð í reglugerð) og orkuverð, hafa veruleg áhrif á samanburð á milli staða.

Dæmi 1. Notandi sem tekur orku beint frá meginflutningskerfinu í aðveitustöð A, sem er á svæði þar sem mikið álag er en lítil vinnsla:

Þessi notandi mundi greiða tengigjald og aflgjald sem væri miðað við afl sem hann tæki út úr kerfinu á háálagstíma sem skilgreindur væri í gjaldskrá. Orkugjald reiknast út frá jaðartöpum, sem eru há í þessu tilviki þar sem álag er mikið á svæðinu umfram notkun, og verði á orku sem flutningsfyrirtækið þarf að kaupa til að sjá fyrir töpum í kerfinu.

Dæmi 2. Notandi sem tekur orku beint frá meginflutningskerfinu í aðveitustöð B, sem er á svæði þar sem lítið álag er en mikil vinnsla:

Ef um er að ræða nákvæmlega eins álag og í dæmi 1 mundi þessi notandi greiða sama tengigjald og aflgjald og sá notandi. Orkugjaldið yrði aftur á móti annað þar sem aukin úttekt í þessum punkti mundi minnka töpin í kerfinu. Orkugjaldið verður því neikvætt í þessu tilviki og lækkar kostnaðinn við úttekt. Heildargjaldið verður því nokkuð lægra en í dæmi 1. Hve mikið orkugjaldið vegur í heildargjöldunum ræðst af því hvaða mörk eru sett á jaðartöpin og hvaða verð er á orkunni sem flutningsfyrirtækið þarf að kaupa til að sjá fyrir töpunum en munurinn gæti verið verulegur.

Dæmi 3. Notandi sem tekur orku frá geislakerfi sem liggur frá meginflutningskerfinu í aðveitustöð A eða B:

Notandinn sér eina gjaldskrá í tengipunktinum og er hún ekki sundurgreind á milli meginflutningskerfisins og geislalínunnar sem liggur frá meginflutningskerfinu. Við úttekt frá geislalínunni greiðist þá gjald sem stendur undir kostnaði við úttekt frá meginflutningskerfinu, eins og rakið er í dæmum 1 og 2, auk kostnaðar vegna geislalínunnar sem byggist á raunkostnaði við þá línu. Aflgjald er því hærra en fyrir úttekt beint frá meginflutningskerfinu. Orkugjaldið vegna tapa hækkar einnig þar sem taka þarf tillit til tapa í geislalínunni.

Ef töpin í meginflutningskerfinu hafa náð efri mörkum sem miðað er við hækkar þessi liður þó ekki. Ef um væri að ræða geislalínu frá aðveitustöð B mundu töpin í henni leggjast á sama hátt við töpin í meginflutningskerfinu en þessi töp eru alltaf jákvæð. Munurinn á milli notenda vegna jaðartapa verður því minni þegar tengst er flutningskerfinu út frá meginflutningskerfinu.

Dæmi 4. Notandi sem tekur orku frá dreifikerfi sem tengist flutningskerfinu í dæmi 3:

Notandi sem tengist dreifikerfinu greiðir fyrir flutning og dreifingu samkvæmt gjaldskrá dreifiveitunnar sem rekur dreifikerfið á svæðinu. Innifalinn er kostnaður vegna dreifingar og flutnings og sér dreifiveitan um uppgjör við flutningsfyrirtækið. Gjaldskrá er yfirleitt einfaldari þegar komið er út í dreifikerfið en í flutningskerfinu og fyrir smáa notendur gæti verið um fastagjald og orkugjald að ræða. Samkvæmt rauntölum liggur meira en helmingur af kostnaði við flutning og dreifingu hér á landi í dreifingunni og er gjaldið hér því verulega hærra en í dæmi 3.

Dæmi 5. Virkjun matar orku inn á meginflutningskerfið í aðveitustöð B, sbr. dæmi 2:

Virkjunin greiðir til meginflutningskerfisins fyrir mötun inn á kerfið samkvæmt gjaldskrá sem væri eins byggð upp og gjaldskrá fyrir úttekt. Þar væri því tengigjald, aflgjald og orkugjald. Orkugjaldið yrði reiknað út frá jaðartöpum fyrir mötun sem hefðu öfugt formerki miðað við úttekt sem fjallað er um í dæmi 2. Orkugjaldið lækkar því kostnaðinn við úttekt en eykur hann við mötun. Einungis orkugjaldið er breytilegt milli mötunarpunkta í flutningskerfinu en önnur gjöld eru þau sömu óháð því hvort mötunin er beint inn á meginflutningskerfið eða um geislalínur inn á kerfið.

6.4.5. Raforkudreifing.

Dreifikerfið tekur við þar sem flutningskerfinu sleppir. Til að hefja eða hætta rekstri dreifiveitna þarf leyfi ráðherra. Þó skulu þeir sem við gildistöku laganna hafa rétt til að eiga, reisa eða reka búnað til raforkudreifingar halda þeim rétti sínum, sbr. bráðabirgðaákvæði III við frumvarpið. Til þess að svo verði þurfa þeir þó að hlíta settum skilyrðum um aðskilnað samkeppnis- og einkaleyfisþátta, gjaldskrá o.fl., auk þess sem þeir geta þurft að sæta því að svæðum þeirra verði breytt.

Ráðherra gefur út sérleyfi til dreifingar raforku á afmörkuðum dreifisvæðum. Kostnaði við dreifingu má skipta niður í sömu þætti og við flutning orkunnar. Gerðar eru sömu kröfur til gjaldskrár fyrir dreifingu raforku og fyrir flutning en sama gjaldskrá skal gilda innan hvers svæðis. Hver dreifiveita getur annast dreifingu á fleiri en einu dreifiveitusvæði en þá verður hún að halda hverju svæði aðskildu í bókhaldi. Þá getur dreifiveita átt flutningsvirki sem hún verður að halda aðskildu í bókhaldi.

Þeir aðilar sem hafa leyfi til dreifingar munu hafa víðtækar skyldur samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Kveðið er á um þær í leyfinu. Má þar m.a. nefna að leyfishöfum er skylt að tengja alla þá sem eftir því sækjast á orkuveitusvæðinu við dreifikerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því og greiði tengigjald, þ.m.t. fyrir heimtaug samkvæmt gjaldskrá. Ráðherra er samkvæmt frumvarpinu heimilt að fella aðliggjandi svæði undir orkuveitusvæði dreifiveitu. Ber dreifingaraðili sömu skyldu gagnvart notendum á slíkum svæðum. Þá er dreifiveitum skylt að tryggja öryggi og gæði raforku við afhendingu og að endurbæta og auka við raforkukerfi sitt í því skyni að svara þörfum notenda.

6.4.6. Raforkuviðskipti.

Í frumvarpinu er lagt til að viðskipti með raforku verði gefin frjáls í áföngum, sbr. bráðabirgðaákvæði IV með frumvarpinu. Í því kemur fram að frá því að lögin koma til framkvæmda og þar til 1. janúar 2004 geta allir sem kaupa meira en 5 GWst á ári hverju skipt um seljendur. Frá og með 1. janúar 2004 er öllum frjálst að skipta. Í dag er raforkusala til almennra notenda í höndum dreifiveitna. Dreifiveitur verða að aðskilja sölustarfsemi sína frá dreifingu fyrir 1. janúar 2005, sbr. bráðabirgðaákvæði IV með frumvarpinu. Frá þeim tíma á sala raforku að vera frjáls og forsendur frjálsrar samkeppni að vera fyrir hendi.

Raforka er að mörgu leyti sérstök söluvara. Hún er að jafnaði afhent í órofinni starfsemi og verður raforka því ekki afmörkuð á sama hátt og aðrir áþreifanlegir hlutir. Í ljósi sérstaks eðlis raforku hefur hún verið undanskilin gildissviði kaupalaga. Um kaup og sölu raforku, svo sem vanefndaúrræði, fer því samkvæmt almennum reglum samninga- og kröfuréttar nema sérstakar reglur séu settar. Þá er í 28. gr. frumvarpsins við það miðað að settar séu reglur um gæði og afhendingaröryggi raforku. Standist raforka ekki settar kröfur geta notendur kvartað til Löggildingarstofu. Löggildingarstofa getur gert viðkomandi að bæta gæði raforku eða afhendingaröryggi í framtíðinni auk þess sem gert er ráð fyrir að öryggi afhendingar endurspeglist í gjaldskrá fyrir flutning og dreifingu raforku.

Söluaðilar verða að fá leyfi fyrir starfsemi sinni. Er þess krafist þar sem rétt þykir að hafa yfirsýn yfir þá aðila sem stunda raforkusölu. Þá þykir nauðsynlegt að hafa möguleika á að útiloka þá aðila sem ekki standa við skyldur sínar frá raforkusölu, m.a. vegna mikilvægis raforku í allri starfsemi í þjóðfélaginu.

Viðskipti með raforku fara fram með þeim hætti að notandi gerir samning við sölufyrirtæki, sem getur einnig verið vinnslufyrirtæki, um kaup á raforku. Samningurinn getur verið ótímabundinn eða til tiltekins tíma. Í ljósi þess að seljendur geta þurft að gera langtímasamninga til að standa við skyldur sínar eru settar reglur um lágmarksuppsagnarfrest kaupanda. Frestur þessi má þó ekki vera svo langur að hann hindri samkeppni. Allir sem tengdir eru raforkukerfinu eiga rétt á því að nýta bæði flutnings- og dreifikerfi gegn greiðslu samkvæmt auglýstri gjaldskrá. Það er háð samningi milli söluaðila og dreifiveitu hvernig uppgjöri er háttað. Hvor aðili fyrir sig getur sent notanda reikning fyrir sinni þjónustu en einnig geta aðilar samið sín á milli um að annar þeirra sjái um innheimtu. Reikningsgerðin byggist alltaf á mælingunni sem dreifiveitan ber ábyrgð á.

Ekki er í frumvarpinu kveðið á um stofnun raforkumarkaðar. Ekki er þó með því útilokað að slíkum markaði verði komið á fót og getur m.a. flutningsfyrirtækið sem kerfisstjóri gert það með það fyrir augum að jafna framboð og eftirspurn raforku til skamms tíma.

6.4.7. Eftirlit.

Til að tryggja að markmiðum frumvarpsins verði náð þarf opinbert eftirlit með því að leyfishafar uppfylli sett skilyrði og að flutningsfyrirtækið og dreifiveitur ræki skyldur sínar og gæti jafnræðis. Tilskipun ESB 96/92 um innri markað raforku leggur þá skyldu á ríki að þau tryggi að settum reglum, t.d. varðandi jafnan rétt til afnota af raforkukerfinu, sé fylgt. Ekki er þó kveðið á um með hvaða hætti það skuli gert. Þá er gerð sú krafa að ríki tilnefni hlutlausan aðila til að ákvarða í deilumálum er lúti að skyldum flutningsfyrirtækja og dreifiveitna. Í tillögum framkvæmdastjórnarinnar um breytingar á tilskipuninni er lagt til að sjálfstæður eftirlitsaðili í hverju ríki annist eftirlit með því að kröfum tilskipunarinnar sé fullnægt.

Mikilvægt er að opinbert eftirlit sé ekki umfram það sem nauðsyn ber til og að því sé hagað á þann veg að kostnaður vegna þess sé í lágmarki. Af þeim sökum er miðað við að eftirlitið verði sem mest hjá fyrirtækjunum sjálfum, þ.e. innra eftirlit. Hjá beinu eftirliti verður

þó ekki komist. Felst það í tilkynningarskyldu til eftirlitsaðila, gagnasöfnun vegna tiltekinna mála og vettvangsskoðunum. Þar sem því verður við komið þykir rétt að faggiltar skoðunarstofur annist eftirlit fyrir hönd opinberra eftirlitsaðila.

Starfsemi raforkufyrirtækja sætir nú m.a. eftirliti Samkeppnisstofnunar samkvæmt samkeppnislögum og Löggildingarstofu samkvæmt lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Orkustofnun hefur ákveðið eftirlitshlutverk samkvæmt orkulögum og auðlindalögum. Þannig segir í auðlindalögum að Orkustofnun skuli annast eftirlit með leitar- og vinnslusvæðum jarðefna og jarðhitasvæðum, svo og vinnslusvæðum grunnvatns þar sem leyfi á grundvelli laganna hafa verið veitt. Þá er Orkustofnun ríkinu til ráðuneytis um orkumál samkvæmt orkulögum. Henni er m.a. ætlað að halda skrár um orkulindir landsins, vinna áætlanagerð til langs tíma um orkubúskap og hagnýtingu orkulinda þjóðarinnar og safna skýrslum um orkuvinnslu. Í lögum um raforkuver er kveðið á um að áður en iðnaðarráðherra ákveður röð virkjanaframkvæmda skuli liggja fyrir greinargerð Orkustofnunar.

Kannað var hvernig eftirliti með starfsemi raforkufyrirtækja væri háttað í nokkrum nágrannalöndum okkar, þ.m.t. Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Bretlandi. Í flestum löndum hefur verið sett á fót sérstök stofnun sem ber ábyrgð á öllu eftirliti með starfsemi netfyrirtækja. Í Danmörku hefur sú leið þó verið valin að fela stjórnskipaðri nefnd yfirstjórn neteftirlitsins. Henni til liðsinnis eru systurstofnanir Orkustofnunar og Samkeppnisstofnunar.

Landsnetsnefndin lagði til að eftirlit yrði í höndum Samkeppnisstofnunar og Löggildingarstofu. Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að meginþungi eftirlitsins verði hjá Orkustofnun þar sem stofnunin annast þegar ákveðið eftirlits- og stjórnsýsluhlutverk á orkusviði og nauðsynlegt þykir að styrkja frekar stjórnsýsluhlutverk stofnunarinnar. Hins vegar er Orkustofnun gert að hafa samráð við Samkeppnisstofnun svo að samræmd túlkun á lögmæti hegðunar einokunarfyrirtækja verði tryggð. Þá þykir heppilegt að fela Löggildingarstofu tæknilegt eftirlit með gæðum og afhendingaröryggi. Löggildingarstofa hefur nú eftirlit á grundvelli laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga og verður því allt tæknilegt eftirlit með raforkufyrirtækjum á einni hendi. Þar sem Orkustofnun þarf á upplýsingum um gæði og afhendingaröryggi að halda við eftirlit sitt er nauðsynlegt að stofnanirnar hafi samráð sín á milli.

Samkeppnisstofnun mun hafa eftirlit með vinnslu og raforkuviðskiptum á grundvelli samkeppnislaga. Einnig mun Samkeppnisstofnun hafa eftirlit með starfsemi flutnings- og dreififyrirtækja að svo miklu leyti sem ekki eru sérreglur um starfsemi þeirra í frumvarpinu.

Í ljósi þess aukna eftirlitshlutverks sem lagt er til í frumvarpinu að Orkustofnun fái er brýnt að skipulag Orkustofnunar verði ekki með þeim hætti að draga megi hlutleysi stofnunarinnar í efa. Verður því að fara fram skoðun á hlutverki og skipulagi Orkustofnunar.

Unnt er að kæra ákvarðanir Orkustofnunar og Löggildingarstofu á grundvelli laganna er lúta að gjaldskrá eða starfsemi flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna til sérstakrar kærunefndar. Ákvarðanir varðandi eftirlit með leyfum sæta kæru til iðnaðarráðuneytisins. Framselji iðnaðarráðherra leyfisveitingarvald sitt til Orkustofnunar sæta ákvarðanir Orkustofnunar um útgáfu leyfa kæru til iðnaðarráðherra.

Í frumvarpinu er við það miðað að eftirlitsskyldir aðilar greiði kostnað vegna eftirlitsins. Áætlað er að kostnaður Orkustofnunar verði um 24 millj. kr. á ári vegna eftirlitsins. Talið er að þrjá sérfræðinga þurfi til að sinna eftirlitinu og auk þess muni þurfa skrifstofuþjónustu og nokkra aðkeypta sérfræðiþjónustu á ári hverju. Reikna má með að kostnaður vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu verði sérstaklega hár í fyrstu. Þannig má gera ráð fyrir 10 millj. kr. kostnaði árið 2001 og u.þ.b. 3 millj. kr. aukakostnaði 2002.

Löggildingarstofa er talin þurfa að bæta við einu og hálfu stöðugildi vegna eftirlitsins en auk þess muni hún þurfa nokkra aðkeypta sérfræðiaðstoð. Samtals muni kostnaðurinn nema u.þ.b. 12–14 millj. kr. á ári. Þá komi til aukalegur kostnaður í upphafi vegna aðkeyptrar sérfræðiaðstoðar, tölvubúnaðar og tölvuforrita og kynningar sem nemi á bilinu 5,5 til 9 millj. kr.

Samkeppnisstofnun er talin þurfa að bæta við einum starfsmanni vegna eftirlits sem fyrirsjáanlegt er vegna ákvæða frumvarpsins. Kostnaðurinn er talinn nema u.þ.b. 6,5–7 millj. kr. á ári. Þá komi til aukalega kostnaður sem nemi u.þ.b. 600 þús. kr. fyrsta árið.

Talið er að kostnaður vegna kærunefndar geti numið u.þ.b. 1,5–2 millj. kr. á ári. Við matið var tekið tillit til þess að í nefndinni eiga sæti sérfræðingar og að mál sem þangað berast geta verið afar umfangsmikil.

Auk ofangreinds kostnaðar ber eftirlitsskyldum aðilum að greiða kostnað vegna eftirlits sem eftirlitsstofnunum er heimilt að fela faggiltum skoðunarstofum. Sérstaklega er tekið fram að eftirlitsskyldir aðilar eigi ekki að greiða kostnað vegna úrtakseftirlits faggiltra skoðunarstofa.

7. Áhrif frumvarpsins.

7.1. Samningar við stóriðju.

Samkvæmt gildandi lögum um Landsvirkjun er gert ráð fyrir að fyrirtækið selji raforku *„til iðjufyrirtækja samkvæmt sérstökum samningum að svo miklu leyti sem almenningsrafveitur hafa ekki milligöngu um slíka raforkusölu“*. Í lögunum er kveðið á um að leyfi ráðherra þurfi til slíkra samninga ef iðjuverin nota meira en 100 GWst á ári. Það má því segja að nú þegar hafi stærri iðjuver nokkra möguleika að semja beint við Landsvirkjun um orkukaup. Landsvirkjun hefur til þessa gert samninga um sölu á raforku til nýrrar stóriðju. Jafnframt hefur fyrirtækið gert samninga við Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur um kaup á rafmagni sem notað er í þessu skyni. Í 13. gr. laga um Landsvirkjun segir um stóriðjusamninga: *„Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðherra valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið.“*

Allir núgildandi stóriðjusamningar voru gerðir á grundvelli skattleysis Landsvirkjunar. Skattlagning getur kollvarpað þeim forsendum sem lágu fyrir um verðlagningu til stóriðjunnar og er því nauðsynlegt að skoða sérstaklega hvernig með þessa samninga skuli fara verði ákveðið að gera orkufyrirtækin skattskyld.

Gildandi stóriðjusamningar voru gerðir til 20 ára. Samningarnir gilda til:

ÍSAL	2014
Járnblendifélagið	2019
Norðurál	2019

Í þessum samningum eru ákvæði um framlengingu þeirra og viðræður aðila áður en þeir falla úr gildi.

7.2. Sokkinn kostnaður.

Breytingar á skipulagi raforkumála geta haft áhrif á möguleika orkufyrirtækja til að efna skuldbindingar sínar og ábyrgðir sem þau hafa gengist undir í tíð eldra skipulags. Til að auðvelda breytingar á skipulagi raforkumála er í 24. gr. tilskipunar 96/92 um innri markað raforku kveðið á um að aðildarríki geti sótt um tímabundnar undanþágur frá ákvæðum IV., VI. og VII. kafla tilskipunarinnar.

Þegar tilskipunin öðlaðist gildi í Evrópusambandinu sóttu öll aðildarríki Evrópusambandsins, nema Finnland, Ítalía og Svíþjóð, um aðlögun á grundvelli 24. gr. tilskipunarinnar vegna sokkins kostnaðar. Þessar umsóknir byggðust hins vegar flestar á einhvers konar styrkjafyrirkomulagi vegna sokkins kostnaðar en ekki undanþágum frá ákvæðum tilskipunarinnar og vísaði framkvæmdastjórnin þeim umsóknum frá.

Styrkir sem aðildarríki EES-samningsins veita eru háðir reglum EES-samningsins um ríkisaðstoð. Fébætur vegna sokkins kostnaðar geta verið skaðlegar nýjum samkeppnisaðilum á nýjum mörkuðum og skekkt samkeppnisaðstöðu á markaði. Í 63. gr. EES-samningsins er hins vegar kveðið á um að aðstoð til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins eða ákveðinna efnahagssvæða geti talist samrýmanleg framkvæmd samningsins, enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum. Til að útskýra afstöðu sína hvað varðar beitingu ríkisaðstoðar sendi framkvæmdastjórn Evrópusambandsins frá sér yfirlýsingu um aðferðafræði við greiningu ríkisstyrkja í tengslum við tilskipun 96/92 um innri markað raforku. Yfirlýsingin fjallar um hvernig framkvæmdastjórnin hyggst beita reglum um ríkisstyrki vegna sokkins kostnaðar í tengslum við skipulagsbreytingar í raforkumálum. Með þessu á að tryggja að allar fébætur séu metnar í samhengi og á réttlátan hátt.

Í yfirlýsingunni koma fram þau skilyrði sem skuldbindingar og ábyrgðir þurfa að uppfylla til að geta talist sokkinn kostnaður. Þá er og fjallað um skilyrði sem styrkir vegna sokkins kostnaðar verða að uppfylla.

Gert er ráð fyrir að skipaður verði starfshópur til að skoða hvernig fara beri með sokkinn kostnað hér á landi ef hann er til staðar. Við þá vinnu verður augljóslega að hafa samráð við orkufyrirtæki.

7.3. Raforkuverð.

Eftir að samkeppni hefur verið komið á í vinnslu og sölu á rafmagni mun raforkuverð frá framleiðanda fyrst og fremst ráðast af framboði og eftirspurn. Þegar viðskipti með rafmagn hafa verið gefin frjáls eiga því sams konar notendur alls staðar á landinu að hafa sömu stöðu gagnvart vinnslufyrirtækjunum. Það verður því að verulegu leyti undir notendunum sjálfum komið hversu vel þeim tekst til á markaðinum. Orkuverð sem þeir greiða á hverjum tíma mun meðal annars ráðast af því hvaða áhættu þeir eru tilbúnir til að taka. Ljóst er að sumir notendur munu kjósa að gera samninga til nokkurra ára um orkukaup sín, aðrir að gera samninga til nokkurra mánaða eða árs í senn. Þegar vatnsbúskapurinn er góður má búast við að verðið lækki, en í lélegu vatnsári og þegar orkugetan er fullnýtt má ætla að verðið hækki.

Í dag sjá notendur ekki hvernig kostnaður skiptist milli einstakra þátta, svo sem vinnslu og flutnings. Frumvarpið tryggir gegnsæi hvað þetta varðar. Ekki hefur verið gerð eins ströng krafa um arðsemi fjármagns sem bundið er í greininni og jafnan er gert í annarri atvinnustarfsemi. Fyrir vikið kann aukin hagkvæmni fremur að koma fram í meiri arði til eigenda fyrirtækjanna en í lægra verði til notenda.

7.4. Óarðbærar einingar í aðveitu- og dreifikerfinu.

Kostnaður við að koma raforku til landsmanna er mismikill og á sumum svæðum er hann svo mikill að erfitt er fyrir notendur að standa undir honum. Þessi svæði eru að mestu leyti á orkuveitusvæði Rarik en þó einnig t.d. Orkubús Vestfjarða. Núverandi gjaldskrá Rarik fyrir dreifingu og flutning raforku er jöfnunargjaldskrá fyrir allt landið og tekur ekki tillit til þessara aðstæðna. Þetta hefur valdið verulegum erfiðleikum í rekstri Rarik undanfarin ár. Sú ábyrgð hvílir á fyrirtækinu að veita íbúum og fyrirtækjum strjálbýlli svæða sömu þjónustu

og íbúum í þéttbýli. Margar framkvæmdir fyrirtækisins standast ekki eðlilegar arðsemiskröfur, en fyrirtækinu er eigi að síður skylt að framkvæma þær. Óarðbær framkvæmda-, rekstrar- og þjónustuverkefni, sem nauðsynlegt er að ráðast í til að fullnægja þjónustuskyldu, afhendingaröryggi og þjónustugæðum á strjálbýlum svæðum hafa oft verið kölluð félagslegur þáttur í starfsemi fyrirtækisins. Talið hefur verið nauðsynlegt að tryggja fullnægjandi raforkuafhendingu til slíkra svæða þrátt fyrir takmarkaða notkun, m.a. vegna byggðasjónarmiða. Á undanförnum árum hafa verið gerðar athuganir á því hve mikill þessi kostnaður hefur verið hjá Rarik. Þessar athuganir leiða í ljós að árlegur hallarekstur miðað við eðlilegar arðsemiskröfur í dreifikerfi fyrirtækisins nemur um 300–400 millj. kr. og að auki um 100 millj. kr. í flutningskerfi fyrirtækisins. Þennan halla hafa íbúar dreifiveitusvæðis þurft að bera að hluta í hærri gjaldskrá, íbúar þéttbýlissvæða á dreifiveitusvæðinu hafa í raun greitt niður raforku í strjálbýli og ekki dugað til. Því hefur ríkið þurft að koma til með því að aflétta skuldum af raforkufyrirtækjum.

Ríkið hefur á undanförnum árum veitt fjármunum til félagslegra framkvæmda í raforkukerfinu þar sem kostnaður hefur verið mikill þannig að orkusala hefur ekki nægt til. Þetta var á svæðum þar sem Orkusjóður stóð á sínum tíma undir stórum hluta kostnaðar við rafvæðingu sveitanna. Á árunum 1966 til 1986 var lagt verðjöfnunargjald á raforkusölu til almennra nota sem síðan rann til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Á þessum tuttugu árum voru á þennan hátt greiddir um 15 milljarðar kr. til verðjöfnunar sem kostuð var af öllum almennum raforkunotendum. Þegar verðjöfnunargjaldið var lagt af árið 1986 gáfu stjórnvöld út þá yfirlýsingu að þeim fyrirtækjum sem höfðu notið gjaldsins yrði bættur tekjumissirinn að fullu og var það meginástæða þess að ríkissjóður yfirtók skuldir þessara fyrirtækja, en sú lausn hefur þó ekki nægt til að fyrirtækin stæðu jafn vel að vígi og áður. Hér er um að ræða samtals um 9,7 milljarða króna. Með yfirtöku skulda dreifiveitnanna var gerður samningur um arðgreiðslu Rafmagnsveitna ríkisins þar sem miðað er við að fyrirtækið greiði 2% arð af eigin fé að frádregnum fjármunum í dreifikerfinu í sveitum og að hluti þessarar arðgreiðslu renni síðan til styrkingar og endurnýjunar á dreifikerfum í sveitum. Í fjárlögum hefur þessi upphæð numið um 150 Millj. kr. á ári síðustu 2–3 ár.

Æskilegt er að notendur raforku hafi vitneskju um raunkostnað í raforkukerfinu til þess að stuðla að hagkvæmri nýtingu þess. Því er miðað við að gjaldtaka verði sem mest í samræmi við raunkostnað og félagslegum aðgerðum vegna óarðbærra eininga í dreifikerfinu og þess hluta flutningskerfisins sem ekki fellur undir meginflutningskerfið verði haldið utan við gjaldskrá vegna flutnings og dreifingar. Með bréfi dagsettu 23. febrúar 2001 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að skilgreina kostnað vegna óarðbærra eininga í aðveitu- og dreifikerfi raforku og koma með tillögur um hvernig megi mæta honum svo að tryggt verði að allir landsmenn taki sem jafnastan þátt í honum. Samkvæmt skipunarbréfinu skal við það miðað að jöfnunaraðgerðir taki mið af núverandi umfangi jöfnunar.

Hjá hverri dreifiveitu gildir sama gjaldskrá á öllu orkuveitusvæðinu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að svo verði áfram en að landinu verði skipt í dreifiveitusvæði. Sú skipting sem verður ákveðin mun því hafa veruleg áhrif á verðjöfnun í dreifingu raforku.

7.5. Niðurgreiðsla raforku til hitunar íbúðarhúsa.

Raforka til hitunar íbúðarhúsa hefur í tæpa tvo áratugi verið greidd niður af ríkinu, Landsvirkjun og dreifiveitunum. Á fjárlögum ársins 2001 eru ætlaðar 760 millj. kr. til þessara niðurgreiðslna, afsláttur Landsvirkjunar er um 100 millj. kr. og afsláttur dreifiveitnanna um 20 millj. kr. Þar að auki er virðisaukaskattur af húshitun endurgreiddur að hluta til þeirra sem bera hlutfallslega háan húshitunarkostnað auk þess sem húshitun er í lægra þrepi virðisauka-

skatts. Þegar virðisaukaskattur var lagður á orku til hitunar húsnæðis var samhliða ákveðið að endurgreiða hluta skattsins til þeirra, sem bera hlutfallslega háan húshitunarkostnað auk þess sem húshitun er í lægra þrepi virðisaukaskatts (14%). Miðað var við að hann næmi aldrei meiru en 11% af vegnu meðalverði rafveitna og hitaveitna á orku til hitunar húsnæðis. Þessar aðgerðir tóku gildi 1. janúar 1993. Gæti sú endurgreiðsla numið um 90 millj. kr. á árinu 2000.

Niðurgreiðslur á raforku til húshitunar gera það að verkum að skattstofn virðisaukaskatts lækkar er þeim nemur og miðað við 760 millj. kr. niðurgreiðslur ríkisins er þar um að ræða 100 millj. kr. tekjumissi fyrir ríkið.

Við verðlagningu á raforku til húshitunar hefur þar að auki verið litið á þessa notkun sem viðbótarnotkun og dreifing hennar verið verðlögð út frá því. Með nýju skipulagi verður erfitt að vera með mismunandi verðlagningu eftir því um hvers konar notkun er að ræða. Verður því að skoða fyrirkomulag þessa í framtíðinni.

8. Framkvæmdin.

Eins og áður hefur verið rakið er í frumvarpinu gerð ákveðin krafa um aðskilnað milli einokunar- og samkeppnisþátta. Þegar er lögin koma til framkvæmda verða raforkufyrirtæki að hafa aðskilið flutningsstarfsemi sína frá samkeppnisrekstri þannig að þessir þættir verði í aðskildum fyrirtækjum. Sama máli gegnir um aðskilnað milli vinnslu og dreifingar. Öðru máli gegnir um aðskilnað milli dreifingar og sölu. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði IV verður að aðskilja þessa þætti í bókhaldi þegar lögin koma til framkvæmda en að fullu 1. janúar 2005.

Gert er ráð fyrir í bráðabirgðaákvæði IV við frumvarpið að opnun markaðarins verði í tveimur áföngum, annars vegar þegar lögin koma til framkvæmda og miðist þá við 5 GWst notkun á ári og hins vegar 1. janúar 2004 þegar öll viðskipti með raforku verða gefin frjáls.

Í frumvarpinu er við það miðað að framkvæmd laganna verði útfærð nánar í reglugerð. Þær reglugerðir sem nauðsynlegt verður að setja lúta m.a. að skilyrðum virkjunarleyfis, kerfisstjórnun, flutningsstarfsemi, dreifingu, gjaldskrá, gæðum og afhendingaröryggi, mælingum og eftirliti. Reglugerðarsetningin krefst verulegrar vinnu og samráðs við raforkufyrirtækin.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í kaflanum kemur fram hver markmið frumvarpsins eru, gildissvið þess og nauðsynlegar skilgreiningar á hugtökum sem notuð eru í frumvarpinu.

Um 1. gr.

Í greininni eru markmið frumvarpsins sett fram. Meginmarkmiðið er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri orkunýtingu. Til þess að svo megi verða þarf raforkukerfið í heild sinni að vera byggt upp og rekið á hagkvæman hátt til að nýta framleiðsluþætti kerfisins sem best. Frumvarpið miðar að því að vinnslu- og söluaðilar búi við sömu lagalegu forsendur til að keppa á markaði. Hagkvæmnissjónarmið ættu því að ráða fjárfestingu og notendur að fá rétt skilaboð í gegnum verðkerfið.

Við mat á framangreindum sjónarmiðum ber að taka tillit til umhverfissjónarmiða og hagsmuna neytenda.

Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um gildissvið frumvarpsins. Því er ætlað að gilda um alla raforkuvinnslu hvort sem til framleiðslunnar eru notaðar innlendar orkulindir eða innflutt eldsneyti.

Um starfsemi sem fellur undir frumvarpið gilda einnig önnur lög, svo sem náttúruverndarlög, skipulags- og byggingarlög, lög um umhverfismat o.fl.

Um 3. gr.

Hér eru skýrð þýðingarmestu hugtök sem notuð eru í frumvarpinu. Samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu „flutningskerfi“ eru mörkin milli flutnings og dreifingar dregin við 30 kV spennu og nær flutningskerfið að aflrofum á háspennuhlið aðveituspenna dreifiveitna. Þetta þýðir að núverandi flutningskerfi Landsvirkjunar, Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða, Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur telst flutningskerfi. Flutningskerfið skiptist í tvo hluta. Annars vegar meginflutningskerfið, sem er skilgreint sem núverandi kerfi Landsvirkjunar og viðbætur við það, þ.e. allar nýjar línur sem eru á 132 kV eða hærri spennu og ekki eru reknar sem geislalínur. Með geislalínum er átt við línur sem tengjast flutningskerfinu á einum stað. Hins vegar öll önnur flutningsvirki sem falla undir ofangreinda skilgreiningu á flutningskerfi. Þó þykir rétt að hafa ákveðinn sveigjanleika í ljósi þess að línur kunna að þjóna dreifingarhlutverki óháð spennu. Því geta flutningsvirki sem flytja raforku á 30 kV eða hærri spennu og eru alfarið innan dreifiveitusvæðis, þ.e. flytja ekki orku til annarra dreifiveitusvæða en þess sem þær liggja um, talist dreifilínur. Forsenda þess er þó að flutningsvirki tengist ekki virkjun sem er skylt að tengjast flutningskerfinu, en eins og nánar er rakið í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins er meginreglan sú að allar virkjanir verða að tengjast flutningskerfinu. Þær raflínur og tilheyrandi búnaður sem ekki fellur undir skilgreiningu á hugtakinu „flutningskerfi“ eða undanskilinn er flutningskerfinu á grundvelli ofangreindrar heimildar telst til dreifikerfisins.

Um II. kafla.

Í kaflanum er fjallað um raforkuvinnslu, þ.m.t. leyfisbindingu, skilyrði leyfis, efni þess og skyldur leyfishafa.

Um 4. gr.

Mörk leyfisskyldrar vinnslu eru dregin við 1 MW og eiga þau mörk við orkuver en ekki einstakar vélar í orkuveri. Slíkar stöðvar eru einkum ætlaðar til eigin nota eða til að framleiða varaafl og hafa takmörkuð eða engin áhrif á raforkukerfið. Því þykir ekki ástæða til að krefjast leyfis ráðherra. Þó verður að tilkynna Orkustofnun á hverju ári um vinnslu í slíkum orkuverum ef þau setja orku inn á samtengt raforkukerfi landsins eða orkan er seld frá orkuverinu.

Í 2. mgr. segir að virkjunarleyfi verði ekki gefin út til lengri tíma en 50 ára í senn. Tíminn tekur mið af eðlilegum fyrningartíma virkjana. Séu ekki verulega breyttar forsendur fyrir virkjunarleyfi og leyfishafi óskar eftir framlengingu er eðlilegt að verða við þeirri ósk. Enn fremur er kveðið á um að virkjunarleyfi falli úr gildi ef framkvæmdir hefjast ekki eða þeim lýkur ekki innan tiltekinna tímamarka. Er með þessu ætlað að sporna við því að einstakir aðilar geti „tekið frá“ hagkvæma virkjunarkosti og komið þannig í veg fyrir að þeir verði nýttir af öðrum. Hins vegar er ljóst að undirbúningur raforkuvinnslu getur tekið mjög langan tíma. Tillit verður að taka til þess og því er mögulegt að fá leyfi endurnýjað ef upphaflegi tíminn er ekki talinn nægjanlegur. Sé vilji virkjanaleyfishafa augljós til að nýta leyfi sitt og tafir eðlilegar er rétt að líta svo á að leyfið skuli framlengt fari hann fram á það.

Í 3. mgr. kemur fram að leyfishafi skal leita samninga eða heimildar til eignarnáms vegna nýtingar orkulinda eða eignarlands í eigu annarra áður en til framkvæmda kemur. Gefnir eru ákveðnir frestir í þessu sambandi.

Í 4. mgr. kemur fram að heimilt er að veita endurnýjanlegum orkulindum forgang. Undir skilgreiningu á hugtakinu „endurnýjanlegar orkulindir“ falla t.d. vatnsföll, jarðhiti, vindorka og sólarorka. Dæmi um orkulindir sem ekki teljast endurnýjanlegar eru gas, olía og kol.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um skilyrði og sjónarmið sem leggja má til grundvallar við veitingu virkjunarleyfis og eru þau tæmandi talin.

Í 1. mgr. segir að vinnslufyrirtæki skuli vera sjálfstæður lög- og skattaðili. Þá kemur enn fremur fram í 1. mgr. krafa um aðskilnað milli samkeppnisstarfsemi og sérleyfisstarfsemi á orkusviði. Koma verður í veg fyrir millifærslur milli samkeppnis- og einokunarþátta. Um rök þessa vísast í kafla 6.2. í almennum athugasemdum. Með sérleyfisstarfsemi á orkusviði er átt við sérleyfi til flutnings, dreifingar og sölu jarðvarma sem og sérleyfi til flutnings og dreifingar raforku. Þetta þýðir að þau fyrirtæki sem í dag stunda t.d. bæði vinnslu og dreifingu raforku verða að aðskilja þessa starfsemi í tvö fyrirtæki. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum nægir að stofna dótturfyrirtæki þar sem ekki eru gerðar kröfur varðandi eignaraðild. Ástæða er til að veita undanþágu varðandi rekstur jarðvarmaorkuvera, sem bæði vinna raforku og heitt vatn. Um er að ræða að sama mannvirkið skilar bæði raforku og heitu vatni og því er örðugt að greina einstaka hluta orkuversins niður á annan hvorn þáttinn eða reka þá sitt í hvoru lagi. Slíkt fyrirtæki má ekki koma að neinni annarri sérleyfisstarfsemi, svo sem dreifingu á heitu vatni. Eðlilegt er að kostnaði sé skipt í bókhaldi milli þessara þátta og verður slík skipting alltaf háð mati og mun Orkustofnun sem eftirlitsaðili með þessari starfsemi fylgjast með því að þessi skipting sé eðlileg. Stefnt er að því að reglur um skipan hitaveitumála verði teknar til endurskoðunar og samræmdar þeim breytingum sem verða á skipan raforkumála eftir því sem við á. Rétt er að taka fram að vinnsla raforku líkt og önnur atvinnustarfsemi fellur undir samkeppnislög. Hefur Samkeppnisstofnun heimild á grundvelli 14. gr. samkeppnislaga til að krefjast fjárhagslegs aðskilnaðar milli þess hluta rekstrar sem nýtur einkaleyfis eða verndar og þess hluta sem er í frjálsri samkeppni, þ.e. raforkuvinnslu. Eins og að ofan er rakið er lagt til að gengið verði lengra en svo vegna sérleyfisstarfsemi á orkusviði.

Í 2. mgr. segir að ráðherra skuli meta þjóðhagslega hagkvæmni vegna nýtingar viðkomandi orkulinda. Þetta þýðir að meta verður hvort önnur nýting virkjunarkostsins sé þjóðhagslega hagkvæmari en nýting hans til raforkuframleiðslu. Beita verður þessu ákvæði á hlutlægan hátt og gæta jafnræðis.

Í 3. mgr. eru talin sjónarmið sem leggja má til grundvallar við veitingu leyfis til að reisa og reka raforkuver. Eru þau í samræmi við þau sjónarmið sem talin eru í tilskipun ESB 96/92 um innri markað raforku og rakin eru í 3. kafla almennra athugasemda. Í ákvæðinu segir m.a. að heimilt sé að binda leyfi skilyrðum er lúta að því að tryggja nægilegt framboð raforku. Í því sambandi getur ráðherra t.d. sett það skilyrði að leyfishafi skuli fullnýta afkastagetu virkjunar ef eftirspurn er fyrir hendi. Ekki er heimilt að hafna útgáfu virkjunarleyfis á þeirri forsendu að framboð raforku sé nægilegt. Þá eru talin fleiri sjónarmið, svo sem öryggis- og umhverfissjónarmið. Viðkomandi virkjun verður að fullnægja þeim kröfum sem settar eru um öryggi mannvirkja, mat á umhverfisáhrifum verður að liggja fyrir, framkvæmdin verður að samrýmast gildandi skipulagi og nægileg tæknileg og fjárhagsleg geta verður að vera fyrir hendi til að hrinda áætlununum í framkvæmd. Tekið er fram að ráðherra sé heimilt að setja

sérstök skilyrði þegar fleiri en einn aðili hyggjast nýta sama vatnasvið eða jarðhitasvæði. Slík skilyrði eiga að tryggja hagkvæma nýtingu viðkomandi svæðis.

Um 6. gr.

Í greininni kemur fram hvert skuli vera efni leyfis. Ekki er um tæmandi talningu að ræða. Í 7. tölul. segir að tilgreina skuli ráðstöfun mannvirkja að rekstrartíma loknum, þ.e. þegar vinnslu er hætt. Getur ráðherra m.a. mælt fyrir um að mannvirki skuli fjarlægð.

Um 7. gr.

Í greininni eru skyldur vinnslufyrirtækja taldar.

Samkvæmt 1. mgr. verður virkjun að vera tengd flutningskerfinu. Flutningsfyrirtækið reisir og rekur viðkomandi flutningsvirki gegn endurgjaldi samkvæmt gjaldskrá. Með því að skylda allar vinnslur til að tengjast flutningskerfinu er tryggður aðgangur virkjana að raforkumarkaði á öllu landinu og að allar virkjanir séu á samkeppnismarkaði. Jafnframt er stuðlað að öruggum rekstri raforkukerfisins. Frá þessu skilyrði má víkja að því er varðar virkjanir sem eru minni en 3,5 MW ef sérstakar ástæður mæla með því, svo sem staðsetning þeirra gagnvart flutningskerfinu. Samkvæmt 2. mgr. er vinnslufyrirtæki skylt að breyta vinnslu sinni eftir kröfum flutningsfyrirtækisins. Heimildinni á aðeins að beita ef upp koma ófyrirséð atvik og samningar skv. 1. tölul. 3. mgr. 9. gr. tryggja ekki að unnt sé að stilla saman raforkuvinnslu og raforkuþörf.

Um III. kafla.

Í kaflanum er fjallað um flutning raforku og stýringu raforkukerfisins. Fram kemur að ráðherra skuli fela einu fyrirtæki rekstur flutningskerfisins og kerfisstjórn. Fjallað er um hlutverk og skyldur fyrirtækisins sem jafnframt er kerfisstjóri og skyldur eigenda flutningsvirkja.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um að ráðherra skuli fela einu fyrirtæki að stjórna rekstri flutningskerfisins og samræma stjórn raforkukerfisins.

Almannahagsmunir af öruggum flutningum og öruggri stjórn kerfisins eru ríkir og verður ábyrgð viðkomandi fyrirtækis því mikil. Í ljósi þessa er eðlilegt að ráðherra leiti samninga við fyrirtæki sem hefur besta fjárhagslega og tæknilega burði hvað þetta varðar. Þess er krafist að flutningsfyrirtækið gæti fyllsta hlutleysis og jafnræðis við starfsemi sína. Í því ljósi er gerð krafa um að viðkomandi aðili stundi enga aðra starfsemi en nauðsynleg er til að hann geti sinnt hlutverki sínu. Hins vegar getur verið mikilvægt að komið sé á dægurmarkaði með raforku til að jafna framboð og eftirspurn til mjög skamms tíma og er eðlilegt í ljósi hlutverks flutningsfyrirtækisins sem kerfisstjóra að það geti rekið slíkan markað.

Stjórnarmenn verða að vera óháðir vinnslu- og sölufyrirtækjum og mega enga hagsmuni hafa af ákvörðunum flutningsfyrirtækisins. Eins og rakið er í 3. kafla í almennum athugasemdum er í tilskipun ESB 96/92 um innri markað raforku þess krafist að sá sem annast kerfisstjórnun sé stjórnunarlega aðskilinn frá annarri starfsemi. Krafa er gerð um að bókhald vegna kerfisstjórnar sé aðskilið frá bókhaldi vegna flutningsstarfsemi þar sem æskilegt er að kostnaður vegna kerfisstjórnunar komi fram í gjaldskrá enda getur hann skipst á annan hátt niður á notendur raforkukerfisins en flutningskostnaður. Til að tryggja að flutningsfyrirtækið sinni skyldum sínum og gæti hlutleysis og jafnræðis er Orkustofnun falið eftirlit með því. Telji t.d. vinnslu- eða dreififyrirtæki að flutningsfyrirtækið gæti ekki jafnræðis geta þau

kvartað til Orkustofnunar. Ákvarðanir Orkustofnunar í slíkum málum sæta kæru til sérstakrar kærunefndar, sbr. 30. gr.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um starfssvið og skyldur flutningsfyrirtækisins. Eru ýmsar opinberar skyldur lagðar á fyrirtækið. Í 2. mgr. er kveðið á um skyldur þess sem rekstraraðila kerfisins og í 3. mgr. er kveðið á um kerfisstjórnunarhlutverkið. Í 4.–6. mgr. eru ýmsar almennar skyldur taldar.

Flutningsfyrirtækið annast alla raforkuflutninga. Því er skylt að reisa nýjar flutningslínur og endurbyggja línur ef það er nauðsynlegt til að tryggja hagkvæmni, öryggi, skilvirkni og áreiðanleika kerfisins. Á sömu forsendum er flutningsfyrirtækinu skylt að viðhalda eigin línum. Þar sem fyrirtækið á að bera ábyrgð á uppbyggingu flutningskerfisins hefur það eitt heimild til að reisa nýjar flutningslínur, þ.e. línur sem ekki geta talist hluti af dreifikerfinu, sbr. skilgreiningu á hugtakinu flutningskerfi í 3. gr., eða falla undir 11. gr. Orkustofnun verður að hafa eftirlit með því að flutningsfyrirtækið hafi ofangreind sjónarmið um hagkvæmni, öryggi, skilvirkni og áreiðanleika að leiðarljósi við uppbyggingu kerfisins. Orkustofnun verður því að fylgjast með hvort nauðsynlegar línur séu byggðar og enn fremur að ekki sé ráðist í byggingu nýrra lína sem ekki er þörf á samkvæmt ofangreindum sjónarmiðum. Leyfi ráðherra þarf ef reisa á línur sem flytja raforku á 66 kV spennu eða hærri. Á það jafnt við um línur sem tilheyra flutningskerfinu og dreifikerfi.

Í 1.–6. tölul. 2. mgr. er nánar kveðið á um hvað felist í rekstri flutningsfyrirtækisins. Í 1. tölul. er mælt fyrir um tengiskyldu þess. Þar sem um einokunarstarfsemi er að ræða er mikilvægt að allar virkjanir og allir notendur hafi jafnan aðgang að kerfinu. Það kemur í hlut flutningsfyrirtækisins að reisa viðkomandi línur. Sá sem óskar eftir tengingu, hvort sem um er að ræða virkjun eða notanda, verður hins vegar að greiða tengigjald. Í undantekningartilfellum er heimilt að synja um aðgang að kerfinu. Þau sjónarmið sem leggja má til grundvallar eru tæmandi talin og eru þau í samræmi við tilskipun ESB 96/92 um innri markað raforku. Í 2. tölul. segir að flutningsfyrirtækið skuli útvega orku í stað þeirrar sem tapast í kerfinu. Fyrirtækið verður að semja um kaup á orku vegna þessa við vinnslufyrirtæki og verður kostnaður metinn inn í gjaldskrá. Töp koma því ekki inn í samninga milli kaupenda og seljenda raforku. Í 3. tölul. kemur fram að flutningsfyrirtækið eigi að útvega launafl fyrir kerfið. Fyrirtækið þarf að taka tillit til slíks í áætlunum um uppbyggingu kerfisins til að flutningskerfið verði sem hagkvæmast og verður kostnaður vegna þessa tekinn inn í gjaldskrá. Í 4. tölul. er lögð sú skylda á flutningsfyrirtækið að tryggja nægilegt framboð varaafls vegna truflana í flutningskerfinu. Þetta getur flutningsfyrirtækið gert með samningum við virkjanir, dreifiveitur og með rekstri eigin varaaflstöðva. Miðað er við að settar séu í reglugerð kröfur um afhendingaröryggi og ef þeim er ekki mætt komi það fram í gjaldtöku fyrir flutninginn. Með þeim hætti sést hver kostnaður er vegna öryggisins sem fyrirtækið getur notað til að meta hagkvæmustu uppbyggingu varaafls. Í 5. tölul. er lögð mæliskylda á flutningsfyrirtækið. Fyrirtækinu ber því að sjá til þess að allt flæði inn og út af kerfinu sé mælt og að viðkomandi vinnslu- og söluaðilar hafi aðgang að þessum mælingum. Fyrirtækið getur annast mælingar sjálft eða falið það öðrum, svo sem sérhæfðu mælifyrirtæki. Flutningsfyrirtækið ber þó ætíð ábyrgð á þeim og verður að tryggja að trúnaði sé haldið um þessi gögn. Í 6. tölul. segir svo að það eigi að koma á innra eftirlitskerfi til að tryggja að gæði raforku og afhendingaröryggi sé fullnægjandi. Með innra eftirliti er átt við reglubundna skráningu á ákveðnu viðurkenndu formi. Skrá verður allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að Löggildingarstofa geti metið hvort fyrirtækið fullnægi settum kröfum. Með innra eftirliti á að draga

úr þörf á úttektum opinberra eftirlitsaðila í fyrirtækinu sjálfu. Úttektir getur þó þurft að framkvæma til að tryggja að rétt sé staðið að innra eftirlitinu.

Í 3. mgr. er kveðið á um kerfisstjórnun. Meginhlutverkið felst í að stilla saman raforkuvinnslu og raforkuþörf, sbr. 1. tölul. Stjórnstöð flutningsfyrirtækisins sér um stjórnun flutningskerfisins en þar að auki er gert ráð fyrir að hún tengist öllum virkjunum til að geta stillt saman vinnslu og notkun raforku á hverjum tíma og til að geta brugðist við truflunum í kerfinu. Vinnslufyrirtæki verða því að tilkynna flutningsfyrirtækinu um alla sölusamninga og láta vita hvernig rekstri virkjana eigi að vera háttað til að mæta þessum samningum. Alltaf verða einhver frávik milli umsaminnar notkunar og raunnotkunar og þarf flutningsaðilinn að gera samninga við vinnsluaðila um að mæta því og kostnaður af því verður síðan innheimtur hjá þeim aðilum þar sem um frávik er að ræða. Í 2. tölul. er sú skylda lögð á flutningsfyrirtækið að tryggja nægilegt framboð reiðuafls og er það gert með samningum við vinnsluaðila. Kostnaður af því endurspeglast í gjaldskrá flutningsfyrirtækisins. Á hverju augnabliki þarf að vera tiltækt afl í kerfinu til að mæta því ef einhver vinnslueining dettur úr rekstri og verður slíkt að gerast samstundis því ekki er hægt að bíða eftir því að ný eining komi í rekstur. Í 3. tölul. er kveðið á um að í kerfisstjórnun felist að ákvarða notkunarferla fyrir einstaka notendahópa. Slíkir notkunarferlar eru nauðsynlegir í þeim tilvikum þegar aflmæling fer ekki fram eins og á sér stað hjá litlum notendum. Dreifing álagsins innan ársins er þá metin út frá orkunotkuninni og slíkum ferlum. Notkunarferlar geta verið mismunandi eftir hópum notenda. Hver orkumældur notandi mundi þá teljast til ákveðins hóps. Þetta hlutverk er falið flutningsfyrirtækinu en ekki dreififyrirtækjum þar sem það þarf að stilla saman raforkuþörf og vinnslu. Þá er með því unnt að tryggja samræmda framkvæmd. Í 4. tölul. er kveðið á um að í kerfisstjórnun felist að gera eða láta gera spá um raforkuþörf og áætlun um uppbyggingu flutningskerfisins til skemmri og lengri tíma. Spá flutningsfyrirtækisins um raforkuþörf er til þess ætluð að fyrirtækið geti sem best sinnt kerfisstjórnunarhlutverki sínu. Orkustofnun mun áfram annast gerð orkuspár til langs tíma. Spár um uppbyggingu flutningskerfisins eru nauðsynlegar til að tryggja að flutningsfyrirtækið og stjórnvöld hafi fulla yfirsýn yfir þörf fyrir uppbyggingu kerfisins og flutningsfyrirtækið geti annað raforkuflutningum. Í 5. tölul. er mælt fyrir um upplýsingaskyldu flutningsfyrirtækisins. Mikilvægt er að veittar verði góðar og ítarlegar upplýsingar um viðskipti með raforku. Almennar opinberar upplýsingar um raforkumarkaðinn stuðla að jafnræði í viðskiptum og virkni raforkumarkaðarins. Kaupendur og seljendur raforku geta þá tekið upplýstar ákvarðanir og óskað skýringa á mismunandi verði raforku milli tengipunkta, þ.e. afhendingarstaða. Eftirlitsaðilar þurfa einnig greinargóðar upplýsingar um raforkuviðskipti. Slík upplýsingaskylda veitir aðhald og dregur úr þörf á beinu eftirliti.

Í 5. mgr. er m.a. kveðið á um trúnaðarskyldu flutningsfyrirtækisins. Hún er afar mikilvæg í ljósi þeirra upplýsinga sem fyrirtækið hefur aðgang að. Getur ráðherra í samningi við flutningsfyrirtækið eða á grundvelli 7. mgr. kveðið nánar á um hvaða reglum skuli fylgja í því sambandi. Geta þær byggst á alþjóðlegum stöðlum um öryggi upplýsinga.

Í 6. mgr. er kveðið á um skyldu flutningsfyrirtækisins til raforkuskömmtunar þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Náttúruhamfarir eða aðrir ófyrirsjáanlegir atburðir geta valdið truflunum í raforkukerfinu og minna framboði á raforku án þess að úr því verði bætt með tiltækum ráðum. Flutningsfyrirtækið skal þá skammta raforku til notenda og beita við það málefnalegum aðferðum sem skulu skilgreindar í reglugerð. Áður en til skömmtunar kemur verður að beita öllum öðrum tiltækum ráðum, svo sem keyrslu varaaflstöðva.

Um 10. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skyldur eigenda flutningsvirkja sem nauðsynlegar eru til að flutningsfyrirtækið geti rækt hlutverk sitt. Þeir skulu veita fyrirtækinu full afnot af flutningsvirkjum sínum gegn hæfilegu endurgjaldi. Endurgjaldið skal taka mið af viðmiðum 12. gr., þ.e. kostnaði vegna viðhalds, afskriftum og fjármagnskostnaði auk eðlilegrar arðsemi. Náist ekki samkomulag tekur kærunefnd, sbr. 30. gr. ákvörðun um endurgjaldið. Um málsmeðferð í þessu sambandi verður mælt fyrir í reglugerð, sbr. 6. mgr. 30. gr.

Samkvæmt 2. mgr. er eigandi flutningsvirkis ábyrgur fyrir viðhaldi á virkjum í hans eigu. Á það að sjálfsögðu bæði við um flutningsfyrirtækið og aðra eigendur flutningsvirkja. Þar sem flutningsfyrirtækinu ber að tryggja örugga stýringu raforkukerfisins verður það að geta gripið inn í ef eigandi virkis vanrækir skyldur sínar til viðhalds. Flutningsfyrirtækið á kröfu á hendur eiganda flutningsvirkis vegna slíks kostnaðar.

Í 3. mgr. segir að flutningsvirki megi ekki vera í beinni eigu fyrirtækja sem stunda vinnslu eða sölu raforku. Er það í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru um aðskilnað milli samkeppnis- og einokunarþátta í frumvarpinu. Þar sem eingöngu bein eignaraðild er útilokuð geta flutningsvirkin verið í eigu dótturfyrirtækja vinnslu- eða sölufyrirtækja.

Um 11. gr.

Samkvæmt greininni er heimilt að leggja línur milli einstakra virkjana og stórnotenda, þ.e. þeirra sem árlega nota meira en 100 GWst. Viðkomandi lína telst þá ekki hluti af flutningskerfinu. Hún yrði ekki rekin af flutningsfyrirtækinu og yrði alfarið á ábyrgð eiganda línunnar. Dæmi um slíkt gæti t.d. verið ef sami aðili mundi reisa stóriðjuver og virkjun sem annaði raforkuþörf iðjuversins. Meginreglan er sú að flutningsvirki skuli tengjast flutningskerfinu og vera hluti af því. Telji flutningsfyrirtækið hins vegar að það geti ekki tengt stórnotanda við flutningskerfið vegna sjónarmiða um flutningsgetu, öryggi og gæði kerfisins er heimilt að reisa beinar línur. Í greininni er kveðið á um að stórnotandi og vinnslufyrirtæki skuli sameiginlega sækja um leyfið. Ekki er með því útilokað að viðkomandi aðilar geti samið sín á milli um eignarhald og annað sem viðkemur virkinu.

Um 12. gr.

Í greininni er settur rammi sem ber að fara eftir við ákvörðun gjaldskrár fyrir þjónustu flutningsfyrirtækisins. Gjaldskráin verður að vera einföld, skilvirk, gegnsæ og takmarka verðsveiflur. Auk þess er mikilvægt að kostnaður vegna kerfisins sé sýnilegur notendum. Eiga sömu sjónarmið að gilda eftir því sem við á um gjaldskrá vegna dreifingar að breyttu breytanda, sbr. 17. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um hvernig tekjumörk flutningsfyrirtækisins skuli ákvörðuð. Í 1. tölul. 2. mgr. er talinn upp kostnaður sem heimilt getur verið að byggja á. Um er að ræða allan kostnað sem tengist flutningsstarfsemi og kerfisstjórnun. Í 2. tölul. 2. mgr. er fjallað um arðsemiskröfur. Ákveðin er hámarks- og lágmarksarðsemi auk þess sem tilgreint er hvaða arðsemiskröfu ber að miða við í upphafi. Í 3. tölul. 2. mgr. kemur fram að gera skuli hagræðingarkröfu. Eðlilegt er að skipta hagræðingarkröfunni í tvennt. Annars vegar í almenna hagræðingarkröfu sem gerð verður til allra fyrirtækja í sérleyfisstarfseminni og hins vegar í sérstaka kröfu sem gerð verður til hvers fyrirtækis fyrir sig og verður byggð á rekstri viðkomandi fyrirtækis. (Ákvæðið tekur einnig til dreifiveitna, sbr. 17. gr. frumvarpsins). Ekki er í frumvarpinu unnt að tilgreina hagræðingarhlutföll enda verður að meta þau eftir ítarlegar athuganir á kostnaðaruppbyggingu fyrirtækisins og því hvað getur talist raunsæ árleg lækkun á hverjum kostnaðarlið. Í grannlöndunum er yfirleitt reynt að áætla eðlilega tekjuþörf fyrir-

tækja í flutningi og dreifingu út frá þeirri þjónustu sem þau veita. Slíkur tekjurammi er síðan leiðarljós um hagræðingarkröfu. Stefnt er að álíka fyrirkomulagi hérlendis. Hagræðing í rekstri ár hvert á að skila sér til notenda kerfisins í raunlækkun gjaldskrár. Ef fyrirtækið nær ekki þeirri hagræðingu sem miðað er við minnkar arðsemin og því er öfugt farið ef því tekst að hagræða meira en miðað er við. Með þessu móti er innbyggður hvati til hagræðingar. Lykiltölugreining getur verið skynsamleg í þessu sambandi. Eru þá skilgreind ákveðin samanburðarviðmið sem notuð eru til að greina árangur í rekstri. Í 4. tölul. kemur fram að Orkustofnun metur árlega hvort gjaldskráin sé í samræmi við settar kröfur. Í því sambandi er litið til síðustu þriggja ára við mat á því hvort arðsemin og tekjurnar séu innan settra marka. Ef arðsemin eða tekjurnar eru utan markanna þegar litið er á tímabilið í heild verður að taka tillit til þess við mat á gjaldskrá fyrirtækisins fyrir næsta ár.

Í 1. tölul. 3. mgr. kemur fram að gjaldskráin skuli vera punktgjaldskrá, þ.e. taka skuli gjald fyrir mötun og úttekt úr kerfinu. Í frumvarpinu er flutningskerfinu skipt í tvo hluta og gilda ólík sjónarmið við ákvörðun gjalds vegna úttekta í hvorum hluta. Flutningskerfi Landsvirkjunar á 132 og 220 kV spennu hefur verið byggt upp til að tryggja öruggan flutning raforku til allra landsmanna og til að anna orkuþörf stóriðjufyrirtækja. Það tryggir öruggan rekstur alls kerfisins og allir aðilar njóta góðs af rekstri þess, t.d. við truflanir. Því er eðlilegt að allir landsmenn taki þátt í kostnaði vegna þess og áframhaldandi uppbyggingu til að auka flutninga um það. Kerfi Landsvirkjunar er í frumvarpinu nefnt „meginflutningskerfið“. Þar skal að meginstofni til gilda samræmd gjaldskrá. Þó skal taka tillit til jaðartapa og afhendingaröryggis. Gefur það notendum kerfisins merki um hagræði af staðsetningu á svæðum þar sem vinnsla er mikil umfram notkun og hvetur til hagkvæmari nýtingar þess. Með samræmdri gjaldskrá er ekki átt við að allir greiði sama gjald á orkueiningu þar sem það getur t.d. verið háð dreifingu notkunar. Í öðrum hlutum flutningskerfisins verður að reikna gjald fyrir úttekt með tilliti til kostnaðar af viðkomandi flutningsvirkjum, þ.e. stofn- og rekstrarkostnaði, afhendingaröryggis og jaðartapa, auk kostnaðar við meginflutningskerfið. Þetta þýðir að reikna verður eðlilegt gjald í hverjum úttektarpunkti. Sama gjaldskrá skal gilda fyrir mötun í flutningskerfinu, þ.e. óháð því hvar virkjun er. Þó á að taka tillit til jaðartapa og afhendingaröryggis, sbr. það sem áður segir.

Í 2. tölul. 3. mgr. segir að taka megi tillit til þess ef einstakir notendur leiða til hagkvæmari uppbyggingar og nýtingar kerfisins. Ákvæðið er ekki afmarkað við hugtakið „stórnotandi“ en þó ber almennt að taka mið af þeirri skilgreiningu við beitingu þess. Tilkoma stórra notenda getur kallað á nýjar flutningslínur sem fullnýtast strax og þær koma í notkun sem er mun hagkvæmara en þegar það tekur t.d. áratug að fullnýta nýja línu. Í flestum tilvikum eiga notendur að falla undir almenna gjaldskrá. Ákvæðinu verður því aðeins beitt í undantekningartilfellum. Ákvæðið tekur ekki til dreifiveitna. Sú hagræðing sem um er að ræða verður að vera vel rökstudd af flutningsfyrirtækinu og staðfest af Orkustofnun.

Í 4. mgr. er kveðið á um að nýir viðskiptavinir, þ.e. bæði vinnslur og notendur, þurfi að greiða kostnað vegna tengingar við kerfið ef tekjur vegna tengingarinnar standa ekki undir eðlilegum stofn- og rekstrarkostnaði. Við mat á því hvað skuli teljast eðlilegur stofn- og rekstrarkostnaður verður að byggja á sömu sjónarmiðum og í 1. tölul. 1. mgr. Sama á við hafi forsendur viðskipta breyst verulega.

Um IV. kafla.

Í kaflanum er fjallað um dreifingu raforku. Kveðið er á um að skipta skuli landinu í dreifiveitusvæði þar sem veita hefur sérleyfi til dreifingar raforku. Mælt er fyrir um leyfisveitingu, skilyrði hennar, efni leyfis og skyldur dreifiveitna.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að leyfi ráðherra þurfi til að reisa og/eða reka dreifikerfi innan dreifiveitusvæðis og til að hætta slíkum rekstri. Leyfið lýtur að svæðinu í heild og þarf ekki að sækja um leyfi fyrir hverri línu eða virki innan veitusvæðisins. Ákvæði um að leita þurfi leyfis til að hætta rekstri er nauðsynlegt vegna almannahagsmuna af öryggi afhendingar. Leyfishafi verður þó ekki þvingaður til að halda rekstri sínum áfram nema um takmarkaðan tíma. Gefur slíkur tími svigrúm til að veita öðrum aðila leyfi.

Í 2. mgr. er kveðið á um mörk dreifiveitusvæða. Þau skulu ákveðin í reglugerð. Venjulega er um landsvæði í samfelldri heild að ræða en þó þarf það ekki að vera. Þar sem byggð og skipulag dreifikerfisins geta tekið breytingum verður ráðherra að geta breytt mörkum veitusvæðis á leyfistíma.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um almenn skilyrði sem umsækjendur þurfa að uppfylla. Dreifiveitur verða að vera sjálfstæðir lög- og skattaðilar. Um það skilyrði vísast til þess sem segir um 5. gr. frumvarpsins. Þá er dreifiveitum óheimilt að stunda vinnslu eða viðskipti með raforku eða aðra samkeppnisstarfsemi. Líkt og flutningsfyrirtækið verða þær að vera stjórnunarlega aðskildar frá flutnings- og sölufyrirtækjum. Þetta skilyrði er sett til að tryggja að ekki sé um óeðlilegar millifærslur eða óeðlileg áhrif að ræða milli samkeppnis- og einokunarþátta. Um aðskilnað milli einokunar- og samkeppnisþátta vísast nánar í kafla 6.2. í almennum athugasemdum við frumvarpið. Dreifiveitur mega taka þátt í annarri einokunarstarfsemi. Gildir einu hvort hún er á orkusviði eða ekki. Slíka starfsemi verður að skilja frá rekstri dreifikerfisins í bókhaldi. Þá mega dreifiveitur eiga flutningsvirki. Þær fá tekjur af þeim og verða að annast viðhald þeirra. Halda verður sérstakt bókhald um þessa þætti.

Í 2. mgr. eru talin skilyrði sem lúta sérstaklega að umsækjendum. Lúta þau að atriðum sem skulu tryggja að viðkomandi fyrirtæki geti rækt hlutverk sitt og skyldur. Getu til að tengja alla notendur innan svæðisins, byggja upp og reka kerfið og tengja það flutningskerfinu. Síðastnefnda skilyrðið er þó ekki einhlítt þar sem frá því má víkja þegar sérstakar aðstæður gera það nauðsynlegt. Sem dæmi má nefna ef um lítil einangruð svæði, svo sem Inndjúp Vestfjarða eða Grímsey, er að ræða.

Um 15. gr.

Í greininni er kveðið á um efni sérleyfis. Þar er talið hvað skal koma fram í leyfinu. Talningin er ekki tæmandi.

Í 1. tölul. kemur fram að unnt sé að kveða á um gildistíma leyfis. Ekki er tiltekið hámark eða lágmark í því sambandi. Almennt ber að miða við að leyfi séu ótímabundin. Frá því getur þurft að víkja við sérstakar aðstæður.

Í 7. tölul. segir að fram skuli koma hvernig skuli ráðstafa mannvirkjum og búnaði að rekstrartíma loknum. M.a. er haft í huga að af umhverfis- eða öryggisástæðum getur verið eðlilegt að mannvirki, þ.m.t. leiðslur, hvort sem er ofan- eða neðanjarðar, verði fjarlægð þegar þau eru ekki lengur í notkun.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um starfssvið og skyldur dreifiveitna. Hlutverk þeirra er að dreifa raforku frá flutningskerfi til notenda á öruggan og hagkvæman hátt. Þær bera ábyrgð á viðhaldi, endurbótum og uppbyggingu dreifikerfisins.

Dreifiveitur verða að veita sambærilegum notendum sömu þjónustu, sbr. 1. tölul. 2. mgr. Þær verða að tengja alla sem eftir því sækjast við kerfið, enda sé það tæknilega mögulegt og kostnaður vegna tengingar greiddur. Í undantekningartilfellum er heimilt að synja nýjum aðilum um tengingu við dreifikerfið. Synjunin verður að vera tímabundin enda er við það miðað að úr annmörkum við tengingu verði leyst ef viðkomandi aðili er tilbúinn til að greiða kostnað sem hlýst af tengingunni og viðskiptin standa ekki undir skv. 17. gr., sbr. 12. gr. Dreifiveitur verða að tryggja að þær geti afhent rafmagn þótt einstaka línur detti út, svo sem með því að reka varaaflstöðvar. Slíkar stöðvar má aðeins reka í þeim tilgangi en ekki til að stunda viðskipti með raforku. Flutningsfyrirtækið getur samið við dreifiveitur um afnot af varaaflstöðvunum við truflanir í flutningskerfinu. Á sama hátt og flutningsfyrirtækið þarf að afla orku vegna tapa í flutningskerfinu þurfa dreifiveitur að afla orku vegna tapa í dreifikerfinu, sbr. 4. tölul. 2. mgr. Miðað er við að tekið verði tillit til þessa í gjaldskrá. Einnig þurfa þær að afla launafls, sbr. 5. tölul. 2. mgr., hvort sem það fæst frá flutningskerfinu eða með öðrum hætti. Kostnaður vegna þessa endurspeglast í gjaldskrá. Skv. 6. tölul. 2. mgr. eiga dreifiveitur að sjá um að mæla þá raforku sem þær afhenda eða taka við. Er því miðað við að mælar verði á ábyrgð dreifiveitna og að þær annist mælingu sjálfar eða feli það öðrum. Álitamál getur verið í hverra eigu mælarnir eiga að vera en í dag eru þeir í eigu dreifiveitnanna sem einnig eru söluaðilar. Ekki er kveðið á um eignarhald í frumvarpinu. Eignarhaldið má þó ekki leiða til þess að notendur verði að greiða kostnað vegna eigendaskipta þar sem slíkt getur komið í veg fyrir að notendur skipti um söluaðila og þar með hamlað virkri samkeppni. Samkvæmt 7. tölul. skulu dreifiveitur koma á innra eftirliti. Slíkt eftirlit felst í kerfisbundinni skráningu á upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að meta hvort kröfum um gæði og afhendingaröryggi sé fullnægt. Löggildingarstofa setur slíkar kröfur og leggur mat á hvort innra eftirlit sé fullnægjandi. Í 9. tölul. er fjallað um trúnaðarskyldu dreifiveitna. Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um trúnaðarskylduna og tekið mið af alþjóðlegum stöðlum í því sambandi.

Samkvæmt 3. mgr. er dreifiveitum heimilt að krefjast þess að notkun vegna einstakra notenda sé aflmæld. Allir stærri notendur yrðu aflmældir en fyrir smáa notendur svarar slíkt ekki kostnaði og eru þá notaðir notkunarferlar til að dreifa notkuninni innan ársins. Ef dreifiveitan hefur grun um að verið sé að misnota slíkt getur hún krafist aflmælingar en einnig ef notkunin fer yfir mörk sem tilgreind yrðu í reglugerð. Notendur geta ætíð farið fram á aflmælingu enda greiða þeir kostnaðinn af henni.

Um skýringu á 4. mgr. vísast til 5. mgr. 9. gr.

Um 17. gr.

Í greininni er kveðið á um að samræmd gjaldskrá skuli gilda innan hvers dreifiveitusvæðis. Ekki er þar með sagt að notendur greiði sama gjald á orkueiningu. Sem dæmi má nefna að fastagjald vegur almennt þyngst hjá smæstu notendunum og dreifing notkunar er mismunandi innan ársins sem hefur áhrif á gjaldið. Ekki er heimilt að mismuna notendum á grundvelli staðsetningar þeirra innan dreifiveitusvæðis.

Um gjaldið gilda ákvæði 12. gr. að öðru leyti. Orkustofnun ákveður tekjumörk fyrirtækjanna eftir þeim sjónarmiðum sem koma fram í 12. gr. og vísast til athugasemda við 12. gr. í því sambandi. Fyrirtækin verða því að tilkynna Orkustofnun um gjaldskrá sína innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í 12. gr. og birta hana opinberlega þegar staðfesting Orkustofnunar liggur fyrir. Þá eiga 4. og 5. mgr. 12. gr. einnig við um dreifiveitur.

Um V. kafla.

Í kaflanum er fjallað um raforkuviðskipti. Kveðið er á um leyfisbindingu raforkusölu, skilyrði fyrir leyfi, skyldur leyfishafa og raforkusölusamninga.

Um 18. gr.

Ráðherra veitir leyfi til raforkusölu. Raforka er afar mikilvæg í allri starfsemi í þjóðfélaginu og geta legið mikil verðmæti í einstökum viðskiptum. Því þykir nauðsynlegt að setja almenn hæfisskilyrði og tryggja yfirsýn yfir þá sem stunda raforkuviðskipti.

Um 19. gr.

Í greininni eru lagðar ákveðnar skyldur á sölufyrirtæki. Þeim ber að útvega þá raforku sem nauðsynleg er til að þau geti staðið við gerða orkusölusamninga. Að öðrum kosti verður flutningsfyrirtækið sem stjórnandi raforkukerfisins að grípa inn í og kaupa raforku. Viðkomandi sölufyrirtæki ber að greiða flutningsfyrirtækinu fyrir orkuna á því verði sem flutningsfyrirtækið þurfti að greiða. Eðlilegt er að flutningsfyrirtækið innheimti þóknun vegna umsýslu sem leggst einnig á viðkomandi sölufyrirtæki. Ef aftur á móti notkun er minni en umsamin kaup þarf flutningsfyrirtækið að sjá til þess að dregið sé úr vinnslu í samræmi við samninga sem flutningsfyrirtækið gerir um það og ber sölufyrirtækið kostnaðinn af því. Ábyrgð sölufyrirtækja á kostnaði vegna frávika á að vera með þeim hætti að ekki sé hvati til of- eða vanáætlunar á notkun.

Í 2. tölul. segir að sölufyrirtækin skuli gera skriflega sölusamninga. Þykir það nauðsynlegt m.a. vegna tilkynningarskyldu þeirra, sbr. 5. tölul.

Um 20. gr.

Í greininni er fjallað um orkusölusamninga. Í 1. mgr. er ákveðinn lágmarksuppsagnarfrestur kaupenda sem árlega nota minna en 1 GWst. Stærðarmörkin miðast við að ákvæðið nái til einstaklinga og lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Er með ákvæðinu leitast við að tryggja að langtímasamningar hamli ekki gegn samkeppni. Uppsagnarfresturinn verður þó að vera nægilega langur til að sölufyrirtæki nái að skipuleggja starfsemi sína.

Um VI. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði um skyldur landeigenda og eignarnáms- og bótaákvæði.

Um 21. gr.

Ákvæðið á sér hliðstæðu í 26. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, sem aftur byggðist á 18. gr. þágildandi orkulaga, nr. 58/1967, og 7. gr. þágildandi námulaga, nr. 24/1973, að breyttu breytanda.

Um 22. gr.

Greinin á sér hliðstæðu í 28. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

Um 23. gr.

Í greininni eru talin þau tilvik þar sem ráðherra er heimilt að framkvæma eignarnám. Getur ráðherra framkvæmt eignarnám vegna virkjunarframkvæmda eða lagningar dreifi- eða flutningslína og byggingar mannvirkja sem þeim tengjast. Eignarnámið getur náð til orkulinda ásamt nauðsynlegu landi, mannvirkjum, aðstöðu til vinnslu auðlinda og annarra

réttinda landeiganda. Ráðherra afhendir nýtingarleyfishafa hin eignarnumdu verðmæti. Leyfishafi ber allan kostnað af eignarnáminu. Gert er ráð fyrir að ráðherra geti falið leyfishafa að framkvæma eignarnámið.

Í 2. mgr. er almenn eignarnámsheimild til handa ráðherra til nýtingar á auðlindum, svo og til að koma í veg fyrir að nýting hefjist sem spillt geti þegar hafinni nýtingu. Þetta gæti sérstaklega átt við borun eftir jarðhita. Ákvæðið á hliðstæður í 2. mgr. 29. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

3. mgr. felur í sér eðlilega sanngirnisreglu vegna hagsmuna landeiganda og á sér hliðstæður í 4. mgr. 29. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

Í 4. mgr. er að finna eignarnámsheimild ráðherra sem nær til dreifikerfa. Heimildin er nauðsynleg til að eigandi dreifikerfis geti ekki í krafti eignarréttar síns hindrað dreifingu raforku. Mjög óhagkvæmt væri að reisa nýtt dreifikerfi ef slíkt er þegar til staðar.

Um VII. kafla.

Í kaflanum er fjallað um opinbert eftirlit.

Um 24. gr.

Í greininni er kveðið á um eftirlitshlutverk Orkustofnunar. Það skiptist í tvo meginþætti. Annars vegar eftirlit með leyfum og hins vegar eftirlit með starfsemi og gjaldskrá flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna. Í eftirliti með leyfum felst m.a. eftirlit með að settum skilyrðum sé fylgt varðandi framkvæmdir, svo sem uppbyggingu virkjana og tengingu við raforkukerfið, tæknilega og fjárhagslega getu, umhverfisráðstafanir og frágang á starfsstöðvum hjá vinnslufyrirtækjum, flutningsfyrirtækinu og dreifiveitum. Ákvarðanir sem teknar eru í þessu sambandi sæta kæru til iðnaðarráðuneytisins. Í eftirliti með starfsemi fyrirtækjanna felst m.a. eftirlit með að þeim kröfum sem gerðar eru um aðskilnað milli samkeppnis- og einokunarþátta sé fylgt, að flutningsfyrirtækið og dreifiveiturnar veiti aðgang að kerfum sínum og gæti jafnræðis. Enn fremur ber Orkustofnun að hafa eftirlit með því að flutningsfyrirtækið sinni kerfisstjórnunarhlutverki sínu og að gjaldskrár flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna samræmist 12. gr. frumvarpsins, sbr. 17. gr., og þeim reglugerðum sem kunna að verða settar. Í eftirlit með gjaldskrá fléttast óhjákvæmilega ákveðið tæknilegt mat, svo sem á gæðum raforku og nauðsyn viðhalds, endurbyggingar eða nýbyggingar. Ákvarðanir er snerta starfsemi dreifiveitna og flutningsfyrirtækisins sæta kæru til kærunefndar, sbr. 30. gr. Við það er miðað að þar sem slíkt er hagkvæmt verði faggiltum skoðunarstofum falið að framkvæma eftirlitið á vegum Orkustofnunar og getur ráðherra sett reglur um hvernig slíku eftirliti skuli háttað. Eftirlit faggiltra skoðunarstofa getur einkum átt við vegna eftirlits með leyfum. Ber orkufyrirtækjunum að greiða fyrir þjónustu faggiltra skoðunarstofa, sbr. 31. gr.

Um 25. gr.

Í greininni er kveðið á um heimildir Orkustofnunar. Í frumvarpinu er við það miðað að eftirlit byggist eins mikið og kostur er á innra eftirliti fyrirtækjanna sjálfra. Ekki verður þó hjá ákveðnu beinu eftirliti komist. Á það einkum við vegna gjaldskráreftirlits. Samkvæmt 12. gr., sbr. og 17. gr., er flutningsfyrirtækinu og dreifiveitum skylt að senda Orkustofnun upplýsingar um gjaldskrá með ákveðnum fyrirvara. Í þessari grein er gert ráð fyrir að Orkustofnun geti enn fremur óskað eftir gögnum frá eftirlitsskyldum aðilum. Slík gagnasöfnun getur verið liður í eftirliti með innra eftirliti fyrirtækjanna eða þáttur í sérstakri könnun. Sérstakar kannanir getur Orkustofnun framkvæmt að eigin frumkvæði eða vegna kvartana eða ábendinga annarra. Orkustofnun fær ríkar rannsóknarheimildir. Við það ber að miða að Orku-

stofnun beiti eins hóflegum aðferðum og kostur er við eftirlit sitt. Hins vegar verður stofnunin að geta gripið til vettvangskannana ef sérstakar ástæður krefjast þess, svo sem ef ætla má að upplýsingum sé haldið frá stofnuninni. Þá getur verið nauðsynlegt að framkvæma vettvangskannanir við eftirlit með því að skilyrðum, t.d. í virkjanaleyfi, sé fylgt við uppbyggingu virkjana. Getur Orkustofnun eins og greinir í 24. gr. frumvarpsins falið faggiltri skoðunarstofu framkvæmd eftirlits á sínum vegum. Ber eftirlitsskyldum aðilum að greiða fyrir kostnað vegna eftirlitsins enda sé ekki um úrtakseftirlit að ræða.

Um 26. gr.

Orkustofnun getur lagt á dagsektir ef ekki er farið að tilmælum hennar. Þá getur Orkustofnun komið í veg fyrir gildistöku gjaldskrár. Ber fyrirtækjum að tilkynna stofnuninni um gjaldskrárbreytingar með tveggja mánaða fyrirvara. Á þeim tíma fer Orkustofnun yfir gjaldskrána og telji hún hana ekki samræmast lögunum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim hafnar hún gildistöku gjaldskrárinnar. Þá er gert ráð fyrir að Orkustofnun geti einnig gert fyrirtækjum að breyta gjaldskrá sem tekið hefur gildi. Íhlutun Orkustofnunar getur þannig verið fyrir fram eða eftir á en meginreglan er sú að hún skuli vera fyrir fram.

Um 27. gr.

Í greininni er kveðið á um eftirlit Samkeppnisstofnunar. Greinin er til áréttingar um að Samkeppnisstofnun fer með eftirlit samkvæmt samkeppnislögum vegna vinnslu og sölustarfsemi. Enn fremur þykir rétt að árétta að stofnunin fer einnig með eftirlit með flutningsfyrirtækinu og dreifiveitum að svo miklu leyti sem sérreglur gilda ekki um starfsemina samkvæmt frumvarpinu. Sérstakar reglur gilda um aðskilnað frá öðrum rekstri, gjaldskrá, tengiskyldu, jafnræði gagnvart viðskiptavinum, öryggi og gæði afhendingar.

Um 28. gr.

Í greininni er Löggildingarstofu falið tæknilegt eftirlit með orkufyrirtækjum, þ.e. gæðum og afhendingaröryggi. Á eftirlitið fyrst og fremst að byggjast á innra eftirliti fyrirtækjanna sjálfra. Gert er ráð fyrir að Löggildingarstofa geti falið faggiltum skoðunarstofum að framkvæma eftirlitið. Eru þá fyrst og fremst hafðar í huga árlegar úttektir til að kanna hvort rétt sé að innra eftirlitinu staðið. Faggiltar rafskoðunarstofur framkvæma slíkt eftirlit í dag vegna eftirlits á grundvelli laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Ætti að vera unnt að sameina þessar skoðanir að miklu leyti og þar með koma í veg fyrir að fjöldi eftirlitsheimsókna aukist. Ber orkufyrirtækjunum að greiða fyrir þjónustu faggiltra skoðunarstofa, sbr. 31. gr.

Löggildingarstofa getur framkvæmt eða látið framkvæma skoðanir í fyrirtækjum að eigin frumkvæði eða vegna kvartana eða ábendinga. Slíkar skoðanir ber eingöngu að framkvæma þegar rökstuddur grunur er fyrir hendi. Komist Löggildingarstofa að því að einhverju sé áfátt getur hún krafist þess að úr verði bætt að viðlögðum dagsektum.

Um 29. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Lagt er til að sérstök kærunefnd fjalli um ákvarðanir Orkustofnunar og Löggildingarstofu er lúta að starfsemi og gjaldskrá flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna. Um skýringu á því í hverju slíkar ákvarðanir geta falist vísast til athugasemda við 24. gr. Kærunefndin á einnig

að hafa það hlutverk að skera úr hvert skuli vera hæfilegt endurgjald vegna afnota flutningsfyrirtækisins af flutningsvirkjum í eigu annarra. Sérstök kærunefnd á að tryggja hlutlæga og faglega meðferð mála. Lagt er til að formaður og varamaður hans fullnægi skilyrðum hæstaréttardómara. Ekki er kveðið á um hæfisskilyrði annarra en eðlilegt er að um aðila sé að ræða, hagfræðing og verkfræðing eða menn með sambærilega menntun, sem hafa sérþekkingu á starfsemi fyrirtækja sem nefndin fjallar um. Um hæfi þeirra fer að öðru leyti samkvæmt stjórnsýslulögum.

Um 31. gr.

Lagt er til að innheimt verði gjald til að standa undir eftirlitskostnaði, þ.m.t. kostnaði vegna kærunefndarinnar. Meginþungi eftirlitsins mun vera með flutningsfyrirtækinu og dreifiveitum. Til að tryggja jafna og eðlilega dreifingu gjaldsins er mælt fyrir um að það verði lagt á flutningsfyrirtækið við mötun inn á flutningskerfið og á dreifiveitur við úttekt af flutningskerfinu til dreifiveitna. Hlutfallstölurnar taka mið af því að árleg orkunotkun til almennra nota sé 2700 GWst og samtals sé orkunotkun um 8000 Gwst á ári. Miðað við að lagt verði gjald á flutningsfyrirtækið sem nemur 0,35 aurum á kWst vegna orku sem mötuð er inn á flutningskerfið ber flutningsfyrirtækið því um 28 millj. kr. á ári. Miðað við að lagt sé gjald á dreifiveitur sem nemur 0,8 aurum á kWst vegna raforku sem móttekin er frá flutningskerfinu bera dreifiveitur um 22 millj. kr. á ári.

Í 2. mgr. segir að eftirlitsskyldir aðilar skuli greiða fyrir kostnað vegna eftirlits faggiltra skoðunarstofa. Er þá einkum haft í huga reglubundið eftirlit eða sérstakt eftirlit sem af einhverjum ástæðum er nauðsynlegt að hafa með ákveðnum aðilum, svo sem vegna framkvæmda á grundvelli leyfis. Sérstaklega er tekið fram að eftirlitsskyldum aðilum beri ekki að greiða kostnað vegna úrtakseftirlits.

Um VIII. kafla.

Í kaflanum eru almenn ákvæði um leyfisveitingar, svo sem um framsal leyfa, gjaldtöku, málsmeðferð o.fl.

Um 32. gr.

Lagt er til að ráðherra geti framselt vald sitt til útgáfu leyfa til Orkustofnunar. Þar sem leyfi eiga að byggjast á hlutlægum, gegnsæjum viðmiðum og tæknilegri þekkingu getur verið hagkvæmt og eðlilegt að framselja vald ráðherra til fagstofnunar ráðuneytisins. Tryggir það m.a. að unnt verði að kæra ákvarðanir er lúta að leyfum til iðnaðarráðuneytisins.

Um 33. gr.

Höfð var hliðsjón af gjöldum vegna útgáfu leyfa á grundvelli laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Um 34. gr.

Í greininni eru lagðar til málsmeðferðarreglur sem eiga að tryggja faglega, hlutlæga og gegnsæja meðferð mála. Viðkomandi leyfi snerta ríka almannahagsmuni og því er eðlilegt að kynna umsókn almenningi. Mælt er fyrir um ákveðinn frest umsagnaraðila til að skila inn umsögnum sínum. Á með því að hraða málsmeðferð. Þegar ráðherra hefur fengið öll gögn í hendur vegna málsins ber honum að taka ákvörðun eins fljótt og kostur er.

Um 35. gr.

Samkvæmt frumvarpinu verður umsækjandi um leyfi að uppfylla bæði almenn og sérstök skilyrði. Af þeim sökum er eðlilegt að ráðherra meti hvort framselja megi leyfi.

Um 36. gr.

Í greininni er mælt fyrir um úrræði ráðherra vegna vanefnda leyfishafa. Getur ráðherra breytt eða afturkallað leyfi. Áður en að þessum úrræðum kemur hefur Orkustofnun eða Löggildingarstofa að jafnaði beitt öðrum vægari úrræðum til að reyna að knýja á um að leyfishafi uppfylli skyldur sínar. Tekið er fram að í vissum tilvikum megi svipta leyfishafa leyfi án aðvörunar, þar á meðal ef um er að ræða aðstæður þar sem leyfishafi getur ekki uppfyllt skyldur sínar. Gjaldþrotaskipti leyfishafa eru dæmi um aðstæður sem almennt ættu að leiða til þess að leyfi verði afturkallað.

Um IX. kafla.

Í kaflanum eru ýmis ákvæði, svo sem um yfirstjórn, framkvæmdir á landsvæðum í ríkiseign, raforkuskýrslu, veitingu rannsóknarleyfa o.fl.

Um 37. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 38. gr.

Hliðstætt ákvæði er að finna í 31. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Í flestum tilvikum fer landbúnaðarráðuneytið með málefni jarða í ríkiseign, sbr. ákvæði jarðalaga. Um leyfi til framkvæmda og um endurgjald fyrir auðlindir í þjóðlendum og leigu fyrir nauðsynlegt land og önnur réttindi sem leyfishafi þarf til að hagnýta auðlind í þjóðlendum sem leyfið tekur til fer eftir lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Um 39. gr.

Raforka er afar mikilvæg í allri starfsemi í landinu. Mikilvægt er að raforkumálum sé þannig háttað að nægt framboð sé fyrir hendi og að afhending raforku sé tryggð. Upplýsingagjöf um ástand raforkumarkaðarins er mikilvæg í því sambandi og þykir nauðsynlegt að ráðherra upplýsi Alþingi reglulega um þróun mála.

Um 40. gr.

Í greininni er kveðið á um að lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, taki til rannsókna á orkulindum til raforkuvinnslu. Mikilvægt er að samræmi sé við útgáfu leyfa til rannsókna óháð því til hvers þær eru stundaðar. Oft getur málum verið svo háttað að ekki er vitað hvort rannsóknir leiði til raforkuvinnslu eða framleiðslu á heitu vatni. Þá getur verið stefnt að hvoru tveggja.

Um 41. gr.

Í tilskipun ESB 96/92 um innri markað raforku eru gerðar kröfur um reikningsgerð raforkufyrirtækja. Með þessari grein er þeim kröfum fullnægt.

Um 42.–45. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Ákvæðið á að tryggja að þeir sem nú eiga, reisa eða reka raforkuver samkvæmt heimild í lögum haldi þeim rétti sínum. Á það m.a. við um leyfi sem grundvallast á lögum nr. 60/1981, um raforkuver. Þeir verða engu að síður að uppfylla þær skyldur sem lagðar eru á vinnslufyrirtæki í frumvarpinu og kröfur um aðskilnað frá einokunarstarfsemi á orkusviði.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Ákvæðið á að tryggja að dreifiveitur sem nú starfa haldi þeim réttindum sem þær hafa í dag til að eiga og reka dreifikerfi sín. Þær verða að uppfylla skilyrði laga þessara við starfsemi sína og geta misst leyfi sín ef þau eru ekki uppfyllt. Ráðherra mun skilgreina dreifiveitusvæði í reglugerð. Þurfa þær dreifiveitur sem starfa í dag að hlíta því að veitusvæði þeirra geti breyst og þau hugsanlega skipst í fleiri veitusvæði. Gerð er krafa um að haldið sé sérstakt bókhald um hvert veitusvæði sem starfandi veitur verða að fylgja.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Í ákvæðinu eru sett tíma- og stærðarmörk fyrir opnun raforkumarkaðarins. Hafa dreifiveitur áfram skyldu til að selja raforku til viðskiptavina sinna til 31. desember 2004, nema þeir óski eftir að skipta um seljanda. Verður dreifiveitan að halda sölustarfsemi sinni aðskilinni frá dreifistarfsemi í bókhaldi. Fram til 31. desember 2003 geta þeir sem kaupa meira en 5 GWst á ári skipt um seljanda. Gert er ráð fyrir að fleiri notendur geti keypt raforku sameiginlega og að sami viðskiptavinur geti verið með fleiri en einn mæli. Ekki er krafist í þessu sambandi að viðskiptavinur sé innan sama dreifisvæðis. Af þessu má ráða að eitt ár líður frá því að öllum er frjálst að skipta um raforkusala og þar til heimild dreifiveitna til að selja raforku fellur niður. Á þessum tíma verða notendur að gera samninga við söluaðila um kaup á raforku.

Fylgiskjal I.

Bréf fjármálaráðuneytis.

(11. desember 2000.)

Um þessar mundir er í undirbúningi í iðnaðarráðuneyti gerð frumvarps er varðar nýskipan raforkumála í samræmi við tilskipun ESB nr. 92/96. Í dag er eignarform raforkufyrirtækja með þeim hætti að þau eru undanþegin skattskyldu, sbr. 3. tölul. 4. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Þá er einnig að finna ákvæði í sérlögum sem tryggja einstökum raforkufyrirtækjum skattfrelsi.

Í tengslum við framangreindar breytingar í samræmi við tilskipun ESB er nauðsynlegt að tryggja að skattalegt jafnræði ríki á þessu sviði, óháð eigna- og félagaformi orkufyrirtækja. Fjármálaráðherra hefur því ákveðið að skipa starfshóp um skattalegt umhverfi raforkufyrirtækja, með það fyrir augum að tryggja jafnræði í skattalöggjöfinni á því sviði.

Þér eruð hér með skipuð í starfshópinn. Aðrir í starfshópnum eru: Maríanna Jónasdóttir, viðskiptafræðingur í fjármálaráðuneytinu, formaður, Guðmundur Guðbjarnarson, viðskipta-

fræðingur hjá ríkisskattstjóra, Bragi Gunnarsson, lögfræðingur hjá ríkisskattstjóra, og Ólafur Páll Gunnarsson, lögfræðingur í fjármálaráðuneytinu.

Fjármálaráðherra ákveður nefndarmönnum þóknun að fengnum tillögum þóknananefndar.

Fylgiskjal II.

Bréf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis.

(23. febrúar 2001.)

Í iðnaðarráðuneytinu er unnið að frumvarpi til raforkulaga. Í því er m.a. kveðið á um aðskilnað samkeppnis- og einokunarþátta í rekstri raforkufyrirtækja þannig að framleiðsla og sala verður aðskilin frá flutningi og dreifingu. Við það er miðað að félagslegum skyldum verði aflétt af raforkufyrirtækjum. Af því leiðir að kostnaður þeirra vegna óarðbærra eininga í aðveitu- og dreifikerfinu mun endurspeglast í gjaldskrá veitufyrirtækja.

Iðnaðarráðherra hefur ákveðið að skipa starfshóp til að meta kostnað vegna óarðbærra eininga í aðveitu- og dreifikerfi landsins í dag og koma með tillögur um hvernig beri að mæta þeim kostnaði í breyttu skipulagi á raforkumarkaði svo að allir landsmenn taki sem jafnastan þátt í honum. Við það ber að miða að heildarumfang verðjöfnunar vegna óarðbærra eininga í aðveitu- og dreifikerfinu verði svipað og síðastliðin ár.

Starfshópurinn skal skila niðurstöðum sínum til iðnaðarráðherra eigi síðar en 15. apríl 2001.

Í starfshópinn eru skipaðir:

Friðrik Már Baldursson prófessor.

Helgi Bjarnason skrifstofustjóri sem jafnframt er skipaður formaður.

Kristín Haraldsdóttir lögfræðingur.

Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóri.

Lúðvík Guðjónsson viðskiptafræðingur.

Starfsmaður hópsins verður Jón Vilhjálmsson verkfræðingur.

Fylgiskjal III.

Friðrik Már Baldursson,
Hagfræðistofnun Háskóla Íslands:

Hvað geta Íslendingar lært af óförum raforkumarkaðarins í Kaliforníu?

(1. mars 2001.)

Undanfarna mánuði hafa raforkumál í Kaliforníu verið áberandi í fréttum. Ástæðan er skortur á raforku sem lýsir sér í gríðarlegum verðhækkunum og jafnvel skömmtun á álagstímum. Raforkumarkaður fylkisins er nú kominn í algerar ógöngur og stærstu veitufyrirtækin ramba á barmi gjaldþrots. Í fjölmiðlum er skuldinni oft á tíðum skellt á markaðsvæðingu raforkukerfisins. Þetta er kannski eðlilegt því í stað þeirrar gnægðar af hreinni og ódýrri orku sem markaðsvæðingin átti að færa neytendum ríkir skortur og hátt verð. Að auki er farið að ræða tilslakanir í umhverfismálum til að ástandið megi batna!

Markmiðið hér er að fara stuttlega yfir þróunina í Kaliforníu, bakgrunn hennar og hugsanlegar ástæður. Á erlendum vettvangi er mikið fjallað um færar leiðir úr ógöngunum, en það er ekki ætlunin hér, heldur verður fjallað um framtíðina á Íslandi í ljósi þessara atburða, hvort hætta er á að svipað ástand komi upp hérlendis í framhaldi af nýju skipulagi raforkumála og hvað ber að varast í því sambandi. Áður en lengra er haldið er ástæða til að minna á hin fjölmörgu lönd og raunar einnig fylki í Bandaríkjunum sem hafa komið á markaðsbúskap í raforkukerfum sínum og gengið vel. Þróunin í Kaliforníu er undantekning, en ekki regla og ástæðan til að skoða hana er fyrst og fremst sú að reyna að átta sig á hvað ber að varast.

Helstu niðurstöður.

Helstu niðurstöður úr þessari skoðun eru eftirfarandi:

- Margir þættir lögðust á eitt í Kaliforníu ogýttu undir hækkanir heildsöluverðs á rafmagni. Þeir helstu eru:
  - Spurn eftir raforku síðasta áratuginn hefur aukist um fjórðung, en framboð hefur nánast staðið í stað. Lítil umframorka var því til reiðu síðastliðið vor.
  - Óvænt aukning eftirspurnar varð síðasta sumar þegar óvenjulega heitt var í vesturfylkjum Bandaríkjanna. Þurrkar í norðvesturfylkjunum minnkuðu framboð á vatnsorku og mikið var um óvæntar lokanir gasorkuvera vegna bilana og viðhalds.
  - Vinnslukostnaður raforku úr gasi og öðru jarðefnaeldsneyti margfaldaðist á síðasta ári vegna verðhækkana á gasi og losunarheimildum fyrir mengunarvalda.
- Framangreindir þættir hefðu leitt til þurrðar á raforku og aukins kostnaðar við orkuöflun óháð ríkjandi markaðsskipulagi. Alvarlegir brestir í hönnun markaðarins gerðu ástandið enn verra en ella og leiddu á endanum til þess að stærstu rafveitur Kaliforníu komust í greiðsluþrot. Hér ber að nefna eftirfarandi atriði:
  - Veitur voru látnar selja orkuver sín, en var ekki leyft að gera langtímasamninga um orkukaup. Þær urðu því að gera öll innkaup á dægurmarkaði og var ókleift að stýra áhættu sinni.
  - Hámark (þak) var sett á smásöluverð frá veitunum, en heildsöluverð á dægurmarkaði hefur verið mun hærra en þakið frá maí sl. Afleiðingin varð tap sem nam 12 milljörðum bandaríkjadala (1.000 milljörðum ISK) í janúar sl.
  - Stærstu veiturnar hættu að greiða af skuldum sínum í janúar. Lánstraust þeirra varð þá að engu, sem gerði orkuinnkaup fyrirtækjanna erfiðari.
  - Vegna verðþaks hafa neytendur enga efnahagslega hvata til að draga úr notkun sinni. Eina færa leiðin þegar eftirspurn fer fram úr orkuframboði er því skömmtun.
  - Fyrirkomulag markaðarins er mjög flókið. Samhæfing og stjórnun er því erfið. Dæmi um þetta er aðskilnaður dægurmarkaðar frá kerfisstjórn með 25 manna stjórnum hagsmunaaðila fyrir hvora stofnun.
- Vísbendingar eru um að einhverjir vinnsluaðilar hafi notfært sér ástandið til að hækka verð á raforku. Þurrð á raforku, flókið markaðskerfi og slæleg samhæfing gerir slíkt auðveldara en ella.
- Veigamesta ástæðan fyrir orkuskortinum er að sjálfsögðu vöntun á fjárfestingum í nýjum orkuverum. Líklegt er að meginástæðan þar séu flóknar, strangar og síbreytilegar reglur í umhverfismálum sem fela í sér verulega áhættu fyrir fjárfesta vegna hættu á málaferlum, töfum og ófyrirsjáanlegum kostnaði. Enn fremur hefur fjármögnun nýrra söluaðila á óhagkvæmum fjárfestingum veitufyrirtækjanna frá fyrri árum hamlað því að nýir aðilar komi inn á markaðinn.

- Miðað við fyrirliggjandi drög að frumvarpi til nýrra raforkulaga er ákaflega ólíklegt að Ísland lendi í sömu ógöngum og Kalifornía. Brestir þeir sem eru á skipulagi raforkumarkaðarins í Kaliforníu eru einfaldlega ekki til staðar. Þó er ástæða til að huga vandlega að því að efnahagslegir hvatar séu til að byggja ný orkuver með nægjanlegum fyrirvara.
- Í núverandi skipulagi hefur Landsvirkjun svarað sveiflum í eftirspurn rafveitna án þess að samningar um slíkt liggi fyrir. Líklega mun þetta breytast í nýju umhverfi, en ekki er ljóst hvernig markaðurinn mun þróast og hvort dægurmarkaður verður til staðar. Með hliðsjón af reynslunni í Kaliforníu virðist skynsamlegt að hvetja markaðsaðila til að gera samninga til lengri tíma um tiltekið hlutfall orkuviðskipta sinna.
- Ástæða er til að huga að því að í hinu nýja umhverfi verði tryggt með samningum eða ákvæðum í vinnsluleyfum að heimildir til skerðingar orkusölu til stóriðju verði áfram til staðar við tilteknar aðstæður. Enn fremur gæti kerfisstjóri samið um framsal á orku við stóriðjufyrirtæki ef óvænt þurrð verður á orku.
- Seljendur raforku geta stuðlað að skilvirkari markaði með því að koma á verðlagningu sem breytist eftir álagstímum. Það krefst þess að notkun sé mæld fyrir mismunandi tíma dags. Fram til þessa hefur búnaður til slíks hefur verið of dýr til að þetta hafi borgað sig, en framfarir í upplýsingatækni eru óðum að breyta því.

Mynd 1. Verð á skyndimarkaðnum í Kaliforníu.
USD/MWh við hámarksálag.



Heimild: www.economist.com /Cambridge Energy Research Associates.

Skipulag raforkumála í Kaliforníu.

Raforkukerfið í Kaliforníu fram til ársins 1996 einkenndist af heföbundnum veitufyrirtækjum sem sáu um alla þætti raforkumarkaðarins, allt frá vinnslu til smásölu, á tilteknu svæði og höfðu einkarétt til slíkrar starfsemi, hvert á sínu svæði. Verðlagning byggðist á framleiðslukostnaði fyrirtækjanna. Þau gátu því velt auknum kostnaði óhindrað út í verðlag sem leiddi til offjárfestingar og hás raforkuverðs.

Markaðsvæðing raforkumála í Kaliforníu hófst árið 1996 að undangenginni mikilli umræðu og undirbúningi. Í grófum dráttum má segja að nýskipanin hafi falist í skiptingu raforkugeirans í fjögur meginsvið – vinnslu, flutning, dreifingu og sölu – svipaðri þeirri sem stuðst var við í Bretlandi og Noregi og síðar í tilskipun ESB um innri markað fyrir raforku. Raunar áttu skipulagsbreytingarnar í Bretlandi að vera fyrirmyndin að því sem varð í Kaliforníu. Í mjög stuttu máli er hugmyndin að baki þessari skiptingu sú að tryggja að samkeppni ríki í vinnslu og sölu raforku eins og með hverja aðra vöru eða þjónustu. Hins vegar er talið að flutningur og dreifing raforku séu náttúruleg einkaréttarsvið. Einhverjum einum aðila er því falið að sjá um flutning og/eða dreifingu á tilteknum svæðum, en tveir fyrrnefndu þættirnir eru gefnir frjálsir.[1] Í skipulagi af þessu tagi er hlutverk kerfisstjóra, sem sér til þess að jafna ávallt framboð og eftirspurn, mjög mikilvægt. Víðast hvar rekur kerfisstjórinn skyndimarkað fyrir raforku, dægurmarkað, þar sem gerð eru tilboð um kaup og sölu til skamms tíma, yfirleitt einn dag fram í tímann. Í tengslum við slíkan markað þróast yfirleitt staðlaðir, framvirkir samningar um raforkukaup.

Þrátt fyrir að þessi hugmynd liggi að baki skipulagsbreytingunum í Kaliforníu var hart tekist á um breytingarnar. Ýmsir þrýstihópar og stjórnmálamenn, sem eflaust töldu sig vera að gæta almannahagsmuna, náðu fram takmörkunum af ýmsu tagi á athöfnum veitufyrirtækjanna. Enn fremur varð kerfið mjög flókið sem varð til þess að samhæfing er erfið og viðbrögð við vandkvæðum slæleg. Í þessu sambandi má nefna að kerfisstjórn og skyndimarkaður eru hvort um sig rekin af sérstökum fyrirtækjum sem lúta 25–26 manna stjórnum þar sem sitja fulltrúar hinna ýmsu hagsmunaaðila („stakeholders"). Enn fremur er allt regluverkið og eftirlitskerfið mjög flókið með afskiptum fylkis og alríkis á öllum stigum. Við þetta bætast strangar og flóknar reglur í umhverfismálum sem hafa veruleg áhrif á byggingu og rekstur vinnslu og flutningsmannvirkja. Undirbúningstími að fjárfestingum í nýrri flutnings- eða vinnslugetu er því mjög langur og mun vera að jafnaði tvöfalt lengri en víðast hvar annars staðar í Bandaríkjunum.[2] Vinnslustöðvar sem brenna jarðefnaeldsneyti eru sérstaklega háðar takmörkunum á losun efna sem valda staðbundinni mengun (NO_x).[3]

Það sem átti eftir að reynast sérstaklega afdrifaríkt í Kaliforníu var að veitufyrirtækjunum í Kaliforníu var gert að selja megnið af vinnslugetu sinni, en var jafnframt bannað að gera samninga til lengri tíma um orkukaup við þá sem keyptu vinnsluhlutann eins og tíðkast hefur víðast hvar annars staðar. Í stað þess var veitunum gert skylt að kaupa orkuna á skyndimarkaðnum á verði hvers tíma. Jafnframt var sett þak á smásöluverð raforku (USD 65/MWh – u.þ.b. 5,7 kr./kWh). Markmiðið með þessu var að koma ætluðum ávinningi af markaðsvæðingunni strax til neytenda, en jafnframt var veitunum gert ókleift að tryggja sig gegn sveiflum í markaðsverði. Til að gefa veitunum kost á að aðlagast nýja kerfinu var hins vegar komið á sérstöku gjaldi („Competition Transition Charge" – CTC) sem lagt er á söluaðila til ársins 2002. Tekjum af gjaldinu er ætlað að greiða niður offjárfestingar fyrri ára að hluta. Áhrifin eru að sjálfsögðu þau að draga úr samkeppni og nýju framboði á markaðnum.

---

[1] Sjá nánar um þetta í skýrslu orkunefndar frá 1996. Sjá einnig stutt yfirlit í greinum höfundar sem birtust í Morgunblaðinu í maí 2000 og eru einnig á vefslóðinni www.hi.is/~fmbald.

[2] California's Power Crisis, The Economist January 20th 2001.

[3] Sjá kafla 4 í skýrslu Federal Energy Regulatory Commission (FERC): Staff Report to the Federal Energy Regulatory Commission on Western Markets and the Causes of the Summer 2000 Price Abnormalities. Federal Energy Regulatory Commission, November 1, 2000.

Þróunin á markaðnum.

Allt fram í maí á síðasta ári gekk markaðurinn bærilega þrátt fyrir allt þótt raunar væri bent á að verðlag væri hærra en eðlilegt væri ef full samkeppni ríkti á markaðnum.[4] Sjaldan kom til þess að skortur yrði á raforku og meðalverð á skyndimarkaðnum var oftast vel fyrir neðan það verðþak sem veitufyrirtækin sættu.[5] Í maí varð hins vegar gerbreyting á þessu, verð hækkaði mikið og fjöldi skilgreindra neyðartilvika þar sem þurrð varð á raforku margfaldaðist frá fyrri árum. Verðtoppar á skyndimarkaðnum fóru í mörg hundruð dollara á MWh og meðalverð á markaðnum síðasta sumar var á bilinu 100–160 USD/kWh (sjá mynd 2). Veitufyrirtækin hafa því þurft að kaupa rafmagn á mun hærra verði en þau hafa mátt selja og tap þeirra hefur verið gríðarlegt.

Mynd 2. Verð á skyndimarkaðnum í Kaliforníu janúar – nóvember 2000.
Sýnt er meðalverð („average“) og hámarksverð („max“) í hverjum mánuði.



Heimild: William Hogan, Harvard-háskóli.

Aðeins dró úr vandræðunum í október, en síðan ágerðust þau aftur og komið hefur til skömmtunar raforku með því að taka straum af svæðum til skiptis. Í janúar sl. höfðu veiturnar safnað skuldum sem námu 12 milljörðum dollara, eða um 1.000 milljörðum íslenskra króna. Lánstraust þeirra varð þá að engu, sem gerði orkuinnkaup fyrirtækjanna erfiðari, og virðist allt stefna í þjóðnýtingu þessara fyrirtækja af hálfu fylkisins þótt ekki sé komin niðurstaða í það mál þegar þetta er ritað.

---

[4] Sjá t.d. Borenstein, Bushnell og Wolak, „Diagnosing Market Power in California's Deregulated Wholesale Electricity Market“, University of California Energy Institute, August 2000. Niðurstaðan er að markaðsverð hafi verið 16% hærra en verð á samkeppnismarkaði á gagnatímabilinu sem var júní 1998 til september 1999.
[5] Sjá 2. kafla skýrslu FERC.

Skýringar.

Það er freistandi að skella skuldinni af þessum óförum á markaðsvæðingu raforkukerfisins. Er það ekki gríðarlega hátt verðlag á skyndimarkaðnum sem hefur sett veitufyrirtækin í Kaliforníu á hausinn? Þegar grannt er skoðað er skýringanna þó öllu fremur að leita í alvarlegum ágöllum á fyrirkomulagi markaðarins sem gera kerfið viðkvæmt fyrir áföllum. Það kann að hljóma einkennilega nú, en viðkomandi ákvæðum var ætlað að gefa veitunum kost á að aðlagast nýju umhverfi. Verstu gallarnir eru því tímabundnir og með heppni hefði þessi slæma staða aldrei komið upp. Það sem gerðist síðastliðið ár var að hitar og þurrkar gerðu hvort tveggja að auka eftirspurn eftir raforku og draga úr framboði vatnsorku sem er mikilvæg á þessu svæði. Í haust og vetur voru síðan miklir kuldar í norðvesturfylkjum Bandaríkjanna sem bættu gráu ofan á svart. Því fór sem fór.

Mynd 3. Raforka í Kaliforníu.

Vinstri mynd: eftirspurn í GWh. Hægri mynd: Vinnslugeta í MW.



Heimild: www.economist.com /Cambridge Energy Research Associates.

Við fyrstu sýn virðast skýringar á verðþróuninni í Kaliforníu einfaldar. Mikill hagvöxtur í fylkinu undanfarin ár hefur leitt til þess að eftirspurn raforku hefur aukist hröðum skrefum. Framboð hefur hins vegar staðið í stað (sjá mynd 3). Þetta kemur ekki svo mikið að sök meðan umframafkastageta er í kerfinu eða ef hægt er að flytja inn orku frá nágrannaríkjum. Ef það er ekki hægt hækkar dægurverð (verð á skyndimarkaði) og við eðlilegar aðstæður jafnar það eftirspurn og framboð. Verðbreytingar hafa raunar almennt takmörkuð áhrif á spurn eftir raforku og því getur dægurverðið orðið mjög hátt þegar komið er að mörkum þess sem vinnslan afkastar. Vegna þaks á smásöluverði hjá veitunum í Kaliforníu draga neytendur ekki úr notkun sinni þótt verð hækki og fortölur og beiðnir um að draga úr orkunotkun hafa að jafnaði ekki mikil áhrif. Hækkanir á heildsöluverði verða því ávallt töluverðar við þær aðstæður sem lýst er hér og verða enn meiri vegna þaksins á smásöluverði. Þegar kemur að því að afkastageta er uppurin og ekki er hægt að fá orku annars staðar frá kemur til skammtana í kerfi sem þessu þar sem skilaboð þau sem felast í háu markaðsverði ná aldrei til neytenda.

Síðastliðið vor var mjög lítil umframafkastageta í raforkukerfi Kaliforníu og raunar í öllum vesturfylkjum Bandaríkjanna. Miklir hitar og hagvöxtur í fylkinu og nágrannafylkjum ollu því að eftirspurn jókst hröðum skrefum. Á svokölluðu vestursvæði var raforkunotkun

í maí og júní yfir 10% meiri en árið 1999. Framboð var hins vegar minna en árið áður vegna þurrka sem drógu úr framleiðslugetu vatnsorkuvera og vegna lokana á gasorkuverum, sem mörg hver eru orðin gömul og léleg. Enn fremur jókst útflutningur raforku *frá* Kaliforníu.

Kostnaður við vinnslu raforku með gasi og öðru jarðefnaeldsneyti hækkaði mjög mikið á árinu 2000. Verð á náttúrulegu gasi þrefaldaðist og verð á NO_x losunarheimildum áttfaldaðist. Þetta lagði sitt lóð á vogarskálarnar því rekstrarkostnaður á gastúrbínum þrefaldaðist frá ársbyrjun og fram á sumar.

Það fóru því saman mikil eftirspurn og minnkandi framboð á svæði sem þegar var orðið aðkreppt með orku. Að auki hækkaði kostnaður við orkuvinnslu. Raforkuverð hefði því ávallt hækkað við þessar kringumstæður hvernig sem í pottinn var búið. Allt eru þetta góðar og gildar skýringar á því hvers vegna raforkuverð hækkaði. Því er samt ósvarað hvernig stendur á því að framboð á orku hefur staðið í stað síðustu árin á meðan eftirspurn hefur vaxið hröðum skrefum? Eru aðrir ágallar á skipulagi markaðarins sem leiddu til þess að verð varð svo hátt? Enn fremur er ástæða til að velta því fyrir sér hvort einhverjir vinnsluaðilar eða orkuheildsalar hafi markvisst beitt aðstöðu sinni til að hækka orkuverð og maka krókinn. Erfitt er að skera úr um síðastnefnda atriðið, en þó er talið að verð hafi orðið hærra en hægt er að skýra með samspili framboðs og eftirspurnar eða hækkandi framleiðslukostnaði.[6] Það er raunar svo að þegar álag verður mjög mikið á raforkukerfi getur aðili með tiltölulega litla markaðshlutdeild haft veruleg áhrif á dægurverð á uppboðsmarkaði.

Töluvert hefur verið fjallað um ástæður þess að engin orkuver hafa verið byggð síðustu 10 ár í Kaliforníu, en á sama tíma hefur eftirspurn aukist um fjórðung. Líklegt er að meginástæðan þar sé flóknar, strangar og síbreytilegar reglur í umhverfismálum sem fela í sér verulega áhættu fyrir fjárfesta vegna hættu á málaferlum, töfum og ófyrirsjáanlegum kostnaði við fjárfestingar.[7] Enn fremur hefur fjármögnun nýrra söluaðila á óhagkvæmum fjárfestingum veitufyrirtækjanna á fyrri árum eflaust hamlað því að nýir aðilar komi inn á markaðinn hvort heldur er í Kaliforníu eða í nágrannafylkjunum. Það er þó von á töluverðri vinnslugetu inn á markaðinn á næstu árum, en það verður líklega ekki fyrr en í fyrsta lagi að tveimur árum liðnum sem úr rætist (sjá mynd 4).

[6] Sjá 5. kafla skýrslu FERC og Joskow og Kahn, „A Quantitative Analysis of Pricing Behavior in California's Wholesale Electricity Market During Summer 2000", Sloan School of Business, MIT, November 21 2000.

[7] Oft er talað um „the NIMBY (not in my backyard) syndrome", eða „ekki í mínum bakgarði heilkennin". Tímaritið The Economist gerði grín að ástandinu og skrifaði um BANANA („build absolutely nothing anywhere near anybody") lýðveldið Kaliforníu (8. febrúar 2001).

Mynd 4. Raforkujöfnuður í Kaliforníu.



Heimild: Cambridge Energy Research Associates (www.cera.com).

Hvað markaðsskipulagið sjálft varðar eru afdrifaríkustu mistökin líklega þau að banna veitunum að gera samninga til lengri tíma um orkuverð þegar þau seldu vinnsluhluta sinn frá sér. Þau hafa því ekki haft möguleika til að skipuleggja sig til lengri tíma og verið að mestu komin upp á dægurmarkaðinn. Verðþak á smásöluverð einangraði neytendur algerlega frá hinum raunverulegu markaðsaðstæðum þannig að þeir höfðu engan hvata annan en borgaralega vitund til að draga úr neyslu sinni þrátt fyrir skort á raforku og að auki leiddi þakið til stórfellds taps veitnanna (sjá mynd 5). Að auki eru ýmsir ágallar vegna aðskilnaðar kerfisstjórnarinnar og dægurmarkaðarins sem of langt mál yrði að rekja hér.[8]

[8] William Hogan, virtur hagfræðingur á sviði raforkumála sem gegnir prófessorsembætti við Harvard háskóla, orðar þetta svo (ásamt John Chandley og Scott Harvey): „...the design of the California market embraced the notion that what little the system operator would do should be done inefficiently in order to leave even more coordination problems for the market to solve." Tilvitnun úr „Electricity Market Reform in California", John F. Kennedy School of Government, Harvard, November 2000. Það skal tekið fram að Hogan varaði við aðskilnaði kerfisstjórnar og dægurmarkaðar í grein sem birtist 1995 í Electricity Journal.

Mynd 5. Meðalverð á innkaupsverði raforku í heildsölu hjá veitufyrirtækinu Southern California Edison (SCE) auk smásöluverðs frá fyrirtækinu.



Heimild: www.sce.com.

Mergurinn málsins er að þegar farið var út í markaðsvæðingu að breskri fyrirmynd þá gleymdist að huga að þeim möguleika að ekki yrði nægt framboð á raforku. Veitunum var gert ókleift að skipuleggja raforkukaup til lengri tíma og treyst á að hagnaður af heildsölu raforku yrði nægjanlega aðlaðandi til að nýir vinnsluaðilar kæmu inn á markaðinn þrátt fyrir þá þröskulda sem voru í veginum.

Hvað um Ísland?

Það er eðlilegt að spurt sé hvort Ísland geti lent í svipuðum hremmingum og Kalifornía. Munu skipulagsbreytingar þær er felast í drögum að nýju frumvarpi til raforkulaga leiða okkur í sömu ógöngur? Að hverju þarf að hyggja til að koma í veg fyrir að þetta gerist?

Lykilatriðið varðandi framboð á raforku í markaðskerfi er augljóslega að efnahagslegir hvatar séu til að byggja nýjar virkjanir með nægjanlega löngum fyrirvara fyrir vaxandi eftirspurn og ekki séu illfærar tálmanir af öðru tagi í vegi fyrir því. Nokkur atriði eru mikilvæg í þessu sambandi. Í fyrsta lagi er mikilvægt að hið opinbera leiki ákveðið samræmingarhlutverk, m.a. með því að vinna vandaðar orkuspár og miðla upplýsingum til markaðarins. Einnig verði festa í stefnu stjórnvalda í öllum atriðum sem snerta markaðinn, þ.m.t. skattamálum, samkeppniseftirliti og umhverfismálum. Markaðsóvissa er næg þótt stjórnvöld auki ekki á hana. Enn fremur þarf að gæta hófs í reglusetningu, t.d. í samkeppnismálum, þ.a. fjárfestum sé kleift að tryggja sér sölu á tilteknum hluta orku frá nýjum virkjunum til lengri tíma. Engu síður þarf að gæta þess að ráðandi aðilar misbeiti ekki aðstöðu sinni til að hækka verð-

lag á raforku til lengri eða skemmri tíma umfram það sem eðlilegt er eða hamla innkomu nýrra aðila á markaðinn með óeðlilegum hætti. Enn síður eiga stjórnvöld að hindra innkomu eins og gert var í Kaliforníu.

Það er nokkuð ljóst að ef sömu brestum væri komið á hér og í Kaliforníu gæti Ísland lent í svipuðum óförum þrátt fyrir að aðstæður séu að mörgu leyti ólíkar. Engir möguleikar eru að svo stöddu á innflutningi raforku og ef ófyrirsjáanleg aukning eftirspurnar yrði á nægjanlega skömmum tíma gæti orðið þurrð á raforku með sömu afleiðingum ef markaðsfyrirkomulagið væri áþekkt. Það er hins vegar mjög ólíklegt að slík staða kæmi upp ef litið er til þess fyrirkomulags sem felst í frumvarpsdrögunum. Að því er best verður séð verða aðilar frjálsir að því að gera samninga til lengri tíma og raunar er alls ekki kveðið á um tilvist dægurmarkaðar hvað þá að seljendur raforku séu skyldaðar til að eiga viðskipti á slíkum markaði. Ekki er heldur ætlunin að skylda dreifiveitur til að selja virkjanir sínar. Í núverandi skipulagi hefur Landsvirkjun svarað eftirspurn rafveitna án þess að til staðar séu samningar. Í nýju umhverfi mun þetta breytast, en ekki er ljóst hvernig markaðurinn mun þróast og hvort dægurmarkaður verður til staðar.

Það er ástæða til að taka fram í þessu sambandi að dægurmarkaðir eru mikilvægur hlekkur í raforkukerfum þeirra landa sem hafa komið á markaðsbúskap og hefur gengið vel eins og alls staðar utan Kaliforníu. Dægurmörkuðum er ætlað að jafna framboð og eftirspurn eftir raforku til mjög skamms tíma. Megnið af orkukaupum fer fram með tvíhliða samningum til mismunandi langs tíma svo yfirleitt fer einungis brot af heildarviðskiptum um slíka markaði, en verðsveiflur geta verið miklar á þessum takmarkaða hluta orkuviðskiptanna. Því er fásinna að skylda aðila til að gera öll orkukaup á slíkum markaði án þess að stýra áhættu með framvirkum samningum.

Eins og áður sagði er ekki ljóst hvernig fyrirkomulag verður á viðskiptum hér vegna skammtímasveiflna í framboði og eftirspurn og hvort þörf er á dægurmarkaði þar sem allir markaðsaðilar geta lagt inn tilboð um kaup og sölu. Ef Landsvirkjun og aðrir vinnsluaðilar eru ekki tilbúnir að afhenda raforku fyrirvaralaust eins og verið hefur virðist nauðsynlegt að komið sé á tilboðsmarkaði fyrir dægurviðskipti. Með hliðsjón af reynslunni í Kaliforníu virðist skynsamlegt að tiltaka hver skuli reka slíkan markað ef hann verður til og þá að kerfisstjóri, þ.e. flutningsfyrirtækið, fari með það hlutverk. Einnig er ástæða til að hvetja seljendur til að skipuleggja orkukaup sín með gerð samninga til lengri tíma um tiltekið hlutfall orkunotkunar sinnar. Vegna samkeppnissjónarmiða er ekki ráðlegt að samningar til langs tíma verði yfirgnæfandi í orkuviðskiptum. Betri lausn er að fyrirtæki hafi á hverjum tíma safn samninga til mismunandi langs tíma og finni þannig jafnvægi milli áhættustýringar og sveigjanleika.

Þrátt fyrir þetta er hugsanlegt að upp komi tilvik þar sem skortur er á raforku ef ekki er gripið til sérstakra ráðstafana. Landsvirkjun hefur hingað til tryggt að ekki komi til skerðingar orkusölu til almennings í slíkum tilvikum með því að skerða afhendingu svokallaðrar afgangsorku, m.a. til stóriðju. Það er ástæða til að huga að því að í hinu nýja umhverfi verði tryggt með samningum eða ákvæðum í vinnsluleyfum að slíkt verði áfram mögulegt við tilteknar aðstæður. Enn fremur gæti kerfisstjóri samið um framsal á orku við stóriðjufyrirtæki ef óvænt þurrð verður á orku. Ef verðmyndun á markaðnum er skilvirk ætti að vísu að verða hagkvæmt fyrir stóriðjuna að draga úr framleiðslu og selja raforku þess í stað inn á almenna markaðinn við slíkar aðstæður, en rétt er að viðhafa fyrirhyggju í þessu efni. Raforkunotkun stóriðju er svo hátt hlutfall af heildarnotkun á Íslandi að ekki þarf hátt hlutfall hennar til að sjá fyrir töluvert mikilli aukningu í eftirspurn almenna markaðarins. Skerðingu orkusölu til

stórnotenda ætti þó aðeins að líta á sem neyðarúrræði til að mæta ófyrirsjáanlegum sveiflum og heimildir til slíks ætti að skapa með samningum.

Seljendur raforku geta stuðlað að skilvirkari markaði með því að koma á verðlagningu sem breytist eftir álagstímum. Það krefst þess að notkun sé mæld fyrir mismunandi tíma dags. Fram til þessa hefur búnaður til slíks hefur verið of dýr til að þetta hafi borgað sig, en framfarir í upplýsingatækni eru óðum að breyta því.

Fylgiskjal IV.

Greinargerð um arðsemis- og hagræðingarkröfur til flutnings- og dreififyrirtækja raforku.

Í greinargerð þessari er að beiðni iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis fjallað um hverjar séu eðlilegar arðsemiskröfur, hámark og lágmark, af bókfærðri eign flutnings- og dreififyrirtækja raforku og hvernig megi skilgreina þær hagræðingarkröfur sem beri að gera til þeirra.

Fyrirtæki geta í grundvallaratriðum fjármagnað starfsemi sína með tvennum hætti. Annars vegar með hlutafjárframlögum og með því að halda eftir hagnaði af rekstrinum. Myndar slík fjármögnun eigið fé. Hins vegar geta fyrirtæki gefið út skuldabréf eða tekið lán með öðrum hætti. Við útreikning á arðsemiskröfu af bókfærðri eign er miðað við vegið meðaltal ávöxtunarkröfu fjármagns af hvorri tegund. Ávöxtunarkrafa á bæði eigið fé og skuldabréf veltur á eiginfjárhlutfalli fyrirtækis enda hefur hlutfallið áhrif á áhættu fjárfesta. Við mat á eðlilegri arðsemiskröfu þarf því að gefa sér ákveðnar forsendur um eiginfjárhlutfallið. Í útreikningum þeim sem hér eru framkvæmdir er í grunntilfelli gert ráð fyrir að eiginfjárhlutfall flutnings- og dreififyrirtækja raforku verði 35%. Þessi forsenda er gerð með vísan í tillögur eftirlitsstofnunar fyrir gas og rafmagnsmarkaði í Bretlandi, Ofgem (The Office of Gas and Electricity Markets), um verðeftirlit með flutningsfyrirtæki raforku í Englandi og Wales, NGC (The National Grid Company). Þar var 30–40% eiginfjárhlutfall talið eðlilegt viðmið. Einnig er höfð hliðsjón af eiginfjárhlutfalli traustra íslenskra fyrirtækja.

Að teknu tilliti til forsendu um 35% eiginfjárhlutfall, ávöxtunarkröfu á skuldabréf traustra íslenskra fyrirtækja með svipað eiginfjárhlutfall og því að rekstrarumhverfi flutnings- og dreifingarfyrirtækja raforku verður að öllum líkindum tiltölulega stöðugt þá er ekki ósennilegt að ávöxtunarkrafa á skuldabréf þeirra verði í námunda við ávöxtun ríkisskuldabréfa að viðbættu 1½ prósentustigs álagi. Ávöxtunarkrafan veltur að vísu einnig á seljanleika bréfanna á markaði og gæti verið hærri hjá smærri fyrirtækjum en lægri hjá þeim stærstu og einnig ef eiginfjárhlutfallið er hærra en 35%. Við mat á eðlilegri arðsemi er því miðað við ávöxtunarkröfu á skuldabréf á bilinu 1¼–1¾ prósentustig umfram vexti ríkisskuldabréfa. Við mat á ávöxtunarkröfu hlutafjár er oft notast við svokallað CAPM líkan (Capital Asset Pricing Model). Samkvæmt því veltur ávöxtunarkrafa umfram „áhættulausa“ ávöxtun á því hversu mikil áhætta hlutabréfa er í hlutfalli við „markaðseignasafnið“, þ.e. eignasafn sem samanstendur af öllum mögulegum fjárfestingarkostum. Iðulega er miðað við að áhættulausa ávöxtun megi nálgast með vöxtum ríkisskuldabréfa og að breytingar í hlutabréfavísitölum nái utan um ávöxtun markaðseignasafnsins. Svonefnt beta gildi er notað til að lýsa áhættunni í hlutfalli við markaðinn. Ef beta gildi viðkomandi hlutabréfa er stærra en 1 er ávöxtunarkrafa þeirra hærri en að meðaltali á markaðinum og lægri ef beta gildið er minna en 1. Ávöxtunarkrafa á hlutafé reiknast þá sem summa ávöxtunar á ríkisskuldabréf og margfeldis beta gildisins og áhættuálags markaðseignasafnsins, þ.e. ávöxtun þess umfram vexti ríkisskuldabréfa.

Þegar eðlileg ávöxtunarkrafa á hlutafé flutnings- og dreififyrirtækja raforku hér á landi er metin með CAPM líkaninu koma einkum upp tvö álitamál. Annars vegar hvert sé áhættuálag markaðseignasafnsins og hins vegar við hvaða beta gildi eigi að miða. Þar sem saga virks verðbréfamarkaðar er stutt hér á landi er stuðst við mat frá Bretlandi og Bandaríkjunum á áhættuálaginu. Í áðurnefndum tillögum Ofgem í Bretlandi var notast við 3½ prósentustig. Samanburður á sögulegri ávöxtun hlutabréfa umfram ríkisskuldabréf í Bandaríkjunum gefur allt að tvöfalt hærra mat en færa má góð rök fyrir því að þar sé um nokkuð ofmat á raunverulegu áhættuálagi að ræða. Með öðrum aðferðum má fá mat sem er ekki fjarri 4–4½ prósentustigum að meðaltali undanfarna fjóra áratugi. Í útreikningunum hér er því miðað við að áhættuálag markaðseignasafnsins sé á bilinu 3½–5 prósentustig og 4 prósentustig í grunntilfelli.

Að því er varðar viðmiðunargildi fyrir beta stuðulinn þá valdi eftirlitsstofnunin í Bretlandi í fyrrnefndri skýrslu að miða við gildið 1, þ.e. gert var ráð fyrir að áhættuálag á hlutabréf dreififyrirtækis raforku (NGC) væri jafnt áhættuálagi á markaðseignasafnið. Hér er einnig notast við beta gildið 1 í grunntilfelli. Þetta kann að þykja nokkuð hátt í ljósi þess að gera má ráð fyrir fremur stöðugu rekstrarumhverfi. Einnig má nefna að beta gildi fyrir NGC í Bretlandi er nokkuð lægra og beta gildi bandarískra raforkugeirans er að meðaltali á milli 0,5 og 0,6. Það verður hins vegar að hafa í huga í þessum samanburði að eiginfjárhlutfall hefur áhrif á beta gildi að gefnu rekstarumhverfi. Að öðru jöfnu veldur lækkun eiginfjárhlutfallsins hækkun beta gildis. Eiginfjárhlutfall það sem hér er reiknað með er nokkuð lægra en hjá áðurnefndum fyrirtækjum. Því eru útreikningar einnig framkvæmdir þar sem gert er ráð fyrir lægra beta gildi og hærra eiginfjárhlutfalli en í grunntilfellinu.

Þær forsendur sem raktar hafa verið hér á undan leiða til þeirrar niðurstöðu að eðlileg arðsemiskrafa fjárfesta af bókfærðri eign flutnings- og dreififyrirtækja raforku fyrir greiðslu tekjuskatts fyrirtækjanna sé á bilinu 3 til 4½ prósentustig umfram ávöxtun ríkisskuldabréfa. Niðurstaðan er háð því að bókfærð eign gefi góða mynd af bundnu fé í rekstrinum. Þessi arðsemiskrafa samsvarar ávöxtun á bundið fé á bilinu 1½ til 3 prósentustig umfram vexti ríkisskuldabréfa eftir að tekið hefur verið tillit til greiðslu tekjuskatts fyrirtækjanna. Taflan hér á eftir sýnir hvaða forsendur liggja að baki útreikningum á eðlilegri arðsemiskröfu.

Þannig að hvatar séu til hagræðingar mætti miða við að eðlileg arðsemiskrafa náist einungis að því tilskildu að hagræðing nái fram að ganga. Til álita kæmi t.d. að gera kröfu um ákveðna árlega hlutfallslækkun verðs til notenda, svipað því sem Ofgem gerir í Bretlandi. Verðlækkunin gæti miðað við að fyrirtækjunum tækist að lækka raunkostnað við starfsemina um ákveðið hlutfall. Hér væri þó einungis miðað við þann kostnað sem fyrirtækin hafa góða stjórn á en annar kostnaður undanskilinn (svo sem afskriftir og álögð gjöld). Ekki er hér komið með tillögur um hversu mikil árleg verðlækkun gæti talist eðlileg hagræðingarkrafa, enda krefjast slíkar tillögur nokkuð ítarlegrar athugunar bæði á kostnaðaruppbyggingu fyrirtækjanna og því hvað getur talist raunsæ árleg lækkun á hverjum kostnaðarlið.

Eðlileg arðsemiskrafa á bókfærða eign flutnings- og dreififyrirtækja raforku umfram ávöxtun ríkisskuldabréfa.

Prósentustig nema annars sé getið.

	Grunntilfelli	Lágmark	Hámark
Eiginfjárhlutfall	35%	50%	35%
Raunávöxtun ríkisskuldabréfa	6%	6%	6%
Áhættuálag á markaðseignasafn (RPM)	4,0	3,5	5
Beta gildi	1,0	0,6	1
Áhættuálag á hlutafé (beta*RPM)	4	2,1	5
Tekjuskattshlutfall	30%	30%	30%
Ávöxtunarkrafa á eigið fé fyrir gr. tekjuskatts	14,3%	11,6%	15,7%
Áhættuálag á skuldabréf	1,50	1,25	1,75
Ávöxtunarkrafa á skuldabréf	7,50%	7,25%	7,75%
Eðlileg arðsemiskrafa á bókfærða eign	**9,9%**	**9,4%**	**10,5**
Eðlileg umframarðsemiskr. á bókf. eign[#]	3,9	3,4	4,5
Vegin umframávöxtun til fjárfesta e. tekjusk.[+]	**2,4**	**1,7**	**2,9**

[#] Eðlileg umframarðsemiskrafa *fyrir tekjuskatt* hækkar (lækkar) um 0,15–0,20 prósentustig við eins prósentustigs hækkun (lækkun) raunávöxtunar ríkisskuldabréfa að öðrum forsendum óbreyttum.

[+] Vegið meðaltal ávöxtunar eigenda skuldabréfa og hlutafjár *eftir greiðslu tekjuskatts fyrirtækja.*

Fylgiskjal V.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til raforkulaga.

Markmiðið með frumvarpinu er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda til raforkuvinnslu í því skyni að efla atvinnulíf og byggð í landinu.

Samhliða þessu frumvarpi eru lagðar fram breytingartillögur við lög nr. 42/1983, um Landsvirkjun. Einnig eru lagðar fram breytingar á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, breytingar á lögum nr. 58/1967, orkulögum, og breytingar á vatnalögum, nr. 15/1923. Nauðsynlegt þykir að breyta þessum lögum svo að ákvæði raforkulagafrumvarps nái fram að ganga.

Verði frumvörpin óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að innheimt verði eftirlitsgjald. Miðað er við að 0,35 kr. verði lagðar á hvert kílówatt sem fer í gegnum flutningskerfið til dreifiveitna. Miðað við að almenn notkun verði 2.700 Gwh á ári og önnur notkun verði 8.000 Gwh er gert ráð fyrir að innheimtar verði 28 m.kr. á ári. Flutningsfyrirtæki, sbr. skilgreiningu 3. gr., standa skil á gjaldinu. Að auki er miðað við 0,8 kr. gjald fyrir hverja kílówattstund vegna raforku sem móttekin er frá flutningskerfinu. Gert er ráð fyrir að dreifiveitur greiði vegna þessa 22 m.kr. árlegt gjald. Loks er gert ráð fyrir að Orkustofnun innheimti gjöld fyrir virkj-

analeyfi og til að reisa og/eða reka dreifikerfi, gjaldið er 100.000 kr. fyrir hvert leyfi. Gjald vegna endurnýjunar leyfa til að stunda raforkuviðskipti er 5.000 kr. fyrir hvern notanda. Þessi gjöld eiga að standa undir kostnaði vegna umsókna. Áætlað er að tekjur Orkustofnunar aukist um 1 m.kr. vegna leyfisgjaldanna.

Gert er ráð fyrir að 26 m.kr. af eftirlitsgjöldunum renni til Orkustofnunar sem hefur það stjórnsýslulega hlutverk að hafa umsjón og eftirlit með raforkumarkaðinum. Talið er að ráða þurfi þrjá sérfræðinga til þessa starfa, auk kostnaðar við skrifstofuþjónustu og aðkeypta sérfræðivinnu. Áætlað er að 9,5 m.kr. af gjaldinu renni til Löggildingarstofu sem hefur eftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Reiknað er með að ráða þurfi í eitt og hálft starf vegna þessa og bera kostnað af nokkurri sérfræðivinnu. Loks er gert ráð fyrir að sett verði á stofn kærunefnd raforkumála og er áætlaður kostnaður af henni 1,5 m.kr. sem greiðist einnig af eftirlitsgjaldinu. Alls eru því eftir 13 m.kr. sem renna í ríkissjóð, en á móti kemur að iðnaðarráðuneyti og Samkeppnisstofnun hyggjast ráða hvort sinn starfsmanninn í kjölfar frumvarpsins og gert er ráð fyrir að kostnaður vegna þeirra nemi samtals 13 m.kr. Lögin öðlast gildi 2002. Gert er ráð fyrir að Orkustofnun þurfi að hefja undirbúning fyrir þann tíma og að áætlaður kostnaður vegna þessa verði um 10 m.kr. árið 2001 en ekki er gert ráð fyrir þeim kostnaði í fjármögnun.

Gert er ráð fyrir að hagræðingarkrafa sem gerð er til raforkufyrirtækja vegi upp á móti hugsanlegum vísitöluáhrifum eftirlitsgjaldanna.

Iðnaðarráðherra hefur skipað starfshóp sem hefur það hlutverk að meta kostnað vegna óarðbærra eininga í aðveitu- og dreifikerfi raforku. Hlutverk starfshópsins er að koma með tillögur um hvernig skuli mæta slíkum kostnaði svo að tryggt verði að allir landsmenn taki sem jafnastan þátt í honum. Ekki hefur verið gert ráð fyrir kostnaði vegna þessa. Í fjárlögum 2001 í fjárlagaliðnum 11–399 Ýmis orkumál undir iðnaðarráðuneyti er gert ráð fyrir 790 m.kr. niðurgreiðslu á rafhitun og 138 m.kr. til styrkingar dreifikerfi í sveitum. Rafmagnsveitur ríkisins og Landsvirkjun hafa einnig veitt um 140 m.kr. afslátt til atvinnuvega og byggðarlaga, til garðyrkjubænda, fiskeldis og til húshitunar. Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar gerir það að verkum að skattstofn virðisaukaskatts lækkar og veldur um 100 m.kr. tekjumissi fyrir ríkissjóð.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að útgjöld ríkisins aukist um 50 m.kr. á ári. Á móti kemur eftirlitsgjald sem mun árlega skila sömu upphæð.

1168. Fyrirspurn [720. mál]

til utanríkisráðherra um EES-samstarfið.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvað aðhafast íslensk stjórnvöld til þess að viðhalda áhrifum Íslands í EES-samstarfinu?
2. Hefur ráðherra beitt sér fyrir því að Evrópusambandið upplýsi starfsmenn sína um EES-samstarfið í ljósi þess að íslenskir embættismenn, sem starfa á grundvelli EES-samningsins, fullyrða að þekking starfsmanna Evrópusambandsins á EES-samningnum fari þverrandi og að það ógni íslenskum hagsmunum í samstarfinu?

1169. Tillaga til þingsályktunar [721. mál]

um að stytta landleiðina milli Reykjavíkur og Akureyrar.

Flm.: Halldór Blöndal, Arnbjörg Sveinsdóttir,
Guðmundur Hallvarðsson, Tómas Ingi Olrich.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta kanna möguleika á að stytta landleiðina milli Reykjavíkur og Akureyrar.

Greinargerð.

Þjóðvegurinn milli Akureyrar og Reykjavíkur er 389 km langur og styttist um 42 km með jarðgöngunum undir Hvalfjörð. Það tekur því um fjórar og hálfa klukkustund að aka milli staðanna. Nú hefur það gerst að borgarstjórinn í Reykjavík hefur lýst því yfir að hann stefni að því að leggja niður flugvöllinn í Reykjavík. Ef það gengur eftir mun innanlandsflug sömuleiðis leggjast niður frá sömu stundu. Það nær engri átt að gæla við þá hugmynd að Keflavíkurflugvöllur geti nýst innanlandsfluginu. Til þess er hann of fjarri höfuðborginni og þess vegna bæði tafsamt og dýrt að fara um hann til Akureyrar.

Stytting leiða og þar með ferðatíma er meðal arðsömustu framkvæmda sem unnt er að ráðast í. Vöruflutningar um þjóðvegi landsins hafa farið ört vaxandi á síðustu árum. Og svo er ferðaþjónusta orðin snar þáttur í atvinnulífinu víðs vegar um landið. Nú eru uppi í Eyjafirði og um Austurland ýmsar hugmyndir um það hvernig hægt sé að efla hana. Ef innanlandsflugið leggst niður geta þessar hugmyndir ekki gengið upp nema landleiðin styttist.

Ýmsir möguleikar eru á því að stytta þjóðleiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur. Hér verður ekki slegið föstu hvaða leið sé hagkvæmust en bent á eftirfarandi:

1. Kanna verður hvernig hægt sé að stytta leiðina með því að halda sig í grófum dráttum við hringveginn eins og hann er núna. Með því að fara Svínvetningabraut styttist leiðin um 12 km.
2. Til greina kemur að fara Arnarvatnsheiði og Kaldadal um Þingvelli. Yrði þá farið út af hringveginum innan við Silfrastaði og vestur yfir Blöndu á stíflu.
3. Farið yrði upp úr Eyjafirði með 8 km jarðgöngum og síðan suður Kjalveg.

1170. Frumvarp til laga [722. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Iðnaðarráðherra er heimilt að veita Orkuveitu Reykjavíkur leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum með allt að 90 MW afli.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til þess að afla lagaheimildar fyrir stækkun Nesjavallavirkjunar. Í núgildandi 3. mgr. 2. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, er iðnaðarráðherra heimilað að veita Hitaveitu Reykjavíkur leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum með allt að 76 MW afli, í tveimur áföngum. Iðnaðarráðherra veitti Hitaveitu Reykjavíkur 16. júní 1997 leyfi til að reisa og reka allt að 60 MW virkjun á grundvelli þessarar lagaheimildar.

Upphaflegar hugmyndir gerðu ráð fyrir að heimild í gildandi lögum um raforkuver yrði annars vegar nýtt með tveimur 30 MW vélasamstæðum og hins vegar svokallaðri tvífasatækni. Nánari útreikningar og rannsóknir leiddu hins vegar í ljós að hagstæðara væri að reisa þriðju 30 MW vélasamstæðuna.

Orkustofnun hefur vaktað jarðhitasvæðið á Nesjavöllum undanfarin ár og sýna niðurstöður reiknilíkans stofnunarinnar (Orkustofnun — rannsóknarsvið, mars 2000) um afkastagetu jarðhitasvæðisins að jarðhitageymir Nesjavalla þolir vel að rafmagnsframleiðsla verði aukin í 90 MW auk þeirrar a.m.k. 200 MW varmaorku sem unnt er að framleiða í orkuverinu. Búist er við að gufuhlutfall jarðhitavökvans lækki með tímanum og gæti það kallað á breytta vinnslutilhögun á seinni hluta spátímabilsins, sem er 30 ár. Meiri varmanotkun á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur síðustu missiri kallar á aukna varmaframleiðslu í Nesjavallavirkjun og fer sú aukning vel saman við aukna raforkuframleiðslu í virkjuninni.

Raforkunotkun á Íslandi hefur aukist verulega á síðust árum og er gert ráð fyrir að raforkunotkun fari í 8.182 GWst á þessu ári. Stærstan hluta aukinnar raforkunotkunar má rekja til stækkunar starfandi stóriðjuvera og byggingar nýrra. Í raforkuspá orkuspárnefndar er gert ráð fyrir að almenn notkun forgangsorku og ótryggðrar raforku muni aukast um 207 GWst á árunum 2001–2005. Þar af eykst raforkunotkun á höfuðborgarsvæðinu um tæplega 133 GWst. Stækkun Nesjavallavirkjunar er hagkvæmasti kosturinn sem í boði er til að sinna raforkuþörf á þessu svæði.

Í samræmi við 11. gr. orkulaga, nr. 58/1967, var leitað álits Orkustofnunar á því að stækka Nesjavallavirkjun úr 60 í 90 MW. Umsögn stofnunarinnar er birt í fylgiskjali I með frumvarpinu en þar er nánar fjallað um virkjunina og þróun raforkuþarfar.

Til undirbúnings stækkun virkjunarinnar hefur farið fram mat á umhverfisáhrifum og liggur fyrir úrskurður skipulagsstjóra frá 5. janúar 2001 þar sem fallist er á framkvæmdina. Þá hefur Orkuveita Reykjavíkur gert samning við Landsvirkjun um rekstur virkjunarinnar sem hluta af raforkukerfi landsins.

Fylgiskjal I.

Umsögn Orkustofnunar um stækkun Nesjavallavirkjunar úr 60 í 90 MW.

Vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, hefur iðnaðarráðuneytið óskað umsagnar Orkustofnunar um stækkun Nesjavallavirkjunar úr 60 í 90 MW.

1. Orkuþörf.

Raforkuvinnslu er í meginatriðum skipt í tvennt, forgangsorku og ótryggða orku. Forgangsorkan er skilgreind sem sú orka sem nánast ætíð (í 99,8% tilvika) er unnt að afhenda, hvernig sem árar. Orkugeta virkjana er skilgreind sem sú orka sem unnt er að vinna með þessu afhendingaröryggi. Það þýðir að yfirleitt er hægt að vinna meiri raforku í vatnsaflsvirkjunum en orkugetan segir til um. Oft er miðað við að í meðalvatnsári sé hægt að vinna

10% meiri raforku í vatnsaflsstöðvum en orkugetan segir til um. Þetta á hins vegar ekki við um jarðvarmastöðvar því að orkugeta þeirra er óháð tíðarfari. Vatnsaflsstöðvar stóðu undir 83,6% af orkugetu raforkukerfisins á árinu 2000 en jarðvarmastöðvar leggja fram 16,4%. Sala á ótryggðri raforku byggist á þessum aðstæðum í raforkukerfinu. Yfirleitt er hægt að vinna meiri raforku en orkugetan segir til um en fyrir fram er ekki hægt að tryggja afhendingaröryggi slíkrar orku. Framleiðandinn hefur því möguleika á að skerða afhendingu á ótryggðri orku ef aðstæður í vatnsbúskap kalla á það.

Orkugeta íslenska raforkukerfisins var um síðustu áramót um 7.700 GWst/ári. Virkjunarframkvæmdir eru í gangi við Vatnsfell (90 MW) og við stækkun Nesjavallavirkjunar (30 MW). Að þessum framkvæmdum loknum mun orkugeta kerfisins aukast um 650 GWst/ári þannig að heildargetan verður um 8.350 GWst/ári.

Taflan hér á eftir sýnir ástand og horfur í raforkumálum landsins fram til 2005.

Raforkuvinnsla á Íslandi 1995–2005.

Ár	Orkugeta GWst/ári	Vinnsla alls GWst/ári	Þar af ótryggð orka GWst/ári	Umframorka GWst/ári
1995	5.211	4.977	1.092	234
1996	5.253	5.112	1.194	141
1997	5.562	5.582	1.201	-20
1998	6.117	6.277	850	-160
1999	6.729	7.186	681	-457
2000	7.698	7.679	769	19
2001	7.818	8.182	957	-364
2002	8.348	8.522	987	-174
2003	8.348	8.572	990	-224
2004	8.348	8.623	992	-275
2005	8.348	8.541	896	-193

Tölur fyrir árin 1995–2000 eru rauntölur en tölur um tímabilið 2001–2005 eru byggðar á raforkuspá orkuspárnefndar frá október 2000. Í dálki um orkugetu raforkukerfisins er gert ráð fyrir að þriðja vélin á Nesjavöllum (30 MW) verði tekin í notkun á miðju ári 2001 og að Vatnsfell (90 MW) komi inn í byrjun árs 2002. Orkuspárnefnd reiknar með því að dregið verði úr rekstri Áburðarverksmiðjunnar frá og með árinu 2005. Það skýrir lækkun á áætlaðri raforkuvinnslu það ár. Verði reksturinn óbreyttur má ætla að vinnslan verði 8.679 GWst.

Dálkur um raforkuvinnslu sýnir annars vegar raunverulega raforkuvinnslu áranna 1995–2000 og hins vegar heildarsummu eftirspurnarþáttanna almenn notkun með dreifitöpum, umsamin stóriðja og flutningstöp eins og orkuspárnefnd metur þessar stærðir fyrir árin 2001–2005. Gert er ráð fyrir að almenn notkun aukist um 276 GWst/ári á þessu tímabili. Stóriðjunotkunin byggist á núverandi stóriðju auk umsaminnar aukningar raforkusölu til Norðuráls (stækkun um 30 þús. tonn) sem gert er ráð fyrir að komi til á árunum 2001–2002. Ekki er gert ráð fyrir frekari stóriðju, svo sem frekari stækkun Norðuráls eða stækkun Ísals, en báðar þessar verksmiðjur hafa þegar starfsleyfi fyrir talsverðri aukningu á framleiðslu.

Í fjórða dálki töflunnar er sýnd sala á ótryggðri orku, annars vegar rauntölur áranna 1995–2000 og hins vegar mat orkuspárnefndar fyrir árin 2001–2005.

Fimmti dálkur töflunnar sýnir umframorku í raforkukerfinu, þ.e. muninn á orkugetu og vinnslu. Fram til 1996 var fyrir hendi raunveruleg umframorka í kerfinu, en eftir 1997 hefur

raforkuvinnslan verið heldur meiri en orkugeta kerfisins nema árið 2000 þegar vinnslan var nokkurn veginn sú sama og orkugetan. Neikvæðar tölur í þessum dálki þýða að komið getur til skerðingar á ótryggri raforku þegar slíkar aðstæður eru fyrir hendi í vatnsbúskap. Til skerðingar kom bæði árið 1998 og 1999. Um helmingur af ótryggðu orkunni er umsaminn í stóriðjusamningum með vissum afhendingarskilmálum sem t.d. kveða á um að helming þessarar orku verði að vera unnt að afhenda á hverju almanaksári. Það ásamt öðru setur því skorður hvað þolanlegt er að dálkurinn „umframorka" sýni háar neikvæðar tölur. Þannig kom til skerðingar á afhendingu ótryggðrar orku bæði árið 1998 og 1999 og var þó neikvæð umframorka fyrra árið innan við 20% af sölu ótryggðrar orku.

Að öllu samanlögðu sýnir taflan að þörf er á því að auka orkugetu raforkukerfisins með þriðju vélinni á Nesjavöllum auk virkjunarinnar við Vatnsfell sem er í smíðum. Þrátt fyrir þessa viðbót við raforkukerfið má búast við að komið geti til skerðingar á afhendingu ótryggðrar orku að öllu óbreyttu. Vart eru aðrir virkjunarkostir en umræddur þriðji áfangi Nesjavallavirkjunar í boði sem gætu sinnt þessari orkuþörf. Þar við bætist að orkuvinnsla þessi er hagkvæm, enda er verið að samnýta auðlind og framkvæmdir bæði til varma- og raforkuvinnslu.

2. Vinnslugeta á Nesjavöllum.

Um leið og iðnaðarráðherra veitti Hitaveitu Reykjavíkur (nú Orkuveita Reykjavíkur) leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun með allt að 60 MW afli að Nesjavöllum gerðu ráðuneytið og Hitaveitan með sér sérstakt samkomulag þess efnis að Hitaveitan fylgdist mjög vel með viðbrögðum jarðhitakerfisins við aukinni vinnslu og tilkynnti Orkustofnun reglulega um niðurstöður þess eftirlits. Tilgangur þessa samkomulags var að tryggja aðgát og eftirlit með skynsamlegri nýtingu auðlindarinnar.

Í samræmi við þetta samkomulag hefur rannsóknarsvið Orkustofnunar gert hermireikninga sem miða að því að spá fyrir um ástand jarðhitageymisins árið 2030 ef raforkuvinnslan á Nesjavöllum verður aukin í 90 MW. Meginniðurstöður þeirra athugana eru að í heild sýnist sem jarðhitageymir Nesjavalla þoli vel að rafmagnsframleiðsla þar verði aukin í 90 MW, auk þeirra a.m.k. 200 MW sem framleiða má í varmaorkuverinu. Þá virðist svæðið duga áfram vel til heitavatnsframleiðslu eftir árið 2030, en meiri óvissa ríkir um rafmagnshlutann þá vegna minnkandi hlutfalls háþrýstigufu með tímanum. Þá getur lækkað meðalvermi holna leitt til þess að lækka verði skiljuþrýsting á spátímabilinu. (Skýrsla Orkustofnunar OS-2000/019.)

Þessar niðurstöður sýna að ef raforkuvinnsla á Nesjavöllum verður aukin í 90 MW er komið að þanmörkum jarðhitageymisins á Nesjavöllum til raforkuvinnslu. Að öllum líkindum getur jarðhitakerfið á Nesjavöllum staðið undir 90 MW raforkuvinnslu í 30 ár, en óvissa er um framhaldið. Hugsanlega þarf að breyta vinnslurás orkuversins á seinni tíma spátímabilsins til þess að viðhalda 90 MW raforkuvinnslu í 30 ár. Hins vegar er mun lengra í að ástand jarðhitageymisins fari að takmarka heitavatnsvinnslu á Nesjavöllum.

Að þessu sögðu er niðurstaðan sú að jarðhitasvæðið á Nesjavöllum geti a.m.k. í 30 ár staðið undir 90 MW raforkuvinnslu.

Virðingarfyllst,

Þorkell Helgason,
orkumálastjóri.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneytið,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að iðnaðarráðherra verði heimilt að veita Orkuveitu Reykjavíkur leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum með allt að 90 MW afli. Frumvarpið leiðir ekki til aukinna útgjalda ríkissjóðs verði það að lögum.

1171. Fyrirspurn [723. mál]

til heilbrigðisráðherra um geðdeildir Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hversu margir sjúklingar hafa leitað til geðdeilda Landspítala – háskólasjúkrahúss undanfarna sex mánuði og hversu mörgum hefur þurft að synja um innlögn vegna þess að deildirnar voru yfirfullar?

1172. Fyrirspurn [724. mál]

til samgönguráðherra um frestun á vegaframkvæmdum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Liggur fyrir tillaga um hvaða framkvæmdum verður frestað í kjölfar lækkunar á framlögum til vegamála á fjárlögum 2001?
2. Hvernig skiptist sá niðurskurður:
   a. milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar,
   b. milli einstakra verkefna?
3. Hvernig er niðurskurðurinn rökstuddur fyrir hvert verkefni fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

1173. Nefndarálit [628. mál]

um frv. til l. um breytingu á mörkum Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæma suður og norður.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá borgarráði Reykjavíkurborgar og bæjarráði Mosfellsbæjar.

Með frumvarpinu er lagt til að Alþingi samþykki með ⅔ atkvæða að mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæma suður og norður verði breytt í samræmi við samkomulag Reykjavíkur og Mosfellsbæjar frá 28. febrúar 2001.

Mælir nefndin með því að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Sverrir Hermannsson og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 2001.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.
Guðrún Ögmundsdóttir.	Ólafur Örn Haraldsson.	Lúðvík Bergvinsson.
Hjálmar Jónsson.		Jónína Bjartmarz.

1174. Nefndarálit [673. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25 22. apríl 1967.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Landhelgisgæslu Íslands, Ríkiskaupum og Lögmannafélagi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að fellt verði niður ákvæði laganna um að við smíði varðskips og í tilteknum tilvikum við viðhald þess sé ekki skylt að láta fara fram útboð á verkinu. Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemd við þetta ákvæði núgildandi laga og er frumvarpið lagt fram í kjölfar samkomulags við stofnunina.

Mælir allsherjarnefnd með því að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Sverrir Hermannsson og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 2001.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.
Guðrún Ögmundsdóttir.	Ólafur Örn Haraldsson.	Lúðvík Bergvinsson.
Hjálmar Jónsson.		Jónína Bjartmarz.

1175. Nefndarálit [410. mál]

um frv. til l. um breyt. á hjúskaparlögum, nr. 31 14. apríl 1993.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason, Drífu Pálsdóttur og Hauk Guðmundsson frá dómsmálaráðuneyti og Skúla Guðmundsson frá Hagstofu Íslands.

Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, biskupsstofu, miðstöð nýbúa og Sýslumannafélagi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að einungis borgaralegir vígslumenn, þ.e. sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra, annist könnun hjónavígsluskilyrða þegar annað hjónaefna eða bæði eru erlendir ríkisborgarar. Könnun hjónavígsluskilyrða felst í að leysa úr því hvort fullnægt er lagaskilyrðum til að stofna til hjúskapar. Fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að töluverð vinna felist oft í athugun á lagaatriðum þegar um er að ræða erlenda ríkisborgara og nokkur þekking á alþjóðlegum einkamálarétti sé þá nauðsynleg. Nefndin telur hins vegar að slík þekking þurfi frekar að vera til staðar þegar annað hjónaefna eða bæði, óháð ríkisfangi þeirra, eiga ekki lögheimili í hér á landi þar sem Hagstofa Íslands geymir nauðsynleg gögn til könnunar hjónavígsluskilyrða. Þykir nefndinni því rétt að borgaralegir vígslumenn, sem eru löglærðir, annist könnunina þegar annað hjónaefna eða bæði eiga ekki lögheimili á landinu en löggiltir hjónavígslumenn annist hana í öðrum tilvikum.

Mælir nefndin með því að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Í stað orðanna „eru erlendir ríkisborgarar“ í a-lið 2. gr. komi: eiga ekki lögheimili hér á landi.
2. 4. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. október 2001.

Sverrir Hermannsson og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 2001.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.
Ólafur Örn Haraldsson.	Lúðvík Bergvinsson.	Guðrún Ögmundsdóttir.
Hjálmar Jónsson.		Jónína Bjartmarz.

1176. Nefndarálit [19. mál]

um till. til þál. um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, barna- og unglingageðdeild Landspítalans, Barnaverndarstofu, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, FÍUM – Félagi íslenskra uppeldis- og meðferðarstofnana, umboðsmanni barna, Barnaheillum, barnaverndarráði, menntamálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.

Í tillögugreininni er ríkisstjórninni falið að undirbúa heildstæða og samræmda opinbera stefnu í málefnum barna og unglinga og í því skyni verði skipuð nefnd með aðild forsætisráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, umhverfisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þá er gert ráð fyrir fimm ára framkvæmdaáætlun í samráði við opinberar stofnanir og félagasamtök sem vinna að málefnum barna og unglinga.

Umsagnir sem nefndinni hafa borist um málið eru mjög jákvæðar. Nefndin telur að umfjöllun lokinni að nauðsynlegt sé að mótuð verði opinber stefna í málefnum barna og ungmenna þar sem slík stefna muni stuðla að auknum hag og velferð þeirra. Þá telur nefndin að heildarstefna þar að lútandi sé ein af forsendum þess að hægt verði að tryggja öllum börnum og ungmennum jafnan rétt auk þess sem hún muni tryggja enn frekar að hagsmuna þeirra verði gætt á öllum sviðum þjóðlífsins.

Það er jafnframt mat nefndarinnar að mikilvægt sé að tryggja börnum og ungmennum heilbrigð skilyrði til uppvaxtar og þroska og stefnumótun af þessu tagi sé hluti af því. Þá sé rétt að benda á að tillagan er í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem tók gildi hér á landi 27. nóvember 1992.

Þá ítrekar nefndin nauðsyn þess að í fyrirhuguðu starfi verði tekið tillit til aðstæðna, þarfa og sjónarmiða barna og ungmenna. Með hliðsjón af fyrrgreindu leggur nefndin til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað „2001“ í 3. mgr. tillögugreinarinnar komi: 2002.

Sverrir Hermannsson og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 2001.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.
Guðrún Ögmundsdóttir.	Ólafur Örn Haraldsson.	Lúðvík Bergvinsson.
Jónína Bjartmarz.		Hjálmar Jónsson.

1177. Svar [692. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Soffíu Gísladóttur um Framkvæmdasjóð fatlaðra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hverjir hafa fengið úthlutanir úr Framkvæmdasjóði fatlaðra, til hvaða framkvæmda og hversu háar upphæðir frá og með árinu 1995?

Upplýsingarnar sem beðið er um koma fram í eftirfarandi töflum.

Framkvæmdasjóður fatlaðra 1995–2000

Allar upphæðir eru í þús. kr.

Viðfangs-númer	Heiti viðfangsefnis	1995	1996	1997	1998	1999	2000
	Rekstrarverkefni:						
10101	Rekstur sjóðsins og sameiginleg verkefni	5.615	5.801	5.858	6.129	7.287	8.478
19101	Starfsþjálfun fatlaðra, Hátúni 10		2.000				
19110	Leigutekjur og kostnaður vegna útleigu		(2.837)	(2.366)	(1.082)	(2.313)	(4.058)
19200	Útskrift af Kópavogshæli	1.319	8.836				
19500	Ýmis rekstrarverkefni		11.820				
19600	Túlkaþjónusta	2.000	2.000		1.850		
19700	Til kannana og áætlana	1.762			800	1.000	
19701	Samnorrænt verkefni í málefnum fatlaðra	200					
19800	Stuðningsfjölskyldur	6.000	17.400				
19900	Frekari liðveisla	56.201	70.446				
19907	Frú Lára-verndaður vinnustaður		1.020				
19912	Geðhjálp/stuðningsþjónusta-liðveisla	10.350	11.924	140			
19913	Sumardvöl		6.000				
69800	Verkfæra- og tækjastyrkir v/ 27. gr.	12.522	7.342	8.850	5.590	5.050	10.300
	Viðhaldsverkefni:						
	Reykjavík:						
516003	Sjálfsbjörg, landssamtök	12.000				1.000	1.900
516004	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra					35	
51620	Sambýli Drekavogi 16	1.006	90	80		594	562
51623	Sambýli Byggðarenda 6	976	87	1.441	86	634	754
51624	Sambýli Giljaseli 7	71	705	198	342	32	532
51625	Sambýli Bröndukvísl 17	152		1.535		100	189
51628	Sambýli Fannafold 178		175	999		113	4
51629	Sambýli Vesturbrún 17	2.000	863	383	52	895	589
51664	Skammtímavistun Álfalandi 6						
516711	Styrktarfélag vangefinna	6.324	5.000	6.000	3.000	5.000	17.000
51691	Sambýli Grundarlandi 17	47	423	280	503	84	532
51693	Sambýli Holtavegi		267	316	442	598	906
51622	Sambýli Stuðlaseli 2		165			82	
	Reykjanes:						
52620	Sambýli Vallargerði 26	284	1.299	1.988	1.166	2.460	175
52621	Sambýli Klettahrauni 17	1.533	1.418	1.119	142		1.066
52622	Sambýli Markarflöt 1, Garðabæ	33	21	329	1.415	1.728	41
526625	Sambýli Borgarholtsbraut 51, Kópavogi	256	469	819	145	681	1.596
52626	Sambýli Hrauntungu 54, Kópavogi	488	213	913	267	67	1.452
52660	*Skammtímavistun Hnotubergi 19*	363	27	35			1.948
52664	Hæfingarstöðin Bæjarhrauni 2	52	276		13		
52668	Skammtímavistun Lyngseli			140	260		
526719	Vistheimilið Tjaldanes, Mosfellsbæ		2.539	952	517	9	3.755
526720	Skálatún, Mosfellsbæ	2.500	3.500	3.000	1.000		3.000
	Vesturland:						
53620	Sambýli Vesturgötu 102, Akranesi	365	2.873	326	138		149
53621	Sambýli Kveldúlfsgötu 2, Borgarnesi	48		122		65	
53630	Verndaður vinnust. Dalbraut 10–12	705	700	700	180	490	
53661	Skammtímavistun Holti, Borgarnesi		250				750
	Vestfirðir:						
54650	Bræðratunga, Ísafirði	1.464	603	951	278	723	4.490
	Norðurland vestra:						
55620	Sambýli Lindargötu 2, Siglufirði	122	119	1.396			649
55621	Sambýli Grundarstíg 22, Sauðárkróki	339	4.583	251		64	11.517
55622	Sambýli Gauksmýri		68				
55124	Sambýli Skúlabraut 22, Blönduósi						149
	Norðurland eystra:						
56620	Sambýli Byggðarvegi 91		75	48			25
56621	Sambýli Sólbrekku 28, Húsavík		207	479	200		
56630	Iðjulundur - verndaður vinnustaður						2
	Austurland:						
57620	Sambýli Stekkjartröð 1, Egilsstöðum	204	139	326			490
57650	Sambýli A & B, Vonarlandi, Egilsstöðum	317	390	707	233	448	

Framkvæmdasjóður fatlaðra 1995–2000

Allar upphæðir eru í þús. kr.

Viðfangs-númer	Heiti viðfangsefnis	1995	1996	1997	1998	1999	2000
	Suðurland:						
58620	Sambýli Selfossi	1.512					230
58631	Heimacy, Faxastíg 48, Vestmannaeyjum		626			50	3.973
58670	Skammtímavistun Lambhaga 48			737	65	610	1.069
58673	Skammtímavistun Búhamri 17, Vestmannaeyjum			866		778	
526722	Sólheimar, Grímsnesi	15.000				9	
	Önnur verkefni:						
59672	Sambýli Trönuhólum 1, Reykjavík	936	934	934	645	632	1.512
59673	Sambýli Sæbraut 2	380	666	654	683	260	1.307
59674	Sambýli Hólabergi 76	247	393	278	18	1.418	6.052
	Stofnkostnaður:						
	Reykjavík:						
10101	Svæðisskrifstofa Reykjavíkur		1.010				1.800
61128	Sambýli Fannafold 178	101	1.343			610	8
61125	Sambýli Bröndukvísl 17			452		745	8
61177	Vistheimili Árlandi 9	559				1.203	829
61130	Dagvistun Iðjuberg, Gerðubergi 1	38.490	3.221	1.031		90	310
61135	Dagvistun Gylfaflöt 5						8.959
61189	Sambýli Lækjarási 8				2.024	126	839
61190	Sambýli Stigahlíð 54	5.444	10.785	4.043	1.588	218	27
61191	Sambýli Grundarlandi 17		68	501	3.610	133	1.245
61192	Sambýli Tindaseli	2.215	894	938	328	625	123
61193	Sambýlishús Vallengi 2	25.435	15.056	778	294	810	38
61194	Sambýlishús v/Mururima 4	19.058	27.009	835	310	2.083	193
61195	Sambýlishús Vættaborgum 82			15.165	55.862	4.257	
61196	Sambýli Viðarrima 42			17.896	6.863	794	33
61197	Sambýli Sogavegi 208			11	25.416	1.996	179
61198	Áfangastaður geðfatlaðra, Hringbraut 8	23.564	152	556	385	285	557
61199	Áfangastaður geðfatlaðra, Bárugata 19	79	1.905	995	275	253	2.304
61200	Sambýlishús Jöklaseli				2.594	1.743	3.462
61202	Sambýlishús Sólheimum 21b				4.704	496	19.485
61210	Sambýli Mýrarási 2						2.350
613001	Blindrafélagið	5.000	6.500	4.695	3.900	3.000	3.000
613002	MS-félagið	8.000					5.000
613003	Öryrkjabandalag Íslands		2.000	1.000		754	250
613005	Starfsþjálfun fatlaðra, Hátúni 10	60.838	511	19		41	214
613007	Gigtarfélag Íslands		2.000	1.300		500	
613008	Félag heyrnarlausra		1.500	1.500			
613010	Tölvumiðstöð fatlaðra	2.850	1.000				450
613011	Sumarbústaðasjóður Kópavogshælis	4.500					1.000
613012	Halaleikhópurinn	350					
613013	Sjálfsbjörg, félag fatlaðra í Reykjavík	2.000	1.000	1.000		750	1.500
613014	Landssamtökin Þroskahjálp	5.000	1.000	2.500			
613015	Tölvufyrirtækið Kerfi	750					
613016	LAUF		500				
613017	Vinastaðir			400			
613019	Þróttafélag fatlaðra				200	1.000	2.000
613020	Félag áhugafólks og aðst. Alzheimerssjúklinga					750	2.500
613021	Reykjavíkurborg					2.405	
613022	Geðhjálp				15.000	4.000	
	Reykjanes:						
62101	Svæðisskrifstofa Reykjaness						27
62125	Sambýli Borgarholtsbraut 51, Kópavogi	486			67	283	77
62128	Sambýli Steinahlíð 1, Hafnarfirði	260			1.000		204
62190	Sambýli Ægisgrund 19, Garðabæ	17.778	4.591	676	265	1.062	55
62191	Sambýli Krókamýri 54, Garðabæ		18.573	4.378	401		151
62195	Heimili einhverfa, Dimmuhvarfi 2, Kópavogi			6.436	34.086	43.619	5.908
62196	Sambýli Berjahlíð 2, Hafnarfirði			22.565	40.839	5.100	5
62197	Sambýli Marbakkabraut 14, Kópavogi			78	6.996	91	170

Framkvæmdasjóður fatlaðra 1995–2000

Allar upphæðir eru í þús. kr.

Viðfangs-númer	Heiti viðfangsefnis	1995	1996	1997	1998	1999	2000
62198	Sambýli Blikaási 1, Hafnarfirði				26	12.343	11.483
62201	Sambýli Sigurhæð 12, Garðabæ					20.610	10.554
62204	Sambýli Hulduhlíð 32–34, Mosfellsbæ					1.800	12
62205	Sambýli Smárahvammi 3, Hafnarfirði						24.725
62130	Örvi - verndaður vinnustaður	12.110	15.652	1.623		1.210	608
62135	Dagvistun Fannborg 5, Kópavogi					5.085	2.262
65163	Skammtímavistun Móaflöt 24, Garðabæ	2.319	21.053	4.566	272	60	389
62140	Leikfangasafn Keflavík	50			100		
62165	Hæfingarstöð Keflavík	1.687	316	66		241	
62170	Lyngmóar 10, Ytri-Njarðvík	256	182			161	
62171	Þjónustuíbúðir	707	94				
623001	Handverkstæðið Ásgarður		700	400	1.000		3.000
623002	Sjálfsbjörg á Suðunesjum			500			
623730	Þroskahjálp Suðurnesjum		933		600	500	
	Vesturland:						
63101	Svæðisskrifstofa Vesturlands						725
63122	Sambýli Laugarbraut 8, Akranesi				1.471	62.279	8.129
63130	Verndaður vinnustaður Akranesi/Borgarnesi		750		34		
63131	Þroskahjálp Vesturlandi	500					
63140	Leikfangasafn Borgarnesi	250			200	150	
63141	Leikfangasafn Ólafsvík	100					
	Vestfirðir:						
64101	Svæðisskrifstofa Vestfjarða		436		124		1.500
64150	Skammtímavistun Hólmavík					1.333	
64140	Leikfangasafn Ísafirði	50			200	150	
	Norðurland vestra:						
65120	Sambýli Lindargötu 2, Siglufirði	932	-10		1.341	118	865
65123	Sambýli/skammtímav. Fellstúni 19, Sauðárkróki	1.228	72	482	151	179	
65124	Sambýli Skúlabraut 22, Blönduósi	1.364	18				252
65125	Sambýli Grundartúni 10–12, Hvammstanga		1.537	1.700			136
65126	Sambýli Jöklatúni, Sauðárkróki				1.162		
65162	Iðja - Sauðárkróki	1.507			5.000	800	
65164	Iðja - Gauksmýri	11					
65140	Leikfangasafn Siglufirði				250		
65142	Leikfangasafn Sauðárkróki	75				300	
65186	Samningur við Byggðasamlag Norðurl. vestra						1.500
	Norðurland eystra:						
66101	Svæðisskrifstofa Norðurlands eystra		444				
66120	Sambýli Hafnarstræti 16, Akureyri	6.531	401	71	75		
66121	Sambýli Pálsgarði 2, Húsavík	3.815	270	12			419
66121	Sambýli Snægili 1	30.280	6.811				
66160	Skammtímavistun Dvergagili 3, Akureyri	2.947	502		40	1.032	30
66130	Iðjulundur, verndaður vinnustaður	1.222				365	284
66131	Plastiðjan Bjarg	3.000					
66135	Dagvistun Þrastarlundi	15.430	55.754	2.391	14.322	186	
66140	Leikfangasafn Akureyri	75			131		
66170	Sambýli Þrastarlundi	28.903	1.510	447	114	1.039	261
66186	Reynslusveitarfélagið Akureyrarkaupstaður			7.500	15.000	21.000	10.900
663001	Tölvuvinafélagið	800					
663002	Sjálfsbjörg, Akureyri				1.000	750	
	Austurland:						
67101	Svæðisskrifstofa Austurlands		38			129	
67130	Stólpi - verndaður vinnustaður	5.549		850	156	1.185	1.534
67140	Leikfangasafn Egilsstöðum	50			125		
67160	Þroskaþjálfun Höfn	25					
67186	Hornafjarðarbær			1.080	4.580		1.000
673002	Skammtímavistun Fjarðabyggð						10.000
673003	Skammtímavistun Austur-Héraði						10.000

Framkvæmdasjóður fatlaðra 1995–2000

Allar upphæðir eru í þús. kr.

Viðfangs-númer	Heiti viðfangsefnis	1995	1996	1997	1998	1999	2000
	Suðurland:						
68101	Svæðisskrifstofa Suðurlands	361			125		2.933
68101	Leikfangasafn Selfossi						
68121	Sambýli Vallholti 9, Selfossi				759		54
68122	Sambýli Árvegi 8, Selfossi	750	65				24
68123	Sambýli Selfossi		1.880				
68130	Verndaður vinnustaður Gagnheiði 39, Selfossi			270	2.948	3.269	380
68131	Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum						
68140	Leikfangasafn Vestmannaeyjum						
68150	Vistheimili Álftarima 2, Selfossi			249	363		71
68372	Skaftholt	2.500			1.000		1.000
68173	Skammtímavistun, Búhamri 17, Vestmannaeyjum						
68810	Vestmannaeyjabær				200	200	1.150
683001	Björnskot	1.000		500			
683002	Kerlingadalur, Mýrdalshreppi			1.000			
683003	Sólheimar, Grímsnesi						7.500
	Önnur verkefni:						
69101	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	750	500	2.088	3.060	200	4.000
69173	Sambýli Sæbraut 2	1.300			33	92	243
69175	Sambýli Hólabergi 86	576	35	888	276	56	187
69400	Styrkur til framkvæmdaaðila fél. íb.	6.610	9.396	8.055	1.958	7.980	28.348
69500	Til lagfæringar á aðgengi opinberra bygginga	8.232	6.369	9.031	16.349	11.054	12.878
	Samtals:	**512.302**	**398.241**	**175.301**	**306.629**	**266.361**	**307.681**

Útgjöld sjóðsins í þús.kr.	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Rekstur	95.969	141.752	12.482	13.287	11.024	14.720
Viðhald	49.724	30.163	29.302	11.790	19.659	68.365
Stofnkostnaður	366.609	226.326	133.517	281.552	235.678	224.596

Skýringar.

1. Á árinu 1995 fékk Framkvæmdasjóður fatlaðra 188,8 millj. kr. til viðbótar þeim 330 millj. kr. sem ætlaðar voru til hans á fjárlögum. Annars vegar var um að ræða viðbótarframlag í fjáraukalögum að fjárhæð 108,8 millj. kr. vegna leiðréttingar á mörkuðum tekjum sjóðsins af erfðafjárskatti á árinu 1994 og hins vegar 80 millj. kr. sem voru andvirði Sólborgar á Akureyri.
2. Á fjárlögum ársins 1996 hafði sjóðurinn til ráðstöfunar 257 millj. kr. Til viðbótar þeirri fjárhæð komu á fjáraukalögum ársins 88 millj. kr. vegna leiðréttingar á mörkuðum tekjum hans á árinu 1995.
3. Í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994 var sú breyting gerð á lagaákvæðum um Framkvæmdasjóð fatlaðra að sjóðnum var gert heimilt að verja tilteknu hlutfalli af ráðstöfunarfé sínu til að greiða rekstrarkostnað stofnana fatlaðra. Á árinu 1994 var þetta hlutfall 25%, en það var hækkað í 40% árið 1995.

   Á árinu 1996 voru útgjöld sjóðsins til rekstrarverkefna 141,7 millj. kr. Meðal rekstrarverkefna sem sjóðurinn fjármagnaði var kostnaður við frekari liðveislu, stuðningsfjölskyldur, útskriftir af Kópavogshæli og fleira. Þessum rekstrarverkefnum var létt af sjóðnum í fjárlögum ársins 1997. Frá þeim tíma hefur sjóðurinn aðeins úthlutað fé til tveggja rekstrarverkefna, sem eru greiðslur styrkja til félagslegrar hæfingar og endurhæfingar og kostnaður við starfsemi Stjórnarnefndar málefna fatlaðra. Kostnaður við önnur rekstrarverkefni fékkst á fjárlögum ársins 1997 og hafa þau verið greidd af fjárlögum síðan.

1178. Svar [611. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um meðferð mála ungra sakborninga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg mál þar sem sakborningur var 18 ára eða yngri komu til rannsóknar hjá lögreglu árin 1995–2000? Í hve mörgum tilvikum leiddi rannsókn til ákæru og dóms, skilorðsbundinnar eða óskilorðsbundinnar refsingar, samfélagsþjónustu eða sektargreiðslu? Svar óskast sundurliðað fyrir hvert ár eftir lögregluumdæmi, refsiúrræðum, kyni og aldri sakborninga.*
2. *Hversu mörg þessara mála tengdust neyslu eða sölu fíkniefna og í hve mörgum tilvikum var farið fram á vottorð læknis eða sálfræðings um líkamlegt og/eða andlegt ástand sakbornings meðan rannsókn stóð yfir, í samræmi við 71. gr. laga um meðferð opinberra mála? Svar óskast sundurliðað fyrir hvert ár eftir lögregluumdæmi, kyni og aldri sakborninga.*

Töflurnar hér á eftir byggjast á gögnum sem annars vegar voru unnin upp úr málaskrá lögreglunnar og hins vegar fengin frá Fangelsismálastofnun. Þess ber sérstaklega að geta varðandi tölulegan samanburð á milli ára að upplýsingar áranna 1995–97, taka ekki til allra mála. Það var ekki fyrr en árið 1998 að öll embætti skráðu að fullu í miðlægan gagnagrunn. Þá er rétt að taka fram að um öll mál er að ræða, einnig mál varðandi umferðarlagabrot. Sérstakt yfirlit er einnig gert um fíkniefnamál.

Rétt er að fram komi að vinna við samantektir þessar var mjög yfirgripsmikil og tímafrek og skýrir það þann tíma sem það tók að svara fyrirspurninni.

Refsingar í málum ungra sakborninga árin 1995–2000, skipt eftir árum, kyni og aldri.

Ár	Kyn (1=strákur; 2=stelpa)	Aldur	Fjöldi
Óskilorðsbundin refsing			
1995	1	16	3
1995	1	17	4
1995	1	18	16
1996	1	17	4
1996	1	18	7
1977	1	15	1
1997	1	17	2
1997	1	18	6
1997	2	17	1
1998	1	16	1
1998	1	17	7
1998	1	18	8
1999	1	17	1
1999	1	18	4
2000	1	17	2
2000	1	18	8
Samtals óskilorðsbundin refsing[1]			*75*
Skilorðsbundin refsing			
1995	1	15	7
1995	1	16	27
1995	1	17	14
1995	1	18	35
1995	2	15	1
1995	2	16	4
1995	2	18	2
1996	1	15	3
1996	1	16	14
1996	1	17	21
1996	1	18	29
1996	2	15	1
1996	2	16	3
1996	2	17	3
1996	2	18	1
1997	1	15	6
1997	1	16	25
1997	1	17	46
1997	1	18	27
1997	2	17	1
1997	2	18	4
1998	1	15	3
1998	1	16	31
1998	1	17	53
1998	1	18	60
1998	2	15	1
1998	2	16	7
1998	2	17	2
1998	2	18	2
1999	1	15	2
1999	1	16	15
1999	1	17	25
1999	1	18	35
1999	2	16	2

[1] Árið 1998 var fjórum gefinn kostur á samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinnar refsingar, einn var 17 ára og þrír 18 ára.

Ár	Kyn (1=strákur; 2=stelpa)	Aldur	Fjöldi
1999	2	17	7
1999	2	18	5
2000	1	16	17
2000	1	17	42
2000	1	18	45
2000	2	16	1
2000	2	17	4
2000	2	18	2
Samtals skilorðsbundin refsing			*635*
Sekt samkvæmt dómi			
1995	1	15	1
1995	1	16	3
1995	1	17	15
1995	1	18	17
1995	2	17	1
1995	2	18	3
1996	1	15	1
1996	1	16	1
1996	1	17	7
1996	1	18	24
1996	2	16	1
1996	2	17	1
1996	2	18	1
1997	1	15	1
1997	1	16	5
1997	1	17	12
1997	1	18	16
1997	2	17	1
1997	2	18	1
1998	1	16	5
1998	1	17	12
1998	1	18	28
1998	2	18	2
1999	1	15	1
1999	1	16	7
1999	1	17	11
1999	1	18	32
1999	2	15	1
1999	2	17	1
1999	2	18	8
2000	1	15	1
2000	1	16	8
2000	1	17	13
2000	1	18	34
2000	2	18	5
Samtals sekt samkvæmt dómi[2]			*281*
Sekt samkvæmt viðurlagaákvörðun			
1995	1	16	9
1995	1	17	10
1995	1	18	24
1995	2	15	1
1995	2	16	4
1995	2	17	2
1995	2	18	4
1996	1	15	1

[2] Árið 2000 var einum gefinn kostur á samfélagsþjónustu í stað vararefsingar fésektar.

Ár	Kyn (1=strákur; 2=stelpa)	Aldur	Fjöldi
1996	1	16	3
1996	1	17	15
1996	1	18	25
1996	2	16	2
1996	2	17	1
1997	1	16	4
1997	1	17	13
1997	1	18	16
1997	2	16	1
1997	2	18	4
1998	1	15	4
1998	1	16	1
1998	1	17	15
1998	1	18	28
1998	2	17	2
1998	2	18	1
1999	1	16	8
1999	1	17	15
1999	1	18	24
1999	2	15	1
1999	2	16	2
1999	2	17	2
1999	2	18	2
2000	1	15	2
2000	1	16	4
2000	1	17	11
2000	1	18	19
2000	2	16	1
2000	2	17	3
2000	2	18	1
Samtals sektir skv. viðurlagaákvörðun			*285*
Sektir samkvæmt árituðu sektarboði			
1998	1	15	5
1998	1	16	5
1998	1	17	45
1998	1	18	68
1998	2	16	2
1998	2	17	5
1998	2	18	13
1999	1	15	4
1999	1	16	6
1999	1	17	94
1999	1	18	197
1999	2	15	1
1999	2	16	2
1999	2	17	17
1999	2	18	37
2000	1	15	6
2000	1	16	1
2000	1	17	85
2000	1	18	157
2000	2	15	1
2000	2	16	4
2000	2	17	18
2000	2	18	26
2000	4	17	2
Samtals sekt samkvæmt árituðu sektarboði			*801*

Refsingar í fíkniefnamálum ungra sakborninga árin 1995–2000, skipt eftir árum, kyni og aldri.

Ár	Fíkniefnabrot sem aðalbrot	Kyn (1=strákur; 2=stelpa)	Aldur	Fjöldi
Óskilorðsbundnar refsingar				
1995	65/74	1	18	1
1998	65/74	1	18	1
1999	65/74	1	18	1
2000	173.a.1	1	18	1
Samtals óskilorðsbundið				*4*
Skilorðsbundnar refsingar				
1995	65/74	1	18	2
1995	65/74	2	16	1
1996	65/74	1	16	1
1996	65/74	1	18	1
1997	65/74	1	17	1
1997	65/74	1	18	2
1998	65/74	1	18	5
1999	65/74	1	17	2
2000	65/74	1	17	5
2000	65/74	1	18	3
Samtals skilorðsbundnar refsingar				*23*
Sekt samkvæmt dómi				
1995	65/74	1	17	1
1995	65/74	1	18	2
1996	65/74	2	16	1
1996	65/74	2	18	1
1997	65/74	1	18	3
1998	65/74	1	16	1
1998	65/74	1	18	4
1999	65/74	1	16	2
1999	65/74	1	18	4
2000	65/74	1	17	1
2000	65/74	1	18	3
2000	65/74	2	18	2
Samtals sektir samkvæmt dómi				*25*
Sekt samkvæmt viðurlagaákvæði				
1998	65/74	1	17	1
1998	65/74	1	18	3
1999	65/74	1	16	1
1999	65/74	1	18	5
2000	65/74	1	16	1
2000	65/74	1	17	2
2000	65/74	1	18	3
Samtals sekt skv. viðurlagaákvæði				*16*

Öll mál 1995–2000, fíkniefnabrot og heildarfjöldi kærðra einstaklinga 1995–2000.

Í töflunum hér á eftir eru upplýsingar um hvert ár fyrir sig. Í *töflu 1* fyrir viðkomandi ár gefur að líta heildarfjölda mála ársins, skipt eftir embættum. Upplýsingarnar á lárétta ásnum segja til um hvaða embætti stofnaði mál en á lóðrétta ásnum hvar mál hlutu afgreiðslu.

Í *töflu 2* fyrir hvert ár má sjá embættin sem fengu málin til afgreiðslu en í lárétta ásnum er að finna upplýsingar um afgreiðslu þeirra hjá lögreglu. Rétt er að taka fram að upplýsingarnar eru sóttar í málaskrá lögreglu í apríl 2001.

Í *töflu 3* má áfram sjá embættin sem fengu málin til afgreiðslu en í lárétta ásnum er að finna upplýsingar um afgreiðslu þeirra í málaskrá ákæruvaldsins. *Rétt er taka fram að lögregla er ekki umsjónaraðili þeirrar skrár – Ríkissaksóknari.*

Í *töflu 4* fyrir hvert ár má áfram sjá embættin sem fengu málin til afgreiðslu en í lárétta ásnum er að finna upplýsingar um aldur og kyn viðkomandi. *Rétt er taka fram að lögregla er ekki umsjónaraðili þeirrar skrár – Ríkissaksóknari.*

Til að gefa ekki ranga mynd af fjölda einstaklinga er búið að draga saman réttar upplýsingar um fjölda þeirra miðað við kærur og skipt eftir kynjum, þessar upplýsingar koma fram í *töflu 5* fyrir viðkomandi ár. Rétt er að geta þess að samtala í reitnum „fjöldi" er ekki sú sama og samtala í reitnum „kærur alls". Það kemur til vegna þess að nokkur fjöldi er kærður oftar en einu sinni á hverju ári og þá mögulega fyrir og eftir afmælisdag. Þeir sem þannig er ástatt fyrir eru því tvítaldir, þ.e. einu sinni fyrir hvort aldursár. Í samtölu í reitnum „fjöldi" er hins vegar ekki tekið tillit til þessa og einstaklingurinn er talinn einu sinni

Í töflum *fíkniefnabrot 1 til 5* er að finna sömu upplýsingar og áður en einungis um fíkniefnabrot.

Í lokni er svo tafla þer sem fram koma upplýsingar um raunverulegan fjölda 15–18 ára einstaklinga sem voru kærðir á nefndu árabili.

1995, tafla 1.

	Embætti																			
Rétt emb.	Akranes	Blönduós	Bolungarv.	Hafnarfjörður	Hólmavík	Húsavík	Hvolsvöllur	Höfn	Ísafjörður	Keflavík	Kópavogur	Patreksfjörður	Reykjavík	RLR	Sauðárkrókur	Selfoss	Stykkishólmur	Vestmannaeyjar	Vík	Alls
Akureyri													1							1
Blönduós		1		1		1			1	1	1		13							19
Bolungarvík									1											1
Borgarnes	2																			2
Hafnarfjörður				1						1	4		14			4				24
Hólmavík													1							1
Húsavík						1							1							2
Hvolsvöllur													4			4				8
Höfn						1							1							2
Ísafjörður			6	1					169	1	4		11				1			193
Keflavík									1	13	4		5			1				24
Keflavíkurflugvöllur											1									1
Kópavogur			1							2	35		12	1		6				57
Patreksfjörður													2							2
Reykjavík	4	1	2	41			1		3	4	28	1	448	49		22		1		605
RLR	3			1	1			1	2				1	262				2		273
Sauðárkrókur													4		1					5
Selfoss				7	1		11			7	10		45	1		191		5	1	279
Siglufjörður						1							6							7
Stykkishólmur													3							3
Vestmannaeyjar													1			1				2
Alls	9	2	9	52	2	4	12	1	177	29	87	1	573	313	1	229	1	8	1	1511

1995, tafla 2.

Síðasti ML-ferill	Embætti																			
	Akranes	Blönduós	Bolungarv.	Hafnarfjörður	Hólmavík	Húsavík	Hvolsvöllur	Höfn	Ísafjörður	Keflavík	Kópavogur	Patreksfjörður	Reykjavík	RLR	Sauðárkrókur	Selfoss	Stykkishólmur	Vestmannaeyjar	Vík	Alls
Ákærufrestun									1					2						3
Áminning									3		1		69			1				74
Deild						1			2							1				4
Dómur				1		1			1		4		4	36	1	1				49
Fallið frá ákæru																1				1
Fellt niður				2					10	4	13		11	10		39				89
Geymsla									5		2		54	44		4		1		110
Gíró/sektarbréf				2						2	2		3			1				10
Greitt	4			1	1	1	10		5	14	49		249			24			1	359
Í rannsókn										2										2
Kæra afturkölluð									1		1			3						5
Lagt upp	3		2		1		1		26	5	3		99	99		30		7		276
Lokið samkvæmt eldra	1		4					1	5	1		1	12	115		1	1			142
Lögfræðingur									1											1
Mál móttekið	1		3	45		1	1		1				36							88
Málshöfðun (Ákæra)									2		1		9	2						14
Sátt/sekt tekið		1		1					89	1	6					126				224
Sáttaboð									23											23
Sent											2		23	1						26
Skb. frestun ákæru		1											1							2
Skýrslugerð									1											1
Til afgreiðslu									1											1
Viðurlagaákvörðun											3		3							6
Vísað frá (76.gr.)														1						1
Alls	9	2	9	52	2	4	12	1	177	29	87	1	573	313	1	229	1	8	1	1511

1995, tafla 3.

Síðasti MÁ-ferill	Embætti																			
	Akranes	Blönduós	Bolungarv.	Hafnarfjörður	Hólmavík	Húsavík	Hvolsvöllur	Höfn	Ísafjörður	Keflavík	Kópavogur	Patreksfjörður	Reykjavík	RLR	Sauðárkrókur	Selfoss	Stykkishólmur	Vestmannaeyjar	Vík	Alls
NULL	9	2	9	52	2	4	12	1	177	29	87	1	573	313	1	229	1	8	1	1511
Alls	9	2	9	52	2	4	12	1	177	29	87	1	573	313	1	229	1	8	1	1511

1995, tafla 4.

Embætti	Karlar aldur, ár				Karlar alls	Konur aldur, ár				Konur alls	Samtals
	15	16	17	18		15	16	17	18		
Akureyri			1		1						1
Blönduós	2	3	7	12	24			1	1	2	26
Bolungarvík				1	1						1
Borgarnes			1	1	2						2
Hafnarfjörður	1		8	10	19			1	4	5	24
Hólmavík				1	1						1
Húsavík	4	1			5	1				1	6
Hvolsvöllur		1	2	3	6		1	1	1	3	9
Höfn	1	1		1	3						3
Ísafjörður	27	21	80	61	189	1	1	23	8	33	222
Keflavík	2	1	8	8	19			6	2	8	27
Keflavíkurflugvöllur				1	1						1
Kópavogur	3	4	25	21	53		1	4	3	8	61
Patreksfjörður				3	3		1			1	4
Reykjavík	62	63	214	224	563	7	15	54	40	116	679
RLR	63	81	136	101	381	5	10	10	7	32	413
Sauðárkrókur			2	4	6						6
Selfoss	39	42	99	98	278	6	3	14	21	44	322
Siglufjörður		3	2	2	7						7
Stykkishólmur		1	3		4				1	1	5
Vestmannaeyjar				1	1		1			1	2
Samtals	**204**	**222**	**588**	**553**	**1.567**	**20**	**33**	**114**	**88**	**255**	**1.822**

1995, tafla 5.

Aldur	Kærðir karlar fjöldi	Kærðir karlar kærur alls	Kærðar konur fjöldi	Kærðar konur kærur alls
15 ára	141	204	16	20
16 ára	144	222	25	33
17 ára	343	588	87	114
18 ára	368	553	80	88
Samtals	**936**	**1.567**	**205**	**255**

1996, tafla 1.

Rétt emb.	Embætti																									
	Akranes	Akureyri	Blönduós	Bolungarv.	Borgarnes	Eskifjörður	Hafnarfjörður	Húsavík	Hvolsvöllur	Höfn	Ísafjörður	Keflavík	Kópavogur	Neskaupstaður	Ólafsfjörður	Patreksfjörður	Reykjavík	Ríkislögr.stjórinn	RLR	Sauðárkrókur	Selfoss	Seyðisfjörður	Siglufjörður	Stykkishólmur	Vestmannaeyjar	Vík	Alls
Akranes	80	2			18		2	1									3							2		108
Akureyri	5	13					5	4			2				2		18							1	1	51
Blönduós	1	3	23		1		2					4	1		1	1	23			2	1						63
Bolungarvík				1			1				4						1										7
Borgarnes	11				11		1										17				1			2			43
Eskifjörður								1					1				3										5
Hafnarfjörður		2				1	140	1			1	22	17				62		8		4						258
Hólmavík			1					1			5						3										10
Húsavík		9						76		1		1					3					2					92
Hvolsvöllur							2		2				4				8				9						25
Höfn									1								2										3
Ísafjörður				4			1		2		183		1				12	1									204
Keflavík							6					42	9				30				1						88
Keflavíkurflugvöllur												4	1				1										6
Kópavogur	2					1	24		3	1		16	354	1			27		16		5	1					451
Neskaupstaður														1													1
Ólafsfjörður							2						1														3
Patreksfjörður																2											2
Reykjavík	7	4	4		3		88		4	2	3	22	78	3		1	1370		249	2	13	3		4	1		1861
RLR		3												1			5		41	1		1					52
Sauðárkrókur			3				2						1				9			5	1		1				22
Selfoss							9		9	1		12	8				39		3	1	230				1	3	316
Seyðisfjörður								1									1		1						1		4
Siglufjörður		2					1				1	1			2		1						19				27
Stykkishólmur			2				1				1						2							4			10
Vestmannaeyjar	1			1			3				2	1	4				4				9				88		113
Alls	107	38	33	6	33	2	290	85	21	5	202	125	480	6	5	4	1644	1	318	11	274	7	20	13	92	3	3825

1996, tafla 2.

Síðasti ML-ferill	Embætti																									
	Akranes	Akureyri	Blönduós	Bolungarv.	Borgarnes	Eskifjörður	Hafnarfjörður	Húsavík	Hvolsvöllur	Höfn	Ísafjörður	Keflavík	Kópavogur	Neskaupstaður	Ólafsfjörður	Patreksfjörður	Reykjavík	Ríkislögr.stjórinn	RLR	Sauðárkrókur	Selfoss	Seyðisfjörður	Siglufjörður	Stykkishólmur	Vestmannaeyjar	Vík	Alls
Ákærufrestun		1											4											1	1	7
Áminning					1						7						148				1					157
Deild	1	1		1							1						3				2					9
Dómur	9	9			1		16	2	3		5	6	24		1		73		41		4				3	197
Fallið frá ákæru	1				1																					2
Felit niður	4		2				51	5			18	16	98			1	36		51	3	51		9		20	365
Framhald - sektir	3																									3
Geymsla	1				5		6	1			3	1	11				118		46		8		1		3	204
Giró/sektarbréf	2		9	1			15	1				1	13				2				1					45
Greitt	74	10	10		3		136	68	14		14	76	293		3	1	763			6	153		8		38	2	1672
Í rannsókn	1												1														2
Í sektarinnheimtu	3										1																4
Kæra afturköllud	1				1								2			1			4						5		14
Lagt upp	2	17	4	1	20		5	8			12	7	19				380	1	65		21		1		16		579
Lokið samkvæmt eldra	4		7	3		2	4			5	2	1	1	6		1	30		76	2	4	7		13	2		170
Lögfræðingur	1																										1
Mál móttekið							45		2												1						48
Málshöfðun (Ákæra)							1				4	2	3				19		11		6				3		49
Sátt/sekt tekið			1		1		8		2		42	12	5		1						19					1	92
Sáttaboð											84																84
Sekt lögreglumanns											7																7
Sent													1				22		22								45
Skb. frestun ákæru																	5										5
Skýrslugerð											2						2										4
Til afgreiðslu							1					1					3				1						6
Viðurlagaákvörðun							2					2	4				40				2				1		51
Vísað frá (76.gr.)													1							2							3
Alls	107	38	33	6	33	2	290	85	21	5	202	125	480	6	5	4	1644	1	318	11	274	7	20	13	92	3	3825

1996, tafla 3.

Síðasti MÁ-ferill	Embætti																								
	Akranes	Akureyri	Blönduós	Bolungarv	Borgarnes	Eskifjörður	Hafnarfjörður	Húsavík	Hvolsvöllur	Höfn	Ísafjörður	Keflavík	Kópavogur	Neskaupstaður	Ólafsfjörður	Patreksfjörður	Reykjavík	Ríkislögr. stjórinn	RLR	Sauðárkrókur	Selfoss	Seyðisfjörður	Siglufjörður	Stykkishólmur	Vestmannaeyjar	Vík	Alls
NULL	107	38	33	6	33	2	290	85	21	5	202	125	480	6	5	4	1644	1	318	11	274	7	20	13	92	3	3825
Alls	107	38	33	6	33	2	290	85	21	5	202	125	480	6	5	4	1644	1	318	11	274	7	20	13	92	3	3825

1996, tafla 4.

Embætti	Karlar aldur, ár				Karlar alls	Konur aldur, ár				Konur alls	Samtals
	15	16	17	18		15	16	17	18		
Akranes	5	10	47	41	103	4	2	6	2	14	117
Akureyri	13	3	20	15	51	2	1		4	7	58
Blönduós	3	1	22	27	53			4	6	10	63
Bolungarvík	1	2	2	2	7		1	1		2	9
Borgarnes	3	5	22	17	47		1	1	2	4	51
Eskifjörður			1	3	4			1		1	5
Hafnarfjörður	18	24	122	82	246		2	17	10	29	275
Hólmavík		2	6	2	10						10
Húsavík	2	8	57	27	94	1	2	2	4	9	103
Hvolsvöllur	4	2	6	11	23	1		2	3	6	29
Höfn			2	1	3						3
Ísafjörður	13	26	83	58	180	2	8	19	18	47	227
Keflavík	3	6	29	36	74	5	2	6	9	22	96
Keflavíkurflugvöllur			3	2	5				1	1	6
Kópavogur	49	65	191	143	448	5	4	31	29	69	517
Neskaupstaður				1	1						1
Ólafsfjörður			2	1	3						3
Patreksfjörður			1	2	3						3
Reykjavík	214	337	746	634	1.931	34	46	148	121	349	2.280
RLR	6	9	29	20	64	2	2	4	4	12	76
Sauðárkrókur		1	10	9	20	1	1	1	3	6	26
Selfoss	19	53	132	102	306		3	22	22	47	353
Seyðisfjörður		1	2	1	4						4
Siglufjörður	7	6	3	12	28	1	1	1		3	31
Stykkishólmur	2	1	5	4	12		1			1	13
Vestmannaeyjar	14	26	46	31	117	4	2	9	3	18	135
Samtals	**376**	**588**	**1.589**	**1.284**	**3.837**	**62**	**79**	**275**	**241**	**657**	**4.494**

1996, tafla 5.

Aldur	Kærðir karlar fjöldi	Kærðir karlar kærur alls	Kærðar konur fjöldi	Kærðar konur kærur alls
15 ára	243	376	55	62
16 ára	328	588	75	79
17 ára	813	1.589	226	275
18 ára	739	1.284	209	241
Samtals	**1.912**	**3.837**	**549**	**657**

1997, tafla 1.

Rétt emb.	Embætti																													
	Akranes	Akureyri	Blönduós	Bolungarv.	Borgarnes	Búðardalur	Eskifjörður	Hafnarfjörður	Hólmavík	Húsavík	Hvolsvöllur	Höfn	Ísafjörður	Keflavík	Keflavíkurflugvöllu	Kópavogur	Neskaupstaður	Ólafsfjörður	Patreksfjörður	Reykjavík	Ríkislögr.stjórinn	RLR	Sauðárkrókur	Selfoss	Seyðisfjörður	Siglufjörður	Stykkishólmur	Vestmannaeyjar	Vík	Alls
Akranes	110				14		1	4						1						13				1			1			145
Akureyri		737	1		2			7	1	13			1	7		1	2	8		25			4	3	1		1			814
Blönduós	4	5	37					6		3			1	1						14				1		2		1		75
Bolungarvík				4									6																	10
Borgarnes	8	3	5		40	1	1	2	1					5		3				16			3	4			7			99
Eskifjörður							2							1						1								1		5
Hafnarfjörður	2	1			1			269			1		2	53		20			1	64		1		2			1	1		419
Hólmavík			2					2								2				3										9
Húsavík		9						1		73						2				2			1	1	3		1			93
Hvolsvöllur								2			3			2		1				4				6				2		20
Höfn								1				1		1						2				1				1		7
Ísafjörður		1		10				2					163						1											177
Keflavík		1					2	12		1				682		6			1	34		1		2	1			2		745
Keflavíkurflugvöllur														2	181						1									184
Kópavogur	2	2	1					23			1	1		14		340				50		1		10			2	1	1	449
Neskaupstaður		1																												1
Ólafsfjörður		10								2				1				8		1										22
Patreksfjörður													1						3		1									5
Reykjavík	1	2	2	2	5			105	1		1		2	21		109				1578	1	38	1	18		1	3	1		1892
RLR		1						2								2				3	2	7								17
Sauðárkrókur	2	2	9				1	5		1	1					1		2		12			61			7	1			105
Selfoss	2			1			1	10			15			11		25	1			73				277			1	3	1	421
Seyðisfjörður							1							1						1					3					6
Siglufjörður								1															1			26				28
Stykkishólmur		1			1								1			1				8							1			13
Vestmannaeyjar	1	1						1			1	1				2				3				1				156		167
Vík																				2										2
Alls	132	777	57	17	63	1	9	455	3	93	23	3	177	802	181	516	3	18	6	1909	5	48	71	327	8	36	19	169	2	5930

1997, tafla 2.

Síðasti ML-ferill	Embætti																													
	Akranes	Akureyri	Blönduós	Bolungarv.	Borgarnes	Búðardalur	Eskifjörður	Hafnarfjörður	Hólmavík	Húsavík	Hvolsvöllur	Höfn	Ísafjörður	Keflavík	Keflavíkurflugvöllu	Kópavogur	Neskaupstaður	Ólafsfjörður	Patreksfjörður	Reykjavík	Ríkislögr.stjórinn	RLR	Sauðárkrókur	Selfoss	Seyðisfjörður	Siglufjörður	Stykkishólmur	Vestmannaeyjar	Vík	Alls
Ákærufrestun		11	2					1		1			1			4						1			1			1		23
Áminning		7			4						1		2	2						244								5		265
Deild															36	2				6				1						45
Dómsáritun																1														1
Dómur	2	48	1		2			15		2			9	12		39	1	4	1	141	1	6	4	14		2		10		314
Fallið frá ákæru		8												2		2			1				1							14
Fellt niður	9	38	7	3	5			78		3		1	23	83	6	76		1	1	175	2	7	13	56		4	1	29		621
Geymsla	3	9			4			18					5	43		10				49		1		20				9		171
Giró/sektarbréf	1	3	14	2	2			4					21	12		5				2				2				3		71
Greitt	74	502	26	4	25		7	305	1	70	14		47	413		316		6	3	776			43	189		2	18	66	1	2908
Í rannsókn	2				1									9		2														14
Í sektarinnheimtu		1	1										5							2									1	10
Kæra afturkölluð	1	1		1	1								2			2		2	1	11		3		1		1		7		34
Lagt upp	9	137	2	1	12		1	6	2	14	1		17	144	138	9		2		342	1	16	1	23		7		33		918
Lokið samkvæmt eldra	3	3			1		1	3				2	1	4		2	2			32		12	2		4	1	18			91
Mál móttekið	7		1	2		1		1			3			1																16
Málshöfðun (Ákæra)	1				1			1			3		3	4		1												2		16
Rannsókn hætt (76.gr.)																					1	1								2
Sátt/sekt tekið	1	3	1	2	4			16					20	58	1	37		2						17		3		1		166
Sáttaboð	2		1	1									3			1												1		9
Sekt lögreglumanns													10																	10
Sent								1		1										43		2		1						48
Skb. frestun ákæru		1								1				1						38			7							48
Skýrslugerð	7	2		1	1						1		3	5		2				6				1	1					30
Til afgreiðslu	10	1	1					5		1			1	7						4				2						32
Viðurlagaákvörðun		2						1					4	2		5				37								2		53
Alls	132	777	57	17	63	1	9	455	3	93	23	3	177	802	181	516	3	18	6	1909	5	48	71	327	8	36	19	169	2	5930

1997, tafla 3.

Síðasti MÁ-fenill	Embætti																									
	Akranes	Akureyri	Blönduós	Bolungarv.	Borgarnes	Búðardalur	Eskifjörður	Hafnarfjörður	Hólmavík	Húsavík	Hvolsvöllur	Höfn	Ísafjörður	Keflavík	Keflavíkurflugvöllur	Kópavogur	Neskaupstaður	Ólafsfjörður	Patreksfjörður	Reykjavík	Ríkislögr. stjórinn	RLR	Sauðárkrókur	Selfoss	Seyðisfjörður	Siglufjörður	Stykkishólmur	Vestmannaeyjar	Vík	Alls
NULL	132	777	57	17	63	1	9	455	3	93	23	3	177	802	181	516	3	18	6	1909	5	48	71	327	8	36	19	169	2	5930
Alls	132	777	57	17	63	1	9	455	3	93	23	3	177	802	181	516	3	18	6	1909	5	48	71	327	8	36	19	169	2	5930

1997, tafla 4.

Embætti	Karlar aldur, ár				Karlar alls	Konur aldur, ár				Konur alls	Samtals
	15	16	17	18		15	16	17	18		
Akranes	7	10	48	72	137	1		8	7	16	153
Akureyri	62	124	293	261	740	13	25	65	51	154	894
Blönduós	5	2	22	38	67			7	3	10	77
Bolungarvík			2	1	3			4	3	7	10
Borgarnes	4	4	34	54	96	2	2	3	7	14	110
Eskifjörður		3		2	5				2	2	7
Hafnarfjörður	43	43	182	150	418	2	1	18	27	48	466
Hólmavík			3	3	6			1	2	3	9
Húsavík	4	14	31	55	104	2	1	2	2	7	111
Hvolsvöllur	2	2	10	6	20						20
Höfn	1	2	1	4	8			1		1	9
Ísafjörður	14	16	102	38	170	1	3	17	11	32	202
Keflavík	120	101	217	237	675	31	16	70	55	172	847
Keflavíkurflugvöllur	9	17	43	73	142	2	11	12	21	46	188
Kópavogur	39	49	181	157	426	7	5	25	43	80	506
Neskaupstaður				1	1						1
Ólafsfjörður	2	2	8	8	20		1	1		2	22
Patreksfjörður		1	1	2	4			1		1	5
Reykjavík	271	360	672	581	1.884	51	58	131	129	369	2.253
RLR	3	3	4	4	14			4	3	7	21
Sauðárkrókur	3	15	51	30	99	4	3	7	10	24	123
Selfoss	35	22	174	183	414	1	5	34	22	62	476
Seyðisfjörður	1	2	1	3	7						7
Siglufjörður	3	2	10	10	25	1		2	1	4	29
Stykkishólmur	1	1	4	6	12			1	1	2	14
Vestmannaeyjar	21	16	77	58	172	1	5	11	5	22	194
Vík				2	2						2
Samtals	**650**	**811**	**2.171**	**2.039**	**5.671**	**119**	**136**	**425**	**405**	**1.085**	**6.756**

1997, tafla 5.

	Kærðir karlar		Kærðar konur	
Aldur	**fjöldi**	**kærur alls**	**fjöldi**	**kærur alls**
15 ára	415	650	95	119
16 ára	432	811	116	136
17 ára	1.164	2.171	352	425
18 ára	1.116	2.039	336	405
Samtals	**2.793**	**5.671**	**867**	**1.085**

1998, tafla 1.

| Rétt emb. | Embætti | | |

1998, tafla 3.

Síðasti MÁ-ferill	Embætti																													
	Akranes	Akureyri	Blönduós	Bolungarv.	Borgarnes	Búðardalur	Eskifjörður	Hafnarfjörður	Hólmavík	Húsavík	Hvolsvöllur	Höfn	Ísafjörður	Keflavík	Keflavíkurflugvöllu	Kópavogur	Neskaupstaður	Ólafsfjörður	Patreksfjörður	Reykjavík	Ríkislögr.stjórinn	Ríkissaks	Sauðárkrókur	Selfoss	Seyðisfjörður	Siglufjörður	Stykkishólmur	Vestmannaeyjar	Vík	Alls
Dómur í héraði					1									4																5
Fallið frá saksókn									1					3						1										5
Felit niður skv. 112.				1						1				1						2		1								6
Hæstaréttardómur																1														1
Máli lokið með héraðsdómi		1				2								5						5								4		17
NULL	126	632	85	11	101	3	41	510	19	83	87	35	182	778	143	500	21	68	9	3004	2		105	309	84	31	126	148	9	7252
Skb. frestun ákæru														3																3
Alls	126	633	85	12	102	5	41	510	20	84	87	35	182	794	143	501	21	68	9	3012	2	1	105	309	84	31	126	152	9	7289

1998, tafla 4.

Embætti	Karlar aldur, ár				Karlar alls	Konur aldur, ár				Konur alls	Samtals
	15	16	17	18		15	16	17	18		
Akranes	15	14	58	35	122			11	5	16	138
Akureyri	41	113	263	213	630	14	5	62	49	130	760
Blönduós	3	2	31	40	76		1	3	10	14	90
Bolungarvík	1	1	2	3	7			1	2	3	10
Borgarnes	2	10	48	41	101	1	1	5	11	18	119
Búðardalur			2	1	3			1		1	4
Eskifjörður	3	2	21	9	35		2	2	5	9	44
Hafnarfjörður	32	57	175	157	421	8	12	49	30	99	520
Hólmavík	1	2	8	10	21	1		1	5	7	28
Húsavík	8	11	24	46	89	3		7	3	13	102
Hvolsvöllur	9	17	39	25	90	3	3	10	8	24	114
Höfn	1	9	18	7	35	1		5	1	7	42
Ísafjörður	13	31	59	77	180	4	5	11	16	36	216
Keflavík	159	135	206	211	711	57	21	49	59	186	897
Keflavíkurflugvöllur	9	19	31	52	111	4	5	9	18	36	147
Kópavogur	25	21	179	190	415	5	4	35	58	102	517
Neskaupstaður	2	4	3	8	17	1		3	2	6	23
Ólafsfjörður	26	9	20	9	64	1		2	3	6	70
Patreksfjörður			3	5	8			1	2	3	11
Reykjavík	220	355	1.079	1.090	2.744	54	74	247	265	640	3.384
RLS	1				1						1
Sauðárkrókur	3	4	43	42	92	1		13	8	22	114
Selfoss	17	19	123	130	289	1	8	27	22	58	347
Seyðisfjörður	11	15	33	38	97		1	3	7	11	108
Siglufjörður	3	5	9	13	30		2	1		3	33
Stykkishólmur	7	10	54	37	108	3		6	11	20	128
Vestmannaeyjar	5	23	80	46	154	3		5	5	13	167
Vík			7	2	9			2		2	11
Samtals	**617**	**888**	**2.618**	**2.537**	**6.660**	**165**	**144**	**571**	**605**	**1.485**	**8.145**

1998, tafla 5.

	Kærðir karlar		Kærðar konur	
Aldur	**fjöldi**	**kærur alls**	**fjöldi**	**kærur alls**
15 ára	376	617	113	165
16 ára	484	888	112	144
17 ára	1.364	2.618	439	571
18 ára	1.369	2.537	485	605
Samtals	**3.183**	**6.660**	**1.108**	**1.485**

1999, tafla 1.

Rétt emb.	Embætti																													
	Akranes	Akureyri	Blönduós	Bolungarv.	Borgarnes	Búðardalur	Eskifjörður	Hafnarfjörður	Hólmavík	Húsavík	Hvolsvöllur	Höfn	Ísafjörður	Keflavík	Keflavíkurflugvöllu	Kópavogur	Neskaupstaður	Ólafsfjörður	Patreksfjörður	Reykjavík	Ríkissaks.	Sauðárkrókur	Selfoss	Seyðisfjörður	Siglufjörður	Stykkishólmur	Vestmannaeyjar	Vík	Alls
Akranes	139				1			1												4										145
Akureyri	2	617						7		1				2		2		6		20	2	2		1				1		663
Blönduós		1	93					1						2		2		1		4		1								105
Bolungarvík				31																1										32
Borgarnes	2				76	1		1												6	1	1				1				89
Búðardalur						2																								2
Eskifjörður		1					68						1	1						1				3						75
Hafnarfjörður		1						457						8		8				17		1					1	2		495
Hólmavík									15				2																	17
Húsavík		2	1							95								2		2					1					103
Hvolsvöllur											72			1						2			1							76
Höfn												43		1		1				2	1	1								49
Ísafjörður				3									131							2	1									137
Keflavík								2						652		2				5	1	1	1					4		668
Keflavíkurflugvöllur														2	89	1														92
Kópavogur			1					5					1	3		454				8	2		1							475
Neskaupstaður							4										34		1											39
Ólafsfjörður		2																14												16
Patreksfjörður								1								1			22											24
Reykjavík	4	6	1					11				1	2	12		20				2423	20		2				1	3		2506
Sauðárkrókur	1															1				2		118								122
Selfoss			1								1			1		3				6			369							381
Seyðisfjörður							2									1	1							49						53
Siglufjörður																						1			20					21
Stykkishólmur																				3						108				111
Vestmannaeyjar														1		1				7							119			128
Vík												1																13		14
Alls	148	630	97	34	77	3	74	486	15	96	73	46	136	686	89	497	35	23	23	2515	28	126	374	53	21	111	129	13		6638

1999, tafla 2.

Síðasti ML-ferill	Embætti																													
	Akranes	Akureyri	Blönduós	Bolungarv.	Borgarnes	Búðardalur	Eskifjörður	Hafnarfjörður	Hólmavík	Húsavík	Hvolsvöllur	Höfn	Ísafjörður	Keflavík	Keflavíkurflugvöllur	Kópavogur	Neskaupstaður	Ólafsfjörður	Patreksfjörður	Reykjavík	Ríkissaks.	Sauðárkrókur	Selfoss	Seyðisfjörður	Siglufjörður	Stykkishólmur	Vestmannaeyjar	Vík	Alls
Ákæruneðferð	2	38	5	1	4	1		15				4	4	35		32				216	25	1	13	6		3	14		419
Áminning		1												1									2						4
Deild															6	25	5			31									67
Dómsáritun	11	1	6	4	7		2	40			3	2	12	78		37	2			148		3	32			8	9		405
Dómur	9	28					1	3		2			1	9		8		2		103		2	8		1	11	10		198
Fallið frá ákæru		1																					1						2
Fellt niður	1	12	7	1	2		1	12	1	5	18	9	9	15	1	15	1	2	2	281	1		5	3	3	1	13		421
Framhald - sektir																1													1
Geymsla	1	4	1	3			2	8		1	4		2	39		8				45			16						134
Gíró/sektarbréf													1																1
Greitt								2						6						7							1		16
Greitt TBR	99	406	73	19	56	2	59	354	13	66	42	14	77	349	21	318	23	14	16	1360		69	271	34	11	83	55	12	3916
Í rannsókn	1	1					1					2		18		2							1				2		28
Í sektarinnheimtu														1															1
Kæra afturkölluð			1				1							2		5										2			20
Lagt upp	20	110		2	6		2	21	1	14		2	20	98	41	37	1	1	2	174		42	14	7	5	1	9		630
Lokið samkvæmt eldra																				2			1						3
Mál móttekið		1					1					4		2				1	1			2					1		13
Málshöfðun (Ákæra)		2	1				3	1				3	1			1		1					2						15
Niðurfelld sekt		8			2			3						7		9				30						1	3		63
Rannsókn hætt (76.gr.)																				28									28
Sátt/sekt tekið										2			2																4
Sáttaboð												1																	1
Sektarboð												1		1		1													3
Sektargerð	1	4						1					1	1		3						1		1			1		14
Sent								1		1	1					2				15		1					1		22
Sent t. dómsáritunar		2	1				1	16		4	1	1		2						4		4	5				3	1	45
Skb. frestun ákæru	1	2						2						1		2		1		26			2	1			1		39
Skýrslugerð		1									4	3		4	1	2		1		5									21
Til afgreiðslu	2		2	4				6					5	11		5			2	6	2	1		1			4		51
Tilkynning																1													1
Vararefsing																				1									1
Viðurlagaákvörðun		8														3	8			24			1			2	2		48
Vísað frá (76.gr.)								1		1				1															3
Alls	148	630	97	34	77	3	74	486	15	96	73	46	136	686	89	497	35	23	23	2515	28	126	374	53	21	111	129	13		6638

1999, tafla 3.

Síðasti MÁ-ferill	Embætti																											
	Akranes	Akureyri	Blönduós	Bolungarv.	Borgarnes	Búðardalur	Eskifjörður	Hafnarfjörður	Hólmavík	Húsavík	Hvolsvöllur	Höfn	Ísafjörður	Keflavík	Keflavíkurflugvöllu	Kópavogur	Neskaupstaður	Ólafsfjörður	Patreksfjörður	Reykjavík	Ríkissaks.	Sauðárkrókur	Selfoss	Seyðisfjörður	Siglufjörður	Stykkishólmur	Vestmannaeyjar	Vík	Alls
Afturköllun ákæru								1				1												1					3
Dómur í héraði					1									4							1			1					7
Fallið frá saksókn																3				15	5								23
Fellt niður skv. 112.	1	4							2				3			7				83	8			1			1		110
Hæstaréttardómur														2													3		5
Máli lokið með héraðsdómi		28	3		1			9				2	1	16		14				72	5	1	8	1		2	3		166
NULL	147	598	94	34	75	3	74	474	15	96	73	43	132	655	89	470	35	23	23	2320	9	125	365	47	21	108	121	13	6282
Skb. frestun ákæru														9		3				25				3		1	1		42
Alls	148	630	97	34	77	3	74	486	15	96	73	46	136	686	89	497	35	23	23	2515	28	126	374	53	21	111	129	13	6638

1999, tafla 4.

Embætti	Karlar aldur, ár				Karlar alls	Konur aldur, ár				Konur alls	Samtals
	15	16	17	18		15	16	17	18		
Akranes	16	9	55	57	137	1	1	7	9	18	155
Akureyri	38	69	290	203	600	5	9	50	64	128	728
Blönduós		5	41	46	92			6	9	15	107
Bolungarvík	7	8	13	5	33	4	4	1	2	11	44
Borgarnes		2	32	44	78			8	6	14	92
Búðardalur			2		2						2
Eskifjörður	4	6	31	28	69		1	6	7	14	83
Hafnarfjörður	38	38	196	180	452		4	37	35	76	528
Hólmavík			4	10	14			2	1	3	17
Húsavík	10	6	38	43	97	5	1	8	7	21	118
Hvolsvöllur	3	6	33	28	70		2	4	10	16	86
Höfn	2	5	29	13	49			3	3	6	55
Ísafjörður	5	7	66	45	123	3		9	10	22	145
Keflavík	80	111	245	219	655	17	13	61	40	131	786
Keflavíkurflugvöllur	6	10	28	30	74		1	7	11	19	93
Kópavogur	36	31	161	164	392	7	4	40	62	113	505
Neskaupstaður	1	3	23	11	38		3	1	1	5	43
Ólafsfjörður		4	7	5	16			2	1	3	19
Patreksfjörður	3	4	8	10	25			1	2	3	28
Reykjavík	215	355	889	921	2.380	38	46	179	219	482	2.862
Sauðárkrókur	3	12	44	58	117	1	2	7	6	16	133
Selfoss	17	16	146	174	353	4	4	22	25	55	408
Seyðisfjörður	5	4	24	14	47		2	6	2	10	57
Siglufjörður	1	4	13	5	23						23
Stykkishólmur	3	4	42	49	98		1	10	13	24	122
Vestmannaeyjar	20	10	49	51	130	2	2	3	11	18	148
Vík	1		7	4	12				2	2	14
Samtals	**514**	**729**	**2.516**	**2.417**	**6.176**	**87**	**100**	**480**	**558**	**1.225**	**7.401**

1999, tafla 5.

Aldur	Kærðir karlar fjöldi	Kærðir karlar kærur alls	Kærðar konur fjöldi	Kærðar konur kærur alls
15 ára	316	514	77	87
16 ára	389	729	85	100
17 ára	1.367	2.516	376	480
18 ára	1.318	2.417	416	558
Samtals	**3.047**	**6.176**	**910**	**1.225**

2000, tafla 1.

Rétt emb.	Akranes	Akureyri	Blönduós	Bolungarv.	Borgarnes	Búðardalur	Eskifjörður	Hafnarfjörður	Hólmavík	Húsavík	Hvolsvöllur	Höfn	Ísafjörður	Keflavík	Keflavíkurflugvöllur	Kópavogur	Ólafsfjörður	Patreksfjörður	Reykjavík	Rikissaks.	Sauðárkrókur	Selfoss	Seyðisfjörður	Siglufjörður	Stykkishólmur	Vestmannaeyjar	Vík	Alls
Akranes	149				1														1					1				152
Akureyri		576	2					3		3				3		3	1		6	2			3					602
Blönduós		5	111													1			1									118
Bolungarvík				31									2									1						34
Borgarnes	4	1			93			1						1		1			7									108
Búðardalur						5													1									6
Eskifjörður							73																		1			74
Hafnarfjörður	1	6	1					634					1	4		9			13	3								672
Hólmavík									16					1		1												18
Húsavík		2								48				1		1												52
Hvolsvöllur											67			3		2						2						74
Höfn												25																25
Ísafjörður				12									137						2									151
Keflavík			1					2						534		2			4	3	1							547
Keflavíkurflugvöllur		1						1						5	156				1									164
Kópavogur								2				1		4		324			32	3	1							367
Ólafsfjörður		1															21							1				23
Patreksfjörður													1	1				31				1						34
Reykjavík	3	5	3		4		1	10			1			17		8		1	2513	19	1	9			2		1	2598
Sauðárkrókur		1	1				1					1		2						1	103							110
Selfoss											3			1		1		1	15	1		282				1		305
Seyðisfjörður							2													2			51					55
Siglufjörður														1					2					29				32
Stykkishólmur																									67			67
Vestmannaeyjar	1													1		2			3	1						95		103
Vík												1															12	13
Alls	158	598	119	43	98	5	77	653	16	51	71	28	141	579	156	355	22	33	2601	35	106	295	54	31	70	96	13	6504

2000, tafla 2.

Síðasti ML-ferill	Embætti																											
	Akranes	Akureyri	Blönduós	Bolungarv.	Borgarnes	Búðardalur	Eskifjörður	Hafnarfjörður	Hólmavík	Húsavík	Hvolsvöllur	Höfn	Ísafjörður	Keflavík	Keflavíkurflugvöllur	Kópavogur	Ólafsfjörður	Patreksfjörður	Reykjavík	Rikissaks.	Sauðárkrókur	Selfoss	Seyðisfjörður	Siglufjörður	Stykkishólmur	Vestmannaeyjar	Vík	Alls
Ákærumeðferð	17	84	12	4	6		4	48	1	5	2	4	11	21		47		5	412	30	1	23	8	7	7	26		785
Áminning		1	2																								1	4
Deild					1				1				1	17	52	11		2	103									188
Dómsáritun	8	3	5		14		2	72			8		6	58		17		3	117		4	32			7			356
Fellt niður																1												1
Framhald - sektir																2												2
Geymsla	2	6			1	1	2	19					6	27		10		1	61			14			1	1		152
Greitt																			1								1	2
Greitt TBR	116	363	90	19	61	3	55	419	12	38	43	14	66	325	34	201	10	13	1436		67	195	40	15	53	48	10	3746
Í rannsókn	1	2		1			2	5		1		1	3	19		10			30		6	4	2			2		89
Í sektarinnheimtu		25																										25
Kæra afturkölluð								1						1		1			32		1				4	1		41
Lagt upp	7	90	5	7	6	1	2	50	1	3	17	5	36	68	60	24	7	4	209		19	7			4	1	3	636
Mál móttekið		4		1	1			1				1							1		3	1						13
Niðurfelld sekt		1		2	1			4			1			2	2				4			1						18
Rannsókn hætt (76.gr.)					3			1								3			92				1					100
Sátt/sekt tekið														1					11				1					13
Sektarboð			1	2			2	7					6	2	7	2		1	10			7				6		53
Sektargerð	3	7		1			1	11		3			4	5		5		1	2		1	6	1	1	1	2		55
Sent		1					1	1		1																		4
Sent t. dómsáritunar			1				3	4	2					10		10			7									37
Skýrslugerð	2			4			1	2				1		12	1	4	1										1	29
Til afgreiðslu	2	9	3	6			2	7					1	12		7	4	2	74	5	4	5	1			7		151
Vísað frá (76.gr.)		2										2																4
Alls	158	598	119	43	98	5	77	653	16	51	71	28	141	579	156	355	22	33	2601	35	106	295	54	31	70	96	13	6504

2000, tafla 3.

Síðasti MÁ-ferill	Embætti																									
	Akranes	Akureyri	Blönduós	Bolungarv.	Borgarnes	Búðardalur	Eskifjörður	Hafnarfjörður	Hólmavík	Húsavík	Hvolsvöllur	Höfn	Ísafjörður	Keflavík	Keflavíkurflugvöllu	Kópavogur	Ólafsfjörður	Patreksfjörður	Reykjavík	Ríkissaks.	Sauðárkrókur	Selfoss	Seyðisfjörður	Siglufjörður	Stykkishólmur	Vestmannaeyjar	Vík	Alls
Afturköllun ákæru		1			1											1			1						1			5
Dómur í héraði	1	9		1				4					1						23	3						1		43
Fallið frá saksókn		3						8			1	1		8		8			54	1			3			2		89
Fellt niður skv. 112	2	7	8		1			8		2	1		5	7		14		2	159	10		2		2	1	11		242
Máli lokið með héraðsdómi	6	37		1	2		3	14		2			3	4		8			91	2		2			1	4		180
NULL	145	539	110	41	94	5	74	615	15	47	69	27	132	559	156	319	22	31	2248	18	106	290	46	29	65	78	13	5893
Skb. frestun ákæru	4	2	1					4	1					1		5			24	1		1	5		2			51
Staðfesting hæstaréttar á frávísun																			1									1
Alls	158	598	119	43	98	5	77	653	16	51	71	28	141	579	156	355	22	33	2601	35	106	295	54	31	70	96	13	6504

2000, tafla 4.

Embætti	Karlar aldur, ár				Karlar alls	Konur aldur, ár				Konur alls	Samtals
	15	16	17	18		15	16	17	18		
Akranes	8	21	77	51	157		2	4	10	16	173
Akureyri	23	33	253	212	521	5	17	63	46	131	652
Blönduós	2	9	39	55	105		1	9	7	17	122
Bolungarvík	3	4	4	14	25		2	6	4	12	37
Borgarnes		2	37	55	94	1		10	7	18	112
Búðardalur			4	2	6						6
Eskifjörður	2	5	25	34	66	2		9	5	16	82
Hafnarfjörður	37	63	260	261	621	4	8	52	58	122	743
Hólmavík	1		4	13	18		1	1	1	3	21
Húsavík	1	3	23	23	50		2	4	5	11	61
Hvolsvöllur	2	5	36	25	68		2	5	5	12	80
Höfn	1	1	14	9	25			2		2	27
Ísafjörður	17	13	41	62	133	3	8	17	12	40	173
Keflavík	39	59	211	179	488	11	12	49	46	118	606
Keflavíkurflugvöllur	9	25	57	45	136		2	15	13	30	166
Kópavogur	28	34	159	143	364	8	9	25	28	70	434
Ólafsfjörður	2		12	7	21			2		2	23
Patreksfjörður		6	14	19	39	1		2		3	42
Reykjavík	176	208	980	1.042	2.406	51	70	201	241	563	2.969
Sauðárkrókur	3	5	54	34	96	1	4	11	11	27	123
Selfoss	12	18	95	136	261	4	3	32	27	66	327
Seyðisfjörður	7	10	17	19	53	1	2	5	3	11	64
Siglufjörður	1	3	11	19	34			2		2	36
Stykkishólmur	6	2	23	35	66			3	6	9	75
Vestmannaeyjar	5	13	31	50	99	1	6	6	5	18	117
Vík			4	7	11				2	2	13
Samtals	**385**	**542**	**2.485**	**2.551**	**5.963**	**93**	**151**	**535**	**542**	**1.321**	**7.284**

2000, tafla 5.

Aldur	Kærðir karlar fjöldi	Kærðir karlar kærur alls	Kærðar konur fjöldi	Kærðar konur kærur alls
15 ára	267	285	81	93
16 ára	379	542	118	151
17 ára	1.284	2.485	398	535
18 ára	1.380	2.551	427	542
Samtals	**2.950**	**5.963**	**987**	**1.321**

Fíkniefnabrot 1995, tafla 1.

	Embætti							
Rétt emb.	Bolungarv.	Hafnarfjörður	Ísafjörður	Kópavogur	Reykjavík	RLR	Selfoss	Alls
Blönduós					1			1
Hafnarfjörður					1			1
Húsavík					1			1
Ísafjörður	1		4		4			9
Kópavogur				1				1
Reykjavík		2			29	1		32
RLR						3		3
Selfoss					1			1
Siglufjörður					1			1
Stykkishólmur					1			1
Vestmannaeyjar							1	1
Alls	1	2	4	1	39	4	1	52

Fíkniefnabrot 1995, tafla 2.

Embætti	Embættisnúmer							
Síðasti ML-ferill	4	10	17	18	33	36	37	Samtals
Áminning		2					1	3
Dómur	3					1		4
Fellt niður		1		3				4
Geymsla		1						1
Greitt		7						7
Lagt upp	1	18		1				20
Mál móttekið		2	1			1		4
Málshöfðun (Ákæra)		2						2
Sátt/sekt tekið					1			1
Sent		6						6
Samtals	4	39	1	4	1	2	1	52

Fíkniefnabrot 1995, tafla 3.

	Embætti							
Síðasti MÁ-ferill	Bolungarv.	Hafnarfjörður	Ísafjörður	Kópavogur	Reykjavík	RLR	Selfoss	Alls
NULL	1	2	4	1	39	4	1	52
Alls	1	2	4	1	39	4	1	52

Fíkniefnabrot 1995, tafla 4.

Embætti	Karlar aldur, ár				Karlar alls	Konur aldur, ár				Konur alls	Samtals
	15	16	17	18		15	16	17	18		
Blönduós				2	2						2
Hafnarfjörður			1		1						1
Húsavík		1			1	1				1	2
Ísafjörður			1	2	3		2	12	2	16	19
Kópavogur	1				1						1
Reykjavík	1	10	21	8	40	1	3	9	4	17	57
RLR			2	1	3						3
Selfoss				1	1						1
Siglufjörður		1			1						1
Stykkishólmur			3		3						3
Vestmannaeyjar				1	1						1
Samtals	**2**	**12**	**28**	**15**	**57**	**2**	**5**	**21**	**6**	**34**	**91**

Fíkniefnabrot 1995, tafla 5.

Aldur	Kærðir karlar fjöldi	Kærðir karlar kærur alls	Kærðar konur fjöldi	Kærðar konur kærur alls
15 ára	2	2	2	2
16 ára	11	12	3	5
17 ára	24	28	11	21
18 ára	14	15	5	6
Samtals	**49**	**57**	**21**	**34**

Fíkniefnabrot 1996, tafla 1.

	Embætti										
Rétt emb.	Akranes	Akureyri	Hafnarfjörður	Húsavík	Ísafjörður	Kópavogur	Reykjavík	RLR	Selfoss	Vestmannaeyjar	Alls
Akranes	2			1							3
Akureyri	1	1		1	1		8				12
Hafnarfjörður		1	3								4
Húsavík				1			1				2
Hvolsvöllur							1				1
Ísafjörður					1		1				2
Kópavogur						5					5
Reykjavík	1	1	4			2	102	3			113
RLR							2				2
Selfoss									2		2
Vestmannaeyjar						1	4			2	7
Alls	4	3	7	3	2	8	119	3	2	2	153

Fíkniefnabrot 1996, tafla 2.

	Embætti										
Síðasti ML-ferill	Akranes	Akureyri	Hafnarfjörður	Húsavík	Ísafjörður	Kópavogur	Reykjavík	RLR	Selfoss	Vestmannaeyjar	Alls
Áminning							1				1
Deild							1				1
Dómur	1		3			1	4				9
Fellt niður			1			3	13		1	1	19
Framhald - sektir	1										1
Geymsla				1			4				5
Greitt	2		3	1		2	28		1	1	38
Lagt upp		3		1	1		51	2			58
Lokið samkvæmt eldra							1	1			2
Málshöfðun (Ákæra)							4				4
Sátt/sekt tekið					1	1					2
Sent							5				5
Skýrslugerð							1				1
Viðurlagaákvörðun						1	6				7
Alls	4	3	7	3	2	8	119	3	2	2	153

Fíkniefnabrot 1996, tafla 3.

	Embætti										
Síðasti MÁ-ferill	Akranes	Akureyri	Hafnarfjörður	Húsavík	Ísafjörður	Kópavogur	Reykjavík	RLR	Selfoss	Vestmannaeyjar	Alls
NULL	4	3	7	3	2	8	119	3	2	2	153
Alls	4	3	7	3	2	8	119	3	2	2	153

Fíkniefnabrot 1996, tafla 4.

Embætti	Karlar aldur, ár				Karlar alls	Konur aldur, ár				Konur alls	Samtals
	15	16	17	18		15	16	17	18		
Akranes		1	2	1	4			1		1	5
Akureyri	2		4	8	14		1		1	2	16
Hafnarfjörður	1		2	5	8		1			1	9
Húsavík				1	1	1	1			2	3
Hvolsvöllur								1	1	2	2
Ísafjörður			1		1		1			1	2
Kópavogur		2	3		5				1	1	6
Reykjavík	8	25	68	45	146	2	4	9	7	22	168
RLR			1	2	3						3
Selfoss				1	1		1			1	2
Vestmannaeyjar	1	1	4	3	9						9
Samtals	**12**	**29**	**85**	**66**	**192**	**3**	**9**	**11**	**10**	**33**	**225**

Fíkniefnabrot 1996, tafla 5.

Aldur	Kærðir karlar fjöldi	Kærðir karlar kærur alls	Kærðar konur fjöldi	Kærðar konur kærur alls
15 ára	10	12	3	3
16 ára	23	29	9	9
17 ára	52	85	10	11
18 ára	49	66	7	10
Samtals	**129**	**192**	**29**	**29**

Fíkniefnabrot 1997, tafla 1.

	Embætti													
Rétt emb.	Akranes	Akureyri	Borgarnes	Hafnarfjörður	Húsavík	Hvolsvöllur	Ísafjörður	Keflavík	Kópavogur	Reykjavík	RLR	Selfoss	Vestmannaeyjar	Alls
Akranes	3		1							1				5
Akureyri		10	2							5		1		18
Borgarnes			1											1
Eskifjörður										1				1
Hafnarfjörður				9					1	5				15
Húsavík					2									2
Ísafjörður							1							1
Keflavík								4		1				5
Kópavogur				2					14	6				22
Reykjavík				1					4	54	1			60
Selfoss						1				4		3		8
Vestmannaeyjar	1									1		1	4	7
Alls	4	10	4	12	2	1	1	4	19	78	1	5	4	145

Fíkniefnabrot 1997, tafla 2.

	Embætti													
Síðasti ML-ferill	Akranes	Akureyri	Borgarnes	Hafnarfjörður	Húsavík	Hvolsvöllur	Ísafjörður	Keflavík	Kópavogur	Reykjavík	RLR	Selfoss	Vestmannaeyjar	Alls
Deild									1	2				3
Dómur		1							5	6		2		14
Fellt niður		1	1	4				3	7	22				38
Geymsla		1	1							1		2		5
Giró/sektarbréf										1				1
Greitt	3	2		6	1				2	24				38
Lagt upp		4			1			1	1	12	1		4	24
Lokið samkvæmt eldra			1							1				2
Málshöfðun (Ákæra)						1			1					2
Sátt/sekt tekið			1	2			1		1			1		6
Skýrslugerð	1									2				3
Viðurlagaákvörðun		1							1	7				9
Alls	4	10	4	12	2	1	1	4	19	78	1	5	4	145

Fíkniefnabrot 1997, tafla 3.

	Embætti													
Síðasti MÁ-ferill	Akranes	Akureyri	Borgarnes	Hafnarfjörður	Húsavík	Hvolsvöllur	Ísafjörður	Keflavík	Kópavogur	Reykjavík	RLR	Selfoss	Vestmannaeyjar	Alls
NULL	4	10	4	12	2	1	1	4	19	78	1	5	4	145
Alls	4	10	4	12	2	1	1	4	19	78	1	5	4	145

Fíkniefnabrot 1997, tafla 4.

Embætti	**Karlar aldur, ár**				**Karlar alls**	**Konur aldur, ár**				**Konur alls**	**Samtals**
	15	16	17	18		15	16	17	18		
Akranes		1	2	1	4			1		1	5
Akureyri	1	1	7	13	22				3	3	25
Borgarnes				1	1						1
Eskifjörður		1		1	2						2
Hafnarfjörður	2	2	11	9	24						24
Húsavík				1	1	1				1	2
Ísafjörður				1	1						1
Keflavík	2	3	1	3	9	1	1	1		3	12
Kópavogur	1	7	11	10	29	1	3		3	7	36
Reykjavík	3	13	20	22	58	7	2	2	9	20	78
Selfoss	2		2	6	10						10
Vestmannaeyjar		1	2	7	10						10
Samtals	**11**	**29**	**56**	**75**	**171**	**10**	**6**	**4**	**15**	**35**	**206**

Fíkniefnabrot 1997, tafla 5.

	Kærðir karlar		**Kærðar konur**	
Aldur	**fjöldi**	**kærur alls**	**fjöldi**	**kærur alls**
15 ára	10	11	9	10
16 ára	24	29	6	6
17 ára	47	56	4	4
18 ára	62	75	11	15
Samtals	**138**	**171**	**30**	**35**

Fíkniefnabrot 1998, tafla 1.

	Embætti															
Rétt emb.	Akranes	Akureyri	Borgarnes	Eskifjörður	Hafnarfjörður	Húsavík	Ísafjörður	Keflavík	Kópavogur	Neskaupstaður	Ólafsfjörður	Reykjavík	Selfoss	Siglufjörður	Stykkishólmur	Vestmannaeyjar	Alls
Akranes	2																2
Akureyri		14							1			5					20
Borgarnes			1														1
Eskifjörður				1													1
Hafnarfjörður					13				1								14
Húsavík						1						1					2
Höfn					1												1
Ísafjörður							3										3
Keflavík								3									3
Kópavogur					1				7			3					11
Neskaupstaður				1	1					2							4
Ólafsfjörður											1						1
Reykjavík	1	1							3			77					82
Sauðárkrókur								1									1
Selfoss												1	5				6
Seyðisfjörður												1					1
Siglufjörður														1			1
Stykkishólmur															1		1
Vestmannaeyjar																3	3
Alls	3	15	1	2	16	1	3	4	12	2	1	88	5	1	1	3	158

Fíkniefnabrot 1998, tafla 2.

	Embætti																
Síðasti ML-ferill	Akranes	Akureyri	Borgarnes	Eskifjörður	Hafnarfjörður	Húsavík	Ísafjörður	Keflavík	Kópavogur	Neskaupstaður	Ólafsfjörður	Reykjavík	Selfoss	Siglufjörður	Stykkishólmur	Vestmannaeyjar	Alls
Ákærumeðferð												2					2
Deild												1					1
Dómur	1	5							4			17			1		28
Fellt niður		1	1		3		1		2		1	27	2	1			39
Geymsla							1		2			1					4
Greitt												2					2
Greitt TBR	1	5		2	13		1	3	3	1		23	3			2	57
Lagt upp		3						1	1	1		3					9
Lokið samkvæmt eldra												1					1
Mál móttekið		1															1
Niðurfelld sekt												1					1
Sektargerð	1																1
Sent												4					4
Skýrslugerð						1						1					2
Til afgreiðslu												1					1
Vararefsing												2					2
Viðurlagaákvörðun												2				1	3
Alls	3	15	1	2	16	1	3	4	12	2	1	88	5	1	1	3	158

Fíkniefnabrot 1998, tafla 3.

	Embætti																
Síðasti MÁ-ferill	Akranes	Akureyri	Borgarnes	Eskifjörður	Hafnarfjörður	Húsavík	Ísafjörður	Keflavík	Kópavogur	Neskaupstaður	Ólafsfjörður	Reykjavík	Selfoss	Siglufjörður	Stykkishólmur	Vestmannaeyjar	Alls
Máli lokið með héraðsdómi												1					1
NULL	3	15	1	2	16	1	3	4	12	2	1	87	5	1	1	3	157
Alls	3	15	1	2	16	1	3	4	12	2	1	88	5	1	1	3	158

Fíkniefnabrot 1998, tafla 4.

Embætti	Karlar aldur, ár				Karlar alls	Konur aldur, ár				Konur alls	Samtals
	15	16	17	18		15	16	17	18		
Akranes	1				1			1		1	2
Akureyri	9	14	11	14	48	1	1			2	50
Borgarnes			1		1						1
Eskifjörður			1		1						1
Hafnarfjörður	1	5	7	7	20	3	1		1	5	25
Húsavík	2	1	1	2	6						6
Höfn				2	2						2
Ísafjörður	2	3	2		7						7
Keflavík		1	3		4						4
Kópavogur		2	5	6	13	1	1	1		3	16
Neskaupstaður								2	2	4	4
Ólafsfjörður	1		1		2						2
Reykjavík	9	15	26	43	93	2	9	4	5	20	113
Sauðárkrókur			1		1						1
Selfoss	1	1	3	7	12						12
Seyðisfjörður				1	1						1
Siglufjörður			1	1	2						2
Stykkishólmur									1	1	1
Vestmannaeyjar			1	2	3						3
Samtals	**26**	**42**	**64**	**85**	**217**	**7**	**12**	**8**	**9**	**36**	**253**

Fíkniefnabrot 1998, tafla 5.

Aldur	Kærðir karlar fjöldi	Kærðir karlar kærur alls	Kærðar konur fjöldi	Kærðar konur kærur alls
15 ára	21	26	5	7
16 ára	32	42	6	12
17 ára	52	64	6	8
18 ára	59	85	9	9
Samtals	**156**	**217**	**24**	**36**

Fíkniefnabrot 1999, tafla 1.

	Embætti																
Rétt emb.	Akranes	Akureyri	Bolungarv.	Borgarnes	Eskifjörður	Hafnarfjörður	Höfn	Ísafjörður	Keflavík	Kópavogur	Neskaupstaður	Patreksfjörður	Reykjavík	Ríkissaks.	Sauðárkrókur	Selfoss	Vestmannaeyjar	Alls
Akranes	3																	3
Akureyri	1	20				5				1			10					37
Bolungarvík			1															1
Borgarnes				1														1
Eskifjörður					1													1
Hafnarfjörður						18			1	1			3					23
Höfn							1											1
Ísafjörður								5										5
Keflavík									4									4
Kópavogur										5			1					6
Patreksfjörður												1						1
Reykjavík	1	2				2	1	1	1	1			88	2			2	101
Sauðárkrókur													1		3			4
Selfoss													2			7		9
Seyðisfjörður											1							1
Stykkishólmur													1					1
Vestmannaeyjar													5				6	11
Alls	5	22	1	1	1	25	2	6	6	8	1	1	111	2	3	7	8	210

Fíkniefnabrot 1999, tafla 2.

	Embætti																	
Síðasti ML-ferill	Akranes	Akureyri	Bolungarv.	Borgarnes	Eskifjörður	Hafnarfjörður	Höfn	Ísafjörður	Keflavík	Kópavogur	Neskaupstaður	Patreksfjörður	Reykjavík	Ríkissaks.	Sauðárkrókur	Selfoss	Vestmannaeyjar	Alls
Ákærumeðferð		2		1		1				1			13	2	1	1	3	25
Deild										1			9					10
Dómur	3	7				1				2			14			1	1	29
Fellt niður		2				1	1			1			26			1	3	35
Geymsla						1							1					2
Greitt TBR	1	4	1			17	1	3	2	1	1	1	33		1	3		69
Í rannsókn					1				2									3
Lagt upp		4				1		2	2				3			1		13
Mál móttekið																	1	1
Rannsókn hætt (76.gr.)													1					1
Sektargerð	1	1						1							1			4
Skýrslugerð													2					2
Til afgreiðslu						3				2			2					7
Vararefsing													1					1
Viðurlagaákvörðun		2											6					8
Alls	5	22	1	1	1	25	2	6	6	8	1	1	111	2	3	7	8	210

Fíkniefnabrot 1999, tafla 3.

	Embætti																		
Síðasti MÁ-ferill	Akranes	Akureyri	Bolungarv.	Borgarnes	Eskifjörður	Hafnarfjörður	Höfn	Ísafjörður	Keflavík	Kópavogur	Neskaupstaður	Patreksfjörður	Reykjavík	Ríkissaks.	Sauðárkrókur	Selfoss	Vestmannaeyjar	Alls
Fallið frá saksókn													2					2
Fellt niður skv. 112.													11					11
Máli lokið með héraðsdómi		2											2			1	2	7
NULL	5	20	1	1	1	25	2	6	6	8	1	1	96	2	2	5	8	190
Alls	5	22	1	1	1	25	2	6	6	8	1	1	111	2	3	7	8	210

Fíkniefnabrot 1999, tafla 4.

Embætti	Karlar aldur, ár				Karlar alls	Konur aldur, ár				Konur alls	Samtals
	15	16	17	18		15	16	17	18		
Akranes				1	1				2	2	3
Akureyri	4	11	17	23	55	1	1		4	6	61
Bolungarvík			1		1						1
Borgarnes				2	2						2
Eskifjörður		1			1						1
Hafnarfjörður	2	11	9	11	33		1	3	3	7	40
Höfn			1		1						1
Ísafjörður			4	2	6						6
Keflavík		1	1	4	6		2	1		3	9
Kópavogur			2	3	5		1	1	1	3	8
Patreksfjörður				1	1						1
Reykjavík	7	27	36	54	124	2	2	1	13	18	142
Sauðárkrókur			2	2	4						4
Selfoss		1	7	5	13				1	1	14
Seyðisfjörður							1			1	1
Stykkishólmur			1		1						1
Vestmannaeyjar		2	9	6	17		1	1	1	3	20
Samtals	**13**	**54**	**90**	**114**	**271**	**3**	**9**	**7**	**25**	**44**	**315**

Fíkniefnabrot 1999, tafla 5.

Aldur	Kærðir karlar fjöldi	Kærðir karlar kærur alls	Kærðar konur fjöldi	Kærðar konur kærur alls
15 ára	11	13	3	3
16 ára	47	54	9	9
17 ára	70	90	7	7
18 ára	93	114	22	25
Samtals	**209**	**271**	**41**	**44**

Fíkniefnabrot 2000, tafla 1.

	Embætti																
Rétt emb.	Akranes	Akureyri	Blönduós	Eskifjörður	Hafnarfjörður	Húsavík	Hvolsvöllur	Ísafjörður	Keflavík	Kópavogur	Patreksfjörður	Reykjavík	Rikissaks.	Sauðárkrókur	Selfoss	Vestmannaeyjar	Alls
Akranes	3																3
Akureyri		16				1						1					18
Blönduós			2														2
Eskifjörður				1													1
Hafnarfjörður					33				2	2		1	1				39
Húsavík						1											1
Hvolsvöllur							1										1
Ísafjörður								6									6
Keflavík									10								10
Keflavíkurflugvöllur		1										1					2
Kópavogur										5				1			6
Patreksfjörður								1			1						2
Reykjavík					2				1	1	1	67	1	1	3		77
Sauðárkrókur		1												1			2
Selfoss												1			3		4
Vestmannaeyjar	1									1		3				3	8
Alls	4	18	2	1	35	2	1	7	13	9	2	74	2	3	6	3	182

Fíkniefnabrot 2000, tafla 2.

	Embætti																
Síðasti ML-ferill	Akranes	Akureyri	Blönduós	Eskifjörður	Hafnarfjörður	Húsavík	Hvolsvöllur	Ísafjörður	Keflavík	Kópavogur	Patreksfjörður	Reykjavík	Rikissaks.	Sauðárkrókur	Selfoss	Vestmannaeyjar	Alls
Ákærumeðferð		11	2		5				1	5		21	2		3	2	52
Deild												9					9
Dómsáritun									1								1
Geymsla		2			3			1				2					8
Greitt TBR	3	1		1	12	1	1	3	5		1	9					37
Í rannsókn								1	1	1		3		2		1	9
Lagt upp		3			7			1	3			4					18
Mál móttekið											1			1			2
Rannsókn hætt (76.gr.)												4					4
Sátt/sekt tekið												11					11
Sektargerð	1	1			6					2					3		13
Sent						1											1
Skýrslugerð									1	1							2
Til afgreiðslu					2			1	1			11					15
Alls	4	18	2	1	35	2	1	7	13	9	2	74	2	3	6	3	182

Fíkniefnabrot 2000, tafla 3.

	Embætti																
Síðasti MÁ-ferill	Akranes	Akureyri	Blönduós	Eskifjörður	Hafnarfjörður	Húsavík	Hvolsvöllur	Ísafjörður	Keflavík	Kópavogur	Patreksfjörður	Reykjavík	Ríkissaks.	Sauðárkrókur	Selfoss	Vestmannaeyjar	Alls
Dómur í héraði		2			1							1					4
Fallið frá saksókn					1				1			2					4
Fellt niður skv. 112.			2						1	2		10	1			1	17
Máli lokið með héraðsdómi		6			1					1		2					10
NULL	4	10		1	32	2	1	7	11	6	2	58	1	3	6	2	146
Skb. frestun ákæru												1					1
Alls	4	18	2	1	35	2	1	7	13	9	2	74	2	3	6	3	182

Fíkniefnabrot 2000, tafla 4.

Embætti	Karlar aldur, ár				Karlar alls	Konur aldur, ár				Konur alls	Samtals
	15	16	17	18		15	16	17	18		
Akranes		1	1	1	3						3
Akureyri		2	9	11	22				1	1	23
Blönduós	1			1	2						2
Eskifjörður				1	1						1
Hafnarfjörður	2	12	18	23	55		1	1	3	5	60
Húsavík			1	1	2				1	1	3
Hvolsvöllur				2	2		1			1	3
Ísafjörður	1		1	5	7	2				2	9
Keflavík		2	5	3	10			2	3	5	15
Keflavíkurflugvöllur			2		2						2
Kópavogur		1	1	3	5		1			1	6
Patreksfjörður			1	1	2						2
Reykjavík	4	18	33	38	93	3	4	3	6	16	109
Sauðárkrókur			2		2				1	1	3
Selfoss			2	2	4						4
Vestmannaeyjar		1	2	4	7		2		1	3	10
Samtals	**8**	**37**	**78**	**96**	**219**	**5**	**9**	**6**	**16**	**36**	**255**

Fíkniefnabrot 2000, tafla 5.

Aldur	Kærðir karlar fjöldi	Kærðir karlar kærur alls	Kærðar konur fjöldi	Kærðar konur kærur alls
15 ára	8	8	5	5
16 ára	32	37	7	9
17 ára	65	78	5	6
18 ára	80	96	15	16
Samtals	**172**	**219**	**32**	**36**

Heildarfjöldi kærðra einstaklinga 15–18 ára á árunum 1995–2000.

Heildarfjöldi kærðra karla 15 – 18 ára	*9049*
Kærðir eitt nefndra ára	5030
Kærðir tvö nefndra ára	2641
Kærðir þrjú nefndra ára	1036
Kærðir fjögur nefndra ára	310
Kærðir fimm nefndra ára	32
Heildarfjöldi kærðra kvenna 15 – 18 ára	*3716*
Kærðar eitt nefndra ára	2948
Kærðar tvö nefndra ára	644
Kærðar þrjú nefndra ára	106
Kærðar fjögur nefndra ára	18

Hver einstaklingur er talin einu sinni. Sumir voru kærðir oftar en einu sinni á ári. Hér er ekki hugað að því heldur hve margir voru kærðir á fleiru en einu ári.

1179. Svar [717. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Sigríðar Jóhannesdóttur um nýgengi krabbameins á Suðurnesjum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvert hefur verið nýgengi krabbameins á Suðurnesjum undanfarna áratugi samanborið við aðra landshluta?

Samanburður var gerður á aldursstöðluðu nýgengi, miðað við alþjóðlegan staðal. Skoðað var árlegt nýgengi, nýgengi í þriggja ára tímabilum svo og allt tímabilið.

Tímabil sem notað var í samanburðinum var 1991–1999. Val á tímabili miðaðist við fyrirliggjandi mannfjöldatölur á Suðurnesjunum fengnum frá Hagstofunni.

Borið var saman nýgengi fyrir eftirfarandi mein:

Öll krabbamein	hjá körlum og konum.
Blöðruhálskirtilskrabbamein	hjá körlum.
Brjóst	hjá konum.
Lungnakrabbamein	hjá körlum og konum.

Blöðruhálskirtilskrabbamein er algengasta krabbamein karla, brjóstakrabbamein algengasta krabbamein kvenna og lungnakrabbamein er í öðru sæti hjá báðum kynjum.

Að neðan má sjá árlegan meðalfjölda þeirra sem greindust með krabbamein á umræddu tímabili (1991–1999) svo og mannfjöldatölur:

	Meðalfjöldi greindra á ári		**Mannfjöldi – meðaltal á ári**	
	karlar	*konur*	*karlar*	*konur*
Suðurnes	23	26	8.027	7.631
Allt landið	502	488	134.058	133.058

Ekki var hægt að greina mun á nýgengi krabbameins í körlum á Suðurnesjum og á landinu öllu. Gilti það bæði um nýgengi allra meina, krabbameins í blöðruhálskirtli og lungnakrabbamein. Sama niðurstaða fékkst fyrir nýgengi brjóstakrabbameins í konum.

Nýgengi allra krabbameina hjá konum var heldur hærra á Suðurnesjunum miðað við landið allt, þegar skoðuð voru þriggja ára tímabil. Ef skoðuð eru einstök ár eru Suðurnesin með hærra nýgengi í ⅔ tilfella. Hærra nýgengi Suðurnesjakvenna miðað við landið allt var þó langt frá því að vera marktækt.

Nýgengi lungnakrabbameins í konum á Suðurnesjunum var nokkru hærra öll árin, miðað við nýgengi lungnakrabbameins á öllu landinu, þó ekki reyndist um marktækan mun að ræða, nema þegar öll 9 árin voru skoðuð saman. Á Suðurnesjunum hefur tilfellum fækkað meira síðustu árin heldur en á öllu landinu.

	Fjöldi kvenna sem greindust með lungnakrabbamein	
	Suðurnes	*Landið allt*
1991–1993	16	159
1994–1996	13	169
1997–1999	9	134

Niðurstaða: Ekki er hægt að fullyrða að fleiri greinist með krabbamein á Suðurnesjunum en í öðrum landshlutum, en þó er tilhneiging hjá konum í þá veru og á það sérstaklega við um lungnakrabbamein.

1180. Frumvarp til laga [725. mál]

um breytingu á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, með síðari breytingum.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Heimilt er að víkja frá skilyrði 1. mgr. ákvæðis I til bráðabirgða ef gildar ástæður eru fyrir hendi að mati bótanefndar. Í þeim tilvikum þar sem bótanefnd hefur hafnað umsókn um greiðslu bóta á grundvelli 1. mgr. ákvæðis I til bráðabirgða er henni heimilt að endurskoða ákvörðun sína berist um það ósk frá umsækjanda. Umsókn um bætur eða beiðni um endurskoðun ákvörðunar skal hafa borist bótanefnd innan árs frá gildistöku þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er gert ráð fyrir að bótanefndin geti, ef gildar ástæður eru fyrir hendi, tekið til afgreiðslu umsóknir vegna tjóns sem átti sér stað fyrir gildistöku laganna, þrátt fyrir að frestur skv. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða sé útrunninn.

Við setningu laganna um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota var miðað við að umsóknir um bætur vegna tjóns sem leiddi af brotum sem framin voru fyrir 1. júlí 1996 þyrftu að berast bótanefnd innan árs frá gildistöku laganna.

Þessi frestur var í stysta lagi og má til samanburðar nefna að almennur frestur laganna, sbr. 2. mgr. 6. gr., til að leggja fram umsókn er tvö ár frá því að brot var framið. Auk þess var með lögum nr. 118/1999 veitt heimild til að víkja frá skilyrðum 2. mgr. 6. gr. laganna ef veigamikil rök mæltu með því. Engin heimild er til að víkja frá settum fresti varðandi brot sem framin voru fyrir 1. júlí 1996.

Í athugasemdum sem fylgdi lögum nr. 118/1999 kemur fram að lögunum sé fyrst og fremst ætlað að styrkja réttarstöðu barna sem þolenda afbrota, og þá alveg sérstaklega þeirra barna sem þolað hafa kynferðislegt ofbeldi, en jafnframt sé gert ráð fyrir að önnur tilvik geti réttlætt frávik. Gert er ráð fyrir að sú undantekningarheimild sem hér er lögð til nái til sömu tilvika og 3. mgr. 6. gr. en jafnframt að heimild þessi verði rýmri í þeim skilningi að fleiri tilvik gætu fallið undir ákvæðið en unnt er að heimfæra undir 3. mgr. 6. gr.

Gert er ráð fyrir að auk þeirra tilvika sem nefnd eru í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 118/1999 geti gildar ástæður í þessu samhengi t.d. verið að tjón hafi ekki verið komið í ljós að einhverju eða öllu leyti áður en frestur samkvæmt lögunum rann út og framlagning umsóknar af þeim sökum erfiðleikum bundin. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að bótanefndin meti það út frá almennum sanngirnissjónarmiðum hvað teljist gildar ástæður í þessu sambandi.

Til að taka af allan vafa er tekið fram að bótanefnd sé heimilt að endurskoða ákvarðanir sínar í þeim málum þar sem greiðslu bóta hefur verið hafnað á grundvelli 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða.

Það heimildarákvæði sem hér er lagt til tekur aðeins til tjóns vegna brota sem framin voru fyrir gildistöku laganna þann 1. júlí 1996. Af þeim sökum og eins vegna þess að hér er um rýmra ákvæði að ræða en hið almenna ákvæði í 3. mgr. 6. gr. laganna er lagt til að umsókn um bætur eða beiðni um endurskoðun ákvörðunar samkvæmt ákvæðinu verði að hafa borist innan árs frá gildistöku ákvæðisins.

1181. Nefndarálit [553. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64 16. desember 1943, o.fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti, Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti og Jakob Möller frá Lögmannafélagi Íslands.

Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Lögmannafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands og Þresti Frey Gylfasyni.

Með frumvarpinu eru tekin af öll tvímæli um hvernig standa skuli að birtingu EES- gerða um leið og skapað er ótvírætt hagræði við innleiðingu þeirra. Lagt er til að ekki þurfi við birtingu stjórnvaldsfyrirmæla í B-deild Stjórnartíðinda, sem sett eru til innleiðingar EES-reglna, að birta þær í öllum tilvikum í heild sinni í B-deildinni heldur nægi að vísa til birtingar þeirra í EES-viðbætinum. Með frumvarpinu er verið að festa í sessi núverandi framkvæmd.

Nefndin telur rétt að ítreka mikilvægi þess að tilvísunin í EES-viðbætinn sé skýr og ótvíræð þannig að ekki verði um villst hvar viðkomandi gerð er að finna. Til að tryggja réttaröryggi almennings þurfi aðgengi að gerðunum því að vera auðvelt. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að EES-viðbætirinn sé nú gefinn út á netinu og að nýlegar kannanir sýni að um 80% landsmanna á aldrinum 16–75 ára hafi aðgang að netinu. Netaðgangur almennings á opinberum stöðum, svo sem á bókasöfnum eða á skrifstofum sýslumanna, er því nauðsynlegur að mati nefndarinnar.

Nefndin telur jafnframt rétt að geta þess að ákvæði sem lúta að birtingu laga og stjórnvaldaerinda geta ekki haft afturvirk áhrif og því teljast EES-gerðir ekki ótvírætt birtar fyrr en eftir samþykkt frumvarpsins.

Þá vill nefndin ítreka að þörf á heildarendurskoðun laganna hefur ekki minnkað með tilkomu þessa frumvarps.

Í athugasemdum með frumvarpinu greinir að umfang gerðanna sé 5.605 blaðsíður auk 3.753 blaðsíðna viðauka og því ljóst að frumvarpið er til þess fallið að auka skilvirkni við innleiðingu gerðanna og að kostnaður við það mun minnka.

Mælir nefndin með að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Ólafur Örn Haraldsson, Hjálmar Jónsson og Sverrir Hermannsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 2001.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.
Jónína Bjartmarz.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Lúðvík Bergvinsson.

1182. Nefndarálit [644. mál]

um till. til þál. um samþykkt ákvörðunar ráðherraráðs Evrópusambandsins um að koma á, í samræmi við 34. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, samningi um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Högna S. Kristjánsson frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að samþykkja ákvörðun ráðherraráðs Evrópusambandsins um að koma á, í samræmi við 34. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, samningi um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja sambandsins að því leyti sem ákvæði hans byggjast á Schengen-samningnum.

Ákvörðunin kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur nefndin kynnt sér frumvarp til laga um breytingar á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum sem hefur verið til meðferðar í allsherjarnefnd. Þær breytingar lúta annars vegar að gagnkvæmri réttaraðstoð við sendingu og afhendingu málsskjala í sakamálum og hins vegar að réttarstöðu embættismanna frá öðrum ríkjum með tilliti til refsiverðra verknaða sem beinast að þeim eða þeir fremja sjálfir.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Þórunn Sveinbjarnardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 2001.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Árni R. Árnason.	Jónína Bjartmarz.	Einar K. Guðfinnsson.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	

1183. Nefndarálit [643. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2001, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Hauk Jóhannesson og Högna S. Kristjánsson frá utanríkisráðuneyti og Jónínu S. Lárusdóttur frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2001, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, og að fella inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/709/EB, um lágmarksviðmiðanir sem aðildarríkin skulu taka tillit til þegar þau tilnefna aðila í samræmi við 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 1999/93/EB um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur ákveðið þær viðmiðanir sem hafa ber í huga við mat á aðilum sem teljast bærir til að meta hvort undirritunarbúnaður telst öruggur samkvæmt tilskipun um rafrænar undirskriftir, en lög um rafrænar undirskriftir voru samþykkt frá Alþingi 27. apríl sl.

Í III. viðauka framangreindrar tilskipunar er kveðið á um þau skilyrði sem búnaður þarf að uppfylla til að teljast öruggur samkvæmt tilskipuninni en samkvæmt 4. mgr. 3. gr. hennar skulu þar til bærar opinberar stofnanir eða einkaaðilar, sem aðildarríkin tilnefna, skera úr um það hvort undirskriftarbúnaður sé í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka. Samkvæmt upplýsingum sem fram komu á fundum nefndarinnar liggur ekki enn fyrir hvaða stofnanir eða einkaaðilar hér á landi gætu talist bærir aðilar í þessu sambandi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Þórunn Sveinbjarnardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 2001.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Einar K. Guðfinnsson.	Jónína Bjartmarz.	Árni R. Árnason.
Rannveig Guðmundsdóttir.		Steingrímur J. Sigfússon.

1184. Frumvarp til laga [726. mál]

um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar (ÓÖH, KPál, GunnB, KF, ÁMöl, ÓI, KolH).

1. gr.

Í stað orðanna „1. september 2001“ í 4. málsl. 10. tölul. í ákvæði til bráðabirgða í lögunum kemur: 1. júlí 2001.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta haustþingi voru samþykkt lög til breytingar á skipulags- og byggingarlögum. Var þá m.a. veittur umsóknarfrestur til 1. september 2001 til að sækja námskeið til löggildingar, samkvæmt bráðabirgðaákvæði laganna, sem umhverfisráðuneyti stendur fyrir í samvinnu við Samtök iðnaðarins. Fljótlega eftir að lögin voru samþykkt kom fram gagnrýni á þetta ákvæði laganna frá Meistarafélagi húsasmiða. Taldi félagið umsóknarfrestinn of langan og ákvað nefndin því að taka það til skoðunar. Fékk nefndin þá á sinn fund Baldur Þór Baldursson og Magnús Stefánsson frá Meistarafélagi húsasmiða, Ingimar Sigurðsson frá umhverfisráðuneyti og Ólaf Helga Árnason frá Samtökum iðnaðarins.

Nefndinni hefur verið tilkynnt að samkomulag hafi náðst milli Meistarafélagsins, Samtaka iðnaðarins og umhverfisráðuneytis um að umsóknarfresturinn verði styttur til 1. júní 2001 og telur meiri hlutinn því eðlilegt að lögunum verði breytt. Hins vegar telur meiri hlutinn óraunhæft að stytta frestinn til 1. júní nk. og leggur til að hann renni út 1. júlí. Þá bendir meiri hlutinn á að nauðsynlegt er að auglýsa breytingu á umsóknarfresti í þessa veru mjög vel þar sem breytingin varðar réttarstöðu manna.

1185. Nefndarálit [625. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um húsaleigubætur, nr. 138/1997.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Inga Val Jóhannsson frá félagsmálaráðuneyti.

Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Öryrkjabandalagi Íslands, Byggingafélagi námsmanna, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Stúdentaráði Háskóla Íslands og Landssamtökunum Þroskahjálp.

Í frumvarpinu er lagt til að sveitarfélög og leigjendur þeirra verði leyst undan skyldu til þinglýsingar á leigusamningi þar sem sveitarfélögin eru í senn leigusalar og greiðendur húsaleigubóta. Þá er lagt til að áhrif skyldleikatengsla verði þrengd og að réttur til húsaleigubóta verði rýmkaður til að koma betur til móts við þá hópa sem búa við sérstakar aðstæður, svo sem fatlaða á sambýlum og námsmenn á framhalds- eða háskólastigi sem leigja á heimavist eða á námsgörðum.

Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga kemur fram að sveitarfélögin séu ekki í stakk búin til að taka á sig hærri greiðslur húsaleigubóta. Telur nefndin rétt að sveitarfélögunum verði bættur sá kostnaðarauki sem samþykkt frumvarpsins mun hafa í för með sér.

Mælir nefndin með að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Jónína Bjartmarz var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðrún Ögmundsdóttir og Ásta R. Jóhannesdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara um að leggja fram breytingartillögur.

Alþingi, 8. maí 2001.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Kristján Pálsson.
Drífa Hjartardóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.
Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.		Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.

1186. Nefndarálit [626. mál]

um frv. til l. um sölu kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða í Fljótsdalshreppi.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og hefur umsögn borist frá sveitarstjórn Fljótsdalshrepps.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að selja kristfjárjarðirnar Arnheiðarstaði og Droplaugarstaði í Fljótsdalshreppi ábúendum og að andvirði þeirra verði varið til félagslegra framkvæmda í hreppnum.

Mælir nefndin með að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Jónína Bjartmarz var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 2001.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Pétur H. Blöndal.
Drífa Hjartardóttir.	Kristján Pálsson.	Guðrún Ögmundsdóttir.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	

1187. Svar [596. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um háspennulínur í jörðu.

1. *Í hve miklum mæli hafa háspennulínur verið lagðar í jörð á vegum:*
   a. Rariks,
   b. Landsvirkjunar?

Hjá Rafmagnsveitum ríkisins hafa verið lagðir um 1000 km af 11, 19 og 22 kV strengjum utan þéttbýlis, eða sem nemur um 15% af dreifikerfinu á þeirri spennu.

Á 33 kV spennu hafa verið lagðir um 80 km og tæplega 10 km á 66 kV spennu, sem nemur um 7% af flutningskerfinu á þessari spennu.

Lagning háspennujarðstrengja hjá Landsvirkjun er eingöngu í og við afl- og spennistöðvar þar sem um mjög stuttar vegalengdir er að ræða. Háspennujarðstrengir hafa ekki verið lagðir í jörð í stað háspennulína hjá Landsvirkjun nema í einu tilviki þar sem um 4 km kafli 132 kV línunnar milli aðveitustöðvanna á Geithálsi og Elliðaár var lagður í jörðu vegna breytinga á skipulagi Reykjavíkurborgar í Ártúnsholti.

2. *Eru til áætlanir um lagningu háspennulína í jörð hjá:*
   a. Rarik,
   b. Landsvirkjun?

Rafmagnsveitur ríkisins hafa ekki tímasetta áætlun um lagningu háspennulína í jörð. Frá 1991 hefur nær öll endurnýjun og aukning á 11, 19 og 22 kV kerfinu verið með jarðstrengjum og stefna fyrirtækisins er að svo verði áfram nema þar sem aðstæður til strenglagna eru mjög erfiðar. Hraði endurnýjunar fer eftir því fjármagni sem fæst til endurnýjunar þessara kerfa.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um að leggja háspennujarðstrengi í staðinn fyrir þær háspennulínur sem eru áætlaðar á næstu árum vegna uppbyggingar flutningskerfisins þar sem kostnaður við jarðstrengi er enn of hár. Þetta verður þó skoðað í hverju tilfelli fyrir sig og má vænta þess að á allra næstu árum verði jarðstrengir samkeppnisfærari við loftlínur, einkum

á 132 kV rekstrarspennu. Landsvirkjun hefur unnið við að kanna möguleika á eftirfarandi jarðstrengsverkefnum:

Lagning 132 kV strengs yfir hálendið sem tengir Norður- og Suðurland.
Lagning 132 kV strengs frá Hryggstekk til Reyðarfjarðar.
Lagning 220 kV strengs frá Geithálsi til Brennimels.

Einnig er stöðugt fylgst með þeirri þróun sem á sér stað í gerð háspennustrengja og notkun þeirra.

3. *Er kostnaður við að leggja háspennulínur í jörð annars vegar og loftlínur hins vegar sambærilegur?*

Kostnaður við lagningu strengja og lína er mjög háður staðháttum, m.a. hvort hægt sé að plægja niður strengi og fyrir hvaða veðuráraun þarf að hanna línur.

Þar sem að mestu er hægt að plægja niður strengi er kostnaður við lagningu strengja upp í 33 kV spennu nú orðinn sambærilegur eða lægri en við lagningu loftlína. Kostnaður við lagningu 66 kV strengja getur verið áþekkur og við lagningu 66 kV lína en það er þó mjög háð staðháttum.

Kostnaður við lagningu strengja fyrir 132 kV spennu og hærri er hins vegar nær alltaf verulega hærri en við sambærilegar línur.

Hlutfallslegur kostnaður við lagningu 132–400 kV háspennustrengja borið saman við háspennulínur er eftirfarandi:

132 kV jarðstrengir eru um 1,5–3 sinnum dýrari en 132 kV háspennulínur.
220 kV jarðstrengir eru um 2,5–4 sinnum dýrari en 220 kV háspennulínur.
400 kV jarðstrengir eru um 9–12 sinnum dýrari en 400 kV háspennulínur.

4. *Hver er kostnaður við jarðlínur á vegum:*
Rariks,
Landsvirkjunar?

Raunkostnaður við jarðstrengi hjá Rarik er eftirfarandi:

Fyrir 11–19 kV:	0,9–1,6 millj. kr./km.
Fyrir 30 kV:	3,0–3,5 millj. kr./km.
Fyrir 66 kV:	5,0–6,0 millj. kr./km.

Kostnaður við þá háspennustrengi sem Rarik hefur lagt utan þéttbýlis nemur samtals um tveimur milljörðum króna.

Kostnaður við riðstraumsjarðstrengi hjá Landsvirkjun er áætlaður:

Fyrir 132 kV (150 MW flutningsgetu) er kostnaður 18–25 millj. kr./km.
Fyrir 220 kV (300 MW flutningsgetu) er kostnaður 40–60 millj. kr./km.
Fyrir 400 kV (900 MW flutningsgetu) er kostnaður 250–300 millj. kr./km.

5. *Hver er alþjóðleg þróun í flutningi raforku eftir jarð- og loftlínum?*

Raforka er í auknum mæli flutt með jarðstrengjum, einkum á lægri spennu. Erlendis hefur notkun á háspenntum jafnstraum við raforkuflutning leitt til aukinnar jarðstrengsnotkunar. Gera má ráð fyrir að svipuð þróun verði hér á landi við flutning raforku í framtíðinni.

Samkvæmt nýjustu skýrslu CIGRÉ (CIGRÉ 110, Joint Working Group 21/22.01) sem er frá 1996 og byggist á athugun í yfir 20 löndum er þróun notkunar á háspennujarðstrengjum sem hlutfall af heildarflutningslínum eftirfarandi:

Það sem þegar var komið í jörðu:
110 kV–219 kV: 3,13%.
220 kV–363 kV: 0,94%.
364 kV–765 kV: 0,26%.
Það sem þegar var ákveðið að koma í jörðu:
110 kV–219 kV: 11,29%.
220 kV–363 kV: 1,89%.
364 kV–765 kV: 0,33%.
Það hlutfall sem spáð var að hægt væri að ná:
110 kV–219 kV: 11,49%.
220 kV–363 kV: 3,58%.
364 kV–765 kV: 0,71%.

Verulegur munur er milli landa á því hvað lögð er mikil áhersla á að koma raforkuflutningi í jarðstrengi. Fer það nokkuð eftir því hve þéttbýl löndin eru.

6. *Hvernig er orkutapi við flutning eftir jarðlínum annars vegar og loftlínum hins vegar háttað?*

Að jafnaði er ekki afgerandi munur á tapi á milli sambærilegra jarðstrengja og loftlína, orkutap við sama þversnið á háspennulínum og háspennustreng er sambærilegt. Hins vegar er uppbygging strengja þannig að flutningsgeta strengs er minni en sambærilegrar línu og eykst sá munur með hækkandi spennu. Þannig er sem dæmi flutningsgeta 240 kV jarðstrengs um helmingur af flutningsgetu loftlínu miðað við sama þversnið leiðara eins og kemur fram á meðfylgjandi mynd.



1188. Nefndarálit [638. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2000, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Hauk Jóhannesson og Högna S. Kristjánsson frá utanríkisráðuneyti og Hörð Helgason frá Persónuvernd.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2000, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, og að fella inn í samninginn ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar sem byggðar eru á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Sviss og Ungverjalandi og tilskipun sem fjallar um fullnægjandi vernd samkvæmt þeim meginreglum um örugga höfn fyrir friðhelgi einkalífsins og þeim algengu spurningum og svörum um það efni sem viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna hefur gefið út.

Ákvörðunin kallar á lagabreytingar hér á landi. Nefndin hefur kynnt sér frumvarp til laga um breytingar á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga sem hefur verið til meðferðar í allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Árni R. Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 2001.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Jónína Bjartmarz.	Einar K. Guðfinnsson.
Jóhann Ársælsson.		Steingrímur J. Sigfússon.

1189. Nefndarálit [642. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2001, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Högna S. Kristjánsson frá utanríkisráðuneyti og Gústav Arnar frá Póst- og fjarskiptastofnun.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2001, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, og að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2887/2000, um opinn aðgang að heimtaugum.

Ákvörðunin kallar á breytingar á fjarskiptalögum hér á landi en reglugerðin hefur það að markmiði að efla framboð og samkeppni fyrir alla fjarskiptaþjónustu, þar á meðal breiðbandsmargmiðlun og háhraða internet.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Þórunn Sveinbjarnardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 2001.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Árni R. Árnason.	Jónína Bjartmarz.	Einar K. Guðfinnsson.
Rannveig Guðmundsdóttir.		Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

1190. Nefndarálit [656. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2001.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar og Heiðar Ásberg Atlason frá utanríkisráðuneyti og Jóhann Sigurjónsson og Ástu Guðmundsdóttur frá Hafrannsóknastofnuninni.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á nokkrum samningum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2001.

Hinn 6. maí 1996 var undirrituð í Ósló bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi. Aðilar eru strandríkin fjögur, Ísland, Færeyjar, Noregur og Rússland. Þau skuldbinda sig í bókuninni til að starfa saman að verndun síldarstofnsins, skynsamlegri nýtingu hans og stjórn veiða úr honum í því skyni að tryggja sjálfbæra nýtingu stofnsins til langs tíma.

Á fundi aðila í október á síðasta ári náðist samkomulag um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2001. Heildaraflamarkið var ákveðið 850.000 lestir en það var 1.250.000 lestir árið 2000. Því er um 400.000 lesta samdrátt að ræða.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Árni R. Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 2001.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir, með fyrirvara.	Jónína Bjartmarz.	Einar K. Guðfinnsson.
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.		Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

1191. Nefndarálit [657. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2001.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar og Heiðar Ásberg Atlason frá utanríkisráðuneyti og Jóhann Sigurjónsson og Ástu Guðmundsdóttur frá Hafrannsóknastofnuninni.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2001.

Í samningnum er líkt og í samningi aðila á síðasta ári kveðið á um að færeyskum skipum sé heimilt á loðnuvertíðinni 2001/2002 að veiða allt að 10.000 lestir af loðnu innan lögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Árni R. Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 2001.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Jónína Bjartmarz.	Einar K. Guðfinnsson.
Jóhann Ársælsson.		Steingrímur J. Sigfússon.

1192. Nefndarálit [658. mál]

um till. til þál. um aðild að Genfarsamningi um breytingu á Haagsamningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Heiðar Ásberg Atlason frá utanríkisráðuneyti og Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að Genfarsamningi um breytingu á Haagsamningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar. Genfarsamningurinn gerir íbúum í aðildarríkjum hans kleift að sækja um alþjóðlega skráningu hönnunar beint til Alþjóðahugverkastofnunarinnar eða hjá einkaleyfaskrifstofu hvers ríkis. Skráningaryfirvöld í hverju aðildarríki geta hafnað skráningu hönnunar á grundvelli þeirra laga sem gilda í hverju landi fyrir sig.

Hið alþjóðlega skráningarkerfi gerir umsækjanda um skráningu hönnunar mögulegt að öðlast vernd í tilteknum fjölda ríkja með því að leggja inn eina umsókn, á einu tungumáli,

gegn greiðslu tilskilins gjalds. Nefndin hefur kynnt sér frumvarp til nýrra heildarlaga um hönnun, vernd og skráningu hönnunar o.fl. sem hefur verið til meðferðar í iðnaðarnefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Árni R. Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 2001.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Jónína Bjartmarz.	Einar K. Guðfinnsson.
Jóhann Ársælsson.		Steingrímur J. Sigfússon.

1193. Nefndarálit [521. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Niðurstaða.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja til róttækar breytingar á frumvarpi ríkisstjórnarinnar um sölu á eignarhlut ríkisins í bönkunum. Meginbreytingarnar eru eftirfarandi: Lagt er til að ríkisstjórnin fái einungis heimild til að selja hlutafé sitt í Búnaðarbankanum. Dreifð eignaraðild verði m.a. tryggð með því að 10% af hlutafé bankans verði skipt jafnt meðal íslenskra ríkisborgara með tilteknum kvöðum. Starfsöryggi starfsmanna verði tryggt með því að eðlileg velta starfsmanna verði höfð í fyrirrúmi við hagræðingu innan bankans og starfsfólki boðið upp á endurmenntun og starfsþjálfun. Sömuleiðis er lagt til að starfsmenn fái fulltrúa í stjórn með fullum réttindum í anda stefnu jafnaðarmanna um atvinnulýðræði. Sala á hlutafé í bankanum verði heldur ekki hafin fyrr en fyrir liggur staðfesting Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar á því að aðstæður á fjármálamarkaði séu með þeim hætti að verjanlegt sé að ráðast í söluna.

Ómarkviss vinnubrögð.

Fyrirhuguð sala á eignarhlut ríkisins í bönkunum virðist algerlega óundirbúin af hálfu stjórnvalda. Þannig kom fram við rannsókn nefndarinnar á frumvarpinu að ólíklegt er að við sölu bankanna verði uppfylltar lykilforsendur sem ríkisstjórnin hefur sjálf sett fyrir einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Þar má nefna aukinn hagvöxt og hámörkun á verðmæti viðkomandi fyrirtækja við sölu. Upplýsingar fulltrúa einkavæðingarnefndar sem fram komu á fundi nefndarinnar voru ákaflega athyglisverðar: Hann upplýsti að engar athuganir hefðu farið fram á því hvaða áhrif salan á bönkunum kynni að hafa á hlutabréfamarkaðinn sem um þessar mundir er ákaflega veikburða. Fulltrúinn staðfesti einnig að engin drög að áætlunum lægju fyrir um lykilatriði við sölu, svo sem um aðferðir, tímasetningar og mögulegar áfangaskiptingar, eða hvort selt yrði úr einum eða báðum bönkunum samtímis.

Þá kom fram hjá honum að ákvarðanir um þessa þætti yrði ekki hægt að taka fyrr en stjórnvöld hefðu í höndum úttekt sérfræðifyrirtækis á því hvaða áhrif salan gæti haft á verðbréfamarkaðinn. Einkavæðingarnefnd mundi hins vegar ekki ráðast í að afla úttektarinnar fyrr en afgreiðsla þingsins á frumvarpinu lægi fyrir. Þá gæti liðið allt að ársfjórðungur uns úttektinni væri lokið. Miðað við þessar upplýsingar er því ljóst að talsverður tími er þangað til hægt verður að ráðast í sölu á bönkunum. Væri vilji fyrir hendi hefði því ríkisstjórnin prýðilegt tóm til að vinna málið betur, ekki síst varðandi samráð við starfsfólk, svo og tímasetningar sem henta betur stöðu hlutabréfamarkaðarins og gætu leitt til þess að skattborgarar fengju um síðir miklu meira fyrir hlut sinn í bönkunum en líklegt er miðað við aðstæður markaðanna í dag. Fulltrúi einkavæðingarnefndar upplýsti við sama tækifæri að engar ákvarðanir væri hægt að taka um hvort selt yrði hlutafé í Búnaðarbankanum á sama tíma og Landsbankanum fyrr en búið væri að ljúka rannsóknum ríkislögreglustjóra á tilteknum málum sem tengjast Búnaðarbankanum.

Forsendur einkavæðingar.

Að mati Samfylkingarinnar á samkeppnisrekstur betur heima á markaði en í höndum ríkisins. Við eðlilegar aðstæður, þar sem ríkið sér um sterkt eftirlit, leikreglur eru skýrar og stjórnfesta ríkir, er því jákvætt að flytja slíkan rekstur frá ríkinu yfir á markað. Forsendur þess að ráðist sé í sölu ríkiseigna eru að mati Samfylkingarinnar eftirfarandi: (1) tryggja verður dreifða eignaraðild þannig að salan geti aldrei leitt til fákeppni eða skaðlegrar samþjöppunar á markaði, (2) sölunni þarf að haga í samráði við starfsmenn fyrirtækjanna þannig að hagsmunir þeirra verði jafnan eins vel tryggðir og aðstæður leyfa og (3) haga þarf tímasetningum þannig að ríkið hámarki andvirðið sem fæst við söluna.

Frumvarp um sölu ríkisbankanna uppfyllir ekkert af þessum skilyrðum. Það er illa undirbúið eins og rannsókn málsins í nefndinni leiddi í ljós, einkennist af flumbrugangi og virðist fremur í ætt við blinda trú á einkavæðingu en efnahagslega eða markaðslega nauðsyn.

1. Dreifð eignaraðild.

Ríkisstjórnin hefur sjálf skýrt rækilega hvers konar dreifingu eignaraðildar hún vill sjá við sölu banka og fjármálastofnana í eigu ríkisins. Það gerði Davíð Oddsson forsætisráðherra ítrekað í viðtölum við fjölmiðla sumarið 1998 þegar bankasölur voru ofarlega í umræðunni. Forsætisráðherra lagði þá svo þunga áherslu á að dreifa eignaraðild að hann taldi ekki þörf á kjölfestufjárfestum. Þessi viðhorf komu skýrast fram í viðtali hans við Morgunblaðið 8. ágúst 1998: „Davíð sagði að þó nú sé tíska að tala um kjölfestufjárfesta telji hann að í bankastofnun geti alveg dugað að stærstu eignaraðilarnir, sem komi til með að hafa leiðbeinandi forystu um reksturinn, eigi eignarhluti á bilinu 3% til 8% til dæmis. Hann telji hins vegar ekki æskilegt að einn aðili eða skyldir aðilar ráði 30–40% eignarhlut í bankastofnun. Það sé engin nauðsyn á eigendum með stærri eignarhlut en að ofan greinir og við slíkar aðstæður geti eignaraðilar með 2–3% eignarhlut haft veruleg áhrif á reksturinn, auk þess sem þeir væru líklegastir til þess að knýja á um að arðsemisjónarmið réðu ferðinni."

Í meginatriðum er Samfylkingin sammála þessum sjónarmiðum Davíðs Oddssonar. Flokkurinn telur, eins og forsætisráðherra gerði á miðju sumri 1998, að 2–3% eignarhlutir væru æskilegir og ekki ætti að hafa stærri hluti en 3–8%. Ríkisstjórnin virðist hins vegar hafa breytt áherslum sínum verulega um dreifða eignaraðild frá því að forsætisráðherra tjáði viðhorf hennar fyrir þremur árum. Í það minnsta er ekki eitt einasta orð að finna um dreifða eignaraðild í frumvarpinu um sölu bankanna, hvorki í frumvarpinu sjálfu né greinargerð með því. Skylt frumvarp sem fjallar um breytingar á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum

virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum felur að sönnu í sér virðingarverða viðleitni til að auka eftirlit með fjármálastofnunum en tryggir hvorki dreifða eignaraðild né kemur í veg fyrir skaðlega samþjöppun. Það skortir því á að forsætisráðherra skýri hvað veldur stefnuflökti hans og ríkisstjórnarinnar í þessu mikilvæga máli.

Samfylkingin telur hins vegar mikilvægt að við sölu á ríkisbönkunum verði spornað gegn markaðsráðandi ítökum og fákeppni með takmörkun á atkvæðisrétti. Hún mun því flytja breytingartillögu við frumvarpið um breytingu á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum um að enginn einn aðili eða tengdir aðilar geti farið með meira en 15% af heildaratkvæðamagni á hluthafafundum. Í greinargerð Þórólfs Jónssonar hdl. hjá LOGOS lögmannsþjónustu, sem birt er sem fylgiskjal með því frumvarpi, er sú aðferð einn þeirra kosta sem taldir eru æskilegir til að tryggja dreifða eignaraðild að fjármálafyrirtækjum. Rétt er í þessu samhengi að rifja upp að í lögum um sparisjóði er ákvæði sem lýtur að hámarksatkvæðisrétti stofnfjáreigenda sparisjóða og er þar miðað við 5% hámark.

2. Skortur á samráði við starfsfólk

Tillitsleysi stjórnvalda, ekki síst viðskiptaráðherra, gagnvart starfsfólki bankanna hefur skapað mikla ólgu meðal þess. Á fundi nefndarinnar sagði formaður Sambands bankamanna að viðskiptaráðherra hefði ekki einu sinni kynnt starfsmönnum bankanna að til stæði að selja þá. Tillitsleysi af þessu tagi og stórbokkaháttur gagnvart starfsmönnum virðist reglan í samskiptum viðskiptaráðherra við starfsmenn bankanna eins og kom fram seint á síðasta ári þegar ríkisstjórnin hugðist sameina bankana. Starfsmenn bankanna máttu þá þola þá lítilsvirðingu að lesa um framvindu málsins dag hvern í fjölmiðlum án þess að ráðherrann sýndi þá lágmarkskurteisi að upplýsa starfsmennina um áform sín. Í ljósi þessara vinnubragða Valgerðar Sverrisdóttur viðskiptaráðherra er lærdómsríkt að rifja upp ummæli hennar frá 1. umræðu málsins, en þá fullyrti hún að hún hefði margkallað til sín forsvarsmenn starfsmanna beggja bankanna og væri þakklát fyrir það góða samstarf sem hún hefði átt við þá!

Annars staðar á Norðurlöndum eru starfsmenn bankanna með fulltrúa í stjórnum þeirra. Þeir hafa alls staðar full réttindi stjórnarmanna nema í Finnland þar sem þeir eru einungis áheyrnarfulltrúar. Nútímastjórnunarhættir af þessu tagi, sem jafnaðarmenn hafa innleitt, eru nú að ryðja sér til rúms alls staðar í Evrópu og vestan hafs líka. Reynslan hefur sýnt að með því að fá starfsfólkið í lið með sér geta eigendur gert góð og vel rekin fyrirtæki að enn betri fyrirtækjum. Samráð við starfsmenn þegar breytingar eru í aðsigi er því regla fremur en undantekning í fjármálastofnunum á Norðurlöndunum. Í Svíþjóð er um þessar mundir í deiglunni að sameina tvo stóra banka sem samtals hafa yfir 35.000 starfsmenn. Þar er gert ráð fyrir að fækka starfsmönnum um 2.000 á næstu þremur árum. Fækkun starfsmanna verður því gegnum eðlilega veltu þeirra. Þar er því samráð við starfsmenn snar þáttur í því að laða starfsmenn til samvinnu um breytingar eins og einkavæðingu eða sameiningu bankastofnana.

Jafnaðarmenn hvarvetna í heiminum vinna eftir þeirri reglu að þegar ríkisfyrirtæki eru seld verði að huga sterklega að öllu sem lýtur að kjörum, stöðu og réttindum starfsfólksins. Samfylkingin starfar í þeim anda og telur það forsendu þess að frumvarpið um sölu bankanna nái fram að ganga að tryggt verði að engar uppsagnir verði hjá starfsfólki. Þess í stað verði eðlilegri veltu í starfsmannahaldi beitt til að ná fram fækkun starfsmanna sé hún talin æskileg. Þessi afstaða byggist ekki síst á jafnréttisstefnu Samfylkingarinnar. Þeir sem sagt er upp eru fyrst og fremst eldri starfsmenn, 45–60 ára. Um 90% þeirra eru konur. Flestar hafa gert bankastarfið að ævistarfi og hafa langan starfsaldur. Sérhæfðir einstaklingar á þessum aldri ganga ekki svo auðveldlega í nýja vinnu. Reynslan sýnir því miður að þegar konur á aldrin-

um 50–60 ára missa vinnuna eftir að hafa starfað í sömu atvinnugrein alla sína vinnuævi jafngildir það nánast útskrift úr atvinnulífinu yfir á félagslegar bætur. Samfylkingin tekur ekki þátt í slíku athæfi. Hún leggur því til sérstakar breytingar á frumvarpinu sem miða annars vegar að því að tryggja starfsöryggi starfsmanna áður en sala fer fram og hins vegar að því að tryggja fulltrúum starfsmanna setu í stjórn viðkomandi banka með fullum réttindum í anda stefnu flokksins um atvinnulýðræði.

3. Rangar tímasetningar.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 1999 segir skýrt að eitt af meginmarkmiðum með einkavæðingu sé að selja eignir með þeim hætti að ríkið fái sem mest fyrir þær. Orðrétt segir: „Við söluna verði þess gætt að ríkið fái hámarksverð fyrir eign sína í bönkunum.“ Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir því að salan á eignarhlut ríkisins í báðum bönkunum hefjist á þessu ári og verði lokið fyrir lok kjörtímabilsins, árið 2003.

Þessi tímasetning á sölu beggja ríkisbankanna er óskiljanleg í ljósi stöðunnar á hlutabréfamarkaði innan lands. Möguleikar á að tryggja skattborgurunum „hámarksverð“ fyrir eign sína í bönkunum eru engir miðað við fyrirsjáanlega þróun markaðarins. Lausatök ríkisstjórnarinnar hafa kallað yfir þjóðina verðbólgu sem er þrefalt meiri en í samanburðarlöndum. Vextir eru sömuleiðis um þrefalt hærri en í samkeppnislöndunum. Eftir skarpa gengislækkun síðustu vikna og verðbólguöldu sem reis í kjölfarið eru heldur engar vaxtalækkanir fyrirsjáanlegar eins og markaðurinn hafði þó vænst. Viðskiptahalli er enn gríðarlegur og þrýstingur á gengi krónunnar því mikill enda hefur hún hrapað um ríf 25% frá ársbyrjun 2000. Enn ríkir mikil óvissa um gengis- og verðbólguþróun út árið. Hlutabréfamarkaðurinn endurspeglar jafnan trúna á efnahagsstefnu sitjandi ríkisstjórnar. Í takt við þverrandi trú atvinnulífsins á getu ríkisstjórnarinnar til að viðhalda stöðugleikanum hefur markaðurinn í reynd hrunið. Frá því í febrúar á síðasta ári hefur úrvalsvísitalan þannig lækkað um 58%. Markaðsvirði bankanna hefur sömuleiðis fallið gríðarlega eins og sést á því að eignarhluti ríkisins er nú 15 milljörðum kr. minna virði en þegar hann var mestur.

Ríkisstjórn, sem fer af stað með umfangsmikla einkavæðingu þegar hlutabréfamarkaðurinn hefur gengið í gegnum mestu lækkanir sögunnar, er augljóslega ekki að vinna að því markmiði að fá sem mest fyrir eigur skattborgaranna. Á fundi nefndarinnar var fulltrúi Landsbankans spurður að því hvort bankinn vissi um einhverjar vísbendingar um að markaðurinn tæki við sér á þessu ári. Svar hans var neitandi.

Kaupkraftur markaðarins er nú afar slakur. Ríkið áformar eigi að síður að demba á hann hlutabréfum sínum í báðum bönkunum og Landssímanum að auki. Þetta getur bæði ýtt undir frekari lækkanir og jafnframt rýrt möguleika einkafyrirtækja á að afla sér fjár á markaðnum. Til þess liggja eftirfarandi rök:

Í fyrsta lagi getur gríðarlegt framboð bréfa ríkisins leitt til almennrar lækkunar á hlutabréfum þar sem ekkert nýtt fjármagn er líklegt til að koma inn á markaðinn til að mæta auknu framboði. Rétt er að geta þess að fulltrúi fjárfesta sagði á fundi nefndarinnar að nauðsynlegt væri að fá erlenda fjárfesta inn í kaup á bönkunum því ella gæti sala þeirra haft „sjokkeffekt“ á markaðinn. Þá má einnig benda á þau varnaðarorð Seðlabankans að aukist hlutfallslegt framboð hlutabréfa miðað við skuldabréf leiði það að öðru óbreyttu til lækkunar á verði hlutabréfa.

Í öðru lagi varar Þjóðhagsstofnun við því í greinargerð sinni að það mikla framboð á hlutafé sem salan á bönkunum felur í sér geti til skamms tíma gert öðrum fyrirtækjum erfiðara um vik að afla fjár. Þetta sést ef borið er saman andvirði mögulegs framboðs bréfa í bönkunum, sem gæti losað 30 milljarða kr., og þeir 35 milljarðar kr. sem á fyrstu tíu mánuð-

um ársins voru boðnir í hlutafjárútboðum (almennum og lokuðum) innlendra félaga og hlutafjárútboðum erlendra félaga sem beindust einkum að innlendum fjárfestum. Verðmæti hlutar ríkisins í bönkunum er því verulegt hlutfall af því hlutafé sem boðið er út á innlendum markaði. Til samanburðar má rifja upp að heildarsöluvirði hlutar ríkisins í Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og FBA seint á árinu 1999 nam ekki nema 15 milljörðum kr. meðan markaðsvirði eignarhluta ríkisins í bönkunum og Landssímanum gæti numið þrefaldri eða fjórfaldri þeirri upphæð.

Tímasetning ríkisstjórnarinnar er því líkleg til að skemma verulega fyrir möguleikum einkafyrirtækja til að verða sér úti um fjármagn á markaðnum, hún gæti leitt til frekari lækkunar hlutabréfa á markaði og mun örugglega leiða til þess að skattborgarar fá miklu minna fyrir hlut sinn í bönkunum en ella.

Tillaga um að selja einn banka.

Í ljósi þeirrar stöðu sem rakin er að framan telur Samfylkingin að stíga beri afar gætilega til jarðar við sölu bankanna. Fulltrúar hennar leggja því til að ríkisstjórninni verði aðeins heimilað að selja annan bankann að þessu sinni. Reynslan af sölunni verði svo metin og ákvarðanir um sölu hins bankans teknar í ljósi hennar.

Hin efnahagslegu rök fyrir þessari tillögu eru ákaflega sterk:

1. Verði bankarnir seldir í einu er líklegt að helstu innlendu fjárfestarnir, lífeyrissjóðirnir, muni einbeita sér að öðrum bankanum. Það gæti komið þeim banka sem eftir situr í óheppilega stöðu. Verðgildi hans gæti þá minnkað fljótlega eftir útboð eða jafnvel strax í útboði. Í þessu samhengi má benda á að lífeyrissjóðirnir hafa þegar fest töluvert fjármagn í fjármálastofnunum undanfarin missiri, öðrum en ríkisbönkunum. Því er spurning hversu mikið svigrúm þeir hafa til frekari fjárfestinga í bankakerfi landsmanna.
2. Í núverandi stöðu efnahagslífsins er brýnt að fá stóra erlenda fjárfesta inn í þau fyrirtæki sem ríkið hyggst selja. Erfitt kynni að verða að fá erlenda kjölfestufjárfesta inn í íslenska banka. Það sést einfaldlega á því hversu lítil erlend fjárfesting er í landinu. Eða hví skyldi verða auðveldara að fá erlenda fjárfesta inn í banka en inn í fyrsta flokks íslensk hátæknifyrirtæki? Í því ljósi er rétt að fara fyrst af stað með annan bankann, kanna undirtektir erlendra kjölfestufjárfesta og læra af reynslunni sem af því fæst.
3. Verðmæti hlutar ríkisins í Búnaðarbanka er nú um 11,8 milljarðar kr. en í Landsbanka um 13,9 milljarðar kr. Út úr sölunni fást því aðeins tæpir 26 milljarðar kr. miðað við óbreytt ástand. Það er því óðs manns æði að selja verðmætustu eignir ríkisins þegar markaðir eru að fara í gegnum einhverjar mestu lækkanir sögunnar. Ef menn kjósa að gera það engu síður er auðvitað minna framboð betra en meira.
4. Auk alls hlutar ríkisins í bönkunum tveimur fyrirhugar ríkisstjórnin að selja einnig Landssímann. Með því er verið að setja mikið magn hlutafjár á markað sem bætist við fyrirhugaða sölu einkafyrirtækja á hlutafé sínu á markaðnum. Því er betra miðað við stöðu markaðanna að selja ekki báða bankana með Landssímanum heldur fara varlega í einkavæðinguna og reyna að hámarka virði fyrirtækja skattborgaranna eins og ríkisstjórnin hefur skuldbundið sig til, sbr. yfirlýsingu hennar í stjórnarsáttmálanum.

Alþingi, 6. maí 2001.

Össur Skarphéðinsson, frsm.

Margrét Frímannsdóttir.

1194. Breytingartillögur [521. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (ÖS, MF).

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., sem orðast svo:
   Starfsmenn Landsbanka Íslands hf. annars vegar og Búnaðarbanka Íslands hf. hins vegar skulu eiga einn fulltrúa í bankaráði viðkomandi banka og skal hann skipaður að fenginni tillögu frá starfsmannafélagi hvors banka um sig.
2. Við 1. gr.
   a. Efnismálsgrein a-liðar orðist svo:
      Heimilt er að selja hlutafé ríkissjóðs í Búnaðarbanka Íslands hf.
   b. B-liður orðist svo: 3. mgr. orðast svo:
      Áður en sala á hlutafé ríkissjóðs skv. 2. mgr. fer fram skal deila 10% af hlutafé jafnt milli allra íslenskra ríkisborgara. Óheimilt er að selja hlutabréf sem útdeilt er með þessum hætti fyrr en að þremur árum liðnum.
3. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Við lögin bætast tvö ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   a. (I.)
      Við sölu á hlutafé ríkissjóðs skv. 2. mgr. 6. gr. og hagræðingu sem henni fylgir innan Búnaðarbanka Íslands hf. skal ráðherra beita sér fyrir því að eðlileg velta starfsmanna verði höfð í fyrirrúmi. Ráðherra skal jafnframt beita sér fyrir því að samið verði við starfsfólk um möguleika á starfsþjálfun og endurmenntun til að auðvelda aðlögun að nýrri tækniþróun og breytingum í bankakerfinu.
   b. (II.)
      Áður en sala á hlutafé ríkissjóðs í Búnaðarbanka Íslands hf. skv. 2. mgr. 6. gr. er hafin skal leita álits og samþykkis Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnunar á því að aðstæður á fjármálamarkaði séu með þeim hætti að hyggilegt sé að ráðast í söluna.

1195. Breytingartillögur [522. mál]

við frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum.

Frá Margréti Frímannsdóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Orðin „eða atkvæðisrétti“ í 3. málsl. 3. efnismgr. falli brott.
   b. Á eftir 3. efnismgr. komi ný málsgrein sem orðist svo:
      Eigendur virkra eignarhluta, sbr. 3. mgr., geta að hámarki farið með 15% atkvæðisréttar í viðskiptabanka. Atkvæðisrétt vegna hlutdeildar eiganda virks eignarhlutar sem er umfram 15% getur eigandi ekki nýtt sér á hluthafafundum.

2. Við 5. gr. Efnismálsgreinin orðist svo:
   Um skyldu hluthafa lánastofnana til að afla samþykkis Fjármálaeftirlitsins vegna kaupa eða aukningar á virkum eignarhlutum gilda ákvæði 12. og 13. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996.
3. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Ákvæði 4. efnismgr. 1. gr. haggar ekki atkvæðisrétti þeirra hluthafa í viðskiptabönkum sem fara með meiri atkvæðisrétt en 15% við gildistöku laganna.

1196. Nefndarálit [635. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum, o.fl.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur og Helga Jóhannesson frá samgönguráðuneytinu.

Með frumvarpinu er mælt fyrir um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, siglingalögum og lögum um eftirlit með skipum.

Breytingar þessar miða að því að tryggja að allir sjómenn á íslenskum skipum séu slysa- og líftryggðir. Frumvarpið felur þannig í sér að skylt er að slysa- og líftryggja áhafnir allra skipa hvort sem um er að ræða áhafnir skipa sem skylt er að lögskrá eða ekki.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 8. maí 2001.

Árni Johnsen, form., frsm.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Hjálmar Árnason.
Lúðvík Bergvinsson.	Magnús Stefánsson.	Jón Bjarnason.
Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Kristján Möller.	Guðmundur Hallvarðsson.

1197. Nefndarálit [483. mál]

um till. til þál. um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur og Helga Jóhannesson frá samgönguráðuneytinu. Þá bárust nefndinni umsagnir frá rannsóknarnefnd sjóslysa, Landhelgisgæslu Íslands, Veðurstofu Íslands, Almannavörnum ríkisins, Vélstjórafélagi Íslands, Vinnueftirlitinu, Vélskóla Íslands, Póst- og fjarskiptastofnun, Ríkisútvarpinu,

Siglingastofnun, Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Persónuvernd.

Tilgangur þingsályktunartillögunnar er að hrinda af stað átaki í öryggismálum sjófarenda. Með tillögunni er stefnt að sameiginlegu átaki allra þeirra aðila sem að öryggismálum sjófarenda koma undir forustu Siglingastofnunar. Í samræmi við þetta er stefnt að því að skilgreina hlutverk þeirra sem vinna að öryggismálum sjófarenda og að slysum til sjós fækki um að minnsta kosti þriðjung fram til ársins 2004. Þá skal samgönguráðherra samkvæmt tillögunni leggja fyrir Alþingi skýrslu um framgang áætlunarinnar fyrir 1. apríl ár hvert.

Áætlun sem þessi hefur ekki verið lögð fyrir Alþingi áður. Nefndin telur mikilvægt að unnið sé markvisst að öryggismálum sjófarenda og fagnar því tillögunni.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 8. maí 2001.

Árni Johnsen, form., frsm.	Guðmundur Hallvarðsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Lúðvík Bergvinsson.	Magnús Stefánsson.	Jón Bjarnason, með fyrirvara.
Hjálmar Árnason.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Kristján Möller.

1198. Fyrirspurn [727. mál]

til heilbrigðisráðherra um afgreiðslu S-merktra lyfja á landsbyggðinni.

Frá Þuríði Backman.

1. Hefur ráðherra gengið frá samningum við lyfsala á landsbyggðinni um afgreiðslu S-merktra lyfja?
2. Ef ekki, hvenær má búast við að það verði gert svo að ekki komi til frekari vandræða vegna afgreiðslu S-merktra lyfja á landsbyggðinni samkvæmt nýlegri reglugerð?

Skriflegt svar óskast.

1199. Fyrirspurn [728. mál]

til heilbrigðisráðherra um styrkingu Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

Frá Þuríði Backman.

1. Mun ráðherra beita sér fyrir því að komið verði á fót kennslu í dreifbýlislækningum við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir fleiri stöðugildum sérfræðinga við Fjórðungssjúkrahúsið til að sinna m.a. farþjónustu?
3. Hefur verið samið við lækna Fjórðungssjúkrahússins um þjónustu við sjúkraflug og ef svo er ekki, hvenær má vænta þess að það verði gert svo að bakvaktir lækna verði tryggðar við hina nýju miðstöð sjúkraflugs á Akureyri?

Skriflegt svar óskast.

1200. Fyrirspurn [729. mál]

til ráðherra Hagstofu Íslands um skráningu íslenskra ríkisborgara sem búsettir eru erlendis.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hvað er því til fyrirstöðu að Hagstofa Íslands skrái í þjóðskrá erlent heimilisfang íslenskra ríkisborgara sem búsettir eru erlendis, a.m.k. þeirra sem þess óska?

Skriflegt svar óskast.

1201. Fyrirspurn [730. mál]

til utanríkisráðherra um starfsemi kaupskrárnefndar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hefur ráðherra í hyggju að endurskoða starfsemi kaupskrárnefndar eða leggja nefndina niður?
2. Telur ráðherra réttarstöðu íslenskra starfsmanna bandaríkjahers, sem heyra undir kaupskrárnefnd hvað launakjör snertir, samrýmast nútímaviðhorfum um réttindi launamanna, gerð kjarasamninga og því um líkt?

Skriflegt svar óskast.

1202. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49/1999, um Orkusjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá Orkustofnun, Samtökum sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra, Eyþingi, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Landsvirkjun, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka Íslands og Orkuveitu Reykjavíkur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Orkusjóði verði gert kleift að styrkja hitaveitur til þess að stækka dreifikerfi sín. Þetta hefur sérstaklega gildi þar sem auðveldlega er hægt að stækka dreifikerfi hitaveitna en notendur eru of fáir til að bera stofnkostnað við veitu. Nefndin telur að með þessu móti kunni að skapast möguleikar á uppbyggingu í atvinnulífi sem vert sé að kanna.

Nefndin leggur til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Árni R. Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 2001.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Árni Steinar Jóhannsson.
Bryndís Hlöðversdóttir.	Svanfríður Jónasdóttir.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
Drífa Hjartardóttir.		Pétur H. Blöndal.

1203. Nefndarálit [17. mál]

um till. til þál. um atvinnuuppbyggingu og þróun sjálfbærs samfélags í Hrísey.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Áformi – átaksverkefni, Eyþingi, þróunarsviði Byggðastofnunar og Byggðastofnun.

Tillögugreinin miðar að því að efla atvinnuuppbyggingu í Hrísey og þróun sjálfbærs samfélags á eynni í anda Staðardagskrár 21.

Nefndin tekur undir heildarmarkmið flutningsmanna með tillögunni þótt hún fallist ekki á allar þær leiðir sem lagðar eru til í greinargerðinni.

Nefndin leggur til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Árni R. Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 2001.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Árni Steinar Jóhannsson.
Bryndís Hlöðversdóttir.	Svanfríður Jónasdóttir.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
Drífa Hjartardóttir.		Pétur H. Blöndal.

1204. Nefndarálit [103. mál]

um till. til þál. um mat á áhrifum lögfestingar stjórnarfrumvarpa á byggða- og atvinnuþróun.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá þróunarsviði Byggðastofnunar, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Samtökum atvinnulífsins, Eyþingi, fjármálaráðuneyti, Samtökum sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða hf.

Tillögunni er ætlað að koma því fyrirkomulagi á að þegar stjórnarfrumvörp eru lögð fyrir Alþingi verði búið að meta áhrif lögfestingar þeirra á byggða- og atvinnuþróun í landinu. Sambærilegt fyrirkomulag er viðhaft hjá fjármálaráðuneyti varðandi áhrif stjórnarfrumvarpa á tekjur og gjöld ríkissjóðs.

Nefndin bendir á að hæfustu aðilar hverju sinni skuli sinna slíkum verkefnum, svo sem Byggðastofnun, Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri og aðrir sem búa yfir sérfræðikunnáttu í hverju máli fyrir sig.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Árni R. Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 2001.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Árni Steinar Jóhannsson.
Bryndís Hlöðversdóttir.	Svanfríður Jónasdóttir.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
Drífa Hjartardóttir.		Pétur H. Blöndal.

1205. Nefndarálit [555. mál]

um till. til þál. um tilraunir með brennsluhvata.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá Landvernd, Vélskóla Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Iðntæknistofnun og Samtökum iðnaðarins.

Tillagan miðar að því að fram fari tilraunir og úttekt á umhverfis- og brennsluáhrifum brennsluhvata, en rannsóknir benda til að brennsluhvatar kunni að draga jafnt úr olíunotkun sem útblæstri lofttegunda sem valda gróðurhúsaáhrifum.

Nefndin telur brýnt að málið verði rannsakað frekar.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Árni R. Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 2001.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Árni Steinar Jóhannsson.
Bryndís Hlöðversdóttir.	Svanfríður Jónasdóttir.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
Drífa Hjartardóttir.		Pétur H. Blöndal.

1206. Lög [369. mál]

um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. maí.)

Samhljóða þskj. 585.

1207. Lög [414. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Alþingi 9. maí.)

Samhljóða þskj. 674.

1208. Lög [505. mál]

um hönnun.

(Afgreidd frá Alþingi 9. maí.)

Samhljóða þskj. 1159.

1209. Frumvarp til laga [391. mál]

um framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn.

(Eftir 2. umr., 9. maí.)

1. gr.

Gildissvið.

Nú fer Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn þess á leit, í samræmi við samþykkt dómstólsins frá 17. júlí 1998 (Rómarsamþykkt), að hér á landi verði framkvæmdar aðgerðir vegna rannsóknar eða meðferðar máls og skal þá farið með slíkar beiðnir í samræmi við ákvæði þessara laga. Sama gildir um beiðnir dómstólsins um fullnustu dóma.

Beiðni um aðgerðir skv. 1. mgr. skal send dómsmálaráðherra sem hefur að öðru leyti samskipti við dómstólinn fyrir hönd íslenska ríkisins.

2. gr.

Afhending manns til dómstólsins.

Að beiðni dómstólsins skal afhenda mann sem dvelur hér á landi og er grunaður um glæp sem fellur undir lögsögu dómstólsins eða hefur verið ákærður eða dæmdur fyrir slíkan glæp.

Um meðferð máls skv. 1. mgr. gilda ákvæði II. kafla laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum að því leyti sem þau eiga við.

Dómsmálaráðherra getur veitt heimild til þess að maður sem annað ríki hefur samþykkt að afhenda dómstólnum verði fluttur um yfirráðasvæði íslenska ríkisins.

3. gr.

Önnur aðstoð.

Íslenskir dómstólar og stjórnvöld geta að beiðni dómstólsins veitt þá aðstoð sem tilgreind er í 93. gr. Rómarsamþykktarinnar að því tilskildu að slík beiðni sé í samræmi við önnur ákvæði samþykktarinnar.

Að beiðni dómstólsins er dómsmálaráðherra heimilt að veita starfsmönnum dómstólsins leyfi til að yfirheyra vitni og framkvæma aðrar rannsóknaraðgerðir hér á landi. Um meðferð slíkra beiðna og framkvæmd aðgerða fer eftir lögum um meðferð opinberra mála.

4. gr.

Beiting þvingunarráðstafana.

Að beiðni dómstólsins er heimilt að handtaka mann og beita öðrum þvingunarráðstöfunum. Um meðferð slíkra beiðna fer eftir lögum um meðferð opinberra mála.

Ef lög gera það að skilyrði fyrir beitingu þvingunarráðstafana að fyrir liggi rökstuddur grunur um refsivert brot skal leggja til grundvallar niðurstöðu dómstólsins um það atriði.

Maður sem úrskurðaður hefur verið í gæsluvarðhald skv. 1. mgr. getur gert kröfu um að hann skuli leystur úr gæsluvarðhaldi þar til afhending til dómstólsins fer fram. Krafa þess efnis skal borin fram við héraðsdóm.

Við mat á kröfu um lausn úr gæsluvarðhaldi skv. 3. mgr. þar til afhending fer fram skal dómari hafa hliðsjón af þeim atriðum sem fram koma í 4. mgr. 59. gr. Rómarsamþykktarinnar. Áður en héraðsdómur tekur slíka kröfu til úrskurðar skal tilkynning um meðferð kröfunnar fyrir héraðsdómi send dómstólnum og honum gefinn kostur á að gera athugasemdir af því tilefni.

5. gr.

Verjandi sakbornings.

Maður sem grunaður er um eða ákærður fyrir háttsemi sem fellur undir lögsögu dómstólsins skal eiga rétt á aðstoð verjanda að eigin vali vegna meðferðar málsins hér á landi. Skal honum tilkynnt um þennan rétt.

Þóknun verjanda greiðist úr ríkissjóði og skal ákveðin samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

6. gr.

Réttargæslumaður brotaþola.

Brotaþoli í máli sem fellur undir lögsögu dómstólsins getur óskað eftir að fá skipaðan réttargæslumann ef ástæða þykir til að ætla að hann hafi orðið fyrir verulegu tjóni á líkama eða heilsu vegna háttsemi ákærða og talið er nauðsynlegt að hann njóti aðstoðar réttargæslumanns.

Ákvæði VII. kafla laga um meðferð opinberra mála skulu gilda eftir því sem við á.

7. gr.

Ne bis in idem.

Maður verður ekki ákærður eða dæmdur hér á landi fyrir verknað sem dómur hefur fallið um hjá dómstólnum.

8. gr.

Fullnusta dóma Alþjóðlega sakamáladómstólsins hér á landi.

Að beiðni dómstólsins er heimilt að fullnægja dómum hans hér á landi. Dómum má fullnægja þótt dómþoli sé ekki íslenskur ríkisborgari eða búsettur hér á landi.

Fullnusta dóma hér á landi skal fara fram í samræmi við ákvæði 10. kafla Rómarsamþykktarinnar.

9. gr.

Refsingar fyrir brot gegn dómstólnum eða starfsmönnum hans.

Ákvæði XII., XV. og XVII. kafla almennra hegningarlaga eiga við um háttsemi sem beinist að dómstólnum eða starfsmönnum hans.

10. gr.

Reglugerðarheimild.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara og um samskipti við dómstólinn.

11. gr.

Gildistaka.

Ákvæði laga þessara taka gildi um leið og Rómarsamþykkt um Alþjóðlega sakamáladómstólinn öðlast gildi að því er Ísland varðar.

1210. Frumvarp til laga [482. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 9. maí.)

1. gr.

Við 6. gr. laganna, sbr. lög nr. 147/1998, bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

12. Fyrir háttsemi, sem greinir í samningi um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna frá 9. desember 1994.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1211. Nefndarálit [566. mál]

um frv. til l. um vexti og verðtryggingu.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason og Eyvind G. Gunnarsson frá viðskiptaráðuneyti, Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands, Eirík Guðnason frá Seðlabanka Íslands, Pál Gunnar Pálsson og Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu, Gunnar Viðar frá Landsbanka Íslands, Jakob R. Möller frá Lögmannafélagi Íslands, Sigurð Hafstein frá Sambandi íslenskra sparisjóða og Guðmund Hauksson frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Umsagnir bárust um málið frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Samtökum atvinnulífsins, Verslunarráði Íslands, Íbúðalánasjóði, Verðbréfaþingi Íslands, Samtökum iðnaðarins, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda, Fjármálaeftirlitinu, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, laganefnd Lögmannafélags Íslands, Neytendasamtökunum og Þjóðhagsstofnun. Einnig bárust gögn frá viðskiptaráðuneyti.

Frumvarpinu er ætlað að koma í stað núgildandi vaxtalaga, nr. 25/1987, með síðari breytingum. Lagðar eru til töluverðar breytingar á þeim reglum sem nú gilda og má þar helst nefna heimild til að semja um dráttarvexti í vissum tilvikum, afnám sérreglu gildandi laga um dráttarvexti af peningakröfum í erlendri mynt og að miðað verði við vexti birta af Seðlabanka þegar vaxtafótur er ekki tilgreindur í samningum aðila. Þá er lagt til að ákvæði um hæstu lögleyfða vexti verði fellt brott þar sem samningsfrelsi ríkir um vexti, auk þess sem með frumvarpinu er stefnt að því að aðilar semji í ríkari mæli um vexti sín á milli í stað þess að nota

almennar viðmiðanir við vexti á markaðinum eins og nú er að miklu leyti gert. Einnig gerir frumvarpið ráð fyrir að vextir af skaðabótakröfum hækki, að felld verði brott ákvæði um vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða og að misneytingarákvæði og ákvæði um endurgreiðslu oftekinna vaxta verði felld brott.

Nefndin leggur til breytingu á frumvarpinu þess efnis að ósamræmi milli 1. og 2. málsl. 2. mgr. 6. gr. þess verði lagfært, en skv. 1. málsl. er óheimilt að semja um fastan hundraðshluta vanefndaálags ofan á grunn dráttarvaxta þegar um neytendalán er að ræða. 2. málsl. má hins vegar skilja sem svo að í neytendalánum sé heimilt að semja um fastan hundraðshluta dráttarvaxta. Markmið ákvæðisins er að ekki verði heimilt að semja um dráttarvexti af neytendalánum og skiptir þá ekki máli hvort um vanefndaálag eða fastan hundraðshluta dráttarvaxta er að ræða. Þetta stafar af því að ekki er talið vera jafnræði milli samningsaðila í neytendalánsviðskiptum. Með hliðsjón af þessu leggur nefndin til að skýrt verði tekið fram í 2. málsl. 2. mgr. 6. gr. að ekki sé unnt að semja um fastan hundraðshluta dráttarvaxta þegar neytendalán eru annars vegar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

2. málsl. 2. mgr. 6. gr. orðist svo: Einnig er heimilt að semja um fastan hundraðshluta dráttarvaxta, að undanskildum neytendalánum.

Kristinn H. Gunnarsson, Gunnar Birgisson og Margrét Frímannsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Hjálmar Árnason.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

1212. Nefndarálit [567. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneyti, Indriða H. Þorlákssson ríkisskattstjóra, Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu, Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands, Guðmund Hauksson frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis og Sigurð Hafstein frá Sambandi íslenskra sparisjóða. Umsagnir bárust um málið frá Þjóðhagsstofnun, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitinu, Sambandi íslenskra sparisjóða, Verslunarráði Íslands, ríkisskattstjóra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Einnig bárust gögn frá viðskiptaráðuneyti.

Meginákvæði frumvarpsins miða að því að veita sparisjóðum heimild til að breyta rekstrarformi sínu í hlutafélag. Við það breytist stofnfjárframlag í hlutafé en það sem eftir stendur af eigin fé skal vera eign sjálfseignarstofnunar. Aðalmarkmið sjálfseignarstofnunarinnar er að stuðla að vexti og viðgangi viðkomandi sparisjóðs. Þannig er gert ráð fyrir að sjálfseignarstofnanir muni minnka eignarhluti sína í sparisjóðum og veita nýjum fjárfestum svigrúm til að kaupa hluti í sparisjóðunum, en ólíklegt er að hlutafélagaformið nýtist að öðrum kosti til fulls. Jafnframt eru með frumvarpinu gerðar breytingar á núgildandi ákvæðum um stofnfjárbréf sem er ætlað að gera þau að eftirsóknarverðari fjárfestingarkosti með því að stofnfjáreigendum verður auðveldað að selja bréf sín auk þess sem heimilt verður að ráðstafa allt að 10% af hagnaði hvers árs til hækkunar á stofnfé sjóðsins, en hækkun stofnfjár má aldrei vera meira en 5% á ári, og að greiða arð þrátt fyrir tap á rekstri sparisjóðs. Loks er ákvæðum um stjórnarmenn í sparisjóði breytt þannig að heimilt verður að kveða á í samþykktum um að stofnfjáreigendur kjósi alla fimm stjórnarmenn sparisjóðs í stað þess að tveir þeirra séu tilnefndir af sveitarfélagi eða héraðsnefnd. Þetta er gert þar sem eðlilegast þykir að þeir sem bera ábyrgð á stjórn sparisjóðs hafi sjálfir hagsmuna að gæta af því að rekstur sparisjóðsins gangi vel.

Meiri hlutinn lítur svo á að lögfesting ákvæða frumvarpsins muni stuðla að sterkari eiginfjárstöðu sparisjóðanna og auðvelda þeim þátttöku í þróun á fjármálamarkaði hér á landi. Meiri hlutinn bendir jafnframt á að þeir sparisjóðir sem ekki nýta sér heimild til hlutafélagavæðingar verða betur settir en áður með auknum heimildum til að greiða út arð til stofnfjáreigenda. Með lögfestingu ákvæða frumvarpsins verða stofnfjárbréf í sparisjóðum samkeppnishæfari á markaði en áður.

Sjálfseignarstofnanirnar sem verða eigendur að meiri hluta hlutafjár í sparisjóðunum eru undanþegnar greiðslu tekjuskatts og eignarskatts. Þetta skattfrelsi byggist á því að ekki er hægt að úthluta af fjármunum þeirra nema til menningar- og líknarmála. Meiri hlutinn tekur fram að þótt sjálfseignarstofnanirnar séu undanþegnar tekjuskatti og eignarskatti eru þær engu að síður skyldar til að greiða 10% fjármagnstekjuskatt skv. 72. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Til áréttingar leggur meiri hlutinn til breytingu á frumvarpinu þess efnis að við síðasta málslið 4. mgr. b-liðar 3. gr. verði bætt ákvæði sem tekur af allan vafa um að ákvæði um skattfrelsi sjálfseignarstofnana eigi ekki við nema fjármunir sem úthlutað er úr þeim renni sannanlega til menningar- og líknarmála.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

Við lokamálslið 4. mgr. b-liðar 3. gr. bætist: enda sé farið eftir skilyrðum 1. málsl. um úthlutun til menningar- og líknarmála.

Einar K. Guðfinnsson, Gunnar Birgisson og Hjálmar Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.

1213. Nefndarálit [669. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur, Ragnheiði Snorradóttur, Telmu Halldórsdóttur, Ólaf Pál Gunnarsson, Ingva Má Pálsson, Jónu Björk Guðnadóttur og Elvu Ósk Wiium frá fjármálaráðuneyti. Umsagnir bárust um málið frá Bílgreinasambandinu, Verslunarráði Íslands og Ökukennarafélaginu. Einnig bárust gögn frá fjármálaráðuneyti.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að vörugjald af bifreiðum til ökukennslu verði lækkað til jafns við vörugjald af bílaleigubifreiðum og leigubifreiðum til fólksflutninga. Vörugjald af leigubifreiðum hefur lækkað jafnt og þétt undanfarin ár, en á sama tíma hefur vörugjald af bifreiðum til ökukennslu haldist það sama og af fólksbílum. Með frumvarpinu er jafnframt brugðist við úrskurði samkeppnisráðs nr. 10/1999 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að mögulegt væri að reglur um lækkun vörugjalds af leigubifreiðum hefðu þau áhrif að aðilar sem sinntu ökukennslu sæju sér hag í því að sækja um leyfi til leiguaksturs í því skyni að fá vörugjöld lækkuð af bifreiðum sínum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Kristinn H. Gunnarsson, Gunnar Birgisson og Margrét Frímannsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Ögmundur Jónasson.	Hjálmar Árnason.	Einar K. Guðfinnsson.

1214. Nefndarálit [675. mál]

um frv. til l. um Seðlabanka Íslands.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Davíðsson frá forsætisráðuneyti, Birgi Ísleif Gunnarsson frá Seðlabanka Íslands, Sigurð Jóhannesson frá Samtökum atvinnulífsins, Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands, Pál Gunnar Pálsson frá Fjármálaeftirlitinu, Þorstein Þorgeirsson frá Samtökum iðnaðarins, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Þórð Friðjónsson frá Þjóðhagsstofnun og Rannveigu Sigurðardóttur frá Alþýðusambandi Íslands. Umsagnir bárust um málið frá Þjóðhagsstofnun, Félagi löggiltra endurskoðenda, ríkisskattstjóra, laganefnd Lögmannafélags Íslands, Seðlabanka Íslands, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Samtökum iðnaðarins, Fjármálaeftirlitinu, Verðbréfaþingi Íslands, Íbúðalánasjóði, Verslunarráði Íslands, Samtökum atvinnu-

lífsins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Alþýðusambandi Íslands. Einnig bárust gögn frá forsætisráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlög um Seðlabanka Íslands, en núgildandi lög eru að stofni til frá árinu 1986. Frumvarpið miðar að því að auka sjálfstæði Seðlabankans og laga löggjöf um hann að breyttum aðstæðum á íslenskum og alþjóðlegum fjármálamarkaði. Meginmarkmið bankans er að stuðla að stöðugu verðlagi hér á landi og með samþykki forsætisráðherra er bankanum heimilt að lýsa yfir tölulegu markmiði um verðbólgu. Skýr ákvæði eru í frumvarpinu um stjórnskipulag bankans og stefnt er að því að hlutverkaskipting milli bankaráðs og bankastjórnar séu sem skýrust. Jafnframt er gert ráð fyrir að bankaráðsmönnum verði fjölgað og ráðinu falin veigameiri verkefni en verið hefur.

Nefndin bendir á að þrátt fyrir að samþykki forsætisráðherra sé í nokkrum tilvikum áskilið við ákvarðanatöku innan Seðlabankans hefur bankinn fulla heimild til að láta í ljós skoðanir sínar á efnahagsmálum á opinberum vettvangi, sem og að tjá sig um hugsanlegan ágreining við forsætisráðherra. Með þessu er ráðherra tryggt aðhald í starfi. Það er engu að síður grunnhugsun frumvarpsins að Seðlabankinn og ríkisstjórn Íslands vinni saman að efnahagsmálum landsins. Nefndin bendir einnig á að með því að formaður bankastjórnar skuli skipaður af forsætisráðherra í stað þess að vera kosinn innbyrðis af bankastjórnarmönnum er staða hans gerð styrkari.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Í 2. mgr. 17. gr. og 2. mgr. 37. gr. er vísað til fjármálastofnana. Hugtakið fjármálastofnun hefur ekki skilgreinda merkingu að lögum. Því leggur nefndin til að það verði fellt brott og í staðinn verði tilgreint annars vegar að Seðlabankanum sé óheimilt að annast viðskipti við einstaklinga og fyrirtæki sem samkvæmt lögum, venju eða eðli máls teljast verkefni annarra og hins vegar að reglur um viðurlög skuli kynntar Fjármálaeftirlitinu og þeim stofnunum sem þær taka til.
2. Nefndin leggur til að orðalag 2. mgr. 23. gr. verði gert skýrara, en þar er fjallað um skipunartíma bankastjóra Seðlabankans. Ekki er um efnislega breytingu að ræða heldur er eingöngu verið að skýra þá hugsun sem býr að baki ákvæðinu, þ.e. að heimilt verði að skipa þann sem tvisvar hefur verið skipaður bankastjóri einu sinni enn ef honum er í það skipti falin formennska bankastjórnar. Skipunartími bankastjóra getur því lengstur orðið 21 ár sitji bankastjóri tvö skipunartímabil sem „óbreyttur“ bankastjóri og eitt tímabil sem formaður bankastjórnar. Í breytingartillögunni er einnig tekinn af allur vafi um það að ekki má skipa bankastjóra nema einu sinni í stöðu formanns bankastjórnar.
3. Lagt er til að í 27. gr. verði kveðið á um að tvo bankaráðsmenn þurfi til að óska eftir fundi í bankaráði. Frumvarpið gerir ráð fyrir fjölgun í bankaráði Seðlabankans úr fimm í sjö og því telur nefndin eðlilegt að ef bankaráðsmenn eigi að geta óskað eftir fundi þurfi tvo til að svo verði.
4. Lagt er til að verðbréfasjóðum verði bætt við þá aðila sem heimilt er að beita viðurlögum í formi dagsekta skv. 2. mgr. 37. gr. ef ekki er farið eftir reglum um bindihlutfall skv. 11. gr. Nefndin telur þessa breytingu eðlilega með hliðsjón af 11. gr.
5. Þá er lagt til að ákvæði 5. málsl. 2. mgr. 37. gr. um heimild Seðlabankans til að leggja til sviptingu starfsleyfis lánastofnunar sé vanræksla ítrekuð verði felld brott, en nefndin lítur svo á að það muni sjaldnast teljast næg ástæða til starfsleyfissviptingar að aðili fylgi ekki reglum sem Seðlabankinn setur. Fjármálaeftirlitið mun eftir sem áður fylgjast með því að farið verði eftir þeim reglum sem Seðlabankinn setur og brot á þeim mun verða liður í mati stofnunarinnar á því hvort fella eigi starfsleyfi úr gildi.

6. Loks leggur nefndin til að tekið verði fram í 40. gr. að því fyrirkomulagi að Seðlabankinn greiði hluta af hagnaði sínum í Vísindasjóð ljúki á árinu 2001 til að taka af allan vafa um það.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir og Ögmundur Jónasson skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að flytja og styðja breytingartillögur við málið.

Kristinn H. Gunnarsson og Hjálmar Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Gunnar Birgisson.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.
	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.	

1215. Breytingartillögur [675. mál]

við frv. til l. um Seðlabanka Íslands.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Í stað orðanna „lánastofnana og annarra fjármálastofnana“ í 2. mgr. 17. gr. komi: annarra.
2. Við 2. mgr. 23. gr. Í stað 4. og 5. málsl. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Þó má skipa bankastjóra sem ekki er formaður bankastjórnar og er á síðara skipunartímabili sínu formann bankastjórnar til sjö ára.
3. Við 1. mgr. 27. gr. Í stað orðanna „bankaráðsmaður æskir þess“ komi: tveir bankaráðsmenn óska þess.
4. Við 2. mgr. 37. gr.
   a. Á eftir orðunum „Seðlabanka Íslands er heimilt að beita lánastofnanir“ í 1. málsl. komi: og verðbréfasjóði.
   b. Í stað orðanna „lánastofnunum og öðrum fjármálastofnunum“ í 3. málsl. komi: og þeim stofnunum sem þær taka til.
   c. 5. málsl. falli brott.
5. Við 40. gr. Við greinina bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Framlag Seðlabanka Íslands í Vísindasjóð greiðist í síðasta skipti á árinu 2001.

1216. Nefndarálit [683. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur, Ragnheiði Snorradóttur, Telmu Halldórsdóttur, Ólaf Pál Gunnarsson, Ingva Má Pálsson, Jónu Björk Guðnadóttur og Elvu Ósk Wiium frá fjármálaráðuneyti. Umsagnir bárust um málið frá Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka Íslands, Verslunarráði Íslands og Samtökum atvinnulífsins. Einnig bárust gögn frá fjármálaráðuneyti.

Með frumvarpinu er brugðist við yfirlýsingu sem Ísland gaf út á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um að það mundi veita fátækustu þróunarríkjum betri aðgang að markaði sínum með einhliða tollalækkunum. Meðal ríkja sem þegar hafa samþykkt slík tollfríðindi til fátækustu þróunarríkja eru ríki ESB, Sviss og Noregur. Markmið aðgerðanna er að veita fátækustu þróunarríkjum heims betri möguleika á að flytja framleiðsluvörur sínar til efnaðri ríkja.

Nefndin telur óeðlilegt að kveðið sé á um það í reglugerð hver skuli talin fátækustu þróunarríki heims eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu og leggur til að þess í stað verði bætt við tollalögin viðauka þar sem þessi ríki verði skilgreind.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Kristinn H. Gunnarsson, Gunnar Birgisson og Margrét Frímannsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Ögmundur Jónasson.	Hjálmar Árnason.	Einar K. Guðfinnsson.

1217. Breytingartillögur [683. mál]

við frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. 2. efnismgr. 1. gr. orðist svo:
   Þau ríki sem skilgreind eru sem fátækustu þróunarríki heims eru talin upp í viðauka V með lögum þessum.
2. Við frumvarpið bætist ný grein sem verði 2. gr., svohljóðandi:
   Við lögin bætist nýr viðauki sem verður viðauki V og orðast svo:
   Samkvæmt skilgreiningu nefndar um framtak, auðveldun viðskipta og þróunarmál sem starfar á vettvangi ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og þróun teljast

eftirtalin 48 ríki fátækustu þróunarríki heims: Afganistan, Angóla, Bangladess, Benín, Burma, Búrkína Fasó, Búrúndí, Bútan, Djíbútí, Erítrea, Eþíópía, Gambía, Gínea, Gínea-Bissá, Grænhöfðaeyjar, Haítí, Jemen, Kambódía, Kíribatí, Kongó, Kómoreyjar, Laos, Lesótó, Líbería, Madagaskar, Malaví, Maldíveyjar, Malí, Máritanía, Mið-Afríkulýðveldið, Miðbaugs-Gínea, Mósambík, Nepal, Níger, Rúanda, Salómonseyjar, Sambía, Samóa, Saó Tóme og Prinsípe, Síerra Leóne, Sómalía, Súdan, Tansanía, Tógó, Tsjad, Túvalú, Úganda og Vanúatú.

1218. Nefndarálit [684. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur, Ragnheiði Snorradóttur, Telmu Halldórsdóttur, Ólaf Pál Gunnarsson, Ingva Má Pálsson, Jónu Björk Guðnadóttur og Elvu Ósk Wiium frá fjármálaráðuneyti og Sigurbjörgu Björnsdóttur frá Lífeyrissjóði bænda. Umsagnir bárust um málið frá Lífeyrissjóði bænda, ríkisskattstjóra, Seðlabanka Íslands, Verslunarráði Íslands, Bændasamtökum Íslands, Landssamtökum lífeyrissjóða og Fjármálaeftirlitinu.

Frumvarpinu er ætlað að breyta innheimtuaðferðum Lífeyrissjóðs bænda í þá veru að sjóðurinn innheimti sjálfur iðgjöld af þeim bændum sem ekki njóta beingreiðslna. Framkvæmd núgildandi laga um innheimtu iðgjalda samhliða búnaðargjaldi hefur reynst flókin og torveld og samrýmist ekki innheimtu opinberra gjalda.

Nefndin leggur til smávægilegar breytingar á frumvarpinu sem ætlaðar eru til lagfæringar á orðalagi og gera það markvissara.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

Við 1. gr.

a. Orðin „að jafnaði“ tvívegis í 1. málsl. 3. efnismgr. falli brott.
b. Við 4. málsl. 3. efnismgr. bætist: sbr. 1. mgr.
c. Í stað orðanna „þau eru greidd og skulu þau sundurliðuð“ í 2. málsl. 4. efnismgr. komi: það er greitt og skal það sundurliðað.

Kristinn H. Gunnarsson, Gunnar Birgisson og Margrét Frímannsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Ögmundur Jónasson.	Hjálmar Árnason.	Einar K. Guðfinnsson.

1219. Nefndarálit [685. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur, Ragnheiði Snorradóttur, Telmu Halldórsdóttur, Ólaf Pál Gunnarsson, Ingva Má Pálsson, Jónu Björk Guðnadóttur og Elvu Ósk Wiium frá fjármálaráðuneyti, Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands, Víglund Þorsteinsson frá B.M. Vallá, Guðmund Guðbjarnason frá ríkisskattstjóra og Hallgrím Ásgeirsson frá Eftirlitsstofnun EFTA. Umsagnir bárust um málið frá Lögmannafélagi Íslands, ríkisskattstjóra, Seðlabanka Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda og Verslunarráði Íslands. Auk þess bárust gögn frá fjármálaráðuneyti.

Samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er Ísland skuldbundið til þess að starfrækja ársreikningaskrá eða sambærilega stofnun sem taki við ársreikningum fyrirtækja, en í tilskipun ráðsins 78/660/EBE er kveðið á um skyldu aðildarríkja til að halda uppi starfsemi sem þessari. Með ákvæðum frumvarpsins er skotið lagastoð undir ársreikningaskrá sem hingað til hefur verið starfrækt undir heitinu félagaskrá, en henni er ætlað að taka á móti, geyma og birta ársreikninga skilaskyldra félaga. Starfræksla félagaskrár hefur fram til þessa verið í höndum ríkisskattstjóra en með frumvarpinu er brugðist við dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 8. mars 2001 í sakamálinu nr. 2507/2000 þar sem talið var að þar sem félagaskrá eins og hún er skilgreind samkvæmt lögum um ársreikninga hefði ekki verið sett á stofn með lögum væri í ársreikningalögunum ekki að finna fullnægjandi lagastoð fyrir starfrækslu hennar. Því er nauðsynlegt að kveða ótvírætt á um það í lögum að ársreikningaskrá skuli starfrækt og hvert hlutverk hennar skuli vera.

Nefndin ræddi töluvert hvort með ákvæðum frumvarpsins og núgildandi laga um ársreikninga væri gengið lengra en fortakslaus skylda Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið varðandi skyldu fyrirtækja til skila á ársreikningum gæfi tilefni til. Að lokinni umfjöllun um málið telur nefndin að svo sé ekki. Reglur aðildarríkjanna eru mismunandi varðandi það hvað fyrirtæki eiga að birta í ársreikningum sínum en skyldan til skila á þeim er alls staðar fyrir hendi. Þannig er vel flestum íslenskum fyrirtækjum heimilt að skila samandregnum ársreikningum á grundvelli smæðar sinnar.

Nefndin ræddi jafnframt gildistökuákvæði frumvarpsins og möguleikann á að það kynni að vera afturvirkt. Nefndin bendir á að skv. 1. mgr. 69. gr. laga um ársreikninga skal fyrirtæki skila ársreikningum sínum eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs. Þar sem gert er ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi mundu þau því taka til þeirra fyrirtækja sem enn eiga eftir að skila ársreikningum sínum vegna reikningsársins 2000. Nefndin bendir á að þrátt fyrir að móttökustaður ársreikninga hafi ekki verið gildur samkvæmt áðurgreindum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur var skilaskyldan sjálf allan tímann til staðar samkvæmt lögum um ársreikninga. Því lítur nefndin svo á að hér sé ekki um afturvirkni að ræða hvað skilaskylduna sjálfa varðar.

Nefndin leggur til breytingartillögu við 2. efnismgr. 11. gr. frumvarpsins þess efnis að allur vafi verði tekinn af um að eingöngu er verið að veita ársreikningaskrá upplýsingar úr skattgögnum um þau félög sem eru yfir einhverju þeirra þriggja stærðarmarka sem skylda þau til að birta ósamandregna ársreikninga. Fjárhæðir eða fjöldi starfsmanna kemur ekki fram í þessum upplýsingum. Þetta er gert til að hnykkja enn frekar á trúnaðarskyldu skattyfirvalda gagnvart skattskyldum aðilum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

2. efnismgr. 11. gr. verði svohljóðandi:
Í því skyni að sannreyna hvort félög uppfylli ákvæði laganna um stærðarmörk til að mega skila samandregnum ársreikningum og samstæðureikningum hefur ársreikningaskrá heimild til að afla upplýsinga hjá ríkisskattstjóra um nöfn og kennitölur þeirra félaga sem lög þessi taka til og fara yfir þau stærðarmörk sem greinir í 6. gr.

Kristinn H. Gunnarsson, Ögmundur Jónasson og Gunnar Birgisson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Hjálmar Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.

1220. Nefndarálit [686. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur, Ragnheiði Snorradóttur, Telmu Halldórsdóttur, Ólaf Pál Gunnarsson, Ingva Má Pálsson, Jónu Björk Guðnadóttur og Elvu Ósk Wiium frá fjármálaráðuneyti. Umsagnir bárust um málið frá Verslunarráði Íslands, Samtökum ferðaþjónustunnar, Seðlabanka Íslands, ríkisskattstjóra, Félagi hópferðaleyfishafa og Félagi sérleyfishafa.

Í frumvarpinu er kveðið á um tímabundna heimild til að endurgreiða ⅔ hluta virðisaukaskatts sem greiddur er af þeim sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnuskyni vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða.

Nefndin bendir á að auk þess að auðvelda endurnýjun hópferðabifreiðaflota landsins og draga úr mengun felur frumvarpið í sér sértæka styrkveitingu til þeirra aðila sem hafa með höndum hópferðabifreiðaþjónustu. Að öllu jöfnu telur nefndin æskilegt að slíkar breytingar á umhverfi atvinnurekstrar séu almennar.

Nefndin leggur til breytingu á frumvarpinu sem varðar orðalag en ekki efnisatriði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

2. málsl. efnismálsgreinar 1. gr. verði svohljóðandi: Endurgreiðsluheimildin verði bundin við hópferðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 18 manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni, sem nýskráðar eru á tímabilinu og búnar eru aflvélum samkvæmt EURO2 staðli ESB.

Kristinn H. Gunnarsson, Gunnar Birgisson og Margrét Frímannsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Hjálmar Árnason.	Einar K. Guðfinnsson.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

1221. Nefndarálit [687. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur, Ragnheiði Snorradóttur, Telmu Halldórsdóttur, Ólaf Pál Gunnarsson, Ingva Má Pálsson, Jónu Björk Guðnadóttur og Elvu Ósk Wiium frá fjármálaráðuneyti og Högna S. Kristjánsson frá utanríkisráðuneyti. Umsagnir bárust um málið frá Verslunarráði Íslands, Fjármálaeftirlitinu, Lögmannafélagi Íslands, Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnun.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfestar verði ýmsar gjaldtökuheimildir sem einkum eru tilkomnar vegna starfsemi utanríkisþjónustunnar og Schengen-samstarfsins, en einnig vegna útgáfu leyfa og leyfisbréfa. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að gjald sem öryrkjum ber að greiða fyrir útgáfu vegabréfa til útlanda verði lækkað til jafns við það sem aldraðir njóta.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að gjöld verði innheimt fyrir útgáfu aðgangsskírteina að Keflavíkurflugvelli, annars vegar fyrir fastráðna starfsmenn og hins vegar fyrir tímabundin skírteini. Skv. 10. gr. laga nr. 82/2000, um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna, er íslenskum starfsmönnum og öðrum sem eru ekki á ábyrgð varnarliðsins heimill aðgangur að varnarsvæðunum ef þeir eiga þangað lögmæt erindi og hafa gilda aðgangsheimild, útgefna af sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, í samræmi við ákvæði laganna og ákvæði loftferðalaga. Slík aðgangsskírteini hafa hingað til verið gefin út af sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli samkvæmt reglugerð nr. 81/1990, um takmörkun umferðar og dvalar á svæði Keflavíkurflugvallar, og hefur gjald verið innheimt fyrir þau á grundvelli gjaldskrár settrar af ráðherra. Með ákvæðum frumvarpsins er því verið að færa núverandi framkvæmd inn í lög. Meiri hlutinn tekur jafnframt fram að samkvæmt upplýsingum sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli greiða vinnuveitendur gjaldið fyrir starfsmenn sína. Nefndin

leggur hins vegar til að orðalag ákvæðisins verði gert skýrara, þannig að skýrt komi fram að um sé að ræða aðgangsheimild að varnarsvæðum Keflavíkurflugvallar.

Þá leggur meiri hlutinn til breytingar þess efnis að tilvísanir til flokka vegabréfsáritana verði felldar út úr frumvarpinu en þess í stað verði vísað í viðkomandi töluliði þar sem það á við.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

Við b-lið 5. gr.

a. Í stað orðanna „Aðgangsskírteini að Keflavíkurflugvelli“ í 4. tölul. komi: Aðgangsheimild að varnarsvæðum Keflavíkurflugvallar.
b. Bókstafurinn „A“ í 5. tölul. falli brott.
c. Bókstafurinn „B“ í 6. tölul. falli brott.
d. Stafirnir „C1“ í 7. tölul. falli brott.
e. Stafirnir „C2“ í 8. tölul. falli brott.
f. Stafirnir „C3“ í 9. tölul. falli brott.
g. Stafirnir „C4“ í 10. tölul. falli brott.
h. Bókstafurinn „D“ í 11. tölul. falli brott.
i. Í stað orðanna „fyrir hópa í flokkum A og B“ í 13. tölul. komi: skv. 5. og 6. tölul. fyrir hópa.
j. Í stað orðanna „fyrir hópa í flokki C1“ í 14. tölul. komi: skv. 7. tölul. fyrir hópa.
k. Í stað orðanna „fyrir hópa í flokki C1“ í 15. tölul. komi: skv. 7. tölul. fyrir hópa.

Kristinn H. Gunnarsson og Gunnar Birgisson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. | Sigríður A. Þórðardóttir. | Hjálmar Árnason.

Einar K. Guðfinnsson.

1222. Nefndarálit [688. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur, Ragnheiði Snorradóttur, Telmu Halldórsdóttur, Ólaf Pál Gunnarsson, Ingva Má Pálsson, Jónu Björk Guðnadóttur og Elvu Ósk Wiium frá fjármálaráðuneyti og Margréti Hauksdóttur frá Fasteignamati ríksins. Umsagnir bárust um málið frá Íbúðalánasjóði, Verslunarráði Íslands, laganefnd Lögmannafélags Íslands, Seðlabanka Íslands, Fasteignamati ríkisins, Þjóðhagsstofnun og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Í frumvarpinu er lagt til að Fasteignamati ríkisins verði veitt heimild til að endurmeta einstakar fasteignir að eigin frumkvæði að höfðu samráði við fasteignareiganda. Breytingunni er ætlað að stuðla að samræmi í mati á hliðstæðum eignum.

Nefndin leggur til breytingu á 3. gr. frumvarpsins sem snýr eingöngu að leiðréttingu á villum sem læðst höfðu inn við vinnslu frumvarpsins, annars vegar þess efnis að í stað þess að ný málsgrein bætist við 35. gr. verði núgildandi 3. mgr. 35. gr. breytt og hins vegar að í stað orðsins fasteignaskrá komi Landskrá fasteigna, eins og núgildandi lög gera ráð fyrir.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

Við 3. gr. Greinin verði svohljóðandi:

3. mgr. 35. gr. laganna orðast svo:

Skráðu matsverði fasteigna skal breytt í Landskrá fasteigna í samræmi við framangreinda stuðla og skal það verð talið fasteignamatsverð frá og með 31. desember til jafnlengdar næsta ár nema sérstakt endurmat komi til.

Kristinn H. Gunnarsson, Gunnar Birgisson og Margrét Frímannsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Ögmundur Jónasson.
Hjálmar Árnason.	Einar K. Guðfinnsson.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.

1223. Nefndarálit [567. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Meginefni frumvarpsins er að starfandi sparisjóðum er veitt heimild til að breyta rekstrarformi sínu í hlutafélag. 1. minni hluti er því hlynntur, enda mikilvægt að sparisjóðirnir hafi þennan möguleika samfara þeim miklu breytingum sem orðið hafa á fjármálamarkaðinum.

Ágallar á frumvarpinu.

Engu síður telur 1. minni hluti nokkra ágalla vera á frumvarpinu að óbreyttu, sem ástæða er til að lagfæra. Lúta þeir að eignarhaldi á sparisjóðunum þegar þeim verður breytt í hlutafélag og eftirliti með sjálfseignarstofnunum sem sparisjóður þarf að stofna við breytingu í hlutafélag. Einnig gerir 1. minni hluti athugasemdir við að ekki skuli vera skilgreint í lögum hvert stofnverð hlutabréfa í hendi stofnfjáreigenda á að vera og að ekki skuli vera ljóst hvert stofnverð hlutabréfa í eigu sjálfseignarstofnunar verður. 1. minni hluti gagnrýnir líka að í frumvarpinu skuli gert ráð fyrir að sjálfseignarstofnanir séu undanþegnar tekju- og eignar-

skatti. Slíkt hefur fordæmisgildi og vekur upp spurningar um jafnræði og samkeppnisstöðu annarra sambærilegra félaga sem greiða þurfa skatt af tekjum sínum og eignum. Jafnframt telur 1. minni hluti eðlilegt að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlitsskyldu með sjálfseignarstofnunum sem stofnaðar verða ef sparisjóði er breytt í hlutafélag, enda gengur meginhluti af eigin fé sparisjóðanna til sjálfseignarstofnana við þá breytingu.

Mikil völd í krafti lítils eignarhluta.

Fyrsti minni hluti hefur gagnrýnt út frá viðskiptalegu sjónarmiði og almannahagsmunum að núverandi stofnfjáreigendur muni fá mikil völd í krafti tiltölulega lítils eignarhluta. Framlög stofnfjáreigenda voru í árslok 1999 um 1.500 millj. kr. af samanlögðu 10,6 milljarða kr. eigin fé sparisjóðanna eða um 14%. Hlutfall stofnfjáreigenda í nokkrum stórum sparisjóðum er innan við 1% en á milli 20–30% í nokkrum öðrum. Fram hefur komið opinberlega að áætlað heildarmarkaðsvirði sparisjóðanna sé rúmir 19 milljarðar króna.

Stofnfjáreigendur fara með æðsta vald í málefnum sparisjóðanna og koma fram sem eigendur þeirra í krafti stofnfjárins. Frumvarpið felur í sér að við hlutafélagavæðingu sparisjóðs fái stofnfjáreigendur hlutabréf sem samsvarar núverandi verðmæti eignar þeirra í sparisjóðnum. Annað af hlutafénu rennur til sjálfseignarstofnunar sem sparisjóðurinn skal gangast fyrir stofnun á við breytinguna.

Í stjórn fulltrúaráðs sjálfseignarstofnunarinnar eiga sæti allir sem voru stofnfjáreigendur í viðkomandi sparisjóði þegar honum var breytt í hlutafélag. Þeir kjósa stjórnarmenn sjálfseignarstofnunarinnar, en hún er sett á fót um þann hluta eigin fjár sem ekki er í eigu stofnfjáreigendanna. Fulltrúaráðið getur valið fleiri til setu í ráðinu en gert er ráð fyrir að fulltrúaráðsmenn séu ekki undir 30.

Handvalið í stjórnir og fulltrúaráð.

Það sem ekki síst er gagnrýnt er að handvalið er af núverandi stofnfjáreigendum, þegar fjölgað er í fulltrúaráðinu og það af fámennum hópi sem hefur vald yfir gífurlegu fjármagni sem hann er ekki nema að litlu leyti eigandi að.

Megintilgangur sjálfseignarstofnunarinnar verður að stuðla að viðgangi og vexti í starfsemi sparisjóðsins. Þannig virðist að því stefnt að breyta meginmarkmiði og tilgangi sparisjóða frá því sem þeir voru í upphafi stofnaðir til og óttast ýmsir að það verði á kostnað menningar og líknarmála í landinu. Til þeirra mála hafa sparisjóðirnir varið miklu fjármagni, en tilgangur þeirra var að greiða fyrir viðskiptum á sínu starfssvæði og stuðla að uppbyggingu og fjárhagslegu sjálfstæði byggðarlagsins. Það markmið hefur gengið framar því að hámarka arð eigendanna. Við breytingu sparisjóðanna í hlutafélag má ætla að arðsemi eigenda verði meginmarkmiðið. Í frumvarpinu kemur fram að nokkrir sparisjóðir hafa selt stofnfjárbréf með góðum árangri á undanförnum árum og ekki sé hægt að útiloka að ástæða eftirspurnar eftir þeim stofnfjárbréfum sé von fjárfestanna um að hagnast á hugsanlegri breytingu sparisjóðsins í hlutafélag. Athyglisvert er að ríkisskattstjóri segir um tilgang hlutafélagavæðingarinnar eftirfarandi í sinni umsögn: „Markmið með eignasöfnun sjálfseignarstofnunar þessarar er hins vegar að styrkja stöðu hlutafélagsins og tryggja hagsmuni eigenda þess, sem jafnframt eru þeir sem ráða sjálfseignarstofnuninni.“

Í ljósi framangreinds flytur 1. minni hluti breytingartillögu við frumvarpið sem miðar að því að fjölga nýjum stofnfjáreigendum og opna hóp stofnfjáreigenda tiltekinn tíma fyrir almenningi áður en sparisjóði er breytt í hlutafélag. Telja verður það mun lýðræðislegra fyrirkomulag og í meira samræmi við hlutafélagalöggjöfina, sem ætlunin er að laga sparisjóðina að, að fjölga í hópi þeirra sem með valdið fara í stað þess að setja vald og mikla fjármuni í

hendur stofnfjáreigenda, sem oft og tíðum eru mjög fáir og með framlög sem ekki eru í neinu samræmi við það vald og þá ábyrgð sem þeir hafa yfir gríðarlegum fjármunum sem ekki eru þeirra eigin.

Áhrif hlutafélagavæðingar sparisjóðanna.

Óljóst er hve margir sparisjóðir munu nýta sér ákvæði frumvarpsins um hlutafélagavæðingu, en í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að af reynslu nágrannalandanna megi draga þá ályktun að þeir verði ekki margir hér á landi. Vísað er til smæðar margra sparisjóðanna og erfiðleika þess vegna við að bjóða út hlutabréf sem ganga kaupum og sölum á markaði. Að því er vikið í greinargerðinni að ákvæði frumvarpsins gætu flýtt fyrir sameiningu sparisjóða og því að sameinaðir sparisjóðir breyti rekstrarformi sínu í hlutafélag.

Í efnahags- og viðskiptanefnd var rætt um aðra leið en hlutafélagaleiðina, þ.e. að gera sparisjóðum kleift að bjóða upp á markaðshæf bréf í sérstakri deild, svokölluð B-deildar bréf, sem byggjast á því að stofna sérstakan eiginfjársjóð sem fjármagnaður er með sölu stofnfjárhluta sem aukinn arðsréttur fylgir, en þeim hluta gæti líka fylgt aukinn atkvæðisréttur. Ætla hefði mátt að þessi leið hefði getað gagnast minni sparisjóðunum, en fulltrúar sparisjóðanna sem mættu á fund efnahags- og viðskiptanefndar mæltu ekki með henni, ekki einu sinni sem valkvæðri í frumvarpinu á móti hlutafélagaleiðinni, en þeir töldu að slík bréf gætu ruglað markaðinn.

Skattaleg meðferð gagnrýnd.

Ríkisskattstjóri gerir alvarlegar athugasemdir í sinni umsögn við frumvarpið við að skilgreiningu vanti á skattalegri meðferð á stofnverði hlutabréfa í hendi stofnfjáreigenda og stofnverði hlutabréfa í hendi sjálfseignarstofnunar. Einnig gagnrýnir ríkisskattstjóri að gert sé ráð fyrir að sjálfseignarstofnanir samkvæmt frumvarpinu séu undanþegnar tekju- og eignarskatti.

Um skattskyldu stofnfjáreigenda segir ríkisskattstjóri orðrétt í sinni umsögn: „Við síðari sölu á hlutabréfunum myndast skattskyldur söluhagnaður í hendi seljanda sem mismunur á söluverði bréfanna og stofnverði þeirra í hans hendi. Ekkert segir í frumvarpinu um það hvernig stofnverð bréfanna skuli ákveðið.“ Síðar segir: „Eðlilegt væri að fjárhæð endurmetinnar stofnfjáreignar miðað við árslok 1996 myndaði stofnverð til útreiknings á söluhagnaði. Þannig væri í reynd lögð til sams konar regla og gildir um hlutabréf.“

Um skattskyldu sjálfseignarstofnunar segir ríkisskattstjóri í umsögn sinni: „Ákvæði lagafrumvarpsins um sjálfseignarstofnunina uppfylla ekki skilyrði tekjuskattslaganna til skattfrelsis vegna starfa í þágu almannaheilla. Í fyrsta lagi er megintilgangur starfseminnar ekki almannaheill heldur fjáröflun og eignamyndun. Það skal á það bent í þessu samhengi að í úrskurðaframkvæmd hefur ákvæðið þetta verið túlkað fremur þröngt, þ.e. að ekki sé heimil nein ráðstöfun hagnaðar til uppbyggingar eigin fjár sjálfseignarstofnunarinnar umfram þarfir starfsemi viðkomandi stofnunar, heldur beri að ráðstafa öllum hagnaði til hinna skilgreindu almenningsheillamarkmiða. Markmið með eignasöfnun sjálfseignarstofnunar þessarar er hins vegar að styrkja stöðu hlutafélagsins og tryggja hagsmuni eigenda þess, sem jafnframt eru þeir sem ráða sjálfseignarstofnuninni.

Í öðru lagi má nefna að svæðisbundin menningar- og líknarstarfsemi hefur ekki verið talin nægileg til skattfrelsis á grundvelli 5. tölul. 4. gr. laga nr. 75/1981 heldur þurfi skírskotun til almannaheilla að vera almennari. Í þriðja lagi er skattfrelsi af þessum ástæðum ekki ótímabundið en ákveðist frá ári til árs og því háð því skilyrði að öllum hagnaði af starfseminni ár hvert sé ráðstafað í þeim tilgangi sem skattfrelsið helgast af. Á það skal og sérstaklega bent

að þeir lögaðilar sem skattfrjálsir eru samkvæmt 5 tölul. 4. gr. eru engu að síður framtalsskyldir samkvæmt 91. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Þannig er í reynd gengið út frá því að það komi til sjálfstæðrar skoðunar hverju sinni hvort skilyrðum skattfrelsis sé fullnægt.“

Segja má að undir sjónarmið ríkisskattstjóra sé tekið í greinargerð með frumvarpinu þar sem rækilega er undirstrikað að sjálfseignarstofnanir þær sem stofnaðar verða við breytingu sparisjóðs í hlutafélag muni allar, eða nær allar, í upphafi starfseminnar uppfylla skilyrði 3. gr. laga um sjálfseignarstofnanir, þar sem kveðið er á um hvað telst sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur.

Loks segir ríkisskattstjóri í umsögn sinni: „Ákvæði frumvarpsins um skattfrelsi þessara sjálfseignarstofnana er því sbr. framangreint andstæð grundvallarreglum laga um tekjuskatt og eignarskatt um skattskyldu og mun skattfrelsi þeirra því verða til að skapa misræmi í samanburði við stofnanir sem njóta skattfrelsis vegna starfa í almannaþágu og í samanburði við þær stofnanir og félög sem atvinnurekstur stunda og skattskyldar eru skv. almennum ákvæðum skattalaganna. Sjálfseignarstofnanir þessar eru í raun ekki annað en eignarhaldsfélag og skattfrelsi þeirra hlýtur að vekja upp spurningar um jafnræði og samkeppnisstöðu annarra slíkra félaga sem greiða þurfa skatt af tekjum sínum og eignum auk þess sem fyrrum stofnfjáreigendur sækja sem eigendur hlutafélagssparisjóðs fjármálalegt áhrifavald í eignir sem þeir ekki eiga en eru í vörslu sjálfseignarstofnunar sem þeir stjórna. Skattfrelsi þetta verður sérstaklega vafasamt í ljósi þess að óhjákvæmilegt virðist að með tímanum verði nokkur hluti af eignum sjálfseignarstofnunarinnar bundin í öðru en hlutafé í sparisjóðnum og tekjur sjálfseignarstofnunarinnar af þeim ekkert tengdar starfsemi sjóðsins.

Engin rök eru færð í greinargerð með frumvarpinu fyrir skattfrelsi þessara sjálfseignarstofnana umfram önnur félög sem stunda atvinnu þ.m.t. sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Með hliðsjón af því að skattfrelsi þetta stríðir á móti meginreglum skattalaga um þetta efni og er slæmt fordæmi sem auk þess vekur upp spurningar um jafnræði og samkeppnisstöðu telur ríkisskattstjóri mjög varasamt að fara þá leið sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu að gera þessar stofnanir skattfrjálsar og leggur eindregið til að síðasti málsliður í b-lið 3. gr frumvarpsins verður felldur úr því.“

Það ákvæði frumvarpsins sem ríkisskattstjóri vísar hér til er sérstakt ákvæði sem hefur verið sett í frumvarpið um að sjálfseignarstofnanir sem koma skal á fót samkvæmt frumvarpinu skuli vera undanþegnar tekju- og eignarskatti.

Með margvíslegum hætti er tekið undir það í greinargerð með frumvarpinu sem fram kemur í áliti ríkisskattstjóra að megintilgangur með starfsemi sjálfseignarstofnunarinnar er ekki almannaheill heldur fjáröflun og eignamyndun. Má þar t.d. nefna að fram kemur í frumvarpinu að andvirði greidds arðs til sjálfseignarstofnunar sé hægt að ráðstafa með þrennum hætti. Í fyrsta lagi sé hægt að endurfjárfesta með kaupum á hlutabréfum í viðkomandi sparisjóði. Í öðru lagi að ávaxta laust fé, t.d. í innlánum eða markaðsverðbréfum, og í þriðja lagi gæti hún ráðstafað andvirði móttekins arðs til menningar- og líknarmála. Einnig er nefnt sem almenn leiðbeining um endurfjárfestingu í frumvarpinu að eðlilegt sé að sjálfseignarstofnun fjárfesti í auðseljanlegum eignum, svo sem sjóðum um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum eða í skuldabréfum og hlutabréfum skráðum á skipulegum verðbréfamarkaði.

Sjálfseignarstofnanir verði eftirlitsskyldar hjá Fjármálaeftirlitinu.

Loks flytur 1. minni hluti breytingartillögu um að sjálfseignarstofnun sem stofnað verði til í tengslum við hlutafélagavæðingu á sparisjóði verði eftirlitsskyld hjá Fjármálaeftirlitinu

líkt og aðrar fjármálastofnanir. Telur 1. minni hluti slíkt eðlilegt í ljósi þess að sjálfseignar stofnunin er í raun eignarhaldsfélag sem á meginhlutann í sparisjóðnum við stofnun og eignast allt það hlutafé sparisjóðs sem stofnfjáreigendur geta ekki gert tilkall til. Að óbreyttu verður einungis um að ræða að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með hæfi sjálfseignarstofnunar til að fara með hlut í sparisjóði, sé eignarhlutur sjálfseignarstofnunarinnar virkur í skilningi laganna. 1. minni hluti flytur því breytingartillögu þess efnis að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með starfsemi sjálfseignarstofnunarinnar, sem er eðlilegt þar sem stofnunin er uppistaðan í starfsemi sparisjóðsins, en stærsti hluti efnahagsreiknings sjálfseignarstofnunarinnar er hlutafjáreign hennar í sparisjóðnum.

Álit minni hlutans.

Fyrsti minni hluti tekur undir gagnrýni ríkisskattstjóra á þeirri sértæku skattalegu meðferð sem sjálfseignarstofnanir eiga að fá samkvæmt frumvarpinu með skattfrelsi sem ekki á sér hliðstæðu og er fordæmisgefandi. Flytur 1. minni hluti breytingartillögu í samræmi við ábendingar ríkisskattstjóra. Lögð er til breyting um að afnema ákvæði 4. mgr. í b-lið 3. gr. um að sjálfseignarstofnanir verði undanþegnar tekjuskatti og eignarskatti. Undanskilið er þó að fjárhæð sem sjálfseignarstofnun skv. 37. gr. laganna úthlutar af rekstrarhagnaði ársins til menningar og líknarmála dragist frá tekjuskattsstofni á því ári.

Jafnframt flytur 1. minni hluti breytingartillögur í samræmi við ábendingar ríkisskattstjóra til að skilgreina í lögum hvert stofnverð hlutabréfa í hendi stofnfjáreigenda eigi að vera og hvert stofnverð hlutabréfa í hendi sjálfseignarstofnunar skuli vera. Fram hefur komið hjá ríkisskattstjóra að nauðsynlegt sé að lögfesta þau ákvæði óháð því hvort stofnanirnar greiði almennan tekjuskatt eða ekki. Verði það ekki gert gæti það leitt til mikillar óvissu þar sem færa má rök fyrir mismunandi stofnverði í skattalegum tilgangi.

Auk þess flytur 1. minni hluti breytingartillögu um að sjálfseignarstofnanir samkvæmt frumvarpinu verði undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Jafnframt er lögð til sú breyting sem áður hefur verið lýst sem miðar að því að fjölga nýjum stofnfjáreigendum og opna hóp stofnfjáreigenda um tiltekinn tíma fyrir almenningi áður en sparisjóði er breytt í hlutafélag.

Með framangreindum breytingum, sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali, styður 1. minni hluti frumvarpið. Verði þær felldar vísar 1. minni hluti allri ábyrgð á málinu á hendur meiri hlutanum.

Alþingi, 4. maí 2001.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm. Margrét Frímannsdóttir.

Fylgiskjal I.

Svör viðskiptaráðuneytis við spurningum Jóhönnu Sigurðardóttur frá 26. apríl sl. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, 567. mál.

(2. maí 2001.)

Jóhanna Sigurðardóttir alþingismaður beindi 22 spurningum til viðskiptaráðuneytisins og Fjármálaeftirlitsins um þingmál 567. Hér að neðan eru svör við þessum spurningum. Svör við spurningum 1, 2, 5 og 6 eru fengin frá Fjármálaeftirlitinu.

1. *Hvernig hefur eigið fé sparisjóðanna þróast á undanförnum árum?*

Eigið fé síðustu árin miðað við árslok hjá sparisjóðunum er:

1997 7,4 ma. kr.
1998 8,4 ma. kr.
1999 10,7 ma. kr.
2000 14,8 ma. kr. (bráðabirgðatölur).

2. *Hvernig hafa kostnaðarhlutföll, þ.e. rekstrargjöld sem hlutfall af hreinum rekstrartekjum verið sl. þrjú ár?*

Kostnaðarhlutföll hafa verið eftirfarandi:

1997 69,6%
1998 71,2%
1999 60,6%
2000 50,0% (bráðabirgðatölur).

Athuga ber að kostnaðarhlutföllin tvö síðustu árin eru mun lægri en árin á undan vegna óvenjulegrar aukningar í „öðrum rekstrartekjum“, sem gera má ráð fyrir að sé að verulegu leyti tímabundin.

3. *Hve margar sveitarstjórnir eða héraðsnefndir skipa nú fulltrúa í stjórn sparisjóða og hver er forsagan að þeirri tilhögun?*

Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um nákvæman fjölda sveitarstjórna eða héraðsnefnda sem skipa fulltrúa í stjórn sparisjóða. Sparisjóðir eru nú 25 og tilnefna sveitarstjórnir eða héraðsstjórnir nú fulltrúa í stjórnir allra sjóðanna. Borgarstjórn Reykjavíkur skipar í stjórnir tveggja sparisjóða í Reykjavík. Í sumum tilvikum eru tvö eða fleiri sveitarfélög sem saman skipa fulltrúa í stjórn sparisjóðs.

Forsögu þess að sveitarstjórnir eða héraðsnefndir tilnefna í stjórnir sparisjóða má rekja til ársins 1941. Þessi regla var studd eftirfarandi rökum í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 69/1941, um sparisjóði: „Það telur nefndin og rétt, að stjórn sparisjóðanna eigi ekki að vera nema að sumu leyti í höndum stofnenda þeirra. Sparisjóðina á að reka með hag sparifjáreigenda og almennings fyrir augum, en ekki til arðs fyrir stofnendur þeirra, enda eru ákvæði í lögum, sem eiga að sjá um, að arður þeirra geti ekki orðið nema hverfandi. Því hefir nefndin lagt til, að vald opinberra aðila, bæjarstjórna og umboðsmanna ríkisins, verði frekar aukið en minnkað.“

4. *Er ekki æskilegt að mati ráðuneytisins í ljósi sérstöðu sparisjóðanna og markmiðs um að styrkja og breikka félagslegan bakgrunn sparisjóðanna vegna óljóss eignarhalds að gera að skyldu að fulltrúar sveitarstjórna eigi seturétt í stjórn sparisjóða eða eignarhaldsfélögum þeirra?*

Ráðuneytið telur að best fari á því að það sé ákvörðun stofnfjáreigenda í hverjum sparisjóði fyrir sig hvort sveitarfélög skuli skipa stjórnarmenn í sparisjóði. Það hefur lengi verið deilt um hvort sú skipan að sveitarfélög skipi í stjórn sparisjóða sé eðlileg. Hefur í því sambandi verið nefnt að það skjóti skökku við að í stjórn sparisjóðs sitji fulltrúar aðila sem oft eiga engra beinna hagsmuna að gæta við rekstur þeirra en fara samt sem áður með 40% stjórnarsæta. Sameiningar sparisjóða og sameiningar sveitarfélaga geta einnig leitt til þess að erfiðara verður að velja sveitarfélagsmenn til setu í stjórnum sparisjóða.

Þess skal getið að formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga var fyrsti flutningsmaður frumvarps sem lagt var fram á yfirstandandi þingi (137. mál) þess efnis að stofnfjáreigendur skyldu kjósa alla stjórnarmenn í sparisjóði.

5. *Er dreifð eignaraðild tryggð með 5% hámarki atkvæðisréttar að mati Fjármálaeftirlitsins í ljósi þess að sjálfseignarstofnanir mun eiga 90–95% af sparisjóðum og heimilt að ákveða í samþykktum sjálfseignarstofnunar að hún geti fari með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði?*

Frumvarpið gerir ráð fyrir að sú meginregla gildandi laga, sem felst í 5% atkvæðisrétti einstakra stofnfjáraðila, haldist óbreytt. Undantekning frá þessari meginreglu verður möguleg í tilviki sjálfseignarstofnunarinnar. Tilgangur þessarar reglu er að stuðla að dreifðri eignaraðild og eru ákvæði frumvarpsins að mati Fjármálaeftirlitsins til þess fallin að sá tilgangur náist.

6. *Hvernig hefur markaðshlutdeild sparisjóðanna verið í inn- og útlánum sl. þrjú ár?*

Markaðshlutdeild sparisjóða í innlánum og útlánum viðskiptabanka og sparisjóða hefur verið eftirfarandi síðustu þrjú árin. Í heildartölunum er FBA meðtalinn árin 1998 og 1999.

1998	Innlán 23,5%	Útlán 17,0%
1999	Innlán 23,3%	Útlán 17,9%
2000	Innlán 24,3%	Útlán 17,1 % (bráðabirgðatölur).

7. *Er nokkuð því til fyrirstöðu að hafa valkvætt ákvæði í frumvarpinu milli B-deildar-leiðar (norsku leiðarinnar – B-deildar-bréf) og hlutafélagaformsins?*

Ráðuneytið telur B-deildar-leiðina ekki fýsilega. Með þeirri leið er reynt að líkja eftir hlutabréfaforminu með flóknum sérreglum og skapa markað fyrir bréfin. Fjárfestar þekkja hins vegar ekki formið til fulls, hafa varann á þegar bréf lúta ströngum sérreglum og eru ekki tilbúnir að kaupa bréfin nema með afslætti. Það leiðir til hærri fjármagnskostnaðar hjá sparisjóðum og minni samkeppnishæfni.

8. *Í Danmörku var afleiðing hlutafélagavæðingar sparisjóðanna að tveir stærstu sparisjóðirnir hurfu strax inn í stærri banka, er ekki ástæða til að ætla að slíkt hið sama gerist hér eftir samþykkt frumvarpsins?*

Tilgangurinn með frumvarpinu er að gera sparisjóðum kleift að breyta rekstrarformi sínu í hlutafélag og gera stofnfjárbréf að eftirsóknarverðari fjárfestingarkosti. Ráðuneytið leggur áherslu á mikilvægi þess að sparisjóðirnir sjálfir móti framtíð sína og stjórnvöld geri ekki annað en að móta leikreglur sem geri sparisjóðunum kleift að keppa á nútímafjármálamark-

aði. Því mun ráðuneytið ekki spá fyrir um hvaða áhrif frumvarpið muni hafa. Það er undir sparisjóðunum komið. Að öðru leyti vísast til umfjöllunar um litla og meðalstóra sparisjóði í 7. kafla í almennum athugasemdum við frumvarpið.

9. *Hver á eigið fé sparisjóðanna sem er 9 milljarðar umfram stofnfé og hvert má áætla markaðsvirði sparisjóðanna nú?*

Enginn getur kastað eign sinni á þann hluta eigin fjár sparisjóðanna sem er umfram stofnfé enda sparisjóðir um margt líkir sjálfseignarstofnunum. Við slit sparisjóðs skal ráðstafa eignum umfram stofnfé í samræmi við ákvæði samþykkta sparisjóðsins. Í samþykktum allra sparisjóða er kveðið á um að við slit skuli fénu ráðstafað til líknar- og menningarmála á starfssvæði sparisjóðsins.

Engin áætlun liggur fyrir um markaðsvirði sparisjóðanna en af samanburði við kennitölur viðskiptabanka sem skráðir eru á markaði má ætla að markaðsvirðið sé hærra en eigið fé.

10. *Er það eðlilegt að allt niður í tveir stofnfjáreigendur (algengt 40–100) fái völd yfir öllum eignum sparisjóðanna og eigin fé?*

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stofnfjáreigendur fái hlutabréf í sparisjóðnum sem jafngildi verðmæti stofnfjárbréfa þeirra. Stofnfjáreigendur mynda síðan fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar. Í greinargerð með frumvarpinu eru færð ítarleg rök fyrir þessu fyrirkomulagi. Í dag fara stofnfjáreigendur með æðsta vald í málefnum sparisjóða og hafa því í raun völd yfir öllum eignum sparisjóðanna og eigin fé.

11. *Er það eðlilegt fyrirkomulag út frá viðskiptalegu sjónarmiði og almannahagsmunum að við það að sparisjóður breytist í hlutafélag eigi sæti í fulltrúaráði sjálfseignarstofnunar allir stofnfjáreigendur og í stjórn sparisjóðsins sé valið úr hópi fulltrúaráðsmanna? Erfist sæti í stjórn sjálfseignarstofnunar – og getur stofnfjáreigandi selt hlut sinn í sparisjóðnum en samt átt sæti í fulltrúaráði sjálfseignarstofnunarinnar? Hvernig er valið í fulltrúaráðið, er um að ræða „lokaðan klúbb“ þar sem handvalið er í fulltrúaráðið af stofnfjáreigendum sem hafa sjálfir lagt fram lítið brot af eigin fé sparisjóðanna?*

Telja verður að þeir einstaklingar sem hafa lagt sparisjóðnum til fé í gegnum tíðina í formi stofnfjár, og þannig tekið þátt í uppbyggingu hans, séu best til þess fallnir að stýra sjálfseignarstofnun sem hefur þann megintilgang að stuðla að viðgangi sparisjóðsins og vexti í starfsemi hans. Stofnfjáreigendur sem mynda fulltrúaráðið hafa þó engra fjárhagslegra hagsmuna að gæta í sjálfseignarstofnuninni, enda er úthlutun fjárins eingöngu til almannaheilla.

Tekið skal fram að um sjálfseignarstofnunina fer samkvæmt lögum nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Þar er ítarlegur rammi um starfsemi sjálfseignarstofnunarinnar. Sæti í fulltrúaráði sjálfseignarstofnunar erfist ekki. Engin tenging er á milli hlutabréfaeignar fyrrverandi stofnfjáraðila í sparisjóði og aðildar hans að fulltrúaráði sjálfseignarstofnunarinnar. Ekkert er því til fyrirstöðu að fulltrúaráðsmaður selji eignarhlut sinn í sparisjóði.

Verði fulltrúaráðsmenn færri en 30 skal fjölga í ráðinu skv. b-lið 3. gr. frumvarpsins. Um það val fer skv. 22. gr. laga nr. 33/1999. Þar segir að í samþykktum skuli kveðið á um val og starfstíma fulltrúaráðsins og hlutverk eða starfssvið þess sem skal meðal annars velja í stjórn í samræmi við ákvæði samþykkta, vera tengiliður milli stofnenda og stjórnar eftir því sem við á, fylgjast með rekstri stofnunarinnar og hafa þá eftirlit með því hvernig stjórn og framkvæmdastjóri, ef til er, ráða málum hennar, þar með töldum fjármunum, og setja stofnuninni nauðsynlegar starfsreglur.

12. Hvaða aðrar leiðir telur ráðuneytið að sé hægt að nota til að velja í fulltrúaráðið og stjórn sparisjóða, sem betur þjóni viðskiptalegum sjónarmiðum og almannahagsmunum?

Ráðuneytið telur enga leið þjóna betur viðskiptalegum sjónarmiðum og almannahagsmunum. Nefndin sem vann að gerð frumvarpsins velti því fyrir sér hvort aðrir aðilar væru betur til þess fallnir að skipa í fulltrúaráð sjálfseignarstofnunar. Í því sambandi má geta þess að í Danmörku var farin sú leið að stjórn sparisjóðs skipar meiri hluta í stjórn sjálfseignarstofnunar. Í ferð sparisjóðanefndarinnar til Danmerkur sl. haust kom fram mikil gagnrýni á það fyrirkomulag. Eins og rakið var í svari við síðustu spurningu taldi nefndin eðlilegast að þeir sem hefðu staðið að uppbyggingu sparisjóðs mynduðu fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar.

13. Er með frumvarpinu verið að skjóta lagalegum stoðum undir eign og ráðstöfunarvald á öllum eignum sparisjóða við tiltekinn uppgjörstíma til handvalinna stofnfjáreigenda, þar sem fulltrúaráðum sem virðast endurnýjast innan frá er afhent ráðstöfunarvald yfir milljörðum króna, og í sumum tilvikum tugmilljarða, í eignum viðkomandi sparisjóðs?

Með frumvarpinu er verið að gera sparisjóðum kleift að breyta rekstrarformi sínu í hlutafélag í því skyni að auðvelda þeim að afla sér nýs eigin fjár og bæta samkeppnisstöðu þeirra. Sá hluti eigin fjár sparisjóðs sem stofnfjáreigendur geta ekki gert tilkall til verður eign sjálfseignarstofnunar. Í fulltrúaráði sjálfseignarstofnunarinnar sitja þeir aðilar sem byggt hafa upp sparisjóðinn í gegnum tíðina. Um sjálfseignarstofnunina gilda almenn lög.

14. Hverjir eru hinir raunverulegu eigendur að öllu núverandi stofnfé, eigin fé og eignum og verðmætum sparisjóðanna?

Í töflu á bls. 7 í almennum athugasemdum við frumvarpið kemur fram að í árslok 1999 nam stofnfé um 1.500 millj. kr. af samanlögðu 10.600 millj. kr. eigin fé sparisjóðanna, eða um 14%. Stofnfjáreigendur geta því gert tilkall til um 14% eigin fjár sparisjóðanna. Að öðru leyti vísast til svars við 9. spurningu.

15. Er það eðlilegt að sparisjóðsstjórn geti ákveðið hvort hún sjálf eða aðrir megi selja stofnbréf?

Í 18. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði segir að sala eða annað framsal stofnfjárhlutar í sparisjóði sé óheimilt nema með samþykki sparisjóðsstjórnar. Þetta ákvæði kemur til af sérstöku eðli sparisjóðanna, þ.e. ekki var gert ráð fyrir því að stofnfjárbréf gengju kaupum og sölum á markaði. Í 20. gr. er síðan kveðið á um í hvaða tilvikum stjórn sparisjóðs er heimilt og skylt að innleysa stofnfjárhluti. Í 1. gr. frumvarpsins eru heimildir stjórnar sparisjóðs til að innleysa stofnfjárhluti rýmkaðar verulega.

16. Geta stofnfjáreigendur framselt stofnfé til erfingja?

Samkvæmt 18. gr. gildandi laga er framsal ekki heimilt nema með samþykki sparisjóðsstjórnar. Stjórn sparisjóðs er síðan skv. 1. mgr. 20. gr. heimilt að innleysa stofnfjárhlut við andlát stofnfjáreiganda.

17. Getur stjórn sparisjóðs heimilað að einhver stór aðili kaupi alla hluthafa út?

Fyrrnefnt ákvæði 18. gr. laganna á ekki við um sparisjóði sem breyta sér í hlutafélög, sbr. 10. mgr. a-liðar 3. gr. frumvarpsins. Um hlutafélagið gilda reglur um hlutafélagsbanka og ákvæði hlutafélagalaga að öðru leyti en því að 5% atkvæðatakmörkun er í sparisjóði sem

breytt hefur rekstrarformi sínu. Stjórn sparisjóðs sem rekin er í formi hlutafélags hefur því enga beina aðkomu að viðskiptum með bréf félagsins.

18. Er nokkuð því til fyrirstöðu að opna hóp stofnfjáreigenda um einhvern tiltekinn tíma fyrir almenningi áður en sparisjóð er breytt í hlutafélag?

Nei. Það er sparisjóðum í sjálfsvald sett hvort þeir opni hóp stofnfjáreigenda áður en sparisjóði er breytt í hlutafélag.

19. Er eðlilegt að heimila að leggja ákveðinn hluta hagnaðar á stofnfjárreikninga stofnfjáreigenda sem sjálfir hafa ekki lagt fram nema lítinn hlut af eigin fé sparisjóðanna?

Þessari breytingu er ætlað að bæta stöðu þeirra sparisjóða sem líklegt má telja að hafi ekki áhuga á að breyta rekstrarformi sínu í hlutafélag. Markmiðið er að gera stofnfjárbréf að eftirsóknarverðari fjárfestingarkosti með því að auka arðsvon stofnfjáreiganda.

20. Hve há eru stofnframlög allra stofnfjáreigenda, 4.133 talsins, af eigin fé sparisjóðanna?

Endurmetið stofnfé allra stofnfjáreigenda er samtals um 1.500 millj. kr. miðað við árslok 1999. Ekki er vitað hvernig sú tala skiptist á milli upphaflegs stofnfjár og endurmats.

21. Hvað forsendur liggja að baki þess að heimilt skuli að greiða arð þótt tap sé á rekstri sparisjóða og er hægt að benda á fordæmi fyrir því, t.d. í hlutafélagalöggjöfinni? Telur ráðuneytið slíkt eðlilegt út frá viðskiptalegum sjónarmiðum og almannahagsmunum, t.d. hagsmunum innistæðueigenda?

Markmiðið með þessu ákvæði er að gera sparisjóðum kleift að þróa skýra arðgreiðslustefnu og jafna arðgreiðslur á milli ára. Arðgreiðslan takmarkast þó við ákvörðun öryggissjóðs. Það skal tekið fram að þetta ákvæði á einungis við um þá sparisjóði sem ekki breyta rekstrarformi sínu.

Ákvæðið er mun nær hlutafélagalögum en gildandi ákvæði. Hlutafélög geta greitt arð þótt tap sé á rekstri félagsins, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Í 99. gr. hlutafélagalaga segir að einungis sé heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta árs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað.

22. Hver tekur ákvörðun og hvaða reglur munu gilda ef sjálfseignarstofnun er slitið um hvernig fjármagni verður ráðstafað til menningar- og líknarmála á svæðinu?

Tveir þriðju hlutar fulltrúaráðsmanna geta tekið ákvörðun um slit sjálfseignarstofnunar. Breyting á samþykktum krefst einnig atkvæða ⅔ hluta fulltrúaráðsmanna. Sé stofnun leyst upp skal farið eftir ákvæðum XIII. kafla laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, eftir því sem við getur átt, sbr. 36. gr. laga nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

Fylgiskjal II.

Hugmynd ríkisskattstjóra að breytingum á frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

(7. maí 2001.)

Efnahags- og viðskiptanefnd óskaði eftir að ríkisskattstjóri gerði nánar grein fyrir þeim hugmyndum að breytingum á frumvarpinu, sem vikið var að í umsögn embættisins í bréfi dags 25. apríl sl., og jafnframt voru framsendar fyrirspurnir frá nefndarmanni.

Í umsögn ríkisskattstjóra var vikið að nokkrum atriðum sem að mati hans væri til bóta að breyta eða kveða á um í frumvarpinu. Í fyrsta lagi að kveðið verði á um það í lögum hvert skuli vera stofnverð hlutabréfa í hendi væntanlegra hluthafa. Í öðru lagi að fallið verði frá því að fyrirhugaðar sjálfseignarstofnanir verði skattfrjálsar og í þriðja lagi því tengt að kveðið verði á um að afhending hlutabréfa í hlutafélagssparisjóði til þessara sjálfseignarstofnana við stofnun þeirra verði ekki skattskyldar tekjur í hendi þeirra. Fara hér á eftir hugmyndir að breytingu á frumvarpinu, útfærðar eftir því sem unnt hefur verið á þeim tíma sem til ráðstöfunar hefur verið. Enn fremur er hér að finna útfærslu á því að árleg úthlutun hagnaðar til almannaheilla verði skattfrjáls, tillaga þess efnis var ekki í umsögn ríkisskattstjóra en kemur fram í erindi nefndarmanns sem framsent var ríkisskattstjóra. Fara hugmyndir um breytingar á frumvarpinu hér á eftir.

Hugmyndir um breytingar á frumvarpinu.

1. Síðasti málsliður 4. mgr., b-liðar 3. gr. falli niður.
2. Við frumvarpið bætist svohljóðandi grein:

   Við sölu hlutabréfa í sparisjóði, sem breytt hefur verið í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessara laga skal skattskyldur söluhagnaður vera söluverð bréfanna að frádregnu kaupverði þeirra. Kaupverð hlutabréfa í eigu stofnfjáreigenda skal ákveðið sem stofnfé sjóðsins, endurmetið til ársloka 1996 skv. 23. gr. að viðbættu því stofnfé sem greitt hefur verið inn á stofnfjárreikninga frá þeim tíma og þar til sparisjóðnum var breytt í hlutafélag. Kaupverð hlutabréfa í sparisjóði í eigu sjálfseignarstofnunar ákvarðast sem raunvirði hreinnar eignar sparisjóðsins við breytingu hans í hlutafélag að frádregnu kaupverði hlutabréfa í eigu stofnfjáreigenda, sbr. framangreint. Raunvirði hreinnar eignar skal ákveðið samkvæmt þeim reglum sem gilda um ákvörðun á jöfnunarverðmæti hlutabréfa, sbr. 3. mgr. 17. gr. laga nr. 75/1981. Kaupverð hlutabréfa í eigu rekstraraðila skal hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, til söluárs enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum.

   Ef sparisjóði er breytt í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessara laga skal sú breyting ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir sparisjóðinn, hlutafélagið eða hluthafa í því þ.m.t. sjálfseignarstofanir þær sem verða hluthafar í sparisjóðnum.

   Fjárhæð sem sjálfseignarstofnun skv. 37. gr. laga þessara úthlutar af rekstrarhagnaði ársins í samræmi við 4. mgr. þeirrar greinar skal heimilt að draga frá tekjuskattsstofni á því ári.

Skýringar við 2. tölul.:

Með 1. mgr. er stofnverð hlutabréfa í sparisjóði ákveðið með hliðstæðum hætti og nú gildir um hlutabréf almennt. Stofnverð í hendi einstaklings er framreiknuð framlög til ársloka 1996 en eftir það er það kaupverð framlaga, þ.e. framlögin sjálf, hvort sem þau hafa verið greidd af stofnfélaga eða lögð á stofnfjárreikning af sparisjóðnum. Stofnverð bréfa í höndum rekstraraðila, þ.m.t. sjálfseignarstofnunarinnar, er ákveðið sem mismunur á raunvirði hreinnar eignar og jöfnunarverðmæti hlutabréfa í eigu stofnfjáreigenda og með sama hætti og hjá öðrum rekstraraðilum tekur það verðlagsbreytingum eftir það. Hjá þeim er skattskyldur söluhagnaður lægri en hjá einstaklingum, sem nemur verðlagsbreytingum.

Með 2. mgr. er því náð að við afhendingu á hlutabréfum til stofnfjáreigenda og til sjálfseignarstofnunarinnar stofnast ekki til skattskyldu hjá þeim eða hlutafélaginu sem tekur við skattalegum skyldum og réttindum sparisjóðsins.

3. mgr. felur í sér að sá hluti tekna sjálfseignarstofnunarinnar sem varið er á hverju ári til almannaheilla í samræmi við ákvæði laganna verður ekki skattlagður.

Það skal tekið fram að án breytingar skv. 1. tölul., þ.e. að sjálfseignarstofnanirnar verði skattskyldar eins og kveðið er á um í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, er engu að síður nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að kveða á um hvernig stofnverð hlutabréfa í hendi stofnfjáreigenda og sjálfseignarstofnunar skuli ákveðið með þeim hætti sem lagt er til í 1. mgr. 2. tölul. eða sambærilegum hætti.

Svör við fyrirspurnum.

Erindi nefndarinnar fylgdu fyrirspurnir nefndarmanns, Jóhönnu Sigurðardóttir, og var óskað eftir að þeim yrði svarað. Svör, eftir því sem unnt hefur verið að vinna þau á þeim takmarkaða tíma sem gafst, fara hér á eftir.

Spurt er hvað áhrif það hafi ef ekki verður ákveðið í lögum hvert stofnverð hlutabréfa í hendi stofnfjáreigenda skuli vera. Áhrifin yrðu fyrst og fremst óvissa þar sem færa má rök að mismunandi stofnverði í skattalegum tilgangi, svo sem að það skuli vera nafnverð innborgaðs stofnfjár, uppfært með verðlagsbreytingum til ársloka 1996 eða til þess tíma að sparisjóði er breytt, eða nafnverð væntanlegra hlutabréfa. Við sölu stofnfjáreigenda á hlutabréfunum yrði söluhagnaðurinn afar mismunandi eftir því hver niðurstaðan yrði. Enn fremur er ekki án lagaákvæða ljóst hvert stofnverð hlutabréfa í hendi sjálfseignarstofnana verður. Ákvörðun stofnverðs er nauðsynleg hvort sem stofnanir þessar bera almennan tekjuskatt eða ekki.

Spurt er hvert yrði skattalegt tap ríkis og sveitarfélaga af óbreyttu frumvarpi. Til svars við þessari spurningu liggja ekki fyrir upplýsingar aðrar en þær sem koma fram í frumvarpinu og í fyrirspurninni og hefur ríkisskattstjóri ekki lagt mat á réttmæti þeirra. Eins og fram kom í umsögn ríkisskattstjóra er skattalegt tap fólgið í því að við útborgun hagnaðar úr hlutafélögum þeim sem stofnuð verða fellur niður skattur á hluthafa í formi sjálfseignarstofnunar. Var þá miðað við að skattfrelsisákvæðið tæki til alls tekjuskatts, m.a. skatts á fjármagnstekjur. Skattur af arði sem greiddur yrði skattskyldri sjálfseignarstofnun yrði 10% af arðinum skv. 3. mgr. 72. gr. laga nr. 75/1981 en aðrar tekjur hennar, svo sem söluhagnaður af eignum, þar á meðal hlutabréfum, og vaxtatekjur, t.d. af verðbréfum, yrðu skattlagðar samkvæmt almennum reglum. Ef miðað er við að markaðsverð sparisjóðanna sé um 19 milljarðar kr., eins og fram kemur í fyrirspurninni, og að bókfært eigið fé sé um 11 milljarðar kr., eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins, má líta á mismuninn, um 8 milljarða kr., sem óskattlagðan hagnað sem með tímanum rennur til eigenda. Í hlut sjálfseignarstofnana kæmu tæplega 9 milljarðar kr. af þeirri fjárhæð. Sé gert ráð fyrir að hagnaðurinn raungerist fyrst í hendi hluta-

félagsins en sé síðan greiddur sem arður til eigenda yrðu skattar sjálfseignarstofnananna um 560 millj. kr. Með sölu hlutabréfanna yrðu fjárhæðir þessar hærri. Verði sjálfseignarstofnanirnar skyldar til að greiða skatt af fjármagnstekjum en skattfrjálsar að öðru leyti mundu skattar þeirra af arðstekjum verða óbreyttar og framangreint skattatap hyrfi að mestu en einhverju gæti munað í sköttum af öðrum tekjum. Ekki er séð að um verði að ræða skattalegt tap fyrir sveitarfélögin.

Spurt er hver yrði skattalegur ávinningur núverandi stofnfjáreigenda ef frumvarpið verður óbreytt að lögum. Ekki verður séð að núverandi stofnfjáreigendur sem væntanlegir hluthafar muni hafa beint skattalegt hagræði af því að sjálfseignarstofnanirnar sem eiga hlutafé á móti þeim verði skattfrjálsar.

Spurt er hverju það breyti ef sjálfseignarstofnanirnar greiða eingöngu fjármagnstekjuskatt. Eins og fram hefur komið liggur munurinn í því að sem skattskyldur aðili mundi sjálfseignarstofnunin greiða almennan skatt af öllum sínum tekjum nema arði, sem bæri 10% skatt. Þá er á sá munur að hjá skattskyldum rekstraraðila er stofnverð hlutabréfa í eigu hans framreiknað miðað við verðlagsbreytingar þegar söluhagnaður er ákveðinn og skattstofninn því lægri en hann er hjá skattfrjálsum aðila. Enn fremur getur skattskyldur aðili dregið rekstrarkostnað frá tekjum sínum áður en skattur er reiknaður. Auk þessa mundi sjálfseignarstofnun greiða eignarskatt en í því sambandi þarf að hafa í huga að skattstofninn yrði nafnverð hlutabréfa í eigu hennar. Líklegt er að skattgreiðslur sjálfseignarstofnana yrðu lægri ef þær sættu almennri skattlagningu en óvíst að sá munur yrði mikill.

Spurt er hvaða fordæmi það gæfi að hafa skattamál sjálfseignarstofnana eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Að mati ríkisskattstjóra felst alvarlegasta fordæmið í því að með því yrði vikið frá grundvallarreglum og sjónarmiðum í skattalögunum. Samkvæmt þeim eru allir einstaklingar skattskyldir, svo og lögaðilar, félög, sjóðir o.s.frv. sem reka atvinnu. Frávik frá skattskyldunni (sbr. 4. gr. laga nr. 75/1981) eru tiltölulega fá og þau sem til eru styðjast við ákveðin efnisleg rök en byggjast ekki á vildarsjónarmiðum ef frá er talin undanþága vegna almannaheilla sem eins og fram hefur komið getur ekki átt við sjálfseignarstofnanir þær sem um ræðir. Þessi grundvallarsjónarmið eru afar mikilvæg fyrir alla skattframkvæmd og er þess skemmst að minnast að skattfrelsi forseta Íslands var afnumið með tilliti til þeirra. Annað fordæmi felst í því að með skattareglum er verið að mismuna aðilum sem að flestu er eins ástatt um. Í reynd eru þær sjálfseignarstofnanir sem um ræðir ekkert annað en eignarhaldseða fjárfestingarfélög en mundu njóta hagstæðari skattalegrar meðferðar en önnur slík félög.

Að lokum er spurt hvernig skattlagningu sparisjóðanna sé nú háttað. Sparisjóðir eru skattlagðir eftir sömu reglum og gilda um hlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð. Skatthlutfallið er 30%. Arður til stofnfjáreigenda, hvort sem hann er greiddur út eða er lagður á stofnfjárreikning, er skattlagður hjá eiganda með 10%.

Afrit af skeyti þessu er sent fjármálaráðuneytinu en því hafa áður verið send aðalatriði í hugmyndum að lagabreytingunum.

Virðingarfyllst,
Indriði H. Þorláksson.

1224. Breytingartillögur [567. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (JóhS, MF).

1. Við a-lið 3. gr. (37. gr. A) bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:
   Sparisjóður sem hyggst breyta sér í hlutafélag skv. 1. mgr. skal hafa að lágmarki tvöfaldan fjölda stofnfjáreigenda eins og þeir voru við gildistöku laganna, en þó aldrei færri en sem nemur 2% af íbúatölu þess sveitarfélags þar sem sparisjóðurinn hefur höfuðstöðvar sínar. Þessum fjölda stofnfjáreigenda er m.a. hægt að ná fram með almennu útboði til almennings á starfssvæði sparisjóðsins sem standi eigi skemur en sex mánuði.
2. Við b-lið 3. gr. (37. gr. B). Lokamálsliður 4. mgr. orðist svo: Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi sjálfseignarstofnunar samkvæmt þessari grein.
3. Við 3. gr. bætist nýr liður, c-liður (37. gr. C), svohljóðandi:
   Við sölu hlutabréfa í sparisjóði, sem breytt hefur verið í hlutafélag samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal skattskyldur söluhagnaður vera söluverð bréfanna að frádregnu kaupverði þeirra. Kaupverð hlutabréfa í eigu stofnfjáreigenda skal ákveðið sem stofnfé sjóðsins endurmetið til ársloka 1996 skv. 23. gr. að viðbættu því stofnfé sem greitt hefur verið inn á stofnfjárreikninga frá þeim tíma þar til sparisjóðnum var breytt í hlutafélag. Kaupverð hlutabréfa í sparisjóði í eigu sjálfseignarstofnunar ákvarðast sem raunvirði hreinnar eignar sparisjóðsins við breytingu hans í hlutafélag að frádregnu kaupverði hlutabréfa í eigu stofnfjáreigenda, sbr. framangreint. Raunvirði hreinnar eignar skal ákveðið samkvæmt þeim reglum sem gilda um ákvörðun á jöfnunarverðmæti hlutabréfa, sbr. 3. mgr. 17. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Kaupverð hlutabréfa í eigu rekstraraðila skal hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981, til söluárs, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum.
   Ef sparisjóði er breytt í hlutafélag samkvæmt ákvæðum laga þessara skal sú breyting ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir sparisjóðinn, hlutafélagið eða hluthafa í því, þar á meðal þær sjálfseignarstofnanir sem verða hluthafar í sparisjóðnum.
   Fjárhæð sem sjálfseignarstofnun skv. 37. gr. laga þessara úthlutar af rekstrarhagnaði ársins í samræmi við 4. mgr. þeirrar greinar skal heimilt að draga frá tekjuskattsstofni á því ári.

1225. Nefndarálit [521. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Alþingi veiti viðskiptaráðherra heimild til að selja hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

Löngu er vitað um áhuga fjármálamanna á því að einkavæða ríkisbankana sem og aðrar eignir ríkisins. Einnig hefur verið ljóst síðastliðin tíu ár að þær ríkisstjórnir sem setið hafa undir forsæti Sjálfstæðisflokksins hafa verið hallar undir sjónarmið af þessu tagi. Hins vegar hafa raunveruleg áform sjaldnast verið opinberuð fyrr en að afloknum kosningum og má ætla að skýringin sé sú að andstaða gegn einkavæðingunni er mikil. Í þessu ljósi má eflaust skýra þá aðferðafræði sem notuð hefur verið við einkavæðinguna. Ákvarðanir hafa verið teknar skref fyrir skref og jafnan hefur verið haft á orði að nauðsynlegt sé að fara varlega í sakirnar. Í mörgum tilvikum hefur því jafnvel verið lýst yfir að ekki standi til að selja viðkomandi ríkiseignir, einungis sé ráðgert að koma á breyttu rekstrarformi.

Sögulegur aðdragandi.

Yfirlýsingar af þessum toga voru viðhafðar þegar fyrst voru viðraðar hugmyndir um að gera Landsbankann og Búnaðarbankann að hlutafélögum í upphafi stjórnarsamstarfs Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks árið 1995. Nokkru síðar kom svo annað hljóð í strokkinn.

Enn kvað þó við þennan tón þegar frumvarp til laga um stofnun hlutafélaga um Landsbankann og Búnaðarbankann var lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi, 1996–97. Í greinargerð með frumvarpinu segir eftirfarandi:

„Þótt ekki sé ráðist í sölu á fjármálastofnunum í eigu ríkisins mælir margt með því að slík starfsemi sé rekin í formi hlutafélaga. Þetta á við jafnvel þótt ríkið sé eini eigandi viðkomandi hlutafélags eins og gert ráð fyrir í þessu frumvarpi. Starfsemi hlutafélaga er í vandlega skilgreindu formi og hefur löggjafinn sett ítarlegar reglur þar um, m.a. um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar. Nefna má að í hlutafélagalögum eru ákvæði sem vernda rétt minnihlutaeigenda. Þar sem ríkið býður öðrum til samstarfs um atvinnurekstur er því hlutafélagsformið sérstaklega viðeigandi. Með því að reka viðskiptabanka í hlutafélagsformi verður reksturinn einnig sveigjanlegri. Þá veldur fjárhagsleg uppbygging fyrirtækis því að mjög æskilegt er að reka fyrirtæki í eign ríkisins í hlutafélagsformi."

Litlu síðar er áréttað í greinargerðinni að bankarnir verði áfram í eigu ríkisins:

„Frumvarpið gerir ráð fyrir að óheimilt verði að að selja eignarhluti ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf., nema með samþykki Alþingis. Þannig er beinlínis tekið fram í 6. gr. frumvarpsins að hlutafé í eigu ríkissjóðs í bönkunum tveimur verði ekki selt, nema með samþykki Alþingis.

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að hinum nýju hlutafélagsbönkum verði gefið nokkurt svigrúm til að fóta sig á markaðinum. Þau sjónarmið hafa komið fram að óvissa um eignarhald hlutafélagsbankanna geti leitt til þess að þeir eigi erfiðara með að ná hagstæðum kjörum í lánasamningum við erlenda lánveitendur. Til að tryggja festu í rekstri hlutafélagabankanna er miðað við að ríkissjóður selji ekki hlutabréf sín í þeim fyrstu fjögur rekstrarár þeirra."

En auðvitað var framtíðarlandið alltaf í huga stýrimanna ríkisstjórnarinnar.

Í 6. gr. frumvarpsins þar sem sagði að óheimilt væri að selja hlut ríkisins í bönkunum án samþykkis Alþingis sagði engu að síður að ráðherra gæti „til að styrkja eiginfjárstöðu hlutafélagsbankanna, heimilað útboð á nýju hlutafé". Útboði á hlutafé voru þó sett þau takmörk að samanlagður eignarhlutur annarra aðila en ríkissjóðs mátti ekki fara yfir 35% af heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum bankanna um sig. Hér hafði sú snilldarlega aðferðafræði verið fundin upp að bann var sett við því að selja ríkisbankana án samþykkis Alþingis en hins vegar gat ráðherra gripið til þess ráðs að styrkja eiginfjárstöðu þeirra með aukningu hlutafjár. Þess vegna kom sú staða upp þegar lagt var fyrir Alþingi frumvarp um heimild til að selja 15% hlut ríkisins í bönkunum tveimur að „ríkið á ... um 85% hlutafjár í Landsbanka og Búnaðarbanka" svo að vitnað sé til greinargerðar frumvarpsins sem ríkisstjórnin vildi þá fá sam-

þykkt því að „nýtt hlutafé í bönkunum að verðmæti um 15% af heildarhlutafé hvors banka var boðið almenningi til kaups síðari hluta ársins 1998“. Þetta sýnir hvílíkum blekkingum hefur verið beitt í öllu þessu ferli.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 1999 segir að „hlutabréf í ríkisbönkunum verði seld með það að markmiði að ná fram hagræðingu á fjármagnsmarkaði en tryggja um leið virka samkeppni á markaðnum til að ná fram ódýrari þjónustu. Við söluna verði þess gætt að ríkið fái hámarksverð fyrir eign sína í bönkunum“.

Hvers vegna vill ríkisstjórnin selja bankana?

Ástæður fyrir þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að selja bankana hafa verið færðar í margvíslegan búning. Þannig sagði í greinargerð með frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 50/1997, sem lagt var fram á síðasta þingi:

„Ríkisstjórnin hefur haft þá stefnu að jafna aðstæður á milli ríkis og einkaaðila og draga úr hlutverki ríkisins í starfsemi sem einkaaðilar geta stundað og þar sem samkeppni þrífst. Þetta á ekki hvað síst við um fjármagnsmarkaðinn.“

Hér er lýst pólitískri stefnu. Að sjálfsögðu er reynt að leiða rök að því að það sé til mikilla hagsbóta að fylgja þeirri stefnu og selja ríkisbankana; til lengri tíma þjóni það markaðsviðskiptum, til skemmri tíma sé á það að líta að salan færi ríkissjóði tekjur, en jafnframt hefur því sjónarmiði nokkuð verið haldið á lofti að þegar þenslumerkja gætir í efnahagslífinu sé sala á ríkiseignum til þess fallin að draga úr þenslunni því að þannig sé bundið fjármagn sem að öðrum kosti færi til neyslu.

Pólitík og lýðræði.

Hin pólitísku rök fyrir því að einkavæða bankana ber að sjálfsögðu að taka alvarlega. Í greinargerð með áðurnefndu frumvarpi (þskj. 287, 235. mál á 125. löggjafarþingi) var velsæld bankanna rakin til þess að þeir voru gerðir að hlutafélögum:

„Árangurinn af þessum aðgerðum hefur þegar komið í ljós. Rekstur Landsbankans og Búnaðarbankans hefur gengið vel og er hagnaður þeirra meiri en áður í sögu bankanna þrátt fyrir að vaxtamunur hafi lækkað verulega. Samanlagður hagnaður bankanna var nærri 1.600 millj. kr. á árinu 1998 og um 1.300 millj. kr. á fyrri hluta þessa árs. Áhyggjur manna um að bankarnir þyrftu langan tíma til aðlögunar áður en hægt væri að hefja sölu hlutafjár ríkissjóðs hafa ekki átt við rök að styðjast. Aðlögunarhæfni bankanna er góð, svo sem meðal annars sést á hagnaði þeirra og lægri lántökukostnaði á nýjum lánum þrátt fyrir afnám ríkisábyrgðar.“

Hér kemur fram það sjónarmið að hagsæld bankanna verði rakin til þess að þeir voru gerðir að hlutafélögum fyrir fáeinum missirum en ekki til hins að á undanförnum árum hefur betur aflast en dæmi eru um í Íslandssögunni, markaðir fyrir afurðir okkar hafa verið hagstæðir og öll ytri skilyrði ákjósanleg. Af þessu ástandi hafa bankarnir að sjálfsögðu notið góðs. Fyrirtæki hafa verið aflögufær og þannig hefur dregið úr afskriftum og arðsemi fjár hefur verið mikil. Nú eru þessi skilyrði hins vegar að breytast og sá grunnur sem góð afkoma bankanna hvíldi á mun ótraustari en að undanförnu. Í greinargerð með því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar, segir engu að síður:

„Frá því að hlutafélög tóku yfir rekstur ríkisviðskiptabankanna hér á landi árið 1998 hefur komið í ljós að áhyggjur um að bankarnir þyrftu langan tíma til aðlögunar áður en hægt væri að hefja sölu hlutafjár hafa voru ástæðulausar. Rekstur bankanna hefur gengið betur en búist var við og bönkunum hefur vegnað vel á hlutabréfamarkaði. Kjör bankanna á erlendum lána

mörkuðum hafa einnig verið góð. Engin ástæða þykir því til að draga sölu bankanna af þessum sökum.“

Í umræðu um ríkisbankana hefur því verið haldið mjög á lofti að fyrr á árum hafi þeir verið óábyrgir með afbrigðum, lánað til áhættusamrar útgerðar og fyrirtækja vítt og breitt um landið og þurft að súpa seyðið af afleiðingunum þegar að hefur kreppt í efnahagslífinu. Varasamt er að fordæma allar slíkar lánveitingar til stuðnings atvinnulífi og þótt það sé vissulega eðlilegt að lánastofnanir sýni ábyrgð í lánveitingum og láni að jafnaði aðeins þeim sem öruggt má heita að geti endurgoldið skuldir sínar kann það stundum að vera landsmönnum til góðs að lánastofnanir láti ekki stjórnast af ágóðavoninni einni heldur sýni einnig félagslega ábyrgð á ögurstundu þegar kreppir að í atvinnulífi byggðarlaga, jafnvel þótt einhver óvissa fylgi slíku. Pólitísk stefnumörkun ríkisstjórnarinnar er hins vegar þrengri en svo að hún rúmi slíka samfélagssýn.

Stjórnarfyrirkomulag ríkisbankanna hefur verið með þeim hætti að reynt hefur verið að tryggja að sjónarmið úr sem flestum áttum í samfélaginu komist að og hefur það verið gert með því að kjósa bankaráð ríkisbankanna á Alþingi. Með hlutafélagsvæðingunni var þetta fyrir bí og tilnefningarvaldið fært undir viðskiptaráherrann einan. Þegar bankarnir hafa verið seldir að fullu eins og ríkisstjórnin hefur áform um í fyllingu tímans koma stjórnendur allir úr heimi fjármálanna með það sjónarhorn á tilveruna sem þar er við lýði.

Því er iðulega haldið mjög á lofti af fylgismönnum einkavæðingar bankanna að hlutur hins opinbera í rekstri fjármálastofnana standi samkeppni á þeim markaði fyrir þrifum. Sú ríkisstjórn sem nú ber fram frumvarp um sölu Landsbankans og Búnaðarbankans hefur ekki séð ástæðu til að styðja hugmyndir um að lögfesta hámarkseignarhlut einstakra aðila í viðskiptabönkum og sparisjóðum. Bent skal á að samþjöppun eignarhalds í íslensku atvinnulífi hefur verið mikil að undanförnu og hafa menn nýleg dæmi fyrir sér um það til hvers slík samþjöppun getur leitt. Ekkert er því til fyrirstöðu að nákvæmlega sama þróun eigi sér stað á fjármálamarkaði. Þá liggur í augum uppi að fjársterkustu aðilarnir sem fyrir eru í atvinnulífinu verða í bestri aðstöðu til að eignast umræddda banka. Ef svo fer að sömu aðilar hafi ekki aðeins ráðandi stöðu á sviði framleiðslu og verslunar heldur einnig innan bankakerfisins, sem útvega verður fjármagn til atvinnulífsins, er augljóst að þar verður ekki um að ræða samkeppni sem stendur undir nafni.

Hagkvæmni?

Í umræðunni um sölu á ríkisbönkunum er ítrekað haft á orði að ríkið eigi ekki að vera að rekast í því „sem einkaðilar geta stundað“ og reyndar er gengið lengra og fullyrt að einstaklingar geti starfað á hagkvæmari máta en stofnanir sem lúta almannastjórn. Sagan sýnir á hinn bóginn að varasamt er að alhæfa í þessu efni. Hitt er þó vitað að þegar einkabankar hafa lent í kröggum eins og gerðist víða um lönd á 9. áratug síðustu aldar, t.d. í Kanada, Bandaríkjunum, Svíþjóð og Noregi, hefur ríkið hlaupið undir bagga því að þar var það mat manna að ellegar hefði blasað við efnahagslegt hrun. Þannig veitti norska ríkið um 500 milljarða króna til að endurreisa banka sem höfðu verið einkavæddir en síðan hrunið. Sú spurning vaknaði í kjölfarið hvort ekki væri eðlilegt að fulltrúar þess almannavalds sem kemur til aðstoðar á ögurstundu ættu rétt á að hafa einnig hönd í bagga þegar betur gengur.

Efnahagslegir þættir.

Í greinargerð með frumvarpi ríkisstjórnarinnar segir að við sölu hlutabréfanna verði tekið mið af „að taka mið af aðstæðum á hlutabréfamarkaði, öðrum þjóðhagslegum aðstæðum og

þeim mögulegu sölutækifærum sem til staðar eru hverju sinni". Ljóst er að Alþingi verður að fá upplýsingar um hvað hér er nákvæmlega átt við.

Í greinargerðinni er vitnað til þess að hlutur ríkisins í Landsbanka og Búnaðarbanka hafi verið metinn á 30 milljarða króna í byrjun janúar sl. Þá var markaðsvirði Búnaðarbankans 19,7 milljarðar króna en Landsbankans 23,6 milljarðar króna. Nú er markaðsvirði Búnaðarbankans 16,9 milljarðar króna en markaðsvirði Landsbankans 21,4 milljarðar króna. Þar af leiðandi er hlutur ríkisins í Landsbankanum nú 14,6 milljarðar króna (68,29%) en hluturinn í Búnaðarbankanum er nú 12,3 milljarðar króna (72,56%). Samanlagt markaðsvirði þeirra hlutabréfa sem hér um ræðir er því um 26,9 milljarðar króna.

Sú staðreynd að markaðsverðmæti bankanna tveggja hefur rýrnað um 5 milljarða króna, eða 11%, frá því í ársbyrjun sýnir svo ekki verður um villst til hvaða aðstæðna rétt er að rekja góða afkomu bankanna á síðustu árum. Hlutafélagsformið er enn til staðar en samt hefur það verð sem fengist fyrir bankana hríðfallið á fáeinum mánuðum. Samhengi þess við aðstæður í íslensku efnahagslífi upp á síðkastið er augljóst. Jafnaugljóst er samband góðrar afkomu bankanna á síðustu árum og þenslunnar sem ríkt hefur hér á landi til þessa. Vandséð er hvernig ríkisstjórnin hyggst láta þessa sölu nú ríma við stefnuyfirlýsingu sína þar sem segir að þess verði gætt „að ríkið fái hámarksverð fyrir eign sína í bönkunum".

Alþingi, 9. maí 2001.

Ögmundur Jónasson.

1226. Nefndarálit [591. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hörð Lárusson frá menntamálaráðuneyti.

Frumvarpið miðar að því að koma til framkvæmda hér á landi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1999/42/EB um tilhögun viðurkenningar á menntun og hæfi með tilliti til atvinnustarfsemi sem fellur undir tilskipanir um afnám hafta og bráðabirgðaráðstafanir og um viðbót við almennu kerfin til viðurkenningar á menntun og hæfi. Tilskipunin var samþykkt í júní 1999 og á að vera komin til framkvæmda í aðildarríkjunum fyrir 31. júlí 2001.

Með samþykkt þessarar nýju tilskipunar eru margar eldri tilskipanir felldar úr gildi og ákvæði þeirra sameinuð í þessari einu tilskipun. Kerfi tilskipana um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum og starfsréttindum er með þessu einfaldað verulega. Flest ákvæði tilskipunarinnar eru þegar í gildi innan Evrópska efnahagssvæðisins. Ákveðinn hópur fólks sem hefur menntun og starfsþjálfun á þeim sviðum sem tilskipunin tekur til var þó þannig settur að hann hafði engan viðurkenndan rétt til að fá menntun sína og starfsþjálfun viðurkennda. Í tilskipuninni eru sett ákvæði sem bæta úr þessu.

Einar Már Sigurðarson, Árni Johnsen og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 3. maí 2001.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Tómas Ingi Olrich.
Ólafur Örn Haraldsson.	Kolbrún Halldórsdóttir.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

1227. Nefndarálit [653. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framhaldsskóla, nr. 80/1996, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Aðalstein Eiríksson frá menntamálaráðuneyti og Elnu Katrínu Jónsdóttur frá Félagi framhaldsskólakennara. Þá barst nefndinni erindi vegna málsins frá Sölva Sveinssyni, formanni Félags íslenskra framhaldsskóla.

Frumvarpið er flutt í tengslum við lausn kjaradeilu Félags framhaldsskólakennara, Félags stjórnenda í framhaldsskólum og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs í janúar sl.

Þann 8. janúar sl. gaf menntamálaráðherra út tvær endurskoðaðar reglugerðir um starfsemi framhaldsskóla, um starfslið og skipulag framhaldsskóla, nr. 5/2001, og um starfstíma framhaldsskóla og leyfisdaga, nr. 6/2001. Endurskoðun þessara reglugerða var hluti af lausn kjaradeilu fyrrnefndra aðila. Fyrri reglugerðin fól í sér veigamiklar breytingar á innra skipulagi framhaldsskóla. Mikilvæg ákvæði um vinnutíma, skiptingu starfa og ábyrgð eru nú skilgreind í reglugerð í stað kjarasamnings áður. Í samræmi við framangreindar breytingar er með frumvarpinu lagt til að starfsheitið deildarstjóri verði fellt niður í lögum um framhaldsskóla.

Einar Már Sigurðarson, Árni Johnsen og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 3. maí 2001.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Tómas Ingi Olrich.
Ólafur Örn Haraldsson.	Kolbrún Halldórsdóttir.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

1228. Nefndarálit [589. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93/1997, um Suðurlandsskóga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Níels Árna Lund frá landbúnaðarráðuneyti og Halldór Magnússon frá Skógræktarfélagi Suðurnesja. Með frumvarpinu er lagt til að Austur-Skaftafellssýslu og Gullbringusýslu verði bætt inn í verkefni Suðurlandsskóga sem taka samkvæmt lögum nr. 93/1997 til Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu.

Á undanförnum árum hefur Alþingi sett ítarlega löggjöf um skógrækt, sbr. lög nr. 32/1991, um Héraðsskóga, lög nr. 93/1997, um Suðurlandsskóga, og lög nr. 56/1999, um landshlutabundin skógræktarverkefni. Með því má segja að landshlutabundin skógræktarverkefni nái til alls landsins nema Austur-Skaftafellssýslu og Gullbringusýslu.

Þar sem engin lög hafa fjallað um skógrækt í Austur-Skaftafellssýslu og Gullbringusýslu er með frumvarpinu lagt til að þeim verði bætt inn í verkefni Suðurlandsskóga. Með þeirri breytingu ná landshlutabundin skógræktarverkefni jafnframt til alls landsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Guðjón A. Kristjánsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 7. maí 2001.

Hjálmar Jónsson, form., frsm.	Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Drífa Hjartardóttir.
Jónína Bjartmarz.	Guðmundur Árni Stefánsson, með fyrirvara.	Guðjón Guðmundsson.
Þuríður Backman.	Einar Oddur Kristjánsson.	Kristinn H. Gunnarsson.

1229. Nefndarálit [667. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðna Olgeirsson frá menntamálaráðuneyti, Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur frá Félagi grunnskólakennara og Þórð Skúlason og Birgi Björn Sigurjónsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Frumvarpið er lagt fram í samræmi við sameiginlegar tillögur launanefndar sveitarfélaga, Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands frá 13. mars 2001 í tengslum við nýgerðan kjarasamning sveitarfélaganna og Kennarasambands Íslands. Með frumvarpinu eru

ákvæði er lúta að umboði skólastjóra og ábyrgð gagnvart sveitarstjórn á starfsemi grunnskóla gerð skýrari. Kveðið er á um níu mánaða lágmarksstarfstíma nemenda á hverju skólaári í stað afdráttarlauss ákvæðis um að starfstími grunnskóla sé níu mánuðir á ári. Þá er heimilað að víkja frá ákvæðum um lögbundnar dagsetningar jóla- og páskaleyfa nemenda sem eru frá og með 21. desember til og með 3. janúar og frá pálmasunnudegi til og með þriðjudegi eftir páska. Ef slík frávik eru ákveðin ber að geta þess í skólanámskrá og er við slík frávik ekki heimilt að skerða lögboðinn hvíldartíma nemenda á skólaárinu. Jafnframt er heimilað að veita nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku undanþágu frá því að þreyta samræmd próf í íslensku í 4. og 7. bekk og undanþágu frá því að þreyta samræmd próf í stærðfræði í 4. og 7. bekk hafi þeir dvalið skemur á landinu en eitt ár.

Einar Már Sigurðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Alþingi, 7. maí 2001.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm. | Sigríður Jóhannesdóttir. | Tómas Ingi Olrich.

Ólafur Örn Haraldsson. | Árni Johnsen. | Kolbrún Halldórsdóttir.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir. | Kristinn H. Gunnarsson.

1230. Nefndarálit [413. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Markús Örn Antonsson og Guðmund Gylfa Guðmundsson frá Ríkisútvarpinu. Þá hefur nefndinni borist umsögn um málið frá Ríkisútvarpinu.

Markmið frumvarpsins er að leggja niður Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins sem stofnaður var með breytingu á útvarpslögum árið 1970. Var þá kveðið á um að 5% af heildartekjum stofnunarinnar skyldu renna í sjóðinn. Hlutfallið var hækkað í 10% með breytingu á útvarpslögum árið 1979.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að þau markmið sem stefnt var að með stofnun sjóðsins hafi verið að tryggja viðunandi húsnæði, tækjakost og dreifikerfi fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins. Þessum markmiðum hafi verið náð.

Nefndin vekur hins vegar athygli á að í máli fulltrúa Ríkisútvarpsins og umsögn stofnunarinnar kom fram að enn er ólokið uppbyggingu dreifikerfis fyrir útvarp og sjónvarp sums staðar á landsbyggðinni. Leggur nefndin áherslu á að þeirri uppbyggingu verði lokið þrátt fyrir að Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins verði lagður niður í núverandi mynd.

Tómas Ingi Olrich var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 8. maí 2001.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm. | Sigríður Jóhannesdóttir. | Ólafur Örn Haraldsson.

Einar Már Sigurðarson. | Árni Johnsen. | Kolbrún Halldórsdóttir.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir. | Kristinn H. Gunnarsson.

1231. Frumvarp til laga [731. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Í stað orðsins „tolli“ í 3. mgr. 6. gr. A laganna kemur: verð- og/eða magntolli.

2. gr.

Viðauki IVB við lögin ásamt fyrirsögn orðast svo:

Viðauki IVB

Vörulýsing	**Vöruliðir í tollskrá**	**Heildartollkvótar í tonnum**
Lifandi eða afskorin blóm og plöntur	0601 0602 0603 0604	500
Nýjar eða kældar garð- og gróðurhúsavörur		
Kartöflur	0701 0710	4000
Tómatar	0702	500
Laukur	0703	1500
Kál	0704	1100
Salat	0705	1000
Gulrætur, næpur, rófur og aðrar rætur	0706	500
Gúrkur	0707	200
Ertur og belgaldin	0708	100
Aðrar matjurtir	0709	800

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á tollalögum og viðauka IVB með lögunum. Breytingar þessar veita landbúnaðarráðherra aukið svigrúm til að fjölga þeim grænmetistegundum sem unnt er að flytja inn á lægri tollum eða án tolla.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að orðalagi 6. gr. A verði breytt til að taka af öll tvímæli um að landbúnaðarráðherra geti lækkað eða fellt niður magn- og/eða verðtoll samkvæmt tollskrá um þann hundraðshluta sem tilgreindur er í ákvæðinu en fram að þessu hefur framkvæmdin verið sú að magn- og verðtollar hafa verið lækkaðir um sama hundraðshluta hverju sinni. Með þessari breytingu verður til dæmis unnt að lækka verðtoll um 25% en magntoll um 75% eða fella þá alveg niður.

Breytingar sem eru lagðar til á viðauka IVB við tollalög eru þær að heildartollkvótar á grænmeti sem landbúnaðarráðherra hefur til úthlutunar eru auknir auk þess sem bætt er inn nýjum vörulið, 0708, ertur og belgaldin. Miðað er við að heildartollkvótar í tonnum nemi ríflegu heildarmagni árlegs innflutnings í viðkomandi vöruliðum samkvæmt innflutningstölum á grænmeti fyrir árin 1999 og 2000.

Árlegar tolltekjur ríkissjóðs af innfluttu grænmeti árin 1999 og 2000 námu um 150 til 170 milljónum króna. Samkvæmt frumvarpinu fær landbúnaðarráðherra aukið svigrúm til að ákveða að hve miklu leyti tollar verða felldir niður og fer tekjutap ríkissjóðs eftir því að hve miklu leyti hann nýtir það svigrúm.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæðum tollalaga og viðauka IVB með þeim verði breytt á þann veg að landbúnaðarráðherra verði heimilt að fjölga grænmetistegundum sem fluttar eru inn til landsins á lægri tollum eða án tolla. Samkvæmt frumvarpinu ákveður landbúnaðarráðherra að hve miklu leyti tollar verða felldir niður og þar með hversu miklum tekjum ríkissjóður verður af. Tekjur ríkisins af þessum tollum námu um 150–170 m.kr. á árunum 1999–2000 og má því ætla að hugsanlegt tekjutap yrði í mesta lagi á því bili miðað við að landbúnaðarráðherra fullnýti heimildir til lækkunar eða niðurfellingar á tollunum. Ekki er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs breytist verði frumvarpið lögfest.

1232. Frumvarp til laga [732. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI
Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „tekjutryggingar“ í 1. mgr. kemur: tekjutryggingarauka.
b. Við 2. málsl. 2. mgr. bætist: og tekjur öryrkja af atvinnu metnar að 60 hundraðshlutum við útreikning á tekjutryggingu.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Heimilt er þó að miða lífeyri beggja hjóna, sem bæði fá lífeyri, við búsetutíma þess sem á lengri réttindatíma.
b. 3. mgr. fellur brott.

3. gr.

Á eftir 7. mgr. 17. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Ef einhleypingur hefur eingöngu tekjur frá lífeyristryggingum skal hann til viðbótar við heimilisuppbót samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eiga rétt á tekjutryggingarauka, 14.062 kr. á mánuði. Tekjur lífeyrisþega eins og þær eru skilgreindar í 10. gr., sbr. 10. mgr., skerða tekjutryggingaraukann um 67%.

Hjón, sem annað eða bæði eru lífeyrisþegar, eða lífeyrisþegi sem er í sambýli við annan einstakling 18 ára eða eldri, eiga rétt á tekjutryggingarauka, 10.548 kr. á mánuði hvort um sig. Tekjur lífeyrisþega eins og þær eru skilgreindar í 10. gr., sbr. 10. mgr., skerða tekjutryggingaraukann um 67% og skal við útreikning tekjutryggingarauka leggja til grundvallar helming sameiginlegra tekna hjóna.

II. KAFLI
Breyting á lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, með síðari breytingum.

4. gr.

Orðin „sérstök heimilisuppbót“ í 1. mgr. 1. gr. laganna falla brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 2. mgr. fellur brott.
b. Orðin „og sérstök heimilisuppbót“ í fyrirsögn greinarinnar falla brott.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2001.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu á grundvelli skýrslu vinnuhóps sem hafði það hlutverk að endurskoða almannatryggingakerfið og samspil þess við skatt- og lífeyrissjóðakerfið. Álit vinnuhópsins er birt með frumvarpinu sem fylgiskjal. Megintilgangur frumvarpsins er að bæta kjör þeirra sem eru með lægstar tekjur, hækka bætur til hjóna og breyta meðferð atvinnutekna öryrkja.

Vinnuhópurinn telur að í grundvallaratriðum sé lífeyriskerfi landsmanna traust. Það hvíli á þremur meginstoðum, skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum, almannatryggingum og frjálsum lífeyrissparnaði. Lífeyrissjóðirnir séu og verði þungamiðja kerfisins en auk þess myndi almannatryggingar og frjáls sparnaður (þ.m.t. viðbótarlífeyrissparnaður) aðrar meginstoðir kerfisins. Hlutverk almannatrygginga sé að vera öryggisnet sem byggist ekki á skilgreindum rétti til lífeyris heldur taki mið af framfærslu.

Brýnt er að öryggisnetið tryggi sæmilega afkomu án þess að draga um of úr vilja manna til að spara eða til þess að vinna sé þess kostur.

Í áliti vinnuhópsins eru lagðar fram tillögur sem falla í þrjá meginflokka, hækkun bóta til þeirra sem minnst hafa, jöfnun lífeyris milli hjóna og einhleypra og breytta meðferð atvinnutekna öryrkja.

Helstu breytingar samkvæmt frumvarpinu eru eftirfarandi:

- Grunnlífeyrir hjóna hækkar úr 90% af lífeyri einhleypings í 100%.
- Sérstök heimilisuppbót, tekjutryggingarauki samkvæmt frumvarpinu, hækkar.
- Skerðing tekjutryggingarauka vegna tekna lækkar úr 100% í 67%.
- Skilyrði til að njóta tekjutryggingarauka eru rýmkuð og m.a. gerð óháð hjúskaparstöðu.
- Eingöngu 60% atvinnutekna öryrkja koma til skerðingar á tekjutryggingu og heimilisuppbót.

Í áliti vinnuhópsins er gert ráð fyrir að frítekjumark tekjutryggingar til ellilífeyrisþega verði hækkað og að sérstakt frítekjumark vegna greiðslna úr lífeyrissjóði verði lagt niður. Í 3. mgr. 18. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, er gert ráð fyrir að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setji reglugerð um frítekjumark lífeyristekna og um tekjutryggingu og frekari uppbætur og eru drög að reglugerðum birt sem fylgiskjöl með frumvarpinu.

Fylgiskjal I.

ÁLIT
vinnuhóps um endurskoðun almannatrygginga og samspil þess við skattkerfið og lífeyrissjóði
(Maí 2001)

Inngangur

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir m.a. um helstu markmið ríkisstjórnarinnar:

„Að endurskoða almannatryggingakerfið svo og samspil þess við skattkerfið og lífeyrissjóðakerfið með það að markmiði að umfang og kostnaður við stjórnsýslu verði sem minnstur og framkvæmd verði einfölduð og samræmd til hagsbóta fyrir bótaþega. Áhersla skal lögð á að tryggja sérstaklega hag þeirra öryrkja, fatlaðra og aldraðra sem lægstar tekjur hafa."

Þann 18. október 1999 skipaði forsætisráðherra vinnuhóp til að undirbúa ákvörðun í þessu máli og lýsa þeim leiðum sem helst eru færar til að ná ofangreindum markmiðum.

Í vinnuhópinn skipuðu:

Ólafur Davíðsson, ráðuneytisstjóri, sem er formaður, án tilnefningar,
Bolli Þór Bollason, skrifstofustjóri, tilnefndur af fjármálaráðherra,
Jón Sæmundur Sigurjónsson, hagfræðingur, tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra,
Steingrímur Ari Arason, framkvæmdastjóri, tilnefndur af fjármálaráðherra,
Þórir Haraldsson, aðstoðarmaður ráðherra, tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Ritari vinnuhópsins var Guðmundur Gylfi Guðmundsson hagfræðingur. Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur starfaði með hópnum. Sigurður Snævarr forstöðumaður á Þjóðhagsstofnun og Stefán Þór Jansen tölvunarfræðingur Þjóðhagsstofnunar hafa lagt fram mikið efni til skýrslunnar og annast alla útreikninga.

Í janúar síðastliðnum beindi ríkisstjórnin þeim tilmælum til vinnuhópsins að hann legði sérstaka áherslu á aðgerðir til að koma til móts við þá lífeyrisþega sem búa við lökust kjör. Jafnframt beindi ríkisstjórnin því til vinnuhópsins að samráð yrði haft við Landssamband aldraðra, Öryrkjabandalag Íslands og aðila vinnumarkaðarins. Þessir aðilar hafa fylgst með starfi vinnuhópsins og þeim kynntar megintillögur hans.

1. Helstu atriði í áliti starfshópsins

Starfshópurinn telur að í grundvallaratriðum sé lífeyriskerfi landsmanna traust. Það hvílir á þremur meginstoðum; lögbundnum lífeyrissjóðum, almannatryggingum og frjálsum lífeyrissparnaði. Hér er um að ræða allstyrkar stoðir og í sameiningu ná þær vel flestum þeim markmiðum sem setja má lífeyriskerfi án þess að valda óhóflegum kostnaði. Lífeyrissjóðirnir og hinn frjálsi lífeyrissparnaður greiða lífeyri sem byggir á iðgjaldagreiðslum hinna tryggðu og stuðla þannig að því að tryggja ævitekjur þeirra. Lífeyrir almannatrygginga myndar öryggisnet og bætir einkum kjör þeirra sem einhverra hluta vegna eiga lítil lífeyrisréttindi. Öryggisnetið verður að vera nægjanlegt til að tryggja ákveðnar lágmarkstekjur, án þess að það slævi vilja manna til að spara eða til þess að vinna sé þess kostur.

Starfshópurinn leggur hér fram tillögur sem falla í fjóra meginflokka; hækkun bóta þeirra sem minnst hafa, hækkun bóta til hjóna, möguleika á frestun á töku lífeyris og sérstaka meðferð á atvinnutekjum öryrkja.

Veruleg hækkun á sérstakri heimilisuppbót

- Sérstök heimilisuppbót sem í dag er 7.409 kr. á mánuði verði hækkuð í 14.062 kr. Lagt er til að sérstök heimilisuppbót verði hér eftir nefnd tekjutryggingarauki og verður það gert í þessu áliti.
- Skerðing tekjutryggingarauka vegna tekna verði lækkuð úr 100% í 67%.
- Þá verði skilyrði til að njóta þessa bótaflokks rýmkuð og öllum lífeyrisþegum gefinn kostur á honum í stað þess að hann gangi eingöngu til einhleypra sem eru einir um heimilisrekstur. Hjón fá með þessu rétt til tekjutryggingarauka að fjárhæð 10.548 kr. á hvort hjóna eða 21.096 kr. ef bæði eru lífeyrisþegar.
- Einhleypum ellilífeyrisþega sem á rétt á heimilisuppbótum eru í dag tryggðar lágmarkstekjur að fjárhæð 72.659 kr. á mánuði, en við hækkun tekjutryggingarauka yrðu honum tryggðar 79.312 kr. í tekjur. Lágmarkstekjur örorkulífeyrisþega hækka samsvarandi úr 73.546 kr. í 80.200 kr. á mánuði.

Breyting á frítekjumarki ellilífeyrisþega

- Frítekjumark tekjutryggingar ellilífeyrisþega verði hækkað úr 22.380 kr. á mánuði í 32.512 kr. Sérstakt frítekjumark vegna greiðslna úr lífeyrissjóði verði hins vegar lagt niður. Er þetta gert til einföldunar og til samræmis við fyrirkomulag hjá örorkulífeyrisþegum.
- Sérstakt frítekjumark hjóna vegna lífeyrissjóðs er í dag 7.093 kr. á hvort þeirra. Til þess að gæta samræmis felur tillagan í sér að almennt frítekjumark þeirra hækki um meira en því nemur eða um 10 þús. kr.

Lífeyrir hjóna hækkar mikið

- Grunnlífeyrir hjóna hækki úr 90% af lífeyri einhleypings í 100%.
- Hjónum sem bæði eru ellilífeyrisþegar eru nú tryggðar lágmarkstekjur 48.261 kr. á mánuði á hvort þeirra eða sem nemur 66% af bótum einhleypings. Með hækkun grunnlífeyris og því að gefa þeim kost á tekjutryggingarauka samtals að fjárhæð 21.096 kr. á mánuði verða lágmarkstekjur hvors þeirra 60.651 kr. á mánuði sem eru 76,5% af tryggðum lágmarkstekjum einhleypings.

Sveigjanleg starfslok

- Ellilífeyrisþegum verði gefinn kostur á að fresta töku lífeyris almannatrygginga til allt að 72 ára aldurs, gegn hækkun allra bótaflokka um 0,5% á mánuði.

Úrbætur fyrir öryrkja

- Lagt er til að til skerðingar á tekjutryggingu öryrkja komi aðeins 60% atvinnutekna þeirra. Er þetta gert m.a. til að örva öryrkja til atvinnuþátttöku. Með þessari breytingu hækka bætur til öryrkja með atvinnutekjur mjög verulega.

Samræming frítekjumarks grunnlífeyris

- Lagt er til að frítekjumark grunnlífeyris verði 105.930 kr. á mánuði fyrir alla lífeyrisþega og hefur það í för með sér nokkra hækkun fyrir flesta hópa.

Bættur hagur lífeyrisþega

Í þessum tillögum felast aukin útgjöld ríkissjóðs sem nema um 1.350 milljónum króna á ári. Til þess að sýna áhrifin á hag lífeyrisþega eru hér tekin nokkur dæmi, en ítarlegri umfjöllun er að finna síðar í álitinu.

Nokkur dæmi

Dæmi 1.

A er einhleypur ellilífeyrisþegi. Hann hefur engar tekjur og býr í eigin íbúð ásamt systur sinni sem er útvinnandi. Hann fær ekki heimilisuppbót vegna þessa sambýlis. Frá Tryggingastofnun fær hann í dag 50.103 kr. á mánuði en fengi samkvæmt tillögunni 60.651 kr. á mánuði, sem er hækkun um 21%.

Dæmi 2.

B er einhleypur ellilífeyrisþegi, sem vinnur hálfan daginn og fær 50 þús. kr. á mánuði. Bætur frá almannatryggingum eru í dag 46.878 kr. á mánuði en verða 53.618 kr. Hækkunin er 6.739 kr. á mánuði eða 14,4%.

Dæmi 3.

C er einhleypur öryrki með engar tekjur aðrar en frá Tryggingastofnun. Hann á rétt á heimilisuppbót og fullum öðrum bótum. Í dag nema bætur hans 73.546 kr. á mánuði en verða 80.199 kr. sem er hækkun um 9%.

Dæmi 4.

D er einhleypur öryrki og er í hlutastarfi og fær 50 þús. kr. í laun á mánuði. Hann fær frá Tryggingastofnun 55.305 kr. á mánuði en samkvæmt tillögunni fengi hann 66.137 kr. og er það 19,6% hækkun. Nú býðst honum fullt starf og eru launin 100 þús. kr. á mánuði. Í dag mundu bætur hans verða 22.340 kr. en tillagan mundi færa honum 48.712 kr. á mánuði sem er hækkun um 118%.

Dæmi 5.

Hjónin E og F eru bæði ellilífeyrisþegar. Hann vinnur hluta úr degi og fær 50.000 kr. í mánaðarlaun, en hún er heimavinnandi húsmóðir og hefur aldrei unnið utan heimilis. Greiðslur almannatrygginga til þeirra eru í dag 94.164 kr. á mánuði en verða 100.206 kr. Hann á engan rétt í lífeyrissjóði og hefur hug á að hætta að vinna. Geri hann það í dag verða greiðslur Tryggingastofnunar 96.522 kr. á mánuði en með tillögunum munu þær hækka upp í 121.302 kr. sem er hækkun um 25,7%.

Dæmi 6.

G er öryrki og er kvæntur H, sem er með 200 þús. kr. í laun á mánuði. G er með 50 þús. kr. í laun. Hann fær í dag 24.953 kr. á mánuði frá Tryggingastofnun en með tillögunni yrðu bæturnar 29.453 og er það hækkun um 18%.

2. Tekjur lífeyrisþega

2.1 Ellilífeyrisþegar

Tekjur og aðstæður ellilífeyrisþega eru afar mismunandi. Öðru fremur ræðst fjárhagsstaða þeirra af þremur þáttum:

- réttindum í lífeyrissjóðum,
- atvinnuþátttöku,
- eignatekjum.

Lífeyrisréttindi

Allt frá árinu 1974 hefur launþegum verið skylt að greiða í lífeyrissjóði og frá 1980 hefur lagaskyldan einnig tekið til þeirra sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur. Árið 1999 fengu 85% ellilífeyrisþega greiðslur úr lífeyrissjóði. Meðal lífeyrisþega á áttræðisaldri er hlutfallið enn hærra eða um 90%. Hlutfallið er áberandi lægst meðal elstu og yngstu ellilífeyrisþeganna. Meðal yngri lífeyrisþeganna, þ.e. þeirra sem eru yngri en sjötugir, fá 71% greiðslur úr lífeyrissjóðum, en þessi hópur er í miklum mæli enn í vinnu. Elsti hópurinn, þ.e. áttræðir og eldri, hefur hins vegar ekki átt kost á að greiða í lífeyrissjóð í sama mæli og hinir yngri.

Atvinnuþátttaka

Atvinnuþátttaka eldra fólks er óvenju mikil á Íslandi og á sér ekki hliðstæður meðal annarra iðnvæddra þjóða. Atvinnuþátttaka 55–64 ára í aðildarríkjum OECD var þannig aðeins 51,6% árið 1999 en 87,1% hér á landi. Þá er athyglisvert að atvinnuþátttaka Íslendinga á aldrinum 65–74 ára er hærri en meðal annarra Evrópuþjóða á aldrinum 55–64 ára. Réttur til lífeyris almannatrygginga stofnast við 67 ára aldur en í mörgum lífeyrissjóðum fæst fullur lífeyrir ekki fyrr en við 70 ára aldur. Mjög margir halda því áfram fullri vinnu fram til sjötugs. Þriðjungur ellilífeyrisþega er með atvinnutekjur, en 61% ellilífeyrisþega sem eru undir sjötugu.

Fjármagnstekjur

Fjármagnstekjur hafa vaxið verulega á Íslandi í kjölfar breytinga á fjármagnsmarkaði og frjálsari vaxtamyndun. Árið 1999 töldu 76% ellilífeyrisþega fram fjármagnstekjur og námu þær að meðaltali um 19 þús. kr. á mánuði. Hafa verður þó í huga að breytileiki er mjög mikill. Frá og með árinu 1996 kemur helmingur fjármagnstekna til skerðingar á bótum almannatrygginga, en áður komu slíkar tekjur ekki nema í undantekningartilvikum til skerðingar á bótum.

Breytingar á tekjumyndun

Ofangreindar breytingar hafa haft í för með sér að tekjumyndun ellilífeyrisþega hefur breyst mjög á undanförnum 5–10 árum. Þeim fjölgar sem fá greiðslur úr lífeyrissjóði en atvinnuþátttaka minnkar.

Hlutur atvinnutekna minnkar

Árið 1991 var 41% ellilífeyrisþega með atvinnutekjur og 75% ellilífeyrisþega innan við sjötugt. Hlutfall ellilífeyrisþega með atvinnutekjur lækkaði niður í um 29% árið 1999 og meðal ellilífeyrisþega undir sjötugu var hlutfallið 61%.

Mikil tekjudreifing

Tafla 1 sýnir meðal- og miðtekjur ellilífeyrisþega á árinu 1999 á mánuði í þúsundum króna.

Um miðtekjur gildir að jafnmargir hafa tekjur fyrir ofan þær og neðan. Taflan sýnir einnig að miðtekjur hjóna sem bæði eru lífeyrisþegar eru um 90% af tekjum tveggja einhleypra.

Tafla 1. Meðal- og miðtekjur ellilífeyrisþega 1999
Fjármagnstekjur eru meðtaldar, þús. kr. á mánuði.

	Meðaltekjur		Miðtekjur	
	Þús. kr.	Breyting, 1998–99	Þús. kr.	Breyting, 1998–99
Einhleypir	120,9	13,6%	97,3	7,4%
Hjón, bæði lífeyrisþegar	229,4	12,7%	175,6	12,1%
Hjón, annað lífeyrisþegi	290,1	11,0%	230,4	8,5%

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tekjudreifing

Dreifingu tekna ellilífeyrisþega eru gerð skil í myndum 1–3. Mynd 1 sýnir hlutfallslegan fjölda á hverju tekjubili. Af myndinni má greina að 65% einhleypra ellilífeyrisþega eru með árstekjur á bilinu 900–1.400 þús. kr. Samsvarandi liggja árstekjur um 60% hjóna sem bæði eru ellilífeyrisþegar á bilinu 1.500 til 2.500 þús. kr.

Einhleypir ellilífeyrisþegar

Í síðari myndunum er lífeyrisþegum skipt í fimm jafna hópa eftir tekjum og litið á meðaltekjur í hverjum hóp. Jafnframt eru tekjurnar greindar í fjóra flokka; atvinnutekjur, greiðslur frá Tryggingastofnun, greiðslur frá lífeyrissjóðum, og fjármagnstekjur. Á mynd 2 er tekjudreifing einhleypra ellilífeyrisþega sýnd. Þar vekur athygli hversu miklu munar á tekjum í efsta hópnum (þ.e. 20% þeirra sem eru með hæstar tekjur) og hinna hópanna. Þannig eru meðaltekjur tekjuhæsta hópsins ríflega tvöfaldar á við næsta hóp og næstum 3,5-faldar tekjur lægsta hópsins. Tekjuhæsti hópurinn er með miklu meiri atvinnutekjur en hinir hóparnir, eða 70 þús. kr. að meðaltali á mánuði samanborið við 4 þús. kr. meðaltal hinna hópanna. Það bendir til að í efsta tekjuhópnum séu yngri lífeyrisþegar. En hann er einnig með meiri tekjur úr lífeyrissjóði og meiri fjármagnstekjur. Hins vegar er lítill munur á tekjum hinna fjögurra hópanna. Meðaltekjur þeirra eru 92 þús. kr. á mánuði.

Greiðslur almannatrygginga jafna tekjudreifinguna. Greiðslur til manna í efsta tekjuhópnum námu að meðaltali 19 þús. kr. á mánuði, samanborið við 53 þús. kr. að meðaltali í hinum hópunum.

Tafla 2. Samsetning meðaltekna ellilífeyrisþega 1991 og 1999[1)]
% af heildartekjum.

	1991	1999
Atvinnutekjur	19,6	14,6
Tekjur af eigin atvinnurekstri	4,1	4,0
Greiðslur Tryggingastofnunar	40,0	33,5
Greiðslur lífeyrissjóða	24,5	31,3
Aðrar tekjur	0,6	0,7
Fjármagnstekjur	11,2	16,0
Samtals	100,0	100,0

[1)] Nær til einhleypra og hjóna þar sem bæði eru lífeyrisþegar.
Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Mynd 1. Dreifing heildartekna ellilífeyrisþega 1999
Hlutfall framteljenda, %.



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Mynd 2. Meðaltekjur einhleypra ellilífeyrisþega og samsetning tekna eftir fimmtungum 1999
Tekjur á mánuði í þúsundum króna.



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Hjón bæði lífeyrisþegar

Á mynd 3 er hjónum sem bæði eru ellilífeyrisþegar skipt, með sama hætti og í fyrri mynd í fimm, í jafnstóra hópa eftir tekjum. Við blasir svipað mynstur og í mynd 2, tekjuhæsti hópurinn er með miklu hærri tekjur en hinir fjórir. Þannig eru meðaltekjur 20% tekjuhæstu hjónanna ríflega tvöfaldar á við næsta og fjórfaldar á við þann lægsta.

Mynd 3. Meðaltekjur hjóna beggja ellilífeyrisþega og samsetning tekna eftir fimmtungum 1999
Tekjur á mánuði í þúsundum króna.



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Ungir og aldnir ellilífeyrisþega

Mikill munur er á tekjum ellilífeyrisþega eftir aldri og þar sker aldurshópurinn 67–69 ára sig töluvert úr. Meðal einhleypra í þessum aldurshópi er rúmur helmingur með atvinnutekjur og um 80% þeirra fá greiðslur úr lífeyrissjóði. Til samanburðar má nefna að meðal einhleypra á aldrinum 70–74 ára eru 25% með atvinnutekjur og 94% með greiðslur úr lífeyrissjóði.

2.2 Örorkulífeyrisþegar

Aðstæður örorkulífeyrisþega eru afar misjafnar, en í stórum dráttum gilda þeir þrír meginþættir sem eiga við um ellilífeyrisþega.

Aðstæður öryrkja og ellilífeyrisþega

Fjölskyldugerð og framfærslubyrði öryrkja er með öðrum hætti en meðal ellilífeyrisþega. Hlutfallslega eru mun fleiri öryrkjar einhleypir (58%) en ellilífeyrisþegar (42%). Fátítt er að hjón séu bæði öryrkjar, en algengt að bæði hjón séu ellilífeyrisþegar, það á við um 47% ellilífeyrisþega. Þá eiga um 36% öryrkja maka sem ekki er lífeyrisþegi, en tæp 11% ellilífeyrisþega. Lífeyrisþegar með börn á framfæri eiga rétt á barnalífeyri og fengu alls 2.440 örorkulífeyrisþegar slíkar greiðslur árið 1999.

Lífeyrisréttindi

Hlutfallslega mun færri öryrkjar fá greiðslur úr lífeyrissjóðum en ellilífeyrisþegar. Árið 1999 fengu um 60% örorkulífeyrisþega greiðslur úr lífeyrissjóði og aðeins um helmingur einhleypra. Þessi mikli munur sem er á fjölda öryrkja og ellilífeyrisþega sem fá greiðslur úr lífeyrissjóði gerir aðstæður öryrkja mjög frábrugðnar aðstæðum ellilífeyrisþega.

Undantekningarlaust eru réttindi manna til örorkulífeyris frá lífeyrissjóðum byggð á framreikningi nú. Með framreikningi er þeim stigum bætt við sem reikna má með að viðkomandi hefði öðlast til 67 ára aldurs miðað við greiðslu þriggja síðustu ára. Örorkustig ræður síðan þeim hundraðshluta af framreiknuðum ellilífeyrisréttindum sem öryrkjanum ber í örorkulífeyri.

Aldur og örorka

Aldur öryrkja ræður miklu um tekjur þeirra og aðstæður. Þrír fjórðu einhleypra öryrkja sextugra og eldri fengu greiðslur úr lífeyrissjóði, en atvinnuþátttaka í þessum hóp var lítil, aðeins um 23% töldu fram atvinnutekjur. Aðstæður yngstu hópanna 16–24 ára voru með allt öðrum hætti og aðeins rúm 4% þeirra fengu greiðslur úr lífeyrissjóði, en 73% töldu fram atvinnutekjur.

Atvinnuþátttaka

Árið 1999 töldu 58% öryrkja fram einhverjar atvinnutekjur, en meðal einhleypra öryrkja var hlutfallið 40%.

Tafla 3 sýnir meðal- og miðtekjur örorkulífeyrisþega á árinu 1999 á mánuði.

Tafla 3. Meðal- og miðtekjur öryrkja 1999
Fjármagnstekjur eru meðtaldar, þús. kr. á mánuði.

	Meðaltekjur		Miðtekjur	
	Þús. kr.	Breyting, 1998–99	Þús. kr.	Breyting, 1998–99
Einhleypir	90,2	6,0%	84,0	5,9%
Hjón, bæði lífeyrisþegar	181,9	9,7%	172,5	12,0%
Hjón, annað lífeyrisþegi	255,4	4,5%	228,7	7,1%

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tekjudreifing

Dreifingu tekna öryrkja eru gerð skil í myndum 4 og 5. Mynd 4 sýnir dreifingu meðal einhleypra öryrkja. Þar kemur vel fram að greiðslur úr lífeyrissjóði eru afgerandi þáttur. Meðal þeirra sem eru með hæstar tekjur eru greiðslur úr lífeyrissjóði 30–35% teknanna en aðeins 2–3% meðal þeirra tekjulægstu. Mynd 4 sýnir samsvarandi fyrir hjón þar sem annað er öryrki. Mikill munur er á tekjum og samsetningu tekna þessara hópa. Meðal hjóna þar sem annað er öryrki eru atvinnutekjur (væntanlega fyrst og fremst þess sem býr við fulla orku) yfirgnæfandi stærsti þátturinn í tekjumynduninni.

Mynd 4. Meðaltekjur einhleypra örorkulífeyrisþega og samsetning tekna 1999 eftir fimmtungum
Tekjur á mánuði í þúsundum króna.



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Mynd 5. Meðaltekjur giftra örorkulífeyrisþega og samsetning tekna 1999
Tekjur á mánuði í þúsundum króna. Annað öryrki.



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 4. Samsetning meðaltekna örorkulífeyrisþega 1999
% af heildartekjum.

	Einhleypur	Hjón annað öryrki	Hjón bæði öryrkjar
Atvinnutekjur	18,5	66,5	20,4
Greiðslur Tryggingastofnunar	54,2	13,7	44,8
Greiðslur lífeyrissjóða	18,2	12,4	28,7
Aðrar tekjur	4,3	2,1	3,0
Fjármagnstekjur	4,8	5,3	3,1
Samtals	100,0	100,0	100,0

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

3. Lífeyriskerfið

Þriggja stoða lífeyriskerfi

Meginstoðir lífeyriskerfis þjóðarinnar eru þrjár; lögbundnir lífeyrissjóðir, almannatryggingar og frjáls lífeyrissparnaður. Hver þessara stoða er styrk og í sameiningu ná þær vel flestum þeim markmiðum sem setja má lífeyriskerfi án þess að valda óhóflegum kostnaði.[1] Lífeyrissjóðirnir og hinn frjálsi lífeyrissparnaður standa undir lífeyri sem byggir á iðgjaldagreiðslum hinna tryggðu og stuðla þannig að því að tryggja ævitekjur þeirra. Almannatryggingar eru fyrst og fremst öryggisnet fyrir þá sem eiga lítil lífeyrisréttindi.

[1] Sjá t.d. *OECD Economic Surveys Iceland* 1999, OECD 2000, Stefán Ólafsson. *Íslenska leiðin,* Tryggingastofnun ríkisins, 1999. Már Guðmundsson, *Íslenska lífeyriskerfið,* Landssamtök lífeyrissjóða, 2000.

Rammi lífeyrissparnaðar treystur

Á síðustu árum hefur þessi skipan lífeyrismála verið treyst. Þar skiptir mestu að mótaður hefur verið skýr lagarammi um lífeyrissjóðina og þeir styrkt fjárhagsstöðu sína umtalsvert. Grundvöllur hins frjálsa lífeyrissparnaðar hefur einnig verið treystur með lagasetningu. Í nýgerðum kjarasamningum var samið um mjög aukið mótframlag vinnuveitanda sem vafalaust á eftir að auka til muna frjálsan lífeyrissparnað. Skattalegri meðferð lífeyrissparnaðar hefur einnig verið breytt til þess að örva slíkt sparnaðarform. Þá hefur tekjutenging fest sig í sessi í almannatryggingakerfinu á undanförnum áratugum.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða

Setning laga um starfsemi lífeyrissjóða árið 1997 markaði veruleg tímamót í félagsmálum á Íslandi, því fram að þeim tíma voru engin heildarlög um sjóðina. Meginatriði laganna eru:

- skilgreining á skyldutryggingu,
- heimild til viðbótartryggingar,
- skilgreining lágmarksréttinda,
- skilyrði um rekstur og starfsleyfi.

Rauði þráðurinn í lögunum er að eignir og skuldbindingar sjóðanna skuli standast á. Lögin kveða á um með hvaða hætti eigi að meta skuldbindingar og eignir og jafnframt um þær ráðstafanir sem sjóðir skuli grípa til ef skuldbindingar og eignir standast ekki á. Lífeyrir sjóðfélaga ræðst annars vegar af fyrir fram skilgreindum reglum og hins vegar af því hvernig tekst að ávaxta sjóðina. Lífeyrir tekur almennt mið af neysluverðlagi en góð ávöxtun getur leitt til hækkunar á lífeyri umfram verðlag.

Ávöxtun sjóðanna hefur verið mjög góð undanfarin ár, á tíu ára tímabili 1991–1999 var meðalávöxtun um 7% umfram verðbólgu, en við tryggingarfræðilegt mat er almennt miðað við 2%–3½% raunávöxtun. Við þessar aðstæður hafa nokkrir stórir sjóðir aukið lífeyrisréttindi. Fjárfestingarstefna sjóðanna hefur breyst á undanförnum árum, m.a. með setningu laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Af þessu mun væntanlega leiða hærri ávöxtun þegar til lengdar lætur og þar með enn ríkari lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Gera má ráð fyrir fækkun sjóða til þess að draga úr rekstrarkostnaði þeirra og áhættu. Sjóðum hefur fækkað umtalsvert á síðustu árum. Þeir voru nær 100 talsins fyrir allnokkrum árum en í árslok 2000 voru þeir 54, en þar af taka 11 ekki lengur við iðgjöldum.

Viðbótarlífeyrissparnaður

Viðbótarlífeyrissparnaður er ólíkur skyldutryggingunni að því leyti að lífeyrir byggist eingöngu á ávöxtun og um séreign er að ræða. Þá er valkvætt með hvaða hætti lífeyrir er tekinn út eftir 60 ára aldur. Hægt er að taka hann út á árabilinu að 67 ára aldri, taka alla eignina út án takmarkana eftir 67 ára aldur, eða breyta inneign í lífeyrisgreiðslur til æviloka. Um þennan lífeyrissparnað gilda sömu skattareglur og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, þ.e. heimild er til frádráttar iðgjalds frá skattskyldum tekjum og útgreiðsla er skattlögð sem almennar tekjur.

Bætur almannatrygginga hafa sætt gagnrýni

Í öllum megindráttum er sátt í samfélaginu um þessa skipan lífeyrismála. Einstakir þættir hafa þó sætt gagnrýni. Þannig hefur lífeyriskerfi almannatrygginga verið gagnrýnt fyrir að:

- vera flókið,
- leiða til mikilla jaðaráhrifa sem letur vilja til vinnu og sparnaðar,
- veita hjónum lakari lífeyri en einhleypum,

- fela í sér óréttláta tengingu við tekjur maka,
- lífeyrir sé of lágur,
- einstakir hópar sitji eftir,
- gliðnun hafi orðið milli launa og lífeyris.

Hér á eftir verður fjallað um þessi atriði.

Fjórir meginflokkar bóta

Lífeyrisbætur eru í grundvallaratriðum greiddar í fjórum flokkum; grunnlífeyrir, tekjutrygging, heimilisuppbót og tekjutryggingarauki. Frekari uppbætur eru greiddar til að mæta sérstökum útgjöldum, svo sem vegna lyfjakaupa. Ekki er þó horft til þeirra í þessari umfjöllun. Í töflu 5 er yfirlit yfir fjölda og fjárhæðir eftir einstökum bótaflokkum árið 1999. Þar kemur fram að heildarlífeyrir til aldraðra og öryrkja nam um 19,8 milljörðum króna. En til samanburðar má áætla að útgjöld lífeyrissjóða vegna elli- og örorkulífeyris hafi numið um 13,3 milljörðum króna árið 1999. Hlutur lífeyrissjóðanna í heildarlífeyrisgreiðslum hefur vaxið hröðum skrefum og þess skammt að bíða að hann verði meiri en almannatrygginga.

Grunnlífeyrir

Grunnlífeyrir er hinn upprunalegi lífeyrir almannatrygginga og allt til ársins 1970 eini lífeyririnn. Í ársbyrjun 1992 var tekin upp tekjutenging grunnlífeyris að hluta, en raunar var grunnlífeyrir tengdur tekjum árin 1946 til 1960. Tekjur úr lífeyrissjóði koma ekki til skerðingar á grunnlífeyri og ekki heldur tekjur maka.

Tekjutrygging

Tekjutrygging var leidd í lög árið 1971. Markmið hennar var að tryggja lífeyrisþegum lágmarkstekjur. Upphaflega voru öllum lífeyrisþegum, sem höfðu minna en tilgreindar tekjur, tryggðar óskertar bætur, þ.e. skerðing var króna á móti krónu. Þessari skipan var breytt árið 1974 er lífeyrisþegum var gefinn kostur á að hafa ákveðnar tekjur (síðar nefnt frítekjumark) án þess að tekjutrygging skertist og var skerðing lækkuð niður í 50%. Árið 1984 var síðan skerðing lækkuð úr 50% í 45%. Árið 1990 var innleitt í lög sérstakt frítekjumark vegna greiðslna úr lífeyrissjóði.

Tafla 5. Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrir aldraðra og öryrkja frá Tryggingastofnun árið 1999*

	Fjöldi	Greiðslur á ári milljónir kr.
Ellilífeyrisþegar **		
Ellilífeyrir	24.635	4.639
Tekjutrygging	20.577	6.218
Heimilisuppbót	7.616	1.157
Tekjutryggingarauki	1.211	81
Uppbætur	6.886	1.082
Vasapeningar	1.867	217
Bensínstyrkur	3.401	209
Bílakaupastyrkur	71	18
Samtals	...	**13.621**

	Fjöldi	Greiðslur á ári milljónir kr.
Örorkulífeyrisþegar **		
Örorkulífeyrir	8.952	1.771
Tekjutrygging	7.489	2.413
Heimilisuppbót	2.532	400
Tekjutryggingarauki	734	58
Uppbætur	2.853	274
Barnalífeyrir vegna örorku foreldra	2.585	688
Vasapeningar	269	48
Bensínstyrkur	1.850	118
Bílakaupastyrkur	255	77
Samtals	...	**5.847**
Örorkustyrksþegar		
Örorkustyrkur	1.629	227
Barnalífeyrir vegna örorku foreldra	248	68
Bensínstyrkur	70	7
Samtals	...	**302**

Heimild: *Staðtölur almannatrygginga 1999,* Tryggingastofnun ríkisins, 2000.

* Fjöldatölur miðast við 1. desember 1999.

** Sjómannalífeyrir er talinn með ellilífeyri og endurhæfingarlífeyrir með örorkulífeyri.

Breyting tekjutryggingar lífeyrisþega í sambúð

Við úrskurð tekjutryggingar lífeyrisþega í sambúð er miðað við helming samanlagðra tekna sambýlisfólksins. Styr hefur staðið um þennan framgangsmáta. Til að mæta þeirri gagnrýni hefur frítekjumark öryrkja í sambúð verið hækkað verulega á undanförnum árum. Þetta ágreiningsefni kom til kasta dómstóla og lyktir urðu þær að Hæstiréttur kvað upp dóm 19. desember árið 2000 þar sem rétturinn komst að þeirri niðurstöðu að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu öryrkja í sambúð með þeim hætti sem gert hefur verið. Vísað er í dómnum til þess að ef tekjutrygging fellur niður vegna tekna maka fái lífeyrisþeginn aðeins grunnlífeyri, sem nú er 18.424 kr. á mánuði. Að mati dómsins er sú fjárhæð það lág að möguleikar öryrkja til framfærslu fjölskyldu sinnar eru takmarkaðir. Brugðist var við þessum dómi með lagasetningu um tekjutryggingu öryrkja og um tekjutryggingu ellilífeyrisþega. Í þessum lögum fólst sérregla um tekjutryggingu lífeyrisþega í hjúskap, sem lýtur að því að tryggja lífeyrisþeganum ákveðnar lágmarkstekjur óháð tekjum maka. Þannig verður tekjutrygging lífeyrisþega í sambúð aldrei lægri en 25.000 kr. á mánuði. Samkvæmt þessari sérreglu um tekjutryggingu koma sjálfsaflatekjur lífeyrisþegans til skerðingar á þessum 25.000 og er skerðingarhlutfallið 67%. Að viðbættum grunnlífeyri eru lífeyrisþeganum þannig tryggðar 43.424 kr. á mánuði án tillits til tekna maka.

Heimilisuppbót

Heimilisuppbót kom til skjalanna árið 1977. Hún stendur þeim lífeyrisþegum til boða sem einir eru um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað. Heimilisuppbótin er greidd sem uppbót á

tekjutryggingu og skerðist hún hlutfallslega við tekjutryggingu. Lífeyrisþegi sem nýtur óskertrar tekjutryggingar fær þannig fulla heimilisuppbót.

Tekjutryggingarauki

Tekjutryggingarauka (sérstakri heimilisuppbót) var komið á árið 1987. Sömu skilyrði um heimilisaðstæður lífeyrisþega gilda og um heimilisuppbótina. Skerðing krónu á móti krónu gildir um þennan bótaflokk og er hann án frítekjumarks.

Frekari uppbætur

Frekari uppbætur eru heimildarflokkur sem greiða má ef sýnt þykir að lífeyrisþegi komist ekki af án viðbótargreiðslna vegna sérstaks kostnaðar. Einkum er um að ræða sjúkra- og lyfjakostnað, umönnunarkostnað og húsaleigu. Fjárhæð uppbóta miðast við grunnlífeyri og getur numið allt að 140% af grunnlífeyri. Við ákvörðun uppbóta er miðað við allar tekjur lífeyrisþega, jafnt sjálfsaflatekjur sem bætur almannatrygginga.

Þegar lífeyrisþegi er heimilismaður á dvalarstofnun renna bætur hans til stofnunarinnar, en hann fær vasapeninga. Mismun bóta og dvalarkostnaðar greiðir Tryggingastofnun dvalarheimili sem dvalarheimilisuppbót.

Áhrif tekjutengingar

Tekjutenging leiðir til þess að þegar aðrar tekjur aukast lækka lífeyrisgreiðslur. Þetta hefur komið skýrt fram á undanförnum árum. Sem dæmi má nefna að árið 1995 fengu 47,4% ellilífeyrisþega óskerta tekjutryggingu en 40,7% árið 1999. Þannig má að öðru óbreyttu gera ráð fyrir að heldur dragi úr lífeyrisgreiðslum Tryggingastofnunar þegar vel árar og öfugt er kaupmáttur minnkar. Þegar til lengdar er litið hefur tekjutengingin í för með sér að auknar greiðslur úr lífeyrissjóðum munu draga úr útgjöldum Tryggingastofnunar.

Flókin tekjutenging

Víðtæk tekjutenging einkennir lífeyriskerfi almannatrygginga. Kostir tekjutengingar eru einkum þeir að með henni má bæta hag þeirra sem verst eru settir án þess kostnaðarauka sem því fylgdi að bætur hinna er betur standa hækki einnig. Hins vegar er tekjutengingin flókin í mörgum tilvikum. Þannig eru frítekjumörk mismunandi eftir því hvort um er að ræða atvinnu-, lífeyris- eða fjármagnstekjur. Þá er gerður greinarmunur á lífeyrisþegum eftir hjúskaparstöðu í veigamiklum atriðum. Tekjuskerðing er mismunandi eftir bótaflokkum. Mynd 6 sýnir samhengið milli einstakra bótaflokka og atvinnutekna fyrir einhleypan ellilífeyrisþega sem á rétt á heimilisuppbót.

Mynd 6. Bætur til einhleyps ellilífeyrisþega með atvinnutekjur
Þúsundir króna á mánuði.



Tafla 6. Yfirlit yfir bótaflokka

	Tekjutenging	Að fullu skert við*)
Grunnlífeyrir	Eigin tekjur af atvinnu, fjármagnstekjur að hálfu.	Einhl. 162.723 kr./mán. Hjón 156.583 kr./mán. hvort um sig
Tekjutrygging	Eigin tekjur og maka af atvinnu og lífeyri, fjármagnstekjur að hálfu.	Einhl. 92.778 kr./mán. Hjón 92.778 kr./mán.+) hvort um sig
	Lífeyrisþega í sambúð eru tryggðar að lágmarki 25 þús. kr. á mánuði.	Lífeyrisþegi í sambúð: 37.500 kr./mán.
Heimilisuppbót	Sami og tekjutrygging einhleypings.	Einhl. 92.778 kr./mán.
Tekjutryggingarauki	Allar tekjur aðrar en bætur almannatrygginga.	Einhl. 7.409 kr./mán.

*) Miðað er við ellilífeyrisþega. +) Miðað við að bæði séu ellilífeyrisþegar.

Jaðaráhrif

Með jaðaráhrifum er átt við samspil skerðingar bóta og skatta, og segir hver hækkun ráðstöfunartekna lífeyrisþegans verður þegar sjálfsaflatekjur hans aukast. Við mat á jaðaráhrifum þarf að hafa í huga að sjálfsaflatekjur til skerðingar bóta eru jafnan miðaðar við skattframtal og taka til tekna fyrra árs. Hins vegar eru bætur sem og aðrar tekjur staðgreiðsluskyldar. Ekki er þó tekið tillit til þessa í mynd 7. Það mundi þó breyta niðurstöðum nokkuð. Ef sjálfsaflatekjur lífeyrisþega hækka milli ára um 10% verða virk jaðaráhrif þess sem nýtur tekjutryggingarauka 94,5% í stað 100%. Virk jaðaráhrif lífeyrisþega sem fær skerta tekjutryggingu eru 75,8% í stað 79,5% og sá er fær skertan grunnlífeyri býr við virka skerðingu er nemur 55,5% í stað 57,1%.

Mynd 7 sýnir jaðaráhrif vegna skatta og bóta en í myndinni er gert ráð fyrir að allar tekjur lífeyrisþegans séu af atvinnu. Tekjutryggingarauki er skertur krónu fyrir krónu og því eru jaðaráhrifin 100%, sem þýðir að ráðstöfunartekjur lífeyrisþegans aukast ekki þegar tekjur fyrir skatt aukast. Það gefur augaleið að svo mikil skerðing er vinnuletjandi, en hafa verður í huga að þessi skerðing fellur niður þegar tekjur eru orðnar 7.124 kr. á mánuði. Meðan tekjur lífeyrisþega eru lægri en frítekjumark tekjutryggingar er engin tekjutenging bóta virk og jaðaráhrif stafa eingöngu af almennum tekjuskatti. Þegar tekjur eru orðnar hærri en frítekjumarkið kemur skerðing vegna tekjutengingar ofan á tekjuskatta og jaðaráhrifin verða 79,4%. Það þýðir að ef lífeyrisþeginn vinnur sér inn 1.000 kr. tekjur aukalega heldur hann eftir rúmum 200 kr. Þessara áhrifa gætir á alllöngu tekjubili eða allt til þess að tekjutrygging fellur niður. Margir lífeyrisþegar eru með tekjur á þessu bili. Við svipaðar eða litlu hærri tekjur fer grunnlífeyrir að skerðast. Á því tekjubili verða jaðaráhrifin 56,9%, en þá fara saman tekjuskattur og skerðing grunnlífeyris.

Mynd 7. Jaðaráhrif
Einhleypur ellilífeyrisþegi með rétt á heimilisuppbót.



Mismunandi meðferð tekna

Mynd 8 sýnir hversu mismiklar bætur geta orðið eftir því um hvers konar tekjur er að ræða. Hafi maður t.d. 50 þús. kr. á mánuði í sjálfsaflatekjur fær hann 46,9 þús. kr. á mánuði frá Tryggingastofnun ef tekjurnar eru af atvinnu, 53,6 þús. kr. ef um tekjur frá lífeyrissjóði er að ræða og 63,5 þús. kr. ef um fjármagnstekjur er að ræða. Tekjur lífeyrisþega fyrir skatt sem hefur 50 þús. kr. í atvinnutekjur eru þannig 85% af því sem lífeyrisþegi með sömu tekjur af eignum fær. Munurinn er enn meiri þegar tillit hefur verið tekið til skatta.

Mikill munur er einnig á jaðaráhrifunum og eru þau langminnst ef um fjármagnstekjur er að ræða. Annars vegar er skatthlutfall fjármagnstekna 10% í stað 38,76%, en hins vegar kemur aðeins helmingur fjármagnstekna til skerðingar og því helmingast skerðingarhlutföll. Þannig heldur sá sem hefur 50 þús. kr. í eignatekjur eftir tæpum 696 kr. af 1.000 kr. hækkun fjármagnstekna, samanborið við 205 kr. ef um er að ræða atvinnutekjur eða tekjur úr lífeyrissjóði.

Mynd 8. Greiðslur almannatrygginga og sjálfsaflatekjur
Einhleypur ellilífeyrisþegi með rétt á heimilisuppbót.



Fjármagnstekjur að nafni eða raun?

En ekki er þó allt sem sýnist í þessum efnum. Á það er að líta að til tekna á framtölum koma allar fjármagnstekjur og er þar ekki tekið tillit til áhrifa verðbólgu. Hér er því um að ræða nafnvexti og ekki raunvexti, en ætla má að við skaplega verðbólgu séu raunvextir ekki fjarri því að vera helmingur nafnvaxta. Þá er einnig að líta til þess að í framtöl eru færðar fjármagnstekjur þegar þær koma til greiðslu en ekki á því tímabili sem þær falla til. Þetta hefur m.a. í för með sér að vextir af spariskírteinum færast á framtal þegar skírteinin eru innleyst. Þar getur verið um verulegar fjárhæðir að tefla og dæmi eru af því að lífeyrisþegar hafi misst umtalsverðan rétt til bóta við innlausn spariskírteina.

Mismunun vegna hjúskaparstöðu

Lífeyrir hjóna eða sambýlisfólks er mun lægri en svarar til lífeyris tveggja einhleypra. Munurinn felst í nokkrum liðum:

- Grunnlífeyrir hvors hjóna er 90% af lífeyri einhleypings.
- Sérstakt frítekjumark hvors hjóna um sig vegna greiðslna úr lífeyrissjóði við útreikning á tekjutryggingu er 70% af samsvarandi frítekjumarki einhleypings.
- Hjónum stendur hvorki til boða heimilisuppbót né tekjutryggingarauki.
- Gerður er greinarmunur við útreikning á lífeyri hjóna hvort bæði eða einungis annað fá lífeyri.

Á mynd 9 sést hversu munurinn getur verið mikill. Miðað er við að atvinnutekjur hvors hjóna um sig og einhleypingsins séu jafnháar. Bætur hvors hjóna eru bornar saman við bætur einhleypings sem á rétt á heimilisuppbót. Eins og vænta má er munurinn mestur við lágar tekjur. Ef tekjur eru engar fær einhleypur 50% meira en annað hjóna, en hlutfallið lækkar er tekjur hækka. Taka skal fram að ekki eiga allir einhleypir rétt á heimilisuppbótum, þar sem skilyrði þeirra er að maður sé einn um heimilisrekstur.

Mynd 9. Greiðslur almannatrygginga til einhleypra og annars hjóna



Veruleg aukning kaupmáttar bóta

Kaupmáttur bóta hefur vaxið jafnt og þétt á undanförnum 5–6 árum. Kaupmáttur grunnlífeyris og tekjutryggingar var þannig 12½% meiri árið 2000 en 1994. Kaupmáttur tryggðra lágmarkstekna lífeyrisþega var 18½% meiri. Við þennan samanburð þarf að hafa í huga að á móti mikilli hækkun heimilisuppbótar árið 1997 var niðurfelling fastagjalds síma og áskriftar RÚV aflögð.

Bætur, laun og verðlag

Lög um almannatryggingar kveða á um að bætur almannatrygginga skuli breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðunin skal taka mið af launaþróun, þó þannig að bætur hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs. Ef kaupmáttur launa dregst saman er kaupmáttur bóta varinn þótt almennt sé gert ráð fyrir að bæturnar fylgi almennum taxtahækkunum. Til grundvallar þessari stefnu liggur það viðhorf að almannatryggingar séu öryggisnet, komi til viðbótar greiðslum úr lífeyrissjóðum og að bætur taki mið af framfærslu.

Kaupmáttur bóta varinn 1990–1994

Íslenskt þjóðarbú hreppti mótvind á fyrri hluti tíunda áratugarins. Atvinnuleysi jókst og kaupmáttur launa lækkaði. Á þeim tíma var kaupmáttur bóta almannatrygginga hins vegar tiltölulega stöðugur, eins og sést á mynd 10.

Mynd 10. Kaupmáttur bóta
Vísitölur 1990=100.



Bætur halda í við laun á almennum markaði 1995–2000

Í þeirri uppsveiflu sem þjóðarbúið hefur notið undanfarin ár hefur kaupmáttur launa vaxið hröðum skrefum. Mannekla á ýmsum sviðum hefur leitt til umtalsverðs launaskriðs, þ.e. hækkunar launa umfram hækkun samningsbundinna kauptaxta. Þá hefur verið gerð grundvallarbreyting á kjaramálum opinberra starfsmanna. Þessir þættir hafa haft í för með sér að launavísitalan í heild hefur hækkað umfram taxta og kaupmáttur launa hefur batnað á undanförnum fimm árum um rúm 20%. Vegna fyrrnefndrar skipulagsbreytingar í kjaramálum opinberra starfsmanna er eðlilegra að miða við almenna markaðinn en þar hefur kaupmáttur vaxið um rúm 15% á sama tíma. Kaupmáttur bóta hefur haldið í við kaupmátt á almennum vinnumarkaði og raunar hefur kaupmáttur tryggðra lágmarkstekna aukist ívið meira.

Mynd 11. Laun, bætur og verðlag 1990–2000
Vísitölur 1990=100.



4. Tillögur

Stefnumörkun

Starfshópurinn hefur farið ítarlega yfir lífeyristryggingar almannatrygginga og leggur fram hugmyndir grundvallaðar á þeim athugunum. Þá er og horft til eftirfarandi stefnumörkunar:

- Lífeyrissjóðirnir munu bera uppi lífeyri landsmanna er fram í sækir í enn ríkari mæli en nú. Taka þarf tillit til þessarar stefnumörkunar við allar breytingar á lífeyri almannatrygginga.
- Lífeyrir almannatrygginga gegnir fyrst og fremst hlutverki öryggisnets.
- Þessi framtíðarsýn kallar á áframhaldandi tekjutengingu.

Starf vinnuhópsins

Með vísan til erindisbréfs fólst vinna hópsins framan af einkum í því að leita leiða til þess að einfalda lífeyristryggingar almannatrygginga og bæta stöðu þeirra sem lakast eru settir.

Einföldun ekki markmið í sjálfu sér

Núverandi tilhögun bóta almannatrygginga er afar flókin. Vinnuhópurinn hafði sett fram hugmyndir um einföldun á kerfinu sem fólust einkum í því að steypa grunnlífeyri og tekjutryggingu saman í einn bótaflokk. Í þeim fólst allróttæk uppstokkun á kerfi almannatrygginga. Eins og lýst er nánar hér að framan er kerfið í dag mjög flókið og einföldun hlýtur að leiða til þess að sumir komi betur út en aðrir. Það er niðurstaða vinnuhópsins að þegar til kastanna kemur leiði einfaldanir á kerfinu til tilfærslna á milli einstakra hópa lífeyrisþega og því sé erfitt að tryggja hækkun bóta til þeirra er við knöppust kjör búa umfram aðra, án þess að útgjöld aukist mjög mikið. Hópurinn telur því að markmiði um verulega einföldun verði ekki náð þannig að meginmarkmið kerfisins séu í heiðri höfð, jafnframt því að útgjöldum sé haldið í skefjum.

Sameining grunnlífeyris og tekjutryggingar?

Með því að sameina grunnlífeyri og tekjutryggingu sem eru tekjutengdar bætur, þótt mismunandi reglur gildi um skerðingu þeirra, næðist umtalsverð einföldun á lífeyriskerfinu. Við þetta mundi meginbótaflokkum fækka úr fjórum í þrjá og fyrir allstóran hóp lífeyrisþega stæði aðeins einn bótaflokkur eftir. Þessi bótaflokkur væri tekjutengdur með sama hætti og nú gildir um tekjutryggingu, skerðingarhlutfall 45% og frítekjumörk þau sömu.

Hækkun óskertra bóta er dýr

Önnur leið til einföldunar væri sú að hækka bætur verulega og afnema alla tekjutengingu. Þessi leið er ófær og má í því sambandi benda á að kostnaður við hækkun grunnlífeyris um 1.000 kr. á mánuði er um 450 milljónir kr. á ári og hækkun tekjutryggingar um sömu fjárhæð kostar 415 milljónir kr. á ári. Minnkun skerðingar tekjutryggingar um 5% kostar um 280 milljónir kr. á ári.

Dómur Hæstaréttar

Margvíslegar forsendur breyttust með dómi Hæstarréttar í máli Öryrkjabandalags Íslands gegn Tryggingarstofnun ríkisins er gekk 19. desember síðastliðinn. Breytingar á lögum er samþykkt voru á Alþingi leiddu til þess að kerfi lífeyristrygginga varð umtalsvert flóknara

en áður. Þau sjónarmið sem fram koma í dómnum og í lögunum fólu í sér aðrar áherslur en í tillögum er vinnuhópurinn hafði mótað.

Meginmarkmið

Helstu markmið þeirrar tillögu sem hér er lögð fram eru:

- Bæta kjör þeirra sem verst eru settir og minnka jaðaráhrif þeirra.
- Jafna kjör hjóna og einhleypra lífeyrisþega.
- Hvetja öryrkja til atvinnuþátttöku.
- Auka sveigjanleika lífeyristrygginga.

Breyting tekjutryggingarauka

Tekjutryggingarauki verður hækkaður úr 7.409 kr. á mánuði í 14.062 kr., sem er hækkun um tæplega 90%. Þá verður skerðing tekjutryggingarauka minnkuð úr 100% í 67%.

Tekjutryggingarauki stendur í dag eingöngu einhleypum til boða og eiga þeir einir rétt á honum sem eru einir um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli við aðra. Vinnuhópurinn leggur til að tekjutryggingarauki standi öllum lífeyrisþegum til boða óháð hjúskaparstöðu og heimilisaðstæðum öðrum og taki þannig eingöngu tillit til tekna. Hópurinn gerir tillögu um að óskertur tekjutryggingarauki hjóna eða þeirra annarra sem eru í sambýli við aðra verði 10.548 kr. á mánuði á hvort hjóna sem eru lífeyrisþegar. Ef einungis annað hjóna er lífeyrisþegi er sama fjárhæð greidd. Til skerðingar á tekjutryggingarauka reiknast helmingur samanlagðra tekna hjóna eða sambýlisfólks.

Hækkun grunnlífeyris hjóna

Grunnlífeyrir hjóna, sem bæði eru lífeyrisþegar, er í dag 90% af grunnlífeyri einhleypings. Vinnuhópurinn telur slíka mismunun óeðlilega og leggur til að grunnlífeyrir hjóna verði hækkaður úr 16.582 kr. á mánuði í 18.424 kr.

Hækkun frítekjumarks ellilífeyrisþega vegna launa

Sérstakt frítekjumark vegna tekjutryggingar ellilífeyrisþega hefur verið í gildi gagnvart greiðslum úr lífeyrissjóði. Árið 1995 var þetta frítekjumark lagt niður við útreikning tekjutryggingar örorkulífeyrisþega, en almennt frítekjumark hækkað sem því nam. Vinnuhópurinn leggur til að sami háttur verði hafður á við úrskurð tekjutryggingar ellilífeyrisþega. Samkvæmt tillögunni hækkar frítekjumark tekjutryggingar ellilífeyrisþega úr 22.380 kr. á mánuði í 32.512 kr. Sérstakt frítekjumark hjóna vegna lífeyrissjóðs er í dag 7.093 kr. á hvort þeirra. Til þess að gæta samræmis felur tillagan í sér að almennt frítekjumark þeirra hækki um meira en því nemur eða um 10 þús. kr.

Hluti atvinnutekna öryrkja undanþeginn skerðingu bóta

Vinnuhópurinn hefur lagt áherslu á að koma til móts við öryrkja og minnka þau jaðaráhrif sem margir þeirra setja fyrir sig gagnvart þátttöku í atvinnulífinu. Niðurstaða hópsins er sú að þessu markmiði verði best náð með því að hluti atvinnutekna öryrkja komi ekki til skerðingar tekjutryggingar og heimilisuppbótar og leggur til að það hlutfall verði 40%. Við þessa breytingu nýtur einhleypur öryrki óskertrar tekjutryggingar þar til launatekjur hans eru orðnar tæplega 56 þús. kr. á mánuði í stað 33.570 kr. í dag. Öryrki í sambúð mun einnig njóta þessara breytinga og sama hlutfall launatekna hans verða undaskilið skerðingu.

Heimild til frestunar á töku lífeyris

Vinnuhópurinn leggur til að heimilt verði að fresta töku lífeyris til allt að 72 ára aldurs gegn hækkun grunnlífeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbótar er gæti numið allt að ½% á mánuði. Frestun á töku lífeyris til 72 ára aldurs gæti þannig falið í sér allt að 30% hækkun lífeyris og tryggt einhleypum ellilífeyrisþega 99 þús. kr. á mánuði. Þetta er til þess að gera starfslok sveigjanlegri og tekur enn fremur mið af reglum flestra lífeyrissjóða sem bjóða upp á töku lífeyris á aldrinum 65–70 ára. Einnig er horft til reglna um viðbótarlífeyrissparnað. Um langt skeið var heimild í lögum til frestunar á töku ellilífeyris allt til 72 ára aldurs gegn hækkun greiðslu sem var byggð á tryggingarfræðilegu mati. Fáir nýttu sér þetta, enda kom hækkunin eingöngu á grunnlífeyri. Með tillögunni opnast raunhæfari möguleikar til frestunar gegn hækkun. Margt mælir með þessari tillögu. Nefna má að reglur um viðbótarlífeyrissparnað kveða á um að hann geti orðið til ráðstöfunar samkvæmt ákveðnum reglum þegar einstaklingur nær 60 ára aldri. Athugun á vegum vinnuhópsins sýnir að ekki þarf að vera um aukningu að ræða fyrir ríkissjóð. Huga þarf nánar að útfærslu þessa þáttar á tryggingafræðilegan hátt.

Hækkun frekari uppbótar

Samhliða þessum breytingum er nauðsynlegt að hækka tekjumörk vegna frekari uppbótar. Þessu veldur að við ákvörðun frekari uppbótar er tekið tillit til annarra bóta almannatrygginga og tekjumörk í dag eru 105.347 kr. á mánuði. Til samræmis þarf að hækka þessi mörk í 112.000 kr. á mánuði.

Samræming frítekjumarks grunnlífeyris

Við ákvörðun frítekjumarks grunnlífeyris hefur verið lagt til grundvallar að þess sé gætt að grunnlífeyrir skerðist ekki fyrr en tekjutrygging er að fullu uppurin. Hefur þetta haft í för með sér að frítekjumarkið er mismunandi frá einum hópi til annars. Nú er hins vegar lagt til að frítekjumark allra verði 105.930 kr. á mánuði og hefur það í för með sér nokkra hækkun fyrir flesta hópa.

Hækkun óskertra bóta

Samkvæmt þessum tillögum hækka tryggðar lágmarkstekjur einhleypra lífeyrisþega um 6.653 kr. á mánuði vegna hækkunar tekjutryggingarauka, sem er um 9% hækkun. Hámarksbætur einhleyps ellilífeyrisþega eru í dag 72.659 kr. á mánuði en yrðu samkvæmt tillögunum 79.312 kr. á mánuði. Tekjutrygging öryrkja er ívið hærri en ellilífeyrisþega og tryggðar lágmarkstekjur einhleyps öryrkja eru 73.546 kr. á mánuði í dag, en yrðu 80.199 kr. á mánuði samkvæmt tillögunni. Margir einhleypir eiga ekki kost á heimilisuppbót og tekjutryggingarauka en öðlast rétt til síðarnefnda bótaflokksins með þessum tillögum. Tryggðar lágmarkstekjur þessa hóps munu hækka um 10.548 kr. á mánuði sem er um 21% hækkun.

Staða hjóna

Staða giftra lífeyrisþega mun batna umtalsvert eftir þessum tillögum. Í dag nema tryggðar tekjur hjóna sem bæði eru ellilífeyrisþegar 96.522 kr. á mánuði en mundu hækka í 121.302 kr. á mánuði samkvæmt tillögunni og er hækkunin 25,7%. Hvort hjóna fær í dag að hámarki 67% af tryggðum lágmarkstekjum einhleyps ellilífeyrisþega og felur tillagan í sér að hlutfallið hækkar í 76,5%.

Samantekt

Í töflu 7 er tekið saman yfirlit yfir fjárhæð bóta í dag og samkvæmt þessum tillögum.

Tafla 7. Bótafjárhæðir í nýju kerfi

Einhleypur ellilífeyrisþegi

	Var	Verður
Tryggðar lágmarkstekjur	**72.659**	**79.312**
Grunnlífeyrir	18.424	18.424
Tekjutrygging	31.679	31.679
Heimilisuppbót	15.147	15.147
Tekjutryggingarauki	7.409	14.062
Frítekjumörk		
Frítekjumark grunnlífeyris	101.310	105.939
Frítekjumark tekjutryggingar	22.380	32.512
- Viðbót vegna gr. úr lífeyrissjóði	10.132	0
Skerðing		
Grunnlífeyrir	30%	30%
Tekjutrygging	45%	45%
Tekjutryggingarauki	100%	67%

Einhleypur örorkulífeyrisþegi

	Var	Verður
Tryggðar lágmarkstekjur	**73.546**	**80.199**
Grunnlífeyrir	18.424	18.424
Tekjutrygging	32.566	32.566
Heimilisuppbót	15.147	15.147
Tekjutryggingarauki	7.409	14.062
Frítekjumörk		
Frítekjumark grunnlífeyris	105.939	105.939
Frítekjumark tekjutryggingar	33.570	33.570
- Viðbót vegna gr. úr lífeyrissjóði	0	0
Skerðing		
Grunnlífeyrir	25%	25%
Tekjutrygging	45%	45%
Tekjutryggingarauki	100%	67%

Hjón bæði ellilífeyrisþegar

	Var	Verður
Tryggðar lágmarkstekjur	**48.261**	**60.651**
Grunnlífeyrir	16.582	18.424
Tekjutrygging	31.679	31.679
Tekjutryggingarauki	0	10.548
Lágmarkstekjutrygging annars hjóna	25.000	25.000
Frítekjumörk		
Frítekjumark grunnlífeyris	101.310	105.939
Frítekjumark tekjutryggingar	22.380	32.512
- Viðbót vegna gr. úr lífeyrissjóði	7.093	0
Skerðing		
Grunnlífeyrir	30%	30%
Tekjutrygging	45%	45%
Lágmarkstekjutrygging annars hjóna	67%	67%
Tekjutryggingarauki		67%

Hjón, annað ellilífeyrisþegi

	Var	Verður
Tryggðar lágmarkstekjur	**50.103**	**60.651**
Grunnlífeyrir	18.424	18.424
Tekjutrygging	31.679	31.679
Tekjutryggingarauki	0	10.548
Lágmarkstekjutrygging annars hjóna	25.000	25.000
Frítekjumörk		
Frítekjumark grunnlífeyris	101.310	105.939
Frítekjumark tekjutryggingar	44.760	54.892
- Viðbót vegna gr. úr lífeyrissjóði	10.132	0
Skerðing		
Grunnlífeyrir	30%	30%
Tekjutrygging	45%	45%
Lágmarkstekjutrygging annars hjóna	67%	67%
Tekjutryggingarauki		67%

Hjón, bæði örorkulífeyrisþegar

	Var	Verður
Tryggðar lágmarkstekjur	**49.148**	**61.538**
Grunnlífeyrir	16.582	18.424
Tekjutrygging	32.566	32.566
Tekjutryggingarauki	0	10.548
Lágmarkstekjutrygging annars hjóna	25.000	25.000

Hjón, annað örorkulífeyrisþegi

	Var	Verður
Tryggðar lágmarkstekjur	**50.990**	**61.538**
Grunnlífeyrir	18.424	18.424
Tekjutrygging	32.566	32.566
Tekjutryggingarauki	0	10.548
Lágmarkstekjutrygging annars hjóna	25.000	25.000

Einhleypur ellilífeyrisþegi			Einhleypur örorkulífeyrisþegi		
	Var	Verður		Var	Verður
Frítekjumörk			**Frítekjumörk**		
Frítekjumark grunnlífeyris	103.245	105.939	Frítekjumark grunnlífeyris	103.245	105.939
Frítekjumark tekjutryggingar	33.570	33.570	Frítekjumark tekjutryggingar	67.140	67.140
Skerðing			**Skerðing**		
Grunnlífeyrir	25%	25%	Grunnlífeyrir	25%	25%
Tekjutrygging	45%	45%	Tekjutrygging	45%	45%
Lágmarkstekjutrygging annars hjóna	67%	67%	Lágmarkstekjutrygging annars hjóna	67%	67%
Tekjutryggingarauki		67%	Tekjutryggingarauki		67%

5. Samanburður við núverandi kerfi

Einhleypur ellilífeyrisþegi með atvinnutekjur

Á mynd 12 er gerður samanburður á greiðslum til einhleypra lífeyrisþega í dag og samkvæmt tillögu vinnuhópsins. Gert er ráð fyrir að þeir eigi rétt á heimilisuppbótum og séu með atvinnutekjur allt að 170 þús. kr. á mánuði. Samanburður leiðir í ljós að greiðslur til lífeyrisþega með lágar tekjur hækka mest, bæði vegna hækkunar á tekjutryggingarauka og vegna minni skerðingar á honum. Hækkun almenns frítekjumarks vegna tekjutryggingar og heimilisuppbótar kemur og þeim til góða sem eru með hærri atvinnutekjur.

Mynd 12. Samanburður á greiðslum almannatrygginga
Einhleypur ellilífeyrisþegi með rétt á heimilisuppbót.



Einhleypur ellilífeyrisþegi með greiðslur úr lífeyrissjóði

Í mynd 13 er gert ráð fyrir að viðkomandi fái eingöngu tekjur úr lífeyrissjóði. Þar sem hið sérstaka frítekjumark tekjutryggingar vegna lífeyrissjóðstekna er fellt inn í hið almenna frítekjumark breytist tekjutrygging ekki.

Mynd 13. Samanburður á greiðslum almannatrygginga
Einhleypur ellilífeyrisþegi með gr. úr lífeyrissjóði.



Hjón bæði ellilífeyrisþegar

Mynd 14 tekur mið af hjónum sem bæði eru lífeyrisþegar. Þau fá ekki greiðslur úr lífeyrissjóði, annað aflar atvinnutekna og hitt er án tekna. Kjör lífeyrisþega sem við þessar aðstæður búa batna mjög eins og myndin sýnir. Við lágar tekjur skiptir tekjutryggingaraukinn mestu, sem og hækkun grunnlífeyris. Hækkun frítekjumarks gagnvart atvinnutekjum bætir kjör þeirra sem eru með meiri tekjur. Á myndinni er einnig dreginn ferill er sýnir hvernig samhengi tekna og bóta var háttað fyrir breytingu á lagaákvæðum um tekjutryggingu lífeyrisþega í sambúð. Þær breytingar komu einkum þeim lífeyrisþegum til góða er eiga maka er afla sæmilegra tekna.

Mynd 14. Samanburður á greiðslum almannatrygginga
Hjón bæði ellilífeyrisþegar. Annað með atvinnutekjur, hitt án tekna.



Hjón bæði ellilífeyrisþegar

Mynd 15 tekur mið af hjónum sem eru ellilífeyrisþegar og eins er ástatt um og í fyrri mynd, nema í stað atvinnutekna koma greiðslur úr lífeyrissjóði. Þar sem frítekjumark gagnvart tekjum úr lífeyrissjóði breytist ekki er hækkun bóta ekki eins mikil og fram kom í mynd 11.

Mynd 15. Samanburður á greiðslum almannatrygginga

Hjón bæði ellilífeyrisþegar. Annað með tekjur úr lífeyrissjóði, hitt án tekna.



Einhleypur öryrki

Verulega er komið til móts við öryrkja í þessum tillögum. Hækkun og breikkun tekjutryggingaraukans bæta hag einhleypra öryrkja með lágar tekjur. Hlutföllun á atvinnutekjum við útreikning tekjutryggingar leiðir einnig til umtalsverðrar hækkunar bóta til þeirra sem hafa nokkrar atvinnutekjur og dregur stórlega úr jaðaráhrifum sem hafa verið mörgum öryrkjum þröskuldur á leið út á vinnumarkaðinn. Mynd 16 sýnir að bætur öryrkja með atvinnutekjur hækka verulega með þessari tillögu.

Mynd 16. Samanburður á greiðslum almannatrygginga
Einhleypur örorkulífeyrisþegi með rétt á heimilisuppbót.



Hjón, annað tekjulaus öryrki

Mynd 17 dregur upp samhengi milli tekna og bóta hjóna þar sem annað er tekjulaus öryrki og hitt aflar atvinnutekna. Hækkun bóta felst aðeins í tekjutryggingaraukanum. Myndin sýnir einnig þá miklu hækkun bóta til öryrkja í sambúð sem fólst í lagabreytingu í kjölfar dóms Hæstaréttar um tekjutryggingu öryrkja.

Mynd 17. Samanburður á greiðslum almannatrygginga
Hjón, annað tekjulaus örorkulífeyrisþegi.



Hjón, annað öryrki

Mynd 18 dregur upp samhengi milli tekna og bóta hjóna þar sem annað er öryrki og aflar atvinnutekna, en atvinnutekjur makans eru 150 þús. kr. á mánuði. Myndin sýnir vel þann

hvata sem tillagan færir öryrkjanum til þess að afla atvinnutekna því bætur hækka verulega og hækkunin er því meiri sem tekjur eru hærri.

Mynd 18. Samanburður á greiðslum almannatrygginga
Hjón, annað öryrki með atvinnutekjur, maki með 150 þús. kr. laun.



Jaðaráhrif einhleyps ellilífeyrisþega

Lífeyrisþegi sem fær tekjutryggingarauka sætir skerðingu sem er 100% í dag, að vísu á stuttu tekjubili. Með lækkun skerðingar á tekjutryggingarauka niður í 67% lækka jaðaráhrifin niður í tæp 80%. Þetta er sýnt á mynd 19.

Mynd 19. Samanburður á jaðaráhrifum miðað við núverandi kerfi og tillögu
Einhleypur ellilífeyrisþegi með heimilisuppbót.



Jaðaráhrif einhleyps öryrkja

Eins og mynd 20 sýnir hefur tillagan í för með sér verulega lækkun á jaðaráhrifum öryrkja með allt fram að rúmlega 100 þús. kr. atvinnutekjum. Jaðaráhrifin eru tæplega 80% á löngu

tekjubili í dag en samkvæmt tillögunni lækka þessi áhrif niður í rúm 60% gagnvart launatekjum. Við hærri tekjur aukast jaðaráhrifin á ný upp í 80%.

Mynd 20. Samanburður á jaðaráhrifum miðað við núverandi kerfi og tillögu
Einhleypur öryrki með heimilisuppbót.



Dæmi 1. Einhleypur ellilífeyrisþegi, með rétt á heimilisuppbót

	Atvinnutekjur Gr. almannatrygginga			Lífeyristekjur Gr. almannatrygginga		
Tekjur á mán. Þús. kr.	Í dag	Tillaga	Breyting tekna alls	Í dag	Tillaga	Breyting tekna alls
0	72.659	79.312	9,2%	72.659	79.312	9,2%
10	65.250	72.645	9,8%	65.250	72.645	9,8%
20	65.250	65.979	0,9%	65.250	65.979	0,9%
30	60.181	65.250	5,6%	65.250	65.250	0,0%
40	53.530	60.269	7,2%	60.269	60.269	0,0%
50	46.878	53.618	7,0%	53.618	53.618	0,0%
100	18.424	20.359	1,6%	20.359	20.359	0,0%

Dæmi 2. Hjón bæði ellilífeyrisþegar

	Atvinnutekjur [1] Gr. almannatrygginga				Lífeyristekjur [1] Gr. almannatrygginga		
Tekjur á mán. Þús. kr.	Fyrir lög í des. 2000	Í dag	Tillaga	Breyting tekna alls	Í dag	Tillaga	Breyting tekna alls
0	96.522	96.522	121.302	25,7%	96.522	121.302	25,7%
10	96.522	96.522	114.635	17,0%	96.522	114.635	17,0%
25	96.522	96.522	104.635	6,7%	96.522	104.635	6,7%
50	94.164	94.164	100.206	4,2%	96.522	100.206	2,5%
100	71.664	77.414	85.657	4,6%	80.605	85.657	2,8%
150	34.557	51.557	61.189	4,8%	69.355	74.407	2,3%

[1] Gert ráð fyrir að annað hjóna sé án tekna.

Dæmi 3. Einhleypur örorkulífeyrisþegi

	Með rétt á heimilisuppbót			Ekki með rétt á heimilisuppbót		
	Atvinnutekjur Gr. almannatrygginga			Atvinnutekjur Gr. almannatrygginga		
Tekjur á mán. Þús. kr.	Í dag	Tillaga	Breyting tekna alls	Í dag	Tillaga	Breyting tekna alls
0	73.546	80.199	9,0%	50.990	61.538	20,7%
10	66.137	73.532	9,7%	50.990	54.871	6,4%
20	66.137	66.866	0,8%	50.990	50.990	0,0%
30	66.137	66.137	0,0%	50.990	50.990	0,0%
40	61.898	66.137	4,2%	48.097	50.990	3,3%
50	55.305	66.137	10,3%	43.597	50.990	7,9%
100	22.340	48.712	21,6%	21.097	39.097	14,9%

Dæmi 4. Hjón, annað örorkulífeyrisþegi

			Atvinnutekjur Gr. almannatrygginga		
Tekjur á mán. þús. kr.		Fyrir lög			Breyting
Lífeyrisþegi	Maki	í des. 2000	Í dag	Tillaga	tekna alls
0	100	50.990	50.990	50.990	0,0%
10	100	50.990	50.990	50.990	0,0%
20	100	50.990	50.990	50.990	0,0%
30	100	50.990	50.990	50.990	0,0%
40	100	49.703	49.703	50.990	2,6%
50	100	47.453	47.453	50.990	7,5%
60	100	45.203	45.203	50.603	11,9%
70	100	42.953	42.953	49.253	14,7%

6. Tekjur lífeyrisþega og útgjöld almannatrygginga

Kostnaður í heild

Athuganir benda til að þessar tillögur feli í sér að útgjöld Tryggingastofnunar muni hækka um 1.350 milljónir króna. Hér er um verulega aukningu útgjalda að ræða eða sem nemur um 7% af heildarútgjöldum til þessa málaflokks. Þyngst vegur hækkun tekjutryggingarauka og þeirra breytinga á henni sem hér eru lagðar fram. Þau útgjöld eru metin 675 milljónir krónur á ári.

Áhrif á einstaka tekjuhópa

Lífeyrislíkan Þjóðhagsstofnunar sem tekur mið af skattframtölum lífeyrisþega var notað til að meta kostnað af þessari tillögu og jafnframt til að kanna áhrif tillagnanna á einstaka tekjuhópa. Til þess að sýna breytingar á ráðstöfunartekjum lífeyrisþega eftir tekjum þeirra er litið á tíunduhópa. Í því felst að lífeyrisþegum er raðað eftir tekjum frá þeim tekjulægstu til þeirra hæstu. Þeim er síðan skipt í tíu jafnfjölmenna hópa. Í efsta hópnum eru þannig þau 10% lífeyrisþega sem hafa hæstu tekjurnar.

6.1 Ellilífeyrisþegar

Fjöldi ellilífeyrisþega sem fá hærri bætur

Áætlað er að bætur um 18.000–18.500 ellilífeyrisþega hækki við þessar tillögur eða 70% þeirra. Tekjutryggingarauki um 4.000 einhleypra ellilífeyrisþega mun hækka og 800–850 hjón, sem bæði eru ellilífeyrisþegar, munu fá tekjutryggingarauka og um 100 hjón þar sem annað er ellilífeyrisþegi.

Einhleypir

Tilgangur tillagnanna er að bæta kjör þeirra sem eru með lægstar tekjur. Mynd 21 sýnir að sá tilgangur næst, því ráðstöfunartekjur allra einhleypra ellilífeyrisþega í tveimur lægstu hópunum hækka, og níu af hverjum tíu í þeim næsta. Í hverjum hóp eru um 1.200 manns.

Mynd 21. Hlutfall einhleypra ellilífeyrisþega sem verða fyrir breytingu á ráðstöfunartekjum



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Myndir 22 og 23 sýna að hækkun ráðstöfunartekna er mest hjá þeim sem eru með minnstar tekjur eða um 9%, rúmlega 5% hjá næsta hóp og um 2% á þriðja hópinn. Hækkanir til þeirra sem eru með hærri tekjur eru litlar og ganga til þeirra sem fá lítið úr lífeyrissjóði.

Mynd 22. Hlutfallsleg breyting ráðstöfunartekna einhleypra ellilífeyrisþega



Áhrif á hjón

Hækkun grunnlífeyris hjóna hefur í för með sér að hagur nær allra þeirra vænkast eins og mynd 23 sýnir. Til viðbótar kemur hækkun almenna frítekjumarksins gagnvart atvinnutekjum. Ástæða þess að ráðstöfunartekjur nokkurra í efsta tekjuhópnum breytast ekki er að tekjur þeirra eru það háar að þau fá ekki greiðslur frá Tryggingastofnun.

Mynd 23. Hlutfall giftra ellilífeyrisþega sem verða fyrir breytingu á ráðstöfunartekjum, bæði lífeyrisþegar



Í tillögunni felst að ráðstöfunartekjur flestra hjóna aukast. Tekjuhækkunin er tæplega 12% hjá þeim sem eru með lægstar tekjur eins og mynd 24 sýnir, þar gætir áhrifa tekjutryggingarauka hvað mest. Ráðstöfunartekjur flestra tekjuhópa hækka um 2% og minnst á tekjuhæstu hópunum.

Mynd 24. Hlutfallsleg breyting ráðstöfunartekna giftra ellilífeyrisþega, bæði lífeyrisþegar



6.2 Öryrkjar

Fjöldi öryrkja sem fá hærri bætur

Áætlanir benda til að bætur 5.000–5.500 öryrkja hækki samkvæmt þessum tillögum, þ.a. um 3.500 einhleypir öryrkjar. Breytingar á tekjutryggingarauka vegur þar þungt og um 2.600 öryrkjar fá hækkun á þeim bótaflokki.

Einhleypir

Hækkun tekjutryggingarauka kemur einhleypum öryrkjum mjög til góða enda tekjur margra þeirra lágar. Þetta kemur skýrt fram í því að tillaga að breytingum á tekjutryggingarauka hækkar ráðstöfunartekjur þriggja tekjulægstu hópanna verulega eða um 13–18% og tekjur fjórða lægsta hópsins um rúm 5%.

Mynd 25. Hlutfall einhleypra örorkulífeyrisþega sem verða fyrir breytingu á ráðstöfunartekjum



Mynd 26. Hlutfallsleg breyting ráðstöfunartekna einhleypra örorkulífeyrisþega



Giftir öryrkjar

Tenging bóta við tekjur maka hefur verið bitbein. Að undanförnu hafa verið stigin mikilvæg skref til að draga úr tengingu við tekjur maka við útreikning tekjutryggingar. Í haust var frítekjumark giftra öryrkja hækkað verulega eða upp í rúm 67 þús. kr. Í kjölfar dóms Hæstaréttar í desember sl. var lögum um tekjutryggingu öryrkja í sambúð breytt sem fól í sér hækkun lágmarkstekna öryrkja um 135%, úr 18.424 kr. á mánuði í 43.424 kr. Þótt þessi lagabreyting gildi bæði um elli- og örorkulífeyrisþega hefur hún mun meiri áhrif á afkomu hinna síðarnefndu enda tíðara að öryrkjar eigi maka sem eru á vinnumarkaði.

Tillaga starfshópsins bætir verulega hag þeirra sem verst standa í þessum hóp og kemur þar einkum til hækkun tekjutryggingaraukans og minnkun skerðingar. Breyting tekjutryggingar vegna atvinnutekna hefur enn fremur töluverð áhrif. Mynd 27 sýnir að ráðstöfunartekjur þriggja af hverjum fjórum í tekjulægsta hópnum hækka og samkvæmt mynd 28 er meðalhækkun hópsins um 11%.

Mynd 27. Hjón, annað öryrki

Hlutfall þeirra sem verða fyrir breytingu á ráðstöfunartekjum.



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Mynd 28. Hjón, annað öryrki
Breyting á ráðstöfunartekjum.



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

7. Tekjur og eignir lífeyrisþega

Frumheimildir um tekjur lífeyrisþega í þessari umfjöllun eru skattframtöl þeirra. Ýmis vandkvæði koma upp þegar skattframtölin eru skoðuð. Mestu skiptir að í ljós kemur að tekjur margra lífeyrisþega eru óeðlilega lágar og er þá til samanburðar litið á ýmsa þætti eins og bótakerfi almannatrygginga. Einnig er óvissa um hvernig fara eigi með uppgefnar tekjur þeirra sem eru á dvalarheimilum.

Helstu ástæðurnar fyrir því hversu margir eru með óeðlilega lágar tekjur eru eftirfarandi:

- Framteljandi hefur látist á tekjuárinu og því ná framtaldar tekjur einungis til hluta ársins. Framtöl flestra þessara framteljenda eru sérmerkt. Eitthvað er þó um að þessa merkingu vanti og því eru lágar tekjur oft eina vísbendingin um að framtal sé óeðlilegt. Einnig er eitthvað um að ekki sé skilað inn framtali fyrir þessa framteljendur og eru tekjur þeirra þá áætlaðar af skattstjórum.
- Réttur til bóta frá Tryggingastofnun fellur niður dvelji lífeyrisþegi langdvölum á sjúkrastofnun. Ef viðkomandi hefur engar eða mjög lágar tekjur á hann rétt á vasapeningum frá Tryggingastofnun.
- Eitthvað er um lífeyrisþega sem búsettir eru erlendis en eiga eignir hér á landi. Á framtölum þessara aðila koma einungis fram upplýsingar um eignir en tekjurnar eru taldar fram í því landi þar sem viðkomandi er búsettur.

Greiðslur Tryggingastofnunar vegna dvalarkostnaðar þeirra sem á dvalarheimilum búa eru taldar fram með tekjum lífeyrisþegans þótt hann fái greiðslurnar aldrei sjálfur. Þessar greiðslur eru hins vegar skattfrjálsar þannig að tekjur hans og enn frekar ráðstöfunartekjur eru mun hærri en þær eru í raun og veru. Skattframtöl þeirra er þetta á við um eru sérmerkt.

Til þess að gefa sem gleggsta mynd af kjörum lífeyrisþega var ákveðið að sleppa úr úrvinnslunni þeim sem eru með áætlaða álagningu eða framtölum sem eru sérmerkt. Þá er þeim sleppt sem eru með tekjur undir ákveðnum viðmiðunarmörkum en með því detta flestir lífeyrisþegar sem dvelja á stofnunum út. Rökin fyrir því að sleppa lífeyrisþegum sem dvelja

á stofnunum eru þau að tekjur þeirra gefa ekki rétta mynd af lífskjörum þeirra nema að litlu leyti. Er þetta í hátt við það sem gert er víða erlendis, en þar eru stofnanaheimili einatt ekki með í tekjukönnunum.

Yfirlit yfir töflur

Tafla 1 Heildartekjur eftir fjölskyldugerð 1999
Tafla 2 Samsetning tekna lífeyrisþega 1999
Tafla 3 Samsetning tekna lífeyrisþega 1999 eftir fimmtungum
Tafla 4.1 Heildartekjur og ráðstöfunartekjur lífeyrisþega eftir fimmtungum 1999. Meðaltekjur, þús. kr.
Tafla 4.2 Heildartekjur og ráðstöfunartekjur lífeyrisþega eftir fimmtungum 1999. Hlutfallsleg skipting.
Tafla 5.1 Samsetning tekna lífeyrisþega eftir aldri. Meðaltekjur, þús. kr.
Tafla 5.2 Samsetning tekna lífeyrisþega eftir aldri. Fjöldi, hlutfallsleg skipting.
Tafla 6 Heildartekjur og ráðstöfunartekjur eftir aldri 1999.
Tafla 7.1 Eignir og skuldir 1999. Fjárhæðir, þús. kr.
Tafla 7.2 Eignir og skuldir 1999. Hlutföll.
Tafla 8.1 Eignir og skuldir eftir aldri 1999. Fjárhæðir, þús. kr.
Tafla 8.2 Eignir og skuldir eftir aldri 1999. Hlutföll.
Tafla 9.1 Eignir og skuldir eftir fimmtungum.

Tafla 1
Heildartekjur eftir fjölskyldugerð 1999

Allar fjárhæðir í þús. krónum.

	Fjöldi	Meðal-tekjur	Miðtekjur	Meðal-aldur
Ellilífeyrisþegar				
Einhleypir	11.007	1.451	1.167	77
– Karlar	3.347	1.612	1.191	76
– Konur	7.660	1.380	1.156	77
Hjón, bæði lífeyrisþegar	6.168	2.753	2.107	74
Hjón, annað lífeyrisþegi	2.743	3.481	2.765	66
Örorkulífeyrisþegar				
Einhleypir	5.415	1.136	1.034	45
– Karlar	2.473	1.165	1.007	43
– Konur	2.942	1.112	1.052	47
Hjón, bæði lífeyrisþegar	308	2.253	2.114	53
Hjón, annað lífeyrisþegi	3.352	3.237	2.842	54
25-66 ára				
Einhleypir	31.057	2.019	1.730	
Einstæðir foreldrar	7.043	1.682	1.457	
Hjón	42.450	4.832	4.309	
– Barnlaus	16.756	4.862	4.259	
– Með börn	25.694	4.813	4.337	

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 2
Samsetning tekna lífeyrisþega 1999

Hlutfall af heildartekjum, %

	Atvinnu-tekjur [1]	Aðrar tekjur	Greiðslur frá Trygginga-stofnun	Greiðslur úr lífeyris-sjóði	Fjármagns-tekjur	Heildar-tekjur
Ellilífeyrisþegar						
Einhleypir	13,9	0,7	38,2	32,8	14,4	100,0
Hjón, bæði lífeyrisþegar	23,0	0,7	29,1	29,9	17,4	100,0
Hjón, annað lífeyrisþegi	58,7	1,5	10,5	16,2	13,1	100,0
Örorkulífeyrisþegar						
Einhleypir	18,5	4,3	54,2	18,2	4,8	100,0
Hjón, bæði lífeyrisþegar	20,4	3,0	44,7	28,7	3,1	100,0
Hjón, annað lífeyrisþegi	66,5	2,1	13,7	12,4	5,3	100,0

[1] Atvinnutekjur og tekjur af eigin atvinnurekstri.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 3
Samsetning tekna lífeyrisþega, eftir fimmtungum, 1999

Allar fjárhæðir, meðaltekjur í þús. krónum. [1]

	Tekju-lægstu	2	3	4	Teku-hæstu	Samtals
Einhleypir, ellilífeyrisþegar						
Atvinnutekjur [2]	18	17	34	104	835	202
Aðrar tekjur	5	8	9	13	16	10
Greiðslur frá Tryggingarstofnun	638	743	675	488	228	554
Greiðslur úr lífeyrissjóði	134	224	391	628	999	475
Fjármagnstekjur	39	42	62	156	748	210
Heildartekjur	834	1.034	1.171	1.388	2.826	1.451
Hjón, bæði ellilífeyrisþegar						
Atvinnutekjur [2]	35	85	183	636	2.223	632
Aðrar tekjur	9	10	20	21	32	18
Greiðslur frá Tryggingarstofnun	1.048	1.074	944	631	311	802
Greiðslur úr lífeyrissjóði	281	519	780	1.063	1.469	822
Fjármagnstekjur	64	108	186	335	1.702	479
Heildartekjur	1.437	1.796	2.114	2.686	5.736	2.753
Hjón, annað ellilífeyrisþegi						
Atvinnutekjur [2]	478	906	1.676	2.595	4.572	2.044
Aðrar tekjur	47	54	73	44	40	52
Greiðslur frá Tryggingarstofnun	678	587	322	147	87	364
Greiðslur úr lífeyrissjóði	304	504	524	614	877	564
Fjármagnstekjur	78	123	175	258	1.654	457
Heildartekjur	1.585	2.174	2.770	3.659	7.229	3.481
Einhleypir, örorkulilífeyrisþegar						
Atvinnutekjur [2]	40	55	95	148	713	210
Aðrar tekjur	21	36	55	55	78	49
Greiðslur frá Tryggingarstofnun	595	722	699	633	427	615
Greiðslur úr lífeyrissjóði	20	52	169	353	443	207
Fjármagnstekjur	6	15	18	26	206	54
Heildartekjur	683	879	1.036	1.215	1.867	1.136
Hjón, bæði örorkulífeyrisþegar						
Atvinnutekjur [2]	78	85	233	453	1.485	460
Aðrar tekjur	49	58	47	50	139	68
Greiðslur frá Tryggingarstofnun	1.146	1.206	1.065	923	682	1.006
Greiðslur úr lífeyrissjóði	211	477	750	905	903	648
Fjármagnstekjur	15	31	19	92	200	71
Heildartekjur	1.499	1.857	2.114	2.424	3.409	2.253
Hjón, annað örorkulífeyrisþegi						
Atvinnutekjur [2]	510	1.141	1.903	2.715	4.491	2.153
Aðrar tekjur	56	52	57	59	111	67
Greiðslur frá Tryggingarstofnun	746	577	389	273	228	442
Greiðslur úr lífeyrissjóði	298	458	421	422	408	401
Fjármagnstekjur	46	90	84	120	520	172
Heildartekjur	1.656	2.318	2.854	3.589	5.759	3.237

Skýringar:
Skiptingin niður á fimmtunga miðast við heildartekjur.

[1] Meðaltekjur reiknaðar út frá heildarfjölda í hverjum fimmtungi.

[2] Atvinnutekjur og tekjur af eigin atvinnurekstri.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 4.1
Heildartekjur og ráðstöfunartekjur lífeyrisþega, eftir fimmtungum, 1999

Allar fjárhæðir, meðaltekjur í þús. krónum.

	Teku-lægstu	2	3	4	Teku-hæstu	Samtals
Einhleypir, ellilífeyrisþegar						
Heildartekjur	834	1.034	1.171	1.388	2.826	1.451
Ráðstöfunartekjur	785	925	1.012	1.167	2.171	1.212
Skattbyrði [1)]	5,8%	10,5%	13,5%	15,9%	23,2%	16,4%
Hjón, bæði ellilífeyrisþegar						
Heildartekjur	1.437	1.796	2.114	2.686	5.736	2.753
Ráðstöfunartekjur	1.419	1.684	1.900	2.280	4.452	2.346
Skattbyrði [1)]	1,3%	6,2%	10,1%	15,1%	22,4%	14,8%
Hjón, annað ellilífeyrisþegi						
Heildartekjur	1.585	2.174	2.770	3.659	7.229	3.481
Ráðstöfunartekjur	1.521	1.934	2.320	2.894	5.377	2.807
Skattbyrði [1)]	4,0%	11,1%	16,2%	20,9%	25,6%	19,3%
Einhleypir, örorkulilífeyrisþegar						
Heildartekjur	682,9	879,3	1.036,2	1.215,4	1.867,1	1.136,2
Ráðstöfunartekjur	723,4	879,6	981,0	1.091,7	1.518,0	1.038,7
Skattbyrði [1)]	-5,9%	0,0%	5,3%	10,2%	18,7%	8,6%
Hjón, bæði örorkulífeyrisþegar						
Heildartekjur	1.499,1	1.856,9	2.114,3	2.423,7	3.408,9	2.253,1
Ráðstöfunartekjur	1.533,5	1.766,9	1.983,4	2.166,6	2.840,1	2.053,0
Skattbyrði [1)]	-2,3%	4,8%	6,2%	10,6%	16,7%	8,9%
Hjón, annað örorkulífeyrisþegi						
Heildartekjur	1.656,0	2.317,6	2.853,7	3.589,3	5.758,7	3.236,6
Ráðstöfunartekjur	1.634,3	2.078,6	2.446,8	2.917,6	4.356,0	2.687,6
Skattbyrði [1)]	1,3%	10,3%	14,3%	18,7%	24,4%	17,0%

Skýringar:
Skiptingin niður á fimmtunga miðast við heildartekjur.

[1)] Skattbyrðin er reiknuð sem hlutfall skatta (að frádregnum vaxta- og barnabótum) og heildartekna.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 4.2
Heildartekjur og ráðstöfunartekjur lífeyrisþega, eftir fimmtungum, 1999

Hlutfallsleg skipting

	Tekju-lægstu	2	3	4	Teku-hæstu	Samtals
Einhleypir, ellilífeyrisþegar						
Heildartekjur	11,5%	14,3%	16,1%	19,1%	39,0%	100,0%
Ráðstöfunartekjur	13,0%	15,3%	16,7%	19,2%	35,8%	100,0%
Skattar, nettó [1)]	4,1%	9,1%	13,3%	18,5%	55,0%	100,0%
Hjón, bæði ellilífeyrisþegar						
Heildartekjur	10,4%	13,1%	15,4%	19,5%	41,6%	100,0%
Ráðstöfunartekjur	12,1%	14,4%	16,2%	19,4%	37,9%	100,0%
Skattar, nettó [1)]	0,9%	5,5%	10,5%	20,0%	63,1%	100,0%
Hjón, annað ellilífeyrisþegi						
Heildartekjur	9,1%	12,5%	15,9%	21,0%	41,4%	100,0%
Ráðstöfunartekjur	10,8%	13,8%	16,5%	20,6%	38,2%	100,0%
Skattar, nettó [1)]	1,9%	7,1%	13,4%	22,7%	54,9%	100,0%
Einhleypir, örorkulilífeyrisþegar						
Heildartekjur	12,0%	15,5%	18,2%	21,4%	32,9%	100,0%
Ráðstöfunartekjur	13,9%	16,9%	18,9%	21,0%	29,2%	100,0%
Skattar, nettó [1)]	-8,3%	-0,1%	11,3%	25,4%	71,7%	100,0%
Hjón, bæði örorkulífeyrisþegar						
Heildartekjur	13,4%	16,6%	18,9%	21,7%	29,5%	100,0%
Ráðstöfunartekjur	15,0%	17,3%	19,4%	21,2%	26,9%	100,0%
Skattar, nettó [1)]	-3,5%	9,1%	13,2%	25,9%	55,4%	100,0%
Hjón, annað örorkulífeyrisþegi						
Heildartekjur	10,2%	14,3%	17,6%	22,2%	35,7%	100,0%
Ráðstöfunartekjur	12,2%	15,5%	18,2%	21,7%	32,5%	100,0%
Skattar, nettó [1)]	0,8%	8,7%	14,8%	24,5%	51,2%	100,0%

Skýringar:
Skiptingin niður á fimmtunga miðast við heildartekjur.
[1)] Skattar að frádregnum barna- og vaxtabótum.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 5.1
Samsetning tekna lífeyrisþega, eftir aldri, 1999

Allar fjárhæðir, meðaltekjur í þús. krónum. [1]

	67-69	70-74	75-79	80-84	85-89	90 >	Samtals
Einhleypir, ellilífeyrisþegar							
Fjöldi	1.691	2.836	2.787	1.998	1.178	517	11.007
Atvinnutekjur [2]	677	202	124	49	44	19	202
Aðrar tekjur	23	10	6	10	5	4	10
Greiðslur frá Tryggingarstofnun	399	540	594	618	602	573	554
Greiðslur úr lífeyrissjóði	413	554	492	436	435	399	475
Fjármagnstekjur	167	219	233	201	205	216	210
Heildartekjur	1.678	1.525	1.448	1.313	1.292	1.211	1.451
Hjón, bæði ellilífeyrisþegar							
Fjöldi	572	2.109	1.886	1.059	397	145	6.168
Atvinnutekjur [2]	2.198	866	310	166	121	51	632
Aðrar tekjur	62	21	9	9	12	2	18
Greiðslur frá Tryggingarstofnun	432	715	891	943	944	930	802
Greiðslur úr lífeyrissjóði	685	937	829	728	690	657	822
Fjármagnstekjur	495	526	444	432	437	628	479
Heildartekjur	3.872	3.066	2.482	2.279	2.203	2.268	2.753

	67-69	70-74	75-79	80 >	Samtals
Hjón, annað ellilífeyrisþegi					
Fjöldi	1.570	884	223	66	2.743
Atvinnutekjur [2]	2.507	1.592	916	881	2.044
Aðrar tekjur	63	39	28	33	52
Greiðslur frá Tryggingarstofnun	284	432	576	650	364
Greiðslur úr lífeyrissjóði	473	690	715	545	564
Fjármagnstekjur	451	449	581	272	457
Heildartekjur	3.778	3.203	2.816	2.382	3.481

Tafla 5.1 frh.

	16-19	20-24	25-49	50-59	60-64	65-67	Samtals
Einhleypir, örorkulífeyrisþegar							
Fjöldi	179	353	2.655	1.144	637	447	5.415
Atvinnutekjur [2)]	186	341	241	185	135	106	210
Aðrar tekjur	14	41	59	50	42	20	49
Greiðslur frá Tryggingarstofnun	550	580	608	631	634	643	615
Greiðslur úr lífeyrissjóði	4	10	173	272	314	331	207
Fjármagnstekjur	22	21	28	111	59	95	54
Heildartekjur	777	992	1.109	1.250	1.185	1.195	1.136

	16-24	25-49	50-59	60-64	65-67	Samtals
Hjón, bæði örorkulífeyrisþegar						
Fjöldi	3	88	79	56	82	308
Atvinnutekjur [2)]	901	737	455	270	282	460
Aðrar tekjur	166	91	61	99	26	68
Greiðslur frá Tryggingarstofnun	1.087	906	993	1.062	1.086	1.006
Greiðslur úr lífeyrissjóði	12	687	690	658	582	648
Fjármagnstekjur	0	85	77	57	61	71
Heildartekjur	2.165	2.505	2.275	2.146	2.038	2.253
Hjón, annað örorkulífeyrisþegi						
Fjöldi	8	1.003	838	519	984	3.352
Atvinnutekjur [2)]	1.980	2.662	2.709	2.212	1.132	2.153
Aðrar tekjur	98	98	59	41	56	67
Greiðslur frá Tryggingarstofnun	516	329	334	368	689	442
Greiðslur úr lífeyrissjóði	0	344	323	301	583	401
Fjármagnstekjur	7	94	211	202	205	172
Heildartekjur	2.602	3.527	3.637	3.125	2.664	3.237

Skýringar:

Aldur hjóna miðast við aldur þess sem er eldri.

[1)] Meðaltekjur reiknaðar út frá heildarfjölda í hverju aldursbili.

[2)] Atvinnutekjur og tekjur af eigin atvinnurekstri.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 5.2
Samsetning tekna lífeyrisþega, eftir aldri, 1999

Fjöldi, hlutfallsleg skipting

	67-69	70-74	75-79	80-84	85-89	90 >	Samtals
Einhleypir, ellilífeyrisþegar							
Atvinnutekjur [1)]	52%	25%	12%	8%	8%	4%	20%
Aðrar tekjur	13%	9%	7%	7%	6%	6%	8%
Greiðslur frá Tryggingarstofnun	86%	96%	98%	96%	94%	89%	94%
Greiðslur úr lífeyrissjóði	81%	94%	94%	92%	91%	87%	91%
Fjármagnstekjur	67%	67%	68%	68%	70%	72%	68%
Heildartekjur	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%
Hjón, bæði ellilífeyrisþegar							
Atvinnutekjur [1)]	87%	59%	35%	24%	17%	14%	44%
Aðrar tekjur	17%	10%	7%	7%	5%	4%	9%
Greiðslur frá Tryggingarstofnun	92%	98%	99%	99%	99%	97%	98%
Greiðslur úr lífeyrissjóði	84%	96%	96%	96%	96%	99%	95%
Fjármagnstekjur	85%	83%	82%	83%	80%	76%	83%
Heildartekjur	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

	67-69	70-74	75-79	80 >	Samtals
Hjón, annað ellilífeyrisþegi					
Atvinnutekjur [1)]	92%	86%	75%	70%	88%
Aðrar tekjur	22%	17%	11%	12%	19%
Greiðslur frá Tryggingarstofnun	70%	91%	96%	100%	79%
Greiðslur úr lífeyrissjóði	71%	92%	94%	94%	80%
Fjármagnstekjur	81%	82%	78%	74%	81%
Heildartekjur	100%	100%	100%	100%	100%

Tafla 5.2 frh.

	16-19	20-24	25-49	50-59	60-64	65-67	Samtals
Einhleypir, örorkulífeyrisþegar							
Atvinnutekjur [1)]	78%	71%	47%	31%	25%	20%	42%
Aðrar tekjur	10%	28%	37%	34%	25%	18%	32%
Greiðslur frá Tryggingarstofnun	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%
Greiðslur úr lífeyrissjóði	6%	3%	42%	64%	72%	79%	50%
Fjármagnstekjur	37%	35%	33%	35%	44%	54%	37%
Heildartekjur	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

	16-24	25-49	50-59	60-64	65-67	Samtals
Hjón, bæði örorkulífeyrisþegar						
Atvinnutekjur [1)]	100%	68%	51%	45%	44%	53%
Aðrar tekjur	67%	42%	34%	30%	16%	31%
Greiðslur frá Tryggingarstofnun	100%	100%	100%	100%	100%	100%
Greiðslur úr lífeyrissjóði	33%	77%	89%	93%	93%	87%
Fjármagnstekjur	0%	38%	48%	45%	62%	48%
Heildartekjur	100%	100%	100%	100%	100%	100%
Hjón, annað örorkulífeyrisþegi						
Atvinnutekjur [1)]	100%	97%	98%	98%	70%	90%
Aðrar tekjur	50%	28%	23%	20%	20%	23%
Greiðslur frá Tryggingarstofnun	100%	100%	100%	100%	100%	100%
Greiðslur úr lífeyrissjóði	0%	59%	68%	71%	89%	72%
Fjármagnstekjur	38%	52%	66%	71%	75%	65%
Heildartekjur	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Skýringar:
Aldur hjóna miðast við aldur þess sem er eldri.
[2)] Atvinnutekjur og tekjur af eigin atvinnurekstri.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 6
Heildartekjur og ráðstöfunartekjur lífeyrisþega, eftir aldri, 1999

Allar fjárhæðir, meðaltekjur í þús. krónum.

	67-69	70-74	75-79	80-84	85-89	90 >	Samtals
Einhleypir, ellilífeyrisþegar							
Heildartekjur	1.678	1.525	1.448	1.313	1.292	1.211	1.451
Ráðstöfunartekjur	1.352	1.260	1.211	1.125	1.112	1.063	1.212
Skattbyrði [1]	19,4%	17,4%	16,3%	14,3%	13,9%	12,3%	16,4%
Hjón, bæði ellilífeyrisþegar							
Heildartekjur	3.872	3.066	2.482	2.279	2.203	2.268	2.753
Ráðstöfunartekjur	3.059	2.555	2.167	2.038	1.990	2.072	2.346
Skattbyrði [1]	21,0%	16,7%	12,7%	10,6%	9,7%	8,6%	14,8%

	67-69	70-74	75-79	80 >	Samtals
Hjón, annað ellilífeyrisþegi					
Heildartekjur	3.778	3.203	2.816	2.382	3.481
Ráðstöfunartekjur	2.989	2.634	2.430	2.080	2.807
Skattbyrði [1]	20,9%	17,8%	13,7%	12,7%	19,3%

	16-19	20-24	25-49	50-59	60-64	65-67	Samtals
Einhleypir, örorkulilífeyrisþegar							
Heildartekjur	777	992	1.109	1.250	1.185	1.195	1.136
Ráðstöfunartekjur	742	917	1.055	1.085	1.035	1.044	1.039
Skattbyrði [1]	4,5%	7,6%	4,8%	13,2%	12,7%	12,6%	8,6%

	16-24	25-49	50-59	60-64	65-67	Samtals
Hjón, bæði örorkulífeyrisþegar						
Heildartekjur	2.165	2.505	2.275	2.146	2.038	2.253
Ráðstöfunartekjur	1.970	2.314	2.061	1.942	1.845	2.053
Skattbyrði [1]	9,0%	7,6%	9,4%	9,5%	9,5%	8,9%
Hjón, annað örorkulífeyrisþegi						
Heildartekjur	2.602	3.527	3.637	3.125	2.664	3.237
Ráðstöfunartekjur	2.338	2.966	2.932	2.568	2.262	2.688
Skattbyrði [1]	10,2%	15,9%	19,4%	17,8%	15,1%	17,0%

Skýringar:
Aldur hjóna miðast við aldur þess sem er eldri.
[1] Skattbyrðin er reiknuð sem hlutfall skatta (að frádregnum vaxta- og barnabótum) og heildartekna.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 7.1
Eignir og skuldir 1999

Allar fjárhæðir, meðalfjárhæð í þús. krónum. [1]

	Fasteignir	Aðrar eignir	Eignir alls	Skuldir	Eignar-skattsstofn	Skuldir v/íbúðar-kaupa
Ellilífeyrisþegar						
Einhleypir	6.436	4.303	9.155	2.032	6.498	2.211
– Karlar	6.009	5.361	9.966	1.989	6.443	2.195
– Konur	6.613	3.772	8.801	2.048	6.523	2.216
Hjón, bæði lífeyrisþegar	9.473	7.287	16.125	2.441	11.240	2.342
Hjón, annað lífeyrisþegi	9.892	7.369	16.867	2.882	12.241	2.770
Örorkulífeyrisþegar						
Einhleypir	5.537	1.550	4.587	3.118	3.162	3.733
– Karlar	4.540	1.752	3.682	2.422	2.665	3.170
– Konur	6.027	1.388	5.243	3.488	3.505	3.956
Hjón, bæði lífeyrisþegar	7.589	2.247	8.509	4.533	5.858	4.673
Hjón, annað lífeyrisþegi	9.028	3.589	11.931	4.804	8.278	4.262
25-66 ára						
Einhleypir	5.968	2.047	5.739	3.528	3.793	3.752
Einstæðir foreldrar	6.933	1.260	6.399	5.209	2.948	5.324
Hjón	10.459	4.299	14.065	6.486	8.974	5.016
– Barnlaus	11.097	5.783	16.293	4.930	11.480	3.706
– Með börn	10.035	3.331	12.617	7.419	7.087	5.694

Skýringar:

[1] Meðaltöl reiknaðar út frá fjölda með viðkomandi lið.

Heimild: Þjóðhagsstofnun

Tafla 7.2
Eignir og skuldir 1999

Hlutfall framteljenda sem telja fram einstaka liði, %

	Fasteignir	Aðrar eignir	Eignir alls	Skuldir	Eignar-skattsstofn	Skuldir v/íbúðar-kaupa
Ellilífeyrisþegar						
Einhleypir	78,5	79,4	92,5	35,6	83,9	25,9
– Karlar	75,8	87,2	92,6	32,4	85,3	21,5
– Konur	79,7	76,0	92,5	36,9	83,4	27,8
Hjón, bæði lífeyrisþegar	94,5	96,2	99,0	47,8	96,8	29,1
Hjón, annað lífeyrisþegi	95,8	97,9	98,9	66,8	96,1	42,7
Örorkulífeyrisþegar						
Einhleypir	41,0	60,0	69,8	46,0	48,4	29,4
– Karlar	29,6	58,4	64,2	35,0	43,2	18,2
– Konur	50,6	61,4	74,4	55,2	52,7	38,8
Hjón, bæði lífeyrisþegar	76,6	86,7	91,2	79,2	72,1	54,2
Hjón, annað lífeyrisþegi	91,4	95,8	98,0	83,0	85,2	64,1
25-66 ára						
Einhleypir	52,5	75,3	81,5	66,6	58,5	41,2
Einstæðir foreldrar	66,9	76,9	87,6	85,4	54,5	63,6
Hjón	93,0	97,8	99,1	93,3	82,9	79,5
– Barnlaus	94,2	97,9	98,9	88,6	90,2	68,8
– Með börn	92,2	97,8	99,2	96,4	78,1	86,5

Heimild: Þjóðhagsstofnun

Tafla 8.1
Eignir og skuldir, eftir aldri 1999

Allar fjárhæðir, meðalfjárhæð í þús. krónum. [1)]

	67-69	70-74	75-79	80-84	85-89	90 >	Samtals
Einhleypir, ellilífeyrisþegar							
Fasteignir	6.471	6.621	6.610	6.070	6.229	5.892	6.436
Aðrar eignir	3.950	4.391	4.653	3.978	4.368	4.195	4.303
Eignir alls	9.269	9.762	9.713	8.323	8.373	7.273	9.155
Skuldir	2.175	2.037	1.948	1.919	2.055	1.973	2.032
Eignarskattsstofn	6.318	6.843	6.733	6.106	6.187	5.739	6.498
Skuldir v/íbúðarkaupa	2.306	2.174	2.134	2.248	2.303	2.093	2.211
Hjón, bæði ellilífeyrisþegar							
Fasteignir	10.331	10.173	9.228	8.610	8.534	7.414	9.473
Aðrar eignir	8.178	7.451	6.997	6.635	7.652	9.037	7.287
Eignir alls	18.109	17.177	15.640	14.476	14.914	14.574	16.125
Skuldir	3.480	2.397	2.326	1.884	2.232	2.293	2.441
Eignarskattsstofn	12.583	12.072	11.100	10.065	9.481	8.771	11.240
Skuldir v/íbúðarkaupa	2.433	2.443	2.255	1.975	2.751	2.714	2.342

	67-69	70-74	75-79	80 >	Samtals
Hjón, annað ellilífeyrisþegi					
Fasteignir	10.198	9.652	9.294	7.749	9.892
Aðrar eignir	7.843	6.948	5.815	6.782	7.369
Eignir alls	17.642	16.227	14.737	14.062	16.867
Skuldir	2.873	2.990	2.757	1.787	2.882
Eignarskattsstofn	12.862	11.803	10.182	10.205	12.241
Skuldir v/íbúðarkaupa	2.837	2.641	2.876	2.239	2.770

Tafla 8.1 frh.

	16-19	20-24	25-49	50-59	60-64	65-67	Samtals
Einhleypir, örorkulífeyrisþegar							
Fasteignir	3.159	3.945	5.405	5.766	5.441	5.912	5.537
Aðrar eignir	878	1.178	1.217	1.891	1.714	2.621	1.550
Eignir alls	1.022	1.921	3.852	5.499	5.623	7.098	4.587
Skuldir	740	1.765	3.694	3.095	2.226	2.306	3.118
Eignarskattsstofn	678	1.128	2.088	3.748	4.295	5.187	3.162
Skuldir v/íbúðarkaupa	3.209	3.546	4.506	3.489	2.575	2.538	3.733

	16-24	25-49	50-59	60-64	65-67	Samtals
Hjón, bæði örorkulífeyrisþegar						
Fasteignir	4.205	7.537	7.920	7.073	7.770	7.589
Aðrar eignir	652	2.094	1.775	2.416	2.722	2.247
Eignir alls	3.238	7.609	8.349	8.176	9.932	8.509
Skuldir	3.246	6.118	5.134	3.552	2.793	4.533
Eignarskattsstofn	1.075	3.782	5.554	6.203	7.250	5.858
Skuldir v/íbúðarkaupa	4.423	5.770	5.460	3.943	2.829	4.673
Hjón, annað örorkulífeyrisþegi						
Fasteignir	5.323	8.810	9.649	9.239	8.628	9.028
Aðrar eignir	666	2.306	4.331	3.824	4.158	3.589
Eignir alls	4.658	10.223	13.337	12.434	12.269	11.931
Skuldir	5.082	6.810	4.850	3.252	2.896	4.804
Eignarskattsstofn	1.784	5.417	9.230	9.414	9.264	8.278
Skuldir v/íbúðarkaupa	5.486	5.692	3.941	3.004	2.825	4.262

Skýringar:

Aldur hjóna miðast við aldur þess sem er eldri.

[1] Meðaltöl reiknaðar út frá fjölda með viðkomandi lið.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 8.2
Eignir og skuldir, eftir aldri 1999

Hlutfall framteljenda sem telja fram einstaka liði, %

	67-69	70-74	75-79	80-84	85-89	90 >	Samtals
Einhleypir, ellilífeyrisþegar							
Fasteignir	81,8	83,1	81,6	76,9	68,2	55,9	78,5
Aðrar eignir	83,4	82,2	79,0	76,1	74,6	76,4	79,4
Eignir alls	92,7	93,4	93,4	92,4	89,6	89,4	92,5
Skuldir	53,0	45,1	35,0	24,3	18,9	10,6	35,6
Eignarskattsstofn	87,2	87,9	87,1	82,4	73,8	63,1	83,9
Skuldir v/íbúðarkaupa	38,9	32,7	25,0	17,7	14,7	7,9	25,9
Hjón, bæði ellilífeyrisþegar							
Fasteignir	96,0	96,0	94,6	93,0	89,9	88,3	94,5
Aðrar eignir	98,3	97,6	96,9	94,8	90,7	85,5	96,2
Eignir alls	99,1	99,2	99,2	98,8	98,0	97,9	99,0
Skuldir	64,0	58,2	46,1	34,0	25,4	19,3	47,8
Eignarskattsstofn	96,2	97,3	97,4	96,9	93,2	93,1	96,8
Skuldir v/íbúðarkaupa	40,2	34,6	27,1	22,3	17,4	13,8	29,1

	67-69	70-74	75-79	80 >	Samtals
Hjón, annað ellilífeyrisþegi					
Fasteignir	95,9	95,7	96,0	92,4	95,8
Aðrar eignir	98,3	98,0	95,5	95,5	97,9
Eignir alls	99,2	98,9	98,2	97,0	98,9
Skuldir	70,6	63,0	61,4	47,0	66,8
Eignarskattsstofn	96,1	96,4	95,5	93,9	96,1
Skuldir v/íbúðarkaupa	44,4	41,5	40,4	25,8	42,7

Tafla 8.2 frh.

	16-19	20-24	25-49	50-59	60-64	65-67	Samtals
Einhleypir, örorkulífeyrisþegar							
Fasteignir	2,8	13,0	34,3	47,7	61,9	71,1	41,0
Aðrar eignir	49,2	62,6	57,0	59,4	67,3	71,6	60,0
Eignir alls	50,8	65,2	66,1	70,5	80,4	85,7	69,8
Skuldir	12,3	29,2	45,8	50,0	51,8	55,3	46,0
Eignarskattsstofn	23,5	38,2	40,3	53,0	67,2	76,1	48,4
Skuldir v/íbúðarkaupa	1,7	10,2	28,4	34,1	36,4	39,4	29,4

	16-24	25-49	50-59	60-64	65-67	Samtals
Hjón, bæði örorkulífeyrisþegar						
Fasteignir	66,7	63,6	74,7	80,4	90,2	76,6
Aðrar eignir	66,7	80,7	83,5	91,1	93,9	86,7
Eignir alls	100,0	85,2	88,6	96,4	96,3	91,2
Skuldir	100,0	80,7	82,3	82,1	72,0	79,2
Eignarskattsstofn	33,3	55,7	63,3	82,1	92,7	72,1
Skuldir v/íbúðarkaupa	66,7	58,0	59,5	50,0	47,6	54,2
Hjón, annað örorkulífeyrisþegi						
Fasteignir	75,0	88,6	92,2	92,9	92,8	91,4
Aðrar eignir	100,0	95,4	95,8	95,8	96,2	95,8
Eignir alls	100,0	97,9	97,9	98,5	97,9	98,0
Skuldir	87,5	93,8	89,5	78,4	68,9	83,0
Eignarskattsstofn	37,5	73,6	86,0	92,5	92,8	85,2
Skuldir v/íbúðarkaupa	75,0	82,0	71,4	53,4	45,3	64,1

Skýringar:
Aldur hjóna miðast við aldur þess sem er eldri.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 9.1
Eignir og skuldir, eftir fimmtungum 1999

Allar fjárhæðir, meðalfjárhæð í þús. krónum. [1]

	Eigna-lægstu	2	3	4	Eigna-hæstu	Samtals
Einhleypir, ellilífeyrisþegar						
Fasteignir	1.215	3.688	5.530	7.032	10.222	6.436
Aðrar eignir	755	1.475	1.717	2.803	11.862	4.303
Eignir alls	1.023	4.258	6.643	9.324	21.470	9.155
Skuldir	713	1.791	2.021	1.996	2.646	2.032
Eignarskattsstofn	940	3.278	5.027	6.965	12.491	6.498
Skuldir v/íbúðarkaupa	968	1.926	2.193	2.187	2.681	2.211
Hjón, bæði ellilífeyrisþegar						
Fasteignir	4.258	6.870	8.688	10.889	15.516	9.473
Aðrar eignir	1.414	2.191	3.458	5.655	22.727	7.287
Eignir alls	4.735	8.888	12.005	16.442	38.029	16.125
Skuldir	1.869	2.140	2.007	2.234	3.920	2.441
Eignarskattsstofn	3.903	6.923	9.277	12.087	22.982	11.240
Skuldir v/íbúðarkaupa	2.208	2.348	2.266	2.195	2.715	2.342
Hjón, annað ellilífeyrisþegi						
Fasteignir	4.413	7.091	8.895	11.952	16.100	9.892
Aðrar eignir	1.524	2.365	3.725	5.158	23.539	7.369
Eignir alls	5.227	9.365	12.603	17.088	39.521	16.867
Skuldir	2.408	2.492	2.545	3.029	3.929	2.882
Eignarskattsstofn	4.061	7.141	9.800	12.878	25.911	12.241
Skuldir v/íbúðarkaupa	2.709	2.592	2.732	2.907	2.917	2.770
Einhleypir, örorkulilífeyrisþegar						
Fasteignir	0	77	1.374	4.198	7.656	5.537
Aðrar eignir	0	91	878	1.254	3.272	1.550
Eignir alls	0	91	1.062	4.632	10.262	4.587
Skuldir	0	1.095	1.220	3.291	4.655	3.118
Eignarskattsstofn	0	103	813	2.478	5.779	3.162
Skuldir v/íbúðarkaupa	0	0	1.950	3.210	4.407	3.733
Hjón, bæði örorkulífeyrisþegar						
Fasteignir	150	3.878	6.368	8.257	11.608	7.589
Aðrar eignir	363	1.013	1.399	2.116	5.470	2.247
Eignir alls	367	4.214	7.552	10.339	16.794	8.509
Skuldir	2.078	3.183	5.110	5.106	6.118	4.533
Eignarskattsstofn	265	2.724	3.967	6.628	10.984	5.858
Skuldir v/íbúðarkaupa	0	3.522	4.543	4.918	5.424	4.673
Hjón, annað örorkulífeyrisþegi						
Fasteignir	3.603	6.228	8.015	10.150	14.930	9.028
Aðrar eignir	1.030	1.480	2.111	3.437	9.408	3.589
Eignir alls	3.340	7.608	10.081	13.511	24.206	11.931
Skuldir	3.306	4.647	5.226	4.964	5.645	4.804
Eignarskattsstofn	2.198	4.492	6.194	8.924	16.250	8.278
Skuldir v/íbúðarkaupa	3.384	4.151	4.791	4.514	4.093	4.262

Skýringar:

Skiptingin niður á fimmtunga miðast við eignir alls.

[1] Meðaltöl reiknaðar út frá fjölda með viðkomandi lið.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 9.2
Eignir og skuldir, eftir fimmtungum 1999

Hlutfall framteljenda sem telja fram einstaka liði, %

	Eigna-lægstu	2	3	4	Eigna-hæstu	Samtals
Einhleypir, ellilífeyrisþegar						
Fasteignir	18,5	86,9	95,2	95,9	96,1	78,5
Aðrar eignir	54,8	71,5	80,3	92,1	98,1	79,4
Eignir alls	62,5	100,0	100,0	100,0	100,0	92,5
Skuldir	9,2	38,6	47,4	44,3	38,3	35,6
Eignarskattsstofn	36,6	90,0	96,8	97,9	98,4	83,9
Skuldir v/íbúðarkaupa	1,6	30,9	37,5	33,2	26,1	25,9
Hjón, bæði ellilífeyrisþegar						
Fasteignir	77,2	98,5	98,9	99,1	98,9	94,5
Aðrar eignir	85,7	96,9	98,8	99,9	99,8	96,2
Eignir alls	95,1	100,0	100,0	100,0	100,0	99,0
Skuldir	37,0	54,1	50,8	49,9	47,3	47,8
Eignarskattsstofn	86,1	98,8	99,6	99,8	99,8	96,8
Skuldir v/íbúðarkaupa	22,0	37,6	30,7	30,1	25,2	29,1
Hjón, annað ellilífeyrisþegi						
Fasteignir	80,7	99,3	99,8	99,8	99,3	95,8
Aðrar eignir	91,3	98,4	100,0	100,0	100,0	97,9
Eignir alls	94,7	100,0	100,0	100,0	100,0	98,9
Skuldir	60,3	70,7	66,8	71,0	65,3	66,8
Eignarskattsstofn	82,9	98,7	99,1	99,8	99,8	96,1
Skuldir v/íbúðarkaupa	37,5	47,2	41,5	50,8	36,4	42,7
Einhleypir, örorkulilífeyrisþegar						
Fasteignir	0,0	1,6	18,2	89,1	96,1	41,0
Aðrar eignir	0,0	47,7	92,5	71,1	88,7	60,0
Eignir alls	0,0	48,8	100,0	100,0	100,0	69,8
Skuldir	0,0	33,2	37,5	77,9	81,3	46,0
Eignarskattsstofn	0,0	14,1	59,1	78,6	90,1	48,4
Skuldir v/íbúðarkaupa	0,0	0,0	6,9	68,5	71,6	29,4
Hjón, bæði örorkulífeyrisþegar						
Fasteignir	1,6	85,5	98,4	100,0	98,3	76,6
Aðrar eignir	56,5	88,7	91,9	98,4	98,3	86,7
Eignir alls	56,5	100,0	100,0	100,0	100,0	91,2
Skuldir	46,8	87,1	88,7	88,7	85,0	79,2
Eignarskattsstofn	29,0	71,0	80,6	85,5	95,0	72,1
Skuldir v/íbúðarkaupa	0,0	50,0	79,0	74,2	68,3	54,2
Hjón, annað örorkulífeyrisþegi						
Fasteignir	59,3	99,1	99,7	99,4	99,4	91,4
Aðrar eignir	84,0	97,0	99,0	99,6	99,6	95,8
Eignir alls	89,9	100,0	100,0	100,0	100,0	98,0
Skuldir	71,9	87,6	85,1	85,4	85,1	83,0
Eignarskattsstofn	58,8	81,9	89,3	96,9	99,0	85,2
Skuldir v/íbúðarkaupa	38,8	74,2	70,3	67,6	69,6	64,1

Skýringar:

Skiptingin niður á fimmtunga miðast við eignir alls.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 10
Heildartekjur eftir fjölskyldugerð 1999
Einungis þeir sem hafa engar aðrar tekjur en greiðslur frá Tryggingastofnun

Allar fjárhæðir í þús. krónum.

	Hlutfall lífeyrisþega [1]	Meðal-tekjur	Meðal-aldur
Ellilífeyrisþegar			
Einhleypir	2,9%	777	78
– Karlar	2,2%	765	76
– Konur	3,3%	781	79
Hjón, bæði lífeyrisþegar	0,3%	1.207	76
Hjón, annað lífeyrisþegi	0,1%	1.257	68
Örorkulífeyrisþegar			
Einhleypir	11,9%	746	42
– Karlar	12,6%	742	41
– Konur	11,4%	749	43
Hjón, bæði lífeyrisþegar	1,3%	1.222	47
Hjón, annað lífeyrisþegi	0,2%	876	49

Skýringar:
[1] Reiknað sem hlutfall af fjölda lífeyrisþega í hverjum flokki.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 11
Heildartekjur, eftir aldri 1999
Einungis þeir sem hafa engar aðrar tekjur en greiðslur frá Tryggingastofnun

Allar fjárhæðir, meðalfjárhæð í þús. krónum. [1]

	67-69	70-74	75-79	80-84	85-89	90 >	Samtals
Einhleypir, ellilífeyrisþegar							
Hlutfall lífeyrisþega [1]	2,8%	2,5%	2,3%	3,1%	4,2%	5,2%	2,9%
Meðaltekjur	727	753	771	803	831	788	777

	16-19	20-24	25-49	50-59	60-64	65-67	Samtals
Einhleypir, örorkulilífeyrisþegar							
Hlutfall lífeyrisþega [1]	15,6%	18,1%	12,8%	10,4%	9,9%	7,4%	11,9%
Meðaltekjur	652	738	731	778	793	789	746

Skýringar:
Aldur hjóna miðast við aldur þess sem er eldri.
[1] Reiknað sem hlutfall af fjölda lífeyrisþega í hverjum flokki.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Fylgiskjal II.

Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 808/1998 um tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

a. Í 1. málsl. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „268.560“ fjárhæðin „390.144“ og í stað fjárhæðarinnar „365.352“ komi fjárhæðin „380.148“.
b. Í 2. málsl. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „268.560“ fjárhæðin „390.144“.
c. Í 1. málsl. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „1.074.240“ fjárhæðin „1.317.408“ og í stað fjárhæðarinnar „365.352“ komi fjárhæðin „380.148“.
d. Í 2. málsl. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „1.074.240“ fjárhæðin „1.317.408“.
e. Í 1. málsl. 3. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „537.120“ fjárhæðin „780.288“.
f. Í 2. málsl. 3. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „537.120“ fjárhæðin „780.288“.

2. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Um tekjur úr lífeyrissjóðum gilda sömu reglur og um aðrar tekjur.

3. gr

Við 6. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr.:

Tekjur öryrkja af atvinnu skulu metnar að 60 hundraðshlutum við ákvörðun tekjugrundvallar.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 66. gr., sbr. 17. og 18. gr. laga nr. 117/1993, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. júlí 2001.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 8. maí 2001.

Fylgiskjal III.

Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 595/1997 um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á heiti reglugerðarinnar:

a. Orðin „sérstök heimilisuppbót“ falla brott.
b. Í stað orðanna „samkvæmt 9. og 10. gr.“ komi orðin „samkvæmt 10. gr.“.

2. gr.

7. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

3. gr.

Í 3. málsl. 8. gr. komi í stað fjárhæðarinnar „96.230“ fjárhæðin „112.000“.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 13. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. júlí 2001.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 8. maí 2001.

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð.

Frumvarp þetta er lagt fram á grundvelli álits vinnuhóps sem skipaður var til að endurskoða almannatryggingakerfið og samspil þess við skattkerfið og lífeyrissjóði. Megintilgangur frumvarpsins er að bæta kjör þeirra sem eru með lægstar tekjur, hækka bætur til hjóna og breyta meðferð atvinnutekna öryrkja.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að við ákvörðun tekjugrundvallar skuli aðeins 60% af tekjum öryrkja af atvinnu koma til skerðingar við útreikning á tekjutryggingu. Enn fremur er lagt til að grunnlífeyrir hjóna hækki og skuli vera jafnhár lífeyri tveggja einstaklinga í stað 90% eins og nú er.

Jafnframt er gerð tillaga um að tekinn verði upp tekjutryggingarauki í stað sérstakrar heimilisuppbótar sem aðeins er veitt einhleypingum. Lagt er til að skilyrði til að njóta þessa bótaflokks verði rýmkuð frá því sem nú er og nái einnig til hjóna eftir því sem við á að öðru leyti. Þá er lagt til að skerðing tekjutryggingarauka vegna tekna lífeyrisþega lækki úr 100% í 67%.

Frumvarpinu fylgja drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 808/1998, um tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993, þar sem lagt er til að frítekjumark tekjutryggingar til ellilífeyrisþega hækki og að sérstakt frítekjumark vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum verði lagt niður. Einnig fylgja drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 595/1997, um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, þar sem m.a. er lagt til að frítekjumörk frekari uppbóta hækki.

Samkvæmt athugunum Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að framangreindar tillögur feli í sér aukin útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins sem nemur 1.350 m.kr. á ári verði frumvarpið að lögum. Þar vegur þyngst rýmkun bótaréttar og hækkun tekjutryggingarauka og eru þau útgjöld metin 675 m.kr. á ári.

1233. Nefndarálit [639. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2001, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Hauk Jóhannesson og Högna S. Kristjánsson frá utanríkisráðuneyti og Ólaf Walter Stefánsson frá dómsmálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2001, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um breytingar á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 88/357/EBE (Fjórða tilskipun um ökutækjatryggingar). Ákvörðunin kallar á lagabreytingar hér á landi.

Á fundum nefndarinnar kom fram að tilskipunin fjallar eingöngu um að tryggja að tjónþoli geti snúið sér til aðila í heimalandi sínu með kröfu um bætur fyrir tjón sem ökutæki, sem vátryggt er og skráð í öðru aðildarríki, hefur valdið í öðru aðildarríki en því sem tjónþoli býr í. Tilskipunin fjallar hins vegar hvorki um þann efnislega rétt sem tjónþoli kann að eiga til bóta né um tjónauppgjörið sjálft og innihald þess.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Árni R. Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 2001.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Jónína Bjartmarz.	Einar K. Guðfinnsson.
Jóhann Ársælsson.		Steingrímur J. Sigfússon.

1234. Nefndarálit [640. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2001, um breytingar á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Hauk Jóhannesson og Högna S. Kristjánsson frá utanríkisráðuneyti og Jónínu S. Lárusdóttur frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2001, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/28/EB, um breytingu á tilskipun 2000/12/EB, um stofnun og rekstur lánastofnana.

Tilskipunin fjallar um rafeyrisfyrirtæki og mælir fyrir um að slík fyrirtæki skuli skilgreind sem lánastofnanir. Það felur það í sér að rafeyrisfyrirtæki getur stundað starfsemi hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Árni R. Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 2001.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Jónína Bjartmarz.	Einar K. Guðfinnsson.
Jóhann Ársælsson.		Steingrímur J. Sigfússon.

1235. Nefndarálit [641. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2001, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Hauk Jóhannesson og Högna S. Kristjánsson frá utanríkisráðuneyti og Jónínu S. Lárusdóttur frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Með tillöguninni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2001, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB, um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim. Ákvörðunin kallar á lagabreytingar hér á landi.

Á fundum nefndarinnar var meðal annars spurst fyrir um möguleika rafeyrisfyrirtækja til að stunda lánastarfsemi. Fram kom að með hliðsjón af ákvæði a-liðar 5. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar, sem kveður á um að rafeyrisfyrirtæki hafi ekki heimildir til neins konar lánveitinga, verði að ætla að rafeyrisfyrirtæki geti ekki stundað slíka starfsemi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Árni R. Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 2001.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Jónína Bjartmarz.	Einar K. Guðfinnsson.
Jóhann Ársælsson.		Steingrímur J. Sigfússon.

1236. Breytingartillaga [625. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um húsaleigubætur, nr. 138/1997.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur og Guðrúnu Ögmundsdóttur.

Við 3. gr.

a. Inngangsmálsgrein orðist svo:
   Við 7. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. hafa einstæðir foreldrar sem búa saman tímabundið í sérstöku húsnæði á vegum Félags einstæðra foreldra rétt til húsaleigubóta.

1237. Nefndarálit [573. mál]

um frv. til l. um útsenda starfsmenn.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur frá félagsmálaráðuneyti, Ingvar Sverrisson frá Vinnumálastofnun, Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins og Magnús Norðdahl frá Alþýðusambandi Íslands.

Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá fjármálaráðuneyti, Alþýðusambandi Íslands, utanríkisráðuneyti, Tryggingastofnun ríkisins, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfestar verði meginreglur tilskipunar Evrópusambandsins um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu. Markmið tilskipunarinnar er að tryggja slíkum starfsmönnunum ákveðna lágmarksvernd sem vinnuveitanda þeirra ber að veita í móttökuríkinu. Í frumvarpinu eru m.a. þau lagaákvæði sem taka til þessara réttinda talin upp og munu þá þær stjórnvaldsreglur sem settar hafa verið á grundvelli þeirra jafnframt gilda gagnvart starfsmönnunum. Þá er lagt til að starfsmennirnir geti höfðað mál á hendur vinnuveitanda sínum hér á landi vegna vanefnda á skyldum samkvæmt frumvarpinu.

Mælir nefndin með að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Lagt er til að heiti frumvarpsins verði breytt og texti þess lagfærður í samræmi við það, auk þess sem nefndin leggur til smávægilegar orðalagsbreytingar.

Alþingi, 9. maí 2001.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Kristján Pálsson.
Pétur H. Blöndal.	Drífa Hjartardóttir.	Jónína Bjartmarz.
Steingrímur J. Sigfússon.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Guðrún Ögmundsdóttir.

1238. Breytingartillögur [573. mál]

við frv. til l. um útsenda starfsmenn.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „2. og 3. gr.“ í 1. mgr. komi: 2. gr.
   b. Við 1. mgr. bætist: sem starfar að jafnaði utan Íslands en er sendur tímabundið til starfa hér á landi.
2. Við 2. gr. Greinin falli brott.
3. Við 3. gr. er verði 2. gr.
   a. Í stað „2. gr.“ í 1. mgr. komi: 1. gr.
   b. Á eftir orðunum „í eigu“ í 2. tölul. 1. mgr. komi: sömu.
4. Við 4. gr. er verði 3. gr.
   a. Í stað orðanna „án tillits til þess löggjöf hvaða ríkis gildir að öðru leyti um ráðningarsamband hans og hlutaðeigandi fyrirtækis“ í 1. mgr. komi: án tillits til erlendrar löggjafar sem að öðru leyti gildir um ráðningarsamband hans og hlutaðeigandi fyrirtækis.
   b. Við 3. tölul. 1. mgr. bætist: sbr. þó 11. gr. orlofslaga.
5. Við 5. gr. er verði 4. gr.:
   a. Í stað orðanna „3. gr.“ og „4. gr.“ í 1. mgr. komi: 2. gr., og: 3. gr.
   b. Orðið „útsendur“ í 3. mgr. falli brott.
6. Við 6. gr. er verði 5. gr. Greinin orðist svo:
   Starfsmaður erlends fyrirtækis, sbr. 1. gr., getur höfðað mál hér á landi vegna vanefnda vinnuveitanda á skyldum sínum samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr. laga þessara.
7. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja.

1239. Skýrsla [733. mál]

iðnaðarráðherra um framkvæmd þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 1999–2001.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Hinn 25. júlí 2000 ritaði iðnaðarráðherra Byggðastofnun bréf þar sem óskað var eftir að stofnunin gerði skýrslu um framkvæmd þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 sem var samþykkt á Alþingi 3. mars 1999. Var óskað eftir að í skýrslunni kæmu fram upplýsingar um aðgerðir sem einstök ráðuneyti og stofnanir hefðu gripið til í því skyni að fylgja eftir stefnu Alþingis í byggðamálum. Jafnframt var farið fram á að stofnunin legði mat á hvernig til hefði tekist við að ná þeim markmiðum sem stefnt var að. Loks var óskað eftir að stjórn stofnunarinnar tæki til umfjöllunar hvort rétt væri að endurskoða einhverja þætti gildandi áætlunar og ef svo væri að hún gerði tillögur um slíkar breytingar.

Skýrsla Byggðastofnunar liggur nú fyrir og er hér með lögð fram á Alþingi.

Formáli stjórnar Byggðastofnunar.

Að beiðni iðnaðarráðherra hefur verið tekin saman eftirfarandi greinargerð um framkvæmd gildandi þingsályktunar Alþingis um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001.

Í þingsályktuninni er sett það markmið að treysta búsetu á landsbyggðinni og tilgreindar aðgerðir í 21 lið til þess að ná því markmiði. Aðgerðunum er skipt í fjóra flokka. Í fyrsta lagi eru tilgreindar aðgerðir í atvinnumálum, í öðru lagi aðgerðir á sviði menntunar og menningar, í þriðja lagi aðgerðir til jöfnunar lífskjara og bættrar samkeppnisstöðu og loks bætt umgengni við landið.

Ályktunin er skýrari stefnumörkun en áður hefur verið og hefur að geyma nokkuð ákveðnar tillögur í nokkrum málaflokkum. Við undirbúning málsins á sínum tíma var stuðst við ítarlegar skýrslur um orsakir búferlaflutninga og íbúaþróun, auk upplýsinga um stefnu í nokkrum ríkjum erlendis og aðgerðir stjórnvalda þar.

Segja má að stefnumörkunin hérlendis sé að færast nær því sem gerist erlendis, en verulega vantar þó á að það fjármagn sem varið er til byggðaþróunar hérlendis sé í samræmi við framlög erlendra þjóða, svo sem Norðurlandaþjóða. Meðal norrænna þjóða er minnstu fé varið til byggðaþróunar á Íslandi. Hér er fjármagnið auk þess að mestu leyti lánsfé, en styrkir annars staðar á Norðurlöndunum. Ekki þarf að koma á óvart að byggðaröskun er langsamlega mest hér á landi.

Ljóst er að margt af því sem samþykkt er í þingsályktuninni hefur tekist vel, svo sem uppbygging fjarkennslu og símenntunarmiðstöðva, og verulega auknu fjármagni hefur verið varið til jöfnunar námskostnaðar og húshitunarkostnaðar. Jákvæð áhrif eru enn fremur að allflest ráðuneyti hafa athugað möguleika á að flytja starfsemi út á land, og má þar einkum nefna félagsmálaráðuneytið og samgönguráðuneytið. Fjármagn til atvinnuþróunarfélaganna hefur verið aukið úr 65 millj. kr. í 103 millj. kr. á ári, og á tímabilinu hafa verið veittar 900 millj. kr. til eignarhaldsfélaga. Þar að auki hafa útlán Byggðastofnunar aukist verulega á tímabilinu.

Telja verður að árangur í byggðamálum ráðist af því hversu vel skilgreindar aðgerðir eru og þeim fjárhæðum sem til þeirra er varið. Benda má á að verulegu fjármagni er varið árlega til atvinnuuppbyggingar á höfuðborgarsvæðinu, meðal annars af opinberum aðilum. Svo dæmi séu nefnd um fjárfestingu í nýrri atvinnuuppbyggingu, sem verulega hefur styrkt höfuðborgarsvæðið, lögðu ríkisbankarnir 6 milljarða króna til hlutafjárkaupa í DeCode og keyptu hlut í Íslandssíma fyrir einn milljarð króna. Öflugra höfuðborgarsvæði leiðir til sterkari stöðu búsetu á Íslandi, en með sama hætti verður landið í heild öflugra ef byggð á landsbyggðinni styrkist frá því sem nú er og veikara ef dregur úr styrk landsbyggðarinnar.

Samspil margra þátta á ólíkum sviðum ræður byggðaþróun, en engu að síður eru atvinnumálin án nokkurs vafa langveigamesti þátturinn. Koma þar til atriði eins og tekjur, fjölbreytni starfa og atvinnuöryggi. Aðgerðir til að styrkja atvinnulífið eru á hverjum tíma þungamiðjan í aðgerðum og áætlunum hins opinbera til þess að styrkja búsetu á tilteknum svæðum. Það kemur því ekki á óvart að erlendis beinast aðgerðir stjórnvalda fyrst og fremst að þessu sviði og varið miklum fjárhæðum til þess að styrkja atvinnuuppbyggingu.

Hins vegar er helsti veikleiki byggðastefnunnar hérlendis hversu litlu fjármagni er varið til atvinnuuppbyggingar. Aðgerðir á því sviði eru auk þess dreifðar á marga aðila og lítið samræmi á milli þeirra. Í þessum efnum sem öðrum er það fjármagnið sem er afl þeirra hluta sem gera skal.

Á gildistíma byggðaáætlunarinnar hafa verið sett ný lög um Byggðastofnun. Þar er stofnuninni veitt heimild til þess að taka þátt í fjármögnun áhættusamra verkefna á sviði atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar auk þess sem undirstrikað er hlutverk stofnunarinnar sem lána-

stofnunar. Gert er ráð fyrir sérstökum framlögum úr ríkissjóði til þessara verkefna. Þá hefur lánaumsýsla stofnunarinnar vaxið verulega, og ríkissjóður hefur lagt fram fé til stofnunarinnar sem varið er til nýsköpunarverkefna í gegnum eignarhaldsfélög. Öll þessi atriði eru í samræmi við áherslur þingsályktunarinnar og er nauðsynlegt að halda áfram á sömu braut.

Atvinnulíf á landsbyggðinni þarf greiðan aðgang að lánsfé á sambærilegum kjörum og bjóðast á höfuðborgarsvæðinu, og veita þarf fjárfestingarstyrki í samræmi við það sem tíðkast erlendis. Greinilegt er að á síðustu missiri hefur þörf fyrirtækja á landsbyggðinni fyrir lánsfé vaxið hröðum skrefum í samræmi við breyttar áherslur viðskiptabankanna og það að Fiskveiðasjóður var lagður niður. Er áríðandi að sem fyrst geti Byggðastofnun mætt þessari auknu þörf atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni fyrir lánafyrirgreiðslu.

Helstu gallar þingsályktunarinnar eru að hún er ekki ákvörðun um framkvæmdir, og í nokkrum af greinum hennar hafa of mörg framkvæmdaatriði verið felld undir einstaka liði. Það leiðir til þess að ábyrgð á framkvæmd verður óljós. Þá er í einstökum tilvikum ekki tilgreindur framkvæmdaraðili, og stundum vantar ákveðnari tímamörk og að tengja saman byggðaáætlunina og aðrar framkvæmdaáætlanir ríkisins.

Telja verður heppilegra að þingsáætlunin sé stefnuyfirlýsing Alþingis sem síðan er hrint í framkvæmd með lagasetningu um framkvæmd einstakra liða.

Hér á eftir er fjallað um nokkur atriði er varða framkvæmd einstakra kafla þingsályktunarinnar og lagt mat á hvað hefur tekist vel og hvað betur mætti fara.

Helstu niðurstöður.

I. Nýsköpun í atvinnulífinu.

Heilmikið starf hefur verið unnið bæði varðandi nýsköpun í atvinnulífi, samstarf atvinnuþróunarfélaga við stofnanir og stofnun eignarhaldsfélaga. Hins vegar þyrfti að gera úttekt á árangri þessa starfs til þess að unnt sé að meta árangur aðgerða. Lánastarfsemi Byggðastofnunar hefur verið aðgreind frá annarri starfsemi stofnunarinnar, en ekki liggja fyrir athuganir á því hvort lánastarfsemi verður rekin á arðsemisgrundvelli á tímabili áætlunarinnar. Framkvæmd 4. og 6. liðar hefur valdið nokkrum vonbrigðum. Byggðir sem búa við mikla einhæfni eiga mjög í vök að verjast og má að ýmsu leyti segja að ekki hafi tekist að finna aðgerðir sem geta bætt þar úr. Þá hefur gengið hægar að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni en vonir stóðu til, með ánægjulegum undantekningum, t.d. á vegum félagsmálaráðuneytisins. Ýmis áform eru þó í athugun er varða þennan lið. Sama gildir um síðari hluta 5. liðar, en ekkert er tilgreint sem varðar það markmið að auðvelda fólki í strjálbýli vinnusókn og lækka kostnað þess vegna ferða.

Afar erfitt er að meta fjölda starfa sem orðið hafa til eða verið flutt á landsbyggðinni á vegum ráðuneytanna á tímabili áætlunarinnar. Í svörum nokkurra ráðuneyta kemur fram að ekki hafi orðið til ný störf eða störf verið flutt á tímabilinu. Í svörum annarra, t.d. heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, koma ekki fram upplýsingar um fjölda starfa, en undir það ráðuneyti heyra fjölmennar starfsstéttir.

II. Menntun, þekking, menning.

Að ýmsu leyti hefur tekist vel til með mennta- og menningarmálaþátt áætlunarinnar. Þó er gríðarlega mikið starf fram undan á þessum sviðum. Segja má að menntamál þurfi að vera einn grunnþátturinn í byggðastefnu til framtíðar ef ætlunin er að ná raunhæfum árangi við að bæta aðstæður íbúa á landsbyggðinni.

III. Jöfnun lífskjara – bætt samkeppnisstaða.

Framkvæmdaratriði sem varða jöfnun lífskjara virðast að mörgu leyti í góðum farvegi, enda er málaflokkurinn í mörgum tilvikum á hendi fárra aðila sem bera ábyrgð á framkvæmdinni. Þetta á til dæmis við um jöfnun húshitunar, vegi á jaðarsvæðum og jöfnun námskostnaðar sem er reyndar fellt undir umfjöllun um menntun í þingsályktuninni.

IV. Bætt umgengni við landið.

Í svörum ráðuneyta og stofnana koma ekki fram mörg framkvæmdaatriði sem varða þá málaflokka sem kaflinn fjallar um. Ýmis verkefni er varða bætta umgengni við landið eru þó á verksviði fagstofnana, svo sem Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins. Þessi kafli áætlunarinnar hefði hins vegar styrkst verulega í framkvæmd með því að tilgreina framkvæmdaraðila og setja verkefnum ákveðnari tímamörk. Þetta kann að vera skýringin á því að fá framkvæmdaatriði eru tilgreind, en einnig er hugsanlegt að ekki sé litið á framkvæmdaatriði í þessum málaflokki sem hluta af hefðbundnum byggðaaðgerðum og því skorti á um svör.

Inngangur.

Send voru bréf dags. 21. ágúst 2000 til tólf ráðuneyta, tveggja háskóla, átta stofnana og sjóða, átta atvinnuþróunarfélaga og sex eignarhaldsfélaga. Að auki voru send afrit til þriggja stofnana. Svör hafa borist frá 37 aðilum. Send voru bréf til ráðuneyta dags. 30. október 2000 þar sem óskað var eftir viðbótarupplýsingum um framkvæmd 6. liðar ályktunar Alþingis um stefnu í byggðamálum. Hér á eftir verður gerð grein fyrir svörum einstakra aðila varðandi framkvæmd einstakra liða byggðaáætlunar, en greinargerðin byggist einnig á mati þróunarsviðs Byggðastofnunar á framkvæmd byggðaáætlunar.

Framkvæmd þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 1999–2001.

Alþingi ályktaði 3. mars 1999 að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi áætlunar um byggðamál fyrir árin 1999–2001, sem hefði að markmiði að treysta búsetu á landsbyggðinni. Stefnt yrði að því að fólksfjölgun þar yrði ekki undir landsmeðaltali og næmi 10% til ársins 2010.

Framkvæmd.

Mat Byggðastofnunar: Ljóst er að markmið um að fólksfjölgun verði ekki undir landsmeðaltali og að hún nemi 10% til ársins 2010 er fjarlægara en var í upphafi áætlunartímabilsins. Á fyrsta ári áætlunarinnar fjölgaði landsmönnum um 3.453 eða um 1,25%. Íbúum utan höfuðborgarsvæðisins fækkaði á sama tíma um 103 og upplýsingar um búferlaflutninga fyrstu níu mánuði ársins 2000 benda til þess að þó að dregið hafi úr aðflutningi til höfuðborgarinnar af landsbyggðinni sé hann enn umtalsverður. Þetta er þó misjafnt eftir svæðum. Íbúum hefur fjölgað á Suðvesturlandi og Eyjafjarðarsvæðinu, en mikil fækkun er á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Hins vegar er ekki hægt að mæla hvort þetta markmið náist þar sem tímasetningin er ekki í samræmi við tímabil áætlunarinnar.

I. Nýsköpun í atvinnulífinu.

1. Unnið verði markvisst að aukinni fjölbreytni atvinnulífs á landsbyggðinni. Þróunarstofur verði efldar og þannig treystur grundvöllur til nýsköpunar og aukinnar fjölbreytni. Hlutverk þeirra verði meðal annars að auka samkeppnishæfni atvinnulífs á landsbyggðinni og aðstoða fyrirtæki við öflun verkefna og styrkja innan lands sem utan. Tryggt verði

að aðstoðin skili sér til starfandi fyrirtækja jafnt sem nýrrar atvinnustarfsemi. Til að treysta þessi markmið verði leitað samstarfs við háskóla og rannsóknastofnanir.

Unnið verði að samvinnu einstakra stofnana, félaga og þróunarstofa sem vinna að byggða- og atvinnuþróunarmálum. Í því sambandi verði þær stofnanir sem helst tengjast nýsköpun í atvinnulífinu tengdar starfsemi þróunarstofa með beinum samstarfssamningi með það að markmiði að bæta þekkingu og ráðgjöf vegna nýsköpunar.

Framkvæmd.

Mat Byggðastofnunar: Atvinnuþróunarfélög á landsbyggðinni hafa verið efld, og starfa nú þrír til fjórir starfsmenn hjá flestum félögunum. Byggðastofnun hefur gert samninga við félög í hverju kjördæmi um atvinnuráðgjöf og þróunarstarfsemi.

Í þeim samningum er einkum lögð áhersla á

- að efla starfsemi félaganna með auknu sjálfsforræði og ábyrgð á þeim verkefnum sem þau annast,
- að byggja upp þekkingu, reynslu og hæfni sem leiði til þess að einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir myndi afl sem sameiginlega vinni að traustri búsetu og fjölbreyttu atvinnulífi á starfssvæðinu,
- að tryggja að Byggðastofnun hafi öfluga samstarfsaðila á starfssvæðinu sem fylgist með þróun byggðar, hagnýti rannsóknir sem gerðar eru á vegum stofnunarinnar og geri tillögur til Byggðastofnunar eða annarra stjórnvalda um úrbætur og aðgerðir í byggðamálum,
- að vinna skipulega að uppbyggingu á starfssvæðinu svo þar þyki eftirsóknarvert að búa og aðstæður til atvinnu og mannlífs standist samkeppni við það sem best þekkist.

Meðal verkefna atvinnuþróunarfélaganna eru ráðgjöf og aðstoð við stofnun og rekstur fyrirtækja, efling samskipta milli atvinnulífs og stofnana, stefnumörkun í atvinnumálum, upplýsingar um fyrirgreiðslu og aðstoð, og rannsóknir og aðgerðir á sviði byggðamála, svo sem samgangna, þjónustu, umhverfis, menningar og menntunar.

Þróunarsvið Byggðastofnunar hefur samstarf við atvinnuþróunarfélög á landsbyggðinni í samræmi við samninga Byggðastofnunar við félögin. Haldnir eru reglulegir samstarfsfundir atvinnuþróunarfélaganna og Byggðastofnunar á byggðabrúnni, sem er fjarfundabúnaður. Þróunarsviðið veitir faglega aðstoð við atvinnuþróun og nýsköpun, miðlar upplýsingum, aðstoðar við endurmenntun, samræmingu á starfsemi atvinnuþróunarfélaganna og eflingu samstarfs þeirra á milli, myndar tengsl við stofnanir í stoðkerfi atvinnu- og byggðaþróunar, skipuleggur samstarfsverkefni og aðstoðar við leit að samstarfsaðilum varðandi sérhæfð mál.

Byggðastofnun hefur gert samstarfssamninga við Rannsóknarráð Íslands, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Háskólann á Akureyri, Útflutningsráð, Viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins, Bændasamtökin, Nýsköpunarsjóð, Þjóðminjasafnið, Háskóla Íslands, Hólaskóla og Listaháskóla Íslands. Flestar þessar stofnanir taka reglulega þátt í samstarfsfundum með Byggðastofnun og atvinnuþróunarfélögunum á byggðabrúnni. Þá má nefna samstarf Byggðastofnunar við ferðamálaráðgjafa, sem felst í ýmiss konar aðstoð og leiðbeiningum auk reglulegra samstarfsfunda Byggðastofnunar, Ferðamálaráðs og ferðamálaráðgjafa á byggðabrúnni.

Byggðastofnun telur að veruleg vinna hafi farið fram í tengslum við framkvæmd þessa liðar.

Mat annarra aðila: Í svörum atvinnuþróunarfélaga koma fram áherslur félaganna um framkvæmd þessa liðar. Samkvæmt svörum er þetta víðast hvar viðamesti þátturinn í starfsemi félaganna.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða nefnir m.a. starfsemi Þróunarseturs Vestfjarða en þar eru Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Hafró, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða, Fræðslumiðstöð Vestfjarða og MATRA. Meginmarkmið Þróunarsetursins er að mynda sameiginlegan vinnustað starfsmanna sjálfstæðra aðila/stofnana og koma af stað rannsóknar- og þróunarvinnu þessara aðila. Önnur verkefni sem eru tilgreind sérstaklega eru meðal annars verkefnið „Börnin heim – til Vestfjarða“ og skýrsla um möguleika fiskeldis á Vestfjörðum.

Í svari Iðnþróunarfélags Norðurlands vestra kemur fram að meginþungi í starfsemi félagsins felist í ráðgjöf og aðstoð við starfandi fyrirtæki og frumkvöðla og aðra atvinnutengda starfsemi.

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar nefnir að félagið hefur staðið fyrir stofnun fyrirtækja sem auka fjölbreytni atvinnulífs á svæðinu, meðal annars á sviði fiskeldis, kræklingaræktar og sæeyrnaeldis. Þá hefur verkefnasjóður félagsins veitt frumkvöðlum á sviði hátækni og tölvutækni fjárhagslegan stuðning. Einnig kemur fram að félagið hefur komið að verkefnum á sviði fjölmiðlunar, kvikmyndaframleiðslu, menningartengdrar ferðaþjónustu og iðnaðarframleiðslu.

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga greinir frá verkefnum sem unnið hefur verið að og má þar nefna verkefni við Baðfélagið hf. í Mývatnssveit sem hyggst nýta jarðgufu til uppbyggingar á heilsutengdri ferðaþjónustu, vinnu með handverkshópum og ýmis önnur verkefni. Félagið vann einnig sérstaka úttekt á atvinnumálum kvenna og kannaði meðal annars stöðu kvenna á vinnumarkaði og fjölda kvenna í stjórnunarstörfum. Þá hafði félagið forgöngu um atvinnuvegasýninguna Stórþing sem haldin var öðru sinni, en þar gefst fyrirtækjum á svæðinu færi á að kynna vörur og þjónustu.

Þróunarstofa Austurlands gerir grein fyrir því að stofan veiti ýmsa þjónustu og inni af hendi verkefnavinnu sem tengist nýsköpun. Einnig eru tilgreind stærri verkefni sem stofan hefur komið að og má þar nefna fristundagarð á Austurlandi, millilandaflug um Egilsstaðaflugvöll, þróunarstarf í ferðaþjónustu og ýmis viðskiptasambönd.

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands gerir ítarlega grein fyrir verkefnum sjóðsins. Þar eru tilgreind ýmis af stærri verkefnum sem sjóðurinn hefur komið að og má þar nefna álvinnslu, vinnslu á hör, jarðefnaiðnað, kjötmjölsverksmiðju og smávirkjanir á bújörðum. Atvinnuþróunarsjóðurinn tilgreinir einnig aðstoð við einstaklinga og fyrirtæki og við stefnumótun sveitarfélaga í atvinnu- og ferðamálum svo eitthvað sé nefnt.

Markaðs- og atvinnumálaskrifstofa Reykjanesbæjar (MOA) greinir frá ráðgjöf við frumkvöðla og fyrirtæki. Félagið greinir einnig frá samstarfi við Iðntæknistofnun meðal annars um frumkvöðlasetur og Nýsköpunarsjóð um verkefni og námskeið. MOA hefur unnið að SVÓT-greiningu á starfsemi sinni. Nokkuð er misjafnt hvort félögin telja að til þeirra hafi verið beint erindum umfram þá samninga sem í gildi eru milli félaganna og Byggðastofnunar.

Í svari Nýsköpunarsjóðs kemur fram að gerður hafi verið samningur við Byggðastofnun um aðkomu að verkefnum. Stjórn sjóðsins leggur hins vegar ríka áherslu á að „hún lítur ekki á verkefni út frá staðsetningu þess heldur út frá þeim möguleikum sem felast í viðkomandi verkefni“.

Í svari Rariks kemur fram að fyrirtækið hefur á undanförnum árum unnið að samvinnuverkefnum með atvinnuþróunarfélögum um land allt og eru þar tilgreind verkefni á Suðurlandi, Austurlandi og í Skagafirði. Meðal verkefna eru rannsóknarverkefni um raflýsingu í gróðurhúsum, verkefni með raforkubændum, og ýmsar tilraunir með gjaldskrárbreytingar.

Útflutningsráð gerir í svari sínu grein fyrir verkefninu „Útflutningsaukning og hagvöxtur“ sem ætlað er litlum og meðalstórum útflutningsfyrirtækjum. 80 fyrirtæki hafa tekið þátt í

námskeiðinu, þar af tæpur helmingur af landsbyggðinni og segir Útflutningsráð atvinnuráðgjafa vakandi fyrir því að kynna þetta starf á landsbyggðinni. Einnig er greint frá markaðsráðgjöf til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Útflutningsráð hefur haft allnokkurt samstarf við einstök atvinnuþróunarfélög. Greint er frá samvinnu við félagið um markaðsstjóra fyrir eyfirsk fyrirtæki í Færeyjum og hugmynd um markaðsstjóra í Nýfundnalandi.

Í svari iðnaðarráðuneytis kemur fram að ráðuneytið og fleiri aðilar stóðu fyrir stofnun Frumkvöðlaseturs Norðurlands.

2. Lánastarfsemi Byggðastofnunar verði rekin á arðsemisgrundvelli. Þannig verði byggður upp traustur byggðasjóður er hafi sérstaklega að markmiði að efla nýsköpun og auka hagkvæmni í rekstri fyrirtækja á landsbyggðinni. Reikningslegur aðskilnaður verði á milli lánastarfsemi stofnunarinnar og annarrar starfsemi.

Framkvæmd.

Mat Byggðastofnunar: Reikningslegur aðskilnaður milli lánastarfsemi og annarra verkefna stofnunarinnar hefur farið fram. Lánastarfsemina skal reka án framlaga úr ríkissjóði. Stofnunin hefur þó fengið sérstök framlög í afskriftareikning. Til að auka skilvirkni annast lánanefnd afgreiðslu lána allt að 10 millj. kr. þegar áhættumat fer ekki yfir 20%. Í lánanefnd eiga sæti forstjóri, formaður og varaformaður stjórnar auk þess starfsmanns sem fer með málið.

Ráðgjafarfyrirtækið Nýsir hf. var fengið til að gera úttekt á lánastarfsemi stofnunarinnar og skilaði skýrslu í maí 2000. Meginniðurstaða hennar er að efla beri lánastarfsemi Byggðastofnunar, að athuga beri að stofnunin hafi forustu um rekstrarráðgjöf til fyrirtækja á landsbyggðinni og að athuga beri að sameina Byggðastofnun, Ferðamálasjóð og Lánasjóð landbúnaðarins í einn deildarskiptan Byggðasjóð.

Áætluð útlán Byggðastofnunar árið 2001 nema 2,2 milljörðum króna og hafa þau aukist verulega á undanförnum árum. Það er mat Byggðastofnunar að þörf fyrir lánafyrirgreiðslu stofnunarinnar hafi aukist og fari vaxandi. Þetta stafar m.a. af breyttum áherslum bankastofnana í lánamálum, og auk þess hafa ýmsir sjóðir, sem áður lánuðu í verulegum mæli til fyrirtækja á landsbyggðinni, verið lagðir niður eða færðir inn í banka eða aðrar stofnanir. Þar má m.a. nefna Fiskveiðasjóð, Iðnlánasjóð og Iðnþróunarsjóð.

Mat annarra aðila: Iðnaðarráðuneyti greinir frá því að ný lög um Byggðastofnun kveði á um reikningslegan aðskilnað lánastarfsemi og annarrar starfsemi og að markmið fjárhagslegrar starfsemi skuli vera að varðveita eigið fé að raungildi.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða tilgreinir sérstaklega að þörf sé fyrir langtímalán með lágum vöxtum líkt og lánastarfsemi Byggðastofnunar.

3. Til þess að tryggja nauðsynlegt eigið fé í nýsköpunarverkefnum verði komið á fót eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni með aðild Byggðastofnunar. Stefnt verði að því að til þeirra verkefna verði sérstaklega varið allt að 300 millj. kr. á fjárlögum hvers árs á áætlunartímabilinu samkvæmt nánari reglum sem forsætisráðherra setur í reglugerð um Byggðastofnun. Þátttaka Byggðastofnunar geti þó mest numið 40% af hlutafé viðkomandi félags.

   Byggðastofnun leitist við að taka þátt í uppbyggingu eignarhaldsfélaga þegar á árinu 1998. Getur ríkið lagt fram eignarhlut í félögum sem það á nú aðild að til eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni. Leitað verði eftir samstarfi við framtakssjóð Nýsköpunarsjóðs um fjármögnun einstakra verkefna.

Framkvæmd.

Mat Byggðastofnunar: Eignarhaldsfélög hafa verið stofnuð í öllum landshlutum og á fjárlögum áranna 2000 og 2001 eru 300 millj. kr. framlög til þeirra. Af framlagi ársins 2000 var á því ári ráðstafað um 223 millj. kr. en afgangur er þar sem ekki komu fram mótframlög til frekari útborgana. Framtakssjóður Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hefur til ráðstöfunar 1.000 millj. kr. og er honum ætlað að stuðla að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu með áherslu á landsbyggðina, einkum á sviði upplýsinga- og hátækni. Þeim fjármunum sem ráðstafað er úr Framtakssjóði til rekstraraðila er varið til hlutafjárkaupa í arðvænlegum nýsköpunarfyrirtækjum. Framtakssjóður er í umsjá fjögurra vörsluaðila. Hver hinna fjögurra vörsluaðila fékk til umsjónar 250 millj. kr. frá Framtakssjóði og hafa þeir hver um sig aflað mótframlags að upphæð 125 millj. kr. Telja verður að unnið hafi verið að framkvæmd þessa liðar samkvæmt þeim áformum sem að var stefnt, en að víða hafi gengið mun hægar með framkvæmd hans, meðal annars vegna lítilla framlaga heimaaðila.

Mat annarra aðila: Í svörum kemur fram að stofnuð hafa verið sex eignarhaldsfélög. Félögin á Norðurlandi og Suðurlandi hafa náð að mynda nokkuð öfluga sjóði sem hafa lagt fram hlutafé í nokkrum félögum, en að uppbygging eignarhaldsfélaga á Vestfjörðum og Austurlandi hefur gengið hægar.

Vesturland, eignarhaldsfélag ehf. hefur keypt hlutafé í Íslenskri upplýsingatækni hf. fyrir 6 millj. kr., Límtré hf. fyrir 5 millj. kr. og Fiskréttaverksmiðju Breiðafjarðar fyrir 6,6 millj. kr.

Eignarhaldsfélag Vestfjarða hf. hefur ekki fjárfest í öðrum félögum.

Í svari Tækifæris hf. kemur fram að stofnað hefur verið eignarhaldsfélag með um 205 millj. kr. hlutafé og á Byggðastofnun 40%, en aðrir hluthafar 60%. Félagið hefur þegar fengið um 40 fyrirspurnir og þegar fjárfest í fimm hlutafélögum: Martel ehf. á Húsavík fyrir 14,1 millj. kr., Skrín ehf. á Akureyri fyrir 8 millj. kr., Vilko ehf. á Blönduósi fyrir 11,5 millj. kr., MT-bílum á Ólafsfirði fyrir 8 millj. kr. og Íslenskum harðviði ehf. á Húsavík fyrir 15 millj. kr.

Eignarhaldsfélag Austurlands hefur annars vegar vistað Framtakssjóð Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, en hins vegar verið staðbundið eignarhaldsfélag á Austurlandi. Félagið leitaði til fjárfestingarfélags í Lúxemborg til að fjármagna sinn hluta í framtakssjóðnum og er með 375 millj. kr. til ráðstöfunar í verkefni tengd upplýsinga- og hátæknigreinum. Fjármögnun eignarhaldsfélags fyrir landshlutann er ekki frágengin en hlutafé þess var um áramót 29,9 millj. kr. Félagið hefur lagt fram hlutafé í tveimur félögum. Annars vegar var keypt hlutafé í Kjötkaupi hf. í Fjarðabyggð fyrir 6 millj. kr. og hins vegar fyrir 4 millj. kr. í Gagnvirkri miðlun hf. á Höfn í Hornafirði.

Í svari Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands hf. kemur fram að sjóðurinn hefur samþykkt að verja allt að 100 millj. kr. af eigin fé sjóðsins til kaupa á hlutafé í Eignarhaldsfélagi Suðurlands hf. sem stofnað var 15. desember 1999. Verður hlutafjárframlagi skipt á aðildarsveitarfélög á grundvelli aðildar þeirra að sjóðnum. Eignarhaldsfélag Suðurlands hefur frá stofnun fjárfest í þremur félögum á Suðurlandi fyrir tæpar 60 millj. kr.

Markaðs- og atvinnumálaskrifstofa Reykjanesbæjar (MOA) greinir frá því að unnið sé að því að koma á samvinnu Eignarhaldsfélags Suðurnesja við einkafyrirtæki til að fá betri yfirsýn yfir atvinnulífið og þróun þess. Eignarhaldsfélag Suðurnesja hefur fjárfest í eftirfarandi félögum: Bioprocesses AS, 19,7 millj. kr., Heilsufélaginu Bláa lóninu hf., 9,2 millj. kr., Íslenska Magnesíumfélaginu hf., 3,8 millj. kr., Íslenska Polyofélaginu hf., 2,7 millj. kr., SPK hf., 0,4 millj. kr., Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf., 2,1 millj. kr., Sæbýli ehf., 25 millj. kr.,

Suðurflugi hf., 10,3 millj. kr., Vatnahöllinni hf., 0,6 millj. kr., og Thermo Plus hf., 11,2 millj. kr.

Rarik hefur stofnað tvö hlutafélög í samvinnu við heimamenn á tveimur svæðum. Héraðsvötn ehf. hefur verið stofnað til þess að standa að virkjun við Villinganes í Skagafirði og á Norðlensk orka 25% hlut á móti Rarik í því félagi. Sunnlensk orka ehf. hefur verið stofnuð til að standa að jarðvarmavirkjun í Grænadal við Hveragerði og eiga Hvergerðingar og Ölfusingar 10% hlut í félaginu á móti Rarik.

4. Sköpuð verði skilyrði til þess að styðja sérstaklega aðgerðir á afmörkuðum svæðum þar sem veruleg röskun verður á atvinnuháttum og búsetu. Sérstaklega verði hugað að aðgerðum í byggðum þar sem atvinnulíf er fábreytt og útgerð á í vök að verjast. Í þeim sveitum sem byggja nær eingöngu á sauðfjárrækt og samgöngur hindra atvinnusókn í önnur byggðarlög verði hugað að aðgerðum sem gætu meðal annars falist í breyttum áherslum í ráðstöfun beingreiðslna með tilliti til byggðasjónarmiða.

Framkvæmd.

Mat Byggðastofnunar: Ýmis atvinnuþróunarfélög hafa unnið úttektir um svæði þar sem veruleg röskun hefur orðið á atvinnuháttum og búsetu. Í framhaldi af þessu starfi hafa Byggðastofnun og atvinnuþróunarfélögin tekið þátt í samstarfshópum með heimamönnum um úrbætur, sem byggjast á niðurstöðum þessara athugana.

Byggðastofnun hefur unnið skýrsluna „Byggðir á Íslandi“ sem m.a. felur í sér styrkleikagreiningu einstakra sveitarfélaga. Jafnframt er fjallað um einstakar atvinnugreinar og gerðar tillögur um eflingu atvinnulífs á landsbyggðinni.

Stjórn Byggðastofnunar samþykkti á fundi 23. júlí 1999 reglur um úthlutun svonefnds byggðakvóta og úthlutun samkvæmt þeim. Tilefni þessa er ákvæði í breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, en þar segir m.a. að á fiskveiðiárunum 1999/2000 til og með fiskveiðiársins 2005/2006 hafi Byggðastofnun árlega til ráðstöfunar aflaheimildir í þorski, ufsa, ýsu og steinbíti, sem nema 1.500 þorskígildislestum, til að styðja byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Skal þeim úthlutað í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir. Í samræmi við 4. lið þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 og í krafti áðurnefnds ákvæðis í lögum voru settar viðmiðunarreglur um skiptingu byggðakvótans milli byggðarlaga og nánari skilyrði fyrir þeirri úthlutun. Byggðakvótanum er í fyrstu úthlutað til fimm ára og skulu forsendur endurskoðaðar árlega. Kvótanum er úthlutað til byggðarlaga á áðurnefndum jaðarsvæðum og er lagt mat á hvaða byggðarlög hafa lent í mestum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Þar eru lagðir til grundvallar ýmsir þættir sem varða stöðu sjávarbyggðanna. Stjórn Byggðastofnunar samþykkti reiknireglur fyrir úthlutun byggðakvótans og úthlutun samkvæmt þeim. Úthlutað var til eftirfarandi svæða:

I. Byggðasvæði:	
Ísafjarðarbær	
v/Flateyrar	115 tonn
v/Suðureyrar	102 tonn
v/Þingeyrar	170 tonn
Samtals	387 tonn
Suðurfirðir Austfjarða	
Breiðdalsvík	181 tonn
Fáskrúðsfjörður	113 tonn
Stöðvarfjörður	94 tonn
Samtals	388 tonn
II. Einstök sveitarfélög:	
Vesturbyggð	205 tonn
Seyðisfjörður	67 tonn
Samtals	272 tonn
III. Lítil byggðalög með einhæft atvinnulíf:	
Kaldrananeshreppur	63 tonn
Hofsós	114 tonn
Grímsey	92 tonn
Bakkafjörður	72 tonn
Borgarfjörður eystri	112 tonn
Samtals	453 tonn
Alls	*1.500 tonn*

Byggðastofnun lét í framhaldi af úthlutuninni vinna greinargerð um áhrif hennar. Niðurstaða greinargerðarinnar er að úthlutun byggðakvóta 1999–2000 og þær aðgerðir sem gerðar voru í tengslum við hana hafi skapað á bilinu 60–70 ársverk í þeim byggðarlögum sem fengu úthlutun.

Í nýjum búvörusamningi er ekki að finna ákvæði um mismunun í ráðstöfun beingreiðslna til bænda á grundvelli búsetu. Í umræðu á Alþingi 9. maí 2000 um frumvarp um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum lýsti landbúnaðarráðherra því yfir að ríkisstjórnin væri sammála um að úthlutað yrði 7.500 ærgildum til þeirra svæða sem sérstaklega eru háð sauðfjárrækt og möguleikar á annarri tekjuöflun eru takmarkaðir. Framkvæmd úthlutunarinnar verði þannig að Byggðastofnun verði falið að skilgreina svæðin og undirbúa reglur, sem til viðmiðunar verði við úthlutun.

Mat annarra aðila: Í svari landbúnaðarráðuneytis segir að landshlutabundnum skógræktarátökum sé meðal annars ætlað að vega upp þann samdrátt sem orðið hefur í hefðbundnum landbúnaði. Þá er einnig greint frá nýjum samningi um framleiðslu sauðfjárafurða og að við gerð hans hafi verið hugað sérstaklega að leiðum til að treysta byggð í dreifbýli.

Í svari Rariks kemur fram að fyrirtækið hefur markvisst unnið að því að strengvæða og styrkja raforkudreifingu á erfiðum svæðum. Samhliða hefur verið unnið að 3-fasa væðingu rafmagns á þessum svæðum.

Nokkuð er misjafnt hvort atvinnuþróunarfélögin telja að til þeirra hafi verið beint erindum sem varða framkvæmd þessa liðar. Atvinnuráðgjöf Vesturlands nefnir þróunarverkefni í atvinnu- og byggðamálum í Dalabyggð. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða tilgreinir vinnu við

úthlutun byggðakvóta. Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra greinir frá skýrslu um jaðarbyggðir svæðisins sem félagið vann. Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga segir frá viðamikilli sveitarfélagagreiningu sem félagið vann, en þar hefur verið safnað saman öllum tiltækum upplýsingum um stöðu sveitarfélaga á svæðinu, meðal annars um íbúaþróun, atvinnulíf, samgöngur, menntun og menningu. Þá er einnig skýrt frá áformum um að setja upp upplýsingavef fyrir Þingeyjarsýslur. Þróunarstofa Austurlands nefnir vinnu við úthlutun byggðakvóta. Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands tilgreinir byggðaþróunarverkefni í Vestur-Skaftafellssýslu og ýmis verkefni sem tengjast vinnu í sýslunni. Ráðinn hefur verið starfsmaður fyrir það verkefni. Meðal verkefna sem hafa verið kynnt eru hlutafélag um byggingu íbúðarhúsnæðis, kaup á myndfundabúnaði, þróun bleikjueldis, samgöngubætur, uppbygging ferðaþjónustu og fjarvinnsla. Gerðar hafa verið tillögur um aðgerðir á þessu svæði á ýmsum sviðum og með hvaða hætti væri hægt að standa að framkvæmd þeirra.

5. Forsendur traustra byggða og þar með vaxtarsvæða eru öruggar samgöngur, öflug sveitarfélög, samstarf byggðarlaga um þjónustu og góð skilyrði til atvinnusóknar. Þessi grundvöllur verði treystur með því að örva fjárfestingar í samgöngum, menntun, byggingum og fjarskiptum. Samvinna fyrirtækja við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir verði efld, erlend tengsl fyrirtækja á landsbyggðinni aukin og störf sköpuð með fjarvinnslu.

   Gripið verði til aðgerða til að auðvelda fólki í strjálbýli atvinnusókn og hugað að leiðum til að lækka kostnað því samfara. Til að treysta búsetu og þróun vaxtarsvæða verði stuðlað að bættum og öruggari almenningssamgöngum.

Framkvæmd.

Mat Byggðastofnunar: Byggðastofnun hefur leitað eftir samstarfi við sveitarfélög og ýmsa sérfræðinga hvað varðar búsetuþætti. Í verkefninu „Búum til betri byggð" voru haldnir reglulegir samstarfsfundir með atvinnuþróunarfélögum, sveitarfélögum og sérfræðingum á byggðabrúnni. Þar var fjallað um ýmsa búsetuþætti og er ætlunin að vinna leiðbeiningar til sveitarfélaga og áætlanir um aðgerðir af hálfu ríkis og sveitarfélaga.

Stofnunin metur það svo að unnið sé samkvæmt vel skilgreindum áætlunum um fjárfestingu í samgöngu- og fjarskiptakerfum. Hins vegar skortir á að þessu hafi verið eins vel fylgt eftir varðandi þjónustuþáttinn. Þannig er í stefnumörkun ríkisstjórnar um upplýsingasamfélagið sett fram það markmið að auðvelda fólki að taka þátt í nefndarstörfum og starfshópum óháð búsetu með aðstoð fjarskipta. Fjarfundabúnaður er til nokkuð víða á landsbyggðinni, en ekki hefur verið fjárfest í sams konar búnaði í ráðuneytum og ríkisstofnunum að neinu marki.

Byggðastofnun og Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri vinna að rannsóknarverkefni þar sem leitað er leiða til þess að leggja mat á áhrif samgöngubóta á byggðaþróun. Áætlað er að matsrammi liggi fyrir í maí 2001.

Nefnd sem landbúnaðarráðherra skipaði haustið 2000 hefur gert tillögur um þriggja ára átak í tölvukennslu og tæknivæðingu til sveita. Nefndin hafði þann tilgang að auka samkeppnishæfni sveitanna með sérstöku átaki í tölvukennslu og tæknivæðingu.

Nefndin leggur til að skipuð verði þriggja manna verkefnisstjórn sem beri ábyrgð á verkefninu. Hún ráði framkvæmdastjóra er annist daglega stjórnun. Miðað er við að kennsla fari fram á vegum búnaðarsambanda og/eða fræðslumiðstöðva í hverju héraði eftir því sem henta þykir. Með þessu á að efla samkeppnishæfni sveitanna á sviði tölvukennslu og tæknivæðingu og bæta samskiptakerfi á hinu rafræna sviði. Átakið miðar einnig að því að bændum verði

gert kleift að tileinka sér ýmsar nýjungar á sviði búrekstrar, t.d. á sviði bútækni, kynbóta og fóðrunar, er geti leitt til þess að þeir verði samkeppnishæfari til framtíðar. Reiknað er með að tölvukennslan verði bændum að kostnaðarlausu.

Að auki er lagt til að verkefnisstjórn verði falið að standa fyrir útboði og/eða samningum við tölvufyrirtæki um tölvubúnað til bænda. Ríkissjóði er ætlað að leggja fram árlega 32 millj. kr. til verkefnisins meðan á því stendur. Jafnframt er gert ráð fyrir þeim möguleika að samið verði við nemendur framhaldsskóla um að sinna ákveðinni þjónustu við notendur á bændabýlum þar sem henta þykir.

Verkefnið Upplýsingasamfélagið veitti á árinu 2000 styrki til kaupa á fjarfundabúnaði til 20 sveitarfélaga að upphæð 200 þ.kr. hvert. Forgang höfðu sveitarfélög undir 1.000 íbúum á atvinnuþróunarsvæði 1, sbr. skýrslu Byggðastofnunar: „Byggðir á Íslandi".

Byggðastofnun fór þess á leit við atvinnuþróunarfélögin á landsbyggðinni að þau hefðu samband við sveitarfélög hvert á sínu starfssvæði, sem uppfylltu skilyrði um styrk til kaupa á fjarfundabúnaði og könnuðu áhuga þeirra á þeirri fjárfestingu. Byggðastofnun mat tillögur sem bárust og gerði tillögu um úthlutun.

Ekki verður séð að ráðuneyti hafi unnið markvisst að framkvæmd seinni liðar þessarar greinar um aðgerðir til að auðvelda fólki í strjálbýli atvinnusókn og lækka kostnað við slíkt, eða að stuðlað hafi verið að bættum og öruggari almenningssamgöngum. Samgönguráðuneytið hefur látið gera skýrslu um almenningssamgöngur og koma þar fram athyglisverðar hugmyndir um breytt fyrirkomulag þessara mála.

Mat annarra aðila: Menntamálaráðuneyti greinir frá því að þátttaka Íslands í 4. og 5. rammaáætlun Evrópusambandsins hafi meðal annars skilað samstarfsverkefnum fyrirtækja og rannsóknastofnana á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu. Ráðuneytið greinir einnig frá samningi við Evrópusambandið á sviði markaðssetningar og þróunar á ferðaþjónustu í dreifbýli.

Í svari utanríkisráðuneytisins er sagt frá því að Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins (VUR) hafi náið samstarf við atvinnufulltrúa á landsbyggðinni til að efla þátttöku landsbyggðarinnar í útflutningi. Mörkuð hefur verið sú stefna að kynna starfsemi VUR í samstarfi við atvinnuþróunarfélög og þróunarsvið Byggðastofnunar og hafa viðskiptafulltrúar VUR heimsótt fyrirtæki í ferðum sínum til Íslands hverju sinni. Með þessu starfi er stefnt að því að greiða fyrirtækjunum leið inn á erlenda markaði.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hefur unnið greinargerð um efnahagsleg og félagsleg áhrif jarðganga á norðanverðum Vestfjörðum og er ein meginniðurstaða að góðar almenningssamgöngur séu lykilatriði til að ná fram flæði fólks og fjármagns á svæðinu. Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar greinir frá skýrslu félagsins þar sem könnuð var hæfni svæðisins til þess að taka að sér verkefni á sviði gagna- og fjarvinnslu.

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands hf. gerir grein fyrir samningi um tilraunaverkefni í almenningssamgöngum á Árborgarsvæðinu og eru aðilar að honum, auk sjóðsins, sveitarfélög og sérleyfishafi. Verkefnið er unnið að ósk sveitarfélaga á svæðinu og er því meðal annars ætlað að auðvelda ákvarðanir um fyrirkomulag almenningssamgangna á svæðinu til frambúðar. Þá eru einnig tilgreind önnur verkefni, svo sem við stofnun Fræðslunets Suðurlands og önnur verkefni í menntamálum og ýmiss konar ráðgjöf.

6. Lögð verði áhersla á að opinberum störfum fjölgi eigi minna hlutfallslega á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Því markmiði verði meðal annars náð með því að leitast við að staðsetja nýja starfsemi hins opinbera utan höfuðborgarsvæðisins. Skilgreind verði eftir föngum þau verkefni einstakra ráðuneyta, stofnana og opinberra fyrirtækja

sem unnt er að sinna á landsbyggðinni. Hvert ráðuneyti fyrir sig leggi fram tillögur þar að lútandi sem meðal annars geri ráð fyrir að möguleikar upplýsingatækninnar verði nýttir til hins ýtrasta.

Framkvæmd.

Mat Byggðastofnunar: Hafið er átak í þá átt að flytja verkefni einstakra ráðuneyta, stofnana og opinberra fyrirtækja út á landsbyggðina til fjarvinnslu. Einnig eru fyrirtæki hvött til að nýta sér þennan möguleika. Byggðastofnun, Iðntæknistofnun og forsætisráðuneytið gáfu sl. haust út skýrsluna „Nýsköpun í gagna- og fjarvinnslu á landsbyggðinni" þar sem settar eru fram hugmyndir um hvaða verkefni er hægt að flytja á þennan hátt. Byggðastofnun hefur látið setja upp vefsíðu, sem er eins konar markaðstorg fyrir aðila sem vilja nýta sér þennan möguleika. Viðbrögð við þessu starfi eru nánast engin. Hafið er samstarfsverkefni Iðntæknistofnunar, iðnaðarráðuneytisins og Byggðastofnunar um gerð viðskiptaáætlana fyrir nokkur fjarvinnsluverkefni.

Það er mat þróunarsviðs Byggðastofnunar að markmið áætlunarinnar á þessu sviði hafi engan veginn náðst og að töluvert skorti á að unnið hafi verið nægjanlega skipulega að því að skilgreina verkefni sem unnt er að sinna á landsbyggðinni.

Mat annarra aðila: Dómsmálaráðuneyti gerir í svari sínu grein fyrir þeirri starfsemi sem er á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni, sem er m.a. rekstur 23 sýslumannsembætta, sex héraðsdómstóla og þriggja afplánunarfangelsa. Ráðuneytið gerir einnig grein fyrir hugmyndum um flutning verkefna í fjarvinnslu, m.a. hugmynd um skráningu á lausaveðum en að lítil eftirspurn hafi reynst vera eftir slíkri skráningu. Á tímabili var rætt um að færa skráningu í Landskrá fasteigna fyrir allt Eyjafjarðarsvæðið og lögskráningu skipshafna til Ólafsfjarðar, en þá jafnframt reiknað með að leggja sýslumannsembættið þar niður. Nú hefur verið auglýst staða sýslumanns í Ólafsfirði og er reiknað með að sýslumaður afli sér sjálfur aukaverkefna fyrir embættið eftir því sem unnt er.

Dómsmálaráðuneyti svarar sérstaklega vegna staðsetningar Persónuverndar og Schengen-upplýsingakerfisins. Í svari um Persónuvernd kemur fram að ákveðið var að staðsetja stofnunina í Reykjavík vegna þess að stórir gagnabrunnar sem stofnunin á að fylgjast með eru þar, flestir viðskiptavinir stofnunarinnar eru þar og að ekki er talið að hægt sé að fá hæfustu sérfræðinga til stjórnarsetu ef stjórnarmenn þurfa að fara milli landshluta til þess að sækja stjórnarfundi. Þá er einnig talið að erfitt yrði að fá nægjanlega hæft starfslið til starfa hjá stofnuninni ef hún verður staðsett utan höfuðborgarsvæðisins við núverandi aðstæður. Þá eru einnig tilgreind almenn vandkvæði um húsnæði og starf fyrir maka. Heildarniðurstaða ráðuneytisins er „að staðsetning Persónuverndar utan höfuðborgarsvæðisins myndi skapa fjölmörg vandamál, sem hamla myndi starfseminni á mörgum sviðum. Í besta falli myndi hún kalla á stóraukinn viðbótarkostnað við reksturinn vegna ferða starfsmanna til höfuðborgarsvæðisins og ferðalaga stjórnarmanna og viðskiptavina til aðalstöðva stofnunarinnar".

Í svari um Schengen-upplýsingakerfið kemur fram að ákveðið hafi verið að setja það upp hjá Skráningarstofunni þar sem þegar er rekin umfangsmikil opinber tölvuþjónusta, m.a. tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins. Fram kemur í svarinu að miklar kröfur séu gerðar um aðbúnað, öryggi og tæknilega virkni kerfisins, eða 99,7% á ársgrundvelli. Að auki segir að allir þjónustuaðilar sem seldu hug- og vélbúnað séu staðsettir í Reykjavík. Aðildarríkjum Schengen-samningsins er skylt að stofna svokallaða SIRENE-skrifstofu sem annast alla lögreglusamvinnu er tengist rekstri Schengen-upplýsingakerfisins og hefur sú starfsemi verið sett upp í tengslum við alþjóðaskrifstofu ríkislögreglustjóra. Auk fyrrgreindra ástæðna um flókinn tæknibúnað er einnig nefnt að alþjóðleg lögreglusamvinna sé mjög sérhæfð starfsemi.

Ekki er talið á færi allra lögreglumanna að sinna henni auk þess sem krafa er gerð um mjög góða málakunnáttu í nokkrum Evrópumálum. Því sé vafasamt að nægjanlega margir hæfir lögreglumenn fengjust til starfa ef skrifstofan væri staðsett utan Reykjavíkursvæðisins.

Félagsmálaráðuneyti gerir nákvæma grein fyrir fjölda starfa sem eru á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Þar kemur fram að 66 ný eða flutt störf hafa orðið til á landsbyggðinni og að 20 störf að auki hafa orðið til vegna tímabundinna samninga um móttöku flóttamanna. Til viðbótar hefur frekari aukning starfa á landsbyggðinni nú þegar verið ákveðin sem nemur fimm stöðugildum sem kemur til framkvæmda á árinu 2001. Að auki er tilgreint að störf hafi skapast vegna tilflutnings verkefna. Ný störf stofnana ráðuneytisins eru hjá Barnaverndarstofu, Íbúðalánasjóði, Jafnréttisstofu, Móttöku flóttamanna, Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum, Svæðisvinnumiðlanir og vegna samninga við ýmsa aðila. Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum er meðal annars ætlað að vinna með sveitarstjórnum að eflingu þjónustu fyrir erlenda ríkisborgara og auðvelda aðlögun erlends fólks að íslensku þjóðfélagi. Gert er ráð fyrir tveimur stöðugildum í upphafi. Jafnréttisstofu er ætlað að sinna margvíslegum verkefnum á sviði jafnréttismála og er gert ráð fyrir að starfsmenn verði sex. Hluti af starfsemi Íbúðalánasjóðs hefur verið fluttur til Sauðárkróks og er þar um að ræða starfsemi á sviði innheimtu, vörslu skuldabréfa og almenna ráðgjöf varðandi stöðu lána og innheimtu. Starfsmenn eru 13 í 11 stöðugildum. Þá hefur í kjölfar útboðs Ríkiskaupa verið gerður samningur við nýtt fyrirtæki á Sauðárkróki um þjónustu á sviði greiðslumiðlunar og þjónustu nýs innheimtu-, skuldabréfa- og bókhaldskerfis. Útboðið kveður á engan hátt á um að starfsemin skuli vera á landsbyggðinni, en þrír af þeim aðilum sem standa að tilboðinu eru staðsettir þar en hinir tveir á Akureyri og í Reykjavík.

Vinnueftirlit ríkisins hefur verið með starfsstöðvar á landsbyggðinni og nýlega hefur starfsemi á sviði endurnýjunar vinnuvélaréttinda og skráning tilkynntra vinnuslysa verið flutt frá aðalskrifstofu til umdæmisskrifstofa. Stöðugildi hjá Vinnumálastofnun eru 64 og af þeim er 21 hjá umdæmum utan höfuðborgarsvæðisins.

Unnið hefur verið að því að efla starfsemi Barnaverndarstofu á landsbyggðinni á undanförnum árum. Öll langtímameðferð fyrir börn og unglinga hefur verið flutt af höfuðborgarsvæðinu út á landsbyggðina og eru nú starfandi stofnanir á sex stöðum á landsbyggðinni. Framangreind breyting hefur falið í sér flutning á 40 störfum og nú starfa 60 manns af um 90 manna starfsliði á vegum stofunnar á landsbyggðinni.

Í samræmi við breytingu á lögum um málefni fatlaðra hefur félagsmálaráðherra unnið að yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Stöðugildi í málaflokknum eru um 834 og af þeim eru 503 utan Reykjavíkur og þar af 323 utan Reykjavíkur og Reykjaness. Talsverð uppbygging hefur átt sér stað á landsbyggðinni og sambýli verið byggð upp á Akureyri, Akranesi og á Höfn í Hornafirði.

Svæðisvinnumiðlanir eru nú starfræktar á átta stöðum á landinu. Við svæðisvinnumiðlun starfa að jafnaði þrír starfsmenn, en fleiri í Reykjavík og á Akureyri. Framlög hafa verið aukin til þessa málaflokks og þjónusta hjá skrifstofunum jafnhliða efld. Á árinu 2000 hafa verið opnuð útibú á Sauðárkróki og á Húsavík með samtals 1,5 stöðugildum. Að auki er gert ráð fyrir stofnun útibús í Vestmannaeyjum með einum starfsmanni í 100% starfi.

Félagsmálaráðuneyti gerði einnig þriggja ára samning við Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra um ráðningu jafnréttisráðgjafa á starfssvæði félagsins.

Félagsmálaráðuneyti hefur á undanförnum árum gert samninga við sjö sveitarfélög um móttöku á erlendum flóttamönnum og varið til þess samtals um 175 millj. kr. sem runnið hafa til sveitarfélaga svo hægt verði að mæta aukinni þjónustuþörf í kjölfarið.

Fjármálaráðuneyti gerir grein fyrir störfum sem verða á vegum Fasteignamats ríkisins og

Landskrár fasteigna á Akureyri og hugmyndum um síma- og fjarskiptamál Stjórnarráðsins. Gert er ráð fyrir að starfsmönnum á umboðsskrifstofu Fasteignamats á Akureyri fjölgi um fimm til sjö og að þrjú til fjögur þeirra starfa verði til fyrir árslok 2000, meðal annars vegna þess að efla þarf tölvudeild Fasteignamats ríkisins. Landskrá fasteigna mun meðal annars hafa að geyma upplýsingar um fasteignir, þinglýsingar og húsaskrá Hagstofu Íslands. Áformað er að þjónusta við upplýsingagjöf úr skránni í síma verði fyrsti þjónustuþátturinn sem flyst til Akureyrar. Unnið hefur verið að úttekt á síma- og fjarskiptamálum Stjórnarráðsins í þeim tilgangi að móta framtíðarstefnu um þau. Þetta er talið verkefni sem hægt er að staðsetja hvar sem er og er reiknað með að hægt verði að veita aukna þjónustu með þessu móti.

Forsætisráðuneyti gerir grein fyrir nýju starfi forstöðumanns byggðaþróunarmála sem stofnað var til hjá Þjóðhagsstofnun í Reykjavík í ársbyrjun 1999. Á verksviði forstöðumanns er að efla þátt byggðaþróunarmála hjá stofnuninni, fylgjast með þróun byggðar og taka þátt í ýmsum verkefnum sem tengjast byggðamálum. Í svari ráðuneytisins er gerð grein fyrir verkefnum forstöðumanns og einnig niðurstöðum skýrslu um stöðu kvenna á landsbyggðinni. Forsætisráðuneyti upplýsir einnig að verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið hafi skilað forsætisráðuneyti tillögum um fjárveitingar til verkefna á sviði upplýsingasamfélagsins eftir ráðuneytum. Það er mat ráðuneytisins að mörg verkefnanna geti auðveldað íbúum landsbyggðarinnar að afla upplýsinga og hafa samskipti við stjórnsýsluna.

Forsætisráðuneyti upplýsir í svari með beiðni um viðbótarupplýsingar að á vegum ráðuneytisins og undirstofnana þess hafi verið ráðið í ný störf við Þjóðmenningarhús og hjá óbyggðanefnd og eru það störf sem eru í Reykjavík. Ekki er tilgreindur fjöldi starfa. Staðsetning starfa við Þjóðmenningarhús ræðst af staðsetningu hússins sem er við Hverfisgötu í Reykjavík. Staðsetning vinnu fyrir óbyggðanefnd er skýrð með því að aðal- og varamenn í nefndinni eru allir búsettir á höfuðborgarsvæðinu, aðilar að málflutningi séu margir staðsettir þar og að aðrir aðilar sem koma að málflutningi komi úr öllum héruðum og því verði að telja höfuðborgina ákjósanlega staðsetningu fyrir þá. Loks er einnig tilgreint að flest þeirra gagna sem nefndin byggir á í starfi sínu er að finna í Þjóðskjalasafni.

Heilbrigðisráðuneyti greinir ekki frá fjölda starfa sem hafi orðið til í svarbréfi sínu, en segir frá samningum um reynslusveitarfélög. Ráðuneytið gerir einnig grein fyrir því að Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri sé ætlað að verða miðstöð sérfræðilækninga á landsbyggðinni og áformum um aðalstöðvar sjúkraflugs á Akureyri.

Heilbrigðisráðuneyti upplýsir í svarbréfi með ósk um viðbótarupplýsingar um framkvæmd byggðaáætlunar að ekki hafi verið tekið saman yfirlit yfir þróun nýrra starfa hjá stofnunum ráðuneytisins. Slíkt sé hins vegar hægt ef eftir því verði óskað en að það taki nokkurn tíma. Í svarinu er sagt að staðsetning stofnana taki mið af fjölmörgum þáttum, svo sem þörf fyrir samskipti við aðrar stofnanir og sérfræðinga og að staðsetning miðist við að vera sem næst þeim sem á að þjóna. Lyfjastofnun er eina stofnun ráðuneytisins sem hefur orðið til frá því ályktun um stefnu í byggðamálum var samþykkt. Tilgreint er að stofnunin hafi verið staðsett á höfuðborgarsvæðinu vegna þess að mikil þörf sé á ráðgjöf sérfræðinga sem starfa við stofnanir á höfuðborgarsvæðinu og að stærstur hluti verkefna hennar sé þar.

Iðnaðarráðuneyti gerir grein fyrir flutningi höfuðstöðva Byggðastofnunar á Sauðárkrók en flutningurinn mun eiga sér stað á fyrri hluta ársins 2001. Þegar ákvörðun var tekin um flutning Byggðastofnunar störfuðu þar 15 manns. Ráðuneytið gerir einnig grein fyrir viðræðum milli fulltrúa ríkisins og Akureyrarbæjar um hugsanlega sameiningu Rariks og Norðurorku með aðsetur á Akureyri.

Rarik upplýsir að við hagræðingu á undanförnum árum hafi einkum orðið fækkun í Reykjavík og hlutur landsbyggðarinnar vaxið að sama skapi. Orkustofnun greinir frá því að

fyrirtækið starfrækir lítið útibú á Egilsstöðum vegna vatnamælinga og er þar einn starfsmaður. Rannsóknasvið stofnunarinnar er rekið í sambýli við Háskólann á Akureyri og eru starfsmenn þar tveir. Stefnt er að því að efla útibú á Akureyri og Egilsstöðum og telur stofnunin að störfum gæti fjölgað úr 3,5 í 10 á næstu árum. Orkustofnun hefur einnig flutt kjarna- og bergsýnasafn sitt til Akureyrar. Stofnunin hefur lagt niður landmælingadeild og fært starfsemi hennar til Landmælinga Íslands á Akranesi. Í svarbréfi stofnunarinnar um viðbótarupplýsingar kemur fram að við útibú á Akureyri starfa tveir og að föstum starfsmönnum í Reykjavík hafi fækkað að sama skapi og að eitt starf sé á Egilsstöðum.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti fékk ráðgjafarfyrirtæki til að gera athugun á öllum stofnunum sem starfa á sviði ráðuneytanna til að kanna hagkvæmni þess að flytja starfsemi sem unnin er á þeirra vegum út á land. Niðurstöður þessarar vinnu verða notaðar við gerð nýrra samninga um árangursstjórnun við stofnanir ráðuneytanna. Þá er einnig gerð grein fyrir vinnu við athugun á að nýta möguleika upplýsingatækni til að skapa störf við fjarvinnslu.

Í svari frá Einkaleyfastofu kemur fram að ekki hafi orðið til störf á landsbyggðinni á vegum stofunnar. Einkaleyfastofa hefur gert ráðuneytinu grein fyrir athugun á möguleikum í þessum efnum. Fjármálaeftirlitið tók til starfa í ársbyrjun 1999 og eru fastráðnir starfsmenn 25. Fram kemur í svarbréfi stofnunarinnar að einsýnt hafi þótt að staðsetja stofnunina á höfuðborgarsvæðinu vegna þeirra verkefna sem hún innir af hendi. PricewaterhouseCoopers ehf. vinnur að könnun á flutningi verkefna eða stofnana sem heyra undir iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti. Fyrirtækið hefur aflað gagna hjá Fjármálaeftirlitinu, en samkvæmt svarbréfi stofnunarinnar liggur niðurstaða ekki fyrir. Löggildingarstofa gerir grein fyrir starfsemi stofunnar og helstu verkefnum. Löggildingarstofa hóf starfsemi 1997 og á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á að skilgreina og skerpa hlutverk hennar sem stjórnsýslustofnunar, meðal annars með því að færa tiltekna verkþætti til hæfra óháðra aðila. Þessar stofur sinna þjónustustarfsemi um allt land, en þær eru allar staðsettar á suðvesturhorni landsins. Á síðasta ári var hafin rekstur útibús einnar skoðunarstöðvar á Egilsstöðum með einum starfsmanni og hefur Löggildingarstofa stutt þessa starfsemi með því að beina verkefnum til Austurlands. Samkeppnisstofnun gerir grein fyrir að ráðið hafi verið í eitt stöðugildi frá því byggðaáætlun tók gildi og að öll störf á vegum stofnunarinnar séu í Reykjavík.

Landbúnaðarráðuneyti segir frá flutningi Lánasjóðs og Framleiðnisjóðs á landsbyggð en ekki eru tilgreindar breytingar á fjölda starfa á landsbyggð og í Reykjavík. Í svari frá Skógrækt ríkisins kemur fram að starfsmönnum Skógræktarinnar hefur fækkað um fjóra á tímabili áætlunarinnar. Verkefni hafa hins vegar verið færð til landshlutabundinna skógræktarverkefna og að þar ætti að vera um umtalsverða aukningu að ræða. Garðyrkjuskóli ríkisins er starfræktur að Reykjum í Ölfusi og eru öll störf á hans vegum á landsbyggðinni. Fram kemur í svari skólans að ráðið hafi verið í tæplega þrjú ný stöðugildi á tímabili byggðaáætlunarinnar, en jafnframt að aðrar mannabreytingar hafi orðið þar sem nokkur störf hafi verið lögð niður á tímabilinu og önnur störf, áður ómönnuð, hafi verið mönnuð. Hins vegar eru þær starfsmannabreytingar ekki tilgreindar í svarinu þar sem einungis hafi verið spurt um ný störf. Í svarbréfi Hagþjónustu landbúnaðarins kemur fram að alls hafi verið stofnað til um hálfs stöðugildis frá því í mars 1999 og aðsetur þeirra starfa sé á Hvanneyri. Rök fyrir staðsetningu þar eru að nauðsynleg sérþekking er til staðar, um er að ræða eina af undirstofnunum ráðuneytisins, verkefni samræmast ákvæðum í lögum um hlutverk stofnunarinnar og að stofnunin hefur notið jákvæðrar umsagnar hvað varðar vinnslu skyldra verkefna á undanförnum árum. Í svarbréfi Landgræðslu ríkisins kemur fram að hjá stofnuninni eru 60–80 starfsmenn eftir árstíðum. Langflestir eru í Gunnarsholti á Rangárvöllum, en þar eru höfuðstöðvar og helstu þjónustusvið stofnunarinnar. Að auki eru starfrækt héraðssetur með sex starfsmönnum, nema

í héraðssetri í Reykjavík þar sem starfsmenn eru fjórir. Tilgreind eru sjö ný störf á tímabilinu og eru þau í Gunnarsholti utan tvö sem eru í Reykjavík og Skútustaðahreppi. Tilgreind rök eru að stofnunin sé landsbyggðarstofnun með höfuðstöðvar í Gunnarsholti og að æskilegt sé að þessi störf séu í tengslum við aðra starfsemi þar. Veiðimálastofnun greinir frá því í svarbréfi að störf á hennar vegum verði til og hverfi ýmist í landsbyggðardeildum og í Reykjavík allt eftir umfangi verkefna á hverjum stað og að þar ráði mestu hagkvæmni og möguleikar á að ráða sérhæft vinnuafl. Stofnunin greinir frá því að hún fær um þriðjung af rekstrartekjum af fjárlögum, en að annað rekstrarfé sé sjálfsaflafé vegna rannsóknarstyrkja og útseldra þjónustuverkefna. Stofnunin segir það stefnu sína og landbúnaðarráðuneytis að efla landsbyggðardeildir.

Menntamálaráðuneyti gerir fyrst og fremst grein fyrir flutningi upplýsinga á netið sem hægt verði að vinna óháð staðsetningu. Nefnd eru verkefni við svokallaða lýsigagnaskráningu, sameiginlegt bókasafnskerfi, þjónusta LÍN og útgáfa námsefnis á rafrænu formi. Þessi atriði munu stuðla að aðgengi atvinnu óháð búsetu. Þá er og fjallað um skráningu á efni safna á landsbyggðinni og skráningu gagna fyrir Þjóðminjasafn á Húsavík. Fjallað er um fjölmörg verkefni sem eru unnin í tengslum við aðila á landsbyggðinni, meðal annars aukið menningarstarf, rekstur Gunnarsstofnunar og Snorrastofu. Breytingar á störfum milli námsára og anna eru mjög miklar og taka meðal annars mið af nemendafjölda. Þá er bent á að upplýsingar um magntölur sé helst að finna í verkefnavísum sem fylgja fjárlagafrumvarpi ár hvert.

Í svörum HÍ og HA er ekki að finna upplýsingar um breytingar á fjölda stöðugilda, en fyrst og fremst fjallað um verkefni. Útvarp gerir ekki grein fyrir fjölda stöðugilda, en fram kemur að gerðir hafa verið samningar við aðila á Suður- og Vesturlandi um þjónustu fyrir Ríkisútvarpið. Sjónvarp hefur einnig aukið þjónustu með samningum við verktaka, en ekki eru upplýsingar um breytingar á starfsmannafjölda í höfuðstöðvum.

Í svari samgönguráðuneytis kemur fram að erindi var beint til undirstofnana ráðuneytisins og að unnið hafi verið að útfærslu nokkurra hugmynda í framhaldinu. Hins vegar eru ekki tölur um fjölda starfa. Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að unnið hafi verið að tillögugerð um hvernig efla megi starfsemi Vegagerðarinnar á landsbyggðinni. Vegagerðin telur að þetta sé þróunarverkefni sem muni standa í nokkur ár og leggur auk þess áherslu á aukin innkaup þjónustu af einstaklingum og fyrirtækjum á landsbyggðinni.

Sjávarútvegsráðuneyti gerir grein fyrir starfsemi þriggja stofnana sem heyra undir ráðuneytið, en þær eru Hafrannsóknastofnun, Fiskistofa og Rannsóknastofa fiskiðnaðarins. Hafrannsóknastofnun er með útibú á sex stöðum á landsbyggðinni, þ.e. Grindavík, Ólafsvík, Ísafirði, Akureyri, Höfn og Vestmannaeyjum. Sótt hefur verið um viðbótarfjármagn til að fjölga starfsmönnum á Ísafirði og í Ólafsvík og einnig er fyrirhuguð stækkun á stöð við Grindavík. Fiskistofa er með fasta starfsmenn við landamæra- og veiðieftirlit á Akureyri og hefur auglýst eftir starfsmanni til að sinna sams konar störfum á Ísafirði. Þá er einn af eftirlitsmönnum með fullvinnsluskipum staðsettur á Norðurlandi. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er með fjögur útibú á landsbyggðinni, en þau eru á Ísafirði, á Akureyri, í Neskaupstað og í Vestmannaeyjum. Fram kemur að lagt hefur verið í verulegar endurbætur á útibúunum til þess að þau fái faggildingu samkvæmt Evrópustaðli.

Í svarbréfi ráðuneytisins við beiðni um viðbótarupplýsingar kemur fram að starfsmönnum Hafrannsóknastofnunar hefur ekki fjölgað frá 1999 og að starfsmönnum við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur fækkað úr 71 í 66. Sú fækkun hefur öll orðið í Reykjavík. Föstum ársverkum hjá Fiskistofu hefur fjölgað um fimm og eru það störf eftirlitsmanna og eru þeir búsettir á Suðurnesjum og Eyrarbakka. Ráðuneytið tilgreinir einnig Verðlagsstofu skiptaverðs sem er á Akureyri, en þar starfa tveir. Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

heyrir undir ráðuneytið og starfa þar tólf starfsmenn, sem er óbreyttur starfsmannafjöldi frá því mars 1999. Ekki er um ný störf að ræða í ráðuneytinu sjálfu á þessu tímabili.

Umhverfisráðuneyti segir frá því að PAME, sem er skrifstofa Norðurlandaráðs um vernd gegn mengun hafsins á norðurslóðum, hafi verið opnuð á Akureyri á árinu 1999. Fyrir var starfandi CAFF-skrifstofa Norðurlandaráðs sem fjallar um vernd lífríkis á norðurslóðum. Samtals eru fjórir starfsmenn á þessum tveimur skrifstofum. Landmælingar Íslands hófu starfsemi á Akranesi á árinu 1999 og þar eru 33 starfsmenn. Umhverfisráðherra ákvað á árinu 2000 að staðsetja fjarkönnunarstofu á Akranesi og er einn sérfræðingur starfandi þar. Í svari ráðuneytisins kemur einnig fram að komið hefur verið á fót náttúrustofum í einstökum kjördæmum og er rekstur þeirra styrktur af ríkinu. Einnig er gerð grein fyrir verkefnum t.d. vegna ofanflóðasjóðs.

Utanríkisráðuneyti gerir ekki grein fyrir þessum lið sérstaklega en vísað er til umfjöllunar samkvæmt lið 5.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hefur kannað áhuga hjá einkafyrirtækjum og opinberum stofnunum á Vestfjörðum fyrir flutningi starfa. Áhugi er víða fyrir hendi en fjárhagslegt svigrúm er lítið. Málið virðist auðveldara í framkvæmd hjá einkafyrirtækjum.

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands hf. greinir frá því að Aflfræðistofa Háskóla Íslands hafi verið flutt til Selfoss og er gert ráð fyrir að við stofuna starfi 10–12 vísindamenn og að aðstaða verði fyrir fimm vísindamenn til tímabundinna rannsókna. Þá er einnig nefnt að Lánasjóður landbúnaðarins hafi flutt starfsemi sína til Selfoss og eru starfsmenn átta. Þá eru einnig tilgreind verkefni sem eru í athugun, annars vegar um flutning á starfsemi frá Innheimtustofnun sveitarfélaga í Rangárvallasýslu og um kaup aðila í Rangárvallasýslu á þeim hluta tölvudeildar BÍ sem snýr að þjónustu við bændur.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	0
Félagsmálaráðuneyti	66
Fjármálaráðuneyti	4
Forsætisráðuneyti	0
Heilbrigðisráðuneyti	*
Iðnaðarráðuneyti	13–18
Landbúnaðarráðuneyti	4
Menntamálaráðuneyti	*
Samgönguráðuneyti	*
Sjávarútvegsráðuneyti	5
Umhverfisráðuneyti	37
Utanríkisráðuneyti	0

Samantekinn fjöldi nýrra starfa á landsbyggðinni sem tilgreind eru í svörum ráðuneyta (* = fjöldi starfa ekki tilgreindur).

7. Nýjum stóriðjuverkefnum verði fundinn staður utan athafnasvæða höfuðborgarinnar og þannig stuðlað að varanlegri fólksfjölgun og fjölbreyttara framboði atvinnutækifæra þar. Lögð verði áhersla á að staðsetja ný stóriðjuverkefni sem víðast á landinu og þeim valinn staður með tilliti til orkuþarfa þannig að bæði sé um að ræða orkufreka stóriðju í nálægð við meginorkuöflunarsvæði hennar og önnur iðjuver sem ekki eru eins orkufrek utan þeirra svæða. Umhverfissjónarmiða verði gætt í hvívetna.

   Staðarvalsrannsóknir verði auknar og markvisst unnið að skipulagsmálum og umhverfisathugunum á þeim stöðum sem helst þykja koma til greina fyrir meðalstór og

stærri atvinnufyrirtæki. Til að treysta framgang þessara áforma og til að stuðla að þátttöku erlendra fjárfesta í þeim verði nauðsynlegt fé veitt til undirbúningsstarfa.

Framkvæmd.

Mat Byggðastofnunar: Byggðastofnun tók þátt í mati á félagslegum þáttum varðandi byggingu álvers við Reyðarfjörð. Þá hefur stofnunin tekið til afgreiðslu þau erindi sem til hennar hefur verið beint og varða önnur áform um orkuöflunarsvæði og orkufrekan iðnað.

Mat annarra aðila: Í svari iðnaðarráðuneytis kemur fram að unnið er að samningum um byggingu álvers við Reyðarfjörð í samræmi við yfirlýsingu sem undirrituð var af aðilum 24. maí 2000. Þá standa yfir viðræður við Norðurál um stækkun álversins á Grundartanga.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hefur í samvinnu við aðra aðila unnið að kynningu á Vestfjörðum sem fjárfestingarkosti fyrir erlenda aðila og að mati á virkjunarkostum á svæðinu. Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra tilgreinir að það hafi komið að verkefnum sem miða að því að fá erlenda fjárfesta inn á svæðið. Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar greinir frá mikilli forvinnu í staðarvalsrannsóknum sem lengi hefur staðið yfir, en kalli á stöðuga endurnýjun upplýsinga. Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga greinir frá rannsóknum á háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum og að stofnuð hafi verið tvö félög um nýtingu orkunnar. Meðal hluthafa eru orkufyrirtæki á Húsavík og Akureyri, sveitarfélög á svæðinu, Landsvirkjun og fleiri aðilar. Atvinnuþróunarfélagið er að fara af stað með samstarfsverkefni með Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar um samræmdan gagnagrunn fyrir iðnaðarsvæði á Norðausturlandi.

Þróunarstofa Austurlands nefnir verkefni varðandi hagnýtingu zeólíta, en það er samstarfsverkefni með Vopnafjarðarhreppi og jarðfræðistofunni Ekru. Þá er einnig fjallað um fjárfestingarvef Austurlands, en unnið er að gerð heimasíðu sem kynnir Austurland sem áhugavert svæði til fjárfestingar, í samvinnu við Rarik og Fjárfestingarstofu Austurlands. Þá stendur einnig yfir víðtækt kynningarátak á kostum Austurlands á vegum Þróunarstofunnar, Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Markaðsstofu Austurlands, Markaðsráðs Suðausturlands og Ferðamálasamtaka Austurlands.

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands hefur í samstarfi við ýmsa aðila kynnt stóriðjukosti á Suðurlandi og er nýlegt dæmi hugmynd um áloxíðframleiðslu í Þorlákshöfn. Þá er sjóðurinn ásamt Fjárfestingarstofunni að aðstoða Sunnlenska orku ehf. við leit að fjárfestum, en félagið hyggur á byggingu orkuvers í nágrenni við Hveragerði. Markaðs- og atvinnumálaskrifstofa Reykjanesbæjar hefur komið að undirbúningi magnesíumverksmiðju á háhitasvæðinu á Reykjanesi.

8. Fram fari greining á möguleikum einstakra landshluta, meðal annars með tilliti til auðlindanýtingar, iðnaðar- og verslunar, fiskveiða og -vinnslu, samgangna og þjónustustarfsemi. Opinberar aðgerðir miðist við að nýta styrkleika hvers svæðis til atvinnusköpunar. Nýjar lausnir í upplýsingatækni verði nýttar til að skapa störf í hátæknigreinum án tillits til búsetu.

Framkvæmd.

Mat Byggðastofnunar: Byggðastofnun vinnur að styrkleikagreiningu einstakra svæða á öllu landinu. Notuð er svonefnd SVÓT-greining, þar sem metinn er styrkleiki, veikleiki, ógnanir og tækifæri. Haft hefur verið samband við fjölmarga aðila við gerð skýrslunnar og hafa þeir lagt henni til efni og gert athugasemdir við einstaka efnisliði greiningarinnar. Þá hafa verið fengnir sérfræðingar til að semja inngangskafla um einstaka málaflokka sem fjallað er um. Skýrslan getur orðið mikilvægur grundvöllur aðgerða á sviði byggðamála.

Mat annarra aðila: Forsætisráðuneyti upplýsir að verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið hafi staðið fyrir ýmsum ráðstefnum og samráðsfundum, m.a. málþingi um breiðbandsvæðingu og fjarskiptakerfi í strjálbýli í Svíþjóð. Verkefnisstjórnin lét einnig ásamt öðrum taka saman skýrsluna „Stafrænt Ísland – skýrsla um bandbreiddarmál". Þar er kortlögð flutningsgeta fjarskiptakerfisins og greind bandbreiddarþörf fyrir stafræna flutninga, en þetta eru taldar helstu forsendur þess að hægt sé að stunda fjarvinnslu á landsbyggðinni á næstu árum. Ráðuneytið fjallar einnig um skýrsluna „Nýsköpun í gagna- og fjarvinnslu á landsbyggðinni", sem unnin var á vegum ráðuneytisins, Byggðastofnunar og Iðntæknistofnunar. Skýrslan er forathugun á þeim verkefnum sem talið er að komi til greina að vinna í fjarvinnslu.

Heilbrigðisráðuneyti greinir frá stefnumótun í upplýsingamálum heilbrigðiskerfisins, en þar er meðal annars mörkuð stefna varðandi fjarlækningar. Þá er einnig fjallað um víðtækt tilraunaverkefni á Norðurlandi innan ramma heilbrigðisnetsins. Einnig er sagt frá upplýsingamiðstöð á heilbrigðissviði en til greina kemur að staðsetja einhverja hluta hennar utan höfuðborgarsvæðisins.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hefur unnið að greiningu á fjárfestingarkostum svæðisins og að mótun atvinnustefnu með sveitarfélögum. Félagið hefur einnig lagt fram vinnu við greiningu Byggðastofnunar. Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra greinir frá því að safnað hafi verið upplýsingum um styrkleika og veikleika einstakra staða á starfssvæðinu. Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar greinir frá vinnu við SVÓT-verkefni Byggðastofnunar. Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands greinir frá stefnumótunarverkefnum sem sjóðurinn hefur tekið þátt í, meðal annars með sveitarfélögum, Byggðastofnun og fyrirhugaðri styrkleikagreiningu atvinnulífs á Suðurlandi sem unnin verður með Fjárfestingastofu Íslands.

II. Menntun, þekking, menning.

9. Menntun á landsbyggðinni verði stórefld, sérstaklega hvað varðar verklegar greinar tengdar atvinnulífinu og tölvunám. Jafnframt verði bætt skilyrði þess fólks sem sækja verður nám utan heimabyggðar sinnar. Námsráðgjöf verði aukin. Komið verði á samstarfi atvinnulífs og skóla á landsbyggðinni um endur- og símenntun og stuðlað að því að allir eigi tækifæri á að afla sér nýrrar þekkingar, meðal annars í samræmi við breytingar í atvinnuháttum. Möguleikar fjarkennslu verði að fullu nýttir.

   Menntun á háskólastigi verði tekin upp þar sem kostur er, meðal annars með samningum milli framhalds- og háskóla. Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands hafi á boðstólum fjölþættar námsgreinar sem taki mið af þörfum atvinnulífsins, þar með talið í ferðaþjónustu. Enn fremur verði rannsóknir efldar er stuðli að nauðsynlegri fjölgun háskóla- og sérskólamenntaðs fólks í fyrirtækjum, meðal annars með stofnun atvinnudeildar við Háskólann á Akureyri. Tekin verði upp kennsla á háskólastigi í byggðamálum með stofnun sérstakrar námsbrautar eða sem hluti af kennslu við námsbraut sem fyrir er. Á Austurlandi og Vestfjörðum verði nám á háskólastigi í boði svo fljótt sem verða má.

Framkvæmd.

Mat Byggðastofnunar: Mikilvægur árangur hefur náðst varðandi jöfnun námskostnaðar. Unnið er samkvæmt áætlun um að framlög til jöfnunar námskostnaðar verði tvöfölduð á þriggja ára tímabili frá 1999 til 2001.

Símenntunarmiðstöðvar og háskólar hafa með höndum umfangsmikla fjarkennslu, sem að miklu leyti fer fram um byggðabrúna. Atvinnuþróunarfélögin eru ýmist beinir eða óbeinir þátttakendur í þessum verkefnum, og Byggðastofnun veitir aðstoð við skipulag og samninga

við Landssímann. Byggðastofnun tekur þátt í samstarfsverkefnum með símenntunarmiðstöðvum og skólastofnunum til eflingar menntun á landsbyggðinni. Á fjárlögum 2001 eru fjárveitingar til þess að opna kennslustöðvar á Ísafirði og Egilsstöðum, og Byggðarannsóknastofnun hefur verið sett á stofn á Akureyri. Háskóli Íslands og fjölmargar rannsóknastofnanir hafa rannsóknaraðstöðu víða um land. Stefnt er að því að tengja þessa starfsemi við byggða- og atvinnuþróunarstarf atvinnuþróunarfélaganna með stofnsetningu þróunarsetra.

Í heild verður að telja að unnið hafi verið með skipulegum hætti að framkvæmd einstakra atriða sem tilgreind eru undir þessum lið, þó að vissulega séu fjölmörg atriði á sviði menntunar og fjarkennslu sem þarf að efla verulega.

Mat annarra aðila: Forsætisráðuneytið gerir grein fyrir þróunarverkefni um íslenska upplýsingasamfélagið, sem meðal annars hefur gert tillögur um hvernig byggja megi upp menntun og færni í notkun upplýsingatækni til fjarnáms og fjarvinnslu og tryggja aðgengi almennings að upplýsingakerfum opinberra aðila.

Iðnaðarráðuneyti segir frá samningi ráðuneytisins, Byggðastofnunar og Háskólans á Akureyri um stofnun Byggðarannsóknastofnunar Íslands.

Landbúnaðarráðuneyti greinir frá því að ný lög um búnaðarfræðslu hafi treyst grunn undir búnaðarnám sem fram fer í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, við Hólaskóla og Garðyrkjuskóla ríkisins.

Menntamálaráðuneyti greinir frá uppbyggingu framhaldsskóla á landsbyggðinni, meðal annars Verkmenntaskólans á Akureyri, og framhaldsskólanna á Suðurnesjum, Selfossi og Akranesi. Settar hafa verið upp tréiðnaðardeildir við skólana á Sauðárkróki og Ísafirði. Landsbyggðarskólarnir hafa einnig verið virkir í þróunarverkefni í upplýsingatækni. Þá er einnig greint frá því að reiknilíkani sem metur framlög til skóla hefur verið breytt og kemur það nú betur til móts við þarfir fámennra skóla á landsbyggðinni. Framlög til almennrar stoðþjónustu hafa verið aukin og er talið að það muni gefa framhaldsskólum aukið svigrúm til námsráðgjafar.

Menntamálaráðuneyti gerir grein fyrir samvinnu við sveitarstjórn Grundarfjarðar, Verkmenntaskólann á Akureyri og Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi um tilraunaverkefni í fjarkennslu. Markmið námsins er að nemendur geti stundað sem mest af náminu í heimabyggð og er nefnt sem dæmi að Kennaraháskóli Íslands og Viðskiptaháskólinn á Bifröst skipuleggja námsbrautir sínar þannig að nemar koma í skólana í tímabundnum lotum en geta stundað fjarnám að öðru leyti.

Menntamálaráðuneyti gerir grein fyrir því að stofnaðar hafa verið símenntunarmiðstöðvar í öllum landshlutum og eru þær nú átta talsins. Hlutverk þeirra er að auka framboð á símenntun á öllum skólastigum, auðvelda fólki aðgang að upplýsingum og ráðgjöf um menntun og efla endurmenntun. Símenntunarmiðstöðvar hafa að hluta tekið að sér hlutverk framhaldsskóla gagnvart háskólum, en þessi skólastig vinna saman í starfi símenntunarmiðstöðva. Símenntunarmiðstöðvar fá árlega framlög frá menntamálaráðuneyti. Á árinu 2001 fá símenntunarmiðstöðvar 60 millj. kr.

Menntamálaráðherra hefur skipað nefnd um fjarskiptaþjónustu vegna fjarkennslu. Nefndinni er meðal annars ætlað að lýsa núverandi fjarskiptaþjónustu, gera yfirlit um þær menntastofnanir sem æskilegt væri að tengja saman með háhraðaneti, skilgreina tæknilegar kröfur sem gera þarf til fjarskiptakerfa vegna fjarkennslu, gera tillögu um hvernig eigi að stjórna fjarskiptakerfum vegna fjarkennslu og áætla kostnað vegna þeirra.

Menntamálaráðuneyti segir frá uppbyggingu námsbrautar í ferðamálafræðum í Háskóla Íslands sem að hluta er kennd í fjarkennslu. Þá er einnig í boði BS-nám á ferðaþjónustusviði við Háskólann á Akureyri og við Hólaskóla er einnig kennd ferðamálafræði. Unnið er að

uppbyggingu rannsóknarhúss við Háskólann á Akureyri til að mæta þörfum skólans og þeirra sem vinna að rannsóknastarfsemi á Akureyri.

Varðandi námsbraut í byggðafræðum upplýsir menntamálaráðuneyti að með lögum frá 1997 hafi sjálfstæði háskóla verið aukið og að það sé ákvörðun skólanna sjálfra að meta hvort þeir setji upp nýjar námsbrautir. Einnig er sagt frá álitsgerð vinnuhóps um uppbyggingu náms í landsbyggðarlækningum/hjúkrun sem ráðuneytið hefur til umsagnar.

Símenntunarmiðstöðvar hafa boðið nám á háskólastigi í samvinnu við háskólana.

Í svari sjávarútvegsráðuneytis kemur fram að unnið er að stofnsetningu Matvælaseturs Háskólans á Akureyri sem á að bæta nýtingu rannsóknartækja og starfsumhverfi þess fólks sem vinnur að matvælarannsóknum á Akureyri og efla starfsemi matvælafyrirtækja á svæðinu.

Háskólinn á Akureyri gerir í svari sínu grein fyrir fjarkennslu sem tekin hefur verið upp á vegum skólans. Í svari skólans kemur fram að boðið er upp á áfanga í námi í hjúkrunarfræði á Egilsstöðum, Ísafirði og Reykjanesbæ, í leikskólakennaranámi á Egilsstöðum, Hornafirði og Sauðárkróki, í rekstrarfræði í Reykjanesbæ og í nútímafræði á Ísafirði. Reiknað er með að nemar geti lokið fullgildu háskólaprófi í sinni heimabyggð. Einnig kemur fram að háskólinn hefur fengið umtalsverðan fjárstuðning frá Byggðastofnun til þessa verkefnis.

Háskólinn á Akureyri hefur einnig komið á fót ferðaþjónustusviði við rekstrardeild skólans og brautskráðust fyrstu nemar vorið 2000. Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands hafa einnig í sameiningu komið upp Ferðamálasetri Íslands á Akureyri sem á að verða miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum.

Háskólinn á Akureyri hefur einnig gert tillögu um kennslustöðvar háskólanáms á Egilsstöðum og Ísafirði sem reknar yrðu á vegum skólans og er áætlaður kostnaður 62 millj. kr. á ári. Í svari skólans kemur fram að menntamálaráðherra hefur ekki tekið afstöðu til þessarar tillögu. Í greinargerð skólans er ítarlega gerð grein fyrir útfærslu þessara námsbrauta þar sem stefnt er að því að sameina kosti fjarnáms og staðbundins náms. Þá er einnig bent á mikilvægi byggðaþáttarins í því sambandi og vísað til rannsókna sem sýna að 80–90% útskrifaðra rekstrarfræðinga og hjúkrunarfræðinga frá Háskólanum á Akureyri starfa á landsbyggðinni. Samkvæmt rannsókninni er hlutfall útskrifaðra viðskipta- og hjúkrunarfræðinga frá Háskóla Íslands þannig að 80–90% útskrifaðra starfa á höfuðborgarsvæðinu.

Háskólinn á Akureyri gerir grein fyrir samningi skólans, iðnaðarráðuneytis og Byggðastofnunar frá 25. ágúst 2000 um Byggðarannsóknastofnun Íslands. Markmið stofnunarinnar er að treysta þekkingu á byggðamálum, einkum efnahags- og atvinnumálum, búsetu- og menningarþáttum, mennta- og heilbrigðismálum og samgöngum. Þá kemur fram í svari skólans að gerð hefur verið áætlun um rannsóknarhús þar sem saman færi kennsluaðstaða í ýmsum raungreinum og rannsóknaraðstaða fyrir stofnanir. Menntamálaráðherra hefur skipað undirbúningsnefnd um byggingu rannsóknarhúss og mun hún skila tillögum til ráðherra fljótlega.

Háskóli Íslands gerir ítarlega grein fyrir starfsemi sinni á landsbyggðinni. Sérstök verkefnisstjórn hefur verið rektor til ráðuneytis um þróun samstarfs við landsbyggðina. Starf skólans er fjölbreytt, en helstu áherslur eru annars vegar á fjarkennslu, en hins vegar á starfsemi rannsóknasetra skólans sem eru starfrækt á nokkrum stöðum á landsbyggðinni. Fjarnám er nú í boði á ýmsum sviðum, svo sem í uppeldis- og kennslufræðum, ferðamálafræðum, hagnýtri íslensku og fleiri greinum. Alls eru 50 nemar í fjarnámi á 17 stöðum. Rannsókna- og fræðasetur hafa verið á ýmsum stöðum á landinu t.d. í Sandgerði, í Vestmannaeyjum, á Selfossi, á Akureyri, Hornafirði, við Mývatn og á Kvískerjum í Öræfum.

Háskóli Íslands gerir einnig grein fyrir rannsóknar- og fræðsluverkefnum á landsbyggðinni. Þar er meðal annars fjallað um samstarf Líffræðistofnunar við aðila í Skagafirði, Þróun-

arsetur Vestfjarða, rannsóknir Félagsvísindastofnunar í byggðamálum, verkfræðirannsóknir, kennslu og rannsóknir tengdar heilsugæslu og eðlis- og jarðfræðirannsóknir.

Rannsóknarráð Íslands gerir grein fyrir að ráðið hafi leitast við að skipa fulltrúa af landsbyggðinni í fagráð og úthlutunarnefndir og að kynna starfsemi sína og samstarfsmöguleika fyrir landsbyggðinni. Rannís leggur hins vegar áherslu á að byggðasjónarmið eru ekki ein af forsendum við mat á umsóknum sem fjallað er um.

Atvinnuráðgjöf Vesturlands greinir frá því að félagið hafi komið að undirbúningi Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hefur tekið þátt í verkefnum á sviði menntamála, svo sem vegna símenntunarmiðstöðva og fjarkennslu. Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra gerir grein fyrir því að félagið hafi starfað mikið að uppbyggingu fjarkennslu og símenntunar á svæðinu og unnið að fjarvinnslumálum. Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar tilgreinir vinnu við viðskiptaáætlun um tölvufræðinám við Háskólann á Akureyri. Félagið hefur einnig styrkt símenntunarmiðstöð á Eyjafjarðarsvæðinu og hýsir starfsemi hennar. Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga greinir frá stofnsetningu Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga, en félagið hafði veg og vanda af stofnun miðstöðvarinnar. Þróunarstofa Austurlands hefur haft forustu meðal stofnana á Austurlandi um að byggja upp kennslusetur vegna óska Háskólans á Akureyri. Þróunarstofan hefur einnig staðið fyrir þremur málþingum og fleiri verkefnum sem tengjast menntamálum. Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands greinir frá stofnun Fræðslunets Suðurlands í svari sínu en það var stofnað á degi símenntunar þann 28. ágúst 1999. Fram kemur að gerður hefur verið samningur milli Fræðslunets Suðurlands og Háskólans á Akureyri um að Fræðslunetið annist fjarkennsluþjónustu og er meðal annars verið að undirbúa kennslu í hjúkrunarfræðum og í leikskólafræðum. Þá er einnig fjallað um verkefni fyrir rekstrarfræðinema Samvinnuháskólans og námskeið Impru og sjóðsins, svo og ýmis önnur námskeið sem sjóðurinn hefur komið að. MOA hefur unnið náið með Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum að því að efla tengsl atvinnulífs skóla og að uppbyggingu fjarkennslu á háskólastigi. MOA hefur einnig verið þátttakandi í Leonardo da Vinci áætlun Evrópusambandsins ásamt Fjölbrautaskóla Suðurnesja og í undirbúningi eru önnur samstarfsverkefni, meðal annars í samvinnu við Norðurlandaþjóðir og Eistlendinga.

10. Auknu fé verði varið til hvers konar menningarstarfsemi. Menningararfur verði varðveittur innan héraðs eftir því sem tök eru á og verði sýnilegur innlendum og erlendum ferðamönnum. Bókasöfnum á landsbyggðinni verði gert kleift að notfæra sér upplýsingatækni með því að efla tækjakost. Sérstakt átak verði gert til endurbyggingar og varðveislu gamalla húsa á landsbyggðinni.

Framkvæmd.

Mat Byggðastofnunar: Hjá Byggðastofnun starfaði á árinu 1999 sérstakur menningarráðgjafi á landsbyggðinni og atvinnuþróunarfélög fengu sérstakan fjárstuðning til aðgerða í menningarmálum. Þeim fjármunum var varið til samstarfsverkefna um varðveislu og kynningu menningararfs á viðkomandi svæðum. Byggðastofnun hefur staðið fyrir aukinni ráðgjöf og upplýsingum til atvinnuráðgjafa og menningarfulltrúa sveitarfélaga á landsbyggðinni um menningu sem atvinnugrein. Menningarráðgjafi Byggðastofnunar sat í samstarfshópi menntamálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Byggðastofnunar um eflingu menningarstarfs á landsbyggðinni, sem hefur skilað skýrslu til menntamálaráðherra. Þá má nefna að unnið er að úttekt á möguleikum varðandi nýtingu iðnaðarmannvirkja.

Mikil aukning hefur orðið á framlögum af fjárlögum til ýmissa menningartengdra verkefna, svo sem safna og sýninga af ýmsum toga.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 36/1997, um almenningsbókasöfn, leggur ríkissjóður um fimm ára skeið fram fé til að stuðla að því að almenningsbókasöfn verði fær um að bjóða þjónustu sem styðst við nútímaupplýsingatækni og til að greiða fyrir tengingu bókasafna landsins í stafrænt upplýsinganet. Mörg bókasöfn á landsbyggðinni hafa fengið styrki úr þessum sjóði.

Mat annarra aðila: Forsætisráðuneyti gerir grein fyrir verkefninu „Handverk og hönnun" sem hefur meðal annars haft það að markmiði að efla handverksgreinar. Fram kemur að nefnd sem mat verkefnið hafi komist að þeirri niðurstöðu að stuðningur stjórnvalda við handverk hafi átt umtalsverðan þátt í þeirri eflingu sem hefur orðið í þessari starfsemi og að verkefnið hafi stuðlað að viðhaldi og eflingu íslenskrar menningar. Fram kemur í svari ráðuneytisins að haft hafi verið samstarf við atvinnuráðgjafa um land allt og að sérstök áhersla hafi verið lögð á samskipti við handverksfólk á landsbyggðinni.

Menntamálaráðuneyti greinir frá því að framlög til menningarstarfsemi á landsbyggðinni hafi farið vaxandi, meðal annars í tengslum við tónleikahald, listviðburði og starfsemi áhugaleikfélaga. Þá hefur auknu fé verið varið til uppbyggingar menningarsetra eins og Snorrastofu í Reykholti og Stofnunar Gunnars Gunnarssonar á Skriðuklaustri. Framlög til atvinnuleikhúss á Akureyri og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands hafa verið aukin. Veitt hefur verið fé til uppbyggingar íþróttamannvirkja á Egilsstöðum og í Vesturbyggð og Íþróttasjóður styrkir íþróttastarfsemi víða um land. Ráðuneytið greinir frá að stuðlað hafi verið að fornleifarannsóknum víða um land og að framkvæmdum sem lúta að varðveislu menningararfsins. Veitt hefur verið fé til uppbyggingar Síldarminjasafns á Siglufirði, til samgöngu- og véltæknisafns að Skógum og til byggingar tilgátubæjar í fornum stíl að Eiríksstöðum í Haukadal. Þá er einnig nefnt að framlög til Húsafriðunarsjóðs og Endurbótasjóðs menningarbygginga hafi verið hækkuð, meðal annars vegna gamalla friðaðra húsa á landsbyggðinni. Menntamálaráðuneyti skipaði samstarfshóp til að fjalla um eflingu menningarlífs á landsbyggðinni og skilaði hann skýrslu til ráðuneytisins í október 2000.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hefur unnið að úttekt á menningu sem atvinnugrein í samvinnu við Byggðastofnun og haft einn starfsmann í hlutastarfi við að sinna því verkefni. Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra gerir grein fyrir því að félagið hafi sinnt verkefnum á sviði menningarmála samkvæmt samningi við Byggðastofnun. Þróunarstofa Austurlands hefur haft frumkvæði að því að óska eftir samstarfi sveitarfélaga til að móta stefnu í menningarmálum fyrir fjórðunginn og stóð fyrir málþingi sem bar heitið „Menning sem atvinnugrein". Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands tilgreinir verkefni sem hann hefur komið að í menningarmálum. Þar má nefna aðstoð og ráðgjöf við uppbyggingu Sögusetursins á Hvolsvelli, Arfur 2000 sem er tilraunaverkefni Kirkjubæjarstofu við skráningu örnefna og fleira, uppbyggingu Upplýsingamiðstöðvar Suðurlands og styrki til menningartengdrar ferðaþjónustu. Markaðs- og atvinnumálaskrifstofa Reykjanesbæjar réð menningarfulltrúa til starfa á árinu 2000 og vinnur félagið nú að ýmsum menningartengdum verkefnum.

11. Ríkisfjölmiðlar efli starfsemi á landsbyggðinni, meðal annars með aukinni dagskrárgerð og útsendingum frá starfsstöðvum Ríkisútvarpsins þar. Aðstaða til miðlunar og útsendinga fjölmiðla verði jöfnuð og hin sama um land allt, meðal annars með breytingum á gjaldskrá Landssíma Íslands hf.

Framkvæmd.

Mat Byggðastofnunar: Farið hafa fram viðræður við forsvarsmenn Ríkisútvarpsins og Landssíma Íslands hf. Landssíminn hefur nú lækkað gjald á leigulínum en aðstaða er þó ekki

jöfn um allt land. Hvað Ríkisútvarpið varðar virðist nokkuð hafa miðað varðandi jákvæða kynningu á landsbyggðinni. Eins og fram kemur í svörum forráðamanna ríkisfjölmiðla hefur þjónusta verið aukin. Hins vegar er erfitt að meta það markmið að aðstaða til fjölmiðlunar verði jöfnuð og hin sama um allt land, en það kallar á nánari skilgreiningar á því við hvað er átt.

Útsendingartími svæðisútvarps hefur ekki aukist, og útsendingarsvæði svæðisstöðva hefur ekki stækkað. Áform eru um örlitlar breytingar, t.d. er áformað að svæðisútvarp Vestfjarða nái einnig til Hólmavíkur og nágrennis. Engar útsendingar svæðisútvarps landsbyggðarinnar nást á höfuðborgarsvæðinu. Almennt hefur orðið samdráttur í dagskrárgerð Ríkisútvarpsins, og hefur það m.a. komið niður á landsbyggðinni, einkum fámennari stöðum. Hins vegar hefur svæðisútvarp tekið að sér dagskrárgerð fyrir sjónvarp, og er þar um aukin umsvif að ræða.

Mat annarra aðila: Ríkisútvarp gerir grein fyrir starfsemi svæðisstöðva sinna, en þær eru starfræktar á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði. Auk þess hafa verið gerðir samningar við aðila á Suður- og Vesturlandi um þjónustu í þeim landshlutum. Fram kemur að stöðugt er unnið að því að efla fréttaþjónustu af landsbyggðinni sem byggist á góðum fréttariturum á viðkomandi stöðum. Í svarbréfi frá RÚV kemur fram að unnið er eftir fjögurra ára áætlun um endurnýjun og styrkingu á dreifikerfi Ríkisútvarpsins. Þær framkvæmdir miða einkum að því að stækka senda utan höfuðborgarsvæðisins og tengingu við ljósleiðarakerfi Landssíma Íslands. Að auki er unnið að uppsetningu á búnaði til að auðvelda notkun FM-útsendinga. Ríkisútvarpið – Sjónvarp segir í svarbréfi sínu að lögð hafi verið síaukin áhersla á fréttaöflun frá landsbyggðinni. Þetta hafi verið gert með því að gera samninga við einstaka aðila um verkefni. Sjónvarp tilgreinir einnig nokkra þætti og þáttaraðir sem eru með efni sem tengist landsbyggðinni.

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands hf. hefur veitt Útvarpi Suðurlands rekstrarráðgjöf og veitt styrki til ferðaþjónustuaðila með það að markmiði að efla kynningu á fréttatengdu efni frá Suðurlandi.

III. Jöfnun lífskjara – bætt samkeppnisstaða.

12. Áfram verði unnið að því að lækka kostnað við hitun íbúðarhúsnæðis. Verð á orku til hitunar íbúðarhúsnæðis verði á næstu þremur árum fært til samræmis við meðaldýrar hitaveitur með aukinni þátttöku Landsvirkjunar og ríkissjóðs. Heimilt verði að nýta fé sem ætlað er til niðurgreiðslu rafhitunar í fimm ár til þess að lækka stofnkostnað nýrra hitaveitna og stuðla þannig að aukinni notkun á jarðvarma til húshitunar. Áhersla verði lögð á að upplýsa þá sem nota mikla orku til að hita hús sín um leiðir til að draga úr orkunotkun, meðal annars með fræðslu og ráðgjöf.

Framkvæmd.

Mat Byggðastofnunar: Mikilvægur árangur hefur náðst varðandi jöfnun húshitunarkostnaðar. Á fjárlögum eru sérstök framlög til hitaveitna á köldum svæðum. Iðnaðarráðherra hefur auk þess sett reglur um úthlutun styrkja til lagningar nýrra hitaveitna á svæðum sem njóta niðurgreiðslu á rafmagni til húshitunar. Rafhitun hefur verið niðurgreidd um árabil, en niðurgreiðsla var aukin á árinu 1999 til að ná því markmiði að hvergi verði dýrara að kynda með rafhitun en sem nemur kostnaði við að kynda með meðaldýrum hitaveitum. Á árinu 1999 fóru 600 millj. kr. til þessarar niðurgreiðslu og 760 millj. kr. árinu 2000. Samkvæmt fjárlögum 2001 eru 790 millj. kr. til niðurgreiðslu rafhitunarkostnaðar. Það er mat Byggðastofnunar að framkvæmd þessa liðar sé í nokkuð góðum farvegi. Áætlun um að niðurgreiða kyndingar-

kostnað dýrra hitaveitna þannig að ekki verði dýrara að kynda með þeim en hjá meðaldýrum veitum hefur verið til skoðunar í nefnd, en er ekki komin til framkvæmda.

Með bréfi, dags. 23. nóvember 1995, skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra starfshóp til að gera tillögur um aðgerðir til lækkunar húshitunarkostnaðar. Starfshópurinn skilaði tillögum 4. maí 1998. Þar er lagt til að farið verði í kynningarátak sem hefjist með dreifingu bæklings um húshitunarkostnað en í framhaldi þess verði efnt til Orkudaga víðsvegar um landið þar sem húseigendum gefst kostur á að fá upplýsingar um orkunotkun sína, ræða við sérfræðinga o.fl. Orkudagar hafa verið haldnir og standa iðnaðarráðuneytið, Rarik, Orkubú Vestfjarða, Samband íslenskra sveitarfélaga, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Orkustofnun að þeim.

Mat annarra aðila: Iðnaðarráðuneyti gerir grein fyrir niðurgreiðslum ríkissjóðs vegna rafhitunar. Ráðuneytið greinir einnig frá reglum um lækkun á stofnkostnaði nýrra hitaveitna og að alls hafi verið greiddir út styrkir vegna fjögurra veitna samtals um 130 millj. kr., sem skiptast þannig að veitur hafa fengið um 75 millj. kr., en íbúðaeigendur um 55 millj. kr. til að standa undir kostnaði við breytingar á hitakerfum í húsum sínu. Þá er einnig sagt frá átaki í jarðhitaleit sem ráðuneytið, Orkustofnun og Byggðastofnun hafa staðið fyrir.

Rarik sér um framkvæmd niðurgreiðslna til húshitunar, en hefur einnig tekið beinan þátt í þeim með því að veita svonefndan húshitunarafslátt. Það er mat fyrirtækisins að stærsta framlagið í þessum efnum sé frumkvæði í jarðhitarannsóknum á svæðum sem hingað til hafa verið skilgreind sem köld svæði. Þar eru tilgreindar athuganir á Snæfellsnesi, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi. Fyrirtækið greinir einnig frá þátttöku sinni í orkuráðgjöf og landsátaki um orkunýtingu og orkusparnað.

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands hefur staðið fyrir kynningu á möguleikum Suðurlands í orkumálum og aðstoðað raforkubændur við stofnun landssamtaka, hagkvæmnisathuganir og rekstrar- og fjárhagsáætlanir fyrir litlar virkjanir. Markaðs- og atvinnumálaskrifstofa Reykjanesbæjar greinir frá því í svari sínu að húshitunarkostnaður á svæðinu sé sambærilegur kostnaði á höfuðborgarsvæðinu og sé skýring á því að Hitaveita Suðurnesja hafi þróað nýjar aðferðir við nýtingu orku á svæðinu.

13. Gert verði átak í uppbyggingu vega í þeim landshlutum þar sem samgöngur eru ófullnægjandi (jaðarsvæði) svo að þær verði í samræmi við nútímaþarfir.

Framkvæmd.

Mat Byggðastofnunar: Gott samstarf hefur verið við Vegagerð ríkisins um tillögur að úrbótum í vegamálum á jaðarsvæðum. Vegagerðin hefur gert lauslegt mat á kostnaði við umbætur á vegum á svæðum sem falla undir flokkinn atvinnuþróunarsvæði I í skýrslu Byggðastofnunar „Byggðir á Íslandi". Kostnaður við að bæta vegi á þessum svæðum og vegi sem tengja þessi svæði er um 6 milljarðar króna. Fram kemur í svari samgönguráðherra við fyrirspurn að í gildandi vegáætlun eru 150 millj. kr. til þessara vega. Einnig kemur fram í svarinu að vegabætur á þessum svæðum eru til skoðunar í ráðuneytinu og að niðurstaðna sé að vænta í tengslum við afgreiðslu vegáætlunar.

Mat annarra aðila: Vegagerðin gerir grein fyrir auknum framlögum til vegamála og segir að mestur hluti aukningar falli til framkvæmda á landsbyggðinni. Þar er um að ræða almenna vegagerð sem miðar að því að hraða tengingu allra þéttbýlisstaða með meira en 200 íbúa við aðalvegakerfi landsins. Þá eru að hefjast framkvæmdir vegna jarðganga á tveimur stöðum á landinu og vegagerð vegna orku- og iðjuvera á Austurlandi. Loks eru einnig veittar 300 millj. kr. á ári frá og með 2002 til jaðarbyggða- og ferðamannaleiða.

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands hefur í tengslum við byggðaþróunarverkefni í Vestur-Skaftafellssýslu lagt til að lagt verði mat á ástand vega í sýslunni, að lagt verði mat á að koma þeim í framtíðarhorf og að meiri fjármunum verði varið í viðhald og uppbyggingu vega á svæðinu.

14. Þar sem félagslegt íbúðarhúsnæði er meira en þörf er á vegna fólksfækkunar, og það veldur erfiðri fjárhagsstöðu sveitarfélaga, verði heimilt að selja þetta húsnæði í áföngum á almennum markaði. Ríkissjóður og sveitarfélög beri sameiginlega þann kostnað sem af þessu kann að hljótast.

Framkvæmd.

Mat Byggðastofnunar: Í tengslum við Íbúðalánasjóð starfar Varasjóður viðbótarlána, sem hefur m.a. það hlutverk að stuðla að sölu félagslegra íbúða á almennum markaði. Framkvæmd þessa verkefnis er flókin en telja verður að verið sé að vinna að því að finna lausnir á því umfjöllunarefni sem fram kemur í greininni, þó að ekki hafi náðst endanlegt samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um skiptingu kostnaðar.

15. Í ljósi þeirrar reynslu sem fæst af flutningi grunnskólans til sveitarfélaga verði að því stefnt að auka hlut sveitarfélaga í opinberum rekstri. Miðað verði við að hlutur sveitarfélaga verði eigi minni en ríkis.

Framkvæmd.

Mat Byggðastofnunar: Byggðastofnun hefur ekki tekið þetta verkefni til umfjöllunar, en metur það svo að í einstökum ráðuneytum sé unnið að málaflokknum. Hlutdeild sveitarfélaga í opinberum rekstri hefur aukist á undanförnum árum og hefur hlutdeild tekna sveitarfélaga af landsframleiðslu aukist frá 9,4% árið 1998 í 10,1% árið 2000 og er áætlað 10,5% á árinu 2001.

Mat annarra aðila: Félagsmálaráðuneyti gerir grein fyrir því að flutningur málefna fatlaðra til sveitarfélaga sé meðal annars til þess að efla sveitarstjórnarstigið í landinu og leggja þannig grunn að eflingu landsbyggðarinnar. Ráðuneytið hefur einnig umsjón með framkvæmd laga um reynslusveitarfélög, en markmið þeirra er að gera sveitarfélögum kleift að auka sjálfstjórn sveitarfélaga, að laga stjórnsýslu þeirra betur að staðbundnum aðstæðum,að bæta þjónustu við íbúa og nýta betur fjármagn hins opinbera. Samþykkt reynslusveitarfélög eru tólf, þar af eru níu utan höfuðborgarsvæðisins. Reynslusveitarfélög hafa tekið að sér fjölbreytt þjónustuverkefni, t.d. félagsleg húsnæðismál, málefni fatlaðra, vinnumál, öldrunarmál og heilsugæslu, byggingarmál og stjórnsýslutilraunir. Í greinargerð félagsmálaráðuneytis er einnig fjallað um starfsemi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, en stór hluti framlaga hans rennur til sveitarfélaga á landsbyggðinni.

Félagsmálaráðuneyti gerir einnig grein fyrir samningum við ráðgjafarfyrirtæki á landsbyggðinni, meðal annars samningi ráðuneytisins við Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri um áhrif og afleiðingar sameiningar sveitarfélaga.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti gerir grein fyrir samningum ráðuneytisins við sveitarfélagið Hornafjörð um að sjá um alla heilbrigðisþjónustu í Austur-Skaftafellssýslu og við Akureyrarbæ um að sjá um öldrunarþjónustu og heilsugæslu, en þeir samningar gilda til ársloka 2001.

Þróunarstofa Austurlands tilgreinir að stofan hafi komið að verkefnum sem snúa að nútímavæðingu sveitarfélaga, svo sem á þjónustusviði. Markaðs- og atvinnumálaskrifstofa

Reykjanesbæjar greinir frá SVÓT-greiningu sem gerð hafi verið á þjónustustarfsemi bæjarfélagsins með það að markmiði að bæta þjónustuna.

16. Lagt verði mat á kostnað samfélagsins vegna þeirrar búsetuþróunar sem orðið hefur frá árinu 1986. Byggðastofnun meti reglulega áhrif lagasetningar, fjárlagagerðar og einstakra stjórnvaldsaðgerða á byggðaþróunina í landinu.

Framkvæmd.

Mat Byggðastofnunar: Byggðastofnun hefur unnið að athugun á áhrifum sameiningar sveitarfélaga í samvinnu við Háskólann á Akureyri.

Byggðastofnun gefur umsagnir og vinnur greinargerðir og tillögur fyrir Alþingi, ráðuneyti, ríkisstofnanir, sveitarfélög og samtök þeirra og aðra aðila sem þurfa þykir. Byggðastofnun gefur umsagnir um áhrif lagafrumvarpa og þingsályktana á byggðaþróun og gefur umsögn um félagslega þætti umhverfismats. Stefnt er að því að efla starfsemi stofnunarinnar á þessu sviði.

IV. Bætt umgengni við landið.

17. Gert verði átak til að stöðva hraðfara landeyðingu þar sem náttúruöfl hindra ekki framkvæmdir.

Framkvæmd.

Mat Byggðastofnunar: Ákvæðið hefur verið kynnt landgræðslustjóra á fundi, enda er framkvæmd verksins á sviði fagstofnana sem fást við málaflokkinn. Þingsályktun um landgræðsluáætlun 2002–2013 hefur verið lögð fram á Alþingi. Samkvæmt henni er áætlað að verja um 6.000 millj. kr. til landgræðsluverkefna á umræddu tímabili.

Mat annarra aðila: Rarik gerir í svari sínu grein fyrir aðkomu sinni að því að bæta umgengni um landið. Tilgreint er að fyrirtækið hefur bæði stutt skógrækt og landgræðslu og gróðursetti meðal annars 85.000 plöntur í tilefni af 50 ára afmæli sínu.

18. Sveitarfélög verði aðstoðuð við gerð framkvæmdaáætlunar í umhverfismálum.

Framkvæmd.

Mat Byggðastofnunar: Byggðastofnun hefur ekki beitt sér fyrir aðgerðum á þessu sviði, en telur að á ýmsum sviðum sé brýnt að efla starf á þessu sviði, meðal annars til að tryggja sterka stöðu fyrirtækja í framleiðslu og þjónustu á landsbyggðinni og ímynd þeirra erlendis, sem og innan lands.

Mat annarra aðila: Í svari umhverfisráðuneytis kemur fram að á árinu 1998 var gerður samningur milli umhverfisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um verkefnið Staðardagskrá 21 og tók 31 sveitarfélag þátt í verkefninu sem lauk í mars 2000. Verkefnið Staðardagskrá 21 rekur nú skrifstofu á landsvísu sem verður starfandi að minnsta kosti út árið 2001. Eitt af verkefnum Staðardagskrár 21 er útgáfa framkvæmdaáætlunar í umhverfismálum. Umhverfisráðuneyti greinir einnig frá því að ríkið styrkir einnig framkvæmdir sveitarfélaga við fráveitumál. Þá er einnig fjallað um ofanflóðasjóð og ofanflóðanefnd sem fjármagna að miklu leyti framkvæmdir sveitarfélaga vegna forvarna og uppkaupa á hættusvæðum.

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands nefnir að í stefnumótunarverkefni í Vestur-Skaftafellssýslu er gert ráð fyrir að Staðardagskrá 21 verði hluti af verkefninu. Markaðs- og atvinnu-

málaskrifstofa Reykjanesbæjar greinir frá því að gert hafi verið sérstakt átak í gerð göngustíga og merkingu áhugaverðra staða á svæðinu.

19. Með hliðsjón af aukinni ferðamennsku og kröfum um óspillt umhverfi verði gert átak til umhverfisbóta.

Framkvæmd.

Mat Byggðastofnunar: Byggðastofnun telur málefnið brýnt, en hefur ekki beitt sér sérstaklega í þessum málaflokki. Hins vegar þyrfti að skilgreina betur hver á að vera framkvæmdaraðili verkefnisins og ýmis önnur atriði framkvæmdar.

Átaksverkefnið Fegurri sveitir 2000 var á vegum landbúnaðarráðuneytisins í umboði ríkisstjórnarinnar. Það var átaksverkefni um hreinsun á landi og fegrun mannvirkja með áherslu á sveitir landsins. Hátt á annað hundrað þátttakendur komu að verkefninu.

Mat annarra aðila: Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands tilgreinir að sjóðurinn hafi haft forgöngu um að koma á fót kjötmjölsverksmiðju á Suðurlandi sem vinnur úr hráefni sem til fellur á Suðurlandi, höfuðborgarsvæðinu og Vesturlandi. Með starfsemi verksmiðjunnar á urðun á þessum úrgangi að vera úr sögunni og hægt verður að mæta ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins um þessi mál.

20. Rannsökuð verði langtímaáhrif stofnvega á miðhálendinu með tilliti til umhverfis, hagkvæmni, ferðaþjónustu, atvinnumála og búsetu.

Framkvæmd.

Mat Byggðastofnunar: Byggðastofnun hefur ekki unnið að þessu verkefni og er ekki kunnugt um að þau atriði sem tilgreind eru undir þessum lið hafi verið könnuð sérstaklega á tímabili áætlunarinnar.

21. Lögð verði áhersla á að hraða gerð stafrænna korta fyrir landið og byggja upp landfræðileg upplýsingakerfi.

Framkvæmd.

Mat Byggðastofnunar: Hjá Byggðastofnun er unnið að því að koma gagnasafni um mannfjölda og atvinnulíf í landfræðilegt upplýsingakerfi í samvinnu við aðrar stofnanir og er stefnt að því að því verði lokið á árinu 2001.

Mat annarra aðila: Fjármálaráðuneyti greinir frá að Landskrá fasteigna sem unnið er að hjá Fasteignamati ríkisins geti nýst sem stoðgagn í landfræðilegu upplýsingakerfi.

Forsætisráðuneytið gerir grein fyrir tillögum verkefnisstjórnar um upplýsingasamfélagið um uppbyggingu ýmiss konar gagnabrunna, meðal annars reynsluverkefna á sviði landfræðilegra upplýsinga, stafrænna grunnkorta af Íslandi, gagnagrunna um landsvæði og byggðir og ferðavefja.

Í svari umhverfisráðuneytis kemur fram að sex manns vinna að gerð stafræns kortagrunns fyrir Ísland og er stefnt að því að ljúka þeirri vinnu árið 2003.

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands greinir frá því að sjóðurinn var þátttakandi í LUKAS-verkefninu (landfræðilegt upplýsingakerfi á Suðurlandi) ásamt ýmsum stofnunum, svo sem Landskrá fasteigna og Fasteignamati ríkisins.

1240. Skýrsla [734. mál]

samgönguráðherra um störf rannsóknarnefndar flugslysa fyrir árið 2000.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Rannsóknarnefnd flugslysa.

Rannsóknarnefnd flugslysa tók til starfa 28. júní 1996 í samræmi við lög nr. 59/1996, um rannsókn flugslysa, en þá var flugslysarannsóknardeild Flugmálastjórnar lögð niður, svo og flugslysanefnd, sem fyrst var skipuð árið 1968 samkvæmt þágildandi loftferðalögum.

Í stjórnsýslukerfinu telst rannsóknarnefnd flugslysa sjálfstæð stjórnsýslustofnun. Hún starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákæruvaldi og dómstólum, sbr. 6. gr. laga nr. 59/1996.

Rannsóknarnefnd flugslysa annast rannsókn allra flugslysa, þ.m.t. alvarlegra flugatvika svo og flugumferðaratvika. Flugslysarannsóknir miða að því einu að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig og að auka öryggi í flugi.

Rannsóknarnefnd flugslysa skal gera tillögur um úrbætur í flugöryggismálum eftir því sem rannsókn á orsökum flugslysa gefur tilefni til. Tillögurnar skal birta opinberlega. Flugmálayfirvöldum ber að sjá til þess að úrbótatillögur nefndarinnar séu teknar til formlegrar afgreiðslu hverju sinni.

Rannsóknarnefnd flugslysa heyrir stjórnsýslulega beint undir samgönguráðherra.

Nefndina skipa fimm menn:

- Skúli Jón Sigurðarson, BA, rannsóknarstjóri flugslysa,
- Þorsteinn Þorsteinsson flugvélaverkfræðingur, vararannsóknarstjóri flugslysa,
- Kristján Guðjónsson, lögfræðingur og framkvæmdastjóri hjá Tryggingastofnun ríkisins,
- Steinar Steinarsson, flugstjóri hjá Flugleiðum hf.,
- Sveinn Björnsson, flugmaður og framkvæmdastjóri Flugþjónustunnar ehf.,

Þeir Skúli Jón Sigurðarson og Þorsteinn Þorsteinsson eru skipaðir ótímabundið og eru fastir starfsmenn nefndarinnar. Hinir þrír nefndarmennirnir eru skipaðir til fjögurra ára í senn. Núverandi skipunartímabil þeirra nær til 1. júlí árið 2004.

Þormóður Þormóðsson, BS í flugrekstrar- og tæknistjórnun, sem jafnframt er menntaður flugvélavirki og flugmaður, var ráðinn til Rannsóknarnefndar flugslysa 1. febrúar 2001. Hann verður í starfsþjálfun með nefndinni og mun m.a. í sumar sækja sex vikna námskeið í rannsóknum flugslysa sem haldið er af Cranfield University í Englandi. Þormóður Þormóðsson mun taka við starfi formanns Rannsóknarnefndar flugslysa hinn 1. janúar 2002, en þá hefur Skúli Jón Sigurðarson ákveðið að láta af störfum.

Skrifstofa Rannsóknarnefndar flugslysa er í leiguhúsnæði á 2. hæð húss Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík, við Flugvallarveg á Reykjavíkurflugvelli. Leigusamningur var gerður árið 1997 til tíu ára.

Kostnaðaryfirlit.

Í fjárlögum fyrir árið 2000 voru 18,4 millj. kr. ætlaðar til starfsemi rannsóknarnefndar flugslysa:

Fjárlög 2000	18,4 millj. kr.
Skuld frá 1999	0,2 millj. kr.
Heildarkostnaður 2000	19,7 millj. kr.

Mismunurinn, -1,5 millj. kr., færist til næsta árs.

Yfirlit yfir skráð og rannsökuð mál árið 2000.

Í ársbyrjun 2000 átti rannsóknarnefnd flugslysa eftir að ljúka formlega rannsókn fimm atvika sem urðu á árinu 1999 og lauk þeim öllum á fyrstu vikum ársins 2000. Þar af er einu lokið með rannsóknarskýrslu og fjórum var lokið með formlegri bókun.

Árið 2000 skráði rannsóknarnefnd flugslysa samtals 96 atvik í flugi íslenskra loftfara hérlendis og erlendis, svo og í flugi erlendra loftfara um íslenska lögsögu og íslenska flugstjórnarsvæðið. Af þessum atvikum tók rannsóknarnefnd flugslysa samtals 49 sem skilgreind voru sem flugslys, flugumferðaratvik eða alvarleg flugatvik til formlegrar meðferðar og rannsóknar.

Nefndin lauk rannsókn tólf þessara mála með útgáfu rannsóknarskýrslu, 21 máli var formlega lokið með bókun og fjórum málum, þar sem tvö og tvö mál tengdust, var lokið með bókun og sérstöku bréfi til Flugmálastjórnar.

Í árslok 2000 átti rannsóknarnefnd flugslysa eftir að ljúka formlega 12 málum. Þar af lauk hún sex með rannsóknarskýrslu á fyrstu þrem mánuðum ársins 2001 og fimm með bókun. Í apríl 2001 átti rannsóknarnefnd flugslysa einu máli ólokið frá árinu 2000 og einu var ólokið af hálfu rannsóknarnefndar flugslysa í Bretlandi.

Rannsóknarnefnd flugslysa gerði samtals átta tillögur til úrbóta í öryggisátt við rannsóknir sem hún lauk á árinu 2000 og skrifaði Flugmálastjórn sérstakt bréf vegna tveggja atvika. Tvö loftför áttu hlut að hvoru máli og vörðuðu þau umferð sjónflugvéla við Reykjavíkurflugvöll þar sem aðeins ein flugbraut var í notkun um tíma vegna jarðvegsframkvæmda. Þá var Flugmálastjórn enn fremur skrifað bréf vegna slyss á tveimur óskráðum loftförum sem flokkuð voru og flogið í samræmi við reglugerð um fis (loftfar undir 120 kg tómaþyngd, ætlað til einflugs, ýmist með eða án hreyfils, og hefur ekki íslenskt eða erlent lofthæfisskírteini og er ekki skráð), en að mati nefndarinnar lék vafi á að annað loftfarið uppfyllti þær kröfur sem gerðar eru til fisa.

Í allmörgum málanna voru að mati nefndarinnar ekki efni til þess að gera tillögur til úrbóta. Tillögum þessum var (öllum) beint til Flugmálastjórnar Íslands, en skv. 7. gr. laga nr. 59/1996, um rannsókn flugslysa, er flugmálayfirvöldum skylt að sjá til þess að úrbótatillögur rannsóknarnefndar flugslysa séu teknar til formlegrar afgreiðslu.

Tvö alvarleg flugumferðaratvik hafa orðið á íslenska flugstjórnarsvæðinu það sem af er árinu 2001, annað nálægt Færeyjum og hitt rétt austan Grænlandsstranda.

Banaslys varð í flugi hinn 7. ágúst 2000. Flugvél í þjónustuflugi fórst í Skerjafirði við Reykjavíkurflugvöll, þar sem fjórir létust og tveir slösuðust alvarlega. Þá hafði ekki orðið banaslys í flugi íslenskra flugvéla frá 14. september 1997. Einn einkaflugmaður slasaðist í flugslysi í Stíflisdal og tveir fisflugmenn slösuðust er þeir brotlentu fisum sínum, annar á Flúðum og hinn á Sandskeiði.

Flugstundir, flugslys og alvarleg flugatvik 1980–2000.

Ár	Reglubundið flug	Flugslys og flugatvik	Leiguflug	Flugslys og flugatvik	Þjónustuflug	Flugslys og flugatvik	Verkflug	Flugslys og flugatvik	Einkaflug	Flugslys og flugatvik	Kennsluflug	Flugslys og flugatvik	Svifflug	Flugslys og flugatvik	Flugstundir samtals	Flugslys og flugatvik samtals
1980	24.300	2	6.700	1	7.800	1	1.300	1	6.800	3	7.100	0	800	0	54.800	8
1981	23.000	0	6.100	2	8.600	1	1.300	1	7.600	7	6.700	1	800	1	54.100	13
1982	26.000	3	7.500	0	9.100	2	1.400	1	9.100	6	6.300	0	800	1	60.200	13
1983	27.600	2	6.100	1	9.000	4	1.400	2	14.800	6	6.000	0	800	0	65.700	15
1984	29.500	4	7.000	0	8.700	2	1.500	0	12.200	4	5.400	0	800	0	65.100	10
1985	30.000	1	6.500	0	9.100	1	3.000	0	14.000	7	6.900	5	800	0	70.300	14
1986	33.000	2	6.000	0	9.300	1	3.500	0	14.000	9	7.800	0	800	1	74.400	13
1987	37.200	1	6.900	0	8.800	3	4.000	2	15.500	9	9.200	2	800	1	82.400	18
1988	35.000	4	6.500	0	8.500	1	4.000	2	17.100	11	8.700	1	800	0	80.600	17
1989	33.000	4	4.000	0	6.800	1	2.800	0	16.700	6	9.100	3	800	1	73.200	15
1990	37.900	3	5.400	2	9.100	1	2.200	1	15.100	6	7.800	4	800	2	78.300	19
1991	38.500	0	11.900	0	8.500	0	1.900	0	12.700	10	8.500	0	800	0	82.800	8
1992	36.082	1	5.549	0	6.641	2	2.138	0	11.234	4	6.189	0	800	2	68.633	9
1993	34.517	1	10.320	0	6.825	0	1.751	0	9.510	4	8.237	0	800	1	71.996	6
1994	39.684	1	12.272	0	7.101	1	2.119	1	10.952	5	7.766	1	800	3	80.694	12
1995	41.694	1	13.881	0	10.087	1	2.475	0	13.025	5	6.316	4	800	2	88.278	13
1996	47.682	2	21.464	3	6.159	2	2.131	0	14.106	11	10.750	0	800	0	103.092	18
1997	51.930	3	25.452	2	5.826	2	1.729	4	14.805	7	13.318	2	800	0	113.060	20
1998	60.549	5	34.434	6	6.756	1	2.004	2	10.753	7	16.052	2	930	0	131.480	23
1999	65.847	5	34.885	4	3.481	1	1.730	0	10.995	11	16.843	3	797	0	134.578	24
2000	70.833	9	39.961	3	2.614	2	1.955	0	11.042	11	12.462	8	700	0	139.567	33

Ath. Alvarleg flugatvik eru talin hér með frá 1995 og flugumferðaratvik frá 1997.

1241. Nefndarálit [624. mál]

um frv. til l. um atvinnuréttindi útlendinga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ástu Helgadóttur og Sigríði Lillý Baldursdóttur frá félagsmálaráðueyti, Guðrúnu Pétursdóttur frá Miðstöð nýbúa, Bjarneyju Friðriksdóttur frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Jón H. Magnússon frá Samtökum atvinnulífsins, Heiðu Gísladóttur frá Vinnumálastofnun, Magnús Norðdahl frá Alþýðusambandi Íslands og Einar Ólafsson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Hagstofu Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Miðstöð nýbúa, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félagi leiðsögumanna, Bændasamtökum Íslands, Flóttamannaráði Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Vélstjórafélagi Íslands, Mannréttindasamtökum innflytjenda á Íslandi, Toshiki Toma, presti innflytjenda, Samtökum atvinnulífsins, Lögmannafélagi Íslands, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum iðnaðarins, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Vinnumálastofnun, Útlendingaeftirlitinu og Mannréttindaskrifstofa Íslands.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á lögunum. Í því er að finna reglur um rétt útlendinga hér á landi til atvinnu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Einnig er frumvarpinu ætlað að tryggja réttaröryggi útlendinga sem koma til landsins í atvinnuskyni. Með frumvarpinu er m.a. verið að festa framkvæmd núgildandi laga í sessi. Við samningu frumvarpsins var tekið tillit til þeirrar almennu þróunar sem orðið hefur á löggjöf á sviði stjórnsýsluréttar, mannréttinda og í alþjóðlegu samstarfi auk þess sem tekið var mið af frumvarpi til laga um útlendinga.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna fyrirtækja sem ekki hafa starfsstöð hér á landi. Í öðru lagi er heimilt að víkja frá skilyrðum um umsögn stéttarfélags í tilteknum tilvikum. Í þriðja lagi er að finna ákvæði um skyldu atvinnurekanda til að sjúkratryggja erlendan starfsmann sinn. Í fjórða lagi er heimilt að víkja frá þeirri meginreglu að tímabundið atvinnuleyfi skuli ætið liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta sinn til að starfa hér á landi ef ríkar sanngirnisástæður mæla með því. Í fimmta lagi er heimilt að veita nánustu aðstandendum útlendings tímabundið atvinnuleyfi að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Í sjötta lagi er heimilt við vissar aðstæður að víkja frá skilyrðum varðandi óbundið atvinnuleyfi, svo sem vegna skilnaðar útlendings og Íslendings, andláts íslensks maka eða útlenskra námsmanna. Í sjöunda lagi er er að finna sérstakt ákvæði um íslenskukennslu og samfélagsfræðslu. Loks er kveðið á um samráðsnefnd Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar.

Heimild ráðherra til að binda atvinnuleyfi öðrum skilyrðum en fram koma í lögunum er með frumvarpinu þrengd frá gildandi lögum þar sem heimildin er nú takmörkuð við mikilvæga almannahagsmuni. Nefndin leggur áherslu á að heimildinni sé ekki beitt nema fyrir hendi séu svokölluð *force major* tilvik og þá fyrst og fremst við útgáfu nýrra leyfa.

Mælir nefndin með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Í fyrsta lagi telur nefndin nauðsynlegt að nánustu aðstandendur útlendings séu skilgreindir í frumvarpinu. Þá er lagt til að skipt verði út hugtakinu tímabundið atvinnuleyfi fyrir bundið atvinnuleyfi til samræmingar þar sem nú þegar er að finna í frumvarpinu hugtakið óbundið atvinnuleyfi. Óbundið atvinnuleyfi telst ótímabundið leyfi veitt útlendingi til að vinna á Íslandi. Bundið atvinnuleyfi er því bæði bundið í tíma og bundið atvinnu-

rekanda. Nefndin telur rétt að heimild sé til undanþágu frá skilyrðum um óbundið atvinnuleyfi þegar um er að ræða maka útlendings sem er með atvinnuleyfi hér á landi eða uppkomin börn hans. Loks leggur nefndin til orðalagsbreytingar.

Guðrún Ögmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir og Steingrímur J. Sigfússon skrifa undir álitið með fyrirvara um að leggja fram breytingartillögur.

Alþingi, 9. maí 2001.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Kristján Pálsson.
Jónína Bjartmarz.	Pétur H. Blöndal.	Drífa Hjartardóttir.
Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.	Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

1242. Breytingartillögur [624. mál]

við frv. til l. um atvinnuréttindi útlendinga.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 3. gr.
   a. Orðskýringin „*Tímabundið atvinnuleyfi*“ í 2. tölul. verði: *Bundið atvinnuleyfi.*
   b. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
   8. *Nánustu aðstandendur:* Maki útlendings, niðjar hans, systkini og foreldrar.
2. Við 7. gr.
   a. Í stað orðanna „tímabundið atvinnuleyfi“ í fyrirsögn og hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi í viðeigandi tölu- og beygingarmynd: bundið atvinnuleyfi.
   b. Orðin „samkvæmt ákvæðum laga um útlendinga um dvalarleyfi fyrir aðstandendur“ í lok 2. málsl. 2. mgr. falli brott.
3. Við 11. gr.
   a. Í stað orðanna „ofangreindum skilyrðum“ í 2. mgr. komi: skilyrðum 1. mgr.
   b. Á eftir orðunum „c-liðar“ í 3. mgr. komi: 1. mgr.
   c. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá má einnig víkja frá skilyrðum c-liðar 1. mgr. ef um er að ræða maka útlendings sem er með atvinnuleyfi hér á landi eða uppkomin börn hans.
   d. Í stað orðanna „atvinnuleyfi samkvæmt þessari grein“ í 4. mgr. komi: óbundið atvinnuleyfi.

1243. Nefndarálit [652. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um leikskóla, nr. 78/1994.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðna Olgeirsson frá menntamálaráðuneyti, Björgu Bjarnadóttur og Ólöfu Helgu Pálmadóttur frá Félagi leikskólakennara og Þórð Skúlason og Birgi Björn Sigurjónsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Með frumvarpinu er annars vegar kveðið á um að heimilt sé að ráða starfsfólk án leikskólakennaramenntunar sem taki þátt í að annast uppeldi og menntun barna undir stjórn leikskólakennara ef leikskólakennarar fást ekki til starfsins. Hins vegar er kveðið á um að í stað orðsins uppeldisstefna í 2. og 3. mgr. 4. gr. verði notað heitið aðalnámskrá leikskóla um uppeldismarkmið í starfi leikskóla. Er frumvarpið flutt að ósk Sambands íslenskra sveitarfélaga í samræmi við sameiginlega niðurstöðu Félags íslenskra leikskólakennara og launanefndar sveitarfélaga í tengslum við samþykkt nýs kjarasamnings.

Það er skilningur nefndarinnar að með frumvarpinu sé opnuð leið til samninga við fólk sem hlotið hefur skemmri menntun til starfa á leikskóla eins og nú er áformað að veita við Borgarholtsskóla og svonefnt diplómanám við KHÍ.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Einar Már Sigurðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 2001.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Tómas Ingi Olrich.
Ólafur Örn Haraldsson.	Árni Johnsen.	Kolbrún Halldórsdóttir.
Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Kristinn H. Gunnarsson.	

1244. Breytingartillögur [675. mál]

við frv. til l. um Seðlabanka Íslands.

Frá Össuri Skarphéðinssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur og Margréti Frímannsdóttur.

1. Við 5. gr. Lokamálsgrein orðist svo:
   Bankastjóri ákveður að fengnu samþykki bankaráðs lögun, útlit og fjárhæð seðla þeirra og myntar sem bankinn gefur út og lætur birta auglýsingu um það efni.
2. Við 21. gr. Síðari málsliður 2. mgr. orðist svo: Bankastjóri Seðlabanka Íslands er aðalfulltrúi í sjóðsráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins en forsætisráðherra skipar annan til vara til fimm ára í senn.

3. 22.–24. gr. orðist svo:
   a. (22. gr.)
      Yfirstjórn Seðlabanka Íslands er í höndum forsætisráðherra og bankaráðs svo sem fyrir er mælt í lögum þessum. Ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum eru teknar af peningastefnunefnd, sbr. 24. gr. Stjórn bankans er að öðru leyti í höndum bankastjóra.
   b. (23. gr.)
      Bankastjóri ber ábyrgð á rekstri bankans, er talsmaður hans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum. Bankastjóra er heimilt að fela varabankastjóra að fara með ákvörðunarvald í einstökum málum sem undir hann heyra.
      Forsætisráðherra skipar bankastjóra til sjö ára. Ekki er skylt að auglýsa opinberlega stöðu bankastjóra Seðlabankans. Aðeins er heimilt að skipa sama mann bankastjóra tvisvar sinnum. Forsætisráðherra skipar einnig tvo varabankastjóra til sjö ára sem eru staðgenglar bankastjóra í þeirri röð sem ráðherra ákveður. Bankastjóri og varabankastjórar skulu hafa víðtæka þekkingu eða reynslu á meginstarfssviði Seðlabankans.
      Undirskrift bankastjóra og eins varabankastjóra þarf til þess að skuldbinda bankann. Þó er bankastjóra heimilt að veita tilteknum starfsmönnum umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum samkvæmt reglum sem hann setur og staðfestar skulu af bankaráði, sbr. 28. gr.
   c. (24. gr.)
      Ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum eru teknar af peningastefnunefnd. Stjórntæki bankans teljast í þessu sambandi vera vaxtaákvarðanir hans, viðskipti við lánastofnanir önnur en skv. 2. mgr. 7. gr., álagning bindiskyldu skv. 11. gr. og viðskipti á gjaldeyrismarkaði skv. 18. gr. sem hafa það að markmiði að hafa áhrif á gengi krónunnar. Ákvarðanir peningastefnunefndar skulu grundvallast á markmiðum bankans og vönduðu mati á ástandi og horfum í efnahags- og peningamálum. Í peningastefnunefnd sitja bankastjóri, sem jafnframt er formaður, varabankastjórar og þrír af yfirmönnum bankans á sviði mótunar og framkvæmdar stefnu í peningamálum. Ákvarðanir peningastefnunefndar skulu teknar með einföldum meiri hluta, en falli atkvæði jafnt ræður atkvæði bankastjóra. Peningastefnunefnd skal halda fundi að minnsta kosti átta sinnum á ári. Auk þess getur peningastefnunefnd haldið fund ef bankastjóri ákveður eða tveir nefndarmenn krefjast þess. Peningastefnunefnd setur sér starfsreglur sem bankaráð staðfestir um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana sinna í peningamálum. Opinberlega skal gera grein fyrir ákvörðunum peningastefnunefndar og forsendum þeirra. Peningastefnunefnd getur þó ákveðið að skýra ekki frá ákvörðunum um viðskipti á gjaldeyrismarkaði skv. 18. gr.
4. Við 25. gr. Í stað orðsins „bankastjórn“ í lokamálslið komi: bankastjóri.
5. Við 28. gr.
   a. Í stað orðsins „bankastjórnar“ í a-lið komi: bankastjóra.
   b. Á eftir orðunum „Ákveða laun og önnur starfskjör bankastjóra“ í b-lið bætist: og varabankastjóra.
   c. D-liður orðist svo: Staðfesta starfsreglur peningastefnunefndar um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana í peningamálum, sbr. 24. gr.
   d. Í stað orðsins „bankastjórn“ í e-lið, j-lið og l–n-lið komi: bankastjóri.

e. Við bætist þrír nýir liðir sem verði e-, f- og r-liðir, svohljóðandi:
   e. Fylgjast með framkvæmd starfsreglna og starfsháttum peningastefnunefndar.
   f. Staðfesta setu þriggja yfirmanna í peningastefnunefnd að fenginni tillögu bankastjóra.
   r. Staðfesta tillögu bankastjóra um lögun, útlit og fjárhæð seðla og myntar sem bankinn gefur út.

6. Ákvæði til bráðabirgða II orðist svo:
   Bankastjórar Seðlabanka Íslands við gildistöku laga þessara halda störfum sínum til loka skipunartíma síns með þeirri breytingu sem leiðir af 23. gr. Við gildistöku laganna skipar forsætisráðherra bankastjóra og tvo varabankastjóra úr röðum þáverandi bankastjóra Seðlabanka Íslands og ákveður jafnframt í hvaða röð varabankastjórar eru staðgenglar bankastjóra. Skipunartími þeirra í þessum embættum skal vera til sama tíma og eftir er af skipun þeirra í embætti bankastjóra við gildistöku laganna. Ákvæði 23. gr. um skipun bankastjóra og varabankastjóra gilda að öðru leyti frá og með næstu skipun í þessi embætti eftir gildistöku laganna. Óski einhver af bankastjórum Seðlabanka Íslands við gildistöku laganna að láta af störfum vegna breytinga á starfsheitum nýtur hann sömu réttinda varðandi starfslok og biðlaun og gilda við lok skipunartíma hans.

1245. Nefndarálit [542. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elínu Blöndal frá félagsmálaráðuneyti, Eyjólf Sæmundsson frá Vinnueftirliti ríkisins, Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Einar Ólafsson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands, Gísla Tryggvason frá Bandalagi háskólamenntaðra starfsmanna og Arnór Víkingsson, Ingunni Vilhjálmsdóttur og Ásdísi Rafnar frá Læknafélagi Íslands.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá fjármálaráðuneyti, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Iðjuþjálfafélagi Íslands, Bændasamtökum Íslands, stéttarfélaginu Vökli. Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, Vinnueftirliti ríkisins, samgönguráðuneyti, Stéttarfélagi sjúkraþjálfara, Alþýðusambandi Íslands, Ökukennarafélagi Íslands, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Samtökum iðnaðarins, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Samiðn, Sambandi iðnfélaga, Verkalýðs- og sjómannafélaginu Gretti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Læknafélagi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Tryggingastofnun ríkisins og Verslunarmannafélagi Reykjavíkur.

Helstu breytingar frumvarpsins felast í lögfestingu meginreglna vinnutímatilskipunar Evrópuráðsins um daglegan hvíldartíma, hlé á vinnu, vikulegan frítíma, hámarksvinnutíma á viku, vinnutíma næturvinnustarfsmanna og rétt þeirra til heilsufarsskoðunar. Einnig er um að ræða lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum, svo sem skyldu vinnuveitanda til að gera eða láta gera áhættumat í vinnuumhverfi. Þá eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæði laganna um heilsuvernd starfsmanna þannig að heilsuvernd þeirra verði ekki takmörkuð við þjónustu heilsugæslustöðva eða sjúkrahúsa og

að heilsuverndin geti verið veitt að hluta eða öllu leyti innan fyrirtækis. Auk þess er að finna smávægilega breytingu með hliðsjón af tilskipun ráðsins um vinnuvernd barna og ungmenna. Loks eru lagðar til breytingar er lúta m.a. að dagsektum, stjórn Vinnueftirlits ríkisins og tekjum Vinnueftirlitsins.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Í fyrsta lagi telur meiri hlutinn að hvíldartíma vegna frests á vikulegum frídegi verði að veita innan eðlilegs frests og leggur því til að starfsmaður fái samsvarandi hvíldartíma eigi síðar en innan 14 daga. Þá leggur meiri hlutinn til að leyfi fyrir heilsuvernd starfsmanna á vinnustað skuli vera háð samþykki Vinnueftirlits ríkisins til samræmis við skilyrði fyrir aðra viðurkennda þjónustuaðila til að annast heilsuvernd starfsmanna utan vinnustaðar. Einnig telur meiri hlutinn eðlilegt að ef til álita komi að beita sektarúrræðum 13. gr. frumvarpsins sé rétt að rekstraraðilum verði gefinn hæfilegur frestur til úrbóta. Þá telur meiri hlutinn að til frekari skýringa á því að sektarheimildin sé vægari en önnur úrræði sem Vinnueftirlitinu eru fengin í lögunum sé eðlilegt að nefna ákvæði 84. og 85. gr. laganna í ákvæðinu. Loks leggur meiri hlutinn til að kærufrestur vegna ákvörðunar um beitingu sektanna verði lengdur í 14 daga.

Guðrún Ögmundsdóttir og Ásta R. Jóhannesdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara um að leggja fram breytingartillögur.

Alþingi, 9. maí 2001.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Kristján Pálsson.
Drífa Hjartardóttir.	Jónína Bjartmarz.	Pétur H. Blöndal.
Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.		Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.

1246. Breytingartillögur [542. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar (ArnbS, MS, KPál, PHB, DrH, GÖ, ÁRJ, JBjart).

1. Við 5. gr. Orðin „síðar og að jafnaði“ í 1. málsl. 2. mgr. e-liðar (54. gr.) falli brott.
2. Við 7. gr. Við síðari málslið 1. efnismgr. bætist: og vera háð samþykki þess.
3. Við 13. gr.
   a. 1. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Ef ákvæði laga þessara, eða reglna sem settar eru með stoð í þeim, eru brotin og ekki er farið að fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins innan þess frests sem veittur er til úrbóta getur það ákveðið, í stað þess að beita heimildum 84. og 85. gr. laga þessara, að sá eða þeir sem fyrirmælin beinast að greiði dagsektir þar til farið verður að þeim.
   b. Í stað orðanna „er heimilt að“ í síðari málslið 2. efnismgr. komi: skal m.a.
   c. Í stað orðanna „sjö daga“ í 1. málsl. 4. efnismgr. komi: 14 daga.

1247. Breytingartillaga [542. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur og Ástu R. Jóhannesdóttur.

Við 5. gr. 2. tölul. b-liðar (52. gr. B) falli brott.

1248. Breytingartillögur [624. mál]

við frv. til l. um atvinnuréttindi útlendinga.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur og Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Við 3. gr. 2. tölul. orðist svo: *Tímabundið atvinnuleyfi*: Tímabundið leyfi veitt atvinnurekanda eða útlendingi.
2. Við 7. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Tímabundið atvinnuleyfi er veitt atvinnurekanda eða útlendingi.
3. Við 8. gr. Orðið „ríkar“ í 2. málsl. 1. mgr. falli brott.
4. Við 11. gr. Í stað orðanna „tvö ár“ hvarvetna í 2. málsl. 2. mgr. komi: eitt ár.
5. Við 12. gr. Í stað orðanna „sex mánaða“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: 12 mánaða.

1249. Nefndarálit [619. mál]

um till. til þál. um staðfestingu breytinga á samningi um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT).

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Heiðar Ásberg Atlason frá utanríkisráðuneyti og Gústav Arnar og Hörð Helgason frá Póst- og fjarskiptastofnun.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta breytingar á samningi um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT) sem samþykktar voru á þingi aðildarríkja hans í London í apríl 1998 en þær lúta að breytingum á rekstrarformi.

Gervitungl INMARSAT veita fjarskiptaþjónustu víðs vegar um heim, þ.m.t. talsíma-, telex- og gagnaflutningaþjónustu. Starfsemi INMARSAT hefur í auknum mæli færst yfir í að annast fjarskipti við flugvélar og farartæki á landi auk þess að hafa samband við skip. Fjarskiptamöguleikar INMARSAT-gervitunglanna gegna mikilvægu hlutverki í alheimsneyðar- og öryggiskerfi sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur komið á fót.

Með breytingum á rekstrarformi INMARSAT er stofnað nýtt fyrirtæki, Inmarsat Ltd., sem mun gefa út til stofnunarinnar sérstakt hlutabréf sem veitir henni neitunarvald gegn ákveðnum tegundum breytinga á samþykktum fyrirtækisins. Við stofnun hins nýja félags fá undirritunaraðilar upphaflegs rekstrarsamnings INMARSAT hlutabréf í fyrirtækinu sem samsvarar

fyrri eignarhlut þeirra í stofnuninni. Með hliðsjón af þeirri þörf sem talin er vera fyrir sameiginlegt eftirlit ríkisstjórna verður aðaltilgangur stofnunarinnar að tryggja að fyrirtækið Inmarsat Ltd. uppfylli skyldur sem á því munu hvíla um að veita þjónustu í sambandi við alheims-neyðar- og öryggiskerfi fyrir siglingar og að fyrirtækið fari að ákveðnum grunnreglum. Utanríkisráðherra fer með hagsmuni og umboð íslenskra stjórnvalda innan INMARSAT-stofnunarinnar í samræmi við skuldbindingar sem Ísland hefur tekist á hendur.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Árni R. Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 2001.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Einar K. Guðfinnsson.	Jónína Bjartmarz.	Rannveig Guðmundsdóttir, með fyrirvara.
	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	

1250. Nefndarálit [619. mál]

um till. til þál. um staðfestingu breytinga á samningi um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT).

Frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Minni hluti utanríkismálanefndar hefur miklar og rökstuddar efasemdir um ágæti þess að einkavæða alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT) sem Íslendingar gerðust aðilar að fyrir um áratug síðan. Ljóst er að Alþingi stendur í þeim efnum frammi fyrir gerðum hlut þar sem fulltrúar Íslands á vettvangi stofnunarinnar beittu ekki aðstöðu sinni þar til að hafa áhrif á málið á þingi aðildarríkjanna 1998 þegar breytingarnar voru samþykktar. Vissulega er til bóta að þrátt fyrir áformaða einkavæðingu rekstrarþátta stofnunarinnar verður haldið eftir stofnun aðildarríkjanna með tiltekin íhlutunarrétt til að gæta hagsmuna alheimsneyðar- og öryggiskerfisins fyrir siglingar sem hin einkavædda stofnun á að reka.

Minni hlutinn er þeirrar skoðunar að ef farið verður út í þessar breytingar eigi í öllu falli að halda eftir hjá ríkinu eignarhlut Íslendinga í fyrirtækinu Inmarsat hf., en ekki skilja hann eftir í Landssímanum hf., sem nú stendur fyrir dyrum að einkavæða. Minni hlutinn getur því ekki stutt málið með vísan til ráðagerða um einkavæðingu Landssímans og þess sem að framan greinir.

Alþingi, 8. maí 2001.

Steingrímur J. Sigfússon.

1251. Svar [438. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um greiðslur úr ríkissjóði vegna fundahalda ýmissa starfsstétta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve há fjárhæð hefur verið greidd úr ríkissjóði vegna þinghalds eða funda ýmissa starfsstétta á sl. fjórum árum, sundurliðað eftir starfsstéttum og árum?*
2. *Hvaða reglur gilda um þessar greiðslur? Hvað fær hver þingfulltrúi eða fundarmaður greitt á dag? Hvað annað er greitt?*
3. *Á hvaða forsendum eru slíkar greiðslur inntar af hendi; hver er hinn lagalegi grunnur þeirra?*

Útlagður kostnaður ríkisins er skráður hjá ríkisbókhaldi, en útgjöldin eru ekki nægilega sundurgreind þar til að hægt sé að vinna umbeðnar upplýsingar hjá þeim. Því varð að leita til allra ráðuneyta um upplýsingar. Þar sem fyrirspurnin er almenns eðlis var í samráði við fyrirspyrjanda óskað eftir því við ráðuneytin að þau miðuðu við stærri reglubundin þing eða fundi.

Frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu bárust þau svör að þing eða fundir starfsstétta á vegum ráðuneytisins væru sýslumannafundir, dómsmálaþing og prestastefna. Kirkjuþing var einnig nefnt í þessu sambandi, en ráðuneytið telur að þar sem um sé að ræða yfirstjórn þjóðkirkjunnar, skipaða kjörnum fulltrúum lærðra og leikmanna auk embættismanna, teljist það ekki til fundahalda „starfsstétta“. Ef litið er á sýslumenn og dómara þá hafa þeir fengið greidda dagpeninga í 2–3 daga og ferðakostnað samkvæmt gildandi reglum hverju sinni. Kostnaður vegna þessa er bókaður hjá hverju embætti fyrir sig. Sé hins vegar litið til prestastefnanna þá var beinn útlagður kostnaður hjá Kirkjumálasjóði sem hér segir:

1997	Prestastefna á Akureyri	3.531.201 kr.
1998	Prestastefna í Hafnarfirði	3.616.561 kr.
1999	Prestastefna á Kirkjubæjarklaustri	4.977.756 kr.
2000	Prestastefna í Reykjavík og á Þingvöllum	5.091.505 kr.
	Samtals	**17.217.023 kr.**

Dagpeningar voru greiddir samkvæmt almennum reglum um slíkar greiðslur til starfsmanna ríkisins. Greiðsla fyrir gistingu og fæði í sólarhring var 9.900 kr. í desember 2000. Hver prestur fékk greidda þrjá daga og tvær nætur fyrir þriggja daga ráðstefnu og þeir sem komu lengst að fengu einn ferðadag aukalega. Framkvæmd prestastefnunnar hefur verið með þeim hætti að ef hún er haldin utan Reykjavíkur eru ekki greiddir dagpeningar, aðeins dvalarkostnaður. Ferðakostnaður er greiddur samkvæmt reglum ríkisins um ferðakostnað. Kirkjumálasjóður hefur greitt ígildi flugfargjalds ef sá kostnaður er lægri en akstursgjald samkvæmt reglum ríkissjóðs og því verður við komið. Annar kostnaður er kostnaður við fundaraðstöðu, fyrirlesara, fundargögn og annað tilfallandi. Prestastefna er haldin í samræmi við ákvæði laga nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, en þar er ákveðið að biskup kalli til prestastefnu árlega og er prestum skylt að mæta þar og telst það hluti af starfsskyldum þeirra. Sýslumannafundir og dómsmálaþing eru ekki lögbundin, en þótt hefur hentugt að kalla þessa embættismenn reglulega saman í því skyni að kynna og ræða ýmis nýmæli í löggjöf og stjórnsýsluframkvæmd á hverjum tíma.

Í svari annarra ráðuneyta kom fram að greiðslur vegna fundahalda ýmissa starfsstétta hefðu ekki verið inntar af hendi hjá ráðuneytunum síðastliðin fjögur ár. Í svari tveggja ráðuneyta kom fram að risna hefði verið greidd við einstök tækifæri sem færðist þá í flestum tilvikum á risnukostnað viðkomandi ráðherra.

1252. Nefndarálit [687. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 88/1991, með aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur haft til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Í þeim lögum er kveðið á um innheimta ýmiss konar gjalda sem renna í ríkissjóð.

Með breytingunum, sem lagðar eru til í frumvarpinu, er verið að lögfesta ýmsar gjaldtökuheimildir fyrir embættisverk starfsmanna utanríkisþjónustunnar sem áður mátti finna í reglugerð. Þá er lagt til að lögfestar verði heimildir til gjaldtöku fyrir vegabréfsáritanir sem byggjast á reglum Schengen-samstarfsins. Einnig er tillaga um að öryrkjar greiði sama gjald og aldraðir fyrir útgáfu vegabréfa.

Fulltrúar Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd leggjast ekki gegn því að ákveðið gjald sé tekið fyrir þá þjónustu sem veitt er af ríkinu. Samfylkingin telur hins vegar eðlilegra að slík gjöld endurspegli þann kostnað sem ríkið ber vegna þeirrar þjónustu sem veitt er hverju sinni.

Ef lög um aukatekjur ríkissjóðs eru skoðuð má draga verulega í efa að þær upphæðir sem finna má í einstökum greinum laganna endurspegli sanngjarnt gjald fyrir veitta þjónustu. Hjá fulltrúa fjármálaráðuneytis kom einnig fram að engin slík skoðun hefði farið fram á þeirri gjaldtöku sem lögin um aukatekjur ríkissjóðs fela í sér né heldur á þeim breytingum sem nú er lagt til að gerðar verði á lögunum.

Fulltrúar Samfylkingarinnar átelja harðlega að ekki skuli hafa farið fram endurskoðun á lögum um aukatekjur ríkissjóðs til að kanna hvort þær tekjur sem þar er gert ráð fyrir að renni í ríkissjóð endurspegli þann kostnað sem ríkið verður fyrir vegna veittrar þjónustu. Ekki síst er þetta ámælisvert í ljósi þess að 8. maí 1993 var afgreidd frá Alþingi þingsályktun frá Jóhanni Ársælssyni þar sem ríkisstjórninni var falið að láta fara fram endurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs. Í ályktuninni, sem samþykkt var og greinargerð sem með henni fylgdi, segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram endurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana.

Markmið endurskoðunarinnar verði að gera skýran greinarmun á skattheimtu og gjaldtöku fyrir veitta þjónustu sem hið opinbera ákveður að innheimta. Skal við það miðað að þjónustugjöld, sem eru innheimt vegna tiltekinnar þjónustu, séu metin sem hlutdeild í þeim kostnaði sem af þjónustunni hlýst eða hluti þess kostnaðar en aldrei hærri.

Ákveði hið opinbera að leggja gjald á tiltekna þjónustu umfram kostnaðinn við að veita hana skal koma skýrt fram við innheimtu hve há slík skattlagning er.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 115. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu úr nefnd og er því endurflutt.

Margvísleg gjaldtaka er viðhöfð í stofnunum ríkisins, t.d. fyrir vottorð, leyfi, skírteini, þinglýsingar og stimpilgjöld, svo og þjónustugjöld stofnana af ýmsu tagi. Mjög mikilvægt er að opinberir aðilar innheimti aldrei óeðlilega há gjöld fyrir veitta þjónustu. Gjöld, sem innheimt eru vegna tiltekinnar þjónustu, skulu þess vegna vera metin sem hlutdeild í henni eða hluti þess kostnaðar, en aldrei hærri.

Ýmis gjöld, sem hér er vísað til, eru það há að þau geta ekki verið eðlilegt endurgjald fyrir þjónustu og verður því að líta svo á að um skattlagningu sé að ræða. Full ástæða er til að meta að nýju hvort eðlilegt sé að ríkið noti sér ýmis þessara gjalda til sérstakrar tekjuöflunar. Það að taka háar fjárhæðir í ríkissjóð í stimpilgjöld eða fyrir skírteini, leyfi eða þjónustu án tillits til efnahags eða ástæðna þeirra er í hlut eiga er brot á þeim réttlætisviðhorfum sem ríkja skulu við ákvörðun skattstofns.

Það kemur mörgum undarlega fyrir sjónir að hið opinbera skuli á tíðum innheimta gjöld af ýmsu tagi sem augljóslega eru óeðlilega há miðað við þá þjónustu sem veitt er. Þegar aftur á móti kemur að samningum um kaup og kjör eða önnur viðskipti milli almennra borgara landsins þykir sú regla sjálfsögð að full þjónusta sé veitt fyrir endurgjaldið og full rök séu færð fyrir þeim kröfum sem gerðar eru. Þá er einnig í ljósi þeirrar stefnu núverandi stjórnvalda að innheimta þjónustugjöld af ýmsu tagi í miklu meira mæli en áður ástæða til að gera aðgengilegar upplýsingar um hve stóran hlut menn greiða í þeirri þjónustu sem veitt er af hinu opinbera í hverju einstöku tilviki.

Almenn viðhorf til viðskipta milli aðila og nauðsyn á rökstuddri réttlætingu á gerðum hins opinbera kallar á aðgerðir í þessu efni.“

Átta ár eru liðin frá því að Alþingi samþykkti þessa ályktun án þess að ríkisstjórnin hafi sinnt því hlutverki sem henni er ætlað, þ.e. að taka lög um aukatekjur ríkissjóðs til gagngerrar endurskoðunar.

Frá því að þingsályktunin var samþykkt hafa verið lagðar til breytingar á lögunum, lögð til ný gjaldtaka, án þess að ljóst sé hvort hún er í takt við þann sannanlega kostnað sem fellur til þegar þjónustan er veitt. Engin slík sundurliðun fylgdi þeim breytingum sem nú er lagt til að gerðar verði á lögunum.

Samfylkingin átelur þessi óvönduðu vinnubrögð harðlega og mun því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. maí 2001.

Margrét Frímannsdóttir, frsm.

Jóhanna Sigurðardóttir.

1253. Nefndarálit [345. mál]

um frv. til breyt. á l. um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996.

Frá heilbrigðis- og tryggínganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorstein Njálsson og Þorgrím Þráinsson frá tóbaksvarnanefnd, Jakob Möller frá Lögmannafélagi Íslands, Örn Sigurbergsson frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Guðrúnu Ástu Sigurðardóttur frá Samtökum verslunarinnar, Skúla Skúlason og Sigurð Jónsson frá Samtökum verslunar og þjónustu, Ernu Hauksdóttur frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Ástríði Thorsteinsson frá Flugmálastjórn, Herdísi Sveinsdóttur og Guðrúnu Jónsdóttur frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Guðlaugu Guðjónsdóttur frá Krabbameinsfélagi Reykjavíkur, Guðrúnu Agnarsdóttur, formann Krabbameinsfélags Íslands, og Eyjólf Sæmundsson, forstjóra Vinnueftirlitsins. Jafnframt bárust nefndinni umsagnir um málið frá Flugleiðum hf., Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi, Flugmálastjórn, Samtökum ferðaþjónustunnar, Heilbrigðiseftirliti Hafnafjarðar- og Kópavogssvæðis, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Flugfélaginu Atlanta hf., Vinnueftirliti ríkisins, laganefnd Lögmannafélags Íslands, Krabbameinsfélaginu, landlæknisembættinu, Barnaheillum, landssamtökunum Heimili og skóli, Landssamtökum hjartasjúklinga, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, héraðslækni Suðurlands, héraðslækni Vesturlands, Landssambandi eldri borgara, héraðslækni Reykjaneshéraðs, tóbaksvarnanefnd, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra, Samtökum verslunarinnar, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Læknafélagi Íslands, Félagi íslenskra heimilislækna, Samtökum verslunar og þjónustu, Hollustuvernd ríkisins, Verslunarráði Íslands og Samtökum atvinnulífsins.

Í frumvarpinu er kveðið á um hertar tóbaksvarnir í landinu og aukin réttindi þeirra sem ekki reykja. Meðal helstu nýmæla frumvarpsins má nefna að réttur fólks til reyklauss andrúmslofts er viðurkenndur og sérstaklega kveðið á um rétt barna og skal tóbaki vera þannig fyrir komið á útsölustöðum að það sé ekki sýnilegt viðskiptavinum. Þá er yngra fólki en 18 ára óheimilt að selja tóbak nema heilbrigðisnefnd á viðkomandi svæði veiti sérstaka undanþágu og sérstakt leyfi þarf til að selja tóbak í smásölu. Enn fremur eru heimildir til að leyfa reykingar á veitingastöðum þrengdar, hótelum og gististöðum er gert skylt að hafa reyklaus herbergi og skýrt er kveðið á um bann við reykingum í öllum húsakynnum sem almenningur hefur aðgang að vegna þátttöku í menningar- og félagsstarfsemi. Þá eru fjárveitingar til tóbaksvarna auknar og kveðið á um heimild til að svipta leyfishafa leyfi gerist hann brotlegur við 8. gr. laganna.

Reykingar og þau áhrif sem þær hafa á heilsu manna er eitt alvarlegasta heilbrigðisvandamál sem þjóðir heims glíma við nú og er Ísland þar engin undantekning. Mikið hefur þó áunnist í baráttunni við þennan skaðvald á undanförnum árum og hefur ýmsum aðferðum verið beitt í þeim efnum. Lög um tóbaksvarnir hafa haft mikið að segja um þann árangur og telur nefndin nauðsynlegt að herða róðurinn í þeim efnum svo að frekari árangur megi nást.

Til umfjöllunar í nefndinni er nú tillaga til þingsályktunar um heilbrigðisáætlun til ársins 2010. Forgangsverkefni númer eitt samkvæmt tillögunni miðar að því að hlutfall fólks á aldrinum 18–69 ára sem reykir verði undir 15% og jafnframt að hlutfall barna og unglinga 12–17 ára sem reykja verði undir 5%. Meðal annarra forgangsverkefna má nefna að stefnt er að því að draga úr dánartíðni vegna hjarta- og æðasjúkdóma hjá fólki á aldrinum 25–74

ára um 20% hjá körlum og 10% hjá konum og einnig er stefnt að því að dánartíðni vegna krabbameins hjá fólki yngra en 75 ára lækki um 10%.

Reykingar eru stór áhættuþáttur varðandi margar tegundir krabbameins og sá stærsti í sumum þeirra, t.d. lungnakrabbameini, og sama er að segja um hjarta- og æðasjúkdóma. Ef umrædd heilbrigðisáætlun á að verða meira en orðin tóm er nauðsynlegt að grípa til markvissra aðgerða á hinum ýmsu sviðum sem snerta heilbrigðismál og forvarnir. Frumvarp það sem hér liggur fyrir er skref í þá átt.

Nefndin telur að þau nýmæli sem í frumvarpinu felast séu til þess fallin að draga úr reykingum og þá sérstaklega reykingum barna og unglinga og um leið stuðli þau að því að markmið heilbrigðisáætlunar megi nást.

Nefndin vill benda á að sýnt hefur verið fram á að hækkun tóbaksverðs sé áhrifaríkasta leiðin til að draga úr reykingum. Vægi tóbaksverðs í vísitölu neysluverðs gerir það að verkum að allar hækkanir á tóbaksverði leiða til hækkunar á vísitölunni og hefur af þeim sökum m.a. gætt tregðu til að hækka tóbaksverð. Nefndin hvetur til þess að skoðað verði rækilega hvort unnt sé að rjúfa tengsl tóbaks og vísitölu þannig að unnt sé að beita verðhækkunum á tóbaki sem þætti í tóbaksvörnum án þeirra neikvæðu hliðarverkana sem hækkun neysluvísitölu óneitanlega hefur.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að í 3. efnismgr. c-liðar 6. gr. frumvarpsins, þar sem kveðið er á um að tóbaki skuli komið þannig fyrir á útsölustöðum að það sé ekki sýnilegt viðskiptavinum, verði jafnframt kveðið á um að vörumerki tóbaks verði ekki sýnileg viðskiptavinum.
2. Lagt er til að áður en reglugerð um undanþágur, sbr. 1. efnismgr. b-liðar 7. gr., er sett, skuli leita umsagnar Vinnueftirlits ríkisins. Hagir barna og ungmenna á vinnumarkaði eru á starfssviði Vinnueftirlitsins og því eðlilegt að það komi að reglusetningu um þetta efni.
3. Lagt er til að tóbakssöluleyfi verði veitt til fjögurra ára í senn en ekki fimm eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Almenn starfsleyfi heilbrigðisnefnda eru gefin út til fjögurra ára í senn og er eðlilegt að samræmi sé þarna á milli.
4. Lögð er til breyting á b-lið 9. gr. frumvarpsins. Lagt er til að þeir fangar sem ekki reykja eigi rétt á reyklausum fangaklefum. Í núgildandi lögum er kveðið á um slíkan rétt vistmanna á hjúkrunar- og dvalarheimilum og þykir nefndinni rétt að fangar sem ekki reykja hafi þennan sama rétt.
5. Jafnframt er lagt til að d-liður 9. gr. frumvarpsins falli brott. Í d-lið er lagt til að heimild til að gera ráð fyrir afdrepi þar sem reykingar eru heimilaðar, innan annarra opinberra stofnana en þeirra sem um getur í 1. mgr. 10. gr. laganna, verði felld niður. Nefndin bendir á að hér sé einungis um heimild að ræða og það sé í höndum hverrar stofnunar fyrir sig að meta hvort ástæða sé til að útbúa slík afdrep. Niðurfelling þessarar heimildar mun að sinni einungis auka það ónæði sem fylgir reykingum starfsfólks, m.a. við innganga stofnana.
6. Lagðar eru til breytingar á 12. gr. frumvarpsins. Ef greinin yrði samþykkt óbreytt fæli hún í sér að reykingar yrðu óheimilar í flugi íslenskra flugrekenda milli áfangastaða erlendis, án viðkomu á Íslandi. Slíkt fæli í sér skerðingu á samkeppnisstöðu íslenskra flugfélaga við öflun erlendra leiguverkefna og gæti haft ófyrirséð tekjutap í för með sér fyrir viðkomandi flugfélög. Sterk hefð er fyrir því víða erlendis að reykingar séu leyfðar í flugi og ekki á okkar færi að breyta því. Það er því lagt til að reykingar verði leyfðar í hluta farþegarýmis í atvinnuflugi milli þriðju ríkja.

Samkvæmt orðalagi 1. mgr. 13. gr. tóbaksvarnalaga tekur reykingabann í almenningsfarartækjum aðeins til farþegarýmis viðkomandi farartækja. Lagt er til að þessu verði breytt þannig að bannið taki til alls rýmis í almenningsfarartækjum. Í þessu sambandi má benda á að samkvæmt núgildandi lögum er ekki bannað að reykja á salerni farþegaflugvélar eða í stjórnklefa hennar því þessi svæði teljast ekki til farþegarýmis í merkingu þess orðs. Flugfélögin hafa hins vegar sjálf lagt bann við reykingum á þessum stöðum.

7. Loks er lagt til að lögin taki gildi 1. ágúst nk. í stað 1. júní, svo að nægur tími gefist til að undirbúa reglugerðir og til útgáfu tóbakssöluleyfa.

Ásta R. Jóhannesdóttir, Karl V. Matthíasson og Þuríður Backman skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og gera breytingartillögur við málið.

Alþingi, 9. maí 2001.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Katrín Fjeldsted.
Þuríður Backman, með fyrirvara.	Ásta Möller.	Karl V. Matthíasson, með fyrirvara
Magnús Stefánsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.

1254. Breytingartillögur [345. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. Við 6. gr. Á eftir orðinu „Tóbaki“ í 3. efnismgr. c-liðar komi: og vörumerkjum tóbaks.
2. Við 7. gr.
   a. Á eftir orðunum „Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur í reglugerð“ í 1. efnismgr. b-liðar komi: að fenginni umsögn Vinnueftirlits ríkisins.
   b. Í stað orðanna „fimm ára“ í 2. málsl. 3. efnismgr. b-liðar komi: fjögurra ára.
3. Við 8. gr. Orðin „af fremsta megni“ í 5. efnismgr. falli brott.
4. Við 9. gr.
   a. Við b-lið bætist nýr málsliður sem orðist svo: Skylt er að gefa þeim sem ekki reykja kost á reyklausum fangaklefum.
   b. D-liður falli brott.
5. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „farþegarými almenningsfarartækja“ í 1. mgr. kemur: almenningsfarartækjum.
   b. Á eftir orðunum „milli landa“ í 2. mgr. kemur: án viðkomu á Íslandi.
   c. 3. mgr. fellur brott.

6. Við 17. gr. 1. mgr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 2001.

1255. Skýrsla [28. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um meðferðarstofnanir, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1 FORMÁLI

Hinn 9. október sl. var samþykkt á Alþingi beiðni frá Einari K. Guðfinnssyni og fleiri þingmönnum um skýrslu um meðferðarstofnanir. Beðið var um upplýsingar um hvaða stofnanir bjóða upp á meðferð fyrir vímuefnasjúklinga, með og án framlaga frá ríkinu, hvar þessar stofnanir eru, hver rekstrargjöld þeirra eru og hvernig meðferð þær bjóða upp á.

Hér á eftir fer lýsing á þeim meðferðarstofnunum sem ráðuneytinu tókst að afla upplýsinga um. Er það von ráðuneytisins að skýrslan gefi glögga heildarmynd af stofnunum á þessu sviði, starfsemi þeirra, fjölda stöðugilda og sérkennum. Einnig er lauslega fjallað um framlög til áfengis- og vímuvarnaráðs og tóbaksvarnanefndar.

Ljóst er að stofnanirnar eru mjög mismunandi, allt frá áratugagömlum geðdeildum ríkisspítala til nýopnaðra vistheimila á vegum áhugasamtaka. Sumar stofnanirnar teljast til heilbrigðisstofnana, aðrar ekki.

Aukinn fíkniefnavandi einkennir starfsemina alla og þótt þungi áfengismeðferðar sé mikill hefur hlutfall annarra fíkniefna aukist mjög.

Vandi vímuefnaneytenda er margvíslegur, bæði líkamlegur, andlegur og félagslegur. Mismunandi úrræði henta hverjum og einum og því eru úrlausnir bæði á sviði heilbrigðis-, tryggginga- og félagsmálayfirvalda.

Á undanförnum árum hefur verið reynt að sporna við þessari þróun með margvíslegum hætti. Skal þar sérstaklega bent á aukna áherslu á forvarnir, einkum meðal barna og ungmenna, stefnumótun í málefnum langveikra barna, stefnumótun í málefnum geðsjúkra og sérstaka vinnu að málefnum geðsjúkra barna, en börn og unglingar með geðræn vandamál eru einna líklegust til að lenda í glímu við áfengis- og vímuefnavanda síðar á lífsleiðinni. Þá hefur meðferðarúrræðum verið fjölgað, svo sem með nýrri unglingadeild á Vogi, komið upp bráðamóttöku á vegum barna- og unglingageðdeildar Landspítalans, Barnaverndarstofu og SÁÁ, auk þess sem komið hefur verið á virku samráði þessara aðila, sérstaklega að því er varðar vandamál barna og unglinga. Þá hefur Forvarnasjóður styrkt ýmis forvarna- og meðferðarverkefni, einkum nýjungar og tilraunaverkefni á því sviði.

Ekki liggja fyrir miklar upplýsingar um árangur meðferðar. Ljóst er að auka þarf áherslu á árangursmat hinna ýmsu meðferðarstofnana og meðferðarleiða til að tryggja sjúklingum sem bestan árangur og sem besta nýtingu fjárveitinga til málaflokksins.

2 YFIRLIT YFIR STOFNANIR

Í skýrslunni er leitast við að gefa yfirlit yfir þær meðferðarstofnanir sem sjá um vímuvarnir og bráða- og eftirmeðferð vímuefnasjúklinga með beinum eða óbeinum stuðningi hins opinbera. Jafnframt er gerð grein fyrir stofnunum sem sinna sambærilegum verkefnum án stuðnings hins opinbera.

Þar sem flestar stofnanir fá einhvern stuðning frá hinu opinbera er annars vegar miðað við stofnanir sem fá úthlutað fjármagni í A-hluta fjárlaga og hins vegar stofnanir sem eru ekki tilgreindar sérstaklega í fjárlögum.

Barnaverndarstofa gegnir veigamiklu starfi við meðferð ungra vímuefnafíkla og er því einnig stuttlega gerð grein fyrir meðferðarheimilum á vegum hennar.

2.1 Stofnanir á fjárlögum.

2.1.1 Landspítalinn – háskólasjúkrahús.

Landspítali við Hringbraut.

Meðferð við ávana- og fíkniefnanotkun hefur í marga áratugi verið snar þáttur í starfsemi geðdeilda ríkisspítalanna. Skyldur ríkissjúkrahúss eru margþættar og felast meðal annars í því að taka við sjúklingum að beiðni lækna og lögreglu hvenær sem fram á það er farið. Hlutfall geðsjúkra fíkniefnaneytenda hlýtur því ávallt að vera hærra á slíkum deildum en hjá öðrum stofnunum sem ekki hafa sambærilegar skyldur.

Á Kleppsspítala var rekin göngudeild fyrir áfengissjúklinga en árið 1979 var tekin í notkun ný göngudeild fyrir áfengissjúklinga á nýrri geðdeild Landspítalans. Fluttist þá starfsemin úr húsnæði við Flókagötu í nýtt húsnæði geðdeildarinnar.

Geðdeild Landspítala skiptist í sex skorir, áfengis- og vímuefnaskor er ein þeirra en einnig þjónar sameiginleg skor þessum málum.

Áfengis- og vímuefnaskor skiptist í nokkrar deildir:

- Áfengisdeildir, sameiginlegar. Hér er bókfærður kostnaður vegna lækna og annar sameiginlegur kostnaður, sem ekki er hægt að skipta nánar.
- Geðdeild 33A, sem er legu- og dagdeild.
- Göngudeild 32E.
- Dagdeild og sjúkrahótel Flókagötu, deildir 29 og 31. Þessi deild, sem kallast Teigur, var opnuð 1995 og tók við af deild 16 á Vífilsstöðum.
- Gunnarsholt á Rangárvöllum, sem hefur til langs tíma heyrt undir Landspítala.
- Deild 16 á Vífilsstöðum var sjúkrahótel en var lokað árið 1995.

2.1.2 SÁÁ – Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann.

Stofnfundur SÁÁ var haldinn 1. október 1977 en samtökin eru sjálfseignarstofnun sem rekur ýmsa sjúkra- og þjónustustarfsemi fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga.

Strax eftir stofnun samtakanna var opnuð skrifstofa og fræðslu- og leiðbeiningarstöð í náinni samvinnu við áfengisvarnadeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkurborgar. Árið 1981 fluttist skrifstofan ásamt göngudeildinni (fræðslu- og leiðbeiningarstöð) í húsnæði SÁÁ í Síðumúla 3–5 í Reykjavík.

Vogur.

Sjúkrastöð var opnuð 7. desember 1977 í Reykjadal í Mosfellssveit. Í maí 1979 fluttist sjúkrastöðin að Silungapolli en sjúkrastöðin Vogur tók til starfa 28. desember 1983. Stöðugildi 31. desember 1999 voru 49,66.

Vík.

Í ágúst 1978 var hafin starfræksla meðferðarheimilis SÁÁ að Sogni í Ölfusi en starfsemin var flutt í húsnæði SÁÁ að Vík á Kjalarnesi í desember 1991. Stöðugildi 31. desember 1999 voru 8,07.

Staðarfell.
Rekstur meðferðarheimilis að Staðarfelli í Dölum hófst í nóvember 1980 og hefur verið þar síðan. Stöðugildi 31. desember 1999 voru 7,51.

Göngudeild, Reykjavík.
Göngudeildin var stofnuð árið 1981, en áður hafði fræðslu- og leiðbeiningarstöð aðsetur að Síðumúla 3–5.

Sambýli, Reykjavík.
Árið 1993 hóf SÁÁ rekstur sambýlis fyrir karlmenn að Miklubraut 1 og rekstur sambýlis fyrir konur að Eskihlíð 3 hófst 15. maí 1995.

Göngudeild, Akureyri.
Í ársbyrjun 1993 hóf SÁÁ rekstur göngudeildar á Akureyri.

Áfangahúsið Fjólan, Akureyri.
Árið 1995 festu samtökin kaup á húsi við Hrafnagilsstræti á Akureyri fyrir rekstur sambýlis fyrir karlmenn en Norðurlandsdeild SÁÁ sér um daglegan rekstur þess.

Unglingadeildir.
Í byrjun árs 2000 hófst rekstur unglingadeildar á sjúkrahúsinu Vogi (legudeild) og nokkrum mánuðum síðar var hafin starfsemi göngudeildar sem er bæði fyrir unglinga og aðra skjólstæðinga.

2.1.3 Hlaðgerðarkot.
Samhjálp hvítasunnumanna er kristilegt hjálparstarf fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga, stofnað 31. janúar 1973.

Samhjálp keypti Hlaðgerðarkot í Mosfellsdal af mæðrastyrksnefnd árið 1973 og hóf þar rekstur vistheimilis fyrir áfengissjúklinga. Reksturinn var greiddur með daggjöldum Tryggingastofnunar ríkisins í fjöldamörg ár en var settur á föst fjárlög ríkisins eftir að heimilið breyttist í afeitrunar- og meðferðarstöð árið 1992.

Í Hlaðgerðarkoti er rúm fyrir 32 einstaklinga. Aðstæður þeirra sem sækja um vist eru mismunandi en oftast liggur að baki löng og ströng neysla vímuefna.

Legudagar í Hlaðgerðarkoti eru 10–11.000 á ári. Stöðugildi 1. desember 1999 voru 10,83.

Meðferðarstarfið byggist á 12 spora kerfi AA-samtakanna með sérstaka áherslu á trúarlegan bakgrunn kerfisins.

Auk reksturs Hlaðgerðarkots rekur Samhjálp eftirfarandi starfsemi að Hverfisgötu 42, Reykjavík, sem ekki er á fjárlögum ráðuneytisins:

- Stoðbýli — áfangaheimili (eftirmeðferð að lokinni dvöl í Hlaðgerðarkoti).
- Göngudeild — ráðgjafarþjónusta rekin af Hlaðgerðarkoti sem eftirmeðferð fyrir þá sem hafa útskrifast þaðan.
- Kaffistofa — súpueldhús.
- Þríbúðir — félagsmiðstöð.
- Dorkas — hjálparstarf fyrir konur, systrafélag.

2.1.4 Víðines.

Víðines, sem var stofnað af Bláa bandinu, var rekið sem vistheimili og meðferðarstofnun fyrir áfengissjúklinga. Undanfarin ár hefur stöðugt dregið úr virkri meðferð á stofnuninni og vistmenn eru flestir komnir á ellilífeyrisaldur. Því eru framlög til heimilisins ekki talin hér með.

2.1.5 Krýsuvíkursamtökin.

Krýsuvíkursamtökin voru stofnuð árið 1986. Eiga þau og reka Krýsuvíkurskóla, sem er meðferðarstofnun fyrir vímuefnaneytendur. Þar er boðið upp á langtímameðferð fyrir fólk á aldrinum 16–60 ára af báðum kynjum í 6–24 mánuði. Hún byggist á 12 spora kerfi AA-samtakanna, með áherslu á meðferð, nám og vinnu. Markmiðið er að endurhæfa vistmenn svo að þeir nái ákveðinni lífsleikni og komist út í þjóðfélagið að nýju. Rými er fyrir 30 manns.

Stefna stofnunarinnar er að þangað komi menn ekki inn í sína fyrstu meðferð en við innlögn er gert ráð fyrir að vistmaður hafi ákveðið að dvelja í minnst sex mánuði til meðferðar. Þessi staður er hugsaður sem úrræði fyrir þá sem ekki hefur tekist að ná árangri í styttri meðferðum. Flestir vistmenn hafa oft áður farið í meðferð og sumir hafa einhvern tíma vistast á stofnunum fyrir geðsjúka.

Til að styrkja fjárhag stofnunarinnar hefur verið tekið á móti sænskum vistmönnum en tekjur af þeim námu árin 1997–99 27–30% af heildartekjum stofnunarinnar. Stöðugildi 1. desember 1999 voru níu.

2.2 Meðferðar-, áfanga- og gistiheimili.

Hér er um að ræða margar stofnanir sem reknar eru á vegum ýmissa áhugasamtaka um vímuefnavandann. Þar vegur þungt kröftugt starf ýmissa trúarhreyfinga sem hafa unnið mikla sjálfboðavinnu í þágu málefnisins. Þessum stofnunum er skipt í meðferðarheimili, áfangaheimili og gistiheimili.

2.2.1 Meðferðarheimili.

Hér er átt við heimili sem bjóða upp á meðferð með skipulagðri dagskrá. Í þennan hóp flokkast Árvellir, Byrgið og Krossgötur. Árvellir eru með vistunarsamning við Barnaverndarstofu fyrir tíu skjólstæðinga.

Árvellir er meðferðarheimili á Kjalarnesi fyrir ungt fólk á aldrinum 15–20 ára með aðstöðu fyrir 20 skjólstæðinga. Meðferðarheimilið er rekið af Götusmiðjunni sem er í einkaeigu hjónanna Marsibilar Sæmundsdóttur og Guðmundar Týs Þórarinssonar. Þar dvelja á hverjum tíma nokkur ungmenni 16–18 ára, en samningur er milli Barnaverndastofu og Götusmiðjunnar um að vista tíu unglinga að 18 ára aldri á vegum barnaverndarnefnda. Fjölskyldu- og foreldrahópar hittast einu sinni í viku á Árvöllum. Markmið Götusmiðjunnar er að aðstoða ungt fólk, sem hefur leiðst út í fíkniefnaneyslu og afbrot, við að fóta sig og koma lífi sínu í jákvæðan farveg. Starfsemin miðar að því að hjálpa einstaklingnum að hjálpa sér sjálfur, efla og styrkja sjálfsmynd hans svo að hann geti lifað í samfélaginu og staðið á eigin fótum. Meðferðin er byggð á 12 spora kerfi AA-samtakanna. Á árinu 1999 fékk stofnunin 11 millj. kr. á fjáraukalögum frá félagsmálaráðuneytinu og 0,5 millj. kr. styrk frá Reykjavíkurborg. Stöðugildi eru 12.

Byrgið er rekið af kristilegum samtökum og var stofnað í desember 1996. Starfsemin er þrískipt og er einn hluti hennar meðferðarheimili. Boðið er upp á meðferð í þrjá til sex mánuði en hægt er að sækja um framlengingu að þeim tíma liðnum. Vistmenn eru allir eldri en

18 ára og flestir eldri en 24 ára. Hin tvö heimilin sem Byrgið hefur rekið eru áfangaheimili þar sem vistmenn sækja sér fyrst og fremst húsaskjól. Annað var að Vesturgötu 18 í Hafnarfirði, en því var lokað í lok apríl 2000, og hitt er í Rockville á Miðnesheiði. Þar eru nú 25–30 manns í meðferð. Meðferð er byggð á 12 spora kerfi AA-samtakanna með trúarlegu ívafi. Meðferðargjöld eru 36.000 kr. á mánuði og 20.000 kr. í Rockville. Starfsemin er fjármögnuð með styrkjum frá hinu opinbera, frjálsum framlögum einstaklinga og fyrirtækja. Á árinu 1999 úthlutaði félagsmálaráðuneytið Byrginu 4 millj. kr. til starfseminnar. Launuð stöðugildi eru um þrjú.

Krossgötur reka endurhæfingameðferð að Hlíðasmára 5–7 í Kópavogi fyrir unga vímuefnaneytendur á aldrinum 16–35 ára. Krossinn stofnaði meðferðarheimilið árið 1986 og var það fyrst til húsa að Álfhólsvegi 32 í Kópavogi en varð að sjálfstæðri stofnun árið 1989. Nú býður stofnunin upp á leiguhúsnæði í 20 íbúðum og geta verið þar um 40 skjólstæðingar. Lágmarksdvöl er sex mánuðir en hámark tvö ár. Mánaðarleiga (fæði og húsnæði) er 35.000 kr. fyrir einstakling en 58.000 kr. fyrir hjón. Markmiðið með starfsemi Krossgatna er að auka skilning vistmanna á eigin stöðu og hæfni þeirra til að takast á við nýtt líf án vímugjafa. Byggt er á 12 spora kerfi AA-samtakanna. Á árinu 1999 fékk stofnunin 18 millj. kr. frá félagsmálaráðuneytinu og 2 millj. kr. úr Forvarnasjóði. Stöðugildi eru fimm.

2.2.2 Áfangaheimili sem veita stuðning og ráðgjöf.

Heimili sem bjóða upp á stuðning og ráðgjöf í einhverjum mæli eru: Takmarkið, Stoðbýli Samhjálpar, Fjólan, Dyngjan, SÁÁ við Eskihlíð og Miklubraut, Risið og Vernd.

Öll heimilin hafa það að markmiði að hjálpa fólki sem er fjölskyldu- og heimilislaust að ná á ný fótfestu í lífinu og halda varanlegt bindindi.

Takmarkið að Barónsstíg 13 í Reykjavík tekur á móti fólki sem er að koma úr áfengis- og vímuefnameðferð. Stofnunin fékk styrk frá Reykjavíkurborg árið 1999 að fjárhæð 1 millj. kr. og að auki 1,2 millj. kr. úr Forvarnasjóði.

Stoðbýli Samhjálpar er áfangaheimili að Hverfisgötu 42 í Reykjavík fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga sem lokið hafa meðferð hjá Samhjálp að Hlaðgerðarkoti í Mosfellsdal. Þar er aðstaða fyrir 15 einstaklinga og er lágmarksdvalartími sex mánuðir. Markmið þeirrar félagslegu aðhlynningar sem veitt er í Stoðbýlinu er að gera skjólstæðingum kleift að temja sér nýja lífshætti og varanlegt bindindi á eigin ábyrgð. Jafnframt er þeim skylt að taka virkan þátt í félagsstarfinu í Þríbúðum og er það hugsað sem þáttur af eftirmeðferðarstarfi Samhjálpar. Styrkur frá Reykjavíkurborg á árinu 1999 nam 3,8 millj. kr. og úr Forvarnasjóði fékk heimilið úthlutað 1 millj. kr.

Fjólan er áfangaheimili á Akureyri fyrir karlmenn sem eru að koma úr áfengis- og vímuefnameðferð (sjá undir SÁÁ). Úthlutun úr Forvarnasjóði á árinu 1999 nam 800.000 kr.

Dyngjan er áfangaheimili fyrir konur, stundum með börn, sem lokið hafa áfengis- og vímuefnameðferð. Er það til húsa að Snekkjuvogi 21 í Reykjavík. Heimilið var stofnað í apríl árið 1988 af áhugakonum um vímuefnavandann. Rými er fyrir tólf skjólstæðinga og þar er eitt stöðugildi. Vistmenn greiða 34.000 kr. fyrir dvölina en þá er innifalinn allur kostnaður. Þar fyrir utan er reksturinn fjármagnaður með styrkjum frá opinberum aðilum. Reykjavíkurborg veitti styrk á árinu 1999 að fjárhæð 1 millj. kr. og úthlutun Forvarnasjóðs var 2,1 millj. kr.

SÁÁ við Eskihlíð og Miklubraut, Reykjavík veitir áfengisfíklum félagslegan stuðning eftir áfengismeðferð eða á meðan áfengismeðferð stendur á göngudeild.

Risið á Snorrabraut 52 í Reykjavík býður upp á hjálparstarfsemi fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga sem eru að ná sér á strik eftir meðferð á meðferðarstofnunum eða sjúkrahúsum. Stöðugildi eru tvö og rými 18. Rekstraraðili er líknarfélag (sjálfseignarstofnun).

Vernd er áfangaheimili að Laugateigi 19 í Reykjavík sem er rekið af áhugamannafélagi í nánum tengslum við fangelsismálastofnun. Þar vistast menn sem koma úr fangelsum eftir að hafa afplánað dóm og lokið stofnanavist á afeitrunarstofnun. Fjöldi rýma er 16–19 og stöðugildin tvö.

2.2.3 Gistiheimili.

Heimili þessi bjóða fyrst og fremst upp á athvarf eða húsaskjól án þess að veitt sé nokkur aðstoð eða ráðgjöf að öðru leyti.

Gistiskýli Reykjavíkurborgar er rekið að Þingholtsstræti 25. Þar er um að ræða neyðarathvarf fyrir heimilislausa áfengis- og vímuefnasjúklinga og er það fjármagnað af Reykjavíkurborg. Verktaki annast reksturinn. Stöðugildi eru fjögur yfir veturinn en þrjú yfir sumarið. Á sumrin er lokað frá kl. 10.00 á morgnana til kl. 17.00 á daginn. Rými eru 15.

Þrepið er óháð samtök áhugamanna, sjálfseignarstofnun með fimm manna stjórn. Engin formleg meðferð fer fram á vegum félagsins. Skjólstæðingar hafa húsaskjól og aðstöðu í húsnæði félagsins að Laugarásvegi 24 í Reykjavík. AA-fundir eru reglulega haldnir innan veggja Þrepsins.

2.3 Barnaverndarstofa.

Barnaverndarstofa, sem er stofnun á vegum félagsmálaráðuneytisins, sér m.a. um vistun barna og unglinga til 18 ára aldurs sem eiga við vímuefnavandamál að stríða. Stofnunin rekur starfsemi á ýmsum stöðum um landið.

Stuðlar starfa á grundvelli barnaverndarlaga, nr. 58/1992, og reglugerðar nr. 271/1995, um meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga. Þar segir að starfrækja skuli meðferðarstöð fyrir unglinga á aldrinum 12–18 ára sem eiga við hegðunarerfiðleika og/eða vímuefnavanda að stríða. Stuðlar sinna því misleitum hópi unglinga með margvíslegan vanda.

Á Stuðlum eru tvær deildir, lokuð deild, oft kölluð neyðarvistun, og meðferðardeild. Auk þess reka Stuðlar þriðju deildina sem er eftirmeðferð í húsnæði við Skúlagötu í Reykjavík. Stöðugildi eru 25.

Lögregla og starfsmenn félagsþjónustu sveitarfélaga (barnaverndarnefnda) geta vistað ungling á lokaðri deild í neyðartilvikum til skamms tíma, að hámarki 14 daga. Barnaverndarstofa getur vistað ungling á lokaðri deild eftir strok eða ofbeldishegðun sem ekki er unnt að stöðva með öðrum hætti.

Félagsþjónusta sveitarfélaga getur sótt um pláss á meðferðardeild þegar vandinn er orðinn meiri en ráða má við með úrræðum í héraði. Starfsmaður félagsþjónustu sendir umsókn til Barnaverndarstofu, fylgir foreldrum og unglingi á kynningar- og inntökufund og fjórum til sex vikum síðar á greiningarfund. Þar er farið yfir niðurstöður og árangur meðferðar sem og tillögur um áframhald. Starfsmaður félagsþjónustu er viðstaddur útskriftarfund þegar meðferð lýkur.

Sumir unglingar fara í langtímameðferð á meðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu en stór hluti fer aftur heim eftir meðferð á Stuðlum. Flestir þeirra taka þátt í vikulegri eftirmeðferð í að minnsta kosti sex mánuði.

Barnaverndarstofa er með rekstrarsamning við eftirtaldar þrjár einkareknar meðferðarstofnanir, sem allar sérhæfa sig í vímuefnavandamálum:

Árvelli á Kjalarnesi (sjá framar).

Laugaland í Glæsibæjarhreppi í Eyjafirði, en þangað fluttist starfsemi frá Varpholti, sem hóf rekstur í byrjun júní 1997. Í Laugalandi er rými fyrir átta stúlkur og eru stöðugildin fjögur. Að auki eru einn til tveir kennarar í hlutastarfi.

Meðferðarheimilið er rekið sem fjölskylduheimili og búa hjónin sem reka heimilið þar ásamt tveimur börnum sínum og þeim unglingum sem þar eru vistaðir hverju sinni. Við heimilið starfa auk þeirra hjóna tveir starfsmenn. Sálfræðingur starfar einnig við heimilið í hlutastarfi.

Heimilið að Laugalandi er sérhæft meðferðarúrræði fyrir unga áfengis- og vímuefnaneytendur byggt á 12 spora kerfi AA-samtakanna.

Meðferðarheimilið Jökuldal sem er með rými fyrir sex drengi með vímuefnavandamál. Stöðugildin eru fimm. Meðferðarheimilið var opnað í janúar 2000.

Meðferðin er fyrir unga áfengis- og vímuefnanotendur undir lögaldri. Meðferðarrýmin eru sex og er meðferðin sniðin að þörfum ungra fíkla þar sem lögð er áhersla á fræðslu í formi fyrirlestra, einkaviðtala og hópvinnu.

Auk framangreindra meðferðarheimila eru eftirfarandi heimili rekin á vegum Barnaverndarstofu. Þar eru einnig til meðferðar unglingar sem eiga við vímuefnavanda að stríða.

Hvítárbakki í Borgarfirði er með sex rými fyrir skjólstæðinga og eru þar sex stöðugildi. Meðferðarheimilið hóf starfsemi í lok árs 1998. Hópurinn sem heimilið þjónar eru 13–18 ára unglingar með hegðunarerfiðleika, vímuefnavanda og afbrotahneigð.

Háholt í Skagafirði er með sex rými fyrir skjólstæðinga. Þar er lokuð meðferð fyrir 16–18 ára mjög erfiða einstaklinga. Meðferðar- og skólaheimilið Háholt tók til starfa í janúar 1999. Fæstir koma þangað sjálfviljugir og eru því stöðugildin tiltölulega mörg, eða 11–13. Vandamál skjólstæðinganna eru af ýmsum toga en flestir hafa glímt við mikinn fíkniefnavanda, eiga langan afbrotaferil að baki og hafa beitt ofbeldi. Allir eiga þeir það sameiginlegt að hafa hætt í skóla og fjölskyldutengsl eru í upplausn. Skjólstæðingur sem kemur í Háholt dvelur þar að lágmarki í hálft ár en dvölin getur orðið mun lengri. Í sumum tilfellum fara nemendur í Háholti í framhaldsmeðferð á aðrar meðferðarstofnanir, svo sem Vog, Staðarfell eða Árvelli, en koma aftur í Háholt. Þetta er gert til að auðvelda þeim að nýta það sem þeir hafa lært við nýjar aðstæður og til að öðlast frekari reynslu áður en þeir útskrifast. Skjólstæðingar hafa einnig í nokkrum tilfellum útskrifast til fjölskylduheimila á vegum Barnaverndarstofu í framhaldsmeðferð.

Árbót/Berg. Meðferðarheimilin Árbót og Berg í Aðaldal í Suður-Þingeyjarsýslu eru samtals með rými fyrir 10 skjólstæðinga. Stöðugildin eru 12. Stofnunin er ekki fyrir unglinga með vímuefnavandamál heldur þá sem eru með geðræn vandamál. Starfsemin hófst árið 1992 og var þá sértæk lausn fyrir tvo einstaklinga en formlega tóku heimilin til starfa árið 1994 með rými fyrir fjóra skjólstæðinga.

Geldingalækur á Rangárvöllum er meðferðarheimili fyrir yngsta aldurshópinn, þ.e. frá 5–14 ára, með aðaláherslu á börn undir 13 ára aldri. Þar eru sex rými og stöðugildi eru fjögur.

Torfastaðir í Biskupstungum eru með fjögur stöðugildi. Allt að sex unglingar eru vistaðir á Torfastöðum hverju sinni. Flestir þeirra eiga við margvísleg vandamál að etja, svo sem hegðunarerfiðleika, skólavanda, erfiðar heimilisaðstæður og geðraskanir eða hafa verið í vímuefnaneyslu og afbrotum.

2.4 Starfsemi skipt eftir kjördæmum ásamt stöðugildum.

Kjördæmi	Stöðugildi 31/12 1999	Stöðugildi alls
Reykjavík		**159**
Landspítali, háskólasjúkrahús	56	
Göngudeild		
Meðferðardeild		
Dagdeild		
SÁÁ	63	
Vogur		
Göngudeild, Reykjavík		
Áfangaheimili, Miklubraut og Eskihlíð		
Barnaverndarstofa	25	
Stuðlar		
Áfanga- og gistiheimili		
Takmarkið við Barónsstíg	1	
Stoðbýli Samhjálpar og súpueldhús, Hverfisgötu	4	
Gistiskýli Reykjavíkurborgar, Þingholtsstræti	4	
Dyngjan, Snekkjuvogi	1	
Þrepið, Laugarásvegi	1	
Risið, Snorrabraut	2	
Vernd, Laugateigi	2	
Reykjanes		**48**
Hlaðgerðarkot, Mosfellsdal	11	
Krýsuvíkurskóli	9	
Byrgið, Hafnarfirði	3	
Byrgið, Rockville, Miðnesheiði		
Árvellir, Kjalarnesi	12	
SÁÁ, Vík, Kjalarnesi	8	
Krossgötur, Kópavogi	5	
Vesturland		**14**
SÁÁ, Staðarfell á Fellsströnd	8	
Hvítárbakki í Borgarfirði	6	
Norðurland vestra		**12**
Háholt	12	
Norðurland eystra		**22**
Göngudeild SÁÁ, Akureyri	6	
Áfangahúsið Fjólan, Akureyri		
Varpholt (nú Laugaland), Eyjafirði	4	
Árbót/Berg, Aðaldal	12	
Austurland		**5**
Meðferðarheimilið Jökuldal, Skjöldólfsstöðum	5	
Suðurland		**19**
Gunnarsholt	11	
Torfastaðir í Biskupstungum	4	
Geldingalækur á Rangárvöllum	4	
SAMTALS STÖÐUGILDI		**279**

3 FJÁRMÁL

Úttekt á fjármálum þeirra stofnana sem eru utan fjárlaga liggur ekki fyrir. Nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins vinnur að úttekt á þessum málum en hún hefur ekki lokið störfum, m.a. vegna þess að ekki hefur tekist að safna saman nauðsynlegum rekstrarlegum upplýsingum frá þessum aðilum.

Beðið hefur verið um upplýsingar frá tíu ára tímabili, en ekki hefur verið unnt að fá samstæðar upplýsingar þar sem hvorki liggja fyrir upplýsingar hjá ráðuneytinu né hjá viðkomandi stofnunum. Því eru aðeins veittar upplýsingar fyrir tímabilið 1993–2000 til að fá samanburðarhæfari upplýsingar og eins er starfsemin að Víðinesi tekin út úr samanburðinum vegna breyttrar starfsemi stofnunarinnar á tímabilinu.

3.1 Rekstrarútgjöld stofnana, fjárveitingar og sértekjur.

Allar tölur eru framreiknaðar til meðalverðlags ársins 2000 eftir vísitölu samneyslu, sbr. töflu 1.

Tafla 1. Yfirlit yfir vísitölu.

Ár	Vísitala samneyslu
1993	100,0
1994	101,8
1995	105,5
1996	111,2
1997	116,0
1998	127,0
1999 (bráðab.)	135,6
2000 (áætlun)	144,4

Heimild: Þjóðhagsstofnun mars 2001, Þjóðarbúskapurinn Framvindan 2000 og horfur 2001, bls. 86.

Í töflum 2–4 kemur fram rekstrarkostnaður stofnana sem eru á fjárlögum samkvæmt kafla 2.1.

Tafla 2. Launakostnaður meðferðarstofnana 1993–2000 í þús. kr.

Ár	Landspítali	SÁÁ	Hlaðgerðar-kot	Krýsuvík	Samtals
1993	154.322	210.793	39.808	15.699	420.621
1994	164.001	230.690	30.980	19.441	445.113
1995	165.556	242.371	30.805	18.684	457.417
1996	175.533	263.513	29.281	16.431	484.758
1997	178.314	285.850	30.077	17.683	511.924
1998	189.368	263.224	30.506	14.663	497.762
1999	199.584	283.052	29.486	17.777	529.899
2000	205.409	299.758	34.100	0	539.267

Tafla 3. Annar kostnaður meðferðarstofnana 1993–2000 í þús. kr.

Ár	Landspítali	SÁÁ	Hlaðgerðar-kot	Krýsuvík	Samtals
1993	29.371	86.235	33.210	16.510	165.326
1994	27.275	97.920	24.682	23.890	173.767
1995	22.081	86.398	29.116	25.485	163.080
1996	25.589	78.797	22.780	24.057	151.223
1997	23.996	72.726	24.089	9.342	130.152
1998	21.055	83.948	23.769	15.487	144.259
1999	20.998	91.590	22.195	19.431	154.215
2000	21.610	161.550	19.600	0	202.760

Tafla 4. Heildarkostnaður meðferðarstofnana 1993–2000 í þús. kr.

Ár	Landspítali	SÁÁ	Hlaðgerðar-kot	Krýsuvík	Samtals
1993	183.693	297.027	73.018	32.209	585.947
1994	191.276	328.610	55.662	43.331	618.880
1995	187.637	328.769	59.922	44.169	620.497
1996	201.122	342.310	52.062	40.488	635.982
1997	202.310	358.576	54.166	27.024	642.076
1998	210.424	347.172	54.275	30.150	642.021
1999	220.583	374.642	51.681	37.208	684.113
2000	227.019	461.308	53.700	0	742.027

Tafla 4 sýnir heildarkostnað meðferðarstofnana án sértekna, þ.e. samanlagðan launakostnað og annan kostnað.

Tafla 5. Sértekjur meðferðarstofnana 1993–2000 í þús. kr.

Ár	Landspítali	SÁÁ	Hlaðgerðarkot	Krýsuvík	Samtals
1993	18.385	11.176	4.349	19.064	52.974
1994	12.657	7.973	3	23.636	44.269
1995	6.280	9.572	2.055	39.780	57.687
1996	8.526	12.040	0	25.746	46.312
1997	5.328	19.763	12	22.455	47.558
1998	4.050	22.367	0	20.829	47.246
1999	6.077	22.257	5	24.360	52.700
2000	3.540	28.368	0	0	31.908

Sértekjur Landspítala voru aðallega sala á framleiðsluvörum Gunnarsholts. Nú eru vistmenn mun yngri en áður og margir hafa verið í sterkum efnum. Því er ekki lagt eins mikið upp úr vinnu og áður í meðferðinni. Um og upp úr 1990 var mikil hellufframleiðsla og framleiðsla á milliveggjaplötum en framleiðslan reyndist ekki arðbær og var henni hætt. Sértekjur Krýsuvíkurskóla eru gjöld sænskra vistmanna, en stofnunin hefur haft samning við sænskt sveitarfélag um vistun skjólstæðinga. Þessi fjárhæð nam tæpum 13 millj. kr. á árinu 1999. Þar við bætast gjafir og styrkir auk daggjalda íslenskra skjólstæðinga.

Tafla 6. Framlag heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til meðferðarstofnana og forvarna 1993–2000 í þús. kr.

Ár	Landspítali	SÁÁ	Hlaðgerðar-kot	Krýsuvík	Forv.sjóður Tóbaksvarnir	Styrkir	Samtals
1993	165.307	273.243	58.496	14.443	61.575	6.138	579.204
1994	178.619	286.946	50.924	25.536	60.456	12.165	614.645
1995	181.358	285.108	54.258	16.425	52.665	13.551	603.364
1996	192.597	271.166	50.649	18.182	68.495	15.130	616.217
1997	196.982	273.313	53.929	22.918	119.315	17.749	684.205
1998	206.374	279.190	53.905	24.337	127.322	11.827	702.954
1999	214.505	286.561	51.008	24.492	111.367	10.649	698.582
2000	201.869	323.900	53.700	24.000	103.868	6.000	713.337

Töflur 7–9 sýna skiptingu á heildarkostnaði einstakra stofnana eftir deildum. Allar tölur eru umreiknaðar til meðalverðlags ársins 2000.

Tafla 7. Kostnaður Landspítala skipt eftir deildum í þús. kr.

Ár	Sam deildir	Legud 33A	Göngud 32E	Flóka-gata	Gunnars-holt	Landssp Samtals
1993	51.879	45.272	8.536	0	17.990	123.677
1994	57.443	49.214	11.912	0	16.825	135.394
1995	56.083	50.274	14.258	4.377	24.318	149.311
1996	64.372	60.959	14.789	20.291	32.186	192.597
1997	68.580	58.819	16.100	19.146	34.337	196.982
1998	70.951	63.051	16.531	21.242	34.598	206.374
1999	74.056	67.642	15.715	20.400	36.693	214.505
2000	76.459	64.705	13.969	16.561	30.175	201.869

Tafla 7 sýnir kostnað Landspítalans – háskólasjúkrahúss af þeim deildum sem helst fást við meðferð vímuefnasjúklinga. Kostnaður vegna þessara sjúklinga á öðrum deildum, svo sem bráðamóttöku, rannsóknardeildum o.fl., er ekki meðtalinn.

Á árinu 1995 var starfsemin á Vífilsstöðum lögð niður og færð yfir á dagdeild og legudeild á Flókagötu 29–31, sem nú kallast Teigur. Á sameiginlegu deildina er bókfærður allur launakostnaður lækna, félagsfræðinga, sálfræðinga og læknaritara sem starfa við áfengis- og vímuefnaskor þar sem þessir starfshópar vinna á mörgum stöðum og erfitt er að deila kostnaði á viðkomandi deildir.

Tafla 8. Kostnaður SÁÁ, skipt eftir deildum í þús. kr.

Ár	Vogur	Vík	Staðarfell	Annað Rvík	Göngud. Akureyri	SÁÁ samtals
1993	184.725	33.779	45.575	31.084	1.863	297.026
1994	189.711	48.240	50.419	34.758	5.483	328.610
1995	198.925	44.629	44.963	33.395	6.858	328.769
1996	197.637	47.115	47.040	41.472	9.047	342.310
1997	211.828	45.138	44.709	47.989	7.666	357.330
1998	214.256	35.873	43.116	47.865	6.061	347.171
1999	231.275	47.285	46.489	46.553	9.024	380.625
2000	297.363	49.073	57.232	49.675	7.965	461.308

Heimild: SÁÁ Yfirlit yfir rekstur 1990–2000.

Hér er um að ræða kostnað SÁÁ af sjúkrahúsrekstri en kostnaður SÁÁ við aðra starfsemi er ekki meðtalinn. Undanfarin ár hefur halli sjúkrareksturs verið fjármagnaður af SÁÁ.

Tafla 9. Kostnaður annarra stofnana og útgjöld tengdra sjóða í þús. kr.

Ár	Hlaðgerðar-kot	Krýsuvík	Forvarnarsj. o.fl.	Tóbaks-varnir	Styrkir	Samtals
1993	68.669	14.443	48.764	12.811	6.138	150.826
1994	55.659	25.536	44.150	16.306	12.165	153.815
1995	57.867	16.425	37.339	15.326	13.551	140.508
1996	52.062	18.182	53.345	15.150	15.130	153.868
1997	54.153	22.918	68.486	50.829	17.749	214.135
1998	54.275	24.337	75.816	51.506	11.827	217.761
1999	51.676	24.492	71.255	40.112	10.649	198.184
2000	34.100	24.000	67.281	36.587	6.000	167.968

3.2 Stofnkostnaður.

Ekki er mögulegt að finna út stofnkostnað hjá Landspítala nema kostnað við eignakaup þessara deilda þar sem þær eru hluti af stórri heild og kostnaðarhlutdeild einstakra deilda ekki þekkt. Hvað varðar aðrar stofnanir hafa þær ekki tiltækar marktækar upplýsingar um stofnkostnað sinn, m.a. vegna eðlis mismunandi samtaka (sjálfboðavinna).

3.3 Ákvarðanir um að setja stofnanir á fjárlög.

Aðilar sem hyggjast hefja rekstur meðferðarheimila sækja um leyfi samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis sem að fenginni umsögn landlæknis og héraðslæknis tekur ákvörðun um starfsleyfi. Við mat á umsókn um starfsleyfi er tekið tillit til eðlis rekstrar, eðlis starfseminnar, fjölda starfsfólks og menntunar þess, rekstraröryggis, húsnæðis o.fl. Óski stofnunin fjárveitinga frá ráðuneyti að fengnu starfsleyfi er sótt um fjárveitingar til Alþingis á hefðbundinn hátt.

Þegar umsvif meðferðarstofnana eru aukin er reynt að meta þörf fyrir fjölgun vistrýma eftir hefðbundnum leiðum, biðlistum o.s.frv. Ákvarðanir af þessum toga eru teknar af ráðherra.

3.4 Stöðugildi á einstökum stofnunum.

Stofnun	Stöðugildi 31/12 1999	Samtals
Landspítali samtals		**67**
Sameiginleg deild	20	
Legudeild 33A	23	
Göngudeild 32E	5	
Dag- og legudeild, Flókagötu	8	
Gunnarsholt	11	
Hlaðgerðarkot		**11**
SÁÁ samtals		**85**
Vogur	50	
Vík	8	
Staðarfell	8	
Göngudeild, Reykjavík	13	
Göngudeild, Akureyri	6	
Krýsuvík		**9**

Ýmis áfanga- og meðferðarheimili		**23**
Byrgið	3	
Krossgötur	5	
Dyngjan, Snekkjuvogi	1	
Takmarkið	1	
Stoðbýli Sambjálpar	1	
Súpueldhús Samhjálpar	3	
Risið	2	
Vernd	2	
Gistiskýli Reykjavíkurborgar	4	
Þrepið	1	
Meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu		**84**
Stuðlar	25	
Árvellir	12	
Varpholt (nú Laugaland)	4	
Meðferðarheimilið Jökuldal	5	
Hvítárbakki	6	
Háholt	12	
Árbót/Berg	12	
Geldingalækur	4	
Torfastaðir	4	

Heimild: Upplýsingar frá viðkomandi rekstraraðilum. Þó er óvissa um stöðugildi hjá ýmsum áfanga- og meðferðarheimilum, m.a. vegna sjálfboðavinnu.

3.5 Kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins vegna vímuefnameðferðar erlendis.

Árin 1995, 1997, 1998 og 1999 fór enginn sjúklingur á vegum Tryggingastofnunar í vímuefnameðferð erlendis. Árið 1996 fór einn sjúklingur til Hazelden í Bandaríkjunum og kostaði sú meðferð 1.047.103. kr. Það sem af er árinu 2000 hefur verið samþykkt að greiða meðferð fyrir einn sjúkling á Privatklinikken Gunderuplund í Danmörku. Hver mánuður þar kostar 186.498 kr. (DKK 19.500). Samþykkt var sex mánaða meðferð sem samtals mun kosta 1.118.988 kr. Ferðakostnaður sjúklinganna er ekki meðtalinn í þessum fjárhæðum.

4 MEÐFERÐ

4.1 Sérhæfing stofnana.

Í yfirliti yfir stofnanir kemur fram hvernig einstakar stofnanir sérhæfa sig eða leggja áherslu á ákveðna hópa skjólstæðinga. Hinn almenni ferill er sá að sjúklingur, sjálfur eða með aðstoð annarra, leitar aðstoðar hjá læknum, heilsugæslustöðvum, félagsmálastofnunum, sjúkrahúsum, barnaverndarnefndum (Barnaverndarstofu), skólahjúkrun og fleiri stöðum. Eins leita sumar hjálparstofnanir sjúklinga uppi og bjóða þeim aðstoð. Meðferð hefur verið lýst í umfjöllum um hverja stofnun hér að framan.

4.2 Greining og verkferill.

Meðferð fyrir ávana- og vímuefnasjúklinga á Íslandi má skipta í þrjá aðalflokka:

- meðferð á geðdeild með læknisfræðilegum aðferðum,
- meðferð á stofnunum sem styðjast við 12 spora kerfi AA-samtakanna, sem eru leiðbeiningar um hvernig fyrrverandi ofneytendum áfengis og annarra vímuefna sé ráðlegast að haga lífi sínu á batavegi,
- meðferð á stofnunum sem hafa kristna trú að leiðarljósi.

Þrátt fyrir þessar mismunandi aðaláherslur skarast þær mjög því að á öllum stöðunum þarf

læknisþjónustu við, a.m.k. á meðan afeitrun á sér stað, svo og hjúkrunar, félagsráðgjafar, áfengis- og vímuefnaráðgjafar, auk þess sem flestum er beint til AA-samtakanna að lokinni meðferð. Þar virðist fyrrverandi ofneytendum takast best að halda sig frá áfengi og öðrum vímuefnum.

Telja má AA-samtökin helstu stuðningsmeðferðina fyrir þá sem hætt hafa neyslu. Einnig hafa áfangastaðir fyrir fjölskyldu- og heimilislausa fækkað afturhvörfum til neyslunnar hjá fyrrverandi ofneytendum. Alla jafna er litið á fyrstu komu sem bráðatilvik, enda mjög þýðingarmikið að ná til ofneytenda þegar þeir eru móttækilegir. Fyrstu dagana fer greining fram, enda ekki gott að tala við slíka sjúklinga fyrr en bráir af þeim. Óski fólk endurinnlagnar hafa meðferðarstöðvarnar oft þá reglu að láta sjúklinga bíða heima fáeina daga séu þeir ekki í bráðri heilsufarslegri hættu.

4.3 Meðferðartími.

Venjulega er afeitrunartími sjö til tíu dagar. Eftir það dvelja sjúklingar þrjár til fjórar vikur á eftirmeðferðarstofnun. Þetta gildir um áfengissýki og vægari fíkniefni. Þá skiptir miklu hvort ofneytandinn er illa farinn með áralanga neyslu að baki. Sé raunin sú geta bæði þessi tímabil lengst verulega, eða allt upp í þrjá til fjóra mánuði. Þetta eru þó undantekningartilvik.

Miklir fíkniefnaneytendur þurfa oft lengri meðferðartíma. Þá er aðallega horft til eftirmeðferðar á sérstökum stofnunum.

4.4 Árangur.

Árangur meðferðar á hinum ýmsu meðferðarstofnunum er mjög erfitt að meta og bera saman. Skjólstæðingar stofnananna eru mjög misjafnlega á sig komnir, sumir ungir, aðrir gamlir, sumir nýlega fallnir fyrir vímuefnum, aðrir búnir að reyna flest og hafa gengið gegnum í meðferð endurtekið og á fjölda stofnana.

Félagslegar aðstæður eru einnig mjög mismunandi, sem og líkamlegt ástand einstaklinganna. Allir þessir þættir hafa veruleg áhrif á árangur meðferðar.

Dr. med. Kristinn Tómasson yfirlæknir birti í Læknablaðinu 1999 grein um árangur áfengismeðferðar á Íslandi 28 mánuðum eftir innlögn. Hafði hann rannsakað árangur af meðferð 361 sjúklings, sem meðhöndlaður hafði verið á deildum 16 og 33A á Landspítala og á sjúkrahúsi SÁÁ að Vogi.

Í ljós kom að um 16% sjúklinga héldu bindindi í 28 mánuði, best gekk ungum, giftum, fullvinnandi einstaklingum án geðgreiningar, 23–28% þeirra héldu bindindi í 28 mánuði, verstur var hins vegar árangur fráskilinna síkomusjúklinga, en innan við 10% þeirra héldu 28 mánaða bindindi.

Virðist þessi árangur svipaður og erlendar rannsóknir hafa leitt í ljós.

Í annarri rannsókn Kristins Tómassonar kemur fram að meðferðarárangur á dagdeildum er fyllilega sambærilegur við árangur af innlögn á deild.

Ekki liggja fyrir aðrar nýlegar marktækar rannsóknir á árangri meðferðar á öðrum stofnunum.

Sum meðferðarheimilin leggja mikla áherslu á að vistin sem slík sé árangur í sjálfu sér, þar eð einstaklingurinn njóti þar skjóls, góðs mataræðis og umönnunar í stað þess að vera á vergangi, einangraður, húsnæðislaus og jafnvel í afbrotum.

Telja verður að aukna áherslu þurfi að leggja á árangursmat ýmissa meðferðarstofnana og meðferðarleiða svo að nýting fjármagns verði sem best og sem flestum einstaklingum til hagsbóta. Einnig er ljóst að stefna þarf áfram að því að bæta árangur meðferðar við ávana- og vímuefnanotkun.

1256. Nefndarálit [630. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Vilborgu Hauksdóttur og Ingolf J. Petersen frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Með frumvarpinu er brugðist við óvissu sem risið hefur vegna dóma þar sem sýknað var af ákærum um brot á lögunum um ávana- og fíkniefni, þar sem refsiheimildir þóttu ófullnægjandi, og hefur af þeim sökum ekki verið talið fært að höfða mál vegna þeirra efna sem um ræðir í frumvarpinu. Með frumvarpinu eru jafnframt færð undir gildissvið laga sölt, estar, peptíð og hvers konar afleiður þeirra efna sem talin eru upp í 6. gr. laganna. Tilgangur frumvarpsins er þannig að fylla upp í gloppur sem reyndust vera í lögunum og telur nefndin brýnt að svo verði gert.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 9. maí 2001.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Katrín Fjeldsted.
Þuríður Backman.	Ásta Möller.	Ásta R. Jóhannesdóttir.
Karl V. Matthíasson.	Magnús Stefánsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.

1257. Nefndarálit [235. mál]

um frv. til l. um að lögleiða ólympíska hnefaleika.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Reyni Karlsson frá menntamálaráðuneyti og Ellert B. Schram frá Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands. Frumvarp þetta var lagt fram á 125. löggjafarþingi og náði þá ekki fram að ganga. Nefndin studdist við umsagnir er þá bárust um málið frá Ungmennasambandi Íslands, Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, Læknafélagi Íslands, lögreglustjóranum í Reykjavík, ríkissaksóknara, Ómari Ragnarssyni, Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, landlækni og Íþrótta- og tómstundaráði Reykjavíkur. Þá barst nefndinni umsögn frá heilbrigðis- og tryggingaefnd Alþingis.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ólympískir hnefaleikar verði lögleiddir á Íslandi og Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setji reglur um íþróttina. Frá árinu 1956 hafa hnefaleikar verið bannaðir hér á landi, sbr. samnefnd bannlög nr. 92 27. desember 1956. Ólympískir hnefaleikar eru hins vegar viðurkennd íþróttagrein af alþjóðaólympíunefndinni og í þeirri íþrótt er keppt á Ólympíuleikum og í öllum vestrænum löndum. Það er því algjört einsdæmi að ólympísk keppnisgrein sé bönnuð með sérstakri löggjöf.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir að áfram standi óbreytt lög nr. 92/1956, sem banna hnefaleika í atvinnuskyni. Í því sambandi vill meiri hlutinn vekja athygli á yfirlýsingu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, dags. 3. maí 2000, þar sem fram kemur að framkvæmdastjórn sambandsins hafi ekki í hyggju og sé því algjörlega andvíg að atvinnumannahnefaleikar verði leyfðir hér á landi, enda þótt ólympískir hnefaleikar verði lögleiddir.

Að mati meiri hluta nefndarinnar verður að gera skýran greinarmun á ólympískum hnefaleikum og atvinnumannahnefaleikum því að reglur og öryggiskröfur greinanna eru mjög ólíkar. Þannig er skylt að nota höfuðhlífar í ólympískum hnefaleikum og hver leikur stendur í þrjár lotur í stað allt að tólf lotum í atvinnumannahnefaleikum. Fram kom í umræðum í nefndinni að strangar reglur hafa verið settar í Noregi og Svíþjóð um ólympíska hnefaleika, m.a. þannig að eftirlit með keppnum er mikið og læknir ávallt viðstaddur. Samkvæmt íþróttalögum, nr. 64/1998, er Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu. Meiri hlutinn telur því eðlilegt að sambandið setji reglur um þessa íþróttagrein með hliðsjón af framangreindum reglum. Þá kom fram í máli gesta að uppeldisleg rök eru einnig fyrir lögleiðingu íþróttarinnar þar sem sumir hópar þjóðfélagsins gætu haft gott af iðkun íþróttarinnar og þeim aga sem þar gildir.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verið **samþykkt** óbreytt.

Ólafur Örn Haraldsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. maí 2001.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm. Einar Már Sigurðarson. Einar Oddur Kristjánsson.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir. Hjálmar Árnason.

1258. Breytingartillaga [410. mál]

við frv. til l. um breyt. á hjúskaparlögum, nr. 31 14. apríl 1993.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Við 2. gr. Við bætist nýr liður er verði c-liður, svohljóðandi:

c. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er verður 3. málsl., svohljóðandi: Nú eiga ákvæði 9. gr. lögheimilislaga, nr. 21/1990, við um hagi hjónaefnis og telst það þá ekki hafa glatað lögheimili hér á landi þótt það hafi tilkynnt flutning samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu.

1259. Breytingartillaga [345. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur og Þuríði Backman.

Við 14. gr. Í stað hlutfallstölunnar „0,9%“ í efnismálsgrein komi: 1%.

1260. Nefndarálit [633. mál]

um frv. til l. um leigubifreiðar.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson og Kristínu Helgu Markúsdóttur frá samgönguráðuneytinu, Stefán Erlendsson, Gunnar Gunnarsson og Björn Ólafsson frá Vegagerðinni, Ásgeir Þorsteinsson, Stein Hermann Sigurðsson, Kristin Ólafsson og Guðmund Bogason frá bifreiðastjórafélaginu Frama, Guðjón Þ. Andrésson, Gústaf Níelsson og Markús Kjartansson frá Bifreiðastjórafélaginu Andvara, Bjarna Pálmason frá bifreiðastjórafélaginu Átaki, Jón Magnússon, lögmann bifreiðastjórafélagsins Átaks og Stefán Björnsson og Magnús Jóhannsson frá bifreiðastjórafélaginu Frey. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Bifreiðastjórafélaginu Andvara, Neytendasamtökunum, Bifreiðastjórafélaginu Átaki, Vegagerðinni, bifreiðastjórafélaginu Frama, Hreyfli svf., Persónuvernd, Bifreiðastöð Hafnarfjarðar, Borgarbílastöðinni, borgarstjóranum í Reykjavík, Ökukennarafélaginu, Greiðabílum hf., bifreiðastöðinni Taxa ehf., Bifreiðastöð Oddeyrar ehf., bifreiðastjórafélaginu Frey, Bandalagi íslenskra leigubifreiðastjóra og Öryrkjabandalagi Íslands.

Með frumvarpi þessu eru lögð til ný heildarlög um leigubifreiðar. Verði frumvarpið að lögum færist stjórnsýsla málaflokksins og öll umsýsla leigubifreiðamála frá samgönguráðuneyti til Vegagerðarinnar. Hlutverk Vegagerðarinnar samkvæmt frumvarpinu felst í útgáfu atvinnuleyfa og skírteina fyrir afleysingabílstjóra, umsjón með námskeiðum og starfrækslu gagnagrunns. Aðkoma stéttarfélaga leigubifreiðastjóra að útgáfu akstursleyfa mun því falla niður.

Þá felur frumvarpið í sér að sett verði á fót sérstök úrskurðarnefnd leigubifreiðamála. Þangað verður hægt að kæra ákvarðanir Vegagerðarinnar og bifreiðastöðva samkvæmt lögunum. Umrædd úrskurðarnefnd leysir af hólmi umsjónarnefndir fólksbifreiða sem starfa samkvæmt núgildandi lögum.

Meiri hlutinn telur að þær breytingar sem frumvarpið felur í sér séu til góða og muni leiða til meiri festu í stjórn og skipulagi leigubifreiðamála á landinu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að bætt verði við 2. gr. tilvísun í lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga svo að ekki fari á milli mála að ákvæði þeirra laga gildi um skráningu og meðferð gagna samkvæmt lögunum.
2. Lagt er til að Vegagerðinni verði heimilt að fela sveitarstjórnum framkvæmd mála er varða leigubifreiðar innan eigin sveitarfélags.

3. Lagt er til að einn nefndarmaður í úrskurðarnefnd leigubifreiðamála skuli skipaður samkvæmt tilnefningu Lögmannafélags Íslands. Með þessu móti verður hlutleysi nefndarinnar síður dregið í efa.
4. Lagt er til að dregið verði úr því skilyrði 5. gr. frumvarpsins að eigandi þurfi að vera skráður eigandi eða skráður fyrsti umráðamaður með meirihlutaeign samkvæmt samningi við löggilt kaupleigufyrirtæki. Lagt er til að umráðamanni nægi að eiga a.m.k. 35% eignarhlutdeild þegar um er að ræða samning við löggilt kaupleigufyrirtæki.
5. Lagt er til að skylt verði að endurnýja skírteini á fimm ára fresti í stað þriggja eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.
6. Lagt er til að undanþáguheimild Vegagerðarinnar í 3. mgr. 8. gr. verði einskorðuð við svæði þar sem ekki er í gildi takmörkun á fjölda leigubifreiða en eins og ákvæðið er orðað nú má skilja sem svo að heimildin taki til alls ákvæðisins en það var ekki hugmyndin með því.
7. Lagðar eru til breytingar á 11. gr. frumvarpsins. Orðalagi 1. mgr. er breytt og jafnframt er lagt til að 2. mgr. greinarinnar, eins og hún er í frumvarpinu, falli brott. Í stað komi nýtt ákvæði sem kveði á um heimild Vegagerðarinnar til að svipta menn atvinnuleyfi tímabundið gerist þeir ítrekað brotlegir gegn ákvæðum laganna eða ef brot telst alvarlegt. Ætla má að lögin verði skilvirkari hafi Vegagerðin úrræði til að bregðast við brotum með áþreifanlegum hætti. Eins og áður sagði gildir svipting Vegagerðarinnar aðeins tímabundið eða þangað til meðferð máls er lokið samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála.

Alþingi, 11. maí 2001.

Árni Johnsen, form., frsm.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Hjálmar Árnason.
Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Guðmundur Hallvarðsson.	Magnús Stefánsson.

1261. Breytingartillögur [633. mál]

við frv. til l. um leigubifreiðar.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (ÁJ, ArnbS, HjÁ, ÞKG, GHall, MS).

1. Við 2. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Við skráningu gagna í gagnagrunninn og meðferð þeirra skal gætt ákvæða laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
   b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Vegagerðinni er heimilt að fela einstökum sveitarstjórnum framkvæmd mála er varða leigubifreiðar innan sveitarfélagsins.

2. Við 4. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Í úrskurðarnefnd leigubifreiðamála sitja þrír menn skipaðir af samgönguráðherra og jafnmargir til vara. Samgönguráðherra skipar formann nefndarinnar og einn varamann án tilnefningar. Formaður og varamaður hans skulu fullnægja almennum skilyrðum um hæfi héraðsdómara. Ráðherra skipar einn aðalmann og varamann hans samkvæmt tilnefningu frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn aðalmann og varamann hans samkvæmt tilnefningu frá Lögmannafélagi Íslands. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár. Kostnaður af starfi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.
3. Við 5. gr. Í stað orðsins „meirihlutaeign“ í 2. tölul. 1. mgr. komi: a.m.k. 35% eignarhlutdeild.
4. Við 6. gr. 2. málsl. 5. mgr. orðist svo: Endurnýja ber skírteinin á fimm ára fresti.
5. Við 8. gr. 3. málsl. 3. mgr. orðist svo: Vegagerðinni er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum 5. gr. á svæðum þar sem ekki er í gildi takmörkun á fjölda leigubifreiða.
6. Við 9. gr. Tilvísunin „sbr. 4. mgr. 3. gr.“ í 4. mgr. falli brott.
7. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, geta varðað sektum og leyfissviptingu, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum, og skal farið með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.
   Við alvarleg eða ítrekuð brot er Vegagerðinni heimilt að svipta viðkomandi atvinnuleyfi. Slík svipting tekur gildi þegar í stað og gildir þar til úrlausn hefur fengist í málinu skv. 1. mgr.

1262. Svar [705. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um eftirlit á nektarstöðum.

1. *Hvað líður afgreiðslu á tillögu samstarfsnefndar Reykjavíkurborgar, dómsmálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og samgönguráðuneytis um endurskoðun á reglugerð nr. 587/1987, um löggæslu á skemmtunum og um slit á skemmtunum og öðrum samkvæmum, í framhaldi af breytingum á lögum nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, með það að markmiði að kveða nánar á um og auðvelda eftirlit lögreglu með starfsemi veitingastaða, þar á meðal nektarstaða?*

Eftir að samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar, dómsmálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og samgönguráðuneytis skilaði tillögum sínum var strax hafist handa í dómsmálaráðuneytinu við að afgreiða þá tillögu nefndarinnar er laut að endurskoðun reglugerðar nr. 587/1987, um löggæslu á skemmtunum og um slit á skemmtunum og öðrum samkvæmum. Þegar sú vinna hófst í ráðuneytinu kom í ljós að í raun þyrfti að setja reglugerð um lögreglusamþykktir en ekki að endurskoða reglugerð nr. 587/1987. Ástæður þessa eru eftirfarandi: Reglugerð nr. 587/1987 er sett á grundvelli laga nr. 120/1947, um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma. Í þeim lögum er ákvæði þess efnis að þau falli úr gildi þegar reglugerð um lögreglusamþykktir tekur gildi en lög um lögreglusamþykktir, nr. 36/1988, kveða á um að slík reglugerð skuli sett. Í 2. gr. þeirra laga segir að ráðherra setji reglugerð um lögreglusamþykktir sem vera skuli fyrirmynd að lögreglusamþykktum sveitarfélaganna. Reglugerðin komi í stað lögreglusamþykktar þar sem lögreglusamþykkt er ekki sett. Í 8. gr. laganna er svo kveðið á um að reglugerð um lögreglusamþykktir skuli setja sem fyrst eftir gildistöku lag-

anna og skuli hún taka gildi þegar liðnir eru sex mánuðir frá birtingu hennar. Nefnd reglugerð um lögreglusamþykktir hefur ekki enn verið sett.

Sú ákvörðun var tekin í dómsmálaráðuneytinu að í stað þess að leggja tíma og vinnu í að endurskoða reglugerð nr. 587/1987, sem vart stæðist lengi, yrði hafist handa við að semja reglugerð um lögreglusamþykktir. Sú vinna er langt á veg komin. Í IV. kafla reglugerðardraga er kveðið á um veitingastaði, skemmtanahald o.fl. Þar er meðal annars kveðið á um opnunar- og lokunartíma veitingastaða, skemmtanahald og hvernig skemmtunum og öðrum samkomum skuli markaður tími. Tekið hefur verið tillit til tillagna samstarfsnefndarinnar við undirbúning reglugerðarinnar. Samning reglugerðar um lögreglusamþykktir er vitaskuld umfangsmikið verk þar sem að mörgu er að huga og hefur sú vinna reynst tímafrek. Þeirri vinnu er þó að mestu leyti lokið og má vænta lokadraga innan skamms.

Þess ber að geta að nýlega var skipuð nefnd af hálfu dómsmálaráðherra í samráði við ríkisstjórn, sem hefur það hlutverk að bregðast við niðurstöðum tveggja skýrslna sem unnar voru á vegum dómsmálaráðherra og fjalla annars vegar um vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess og hins vegar um samanburð á lagaumhverfi á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum varðandi löggjöf og eftirlit með klámi, vændi o.fl. Nefndin hefur tekið til starfa og eitt af viðfangsefnum hennar er að kanna hvort ástæða sé til að setja reglur um rekstur og starfsemi nektardansstaða.

2. *Í hverju felst eftirlit lögreglu með nektarstöðum og á hvaða hátt er það framkvæmt?*

Lögreglan hefur almennt eftirlit með veitingastöðum sem hafa vínveitingaleyfi, en þeir eru 420 í umdæminu. Þar af eru 205 skemmtistaðir og af þeim hafa 33 heimild til ótakmarkaðs afgreiðslutíma um helgar. Í umdæmi lögreglustjórans í Reykjavík eru nú starfandi 7 veitingastaðir sem bjóða gestum sínum nektardans og hafa fjórir þeirra heimild til ótakmarkaðs afgreiðslutíma um helgar.

Eftirlit lögreglu með veitingarekstri snýr einkum að því að kanna hvort fylgt sé gildandi ákvæðum laga um veitingarekstur, svo sem um fjölda gesta og aldur þeirra. Eftirlit lögreglu er að mestu leyti í höndum þriggja eftirlitsmanna. Lögreglan hefur einnig haft samstarf við ýmsa þá aðila sem hafa eftirlitsskyldum að gegna með veitingarekstri. Þannig var í marsmánuði samstarf við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur um eftirlit.

Yfirlit yfir sérstakar eftirlitsferðir vegna nektardansstaða árið 2001.

	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Samtals
Bóhem	4	4	1	1	**10**
Keikó/Clinton	2	1	4	3	**10**
Club Seven	3	1	2	1	**7**
Maxims	1	3	4	5	**13**
Óðal	1	2	3	1	**7**
Vegas	2	0	4	3	**9**
Þórskaffi	2	3	3	3	**11**
					67

Á yfirlitinu má sjá fjölda sérstakra eftirlitsferða lögreglu á þá skemmtistaði sem bjóða gestum nektardans. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2001 hafa verið farnar 67 slíkar ferðir. Að auki kanna lögreglumenn ýmis atriði sem varða veitingastaði samhliða því sem sinnt er beiðnum um aðstoð á viðkomandi staði. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins hefur einum framan

greindra veitingastaða verið veitt áminning á grundvelli brota á áfengislögum og nokkur önnur mál eru til meðferðar vegna reksturs þeirra.

Auk þessa eftirlits sem flokkast undir hefðbundið eftirlit hefur lögreglan haft uppi sérstakt eftirlit með framangreindum veitingastöðum til að fylgjast með atvinnuleyfum erlendra starfsstúlkna sem þar starfa. Á þessu ári hefur verið farin ein eftirlitsferð á alla staðina. Til einföldunar og skýringa má skipta nektardönsurum/starfsmönnum í þrjá hópa:

1. Íslenskar starfsstúlkur sem sýna nektardans. Ekki hafa verið gerðar athugasemdir vegna þeirra starfa.
2. Einstaklinga sem koma frá EB-löndum eða Norðurlöndum. Þar eru könnuð ferðaskilríki og gerðar athugasemdir ef dvöl hefur verið lengri en þrír mánuðir því að þá þarf viðkomandi af afla sér dvalarleyfis. Engar athugasemdir voru gerðar af þessum sökum í fyrrgreindum eftirlitsferðum.
3. Einstaklinga utan EB-landa. Þeir þurfa að afla sér atvinnuleyfa. Í fyrrgreindum ferðum voru gerðar tvær athugasemdir. Í öðru tilvikinu var atvinnuleyfi útrunnið og í hinu hafði þess ekki verið aflað. Viðkomandi einstaklingum var gert að hætta þegar í stað og fóru af landi brott. Þau mál voru unnin í samvinnu við Útlendingaeftirlitið.

3. *Hefur eftirlit verið aukið með nektarstöðum í kjölfar skýrslu dómsmálaráðherra um vændi? Ef svo er, hvernig er það framkvæmt?*

Enn sem komið er hafa engar breytingar verið gerðar á eftirliti með nektarstöðum, en sú nefnd sem getið var í 1. lið hefur til skoðunar hvort auka beri eftirlit með slíkum stöðum. Hlutverk nefndarinnar samkvæmt skipunarbréfi er meðal annars að fara yfir gildandi refsilög sem varða vændi og kynferðislega misnotkun, rannsókn og meðferð slíkra mála, þ.m.t. hjálparúrræði fyrir þolendur og hvort unnt sé að veita börnum og unglingum ríkari refsivernd á þessu sviði, og að kanna hvort ástæða sé til að setja reglur um rekstur og starfsemi nektardansstaða. Stefnt er að því að nefndin ljúki störfum nú í haust.

1263. Svar [228. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur og Jóhanns Ársælssonar um leyfi til sjókvíaeldis.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig hefur leyfum til sjókvíaeldis verið úthlutað?*
2. *Hverjir hafa slík leyfi nú?*
3. *Hvaða stöðum á landinu eru þau leyfi bundin?*
4. *Hvaða laxastofn er alinn í þessum stöðvum?*
5. *Hvaða aðrar eldisstöðvar eru starfandi eða hafa leyfi til eldis?*

Leyfum til sjókvíaeldis hefur ekki verið úthlutað af einum aðila. Aðilar þurfa að sækja um starfsleyfi til Hollustuverndar ríkisins eða til heilbrigðisnefnda sveitarfélaga (minni stöðvar) og um rekstrarleyfi til veiðimálastjóra (landbúnaðarráðuneytis eftir lagabreytingar).

Hollustuvernd gefur eingöngu út leyfi fyrir stærri stöðvar, þ.e. sjókvíastöðvar yfir 200 lestir og landstöðvar yfir 20 lestir. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga gefa út leyfi fyrir minni eldisstöðvar og allar hafbeitarstöðvar. Minni stöðvarnar eru einnig undanþegnar umhverfis-

mati samkvæmt lögum nr. 106/2000. Leyfi Hollustuverndar og heilbrigðisnefnda taka eingöngu til mengandi þátta í rekstri.

Rekstrarleyfi landbúnaðarráðherra kemur samkvæmt lögum í kjölfar starfsleyfis. Það tekur til vistfræðilegra, erfðafræðilegra og sjúkdómstengdra þátta sem tengjast eldinu. Að því er varðar laxfiska er vægi þessa leyfis mjög mikið og eftirlit með stöðvum þarf að vera gott.

Sjókvíastöðvar í töflunni hér á eftir hafa allar fengið starfsleyfi Hollustuverndar eða heilbrigðisnefnda en eingöngu Salar Islandica, Silungur og Sæsilfur hafa fengið rekstrarleyfi.

Staðsetning viðkomandi eldisstöðva er tilgreind í töflunni.

Síðan kynbætur hófust í laxeldi hjá Stofnfiski hf. upp úr 1990 hafa strandeldisstöðvar hér á landi eingöngu notað norskættaðan kynbættan laxastofn, sem fluttur var til landsins um 1983. Sá stofn er nú nýttur til eldis í sjókvíum, þar sem aðrir laxastofnar hér á landi eru ónothæfir fyrir slíkt eldi.

Allar eldisstöðvar hér á landi eru taldar upp í töflunni ásamt upplýsingum um staðsetningu og þá fisktegund, sem alin er.

Eldisstöðvar á Íslandi og tegundir í eldi.

Fiskeldisstöðvar	Staðsetning	Eldistegund	Landshluti
LAXINN EHF	LAXALÓN	Regnbogi	Reykjanes
STOFNFISKUR HF	HÚSATÓFTIR	Lax	Reykjanes
FISKELDISFÉLAGIÐ ÍSLANDSLAX HF	STAÐ	Lax	Reykjanes
STOFNFISKUR HF	KALMANNSTJÖRN	Lax	Reykjanes
SILUNGUR HF	VATNSLEYSUSTRÖND	Lax+bleikja	Reykjanes
STOFNFISKUR HF	KOLLAFJÖRÐUR	Lax	Reykjanes
SEIÐASTÖÐ VEIÐIFÉLAGS LAXÁR Í KJÓS	ÞRÁNDARSTÖÐUM	Lax	Vesturland
ELDISSTÖÐIN EFRA SKARÐI	EFRA SKARÐI	Bleikja	Vesturland
KLAKSTÖÐIN FOSSATÚNI	FOSSATÚN	Lax	Vesturland
LAXEYRI EHF	Laxeyri, Hálsahreppi	Lax	Vesturland
Laxeyri ehf	Húsafell	Bleikja	Vesturland
ELDISSTÖÐIN HVASSAFELLI	HVASSAFELLI II	Bleikja	Vesturland
FISKELDISSTÖÐIN SYÐRI- KNARRARTÚNGU	SYÐRI- KNARRARTÚNGU	Bleikja	Vesturland
HVURSLAX	HRAUNSFJÖRÐUR	Lax	Vesturland
FJÖRFISKUR	YTRI FAGRIDALUR	Bleikja	Vesturland
Fiskeldi Ove Steinsen	VATNSFJÖRÐUR	Bleikja	Vestfirðir
Eyrar ehf- Gileyri	Tálknafirði	Lax	Vestfirðir
Eyrar ehf	Tálknafirði	Bleikja	Vestfirðir
Bleikja ehf	SVEINSEYRI	Bleikja	Vestfirðir
HÁAFELL NAUTEYRI	Ísafjörður	Bleikja	Vestfirðir
HÓLALAX HF Hólar	HÓLUM HJALTADAL	Lax+Bleikja+Urriði	Norðvesturland
BÆNDASKÓLINN Á HÓLUM	HÓLUM HJALTADAL	Bleikja	Norðvesturland
Hólalax hf Fljót	Reykjarhóli	Bleikja	Norðvesturland
JÖKULL HF	Ólafsfjörður	Bleikja	Norðausturland
Ver	Ólafsfjörður	Bleikja	Norðausturland
FISKELDISSTÖÐIN HLÍÐ	Ólafsfjörður	Bleikja	Norðausturland
NORÐURLAX HF	Laxamýri	Lax	Norðausturland
FISKELDIÐ HAUKAMÝRARGILI	Húsavík	Bleikja	Norðausturland
KLAKSTÖÐIN	Húsavík	Bleikja	Norðausturland
SILFURSTJARNAN HF	ÖXARFIRÐI	Lax+Bleikja+Regnbogi	Norðausturland
ELDISSTÖÐIN ORMSTÖÐUM	ORMSSTAÐIR	Bleikja	Austurland
GLÆÐIR EHF	KLAUSTURVEGUR 4	Bleikja	Suðurland
FAGRADALSBLEIKJA EHF	FAGRADAL	Bleikja	Suðurland
FISKELDISSTÖÐIN FELLSMÚLA	FELLSMÚLI	Lax+Urriði	Suðurland
STOFNFISKUR HF	LAUGAR, LANDSSVEIT	Lax	Suðurland
FISKELDISSTÖÐIN TUNGUFELLI	TUNGUFELL	Lax+Bleikja	Suðurland
SEIÐAELDISSTÖÐIN SPÓASTÖÐUM	SPÓASTAÐIR	Lax	Suðurland
BLEIKJUBÆR EHF	EYJARLANDI	Bleikja	Suðurland
NAPI ehf (FJALLALAX)	HALLKELSHÓLAR, GRÍMSNESI	Lax+bleikja	Suðurland
Klakhús Veiðifélags Árnesinga	Laugarbökkum við Sog	Lax	Suðurland
STOFNFISKUR HF	ÖXNALÆKUR	Lax	Suðurland
ÍSLANDSBLEIKJA ehf	Núpar III	Bleikja	Suðurland
Silungur hf	ÞÓRODDSSTÖÐUM	Lax	Suðurland
Kvíaeldisstöðvar	**Staðsetning**	**Eldistegund**	**Landshluti**
Sæsilfur	Mjóifjörður	Lax	Austurland
Salar Islandica	Berufjörður	Lax	Austurland
SILUNGUR HF	Vogarstapi	Lax	Reykjanes
Eyrar ehf	Tálknafirði	Lax	Vestfirðir
Eyrar ehf	Arnarfjörður	Lax	Vestfirðir
Sölvi Pálsson	Dýrafjörður	Lax	Vestfirðir
Gunnver ehf	Skutulsfjörður	Þorskur	Vestfirðir
Gunnver ehf	Álftafjörður	Þorskur	Vestfirðir
STRAUMFISKUR HF	SVALBARÐSEYRI	Lax+Þorskur	Norðausturland
VÍKURLAX HF	Eyjafjörður	Lax	Norðausturland
RIFÓS HF	Við Lónin, Kelduhverfi	Lax	Norðausturland
Islandslax hf	Vestmannaeyjum	Lax	Suðurland
Annað eldi	**Staðsetning**	**Eldistegund**	**Landshluti**
FISKELDI EYJAFJARÐAR Dalvík	Eyjafjörður	Lúða	Norðausturland
FISKELDI EYJAFJARÐAR Hjalteyri	Eyjafjörður	Lúða	Norðausturland
FISKELDI EYJAFJARÐAR Þorlákshöfn	Þorlákshöfn	Lúða	Suðurland
SÆBÝLI HF	Vogavík	Sæeyru+sandhverfa	Reykjanes
TILRAUNASTÖÐ KELDNAHOLTI	Reykjavík	Ýmsar	Reykjanes
TILRAUNASTÖÐ HAFRANNSÓKNAST.	STAÐ-Grindavík	Ýmsar	Reykjanes
MÁKI EHF	Sauðárkrókur	Barri	Norðvesturland
Máki ehf	Fljótum	Barri	Norðvesturland

1264. Frumvarp til laga [735. mál]

um breytingu á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, nr. 92 24. maí 1994, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „1.230 kr.“ í 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: 1.321 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 34/2000, um breytingu á gjaldtökuákvæðum nokkurra laga á sviði sjávarútvegs, voru m.a. lögfestar fjárhæðir sem innheimtar eru við úthlutun aflaheimilda og renna til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins. Fram að því hafði fjárhæðinni verið breytt árlega með reglugerð og var miðað við breytingar sem orðið höfðu á vísitölu byggingarkostnaðar á sama tíma, enda voru ákvæði þar að lútandi í þágildandi lögum. Til að halda sömu reglu er hér lagt til að gjald á hvert úthlutað þorskígildistonn hækki úr 1.230 kr. í 1.321 kr. Árið 2000 námu tekjur Þróunarsjóðs sjávarútvegsins af gjaldi á aflaheimildir um 537,7 millj. kr. Verði frumvarp þetta að lögum og úthlutun þorskígilda söm og á síðasta fiskveiðiári má gera ráð fyrir að tekjurnar hækki um 40 millj. kr. og verði um 580 millj. kr. árið 2001.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, nr. 92 24. maí 1994, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gjald sem lagt er á aflaheimildir við úthlutun þeirra og rennur til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins verði hækkað úr 1.230 kr. í 1.321 kr. sem er 7,4% hækkun. Verði sama fjölda þorskígilda úthlutað á komandi fiskveiðiári eins og á því sem nú stendur yfir má gera ráð fyrir að gjaldið skili tæplega 580 m.kr. tekjum sem er um 40 m.kr. hækkun.

1265. Nefndarálit [623. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um húsnæðismál, nr. 44/1998.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Inga Val Jóhannsson frá félagsmálaráðuneyti, Guðmund Bjarnason og Einar Jónsson frá Íbúðalánasjóði og Herdísi Einarsdóttur frá varasjóði viðbótarlána.

Nefndinni bárust umsagnir um málið frá kærunefnd húsnæðismála, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Íbúðalánasjóði, varasjóði viðbótarlána, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum og Samtökum sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra.

Með frumvarpinu er lagt til að verksvið kærunefndar húsnæðismála verði rýmkað. Aðrar breytingar frumvarpsins eru þær að heimildir Íbúðalánasjóðs til að afskrifa veðlán í sérstökum tilvikum eru rýmkaðar. Þá er úrræðum fólks sem er í vanskilum við Íbúðalánasjóð fjölgað og sveitarfélögum fengin heimild til að yfirtaka áhvílandi lán á innleystum íbúðum sem ákveðið hefur verið að breyta í leiguíbúðir.

Nefndin telur rétt að geta þess að afskriftarheimild stjórnar Íbúðalánasjóð skv. 3. gr. frumvarpsins á eingöngu við um mjög sérstök tilvik. Ákvæðið nær þannig ekki til tjóns sem íbúðareiganda verður um kennt, tjóns sem þriðja aðila er skylt að bæta íbúðareiganda eða tjóns sem íbúðareigandi gat firrt sig með kaupum á venjubundnum tryggingum, svo sem vegna bruna-, vatns- eða foktjóns, og skiptir þá ekki máli hvort hann er með fullnægjandi tryggingavernd. Með sama hætti nær ákvæðið ekki til tjóna af völdum náttúruhamfara sem Viðlagatrygging Íslands bætir, svo sem vegna eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla og snjó- eða vatnsflóða.

Þar sem meginhlutverk varasjóðs viðbótarlána er að bæta það tjón sem Íbúðalánasjóður kann að verða fyrir vegna tapaðra viðbótarlána og tengds kostnaðar þykir nefndinni rétt að stjórn Íbúðalánasjóðs leiti samþykkis stjórnar varasjóðs til að afskrifa útistandandi veðkröfur viðbótarlána.

Mælir nefndin með að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 3. gr.

a. Inngangsmálsliður orðist svo: Við 47. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er verða 2. og 3. mgr. og orðast svo.

b. Við bætist ný málsgrein er orðist svo:

Stjórn Íbúðalánasjóðs skal afla samþykkis varasjóðs viðbótarlána til að afskrifa útistandandi veðkröfur viðbótarlána.

Jónína Bjartmarz var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðrún Ögmundsdóttir og Ásta R. Jóhannesdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara um að leggja fram breytingartillögur.

Alþingi, 9. maí 2001.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Kristján Pálsson.
Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Drífa Hjartardóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.

Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.

Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.

1266. Breytingartillaga [623. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um húsnæðismál, nr. 44/1998.

Frá Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur og Guðrúnu Ögmundsdóttur.

Við bætist ný grein er verði 1. gr. og orðist svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

1. 2. mgr. orðast svo:
   Lán til leiguíbúða mega nema allt að 95% af byggingarkostnaði eða kaupverði íbúðar, þó aldrei meira en 95% af þeim kostnaðargrundvelli af lánveitingu sem stjórn Íbúðalánasjóðs hefur samþykkt.
2. Við 4. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Vaxtaendurgreiðslur og/eða stofnstyrkir, svo og húsaleigubætur, sbr. lög nr. 138/1997, tryggi að leigukjör fari ekki yfir 6% af stofnverði íbúðar. Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd 4. málsl. að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

1267. Nefndarálit [707. mál]

um frv. til l. um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneytinu, Guðmund Ólafsson og Skarphéðin Steinarsson starfsmenn framkvæmdanefndar um einkavæðingu, Þórarin V. Þórarinsson og Friðrik Pálsson frá Landssíma Íslands hf., Davíð Birgisson og Helgu Jónsdóttur frá Starfsmannafélagi Landssíma Íslands, Þórólf Árnason frá Tali hf., Gústaf Arnar frá Póst- og fjarskiptastofnun, Eyþór Arnalds frá Íslandssíma hf., Ingvar Garðarsson frá Frjálsum fjarskiptum, Ármann Þorvaldsson frá Kaupþingi,

Almar Guðmundsson og Ívar Guðjónsson frá Íslandsbanka-FBA, Hrafnkel Óskarsson frá Samkeppnisstofnun, Jóhannes Gunnarsson og Markús Möller frá Neytendasamtökunum, Þórð Skúlason og Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Elías Halldór Ágústsson og Þröst Jónasson frá Samtökum netverja, Davíð Guðmundsson frá Tölvun í Vestmannaeyjum, Björn Davíðsson frá Snerpu á Ísafirði, Rögnvald Guðmundsson frá Skríni á Akureyri, Eirík Bragason frá Línu.neti, Magnús Ásgeirsson frá Tölvusmiðjunni á Egilsstöðum, Pál Kolbeinsson frá Element á Sauðárkróki, Tryggva Þór Ágústsson frá Gagnvirkri miðlun og Björn Inga Jónsson frá Tölvuþjónustu Austurlands á Hornafirði.

Þá bárust umsagnir frá Samkeppnisstofnun, Byggðastofnun, Landssambandi eldri borgara, Bændasamtökum Íslands, Félagi netverja, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Samtökum sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra.

Með frumvarpinu er lagt til að Alþingi veiti heimild til að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf.

Samkvæmt athugasemdum með frumvarpinu og skýrslu framkvæmdanefndar um einkavæðingu er stefnt að því að sala hlutafjárins hefjist vorið 2001 og að 49% af heildarhlutafé verði í eigu annarra en ríkisins í árslok 2001. Fyrirhuguð sala er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu ríkisfyrirtækja.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um aðstöðu fyrirtækja utan höfuðborgarsvæðisins til að stunda fjarvinnslu og aðra þjónustu á sviði upplýsingatækni sem gerir kröfu til öflugra gagnaflutninga. Þrátt fyrir að verðskrá fyrir gagnaflutninga hafi lækkað mikið að undanförnu, þ.m.t. fyrir gagnanet og leigulínur, er ljóst að enn er talsverður munur á verðlagningu á þeirri þjónustu eftir því hvar notandinn er á landinu. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að áfram verði unnið markvisst að því að jafna kostnað og aðgang landsmanna að öflugustu og hagkvæmustu gagnaflutningsleiðum, eins og tæknin þróast á hverjum tíma óháð vegalengd.

Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar telur meiri hlutinn eðlilegt að nýta hluta af söluverðmæti Landssímans til að ná markmiðum um að upplýsingatæknin nýtist öllum landsmönnum sem best og að fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu takmarki ekki samkeppnisstöðu fyrirtækja á landsbyggðinni. Meiri hlutinn beinir því til samgönguráðherra að hann vinni, í samstarfi við samgöngunefnd, tillögur um að jafna kostnað við gagnaflutninga og þar með samkeppnisstöðu fyrirtækja um allt land og skal þeirri vinnu vera lokið fyrir árslok 2001.

Forsenda samkeppni á fjarskiptamarkaði sem og öðrum mörkuðum byggist á því að eftirlit með starfsemi fjarskiptafyrirtækja sé öflugt og eftirlitsstofnanir hafi yfir virkum úrræðum að ráða. Ný lög hafa verið sett um Póst- og fjarskiptastofnun þar sem heimildir hennar til eftirlits og aðgerða hafa verið efldar til muna. Með sama hætti hafa verið gerðar breytingar á samkeppnislögum sem veita samkeppnisyfirvöldum mun virkari úrræði en áður til að bregðast við misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Meiri hlutinn telur að með þessu séu til staðar þau úrræði sem nauðsynleg eru til að unnt sé að bregðast við misnotkun á markaðsráðandi stöðu á fjarskiptamarkaði. Meiri hlutinn leggur þó áherslu á að búa verði vel að eftirlitsaðilum og þeim tryggður nægur mannafli og fjármagn til að sinna því eftirliti sem þeim er ætlað. Þannig má ætla að ráða þyrfti til Fjarskiptastofnunar í 2–3 stöðugildi vegna aukinnar samkeppni á fjarskiptamarkaði og svipaðan fjölda hjá Samkeppnisstofnun. Nefndin leggur áherslu á að þeim þörfum verði mætt.

Með nýju fjarskiptalögunum var aðkoma nýrra fyrirtækja að fjarskiptamarkaði auðvelduð verulega. Lög og reglur áskilja nú að þjónusta milli rekstrareininga Landssímans sé seld á

sama verði og til annarra fjarskiptafyrirtækja. Með þessu er tryggt að bæði notendur sem og fjarskiptafyrirtæki í samkeppni við Landssímann greiði ekki hærri gjöld fyrir fjarskiptaþjónustu en þeir mundu gera ef fyrirtækinu yrði skipt upp. Þá eru víðtækar heimildir í fjarskiptalögum til að tryggja fullnægjandi þjónustustig með svokallaðri alþjónustu, auk þess sem samgönguráðherra hefur heimildir til að leggja í framkvæmdir eða rekstur sem er til almannaheilla, í öryggisskyni, af umhverfisástæðum eða samkvæmt byggðasjónarmiðum og ætla má að skili ekki arði. Þannig getur ríkið eflt fjarskiptaþjónustu þar sem samkeppni skortir. Meiri hlutinn bendir á að nú er til umfjöllunar í þinginu tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2887/2000, um opinn aðgang að heimtaugum. Með upptöku reglna þessara í íslenskan rétt mun jafn aðgangur allra að grunnnetinu vera tryggður enn frekar en nú er.

Það er álit meiri hlutans að það lagaumhverfi sem skapað hefur verið á fjarskiptasviði tryggi að samkeppnisaðilar fái eðlilegt svigrúm til athafna. Þessa má þegar sjá merki, sbr. samninga Íslandssíma og Tals um aðgang að farsímakerfi Landssímans.

Meiri hlutinn hafnar með öllu hugmyndum um að aðskilja grunnnetið frá Landssímanum. Fyrir því liggja m.a. tæknilegar ástæður en sérfræðingar telja að aðskilnaður netsins frá annarri starfsemi mundi leiða til vandkvæða og erfiðleika í þróun þess með þeim afleiðingum að þjónusta við notendur versnaði. Þá mundi það rýra verðmæti fyrirtækisins verulega og hafa aukinn kostnað í för með sér fyrir notendur.

Meiri hlutinn leggur til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er feli það í sér að hlutabréf ríkisins, útgefið 23. janúar 1998, skuli teljast ógilt án undangenginnar innköllunar við útgáfu á rafbréfum í félaginu, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Þar sem einungis er um að ræða eitt hlutabréf ríkissjóðs í félaginu verður að telja óþarft að fram fari sérstök innköllun hlutabréfa samkvæmt lögunum. Í ákvæðinu er einnig tekið fram, svo að það fari ekki á milli mála, að ákvæði 1. mgr. 20. gr. laga um hlutafélög, sem fjallar um tölu hluthafa, gildi ekki um Landssíma Íslands hf. á meðan hlutafé er en að fullu í eigu ríkissjóðs og jafnframt að samgönguráðherra fari með eignarhlut ríkisins í Landssímanum eins og hingað til.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, skal hlutabréf ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf., útgefið 23. janúar 1998, vera ógilt við útgáfu á rafbréfum í félaginu í verðbréfamiðstöð án undangenginnar innköllunar.

Ákvæði 1. mgr. 20. gr. laga um hlutafélög gildir ekki um Landssíma Íslands hf. á meðan hlutafé er að fullu í eigu ríkissjóðs.

Samgönguráðherra fer með eignarhlutdeild ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf.

Alþingi, 11. maí 2001.

Árni Johnsen, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.	Magnús Stefánsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.

1268. Nefndarálit [708. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjarskipti, nr. 107/1999.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin fjallaði um málið samhliða 707. máli, um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði í fjarskiptalög skýr heimild til handa Póst- og fjarskiptastofnun til að setja skilyrði í leyfisbréf rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild sem tryggja að leyfishafi uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögunum og reglum settum með heimild í þeim, svo og leyfisbréfi. Með ákvæði því sem lagt er til að lögfest verði er unnt að tryggja fyrir fram að eigendur rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild framkvæmi nauðsynlegar fjárfestingar í grunnnetinu og öðrum fjarskiptakerfum svo að hann geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum og leyfisbréfi.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 11. maí 2001.

Árni Johnsen, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Guðmundur Hallvarðsson.
Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Magnús Stefánsson.

1269. Nefndarálit [348. mál]

um frv. til l. um áhafnir íslenskra skipa.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur og Helga Jóhannesson frá samgönguráðuneytinu.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, tollstjóranum í Reykjavík, Landssambandi smábátaeigenda, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Vélskóla Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Siglingasambandi Íslands, Siglingastofnun Íslands, Kjölbátasambandinu og Olíudreifingu ehf.

Á 125. þingi lagði samgönguráðherra fram frumvarp til laga um áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta. Frumvarpið varð ekki útrætt á þinginu. Frumvarp það sem hér er til umræðu er í flestum atriðum byggt á því frumvarpi, en jafnframt voru breytingartillögur sem samgöngunefnd gerði við málið á 125. þingi hafðar til hliðsjónar.

Megintilgangur frumvarpsins sem lagt var fram á 125. þingi, sem og nú, var að laga íslenska löggjöf að alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978 (STCW), sem tekur til áhafna flutninga- og farþegaskipa og breytt var í verulegum atriðum árið 1995. Evrópusambandið hefur fullgilt samþykktina og sett tilskipun um lágmarksþjálfun sjómanna, 94/58/EB, sem síðan var breytt með tilskipun 98/35/EB.

Þessar tilskipanir eru hluti þeirra gerða sem taka verður inn í íslenska löggjöf á grundvelli EES-samningins.

Það sem helst skilur á milli þess frumvarps sem flutt var á 125. þingi og þess sem hér er til umræðu er að gildissvið frumvarpsins nær nú yfir áhafnir allra íslenskra skipa, þar með talið áhafnir fiskiskipa.

Hvað varðar ákvæði frumvarpsins er lúta að áhöfnum fiskiskipa hefur við gerð frumvarpsins verið tekið mið af alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna á fiskiskipum (STCW–F). Alþjóðasamþykkt þessi á rót sína að rekja til sérstakrar ráðstefnu sem fór fram um leið og endurskoðun STCW-samþykktarinnar stóð yfir árið 1995. Í fyrstu var ætlunin að fiskiskipasamþykktin yrði í formi sérstakrar bókunar við STCW-samþykktina en horfið var frá því. Samþykktin er fyrsta tilraun til þess að samræma bindandi lágmarksstaðla um menntun og þjálfun áhafna fiskiskipa. Fiskiskipasamþykktin öðlast gildi 12 mánuðum eftir að 15 ríki fullgilda hana. Nú hafa tvö ríki fullgilt samþykktina, Danmörk og Rússland.

Með bréfi dagsettu 26. apríl sl., daginn sem samgönguráðherra mælti fyrir frumvarpinu á Alþingi, sendi ráðherra samgöngunefnd bréf þar sem óskað var eftir því við nefndina að hún legði til breytingar á frumvarpinu sem fælu það í sér að ákvæði þess um fiskiskip yrðu felld brott og að það tæki einungis til áhafna farþegaskipa og flutningaskipa. Í bréfinu kom fram að ástæða þessa væri sú að ákvæði frumvarpsins um lágmarksfjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á fiskiskipum tengdust að nokkru leyti kjaradeilu sjómanna á fiskiskipum. Í bréfinu kemur jafnframt fram að ráðuneytið hafi reynt að finna viðunandi lausn í samráði við þá aðila sem að málinu koma en það hafi ekki enn tekist.

Nefndin hefur fallist á að verða við ósk ráðuneytisins og leggja til framangreindar breytingar í þeirri von að það liðki til fyrir lausn í kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna. Hvorki fiskimannasamþykktin né samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið knýr á um að ákvæði þessi verði lögtekin. Öðru máli gegnir hins vegar um ákvæði frumvarpsins sem lúta að farþegaskipum og flutningaskipum. Mjög brýnt er orðið að ákvæði frumvarpsins taki gildi sem fyrst til þess að tryggja að Siglingastofnun Íslands geti í samræmi við STCW-samþykktina sem Ísland er aðili að gefið út alþjóðleg skírteini til íslenskra sjómanna sem starfa á íslenskum skipum og skipum skráðum erlendis. Þetta er nauðsynlegt því að ella kynnu skip sem Íslendingar starfa á að verða kyrrsett í erlendum höfnum sem aftur leiddi til þess að útgerðum þessara skipa yrði nauðugur einn kostur að ráða sjómenn frá öðrum ríkjum til starfa í stað íslenskra skipverja. Til að koma í veg fyrir þetta er nauðsynlegt að færa ákvæði STCW-samþykktarinnar um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna á farþegaskipum og flutningaskipum inn í íslenskan rétt.

Í samræmi við framangreint leggur nefndin til að frumvarpinu verði breytt á þann veg að það taki eingöngu til farþegaskipa og flutningaskipa.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að gildissviði laganna verði breytt þannig að frumvarpið taki aðeins til farþega- og flutningaskipa.
2. Lagt er til að orðskýringar sem lúta að öðrum skipum en farþegaskipum og flutningaskipum verði felldar brott.
3. Lögð er til breyting á 3. gr. frumvarpsins í samræmi við breytt gildissvið þess.
4. Lagðar eru til breytingar á 4. gr. frumvarpsins varðandi rétt manna til skírteinis og vísað til 11. gr. frumvarpsins, með breytingum sem nefndin leggur til, varðandi kröfur um siglingatíma.

5. Lagt er til að sá sem nú er handhafi lögmæts skírteinis til að vera skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi sem er 30 rúmlestir öðlist við þær breytingar sem hér eru gerðar rétt til að vera skipstjóri eða stýrimaður á skipi sem er allt að 65 brúttótonn en ekki 50 brúttótonn eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Með þessu móti mun enginn missa réttindi sem hann þegar hefur.
6. Lagt er til að ábyrgð útgerðarmanns og skipstjóra sé skilgreind með nánari hætti en gert er í frumvarpinu.
7. Lagt er til að talin séu upp þau skírteini sem krafist er til starfa um borð í flutningaskipum og farþegaskipum. Þá er siglingatími sem krafist er vegna hvers skírteinis skilgreindur. Flokkun skírteina byggist á STCW-samþykktinni.
8. Lagt er til að III.–VI. kafli frumvarpsins er fjalla um fiskiskip, varðskip, skemmtibáta og önnur skip falli brott. Þetta er í samræmi við það markmið að frumvarpið taki aðeins til áhafna farþegaskipa og flutningaskipa.
9. Lagðar eru til breytingar á refsiákvæðum frumvarpsins. Lagt er til að kveðið verði með skýrari hætti á um hvaða refsingar liggi við brotum á lögunum. Kveðið er á um heimild Siglingastofnunar til að svipta menn starfsréttindum til bráðabirgða gerist þeir sekir um vítaverð brot á lögunum og henni jafnframt gert kleift að afturkalla skírteini þegar lögmætur handhafi þess fullnægir ekki lengur skilyrðum laganna.
10. Lagt er til að lögin taki gildi 1. júlí 2001 svo að rúm gefist til kynningar og reglugerðarsetningar.
11. Lagt er til að undanþágusjóður sem starfar skv. 3. mgr. 21. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum og 3. mgr. 8. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum verði lagður niður. Jafnframt er lagt til að andvirði þess sjóðs skuli notað til að standa straum af kostnaði við langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda árið 2001, en þingsályktun um slíka langtímaáætlun er nú til umfjöllunar í þinginu.

Alþingi, 11. maí 2001.

Árni Johnsen, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Lúðvík Bergvinsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Kristján L. Möller.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Magnús Stefánsson.	Jón Bjarnason, með fyrirvara.	Guðmundur Hallvarðsson, með fyrirvara.

1270. Breytingartillögur [348. mál]

við frv. til l. um áhafnir íslenskra skipa.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo ásamt fyrirsögn:

Gildissvið, markmið og tilgangur.

Lög þessi taka til áhafna allra íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa sem skráð eru hér á landi samkvæmt lögum um skráningu skipa.

Markmið þessara laga er að tryggja öryggi áhafna, farþega og íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa og efla varnir gegn mengun sjávar. Þessu markmiði skal náð með því að gera tilteknar kröfur um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn þeirra sem starfa um borð og tryggja með því faglega hæfni áhafna miðað við stærð skips, verkefni og farsvið.

Tilgangur laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim er að laga íslenskan rétt að þjóðréttarlegum skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW) frá 1978 með síðari breytingum og EES-samningnum, sbr. tilskipun ráðsins nr. 94/58/EB frá 22. nóvember 1994, um lágmarksþjálfun sjómanna, sbr. tilskipun ráðsins nr. 98/35/EB frá 25. maí 1998.

2. Við 2. gr.
   a. 2., 6., 7., 8., 9. og 15. tölul. falli brott og breytist númer töluliða í samræmi við það.
   b. Á eftir 17. tölul., er verði 11. tölul., komi nýr töluliður, er verði 12. tölul., svohljóðandi: *Siglingatími* er viðurkenndur starfstími um borð í skipi sem er í förum og krafist er vegna útgáfu skírteinis samkvæmt lögum þessum.
3. Við 3. gr. 1. mgr. orðist svo:

   Sjómannaskólar annast menntun og þjálfun áhafna íslenskra skipa. Um inntökuskilyrði sjómannaskóla, námskrá, nám, námstilhögun, námsmat og námsstig til öflunar tiltekinna skírteina samkvæmt lögum þessum fer eftir lögum um framhaldsskóla og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Nám og kennsla í sjómannaskólum skal vera samkvæmt viðurkenndu gæðastjórnunarkerfi.
4. Við 4. gr.
   a. 2. mgr. orðist svo:

      Íslenskur ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn á rétt á því að fá útgefið viðeigandi skírteini sér til handa skv. 11. gr. laganna og starfa samkvæmt því um borð í skipum. Þennan rétt hafa einnig ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 2. mgr. 6. gr. laganna.
   b. Á eftir 2. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

      Umsækjandi skírteinis skal hafa að baki siglingatíma skv. 11. gr. laganna. Ráðherra getur með reglugerð vikið frá kröfum 11. gr. og gert vægari kröfur um siglingatíma. Umsækjanda er skylt að færa sönnur á siglingatíma sem hann telur sig hafa að baki. Unnt er að færa sönnur á þann siglingatíma með staðfestingu lögskráningarstjóra eða rétt útfylltri sjóferðabók. Umsækjandi skírteinis sem kveðst hafa að baki siglingatíma á skipi sem ekki er skráð á Íslandi skal færa sönnur á þann siglingatíma

á fullnægjandi hátt að mati Siglingastofnunar Íslands. Ef vafi leikur á um réttmæti þeirrar sönnunar skal Siglingastofnun Íslands í því tilviki skera úr um siglingatíma.

Umsækjandi um skírteini skipstjórnarmanns eða vélstjórnarmanns skal vera svo heill heilsu að hann geti rækt störf sín af öryggi. Skal umsækjandi leggja fram vottorð læknis um að hann uppfylli skilyrði um sjón, heyrn og aðrar heilbrigðiskröfur sem ráðherra mælir nánar fyrir um í reglugerð til samræmis við skuldbindingar íslenska ríkisins í þeim samningum sem um er getið í 3. mgr. 1. gr. laganna.

5. Við 5. gr. 2. mgr. orðist svo:

Endurmenntunarnámskeið samkvæmt þessari grein skulu samþykkt af Siglingastofnun Íslands og skal á þeim m.a. farið yfir nýlegar breytingar á alþjóðareglum um öryggi mannslífa á sjó og varnir gegn mengun sjávar.

6. Við 6. gr.
   a. Í stað orðanna „reglugerðir samkvæmt þeim, alþjóðasamþykktina og samninginn um Evrópska efnahagssvæðið“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: reglugerðir settar samkvæmt þeim.
   b. 3. mgr. orðist svo:

Um umsóknir frá ríkisborgurum utan Evrópska efnahagssvæðisins um viðurkenningu á réttindum til starfa á skipum sem lög þessi taka til skal fara eftir ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur í samræmi við skyldur íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum, sbr. tilskipun ráðsins nr. 94/58/EB, um lágmarksþjálfun sjómanna, með síðari breytingum.

7. Við 8. gr. Lokamálsliður 2. mgr. falli brott.
8. Við 9. gr. Í stað orðanna „50 brúttótonn“ í 2. mgr. komi: 65 brúttótonn.
9. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

Útgerðarmaður og skipstjóri viðkomandi skips bera ábyrgð á því að ákvæðum þessara laga sé framfylgt við útgerð skips. Þeim ber að sjá til þess að eftirfarandi sé gætt:

1. að allir þeir sem ráðnir eru um borð í skip séu lögmætir handhafar skírteina fyrir þá stöðu sem þeir gegna og að frumrit skírteina skipverja sé varðveitt um borð,
2. að uppfærð og aðgengileg skrá sé haldin yfir alla skipverja og stöður þeirra um borð,
3. að öllum nýráðnum skipverjum sé áður en þeir hefja skyldustörf kunnugt um skyldur sínar, að þeir séu kunnugir starfsaðferðum um borð, tækjum, búnaði, verklagsreglum og neyðaráætlunum sem og sérstökum skilyrðum í tengslum við venjubundin skyldustörf og hlutverk á neyðarstundu,
4. að skipverjar geti með góðu móti unnið saman á neyðarstundu og þegar mengunarhætta steðjar að,
5. að skipverjar geti tjáð sig sín á milli um grundvallaröryggismál og skilji upplýsingar um öryggisþætti, þar með talin tákn, merki og hljóðviðvörunarmerki og
6. að tryggja að allir nýráðnir skipverjar fái nauðsynlegar upplýsingar á tungumáli sem þeir skilja.

10. Við 11. gr. Greinin orðist svo ásamt fyrirsögn:

Skírteini áhafnar.

Sá einn sem er lögmætur handhafi skírteinis hefur rétt til starfa um borð í farþegaskipum og flutningaskipum.

Eftirfarandi skírteini til skipstjórnar skulu gefin út að uppfylltum skilyrðum um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn:

Stjórnunarsvið	Takmarkanir	Aldur	Siglinga-tími
Yfirstýrimaður/stýrimaður	<500 brúttótonn í strandsiglingum	20	A.
Skipstjóri	<500 brúttótonn í strandsiglingum	20	B.
Yfirstýrimaður	<3.000 brúttótonn	20	C.
Skipstjóri	<3.000 brúttótonn	20	C.
Yfirstýrimaður	engar	20	B.
Skipstjóri	engar	20	C.
Rekstrarsvið			
Stýrimaður	engar	18	D.
Stoðsvið			
Aðstoðarmaður í brú	engar	16	E.

Siglingatími:

A. 54 mánaða siglingatími sem háseti á skipi. Umsækjandi skal uppfylla kröfur til að öðlast skírteini fjarskiptamanns.

B. 18 mánaða siglingatími sem stýrimaður á skipi.

C. 54 mánaða siglingatími sem stýrimaður á skipum sem eru 500 brúttótonn eða stærri eða 36 mánuðir í sömu stöðu ef umsækjandi hefur gegnt stöðu yfirstýrimanns í 18 mánuði af þeim siglingatíma.

D. 18 mánaða siglinga- og námstími, enda hafi umsækjandi fengið fræðslu um borð og sá tími verið skráður í þjálfunarbók, eða að öðrum kosti 54 mánaða siglingatími sem háseti á skipi. Umsækjandi skal uppfylla kröfur til að öðlast skírteini fjarskiptamanns.

E. Að lágmarki 9 mánaða siglinga- og námstími, þar á meðal siglingatími sem má ekki vera skemmri en 4 mánuðir. Af siglingatíma skal aðstoðarmaður í brú hafa gengið vaktir í brú a.m.k. í 4 mánuði undir beinu eftirliti skipstjóra eða vakthafandi stýrimanns og skal þar leiðbeint í öllu sem varðar vaktir og varðstöðu á siglingavakt. Áður en viðkomandi byrjar þjálfun sem aðstoðarmaður í brú skal hann leggja fram læknisvottorð um að hann hafi staðist kröfur sem gerðar eru um sjón og heyrn.

Eftirfarandi skírteini til vélstjórnar skulu gefin út að uppfylltum skilyrðum um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn:

Stjórnunarsvið	Takmarkanir	Aldur	Siglingatími
Vélstjóri	≤375 kW	18	A.
Vélstjóri	<750 kW	18	B.
1. vélstjóri	<3.000 kW	20	C.
Yfirvélstjóri	<3.000 kW	20	D.
1. vélstjóri	engar	20	C.
Yfirvélstjóri	engar	20	D.
Rekstrarsvið			
Vélstjóri	engar	18	E.
Stoðsvið			
Aðstoðarmaður í vél	engar	16	F.

Siglingatími:

A. 9 mánaða siglingatími sem aðstoðarmaður í vél.

B. 14 mánaða siglingatími sem vélstjóri á skipi ≤ 375 kW.

C. 18 mánaða siglingatími sem vélstjóri á skipum með aðalvél stærri en 750 kW.

D. 36 mánaða siglingatími sem vélstjóri á skipum með aðalvél stærri en 750 kW, þar af 18 mánaða siglingatími eftir að hafa öðlast réttindi til að starfa sem 1. vélstjóri.
E. 9 mánaða siglinga- og námstími og hafa lokið viðurkenndri fagmenntun sem er ekki skemmri en 45 mánuðir, þar með talin fræðsla um borð sem skráð er í þjálfunarbók.
F. Að lágmarki 9 mánaða siglinga- og námstími, þar á meðal siglingatími sem má ekki vera skemmri en 4 mánuðir. Af siglingatíma skal aðstoðarmaður í vél hafa gengið vaktir í vél a.m.k. í 4 mánuði undir beinu eftirliti yfirvélstjóra eða vakthafandi vélstjóra og skal þar leiðbeint í öllu sem varðar vaktir í vél. Áður en viðkomandi byrjar þjálfun sem aðstoðarmaður í vél skal hann leggja fram læknisvottorð um að hann hafi staðist þær kröfur sem gerðar eru um sjón og heyrn.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að veita undanþágur frá framangreindum kröfum þegar um er að ræða farþegaskip sem sigla á tilteknu farsviði og á tilteknu tímabili enda sé ekki farið í bága við skuldbindingar sem á íslenska ríkinu hvíla samkvæmt alþjóðasamþykktinni.

11. Við 12. gr. Á eftir orðunum „og flutningaskipum skal“ í 2. mgr. komi: Siglingastofnun Íslands.
12. Fyrirsögn II. kafla verði: **Skírteini.**
13. III. kafli frumvarpsins, **Fiskiskip**, falli brott og breytist töluröð kafla og greina í samræmi við það.
14. IV. kafli frumvarpsins, **Varðskip,** falli brott og breytist töluröð kafla og greina í samræmi við það.
15. V. kafli frumvarpsins, **Skemmtibátar**, falli brott og breytist töluröð kafla og greina í samræmi við það.
16. VI. kafli frumvarpsins, **Önnur skip,** falli brott og breytist töluröð kafla og greina í samræmi við það.
17. Við 21. gr. er verði 15. gr. Greinin orðist svo:

Brot gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Beita skal ákvæðum almennra hegningarlaga um tilraun og hlutdeild.

Svipta skal skírteinishafa rétti til starfa þess sem skírteinið veitir ef hann gerist sekur um vítavert brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, eða ef telja verður með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem skírteinishafa varhugavert að hann neyti réttinda samkvæmt skírteininu.

Svipting starfsréttinda skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en þrjá mánuði og ævilangt ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

Leiði brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim til skipsstrands, áreksturs skipa eða annarra sjóslysa skal viðkomandi sæta refsingu og eftir atvikum réttindasviptingu til skipstjórnar eða vélstjórnar, skv. 238. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

18. Á eftir 21. gr., er verði 15. gr., komi ný grein, svohljóðandi:

Siglingastofnun Íslands er heimilt að afturkalla skírteini ef lögmætur handhafi þess fullnægir ekki lengur skilyrðum laganna til að öðlast slíkt skírteini eða vera skírteinishafi.

Nú telur Siglingastofnun Íslands að skilyrði, sbr. 2. mgr. 15. gr., séu fyrir hendi til sviptingar starfsréttinda og er stofnuninni þá heimilt að svipta viðkomandi aðila starfsréttindum til bráðabirgða. Skal slík svipting vera tímabundin eða ákvörðuð til þess tíma

þegar endanleg ákvörðun dómstóls um sviptinguna liggur fyrir. Bráðabirgðasvipting samkvæmt ákvæði þessu skal dragast frá endanlegum sviptingartíma samkvæmt dómi.

Bera má ákvörðun Siglingastofnunar Íslands undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála og skal stofnunin leiðbeina viðkomandi um þann rétt.

19. Við 22. gr. er verði 17. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði reglugerðarinnar skulu vera í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt þeim samningum sem um er getið í 3. mgr. 1. gr. laganna.
20. Við 23. gr. er verði 18. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2001.

Við gildistöku þessara laga falla úr gildi lög um áhafnir íslenskra kaupskipa, nr. 59/1995, með síðari breytingum. Jafnframt falla brott ákvæði 3. mgr. 21. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, og 3. mgr. 8. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum.

21. Við ákvæði til bráðabirgða. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Undanþágusjóður, sem starfar skv. 3. mgr. 21. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, og 3. mgr. 8. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum, skal lagður niður. Andvirði sjóðsins skal notað til að standa straum af kostnaði við langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda árið 2001.

22. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

1271. Nefndarálit [389. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingimar Jóhannsson og Sigríði Norðmann frá landbúnaðarráðuneyti, Árna Ísaksson veiðimálastjóra, Óðin Sigþórsson frá Landssambandi veiðifélaga, Jónatan Þórðarson frá Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, Sveinbjörn Eyjólfsson, aðstoðarmann landbúnaðarráðherra, Orra Vigfússon og Helgu Óskarsdóttur frá Verndarsjóði villtra laxastofna, Sigurð Guðjónsson frá Veiðimálastofnun og Viðar Má Matthíasson lagaprófessor. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Arnarneshreppi, Borgarbyggð, Bændasamtökum Íslands, Dalabyggð, Djúpavogshreppi, Djúpárhreppi, Fjarðabyggð, Hafrannsóknastofnuninni, heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis, heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra, heilbrigðisnefnd Reykjavíkur, heilbrigðisnefnd Suðurlandssvæðis, heilbrigðisnefnd Vesturlandssvæðis, Hollustuvernd ríkisins, Húnaþingi vestra, Húsavíkurkaupstað, Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, Landssambandi stangaveiðifélaga, Landssambandi veiðifélaga, Landvernd, Mosfellsbæ, Náttúruvernd ríkisins, Orra Vigfússyni, formanni Verndarsjóðs villtra laxastofna, Óttari Yngvasyni hrl., Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Raufarhafnarhreppi, Reykjanesbæ, sjávarútvegsráðuneytinu, Sveitarfélaginu Hornafirði, Vatnsleysustrandarhreppi, veiðimála-

nefnd, veiðimálastjóra og Veiðimálastofnun. Þá barst nefndinni umsögn um málið frá umhverfisnefnd Alþingis.

Markmið frumvarpsins er að setja skýrari og ítarlegri ákvæði um fiskeldi og hafbeit í IX. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum. Gildandi löggjöf um þennan málaflokk hefur þótt fábrotin og ekki gefið stjórnvöldum nægjanlegt svigrúm til að hafa afgerandi áhrif á mótun og starfsemi atvinnugreinarinnar. Er því með frumvarpinu leitast við að setja skýrari reglur um starfsemi fiskeldis og styrkja þau ákvæði laganna sem ætlað er að sporna við aukinni hættu á fisksjúkdómum, óæskilegri blöndun fiskstofna og öðrum vistfræðilegum vandamálum þar sem alltaf fylgir því einhver hætta að eldisfiskur sleppi úr kvíum. Í ljósi þeirrar hættu að eldisfiskur sleppi úr kvíum og valdi tjóni á t.d. villtum laxastofnum ræddi nefndin hvort ástæða væri til að lögfesta sérstaklega strangari bótaábyrgðarreglur en felast í almennum reglum skaðabótaréttarins, t.d. hlutlæga ábyrgð eða sakarlíkindareglu. Meiri hlutinn bendir á að á 122. löggjafarþingi lagði umhverfisráðherra fram frumvarp til laga um meginreglur umhverfisréttar, en frumvarpið náði ekki fram að ganga. Þar var í 1. mgr. 4. gr. að finna svonefnda mengunarbótareglu, PPP-reglu, er felur í sér hlutlæga ábyrgð vegna tiltekinna umhverfistjóna en reglan á sér stoð í 2. mgr. 73. gr. EES-samningsins. Greinin kveður m.a. á um að aðgerðir samningsaðila á sviði umhverfismála skuli vera grundvallaðar á þeim meginreglum að girt skuli fyrir umhverfisspjöll, áhersla lögð á úrbætur þar sem tjón á upphaf sitt og bótaskylda sé lögð á þann sem mengun veldur. Ísland hefur hins vegar ekki fylgt þeirri samningsskuldbindingu að setja lagareglur er samrýmast 2. mgr. 73. gr. EES-samningsins. Telur meiri hlutinn ekki rétt að svo stöddu að lögfesta sérstaklega ábyrgðarreglur í tengslum við efni frumvarpsins en leggur áherslu á að almenn umhverfisverndarlög verði sett sem samrýmist framangreindri samningsskuldbindingu Íslands skv. 2. mgr. 73. gr. EES-samningsins.

Helstu breytingar sem meiri hlutinn leggur til á frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að í 1. gr. verði bætt skilgreiningum á hugtökunum kynbótum og erfðablöndun þar sem um er að ræða ný hugtök sem koma fyrir í frumvarpinu án nánari skilgreininga. Með kynbótum er átt við markvisst val með tilliti til ákveðinna arfgengra eiginleika. Slíkir eiginleikar geta verið mikill vaxtarhraði eða síðkynþroski. Til undaneldis eru valdir fiskar sem sýna ákjósanlega eiginleika umfram aðra fiska í stofninum. Slíku vali er viðhaldið og það aukið með vali í hverri kynslóð. Með erfðablöndun er átt við æxlun fiska milli stofna. Afkvæmi þeirra verða þá blönduð að erfðum. Til dæmis er æxlun fisks sem sloppið hefur úr eldi með náttúrulegum, villtum fiski. Jafnframt leggur meiri hlutinn til að bætt verði við skilgreiningu á villtum fiskstofni. Er þá átt við hóp fiska sömu tegundar sem hrygnir á sama stað og á sama tíma en hrygnir ekki í neinum mæli með öðrum slíkum hópum. Þá barst nefndinni ábending frá veiðimálastjóra um að villtir laxastofnar væru rangt skilgreindir í núgildandi lögum. Leggur meiri hlutinn til að villtir laxastofnar verði skilgreindir á sambærilegan hátt og villtir fiskstofnar, þ.e. sem hópur laxa sem hrygnir á sama stað og á sama tíma en hrygnir ekki í neinum mæli með öðrum slíkum hópum.
2. Í 1. efnismgr. 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að landbúnaðarráðherra veiti rekstrarleyfi til fiskeldis eða hafbeitar. Meiri hlutinn leggur til að veiting rekstrarleyfis til fiskeldis eða hafbeitar verði áfram í höndum veiðimálastjóra eins og núgildandi lög gera ráð fyrir. Með því er haldið opnu að hægt sé að koma athugasemdum við eða kæra veitingu einstakra rekstrarleyfa sem veiðimálastjóri veitir til ráðherra. Gerð er tillaga um nauðsynlegar breytingar á öðrum ákvæðum frumvarpsins með hliðsjón af því. Jafnframt telur meiri hlutinn eðlilegt að leyfisveitandi leiti ekki einungis umsagnar Veiðmálastofnunar

um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar gefi tilefni til hættu á erfðablöndun heldur jafnframt að umsögnin lúti að hugsanlegum neikvæðum vistfræðilegum áhrifum.

3. Lagt er til að fiskeldisnefnd sem skipuð er fulltrúum tveggja ráðuneyta, þ.e. landbúnaðarráðuneytis og sjávarútvegsráðuneytis, verði ekki umsagnaraðili við veitingu rekstrarleyfis skv. 1. efnismgr. 3. gr. frumvarpsins. Skv. 6. gr. er fiskeldisnefnd meðal annarra landbúnaðarráðherra til aðstoðar um stjórn fiskeldismála og skv. 2. efnismgr. 7. gr. skal fiskeldisnefnd vera til ráðgjafar og stefnumótunar um fiskeldi bæði á landi og í sjó og fara með þau mál sem henni eru falin samkvæmt lögum. Því telur meiri hlutinn eðlilegt að fiskeldisnefnd sinni ekki bæði ráðgjöf, stefnumótun og stjórn fiskeldismála og sé auk þess í umsagnarhlutverki um hvort rekstrarleyfi skuli veitt. Með sömu röksemdum telur nefndin eðlilegt að fiskeldisnefnd verði ekki í umsagnarhlutverki þegar tekin er ákvörðun um hvort takmarka skuli eða banna fiskeldi, hafbeit eða ákveðnar eldisaðferðir í einstaka fjörðum, flóum eða landsvæðum skv. e-lið (78. gr.) 5. gr. frumvarpsins.
4. Samkvæmt 2. efnismgr. 3. gr. frumvarpsins skulu í umsókn um rekstrarleyfi m.a. koma fram upplýsingar um starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Til að taka af tvímæli um að ekki sé nægjanlegt að sýna fram á að sótt hafi verið um starfsleyfi samkvæmt framangreindum lögum er lagt til að bætt verði við 4. efnismgr. 3. gr. frumvarpsins að óheimilt sé að gefa út rekstrarleyfi fyrr en starfsleyfi hefur verið gefið út.
5. Lagt er til að felld verði niður 8. efnismgr. 3. gr. sem kveður á um gjaldtöku fyrir útgáfu rekstrarleyfis og meðferð umsóknar samkvæmt gjaldskrá. Þar sem vinna við mótun gjaldskrár hefur ekki verið hafin og í ljósi þess að vandkvæðum er bundið að útfæra gjaldskrá á þann hátt að gjaldið sé í réttu hlutfalli við raunverulegan kostnað við meðferð umsóknar og útgáfu rekstrarleyfis er ákveðin hætta á duldri skattheimtu. Því þykir rétt að ákvörðun um gjald fyrir útgáfu rekstrarleyfis og meðferð umsóknar bíði þeirrar heildarendurskoðunar sem til stendur að gera á lögum um lax- og silungsveiði.
6. Lagt er til að 2. málsl. 9. efnismgr. falli brott þar sem kveðið er á um að heimilt sé að veita undanþágu til starfsemi og flutnings á eldisfiski og/eða seiðum í fiskeldis- eða hafbeitarstöð ef stöð hefur fengið starfsleyfi samkvæmt ákvæðum annarra laga sem varða slíkan atvinnurekstur. Hér er einkum átt við starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ljóst er að þegar eru starfandi fiskeldisstöðvar sem eingöngu hafa hlotið starfsleyfi en ekki rekstrarleyfi eins og núgildandi lög gera ráð fyrir. Telur meiri hlutinn rétt að halda fast í þá reglu sem kemur fram í 1. málsl. 9. efnismgr. um að fiskeldis- og hafbeitarstöðvum sé óheimilt að hefja starfsemi eða flytja eldisfisk eða seiði í eldisstöð fyrr en rekstrarleyfi er fengið og undanþágur frá því skuli ekki veittar. Með hliðsjón af því leggur meiri hlutinn jafnframt til nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið er á um að fiskeldis- og hafbeitarstöðvar sem starfað hafa samkvæmt starfsleyfi, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, skuli sækja um rekstrarleyfi innan árs frá gildistöku laga þessara.
7. Lagt er til að ný málsgrein, sem verður 9. mgr., bætist við 3. gr. frumvarpsins sem lýtur að heimild veiðimálastjóra til afturköllunar rekstrarleyfis ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laganna eða stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra, skilyrðum leyfis er ekki fullnægt, leyfishafi verður ófær um að reka fiskeldisstöð eða ef eldisfiskur sleppur ítrekað frá fiskeldisstöð. Brjóti leyfishafi gegn ákvæðum laganna eða hlíti ekki þeim skilyrðum sem sett eru í rekstrarleyfi skal veiðimálastjóri veita honum skriflega viðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri við-

vörun skal afturkalla rekstrarleyfi. Sé um ásetning eða stórkostlegt gáleysi að ræða getur veiðimálastjóri afturkallað rekstrarleyfi án undanfarandi viðvörunar eða frests til úrbóta. Framangreind breyting hefur í för með sér að 2. málsl. 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins fellur brott en þar er kveðið á um heimild ráðherra til endurskoðunar eða niðurfellingar rekstrarleyfis vegna ítrekaðra slysasleppinga. Það ákvæði sem hér er lagt til er mun heildstæðara og samræmist betur vönduðum stjórnsýsluháttum.

8. Lagt er til að b-liður (75. gr.) 5. gr. frumvarpsins falli niður þar sem fjallað er um eftirlit veiðimálastjóra með fiskeldis- og hafbeitarstöðvum og í stað þess komi nýtt ákvæði í XIII. kafla laganna sem ber yfirskriftina „Stjórn veiðimála, Veiðimálastofnun og eftirlit“. Nefndin fékk tillögu frá landbúnaðarráðuneyti um breytingu á framangreindu eftirlitsákvæði frumvarpsins þar sem tekið er mið af athugasemdum ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur. Er þar m.a. tekið tillit til þeirra athugasemda að eftirlit skuli framkvæmt af faggiltum skoðunarstöðvum í eins ríkum mæli og unnt er. Jafnframt er tekið tillit til þeirra athugasemda að eftirlitsgjald skuli ekki fastsett í ákveðinni hlutfallstölu af brúttósöluverði heldur sé eðlilegra að rekstrarleyfishafar greiði raunkostnað af eftirlitinu. Ráðgjafarnefndin gerir ekki athugasemdir við það fyrirkomulag sem gerð er tillaga um hér, að eftirlitsgjald skuli miðast við raunkostnað við eftirlitið samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra staðfesti.
9. Í 2. málsl. 1. efnismgr. c-liðar (76. gr.) 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um að veiðimálastjóri geti veitt rannsóknaraðila undanþágu til sleppitilrauna í smáum stíl. Lagt er til að áður en veiðimálastjóri taki slíka ákvörðun skuli hann leita umsagnar Veiðimálastofnunar. Jafnframt er lagt til að þegar veiðimálastjóri leitar umsagnar Veiðimálastofnunar skv. 3. efnismgr. c-liðar 5. gr., varðandi undanþágu m.a. til flutnings á eldistegundum sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi milli fiskeldis- og hafbeitarstöðva, um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar gefi tilefni til aukinnar hættu á erfðablöndun skuli jafnframt huga að neikvæðum vistfræðilegum áhrifum.
10. Lagt er til að tekið verði upp í e-lið (78. gr.) 5. gr. efnisleg viðmið sem landbúnaðarráðherra skuli fara eftir þegar hann beitir heimild til að banna eða takmarka fiskeldi, hafbeit eða ákveðnar eldisaðferðir í einstökum fjörðum, flóum eða landsvæðum sem teljast sérlega viðkvæm fyrir slíkri starfsemi. Skal til grundvallar ákvörðun ráðherra taka mið af því að vernda og hlífa villtum laxastofnum við erfðablöndun, fisksjúkdómum og neikvæðum vistfræðiáhrifum. Skal þá m.a. tekið tillit til staðsetningar eldisstöðva, stærðar þeirra, fjarlægðar þeirra frá veiðiám og veiðiverðmæti innan svæðisins, þ.e. fjarðar, flóa eða landsvæðis. Jafnframt skal litið til þess hvort svæði til fiskeldis séu staðsett í farleiðum lax og silungs og hvort straumar geti leitt sleppifisk í veiðiá.
11. Í lokamálslið e-liðar (78. gr.) 5. gr. er kveðið á um að landbúnaðarráðherra geti ákvarðað svæðaskiptingu fiskeldis meðfram strönd landsins og heildarframleiðslu á hverju svæði. Lagt er til að ráðherra verði skylt að ákvarða svæðaskiptingu fiskeldis utan netlaga þannig að ljóst megi vera hvernig staðsetning og skipulag á fiskeldi utan þeirra marka verði háttað og úthlutun og afmörkun á svæðum verði ekki tilviljun háð. Ástæða þess að kveðið er á um svæðaskiptingu utan netlaga er sú að samkvæmt áliti félagsmálaráðuneytisins er lögsagnarumdæmi sveitarfélaga á haf út innan netlaga, þ.e. 115 metra frá stórstraumsfjöruborði, þannig að eingöngu innan þeirra marka er sveitarfélögum heimilt að veita framkvæmdaleyfi til sjókvíaeldis, að gættum ákvæðum skipulags- og byggingarlaga. Þegar komið er út fyrir mörk netlaga er það á forræði ríkisvaldsins í krafti fullveldisréttar síns að skipuleggja þá starfsemi sem fram getur farið á hafsvæðinu í kringum landið. Þar sem eldi ferskvatnsfiska fellur undir landbúnaðarráðherra sam-

kvæmt frumvarpinu er það á forræði landbúnaðarráðherra að ákvarða skipulag eldis á ferskvatnsfiskum utan netlaga umhverfis landið.

12. Í 1. efnismgr. 6. gr. er kveðið á um að landbúnaðarráðherra fari með yfirstjórn allra fiskeldis- og veiðimála. Samhliða þessu frumvarpi hefur sjávarútvegsráðherra lagt fram frumvarp um eldi nytjastofna sjávar. Til að forðast skörun milli ráðuneyta er lagt til að skýrt sé kveðið á um að landbúnaðarráðherra fari með yfirstjórn allra fiskeldis- og veiðimála samkvæmt lögum þessum. Er þá ótvírætt að landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn eldis ferskvatnsfiska og sjávarútvegsráðherra fer með yfirstjórn eldis nytjastofna sjávar.
13. Lagt er til að Veiðimálastofnun tilnefni aðila í fiskeldisnefnd í stað veiðimálastjóra. Er þá gætt samræmis við tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar í nefndina.
14. Lagt er til að auka hlut Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva í veiðimálanefnd þannig að þeir eigi þar tvo fulltrúa til mótvægis við Landssamband veiðifélaga sem á þar tvo fulltrúa fyrir. Með þeirri fjölgun verður nefndin skipuð sex mönnum í stað fimm áður og er því kveðið á um að ráðherra skipi formann nefndarinnar og skulu atkvæði hans ráða úrslitum ef atkvæði falla jöfn.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem tillaga er gerð um í sérstöku þingskjali. Guðjón A. Kristjánsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 8. maí 2001.

Hjálmar Jónsson, form., frsm.	Drífa Hjartardóttir.	Jónína Bjartmarz.
Guðjón Guðmundsson.	Einar Oddur Kristjánsson.	Kristinn H. Gunnarsson.

1272. Breytingartillögur [389. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (HjálmJ, DrH, JBjart, GuðjG, EOK, KHG).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:
   a. Við bætast eftirfarandi orðskýringar í réttri stafrófsröð:
      Erfðablöndun: Æxlun fiska milli stofna. Afkvæmi þeirra verða þá blönduð að erfðum. Til dæmis æxlun fisks sem sloppið hefur úr eldi með náttúrulegum, villtum laxi.
      Heilsárseldi: Hefðbundið laxeldi í sjókvíum frá 50 gramma göngustærð upp í markaðsstærð.
      Kynbætur: Markvisst val með tilliti til ákveðinna arfgengra eiginleika. Slíkir eiginleikar geta verið mikill vaxtarhraði eða síðkynþroski. Til undaneldis eru valdir fiskar sem sýna ákjósanlega eiginleika umfram aðra fiska í stofninum. Slíku vali er viðhaldið og það aukið með vali í hverri kynslóð.

Skiptieldi: Eldi á laxi í strandeldi upp í 500–1.000 grömm og framhaldseldi í sjókvíum upp í markaðsstærð.

Villtur fiskstofn: Hópur fiska sömu tegundar sem hrygnir á sama stað og á sama tíma en hrygnir ekki í neinum mæli með öðrum slíkum hópum.

Örmerkingar: Merkingar á laxi með örsmáum málmflísum í trjónuna.

b. Orðskýringin „Villtur laxastofn“ orðast svo:

Villtur laxastofn: Hópur laxa sem hrygnir á sama stað og á sama tíma en hrygnir ekki í neinum mæli með öðrum slíkum hópum.

2. Við 3. gr.

a. 1. efnismgr. orðist svo:

1. Til fiskeldis og hafbeitar þarf rekstrarleyfi veiðimálastjóra að fenginni umsögn dýralæknis fisksjúkdóma, fisksjúkdómanefndar og veiðimálanefndar. Veiðimálastjóri skal einnig leita umsagnar Veiðimálastofnunar um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar gefi tilefni til hættu á erfðablöndun og/eða neikvæðum vistfræðilegum áhrifum.

b. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 2. málsl. 2. efnismgr. komi: veiðimálastjóri.

c. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. og 2. málsl. 3. efnismgr. komi: veiðimálastjóri.

d. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. málsl. 4. efnismgr. komi: veiðimálastjóra.

e. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 4. málsl. 4. efnismgr. komi: Veiðimálastjóri.

f. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 5. málsl. 4. efnismgr. komi: veiðimálastjóri.

g. Við 4. efnismgr. bætist nýr málsliður sem orðist svo: Enn fremur er óheimilt að gefa út rekstrarleyfi fyrr en starfsleyfi liggur fyrir samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

h. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 6. efnismgr. komi: veiðimálastjóri.

i. 8. efnismgr. falli brott.

j. 2. málsl. 9. efnismgr., sem verði 8. efnismgr., falli brott.

k. Við bætist ný efnismálsgrein, svohljóðandi:

9. Veiðimálastjóri getur afturkallað rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laganna eða stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra, skilyrðum leyfis er ekki fullnægt, leyfishafi verður ófær um að reka fiskeldisstöð eða ef eldisfiskur sleppur ítrekað frá fiskeldisstöð. Brjóti leyfishafi gegn ákvæðum laga þessara eða hlíti ekki þeim skilyrðum sem sett eru í rekstrarleyfi skal veiðimálastjóri veita honum skriflega viðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri viðvörun skal afturkalla rekstrarleyfi. Sé um ásetning eða stórkostlegt gáleysi að ræða getur veiðimálastjóri afturkallað rekstrarleyfi án undanfarandi viðvörunar eða frests til úrbóta.

3. 2. málsl. 3. efnismgr. 4. gr. falli brott.

4. Við 5. gr.

a. Inngangsmálsgrein orðist svo:

Á eftir 73. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar og breytist greinatala samkvæmt því. Hinar nýju greinar orðast svo.

b. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. og 2. málsl. a-liðar (74. gr.) komi: veiðimálastjóra.

c. B-liður (75. gr.) falli brott og breytist greinatala samkvæmt því.

d. Eftirfarandi breytingar verði á c-lið (76. gr.):

1. Við 1. efnismgr. bætist: að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar.

2. Á eftir orðunum „gefa tilefni til aukinnar hættu á erfðablöndun“ í lokamálslið 3. efnismgr. komi: og/eða neikvæðum vistfræðilegum áhrifum.

e. Eftirfarandi breytingar verði á e-lið (78. gr.):
1. Orðið „fiskeldisnefndar“ í 2. málsl. falli brott.
2. Á eftir 2. málsl. komi þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Til grundvallar ákvörðun ráðherra skal taka mið af því að markmið ákvæðisins er að vernda og hlífa villtum laxfiskastofnum við erfðablöndun, fisksjúkdómum og neikvæðum vistfræðiáhrifum. Skal þá m.a. litið til staðsetningar eldisstöðva, stærðar þeirra, fjarlægðar þeirra frá veiðiám og veiðiverðmæti innan svæðisins, þ.e. fjarðar eða flóa. Jafnframt skal litið til þess hvort svæði til fiskeldis séu staðsett í farleiðum lax og silungs og hvort straumar geti leitt sleppifisk í ár.
3. Lokamálsliður orðist svo: Jafnframt skal landbúnaðarráðherra ákvarða svæðaskiptingu fiskeldis samkvæmt lögum þessum meðfram strönd landsins utan netlaga og heildarframleiðslu á hverju svæði.

5. Við 6. gr. 1. efnismgr. orðist svo:
1. Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn allra fiskeldis- og veiðimála samkvæmt lögum þessum.

6. Við 7. gr. Í stað orðsins „veiðimálastjóra“ í 1. efnismgr. komi: Veiðimálastofnunar.

7. Við bætist ný grein, 8. gr., er orðist svo:
1. mgr. 89. gr. laganna, sem verður 94. gr., orðast svo:
1. Í veiðimálanefnd eiga sæti sex menn. Ráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar, tvo samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangaveiðifélaga og tvo samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga. Ráðherra skipar formann nefndarinnar og skal atkvæði hans ráða úrslitum ef atkvæði falla jöfn. Nú tilnefnir einhver framangreindra aðila eigi mann í veiðimálanefnd og skipar þá ráðherra í nefndina í hans stað. Varamenn skal skipa með sama hætti.

8. Við bætist ný grein, 9. gr., sem orðist svo:
Á eftir 91. gr. laganna kemur ný grein sem verður 97. gr. og breytist greinatala samkvæmt því:
1. Veiðimálastjóri skal hafa eftirlit með fiskeldis- og hafbeitarstöðvum samkvæmt lögum þessum. Eftirlitið skal ná til rekstrarlegra og fiskeldislegra þátta í starfsemi stöðvanna og að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin. Skulu fiskeldis- og hafbeitarstöðvar færa dagbók varðandi starfsemina samkvæmt reglugerð sem landbúnaðarráðherra setur. Eftirlitsaðilum skal ætíð vera heimill aðgangur að eldisstöð og dagbók hennar. Forsvarsmönnum fiskeldis- og hafbeitarstöðva er skylt að veita veiðimálastjóra og eftirlitsaðilum hans allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og skoðunar.
2. Veiðimálastjóra er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, að annast framkvæmd eftirlitsins samkvæmt sérstökum samningi. Eftirlitið skal framkvæmt á vegum veiðimálastjóra og eftir þeim reglum sem hann setur.
3. Veiðimálastjóri skal fylgjast með starfi faggiltra eftirlitsaðila og sannreyna að þeir ræki skyldur sínar á fullnægjandi hátt, enda skulu þeir veita veiðimálastjóra upplýsingar um starfsemi og ástand fiskeldis- og hafbeitarstöðva á þann hátt sem hann ákveður. Veiðimálastjóri og faggiltir eftirlitsaðilar skulu bundnir þagnarskyldu um upplýsingar sem þeir fá við framkvæmd eftirlits.

4. Verði misbrestur á að faggiltir eftirlitsaðilar ræki skyldur sínar samkvæmt samningi, vanræki þeir upplýsingaskyldu sína eða gefi rangar upplýsingar getur veiðimálastjóri sagt upp samningi við þá um framkvæmd eftirlits.

5. Fyrir eftirlit veiðimálastjóra eða faggiltra eftirlitsaðila skulu fiskeldis- og hafbeitarstöðvar greiða árlegt eftirlitsgjald sem miðast við raunkostnað við eftirlitið samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra staðfestir.

6. Eftirlitsgjald skal innheimt með einni greiðslu á ári eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Veiðimálastjóri skal annast innheimtu eftirlitsgjaldsins. Ef eftirlitsgjald er ekki greitt á eindaga reiknast hæstu lögleyfðir dráttarvextir af fjárhæð þess frá gjalddaga til greiðsludags. Eftirlitsgjald má innheimta með fjárnámi.

9. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Fiskeldis- og hafbeitarstöðvar sem starfað hafa á grundvelli starfsleyfis samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, skulu sækja um rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum innan árs frá gildistöku.

1273. Nefndarálit [634. mál]

um frv. til l. um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson og Kristínu Helgu Markúsdóttur frá samgönguráðuneytinu, Stefán Erlendsson, Gunnar Gunnarsson og Björn Ólafsson frá Vegagerðinni, Unni Sverrisdóttur frá Landssambandi vörubifreiðastjóra, Eyrúnu Ingadóttur frá Trausta, félagi sendibifreiðastjóra, og Ásgeir Þorsteinsson, Stein Hermann Sigurðsson, Kristin Ólafsson og Guðmund Bogason frá Bifreiðastjórafélaginu Frama.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Bifreiðastjórafélaginu Frama, Samtökum iðnaðarins, Vegagerðinni, Landssambandi vörubifreiðastjóra, Trausta, félagi sendibifreiðastjóra, Landvara, félagi íslenskra vöruflytjenda, Félagi hópferðaleyfishafa, Ökukennarafélagi Íslands, Olíudreifingu ehf. og dómsmálaráðuneytinu.

Með frumvarpinu er lagt til að lagaákvæði um skipulag fólksflutninga með hópferðabifreiðum, sbr. lög nr. 13/1999, og lagaákvæði um vöruflutninga á landi, sbr. lög nr. 47/1994, verði felld saman í einn lagabálk. Jafnframt er lagt til að gildissvið laganna nái til vörubifreiða og sendibifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs, en um slíkar bifreiðar gilda nú lög um leigubifreiðar, nr. 61/1995. Fyrir þinginu liggur nú frumvarp til nýrra laga um leigubifreiðar og er gildissvið þeirra afmarkað í samræmi við þetta frumvarp. Við gerð frumvarpsins hefur verið tekið mið af reglum sem settar hafa verið á Evrópska efnahagssvæðinu eða eru væntanlegar á því svæði og rúmast innan gildissviðs EES-samningsins.

Í frumvarpinu er lögð til sú meginbreyting að almennar kröfur sem lögfestar voru með lögum nr. 13/1999 gildi einnig um vöruflutninga og efnisflutninga.

Í almennum athugasemdum við frumvarpið segir að lögin taki ekki til flutnings á hættulegum efnum þar sem um hann gildi reglugerð nr. 984/2000 sem sett er með stoð í 2. mgr. 50. gr., 1. mgr. 60. gr. og 73. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987. Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins skulu vöru- og efnisflutningar í atvinnuskyni almennt vera háðir sérstöku starfsleyfi. Ekki eru rök til að álykta að flutningar á hættulegum farmi séu undanskildir enda engin heimild

í umferðarlögum til að setja reglur um sérstök rekstrarleyfi fyrir slíka flutninga, enda er ekki kveðið á um slíkt í umræddri reglugerð. Nefndin leggur því áherslu á að þrátt fyrir að annað komi fram í athugasemdum við frumvarpið gildi lögin um flutninga á hættulegum efnum líkt og um aðra flutninga. Þetta hróflar ekki við gildi reglugerðar nr. 984/2000 þar sem um þessa flutninga sem og aðra munu eftir sem áður gilda almennar og sérstakar reglur eftir því sem við á.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til nýtt orðalag i-liðar 1. gr. sem miðar að því að samræmi verði á milli i- og j-liðar.
2. Lagt er til að heimild Vegagerðarinnar til að gera mismunandi kröfur til útgáfu mismunandi leyfa eftir því sem við á, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins, verði takmörkuð þannig að kröfurnar verði að eiga sér stoð í reglugerð sem ráðherra setur. Verður að telja æskilegt að takmarka þessa heimild með einhverjum hætti. Takmörkun sem þessi er jafnframt æskileg til að tryggja að jafnræði ríki við útgáfu rekstrarleyfa.
3. Lagt er til að tilvísun í reglugerð nr. 411/1993 í 3. mgr. 12. gr. verði felld brott þar sem umrædd reglugerð hefur verið felld úr gildi, sbr. reglugerð nr. 915/2000.
4. Lögð er til breyting á 13. gr. frumvarpsins þess efnis að fast gjald vegna leyfis skv. 4. gr. lækki úr 5.000 kr. í 3.000 kr. en menn borgi síðan 1.000 kr. fyrir hvern bíl sem þeir reka á grundvelli leyfisins. Hvað varðar bíla sem uppfylla þurfa gæða- og tæknikröfur skv. 12. gr. er lagt til að fast gjald fyrir rekstrarleyfi verði 4.000 kr. og síðan 1.000 kr. fyrir hvern bíl sem rekinn er á grundvelli leyfisins.
5. Lagt er til að tekið verði fram í 14. gr. að atbeina lögreglu þurfi til að stöðva starfsemi samkvæmt greininni, enda er hér um lögregluaðgerð að ræða og ljóst að Vegagerðin fer ekki með lögregluvald.
6. Í 15. gr. frumvarpsins er kveðið á um að sektir allt að 100.000 kr. fyrir brot gegn lögunum og reglum settum samkvæmt þeim skuli ákveðnar í reglugerð sem ráðherra setur. Ákvæði þetta sækir fyrirmynd sína í 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. lög nr. 57/1997, og er í athugasemdum við 15. gr. frumvarpsins vitnað til röksemda sem fylgdu frumvarpi til laga nr. 57/1997.

   Ekki er hægt að skilja 15. gr. frumvarpsins öðruvísi en svo að með ráðherra sé átt við samgönguráðherra, enda fellur meginefni frumvarpsins undir valdsvið hans. Útgáfa reglugerðar um fjárhæð sekta fellur hins vegar tæplega undir verksvið samgönguráðherra eins og það hefur verið skilgreint. Nefndin telur fara betur á því að útgáfa þessarar reglugerðar verði í höndum dómsmálaráðherra sem fer með málefni er varða refsilöggjöf og réttarfar.

   Lögregla fer með ákæruvald vegna brota á lögunum, sbr. 28. gr. laga um meðferð opinberra mála. Skv. 1. mgr. 115. gr. sömu laga er lögreglustjóra heimilt að ljúka máli með sektargerð fallist sakborningur á það í samræmi við leiðbeiningar ríkissaksóknara eða samkvæmt reglugerð sem dómsmálaráðherra setur að fenginni tillögu ríkissaksóknara. Í lögunum er með öðrum orðum ekki gert ráð fyrir að aðrir en dómsmálaráðherra setji slíkar reglugerðir, enda verður að telja að hann hafi besta þekkingu á því, ásamt ríkissaksóknara, hvað teljist hæfileg sekt fyrir einstök brot á lögunum.

   Í samræmi við framangreint er lagt til að 15. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að það verði í höndum dómsmálaráðherra en ekki samgönguráðherra að setja umrædda reglugerð og þá að fengnum tillögum ríkissaksóknara.

Jafnframt er lagt til að leyfissviptingu verði bætt við sem mögulegri refsingu vegna brota á lögunum. Í 2. mgr. 15. gr. er gert ráð fyrir að Vegagerðin geti svipt aðila leyfi við alvarleg og ítrekuð brot og að sú svipting gildi þar til úrlausn hefur fengist skv. 1. mgr. Eðlilegt er að dómstólar hafi jafnframt heimild til að svipta menn leyfi ef brot telst það alvarlegt.

Alþingi, 11. maí 2001.

Árni Johnsen, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Guðmundur Hallvarðsson.	Magnús Stefánsson.

Jón Bjarnason,
með fyrirvara.

1274. Breytingartillögur [634. mál]

við frv. til l. um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (ÁJ, HjÁ, ArnbS, ÞKG, GHall, MS, JB).

1. Við 3. gr.
   a. Í stað orðsins „gjaldi“ í a- og g-lið komi: endurgjaldi.
   b. I-liður orðist svo: *Vöruflutningar og efnisflutningar í atvinnuskyni:* Flutningur á vöru eða efni gegn endurgjaldi sem ekki fellur undir j-lið um flutning í eigin þágu. Með efnisflutningi er átt við flutning á jarðefnum, svo sem möl eða sandi.
   c. Í stað orðsins „ökutækis“ í j-lið komi: bifreiðar.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Almennt rekstrarleyfi Vegagerðarinnar þarf til að stunda fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum þessum. Leyfið skal gilda í fimm ár og vera óframseljanlegt. Vegagerðinni er heimilt, á grundvelli reglugerðar sem ráðherra setur, að gera mismunandi kröfur til útgáfu mismunandi leyfa eftir því sem eðli starfseminnar gefur tilefni til.
   Ekkert leyfi þarf til flutnings í eigin þágu.
   Samgönguráðherra getur með reglugerð sett nánari skilyrði um veitingu leyfa.
3. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. og 7. gr. er öðrum en sérleyfishafa heimilt að stunda sérstaka reglubundna fólksflutninga, enda hafi viðkomandi almennt rekstrarleyfi skv. 4. gr. Til sérstakra reglubundinna fólksflutninga teljast flutningar starfsfólks til og frá vinnustað á kostnað vinnuveitanda enda falli þeir ekki undir h-lið 3. gr. og akstur skólanemenda. Flutningsaðili þarf að uppfylla skilyrði laganna og þær gæða- og tæknikröfur sem Vegagerðin setur.
4. Við 9. gr. Á eftir orðunum „2. og 3. tölul.“ í 1. mgr komi: 1. mgr.

5. Við 12. gr.
   a. Orðin „sbr. skilgreiningu í reglugerð nr. 411/1993, um gerð og búnað ökutækja“ í 3. mgr. falli brott.
   b. 2. mgr. verði 4. mgr.
6. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Greiða skal fyrir útgáfu leyfa.
   Fyrir rekstrarleyfi skv. 4., 6., 7. og 10. gr. skal greiða sem hér segir:
   1. Fyrir almennt rekstrarleyfi til að stunda fólks-, vöru- og efnisflutninga skal greiða 3.000 kr. árlegt gjald. Enn fremur skal árlega greiða 1.000 kr. vegna hverrar bifreiðar og skal það gjald greitt þegar bifreið er færð til árlegrar skoðunar.
   2. Fyrir sérútbúnar bifreiðar skv. 10. gr., sem uppfylla þurfa gæða- og tæknikröfur skv. 12. gr., skal greiða 4.000 kr. árlegt gjald fyrir rekstrarleyfi. Enn fremur skal árlega greiða 1.000 kr. vegna hverrar bifreiðar og skal það gjald greitt þegar bifreið er færð til árlegrar skoðunar.
   3. Fyrir sérleyfi og einkaleyfi skal greiða 20.000 kr. árlegt gjald.
   4. Fyrir önnur rekstrarleyfi skal greiða 10.000 kr. árlegt gjald.

   Halda skal tekjum og gjöldum vegna framangreindra leyfa aðskildum í bókhaldi.
   Framangreind gjöld skulu renna til Vegagerðarinnar og standa undir eftirliti og leyfisveitingum samkvæmt lögum þessum. Vegagerðinni er heimilt að fela þriðja aðila þetta eftirlit.
7. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Verði aðili uppvís að því að stunda leyfisskylda starfsemi samkvæmt lögum þessum án þess að hafa til þess tilskilin leyfi er Vegagerðinni heimilt að fela lögreglu að stöðva starfsemina og viðkomandi ökutæki þegar í stað þar til leyfi hefur verið fengið.
8. Við 15. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Brot gegn lögum þessum og reglugerðum er settar kunna að verða samkvæmt þeim varða sektum og/eða leyfissviptingu nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum og skal fara með slík mál að hætti opinberra mála. Sektir allt að 100.000 kr. fyrir brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim skulu ákveðnar í reglugerð sem dómsmálaráðherra setur að fengnum tillögum ríkissaksóknara. Þar skal tilgreint til hvaða tegunda brota hún taki og hvaða sekt skuli koma fyrir hverja tegund brots. Heimilt er að víkja frá ákvæðum reglugerðarinnar ef veigamikil rök mæla með því.
9. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
   Samgönguráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.
   Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir um skipulag á fólksflutningum, vöruflutningum og efnisflutningum vegna skuldbindinga er leiðir af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

1275. Frumvarp til laga [736. mál]

um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Við 28. gr. laganna bætist ný málsgrein er hljóðar svo:

Eiganda héraðsrafmagnsveitu er ár hvert heimilt að áskilja sér allt að 7% arð af eigin fé rafveitunnar. Ákvæði 1. málsl. nær eingöngu til héraðsrafmagnsveitu sem er alfarið í eigu sveitarfélags og starfar ekki samkvæmt sérlögum.

2. gr.

Við 32. gr. laganna bætist ný málsgrein er hljóðar svo:

Eiganda hitaveitu er ár hvert heimilt að áskilja sér allt að 7% arð af eigin fé hitaveitunnar. Ákvæði 1. málsl. nær eingöngu til hitaveitu sem er alfarið í eigu sveitarfélags og starfar ekki samkvæmt sérlögum.

3. gr.

Við 80. gr. laganna bætist nýr málsliður er hljóðar svo: Sama á við um hitaveitur og/eða rafveitur sem hafa einkaleyfi til starfsemi sem kveðið er á um í IV. og V. kafla laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram til að gera starfandi raf- og hitaveitum mögulegt að breyta um rekstrarform án þess að slíkt hafi áhrif á skattalega stöðu þeirra svo og setja skýrar almennar reglur um heimildir þeirra til að áskilja sér arð eins og gert er ráð fyrir í 4. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Flest orkufyrirtæki á Íslandi eru annaðhvort í eigu ríkis eða sveitarfélaga og rekin með ótakmarkaðri ábyrgð eigenda sinna. Í 4. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er kveðið á um að fyrirtæki sem eru í eigu ríkis eða sveitarfélaga og rekin eru með ótakmarkaðri ábyrgð eigenda sinna greiði hvorki tekjuskatt né eignarskatt. Á grundvelli framangreinds ákvæðis laga um tekjuskatt og eignarskatt eru þessi fyrirtæki undanþegin skattskyldu. Í sérlögum um orkufyrirtæki sem eru í sameign ríkis og sveitarfélaga er að finna ákvæði um að fyrirtækin skuli undanþegin skattskyldu. Í 16. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, segir að fyrirtækið sé undanþegið tekjuskatti, eignarskatti, stimpilgjöldum vegna lána sem fyrirtækið tekur eða vegna eignaafsala til fyrirtækisins, útsvari, aðstöðugjaldi svo og öðrum gjöldum til sveitarfélaga. Í 13. gr. laga nr. 66/1976, um Orkubú Vestfjarða, er fyrirtækið undanþegið tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sýslu- og sveitarfélaga. Í 14. gr. laga nr. 10/2001, um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, segir að um skyldu félagsins til greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarsjóða fari á sama hátt sem um skyldu sveitarfélaga er slíkan rekstur hafa með höndum auk þess sem félagið er undanþegið stimpilgjöldum. Samhljóða ákvæði var að finna í eldri lögum um fyrirtækið.

Á næstunni verða gerðar breytingar á skipulagi raforkumála. Nýtt skipulag felur í sér að skilið er milli náttúrulegra einkasöluþátta raforkukerfisins (flutnings og dreifingar) og þeirra

þátta þar sem samkeppni verður við komið (vinnslu og sölu). Með þessu er leitast við að leggja grunn að markaðsbúskap í raforkukerfinu.

Í tengslum við breytt skipulag raforkumála hafa breytingar á rekstrarformi raforkufyrirtækja verið mjög til umræðu. Árið 1996 var skipuð sérstök viðræðunefnd eignaraðila að Landsvirkjun um endurskoðun á eignarhaldi, rekstrarformi og hlutverki fyrirtækisins. Urðu eignaraðilar sammála um að fyrir 1. janúar 2004 skyldi endurskoða sameignarsamning um Landsvirkjun, meðal annars hvort ástæða væri til að stofna hlutafélag um Landsvirkjun. Á 122. löggjafarþingi lagði þáverandi iðnaðarráðherra fram tillögu til þingsályktunar um framtíðarskipan raforkumála, sem hlaut eina umræðu og afgreiðslu iðnaðarnefndar en ekki endanlega afgreiðslu. Í tillögunni var meðal annars lagt til að rekstrarform raforkufyrirtækja sem ríkið ætti eignarhlut í yrði yfirfarið. Á undanförnum mánuðum hafa eigendur tveggja orkufyrirtækja, Hitaveitu Suðurnesja og Orkubús Vestfjarða, ákveðið að breyta rekstrarformi fyrirtækja sinna úr sameignarfélagi í hlutafélag. Þá er í viðræðum um hugsanlega sameiningu Rafmagnsveitna ríkisins og Norðurorku gengið út frá því af hálfu ríkisins að stofnað verði hlutafélag um rekstur hins sameinaða fyrirtækis í starfsumhverfi nýrra raforkulaga. Þessi fyrirtæki starfa samkvæmt sérstökum lögum sem sett hafa verið um fyrirtækin. Eigendur fleiri orkufyrirtækja hafa að undanförnu skoðað möguleika á að breyta rekstrarformi fyrirtækjanna.

Í tengslum við breytingar á skipulagi raforkumála hefur fjármálaráðherra skipað nefnd til að gera heildarendurskoðun á skattalegu umhverfi orkufyrirtækja. Gera má ráð fyrir að breytingar á skattalegu umhverfi orkufyrirtækjanna taki gildi samhliða því að nýtt skipulag raforkumála komi til framkvæmda. Ákvæðum frumvarps þessa, ef að lögum verður, er ætlað að standa þar til þær breytingar taka gildi. Eins og áður er fram komið er ákvæði um undanþágu frá skattskyldu að finna í lögum um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja og frumvarpi til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða. Með frumvarpinu er öðrum orkufyrirtækjum gert kleift að breyta rekstrarformi sínu án þess að það hafi áhrif á skattskyldu fyrirtækjanna.

Í 4. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, segir að sveitarfélög skuli setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og þeim sé heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið sé í rekstri þeirra. Kom ákvæðið fram í tillögum meiri hluta félagsmálanefndar Alþingis við frumvarpið. Í nefndarálitinu segir að fjölmörg sveitarfélög reki fyrirtæki á eigin ábyrgð og hafi fyrirtækin greitt sveitarsjóðum arð þegar rekstur þeirra hafi leyft. Þessi háttur hafi t.d. verið hafður hjá fyrirtækjum borgarsjóðs í a.m.k. 60 ár og hafi gjaldskrár fyrirtækjanna, sem staðfestar hafa verið af viðkomandi ráðuneyti, tekið mið af þessu. Ótvíræða heimild til þessa hafi hins vegar hingað til vantað í löggjöf. Þá segir að í framhaldi af þessu muni m.a. þurfa að gera breytingar á orkulögum, nr. 58/1967, til þess að tryggja enn frekar heimildir sveitarfélaga til að ákveða arðgreiðslur frá fyrirtækjum sem alfarið eru í eigu sveitarfélaganna og rekin eru á þeirra ábyrgð. Í samræmi við þessi sjónarmið er í þessu frumvarpi lagt til að sett verði skýr almenn heimild um arðgreiðslur rafveitna og hitaveitna. Í gildandi lögum um Hitaveitu Suðurnesja, nr. 10/2001, og Orkubú Vestfjarða, nr. 66/1976, kemur fram að fyrirtækin skuli gæta almennra arðsemissjónarmiða við setningu gjaldskrár.

Með hliðsjón af þeirri endurskoðun sem nú er unnið að varðandi skattalegt umhverfi orkufyrirtækja eru ekki lagðar til frekari breytingar á orkulögum. Við þá vinnu þarf að skoða skattalegt umhverfi þeirra sem reka einkarafstöðvar með það að markmiði að jafna aðstöðumun milli þessara aðila og orkufyrirtækja.

1276. Lög [391. mál]

um framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1209.

1277. Lög [453. mál]

um breyting á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 724.

1278. Lög [482. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1210.

1279. Lög [554. mál]

um breytingu á Norðurlandasamningi um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 860.

1280. Nefndarálit [602. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigrúnu Ágústsdóttur og Sigurbjörgu Sæmundsdóttur frá umhverfisráðuneyti, Teit Ómarsson frá Genís ehf., Óskar Maríusson frá Samtökum atvinnulífsins, Ólaf Kjartansson frá Samtökum iðnaðarins, Davíð Egilsson og Helga Jensson frá Hollustuvernd ríkisins, Stefán Hermannsson borgarverkfræðing, Hjalta Guðmundsson frá Staðardagskrárverkefni Reykjavíkurborgar, Stefán Gíslason verkefnisstjóra Staðardagskrár 21, Þórð Skúlason og Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Örn Sigurðsson frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og Tryggva Felixson frá Landvernd.

Með frumvarpinu er rekstraraðilum tiltekinnar starfsleyfisskyldrar starfsemi gert skylt að vinna árlega efnisuppgjör fyrir starfsemina á svipaðan hátt og gert er með fjármuni fyrirtækja. Lagt er til að fyrsta bókhaldsár verði árið 2003. Í uppgjörinu skal gera grein fyrir streymi hráefnis, orku og vatns til starfseminnar, sem og streymi mengandi efna frá henni. Með slíkum tölulegum upplýsingum er gerð grein fyrir hvernig umhverfismálum er háttað í viðkomandi starfsgrein. Starfsleyfishafi ber sjálfur ábyrgð á þeim upplýsingum sem koma fram í skýrslu um grænt bókhald en gert er ráð fyrir að skýrslan verði eftir endurskoðun, með sama hætti og fjárhagsbókhald fyrirtækja, send til útgefanda starfsleyfis. Þá eru í frumvarpinu gerðar breytingar á lögunum í ljósi fenginnar reynslu af framkvæmd þeirra síðustu ár.

Nefndin telur rétt að benda á að í frumvarpinu er ekki gerð krafa um að endurskoðun græns bókhalds skuli framkvæmd af löggiltum endurskoðanda eins og gert er ráð fyrir í fylgiskjali fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins með frumvarpinu.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að ráðherra skuli hafa heimild til að veita undanþágu frá færslu græns bókhalds. Telur nefndin rétt að slík undanþáguheimild skuli hafa lagastoð og gerir því tillögu um breytingu þess efnis. Nefndin telur mjög mikilvægt að þátturinn um græna bókhaldið nái fram að ganga þar sem færsla þess er bæði jákvæð fyrir umhverfið og fyrirtækin. Færsla græns bókhalds mun gera rekstraraðilum kleift að fylgjast með helstu umhverfisþáttum starfseminnar. Hún getur auk þess orðið skref í þá átt að fyrirtæki taki upp umhverfisstjórnunarkerfi og í sumum tilvikum leitt til fjárhagslegrar hagræðingar þeirra.

Af máli gesta og umsögnum til nefndarinnar mátti ráða að færsla græns bókhalds væri ekki íþyngjandi kvöð fyrir starfsleyfishafa heldur væri sett í skipulegan farveg sú upplýsingaöflun sem þegar ætti sér stað.

Nefndin telur nauðsynlegt að fleiri starfsgreinum verði gert skylt að færa grænt bókhald sem fyrst og nefnir í því sambandi saltverksmiðjur, útgerð og fiskvinnslu, orkufyrirtæki og hitaveitur á háhitasvæðum. Við umfjöllun nefndarinnar kom í ljós að stærðarmörk sumrar starfsemi, sem nefnd er í 8. gr. frumvarpsins, svo sem sláturhúsa og mjólkurvinnslu, séu það há að fyrirtæki í þeim rekstri hér á landi munu ekki þurfa að færa grænt bókhald. Telur nefndin auðsýnt að endurskoða þurfi lögin í því ljósi og gera breytingar á 8. gr. í samræmi við þá niðurstöðu sem fyrst.

Loks tekur nefndin fram til að taka af allan vafa að með viðurkenndum umhverfisstjórnunarkerfum í 7. gr. er átt við að kerfin séu vottuð.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við bætist ný grein er verði 4. gr. og orðist svo:
Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, 7. gr. a, svohljóðandi:
Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins, veitt undanþágu frá skyldu um færslu græns bókhalds skv. 6. gr. a.

Þórunn Sveinbjarnardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. maí 2001.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Kristján Pálsson.	Gunnar Birgisson.
Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.		Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.

1281. Frumvarp til laga [522. mál]

um breytingu á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum.

(Eftir 2. umr., 11. maí.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

1. gr.

10. gr. laganna orðast svo:
Engar hömlur má leggja á viðskipti með hluti í hlutafélagsbanka, sbr. þó 100. gr.
Í samþykktum skal kveðið á um atkvæðisrétt sem fylgir hlutum í hlutafélagsbanka og um meðferð hans. Í samþykktum er óheimilt að veita tilteknum hlutum aukið atkvæðagildi eða skipta hlutum með öðrum hætti í sérstaka flokka.
Aðilar sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í viðskiptabanka skulu leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fram. Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi banka. Samþykkis Fjármálaeftirlitsins skal enn fremur aflað þegar einstaklingur eða lögaðili eykur svo við eignarhlut sinn að bein eða óbein hlutdeild hans í eigin fé eða atkvæðisrétti fer yfir 20%, 33% eða 50% eða nemur svo stórum hluta að viðskiptabanki verði talinn dótturfyrirtæki hans.

Þeir sem hyggjast eignast svo stóran eignarhlut í viðskiptabanka sem um ræðir í 3. mgr. skulu beina skriflegri umsókn til Fjármálaeftirlitsins. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

1. Nafn og heimili umsækjanda.
2. Nafn þess viðskiptabanka sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
3. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
4. Áform um breytingar á verkefnum viðskiptabanka.
5. Fjármögnun fjárfestingarinnar.
6. Fjárhagsstöðu umsækjanda.
7. Fyrirhuguð viðskiptatengsl umsækjanda við viðskiptabankann.
8. Reynslu umsækjanda af fjármálastarfsemi.
9. Eignarhald, stjórnarsetu eða aðra þátttöku umsækjanda í starfsemi lögaðila.
10. Refsingar sem umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn.
11. Náin tengsl umsækjanda við aðra lögaðila, sbr. 3. mgr. 4. gr.
12. Aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið fer fram á að umsækjandi veiti og máli skipta við mat á hæfi eigenda virkra eignarhluta.

Sé umsækjandi lögaðili skal upptalning skv. 4. mgr. eiga við um lögaðilann sjálfan, stjórnarmenn hans, framkvæmdastjóra og þá einstaklinga og lögaðila sem eiga virkan eignarhlut í lögaðilanum. Skal þá enn fremur upplýst um endurskoðanda lögaðilans. Skulu upplýsingarnar studdar gögnum eftir því sem það á við. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágur frá skilum á upplýsingum skv. 4. mgr. hafi lögaðili ekki tök á að afla þeirra eða ef umsækjandi lýtur opinberu fjármálaeftirliti í öðru ríki og unnt sé að afla sambærilegra upplýsinga frá fjármálaeftirliti heimaríkis umsækjanda.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort umsækjandi sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs viðskiptabanka og skal gæta meðalhófs við það mat. Við mat á hæfi umsækjenda skal m.a. höfð hliðsjón af eftirfarandi:

1. Fjárhagsstöðu umsækjanda og aðila sem hann er í nánum tengslum við.
2. Þekkingu og reynslu umsækjanda.
3. Hvort eignarhald umsækjanda skapar hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði.
4. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
5. Hvort ætla megi að eignarhald umsækjanda muni torvelda eftirlit með hlutaðeigandi viðskiptabanka. Við mat á því skal m.a. horft til fyrri samskipta umsækjanda við Fjármálaeftirlitið eða önnur stjórnvöld, til þess hvort náin tengsl umsækjanda við einstaklinga eða lögaðila geta að mati Fjármálaeftirlitsins hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum og hvort lög og reglur, sem gilda um umsækjanda, hindra eðlilegt eftirlit.
6. Hvort umsækjandi hefur gefið Fjármálaeftirlitinu umbeðnar upplýsingar ásamt fylgigögnum og þær upplýsingar hafa reynst réttar.
7. Refsingum sem umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn.

Telji Fjármálaeftirlitið umsækjanda ekki hæfan til þess að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs viðskiptabankans skal það synja umsækjanda um leyfi til þess. Fjármálaeftirlitinu er þó heimilt að fallast á umsókn, þrátt fyrir að umsækjandi teljist ekki hæfur til að eiga eignarhlutinn, gegn því að umsækjandinn grípi til ráðstafana í því skyni að takmarka skaðleg áhrif af eignarhaldi hans, t.d. að fela eignarhaldið sérstöku eignarhaldsfélagi sem hafi ekki aðra starfsemi með höndum eða tilnefna einstaklinga sem Fjármálaeftirlitið metur hæfa sem fulltrúa sína í félagsstjórn.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skv. 7. mgr. skal vera skrifleg og hafa borist umsækjanda innan eins mánaðar frá þeim degi er því bárust fullnægjandi upplýsingar ásamt fylgigögnum. Berist ákvörðun Fjármálaeftirlitsins umsækjanda ekki innan þess tíma telst það hafa samþykkt umsóknina. Rökstuðningur skal fylgja synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn.

Heimild til að eignast eða auka við virkan eignarhlut í viðskiptabanka gildir í sex mánuði eftir að samþykki Fjármálaeftirlitsins liggur fyrir. Nýti umsækjandi ekki heimildina á þeim tíma ber honum að afla samþykkis Fjármálaeftirlitsins á nýjan leik, sbr. 3. og 4. mgr.

Sæki aðili ekki um leyfi Fjármálaeftirlitsins í tilefni af kaupum eða aukningu á virkum eignarhlut, þrátt fyrir að honum sé það skylt skv. 3. mgr., fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Skulu þeir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi viðskiptabanka um brottfall atkvæðisréttarins. Skal Fjármálaeftirlitið gera hlutaðeigandi aðila að leggja fram umsókn ásamt fylgigögnum skv. 4. mgr. Berist umbeðin gögn innan tilskilins frests tekur Fjármálaeftirlitið ákvörðun um afgreiðslu umsóknar skv. 7. mgr. Berist gögn ekki innan fjögurra vikna frá því að um þau er beðið eða Fjármálaeftirlitið synjar viðkomandi aðila um leyfi til að eiga eða auka við virkan eignarhlut skal honum skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Heimili Fjármálaeftirlitið viðkomandi aðila að eignast eða auka við virkan eignarhlut fá hlutirnir atkvæðisrétt að nýju.

Eignist aðili eða auki við virkan eignarhlut þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi hafnað umsókn hans um það fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Skulu þeir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi viðskiptabanka um brottfall atkvæðisréttarins. Skal viðkomandi aðila að því búnu skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Hyggist eigandi virks eignarhlutar draga svo úr hlutafjáreign sinni að hann eigi ekki virkan eignarhlut eftir það skal hann tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir 20%, 33%, 50% eða svo mikið að bankinn hættir að vera dótturfyrirtæki hlutaðeigandi skal það einnig tilkynnt.

2. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Þegar tilkynning hefur borist um aðilaskipti að hlutabréfum í hlutafélagsbanka sem valda því að hlutafjáreign fer yfir eða undir þau mörk sem tilgreind eru í 3. mgr. 10. gr. skal bankaráð tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það án ástæðulauss dráttar.

Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal viðskiptabanki tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þá hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í honum og um hlutafjáreign hvers þeirra.

3. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Sé aðila, sem á virkan eignarhlut í viðskiptabanka, svo farið eða fari hann þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan og traustan rekstur bankans getur Fjármálaeftirlitið gripið til eftirfarandi ráðstafana:

1. Ákveðið að þeim hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur.
2. Lagt fyrir hlutaðeigandi banka að grípa til ráðstafana sem draga úr skaðlegum áhrifum hluthafans.
3. Lagt fyrir bankaráð hlutaðeigandi viðskiptabanka að boða til hluthafafundar þar sem háttsemi hluthafans skal tekin fyrir. Skal fulltrúa Fjármálaeftirlitsins heimilt að sækja fundinn og taka þar til máls.

Við mat á því hvort gripið skuli til ráðstafana skv. 1. mgr. skal m.a. höfð hliðsjón af þeim atriðum sem greinir í 6. mgr. 10. gr. Að auki skal höfð sérstök hliðsjón af því hvort staða eða háttsemi viðkomandi aðila væri til þess fallin að rýra traust almennings á hlutaðeigandi banka, væri hún opinber.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að grípa í senn til fleiri en einnar af þeim ráðstöfunum sem tilgreindar eru í 1. mgr., þyki það nauðsynlegt.

4. gr.

5. tölul. 1. mgr. 90. gr. laganna orðast svo:

5. séu aðstæður með þeim hætti sem greinir í 7. mgr. 10. gr. um hæfi hluthafa eða 38. gr. um hæfi bankaráðsmanna eða stjórnarmanna sparisjóðs og stjórnenda viðkomandi stofnana.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

5. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Um skyldu hluthafa lánastofnana til að afla samþykkis Fjármálaeftirlitsins vegna kaupa eða aukningar á virkum eignarhlutum gilda ákvæði 10.–12. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum.

6. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Aðilar sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fram. Samþykkis Fjármálaeftirlitsins skal enn fremur aflað þegar einstaklingur eða lögaðili eykur svo við eignarhlut sinn að bein eða óbein hlutdeild hans í eigin fé eða atkvæðisrétti fer yfir 20%, 33% eða 50% eða nemur svo stórum hluta að fyrirtæki í verðbréfaþjónustu verði talið dótturfyrirtæki hans.

Þeir sem hyggjast eignast svo stóran eignarhlut í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem um ræðir í 1. mgr. skulu beina skriflegri umsókn til Fjármálaeftirlitsins. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

1. Nafn og heimili umsækjanda.

2. Nafn þess fyrirtækis sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
3. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
4. Áform um breytingar á verkefnum fyrirtækis í verðbréfaþjónustu.
5. Fjármögnun fjárfestingarinnar.
6. Fjárhagsstöðu umsækjanda.
7. Fyrirhuguð viðskiptatengsl umsækjanda við fyrirtækið.
8. Reynslu umsækjanda af fjármálastarfsemi.
9. Eignarhald, stjórnarsetu eða aðra þátttöku umsækjanda í starfsemi lögaðila.
10. Refsingar sem umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn.
11. Náin tengsl umsækjanda við aðra lögaðila, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.
12. Aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið fer fram á að umsækjandi veiti og máli skipta við mat á hæfi eigenda virkra eignarhluta.

Sé umsækjandi lögaðili skal upptalning skv. 2. mgr. eiga við um lögaðilann sjálfan, stjórnarmenn hans, framkvæmdastjóra og þá einstaklinga og lögaðila sem eiga virkan eignarhlut í lögaðilanum. Skal þá enn fremur upplýst um endurskoðanda lögaðilans. Skulu upplýsingarnar studdar gögnum eftir því sem það á við. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágur frá skilum á upplýsingum skv. 2. mgr. hafi lögaðili ekki tök á að afla þeirra eða ef umsækjandi lýtur opinberu fjármálaeftirliti í öðru ríki og unnt sé að afla sambærilegra upplýsinga frá fjármálaeftirliti heimaríkis umsækjanda.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort umsækjandi sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fyrirtækis í verðbréfaþjónustu og skal gæta meðalhófs við það mat. Við mat á hæfi umsækjenda skal m.a. höfð hliðsjón af eftirfarandi:

1. Fjárhagsstöðu umsækjanda og aðila sem hann er í nánum tengslum við.
2. Þekkingu og reynslu umsækjanda.
3. Hvort eignarhald umsækjanda skapar hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði.
4. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
5. Hvort ætla megi að eignarhald umsækjanda muni torvelda eftirlit með hlutaðeigandi fyrirtæki. Við mat á því skal m.a. horft til fyrri samskipta umsækjanda við Fjármálaeftirlitið eða önnur stjórnvöld, til þess hvort náin tengsl umsækjanda við einstaklinga eða lögaðila geta að mati Fjármálaeftirlitsins hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum og hvort lög og reglur, sem gilda um umsækjanda, hindra eðlilegt eftirlit.
6. Hvort umsækjandi hefur gefið Fjármálaeftirlitinu umbeðnar upplýsingar ásamt fylgigögnum og þær upplýsingar hafa reynst réttar.
7. Refsingum sem umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn.

Telji Fjármálaeftirlitið umsækjanda ekki hæfan til þess að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fyrirtækisins skal það synja umsækjanda um leyfi til þess. Fjármálaeftirlitinu er þó heimilt að fallast á umsókn, þrátt fyrir að umsækjandi teljist ekki hæfur til að eiga eignarhlutinn, gegn því að umsækjandinn grípi til ráðstafana í því skyni að takmarka skaðleg áhrif af eignarhaldi hans, t.d. að fela eignarhaldið sérstöku eignarhaldsfélagi sem hafi ekki aðra starfsemi með höndum eða tilnefna einstaklinga sem Fjármálaeftirlitið metur hæfa sem fulltrúa sína í félagsstjórn.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skv. 5. mgr. skal vera skrifleg og hafa borist umsækjanda innan eins mánaðar frá þeim degi er því bárust fullnægjandi upplýsingar ásamt fylgigögnum.

Berist ákvörðun Fjármálaeftirlitsins umsækjanda ekki innan þess tíma telst það hafa samþykkt umsóknina. Rökstuðningur skal fylgja synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn.

Heimild til að eignast eða auka við virkan eignarhlut í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu gildir í sex mánuði eftir að samþykki Fjármálaeftirlitsins liggur fyrir. Nýti umsækjandi ekki heimildina á þeim tíma ber honum að afla samþykkis Fjármálaeftirlitsins á nýjan leik, sbr. 1. og 2. mgr.

Sæki aðili ekki um leyfi Fjármálaeftirlitsins í tilefni af kaupum eða aukningu á virkum eignarhlut, þrátt fyrir að honum sé það skylt skv. 1. mgr., fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Skulu þeir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu um brottfall atkvæðisréttarins. Skal Fjármálaeftirlitið gera hlutaðeigandi aðila að leggja fram umsókn ásamt fylgigögnum skv. 2. mgr. Berist umbeðin gögn innan tilskilins frests tekur Fjármálaeftirlitið ákvörðun um afgreiðslu umsóknar skv. 5. mgr. Berist umbeðin gögn ekki innan fjögurra vikna frá því að um þau er beðið eða Fjármálaeftirlitið synjar viðkomandi aðila um leyfi til að eiga eða auka við virkan eignarhlut skal honum skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Heimili Fjármálaeftirlitið viðkomandi aðila að eignast eða auka við virkan eignarhlut fá hlutirnir atkvæðisrétt að nýju.

Eignist aðili eða auki við virkan eignarhlut þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi hafnað umsókn hans um það fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Skulu þeir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu um brottfall atkvæðisréttarins. Skal viðkomandi aðila að því búnu skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Hyggist eigandi virks eignarhlutar draga svo úr hlutafjáreign sinni að hann eigi ekki virkan eignarhlut eftir það skal hann tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir 20%, 33%, 50% eða svo mikið að fyrirtækið hættir að vera dótturfyrirtæki hlutaðeigandi skal það einnig tilkynnt.

Þegar tilkynning hefur borist um aðilaskipti að hlutabréfum í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem valda því að hlutafjáreign fer yfir eða undir þau mörk sem tilgreind eru í 1. mgr. skal félagsstjórn þess tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það án ástæðulauss dráttar.

Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal fyrirtæki í verðbréfaþjónustu tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þá hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í því og um hlutafjáreign hvers þeirra.

7. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Sé aðila, sem á virkan eignarhlut í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, svo farið eða fari hann þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan og traustan rekstur þess getur Fjármálaeftirlitið gripið til eftirfarandi ráðstafana:

1. Ákveðið að þeim hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur.

2. Lagt fyrir hlutaðeigandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu að grípa til ráðstafana sem draga úr skaðlegum áhrifum hluthafans.
3. Lagt fyrir félagsstjórn hlutaðeigandi fyrirtækis í verðbréfaþjónustu að boða til hluthafafundar þar sem háttsemi hluthafans skal tekin fyrir. Skal fulltrúa Fjármálaeftirlitsins heimilt að sækja fundinn og taka þar til máls.

Við mat á því hvort gripið skuli til ráðstafana skv. 1. mgr. skal m.a. höfð hliðsjón af þeim atriðum sem greinir í 4. mgr. 12. gr. Að auki skal höfð sérstök hliðsjón af því hvort staða eða háttsemi viðkomandi aðila væri til þess fallin að rýra traust almennings á hlutaðeigandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, væri hún opinber.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að grípa í senn til fleiri en einnar af þeim ráðstöfunum sem tilgreindar eru í 1. mgr., þyki það nauðsynlegt.

8. gr.

1. málsl. 1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, eða móðurfyrirtæki þess, með starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða einstaklingur sem ræður yfir slíku fyrirtæki er á sama hátt og greinir í 12. gr. óheimilt að eignast virkan eignarhlut í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

9. gr.

Í stað tilvísunarinnar „13. tölul. 2. gr.“ í 30. gr. laganna kemur: 14. tölul. 2. gr.

10. gr.

4. tölul. 1. mgr. 60. gr. laganna orðast svo.

4. séu aðstæður með þeim hætti sem greinir í 5. mgr. 12. gr. um hæfi hluthafa eða 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. um hæfi stjórnarmanna.

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum.

11. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

Aðilar sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í vátryggingafélagi skulu leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fram. Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi fyrirtækis. Samþykkis Fjármálaeftirlitsins skal enn fremur aflað þegar einstaklingur eða lögaðili eykur svo við eignarhlut sinn að bein eða óbein hlutdeild hans í eigin fé eða atkvæðisrétti fer yfir 20%, 33% eða 50% eða nemur svo stórum hluta að vátryggingafélag verði talið dótturfyrirtæki hans.

Þeir sem hyggjast eignast svo stóran eignarhlut í vátryggingafélagi sem um ræðir í 1. mgr. skulu beina skriflegri umsókn til Fjármálaeftirlitsins. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

1. Nafn og heimili umsækjanda.
2. Nafn þess vátryggingafélags sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
3. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
4. Áform um breytingar á verkefnum vátryggingafélags.
5. Fjármögnun fjárfestingarinnar.
6. Fjárhagsstöðu umsækjanda.

7. Fyrirhuguð viðskiptatengsl umsækjanda við vátryggingafélag.
8. Reynslu umsækjanda af fjármálastarfsemi.
9. Eignarhald, stjórnarsetu eða aðra þátttöku umsækjanda í starfsemi lögaðila.
10. Refsingar sem umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn.
11. Náin tengsl umsækjanda við aðra lögaðila, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.
12. Aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið fer fram á að umsækjandi veiti og máli skipta við mat á hæfi eigenda virkra eignarhluta.

Sé umsækjandi lögaðili skal framangreind upptalning eiga við um lögaðilann sjálfan, stjórnarmenn hans, framkvæmdastjóra og þá einstaklinga og lögaðila sem eiga virkan eignarhlut í lögaðilanum. Skal þá enn fremur upplýst um endurskoðanda lögaðilans. Skulu upplýsingarnar studdar gögnum eftir því sem það á við. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágur frá skilum á upplýsingum skv. 2. mgr. hafi lögaðili ekki tök á að afla þeirra eða ef umsækjandi lýtur opinberu fjármálaeftirliti í öðru ríki og unnt sé að afla sambærilegra upplýsinga frá fjármálaeftirliti heimaríkis umsækjanda.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort umsækjandi sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs vátryggingafélags og skal gæta meðalhófs við það mat. Við mat á hæfi umsækjenda skal m.a. höfð hliðsjón af eftirfarandi:

1. Fjárhagsstöðu umsækjanda og aðila sem hann er í nánum tengslum við.
2. Þekkingu og reynslu umsækjanda.
3. Hvort eignarhald umsækjanda skapar hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði.
4. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
5. Hvort ætla megi að eignarhald umsækjanda muni torvelda eftirlit með hlutaðeigandi vátryggingafélagi. Við mat á því skal m.a. horft til fyrri samskipta umsækjanda við Fjármálaeftirlitið eða önnur stjórnvöld, til þess hvort náin tengsl umsækjanda við einstaklinga eða lögaðila geta að mati Fjármálaeftirlitsins hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum og hvort lög og reglur, sem gilda um umsækjanda, hindra eðlilegt eftirlit.
6. Hvort umsækjandi hefur gefið Fjármálaeftirlitinu umbeðnar upplýsingar ásamt fylgigögnum og þær upplýsingar hafa reynst réttar.
7. Refsingum sem umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn.

Telji Fjármálaeftirlitið umsækjanda ekki hæfan til þess að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs vátryggingafélagsins skal það synja umsækjanda um leyfi til þess. Fjármálaeftirlitinu er þó heimilt að fallast á umsókn, þrátt fyrir að umsækjandi teljist ekki hæfur til að eiga eignarhlutinn, gegn því að umsækjandinn grípi til ráðstafana í því skyni að takmarka skaðleg áhrif af eignarhaldi hans, t.d. að fela eignarhaldið sérstöku eignarhaldsfélagi sem hafi ekki aðra starfsemi með höndum eða tilnefna einstaklinga sem Fjármálaeftirlitið metur hæfa sem fulltrúa sína í félagsstjórn.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skv. 5. mgr. skal vera skrifleg og hafa borist umsækjanda innan eins mánaðar frá þeim degi er því bárust fullnægjandi upplýsingar ásamt fylgigögnum. Berist ákvörðun Fjármálaeftirlitsins umsækjanda ekki innan þess tíma telst það hafa samþykkt umsóknina. Rökstuðningur skal fylgja synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn.

Heimild til að eignast eða auka við virkan eignarhlut í vátryggingafélagi gildir í sex mánuði eftir að samþykki Fjármálaeftirlitsins liggur fyrir. Nýti umsækjandi ekki heimildina á þeim tíma ber honum að afla samþykkis Fjármálaeftirlitsins á nýjan leik, sbr. 1. og 2. mgr.

Sæki aðili ekki um leyfi Fjármálaeftirlitsins í tilefni af kaupum eða aukningu á virkum eignarhlut, þrátt fyrir að honum sé það skylt skv. 1. mgr., fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Skulu þeir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi vátryggingafélagi um brottfall atkvæðisréttarins. Skal Fjármálaeftirlitið gera hlutaðeigandi aðila að leggja fram umsókn ásamt fylgigögnum skv. 2. mgr. Berist umbeðin gögn innan tilskilins frests tekur Fjármálaeftirlitið ákvörðun um afgreiðslu umsóknar skv. 5. mgr. Berist umbeðin gögn ekki innan fjögurra vikna frá því að um þau var beðið eða Fjármálaeftirlitið synjar viðkomandi aðila um leyfi til að eiga eða auka við virkan eignarhlut skal honum skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Heimili Fjármálaeftirlitið viðkomandi aðila að eignast eða auka við virkan eignarhlut fá hlutirnir atkvæðisrétt að nýju.

Eignist aðili eða auki við virkan eignarhlut þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi hafnað umsókn hans um það fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Skulu þeir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi vátryggingafélagi um brottfall atkvæðisréttarins. Skal viðkomandi aðila að því búnu skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Hyggist eigandi virks eignarhlutar draga svo úr hlutafjáreign sinni að hann eigi ekki virkan eignarhlut eftir það skal hann tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir 20%, 33%, 50% eða svo mikið að vátryggingafélagið hættir að vera dótturfyrirtæki hlutaðeigandi skal það einnig tilkynnt.

Þegar tilkynning hefur borist um aðilaskipti að hlutabréfum í vátryggingafélagi sem valda því að hlutafjáreign fer yfir eða undir þau mörk sem tilgreind eru í 1. mgr. skal félagsstjórn þess tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það án ástæðulauss dráttar.

Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal vátryggingafélag tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þá hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í því og um hlutafjáreign hvers þeirra.

Ákvæði þessarar greinar gilda um náin tengsl eftir því sem við getur átt. Ekki má mynda náin tengsl nema sýnt sé að þau hindri ekki eftirlit með starfsemi félagsins.

12. gr.

40. gr. laganna orðast svo:

Sé aðila, sem á virkan eignarhlut í vátryggingafélagi, svo farið eða fari hann þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan og traustan rekstur þess getur Fjármálaeftirlitið gripið til eftirfarandi ráðstafana:

1. Ákveðið að þeim hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur.
2. Lagt fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag að grípa til ráðstafana sem draga úr skaðlegum áhrifum hluthafans.
3. Lagt fyrir félagsstjórn hlutaðeigandi vátryggingafélags að boða til hluthafafundar þar sem háttsemi hluthafans skal tekin fyrir. Skal fulltrúa Fjármálaeftirlitsins heimilt að sækja fundinn og taka þar til máls.

Við mat á því hvort gripið skuli til ráðstafana skv. 1. mgr. skal m.a. höfð hliðsjón af þeim atriðum sem greinir í 4. mgr. 39. gr. Að auki skal höfð sérstök hliðsjón af því hvort staða eða háttsemi viðkomandi aðila væri til þess fallin að rýra traust almennings á hlutaðeigandi vátryggingafélagi, væri hún opinber.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að grípa í senn til fleiri en einnar af þeim ráðstöfunum sem tilgreindar eru í 1. mgr., þyki það nauðsynlegt.

Telji Fjármálaeftirlitið að náin tengsl hindri eftirlit með starfsemi vátryggingafélags skal það fara fram á að tengslin verði strax rofin, nema það telji aðrar ráðstafanir fullnægjandi.

V. KAFLI
Gildistaka.
13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1282. Frumvarp til laga [567. mál]

um breytingu á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. maí.)

1. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Stjórn sparisjóðs er heimilt að innleysa stofnfjárhlut í sparisjóði að beiðni stofnfjáreigenda.

2. gr.

3. málsl. 1. mgr. 36. gr. laganna orðast svo: Í samþykktum er heimilt að kveða á um að stofnfjáreigendur kjósi alla stjórnarmenn sparisjóðs.

3. gr.

Á eftir 37. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (37. gr. A.)

Að tillögu sparisjóðsstjórnar í sparisjóði sem starfandi var 31. desember 2000 getur fundur stofnfjáreigenda ákveðið með ⅔ hlutum greiddra atkvæða, svo og samþykki stofnfjáreigenda sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, að breyta sparisjóðnum í hlutafélag að fengnu samþykki ráðherra og umsögn Fjármálaeftirlitsins. Skal breyting sparisjóðs í hlutafélag þá framkvæmd þannig að sparisjóðurinn sameinist hlutafélagi sem sparisjóðurinn hefur áður stofnað í því skyni að taka við rekstri sparisjóðsins og öllum eignum hans og skuldum, réttindum og skuldbindingum.

Ákvæði 1. málsl. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gilda ekki um fjölda stofnenda í hlutafélagi skv. 1. mgr. Ákvæði 1. mgr. 20. gr. sömu laga um lágmarksfjölda hluthafa gilda ekki um hlutafélag skv. 1. mgr. fram að því að breyting sparisjóðs í hlutafélag skv. 1. mgr. á sér stað.

Við breytingu á sparisjóði í hlutafélag skv. 1. mgr. skulu stofnfjáreigendur eingöngu fá hlutafé í hlutafélaginu sem gagngjald fyrir stofnfjárhluti sína. Skal samanlagt hlutafé sem stofnfjáreigendur fá í sparisjóðnum nema sama hlutfalli af hlutafé hans eftir breytinguna og stofnfé, endurmetið skv. 23. gr., nemur samtals af áætluðu markaðsvirði sparisjóðsins. Markaðsvirði sparisjóðsins skal metið af óháðum aðila og miðast við sama tímamark og breytingin á rekstrarformi sparisjóðsins. Sá hluti hlutafjár sparisjóðsins eftir breytingu hans í hlutafélag sem ekki gengur til stofnfjáreigenda samkvæmt framansögðu skal verða eign sjálfseignarstofnunar sem sett er á stofn skv. 37. gr. B.

Ákvæði 120.–128. gr. og ákvæði 131. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, skulu að öðru leyti og eftir því sem við getur átt gilda um breytingu sparisjóðs í hlutafélag samkvæmt undanfarandi ákvæðum þessarar greinar.

Við breytingu sparisjóðs í hlutafélag samkvæmt þessari grein heldur starfsleyfi sparisjóðsins gildi sínu.

Sparisjóði sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er ekki skylt að gefa út innköllun til lánardrottna. Breyting á eignaskráningu í veðmálabókum sem leiðir af breytingu sparisjóðs í hlutafélag er undanþegin stimpilgjöldum.

Nú fer um eigið fé sparisjóðs sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 7. gr. og skulu nefnd ákvæði sem og ákvæði 2. mgr. 7. gr. þá gilda áfram um sparisjóðinn eftir breytingu hans í hlutafélag.

Sparisjóði sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er auk orðsins „sparisjóður“ skylt að hafa orðið hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina hf.

Í samþykktum sparisjóðs sem breytt hefur verið í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal kveðið á um atkvæðisrétt sem fylgir hlutum í sparisjóðnum og um meðferð hans. Einstökum hluthöfum er aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Í samþykktum er þó heimilt að kveða á um að sjálfseignarstofnun skv. 37. gr. B geti farið með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Á stofnfundi skal sjálfseignarstofnunin fara með atkvæði í samræmi við hlutafjáreign sína.

Nú er sparisjóði breytt í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og skulu þá í stað ákvæða 15.–23. gr., 32.–37. gr., 59. gr. og 3. mgr. 70. gr. gilda um sparisjóðinn að öðru leyti en kveðið er á um í undanfarandi ákvæðum þessarar greinar og eftir því sem við getur átt ákvæði 10.–13. gr. og 30.–31. gr. og önnur ákvæði laganna, auk ákvæða laga um hlutafélög.

b. (37. gr. B.)

Nú er ákveðið að breyta sparisjóði í hlutafélag samkvæmt ákvæðum 37. gr. A og skal sparisjóðurinn þá gangast fyrir stofnun sjálfseignarstofnunar sem við breytinguna verður eigandi þess hluta hlutafjár í sparisjóðnum sem kveðið er á um í 3. mgr. 37. gr. A. Megintilgangur sjálfseignarstofnunarinnar skal vera að stuðla að viðgangi og vexti í starfsemi sparisjóðsins.

Í stjórn sjálfseignarstofnunar skv. 1. mgr. skulu eiga sæti fæst fimm menn úr fulltrúaráði stofnunarinnar.

Fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar, sem í skulu eiga sæti allir stofnfjáreigendur í viðkomandi sparisjóði er honum var breytt í hlutafélag, skal kjósa stjórnarmenn sjálfseignarstofnunarinnar. Fulltrúaráðið getur valið fleiri til setu í ráðinu. Nú verða fulltrúaráðsmenn færri en þrjátíu og skal þá skylt að fjölga í ráðinu á næsta fundi þess þannig að meðlimir verði eigi færri en þrjátíu.

Einungis skal heimilt að úthluta af fjármunum sjálfseignarstofnunar skv. 1. mgr. eða ráðstafa eignum, sem eftir verða við slit hennar, til menningar- og líknarmála á starfssvæði viðkomandi sparisjóðs við breytingu hans í hlutafélag. Ákvæði laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur skulu að öðru leyti gilda um sjálfseignarstofnun skv. 1. mgr. Sjálfseignarstofnun sem stofnuð er samkvæmt þessari grein er undanþegin tekjuskatti og eignarskatti, enda sé farið eftir skilyrðum 1. málsl. um úthlutun til menningar- og líknarmála.

4. gr.

59. gr. laganna orðast svo:

Hagnaði sparisjóðs skal ráðstafað sem hér segir:

1. Aðalfundur getur ákveðið, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, að greiða stofnfjáreigendum arð af stofnfé. Öryggissjóður samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, sem allir sparisjóðir stofna í þessu skyni, ákveður árlega hámarkshlutfall arðgreiðslu. Heimilt er að greiða arð þótt tap sé á rekstri sparisjóðs.
2. Til viðbótar arðgreiðslu skv. 1. tölul. getur aðalfundur ákveðið, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, að ráðstafa allt að 10% af hagnaði hvers árs til hækkunar á stofnfé sjóðsins, þó þannig að hækkun stofnfjár samkvæmt þessum tölulið verði aldrei meiri en 5% á ári. Heimild til endurmats samkvæmt þessum tölulið flyst ekki á milli ára. Endurmat samkvæmt þessum tölulið má ekki leiða til þess að bókfært eigið fé að frádregnu stofnfé verði lægra en það var í árslok 2000. Nýtt stofnfé nýtur hlutfallslega endurmats samkvæmt þessum tölulið miðað við inngreiðslu þess innan ársins. Arðurinn skal reiknaður af endurmetnu stofnfé eins og það er í lok reikningsárs.
3. Hagnað, sem ekki er ráðstafað skv. 1. og 2. tölul., skal leggja í varasjóð.

5. gr.

2. málsl. 1. mgr. 72. gr. laganna orðast svo: Um samruna hlutafélagsbanka og sparisjóða sem breytt hefur verið í hlutafélög gilda að öðru leyti ákvæði laga um hlutafélög eftir því sem við getur átt og samningar hlutaðeigandi aðila.

6. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, II, svohljóðandi:

Komi til sameiningar sparisjóða á Vestfjörðum getur fundur stofnfjáreigenda í sameinuðum sparisjóði ákveðið, þrátt fyrir 3. mgr. 37. gr. A, að sá hluti hlutafjár sparisjóðsins sem ekki gengur til stofnfjáreigenda skuli verða eign tveggja eða fleiri sjálfseignarstofnana sem bundnar voru starfssvæðum hinna sameinuðu sparisjóða.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1283. Þingsályktun [638. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2000, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1015.

1284. Þingsályktun [642. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2001, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1019.

1285. Þingsályktun [643. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2001, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1020.

1286. Þingsályktun [644. mál]

um samþykkt ákvörðunar ráðherraráðs Evrópusambandsins um að koma á, í samræmi við 34. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, samningi um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1021.

1287. Þingsályktun [657. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2001.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1035.

1288. Þingsályktun [658. mál]

um aðild að Genfarsamningi um breytingu á Haagsamningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1036.

1289. Þingsályktun [639. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2001, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1016.

1290. Þingsályktun [640. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2001, um breytingar á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1017.

1291. Þingsályktun [641. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2001, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1018.

1292. Þingsályktun [656. mál]

um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2001.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1034.

1293. Frumvarp til laga [410. mál]

um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31 14. apríl 1993.

(Eftir 2. umr., 11. maí.)

1. gr.

Í stað orðsins „Vígslumaður“ í 2. málsl. 3. mgr. 13. gr. laganna kemur: Könnunarmaður.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra skulu þó ávallt annast könnun á hjónavígsluskilyrðum ef annað hjónaefna eða bæði eiga ekki lögheimili hér á landi.
b. Í stað orðsins „hún“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: könnunin.
c. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er verður 3. málsl., svohljóðandi: Nú eiga ákvæði 9. gr. lögheimilislaga, nr. 21/1990, við um hagi hjónaefnis og telst það þá ekki hafa glatað lögheimili hér á landi þótt það hafi tilkynnt flutning samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu.
d. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ekki skal taka gjald fyrir útgáfu könnunarvottorðs.
e. Í stað orðanna „vígslumaður“ og „vígslumanns“ í 2. mgr. kemur: könnunarmaður, og: könnunarmanns.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „vígslumanns“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: könnunarmanns.
b. Í stað orðanna „fjögurra mánaða“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: 30 daga.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2001.

1294. Þingsályktun [19. mál]

um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa heildstæða og samræmda opinbera stefnu í málefnum barna og unglinga. Markmið stefnumótunar verði að tryggja hag og velferð barna og unglinga á öllum sviðum þjóðlífsins og búa þeim sem best og jöfnust skilyrði til uppvaxtar og þroska. Í því skyni verði skipuð nefnd með aðild forsætisráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, umhverfisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Á grundvelli stefnumótunar framangreindra aðila verði gerð fimm ára framkvæmdaáætlun í samráði við opinberar stofnanir og félagasamtök sem vinna að málefnum barna og unglinga, þ.m.t. félagasamtök unglinga.

Framkvæmdaáætlunin verði lögð fyrir Alþingi til staðfestingar eigi síðar en á haustþingi árið 2002.

1295. Frumvarp til laga [683. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. maí.)

1. gr.

Við 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Tollar á vörur sem upprunnar eru í fátækustu þróunarríkjum heims skulu falla niður til samræmis við niðurfellingu tolla á vörum sem upprunnar eru á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Þau ríki sem skilgreind eru sem fátækustu þróunarríki heims eru talin upp í viðauka V með lögum þessum.

2. gr.

Við lögin bætist nýr viðauki sem verður viðauki V og orðast svo:

Samkvæmt skilgreiningu nefndar um framtak, auðveldun viðskipta og þróunarmál sem starfar á vettvangi ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og þróun teljast eftirtalin 48 ríki fátækustu þróunarríki heims: Afganistan, Angóla, Bangladess, Benín, Burma, Búrkína Fasó, Búrúndí, Bútan, Djíbútí, Erítrea, Eþíópía, Gambía, Gínea, Gínea-Bissá, Grænhöfðaeyj-

ar, Haítí, Jemen, Kambódía, Kíribatí, Kongó, Kómoreyjar, Laos, Lesótó, Líbería, Madagaskar, Malaví, Maldíveyjar, Malí, Máritanía, Mið-Afríkulýðveldið, Miðbaugs-Gínea, Mósambík, Nepal, Níger, Rúanda, Salómonseyjar, Sambía, Samóa, Saó Tóme og Prinsípe, Síerra Leóne, Sómalía, Súdan, Tansanía, Tógó, Tsjad, Túvalú, Úganda og Vanúatú.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1296. Frumvarp til laga [684. mál]

um breyting á lögum um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999.

(Eftir 2. umr., 11. maí.)

1. gr.

3. gr. laganna verður svohljóðandi:

Iðgjaldsstofn bænda og maka þeirra, sem starfa að búrekstri, skal vera reiknuð laun þeirra í landbúnaði samkvæmt ákvæðum laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Með búrekstri í þessu sambandi er átt við búrekstur samkvæmt atvinnugreinanúmerum 01, jarðrækt og garðyrkju, þ.m.t. ylrækt og búfjárrækt, og 02, skógrækt, í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 95, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.4, 01.5 og 02.02. Iðgjald þeirra bænda og maka þeirra sem reikna sér ekki laun en þiggja laun frá einkahlutafélagi eða öðrum lögaðila sem rekur bú, sbr. 1. mgr. 2. gr., skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa til þeirra vegna búrekstrar, sbr. 3. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Iðgjald sjóðfélaga skv. 1. mgr. 2. gr. skal vera 4% af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. þessarar greinar. Á móti iðgjaldi sjóðfélaga skal greitt mótframlag sem skal vera 50% hærra en iðgjald skv. 1. málsl. Mótframlag skal greitt af sjóðfélaga sé ekki samið um greiðslu þess úr ríkissjóði í búvörusamningi eða með öðrum sambærilegum hætti.

Greiðsla iðgjalds og mótframlags skv. 2. mgr. skal fara fram mánaðarlega og skulu gjalddagar vera tíundi dagur næsta mánaðar eftir launatímabil og eindagi 30 dögum síðar. Stofn til innheimtu á mánaðarlegu iðgjaldi bænda og maka þeirra, sem starfa að búrekstri og reikna sér laun, skal miða við reiknað endurgjald í hverjum mánuði eins og það er ákveðið skv. 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 1. málsl. 6. mgr. Liggi ekki fyrir upplýsingar um reiknað endurgjald yfirstandandi árs skal miðað við laun næstliðins tekjuárs. Einkahlutafélög og aðrir lögaðilar sem reka bú, sbr. 3. málsl. 1. mgr., skulu standa skil á iðgjaldi fyrir alla menn sem að búrekstrinum starfa, sbr. 1. mgr. Greiðandi skal sundurliða iðgjöld eftir sjóðfélögum.

Sjóðurinn annast innheimtu iðgjalda. Á greiðsludögum beingreiðslna samkvæmt búvörulögum skal, þrátt fyrir 1. málsl. 3. mgr., halda eftir af þeim iðgjaldi þeirra sjóðfélaga sem beingreiðslna njóta fyrir næstliðinn mánuð og skila því til sjóðsins eigi síðar en 30 dögum eftir að það er greitt og skal það sundurliðað eftir sjóðfélögum og tímabilum.

Sé iðgjald ekki greitt á eindaga eða sé það vangreitt skulu reiknast hæstu leyfilegu dráttarvextir samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands á þá fjárhæð sem vangoldin er frá gjalddaga til greiðsludags.

Leiði eftirlit ríkisskattstjóra skv. 6. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, í ljós að iðgjald bónda hefur verið vangreitt eða ofgreitt skal sjóðstjórn innheimta vangreidd iðgjöld eða úrskurða um bakfærslu og endurgreiðslu ofgreiddra iðgjalda. Iðgjald sem flutt hefur verið í annan lífeyrissjóð, lán verið veitt út á eða lífeyrir verið úrskurðaður og greiddur út á skal hvorki endurgreitt né réttindi sem af því leiða bakfærð. Sjóðfélagi getur enn fremur óskað eftir því að iðgjaldsstofn hans sé reiknað endurgjald í staðgreiðslu sé það hærra en reiknuð laun hans, sbr. 1. málsl. 1. mgr., samkvæmt álagningu að liðnu tekjuári. Vextir skulu reiknaðir á endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt vaxtalögum, nr. 25/1987.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um iðgjaldagreiðslur, innheimtu, innheimtuþóknun, dráttarvexti og annað er varðar framkvæmd þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda vegna iðgjaldsákvörðunar á tekjur frá og með 1. janúar 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 1. gr., sbr. 4. mgr. 1. gr., skulu iðgjöld vegna 1. janúar 2001 til gildistöku laganna falla í gjalddaga með iðgjöldum þess greiðslutímabils sem næst fer á eftir gildistöku laganna.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu ákvæði 6. mgr. 1. gr. koma til framkvæmda vegna iðgjalda af tekjum ársins 2000.

1297. Frumvarp til laga [685. mál]

um breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. maí.)

1. gr.

9. tölul. 2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

9. *ársreikningaskrá:* skrá sem starfrækt er í því skyni að taka á móti, geyma og birta ársreikninga skilaskyldra félaga.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „félagaskrá“ í 4. tölul. 1. mgr. kemur: ársreikningaskrá.
b. Í stað orðsins „Félagaskrá“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. kemur: Ársreikningaskrá.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „félagaskrá“ í 1., 2. og 3. mgr. kemur: ársreikningaskrá.

b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Ráðherra ákveður aðsetur ársreikningaskrár.

4. gr.

Í stað orðsins „félagaskrá“ í 70. gr. laganna kemur: ársreikningaskrá.

5. gr.

Í stað orðsins „félagaskrá“ í 1. mgr. 71. gr. laganna kemur: ársreikningaskrá.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 73. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
Útibússtjórar í útibúum erlendra félaga, sem skráð eru hér á landi, skulu í síðasta lagi átta mánuðum eftir lok reikningsárs senda staðfest endurrit ársreiknings eða samstæðureiknings félagsins til ársreikningaskrár ásamt reikningsskilum útibúsins.

b. Í stað orðsins „félagaskrá“ í 2., 3. og 4. mgr. kemur: ársreikningaskrá.

7. gr.

Í stað orðsins „félagaskrá“ í 1. og 2. mgr. 74. gr. laganna kemur: ársreikningaskrá.

8. gr.

Í stað orðsins „félagaskrá“ í 1. og 2. mgr. 75. gr. laganna kemur: ársreikningaskrá.

9. gr.

Í stað orðsins „félagaskrá“ í 1., 2., 3. og 4. mgr. 76. gr. laganna kemur: ársreikningaskrá.

10. gr.

Í stað orðsins „félagaskrá“ í 1. mgr. 77. gr. laganna kemur: ársreikningaskrá.

11. gr.

78. gr. laganna orðast svo:

Ársreikningaskrá skal gera úrtakskannanir og athuganir á ársreikningum, samstæðureikningum og skýrslum stjórna í því skyni að sannreyna að þessi gögn séu í samræmi við ákvæði þessara laga. Hún getur krafist þeirra upplýsinga hjá hverju félagi sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.

Í því skyni að sannreyna hvort félög uppfylli ákvæði laganna um stærðarmörk til að mega skila samandregnum ársreikningum og samstæðureikningum hefur ársreikningaskrá heimild til að afla upplýsinga hjá ríkisskattstjóra um nöfn og kennitölur þeirra félaga sem lög þessi taka til og fara yfir þau stærðarmörk sem greinir í 6. gr.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda við skil á ársreikningum vegna rekstrarársins 2000.

1298. Frumvarp til laga [686. mál]

um breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. maí.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Heimilt er að endurgreiða þeim sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 13/1999, um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, ⅔ hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2003. Endurgreiðsluheimildin verði bundin við hópferðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 18 manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni, sem nýskráðar eru á tímabilinu og búnar eru aflvélum samkvæmt EURO2 staðli ESB. Heimildin tekur ekki til almenningsvagna. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd endurgreiðslunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1299. Nefndarálit [616. mál]

um frv. til l. um erfðaefnisskrá lögreglu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason og Dís Gunnsteinsdóttur frá dómsmálaráðuneyti og Jón H. Snorrason og Bjarna Bogason frá ríkislögreglustjóra.

Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá landlæknisembættinu, ríkissaksóknara, Persónuvernd, ríkislögreglustjóra og Lögmannafélagi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að komið verði á fót sérstakri lögregluskrá til að auðvelda lögreglu rannsókn alvarlegra sakamála. Skránni er ætlað að geyma upplýsingar um erfðaefni en brotamenn skilja oft eftir sig líffræðileg spor sem innihalda erfðaefni tæk til rannsókna. Annars vegar er um að ræða kennslaskrá með upplýsingum um erfðaefni einstaklinga sem hlotið hafa dóm fyrir tiltekin afbrot, verið sýknaðir af tilgreindum ástæðum, dæmdir í öryggisgæslu eða sæta reynslulausn. Hins vegar er um að ræða sporaskrá þar sem geymdar eru upplýsingar sem fengnar eru úr lífsýnum á brotavettvangi, mönnum eða munum án þess að vitað sé frá hverjum þau stafa. Erfðaefnisskrá mun auka möguleika á samanburðarrannsóknum, m.a. þannig að hægt verður að bera sýni sem finnst á brotavettvangi saman við skrásettar upplýsingar og sýni af fleiri en einum brotavettvangi. Þá getur skráin auk þess haft sérstök varnaðaráhrif.

Í frumvarpinu er jafnframt að finna ákvæði um aðgang að upplýsingum úr skránni en strangar kröfur eru gerðar til skráningar og varðveislu upplýsinga um erfðaefni þar sem um

er að ræða mjög persónulegar og viðkvæmar upplýsingar. Auk þess er gert ráð fyrir að upplýsingarnar verði afmáðar við ákveðnar aðstæður.

Mælir allsherjarnefnd með því að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Í fyrsta lagi er lagt til að heimild til að vista lífsýni í lífsýnasafni verði felld brott þar sem nefndin telur að eðlilegt sé að lífsýni sé eytt þegar unnar hafi verið úr því erfðaefnisupplýsingar og málinu lokið. Í öðru lagi telur nefndin rétt að brýnar ástæður þurfi að koma til svo heimilt sé að skrá önnur tilvik í kennslaskrá en talin eru upp í lögunum. Í þriðja lagi leggur nefndin til að þegar einstaklingi er tilkynnt um skráningu verði honum jafnframt gerð grein fyrir tilgangi hennar. Loks leggur nefndin til að settur verði sex mánaða frestur til að afmá upplýsingar í kennslaskrá um einstakling sem sýknaður hefur verið eftir endurupptöku máls.

Sverrir Hermannsson, Hjálmar Jónsson og Ólafur Örn Haraldsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ögmundur Jónasson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. maí 2001.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Katrín Fjeldsted.
Ásta Möller.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Lúðvík Bergvinsson.

1300. Breytingartillögur [616. mál]

við frv. til l. um erfðaefnisskrá lögreglu.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 3. gr. Orðin „eða fela vörslu þess lífsýnasafni með starfsleyfi samkvæmt lögum um lífsýnasöfn“ í 2. mgr. falli brott.
2. Við 4. gr. Fyrir aftan orðið „nema“ í 2. mgr. komi: brýnar ástæður beri til og.
3. Við 6. gr. Á eftir orðinu „skráninguna“ komi: og tilgang hennar.
4. Við 7. gr. B-liður orðist svo: eigi síðar en sex mánuðum eftir að hinn skráði hefur verið sýknaður eftir endurupptöku máls.

1301. Nefndarálit [672. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá ríkissaksóknara, Samtökum ferðaþjónustunnar, Lögmannafélagi Íslands, lögreglunni í Reykjavík, ríkislögreglustjóra, Ökukennarafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands og Umferðarráði.

Með frumvarpinu er lagt til að notkun farsíma við akstur án handfrjáls búnaðar verði bönnuð og ráðherra verði fengin heimild til að setja nánari reglur um notkun annars fjarskiptabúnaðar og svipaðs búnaðar við akstur. Þá er að finna breytingar á ákvæðum laganna um ökuréttindi.

Nefndin telur rétt að fresta afgreiðslu á þeim breytingum sem lagðar eru til um ökuréttindi í frumvarpinu þar sem þær þurfi að skoða frekar og í víðara samhengi. Nefndin lítur hins vegar svo á að þar sem notkun farsíma án handfrjáls búnaðar getur dregið úr færni ökumanns til að stjórna bifreið og þannig aukið hættu í umferðinni eigi að koma banni við notkuninni á sem fyrst. Því mælir nefndin með því að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 2. gr. falli brott.
2. 3. gr. falli brott.
3. Fyrri málsliður 4. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2001.

Ólafur Örn Haraldsson og Sverrir Hermannsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ögmundur Jónasson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. maí 2001.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ásta Möller.
Katrín Fjeldsted.	Drífa Hjartardóttir.	Guðrún Ögmundsdóttir.

Lúðvík Bergvinsson.

1302. Nefndarálit [627. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason og Dís Sigurgeirsdóttur frá dómsmálaráðuneyti, Sigrúnu Jóhannesdóttur frá Persónuvernd og Hallgrím Snorrason og Skúla Guðmundsson frá Hagstofu Íslands.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Persónuvernd, Landspítalanum, Lögmannafélagi Íslands, Krabbameinsfélagi Íslands, Læknafélagi Íslands, Hagstofu Íslands og Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Með frumvarpinu er lagt til að Persónuvernd verði heimilað að ákveða og auglýsa í Stjórnartíðindum að hér á landi gildi gerðir Evrópubandalagsins (EB) á grundvelli 25. gr. tilskipunar frá 24. október 1995, nr. 95/46/EB, um að land utan EB teljist tryggja nægilega vernd í krafti laga sinna eða alþjóðaskuldbindinga um vernd friðhelgi einkalífs og grundvallarfrelsis og réttinda manna. Þá eru lagaskilaákvæði tilskipunarinnar gerð afdráttarlausari í frumvarpinu og lagt til að ákvæði laganna um öryggi við vinnslu persónuupplýsinga verði fyllri og endurspegli betur ákvæði tilskipunarinnar þar að lútandi. Loks er í frumvarpinu að finna ákvæði sem ætlað er að lögfesta almennt ákvæði 14. gr. tilskipunarinnar um andmælarétt hins skráða.

Mælir nefndin með því að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Í fyrsta lagi telur nefndin ástæðu til að tekið verði skýrar fram í lögunum hvenær ábyrgðaraðila er heimilt að afhenda félaga-, starfsmanna- eða viðskiptaskrár. Í öðru lagi lítur nefndin svo á að Persónuvernd eigi við sérstakar aðstæður að geta heimilað vinnslu almennra persónuupplýsinga eins og hún getur gert við vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Þá telur nefndin ekki rétt að Persónuvernd setji Hagstofu Íslands fyrirmæli um gerð, notkun og innihald skráa sem Hagstofan heldur yfir þá sem andmæla því að nöfn þeirra séu notuð í markaðssetningarstarfsemi. Því leggur nefndin til að Hagstofan setji sjálf slíkar reglur í samráði við Persónuvernd. Loks er gerð tillaga um orðalagsbreytingar og lagfæringar á texta laganna í samræmi við tilskipunina.

Sverrir Hermannsson, Ólafur Örn Haraldsson og Hjálmar Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ögmundur Jónasson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. maí 2001.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Katrín Fjeldsted.
Ásta Möller.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Lúðvík Bergvinsson.

1303. Breytingartillögur [627. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:
   a. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga uppfylli ávallt ákvæði 1. mgr.
   b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Meginreglur um gæði gagna og vinnslu.*
2. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:
   a. (3. gr.)
      Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:
      a. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: hinn skráði hafi ótvírætt samþykkt vinnsluna eða veitt samþykki skv. 7. tölul. 2. gr.
      b. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:
         Persónuvernd getur heimilað vinnslu persónuupplýsinga í öðrum tilvikum en greinir í 1. og 2. mgr. ef sýnt þykir að brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga, þar með taldir hagsmunir hins skráða, krefjist þess. Skal þá ótvírætt að þörfin fyrir vinnsluna vegi þyngra en tillitið til þess að hún fari ekki fram. Getur Persónuvernd bundið slík leyfi þeim skilyrðum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hins skráða.
      c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Almennar reglur um heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga.*
   b. (4. gr.)
      Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:
      a. Í stað orðanna „Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er óheimil nema einhver af eftirfarandi þáttum eigi við“ í 1 mgr. kemur: Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er óheimil nema uppfyllt sé eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. og enn fremur eitthvert af eftirfarandi skilyrðum.
      b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Sérstök skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.*
3. Við 6. gr.
   a. 1. málsl. 2. efnismgr. orðist svo: Hagstofa Íslands skal halda skrá yfir þá sem andmæla því að nöfn þeirra séu notuð í markaðssetningarstarfsemi, en Hagstofa Íslands setur nánari reglur um gerð og notkun slíkra skráa og hvaða upplýsingar skuli koma þar fram í samráði við Persónuvernd.
   b. 5. efnismgr. orðist svo:
      Ábyrgðaraðila er heimilt að afhenda félaga-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota í tengslum við markaðssetningarstarfsemi. Þetta á þó aðeins við ef:
      1. ekki telst vera um afhendingu viðkvæmra persónuupplýsinga að ræða,
      2. hinum skráðu hefur, áður en afhending fer fram, verið gefinn kostur á að andmæla því, hverjum fyrir sitt leyti, að upplýsingar um viðkomandi birtist á hinni afhentu skrá,
      3. slíkt fer ekki gegn reglum eða samþykktum viðkomandi félags,

4. ábyrgðaraðili kannar hvort einhver hinna skráðu hefur komið andmælum á framfæri við Hagstofuna, sbr. 2. mgr., og eyðir upplýsingum um viðkomandi áður en hann lætur skrána af hendi.

1304. Breytingartillaga [635. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum, o.fl.

Frá Árna Johnsen, Hjálmari Árnasyni, Þorgerði K. Gunnarsdóttur, Arnbjörgu Sveinsdóttur, Magnúsi Stefánssyni og Guðmundi Hallvarðssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „og björgunarskipa“ í efnismálsgrein komi: björgunarskipa og farþegaskipa til skoðunarferða.

1305. Svar [699. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjir hafa fengið úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra, til hvaða framkvæmda og hversu háar fjárhæðir frá 1990 til og með árinu 2000?

Í meðfylgjandi yfirliti er að finna úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra árin 1990 til og með árinu 2000 samkvæmt stofnkostnaðarlið fjárlaga 08-385. Að vísu var liðnum ekki skipt upp í almennan rekstur og stofnkostnað fyrr en 1992. Peningaupphæðir eru sýndar í millj. kr. með tveimur aukastöfum og eru á verðlagi í byrjun hvers árs.

Nýbyggingar eru merktar með stjörnu á yfirlitinu, en að öðru leyti er yfirleitt um kaup og endurbætur á eldra húsnæði að ræða.

Sjóðurinn styrkir að jafnaði hjúkrunarrými um 40% kostnaðar, þjónustuhús (dvalarheimili, sambýli, þjónustumiðstöðvar/kjarna/sel) um 20% og allar endurbætur fá 35%.

Samkvæmt tveimur síðustu töluliðum 9. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125 frá árinu 1999, skal fjármagni úr Framkvæmdasjóði aldraðra varið til að styrkja rannsóknir, kennslu og kynningu á öldrunarmálum (5. tölul.) og önnur verkefni sem eru í samræmi við anda laganna (6. tölul). Þarna kemur skýring á næstsíðustu línu yfirlitisins, eftirstöðvar í önnur verk, en sjóðurinn hefur greitt vinnu við vistunarmat aldraðra frá 1991, RAI-mælingar (hjúkrunarmælingar) frá árinu 1993, lektorsstöðu við Háskóla Íslands í öldrunarfræðum 1993–2001 og eflingu tannhirðu á meðal aldraðra á stofnunum, sérstaklega á Landakoti, auk fjölda annarra gagnlegra hluta sem efla og styrkja öldrunarþjónustuna í landinu.

Framlög úr Framkvæmdasjóði aldraða (stofnkostnaður) árin 1990 til og með árinu 2000, millj. kr.[1]

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Bvt.	*157,9*	*174,1*	*187,4*	*189,2*	*195,6*	*199,1*	*205,1*	*217,8*	*225,8*	*231,2*	*236,6*
REYKJANES											
Fannborg 8*		3,00	3,50	1,80	3,00	2,30					
Sunnuhlíð, lóð/eb.	2,80		5,10			1,90		8,38	3,00	2,90	10,00
Gullsmári, dvalarh., Kóp.*							6,60				
Tengigangur K.1, b.*											
Kópavogsbraut 1, a.											
Sambýlið, Kópavogi	2,20	3,19									
Sunnuhlíð, þjónustukjarni*	3,60	5,00		6,02	6,00	6,40	1,10				
Garðabær, hjúkrunar- og félþj.		0,53								7,15	5,00
Hlaðhamrar, Mosfellsbæ, þj.*	2,00			5,10	5,00	4,40	2,50	2,20			
Keflavík, Suðurg. þjónm., eb.	0,90										
D-álma, hjúkrun*	2,50										
Sólv., lóð		8,00	3,50								
Hrafnista, Hafnarf., endurbætur	1,80	3,50				2,00	2,00	1,50	3,10	5,75	5,17
Höfn, Hafnarfirði, þjónustum.*					5,00	2,90	1,50	1,00	1,00	2,85	
Grindarvík, hjúkrunar.*	27,50	20,00	20,70		6,00					1,57	
Hlévangur*	1,80	2,00	4,00	6,00	10,00	9,00	8,50	6,90			1,14
Vallarbraut 8, dv. þj. Keflavík*						1,50	2,00	0,90			
Garðv. hjúkrun*			3,50				2,80	3,30	3,50	5,10	1,16
Sandgerði, þjónustum.*					2,00	2,00	1,25	1,00			
Samtals	*45,10*	*45,22*	*40,30*	*18,92*	*37,00*	*32,40*	*28,25*	*25,18*	*10,60*	*25,32*	*22,47*
REYKJAVÍK											
Víðines, hjúkrun, endurbætur									7,50		9,60
Eir*		10,00	30,00	80,00	70,00	70,00	6,60	87,00			
Landakot, endurbætur			14,00						63,26	2,00	11,35
Skjól*	28,00	40,00	46,30								
Laugaskjól, heilab., endurbætur				3,00							
Lindargata*								3,00			
Bólstaðarhlíð, þjónustum.*	3,00	7,82									
VR, Hvassaleiti, þjón.*	3,00	3,12									
Hraunbær, þjónustumiðstöð*						5,00	6,30				
Sléttuvegur, þjónustumiðstöð*						4,30					
Aflagrandi, þjónustumiðstöð*		1,00	5,00	7,00	7,60						
Vesturgata, þjónustumiðstöð*		1,00	5,00	7,00	7,10						
Dalbraut, þjónustusel*	2,50			0,49		5,60				1,64	
Seljahlíð, hjúkrun. endurbætur	11,00		2,80	0,60	1,60			2,00			
Droplaugarstaðir, endurbætur							2,00		3,00	3,00	5,70
Hrafnista, endurbætur	3,00	3,26	7,50	6,60	2,50	4,20	4,90	2,60	7,50	10,30	3,82
Skógarbær, hjukrun*							10,00	40,00	41,00	60,00	70,00
Markarholt, hjúkrun, forvinna											2,00
Fell, hjúkrunar- og dvalarh., eb.			1,00	3,00	2,50	3,00	2,50	2,50		3,50	
Dvalarh. heyrnarlausra, endurb.				1,00							
Grund, endurbætur										8,80	
Grandavegur 47, þjónustusel*							0,20				12,92
Hlíðarbær, endurbætur											0,28
Fél. eldri borgara, endurbætur									1,00	1,00	5,00
Fél. aðst. alzheimersjúklinga										0,77	0,79
Sjálfsbjörg, endurbætur					1,00		1,50		2,00		
Samtals	*50,50*	*66,20*	*111,82*	*108,69*	*92,30*	*92,10*	*34,00*	*137,10*	*125,26*	*91,01*	*121,46*

[1] Nýbyggingar eru merktar með *.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
VESTURLAND											
Höfði, Akranesi, dv. og hj.*	10,00	18,00	18,00	10,00	7,00	7,50	5,50	1,50	4,84	11,09	4,33
Borgarnes, þjónustum.*	2,00			3,50	5,00	5,00	4,06	1,00		1,90	
Fellaskjól, Grundarfirði D/H*	2,00	4,00	5,00	0,85		2,00	0,25	0,20	0,20	1,00	
Þjónustuhús, Stykkishólmi*		2,50	5,40	4,00	3,00	2,10		1,00	1,10	1,05	
Ólafsvík, hj., dv., þj., endurb.		1,05									
Silfurtún, dvh., Búðardal*							1,22				
Fellsendi, endurbætur		1,20	2,00	2,00							
Samtals	*14,00*	*26,75*	*30,40*	*20,35*	*15,00*	*16,60*	*11,03*	*3,70*	*6,14*	*15,04*	*4,33*
VESTFIRÐIR											
Barmahlíð, Reykhólum.*	2,00	3,00	4,00	7,50	7,00	2,60					
Patrekshreppur, þm. endurbætur	0,50			1,50	1,00		0,30				0,64
Bíldudalur (Vesturb.), þm.*							2,70	0,50		3,05	
Tálknafjörður, heimaþj., eb								1,00	1,50		
Þingeyri, dvalar- og hjúkrh.*	4,60				2,00			2,50		6,50	0,44
Hlíf, Ísafirði, dv. og þj.*	13,00	14,00	18,00	16,70	2,90	2,50			4,74		
Þjónustumst., Bolungarvík*	2,00	7,00	7,50					0,40			
Hólmavík, hjúkr., dv., endurb.										1,50	12,00
Samtals	*22,10*	*24,00*	*29,50*	*25,70*	*12,90*	*5,10*	*3,00*	*4,40*	*6,24*	*11,05*	*13,08*
NORÐURLAND VESTRA											
Skagaströnd, Sæborg*	2,40	6,00	5,20	2,70						0,25	
Dvalarh. aldraðra Siglufirði*	3,00			3,90	1,70	1,00	2,10	2,40		0,50	0,56
Hjúkr- og dvarlarh., Sauðárkr.*	3,60	1,00	1,30		4,00	3,50	1,00		3,00	5,70	5,85
Sjúkrahúsd., Blönduósi, endurb.							3,00	6,00	7,76	0,50	6,64
Hvammstangi, eb. og fl. endurb.		1,58				5,00	5,20	5,10	5,00	3,85	8,79
Hofshreppur, fél. þj. eb.		1,05									
Samtals	*9,00*	*9,63*	*6,50*	*6,60*	*5,70*	*9,50*	*11,30*	*13,50*	*15,76*	*10,80*	*21,84*
NORÐURLAND EYSTRA											
Hrísey, dv. og þj.*		4,50	3,50	1,00	3,50						
Dalbær, hjúkr., dvöl, þjm., eb.	0,70			3,50	3,50	2,30	2,10	1,00	1,50	1,76	2,56
Fél. eldri. borgara Dalvík, eb.										1,00	2,50
Sambýlin Akureyri*					3,50	4,20	1,70	26,00	3,00		1,54
Skjaldarvík, endurbætur		1,00	0,70							4,50	
Hlíð, hjúkrunardeild*	7,50	11,80	5,00	7,00	3,00	5,00	8,00	7,00	1,00	9,33	6,44
Sel, tenging við FSA*											8,00
Víðilundur, þjónustumiðstöð*		0,80									
Kópasker, þjónustumiðst. eb.	0,70	0,17								1,12	
Raufarhöfn, þjónustumiðst.*	2,00	1,22									
Þórshöfn, dv., hj., þjón.*	1,00	2,47			2,70	2,80					
Árskógshreppur, félagsþ.*		3,86									
Grenivík, dv., þjm., heilsug.*									4,00	5,00	1,45
Vestmannsvatn, dv. endurbætur						1,00					
Hvammur, 1. áfangi*			1,00		4,00	5,50					
Bakkafjörður, félagsþjón.*		0,70									
Samtals	*11,90*	*26,52*	*10,20*	*11,50*	*20,20*	*20,80*	*11,80*	*8,26*	*9,50*	*22,71*	*22,49*
AUSTURLAND											
Sundabúð, Vopnafirði 3*		2,00	6,00	6,00	6,00	5,80					
Eldri borgarar, Vopnafirði*						2,00	0,60	0,60	0,60	0,60	0,44
Egilsstaðir, hjúkrun, endurbætur	0,44	0,70	1,30								
Egilsstaðir, þjónustukjarni, eb.	1,72	1,10	1,26								
Breiðablik, Neskaupstað, eb.			1,70		1,20		1,10		0,60		
Hulduhlíð, Eskifirði*	6,00	9,00	10,00	8,00							0,35
Seyðisfjörður, hjúkrun*	7,00	9,00									0,63
Búðarhreppur, hjúkrun*	3,90			1,10		1,70	0,25		19,05	20,00	15,80

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Reyðarfjörður, þjónustus.*					1,40						
Stöðvarhreppur, þjónustum., eb.						0,20					
Djúpivogur, dv.*		1,00	2,50		3,00	1,70	3,90	1,00			
Höfn, hjúkr., dv. og þjón.		1,00		8,00	13,00	12,00	9,60	9,00	6,00	4,80	3,34
Samtals	*19,06*	*23,80*	*22,76*	*23,10*	*24,60*	*23,40*	*15,45*	*10,60*	*26,25*	*25,40*	*20,56*
SUÐURLAND											
Kirkjubæjarklaustur*	6,00	7,00	2,00		1,50	5,00	4,00	2,40	0,46		2,26
Vestmannae., þjónustum., eb.	1,80	1,00	2,00	2,00	1,00						
Vestmannaeyjar, endurbætur			1,50	2,00	1,00	1,80	1,05			4,00	6,00
Sjúkrahúsið í Vestmannae., eb.		1,09	0,50								
Vík, dvalarheimili*	3,90										0,45
Blesastaðir, dvalarheimili*	1,80										
Sólvellir, Eyrabakka, endurb.	0,50			3,50		2,10					
Kirkjuhvoll, Hvolsvelli*	1,90	7,00	8,00	9,00	7,00	5,20	5,30		1,00	1,00	
Hella*	5,60	2,55									2,00
Selfossbær, þjónustumiðstöð*	1,00	1,50	5,00	3,00	6,00	5,40		2,50	2,00		
Þorlákshöfn, dv. og þm.*	3,00	3,00	3,50								
Samtals	*23,70*	*23,14*	*22,50*	*19,50*	*16,50*	*19,50*	*10,35*	*4,90*	*3,46*	*5,00*	*10,71*
Allt samtals	**195,36**	**245,26**	**273,98**	**234,36**	**224,20**	**219,40**	**125,18**	**207,64**	**203,21**	**206,33**	**236,94**
Eftirstöðvar í önnur verk	*1,64*	*4,74*	*6,02*	*3,64*	*5,80*	*9,60*	*14,82*	*13,36*	*16,79*	*33,67*	*13,06*
Á fjárlögum	**197,00**	**250,00**	**280,00**	**238,00**	**230,00**	**229,00**	**140,00**	**220,00**	**220,00**	**240,00**	**250,00**

1306. Nefndarálit [722. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Frumvarpinu er ætlað að afla lagaheimildar fyrir stækkun Nesjavallavirkjunar í 90 MW. Mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram og úrskurður skipulagsstjóra þar sem fallist er á framkvæmdina liggur fyrir, auk þess sem Orkustofnun hefur fjallað um málið.

Fyrir liggur að Orkuveita Reykjavíkur hefur gert samning við Landsvirkjun um rekstur hinnar stækkuðu virkjunar sem hluta af raforkukerfi landsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Svanfríður Jónasdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Árni Steinar Jóhannsson skrifar undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 11. maí 2001.

Hjálmar Árnason, form., frsm. — Árni R. Árnason. — Drífa Hjartardóttir.

Kristinn H. Gunnarsson. — Guðjón Guðmundsson. — Pétur H. Blöndal.

Bryndís Hlöðversdóttir. — Árni Steinar Jóhannsson, með fyrirvara.

1307. Frumvarp til laga [737. mál]

um kjaramál fiskimanna og fleira.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI
Um kjaramál fiskimanna.

1. gr.

Verkfall aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, auk verkbanna aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna gagnvart aðildarfélögum í Alþýðusambandi Vestfjarða, svo og verkföll og verkbönn og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, er óheimilt frá gildistöku laganna og á gildistíma ákvarðana gerðardóms skv. 2. og 3. gr. Þó er aðilum heimilt að semja um slíkar breytingar en eigi má knýja þær fram með vinnustöðvun.

2. gr.

Hafi aðilar skv. 1. gr. ekki náð samkomulagi fyrir 1. júní 2001 skal Hæstiréttur tilnefna þrjá menn í gerðardóm. Skal gerðardómurinn ákveða eftirfarandi um kjaramál fiskimanna í þeim samtökum sem nefnd eru í 1. gr.:

a. atriði er tengjast markmiðum varðandi verð til viðmiðunar í hlutaskiptum á þorski, ýsu og karfa í beinum viðskiptum skyldra aðila,
b. atriði er varða þau áhrif sem breyting á fjölda í áhöfn hefur á skiptakjör,
c. atriði er varða kauptryggingu og launaliði,
d. atriði er varða slysatryggingu,
e. atriði er varða afmörkun á helgarfríi fiskimanna á netaveiðum,
f. atriði er varða mótframlag útvegsmanna vegna viðbótarlífeyrissparnaðar fiskimanna og
g. önnur atriði sem nauðsynlegt er að taka á varðandi kjaramál.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins og kallar hann dóminn saman. Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar nauðsynlegra gagna og getur krafist skýrslna, munnlegra og skriflegra, af þeim aðilum sem gerðardómurinn telur nauðsynlegt. Aðilar skv. 1. gr. skulu eiga rétt á að gera gerðardóminum grein fyrir sjónarmiðum sínum. Skal gerðardómurinn ætla þeim hæfilegan frest í því skyni.

3. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun sína samkvæmt lögum þessum taka mið af samningi um breytingar á kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins vegna aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna og Vélstjórafélags Íslands sem undirritaður var 9. maí 2001 og öðrum kjarasamningum sem gerðir hafa verið á undanförnum mánuðum að því leyti sem við á. Þá skal gerðardómurinn taka mið af sérstöðu þeirra aðila sem nefndir eru í 1. gr., auk sjónarmiða um almenna þróun kjaramála.

Ákvarðanir gerðardómsins skv. 1. mgr. skulu vera bindandi frá gildistöku laga þessara og skal gerðardómurinn hafa lokið störfum fyrir 1. júlí 2001. Hann skal ákveða gildistíma ákvarðana sinna og hafa í því sambandi hliðsjón af gildistíma samnings um breytingar á kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins vegna aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna og Vélstjórafélags Íslands sem undirritaður var 9. maí 2001.

4. gr.

Kostnaður við störf gerðardóms skv. 2. gr. greiðist úr ríkissjóði.

II. KAFLI
Um niðurfellingu á lögum nr. 11/1998, um Kvótaþing, með síðari breytingum.

5. gr.

Lög nr. 11/1998, um Kvótaþing, með síðari breytingum, eru felld úr gildi.

III. KAFLI
Um breytingar á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingu.

6. gr.

2.–4. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 1/1999, hljóða svo:

Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um flutning aflamarks og öðlast hann ekki gildi fyrr en stofnunin hefur staðfest flutninginn. Í tilkynningu skulu m.a. koma fram upplýsingar um magn aflamarks sem flytja skal, auk upplýsinga um verð, nema þegar aflamark er flutt á milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila.

Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks skal stofnunin skrá upplýsingar um flutning aflamarksins samkvæmt tilkynningu þar að lútandi. Ráðherra skal með reglugerð ákveða í hvaða formi tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks skuli vera. Sá sem tilkynnir um flutning aflamarks skal greiða Fiskistofu gjald að fjárhæð 2.000 kr. með hverri tilkynningu. Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks skal stofnunin fá staðfestingu Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum. Hann skal uppfylla kröfur Verðlagsstofu skiptaverðs sem gerðar eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

Fiskistofa skal daglega birta aðgengilegar upplýsingar um flutning aflamarks, þar á meðal um magn eftir tegundum, auk upplýsinga um verð, þar sem við á.

IV. KAFLI
Um breytingar á lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

7. gr.

Á eftir 1. mgr. 1. gr. laganna kemur ný málsgrein sem hljóðar svo:

Hafi samtök útvegsmanna og sjómanna gert með sér samkomulag um tiltekin markmið um viðmið varðandi verðlagningu á fiski við uppgjör á aflahlut sjómanna á gildistíma kjarasamnings eða ákvarðanir um slíkt hafa verið teknar með öðrum skuldbindandi hætti skal Verðlagsstofa skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, sbr. II. kafla, stuðla að því með störfum sínum og úrskurðum að þau markmið nái fram að ganga.

8. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr málsliður sem hljóðar svo: Fulltrúar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Sjómannasambands Íslands, Vélstjórafélags Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna skulu hafa aðgang að álitinu.

V. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

9. gr.

3. málsl. 9. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 158/2000, fellur brott.

VI. KAFLI

Gildistaka.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi að undanskildum ákvæðum II. og III. kafla laganna sem taka gildi 1. júní 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þar til ákvörðun gerðardóms skv. 2. og 3. gr. liggur fyrir eða kjaradeilan leysist með öðrum hætti skal til bráðabirgða fara með kjaramál fiskimanna sem um ræðir í 1. gr. samkvæmt fyrirkomulagi því sem komið var á með lögum nr. 10/1998, um kjaramál fiskimanna. Endanlegt uppgjör fari fram þegar ákvörðun gerðardóms eða nýr samningur liggur fyrir.

II.

Kvótaþing skal ganga frá uppgjöri þeirra samninga sem gerðir hafa verið vegna starfsemi þess. Verði kostnaður umfram eignir þingsins greiðist hann úr ríkissjóði en verði afgangur rennur hann í ríkissjóð.

III.

Virk tilboð sem kunna að vera til staðar á Kvótaþingi við gildistöku II. og III. kafla laganna falla þá úr gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verkfall aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, auk verkbanna aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna gagnvart aðildarfélögum Alþýðusambands Vestfjarða, hófst á miðnætti aðfaranótt 16. mars sl. Verkfallinu var frestað með lögum 19. mars sl. til kl. 24.00 1. apríl sl. Sama gilti um verkbann það er félög og samtök útvegsmanna settu á fiskimenn frá og með miðnætti aðfaranótt 16. mars sl. Vinnustöðvun hófst þá aftur og hafði staðið óslitið í á sjöttu viku þegar vélstjórar og útvegsmenn undirrituðu kjarasamning 9. maí sl. Vinnustöðvunin á fiskiskipaflotanum er sú lengsta í áratugi og er þetta í fjórða sinn á sjö árum sem kjaradeilur sjómanna og útvegsmanna hafa leitt til þess að stærsti hluti fiskiskipaflotans stöðvast.

Samningar hafa verið lausir frá 15. febrúar 2000 þegar lög nr. 10/1998, um kjaramál fiskimanna, féllu úr gildi. Samningsaðilar hafa á þeim tíma sem síðan er liðinn ekki náð árangri í samningaumleitunum, að frátöldum áðurnefndum samningi vélstjóra og útvegsmanna.

Vinnustöðvunin hefur nú þegar valdið miklum skaða fyrir atvinnulíf landsmanna, nýtingu auðlinda sjávar, útflutningshagsmuni og fleiri þætti. Áhrif hennar eru hvað alvarlegust fyrir einstaklinga sem starfa við fiskvinnslu og fyrirtæki og sveitarfélög sem byggja afkomu sína á sjávarútvegi, en að auki hefur hún þegar haft áhrif langt út fyrir þá hagsmuni sem samningsaðilar fjalla um. Skýr merki eru um neikvæð áhrif vinnustöðvunarinnar á efnahagslífið og ef ekkert er að gert mun hún valda óbætanlegu tjóni fyrir þjóðarbúið í heild. Hér eru því

ríkir almannahagsmunir í húfi og nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir þann mikla efnahagsskaða sem áframhaldandi stöðvun fiskiskipaflotans mundi annars valda.

Með frumvarpinu er lagt til að bann verði lagt við verkfalli aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, auk verkbanna aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna gagnvart aðildarfélögum Alþýðusambands Vestfjarða, svo og verkföllum og verkbönnum og öðrum aðgerðum sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lagt er til að tekin verði upp á grundvelli frumvarpsins. Lagt er til að bannið taki þegar gildi.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að samningsaðilum verði gefinn frestur til 1. júní nk. til að ljúka samningum. Hafi samningar ekki tekist fyrir þann tíma er lagt til að gerðardómi þriggja manna sem tilnefndir verði af Hæstarétti verði falið að taka ákvarðanir varðandi kjaramál félagsmanna í áðurnefndum félögum. Í því skyni eru gerðardóminum tryggðar nauðsynlegar rannsóknarheimildir og aðilum tryggður réttur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Frumvarpið gerir ráð fyrir að gerðardómurinn hafi við ákvarðanir sínar hliðsjón af samningi um breytingar á kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins vegna aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna og Vélstjórafélags Íslands sem undirritaður var 9. maí 2001 og öðrum kjarasamningum sem gerðir hafa verið á almennum vinnumarkaði á undanförnum mánuðum að því leyti sem við á. Þá skal gerðardómurinn taka mið af sérstöðu þeirra aðila sem taldir eru upp í 1. gr. auk sjónarmiða um almenna þróun kjaramála. Gert er ráð fyrir að gerðardómurinn ákveði gildistíma ákvarðana sinna með hliðsjón af gildistíma áðurnefndra kjarasamninga.

Að auki gerir frumvarpið ráð fyrir að breytingar verði gerðar á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, og lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, auk þess að lög nr. 11/1998, um Kvótaþing, falli úr gildi. Er þetta gert í því skyni að stuðla að lausn kjaradeilu fiskimanna og útvegsmanna. Lög um Kvótaþing voru samþykkt samhliða lögum nr. 10/1998 sem bönnuðu vinnustöðvun sjómanna og útvegsmanna 27. mars 1998 jafnframt því að kveða á um kjaramál fiskimanna. Ákvæðin miðuðu að því að skapa umgjörð um kjaramál fiskimanna og voru sniðin að aðstæðum á þeim tíma.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um friðarskyldu milli deiluaðila frá því að frumvarpið fær lagagildi og á gildistíma ákvarðana gerðardómsins. Vinnustöðvanir deiluaðila, sem og hvers konar verkföll, verkbönn og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en frumvarpið gerir ráð fyrir, eru samkvæmt því óheimilar. Gildir í því sambandi einu hvort aðgerðir hafa hafist áður en frumvarpið fær lagagildi. Aðilum er heimilt að semja um aðra skipan kjaramála, en þeim er óheimilt að beita framangreindum úrræðum til að knýja fram þá skipan.

Um 2. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að samningsaðilum verði gefinn frestur til 1. júní nk. til að ljúka samningum sín á milli. Hafi það ekki tekist fyrir þann tíma, kveður greinin á um að Hæstiréttur tilnefni þrjá menn í gerðardóm er skuli skera úr um kjaramál fiskimanna í þeim samtökum sem nefnd eru í 1. gr. Þannig skal gerðardómurinn ákveða atriði er tengjast markmiðum um verð til viðmiðunar í hlutaskiptum á þorski, ýsu og karfa í beinum viðskiptum skyldra aðila og atriði er varða þau áhrif sem breyting á fjölda í áhöfn hefur á skiptakjör.

Einnig skal gerðardómurinn ákveða atriði er varða kauptryggingu og launaliði, atriði er varða slysatryggingu, atriði er varða afmörkun á helgarfríi fiskimanna á netaveiðum, atriði er varða mótframlag útvegsmanna vegna viðbótarlífeyrissparnaðar fiskimanna og önnur atriði sem nauðsynlegt er að taka á varðandi kjaramál fiskimanna.

Frumvarpið ætlar Hæstarétti að ákveða hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins. Það er svo formannsins að kalla dóminn saman. Gerðardómnum er ætlað að setja sér starfsreglur og afla nauðsynlegra gagna og getur hann krafist skýrslna, munnlegra og skriflegra, af þeim aðilum sem gerðardómurinn telur nauðsynlegt. Þá er í frumvarpinu kveðið á um rétt aðila til að koma sjónarmiðum sínum að við umfjöllun gerðardómsins og skal gerðardómurinn ætla þeim hæfilegan frest í því skyni.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að gerðardómur taki mið af samningi um breytingar á kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins vegna aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna og Vélstjórafélags Íslands sem undirritaður var 9. maí 2001. Að auki geti gerðardómur tekið tillit til þeirra kjarasamninga sem gerðir hafa verið á síðustu mánuðum, eftir því sem við á. Þá er ætlast til að dómurinn taki tillit til sérstöðu þeirra aðila sem taldir eru upp í 1. gr. og sjónarmiða um almenna þróun kjaramála. Þá skal gerðardómur ákveða gildistíma ákvarðana sinna með hliðsjón af breytingum á fyrrgreindum kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins vegna aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna og Vélstjórafélags Íslands ásamt öðrum kjarasamningum sem gerðir hafa verið á undanförnum mánuðum. Í frumvarpinu kemur fram að ákvarðanir gerðardóms skuli vera bindandi frá gildistöku laganna og að gerðardómurinn skuli hafa lokið störfum fyrir 1. júlí 2001.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Kvótaþing var sett á stofn með lögum nr. 11/1998 og var frumvarp til þeirra laga lagt fram samhliða frumvarpi til laga um kjaramál fiskimanna auk frumvarpa sem tengdust þeim. Miðaði lagasetningin að því að skapa umgjörð um kjaramál fiskimanna og voru lögin sniðin að aðstæðum á þeim tíma. Skiptar skoðanir hafa verið um hvort Kvótaþing hafi skilað tilætluðum árangri.

Í frumvarpinu er lagt til að Kvótaþing verði lagt niður, enda gerir frumvarpið ráð fyrir annarri umgjörð en ákveðin var með setningu laganna 1998.

Um 6. gr.

Með frumvarpinu er lagt til að núgildandi 2.–4. mgr. 12. gr. laga 38/1990 verði felldar úr gildi, enda gera þær ráð fyrir tilvist Kvótaþings. Í stað þeirra komi nýjar málsgreinar sem ætlað er að leysa þær af hólmi. Þær kveða á um nýja umgjörð um flutning og viðskipti aflamarks.

Gert er ráð fyrir því í nýrri 2. mgr. að Fiskistofu verði tilkynnt fyrir fram um flutning aflamarks. Er það gert að skilyrði fyrir því að flutningurinn öðlist gildi að stofnunin hafi staðfest hann. Gert er ráð fyrir að í tilkynningu skuli m.a. koma fram upplýsingar um magn aflamarks sem flytja skal, auk upplýsinga um verð, nema þegar aflamark er flutt á milli skipa sama aðila, einstaklings eða lögaðila.

Í nýrri 3. mgr. er kveðið á um að staðfesting Fiskistofu fáist ekki fyrr en stofnunin hefur skráð upplýsingar um flutning aflamarksins samkvæmt tilkynningu þar um. Tilkynningar skulu vera í því formi sem ráðherra ákveður með reglugerð. Þá er áskilið að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar við uppgjör á aflahlut sjómanna. Skal Verðlagsstofa skiptaverðs staðfesta að slíkur samningur liggi fyrir og að hann uppfylli þær kröfur sem stofnunin gerir samkvæmt ákvæðum laga nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Fiskistofu er óheimilt að staðfesta flutning aflamarks áður en slík staðfesting Verðlagsstofu skiptaverðs liggur fyrir. Gert er ráð fyrir að sá sem tilkynnir um flutning aflamarks greiði gjald sem nemi 2.000 kr. til Fiskistofu, en ætla má að Fiskistofu berist um þrjú þúsund tilkynningar á ári. Er þessu gjaldi ætlað að standa undir þeim kostnaði sem ætla má að Fiskistofa hafi af auknum verkefnum sem flytjast frá Kvótaþingi er hefur innheimt gjald vegna starfa sinna sem nam á árinu 2000 um 16 millj. kr.

Í nýrri 4. mgr. er kveðið á um að aðgengilegar upplýsingar um flutning aflamarks, m.a. heildarmagn og verðmæti eftir tegundum, og upplýsingar um verð þar sem við á, skuli birta daglega.

Um 7. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að aukið verði við hlutverk Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna, sbr. II. kafla laganna. Gerir greinin þannig ráð fyrir að með störfum sínum og úrskurðum skuli Verðlagsstofa skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna stuðla að því að markmið samninga sem nást milli sjómanna og útvegsmanna um uppgjör á aflahlut nái fram að ganga. Hið sama gildi um ákvarðanir um slíkt sem teknar eru með öðrum skuldbindandi hætti.

Um 8. gr.

Í 6. gr. laga um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna segir að stofnunin skuli fylgjast með uppgjöri á aflahlut áhafnar. Telji hún misræmi milli gagna um söluverðmæti afla og uppgjörsverðs skal hún taka saman álitsgerð varðandi það. Hingað til hefur Verðlagsstofu skiptaverðs borið að tilkynna útgerð og áhöfn viðkomandi skips um álit sitt. Lagt er til að við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem kveður á um að fulltrúar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Sjómannasambands Íslands, Vélstjórafélags Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna skuli einnig hafa aðgang að álitinu.

Um 9. gr.

Með greininni er fellt úr gildi ákvæði laga nr. 99/1999 sem tekur til Kvótaþings, enda gerir þetta frumvarp ráð fyrir að starfsemi þess verði lögð niður.

Um 10. gr.

Greinin gerir ráð fyrir því að lögin taki þegar gildi við birtingu. Þó er gert ráð fyrir að ákvæði II. og III. kafla taki gildi 1. júní 2001 og Kvótaþingi verði þannig gefinn hæfilegur frestur til að ljúka málum sínum, auk þess sem Fiskistofu er gefið ráðrúm til að búa sig undir breyttar aðstæður.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Með lögum nr. 10/1998, sem giltu til 15. febrúar 2000, voru kaup og kjör fiskimanna ákveðin á grundvelli miðlunartillögu ríkissáttasemjara frá 16. mars það ár og fylgdi miðl-

unartillagan lögunum og var hluti þeirra. Með bráðabirgðaákvæði þessu er gert ráð fyrir að um kjaramál fiskimanna sem frumvarp þetta tekur til fari samkvæmt því fyrirkomulagi sem þá var komið á. Það gildi þangað til ákvörðun gerðardóms liggur fyrir eða kjaradeilan leysist með öðrum hætti.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Kvótaþing hefur gert samninga vegna starfsemi og rekstrar þingsins. Nauðsynlegt er að ganga frá þessum samningum og gera þá upp þegar Kvótaþingið verður lagt niður. Líklega mun það hafa í för með sér einhvern kostnað fyrir þingið og því er gert ráð fyrir í þessu ákvæði að ríkissjóður aðstoði við fjárhagslegt uppgjör, sé þess þörf.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að virk tilboð sem kunna að vera til staðar á Kvótaþingi við gildistöku II. og III. kafla laganna 1. júní nk. falli þá úr gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um kjaramál fiskimanna og fleira.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnaður verði gerðardómur sem ákveði tiltekin atriði um kjaramál sjómanna, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Lauslega áætlað má gera ráð fyrir að kostnaður við gerðardóminn og nauðsynlega sérfræðivinnu fyrir hann verði um 10 m.kr. og greiðist sá kostnaður úr ríkissjóði skv. 4. gr. frumvarpsins. Í 5. og 6. gr. er lagt til að Kvótaþing verði lagt niður og Fiskistofa taki að sér að birta daglega upplýsingar um flutning aflamarks, bæði magn og verð. Gert er ráð fyrir sérstöku gjaldi til Fiskistofu fyrir hverja tilkynningu og er áætlað að heildartekjur nemi um 6 m.kr. á ári og standi undir kostnaði við verkefnið. Á móti falla niður 16 m.kr. tekjur og gjöld vegna Kvótaþings. Loks er í ákvæði til bráðabirgða II kveðið á um að Kvótaþing geri upp alla samninga sem gerðir hafa verið vegna starfsemi þess og verði kostnaður umfram eignir þingsins greiðist hann úr ríkissjóði. Ekki er á þessu stigi mögulegt að meta hver kostnaðaráhrifin af því ákvæði eru, en þau eru talin óveruleg.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er tímabundinn kostnaður árið 2001 um 10 m.kr. en tekjur og útgjöld lækka samtals um 10 m.kr. til frambúðar vegna breytinga á Kvótaþingi.

1308. Breytingartillaga [319. mál]

við till. til þál. um sjóvarnaáætlun 2001–2004.

Frá samgöngunefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar, skv. 4. gr. laga um sjóvarnir, nr. 28/1997, að árin 2001–2004 skuli framkvæmdum við sjóvarnir hagað samkvæmt eftirfarandi sjóvarnaáætlun.

Tafla 1. Áætlaðar fjárveitingar ríkissjóðs, í millj. kr.

Kjördæmi	2001			2002			2003			2004			Fjárveitingar alls
Sveitarfélag	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	2001–2004
VESTURLAND													
Akraneskaupstaður	0,0	0	0,0	6,5	0	6,5	2,3	0	2,3	0,0	0	0	8
Innri-Akraneshreppur	0,0	0	0,0	0,0	0	0,0	0,9	0	0,9	0,0	0	0,0	0
Snæfellsbær	0,0	1	1,0	1,6	0	1,6	0,0	0	0,0	0,0	0	0,0	2
Eyrarsveit	5,1	0	5,1	0,0	0	0,0	2,4	0	2,4	1,2	0	1,2	8
	5,1	**1**	**6,1**	**8,1**	**0**	**8,1**	**5,6**	**0**	**5,6**	**1,2**	**0**	**1,2**	**21**
VESTFIRÐIR													
Reykhólahreppur	0,0	0	0,0	2,5	0	2,5	0,0	0	0,0	0,0	0	0,0	2
Vesturbyggð	6,0	0	6,0	0,0	0	0,0	6,9	0	6,9	6,2	0	6,2	19
Ísafjarðarbær	23,0	0	23,0	6,7	0	6,7	0,0	0	0,0	4,4	0	4,4	34
Súðavíkurhreppur	0,0	0	0,0	3,2	0	3,2	0,0	0	0,0	0,0	0	0,0	3
Árneshreppur	0,9	0	0,9	0,0	0	0,0	0,0	0	0,0	0,9	0	0,9	1
Kaldrananeshreppur	0,0	0	0,0	1,6	0	1,6	0,0	0	0,0	0,0	0	0,0	1
Broddaneshreppur	0,0	0	0,0	0,0	0	0,0	0,0	0	0,0	1,3	0	1,3	1
	29,9	**0**	**29,9**	**14,0**	**0**	**14,0**	**6,9**	**0**	**6,9**	**12,8**	**0**	**12,8**	**63**
NORÐURLAND VESTRA													
Húnaþing vestra	0,0	0	0,0	0,0	0	0,0	0,0	0	0,0	1,8	0	1,8	1
Blönduósbær	8,7	0	8,8	0,0	0	0,0	4,4	0	4,4	10,1	0	10,1	23
Höfðahreppur	0,0	0	0,0	4,1	0	4,1	1,9	0	1,9	0,0	0	0,0	6
Skagahreppur	0,0	0	0,0	0,0	0	0,0	3,5	0	3,5	0,0	0	0,0	3
	8,7	**0**	**8,8**	**4,1**	**0**	**4,1**	**9,8**	**0**	**9,8**	**11,9**	**0**	**11,9**	**34**
NORÐURLAND EYSTRA													
Dalvíkurbyggð	4,4	0	4,4	0,0	0	0,0	10,7	0	10,7	0,0	0	0,0	15
Dalvíkurbyggð/Árskógssandur	0,0	0	0,7	0,0	0	0,0	0,0	0	0,0	0,0	0	0,0	0
Hríseyjarhreppur	0,0	0	0,1	0,0	0	0,0	0,0	0	0,0	0,0	0	0,0	0
Arnarneshreppur	0,0	0	0,0	0,0	0	0,0	0,0	0	0,0	0,9	0	0,9	0
Grýtubakkahreppur	5,7	0	5,7	0,0	0	0,0	0,0	0	0,0	0,0	0	0,0	5
Húsavíkurkaupstaður	0,0	0	0,0	0,0	0	0,0	4,4	0	4,4	0,0	0	0,0	4
Öxarfjarðarhreppur	0,0	0	0,0	1,9	0	1,9	0,0	0	0,0	0,0	0	0,0	1
	10,1	**0**	**10,9**	**1,9**	**0**	**1,9**	**15,1**	**0**	**15,1**	**0,9**	**0**	**0,9**	**28**
AUSTURLAND													
Vopnafjarðarhreppur	0,0	0	0,0	4,8	0	4,8	0,0	0	0,0	0,0	0	0,0	4
Fjarðabyggð	1,5	(1,5)	0,0	0,0	0	0,0	0,0	0	0,0	0,0	0	0,0	0
	1	**-1**	**0**	**4**	**0**	**4**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**4**
SUÐURLAND													
Vestmannaeyjabær	0,0	0	0,0	0,0	0	0,0	1,8	0	1,8	1,3	0	1,3	3
Árborg, sveitarfélag	0,0	0	0,0	17,7	0	17,7	9,4	0	9,4	7,4	0	7,4	34
Ölfus, sveitarfélag	10,2	0	10,2	7,9	0	7,9	3,2	0	3,2	0,0	0	0,0	21
	10,2	**0**	**10,2**	**25,6**	**0**	**25,6**	**14,4**	**0**	**14,4**	**8,7**	**0**	**8,7**	**58**

Kjördæmi	2001			2002			2003			2004			Fjárveitingar alls
Sveitarfélag	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	2001–2004
REYKJANES													
Grindavíkurkaupstaður	0,0	0	0,0	7,0	0	7,0	0,0	0	0,0	0,0	0	0,0	7
Sandgerðisbær	0,6	0	0,6	0,0	0	0,0	4,7	0	4,7	3,7	0	3,7	9
Gerðahreppur	5,0	0	5,0	0,0	0	0,0	2,7	0	2,7	5,1	0	5,1	12
Reykjanesbær	0,0	0	0,1	0,0	0	0,0	0,0	0	0,0	4,7	0	4,7	4
Vatnsleysustrandarhreppur	5	0	5,0	0,0	0	0,0	3,6	0	3,6	3,3	0	3,3	11
Hafnarfjörður	0,5	(0,5)	0,0	0,0		0,0	0,0	0	0,0	0,0	0	0,0	0
Bessastaðahreppur	0,0	0	0,0	8,1	0	8,1	3,2	0	3,2	10,2	0	10,2	21
Seltjarnarneskaupstaður	0,0	0	0,0	5,0	0	5,0	10,0	0	10,0	6,1	0	6,1	21
	11	**0**	**10**	**20**	**0**	**20**	**24**	**0**	**24**	**33**	**0**	**33**	**88**
ÓSKIPT	0		0,0	2,2		2	1		1	3		3	7
Samtals allt landið	**76,6**	**0**	**76,6**	**80,8**	**0**	**80,8**	**77,1**	**0**	**77,1**	**72,3**	**0**	**72,3**	**306**

Tafla 2. Sundurliðun framkvæmda í einstökum sveitarfélögum. Heildarframkvæmdakostnaður.

Skýringar: Áætlanatölur byggjast á útreikningum Siglingastofnunar á heildarkostnaði. Í aftasta dálki er þátttökuhlutfall ríkissjóðs. Verðlag miðast við meðalbyggingarvísitölu árið 2000 (3,3% hækkun frá meðalvísitölu 1999, úr 236 í 244 stig).

VESTURLAND

Sveitarfélag Verkefni	Flokkur	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	Hlutur ríkissjóðs
Akraneskaupstaður						
Veggurinn yst á Breið, SA-hluti (200 m - 1.200 m³)	C			2,6		7/8
Breiðin, Kárabæjarlóð-Bræðrapartur (130 m - 1.350 m³)	B - C		3,6			7/8
Breiðin meðfram fyllingu við ÞÞÞ (100 m - 1.750 m³)	B - C		3,8			7/8
Innri-Akraneshreppur						
Ytri-Hólmur 2, frágangur móts við bæjarhúsin (500 m³)	C			1,0		7/8
Snæfellsbær						
Ólafsvík við Ytra-Klif, félagsheimilið (40 m - 680 m³)	B - C		1,8			7/8
Eyrarsveit						
Grundarfjörður, við Nesið (250+ m - 2.000 m³)	B - C	4,5				7/8
Grundarfjörður, við Sæból 16 (50 m - 600 m³)	B - C	1,4				7/8
Grundarfjörður, við Grundargötu (100 m - 600 m³)	C				1,4	7/8
Skallabúðir (120 m - 1.200 m³)	C			2,7		7/8
		5,9	**9,2**	**6,3**	**1**	

VESTFIRÐIR

Sveitarfélag Verkefni	Flokkur	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	Hlutur ríkissjóðs
Reykhólahreppur						
Flatey, við gamla frystihúsið og austan við bryggjuna (50 m - 700 m³)	B - C		2,9			7/8
Vesturbyggð						
Patreksfjörður, kverkin ofan við Oddann (110 m - 2.400 m³)	B - C	6,9				7/8
Patreksfjörður, við vélsmiðjuna á Eyrinni (100 m - 1.500 m³)	C			4,3		7/8
Patreksfjörður, að Björgum (80 m - 1.200 m³)	C			3,5		7/8
Bíldudalur, við íbúðarhúsið Svalborg (60 m - 1.200 m³)	C				3,5	7/8
Bíldudalur, austan og vestan við Svalborg (100 m - 1.200 m³)	C				3,5	7/8

Ísafjarðarbær						
Flateyri, Brimnesvegur, hækkun krónu+ styrking framhaldsverk (um 2.500 m³)	B	7,7				7/8
Flateyri, Brimnesvegur norðan Tjarnargötu, styrking (um 2.500 m³)	B - C		7,7			7/8
Flateyri, Ytri Bót (80 m - 1.600 m³)	C				5,0	7/8
Ísafjörður, við Sundstræti (260 m - 6.000 m³)	B - C	13,6				7/8
Hnífsdalur, við rækjuverksm. (260 m - 2.200 m³)	B - C	5,0				7/8
Súðavíkurhreppur						
Norðan Súðavíkurhafnar við Nesveg (90 m - 1.600 m³)	B - C		3,6			7/8
Árneshreppur						
Djúpavík, við bensínstöð (400 m³)	C	1,0				7/8
Við Gjögur, við lóðir 3 og 4 austan við Gjögurbryggju (400 m³)	C				1,0	7/8
Kaldrananeshreppur						
Drangsnes, við Framtíðina (40 m - 400 m³)	B - C		0,8			7/8
Drangsnes, við Grundargötu (80–100 m - 500 m³)	C		1,0			7/8
Hólmavíkurhreppur						
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir						
Broddaneshreppur						
Óspakseyri, norðurbakkinn við sláturhúsið (500 m³)	C				1,5	7/8
		34,2	**16,0**	**7,8**	**14,5**	

NORÐURLAND VESTRA

Sveitarfélag **Verkefni**	**Flokkur**	**2001** **m.kr.**	**2002** **m.kr.**	**2003** **m.kr.**	**2004** **m.kr.**	**Hlutur** **ríkissjóðs**
Húnaþing vestra						
Reykir við Hrútafjörð, við íþróttahúsið, styrking (200 m³)	C				0,8	7/8
Reykir við Hrútafjörð, við byggðasafnið (80 m - 300 m³)	C				1,2	7/8
Blönduósbær						
Upp með Blöndu að sunnan (350 m - 2.100 m³)	C				6,5	7/8
Norðan Blöndu (320 m - 6.500 m³)	B - C	9,9		5,0	5,0	7/8
Höfðahreppur						
Við Árblik vestan hafnar (60 m - 900 m³)	B - C		2,5			7/8
Sunnan við Hólanes, styrking (200 m - 800 m³)	C			2,2		7/8
Suður fyrir iðnaðarhús Vallarbraut, framhald sjóvarnar (50 m - 800 m³)	B - C		2,2			7/8
Skagahreppur						
Víkur (100 m - 1000 m³)	C			2,1		7/8
Kálfshamarsvík, fremst á eiðið (70 m - 900 m³)	C			1,9		7/8
		9	**4,7**	**11,2**	**13,5**	

NORÐURLAND EYSTRA

Sveitarfélag **Verkefni**	**Flokkur**	**2001** **m.kr.**	**2002** **m.kr.**	**2003** **m.kr.**	**2004** **m.kr.**	**Hlutur** **ríkissjóðs**
Dalvíkurbyggð						
Dalvík, við Árhól, hækka grjótvörn (50 m - 400 m³)	B - C			1,1		7/8
Dalvík, Bliki - hafnargarður (90 m - 1.500 m³)	B - C	3,6				7/8
Dalvík, sunnan Dalvíkurhafnar (150 m - 900 m³ og endurröðun)	C			2,7		7/8
Dalvík, sunnan við Dalvíkurhöfn (þar fyrir sunnan, 300 m - 3.000 m³)	C			7,1		7/8
Árskógssandur við Brimnes (40 m - 650 m³)	C			1,3		7/8
Hauganes, norðan hafnar (60 m - 600 m³)	B - C	1,4				7/8
Arnarneshreppur						
Hjalteyri, norðan vitans og meðfram Hjalteyrartjörn (100 m - 400 m³)	C				1,0	7/8
Grýtubakkahreppur						
Sunnan gömlu bryggjunnar með Höfðavegi (200 m - 2.500 m³)	B - C	6,5				7/8

Húsavíkurkaupstaður						
Húsavíkurbakkar syðst, suður að Haukamýrarlæk (150 m - 2.100 m³)	C			5,0		7/8
Öxarfjarðarhreppur						
Kópasker við Geflu, utan hafnar (70 m - 700 m³)	B - C		2,2			7/8
		11	**2,2**	**17,2**	**1**	

AUSTURLAND

Sveitarfélag **Verkefni**	**Flokkur**	**2001** **m.kr.**	**2002** **m.kr.**	**2003** **m.kr.**	**2004** **m.kr.**	**Hlutur** **ríkissjóðs**
Vopnafjarðarhreppur						
Innan Kaupfélagsbryggju (140 m - 2.400 m³)	C		5,5			7/8
Fjarðabyggð						
Eskifjörður, við Mjóeyri (40 m - 500 m³)		1,7				7/8
		1,7	**5,5**	**0,0**	**0,0**	

SUÐURLAND

Sveitarfélag **Verkefni**	**Flokkur**	**2001** **m.kr.**	**2002** **m.kr.**	**2003** **m.kr.**	**2004** **m.kr.**	**Hlutur** **ríkissjóðs**
Vestmannaeyjabær						
Sjóvörn við Eiðið, endurröðun og styrking (80 m - 800 m³)				2,0	1,5	7/8
Árborg, sveitarfélag						
Stokkseyri, við Ísólfsskála (250 m - 2.500 m³)	C			5,2		7/8
Stokkseyri, Kaðlastaðir - Hraunsá (850 m - 12.750 m³ og 200 m - 5.000 m³)	B - C		20,2	5,5		7/8
Eyrarbakki, Hraunsá - Hraunsnef (400 m - 4.800 m³)	C				8,4	7/8
Ölfus, sveitarfélag						
Þorlákshöfn, Fiskeldi Eyjafjarðar hf., Hafnarbergi (150 m - 1.900 m³)	B - C	3,1				7/8
Þorlákshöfn, Hafnarberg-Stekkjarbót (870 m - 13.900 m³)	B - C	8,6	8,6			7/8
Strandarkirkja - styrking (vélavinna og röðun)	B - C		0,5			7/8
Herdísarvík, leið c, sjóvörn ofan við tjarnarbakkann (1.200 m³)	C			3,7		7/8
		11,7	**29,3**	**16,4**	**9,9**	

REYKJANES

Sveitarfélag **Verkefni**	**Flokkur**	**2001** **m.kr.**	**2002** **m.kr.**	**2003** **m.kr.**	**2004** **m.kr.**	**Hlutur** **ríkissjóðs**
Grindavíkurkaupstaður						
Hraun (50 m - 800 m³)	C		1,3			7/8
Stofnfiskur hf. Húsatóftum (80 m - 1.000 m³)	C		1,7			7/8
Húsatóftavöllur (200 m - 1.800 m³)	C		3,0			7/8
Litlabót (200 m - 1.200 m³)	C		2,0			7/8
Sandgerðisbær						
Flankastaðir (250 m - 2.000 m³)	C			3,3		7/8
Þóroddsstaðir (150 m - 1.200 m³)	C			2,0		7/8
Garðskagi - Lambarif, viðgerð suðurhluta kaflans (680 m - 2.700 m³)	C				4,2	7/8
Garðskagi - Lambarif, næst bæjarmörkum (120 m - 480 m³)	B - C	0,7				7/8
Gerðahreppur						
Garðskagi - Lambarif, frá Garðskaga að bæjamörkum (400 m - 1.620 m³)	B - C	2,5				7/8
Byggða- og sjóminnjasafn - Helgarétt (150 m - 1.200 m³)	C				1,9	7/8
Helgarétt - Neðra Hof, styrking á hluta (200 m - 500 m³)	C				0,8	7/8
Neðra Hof - Lambastaðir (120 m - 2.000 m³)	C				3,1	7/8
Hólmsvöllur í Leiru, lokauppgjör vegna fyrri ára		3,2				7/8
Hólmsvöllur í Leiru (170 m - 2.000 m³)	C			3,1		7/8
Reykjanesbær						
Keflavík, við Bakkastíg (200 m - 3.500 m³)	C				5,4	7/8

Sveitarfélag Verkefni	Flokkur	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	Hlutur ríkissjóðs
Vatnsleysustrandarhreppur						
Minni Vogar, í átt að Grænuborg (150 m - 2.500 m³)	C			4,1		7/8
Brunnastaðahverfi, Halakot (15 m - 150 m³ og 300 m styrking - 1.350 m³, alls 1.500 m³)	C				2,5	7/8
Brunnastaðahverfi, Skjaldarkot (200 m - 3.000 m³ + 500 m³ styrking=3.500 m³)	C	5,7				7/8
Auðnar (80 m - 800 m³)	C				1,3	7/8
Hafnarfjörður						
Hvaleyri, undirbúningur/ mat á umhverfisáhrifum		0,6				7/8
Bessastaðahreppur						
Kasttangi - Grund (300 m - 4.800 m³)	C				9,9	7/8
Kasthúsatjörn, styrking (250 m - 4.500 m³)	B - C		9,3			7/8
Sunnan við sjómerki, Akrakot (100 m - 1.000 m³ og endurröðun)	C			3,6		7/8
Við Hlið (70 m - 500 m³ og 100 m - 300 m³, alls 800 m³)	C				1,7	7/8
Seltjarnarneskaupstaður						
Kotagrandi, styrking við Bakkatjörn (160 m - 2.400 m³)	B - C		5,7			7/8
Kotagrandi, styrking við Bakkatjörn og sunnan við hana (270 m - 4.000 m³)	C			9,5		7/8
Við Sandvík, austast að Steinavör (100 m - 600 m³)	C				1,4	7/8
Frá Melshúsabryggju austur fyrir Lambastaðavör (150 m + styrking 70 m - 1.800 m³)	B - C				4,3	7/8
Lambastaðagrandi - botn víkurinnar (80 m - 800 m³ - fyrirh. skolpdælustöð)	B - C			1,9		7/8
Lambastaðagrandi-bæjarmörk, hækkun á krónu (140 m - 400 m³)	C				1,2	7/8
		12,7	**23,0**	**27,5**	**37**	
VESTURLAND TIL REYKJANESS		**87,6**	**89,9**	**86,4**	**78**	
HEILDARKOSTNAÐUR ALLT LANDIÐ		**341,9**				
Þar af hlutur ríkissjóðs		299,8				
Hlutur sveitarfélaga		42,1				

1309. Breytingartillaga [327. mál]

við till. til þál. um hafnaáætlun 2001–2004.

Frá samgöngunefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar skv. 24. gr. hafnalaga, nr. 23/1994, að árin 2001–2004 skuli framkvæmdum í hafnamálum hagað samkvæmt eftirfarandi hafnaáætlun.

I. Áætlaðar fjárveitingar ríkissjóðs.

a) Til hafnaframkvæmda samkvæmt hafnalögum.
Upphæðir í millj. kr. Tölur í svigum tákna að til er ónotuð fjárveiting.

Kjördæmi	2001			2002			2003			2004			
Höfn	Til ný-fram-kvæmda	Til upp-gjörs	Fjárveit-ingar alls	Til ný-fram-kvæmda	Til upp-gjörs	Fjárveit-ingar alls	Til ný-fram-kvæmda	Til upp-gjörs	Fjárveit-ingar alls	Til ný-fram-kvæmda	Til upp-gjörs	Fjárveit-ingar alls	**Samtals 2001–2004**
Vesturland													
Akranes	0,0		0,0	52,8	0	52,8	59,4	0,0	59,4	67,0	0	67	179
Borgarnes	0,0		0,0	0,0	0	0,0	2,4	(0,1)	2,3	0,0	0	0	2
Snæfellsbær	31,9	6,5	38,4	60,7	0,0	60,7	43,3	0,0	43,3	37,1	0,0	37,1	179
Grundarfjörður	83,1		83,1	21,0	0,0	21,0	9,8	0,0	9,8	0,0	0,0	0,0	113
Stykkishólmur	1,4	7,4	8,8	13	0,0	13,2	8,3	0,0	8,3	46,2	0,0	46,2	76
Búðardalur	0,0		0,0	0,0	0,0	0,0	1,5	0,0	1,5	0,0	0,0	0,0	1,5
	116	**13,9**	**130,3**	**147,7**	**0,0**	**147,7**	**124,7**	**(0,1)**	**124,6**	**150,3**	**0,0**	**150,3**	**552**
Vestfirðir													
Reykhólahöfn	0,0		0,0	2,7	(0,1)	2,6	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	2
Vesturbyggð	2,0	(0,4)	1,6	16,3	0,0	16,3	0,0	0,0	0,0	11,0	0,0	11,0	28
Tálknafjörður	3,8	(2,3)	1,5	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,5
Bolungarvík	20	(5,9)	14,8	8,2	0,0	8,2	12,0	0,0	12,0	6,0	0,0	6,0	41
Ísafjarðarbær	33,4	(24,8)	8,6	33,8	0,0	33,8	49,8	0,0	49,8	59,6	0,0	59,6	151
Súðavík	4,2	(0,6)	3,6	9,7	0,0	9,7	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	13
Drangsnes	4,2	0,3	4,5	1,0	0,0	1,0	2,5	0,0	2,5	0,0	0,0	0,0	8
Hólmavík	5,7	(5,7)	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	6,0	0,0	6,0	6,0
	74,0	**(39,4)**	**34,6**	**71,7**	**(0,1)**	**71,6**	**64,3**	**0,0**	**64,3**	**82,6**	**0,0**	**82,6**	**253,1**
Norðurland vestra													
Hvammstangi	13,1	(13,1)	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Skagaströnd	1,5	0,7	2,2	7,7	0,0	7,7	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	9
Skagafjörður	41,5	(2,3)	39,2	43,4	0,0	43,4	0,2	0,0	0,2	18,2	0,0	18,2	101,0
Siglufjörður	54,1	(4,6)	49,5	9,4	0,0	9,4	18,9	0,0	18	40	0	40	118
	110	**-19**	**90,9**	**60,5**	**0,0**	**60,5**	**19,1**	**0,0**	**19,1**	**58**	**0**	**58**	**228**
Norðurland eystra													
Hafnasamlag Eyja-fjarðar	0	18	18	47,5	0,0	47,5	36,8	0,0	36,8	18	0,0	18,3	121
Hafnasamlag Norður-lands	65,9	(4,8)	61,1	25,1	0,0	25,1	34,7	0,0	34,7	40,8	0,0	40,8	161,7
Grímsey	0,0		0,0	7,0	(1,5)	5,5	0,6	0,0	0,6	10,8	0,0	10,8	16,9
Húsavík	192,8	32,4	225,2	0,0	155,6	155,6	88,8	0,0	88,8	12,0	33,4	45,4	515
Kópasker	3,7	(1,3)	2,4	4,6	0,0	4,6	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	7
Raufarhöfn	9,1	(4,5)	4,6	8,7	0,0	8,7	229,5	0,0	229,5	0,0	0,0	0,0	242
Þórshöfn	56,3	(1,0)	55,3	63,9	0,0	63,9	24,6	0,0	24,6	97,6	0,0	97,6	241,4
	327,8	**39,2**	**367,0**	**156,8**	**154,1**	**310,9**	**415,0**	**0,0**	**415,0**	**179,5**	**33,4**	**212,9**	**1305,8**
Austurland													
Bakkafjörður	0,0		0,0	10,9	0	10,9	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	10,9
Vopnafjörður	14,6	0,3	14,9	104,9	0,0	104,9	73,4	0,0	73,4	11,4	0,0	11,4	204
Borgarfjörður eystri	5,6		5,6	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	5,6
Hafnasamlag A-Héraðs og Fella	0,0		0,0	0,0	0,0	0,0	21,1	0,0	21,1	0,0	0,0	0,0	21,1
Seyðisfjörður	39,7	(1,8)	37,9	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	37,9
Fjarðabyggð	78,1	11,8	89,9	148	0	148	348	0	348	94	0	94	682
Fáskrúðsfjörður	19,2	0,7	19,9	0,0	0,0	0,0	22,1	0,0	22,1	9,5	0,0	9,5	51,5
Breiðdalsvík	5,0	(5,0)	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Djúpivogur	83,2	(36,4)	46,8	28,3	0,0	28,3	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	75,1
Hornafjörður	40,8	1,1	41,9	7,8	0,0	7,8	96,4	0,0	96,4	137,1	0,0	137,1	283,2
	286,2	**-29**	**256**	**300**	**0**	**300**	**561**	**0**	**561**	**252**	**0,0**	**252**	**1371**
Suðurland													
Vestmannaeyjar	91,5	35	126	162	0	162	175	15	190	182	11	193	672
Þorlákshöfn	17	1,5	19	6,3	34	40,3	39,5	12	51,5	21	3	25	136
	109,4	**36,5**	**145,9**	**168**	**34**	**202**	**214**	**27**	**241**	**203**	**15**	**218**	**809**

Kjördæmi	2001			2002			2003			2004			
Höfn	Til ný-fram-kvæmda	Til upp-gjörs	Fjárveit-ingar alls	Til ný-fram-kvæmda	Til upp-gjörs	Fjárveit-ingar alls	Til ný-fram-kvæmda	Til upp-gjörs	Fjárveit-ingar alls	Til ný-fram-kvæmda	Til upp-gjörs	Fjárveit-ingar alls	Samtals 2001–2004
Reykjanes													
Grindavík	50,5	157,5	208,0	101,4	10,0	111,4	0,0	93,1	93,1	91,4	61,8	153,2	565,7
Sandgerði	64,0	24,3	88,3	45,6	0,0	45,6	29,6	0,0	29,6	0,0	85,3	85,3	248,8
Hafnasamlag Suðurnesja	0,0	9,4	9,4	17,3	0,0	17,3	0,0	0,0	0,0	57,8	0,0	57,8	84,5
Hafnarfjörður	0,0	9,0	9,0	0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0	0,0	9,0
	114,5	**200,2**	**314,7**	**164,3**	**10,0**	**174,3**	**29,6**	**93,1**	**122,7**	**149,2**	**147,1**	**296,3**	**908,0**
Óskipt til slysavarna o.fl.	8	-7	1	8	0	8	10	0	10	22		22	41
Rannsóknir o.fl.	10		10,0	15,0		15,0	15		15	15,0		15,0	55
Samtals	**1157**	**194**	**1351**	**1093**	**198**	**1291**	**1454**	**120**	**1574**	**1113**	**195**	**1309**	**5526**

b) Önnur hafnamannvirki.

	2001	2002	2003	2004
Lendingarbætur	2	3	3	3
Ferjubryggjur	5	6	6	6
Samtals	**8**	**9**	**9**	**9**

II. Sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum.

Skýringar við töflu: Frumáætlun Siglingastofnunar um heildarkostnað við framkvæmdir. Í aftasta dálki þátttökuhlutfall ríkissjóðs.

Verðlag miðast við áætlað meðaltal ársins 2001 (byggingarvísitala 254 stig). Upphæðir í millj. kr.

Höfn Verkefni	2001	2002	2003	2004	Hlutur ríkis-sjóðs
VESTURLAND					
Akranes					
Dýpkun við aðalhafnargarð í 8–9 m (~3.000 m² spr.) og viðhaldsdýpkun		52			75%
Stálþil aðalhafnargarði, 1.–3. áfangi, 160 m, dýpi 8–9 m, lagnir og þekja (3.200 m²)		23	80	57	60%
Klæðning á austurhlið Ferjubryggju, 60 m þybbuklæðning úr asobe og uppsetning á þybbum				5,7	60%
Endurröðun og styrking á grjótvörn aðalhafnargarði (150 m – ~8.000 m³)				24	75%
Endurnýjun skipalyftu. Hliðarfærslusleði, nemabúnaður og raflagnir			19	19	60%
Borgarnes					
Bryggjurif, grjót og kjarnafylling (~3.200 m³) við gömlu bryggjuna og frágangur við þá nýju			4		60%
Snæfellsbær					
Arnarstapi:					
Lenging grjótgarðs (30–35 m, ~14.000 m³) og dýpka (spr. svæði ~2.000 m²)	38	38			75%
(Viðhaldsdýpkun/ ljós í bryggjustiga, sjá Ólafsvík)					75%
Rifshöfn:					
Staurakista, endurbygging og lenging um 10 m, stálþil (35 m, dýpi 4 m)		24			60%
Ljúka endurbyggingu trébryggju (5×18 m, dýpi 3,5 m) og rif á eldri bryggju		24			60%
Lenging stálþils, 80 m, dýpi 6 m lagnir og þekja (1.600 m²)			50,8	23	60%
(Viðhaldsdýpkun/ ljós í bryggjustiga, sjá Ólafsvík)					60%

Höfn Verkefni	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**	**Hlutur ríkis-sjóðs**
Ólafsvík:					
Lenging á flotbryggjum, 20 m og 10 m og slitlag á tengibraut (klæðning ~300 m²)	5,7				60%
Ljós í bryggjustiga Ólafsvík, Rifi og Arnarstapa (40 stigar alls)		4,3			60%
Endurbygging á fenderklæðningu trébryggju			20		60%
Styrking og endurbygging grjótvarnar Suðurgarðs				19	75%
Dýpkun, viðhalda dýpi í innsiglingum og höfnum Ólafsvík, Rifi og Arnarstapa (~25.000 m³)		1	1	12	75%
Grundarfjörður					
Lenging Stórubryggju, stálþil (100 m, dýpi 8 m), lagnir, lýsing og þekja	88	35			60%
Lenging Stórubryggju, grjótvörn norðan á (~18.000 m³)	40,4				75%
Smábátaaðstaða, dýpkun (~3.000 m³)			3,4		75%
Smábátaaðstaða, uppsátur (5×30 m), flotbryggja (10 m), fylling, frág. fláa, lýsing vatns- og raflögn			10		60%
Öryggismál, stigar á flotbryggju, laga og setja ljós í stiga Stórubryggju og Suðurgarði			2		60%
Stykkishólmur					
Skipavík, ljósamasturs- og vatnshús	2,4				60%
Stálþil næst brúarbás Súgandisey, 20 m, dýpi 6 m, lagnir og þekja (300 m²)		16	5		60%
Dýpkun í höfn við þil Súgandisey og víðar (gröbbun ~5.000 m³)			7		75%
Dráttarbraut Skipavík, styrkja braut, nýr sleði, 16 hliðarf.vagnar, rif á görðum og st. plan (3.000 m²)		6		77	60%
Dalabyggð					
Gamla bryggjan Búðardal, endurbyggja kanttré, þybbur, stiga og þekju (70 m²)			2,5		60%
	174,5	**223,3**	**204,7**	**236,7**	
VESTFIRÐIR					
Reykhólar					
Dýpkun, grabbað upp meðfram bryggju (~1.500 m³)		3,6			75%
Vesturbyggð					
Patreksfjörður:					
Innsigling lagfærð, dýpkun (grafið ~11.000 m³) og grjótvörn á enda Oddans		21,7			75%
Endurbygging þekju (1.000 m³)				8,3	60%
Endurbygging stálþils, undirbúningsframkvæmd (um 280 m þil byggt 1948)				10	60%
Bíldudalur:					
Flotbryggja, lenging (20 m)	3,4				60%
Tálknafjörður					
Þekja við stálþil, lagnir og lýsing (steypt 300 m², klæðning 900 m²)	6,3				60%
Ísafjarðarbær					
Þingeyri					
Rífa gömlu trébryggjuna við ytri hafnargarð og ganga frá kanti		4,8			60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5×30 m)	3,4				60%
Flateyri					
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5×30 m)	3				60%
Endurbygging hafnarkants, frágangur, lagnir og þekja (1.400 m²)	16,1				60%
Suðureyri					
Stækkun smábátahafnar		14			60%
Dýpkun innsiglingarrennu í 5 m (10.000 m³, dæling)				6,4	75%

Höfn Verkefni	2001	2002	2003	2004	Hlutur ríkis-sjóðs
Ísafjörður					
Tengibraut Ásgeirsbakki – Sundahöfn (uppgjör)	20				60%
Sundahöfn, lagnir, lýsing og þekja (1.400 m²) við stálþilsbakka	12	6,1	3		60%
Endurbyggja flotbryggju Sundahöfn (70 m)		11,5			60%
Viðgerðarbryggja skipasmíðastöðvar, staurabr. úr stáli og harðvið (38 m)		19,8			60%
Bátahöfn við Olíumúla, lokið endurbyggingu			28		60%
Dýpkun við Olíumúla og viðgerðarbryggju (grafnir 23.000 m³)			41		75%
Ferjubryggja Sundahöfn, lenging, staurabryggja úr harðviði (17 m)				11,4	60%
Ásgeirsbakki, endurbygging, 1. áfangi, stálþil með kantbita (85 m, dýpi 8 m)				50	60%
Dráttarbraut, endurbygging á braut, vagni og spili m.v. 400 þungatonna skip				30	60%
Bolungarvík					
Grundargarður, breikkun og grjótvörn á ~300 m kafla (24.000 m³)	27,6				75%
Brjóturinn, niðurrif skjólveggs og þekja að 20 m línu (~600 m²)		13,6			60%
Tengibraut Lækjarbryggja – Grundargarður			20		60%
Brjóturinn, endurbygging stálþils efst við Brjótinn – undirbúningsframkvæmd				10	60%
Súðavík					
Viðlegubryggja við Suðurgarð lengd (15 m léttbyggð timburbryggja – dýpi 3 m)		7			60%
Suðurgarður, þvergarður og styrking á núverandi garði (~7.000 m³)	5	7			75%
Drangsnes					
Drangsnesbryggja, hækkun efri hluta bryggju, steypt þekja (400 m²) og veggur (18 m)	7				60%
Kokkálsvík, slitlag við bryggjur (klæðning 1.000 m²)		1,7			60%
Kokkálsvík, flotbryggja (20 m)			4,1		60%
Hólmavík					
Bæta aðstöðu smábáta, flotbryggja	9,5				60%
Stálþilsbryggja endurbyggð, undirbúningsframkvæmdir				10	60%
	115	**111**	**96**	**136**	
NORÐURLAND VESTRA					
Hvammstangi					
Dýpkun hafnar í 5–6 m og innsiglingin í 7 m, sprengt að hluta (5.000 m³)	17,5				75%
Skagaströnd					
Upplýsingakerfi fyrir sjófarendur	2				75%
Dýpkun í höfn og innsiglingu (10.000 m³ dæling/gröftur)		10,3			75%
Skagafjörður					
Sauðárkrókur					
Stálþil Norðurgarði, endurbygging og lenging, 130 m, dýpi 8,5 m, lagnir og þekja (2.600 m²)	62,8	52			60%
Dýpkun, snúningssvæði og innsigling í 8 m, við þil í 8,5 m (30.000 m³)		16,2			75%
Sandfangari, lenging um 30 m				14	75%
Tengibraut Hafnargarður – Sandeyri (800 m² – var á áætlun '99 en frestað)				5,5	60%
Hofsós					
Lenging Þvergarðs um 5 m (~1000 m³)	4,8				75%
Norðurgarður, styrking á grjótvörn				5,9	75%
Haganesvík					
Viðhaldsdýpkun	0,3		0,3		75%

Höfn Verkefni	2001	2002	2003	2004	Hlutur ríkis-sjóðs
Siglufjörður					
Óskarsbryggja, 75 m þil, dýpi 10 m, steypt þekja 1.500 m²	65,4	15,7			60%
Dýpkun í 9 m við Óskarsbryggju og á siglingaleið (30.000 m³ dæling)	16,2				75%
Togarabryggja, endurnýjun þekju (malbik)	4,5				60%
Smábátahöfn, viðlegubryggja við vesturkant (40 m)			11,8		60%
Styrking á grjótvörn norðan við Brjót			5,7		60%
Roaldsbryggja við Síldarminjasafn (göngubryggja 75×3,0 m)			14		60%
Bæjarbryggja, endurbygging, 1. áfangi, stálþil (100 m, dýpi 8 m)				67	60%
	173,5	**94,2**	**31,8**	**92,4**	
NORÐURLAND EYSTRA					
Hafnasamlag Eyjafjarðar					
Ólafsfjörður:					
Loðnulöndunarkantur, endurnýja staura (84 m, ~1/3 hluti)		24,9			60%
Togarabryggja, rífa trébryggju, 40 m stálþil, dýpi 7 m, lagnir og þekja (800 m³)		30,9	12,7		60%
Viðhaldsdýpkun í innsiglingu og höfn (dæling, 12.000 m³)				6,5	75%
Innsigling í Vesturhöfn, frágangur garðsenda				20	60%
Dalvík:					
Endurröðun og styrking grjótvarnar Suðurgarði, öldudempandi flái við verbúð (alls ~8.000 m³)		18			75%
Timburbryggja Suðurgarði, endurbygging (65 m)			38,6		60%
Árskógssandur/Hauganes:					
Upptökubraut Árskógssandi (5×20 m)				2,3	60%
Hauganes, grjótvörn á hafnarsvæði við gömlu bryggjuna (~500 m³)		1			60%
Hrísey					
Aðstaða fyrir ferju, lenging stálþils/dýpkun (óvisst)			10		60%
Hafnasamlag Norðurlands					
Hjalteyri:					
Viðhaldsdýpkun	0,3		1,1		75%
Akureyri:					
Fiskihöfn, dýpkun, 2. áfangi (91.000 m³)	41,2				75%
Fiskihöfn, Vesturbakki, stálþil, 2. áfangi (70 m, dýpi 9 m, þekja 1.400 m²)	51,4	19,7			60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5×20 m)	2,3				60%
Sverrisbryggja rifin, bryggja fyrir fóðurskip (20 m)	4	22			60%
Dýpkun, Krossanes, 2. áfangi (40.000 m³) og uppgjör, dýpkun fyrir olíuskip (framkv. 2000, 13 m.kr.)			34,6		75%
Stálþil við Krossanes, 2. áfangi (80 m, dýpi 9 m), rekið niður þil og steyptur kantur			5	63	60%
Stálþil við Strýtu, undirbúningsframkvæmdir			8		60%
Ísbryggja ÚA endurbyggð, undirbúningsframkvæmdir				5	60%
Grímsey					
Endurbygging fremsta hluta hafnargarðs, þekja (~300 m²) og skvettmúr		11,6			60%
Úttekt og endurbygging á kervegg við fremri hluta aðalhafnargarðs (25 m)			1	8,4	60%
Lokið styrkingu grjótvarnar á hafnargarði, grjót úr landi (500 m³)				7,7	75%
Húsavík					
Brimvarnargarður við Böku (300.000 m³ – grjót á lager 30.000 m³)	509				75%
Stálþilsbryggja, endurbygging/nýbygging			148	20	60%

Höfn Verkefni	2001	2002	2003	2004	Hlutur ríkis-sjóðs
Kópasker					
Endurbyggja steypta þekju á bryggju (330 m²)	3				60%
Viðlegubryggja smábáta (15 m flotbryggja)	3,2				60%
Dýpkun hafnar (10.000 m³ dæling)		6,1			75%
Raufarhöfn					
Löndunarbryggja við bræðslu, lagnir, lýsing og steypt þekja (1.000 m²)	15,2				60%
Dýpkun innsiglingarrennu í 8,5–10 m (22.300 m² klapparsprenging)		7,5	306		75%
Frágangur vegna niðurrifs á bryggjum, grjóthleðsla við Hótel Norðurljós (120 m)		5,1			60%
Þórshöfn					
Dýpkuð innsigling í 8,5 m, höfn í 8–9 m snúningssvæði og að stálþili (~80.000 m³ gröftur, spr. að hluta)	75			124	75%
Stálþil 135 m, dýpi 9 m, lagnir og þekja (2.700 m²)		106,5	36,5		60%
Ytri leiðarljós			3,6		75%
Grjótflái við tengibraut (á áætlun 2000 en frestað)				7,7	60%
	705	**253,4**	**605,2**	**264,6**	
AUSTURLAND					
Bakkafjörður					
Lenging Löndunarbryggju, harðviðarbryggja (20 m, dýpi 3 m)		11,2			60%
Lenging Sjafnarbryggju, léttbyggð furubryggja (20 m, dýpi 2,5 m)		7			60%
Vopnafjörður					
Löndunarbryggja, stálþil, lagnir og þekja (1.600 m²)	24,3				60%
Dýpkun siglingaleiðar innan hólma (89.000 m³, sprengt að hluta)		139	97	15	75%
Borgarfjörður eystri					
Dýpkun sunnan gömlu bryggju og í bátakví (~3.600 m³)	7,4				75%
Hafnasamlag Austur-Héraðs og Fella					
Dýpkun og skjólgarður vegna ferju Lagarfljóti			15,6		75%
Bryggja fyrir Lagarfljótsferju, trébryggja 35 m, dýpi 2,5 m			15,6		60%
Seyðisfjörður					
Dýpkun rennu við Fjarðarhöfn í 8 m dýpi og dýpkun við dráttarbraut (~90.000 m³)	50				75%
Bryggja við Fjarðarhöfn, frágangur	3,6				60%
Fjarðabyggð					
Neskaupstaður:					
Lenging Togarabryggju, stálþil (70 m, dýpi 9 m, þekja 1.400 m²)	49,7	19,6			60%
Dýpkun vegna færslu flotbryggju (15.000 m³) og stækkun hafnar (100.000 m³)	8,4	57,9			75%
Skjólgarður norðan hafnar (~200 m, dælt undir garð og efni tekið úr núverandi garði að hluta)	56	44			75%
Stálþil við bræðslu lengt um 52 m, í 100 m, dýpi 9 m, 1. áfangi, þil með kanti				43,7	60%
Eskifjörður:					
Hafskipakantur, efniskostnaður vegna lengingar stálþils úr 80 í 130 m (uppgjör)			18,6		60%
Hraun í Reyðarfirði – höfn fyrir stóriðju					
Stálþilsbakki 260 m, dýpi 14,3 m, lagnir og steypt þekja (7.800 m²)		47	502	114	60%
Dýpkun við stálþil í 14,3 m (dæling, 118.000 m³) og siglingarmerki		43	48		75%

Höfn Verkefni	2001	2002	2003	2004	Hlutur ríkis-sjóðs
Fáskrúðsfjörður					
Stækkun Loðnulöndunarbryggju (harðviðarbryggja 40 m, dýpi 7 m)	32				60%
Endurbygging Bæjarbryggju, 1. áfangi (50 m, dýpi 7 m), lagnir, lýsing og þekja (1.000 m²)			36,9	15,8	60%
Breiðdalsvík					
Gengið frá lögnum og lokið við þekju (1.080 m²) – á áætlun '99 en frestað	8,4				60%
Djúpivogur					
Dýpkun Gleðivík (3.500 m² í 9 m, gröftur, að hluta sprengt)	36,5				75%
Löndunarkantur 75 m, dýpi 9 m, grjótvarin fylling (49.000 m³), lagnir og þekja (1.425 m²)	93	47,1			60%
Hornafjörður					
Faxeyrarhöfn, umhverfismat og undirbúningur	10				75%
Viðhaldsdýpkun (25.000 m³ hvert ár – er 15.000 í núgildandi áætlun)	10,4	10,4	10,4	10,4	75%
Leiðigarðar norðan og sunnan hafnarmynnis og leiðigarður út frá Mikley (~8.000 m³)	18				75%
Smábátaaðstaða vestan Óslandsbryggju	20				60%
Faxeyrarhöfn, skjólgarður (~15.000 m³) og dýpkun (~400.000 m³)			24	108	75%
Grynnslin dýpkun, undirbúningsframkvæmd			30	35	75%
Stálþilsbryggja, 100 m, dýpi 8 m, lagnir og þekja (2.000 m²)			80,1	30,3	60%
Raflögn í Hvanneyjarvita				5	75%
	427,7	**427**	**879**	**377**	
SUÐURLAND					
Vestmannaeyjar					
Nausthamarsbryggja, lokið endurbyggingu (þil 360 m, dýpi 5–9 m, þekja 4.640 m² steypt)	67,2	47,3			60%
Dýpkun við bryggjur í 8 m, Nausthamar, Friðarhafnarkantur (dæling/gröftur ~35.000 m³)	22,2				75%
Friðarhöfn, Ísk./suðurk., endurbætt þil 140 m, dýpi 9 m, lagnir, þekja (steypt 1.500/malb. 1.200 m²)	57,5	64,3			60%
Smábátahöfn, flotbryggjur 30 m og 2×40 m, lýsing og lagnir við bryggjur		22,2			60%
Friðarhöfn, norður-/austurk., endurbætt þil 150 m, dýpi 8 m, lagnir, þekja (steypt 3.400 m²)		46,9	75,1		60%
Dýpkun hafnar, Pyttur í 8 m, snúningssv. 210 m í 7,5 m (grafið/dælt 78.000 m³, að hluta spr.)			50	50	75%
Friðarhöfn, vesturk., endurbætt þil 195 m, dýpi 8 m, lagnir, þekja (steypt ~2.200 m²)			64	86	60%
Dýpkun í innsiglingu, viðhaldsdýpkun (gröftur 35.000 m³)				52	75%
Þurrkví, framkvæmd dreifist jafnt á árin 2002–2005		90	90	90	60%
Þorlákshöfn					
Dýpkun innan hafnar (~50.000 m³ sprengt og grafið að hluta)	90				75%
Tunna á garðsenda Suðurvarargarði, úrbætur samkvæmt tillögum frá maí '97		8,4			75%
Loðnulöndunarbryggja, stálþil 70 m, dýpi 9 m			65,9	22,3	60%
Dýpkun í innsiglingu og höfn, viðhaldsdýpkun (~20.000 m³ dæling)				10,8	75%
	236,9	**279**	**345**	**311**	

Höfn Verkefni	2001	2002	2003	2004	Hlutur ríkis-sjóðs
REYKJANES					
Grindavík					
Skjólgarður vestan innsiglingar (80.000 m³)	101,9				75%
Skjólgarður austan innsiglingar (100.000 m³)		135,2			75%
Rif á þverbryggju við Svíragarð, og flotbryggja (uppgjör)				21	60%
Dýpkun hafnar við Svíragarð (6.200 m² í 7–8 m) og dýpkun á svæðum A–E (uppgjör 25 millj. kr.)				105	75%
Sandgerði					
Dýpkun á svæði A við Norðurgarð í 8 m og B við Suðurbryggju í 5 m (14.500 m² spr.)	165,3				75%
Suðurgarður, styrking og endurröðun á grjótvörn (ca. 300 m – 9.000 m³)	20				75%
Norðurgarður, lenging, stálþil 50 m, dýpi 8 m, lagnir og þekja (1.000 m²)	17	41			60%
Suðurbryggja norðurhlið, stálþil 65 m, dýpi 6 m, lagnir og þekja (1.600 m²)		34	34		60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5×30 m)			3,2		60%
Löndunarbryggja við fiskmarkað, harðviðarbryggja (15 m, dýpi 5 m)			11		60%
Hafnasamlag Suðurnesja					
Reykjanesbær:					
Öldudempari Helguvík, sprengt berg við suðurhluta hafnar		16,1			75%
Festipollar við vestur- og austurenda viðlegu í Helguvík (2 stk. 100 t pollar)		2,4			60%
Grjótgarður Njarðvík styrktur og lengdur, 60 m		5		77	75%
	304	**234**	**49**	**203**	
ALLT LANDIÐ					
Óskipt til slysavarna o.fl. (styrkhæfni ýmist 60% eða 75%, meðaltal áætlað 67%)	13	12	15,7	32,8	67%
	2150	**1635**	**2228**	**1654**	
Samtals árin 2001–2004:				**7667**	
Þar af hlutur ríkisins:				5113	
Hlutur hafnarsjóða:				2554	

1310. Breytingartillögur [345. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996.

Frá Þuríði Backman og Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Við 7. gr. Á eftir orðunum „eftirlitssvæði getur“ í 1. efnismgr. b-liðar komi: að fenginni umsögn Vinnueftirlits ríkisins.
2. Við 8. gr. 2. efnismgr. orðist svo:

   Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má leyfa reykingar á veitingastöðum, í sérstökum herbergjum, þar sem ekki er framreiddur matur. Auk þess má leyfa reykingar í veitingarými á krám, dansstöðum og næturklúbbum, svo og eftir kl. 23 á þeim skemmtistöðum sem leggja megináherslu á skemmtidagskrá og áfengisveitingar.

1311. Frumvarp til laga [738. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Bergur Már Ágústsson, f. 9. júlí 1984 á Íslandi.
2. Birmingham, Brenton Joe, körfuknattleiksmaður í Reykjanesbæ, f. 29. nóvember 1972 í Bandaríkjunum.
3. Delgado Aponte, Ana Milena, nemi í Reykjavík, f. 26. apríl 1979 í Kólumbíu.
4. Derayat, Amid, nemi í Reykjavík, f. 5. maí 1964 í Íran.
5. Doak, John Michael, verkamaður í Hafnarfirði, f. 26. september 1964 í Bandaríkjunum.
6. Long, Viet Vo, verkamaður í Reykjavík, f. 12. mars 1962 í Víetnam.
7. Margaríta Haukurovna Hauksson, f. 1. febrúar 1997 í Rússlandi.
8. Moroshkina, Svetlana Aleksyevna, kennari í Neskaupstað, f. 16. maí 1967 í Sovétríkjunum.
9. Roshdy Soliman, Mohamed Mohamed, prjónavélasérfræðingur, f. 12. maí 1958 í Egyptalandi.
10. Weuza, Mwangawe Victoria, flugfreyja, f. 4. ágúst 1967 í Kenýa.
11. Wolczynska, Grazyna Katarzyna, verkakona í Reykjavík, f. 28. janúar 1955 í Póllandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd bárust 28 umsóknir um ríkisborgararétt á 126. löggjafarþingi, sbr. 6. gr. laga um ríkisborgararétt, nr. 100/1952.

Nefndin leggur til að ellefu einstaklingum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur að þessu sinni.

1312. Breytingartillaga [410. mál]

við frv. til l. um breyt. á hjúskaparlögum, nr. 31 14. apríl 1993.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Við 2. gr. C-liður verði d-liður og orðist svo: Við bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Nú eiga ákvæði 9. gr. lögheimilislaga, nr. 21/1990, við um hagi hjónaefnis og telst það þá ekki hafa glatað lögheimili hér á landi þótt það hafi tilkynnt flutning samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu.

1313. Nefndarálit [707. mál]

um frv. til l. um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf.

Frá 1. minni hluta samgöngunefndar.

Niðurstaða.

Fyrsti minni hluti leggur fram eina mikilvæga breytingartillögu við frumvarpið þess efnis að grunnnetið verði undanskilið áður en til sölu hlutafjár ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf. kemur.

Það er mat 1. minni hluta að með því að selja fyrirtækið í einu lagi sé verið að skapa einu fyrirtæki yfirburðastöðu á markaðinum. Sú staða gerir alla samkeppni mjög erfiða og er ólíklegt að opinberar eftirlitsstofnanir geti tryggt að slíkt fyrirtæki misnoti ekki markaðsráðandi stöðu sína.

Fyrsti minni hluti óttast að sala á fyrirtækinu í einu lagi leiði af sér mikinn mun á aðstöðu landsbyggðar og höfuðborgar til að nýta möguleika upplýsingabyltingarinnar. 1. minni hluti telur því nauðsynlegt að verð á leigulínum til fyrirtækja á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu verði jafnað en nú er verðlagningin þannig að landsbyggðarfyrirtæki borga allt að tíu sinnum hærri fjárhæð en fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu, eins og sjá má í meðfylgjandi töflu í álitinu.

Sala Landssímans.

Þegar ákvörðun er tekin um að selja fyrirtæki eins og Landssíma Íslands, sem í rúm 90 ár naut einkaréttar til reksturs á fjarskiptaþjónustu hér á landi, er ljóst að verið er að taka ákvörðun um sölu fyrirtækis sem hefur yfirburðastöðu á fjarskiptamarkaði. Ákvörðun um sölu fyrirtækisins og hvernig staðið verði að henni er um leið ákvörðun um hvernig rekstrarumhverfi fjarskipta- og hugbúnaðariðnaðarins verði í nánustu framtíð. Það hefur komið fram við meðferð þessa frumvarps að þetta fyrirtæki hefur nú 85% hlutdeild í tekjum á fjarskiptamarkaði. Eftirfarandi upptalning gefur þessa stöðu e.t.v. betur til kynna:

- Landssíminn hefur sterka fjárhagslega stöðu, eigið fé fyrirtækisins er talið vera um 13 milljarðar kr.
- Áætluð velta á árinu 2001 er 17 milljarðar kr.
- Landssíminn hefur yfirburðastöðu á GSM-markaðinum.
- Landssíminn rekur eina NMT-farsímakerfið hér á landi.
- Landssíminn er í einokunaraðstöðu í rekstri talsímaþjónustu og hefur því viðskiptatengsl við nær öll heimili í landinu.
- Landssíminn hefur yfirburðastöðu í útlandasímtölum.
- Landssíminn og dótturfyrirtæki hans hafa markaðsráðandi stöðu á netmarkaðinum, en sá markaður er nátengdur fjarskiptamarkaðinum.
- Í skjóli einkaréttar í áratugi og margvíslegrar ríkisaðstoðar hefur Landssíminn byggt upp fjarskiptakerfi sem að mati fyrirtækisins sjálfs er í fremstu röð í heiminum í dag.
- Landssíminn hefur í áranna rás byggt upp víðtækt sölukerfi á þjónustu sinni.
- Landssíminn hefur fjárfest í mörgum fyrirtækjum á fjarskipta- og hugbúnaðarsviði þar sem fyrirtækið hefur veruleg áhrif á rekstur þeirra.

Af þessari upptalningu um stöðu fyrirtækisins má ráða að Landssíminn mun alltaf verða stórt og öflugt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða, hvort heldur hann yrði seldur í einu lagi eða honum skipt upp á einhvern hátt. Meginrökin sem færð eru fyrir sölu fyrirtækisins eru tvenn.

Í fyrsta lagi að fyrirtækið sé verðmætara í einu lagi en ef það yrði brútað niður. Í öðru lagi hafa verið færð rök að því að verulegur kostnaður hljótist af því fyrir neytendur ef grunnnetið verður aðskilið við söluna vegna ýmiss konar tæknibúnaðar sem yrði að koma upp og kostnaðar sem af því kynni að hljótast. Þá hefur verið á það bent að menn viti í dag hvað þeir hafi en ekki hvað þeir fái yrði fyrirtækinu skipt upp. Með öðrum orðum, ákveðin íhaldssemi um að viðhalda því ástandi sem nú er á fjarskiptamarkaði hefur einnig áhrif á niðurstöðuna að mati fulltrúa ríkisstjórnarinnar. Vegna mikillar gagnrýni þess efnis að núverandi ástand sé skaðlegt fyrir samkeppni og eðlilega þróun á þessum markaði hefur ríkisstjórnin, eða fulltrúar hennar, kynnt bókun þingflokks Framsóknarflokksins um að til að koma í veg fyrir að fyrirtækið misnoti einokunar- eða yfirburðastöðu sína í framtíðinni verði farin sú leið að Samkeppnisstofnun og Póst- og fjarskiptastofnun verði efldar, án þess að það sé skýrt frekar. Þetta eru helstu rökin sem fulltrúar ríkisstjórnarinnar hafa fært fyrir því að sú leið verði farin sem fram kemur í frumvarpinu.

Þessu er 1. minni hluti ósammála. Í fyrsta lagi er ljóst að sagan hefur kennt að vilji menn tryggja samkeppni á markaði sé vænlegra til árangurs að gera breytingar á markaðsgerðinni, þ.e. haga sölunni þannig að sú staða skapist ekki að fyrirtæki geti misnotað markaðsráðandi stöðu sína, sem er mun vænlegri leið til árangurs en að setja eftirlitskerfi sem skuli bregðast við sé þessi staða misnotuð. Þess vegna leggur 1. minni hluti til að grunnnetið verði ekki selt með öðrum hlutum fyrirtækisins. Í þessum efnum má vissulega skoða fleiri leiðir en 1. minni hluti leggur til að þessi leið verði farin.

Í öðru lagi er það skoðun 1. minni hluta að í framtíðinni muni neytendur og einkanlega landsbyggðin líða fyrir það að núverandi einokunarstaða sé seld í einu lagi með því að greiða hærra verð fyrir þjónustuna.

Í þriðja lagi hefur komið fram á fundum nefndarinnar að líklegt sé að þessi sala leiði til þess að þróunar- og rannsóknarstarf þróist ekki sem skyldi því að eignarhald fyrirtækisins á grunnnetinu muni leiða til þess að þróun og fjárfesting í því taki aðeins mið af hagsmunum fyrirtækisins.

Það er því mat 1. minni hluta að sú aðferðafræði sem meiri hlutinn ætlar að viðhafa við þessa sölu leiði ekki annað af sér en að fyrirtæki sem nú hefur ýmist yfirburða- eða einokunarstöðu færist úr höndum ríkisins yfir til einkaaðila, sem að öllu jöfnu yrði að telja jákvætt nema hvað reynslan hefur kennt að af tveimur slæmum kostum er einkaeinokun verri en ríkiseinokun. Það er því mat 1. minni hluta að þessi aðferð við söluna leiði til hægari uppbyggingar hugbúnaðar- og fjarskiptageirans hér á landi en ella hefði verið.

Skilgreining á grunnneti Landssíma Íslands.

Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að skilgreina hvað 1. minni hluti á við þegar rætt er um grunnnet Landssíma Íslands. Skilgreining sú sem 1. minni hluti styðst við er þröng, þ.e. að í rekstrinum sé einungis sú starfsemi sem telst nauðsynleg til að reka grunnfjarskiptanet. Til grunnnets telst samkvæmt þessu:

- Allar jarðsímalagnir, niðurgrafin tengibox og götuskápar.
- Allir sæsímastrengir, merkistaurar og tengibúnaður þeirra.
- Alþjóðlegir sæsímastrengir, t.d. hlutur Landssímans í Cantat-3 sæstrengnum.
- Allar jarðstöðvar (gervihnattasambönd) og stoðbyggingar þeirra.
- Örbylgjusendar og -móttakarar, staura- og mastravirki, auk stoðbygginga.
- Tengigrindur jarðsímalagna þar sem þær eru í símstöðvarbyggingum.
- Ljósleiðarafjölsímar og stoðkerfi þeirra (SDH- og PDH-flutningsstýringar).

Einnig er eðlilegt að rekstrinum fylgi fasteignir sem símstöðvar, tengigrindur og ljósleiðarafjölsímar eru í. Þetta tryggði aðkomu allra fjarskiptafyrirtækja að aðstöðu í þeim. Þá er einnig reiknað með því að einátta flutningur í lofti og kapli, t.d. dreifing útvarps- og sjónvarpsefnis gæti fallið að rekstri grunnnets og væri heimilt að reka slíka flutningsmiðla.

Eignarhald á grunnnetinu.

Núverandi eignarhald Landssímans á grunnfjarskiptakerfinu veitir fyrirtækinu verulegt forskot á keppinautana. Þetta forskot mun haldast verði fyrirtækið selt í einu lagi. Verðmætamat fyrirtækisins tekur mið af þessari yfirburða- og einokunarstöðu og þau rök eru færð fram að í henni felist stór hluti verðmætis fyrirtækisins. Vegna hennar fáist hærra verð fyrir fyrirtækið en ef því væri skipt upp. Aðrir halda því á hinn bóginn fram að þetta sé rangt og að rétt hefði verið að selja fyrirtækið í einingum. Þannig fengist hærra verð fyrir fyrirtækið í heild því að þá vissu menn nákvæmlega hvaða starfsemi þeir væru að kaupa. Má í því sambandi benda á að France Telecom í Frakklandi eru nú að ganga frá sölu á Orange-fyrirtækinu sem er GSM-deild þess. Þá hefur British Telecom lýst yfir því að það muni skipta sér upp fyrir lok ársins og uppi eru hugmyndir um að skipta AT&T upp í allt að sex fyrirtæki. Reyndar skiptu samkeppnisyfirvöld því fyrirtæki upp snemma á níunda áratugnum þar sem m.a. grunnnetsþjónustan var skilin frá annarri starfsemi. Þessi umræða er einnig uppi um Tele-Danmark. Það liggur því fyrir að ekkert er öruggt í þeim efnum að heildarverðmæti fyrirtækisins verði meira verði það selt í einu lagi í stað þess að skipta því upp, enda tækju forustumenn þessara stóru fyrirtækja líklega ekki slíkar ákvarðanir eða ræddu þessar hugmyndir nema þær væru fyrirtækjunum til hagsbóta.

Vegna eignarhalds Landssímans á grunnnetinu eru keppinautar hans á öðrum sviðum óhjákvæmilega einnig viðskiptavinir hans, þ.e. fyrirtækið hefur tekjur af starfsemi keppinautanna. Með því að selja fyrirtækið þannig að eignarhaldið á grunnneti verði í höndum sömu aðila verður Landssímanum í sjálfsvald sett hvernig kerfið verður byggt upp og þarf ekki að taka mið af öðru en hagsmunum fyrirtækisins í þeim efnum. Í reynd leiðir þetta til þess að fyrirtækið getur ráðið því hvar og hvenær keppinautarnir geta boðið viðskiptavinum sínum þjónustu.

Eignarhaldið leiðir til hættu á mismunun, að misfarið verði með trúnaðarupplýsingar og aðrar samkeppnishömlur vegna þeirrar stöðu Landssímans að vera helsti keppinautur þeirra sem bjóða þjónustu, en hinir sömu þurfa að kaupa sér aðgang að grunnnetsfjarskiptakerfi Landssímans til þess að geta selt þjónustu sína. Þetta er sérstaklega vandmeðfarið á landsbyggðinni því að þar er ólíklegt að upp rísi í einhverjum mæli samkeppni í grunnnetsþjónustu. Á höfuðborgarsvæðinu er kominn vísir að samkeppni í grunnnetsþjónustu þótt það eigi enn ekki við um heimtauga- eða notendalínukerfið og ólíklegt sé að á næstu árum fari önnur fyrirtæki að grafa heimtaugar í jörð inn á heimili manna í því skyni að fara í samkeppni við heimtaugakerfi Landssímans. A.m.k. er ljóst eins og staðan er að erfitt verður að keppa við heimtaugakerfi Landssímans um verð þar sem það hefur verið afskrifað að stórum hluta. Þá er það varla þjóðhagslega hagkvæmt að grafa skurði og leggja línur inn á heimili almennings meðan núverandi koparlínur ráða enn við kröfur markaðarins um fjarskiptaþjónustu að mestu leyti því að talið er að með öflugum endabúnaði geti koparlínurnar flutt 2 Mb/s.

Komið hefur fram að tekjur Landssímans vegna grunnnetsins hafi numið 1.467 millj. kr. á síðasta ári.

Kostir þess að skilja grunnnetið frá Landssímanum eru þessir:

- Stuðlað er að virkri samkeppni í fjarskiptaþjónustu sem rekin er á grunnkerfinu.
- Jafnræði keppinauta er tryggt og tortryggni eytt.

- Komið er í veg fyrir hagsmunaárekstra og hvers konar millifærslur á fjármunum milli reksturs á grunnkerfum og annarrar starfsemi Landssíma Íslands.
- Dregið er úr markaðsyfirráðum Landssímans.
- Stuðlað er að hóflegri gjaldtöku fyrir aðgang að grunnkerfinu.

Markaðsgerðin.

Með því að selja Landssímann í einu lagi er í reynd verið að taka ákvörðun um rekstrarumhverfi fjarskipta- og hugbúnaðariðnaðarins næstu árin. Þar mun eitt fyrirtæki verða með 75–85% markaðshlutdeild. Núverandi staða Landssímans ein og sér hefur skaðleg áhrif á samkeppni á fjarskiptamarkaðinum. Sú staða mun ekki batna við það að fyrirtækið verði selt einkaaðilum. Það er mat 1. minni hluta að skynsamlegra hefði verið að breyta markaðsgerðinni með því að aðskilja grunnnetið frá fyrirtækinu. Það er almennt viðurkennt í samkeppnisrétti að vænlegra til árangurs sé að breyta markaðsgerðinni þegar stefnt er að því að skapa samkeppnisumhverfi í tiltekinni atvinnugrein í stað þess að fara þá leið að ætla eftirlitsstofnunum að grípa inn í þegar fyrirtæki með markaðsráðandi stöðu misnotar hana. Það þarf ekki að fara langt til að sjá að fyrirtæki sem hafa haft markaðsráðandi stöðu hafa oftar en ekki misnotað aðstöðu sína og hefur það leitt til þess að markaðurinn nýtist ekki sem verðmyndunartæki og því þarf almenningur að borga mismuninn.

Samkeppnisstofnun telur nauðsynlegt að benda á að aðgerðir sem lúta að breytingu á gerð markaðarins eða uppskiptingu fyrirtækja eru þekktar í samkeppnisrétti til að eyða samkeppnishömlum og efla samkeppni og nefnir hún dæmi í því skyni. Framkvæmdastjórn ESB hefur lýst því yfir að í tilteknum tilvikum geti það verið eina leiðin til að skapa virka samkeppni að fjarskiptafyrirtækjum verði gert skylt að losa sig alfarið við kapalkerfi sín. Í Bandaríkjunum var AT&T-símafyrirtækinu skipt upp á áttunda áratugnum að kröfu samkeppnisyfirvalda og áfram má telja.

Það er mat 1. minni hluta að sú leið sem meiri hlutinn vill fara sé til þess fallin að skapa umhverfi þar sem samkeppni muni vart þrífast að ráði. Fram hefur komið að ein meginröksemd British Telecom fyrir því að skipta fyrirtækinu upp sé sú staðreynd að vegna stærðar þess þurfi það að eyða miklum tíma og fyrirhöfn í viðræður við stjórnvöld um það hvernig það megi haga sér á markaði og því sé skynsamlegra að minnka fyrirtækið og gera það þannig meira spennandi fyrir fjárfesta. Hér er á hinn bóginn ætlunin að fara þá leið að setja eftirlitsstofnanir til höfuðs fyrirtækinu í stað þess að reyna að skapa þannig markaðsgerð að eðlileg samkeppni fái þrifist.

Landsbyggð í mono – höfuðborg í stereo.

Mjög mikilvægt er að gerð sé grein fyrir stöðu landsbyggðarinnar í tengslum við sölu Landssímans. Óbreytt fyrirkomulag á sölu eins og fyrir liggur í frumvarpinu, þ.e. sala á samkeppnishlutanum ásamt grunnnetinu, mun vafalítið verða til tjóns fyrir landsbyggðina í fjölmörgum atriðum.

Komið hafa fram mjög sterkar vísbendingar um að þjónustustig grunnnetsins í óskiptu félagi muni halda áfram að verða verulega lakara úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu.

Í því sambandi er bent á burðargetu einstakra tenginga sem mælist m.a. í því að á höfuðborgarsvæðinu eru fáanlegar 100 Mbps og allt upp í 1 Gbps (1.000.000 kbps) tengingar í fjarskiptakerfinu en úti á landi er einungis búið að tryggja 128 kbps gagnaflutningsgetu á upphringisambandi undir kvöðum alþjónustu (fjarskiptalög). Sú flutningsgeta er raunar ekki uppfyllt enn, en reiknað er með að svo verði innan tveggja ára.

Engin alþjónustukvöð er um sítengingu (ADSL). Þetta þýðir í stuttu máli að alþjónustukvöðin er innan við eitt prómill af því sem hægt er að bjóða á höfuðborgarsvæðinu.

Það er því ljóst að að óbreyttu muni frekari þróun leiða til þess að alþjónustukvöðin úreldist mjög hratt og verði marklaus á skömmum tíma liðnum ef hún er ekki uppfærð reglulega.

Því má með sanni segja að áform ríkisstjórnarinnar um sölu grunnnetsins með Landssímanum séu skýr skilaboð hennar um að alþjónustan eigi að vera annars flokks miðað við höfuðborgarsvæðið. Ríkisstjórnin ætlar landsbyggðarfólki að vera áfram í mono meðan höfuðborgarbúar verða í stereo.

Landsbyggðin borgar meira.

Ljóst er að enn sem komið er er framboð á gagnaflutningsgetu til einstakra notenda á landsbyggðinni takmarkað miðað við það sem er á höfuðborgarsvæðinu.

Tekur þetta einkum mið af því að burðargeta í grunnnetinu milli landshluta er enn meira en tvöfalt og jafnvel þrefalt dýrari en í nágrannalöndunum, auk þess sem hún er seld á kílómetragjaldi samkvæmt línuleiðum en ekki í loftlínu eins og í nágrannalöndunum sem í mörgum tilfellum tvöfaldar enn þann mun sem er á verði grunnflutningsgetu.

Landsbyggðin hefur ávallt borgað miklu hærra gjald fyrir leigulínur, eins og sjá má í meðfylgjandi töflu sem m.a. sýnir þróun á verðskrá Landssímans frá 1. janúar 1998.

Eins og sjá má í töflunni hafa fyrirtæki á landsbyggðinni ávallt borgað miklu hærri gjöld en fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu, enda kom það fram hjá nokkrum gestum samgöngunefndar að þeir skildu hreinlega ekki hvernig þessi fyrirtæki hefðu komist í gegnum þetta undanfarin ár og að starfsemi þeirra væri hreinlega enn við lýði.

Þingflokkur Samfylkingarinnar gerir skýlausa kröfu um að þessi verðlagning verði jöfnuð fullkomlega og að Landssímanum verði gert skylt að breyta gjaldskránni til fulls jafnræðis milli fyrirtækja, án tillits til þess hvar þau eru á landinu, enda fylgi því enginn aukakostnaður.

Það er ekki dýrara að flytja gögn um leigulínur frá Reykjavík til Raufarhafnar en milli húsa í Reykjavík, svo að dæmi er tekið.

Rétt er að benda á að í töflunni sést að fyrirtæki sem vill hafa 2 Mb/s leigulínu á Raufarhöfn þarf að greiða 262.618 kr. en sams konar fyrirtæki í Reykjavík þarf aðeins að greiða 25.664 kr. Þetta er óþolandi misvægi og því má með sanni segja að núverandi gjaldskrá fyrir leigulínur skekki samkeppnishæfni fyrirtækja milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Ein gjaldskrá fyrir talsíma og ATM-línur hjá Landssímanum sýnir fram á að þetta er hægt.

Verðskrá í nágrannalöndum okkar, t.d. í Danmörku, tekur mið af þessu og t.d. er hún miðuð þar við loftlínur og með 75 km hámarki. Slíkt er einnig gert í Noregi með 300 km hámarki. Eftirlitsstofnanir hafa ekki gert athugasemdir við þessi atriði svo að vitað sé.

Sérhagsmunahópar og pólitísk áhrif.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks frá 28. maí 1999 segir um einkavæðingu ríkisfyrirtækja m.a. um sölu Landssímans:

Breyting á verðskrá leigulína og ATM milli ára.

Samanburður fyrir 2 Mb/s sambönd innan ATM-svæðis og til Reykjavíkur, upphæðir í krónum án VSK.

	Vega-	Næsti	1.1.1998		1.6.1999		1.11.1999		Tillögur			Breyting í %		
Staður	lengd frá Múlastöð	ATM-punktur	Leigu-línur	ATM	Leigu-línur	ATM	Leigu-línur*	ATM	Leigu-línur	Innan ATM-svæðis	Utan ATM-svæðis	Leigu-línur	ATM	Mesta breyting í % frá 1.1.1998
Höfuðborgarsvæðið	0	0	31.615	Ekki í boði	31.615	264.776	35.458	32.129	25.664	32.129	48.193	-27,62	0,00	-18,82
Suðurnes														
Grindavík	73	24	264.575	Ekki í boði	264.575	493.436	62.603	89.332	50.169	32.129	48.193	-19,86		
Vesturland														
Akranes	52	0	247.297	Ekki í boði	247.297	264.776	54.220	53.815	42.397	32.129	48.193	-21,81	-10,45	-82,86
Hvanneyri	107	19	256.015	Ekki í boði	256.015	489.322	76.178	106.613	62.188	32.129	48.193	-18,36	-54,80	-81,18
Stykkishólmur	283	0	437.351	Ekki í boði	437.351	264.776	146.434	113.735	125.700	32.129	48.193	-14,16	-57,63	-88,98
Grundarfjörður	292	34	444.756	Ekki í boði	444.756	501.663	150.027	153.243	128.938	32.129	48.193	-14,06	-68,55	-89,16
Vestfirðir														
Ísafjörður	435	0	562.409	Ekki í boði	562.409	264.776	207.112	153.414	180.395	32.129	48.193	-12,90	-68,59	-91,43
Suðureyri	500	27	615.887	Ekki í boði	615.887	495.904	233.060	190.132	203.785	32.129	48.193	-12,56	-74,65	-92,18
Norðurland vestra														
Sauðárkrókur	326	0	472.730	Ekki í boði	472.730	264.776	163.600	153.414	141.173	32.129	48.193	-13,71		
Siglufjörður	393	0	527.850	Ekki í boði	527.850	264.776	190.346	153.414	165.282	32.129	48.193	-13,17		
Norðurland eystra														
Akureyri	444	0	569.814	Ekki í boði	569.814	264.776	210.705	153.414	183.634	32.129	48.193	-12,85	-68,59	-91,54
Hrísey	405	53	537.727	Ekki í boði	537.727	517.296	195.136	200.507	169.420	32.129	48.193	-13,18	-75,96	-91,04
Húsavík	530	0	640.570	Ekki í boði	640.570	264.776	245.036	153.414	214.580	32.129	48.193	-12,43	-68,59	-92,48
Raufarhöfn	664	0	750.818	Ekki í boði	750.818	517.296	298.528	153.414	262.618	32.129	48.193	-12,03	-68,59	-93,58
Austurland														
Bakkafjörður	707	100	786.196	Ekki í boði	786.196	555.965	315.694	219.269	278.092	32.129		-11,91	-85,35	-95,91
Vopnafjörður	728	70	803.474	Ekki í boði	803.474	531.282	324.077	207.293	285.648	32.129	48.193	-11,86	-76,75	-94,00
Borgarfjörður eystri	741	74	818.570	Ekki í boði	818.570	534.573	329.268	208.890	290.434	32.129	48.193	-11,79	-76,93	-94,11
Egilsstaðir	667	0	753.286	Ekki í boði	753.286	264.776	299.726	153.414	263.878	32.129	48.193	-11,96	-68,59	-93,60
Seyðisfjörður	692	25	773.855	Ekki í boði	773.855	494.259	309.706	189.329	272.874	32.129	48.193	-11,89	-74,55	-93,77
Reyðarfjörður	635	0	726.958	Ekki í boði	726.958	264.776	286.952	153.414	252.291	32.129	48.193	-12,08	-68,59	-93,37
Eskifjörður	650	15	739.300	Ekki í boði	739.300	486.031	292.940	185.337	257.761	32.129	48.193	-12,01	-74,00	-93,48
Neskaupstaður	674	0	759.045	Ekki í boði	759.045	264.776	302.520	153.414	266.397	32.129	48.193	-11,94	-68,59	-93,65
Fáskrúðsfjörður	640	44	731.072	Ekki í boði	731.072	509.891	288.948	196.914	254.162	32.129	48.193	-12,04	-75,53	-93,41
Stöðvarfjörður	617	59	712.149	Ekki í boði	712.149	522.232	279.766	202.902	245.886	32.129	48.193	-12,11	-76,25	-93,23
Breiðdalsvík	581	56	682.530	Ekki í boði	682.530	519.764	265.395	201.704	232.932	32.129	48.193	-12,23	-76,11	-92,94
Höfn	462	0	584.623	Ekki í boði	584.623	264.776	217.891	153.414	190.111	32.129	48.193	-12,75	-68,59	-91,76
Suðurland														
Selfoss	59	0	253.056	Ekki í boði	253.056	264.776	57.014	53.815	45.096	32.129	48.193	-20,90	-10,45	-82,18
Laugarvatn	172	69	346.026	Ekki í boði	346.026	530.460	102.124	107.295	85.757	32.129	48.193	-16,03	-55,08	-86,07
Kirkjubæjarklaustur	265	154	422.542	Ekki í boði	422.542	600.393	139.249	201.147	119.222	32.129	48.193	-14,38	-76,04	-88,59
Vestmannaeyjar	151	0	328.749	Ekki í boði	328.749	264.776	93.740	73.092	78.201	32.129	48.193	-16,58	-34,07	-85,34

*Ný verðskrá fyrir leigulínur tók gildi 1. október 1999 en nóvember fyrir ATM/FR. Í verðdæmi fyrir höfuðborgarsvæðið er gert ráð fyrir 5 km leigulínu.

„Hafinn verði undirbúningur að sölu Landssímans. Við sölu hans verði þess gætt að tryggja góða þjónustu á sem hagstæðustu verði við byggðir landsins og einnig að tryggja virka samkeppni á fjarskiptamarkaði.“

Enn fremur segir á bls. 14 í skýrslu einkavæðingarnefndar:

„Auk þeirrar almennu stefnumörkunar sem fram kemur í þessari yfirlýsingu hafa í tengslum við einstök verkefni á sviði einkavæðingar verið sett viðbótarmarkmið. Hafa þau ýmist komið fram í sérstakri lagasetningu, umfjöllun á Alþingi, í ákvörðunum ríkisstjórnar eða einstakra ráðherra. Jafnframt hafa verið sett fram almenn markmið með einkavæðingarstarfinu af hálfu framkvæmdanefndar um einkavæðingu.“

Fyrsti minni hluti vill vekja athygli á eftirtöldum liðum sem snerta landsbyggðina meira en aðra og segja kannski allt sem segja þarf um þá ætlun ríkisstjórnarinnar að selja grunnnetið með öðrum hlutum Landssímans.

Í 4. lið segir:

„Að bæta stöðu ríkissjóðs. Með sölu á hlutabréfum ríkisins er unnt að greiða niður umtalsvert af skuldum ríkissjóðs og minnka þannig vaxtabyrði í framtíðinni.“

Ef grunnnetið væri skilið frá sölunni mundi verðgildi Landssímans fyrir söluna auðvitað skerðast og minni tekjur koma í ríkissjóð til „að greiða niður umtalsvert af skuldum ríkissjóðs, og minnka þannig vaxtabyrði í framtíðinni“, eins og þar segir.

Í 2. lið segir:

„Að draga úr pólitískum áhrifum í fyrirtækjum. Reynslan sýnir að meiri faglegar kröfur eru gerðar til stjórnenda og þeir fá meira aðhald frá eigendum eftir einkavæðingu.“

Hér er e.t.v. verið að vitna til þess þegar samgönguráðherra þurfti að skipa stjórn Landssímans á aðalfundi hans árið 2000 að taka sig saman í andlitinu og drífa í verðlækkun og útbreiðslu á gagnaflutningsþjónustu á landsbyggðinni, sem sjá má m.a. í töflunni hér á undan.

Tilskipun samgönguráðherra þurfti til að knýja fram umrædda verðlækkun.

Salan á því að vera til „að draga úr pólitískum áhrifum“ á stjórn fyrirtækisins.

Í 7. lið segir:

„Að draga úr áhrifum sérhagsmunahópa. Einkavæðing dregur úr möguleikum ýmissa sérhagsmunahópa til að þrýsta á um framleiðslu eða framleiðsluhætti sem eru óhagkvæmir.“

Hér er sennilega verið að vitna til þess að t.d. alþingismenn af landsbyggðinni sem hafa mikla og víðtæka þekkingu á þörfum einstakra landshluta og byggðarlaga hafa e.t.v. beitt sér fyrir ýmsum úrbótum á þessu sviði. Einkavæðingarnefnd lítur á þessi atriði sem „sérhagsmuni“.

Þetta eru kaldar kveðjur frá einkavæðingarnefnd til landsbyggðarbúa og segir meira en mörg orð. Þetta skýrir sennilega best tillögur nefndarinnar um að selja grunnnetið með Landssímanum í stað þess að halda því eftir í eigu ríkisins og nota þá eignaraðild til að auka og byggja grunnnetið enn frekar upp á landsbyggðinni og gera landsbyggðinni kleift að taka þátt í þeirri byltingu sem fram undan er á þessu sviði, sbr. þjónustu sem höfuðborgarbúum stendur til boða í þjónustu Línu.nets.

Ónýtt burðargeta.

Væri grunnnetið sérstakt félag gætu stjórnendur þess lagt verulega áherslu á að koma ónýttri burðargetu í verð. Sem dæmi má nefna að nú kostar meira samkvæmt gildandi gjaldskrá að flytja 17 sjónvarpsrásir (grunnpakka breiðbandsins) á ljósleiðaranum en að reisa og reka jafnmarga gervihnattadiska t.d. á Blönduósi til að veita dagskránum inn á breiðbands-

kapalkerfi bæjarins, sem raunar er ekki komið í gang frekar en á flestum öðrum stærri stöðum úti á landi.

Þó er enginn vafi á að þjóðhagslega væri mun hagkvæmara að flytja allar þessar dagskrár eftir fyrirliggjandi leið sem enn er að miklu leyti vannýtt.

Þá er líklegt að stjórnendur grunnnetsins mundu leggja áherslu á að halda áfram uppbyggingu breiðbandsins út um landið þar sem nú þegar liggja verulegar ónotaðar fjárfestingar í jarðstrengjum sem ætlaðir eru fyrir breiðbandið en hafa ekki verið teknir í notkun enn.

Aukið úrval.

Aðskilnaður grunnnetsins frá Landssímanum gæti mjög líklega leitt til aukins þjónustuúrvals og lækkaðs kostnaðar fyrir notendur fjarskiptaþjónustu á landsbyggðinni án frekari afskipta eða fyrirmæla í þá átt af hálfu ríkisvaldsins.

Þá hefur einnig verið á það bent að landsbyggðin hefur í gegnum tíðina greitt gríðarlega fjármuni til Landssímans í formi hárra langlínugjalda.

Þetta er viðurkennt í skýrslu einkavæðingarnefndar þar sem segir (bls. 50): „Af ýmsum ástæðum hafa föst gjöld fyrir talsímaþjónustu ekki fylgt verðlagsþróun síðustu áratuga en það hefur verið látið viðgangast vegna mikils hagnaðar af langlínu- og útlandagjöldum.“

Þess vegna telja íbúar landsbyggðarinnar eðlilegt að þeir fá að njóta þess að hafa tekið fullan þátt og e.t.v. meiri en aðrir í að byggja kerfið upp og vilja fá að njóta þess í framtíðinni í verðskrám.

Meginmarkmið gildandi byggðaáætlunar.

Í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 sem samþykkt var á Alþingi 3. mars 1999 segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi áætlunar um byggðamál fyrir árin 1999–2001 sem hafi að markmiði að treysta búsetu á landsbyggðinni. Stefnt verði að því að fólksfjölgun þar verði ekki undir landsmeðaltali og nemi 10% til ársins 2010.“

Þetta er göfugt markmið, en því miður er ekki starfað eftir því. Heildarsala Landssímans, þ.e. með grunnnetinu, verður ekki til að auka líkur á að því verði náð. Hætta er á að landsbyggðin sitji eftir hvað varðar framþróun á sviði fjarskipta og annarra verkefna á þessu sviði, m.a. hvað varðar flutning og möguleika á sjónvarpsefni.

Byggðastofnun meti áhrif lagasetningar.

Í gildandi byggðaáætlun segir enn fremur:

„Byggðastofnun meti reglulega áhrif lagasetningar, fjárlagagerðar og einstakra stjórnvaldsaðgerða á byggðaþróunina í landinu.“

Eftir því hefur verið gengið að þetta verði gert en að áliti meiri hluta nefndarinnar var ekki tími til þess. Æskilegt hefði verið að fá álit Byggðastofnunar á því hvaða áhrif það hefði á framtíðarþróun þessara mála og hvaða þýðingu það hefði fyrir byggðaþróun í landinu á næstu árum að selja grunnnetið með Landssímanum.

Alþingi, 11. maí 2001.

Lúðvík Bergvinsson, frsm.

Kristján L. Möller.

1314. Breytingartillaga [707. mál]

við frv. til l. um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf.

Frá 1. minni hluta samgöngunefndar (LB, KLM).

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Aðskilja skal grunnnet Landssíma Íslands hf. frá annarri starfsemi fyrirtækisins og stofna um það sérstakt hlutafélag. Til grunnnets telst eftirtalinn notendabúnaður og mannvirki:

1. Allar jarðsímalagnir, niðurgrafin tengibox og götuskápar.
2. Allir sæsímastrengir, merkistaurar og tengibúnaður þeirra.
3. Alþjóðlegir sæsímastrengir, m.a. hlutur Landssíma Íslands hf. í Cantat-3 sæstrengnum og FarIce.
4. Allar jarðstöðvar (gervihnattasambönd) og stoðbyggingar þeirra.
5. Örbylgjusendar og -móttakarar og staura- og mastravirki, auk stoðbygginga.
6. Tengigrindur jarðsímalagna þar sem þær eru í símstöðvarbyggingum.
7. Ljósleiðarafjölsímar og stoðkerfi þeirra (SDH- og PDH-flutningsstýringar).

Samgönguráðherra skipar fimm menn í stjórn.

Samgönguráðherra er heimilt að ákveða að fleiri eignir Landssíma Íslands hf. skuli teljast til grunnnetsins og skal endanleg ákvörðun þar að lútandi liggja fyrir áður en ákvörðun um sölu skv. 4. mgr. er tekin.

Heimilt er að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf. eftir að grunnnetið hefur verið aðskilið frá fyrirtækinu skv. 1. mgr.

Óheimilt er að selja grunnnetið nema með heimild frá Alþingi.

Samgönguráðherra fer með eignarhlut ríkisins í hlutafélagi um grunnnetið skv. 1. mgr.

Ákvæði 1. mgr. 20. gr. laga um hlutafélög gildir ekki um hlutafélag um grunnnetið skv. 1. mgr.

1315. Nefndarálit [732. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar og l. um félagslega aðstoð.

Frá heilbrigðis- og tryggingaNefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þóri Haraldsson og Vilborgu Hauksdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Ólaf Ólafsson, Maríus Guðmundsson, Pétur Guðmundsson og Stefaníu Björnsdóttur frá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Karl Ásgrímsson frá Félagi eldri borgara í Kópavogi, Karl Steinar Guðnason frá Tryggingastofnun ríkisins og Arnþór Helgason og Garðar Sverrisson frá Öryrkjabandalagi Íslands.

Með frumvarpinu eru gerðar breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Með frumvarpinu er kveðið á um hækkun á grunnlífeyri hjóna úr 90% af lífeyri einhleypings í 100%. Sérstök heimilisuppbót samkvæmt lögum um félagslega aðstoð er felld niður en í stað hennar er innleiddur nýr bótaflokkur, svokallaður tekjutryggingarauki. Hinn nýi bótaflokkur skilar öryrkjum og öldruðum sem rétt eiga á honum hærri upphæð en sérstaka heimilisuppbótin gerði. Í fyrsta lagi nemur fullur tekjutryggingarauki hærri fjárhæð

en sérstaka heimilisuppbótin gerði og í öðru lagi lækkar skerðing vegna eigin tekna, eða helmings samanlagðra tekna ef lífeyrisþegi er í hjúskap, úr 100% í 67%. Þá njóta bæði einhleypingar og sambýlisfólk tekjutryggingaraukans, en sérstaka heimilisuppbótin náði aðeins til einhleypinga. Loks felst það í frumvarpinu að eingöngu 60% atvinnutekna teljast til tekna lífeyrisþega við útreikning á tekjutryggingu og heimilisuppbót, en nú teljast allar atvinnutekjur til tekna lífeyrisþega við útreikning þeirra.

Frumvarpinu fylgja einnig drög að tveimur reglugerðum. Fyrri reglugerðin felur í sér að frítekjumark tekjutryggingar til ellilífeyrisþega hækkar og sérstakt frítekjumark vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum er lagt niður. Síðari reglugerðin felur í sér að frítekjumarkið samkvæmt lögum um félagslega aðstoð hækkar úr 105.347 kr. í 112.000 kr. til þess að hækkun bóta samkvæmt frumvarpinu minnki ekki rétt til frekari uppbóta samkvæmt þeim lögum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að bætur til aldraðra og öryrkja hækki um 1.350 millj. kr. á ári. Breytingarnar fela í sér að þeir sem lægstar hafa bæturnar fá mest en hinir tekjuhærri minna. Þannig er áætlað að um 70% ellilífeyrisþega fái einhverja hækkun með þessum breytingum og að 4.000 einhleypir, 800–850 hjón sem bæði eru ellilífeyrisþegar og 100 hjón þar sem annað er ellilífeyrisþegi fái tekjutryggingarauka. Þá munu 60% öryrkja fá einhverja hækkun og um 2.600 örorkulífeyrisþegar fá tekjutryggingarauka.

Nefndin lítur svo á að með þessu sé stigið umtalsvert skref í þá átt að bæta kjör þeirra sem verst eru settir meðal aldraðra og öryrkja.

Nefndin leggur til að orðalag 3. gr. frumvarpsins verði lagfært. Engin efnisbreyting er fólgin í breytingunni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 7. mgr. 17. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar er orðast svo:

Ef einhleypingur hefur eingöngu tekjur frá lífeyristryggingum skal hann til viðbótar við heimilisuppbót samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eiga rétt á fullum tekjutryggingarauka sem er 14.062 kr. á mánuði. Hafi lífeyrisþegi aðrar tekjur, eins og þær eru skilgreindar í 10. gr., sbr. 11. mgr., skerða þær tekjutryggingaraukann um 67%.

Lífeyrisþegi í sambýli við einstakling 18 ára eða eldri á rétt á tekjutryggingarauka, 10.548 kr. Tekjur lífeyrisþega eins og þær eru skilgreindar í 10. gr., sbr. 11. mgr., skerða tekjutryggingaraukann um 67% og skal við útreikning tekjutryggingarauka hjá hjónum leggja til grundvallar helming sameiginlegra tekna.

Með sambýli í 9. mgr. er átt við hjúskap, óvígða sambúð og staðfesta samvist, eða þegar lífeyrisþegi nýtur fjárhagslegs hagræðis af sambýli við aðra óskylda aðila, skyldmenni eða venslafólk, eða hefur sameiginlega aðstöðu varðandi fæði eða húsnæði.

Ásta R. Jóhannesdóttir, Karl V. Matthíasson og Þuríður Backman skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Alþingi, 14. maí 2001.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Ásta Möller.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Tómas Ingi Olrich.	Magnús Stefánsson.
Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Karl V. Matthíasson, með fyrirvara.	Þuríður Backman, með fyrirvara.

1316. Nefndarálit [707. mál]

um frv. til l. um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf.

Frá 2. minni hluta samgöngunefndar.

Inngangur.

Með frumvarpi þessu er ríkisstjórninni veitt heimild til að selja allt hlutafé ríkisins í Landssíma Íslands hf. Í athugasemdum með frumvarpinu er jafnframt greint frá þeirri tilhögun sem áformað er að hafa við sölu hlutafjárins og frá ýmsum skilyrðum sem Landssímanum hf. eru sett. Samhliða þessu frumvarpi flytur ríkisstjórnin frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 107/1999 (708. mál), sem kveður á um skýrari heimild til handa Póst- og fjarskiptastofnun til að gera ríkari kröfur en lögin nú heimila til fyrirtækja með umtalsverða markaðshlutdeild. Nefndarálit þetta mun taka til beggja þessara frumvarpa.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er andvígur sölu Landssíma Íslands hf. Fjarskiptaþjónusta er ein af grunnstoðum almannaþjónustu í landinu. Þessi þjónusta má ekki lúta þeim lögmálum markaðarins að arðsemiskrafa eiganda ein sé drifkraftur reksturs og þjónustu. Sjálfsagt er að gæta allra almennra hagkvæmni- og rekstrarsjónarmiða og gera kröfur um aukna þjónustu. Landssími Íslands á áfram að vera sameign þjóðarinnar og styrk hans á að nýta til hins ýtrasta til að byggja upp gott fjarskiptakerfi sem nær til allra landsmanna án mismununar í verði eða gæðum. Fari svo sem horfir og fyrirtækið verður selt er sú hætta yfirvofandi að þessi almannaþjónusta verði ofurseld einkareknu einokunarfyrirtæki, jafnvel í meirihlutaeign útlendinga. „Þá ætla ég mörgum kotbóndunum munu þykja verða þröngt fyrir dyrum.“ Svo mælti Einar Þveræingur þá er Þórarinn Nefjólfsson bar upp það erindi Ólafs Noregskonungs að Norðlendingar gæfu honum Grímsey. „... þá var öll alþýða snúin með einu samþykki að þetta skyldi eigi fást“.

Meðferð málsins.

Annar minni hluti gagnrýnir þá meðferð sem málið hefur fengið í þinginu. Frumvarpið kom mjög seint fram eða nær sex vikum eftir að frestur var liðinn til að skila inn nýjum þingmálum og þurfti því að leita afbrigða til að það fengist tekið fyrir. Eru þetta furðuleg vinnu-

brögð í stórmáli sem snertir svo mjög alla landsmenn eins og nánar verður gerð grein fyrir í þessu nefndaráliti. Sala Landssímans var eitt af stefnumiðum ríkisstjórnarinnar á kjörtímabilinu. Hefur hún nú þegar haft tvö ár til að undirbúa söluna og því óskiljanlegt að keyra þurfi málið í gegn um þingið með þeim hætti að ómögulegt er að fjalla um það á fullnægjandi hátt.

Annar minni hluti gagnrýnir vinnubrögð og framgöngu meiri hlutans við umfjöllun þessa máls. Ekki var einu sinni nýttur sem skyldi sá takmarkaði tími sem nefndin hafði þó til umráða. Málinu var vísað til nefndar 2. maí sl., en fyrsti nefndarfundur, þar sem málið var á dagskrá, var boðaður föstudaginn 4. maí, án undirbúnings eða samráðs við minni hlutann, samkvæmt dagskrá sem hafði ekki verið borin undir nefndarmenn. Að beiðni undirritaðs var óskað eftir skriflegum umsögnum frá ýmsum aðilum um málið og að þeir fengju eins rúman tíma og kostur væri til að skila inn umsögnum. Umsagnarbeiðnir voru sendar út eftir hádegið á föstudeginum og aðeins gefinn frestur til kl. 16 næsta mánudag. Fyrir fram var því ljóst að umsóknaraðilum mundi ekki gefast tími til að fjalla á neinn heildstæðan hátt um málin.

Veigamikill þáttur þessa máls er efnahags- og viðskiptalegs eðlis og lýtur fullt eins að stjórn peningamála í landinu og tæknilegri þjónustu. Því óskaði undirritaður eftir að nefndin færi fram á að efnahags- og viðskiptanefnd þingsins veitti umsögn um þann þátt málsins. Eftir nokkurn undandrátt með svör var því hafnað af hálfu meiri hlutans og er þeirri neitun hér með mótmælt.

Annar minni hluti telur að málið sé illa unnið af hálfu ríkisstjórnarinnar og því hafi verið brýn þörf á að málið fengi vandaða umfjöllun í samgöngunefnd. Að mati 2. minni hluta hefur slík umfjöllun ekki farið fram og þess vegna er því mótmælt að málið skuli hafa verið afgreitt úr nefndinni til 2. umræðu.

Landssíminn hluti íslenskrar þjóðarsálar.

Árið 1906 komst á ritsímasamband við umheiminn frá Seyðisfirði. Allar götur síðan hefur aukin og bætt fjarskiptaþjónusta verið hluti af sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og tengt þá saman sem eina þjóð. Örugg þjónusta á þessu sviði hefur tryggt góða samkeppnisstöðu einstaklinga og fyrirtækja innan lands og þjóðarinnar allrar við útlönd. Í strjálbýlu landi sem Íslandi er öflug og góð fjarskiptaþjónusta ein af grunnstoðum almannaþjónustu og getur tryggt samkeppnishæfa búsetu, mannlíf og atvinnrekstur hvarvetna á landinu. Það var þjóðarmetnaðarmál að allir íbúar landsins tengdust gegnum símakerfið.

Áfram eru grundvöllur samkeppni og tækniframfara og þróun samskipta bundin fjarskiptum. Þau eru því ein af grunnforsendum almannaþjónustu sem er forsenda fyrir fjölbreyttu atvinnulífi, menningarstarfi og samskiptum fólks hvarvetna á landinu. Ákveðin grunnþjónusta af þessum toga verður að lúta kröfum um jafna þjónustu, en ekki lögmálum arðsemiskrafna til þess fjár sem eigendur telja sig hafa lagt í þessa starfsemi í sjálfu sér. Landssíminn er hluti af innbúi allrar þjóðarinnar, eins konar „fjölskyldusilfur“ allra heimila landsins. Sjálfsagt er að gæta eðlilegra rekstrar- og hagkvæmnisjónarmiða. Landssíminn á áfram að vera í þjóðareign. Hér skilur á milli sjónarmiða Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og annarra stjórnmálaafla í landinu.

Undirritaður minnist þess í barnæsku að þegar verið var að leggja símann um sveitirnar var sú kvöð á bændum og landeigendum að hver varð að sjá um dreifingu símastauranna þar sem línan fór í gegnum þeirra land. Var það gert á hestum þar sem dráttarvélum varð ekki við komið, staurarnir dregnir eða bornir á höndum þar sem verst var yfirferðar. Íbúar út um allt land tóku virkan þátt í uppbyggingu þessarar almannaþjónustu og töldu ekki eftir sér. Undirrituðum er einnig kunnugt um að þeim rökum var beitt í kjarasamningum við starfs-

menn Landssímans á sínum tíma að því hærri laun sem starfsmenn fengju því minna yrði til að byggja upp og þjónusta alla landsmenn.

Landssíminn hefur verið eitt af sameiningartáknum þjóðarinnar sem hver og einn landsmaður hefur verið tengdur við og fundið að hann gat gert félagslegar kröfur til. Með sölu Landssímans verður þessi hluti þjóðarsálarinnar seldur.

Verðmæti Landssímans er því ekki aðeins fólgið í tækjum og tólum, línum, húsum og þekkingu starfsfólks heldur er verðmæti hans ekki hvað síst sú staðreynd að hann hefur í nærri heila öld verið hluti af íslenskri þjóðarsál. Það er verið að selja áratuga samning við íslensk heimili.

Verði þessi sala almannaþjónustu landsmanna að veruleika mun það rista djúp sár í íslenska þjóðarsál. Og enn dýpri verða sárin og örin stærri ef það verður skilyrt að stór hluti Landssímans, jafnvel meiri hluti eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, fari í hendur erlendra aðila.

Aðdragandi sölu.

Þegar stofnað var hlutafélag um rekstur Póst- og símamálastofnunar 1996 var ítrekað að aðeins væri verið að breyta um rekstrarform, „aðlaga það nútímanum". Hlutafélag ætti meiri möguleika að bregðast skjótt við nýjum þjónustukröfum. Ekki stæði til að selja fyrirtækið. Þetta sjónarmið var áréttað þegar fyrirtækinu var skipt í Landssímann hf. og Íslandspóst hf.

Við myndun núverandi ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar var sala Landssímans hluti af stefnuyfirlýsingu hennar. Síðan þá hefur farið fram málamyndareiptog milli stjórnarflokkanna um tilhögun á sölu Landssímans.

Ríkisstjórnarflokkarnir og einkavæðingarnefnd lítur fyrst og fremst á Landssímann sem fyrirtæki í samkeppnisatvinnurekstri. Samkeppnin eigi að tryggja framboð og gæði þjónustunnar. Nú sé komin svo mikil samkeppni í þessa þjónustu að óhætt sé að sleppa henni lausri á markaðstorg mammons. Lög um fjarskipti, lög um Póst- og fjarskiptastofnun og samkeppnislög búi þá umgjörð sem eigi að tryggja að svo verði. Landssíminn hafi nú þegar starfað eftir þessum lögum um tíma og ekki sé þar nein meginbreyting á þótt hann verði seldur.

Fram kom hjá öllum þeim aðilum sem koma að fjarskiptum og mættu hjá nefndinni eða skiluðu áliti að því færi víðs fjarri að raunveruleg samkeppni væri á fjarskiptamarkaði og ætti það langt í land. Gríðarmikið misræmi væri milli fyrirtækja og íbúa landsins eftir búsetu hvað varðar aðgengi að fjarskiptum, tengimöguleika, gagnaflutning og verð á þjónustunni. Kom rækilega fram það sjónarmið að fullkomlega ótímabært væri að selja Landssímann í heilu lagi með öllum sínum deildum, þar á meðal grunnnetið, sleppa af þessari þjónustu hendinni og varpa henni á torg markaðarins og óheftra arðsemiskrafna. Allir þeir sem komu af landsbyggðinni til fundar við nefndina lýstu yfir þungum áhyggjum fyrst og fremst af stöðu mála nú og skertri samkeppnisstöðu vegna búsetu en einnig af þeirri óvissu sem skapaðist til framtíðar við sölu Landssímans. Óttuðust margir að erfitt mundi að setja auknar alþjónustukvaðir eftir á þegar fyrirtækið hefði verið selt. Að sjálfsögðu lægju verðmæti þess ekki hvað síst í yfirburðamarkaðsstöðu sem það samkvæmt arðsemiskröfu eigenda sinna mundi beita til hins ýtrasta.

Ísland er lítill markaður en þar eru miklar vegalengdir. Einungis hér á suðvesturhorninu og ef til vill á Akureyri er hægt að vænta samkeppnismöguleika þar sem örfá fyrirtæki geta fleytt rjómann af fjarskiptaþjónustu landsmanna. Langlíklegast er að innan skamms tíma verði hér fullkomlega einkavædd einokun á fjarskiptamarkaði.

Sala Landssímans í hlutum eða heilu lagi er því fullkomlega ótímabær hvort sem litið er á tæknilegar eða samkeppnislegar forsendur. Kröfur og væntingar til þjónustu hvarvetna á landinu mæla alfarið gegn því.

Önnur rök fyrir sölu Landssímans eru þau að ríkið vanti fjármagn og helst þurfi að selja a.m.k. hluta af honum úr landi. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að fá hámarksverð fyrir ríkiseignir.

Fram kom hjá öllum þeim fulltrúum fjármálastofnana sem komu til fundar við nefndina að eins og staðan væri nú væri þetta einn allra versti tíminn til að selja hlutabréf í ríkisfyrirtækjum. Jafnframt væri staðan sú að hlutabréfamarkaðurinn væri horaður og illa fram genginn nú á vordögum. Hann þyrfti „innspýtingu“ af bréfum á lágu verði sem gæti hækkað verulega á eftirmarkaði. Þar gæti Landssíminn gegnt lykilhlutverki, að vera eins konar fóður fyrir hlutabréfamarkaðinn. Hlutverk ríkisins væri þá að halda eins konar „tombólu“ á hlutabréfunum til að örva markaðinn.

Fram kom að sala Landssímans gæti torveldað sölu hlutabréfa í bönkunum ef tekin væri sú ákvörðun að selja þau samtímis.

Af efnahags- og viðskiptalegum ástæðum orkar það mjög tvímælis að selja Landssímann eins og staðan er.

Eðlilegt hefði verið að efnahags- og viðskiptanefnd hefði fjallað um þennan hluta frumvarpsins en því var hafnað af meiri hluta samgöngunefndar.

Eftirlit og viðurlög.

Samkvæmt lögum eiga Samkeppnisstofnun og Póst- og fjarskiptastofnun að fylgjast með því að ákvæði samkeppnislaga séu virt og þjónustukröfum fullnægt. Fram kom hjá meginþorra þeirra sem komu til fundar við nefndina að þarna er víða pottur brotinn, þetta eftirlitskerfi sem við nú búum við væri í stórum dráttum óvirkt nú og þeir töldu að gera yrði grundvallarbreytingar á framkvæmd þessa eftirlits. Hér þyrfti aukna lagastoð, aukið fjármagn og tæknimannafla til að ráða við aukinn þunga í verkefnum á þessu sviði. Voru sagðar daprar reynslusögur frá samskiptum við Landssímann hf. og eftirlitsstofnanirnar. Eins og staðan er nú ræður eftirlitskerfið alls ekki við verkefnin á þessu sviði. Það tjóar lítið að beita leyfissviptingum til að refsa fyrirtæki sem fer ekki að tilmælum en er alls ráðandi á markaðnum þegar um almannaþjónustu er að ræða. Nauðsyn ber til að styrkja lagagrunn til að geta beitt viðurlögum, dagsektum eða öðrum raunverulegum aðgerðum sem hrífa. Eftir að fyrirtækið hefur verið selt mun verða enn erfiðara að fylgja því eftir að fyrirtækið fari að reglum eða setja því auknar kröfur.

Undirritaður hefur kynnst framgöngu Íslandspósts hf. við lokun pósthúsa og samdrátt í póstþjónustu víða um land og tekið það upp hér á þinginu. Er þó fyrirtækið alfarið í eigu ríkisins og á ábyrgð samgönguráðherra sem og Póst- og fjarskiptastofnun sem fer með eftirlitið. Skagfirðingar mótmæltu með undirskriftum hundraða íbúa lokun pósthúsa og skertri póstþjónustu á Hofsósi og í Varmahlíð. Mótmælin fóru til samgönguráðherra og Íslandspósts hf., en var í engu svarað. Forsvarsmenn héraðsins gengu á fund samgönguráðherra og þingmanna kjördæmisins og mótmæltu uppsögnum starfsfólks, lokun pósthúsa og skertri póstþjónustu. Óskuðu þeir jafnframt eftir skoðun á því hvort skerðing á þessari þjónustu og tilhögun hennar stæðist lög. Því hefur ekki verið svarað. Á Alþingi hefur þetta mál ítrekað verið tekið upp og beðið um skoðun á því hvort lokun pósthúsanna og skerðing þjónustunnar stæðust lög og starfsleyfi fyrirtækisins. Ekkert hefur fengist að gert.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur óskað eftir afriti af samningum sem Íslandspóstur hf. hefur gert við sjálfstæða rekstraraðila um starfrækslu póstþjónustu

á landsbyggðinni. Því var hafnað. Sveitarstjórn Skagafjarðar sendi Póst- og fjarskiptastofnun bréf 14. mars 2001 með ósk um úrskurð um hvort breyting á „póstafgreiðslu í Varmahlíð og á Hofsósi samrýmist lögum og reglum sem varða póstþjónustu í landinu". Því bréfi var loks svarað 2. maí sl. Þar er greint frá væntanlegri úttekt sem gæti lokið í september.

Af kynnum undirritaðs af þessu máli getur hann vel skilið óánægju og vantrú landsbyggðarmanna sem komu á fund nefndarinnar á getu og vilja stjórnsýslunnar til að axla ábyrgð og bregðast við aðfinnslum eða kærum af festu og trúnaði.

Lokaorð.

Í sunnudagsblaði Morgunblaðsins 18. mars sl. er grein eftir Sólveigu Einarsdóttur sem býr í Ástralíu, en það land hefur oft verið nefnt sem fyrirmynd í nýfrjálshyggju og einkavæðingu almannaþjónustu:

„Kraumar í pólitískum pottum Ástralíu?"

„Sýður undir: Hér á landsbyggðinni hefur undanfarið verið heitt í kolunum. Sé minnst á stjórnmál við nokkurn mann þá sýður upp úr fyrr en varir. Hvað veldur því að fólki er svo heitt í hamsi?" Síðan telur Sólveig upp nokkur atriði sem sérstaklega valda þessari óánægju, svo sem hækkun skatta á matvælum og hækkun skatta á bensíni sem kemur sér afar illa fyrir íbúa dreifbýlisins í þessu landi mikilla vegalengda.

Um sölu símans segir hún: „Alríkisstjórnin seldi mikinn hluta landssímans (Telstra) fyrir billjónir dollara og hafði um tíma úr nógu að moða. Hins vegar brá svo við að öll þjónusta á landsbyggðinni fór hríðversnandi. Þá hafa verslanir og fyrirtæki í litlum plássum hætt starfsemi sinni og margir læknar tekið til fótanna. Bilið milli borgarbúa og dreifbýlis verður stærra og stærra."

Hljómar þetta ekki kunnuglega? Er þetta sú framtíð sem við viljum sjá? Þannig fer ef ekki er spyrnt við fótum. Stöndum vörð um grunnstoðir samfélagsins, almannaþjónustuna. Beitum afli Landssímans til að styrkja dreifikerfi fjarskipta og gagnaflutnings um allt land. Fórnum honum ekki á altari einkavæðingar ríkisstjórnarinnar.

Með vísun til framangreindrar umfjöllunar leggur 2. minni hluti til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Frumvarp um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf. var lagt mjög seint fram eða rúmum mánuði eftir að almennur frestur til framlagningar nýrra þingmála var liðinn. Um er að ræða umfangsmikið og flókið mál sem krefst ítarlegrar umræðu og yfirvegunar í æðstu stofnun þjóðarinnar, Alþingi. Samgöngunefnd hefur ekki á þeim stutta tíma sem henni var gefinn til verksins tekist að fara með fullnægjandi hætti yfir málið. Mikil hætta verður að teljast á því að hagsmunum landsbyggðarinnar verði fórnað verði af umræddri sölu Landssímans. Hvorki samkeppnislegar né tæknilegar forsendur eru til staðar til að umrædd sala geti átt sér stað. Rétt er að reka Landssímann hf. áfram sem opinbert þjónustufyrirtæki og beita styrk fyrirtækisins til áframhaldandi uppbyggingar fjarskiptakerfisins og til að tryggja öllum landsmönnum góða þjónustu án tillits til búsetu. Samkvæmt framansögðu samþykkir Alþingi að vísa þessu máli frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. maí 2001.

Jón Bjarnason.

Eftirfarandi fylgiskjölum var útbýtt með nefndarálitinu:

I. Umsögn þróunarsviðs Byggðastofnunar.
II. Umsögn Samkeppnisstofnunar.
III. Ályktun 60. fundar fulltrúaráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga um rafræn samskipti.
IV. Umsögn Bændasamtaka Íslands.
V. Umsögn Samtaka sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra.
VI. Umsögn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.
VII. Bréfaskipti sveitarfélagsins Skagafjarðar og Póst- og fjarskiptastofnunar, svo og bréf til sveitarstjórnar Skagafjarðar frá Byggðasafni Skagfirðinga.
VIII. Bréf Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til forstjóra Íslandspósts.

1317. Nefndarálit [344. mál]

um frv. til l. um útlendinga.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason og Ólaf W. Stefánsson frá dómsmálaráðuneyti, Ragnar Aðalsteinsson og Bjarneyju Friðriksdóttur frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur frá Flóttamannaráði Íslands, Jóhönnu K. Eyjólfsdóttur frá Íslandsdeild Amnesty International, Guðrúnu Pétursdóttur frá Miðstöð nýbúa, Erlend Gíslason frá Lögmannafélagi Íslands, Georg Kr. Lárusson og Jóhann Jóhannsson frá Útlendingaeftirlitinu, Magnús Norðdahl og Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands, Heiðu Gestsdóttur frá Vinnumálastofnun, Sigríði Lillý Baldursdóttur frá félagsmálaráðuneyti, Jón H. Magnússon frá Samtökum atvinnulífsins, Sigrúnu Jóhannesdóttur frá Persónuvernd, Toshiki Toma, prest innflytjenda, Guðmund Þ. Guðmundsson frá biskupsstofu, Þóri Oddsson frá ríkislögreglustjóra, Ólaf Ólafsson, Guðjón Atlason og Önu Atlason frá Mannréttindasamtökum innflytjenda og Hope Knútsson og Stanislav Bartosack frá fjölmenningarráði.

Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Útlendingaeftirlitinu, Barnaheillum, ríkissaksóknara, Jafnréttisstofu, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Lögmannafélagi Íslands, Landssambandi lögreglumanna, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Siglingastofnun Íslands, Flóttamannaráði Íslands, Toshiki Toma, presti innflytjenda, Miðstöð nýbúa, fjölmenningarráði, Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, lögreglustjóranum í Reykjavík, Mannréttindasamtökum innflytjenda á Íslandi, Persónuvernd, ríkislögreglustjóra, Sýslumannafélagi Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Amnesty International, Félagi um menningarfjölbreytni á Vestfjörðum og félagsmálaráðuneyti.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á lögum um eftirlit með útlendingum frá 1965 og er ætlað að leysa þau af hólmi. Í því er að finna reglur um réttarstöðu útlendinga hér á landi, við komu þeirra, dvöl og brottför, og einnig er sérstakur kafli um útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Jafnframt eru í frumvarpinu settar reglur sem tryggja eiga réttarvernd flóttamanna er leita hælis hér á landi og vernd þeirra gegn ofsóknum. Með frumvarpinu hefur verið tekið tillit til almennrar þróunar á löggjöf og viðhorfum til málefna útlendinga, breytinga á stjórnarskránni, skuldbindinga samkvæmt al-

þjóðasamningum og þróunar á sviði stjórnsýsluréttar og mannréttinda, auk þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru þau í fyrsta lagi að finna má sérstakan kafla með ítarlegri ákvæðum en áður um vernd gegn ofsóknum og um flóttamenn auk þess sem sett eru ákvæði um sameiginlega vernd vegna fjöldaflótta. Þá er lagt til að við tilteknar aðstæður skuli útlendingi veitt réttaraðstoð með skipun talsmanns og að hann skuli njóta túlkaþjónustu. Jafnframt er lagt til að kæruheimildir verði rýmkaðar og settar verði reglur um framkvæmd ákvarðana sem teknar eru á grundvelli laganna. Lagt er til að veita megi útlendingi búsetuleyfi sem er ótímabundið dvalarleyfi. Þá er gert ráð fyrir að lögfestar verði heimildir um rannsóknarúrræði, svo sem að heimilt verði að taka ljósmyndir og fingraför af útlendingum og færa þau í fingrafarabanka. Þá eru reglur um komu- og brottfarareftirlit samræmdar Schengen-reglum. Einnig er í frumvarpinu að finna mun ítarlegri reglur um skilyrði þess að vísa megi útlendingi frá landi og úr landi. Enn fremur eru í frumvarpinu ákvæði um miðlun upplýsinga úr landi og ábyrgð á kostnaði við brottflutning. Loks er lagt til að Útlendingaeftirlitið fái nýtt heiti, Útlendingastofnun.

Í umsögnum sem bárust nefndinni og í máli gesta nefndarinnar komu fram ýmsar athugasemdir við frumvarpið og tók nefndin þær allar til ítarlegrar skoðunar. Í ljósi ýmissa álitaefna sem vöknuðu við umfjöllun nefndarinnar tekur meiri hlutinn eftirfarandi fram:

Athugasemdir hafa verið gerðar við fjölda þeirra heimilda sem ráðherra hefur í frumvarpinu til að setja nánari reglur í reglugerð og því hefur verið haldið fram að það feli í sér valdaframsal sem stangist á við stjórnarskrá. Samkvæmt meginreglum þjóðaréttar hefur útlendingur ekki rétt til að koma til annars lands, dveljast þar eða setjast þar að. Um það gilda lög hvers ríkis og alþjóðasamningar. Stjórnvöld verða því að hafa stjórn á og eftirlit með komu útlendinga til landsins og för þeirra úr landi og er það gert í samræmi við stefnu þeirra á hverjum tíma. Með því fyrirkomulagi sem er í frumvarpinu er verið að fylgja stjórnarskrá þar sem allar efnisreglur eru í frumvarpinu sjálfu. Hvað varðar nánari útfærslu og framkvæmd laganna hefur ráðherra ekki eingöngu heimild heldur líka skyldu til að kveða skýrt á um alla framkvæmd og útfærslu þeirra efnisreglna sem lögin kveða á um. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að Norðmenn hafa m.a. farið svipaða leið og valin er hér. Þá er vert að taka fram að þrátt fyrir fjölda ákvæða sem heimila setningu reglna er gert ráð fyrir að fjallað verði um þessi ákvæði í einni reglugerð. Þá leggur meiri hlutinn áherslu á að reglugerðin sem ráðherra hyggst setja á grundvelli laganna verði ljós og öllum aðgengileg. Rétt er að gera ráð fyrir þýðingu hennar á erlend tungumál og að tryggt verði að hún liggi frammi á sem flestum stöðum, svo sem í opinberum stofnunum eins og sýslumannsembættum, auk þess sem hún verði birt á netinu.

Við umfjöllun nefndarinnar kom til umræðu sú leið sem Norðmenn hafa nýlega farið með því að stofna kærunefnd en verksvið hennar er m.a. eftirlit með framkvæmd laganna og reglum á grundvelli þeirra auk þess að úrskurða í kærumálum sem rísa vegna þeirra. Meiri hlutinn telur ekki tímabært að taka afstöðu til þess hvort slíks sé þörf hér á landi enda muni reynslan og framkvæmdin leiða það í ljós.

Sú krafa er gerð í 15. gr. frumvarpsins að umsækjandi búsetuleyfis þurfi m.a. að hafa sótt námskeið í íslensku fyrir útlendinga til að eiga rétt á slíku leyfi. Við umfjöllun nefndarinnar kom í ljós andstaða við greinina og þá einkum við það að útlendingurinn ætti sjálfur að bera kostnaðinn af námskeiðinu. Meiri hlutinn telur að kostnaður af námskeiðunum skuli greiddur af ríkinu og leggur áherslu á að dómsmálaráðherra verði tryggt fjármagn á fjárlögum í þeim tilgangi. Mikilvægt er að útlendingur sem hyggst setjast að á Íslandi aðlagist íslensku samfélagi sem fyrst og hlýtur það að vera hagsmunamál fyrir útlendinginn sjálfan sem og

þjóðfélagið í heild. Þá leggur meiri hlutinn áherslu á að tryggt verði nægilegt framboð á slíkum námskeiðum í landinu öllu og að haft verði samráð við menntamálaráðuneytið um íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Nefndin fjallaði m.a. um réttarstöðu barna yngri en 18 ára sem kynnu að koma til landsins án foreldra eða annarra forsjáraðila og þá einkum stöðu þeirra sem flóttamanna. Ekki hefur reynt á slík ákvæði hér á landi en ef svo bæri undir bendir meiri hlutinn á að réttarstaða þeirra yrði að sjálfsögðu sú sama og annarra flóttamanna og þeim tryggð sama vernd og öðrum á grundvelli frumvarpsins og alþjóðasamninga. Í slíkum tilvikum mundi auk þess reyna á skyldur barnaverndaryfirvalda samkvæmt þeim lögum sem um þau gilda.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sjúkratrygging sé skilyrði fyrir útgáfu dvalarleyfis. Samkvæmt almannatryggingalögum er ákveðinn sex mánaða biðtími þar til menn öðlast rétt samkvæmt þeim. Meiri hlutinn telur eðlilegt að þessi krafa sé gerð um sjúkratryggingu, enda hljóta það að vera hagsmunir útlendingsins sjálfs að njóta verndar til jafns við ákvæði almannatryggingalaganna. Þessa kröfu er auk þess að finna í lögum um atvinnuréttindi útlendinga en í frumvarpi til laga um atvinnuréttindi útlendinga skal atvinnurekandi sjúkratryggja erlendan starfsmann sinn. Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti bjóða íslensk tryggingafélög upp á sjúkratryggingar fyrir útlendinga en meiri hlutinn telur rétt að benda á að ekki er skilyrði samkvæmt frumvarpinu að slíkar tryggingar séu keyptar hér á landi heldur eingöngu að þær séu til staðar.

Hvað varðar rétt útlendinga sem falla undir EES-samninginn til dvalarleyfis tekur meiri hlutinn fram að eðlilegt er að þeir leiti eftir leyfinu með umsókn eins og aðrir enda er það í samræmi við viðteknar venjur í öðrum EES-löndum.

Loks telur meiri hlutinn rétt að sett verði heildstæð löggjöf um öll málefni er varða dvalar- og atvinnuréttindi útlendinga og þau látin heyra undir eitt og sama ráðuneyti. Bendir meiri hlutinn á að hagræði af slíku er augljóst fyrir útlendinga, atvinnurekendur, sveitarfélög og stofnanir.

Mælir meiri hlutinn með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Þær breytingar eru helstar þessar auk orðalagsbreytinga:

1. Til að taka af öll tvímæli leggur meiri hlutinn til að inn í frumvarpið verði bætt við tveimur greinum, er verði 3. og 4. gr., þar sem annars vegar kemur fram sú grundvallaryfirlýsing að jafnræði skuli vera með útlendingum sem dveljast löglega hér á landi og íslenskum borgurum nema annað leiði af gildandi réttarreglum og hins vegar ákvæði um tengsl laganna við þjóðréttarreglur.
2. Meiri hlutinn telur að rík mannúðarsjónarmið eða sérstök tengsl útlendings við landið eigi að geta leitt til endurnýjunar dvalarleyfis og leggur því til breytingu þess efnis við 14. gr., er verði 16. gr.
3. Lagt er til að dvalartími erlendis sem fellt getur niður búsetuleyfi skv. 15. gr., er verði 17. gr., verði lengdur úr tólf mánuðum í átján mánuði.
4. Í samræmi við það að meiri hlutinn telur að íslenskunámskeiðin vegna búsetuleyfis skuli vera útlendingum að kostnaðarlausu er lagt til að heimild ráðherra til að kveða á um gjald vegna námskeiðanna í reglugerð verði felld brott í 15. gr., er verði 17. gr.
5. Lagt er til að refsirammi þess brots sem getur orðið ástæða frávísunar við komu til landsins í 18. gr., er verði 20. gr., og brottvísunar í 20. gr., er verði 22. gr., verði hækkaður í sex mánuði.
6. Af orðalagi ákvæðis 18. gr., er verði 20. gr., um frávísun við komu til landsins má ályktа að alvarlegar geðtruflanir geti einar sér leitt til frávísunar og leggur meiri hlutinn því til

að orðalaginu verði breytt í samræmi við tilgang þess samkvæmt athugasemdum við ákvæðið.

7. Þá telur meiri hlutinn rétt að málsmeðferð vegna frávísunar eftir komu til landsins hefjist innan ákveðins tíma og leggur því til að hún verði að hefjast í síðasta lagi innan mánaðar frá komu útlendings til landsins skv. 19. gr., er verði 21. gr.
8. Hvað varðar ákvæði 29. gr., er verði 31. gr., um rannsóknarúrræði leggur meiri hlutinn til eftirfarandi breytingar: Í fyrsta lagi að ákvæði laga um meðferð opinberra mála gildi um úrræðin eftir því sem við á. Í öðru lagi að heimild til rannsóknar á erfðaefnum verði felld brott. Loks telur meiri hlutinn að fyrst beri að beita vægari úrræðum en handtöku eða gæsluvarðhaldi ef útlendingur neitar að gefa upp hver hann er eða rökstuddur grunur er um að hann gefi rangar upplýsingar.
9. Lagt er til að innritun EES-útlendings hjá viðurkenndri námsstofnun hér á landi í því skyni að öðlast menntun geti verið forsenda þess að hann öðlist dvalarleyfi, sbr. 36. gr. er verði 38. gr.
10. Þar sem dvalarleyfi er forsenda útgáfu atvinnuleyfis útlendings samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga þykir meiri hlutanum rétt að við 46. gr., er verði 48. gr., bætist ný málsgrein sem kveði á um að unnt verði að veita útlendingi bráðabirgðadvalarleyfi svo að honum verði unnt að framfleyta sér í þeim tilvikum þegar meðferð umsóknar um hæli tekur langan tíma eða annmarkar eru á að láta synjun um hæli koma til framkvæmdar og hann ber ekki sjálfur ábyrgð á því hvernig á stendur.
11. Þá telur meiri hlutinn nauðsynlegt að bætt verði við ákvæði um meðferð persónuupplýsinga, er verði 57. gr., með hliðsjón af lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
12. Loks leggur meiri hlutinn til að gildistöku laganna verði frestað til 1. janúar 2002.

Sverrir Hermannsson og Ólafur Örn Haraldsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. maí 2001.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm. Jónína Bjartmarz. Ásta Möller.

Katrín Fjeldsted. Drífa Hjartardóttir.

1318. Breytingartillögur [344. mál]

við frv. til l. um útlendinga.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (ÞKG, JBjart, ÁMöl, KF, DrH).

1. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:
   a. (3. gr.)

Réttarstaða útlendinga.

Á meðan útlendingur dvelst löglega hér á landi skal hann njóta sömu réttinda og bera sömu skyldur og íslenskir ríkisborgarar nema annað leiði af lögum.

b. (4. gr.)

Tengsl laganna við alþjóðlegar reglur.

Lögum þessum skal beita í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins.

2. Við 8. gr. Í stað orðsins „jöfn“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: jafngilda.
3. Við 9. gr. Í stað orðanna „að lögum“ í 1. mgr. komi: í lögum.
4. Við 11. gr. Við 2. mgr. bætist: svo sem fjölskyldutengsla.
5. Við 14. gr. Orðin „1. mgr.“ í 1. mgr. falli brott.
6. Við 15. gr.
   a. Í stað orðanna „tólf mánuði“ í 1. málsl. 4. mgr. komi: 18 mánuði.
   b. Lokamálsliður 5. mgr. falli brott.
7. Við 17. gr. Í stað orðanna „lögregluna á dvalarstaðnum“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: Útlendingastofnun eða sýslumann utan Reykjavíkur.
8. Við 18. gr.
   a. Í stað orðanna „þrjá mánuði“ í e-lið 1. mgr. komi: sex mánuði.
   b. G-liður orðist svo: hann samkvæmt mati læknis getur ekki ráðið persónulegum högum sínum sjálfur meðan á dvöl hér stendur eða getur með framkomu sinni valdið sér eða öðrum tjóni.
9. Við 19. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Þó verður meðferð máls að hefjast innan mánaðar frá komu hans til landsins.
10. Við 20. gr. Í stað orðanna „þrjá mánuði“ í b- og c-lið 1. mgr. komi: sex mánuði.
11. Við 24. gr. Í stað orðanna „eftir því sem unnt er“ í 2. mgr. komi: eftir fremsta megni.
12. Við 29. gr.
   a. 3. mgr. orðist svo:

      Ef rökstuddur grunur leikur á að útlendingur, í bága við fyrirmæli sem greinir í 1. mgr., haldi eftir eða leyni upplýsingum um hver hann er eða, í bága við fyrirmæli sem greinir í 55. gr., haldi eftir eða leyni upplýsingum um fyrri dvalarstað má lögregla leita á útlendingnum, á heimili hans eða herbergi eða í hirslum hans samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála.

   b. Orðin „og gera rannsókn á erfðaefni“ í 4. mgr. falli brott.
   c. 6. mgr. orðist svo:

      Ef útlendingur neitar að gefa upp hver hann er eða rökstuddur grunur er um að útlendingur gefi rangar upplýsingar um hver hann er getur lögreglan lagt fyrir hann að tilkynna sig eða halda sig á ákveðnu svæði. Ef slíkum fyrirmælum er ekki sinnt eða þau teljast augljóslega ófullnægjandi er heimilt að handtaka viðkomandi og úrskurða í gæsluvarðhald samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála. Gæsla má ekki standa lengur en í 12 vikur samanlagt nema sérstaklega standi á.

13. Við 36. gr. Á eftir orðunum „öðlast þar“ í d-lið 1. mgr. komi: menntun eða.
14. Við 44. gr. Á eftir orðunum „C–E-liði í 1. gr.“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: flóttamannasamningsins.
15. Við 45. gr.
   a. Fyrir aftan orðið „ómannúðlegri“ í síðari málslið 1. mgr. komi: eða vanvirðandi.
   b. Í stað orðanna „ef ætla má að hann sé hættulegur“ í 3. mgr. komi: ef skynsamlegar ástæður eru til að álíta hann hættulegan.
16. Við 46. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

    Útlendingastofnun getur að beiðni hælisumsækjanda veitt honum bráðabirgðadvalarleyfi þar til ákvörðun hefur verið tekin um hælisumsóknina. Hún getur einnig að beiðni

hælisbeiðanda, sem hefur fengið endanlega synjun sem ekki kemur til framkvæmda að svo stöddu, veitt honum bráðabirgðadvalarleyfi þar til synjunin kemur til framkvæmda. Ákvæði IV., V. og VII. kafla stjórnsýslulaga um andmælarétt, um birtingu ákvörðunar, rökstuðning o.fl. og um stjórnsýslukæru, og viðeigandi ákvæði V. kafla laga þessara, gilda ekki um ákvörðun um bráðabirgðadvalarleyfi.

17. Við 51. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Útlendingastofnun heimilar hópum flóttamanna komu til landsins í samræmi við ákvörðun stjórnvalda að fenginni tillögu Flóttamannaráðs Íslands.
18. Við 54. gr.
    a. Á eftir orðinu „frá“ í b-lið 1. mgr. komi: útlöndum.
    b. Í stað orðanna „tilkynntir eru á skrá eða af“ í f-lið 1. mgr. komi: eru skráðir eða teknir af skrá.
19. Á eftir 54. gr. komi ný grein, er verði 57. gr., sem orðist svo ásamt fyrirsögn:

Vinnsla persónuupplýsinga.

Útlendingastofnun er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal þeirra sem viðkvæmar geta talist, að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg vegna starfseminnar. Um meðferð Útlendingastofnunar á persónuupplýsingum fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Dómsmálaráðherra skal, að fenginni umsögn Persónuverndar, setja reglur um hvaða skrár skulu haldnar af Útlendingastofnun og lögreglu.

20. Við 58. gr.
    a. 1. mgr. hljóði svo:
    Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002.
    b. Við 3. mgr. bætist nýr töluliður, 2. tölul., svohljóðandi: Lög um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952, með síðari breytingum, breytast þannig:
        a. Í stað orðsins „útlendingaeftirlits“ í 1. mgr. 5. gr. a laganna kemur: Útlendingastofnunar.
        b. Í stað orðsins „útlendingaeftirlits“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: Útlendingastofnunar.
    c. 3. tölul. 3. mgr. falli brott.
    d. 6. tölul. 3. mgr. orðist svo: Lög um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16 14. apríl 2000, breytast þannig:
        a. B-liður 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: þegar synja á útlendingi um komu til landsins vegna endurkomubanns sem enn er í gildi á grundvelli brottvísunar:
            1. skv. a-lið 1. mgr. 20. gr. laga um útlendinga,
            2. skv. b-, c- eða d-lið 1. mgr. 20. gr. laga um útlendinga og ákvörðunin er reist á því að dvöl hlutaðeigandi í landinu geti stofnað allsherjarreglu, almannaöryggi eða öryggi ríkisins í hættu.
        b. Í stað orðsins „Útlendingaeftirlitið“ í b-lið 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: Útlendingastofnun.
        c. Í stað orðsins „Útlendingaeftirlits“ í b-lið 19. gr. laganna kemur: Útlendingastofnunar.

1319. Nefndarálit [276. mál]

um till. til þál. um heilbrigðisáætlun til ársins 2010.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Davíð Á. Gunnarsson og Ingimar Einarsson frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Þorgerði Ragnarsdóttur frá áfengis- og vímuvarnaráði, Helgu Jörgensdóttur frá Félagi íslenskra uppeldis- og meðferðarstofnana, Benedikt Davíðsson frá Landssambandi eldri borgara, Ólaf Ólafsson frá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Gunnar Sigurðsson frá Hjartavernd, Emil Thoroddsen og Einar S. Ingólfsson frá Gigtarfélagi Íslands, Ólaf Gunnarsson og Kristján Steinsson frá gigtarráði, Hauk Valdimarsson og Böðvar Örn Sigurjónsson frá Félagi íslenskra heimilislækna, Regínu Ásvaldsdóttur frá Miðgarði (fjölskylduþjónustu í Grafarvogi) og Guðjón Ólafsson og Margréti Sigmarsdóttur frá skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.

Umsagnir bárust nefndinni frá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi, Félagi eldri borgara í Reykjavík, Gigtarfélagi Íslands, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Geislavörnum ríkisins, Lyfjastofnun, Sambandi íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, héraðslækni Norðurlands, Heilsugæslustöðinni Hvolsvelli, Félagi íslenskra tannfræðinga, Röntgentæknafélagi Íslands, héraðslækninum í Reykjavík, Landspítala – Háskólasjúkrahúsi, tóbaksvarnanefnd, manneldisráði, Styrktarfélagi vangefinna, héraðslækni Suðurlands, samtökunum Lífsvog, umboðsmanni barna, Heilsugæslustöðinni á Akureyri, Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, héraðslækni Austurlands, Matvæla- og næringarfræðafélagi Íslands, Barnageðlæknafélagi Íslands, Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vesturlandi, Vinnueftirliti Reykjavíkur, Læknafélagi Íslands, áfengis- og vímuvarnaráði, Barnaheillum, tannlæknadeild Háskóla Íslands, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, landssamtökunum Heimili og skóli, Umferðarráði, Akureyrarbæ, Krabbameinsfélagi Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands, gigtarráði, landlæknisembættinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Tillaga sú sem hér er til umræðu hefur að geyma metnaðarfulla áætlun í heilbrigðismálum til ársins 2010. Þrátt fyrir mikinn metnað við gerð skýrslunnar hefur verið leitast við að gæta raunsæis í markmiðssetningum. Reynt hefur verið að gera áætlunina þannig úr garði að markmið hennar séu mælanleg svo að hægt verði að meta framgang áætlunarinnar og þann árangur sem næst. Í þessu felst meginstyrkur tillögunnar og gerir það hana jafnframt frábrugðna þeirri heilbrigðisáætlun sem samþykkt var á Alþingi veturinn 1990–1991.

Á 51. alþjóðaheilbrigðisþinginu í maí 1998 var samþykktur rammi að stefnumörkun varðandi heilbrigði allra á 21. öld. Þar er lögð rík áhersla á að réttur til heilbrigðisþjónustu sé grundvallarréttindi hvers og eins, en auk þess eru skilgreind tiltekin markmið sem ætlað er að standa til ársins 2020. Svæðisstjórnum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) og ríkisstjórnum aðildarríkjanna er síðan ætlað að útfæra stefnumörkunina, hverri á sínu starfssvæði.

Svæðisnefnd Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Evrópu hefur samþykkt heilbrigðisstefnu til ársins 2020 og er þar lögð áhersla á 21 heilbrigðismarkmið. Við gerð þeirrar heilbrigðisáætlunar sem hér liggur fyrir var ákveðið að afmarka sérstaklega sjö forgangsverkefni til ársins 2010 en að öðru leyti mynda markmið Evrópuáætlunar WHO megingrunn áætlunarinnar.

Íslenska áætlunin sem hér liggur fyrir spannar vítt svið en ákveðnum sjö sviðum er skipað í forgang. Þau eru: áfengis-, vímuefna- og tóbaksvarnir, börn og ungmenni, eldri borgarar, geðheilbrigði, hjarta- og heilavernd, krabbameinsvarnir og slysavarnir.

Nefndin tekur undir og styður framangreind forgangsverkefni áætlunarinnar sem og önnur markmið hennar. Nefndin vill þó jafnframt vekja athygli á nokkrum atriðum.

Í fyrsta lagi hefur sá áratugur sem nú er hafinn verið nefndur áratugur beina og liða samkvæmt verkefni sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin styður. Gigtarsjúkdómar eru vaxandi vandamál og kostnaður þjóðfélagsins af þeim mikill. Nefndin hvetur því til þess að baráttan gegn þessum sjúkdómum verði efld og leggur í samræmi við það til að gigtarsjúkdómar verði nefndir sérstaklega í 3. tölul. markmiðs 8 í áætluninni, þó segja megi að hugtakið stoðkerfisvandamál sem þar er nefnt taki einnig til þeirra.

Offita og aðrar átraskanir færast í vöxt og telur nefndin mikilvægt að spornað verði gegn þeim með öllum ráðum. Aukin offita barna er sérstakt áhyggjuefni. Markmið 11, sem fjallar um heilbrigðari lífshætti, lýtur að þessu og leggur nefndin áherslu á að því markmiði verði fylgt fast eftir.

Í áætluninni er kveðið á um jafnræði til heilbrigðis. Nefndin vekur athygli á rétti nýbúa í því sambandi. Mikilvægt er að gæta þess að þeir fái notið sama réttar og aðrir. Ástæður eins og vanþekking á íslensku samfélagi, ólíkar hefðir og tungumálaerfiðleikar geta leitt til þess að þeir fái minni heilbrigðisþjónustu og við því verður að bregðast.

Eins og fram hefur komið er áætlunin og markmið hennar sett þannig fram að raunhæft eigi að vera ná þeim fyrir árið 2010. Ljóst er að metnaður manna, þar á meðal nefndarinnar, nær miklu lengra, en raunsæis verður að gæta. Nefndin vill engu síður vekja athygli á forgangsverkefni 2.a í áætluninni þar sem segir að unnið skuli að því að jafna mun á heilsufari barna sem tengist þjóðfélagsstöðu foreldra um 25%. Nefndin telur að hér sé raunhæft að stefna hærra og hvetur því til þess að lögð verði áhersla á þetta forgangsverkefni svo að komast megi sem næst því að eyða þessum mun.

Ljóst er að á sumum sviðum verða auknar fjárveitingar nauðsynlegar til að markmið náist. Nefndin vekur þó athygli á því að við gerð áætlunarinnar var gerð sérstök kostnaðar- og ábatagreining og var meginniðurstaðan sú að verði markmiðum áætlunarinnar náð ætti að vera mögulegt að draga úr þjóðfélagslegum kostnaði sem nemur á bilinu 7,5–15 milljörðum króna árlega. Til lengri tíma litið ætti því að nást fram sparnaður í heilbrigðiskerfinu.

Nefndin telur að enn séu miklir möguleikar á hagræðingu í heilbrigðiskerfinu. Huga verður að skipulagsbreytingum innan kerfisins með stórauknu samstarfi og samráði fagstétta innan heilbrigðiskerfisins, menntakerfisins og félagslega kerfisins. Nefndin álítur að miklum árangri megi ná með því að tvinna þessa þætti saman þannig að þeir styðji hver annan.

Brýn þörf er á því að efla grunnheilbrigðisþjónustu og skilgreina nánar hlutverk einstakra þátta hennar. Víðast hvar í hinum vestræna heimi er heilsugæslunni ætlað að sinna allri grunnþjónustu í heilbrigðiskerfinu og er einnig svo hér á landi. Samkvæmt markmiði 15 er að því stefnt að árið 2010 eigi fólk á Íslandi betri aðgang að fjölskyldu- og samfélagsmótaðri heilsugæslu með sveigjanlega og virka sjúkrahúsþjónustu að bakhjarli. Markmiðum heilbrigðisáætlunar verður ekki náð nema tryggt sé að fólk eigi greiðan aðgang að grunnþjónustu. Grípa þarf til ýmissa aðgerða til að þetta náist. Efla þarf heilsugæsluna og auka áhuga unglækna á heimilislækningum. Virkja þarf aðrar fagstéttir innan heilbrigðiskerfisins til starfa innan heilsugæslunnar í auknum mæli og má þar sérstaklega nefna hjúkrunarfræðinga, fjölskylduráðgjafa, sálfræðinga, iðjuþjálfa, sjúkraþjálfara o.fl. Margvísleg rök mæla með því að efla heilsugæsluna sem undirstöðu heilbrigðisþjónustunnar í landinu og verða fáein dæmi nefnd því til stuðnings.

Sýnt hefur verið fram á að vel starfhæf heilsugæsla leiðir til minni ásóknar í sjúkrahúsþjónustu, sem og aðra heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa, sem aftur leiðir til lækkunar á heildarútgjöldum til heilbrigðisþjónustu.

Talið hefur verið að 80–85% íbúa hvers lands gætu fengið þörf sinni fyrir heilbrigðisþjónustu fullnægt innan heilsugæslunnar ef næg þjónusta stæði til boða. Fólk er ánægðara með heilbrigðiskerfið í heild virki heilsugæslan vel.

Þjónusta við sjúklinga á heilsugæslustöðvum er jafnan ódýrara úrræði en sambærileg þjónusta á sjúkrahúsum eða hjá sérgreinalæknum. Heilbrigðisþjónusta er að mestu greidd úr sameiginlegum sjóðum landsmanna og því stendur ekki til að breyta. Hins vegar ber okkur skylda til að gera það sem til þarf til að kostnaður þjóðfélagsins verði sem minnstur án þess að þjónustan sé skert. Efling heilsugæslunnar svo að hún fái sinnt grunnþjónustu fyrir alla landsmenn, eins og hún er skilgreind í 19. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, er að mati nefndarinnar sá þáttur sem er líklegastur til að skila þjóðfélaginu mestu í þessu sambandi um leið og það mundi styðja flest markmið heilbrigðisáætlunarinnar.

Nefndin leggur mikið upp úr því að hvers kyns forvarnastarf verði eflt enda skapa forvarnir árangur til framtíðar og því hljóta þær að gegna miklu hlutverki í heilbrigðisáætlun þar sem horft er tiltölulega langt fram í tímann. Gera þarf fólk betur meðvitað um eigin ábyrgð í þessu efni. Heilbrigði og að sama skapi óheilbrigði er oftar en ekki áunnið ástand, þótt svo sé alls ekki í öllum tilvikum, og því nauðsynlegt að brýna gildi heilbrigðra lífshátta fyrir fólki.

Hagræðing, samstarf og forvarnir eru, í samræmi við framangreint, lykilhugtök að mati nefndarinnar og forsenda þess að varanlegur árangur náist með bættri lýðheilsu í víðasta skilningi þess orðs.

Afar mikilvægt er að allir sem með einum eða öðrum hætti koma að þeim þáttum sem áætlun þessi lýtur að hafi markmið hennar ávallt í huga. Ljóst er að kynna þarf áætlunina vel og tryggja að tekið sé mið af henni við einstakar ákvarðanir sem teknar eru og jafnframt að markmið hennar fái að þróast eftir því sem fram vindur. Grundvallaratriðið er þó að áætlunin njóti stuðnings þeirra sem eiga að vinna eftir henni, þ.m.t. heilbrigðisstarfsmanna og notenda heilbrigðisþjónustunnar, og er það von nefndarinnar að svo verði.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með fáeinum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Þuríður Backman, Ásta R. Jóhannesdóttir, Karl V. Matthíasson og Lára Margrét Ragnarsdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 14. maí 2001.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.
Tómas Ingi Olrich.	Magnús Stefánsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir, með fyrirvara.
Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Þuríður Backman, með fyrirvara.	Karl V. Matthíasson, með fyrirvara.

1320. Breytingartillögur [276. mál]

við till. til þál. um heilbrigðisáætlun til ársins 2010.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. Við forgangsverkefni 1. Á eftir orðunum „5,0 lítrar“ komi: á ári.
2. Við markmið 4. 4. tölul. orðist svo: Ótímabærum þungunum meðal stúlkna 19 ára og yngri fækki um 50%.
3. Við markmið 8. Á eftir orðinu „stoðkerfisvandamála“ í 3. tölul. komi: gigtarsjúkdóma.
4. Við markmið 12. Á eftir orðinu „alkóhóli“ í 2. tölul. komi: á ári.

1321. Nefndarálit [243. mál]

um till. til þál. um könnun á áhrifum fiskmarkaða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og bárust umsagnir frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Samtökum uppboðsmarkaða, Landssambandi smábátaeigenda, Þjóðhagsstofnun, Verslunarráði, Samtökum fiskvinnslustöðva, Fiskistofu, Samtökum fiskvinnslu án útgerðar, Hafrannsóknastofnuninni, Byggðastofnun, Vélstjórafélagi Íslands og Starfsgreinasambandi Íslands.

Nefndin bendir á að á fiskmörkuðum eru nú árlega seld um 90–100 þúsund tonn af bolfiski fyrir um 10 milljarða kr. Telur nefndin að fiskmarkaðir séu mikilvægir fyrir þróun sjávarútvegs á Íslandi og því mikilvægt að gerð sé vönduð úttekt á helstu álitamálum sem fram hafa komið í umfjöllun um fiskmarkaði og mikilvægi þeirra, til að mynda brottkasti, verðmyndun sjávarafla, tekjum útgerða og sjómanna, sérhæfingu í fiskvinnslu, nýtingu áður vannýttra fisktegunda, aðgengi fiskvinnslunnar að hráefni, erlendum mörkuðum fyrir sjávarafla og sjávarafurðir, flutningi á afla innan lands og byggðaþróun.

Árni R. Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 8. maí 2001.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Jóhann Ársælsson.	Kristinn H. Gunnarsson.
Svanfríður Jónasdóttir.	Guðmundur Hallvarðsson.	Guðjón A. Kristjánsson.
Vilhjálmur Egilsson.		Hjálmar Árnason.

1322. Nefndarálit [682. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55 10. júní 1998, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Frumvarpið gerir ráð fyrir að til og með 31. desember 2002 þurfi að leita leyfis fyrir innflutningi lifandi sjávarafurða. Er það framlenging á gildandi ákvæði til bráðabirgða sem gerir ráð fyrir að til og með 30. júní 2001 þurfi slíkt leyfi.

Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 8. maí 2001.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Jóhann Ársælsson.	Kristinn H. Gunnarsson.
Svanfríður Jónasdóttir.	Guðmundur Hallvarðsson.	Guðjón A. Kristjánsson.
Vilhjálmur Egilsson.		Hjálmar Árnason.

1323. Skýrsla [739. mál]

forsætisráðherra um meðferð og framkvæmd ályktana Alþingis á 123. og 124. löggjafarþingi.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Forsætisráðherra hefur á liðnum árum lagt fyrir Alþingi skýrslur um framkvæmd og meðferð á ályktunum Alþingis. Hin fyrsta þessara skýrslna var lögð fram á 112. löggjafarþingi, þá að beiðni nokkurra þingmanna, en síðari skýrslur voru teknar saman að frumkvæði forsætisráðuneytis. Hlé hefur orðið á þessari skýrslugjöf um nokkurt skeið. Í svari forsætisráðherra við fyrirspurn frá Rannveigu Guðmundsdóttur á þskj. 140 á yfirstandandi löggjafarþingi, þar sem spurt var hvort forsætisráðherra hygðist leggja slíka skýrslu fram á yfirstandandi þingi, kom fram að svo yrði. Jafnframt kom fram í svari forsætisráðherra að skýrslugjöf til Alþingis um framkvæmd og meðferð ályktana þess yrði eftirleiðis í fastari skorðum, enda sé það í anda vandaðra stjórnsýsluhátta.

Skýrsla sú, sem nú er lögð fram nær til ályktana Alþingis á 123. og 124. löggjafarþingi, en í því svari forsætisráðherra, sem vitnað er til að framan, kom fram að eðlilegt mætti telja að árlegar skýrslur næðu til næstliðins þings, þegar þess væri að vænta að ráðuneytum eða öðrum, sem falin er meðferð og framkvæmd þingsályktananna, hefði veist nokkur tími og ráðrúm til athafna. Forsætisráðuneytið leitaði eftir því við önnur ráðuneyti með bréfi dags. 9. apríl 2001, að þau tækju saman stuttar greinargerðir um meðferð og framkvæmd þeirra þingsályktana, sem þeim hefði verið falin meðferð með, og fara svör ráðuneytanna hér á eftir.

Skýrsla þessi er lögð fram með vísun til 45. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Þingsályktun um sérstakt átak til að draga úr reykingum kvenna, frá 10. mars 1999.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að efna til sérstaks átaks til að draga úr reykingum kvenna. Verði sjónum einkum beint að stúlkum og ungum konum þannig að takast megi að koma í veg fyrir að stúlkur hefji reykingar og þær sem byrjaðar eru hætti.

Árið 1998 reyktu 28% kvenna á aldrinum 18-69 ára. Í ljósi þeirrar staðreyndar að konur reyktu meira en karlar og með vísan til samþykktar þingsályktunartillögu um sérstakt átak til að draga úr reykingum kvenna ákvað Tóbaksvarnanefnd að þema ársins 1999 yrði að draga úr reykingum kvenna. Leitað var samstarfs við fjölmörg samtök vegna átaksins og margvíslegar auglýsingar birtar í fjölmiðlum.

- Birtar voru auglýsingar um skaðsemi reykinga á meðgöngu. Veggmyndum (reykjandi fóstur) var dreift til fyrirtækja, á heilsugæslustöðvar, sjúkrahús og fleiri stofnanir.
- Gerður var samningur við þá sem sjá um Ford- og Eskimo-fyrirsætukeppnina um að reykleysi yrði skilyrði fyrir þátttöku. Sömuleiðis gerðir samningar við aðstandendur Fegurðarsamkeppni Íslands og UngfruIsland.is um sömu skilyrði.
- Sláandi auglýsingar birtar í sjónvarpi í upphafi áranna: „Hver einasta sígaretta veldur þér skaða“ og þeim fylgt eftir í dagblöðum og tímaritum. Útbúnar voru veggmyndir og þær sendar á allar tannlækna- og læknastofur á landinu.
- Samstarf við Hjartavernd um útgáfu á bæklingi, Reykingar — dauðans alvara, en í honum kemur m.a. í ljós að konum er hættara við að fá kransæðastíflu en körlum.
- Veggmyndum með fjórum þekktustu íþróttakonum landsins dreift á öll íþróttamót barna og ungmenna. Hver einasti keppandi fékk eintak.
- Samstarf við Kvennahlaupið – „Vertu frjáls, reyklaus“.
- Ráðgjöf í reykbindindi (reyklaus lína) sett á laggirnar á Húsavík.
- Öflugt tóbaksvarnastarf í grunnskólum og framhaldsskólum og sérstaklega reynt að virkja forvarnafulltrúa og skólahjúkrunarfræðinga.
- Samstarf við dagskrárgerðarmann vegna stuttmyndar um móður hans sem lést úr lungnakrabbameini.
- Þrjár auglýsingar í sjónvarpi um skaðsemi óbeinna reykinga.
- 32 síðna aukablaði (um reykingar kvenna o.fl.) dreift með Morgunblaðinu á reyklausa daginn 31. maí 1999 og 2000.
- Fjölmörg önnur samstarfsverkefni voru í gangi og margt annað.

Reykingar kvenna hafa dregist saman á síðustu árum sem hér segir:

Reykingar kvenna árið 1998 (18–69 ára): 28%
Reykingar kvenna árið 1999 (18–69 ára): 26,6%
Reykingar kvenna árið 2000 (18–69 ára): 24,4%

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001, frá 3. mars 1999.

Þingsályktun um stefnu í byggðamálum er að finna í þskj. nr. 957, frá 123. löggjafarþingi.

Sumarið 2000 fól iðnaðarráðherra Byggðastofnun að gera skýrslu um framkvæmd þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999-2001 sem samþykkt var á Alþingi þann 3. mars 1999. Var óskað eftir að fram kæmu í skýrslunni ítarlegar upplýsingar um þær aðgerðir sem einstök ráðuneyti og stofnanir hafa gripið til í því skyni að fylgja eftir byggðaáætlun Alþingis. Jafnframt var farið fram á að Byggðastofnun legði mat á hvernig til hefur tekist við að ná þeim markmiðum sem stefnt var að með samþykkt þingsályktunarinnar.

Vinna við gerð skýrslunnar er nú á lokastigi og stefnir iðnaðarráðherra að því að leggja hana fyrir Alþingi vorið 2001.

Þingsályktun um þriggja fasa rafmagn, frá 10. mars 1999.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem geri úttekt á því hve mikið vanti á raflagnir fyrir þriggja fasa rafmagn í landinu. Nefndinni verði falið að meta þörf atvinnulífsins á landsbyggðinni fyrir þriggja fasa rafmagn og jafnframt að leggja mat á kostnað við að tryggja öllum landsmönnum aðgang að því.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu barst ályktunin til framkvæmdar 18. febrúar 2000. Hinn 11. apríl 2000 skipaði iðnaðarráðherra þriggja manna nefnd í samræmi við ályktun Alþingis til að vinna að framkvæmd þingsályktunartillögunnar. Nefndin hóf störf vorið 2000 og hefur verið unnið að úttektinni í samstarfi við viðkomandi raforkufyrirtæki og helstu hagsmunaaðila.

Nefndin hefur lokið við úttekt á fyrri hluta ályktunarinnar. Hins vegar hefur nefndin á síðustu mánuðum unnið að því að meta þörf atvinnulífsins á landsbyggðinni og hefur í því skyni ritað öllum sveitarstjórnum bréf þar sem óskað er eftir upplýsingum um þörf á þriggja fasa rafmagni innan hvers sveitarfélags. Er þess að vænta að svör berist innan fárra vikna. Með þessu móti telur nefndin að auðveldara verði en áður að forgangsraða framkvæmdum við endurnýjun dreifiveitna þannig að þeir er þörf hafa fyrir þriggja fasa rafmagn njóti þar forgangs ef unnt er að koma því við.

Stefnt er að því að nefndin ljúki störfum eigi síðar en í september 2001.

Landbúnaðarráðuneyti.

Þingsályktun um íslenska hestinn, frá 10. mars 1999.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að undirbúa í samvinnu við önnur stjórnvöld að íslenskir hestar og hestamenn gegni veigamiklu hlutverki við opinberar móttökur erlendra þjóðhöfðingja og við önnur hátíðleg tækifæri.

Hinn 10. nóvember 1999 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd undir forustu Hjálmars Árnasonar alþm. til þess að vinna að framgangi framangreindrar ályktunar. Nefndin skilaði áliti 5. mars 2000. Tillögur hennar voru m.a. eftirfarandi:

- Þátttaka íslenskra hesta og hestamanna verði fastur liður við móttöku erlendra þjóðhöfðingja sem til landsins koma, annaðhvort við hina opinberu móttöku á Bessastöðum eða við Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli og hestinum með því sköpuð staða sem þjóðartákni.
- Við aðrar opinberar heimsóknir verði reiðsýning (gangtegundasýning) ásamt sýningaratriðum með þjóðlegu ívafi, og eftir atvikum útreiðarferð, fastur liður í dagskrá heimsóknarinnar, allt eftir eðli heimsóknarinnar og áhuga hins erlenda gests.
- Áhersla verði lögð á að nýta þátttöku hesta og hestamanna í opinberum móttökum til þess að efla viðskiptatengsl, jafnt í þágu hrossaræktarinnar sem annarra atvinnugreina.
- Við opinberar athafnir og reiðsýningar (gangtegundasýningar) verði áhersla lögð á fagmennsku í reiðmennsku þar sem fram koma kostir og glæsileiki íslenska hestsins og sérstaða, bæði hvað varðar gangtegundir og litafjölbreytni. Einungis verði valdir til þátttöku mjög hæfir reiðmenn sem hafa yfir að ráða úrvalssýningargripum.
- Við opinberar athafnir og reiðsýningar verði knapar valdir úr hópi karla, kvenna, barna og aldraðra. Knapar klæðist bláum jakka og hvítum buxum.
- Val á hestum og knöpum til þátttöku í opinberum móttökum og reiðsýningum ásamt þjálfun sýningarliðsins verði í höndum sýningarstjóra, „einvalds". Þriggja manna sýningarstjórn, skipuð fulltrúum frá Landssambandi hestamannafélaga, Félagi tamningamanna og landbúnaðarráðuneyti, hafi það hlutverk að velja sýningarstjóra og fylgja eftir gæðakröfum.
- Í því skyni að kynna íslenska hestinn og efla ferðaþjónustuna í landinu verði efnt til skrautreiðar á Þingvöllum þrjá daga í viku, 15. júní til 15. ágúst. Sýningin verði í því fólgin að valinn hópur 10 manna ríði skrautreið niður Almannagjá og ljúki reiðinni með gangtegundasýningu á völlunum við Öxará.

Skipuð hefur verið sýningastjórn til þess að vinna að framgangi þessara tillagna. Nefndin hefur beitt sér fyrir stofnun sýningarliðs hestamanna sem komið hefur fram við nokkur tækifæri. Unnið er að kynningu meðal ráðuneyta og stofnana ríkisins á þeim valkostum sem fyrir hendi eru varðandi þátttöku sýningarliðsins í opinberum athöfnum. Þá er í athugun að haldnar verði reiðsýningar á Þingvöllum.

Þingsályktun um markaðs- og söluátak á íslensku dilkakjöti erlendis, frá 10. mars 1999.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að leita samstarfs við samtök og fyrirtæki í atvinnulífinu um gerð markaðsáætlunar um sölu á íslensku dilkakjöti erlendis.

Hinn 6. ágúst 1999 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd undir forustu Einars Odds Kristjánssonar alþingismanns til að gera úttekt og meta markaðsmöguleika og markaðssetningu lambakjöts á mörkuðum erlendis til að fá sem hæst verð og gera tillögur til úrbóta samkvæmt því. Sérstaklega var nefndinni falið að „horfa til þeirra möguleika sem kunna að vera fólgnir í hollustu og hreinleika afurðanna til að skila bændum ásættanlegu verði". Í áliti nefndarinnar segir m.a.:

> Á síðustu árum hefur töluverð áhersla verið lögð á framþróun lífrænnar og vistvænnar framleiðslu dilkakjöts hér á landi. Hefur þróunarverkefnið „Áform" gegnt forustuhlutverki í því starfi. Hefur verið talið raunhæft að stefna að því að u.þ.b. 20%

dilkakjötsframleiðslunnar geti orðið lífrænt vottuð á næstu 10 árum. Náðst hefur að greiða um 15–25% hærra skilaverð (af erlendum mörkuðum) til bænda fyrir lífrænt vottaða framleiðslu og nokkru hærra verð fyrir vistvænt vottaða framleiðslu heldur en fyrir óvottaða framleiðslu.

Á síðari hluta þessa áratugar hefur á framangreindum forsendum verið markvisst unnið að markaðssetningu á íslensku dilkakjöti erlendis. Nú má segja að reynsla sé fyrir hendi sem unnt er að draga ályktanir af. Útflutningur á íslensku dilkakjöti hefur þróast yfir í útflutning á sérstæðri vöru sem sniðin er að óskum endanlegra kaupenda.

Nefndin lagði m.a. til að næstu sjö ár verði varið verulegum fjármunum á fjárlögum til markaðsráðgjafar, kynningarstarfs, útgáfu kynningarefnis og annarra nýsköpunarverkefna sem telja má sameiginleg til stuðnings útflutningi á dilkakjöti.

Á árunum 1995–1996 var gerð tilraun með sölu á frystu dilkakjöti á Manhattan-svæðinu í New York í um það bil 30 verslunum. Segja má að tilraunin hafi tekist vel en verðið sem fékkst fyrir kjötið var of lágt til að grundvöllur væri til að framleiða fyrir þennan markað. Síðan þá hefur það gerst í Bandaríkjunum sem og í flestum löndum í Evrópu að vitund neytenda um mikilvægi hollra og hreinna afurða hefur aukist verulega og er nú svo komið að verslunum, sem bjóða vörur á þessum forsendum, fjölgar og hefðbundnar verslanir leita í síauknum mæli eftir hollum, hreinum gæðavörum. Þetta skapar íslenskri landbúnaðarframleiðslu nýtt tækifæri til að ná fótfestu á mörkuðum í Bandaríkjunum.

Í september og október 2000 fór fram á vegum Áforms-átaksverkefnis, Goða hf. og verkefnisins Iceland Naturally kynning á lambakjöti í verslunum Fresh Fields í Maryland og Virginia í Bandaríkjunum. Verslanirnar eru almennt staðsettar í hverfum þar sem vel menntað efnafólk býr. Viðskiptavinirnir eru annars vegar fólk sem er vel upplýst um gæði matvæla og hins vegar fólk sem hefur miklar tekjur. Þá fór einnig fram hliðstæð kynning í verslunum Byerly's og Lunds í Minneapolis.

Sú reynsla, sem þegar er fengin, bendir til að hagkvæmast sé að selja kjötið sem „Season-vöru", það er að segja vöru sem er árstíðabundin á markaðinum, í þessu tilfelli bundin við sláturtíðina.

Sú reynsla, sem fékkst af sölu og kynningu á íslensku dilkakjöti í Bandaríkjunum á sl. hausti, verður lögð til grundvallar þeirri kynningu sem ráðgert er að fari fram haustið 2001. Ráðgert er að kjötkynning hefjist í byrjun september í haust í öllum verslunum Fresh Fields.

Þá er þess að geta að Sláturfélag Suðurlands og Goði hf. hafa á síðustu 2–3 árum unnið að sölu og kynningu á íslensku dilkakjöti í Danmörku með góðum árangri, m.a. með stuðningi verkefnisins Áforms.

Þingsályktun um framleiðslu íslenskra matvæla á forsendum sjálfbærrar þróunar, frá 10. mars 1999.

Alþingi ályktar að stefna beri að því að matvælaframleiðsla á Íslandi skuli vera á forsendum sjálfbærrar þróunar fyrir árið 2003. Jafnframt skuli stefnt að því að auka hlut landbúnaðarafurða sem vottaðar eru lífrænar.

Árið 1995 voru samþykkt lög um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða. Árangur af starfi verkefnisins lýsir sér fyrst og fremst í þeirri róttæku breytingu sem orðið hefur á sl. árum á viðhorfum manna til gæðastýringar í landbúnaði og skilningi og þekkingu á þeim kröfum sem gerðar eru til vara á hágæðamörkuðum og

hvernig unnt er að mæta þeim kröfum. Almennt má segja að í íslenskum landbúnaði sé stefnt að framleiðslu á forsendum sjálfbærrar þróunar. Um það vitnar meðal annars aukin gæðavitund bænda almennt, áform um gæðastýringu innan einstakra búgreina, sem m.a. nær til landnýtingar, svo og virk þátttaka bænda í verkefnum sem lúta að endurheimt landgæða, svo sem landgræðslu í samvinnu við Landgræðslu ríkisins og skógrækt.

Þá hefur verkefnið stuðlað að því að nú eru fyrir hendi forsendur til þess að hefja sókn í framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða. Af ráðstöfunarfé verkefnisins hefur verið varið um 21,5 milljónum kr. til rannsókna af ýmsu tagi. Þar eru fyrirferðarmestar rannsóknir og tilraunir sem lúta að fóðuröflun fyrir lífræna sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu. Þá skal getið rannsókna í lífrænni ylrækt, rannsókna á gæðum og efnainnihaldi íslensks dilkakjöts og grænmetis og rannsókna á íslenskum lækningajurtum. Niðurstöður þessara rannsókna skapa forsendur til nýrrar sóknar á mörgum sviðum og með þeim er lagður grunnur að vísindalegri þekkingu og reynslu til slíkra framleiðsluhátta við íslenskar aðstæður. Niðurstöður rannsókna á gæðum og efnainnihaldi dilkakjöts og grænmetis geta haft og hafa þegar haft mikla þýðingu við markaðssetningu þessara afurða. Þannig hafa niðurstöður rannsókna, sem leiða í ljós áberandi hreinleika íslensks grænmetis umfram innflutt, orðið til þess að styrkja markaðsstöðu þess á markaðinum í samkeppni við innflutt grænmeti.

Engu að síður blasir við að þróun þessara mála hefur verið mjög hæg hér á landi og eru fyrir því m.a. eftirfarandi ástæður:

- Framleiðendur hafa ekki átt kost á aðlögunarstyrkjum, líkt og framleiðendur í nágrannalöndunum njóta (sbr. þó breytingu á árinu 1999 með tilkomu búnaðarlagasamnings).
- Mengun frá landbúnaði hér á landi er hverfandi lítil og hreinleiki matvæla viðurkenndur. Bændur hafa að því leyti ekki haft augljósar ástæður til þess að breyta búskaparháttum.
- Skort hefur vísindalega þekkingu og reynslu af lífrænum búskaparháttum við íslenskar aðstæður, s.s. hvað varðar fóðuröflun, til þess að byggja á markvissa fræðslu og leiðbeiningar fyrir bændur.
- Skort hefur markaðsreynslu til þess að unnt sé með markvissum hætti að meta afkomumöguleika bænda í lífrænni framleiðslu og hvort geti borið þann viðbótarkostnað sem framleiðslunni fylgir. Áhugi verslana á því að markaðssetja lífrænar afurðir sem slíkar hefur fram undir þetta verið takmarkaður, s.s. varðandi dilkakjöt, og því ekki reynt á raunverulegan áhuga neytenda hér á landi.
- Kennsluefni í lífrænni framleiðslu hefur ekki verið fyrir hendi þar til nú.

Fyrir forgöngu landbúnaðarráðuneytisins og Áforms-átaksverkefnis hefur verið stofnuð lífræn miðstöð við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Hlutverk hennar er að stuðla að rannsóknar- og þróunarstarfi á sviði lífrænnar ræktunar, veita fræðslu um lífrænan landbúnað og kynna bændum möguleika greinarinnar hér á landi.

Af hálfu landbúnaðarráðuneytisins hefur einnig verið unnið að því að treysta þann lagagrunn og reglugerðir sem fjalla um lífræna framleiðslu og í undirbúningi eru tillögur um styrki til bænda vegna aðlögunar að lífrænni framleiðslu.

Þingsályktun um stuðning ríkisins við kræklingarækt og annan fjörubúskap, frá 10. mars 1999.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa, með lagasetningu ef þarf, kræklingaeldi og hvers konar annan fjörubúskap sem ætla má að verði á næstu árum tekinn upp á lögbýlum sem aðgang eiga að sjó og að sjá til þess að á viðeigandi rannsóknastofnunum verði sú sérfræðiþekking fyrir hendi sem að haldi má koma og þarf

til þess að leiðbeina væntanlegum ræktendum skelfisks og hafa fullnægjandi eftirlit með framleiðslu þeirra í samræmi við kröfur einstakra markaða.

Á árinu 2000 var unnið að upplýsingaöflun og lagt mat á möguleika Íslendinga í kræklingarækt og voru skrifaðar fjórar skýrslur sem var dreift til allra starfandi kræklingaræktenda og einnig settar á heimasíðu Veiðimálastofnunar (www.veidimal.is). Fyrri hluta ársins var farið til Prins Edward eyju í Kanada til að kynna sér kræklingarækt. Í framhaldi af þeirri heimsókn var fenginn til landsins sérfræðingur í kræklingarækt til að aðstoða við staðarval og leiðbeina við ræktunina.

Til kynningar á verkefninu voru haldnir á árinu opnir fræðslu- og kynningarfundir á Ísafirði, Akureyri og í Borgarnesi. Fundirnir voru á vegum Veiðimálastofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar og atvinnuþróunarfélaga víðs vegar um landið.

Þann 6. október var undirritaður samningur milli Dýralæknaháskólans á Prins Edward eyju í Kanada og Veiðimálastofnunar. Í samningnum kemur fram viljayfirlýsing um að sérfræðingar á Dýralæknaháskólanum aðstoði Íslendinga við uppbyggingu á kræklingarækt, meðal annars með því að taka á móti nemendum sem hafa hug á að taka lokaverkefni í kræklingarækt, námskeiðahaldi fyrir kræklingaræktendur o.fl.

Í lok ársins 2000 höfðu tólf aðilar hafið tilraunarækt á kræklingi víðs vegar um landið. Á árinu voru settir í sjó um 60 km af söfnurum og er áætluð framleiðslugeta alls um 300 tonn. Gera má ráð fyrir mun minni framleiðslu vegna ýmissa byrjunarörðugleika.

Á þessu ári er áætlað að vinna aðallega að þróun á ræktunartækni við kræklingarækt hér á landi, athugunum á vandamálum sem fylgja æðarfugli og vinna að heilnæmiskönnunum á ræktunarsvæðum. Gert er ráð fyrir að heimsækja alla kræklingaræktendur tvisvar á árinu og í lok ársins verður gerð samantekt um framgang kræklingaræktar. Dagana 21.–22. apríl var haldið námskeið í samstarfi við Endurmenntunardeild Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og sóttu nítján manns námskeiðið.

Menntamálaráðuneyti.

Þingsályktun um eflingu íþróttasamstarfs milli Vestur-Norðurlanda, frá 11. mars 1999.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra Íslands að setja, í samvinnu við menntamálaráðherra Færeyja og Grænlands, á fót vinnuhóp til þess að móta tillögur til eflingar samstarfi landanna þriggja í íþróttamálum.

Fram hafa farið viðræður á milli fulltrúa Grænlands, Færeyja og Íslands og skipaður sérstakur starfshópur til að vinna að tillögum um verkefni sem hefur það að markmiði að efla samstarf vestnorrænu landanna á sviði íþrótta. Undirbúningsfundir voru haldnir í Færeyjum í maí á síðasta ári og hér á landi í lok september sl. Fram kom sl. sumar beiðni frá Grænlendingum um að frestað yrði fram til ársins 2001 að halda íþróttaráðstefnu og íþróttahátíð samkvæmt samningi vestnorrænu landanna vegna annarra umfangsmikilla hátíða sem fram fóru þar í landi á árinu 2000. Samstarfshópurinn um þetta verkefni hefur lagt fram tillögur sínar um íþróttaráðstefnu og íþróttahátíð sem fram fari á Grænlandi um mánaðamótin ágúst-september á þessu ári. Lokaundirbúningur þessarar hátíðar mun fara fram á fundi íþróttasambanda vestnorrænu landanna í Færeyjum um miðjan maí 2001.

Þingsályktun um stofnun þjóðbúningaráðs, frá 10. mars 1999.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að koma á fót þjóðbúningaráði til að varðveita þekkingu á íslenskum búningum og gerð íslenskra búninga. Ráðinu verði falið að koma á fót leiðbeiningarþjónustu.

Menntamálaráðherra skipaði í þjóðbúningaráð frá 1. janúar 2001. Óskað var tilnefninga, samkvæmt greinargerð með tillögu til þingsályktunar (þskj. 221 — 203. mál, 123. löggjafarþing 1998–99), frá Kvenfélagasambandi Íslands, Þjóðdansafélagi Reykjavíkur, Heimilisiðnaðarfélagi Íslands, Þjóðminjasafni Íslands og Árbæjarsafni. Menntamálaráðherra ákvað að skipa fulltrúa Þjóðminjasafns sem formann.

Í skipunarbréfi er vísað til ofangreindrar þingsályktunar og auk þess segir þar: „Þjóðbúningaráð hefur til ráðstöfunar 1,5 m.kr. á árinu 2001 fyrir starfsemi sína og til starfrækslu leiðbeiningarþjónustu. Ákvarðanir um frekari fjárveitingar hafa ekki verið teknar, enda ráðast þær af tillögum þjóðbúningaráðs og er óskað eftir því, að þær verði kynntar ráðuneytinu eins fljótt og kostur er." Samkvæmt upplýsingum frá formanni þjóðbúningaráðs eru tillögur þess í undirbúningi og verða kynntar ráðuneytinu innan skamms.

Í þjóðbúningaráði eiga sæti:
Lilja Árnadóttir, tilnefnd af Þjóðminjasafni Íslands, formaður,
Áslaug Sverrisdóttir, tilnefnd af Árbæjarsafni,
Svanhildur Stefánsdóttir, tilnefnd af Kvenfélagasambandi Íslands,
Dóra Guðbjört Jónsdóttir, tilnefnd af Þjóðdansafélagi Íslands og
Elínbjört Jónsdóttir, tilnefnd af Heimilisiðnaðarfélagi Íslands.
Varamenn eru:
Margrét Gísladóttir, tilnefnd af Þjóðminjasafni Íslands,
Unnur Björk Lárusdóttir, tilnefnd af Árbæjarsafni,
Halla Aðalsteinsdóttir, tilnefnd af Kvenfélagasambandi Íslands,
Lilja Ingibjörg Jóhannsdóttir, tilnefnd af Þjóðdansafélagi Íslands og
Kristín Jónsdóttir Schmidhauser, tilnefnd af Heimilisiðnaðarfélagi Íslands.

Þingsályktun um eflingu internetssamvinnu milli skóla á Vestur-Norðurlöndum, frá 11. mars 1999.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra Íslands, í samvinnu við menntamálaráðherra Færeyja og Grænlands, að hvetja til og beita sér fyrir aukinni samvinnu skóla í löndunum þremur varðandi samskipti og samvinnu á internetinu.

Haustið 2000 var hafist handa við að hefja samstarf skóla á Grænlandi, í Færeyjum og á Íslandi til að vinna að verkefni sem byggist á samskiptum og miðlun upplýsinga á netinu. Í mars 2001, eftir fund vestnorrænu embættismannanefndarinnar á Íslandi, var gengið frá fjárhagsáætlun vegna verkefnisins og tengiliðir skipaðir í löndunum þremur.

Verkefnið, sem er undir stjórn Jónu Pálsdóttur í þróunardeild menntamálaráðuneytis, hefur fengið heitið „Vi i Vest-Norden". Það byggist á notkun netsins til samskipta og upplýsingamiðlunar. Annars vegar verður verkefnið sögulegs eðlis fyrir 12, 13 og 14 ára nemendur með tveimur þátttökuskólum í hverju landi, hins vegar er áætlað að skipuleggja verkefni fyrir

einn framhaldsskóla frá hverju landi. Verkefnisstjóri grunnskólahlutans er Jóhanna Karlsdóttir kennari á Akranesi. Áætlaður kostnaður árið 2001 er 2.372.000 kr. Verkefnisstjóri framhaldsskólahlutans hefur ekki verið valinn. Áætlað er að undirbúningur kennara hefjist í maí og að vinna með nemendum hefjist haustið 2001. Áætlaður kostnaður árið 2001 vegna framhaldsskólahlutans er 1.300.000 kr. Gert er ráð fyrir að nemendur sæki um ferðastyrki í norræna styrkjakerfið, Nord-Plus, og stefnt að því að þeir hittist vorið 2002 eftir vetrarvinnu á netinu.

Þingsályktun um að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra, frá 11. mars 1999.

Alþingi ályktar að menntamálaráðherra verði falið að láta gera athugun á réttarstöðu heyrnarlausra hér á landi í samanburði við réttarstöðu heyrnarlausra í nágrannalöndunum með það að markmiði að tryggja sem best stöðu íslenska táknmálsins.

Í upphafi er vakin athygli á því að í yfirliti yfir ályktanir Alþingis á 123. löggjafarþingi er missagt að þingsályktun frá 11. mars 1999 sé um að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra. Upphaflegt orðalag ályktunarinnar, þegar hún var fyrst lögð fram, var með framangreindum hætti en henni var breytt í meðförum menntamálanefndar á þann veg að menntamálaráðherra yrði falið að gera athugun á réttarstöðu heyrnarlausra hér á landi í samanburði við réttarstöðu heyrnarlausra í nágrannalöndunum, með það að markmiði að tryggja sem best stöðu íslenska táknmálsins. Í nefndaráliti menntamálanefndar, sem fylgdi tillögu hennar til framangreindrar þingsályktunar, kom meðal annars fram að gera yrði athugun á því hvort rétt væri að festa það í lög að táknmálið yrði móðurmál heyrnarlausra eða hvort hægt væri að tryggja réttarstöðu heyrnarlausra á annan hátt. Í samræmi við orðalag ályktunar Alþingis og athugasemda menntamálanefndar, sem henni fylgdu, leit menntamálaráðuneytið svo á að verkefni þess væri tvíþætt, annars vegar að taka saman yfirlit yfir réttarstöðu heyrnarlausra hér á landi eins og hún væri í dag og afla síðan upplýsinga um núverandi réttarstöðu heyrnarlausra annars staðar á Norðurlöndunum. Jafnframt yrði réttarstaða heyrnarlausra í þessum löndum borin saman og að endingu yrði bent á leiðir sem mögulegar væru til að tryggja sem best stöðu íslenska táknmálsins.

Hinn 28. mars 2000 kynnti menntamálaráðherra ríkisstjórn skýrslu sem byggðist á athugun á réttarstöðu heyrnarlausra hér á landi. Í þessari athugun er gerð grein fyrir réttarstöðu heyrnarlausra hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum, þ.e. í Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Danmörku. Jafnframt er réttarstaða heyrnarlausra í þessum löndum borin saman og bent á leiðir sem mögulegar eru til að tryggja sem best stöðu íslenska táknmálsins. Samanburður á réttarstöðu heyrnarlausra hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum leiðir í ljós að Finnar hafa nokkra sérstöðu með því að táknmáli heyrnarlausra er mörkuð sérstök réttarstaða í stjórnarskrá. Í Svíþjóð er farin sú leið að lögbinda tvítyngi heyrnarlausra en í Noregi, Danmörku og hér á landi hefur fyrst og fremst verið farin sú leið að efla menntun á sviði táknmáls auk eflingar túlkaþjónustu. Þessi athugun leiðir í ljós að á Íslandi hefur á sviði menntamála verið stigið stórt skref í þá átt að efla stöðu íslensks táknmáls heyrnarlausra innan skólakerfisins bæði í aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla. Þar er heyrnarlausum tryggður réttur til að öðlast menntun í táknmáli heyrnarlausra og tekið sérstakt tillit til sérþarfa þeirra. Með því hefur grunnur verið lagður til eflingar íslensks táknmáls.

Í framhaldi af framangreindri athugun ákvað ríkisstjórnin að tillögu menntamálaráðherra að nefnd, skipuð fulltrúum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins undir forystu menntamálaráðuneytisins, skyldi gera tillögu um lögbundinn rétt heyrnarlausra til túlkaþjónustu, afmarka sérstaklega þann kostnað sem slíkri þjónustu fylgir og hver skuli standa straum af honum. Í nefndina voru skipuð Þorgerður Benediktsdóttir deildarstjóri, tilnefnd af félagsmálaráðuneytinu, Sólveig Guðmundsdóttir yfirlögfræðingur, tilnefnd af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og Valur Árnason lögfræðingur, tilnefndur af menntamálaráðuneytinu, og er hann formaður nefndarinnar.

Vinna nefndarinnar er á lokastigi og mun hún skila menntamálaráðherra tillögum sínum fljótlega.

Samgönguráðuneyti.

Þingsályktun um langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi, frá 11. mars 1999.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að vinna langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi. Áætlunin feli í sér úttekt á kostum sem taldir eru á jarðgangagerð á landinu, kostnaðarmat og arðsemismat einstakra framkvæmda og forgangsröðun verkefna. Sérstaklega verði horft til framkvæmda sem rjúfa vetrareinangrun, koma í stað annarrar kostnaðarsamrar vegagerðar, stytta vegalengdir eða stækka atvinnusvæði. Áætlunin liggi fyrir áður en lokið verður við næstu reglulegu endurskoðun vegáætlunar.

Í samræmi við ályktun Alþingis frá 11. mars 1999 fól samgönguráðherra Vegagerðinni að vinna langtímaáætlun um gerð jarðganga. Í framhaldi af kynningu skýrslu Vegagerðarinnar um málið í ríkisstjórn fól samgönguráðherra Vegagerðinni að vinna tillögu að framkvæmdum við jarðgöng á tímabili nýrrar vegáætlunar eða 2000–2004.

Tillaga til þingsályktunar um jarðgangaáætlun 2000–2004 var samþykkt á Alþingi þann 13. maí 2000 og birt í A-deild Stjórnartíðinda 6. júlí 2000.

Þingsályktun um rannsóknir á gerð vöruhafnar í Þorlákshöfn, frá 10. mars 1999.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherrra að hlutast til um að Siglingastofnun Íslands hefji sem fyrst undirbúningsrannsóknir og hagrænar athuganir á stækkun hafnarinnar í Þorlákshöfn.

Siglingastofnun hefur unnið að rannsóknum á byggingu vöruhafnar í Þorlákshöfn í samræmi við þingsályktunartillögu frá 10. mars 1999. Fyrst var sjónum beint að höfn fyrir 10.000 tonna skip annars vegar og fyrir 20.000 tonna skip hins vegar. Kostnaðaráætlun fyrir hafnargerðina var um 600 milljónir kr. fyrir 10.000 tonna skip og um 1.900 milljónir kr. fyrir 20.000 tonna skip. Í þessum tillögum var gert ráð fyrir viðlegu við núverandi Suðurvarnargarð og ekki tekið beint tillit til staðsetningar iðjuvers. Fyrir um tveimur árum síðan kom fram ósk frá Jarðgufufélaginu um að athugað verði hvort mögulegt sé að höfnin geti tekið allt að 40.000 tonna skip. Niðurstöður frumathugunar benda til að það sé tæknilega mögulegt. Gróf kostnaðaráætlun segir að heildarkostnaður geti orðið rúmlega 4 milljarðar. Þá er ekki tekið sérstakt tillit til þess hvers konar stóriðja notar höfnina Sérkröfur, sem hafa kostnað í för með sér, myndu hækka heildarkostnaðinn. Jafnframt var unnið að arðsemisathugunum

þessara framkvæmda. Þó svo að athuganir á stóriðjuhöfn fyrir Jarðgufuverksmiðjuna hafi verið lagðar á hilluna er áfram unnið eftir þingsályktunartillögunni um gerð vöruhafnar.

Fyrir svo stórt og vandasamt verk eins og stækkun Þorlákshafnar er nauðsynlegt að vanda mjög til undirbúnings. Gerð hefur verið frumkönnun á hvort hægt sé að dýpka hafnarstæðið með dælingu og reyndust niðurstöður jákvæðar. Rannsóknir á öldufari og straumum við suðurströndina samnýtast þremur rannsóknarverkefnum, gerð vöruhafnar í Þorlákshöfn, könnun á ferjuaðstöðu við Bakkafjöru og athugunum á öryggi skipa á siglingaleið við Suðvesturland. Nýr hugbúnaður verður tekinn í notkun við rannsóknir á öldufari inn að Þorlákshöfn og við rannsóknir á straumum verður stuðst við reiknilíkan Siglingastofnunar um sjávarföll og sjávarflóð.

Stærsti kostnaðarliðurinn eru framkvæmdir við varnargarða. Ölduáraunin er það mikil að þróa hefur þurft frekar hönnun brimvarnagarða af bermugerð. Af tæplega 60 bermugörðum sem byggðir hafa verið í heiminum hefur um helmingurinn verið byggður hér á landi. Nauðsynleg forsenda fyrir frekari vinnu við verkefnið er að nægjanlegt magn sé til staðar af 20 til 30 tonna stórgrýti nærri hafnarstæðinu. Fyrstu niðurstöður rannsókna benda til að svo sé. Fullyrða má að bygging bermugarða í tengslum við stækkun í Þorlákshöfn sé hagkvæmasti kosturinn til að mynda skjól. Í framhaldi af þessum rannsóknum er stefnt að því að byggja líkan af hafnarsvæðinu í Þorlákshöfn og kanna ýmsa kosti við stækkun fiskihafnarinnar og gerð vöruhafnar.

Þingsályktun um hafnaáætlun 1999–2002, frá 16. febrúar 1999.

Skýrsla samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1999 var lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000 og vísast til hennar (þskj. 1385).

Þingsályktun um vinnuumhverfi sjómanna, frá 11. mars 1999.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stuðla að því að vinnuumhverfi sjómanna sé bætt. Meðal annars þarf að huga að mengunarvörnum um borð í skipum, eftirliti með meðferð matvæla og meðferð hættulegra efna, auk þess sem gefa þarf gaum að vinnuvernd um borð í fiskiskipum og kaupskipum á þann hátt að um vinnuumhverfi sjómanna gildi vinnu-, hollustu- og mengunarvarnareglur sambærilegar við þær sem gilda hjá öðrum starfsstéttum.

Með bréfi forsætisráðuneytis, dags. 6. desember 2000, var samgönguráðuneytinu falin framkvæmd þingsályktunar um vinnuumhverfi sjómanna en Alþingi sendi hana forsætisráðuneyti 23. mars 2000. Með bréfi til Alþingis 18. desember 1999 tilkynnti ráðuneytið að það hefði þegar hafið undirbúning að framkvæmd ályktunarinnar með væntanlegri langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda.

Langtímaáætlunin hefur nú verið lögð fram og er til umfjöllunar í samgöngunefnd Alþingis. Í framhaldi af samþykkt hennar verður m.a. unnið að þeim málefnum sem þingsályktun um vinnuumhverfi sjómanna tekur til.

Þingsályktun um vegtolla, frá 10. mars 1999.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er kanni hvort unnt sé og skynsamlegt að beita vegtollum til þess að draga úr þörf fyrir gerð samgöngumannvirkja,

stuðla að minni mengun og afla fjár til vegagerðar. Miðað verði við að heildarskatt-heimta af bifreiðum og umferð aukist ekki.

Með bréfi forsætisráðuneytis, dags. 1. desember 2000, var samgönguráðuneytinu falin meðferð og framkvæmd þingsályktunartillögu um vegtolla sem samþykkt var þann 10. mars 1999. Ekki hefur verið gengið frá skipun nefndar til að fjalla um málið en það verður gert innan tíðar.

Sjávarútvegsráðuneyti.

Þingsályktun um hvalveiðar, frá 10. mars 1999.

Alþingi ályktar að hefja skuli hið fyrsta hvalveiðar hér við land og tekur fram að ályktun þess frá 2. febrúar 1983 stendur ekki í vegi fyrir því. Veiðarnar fari fram á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar Hafrannsóknastofnunarinnar og undir eftirliti stjórnvalda.

Alþingi leggur áherslu á óskoraðan fullveldisrétt Íslands við nýtingu hvalastofna á íslensku hafsvæði í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda.

Alþingi felur ríkisstjórninni að undirbúa hvalveiðar, meðal annars með því að kynna málstað og sjónarmið Íslendinga meðal viðskiptaþjóða okkar. Undirbúningur miði að því að veiðar geti hafist sem fyrst. Kostnaður við kynninguna verði greiddur úr ríkis-sjóði. Öllu kynningarstarfi verði flýtt svo sem auðið er.

Í samræmi við þingsályktunartillöguna hefur frá upphafi verið lögð sérstök áhersla á að kynna stefnu Íslands í hvalamálum á fundum sjávarútvegsráðherra með fulltrúum annarra þjóða, fulltrúum frjálsra félagasamtaka og blaðamönnum. Hefur sjávarútvegsráðherra m.a. kynnt hana á fundum með sjávarútvegsráðherrum Kína, Bretlands, Írlands, Spánar, Frakklands og sjávarútvegsráðherrum Norðurlanda. Sjávarútvegsráðherra átti fund með framkvæmdastjóra fiskveiðimála hjá Evrópusambandinu og kynnti þá fyrir honum stefnu Íslands í hvalamálum. Þá hefur sjávarútvegsráðherra átt fundi með sendiherrum fjölmargra ríkja. Meðal þeirra eru Bandaríkin, Kanada, Japan, Þýskaland og Kína. Sérstakir fundir hafa verið haldnir með embættismönnum frá Japan. Meðal frjálsra félagasamtaka, sem rætt hefur verið við um hvalamál, má nefna Marine Stewardship Council. Fréttamenn frá m.a. frönskum, breskum, bandarískum, þýskum, kanadískum, spænskum og norrænum fjölmiðlum hafa átt viðtöl við sjávarútvegsráðherra sem hefur gert þeim grein fyrir stefnu Íslands í hvalamálum.

Sjávarútvegsráðherra hefur falið Stefáni Ásmundssyni, þjóðréttarfræðingi ráðuneytisins, að hafa kynningu og annan undirbúning að hvalveiðum Íslands sem aðalverkefni sitt á þessu og næsta ári. Jafnframt hefur áhersla verið lögð á að fulltrúar sjávarútvegsráðuneytisins sæki fundi alþjóðastofnana er varða hvalamál og kynni þar stefnu Íslands í hvalamálum fyrir fulltrúum annarra ríkja. Í þessu sambandi má nefna fundi aðildarríkjaþings samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES), fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins (IWC) og Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins (NAMMCO).

Kynning með ofangreindum hætti mun halda áfram. Sérstök kynning á hvalamálum í Bandaríkjunum stendur yfir. Jafnframt er verið að undirbúa mögulega inngöngu Íslands í Hvalveiðiráðið að nýju. Þá hefur Hafrannsóknastofnuninni verið falið að undirbúa þá vís-

indalegu ráðgjöf sem veiðarnar munu byggjast á. Í stuttu máli þá er unnið að málinu á grundvelli þingsályktunartillögunnar með það að markmiði að hefja hvalveiðar að nýju.

Í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir að varið verði alls 25 milljónum króna til kynningar á stefnu Íslands í hvalamálum.

Umhverfisráðuneyti.

Þingsályktun um Vatnajökulsþjóðgarð, frá 10. mars 1999.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta kanna, í samvinnu við skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa, möguleika á að stofna Vatnajökulsþjóðgarð.

Umhverfisráðherra kynni Alþingi stöðu málsins á vorþingi árið 2000 með það í huga að unnt verði að stofna Vatnajökulsþjóðgarð á aldamótaárinu.

Haustið 1999 skipaði ráðherra starfshóp til að kanna möguleika á að stofna Vatnajökulsþjóðgarð. Það var niðurstaða starfshópsins að hægt væri að taka ákvörðun um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs á aldamótaárinu ef mörk þjóðgarðsins ráðast af jaðri jökulsins og mörkum þjóðgarðsins í Skaftafelli. Starfshópurinn benti jafnframt á að mörg mál þurfi að leysa áður en til formlegrar stofnunar þjóðgarðs geti komið, þar á meðal eignarhald á svæðinu. Vorið 2000 kynnti ráðherra fyrir Alþingi, sbr. þingskjal 1300, niðurstöður starfshópsins.

Síðastliðið sumar óskaði ráðuneytið eftir því við óbyggðanefnd að hún tæki svæðið umhverfis Vatnajökul til meðferðar og varð nefndin við þeirri ósk og hefur fjármálaráðuneytinu verið tilkynnt um ákvörðun nefndarinnar. Fjármálaráðuneytið hefur nú lýst kröfum sínum á land í Sveitarfélaginu Hornafirði en beðið er eftir því að fjármálaráðuneytið lýsi kröfum sínum í Rangárvallarsýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Það mun þó vera nokkur tími þar til óbyggðanefnd úrskurðar um þjóðlendumörk.

Þann 26. september sl. samþykkti svo ríkisstjórn Íslands að stofnaður yrði Vatnajökulsþjóðgarður sem nær til Vatnajökuls og þjóðgarðsins í Skaftafelli. Samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, verður það Náttúruvernd ríkisins sem mun vinna að friðlýsingartillögum fyrir væntanlegan þjóðgarð. Stefnt verður að því að þjóðgarðurinn verði formlega stofnaður árið 2002, á alþjóðlegu ári fjalla.

Þingsályktun um rannsóknir á vetrarafföllum rjúpu, frá 8. mars 1999.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta gera ítarlegar rannsóknir á vetrarafföllum rjúpu með það að markmiði að stuðla að skynsamlegri nýtingu rjúpnastofnsins. Tilgangur rannsóknanna verði að kanna umfang og áhrif skotveiða á stofninn, viðkomu hans eftir svæðum, samhengi veiða og náttúrulegra affalla og að gera samanburð á rjúpnastofninum undir mismiklu veiðiálagi.

Náttúrufræðistofnun Íslands vinnur nú að rannsóknum á vetrarafföllum rjúpu og er um þriggja ára verkefni að ræða. Haustið 1999 ákvað umhverfisráðherra í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands að friða rjúpu fyrir skotveiði á stóru svæði á Suðvesturlandi til þriggja ára. Þetta var gert til að unnt yrði að kanna áhrif skotveiða á rjúpnastofninn á svæðinu en rannsóknir bentu til þess að stofninn væri ofveiddur. Áfangaskýrslu fyrir þennan hluta rannsóknanna var skilað til umhverfisráðherra vorið 2000.

Nú fara fram rannsóknir á vetrarafföllum rjúpna í Eyjafirði og er ætlunin að bera saman vetrarafföll á friðuðu svæði og vetrarafföll á svæði þar sem skotveiði er leyfð. Síðastliðið haust var rjúpnaveiði bönnuð á austurströnd Eyjafjarðar en veiði leyfð á vesturströndinni. Á næsta hausti verður vesturströnd Eyjafjarðar friðuð en friðun aflétt á austurströndinni. Þegar þessum rannsóknum er lokið mun Náttúrufræðistofnun Íslands skila lokaskýrslu um vetrarafföll rjúpna til umhverfisráðherra og verður skýrslan lögð fram á Alþingi til kynningar.

Á næstunni munu ráðuneytið og Náttúrufræðistofnun Íslands hefja viðræður um framhald rannsókna á vetrarafföllum rjúpna.

Þingsályktun um kortlagningu ósnortinna víðerna á Íslandi, frá 10. mars 1999.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta kortleggja ósnortin víðerni á Íslandi. Gerð verði áætlun um verkefnið, umfang þess og kostnað, og nauðsynleg framlög mörkuð í fjárlögum.

Náttúruvernd ríkisins var falið að vinna áætlun um kortlagninguna og hefur stofnunin haft samband við Landmælingar Íslands um að Landmælingar geri kort þar sem stuðst verður við vinnuaðferð Norðmanna, þ.e. að kortleggja ósnortin víðerni með tilliti til fjarlægðar frá mannvirkjum. Auk þess er fyrirhugað að meta m.a. upplýsingar um hæðarskiptingu, ár, vötn og jökla, helstu örnefni, vegi og slóða, sæluhús, neyðarskýli og vita, virkjanir, gróðurfar, búsvæði og jarðfræði við kortlagninguna.

Samkvæmt náttúruverndarlögum, nr. 44/1999, skal Náttúruvernd ríkisins í samvinnu við aðrar stofnanir vinna að nátttúruverndaráætlun sem umhverfisráðherra mun leggja fram á haustþingi 2002. Í náttúruverndaráætluninni á meðal annars að taka tillit til ósnortinna víðerna. Það var því ákveðið að kortlagning ósnortinna víðerna yrði unnin samhliða vinnu við náttúruverndaráætlunina og verður þá kortlagningunni lokið árið 2002.

Utanríkisráðuneyti.

Þingsályktun um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1999, frá 19. desember 1998.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtalda samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1999 sem gerðir voru í Reykjavík 7. október 1998:

1. *Sameiginlega bókun um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 1999.*
2. *Bókun um sérstakar verndunarráðstafanir með tilliti til stjórnunar veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1999.*
3. *Samning milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1999.*
4. *Samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 1999.*
5. *Samkomulag milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 1999.*

Framangreindum samningum, sem giltu aðeins fyrir árið 1999, var beitt til bráðabirgða frá 1. janúar 1999. Þeir voru staðfestir af Íslands hálfu 31. desember 1998 en voru ekki staðfestir af hálfu annarra samningsaðila og öðluðust því ekki formlega gildi.

Þingsályktun um fullgildingu samnings milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um Norræna fjárfestingarbankann, frá 19. desember 1998.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um Norræna fjárfestingarbankann sem gerður var í Ósló 23. október 1998.

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 22. janúar 1999 og öðlaðist gildi 18. júlí 1999.

Þingsályktun um fullgildingu samnings um bann við notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutningi jarðsprengna gegn liðsafla og um eyðingu þeirra, frá 10. mars 1999.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um bann við notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutningi jarðsprengna gegn liðsafla og um eyðingu þeirra sem samþykktur var í Ósló 18. september 1997.

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 5. maí 1999 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. nóvember 1999.

Þingsályktun um staðfestingu samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen, frá 10. mars 1999.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtalda samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen sem gerðir voru í Reykjavík 18. júní 1998:

1. *Samning milli Íslands, Grænlands/Danmerkur og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen.*
2. *Samning um gagnkvæmar veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands og Grænlands.*
3. *Tvíhliða samkomulag milli Íslands og Noregs.*

Samningnum var beitt til bráðabirgða frá 20. júní 1998. Hann var staðfestur af Íslands hálfu 14. ágúst 1999 og öðlaðist gildi 10. desember 1999.

124. löggjafarþing:

Þingsályktun um staðfestingu samnings milli Íslands, Noregs og Rússlands um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókunum Íslands og Noregs annars vegar og Íslands og Rússlands hins vegar, frá 16. júní 1999.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta samning milli ríkisstjórnar Íslands, ríkisstjórnar Noregs og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt bókunum ríkisstjórnar Íslands og ríkis-

stjórnar Noregs annars vegar og ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins hins vegar samkvæmt samningnum sem undirritaður var í St. Pétursborg 15. maí 1999.

Samningurinn og bókanirnar voru staðfestar af Íslands hálfu 16. júní 1999 og öðluðust gildi 15. júlí 1999.

1324. Breytingartillögur [732. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar og l. um félagslega aðstoð og brtt. í nál. á þskj. 1315.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur, Þuríði Backman og Karli V. Matthíassyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „tekjutryggingu“ í b-lið komi: grunnlífeyri, tekjutryggingu og tekjutryggingarauka.
2. Við brtt. í nál. Í stað hlutfallstölunnar „67%“ í 1. og 2. efnismgr. komi: 45%.

1325. Breytingartillaga [633. mál]

við brtt. á þskj. 1261 [Leigubifreiðar].

Frá Árna Johnsen.

Við 3. tölul. Töluliðurinn orðist svo: Við 5. gr. Orðin „með meirihlutaeign“ í 2. tölul. 1. mgr. falli brott.

1326. Nefndarálit [327. mál]

um till. til þál. um hafnaáætlun 2001–2004.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hermann Guðjónsson, Kristján Helgason og Gísla Viggósson frá Siglingastofnun Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir frá hafnarstjórn Raufarhafnarhrepps, Sandgerðisbæ, Landhelgisgæslu Íslands, Vestmannaeyjahöfn, Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Samtökum sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra, Vélstjórafélagi Íslands, hafnarstjórn Skagafjarðar, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Olíufélaginu hf., Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sandgerðishöfn, bæjarskrifstofu Hornafjarðar, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Olíudreifingu ehf., Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar, Vegagerðinni, Hafnarfjarðarhöfn, Siglingastofnun Ísland, Veðurstofu Íslands, Almannavörnum ríkisins og Hafnasambandi sveitarfélaga.

Samkvæmt 24. gr. hafnalaga, nr. 23/1994, með síðari breytingum, skal Siglingastofnun Íslands gera sérstaka fjögurra ára áætlun um hafnarframkvæmdir á tveggja ára fresti. Við áætlunargerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat á þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og á landinu í heild og ber Siglingastofnun við áætlunargerðina að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórn, Hafnasamband sveitarfélaga og hafnaráð. Áætlunin skal síðan lögð fyrir Alþingi til samþykktar í formi þingsályktunartillögu.

Samkvæmt þingsályktunartillögunni er kostnaður við ríkisstyrkta hafnargerð áætlaður 6.652 millj. kr. á árunum 2001–2004. Hlutur sveitarfélaganna í þessum framkvæmdum er 2.169 millj. kr. en hlutur ríkissjóðs 4.483 millj. kr., en um 800 millj. kr. af þeirri upphæð er í raun aflað með hinu sérstaka vörugjaldi sem er álag á vörugjöld í höfnum.

Samkvæmt tillögunni koma til framkvæmda á árinu 2001 þau verk sem voru á hafnaáætlun árið 2000 en var frestað um eitt ár vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar til að draga úr þenslu. Af þeirri ástæðu eru framkvæmdir mestar árið 2001.

Við gerð þessarar hafnaáætlunar hefur verið fylgt sömu meginreglu við ákvörðun á greiðsluþátttöku ríkissjóðs og í fyrri áætlun. Ríkissjóður greiðir þannig 75% í hafnargörðum, dýpkunum og siglingarmerkjum. Ríkið greiðir enn fremur 60% í bryggjum og öðrum innri mannvirkjum hafna sem styrkhæf eru samkvæmt hafnalögum.

Nefndin vekur athygli á að nú er í gangi vinna við gerð samræmdrar samgönguáætlunar sem nær til hafna, flugvalla og vega og er fyrirhugað að leggja hana fyrir þingið haustið 2002. Jafnframt fer nú fram vinna við endurskoðun hafnalaga og mun hvort tveggja hafa áhrif á hafnaáætlanir í framtíðinni.

Nefndin vill geta þess að nú er unnið að gerð samnings við hafnarsjóð Seyðisfjarðar og Smyril Line um þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við nýja ferjuaðstöðu og önnur atriði vegna nýrrar ferjuhafnar.

Nefndin mælir með **samþykkt** tillögunnar með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Breytingarnar gera ráð fyrir nokkurri hækkun á framlagi ríkisins til hafnarframkvæmda. Stafar sú hækkun að mestu af því að tekin er inn í áætlunina fyrirhuguð stóriðjuhöfn á Reyðarfirði en einnig bætist við nýtt verkefni í Vestmannaeyjum. Að öðru leyti lúta breytingarnar fyrst og fremst að tilfærslum verkefna innan sveitarfélaga. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að undir liðinn Ísafjarðarbær verði bætt nýju verkefni á Flateyri, uppsátri fyrir smábáta, dregið verði úr framkvæmdum á Ísafirði á móti og þær færðar til. Fjárveitingar standa óbreyttar.
2. Lagt er til að verkefni sem áætluð eru í Súðavík verði færð til þannig að heimilt verði að byrja á skjólgarði á undan viðlegubryggju, en gert er ráð fyrir að viðlegubryggjan verði byggð á undan samkvæmt tillögunni. Fjárveitingar eru óbreyttar.
3. Lagt er til að við liðinn Hafnasamlag Norðurlands verði bætt undirbúningsframkvæmdum fyrir stálþil við Strýtu. Kostnaður er áætlaður 8,1 millj. kr. á árinu 2003. Á móti lækkar fjárveiting til verkefnisins „Tangabryggja lengd, Sverrisbryggja rifin“. Fjárveitingar standa óbreyttar.
4. Lagt er til að þau fjögur verkefni sem gert er ráð fyrir að ráðist verði í á Vopnafirði samkvæmt tillögunni verði felld út en í stað þess verði farið í dýpkun siglingaleiðar innan hólma. Fjárveitingar standa óbreyttar og skipting milli ára er sú sama.
5. Lagt er til að undir liðnum Fjarðabyggð bætist við nýtt verkefni sem beri fyrirsögnina „Hraun Reyðarfirði – Höfn fyrir stóriðju“. Þessi breyting mun leiða til hækkunar á ríkishluta til nýframkvæmda í fyrsta kafla áætlunarinnar, undir liðnum Fjarðabyggð, árið

2002 um 60,5 millj. kr., 337,6 millj. kr. árið 2003 og 68,4 millj. kr. árið 2004 eða alls 466,5 millj. kr.

6. Lagt er til nýtt verkefni undir liðnum Vestmannaeyjar sem beri fyrirsögnina „Þurrkví". Um er að ræða þurrkví við hlið skipalyftunnar á Eiðinu. Heildarkostnaður er áætlaður 360 millj. kr. og er hlutur ríkisins 60% eða 216 millj. kr. Gert er ráð fyrir að þessi upphæð verði greidd með fjórum jöfnum afborgunum á árunum 2002–2005. Til greiðslu úr ríkissjóði á áætlunartímabilinu koma því um 162 millj. kr.
7. Leiðrétt er innsláttarvilla í liðnum Þorlákshöfn. Styrkhæfni verkefnisins „Dýpkun í innsiglingu og höfn, viðhaldsdýpkun" á að vera 75% í stað 60% eins og greinir í tillögunni og er það lagfært. Breytingin leiðir af sér hækkun á ríkishluta um 1,6 millj. kr.
8. Lagt er til að undir liðnum Sandgerði komi nýtt verkefni, „Suðurgarður, styrking". Á móti eru aðrar framkvæmdir færðar aftar og lækkaðar sem þessu nemur. Fjárveitingar standa óbreyttar.

Alþingi, 11. maí 2001.

Árni Johnsen, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Guðmundur Hallvarðsson.
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, með fyrirvara.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Kristján L. Möller.	Jón Bjarnason, með fyrirvara.	Lúðvík Bergvinsson.

1327. Nefndarálit [737. mál]

um frv. til l. um kjaramál fiskimanna og fleira.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Grétar Mar Jónsson, Guðjón Ármann Einarsson og Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Helga Laxdal og Guðmund Ragnarsson frá Vélstjórafélagi Íslands, Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur frá félagsmálaráðuneyti. Þá átti nefndin símafund með Pétri Sigurðssyni hjá Alþýðusambandi Vestfjarða.

Með frumvarpinu er lagt til að bann verði lagt við verkfalli aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, auk verkbanna aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna gagnvart aðildarfélögum Alþýðusambands Vestfjarða, er hófst 16. mars sl. Verkfallinu var frestað með lögum 19. mars sl. til 1. apríl sl. Sama gilti um verkbann það er félög og samtök útvegsmanna settu á fiskimenn frá og með 16. mars sl. Vinnustöðvun hófst þá aftur og hafði staðið óslitið í á sjöttu viku þegar vélstjórar og útgerðarmenn undirrituðu kjarasamning 9. maí sl.

Samningar hafa verið lausir frá 15. febrúar 2000 þegar lög nr. 10/1998, um kjaramál fiskimanna, féllu úr gildi. Á þeim tíma sem síðan er liðinn hafa samningsaðilar ekki náð árangri í samningaumleitunum, að frátöldum áðurnefndum samningi vélstjóra og útvegsmanna.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að samningsaðilum verði gefinn frestur til 1. júní nk. til að ljúka samningum. Hafi samningar ekki tekist fyrir þann tíma er lagt til að gerðardómi þriggja manna, sem tilnefndir verði af Hæstarétti, verði falið að taka ákvarðanir varðandi kjaramál félaga í áðurnefndum félögum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að gerðardómurinn hafi við ákvarðanir sínar hliðsjón af samningi um breytingar á kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins vegna aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna og Vélstjórafélags Íslands frá 9. maí sl. og öðrum kjarasamningum sem gerðir hafa verið á almennum vinnumarkaði á undanförnum mánuðum eftir því sem við á.

Enn fremur gerir frumvarpið ráð fyrir að breytingar verði gerðar á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, og lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, auk þess sem lög nr. 11/1998, um Kvótaþing, falli úr gildi. Framangreind lög voru sett samhliða lögum nr. 10/1998 sem bönnuðu vinnustöðvun sjómanna og útvegsmanna frá 27. mars 1998 jafnframt því að kveða á um kjaramál fiskimanna. Ákvæðin miðuðu að því að skapa umgjörð um kjaramál fiskimanna og voru sniðin að aðstæðum á þeim tíma.

Við umfjöllun nefndarinnar um málið kom fram að sú tilhögun að gerðardómurinn skuli taka mið af samningi um breytingar á kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins vegna aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna og Vélstjórafélags Íslands hafi mætt mikilli andstöðu. Þannig hafi fulltrúar Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands lýst sig algerlega andvíga þeirri tilhögun. Leggur því meiri hlutinn til þá breytingu að gerðardómurinn skuli í störfum sínum hafa til hliðsjónar kjarasamninga sem gerðir hafa verið á undanförnum mánuðum að því leyti sem við á og almenna þróun kjaramála, að teknu tilliti til sérstöðu aðila sem nefndir eru í 1. gr. Þá leggur meiri hlutinn til að við ákvarðanir um gildistíma geti gerðardómurinn haft til hliðsjónar gildistíma annarra skyldra kjarasamninga.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Gerðardómurinn skal við ákvörðun sína samkvæmt lögum þessum hafa til hliðsjónar kjarasamninga sem gerðir hafa verið á undanförnum mánuðum að því leyti sem við á og almenna þróun kjaramála, auk þess að taka mið af sérstöðu þeirra aðila sem nefndir eru í 1. gr.

Ákvarðanir gerðardómsins skv. 1. mgr. skulu vera bindandi frá gildistöku laga þessara og skal gerðardómurinn hafa lokið störfum fyrir 1. júlí 2001. Hann skal ákveða gildistíma ákvarðana sinna og getur í því sambandi haft hliðsjón af gildistíma annarra skyldra kjarasamninga.

Alþingi, 15. maí 2001.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm. Vilhjálmur Egilsson. Hjálmar Árnason.

Kristinn H. Gunnarsson. Árni R. Árnason.

1328. Nefndarálit [235. mál]

um frv. til l. um að lögleiða ólympíska hnefaleika.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Hér er á ferð mál sem Alþingi hafnaði fyrir einu ári síðan, málið var fellt í atkvæðagreiðslu sem löglega hafði verið boðað til. Það er mat minni hlutans að ekkert nýtt hafi komið fram í máli þessu sem réttlætir þá afgreiðslu sem hér er boðið upp á, enda málið lagt fram óbreytt.

Að lokinni umfjöllun nefndarinnar í annað sinn hefur minni hlutinn komist að sömu niðurstöðu og á síðasta þingi, að halda eigi fast við núgildandi bann við hnefaleikum. Þær ástæður sem minni hlutinn telur vega þyngst eru vísbendingar um alvarlegt heilsutjón sem hlýst af iðkun hnefaleika, jafnt áhugamanna sem atvinnumanna, og vísbendingar um að skaðinn af iðkun þessara tveggja tegunda hnefaleika sé fyllilega sambærilegur eða alveg sá sami. Að sögn sérfræðinga sem komu á fund heilbrigðisnefndar við fyrri umfjöllun um málið eru sterkar vísbendingar um að svo sé. Er þar um að ræða alvarlega höfuðáverka, skaða á æðum sem geta rifnað, skaða vegna rifinna festinga, skaða sem hlýst af blæðingum, jafnt fyrir innan heila sem utan, heilaskaða af völdum uppsafnaðra áhrifa höfuðhögga, taugaskaða, hreyfiskaða, augnskaða og vitrænan skaða. Þá eru einnig vísbendingar um tengsl hnefaleikaiðkunar og alzheimer-sjúkdómsins. Augnskaðarannsóknir hafa einnig gefið tilefni til að ætla að höfuðhlífar í hnefaleikum áhugamanna veiti falskt öryggi og augnskaðar sem hljótast í áhugamannahnefaleikum séu þeir sömu og í atvinnumannahnefaleikum, en vegna skorts á langtímarannsóknum á meiðslum sem hljótast í hnefaleikum leikur á því vafi að um sömu áverka/áhrif sé að ræða og þess vegna spyr minni hlutinn: Hver á að njóta vafans?

Það vegur líka þungt í afstöðu minni hlutans gegn lögleiðingu hnefaleika að hér er um árásaríþrótt að ræða. Markmið íþróttarinnar er að meiða andstæðinginn og því ofar sem höggin falla á líkamann því hærri stig gefur höggið, rothögg gefur líka stig í áhugamannahnefaleikum. Þannig má segja að meiðsl sem hljótast af iðkun hnefaleika séu ásetningur en ekki slys. Þar skilur á milli meiðsla sem hljótast af hnefaleikaiðkun og meiðsla sem hljótast af iðkun annarra íþrótta. Við umfjöllun nefndarinnar um málið á síðasta þingi kom fram að þegar leitað er á veraldarvefnum að upplýsingum um skaðsemi áhugamannahnefaleika finnst nokkur fjöldi greina. Af tíu greinum sem Grétar Guðmundsson læknir, sem kom á fund heilbrigðisnefndar, fann á netinu var komist að þeirri niðurstöðu að um skaðlega íþrótt væri að ræða í sex en í fjórum var hinu gagnstæða haldið fram. Af þessum fjórum voru tvær eftir sama höfund.

Varðandi þau rök að í áhugamannahnefaleikum gildi reglur sem draga úr skaðsemi íþróttarinnar telur minni hlutinn frumvarpið sem hér er til umræðu ekki leggja neitt til málanna sem tryggt geti að reglur íþróttarinnar séu haldnar við iðkun og æfingar. Það er vitað að tæki til iðkunar hnefaleika eru notuð á Íslandi og nokkur hópur manna stundar greinina þrátt fyrir gildandi bann.

Minni hlutinn telur að verði slakað á í þessu sambandi og áhugamannahnefaleikar lögleiddir megi gera ráð fyrir að brautin fyrir atvinnumannahnefaleika sé þar með rudd og krafist verði lögleiðingar á þeim innan fárra ára. Að mati minni hlutans væri það stórslys.

Í umfjöllun um málið kom fram að Norðmenn hafa nú til skoðunar möguleikann á að banna allar íþróttir sem leyfa högg í höfuðið, þ.m.t. áhugamannahnefaleika og þær austrænu

bardagaíþróttir sem þróast hafa út úr austurlenskum sjálfsvarnaríþróttum eins og tae kwon do.

Minni hlutinn lýsir sig að öðru leyti fullkomlega sammála áliti meiri hluta heilbrigðisnefndar Alþingis sem sent hefur verið menntamálanefnd og fylgir nefndaráliti minni hlutans og vekur athygli á að einungis einn af níu nefndarmönnum heilbrigðisnefndar telur að lögleiða eigi áhugamannahnefaleika.

Alþingi, 14. maí 2001.

Sigríður Jóhannesdóttir, frsm.	Kolbrún Halldórsdóttir.	Ólafur Örn Haraldsson.

Fylgiskjal.

Álit heilbrigðis- og tryggingarnefndar.
(3. maí 2001.)

Heilbrigðis- og tryggingarnefnd hefur fjallað um frumvarp til laga um að lögleiða ólympíska hnefaleika, 235. mál, í samræmi við bréf menntamálanefndar frá 21. febrúar sl.

Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar var flutt á 125. þingi en hlaut ekki samþykki. Heilbrigðis- og tryggingarnefnd fjallaði þá ítarlega um málið og fékk á sinn fund Líneyju Rut Halldórsdóttur frá Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, Grétar Guðmundsson frá Félagi heila- og taugalækna, Þuríði J. Jónsdóttur taugasálfræðing, Sigurbjörn Sveinsson frá Læknafélagi Íslands, Harald Sigurðsson frá Félagi íslenskra augnlækna, Ómar Ragnarsson, áhugamann um hnefaleika, Torfa Pálsson frá Glímusambandi Íslands og Ólaf Haraldsson Wallevik frá Karatesambandi Íslands. Þá horfði nefndin á myndband með nýlegri upptöku frá svokölluðum friðarleikum í áhugamannahnefaleikum. Kynnir var Ómar Ragnarsson. Eftirfarandi umsögn byggist að mestu á þeirri umsögn sem nefndin skilaði þá af sér en þó hefur nokkrum atriðum verið bætt við.

Með frumvarpinu er lagt til að ólympískir hnefaleikar, öðru nafni áhugamannahnefaleikar, verði lögleiddir, en áfram gildi bann við atvinnumannahnefaleikum, sbr. lög nr. 92/1956 sem banna hnefaleika í atvinnuskyni.

Meiri hluti nefndarinnar (JB, KF, ÁRJ, BH, ÞBack, TIO, LMR) er andvígur frumvarpi þessu. Meiri hlutinn telur fráleitt að vísað sé til jafnræðisreglu í því skyni að réttlæta ólympíska hnefaleika þar sem reglan ætti þá jafnframt við um atvinnumennsku í boxi. Flutningsmenn frumvarpsins hafa ekki gefið í skyn að þeir vilji lögleiða atvinnumannahnefaleika. Þeir telja að það eigi að vera á valdi hvers einstaklings að ákveða hvaða íþrótt hann kýs að stunda. Komið hefur fram í umræðum um frumvarpið að allt annað sé forræðishyggja. Slík stefna hlýtur þá að fela í sér að lögleiða skuli atvinnuhnefaleika, kjósi einhverjir Íslendingar að stunda þá. Ekki hefur komið fram að neinn flutningsmanna sé meðmæltur því og líklega vilja fæstir landsmenn að atvinnuhnefaleikar séu stundaðir hér á landi.

Meiri hlutinn telur jafnframt að heitið ólympískir hnefaleikar sé villandi. Um er að ræða hnefaleika sem stundaðir eru af áhugamönnum og ganga víðast hvar undir heitinu áhugamannahnefaleikar (amateur boxing á ensku). Ekki er t.d. talað um ólympískt júdó þótt keppt sé í júdó á Ólympíuleikum. Læknasamtök vestan hafs og austan hafa tekið ákveðna afstöðu gegn hnefaleikum og bresku læknasamtökin hafa mælt með því að óheimilt verði að slá fyrir

ofan viðbein. WMA (Alþjóðasamtök lækna) tóku á 9. áratugnum skýra afstöðu gegn hnefa leikum. Þótt skýr munur sé á reglum þeim sem gilda í atvinnumannahnefaleikum og áhugamannahnefaleikum er vitað að fjöldi atvinnuboxara hefur feril sinn í áhugamannaboxi, þannig að erfitt getur verið að greina skýrt á milli.

Slysatíðni í hnefaleikum er há miðað við aðrar íþróttir og eru hnefaleikar ein hættulegasta íþróttagreinin að áliti breska læknafélagsins. Upplýsingar um slysatíðni í íþróttum gefa iðulega skakka mynd þar sem ekki eru settar fram tölur sem taka tillit til fjölda iðkenda eða tímalengdar heldur er gjarnan miðað við þann fjölda sem kemur á slysadeild til skoðunar eða meðferðar eftir íþróttaiðkun (National Electronic Injury Surveillance System, USA 1998). Margir boxarar, einkum atvinnumenn, reyna í lengstu lög að leyna áverkum sínum til þess að þurfa ekki að vera frá keppni eins og reglur kveða á um. Það sem aðgreinir hnefaleika frá öðrum íþróttagreinum er að höggum er vísvitandi beint að líkama andstæðingsins, markmiðið er að koma höggi á andstæðinginn, fara inn fyrir varnir hans og þar með meiða hann. Þar greinir á milli hnefaleika og þorra annarra íþróttagreina því að hnefaleikar, bæði í atvinnuskyni og sem áhugamannaíþrótt, eru árásaríþrótt en ekki sjálfsvarnaríþrótt eins og t.d. karate og júdó. Slysatíðni er vissulega há í nokkrum öðrum íþróttagreinum en þar gegnir yfirleitt öðru máli þegar ekki er um ásetning að ræða heldur slys eða brot á leikreglum. Í hnefaleikum er markvisst reynt að koma höggi á andstæðinginn og fær keppandi stig fyrir högg á höfuð jafnt sem aðra líkamshluta. Einnig eru veitt stig fyrir rothögg og þótt rothögg séu ekki verðlaunuð sérstaklega í áhugamannahnefaleikum fær keppandi stig fyrir höfuðhögg.

Í rannsókn sem birt var í læknaritinu Physician and Sportsmedicine í janúar 2000 og er eftir Barry D. Jordan og fleiri er fjallað um áverka á heila í áhugamannahnefaleikum, bæði í bráð og lengd. Þar kemur fram að heilastarfsemi geti skaðast þrátt fyrir höfuðhlífar og frekari leiðbeininga sé þörf til að draga úr hættu á endurteknum heilaáverkum. Í rannsókninni var kannað hvaða áhrif endurtekin höfuðhögg geta haft til langframa og talið er líklegt að íþróttamenn sem hljóta endurtekna heilaáverka nái sér ekki að fullu. Í rannsókn Jordan og félaga kom einnig fram að keppendur hlutu að meðaltali átta (0–31) höfuðhögg í keppni. 65% keppenda hlutu tíu eða færri höfuðhögg og 35% tíu eða fleiri. Heilahristingur með eða án meðvitundarmissis var algengur. 13% bardaganna enduðu með heilahristingi samhliða meðvitundarleysi (svokallað K.O. eða knock-out) eða með svokölluðu tæknilegu rothöggi sem er heilahristingur án þess að viðkomandi missi meðvitund, t.d. þegar keppandinn gat ekki lokið keppni vegna sljóleika (mental impairment). Það er því ekki rétt sem haldið hefur verið fram að tíðni höfuðáverka sé einungis 1% í ólympísku boxi heldur sýnir þessi rannsókn að þeir geti verið að meðaltali í 13% tilvika.

Fram kom í máli sérfræðinga sem nefndin ræddi við vorið 2000 að alvarlegustu áverkarnir sem hljótast í þessari íþrótt eru á miðtaugakerfi, þ.e. höfuð- og augnáverkar. Fyrir liggja vísindalegar sannanir um augnskaða í áhugamannahnefaleikum þótt breytingar á hönnun glófa hafi dregið úr augnáverkum. Augnáverkar af þessum orsökum geta verið slæmir og leiða í mörgum tilvikum til varanlegrar sjónskerðingar.

Samkvæmt kenningum sérfræðinga er breyting á meðvitundarástandi vegna höfuðhöggs, þ.e. að vankast eða rotast, nú talin vísbending um heilaskaða. Hnefi getur farið á um 160 km hraða á klst. í höfuðið á andstæðingi. Breytir þar engu hvort um áhugamanna- eða atvinnumannahnefaleika er að ræða. Það er þannig álit sérfræðinga að höfuðhlífar þær sem notaðar eru í áhugamannahnefaleikum verndi aðeins eyru og ytra borð höfuðs en veiti takmarkaða vörn fyrir heilann. Líkaminn er varinn af beinum, húð, fitu og vöðvum en heilinn er umlukinn vökva og aðeins varinn af höfuðkúpunni og tengist henni að innanverðu meðal annars með háræðum og fínum taugum. Þegar boxari fær högg á höfuðið snýst það mjög snögglega

og fer síðan í venjulega stöðu á mun minni hraða. Þá hreyfast mismunandi svæði heilans á ólíkum hraða. Þetta veldur skemmdum, t.d. á yfirborði heilans sem slæst í innra lag höfuðkúpunnar, tauganet rifna, spenna milli heilavefjar og háræða getur valdið blæðingum, þrýstibylgjur geta valdið mismunandi blóðþrýstingi til hinna ýmsu hluta heilans og einnig geta myndast blóðkekkir í heilanum (heilablæðing). Það er skoðun sérfræðinga að þung högg skipti ekki aðeins máli í þessu sambandi því að lítil högg valdi smám saman uppsöfnuðum vanda. Helstu erfiðleikarnir eru að áverkar á heila sjást ekki alltaf á myndum og því er erfitt að greina þá. Varanlegur heilaskaði getur t.d. komið fram í því að finhreyfingar handanna skerðist. Talið er að ítrekaðir áverkar safnist saman og geti haft alvarlegar og varanlegar afleiðingar. Þá er einnig margt sem bendir til þess að ítrekuð höfuðhögg geti m.a. aukið líkur á parkinson-sjúkdómi og alzheimer-sjúkdómi.

Það er vitað að þjálfun fyrir áhugamannabox er heilsusamleg hreyfing, svokölluð loftsækin (aerobisk) íþrótt ekki síður en að hlaupa, hjóla og synda, og verður til þess að styrkja líkamann, er gagnleg fyrir stoðkerfi, hjarta og æðakerfi, snerpu og viðbrögð. Við boxæfingar í sal verða ekki þau alvarlegu höfuðmeiðsli sem fylgja keppni. Við þjálfun í sal eru menn að berja í púða en ekki hver annan. Höfuðáverkar þeir sem mikilvægt er að hindra verða í keppni og þegar þjálfað er í sal með andstæðingi (sparring).

Meiri hlutinn telur árásaríþrótt þessa og markmið hennar, þ.e. að koma höggi á andstæðinginn, þar á meðal höfuð hans, hafa í för með sér mun meiri hættu á líkamstjóni en aðrar íþróttir sem stundaðar eru hér á landi og leggst því eindregið gegn samþykkt þessa frumvarps.

Minni hluti nefndarinnar (ÁMöl) er samþykkur frumvarpi þessu og telur að gera þurfi skýran greinarmun á atvinnumannahnefaleikum og ólympískum/áhugamannahnefaleikum. Hinir síðarnefndu eru viðurkennd íþróttagrein og keppnisgrein á Ólympíuleikum. Ísland er eina landið í heiminum sem hefur bannað iðkun greinarinnar. Atvinnumannahnefaleikar eru á hinn bóginn einungis leyfðir í nokkrum löndum heims.

Reglur og öryggisbúnaður í þessum tveimur greinum íþrótta eru ólík. Í ólympískum hnefaleikum er leitast við að gæta fyllsta öryggis hnefaleikarans og taka reglur, t.d. lengd og fjöldi lotna og búnaður, svo sem höfuðhlífar, klæðnaður og þykkt glófa, mið af því. Til grundvallar stigagjöf er lagt mat á leikni hnefaleikarans að fara inn fyrir varnir andstæðingsins, en ekki að slá andstæðinginn niður eða veita honum rothögg eins og í atvinnumannahnefaleikum.

Í fagtímaritum á sviði læknisfræði hafa birst rannsóknir um áhættuna við iðkun íþróttarinnar. Margar þeirra benda til þess að slys séu fátíð og að um óveruleg áhrif á heilsu manna sé að ræða. Aðrar rannsóknarniðurstöður gefa vísbendingar um hugsanlegan heilaskaða til lengri tíma litið, svo og augnskaða.

Þegar metið er hvort leyfa á ólympíska hnefaleika með tilliti til slysahættu verður að skoða áhættu af iðkun þeirra í samanburði við aðrar íþróttir. Rannsóknir á slysatíðni í íþróttum benda til þess að ólympískir hnefaleikar séu langt frá því að vera áhættusamasta íþróttin sem stunduð er og má nefna hesta- og bílaíþróttir og fjallaklifur til samanburðar. Ólíkt þessum íþróttum er t.d. ekki kunnugt um dauðaslys í ólympískum hnefaleikum.

Í umsögn Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands segir að ólympískir hnefaleikar séu ekki skaðlegri en margar aðrar íþróttir ef litið er til meiðsla og slysa við íþróttaiðkun. Jafnframt segir í umsögninni að í landinu séu stundaðar ýmsar aðrar íþróttagreinar, svo sem tae kwon do, karate og júdó, sem allar fela í sér bardaga og átök milli tveggja keppenda líkt og í hnefaleikum. Í áliti heilbrigðisráðs ÍSÍ, sem undirritað er af Birgi Guðjónssyni lækni, kemur fram að ráðið styður að bann við ólympískum hnefaleikum verði afnumið.

Með vísun í framangreint og til jafnræðisreglunnar leggur minni hlutinn til að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
f.h. formanns heilbrigðis- og tryggingnefndar.

Ágúst Geir Ágústsson nefndarritari.

1329. Nefndarálit [332. mál]

um till. til þál. um textun íslensks sjónvarpsefnis.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Tillaga þessi til þingsályktunar var áður flutt á 122. og 125. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Studdist nefndin við umsagnir sem bárust um málið á 122. löggjafarþingi.

Samkvæmt tillögunni ályktar Alþingi að fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að íslenskt sjónvarpsefni verði textað eftir því sem við verður komið til hagsbóta fyrir heyrnardauft fólk sem við núverandi aðstæður á erfitt með að fylgjast með íslensku efni í sjónvarpi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin hljóði svo:

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að stuðla að því að íslenskt sjónvarpsefni verði textað eftir því sem við verður komið til hagsbóta fyrir heyrnardauft fólk sem við núverandi aðstæður á erfitt með að fylgjast með íslensku efni í sjónvarpi.

Alþingi, 9. maí 2001.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Tómas Ingi Olrich.
Ólafur Örn Haraldsson.	Einar Már Sigurðarson.	Einar Oddur Kristjánsson.
Kolbrún Halldórsdóttir.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Hjálmar Árnason.

1330. Nefndarálit [737. mál]

um frv. til l. um kjaramál fiskimanna og fleira.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Minni hlutinn gagnrýnir harðlega að enn einu sinni skuli sett lög á kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna og nú í annað skipti í þessari lotu sjómanna við að reyna að ná kjarasamningi með því að beita verkfallsvopninu. Ríkisstjórnin greip inn í deiluna 19. mars sl. eftir að verkfall hafði staðið í þrjá sólarhringa og frestaði því til 1. apríl. Þetta var gert þrátt fyrir að talið væri að gangur væri að komast í viðræðurnar og deiluaðilar hefðu mótmælt því að löggjafinn gripi inn í. Afleiðingar þeirra afskipta urðu til að spilla fyrir samningsmöguleikum eins og stjórnarandstaðan varaði við þegar frestunarlögin voru sett. Nú sex vikum síðar standa menn svo frammi fyrir afleiðingum fyrri inngripa: samningar hafa ekki tekist.

Með þessari lagasetningu er verið að banna verkfall sjómanna og þeir þannig sviptir rétti sínum til að beita þeim vopnum sem fyrir löngu hafa verið viðurkennd sem hluti af mannréttindum. Nefndinni gafst afar takmarkaður tími til starfa og minni hlutanum var neitað um að kalla hagsmunaaðila á fund nefndarinnar til að fá álit þeirra á málinu. Með frumvarpinu er gerðardómi falið að ákvarða kjör sjómanna. Í 2. gr. frumvarpsins eru talin upp þau atriði sem gerðardómur á að taka ákvörðun um. Minni hlutinn telur að afar hæpnar forsendur séu fyrir því að lögfesta þau atriði sem gerðardómur á að takast á við og varða munu kjör sjómanna. Efnislega gagnrýnir minni hlutinn einkum a-lið 1. mgr. 2. gr. þar sem gerðardómi er falið að ákveða „atriði er tengjast markmiðum varðandi verð til viðmiðunar í hlutaskiptum á þorski, ýsu og karfa í beinum viðskiptum skyldra aðila“. Hér er vísað í atriði sem einungis er að finna í kjarasamningi Vélstjórafélags Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna. Minni hlutinn bendir á að samkvæmt kjarasamningum sjómanna, grein 1.26, skal útgerðarmaður tryggja skipverjum hæsta gangverð fyrir fiskinn. Minni hlutinn telur að svokallað „verð til viðmiðunar“ sé fráhvarf frá þessari grein kjarasamningsins og varar við lögfestingu þessa ákvæðis. Afleiðing þessa kann að verða sú að til verði eins konar nýtt „landssambandsverð“ og að þeir aðilar sem hingað til hafa lagt sinn fisk inn á markað kjósi þá frekar að nýta sér hið nýja „landssambandsverð“ til uppgjörs á aflahlut sjómanna. Ef svo fer er það stórt skerf aftur á bak á sama tíma og talið er eðlilegt að samkeppni og markaður ráði verði á öðrum sviðum atvinnulífsins. Nær hefði verið að ríkisstjórnin lýsti því yfir að stefnt væri að aðskilnaði veiða og vinnslu og að allur afli yrði verðlagður á markaði. Þannig væri stærsta deilumál sjómanna og útvegsmanna leyst og forsendur skapaðar fyrir eðlilegum samskiptum þessara aðila.

Það vekur sérstaka eftirtekt að ríkisstjórninni skuli hafa legið svo á að koma lögum yfir sjómenn að hún gaf sér ekki tíma til að gaumgæfa hvort það frumvarp sem lagt var fyrir Alþingi, á einstæðum útbýtingarfundi, samrýmdist ýmsum alþjóðasáttmálum og samþykktum sem Ísland er aðili að, eins og samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO). Það rann hins vegar upp fyrir ríkisstjórninni við 1. umræðu málsins að líklega hefði hún gengið út fyrir öll mörk í frumvarpinu. Í tilraun til að forðast frekari ákúrur af hálfu ILO, og til að eiga síður á hættu að verða uppvís að því að brjóta frekar af sér gagnvart öðrum samningum sem Ísland er bundið af, hefur ríkisstjórnin hlutast til um að meiri hlutinn geri breytingar á 3. gr. frumvarpsins. Þar hafa nú verið teknar út viðmiðanir gagnvart efni og tímalengd vélstjórasamningsins. Þannig telur ríkisstjórnin að hún hafi skorið sig niður úr þeirri snörunni. Eftir stendur

meginefni frumvarpsins sem er gróf íhlutun í kjarasamninga sjómanna og útvegsmanna. Því hefur minni hlutinn mótmælt harðlega.

Minni hlutinn vill vekja athygli á því að fram kom í viðræðum nefndarinnar við Friðrik Jón Arngrímsson, framkvæmdastjóra Landssambands íslenskra útvegsmanna, að útvegsmenn gætu samþykkt frestun á verkfalli sjómanna til að ljúka mætti samningum með eðlilegum hætti. Í ljósi þess má ætla að ekki sé fullreynt hvort unnt væri að ná samningum milli deiluaðila ef þeir fengju tóm til þess.

Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 15. maí 2001.

Svanfríður Jónasdóttir, frsm.	Jóhann Ársælsson.	Guðjón A. Kristjánsson.

1331. Nefndarálit [670. mál]

um frv. til l. um opinber innkaup.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Ólason og Hafstein Hafsteinsson frá fjármálaráðuneyti, Skúla Magnússon, lektor við lagadeild Háskóla Íslands, Hjörleif Kvaran borgarlögmann, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífins, Stefán L. Stefánsson frá Kópavogsbæ, Árna Jóhannsson frá Samtökum iðnaðarins, Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands, Guðrúnu Rögnvaldardóttur frá Staðlaráði Íslands, Júlíus S. Ólafsson frá Ríkiskaupum og Guðrúnu Ástu Sigurðardóttur frá Samtökum verslunarinnar. Umsagnir bárust um málið frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, borgarráði/borgarlögmanni, Samtökum atvinnulífsins, laganefnd Lögmannafélags Íslands, kærunefnd útboðsmála, bæjarráði Kópavogs, Samtökum fjármálafyrirtækja, Samtökum iðnaðarins, Verslunarráði Íslands, Staðlaráði Íslands, Ríkiskaupum, Seðlabanka Íslands, Samtökum verslunarinnar, Þjóðhagsstofnun og Ríkisendurskoðun. Einnig bárust gögn frá fjármálaráðuneyti.

Með frumvarpinu er framsetning gildandi reglna um opinber innkaup skýrð og almennar efnisreglur um innkaup ríkisins settar í ein heildarlög. Jafnframt er íslenskur réttur lagaður að reglum Evrópska efnahagssvæðisins um opinber innkaup. Þrátt fyrir að frumvarpið sé viðamikið felur það ekki í sér miklar efnislegar breytingar frá því fyrirkomulagi sem nú viðgengst. Frumvarpið er í fjórum þáttum og hefur sá fyrsti að geyma almenn ákvæði þar sem gildissvið þess er m.a. afmarkað, en meginreglan er sú að frumvarpið tekur til ríkis, sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra opinberra aðila. Annar þáttur hefur að geyma ákvæði um opinber innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins. Innkaup sveitarfélaga, stofnana þeirra, annarra opinberra aðila á þeirra vegum eða samtaka þessara aðila eru undanskilin ákvæðum þáttarins. Þessi þáttur fjallar um fyrirkomulag opinberra innkaupa, útboðsgögn, hæfi bjóðenda, framkvæmd útboða og val tilboðs. Í þriðja þætti er að finna reglur um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu, en við opinber innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum er að meginstefnu til farið eftir ákvæðum annars þáttar. Í fjórða þætti er loks að finna reglur um stjórnsýslu og meðferð kærumála, og hefur þátturinn að geyma ákvæði varð-

andi yfirstjórn opinberra innkaupa og starfsemi innkaupastofnunar, kærunefnd útboðsmála og gildi samninga og skaðabætur.

Nefndin ræddi gildi frumvarpsins gagnvart sveitarfélögum töluvert. Samkvæmt núgildandi lögum eru sveitarfélögin einungis háð tilskipun Evrópubandalagsins, sbr. samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, hvað varðar útboðsskyldu og frumvarpið felur ekki í sér breytingar á því fyrirkomulagi. Á fundum nefndarinnar lýstu fulltrúar fjármálaráðuneytis yfir vilja sínum til að vinna með sveitarfélögum að því að samræma gildissvið laga og reglna á þessu sviði gagnvart öllum opinberum aðilum, þannig að sveitarfélög, stofnanir þeirra og samtök mundu falla undir 2. þátt frumvarpsins. Fulltrúar ráðuneytisins hafa jafnframt lýst því yfir að þeir muni boða til samráðs um þessi mál með sveitarfélögunum á haustmánuðum og mælir meiri hlutinn með því að sem fyrst verði ráðist í þessar viðræður.

Varðandi gildissvið frumvarpsins bendir meiri hlutinn á að starfsemi fjármálastofnana í eigu ríkisins sem teljast að hluta til reknar í samkeppnisumhverfi með stærstan hluta tekna sinna af viðskiptum við einkaaðila er undanþegin ákvæðum þess. Dæmi um slíkar stofnanir eru Lánasjóður landbúnaðarins og Byggðastofnun. Í þessu sambandi má einnig vísa til starfsemi viðskiptabanka í eigu ríkisins þar sem starfsemi þeirra má jafna til starfsemi einkaaðila.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar við frumvarpið. Þær helstu eru sem hér segir:

1. Nefndin ræddi töluvert hvort gildissvið frumvarpsins væri of víðtækt með tilliti til sjálfseignarstofnana sem starfa í sjálfstæðu rekstrarumhverfi en eru að meiri hluta fjármagnaðar af opinberum aðilum með þjónustusamningum. Meiri hlutinn komst að þeirri niðurstöðu að svo væri og telur þetta fyrirkomulag óheppilegt. Meiri hlutinn leggur til að við ákvæði 3. gr. um gildissvið frumvarpsins verði bætt að tekjur aðila á grundvelli gagnkvæms viðskiptasamnings við opinberan aðila teljist ekki opinber fjármögnun.
2. Einnig leggur meiri hlutinn til að ákvæði 2. málsl. 6. mgr. 4. gr., um heimild ráðherra til að ákveða að ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki geri sérleyfissamninga einungis að undangengu útboði, verði fellt brott. Jafnframt leggur meiri hlutinn til að ákvæði 4. málsl. 1. mgr. 12. gr. svipaðs efnis verði fellt brott. Þess í stað er lagt til að við 12. gr. verði bætt nýrri málsgrein þar sem tekið er fram að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. um að ekki sé skylt að bjóða út sérleyfissamninga og samninga um kaup á þeirri þjónustu sem talin er upp í I. viðauka B skuli þessar stofnanir og fyrirtæki einungis gera slíka samninga í samræmi við reglur sem ráðherra setur með reglugerð. Meiri hlutinn telur þessa aðkomu ráðherra að sérleyfissamningum og þjónustuinnkaupum ríkisfyrirtækja og -stofnana heppilegri en þá sem frumvarpið gerði upphaflega ráð fyrir.
3. Nefndin ræddi mikið um þann áskilnað frumvarpsins að óheimilt sé að gera búsetu á tilteknu svæði að skilyrði fyrir þátttöku í opinberum innkaupum, þ.e. að ekki megi mismuna bjóðendum á grundvelli búsetu þeirra eða staðsetningar. Þessi regla byggist á tilskipun Evrópubandalagsins, sbr. samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Meiri hlutinn bendir á að þeir bjóðendur sem eru nær tilteknum stað geta að sjálfsögðu notið þess í útboði. Jafnframt bendir meiri hlutinn á að það hlýtur að ráðast af þörfum kaupanda hverju sinni hvar á að afhenda vöru, veita þjónustu eða vinna verk og ef stofnun eða starfsemi á hennar vegum er eða á að vera staðsett úti á landi væri ekkert því til fyrirstöðu að áskilja að þar væri vara afhent, þjónusta veitt eða verk unnið. Þessu til áréttingar leggur meiri hlutinn til að við 11. gr. bætist ákvæði þess efnis að heimilt sé að áskilja í útboðsgögnum að vara sé afhent, þjónusta veitt eða verk unnið á tilteknum stað, enda byggist slíkur áskilnaður á lögmætum kvöðum *(e. mandatory requirements)*. Þetta er í samræmi við fjölmarga dóma Evrópudómstólsins, en við mat á því hvort regla sem hindrar með einhverjum hætti að erlendir aðilar geti borið fram vöru eða þjónustu sína

í öðru EES-ríki (án þess að mismuna þeim í orði kveðnu) sé andstæð samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er almennt litið til þess hvort reglan styðjist við lögmætar kvaðir. Ef kröfur til bjóðanda eru ekki reistar á lögmætum kvöðum, þ.e. raunverulegum þörfum kaupanda, mætti leiða að því rök að um mismunun væri að ræða.

4. Þá leggur meiri hlutinn til að viðmiðunarfjárhæðir í 12. gr. verði hækkaðar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að öll innkaup á vöru og þjónustu yfir 3 millj. kr. og kaup á verkum yfir 10 millj. kr. skuli bjóða út. Meiri hlutinn telur eðlilegt að miðað sé við 5 millj. kr. við innkaup á vörum, en 10 millj. kr. við kaup á þjónustu og verkum og bendir á að þar sem mjög misjafnt er hversu umfangsmiklir þjónustusamningar geta verið sé eðlilegt að viðmiðunarfjárhæðir vegna þeirra séu hærri en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þetta hefur þau áhrif að minni samningar um kaup á þjónustu verða ekki útboðsskyldir, en búast má við að slíkir samningar sem gerðir eru til lengri tíma fari allir yfir viðmiðunarmörkin.
5. Nefndin ræddi töluvert hvort 1. mgr. 26. gr. um forsendur fyrir vali tilboðs gæfi of ríkt svigrúm til mats. Meiri hlutinn leggur til að hert verði á orðalagi ákvæðisins til að taka af öll tvímæli um það að forsendur fyrir vali verða að vísa til atriða sem almennt verða staðreynd með vísan til gagna sem bjóðendur leggja fram eða með öðrum hlutlægum hætti.
6. Nefndin ræddi jafnframt hvort rétt væri að fela Hæstarétti að skipa í kærunefnd útboðsmála, sbr. 1. mgr. 75. gr. Meiri hlutinn komst að þeirri niðurstöðu að það væri ekki heppilegt, m.a. með tilliti til sjónarmiða um þrískiptingu ríkisvaldsins og þess að líkur væru fyrir því að úrlausnir kærunefndarinnar kæmu síðar til kasta Hæstaréttar. Ekki var heldur talið rétt að ganga svo langt að fela ákveðnum hagsmunaaðilum að tilnefna nefndarmenn. Meiri hlutinn leggur því til breytingu þess efnis að ráðherra verði gert að hafa samráð við opinbera aðila og helstu hagsmunasamtök við skipan nefndarmanna í kærunefnd útboðsmála.
7. Loks leggur meiri hlutinn til breytingu á ákvæði 4. mgr. 75. gr. þess efnis að tiltekinn kaupandi geti einnig farið fram á ráðgefandi álit frá kærunefnd útboðsmála í máli vegna tiltekinna innkaupa, þó svo að engin kæra hafi borist. Ekki þykir eðlilegt að þessi heimild sé takmörkuð við fjármálaráðuneytið eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. maí 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Gunnar Birgisson.
Sigríður A. Þórðardóttir.		Hjálmar Árnason.

1332. Breytingartillögur [670. mál]

við frv. til l. um opinber innkaup.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, KHG, GunnB, SAÞ, HjÁ).

1. Við 3. gr. Við a-lið 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Tekjur aðila á grundvelli gagnkvæms viðskiptasamnings við opinberan aðila teljast ekki opinber fjármögnun.
2. Við 4. gr. 2. málsl. 6. mgr. falli brott.
3. Við 11. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Heimilt er samkvæmt lögum þessum að áskilja í útboðsgögnum að vara sé afhent, þjónusta veitt eða verk unnið á tilteknum stað, enda byggist slíkur áskilnaður á lögmætum kvöðum.
4. Við 12. gr.
   a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Öll innkaup á vörum yfir 5.000.000 kr. og kaup á þjónustu og verkum yfir 10.000.000 kr. skal bjóða út.
   b. 4. málsl. 1. mgr. falli brott.
   c. Við bætist ný málsgrein, sem verði 2. mgr., svohljóðandi:
      Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki einungis gera sérleyfissamninga og samninga um kaup á þeirri þjónustu sem talin er upp í I. viðauka B í samræmi við reglur sem ráðherra setur með reglugerð.
5. Við 26. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Í útboðsgögnum skal tilgreina forsendur fyrir vali tilboðs með eins nákvæmum hætti og framast er unnt. Í forsendum má ekki vísa til annarra atriða en staðreynd verða á grundvelli gagna sem bjóðendur leggja fram eða með öðrum hlutlægum hætti.
6. Við 75. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Við skipan nefndarinnar skal ráðherra hafa samráð við aðra opinbera aðila sem og helstu samtök sem hafa hagsmuna að gæta við framkvæmd laganna.
   b. 4. mgr. orðist svo:
      Að beiðni fjármálaráðuneytis eða tiltekins kaupanda er kærunefnd útboðsmála heimilt að gefa ráðgefandi álit á tilteknum innkaupum þótt engin kæra hafi borist.

1333. Nefndarálit [671. mál]

um frv. til l. um skipan opinberra framkvæmda.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Ólason og Hafstein Hafsteinsson frá fjármálaráðuneyti, Skúla Magnússon, lektor við lagadeild Háskóla Íslands, Hjörleif Kvaran borgarlögmann, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Stefán L. Stefánsson frá Kópavogsbæ, Árna Jóhannsson frá Samtökum iðnaðarins, Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands, Guðrúnu Rögnvaldardóttur frá Staðlaráði Íslands, Júlíus S. Ólafsson frá Ríkiskaupum og Guðrúnu Ástu Sigurðardóttur frá Samtökum verslunarinnar.

Umsagnir bárust um málið frá Ríkisendurskoðun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, laganefnd Lögmannafélags Íslands, bæjarráði Kópavogs, Samtökum iðnaðarins, Samtökum fjármálafyrirtækja, Verslunarráði Íslands, Ríkiskaupum, Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnun. Einnig bárust gögn frá fjármálaráðuneyti.

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um opinber innkaup sem gert er ráð fyrir að hafi framvegis að geyma reglur um innkaup og útboð. Með frumvarpinu eru gerðar tvær meginbreytingar á núgildandi lögum um skipan opinberra framkvæmda, nr. 63/1970, annars vegar eru breytingar sem stafa af breytingum á lögum um opinber innkaup og hins vegar er kveðið á um hlutverk og starfsemi Framkvæmdasýslu ríkisins. Frumvarpinu er ætlað að tryggja faglega málsmeðferð við framkvæmdir sem ríkið stendur að og miðar það að því að settar verði reglur um nánari skilgreiningu á verklagi og skipulagi einstakra áfanga opinberra framkvæmda, þ.e. um frumathugun, áætlunargerð, verklega framkvæmd og skilamat. Áfangaskipting og aðrir þættir sem frumvarpið gerir ráð fyrir eru að mestu óbreyttir frá því fyrirkomulagi sem nú er viðhaft, en helsti munurinn er sá að settar verða fram verklagsreglur.

Meiri hlutinn leggur til svofelldar breytingar á frumvarpinu:

1. Í fyrsta lagi leggur meiri hlutinn til að ákvæðum um lýsingu á ábyrgðarsviði og verkaskiptingu þeirra aðila sem standa að framkvæmd verði bætt inn í upptalningu á þeim atriðum sem áætlunargerð um opinberar framkvæmdir skal hafa að geyma skv. 7. gr. Meiri hlutinn lítur svo á að með ákvæði sem þessu verði hægt að komast hjá margvíslegum ágreiningi, þar sem það muni liggja fyrir strax í upphafi framkvæmdar hver ber ábyrgð á hverjum þætti verks og hver skuli framkvæma hann. Meiri hlutinn bendir á að ábyrgð Framkvæmdasýslu ríkisins við undirbúning framkvæmdar felst í því að sinna hlutverki sínu sem ráðgefandi aðili og sjá til þess að undirbúningi sé hagað í samræmi við ákvæði laganna, að allar áætlanir séu sem best úr garði gerðar og að þeim sem skylt er að komi að ákvarðanatöku, svo sem fjármálaráðuneyti, sé gert ljóst hvernig staðið sé að málum. Stofnunin ber einnig ábyrgð á stjórn verklegra framkvæmda fyrir hönd verkkaupa. Í því felst að sjá til þess að farið sé að lögum og reglum ásamt því að vinna í samræmi við almenn markmið í rekstri stofnunarinnar, sbr. 20. gr. Meiri hlutinn bendir jafnframt á að komi upp ágreiningur milli Framkvæmdasýslu ríkisins og verkkaupa varðandi einstaka þætti við undirbúning eða framkvæmd verkefnis geta aðilar leitað álits fjármálaráðherra á grundvelli þess að hann fer með framkvæmd laganna. Þá bendir meiri hlutinn á varðandi gerð kostnaðaráætlana að fulltrúar fjármálaráðuneytis upplýstu við meðferð málsins að hún yrði eitt af þeim atriðum sem fjallað yrði um í sérstakri nefnd ráðuneytisins sem hefur það hlutverk að skilgreina verklag við opinberar framkvæmdir og að í framhaldi af því yrði unnið að samræmingu milli stærstu verkkaupa af hálfu ríkisins þannig að þessi þáttur opinberra framkvæmda verði skýr og afmarkaður.
2. Þá telur meiri hlutinn óeðlilegt að ekki sé gert ráð fyrir þeim möguleika að Framkvæmdasýsla ríkisins geti falið einkaaðilum að annast einstök verkefni sem stofnuninni eru falin samkvæmt ákvæðum 20. gr. og leggur til að við greinina verði bætt ákvæði þess efnis.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. maí 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. Kristinn H. Gunnarsson. Gunnar Birgisson.

Sigríður A. Þórðardóttir. Hjálmar Árnason.

1334. Breytingartillögur [671. mál]

við frv. til l. um skipan opinberra framkvæmda.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, KHG, GunnB, SAÞ, HjÁ).

1. Við 7. gr. 1. tölul. orðist svo: Fullnaðaruppdrættir og tæknileg verklýsing á þeirri framkvæmd sem fyrirhuguð er, skrá um efnisþörf, nákvæm kostnaðaráætlun um verkið, lýsing á ábyrgðarsviði og verkaskiptingu þeirra aðila sem standa að framkvæmd, tímaáætlun um framkvæmd þess og greiðslu- og fjáröflunaráætlun fyrir framkvæmdartímabilið. Fjármálaráðherra skal skilgreina kröfur um gerð og framsetningu kostnaðaráætlana og kynna þær fyrir ríki og ríkisaðilum.
2. Við 20. gr. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Framkvæmdasýsla ríkisins getur falið einkaaðilum að annast einstök verkefni sem stofnuninni eru falin samkvæmt ákvæðum greinarinnar.

1335. Nefndarálit [7. mál]

um till. til þál. um endurskoðun viðskiptabanns á Írak.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra og Stefán Skjaldarson, Hauk Ólafsson og Hjálmar W. Hannesson frá utanríkisráðuneyti. Þá hefur nefndinni borist fjöldi skýrslna og gagna um málið frá utanríkisráðuneyti og frá 1. flutningsmanni tillögunnar, Steingrími J. Sigfússyni.

Umræða hefur farið vaxandi um að endurskoða beri framkvæmd viðskiptabanns á Írak. Kemur þar margt til. Aðstæður almennings í landinu eru mjög bágar. Þótt heldur hafi horft til hins betra samkvæmt skýrslu aðalritara Sameinuðu þjóðanna frá í mars sl. á það aðeins við um hluta landsins. Ástandið stendur í stað eða fer versnandi annars staðar. Á sama tíma er upplýst að stjórnvöld í Írak láta verulega fjármuni liggja óhreyfða sem fengist hafa innan ramma verkefnis Sameinuðu þjóðanna „olía fyrir matvæli“ og ætlaðir eru til kaupa á mat og lyfjum. Ljóst er einnig að stjórnvöldum í Írak hefur tekist með margvíslegum hætti að veikja þetta verkefni og jafnvel draga sér fé í tengslum við það.

Þau þjóðarbrot sem orðið hafa verst fyrir barðinu á harðstjórn Saddams Husseins, shíamúslimar í Suður-Írak og Kúrdar í Norður-Írak, hafa af því þungar áhyggjur að verði viðskiptabanninu aflétt muni ofsóknir Íraksstjórnar á hendur þeim magnast. Eftir að eftirlitsmenn Sameinuðu þjóðanna urðu að hverfa frá Írak 1998 er ekkert fylgst með því á vegum samtakanna hvort eða hvernig yfirvöld í Írak virða samþykktir þeirra.

Endurskoðun framkvæmdar viðskiptabanns á Írak er því vandasamt verk. Hún hlýtur að beinast að því að leita leiða til þess að beina aðgerðunum enn frekar að því að koma í veg fyrir að ógnarstjórn Saddams Husseins komi sér upp gereyðingarvopnum og ógni öryggi heimshlutans.

Nefndin leggur því til að tillagan verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að styðja frumkvæði Norðmanna á vettvangi öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um að framkvæmd viðskiptabanns á Írak verði tekin til endurskoðunar með það fyrir augum að aðgerðir Sameinuðu þjóðanna beinist enn frekar að því að hindra að harðstjórn Saddams Husseins komi sér upp gereyðingarvopnum og ógni öryggi á svæðinu.

Alþingi fagnar stuðningi ríkisstjórnar Íslands við frumkvæði Norðmanna og hvetur hana til að stuðla að áframhaldandi framgangi málsins á alþjóðavettvangi.

Einar K. Guðfinnsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. maí 2001.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Árni R. Árnason.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Jónína Bjartmarz.	Steingrímur J. Sigfússon.
Rannveig Guðmundsdóttir.		Jóhann Ársælsson.

1336. Nefndarálit [597. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigríði Auði Arnardóttur frá umhverfisráðuneyti, Elínu Líndal og Bjarna Þ. Gunnarsson frá Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Jón Egilsson frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Ólaf J. Gunnarsson og Rúnar Gíslason frá Stykkishólmi, Guðmund Bjarnason frá Fjarðabyggð, Sigurð V. Ásbjarnarson frá Sandgerðisbæ, Ármann Höskuldsson frá Vestmannaeyjabæ, Þorleif Eiríksson frá Bolungarvík, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sigrúnu Eddu Eðvarðsdóttur frá Náttúrustofu Reykjaness, Svein

Bernódusson frá Náttúrustofu Vestfjarða, Róbert A. Stefánsson frá Náttúrustofu Vesturlands, Þorstein Sæmundsson frá Náttúrustofu Norðurlands vestra, Rögnu Ívarsdóttur frá Náttúrustofu Vesturlands, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Árna Bragason frá Náttúruvernd ríkisins.

Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Náttúrustofu Austurlands, Náttúrustofu Norðurlands vestra, Náttúrustofu Suðurlands, Náttúrustofu Vestfjarða, Náttúrustofu Vesturlands, Náttúruverndarsamtökum Vesturlands, Eyþingi – sambandi sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Náttúrustofu Reykjaness, Sandgerðisbæ og Grindavíkurbæ, Náttúrufræðistofnun Íslands, forsvarsmönnum náttúrustofa, Landvernd, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtökum sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra.

Með frumvarpinu er lagt til að starfræksla náttúrustofa verði alfarið á ábyrgð þeirra sveitarfélaga sem að þeim standa en með tilteknu framlagi ríkisins. Framlagið verði háð því skilyrði að sveitarfélögin leggi að lágmarki fram fjárhæð er nemur 30% af framlagi ríkisins og að jafnframt liggi fyrir samningur um viðkomandi stofu milli umhverfisráðherra og þeirra sveitarfélaga sem starfrækja náttúrustofuna. Einnig er lögð til breyting á skipan stjórnar stofanna í samræmi við breytta ábyrgð þannig að ráðherra komi hvorki að skipaninni né eigi fulltrúa í stjórn. Þá er lagt til að náttúrustofur verði ekki fleiri en átta. Einnig er í frumvarpinu lagt til að verkefni náttúrustofa verði aukin, þau skilgreind með skýrari hætti og stjórnum þeirra gefin heimild til að setja gjaldskrá fyrir tiltekin verkefni. Loks er lagt til að gjaldtökuheimild Náttúrufræðistofnunar Íslands verði skýrari og stofnuninni veitt heimild til að taka gjald fyrir tilgreinda þjónustu og verkefni sem óskað er af henni.

Við umfjöllun nefndarinnar kom m.a. fram óánægja með að ákveða í lögum að binda fjárframlag sveitarfélaganna við 30% af framlagi ríkisins. Samkvæmt upplýsingum sem meiri hlutanum hafa borist hafa framlög þeirra sveitarfélaga sem minnst hafa greitt til náttúrustofa numið um 20% af framlagi ríkisins og telur meiri hlutinn ekki rétt að hækka það framlag með þessum hætti. Meiri hlutinn lítur hins vegar svo á að nauðsynlegt sé fyrir stofurnar að sveitarfélögunum sé skylt að leggja fram ákveðið lágmarksframlag til reksturs þeirra og ítrekar því að framlag sveitarfélaganna skv. 3. gr. verði lágmarksframlag þeirra. Þá bárust nefndinni ábendingar um að æskilegt væri að gjaldtökuheimildir stjórna náttúrustofa næðu til sem flestra hlutverka stofanna skv. 4. gr. frumvarpsins en ekki eingöngu til d-liðar greinarinnar. Í því sambandi tekur meiri hlutinn fram að við athugun nefndarinnar á málinu kom í ljós að framlag ríkisins til stofanna er ætlað til almennra verkefna sem þeim eru falin í a- og b-lið. Þá er gert ráð fyrir hækkun á framlagi ríkisins vegna nýrra verkefna stofanna skv. c-lið og loks að Náttúruvernd ríkisins greiði fyrir eftirlit sem hún óskar eftir frá stofunum á grundvelli e-liðar. Í ljósi þess telur meiri hlutinn ekki forsendur fyrir því að gjaldskrárheimild stjórna stofanna nái yfir aðra liði greinarinnar en gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Í gildandi lögum er við útreikning á framlagi ríkissjóðs til náttúrustofanna meðal annars litið til stofnkostnaðar húsnæðis og innréttinga, svo og bóka- og tækjakaupa. Í því sambandi bendir meiri hlutinn á að við samningaviðræður ráðuneytisins og sveitarfélaganna um rekstur náttúrustofa þurfi að huga sérstaklega að stofnkostnaði nýrra stofa þar sem ekki hefur verið gengið frá stofnkostnaði og þeirra stofa sem enn hefur ekki verið stofnað til en gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Þá leggur meiri hlutinn áherslu á nauðsyn þess að tryggja náttúrustofunum öruggan og faglegan aðgang að Náttúruvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Þrátt fyrir athugasemdir frá mörgum gestum nefndarinnar við að ábyrgð á rekstri og starfsemi náttúrustofa verði flutt til sveitarfélaganna kom engu að síður fram vilji fyrir að slíkur

flutningur eigi sér stað og leggur meiri hlutinn því til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 3. gr. Í stað orðanna „skulu miðast við 30%“ í lokamálslið greinarinnar komi: skulu miðast við a.m.k. 20%.

Alþingi, 9. maí 2001.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Kristján Pálsson.	Gunnar Birgisson.
Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.	Ísólfur Gylfi Pálmason.

1337. Nefndarálit [523. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason og Eyvind G. Gunnarsson frá viðskiptaráðuneyti, Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands, Eirík Guðnason frá Seðlabanka Íslands, Pál Gunnar Pálsson og Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu, Gunnar Viðar frá Landsbanka Íslands, Jakob R. Möller frá Lögmannafélagi Íslands, Sigurð Hafstein frá Sambandi íslenskra sparisjóða og Guðmund Hauksson frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Umsagnir bárust um málið frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Verslunarráði Íslands, Fjármálaeftirlitinu, Seðlabanka Íslands, Þjóðhagsstofnun og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Einnig bárust gögn frá viðskiptaráðuneyti.

Frumvarpið er flutt í því skyni að heimild Fjármálaeftirlitsins til að setja reglur um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda verði felld úr vaxtalögum og færð yfir í lög um viðskiptabanka og sparisjóði.

Við meðferð málsins í nefndinni kom fram gagnrýni á að með lögfestingu frumvarpsins í óbreyttri mynd væri verið að setja sértækar áhættureglur fyrir verðtryggingu, en ekki aðra áhættu sem að lánastofnunum steðjar. Jafnframt kom fram hjá Fjármálaeftirlitinu að miðað við núverandi ástand væri ekki grundvöllur fyrir setningu þessara reglna. Í ljósi þess gerir meiri hlutinn tillögu um að frumvarpinu verði breytt á þann veg að ekki verði sérstök lagaheimild til setningar reglna um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda viðskiptabanka og sparisjóða heldur verði kveðið á um að eftirlitskerfi viðskiptabanka og sparisjóða með áhættu taki á verðtryggingarjöfnuði. Með slíkri breytingu tekur frumvarpið almennt til verðtryggingaráhættu í starfsemi lánastofnana í stað þess að gera það með sértækum reglum eins og raunin var með upphaflega gerð þess. Í þessu sambandi bendir meiri hlutinn á að vegna mikillar notkunar verðtryggingar hér á landi er verðtryggingaráhætta meiri hjá íslenskum lánastofnunum en lánastofnunum í nálægum löndum og því rétt að gefa henni sérstakan gaum.

Meiri hlutinn beinir því jafnframt til viðskiptaráðuneytis að í tengslum við vinnu við gerð nýrra bankalaga verði skoðað hvort rétt sé að setja í lög um viðskiptabanka og sparisjóði ákvæði um sérstaka eiginfjárbindingu ef munur verðtryggðra eigna og skulda fer yfir tiltekin mörk. Þannig verði gerð krafa um aukið eigið fé ef verðtryggingarójöfnuður fer yfir tiltekin mörk, enda er áhætta lánastofnunar þá meiri. Þessi aðferð gildir nú t.d. um gjaldeyrisjöfnuð.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir orðunum „þar með talið vaxtaáhættu“ í 8. mgr. 62. gr. laganna kemur: og verðtryggingaráhættu.

Alþingi, 14. maí 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Hjálmar Árnason.	Gunnar Birgisson.

1338. Nefndarálit [523. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er það flutt í því skyni að heimild Fjármálaeftirlitsins til að setja reglur um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda verði felld úr vaxtalögum og færð yfir í lög um viðskiptabanka og sparisjóði, en hér er um að ræða varúðarákvæði sem lýtur að áhættu viðskiptabanka og sparisjóða.

Meiri hlutinn gerir breytingartillögu við frumvarpið þess efnis að viðskiptabanki eða sparisjóður skuli á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu, þ.m.t. vaxtaáhættu og verðtryggingaráhættu, í tengslum við öll viðskipti sín. Fjármálaeftirlitið geti sett leiðbeinandi reglur um eftirlitskerfi með áhættuþáttum í starfsemi viðskiptabanka eða sparisjóðs. Þannig var heimild Fjármálaeftirlitsins til að setja reglur sem aðilum bar að fylgja þrengd í meðförum nefndarinnar þannig að eftir stendur eingöngu heimild til að setja leiðbeinandi reglur sem viðkomandi aðilum ber engin skylda til að fara eftir.

Við meðferð frumvarpsins í nefndinni kom fram að Seðlabanki Íslands legðist gegn breytingartillögu meiri hlutans á þeirri forsendu að öruggara væri að hafa þá heimild í lögum að unnt væri að setja reglur um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda eins og frumvarpið hefði upphaflega falið í sér. Seðlabankinn nefndi í þessu sambandi að hefði banki neikvæðan verðtryggingarjöfnuð, þ.e. meiri verðtryggðar skuldir en eignir, yrði hann fyrir tapi af snöggri aukningu verðbólgu. Hefði banki hins vegar mikið af verðtryggðum eignum umfram verðtryggðar skuldir hefði hann stundarhag af aukningu verðbólgu þar sem vextir væru oft tregbreytanlegir. Væri verðbólga viðvarandi og ójafnvægi á milli verðtryggðra eigna og skulda banka væri hætt við að skammtímavextir réðust einkum af kjörum á langtímamarkaði, þ.e.

af vöxtum af verðtryggðum skuldabréfum sem gjarnan eru til langs tíma. Frá peningapólitísku sjónarmiði væri heppilegra að skammtímavextir réðust af öðrum þáttum en langtímavöxtum, svo sem af vöxtum af stuttum lánum Seðlabankans og eftirspurn eftir skammtímalánum.

Minni hlutinn bendir á að þrátt fyrir að aðstæður séu nú metnar svo að ekki sé mikil ástæða til að hafa reglur eins og þær sem frumvarpið gerði upphaflega ráð fyrir í lögum geta aðstæður breyst skyndilega. Því tekur minni hlutinn undir sjónarmið Seðlabanka Íslands og telur mikilvægt frá öryggissjónarmiði að lagaheimild til að setja reglur sem viðskiptabönkum og sparisjóðum beri að fylgja sé fyrir hendi í stað þess að Fjármálaeftirlitið setji leiðbeinandi reglur, sem hafa ekkert skuldbindingargildi gagnvart þessum aðilum, breytist aðstæður skyndilega.

Í fylgiskjali með nefndaráliti þessu er að finna umsögn Seðlabanka Íslands þar sem framangreind sjónarmið koma fram.

Minni hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt,** í þeirri mynd sem viðskiptaráðherra lagði það fram.

Alþingi, 14. maí 2001.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm. Margrét Frímannsdóttir.

Fylgiskjal.

Seðlabanki Íslands:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.
(7. maí 2001.)

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar 27. apríl sl. beindust spurningar til mín um verðtryggingarjöfnuð banka og sparisjóða. Jóhanna Sigurðardóttir hefur fylgt þeim eftir með tölvupósti til mín í dag þar sem hún spyr um afstöðu Seðlabanka Íslands til frumvarps um breytingu á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum, máls nr. 523. Greinir Jóhanna frá því að efnahags- og viðskiptanefnd hafi tekið upp breytingartillögu samtaka banka og verðbréfafyrirtækja við frumvarp ráðherra um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að setja reglur um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda viðskiptabanka og sparisjóða þess efnis að viðskiptabanki eða sparisjóður skuli á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu, þar með talið vaxtaáhættu og verðtryggingaráhættu í tengslum við öll viðskipti sín. Fjármálaeftirlitið geti sett leiðbeinandi reglur um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi sinni. Spyr Jóhanna hvort Seðlabankinn telji rétt að láta ákvæði frumvarps ráðherrans standa óbreytt.

Þegar ég mætti á fund efnahags- og viðskiptanefndar skýrði ég frá því að Seðlabankinn væri fylgjandi þessu frumvarpi. Hann er það enn, enda telur bankinn öruggara að hafa þá heimild í lögum að unnt sé að setja reglur um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda banka og sparisjóða eins og frumvarp ráðherrans felur í sér. Ég nefni hér nokkrar ástæður sem sumar hverjar komu fram á umræddum fundi:

1. Hafi banki neikvæðan verðtryggingarjöfnuð (meiri verðtryggðar skuldir en eignir) verður hann fyrir tapi af snöggri aukningu verðbólgu.
2. Hafi banki mikið af verðtryggðum eignum umfram verðtryggðar skuldir hefur hann stundarhag af aukningu verðbólgu þar eð vextir eru oft tregbreytanlegir.
3. Sé verðbólga viðvarandi og ójafnvægi er á milli verðtryggðra eigna og skulda banka er hætt við að skammtímavextir ráðist einkum af kjörum á langtímamarkaði, þ.e. af vöxtum af verðtryggðum skuldabréfum sem gjarnan eru til langs tíma. Frá peningapólitísku sjónarmiði er heppilegra að skammtímavextir ráðist af öðrum þáttum en langtímavöxtum, svo sem af vöxtum af stuttum lánum Seðlabankans og eftirspurn eftir skammtímalánum.

Svo má bæta við atriði sem varðar þá stefnu að dregið verði úr notkun verðtryggingar, einkum með því að hætta að verðtryggja innlán:

4. Aukist verðbólga skyndilega er viðbúið að sparifjáreigendur færi fé af óverðtryggðum yfir á verðtryggða innlánsreikninga, séu þeir fyrir hendi. Því gæti banki sem hefur verðtryggðar eignir umfram skuldir, eða hefur jafnvægi þar á milli, lent í því að gjörbreyting verði á þessu á skömmum tíma. Hann á ekki auðvelt með að laga jöfnuðinn með því að auka verðtryggðar eignir sínar þar eð svona viðbrögð sparifjáreigenda færa honum ekki nýtt fé til ráðstöfunar. Haldi bankar áfram að bjóða verðtryggða innlánsreikninga er þessi hætta fyrir hendi og getur reynst fjármálakerfinu í heild þung í skauti. Seðlabankinn hefur margoft bent bönkum á þessa hættu og jafnframt á þá leið til lausnar að hætt verði að verðtryggja innlán. Hættan er hins vegar ekki til staðar á meðan verðbólga er lág.

Þótt bankar hætti að bjóða verðtryggða innlánsreikninga gætu þeir, eins og aðrir, gefið út og selt verðtryggð skuldabréf til að afla ráðstöfunarfjár. Framboði slíkra bréfa geta þeir ráðið sjálfir og þá m.a. tekið mið af jafnvæginu milli verðtryggðra eigna og skulda. Þeir ættu með öðrum orðum auðveldara með að halda nauðsynlegu jafnvægi.

Á móti hefur verið bent á að verðtrygging sé notuð á öðrum sviðum, svo sem í verksamningum og leigusamningum, og því eigi ekki að setja bönkum skorður við notkun verðtryggingar. Þessu er til að svara að verðtrygging verksamninga og leigusamninga fylgir ekki kerfisáhætta, a.m.k. ekki fyrir fjármálalífið í heild.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Eiríkur Guðnason
bankastjóri

1339. Nefndarálit [484. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 27/1981, um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Baldursson frá menntamálaráðuneyti, Runólf Ágústsson frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst, Guðbrand Steinþórsson frá Tækniskóla Íslands, Guðmund Magnússon og Brynjólf Sigurðsson frá viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, Agnar Hansson og Þórð Gunnarsson frá Háskólanum í Reykjavík og Kristján Jóhannsson frá Félagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá menntamálaráðuneyti, viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Viðskiptaháskólanum á Bifröst, Nemendafélagi Tækniskóla Íslands, Félagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga og Félagi rekstrar- og iðnrekstrarfræðinga.

Markmið frumvarpsins er að afnema þann einkarétt sem nemendur úr Háskóla Íslands hafa haft til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga eða nota heiti sem felur í sér orðin viðskiptafræðingur eða hagfræðingur. Kemur fram í frumvarpinu að til að mega nota framangreind heiti þurfi leyfi viðskiptaráðherra. Lagt er til að þeir sem lokið hafa BS- eða cand. oecon.-prófi úr viðskiptadeild eða BS-prófi úr hagfræðideild viðurkennds íslensk háskóla, sbr. lög nr. 136/1997, um háskóla, og uppfylla skilyrði reglugerðar skv. 3. gr. laganna um innihalds náms þurfi ekki slíkt leyfi ráðherra.

Á síðustu árum hefur framboð viðskiptamenntunar á háskólastigi aukist verulega jafnframt því sem háskólum hefur fjölgað. Samkvæmt lögum nr. 27/1981 hafa einungis þeir nemendur sem lokið hafa prófi úr viðskiptadeild Háskóla Íslands leyfi til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga án sérstaks leyfis ráðherra. Telur nefndin eðlilegt að nemendur úr skólum sem bjóða upp á sambærilegt nám í viðskiptafræðum og Háskóli Íslands njóti sama réttar og nemendur úr Háskóla Íslands til að kalla sig viðskiptafræðinga. Þeir skólar sem um ræðir eru Viðskiptaháskólinn á Bifröst, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Akureyri og Tækniskóli Íslands auk þess sem ekki er loku fyrir það skotið að fleiri skólar muni í framtíðinni bjóða upp á sambærilegt nám.

Nefndin telur eðlilegt að auk BS- eða cand. oecon.-gráðu þurfi ekki leyfi ráðherra ef viðkomandi hefur meistaragráðu í viðskipta- eða hagfræðigreinum.

Nefndin telur enn fremur eðlilegt að það ráðuneyti sem fer með málefni viðkomandi starfsgreinar fjalli um réttindamál af þessu tagi fremur en menntamálaráðuneyti samkvæmt gildandi lögum, í þessu tilviki viðskiptaráðuneytið.

Nefndin leggur hins vegar til að felld verði brott 3. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að viðskiptaráðherra skuli ákveða lágmarkskröfur um námslengd og samsetningu prófgráðu. Viðskiptaráðherra sé þar með veitt nánast takmarkalaust vald til þess að stjórna tilteknu fræðasviði háskóla með reglugerðum. Gangi slík tilhögun gegn öllum þeim markmiðum sem sett voru með samþykkt laga nr. 136/1997, um háskóla. Samkvæmt þeim lögum leiki ekki vafi á sjálfstæði háskóla og að yfirstjórn hvers háskóla skuli ákveða fyrirkomulag kennslu, náms og námsmats og skipulag rannsókna. Þannig hafi hver háskóli faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði og beri ábyrgð á starfsemi sinni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 2. málsl. orðist svo: Þeir sem lokið hafa BS- eða cand. oecon.-prófi úr viðskiptadeild eða BS-prófi úr hagfræðideild viðurkennds íslensks háskóla eða meistaranámi úr framangreindum deildum, sbr. lög nr. 136/1997, um háskóla, þurfa ekki slíkt leyfi ráðherra.
2. 3. gr. falli brott.

Alþingi, 9. maí 2001.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Tómas Ingi Olrich.
Ólafur Örn Haraldsson.	Einar Már Sigurðarson.	Einar Oddur Kristjánsson.
Kolbrún Halldórsdóttir.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Hjálmar Árnason.

1340. Nefndarálit [389. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Í athugasemdum með frumvarpi þessu, eins og það var lagt fram af hálfu landbúnaðarráðherra, segir m.a.: „Frumvarp þetta er lagt fram í þeim tilgangi að setja skýrari og ítarlegri ákvæði í IX. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, um fiskeldi og hafbeit. Ljóst er að löggjöf um fiskeldi hefur lengi verið ábótavant hér á landi. Núgildandi löggjöf um þennan málaflokk er fábrotin og gefur stjórnvöldum ekki nægjanlegt svigrúm til að hafa afgerandi áhrif á mótun og starfsemi atvinnugreinarinnar. Í löggjöfina vantar ýmis ákvæði sem eðlilegt og nauðsynlegt má telja að þar sé að finna."

Í þessum orðum eru frumvarpshöfundar í raun að viðurkenna að gildandi löggjöf um fiskeldi sé „fábrotin" og í hana vanti ýmis ákvæði sem teldust „eðlileg og nauðsynleg" og í því ljósi hljóti að vera erfitt að taka á og meta umsóknir um rekstur af þessum toga. Í frumvarpinu eru hins vegar umtalsverðar endurbætur sem miða fram á við og skapa eðlilegri og skýrari ramma um starfsgreinina og ítarlegri leikreglur á þessum vettvangi.

Áður en vikið verður að frumvarpinu sjálfu er óhjákvæmilegt í ljósi þess sem að framan greinir að staldra við stöðu mála í atvinnugreininni eins og sakir standa, nú þegar lagabætur standa fyrir dyrum á næstu dögum eða vikum. Tvennt vekur þar sérstaka athygli.

1. Yfirvöld hafa með samþykki landbúnaðarráðherra á grundvelli gildandi laga, eins takmörkuð og þau eru, gefið út reglugerð þar sem fiskeldi á stórum svæðum á landinu er með öllu bannað en annars staðar heimilað. Nokkuð vantar hins vegar á að hlutlæg og málefnaleg rök liggi þar til grundvallar þar sem grunnrannsóknir vantar á mörgum sviðum og bannið því ekki byggt á vísindalegum niðurstöðum og hlutlægni, hvorki hvað varðar vernd íslenska laxastofnsins né önnur vistfræðileg atriði sem taka þarf tillit til við friðun svæða. Það er því

undrunarefni að landbúnaðarráðherra telji sig þess umkominn að taka slíkar ákvarðanir án nauðsynlegrar málefnalegrar undirstöðu sem að hluta til er þrátt fyrir allt að finna í nýju lagafrumvarpi sem lagt er kapp á að lögfesta fyrir þinglok nú í maí.

2. Gildandi löggjöf er fábrotin og tekur mið af sjókvíaeldi fyrri tíma þegar það var stundað í tiltölulega litlum mæli og þekking manna á sjókvíaeldi og mengunarþáttum var takmörkuð. Nú er sjókvíaeldi stundað í stórum stíl í nágrannalöndum okkar og bera umsóknir um sjókvíaeldi merki þess að margir hafa nú áhuga á þessari atvinnugrein hér á landi. Umsóknir og þegar veitt rekstrarleyfi eru fyrir stöðvar með mun meiri framleiðslu en þekkist í Noregi og Skotlandi, en það eru þau lönd sem við berum okkur oftast saman við á þessu sviði. Ef sjókvíaeldi á að verða öflug atvinnugrein hér á landi ber okkur að læra af reynslu nágrannaþjóðanna og viðhafa varúð frá upphafi, þ.e. gæta að mengunarþáttum, vernd villta laxastofnsins, umhverfisvernd og meta þátt annarra atvinnugreina á sama svæði.

Við framangreindar aðstæður er það undrunarefni að á síðustu mánuðum hafa verið gefin út rekstrarleyfi til sjókvíaeldis í Mjóafirði og Berufirði og tilraunaeldis í Klettsvík og er um verulegan rekstur að ræða í öllum tilvikum. Eðlilegast hefði verið að bíða samþykktar hinna nýju laga, þannig að jafnræði yrði í greininni. Enda þótt í bráðabirgðaákvæði segi að handhafar rekstrarleyfa þurfi að endurnýja rekstrarleyfi innan árs frá gildistöku hinna nýju laga er það þekkt að vandasamara er en ella í allri stjórnsýslu að gera stórauknar og nýjar kröfur til fyrirtækja og atvinnureksturs sem þegar er starfandi. Gjarnan þarf aðlögunartíma við þær aðstæður, ekki síst ef viðkomandi fyrirtæki hafa lagt í umtalsverðar fjárfestingar þegar lagaumhverfið var annað og fábrotnara og fjárfestar þá væntanlega lagt í þær í góðri trú í samræmi við gildandi lagaumhverfi.

Bendir minni hlutinn á að taka þarf tillit til margfeldisáhrifa af rekstri fleiri en einnar eldisstöðvar á viðkomandi svæði. Því er nauðsynlegt að meta hugsanlegt þol hvers staðar fyrir sig áður en leyfi er veitt. Vísað er til matsskyldu framkvæmdar samkvæmt lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Samkvæmt þeim lögum er metið hverju sinni hvort viðkomandi framkvæmd fiskeldisstöðvar á að fara í umhverfismat. Þessu þarf að breyta í lögunum og setja inn skýr ákvæði um að fiskeldisstöðvar sem framleiða meira en 200 tonn á ári skuli alltaf fara í mat á umhverfisáhrifum og sömuleiðis verði tillit tekið til margfeldisáhrifa fleiri en einnar stöðvar á sama svæði, þ.e. gera þarf heildstætt mat. Við veitingu rekstrarleyfa verður aðkoma almennings og annarra hagsmunaaðila ekki tryggð nema með mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Einnig er minnt á álit umhverfisnefndar Alþingis að veita skuli skipulagsyfirvöldum viðkomandi sveitarfélaga aðkomu að veitingu leyfa þótt laxeldi fari fram utan netlaga sem víðast mun reynast nauðsynlegt.

Auk þess bendir minni hlutinn á að ekki er nægilega tillit tekið til umhverfissjónarmiða og náttúruverndar almennt í frumvarpinu. Náttúruvernd ríkisins á t.d. ekki umsagnarrétt um veitingu rekstrarleyfis til fiskeldis- eða hafbeitar skv. 1. mgr. 3. gr., flutning á eldistegundum o.fl. milli fiskeldis- og hafbeitarstöðva eða ótengdra vatnasvæða skv. 3. mgr. c-liðar 5. gr. og takmörkun á eða bann við fiskeldi, hafbeit eða ákveðnum eldisaðferðum á afmörkuðum stöðum skv. e-lið sömu greinar. Minni hlutinn leggur mikla áherslu á að úr þessi verði bætt áður en frumvarpið verður endanlega afgreitt sem lög frá Alþingi. Þá telur minni hlutinn afar óeðlilegt að umhverfisráðuneyti sé ekki ætlað að tilnefna fulltrúa í fiskeldisnefnd þar sem hlutverk hennar er að vera samstarfsvettvangur fagráðuneyta.

Minni hlutinn telur enn fremur óhjákvæmilegt að vekja athygli á umræðum sem hafa verið ofarlega á baugi um ábyrgð aðila komi til óhappa eða slysa í fiskeldi sem valdið geti umtalsverðri umhverfisröskun, þ.e. tjóni fyrir þriðja aðila, t.d. eigendur laxveiðiáa. Hafa sumir haldið því fram að leyfisveitandinn, þ.e. ríkisvaldið, kunni að verða skaðabótaskyldur

komi til slíkra umhverfisslysa, ef rekstraraðilar hafa ekki keypt slíkar sértækar tryggingar. Hafa sérfræðingar á sviði skaðabótaréttar vakið athygli á því að núgildandi lög og reglur henti ekki eða illa þegar um umhverfistjón er að ræða. Fyrirliggjandi frumvarp tekur ekki af tvímæli í þessum efnum eins og rætt var í nefndinni að nauðsynlegt væri að gera.

Eftirlitsþáttur þessara mála hefur sumpart verið færður til betri vegar í breytingartillögum meiri hlutans frá því sem var í frumvarpinu sjálfu, en samkvæmt tillögunum er nú miðað við að rekstraraðilar greiði kostnað af eftirliti í samræmi við raunkostnað. Hins vegar skal á það minnt að í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið var áætlað að kostnaður við eftirlitið yrði um 8 millj. kr. frá og með árinu 2002. Ýmsir gestir nefndarinnar bentu hins vegar á að kostnaður við nauðsynlegt eftirlit mundi hlaupa á miklu hærri upphæðum, eða tugum milljóna króna. Um þetta skal engu slegið föstu, en hins vegar eru þessir þættir skildir eftir tiltölulega opnir í breytingartillögum meiri hlutans og fáar leiðbeinandi vísbendingar um kostnað og umfang nauðsynlegs eftirlits. Það er galli – hvort heldur er litið til hagsmuna rekstraraðila sjálfra ellegar þeirra sem hagsmuna eiga að gæta af virku og öflugu eftirliti af opinberra hálfu.

Í heild verður að átelja það að í þessu frumvarpi sem lagt er fram til að setja skýrari og ítarlegri ákvæði í IX. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, vegna mikillar ásóknar í leyfi til laxeldis í stórum stíl, vantar mjög upp á að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða og náttúruverndar. Til dæmis hefur algerlega gleymst að taka tillit til alþjóðlegra skuldbindinga um náttúruvernd sem Íslendingar eru aðilar að, t.d. Ríó-samning frá 1992 um líffræðilegan fjölbreytileika, Hafréttarsamning frá 1982 og Bernarsamning um vernd villtrar náttúru í Evrópu frá 1979.

Þrátt fyrir fyrrnefnda galla á frumvarpinu mun minni hlutinn styðja það að lyktum en áskilur sér allan rétt til að flytja breytingartillögur sem lúta að fyrrgreindum atriðum sem minni hlutinn hefur átalið og væntir þess að þær njóti stuðnings.

Alþingi, 15. maí 2001.

Sigríður Jóhannesdóttir, frsm.	Þuríður Backman.	Guðmundur Árni Stefánsson.

Fylgiskjal I.

Umsögn umhverfisnefndar.
(5. apríl 2001.)

Umhverfisnefnd hefur fjallað um frumvarp til laga um breyting á lögum um lax- og silungsveiði, 389. mál, í samræmi við bréf landbúnaðarnefndar frá 16. febrúar sl.

Nefndin fékk á sinn fund vegna málsins Ingimar Sigurðsson og Sigurð Þráinsson frá umhverfisráðuneyti, Orra Vigfússon og Helgu Óttarsdóttur frá NASF – verndarsjóði villtra laxa, Sigurð Guðjónsson frá Veiðimálastofnun, Þórodd Þóroddsson og Elínu Smáradóttur frá Skipulagsstofnun, Davíð Egilson og Helga Jensson frá Hollustuvernd og Árna Ísaksson veiðimálastjóra. Þá horfði nefndin á bresku heimildarmyndina „Warnings from the Wild“ um laxeldi frá sjónvarpsstöðinni BBC.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ákvæðum laga um lax- og silungsveiði varðandi fiskeldi og hafbeit verði breytt og þau gerð ítarlegri.

Við meðferð málsins í nefndinni kom í ljós að ýmsum þáttum frumvarpsins er ábótavant hvað varðar umhverfissjónarmið og náttúruvernd. Jafnframt fengu nefndarmenn upplýsingar um að núverandi framkvæmd laga um lax- og silungsveiði væri verulega ábótavant, sérstaklega hvað varðar rekstrarleyfi fiskeldisstöðva, en einnig varðandi ýmislegt er lýtur að eftirliti með stöðvunum.

Nefndin gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. Nefndin bendir á að í ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu er gert ráð fyrir endurnýjun rekstrarleyfis fiskeldis- og hafbeitarstöðva sem eru í rekstri við gildistöku laganna. Hér þarf að tryggja að eldri stöðvar uppfylli öll þau skilyrði sem sett eru í frumvarpinu fyrir rekstri fiskeldisstöðva og því þarf að kveða skýrt á um að ekki sé átt við framlengingu eldri leyfa heldur sé í rauninni um útgáfu nýrra leyfa að ræða.

2. Það var samdóma álit gesta nefndarinnar að ekki væri tekið nægilegt tillit til umhverfissjónarmiða og náttúruverndar í frumvarpinu. Á það var bent að Náttúruvernd ríkisins og Hollustuvernd ríkisins eiga hvorki umsagnarrétt né koma að ákvörðunartöku varðandi mikilvæg atriði. Sem dæmi má nefna veitingu rekstrarleyfis til fiskeldis og hafbeitar skv. 1. tölul. 3. gr., flutning á eldistegundum o.fl. milli fiskeldis- og hafbeitarstöðva eða ótengdra vatnasvæða skv. 3. tölul. c-liðar 5. gr. og takmörkun á eða bann við fiskeldi, hafbeit eða ákveðnum eldisaðferðum á afmörkuðum stöðum skv. e-lið sömu greinar. Umhverfisnefnd leggur ríka áherslu á að bætt verði úr þessu áður en frumvarpið verður afgreitt frá landbúnaðarnefnd.

3. Samkvæmt áliti félagsmálaráðuneytisins er lögsagnarumdæmi sveitarfélaga á haf út innan netlaga, þ.e. 115 metra frá stórstraumsfjöruborði, þannig að eingöngu innan þeirra marka er sveitarfélögum heimilt að veita framkvæmdaleyfi til sjókvíaeldis, að gættum ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og náttúruverndarlaga. Hins vegar eru allar líkur til þess að slíkt eldi muni fara fram utan þessara marka vegna þarfar á sjódýpt og því mun sjókvíaeldið falla utan stjórnsýslu sveitarfélaga sem telja verður afar óeðlilegt. Nefndin telur að skera þurfi úr um aðkomu skipulagsyfirvalda við veitingu leyfa og jafnframt að skoða þurfi rækilega hvort ákvæði í frumvarpinu stangist á við skipulags- og byggingarlög.

4. Þá er að mati nefndarinnar afar óeðlilegt að umhverfisráðuneytinu sé ekki ætlað að koma að tilnefningu í fiskeldisnefnd þar sem hlutverk hennar er að vera samstarfsvettvangur fagráðuneyta.

5. Nefndin telur nauðsynlegt að inn í lögin verði settar skilgreiningar á kynbótum og erfðablöndun. Þá leggur hún til að umsagnir Veiðimálastofnunar til veiðimálastjóra skv. 1. tölul. 3. gr. og 3. tölul. c-liðar 5. gr. frumvarpsins lúti einnig að neikvæðum vistfræðilegum áhrifum.

Umhverfisnefnd leggur til að þau atriði sem nú voru nefnd verði tekin til gagngerrar skoðunar áður en frumvarpið verður afgreitt frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin vekur jafnframt athygli á umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands þar sem bent er á aðild íslenska ríkisins að alþjóðlegum skuldbindingum sem hafa ber í huga við lagasetningu sem þessa en hér er fyrst og fremst um að ræða Ríó-samninginn frá 1992 um líffræðilegan fjölbreytileika, hafréttarsamninginn frá 1982 og Bernarsamninginn um vernd villtrar náttúru í Evrópu frá 1979. Jafnframt er í umsögninni bent á 41. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, en samkvæmt því ákvæði er það umhverfisráðherra sem getur veitt leyfi fyrir innflutningi, ræktun og dreifingu lifandi lífvera.

Þá fengu nefndarmenn upplýsingar um það að einhverjar þeirra fiskeldisstöðva sem nú væru starfandi hefðu starfsleyfi, en ekki rekstrarleyfi. Þrátt fyrir ákvæði laga um lax- og silungsveiði um að rekstrarleyfi þurfi til starfrækslu fiskeldisstöðvar hefur því ekki verið framfylgt. Nefndin vekur athygli á þessari staðreynd og gerir alvarlegar athugasemdir við

þessa framkvæmd þar sem við veitingu starfsleyfis er eingöngu hugað að mengunarþætti stöðvanna.

Loks telur nefndin rétt að geta þess að hún telur vægi umhverfismats of lítið í frumvarpinu, þar sem eingöngu er sett það skilyrði að óheimilt sé að gefa út rekstrarleyfi til fiskeldiseða hafbeitarstöðvar fyrr en ákvörðun um matsskyldu eða úrskurður um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir. Í því sambandi bendir nefndin á að sú staða getur komið upp að fleiri en ein stöð rísi á sama svæði eða landshluta án þess að nokkur þeirra fari í umhverfismat og þá er nauðsynlegt að mati nefndarinnar að fram fari umhverfismat á landsvæðinu til að umhverfisáhrif stöðvanna á svæðið verði ljós.

F.h. formanns umhverfisnefndar Alþingis,

Hildur N. Njarðvík nefndarritari.

Fylgiskjal II.

Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.
(3. apríl 2000.)

Óskað hefur verið eftir áliti Náttúrufræðistofnunar Íslands á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum (389. mál). Eftirfarandi eru helstu athugasemdir stofnunarinnar:

Í 3. gr. frumvarpsins kemur fram að til fiskeldis og hafbeitar þurfi rekstrarleyfi landbúnaðarráðherra. Við meðferð umsókna um rekstrarleyfi skal landbúnaðarráðherra m.a. *leggja mat á vistfræðilega þætti* sem kunna að fylgja starfsemi eldis- eða hafbeitarstöðva (3. tölul.). Þar sem starfsemi eldis- og hafbeitarstöðva getur haft margvísleg vistfræðileg áhrif á náttúru viðkomandi svæðis þykir eðlilegt að leitað sé eftir umsögn frá Náttúruvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands áður en rekstrarleyfi eru veitt, sérstaklega ef viðkomandi framkvæmd hefur ekki farið í mat í umhverfisnefnd, sbr. lög nr. 106/2000.

Einnig þykir eðlilegt að umhverfisráðherra skipi fulltrúa í fiskeldisnefnd til að tryggja að umhverfissjónarmið verði höfð að leiðarljósi í starfi nefndarinnar.

Þegar um er að ræða eldistegundir eða stofna sem eiga ekki náttúrleg heimkynni í íslenskri náttúru ætti að gæta sérstakrar varúðar og um slík leyfi ættu að gilda strangar reglur. Íslendingar eiga aðild að margvíslegum alþjóðasamningum og samþykktum sem kveða á um sleppingu framandi tegunda af mannavöldum, hvort sem um er að ræða slysasleppingar eða vísvitandi aðgerð. Flestar þessar alþjóðlegu skuldbindingar eru með þeim hætti að þær hafa lítið gildi fyrr en þær hafa verið teknar upp í landslög. Mikilvægt er þess vegna að horfa til þeirra við setningu laga.

Dæmi um slíka alþjóðlega samninga og samþykktir, sem varða fiskeldi eru:

- *Ríó-samningurinn um líffræðilega fjölbreytni* frá 1992, en þar segir í grein 8h: Contracting parties undertake „to prevent the introduction of, control or eradicate those alien species which threaten ecosystems, habitats and species.“ Ákvæði þetta tekur ekki eingöngu til tegunda, heldur einnig stofna og arfgerða.

  Einnig má benda á ákvörðun nr. 8 frá 5. ráðstefnu aðildarríkjanna, en þar er m.a. að finna 15 meginreglur varðandi framandi lífverur.

- *Hafréttarsamningurinn* frá 1982, en í honum segir m.a.: „States shall take all measures necessary to prevent, reduce and control ... the intentional or accidental introduction of species, alien or new, to a particular part of the marine environment, which may cause significant and harmful changes thereto" (196. grein).
- *Bernarsamningurinn um vernd villtrar náttúru í Evrópu* frá 1979. Þar segir að sérhvert aðildarríki skuldbindi sig „to strictly control the introduction of non-native species".

Mörg fleiri slík dæmi um alþjóðlegar skyldur mætti nefna, en hér er látið nægja að vísa til viðbótar til ritsins „Introduced species in the Nordic Countries" (Nord Environment, Nord 2000:13), sem gefið er út á vegum norrænu ráðherranefndarinnar.

Náttúrufræðistofnun leggur til að sett verði ákvæði í texta frumvarpsins um vernd líffræðilegs fjölbreytileika. Kveða ætti á um þá skyldu landbúnaðarráðherra að taka fullt tillit til alþjóðlegra samninga við leyfisveitingar. Helst ætti að setja þá kröfu að heimild umhverfisráðherra þurfi þegar um er að ræða eldi á framandi tegundum, stofnum eða arfgerðum, skv. 41. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, sem fjallar um innflutning, ræktun og dreifingu slíkra lífvera.

Virðingarfyllst,

Jón Gunnar Ottósson forstjóri.

Fylgiskjal III.

Minnisblað frá Veiðimálastofnun um e-lið 5. gr. frumvarpsins (78. gr. laganna).
(7. maí 2001.)

Greinin hljóðar svo:

Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa kafla með reglugerðum og öðrum stjórnvaldsreglum, m.a. um útgáfu rekstrarleyfa, örmerkingar á hluta af eða öllum laxaseiðum í kvíaeldi, fóðurnotkun, endurnýjun eldisbúnaðar, úttekt á fiskeldis- og hafbeitarstöðvum, eftirlit með starfsemi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, flutning eldistegunda milli fiskeldis- og hafbeitarstöðva, flutning fisks og frjóvgaðra hrogna milli ótengdra vatnasvæða o.fl. Landbúnaðarráðherra getur einnig að fenginni umsögn dýralæknis fisksjúkdóma, fiskeldisnefndar, veiðimálanefndar, veiðimálastjóra og Veiðimálastofnunar takmarkað eða bannað fiskeldi, hafbeit eða ákveðnar eldisaðferðir í einstaka fjörðum, flóum eða landsvæðum sem teljast sérlega viðkvæm gagnvart slíkri starfsemi. Jafnframt getur landbúnaðarráðherra ákvarðað svæðaskiptingu fiskeldis meðfram strönd landsins og heildarframleiðslu á hverju svæði.

Leitað hefur verið til Veiðimálastofnunar um forsendur takmörkunar eða banni við fiskeldi á ákveðnum svæðum samkvæmt ofangreindri frumvarpsgrein.

Til að vernda og hlífa villtum laxfiskastofnum við erfðablöndun, fisksjúkdómum og neikvæðum vistfræðiáhrifum eru nokkrir þættir sem líta þarf til við staðsetningu eldisstöðva og stærð þeirra. Þetta eru þættir eins og fjarlægð frá lax- og silungsveiðiám. Því lengra sem laxfiskaeldi er frá ánum því minni áhætta er tekin, en í því sambandi verður einnig að líta til stærð veiðiverðmæta (fjöldi og afkastageta veiðivatna) innan fjarðarins eða flóans. Ef laxfiskur sleppur úr eldi leitar hann aftur í fyllingu tímans (þegar kynþroska er náð) á sleppistað en getur síðan leitað í hvaða á sem er innan þess fjarðar eða flóa. Minni líkur eru á að

hann leiti í ár í öðrum fjörðum. Einnig þarf að líta til hvort svæði til fiskeldis séu staðsett í farleiðum lax og silungs eða á mikilvægu beitarsvæði sjósilungs eða hvort straumar leiði sleppifisk í ár. Um þennan þátt vantar í dag rannsóknir. Að síðustu er rétt að líta einnig til tíðni og stærð umhverfisþátta sem auka líkur á tjóni, þar sem fiskur sleppur úr eldi (ölduhæð, vindstyrkur, lagnaðarishætta, hafishætta).

Eldi á geldum fiski (ófrjóum) tekur fyrir hættu á erfðablöndun og er það ástæðan fyrir því að eldi á ófrjóum laxi er ekki bönnuð innan friðunarsvæða í nýlegri reglugerð.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðjónsson, framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal IV.

Gísli Jónsson, dýralæknir fisksjúkdóma:

FISKSJÚKDÓMAR
Áhrif smitsjúkdóma á vöxt og viðgang villtra laxa- og silungastofna.
(28. mars 2001.)

INNGANGUR

Alkunna er að allir smitsjúkdómar sem þekkjast í fiskum við eldisskilyrði finnast í einhverjum mæli á meðal villtra fiska í náttúrunni. Langalgengast er að örverur (veirur, bakteríur, sníkjudýr) leynist í svokölluðum duldum smitberum og þar verði þeirra sjaldan eða aldrei vart á formi klíniskra sjúkdóma. Við eldisaðstæður, t.d. í sjókvíum, eykst almenn streita til muna og öll umhverfisskilyrði snúast á sveif með sjúkdómsvaldinum þannig að sjúkdómur blossar upp. Við slíkar aðstæður verður smitmögnun gífurleg og ákveðin hætta getur skapast gagnvart villtu lífríki fyrir utan kvíarnar. Mikilvægur þáttur í baráttunni gegn dreifingu smitefna til villtra fiska er því að stuðla að sem allra bestu heilbrigðisástandi á meðal eldisfiska. Að sama skapi má segja að ein brýnasta sjúkdómavörn í fiskeldi er að varna því að villtir fiskar komist í návígi við eldisfiskinn. Hér er því um sameiginlegt kappsmál að ræða hjá hagsmunaaðilum fiskeldis og fiskræktunar, þ.e. að á hverjum tíma sé smitsjúkdómum haldið í lágmarki. Reynslan hefur sýnt okkur að afar erfitt er að ala fisk án nokkurrar snertingar við villt umhverfi, ekki síst þegar um hefðbundið kvíaeldi er að ræða.

Undanfarin ár hefur miklum tíma og fjármunum verið varið í að skoða samspil milli sýkinga af ýmsum toga í eldisfiski og villtum fiski. Þjóðir á borð við Noreg, Skotland og Kanada hafa gengið hvað lengst í þessum efnum og er forvitnilegt að skoða þær niðurstöður ofan í kjölinn. Óhætt er að segja að rannsóknarniðurstöður hvað sjúkdómamál varðar beri í höfuðatriðum að sama brunni. Menn eru í stórum dráttum sammála um hvaða sjúkdómar helst koma við sögu og hvaða áhrif slíkir smitsjúkdómar hafa á fiska í villtu umhverfi.

EINSTAKA SJÚKDÓMAR

Allir smitsjúkdómar sem líklegir eru til að skipta máli í þessu samhengi hafa fengið ítarlega skoðun og umfjöllun í nágrannalöndum okkar. Sjúkdómar sem nefndir hafa verið til leiks eru eftirfarandi:

Bakteríusýkningar:
- Kýlaveiki (Aeromonas salmonicida undirtegund salmonicida)
- Nýrnaveiki (Renibacterium salmoninarum)

Veirusýkingar:
- ISA-veiki (Orthomyxoviridae)
- IPN-veiki (Birnaviridae)

Sníkjudýr:
- Laxalús (krabbadýrið Lepeophtheirus salmonis)
- Roðflyðrusýki (agðan Gyrodactylus salaris)

Að auki verður lítillega minnst á eftirfarandi sjúkdóma vegna sérstöðu þeirra hér við land:
- Kýlaveikibróðir (Aeromonas salmonicida undirteg. achromogenes)
- Fiskilús (krabbadýrið Caligus elongatus)

HVAÐA SJÚKDÓMAVALDAR ERU VIÐSJÁRVERÐIR?

Í stuttu máli er samdóma álit sérfræðinga að smit af völdum baktería eða veira teljist ekki skaða eða ógna villtum laxastofnum miðað við stöðuna í dag. Það er hins vegar hafið yfir allan vafa að laxalús og agðan gyrodactylus eru afar skaðleg og þessum sjúkdómavöldum ber að gefa góðan gaum. Hér á eftir skal í stuttu máli gerð grein fyrir einstökum sjúkdómum með áherslu á röksemdafærslu fyrir mögulegri skaðsemi/ekki skaðsemi gagnvart villtum laxastofnum.

I. Bakteríusýkingar.

1. Kýlaveiki: Í Evrópu hafa menn orðið langa og stundum nokkuð bitra reynslu af kýlaveiki, bæði í sjókvíaeldi og laxveiðiám. Sérstaklega hafa Skotar og Norðmenn reynslu af þessum sjúkdómi. Til Noregs barst smit bæði í fiskeldisstöðvar og laxveiðiá með innfluttum regnbogasilungi frá Danmörku árið 1964. Það var þó ekki fyrr en eftir 1985 að sjúkdómurinn fór virkilega að láta á sér kræla, þá eftir innfluttning á smituðum laxaseiðum frá Skotlandi. Árið 1991 voru hvorki fleiri né færri en 507 fiskeldisstöðvar smitaðar og 66 laxveiðiár. Sjúkdómurinn náði svo hámarki árið 1995 þegar um 580 stöðvar voru kýlaveikismitaðar og sýktur lax hafði fundist í um 80 laxveiðiám. Þegar bakterían nær sér á strik í einstaka ám og veldur miklum dauða í göngulaxi, lítur út fyrir að ákveðin tregða í uppgöngu laxa við ósasvæði og hár vatnshiti sé orsakavaldur. Í langflestum ánum hafa aðeins örfáir fiskar fundist deyjandi eða dauðir. Lengi vel ríkti nokkur óvissa um langtíma áhrif sjúkdómsins á laxastofna einstakra áa, ekki síst vegna óljósra áhrifa bakteríunnar á seiðin í ánni. Nú þykir ljóst að nokkurra áhrifa hefur gætt í alvarlegustu tilfellunum, en þá einungis í nokkur ár sem skrifa má á afföll klakfiska.

Nærtækt er að minnast kýlaveikinnar sem blossaði upp í Elliðaánum sumarið 1995. Samtals drápust hátt í 200 fullorðnir laxar í ánum það sumar og fram á vorið 1996. Þetta voru um 7% af heildargöngu laxa í ána og um 20% af veiddum laxi í ánni árið 1995. Að auki drápust laxaseiði sem alin voru í eldiskeri við ána. Smit hefur ekki sést í ánni síðan 22. maí

1996. Umhverfisaðstæður voru með sérstöku móti í Elliðaánum sumarið 1995 og er ósennilegt að slíkar aðstæður geti skapast í öðrum ám hér á landi.

Á fyrri hluta tíunda áratugarins komu á markaðinn öflug bóluefni gegn kýlaveiki og síðustu árin hefur þessi sjúkdómur vart látið á sér bera. Allur lax sem fer í áframeldi við norðanvert Atlantshaf er bólusettur gegn kýlaveiki.

2. Kýlaveikibróðir: Bakterían sem veldur kýlaveikibróður, Aeromonas salm. undirtegund achromogenes, er landlæg hér við land. Flest sumur greinist sjúkdómurinn í einstaka villtum löxum úr ám allt í kringum landið. Hér er nánast alltaf um staka sjúka fiska að ræða og smita þeir ekki frá sér í fersku vatni. Þessi sjúkdómur hefur því engin áhrif á viðgöngu villtra laxastofna. Allur eldislax er bólusettur gegn sjúkdómnum hér á landi.

3. Nýrnaveiki: Nýrnaveikibakterían leynist víða í villtu umhverfi. Fylgst hefur verið náið með þróun sjúkdómsins hér á landi allt frá árinu 1985. Sýni eru tekin úr eldis- og villtum fiski og einungis sett á hrogn undan frískum foreldrum. Villtum laxastofnum stafar ekki ógn af nýrnaveiki en sjúkdómurinn gerir mikinn usla í laxi við eldisaðstæður. Mörg ár eru nú síðan bakterían einangraðist síðast hér á landi og má því fyrst og fremst þakka sameiginlegu átaki fiskeldis- og fiskræktarmanna.

II. Veirusýkingar.

4. ISA-veiki: Á árunum 1984–1996 var þessi alvarlegi sjúkdómur einungis bundinn við norskan eldislax. Fjöldi sjúkdómstilfella náði hámarki á árunum 1989–1992, 50–80 smitaðar eldisstöðvar, og var tjónið stórkostlegt innan eldisgeirans. Árið 1996 var veikin komin til austurstrandar Kanada, vorið 1998 til Skotlands og Shetlands og vorið 2000 til Færeyja. Segja má að íslensku fiskeldi stafi veruleg ógn af pestinni, ekki síst ef sjókvíaeldi vex fiskur um hrygg hér við land. Þau viðbrögð sem viðhöfð hafa verið gegn veikinni hjá nágrannaþjóðum okkar hafa skilað árangri og virðast sjúkdómayfirvöld hafa náð tökum á útbreiðslu sýkinnar. Í Noregi, Skotlandi og Færeyjum er stefnt að útrýmingu sjúkdómsins með skipulögðum niðurskurði en líklegt er þó að veikin sé komin til að vera. Kanadamenn hafa farið aðra leið, telja sig ná árangri með hjálp bóluefna sem nýlega hafa verið þróuð. Engin neikvæð áhrif hafa komið í ljós gagnvart villtum laxastofnum. Veiran lifir aðeins stutta stund í sjó og sjúkdómur blossar einungis upp við eldisaðstæður. ISA-veiki er ekki með óyggjandi hætti staðfest í fersku vatni. Í Skotlandi og Kanada segjast rannsóknaraðilar hafa einangrað veiruna í villtum laxi, urriða og ál, án þess að fiskarnir hafi sýnt klínisk sjúkdómseinkenni. Greining veirunnar hefur í þessum tilfellum farið fram með hjálp svokallaðrar RT-PCR aðferð (DNA-greining), en hún er á engan hátt viðurkennd til að staðfesta smit. Þá hefur rannsóknaraðilum í Bergen tekist að smita síld og látið síld smita lax. Þetta rennir stoðum undir þær tilgátur að síldartorfur geti borið með sér smit þegar þær stíma í gegnum sjókvíar. Þetta er einmitt það sem kanadískir fiskeldismenn vilja meina að hafi skeð árið 1996. Þetta ár áttu óvenju stórar síldargöngur leið sína um viðkvæm fiskeldissvæði í Bay of Fundy og í kjölfarið fór að bera á ISA-sjúkum fiski.

5. IPN-veiki: IPN-veiran er mjög útbreidd í náttúrunni, bæði í fersku og söltu vatni, og hægt er að finna hana í flestum norskum og breskum sjókvíaeldisstöðvum. Veiran veldur m.a. alvarlegu drepi í brisvef og undanfarin ár hefur IPN-veiki valdið gífurlegum afföllum í laxaseiðum eftir flutning í sjókvíar. Þrátt fyrir þetta hefur aldrei verið staðfestur dauði í villtum fiskum af völdum IPN-veiki og svo virðist sem sjúkdómurinn hafi í engu tilfelli

valdið neikvæðum áhrifum á villta fiskstofna. Mörgum vísindamanninum finnst alltof mikið gert úr sjálfri veirunni og bent er á að sjúkdómurinn stýrist fyrst og fremst af umhverfisskilyrðum þar sem magn uppsafnaðrar streitu geri útslagið (í þessu samhengi er IPN-veirunni oft líkt við kvefveiru hjá fólki, sem er algjörlega hættulaus einstaklingum í eðlilegu umhverfi). Bóluefni gegn veikinni er nú mikið notað og binda menn vonir til þess að það megi verða til þess að böndum verði komið á útbreiðslu og tíðni veirunnar.

III. Sýkingar af völdum sníkjudýra.

6. Laxalús: Sníkjudýr þetta er mjög útbreitt í náttúrunni og er nánast litið á sem gæðamerki á stangveiddum laxi. Eftir að náðst hefur góður árangur í baráttunni gegn flestum alvarlegum smitsjúkdómum í fiskeldi reiknast mönnum til að laxalús ásamt IPN-veiki séu þeir sjúkdómar sem valdi mestu fjárhagslegu tjóni í dag. Til samans er giskað á að þessir tveir sjúkdómar kosti norskan fiskeldisiðnað um 4–5 milljarða á ári. Þá eru flestir á einu máli um að laxalús sé sá einstaki liður sem er hvað varhugaverðastur í samspili fiskeldis og villtra laxastofna. Skaði lúsarinnar er fyrst og fremst fólginn eyðileggingu á húð fiskanna. Í kjölfarið fylgja erfiðleikar með saltjafnvægi líkamans og sýkingar af völdum baktería og sveppa komast í sárin. Þá dregur lúsin úr mótefnasvörun fiskanna og laskar þar með almenna sjúkdómavörn ásamt því að slík seiði verða auðveld bráð fyrir hverskyns varg. Rannsóknir frá fiskeldi hafa sýnt að jafnvel svo fáar sem tíu hálfvaxta/fullvaxta lýs geti dregið 25% úr vexti laxa sem vega um eitt kíló. Talning lúsa á villtum laxi við Færeyjar árið 1997 leiddi í ljós að flestir fiskanna höfðu fleiri en tíu lýs. Það hefur ekki leynt sér að villt laxaseiði eru mest sýkt þar sem umfangsmikið laxeldi er stundað í nágrenninu. Heilsárseldi á laxi hefur leitt til þess að lúsin á sér öruggan hýsil við ströndina allt árið um kring. Sérfræðingar eru sammála um að laxalús eigi ríkan þátt í dauða gönguseiða á leið til sjávar að sumarlagi og hvatt er til þess að allt sé gert til þess að lúsaplágunni sé haldið í lágmarki. Eftir nokkuð ábyggilegar rannsóknir hefur komið í ljós að meðalstórt sjógönguseiði þolir u.þ.b. 12 lýs áður en það deyr við annars mjög góðar umhverfisaðstæður og talið er að seiði sem smitist af fleiri en 8 lúsum á leið sinni til hafs eigi sér ekki afturkvæmt.

Í dag er gerð sú krafa í Noregi að kvíaeldisstöðvar sem hafa að jafnaði fleiri en tvær kynþroska kvenlýs pr. fisk (fleiri en eina í Þrændalögum) verða að meðhöndla fiskinn áður en nýjum árgangi af seiðum er sleppt í kvíar að vori. Sú tillaga hefur einnig orðið æ háværari að þessi viðmiðun verði lækkuð þannig að ekki megi sjást ein kynþroska kvenlús yfir höfuð án þess að meðhöndlað sé að vori. Rökin fyrir þessum kröfum eru þau að reiknað er með að laxalúsin lifi af veturinn á formi fullorðinnar lúsar og að kvendýrin séu kveikjan að nýjum árgangi á vorin. Eitt kvendýr getur framleitt og gefið frá sér yfir 6.000 egg eftir eina pörun. Það segir sig því sjálft að forvörn gegn lús vinnst að megninu til með því að hefta fjölda kvendýra að vori. Af þessu má sjá hvers konar yfirburði skiptieldi hefur í baráttunni við lúsarpláguna. Þá er eingöngu lúsarlaus fiskur settur í sjókvíar að vori og honum síðan öllum slátrað upp innan níu mánaða, þannig að engin fullorðin lús fær möguleika á að leggjast í vetrardvala og verða þannig kveikja að lúsarplágu næsta sumar.

Mikil framför hefur átt sér stað í þróun lyfja gegn laxalús síðustu árin. Þetta hefur leitt til þess að baráttan gegn lúsinni er á allt öðru stigi í dag en hvað hún var bara fyrir örfáum árum síðan.

7. Fiskilús: Engar samsvarandi rannsóknir og gerðar hafa verið á hinni eiginlegu laxalús hafa farið fram þar sem meginlúsarsmit er af tegundinni fiskilús. Íslenskt sjókvíaeldi býr við þær sérstöku aðstæður að lúsarsmit hefur að meginþorra verið af þessari tegund. Auk þess

að leita á lax finnst hún á yfir 80 öðrum fisktegundum í sjó. Allt bendir til þess að fullorðin fiskilús sem leggst á kvíaeldisfisk komi frá fisktegundum eins og ufsa, þorski og síld. Fiskilús er mikið minni en laxalúsin og veldur sjaldan stórum sárum á kvíafiski. Blæðingar í roði hafa sést þegar mikið smit er til staðar. Fiskilúsin er því mun saklausari en laxalúsin en hún getur þó verið hvimleið og áreitt eldisfisk í einhverjum mæli. Það er greinilegt að þegar fjöldi lúsa pr. fisk kemur upp í fleiri tugi fer fiskurinn að ókyrrast og stekkur óvenjumikið í sjókvíum. Ekki er ljóst að hve miklu leyti villtum laxastofnum stendur ógn af þessari tegund lúsar en þó er talið víst að hún stendur hinni eiginlegu laxalús langt að baki hvað skaðsemi varðar. Fiskilúsin þykir oft undarleg í háttarlagi og ósjaldan hverfur hún eins og hendi sé veifað, flytur sig þá annaðhvort á milli kvía eða jafnvel yfir á villtan fisk í nágrenninu.

8. Roðflyðrusýki: Agðan gyrodactylus salaris hélt innreið sína til Noregs með smituðum laxaseiðum frá Svíþjóð árið 1975. Nýsmit þetta sýnir afar glöggt og á hrollfenginn hátt hversu alvarlegar og óvæntar afleiðingar það getur haft í för með sér að flytja lifandi dýr á milli svæða. Frá norskri seiðastöð var svo seiðum dreift í aðrar stöðvar ásamt í laxveiðiár. Á þeim 25 árum sem liðin eru hafa 40 laxveiðiár sýkst og 37 fiskeldisstöðvar. Alls hafa 25 af þessum 40 verið eitraðar með Rotenon og af þeim hefur meðhöndlun tekist í 13 ám, átta eru enn í óvissu en í fjórum hefur eitrun mistekist. Sníkjudýrinu hefur tekist að útrýma alls sex laxastofnum og 34 aðrir eru taldir í verulegri hættu. Talið er að roðflyðrusýki hafi dregið úr framleiðslu náttúrulegra laxaseiða um ca. 15–20% í norskum ám. Af þeim 37 fiskeldisstöðvum sem smituðust voru 10 laxeldisstöðvar og 27 sem ólu regnbogasilung. Niðurskurði er umsvifalaust beitt og héldu menn lengi vel að fiskeldisstöðvar væru lausar við smitið en annað kom á daginn árið 1997 þegar agðan fannst aftur í ákveðinni eldisstöð sem dreifði regnbogasilungi til annarra stöðva. Í dag telja menn sig hafa útrýmt sníkjudýrinu í fiskeldisstöðvum en alltaf ríkir ákveðin óvissa. Þá bera menn mikinn kvíðboga vegna þess að vitað er af ögðunni í ám og fiskeldisstöðvum í Svíþjóð, Finnlandi og Rússlandi. Í mörgum þessara tilfella er nálægðin yfir á norskt umráðasvæði skuggalega lítil. Það er því óhætt að segja að roðflyðrusýki sé hinn versti ógnvaldur gagnvart villtum laxastofnum.

Hér á landi hefur sníkjudýrsins aldrei orðið vart. Fisksjúkdómayfirvöld eru fullkomlega meðvituð um þá gríðarlegu hættu sem sníkjudýr þetta hefur í för með sér og hefur sem betur fer góða möguleika á að sporna við með öruggum hætti. Agðan lifir aðeins í fersku vatni og getur því með engu móti borist á milli svæða með villtum sjógengnum laxfiski. Það er því afar brýnt að hvergi verði slakað á, strangar kröfur verði áfram gerðar til hverskyns innflutnings á lifandi erfðaefni og okkar góða heilbrigðisástand varið með kjafti og klóm. Það hefur verið ófrávíkjanleg regla að leyfa aðeins innflutning á hrognum og sviljum laxfiska í þeim fáu tilfellum sem slíkir innflutningar hafa verið heimilaðir.

Heimildir:

1. Anima (2/1998).
2. EWOS Perspektiv (3/1999).
3. Havforskningsinstituttet (2000). Spredning av lakselus i sjøen.
4. Laks & Miljø (2/1993). Fagtidsskrift om laksefisk og vassdragsmiljø.
5. NINA, Utredning 038. Furunkulose i norske vassdrag – Statusrapport.
6. NINA, Utredning 059. Furunkulose og midlertidige sikringssoner for laksefisk.
7. Norges offentlige utredningar (1999:9). Til laks åt alle kan ingen gjera?
8. Norges Veterinærhøgskole (2000). Helsesituasjonen for laksefisk.
9. Norsk Fiskeoppdrett (1998/1999/2000).
10. Statens Dyrehelsetilsyn (1/1999). Dyrehelsa, tema: Fiskehelse.
11. Trygve Poppe (1999). Fiskehelse og fiskesykdommer.

1341. Breytingartillögur [389. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar (SJóh, ÞBack, GÁS).

1. Við 3. gr. 1. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Til fiskeldis eða hafbeitar þarf rekstrarleyfi veiðimálastjóra að fenginni umsögn dýralæknis fisksjúkdóma, fisksjúkdómanefndar, veiðimálanefndar og Náttúruverndar ríkisins.
2. Við 5. gr.
   a. 1. málsl. 3. efnismgr. c-liðar (76. gr.) orðist svo: Veiðimálastjóri getur veitt undanþágu til flutnings á eldistegundum sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi milli fiskeldis- og hafbeitarstöðva svo og til flutnings á lifandi fiski og frjóvguðum hrognum milli ótengdra vatnasvæða að fenginni umsögn dýralæknis fisksjúkdóma, fisksjúkdómanefndar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndar ríkisins.
   b. 2. málsl. 5 efnismgr. e-liðar (78. gr.) orðist svo: Landbúnaðarráðherra getur einnig að fenginni umsögn dýralæknis fisksjúkdóma, veiðimálanefndar, veiðimálastjóra, Veiðimálastofnunar og Náttúruverndar ríkisins takmarkað eða bannað fiskeldi, hafbeit eða ákveðnar eldisaðferðir í einstökum fjörðum, flóum eða landssvæðum sem teljast sérstaklega viðkvæm gagnvart slíkri starfsemi.
3. Við 7. gr. 1. og 2. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Í fiskeldisnefnd eiga sæti fimm menn. Landbúnaðarráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn samkvæmt tilnefningu umhverfisráðherra, einn samkvæmt tilnefningu Veiðimálastofnunar og einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar.

1342. Nefndarálit [319. mál]

um till. til þál. um sjóvarnaáætlun 2001–2004.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hermann Guðjónsson, Kristján Helgason og Gísla Viggósson frá Siglingastofnun Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Seltjarnarneskaupstað, Veðurstofu Íslands, Almannavörunum ríkisins, Reykjanesbæ, Akraneskaupstað, Grindavíkurkaupstað, Vegagerðinni, Ísafjarðarbæ, Hafnasambandi sveitarfélaga, Vatnsleysustrandarhreppi, Snæfellsbæ, Sveitarfélaginu Árborg, Samtökum sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra, Skipulagsstofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sandgerðisbæ, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Landhelgisgæslu Íslands, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Dalvíkurbyggð, Náttúruvernd ríkisins og Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.

Samkvæmt 4. gr. laga um sjóvarnir, sem gengu í gildi 1. janúar 1998, skal samgönguráðherra leggja fyrir Alþingi sjóvarnaáætlun til fjögurra ára. Sú sjóvarnaáætlun sem hér er umfjöllunar er sú fyrsta sinnar tegundar sem lögð er fyrir þingið í formi þingsályktunartillögu.

Áætlunin er í meginatriðum byggð á mati á sjóvörnum hjá þeim sveitarfélögum sem sendu inn erindi en einnig er stuðst við yfirlitsskýrslu um sjóvarnir sem var fyrst birt 1995, en var endurskoðuð 1998 og aftur nú í ár.

Við gerð áætlunarinnar hefur verkefnum verið raðað í forgangsröð og tiltekna forgangsflokka og er til nánari upplýsinga um framangreinda flokkun og forgangsröðun, svo og vinnureglur við úthlutun til verkefna, vísað í athugasemdir með tillögunni.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að við liðinn Austurland, Fjarðarbyggð bætist nýtt verkefni sem beri yfirskriftina „Eskifjörður, við Mjóeyri“. Til er ónotuð 1,5 millj. kr. ónotuð fjárveiting í þessa framkvæmd.
2. Lagt er til að við liðinn Suðurland, Vestmannaeyjabær bætist nýtt verkefni „Vestmannaeyjabær – Sjóvörn við Eiðið“. Gert er ráð fyrir að óskipt fjárveiting lækki á móti.
3. Lagt er til að þær framkvæmdir sem áætlaðar voru á árunum 2003 og 2004 í Grindavíkurkaupstað verði fluttar fram til ársins 2002 þar sem ljóst er að hagkvæmt er að vinna þessi verk samhliða byggingu brimvarnargarðanna samkvæmt hafnaáætlun. Fjárveitingar eru óbreyttar.
4. Lagt er til að við liðinn Reykjanes, Gerðahreppur bætist við nýr undirliður „Hólmsvöllur í Leiru, lokauppgjör vegna fyrri ára“. Um er að ræða 2,8 millj. kr. fjárveitingu samkvæmt fjárlögum 2001.
5. Lagt er til að við liðinn Reykjanes, Hafnafjörður bætist nýtt verkefni „Hvaleyri, undirbúningur/mat á umhverfisáhrifum“, árið 2001. Til er ónotuð 0,5 millj. kr. fjárveiting í þetta verkefni.

Alþingi, 11. maí 2001.

Árni Johnsen, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.	Kristján L. Möller, með fyrirvara.	Jón Bjarnason, með fyrirvara.

1343. Tillaga til þingsályktunar [740. mál]

um tryggingarskilmála vátryggingafélaga.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Kristján Pálsson, Guðjón A. Kristjánsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að skipa nefnd er hafi það hlutverk að endurskoða ákvæði laga um vátryggingastarfsemi er lúta að tryggingarskilmálum með það að markmiði að ábyrgð og skyldur tryggingafélaga gagnvart tryggingartaka verði skilgreindar nánar en nú er gert.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur athygli manna í auknum mæli beinst að réttarstöðu neytenda. Í ljós hefur komið að við setningu laga hefur ekki ávallt verið gætt jafnvægis milli kaupanda og seljanda hvers kyns þjónustu. Nokkur framför hefur þó orðið í þessum málum á undanförnum árum.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að sérstakri nefnd verði falið að endurskoða ákvæði þau er lúta að tryggingarskilmálum í lögum um vátryggingastarfsemi.

Aðstaða hins almenna tryggingartaka er veik gagnvart tryggingafélögunum. Mjög erfitt er fyrir hann að fá ákvæðum í stöðluðum tryggingarskilmálum breytt þótt hann hafi athugasemdir við þau og því stendur hann oft í þeim sporum að gangast undir tryggingarskilmála eða verða af tryggingaverndinni ella. Staða tryggingartaka er sérlega slæm að þessu leyti þegar um skyldutryggingar er að ræða því að þá er honum skylt að kaupa tryggingu, þó svo að hann kunni að vera ósáttur við þá tryggingarskilmála sem bjóðast. Samkeppni milli tryggingafélaga virðist ekki nægja til að réttur manna sé tryggður að þessu leyti.

Í tilvikum þar sem einn aðilinn ber höfuð og herðar yfir annan vegna stærðar sinnar og sérfræðikunnáttu eru skyldur löggjafans mun meiri en almennt gerist til að tryggja að ákveðið jafnvægi og jafnræði ríki í viðskiptum milli aðila. Í þessu felst í raun kjarni nútímaneytendaverndar. Aðstaða tryggingafélaganna gagnvart tryggingartaka er í flestum tilvikum með þessum annmarka og því nauðsynlegt að löggjafinn tryggi sanngjarnt viðskiptaumhverfi.

Það er álit flutningsmanna að tryggja þurfi með skýrari hætti en nú er gert í lögum hverjar skyldur tryggingafélaganna eru og því er þessi þingsályktunartillaga lögð fram.

Alkunna er að tryggingafélög ráða því hvaða aðilum þeir selja tryggingu og geta hafnað hverjum sem er án þess að gefa upp ástæðu þar að lútandi. Sem dæmi má nefna að félag feitra á í deilum vegna þess að einstaklingum hefur verið neitað um tryggingarkaup.

Einstaklingum hefur verið neitað um slysatryggingu þrátt fyrir að hafa lagt fram fullgild læknisvottorð um heilbrigði og hreint sakavottorð.

Fyrir dómstólum eru á hverjum tíma mörg mál sem einstaklingar hafa höfðað á hendur tryggingafélögum. Flutningsmönnum er kunnugt um marga aðila sem telja sig fara halloka í viðskiptum við tryggingafélögin, þó svo að þau mál hafi ekki endað sem dómsmál.

Það er álit flutningsmanna að skerpa þurfi verulega á og bæta við ákvæði laga um vátryggingastarfsemi sem lúta að neytendavernd.

1344. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til þjóðminjalaga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórunni J. Hafstein frá menntamálaráðuneyti, Gunnar J. Birgisson hrl., Guðnýju G. Gunnarsdóttur frá Félagi íslenskra safnmanna, Tryggva Felixson frá Landvernd, Trausta Baldursson og Guðríði Þorvarðardóttur frá Náttúruvernd ríkisins, Svein Runólfsson og Úlf Björnsson frá Landgræðslu ríkisins, Elínu Smáradóttur og Stefán Thors frá Skipulagsstofnun, Margréti Hallgrímsdóttur þjóðminjavörð, Guðmund Ólafsson frá fornleifadeild Þjóðminjasafns, Garðar Guðmundsson og Ragnheiði Traustadóttur frá fornleifanefnd Þjóðminjasafns, Björn Stefánsson, Steinunni Kristjánsdóttur

og Margréti Hermanns-Auðardóttur frá Fornleifafræðingafélagi Íslands, Bjarna Einarsson frá Fornleifafræðistofunni, Orra Vésteinsson frá Fornleifastofnun Íslands, Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Hjörleif Kvaran frá Reykjavíkurborg. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá fræðslu- og menningarsviði Austur-Héraðs, Borgarbyggð, Byggðasafni Árnesinga, Byggðasafni Hafnarfjarðar, Byggðasafni Húnvetninga og Strandamanna, Byggðasafni Skagfirðinga, Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdælinga, Kristínu Huld Sigurðardóttur, Eyþingi – sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Félagi íslenskra fornleifafræðinga, Félagi íslenskra safnmanna, Félagi norrænna forvarða – Íslandsdeild, Fornleifafræðingafélagi Íslands, Fornleifafræðistofunni, Fornleifastofnun Íslands, fornleifadeild Þjóðminjasafns, húsverndardeild Þjóðminjasafns, Háskóla Íslands – sagnfræðiskor, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Kvikmyndasafni Íslands, Landvernd, Landgræðslu ríkisins, munadeild Þjóðminjasafns, safnráði Listasafns Íslands, Margréti Hermanns-Auðardóttur, Reykjavíkurakademíunni, Minjasafni Egils Ólafssonar, Minjasafninu á Akureyri, minjaverði Vesturlands og Vestfjarða, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvernd ríkisins, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Samtökum sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra, Sjóminjasafni Íslands, Sjóminjasafninu á Eyrarbakka, Skipulagsstofnun, Skógrækt ríkisins, starfsmönnum Árbæjarsafns, Sögufélaginu, Terry Gunnell, lektor í þjóðfræði, þjóðminjaráði, þjóðminjaverði, Þjóðskjalasafni Íslands og Þór Magnússyni, fyrrverandi þjóðminjaverði.

Samhliða þessu frumvarpi eru lögð fram þrjú frumvörp: frumvarp til safnalaga, frumvarp til laga um húsafriðun og frumvarp til laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa. Með frumvörpum þessum er gildandi þjóðminjalögum, nr. 88/1989, skipt upp og lagt til að sérlög gildi um hvern framangreindan þátt.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á stjórn þjóðminjavörslunnar með það fyrir augum að einfalda og styrkja stjórnkerfi hennar, stytta boðleiðir og skilgreina betur ábyrgð og starfssvið hverrar stofnunar. Í því skyni er í frumvarpinu lagt til að breyta heiti Þjóðminjasafns Íslands í embætti þjóðminjavarðar og innan þeirrar stofnunar sé rekið safn sem beri heitið Þjóðminjasafn Íslands. Í grundvallaratriðum er ekki lögð til efnisleg breyting á inntaki þjóðminjavörslunnar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um málið og borist fjölmargar umsagnir um það. Er það niðurstaða nefndarinnar að til að ná framangreindum markmiðum sé skynsamlegast að skipta Þjóðminjasafni Íslands í tvær sjálfstæðar stofnanir, Þjóðminjasafn Íslands og Fornleifavernd ríkisins, sem hafi hvor um sig mikilvægu hlutverki að gegna á sviði þjóðminjavörslunnar og eðli málsins samkvæmt hafi náið samstarf. Í því sambandi leggur nefndin áherslu á að samkvæmt breytingartillögu nefndarinnar við 2. gr. frumvarpsins kemur fram að Þjóðminjasafn Íslands og Fornleifavernd ríkisins starfi saman að mörkun stefnu og gerð langtímaáætlunar um þjóðminjavörsluna í heild. Enn fremur bendir nefndin á breytingartillögu við 29. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að ráðherra skuli með reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd laganna og skuli þar m.a. kveða á um samstarf Fornleifaverndar ríkisins, Þjóðminjasafns Íslands og húsafriðunarnefndar.

Sú skipting sem leiðir af framangreindu kallar að mati nefndarinnar á breytingu á starfsheitum á þessum stofnunum sem lýsi vel starfssviði hvorrar stofnunar fyrir sig. Telur nefndin að heitið Fornleifavernd ríkisins lýsi vel þeirri stjórnsýslustarfsemi sem embætti þjóðminjavarðar var ætlað að hafa með höndum samkvæmt frumvarpinu. Fjallar Fornleifavernd ríkisins um allar staðbundnar og tímabundnar fornleifarannsóknir og veitir leyfi til þeirra. Er Fornleifavernd ríkisins söfnum og öðrum hlutaðeigandi aðilum til ráðgjafar um varðveislu og kynningu menningarsögulegra minja auk þess að hafa eftirlit með öllum fornleifarannsóknum

og er hlutaðeigandi aðilum til ráðgjafar um skráningu, rannsóknir og varðveislu fornleifa. Nefndin telur hér mikilvægt að allir sem á þurfa að halda hafi aðgang að rannsóknarskýrslum og gagnagrunnum. Þjóðminjasafni Íslands er aftur á móti ætlað að vera höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslunnar. Það annast söfnun, skrásetningu, varðveislu og rannsóknir á minjum um menningarsögu þjóðarinnar og kynningar þeirra, innan lands og utan. Þjóðminjasafn Íslands er byggðasöfnum og öðrum minjasöfnum til ráðgjafar og stuðlar að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu á sviði þjóðminjavörslunnar. Með hliðsjón af framangreindu hlutverki Þjóðminjasafns Íslands telur nefndin rétt að forstöðumaður safnsins beri heitið þjóðminjavörður.

Nefndin bendir enn fremur á að í frumvarpinu er lagt til að þjóðminjaráð og fornleifanefnd í núverandi mynd verði lögð niður. Sett verði á stofn úrskurðarnefnd er beri heitið fornleifanefnd, er verði skipuð aðilum með fræðilega þekkingu á málaflokknum, og þangað verði hægt að skjóta tilteknum ákvörðunum Fornleifaverndar.

Þá bendir nefndin á að lagt er til að settur verði á fót sérstakur fornleifasjóður sem hafi það hlutverk að úthluta styrkjum til rannsóknaverkefna. Í úthlutunarreglum sjóðsins sé tryggt að styrkir séu veittir á faglegum grunni og að hlutlægt mat sé lagt á umsóknir.

Enn fremur telur nefndin eðlilegt, til að gæta fyllstu hagkvæmni í rekstri, að Þjóðminjasafn Íslands, Fornleifavernd ríkisins og húsafriðunarnefnd geri með sér samning um sameiginlega skrifstofuþjónustu og fjármálaumsýslu þrátt fyrir stjórnsýslulegan aðskilnað.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. maí 2001.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Tómas Ingi Olrich.
Ólafur Örn Haraldsson.	Einar Már Sigurðarson.	Einar Oddur Kristjánsson.
Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Hjálmar Árnason.

1345. Breytingartillögur [223. mál]

við frv. til þjóðminjalaga.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Orðin „skráðar heimildir um þjóðhætti“ í 1. málsl. 3. mgr. falli brott.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðsins „Þjóðminjavörður“ í 2. málsl. komi: Þjóðminjasafn Íslands, Fornleifavernd ríkisins.

b. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þjóðminjavörður og forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins starfa saman að mörkun stefnu og gerð langtímaáætlunar um þjóðminjavörsluna í heild.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Fornleifaverndar ríkisins til fimm ára í senn. Þá eina má ráða í embættið sem hafa sérfræðimenntun í fornleifafræði eða minjafræði og hafa reynslu af stjórnunarstörfum.

Fornleifavernd ríkisins fjallar um og veitir leyfi til allra staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsókna. Fornleifavernd ríkisins er söfnum og öðrum hlutaðeigandi aðilum til ráðgjafar um varðveislu og kynningu menningarsögulegra minja er heyra undir starfssvið hennar. Fornleifavernd ríkisins hefur eftirlit með öllum fornleifarannsóknum og er hlutaðeigandi aðilum til ráðgjafar um skráningu, rannsóknir og varðveislu fornleifa.

4. Við 4. gr.
   a. Í stað orðsins „þjóðminjavarðar“ í 1. mgr. komi: Fornleifaverndar ríkisins.
   b. 2. mgr. falli brott.
   c. Í stað orðanna „Félag íslenskra fornleifafræðinga tilnefnir“ í 3. mgr. komi: Félög fornleifafræðinga tilnefna.
5. Við 5. gr.
   a. 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
   b. Í stað 2. og 3. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

      Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Þjóðminjasafns Íslands, þjóðminjavörð, til fimm ára í senn. Skipaður skal maður með sérfræðimenntun og staðgóða þekkingu á starfsemi safnsins og stjórnunarreynslu.

6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Til byggðasafna teljast samkvæmt lögum þessum önnur söfn en Þjóðminjasafn Íslands sem sett hafa verið á stofn í þeim tilgangi sem segir í 5. gr., hlotið hafa viðurkenningu þjóðminjavarðar og uppfylla skilyrði um rekstrarstyrki safna samkvæmt safnalögum.

7. Við 7. gr.
   a. Síðari málsliður 1. mgr. orðist svo: Til slíkra minja geta einnig talist hús sem hafa sérstakt gildi að mati þjóðminjavarðar.
   b. Í stað orðsins „þjóðminjavörður“ í fyrri málslið 4. mgr. komi: Fornleifavernd ríkisins.
   c. Í stað orðanna „safnstjóri Þjóðminjasafns Íslands“ í síðari málslið 4. mgr. komi: þjóðminjavörður.
   d. Í stað orðsins „þjóðminjavörð“ í síðari málslið 4. mgr. komi: Fornleifavernd ríkisins.
8. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Landinu er skipt í minjasvæði eftir ákvæðum í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum Fornleifaverndar ríkisins. Í Reykjavík fer borgarminjavörður með minjavörslu. Forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins ræður aðra minjaverði er hafa umsjón með minjasvæðum samkvæmt nánari ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins. Þeir eru starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins.

Minjaverðir skulu vera menntaðir fornleifafræðingar eða hafa menntun í menningarsögu. Fornleifavernd ríkisins er heimilt að fela forstöðumanni byggðasafns að gegna hlutverki minjavarðar á viðkomandi minjasvæði samkvæmt sérstökum starfssamningi.

Fornleifavernd ríkisins er heimilt að stofna minjaráð á hverju minjasvæði. Minjaráð skulu skipuð forstöðumönnum allra viðurkenndra byggðasafna á svæðinu ásamt minjaverði. Hlutverk þess er að fjalla um fornminjar og varðveislu þeirra í samráði við Fornleifavernd ríkisins.

9. Við 10. gr.
   a. Í stað orðanna „þjóðminjavarðar“ og „Þjóðminjavörður“ í 1. og 2. mgr. komi: Fornleifaverndar ríkisins, og: Fornleifavernd ríkisins.
   b. 3.–6. mgr. falli brott.
10. Við 11. gr.
   a. Í stað orðsins „Þjóðminjavörður“ hvarvetna í greininni komi: Fornleifavernd ríkisins.
   b. 2. mgr. orðist svo:

      Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.
11. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

    Hver sá sem verður var við að fornleifar liggi undir skemmdum skal gera Fornleifavernd ríkisins viðvart. Ef fyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal viðkomandi sveitarfélag eða framkvæmdaraðili gera Fornleifavernd ríkisins viðvart með hæfilegum fyrirvara. Fornleifavernd ríkisins ákveður að höfðu samráði við Náttúruvernd ríkisins hvort rannsóknar er þörf, hvort friðlýsa beri viðkomandi stað eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum.
12. Við 13. gr. Í stað orðanna „þjóðminjaverði“ og „þjóðminjavarðar“ komi: Fornleifavernd ríkisins, og: Fornleifaverndar ríkisins.
13. Við 14. gr.
   a. Í stað orðsins „þjóðminjavörður“ hvarvetna í greininni komi í réttri beygingarmynd: Fornleifavernd ríkisins.
   b. Í stað orðanna „og veitulagnir“ í lokamálslið 1. mgr. komi: veitulagnir og skógrækt.
   c. Í stað orðsins „embættinu“ í 2. mgr. komi: stofnuninni.
14. Við 15. gr. Greinin orðist svo:

    Fornleifavernd ríkisins annast eftirlit með rannsóknum á fornleifum í landinu.

    Með fornleifarannsókn er átt við hvers kyns jarðrask sem fram fer í vísindalegum tilgangi og með það að markmiði að rannsaka jarðfastar fornleifar sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á rannsóknarsvæðinu.

    Þegar Fornleifavernd veitir leyfi til stað- og tímabundinna fornleifarannsókna, sbr. 2. mgr. 6. gr., skal þess gætt að stjórnandi þeirra hafi tilskilda menntun í fornleifafræði. Skal leyfi vera skriflegt hverju sinni og sá sem slíkt leyfi fær hlíta þeim reglum sem Fornleifavernd ríkisins setur þar að lútandi, svo sem um skil á rannsóknarskýrslum og birtingu þeirra og um skil á gripum sem finnast við rannsóknina, sbr. 18. gr.

    Fornleifavernd ríkisins skal taka afstöðu til fram kominna umsókna um rannsóknarleyfi svo fljótt sem við verður komið.

    Fornleifavernd ríkisins skal leitast við að bjóða út þær fornleifarannsóknir sem hún telur nauðsynlegar á hverjum tíma.
15. Við 18. gr.
   a. Í stað orðsins „þjóðminjaverði“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: Fornleifavernd ríkisins.
   b. Á eftir orðunum „sem grein þessi fjallar um“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: sem og 15. gr.

16. Við 19. gr. Í stað orðanna „þjóðminjavarðar“ og „þjóðminjavörður“ komi: Fornleifaverndar ríkisins, og: Fornleifavernd ríkisins.
17. Við 20. gr.
    a. Í stað orðanna „Þjóðminjavörður ákveður“ í 1. mgr. komi: Forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins ákveður í samráði við þjóðminjavörð.
    b. Í stað orðsins „þjóðminjavarðar“ í 2. mgr. komi: forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins.
18. Við 21. gr. Í stað orðsins „Þjóðminjavörður“ í 1. mgr. komi: Forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins.
19. Við 22. gr.
    a. Í stað orðsins „Þjóðminjavörður“ komi: Fornleifavernd ríkisins.
    b. Í stað orðanna „22. og 23. gr.“ komi: 20. og 21. gr.
20. Við 23. gr. Í stað orðanna „þjóðminjavarðar, forstöðumanns Þjóðminjasafns Íslands“ komi: forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins, þjóðminjavarðar.
21. Við 24. gr.
    a. 1. mgr. orðist svo:

    Fornleifasjóður hefur það hlutverk að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornleifum og forngripum. Menntamálaráðherra skipar fornleifasjóði þriggja manna stjórn sem úthlutar úr sjóðnum styrkjum til rannsóknar- og varðveisluverkefna og ber stjórnin ábyrgð á umsýslu sjóðsins. Menntamálaráðherra setur sjóðnum sérstakar úthlutunarreglur. Stjórn fornleifasjóðs skal þannig skipuð: Einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera fornleifafræðingur. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna.

    b. Í stað orðsins „frjáls“ í 2. tölul. 2. mgr. komi: önnur.
22. Við 27. gr. Í stað „14. gr.“ komi: 15. gr.
23. Við 28. gr.
    a. Í stað orðsins „Þjóðminjavörður“ komi: Fornleifavernd ríkisins.
    b. Í stað orðsins „honum“ komi: stofnuninni.
24. Við 29. gr. Greinin orðist svo:

    Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra. Í reglugerðinni skal m.a. kveða nánar á um samstarf Fornleifaverndar ríkisins, Þjóðminjasafns Íslands og húsafriðunarnefndar.
25. Við ákvæði til bráðabirgða. 3. og 4. mgr. orðist svo:

    Starfandi þjóðminjavörður gegnir embætti sínu í allt að þrjá mánuði frá gildistöku laga þessara eða þar til skipað hefur verið í embætti þjóðminjavarðar, sbr. 3. gr., og forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins, sbr. 6. gr., og skal embætti hans lagt niður frá og með þeim tíma.

    Þeir starfsmenn sem eru fastráðnir hjá Þjóðminjasafni Íslands við gildistöku laga þessara skulu halda öllum starfsréttindum sínum óbreyttum, þar með töldum réttindum sem byggjast á starfs- og þjónustualdri annaðhvort hjá Fornleifavernd ríkisins eða hjá Þjóðminjasafni Íslands samkvæmt nánara samkomulagi við forstöðumenn stofnananna. Breyting á starfsstöð starfsmannanna sem lög þessi hafa í för með sér felur því ekki í sér niðurlagningu starfa þeirra í skilningi starfsmannalaga, nr. 70/1996, og gilda þau ákvæði því ekki um þá.
26. Fyrirsögn I. kafla verði: **Yfirstjórn og skipulag.**
27. Fyrirsögn II. kafla verði: **Fornleifavernd ríkisins.**

28. II. kafli ásamt greinum verði III. kafli.
29. III. kafli ásamt greinum verði II. kafli.

1346. Nefndarálit [225. mál]

um frv. til l. um húsafriðun.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórunni J. Hafstein frá menntamálaráðuneyti, Gunnar J. Birgisson hrl., Guðnýju G. Gunnarsdóttur frá Félagi íslenskra safnmanna, Elínu Smáradóttur og Stefán Thors frá Skipulagsstofnun, Margréti H. Auðardóttur frá Fornleifafræðingafélagi Íslands, Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hjörleif Kvaran frá Reykjavíkurborg, Harald Helgason frá húsverndardeild Þjóðminjasafns Íslands og Magnús Skúlason frá húsafriðunarnefnd ríkisins. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Arkitektafélagi Íslands, fræðslu- og menningarsviði Austur-Héraðs, Byggðasafni Árnesinga, Byggðasafni Hafnarfjarðar, Byggðasafni Skagfirðinga, Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdælinga, Kristínu Huld Sigurðardóttur, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, Félagi byggingarfulltrúa, Félagi íslenskra safnmanna, Félagi norrænna forvarða – Íslandsdeild, Fornleifafræðingafélagi Íslands, Fornleifastofnun Íslands, húsverndardeild Þjóðminjasafns Íslands, húsafriðunarnefnd ríkisins, Kvikmyndasafni Íslands, Listasafni Einars Jónssonar, Minjasafni Egils Ólafssonar, minjaverði Vesturlands og Vestfjarða, Minjasafninu á Akureyri, Reykjavíkurborg, Ríkisendurskoðun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sjóminjasafninu á Eyrarbakka, Skipulagsstofnun, starfsmönnum Árbæjarsafns, Sögufélaginu, Terry Gunnell, lektor í þjóðfræði, þjóðminjaráði, Þjóðminjasafni Íslands, þjóðminjaverði og Þór Magnússyni, fyrrverandi þjóðminjaverði.

Ákvæði frumvarpsins eru sambærileg ákvæðum V. kafla þjóðminjalaga, nr. 88/1989. Megintilgangur þess er að skapa húsafriðun sérstöðu innan þjóðminjavörslunnar. Jafnframt er sjálfstæði yfirstjórnar þessa málaflokks aukið með því að gera húsafriðunarnefnd, sem nú er undirnefnd þjóðminjaráðs, að sjálfstæðri ríkisstofnun er heyri beint undir menntamálaráðherra. Þannig eru boðleiðir gerðar skýrari og stjórnsýsla málaflokksins treyst. Í frumvarpinu eru ekki lagðar til stórvægilegar breytingar á efnisreglum sem gilda um húsafriðun.

Nefndin bendir á að í 4. mgr. 16. gr. frumvarpsins er lagt til að varsla og reikningshald húsafriðunarsjóðs skuli falið bankastofnun nema húsafriðunarnefnd ákveði aðra tilhögun að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins. Ákvæði þetta er samhljóða 5. mgr. 46. gr. þjóðminjalaga, nr. 88/1989. Að mati nefndarinnar eru ákvæði af þessu tagi varðandi sjóði í eigu ríkisins úrelt og óþörf. Skv. 2. mgr. 18. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að húsafriðunarnefnd beri ábyrgð á fjárreiðum húsafriðunarsjóðs. Í ljósi þess og með vísan til þeirrar þróunar sem orðið hefur í banka- og bókhaldsmálum á liðnum árum er að mati nefndarinnar óþarft að binda hendur stjórnar sjóðsins í þessu efni með beinum fyrirmælum í lögum. Eðlilegra er að húsafriðunarnefnd geti ákveðið sjálf hvernig hún leysir þennan þátt í starfsemi sjóðsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. maí 2001.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Tómas Ingi Olrich.
Ólafur Örn Haraldsson.	Einar Már Sigurðarson.	Einar Oddur Kristjánsson.
Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Hjálmar Árnason.

1347. Breytingartillögur [225. mál]

við frv. til l. um húsafriðun.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 6. gr. 2. og 3. mgr. orðist svo:
   Eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, er skylt að leita álits hjá húsafriðunarnefnd með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.
   Húsafriðunarnefnd skal innan fjögurra vikna tilkynna viðkomandi aðilum, að fenginni umsögn minjavarðar, hvort hún telur ástæðu til friðunar.
2. Við 7. gr. Í stað orðsins „friðlýsingu“ í 1. mgr. komi: friðun.
3. Við 11. gr. Í stað orðsins „friðlýsts“ komi: friðaðs.
4. Við 15. gr. Orðin „eða friðlýstri“ falli brott.
5. Við 16. gr. 4. mgr. falli brott.

1348. Nefndarálit [224. mál]

um frv. til safnalaga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórunni J. Hafstein frá menntamálaráðuneyti, Gunnar J. Birgisson hrl., Guðnýju G. Gunnarsdóttur frá Félagi íslenskra safnmanna, Tryggva Felixson frá Landvernd, Trausta Baldursson og Guðríði Þorvarðardóttur frá Náttúruvernd ríkisins, Margréti Hallgrímsdóttur þjóðminjavörð, Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hjörleif Kvaran frá Reykjavíkurborg, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Freystein Sigurðsson frá Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Þorfinn Ómarsson frá Kvikmyndasafni Íslands og Ólaf Kvaran frá Listasafni Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Akureyrarbæ, fræðslu- og menningarsviði Austur-Héraðs,

Borgarbyggð, Byggðasafni Árnesinga, Byggðasafni Hafnarfjarðar, Byggðasafni Húnvetninga og Strandamanna, Byggðasafni Skagfirðinga, Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdælinga, dr. Kristínu Huld Sigurðardóttur, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Félagi íslenskra fornleifafræðinga, Félagi íslenskra safnmanna, Félagi norrænna forvarða – Íslandsdeild, Fornleifafræðingafélagi Íslands, Fornleifastofnun Íslands, fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Kvikmyndasafni Íslands, Landvernd, Listasafni Íslands, munadeild Þjóðminjasafnsins, safnráði Listasafns Íslands, Margréti Hermanns Auðardóttur Reykjavíkurakademíunni, Minjasafni Egils Ólafssonar, Minjasafninu á Akureyri, minjaverði Vesturlands og Vestfjarða, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvernd ríkisins, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sjóminjasafni Íslands, Sjóminjasafninu á Eyrarbakka, starfsmönnum Árbæjarsafns, Sögufélaginu, Terry Gunnell, lektor í þjóðfræði, þjóðminjaráði, Þjóðminjasafni Íslands, þjóðminjaverði, Þjóðskjalasafni Íslands og Þór Magnússyni, fyrrverandi þjóðminjaverði.

Megintilgangur frumvarpsins er að styrkja og efla almenna safnastarfsemi í landinu. Jafnframt því er nauðsynlegt að tryggja að opinberum fjármunum, sem veittir eru til safnamála, sé vel varið og að fjárveitingar til safna grundvallist á rökstuddu mati og heildstæðri stefnu í safnamálum. Helstu breytingar sem nefndin leggur til á frumvarpinu eru eftirfarandi:

Nefndin leggur til að skipan og hlutverki safnaráðs verði breytt. Ráðið verði skipað fimm mönnum, einum tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga auk varamanns, einum tilnefndum af Félagi íslenskra safnmanna auk varamanns og jafnframt eigi þar sæti forstöðumenn höfuðsafna er tilnefni varamenn í sinn stað. Er þannig komið til móts við það sjónarmið að þeir sem í ráðinu sitja hafi faglega innsýn í sérþarfir viðkomandi safna. Ráðið sinni ekki stefnumörkunarhlutverki eða áætlanagerð fyrir safnastarfsemi í landinu heldur verði slíkt á forræði hvers höfuðsafns á sínu sviði. Að öðru leyti verði hlutverk safnaráðs óbreytt og úthluti ráðið úr safnasjóði og hafi eftirlit.

Þar sem frumvarpið nær einnig til náttúruminjasafna telur nefndin að undirstrika þurfi betur en gert er í markmiðsákvæði 1. gr. að ætlunin sé að stuðla að varðveislu og kynningu á náttúrusögu Íslands ásamt menningarsögu íslensku þjóðarinnar.

Nefndin leggur til efnislegar breytingar á 5. mgr. 5. gr. þannig að ljóst sé að Náttúruminjasafni Íslands er ætlað að vera gott og fullkomið höfuðsafn – sýningarsafn – um náttúrufræði Íslands. Taka breytingartillögur nefndarinnar mið af hlutverki Náttúrufræðistofnunar Íslands, sbr. lög nr. 60/1992, enda ekki að því stefnt að reisa skorður við uppbyggingu þeirra gagna- og upplýsingasafna um náttúrufræði Íslands sem unnið er að á setrum Náttúrufræðistofnunar Íslands og að vissu marki er svæðisbundið á náttúrustofum landshlutanna.

Þá eru lagðar til breytingar á 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða þannig að ákvæði 5. mgr. 5. gr., þar sem kveðið er á um að Náttúruminjasafn Íslands hafi stöðu höfuðsafns, komi ekki til framkvæmda fyrr en sett hafi verið sérlög um Náttúruminjasafn Íslands í samræmi við lög þessi. Æskilegt væri að hafinn yrði undirbúningur að gerð þess frumvarps sem fyrst og að það yrði samið í nánu samstarfi við umhverfisráðherra og í því yrði m.a. kveðið á um tengsl laganna við Náttúrufræðistofnun Íslands. Lagt er til að fellt verði brott að fram skuli fara endurskoðun á lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, er miði að því að aðgreina safnastarfsemi Náttúrufræðistofnunar frá öðrum skilgreindum verkefnum stofnunarinnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. maí 2001.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Tómas Ingi Olrich.
Ólafur Örn Haraldsson.	Einar Már Sigurðarson.	Einar Oddur Kristjánsson.
Kolbrún Halldórsdóttir.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Hjálmar Árnason.

1349. Breytingartillögur [224. mál]

við frv. til safnalaga.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Í lögum þessum er kveðið á um skipulag lista- og minjasafna í þeim tilgangi að varðveita og kynna menningarsögu íslensku þjóðarinnar og náttúrusögu Íslands.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn málefna minja- og listasafna. Til minjasafna teljast menningarminjasöfn og náttúruminjasöfn.
   Menntamálaráðherra skipar safnaráð til fjögurra ára í senn. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn fulltrúa auk varamanns og Félag íslenskra safnmanna einn fulltrúa auk varamanns. Auk þeirra eiga sæti í ráðinu forstöðumenn höfuðsafna og skulu þeir tilnefna varamenn í sinn stað. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi ráðsmanna.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Safnaráð er samráðsvettvangur starfsemi lista- og minjasafna. Safnaráð hefur eftirlit með söfnum í eigu ríkisins og söfnum sem hljóta ríkisstyrki. Safnaráð úthlutar úr safnasjóði, sbr. 10. gr.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Safn er samkvæmt lögum þessum stofnun, opin almenningi, sem hefur það hlutverk að safna heimildum um manninn, sögu hans, umhverfi og náttúru landsins, standa vörð um þær, rannsaka, miðla upplýsingum og hafa þær til sýnis svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar.
5. Við 5. gr.
   a. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Á fjögurra ára fresti skulu höfuðsöfn semja sameiginlega stefnuyfirlýsingu fyrir það safnasvið sem þau veita forstöðu og skal stefnuyfirlýsing ásamt verkáætlun kynnt safnaráði.
   b. 2. málsl. 5. mgr. orðist svo: Náttúruminjasafn Íslands annast kynningu og sýningar á náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda.

6. Við 7. gr. Í stað orðanna „safnaráðs og þjóðminjavarðar“ í 1. málsl. komi: forstöðumanns viðkomandi höfuðsafns og safnaráðs.
7. Við 10. gr.
   a. B-liður 2. mgr. orðist svo: önnur framlög.
   b. Í stað orðanna „verkefnatengda styrki“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: verkefnastyrki.
   c. Við bætist ný málsgrein er orðist svo:
      Höfuðsöfn og önnur söfn, sem rekin eru af ríkinu, geta ekki notið styrkja úr safnasjóði.
8. Við ákvæði til bráðabirgða. 2. mgr. orðist svo:
   Ákvæði 5. mgr. 5. gr. sem kveður á um að Náttúruminjasafn Íslands hafi stöðu höfuðsafns kemur ekki til framkvæmda fyrr en sett hafa verið sérlög um Náttúruminjasafn Íslands í samræmi við lög þessi. Náttúruminjasöfn eiga eftir sem áður rétt á styrkjum úr safnasjóði á grundvelli 10. gr. með sama hætti og önnur minjasöfn.
9. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Þar til Náttúruminjasafn Íslands hefur verið sett á stofn, sbr. 5. mgr. 5. gr., skal forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands eiga sæti í safnaráði og tilnefna varamann í sinn stað. Eftir þann tíma tekur forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands sæti í safnaráði samkvæmt lögum þessum.

1350. Nefndarálit [226. mál]

um frv. til l. um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórunni J. Hafstein frá menntamálaráðuneyti, Gunnar Jóhann Birgisson hrl., Hjörleif Kvaran frá Reykjavíkurborg og Ólaf Kvaran frá Listasafni Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá fræðslu- og menningarsviði Austur-Héraðs, Borgarbyggð, Byggðasafni Árnesinga, Byggðasafni Skagfirðinga, Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdælinga, Eyþingi – sambandi sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, Félagi íslenskra safnmanna, Fornleifastofnun Íslands, Kristínu Huld Sigurðardóttur, Kvikmyndasafni Íslands, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, safnráði Listasafns Íslands, Minjasafni Egils Ólafssonar, Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samtökum sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sjóminjasafninu á Eyrarbakka, starfsmönnum Árbæjarsafns, Sögufélaginu, þjóðminjaráði, Þjóðminjasafni Íslands, þjóðminjaverði, Þjóðskjalasafni Íslands og Þór Magnússyni, fyrrverandi þjóðminjaverði.

Með lögum nr. 60/1996 var þjóðminjalögum, nr. 88/1989, breytt, m.a. til samræmis við tilskipun ráðs Evrópusambandsins 93/7/EBE frá 15. mars 1993 um að skila menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis. Með aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, var Ísland skuldbundið til að lögleiða þessi ákvæði. Þá var einnig tekið mið af samsvarandi reglum um útflutning menningarverðmæta. Þrátt fyrir þessar lagabreytingar gerði Eftirlitsstofnun EFTA athuga-

semdir við framkvæmd tilskipunarinnar hér á landi og fór fram á að gerðar yrðu breytingar til samræmis við ákvæði hennar. Þar sem þessi málaflokkur er nokkuð sérhæfður þykir rétt að setja þessar reglur í sérstakan lagabálk og aðgreina þær þannig frá öðrum reglum er gilda um vörslu þjóðminja hér á landi.

Helstu breytingar sem nefndin leggur til að gerðar verði á frumvarpinu eru eftirfarandi:

Lagðar eru til breytingar á 2. gr. og 4. mgr. 3. gr. þar sem tekið er tillit til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/100/EB frá 17. febrúar 1997 um breytingu á viðauka við tilskipun 93/7/EBE um að skila menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis. Gerð er sú breyting að bætt er við einum flokki minja og mótsvarandi verðflokki. Framangreind tilskipun 96/100/EB tók gildi í EFTA-löndunum 1. júlí 2000 þegar Ísland hafði veitt samþykki sitt í sambandi við kröfu um stjórnskipulega meðferð.

Nefndin leggur til að safnaráð taki við hlutverki þjóðminjavarðar við leyfisveitingar varðandi útflutning muna eða gripa. Telur nefndin óeðlilegt að þjóðminjavörður eigi einn að hafa það hlutverk að fjalla um útflutning margs konar menningarminja sem eru utan hans verksviðs. Óeðlilegt sé að þjóðminjavörður skuli eiga að gefa leyfi til útflutnings málverka, mósaíkverka, myndlistarverka ýmiss konar, höggmynda og myndastyttna, bóka og handrita og náttúrufræðilegra gripa. Varðandi hið síðastnefnda bendir nefndin á að skv. 15. gr. laga nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, þarf leyfi Náttúrufræðistofnunar til að flytja náttúrugripi úr landi. Telur nefndin eðlilegra að umfjöllun þessara mála sé falin nefnd forstöðumanna höfuðsafna landsins sem hafa fagþekkingu hver á sínu sviði.

Í ljósi þeirra breytinga sem nefndin leggur til á hlutverki og skipan safnaráðs samkvæmt safnalögum á þann veg að ráðið verði fyrst og fremst samráðsvettvangur forstöðumanna höfuðsafna í landinu og skipað þeim, auk fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra safnmanna, leggur nefndin til að safnaráði verði falið það hlutverk að fjalla um og veita formlegt leyfi til að flytja úr landi þau menningarverðmæti sem frumvarpið fjallar um. Telur nefndin mikilvægt vegna skýrrar stjórnsýsluframkvæmdar að umsýsla samkvæmt frumvarpinu sé falin einum aðila. Vegna hlutverks Þjóðskjalasafns Íslands og Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi telur nefndin rétt að samráð sé milli safnaráðs og framangreindra stofnana þegar um er að ræða útflutning á bókum, skjölum og handritum. Nefndin telur að meðferð náttúrugripa, sbr. 12. tölul. 1. mgr. 2. gr., hafi nokkra sérstöðu vegna ákvæða laga nr. 60/1992 um leyfisveitingar Náttúrufræðistofnunar til útflutnings náttúrugripa. Nefndin telur ekki ástæðu til að breyta þeirri tilhögun sem þar er kveðið á um. Telur nefndin eðlilegt að einungis einn aðili veiti leyfi til útflutnings á náttúrugripum og því ekki rétt að víkja frá því hlutverki sem Náttúrufræðistofnun er falið með lögum nr. 60/1992 og leyfisveitingar vegna útflutnings náttúrugripa verði því á hendi Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. maí 2001.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Tómas Ingi Olrich.
Ólafur Örn Haraldsson.	Einar Már Sigurðarson.	Einar Oddur Kristjánsson.
Kolbrún Halldórsdóttir.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Hjálmar Árnason.

1351. Breytingartillögur [226. mál]

við frv. til l. um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Inngangsmálsliður 1. mgr. orðist svo: Eigi má flytja úr landi muni og gripi sem hér eru taldir, sbr. þó 3. gr., nema formlegt leyfi skv. 3. mgr. komi til.
   b. 3. tölul. 1. mgr. orðist svo:
      3. a. Málverk og handgerðar myndir, aðrar en þær sem getið er um í b-lið 3. tölul. og 4. tölul., úr hvaða efni sem er ef þær eru eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
      b. Vatnslitamyndir, gvassmyndir og pastelmyndir gerðar í höndum að öllu leyti á hvaða efni sem er ef þær eru eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
   c. 4. tölul. 1. mgr. orðist svo: Mósaíkverk úr hvaða efni sem er og að öllu leyti handunnin, sem ekki falla undir 1. eða 2. tölul., og teikningar úr hvaða efni sem er séu myndverkin að öllu leyti handunnin, eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
   d. 2. mgr. orðist svo:
      Leiki vafi á um aldur minja sem taldar eru upp í 1.–11. og 13.–14. tölul. 1. mgr. sker safnaráð úr, en Náttúrufræðistofnun Íslands ef 12. tölul. á við.
   e. Við bætist ný málsgrein er orðist svo:
      Safnaráð samkvæmt safnalögum veitir formlegt leyfi til útflutnings muna eða gripa sem taldir eru upp í 1.–14. tölul. 1. mgr., þó þannig að Náttúrufræðistofnun Íslands veitir slíkt leyfi ef um er að ræða útflutning náttúrugripa skv. 4. mgr. 15. gr. laga nr. 60/1992. Ef um er að ræða muni eða gripi sem taldir eru upp í 8.–11. tölul. 1. mgr. skal safnaráð hafa samráð við Þjóðskjalasafn Íslands og Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi eftir því sem við á.
2. Við 3. gr.
   a. 4. mgr. orðist svo:
      Ákvæði 2. gr. taka til menningarminja er falla undir a-lið 3. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 11.500.000 kr. eða meira og b-lið 3. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 2.300.000 kr. eða meira.
   b. Í stað orðsins „þjóðminjaverði“ í 5. mgr. og hvarvetna í 4.–7. gr. komi í viðeigandi beygingarföllum: safnaráði.
3. Við 5. gr. Í stað orðsins „hann“ í 2. og 3. málsl. 3. mgr. komi: ráðið.
4. Við 7. gr.
   a. 3. mgr. orðist svo:
      Við mat á gildi menningarverðmæta, er hér um ræðir, svo og um meiri háttar álitaefni, skal safnaráð hafa samráð við forstöðumenn þeirra stofnana hér á landi er einkum varðveita þess konar muni sem mál snýst um hverju sinni. Ef þörf gerist skal og leitað álits sérfróðra manna er eigi starfa við stofnanir þær er hér um ræðir.
   b. Í stað orðsins „hann“ í 4. mgr. komi: ráðið.
   c. Lokamálsliður 7. mgr. orðist svo: Menntamálaráðherra ákveður þóknun nefndarinnar.

1352. Frumvarp til laga [573. mál]

um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja.

(Eftir 2. umr., 15. maí.)

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um fyrirtæki sem hefur staðfestu utan Íslands og sendir starfsmann hingað til lands, sbr. 2. gr., í tengslum við veitingu þjónustu, sem starfar að jafnaði utan Íslands en er sendur tímabundið til starfa hér á landi.

Lög þessi gilda ekki um áhafnir kaupskipa.

2. gr.
Fyrirtæki.

Fyrirtæki telst senda starfsmann í skilningi 1. gr. hingað til lands í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar það sendir á sínum vegum og undir sinni stjórn starfsmann í tengslum við samning um veitingu þjónustu við fyrirtæki hér á landi.
2. Þegar það sendir starfsmann til starfsstöðvar eða fyrirtækis í eigu sömu fyrirtækjasamstæðu hér á landi.
3. Þegar það framleigir sem afleysingarfyrirtæki eða atvinnumiðlun starfsmann til notendafyrirtækis sem hefur staðfestu eða er með starfsemi hér á landi.

Í þeim tilvikum sem greinir í 1. mgr. er það ávallt skilyrði að ráðningarsamband sé milli fyrirtækisins og starfsmannsins á þeim tíma sem hann starfar hér á landi.

3. gr.
Starfskjör.

Þegar fyrirtæki sendir starfsmann hingað til lands í skilningi laga þessara gildir eftirfarandi löggjöf um starfskjör hans, og reglur settar á grundvelli hennar, án tillits til erlendrar löggjafar sem að öðru leyti gildir um ráðningarsamband hans og hlutaðeigandi fyrirtækis:

1. Lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, 1. gr., að því er varðar lágmarkslaun, yfirvinnugreiðslur, réttindi til orlofs, hámarksvinnutíma og lágmarkshvíldartíma.
2. Lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
3. Lög nr. 30/1987, um orlof, sbr. þó 11. gr. orlofslaga.
4. Lög nr. 35/1993, um eftirlit með skipum, 4. gr.
5. Lög nr. 60/1998, um loftferðir, VI. kafli.
6. Lög nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, 11., 29. og 30. gr.
7. Lög nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, auk annarra ákvæða um bann við mismunun.

Ákvæði 1. mgr. gildir með fyrirvara um betri starfskjör starfsmanns samkvæmt ráðningarsamningi við hlutaðeigandi fyrirtæki eða samkvæmt kjarasamningi eða löggjöf í því ríki þar sem hann starfar að jafnaði.

4. gr.
Frávik.

Ef um er að ræða fyrstu samsetningu og/eða fyrstu uppsetningu vöru, sem er þáttur í samningi um veitingu vöru og er nauðsynleg til að taka megi vöruna í notkun og er framkvæmd af faglærðum eða sérhæfðum starfsmönnum fyrirtækis, sbr. 2. gr., skulu ákvæði 1. og 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. ekki eiga við ef það tímabil sem starfsmaðurinn er hér á landi varir ekki lengur en átta daga.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um hvers kyns byggingarvinnu sem lýtur að byggingu, viðgerðum, lagfæringum, breytingum eða niðurrifi bygginga.

Við ákvörðun þess hve lengi starfsmaður hefur unnið hér á landi skv. 1. mgr. skal reikna með öll starfstímabil hans hér á landi síðustu 12 mánuði. Við slíka útreikninga skal telja með sérhvert fyrra tímabil sem annar starfsmaður kann að hafa gegnt starfinu áður.

5. gr.
Varnarþing.

Starfsmaður erlends fyrirtækis, sbr. 1. gr., getur höfðað mál hér á landi vegna vanefnda vinnuveitanda á skyldum sínum samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr. laga þessara.

6. gr.
Upplýsingar.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, svo sem um samstarf og veitingu upplýsinga af hálfu stjórnvalda og samskipti við þar til bærar stofnanir í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. ákvæði 4. og 5. gr. tilskipunar nr. 96/71/EB.

7. gr.
Gildistaka.

Lög þessi, sem sett eru með hliðsjón af tilskipun nr. 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu, öðlast þegar gildi.

1353. Frumvarp til laga [635. mál]

um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum, o.fl.

(Eftir 2. umr., 15. maí.)

I. KAFLI
Breyting á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Skylt er að lögskrá alla skipverja sem ráðnir eru til starfa á skipum sem skráð eru hér á landi og eru 20 brúttótonn eða stærri, þar með talið skipstjóra. Heimilt er með reglugerð að veita undanþágur frá ákvæðum þessara laga um að lögskrá áhafnir hafnsögubáta, dráttarbáta, björgunarskipa og farþegaskipa til skoðunarferða. Jafnframt er heimilt að uppfylltum skil-

yrðum, sem nánar skulu skilgreind í reglugerð, að ákveða fyrirkomulag lögskráningar skv. 4. og 5. gr. á annan hátt vegna tiltekinna flokka skipa.

II. KAFLI

Breyting á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

2. gr.

Í stað upphafsmálsliðar 2. mgr. 172. gr. laganna koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Skylt er útgerðarmanni að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum er á hann kunna að falla skv. 1. mgr. Sé útgerðarmaður jafnframt í áhöfn skips er honum skylt að tryggja sig með sama hætti. Tryggingin skal vera sem hér segir.

III. KAFLI

Breyting á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

3. gr.

Við 1. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Eigi skal þó haffærisskírteini gefið út fyrir skip sem er minna en 20 brúttótonn nema fyrir liggi yfirlýsing tryggingafélags um áhafnartryggingu skv. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985.

4. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

1354. Frumvarp til laga [737. mál]

um kjaramál fiskimanna og fleira.

(Eftir 2. umr., 15. maí.)

I. KAFLI

Um kjaramál fiskimanna.

1. gr.

Verkfall aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, auk verkbanna aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna gagnvart aðildarfélögum í Alþýðusambandi Vestfjarða, svo og verkföll og verkbönn og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, er óheimilt frá gildistöku laganna og á gildistíma ákvarðana gerðardóms skv. 2. og 3. gr. Þó er aðilum heimilt að semja um slíkar breytingar en eigi má knýja þær fram með vinnustöðvun.

2. gr.

Hafi aðilar skv. 1. gr. ekki náð samkomulagi fyrir 1. júní 2001 skal Hæstiréttur tilnefna þrjá menn í gerðardóm. Skal gerðardómurinn ákveða eftirfarandi um kjaramál fiskimanna í þeim samtökum sem nefnd eru í 1. gr.:

a. atriði er tengjast markmiðum varðandi verð til viðmiðunar í hlutaskiptum á þorski, ýsu og karfa í beinum viðskiptum skyldra aðila,
b. atriði er varða þau áhrif sem breyting á fjölda í áhöfn hefur á skiptakjör,
c. atriði er varða kauptryggingu og launaliði,

d. atriði er varða slysatryggingu,
e. atriði er varða afmörkun á helgarfríi fiskimanna á netaveiðum,
f. atriði er varða mótframlag útvegsmanna vegna viðbótarlífeyrissparnaðar fiskimanna og
g. önnur atriði sem nauðsynlegt er að taka á varðandi kjaramál.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins og kallar hann dóminn saman. Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar nauðsynlegra gagna og getur krafist skýrslna, munnlegra og skriflegra, af þeim aðilum sem gerðardómurinn telur nauðsynlegt. Aðilar skv. 1. gr. skulu eiga rétt á að gera gerðardóminum grein fyrir sjónarmiðum sínum. Skal gerðardómurinn ætla þeim hæfilegan frest í því skyni.

3. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun sína samkvæmt lögum þessum hafa til hliðsjónar kjarasamninga sem gerðir hafa verið á undanförnum mánuðum að því leyti sem við á og almenna þróun kjaramála, auk þess að taka mið af sérstöðu þeirra aðila sem nefndir eru í 1. gr.

Ákvarðanir gerðardómsins skv. 1. mgr. skulu vera bindandi frá gildistöku laga þessara og skal gerðardómurinn hafa lokið störfum fyrir 1. júlí 2001. Hann skal ákveða gildistíma ákvarðana sinna og getur í því sambandi haft hliðsjón af gildistíma annarra skyldra kjarasamninga.

4. gr.

Kostnaður við störf gerðardóms skv. 2. gr. greiðist úr ríkissjóði.

II. KAFLI
Um niðurfellingu á lögum nr. 11/1998, um Kvótaþing, með síðari breytingum.

5. gr.

Lög nr. 11/1998, um Kvótaþing, með síðari breytingum, eru felld úr gildi.

III. KAFLI
Um breytingar á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingu.

6. gr.

2.–4. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 1/1999, hljóða svo:

Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um flutning aflamarks og öðlast hann ekki gildi fyrr en stofnunin hefur staðfest flutninginn. Í tilkynningu skulu m.a. koma fram upplýsingar um magn aflamarks sem flytja skal, auk upplýsinga um verð, nema þegar aflamark er flutt á milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila.

Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks skal stofnunin skrá upplýsingar um flutning aflamarksins samkvæmt tilkynningu þar að lútandi. Ráðherra skal með reglugerð ákveða í hvaða formi tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks skuli vera. Sá sem tilkynnir um flutning aflamarks skal greiða Fiskistofu gjald að fjárhæð 2.000 kr. með hverri tilkynningu. Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks skal stofnunin fá staðfestingu Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum. Hann skal uppfylla kröfur Verðlagsstofu skiptaverðs sem gerðar eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

Fiskistofa skal daglega birta aðgengilegar upplýsingar um flutning aflamarks, þar á meðal um magn eftir tegundum, auk upplýsinga um verð, þar sem við á.

IV. KAFLI

Um breytingar á lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

7. gr.

Á eftir 1. mgr. 1. gr. laganna kemur ný málsgrein sem hljóðar svo:

Hafi samtök útvegsmanna og sjómanna gert með sér samkomulag um tiltekin markmið um viðmið varðandi verðlagningu á fiski við uppgjör á aflahlut sjómanna á gildistíma kjarasamnings eða ákvarðanir um slíkt hafa verið teknar með öðrum skuldbindandi hætti skulu Verðlagsstofa skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, sbr. II. kafla, stuðla að því með störfum sínum og úrskurðum að þau markmið nái fram að ganga.

8. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr málsliður sem hljóðar svo: Fulltrúar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Sjómannasambands Íslands, Vélstjórafélags Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna skulu hafa aðgang að álitinu.

V. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

9. gr.

3. málsl. 9. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 158/2000, fellur brott.

VI. KAFLI

Gildistaka.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi að undanskildum ákvæðum II. og III. kafla laganna sem taka gildi 1. júní 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þar til ákvörðun gerðardóms skv. 2. og 3. gr. liggur fyrir eða kjaradeilan leysist með öðrum hætti skal til bráðabirgða fara með kjaramál fiskimanna sem um ræðir í 1. gr. samkvæmt fyrirkomulagi því sem komið var á með lögum nr. 10/1998, um kjaramál fiskimanna. Endanlegt uppgjör fari fram þegar ákvörðun gerðardóms eða nýr samningur liggur fyrir.

II.

Kvótaþing skal ganga frá uppgjöri þeirra samninga sem gerðir hafa verið vegna starfsemi þess. Verði kostnaður umfram eignir þingsins greiðist hann úr ríkissjóði en verði afgangur rennur hann í ríkissjóð.

III.

Virk tilboð sem kunna að vera til staðar á Kvótaþingi við gildistöku II. og III. kafla laganna falla þá úr gildi.

1355. Lög [553. mál]

um breytingu á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64 16. desember 1943, o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 15. maí.)

Samhljóða þskj. 859.

1356. Lög [410. mál]

um breyting á hjúskaparlögum, nr. 31 14. apríl 1993.

(Afgreidd frá Alþingi 15. maí.)

Samhljóða þskj. 1293 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra skulu þó ávallt annast könnun á hjónavígsluskilyrðum ef annað hjónaefna eða bæði eiga ekki lögheimili hér á landi.
b. Í stað orðsins „hún“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: könnunin.
c. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ekki skal taka gjald fyrir útgáfu könnunarvottorðs.
d. Við bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:
   Nú eiga ákvæði 9. gr. lögheimilislaga, nr. 21/1990, við um hagi hjónaefnis og telst það þá ekki hafa glatað lögheimili hér á landi þótt það hafi tilkynnt flutning samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu.
e. Í stað orðanna „vígslumaður“ og „vígslumanns“ í 2. mgr. kemur: könnunarmaður, og: könnunarmanns.

1357. Lög [673. mál]

um breyting á lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25 22. apríl 1967.

(Afgreidd frá Alþingi 15. maí.)

Samhljóða þskj. 1051.

1358. Lög [628. mál]

um breytingu á mörkum Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæma suður og norður.

(Afgreidd frá Alþingi 15. maí.)

Samhljóða þskj. 1003.

1359. Lög [684. mál]

um breyting á lögum um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999.

(Afgreidd frá Alþingi 15. maí.)

Samhljóða þskj. 1296.

1360. Lög [683. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. maí.)

Samhljóða þskj. 1295.

1361. Þingsályktun [555. mál]

um tilraunir með brennsluhvata.

(Afgreidd frá Alþingi 15. maí.)

Samhljóða þskj. 861.

1362. Framhaldsnefndarálit [737. mál]

um frv. til l. um kjaramál fiskimanna og fleira.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin ákvað að taka málið til frekari umfjöllunar eftir að því hafði verið vísað til 3. umræðu. Til fundar við nefndina komu Kolbeinn Árnason frá sjávarútvegsráðuneyti, Kristján Andri Stefánsson frá forsætisráðuneyti, Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Grétar Mar Jónsson og Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Ástráður Haraldsson hrl. Þá átti nefndin símafund með Friðriki J. Arngrímssyni hjá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Aðildarfélög Sjómannasambands Íslands, að undanskildu Sjómannafélagi Eyjafjarðar, aflýstu í dag verkfalli sínu. Aðildarfélög Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hafa á hinn bóginn ákveðið að halda verkfalli sínu áfram. Sama á við um Sjómannafélag Eyjafjarðar. Þá stendur verkbann aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna enn og hefur ekkert komið fram um að til standi að aflýsa því, hvorki að hluta né í heild. Staðan í vinnustöðvuninni er því óbreytt, enda komast engin skip á sjó og deilan um kjaramálin í jafnmiklum hnút og áður.

Í 14. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, er gert ráð fyrir jöfnum rétti verkalýðsfélaga og atvinnurekenda til að beita verkföllum og verkbönnum til að knýja á um framgang krafna sinna og til verndar rétti sínum. Það skiptir því ekki máli hvort vinnustöðvun stafar upphaflega af verkfalli eða verkbanni. Þar sem verkfall var ekki boðað í upphafi eða þar sem verkfalli hefur nú verið aflýst stendur eftir sem áður verkbann. Afleiðingar þess eru hinar sömu fyrir þjóðarbúið. Þess vegna er jafnbrýnt og verið hefur að leysa kjaradeilu útvegsmanna og sjómanna. Því er nauðsynlegt að gerðardómurinn taki á þeim úrlausnarefnum með heildstæðum hætti sem um getur í 2. gr. frumvarpsins varðandi alla deiluaðila, enda er hann í eðli sínu sjálfstæður í störfum sínum.

Með hliðsjón af framansögðu leggur meiri hlutinn því til að breyting verði gerð á 1. gr. frumvarpsins. Í ljósi gagnrýni á breytingartillögu meiri hlutans við 3. gr. frumvarpsins, sem samþykkt var við 2. umræðu, leggur meiri hlutinn til að felld verði brott skírskotun 2. mgr. 3. gr. til gildistíma annarra skyldra kjarasamninga.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. maí 2001.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm. Kristinn H. Gunnarsson. Magnús Stefánsson.

Vilhjálmur Egilsson. Árni R. Árnason.

1363. Breytingartillögur [737. mál]

við frv. til l. um kjaramál fiskimanna og fleira.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (EKG, VE, MS, KHG, ÁRÁ).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Verkföll Sjómannafélags Eyjafjarðar og aðildarfélaga Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, auk verkbanna aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna gagnvart aðildarfélögum í Alþýðusambandi Vestfjarða og aðildarfélögum Sjómannasambands Íslands, svo og verkföll og verkbönn og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimil frá gildistöku laganna og á gildistíma ákvarðana gerðardóms skv. 2. og 3. gr. Þó er aðilum heimilt að semja um slíkar breytingar en eigi má knýja þær fram með vinnustöðvun.
2. Við 3. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Ákvarðanir gerðardómsins skv. 1. mgr. skulu vera bindandi frá gildistöku laga þessara og skal gerðardómurinn hafa lokið störfum fyrir 1. júlí 2001. Hann skal ákveða gildistíma ákvarðana sinna.

1364. Breytingartillaga [624. mál]

við frv. til l. um atvinnuréttindi útlendinga.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

Við 26. gr. 1. mgr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002.

1365. Nefndarálit [655. mál]

um till. til þál. um fullgildingu V. viðauka við samning um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, um verndun og varðveislu vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni hafsvæðisins.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar og Heiðar Ásberg Atlason frá utanríkisráðuneyti, Magnús Jóhannesson og Sigríði Auði Arnardóttur frá umhverfisráðuneyti og Davíð Egilson frá Hollustuvernd ríkisins.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á V. viðauka við samning um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, um verndun og varðveislu vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni hafsvæðisins (OSPAR-samninginn) og 3. viðbæti við samninginn.

OSPAR-samningurinn hefur það að markmiði að vernda umhverfi Norðaustur-Atlantshafsins. Um er að ræða rammasamning sem skiptist upphaflega í meginhluta, fjóra viðauka

og tvo viðbæta. Meginhlutinn hefur að geyma almenn ákvæði en í viðaukunum eru settar reglur um mengun frá landstöðvum, mengun af völdum varps eða brennslu, mengun frá uppsprettum á hafi og mat á ástandi hafsins. Viðbætarnir eru tæknilegs eðlis.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Einar K. Guðfinnsson, Jónína Bjartmarz og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. maí 2001.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Árni R. Árnason.	Steingrímur J. Sigfússon.

1366. Breytingartillögur [669. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Við 6. tölul. bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Ökuskólar geta jafnframt notið lækkunar samkvæmt þessum tölulið. Skilyrði þess eru að ökuskóli hagi skráningu á akstri bifreiðar sem nýtur lægra vörugjalds þannig að á hverjum tíma sé unnt að gera grein fyrir akstri bifreiðarinnar í þágu ökukennslu. Tollstjóri getur án fyrirvara óskað eftir gögnum þar um. Sé bifreið notuð til annars er tollstjóra heimilt að innheimta fullt vörugjald skv. 3. gr. laganna með 50% álagi. Við mat á því hvort bifreið hafi einungis verið notuð til ökukennslu skal miðað við að unnt sé að gera grein fyrir a.m.k. 80% af akstri hennar í þágu ökukennslu með framvísun þar til gerðrar akstursbókar eða öðrum hætti sem tollstjóri metur fullnægjandi. Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um þær bifreiðar sem njóta undanþágu samkvæmt þessum tölulið.
   Brot á þeim skilyrðum sem sett eru í þessum tölulið varðar því að hinn brotlegi, hvort sem er einstaklingur eða lögaðili, missir rétt til lækkunar í þrjú ár frá síðasta broti.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2001.

1367. Skýrsla [741. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 2000.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. FJÁRÖFLUN

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2000 áttu markaðir tekjustofnar til vegagerðar að gefa 9.648 m.kr. Spá vegáætlunar gerði einnig ráð fyrir 9.648 m.kr. að viðbættum 3 m.kr. í tekjur af leyfisgjöldum flutninga eða samtals 9.651 m.kr. Auk þess var gert ráð fyrir 500 m.kr. viðbótarframlagi frá ríkissjóði til nýbygginga vega vegna sérstaks framkvæmdaátaks í vegagerð árin 1999–2002. Í meðförum Alþingis á þingsályktunartillögu um vegáætlun kom fram breytingartillaga um sérstaka fjáröflun að fjárhæð 324 m.kr., sem skyldi aflað m.a. með sölu ríkiseigna. Þessi breytingartillaga var samþykkt með vegáætlun fyrir árin 2000–2004. Viðbótarframlag ríkissjóðs til vegamála var þá orðið 824 m.kr. en á móti kom 585 m.kr. frestun framkvæmda til ársins 2001. Þegar tekið hafði verið tillit til viðbótarframlags, sérstakrar fjáröflunar, frestunar framkvæmda og lánahreyfinga milli vegasjóðs og ríkissjóðs auk umsýslugjalds sem greiðist í ríkissjóð alls 88 m.kr. var niðurstöðutala vegáætlunar 9.802 m.kr.

Með fjáraukalögum var fjárveiting hækkuð um 100 m.kr. til nýbygginga, til að greiða verktökum bætur vegna verðhækkana á olíu. Þessum 100 m.kr. var ætlað að ná með auknum tekjum af bensíngjaldi og þungaskatti auk 698 m.kr. til viðbótar, sem var ætlað að geyma í vegasjóði. Niðurstöðutala fjárveitinga til vegamála á árinu 2000 var því 9.902 m.kr.

Samkvæmt endanlegum tölum frá Ríkisbókhaldi var innheimtan á mörkuðum tekjum öllu meiri en gert var ráð fyrir í vegáætlun og fjárveitingar á árinu gáfu til kynna, eða 229 m.kr., en innheimtan náði engan veginn þeim tekjuauka sem ætlað var með fjáraukalögum. Það sem er því geymt í vegasjóði frá árinu 2000 eru 227 m.kr., þar sem leyfisgjöld flutninga umfram áætlun eru innheimtar af Vegagerðinni og fara til að greiða kostnaðarauka samfara auknum leyfisveitingum. Inneign vegasjóðs hjá ríkissjóði er því orðin 934 m.kr. ef tekið hefur verið tillit til inneignar 707 m.kr. frá fyrri árum.

	Samkvæmt vegáætlun m.kr.	Fjár-lög m.kr.	Fjárauka-lög m.kr.	Áætluð fjáröflun m.kr.	Raun-tekjur m.kr.
1.1. Markaðar tekjur :					
1. Bensíngjald	5.683	5.683	222	5.905	5.430
2. Þungaskattur, km-gjald	2.258	2.258	220	2.478	2.480
3. Þungaskattur, árgjald	1.707	1.707	356	2.063	2.065
4. Leyfisgjöld flutninga	3		3	3	5
	9.651	9.648	801	10.449	9.980
1.2. Umsýslugjald	-48	-48		-48	-48
	9.603	9.600	801	10.401	9.932
1.3. Viðbótarfé	500	500		500	500
1.4. Sérstök fjáröflun	324		324	324	324
	10.427	10.100	1.125	11.225	10.756
1.5. Lánsfé:					
1. Vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga	-40	-40		-40	-40
1.6. Frestun framkvæmda	-585	-585		-585	-585
Bætur til verktaka (hækkun markaðra tekna)	100				
Samtals:	9.902	9.475	1.125	10.600	10.131

Nokkur hluti af fjárveitingum til Vegagerðarinnar fer í greiðslur beint til ríkissjóðs. Á árinu 2000 er um að ræða afborganir og vexti af lánum vegna ferjanna Herjólfs, Baldurs og Akraborgar samtals 178 m.kr. og afborganir og vextir af lánum vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga 40 m.kr. Í ríkisreikningi eru þessar upphæðir ekki færðar sem kostnaður hjá Vegagerðinni heldur sem lækkun á framlagi til hennar.

1.1. MARKAÐAR TEKJUR

1.1.0. Bifreiðaeign

Samkvæmt upplýsingum frá Skráningarstofunni hf. voru nýskráðar fólksbifreiðar 14.802 á árinu 2000 á móti 17.018 árið áður sem samsvarar 13% færri skráningum. Á sama tíma voru nýskráðar 133 hópferðabifreiðir á móti 118 árið áður sem samsvarar 12,7% aukningu. Nýskráðar vöru- og sendibifreiðir voru 2.189 á árinu 2000 en voru 1.854 árið áður og er aukningin þar 18%.

Áframhaldandi aukning er í innflutningi og nýskráningu bifreiða þrátt fyrir að aukningin sé ekki jafn mikil og á árinu 1999. Í töflunni hér að neðan má sjá að bifreiðaeign landsmanna fer stöðugt vaxandi. Fólksbifreiðaeign á hverja 1.000 íbúa er nú komin í 562 og hefur aldrei fyrr verið meiri.

	Bifreiða-eign 31.12.98	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.99	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.00
Fólksbifreiðir	140.372	7,86	151.409	4,97	158.936
Hópferðabifreiðir	1.544	4,99	1.621	3,21	1.673
Vöru-/sendibifreiðir	16.550	7,60	17.807	9,13	19.432
Samtals	158.466	7,81	170.837	5,39	180.041

1.1.1. Bensíngjald

Bensínsalan á árinu 2000 nam rúmlega 189 milljónum lítra og er salan 0,8% minni en á árinu 1999. Innheimtar tekjur af bensínsölunni, þ.e. bensíngjaldið, voru 5.430 m.kr. árið 2000. Það er 253 m.kr. minna en tekjuspá vegáætlunar gerði ráð fyrir eða um 4,5% minni tekjur. Auk þess eru tekjurnar 475 m.kr. minni en fjárlög og fjáraukalög gerðu ráð fyrir, þ.e. 8% minni tekjur.

Það má því segja að aukningin í bifreiðaeign landsmanna skilar sér ekki í aukinni bensínsölu. Ástæður má líklega rekja til þess að meðalakstur á bifreið fari minnkandi með aukinni bifreiðaeign og að nýjar bifreiðir eru með sparneytnari vélar en þær eldri. Aðalástæðan er samt líklega sú að díselbifreiðum, einkum díselfólksbifreiðum, fjölgar hlutfallslega meira en bensínbifreiðum og hefur sú þróun verið undanfarin ár. Fjölgun bensínbifreiða á árinu var 3,7% á meðan díselbifreiðum fjölgaði um 14,8%. Bensínbifreiðir eru þó enn í miklum meirihluta á landinu og voru 84% af bifreiðaeign í árslok 2000, en til samanburðar var þetta hlutfall 88,9% í árslok 1994.

Bensíngjald var ekki hækkað á árinu 2000 og hefur ekkert hækkað frá 1. júní 1999. Bensíngjald af blýlausu bensíni er nú 28,60 kr./l en 30,39 kr./l af blýbensíni en olíufélögin selja ekki lengur blýbensín á Íslandi. Þegar bensíngjald var hækkað síðast hefði gjaldið mátt vera 31,16 kr./l ef fylgt hefði verið breytingum á byggingarvísitölu og hefði á sama hátt mátt vera 32,37 kr./l 1. janúar 2001.

Dagsetning breytingar	Bensíngjald kr./l	Hækkun %	Byggingar-vísitala stig	Bensíngjald mætti vera kr./l
01.06.99 Blýbensín	30,39	3,89	235,9	34,08
01.06.99 Blýlaust	28,60	3,89	235,9	31,16

Í ársbyrjun 2000 kostaði lítrinn af 95 oct. bensíni 87,50 kr. frá dælu á bensínstöð með fullri þjónustu. Verð á bensíni fór síðan hækkandi í byrjun ársins og 1. júlí náði það hámarki er lítrinn var kominn í 98,30 kr. Verð fór síðan lækkandi frá 1. ágúst og ári síðar eða í ársbyrjun 2001 kostaði lítrinn 91,80 kr. sem jafngildir 4,9% hækkun frá byrjun árs 2000.

Ár	Bensínsala m.l	Meðaleyðsla lítrar á bifr.	Verð á lítra 31.12. 92 oct.	95 oct.	98 oct.	Bensíngjald Venjulegt	Blýlaust
1989	166,2	1.314	49,2		54,1	19,39	17,74
1990	169,3	1.387	56,8		62,9	20,55	18,80
1991	175,7	1.451	59,4	63,3	66,4	22,25	20,35
1992	180,1	1.479	60,4	63,4	67,5	23,82	21,78
1993	178,2	1.492	64,4	66,9	70,5	23,80	22,40
1994	180,2	1.536	66,8	69,9	73,6	26,41	24,85
1995	179,6	1.515	67,7	70,0	73,5	26,41	24,85
1996	182,6	1.493		77,0	81,7 [1]	27,11	25,51
1997	183,8	1.437		77,2	81,9	28,30	26,60
1998	188,7	1.408		72,6	77,3	29,26	27,53
1999	190,7	1.350		86,3	91,0	30,39	28,60
2000	189,2	1.275		96,3	100,7	30,39	28,60
janúar 2001				91,8	96,5	30,39	28,60

[1] Frá 1996 er 98 oct. bensín blýlaust

Eins og sjá má á töflunni fer meðaleyðsla á bensínbifreið enn minnkandi.

1.1.2.–3. Þungaskattur

Innheimtar tekjur af km-gjaldi námu alls 2.480 m.kr. Tekjuspá vegáætlunar hljóðaði upp á 2.258 m.kr. og voru því innheimtar 222 m.kr. meira en gert var ráð fyrir. Innheimt árgjald þungaskatts var um 2.065 m.kr. en tekjuspá vegáætlunar hafði einungis gert ráð fyrir 1.707 m.kr., þannig að tekjurnar af árgjaldinu reyndust töluvert meiri en áætlað var. Þessa aukningu í árgjaldi þungaskatts má skýra með auknum bifreiðainnflutningi og því að hlutdeild díselbifreiða í bifreiðaeign landsmanna fer vaxandi. Einkum er þar um að ræða stærri fólksbifreiðir s.s. jeppa, en minni díselfólksbifreiðir eru enn ekki vænlegur kostur fyrir bifreiðaeigendur þrátt fyrir að neðstu flokkarnir í föstu árgjaldi þungaskatts hafi í raun verið lækkaðir undanfarið.

Á árinu 2000 voru gerðar breytingar á lögum um fjáröflun til vegagerðar, þ.e. þungaskatti km-gjaldi. Kílómetragjald var hækkað en á móti því var fellt niður 100 þúsund kr. árgjald á bifreiðir yfir 14 tonn að þyngd. Kílómetragjaldið átti að skila jafn miklum tekjum og 100 þúsund kr. árgjaldið. Auk þess var afsláttur af akstri umfram 95 þúsund kílómetra felldur úr gildi. Þessar breytingar voru gerðar í kjölfar þess að Samkeppnisstofnun úrskurðaði, að helstu breytingar sem gerðar voru árið 1998 á lögum um fjáröflun til vegagerðar brytu í bága við samkeppnislög. Gjaldskrár þungaskatts voru ekki hækkaðar á árinu 2000 fyrir utan breytingar á kílómetragjaldi og hafa ekkert hækkað frá 1. júní 1999.

1.2. UMSÝSLUGJALD

Umsýslugjald var 48 m.kr. árið 2000 eða 0,5% af mörkuðum tekjum og rennur það í ríkissjóð.

1.3. VIÐBÓTARFÉ

Framkvæmdaátak í vegagerð var ákveðið vorið 1999 af ríkisstjórn og skyldi verja 500 m.kr. árlega árin 1999–2002 til nýbygginga vega. Árið 2000 komu 500 m.kr. sem viðbót við markaðar tekjur ársins og þær eiga ekki að endurgreiðast af mörkuðum tekjum síðar.

1.4. SÉRSTÖK FJÁRÖFLUN

Í meðförum Alþingis á þingsályktunartillögu um vegáætlun fyrir árin 2000–2004 var samþykkt breytingartillaga um sérstaka fjáröflun á árunum 2000–2004. Þessari sérstöku fjáröflun er ætlað að standa undir kostnaði við jarðgangaáætlun fyrir árin 2000–2004 og vegagerð á Austurlandi í tengslum við fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir þar. Þessa fjár verður aflað m.a. með sölu ríkiseigna. Á árinu 2000 fengust til vegamála 324 m.kr. í sérstaka fjáröflun.

1.5. LÁNSFÉ

Á árinu 2000 var greidd ein afborgun af láni, 40 m.kr., sem tekið var hjá ríkissjóði til að fjármagna síðari hluta vegtenginga við Hvalfjarðargöng.

1.6. FRESTUN FRAMKVÆMDA

Ríkisstjórnin ákvað að fresta nýframkvæmdum í vegagerð fyrir 585 m.kr. á árinu 2000 til ársins 2001. Var þetta gert til þess að draga úr þenslu í efnahagslífinu.

II. SKIPTING ÚTGJALDA

Í töflunni er sýnd skipting fjárveitinga til Vegagerðarinnar á árinu 2000. Vegáætlun gerði ráð fyrir ráðstöfun 9.802 m.kr. Við bættust síðan 100 m.kr. sem ætlaðar voru til greiðslu bóta til verktaka vegna mikillar verðhækkunar á olíu á árinu og breytingar á þungaskatti.

	(Fjárhæðir í m.kr.)	Vegáætlun 2000	Breyting 2000	Fjárveiting 2000
2.1.	**Stjórn og undirbúningur**	**363**		**363**
	1. Yfirstjórn og skrifstofa	146		146
	2. Tæknilegur undirbúningur	110		110
	3. Umferðareftirlit og þjónusta	107		107
2.2.	**Almenn þjónusta**	**1.303**		**1.303**
	1. Þjónustusvæði	283		283
	2. Vegir og vegyfirborð	374		374
	3. Brýr og veggöng	56		56
	4. Vegmerkingar og vegbúnaður	339		339
	5. Þéttbýlisvegir	251		251
2.3.	**Vetrarþjónusta**	765		765
2.4.	**Viðhald þjóðvega**	1.789		1.789
	1. Endurnýjun bundinna slitlaga	790		790
	2. Endurnýjun malarslitlaga	230		230
	3. Styrkingar og endurbætur	408		408
	4. Brýr, varnargarðar og veggöng	165		165
	5. Öryggisaðgerðir	79		79
	6. Vatnaskemmdir	117		117
2.5.	**Til nýrra þjóðvega**	**5.156**		**5.156**
	1. Stofnvegir	3.960		3.960
	1. Almenn verkefni	479		479
	2. Höfuðborgarsvæðið	1.116		1.116
	3. Stórverkefni	1.759		1.759
	4. Viðbótarfé	500		500
	5. Þingvallahátíð	106		106
	2. Tengivegir	436		436
	3. Til brúagerða	234		234
	1. Brýr 10 m og lengri	211		211
	2. Smábrýr	23		23
	4. Ferðamannaleiðir	82		82
	5. Girðingar	44		44
	6. Jarðgangaáætlun	100		100
	7. Orku- og iðjuvegir á Austurlandi	300		300
2.4.	**Til safnvega**	**223**		**223**
2.5.	**Til landsvega**	**78**		**78**
2.6.	**Til styrkvega**	**32**		**32**
2.7.	**Til reiðvega**	**32**		**32**
2.8.	**Til tilrauna**	**94**		**94**
2.9.	**Til flóabáta**	**592**		**592**
	Samtals	**10.427**		**10.427**
	Afborgun af láni vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga	-40		-40
	Frestun framkvæmda	-585		-585
	Fjáraukalög		100	100
	Samtals	**9.802**	**100**	**9.902**

2.0. VERÐLAGSFORSENDUR OG AFKOMA 2000 OG YFIRLIT YFIR FJÁRMAGN TIL VEGAMÁLA

Við gerð vegáætlunar fyrir árin 2000–2004 var meðalvísitala vegagerðar fyrir árið 2000 áætluð 6060 stig og hafði þá verið gert ráð fyrir um 4% hækkun milli ára. Í reynd varð hún 6090 eða um 0,5% hærri en áætlað hafði verið.

Markaðir tekjustofnar til vegagerðar halda áfram að skila auknum tekjum og þá sér í lagi þungaskattur, árgjald. Innheimta markaðra tekna árið 2000 var 9.975 m.kr. eða 327 m.kr. hærri upphæð en áætlað hafði verið við gerð vegáætlunar og fékk Vegagerðin 100 m.kr. af þeim á árinu samkvæmt fjáraukalögum. Það sem eftir stendur 227 m.kr. er inneign hjá ríkissjóði.

Árið 2000 rann í ríkissjóð 48 m.kr. umsýslugjald af mörkuðum tekjum. Ríkissjóður lagði til 500 m.kr. í framkvæmdaátak sem viðbótarfé. Endurgreiðslur og afborganir lána voru samtals 218 m.kr. á árinu og engin lán voru tekin á árinu.

Vegagerðin fékk því alls til ráðstöfunar 9.684 m.kr. sem er heldur hærri upphæð að raungildi en árið 1999.

Lausafjárstaða Vegagerðarinnar í árslok var góð og engin vinnulán tekin á árinu.

Afkoma Vegagerðarinnar á árinu var almennt góð og var ekki um að ræða nein stór áföll.

Í súluritinu hér að neðan koma fram framlög til vegamála í m.kr. árin 1964 til 2000 á föstu verðlagi 2000.



Hér fyrir neðan má sjá framlög til vegamála sem hlutfall af þjóðarframleiðslu á árunum 1964 til 2000. Miðað er við endurskoðaðan grunn þjóðarframleiðslu.



2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

2.1.0. Starfsmannahald

Fastir starfsmenn hjá Vegagerðinni voru 341 um síðustu áramót í 333,8 stöðugildum en voru 338 árið 1999. Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 2000 var 379 en var 374 árið 1999. Heildarvinnuframlag á árinu 2000 reiknað í dagvinnustundum nam 482 mannárum og hafði hækkað úr 474 frá árinu 1999. Launagreiðslur voru 1.088 m.kr. á árinu 2000 og launatengd gjöld 166 m.kr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda fastra starfsmanna og skiptingu þeirra eftir starfsstéttum og umdæmum.

	Reykja-vík	Suður-land	Reykja-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur-land	Sam-tals
Yfirstjórn, skrifstofa	20	5	5	4	3	3	3	2	45
Tæknilegur undirbúningur	42	8	6	8	6	5	12	5	92
Vegaeftirlit	9	0	0	0	0	0	0	0	9
Starfsm. áhaldah. skv. lfl. BSRB	8	0	0	0	0	0	0	1	9
Iðnlærðir verkstjórar	4	1	0	1	1	3	1	2	13
Verkstjórar	5	4	5	6	7	3	10	7	47
Iðnaðarmenn	4	1	0	5	3	2	4	3	22
Vélamenn	5	3	11	8	12	7	6	10	62
Verkamenn	2	6	2	8	2	5	7	3	35
Ráðskonur, matreiðslumenn	1	0	0	1	1	1	1	2	7
Fastir starfsmenn í desember 2000	100	28	29	41	35	29	44	35	341
Fastir starfsmenn í desember 1999	106	26	30	41	35	26	41	33	338
Fastir starfsmenn í desember 1998	94	26	41	43	33	26	43	33	339
Fastir starfsmenn í desember 1997	92	31	39	45	36	26	45	36	350
Fastir starfsmenn í desember 1996	90	33	39	42	35	25	46	37	347
Fastir starfsmenn í desember 1995	86	34	39	43	37	26	46	35	346
Fastir starfsmenn í desember 1994	88	34	34	43	38	25	44	35	341
Fastir starfsmenn í desember 1993	86	35	32	44	35	27	46	33	338
Fastir starfsmenn í desember 1992	89	37	32	44	34	27	42	35	340
Fastir starfsmenn í desember 1991	94	33	28	44	33	29	45	34	340
Fastir starfsmenn í desember 1990	104	33	21	42	35	28	46	33	342
Fastir starfsmenn í desember 1989	106	30	24	43	34	27	47	34	345
Fastir starfsmenn í desember 1988	116	31	17	40	32	29	45	35	345
Fastir starfsmenn í desember 1987	117	31	19	44	32	30	45	40	358

2.1.1. Yfirstjórn og skrifstofa

Fjárveiting í vegáætlun 2000 var 146 m.kr.

Eftirfarandi starfsemi heyrir undir þennan lið: Yfirstjórn Vegagerðarinnar og stjórnsýslusvið, sem nær yfir fjárreiðudeild, hagdeild og lögfræði- og starfsmannahald með bókasafni og útgáfustarfsemi undir sér. Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi starfsmanna teljast einnig til þessa liðar.

2.1.2. Tæknilegur undirbúningur

Fjárveiting í vegáætlun var 110 m.kr.

Í Reykjavík eru tvö svið, tæknisvið og þróunarsvið, sem sinna tæknilegum undirbúningi. Hér á eftir verður fjallað sérstaklega um verkefni hvors sviðs.

Á tæknisviði eru brúadeild, veghönnunardeild, framkvæmdadeild, rekstrardeild, tölvudeild og þjónustudeild. Á tæknisviði eru gerðar verklýsingar, staðlar, reglur og leiðbeiningar um

hönnun brúa og vega, viðhald og þjónustu. Þar fer fram hönnun brúa og vega og aðstoð við umdæmi í veghönnun. Þar er einnig unnið að jarðtæknilegri hönnun vega og brúa. Haldið er utan um alla skráningu í viðhaldi og þjónustu, vinnubrögð samræmd og fjárveitingum til viðhalds, þjónustu, landsvega, safnvega, styrkvega, smábrúa og girðinga skipt milli umdæma og þjónustusvæða. Á tæknisviði eru gerðar útboðsreglur og skilmálar fyrir útboð í nýbyggingum, viðhaldi og þjónustu og haldið utanum skráningu útboða og tilboða. Vegagerðin rekur fjóra vinnuflokka og sér tæknisvið um rekstur þeirra og verksölu þeirra til umdæma. Tölvuþjónusta er rekin í Reykjavík fyrir allar umdæmisskrifstofur og þjónustustöðvar Vegagerðarinnar. Á tæknisviði er umsjón með innkaupum og rekstri vélakosts Vegagerðarinnar, þar með talinn ferjurekstur, í samvinnu við umdæmin, og rekin birgðastöð. Höfð er umsjón með nýbyggingum og viðhaldi fasteigna Vegagerðarinnar. Starfsmenn tæknisviðs vinna auk þess að ýmsum þróunar og rannsóknarverkefnum í samvinnu við starfsmenn þróunarsviðs og umdæma.

Þróunarsvið nær yfir áætlanadeild, rannsóknadeild og umhverfisdeild. Unnið er að undirbúningi vegáætlunar, langtímaáætlunar og jarðgangaáætlunar ásamt annarri áætlanagerð. Unnið er úr umferðartalningum og slysaskýrslum og tillögur gerðar um úrbætur á hættulegum stöðum á vegakerfinu. Haldið er utanum gagnabanka og vegaskrá. Jarðfræðirannsóknir og námumál eru í umsjón þróunarsviðs. Einnig umsjón með tilraunafé ásamt innlendum og erlendum rannsókna- og þróunarverkefnum og þátttaka í þeim. Undirbúningur og umsjón með jarðgangaverkefnum. Á þróunarsviði er einnig umsjón með umhverfis- og skipulagsmálum Vegagerðarinnar.

Sé unnið við ákveðna framkvæmd sem hefur fjárveitingu í vegáætlun er kostnaður færður á verkið en ef vinnan tengist ekki ákveðnu verkefni færist kostnaður á tæknilegan undirbúning.

Á þróunarsviði er haldið við skrám um þjóðvegi og lengd þeirra, en samkvæmt vegalögum er þeim skipt í fjóra flokka, stofnvegi, tengivegi, safnvegi og landsvegi. Í eftirfarandi töflu má sjá lengd þjóðvega samkvæmt þeirri flokkun þann 1. janúar 2000.

Umdæmi	Stofnvegir km	Tengivegir km	Safnvegir km	Landsvegir km	Samtals km
Suðurland	618	994	502	887	3.001
Reykjanes	303	173	61	47	584
Vesturland	596	720	386	176	1.878
Vestfirðir	783	388	256	119	1.546
Norðurland vestra	409	620	369	295	1.693
Norðurland eystra	674	520	359	557	2.110
Austurland	919	480	359	392	2.150
Samtals	4.302	3.895	2.292	2.473	12.962

Á þróunarsviði er haldið við skrám um umferð á þjóðvegum landsins og upplýsingum um slys á þjóðvegum, sem gerð er lögregluskýrsla um. Niðurstöður um slys eru birtar í sérstakri skýrslu. Einnig er haldið við skrám um lengd vega með bundnu slitlagi. Í árslok 2000 voru vegir með bundnu slitlagi 3.829 km, þar af 3.723 km á stofn- og tengivegum og 106 km á safn- og landsvegum. Frá árinu 1995 eru þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum taldir með stofn- og tengivegum í samræmi við vegalög nr. 45/1994. Sjá mynd á næstu síðu.

Á myndinni hér fyrir neðan er miðað við akstur á stofn- og tengivegum árið 1999. Vakin er athygli á því að frá árinu 1995 eru þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum taldir með stofn- og tengivegum. Umferð á þessum vegum er mun meiri en annars staðar á vegum landsins og er sú viðbót sýnd sérstaklega árið 1994.





2.1.3. Umferðareftirlit og þjónusta

Á þjónustudeild tæknisviðs er séð um umferðareftirlit og upplýsingaþjónustu Vegagerðarinnar. Fjárveiting til þess verkefnis var 107 m.kr. Verkefni sem falla undir þennan lið eru umferðareftirlit og upplýsingaþjónusta Vegagerðarinnar. Í umferðareftirliti er haft eftirlit með ásþunga bifreiða, þungaskatti og ökuritum og einnig eru gefin út leyfi fyrir hópferða- og sérleyfishafa og haft eftirlit með þeim. Í umferðarþjónustu er rekin upplýsingamiðstöð fyrir vegfarendur, en miðlun upplýsinga um veður og færð er sífellt mikilvægari þáttur fyrir vegfarendur, og er þessari þjónustu stjórnað úr miðstöð í samvinnu við umdæmin. Í upplýsingamiðstöðinni er jafnframt safnað saman fjölþættum upplýsingum frá mælitækjum á og við vegakerfið, m.a. upplýsingum um umferðarmagn, hraða, ásþunga, frost í jörðu, veður og færð og er unnið að því að flest þessara mælitækja verði sjálfvirk og gefi upplýsingar strax til þeirra sem á þeim þurfa að halda.


Ársumferð 1998
> 1000 bílar á dag
500 - 1000 bílar á dag
200 - 500 bílar á dag
< 200 bílar á dag

2.2. ALMENN ÞJÓNUSTA

Verkefni sem tilheyra almennri þjónustu er sú viðhalds- og viðgerðarvinna á vegum, vegamannvirkjum og vegsvæðum sem þarf til að viðhalda því ástandi sem er fyrir og ætla má að þurfi að vera til að uppfylla þau markmið sem sett eru varðandi greiða umferð og almennt umferðaröryggi.

Fjárveiting til almennrar þjónustu var 1.303 m.kr. og var skipt í fimm meginflokka þ.e. til þjónustusvæða, til vega og vegyfirborðs, til brúa og vegganga, til vegmerkinga og vegbúnaðar og til þéttbýlisvega.

Stólparitið hér að neðan sýnir þróun fjárveitinga til almennrar þjónustu þjóðvega á árunum 1991–2000. Á árinu 2000 eru fjárveitingar til þjónustu þjóðvega í þéttbýli taldar með fjárveitingum til þjónustu í samræmi við vegáætlun. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2000.



Í stólparitinu hér að neðan kemur fram þróun í kostnaði við almenna þjónustu stofn- og tengivega frá 1991. Kostnaður vegna almennrar þjónustu þjóðvega í þéttbýli er talinn með kostnaði á árunum 1995–1999. Á árinu 2000 er allur kostnaður vegna þjónustu þjóðvega í þéttbýli talinn með kostnaði við almenna þjónustu í samræmi við vegáætlun. Tölurnar eru í m.kr. á verðlagi 2000.



Stólparitið hér að neðan sýnir þróun í kostnaði við almenna þjónustu stofn- og tengivega í kr. á ekna 100 km á árunum 1991–2000. Á árunum 1995–1999 er kostnaður við almenna þjónustu þéttbýlisvega talinn með kostnaði við þjónustu þjóðvega. Á árinu 2000 er allur kostnaður vegna þjónustu þjóðvega í þéttbýli talinn með kostnaði við almenna þjónustu í samræmi við vegáætlun. Umferðartalning er frá árinu 1999, en gert er ráð fyrir 3% aukningu umferðar milli áranna 1999 og 2000. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2000.



Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig kostnaður við almenna þjónustu 2000 skiptist milli hinna einstöku liða þjónustunnar og milli umdæma samkvæmt bókhaldi Vegagerðarinnar.

	Þjónustu-svæði þús. kr.	Vegir og vegyfirborð þús. kr.	Brýr og veggöng þús. kr.	Vegmerkingar og vegbúnaður þús. kr.	Þéttbýlis-vegir þús. kr.	Samtals þús. kr.
Sameiginlegt	61.497			34.987		96.484
Suðurland	40.197	57.710	10.478	41.585	8.108	158.078
Reykjanes	31.755	45.693	4.949	100.774	169.145	352.316
Vesturland	41.385	82.631	6.816	33.145	11.882	175.859
Vestfirðir	44.770	59.605	11.498	24.692	10.529	151.094
Norðurland vestra	35.012	39.843	13.718	26.000	11.674	126.247
Norðurland eystra	35.553	72.031	9.407	30.946	25.316	173.253
Austurland	41.211	69.668	13.849	36.745	20.683	182.156
Samtals	331.380	427.181	70.715	328.874	257.337	1.415.487

2.2.1. Þjónustusvæði

Fjárveiting til þessara verkefna var 283 m.kr. og var henni varið til að greiða stjórnun og ýmis sameiginleg verkefni þ.m.t. hreinsun vegsvæða og kostnað vegna vatnaskemmda o.fl. svo og upplýsingamiðlunar og eftirlits með vegum auk margs annars til að auðvelda umferðinni að komast leiðar sinnar á öruggan og þægilegan hátt.

2.2.2. Vegir og vegyfirborð

Fjárveiting til vega og vegyfirborðs var 374 m.kr. og voru helstu kostnaðarliðir viðgerðir á tilfallandi skemmdum á slitlögum, lagfæringum á öxlum (hliðræmum), vegheflun og rykbinding. Innan þessa verkefnaflokks voru einnig unnin ýmis smærri verk eins og viðgerðir á tilfallandi skemmdum vegna aurbleytu, úrrennslis o.þ.h.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir rykbindingu malarvega 2000.

	Rykbundnir km *)					
Umdæmi	klór-kalsíum	úrgangs-salt	nýtt salt	sjór	Dustex	samtals
Suðurland	6	0	79	0	0	85
Reykjanes	8	0	52	50	10	120
Vesturland	16	491	179	0	0	686
Vestfirðir	0	0	448	165	0	613
Norðurland vestra	0	0	329	0	14	343
Norðurland eystra	0	0	497	0	0	497
Austurland	143	150	344	25	0	662
Samtals	173	641	1.928	240	24	3.006

*) Hér eru taldir þeir km vegar sem hafa verið rykbundnir á árinu án tillits til þess hve oft hefur verið rykbundið.

2.2.3. Brýr og veggöng

Fjárveiting til þessa verkefnaflokks var 56 m.kr og var henni varið til að greiða kostnað við umhirðu, lagfæringar og minni háttar viðgerðir á brúm, stærri vegræsum, vegskálum og varnargörðum.

2.2.4. Vegmerkingar og vegbúnaður

Fjárveiting til vegmerkinga og vegbúnaðar var 339 m.kr. og var henni varið til að greiða lýsingu meðfram vegum, yfirborðsmerkingar á vegum, endurnýjun og viðhald á kantstikum, umferðarmerkjum og vegriðum og gerð og rekstur áningarstaða meðfram vegum.

2.2.5. Þéttbýlisvegir

Fjárveiting til þjónustu á þjóðvegum innan þéttbýlis var 251 m.kr. og var henni varið til almennrar þjónustu og vetrarþjónustu á þéttbýlisvegum. Samkvæmt 5. gr. vegalaga er vegamálastjóra heimilt að fela öðrum aðilum veghald einstakra vegarkafla að nokkru eða öllu leyti. Samið hefur verið við mörg sveitarfélög um að þau annist þjónustu á vegum innan þeirra. Vegagerðin annast sjálf þjónustu á þjóðvegum innan nokkurra þéttbýlisstaða.

2.3. VETRARÞJÓNUSTA

Á undanförnum árum hefur þjónusta á vegakerfinu að vetri til stöðugt verið að aukast. Bæði er um að ræða fjölgun snjómokstursdaga og einnig er fleiri leiðum haldið opnum. Einnig hefur hreinsun vega verið bætt verulega ásamt aukinni hálkuvörn. Kostnaður við vetrarþjónustu er aftur á móti mjög háður veðurfari.

Á stólparitinu hér að neðan má sjá þróun fjárveitinga til vetrarþjónustu á árunum 1991–2000. Allar tölur eru á verðlagi 2000. Frá 1995–1999 eru fjárveitingar til vetrarþjónustu á þéttbýlisvegum taldar með fjárveitingum til vetrarþjónustu, en samkvæmt vegáætlun 2000 er öll þjónusta þéttbýlisvega undir sérstökum lið.



Fjárveiting í vegáætlun fyrir árið 2000 var 765 m.kr. Skuld frá fyrri árum var 200 m.kr., þannig að til ráðstöfunar voru 565 m.kr. Frá áramótum til vors var veðurfar mjög risjótt um mest allt land. Snjóalög voru víðast með meira móti og í sumum landshlutum með mesta móti. Á það t.d. við um Suðausturland, þar sem talað er um að ekki hafi komið svo mikill snjór í áratugi. Einnig var um tíma mjög mikill snjór í Vestur-Skaftafellssýslu. Haustið var svo óvenju snjólétt um allt land.

Heildarkostnaður við snjómokstur varð um 910 m.kr. Skuld sem flyst til ársins 2001 er því um 345 m.kr.

Hér að neðan má sjá heildarkostnað við vetrarþjónustu á árunum 1991–2000 í súluriti. Upphæðir eru í m.kr. á verðlagi 2000. Kostnaður vegna vetrarþjónustu þjóðvega í þéttbýli er meðtalinn á árunum 1995–1999, en samkvæmt vegáætlun 2000 er öll þjónusta þéttbýlisvega undir sérstökum lið.



Eftirfarandi tafla sýnir hvernig kostnaður við vetrarþjónustu utan þéttbýlis skiptist milli umdæma á árinu 2000.

	Kostnaður þús. kr.
Sameiginlegt	47.895
Suðurland	76.946
Reykjanes	149.137
Vesturland	119.671
Vestfirðir	153.341
Norðurland vestra	73.640
Norðurland eystra	136.952
Austurland	152.053
Samtals	909.635

Á töflunni hér á eftir má sjá kostnað við vetrarþjónustu á nokkrum vegarköflum á árinu 2000.

Kaflar:	Lengd kafla km	Kostnaður m.kr.	Kostn. á km þús.kr.
Hellisheiði: Reykjavík – Hveragerði og Þrengslavegur	48	28,7	598
Holtavörðuheiði	37	7,9	214
Fróðárheiði	14	8,3	593
Steingrímsfjarðarheiði	47	10,2	217
Siglufjarðarvegur: Ketilás – Siglufjörður	25	8,6	344
Öxnadalsheiði	25	7,4	296
Dalvík – Ólafsfjörður	18	3,2	178
Mývatns- og Möðrudalsöræfi og Jökuldalur	146	10,4	71
Vopnafjarðarheiði	51	6,8	133
Fjarðarheiði	24	8,1	338
Oddsskarð	23	11,5	500
Vegið meðaltal			243

Á töflunni hér á eftir má sjá hve lengi ýmsir fjallvegir voru lokaðir vegna snjóa á árinu 2000. Einnig kemur fram á hve mörgum dögum ársins var unnið við vetrarþjónustu á viðkomandi fjallvegi.

	Vetrarþjónustudagar														
	Hlutfall af 365 dögum														
	Jan.	Feb.	Mars	Apr.	Maí	Júní	Júlí	Ág.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Alls	%	
Fróðárheiði	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	1	65
Svínadalur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	33
Kletthás	7	24	31	11	0	0	0	0	0	0	0	0	73	20	13
Hálfdán	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	82
Dynjandisheiði	31	29	31	20	0	0	0	0	0	0	0	3	114	31	15
Hrafnseyrarheiði	20	29	31	17	0	0	0	0	0	0	13	7	117	32	28
Steingrímsfjarðarheiði	1	3	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	6	2	93
Holtavörðuheiði	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	109
Vatnsskarð nyrðra	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	38
Siglufjv:Fljót-Siglufj.	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	68
Lágheiði	31	29	31	25	0	0	0	0	1	0	30	23	170	47	6
Öxnadalsheiði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	124
Dalvík-Ólafsfjörður	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	77
Hólssandur	31	29	31	30	16	0	0	0	0	0	30	31	198	54	3
Öxarfjarðarheiði	31	29	31	30	22	0	0	0	0	0	30	31	204	56	2
Sandvíkurheiði	0	4	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	5	1	25
Vopnafjarðarheiði	5	5	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	11	3	50
Möðrudalsöræfi	1	3	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	6	2	52
Hellisheiði eystri	23	27	31	17	0	0	0	0	0	6	18	31	153	42	17
Vatnsskarð eystra	5	8	3	3	0	0	0	0	0	0	0	0	19	5	45
Fjarðarheiði	1	4	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1	7	2	129
Oddsskarð	1	1	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	4	1	129
Breiðdalsheiði	4	9	8	5	0	0	0	0	0	0	3		29	8	53


Takmarkanir á ásþunga vegna aurbleytu
á helstu þjóðvegum landsins 2000.
17 d. 5 t.
15 d. oj.
33 d. 5 t.
13 d. oj.
24 d. 5 t.
17 d. oj.
17 d. 5 t.
6 d. 7 t.
18 d. 7 t.
28 d. 7 t.
14 d. oj.
32 d. 5 t.
38 d. 5 t.
19 d. oj.
14 d. 5 t.
38 d. oj.
7 d. 5 t.
7 d. 7 t.
3 d. 7 t.
21 d. oj.
44 d. oj.
6 d. 5 t.
50 d. 7 t.
50 d. 7 t.
48 d. 5 t.
8 d. 7 t.
31 d. 7 t.
33 d. 7 t.
22 d. oj.
9 d. 5 t.
7 d. 7 t.
4 d. 5 t.
12 d. 7 t.
31 d. 5 t.
7 d. 7 t.
13 d. 7 t.
15 d. 7 t.
49 d. 7 t.
10 d. 7 t.
38 d. 7 t.
7 d. 7 t.
6 d. 7 t.
25 d. 5 t.
7 d. 7 t.
14 d. 7 t.
28 d. 5 t
19 d. 5 t.
25 d. 7 t.
18 d. 7 t.
21 d. 7 t.
18 d. 7 t.
15 d. 7 t.
11 d. 7 t.
35 d. 7 t.
17 d. 7 t.
18 d. 7 t.
15 d. 7 t.
21 d. 7 t.
15 d. 7 t.
12 d. 5 t.
15 d. 7 t.
15 d. 7 t.
18 d. 7 t.
7 d. 7 t.
36 d. 7 t.
4 d. 7 t.
25 d. 7 t.
11 d. 7 t.
7 d. 7 t.
30 d. 7 t.
Vegur lokaður (v.t.), eða aðeins opinn jeppum (o.j.).
5 tonna ásþungi (5 t.).
7 tonna ásþungi (7 t.).
Kaflaskipting.
Kaflaskipting.
Vegna hættu á slitlagskemmdum var ásþungi takmarkaður í 10 tonn á vegum í viðauka 1 skv. reglugerð nr. 528/1998, í 13 - 20 daga, nema á Suðvesturlandi.

2.4. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

Í vegáætlun 2000 var fjárveiting til viðhalds þjóðvega 1.789 m.kr., og var henni varið til viðhalds á stofn- og tengivegum. Sú breyting var gerð á vegalögum (nr. 45/1994), sem tóku gildi við samþykkt vegáætlunar 25. febrúar 1995 að vegir í kaupstöðum og kauptúnum voru felldir inn í þjóðvegakerfið og fjárveiting til viðhalds og þjónustu þeirra gerð að sérstökum lið undir viðhaldi þjóðvega. Í vegáætlun fyrir árið 2000 er fjárveiting til viðhalds þjóðvega innan þéttbýlis felld inn í aðrar fjárveitingar til viðhalds. Við samanburð á þeim töflum og súluritum sem sýnd eru hér á eftir þarf að hafa í huga þessar breytingar.

Fjárveitingum til viðhalds vega er skipt í sex meginflokka, sem eru endurnýjun bundinna slitlaga, endurnýjun malarslitlaga, styrkingar og endurbætur, brýr, varnargarðar og veggöng, öryggisaðgerðir og vatnaskemmdir.

Markmið viðhalds er að varðveita þau verðmæti sem bundin eru í þjóðvegakerfinu og hæfni þess til að bera þann umferðarþunga, sem því er ætlaður. Heildarlengd stofn- og tengivega 1. janúar 2000, var um 8.197 km, og var áætluð umferð á þeim árið 2000 um 1.666 milljónir ekinna km. Stólparitið hér að neðan sýnir þróun fjárveitinga til viðhalds þjóðvega á árunum 1991–2000. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2000.



Stólparitið hér að aftan sýnir þróun í kostnaði við viðhald stofn- og tengivega á árunum 1991–2000. Tölurnar eru á verðlagi 2000.



Stólparitið hér að neðan sýnir þróun í kostnaði við viðhald stofn- og tengivega í kr. á ekna 100 km á árunum 1991–2000. Umferðartalning er frá árinu 1999, en gert er ráð fyrir 3% aukningu umferðar milli áranna 1999 og 2000. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2000.



Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig viðhaldskostnaður árið 2000 skiptist milli hinna einstöku liða viðhalds og milli umdæma samkvæmt bókhaldi Vegagerðarinnar.

Umdæmi	Endurnýjun bundinna slitlaga þús.kr.	Endurnýjun malar-slitlaga þús.kr.	Styrkingar og endurbætur þús.kr.	Viðhald brúa og varnargarða þús.kr.	Öryggis-aðgerðir þús.kr.	Vatna-skemmdir þús.kr.	Samtals þús.kr.
Sameiginlegt	10.492	0	392	9.796	6.203	0	26.883
Suðurland	91.279	44.009	73.752	23.824	27.893	24.793	285.550
Reykjanes	233.432	8.590	188.815	1.449	0	11.395	443.681
Reykjavík *	78.000	0	0	0	0	0	78.000
Vesturland	95.962	24.597	84.631	10.967	0	11.035	227.192
Vestfirðir	34.228	22.173	52.573	5.452	4.840	27.019	146.285
Norðurland vestra	50.421	11.708	41.334	10.046	34.192	15.698	163.399
Norðurland eystra	62.105	40.076	71.678	34.328	352	17.458	225.997
Austurland	94.488	25.056	6.887	61.209	0	0	187.640
Samtals	750.407	176.209	520.062	157.071	73.480	107.398	1.784.627

Samkvæmt reglugerð nr. 325 frá 2. júní 1995 ber Vegagerðinni að greiða helming áætlaðs viðhaldskostnaðar girðinga með stofn- og tengivegum. Í samræmi við hana var af viðhaldsfé greiddur viðhaldskostnaður girðinga að upphæð 23,6 m.kr.

*Samkvæmt samningi milli Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar sér Reykjavíkurborg um viðhald þjóðvega innan borgarinnar.

2.4.1 Endurnýjun bundinna slitlaga

Fjárveiting var 790 m.kr. Lagðir voru 523 km af bundnu slitlagi sem samsvarar um 14,0 % af heildarlengd stofn- og tengivega með bundnu slitlagi. Fyrst og fremst er um að ræða endurnýjun á klæðingu, en malbik einungis notað á umferðarmestu vegina og í þéttbýli. Endurnýjun bundinna slitlaga skiptist á tegundir og umdæmi eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Umdæmi	Klæðing km	Klæðing þús.m²	Malbik km	Malbik þús.m²	Alls km	Alls þús.m²
Suðurland	95,4	585	3,5	21	98,9	606
Reykjanes	19,8	123	32,4	208	52,2	331
Reykjavík	0,0	0	15,1	91	15,1	91
Vesturland	83,4	504	0,0	0	83,4	504
Vestfirðir	53,5	288	0,0	0	53,5	288
Norðurland vestra	62,1	373	0,0	0	62,1	373
Norðurland eystra	72,8	455	0,0	0	72,8	455
Austurland	84,6	530	0,1	1	84,7	531
Samtals	471,6	2.858	51,1	321	522,7	3.189

Í þessum tölum eru ekki stakar viðgerðir, hjólfarafyllingar og ræmur og einnig er sleppt klæðingu á axlir.

2.4.2. Endurnýjun malarslitlaga

Fjárveiting til endurnýjunar malarslitlaga var 230 m.kr. Lagt var og endurbætt malarslitlag á 694 km af malarvegum og samsvarar það um 15,5% af heildarlengd stofn- og tengivega með malarslitlagi. Um er að ræða ný malarslitlög og endurnýjun á eldri slitlögum.

Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig þetta magn skiptist í unnið og óunnið efni og á milli umdæma.

Umdæmi	Óunnið efni km	Óunnið efni m³	Unnið efni km	Unnið efni m³	Mölburður alls km	Mölburður alls m³
Suðurland	8	1.842	83	40.779	91	42.621
Reykjanes	0	0	29	9.052	29	9.052
Vesturland	38	9.147	101	30.256	139	39.403
Vestfirðir	0	0	39	12.000	39	12.000
Norðurland vestra	0	0	75	12.495	75	12.495
Norðurland eystra	3	1.076	195	23.772	198	24.848
Austurland	18	3.147	105	41.221	123	44.368
Samtals	67	15.212	627	169.575	694	184.787

Vinnsla efnis í slitlög og burðarlög 2000 var eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Umdæmi	Fyrir malarslitlag m³	Fyrir bundið slitlag m³	Fyrir burðarlag m³	Samtals m³
Suðurland	32.300	16.700	52.800	101.800
Reykjanes	0	0	0	0
Vesturland	19.355	8.547	5.986	33.888
Vestfirðir	19.000	12.000	49.000	80.000
Norðurland vestra	27.293	11.087	26.051	64.431
Norðurland eystra	56.995	10.458	81.743	149.196
Austurland	57.997	27.656	123.042	208.695
Samtals	212.940	86.448	338.622	638.010

Hér er eingöngu talið efni sem unnið er fyrir Vegagerðina. Efni sem keypt er í einu eða öðru formi er ekki meðtalið.

2.4.3. Styrkingar og endurbætur

Fjárveiting var 408 m.kr. Fjárveitingum er varið til styrkinga og endurbóta á vegum með bundnu slitlagi og malarvega. Aukinn hluti fjármagns fer nú til styrkinga á vegum með bundnu slitlagi, en umferð á þeim er um 92% af umferð á stofn- og tengivegum. Um helmingur vega með bundnu slitlagi var byggður á árunum 1980–1989 og með stöðugt aukinni og þyngri umferð vex þörfin fyrir styrkingu og endurbætur á þeim. Nokkru fjármagni er

einnig varið til styrkinga og endurbóta á malarvegum með lítið burðarþol sem þarf að takmarka umferðarþunga á vegna aurbleytu. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir styrkingar vega á árinu 2000.

	Vegir með bundnu slitlagi				Malarvegir		Styrkingar alls	
	Burðarlag með möl		Bundið burðarlag					
Umdæmi	km	m³	km	m³	km	m³	km	m³
Suðurland	7,1	26.223	7,4	6.384	26,3	35.217	40,8	67.824
Reykjanes	0,0	0	8,2	6.150	23,7	34.666	31,9	40.816
Vesturland	0,0	0	5,3	5.341	22,0	15.819	27,3	21.160
Vestfirðir	3,4	3.600	0,0	0	4,4	6.500	7,8	10.100
Norðurland vestra	1,5	6.408	3,3	2.455	19,5	36.861	24,3	45.724
Norðurland eystra	0,0	0	4,7	4.181	22,4	28.561	27,1	31.742
Austurland	1,0	980	0,0	0	19,6	17.393	20,6	18.373
Samtals	13,0	37.211	28,9	24.511	137,9	175.017	179,8	236.739

2.4.4. Brýr, varnargarðar og veggöng

Fjárveiting var 165 m.kr. Stærsta viðhaldsverkefnið var styrking á undirstöðum brúar á Skeiðará ásamt vinnslu á grjóti til notkunar við áframhaldandi viðgerðir. Um 11 m.kr. var varið til rofvarna og lagfæringa og endurbóta á varnargörðum við brýr og 4 einbreiðar brýr voru endurnýjaðar með stálrörum eða endurbyggðar og nam kostnaður við þau verkefni um 24 m.kr. Alls var unnið við ríflega 60 smá og stór verkefni víðs vegar um landið.

2.4.5. Öryggisaðgerðir

Fjárveiting í vegáætlun var 79 m.kr. Af fjárveitingum til öryggisaðgerða var lagt til fjármagn til breikkunar á 4 einbreiðum brúm og stálröra í stað einbreiðrar brúa á Hringvegi við Hvammsá í Mýrdal, á Skagastrandarvegi við Hafursstaðaá og Hrafná og á Siglufjarðarvegi við Grafará. Auk þess var unnið við lagfæringar slysastaða í samræmi við umferðaröryggisáætlun, undirbúning lagfæringa og merkingar slysastaða.

2.4.6. Vatnaskemmdir

Fjárveiting samkvæmt vegáætlun var 117 m.kr. Fjárveitingin er ætluð til að mæta kostnaði við óvæntar skemmdir á vegakerfinu vegna vatnaskemmda eða annarra náttúruhamfara.

Kostnaður við lagfæringar á vegum vegna jarðskjálfta á Suðurlandi í júní nam um 18 m.kr. Í mars urðu verulegar skemmdir á vegum vegna mikils vatnsveðurs á Vesturlandi og á Vestfjörðum og nam kostnaður vegna þess um 28 m.kr. Á öðrum stöðum var um minni háttar skemmdir að ræða.

2.5. NÝIR ÞJÓÐVEGIR

2.5.0. Fjárveitingar og lán til nýframkvæmda

2.5.0.1. Bráðabirgðalán

Eins og undanfarin ár standa bráðabirgðalán undir hluta af útgjöldum til nýframkvæmda hjá Vegagerðinni. Lausafjárstaða Vegagerðarinnar á síðari hluta ársins var hins vegar það góð að ekki þurfti að taka nein ný bráðabirgðalán á árinu 2000 en tímabundinni fjárvöntun þess í stað mætt með lánum milli verkefna. Hluti eldri bráðabirgðalána var hins vegar endurlánaður.

Bráðabirgðalán í árslok 2000 námu alls 139,8 m.kr. þar af endurlánuðu sveitarfélög 120,7 m.kr. en Landsvirkjun endurlánaði 19,1 m.kr.

Lán til stofnvega voru í árslok 2,9 m.kr., til tengivega 133,2 m.kr. og til safnvega 3,7 m.kr.

Bráðabirgðalán í árslok	1999 m.kr.	2000 m.kr.
Stofnvegir	2,8	2,9
Tengivegir	147,1	133,2
Safnvegir	6,8	3,7
Samtals	156,7	139,8

2.5.0.2 Fjárveitingar til nýrra þjóðvega

Fjárveitingar til nýrra þjóðvega voru samkvæmt vegáætlun 5.156 m.kr. Þar af voru notaðar 40 m.kr. til afborgunar af láni vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga en auk þess var framkvæmdum fyrir 585 m.kr. frestað til ársins 2001. Miklar hækkanir urðu á olíuverði á árinu auk þess sem breyting var gerð á þungaskattskerfinu. Leiddi þetta til töluverðs kostnaðarauka hjá verktökum. Var ákveðið að bæta verktökum þennan kostnaðarauka að verulegu leyti og fékk Vegagerðin 100 m.kr. viðbótarfjárveitingu í fjáraukalögum í því skyni. Bætur þessar koma að stærstum hluta á verk sem teljast til nýframkvæmda og kom fjárveitingin því inn á þann lið. Til framkvæmda voru því alls 4.631 m.kr.

Á súluritinu má sjá heildarframlag til nýbygginga þjóðvega á árunum 1964–2000. Upphæðir eru í m.kr. á verðlagi 2000.



2.5.1. Stofnvegir

Fjárveitingar til stofnvega samkvæmt vegáætlun voru 3.960 m.kr. Auk þess var í fjáraukalögum í desember 2000 veitt 100 m.kr. aukafjárveiting til viðbótargreiðslu til verktaka vegna mikillar olíuverðshækkunar og hækkunar þungaskatts

2.5.1.1. Almenn verkefni

Fjárveitingar til almennra verkefna voru 479 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fylgiskjali 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fylgiskjali 2.

2.5.1.2. Höfuðborgarsvæðið

Fjárveitingar til vegagerðar á höfuðborgarsvæðinu voru 1.116 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fylgiskjali 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fylgiskjali 2.

2.5.1.3. Stórverkefni

Fjárveitingar til stórverkefna voru 1.759 m.kr.. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fylgiskjali 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fylgiskjali 2.

2.5.1.4. Viðbótarfé

Fjárveiting af viðbótarfé til nýbygginga þjóðvega var 500 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fylgiskjali 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fylgiskjali 2.

2.3.1.5. Þingvallahátíð

Fjárveiting til vega til Þingvalla var 106 m.kr. og er gerð grein fyrir ráðstöfun þess fjár í fylgiskjali 2.

2.5.2. Tengivegir

Fjárveitingar til tengivega voru 436 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.5.3. Til brúargerðar

2.5.3.1. Brýr 10 m og lengri

Fjárveiting til brúa 10 m og lengri var 211 m.kr. í vegáætlun og var henni skipt eins og sýnt er í fskj. 1. Gerð er grein fyrir byggingu einstakra brúa í fskj. 2.

2.5.3.2. Smábrýr

Fjárveiting til smábrúa var 23 m.kr. og var henni skipt eins og sýnt er í fskj. 1.

2.5.4. Ferðamannaleiðir

Fjárveiting til ferðamannaleiða var 82 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.5.5. Girðingar

Fjárveiting til girðinga var 44 m.kr. Fjárveitingu var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum um girðingar. Enn er mikið óunnið í þeim málum. Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir framkvæmdir við girðingar á árinu 2000 og stöðu þessara mála í árslok.

	Óafgreitt 1.1.2000		Afgreitt 2000		Nýjar kröfur		Óafgreitt 1.1.'2001	
Umdæmi	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.
Suðurland	74	0	25	0	38	0	87	0
Reykjanes	0	0	0	0	0	0	0	0
Vesturland	85	0	31	0	57	1	111	1
Vestfirðir	42	2	24	1	34	0	22	1
Norðurland vestra	2	4	0	4	1	3	3	3
Norðurland eystra	116	7	29	0	21	0	108	7
Austurland	26	3	14	2	30	1	42	2
Samtals	345	16	123	7	181	5	373	14

Unnið var að uppgræðslu vegkanta fyrir hluta af nýbyggingarfé vega og sýnir taflan hér að neðan framkvæmdir 2000 og stöðu þessa málaflokks í árslok.

Umdæmi	Framkvæmdir 2000 Sáning ha.	Áburðardreifing ha.	Samtals ha.	Ósáð 1. jan. 2001 ha.
Suðurland	37	49	86	85
Reykjanes	17	20	37	10
Vesturland	94	63	157	450
Vestfirðir	73	65	138	0
Norðurland vestra	91	3	94	55
Norðurland eystra	160	164	324	462
Austurland	130	91	221	121
Samtals	602	455	1.057	1.183

2.5.6. Jarðgangaáætlun

Fjárveiting til jarðgangaáætlunar var 100 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.5.7. Orku- og iðjuvegir á Austurlandi

Fjárveiting til orku- og iðjuvega á Austurlandi var 300 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.6. SAFNVEGIR

Fjárveitingar til safnvega voru 223 m.kr og var þeim skipt milli héraðsnefnda eða hliðstæðra aðila í samræmi við reglugerð nr. 62/1964 eins og sýnt er í eftirfarandi töflu.

		Fjárveiting 2000 í þús.kr.
1.	Héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu	10.028
2.	Héraðsnefnd Rangæinga	18.784
3.	Héraðsnefnd Árnesinga	22.848
4.	Héraðsnefnd Suðurnesja	1.267
5.	Reykjavík	2.300
6.	Héraðsnefnd Kjósarsýslu	2.462
7.	Héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu	9.568
8.	Héraðsnefnd Mýrasýslu	11.681
9.	Vegasamlag Snæfellinga	9.300
10.	Héraðsnefnd Dalasýslu	7.203
11.	Héraðsnefnd Austur-Barðastrandarsýslu	2.639
12.	Héraðsnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu	5.635
13.	Vegasamlag Ísafjarðarsýslu	8.263
14.	Héraðsnefnd Strandasýslu	6.069
15.	Héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu	8.551
16.	Héraðsnefnd Austur-Húnavatnssýslu	7.694
17.	Héraðsnefnd Skagfirðinga	14.803
18.	Akrahreppur	3.169
19.	Héraðsnefnd Eyjafjarðar	13.074
20.	Héraðsnefnd Þingeyinga, Suður-Þingeyjarsýsla	14.724
21.	Héraðsnefnd Þingeyinga, Norður-Þingeyjarsýsla	9.583
22.	Héraðsnefnd Múlasýslna	27.334
23.	Sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu	6.021
	Samtals	223.000

2.7. LANDSVEGIR

Fjárveiting til landsvega var 78 m.kr. og var henni skipt milli umdæma eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti.

Umdæmi	fjárveiting í þús. kr
Suðurland	22.000
Reykjanes	7.000
Vesturland	7.500
Vestfirðir	3.500
Norðurland vestra	8.000
Norðurland eystra	16.000
Austurland	12.000
Óskipt	6.700
Geymt frá fyrra ári	-4.700
Samtals	78.000

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu framkvæmdum við landsvegi.

Suðurland

Fjárveiting til landsvega á Suðurlandi var 22 m.kr. Unnið var við endurbætur á Fjallabaksleið nyrðri, Þórsmerkurvegi, Sprengisandsleið og vegi í Skálpanes. Fjárveitingum var að öðru leyti varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Reykjanes

Fjárveiting til landsvega á Reykjanesi var 7 m.kr. Ætlað hafði verið að ráðast í endurbætur á Vigdísarvallavegi en þeim framkvæmdum var frestað. Fjárveitingum var að öðru leyti varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Vesturland

Fjárveiting til landsvega á Vesturlandi var 7,5 m.kr. Unnið var að endurbótum og mölburði á Kaldadalsvegi og Langjökulsvegi. Einnig voru mölbornir kaflar á Jökulhálsleið og kaflar á Haukadalsskarðsvegi styrktir og endurbættir Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Vestfirðir

Fjárveiting til landsvega á Vestfjörðum var 3,5 m.kr. Haldið var áfram endurbótum á Seljalandsvegi að skíðasvæði Ísfirðinga. Einnig voru styrktir og endurbættir kaflar á Haukadalsskarðsvegi og á Tröllatunguvegi. Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Norðurland vestra

Fjárveiting til landsvega á Norðurlandi vestra var 8 m.kr. Unnið var að endurbótum á Skarðsvegi að skíðasvæði Siglfirðinga og á Skagafjarðarleið. Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Norðurland eystra

Fjárveiting til landsvega á Norðurlandi eystra var 16 m.kr. Unnið var við endurbætur á Ásbyrgisvegi. Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Austurland

Fjárveiting til landsvega á Austurlandi var 12 m.kr. Lokið var endurbótum á Loðmundarfjarðarvegi. Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

2.8. STYRKVEGIR

Fjárveiting til styrkvega var 26 m.kr. og var henni varið til eftirfarandi framkvæmdaflokka.

Framkvæmdaflokkur	fjárveiting í þús. kr.
Götur í þéttbýli	3.500
Vegir yfir fjöll og heiðar	16.000
Annað	8.200
Geymt frá fyrra ári	-1.082
Óskipt	5.382
Samtals	32.000

2.9. REIÐVEGIR

Fjárveiting í vegáætlun var 32 m.kr. Af þeirri fjárhæð var 14,0 m.kr. varið til endurbóta á einstökum reiðleiðum en 18,0 m.kr. var skipt af Landssambandi hestamannafélaga.

			Fjárveiting 2000 í þús.kr.
1.	Hestamannafélagið	Geysir, Rangárvallasýslu	500
2.	„	Háfeti, Þorlákshöfn	1.000
3.	„	Smári, Hreppum	1.200
4.	„	Andvari, Garðabæ	800
5.	„	Fákur, Reykjavík	2.000
6.	„	Hörður, Kjósarsýslu	500
7.	„	Sörli, Hafnarfirði	1.700
8.	„	Skuggi, Borgarnesi	1.050
9.	„	Snæfellingur, Snæfellsnesi	1.000
10.	„	Kinnskær, Vestfjörðum	500
11.	„	Stígandi, Skagafirði	321
12.	„	Léttfeti/Stígandi, Sauðárkróki	1.500
13.	„	Neisti/Óðinn, Austur-Húnavatnssýslu	600
14.	„	Grani, Húsavík	1.500
15.	„	Hringur, Dalvík	812
16.	„	Hornfirðingur, Hornafirði	1.017
17.	„	Blær, Eskifirði	2.000
		Samtals:	18.000
	Umsjón Vegagerðarinnar á Suðurlandi		1.000
	Umsjón Vegagerðarinnar á Reykjanesi		2.500
	Umsjón Vegagerðarinnar á Vesturlandi		1.400
	Umsjón Vegagerðarinnar á Vestfjörðum		500
	Reiðvegur Gauksmýri-Grafarkot		800
	Umsjón Vegagerðarinnar á Norðurlandi vestra		1.400
	Umsjón Vegagerðarinnar á Norðurlandi eystra		3.000
	Umsjón Vegagerðarinnar á Austurlandi		2.000
	Óráðstafað		1.400
		Samtals:	14.000

2.10. TILRAUNIR

Samkvæmt vegalögum er það fjármagn sem verja skal til rannsókna og tilrauna 1% af mörkuðum tekjum sem renna til vegagerðar. Árið 2000 nam fjárveitingin 94 m.kr.

Hér á eftir eru taldir þeir verkefnaflokkar sem unnið var að á árinu og helstu verkefnin:

- Steinefni, burðarlög og slitlög
  - Berggreining – endurbætur á aðferð
  - Steinefnabanki
  - Óbundin steinefni í burðarlög
  - Áhrif þenjanlegra leirsteinda á frostþol og vatnsdrægni steinefna
  - Endurskoðun á burðarlagskafla Alverk
  - Athugun á notkun smáfalllóðs
  - Dýnamískt álagspróf á steinefni í burðarlög
  - Samevrópskt hönnunarlíkan fyrir veguppbyggingu
  - Samevrópskt verkefni varðandi niðurbrot steinefna
  - Samevrópskt verkefni um notkun falllóðsmælinga
  - Samevrópskt verkefni um áhrif „super single“ hjólbarða
  - Tæki til slit- og ýfimælinga
  - Binding fínefna í efra burðarlagi
  - Ending malbiks í tilraunaköflum
  - Viðnámsstuðlar á bundnum slitlögum
  - Steypt slitlög
  - Drenmalbik
  - Viðhaldsaðferðir
  - Úttekt á stöðu nagladekkjamála
  - Hraðað álagspróf á íslenskum vegbyggingum
- Vegyfirborð
  - Yfirborðsmerkingar með sprautumassa
  - Yfirborðsmerkingar með vatnsmálningu
  - Tilraunir með notkun Dustex rykbindiefnis
  - Prófun á efnum og búnaði við hálkuvarnir
  - Biksmit úr klæðingum að vetri
  - Samanburður á gæðum og endingu malarslitlags á umferðarlitlum vegum
- Brýr og steinsteypa
  - Steypurannsóknir
  - Vistferilsgreining fyrir steypta vegi og malbik
  - Jarðskjálftamælingar í brúm
  - Tæring málma – tæringarvarnir
  - Framleiðsla og veðrunarþol steypu án loftíblöndunar
  - Endurbætt prófunaraðferð við mat á veðrunarþoli steinsteypu
  - Skynjarar í kápusteypu Borgarfjarðarbrúar
- Vatnafar, snjór og jöklar
  - Rannsóknir á flóðum vatnsfalla
  - Rekstur vatnshæðarmæla
  - Grímsvatnahlaup; vatnsgeymir, upphaf og rennsli
  - Þróun Grímsvatna í kjölfar gossins 1998, jarðhiti og vatnssöfnun
  - Þróun efnavöktunarkerfis til varnar mannvirkjum við flóð

- Breytingar á farvegi Skeiðarár í hlaupinu 1996
- Íssjármælingar á Fláajökli
- Jarðsjármælingar á Skeiðarársandi
- Setmyndanir í jökulhlaupafarvegum Jökulsár á Fjöllum
- Snjóverkfræði
- Snjógirðing með trjám
- Skynjun og skráning snjóflóða með bylgjumælingum
- Kortagerð á Mýrdalssandi og úttekt á Kötluhlaupum
- Jöklasýning í Skaftafelli og á Höfn

Samgöngu- og umferðarrannsóknir

- Flutningamagn á vegakerfinu
- Samgöngulíkan fyrir Ísland
- Hermilíkan af umferðarkerfum
- Vegakerfið og ferðamálin
- Verðmætismat á vegakerfinu

Umferðaröryggi

- Öryggi vega- og gatnamóta
- Gerðir hjólbarða og umferðaröryggi
- Tengsl hönnunarparametra vega við óhappa- og slysatíðni
- Vetrarumferðaröryggi milli Reykjavíkur og Hveragerðis
- Aðgerðir til fækkunar umferðarslysa meðal ungra ökumanna
- Útafakstur á þjóðvegum utan þéttbýlis árið 2000
- Umferðaröryggisáætlun Vegagerðarinnar

Umhverfisverkefni og jarðtækni

- Sáningartilraunir
- Þróun námukerfis Vegagerðarinnar
- Námufrágangur
- Klæðingar með umhverfisvænna leysiefni
- Athugun á fergingu vegstæðis á mýri
- Vegir á votlendi
- Uppspretta og magn svifryks
- Áhrif Suðurlandsskjálfta á vegamannvirki

Tæki og búnaður

- EE-hjólbarðanaglar
- Vegskálar úr stálrörum
- Girðingarnet
- Búnaður til endurvinnslu á plaststikum í snjógirðingar

Ýmis verkefni

- Erlent rannsóknarsamstarf
- Kynningar á rannsókna- og þróunarverkefnum.
- Orðanefnd byggingarverkfræðinga

Undanfarin 5–6 ár hefur áhersla verið á rannsóknum á slitlögum, burðarlögum og steinefnum, og verið um þær samstarf við Háskóla Íslands, Reykjavíkurborg og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Því átaksverkefni lauk að mestu í árslok 2000 og við tekur umfangsmikið samstarf á sviði rannsókna á umferðaröryggismálum. Vegagerðin mun á næstu árum leggja um 1/5 hluta af tilraunafé sínu í þann málaflokk.

2.11. FLÓABÁTAR OG SÉRLEYFI

Fjárveiting í vegáætlun til þessa liðar árið 2000 var 592 m.kr., þar af 488 m.kr. til flóabáta og 104 m.kr. til sérleyfa. Heildarútgjöld voru hins vegar rúmlega 635 m.kr. eða 43 m.kr. hærri en fjárveitingar. Heildarútgjöld vegna flóabáta var 557,8 m.kr. eða 69,8 m.kr. hærri en fjárveitingar. Mismunurinn er að hluta til fenginn með innistæðu frá fyrra ári 50,9 m.kr., þannig að eftir stendur skuld til næsta árs að fjárhæð 18,9 m.kr. Styrkir til sérleyfishafa á árinu 2000 voru 77,3 m.kr. eða 26,7 m.kr. lægri en fjárveitingar og er afgangurinn geymdur til næsta árs.

Á árinu 2000 styrkti ríkið 22 sérleyfishafa til að halda uppi almenningssamgöngum á landi, sem tengja saman byggðarlög landsins og tengir þau við helstu flugvelli í landinu.

Árið 2000 styrkti ríkið ferjurekstur á 6 ferjuleiðum en auk þess er greiddur af þessum lið styrkur vegna vetrarsamgangna við Norðurfjörð á Ströndum. Rekstrarsamningar eru í gildi milli Vegagerðarinnar og rekstraraðila ferjanna. Á árinu voru boðnar út þrjár ferjuleiðir, þ.e. Ísafjarðardjúpsferja (Vigur–Æðey), Vestmannaeyjaferja og Breiðafjarðarferja. Samningur vegna Ísafjarðarferju tók gildi 1. apríl 2000 en vegna hinna leiðanna í janúarbyrjun árið 2001. Ein ferjuleið hafði þegar verið boðin út, þ.e. Grímseyjarferjan. Á n æsta ári verður stefnt að tveimur útboðum á ferjurekstri, þ.e. Hríseyjarferja og Grímseyjarferja að nýju.

Á árinu 1999 var samið um að h ætta rekstri Fagranessins. Greiðsla til Djúpbátsins hf. á árinu 2000 vegna lokauppgjörs var 12 m.kr. auk rekstrarstyrks 1,7 m.kr. vegna siglinga í Vigur og Æðey fyrstu þrjá mánuði ársins. Eru þessar tölur innifaldar í tölum í töflu á næstu síðu.

Smíði nýrrar Hríseyjarferju var lokið á árinu 2000 og var ferjan tekin í notkun í júlí. Á árinu voru greiðslur vegna nýsmíðinnar 22,7 m.kr.

Ríkið greiðir einnig afborganir og vexti af ferjulánum, sem tekin voru þegar skipin voru smíðuð eða keypt. Á árinu 2000 voru þessi lán vegna 5 ferja. Skuldir þessar voru upphaflega allar við ríkisábyrgðasjóð, þá nær allar í erlendri mynt og stór hluti með breytilegum Libor vöxtum. Um leið og ríkissjóður eignast skipin og yfirtekur áhvílandi skuldir eru lánin felld niður, en Vegagerðin greiðir áfram afborganir og vexti til ríkissjóðs. Í ríkisreikningi er hluti af þessum greiðslum Vegagerðarinnar til ríkissjóð færðar sem lækkun á framlagi til hennar.

Í töflunni á næstu blaðsíðu má lesa að Akranesferjan, m.s. Akraborg, fær ekki lengur rekstrarstyrk en greiddar eru afborganir og vextir af lánum sem tekin voru til kaupa á henni. Þannig mun það einnig vera árið 2001 en þá lýkur greiðslum af þeim lánum.

Ferja	Afborganir og vextir af ferjulánum í m.kr.	Rekstrar-styrkur í m.kr.	Annar kostnaður m.kr.	Samtals m.kr.
Vestmannaeyjaferja, Herjólfur ...	89,6	130,6	1,1	221,3
Akranesferja, Akraborg	9,4	0,0	0,0	9,4
Breiðafjarðarferja, Baldur	79,0	71,0	5,0	155,0
Ísafjarðardjúpsferja, Bliki*	6,7	16,1	8,6	31,4
Hríseyjarferja, Sævar	0,0	27,2	0,2	27,4
Hríseyjarferja nýsmíði	0,0	0,0	22,7	22,7
Grímseyjarferja, Sæfari	49,9	21,1	0,0	71,0
Mjóafjarðarferja, Anný	0,0	4,8	0,0	4,8
Norðurfjarðarflutningar	0,0	2,9	0,0	2,9
Hafnarframkvæmdir á Árskógssandi	0,0	0,0	10,0	10,0
Sameiginlegt	0,0	0,0	1,9	1,9
Samtals	234,6	273,7	49,5	557,8

* Afborganir og vextir eru vegna m/s. Fagraness og hluti af rekstrarstyrk er greitt til Djúpbátsins hf.

Fylgiskjal I.

1. Stofnvegir

1.1. Almenn verkefni

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2000
	Suðurlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
b3	um Vík	21
d3	austan Selfoss	23
d8	um Þrengslavegamót	4
30	Hrunamannavegur	
06-08	Flúðir – Biskupstungnabraut	21
	Reykjanesumdæmi	
1	Hringvegur	
e1	lagfæringar	37
43	Grindavíkurvegur	
01	um Seltjörn og Gígháð	31
	Vesturlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
g6	Borgarnes	10
50	Borgarfjarðarbraut	
02-03	Vatnshamraleið	4
54	Snæfellsnesvegur	
10	Bjarnarfoss – Egilsskarð	39
531	Borgarbraut	
01	Brákarsund	6
60	Vestfjarðavegur	
07	Búðardalur – Klofningsvegur	10
	Vestfjarðaumdæmi	
60	Vestfjarðavegur	
44	Gemlufallsheiði, breikkun	38
47	jarðgöng	5
61	Djúpvegur	
38	Súðavíkurhlíð	5
45	Hnífsdalur – Bolungarvík	15
636	Hafnarvegur Ísafirði	
01	Djúpvegur – höfn	5
	Norðurlandsumdæmi vestra	
74	Skagastrandarvegur	
02	við Hafursstaðaá, Hallá og Hrafná	29
76	Siglufjarðarvegur	
04	um Grafará	9
744	Þverárfjallsvegur	
01-02	Þverá – Skagavegur	30

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2000
	Norðurlandsumdæmi eystra	
1	Hringvegur	
p6	Akureyri	4
82	Ólafsfjarðarvegur	
04	Dalvík	3
87	Kísilvegur	
04	Hvammavegur – Klambrasel	10
837	Hlíðarfjallsvegur	
01	um Borgarbraut	19
845	Aðaldalsvegur	
01	Hringvegur – Lindahlíð	33
	Austurlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
t5	um Stóra Sandfell	21
v9	Holt – Hólmsá	19
93	Seyðisfjarðarvegur	
01	um Eyvindará	18
	Þéttbýlisstaðir Austurlandi	
	lagfæringar á Þjóðvegum	10
	Samtals:	479

1.2. Höfuðborgarsvæðið

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2000
1	Hringvegur	
e3	lagfæring á gjá	10
f2	Nesbraut – Víkurvegur	96
f2	gatnamót við Víkurveg	220
f3	í Mosfellsbæ	42
41	Reykjanesbraut	
11	gatnamót við Breiðholtsbraut	211
12	Breiðholtsbraut – Fífuhvammsvegur	116
49	Nesbraut	
03	Grensásvegur – Kringlumýrarbraut, breikkun	54
408	Heiðmerkurvegur	
01	um Vífilsstaðahlíð	12
419	Höfðabakki	
02	Nesbraut – Hallsvegur (um Gullinbrú)	105
431	Hafravatnsvegur	
01	Hringvegur – Úlfarsfellsvegur	54
432	Hallsvegur	
01	Hringvegur – Höfðabakki	39
450	Sundabraut, undirbúningur	41
470	Fjarðarbraut	
02	um Ásbraut	11
-	Göngubrýr og undirgöng	53
-	Smærri verk og óráðstafað	52
	Samtals	1.116

1.3. Stórverkefni

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2000
	Gilsfjörður	
60	Vestfjarðavegur	
21	Gilsfjörður	15
	Búlandshöfði	
54	Snæfellsnesvegur	
12	Búlandshöfði	145
	Hvalfjarðartengingar	
1	Hringvegur	
g1	Hvalfjarðartengingar	75
	Ísafjarðardjúp	
61	Djúpvegur	
25-26	Laufskálagil – Ísafjarðará	96
29	Hörtná – Hagakot	10
	Tenging Norðurland - Austurland	
1	Hringvegur	
r4-r5	Austaribrekka – Jökulsá	83
s5	Langidalur – Ármótasel	127
	Hringvegur á Austurlandi	
1	Hringvegur	
s8-s9	Hofteigur – Hrólfsstaðir	10
u5	um Fossárvík	11
	Vatnaheiði, Kerlingarskarðsvegur	
56	Vatnaheiði	157
	Barðastrandarvegur, Flókalundur – Patreksfjörður	
62	Barðastrandarvegur	
01	Vestfjarðavegur – Brjánslækur	20
03	Kross – Múli	34
	Djúpvegur, Steingrímsfjarðarheiði og Fellabök	
61	Djúpvegur	
21	Fellabök	40
22-23	Staðardalur – Steingrímsfjarðarheiði	39
	Siglufjarðarvegur	
76	Siglufjarðarvegur	
06	um Hofsá (brú)	10
06-07	Hofsós – Stafá	74
	Grenivíkurvegur	
83	Grenivíkurvegur	
02	Fagribær – Grýtubakki	88
	Norðausturvegur, Húsavík – Þórshöfn	
85	Norðausturvegur	
06-09	Tjörnes	16
24	um Svalbarðsá	108

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2000
	Norðausturvegur, Hringvegur – Vopnafjörður	
85	Norðausturvegur	
43-44	Brunahvammsháls – Hringvegur	63
	Suðurfjarðavegur	
96	Suðurfjarðavegur	
11	Kambaskriður	100
	Lágheiði	
82	Ólafsfjarðarvegur	
09	Lágheiði	23
	Biskupstungnabraut	
35	Biskupstungnabraut	
07	Bræðratunguvegur – Laugarvatnsvegur	23
	Þjórsárdalsvegur	
32	Þjórsárdalsvegur	
02	Stóranúpsvegur – Ásólfsstaðir	27
	Þingvallavegur	
36	Þingvallavegur	
02-03	Steingrímsstöð – Gjábakkavegur	18
	Djúpá, Hörgsá	
1	Hringvegur	
a2	um Djúpá og Laxá	85
a4	um Hörgsá	5
	Eyvindará	
93	Seyðisfjarðarvegur	
01	Eyvindarárbrú	74
	Reykjanesbraut, Hafnarfjörður – Keflavík	
41	Reykjanesbraut	
15-18	breikkun	22
	Breikkun brúa á Suðurlandi	
1	Hringvegur	
b2	Kerlingardalsá	14
b6	Skógá	35
b6	Kaldaklifsá	31
	Breikkun brúa á Norðurlandi vestra	
1	Hringvegur	
k6	Víðidalsá	71
	Samgöngurannsóknir	10
	Samtals	1.759

1.4. Viðbótarfé

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2000
	Suðurlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
a4	um Hörgsá	-5
b2	Kerlingardalsá	46
b6	um Skógá	10
	Reykjanesumdæmi	
42	Krýsuvíkurvegur (Suðurstrandarvegur)	13
	Vesturlandsumdæmi	
574	Útnesvegur	
01-02	Snæfellsnesvegur – Hellnar	21
60	Vestfjarðavegur	
01-02	Brattabrekka	54
10	Gilsfjörður	7
	Vestfjarðaumdæmi	
60	Vestfjarðavegur	
21	Gilsfjörður	8
25-34	Bjarkarlundur – Flókalundur	45
61	Djúpvegur	
22-23	Staðardalur – Steingrímsfjarðarheiði	2
62	Barðastrandarvegur	
04	Kleifaheiði	50
	Norðurlandsumdæmi vestra	
744	Þverárfjallsvegur	
01-02	Skagastrandarvegur – Skagavegur	35
	Norðurlandsumdæmi eystra	
85	Norðausturvegur	
06-09	Tjörnes	103
	Austurlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
s7-s8	Skjöldólfsstaðir – Hofteigur	78
85	Norðausturvegur	
40	Deildarlækur – Teigur	33
	Samtals	500

1.5. Þingvallahátíð
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti		Fjárveiting 2000
	Vegir að hátíðarsvæði		106
		Samtals	106

Frestun framkvæmda

Ákveðið var að fresta nýbyggingarframkvæmdum að upphæð 585 m.kr. til ársins 2001. Frestunin kom fram á fjárveitingum til nýrra framkvæmda á stofnvegum samkvæmt eftirfarandi yfirliti. Auk þess fékk Vegagerðin 100 m.kr. af fjáraukalögum 2000 til að bæta verktökum hækkun á olíu og þungaskatti.

(Fjárhæðir í m.kr.)

		Vegáætlun	Frestun	Til ráðstöfunar
2.5.1. Stofnvegir				
2.5.1.1	Almenn verkefni	479	-20	459
2.5.1.2.	Höfuðborgarsvæðið	1.116	-465	651
2.5.1.3.	Stórverkefni	1.759	-80	1.679
2.5.1.4	Viðbótarfé	500	-20	480
2.5.1.5.	Þingvallahátíð	106		106
Samtals		3.960	-585	3.375
Fjáraukalög				100
	Samtals			3.475

2. Tengivegir

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2000
	Suðurlandsumdæmi	
26	Landvegur	
02	Holtsmúli – Fellsmúli	21
204	Meðallandsvegur	
01	Ásgarður – Fossar	10
253	Gunnarshólmavegur	
01	Voðmúlastaðir – Gunnarshólmi	5
254	Hólmavegur	
01	Landeyjavegur – flugvöllur	10
255	Akureyjarvegur	
01	Strandarhöfuð – Njálsbúð	5
305	Villingaholtsvegur	
01	Voli – Urriðafossvegur	28
354	Sólheimavegur	
01	Biskupstungnabraut – Sólheimar	23
377	Reykjavegur, Hveragerði	
01	Austurmörk – garðyrkjuskóli	11
	Reykjanesumdæmi	
48	Kjósarskarðsvegur	
01-11	Hvalfjarðarvegur – Þingvallavegur	29
461	Meðalfellsvegur	
01	um Meðalfellsvatn	4
	Vesturlandsumdæmi	
50	Borgarfjarðarbraut	
02-03	Vatnshamraleið	16
574	Útnesvegur	
01	um Öxl	59
	Vestfjarðaumdæmi	
607	Reykhólasveitarvegur	
01	Seljanes – Barmar	37
619	Ketildalavegur	
03	Bíldudalur – Feitsdalur	10
	Norðurlandsumdæmi vestra	
731	Svínvetningabraut	
01	Hringvegur – hesthúsabyggð, lýsing	4
751	Efribyggðarvegur	
01	Skagafjarðarvegur – Vatnsá	20
764	Hegranesvegur	
01	Hróarsdalur – Keldudalur	7
02	um Hegrabjarg	4
793	Skarðsvegur	
01	Flugvallarvegur – skíðasvæði	18

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2000
	Norðurlandsumdæmi eystra	
833	Illugastaðavegur	
01	Hringvegur – Nes	11
837	Hlíðarfjallsvegur	
01	um Borgarbraut	41
848	Mývatnsvegur	
01	Neslandavík – Kísilvegur	13
	Austurlandsumdæmi	
94	Borgarfjarðarvegur	
07	á Vatnsskarði	35
925	Hróarstunguvegur	
03	hjá Litla-Steinsvaði	15
	Samtals	436

3. Til brúagerða

3.1. Brýr 10 m og lengri

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2000
1	Hringvegur	
a4	Hörgsá	42
837	Hlíðarfjallsvegur	
01	Glerá	21
50	Borgarfjarðarbraut	
03	Grímsá	64
54	Snæfellsnesvegur	
02	Langá á Mýrum	37
74	Skagastrandarvegur	
02	Hallá	13
1	Hringvegur	
q8	Seljadalsá	24
	Óráðstafað	10
	Samtals	211

3.2. Smábrýr
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2000
2420	Skógavegur	
01	Kverná hjá Skógum	6
507	Mófellsstaðavegur	
01	Smágil	4
5784	Stóra-Langadalsvegur	
01	skurður hjá Stóra-Langadal	2
619	Ketildalavegur	
03	Hringsdalsá	2
85	Norðausturvegur	
13	Stóri-Lækur	3
1	Hringvegur	
t6	Þórisá	6
	Samtals	23

4. Ferðamannaleiðir

Fjárveitingu í vegáætlun 2000 til ferðamannaleiða að upphæð 82 m.kr. var skipt á verkefni í samráði við þingmenn kjördæma.

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2000
	Suðurlandskjördæmi	
249	Þórsmerkurvegur	10
	Reykjaneskjördæmi	
408	Heiðmerkurvegur	10
426	Bláalónsvegur	10
	Vesturlandskjördæmi	
574	Útnesvegur	
01	Arnarstapi – Hellnar	10
	Vestfjarðakjördæmi	
612	Örlygshafnarvegur	
02-04	Flugvallarvegur – Látrabjarg	5
643	Strandavegur	
03-08	Drangsnesvegur – Norðurfjörður	6
	Norðurlandskjördæmi vestra	
717	Borgarvegur	2
746	Tindastólsvegur	6
793	Skarðsvegur	2
F752	Skagafjarðarleið	1
	Norðurlandskjördæmi eystra	
864	Hólsfjallavegur	8
	Göngubrú við Fosshól	2
	Austurlandskjördæmi	
939	Axarvegur	10
	Samtals	82

6. Jarðgangaáætlun

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegheiti	Fjárveiting 2000
Siglufjörður – Ólafsfjörður og Reyðarfjörður – Fáskrúðsfjörður.	100
Samtals	100

7. Orku- og iðjuvegir á Austurlandi

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegheiti	Fjárveiting 2000
Fljótsdalur	300
Samtals	300

Fylgiskjal II.

Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 2000

Suðurland

1 Hringvegur

a2 um Djúpá og Laxá í Fljótshverfi

Umfang verks: Endurbygging einbreiðra brúa á Djúpá og Laxá í Fljótshverfi ásamt vegtengingum.

Framkvæmdaform: Útboð

Fjármögnun: m.kr.

Vegáætlun 1999	54
Vegáætlun 2000	
Stórverkefni	65
Flutt af 1-a4	25
Samtals	144

Verkframvinda: Unnið var grjót í varnargarða við og unnið efni til vegagerðar.

Kostnaður: m.kr.

2000	9

Verktaki: Grjótvinnsla, Hjarðanesbræður ehf., Hornafirði. Efnisvinnsla, Fossvélar ehf., Selfossi.

Skýringar: Framkvæmdum frestað að öðru leyti vegna undirbúnings og mats á umhverfisáhrifum. Fjárveiting er í vegáætlun 2001.

a4 Hörgsá

Umfang verks: Nýbygging á 1,8 km löngum kafla og bygging 32 m langrar brúar í stað einbreiðrar brúar með lítið burðarþol.

Framkvæmdaform: Vega og brúargerð, útboð, Framleiðsla og niðurrekstur staura, samningur.

Kostnaðaráætlun: 70 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.

Vegáætlun 1999	41
Vegáætlun 2000	
Til brúargerðar	42
Samtals	83

Verkframvinda: Á árinu 1999 voru steyptir niðurrekstrarstaurar fyrir brúna. Árið 2000 var brúin byggð og nýr 1,8 km langur vegarkafli að henni.

Kostnaður: m.kr.

1999	2
2000	56
Samtals	58

Verktaki: Vega og brúargerð, Framrás hf., Vík. Framleiðsla og niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Skýringar: Eftirstöðvar fjárveitingar voru fluttar á kafla 1-a2 um Djúpá og Laxá.

b2 Kerlingardalsá

Umfang verks: Breikkun á 64 m langri einbreiðri brú á Kerlingardalsá.

Framkvæmdaform: Samningur.

Kostnaðaráætlun: 47 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.

Vegáætlun 2000	
Stórverkefni	14
Viðbótarfé	46
Samtals	60

Verkframvinda: Verk hófst síðla sumars og lauk að mestu á árinu.

Kostnaður: m.kr.

2000	46

Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar

b3 um Vík

Umfang verks: Endurbætur á Hringveginum gegnum þéttbýlið í Vík í Mýrdal til að bæta umferðaröryggi.

Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Götulýsing, samningur

Kostnaðaráætlun: 22 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.

Vegáætlun 2000	
Almenn verkefni	21
Bráðabirgðalán 2000	3
Samtals	24

Verkframvinda: Verk hófst í maí og lauk í ágúst 2000.

Kostnaður: m.kr.

2000	24

Verktaki: Ræktunarmiðstöðin sf., Hveragerði.

b6 Skógá
Umfang verks: Byggð var 30 m löng eftirspennt bitabrú í stað einbreiðrar brúar á Skógá.
Framkvæmdaform: Bygging brúar, útboð. Niðurrekstur, bráðabirgðatenging og rif gömlu brúarinnar, samningur.
Kostnaðaráætlun: 45 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Stórverkefni	35
Viðbótarfé	10
Samtals	45

Verkframvinda: Verk hófst síðla sumars og lauk að mestu á árinu.

Kostnaður:	m.kr.
2000	37

Verktaki: Bygging brúar, Byggingarfélagið Klakkur ehf., Vík í Mýrdal. Bráðabirgðatenging, niðurrekstur staura og rif gömlu brúarinnar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

b6 um Kaldaklifsá
Umfang verks: Breikkun á 39 m langri einbreiðri brú á Kaldaklifsá.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 31 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Almenn verkefni	31

Verkframvinda: Breikkun brúarinnar lauk í nóvember 1999. Á árinu 2000 var unnið að frágangi.
Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1999	29
2000	1
Samtals	30

d3 austan Selfoss
Umfang verks: Framkvæmdum var frestað

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld vegna framkvæmda	-3
Vegáætlun 2000	
Almenn verkefni	23
Samtals	20

Skýringar: Framkvæmdum var frestað en í þeirra stað unnið við endurbætur vestan Selfoss, en fjárveiting til þess verkefnis er í vegáætlun 2001.

d5 vestan Selfoss
Umfang verks: Endurbættur um 140 m langur kafli og gengið frá hringtorgi við gatnamót Hringvegar, Árbæjarvegar og Hrísmýrar ásamt veglýsingu.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 22 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Bráðabirgðalán 2000	17

Verkframvinda: Á árinu 2000 var gengið frá hringtorgi og er því verki að mestu lokið.
Verktaki: Verktækni ehf., Selfossi.

Kostnaður:	m.kr.
2000	17

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2001.

d8 um Þrengslavegamót
Umfang verks: Framkvæmdum var frestað.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Almenn verkefni	4

26 Landvegur
02 Hagabraut – Galtalækur
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 11,7 km löngum kafla milli Holtsmúla og Fellsmúla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 122 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld vegna framkvæmda	-55
Vegáætlun 1999	21
Vegáætlun 2000	
Tengivegir	21
Fjáraukalög 2000	1
Bráðabirgðalán 2000	116
Samtals	104

Verkframvinda: Verkið var boðið út síðla árs 1999 en framkvæmdir hófust ekki fyrr en á árinu 2000. Eftir er að leggja

klæðingu á 700 m kafla og seinna lag klæðingar á aðra hluta vegarins.
Verktaki: Vörubílstjórafélagið Fylkir, Rangárvallasýslu.

Kostnaður:	m.kr.
1999	4
2000	100
Samtals	104

Skýringar: Skuld er vegna framkvæmda sem unnar voru á árunum 1995-1997. Kostnaður 1999 er vegna lagfæringar á vegamótum Landvegar og Þjórsárdalsvegar. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2001-2004.

30 Skeiða- og Hrunamannavegur
06-08 Flúðir - Biskupstungnabraut
Umfang verks: Endurbygging á 7,3 km löngum kafla milli Flúða og Skipholts. Á verktímanum var ákveðið að lengja endurbygginguna um 0,8 km.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 88 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	31
Vegáætlun 2000	
Almenn verkefni	21
Fjáraukalög 2000	2
Bráðabirgðalán 2000	44
Samtals	98

Verkframvinda: Verkið var boðið út í september 1999 og lauk í september 2000.
Verktaki: Suðurverk hf., Hvolsvelli.

Kostnaður:	m.kr.
1999	22
2000	76
Samtals	98

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2001, 2003 og 2004.

32 Þjórsárdalsvegur
02 Stóranúpsvegur - Ásólfsstaðir
Umfang verks: Á árinu 1999 var lagfærð beygja neðan Sámsstaðamúla og tenging við Búrfellsstöð í tengslum við vegaframkvæmdir Landsvirkjunar í Sámsstaðamúla. Fjárveitingum var að öðru leyti varið til greiðslu skulda vegna framkvæmda sem lauk 1997.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld vegna framkvæmda	-73
Vegáætlun 1999	26
Vegáætlun 2000	
Stórverkefni	27
Bráðabirgðalán 2000	27
Samtals	7

Verkframvinda: Framkvæmdum lauk í september 1999.
Verktaki: Suðurverk hf., Reykjavík

Kostnaður:	m.kr.
1999	7

Skýringar: Fjárveitingar eru til verksins í vegáætlun 2001 og 2003.

35 Biskupstungnabraut
07 Bræðratunguvegur - Laugarvatnsvegur
Umfang verks: Endurbygging á 7,2 km löngum kafla frá Heiði að Biskupstungnabraut.
Kostnaðaráætlun: 109 m.kr.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld vegna framkvæmda	-16
Vegáætlun 1999	54
Vegáætlun 2000	
Stórverkefni	23
Samtals	61

Verkframvinda: Verkið var boðið út í júlí og eru áætluð verklok sumarið 2001.
Verktaki: Vélgrafan ehf., Selfossi.

Kostnaður:	m.kr.
2000	22

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2001.

36 Þingvallavegur
02-03 Steingrímsstöð - Gjábakkavegur
Umfang verks: Endurbygging á 11,8 km löngum kafla milli Steingrímsstöðvar og þjóðgarðs. Gerð undirganga undir Þingvallaveg við þjónustumiðstöð.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998 38
Vegáætlun 1999 88
Vegáætlun 2000
Stórverkefni 18
Samtals 144
Verkframvinda: Verk hófst 1998 og lauk að mestu í september 1999. Á árinu 2000 var lokið við frágang á vegsvæði og gerð undirganga.
Verktaki: Ingileifur Jónsson, Svínavatni.
Kostnaður: m.kr.
1998 16
1999 98
2000 10
Samtals 124

37 Laugarvatnsvegur
04 Reykjavegur – Biskupstungnabraut
Umfang verks: Nýbygging á 3,9 km löngum kafla og 18 m langri brú á Andalæk. Verkið er framhald verkáfanga á þessum kafla sem lauk 1997.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Bygging brúar, útboð. Smíði stálbita, samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Innistæða frá fyrri áfanga 22
Vegáætlun 1997 9
Vegáætlun 1998 22
Vegáætlun 1999
Stórverkefni 73
Samtals 126
Verkframvinda: Verk hófst 1997 og lauk 1999. Á árinu 2000 var unnið að frágangi og uppgræðslu.
Verktaki: Vegagerð, Vörubílstjórafélagið Mjölnir, Selfossi. Brúarsmíði, JÁ verktakar, Selfossi. Smíði stálbita, Vélsmiðja KÁ hf., Selfossi.
Kostnaður: m.kr.
1997 2
1998 46
1999 33
2000 3
Samtals 84
Skýringar: Af eftirstöðvum hefur 30 m.kr. verið ráðstafað til endurbóta og bundins slitlags á Þjórsárdalsvegi ofan Búrfells sem gerðar voru í samvinnu við Landsvirkjun 1999.

204 Meðallandsvegur
01 Ásgarður – Fossar
Umfang verks: Endurbygging á 5,6 km löngum kafla og hann lagður bundnu slitlagi.
Framkvæmdaform: Jarðvinna, útboð. Slitlag, samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998 10
Vegáætlun 2000
Tengivegir 10
Bráðabirgðalán 2000 9
Samtals 29
Verkframvinda: Endurbyggingu vegar lauk 1998, en lagt á hann bundið slitlag 1999.
Verktaki: Jarðvinna, Framrás ehf., Vík. Slitlag, Slitlag ehf., Hellu.
Kostnaður: m.kr.
1998 17
1999 12
Samtals 29
Skýringar: Ákveðið var á verktímanum að lengja nýbygginguna, þar sem komið hafði fram aurbleyta í gamla veginum. Fjárveiting er í vegáætlun árin 2003 og 2004.

253 Gunnarshólmavegur
01 Voðmúlastaðir – Gunnarshólmi
Umfang verks: Verki lauk 1996 og var fjárveitingum varið til greiðslu skulda.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld vegna framkvæmda ..... -11
Vegáætlun 1999 6
Vegáætlun 2000
Tengivegir 5
Samtals 0
Verkframvinda: Verkið var unnið á árinu 1996.

254 Hólmavegur
01 Landeyjavegur – flugvöllur
Umfang verks: Endurbygging á um 4,5 km löngum kafla milli Landeyjavegar og Bakkaflugvallar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 44 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Tengivegir	10
Bráðabirgðalán 2000	32
Samtals	42

Verkframvinda: Uppbyggingu vegarkaflans er lokið og var lagt á hann neðra lag klæðingar. Síðara lag klæðingar verður lagt vorið 2001.
Verktaki: SG vélar ehf., Djúpavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2000	42

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2001.

255 Akureyjarvegur
01 Strandarhöfuð – Njálsbúð
Umfang verks: Verki lauk 1996 og var fjárveitingum varið til greiðslu skulda.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld vegna framkvæmda	-12
Vegáætlun 1999	6
Vegáætlun 2000	
Tengivegir	5
Samtals	-1

Verkframvinda: Verkið var unnið á árinu 1996.

275 Ásvegur
01 Hringvegur – Ásmúli
Umfang verks: Endurbygging á 2,6 km löngum kafla frá Hringvegi að Skammalæk.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	5
Framlag Ásahrepps 2000	3
Bráðabirgðalán 2000	5
Samtals	13

Verkframvinda: Verk hófst 1998 og lauk í júní 1999.
Verktaki: Sandsalan ehf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
1998	5
1999	8
Samtals	13

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2001.

249 Þórsmerkurvegur

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Ferðamannaleiðir	10

Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað.
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2001-2002.

305 Villingaholtsvegur
01 Voli - Urriðafossvegur
Umfang verks: Bygging 6,1 km langs vegarkafla frá Vola að Kolsholti.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 63 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	31
Vegáætlun 2000	
Tengivegir	28
Fjáraukalög 2000	1
Bráðabirgðalán 2000	1
Samtals	61

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í september 1999 og lauk verkinu í júlí árið 2000.
Verktaki: Vörubílstjórafélagið Mjölnir í Árnessýslu.

Kostnaður:	m.kr.
1999	14
2000	47
Samtals	61

354 Sólheimavegur
01 Biskupstungnabraut – Sólheimar
Umfang verks: Endurbygging á 3,1 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 49 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Tengivegir	23

Verkframvinda: Verkið var boðið út haustið 2000 og hófust framkvæmdir í nóvember. Áætluð verklok eru síðsumars 2001.
Verktaki: Ingileifur Jónsson ehf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
2000	10

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2001.

365 Gjábakkavegur
Umfang verks: Mölburður og styrking á 16 km löngum kafla milli Laugarvatnsvegar og Þingvallavegar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 21 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	14
Vegáætlun 2000	
Þingvallahátíð	5
Samtals	19

Verkframvinda: Verkið hófst síðla hausts 1999 og lauk í júní 2000.
Verktaki: Berglín ehf., Stykkishólmi.

Kostnaður:	m.kr.
1999	4
2000	15
Samtals	19

377 Reykjavegur
01 Austurmörk – garðyrkjuskóli
Umfang verks: Endurbygging á 0,8 km löngum kafla milli Austurmarkar og garðyrkjuskóla. Fjárveiting 2000 var notuð til greiðslu skulda.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	19
Vegáætlun 2000	
Tengivegir	11
Samtals	30

Verkframvinda: Verk hófst 1998 og lauk í maí 1999.
Verktaki: Ræktunarsamband Flóa og Skeiða hf., Selfossi.

Kostnaður:	m.kr.
1998	23
1999	5
Samtals	28

42 Krýsuvíkurvegur (Suðurstrandarvegur)
11-13 Sýslumörk – Þorlákshafnarvegur

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Viðbótarfé	13

Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað.
Skýringar: Fjárveitingar eru í vegáætlun 2001-2004 til framkvæmda á Suðurstrandarvegi.

2420 Skógavegur
01 Hringvegur – kennarabústaður
Umfang verks: Endurbygging einbreiðrar brúar á Kverná ásamt lagfæringum á vegi.
Framkvæmdaform: Bygging brúar, útboð. Niðurrekstur staura og bráðabirgðabrú, samningur.
Kostnaðaráætlun: Brúargerð 21 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	7
Vegáætlun 2000	
Smábrýr	6
Lagt til af viðhaldi brúa	14
Samtals	27

Verkframvinda: Byggingu brúar lauk á árinu, en framkvæmdum við lagfæringum á vegi var frestað til 2001.
Verktaki: Bygging brúar, Byggingarfélagið Klakkur ehf., Vík. Niðurrekstur staura og bráðabirgðabrú, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður m.kr.
2000 20

Reykjanes

1 Hringvegur
e3 lagfæringar
Umfang verks: Undirbúningur klifurreinar ofan við Litlu kaffistofuna. Breikkun skeringa á Hringvegi á tveimur stöðum ofan Sandskeiðs.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 37 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000
Almenn verkefni 37
Verkframvinda: Verk hófst í nóvember 2000 og var lokið við skeringar og fyllingar. Áætluð verklok eru í júní 2001.
Verktaki: Ísar ehf., Hafnarfirði.
Kostnaður: m.kr.
2000 21

360 Grafningsvegur efri
03 Nesjavellir – Þingvallavegur
Umfang verks: Grafningsvegur var styrktur og endurbættur með breikkun vegar og breyttri hæðarlegu. Vegurinn var lagður bundnu slitlagi á 12,4 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 112 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999 71
Vegáætlun 2000
Þingvallahátíð 55
Bráðabirgðalán 2000 7
Samtals 133
Verkframvinda: Verk hófst 1998 og var lagt bundið slitlag haustið 1999. Frágangi vegsvæðis lauk haustið 2000.
Verktaki: Völur hf., Reykjavík.
Kostnaður: m.kr.
1998 22
1999 83
2000 28
Samtals 133

41 Reykjanesbraut
Í vegáætlun fyrir 2000 - 2004 er gert ráð fyrir 574 m.kr. til breikkunar Reykjanesbrautar milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur. Hér að neðan verður gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla Reykjanesbrautar milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur.

15-18 breikkun
Umfang verks: Verkið er framhald fyrri framkvæmda til að bæta umferðaröryggi á Reykjanesbraut. Axlir á Reykjanesbraut breikkaðar og klæddar bundnu slitlagi á 14 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 60 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Flutt á Garðskagaveg ..... -7
Vegáætlun 1999 21
Vegáætlun 2000
Almenn verkefni 22
Fjáraukalög 2000 2
Bráðabirgðalán 2000 33
Samtals 71
Verkframvinda: Verkið var boðið út í september 1999 og lauk því haustið 2000.
Verktaki: Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi.
Kostnaður: m.kr.
2000 71
Skýringar: Greidd var 7 m.kr. skuld vegna uppgjörs á Garðskagavegi frá árinu 1998. Fjárveiting er í vegáætlun 2001-2004.

42 Krýsuvíkurvegur
03 Ísólfsskálavegur – Arnarfell
Umfang verks: Endurbygging á 1,9 km löngum kafla með bundnu slitlagi frá slitlagsenda við Grænavatn í Krýsuvík að slitlagsenda við Arnarfell hið mikla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 37 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998 2
Vegáætlun 1999 26
Fjáraukalög 2000 1
Bráðabirgðalán 2000 5
Samtals 34
Verkframvinda: Verkið var boðið út í september 1999. Verklok voru í sept. 2000
Verktaki: JVJ hf., Hafnarfirði.
Kostnaður: m.kr.
2000 34
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2001.

43 Grindavíkurvegur
01 um Seltjörn og Gígháð.
Umfang verks: Endurbætur á Grindavíkurvegi
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000
Almenn verkefni 31
Skýringar: Framkvæmdum var frestað.

48 Kjósarskarðsvegur
01 - 11 Hvalfjarðarvegur– Þingvallavegur
Umfang verks: Endurbætur á núverandi vegi
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000
Tengivegir 29
Skýringar: Framkvæmd frestað til ársins 2001. Fjárveiting er í vegáætlun 2001-2003.

426 Bláalónsvegur
Umfang verks: Nýbygging Bláalónsvegar á 5 km kafla frá heimkeyrslu að Bláalóni og að Nesvegi við Grindavík.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 45 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga ..... -11
Vegáætlun 1999 22
Vegáætlun 2000
Ferðamannaleiðir 10
Fjáraukalög 2000 1
Bráðabirgðalán 2000 18
Samtals 40
Verkframvinda: Verkinu er skipt í tvo áfanga. Fyrri áfanga lauk í október 2000 en í honum fólst að að ganga frá fyllingum og neðra burðarlagi ásamt ræsum. Seinna áfanga er áætlað að ljúki 2001, en þá skal lokið gerð burðarlaga og lögn klæðingar.
Verktaki: Hjarðarnesbræður ehf., Hornarfirði.
Kostnaður: m.kr.
2000 40
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2001-2004.

461 Meðalfellsvegur
01 um Meðalfellsvatn
Umfang verks: 1. áfangi endurbætur og bundið slitlag á 2,4 km löngum kafla á Meðalfellsvegi frá Hjarðarholtsvegi að Flekkudalsvegi. 2. áfangi endurbætur og bundið slitlag á 1,5 km löngum kafla frá Flekkudalsvegi að Hjalla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998 5
Vegáætlun 1999 22
Vegáætlun 2000
Tengivegir 4
Bráðabirgðalán 9
Samtals 40
Verkframvinda: 1. áfangi var boðin út síðla árs 1998 og var unninn á árinu 1999 og 2000. 2. áfangi var boðinn út í maí 2000 og lauk í júlí.
Verktaki: 1. áfangi Fossvélar hf., Selfossi. 2. áfangi Þróttur ehf., Akranesi.
Kostnaður: m.kr.
1999 18
2000 22
Samtals 40

52 Uxahryggjavegur
11 Kaldadalsvegur - vegrist á Smjörbrekku
Umfang verks: Vegurinn styrktur, endurmótaður og sett á hann malarslitlag.
Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999 9
Vegáætlun 2000
Þingvallahátíð 6
Lagt til af viðhaldsfé 2000 3
Samtals 18
Verkframvinda: Verkið var hafið haustið 1999 og lauk á vordögum 2000.
Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
1999 18

Þingvallahátíð
vegir á Þingvallasvæði
Umfang verks: Verkið var boðið út í tvennu lagi. Annars vegar var um að ræða gerð vega, bílastæða og göngustíga á Þingvöllum og gerð reiðvegar með Þingvallavegi. Hins vegar voru mannvirki vegna gönguleiða þ.e. göngubrýr, tröppur og pallar úr timbri og stáli. Stór hluti mannvirkja var fjarlægður að hátíð lokinni.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Þingvallanefnd 1998 4
Þingvallanefnd 1999 66
Þingvallanefnd 2000 20
Lagt til af viðhaldsfé 2000 25
Fjáraukalög 2000 2
Bráðabirgðalán 2000 65
Samtals 182
Verkframvinda: Verk hófst 1998 og verklok voru 15. júlí 2000.
Verktaki: Völur hf., Reykjavík og GR verktakar, Garðabæ.
Kostnaður: m.kr.
1998 7
1999 68
2000 107
Samtals: 182
Skýringar: Fjárveitingar eru utan vegáætlunar. Verkið varð dýrara vegna aukningar í stígagerð og timburmannvirkjum auk annarra framkvæmda sem ekki var séð fyrir.

Höfuðborgarsvæðið
1 Hringvegur
e3 lagfæringar á gjá
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000
Höfuðborgarsvæðið 10
Skýringar: Framkvæmdum var frestað til ársins 2001.

1 Hringvegur
Í vegáætlun fyrir 2000-2004 er gert ráð fyrir 1.206 m.kr. til gatnamóta og breikkunar Hringvegar milli Nesbrautar og Mosfellsbæjar. Hér á eftir er gerð grein fyrir einstökum verkefnum á þeirri leið.

f2 Nesbraut – Víkurvegur
Umfang verks: Tveggja akreina vegur breikkaður í fjögurra akreina veg. Gerð undirgöng undir Hringveg fyrir götu sem tengir nýja byggð í Grafarholti við Stórhöfða. Í göngunum eru þrjár aðskildar brautir; bílvegur, reiðvegur og göngustígur.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 267 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Flutt af Nesbraut 1999 119
Vegáætlun 1999 57
Vegáætlun 2000
Höfuðborgarsvæðið 96
Fjáraukalög 2000 2
Bráðabirgðalán 2000 14
Samtals 288
Verkframvinda: Verk hófst 1999 og lauk sumarið 2000.
Verktaki: Háfell ehf., Reykjavík.
Kostnaður: m.kr.
1999 213
2000 75
Samtals 288
Skýringar: Af eftirstöðvum fjárveitingar til mislægra gatnamóta Nesbrautar (Miklubrautar) og Skeiðarvogs voru 119 m.kr. fluttar á þetta verk 1999.

f2 gatnamót við Víkurveg
Umfang verks: Unnið var að mati á umhverfisáhrifum og verkhönnun mislægra gatnamóta á mótum Hringvegar og Nesbrautar. Aðalráðgjafi er Almenna verkfræðistofan hf.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Höfuðborgarsvæðið	20

Skýringar: Framkvæmdum var frestað til ársins 2001.

f3 í Mosfellsbæ
Umfang verks: Á árunum 1997-8 var lagður var nýr 2 km langur kafli Hringvegar í Mosfellsbæ, ásamt aðliggjandi vegum og vegamótum. Byggð voru tvö hringtorg, undirgöng og göngubrú.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Óráðstafað	39
Vegáætlun 1996	29
Vegáætlun 1998	222
Vegáætlun 1999	35
Vegáætlun 2000	
Höfuðborgarsvæðið	42
Samtals	367

Verkframvinda: Verk hófst 1997 og var vegurinn opnaður 1998.
Verktaki: Völur hf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
1997	54
1998	277
1999	12
2000	5
Samtals:	348

Skýringar: Verkið varð dýrara vegna mun meiri jarðvegsskipta en áætlað var. Kostnaður á árinu 1999 er vegna veglýsingar og frágangs. Af óráðstöfuðum fjárveitingum til höfuðborgarsvæðisins 1997-1999 var 28 m.kr. ráðstafað til þessa verkefnis og 35 m.kr. af fjárveitingu til göngubrúa og undirganga á höfuðborgarsvæðinu 1999. Kostnaður á árinu 2000 er vegna undirbúnings lagningar á efra malbikslagi sem ráðgert er að leggja árið 2001. Fjárveiting er í vegáætlun 2002.

1 Hringvegur
f3-f4 Úlfarsfellsvegur - Þingvallavegur
Umfang verks: Breikkun axla Hringvegar milli Úlfarsfellsvegar og Þingvallavegar og lagt á þær bundið slitlag.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Lagt til af viðhaldsfé 1999	6
Vegáætlun 2000	
Þingvallahátíð	34
Samtals	40

Verkframvinda: Verkið var boðið út 1999 og lauk að öðru leyti en því að síðara lag klæðingar var frestað til vors 2000.
Verktaki: Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi.

Kostnaður:	m.kr.
1999	25
2000	15
Samtals	40

41 Reykjanesbraut
Í vegáætlun fyrir 2000-2004 er gert ráð fyrir 3.004 m.kr. til gatnamóta og breikkunar Reykjanesbrautar innan höfuðborgarsvæðisins. Hér að neðan verður gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla Reykjanesbrautar innan höfuðborgarsvæðisins.

11 gatnamót við Breiðholtsbraut
Umfang verks: 1. áfangi. Á árinu 2000 var gerð bráðabirgðatenging Breiðholtsbrautar við Reykjanesbraut. Um er að ræða færslu hennar til norðurs frá Stekkjarbakka að Reykjanesbraut. Þetta er gert vegna 2. áfanga þ.e. fyrirhugaðra mislægra gatnamóta á mótum Breiðholtsbrautar, Nýbýlavegar og Reykjanesbrautar sem kemur til framkvæmda 2001.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun 1. áfangi: 58 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Höfuðborgarsvæðið	21
Bráðabirgðalán 2000	19
Samtals	40

Verkframvinda: 1. áfangi bráðabirgðatengingar var boðinn út í ágúst 2000 og verklok áætluð í febrúar 2001.
Verktaki: Bráðabirgðatengingar, Háfell ehf., Reykjavík.
Kostnaður: m.kr
2000 40
Skýringar: Fjárveiting er til verksins í vegáætlun 2001 og 2002. Verkið er unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg og Kópavogsbæ.

12 Breiðholtsbraut - Fífuhvammsvegur
Umfang verks: Verkið er framhald tveggja verkáfanga sem unnir voru á árunum 1997 og 1998. Á árinu 1999 var vegurinn breikkaður í fjórar akreinar á um 1,7 km löngum kafla og byggð mislæg gatnamót með brú yfir Fífuhvammsveg. Í veginn voru sett tvenn undirgöng fyrir gangandi umferð.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 255 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Innistæða fyrri verkáfanga 53
Eftirstöðvar frá kafla 01 15
Vegáætlun 1999 93
Vegáætlun 2000
Höfuðborgarsvæðið 116
Fjáraukalög 2000 1
Samtals 278
Verkframvinda: Verk hófst 1999 og lauk á árinu 2000.
Verktaki: JVJ hf., Hafnarfirði.
Kostnaður: m.kr.
1999 203
2000 68
Samtals 271
Skýringar: Eftirstöðvar, 15 m.kr., frá Reykjanesbraut (41), um Ánanaust voru fluttar á þennan kafla á árinu 1999.

49 Nesbraut
Á vegáætlun fyrir 2000-2004 er gert ráð fyrir 870 m.kr. til gatnamóta og breikkunar Nesbrautar (Miklabraut og Hringbraut í Reykjavík). Hér að neðan verður gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla Nesbrautar.

03 Grensásvegur – Kringlumýrarbraut, breikkun
Umfang verks: Verkið var boðið út í tvennu lagi. Annars vegar er um að ræða breikkun syðri akbrautar Miklubrautar um eina akrein frá Háaleitisbraut að Grensásvegi á 0,5 km löngum kafla. Hins vegar er að breikka syðri akbraut Miklubrautar um eina akrein frá Kringlumýrarbraut að Háaleitisbraut á 0,7 km kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 72 m.kr
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000
Höfuðborgarsvæðið 54
Verkframvinda: Verk hófst í september 2000 og lauk í desember 2000 að undanskildum frágangi utan akbrauta.
Verktaki: Frá Kringlumýrarbraut að Háaleitisbraut, Bragi Vignir Jónsson ehf., Bessastaðahreppi. Frá Háaleitisbraut að Grensásvegi, Arnarverk ehf. Kópavogi.
Skýringar: Verkið er unnið á vegum Reykjavíkurborgar. Ófrágengið er uppgjör við Reykjavíkurborg og verður kostnaður færður 2001.

03 gatnamót við Skeiðarvog
Umfang verks: Á árinu 1998 var gerð bráðabirgðatenging við Miklubraut austan Skeiðarvogs, vegna mislægra gatnamóta Nesbrautar (Miklubrautar) og Skeiðarvogs. Í því verki voru undirgöng, vegfyllingar og burðarlög sem voru hluti af endanlegu mannvirki. Á árinu 1999 voru byggð mislæg gatnamót á mótum Nesbrautar og Skeiðarvogs ásamt tengingum.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 404 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Innistæða fyrri áfanga 21
Vegáætlun 1998 60
Vegáætlun 1999 430
Samtals 511

Verkframvinda: Verk hófst 1998 og voru gatnamótin opnuð fyrir umferð síðari hluta árs 1999. Á árinu 2000 var unnið að landmótun og stígagerð.
Verktaki: Bráðabirgðatengingar, Arnar Kristjánsson ehf., Reykjavík. Mislæg gatnamót, Völur hf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr
1998	41
1999	316
2000	33
Samtals	390

Skýringar: Af eftirstöðvum voru 119 m.kr. fluttar á Hringveg, Suðurlandsvegur - Víkurvegur 1999. Verkið var unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg.

408 Heiðmerkurvegur
01 um Vífilsstaðahlíð
Umfang verks: Um er að ræða endurbætur á 3 km kafla Heiðmerkurvegar og felst aðallega í breytingu á hæðarlegu, breikkun á nokkrum stöðum, aukningu á burðarlagi og lagningu malbiks.
Kostnaðaráætlun: 38 m.kr.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	15
Vegáætlun 2000	
Höfuðborgarsvæðið	12
Ferðamannaleiðir	10
Bráðabirgðalán 2000	2
Samtals	39

Verkframvinda: Verkið var unnið á árinu 2000.
Verktaki: Bergbrot ehf., Kópavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2000	39

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2001-2004.

419 Höfðabakki
02 Nesbraut - Hallsvegur
Umfang verks: Verkið var boðið út í tvennu lagi. Annars vegar er um að ræða gerð vestri akbrautar Gullinbrúar á 1,7 km löngum kafla, frá Stórhöfða norður fyrir Hallsveg í Reykjavík ásamt gatnamótum, jarðvegsmönum og aðliggjandi göngustígum. Hins vegar er bygging 60 m langrar brúar fyrir vestari akbraut Gullinbrúar yfir Grafarvog, lagfæringar á núverandi brú og bygging göngubrúar yfir Grafarvog á milli brúnna og undir þeim.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Óráðstafað	26
Vegáætlun 1998	80
Vegáætlun 1999	134
Vegáætlun 2000	
Höfuðborgarsvæðið	105
Samtals	345

Verkframvinda: Verk hófst 1998 og lauk 1999.
Verktaki: Vegagerð, Háfell ehf., Reykjavík, Á.N. verktakar hf., Reykjavík og Borgartak hf., Reykjavík. Brúargerð, Járnbending ehf., Kópavogi.

Kostnaður:	m.kr
1998	149
1999	172
Samtals	321

Skýringar: Til verksins var ráðstafað 26 m.kr. af óráðstöfuðum fjárveitingum og 10 m.kr. af fjárveitingum til göngubrúa og undirganga á höfuðborgarsvæðinu 1999. Verkið var unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg.

431 Hafravatnsvegur
01 Sólheimar - Úlfarsfellsvegur
Umfang verks: Lagning 3,2 km vegarkafla með bundnu slitlagi frá Hofmannaflöt að vegamótum við Nesjavallaveg við Dalland.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 81 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	21
Vegáætlun 2000	
Höfuðborgarsvæðið	54
Fjáraukalög 2000	1
Bráðabirgðalán 2000	24
Samtals	100

Verkframvinda: Verkið var boðið út síðari hluta árs 1999 og lauk á árinu 2000.
Verktaki: Háfell ehf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
1999	4
2000	96
Samtals	100

450 Sundabraut

Sundabraut , undirbúningur
Umfang verks: Á undanförnum árum hefur verið unnið að rannsóknum og forhönnun á mismunandi leiðum yfir Kleppsvík og undirbúningi umhverfismats í samvinnu við Reykjavíkurborg. Aðalráðgjafi er Línuhönnun hf.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	20
Vegáætlun 1999	41
Vegáætlun 2000	
Höfuðborgarsvæðið	41
Samtals	102

Kostnaður:	m.kr.
1998	39
1999	17
2000	46
Samtals	102

Skýringar: Fjárveitingar til undirbúnings Sundabrautar eru í vegáætlun 2001-2004.

Göngubrýr og undirgöng

Umfang verks: Á undanförnum árum hefur verið unnið að byggingu göngubrúa og undirganga til að auðvelda gangandi og hjólandi umferð yfir stofnvegi innan höfuðborgarsvæðisins. Verkin hafa verið unnin í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög, sem hafa kostað gerð aðliggjandi göngustíga. Á árinu 1999 var boðin út bygging göngubrúar og stíga yfir Nesbraut (Miklubraut) við Grundargerði.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-9
Vegáætlun 1999	52
Vegáætlun 2000	
Höfuðborgarsvæðið	53
Samtals	96

Verkframvinda: Unnið var að stígagerð, undirstöðum brúar og smíði yfirbyggingar vegna göngubrúar við Grundargerði á árinu 1999. Verki lauk haustið 2000.
Verktaki: Stígar og undirstöður, Heimir og Þorgeir ehf., Kópavogi. Smíði yfirbyggingar, Stálbær ehf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
1999	17
2000	20
Samtals	37

Skýringar: Ófrágengið er uppgjör við Reykjavíkurborg vegna göngubrúar við Grundargerði og verður kostnaður færður á 2001. Á árinu 1998 var byggð göngubrú yfir Hafnarfjarðarveg (Kringlumýrarbraut) við Sóltún í Reykjavík. Kostnaður Vegagerðarinnar vegna þeirrar framkvæmdar var 46 m.kr. og greiðist hann af þessum lið. Fjárveitingar eru til byggingar göngubrúa og undirganga í vegáætlun 2001-2004.

470 Fjarðarbraut

02 um Ásbraut

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Höfuðborgarsvæðið	11

Skýringar: Framkvæmdum var frestað til ársins 2001.

Smærri verk og óráðstafað

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Höfuðborgarsvæðið	16

Skýringar: Framkvæmdum var frestað.

Vesturland

1 Hringvegur

g0 göng - Akrafjallsvegur
Umfang verks: Á árunum 1997-1998 var byggður nýr Hringvegur frá Hvalfjarðarvegi að sunnan að Hvalfjarðargöngum og frá Hvalfjarðargöngum að norðan að Hvalfjarðarvegi ásamt nýjum Akrafjallsvegi að Akranesvegi. Á árunum 1996-1997 var unnið að endurbótum á Innrahólmsvegi og Innnesvegi. Fjárveitingar

eru notaðar til frágangs vegsvæðis og greiðslu lána.

Fjármögnun:	m.kr.
Fjáraukalög 1997	10
Spölur ehf. (lán)	411
Lán ríkissjóðs	320
Vegáætlun 1999	82
Vegáætlun 2000	
Stórverkefni	75
Samtals	898

Verkframvinda: Verk hófst 1996 og var vegurinn opnaður fyrir umferð sumarið 1998. Á árinu 1999 var unnið að uppgræðslu og lagfæringum á vegamótum norðan Hvalfjarðar. Á árinu 2000 var lokið við lagfæringar á gatnamótum við Urriðaá og við Akranesveg.

Kostnaður:	m.kr.
1996	148
1997	426
1998	287
1999	17
2000	17
Samtals	895

Skýringar: Vegtengingar Hvalfjarðarganga eru fjármagnaðar af lánum Spalar ehf., sem endurgreiðast af veggjaldi og af láni sem ríkissjóður tók 1998. Á árinu 2000 voru endurgreiddar 40 m.kr. af láni ríkissjóðs og 13 m.kr. voru arðgreiðslur til hluthafa Spalar. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2001-2004 og á 2. og 3. tímabili langtímaáætlunar til endurgreiðslu lána ríkissjóðs.

g6 Borgarnes

Umfang verks: Unnið að forathugun á helstu valkostum varðandi framtíðarlegu Hringvegar um Borgarnes.

Framkvæmdaform: Eigin vinna Vegagerðarinnar og samkvæmt samningum við ráðgjafa.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Almenn verkefni	10

Verkframvinda: Framkvæmd var nokkuð umfangsmikil umferðarathugun. Valkostir varðandi leiðaval skoðaðir og áhrif á samfélag og umhverfi metin. Skilað var drögum að skýrslum um samanburð valkosta og arðsemis- og áhrifamat til kynningar og umsagnar í sveitarfélaginu.

Kostnaður:	m.kr.
2000	10

50 Borgarfjarðarbraut

02-03 Götuás - Kleppjárnsreykir

Umfang verks: Endurbygging á 9,2 km löngum kafla frá Hnakkatjarnarlæk að Kleppjárnsreykjum og 68 m langri brú á Flókadalsá. Bygging á 7,9 km löngum nýjum vegi frá Andakílsá að Hesti og endurbygging á 3,5 km löngum kafla frá Hesti að Hnakkatjarnarlæk ásamt endurbyggingu á 88 m langri brú á Grímsá.

Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Smíði stálbita í Flókadalsá og Grímsá, útboð. Bygging brúa, samningur.

Kostnaðaráætlun: 485 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1996	39
Vegáætlun 1997	30
Vegáætlun 1998	100
Vegáætlun 1999	69
Vegáætlun 2000	
Almenn verkefni	4
Tengivegir	16
Til brúargerðar	64
Fjáraukalög 2000	2
Bráðabirgðalán 2000	63
Samtals	387

Verkframvinda: Framkvæmdir við kaflann frá Hnakkatjarnarlæk að Kleppjárnsreykjum hófust síðla árs 1998 og var lagt á hann neðra lag klæðingar haustið 1999. Einnig var lokið við byggingu brúar yfir Flókadalsá sumarið 1999. Lokið var við lögn efra lags klæðingar á þann kafla á árinu 2000. Haustið 1999 hófust framkvæmdir við kaflann milli Andakílsár og Hnakkatjarnarlækjar og við undirstöður brúar yfir Grímsá. Lokið er við byggingu brúar á Grímsá og lögn klæðingar á kaflann frá Hesti og að Hnakkatjarnarlæk. Verklok eru áætluð í september 2001.

Verktaki: Vegagerð Hnakkatjarnarlækur - Kleppjárnsreykir, LG vöruflutningar ehf., Borgarnesi. Vegagerð Andakílsá - Hnakkatjarnarlækur, Ingileifur Jónsson ehf., Svínavatni. Stálsmíði brúa yfir Flókadalsá og Grímsá, Formaco ehf., Reykjavík. Bygging brúa, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1996	3
1997	3
1998	9
1999	167
2000	205
Samtals	387

Skýringar: Framkvæmdum var frestað 1996 og 1997 vegna ágreinings um vegstæði. Kostnaður þau ár er vegna hönnunar á svonefndri sáttaleið. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2000-2003.

52 Uxahryggjavegur

04 Þverfell – Kaldadalsvegur

Umfang verks: Um er að ræða styrkingu vegarins, endurmótun og yfirkeyrslu með unnu malarslitlagi. Auk þess er tilfærsla veglínu og nýr kafli um Uxavatn um 600 m langur.

Framkvæmdaform: Samningur.

Kostnaðaráætlun: 15 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	9
Vegáætlun 2000	
Þingvallahátíð	6
Lagt til af viðhaldsfé 2000	5
Samtals	20

Verkframvinda: Verkið var hafið haustið 1999 og var því lokið í júní 2000.

Verktaki: Þróttur ehf., Akranesi og vinnuflokkar Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1999	11
2000	9
Samtals	20

54 Snæfellsnesvegur

02 Langá

Umfang verks: Breikkun á einbreiðri brú á Langá.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 37 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Til brúagerða	37

Verkframvinda: Verkið var boðið út í september og framkvæmdir hófust í nóvember. Áætluð verklok eru í maí 2001.

Verktaki: Sólfell ehf., Borgarnesi.

Kostnaður:	m.kr.
2000	3

10 Bjarnarfoss – Egilsskarð

Umfang verks: Endurbygging á Ólafsvíkurvegi á 3,4 km kafla frá Bjarnarfossi að Egilsskarði ásamt endurbyggingu 8,1 km kafla á Útnesvegi frá nýjum vegamótum Ólafsvíkurvegar við Fróðárheiði að Kambsgili.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 203 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-6
Vegáætlun 1999	10
Vegáætlun 2000	
Almenn verkefni	39
Tengivegir	59
Fjáraukalög 2000	1
Samtals	103

Verkframvinda: Verkið hófst í desember 1999. Áætluð verklok eru í september 2001.

Verktaki: Klæðning ehf., Garðabæ.

Kostnaður:	m.kr.
1999	15
2000	86
Samtals	101

Skýringar: Endurbygging Ólafsvíkurvegar og Útnesvegar við Fróðárheiði var boðin út sameiginlega þar sem nokkur tilfærsla verður á vegunum þar sem þeir koma saman og nauðsynlegt var að verkin væru unnin samtímis. Fjárveitingar til Ólafsvíkurvegar og Útnesvegar um Öxl eru í vegáætlun 2001.

12 Búlandshöfði
Umfang verks: Bygging á 8,2 km löngum nýjum vegi frá Brimilsvöllum um Mávahlíðarrif og Búlandshöfða að býlinu Búlandshöfða.
Kostnaðaráætlun: 380 m.kr.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld vegna framkvæmda	-34
Vegáætlun 1998	31
Vegáætlun 1999	238
Vegáætlun 2000	
Stórverkefni	145
Fjáraukalög 2000	1
Samtals	381

Verkframvinda: Verkið var hafið í október 1998. Að frumkvæði verktaka var tekin ákvörðun að flýta verkinu og ljúka uppbyggingu vegarins með bundnu slitlagi á árinu 1999. Lokið var við verkið á miðju sumri 2000.
Verktaki: Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
1998	17
1999	288
2000	51
Samtals	356

Skýringar: Eftirstöðvar fjárveitingar eru fluttar á veg 56 um Vatnaheiði.

56 Vatnaheiði
Umfang verks: Hafin bygging 16,3 km langs vegar um Vatnaheiði frá Snæfellsnesvegi við Vegamót og að Snæfellsnesvegi í Helgafellssveit. Vegurinn mun leysa af hólmi veg um Kerlingarskarð.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 320 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	10
Vegáætlun 2000	
Stórverkefni	137
Fjáraukalög 2000	2
Flutt af Búlandshöfða	25
Samtals	174

Verkframvinda: Verkið var boðið út í apríl 2000 og hófust framkvæmdir í júní. Lokið var að mestu við gerð fyllinga á árinu. Verklok eru áætluð í október 2001.
Verktaki: Suðurverk hf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
1998	4
1999	6
2000	157
Samtals	167

Skýringar: Fjárveitingar eru til framkvæmda í vegáætlun 2001 og 2002.

60 Vestfjarðavegur
Fjárveitingar eru til Vestfjarðavegar í Vesturlandskjördæmi í vegáætlun 2001-2004. Hér á eftir verður gerð grein fyrir framkvæmdum á einstökum köflum Vestfjarðavegar.

01-02 um Bröttubrekku
Umfang verks: Fyrsti áfangi verksins var endurbygging á 5,6 km löngum vegi frá Brúnkollugili ofan Suðurár að Breiðabólstað og var hann boðinn út 1999. Í lok árs 2000 var boðinn út 11,3 km langur kafli frá Hringvegi og yfir Bröttubrekku.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun 1. áfangi: 90 m.kr.
2. áfangi: 436 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	56
Vegáætlun 2000	
Viðbótarfé	54
Fjáraukalög 2000	2
Samtals	112

Verkframvinda: Framkvæmdir við 1. áfanga hófust haustið 1999 og lauk í september 2000. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við 2. áfanga hefjist snemma árs 2001 og ljúki á árinu 2003.
Verktaki: Fyrsti áfangi, Tak ehf., Borgarnesi.

Kostnaður:	m.kr.
1999	13
2000	78
Samtals	91

Skýringar: Fjárveitingar eru í vegáætlun 2001-2004 til framkvæmda á Vestfjarðavegi um Bröttubrekku.

07 Búðardalur - Klofningsvegur
Umfang verks: Framhald á verki sem hófst 1995. Á árinu 1999 var boðin út endurbygging á 6 km löngum kafla, frá Klofasteinum að Glerárskógum sem er síðasti áfanginn í endurnýjun kaflans Búðardalur - Klofningsvegur. Enn er þó eftir að breikka einbreiðar brýr.
Framkvæmdaform: Útboð 1995. Samningur 1997 og 1998. Útboð 1999.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1995	34
Vegáætlun 1996	14
Vegáætlun 1997	7
Viðhaldsfé 1997	3
Vegáætlun 1998	11
Vegáætlun 1999	49
Vegáætlun 2000	
Almenn verkefni	10
Bráðbirgðalán 2000	6
Samtals	134

Verkframvinda: Verk hafið 1995 og lokið var við síðasta verkáfangann í júlí 2000 með lögn á efra lagi klæðingar og frágangi vinnusvæða.
Verktaki: Útboð 1995, Borgarverk ehf., Borgarnesi. Samningur 1997 og 1998, Borgarverk ehf., Borgarnesi og Gilbert Elísson, Búðardal, um gerð reiðvegar. Einnig vann vinnuflokkur Vegagerðarinnar lítillega að öðrum hluta. Útboð 1999, Berglín ehf., Stykkishólmi.

Kostnaður:	m.kr.
1995	40
1996	6
1997	24
1998	5
1999	50
2000	9
Samtals	134

507 Mófellsstaðavegur
01 um Hrafnagil
Umfang verks: Sett voru stálrör í stað tveggja einbreiðra brúa á Smágili og Hrafnagili og vegurinn endurbyggður á 540 m löngum kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 7 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	3
Vegáætlun 2000	
Smábrýr	4
Samtals	7

Verkframvinda: Verkið var unnið á tímabilinu ágúst - nóvember 2000.
Verktaki: LG vöruflutningar ehf. Borgarnesi.

Kostnaður:	m.kr.
2000	7

Brákarsund (531, styrkvegur)
Umfang verks: Gamla bogabrúin á Brákarsundi var endurbyggð á árinu 1998. Gerð var bráðabirgðafylling fyrir umferð á meðan á framkvæmdum stóð.
Framkvæmdaform: Bygging brúar, samningur. Bráðabirgðafylling, útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	49
Vegáætlun 1999	11
Vegáætlun 2000	
Almenn verkefni	6
Bráðabirgðalán 2000	4
Samtals	70

Verkframvinda: Verki lokið 1998, nema frágangi gatna að brú. Lokið var við malbikun að brúnni sumarið 2000.
Verktaki: Bráðabirgðafylling, Borgarverk ehf., Borgarnesi. Bygging brúar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1998	64
1999	5
2000	1
Samtals	70

Skýringar: Ákveðið var við hönnun verksins að notast við bogann á gömlu brúnni. Við hreinsun hans kom í ljós að

skemmdir voru meiri en áætlað var. Talið var skynsamlegt að auðvelda vinnuna með því að setja fyllingu undir brúna á meðan á framkvæmdum stæði sem síðan er fjarlægð ásamt annarri fyllingu í sundinu. Fjárveiting er í vegáætlun árið 2003 til greiðslu bráðabirgðaláns.

574 Útnesvegur

01-02 Snæfellsnesvegur - Hellnar
Umfang verks: Á árunum 1996 og 1997 var endurbyggður 2,0 km langur kafli frá Stóra-Kambi að Gröf og lagt á hann bundið slitlag 1998. Árið 1999 var var boðin út endurbygging á 1,6 km löngum kafla milli Arnarstapa og Hellnavegar ásamt 2,2 km kafla á Hellnavegi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: Útboð 1999, 30 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Innistæða frá fyrri áfanga	22
Vegáætlun 1996	4
Vegáætlun 1999	20
Vegáætlun 2000	
Viðbótarfé	21
Ferðamannaleiðir	10
Fjáraukalög 2000	1
Samtals	78

Verkframvinda: Verkið var boðið út í desember 1999 Framkvæmdir hófust á vordögum 2000 og var verkinu lokið í nóvember nema seinna lagi klæðingar sem var frestað til vors 2001.
Verktaki: Stafnafell ehf., Snæfellsbæ.

Kostnaður:	m.kr.
1996	5
1997	5
1998	10
2000	39
Samtals	59

Skýringar: Samkvæmt ákvörðun þingmanna Vesturlands var hluti fjárveitinga frá 1994 og 1995 sem voru til Útnesvegar um Klifhraun lánaðar til þessarar framkvæmdar þar sem ekki hefur verið hægt að nýta þær vegna ákvörðunar umhverfisráðherra um endurskoðun á mati á umhverfisáhrifum. Fjárveiting er í vegáætlun 2004 til Útnesvegar um Kamb og um Klifhraun.

586 Haukadalsvegur

01 Vestfjarðavegur – Eiríksstaðir
Umfang verks: Vegurinn var endurbættur og lagt bundið slitlag á tvo kafla, næst Eiríksstöðum og við Vestfjarðaveg.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 15 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	5
Viðhaldsfé 1999	10
Bráðabirgðalán 2000	4
Samtals	19

Verkframvinda: Verkið var unnið að hluta á haustmánuðum 1999 en lokið var við framkvæmdina í júlí 2000.
Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar og Borgarverk ehf., Borgarnesi.

Kostnaður:	m.kr.
1999	3
2000	16
Samtals	19

589 Sælingsdalsvegur

01 Vestfjarðavegur - Laugar
Umfang verks: Vegur endurbættur, slitlag endurnýjað og breikkað.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 10 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	10
Bráðabirgðalán 2000	2
Samtals	12

Verkframvinda: Hafist var handa með breikkun vegarins á árin 1999 og var lokið við verkið síðla sumars 2000 .
Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar og Borgarverk ehf., Borgarnesi

Kostnaður:	m.kr.
1999	3
2000	9
Samtals	12

5784 Stóra-Langadalsvegur

01 Snæfellsnesvegur - Stóri-Langidalur
Umfang verks: Sett var stálrör í stað

lélegrar einbreiðrar brúar á skurð hjá Stóra-Langadal.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 2 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Smábrýr	2

Verkframvinda: Verkið var unnið síðsumars 2000.
Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar

Kostnaður:	m.kr.
2000	1

Vestfirðir

60 Vestfjarðavegur

10 og 21 Gilsfjörður
Umfang verks: Nýbygging á 9,2 km löngum vegi yfir Gilsfjörð og 65 m langri brú í norðanverðum firðinum.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1993	16
Vegáætlun 1994	27
Vegáætlun 1995	65
Vegáætlun 1996	124
Vegáætlun 1997	181
Vegáætlun 1998	394
Vegáætlun 1999	76
Vegáætlun 2000	
Stórverkefni	15
Viðbótarfé	15
Bráðabirgðalán 2000	62
Samtals	975

Verkframvinda: Verk hófst í febrúar 1996 og voru verklok áætluð í júlí 1999. Lögn slitlags á veginn lauk 20. október og vígði samgönguráðherra veginn 30. október. Unnið var að frágangi til áramóta 1998-9 og var verki að fullu lokið snemma sumars 1999.
Verktaki: Klæðning ehf., Garðabæ.

Kostnaður:	m.kr.
1993	10
1994	2
1995	32
1996	248
1997	280
1998	361
1999	38
2000	4
Samtals	975

Skýringar: Kostnaður á árinu 2000 er vegna umhverfisrannsókna og uppgræðslu. Fjárveitingar eru til verksins í vegáætlun árin 2001-2004.

60 Vestfjarðavegur

Á 2. og 3. tímabili langtímaáætlunar er gert ráð fyrir 1.290 m.kr. til stórverkefnisins Vestfjarðavegur, Bjarkarlundur - Flókalundur. Í mars 1999 ákvað ríkisstjórnin viðbótarfé til nýrra þjóðvega á áunum 1999-2002. Af þessu viðbótarfé eru 234 m.kr. til Vestfjarðavegar milli Bjarkarlundar og Flókalundar. Í gildandi vegáætlun frá 2000 til 2004 er gert ráð fyrir samtals 537 m.kr. Hér á eftir verður gerð grein fyrir einstökum köflum verkefnisins.

31 Vattarnes – Vaðalsnes
Umfang verks: Um er að ræða 2,6 km kafla sem leggja þarf frá grunni og setja á malarslitlag.
Framkvæmdaform: Útboð
Kostnaðaráætlun: 69 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	10
Vegáætlun 2000	
Viðbótarfé	45
Samtals	55

Verkframvinda: Kaflinn var boðinn út í júní. Búið er að gera vegfyllingar en frágangur og lögn malarslitlags verður unninn á árinu 2001.
Verktaki: Berglín ehf., Stykkishólmi.

Kostnaður: m.kr.
1999 2
2000 40
Samtals 42

43 Dýrafjörður breikkun
Umfang verks: Um er að ræða 7 km kafla með einbreiðu slitlagi sem þarf að breikka.
Framkvæmdaform: samningur
Fjármögnun: m.kr.
Lán frá viðhaldi 7
Verkframvinda: Verkið var unnið í ágúst
Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2000 7
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun á árinu 2001, en framkvæmdin var orðin mjög brýn og til að forða frekari skemmdum var henni flýtt.

44 Gemlufallsheiði
Umfang verks: Fyrri hluti verksins sem hófst árið 1999 felst í endurlögn á 5,1 km löngum kafla frá Gemlufallsá upp á háheiðina, ásamt því að stálhólkur var settur í Gemlufallsá í stað einbreiðrar brúar. Síðari hluti verksins felst í nýlögn á 3,2 km löngum kafla af háheiðinni niður í Bjarnardal ásamt endurlögn og breikkun slitlags á 3 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Lögn slitlags, samningur.
Kostnaðaráætlun: fyrri áfangi, 61 m.kr. síðari áfangi 80 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999 51
Vegáætlun 2000
Almenn verkefni 38
Bráðabirgðalán 2000 19
Samtals 108
Verkframvinda: Framkvæmdir við fyrri áfanga hófust 1999 og var mestur hlutinn unninn þá en árið 2000 var lagt slitlag á 1,8 km og unnið að frágangi. Framkvæmdir við nýlögn síðari áfanga hófust haustið 2000 og er gerð fyllinga langt komin en kaflinn ekki tekinn í notkun. Einnig var lokið við endurlögn og breikkun slitlags.
Verktaki: Vegagerð, fyrri áfangi, Bergbrot ehf., Kópavogi, síðari áfangi, Höttur ehf., Hólmavík. Lögn slitlags, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
1999 54
2000 54
Samtals 108
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun til Gemlufallsheiðar árin 2002 og 2003.

47 jarðgöng
Umfang verks: Skuld var á verkinu í upphafi árs 1998 vegna fyrri framkvæmda.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld vegna framkvæmda ..... -33
Vegáætlun 1998 5
Vegáætlun 1999 33
Vegáætun 2000
Almenn verkefni 5
Samtals 10
Verkframvinda: Verk hófst árið 1991 og lauk að mestu 1996.
Kostnaður: m.kr.
1998 9
2000 1
Samtals 10

61 Djúpvegur
01 við Brú í Hrútafirði, lýsing
Umfang verks: Sett var upp veglýsing við vegamót Hringvegar og Djúpvegar í allar áttir samtals um 800 m.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 8 m.kr
Fjármögnun: m.kr.
Bráðabirgðalán 2000 6
Eftirstöðvar frá kafla 21 3
Samtals 9
Verkframvinda: Verkinu er lokið.
Verktaki: Eik ehf., Blönduósi.
Kostnaður: m.kr.
2000 9
Skýringar: Fjárveiting er til verksins í vegáætlun árið 2001.

09 Kollafjörður
Umfang verks: Endurlögn og nýlögn samtals 5,6 km frá Litlafjarðarhorni að Forvaða.

Fjármögnun:	m.kr.
Eftirstöðvar frá kafla 21	8

Verkframvinda: Unnið að undirbúningi, m.a. uppgreftri á fornleifum. Verkið verður boðið út 2001 og áætluð verklok eru 2002.

Kostnaður:	m.kr.
2000	4

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun árin 2001 og 2002.

21 Fellabök
Umfang verks: Nýlögn 3,2 km langs kafla frá Kálfanesflóa um Stakkamýri, yfir Ósá og upp á Fellabök. Settur sporöskjulagaður stálhólkur með steyptum vængjum í Ósá.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Slitlagslögn, samningur.
Kostnaðaráætlun: 72 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	31
Vegáætlun 2000	
Stórverkefni	40
Samtals	71

Verkframvinda: Árið 1999 var búið að leggja veginn að miklu leyti og leggja hólkinn í ána, kaflinn var tekinn í notkun haustið 1999. Á árinu 2000 var lagt bundið slitlag og gengið frá veginum að öðru leyti.
Verktaki: Vegagerð, Fylling ehf., Hólmavík. Slitlagslögn, vinnuflokkur Vegagerðarinnar

Kostnaður:	m.kr.
1999	37
2000	23
Samtals	60

Skýringar: Af eftirstöðvum eru 8 m.kr fluttar á Djúpveg um Kollafjörð, og 3 m.kr á Djúpveg við Brú í Hrútafirði, lýsing

22-23 Staðardalur–Steingrímsfjarðarheiði
Umfang verks: Lögn slitlags á 12,6 km kafla og lagfæringar á nokkrum stöðum.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Slitlagslögn samningur.
Kostnaðaráætlun: 82 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Stórverkefni	39
Viðbótarfé	2
Samtals	41

Verkframvinda: Lagt var neðra lag klæðingar á tvo kafla á þessu ári, 1,8 km langan kafla á Steingrímsfjarðarheiði og 4,7 km langan kafla í Staðardal.
Verktaki: Vegagerð, Græðir ehf., Flateyri. Slitlagslögn, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2000	39

Skýringar: Fjárveiting er til áframhaldandi verkefna á þessum köflum í vegáætlun árið 2001.

61 Djúpvegur
Stórverkefninu Ísafjarðardjúp eru ætlaðar fjárveitingar í vegáætlun 2000-2004 og verður hér gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla verkefnisins.

25-26 Laufskálagil - Ísafjarðará
Umfang verks: Hér er um að ræða 16,1 km langan kafla. Byggja á brýr á Múlaá, 30 m og Ísafjarðará, 32 m á lengd. Setja á stálhólka í Álftagrófará og Gjörvidalsá í stað einbreiðra brúa.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð, framleiðsla og rekstur niðurrekstrarstaura, samningur.
Kostnaðaráætlun: 304 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	63
Vegáætlun 2000	
Stórverkefni	96
Fjáraukalög 2000	4
Eftirstöðvar frá kafla 29	3
Samtals	166

Verkframvinda: Vegagerð var boðinn út á haustdögum 1999 en framkvæmdir hófust ekki 1999, nema steyptir voru staurar undir brýr. Í ár var lagt slitlag á 8 km langan kafla frá Múlaá að Gjörvidalsá. Á haustdögum 2000 var boðin út brúargerð á Múlaá og Ísafjarðará. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar rak niður staura undir brúarstöpla í haust. Áætlað er að verkinu ljúki að mestu leyti 2001.
Verktaki: Vegagerð, Myllan ehf., Egilsstöðum. Framleiðsla staura og niðurrekstur, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Bygging brúa, Brú Verktakar ehf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
1999	2
2000	155
Samtals	157

Skýringar: Fjárveitingar eru til verksins í vegáætlun 2001.

29 Hörtná – Hagakot
Umfang verks: Hafin var vinna við lögn 6,9 km langs vegarkafla frá Digranesi að Laugardalsá á árinu 1998 og var honum lokið 1999 með bundnu slitlagi. Á árinu 1999 var hafin vinna við 4,3 km langan kafla frá Hörtná að Digranesi og honum lokið með lögn slitlags á þessu ári.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Lögn slitlags, samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Eftirstöðvar fyrri áfanga	7
Vegáætlun 1998	65
Vegáætlun 1999	68
Vegáætlun 2000	
Stórverkefni	10
Fjáraukalög 2000	1
Samtals	151

Verkframvinda: Verk hófst 1998 og lauk því árið 2000.
Verktaki: Vegagerð Digranes – Hagakot, Jón og Magnús ehf., Ísafirði. Vegagerð Hörtná – Digranes, Myllan ehf., Egilsstöðum. Lögn slitlags, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1998	30
1999	64
2000	43
Samtals	137

Skýringar: Eftirstöðvar fyrri áfanga eru frá kaflanum, Hagakot-Ögur, sem lokið var 1998. Af eftirstöðvum 2000 eru 3 m.kr. fluttar á kafla 25-26 Laufskálagil-Ísafjarðará og 11 m.kr. á kafla 38 um Súðavíkurhlíð.

38 Súðavíkurhlíð
Umfang verks: Breikka rásir í nokkrum giljum á Súðavíkurhlíð og breikkun vegar á köflum á Kirkjubólshlíð.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Almenn verkefni	5
Eftirstöðvar frá kafla 29	11
Samtals	16

Verkframvinda: Verkinu lauk á árinu 2000.
Verktaki: Vesturvélar ehf., Súðavík

Kostnaður:	m.kr.
2000	16

45 Hnífsdalur - Bolungarvík
Umfang verks: Á árinu 1998 voru grafnir snjóflóðaskápar í giljum 4,12 og 14 og lagfærður snjóflóðaskápur í gili 5. Á árinu 1999 voru settir upp netkassar til varnar grjóthruni frá gili 1 að gili 4 og sprengt í rásum á Ófæru með Stiga og víðar. Á árinu 2000 voru settir upp netkassar til varnar grjóthruni frá gili 4 að gili 7 og sett snjóflóðahindrun við gil nr. 3 og 6 og jafnframt sett upp vegrið á Seljadalshorn um 400 m langt.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	10
Vegáætlun 2000	
Almenn verkefni	15
Samtals	25

Verkframvinda: Áfanganum sem tekinn var fyrir árið 2000 er lokið.

Verktaki: Snjóflóðaskápar 1998, Stakkafell ehf., Patreksfirði. Netkassar 1999, Stígur Arnórsson, Ísafirði. Verk árið 2000, Græðir ehf., Flateyri.

Kostnaður:	m.kr.
1998	7
1999	5
2000	13
Samtals	25

Skýringar: Unnið er jafnt og þétt að endurbótum við veginn um Óshlíð til að minnka hættu vegna grjóthruns og snjóflóða. Nú er unnið samkvæmt áætlun nefndar frá júní 1997. Framhaldandi fjárveitingar eru til verksins í vegáætlun 2002-2004. Reynt er að taka eðlilega áfanga fyrir hverju sinni.

62 Barðastrandarvegur

Til stórverkefnisins Barðastrandarvegur eru fjárveitingar í vegáætlun 2000-2004 og verður hér gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla verkefnisins. Auk fjárveitinga af stórverkefnum eru nokkrar fjárveitingar af almennum verkefnum og af viðbótarfé samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar í mars 1999.

01 Vestfjarðavegur – Brjánslækur

Umfang verks: Endurbygging á 4,5 km löngum kafla og smíði stokks í Þverá í stað einbreiðrar brúar. Stokkurinn er 5 m breiður stálbogi á steyptum sökklum.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 54 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	29
Vegáætlun 2000	
Stórverkefni	20
Fjáraukalög 2000	1
Samtals	50

Verkframvinda: Verkið hófst síðla sumars 1999 og var meðal annars komið fyrir stokknum í Þverá. Í ár var lagt slitlag og verkinu lokið nema eftir er að leggja efra lag slitlags.
Verktaki: Jón Hjaltalín, Grundarfirði.

Kostnaður:	m.kr.
1999	18
2000	27
Samtals	45

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun árið 2001.

03 Kross – Litlahlíð

Umfang verks: Lögn á 8,1 km löngum nýjum vegi frá Krossi að Litluhlíð ásamt byggingu 14 m langrar brúar á Arnarbýlisá og 10 m langrar brúar á Hagaá og lengingu stokks á Móru um 6 m. Jafnframt verða lagðir nýir safnvegir að Haga, Breiðalæk og Múla.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Brúargerð, samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	14
Vegáætlun 1999	100
Vegáætlun 2000	
Stórverkefni	34
Bráðabirgðalán	2
Samtals	150

Verkframvinda: Verk hófst 1998 og voru brýrnar byggðar og hafin vinna við vegagerð í nóvember. Árið 1999 var vegurinn lagður, lagt á hann slitlag og gengið frá verkinu að mestu leyti. Sumarið 2000 var seinna lag klæðingar lagt á hluta vegarins og lagfært sig auk lokafrágangs.
Verktaki: Vegagerð, Norðurtak hf., Sauðárkróki. Brúargerð, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1998	50
1999	87
2000	13
Samtals	150

Skýringar: Eftir er að leggja klæðingu á 1 km þar sem beðið er eftir sigi.

04 Kleifaheiði

Umfang verks: Leggja á nýjan veg yfir Kleifaheiði frá Siglunesvegi að Örlygshafnarvegi 12,5 km.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 304 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000
Viðbótarfé 30
Fjáraukalög 2000 1
Bráðabirgðalán 30
Samtals 61
Verkframvinda: Boðinn út kafli Patreksfjarðarmegin 5 km að lengd. Unnið hefur verið í sumar samkvæmt áætlun. Kaflanum á að ljúka sumarið 2001 og þá er áætlað að bjóða út kafla að innanverðu á heiðinni.
Verktaki: Norðurtak hf.
Kostnaður: m.kr.
2000 61
Samtals 61
Skýringar: Fjárveiting er til endurbyggingar vegar um Kleifaheiði í vegáætlun 2001-2003.

607 Reykhólasveitarvegur
01 Vestfjarðavegur – Barmar
Umfang verks: Endubygging tveggja kafla og slitlagslögn. Annars vegar frá slitlagsenda við Hyrningsstaði að slitlagsenda utan Seljaness, 2,68 km og hins vegar frá slitlagsenda innan Seljaness að slitlagsenda við Barma 3,08 km.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 75 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000
Tengivegir 37
Verkframvinda: Boðin var út gerð tveggja kafla samtals 6,0 km að lengd. Áætluð verklok eru í júlí 2001, en ljúka átti ákveðnum áfanga á árinu.
Verktaki: Höttur ehf., Fjarðarhorni.
Kostnaður: m.kr.
2000 22
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun árið 2001.

612 Örlygshafnarvegur
Umfang verks: Markmiðið er að bæta leiðina sem sumarveg, fyrst og fremst með því að laga yfirborð vegarins.
Framkvæmdaform: Samningur og útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga ..... -2
Vegáætlun 1999 16
Vegáætlun 2000
Ferðamannaleiðir 5
Samtals 19
Verkframvinda: Árið 1999 var unnið að eftirfarandi verkefnum, mölborinn var 5 km langur kafli milli Skápadals og Hvalskers. Á 15 km kafla milli Hvalskers og Kollsvíkurvegar voru hreinsaðar rásir og fjölgað ræsum. Unnið malarslitlagsefni á tveimur stöðum, í Mosdal og við Látravatn samtals 8.200 m^3. Á árinu 2000 var mölborinn kaflinn úr Sauðlauksdal út í Örlygshöfn.
Verktaki: Efnisvinnsla, Tak ehf., Búðardal. Hreinsun rása, Sigurþór Pétur Þórisson, Hvalskeri. Mölburður vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
1999 12
2000 4
Samtals 16
Skýringar: Af eftirstöðvum var 1 m.kr. flutt á Tálknafjarðarveg (617) um Sveinseyrarodda á árinu 1999.

619 Ketiladalavegur
03 Bíldudalur – Feitsdalur
Umfang verks: Markmiðið er að rofverja kafla vegarins og að bæta leiðina sem sumarveg, fyrst og fremst með því að laga yfirborð vegarins.
Framkvæmdaform: Samningur og útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000 .....
Tengivegir 10
Smábrýr 2
Samtals 12
Verkframvinda: Grjótvarinn var 500 m kafli. Eftir er að setja stálhólk í Hringsdalsá en verkið hefur verið boðið út og samið við verktaka.
Verktaki: Grjótvörn, Norðurtak hf., Sauðárkróki, Vegagerð um Hringsdalsá, Sigurþór Pétur Þórisson, Hvalskeri.

Kostnaður: m.kr.
2000 9

636 Hafnarvegur Ísafirði
01 Djúpvegur – Höfn
Umfang verks: Gengið var frá 200 m löngum kafla á Hafnarvegi á Ísafirði (Pollgötu) og hann tengdur til bráðabirgða inn á Djúpveg (Skutulsfjarðarbraut). Samkvæmt skipulagi á að koma hringtorg á vegamótunum. Einnig var endurgerð grjótvörn á nokkrum kafla á Djúpvegi.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 26 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999 26
Vegáætlun 2000
Almenn verkefni 5
Samtals 31
Verkframvinda: Áfanganum var lokið á árinu 1999. Árið 2000 var lagfærð grjótvörn á Hafnarvegi utan við kaflann frá 1999 og lagt slitlag á axlir.
Verktaki: Jarðvinna, Afrek ehf., Flateyri. Lögn slitlags, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
1999 27
2000 2
Samtals 29

643 Strandavegur
04-08 Bjarnarfjörður – Norðurfjörður
Umfang verks: Markmiðið er að lagfæra leiðina sem sumarveg og er því fyrst og fremst lögð áhersla á að bæta yfirborðið auk annarra smávægilegra lagfæringa.
Framkvæmdaform: Samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999 9
Vegáætlun 2000
Ferðamannaleiðir 6
Bráðabirgðalán 5
Samtals 20
Verkframvinda: 1999:
Skarfadalsá - Búðará: Breikkun og hreinsun rása ásamt afréttingu og mölburði með óunnu efni á um 10 km löngum kafla. Lagfærður snjóastaður rétt utan við Naustavík í Reykjafirði.
Árnes II – Norðurfjörður: Lagfæring snjóastaðar við Mela ásamt afréttingu og mölburði á um 7 km löngum kafla. Unnið malarslitlagsefni á tveimur stöðum, í Norðurfjarðarurðum og við Gjögur samtals 3.600 m^3.
2000: Mölborinn og lagfærður lítillega kafli frá Sætrakleif að Reykjanesá. Einnig malað efni í Birgisvík í Veiðileysufirði.
Verktaki: Efnisvinnsla, Varðan ehf., Hólmavík. Mölburður, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
1999 8
2000 12
Samtals 20
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2001-2004.

Norðurland vestra

1 Hringvegur
k6 Víðidalsá
Umfang verks: Breikkun á 70 m langri einbreiðri brú á Víðidalsá og aðlögun vegar á 0,7 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 72 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Stórverkefni 71
Verkframvinda: Ólokið er seinn lagi klæðingar á um 0,5 km kafla.
Verktaki: Brúargerð, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Vegagerð, Borgarverk ehf.
Kostnaður: m.kr.
2000 70

74 Skagastrandarvegur
02 við Hafursstaðaá, Hallá og Hrafná
Umfang verks: Endurbygging og færsla Skagastrandarvegar og breikkun einbreiðra brúa á Hafursstaðaá, Hallá og Hrafná.
Framkvæmdaform: Brúargerð á Hallá, samningur. Vegagerð um Hallá og verk-

efnin um Hafursstaðaá og Hrafná, útboð.
Kostnaðaráætlun: 77 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Almenn verkefni	29
Til brúagerðar	13
Fjáraukalög 2000	1
Lagt til af viðhaldsfé 2000	17
Bráðabirgðalán 2000	22
Samtals	82

Verkframvinda: Lokið var við fyllingu á steyptan stokk sem byggður var yfir Hallá 1999 og nýbygging vegar á 0,6 km löngum kafla. Nýbygging á 2,0 km löngum kafla um Hafursstaði ásamt stálræsi í Hafursstaðaá og breikkun brúar yfir Hrafná.
Verktaki: Brúargerð á Hallá, vinnuflokkur Vegagerðarinnar, en Steypustöð Blönduóss ehf., Blönduósi vann aðra hluta verksins.

Kostnaður:	m.kr.
1999	14
2000	68
Samtals	82

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2003.

76 Siglufjarðarvegur

04 um Grafará
Umfang verks: Endurbygging vegar á 0,7 km löngum kafla og 39 m langt stálbogaræsi yfir Grafará í stað einbreiðrar brúar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 28 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Almenn verkefni	9
Lagt til af viðhaldsfé 2000	19
Samtals	28

Verkframvinda: Verki lauk á árinu 2000.
Verktaki: Vegagerð, Fjörður sf., Sauðárkróki.

Kostnaður:	m.kr.
2000	26

06 um Hofsá
Umfang verks: Verki var frestað þar sem einungis hluti fjárveitingar var til ráðstöfunar.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Stórverkefni	10

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2003.

06-07 Hofsós – Stafá
Umfang verks: Endurbygging á 20 km löngum vegarkafla frá Hofsósi að Stafá og bygging á nýrri 17 m langri brú á Hrolleifsdalsá.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 198 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	38
Vegáætlun 1999	105
Vegáætlun 2000	
Stórverkefni	74
Samtals	217

Verkframvinda: Verk hófst 1998 og var lokið við 8,5 km langan kafla og byggingu brúar á Hrolleifsdalsá. Á árinu 1999 var lokið við 11,5 km langan kafla að undanskildu efra lagi klæðingar á 6 km frá Felli að Stafá en verkinu lauk á árinu 2000.
Verktaki: Vegagerð, Fjörður sf., Sauðárkróki. Brúargerð, Óstak sf., Sauðárkróki Efnisvinnsla, Króksverk ehf., Sauðárkróki.

Kostnaður:	m.kr.
1998	115
1999	98
2000	5
Samtals	218

Skýringar: Skuld vegna framkvæmda á árinu 1998 og vegna uppgjörs við verktaka á árinu 1999 við kafla 09 Hraunadalur - Almenningsnöf að upphæð 11 m.kr. eru færðar sem kostnaður á þennan kafla á árinu 1999.

82 Ólafsfjarðarvegur

11-12 sýslumörk – Saurbær
Umfang verks: Lokið var styrkingu á 8,5 km löngum kafli frá Lundi að Saurbæ

árið 1999 og árið 2000 var lokið við styrkingu 7,6 km löngum kafla frá Lundi að sýslumörkum.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 61 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	11
Lagt til af viðhaldsfé 1999	16
Vegáætlun 2000	
Stórverkefni	23
Fjáraukalög 2000	1
Lagt til af viðhaldsfé 2000	5
Samtals	56

Verkframvinda: Verk hófst 1999 og lauk árið 2000.
Verktaki: Árið 1999 Árni Helgason, Ólafsfirði og Jarðverk ehf., Nesi í Fnjóskadal árið 2000.

Kostnaður:	m.kr.
1999	29
2000	27
Samtals	56

711 Vatnsnesvegur
06 Þorfinnsstaðir - Þverá
Umfang verks: Endurbyggður var 4,4 km langur vegarkafli frá Þverá og rétt norður fyrir Þorfinnsstaði.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 17 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	12
Flutt af Vatnsdalsvegi (722)	3
Bráðabirgðalán	3
Samtals	18

Verkframvinda: Verk hófst 1999 og lauk árið 2000.
Verktaki: Jörvi hf., Hvanneyri.

Kostnaður:	m.kr.
1999	13
2000	5
Samtals	18

Skýringar: Fjárveiting er til Vatnsnesvegar í vegáætlun 2002 og 2003.

717 Borgarvegur
Umfang verks: Styrking á 6,7 km vegarkafla rétt sunnan Stóru-Borgar að Síðuvegi.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 4 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Ferðamannaleiðir	2

Verkframvinda: Ólokið er útlögn malarslitlags.
Verktaki: Vörubílstjórafélag Vestur-Húnavatnssýslu.

Kostnaður:	m.kr.
2000	2

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2001.

731 Svínvetningabraut
01 Hringvegur - hesthúsabyggð, lýsing
Umfang verks: Sett var upp lýsing á 800 m löngum kafla frá Hringvegi að hesthúsabyggð við Blönduós.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 4 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Tengivegir	4

Verkframvinda: Verki lauk á árinu 2000.
Verktaki: RARIK.

Kostnaður:	m.kr.
2000	3

744 Þverárfjallsvegur
01-02 Þverá - Skagavegur
Umfang verks: Nýbygging 12 km kafla frá Þverá að Skagavegi en unnið var við fyrsta áfanga verksins sem var gerð undirbyggingar á 9 km löngum kafla og bygging stálplöturæsis í Laxá í stað einbreiðrar brúar.
Umsamin verklok eru í september 2002.
Kostnaðaráætlun: 309 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	45
Vegáætlun 2000	
Almenn verkefni	10
Viðbótarfé 2000	35
Bráðabirgðalán 2000	7
Samtals	97

Verkframvinda: Verkið hófst í ágúst 2000 og er að mestu lokið við undirbyggingu á 7,5 km löngum kafla frá Þverá að Illugastöðum. Ólokið er gerð kraga á stálplöturæsið í Laxá og fyllingar að ræsinu.
Verktaki: Suðurverk hf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
2000	97

Skýringar: Fjárveiting er til verksins í vegáætlun árin 2001 og 2002.

746 Tindastólsvegur

Umfang verks: Nýbygging 4,0 km kafla frá Skagavegi að skíðasvæði í Lambárbotnum.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Lögn malarslitlags, samningur.
Kostnaðaráætlun: 55 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Inneign tengivega	7
Vegáætlun 1998	5
Vegáætlun 1999	14
Vegáætlun 2000	
Ferðamannleiðir	6
Bráðabirgðalán 2000	4
Samtals	36

Verkframvinda: Verkið hófst 1999 og lauk árið 2000.
Verktaki: Höttur sf., Hrútafirði sá um vegagerð, en útlögn malarslitlags var unnin af Þórði Hansen og Sigurði Eiríkssyni, Sauðárkróki.

Kostnaður:	m.kr.
1999	27
2000	9
Samtals	36

751 Efribyggðarvegur

01 Skagafjarðarvegur - Vatnsá.
Umfang verks: Nýbygging á 4 km löngum kafla sunnan Álftagerðis að Kolgröf og styrking á 1 km löngum kafla frá Kolgröf að Álfgeirsvöllum.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 25 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	20
Lagt til af viðhaldsfé 2000	4
Samtals	24

Verkframvinda: Verkinu lauk á árinu 2000.
Verktaki: Fjörður sf.

Kostnaður:	m.kr.
2000	24

764 Hegranesvegur

01 Hróarsdalur - Keldudalur og 02 um Hegrabjarg
Umfang verks: Nýbygging á 1,1 km löngum kafla frá Hróarsdal að Keldudal og endurbygging á 1,2 km löngum kafla við Hegrabjarg.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 11 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Tengivegir	11
Bráðabirgðalán 2000	4
Samtals	15

Verkframvinda: Verki lauk á árinu 2000.
Verktaki: Steypustöð Skagafjarðar ehf., Sauðárkróki

Kostnaður:	m.kr.
2000	15

793 Skarðsvegur

01 Flugvallarvegur - skíðasvæði
Umfang verks: Nýbygging á 1,8 km löngum kafla frá Siglufjarðarvegi við Hól að skíðasvæði í Skarðsdal.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 25 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Inneign frá fyrri áfanga	3
Vegáætlun 1999	1
Vegáætlun 2000	
Tengivegir	18
Ferðamannaleiðir	2
Samtals	24

Verkframvinda: Verkið hófst 2000 og áætluð verklok eru árið 2001.
Verktaki: Króksverk ehf., Sauðárkróki.

Kostnaður: m.kr.
2000 22

F752 Skagafjarðarleið
Umfang verks: Endurbætur á 6 km löngum vegarkafla frá Giljum að Þorljótsstöðum
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 6 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999 1
Vegáætlun 2000
Ferðamannaleiðir 1
Landsvegir 1
Samtals 3
Verkframvinda: Lokið var við endurbætur kaflans frá Giljum að Þorljótsstöðum árið 2000 og ráðgert að vinna við Þorljótsstaðabrekkur árið 2001.
Verktaki: Þórður Hansen og Sigurður Eiríksson, Sauðárkróki.
Kostnaður: m.kr.
2000 4
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2001.

Norðurland eystra
1 Hringvegur
p6 Akureyri
Umfang verks: Frágangur við gatnamót Glerárgötu og Hlíðarfjallsvegar og þátttaka í kostnaði við gerð hringtorgs á Hlíðarfjallsvegi um Borgarbraut á móti Akureyrarbæ .
Framkvæmdaform: Útboð á vegum Akureyrarbæjar.
Kostnaðaráætlun: 11 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000
Almenn verkefni 4
Verkframvinda: Lokið var við frágang á gatnamótum Glerárgötu og Hlíðarfjallsvegar og hringtorg við Glerártorg.
Verktaki: G. Hjálmarsson Akureyri og Akureyrarbær.
Skýringar: Reikningar frá Akureyrabæ bárust það seint að ekki reyndist unnt að færa þá á árið 2000. Kostnaður fellur á árið 2001. Gert má ráð fyrir að viðbótarkostnaður árið 2001 verði um 6 m.kr. vegna aukins kostnaðar við hringtorg.

q8 brú á Seljadalsá
Umfang verks: Byggð ný 14 metra löng brú á Seljadalsá með 7,5 m akbraut í stað einbreiðrar brúar.
Framkvæmdaform: Bygging brúar, útboð. Niðurrekstur staura, samningur.
Kostnaðaráætlun: 24 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000
Til brúargerðar 24
Verkframvinda: Verkinu lauk í júlí 2000.
Verktaki: Bygging brúar, Reynir B. Ingvason, Brekku Aðaldal. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2000 16

r4- r5 Austaribrekka - Jökulsá
Umfang verks: Nýbygging á 17,1 km löngum kafla frá Hólmatungnavegi að Jökulsá á Fjöllum.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 228 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000
Stórverkefni 83
Fjáraukalög 2000 1
Samtals 84
Verkframvinda: Lokið við lagningu á 3,4 km löngum kafla frá Hrossaborgum að Jökulsá á Fjöllum. Þá var 3,3 km langur kafli vestan Hrossaborga undirbyggður. Eftir er að byggja 10 km langan kafla og leggja klæðingu á 13,7 km. Þá er allur frágangur og snyrtingar eftir. Áætluð verklok eru í ágúst 2001.
Verktaki: Arnarfell ehf., Akureyri.
Kostnaður: m.kr.
2000 82
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2001.

82 Ólafsfjarðarvegur
04 Dalvík
Umfang verks: Sett upp lýsing meðfram vegi frá Dalvík að brú á Svarfaðardalsá.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 3 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Almenn verkefni	3

Verkframvinda: Verkinu var lokið 2000.
Verktaki: Rarik.

Kostnaður:	m.kr.
2000	3

83 Grenivíkurvegur
02 Fagribær – Syðri Grund
Umfang verks: Nýbygging á 5,7 km löngum kafla frá Fagrabæ að Syðri Grund ásamt 0,5 km tengingu við Fnjóskadalsveg eystri og 144 metra tvíbreiðrar stálbogabrúar með steyptu gólfi yfir Fnjóská hjá Laufási.
Framkvæmdaform: Vega og brúargerð, útboð. Efra lag klæðingar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaðaráætlun: 340 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	117
Vegáætlun 1999	137
Vegáætlun 2000	
Tengivegir	88
Fjáraukalög 2000	1
Samtals	343

Verkframvinda: Lagt efra lag klæðingar á 4,1 km langan kafla frá Fagrabæ að Laufási sem byggður var 1999. Lokið var byggingu brúarinnar og öllum frágangi við hana. Einnig var lokið lagningu á 1,6 km löngum kafla frá Laufási að Syðri Grund og lagt á hann neðra lag klæðingar.
Verktaki: Vegagerð á kaflanum Laufás-Syðri Grund, Héraðsverk ehf., Egilsstöðum. Brúargerð, Arnarfell ehf., Akureyri. Efra lag klæðingar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1998	38
1999	140
2000	152
Samtals	330

Skýringar: Eftir er að leggja seinna lag klæðingar á 1,6 km langan kafla frá Laufási að Syðri Grund ásamt tengingu við Fnjóskadalsveg eystri.

85 Norðausturvegur
Stórverkefninu Norðausturvegur Húsavík - Þórshöfn eru ætlaðar 521 m.kr. í vegáætlun 2000-2002, 826 m.kr. á 2. tímabili í langtímaáætlunar, og 1.331 m.kr. á 3. tímabili eða alls 2.678 m.kr. á árunum 2000-2010. Verður hér gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla verkefnisins.

06 Héðinshöfði - Hringver
Umfang verks: Nýbygging á 5,6 km löngum kafla frá Héðinshöfða að Hringveri.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 109 m.kr

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	104

Verkframvinda: Lokið við lagningu vegarins og lagt á hann efra lag klæðingar.
Verktaki: Klæðning ehf., Garðabæ.

Kostnaður:	m.kr.
1999	99
2000	5
Samtals	104

07 Hringver - Breiðavík
Umfang verks: Nýbygging á 9,68 km löngum kafla frá Hringveri að Breiðuvík.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 256 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	119
Fjáraukalög 2000	1
Bráðabirgðalán 2000	63
Samtals	183

Verkframvinda: Lokið við lagningu á 4,35 km löngum kafla frá Hringveri að

Sjónarhól og lagt á hann neðra lag klæðingar. Þá var 2,92 km langur kafli frá Sjónarhól að Sandhólum undirbyggður. Áætluð verklok eru í júlí 2001.
Verktaki: Suðurverk hf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
2000	183

Skýringar: Eftir er að byggja 2,41 km langan kafla frá Sjónarhóli að Breiðuvík og leggja klæðingu á 5,33 km. Þá er allur frágangur og snyrtingar eftir. Fjárveiting er í vegáætlun 2001.

11 Lindarbrekka – Uppsveitarvegur
Umfang verks: Nýbygging á 3,7 km löngum kafla frá Lyngási að Uppsveitarvegi (862) og lagt efra lag klæðingar á 5 km langan kafla frá Lindarbrekku að Lyngási, sem lokið var við á árinu 1998.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Efra lag klæðingar, samningur.
Kostnaðaráætlun: 40 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Eftirstöðvar fyrri áfanga	10
Vegáætlun 1999	52
Samtals	62

Verkframvinda: Lokið var við efra lag klæðingar á 3,7 km langan kafla.
Verktaki: Vegagerð, R.S.N.Þ ehf., Höskuldarnesi. Efra lag klæðingar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1999	36
2000	3
Samtals	39

12 Skinnastaður – Austursandsvegur
Umfang verks: Nýbygging á 4,68 km löngum kafla frá Skinnastað að Austursandsvegi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 35 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Bráðabirgðalán 2000	35

Verkframvinda: Lokið var við lagningu vegarins og lagt á hann neðra lag klæðingar.
Verktaki: Sandöx ehf., Öxarfjarðarhreppi.

Kostnaður:	m.kr.
2000	35

Skýringar: Eftir er að leggja seinna lag klæðingar. Fjárveiting er í vegáætlun 2001.

13 Stórilækur
Umfang verks: Setja stálræsi í stað einbreiðrar brúar á Stóralæk.
Framkvæmdaform: Samningur
Kostnaðaráætlun: 3 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Smábrýr	3

Verkframvinda: Verkið var unnið á árinu 2000.
Verktaki: R.S.N.Þ. ehf., Höskuldarnesi.

Kostnaður:	m.kr.
2000	2

24 um Svalbarðsá
Umfang verks: Endurbygging einbreiðrar, burðarlítillar brúar á Svalbarðsá og lagning á 3,1 km löngum vegarkafla.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Stórverkefni	88

Verkframvinda: Verkinu var frestað til 2001
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2001 og 2002.

87 Kísilvegur
04 Hvammavegur - Klambrasel
Umfang verks: Lagt seinna lag klæðingar á 2,7 km langan kafla frá Klambraseli að Hvammavegi sem byggður var 1999.
Framkvæmdaform: Nýbygging og neðra lag klæðingar, útboð. Efra lag klæðingar, samningur.
Kostnaðaráætlun: 30 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	21
Vegáætlun 2000	
Almenn verkefni	10
Samtals	31

Verkframvinda: Verkið hófst 1999 og lauk 2000.

Verktaki: Nýbygging og neðra lag klæðingar, Alverk ehf., Aðaldal. Efra lag klæðingar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1999	15
2000	3
Samtals	18

Skýringar: Fjárveiting er til frekari endurbóta á Kísilvegi í vegáætlun 2001 og 2002.

833 Illugastaðavegur

01 Hringvegur – Nes

Umfang verks: Lagt seinna lag klæðingar á 2,0 km langan kafla frá Hringvegi og suður fyrir Nes í Fnjóskadal sem byggður var 1999.

Framkvæmdaform: Nýbygging og neðra lag klæðingar, útboð. Efra lag klæðingar, samningur.

Kostnaðaráætlun: 33 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	20
Vegáætlun 2000	
Tengivegir	11
Bráðabirgðalán 2000.	4
Samtals	35

Verkframvinda: Verkið hófst 1999 og lauk 2000.

Verktaki: Nýbygging og neðra lag klæðingar, Jarðverk ehf., Fnjóskadal. Efra lag klæðingar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1999	33
2000	2
Samtals	35

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2001.

837 Hlíðarfjallsvegur

01 um Borgarbraut

Umfang verks: Nýbygging á 1,5 km löngum kafla frá Glerárgötu að Hlíðarbraut og bygging brúar á Glerá.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 170 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegaáætlun 1999	90
Vegáætlun 2000	
Almenn verkefni	19
Tengivegir	41
Til brúargerðar	21
Samtals	171

Verkframvinda: Verkið hófst 1998 og lauk 1999.

Verktaki: Arnarfell ehf., Akureyri.

Kostnaður:	m.kr.
1998	22
1999	156
2000	-7
Samtals	171

Skýringar: Tekjur eru á verkið 2000 vegna ofreiknaðs álags 1999.

845 Aðaldalsvegur

01 Hringvegur – Lindahlíð

Umfang verks: Nýbygging á 4,62 km löngum kafla frá Breiðumýri að Helgastöðum, ásamt tengingu við Hringveg hjá Einarsstöðum.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 35 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Almenn verkefni	33
Fjáraukalög 2000	1
Bráðabirgðalán 2000	12
Samtals	46

Verkframvinda: Lokið var við lagningu vegarins og lagt á hann neðra lag klæðingar. Eftir er að leggja seinna lag klæðingar.

Verktaki: Árni Helgason, Ólafsfirði.

Kostnaður:	m.kr.
2000	46

Skýringar: Kostnaður fram úr áætlun vegna vandamála við þverun á raflínum. Fjárveiting er til Aðaldalsvegar í vegáætlun 2001 og 2003.

848 Mývatnsvegur

01 Neslandavík – Kísilvegur

Umfang verks: Verkinu lauk 1999 og var fjárveiting notuð til greiðslu skuldar.

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1997 45
Vegáætlun 1999 13
Vegáætlun 2000
Tengivegir 14
Samtals 72
Verkframvinda: Verkið var unnið á árunum 1997 til 1999.
Kostnaður: m.kr.
1997 36
1998 30
1999 6
Samtals 72

864 Hólsfjallavegur
Umfang verks: Haldið áfram þar sem frá var horfið við lagfæringar og endurbætur á veginum, hækkaðar dokkir, lagfærðar blindhæðir, sett ný ræsi og vegurinn mölborinn.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 33 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999 11
Vegaáætlun 2000
Ferðamannaleiðir 8
Samtals 19
Verkframvinda: Verkið var unnið 1999 og 2000 en hætta þurfti framkvæmdum síðla árs 2000 vegna veðurs. Verklok eru áætluð 2001.
Verktaki: Iðufell ehf., Raufarhöfn og R.S.N.Þ. ehf., Höskuldarnesi.
Kostnaður: m.kr.
1999 11
2000 3
Samtals 14

Þingey, göngubrú
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998 3
Skýringar: Ekki liggur enn fyrir samkomulag um hvar brúin eigi að vera, gert er ráð fyrir að hægt verði að framkvæma á árinu 2001.

Göngubrú við Fosshól
Umfang verks: Viðgerð og endurbætur á gömlu brúarinnar á Skjálfandafljóti hjá Fosshóli sem byggð var 1930.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 17 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999 4
Viðhald brúa 1999 4
Vegáætlun 2000
Ferðamannaleiðir 2
Viðhald brúa 2000 7
Samtals 17
Verkframvinda: Lokið var við viðgerð á stálhlutum og brúargólfi á árinu 1999 og að mestu við steypuviðgerðir árið 2000.
Verktaki: Viðgerð á stálhlutum, Natan ehf., Reykjavík. Steypuviðgerðir, Trésmiðjan Rein ehf., Húsavík.
Kostnaður: m.kr.
1999 8
2000 8
Samtals 16
Skýringar: Eftir eru smá viðgerðir á steypu og frágangur á handriðum og stígum.

Austurland

1 Hringvegur
s1-s7 Biskupsháls - Skjöldólfsstaðir
Umfang verks: Nýbygging á 33 km löngum nýjum vegi frá Langadal að Ármótaseli og breikkun og lagfæring á leiðinni inn Langadal. Verkið er hluti af verkefninu tenging Norður- og Austurlands.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 606 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1996 50
Vegáætlun 1997 22
Vegáætlun 1998 184
Vegáætlun 1999 155
Vegáætlun 2000
Stórverkefni 127
Bráðabirgðalán 2000 14
Samtals 552
Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í lok ágúst 1998. Undirbyggingu lauk frá Langadal að austurmörkum útboðs neðan

Ármótasels. Um 2 km langur kafli um Ármótasel og yfir Víðidalsá tekinn í notkun síðla árs 1998. Árið 1999 var lagt neðra lag klæðingar á kaflann um Ármótasel og lokið að mestu undirbyggingu á allan kaflann. Árið 2000 var lokið við burðarlög, klæðingu og frágang vegsvæðis. Jafnframt var vegurinn inn Langadal að Hringvegi í Möðrudal (áður Norðausturvegur) lagfærður og breikkaður sumarið 2000. Nýr Hringvegur um Hárekssstaðaleið var formlega tekinn í notkun 20. október.
Verktaki: Nýbygging vegar, Arnarfell ehf., Akureyri. Breikkun og lagfæringar í Langadal, Vélaleiga Sigga Þór hf., Egilsstöðum

Kostnaður:	m.kr.
1998	156
1999	213
2000	183
Samtals	552

Skýringar: Verkið var boðið út haustið 1997 en framkvæmdir frestuðust til 1998 vegna frekara mats á umhverfisáhrifum. Fjárveiting er til Hringvegar í vegáætlun 2001-2004.

s7-s8 Skjöldólfsstaðir – Hofteigur
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 12,5 km löngum kafla milli Skjöldólfsstaða og Hofteigs á Jökuldal.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 160 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	42
Vegáætlun 2000	
Viðbótarfé	78
Fjáraukalög 2000	3
Bráðabirgðalán 2000	13
Samtals	136

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust haustið 1999. Unnið við skeringar, fyllingar og ræsagerð. Lokið undirbyggingu, burðarlagi og klæðingu haustið 2000.
Verktaki: Klæðning ehf., Garðabæ.

Kostnaður:	m.kr.
1999	34
2000	102
Samtals	136

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun til Hringvegar á Jökuldal 2001 og 2002.

s8-s9 Hofteigur – Hrólfsstaðir
Umfang verks: Þar sem einungis lítill hluti fjárveitingar var til ráðstöfunar á árinu var framkvæmdum frestað.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Stórverkefni	10

Skýringar: Fjárveitingar eru í vegáætlun 2001 og 2002.

t1 Skóghlíð – Urriðavatn
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 8,8 km löngum kafla sem lokið var með klæðingu.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 135 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-3
Vegáætlun 1997	33
Vegáætlun 1998	40
Vegáætlun 1999	52
Samtals	122

Verkframvinda: Verk hófst 1997 og var unnið í undirbyggingu og burðarlagi og lauk 1998 með klæðingu..
Verktaki: Myllan ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
1997	61
1998	33
1999	11
2000	4
Samtals	109

Skýringar: Kostnaður á árinu 1999 og 2000 er vegna uppgjörs við verktaka og vegna girðinga. Kostnaður við framkvæmdina var lægri en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Eftirstöðvar fjárveitingar, 13 m.kr. eru færðar til Hringvegar 1-t5 um Stóra-Sandfell.

t5 um Stóra-Sandfell
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 5,2 km löngum kafla sem lokið var með klæðingu
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 64 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Almenn verkefni	21
Fjáraukalög 2000	1
Flutt af 1-t5	13
Bráðabirgðalán 2000	17
Samtals	52

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í júlí 2000 og lauk um haustið með klæðingu.
Verktaki: Jón Hlíðdal ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2000	52

Skýringar: Fjárveiting er til Hringvegar í Skriðdal í vegáætlun 2003.

t6 Þórisá
Umfang verks: Setja stálrör í Þórisá í stað einbreiðrar brúar.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Smábrýr	6

Kostnaður:	m.kr.
2000	2

Skýringar: Keypt var stálrör en framkvæmdum frestað.

t7 Forviðará
Umfang verks: Rétt úr hættulegum beygjum á 0,5 km löngum kafla og tvö stálrör sett í Forviðará í stað einbreiðrar brúar.
Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	5
Lagt til af viðhaldsfé 2000	4
Samtals	9

Verkframvinda: Verkinu lauk á árinu.
Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2000	9

u5 um Fossárvík
Umfang verks: Nýbygging á 2,9 km löngum kafla um Fossárvík og ný 40 m löng brú á Fossá.
Framkvæmdaform: Vegagerð og brúarsmíði, útboð. Niðurrekstur staura, samningur.
Kostnaðaráætlun: 112 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1997	26
Vegáætlun 1998	30
Vegáætlun 1999	26
Vegáætlun 2000	
Stórverkefni	11
Samtals	93

Verkframvinda: Verk hófst 1998 og var kaflinn tekinn í notkun um haustið. Efra lag klæðingar var lagt vorið 1999.
Verktaki: Vegagerð og brúarsmíði, S.G. vélar ehf., Djúpavogi. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1998	86
1999	7
Samtals	93

v1 Þvottá – Skriður
Umfang verks: Endurbygging á 4,2 km löngum kafla og sett stálplöturæsi í stað einbreiðrar brúar yfir Þvottá.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 34 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	30

Verkframvinda: Verk hófst 1999 og lokið það ár að öðru leyti en að efra lag klæðingar var lagt 2000.
Verktaki: S.G. vélar ehf., Djúpavogi.

Kostnaður:	m.kr.
1999	25
2000	4
Samtals	29

v2 Hvalnes – Víkurá
Umfang verks: Endurbygging á 5,6 km löngum kafla og sett tvö stálplöturæsi í stað einbreiðrar brúar yfir Víkurá.
Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 46 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	42
Bráðabirgðalán 2000	5
Samtals	47

Verkframvinda: Verk hófst 1999 og lokið það ár að öðru leyti en að efra lag klæðingar var lagt 2000.

Verktaki: S.G. vélar ehf., Djúpavogi.

Kostnaður:	m.kr.
1999	42
2000	5
Samtals	47

Skýringar: Fjárveitingar eru til Hringvegar í Álftafirði í vegáætlun 2003 og 2004.

v9 Holt – Hólmsá

Umfang verks: Á árinu 1998 var endurbyggður 5,6 km langur kafli og sett stálrör í stað tveggja einbreiðra brúa yfir Brunnhólsá og Lambleiksstaðakíl.

Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	4
Vegáætlun 1999	4
Vegáætlun 2000	
Almenn verkefni	19
Bráðabirgðalán 2000	14
Samtals	41

Verkframvinda: Verki lauk 1998.

Verktaki: Myllan ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
1998	41

Skýringar: Framkvæmdum var flýtt vegna lélegs ástands vegarins. Fjárveiting 2000 var notuð til greiðslu skulda.

x1 Smyrlabjargaá – Staðará

Umfang verks: Endur- og nýbyggingu á 6 km löngum kafla milli Tröllaskarða og Staðarár.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 86 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	20
Vegáætlun 1999	52
Fjáraukalög 2000	1
Bráðabirgðalán 2000	9
Samtals	82

Verkframvinda: Verk hófst sumarið 1999 og var unnið við skeringar, fyllingar og burðarlag vestan við Hestgerði og var öllum kaflanum lokið sumarið 2000 með klæðingu.

Verktaki: SG, vélar ehf., Djúpavogi.

Kostnaður:	m.kr.
1999	31
2000	51
Samtals	82

Skýringar: Vorið 1999 féllst skipulagsstjóri á fyrri áfanga framkvæmdar milli Tröllaskarða og Staðarár en að ráðist skildi í frekara mat á umhverfisáhrifum á síðari áfanga milli Smyrlabjargarár og Tröllaskarða. Hætt hefur verið við frekara mat og í stað þess gert ráð fyrir að núverandi vegi verði fylgt og vegur endurbyggður milli Uppsalaár og Tröllaskarða og nýjar brýr byggðar á Smyrlabjargará og Staðará. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2001 og 2002.

85 Norðausturvegur

40 Deildarlækur – Teigur

Umfang verks: Endurbygging á 9 km löngum kafla milli Deildarfells og Teigs.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 71 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Viðbótarfé	33
Fjáraukalög 2000	1
Bráðabirgðalán 2000	20
Samtals	54

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í júlí og lauk á haustdögum með lögn klæðingar.

Verktaki: Iðufell ehf., Raufarhöfn.

Kostnaður:	m.kr.
2000	54

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2001.

43-44 Brunahvammsháls – Hringvegur
Umfang verks: Nýbygging á 8,2 km löngum kafla á Vopnafjarðarheiði ásamt stálplöturæsi í Hölkná í stað einbreiðrar brúar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 184 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	63

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust haustið 2000. Unnið við skeringar, fyllingar og ræsagerð. Ljúka á 5,9 km með klæðingu og 2,3 km með malarslitlagi haustið 2001.
Verktaki: Arnarfell ehf., Akureyri

Kostnaður:	m.kr.
2000	23

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2001.

92 Norðfjarðarvegur
10 Norðfjarðará
Umfang verks: Fjárveiting var engin.
Framkvæmdaform: Samningur.
Verkframvinda: Flutt var grjót til rofvarna við fyrirhugaða brú á Norðfjarðará.
Verktaki: Arnarfell ehf., Akureyri.

Kostnaður:	m.kr.
2000	3

Skýringar: Fjárveiting er til byggingar brúar á Norðfjarðará í vegáætlun 2001.

12 Neskaupstaður
Umfang verks: Lagfæring á beygju við frystihús á Neskaupstað á 0,4 km kafla.
Kostnaðaráætlun: 13 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	8

Verkframvinda: Keypt var ræsaefni vegna framkvæmda og haugsett efni til vegagerðar.

Kostnaður:	m.kr.
2000	2

Skýringar: Verki var frestað 1998 vegna erfiðleika og óvissu um efnistöku en boðið út 1999. Eitt tilboð barst og var því hafnað þar sem það var talið of hátt. Verkið var enn boðið út árið 2000 og aftur frestað vegna ágreinings um efnistöku.

93 Seyðisfjarðarvegur
01 um Eyvindará
Umfang verks: bygging steyptrar bogabrúar með 44 m löngum boga og 124 m langri akbraut ásamt 0,5 km langri vegtengingu í stað einbreiðrar brúar frá árinu 1919.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 128 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Almenn verkefni	18
Stórverkefni	74
Samtals	92

Verkframvinda: Verkið boðið út haustið 2000 og framkvæmdir hófust rétt fyrir áramótin. Verklok eru áætluð í september 2001.
Verktaki: Myllan ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2000	4

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2001.

94 Borgarfjarðarvegur
07 á Vatnsskarði
Umfang verks: Fyrri áfangi felst í endurbyggingu á 4 km löngum kafla frá nýbyggingarenda við Selfljót og upp í miðja brekku í austanverðu Vatnsskarði. Síðari áfangi fellst í nýbyggingu og endurbyggingu á 4,7 km löngum kafla úr austanverðu Vatnsskarði niður í neðstu brekkur í Njarðvík (Ytri Hríshöfði).
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 154 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Skuld vegna fyrri framkvæmda.. -11
Vegáætlun 1997 18
Vegáætlun 1998 36
Vegáætlun 1999 40
Vegáætlun 2000 .....
Tengivegir 35
Fjáraukalög 2000 2
Bráðabirgðalán 2000 22
Samtals 142
Verkframvinda: Byrjað var á fyrri áfanga verksins 1998 og var honum lokið með malarslitlagi sumarið 1999. Síðari áfangi hófst haustið 1999 og var að mestu lokið haustið 2000. Malarslitlagi og frágangi verður lokið vorið 2001.
Verktaki: Fyrri áfangi, Njörður sf., Borgarfirði eystra. Síðari áfangi, Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.
Kostnaður: m.kr.
1998 34
1999 54
2000 54
Samtals 142
Skýringar: Af fjárveitingu vegáætlunar 1997 voru 11 m.kr. notaðar til greiðslu skuldar vegna framkvæmda á verkinu um Selfljót, sem unnið var á árinu 1996. Fjárveiting til verksins er í vegáætlun árið 2003.

96 Suðurfjarðavegur
11 Kambanesskriður
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 4,6 km löngum kafla um Kambanesskriður.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 210 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000
Stórverkefni 80
Verkframvinda: Verkið boðið út fyrir áramót 2000 og er áætlað að framkvæmdir hefjast í febrúar 2001. Verklok eru áætluð í júlí 2002.
Verktaki: Arnarfell ehf., Akureyri.
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2001.

917 Hlíðarvegur
04 tenging Vopnafjarðar og Héraðs
Umfang verks: Mölburður á Hellisheiði
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Innistæða frá 917-06 6
Verkframvinda: Verkið var unnið á árinu 2000.
Kostnaður: m.kr.
2000 7
Verktaki: Þ.S. verktakar ehf., Egilsstöðum.
Skýringar: Fjárveiting í vegáætlun var engin en til verksins voru notaðar eftirstöðvar af fjárveitingu til Hlíðarvegar um Gljúfursá og um Öxl frá árinu 1998.

924 Jökuldalsvegur eystri
01 um Jökulsá hjá Hjarðarhaga
Umfang verks: Byggð ný 29 m löng brú ásamt tengingum.
Framkvæmdaform: Samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Innistæða frá Lagarfljótsbrú 3
Innistæða frá Bessastaðaárbrú 8
Vegáætlun 1998 13
Samtals 24
Verkframvinda: Verk hófst 1998 og lauk brúarsmíði þá en frágangi vegar var frestað til 2000.
Verktaki: Stálsmíði, Vélsmiðja KÁ, Selfossi. Smíði brúar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Vegagerð 2000, Klæðning ehf., Garðabæ.
Kostnaður: m.kr.
1998 19
2000 5
Samtals 24

925 Hróarstunguvegur
03 hjá Litla-Steinsvaði
Umfang verks: Endur-og nýbygging á 7,2 km löngum kafla sem ljúka á með malarslitlagi sumarið 2001.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 35 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000
Tengivegir 15
Bráðabirgðalán 2000 4
Samtals 19
Verkframvinda: Framkvæmdir hófust sumarið 2000. Unnið við skeringar, fyllingar, ræsagerð og burðarlag. Verkinu verður lokið með malarslitlagi 2001.
Verktaki: Vélaleiga Sigga Þór ehf., Egilsstöðum
Kostnaður: m.kr.
2000 19
Skýringar: Fjárveiting í vegáætlun 2001.

931 Upphéraðsvegur
04 Brekkugerði – Hengifossá
Umfang verks: Styrking og endurbætur á 1,4 km löngum kafla innan við Brekku og inn fyrir Hengifossá og nýbygging á 1,5 km löngum kafla um Brekku.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 23 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1996 18
Vegáætlun 1999 5
Samtals 23
Verkframvinda: Styrkingu kaflans innan við Brekku lauk 1998. Kaflinn um Brekku var boðinn út síðla árs 1999 og unninn fyrri hluta árs 2000.
Verktaki: Styrking innan Brekku, Myllan ehf., Egilsstöðum. Um Brekku, Benedikt Ólason, Egilsstöðum.
Kostnaður: m.kr.
1998 6
2000 14
Samtals 20
Skýringar: Framkvæmdum um Brekku var frestað 1996 vegna ágreinings um vegstæði.

Fljótsdalur
Í vegáætlun 2000-2004 er fjárveiting til orku- og iðjuvega í Fljótsdal 600 m.kr. Gert er ráð fyrir endur- og nýbyggingu á um 17 km löngum kafla á nýjum Upphéraðsvegi frá Atlavík um nýjar brýr á Gilsá og Jökulsá í Fljótsdal að Valþjófsstað. Byggðar verða nýjar brýr á Hengifossá og Bessastaðaá. Einnig er gert ráð fyrir endurbótum á núverandi vegi um Valþjófsstaðanes.
Umfang verks: Fyrsti áfangi verksins, styrking og endurbætur á 11,2 km löngum kafla Upphéraðsvegar frá Brekku að Valþjófsstað. Auk þess var 1,94 km langur kafla um Valþjófsstaðanes frá Végarði að vegamótum við Kelduárkvísl boðinn út síðla árs 2000.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 1. áfangi, 135 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000
Orku- og iðjuvegir í Fljótsdal . 300
Verkframvinda: Á árinu 2000 var unnið við skeringar, fyllingar og ræsagerð..
Verktaki: Héraðsverk ehf., Egilsstöðum,
Kostnaður: m.kr.
2000 17
Skýringar: Fjárveiting til orku- og iðjuvega í Fljótsdal er í vegáætlun 2001 og 2002.

939 Axarvegur
01-02 Skriðdalur - Berufjörður
Umfang verks: Styrking og lagfæring á 20 km löngum vegaslóða á Öxi, frá Hringvegi í Skriðdal og að Hringvegi í Berufirði.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Brúargerð, samningur.
Kostnaðaráætlun: 35 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Lagt til af viðhaldsfé 1998 7
Vegáætlun 1999 15
Vegáætlun 2000
Ferðamannaleiðir 10
Fjáraukalög 2000 1
Bráðabirgðalán 2000 22
Samtals 55
Verkframvinda: 1. áfangi 1998: Endurbygging á 5 km löngum kafla á Öxi frá Stóralæk að Innri Víná.
2. áfangi 1999-2000: Endurbygging á 7 km löngum kafla frá Hringvegi í Skriðdal

að Stóralæk annars vegar og hins vegar á 4 km löngum kafla frá Hemru á Hringveg í Berufirði. Árið 1999 var byggð brú á Selá og á árinu 2000 brýr á Hemru og Innri-Víná. Brýrnar voru byggðar úr notuðu efni úr öðrum brúm.
Verktaki: 1. áfangi, Ólafur Hjaltason, Skála í Berufirði. 2. áfangi, Hjarðarnesbræður ehf., Hornafirði. Bygging brúa, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1998	7
1999	18
2000	30
Samtals	55

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2001 og 2002.

951 Vestdalseyrarvegur
02 um Vestdalseyri
Umfang verks: Styrking, endurmótun og rofvörn vegar á 2,7 km löngum kafla og mölburður á 5,7 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 7 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Bráðabirgðalán	9

Verkframvinda: Verki lauk 2000.
Verktaki: Þ.S. verktakar ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2000	9

Skýringar: Fjárveiting er til verksins 2001.

Þéttbýlisstaðir á Austurlandi
lagfæringar á þjóðvegum
Umfang verks: Sett var upp lýsing á Seyðisfirði 24 staurar. Egilsstaðir, lagfæring á gatnamótum Hringvegar og Norðfjarðarvegar. Reyðarfjörður, lögð renna við Andapoll. Eskifjörður, lagað slitlag. Neskaupstaður, endurnýjuð niðurföll 10 stk. og malbikað á um 150 m. Fáskrúðsfjörður, þátttaka í kostnaði við breytingu á vegi á við húseignina Þór. Stöðvarfjörður, sett upp lýsing við Kaupfélag
Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Innistæða frá fyrri áfanga	2
Vegáætlun 2000	
Almenn verkefni	10
Bráðabirgðalán	2
Samtals	14

Verkframvinda: Verki lauk 2000.
Verktaki: Sveitarfélögin, Vegagerðin og RARIK

Kostnaður:	m.kr.
2000	
Seyðisfjörður	3,0
Egilsstaðir	5,0
Reyðarfjörður	1,0
Neskaupstaður	4,0
Fáskrúðsfjörður	0,5
Eskifjörður	0,3
Stöðvarfjörður	0,2
Samtals	14,0

Skýringar: Fjárveiting er til lagfæringa á þjóðvegum við þéttbýlisstaði á Austurlandi í vegáætlun 2001-2004.

Annað
Jarðgangaáætlun
Umfang verks: Undirbúningur jarðgangagerðar milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar annars vegar og Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar hins vegar.
Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Innistæða frá fyrri árum	27
Vegáætlun 2000	
Jarðgangaáætlun	100
Samtals	127

Verkframvinda: Unnið var að undirbúningsrannsóknum með borunum og jarðlagarannsóknum vegna fyrirhugaðrar gangagerðar milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar og milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Einnig var unnið að rannsóknum vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda.
Verktaki: Ræktunarsamband Flóa og Skeiða sá um boranir og fleiri verktakar komu að þeim rannsóknum. Ráðgjafar á sviði jarðfræði og verkfræði unnu að jarðlagarannsóknum, snjóflóðaathugunum og

fleiri undirbúningsatriðum og ýmsir sérfræðingar komu að rannsóknum vegna mats á umhverfisáhrifum

Kostnaður: m.kr.
2001 123

Skýringar: Fjárveiting til jarðgangagerðar á Norður- og Austurlandi er í vegáætlun 2001-2004.

Samgöngurannsóknir

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000
Stórverkefni 10

Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað.

Brýr 10 m og lengri

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000
Til brúargerðar 10

Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað.

Fylgiskjal III.

Umhverfisstærðir

Landmótun við vegagerð

Í eftirfarandi töflu koma fram tölur um landmótun í vegagerð árið 2000. Þær eru teknar saman í umdæmunum og byggja að mestu á útboðsgögnum en sá hluti telst nokkuð ábyggilegur. Nokkur ónákvæmni gæti í sumum tilfellum stafað frá skiptingu milli ára í stærri verkum.

	Færsla jarðefna			Mótun yfirborðs			
				Óraskað land		Raskað land	
Umdæmi	Fyllingar þús.m³	Burðarlög þús.m³	Slitlög þús.m³	Vegir þús.m³	Námur þús.m³	Vegir þús.m³	Námur þús.m³
Suðurland	137	291	19	0	22	578	378
Reykjanes	143	112	20	236	7	39	2
Vesturland	927	183	75	419	144	61	81
Vestfirðir	646	161	16	306	172	993	267
Norðurland vestra	247	94	42	128	74	124	7
Norðurland eystra	502	130	36	20	12	444	82
Austurland	330	327	89	325	72	342	44
Samtals	2.932	1.298	297	1.434	496	2.542	859

Notkun spilliefna í nýbyggingum og viðhaldi vega

Birgðadeild og framkvæmdadeild taka saman magntölur fyrir notkun á white spirit og aminum í slitlög og styrkingar. Notkun white spirit í klæðingar kemur fram í meðfylgjandi töflu. Þar má einnig sjá heildarnotkun af þunnbiki og hlutfall white spirit í þunnbiki. Þetta hlutfall hefur hækkað lítillega milli áranna 1999 og 2000 en almenn lækkun á þessu hlutfalli er árangur rannsókna og þróunar síðustu ára.

Á árinu 2000 voru notuð 103 tonn af viðloðunarefnum, þar af um 22 tonn í styrkingar.

Ár	Þunnbik þús.l	Leysiefni þús.l	Hlutfall %
1991	6.281	817	13,0
1992	8.524	1.108	13,0
1993	9.506	1.236	13,0
1994	10.081	1.311	13,0
1995	8.690	1.130	13,0
1996	8.767	1.052	11,2
1997	8.042	909	11,3
1998	8.893	934	10,5
1999	10.269	1.017	9,9
2000	11.026	1.157	10,5

Spilliefni í vegmálningu

Árleg notkun Vegagerðarinnar á hefðbundinni vegmálningu er 70–80 þús. lítrar. Hún inniheldur um 50% leysiefni. Unnið er að því að taka upp nýjar og vistvænni gerðir af yfirborðsmerkingu, þ.e. sprautumassa og plastmálningu.

Notkun sprautumassa er sífellt að aukast. Á árinu 2000 var sprautumassi notaður á 1.100 km merktra vega á móti 1.800 km sem merktir voru með hefðbundinni málningu.

Þjónustudeild, í samvinnu við málningarflokk Vegagerðarinnar í Borgarnesi, hefur unnið að viðamikilli prófun á plastmálningu til vegmerkinga. Hefur hún reynst hún mjög vel. Plastmálningin er þó enn sem komið er töluvert dýrari en hefðbundin vegmálning.

Tæknilega séð er ekkert því til fyrirstöðu að hætta notkun leysiefnamálningar og skipta yfir á vistvænni málningu á næstu árum.

Losun á CO_2 frá umferð á vegum

Losun á CO_2 frá umferð má reikna út frá mældri og áætlaðri notkun á eldsneyti. Sala á bensíni til umferðarinnar er skattstofn og heimildir um það magn teljast áreiðanlegar. Sala á díselolíu hefur verið áætluð m.a. út frá mældum og áætluðum akstri. Losun árið 2000 er metin miðað við tölur um bensínnotkun og áætlaða notkun á díselolíu. Þróun í losun umferðarinnar síðustu ár má lesa af línuritinu hér fyrir neðan.



Ökuhraði

Vegagerðin hefur á undanförnum árum fylgst með ökuhraða á nokkrum vegarköflum.

Árið 1999 var þessum köflum fjölgað nokkuð og sérstök ársskýrsla um hraðamælingar árið 2000 er nú gefin út. Þrátt fyrir það þykir rétt að birta hér í eftirfarandi töflu niðurstöður fyrir sömu staði og síðustu ár.

Birtur er hraði fólksbíla í km/klst. þar sem akstur er óþvingaður af annarri umferð. Reiknaður er meðalhraði allra bíla og „85%“ hraði, sem er sá hraði sem 85% af bílunum halda sig innan.

Mælingarnar benda annars til að ökuhraði hafi ekki aukist milli áranna 1999 og 2000 nema á Norður- og Austurlandi.

Ár	Hringvegur í Þórustaðamýri 1-d6-01 Meðaltal	85%	Hringvegur á Hellisheiði 1-d8-04 Meðaltal	85%	Grindavíkurvegur við Svartsengi 43-01-04 Meðaltal	85%	Veturlandsvegur við Hvassafell 1-h1-04 Meðaltal	85%
1983	78,4	87,6	84,9	95,0	–	–	–	–
1984	79,6	90,1	88,4	98,3	–	–	–	–
1985	82,6	93,6	86,3	98,6	83,8	96,3	–	–
1986	81,4	91,2	–	–	–	–	–	–
1987	–	–	87,9	97,7	–	–	–	–
1988	82,9	92,2	93,3	104,2	96,0	96,7	–	–
1989	91,1	101,1	94,1	103,9	–	–	–	–
1990	88,9	97,9	89,6	99,3	89,3	99,7	96,9	108,2
1991	86,5	95,9	93,0	102,5			90,8	101,3
1992	87,1	96,7	92,8	102,3	91,0	103,3	84,8	93,9
1993	88,9	95,3	93,0	102,3	92,1	101,4	91,6	102,0
1994	–	–	–	–	–	–	–	–
1995	–	–	–	–	–	–	–	–
1996	90,7	99,5	95,9	104,8	–	–	90,0	100,0
1997	–	–	–	–	–	–	–	–
1998	–	–	96,4	104,0	95,5	106,7	98,9	110,0
1999	99,1	103,2	96,7	104,6	–	–	99,7	109,6
2000	92,2	99,8	94,7	103,1	–	–	97,0	108,3

Lagning nýrra bundinna slitlaga

Á árinu 2000 var lagt bundið slitlag á rúmlega 180 km af þjóðvegum sem áður voru með malarslitlagi. Árlegur akstur á þessum vegarköflum er um 10 milljónir km.

Eldsneytissparnaður vegna slitlagsins er um 190 þús. lítrar á ári og minnkun á losun koleфnistvíildis tæp 500 tonn á ári.

Orka

Upplýsingar um orkunotkun árið 2000 eru fengnar frá orkuveitum landsins og koma fram í töflunni hér fyrir neðan.

Upplýsingarnar eru tengdar við staði og verða ekki auðveldlega losaðar úr þeim tengslum þar sem raforka er mæld í kWst. samkvæmt mismunandi samningum milli staða og heitt vatn er mælt í tonnum með mismunandi hitastigi milli staða. Til samanburðar milli ára á einstökum stöðum eru tölurnar þó í fullu gildi.

Staðsetning	Rafmang Almenn notkun kWh	Rafmang hitun kWh	Heitt vatn tonn
Borgartún 5	225.408		
Borgartún 7, 2/4 hæð	72.829		
Borgartún 5, skrifstofa			1.690
Borgartún 5, austur			11.138
Borgartún 5, verkstæði			5.790
Stórhöfði	273.684		
Stórhöfði			3.294
Stórhöfði			34.179
Áhaldahús, Vík, Mýrdal	22.355	84.392	
Áhaldahús, Hvolsvelli	9.379		1.760
Áhaldahús, Selfossi	54.847		9.193
Áhaldahús, Borgarnesi	114.005		8.910
Áhaldahús, Ólafsvík	25.467	89.606	
Áhaldahús, Búðardal	14.770	141.319	
Áhaldahús, Patreksfirði	15.082	117.764	3.189
Áhaldahús, Ísafirði	97.997	338.451	
Áhaldahús, Hólmavík	35.206	94.867	
Áhaldahús, Hvammstanga	42.346		4.489
Áhaldahús, Sauðárkróki	109.440		9.016
Áhaldahús, Akureyri	90.257		9.543
Áhaldahús, Húsavík	24.252		3.053
Áhaldahús, Þórshöfn	17.507	83.608	
Áhaldahús, Vopnafirði	9.058	85.170	
Áhaldahús, Fellabæ	28.325		2.554
Áhaldahús, Reyðarfirði	80.040	303.917	
Áhaldahús, Höfn í Hornafirði	18.469	111.720	3.146
Samtals:	1.380.723	1.450.814	110.944

Notkun pappírs á skrifstofum

Fylgst er með notkun á ljósritunar- og tölvupappír. Innkaup eru skráð í bókhaldi en birgðastaða er ekki skráð og getur því mismunandi birgðastaða því skekkt nokkuð áætlun um ársnotkun.

Innkaup síðustu ára voru eins og fram kemur í meðfylgjandi stólpariti.



Mat á umhverfisáhrifum

Skipulagsstofnun voru á árinu 2000 sendar matsskýrslur vegna lögformlegs mats á umhverfisáhrifum fyrir eftirtalin verk:

Norðausturvegur, Bangastaðir – Víkingavatn, Kelduneshreppi.

Reykjanesbraut við Mjódd, tvenn mislæg gatnamót.

Upphéraðs- og Norðurdalsvegur, Atlavík – Teigsbjarg í Fljótsdal.

Hallsvegur í Reykjavík, tveggja akreina vegur frá Fjallkonuvegi að Víkurvegi.

Norðausturvegur frá Hringvegi að Brunahvammshálsi.

Borgarfjarðarvegur um Vatnsskarð eystra.

Álftanesvegur frá Engidal að Suðurnesvegi.

Hringvegur um Hörgsá á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu.

Í grafinu má sjá þróun í fjölda þessara matsskýrslna frá upphafi. Ný lög um mat á umhverfisáhrifum leiða til nokkurrar fækkunar á matsskýrslum fyrir vegagerð miðað við eldri lög.



Námuskráning

Nú eru liðin rúm þrjú ár frá því farið var í að safna saman upplýsingum í því skyni að bæta skráningu á námum, sem Vegagerðin hefur haft í námuskrá sinni. Vaxandi þörf hefur verið fyrir það að halda ítarlega skrá yfir efnisnámur á landinu. Ástæður fyrir því eru í aðalatriðum þrjár. Í fyrsta lagi vinna sveitarfélög nú að gerð aðalskipulags og á þeirri vinnu að vera lokið fyrir árið 2007. Í öðru lagi kveða náttúruverndarlög nr. 44 frá árinu 1999 á um það, að farið skuli í mikla vinnu við frágang á efnisnámum. Í þriðja lagi hafa framkvæmdaaðilar, landeigendur og sveitarfélög vaxandi þörf fyrir ítarlegar upplýsingar um námur.

Þegar ákveðið var að koma upp hnitbundnu vegupplýsingakerfi, ÍsVís hjá Vegagerðinni þótti ljóst að áhugavert væri að tengja námukerfið við það, sem gefur færi á margvíslegri skoðun, leitun og myndrænni framsetningu upplýsinga. Því var ákveðið að bæta skráningu á námum sem eru í námukerfinu. Árið 1997 var fyrst unnið að því að bæta skráninguna og gögnum um námur var safnað á Vesturlandi. Árið 1998 var upplýsingum safnað um námur á Suðurlandi auk þess sem byrjað var að safna gögnum um námur á Norðurlandi vestra og var þeirri vinnu lokið árinu 1999. Þá var einnig lokið við að skrá námur á Norðurlandi eystra.

Á árinu 2000 var safnað upplýsingum um námur í umdæmi Vegagerðarinnar á Reykjanesi og á Austurlandi auk þess sem vinna hófst við skráningu á Vestfjörðum, sem vonast er til að ljúki á árinu 2001. Á árinu 2001 verða skráðar námur við landsvegi og einnig verður bætt skráning náma á Suðurlandi. Þar með mun verða lokið við að skrá námur á öllu landinu en það verður þó að hafa það í huga að til að þessi gagnagrunnur nýtist í framtíðinni þarf að halda honum við og tryggja að í honum séu ávallt nýjustu upplýsingar.

Stefnt er að því að veita aðilum utan Vegagerðarinnar aðgang að námuskránni í gegnum veraldarvefinn.

Frágangur efnisnáma

Í nýjum lögum um náttúruvernd (44/1999) er svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða í 79. grein:

„Umhverfisráðherra skal fela Náttúruvernd ríkisins, í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti, stofnanir, sveitarfélög og framkvæmdaaðila, að gera tillögur um frágang efnistökusvæða sem hætt er að nota og eftir atvikum þeirra sem nú eru í notkun og ekki liggur fyrir áætlun um frágang á. Skal stofnunin gera áætlun um frágang svæðanna og kostnað við hann, svo og tillögur um greiðslu kostnaðar. Þá skal stofnunin enn fremur hafa umsjón með frágangi svæðanna. Skal honum lokið eigi síðar en árið 2003.“

Þetta ákvæði fjallar um námur sem ekki eru lengur í notkun. Í lögunum fjalla greinar 48 og 49 um það að gera skuli áætlun um vinnslu og frágang nýrra efnistökustaða og ljúka frágangi þeirra innan eins árs og skulu efnistökusvæði ekki standa ónotuð og ófrágengin lengur en í 3 ár.

Sameiginlegir fundir voru haldnir á árinu 2000 með fulltrúum Vegagerðarinnar og Náttúruverndar ríkisins þar sem lagðar voru línur um það hvernig samstarfi þessara stofnana vegna námufrágangs skyldi háttað. Ákveðið var að á árinu 2000 skyldi ráðist í tilraunaverkefni um frágang á gömlum efnisnámum. Þetta verkefni var unnið á vegum rannsóknadeildar í samráði við Náttúruvernd ríkisins. Auk þessara náma var gengið frá fjölmörgum námum í tengslum við útboðsverk.

Valdar voru 22 námur úr öllum umdæmum Vegagerðarinnar og var lokið við frágang á 13 af þessum námum. Námurnar í tilraunaverkefninu eru taldar upp hér á eftir og er merki (') við þær námur sem ekki var lokið við frágang á. Marteinstunga og Merkurhraun' eru við Landveg á Suðurlandi. Þrándarhlíð, Brynjudalur' og Stíflisdalur' eru í Reykjanesumdæmi. Á Vesturlandi eru Hítará, Langimelur, Lýsuhóll, Staðarstaður, Ytri Tunga og Kóngsbakki allar á Snæfellsnesi. Á Vestfjörðum eru Moshlíð á Barðaströnd og Höfðahlíð í Dýrafirði. Á Norðurlandi vestra eru Skinnastaðir' í Austur Húnavatnssýslu, Vatnsskarð' í Skagafirði og Garðaholt' og Víðines' í Hjaltadal. Á Norðurlandi eystra er Fosshóll' í Bárðardal og Ferjubakki' við Norðausturveg. Á Austurlandi var gengið frá þremur skriðunámum Vattarnesi, Hafnarnesi og Hvalnesi.

Vinnan fór þannig fram að fulltrúar Náttúruverndar, rannsóknadeildar og framkvæmdadeildar umdæma fóru að hverri námu og var þar ákveðið í samráði við landeigendur hvernig standa skyldi að frágangi námanna. Síðan var náman GPS mæld og var skrifuð stutt frágangslýsing fyrir hverja námu. Með lýsingunni fylgdi grunnmynd af námunni sem var teiknuð með hjálp GPS mælingarinnar. Einnig fylgdu með ljósmyndir og voru teiknaðar inn á þær leiðbeiningar um fráganginn. Framkvæmdadeildir umdæmanna höfðu umsjón með frágangi námanna. Fulltrúi Náttúruverndar skoðaði námurnar og tók af þeim ljósmyndir eftir að gengið hafði verið frá þeim. Hluti af þessu verkefni er verkefni um námufrágang á Vesturlandi sem Ragnhildur Sigurðardóttir umhverfisfræðingur vann fyrir Vesturlandsumdæmi. Ragnhildur gaf út skýrslu, í lok árs 2000, um frágang náma á Vesturlandi. Í skýrslunni er lýst frágangi 6 náma á Snæfellsnesi auk þess sem settar eru fram tillögur að því hvernig staðið skuli að frágangi efnisnáma.

Stefnt er að því að gefa út skýrslu vorið 2001 þar sem lagt verður mat á þau vinnubrögð sem viðhöfð eru m.a. við hönnun á frágangi og varðandi samráð við hagsmunaaðila. Einnig verður safnað upplýsingum um kostnað við frágang náma.

Í lok ársins 2000 var unnið að áætlun um það hvernig Vegagerðin mun standa að námufrágangi árið 2001. og lögð drög að frágangi næstu ára. Lagt er til að þessi vinna verði unnin með eftirfarandi hætti.

Leiðbeiningabæklingur um námuvinnslu og námufrágang verður gefinn út á árinu 2001. Efni bæklingsins verður leiðbeiningar fyrir námuréttarhafa og aðra aðila er málið varðar um það hvernig staðið skuli að námufrágangi. Bæklingurinn verður gefinn út undir merkjum Náttúruverndar ríkisins, Vegagerðarinnar, Landsvirkjunar og Umhverfisráðuneytis. Stefnt er að útgáfu í júní 2001.

Gefin hefur verið út verklagsregla um námufrágang og er hún í fimm liðum:

* Umdæmisstjóri/framkvæmdadeild umdæma skulu í samvinnu við rannsóknadeild vinna að frágangi efnisnáma. Þar til gerð langtímaáætlunar um frágang náma er lokið skal ljúka frágangi á 5 námum í hverju umdæmi árlega. Kostnaður við fráganginn verður borinn af umdæmum.

* Rannsóknadeild og framkvæmdadeildir umdæmanna skulu í samráði við Náttúruvernd ríkisins, landeigendur og sveitarfélög velja námur til frágangs og ákveða hvernig frágangi námanna skuli háttað.

* Framkvæmdadeildir umdæmanna skulu sjá um framkvæmd á frágangi efnisnáma í samráði við rannsóknadeild, Náttúruvernd ríkisins, landeigendur og sveitarfélög.

* Rannsóknadeild skal í samráði við Náttúruvernd ríkisins fylgjast með frágangi efnisnáma og sjá til þess að árlega verði gerð grein fyrir honum

* Rannsóknadeild skal eigi síðar en í maí 2002 ljúka við gerð langtímaáætlunar um námufrágang.

Eins og áður sagði er stefnt að því að ljúka skráningu efnisnáma á árinu 2001 en þar með fæst yfirlit yfir heildarfjölda ófrágenginna náma á landinu. Ljúka þarf á árinu 2001 mati á því hversu margar af þessum ófrágengnu námum falla undir ákvæði náttúruverndarlaganna um frágang. Námur sem ekki þyrfti að ganga frá, nema þá e.t.v. að hluta til, gætu t.d. verið námur sem eru á skipulagsuppdráttum. Það torveldar þessa vinnu nokkuð hversu stutt á veg þessi skipulagsvinna sveitarfélaganna er komin.

Að fengnum þessum upplýsingum er stefnt að því að gerð verði veturinn 2001–2002 langtímaáætlun til 15 ára, um frágang efnisnáma, sem hætt er að nota. Þessi áætlun verður unnin í samráði við Náttúruvernd ríkisins enda er það í raun hlutverk Náttúruverndar ríkisins samkvæmt lögunum, að gera slíka áætlun. Þessi tímamörk frágangsins brjóta í raun tímamörk laganna þ.e. að frágangi ljúki á árinu 2003. Það hefur komið fram hjá fulltrúum Náttúruverndar ríkisins að þeim sé það ljóst að ekki verður mögulegt að standa við þessi þröngu tímamörk.

Umsjón og framkvæmd við námufrágang verður þegar frá líður í höndum hvers umdæmis, í samráði við rannsóknadeild og umhverfisdeild í miðstöð, eftir því sem við á auk Náttúruverndar ríkisins.

Fylgiskjal IV.

Rekstrarreikningur Vegagerðarinnar 2000

			2000	Fjárlög 2000
Tekjur				
	Framlög			
		Fjárlög	9.349.000.000	
		Fjáraukalög (án tekna af sérleyfum)	550.000.000	
		Fjáraukalög (bakf. v./afb. ferjulána)	-178.000.000	
	Framlög alls		**9.721.000.00**	
	Sértekjur		**47.552.158**	
	Aðrar rekstrartekjur		**1.393.326**	
	Innheimtar skatttekjur		**5.409.516**	
	Afkoma umdæma og rekstrardeildar		**42.523.605**	
Tekjur alls			**9.817.878.605**	
Gjöld				
	1.01	Yfirstjórn	411.765.724	363.000.000
	1.11	Styrkir til sérleyfishafa		
		Ferjur	379.781.789	310.000.000
		Sérleyfishafar	77.345.708	104.000.000
	5.05	Þjónusta	2.326.038.044	2.068.000.000
	5.10	Viðhald	1.825.748.410	1.789.000.000
	6.10	Nýframkvæmdir	4.109.502.535	4.631.000.000
	6.21	Landsvegir	224.540.651	78.000.000
	6.40	Tilraunir	83.284.037	94.000.000
	6.43	Safnvegir	255.234.503	223.000.000
	6.45	Styrkvegir	18.507.503	32.000.000
	6.47	Reiðvegir	23.216.889	32.000.000
Gjöld alls			**9.734.965.793**	**9.724.000.000**
Halli/hagnaður			**82.912.812**	

Efnahagsreikningur Vegagerðarinnar 31.12.2000

	Reikningur 2000	Reikningur 1999
EIGNIR		
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir	13.000.000	13.000.000
Langtímakröfur	3.454.001	3.454.001
Fastafjármunir alls	**16.454.001**	**16.454.001**
Veltufjármunir		
Vörubirgðir	191.613.300	199.660.000
Inneign hjá ríkissjóði	28.982.143	30.137.403
Skammtímalán	0	0
Skammtímakröfur aðrar	128.749.990	69.871.981
Handbært fé	729.190.130	591.197.582
Veltufjármunir alls	**1.078.535.563**	**890.866.966**
Eignir samtals	**1.094.989.564**	**907.320.967**
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ		
Eigið fé		
Höfuðstóll		
Staða í ársbyrjun	229.187.465	212.238.026
Flutt úr B-hluta	0	0
Leiðrétting með lokafjárlögum 1999 [1]	0	-296.678.000
Tekjujöfnuður ársins	82.912.812	313.627.439
Höfuðstóll í árslok	**312.100.277**	**229.187.465**
Annað eigið fé		
Endurmatsreikningur	7.719.960	7.719.960
Framlag til eignamyndunar	211.594.000	211.594.000
Annað eigið fé samtals	**219.313.960**	**219.313.960**
Eigið fé í árslok	**531.414.237**	**448.501.425**
Skuldir		
Langtímaskuldir		
Tekin löng lán	0	0
Langtímaskuldir samtals	**0**	**0**
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á bankareikningum	0	0
Skuld við ríkissjóð	0	0
Skammtímalántökur	139.793.990	156.729.745
Aðrar skammtímaskuldir	423.751.337	302.089.797
Skammtímaskuldir samtals	**563.545.327**	**458.819.542**
Skuldir samtals	**563.545.327**	**458.819.542**
Skuldir og eigið fé samtals	**1.094.959.564**	**907.320.967**

1368. Svar [557. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Halldórs Blöndals um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað hefur Skipulagsstofnun fjallað um margar skýrslur um mat á umhverfisáhrifum frá því að lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, tóku gildi?*
2. *Hversu mikill kostnaður, á núgildandi verðlagi, hefur hlotist af*
   a. *gerð áðurnefndra matsskýrslna, sundurliðað eftir einstökum framkvæmdum,*
   b. *umfjöllun Skipulagsstofnunar um þær?*

Frá gildistöku laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, hefur Skipulagsstofnun kveðið upp 122 úrskurði um mat á umhverfisáhrifum famkvæmda, sbr. meðfylgjandi töflu yfir úrskurði.

Skipulagsstofnun hefur ekki undir höndum upplýsingar um kostnað framkvæmdaraðila sem hlotist hefur af gerð matsskýrslna um einstakar framkvæmdir.

Frá árinu 1994 til ársins 2000 hefur kostnaður við umfjöllun Skipulagsstofnunar um hverja matsskýrslu verið að meðaltali 535.000 kr. Í þessari upphæð er innifalinn kostnaður sem er að jafnaði á bilinu 70–80.000 kr. vegna auglýsinga í Lögbirtingablaðinu, Morgunblaðinu og fjölmiðli nærri framkvæmdasvæði.

Tafla yfir úrskurði

Uppfærð: 26.02.2001

Í töflunni koma fram upplýsingar um framkvæmdir sem hafa verið metnar samkvæmt lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum, úrskurði skipulagsstjóra ríkisins, kærur og úrskurði umhverfisráðherra um kærða úrskurði skipulagsstjóra ríkisins. Úrskurðum er raðað eftir dagsetningu og eru nýjustu úrskurðir efst.

Tilkynning tilvísun, nr.	Tegund	Framkvæmd	Gerð framkvæmdar	Úrskurðardagur	Úrskurður skipulagsstjóra	Úrskurður kærður	Úrskurður umhverfisráðherra
2000120016	1. viðauki 21. tl	Grjótnám í Eldvarpahrauni eldra og Þórðarfellshrauni fyrir brimvarnargarða við innsiglinguna í Grindavíkurhöfn	Efnistaka	02.03.01	Fallist á framkvæmd í Þórðarfellshrauni og á svæði 5b í Eldvarpahrauni eldra en lagst gegn framkvæmd utan svæðis 5b		
2000110056	1. viðauki 21. tl	Efnisnám í Hlíðarhorni við Máná á Tjörnesi fyrir brimvarnargarð við Húsavíkurhöfn.	Efnistaka	16.02.01	Fallist á framkvæmd		
2000090013	1. viðauki 2. tl	Nesjavallavirkjun í Grímsnes- og Grafningshreppi, áfangi 4 b, stækkun rafstöðvar úr 76 í 90 MW_e.	Jarðvarmavirkjun	05.01.01	Fallist á framkvæmd		
2000100007	1. viðauki tl. 10 ll	Norðausturvegur, Bangastaðir – Víkingavatn, Kelduneshreppi	Vegur	22.12.00	Fallist á framkvæmd	Já	
2000080002	1. viðauki 11. tl.	Hafnargerð í Innri Gleðivík, Djúpavogshreppi	Höfn	25.10.00	Fallist á framkvæmd		
2000050035	5. gr. 9. tl.	Reykjanesbraut við Mjódd, tvenn mislæg gatnamót, Reykjavík og Kópavogsbær	Vegur	04.07.00	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur úrsk. skip.
2000030053	5. gr. 7. tl.	Endurvinnsla álgjalls í Reykjavík eða Þorlákshöfn	Endurvinnsla álgjalls	19.07.00	Fallist á framkvæmd		
2000020053	5. gr. 4. tl.	Kísilgúrvinnsla úr Mývatni – frekara mat	Efnistaka	07.07.00	Krafa er gerð um frekari könnun einstakra þátta varðandi efnistöku á námusvæði 1. Fallist er á efnistöku á námusvæði 2 með skilyrðum.	Já	Liður 6.1 í úrsk. skip. felldur úr gildi. Liður 6.2. í úrsk. skip. staðfestur að viðbættu skilyrði

1999110025	5. gr. 9. tl.	Upphéraðs- og Norðurdalsvegur, Atlavík-Teigsbjarg í Fljótsdal	Vegur	05.07.00	Fallist á framkvæmd	Já	Staðfestur úrsk. skip.
2000010040	5. gr. 9. tl.	Hallsvegur í Reykjavík. Tveggja akreina vegur frá Fjallkonuvegi að Víkurvegi	Vegur	28.06.00	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Úrsk. skip. felldur úr gildi. Framkv. í frekara mat.
1999120009	5. gr. 9. tl.	Norðausturvegur frá Hringvegi að Brunnahvammshálsi, Vopnafjarðarhreppi	Vegur	21.06.00	Fallist á framkvæmd		
2000030045	5. gr. 9. tl.	Borgarfjarðarvegur um Vatnsskarð eystra – frekara mat	Vegur	14.06.00	Fallist á framkvæmd		
1999040055	5. gr. 9. tl.	Álftanesvegur frá Engidal að Suðurnesvegi, Garðabæ og Bessastaðahreppi	Vegur	07.06.00	Fallist er á með skilyrðum leið B eða C. Frekara mat á leið A	Já	Staðfestur úrsk. skip.
1998010014	5. gr. 2. tl.	40 MWe jarðvarmavirkun í Bjarnarflagi og 132 kV háspennulína að Kröflustöð, Skútustaðahreppi	Jarðvarmavirkjun	07.06.00	Frekara mat		
1999110024	Annað*	Borun rannsóknarholu í Grændal, Ölfusi. Lagning vegar, gerð borstæðis og borframkvæmd	Borun rannsóknarholu	28.05.00	Fallist er á, með skilyrði, borun rannsóknarholu á borstað A í um 85 m h.y.s. á áreyrum í mynni Grændals. Ráðast skal í frekara mat á borun rannsóknarholu í Grændal, lagningu vegar og gerð borstæðis umfram það sem fram kemur hér að framan.		
1999000039	5. gr. 3. tl.	400 kV Fljótsdalslínur 3 og 4 úr Fljótsdal í Reyðarfjörð, Fljótsdalshreppi, Austur-Héraði og Fjarðabyggð	Háspennulínur	27.05.00	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur að viðbættu skilyrði

1998060035	5. gr. 2. tl.	Jarðhitanýting á Reykjanesi	Jarðvarmavirkjun	17.05.00	Fallist er á, með skilyrði, nýtingu orku og förgun affallsvatns úr borholum 9 og 10 og borun innan núverandi iðnaðarsvæðis. Frekara mat á jarðhitanýtingu á Reykjanesi umfram ofangreint.	Já	Staðfestur, skil. úrsk. breytt.
1999050048	Annað*	Dýpkun Sundahafnar í Reykjavík	Dýpkun hafnar	19.04.00	Fallist á framkvæmd		
1998070034	5. gr. 4. tl.	Vikurnám í Hekluhafi við Búrfell í Gnúpverjahreppi	Efnistaka	01.03.00	Fallist á frkv. með skilyrðum		
1999110087	5. gr. 9. tl.	Hringvegur um Hörgsá á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu	Vegur	23.02.00	Fallist á frkv. með skilyrðum		
99070014	5. gr. 7. tl.	480 þúsund tonna álver í Reyðarfirði	Álverksmiðja	10.12.99	Frekara mat	Já	Úrsk. skip. felldur úr gildi.
99090066	5. gr. 9. tl.	Djúpvegur nr. 61, um austanverðan Ísafjörð	Vegur	03.12.99	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur að viðbættum skilyrðum
99070041	5. gr. 3. tl	132 kV háspennulína milli Eyvindarár og Eskifjarðar	Háspennulína	12.11.99	Fallist á frkv. með skilyrðum		
99050003	5. gr. 4. tl.	Kísilgúrvinnsla úr Mývatni	Efnistaka	03.11.99	Frekara mat		
99070020	5. gr. 9. tl.	Vegur nr. 56 yfir Vatnaheiði eða Kerlingarskarð á Snæfellsnesi, frekara mat	Vegur	24.09.99	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur, skil. úrsk. breytt.
98060029	5. gr. 4. tl.	Vikurnám. Milli Þjórsár og Rangár og á Hafi norðan Skálarfells	Efnistaka	15.09.99	Fallist á framkvæmd	Já	Staðfestur úrsk. skip.
99040015	5. gr. 9. tl.	Hafravatnsvegur: 431-01. Suðurlandsvegur - Úlfarsfellsvegur	Vegur	08.09.99	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur úrsk. skip.
99060011	5. gr. 9. tl.	Ólafsvíkurvegur og Útnesvegur á Snæfellsnesi. Bjarnarfoss að Egilsskarði	Vegur	01.09.99	Fallist á frkv. með skilyrðum		
99040017	5. gr. 9. tl.	Hringvegur um Stóra Sandfell í Skriðdal	Vegur	30.07.99	Fallist á framkvæmd	Já	Staðfestur úrsk. skip.
99040051	5. gr. 9. tl.	Borgarfjarðarvegur um Vatnsskarð eystra	Vegur	27.07.99	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Úrsk. skip. felldur úr gildi. Framkv. í frekara mat.

99030053	5. gr. 9. tl.	Þverárfjallsvegur, Skagastrandarvegur - Sauðárkrókur	Vegur	23.07.99	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur úrsk. skip.
98060036	5. gr. 9. tl.	Vegur nr. 56 yfir Vatnaheiði á Snæfellsnesi	Vegur	04.06.99	Frekara mat		
99010083	5. gr. 9. tl.	Djúpvegur nr. 61, um austanverðan Ísafjörð	Vegur	25.05.99	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Úrsk. skip. felldur úr gildi.
99060038	5. gr. 9. tl.	Vatnshamraleið/Borgarfjarðarbraut	Vegur	21.05.99	Fallist á frkv. með skilyrðum		
98080007	5. gr. 9. tl.	Hringvegur, Smyrlabjargaá - Staðará í Suðursveit	Vegur	05.05.99	Fallist á fyrri áfanga, Staðará- Tröllaskörð, síðari áfangi Tröllaskörð-Smyrlabjargá krafist frekarar mats		
99010049	* Annað	Endurbætur á Reykjavíkurflugvelli	Endurbætur á flugvelli	28.04.99	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur úrsk. skip.
98060001	5. gr. 4. tl.	Snjóflóðavarnir á Seljalandssvæði, Ísafirði	Efnistaka	16.04.99	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur úrsk. skip.
98060056	5. gr. 9. tl.	Hringvegur. Tvöföldun Hringvegar frá Nesbraut að Víkurvegi og mislæg gatnamót Hringvegar og Nesbrautar, Reykjavík	Vegur	17.02.99	Fallist á framkvæmd	Nei	
98120027	5. gr. 1. tl. 5. gr. 3. tl. 5. gr. 9. tl.	Vatnsfellsvirkjun, 220 kv háspennulína og vegtengin á Veiðivatnaleið. Frekara mat	Vatnsorkuvirkjun	17.02.99	Fallist á framkvæmd	Nei	
97050119	5. gr. 4. tl.	Vikurnám við Snæfellsjökul	Efnistaka	15.01.99	Frekara mat	Já	Staðfestur, skil. úrsk. breytt.
98050055	5. gr. 9. tl.	Grenivíkurvegur, Fagribær - Grund, Grýtubakkahreppi	Vegur	08.01.99	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
98080018	5. gr. 3. tl.	Sultartangalína 2. 400 kV háspennulína milli Sultartangavirkjunar og Búrfellsstöðvar	Háspennulína	18.12.98	Fallist á framkvæmd	Nei	
98060050	Annað*	Skíðasvæði í Tindastóli í Skagafirði	Skíðasvæði	23.09.98	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	

97060074	5. gr. 9. tl.	Tindastólsvegur í Skagafirði	Vegur	23.09.98	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
98050015	5. gr. 9. tl.	Mislæg gatnamót Miklubrautar og Skeiðarvogs í Reykjavík	Vegur	16.09.98	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
98040012	5. gr. 9. tl.	Suðurfjarðavegur um Selá í Fáskrúðsfirði	Vegur	14.08.98	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
97110040	5. gr. 4. tl.	Snjóflóðavarnir á Drangagilssvæði í Neskaupstað	Efnistaka	19.06.98	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur úrsk. skip.
97070090	5. gr. 4. tl.	Grjótnám í Hamranesi og Kapelluhrauni sunnan Hafnarfjarðar	Efnistaka	29.05.98	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
98020060	5. gr. 9. tl.	Barðastrandarvegur nr. 62, Móra Skjaldvararfoss	Vegur	22.05.98	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
97070089	5. gr. 6. tl.	Urðun sorps í gamla flugvöllinn við Kópasker	Sorpförgun	15.05.98	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
98020075	5. gr. 1. tl. 5. gr. 3. tl. 5. gr. 9. tl.	Vatnsfellsvirkjun, 220 kv háspennulína og vegtengin á Veiðivatnaleið.	Vatnsorkuvirkjun	08.05.98	Fallist á framkvæmd	Já	Úrsk. skip. felldur úr gildi. Framkv. í frekara mat.
98030001	5. gr. 9. tl.	Snæfellsnesvegur nr. 57 um Búlandshöfða	Vegur	08.05.98	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
98020014	5. gr. 9. tl.	Breikkun Gullinbrúar í Reykjavík	Vegur	06.05.98	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur úrsk. skip.
97070043	5. gr. 4. tl.	Efnistaka í Óbrinnishólum sunnan Hafnarfjarðar	Efnistaka	29.04.98	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
97070077	5. gr. 9. tl.	Þingvallavegur frá Steingrímsstöð að þjóðgarðsmörkum	Vegur	22.04.98	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur úrsk. skip.
97080033	5. gr. 6. tl.	Sorpförgun Byggðasamlagsins Hulu, V-, A-Eyjafjallahr., Mýrdals- og Skaftárhreppur.	Sorpförgun	16.04.98	Fallist á framkvæmd	Já	Staðfestur úrsk. skip.
98020002	5. gr. 9. tl.	Laugarvatnsvegur frá Úthlíð að Múla	Vegur	15.04.98	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
97110062	5. gr. 9. tl.	Hringvegur úr Langadal að Ármótaseli, frekara mat	Vegur	06.03.98	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur að viðbættum skilyrðum
97120060	5. gr. 9. tl.	Þjóðv. 32, Þjórsárdalsvegur um Sámsstaðamúla	Vegur	06.03.98	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
97120035	5. gr. 9. tl.	Hringvegur um Fossárvík í Berufirði	Vegur	25.02.98	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
97100036	5. gr. 3. tl.	400 kV Búrfellslína 3A frá Búrfellsvirkjun að Lyklafelli á Sandskeiði	Háspennulína	23.01.98	Frekara mat	Já	Úrsk. skip. felldur úr gildi. Fallist á framkvæmd.

97050104	5. gr.4. tl.	Leiðigarðar til varnar snjóflóðum úr Ytra-Strengsgili og Jörundarskál á Siglufirði	Efnistaka	19.11.97	Fallist á framkvæmd	Já	Staðfestur úrsk. skip.
97080002	5. gr.10. tl.	Höfn utan Suðurgarðs í Hafnarfirði	Höfn	07.11.97	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
97070021	5. gr.4. tl.	Grjótnám á Geldinganesi í Reykjavík	Efnistaka	08.10.97	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
97070048	5. gr.9. tl.	Hringvegur úr Langadal að Ármótaseli	Vegur	03.10.97	Frekara mat	Já	Staðfestur úrsk. skip.
97060077	5. gr.6. tl.	Urðun sorps á Vesturlandi, frekara mat	Sorpförgun	12.09.97	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur að viðbættum skilyrðum
97050063	5. gr.5. tl.	Hveravellir samkvæmt framlagðri deiliskipulagstillögu, frekara mat	Þjónustumiðstöð	27.08.97	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur úrsk. skip.
97050160	5. gr.9. tl.	Borgarfjarðarbraut, Flókadalsá-Kleppjárnsreykir	Vegur	22.08.97	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur úrsk. skip.
97050068	5. gr.3. tl.	132 kV Nesjavallalína 1	Háspennulína	23.07.97	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur úrsk. skip.
97050004	5. gr.3. tl.	66 kV háspennulína Stuðlar-Fáskrúðsfjörður, 2. áfangi	Háspennulína	09.07.97	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
97050041	5. gr. 9. tl.	Melasveitarvegur um Skorholt og Mela	Vegur	04.07.97	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
207	5. gr. 9. tl.	Borgarbraut og Dalsbraut, Akureyri	Vegur	22.04.97	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
230	5. gr. 1. tl.	Sultartangavirkjun	Vatnsorkuvirkjun	16.01.97	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
248	5. gr. 9. tl.	Hringv. frá Skóghlíð að Urr.vatni,N-Múl	Vegur	13.12.96	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
241	5. gr. 9. tl.	Hliðarv. um Gljúfursá og Öxi, N-Múlas.	Vegur	21.11.96	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
200	5. gr. 9. tl.	Seyðisfjarðarv. um Eyvindará v. Egilsst. Frekara mat.	Vegur	31.10.96	Fallist á framkvæmd	Nei	
235	5. gr. 6. tl.	Urðun sorps á Vesturlandi	Sorpförgun	24.10.96	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Úrsk. skip. felldur úr gildi. Frekara mat.
12	6. gr.	Uppgræðsla Hólasands	Uppgræðsla	08.08.96	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur, skil. úrsk. breytt.
203	5. gr. 4. tl.	Snjóflóðavarnir á Flateyri	Efnistaka	26.07.96	Fallist á framkvæmd	Nei	
86	5. gr. 1. tl.	Stækkun Hagavatns	Vatnsmiðlun	25.07.96	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Úrsk. skip. felldur úr gildi. Frekara mat.
198	5. gr. 10.tl.	Lenging Eyjargarðs, Reykjavík	Höfn	11.07.96	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	

7	5. gr. 9. tl.	Vesturlandsvegur um Botnsvog, Hvalf.	Vegur	08.07.96	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur úrsk. skip.
195	5. gr. 9. tl.	Seyðisfjarðarvegur um Fjarðarheiði	Vegur	04.07.96	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
194	5. gr. 9. tl.	Snæfjallastrandarvegur	Vegur	13.06.96	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
47	5. gr. 4. tl.	Gjallnám úr Seyðishólum í Grímsnesi	Efnistaka	29.04.96	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur, skil. úrsk. breytt
139	5. gr. 9. tl.	Sprengisandsleið	Vegur	15.04.96	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur úrsk. skip.
160	5. gr. 1. tl.	Hágöngumiðlun	Vatnsmiðlun	09.04.96	Frekara mat	Já	Úrsk. skip. felldur úr gildi. Fallist á með skilyrðum.
110	5. gr. 9. tl.	Þjórsárdalsvegur um Gaukshöfða	Vegur	01.04.96	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
153	5. gr. 9. tl.	Mislæg gatnamót Reykjanesbrautar og Fífuhvammsvegar og tvöf. Reykjanesbr.	Vegur	11.03.96	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur, skil. úrsk. breytt
101	5. gr. 5. tl.	Hveravellir	Þjónustumiðstöð	07.03.96	Frekara mat	Nei	
14	5. gr. 6. tl	Sorpsamlag Mið-Austurlands, urðunar-staðir og flokkunarmiðstöð, Reyðarfirði	Sorpförgun	04.03.96	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
62	5. gr. 9. tl.	Hringvegur um Kálfastrandarvoga og Markhraun í Mývatnssveit	Vegur	19.02.96	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur úrsk. skip.
151	5. gr. 7. tl.	Álver á Grundartanga	Álverksmiðja	19.02.96	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur, felld út þrjú skil.
50	5. gr. 9. tl.	Hringvegur um Fljótsheiði	Vegur	18.01.96	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur úrsk. skip.
37	5. gr. 9. tl.	Hringvegur, Jökulsá á Fjöllum - Biskupsháls	Vegur	16.11.95	Fallist á framkvæmd	Nei	
69	5. gr. 9. tl.	Vesturlandsvegur um Mosfellsbæ	Vegur	23.10.95	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur úrsk. skip.
10	5. gr. 6. tl.	Urðunarstaður við Klofning, Flateyrarhr.	Sorpförgun	09.10.95	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
116	Annað*	Vatnsátöppunarhús við Suðurá, Rvík	Ferskvatnsverksmiðja	05.10.95	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
85	5. gr. 7. tl.	Stækkun álvers í Straumsvík	Álverksmiðja	11.09.95	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur úrsk. skip.
104	5. gr. 9. tl.	Ásbraut, Hafnarfirði	Vegur	06.09.95	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
40	5. gr. 3. tl.	Fljótsdalslína 1 frá Fljótsdalsvirkjun að Veggjafelli	Háspennulína	31.08.95	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Óafgreitt
114	5. gr. 9. tl.	Hringvegur, Fjallsá-Hrútá í Öræfasveit	Vegur	28.08.95	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
94	5. gr. 9. tl.	Garðskagavegur	Vegur	08.08.95	Fallist á framkvæmd	Nei	

53	5. gr. 9. tl.	Bláfjallavegur	Vegur	31.07.95	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
90	5. gr. 9. tl.	Borgarfjarðarbraut, Varmilækur – Kleppjárnsreykir	Vegur	17.07.95	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur úrsk. skip.
83	5. gr. 9. tl.	Seyðisfjarðarvegur yfir Eyvindará og upp í Lönguhlíð	Vegur	17.07.95	Fallist á frkv. með skil. & frekara mat	Já	Staðfestur úrsk. skip.
92	5. gr. 9. tl.	Breikkun Vesturlandsvegar og Miklubrautar frá Höfðabakka að Skeiðarvogi í Reykjavík	Vegur	13.07.95	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
45	5. gr. 9. tl.	Vegagerð við Bláa lónið	Vegur	10.07.95	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur, skil. úrsk. breytt
84	5. gr. 4. tl.	Holtahliðarnáma í Gilsfirði	Efnistaka	26.06.95	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
61	5. gr. 9. tl.	Borgarfjarðarvegur um Selfjót	Vegur	15.06.95	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
49	5. gr. 3 tl.	Eyvindará/Seyðisfjörður	Háspennulína	15.06.95	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
23	5. gr. 9. tl.	Mývatnsvegur um Laxá	Vegur	04.05.95	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
38	5. gr. 9. tl.	Bræðratunguvegur yfir Hvítá	Vegur	13.02.95	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
32	5. gr. 6. tl.	Urðunarstaður á Glerárdal	Sorpförgun	02.02.95	Fallist á frkv. með skilyrðum	Nei	
46	5. gr. 9. tl.	Drangsnesv. um Selströnd, frekara mat	Vegur	01.02.95	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur úrsk. skip.
2	5. gr. 2. tl.	Ólkelduháls. borun rannsóknarholu og lagning vegar	Jarðvarmavirkjun	30.09.94	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur úrsk. skip.
9	5. gr. 9. tl.	Drangsnesvegur um Selströnd	Vegur	15.09.94	Frekara mat	Nei	
5	5. gr. 9. tl.	Hólmavíkur- og Borðeyrarvegur	Vegur	07.09.94	Fallist á framkvæmd	Nei	
3	5. gr. 9. tl.	Tengivegir að Hvalfjarðargöngum	Vegur	30.08.94	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur úrsk. skip.
8	5. gr. 9. tl.	Vestfjarðavegur um Gilsfjörð	Vegur	26.08.94	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur úrsk. skip.
4	5. gr. 9. tl.	Útnesvegur um Klifhraun, Snæfellsbæ	Vegur	18.08.94	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Úrsk. skip. felldur úr gildi. Frekara mat
6	5. gr. 9. tl.	Mislæg gatnamót Vesturlandsvegar og Höfðabakka	Vegur	18.08.94	Fallist á frkv. með skilyrðum	Já	Staðfestur, skil. úrsk. breytt

Annað*: Framkvæmd tilkynnt af framkvæmdaraðila, ekki matskyld framkvæmd samkv. lögum um mat á umhverfisáhrifum

1369. Svar [660. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um verndun íslenskra búfjárkynja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Er unnið á vegum landbúnaðarráðuneytis að stefnumörkun varðandi verndun íslenskra búfjárkynja?*
2. *Telur ráðherra þörf á sérstökum aðgerðum á þessu sviði?*

Samkvæmt ákvæðum 16. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, skipar landbúnaðarráðherra fimm menn og jafnmarga til vara í erfðanefnd búfjár að fengnum tilnefningum frá Bændasamtökum Íslands, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Náttúrufræðistofnun Íslands og Veiðimálastofnun. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Helstu verkefni nefndarinnar eru:

- að fylgjast með og halda skrá um erfðabreytileika og þróun hans í helstu búfjárstofnum og ferskvatnsfiskum og
- að gera tillögur til landbúnaðarráðherra um sérstakar ráðstafanir til verndunar þeirra tegunda, stofna og eiginleika sem eru í útrýmingarhættu að mati nefndarinnar.

Frá árinu 1965 hefur verið greiddur stofnverndarstyrkur til viðhalds íslenska geitfjárstofninum og eftir tilkomu erfðanefndar búfjár árið 1989 með samþykkt búfjárræktarlaga, sem voru forveri núgildandi búnaðarlaga, eru þessar styrkveitingar í höndum erfðanefndarinnar. Þá hefur erfðanefndin ásamt fleiri aðilum unnið að varðveislu íslenska hænsnastofnsins.

Í febrúar sl. skipaði landbúnaðarráðherra nefnd er hefur það hlutverk að semja landsáætlun um hvernig innlendri forsjá erfðalinda í húsdýrum, ferskvatnsfiskum, nytjaplöntum og skógrækt skuli háttað til frambúðar.

Í nefndinni eiga sæti fulltrúar frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá og Veiðimálastofnun.

Sérstaða Íslands er nokkur í þessum efnum þar sem stór hluti þess erfðaefnis sem hér er notað í ræktun er af útlendum uppruna. Búfjárræktin byggist hins vegar að miklu leyti á gömlu íslensku búfjárkynjunum sem eru sérstæð í hópi framleiðslukynja. Áætlun á borð við þá sem hér er unnið að hefur þegar verið unnin og hrint í framkvæmd í Svíþjóð. Í Noregi er gerð slíkrar áætlunar á lokastigi og í Finnlandi og Danmörku eru hliðstæðar áætlanir í vinnslu.

Eins og sjá má hér að framan hefur ráðherra þegar gert ráðstafanir til þess að Íslendingar standi jafnfætis nágrannaþjóðunum á þessu sviði.

1370. Svar [662. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um rannsóknaraðstöðu í Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Telur ráðherra að aðstaða fyrir rannsóknir á veirusjúkdómum, riðu og erfðabreyttum örverum samkvæmt P-2 staðli sé fullnægjandi í Tilraunastöðinni að Keldum?*

2. *Telur ráðherra að núverandi aðstaða á Keldum sé viðunandi ef grunur vaknar hér á landi um gin- og klaufaveikismit eða annan sambærilegan bráðsmitandi sjúkdóm í dýrum?*
3. *Mun ráðherra beita sér fyrir bættu öryggi við rannsóknir á smitandi efni úr búfé og öðrum sýnum sem Tilraunastöðinni að Keldum er falið að sinna með því að koma upp aðstöðu samkvæmt P-3 staðli?*
4. *Mun ráðherra beita sér fyrir byggingu nýs húss fyrir þessar sérhæfðu rannsóknir á smitefnum?*

Samkvæmt upplýsingum starfandi forstöðumanns tilraunastöðvarinnar hefur stöðin ekki yfir að ráða rannsóknastofu sem uppfyllir kröfur samkvæmt P-2 staðli þegar rannsóknir á veirusjúkdómum, kúariðu eða erfðabreyttum örverum krefjast þess.

Núverandi aðstaða að Keldum er ekki talin viðunandi ef grunur vaknar hér á landi um gin- og klaufaveiki eða annan bráðsmitandi dýrasjúkdóm. Stöðin hefur gert samning við dönsku dýrarannsóknastöðina um að taka við sýnum til rannsóknar frá Íslandi vegna slíkra tilfella.

Landbúnaðarráðherra telur mjög brýnt að öryggi við rannsóknir á sýnum frá dýrum sé tryggt og að í því skyni verði komið upp rannsóknastofu að Keldum sem uppfylli P-3 staðalinn.

Komi til viðræðna við menntamálaráðuneytið um breytingar á starfsemi Keldna verður af hálfu lanbúnaðarráðuneytisins lögð áhersla á að nægt fjármagn verði veitt til byggingar og nauðsynlegra tækjakaupa í nýtt rannsóknahús fyrir sérhæfðar rannsóknir á hættulegum smitefnum frá dýrum.

1371. Nefndarálit [648. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sbr. lög nr. 46/1996.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þóru Margréti Hjaltested frá viðskiptaráðuneyti. Jafnframt hefur nefndin kynnt sér umsagnir sem bárust félagsmálanefnd um frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Bændasamtökum Íslands, Félagi leiðsögumanna, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Miðstöð nýbúa, Alþýðusambandi Íslands, Hagstofu Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Flóttamannaráði Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Vélstjórafélagi Íslands, Mannréttindasamtökum innflytjenda á Íslandi og fjölskyldna þeirra, presti innflytjenda, laganefnd Lögmannafélags Íslands og Samtökum atvinnulífsins.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi félagsmálaráðherra um atvinnuréttindi útlendinga, en í báðum frumvörpunum er gert ráð fyrir því að sérstök atvinnurekstrarleyfi fyrir erlenda aðila sem vilja reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni verði afnumin. Eftir þá breytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir munu ákvæði um atvinnuleyfi og reglur um dvalarleyfi gilda með sama hætti um sjálfstæða atvinnurekendur og almenna launþega. Hlutafélag eða einkahlutafélag sem stofnað er af erlendum aðila búsettum hér á landi mun því sækja um atvinnuleyfi fyrir hönd hins erlenda starfsmanns með sama hætti og innlendir atvinnurekend-

ur gera. Nefndin lítur svo á að sú skipan sem lögð er til í frumvarpinu sé til einföldunar á stjórnsýslu og eftirliti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. maí 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Gunnar Birgisson.
Magnús Stefánsson.	Einar K. Guðfinnsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Margrét Frímannsdóttir.	Ögmundur Jónasson.	

1372. Framhaldsnefndarálit [737. mál]

um frv. til l. um kjaramál fiskimanna og fleira.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nú þegar breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar liggja fyrir eftir 2. umræðu um frumvarp ríkisstjórnarinnar um kjaramál sjómanna kemur í ljós að frumvarpið, mál nr. 737, snýst ekki lengur um það að koma flotanum út á sjó sem var þó það sem ríkisstjórnin hélt fram við 1. umræðu málsins að réttlætti afskipti hennar af deilunni. Þótt félög séu ekki í verkfalli, eins og aðildarfélög Alþýðusambands Vestfjarða, eða hafi aflýst verkfalli, eins og Sjómannasamband Íslands, virðist ríkisstjórnin reikna með að LÍÚ haldi áfram úti verkbanni á þau félög. Þannig virðist ríkisstjórnin ganga út frá því að LÍÚ muni varna því með verkbanni að flotinn komist á veiðar. Þessi staða verður ríkisstjórninni tilefni til þess að setja alla sjómenn, utan þeirra sem eru í Vélstjórafélagi Íslands, undir gerðardóm og gildir þá einu hvort félögin eru í verkfalli eða ekki. Þau skulu öll undir sama „landssambandsverðið“ og hin nýju mönnunarákvæði sem er að finna í vélstjórasamningnum og forskriftin er gefin fyrir í 2. gr. frumvarpsins. Þannig á sér stað sérstaklega nakin valdbeiting gagnvart Sjómannasambandinu sem aflýsti verkfalli til að geta samið sem frjálsir menn.

Tillögugerð meiri hlutans kemur sérstaklega á óvart þar sem sjávarútvegsráðherra hafði lýst því yfir á Alþingi að ef aðili aflýsti verkfalli væri heldur ekki ástæða til gerðardóms eins og hann orðaði það við 1. umræðu málsins, enda yrði þá megintilgangi frumvarpsins náð og flotinn gæti farið aftur til veiða. Þetta endurtók ráðherrann síðan efnislega við 2. umræðu málsins þegar ljóst var að Sjómannasambandið hafði aflýst verkfalli sínu, í góðri trú vegna yfirlýsinga sjávarútvegsráðherra.

Meiri hlutinn er á afar hæpnum forsendum með málið allt. Þegar stjórnvöld telja sig knúin til að hafa afskipti af kjaradeilum er það lágmarkskrafa að þau inngrip séu eins takmörkuð og nokkur kostur er, bæði að umfangi og tímalengd. Réttur launafólks til að semja um kaup og kjör er varinn í stjórnarskrá Íslands og lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Alþingi Íslendinga og íslensk stjórnvöld eru einnig bundin af samþykktum Alþjóðavinnu-

málastofnunarinnar (ILO) nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess, og nr. 98, um réttinn til þess að semja sameiginlega, auk þess að vera bundin af 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þannig varinn telst kjarasamningsrétturinn og rétturinn til þess að beita lögmætum aðgerðum til þess að knýja á um kröfur í kjaradeilu til helgustu mannréttinda launafólks og verkalýðshreyfingar.

Komið hefur fram við umfjöllun nefndarinnar að gangi málið eftir eins og ríkisstjórnin ætlar sé veruleg hætta á að sjómenn vísi málinu til mannréttindadómstóls Evrópu og ríkisstjórnin tapi málinu vegna þeirra jafnræðisbrota sem í því felast.

Minni hlutinn mótmælir þessum vinnubrögðum harðlega.

Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 16. maí 2001.

Guðjón A. Kristjánsson, frsm.	Svanfríður Jónasdóttir.	Jóhann Ársælsson.

1373. Lög [591. mál]

um breytingu á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 934.

1374. Lög [653. mál]

um breyting á lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 1031.

1375. Lög [652. mál]

um breyting á lögum um leikskóla, nr. 78/1994.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 1030.

1376. Lög [667. mál]

um breyting á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 1045.

1377. Lög [413. mál]

um breyting á lögum nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 668.

1378. Lög [695. mál]

um breytingu á lögum um málefni aldraða, nr. 125/1999.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 1076.

1379. Lög [630. mál]

um breytingu á lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 1005.

1380. Lög [625. mál]

um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 1000.

1381. Lög [573. mál]

um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 1352.

1382. Lög [635. mál]

um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum, o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 1353.

1383. Frumvarp til laga [675. mál]

um Seðlabanka Íslands.

(Eftir 2. umr., 16. maí.)

I. KAFLI

Staða, markmið og verkefni.

1. gr.

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Um stjórn hans fer samkvæmt lögum þessum.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Seðlabankans.

2. gr.

Aðsetur og varnarþing Seðlabanka Íslands er í Reykjavík.

3. gr.

Meginmarkmið Seðlabanka Íslands er að stuðla að stöðugu verðlagi. Með samþykki forsætisráðherra er Seðlabankanum heimilt að lýsa yfir tölulegu markmiði um verðbólgu.

Seðlabankinn skal stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, enda telji hann það ekki ganga gegn meginmarkmiði sínu skv. 1. mgr.

4. gr.

Seðlabanki Íslands skal sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

II. KAFLI
Útgáfa seðla og myntar.

5. gr.

Seðlabanki Íslands hefur einkarétt til þess að gefa út peningaseðla og láta slá og gefa út mynt eða annan gjaldmiðil sem geti gengið manna á milli í stað peningaseðla eða löglegrar myntar.

Seðlar og mynt sem Seðlabankinn gefur út skulu vera lögeyrir til allra greiðslna með fullu ákvæðisverði.

Tilefnismynt sem Seðlabankinn gefur út skal vera lögeyrir til allra greiðslna með fullu ákvæðisverði. Seðlabankanum er heimilt að ákveða að tilefnismynt sé seld með álagi á ákvæðisverð hennar. Ágóða af sölu tilefnismyntar skal varið til lista, menningar eða vísinda samkvæmt ákvörðun forsætisráðherra.

Forsætisráðherra ákveður að fengnum tillögum Seðlabankans lögun, útlit og fjárhæð seðla þeirra og myntar sem bankinn gefur út og lætur birta auglýsingu um það efni.

III. KAFLI
Innlend viðskipti.

6. gr.

Seðlabanki Íslands tekur við innlánum frá innlánsstofnunum en til þeirra teljast viðskiptabankar, sparisjóðir, útibú erlendra innlánsstofnana og aðrar stofnanir og félög sem heimilt er lögum samkvæmt að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar. Honum er einnig heimilt að taka við innlánum frá öðrum lánastofnunum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu.

Seðlabankinn setur nánari reglur um viðskipti sín samkvæmt þessari grein, þar á meðal hvaða lánastofnunum öðrum en innlánsstofnunum er heimilt að eiga innstæður í bankanum.

7. gr.

Seðlabanki Íslands getur veitt lánastofnunum, sem geta átt innlánsviðskipti við bankann, sbr. 6. gr., lán með kaupum á verðbréfum eða á annan hátt gegn tryggingum sem bankinn metur gildar. Lánsviðskipti þessi geta verið í innlendri eða erlendri mynt. Bankinn setur nánari reglur um viðskipti sín samkvæmt þessari málsgrein.

Þegar sérstaklega stendur á og Seðlabankinn telur þess þörf til að varðveita traust á fjármálakerfi landsins getur hann veitt lánastofnunum í lausafjárvanda ábyrgðir eða önnur lán en um ræðir í 1. mgr. á sérstökum kjörum og gegn öðrum tryggingum en um getur í 1. mgr. eða öðrum skilyrðum sem bankinn setur.

8. gr.

Til að ná markmiðum sínum skv. 3. gr. kaupir Seðlabanki Íslands og selur ríkistryggð verðbréf og önnur trygg innlend verðbréf á verðbréfamarkaði eða í beinum viðskiptum við lánastofnanir.

9. gr.

Seðlabanka Íslands er heimilt að gefa út framseljanleg verðbréf í innlendri eða erlendri mynt til að selja lánastofnunum sem geta átt innlánsviðskipti við hann, sbr. 6. gr.

10. gr.

Seðlabanki Íslands ákveður vexti af innlánum við bankann, af lánum sem hann veitir og af verðbréfum sem hann gefur út.

11. gr.

Seðlabanka Íslands er heimilt að ákveða að lánastofnanir skuli eiga fé á bundnum reikningi í bankanum. Honum er einnig heimilt að ákveða að tiltekinn hluti aukningar innlána eða ráðstöfunarfjár við hverja stofnun skuli bundinn á reikningi í bankanum, enda fari heildarfjárhæð sem viðkomandi stofnun er skylt að eiga í Seðlabankanum ekki fram úr því hámarki sem sett er skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar. Enn fremur er Seðlabankanum heimilt að ákveða að verðbréfasjóðir skuli eiga fé á bundnum reikningi í bankanum.

Seðlabankinn setur nánari reglur um grundvöll og framkvæmd bindingar samkvæmt þessari grein, þar á meðal til hvaða lánastofnana hún tekur. Í þeim má ákveða að bindihlutfall sé mismunandi eftir eðli lánastofnana og verðbréfasjóða og flokkum innlána og annarra skuldbindinga sem bindingin nær til. Gæta skal jafnræðis við ákvörðun bindiskyldu þannig að hún valdi ekki röskun á samkeppnisstöðu á milli þeirra innlendu fyrirtækja sem sæta innlánsbindingu.

12. gr.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár lánastofnana sem þeim ber ætíð að hafa yfir að ráða í þeim tilgangi að mæta fyrirsjáanlegum og hugsanlegum greiðsluskuldbindingum á tilteknu tímabili, sbr. 4. gr. Í þeim má ákveða að mismunandi ákvæði gildi um einstaka flokka lánastofnana.

13. gr.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja lánastofnunum reglur um gjaldeyrisjöfnuð. Í slíkum jöfnuði skal auk gengisbundinna eigna og skulda telja skuldbindingar og kröfur sem tengdar eru erlendum gjaldmiðlum utan efnahags, svo sem framvirka samninga og valréttarsamninga.

14. gr.

Seðlabanki Íslands annast hvers konar bankaþjónustu fyrir ríkissjóð aðra en lánafyrirgreiðslu, sbr. 16. gr. Innstæður ríkissjóðs skulu varðveittar á reikningum í Seðlabankanum nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars.

Seðlabankinn skal vera ríkisstjórn til ráðuneytis um allt sem varðar gjaldeyrismál, þar á meðal erlendar lántökur, og taka að sér framkvæmd í þeim efnum eftir því sem um verður samið.

15. gr.

Stjórnvöld veita Seðlabanka Íslands þær upplýsingar um efnahagsmál almennt og um ríkisfjármál, lántökur og greiðsluáætlanir ríkissjóðs sem nauðsynlegar eru fyrir starfsemi bankans.

16. gr.

Seðlabanka Íslands er óheimilt að veita ríkissjóði, sveitarfélögum og ríkisstofnunum öðrum en lánastofnunum lán.

Verðbréf, sem skráð eru í opinberri kauphöll og gefin eru út af þeim aðilum sem um ræðir í 1. mgr. og Seðlabankinn kaupir á verðbréfamarkaði eða af lánastofnunum til að ná markmiðum sínum í peningamálum, skulu ekki teljast lán samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

17. gr.

Seðlabanki Íslands stundar önnur banka- og verðbréfaviðskipti sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka. Í því skyni er bankanum meðal annars heimilt að eiga aðild að og hlut í fyrirtækjum og stofnunum á sviði kauphallarstarfsemi, verðbréfaskráningar og greiðslukerfa.

Seðlabankanum er óheimilt að annast viðskipti við einstaklinga og fyrirtæki sem samkvæmt lögum, venju eða eðli máls teljast verkefni annarra. Honum er þó heimilt að annast frumsölu og innlausn verðbréfa sem ríkissjóður hefur gefið út.

IV. KAFLI
Gengismál, gjaldeyrismarkaður og erlend viðskipti.

18. gr.

Seðlabanki Íslands verslar með erlendan gjaldeyri, hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og stundar önnur erlend viðskipti sem samrýmast markmiðum og hlutverki bankans.

Að fengnu samþykki forsætisráðherra ákveður Seðlabankinn hvaða stefna skuli gilda um ákvörðun á verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum.

Seðlabankinn setur reglur um starfsemi skipulegra gjaldeyrismarkaða eftir því sem kveðið er á um í lögum um gjaldeyrismál. Þegar sérstaklega stendur á getur Seðlabankinn tímabundið takmarkað eða stöðvað viðskipti á skipulegum gjaldeyrismörkuðum.

19. gr.

Hvern virkan dag sem skipulegir gjaldeyrismarkaðir eru almennt starfandi skal Seðlabanki Íslands skrá gengi krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum. Það gengi skal notað til viðmiðunar í opinberum samningum, dómsmálum og öðrum samningum milli aðila þegar önnur gengisviðmiðun er ekki sérstaklega tiltekin. Enn fremur getur Seðlabankinn ákveðið að skrá gengi krónunnar á þeim dögum sem skipulegir gjaldeyrismarkaðir eru almennt ekki starfandi. Þegar sérstaklega stendur á getur Seðlabankinn tímabundið fellt niður skráningu á gengi krónunnar.

20. gr.

Seðlabanki Íslands varðveitir gjaldeyrisvarasjóð í samræmi við markmið og hlutverk bankans. Bankastjórn setur starfsreglur um varðveislu gjaldeyrisvarasjóðsins sem bankaráð staðfestir, sbr. 28. gr.

Seðlabankanum er heimilt að taka lán til að efla gjaldeyrisvarasjóðinn. Honum er jafnframt heimilt að taka þátt í samstarfi erlendra seðlabanka og alþjóðlegra banka- eða fjármálastofnana um lánveitingar til að efla gjaldeyrisvarasjóð þátttakenda.

21. gr.

Seðlabanki Íslands annast samskipti og viðskipti við alþjóðlegar stofnanir á starfssviði sínu í umboði ríkisstjórnarinnar eða eftir því sem honum er falið með lögum.

Seðlabankinn fer með fjárhagsleg tengsl við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn fyrir hönd ríkisins. Forsætisráðherra skipar einn mann og annan til vara til fimm ára í senn til þess að taka sæti í sjóðsráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Seðlabankanum er jafnframt heimilt að eiga aðild að öðrum alþjóðlegum stofnunum, enda samrýmist það hlutverki hans sem seðlabanka.

V. KAFLI
Stjórnskipulag.

22. gr.

Yfirstjórn Seðlabanka Íslands er í höndum forsætisráðherra og bankaráðs svo sem fyrir er mælt í lögum þessum. Stjórn bankans er að öðru leyti í höndum bankastjórnar.

23. gr.

Í bankastjórn Seðlabanka Íslands sitja þrír bankastjórar og er einn þeirra formaður bankastjórnar. Bankastjórn ber ábyrgð á rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum.

Forsætisráðherra skipar formann bankastjórnar Seðlabankans og aðra bankastjóra til sjö ára í senn. Ekki er skylt að auglýsa þessi embætti laus til umsóknar. Aðeins er heimilt að skipa sama mann bankastjóra tvisvar sinnum. Þó má skipa bankastjóra sem ekki er formaður bankastjórnar og er á síðara skipunartímabili sínu formann bankastjórnar til sjö ára. Um endurskipun gilda ekki ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Forfallist bankastjóri þannig að bankastjórn sé ekki fullskipuð getur forsætisráðherra sett bankastjóra tímabundið í stað hans.

Undirskrift tveggja bankastjóra Seðlabankans þarf til þess að skuldbinda bankann. Þó er bankastjórn heimilt að veita tilteknum starfsmönnum umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum samkvæmt reglum sem hún setur og staðfestar skulu af bankaráði, sbr. 28. gr.

24. gr.

Formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands er talsmaður bankans og kemur fram fyrir hönd bankastjórnar. Bankastjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum, sbr. ákvæði 1. mgr. 23. gr., þ.m.t. hver skuli vera staðgengill formanns bankastjórnar í fjarveru hans.

Formaður bankastjórnar Seðlabankans kallar bankastjórn saman til fundar. Ávallt skal boðað til fundar þegar annar hinna bankastjóranna óskar. Fundurinn er ályktunarhæfur ef meiri hluti bankastjórnar situr hann. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu mála. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns bankastjórnar.

Ákvarðanir bankastjórnar skulu skráðar og áritaðar af bankastjórn. Bankastjórn setur starfsreglur sem bankaráð staðfestir um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana sinna í peningamálum. Opinberlega skal gerð grein fyrir ákvörðunum bankastjórnar í peningamálum og forsendum þeirra.

25. gr.

Bankastjórum Seðlabanka Íslands er óheimilt að sitja í stjórnum stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema slíkt sé boðið í lögum eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem bankinn á aðild að. Rísi ágreiningur um ákvæði þessarar greinar gagnvart bankastjórum skal ráðherra skera úr. Með samþykki bankaráðs setur bankastjórn reglur um þátttöku annarra starfsmanna í stjórnum stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans, sbr. 28. gr.

26. gr.

Kjósa skal bankaráð Seðlabanka Íslands að loknum kosningum til Alþingis. Bankaráð skipa sjö fulltrúar kjörnir hlutbundinni kosningu af Alþingi ásamt jafnmörgum til vara. Eigi má kjósa stjórnendur eða starfsmenn lánastofnana eða annarra fjármálastofnana sem eiga

viðskipti við bankann til setu í bankaráði. Umboð bankaráðs gildir þar til nýtt bankaráð hefur verið kjörið. Láti bankaráðsmaður af störfum tekur varamaður sæti hans þar til Alþingi hefur kosið nýjan aðalmann til loka kjörtímabils bankaráðsins.

Bankaráð velur formann og varaformann úr eigin röðum. Ráðherra ákveður þóknun bankaráðs sem greidd er af Seðlabankanum.

27. gr.

Formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands kallar bankaráð saman til fundar. Ætíð skal þó halda bankaráðsfund þegar tveir bankaráðsmenn óska þess. Fundur bankaráðs er ályktunarhæfur ef meiri hluti bankaráðs situr fund. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu mála. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns. Á fundum bankaráðs skal halda gerðabók.

Bankastjórar sitja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum. Þeir skulu þó víkja af fundi ef bankaráð ákveður.

28. gr.

Bankaráð hefur eftirlit með því að Seðlabanki Íslands starfi í samræmi við lög sem um starfsemina gilda. Bankastjórn skal jafnan upplýsa bankaráð um helstu þætti í stefnu bankans og um reglur sem hann setur. Að öðru leyti skal bankaráð sérstaklega sinna eftirtöldum verkefnum:

a. Staðfesta tillögur bankastjórnar um höfuðþætti í stjórnskipulagi bankans.
b. Ákveða laun og önnur starfskjör bankastjóra, þ.m.t. rétt til biðlauna og eftirlauna og önnur atriði sem varða fjárhagslega hagsmuni þeirra.
c. Hafa umsjón með innri endurskoðun við bankann og ráða aðalendurskoðanda.
d. Staðfesta starfsreglur sem bankastjórn setur um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana í peningamálum, sbr. 24. gr.
e. Staðfesta reglur sem bankastjórn setur um umboð starfsmanna bankans til þess að skuldbinda bankann, sbr. 23. gr.
f. Staðfesta kjarasamninga við starfsmenn bankans, fjalla um reglur um lífeyrissjóð þeirra og staðfesta skipun fulltrúa í stjórn hans þegar svo ber undir.
g. Staðfesta tillögu Seðlabankans til forsætisráðherra um reglur um reikningsskil og ársreikning bankans, sbr. 32. gr.
h. Veita forsætisráðherra umsögn um reglugerð um framkvæmd einstakra þátta laga þessara þegar svo ber undir, sbr. 39. gr.
i. Staðfesta ársreikning bankans, sbr. 32. gr.
j. Staðfesta áætlun um rekstrarkostnað bankans sem bankastjórn leggur fram í upphafi hvers starfsárs.
k. Hafa eftirlit með eignum og rekstri bankans og staðfesta ákvarðanir um meiri háttar fjárfestingar.
l. Staðfesta reglur sem bankastjórn setur um viðurlög í formi dagsekta, sbr. 37. gr.
m. Staðfesta reglur sem bankastjórn setur um heimild starfsmanna bankans til setu í stjórnum stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans, sbr. 25. gr.
n. Staðfesta starfsreglur sem bankastjórn setur um varðveislu gjaldeyrisforðans, sbr. 20. gr.

VI. KAFLI
Öflun upplýsinga, rannsóknir og skýrslugerð.

29. gr.

Til þess að sinna hlutverki sínu skv. 3. og 4. gr. getur Seðlabanki Íslands milliliðalaust aflað upplýsinga frá þeim sem eru í viðskiptum við bankann skv. 6. gr., sbr. 7. gr., auk fyrirtækja í greiðslumiðlun og annarra fyrirtækja eða aðila sem lúta opinberu eftirliti með starfsemi sinni, sbr. lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Skylt skal öllum að láta Seðlabankanum í té þær upplýsingar sem hann þarf á að halda til hagskýrslugerðar að viðlögðum viðurlögum skv. 37. gr.

30. gr.

Seðlabanki Íslands gerir skýrslur og áætlanir um peningamál, greiðslujöfnuð, gengis- og gjaldeyrismál og annað sem hlutverk og stefnu bankans varðar. Seðlabankinn skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega gera opinberlega grein fyrir stefnu sinni í peningamálum og fyrir þróun peningamála, gengis- og gjaldeyrismála og aðgerðum sínum á þeim sviðum. Þá skal Seðlabankinn gefa út ársskýrslu þar sem hann gerir ítarlega grein fyrir starfsemi sinni.

31. gr.

Seðlabanki Íslands stundar hagrannsóknir sem lúta að viðfangsefnum bankans á sviði peningamála og fjármálakerfis. Jafnframt er bankanum heimilt að stuðla að rannsóknum annarra á þessum sviðum.

VII. KAFLI
Reikningsskil og ráðstöfun hagnaðar.

32. gr.

Reikningsár Seðlabanka Íslands er almanaksárið. Fyrir hvert reikningsár skal gera ársreikning og skal gerð hans lokið innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs. Um gerð ársreiknings fer eftir lögum, reglum og góðri reikningsskilavenju.

Forsætisráðherra setur nánari reglur um reikningsskil og ársreikning að fengnum tillögum Seðlabankans, sbr. 28. gr.

33. gr.

Innri endurskoðun í Seðlabanka Íslands er í höndum aðalendurskoðanda, sbr. 28. gr. Auk þess skal Ríkisendurskoðun annast endurskoðun hjá Seðlabankanum.

Að lokinni endurskoðun á ársreikningi bankans skal hann undirritaður af bankastjórn og staðfestur af bankaráði, sbr. 28. gr. Hafi bankaráðsmaður fram að færa athugasemdir við ársreikning skal hann undirritaður með fyrirvara og koma skal fram hvers eðlis fyrirvarinn er.

Endurskoðaður reikningur skal lagður fyrir forsætisráðherra til áritunar eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ársreikning Seðlabankans skal birta í ársskýrslu bankans, sbr. 30. gr. Enn fremur skal bankinn birta mánaðarlegt efnahagsyfirlit.

34. gr.

Árlega skal fjárhæð sem svarar til tveggja þriðju hluta hagnaðar Seðlabanka Íslands á liðnu reikningsári greidd í ríkissjóð. Greiðsla fer fram eigi síðar en 1. júní ár hvert.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal Seðlabankinn aðeins greiða þriðjung hagnaðar síns í ríkissjóð ef eigið fé bankans í lok reikningsárs svarar ekki að lágmarki til 2,25% af fjárhæð útlána og innlendrar verðbréfaeignar lánakerfisins í lok reikningsársins á undan.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

35. gr.

Bankaráðsmenn, bankastjórar og aðrir starfsmenn Seðlabanka Íslands eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem varðar hagi viðskiptamanna bankans og málefni bankans sjálfs, svo og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða til lögreglu eða skylt sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Bankaráðsmönnum, bankastjórum og öðrum starfsmönnum Seðlabankans er óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar, sem þeir komast yfir vegna starfs síns í bankanum, í þeim tilgangi að hagnast eða forðast fjárhagslegt tjón í viðskiptum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Seðlabankanum heimilt að eiga gagnkvæm upplýsingaskipti við opinbera aðila erlendis um atriði sem lög þessi taka til að því tilskildu að sá sem óskar upplýsinga sé háður samsvarandi þagnarskyldu.

Seðlabanki Íslands skal veita Fjármálaeftirlitinu allar upplýsingar sem bankinn býr yfir og nýtast kunna í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Upplýsingar sem veittar eru samkvæmt þessari grein eru háðar þagnarskyldu samkvæmt lögum þessum og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið skulu gera með sér samstarfssamning þar sem m.a. er kveðið nánar á um samskipti stofnananna.

36. gr.

Seðlabanki Íslands er undanþeginn tekju- og eignarskatti samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt eins og þau eru á hverjum tíma.

Hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

37. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða fangelsi liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Seðlabanka Íslands er heimilt að beita lánastofnanir og verðbréfasjóði viðurlögum í formi dagsekta sem ákveðnar eru samkvæmt reglum sem settar eru af bankastjórn með samþykki bankaráðs, sbr. 28. gr., hlíti þær ekki reglum bankans um bindiskyldu, laust fé og gjaldeyrisjöfnuð. Dagsektir sem ákveðnar eru samkvæmt þessari grein má innheimta með aðför að lögum. Reglur um viðurlög skulu kynntar Fjármálaeftirlitinu og þeim stofnunum sem þær taka til. Ákvörðun um að beita dagsektum má kæra til ráðherra. Innheimt viðurlög samkvæmt þessari grein skulu renna að ¾ hlutum til ríkissjóðs og skulu þau greidd 1. júní ár hvert fyrir næstliðið ár.

Seðlabankanum er heimilt að beita þá aðila viðurlögum í formi dagsekta sem vanrækja að veita bankanum upplýsingar, sem hann á rétt á samkvæmt lögum þessum, eða veita bank-

anum vísvitandi rangar upplýsingar. Bankastjórn setur reglur um þessi viðurlög sem skulu staðfestar af bankaráði.

38. gr.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur um viðfangsefni sín samkvæmt lögum þessum eftir því sem ástæða verður talin til. Seðlabankinn birtir reglur sem hann setur samkvæmt lögum þessum þannig að þær séu aðgengilegar almenningi.

IX. KAFLI

Gildistaka o.fl.

39. gr.

Forsætisráðherra getur, að fengnu áliti bankaráðs, sett með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd einstakra ákvæða laga þessara.

40. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar. Um leið falla úr gildi lög nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með áorðnum breytingum. Ákvæði 5. gr. laga nr. 54/1974 um þátttöku Seðlabanka Íslands í greiðslu kostnaðar af starfsemi Þjóðhagsstofnunar fellur úr gildi 1. janúar 2002. Framlag Seðlabanka Íslands í Vísindasjóð greiðist í síðasta skipti á árinu 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við gildistöku laga þessara kýs Alþingi sjö fulltrúa í bankaráð Seðlabanka Íslands og jafnmarga til vara. Frá sama tíma fellur niður umboð þeirra er þá sitja í bankaráðinu.

II.

Bankastjórar Seðlabanka Íslands við gildistöku laga þessara halda störfum sínum til loka skipunartíma síns. Ákvæði 2. mgr. 23. gr. um skipun bankastjóra gildir frá og með fyrstu skipun í embætti bankastjóra eftir gildistöku laganna. Við gildistöku laganna skipar forsætisráðherra formann bankastjórnar úr röðum bankastjóra til sama tíma og skipun hans í embætti bankastjóra varir.

1384. Lög [737. mál]

um kjaramál fiskimanna og fleira.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 1354 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Verkföll Sjómannafélags Eyjafjarðar og aðildarfélaga Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, auk verkbanna aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna gagnvart aðildarfélögum í Alþýðusambandi Vestfjarða og aðildarfélögum Sjómannasambands Íslands, svo og verkföll og verkbönn og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála

en lög þessi ákveða, eru óheimil frá gildistöku laganna og á gildistíma ákvarðana gerðardóms skv. 2. og 3. gr. Þó er aðilum heimilt að semja um slíkar breytingar en eigi má knýja þær fram með vinnustöðvun.

3. gr. hljóðar svo:

Gerðardómurinn skal við ákvörðun sína samkvæmt lögum þessum hafa til hliðsjónar kjarasamninga sem gerðir hafa verið á undanförnum mánuðum að því leyti sem við á og almenna þróun kjaramála, auk þess að taka mið af sérstöðu þeirra aðila sem nefndir eru í 1. gr.

Ákvarðanir gerðardómsins skv. 1. mgr. skulu vera bindandi frá gildistöku laga þessara og skal gerðardómurinn hafa lokið störfum fyrir 1. júlí 2001. Hann skal ákveða gildistíma ákvarðana sinna.

1385. Nefndarálit [671. mál]

um frv. til l. um skipan opinberra framkvæmda.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Helstu breytingar sem þetta frumvarp felur í sér leiðir af nýju frumvarpi til laga um opinber innkaup. Auk þess er kveðið á um starfsemi og hlutverk Framkvæmdasýslu ríkisins. Nauðsynlegt var að leggja þetta frumvarp fram samhliða fyrrnefndu frumvarpi þar sem afnumin eru ákvæði þeirra laga er snúa að innkaupum og útboðum. Minni hlutinn hefur skilað nefndaráliti um frumvarpið um opinber innkaup. Þar er ítarlega rökstutt að rétt sé að vísa málinu frá, m.a. vegna ágreinings sem óútkljáður er við sveitarfélögin og hugmynda sem fram hafa komið hjá Ríkisendurskoðun og fela í sér grundvallarbreytingu á skipan opinberra framkvæmda, m.a. milli ráðuneytisins og Framkvæmdasýslu ríkisins, sem rétt þykir að fái skoðun áður en frumvörpin verði að lögum. Til þess gafst ekki tíma vegna hraða sem er á afgreiðslu mála. Það eru afleit vinnubrögð og gagnrýnisverð. Minni hlutinn hefur lýst vilja sínum til þess að málið fái betri umfjöllun í nefnd, ágreiningur við sveitarfélögin verði leystur og hugmynd Ríkisendurskoðunar tekin til sérstakrar skoðunar áður en frumvörpin tvö verða að lögum.

Til þess á að gefast tími í sumar og hægt væri að taka málið fyrir strax á haustþingi, en ekkert hefur komið fram í málsmeðferð nefndarinnar á málinu sem rökstyður þann hraða sem er á afgreiðslu þessara mála.

Með vísan til framangreinds ítarlegs rökstuðnings minni hlutans við frumvarp um opinber innkaup, 670. mál, leggur minni hlutinn til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 15. maí 2001.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm.	Margrét Frímannsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

1386. Nefndarálit [670. mál]

um frv. til l. um opinber innkaup.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Minni hlutinn er hlynntur því að samræmd verði í einum lagabálki lög og reglur um opinber innkaup, en með frumvarpinu verður nær allar efnisreglur er lúta að opinberum innkaupum að finna í einum og sömu lögunum. Hins vegar er gagnrýnisvert að stutt er síðan þetta frumvarp kom fram og nefndinni hefur alls ekki verið gefinn nægjanlegur tími til að fjalla um málið. Endurskoðun laga og reglna um opinber innkaup hefur einkum lotið að gildissviði laga og reglna um opinber innkaup, útboð og útboðsferli, eftirlit og réttarúrræði bjóðenda, samskipti kaupenda og bjóðenda og þróun opinberra innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu.

Hér er um mjög stóran lagabálk að ræða með ýmsum nýmælum og umsagnaraðilar eins og sveitarfélögin hafa gagnrýnt að ekkert samráð hafi verið haft við þau og að þeim hafi ekki gefist nægjanlegur tími til umsagna um málið eða að fjalla um það í sveitarstjórnum. Efnislega gera sveitarfélögin líka alvarlegan ágreining um nokkra þætti frumvarpsins. Ekkert hefur heldur komið fram hjá meiri hlutanum um nauðsyn þess að afgreiða málið, nema að metnaður ráðherrans standi til þess.

Minni hlutinn gerir einkum ágreining um eftirtalda efnisþætti frumvarpsins:

1. Gildissvið laganna fellur ekki nema að hluta undir sveitarfélögin. Reykjavíkurborg hefur m.a. gagnrýnt gildissviðið og segir óeðlilegt að sveitarfélögin, sem með sama hætti og ríkið fari með skattfé borgaranna við opinberar framkvæmdir og innkaup á sínum vegum, séu undanþegin reglum um opinber innkaup. Samkvæmt núgildandi lögum eru sveitarfélögin einungis háð tilskipunum EES hvað varðar útboðsskyldu. Annar þáttur frumvarpsins fjallar um opinber innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins, en skv. 10. gr. frumvarpsins taka ákvæði þessa þáttar ekki til innkaupa sveitarfélaga eða stofnana þeirra. Þessi þáttur fjallar um fyrirkomulag opinberra innkaupa, útboðsgögn, hæfi bjóðenda, framkvæmd útboða og val tilboðs. Fram kemur í umsögn Reykjavíkurborgar að skv. 57. gr. skal fara eftir reglum annars þáttar frumvarpsins við opinber innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum, ef ekki leiðir annað af ákvæðum frumvarpsins. Telja þeir því ekki rétt að sveitarfélögin séu undanþegin ákvæðum annars þáttar frumvarpsins, en hann gildi um öll opinber innkaup sveitarfélaga sem bjóða þarf út á Evrópska efnahagssvæðinu. Einungis séu það viðmiðunarfjárhæðir sem sveitarfélögin séu undanþegin en ekki annar þáttur frumvarpsins í heild sinni. Minni hlutinn telur að þennan ágreining þurfi að leysa áður en frumvarpið verður að lögum, en fjármálaráðuneytið hefur einungis lýst yfir vilja sínum til að kanna síðar á árinu áhrif breytinga á gildissvið laganna gagnvart sveitarfélögunum. Ótækt er að Alþingi afgreiði frá sér málið með mismunandi mati opinberra aðila eins og ríkis og sveitarfélaga á gildissviði laganna, sem leitt getur til réttaróvissu.
2. Sveitarfélögin hafa einnig gagnrýnt mjög skipan kærunefndar útboðsmála. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga leggst eindregið gegn lögfestingu á kærunefnd útboðsmála og segir afar óeðlilegt að kærunefnd skipuð af fjármálaráðherra úrskurði um stjórnsýslu sveitarfélaga vegna innkaupa þeirra. Minni hlutinn tekur undir þetta sjónarmið og telur að á það þurfi að reyna milli ríkis og sveitarfélaga að jafna þennan ágreining um skipan kærunefndar og finna lausn sem báðir aðilar geti sætt sig við.
3. Sveitarfélögin gagnrýna ýmis önnur atriði, eins og 81. gr. um heimild kærunefndar til

að úrskurða um dagsektir, sem og að kærunefnd geti úrskurðað um greiðslu málskostnaðar; einnig 43. gr. sem sé of ósveigjanleg og þurfi að breyta í samræmi við þá framkvæmd sem viðhöfð hefur verið um frestun opnunar tilboða.

4. Ríkisendurskoðun gerir einnig veigamiklar athugasemdir við frumvarpið. Í umsögn stofnunarinnar kemur fram að á undanförnum missirum hafi hún kannað verklag við framkvæmd tiltekinna opinberra framkvæmda, m.a. hvort ákvæðum laga nr. 63/1970 hafi verið fylgt. Niðurstaðan varð sú að verulega skorti á að fylgt hefði verið ákvæðum laganna um opinberar framkvæmdir á öllum stigum verkferilsins. Bendir Ríkisendurskoðun í umsögn sinni á marga veikleika í því sambandi og segir m.a. að starf samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir tryggi ekki að fullnægjandi hönnun, kostnaðaráætlun eða nægjanleg fjárveiting sé til staðar áður en framkvæmdir hefjast, jafnframt að mikið skorti á samhæfingu og samráð á framkvæmdatíma. Eftirlit virki í raun ekki þar sem reglur séu ekki til um hvernig taka beri á tilteknum atriðum sem upp kunna að koma á framkvæmdatíma. Umfang framkvæmda virðist ekki takmarkast við fjárveitingar sem veittar eru til þeirra á fjárlagaárinu. Loks er bent á að ábyrgð hvers aðila sem að framkvæmdum kemur sé óljós. Það er niðurstaða Ríkisendurskoðunar að ekki verði séð að frumvarpið feli í sér þær breytingar frá núgildandi lögum sem tryggt gætu betri framkvæmd þessara mála. Ríkisendurskoðun veltir upp í umsögn sinni nýjum hugmyndum sem fela í sér grundvallarbreytingu á skipan þessara mála, m.a. um verkaskiptingu milli ráðuneytisins og Framkvæmdasýslu ríkisins. Sú leið felur m.a. í sér að ekki væri þörf á samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir. Enginn tími vannst til að kanna þessar hugmyndir Ríkisendurskoðunar vegna þess hraða sem var hjá meiri hlutanum við að knýja málið í gegn, sem er til vansa fyrir löggjafarþingið. Minni hlutinn leggur ekki mat á þessar hugmyndir Ríkisendurskoðunar, enda gafst ekki tími til að kanna þær sem skyldi, en gagnrýnir hins vegar harðlega vinnubrögð meiri hlutans í þessu máli. Í því sambandi má benda á að fram hefur komið hjá fjármálaráðuneytinu að á vegum þess sé starfandi nefnd sem fara á yfir stjórn og skipulag opinberra framkvæmda og er gert ráð fyrir að nefndin ljúki störfum innan fárra mánaða. Meðal þess sem nefndin vinnur að er nánari skilgreining verkferla, verkaskiptingar, boðleiða og ábyrgðar ásamt því að skoða hvernig almennt megi styrkja innviði laganna. Hlutverk hennar er að skilgreina verklag við opinberar framkvæmdir og í framhaldi af því á að vinna að samræmingu milli stærstu verkkaupa af hálfu ríkisins þannig að þessi þáttur opinberra framkvæmda verði skýr og afmarkaður. Eðlilegt hefði verið að niðurstaða þessarar nefndar lægi fyrir áður en frumvarp þetta er lögfest, enda gæfi hún líka færi á að meta betur þær hugmyndir sem Ríkisendurskoðun leggur fram í málinu.
5. Í umfjöllun efnahags- og viðskiptanefndar kom einnig fram að gildissvið frumvarpsins er mjög óljóst gagnvart sjálfseignarstofnunum sem starfa í sjálfstæðu rekstrarumhverfi þrátt fyrir að starfsemi þeirra sé að mestu leyti fjármögnuð af opinberum aðilum hvort sem er með þjónustusamningum eða föstum framlögum. Fram kom hjá fulltrúum fjármálaráðuneytisins að meginreglan væri að líta til þess hvernig tengsl fyrirtæki eða stofnun hafi við opinbera aðila og meta hvort lögin nái til þeirra. Þrátt fyrir að sjálfseignarstofnun falli undir gildissvið frumvarpsins getur hún einnig fallið undir undanþáguákvæði ef starfsemin er á sviði viðskipta eða iðnaðar eða verði jafnað til starfsemi einkaaðila að öðru leyti. Fulltrúar fjármálaráðuneytisins telja að þetta þurfi að meta hverju sinni og leiki vafi á sé hægt að leita til ráðuneytisins með álitamál. Minni hlutinn telur ófært að ganga frá lagasetningu með svo matskenndu ákvæði, sem er enn eitt atriði sem leitt getur til réttaróvissu, verði frumvarpið keyrt í gegn án viðhlítandi skoðunar.

6. Í umsögn Þjóðhagsstofnunar kemur fram að á síðustu árum hafi það svið sem verk eru boðin út á farið stækkandi og Þjóðhagsstofnun telur að framhald verði á þeirri þróun. Nefnir stofnunin sérstaklega til þjónustu á sviði menntamála, umönnunar og ýmissar ráðgjafar. Orðrétt segir í umsögn Þjóðhagsstofnunar: „Afmarkaðir þættir slíkrar þjónustu geta fallið vel að útboðsfyrirkomulagi, ef fyrir liggur pólitísk stefnumörkun í þá veru og mótað hefur verið eðlilegt starfsumhverfi.“ Þetta er eitt þeirra atriða sem minni hlutinn telur að þurfi að ræða og kanna mun betur og hvort einhver stefnubreyting sé á ferðinni sem opni fyrir einkavæðingu í velferðarkerfinu.

Af framansögðu er ljóst að málið er allt vanbúið til afgreiðslu í þinginu og hefði þarfnast miklu betri skoðunar í nefndinni í sumar, en minni hlutinn hefur lýst vilja sínum til slíkrar málsmeðferðar og að málið verði tekið fyrir strax á haustþingi. Í ljósi þess að meiri hlutinn hefur hafnað þessum eðlilegu vinnubrögðum leggur minni hlutinn til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 15. maí 2001.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm. Margrét Frímannsdóttir. Ögmundur Jónasson.

1387. Breytingartillaga [589. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 93/1997, um Suðurlandsskóga.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur og Guðmundi Árna Stefánssyni.

Við bætist ný grein, er verði 2. gr., svohljóðandi:

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra getur, í samráði við skógræktarstjóra, falið stjórn Suðurlandsskóga umsjón skógræktarverkefna þar sem einstaklingum, sveitarfélögum og félagasamtökum er veittur stuðningur til skógræktar.

1388. Breytingartillaga [521. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, með síðari breytingum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Margréti Frímannsdóttur.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Við lögin bætast tvö ákvæði til bráðabirgða:

a. (I.)

Við sölu á hlutafé ríkissjóðs skv. 2. mgr. 6. gr. og hagræðingu sem henni fylgir innan Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. skal ráðherra beita sér fyrir því að

eðlileg velta starfsmanna verði höfð í fyrirrúmi. Ráðherra skal jafnframt beita sér fyrir því að samið verði við starfsfólk um möguleika á starfsþjálfun og endurmenntun til að auðvelda aðlögun að nýrri tækniþróun og breytingum í bankakerfinu.

b. (II.)

Áður en sala á hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. skv. 2. mgr. 6. gr. er hafin skal leita álits og samþykkis Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnunar á því að aðstæður á fjármálamarkaði séu með þeim hætti að hyggilegt sé að ráðast í söluna.

1389. Frumvarp til laga [742. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við sölu hlutabréfa í sparisjóði, sem breytt hefur verið í hlutafélag samkvæmt ákvæðum laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, skal skattskyldur söluhagnaður þeirra bréfa sem stofnfjáreigandi fékk í skiptum fyrir stofnbréf sín vera söluverð bréfanna að frádregnu kaupverði þeirra. Kaupverð hlutabréfa í eigu stofnfjáreigenda skal ákveðið sem stofnfé sjóðsins endurmetið til ársloka 1996, skv. 23. gr. laga nr. 113/1996, að viðbættu innborguðu stofnfé frá þeim tíma þar til sparisjóðnum var breytt í hlutafélag. Kaupverð hlutabréfa sem rekstraraðili hefur fengið afhent sem stofnfjáreigandi skal þó ákvarðað sem kaupverð samkvæmt framangreindu þegar það hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr. þessara laga, frá árslokum 1996 til söluárs, enda hafi hlutabréfin verið eignfærð í atvinnurekstrinum. Kaupverð hlutabréfa í sparisjóði sem sjálfseignarstofnun hefur eignast samkvæmt ákvæðum laga nr. 113/1996 ákvarðast sem raunvirði hreinnar eignar sparisjóðsins í árslok 1996 að frádregnu kaupverði hlutabréfa í eigu stofnfjáreigenda, sbr. framangreint. Raunvirði hreinnar eignar skal ákveðið samkvæmt þeim reglum sem gilda um ákvörðun á jöfnunarverðmæti hlutabréfa, sbr. 3. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af efnahags- og viðskiptanefnd í tengslum við frumvarp viðskiptaráðherra um viðskiptabanka og sparisjóði, en samkvæmt því verður heimilt að breyta sparisjóðum í hlutafélög. Við meðferð nefndarinnar á því frumvarpi kom í ljós að jafnframt væri nauðsynlegt að breyta lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, til þess að skýrt yrði hvernig stofnverð hlutabréfa í sparisjóði yrði ákveðið.

Samkvæmt frumvarpinu verður stofnverð hlutabréfa í sparisjóði ákveðið með hliðstæðum hætti og nú gildir um hlutabréf almennt. Stofnverð í hendi stofnfjáreigenda, einstaklinga sem lögaðila, eru framreiknuð framlög til ársloka 1996 en eftir það kaupverð framlaga. Stofnverð bréfa í eigu sjálfseignarstofnunar er ákveðið sem mismunur á raunvirði hreinnar eignar í árs-

lok 1996 og kaupverði hlutabréfa í eigu stofnfjáreigenda eins og það hefur verið ákveðið samkvæmt greininni. Kaupverð allra hlutabréfa í sparisjóðnum jafngildir því raunvirði hreinnar eignar hans, en raunvirði hreinnar eignar er það hámark sem útgáfa skattfrjálsra jöfnunarhlutabréfa miðaðist við og hámark jöfnunarverðmætis hlutabréfa í árslok 1996. Við sölu einstaklings á hlutabréfi í sparisjóði sem hann fékk afhent sem stofnfjárfestir verður skattskyldur söluhagnaður mismunurinn á söluverðinu og kaupverðinu eins og það er ákveðið í greininni, þ.e. með framreikningi til ársloka 1996. Við sölu sjálfseignarstofnunar, sem ekki er tekjuskattsskyld að öðru leyti en fjármagnstekjuskatt varðar, á hlutabréfi verður söluhagnaðurinn reiknaður með sama hætti, þ.e. sem mismunur á söluverði og kaupverði eins og það er ákveðið miðað við árslok 1996. Söluhagnaður annarra rekstraraðila sem verið hafa stofnfjáreigendur ákveðst með sama hætti að öðru leyti en því að kaupverðið eins og það er ákveðið tekur verðlagsbreytingum eftir 1996. Hjá þeim er skattskyldur söluhagnaður lægri en hjá einstaklingum og sjálfseignarstofnuninni sem nemur verðlagsbreytingum.

1390. Breytingartillögur [624. mál]

við frv. til l. um atvinnuréttindi útlendinga.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Við 3. gr. Í stað orðanna „*Óbundið atvinnuleyfi*“ í 4. tölul. og í stað sömu orða hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi (í viðeigandi tölu og beygingarföllum): *Ótímabundið atvinnuleyfi.*
2. Við 8. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Tímabundið atvinnuleyfi skal að jafnaði liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta skipti til starfa á Íslandi. Frá þessu má víkja ef sanngirnisástæður eða mannúðarsjónarmið mæla með.
3. Við 11. gr.
   a. C-liður falli brott.
   b. 3. mgr. orðist svo:
      Víkja má frá skilyrðum 1. mgr. ef um er að ræða útlending sem verið hefur í námi hér á landi að lágmarki í þrjú ár og lokið því.

1391. Nefndarálit [597. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta umhverfisnefndar.

Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að málið er á margan hátt illa undirbúið. Nefndinni gafst ekki heldur nægur tími til að vinna að málinu. Stefnumörkunin sem í frumvarpinu felst virðist helst vera sú að koma rekstri náttúrustofanna yfir á sveitarfélögin.

Yfirsýn yfir hvaða hlutverki stofurnar eigi að þjóna verður ekki lesin út úr frumvarpinu. Það er mat 1. minni hluta að löggjafinn sé þar með að bregðast þeirri skyldu sinni að móta heildarstefnu í þessum málum. Hluti þeirrar stefnu er óhjákvæmilega að setja markmið fyrir náttúrustofurnar og ákvarða hvaða hlutverki þær eiga að gegna á sviði náttúruvísinda, einnig móta í samvinnu við sveitarfélögin hvaða hlutverk stofunum er ætlað í viðkomandi byggðarlagi.

Upphaflega var með lagasetningu gert ráð fyrir því að stofurnar gætu þróast og unnið sig upp í að verða að setrum Náttúrufræðistofnunar Íslands og að þannig fækkaði náttúrustofunum aftur. Í þeirri framtíðarsýn var gert ráð fyrir að starfsemi náttúrustofa yrði fyrst og fremst í þeim landshlutum þar sem ekki væru setur Náttúrufræðistofnunar. Með frumvarpinu er þessum hugmyndum kastað án þess að skýr stefnumörkun sé sett fram í staðinn. Þessi kúvending í málinu er ekki á nokkurn hátt rökstudd.

Við umfjöllun í nefndinni kom fram að skoðanir eru skiptar um hvaða verkefnum einstakar náttúrustofur skuli einkum sinna og því ekki ljóst hvort þeim muni ætlað að sinna rannsóknum, og hefðu þá aðaltengingu við Náttúrufræðistofnun, eða stjórnsýslulegu eftirliti, og hefðu þá aðaltengingu við Náttúruvernd ríkisins. Ætli stofurnar sér bæði hlutverkin skapast hætta á hagsmunaárekstrum og vanhæfi þar sem ekki yrði gerður skýr greinarmunur á rannsóknarhlutverki þeirra annars vegar og eftirlitshlutverki hins vegar. Þessi galli einn og sér er nægur til að ráðherra ætti að skoða málið betur og marka starfseminni stefnu, í samráði við sveitarfélögin sem eiga að reka þessa starfsemi, áður en málinu er ráðið til lykta.

Umsagnaraðilar fengu of skamman tíma til að fjalla um málið. Fjölmargar athugasemdir og aðfinnslur komu þó fram. Allir fulltrúar stjórna og starfsmenn náttúrustofanna virtust telja að gefa ætti lengri tíma til stefnumörkunar fyrir þessa mikilvægu starfsemi og að ekki væri tímabært nú að vísa allri rekstrarábyrgð náttúrustofanna heim í hérað.

Stjórnendur náttúrustofanna töldu að það mundi skaða starfsemina að raska þeim starfsvæðum sem heðir hefðu skapast um á umliðnum árum. Sveitarfélögin sem standa að rekstri stofanna hefðu lagt í uppbyggingu sem miðuðust við þau. Því væri óviðunandi að forsendum fyrir starfseminni yrði breytt með þeim hætti sem hér er stefnt að. Stjórnendur stofanna bentu þess vegna á að betra væri að fjölga starfsstöðvum þeirra náttúrustofa sem fyrir eru en að fjölga náttúrustofum um tvær eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Þá gagnrýndu þeir að ekki væri skýrt hver ætti að borga fyrir vinnu stofanna fyrir náttúruverndarnefndir og að ekki væri ljóst hvort þær fengju aukið fjármagn með nýjum skyldum.

Fram komu alvarlegar áhyggjur forsvarsmanna einstakra stofa af því að erfiðleikum yrði bundið að fá styrki frá erlendum aðilum ef sveitarfélögin en ekki ríkið væru bakhjarl stofanna.

Þá segir Náttúrufræðistofnun á einum stað í umsögn sinni „vandséð hvernig tryggja skuli að stofurnar geti sinnt hlutverki sínu skv. 4. gr. frumvarpsins," en í greininni eru helstu hlutverk þeirra tilgreind. Gjaldtökuheimildir eru óljósar og ekki er skýrt kveðið á um samstarf stofanna og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Fulltrúar sveitarfélaga gerðu athugasemdir við að framlag þeirra ætti að binda við ákveðna hlutfallstölu. Meiri hlutinn gerir tillögu um að hlutdeild sveitarfélaganna verði lækkuð úr þeim 30% sem frumvarpið gerir ráð fyrir niður í 20%. Þessi breyting þrengir auðvitað þann ramma sem í raun var fjallað um við meðferð málsins og setur spurningarmerki við það hversu mikil ábyrgð sveitarfélaganna á rekstrinum verður í raun ef rekstrarframlagið verður ekki meira en þetta.

Þá er sveitarfélögunum ætlað að bera allan stofnkostnað vegna stofanna, en þau báru hann að hálfu áður. Stofurnar eru mjög misjafnlega settar. Sumar eru nýjar og eftir er að kaupa öll

tæki og leggja í annan stofnkostnað en aðrar hafa nú þegar góðan tækjakost. Þetta er því ekki sanngjarnt gagnvart þeim sveitarfélögum sem í hlut eiga.

Í þessu áliti er bent á fjölmörg atriði sem þurfa nánari skoðun. 1. minni hluti telur allt of marga annmarka hafa komið fram við meðferð málsins, það þurfi að vinna miklu betur og leggur til að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 16. maí 2001.

Jóhann Ársælsson, frsm.

Rannveig Guðmundsdóttir.

1392. Nefndarálit [597. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta umhverfisnefndar.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrufræðistofur sem gera ráð fyrir að stjórnunarleg ábyrgð náttúrustofa verði flutt frá ríki yfir til sveitarfélaga. Við umfjöllun nefndarinnar komu fjölmargar athugasemdir fram sem gefa ótvírætt til kynna að málið sé vanreifað og illa undirbyggt. Þannig kemur það glögglega í ljós í umsögnum frá stofunum sjálfum að miklar efasemdir ríkja um þær breytingar sem hér eru lagðar til.

Það er mat 2. minni hluta að löggjafinn þurfi fyrst að gera upp við sig hvert markmiðið með náttúrustofunum eigi að vera, hvaða hlutverki þeim sé ætlað að gegna í neti þeirra stofnana sem stunda rannsóknir á sviði náttúruvísinda og hvaða hlutverki þeim sé ætlað að gegna í einstökum byggðarlögum. Þá telur 2. minni hluti að frumvarpið gangi gegn þeim tilgangi sem stofunum var upphaflega ætlað að uppfylla því þegar ákvæði um stofurnar komu upphaflega inn í lög var gert ráð fyrir að náttúrustofa gæti með tímanum unnið sig upp í það að verða setur Náttúrufræðistofnunar Íslands og þegar setrunum fjölgaði fækkaði náttúrustofunum. Hugsunin var sú að stofurnar ættu fyrst og fremst heima í þeim landshlutum þar sem ekki væru setur. Með því frumvarpi sem hér liggur fyrir er þessari hugmynd á glæ kastað án þess að rökstuðningur liggi fyrir.

Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins er aukið við hlutverk stofanna og er það fagnaðarefni út af fyrir sig, en um leið er nauðsynlegt að láta í ljós efasemdir um að þau verkefni sem tíunduð eru í 4. gr. endi á borði stofanna þar sem stjórnvöld hafa ekki sinnt því hingað til að verkefni sem samkvæmt núgildandi lögum eiga að vera á verksviði stofanna fái það fjármagn sem þau verkefni útheimta. 2. minni hluti nefndarinnar bendir á í þessu sambandi að sárlega skortir hin faglegu rök fyrir þeirri breytingu sem 4. gr. felur í sér og afar óljóst er hvernig tengslum stofanna við Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruvernd ríkisins verður háttað. Það er mat 2. minni hluta að skilgreina þurfi verksvið stofanna og marka þeim sess, en það verður ekki gert með þeim breytingum sem hér eru lagðar til. Samkvæmt þessum tillögum er orðið enn óljósara en nú er hvort stofunum sé ætlað pláss í rannsóknum eða í vöktun og eftirliti. Mikilvægt er að átta sig á því að stofa sem tekur að sér verkefni fyrir framkvæmdar-

aðila er snerta rannsóknir vegna mats á umhverfisáhrifum getur ekki líka verið ráðgjafaraðili sveitarstjórna eða almennings vegna mats á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar. Það er því ljóst að stofurnar verða mjög fljótt vanhæfar til að sinna verkefnum sínum þar sem ekki er gerður greinarmunur á rannsóknarhlutverki þeirra annars vegar og umsagnar- og eftirlitshlutverki þeirra hins vegar.

Það vegur þungt að mati 2. minni hluta að stjórnendur stofanna, sem komu að máli við nefndina, voru sammála um að breyting þessi væri hvorki aðkallandi né tímabær, núverandi fyrirkomulag á stjórnun hefði gefist vel enda hafi það gert stofunum kleift að standa utan við pólitískar væringar sveitarstjórnarmála. Þá kom einnig fram í máli þeirra að þeir telja nauðsynlegt að stofurnar öðlist meiri reynslu áður en næstu skref eru tekin varðandi stöðu þeirra. Bent var á að skynsamlegra væri að efla þær stofur sem þegar eru starfandi og láta á það reyna að fjölga frekar starfsstöðvum stofanna en að fjölga náttúrustofunum sjálfum um tvær eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Þá er það mat forstöðumanna stofanna og stjórna þeirra að nauðsynlegt sé að skilgreina nákvæmlega þá landshluta sem stofurnar eigi að starfa í og það talið tefja og skaða uppbyggingu stofanna að búa til óvissu um hvaða landshluta stofa starfar í eða breyta þeirri landshlutaskiptingu sem nú er komin hefð á. Bent er á að þau sveitarfélög sem standa að starfandi náttúrustofum hafi ráðist í uppbyggingu miðað við ákveðin svæði og óviðunandi sé að breyta þeim forsendum nú án rökstuðnings.

Varðandi fjármögnun verkefna skal á það bent að ekkert kemur fram í frumvarpinu eða greinargerð með því hvaða aðila sé ætlað að standa straum af kostnaði við grunnupplýsingaöflun og gagnasöfnun um náttúru viðkomandi landshluta. Þá er afar óskýrt hverjum beri að standa straum af kostnaði stofanna við vinnu fyrir náttúruverndarnefndir. Það er mat 2. minni hluta að hér sé þannig að verki staðið að segja megi að ábyrgðin sé hvergi, hvorki á ríkisvaldinu né hjá sveitarfélögunum. Það verður að teljast ábyrgðarhluti, sérstaklega í ljósi aukinna skuldbindinga stjórnvalda í umhverfismálum, t.d. samkvæmt Ríó-yfirlýsingunni um umhverfi og þróun og samningnum um líffræðilega fjölbreytni. Í þessu sambandi má geta þess að það var fullyrt af forstjóra Náttúrustofu Suðurlands að stofurnar hefðu minna vægi sem rannsóknarstofnanir við það að stjórnunarábyrgð flyttist frá ríki til sveitarfélaga og þannig gæti það orðið erfiðleikum bundið fyrir stofurnar að fá styrki frá erlendum aðilum sem dæmi eru um að hafi reynst stofunum mikil lyftistöng í rannsóknarstarfi.

Náttúrufræðistofnun Íslands gagnrýnir 1. gr. frumvarpsins og telur vafasamt að orða ákvæðið um gjaldtökuna jafnþröngt og gert er í frumvarpinu. Stofnunin gagnrýnir einnig að það lögbundna samráð sem nú er til staðar (skv. 9. gr. gildandi laga) skuli lagt af og í þess stað settur inn ákaflega óljós texti um mögulega samvinnu þessara aðila.

Með vísan til þess er að framan greinir leggur 2. minni hluti til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Annar minni hluti efast um að frumvarp þetta verði til þess að efla náttúrustofurnar og telur skorta hin faglegu rök fyrir þeim breytingum sem það felur í sér. Það mætir mikilli andstöðu forsvarsmanna náttúrustofanna, auk þess sem veigamiklar athugasemdir hafa komið fram frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruvernd ríkisins. Með vísan til þessa samþykkir Alþingi að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 15. maí 2001.

Kolbrún Halldórsdóttir.

1393. Svar [604. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um vanskil einstaklinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver voru heildarvanskil einstaklinga hjá viðskiptabönkum, Íbúðalánasjóði og lífeyrissjóðum 1999, 2000 og á fyrsta ársfjórðungi 2001, annars vegar í fjárhæðum og hins vegar sem hlutfall af heildarútlánum? Óskað er eftir að fram komi sérstaklega breytingar milli ára á heildarfjárhæðum og heildarútlánum, auk fjölda þeirra sem lentu í vanskilum.*
2. *Hver voru heildarvanskil einstaklinga hjá tryggingafélögum og eignarleigum 1999, 2000 og á fyrsta ársfjórðungi 2001? Óskað er sundurliðunar eftir bílalánum og öðrum lánum og að fram komi heildarfjárhæðir vanskila, hlutfall þeirra af heildarútlánum og fjöldi þeirra sem lentu í vanskilum.*
3. *Hver var heildarvanskilakostnaður og dráttarvextir, annars vegar skv. 1. lið og hins vegar skv. 2. lið?*

Ráðherra óskaði eftir upplýsingum frá Íbúðalánasjóði, viðskiptabönkum, eignarleigum og stærstu lífeyrissjóðum og vátryggingafélögum til að svara fyrirspurninni. Upplýsingar bárust frá rúmlega helmingi fjármálafyrirtækjanna. Þess ber að geta að þar sem spurt er um einkamálefni en ekki opinbert málefni er hlutaðeigandi ekki skylt að veita umbeðnar upplýsingar, sbr. 54. gr. stjórnarskrárinnar. Ráðherra getur því einungis óskað eftir að fjármálafyrirtæki, önnur en Íbúðalánasjóður, svari fyrirspurninni en ekki krafist þess.

Fjármálaeftirlitið veitti ráðuneytinu einnig helstu upplýsingar sem tiltækar eru um vanskil innlánsstofnana.

Íbúðalánasjóður.

Eftirfarandi upplýsingar bárust frá Íbúðalánasjóði. Tölur eru í millj. kr.

Dags.	Fjöldi einstaklinga	Vanskil alls	Þar af kostnaður	Þar af dráttarvextir	Heildar-útlán	Vanskil % af útlánum
1. okt. 1999	2.833	485,3	39,7	125,9	234.371	0,21
1. okt. 2000	2.889	440,7	37,7	121,5	263.032	0,17
1. jan. 2001	2.912	490,9	42,9	107,8	256.520	0,19

Greiddur kostnaður samtals á árunum 1999 og 2000 og fyrstu þremur mánuðum ársins 2001 er eins og kemur fram í töflunni. Tölur eru í millj. kr.

Ár	Kostnaður	Dráttarvextir
1999	136,6	56,4
2000	133,1	50,4
2001	34,1	12,3

Viðskiptabankar.

Svar barst frá einum viðskiptabanka. Hlutfall vanskila af heildarútlánum var 1,6% í árslok 1999, 0,85% í árslok 2000 og 1,1% hinn 31. mars 2001.

Lífeyrissjóðir.
Svör bárust frá fjórum lífeyrissjóðum. Tölur eru í millj. kr.

Dags.	Fjöldi einstaklinga	Vanskil alls	Þar af dráttarvextir	Heildarútlán	Vanskil af útlánum %
31. des. 1999	2.106	105,6	9,1	14.169	0,7
31. des. 2000	2.339	129,3	12,8	18.155	0,7
31. mars 2001	2.819	144,8	13,7	19.480	0,7

Hjá þremur lífeyrissjóðum af fjórum er miðað við fjölda lána í vanskilum en ekki fjölda einstaklinga. Hjá sömu lífeyrissjóðum eru vanskilin miðuð við gjalddaga en ekki eindaga, sem er 14 dögum síðar.

Vátryggingafélög.
Svar barst frá einu vátryggingafélagi. Vanskil bílalána hjá því voru 0,45% af heild í árslok 1999, 0,65% af heild í árslok 2000 og 0,69% af heild þann 31. mars 2001.

Eignarleigur.
Svör bárust frá þremur eignarleigum. Vanskil einstaklinga vegna bílalána og annarra lána námu um 2% af heildarskuldbindingum í árslok 1999, í árslok 2000 og 31. mars 2001.

Upplýsingar frá Fjármálaeftirliti.
Til skamms tíma hefur Fjármálaeftirlitið ekki safnað reglubundið upplýsingum frá öllum lánastofnunum miðað við sama tímapunkt. Fjármálaeftirlitið hefur hins vegar fylgst óreglubundið með þessum þætti hjá einstökum lánastofnunum í tengslum við athuganir á þeim sömu stofnunum. Sú mynd sem Fjármálaeftirlitið hefur af þróun vanskila gefur til kynna að vanskilahlutföll af lánum til heimila hafi hækkað lítillega á síðustu missirum fram til ársloka 2000 eftir að hafa farið stöðugt lækkandi undanfarin ár. Vanskilahlutföll á lánum til fyrirtækja virðast hins vegar ekki hafa hækkað á sama tímabili. Fjármálaeftirlitið hóf nýlega að safna reglubundið upplýsingum um vanskil á lánum til fyrirtækja og heimila. Eftirfarandi yfirlit er byggt á þessari upplýsingasöfnun og sýnir vanskil í árslok 2000 og lok mars 2001 hjá úrtaki innlánsstofnana sem nær yfir 73% af heildarútlánum innlánsstofnana.

Vanskil hjá níu innlánsstofnunum (73% af heild).

	31.12.2000 millj. kr.	31.12.2000 % af útlánum	31.3.2001 millj. kr.	31.3.2001 % af útlánum
Fyrirtæki				
Útlán	323.566		336.838	
Öll vanskil	9.096	2,8	9.769	2,9
Vanskil > 1 mán.	4.690	1,4	3.962	1,2
Einstaklingar				
Útlán	126.502		134.118	
Öll vanskil	6.256	4,9	7.628	5,7
Vanskil > 1 mán.	2.934	2,3	3.875	2,9
Samtals				
Útlán	450.068		470.956	
Öll vanskil	15.351	3,4	17.397	3,7
Vanskil > 1 mán.	7.624	1,7	7.837	1,7

1394. Skýrsla [743. mál]

félagsmálaráðherra, Páls Péturssonar, til Alþingis um þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) sem haldið var á árinu 2000.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO), sem er sérstök stofnun á vegum Sameinuðu þjóðanna, var sett á stofn árið 1919. Ísland gerðist aðili að stofnuninni árið 1945. Þau ákvæði sem lágu til grundvallar stofnuninni er að finna í friðarsamningunum sem voru undirritaðir í Versölum 28. júní 1918. Er þar kveðið á um að komið skuli á fót sérstakri stofnun sem hafi það hlutverk að reyna að ráða bót á þeim félagslegu vandamálum sem öll ríki eigi við að stríða og verði aðeins unnið á með sameiginlegu félagslegu átaki þjóðanna.

Starf ILO beinist einkum að grundvallarréttindum í atvinnulífinu, atvinnu, félagslegri vernd og samráði aðila vinnumarkaðarins. Á vettvangi ILO hafa verið sett alþjóðleg viðmið um grundvallarréttindi við vinnu sem birtast í fjölmörgum samþykktum og tilmælum stofnunarinnar um félagafrelsi, réttinn til að gera kjarasamninga, afnám nauðungarvinnu, takmörkun barnavinnu, jafnrétti til vinnu og fjölmörg önnur réttindamál tengd vinnu.

Sérstaða ILO byggist mjög á hinu þríhliða samstarfi innan stofnunarinnar sem felur í sér að fulltrúar launafólks og atvinnurekenda taka þátt í umræðum og ákvörðunum stofnunarinnar ásamt fulltrúum ríkisstjórna. Starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar byggist sér í lagi á Alþjóðavinnumálaþinginu, stjórnarnefnd ILO og alþjóðavinnumálaskrifstofunni.

Alþjóðavinnumálaþingið kemur saman í Genf í júní ár hvert. Sendinefndir aðildarríkja ILO á þinginu eru skipaðar tveimur ríkisstjórnarfulltrúum, fulltrúa atvinnurekenda og fulltrúa launafólks auk sérfræðinga. Venjulega eru vinnumálaráðherrar aðildarríkjanna í forsvari fyrir sendinefndunum. Á Alþjóðavinnumálaþinginu er fjallað um réttindi tengd vinnu og alþjóðleg viðmið um það efni samþykkt. Á þinginu er jafnframt samþykkt fjárhagsáætlun stofnunarinnar og stjórnarnefnd hennar kosin.

Stjórnarnefnd ILO er framkvæmdastjórn stofnunarinnar og kemur saman þrisvar á ári í Genf. Þar eru teknar ákvarðanir um stefnu ILO og jafnframt samþykkt framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun sem eru lagðar fyrir Alþjóðavinnumálaþingið til umfjöllunar og afgreiðslu. Kosningar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar fara þar einnig fram. Samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eiga 56 fulltrúar sæti í stjórnarnefnd hennar. Þar af eru 28 ríkisstjórnarfulltrúar, fjórtán fulltrúar launafólks og fjórtán fulltrúar atvinnurekenda. Tíu ríkisstjórnarfulltrúanna eru tilnefndir af ríkisstjórnum iðnríkja en hinir átján eru kosnir af fulltrúum ríkisstjórna á Alþjóðavinnumálaþinginu.

Alþjóðavinnumálaskrifstofan starfar undir eftirliti stjórnarnefndarinnar og undir yfirstjórn forstjóra skrifstofunnar sem er kosinn til fimm ára í senn. Á vegum skrifstofunnar starfa um 1.900 starfsmenn frá yfir 110 þjóðum í höfuðstöðvunum í Genf og á um 40 skrifstofum sem settar hafa verið upp víða um heim vegna sérstakra verkefna. Því til viðbótar starfa fjölmargir sérfræðingar í sendinefndum ILO við tækni- og þróunaraðstoð.

1. INNGANGUR

Alþjóðavinnumálaþingið er meðal umfangsmeiri alþjóðaþinga sem haldin eru. Er þingstörfum þar haldið fram samtímis á allsherjarþingi og í fjölmörgum þingnefndum.

Á 88. Alþjóðavinnumálaþinginu var m.a. fjallað um skýrslu forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar þar sem gerð er grein fyrir starfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á árunum

1998–99. Þá var fjallað um skýrslu um framkvæmd grundvallarréttinda ILO um félagafrelsi og um réttinn til að gera kjarasamninga, sbr. samþykktir nr. 87 frá 1948 og 98 frá 1949. Í skýrslunni er m.a. farið yfir framkvæmd ríkja á samþykktunum og leitast við að gefa heildstæða mynd af stöðu þessara grundvallarréttinda um heim allan

Á þinginu var afgreidd ný samþykkt, nr. 183, um mæðravernd. Koma þar fram margvíslegar breytingar varðandi réttindi kvenna í tengslum við þungun og fæðingu frá eldri samþykkt ILO um sama efni, nr. 103 frá 1952. Þá fór fram fyrsta umræða um nýja samþykkt um öryggi og hollustuhætti í landbúnaði. Umræðurnar voru undanfari frekari umfjöllunar og ráðgerðrar afgreiðslu nýrrar samþykktar um efnið á 89. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2001.

Umræða um starfsfræðslu og starfsþjálfun fór fram á þinginu og fjallað var sérstaklega um tillögur til þingsályktana. Samþykkt var tillaga um alnæmi og atvinnu þar sem ríkisstjórnir og samtök atvinnurekenda og launafólks eru hvött til að láta til sín taka varðandi þennan heimsfaraldur.

Ein fjölmennasta nefnd þingsins var að venju nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna. Ýmsum viðurlögum er beitt í þeirri nefnd til að freista þess að fá aðildarríkin til að sjá að sér og bæta framkvæmd á ákvæðum samþykkta ILO sem þau hafa brotið. Hörðustu viðurlögin felast í því að aðildarríkis er getið í sérstökum hluta skýrslu nefndarinnar til allsherjarþings vinnumálaþingsins. Að þessu sinni var þessum viðurlögum beitt gagnvart Kamerún og Venesúela vegna brota á samþykkt nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess, og Súdan vegna brota á samþykkt nr. 29, um nauðungarvinnu.

Ályktun um aðgerðir gegn Burma vegna ítrekaðra brota á samþykkt nr. 29, um bann við nauðungarvinnu, var samþykkt með miklum meiri hluta, en málefni Burma hafa ítrekað komið til umfjöllunar á Alþjóðavinnumálaþinginu vegna alvarlegra og viðvarandi brota á samþykktinni. Þá var samþykkt að fella úr gildi nokkrar úreltar samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Á þinginu var haldin sérstök móttaka fyrir þau ríki sem höfðu fullgilt samþykkt ILO nr. 182 frá 1999 um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd. Var Ísland á meðal þeirra 27 ríkja sem fullgilt höfðu samþykktina. Með þeirri fyllgildingu var Ísland eitt af 14 aðildarríkjum ILO sem höfðu fullgilt allar átta grundvallarsamþykktir stofnunarinnar.

Eins og undanfarin ár er gerð grein fyrir starfi þríhliða nefndar sem fer með málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og um framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu á árinu 2000 í fylgiskjali með skýrslu þessari. Þá er í viðauka við skýrsluna greint frá athugasemdum sem sérfræðinganefnd Evrópuráðsins hefur gert við framkvæmd Íslands á ákvæðum sáttmálans á árunum 1997–98.

Með vísan til 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er hér með lögð fyrir Alþingi skýrsla um 88. vinnumálaþingið.

2. 88. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 2000

2.1. Skipulag og þátttaka.

Árlegt þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, hið 88. í röðinni, var haldið í Genf dagana 30. maí til 15. júní 2000. Samtals tóku þátt í þinginu u.þ.b. 3.140 fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks frá 158 af 175 aðildarríkjum ILO. Þá sóttu 138 ráðherrar þingið.

Mario Alberto Flamarique, vinnumálaráðherra Argentínu, var að þessu sinni kjörinn forseti þingsins en sérstakur gestur þess var Jorge Fernando Branco de Sampaio, forseti Portúgal.

Kjörnir voru varaforsetar úr röðum þeirra þriggja hópa sem eiga fulltrúa á þinginu:

Thomas P. Moorhead, fulltrúi atvinnurekenda í Bandaríkjunum, Christian Appiah Agyei, fulltrúi launafólks frá Ghana, og Edit Bauer, ríkisstjórnarfulltrúi frá Slóvakíu.

Sendinefnd Íslands á Alþjóðavinnumálaþinginu skipuðu að þessu sinni eftirtaldir: Frá félagsmálaráðuneyti: Elín Blöndal deildarstjóri og Gylfi Kristinsson, ráðgjafi hjá fastanefnd Íslands hjá Evrópusambandinu í Brussel. Frá utanríkisráðuneyti: Benedikt Jónsson, sendiherra Íslands hjá alþjóðastofnunum í Genf, varamaður hans var Haukur Ólafsson varafastafulltrúi. Fulltrúar atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins, varamaður hennar var Jón H. Magnússon, lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins. Fulltrúar launafólks: Ástráður Haraldsson, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands, varamenn hans voru Hervar Gunnarsson, fyrsti varaforseti ASÍ, og Ari Skúlason, framkvæmdastjóri ASÍ.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni:

1. Skýrslur forstjóra og stjórnarnefndar.
2. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun.
3. Framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna.
4. Endurskoðun samþykktar og tillögu frá 1952, um mæðravernd.
5. Menntun og þjálfun starfsfólks.
6. Öryggi og hollustuhættir í landbúnaði.
7. Afnám nokkurra úreltra samþykkta ILO.
8. Framkvæmd tilmæla vegna nauðungarvinnu í Burma.
9. Tillögur til þingsályktana.
10. Kjörbréf.

Daginn fyrir setningu þingsins voru haldnir fundir hópanna þriggja sem eiga fulltrúa á þinginu, þ.e. ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Á fundunum var gengið frá tilnefningum fulltrúa til setu í þingnefndum. Samþykkt var stofnun eftirtalinna þingnefnda: fjárhagsnefndar, nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna, nefndar sem fjallaði um drög að samþykkt um mæðravernd (önnur umræða), nefndar um menntun og þjálfun starfsfólks, nefndar sem fjallaði um drög að samþykkt um öryggi og hollustu í landbúnaði (fyrsta umræða), ályktunarnefndar, þingskapanefndar og nefndar um framvindu þingsins. Fulltrúar Íslands tóku þátt í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta, nefnd um mæðravernd, ályktunarnefnd og nefnd um menntun og þjálfun starfsfólks.

2.2. Skýrsla forstjóra.

Umræða um skýrslu forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Juan Somavia frá Chile, fór fram dagana 5.–12. júní. Í skýrslunni er gerð grein fyrir starfi stofnunarinnar á árunum 1998–99. Aðgerðir ILO á tímabilinu beindust einkum að þremur þáttum sem skýrslan grundvallast á. Í fyrsta lagi stuðningi við lýðræði og grundvallarréttindi launafólks, í öðru lagi að stuðla að atvinnu og baráttu gegn fátækt og loks vernd vinnandi fólks.

Í ræðu sinni í allsherjarþinginu lagði forstjórinn m.a. áherslu á mikilvægi ILO sem þungamiðju þess að tryggja megi launafólki mannsæmandi vinnu (*decent work*). Hann kvað hugtakið mannsæmandi vinna í rauninni fela í sér markmið ILO og að það svaraði til réttmætra væntinga launafólks um heim allan til vinnu, til að geta menntað börn sín og byggt upp öruggt fjölskyldulíf og öryggi, þar á meðal lífeyrisréttindi. Hugtakið taki hins vegar á sig ýmsar myndir þar sem ekki sé hægt að fella alla einstaklinga eða öll samfélög í sama mót. Þvert á móti verði að taka tillit til þess að mismunandi fólk, menningarheimar og samfélög hafa mismunandi væntingar og markmið. Hin vaxandi tilhneiging til óformlegrar og ótryggrar vinnu sem felur í sér lakari laun og vinnuskilyrði vinni gegn þessu markmiði. Byggja verði upp

meiri væntingar fólks til vinnu sinnar frá upphafi. Sé það ekki gert verði niðurstaðan barnavinna, mismunun, hættuleg störf, óviðunandi framkvæmd og arðrán. Mannsæmandi vinna sé leiðarljós sem ber að fylgja til að vinna gegn slíkri framkvæmd og samfélagið sem heild beri ábyrgð á að því sé fylgt. Hann benti á yfirlýsingu ILO um grundvallarréttindi við atvinnu og samþykkt ILO nr. 182, um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd, sem mikilvæg tæki til að ná fram þessu markmiði.

Fjölmargir ráðherrar og þingfulltrúar tóku þátt í umræðum um skýrsluna.

2.3. Umræður um skýrslu um framkvæmd samþykkta nr. 87 og 98.

Í yfirlýsingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um grundvallarréttindi í atvinnulífinu, sem samþykkt var af Alþjóðavinnumálaþinginu árið 1998, var því lýst yfir að öllum aðildarríkjum, jafnvel þótt þau hafi ekki fullgilt hlutaðeigandi samþykktir, væri skylt sökum aðildar sinnar að stofnuninni að virða, stuðla að og beita í góðri trú meginreglunum um eftirfarandi grundvallarréttindi sem samþykktirnar fjalla um:

a. félagafrelsi og virka viðurkenningu á réttinum til að gera kjarasamninga,
b. afnám hvers konar nauðungarvinnu,
c. virkt afnám vinnu barna,
d. afnám misréttis við ráðningu til starfa og við vinnu.

Yfirlýsingunni fylgir sérstök áréttingá framkvæmd hennar, þar sem fram kemur að forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skuli ár hvert gefa út skýrslu sem taki til einhverra þeirra fjögurra sviða grundvallarmannréttinda sem tilgreind eru í yfirlýsingunni. Í áréttingunni segir að markmiðið sé að veita tækifæri til árlegrar endurskoðunar með einfaldari aðgerðum en endurskoðun á fjögurra ára fresti sem stjórnarnefnd ILO kom á árið 1995. Markmið skýrslunnar er jafnframt að gefa virka alþjóðlega mynd af hverju sviði grundvallarréttinda á undanförnu fjögurra ára tímabili og vera grundvöllur mats á gagnsemi þeirrar aðstoðar sem stofnunin veitir. Þá á skýrslan að vera grundvöllur ákvörðunar um forgangsröðun á næsta tímabili í formi framkvæmdaáætlana um tæknilega aðstoð.

Að þessu sinni fór fram sérstök umræða í allsherjarþinginu um fyrstu alþjóðlegu skýrsluna um þetta efni. Skýrslan fjallar um framkvæmd grundvallarréttinda ILO um félagafrelsi og um réttinn til að gera kjarasamninga, sbr. samþykktir nr. 87 frá 1948 og 98 frá 1949 (skýrslan ber heitið „Your voice at work"). Í henni er m.a. farið yfir framkvæmd ríkja á samþykktunum og leitast við að gefa heildstæða mynd af stöðu þessara grundvallarréttinda um heim allan. Enda þótt fram komi í skýrslunni að um sé að ræða framfarir á vissum sviðum er niðurstaða hennar sú að víða viðgangast enn alvarleg brot á þessum réttindum, svo sem valdbeiting, ógnanir og morð á fulltrúum stéttarfélaga. Atvinnurekendur sem vilja ganga í samtök standa einnig frammi fyrir vandamálum í mörgum ríkjum. Þrátt fyrir að um sé að ræða grundvallarréttindi er þannig langt í land með að þau séu viðurkennd um heim allan.

Fulltrúar vestrænna iðnríkja (IMEC) stóðu sameiginlega að ræðu í allsherjarþinginu þar sem skýrslunni sem slíkri var fagnað og hún sögð grunnur að frekari aðgerðum af hálfu ILO á þessu sviði. Mörg ríki lýstu hins vegar yfir við umræður um skýrsluna að þau teldu að hún mætti gefa heildstæðari mynd af ástandi mála en raun ber vitni. Þrátt fyrir mismunandi skoðanir voru þeir sem tóku þátt í umræðunum almennt sammála um að skýrslan komi til með að nýtast sem grundvöllur fyrir aðgerðir af hálfu ILO á þessu sviði. Í kjölfar umræðnanna á þinginu kemur til kasta stjórnarnefndar ILO að draga ályktanir af þeim um forgangsröðun og framkvæmdaáætlanir um tæknilega samvinnu sem hleypa skal af stokkunum á næsta fjögurra ára tímabili.

2.4. Umræður um kjörbréf.

Í kjörbréfanefnd eiga aðeins þrír fulltrúar sæti og er hún fámennasta nefnd þingsins. Á 88. Alþjóðavinnumálaþinginu áttu eftirtaldir fulltrúar sæti í nefndinni: Jules Medenou Oni, ríkisstjórnarfulltrúi frá Benin, formaður, Funes de Rioja, fulltrúi atvinnurekenda í Argentínu, og Ulf Edström, fulltrúi launafólks í Svíþjóð.

Nefndin var sammála um að telja öll fram komin kjörbréf gild. Þegar nefndin er sammála er niðurstaða hennar afgreidd án umræðu á allsherjarþinginu.

2.5. Fjármál.

Sérstök þingnefnd, fjárhagsnefnd, fjallar um fjármál Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Í henni eiga sæti fulltrúar ríkisstjórnar aðildarríkjanna. Formaður nefndarinnar að þessu sinni var M.A. Aji, ríkisstjórnarfulltrúi frá Nígeríu, og varaformaður var Ledezma Vegara frá Panama.

Ekki verður sérstaklega gerð grein fyrir starfi nefndarinnar hér. Tekið skal fram að heildarframlög ríkja til stofnunarinnar árið 2001 voru áætluð 357.614.550 svissneskir frankar. Hlutdeild Íslands í árgjöldunum er 0,031%. Árgjald Íslands á árinu 2001 verður samkvæmt því 110.861 svissneskir frankar.

2.6. Nefnd um framvindu þingsins.

Nefnd um framkvæmd þingsins er skipuð 28 ríkisstjórnarfulltrúum, fjórtán fulltrúum úr hópi launafólks og fjórtán fulltrúum atvinnurekenda. Hlutverk nefndarinnar er einkum að skipuleggja dagskrá þingsins en einnig að gefa Alþjóðavinnumálaþinginu skýrslu um önnur málefni sem varða framkvæmd þingsins í samræmi við reglur þess.

Formaður nefndarinnar var kjörinn J.F. Alfaro Mijangos, ríkisstjórnarfulltrúi frá Gvatemala, og varaformenn A.M. Kaissi, fulltrúi atvinnurekenda í Túnis, og Lord Brett, fulltrúi launafólks í Bretlandi.

Í upphafi þingsins var ákveðið að nefndin skyldi fjalla um mál Burma vegna ítrekaðra brota á samþykkt nr. 29, um nauðungarvinnu. Þá fjallaði nefndin að þessu sinni einnig um afnám úreltra samþykkta ILO og um formlega staðfestingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á Vínarsáttmálanum um túlkun alþjóðasamninga.

Mál Burma.

Á allsherjarþinginu var að tillögu nefndarinnar samþykkt ályktun með 257 atkvæðum gegn 41 um aðgerðir gegn Burma vegna ítrekaðra brota á samþykkt nr. 29, um bann við nauðungarvinnu, en málefni Burma hafa ítrekað komið til umfjöllunar á Alþjóðavinnumálaþinginu vegna alvarlegra og viðvarandi brota á samþykktinni.

Ályktunin grundvallast á 33. gr. stofnskrár ILO og er þetta í fyrsta skipti sem því ákvæði er beitt. Þar segir að ef ríki bregst því að fara eftir tilmælum sérstakrar rannsóknarnefndar geti stjórnarnefnd ILO mælt með þeim aðgerðum sem það telur nauðsynlegar til að tryggja að ríkið fari eftir þeim. Mat ráðstefnunnar var að þrátt fyrir skýringar ráðamanna Burma hafi raunverulegar aðstæður ekki breyst í ríkinu. Í ályktuninni er mælt fyrir um ýmsar aðgerðir og tekur hún gildi 30. nóvember 2000 hafi það ekki á þeim tíma sýnt fram á úrbætur í löggjöf og framkvæmd. Í ályktuninni felst m.a. heimild til eftirfarandi aðgerða: 1. Að framkvæmd Burma á tilmælum rannsóknarnefndarinnar verði á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins og að það verði sérstakur liður á dagskrá nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta að fjalla um málið þar til ríkið hefur uppfyllt skyldur sínar, 2. að allir meðlimir ILO, þ.e. ríkisstjórnir, samtök atvinnurekenda og launafólks, endurskoði tengsl sín við Burma og geri nauðsynlegar

ráðstafanir til að tryggja að þau hafi ekki þau áhrif að styðja eða viðhalda nauðungarvinnu í ríkinu, 3. að forstjóri ILO skuli upplýsa aðrar alþjóðlegar stofnanir sem eiga samstarf við ILO um ályktunina, óska eftir að þær endurskoði samvinnu sína við Burma og, ef við á, að þær láti svo fljótt sem mögulegt er af sérhverjum aðgerðum sem kunna að styðja eða hvetja til framkvæmdar nauðungarvinnu, 4. að forstjóri ILO óski þess við efnahags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC) að það fjalli um brot Burma á fundi sínum í júlí 2001 og freisti þess að samþykkja tilmæli til ríkisstjórna og stofnana til að tryggja að aðgerðir þeirra séu ekki til þess fallnar að stuðla að nauðungarvinnu í ríkinu, 5. að forstjóri ILO upplýsi stjórnarnefnd ILO með jöfnu millibili um árangur þessara aðgerða.

Úreltar samþykktir felldar brott.

Á allsherjarþinginu var samþykkt tillaga nefndarinnar um að fella úr gildi nokkrar úreltar samþykktir ILO. Þessar samþykktir eru nr. 31 (1931), um vinnutíma kolanámumanna, nr. 46 (1936), sem er endurskoðuð samþykkt um vinnutíma kolanámumanna, nr. 51 (1936), um fækkun vinnustunda, nr. 61 (1937), um fækkun vinnustunda í vefnaðariðnaði, og nr. 66 (1939), um vinnu farandverkamanna.

Þetta var í fyrsta skipti sem samþykktir ILO eru felldar úr gildi af Alþjóðavinnumálaþinginu, en í mars 1996 samþykkti stjórnarnefnd ILO að framangreindar fimm samþykktir væru úreltar. Samþykkt eða tilmæli ILO teljast vera úrelt ef þau þjóna ekki markmiði sínu eða hafa ekki lengur gagnleg áhrif til að ná fram markmiðum stofnunarinnar. Forsenda þess að unnt var að fella samþykktirnar úr gildi er breyting sem gerð var á stofnskrá ILO á Alþjóðavinnumálaþinginu 1997. Með breytingunni var nýrri málsgrein bætt við (9. mgr.) 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Samkvæmt henni getur stjórnarnefnd ILO lagt til við Alþjóðavinnumálaþingið að felldar séu úr gildi alþjóðasamþykktir sem eru úreltar eða koma ekki lengur að gagni við að ná markmiðum stofnunarinnar. Þess má geta að Ísland fullgilti breytinguna á stofnskránni árið 1999.

Vínarsamningurinn.

Á allsherjarþinginu var til viðbótar við framangreint samþykkt tillaga nefndarinnar um að Alþjóðavinnumálastofnunin staðfesti formlega Vínarsamninginn um túlkun alþjóðasamninga frá 1986 en samningurinn var undirritaður fyrir hönd stofnunarinnar árið 1987.

2.7. Framkvæmd samþykkta og tillagna.

Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta er fjölmennasta nefnd Alþjóðavinnumálaþingsins. Að þessu sinni áttu 227 fulltrúar með atkvæðisrétt sæti í nefndinni, 116 fulltrúar ríkisstjórna, 17 fulltrúar atvinnurekenda og 94 fulltrúar launafólks. Auk þess sátu áheyrnarfulltrúar frá 33 sjálfstæðum félagasamtökum fundi nefndarinnar.

Formaður var kosinn P. van der Heijden, fulltrúi ríkisstjórnar Hollands, og varaformenn Alfred Wisskirchen, fulltrúi atvinnurekenda í Þýskalandi, og Luc M. Cortebeeck, fulltrúi launafólks í Belgíu. Af hálfu Íslands sátu Elín Blöndal, Ástráður Haraldsson, Hrafnhildur Stefánsdóttir og Jón H. Magnússon í nefndinni.

Nefndin hélt samtals 17 fundi. Umræður í henni byggjast á skýrslu sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna. Árleg skýrsla sérfræðinganna til vinnumálaþingsins hefur vaxið mjög að umfangi síðustu árin. Í skýrslunni gerir sérfræðinganefndin almennt grein fyrir framvindu mála varðandi framkvæmd samþykkta og tillagna sem hafa verið afgreiddar af Alþjóðavinnumálaþinginu. Stærsti hluti skýrslu sérfræðinganefndarinnar fjallar um framkvæmd einstakra aðildarríkja

á samþykktum sem þau hafa fullgilt. Einnig er að finna upplýsingar um það hvernig aðildarríkin uppfylla aðrar skuldbindingar, t.d. þá að kynna fyrir löggjafarsamkomu sinni samþykktir Alþjóðavinnumálaþingsins og hvort alþjóðavinnumálaskrifstofunni í Genf hafa borist skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta eins og áskilið er í stofnskrá ILO.

Störf þingnefndarinnar hófust á umræðum um almenna hluta skýrslu sérfræðinganna. Fjallað var um fjölda fullgildinga, skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta og um ýmis atriði sem fram koma í almennum hluta skýrslunnar. Formaður sérfræðinganefndarinnar, William Douglas, var viðstaddur almennar umræður í nefndinni.

Fulltrúi ríkisstjórnar Danmerkur hafði að þessu sinni orð fyrir fulltrúum Norðurlanda í almennum umræðum. Hann gerði m.a. að umtalsefni átak Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á árinu 1999 í því skyni að hvetja ríki til að fullgilda samþykktir ILO um verndun grundvallarréttinda en þær eru nú átta talsins eftir að samþykkt nr. 182, um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd, var bætt við. Hann kvað árangur átaksins vera verulegan þar sem yfir 150 fullgildingar á grundvallarsamþykktum hefðu átt sér stað á árinu. Hann benti á að ein meginástæðan fyrir þessum árangri væri sú aðstoð sem Alþjóðavinnumálastofnunin veitir ríkjum til að skapa þeim skilyrði til að geta fullgilt samþykktirnar. Þá hefði yfirlýsing um grundvallarréttindi í atvinnulífinu sem samþykkt var á 87. Alþjóðavinnumálaþinginu 1998 haft mikilvæga þýðingu í þessu sambandi og á grundvelli hennar ættu sér stað umræður og aðgerðir til úrbóta varðandi þessi réttindi. Fulltrúinn benti á mikilvægi starfs vinnuhóps um endurskoðun samþykkta ILO sem væri nauðsynlegt til að tryggja að samþykktir stofnunarinnar væru í takt við tímann. Hann fjallaði einnig stuttlega um málefni Burma vegna brota þess á samþykkt nr. 29, um nauðungarvinnu, og kvaðst vonast til að aðgerðir stofnunarinnar bæru loks árangur þannig að ríkið sæi sig um hönd og færi að tilmælum hennar. Að lokum benti hann á nokkur atriði sem betur mættu fara að því er snertir vinnulag nefndarinnar að mati fulltrúa Norðurlandanna, einkum það að rétt væri að stytta almennar umræður í nefndinni sem kæmu niður á umfjöllun um brot ríkja á samþykktum ILO.

Síðari hluta almennra umræða í nefndinni var varið í umfjöllun um skýrslu sérfræðinganefndarinnar um framkvæmd samþykktar ILO nr. 144 (1976), varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, og tilmæla er fylgja henni um sama efni. Skýrslan byggist einkum á upplýsingum frá ríkisstjórnum, en einnig á athugasemdum sem nefndinni bárust frá samtökum atvinnurekenda og launafólks í aðildarríkjunum. Í skýrslunni er farið yfir sögulegan bakgrunn grundvallarreglunnar sem Alþjóðavinnumálastofnunin byggist á, um þríhliða samstarf ríkisstjórna, samtaka atvinnurekenda og launafólks, gerð grein fyrir þeim kröfum sem gerðar eru í samþykktinni til framkvæmdar ríkja og mismunandi leiðum til að fylgja þeim. Einnig er gerð grein fyrir vandamálum sem ríkisstjórnir hafa staðið frammi fyrir við beitingu samþykktarinnar. Í umræðum um skýrsluna gerðu fjölmargir ríkisstjórnarfulltrúar grein fyrir framkvæmd samþykktarinnar heima fyrir og nokkrir fulltrúar ríkja sem ekki hafa fullgilt samþykktina kváðu skýrsluna vera til skýringar við undirbúning fullgildingar. Fram kom að ástæður þess að mörg ríki hafa ekki fullgilt samþykktina eru stjórnsýsluleg og fjárhagsleg vandkvæði fremur en að þau séu í grundvallaratriðum á móti þeim markmiðum sem samþykktin byggist á. Fjölmargir fulltrúar hvöttu þau ríki sem ekki hafa fullgilt samþykktina til þess en þann 10. desember 1999 hafði hún verið fullgilt af 93 ríkjum.

Umfjöllun um framkvæmd einstakra ríkja á alþjóðasamþykktum.

Að venju var mestum hluta af starfstíma nefndarinnar varið í umfjöllun um framkvæmd aðildarríkjanna á alþjóðasamþykktum og um athugasemdir sem sérfræðinganefndin gerir við

framkvæmd aðildarríkjanna á ákvæðum í stofnskrá ILO eða í samþykktum sem hlutaðeigandi ríki hafa fullgilt. Athugasemdirnar eru í árlegri skýrslu sérfræðinganefndarinnar til Alþjóðavinnumálaþingsins. Þar sem athugasemdirnar eru mun fleiri en nokkur kostur er að taka til umfjöllunar á þinginu vinnur þingnefndin eftir skrá yfir mál sem fulltrúar aðila vinnumarkaðarins koma sér saman um að tekin verði til athugunar í nefndinni. Á seinni árum hefur málum verið skipt í tvo flokka. Annars vegar eru málefni sem rekja má til vanrækslu af hálfu aðildarríkjanna. Misbrestur á því að kynna löggjafarsamkomu nýjar alþjóðasamþykktir eða tillögur er dæmi um mál af þessu tagi. Hinn flokkinn fylla alvarleg brot aðildarríkja á alþjóðasamþykktum. Þessi mál eru tekin til efnislegrar umfjöllunar sem getur tekið nokkrar klukkustundir, allt eftir efni og alvöru málsins. Brot á grundvallarsamþykktum ILO eru litin sérstaklega alvarlegum augum.

Samtals var fulltrúum 24 aðildarríkja stefnt fyrir nefndina til að taka þátt í umræðum um meint brot á alþjóðasamþykktum og mættu fulltrúar 22 ríkja. Ríkin tvö sem ekki höfðu sent fulltrúa fyrir nefndina sendu ekki sendinefnd til þingsins.

Sérstakar ábendingar.

Ýmsum viðurlögum er beitt í þingnefndinni til að freista þess að fá aðildarríkin til að sjá að sér og bæta framkvæmd á ákvæðum alþjóðasamþykkta sem þau hafa brotið. Alþjóðavinnumálastofnunin getur ekki þvingað aðildarríkin með valdi til að fara eftir ábendingum sínum. Þess í stað er höfðað til heiðurs hlutaðeigandi og skapað viðhorf meðal annarra aðildarríkja til brota ríkisins. Hörðustu viðurlögin felast í því að aðildarríkis er getið í svonefndum sérstökum hluta skýrslu nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta til allsherjarþings vinnumálaþingsins. Í þremur tilvikum var ríkjum veitt sérstök ábending og þeirra getið í sérstökum hluta skýrslu nefndarinnar. Þetta var gert í málum Kamerún og Venesúela vegna brota á samþykkt nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess, og í máli Súdan vegna brota á samþykkt nr. 29, um nauðungarvinnu. Auk þess voru margvísleg mál ríkja rædd, einkum brot á grundvallarsamþykktum ILO, en einnig á öðrum samþykktum, svo sem um samþykkt nr. 81, um vinnueftirlit, og nr. 122, um stefnu í atvinnumálum.

Að þessu sinni var það einkennandi að umræður um mál einstakra ríkja leiddu oftsinnis til þess að ríkisstjórnir samþykktu, ýmist að eigin frumkvæði eða eftir hvatningu nefndarinnar, að taka á móti tæknilegri aðstoð af hálfu ILO. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga þrátt fyrir að fátækt og aðrir efnahagslegir og félagslegir þættir, jafnvel stjórnmálalegir þættir, geti valdið erfiðleikum í framkvæmd getur það ekki falið í sér réttlætingu fyrir því að ríki fari ekki eftir samþykktum sem þau hafa fullgilt og á það sérstaklega við um grundvallarsamþykktir stofnunarinnar.

Súdan:

Brot Súdan á samþykkt nr. 29, um nauðungarvinnu, hafa verið reglulegt viðfangsefni nefndarinnar um árabil. Í skýrslu nefndarinnar til Alþjóðavinnumálaþingsins er lýst miklum áhyggjum vegna langvarandi þrælahalds og mannrána í ríkinu. Þó virðist sem nokkrar úrbætur hafi átt sér stað af hálfu ríkisstjórnar Súdan og var hún hvött til að hraða frekari úrbótum. Nefndin óskaði þess að ríkisstjórnin mundi í næstu skýrslum sínum skýra frá að aðgerðir hefðu átt sér stað til samræmis við skuldbindingar hennar samkvæmt samþykktinni, þar með talið að þeim hefði verið refsað sem bæru ábyrgð á ástandinu. Nefndin hvatti einnig ríkisstjórn Súdan til að taka á móti sendifulltrúum ILO þannig að unnt væri að afla upplýsinga um raunverulega stöðu mála og gera raunhæfar tillögur um aðstoð til að koma á lögmætu ástandi í Súdan.

Kamerún:

Þingnefndin samþykkti að geta Kamerún í sérstökum hluta skýrslu sinnar til allsherjarþingsins vegna alvarlegra brota á samþykkt nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess. Nefndin lýsti yfir áhyggjum sínum þar sem málið hefur verið um árabil til meðferðar hjá henni án þess að breytingar hafi átt sér stað til hins betra. Hún hvatti ríkisstjórnina til að leggja af takmarkanir á réttinum til að setja á fót stéttarfélög, að afnema ákvæði laga sem heimila ákærur gegn stofnendum stéttarfélaga og að bregðast við kvörtunum varðandi afskipti stjórnvalda af málefnum stéttarfélaga og ofsóknum gagnvart meðlimum þeirra. Niðurstaða nefndarinnar var að því miður hefðu engar aðgerðir til framfara átt sér stað í ríkinu. Þó væri jákvætt að ríkið hefði boðist til að taka á móti sendifulltrúum ILO til að meta ástandið og gera tillögur um aðgerðir.

Venesúela:

Í máli Venesúela vegna brota ríkisins á samþykkt nr. 87 hvatti nefndin ríkisstjórnina til að breyta löggjöf sinni hið fyrsta til að tryggja að launafólk og atvinnurekendur ættu þess kost að stofna félög og kjósa fulltrúa þeirra án íhlutunar stjórnvalda. Þess var jafnframt óskað að ríkið afnæmi allan þann fjölda af skyldum og markmiðum sem samtökum launafólks og atvinnurekenda væri ætlað að uppfylla.

Kólumbía:

Til viðbótar við framangreint er rétt að gera nokkra grein fyrir umfjöllun um mál Kólumbíu. Fulltrúar ríkisstjórna Norðurlandanna stóðu saman að erindi í máli Kólumbíu þar sem ríkisstjórnin var hvött til að láta hið fyrsta af brotum sínum á samþykkt nr. 87. Í niðurstöðum nefndarinnar til allsherjarþingsins segir að fjölmargar kvartanir um mjög gróf brot ríkisins á samþykktinni hafi borist til nefndar ILO um félagafrelsi. Nefndin hafi oftsinnis fjallað um málið án þess að fram hafi komið að nokkrar úrbætur varðandi framkvæmd samþykktarinnar hafi átt sér stað af hálfu ríkisstjórnarinnar. Nefndin vísaði til skýrslu sérfræðinganefndarinnar þar sem hún krefst þess að ríkisstjórn Kólumbíu afnemi allar takmarkanir á rétti launafólks til að stofna og ganga í stéttarfélög að eigin vali, til að kjósa fulltrúa sína og á rétti stéttarfélaga til að skipuleggja málefni sín án takmarkana af hálfu stjórnvalda. Þess væri vænst að á næsta ári lægju fyrir upplýsingar um breytingar á lögum og framkvæmd í ríkinu í samræmi við kröfur samþykktarinnar.

2.8. Mæðravernd.

Síðari umræða um endurskoðun samþykktar nr. 103 frá 1952, um mæðravernd, og tilmæla nr. 95 um sama efni fór fram í sérstakri þingnefnd. Formaður nefndarinnar var kjörinn A. Andersen, ríkisstjórnarfulltrúi frá Danmörku, og varaformenn A. Knowles, fulltrúi atvinnurekenda á Nýja Sjálandi, og U. Engelen-Kefer, fulltrúi launafólks í Þýskalandi. Af hálfu Íslands sat Hrafnhildur Stefánsdóttir í þingnefndinni.

Nefndin hélt samtals 21 fund. Fyrir henni lá vandasamt verkefni, að bæta réttindi kvenna í tengslum við þungun og fæðingu og að færa efni samþykktarinnar til samræmis við kröfur nútímans en jafnframt að ná það víðtæku samkomulagi um texta nýrrar samþykktar að sem flest ríki gætu fullgilt hana. Niðurstaða nefndarinnar varð tillaga að texta nýrrar samþykktar og tilmæla sem voru samþykkt af allsherjarþinginu með miklum meiri hluta en 304 þingfulltrúar greiddu atkvæði með samþykkt hennar, 22 á móti og 116 sátu hjá. Í samþykktinni koma fram margvíslegar breytingar frá eldri samþykktinni í tengslum við þungun og fæðingu. Þannig er mælt fyrir um 14 vikna lágmarksrétt til fæðingarorlofs í stað 12 vikna í eldri sam-

þykktinni, nýtt ákvæði er í samþykktinni um heilsuvernd þungaðra kvenna og kvenna sem hafa barn á brjósti, aukin vernd þungaðra kvenna og mæðra gegn brottrekstri, m.a. þannig að vinnuveitandi ber sönnunarbyrðina um að brottrekstur hafi átt sér stað vegna ástæðna sem ekki tengjast þungun eða barnsburði, nýtt ákvæði um rétt kvenna til sama starfs eða sambærilegs starfs á sömu launum að loknu fæðingarorlofi, bann lagt við kröfu um þungunarpróf atvinnuumsækjenda, ákvæði sem felur í sér rétt til brjóstagjafar á vinnutíma og gildissvið samþykktarinnar aukið þannig að hún nær að meginreglu til allra kvenna. Í tilmælunum sem fylgja samþykktinni er m.a. mælst til þess að ríki lengi fæðingarorlof upp í a.m.k. 18 vikur, að þau veiti foreldraorlof og að réttur samkvæmt samþykktinni nái einnig til þeirra sem ættleiða börn.

Samþykktin er birt sem fylgiskjal I með þessari skýrslu.

2.9. Starfsfræðsla og starfsþjálfun.

Tilmæli nr. 150, um starfsfræðslu og starfsþjálfun, sem þætti í þróun vinnuafls voru samþykkt á 60. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 1975. Í mars 1998 ákvað stjórnarnefnd ILO, m.a. með hliðsjón af örri efnahagslegri og félagslegri þróun frá samþykkt þessara tilmæla, að almenn umræða skyldi fara fram um starfsmenntun og starfsþjálfun á 88. Alþjóðavinnumálaþinginu.

Fjallað var um málið í sérstakri þingnefnd og var formaður hennar L. Mishra, ríkisstjórnarfulltrúi frá Indlandi. Varaformenn voru C. Renique, fulltrúi atvinnurekenda í Hollandi, og E. Patel, fulltrúi launafólks í Suður-Afríku. Af hálfu Íslands sat Hervar Gunnarsson í þingnefndinni.

Nefndin hélt samtals 15 fundi. Umræður byggðust á skýrslu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um þjálfun til vinnu, framleiðni og þátttöku í samfélaginu. Í lokaskýrslu sinni lagði nefndin áherslu á að með því að „stuðla að því að breyta einstaklingum í starfhæfa og upplýsta borgara stuðli þróun og þjálfun mannauðs að efnahagslegri þróun, fullri atvinnu og þátttöku í samfélaginu". Nefndin lagði áherslu á þörf fyrir ráðstafanir þróunarríkja til að losna úr skuldum og minnka skuldir í því skyni að auka notkun fjármuna til að stuðla að þróun mannauðs. Þar eð allir hafi rétt til menntunar og þjálfunar ættu ríkisstjórnir og aðilar vinnumarkaðarins að tryggja að allir fái notið þessa réttar. Þótt ekki væri fyrir hendi nein allsherjaruppskrift fyrir fjárfestingu í þjálfun ættu ríkisstjórnir hinna ýmsu ríkja að skapa „almennt umhverfi til þess að hvetja einstaklinga og fyrirtæki til að fjárfesta hvert fyrir sig og sameiginlega í menntun og þjálfun."

Í lokaskýrslu nefndarinnar er jafnframt hvatt til þróunar gæðakerfis á landsvísu þar eð slíkt auðveldar ævilangt nám, hjálpar fyrirtækjum og ráðningarstofum til að aðlaga framboð að eftirspurn hvað varðar hæfni og hjálpar einstaklingum við val á þjálfun og ævistarfi. Nefndin leggur jafnframt til að tilmæli ILO nr. 150 frá 1975 verði endurskoðuð í því skyni að stuðla að nýjum aðferðum við þjálfun. Með hinum nýju tilmælum ættu að fylgja hagnýtar leiðbeiningar og gagnagrunnur sem ættu að vera endurskoðuð reglulega af Alþjóðavinnumálastofnuninni.

2.10. Öryggi og hollustuhættir í landbúnaði.

Fyrsta umræða fór fram í sérstakri þingnefnd um nýja samþykkt um öryggi og hollustuhætti í landbúnaði. Formaður nefndarinnar var kjörinn A.A. George, ríkisstjórnarfulltrúi frá Nígeríu, og varaformenn T. Makeka, fulltrúi atvinnurekenda í Lesotho, og L. Trotman, fulltrúi launafólks á Barbados. Nefndin hélt samtals 16 fundi.

Landbúnaður hefur verið skilgreindur sem ein af þremur hættulegustu atvinnugreinum í heimi ásamt námavinnu og byggingarvinnu. Af hálfu ILO hafa verið gerðar sérstakar samþykktir um öryggi og hollustuhætti í tveimur síðarnefndu atvinnugreinunum en enginn alþjóðlegur sáttmáli fjallar sérstaklega um öryggi og hollustu í landbúnaði.

Á hverju ári verður u.þ.b. helmingur af 335.000 banaslysum á vinnustöðum í landbúnaði. Til viðbótar verða á ári hverju milljónir landbúnaðarverkamanna, sem eru um 1,3 milljarðar í heiminum, fyrir alvarlegum vinnuslysum eða eitrunum af völdum plágueyða og annarra kemískra efna sem notuð eru í landbúnaði. Umræður í þingnefndinni tóku mið af framangreindum staðreyndum. Umræðurnar voru undanfari frekari umfjöllunar og ráðgerðrar afgreiðslu nýrrar samþykktar um efnið á 89. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2001.

Meðal helstu atriða sem nefndin mælir með í skýrslu sinni til allsherjarþingsins er að samþykktin skuli að meginreglu til ná til allra starfsmanna, þar með talið sjálfstætt starfandi bænda, svo og að tekið verði tillit til umhverfisáhrifa landbúnaðar. Meðal óleystra verkefna er að finna leiðir til að bæta öryggi og vinnuaðstæður starfsmanna í landbúnaði, en þar er um að ræða meiri fjölbreytni og minna skipulag en í iðnaði.

Með hinum nýju stöðlum sem lagt er til að settir verði yrði lagður grundvöllur að þróun stefnu á landsvísu í hverju ríki varðandi öryggi og hollustuhætti í landbúnaði. Helstu atriðin sem eru til umfjöllunar ná til viðeigandi aðferða við áhættumat og áhættustýringu og forvarna- og verndaraðgerða varðandi öryggi við vélavinnu og vinnuvistfræði, meðhöndlun og flutning efna, meðferð kemískra efna, umönnun húsdýra, byggingarvinnu og viðhald mannvirkja og búnaðar í landbúnaði.

Önnur ákvæði ná m.a. til ungra starfsmanna og starfandi barna, starfsmanna sem vinna tímabundið eða á tilteknum árstímum og sjálfstætt starfandi bænda, slysa- og sjúkratrygginga, aðbúnaðar og húsnæðis.

2.11. Þingsályktanir.

Samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er heimilt að leggja fram tillögur til þingsályktunar á Alþjóðavinnumálaþinginu. Samkvæmt þingsköpum vinnumálaþingsins verða slíkar tillögur að hafa borist til stofnunarinnar 15 dögum fyrir þingsetningu. Fjallað er um tillögurnar í ályktunarnefnd sem er ein af fastanefndum þingsins.

Að þessu sinni kaus nefndin sem formann Csaba Öry, ríkisstjórnarfulltrúa frá Litháen. Varaformenn voru kosnir Bokkie Botha, fulltrúi atvinnurekenda í Suður-Afríku, og Patricia O'Donovan, fulltrúi launafólks á Írlandi. Haukur Ólafsson tók þátt í starfi þingnefndarinnar af hálfu Íslands. Nefndin hafði að þessu sinni óvenjulega margar tillögur til umfjöllunar eða 16 talsins.

Samkvæmt verklagsreglum nefndarinnar hefst starf hennar á almennri kynningu á framkomnum þingsályktunartillögum. Eftir það náðist samkomulag um sameiningu nokkurra tillagna hliðstæðs efnis þannig að eftir stóðu 10 tillögur. Þannig var tillaga, sem ríkisstjórnir Norðurlandanna stóðu sameiginlega að, sameinuð tveimur öðrum tillögum um jafnrétti. Að því loknu fór fram leynileg atkvæðagreiðsla um það í hvaða röð nefndin skyldi fjalla efnislega um tillögurnar. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er mikilvæg þar sem tímans vegna kemst nefndin venjulega ekki yfir að afgreiða nema fáar tillögur til allsherjarþingsins. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var eftirfarandi:

1. Tillaga um alnæmi og vinnu (1.145.341 vegin atkvæði).
2. Tillaga um hlutverk Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á 21. öld (835.839 vegin atkvæði).
3. Tillaga um aðgerðir í Palestínu og á hernumdu svæðunum (750.834 vegin atkvæði).
4. Tillaga um jafnrétti kynjanna (734.516 vegin atkvæði).

5. Tillaga um reglusetningu ILO (*normative policy*) (695.001 vegin atkvæði).

Nefndin náði aðeins að afgreiða fyrstu tillöguna, þ.e. um alnæmi og vinnu, sem lögð hafði verið fram af fulltrúum atvinnurekenda. Fjölmargar breytingartillögur voru lagðar fram við tillöguna í nefndinni og reyndust umræður um þær mjög tímafrekar. Tillagan var samþykkt af allsherjarþinginu með miklum meiri hluta atkvæða. Í tillögunni eru ríkisstjórnir og samtök atvinnurekenda og launafólks hvött til að auka möguleika aðila vinnumarkaðarins til að láta til sín taka varðandi þennan heimsfaraldur, til að styrkja heilbrigðis- og öryggiskerfi í því skyni að vernda áhættuhópa og móta og framkvæma stefnu og áætlanir í félagsmálum og atvinnumálum sem stuðla að því að draga úr áhrifum eyðni jafnt í einstökum fyrirtækjum og á landsvísu.

2.12. Samþykkt um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd.

Samþykkt ILO nr. 182, um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd, var afgreidd samhljóða á 87. Alþjóðavinnumálaþinginu 1999. Samþykktinni er ætlað að styðja og vera til fyllingar samþykkt nr. 138 (1973), um lágmarksaldur við vinnu.

Á þinginu var haldin sérstök móttaka/blaðamannafundur fyrir þau 27 ríki sem höfðu fullgilt samþykktina. Þar hélt forstjóri stofnunarinnar ávarp og lýsti velþóknun sinni á því hve mörg ríki hefðu fullgilt samþykktina svo snemma. Hann kvað þessi skjótu viðbrögð ríkja vera til marks um vaxandi stuðning við baráttu um allan heim gegn barnavinnu, sérstaklega í sinni verstu mynd, og gefi von um að afnám hennar verði að raunveruleika fyrir milljónir barna sem sæti slíku nú í dag. Þess má geta að Ísland varð 17. ríkið til að fullgilda samþykktina og var þá eitt af 14 aðildarríkjum ILO sem höfðu undirritað allar átta grundvallarsamþykktir stofnunarinnar.

2.13. Umræða um alnæmi.

Meðal annarra viðburða á Alþjóðavinnumálaþinginu má geta sérstakra umræðna um alnæmi (HIV/AIDS) og vinnu þar sem Sam Nujoma, forseti Namibíu, hélt erindi meðal annarra. Þátttakendur á fundinum voru sammála um að hlutverk ILO sé mjög mikilvægt þar sem alnæmi hefur nú náð þeirri útbreiðslu að það felur í sér ógnun gegn réttindum launafólks, félagslegri og efnahagslegri þróun, félagslegu öryggi, framleiðni og jafnrétti. Aukinn fjöldi foreldralausra barna skiptir einnig máli að því er snertir umfang barnavinnu. Á fundinum var undirritaður samstarfssamningur á milli ILO og UNAIDS (framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn alnæmi) um baráttu gegn alnæmi.

2.14. Samstarf við fulltrúa annarra ríkja.

Í þessari skýrslu kemur fram að þingstörfum er fram haldið samtímis á allsherjarþingi og í fjölmörgum þingnefndum. Ljóst er að það er borin von fyrir litla sendinefnd eins og þá íslensku að geta fylgst með öllu sem fram fer. Þess vegna skiptir samstarf við aðra miklu máli. Þar vega þyngst vikulegir samráðsfundir fulltrúa ríkisstjórna Norðurlandanna. Á þeim fer fram kynning á stöðu málefna í einstökum nefndum og lögð eru á ráðin um sameiginlegt ræðuhald Norðurlandanna á allsherjarþinginu og í nefndum.

Samráðsfundir fulltrúa vestrænna iðnríkja (IMEC) eru einnig til þess fallnir að létta sendinefndinni þingstörfin. Þessir fundir eru haldnir daglega og á þeim er farið yfir þau málefni sem eru efst á baugi hverju sinni. Með þátttöku í þessum fundum má fá gott yfirlit yfir það sem er að gerast á þessu fjölmenna alþjóðaþingi. Fundirnir eru einnig góður vettvangur til að kynna tillögur sem fulltrúar einstakra ríkja ráðgera að flytja í þingnefndum. Á þeim er jafnframt fjallað um mál sem eru til umfjöllunar í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta,

einkum ef þau snerta ríki sem eiga aðild að hópnum. Loks eru oft tekin til umfjöllunar drög að ræðum sem fulltrúar einstakra ríkja hyggjast flytja annaðhvort í eigin nafni, fyrir hönd fleiri ríkja eða hópsins í heild.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 183, um mæðravernd.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 88. þingsetu sinnar í Genf 30. maí 2000 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

með hliðsjón af nauðsyn þess að endurskoða (endurskoðaða) samþykkt um mæðravernd frá 1952 og tilmæli um mæðravernd frá 1952 í því skyni að stuðla frekar að jafnrétti allra kvenna á vinnumarkaði og heilbrigði og öryggi móður og barns, og í því skyni að viðurkenna mismun á efnahagslegri og félagslegri þróun innan aðildarríkjanna, svo og fjölbreytileika fyrirtækja, og þróun mæðraverndar í lögum og venjum hvers ríkis, og

með hliðsjón af ákvæðum Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna (1948), samnings Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum (1979), samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (1989), Pekingyfirlýsingarinnar og -framkvæmdaáætlunarinnar (1995), yfirlýsingar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um jöfn tækifæri og jafna meðferð kvenna á vinnumarkaði (1975), yfirlýsingar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um grundvallarréttindi í atvinnulífinu og áréttingu á framkvæmd hennar (1998), svo og alþjóðlegra samþykkta og tilmæla sem ætlað er að tryggja jöfn tækifæri og jafna meðferð karla og kvenna á vinnumarkaði, einkum samþykktar um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, 1981, og

að teknu tilliti til aðstæðna kvenna á vinnumarkaði og þörf fyrir vernd þungaðra kvenna, sem er sameiginleg ábyrgð stjórnvalda og samfélagsins, og

að teknum ákvörðunum um að samþykkja tilteknar tillögur sem varða endurskoðun (endurskoðaðrar) samþykktar um mæðravernd frá 1952 og tilmæla frá 1952 sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

að teknum ákvörðunum um að þessar tillögur skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar,

gerir þingið í dag, fimmtánda júní 2000, eftirfarandi samþykkt sem nefna má samþykkt um mæðravernd, 2000.

Gildissvið.

1. gr.

Í þessari samþykkt táknar hugtakið „kona“ sérhverja konu án nokkurrar mismununar og hugtakið „barn“ sérhvert barn án nokkurrar mismununar.

2. gr.

1. Samþykkt þessi nær til allra kvenna á vinnumarkaði, þar með talið þeirra sem starfa á grundvelli óhefðbundins ráðningarforms.

2. Hins vegar er sérhverju aðildarríki, sem fullgildir samþykkt þessa, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks, heimilt að skilja að öllu eða nokkru leyti undan gildissviði samþykktarinnar tiltekna hópa starfsmanna ef beiting ákvæðanna ylli sérstökum og verulegum vandamálum.

3. Sérhverju aðildarríki, sem nýtir sér þann möguleika sem gefinn er í undanfarandi málsgrein, ber í fyrstu skýrslu sinni um framkvæmd samþykktarinnar skv. 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að birta lista yfir þá hópa starfsmanna sem eru undanskildir með þessum hætti og ástæður fyrir því. Í síðari skýrslum sínum ber aðildarríkinu að lýsa því hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar í því skyni að láta ákvæði samþykktarinnar með tímanum ná smám saman einnig til slíkra hópa.

Heilsuvernd.

3. gr.

Sérhverju aðildarríki ber, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks, að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að þungaðar konur eða konur með barn á brjósti séu ekki skyldaðar til að vinna störf sem hlutaðeigandi yfirvald hefur skilgreint skaðleg heilbrigði móður eða barns eða þar sem mat hefur staðfest að um er að ræða verulega áhættu fyrir heilsu móður eða barns.

Fæðingarorlof.

4. gr.

1. Við framvísun læknisvottorðs eða annarra viðeigandi vottorða, svo sem fyrir er mælt í landslögum og venju, þar sem fram kemur áætlaður fæðingardagur, skal kona sem samþykkt þessi nær til eiga rétt á fæðingarorlofi í a.m.k. 14 vikur.

2. Sérhverju aðildarríki ber að tilgreina lengd ofangreinds fæðingarorlofs í yfirlýsingu sem fylgir staðfestingu þessarar samþykktar.

3. Sérhverju aðildarríki er síðar heimilt að afhenda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar frekari yfirlýsingu um framlengingu fæðingarorlofs.

4. Með tilliti til verndar heilsu móður og barns skal fæðingarorlof fela í sér sex vikna skyldubundið fæðingarorlof eftir barnsburð nema stjórnvöld og hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks hafi samið með öðrum hætti á landsvísu.

5. Framlengja ber þann hluta fæðingarorlofs, sem veittur er fyrir barnsburð, um þann tíma sem líður frá áætluðum fæðingardegi til raunverulegs fæðingardags án þess að um nokkra styttingu sé að ræða á skyldubundnum hluta fæðingarorlofs eftir barnsburð.

Leyfi vegna veikinda eða fylgikvilla.

5. gr.

Við framvísun læknisvottorðs ber að veita leyfi á undan eða eftir fæðingarorlofi ef um er að ræða veikindi, fylgikvilla eða hættu á fylgikvillum sem stafa af þungun eða barnsfæðingu. Eðli og hámarkslengd slíks leyfis má ákveða með landslögum og venju.

Greiðslur.

6. gr.

1. Greiðslur skulu veittar samkvæmt landslögum og reglugerðum, eða með öðrum hætti í samræmi við landsvenju, konum sem leggja niður störf vegna fæðingarorlofs, sbr. 4. og 5. gr.

2. Greiðslur skulu vera með þeim hætti að þær tryggi konunni og barni hennar viðunandi aðstæður hvað varðar heilbrigði og lífskjör.

3. Ef greiðslur vegna fæðingarorlofs, sbr. 4. gr., eru greiddar með tilliti til fyrri tekna, samkvæmt landslögum eða venju, skal fjárhæð slíkra greiðslna ekki vera lægri en tveir þriðju af fyrri tekjum konu eða þeim hluta teknanna sem tillit er tekið til við útreikning á greiðslum.

4. Ef öðrum aðferðum er beitt, samkvæmt landslögum eða venju, til að ákvarða greiðslur vegna fæðingarorlofs, sbr. 4. gr., skal fjárhæð slíkra greiðslna vera sambærileg við þá fjárhæð sem að jafnaði fæst þegar beitt er undanfarandi málsgrein.

5. Sérhvert aðildarríki skal tryggja að skilyrði fyrir greiðslum geti verið uppfyllt af meiri hluta kvenna sem samþykkt þessi nær til.

6. Ef kona fullnægir ekki skilyrðum um greiðslur samkvæmt landslögum og reglugerðum eða með öðrum hætti í samræmi við landsvenju á hún rétt á viðunandi greiðslum úr sjóðum félagslegrar aðstoðar að teknu tilliti til könnunar á fjárhagsstöðu sem krafist er vegna slíkrar aðstoðar.

7. Sjúkragreiðslur skulu veittar konu og barni hennar samkvæmt landslögum og reglugerðum eða með öðrum hætti í samræmi við landsvenju. Sjúkragreiðslur skulu ná til umönnunar fyrir fæðingu, barnsburðar og umönnunar eftir fæðingu, svo og sjúkrahúsvistunar ef hún reynist nauðsynleg.

8. Til þess að vernda stöðu kvenna á vinnumarkaði skulu greiðslur vegna fæðingarorlofs, sbr. 4. og 5. gr., greiddar úr skyldubundnum almannatryggingasjóðum eða opinberum sjóðum eða með þeim hætti sem ákveðið er með landslögum eða venju. Vinnuveitandi er ekki persónulega ábyrgur fyrir beinum kostnaði af slíkum greiðslum til handa konu sem starfar hjá honum án þess að vinnuveitandinn hafi samþykkt það sérstaklega, að því undanteknu:

a. að mælt hafi verið fyrir um slíkt með landslögum eða venju aðildarríkis áður en Alþjóðavinnumálaþingið gerði samþykkt þessa, eða
b. að stjórnvöld og hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks semji um slíkt síðar á landsvísu.

7. gr.

1. Aðildarríki, þar sem efnahags- og almannatryggingakerfi eru vanþróuð, teljast fullnægja 3. og 4. mgr. 6. gr. ef fjárhæð greiðslna er ekki lægri en fjárhæðir sem greiddar eru vegna veikinda eða tímabundinnar örorku samkvæmt landslögum og reglugerðum.

2. Aðildarríki sem nýtir sér heimild undanfarandi málsgreinar ber í fyrstu skýrslu sinni um framkvæmd samþykktarinnar skv. 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að útskýra ástæður sínar fyrir því og tilgreina fjárhæðir greiðslna sem veittar eru. Í síðari skýrslum sínum ber aðildarríkinu að lýsa því hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að hækka slíka fjárhæð greiðslna með tímanum.

Vinnuvernd og bann við mismunun.

8. gr.

1. Vinnuveitanda er óheimilt að segja konu upp störfum á meðan á þungun hennar stendur eða á meðan hún er í fæðingarorlofi, sbr. 4. og 5. gr., eða í tiltekinn tíma eftir að hún hefur snúið til starfa sem ákveðinn er í landslögum eða reglugerðum nema af ástæðum sem tengjast ekki þungun eða barnsfæðingu eða afleiðingum af henni eða brjóstagjöf. Sönnunarbyrði fyrir því að ástæður uppsagnar tengist ekki þungun eða barnsfæðingu og afleiðingum hennar eða brjóstagjöf hvílir á vinnuveitanda.

2. Kona hefur rétt til að hverfa aftur að sama starfi eða sambærilegu starfi á fyrir sama endurgjald við lok fæðingarorlofs.

9. gr.

1. Sérhverju aðildarríki er skylt að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að þungun og barnsburður valdi ekki mismunun í starfi, þar með talinn — þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 2. gr. — aðgangur að vinnu.

2. Meðal þeirra ráðstafana sem getið er um í undanfarandi málsgrein skal vera bann við þeirri kröfu að kona fari í þungunarpróf eða leggi fram vottorð um að hún hafi farið í þungunarpróf þegar kona sækir um vinnu nema þess sé krafist í landslögum eða reglugerðum varðandi störf.

Mæður með börn á brjósti.

10. gr.

1. Konu skal veittur réttur til þess að gera daglega eitt eða fleiri hlé á vinnu sinni eða að fækka daglegum vinnustundum til þess að gefa barni sínu brjóst.

2. Tímabilið þegar heimilt er að veita vinnuhlé til brjóstagjafar eða að fækka daglegum vinnustundum, fjölda þeirra, lengd brjóstagjafahléa og aðferðum við fækkun daglegra vinnustunda skal ákveða með landslögum eða venju. Slík hlé eða fækkun daglegra vinnustunda teljast til vinnutíma sem greiða skal fyrir.

Regluleg endurskoðun.

11. gr.

Sérhverju aðildarríki ber að kanna reglulega, í samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks, hvort viðeigandi sé að lengja fæðingarorlofstímann, sbr. 4. gr., eða hækka fjárhæð greiðslna, sbr. 6. gr.

Framkvæmd.

12. gr.

Samþykkt þessari skal hrinda í framkvæmd með lögum eða reglugerðum eða með öðrum hætti samkvæmt venju í hverju landi, svo sem með almennum kjarasamningum, úrskurði gerðardóms eða dómsúrskurði.

Lokaákvæði.

13. gr.

Samþykkt þessi er endurskoðun á (endurskoðaðri) samþykkt um mæðravernd frá 1952.

14. gr.

Formlegar fullgildingar samþykktar þessarar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

15. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Samþykktin gengur í gildi 12 mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur samþykktin í gildi að því er snertir hvert aðildarríki 12 mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

16. gr.

1. Aðildarríki sem fullgilt hefur samþykkt þessa getur sagt henni upp að tíu árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Sérhvert aðildarríki sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrstu málsgrein, rétt þann til uppsagnar sem þar er kveðið á um skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil en er síðan heimilt að segja henni upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

17. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á því hvaða dag samþykktin gengur í gildi.

18. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

19. gr.

Þegar stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd samþykktar þessarar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

20. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt sem breytir samþykkt þessari að nokkru eða öllu leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju endurskoðuðu samþykkt lögum samkvæmt hafa í för með sér tafarlausa uppsögn samþykktar þessarar, þrátt fyrir ákvæði 16. gr. hér að framan, ef hin nýja endurskoðaða samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist,

b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda samþykkt þessa eftir að hin nýja endurskoðaða samþykkt hefur öðlast gildi.

2. Samþykkt þessi skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað varðar form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina endurskoðuðu samþykkt.

21. gr.

Enskur og franskur texti samþykktar þessarar er jafngildur.

Fylgiskjal II.

Tilmæli nr. 191 um mæðravernd.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar,

sem kom saman til 88. þingsetu sinnar í Genf 30. maí 2000 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar og hefur samþykkt tilteknar tillögur er varða mæðravernd sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

sem hefur ákveðið að þessar tillögur skuli gerðar í formi tilmæla sem koma til viðbótar samþykkt um mæðravernd, 2000 (hér eftir nefnd „samþykktin"),

samþykkir í dag, hinn fimmtánda júní 2000, eftirfarandi tilmæli sem nefna má tilmæli um mæðravernd, 2000.

Fæðingarorlof.

1. (1) Aðildarríkin ættu að leitast við að lengja fæðingarorlof, sbr. 4. gr. samþykktarinnar, í a.m.k. 18 vikur.

(2) Ákvæði ættu að kveða á um framlengingu fæðingarorlofs við fjölburafæðingar.

(3) Að svo miklu leyti sem unnt er ætti að gera ráðstafanir til að tryggja að kona geti valið sjálf hvort hún taki hinn óskyldubundna hluta fæðingarorlofs fyrir eða eftir barnsburð.

Greiðslur.

2. Þar sem því verður við komið og að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks ætti að hækka greiðslur sem kona á rétt á í fæðingarorlofi, sbr. 4. og 5. gr. samþykktarinnar, þannig að þær nemi fyrri tekjum konunnar eða þeim hluta teknanna sem tillit er tekið til við útreikning á greiðslum.

3. Að svo miklu leyti sem unnt er ættu sjúkragreiðslur, sbr. 7. mgr. 6. gr. samþykktarinnar, að ná til:

a. umönnunar heimilislæknis eða sérfræðings á læknastofu, á heimili eða á sjúkrahúsi eða annarri sjúkrastofnun,
b. umönnunar ljósmóður eða annars konar umönnunar vegna þungunar og barnsburðar á heimili eða á sjúkrahúsi eða á annarri sjúkrastofnun,
c. dvalar á sjúkrahúsi eða annarri sjúkrastofnun,
d. hvers konar nauðsynlegra lyfja, hjálpartækja og búnaðar, rannsókna og prófana sem læknir eða annar hæfur aðili mælir fyrir um, og
e. tannlækninga og læknisaðgerða.

Fjármögnun greiðslna.

4. Hvers konar framlög vegna skyldubundinna almannatrygginga, sem standa undir fæðingarorlofsgreiðslum og hvers konar skattar, sem byggjast á launagreiðslum og innheimtir eru í því skyni að fjármagna slíkar greiðslur, hvort sem greiðendur eru bæði vinnuveitandi og starfsmenn eða einungis vinnuveitandi, ættu að greiðast í samræmi við heildarfjölda starfandi karla og kvenna án tillits til kynferðis.

Vinnuvernd og bann við mismunun.

5. Kona ætti að eiga rétt á að hverfa aftur að sama starfi eða sambærilegu starfi fyrir sama endurgjald við lok fæðingarorlofs, sbr. 5. gr. samþykktarinnar. Fæðingarorlofið, sbr. 4. og 5. gr. samþykktarinnar, ætti að reiknast til starfstíma við mat á réttindum hennar.

Heilsuvernd.

6. (1) Aðildarríkin ættu að gera ráðstafanir til að tryggja mat á hvers konar áhættuþáttum á vinnustað sem varða öryggi og heilbrigði þungaðrar konu eða konu með barn á brjósti og barns hennar. Niðurstöður slíks mats ættu að vera aðgengilegar hlutaðeigandi konu.

(2) Við hvers konar aðstæður skv. 3. gr. samþykktarinnar eða þar sem komið hefur í ljós að um verulega hættu sé að ræða skv. 1. mgr. ætti að gera ráðstafanir á grundvelli læknisvottorðs, ef slíkt á við, til að tryggja öryggi konunnar sem felast í að:

a. draga úr hættu,
b. breyta vinnuskilyrðum hennar,
c. fela henni annað starf án þess að það hafi áhrif á laun hennar til lækkunar ef ekki er unnt að breyta vinnuskilyrðum hennar, eða
d. veita henni greitt leyfi samkvæmt landslögum, reglugerðum eða venju ef ekki er unnt að fela henni önnur störf.

(3) Einkum ætti að grípa til þeirra ráðstafana sem tilgreindar eru í 2. mgr. þegar um er að ræða:

a. erfiða vinnu sem er fólgin í að lyfta eða bera byrði eða ýta eða draga þung hlöss,
b. vinnu sem felur í sér líffræðilega, efnafræðilega eða eðlisfræðilega skaðvalda sem valda heilsufarslegri hættu á meðgöngu,
c. vinnu þar sem krafist er sérstaks jafnvægis,
d. vinnu sem veldur líkamlegu álagi vegna langrar setu eða stöðu og vegna mikils hita eða titrings.

(4) Ekki ætti að skylda þungaða konu eða konu með barn á brjósti til að vinna að næturlagi ef í læknisvottorði kemur fram að slík vinna samrýmist ekki þungun hennar eða brjóstagjöf.

(5) Konan ætti að hafa rétt til að hverfa aftur að fyrra starfi eða sambærilegu starfi aftur um leið og slíkt telst öruggt fyrir hana.

(6) Konu ætti að vera heimilt að yfirgefa vinnustað, ef nauðsyn krefur, eftir að hún hefur tilkynnt vinnuveitanda sínum um það í því skyni að gangast undir læknisrannsókn í tengslum við þungunina.

Konur með barn á brjósti.

7. Við framvísun læknisvottorðs eða annarra viðeigandi skilríkja samkvæmt landslögum eða venju ætti að aðlaga tíðni og lengd hléa til brjóstagjafar persónulegum þörfum sérhverrar konu.

8. Þar sem því verður við komið, og með samþykki vinnuveitanda og viðkomandi konu, ætti að vera unnt að draga saman þann tíma sem ætlaður er til daglegra hléa til brjóstagjafar, til að heimila styttingu á vinnutíma hennar við upphaf eða lok hvers vinnudags.

9. Þar sem því verður við komið ætti að gera ráðstafanir til að útvega aðstöðu til brjóstagjafar þar sem gætt er viðeigandi hreinlætis á eða nærri vinnustað.

Leyfi af svipuðum ástæðum.

10. (1) Við dauða móður áður en leyfi eftir barnsburð er lokið ætti að veita starfandi föður barns heimild til að fá leyfi frá vinnu í þann tíma sem eftir er af fæðingarorlofi.

(2) Ef móðirin er veik eða dvelur á sjúkrahúsi að loknum barnsburði og áður en fæðingarorlofi er lokið, og ef móðirin er ekki fær um að annast barnið, ætti að veita starfandi föður barns heimild til að fá leyfi frá vinnu í þann tíma sem eftir er af fæðingarorlofi, í samræmi við landslög og venju, til þess að annast barnið.

(3) Starfandi móðir eða starfandi faðir barns ætti að hafa rétt til foreldraorlofs þegar að loknu fæðingarorlofi.

(4) Tímabilið þegar foreldraorlof kann að vera veitt, lengd foreldraorlofs og önnur atriði, svo sem greiðslu til foreldra og nýtingu og skiptingu foreldraorlofs milli starfandi foreldra, ætti að ákveða með landslögum eða reglugerðum eða með þeim hætti sem samrýmist landsvenju.

(5) Þar sem landslög og venja heimila ættleiðingu ættu ættleiðendur að hafa aðgang að því verndarkerfi sem samþykktin veitir, einkum hvað varðar fæðingarorlof, greiðslur og vinnuvernd.

Fylgiskjal III.

Skýrsla um starf nefndar sem fer með málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og um framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu á árinu 2000.

Á 61. Alþjóðavinnumálaþinginu, sem haldið var í Genf árið 1976, var afgreidd samþykkt nr. 144, um samstarf ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála. Ísland fullgilti samþykktina árið 1981. Samþykktin endurspeglar það samstarf fulltrúa ríkisstjórna og aðila vinnumarkaðarins sem fram fer innan Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og skapar henni sérstöðu meðal annarra stofnana sem starfa innan vébanda Sameinuðu þjóðanna. Í öllum nefndum og ráðum stofnunarinnar eiga sæti fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Í anda samþykktar nr. 144 var skipuð 16. apríl 1982 samstarfsnefnd ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins (hér eftir kölluð ILO-nefndin) sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina. Á árinu 2000 skipuðu eftirtaldir nefndina: Fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Ástráður Haraldsson, lögfræðingur ASÍ, fulltrúi Samtaka atvinnulífsins, Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur SA. Fulltrúi félagsmálaráðuneytisins, sem jafnframt gegnir formennsku í nefndinni, er Elín Blöndal, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu. Í september var Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, lögfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, skipuð ritari nefndarinnar.

Verkefni nefndarinnar eru svipuð frá ári til árs, þ.e. að fara yfir drög að skýrslum til alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf um framkvæmd fullgiltra alþjóðasamþykkta, svara spurningaskrám sem skrifstofan sendir aðildarríkjunum þegar undirbúin eru drög að nýjum samþykktum og fjalla um athugasemdir sem sérfræðinganefnd ILO gerir við framkvæmd á alþjóðasamþykktum. Nefndin ræðir einnig framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu.

Nefndin hélt samtals 10 fundi á árinu 2000. Helstu viðfangsefni nefndarinnar voru eftirfarandi:

Málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

a. Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði vinnumála.

Samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er aðildarríki skylt að gefa stofnuninni skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Þannig skulu aðildarríkin gefa ILO reglulega skýrslur um framkvæmd þeirra samþykkta sem þau hafa fullgilt. Þá getur stjórnarnefnd ILO falið alþjóðavinnumálaskrifstofunni að óska eftir skýrslum frá aðildarríkjunum um framkvæmd ákvæða í öðrum samþykktum sem þau hafa ekki fullgilt. Gert er ráð fyrir að stjórnvöld hafi samráð við aðila vinnumarkaðarins um samningu þessara skýrslna.

Á árinu 2000 undirbjó ILO-nefndin skýrslur ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykkta sem Ísland hefur fullgilt:

Nr. 29, um nauðungarvinnu eða skylduvinnu.

Nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess.

Nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

Nr. 122, um stefnu í atvinnumálum.

b. Undirbúningur fyrir þátttöku á 88. Alþjóðavinnumálaþinginu.

ILO-nefndin fjallaði á fundum sínum fyrri hluta árs 2000 um dagskrármál 88. Alþjóðavinnumálaþingsins. Á fundunum var farið yfir drög að nýrri samþykkt um mæðravernd sem felur í sér endurskoðun á samþykkt nr. 103 um sama efni. Enn fremur var farið yfir skýrslur sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman til undirbúnings umræðum um helstu dagskrármál Alþjóðavinnumálaþingsins.

c. Fullgilding alþjóðasamþykkta.

Á árinu fjallaði nefndin um hugsanlega fullgildingu Íslands á samþykktum ILO nr. 182, um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlausar aðgerðir til að afnema hana, og nr. 183, um mæðravernd.

Nefndin mælti á árinu með fullgildingu samþykktar nr. 182 en henni fylgja jafnframt tilmæli sama efnis þar sem ríki eru hvött til enn frekari aðgerða til afnáms barnavinnu. Samþykktin var fullgilt af Íslands hálfu þann 29. maí 2000. Samþykktin tekur gildi fyrir Ísland þann 29. maí 2001 í samræmi við 3. mgr. 10. gr. samþykktarinnar. Fullgilding hennar kallar ekki á lagabreytingar hér á landi.

Á árinu 1999 hafði nefndin gert tillögu til félagsmálaráðherra um fullgildingu samþykktar ILO nr. 156 (1981), um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Nefndin hafði jafnframt gert tillögu um lagaákvæði vegna samþykktarinnar en fyrir lá að breyta þyrfti lögum hér á landi vegna fullgildingar hennar. Var það vegna ákvæðis hennar um að fjölskylduábyrgð skuli ekki vera gild ástæða til uppsagnar starfs. Frumvarpið var lagt fram á 124. löggjafarþingi vorið 1999 en varð ekki útrætt. Það var lagt fram að nýju á 125. löggjafarþingi haustið 1999 og afgreitt í maí 2000 sem lög nr. 27/2000 um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna. Þann 22. júní 2000 afhenti fastafulltrúi Íslands í Genf fullgildingarskjal Íslands vegna samþykktarinnar. Samþykktinni fylgja tilmæli nr. 165 sem bera sama nafn og samþykktin og fela í sér nánari útfærslu á efni hennar. Ísland var 31. aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem fullgilti samþykkt nr. 156. Samþykktin tekur gildi fyrir íslenska ríkið að liðnum 12 mánuðum frá fullgildingu hennar, þ.e. 22. júní 2001.

d. Norræn ráðstefna um málefni ILO.

Dagana 17. og 18. október 2000 fór fram þríhliða ráðstefna um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Osló. Fjallað var um stefnu ILO varðandi setningu alþjóðlegra viðmiða. Sendinefnd Íslands á ráðstefnunni skipuðu Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir lögfræðingur, fulltrúi félagsmálaráðuneytisins, Jón H. Magnússon lögfræðingur frá Samtökum atvinnulífsins og Ari Skúlason framkvæmdastjóri frá Alþýðusambandi Íslands.

Félagsmálasáttmáli Evrópu.

Umfjöllun um aðild Íslands að félagsmálasáttmála Evrópu er meðal verkefna sem falin hafa verið ILO-nefndinni. Helstu viðfangsefni nefndarinnar voru gerð skýrslu um framkvæmd nokkurra ákvæða sáttmálans, athugun á athugasemdum sérfræðinganefndar Evrópuráðsins við framkvæmd Íslands á sáttmálanum, könnun á hugsanlegri fullgildingu Íslands á endurskoðaðri gerð félagsmálasáttmála Evrópu frá árinu 1996 og könnun á mögulegri fullgildingu á viðauka við sáttmálann frá 1991.

a. Skýrsla um framkvæmd ákvæða félagsmálasáttmálans sem Ísland hefur fullgilt.

Ráðherranefnd Evrópuráðsins samþykkti á fundi sínum 17. september 1992 að breyta til reynslu fyrirkomulagi á skýrslugjöf um framkvæmd sáttmálans. Samkvæmt 21. gr. sáttmálans skulu aðildarríki taka saman á tveggja ára fresti skýrslu um framkvæmdina. Samkvæmt því hafa aðildarríkin tekið saman annað hvert ár skýrslu um framkvæmd allra fullgiltra ákvæða sáttmálans. Enn fremur hefur þeim verið skipt í tvo hópa og hafa ríkjahóparnir skipst á um að senda Evrópuráðinu skýrslur sínar. Þessu var breytt þannig að taka skal saman á hverju ári skýrslu um framkvæmd á tilteknum fjölda greina. Aðildarríkin hafa því í raun skilað skýrslu á tveimur árum um framkvæmd ákvæða sáttmálans. Síðar var ákveðið að létta aðildarríkjunum skýrslugjöfina með því að óska einungis eftir skýrslu fjórða hvert ár um tilteknar greinar sáttmálans. Af þessum breytingum hefur leitt að sérfræðinganefnd Evrópuráðsins hefur nú getað lagt samtímis mat á framkvæmd allra aðildarríkjanna á ákvæðum sáttmálans. Það hefur leitt til þess að betri samanburður fæst á framkvæmd ríkjanna á sáttmálanum.

Í samræmi við breyttar reglur um skýrslur um framkvæmd félagsmálasáttmálans óskaði Evrópuráðið eftir skýrslu á árinu 2000 um framkvæmd á eftirtöldum greinum sáttmálans á tímabilinu 1. janúar 1995 til 31. desember 1998: 11. gr. (réttur til heilsuverndar), 14. gr. (réttur til að njóta góðs af félagslegri velferðarþjónustu) og 2.–3. mgr. 18. gr. (réttur til atvinnu í landi annars samningsaðila). Þá óskaði hún eftir skýrslu um framkvæmd eftirfarandi ákvæða á tímabilinu 1. janúar 1993 til 31. desember 1998: 17. gr. (réttur mæðra og barna til félagslegrar og efnahagslegrar verndar) og 1. og 4. mgr. 18. gr. (réttur til atvinnu í landi annars samningsaðila). Var 14. skýrslu Íslands um framkvæmd félagsmálasáttmálans skilað til Evrópuráðsins í júlí 2000.

Við gerð skýrslunnar var m.a. byggt á upplýsingum frá dómsmálaráðuneytinu, heilbrigðisráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu, Vinnumálastofnun, Vinnueftirliti ríkisins og Barnaverndarstofu. Þá var skýrslan send til umsagnar BHM og BSRB auk þeirra samtaka sem eiga fulltrúa í ILO-nefndinni.

b. Skýrsla um framkvæmd ákvæða félagsmálasáttmálans sem Ísland hefur ekki fullgilt.

Samkvæmt 22. gr. félagsmálasáttmálans ber aðildarríkjum sáttmálans að senda aðalritara Evrópuráðsins með hæfilegu millibili skýrslur varðandi þau ákvæði II. kafla sáttmálans sem þau hafa ekki fullgilt.

Að ósk ráðherranefndar Evrópuráðsins fjallaði nefndin á árinu um framkvæmd 1., 3. og 4. mgr. 7. gr. félagsmálasáttmálans sem varðar vinnu barna. Í skýrslu um framkvæmd ákvæðisins, sem send var til Evrópuráðsins af hálfu íslenskra stjórnvalda og fjallað var um í nefndinni, er vísað til ákvæða barnaverndarlaga nr. 58/1992, laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðar nr. 426/1999 sem varðar vinnu barna og ungmenna. Þá er vísað til þess að Ísland fullgilti samþykkt ILO nr. 138 um lágmarksaldur við vinnu á árinu 1999. Sérstaklega hafði verið óskað eftir af hálfu Evrópuráðsins að fram kæmu í skýrslunni upplýsingar um ástæður sem koma í veg fyrir að Ísland fullgildi þessar málsgreinar 7. gr. sáttmálans. Í skýrslu Íslands segir að litið sé svo á að eðlilegt sé að athugað verði með mögulega fullgildingu þessara ákvæða við yfirferð yfir ákvæði endurskoðaðrar gerðar félagsmálasáttmálans með tilliti til fullgildingar. Skýrslan var send til umsagnar BHM og BSRB auk þeirra samtaka sem eiga fulltrúa í ILO-nefndinni.

c. Athugasemdir við framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmálans.

Nefndin fjallaði á árinu um athugasemdir við framkvæmd Íslands á nokkrum ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu sem koma fram í skýrslu sérfræðinganefndar Evrópuráðsins sem var gefin út í niðurstöðum XV-1. Um er að ræða niðurstöður í framhaldi af 13. skýrslu Íslands sem skilað var árið 1999 um framkvæmd eftirfarandi ákvæða félagsmálasáttmálans: 1. gr. um réttinn til vinnu., 5. gr. um félagafrelsi, 6. gr. um réttinn til að semja sameiginlega, 12. og 13. gr. sem varða réttinn til félagslegs öryggis og til félags- og heilbrigðisaðstoðar og 16. gr. sem fjallar um rétt fjölskyldunnar til félagslegrar, lagalegrar og efnahagslegrar verndar. Á fund nefndarinnar komu fulltrúar frá fjármálaráðuneytinu vegna framkvæmdar 6. gr. og 4. mgr. 12. gr. og frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu vegna framkvæmdar 12 og 13. gr. sáttmálans. Athugasemdir sérfræðinganefndarinnar eru birtar í viðauka með þessari skýrslu.

d. Hugsanleg fullgilding á endurskoðaðri gerð félagsmálasáttmálans og viðauka við sáttmálann frá 1991.

Árið 1990 samþykktu evrópskir félagsmálaráðherrar tillögu Lalumiere, þáverandi framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, um endurskoðun á ákvæðum félagsmálasáttmálans. Í framhaldi af samþykkt tillögunnar var hafin endurskoðun sáttmálans af sérstakri nefnd á vegum Evrópuráðsins. Nefndin afgreiddi til ráðherranefndar Evrópuráðsins árið 1991 drög að viðauka við félagsmálasáttmálann þar sem m.a. er kveðið skýrar á um hlutverk sérfræðinganefndar Evrópuráðsins. Í henni er einnig kveðið skýrar á um verkefni nefndar sem í eiga sæti fulltrúar aðildarríkja sáttmálans, svokallaðrar embættismannanefndar. Að tillögu nefndarinnar samþykkti ráðherranefndin árið 1995 viðauka við sáttmálann sem veitir heildarsamtökum vinnumarkaðarins rétt til að kæra framkvæmd sáttmálans til Evrópuráðsins. Þriðja skjalið sem nefndin afgreiddi til ráðherranefndarinnar er ný gerð sáttmálans þar sem eldri ákvæði hafa verið færð í nútímalegra horf en jafnframt bætt við 11 nýjum efnisgreinum. ILO-nefndin fór á árinu yfir breytingar sem hafa verið gerðar frá eldri gerð sáttmálans. Markmiðið hefur verið að kanna hugsanlega fullgildingu Íslands á þessari endurskoðuðu gerð félagsmálasáttmálans. Sú umfjöllun stóð enn yfir í árslok 2000.

Þá hóf nefndin á árinu umfjöllun um mögulega fullgildingu framangreinds viðauka við félagsmálasáttmálann frá 1991.

Athugasemdir nefndar óháðra sérfræðinga við framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmála Evrópu á árunum 1997–98.

Hér á eftir eru birtar athugasemdir sem nefnd óháðra sérfræðinga á vegum Evrópuráðsins (European Committee on Social Rights) hefur gert við framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu. Um er að ræða athugasemdir í framhaldi af 13. skýrslu Íslands um framkvæmd á eftirtöldum greinum sáttmálans á tímabilinu 1. janúar 1997 til 31. desember 1998: 1., 5., 6., 12., 13. og 16. gr. Athugasemdirnar eru birtar í skýrslu sérfræðinganefndarinnar: European Social Charter: European Committee of Social Rights, Conclusions XV-1, Strasbourg, apríl 2000. Tekið skal fram að athugasemdirnar eru ekki tilfærðar orðrétt heldur er um að ræða efnislega samantekt.

1. gr.

Réttur til vinnu.

1. mgr. Full atvinna.

Að því er snertir atvinnuástand veitir nefndin því athygli að samkvæmt íslensku skýrslunni dró jafnt og þétt úr atvinnuleysi á viðmiðunartímanum og varð það hið minnsta síðan 1991 (3,9% 1997 og 2,8% 1998). Atvinnuleysi kvenna (4,0%) var enn tvöfalt meira en atvinnuleysi karla (1,8%) árið 1998. Nefndin veitir því jafnframt athygli í kennitölum vinnumarkaðarins 1999 í riti Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að langtímaatvinnuleysi er óverulegt miðað við meðaltalið í Evrópu (0,4% af heildaratvinnuleysi). Hún óskar eftir að fá í næstu skýrslu íslenskra stjórnvalda um framkvæmd ákvæðisins tölur sem ná til næsta viðmiðunartímabils varðandi atvinnuleysi farandverkamanna og ungmenna.

Hvað varðar atvinnumálastefnu á Íslandi veitir nefndin því athygli að stöðugur efnahagsvöxtur hélt áfram á viðmiðunartímanum sem hafði í för með sér auknar fjárfestingar og aukna spurn eftir vinnuafli. Í hefðbundnum atvinnugreinum (svo sem fiskveiðum og landbúnaði) hafa orðið örar breytingar til nútímahorfs en ekki að sama skapi í verkkunnáttu. Þetta misræmi hefur valdið skorti á vel menntuðu starfsfólki og auknu atvinnuleysi þeirra sem skortir verkkunnáttu, svo og meðal landsbyggðafólks og farandverkamanna. Stjórnvöld hafa brugðist við þessu með því stofna til svæðisbundinnar þróunaráætlunar fyrir landsbyggðina og ver til hennar 153,4 milljónum króna á fjárlögum, og er áætlað að verja helmingi þeirrar fjárhæðar sérstaklega til atvinnusköpunar. Nefndin óskar eftir að fá í næstu skýrslu upplýsingar um árangurinn af þessari svæðisbundnu þróunaráætlun.

2. mgr. Réttur starfsmanns til að vinna fyrir sér í starfi sem hann velur sjálfur.

Hvað varðar misrétti á grundvelli kynferðis segir í skýrslunni að fjögurra ára framkvæmdaáætlun til þess að koma á jafnrétti kvenna og karla samkvæmt jafnréttislögum, nr. 28/1991, hafi verið í gildi til ársloka 1997. Í skýrslu ráðherra til Alþingis við lok þessa tímabils var lagt mat á einstaka þætti verkefnisins, en matið byggðist einkum á skýrslum frá hlutaðeigandi ráðuneytum til skrifstofu Jafnréttisráðs. Nefndin telur þá starfsemi sem fram fór í þessu skyni á vegum hinna ýmsu ráðuneyta athyglisverða. Hún veitir því einnig athygli að árið 1997 samþykkti Alþingi nýja fjögurra ára áætlun um ráðstafanir til þess að stuðla að jafnrétti á tímabilinu 1998 til 2001. Sem svar við spurningu nefndarinnar um árangur Norðurliljuverkefnisins um jafnrétti kynjanna í menntakerfinu segir í skýrslunni að ítarlegar skýrslur hafi verið gefnar út við lok verkefnisins og efni þeirra kynnt öllum menntastofnunum. Hvað varðar annars konar mismunun er bent á það í skýrslunni að samkvæmt ákvæðum laga nr. 66/1995, um grunnskóla, beri að haga kennslu með þeim hætti að meðal annars sé lögð áhersla á að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli uppruna, kynferðis, búsetu, þjóðfélags-

stöðu, trúarbragða eða fötlunar. Í fyrri niðurstöðum sínum óskaði nefndin eftir upplýsingum um ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að hvetja til jafns aðgengis að vinnu án mismununar á grundvelli kynþáttar, þjóðernis eða félagslegs uppruna og stjórnmálaskoðana. Í skýrslunni er því svarað til að samkvæmt ákvæðum laga um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 13/1997, sé svæðisvinnumiðlunum skylt að veita aðstoð öllum þeim sem hafa svonefndan ótakmarkaðan rétt til atvinnu á Íslandi, þ.e. ótakmarkað atvinnuleyfi, til að leita sér að atvinnu og velja sér starfsþjálfunarnámskeið. Samkvæmt skýrslunni er ekki um að ræða neina mismunun gagnvart fólki við beitingu þessa ákvæðis. Í skýrslunni segir að orðalagið „ótakmarkaðan rétt til atvinnu á Íslandi" eigi við um þegna þeirra ríkja sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) með sama hætti og íslenskir ríkisborgarar og alla þá þegna erlendra ríkja sem eru ríkisborgarar annarra ríkja en aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins og hafa undir höndum ótakmarkað atvinnuleyfi samkvæmt ákvæðum laga atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994. Hvað varðar útgáfu takmarkaðra og ótakmarkaðra atvinnuleyfa vísar nefndin til niðurstöðu sinnar samkvæmt 3. mgr. 18. gr. (síðast í Niðurstöðum XIII-4, bls. 317–318). Loks veitir nefndin því athygli að aðstaða erlendra ríkisborgara, m.a. staða, þátttaka og félagsleg aðlögun að íslensku samfélagi, svo og stefnumótun varðandi erlenda ríkisborgara, hefur verið til athugunar hjá menntamálaráðuneytinu og Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála. Hún óskar eftir upplýsingum um árangur þessarar athugunar.

Nefndin ályktar að ástand mála sé í samræmi við þetta ákvæði félagsmálasáttmálans hvað varðar útrýmingu hvers konar mismununar í atvinnumálum.

Að því er snertir bann við vinnuþrælkun segir í skýrslunni að ekki hafi verið lagt fram neitt frumvarp um vinnuþrælkun á Íslandi síðan ákvæði 81. sjómannalaga, nr. 35/1985, var afnumið með lögum nr. 53/1990. Nefndin ályktar að Ísland fullnægi ákvæðum 2. mgr. 1. gr. félagsmálasáttmálans hvað varðar bann við vinnuþrælkun.

3. mgr. Ókeypis vinnumiðlun.

Í íslensku skýrslunni segir að meginbreytingar hafi verið gerðar á skipulagi vinnumiðlunarþjónustu síðan á fyrra viðmiðunartímabili eftir samþykkt laga um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 13/1997, og laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997. Meginárangur hinna nýju laga er sá að komið var á fót nýrri stofnun, Vinnumálastofnun, sem heyrir undir félagsmálaráðuneytið, og sér hún um vinnumiðlunarmálefni. Nýmæli hinna nýju laga eru fólgin í samræmingu atvinnumálastefnu fyrir landið allt og stofnun heildarvinnumarkaðar fyrir allt landið.

Stofnaðar hafa verið átta vinnumiðlunarstofur víðs vegar um landið og ber þeim að fylgjast með þróun mála á vinnumarkaði og gera ráðstafanir í atvinnumálum til þess að aðstoða hina atvinnulausu.

Varðandi ráðningarþáttinn gera svæðisskrifstofurnar sérstaka ráðningaráætlun fyrir hvern þann sem er að leita eftir atvinnu og leitast hún við að samræma framboð og spurn eftir vinnuafli. Slíkar áætlanir eiga að vera tilbúnar innan tíu vikna frá skráningu hjá skrifstofunni. Til að aðstoða þá sem leita eftir atvinnu bjóða svæðisvinnumiðlunarstofurnar einnig upp á aðra þjónustu, svo sem starfsþjálfun, starfskynningarnámskeið og tímabundna ráðningu. Þær stuðla að reynsluráðningu, þ.e. vinnuveitendur ráða til reynslu þá sem eru að leita að atvinnu (í allt að þrjá mánuði) með það fyrir augum að fastráða þá ef þeir reynast hæfir. Sérstök þjónusta er einnig veitt atvinnulausum ungmennum, eldra fólki og fötluðum sem eru að leita að vinnu. Í skýrslunni segir að árið 1998 hafi 1.200 manns fengið vinnu fyrir tilstilli vinnumiðlunarskrifstofanna og að 2.400 manns hafi fengið vinnu á vegum einkarekinna stofa. Nefndin óskar eftir því að í næstu skýrslu verði tilgreint nákvæmar hve mörgum hin opinbera vinnumiðlunarþjónusta hefur útvegað vinnu og að staðfest verði að slík þjónusta sé ókeypis. Hvað

sem því líður kemst nefndin að þeirri niðurstöðu að ástandið á Íslandi fullnægi ákvæðum 3. mgr. 1. gr. félagsmálasáttmálans.

5. gr.

Réttur til að stofna stéttarfélög.

Nefndin kveður ástandið á Íslandi ávallt hafa verið talið fullnægjandi hvað varðar stofnun stéttarfélaga. Í fyrri niðurstöðum sínum óskaði nefndin eftir því að fá nýjustu upplýsingar um ástandið hvað varðar lög og framkvæmd hvað snertir *rétt til að ganga í stéttarfélög*. Í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, eru ákvæði þess efnis að stéttarfélög séu opin öllum mönnum í hlutaðeigandi starfsgrein á því landsvæði sem stéttarfélag nær til samkvæmt félagslögum sínum. Stéttarfélög geta sett sér reglur um lágmarkskröfur fyrir félagsaðild en þær skulu vera almenns eðlis, án þess að stuðla að mismunun og mega ekki brjóta í bága við meginregluna. Í skýrslunni segir að réttur til aðildar að stéttarfélagi sé virtur í reynd og að ekki sé um að ræða neina nýlega dómsúrskurði varðandi þennan rétt. Ákvæði um rétt opinberra starfsmanna til að stofna stéttarfélög er að finna í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986. Nefndin veitir athygli svörum við spurningum sem hún bar fram í fyrri niðurstöðu og athugasemdum sem gerðar voru varðandi rétt til að ganga í stéttarfélög. Hún minnist þess að 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, að áorðnum breytingum 1995, hljóðar svo: *„Ekki má skylda neinn til að eiga aðild að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.“* Í skýrslunni er vísað til yfirlýsingar stjórnarskrárnefndar Alþingis þess efnis að 2. mgr. 74. gr. „eigi ekki við um skuldbindingar á grundvelli frjálsra samninga, þ.m.t. almennra kjarasamninga.“ Þar segir að nefndin hafi einnig bent á að ákvæði í almennum kjarasamningum þess efnis að fyrirtækin skuli aðeins ráða til starfa þá sem eiga aðild að tilteknu stéttarfélagi feli ekki í sér þá skyldu að ganga í félag af þeirri gerð sem vísað er til í 1. málsl. 2. mgr. Hins vegar segir einnig í skýrslunni að skoðanir séu skiptar hvort unnt sé að samþykkja túlkun á bráðabirgðagögnum (*travaux preparatoires*) með tilliti til afdráttarlauss orðalags ákvæðisins. Einnig segir að íslenskir dómstólar hafi ekki úrskurðað í því skyni að skýra lagalega stöðu hvað þetta varðar.

Vegna skorts á fordæmisrétti, sem bendir til hins gagnstæða, kemst nefndin að þeirri niðurstöðu að ríkisstjórn Íslands hafi ekki sýnt fram á að gerðar breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands verndi rétt til að eiga ekki aðild að stéttarfélagi að nægilega miklu leyti að því er snertir ákvæði í almennum kjarasamningum þess efnis að fyrirtæki megi aðeins ráða til starfa þá sem eiga aðild að hlutaðeigandi stéttarfélagi eða vegna ákvæða um forgangsrétt. Fjöldi slíkra ákvæða í almennum kjarasamningum er í sjálfu sér vísbending um það að lagavernd sé áfátt að þessu leyti. Nefndin minnir á það á ný að „frelsi til að ganga í stéttarfélög, sem tryggt er í 5. gr. félagsmálasáttmálans, hljóti að fela í sér að ekki sé fyrir hendi neins konar skylda til að ganga í eða eiga aðild að stéttarfélagi.“ Eins og nefndin hefur oftlega bent á er í 5. gr. gert ráð fyrir viðeigandi vernd slíks frelsis í landslögum, annaðhvort með lögum eða fordæmisrétti (Niðurstöður XI-1, bls. 72).

Hvað varðar 2. málsl. 2. mgr. 74 gr. stjórnarskrárinnar, þar sem löggjafanum er heimilað að takmarka rétt manna til að eiga aðild að tilteknum félögum, er útskýrt að samkvæmt bráðabirgðagögnum (*travaux preparatoires*) ber í báðum þeim tilvikum sem tilgreind eru í ákvæðinu að mæla fyrir undanþágunni með lögum. Enn fremur kveður nefndin skýrt að skyldan til að eiga aðild að félagi verður að vera félaginu nauðsynleg til að gera því kleift að inna af hendi þær skyldur sem því ber að inna af hendi samkvæmt lögum. Að þessum skilyrðum uppfylltum er unnt að skylda einstakling til að eiga aðild að félagi í almannaþágu. Í

bráðabirgðagögnunum (*travaux preparatoires*) er tiltekið sérstaklega að þetta sé almennt ákvæði sem nær til þeirra liða sem fram koma í 2. mgr. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Nefndin leggur áherslu á að einu takmarkanirnar á réttinum til að stofna stéttarfélag, hvort sem um skylduaðild er að ræða eða ekki, og heimilað er samkvæmt sáttmálanum, eru þær sem tilgreindar eru í 31. gr. Hún óskar eftir því að fá upplýsingar í skýrslum í framtíðinni um hvers konar lagasetningu samkvæmt 2. málsl. 2. mgr. 74. gr. Hvað varðar ástandið í reynd veitir nefndin athygli ítarlegu svari í skýrslunni við beiðni um upplýsingar um tilvist þess ákvæðis í almennum kjarasamningum að fyrirtækjum sé ekki heimilt að ráða til starfa aðra en félaga í því stéttarfélagi sem þau semja við um kaup og kjör eða að félagar í því stéttarfélagi gangi fyrir um vinnu. Hún veitir því athygli að mikill meiri hluti launamanna á Íslandi (u.þ.b. 85%) á aðild að stéttarfélagi og er Alþýðusamband Íslands stærsta stéttarfélagið með um 50% vinnufærra manna innan sinna vébanda. Ákvæði í almennum kjarasamningum um forgangsrétt til vinnu eiga sér langa sögu og eru fastbundin af hefð. Frá og með 1996 hafa verið gerðar skipulegar tilraunir til að fella brott slík ákvæði úr almennum kjarasamningum stéttarfélaga innan ASÍ. Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. stofnskrár ASÍ er aðildarfélögum þess bannað að hafa slík ákvæði í stofnskrám sínum.

Forgangsréttur eins stéttarfélags kemur ekki í veg fyrir stofnun fleiri stéttarfélaga innan sömu atvinnugreinar í sama héraði. Í einu dómsmáli viðurkenndi Félagsdómur rétt stéttarfélags til að semja fyrir hönd félaga sinna, jafnvel þótt annað stéttarfélag hefði samið um forgangsrétt fyrir sína félaga (sjá úrskurð Félagsdóms frá 17. október 1994: Flugfélagið Atlanta gegn Félagi íslenskra atvinnuflugmanna).

Með fordæmisrétti sínum hefur Félagsdómur viðurkennt kröfu stéttarfélaganna um forgangsréttarákvæði í almennum kjarasamningum sem löglega kröfu í samningaviðræðum.

Aðeins eitt aðildarfélag ASÍ hefur nú í almennum kjarasamningum sínum ákvæði þess efnis að fyrirtæki megi ekki ráða til starfa aðra en félaga þess.

Við skoðanakönnun um fjölda almennra kjarasamninga, sem innihalda ákvæði um forgangsrétt til starfa eða ákvæði þess efnis að fyrirtæki megi ekki ráða til starfa aðra en félaga í því stéttarfélagi sem það semur við um kaup og kjör, sem voru í gildi 31. desember 1998, kom í ljós að í kjarasamningum 118 af 119 aðildarfélögum ASÍ voru ákvæði um forgangsrétt til vinnu og í kjarasamningum eins félags ákvæði þess efnis að fyrirtæki mættu ekki ráða til starfa aðra en félaga í því stéttarfélagi. Í síðastnefnda félaginu voru 12.133 félagar af þeim 61.386 félögum sem áttu aðild að ASÍ. Auk þess voru 34 stéttarfélög bundin almennum kjarasamningum sem innihéldu forgangsréttarákvæði fyrir 5.763 félaga og 13 stéttarfélög sem voru bundin almennum kjarasamningum með ákvæði þess efnis að fyrirtæki mættu ekki ráða til starfa aðra en félaga í því stéttarfélagi sem það semdi við um kaup og kjör fyrir 1.871 félaga.

Loks segir í skýrslunni að ekki sé að finna nein forgangsréttarákvæði í almennum kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Nefndin minnir á það að ákvæði þess efnis að fyrirtæki megi ekki ráða til starfa aðra en félaga í því stéttarfélagi sem þau semja við um kaup og kjör og ákvæði um forgangsrétt til vinnu brjóta í grundvallaratriðum í bága við félagsmálasáttmála Evrópu (Niðurstöður XIV-1, bls. 381).

Að því er varðar starfsemi stéttarfélaga vísar nefndin um ástand mála varðandi almenna kjarasamninga til niðurstöðu sinnar varðandi ákvæði 2. mgr. 6. gr. Hvað varðar beiðni nefndarinnar um upplýsingar um aðgang fulltrúa stéttarfélaga að vinnustöðum og fundarfrelsi veitir hún því athygli að almenn ákvæði í lögum og almennum kjarasamningum kveða á um vinnuaðstöðu trúnaðarmanna starfsmanna og heimila m.a. að trúnaðarmanni í fyrirtæki sé

heimilt að boða til fundar með starfsmönnum á vinnustaðnum tvisvar á ári á vinnutíma. Slíka fundi skal boða í samráði við hlutaðeigandi stéttarfélag og stjórn fyrirtækisins. Hvað varðar opinbera starfsmenn er í lögum nr. 94/1986 að finna ákvæði um fulltrúa stéttarfélaga (trúnaðarmenn), hlutverk þeirra og skyldur. Hugmyndin um „umboð" stéttarfélags gildir ekki í einkageiranum. Hins vegar gilda sérstakar reglur um opinbera starfsmenn samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986. Samkvæmt þeim eru stéttarfélög starfsmanna ríkis og bæja, eða samtök slíkra stéttarfélaga, fulltrúar félaga sinna í viðræðum um almenna kjarasamninga samkvæmt lögunum og við aðrar ákvarðanir varðandi slíka samninga. Þeim stéttarfélögum sem höfðu, þegar lögin gengu í gildi, sérstaka almenna kjarasamninga við fjármálaráðherra samkvæmt þágildandi lögum um almenna kjarasamninga opinberra starfsmanna, eða höfðu almenna kjarasamninga við sveitarfélögin samkvæmt reglugerð frá 1976, var veittur réttur til að gera almenna kjarasamninga við sömu aðila svo fremi þau sæktu um það sérstaklega þegar lögin gengu í gildi. Önnur stéttarfélög eða samtök geta öðlast rétt til að koma fram sem samningsaðili ef a.m.k. einu af eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. Að í stéttarfélagi sé meiri hluti starfsmanna ríkis eða bæja aðrir en þeir sem eru félagar í stéttarfélögum sem hafa rétt til samninga samkvæmt 2. eða 3. tölul.
2. Að í stéttarfélagi séu a.m.k. ⅔ þeirra starfsmanna sem samkvæmt lögunum starfa hjá tiltekinni stofnun og að fjöldi slíkra félaga sé 100 eða meiri.
3. Að í stéttarfélagi séu a.m.k. ⅔ starfsmanna sem lögin ná til og eru í starfshópi sem nýtur lögbundinna starfsréttinda eða fullnægja skilyrðum um formlega menntun sem telja má að veiti jafngild réttindi og að fjöldi slíkra félaga sé 40 eða meiri.

Fyrsti töluliður fjallar um almenn stéttarfélög, 2. tölul. um stéttarfélög stofnana og 3. tölul. um stéttarfélög sérmenntaðs fólks.

Fulltrúar fjármálaráðherra, þ.e. að jafnaði samninganefnd ríkisins, taka afstöðu til þess hvort stéttarfélag fullnægir skilyrðum laganna til að hljóta viðurkenningu sem stéttarfélag með því að hefja samningaviðræður við það eða hafna samningaviðræðum. Deilum aðila um rétt einstakra stéttarfélaga til að gera kjarasamninga og þá starfsmenn sem þeir hafa umboð fyrir má vísa til Félagsdóms.

Með tilliti til þeirra upplýsinga sem veittar eru í skýrslunni um forsendur umboðs varðandi opinber störf og með tilliti til tryggingar um eðlilega málsmeðferð í formi málskots til Félagsdóms kemst nefndin að þeirri niðurstöðu að ástand mála á Íslandi sé samræmi við 5. gr. félagsmálasáttmálans hvað það atriði varðar. Að því er snertir persónusvið (*scope ratione personae*) kveður nefndin ástand mála ávallt hafa verið talið fullnægja kröfum ákvæðisins. Í svari við beiðni nefndarinnar um nýjustu upplýsingar um rétt opinberra starfsmanna og lögreglumanna til að stofna félög er í skýrslunni vísað til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986. Eru þar ákvæði þess efnis að starfsmaður sem lögin ná til hafi rétt til að ganga í stéttarfélag sem hefur rétt til að gera samninga fyrir hans hönd. Lögin hindra starfsmenn ekki í því að ganga einnig í önnur stéttarfélög. Sem svar við almennri spurningu nefndarinnar um kjörgengi fulltrúa stéttarfélaga, ríkisborgara annarra aðildarríkja félagsmálasáttmálans, í starfsráð (*works councils*) og aðrar opinberar stofnanir, sem vinnuveitendur og stéttarfélög taka þátt í (Niðurstöður XIV-1, bls. 45), segir í skýrslunni að almennar meginreglur um bann við mismunun eigi við í sambandi við tilnefningar til ráða og nefnda á vegum ríkisins (65. gr. stjórnarskrárinnar og 11. kafli stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, þar sem m.a. er lagt bann við mismunun á grundvelli þjóðernis). Hið sama á jafnt við um nefndir og ráð sem ráðherra tilnefnir menn í. Nefndin spyr hvort um sé að ræða kjörnar stofnanir sem vinnuveit-

endur og fulltrúar stéttarfélaga eiga aðild að og ef svo er hver sé staða ríkisborgara annarra aðildarríkja.

Loks ber að geta þess að í lögum nr. 94/1986 og nr. 80/1938 eru engin ákvæði sem takmarka rétt erlendra ríkisborgara til að stofna og ganga í félög. Samkvæmt skýrslunni tryggja ótvíræðar jafnræðisreglur í stjórnarskránni og stjórnsýslulögum öllum einstaklingum þennan rétt, hvert sem þjóðerni þeirra er.

Niðurstaða nefndarinnar er sú að ástand mála varðandi lög og framkvæmd á Íslandi varðandi þann rétt manna að gerast ekki aðilar að félögum samræmist ekki 5. gr. félagsmálasáttmálans.

6. gr.

Réttur til að gera almenna kjarasamninga.

1. mgr. Gagnkvæmt samráð.

Í fyrri niðurstöðu sinni samkvæmt þessu ákvæði óskaði nefndin eftir því að ríkisstjórn Íslands veitti nýjustu upplýsingar um gagnkvæmt samráð innan einkageirans á landsgrundvelli og á vettvangi fyrirtækja, svo og innan opinbera geirans. Samkvæmt skýrslunni er gagnkvæmt samráð enn óaðskiljanlegur hluti íslensks vinnuréttar og menningar og nátengt gerð almennra kjarasamninga.

Í lögum eru ákvæði sem skylda vinnuveitendur til að hafa samráð við starfsmenn eða fulltrúa þeirra. Sem dæmi má nefna að í skýrslunni er getið um lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lög nr. 77/1993, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, og lög um orlof, nr. 30/1987. Þessi lög gilda jafnt í einkageiranum og í opinbera geiranum.

Nefndin óskar eftir upplýsingum í næstu skýrslu um ákvæði í almennum kjarasamningum þar sem kveðið er á um gagnkvæmt samráð um málefni sem ekki eru tilgreind í lögum. Hún endurtekur einnig beiðni sína um upplýsingar um gagnkvæmt samráð á þjóðargrundvelli, í einkageiranum og opinbera geiranum.

Með tilliti til þeirra upplýsinga sem gefnar eru í þessari skýrslu og gefnar hafa verið í fyrri skýrslum ályktar nefndin að ástand mála fullnægi ákvæðum í 1. mgr. 6. gr. félagsmálasáttmálans.

2. mgr. Stuðlað að frjálsum samningaumleitunum.

Í fyrri niðurstöðu sinni um Ísland veitti nefndin athygli lögum nr. 75/1996 sem breyttu ákvæðum laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Hún hafði frestað því að taka afstöðu til þessara breytinga, sem verkalýðshreyfingin hafði gagnrýnt, og óskað eftir upplýsingum um það hvernig lögunum var beitt í framkvæmd við gerð almennra kjarasamninga 1997. Í síðustu skýrslunni er útskýrt að aðilar vinnumarkaðarins hafi farið að ákvæðum laganna við gerð almennra kjarasamninga 1997 án nokkurra vandkvæða. Þar eð nefndinni hafa ekki borist neinar athugasemdir íslenskra stéttarfélaga um skýrsluna sér hún ekki ástæðu til að ætla að lagabreytingarnar teljist vera til takmörkunar á rétti til almennra kjarasamninga.

Nefndin veitir athygli samþykkt laga um kjarasamninga sjómanna, nr. 10/1998, hinn 27. mars 1998, í því skyni að binda enda á sjómannaverkfall sem hófst 3. febrúar 1998. Nánari umfjöllun um ástand mála eftir þessa íhlutun í almenna kjarasamninga milli sjómanna og útgerðarmanna er að finna í niðurstöðum nefndarinnar varðandi 4. mgr. 6. gr.

Af þeim ástæðum sem nánar er fjallað um í niðurstöðu nefndarinnar í 4. mgr. 6. gr. álítur hún að íhlutun í almenna kjarasamninga í kjölfar samþykktar laga um kjarasamninga sjómanna, nr. 10/1998, hinn 27. mars 1998 teljist ekki brot á ákvæðum 2. mgr. 6. gr., sbr. 31.

gr. félagsmálasáttmálans. Nefndin telur að íhlutunin falli innan valdsviðs ríkisstjórnar Íslands til að ákveða til hvaða ráða skyldi grípa í þessu sérstaka tilviki í lýðræðisríki í því skyni að vernda rétt og frelsi annarra og í almannaþágu. Í mati sínu tók nefndin tillit til framlengingar gildandi almennra kjarasamninga til 15. febrúar 2000 þótt viðmiðunartíminn sé á enda 31. desember 1998.

Nefndin ályktar að ástand mála á Íslandi sé í samræmi við 2. mgr. 6. gr. félagsmálasáttmálans.

3. mgr. Sáttafyrirkomulag og gerðardómur.

Í skýrslu Íslands er svarað spurningu nefndarinnar í fyrri niðurstöðu um sættir við opinbera starfsmenn: samkvæmt lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með áorðnum breytingum, að sömu reglur skuli gilda innan opinbera geirans og einkageirans. Nefndin veitir því athygli að ekki eru nein dæmi um þvingandi gerðardóma á viðmiðunartímanum. Hún ályktar að ástand mála á Íslandi sé í samræmi við 3. mgr. 6. gr. félagsmálasáttmálans.

4. mgr. Réttur til sameiginlegra aðgerða.

Að því er snertir merkingu hugtaksins sameiginlegar aðgerðir tekur nefndin fram að í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, er sérstaklega tekið fram að stéttarfélög, samtök atvinnurekenda og einstakir atvinnurekendur hafi rétt til grípa til sameiginlegra aðgerða til þess að ná fram kröfum sínum í vinnudeilum og til þess að vernda rétt sinn samkvæmt lögunum með þeim skilmálum og skilyrðum sem lögin setja. Nefndin gefur gaum að því í skýrslunni að í lögum nr. 75/1996, um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, er skilgreining á hugtakinu „vinnustöðvun“ þar sem átt er við verkbann atvinnurekenda og verkföll þar sem starfsmenn leggja niður venjuleg störf sín að nokkru eða öllu leyti í því skyni að ná sameiginlegu takmarki. Hugtakið á einnig við um aðrar ráðstafanir vinnuveitenda og starfsmanna sem líkja má við vinnustöðvanir.

Nefndin veitti athygli tilteknum takmörkunum á verkfallsrétti í fyrri niðurstöðu sinni og taldi þær viðunandi skv. 4. mgr. 6. gr. félagsmálasáttmálans. Almenna reglan er sú að sameiginlegar aðgerðir eru ekki heimilar í deilum um rétt, þ.e. um túlkun, gildi eða brot á almennum kjarasamningi eða túlkun eða brot á vinnulöggjöf. Um nokkrar undantekningar er að ræða frá friðarskyldu, t.d. er heimilt að fara í verkfall til stuðnings öðru stéttarfélagi sem á í löglegu verkfalli eða til að fylgja eftir úrskurði Félagsdóms.

Hvað varðar þá spurningu í fyrri niðurstöðu nefndarinnar um hver hafi rétt til sameiginlegra aðgerða segir í skýrslunni að í samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur hafi aðeins stéttarfélög rétt til að boða verkfall. Nefndin veitir því athygli í upplýsingum sem hún fékk skv. 5. gr. að engin formleg skilyrði eru sett fyrir stofnun stéttarfélags. Til að geta orðið lögpersóna er stéttarfélagi skylt að hafa stjórn og félagslög. Skv. 5. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur eru stéttarfélög samningsaðilar um kaup og kjör félaga sinna svo fremi hlutaðeigandi stéttarfélag hafi í lögum sínum ákveðið að láta starfsemi sína ná til slíkra mála. Nefndin óskar eftir upplýsingum í næstu skýrslu, ef um slíkt er að ræða, um hvort stéttarfélagi sé einnig heimilt að grípa til sameiginlegra aðgerða svo fremi félagar þess samþykki slíkar aðgerðir í atkvæðagreiðslu.

Nefndin minnir á að fyrri niðurstaða hennar var neikvæð þar eð verkfallsréttur opinberra starfsmanna er takmarkaður samkvæmt ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, við þær aðstæður að verkfallinu sé beint að lokum gerðar almennra kjarasamninga. Hún veitir því athygli í skýrslunni að þær breytingar sem gerðar voru á til-

teknum ákvæðum um opinbera starfsmenn hafa ekki leitt til breytinga á þessu skilyrði, sem veldur því að ástand mála brýtur í bága við 4. mgr. 6. gr. félagsmálasáttmálans.

Nefndin gefur gaum að því í skýrslunni að takmarkanir á verkfallsrétti nokkurra flokka opinberra starfsmanna, eftir breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, eru hinar sömu og í eldri ákvæðum. Nefndin telur að slíkar takmarkanir valdi engum vanda varðandi samræmi við 4. mgr. 6. gr. m.a. vegna þess að stéttarfélögum er heimilt að vefengja þær fyrir Félagsdómi, og hafa þegar gert það, í því skyni að ómerkja þá skoðun að undir þær falli tilteknar stöður á útgefnum listum. Samkvæmt skýrslunni túlkar Félagsdómur löggjöfina þröngt.

Nefndin minnir á að í allmörgum tilvikum hefur hún talið að ástand mála á Íslandi samræmdist ekki 4. mgr. 6. gr. af þeim sökum að lög hafa verið sett til þess að binda enda á verkföll (Niðurstöður XII-1, bls. 128; Niðurstöður XIV, bls. 391). Samkvæmt nýjustu skýrslunni voru lög um kjarasamninga sjómanna, nr. 10/1998, samþykkt 27. mars 1998 í því skyni að binda enda á sjómannaverkfall. Í skýrslunni segir að verkfall sjómanna á fiskiskipaflotanum hafi hafist 3. febrúar 1998. Almennir kjarasamningar milli sjómanna og útgerðarmanna höfðu verið lausir til endurskoðunar síðan í árslok 1996, þ.e. í röska 13 mánuði. Deila sjómanna og útgerðarmanna snerist um fiskveiðikvóta og afla. Áður en verkfall var boðað hafði fjármálaráðherra gert ráðstafanir til að stofna til óformlegra samningaviðræðna aðila. Ljóst var að áhrif verkfallsins yrðu veruleg þar eð 70–75% af heildarútflutningi eru sjávarafurðir sem gefa 50–55% af útflutningstekjum. Að loknum löngum og árangurslausum samningaviðræðum að frumkvæði sáttasemjara ríkisins lagði sjávarútvegsráðherra fyrir Alþingi frumvarp til laga til að binda enda á verkfallið á fiskveiðiflotanum. Samkvæmt ósk fulltrúa sjómanna í samninganefndinni var verkfalli frestað frá 11. febrúar til 15. mars 1998. Ósk um frestun kom fram á þeirri forsendu að nefnd yrði skipuð samkvæmt 1. gr. framangreindra laga sem skyldi rannsaka myndun fiskverðs og þá þætti sem hafa áhrif á það. Fulltrúar allra aðila að deilunni samþykktu þessa tilhögun 11. febrúar 1998. Sjávarútvegsráðherra skipaði þá framangreinda nefnd og dró frumvarpið til baka. Nefndin skilaði deiluaðilum áliti sínu 4. mars 1998 en síðan hófust samningaviðræður aðila um nýjan almennan kjarasamning sem skyldi m.a. byggjast á þeirri ætlun að tillögur nefndar yrðu staðfestar með lögum. Viðræðurnar reyndust árangurslausar og verkfall sjómanna á fiskveiðiflotanum hófst á ný 15. mars 1998. Sáttasemjari ríkisins lagði fram sáttatillögu 16. mars 1998. Sjómenn samþykktu sáttatillöguna en útgerðarmenn höfnuðu henni. Viðræður aðila reyndust árangurslausar eftir að tillögunni hafði verið hafnað. Mikið bar á milli og engin lausn virtist finnast á deilunni.

Ríkisstjórnin var þeirrar skoðunar að verkfallið gæti staðið í langan tíma, en það hefði haft í för með sér mjög alvarlegar afleiðingar fyrir efnahagslífið. Það hefði einnig alvarlegar afleiðingar fyrir starfsmenn í fiskiðnaði og fyrirtækin og bæjarfélögin. Ríkisstjórnin ákvað því að leggja fram frumvarp á Alþingi þar sem lagt var til að efnisleg ákvæði í tillögu ríkissáttasemjara yrðu samþykkt sem lög. Lögin voru samþykkt þannig á Alþingi og framlengdu þau einnig gildandi almenna kjarasamninga til 15. febrúar 2000.

Eins og nefndin hefur lagt áherslu á „eru bein afskipti ríkisins af gerð almennra kjarasamninga afar alvarleg ráðstöfun sem er aðeins unnt að réttlæta með viðeigandi skilyrðum í 31. gr. Félagsmálasáttmálans. Auk þess skyldi aðeins gripið til þess ráðs um þann tíma sem þörf er á þar til að snúið verði aftur til eðlilegs ástands þar sem réttur til gerðar almennra kjarasamninga yrði tryggður á ný“ (Niðurstöður X-1, bls. 72).

Nefndin álítur að lögin hafi vísað til almenns kjarasamnings sem hafði verið laus til endurskoðunar í nær 13 mánuði, að þau hefðu verið sett að loknum nær tveggja mánaða verkfallsaðgerðum, þótt hlé væri gert á, og að það hafi verið að loknum langdregnum og hörðum

samningsviðræðum deiluaðila, m.a. að tilhlutan ríkissáttasemjara. Allar líkur voru á því að verkfallið mundi standa lengi og hafa alvarlegar afleiðingar fyrir efnahag landsins og atvinnu manna í fiskvinnslu.

Við slíkar aðstæður telur nefndin að íhlutun í almenna kjarasamninga með samþykkt laga um kjarasamninga sjómanna, nr. 10/1998, hinn 27. mars 1998 hafi ekki verið brot á ákvæðum 4. mgr. 6. gr., sbr. 31. gr. félagsmálasáttmálans. Hún er þeirrar skoðunar að íhlutunin falli innan valdsviðs ríkisstjórnar Íslands þegar um er að ræða til hvaða ráðstafana er nauðsynlegt að grípa við sérstakar aðstæður í lýðræðisríki til að vernda rétt og frelsi annarra og í almannaþágu. Við mat sitt hefur nefndin haft hliðsjón af þeirri staðreynd að almennur kjarasamningur var framlengdur til 15. febrúar 2000 sem hún telur að kunni að vera réttlætanlegt við slíkar aðstæður, einkum vegna þess að samningar höfðu þá verið lausir til endurskoðunar í verulega langan tíma án þess að aðilar næðu árangri.

Að því er snertir afleiðingar sameiginlegra aðgerða eru lögmæt samskipti milli vinnuveitanda og starfsmanns rofin í verkfalli og á meðan verkfall stendur eru þeir ekki bundnir ráðningarsamningi. Nefndin hefur áður komist að þeirri niðurstöðu að ástand mála væri í samræmi við þetta ákvæði félagsmálasáttmálans hvað varðar rétt starfsmanna til verndar fyrir uppsögn vegna þátttöku þeirra í löglegu verkfalli (Niðurstöður X-1, bls. 75). Sem svar við almennri spurningu nefndarinnar sem fram kom í niðurstöðu XIII-1 (bls. 153) um frádrátt frá launum í verkfalli segir í skýrslunni að launalækkun sé í réttu hlutfalli við þann tíma þegar engin vinna var innt af hendi, þ.e. á meðan verkfall stóð.

Í fyrri niðurstöðu sinni gerði nefndin nákvæma grein fyrir kröfum um málsmeðferð sem hún taldi að væri í samræmi við 4. mgr. 6. gr.

Nefndin ályktar að ástand mála á Íslandi fullnægi ekki enn 4. mgr. 6. gr. félagsmálasáttmálans þar eð verkfallsréttur opinberra starfsmanna er enn takmarkaður við þær aðstæður þar sem verkfalli er ætlað að knýja á um gerð almenns kjarasamnings.

12. gr.

Réttur til almannatrygginga.

1. mgr. Stofnun eða viðhald almannatryggingakerfis.

Í skýrslu Íslands segir að nýjustu upplýsingar um almannatryggingakerfið verði sendar nefndinni svo fljótt sem auðið er. Nefndin óskar eftir því að í nýjustu upplýsingum komi m.a. fram, varðandi hvern flokk almannatrygginga, sá hundraðshluti landsmanna sem nýtur tryggginganna, þar með taldir ómagar á framfæri hinna tryggðu. Hún telur að til þess að almannatryggingakerfið fullnægi ákvæðum 1. mgr. 12. gr. félagsmálasáttmálans verði tryggingarnar að ná til verulegs hundraðshluta landsmanna, einkum varðandi mikilvægar greinar, svo sem læknisþjónustu. Nefndin óskar einnig eftir upplýsingum um til hvaða ráðstafana sé gripið til þess að koma í veg fyrir að vinnuveitendur dragi greiðslur eða hafni því að greiða félagsleg framlög. Þá óskar hún eftir upplýsingum um svokallaða svarta vinnu og hvaða ráðstafanir eru gerðar til þess að koma í veg fyrir slíka vinnu. Loks óskar hún eftir því að fá upplýsingar um aðgerðir til að koma í veg fyrir að hlutastörf séu notuð sem svört vinna.

Að svo komnu máli ályktar nefndin að ástand mála á Íslandi fullnægi ákvæðum 1. mgr. 12. gr. félagsmálasáttmálans.

2. mgr. Viðhald almannatryggingakerfisins á viðunandi stigi sem jafnast a.m.k. á við það stig sem er skilyrði fyrir staðfestingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 102.

Nefndin gefur gaum að því að Ísland fullnægir enn kröfum hinna þriggja hluta samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 102 sem Ísland hefur staðfest (ellilaun, fjölskyldubætur

og örorkubætur). Hún ályktar því að ástand mála á Íslandi fullnægi ákvæðum 2. mgr. 12 gr. félagsmálasáttmálans.

3. mgr. Áframhaldandi endurbætur á almannatryggingakerfinu.

Í skýrslu Íslands er lýst breytingum á eftirlaunakerfi opinberra starfsmanna með lögum nr. 141/1996 sem tóku gildi 1. janúar 1997. Nefndin óskar eftir því að í næstu skýrslu verði útskýrt hvert markmiðið var með breytingunum og að lýst verði þeim félagslega og efnahagslega ramma sem gilti þegar þær voru gerðar og hvaða árangur hefur náðst.

Í skýrslunni er einnig lýst breytingum sem gerðar voru á kerfi atvinnuleysisbóta með lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, lögum um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, nr. 46/1997, og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 13/1997. Samkvæmt skýrslunni var markmiðið með breytingunum að bæta ástandið varðandi vinnumarkaðinn og atvinnuleysistryggingar. Nefndin telur að breytingar á atvinnuleysistryggingakerfinu séu í samræmi við ákvæði 3. mgr. 12. gr. félagsmálasáttmálans: takmörkunum sem ákveðnar hafa verið er ætlað að bæta atvinnuástand og hindra ekki virka verndun þeirra sem eru atvinnulausir.

Svo fremi nefndin fái svör við spurningum sínum ályktar hún að ástand mála á Íslandi á viðmiðunartímanum fullnægi ákvæðum 3. mgr. 12. gr. félagsmálasáttmálans.

4. mgr. Jafnrétti ríkisborgara annarra þátttökuríkja varðandi almannatryggingar.

Nefndin minnir á að Ísland er bundið ákvæðum reglugerðar ESB nr. 1408/71 sem aðili að Evrópska efnahagssvæðinu og að Ísland hefur staðfest bráðabirgðasamninga um almannatryggingar.

4. mgr. a. Jöfn meðferð og varðveisla áunninna bóta.

Í fyrri niðurstöðu sinni gaf nefndin gaum að því að ástand mála varðandi ríkisborgara ríkja sem reglugerðir ESB ná til og búa eða hafa búið á Íslandi fullnægði ákvæðum 4. mgr. 12. gr. félagsmálasáttmálans. Hún hefur ekki orðið vör við neinar breytingar á því ástandi.

Hvað varðar ríki sem eru ekki háð reglugerðum ESB tekur nefndin eftirfarandi fram:

Samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, eru fjölskyldubætur sem greiddar eru með hverju barni undir sextán ára aldri, háðar því skilyrði að barnið búi á Íslandi, hvert sem þjóðerni þess er. Nefndin álítur að með því að viðhalda kröfu um búsetu barna ríkisborgara tiltekinna aðildarríkja félagsmálasáttmálans brjóti íslensk lög í bága við 4. mgr. 12. gr. vegna þess að beiting þeirra kann að valda mismunun. Niðurfelling greiðslu fjölskyldubóta hefur meiri áhrif fyrir erlenda ríkisborgara en íslenska vegna þess að þeir búa ekki á Íslandi.

Greiðsla bótaauka, einkum barnabóta handa börnum sem hafa misst annað foreldri sitt eða foreldrið er á örorkubótum, er háð því skilyrði að barnið eða foreldrið búi og hafi búið á Íslandi samfellt ár þrjú ár fram til þessa tíma að sótt er um bætur. Nefndin minnir á að ákvæði 4. mgr. 12. gr. heimilar ríkjum að krefjast búsetu í tiltekinn tíma áður en þau greiða bætur þar sem ekkert mótframlag hefur komið til áður. Hún telur að í þessu tilviki sé þriggja ára búsetuskilyrði ekki óhóflegt miðað við niðurstöðu þess og fullnægi því skilyrðum 4. mgr. 12. gr.

Að því er snertir varðveislu áunninna réttinda (útfluning bóta) kemur hvergi fram í skýrslunni að lög um almannatryggingar heimili ríkisborgurum aðildarríkja félagsmálasáttmálans, sem reglugerðir ESB ná ekki til, að halda þeim réttindum sem þeir hafa öðlast á Íslandi. Nefndin óskar eftir því að í næstu skýrslu verði veittar upplýsingar um þetta efni og einkum

hvort réttur til örorkubóta, ellilífeyris eða eftirlifendabóta og eftirlauna, varðandi vinnuslys eða atvinnusjúkdóma, varðveitist þegar viðkomandi maður flyst til annars ríkis.

4. mgr. b. Veiting, viðhald og endurheimt tryggingaréttinda.

Í fyrri niðurstöðu sinni gat nefndin þess að ástand mála hjá ríkisborgurum ríkja sem reglugerðir ESB ná til og búa eða hafa búið á Íslandi fullnægði ákvæðum 4. mgr. 12. gr. félagsmálasáttmálans. Hún hefur ekki orðið vör við neinar breytingar á því ástandi.

Hvað varðar ríki sem reglugerðir ESB ná ekki til minnir nefndin á að samkvæmt skuldbindingu í 4. mgr. b 12. gr. er krafist uppsöfnunar tryggingartímabila eða atvinnutímabila ríkisborgara allra aðildarríkjanna á landsvæði sérhvers annars aðildarríkis. Þar eð nefndin veitir því athygli að samningar sem Ísland hefur undirritað heimila ekki fullkomna beitingu þessarar meginreglu gagnvart ríkisborgurum annarra aðildarríkja, sem reglugerðir ESB ná ekki til og að Ísland hefur ekki sýnt fram á að slíkt sé tryggt með öðrum hætti, kemst nefndin að þeirri niðurstöðu að ástandið fullnægi ekki ákvæðum 4. mgr. 12. gr.

Niðurstaða nefndarinnar er sú að almannatryggingar á Íslandi fullnægi ekki ákvæðum 4. mgr. 12. gr. félagsmálasáttmálans, þar sem annars vegar er jöfn meðferð ekki tryggð varðandi rétt til fjölskyldubóta og hins vegar að uppsöfnun tryggingartímabila og vinnutímabila er ekki tryggð fyrir alla ríkisborgara aðildarríkja félagsmálasáttmálans.

13. gr.

Réttur til félagslegrar aðstoðar og læknisþjónustu.

1. mgr. Félagsleg aðstoð og læknisþjónusta handa bágstöddum.

Nefndin minnir á að í fyrri niðurstöðu sinni leitaði hún eftir frekari upplýsingum um lækkun bótastigs handa þeim sem hafna því að leita eftir eða þiggja vinnu, hve lengi slíkar refsiaðgerðir vara og til hvaða aðgerða sveitarstjórnir grípa í því skyni að finna aðrar lausnir. Hún endurtekur óskir sínar um upplýsingar um þetta efni. Jafnframt því spurðist nefndin fyrir um það hvort — þar sem skjóta má ákvörðunum áfrýjunarnefndar félagsþjónustunnar til dómstóla — dómstólum gæfist kostur á að kanna réttmæti hinnar umdeildu ákvörðunar. Hún endurtekur einnig þá spurningu.

Að því er snertir almannatryggingar og félagslegar bætur óskar nefndin eftir að fá upplýsingar um stig fjárhagsaðstoðar og fjölda þeirra sem fá slíkar bætur á núverandi og síðari viðmiðunartímabilum. Einnig er óskað eftir upplýsingum um verðbætur varðandi slíkar bætur.

Í skýrslu Íslands er þess getið að þeir sem hafa ekki lokið sex mánaða búsetuskyldu til þess að njóta heilsugæslu samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu geti samt sem áður fengið læknisþjónustu þótt þeir geti ekki greitt fyrir hana. Nefndin gefur gaum að því í upplýsingum fengnum skv. 4. mgr. 13. gr. að gera má undanþágur frá reglum um þann búsetutíma sem Tryggingastofnun ríkisins krefst. Undanþágurnar eru tilgreindar í reglugerð nr. 463/1999 og varða meðal annars bráða sjúkdóma og smitsjúkdóma. Í félagsmálasáttmálanum er ákvæði þess efnis að þeir sem hafa ekki efni á læknisþjónustu vegna sjúkdóma skuli eiga kost á „annaðhvort fjárhagsaðstoð svo að þeir geti greitt meðferðarkostnað vegna ástands síns eða ókeypis heilsugæslu“ (Niðurstöður XIII-4, bls. 57). Nefndin telur að ástandið á Íslandi fullnægi ekki ákvæðum félagsmálasáttmálans hvað þetta varðar.

Í tíundu skýrslu Íslands, sem tekin var til athugunar í eftirlitshring XIII-4, segir að þótt tryggðum mönnum hafi enn verið gert að greiða hluta meðferðar veiti Tryggingastofnun ríkisins tekjutengda aðstoð. Frekari aðstoð kann að verða veitt að mati sveitarstjórnar. Nefndin óskar eftir nánari upplýsingum um fyrrnefnt atriði (lagagrunn og reikningsaðferð) og upplýsingum um þá venju sveitarstjórna að veita fjárhagsaðstoð vegna greiðslu á læknisþjónustu.

Nefndin ályktar að ástand mála á Íslandi fullnægi ekki ákvæðum 1. mgr. 13. gr. félagsmálasáttmálans vegna skilyrðis um sex mánaða búsetu til þess að njóta læknisþjónustu.

2. mgr. Stjórnmálaleg og félagsleg réttindi þeirra sem njóta félagslegrar aðstoðar.

Samkvæmt skýrslu Íslands telur nefndin að engar breytingar hafi orðið á ástandi mála sem hún hefur áður talið fullnægjandi. Hún ályktar því að ástand mála fullnægi ákvæðum 2. mgr. 13 gr. félagsmálasáttmálans.

3. mgr. Ráðgjöf og persónuleg aðstoð handa bágstöddum.

Í skýrslu Íslands er vísað til laga um félagslega þjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, þar sem segir að menn skuli hvattir til að bera ábyrgð á sjálfum sér og öðrum og að félagsþjónustan eigi að bjóða skjólstæðingum sínum nauðsynlegan stuðning til þess að ná aftur valdi á ástandi sínu. Félagsleg og fjárhagsleg ráðgjöf er veitt samtímis því að fjárhagsaðstoð er veitt. Hvað varðar fjármuni þá sem eru til reiðu fyrir félagsþjónustuna vísar skýrslan til skyldu sveitarfélaga til að veita þá þjónustu sem kveðið er á um í lögum. Hins vegar hefur nefndin ekki enn fengið upplýsingar um fjölda, hæfni og skyldur starfsmanna þrátt fyrir beiðni þar um í tveimur síðustu niðurstöðum sínum. Hún óskar einnig eftir að fá gögn um útgjöld til ráðgjafar- og hjálparþjónustu handa bágstöddum. Loks óskar hún eftir að fá upplýsingar um það hvort félagsþjónustan hafi aðstöðu til að framkvæma ferilsathuganir eftir því sem nauðsynlegt kann að reynast og fylgjast með þróun mála á þessu sviði í landinu.

Nefndin hefur ákveðið að bíða eftir umbeðnum upplýsingum og frestar því að birta niðurstöðu sína.

4. mgr. Félagsleg aðstoð og læknisþjónusta handa ríkisborgurum aðildarríkjanna sem dvelja með löglegum hætti á landsvæði annars aðildarríkis.

Í skýrslu Íslands er ekki að finna svar við spurningu nefndarinnar um aðstæður þar sem félagsleg aðstoð yrði veitt eða ekki veitt ríkisborgara annars aðildarríkis félagsmálasáttmálans sem dvelur með löglegum hætti á Íslandi þótt hann sé ekki búsettur þar. Nefndin leggur áherslu á að fá þessar upplýsingar í næstu skýrslu þar eð nauðsynlegt er að ganga úr skugga um það hvort ástand mála fullnægi í reynd ákvæðum 4. mgr. 13. gr. félagsmálasáttmálans.

Nefndin vekur athygli á því varðandi læknisþjónustu að læknum og sjúkrahúsum er skylt að taka til meðferðar þá sem þarfnast bráðaþjónustu. Slík skylda er óháð því hvort viðkomandi maður er búsettur í landinu eða ekki. Ef maður getur ekki greitt fyrir þjónustuna kann ríkið að greiða hana. Nefndin telur að ástand þessara mála fullnægi ákvæðum félagsmálasáttmálans.

Hins vegar frestar nefndin því enn á ný að birta niðurstöðu sína þangað til henni hafa borist nánari upplýsingar um félagslega aðstoð.

16. gr.

Réttur fjölskyldu til félagslegrar, lagalegrar og efnahagslegrar verndar.

Nefndin gefur gaum að því að árið 1998 var stofnað fjölskylduráð á vegum félagsmálaráðuneytisins í því skyni að bæta stöðu fjölskyldunnar. Hlutverk þess er að veita ríkisstjórninni ráðgjöf um málefni fjölskyldunnar, gera tillögur um framkvæmdir á sviði fjölskyldustefnu og hvetja til rannsókna á ástandi fjölskyldunnar.

Í skýrslunni er ekki minnst á neinar breytingar á lagalegri stöðu fjölskyldna á Íslandi.

Að því er snertir fjölskyldubætur hefur Ísland ekki staðfest Evrópusáttmála um almannatryggingar. Ísland staðfesti samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 102 árið 1961 og

samþykkti VII. hluta um fjölskyldubætur. Þar eð nefndin veitir því athygli að á viðmiðunartímanum hefur engri athugasemd verið beint til Íslands frá sérfræðinganefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um samþykkt nr. 102 telur hún að ástand mála sé fullnægjandi þar eð verulegur fjöldi fjölskyldna nýtur fjölskyldubóta og þar með fullnægjandi viðbótartekna.

Nefndin gefur því gaum að ný lög um barnabætur (þar sem almennar fjölskyldubætur eru flokkaðar með bótaauka) voru samþykkt 1997. Hún óskar eftir upplýsingum um það hvaða breytingum lögin valda.

Nefndin minnir á að samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, eru fjölskyldubætur sem greiddar eru með sérhverju barni undir sextán ára aldri háðar því að barnið sé búsett á Íslandi hvert svo sem þjóðerni þess er. Hvað varðar bótaauka minnir nefndin á að hann er háður skilyrði um búsetu og að í sumum tilvikum kann einnig að vera um að ræða skilyrði um lágmark búsetutíma. Sem dæmi má nefna að þær barnabætur sem greiddar eru ef annað foreldrið hefur fallið frá eða nýtur örorkubóta eru háðar því að barnið eða annað foreldrið hafi verið búsett á Íslandi í þrjú ár áður en sótt er um bæturnar. Umönnunarbætur, sem greiddar eru foreldrum, sem bera ábyrgð á umönnun fatlaðs barns eða barns með langvinnan sjúkdóm, eru háðar því að foreldrarnir séu búsettir á Íslandi. Hið sama á við um mæðralaun og feðralaun sem greidd eru einstæðum foreldrum með börn undir átján ára aldri á framfæri.

Nefndin minnir á, með tilliti til 4. mgr. 12. gr., að sú krafa að hlutaðeigandi börn skuli vera búsett á Íslandi til þess að réttur skapist til fjölskyldubóta brýtur í bága við 16. gr. Nefndin telur að hætt sé við því að þetta búsetuskilyrði getið valdið óbeinni mismunun gagnvart ríkisborgurum þeirra ríkja sem reglugerð ESB nr. 1408/71 nær ekki til.

Að því er varðar ákvæði um skatta bendir nefndin á að í skattkerfi því sem lýst er í skýrslunni er gert ráð fyrir persónuafslætti og skattafslætti sem byggist á vaxtagreiðslum af veðlánum (vaxtabótum). Í því er ekki gert ráð fyrir börnum.

Nefndin gefur gaum að því að árið 1997 voru 14.857 börn frá eins árs til fimm ára aldurs vistuð í leikskólum og 2.035 börn frá 0 til 9 ára nutu þjónustu dagmæðra. Þessar tölur gera nefndinni ekki kleift að ákvarða hvort á Íslandi sé boðið upp á umönnunarþjónustu fyrir nægilega mörg börn og að hún fullnægi nauðsynlegum stöðlum um aðgengi og gæði. Nefndin fer því þess á leit við ríkisstjórnina að hún útvegi viðeigandi upplýsingar eða staðtölur sem sýna fram á að veitt þjónusta fullnægi kröfum félagsmálasáttmálans.

Að því er snertir húsnæðismálastefnu óskar nefndin eftir því að í næstu skýrslu verði að finna upplýsingar um hvort Ísland reki húsbyggingarstefnu í samræmi við þarfir fjölskyldna.

Hvað varðar þátttöku foreldra og samráð óskar nefndin eftir því að í næstu skýrslu verði útskýrt með hvaða hætti foreldrar fá að taka þátt í ákvörðunum sem varða þá.

Nefndin ályktar að Ísland fullnægi ekki ákvæðum 16. gr. félagsmálasáttmálans þar eð jöfn meðferð er ekki tryggð hvað varðar rétt til fjölskyldubóta.

1395. Svar [706. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um akstur og hvíldartíma ökumanna í innanlandsflutningum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hefur verið lagt mat á þann mismun sem er á afkastamöguleikum vöruflutninga- og fólksflutningafyrirtækja á Íslandi, sbr. reglugerð nr. 8/1996, lög nr. 68/1996, sbr. lög*

nr. 3/1987, og reglugerð nr. 309/1996, og þeirra fyrirtækja í öðrum EES-ríkjum sem starfa samkvæmt samsvarandi lögum og reglum?

2. *Hefur verið gerð athugun á því hvaða ívilnanir er unnt að veita vegna sérískenskra aðstæðna, svo sem smæðar, veðurfarsaðstæðna og gjörólíks vegakerfis? Ef svo er, hverjar eru þær?*
3. *Til hvaða aðgerða hefur verið gripið til að mæta árstíðabundnum aðstæðum, svo sem fiskflutningum að vetri og sumri, með hliðsjón af að reglugerðir og lög hafa leitt til þrenginga í rekstri á Íslandi í þessari atvinnugrein miðað við Evrópulöndin, sérstaklega hvað varðar einstaklinga í rekstri?*
4. *Telur ráðherra ekki ástæðu til að nýta til fullnustu þau sérákvæði sem gefast vegna íslenskra aðstæðna, m.a. með heimild til áritunar ökurita?*

Fyrirspurnin lýtur að akstri og hvíldartíma ökumanna í innanlandsflutningum. Spurt er hvort lagt hafi verið mat á mismun á afkastamöguleikum vöruflutninga- og fólksflutningafyrirtækja hér á landi og fyrirtækja í öðrum EES-ríkjum. Því er til að svara að af hálfu dómsmálaráðuneytisins hefur slíkt mat ekki farið fram. Tekið skal fram að þau lög og reglugerðir sem vísað er til varða álagningu og innheimtu þungaskatts sem ekki fer fram á vegum ráðuneytisins.

Um aksturs- og hvíldartíma ökumanna gildir reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 136/1995 með breytingum nr. 658/1998, 768/2000 og 851/2000. Er sú reglugerð sett samkvæmt heimild í umferðarlögum. Með reglugerðinni eru teknar upp sem innlendar reglur EB-reglur sem Ísland undirgekkst á sínum tíma með gerð EES-samningsins. Er þar um að ræða EB-reglugerðir sem innleiða ber sem slíkar í landsrétt. Þau frávik sem EB-reglugerðirnar heimila hafa öll verið nýtt. Eftirlit með þessum reglum er í höndum Vegagerðarinnar og lögreglu. Um undanþágur fer þá samkvæmt reglunum, svo og um eftirlit. Er þá m.a. tekið tillit til þess ef ökumenn tefjast vegna ófyrirsjáanlegra atvika eins og illviðris, mikillar ófærðar o.þ.h. og stutt er í áfangastað ef skráðar skýringar á ökuritaskífur teljast fullnægjandi.

1396. Svar [711. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um tillögu stjórnvalda um hið svokallaða „íslenska ákvæði“ Kyoto-bókunarinnar.

1. *Er gert ráð fyrir að losun koltvíoxíðs frá Íslandi umfram það 1,6 millj. tonna þak á losun koltvíoxíðs frá stóriðju, sem íslensk stjórnvöld gerðu tillögu um í hinu svokallaða „íslenska ákvæði“ Kyoto-bókunarinnar sem lögð var fram í breyttri mynd á 6. aðildarríkjaþingi rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar í Haag í nóvember sl., muni rúmast innan þeirra losunarmarka sem Íslandi voru sett í Kyoto (þ.e. 10% aukning miðað við 1990) og hver yrði hlutfallsleg aukning vegna losunar 1,6 millj. tonna af koltvíoxíði frá stóriðju miðað við losun frá stóriðju 1990?*

Verði ekkert að gert mun losun frá Íslandi ekki rúmast innan losunarmarka á fyrsta skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar miðað við gildandi losunarspá. Íslensk stjórnvöld hafa því gripið til aðgerða til að draga úr losun og auka bindingu kolefnis. Nú er unnið að því á vegum stýrihóps ráðuneytisstjóra um loftslagsbreytingar að móta tillögur um frekari aðgerðir

á þessu sviði með það að markmiði að Ísland standi við skuldbindingar innan bókunarinnar um að losunin sem fellur innan losunarskuldbindinga Íslands aukist ekki um meira en 10% frá 1990 á fyrsta skuldbindingartímabilinu. Þetta mun kalla á aðgerðir í samgöngum, sjávarútvegi og stóriðju, þ.e. gagnvart losun flúorkolefna sem falla innan losunarskuldbindinga Íslands samkvæmt þeim drögum að niðurstöðu um útfærslu Kyoto-bókunarinnar gagnvart Íslandi sem liggja fyrir aðildarríkjaþingi loftslagssamningsins til afgreiðslu.

Losun frá stóriðju á Íslandi 1990 var 694 þúsund tonna koltvíoxíðígilda. Hlutfallsleg aukning vegna losunar á 1,6 millj. tonna af koltvíoxíði miðað við losun frá stóriðju 1990 er því um 230%.

2. *Er gert ráð fyrir að keyptir verði losunarkvótar vegna losunar flúorkolefna frá stóriðju (FC, einkum PFC), sem tillaga íslenskra stjórnvalda gerir ráð fyrir að Ísland taki á sig, og hverjum ætlar ríkisstjórnin að bera kostnað af hugsanlegum kvótakaupum?*

Ekki liggur fyrir á þessu stigi hvernig tekið verður á losun flúorkolefna sem falla innan losunarskuldbindinga Íslands samkvæmt þeim drögum að niðurstöðu um útfærslu Kyoto-bókunarinnar gagnvart Íslandi sem liggja fyrir aðildarríkjaþingi loftslagssamningsins til afgreiðslu. Þar sem sömu reglur munu gilda um losun flúorkolefna og aðra losun frá landinu hefur ríkisstjórnin markað þá stefnu að stóriðjufyrirtækin beri fulla ábyrgð á þessari losun og að þeim beri að gera fullnægjandi ráðstafanir til þess að halda henni í lágmarki.

Tekið verður nánar á útfærslu þessarar ábyrgðar í samningum við fyrirtækin.

3. *Hvaða breytingar hafa orðið á íslensku tillögunni frá því á aðildarríkjaþinginu í Haag og í hvaða mynd verður hún lögð fram á framhaldsþinginu í Bonn 16.–27. júlí nk.?*

Ísland lagði ekki fram neina tillögu á aðildaríkjaþinginu í Haag. Formaður undirnefndar samningsins um vísindalega og tæknilega ráðgjöf lagði fram drög að ályktun nefndarinnar um málið sem vísaði því áfram til aðildarríkjaþingsins til afgreiðslu ásamt drögum að ákvörðun þingins sem byggðist á viðræðum trúnaðarmanns formanns undirnefndarinnar við þau ríki sem látið hafa málið til sín taka. Þar sem engar af tillögum undirnefnda voru teknar til afgreiðslu á þinginu í Haag bíða drög að ákvörðun í þessu máli afgreiðslu líkt og öll önnur mál. Drögin að ákvörðun aðildarríkjaþingsins geta tekið breytingum í meðförum þingsins. Ísland hefur ekki á þessu stigi í hyggju að leggja til slíkar breytingar.

4. *Verði tillaga Íslands samþykkt í Bonn og gangi áætlanir um aukna stóriðju eftir, hver verður þá heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá stóriðju á Íslandi á bókhaldstímabili Kyoto-bókunarinnar 2008–2012, sundurliðað eftir einstökum lofttegundum, og hver verður heildaraukning losunar gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi miðað við viðmiðunarárið 1990?*

Á þessari stundu er erfitt að segja til um það hver heildarlosun frá stóriðju verður á fyrsta skuldbindingartímabili bókunarinnar. Það ræðst af mörgum áhrifaþáttum. Verði þau verkefni að veruleika sem spurt er um í 3. lið fyrirspurnar til umhverfisráðherra á þskj. 1144 á 126. löggjafarþingi mun það leiða til aukningar í losun koltvíoxíðs um eina milljón tonna eða sem jafngildir 37% af losun frá landinu 1990. Sömu verkefni munu væntanlega leiða til losunar flúorkolefna sem jafngilda 320 þúsundum tonna koltvíoxíðs sem falla innan losunarskuldbindinga Íslands eins og rakið var hér að framan.

1397. Svar [712. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um stöðu Íslands gagnvart rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

1. *Hver var losun Íslands á gróðurhúsalofttegundum árið 1999 og hvernig kemur hún út miðað við ákvæði Kyoto-bókunarinnar og miðað við viðmiðunarárið 1990?*

Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í koltvíoxíðigildum árin 1990 og 1999 kemur fram í töflunni hér á eftir. Breyting frá viðmiðunarárinu 1990 er einnig sýnd í prósentum. Ákvæði Kyoto-bókunarinnar taka ekki til ársins 1999. Fyrsta skuldbindingartímabil bókunarinnar miðast við meðallosun áranna 2008–12. Aðildarþjóðir skulu hafa náð merkjanlegum árangri við að draga úr losun árið 2005.

		1990, þús. tonna	**1999, þús. tonna**	**Breyting frá viðmiðunarári, %**
Koltvíoxíð	CO_2	2.144	2.734	27,7
Metan	CH_4	294	286	-3,0
Tvíköfnunarefnisoxíð	N_2O	192	220	14,7
Vetnisflúorkolefni	HFC	0	59	
Flúorkolefni	FC	304	133	-56,1
Sexflúorbrennisteinn	SF_6	5	5	0
Samtals		**2.939**	**3.441**	**17,1**

2. *Hvernig hefur spá stjórnvalda um heildarlosun gróðurhúsalofttegunda hérlendis fyrir árin 2005 og 2010 breyst frá spá þeirri sem birt var í þskj. 139 á 125. löggjafarþingi?*

Spá um heildarlosun gróðurhúsalofttegunda hérlendis fyrir árin 2005 og 2010 er sú sama og birt var í þskj. 139 á 125. löggjafarþingi. Umhverfisráðuneytið hefur í samráði við stýrihóp ráðuneytisstjóra um loftslagsbreytingar sett á stofn starfshóp um losunarbókhald og losunarspár sem mun yfirfara gildandi losunarspá og vera Hollustuvernd ríkisins til ráðgjafar um endurskoðun hennar. Þjóðhagsstofnun, Orkustofnun, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Vegagerðin og Fiskifélag Íslands tilnefndu fulltrúa í vinnuhópinn. Þessi endurskoðun á spánni mun m.a. taka mið af endurskoðun á eldsneytisspá orkuspárnefndar sem nú er á lokastigi. Hér er um umtalsvert verkefni að ræða sem taka mun nokkurn tíma. Vonir standa til að taka megi mið af endurskoðaðri losunarspá við gerð þriðju skýrslu Íslands til Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem skila á í árslok 2001. Einnig verður tekið mið af endurskoðaðri spá við stefnumörkun um aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

3. *Hversu mikilli losun gróðurhúsalofttegunda má gera ráð fyrir*
   a. *frá 420.000 tonna álveri í Reyðarfirði,*
   b. *vegna aukningar á ársframleiðslu álvers Norðuráls á Grundartanga í 180.000 tonn,*
   c. *vegna aukningar á ársframleiðslu álvers Ísals í Straumsvík í 200.000 tonn?*

Í töflunni hér á eftir er birt mat á væntanlegri viðbótarlosun frá framangreindum iðjuverum miðað við 1990. Við mat á losun frá álframleiðslu er gert ráð fyrir að hún verði sambærileg við losun frá núverandi framleiðslu. Hugsanlegt er að losun á flúorkolefnum muni minnka vegna tækniþróunar og gæðastjórnunar í framleiðslunni en losun flúorkolefna er rétt rúm 22% af losuninni sem tilgreind er hér að neðan.

	Framleiðsla í þús. tonna	Samtals í þús. tonna, CO_2-gildi
Álver á Reyðarfirði	420	818
Álver á Grundartanga í 180 þús. tonna	180	355
Stækkun álvers Ísals úr 88 í 200 þús. tonna	112	222

4. *Hvað líður störfum stýrihóps ráðuneytisstjóra um loftslagsmál sem hefur m.a. það verkefni að semja framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda?*

Stýrihópur ráðuneytisstjóra um loftslagsmál vinnur að tillögum um aðgerðir til þess að ná losunarmarkmiðum Kyoto-bókunarinnar á fyrsta skuldbindingartímabili hennar. Snemma árs 2000 var skipaður starfshópur með aðkomu átta ráðuneyta sem vinnur í nánu samstarfi við stýrihópinn að undirbúningi tillagna. Stefnt er að því að fljótlega eftir að niðurstöður um útfærslu á sveigjanleikaákvæðum Kyoto-bókunarinnar liggja fyrir muni stýrihópur ráðuneytisstjóra leggja fram heildstæðar tillögur að framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

1398. Svar [585. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Lúðvíks Bergvinssonar um kostnað við Borgartún 21.

1. *Hver er heildarkostnaður ríkissjóðs við flutning ýmissa ríkisstofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins í Borgartún 21, sundurliðaður eftir fyrirtækjum og stofnunum? Óskað er eftir að fram komi allur annar kostnaður en leigugreiðslur.*

Í fyrri töflunni hér á eftir kemur fram viðbótarkostnaður sem greiddur var verktaka hússins fyrir aðlögun húsnæðisins að þörfum einstaka stofnana og fyrirtækja, en hann nam um 197 millj. kr. Húsnæðið sem hefur verið tekið á leigu er að flatarmáli um 9.078 m^2, þannig að aðlögunarkostnaður sem greiddur var verktaka nam um 21.700 kr. á hvern m^2 húsnæðis.

Í næstu töflu er að finna yfirlit yfir annan kostnað sem stofnanir hafa greitt í tengslum við flutninginn samkvæmt upplýsingum frá viðkomandi stofnun. Þar er um að ræða kostnað við húsgögn, tölvu- og símalagnir, lausar innréttingar, flutning, búnað o.fl. eftir ákvörðun þeirra. Alls nemur sá kostnaður um 115 millj. kr.

Aðlögunarkostnaður vegna Borgartúns 21.

	Þús. kr.
Íbúðalánasjóður	
Milliveggir og innréttingar	3.423
Loftræsting	9.422
Sérkerfi	9.142
Sameignarkostnaður	6.840
Breytingar á húsnæði	4.520
Samtals	**33.349**

	Þús. kr.
Löggildingarstofa	
Milliveggir og innréttingar	4.665
Loftræsting	6.244
Sérkerfi	3.269
Sameignarkostnaður	3.235
Breytingar á húsnæði	4.339
Loftræstistokkur í kjallara	720
Samtals	**22.474**
Yfirskattanefnd	
Milliveggir og innréttingar	11.168
Loftræsting	13.579
Loftræsting samkvæmt lýsingu	-1.292
Sérkerfi	2.967
Sameignarkostnaður	2.323
Flísalögn á gólf	102
Samtals	**28.848**
Fasteignamat ríkisins	
Milliveggir og innréttingar	7.916
Loftræsting	13.468
Sérkerfi	6.589
Sameignarkostnaður	3.725
Samtals	**31.700**
Barnaverndarstofa	
Milliveggir og innréttingar	6.783
Loftræsting	4.390
Sérkerfi	1.941
Sameignarkostnaður	1.534
Samtals	**14.650**
Ríkissáttasemjari	
Milliveggir og innréttingar	11.189
Loftræsting	10.495
Sérkerfi	4.244
Sameignarkostnaður	2.925
Aðstaða í kjallara	300
Þakgluggar	320
Samtals	**29.475**
Lánasjóður íslenskra námsmanna	
Milliveggir og innréttingar	14.453
Loftræsting	6.936
Sérkerfi	2.953
Sameignarkostnaður	2.643
Breyting á húsnæði	2.920
Loft og gólffrágangur í kjallara	1.150
Raflagnir í lýsing í kjallara	1.155
Samtals	**32.211**

	Þús. kr.
Geymslur	
Milliveggir og hurðir	3.978
Sameignarkostnaður	707
Samtals	**4.685**
Sameign	
Sólstoppgler	5.780
Húsvarsla	500
Veggir í kjallara o.fl. í sameign	10.416
Breytingar á verkfræðihönnun	1.173
Breytingar á lögnum o.fl.	368
Breytingar á byggingarnefnd o.fl.	3.736
Skilti á lóð, fánastangir o.fl.	1.397
Annað og ófyrirséð	314
Samtals*	**23.685**
Samtals allar stofnanirnar	**197.396**

* Fjárhæðin deilist á hverja stofnun fyrir sig undir liðnum „Sameignarkostnaður“

Flutningskostnaður stofnana ríkisins í Borgartúni 21.

	Þús. kr.
Barnaverndarstofa	
Innréttingar	3.157
Húsgögn	2.084
Búnaður í sameign (hlutdeild)	583
Síma- og fjarskiptabúnaður	843
Gluggatjöld	375
Blóm og garðyrkjuvörur	408
Sérfræðiþjónusta	122
Sendibifreiðar	191
Ræsting, áhöld og tæki	367
Samtals	**8.130**
Fasteignamat ríkisins	
Húsgögn	12.701
Annar búnaður	3.961
Búnaður í sameign (hlutdeild)	1.532
Skjalageymslur	5.683
Flutningur	1.130
Lagnir	1.970
Tæknibúnaður og sérfræðiþjónusta	5.793
Ýmislegt	234
Endurgreiddur virðisaukaskattur	-135
Samtals	**32.869**
Íbúðalánasjóður	
Búnaður og innréttingar	21.740
Búnaður í sameign (hlutdeild)	2.762
Tölvu- og símalagnir	4.626
Sérfræðiþjónusta, þ.m.t. hönnun	2.467

	Þús. kr.
Annað	1.159
Akstur	1.104
Þrif	360
Samtals	**34.218**
Lánasjóður íslenskra námsmanna	
Hönnunarkostnaður	1.050
Flutningskostnaður	799
Búnaður í sameign (hlutdeild)	1.046
Búnaður:	
Húsgögn og eldhústæki	1.474
Skjalaskápar	2.912
Tölvu- og símalagnir	3.421
Gluggatjöld	441
Gólfbón	363
Seldar innréttingar	-4.500
Samtals	**7.006**
Löggildingarstofa	
Húsgögn og innréttingar	6.340
Búnaður í sameign (hlutdeild)	1.378
Fjarskiptabúnaður	2.233
Hugbúnaðargerð	3.618
Gardínur	501
Sérfræðiþjónusta	2.953
Auglýsingar og prentun bréfsefna	823
Sendibílar	464
Tölvubúnaður	2.944
Önnur smáverk	162
Samtals	**21.416**
Ríkissáttasemjari	
Húsgögn og annar búnaður	1.438
Búnaður í sameign (hlutdeild)	1.255
Gluggatjöld	641
Símkerfi	1.021
Hönnun	290
Flutningskostnaður	400
Samtals	**5.045**
Yfirskattanefnd	
Hönnunarkostnaður	1.266
Búnaður í sameign (hlutdeild)	964
Flutningskostnaður	401
Símstöð	1.188
Skjalaskápar á hjólum	1.051
Tölvutengiskápur, lagnir og tengikostnaður	905
Sóltjöld og gluggatjöld	588
Annar búnaður	264
Samtals	**6.627**

2. *Hvernig kom ríkissjóður að byggingu hússins? Var gerður samningur um nýtingu hússins áður en smíði þess hófst eða kom hann til síðar? Hafi hann verið gerður í upphafi, hvernig hefur greiðslum verið háttað hingað til og hversu háar eru þær?*

Á Þorláksmessu árið 1998 skrifaði fjármálaráðuneytið undir viljayfirlýsingu þess efnis að leigja 2.–5. hæð óbyggðs húss við Borgartún 21. Um var að ræða 4.600 m^2 skrifstofuhúsnæði ásamt um 1000 m^2 í kjallara. Húsaleigusamningur um eignina var í framhaldinu undirritaður af leigusala eignarinnar og Fasteignum ríkissjóðs og staðfestur af ráðuneytinu hinn 30. mars 1999. Ákveðið var að Fasteignir ríkissjóðs tækju eignina á leigu og framleigðu hana til notenda.

Þegar viljayfirlýsingin var undirrituð hafði um skeið verið unnið að því að leysa húsnæðismál nokkurra stofnana ríkisins og má þar nefna embætti ríkissáttasemjara, Fasteignamat ríkisins, Löggildingarstofu, ríkislögreglustjóra og yfirskattanefnd. Eftir undirritun kom í ljós áhugi á húsnæðinu hjá fleiri stofnunum ríkisins sem höfðu verið að huga að húsnæðismálum sínum. Í maí 1999 ákvað Íbúðalánasjóður að taka á leigu hluta af húsnæðinu, í júlí 1999 Barnaverndarstofa og í október 1999 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Vegna þessara ákvarðana voru undirritaðir tveir viðaukasamningar við leigusala. Haustið 1999 var ljóst að allt húsið yrði leigt fyrir stofnanir og ríkisfyrirtæki. Á sama tíma lá fyrir ákvörðun um að leysa húsnæðismál ríkislögreglustjóra með öðrum og hentugri hætti fyrir starfsemi hans.

Í samningunum við leigusala var leiguverð miðað við ákveðnar skilgreindar forsendur sem komu fram í húslýsingum og teikningum. Samkvæmt þeim gögnum var gert ráð fyrir að sameign yrði skilað fullfrágenginni með tveimur lyftum. Að utan yrði húsinu skilað fullfrágengnu með frágenginni lóð og malbikuðum bílastæðum. Að innan var gert ráð fyrir almennu frekar opnu skrifstofurými með sameiginlegu mötuneyti á efstu hæð.

Gert var ráð fyrir að stofnanirnar þyrftu sjálfar að aðlaga hvert rými að eigin þörfum. Ef gera þurfti breytingar á magni innveggja komu þeir veggir sem fylgdu hverju rými samkvæmt leigusamningunum til frádráttar kostnaði stofnunarinnar við innréttinguna. Sama gilti um loftræstingu, hljóðeinangrun og aðra þætti sem nauðsynlegt þótti að breyta við aðlögunina. Það sem átti að fylgja hverju rými samkvæmt samningunum kom þá til frádráttar heildarkostnaði.

Fyrir utan fyrrtalinn kostnað við aðlögunina var í samningunum gert ráð fyrir því að leigjandi kostaði sjálfur tölvulagnir, afgreiðsluborð, ýmis sérkerfi, tækjabúnað í sameiginlegt mötuneyti, sérinnréttingar og sérkröfur vegna þarfa einstakra stofnana.

Kostnaðartölur vegna samninganna koma fram í töflunum hér að framan.

3. *Til hve langs tíma eru þeir leigusamningar sem gerðir hafa verið og hversu háar leigugreiðslur innir ríkissjóður af hendi árlega, sundurliðað eftir stofnunum, félögum og fyrirtækjum?*

Húsið var afhent til notkunar á tímabilinu febrúar til maí 2000. Öllum samningunum lýkur hins vegar 31. janúar 2020 eða u.þ.b. 20 árum eftir undirritun þeirra. Ríkissjóður hefur auk þess forleigu- og forkaupsrétt að húsnæðinu.

Þegar samningar voru undirritaðir við leigusala var leigufjárhæðin 950 kr. á m^2 fyrir skrifstofuhúsnæði á fjórum hæðum hússins (2.–5. hæð). Á jarðhæð var leigufjárhæð 1.250 kr. Ekki reiknast virðisaukaskattur ofan á fjárhæðina. Leigufjárhæðir eru bundnar vísitölu neysluverðs.

Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignum ríkissjóðs var húsaleiga fyrir febrúar 2001 9.975 þús. kr. og sundurliðast hún með eftirfarandi hætti:

Leigjandi	Leiga á mánuði	Fermetrar með sameign	Leiga á ári
Ríkissáttasemjari	1.216.000	1.163	14.592.000
Fasteignamat ríkisins .	1.500.000	1.436	18.000.000
Barnaverndarstofa	570.000	545	6.840.000
Löggildingarstofa	1.543.000	1.476	18.516.000
Yfirskattanefnd	950.000	910	11.400.000
Íbúðalánasjóður	2.996.000	2.569	35.952.000
LÍN	1.200.000	976	14.400.000
Samtals	**9.975.000**		**119.700.000**

Löggildingarstofa endurleigir utanaðkomandi aðila um 150 m^2 og kemur sú fjárhæð til frádráttar framangreindum leigugreiðslum. Auk þess hafa stofnanirnar tekið á leigu 46 bílastæði umfram þau sem fylgdu húsinu og greiða þær um 366.000 kr. fyrir þau á mánuði.

1399. Breytingartillaga [686. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Margréti Frímannsdóttur og Ögmundi Jónassyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „ekki til almenningsvagna“ í 3. málsl. komi: einnig til almenningsvagna.

1400. Breytingartillaga [686. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Margréti Frímannsdóttur og Kristjáni L. Möller.

Við 1. gr. Í stað dagsetningarinnar „1. september 2000“ komi: 1. janúar 2000.

1401. Nefndarálit [239. mál]

um till. til þál. um gerð neyslustaðals.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og kynnt sér umsagnir sem bárust frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Hagstofu Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Félagi einstæðra foreldra, Landssambandi eldri borgara, Öryrkjabandalagi Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Neytendasamtökunum og ríkisskattstjóra.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að gera könnun á notkun neysluviðmiðana í nágrannalöndum Íslendinga við ákvarðanir er lúta að fjárhæðum bóta og styrkja í velferðarkerfinu, við mat á greiðslugetu við innheimtu vangoldinna opinberra gjalda og meðlagsgreiðslna og við ákvarðanatöku við lánveitingar úr opinberum sjóðum, svo sem lánasjóðum námsmanna og íbúðalánasjóðum. Enn fremur verði lagt mat á hvort ástæða sé til að samræma slíkar neysluviðmiðanir hér á landi, notkun þeirra eða aðferðir við gerð þeirra.

Stefnt skal að því að niðurstöður verði lagðar fyrir Alþingi á næsta þingi.

Margrét Frímannsdóttir og Gunnar Birgisson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. maí 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Einar K. Guðfinnsson.	Ögmundur Jónasson.	Hjálmar Árnason.

Kristinn H. Gunnarsson.

1402. Tillaga til þingsályktunar [744. mál]

um áhrif lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að gangast fyrir sérstakri úttekt á áhrifum lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts úr 100% í 60% til byggjenda íbúðarhúsnæðis vegna vinnu manna á byggingarstað og til eigenda íbúðarhúsnæðis vegna viðhaldsvinnu. Í úttekt þessari verði m.a. lagt mat á hvort lækkun endurgreiðslunnar hafi aukið tekjur ríkissjóðs eins og vonast var til, hvort og/eða hversu mikið svört atvinnustarfsemi á þessu sviði

hafi aukist og hvort ástæða sé til þess að hækka endurgreiðsluhlutfallið á nýjan leik og bæta aðgang að endurgreiðslunum.

Stefnt skal að því að niðurstöður verði lagðar fyrir Alþingi á næsta þingi.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er flutt í tengslum við meðferð efnahags- og viðskiptanefndar á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, 101. mál, en flutningsmenn þess eru Sighvatur Björgvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller og Gísli S. Einarsson. Um efnisatriði tillögunnar vísast til frumvarpsins og greinargerðar með því.

1403. Nefndarálit [542. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Frumvarp þetta gengur út á að lögfesta meginreglur vinnutímatilskipunar ESB, en tekur einnig til atriða er varða heilsuvernd starfsmanna og ráðstafanir sem stuðla eiga að bættu öryggi á vinnustað. Flestar eru þessar breytingar til bóta, en því miður eru verulegir ágallar á frumvarpinu og í sumum tilvikum gæti orðið um hreina og klára afturför að ræða frá gildandi lögum. Það snertir fyrst og fremst atriði sem lúta að ákvæðum um hvíldartíma og skilgreiningum í því sambandi og einnig atriði sem lúta að heilsuvernd starfsmanna og gætu orðið til hins verra. Lögleiðing þessarar evrópsku tilskipunar mundi því, túlkuð með þessum hætti, leiða til þess að réttur íslenskra launamanna skertist miðað við gildandi lög og samninga.

Minni hlutinn mun styðja þau atriði frumvarpsins sem hann telur vera til bóta, en freista þess með flutningi breytingartillagna að fá lagfærð nokkur atriði sem eru alls ófullnægjandi eins og ætlunin er að ganga frá þeim með frumvarpinu.

Þessar breytingar lúta að eftirfarandi atriðum:

1. Sett verði inn í 1. gr. laganna ákvæði sem taka af tvímæli um að þegar talað er um öruggt heilsusamlegt starfsumhverfi sem m.a. sé í samræmi við félagslega þróun, þá sé einnig átt við að tryggja beri að starfsmenn sæti ekki einelti eða kynferðislegu áreiti á vinnustað né sé þeim mismunað á grundvelli kynferðis, litarháttar, aldurs o.s.frv.
2. Sérstaklega verði tilgreint í lögunum að í reglum Vinnueftirlits ríkisins um framkvæmd hættulegrar eða einhæfrar vinnu verði kveðið á um lágmarkshlé í vinnutíma.
3. Sett verði í lög afdráttarlaus ákvæði sem skilgreinir hugtakið „hvíldartími“ þannig að réttur starfsmanns til eðlilegrar hvíldar skerðist ekki úr hófi vegna rúmrar skilgreiningar á hugtakinu.
4. Í 4. mgr. c-liðar 5. gr. frumvarpsins eru undanþáguákvæði sem rýra mjög gildi þess sem sagt er um samkomulag um styttingu lágmarkshvíldartíma, sbr. 1. mgr. sama liðar (11 klst. samfelld hvíld). Lagt er til að þessi undanþáguákvæði falli niður og að orðalag verði styrkt hvað það snertir að starfsmaður skuli fá hvíld svo fljótt sem við verður komið að aflokinni vinnulotu.
5. Lagt er til að heimild til þess að fela einkaaðilum að annast heilsuvernd starfsmanna falli brott og það verði verkefni heilsugæslustöðva eða sjúkrahúsa eins og verið hefur.

6. Loks er lagt til að í ákvæði til bráðabirgða komi fyrirmæli til félagsmálaráðherra þess efnis að leggja skuli fyrir næsta þing endurskoðuð ákvæði um heilsuvernd starfsmanna, þar sem byggt verði á niðurstöðum nefndar sem stjórn Vinnueftirlitsins skipaði og skilaði af sér í júní 1999. Frágangur þeirra ákvæða frumvarpsins sætir mikilli gagnrýni.

Minni hlutinn vill auk þess nefna nokkur atriði í viðbót sem orka tvímælis eða eru beinlínis andstæð innihaldi og anda tilskipunarinnar. Má í því sambandi nefna undanþágu 2. tölul. b-liðar 5. gr. um lækna í námi. Þetta ákvæði er allt of rúmt túlkað samkvæmt frumvarpinu og ætti að falla út. Minni hlutinn styður framkomna breytingartillögu um það ákvæði.

Einnig er frágangur á undanþágu frá ákvæðum um hámarksvinnutíma fyrir þá sem vinna við flutningastarfsemi og falla undir reglugerð dómsmálaráðuneytisins um aksturs- og hvíldartíma ökumanna mjög umdeilanlegur. Þessa undanþágu verður í síðasta lagi að fella úr gildi 1. ágúst 2003, en ekkert er um það að finna í frumvarpinu hvernig að því skuli staðið.

Að öðru leyti en að framan greinir verður gerð grein fyrir afstöðu minni hlutans í framsögu.

Alþingi, 15. maí 2001.

Steingrímur J. Sigfússon.

Með nefndarálitinu voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Umsögn Alþýðusambands Íslands (20. apríl 2001).
II. Umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (30. mars 2001).
III. Umsögn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur (7. maí 2001).
IV. Umsögn Læknafélags Íslands (30. apríl 2001).

1404. Breytingartillögur [542. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Frá minni hluta félagsmálanefndar (SJS).

1. Við bætist ný grein er verði 1. gr. og orðist svo:
   A-liður 1. gr. laganna orðast svo: tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu, þar með talið tryggja að starfsmenn sæti ekki einelti eða kynferðislegu áreiti á vinnustað né sé þeim mismunað á grundvelli kynferðis, litarháttar, aldurs eða vegna annarra sambærilegra þátta.
2. Við 4. gr. Við greinina bætist: sérstaklega með hléi í vinnutíma.
3. Við 5. gr.
   a. 2. tölul. a-liðar (52. gr. A) orðist svo: Hvíldartími: Samfelldur tími þar sem starfsmaður nýtur hvíldar frá störfum og starfsskyldum.

b. 4. mgr. c-liðar (53. gr. C) orðist svo:
Sé daglegur hvíldartími styttur samkvæmt heimild 2. og 3. mgr. skal starfsmaður fá samsvarandi hvíld síðar og þegar að lokinni vinnulotu verði því við komið.

4. Við 7. gr. Orðin „eða öðrum viðurkenndum þjónustuaðila sem fengið hefur leyfi Vinnueftirlits ríkisins til að annast heilsuvernd starfsmanna í samræmi við reglur sem settar eru af stjórn þess“ í fyrri málslið 1. efnismgr. falli brott.

5. Við bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:
Félagsmálaráðherra skal leggja fyrir Alþingi fyrir lok október 2001 endurskoðaðan kafla um heilsuvernd starfsmanna með hliðsjón af niðurstöðu nefndar sem starfaði á vegum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins frá í júní 1999 og að undangengnu samráði við stjórn Vinnueftirlitsins.

1405. Nefndarálit [344. mál]

um frv. til l. um útlendinga.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Niðurstaða.

Þar sem löggjöf um málefni útlendinga snertir grundvallarmannréttindi mælir það gegn mjög rúmu valdframsali löggjafarvalds til handhafa framkvæmdarvalds. Minni hlutinn telur með vísan til fyrrnefndra atriða að frumvarpið eins og það lítur út fái vart staðist ákvæði stjórnarskrár. Ljóst er að frumvarpið var afar illa unnið í upphafi og því átti nefndin aldrei kost á að lagfæra það á þeim tíma sem hún hafði til að vinna að málinu. Því leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Frumvarp til laga um útlendinga.

Fyrir liggur frumvarp til laga um málefni útlendinga. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á gildandi lögum sem eru frá 1965, en þau hafa ekki sætt endurskoðun fyrr en nú. Því hefur verið talin mikil og knýjandi þörf á nýrri löggjöf í þessum málaflokki. Minni hlutinn harmar það að um leið og lögin eru endurskoðuð sé ekki nýtt tækifæri til heildarstefnumótunar í málefnum útlendinga, t.d. með samræmdri löggjöf í málefnum útlendinga, en einnig liggur fyrir í þinginu frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga, flóttamenn og önnur frumvörp er snúa að málaflokknum.

Að mati minni hlutans hefði því verið kjörið tækifæri til þess að móta heildarlöggjöf í málaflokknum sem tæki til flestra mikilvægra þátta er varða stöðu útlendinga hér á landi og þeirra sem eiga eftir að koma hingað. Í umsögnum til nefndarinnar og í máli gestanna komu einkum fram ábendingar um nauðsyn þess að það yrði gert. Í umsögn Samtaka atvinnulífsins segir m.a.: „Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að við samningu frumvarpsins hafi verið höfð hliðsjón af norrænni löggjöf og að verulegu leyti stuðst við norsku útlendingalögin. Þyki þau lög heppileg fyrirmynd þar sem Ísland og Noregur séu einu ríkin á Norðurlöndunum sem eigi aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum) en ekki Evrópusambandinu (ESB), auk þess sem ríkin hafi hliðstæða stöðu gagnvart ESB innan Schengen-samstarfsins.“ Síðar segir jafnframt: „Því vekur það athygli að vikið er í verulegum atriðum frá því sem tíðkast á hinum Norðurlöndunum varðandi afgreiðslu at-

vinnuleyfa fyrir útlendinga.“ Og enn segir: „Samtök atvinnulífsins telja það bæði skynsamlegt og hagkvæmt að útgáfa dvalar- og atvinnuleyfa útlendinga verði færð á eina hendi.“ Minni hlutinn gagnrýnir harðlega að tækifærið til þess að samhæfa, samræma og öðlast heildarsýn yfir þennan málaflokk er ekki nýtt.

Í þessu sambandi bendir minni hlutinn á að Norðmenn, Danir og Svíar búa allir við heildstæða löggjöf í málefnum útlendinga, ásamt því að þar hafa stjórnvöld mótað heildstæða stefnu í málaflokknum fyrir hverja ríkisstjórn að vinna eftir. Slík stefnumótun hefur ekki farið fram af hálfu íslenskra stjórnvalda þrátt fyrir að bæði í frumvarpi til laga um útlendinga, frumvarpi til laga um atvinnuréttindi útlendinga og frumvarpi til laga um flóttamenn sé kveðið á um að tekið sé mið af stefnu stjórnvalda hverju sinni. Telur minni hlutinn að með þessu sé verið að veita stjórnvöldum heimild til að skipa réttindum útlendinga eftir því hvernig vindar blása hverju sinni í alþjóðastjórnmálum. Í Noregi ber stjórnvöldum að leggja stefnu sína í útlendingamálum fyrir Stórþingið. Breyttir tímar gera það að verkum að stjórnvöld hafa ekki lengur frelsi til að meta hvernig farið skuli með mannréttindi fólks. Minni hlutinn telur brýnt að íslensk stjórnvöld feti í fótspor stjórnvalda annars staðar á Norðurlöndum og óskar því eftir að stefna þeirra um málefni útlendinga verði gerð opinber nú þegar.

Þá bendir minni hlutinn á að aldrei hefur verið mikilvægara en nú að reyna að nýta sér reynslu annarra þjóða í málefnum útlendinga með því að taka það besta í þeirra löggjöf, til þess að tryggja réttarstöðu útlendinga. Frumvarpið fjalli að mestu um útlendinga sem ekki eru frá öðrum Norðurlöndum eða frá Evrópska efnahagssvæðinu eða eins og stundum hefur verið sagt „sýnilega útlendinga“. Minni hlutinn telur því nauðsynlegt að viðurkennt sé það fjölmenningarlega samfélag sem er að finna hér á landi og nýttir kostir þess. Minni hlutinn leggur áherslu á nauðsyn þess að fræða fólk og uppræta fordóma í garð útlendinga, virða mannréttindi og tryggja þeim bestu möguleg réttindi sem völ er á. Jafnframt telur minni hlutinn mikilvægt að minna á þær alþjóðaskuldbindingar sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að hlíta. Í því sambandi bendir minni hlutinn á umsögn frá Amnesty International en þar segir m.a.: „Samtökin ítreka nauðsyn þess er að lögin endurspegli alþjóðlega samninga sem gerðir hafa verið um réttindi flóttamanna og viðbótarsamninga við þá. Uppfylla þarf allar kröfur sem alþjóðasamfélagið hefur sett er lúta að réttindum flóttamanna, til hælis og réttlátrar málsmeðferðar. Nauðsynlegt er að skýrt sé kveðið á um málsmeðferð í lögunum sjálfum en horfið frá ákvæðum í frumvarpinu um reglugerðir sem dómsmálaráðherra setji.“ Undir þetta tekur minni hlutinn heils hugar og ítrekar að mikilvægt er að svona stór málaflokkur sé gegnsær og skýr, en svo er ekki með það frumvarp sem hér er til afgreiðslu. Minni hlutinn leggur því til að afgreiðslu málsins verði frestað til haustsins svo að þeir aðilar sem að málaflokknum koma geti fram að þeim tíma komið með breytingartillögur sem yrðu málaflokknum til sóma. Minni hlutinn tekur sérstaklega fram að við samningu frumvarpsins var hvorki haft samráð við Mannréttindaskrifstofu Íslands, Amnesty International, Flóttamannaráð né aðra þá sem best þekkja til þessara mála. Slíkt hefðu verið fagleg vinnubrögð og skilað sér í betra frumvarpi.

Fjölmargar athugasemdir voru gerðar við frumvarpið í umsögnum til nefndarinnar og af hálfu gesta hennar. Þær alvarlegustu sneru að þeim ákvæðum frumvarpsins sem heimila ráðherra að setja reglur um tiltekin atriði eða fela honum að kveða á um atriði almenns eðlis fyrir utan hina almennu reglugerðarheimild. Var talið að mörg þeirra ákvæða brytu í bága við 2. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi, skuli skipað með lögum. Minni hlutinn lítur svo á að með frumvarpinu sé framkvæmdarvaldinu allt of oft falið að setja hinar efnislegu reglur og skilyrði og því sé um of rúmt framsal löggjafarvalds að ræða sem

brjóti gegn fyrrnefndu ákvæði stjórnarskrár. Minni hlutinn telur nauðsynlegt að bætt verði úr þessu áður en frumvarpið verði að lögum. Einnig bendir minni hlutinn á að huga hefði þurft betur að þeim skilyrðum sem sett eru fyrir útgáfu og endurnýjun dvalarleyfa fyrir útlendinga og aðstandendur þeirra og þá sérstaklega að kröfunni um sjúkratryggingu í ljósi þess að ekki hefur verið gerður samningur við Tryggingastofnun ríkisins vegna útlendinga og iðgjöld tryggingafélaga eru allt of há, auk þess sem slík krafa er ekki gerð í öðrum norrænum lögum. Þá hefur minni hlutinn miklar efasemdir um þá skyldu sem lögð er á útlendinga að sækja íslenskunámskeið vegna búsetuleyfis þar sem slík krafa er ekki einu sinni gerð hvað varðar ríkisborgararétt og telur þess í stað mikilvægt að stjórnvöld axli ábyrgð hvað tungumálanámskeið og samfélagsþjónustu varðar. Þeim beri því að sjá til þess að nægt framboð sé á námi í íslensku fyrir útlendinga og vinna að slíku í samráði við menntamálaráðuneytið og fræðsluyfirvöld í hverju sveitarfélagi. Jafnframt telur minni hlutinn að skoða þurfi sérstaklega stofnun kærunefndar í málefnum útlendinga sem t.d. Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rauði kross Íslands, Lögmannafélag Íslands, félagsmálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti auk dómsmálaráðuneytis ættu fulltrúa í. Verkefni hennar yrði m.a. að taka til meðferðar og gefa skriflegt rökstutt álit um hvort ákvæði laganna hafi verið brotin en ákvarðanir Útlendingastofnunar yrðu kæranlegar til nefndarinnar sem æðsta stjórnvalds. Það er mat minni hlutans að slík nefnd mundi styrkja réttarstöðu útlendinga, tryggja aðkomu breiðs hóps fagfólks að málum þeirra og jafnvel styrkja starf Útlendingastofnunar. Þá bendir minni hlutinn á að skoða hefði þurft enn frekar réttarstöðu útlendinga með það að leiðarljósi að styrkja hana í samskiptum við stjórnvöld og þá bæði við málsmeðferð þegar ákvörðun er tekin í máli þeirra og þegar mál eru lögð fyrir dómstóla. Á þetta einkum við rétt til lögfræðiaðstoðar og túlkaþjónustu. Loks bendir minni hlutinn á að í frumvarpinu er ekki tekið á réttarstöðu barna yngri en 18 ára sem kunna að koma til landsins án foreldra eða annarra forsjáraðila. Á hinum Norðurlöndunum er slíkt orðið stórt vandamál sem fer vaxandi. Telur minni hlutinn rétt að gert sé ráð fyrir að slíkar aðstæður geti komið upp hér á landi og því þurfi að bregðast við því í lögum.

Þar sem löggjöf um málefni útlendinga snertir grundvallarmannréttindi mælir það gegn mjög rúmu valdframsali löggjafarvalds til handhafa framkvæmdarvalds. Minni hlutinn telur með vísan til fyrrnefndra atriða að frumvarpið eins og það lítur út fái vart staðist ákvæði stjórnarskrár. Ljóst er að frumvarpið var afar illa unnið í upphafi og því átti nefndin aldrei kost á að lagfæra það á þeim tíma sem hún hafði til að vinna að málinu. Því leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur afgreiðslu minni hlutans á málinu.

Alþingi, 16. maí 2001.

Lúðvík Bergvinsson, frsm.

Guðrún Ögmundsdóttir.

1406. Svar [574. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ástu Möllers um áhrif nýs launakerfis á launamun karla og kvenna hjá opinberum stofnunum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað líður framkvæmd úttektar á áhrifum nýs launakerfis á launamun karla og kvenna starfandi hjá opinberum stofnunum, sbr. yfirlýsingu fjármálaráðherra í tengslum við gerð kjarasamninga ýmissa stéttarfélaga opinberra starfsmanna 1997?

Vorið 2000 hófst undirbúningsvinna fyrir könnun á kynbundnum launamun í samvinnu við Reykjavíkurborg eins og kveðið er á í yfirlýsingu sem gerð var í tengslum við kjarasamninga ýmissa stéttarfélaga árið 1997. Þá voru haldnir nokkrir vinnufundir með Félagsvísindastofnun. Hlé varð á þeirri vinnu vegna þess að flokkun starfa í launavinnslukerfi ríkisins sem og Reykjavíkurborgar var ábótavant og mæltist Félagsvísindastofnun til þess að áður en hafist yrði handa við greiningu á kynbundnum launamun væru störf í launaskrám flokkuð samkvæmt ÍSTARF 95 staðli.

Vinnsluferlið má greina í eftirfarandi stig:

1. forvinnu, sem felst í því að velja og semja við samstarfsaðila, setja fram rannsóknarspurningar og rannsóknaraðferðir, tilgreina gögn og velja tímapunkta, yfirfara og villuhreinsa gögn og kóðun gagna,
2. gagnaúrvinnslu og
3. framsetningu niðurstaðna.

Nú er svo komið að um það bil helmingur starfa í launaskrám ríkisins er starfaflokkaður. Tekin hefur verið sú ákvörðun að bíða ekki lengur eftir því að stofnanir ljúki flokkun starfa, heldur kanna launamun kynjanna út frá þeim hluta sem nú er búið að flokka, þrátt fyrir takmarkaðra upplýsingagildi þar sem starfaflokkunin er hvorki jafndreifð yfir stofnanaflokka né starfshópa. Vinnan er nú stödd á forvinnslustigi, þar sem komið er að því að yfirfara og villuhreinsa gögn.

1407. Nefndarálit [633. mál]

um frv. til l. um leigubifreiðar.

Frá 1. minni hluta samgöngunefndar.

Með frumvarpinu er gerð tillaga um ný heildarlög um leigubifreiðar til fólksflutninga hér á landi og eiga þau að leysa af hólmi lög nr. 61/1995, með síðari breytingum. Ekki er gert ráð fyrir neinum gjaldtökum í núgildandi lögum nema hvað að ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð gjaldtöku fyrir veitar undanþágur.

Í 12. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir gjaldtöku af ýmsu tagi. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að leyfishafi samkvæmt lögunum árlega greiði 16.000 kr. gjald fyrir atvinnuleyfi sitt. Þá skal greiða 2.500 kr. fyrir útgáfu atvinnuskírteina, en endurnýja skal skírteinin á þriggja ára fresti samkvæmt frumvarpinu. Fyrir tímabundna innlögn leyfis skal greiða 1.000 kr., fyrir úttekt

leyfis 1.000 kr., fyrir vottorð um gild atvinnuleyfi vegna bifreiðakaupa 1.000 kr. og fyrir færslu á milli stöðva 2.000.

Samkvæmt upplýsingum frá samgönguráðuneyti, sbr. fylgiskjal með nefndaráliti þessu, er kostnaður af stjórnsýslu í núverandi kerfi um 6 millj. kr. Kostnaður vegna hins nýja kerfis samkvæmt frumvarpinu er hins vegar áætlaður um 13 millj. kr. Séu þessir útreikningar réttir hefur frumvarpið mikinn kostnaðarauka í för með sér í heildina séð.

Minni hlutinn setur stórt spurningarmerki við þann aukna kostnað sem frumvarpið hefur í för með sér og þeirri ætlun samgönguráðherra að velta honum alfarið yfir á leigubifreiðastjóra.

Fyrsti minni hluti treystir sér ekki til að styðja frumvarpið og mun sitja hjá við afgreiðslu þess.

Alþingi, 17. maí 2001.

Lúðvík Bergvinsson, frsm. Kristján L. Möller.

Fylgiskjal.

Minnisblað frá samgönguráðuneytinu um kostnað vegna nýrra leigubílalaga.
(10. maí 2001.)

Samgöngunefnd hefur óskað eftir frekari rökstuðningi við gjaldtöku í frumvarpi til nýrra leigubílalaga. Við því er sjálfsagt að verða.

Núverandi kerfi:
Mjög varlega metin áætlun yfir núverandi kostnað:

Kostnaður við lið 10157, umsjónarnefnd fólksbifreiða, 1999

	kr.
Nefndarlaun og launatengd gjöld	2.124.850
Auglýsingar og prentun	50.054
Ýmislegt	2.240
Hugbúnaðargerð	227.929
Kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri þjónustu	260.000
Samtals	**2.665.070**
Leiðrétting vegna ritara	90.697
Hlutdeild í heildarlaunakostnaði starfsmanns 40% af 3.499.772 kr.	1.399.909
Hlutdeild í heildarlaunakostnaði fulltrúa 60% af 2.235.940 kr.	1.341.564
Samtals	**5.497.240**

Hluti af sameiginlegum skrifstofukostnaði aðalskrifstofu, o.fl.	549.724
Kostnaður við umsjónarnefnd alls	**6.046.964**

Nýtt kerfi samkvæmt frumvarpi:

Áætlun vegna frumvarpsins gerir ráð fyrir að uppsetning gagnagrunns kosti um 7,5 m.kr. Gera má ráð fyrir að til þess að reka hann þurfi að minnsta kosti einn starfsmann. Þá er gert ráð fyrir að standa þurfi straum af auglýsingum, hugbúnaðargerð o.fl. Sundurgreining kostnaðar er sem hér segir:

	m.kr.
Afskriftir gagnagrunns 7,5 m.kr. á þremur árum	2,5
Kostnaður við starfsmann	4,0
Kostnaður við eftirlitsmann, hálft starf	2,5
Námskeið og undirbúningur	0,6
Auglýsingar og prentun	0,1
Hugbúnaðargerð, viðbætur, breytingar og þjónusta	0,5
Stjórnun, umsjón, húsnæði	0,5
Ófyrirséð, t.d. kostnaður við útstöðvar	2,0
Kostnaður alls	**12,7**

Miðað við að leyfishafar séu um 700 verður gjaldið á hvern þeirra um 16.000 kr. ár hvert.

Mismunur:

Augljóst er að kostnaður stjórnsýslunnar við kerfið tvöfaldast samkvæmt þessum áætlunum. Málið er samt ekki svona einfalt. Þrennt kemur til. Í fyrsta lagi kostar samræmingin og þar með talinn gagnagrunnurinn sitt. Tölvukerfi, uppsetning og viðhald þeirra er gífurlega kostnaðarsamt. Í öðru lagi er gert ráð fyrir hálfri stöðu eftirlitsmanns, m.a. vegna ákvæðanna um starfsleyfi leigubifreiðastöðva. Í þriðja lagi er stór hluti þeirra vinnu sem leigubifreiðastjórafélögin hafa séð um tekinn inn í nýja kerfið. Leigubifreiðarstjórafélögin taka nú 700 kr. fyrir hverja veitta undanþágu. Frami gefur út um það bil 14.400 undanþágur á ári. Það gefur félaginu um 10 m.kr. á ári. Önnur félög eru minni en ráðuneytið áætlar að tekjur þeirra af útgáfu undanþágna geti numið 2 m.kr.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir neinum gjöldum vegna útgáfu undanþágna því að engin vinna við þær verður á stöðvunum þar sem Vegagerðin mun sjá um alla uppfærslu heimilda. Eingöngu þarf að slá inn nöfn tveggja manna og undanþágan prentast sjálfkrafa út sé allt með eðlilegum hætti. Vera kann að stöðvarnar taki fyrir pappírskostnað og fyrir innslátt, en ekki getur verið hægt að réttlæta háan kostnað þess vegna. Ekki hefur verið ákveðið hver ber kostnað við útstöðvar, en hér er gert ráð fyrir að hann verði hjá Vegagerðinni. Hugsanlega verður hægt að nýta núverandi tölvukost stöðvanna.

Ráðuneytið mun ekki skipta sér af gjaldtöku fyrir undanþágur, enda verður hún eflaust innifalin í stöðvargjöldunum.

Kostnaður stéttarinnar er 12 m.kr. og stjórnsýslunnar 6 m.kr. vegna núverandi kerfis eða samtals 18 m.kr.

Kostnaður stéttarinnar við nýtt kerfi verður hins vegar tæpar 13 m.kr.

Hér er því um óverulegan kostnaðarauka að ræða fyrir stéttina. Og kerfið í heild verður hagkvæmara sem svarar mismuninum.

1408. Nefndarálit [731. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur og Jónu Björk Guðnadóttur frá fjármálaráðuneyti, Ólaf Friðriksson frá landbúnaðarráðuneyti, Guðmund Sigþórsson frá ráðgjafarnefnd um verð á búvörum, Kjartan Gunnarsson frá viðskiptaráðuneyti, Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti, Stefán S. Guðjónsson og Guðrúnu Ástu Sigurðardóttur frá Samtökum verslunarinnar – Félagi íslenskra stórkaupmanna, Elínu Björgu Jónsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Emil B. Karlsson frá Samtökum verslunar og þjónustu, Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands, Jóhannes Gunnarsson frá Neytendasamtökunum, Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands, Kjartan Ólafsson frá Sambandi garðyrkjubænda, Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands og Guðmund Sigurðsson og Guðlaug Stefánsson frá Samkeppnisstofnun. Umsagnir bárust um málið frá Samtökum verslunarinnar – Félagi íslenskra stórkaupmanna, Alþýðusambandi Íslands, Neytendasamtökunum og Samtökum verslunar og þjónustu. Einnig bárust gögn frá ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara og Samkeppnisstofnun.

Frumvarpinu er ætlað að veita landbúnaðarráðherra aukið svigrúm til fjölga þeim grænmetistegundum sem unnt er að flytja inn á lægri tollum eða án tolla. Gert er ráð fyrir að hugsanlegt tekjutap ríkisins, nýti ráðherra heimildir sínar samkvæmt frumvarpinu til fulls, nemi í mesta lagi 150–170 millj. kr.

Við meðferð málsins í nefndinni var töluvert um það rætt hvort sú heimild sem frumvarpið gerir ráð fyrir að landbúnaðarráðherra hafi til að lækka tolla væri of opin. Í 2. málsl. 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, segir að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Með hliðsjón af því að með því fyrirkomulagi sem frumvarpið gerir ráð fyrir kynni ráðherra að vera framselt of víðtækt vald til að taka ákvörðun um skattamál leggur nefndin til að bætt verði við 3. mgr. 6. gr. A tollalaga ákvæði um að ákvörðun landbúnaðarráðherra um lækkun tolls í samræmi við þá hundraðshluta verð- og/eða magntolls, sem skilgreindir eru í greininni, skuli ráðast af því hvort nægilegt framboð af viðkomandi vörum á hæfilegu verði sé til staðar á innanlandsmarkaði. Hundraðshlutar tolls hverrar vöru skuli vera hærri eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu er meira en lækka að sama skapi eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu minnkar. Við ákvörðun um hundraðshluta tolls skuli landbúnaðarráðherra leitast við að jafnræði ríki milli innlendrar og innfluttrar framleiðslu í samkeppnislegu tilliti.

Með lögfestingu framangreinds ákvæðis telur nefndin að ráðherra séu sett ákveðin efnisleg viðmið sem honum beri að hafa til hliðsjónar við mat á því hvort umræddum heimildum skuli beitt. Því lítur nefndin svo á að með breytingartillögunni sé frekar komið í veg fyrir framsal skattlagningarvalds til ráðherra.

Nefndin vekur athygli á að starfshópur um framleiðslu- og markaðsmál gróðurhúsa og garðávaxta sem skipaður var af landbúnaðarráðherra stefnir á að ljúka heildarendurskoðun á verðmyndun á garð- og gróðurhúsaafurðum fyrir haustið og telur mikilvægt að það takist. Við meðferð málsins í nefndinni kom fram að með þeim breytingum sem gerðar eru með frumvarpinu er stigið fyrsta skrefið í breytingum á umgjörð þessa markaðar. Nefndin bendir einnig á að samhliða þeim aðgerðum sem lagðar eru til í frumvarpinu er rétt að skoða stöðu garðyrkjubænda hér á landi heildstætt og kanna hvaða leiðir eru færar til úrbóta hvað sam-

keppnisstöðu þeirra varðar. Jafnframt gengur nefndin út frá að ráðherra nýti að fullu þær heimildir sem honum eru veittar með frumvarpinu til hagsbóta fyrir neytendur.

Nefndin bendir á að mismunandi álit eru á því hvort forræði á úthlutun tollkvóta fyrir landbúnaðarafurðir eigi að vera í höndum landbúnaðarráðherra, en ekki fjármálaráðherra eins og almennt gildir um tollamál. Nefndin bendir á að þar sem málið er allt áfram til umfjöllunar gefist betra tækifæri til þess að fjalla um hvaða ráðherra eigi að úthluta tollkvótum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 6. gr. A laganna:

a. Í stað orðsins „tolli“ í 2. málsl. kemur: verð- og/eða magntolli.
b. Við bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Ákvörðun landbúnaðarráðherra um lækkun tolls í samræmi við framangreinda hundraðshluta verð- og/eða magntolls skal ráðast af því hvort nægilegt framboð af viðkomandi vörum á hæfilegu verði er til staðar á innanlandsmarkaði. Hundraðshlutar tolls hverrar vöru skulu vera hærri eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu er meira en lækka að sama marki eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu minnkar. Landbúnaðarráðherra skal við ákvörðun um hundraðshluta tolls leitast við að jafnræði ríki milli innlendrar og innfluttrar framleiðslu í samkeppnislegu tilliti.

Kristinn H. Gunnarsson og Gunnar Birgisson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. maí 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Páll Magnússon.
Guðmundur Hallvarðsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Margrét Frímannsdóttir.
	Ögmundur Jónasson.	

1409. Svar [730. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um starfsemi kaupskrárnefndar.

1. *Hefur ráðherra í hyggju að endurskoða starfsemi kaupskrárnefndar eða leggja nefndina niður?*

Kaupskrárnefnd varnarsvæða var fyrst skipuð í október 1952 til að koma upplýsingum um ráðningarkjör og vinnuskilyrði hér á landi til varnarliðsins, eins og nánar er kveðið á um í 4. tölul. 6. gr. viðbætisins við varnarsamninginn, sbr. lög nr. 110/1951. Var það verkefni hennar að endurskoða þær reglur um kaup og kjör sem þá var farið eftir hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli og erlendum verktökum á þess vegum og færa þær til samræmis við kaup og kjör fyrir sambærileg störf í Reykjavík. Nefndin tók saman upplýsingar um launakjörin í svonefnda kaupskrá sem varnarmálanefnd fékk í hendur til ákvörðunar á launakjörum

íslenskra starfsmanna hjá varnarliðinu. Hefur kaupskrárnefnd starfað nær óslitið frá október 1952, en starfsemi hennar þó tekið miklum breytingum í tímans rás. Skipan nefndarinnar hefur verið óbreytt frá upphafi; fulltrúi félagsmálaráðuneytisins er formaður en aðrir nefndarmenn eru tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins.

Lagagrundvöllinn fyrir skipun kaupskrárnefndar er að finna í 4. tölul. 6. gr. viðbætis við varnarsamninginn, sbr. lög nr. 110/1951, um lögfestingu varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna. Í ákvæðinu segir: „Bandaríkin æskja þess að ráða hæfa íslenska borgara, eftir því sem föng eru á, til starfa í sambandi við samning þennan. Að svo miklu leyti sem Ísland kann að samþykkja ráðningu íslenskra borgara til starfa hjá liði Bandaríkjanna, skal slík starfsráðning framkvæmd með aðstoð og um hendur þess eða þeirra fyrirsvarsmanna, sem af Íslands hálfu eru til þess kvaddir. Ráðningarkjör og vinnuskilyrði, einkum vinnulaun, launauppbætur og öryggisráðstafanir við vinnu, skulu fara að íslenskum lögum og venjum.“ Kaupskrárnefnd var skipuð til þess að skrá gildandi kaupgjald í landinu á hverjum tíma, og sjá um að erlendir vinnuveitendur á Keflavíkurflugvelli fengju vitneskju um það, þ.e. koma upplýsingum um ráðningarkjör og vinnuskilyrði á íslenskum vinnumarkaði á framfæri við bandarísk stjórnvöld.

Kaupskrárnefnd er sá aðili, sem í tæp 50 ár hefur tryggt að Íslendingar, sem vinna hjá varnarliðinu eða öðrum erlendum aðilum á Keflavíkurflugvelli, fái og hafi fengið kaup og kjör og notið þess öryggis á vinnustað sem venjur, íslensk lög og kjarasamningar hafa mælt fyrir um á hverjum tíma, sbr. 4. tölul. 6. gr. viðbætisins. Varnarliðið er ekki lögpersóna á Íslandi og getur því ekki átt aðild að kjarasamningum við íslenska starfsmenn sína. Það er ástæðan fyrir því að íslensk stéttarfélög gera ekki kjarasamninga f.h. félagsmanna sinna við varnarliðið, heldur hefur kaupskrárnefnd verið fengið það hlutverk að ákvarða launakjör þeirra í samræmi við gildandi launakjör á almennum vinnumarkaði á Íslandi.

Eins og fram kom áður hefur starfsemi kaupskrárnefndar breyst mikið í tímans rás. Í upphafi var nefndinni ætlað að skrá gildandi launakjör í landinu og koma upplýsingum um það til hins erlenda vinnuveitanda. Í dag er kaupskrárnefnd stjórnsýslunefnd er starfar á grundvelli stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og reglna nr. 284/1999. Um meðferð mála hjá nefndinni fer samkvæmt framangreindum reglum. Ákvarðanir nefndarinnar eru í formi stjórnsýsluúrskurða sem birtir eru aðilum.

Utanríkisráðherra hefur þrisvar sett kaupskrárnefnd sérstakar starfsreglur, í fyrsta sinn árið 1994, en núgildandi reglur, sem settar voru árið 1999, leystu af hólmi reglur frá 1996. Umgjörð kaupskrárnefndar hefur með setningu þessara reglna verið sett í sama búning og umgjörð annarra stjórnsýslunefnda og raunar hafa reglur hennar með tímanum færst nær ákvæðum stjórnsýslulaga. Má nefna að með núgildandi reglum var stigið það skref að festa í sessi stöðu kærunefndar kaupskrárnefndar sem æðra stjórnsýslustigs, en staða þeirrar nefndar sem æðra stigs í stjórnsýslu kaupskrárnefndar hafði, fram að því, ekki verið nægilega skýr.

Starfsemi kaupskrárnefndar byggist á gömlum grunni en hefur stöðugt aðlagast breyttum aðstæðum á vinnumarkaði og í stjórnsýslu. Starfsreglur nefndarinnar og stjórnsýslulög festa starfsemi hennar mjög í sessi, starfsemi sem reynst hefur farsæl undanfarin 50 ár. Eina leiðin til að ákvarða launakjör íslenskra starfsmanna varnarliðsins og uppfylla þær skyldur, er ákvæði 4. tölul. 6. gr. viðbætisins við varnarsamninginn leggur á herðar íslenskra og bandarískra stjórnvalda, er að íslensk stjórnvöld taki að sér það hlutverk að miðla upplýsingum til varnarliðsins um launakjör á almennum vinnumarkaði. Kaupskrárnefnd var í öndverðu falið að sinna þessu verkefni og hefur þetta fyrirkomulag reynst afar vel og almenn sátt ríkt um það. Rökin fyrir því að breyta þessu fyrirkomulagi eru því vandfundin.

2. *Telur ráðherra réttarstöðu íslenskra starfsmanna bandaríkjahers, sem heyra undir kaupskrárnefnd hvað launakjör snertir, samrýmast nútímaviðhorfum um réttindi launamanna, gerð kjarasamninga og því um líkt?*

Í lokamálslið 4. tölul. 6. gr. viðbætisins við varnarsamninginn segir að ráðningarkjör og vinnuskilyrði hjá varnarliðinu, einkum vinnulaun, launauppbætur og öryggisráðstafanir við vinnu, skuli fara að íslenskum lögum og venjum. Almenn lögskýringarsjónarmið leiða til þess að þetta ákvæði verður að túlka svo að um þessi mál fari samkvæmt gildandi lögum og venjum á hverjum tíma. Það þýðir að launakjör íslenskra starfsmanna varnarliðsins þróast og taka breytingum með sama hætti og á almennum vinnumarkaði, og hefur svo verið alla tíð. Í fyrstu skráði kaupskrárnefnd gildandi kaupgjald í landinu, og starfsmönnum varnarliðsins voru svo ákveðin sambærileg laun. Laun varnarliðsstarfsmanna hafa þá þróast í samræmi við almenna launaþróun í landinu. Í dag eru íslenskir starfsmenn varnarliðsins félagar í íslenskum stéttarfélögum. Launakjör þeirra taka mið af gildandi kjarasamningum á almennum markaði, kjarasamningum sem stéttarfélög þeirra eða bandalög stéttarfélaga hafa gert fyrir hönd félagsmanna sinna við viðsemjendur sína. Þeir njóta kjarasamningsbundinna kjara með sama hætti og starfsmenn á vinnumarkaði utan varnarsvæða, þeir njóta einnig launabreytinga vegna launaþróunar á gildistíma kjarasamninga sem og áunninna réttinda viðkomandi starfsstétta. Launaþróun innan varnarsvæða endurspeglar því launaþróunina utan varnarsvæða.

Rétt er einnig að benda á að íslensk lög gilda að fullu á varnarsvæðunum. Íslenskir starfsmenn varnarliðsins hafa því sömu réttarstöðu samkvæmt íslenskum lögum á hverjum tíma og aðrir íslenskir þegnar, sem t.d. endurspeglast í vinnuvernd á varnarsvæðunum, meðferð mála fyrir kaupskrárnefnd og því að íslenskir starfsmenn varnarliðsins geta skotið niðurstöðum nefndarinnar til dómstóla.

Vissulega er aðferðin við að ákvarða íslenskum starfsmönnum varnarliðsins laun frábrugðin því sem almennt gerist á íslenskum vinnumarkaði. Það markast af réttarstöðu vinnuveitanda þeirra, varnarliðsins, sem er í þeirri stöðu að geta ekki gert kjarasamninga við starfsmenn sína hér á landi. Vegna þessarar sérstöðu hafa íslensk stjórnvöld frá upphafi varnarsamstarfsins séð til þess að íslenskir starfsmenn verði í engu af launakjörum sem gilda fyrir launþega í sambærilegum störfum og það varðar mestu; að tryggja að þeir njóti launakjara í samræmi við launakjör á almennum markaði, eins og mælt er fyrir um í 4. tölul. 6. gr. viðbætisins við varnarsamninginn, sbr. lög nr. 110/1951.

1410. Svar [704. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um tímabundin atvinnuleyfi dansara á næturklúbbum.

1. *Hvernig er háttað afgreiðslu umsókna um tímabundin atvinnuleyfi skv. 7. gr. laga nr. 133/1994, um atvinnuréttindi útlendinga, fyrir dansara á næturklúbbum, þar sem ASÍ veitir ekki lengur umsagnir um slíkar umsóknir?*

Alþýðusamband Íslands tilkynnti félagsmálaráðuneytinu með bréfi, dags. 29. mars, að sambandið sæi sér ekki lengur fært að sinna umsagnarhlutverki vegna útgáfu á atvinnuleyfum dansara á næturklúbbum í samræmi við ákvæði b-liðar 7. gr. laga nr. 133/1994, um atvinnuréttindi útlendinga. Síðan hefur málið verið til skoðunar hjá ráðuneytinu og Vinnumálastofnun í þeim tilgangi að finna því viðunandi farveg.

ASÍ gegndi ákveðnu eftirlitshlutverki við veitingu atvinnuleyfa með því að gera kröfu um skil á staðfestum launaseðlum, staðfestingu á greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalda, staðgreiðslu skatta og kaupum á slysa- og sjúkratryggingum.

Þar sem ASÍ treystir sér ekki lengur til að gegna þessu hlutverki er niðurstaðan sú að Vinnumálastofnun mun halda áfram að veita þeim nektardansstöðum, sem starfsleyfi hafa sem næturklúbbar, tímabundin atvinnuleyfi vegna dansara. Vinnumálastofnun mun því taka að sér umsagnarhlutverk það sem kveðið er á um í b-lið 7. gr. laganna, enda átti með því að gæta vinnumarkaðssjónarmiða. Vinnumálastofnun mun jafnframt gera strangar kröfur til þeirra skjala sem leggja þarf fram vegna útgáfu tímabundinna atvinnuleyfa til handa dönsurum á næturklúbbum, til að mynda varðandi kaup á sjúkra- og slysatryggingum fyrir tímabilið, greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalda og staðgreiðslu skatta. Þá verður farið fram á skil á afritum launaseðla og að sýnt verði fram á með fullnægjandi hætti að launin hafi verið greidd. Atvinnuleyfið er veitt vegna þessara einstaklinga til að dansa á viðkomandi næturklúbbum en ekki vegna annarra starfa.

Rétt er að benda á skilyrði þess að tímabundið atvinnuleyfi megi veita útlendingi, sbr. c-lið 7. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga sem hljóðar svo: „að fyrir liggi undirskrifaður ráðningarsamningur til tiltekins tíma eða verkefnis sem tryggi erlendum starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn, sbr. lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda; í ráðningarsamningi skal einnig vera ákvæði um flutning hlutaðeigandi frá Íslandi að starfstíma loknum, svo og um greiðslur ferðakostnaðar og heimflutning í veikindum eða við óvænt ráðningarslit sem starfsmaður á ekki sök á".

Nú þegar ASÍ hefur skilað umboði sínu til umsagna vegna dansara á næturklúbbum mun Vinnumálastofnun leggja áherslu á að dönsurum á þessum klúbbum verði kynntur réttur þeirra og fylgst verði með að ráðningarsamningar brjóti ekki í bága við löggjöfina. Eftir sem áður mun Vinnumálastofnun hafa samvinnu við Útlendingaeftirlit og lögreglu varðandi eftirlit með nektardansstöðum. Þá var dómsmálaráðuneytinu kynnt afstaða ASÍ.

2. *Hvernig hyggst félagsmálaráðherra leysa þetta mál?*

Eftirlitið með starfrækslu næturklúbba heyrir ekki undir félagsmálaráðuneyti heldur dómsmálaráðuneyti, lögreglu og Útlendingaeftirlitið. Þá eru sveitarfélög að sjálfsögðu meginábrifavaldur um rekstur næturklúbba. Í 25. gr. frumvarps til nýrra laga um atvinnuréttindi útlendinga er fjallað um samstarfsnefnd félagsmálaráðuneytis, Vinnumálastofnunar, Útlendingastofnunar, ASÍ og SA. Samstarfsnefndin skal kölluð saman „vegna almennra álitamála

varðandi útgáfu atvinnuleyfa“ og „þegar beiðnir berast til Vinnumálastofnunar um atvinnuleyfi fyrir hópa útlendinga“.

Þessari nefnd verður m.a. falið að gera tillögur um mótun framtíðarstefnu í meðferð atvinnuleyfa fyrir næturklúbba.

Viðræðunefnd Reykjavíkurborgar, dómsmálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og samgönguráðuneytis um aðgerðir til að sporna við starfsemi svonefndra „erótískra veitingastaða“ gerði eina tillögu sem sneri að félagsmálaráðuneytinu: „Að endurskoðuð verði lög nr. 133/1994 um atvinnuréttindi útlendinga með það að markmiði að útlendingar, sem hingað koma í því skyni að dansa nektardans á skemmtistöðum, falli ekki undir hugtak laganna „listamaður“ en listamenn njóta samkvæmt lögunum undanþágu frá kröfu um atvinnuleyfi.“

Tillögunni var hrint í framkvæmd með breytingum á lögum nr. 133/1994. Lög um breytingu á lögum nr. 133/1994, um atvinnuréttindi útlendinga, voru afgreidd á Alþingi og staðfest 9. maí 2000.

3. *Hversu margar umsóknir um tímabundin atvinnuleyfi fyrir dansara hafa verið afgreiddar frá áramótum og hversu margar óafgreiddar umsóknir liggja fyrir um slík atvinnuleyfi?*

Frá áramótum hafa verið afgreiddar 116 nýjar umsóknir um atvinnuleyfi fyrir dansara og 35 leyfi hafa verið framlengd. Um það bil 110 umsóknir bíða nú afgreiðslu.

1411. Nefndarálit [634. mál]

um frv. til l. um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Með frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar eru lögð til ný heildarlög um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga.

Minni hlutinn gagnrýnir þá gjaldtöku sem fyrirhuguð er með frumvarpinu en samkvæmt núgildandi lögum og reglum settum samkvæmt þeim eru innheimtar, samkvæmt upplýsingum frá samgönguráðuneyti, að meðaltali 3–3,5 millj. kr. á ári. Samkvæmt kostnaðarútreikningum samgönguráðuneytisins mun kostnaður Vegagerðarinnar vegna þessa málaflokks nema um 10,8 millj. kr. árlega, sbr. fylgiskjal með nefndaráliti þessu, og er áætlað að innheimta samsvarandi upphæð með nýjum gjöldum, sbr. 13. gr. frumvarpsins. Minni hlutinn mótmælir þessari auknu skattheimtu. Minni hlutinn bendir á að þessar auknu álögur munu ekki hvað síst bitna á landsbyggðinni og til þess fallnar að auka enn þann mismun sem verið hefur á vöruverði á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu.

Minni hlutinn treystir sér ekki til að styðja frumvarpið og mun sitja hjá við afgreiðslu þess.

Alþingi, 17. maí 2001.

Kristján Möller, frsm. Lúðvík Bergvinsson.

Fylgiskjal.

Áætlun um kostnað Vegagerðarinnar vegna verkefna við umsjón og eftirlit með fólks- og vöruflutningum.

Áætlaður fjöldi bifreiða 6.000
Áætlaður fjöldi leyfa:

	Fjöldi leyfa:
Vöruflutningabifreiðar	50
Sendibifreiðar	500
Vörubifreiðar	350
Hópferðabifreiðar	300
Samtals	**1.200**

Leyfi gefin út frá einu til fimm ára ➜ um 300 leyfi á ári

Kostnaður:	*m.kr.*
Hálft starf skrifstofumanns	2,2
Hálft starf eftirlitsmanns	2,7
Hálft starf lögreglumanns	2,7
Akstur eftirlitsbifreiða	2,3
Námskeiðskostnaður	0,3
Stjórnun, umsjón, húsnæði 5%	0,6
Samtals	**10,8**

	Fjöldi leyfa	*Gjald fyrir leyfi á ári*	*m.kr.*
Leyfi fyrir sendibifreiðar	500	5.000	2,5
Leyfi fyrir aðrar vöru- og efnisflutningabifreiðar	700	10.000	7,0
Sérleyfi og einkaleyfi	20	20.000	0,4
Leyfi fyrir sérbúnar bifr.	30	4.000	0,1
Samtals			**10,0**

1412. Nefndarálit [633. mál]

um frv. til l. um leigubifreiðar.

Frá 2. minni hluta samgöngunefndar.

Með frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar eru lagðar til grundvallarbreytingar á stjórn leigubifreiðamála í landinu. Ráðgert er að færa stjórn leigubifreiðamála frá ráðuneyti samgöngumála til Vegagerðarinnar.

Annar minni hluti leggur áherslu á að leigubílar og leigubílaakstur séu mikilvægur þáttur í almannasamgöngum. Tryggja þarf góða og örugga þjónustu og um leið eðlileg starfskjör leigubifreiðastjóra. Mikilvægt er að bæði lögin og framkvæmd þeirra taki mið af því.

Annar minni hluti telur að ákvæði 9. gr. frumvarpsins, sem lýtur m.a. að veitingu undanþágna frá akstri eigin bifreiðar vegna töku orlofs, sé ófullnægjandi. Veikindaréttur er óljós, svo og hvernig standa má að rekstrinum í þeim tilvikum. Við umfjöllun nefndarinnar um málið komu fram upplýsingar um að framkvæmd núgildandi laga og reglna settra samkvæmt þeim hefði í einhverjum tilvikum stangast á við lög nr. 30/1987, um orlof. Var gagnrýnin m.a. fólgin í því að laugardagar og sunnudagar hefðu á sumum svæðum verið reiknaðir með í orlofstöku sem er andstætt ákvæðum laga um orlof. Til að tryggja að leigubifreiðastjórar njóti eðlilegra orlofskjara og veikindaréttar á við aðra þarf að endurskoða frumvarpið þannig að þess sé gætt að farið sé að ákvæðum orlofslaga og lögum sem lúta að veikindarétti og veitingu undanþágna eftir því sem við getur átt. Frumvarpið tekur fyrst og fremst til ýmissa krafna sem gera þarf til þessa þáttar almenningssamgangna sem er að sjálfsögðu nauðsynlegt en jafnframt þarf að gera betur grein fyrir margvíslegum réttindamálum þeirra sem sem í þessari atvinnugrein starfa.

Annar minni hluti dregur í efa nauðsyn þess að starfræktur verði gagnagrunnur með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Sérstaklega er gerð athugasemd við síðari málslið 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að Vegagerðin geti heimilað sérstakar útstöðvar frá gagnagrunninum á bifreiðastöðvum eða hjá bifreiðastjórafélögum til þess að afgreiða undanþágur skv. 9. gr. frumvarpins. Í umsögn Persónuverndar sem barst nefndinni um frumvarpið segir eftirfarandi um þetta atriði: „Með ákvæðinu gæti Vegagerðin því veitt einstökum bifreiðastöðvum og bifreiðastjóra félögum tengingu við umrædda málaskrá sína um tölvunet. Að mati Persónuverndar skortir rök fyrir slíkri samtengingu og er þeirri spurningu ósvarað hvers vegna ekki sé hægt að veita viðkomandi bifreiðastöðvum upplýsingar um atvinnuleyfishafa á viðkomandi stöð með einfaldari og viðurhlutaminni hætti.“ Annar minni hlutin telur að sjónarmið um friðhelgi einkalífs og persónuvernd eigi að ráða ferðinni og gagnrýnir því að ætlunin sé að veita Vegagerðinni umrædda heimild.

Samkvæmt frumvarpinu skulu leigubifreiðastjórar greiða 16.000 kr. árlegt gjald fyrir atvinnuleyfi sitt. Jafnframt er gert ráð fyrir gjaldtöku vegna ýmissar umsýslu í þessum málaflokki, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Haldbær rök skortir fyrir þessum gjaldtökum og telur 2. minni hluti því að skoða verði forsendur þessarar gjaldtöku mun betur. Ljóst er að samgönguráðuneytið mun hafa nokkurn hag af tilfærslu þessa málaflokks til Vegagerðarinnar og gagnrýnir 2. minni hluti að ekki hafi verið gerð grein fyrir því í umsögn fjármálaráðuneytisins hversu mikið sparast hjá ráðuneytinu við þetta.

Annar minni hluti telur að þær breytingar sem meiri hlutinn leggur til að gerðar verði á frumvarpinu séu í flestu til bóta. Frumvarpið í heild mun því væntanlega taka talsverðum breytingum til batnaðar en engu að síður er það mat 2. minni hluta að vinna þurfi frumvarpið enn betur áður en það verður afgreitt sem lög frá Alþingi.

Alþingi, 17. maí 2001.

Jón Bjarnason.

1413. Svar [715. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóns Bjarnasonar um aukin útgjöld ríkissjóðs.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða útgjöld ríkissjóðs, sem ekki eru beinar tilgreindar fjárheimildir fyrir, hefur þegar verið samþykkt að inna af hendi á árinu?*
2. *Hvaða ný eða aukin útgjöld hafa einstakar stofnanir eða ráðuneyti sótt um heimildir fyrir á árinu eða er þegar sýnt að muni þurfa, án þess að tilgreindar fjárveitingar séu fyrir hendi á fjárlögum þessa árs?*
3. *Hvaða tilgreindar fjárveitingar í fjárlögum ársins er nú þegar sýnt að ekki verði nýttar á árinu?*

Svör ásamt skýringum óskast sundurliðuð á einstök verkefni og ráðuneyti.

Þar sem nú er aðeins liðinn fyrsti ársþriðjungur fjárlagaársins liggja ekki fyrir nægilegar upplýsingar frá einstökum ráðuneytum um hugsanleg tilefni til útgjalda umfram það sem gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Árleg fjárlagagerð stjórnsýslunnar miðast við að ráðuneyti og stofnanir fari yfir og leggi fram slík tilvik til skoðunar í ágúst vegna undirbúnings að frumvarpi til fjáraukalaga hvers árs. Slík erindi koma þá til umfjöllunar og hugsanlegrar samþykktar við afgreiðslu Alþingis á frumvarpinu. Þess er einnig að gæta að aukinni útgjaldaþörf ráðuneyta kann að vera mætt á fyrri hluta ársins með fjárheimildum fjárlaga sem síðan getur verið talin ástæða til að fara fram á við þingið að verði auknar þegar líður á árið. Komi fram útgjaldatilefni vegna ófyrirséðra atvika sem brýnt er að verða við eru þau kynnt fyrir fjárlaganefnd og einnig leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Ríkisstjórnin hefur lagt fram nokkur lagafrumvörp á þessu ári sem fyrir liggur að hafa áhrif á útgjöld ríkisins eins og fram kemur í kostnaðarumsögnum fjármálaráðuneytis með frumvörpunum. Einnig hafa verið gerðir kjarasamningar við stéttarfélög sem reikna má með að leiði af sér útgjöld umfram forsendur fjárlaga, auk þess sem verðlags- og gengisbreytingar hafa verið aðrar en fjárlög byggjast á. Eins og gert er ráð fyrir í lögum um fjárreiður ríkisins verða gerðar tillögur um heimildir fyrir þeim útgjöldum í frumvarpi til fjáraukalaga og gerð grein fyrir forsendum og áætlunum varðandi kjarasamninga við flest eða öll félög ríkisstarfsmanna sem þá ættu að liggja fyrir.

Í kjölfar dóms Hæstaréttar hefur Alþingi samþykkt lög um breytingar á tekjutryggingu lífeyrisþega sem er áætlað að leiði til samtals 240 millj. kr. viðbótarútgjalda árið 2001. Þá hefur Tryggingastofnun ríkisins greitt út 1.300 millj. kr. til öryrkja í kjölfar dómsins vegna áranna 1997–2000 og verða þær greiðslur inntar af hendi á þessu ári, en kostnaðurinn verður að öllum líkindum gjaldfærður árið 2000 þegar dómurinn var kveðinn upp. Loks liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar sem felur í sér um 700 millj. kr. kostnaðarauka á þessu ári, verði það óbreytt að lögum.

Ef miðað er við þá kjarasamninga sem þegar er lokið og gert ráð fyrir að aðrir samningar verði í samræmi við þá stefnu sem þar hefur verið mörkuð má áætla að launakostnaður ríkissjóðs geti orðið rúmlega 3 milljörðum króna umfram forsendur fjárlaga. Einnig má gera ráð fyrir að gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar hækki um 1–2 milljarða króna vegna þeirra kjarasamninga sem gerðir verða á árinu, en gjaldfærsla vegna samninga við grunnskólakennara og framhaldsskólakennara færist á árið 2000.

Eins og áður hefur komið fram hafa ráðuneytinu ekki borist erindi beint frá stofnunum vegna fjárheimilda umfram fjárlög á árinu. Einstök ráðuneyti hafa ekki heldur sótt um heimildir fyrir útgjöldum umfram fjárlög á þessu stigi þar sem erindi af slíkum toga verða einkum til umfjöllunar í ágúst.

Of skammt er liðið á árið til að unnt sé að áætla með nokkurri vissu hvaða fjárveitingar verða ekki nýttar á árinu þar sem jafnan koma fram einhver frávik frá greiðsluáætlun hvers mánaðar innan ársins. Fjármálaráðuneytinu hafa ekki borist tillögur frá öðrum ráðuneytum um tiltekin tilvik þar sem ákveðið hefur verið að nýta ekki á árinu fjárveitingar fjárlaga.

1414. Svar [698. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um viðbrögð við erindi verkefnisstjórnar rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða afgreiðslu hlaut erindi verkefnisstjórnar rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma frá 30. október 2000 til iðnaðarráðherra um mat á öðrum nýtingarkostum landsins norðan Vatnajökuls en þeim að reisa þar Kárahnjúkavirkjun með tengdum veitum?*
2. *Er þess að vænta að jafnhliða mati á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar verði lagt fram einhvers konar mat á þeim kosti að stofnaður verði þjóðgarður á svæðinu, eins og óskað var eftir af náttúruverndar- og umhverfissamtökum í lok júní á síðasta ári?*

Í júní á síðasta ári barst umhverfisráðherra yfirlýsing níu samtaka sem starfa á sviði náttúruverndar þar sem því var beint til stjórnvalda að verndar- og útivistargildi svæðisins fyrir norðan Vatnajökul yrði metið með faglegum hætti og mat lagt á gildi þjóðgarðs á þessu svæði samhliða vinnu við mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar.

Í bréfi til iðnaðarráðuneytisins frá 21. september sl. fór umhverfisráðherra þess á leit að ráðuneytið óskaði eftir því við verkefnisstjórn rammaáætlunar að hún kannaði hvort og þá með hvaða hætti verkefnisstjórnin gæti tekið á þeim þáttum sem nefndir eru í yfirlýsingunni.

Iðnaðarráðuneytið ritaði formanni verkefnisstjórnar bréf 22. september sl. þar sem því var beint til verkefnisstjórnarinnar að kannað yrði með hvaða hætti fjallað yrði um þessi atriði í vinnu við mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar og hvort unnt væri að hafa samvinnu við þá aðila er vinna það verk um faglegt mat á áhrifum virkjunarinnar á hugsanlegan Vatnajökulsþjóðgarð.

Í framhaldi af þeirri könnun gerði verkefnisstjórn tillögu um verklýsingu fyrir sérstakt mat á gildi lands norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd og þjóðgarð sem kynnt var í bréfi stjórnarinnar til iðnaðarráðueytis 30. október. Með bréfi dags. 21. nóvember féllst ráðuneytið á tillögu verkefnisstjórnarinnar og staðfesti þann vilja sinn að verkefnisstjórnin tæki að sér þetta verkefni. Í bréfinu kemur fram að ráðuneytið telur í verkahring umhverfisráðuneytis að afla sérstaks fjár til að greiða kostnað við umrætt mat umfram þá aðstoð sem eðlilegt er að veita vegna vinnu við rammaáætlun eða mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar.

Verklagið er að verkefnisstjórn rammaáætlunar tekur að sér verkið sem sérstakt verkefni en því stýri sérstök umsjónarnefnd. Formaður umsjónarnefndarinnar er Árni Bragason, for-

stöðumaður Náttúruverndar ríkisins, en auk hans eiga sæti í nefndinni fjórir formenn faghópa. Ritstjóri verkefnisins er Stefán Benediktsson.

Vinna nefndarinnar hefur falist í því að meta útivistar- og verndargildi stöðu og þróun ferðamennsku og ferðaþjónustu og leita umsagnar sérfræðinga um efnahagslegt gildi til þessara landnota. Það er hins vegar ekki markmið með þessari vinnu að bera saman annars vegar virkjun á þessu svæði og hins vegar þjóðgarð. Í mati á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar verður væntanlega fjallað um þann samanburð.

Umsjónarnefndin er að leggja lokahönd á fyrstu drög skýrslu sinnar um gildi lands norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd og þjóðgarð. Ætlunin er að kynna þau á fundi verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Það fer eftir viðbrögðum verkefnisstjórnar hvenær endanleg skýrsla verður tilbúin. Samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun verður skýrsla um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar auglýst á næstunni. Skýrslurnar ættu því að geta legið frammi á sama tíma.

1415. Svar [422. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um umhverfisgjöld.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða umhverfisgjöld, þ.m.t. skilagjöld, eru lögð á samkvæmt lögum og reglugerðum; hvert er hlutverk þeirra hvers um sig, hversu miklum peningum skila þau hvert um sig og til hvaða verkefna renna þeir fjármunir?*
2. *Hvaða áform eru uppi um frekari töku umhverfisgjalda?*
3. *Hefur verið unnið að því að færa umhverfisgjöld hérlendis til samræmis við það sem gerist í öðrum löndum innan OECD?*

Í raun eru fjölmörg umhverfisgjöld í notkun hér á landi, þó að sum þeirra hafi í upphafi ekki verið sett á til þess að hafa áhrif á neyslumynstur fólks með tilliti til umhverfisins. Má þar t.d. nefna opinber gjöld á eldsneyti, sem fyrst og fremst þjóna þeim tilgangi að afla ríkissjóði tekna til samgöngumála. Fyrstu gjöldin sem lögleidd voru í þeim tilgangi einum að stuðla að betri umgengni við umhverfið voru skilagjöld á einnota drykkjarvöruumbúðir, sbr. lög nr. 52/1989. Samkvæmt lögunum skulu framleiðendur og innflytjendur greiða svokallað umsýslugjald sem notað er til að greiða kostnað við rekstur kerfisins. Auk þess er við kaup á drykkjum í einnota umbúðum greitt skilagjald af hverri einingu sem neytandinn fær endurgreitt þegar umbúðunum er skilað á móttökustað.

Árið 2000 innheimtust 621 millj. kr. í skilagjald og endurgreiddar voru 528 millj. kr. fyrir mótteknar umbúðir. Mismunurinn ásamt umsýslugjaldinu fór til að fjármagna rekstur kerfisins. Á árinu var skilahlutfall þeirra umbúða sem lögin taka til 85% sem er með því allra hæsta sem þekkist í öðrum löndum. Önnur gjöld sem lögleidd hafa verið í þeim tilgangi að vernda umhverfið eru svokölluð spilliefnagjöld sem sett voru á samkvæmt lögum nr. 56/1996. Þar er heimild til að leggja gjald á vörur og vöruflokka sem spillt geta umhverfinu. Helstu efnisflokkar eru olía og olíuvörur, rafgeymar, olíumálning, framköllunarefni, kælimiðlar, leysiefni, halógenefni, prentlitarefni og nokkrir smærri efnisflokkar. Heildartekjur af spilliefnagjöldum árið 2000 voru 154 millj. kr. og heildargjöld af förgun þessara efna námu alls 145 millj. kr.

Á yfirstandandi þingi var lagt fram frumvarp til laga um úrvinnslu úrgangs. Í frumvarpinu eru tillögur um umhverfisgjöld á hjólbarða, bílflök og nokkra efnisflokka umbúða; pappa og plast, þ.m.t. landbúnaðarplast og samsettar umbúðir.

Ásamt öðrum ríkjum á Norðurlöndunum er Ísland í hópi þeirra sem hafa innleitt umhverfisgjöld hvað mest og í samanburði við önnur OECD-ríki Ísland kemur einnig vel út að þessu leyti. Í nokkrum löndum hefur þó verið tekið upp gjald á neysluvatn í ríkari mæli en gert er hér á landi en í ljósi sérstakra aðstæðna hér hefur ekki verið talin þörf á því.

1416. Svar [716. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um NMT-farsímakerfið.

1. *Hvernig hefur verð fyrir NMT-þjónustu þróast frá því að kerfið var sett á fót, miðað við verð á mínútu á kvöld- og helgartaxta og dagtaxta, sbr. yfirlit yfir GSM-þjónustu á bls. 28 í skýrslunni Einkavæðing og sala hlutabréfa ríkisins í Landssíma Íslands?*

NMT-þjónustan var sett á fót í júlí 1986. Á þeim 16 árum sem liðin eru hafa átta sinnum orðið verðbreytingar. Á fyrstu árum NMT-kerfisins, eða fram til ársins 1991, voru verðbreytingar fimm talsins, en frá 1991 hefur verð breyst þrisvar sinnum og haldist óbreytt síðan í júní 1998. Raunverð taxtanna hefur lækkað verulega eða um 16,2% í dagtaxta og 26,3% í nætur- og helgartaxta á þessum 13 árum sem reksturinn hefur átt sér stað. Raunverð náði hámarki 1988 og hefur farið lækkandi síðan.

Yfirlit um verðbreytingar á verðlagi hvers árs og verðlagi í maí 2001 er að finna hér að neðan.

		Á verðlagi hvers árs		Á verðlagi í maí 2001	
Mánuður	Ár	Dagtaxti	Kvöld- og helgartaxti	Dagtaxti	Kvöld- og helgartaxti
Júlí	1986	7,50	7,50	22,53	22,53
Janúar	1987	8,25	8,25	22,89	22,89
Júlí	1987	9,75	9,75	24,66	24,66
Janúar	1988	12,95	12,95	28,48	28,48
Júlí	1988	15,00	15,00	29,35	29,35
Febrúar	1991	15,50	15,50	21,64	21,64
Október	1991	16,00	16,00	21,02	21,02
Febrúar	1992	16,62	16,62	21,70	21,70
Júní	1998	16,60	14,60	18,89	16,62
% breyting 1986 - 2001		121,3%	94,7%	-16,2%	-26,3%



2. *Hver hefur rekstrarkostnaður NMT-kerfisins verið, sundurliðað eftir árum frá því að kerfið var sett á fót?*

Yfirlit um rekstur NMT-kerfisins á árunum 1998–2000 er að finna í meðfylgjandi töflu. Ekki liggja á lausu eldri gögn um skiptingu af þessu tagi nema með umtalsverðri vinnu sem leggja þyrfti í.

Af samantektinni má sjá að rekstrarkostnaður hefur vaxið um liðlega 42% á þessum þremur árum sem yfirlitið nær til.

Rekstrarkostnaður NMT kerfis	1998	1999	2000	1998	1999	2000	%breyting
	Á verðlagi hvers árs í milljónum kr.			Á verðlagi í maí 2001 í milljónum kr.			
Rekstrarkostnaður	516	670	797	589	740	838	42,2%

3. *Hver hefur fjárfestingarkostnaður við NMT-kerfið verið frá því að það var sett á fót?*
4. *Að hve miklu leyti er upphaflegur stofnkostnaður NMT-kerfisins afskrifaður?*

Eðli allra fjárfestinga er þannig að áður en rekstur hefst verður til stofnkostnaður (upprunaleg fjárfesting). Á meðan á rekstri stendur er endurfjárfest, t.d. vegna stækkunar kerfis, tæknibreytinga o.s.frv., og þeir fjármunir sem þannig myndast eru eignfærðir og afskrifaðir árlega.

Í reikningshaldi Landssímans er haldið utan um uppsafnaða fjárfestingu og uppsafnaðar afskriftir ásamt endurmati þessara tveggja þátta. Um síðustu áramót var uppsöfnuð staða þessara liða eins og sést í töflunni hér á eftir.

Efnahagsliðir	Í þús. kr. 31.12.2000	% af uppsafn. fastafjárm.
NMT fastafjármunir	617.737	
NMT endurmat fastafjármuna	74.676	
NMT uppsafnaðir fastafjármunir	692.413	
NMT afskriftir	340.593	
NMT endurmat afskrifta	24.069	
NMT uppsafnaðar afskriftir	364.662	53%
Bókfært verð NMT fjármuna	*327.751*	*47%*

Árlegar afskriftir eru 15%, sem þýðir að áætlaður líftími fjárfestinga er um 6,67 ár. Þannig má reikna með að elstu óafskrifuðu fjárfestingar, eða með öðrum sá búnaður sem tilheyrir NMT-kerfinu sem hefur eitthvert verð í bókhaldi félagsins, sé frá árinu 1995.

1417. Svar [729. mál]

ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um skráningu íslenskra ríkisborgara sem búsettir eru erlendis.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað er því til fyrirstöðu að Hagstofa Íslands skrái í þjóðskrá erlent heimilisfang íslenskra ríkisborgara sem búsettir eru erlendis, a.m.k. þeirra sem þess óska?

Mál þetta hefur oft borið á góma og athugun þess hefur jafnan leitt til þeirrar niðurstöðu að Hagstofan annist ekki skráningu sem þessa. Fyrir því eru ýmsar ástæður og má m.a. nefna eftirfarandi:

1. Skráning í þjóðskrá fer eftir lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962. Þessi lög lúta að skráningu þeirra sem búa hér á landi án tillits til ríkisfangs þeirra. Þau lúta ekki að skráningu íslenskra ríkisborgara sem eru búsettir í útlöndum nema í tilteknum undantekningartilvikum.
2. Lögin um þjóðskrá og almannaskráningu mæla fyrir um hvernig staðið skuli að skráningu manna hér á landi, hverjir skuli starfa að eða eiga aðild að skráningunni og hvaða úrræðum skuli beita við hana. Lögin geyma engin fyrirmæli um né gera þau ráð fyrir sérstökum úrræðum vegna skráningar íslenskra ríkisborgara sem eru búsettir í útlöndum.
3. Þeim sem flytjast búferlum til útlanda ber engin skylda til að upplýsa Hagstofu Íslands um aðsetur sitt. Reynslan sýnir að margir hafa ekki áhuga á að heimilisfang þeirra verði skráð í þjóðskrá og sumir eru beinlínis andvígir því.
4. Íslendingar í útlöndum fara búferlum þar eins og gengur og flytjast enn fremur milli landa. Þá má benda á að mjög margir þeirra sem flytjast héðan til útlanda hafa ekki fengið endanlegt heimilisfang er þeir fara af landi brott. Hagstofan hefur engin tök á að fá upplýsingar um breytingar á heimilisfestu Íslendinga í útlöndum nema frá fólkinu sjálfu. Þjóðskrár eru ekki til nema í fáeinum ríkjum og aðeins í undantekningartilvikum

væri unnt að afla opinberra upplýsinga um heimilisföng Íslendinga í þeim ríkjum, hvað þá öðrum.

5. Til álita hefur komið að Hagstofan skrái heimilisföng Íslendinga í útlöndum sem óska þess sérstaklega. Þetta hefur þó ekki þótt árennilegt, verkefnið er ekki beinlínis á færi Hagstofunnar og hún yrði að reiða sig á upplýsingar frá fólkinu sjálfu, sem ætla má að yrðu slitróttar þegar fram í sækti. Þá er óljóst hvaða tilgangi slík skráning mundi þjóna. Íslendingar í útlöndum hafa ýmis samskipti við íslensk stjórnvöld, ekki síst skatt- og tryggingamálayfirvöld. Þau og önnur stjórnvöld, sem í hlut eiga, afla sér heimilisfangs viðskiptamanna í útlöndum eftir því sem þörf krefur. Ætla verður að það sé mun beinskeyttara en að Hagstofa Íslands haldi brotakennda skrá án þess að hafa nokkur úrræði til þess að framfylgja slíkri skráningu.
6. Þess má að lokum geta að Landssíminn hf. býður nú þá þjónustu að skrá í símaskrá símanúmer, netföng, vefföng og heimilisföng fólks sem býr annars staðar í heiminum. Þessi skráning er án endurgjalds. Skráin er birt á vefnum undir fyrirsögninni Íslendingar erlendis, slóðin er www.simaskra.is/islendingar.

1418. Breytingartillaga [327. mál]

við brtt. á þskj. 1309 [Hafnaáætlun 2001–2004].

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni og Rannveigu Guðmundsdóttur.

Við **I. Áætlaðar fjárveitingar ríkissjóðs.** Liðurinn **Reykjanes**, Hafnarfjörður breytist og við bætist liðurinn **Reykjanes,** Kópavogur og niðurstöðutölur verði í samræmi við það:

Kjördæmi	**2001**			**2002**			**2003**			**2004**			
Höfn	Til nýframkvæmda	Til uppgjörs	Fjárveitingar alls	Til nýframkvæmda	Til uppgjörs	Fjárveitingar alls	Til nýframkvæmda	Til uppgjörs	Fjárveitingar alls	Til nýframkvæmda	Til uppgjörs	Fjárveitingar alls	**Samtals 2001–2004**
Reykjanes													
Hafnarfjörður	10,0	9,0	19,0	10,0	0,0	10,0	10,0	0,0	10,0	10,0	0,0	10,0	49,0
Kópavogur	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0	40,0

1419. Breytingartillögur [597. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, með síðari breytingum.

Frá Einari Má Sigurðarsyni.

1. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „launum forstöðumanns“ í 3. málsl. komi: meðallaunum forstöðumanna setra.
   b. Orðin „launakjör forstöðumanns“ í lokamálslið falli brott.
2. Við 4. gr. Við a-lið bætist tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
   f. að annast önnur verkefni fyrir Náttúruvernd ríkisins, t.d. rekstur gestastofa, sbr. 31. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999,
   g. að safna upplýsingum fyrir náttúruverndaráætlanir, sbr. 65. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999.
3. Við 5. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Starfstími stjórnar er milli almennra sveitarstjórnarkosninga.

1420. Frumvarp til laga [707. mál]

um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf.

(Eftir 2. umr., 18. maí.)

1. gr.
Heimild til sölu.

Heimilt er að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf.

2. gr.
Skuldbindingar.

Um skuldbindingar og starfsemi Landssíma Íslands hf. á sviði fjarskipta fer samkvæmt leyfisbréfi útgefnu af Póst- og fjarskiptastofnun og reglugerð um alþjónustu.

3. gr.
Gildistaka.

Lög þessi taka þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, skal hlutabréf ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf., útgefið 23. janúar 1998, vera ógilt við útgáfu á rafbréfum í félaginu í verðbréfamiðstöð án undangenginnar innköllunar.

Ákvæði 1. mgr. 20. gr. laga um hlutafélög gildir ekki um Landssíma Íslands hf. á meðan hlutafé er að fullu í eigu ríkissjóðs.

Samgönguráðherra fer með eignarhlutdeild ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf.

1421. Lög [521. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. maí.)

Samhljóða þskj. 817.

1422. Lög [522. mál]

um breytingu á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum virkara eignarhluta í fjármálafyrirtækjum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. maí.)

Samhljóða þskj. 1281.

1423. Lög [567. mál]

um breytingu á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. maí.)

Samhljóða þskj. 1282.

1424. Lög [669. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald á ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. maí.)

1. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, 6. og 7. tölul., svohljóðandi:

6. Vörugjald af bifreiðum til ökukennslu skal lagt á samkvæmt eftirfarandi töflu miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentímetrum:

Flokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0–2.000	10
II	Yfir 2.000	13

Skilyrði fyrir því að bifreið til ökukennslu beri vörugjald samkvæmt þessum tölulið eru að kaupandi hennar hafi hlotið löggildingu sem ökukennari og hafi akstur hennar að aðalatvinnu.

Ökuskólar geta jafnframt notið lækkunar samkvæmt þessum tölulið. Skilyrði þess eru að ökuskóli hagi skráningu á akstri bifreiðar sem nýtur lægra vörugjalds þannig að á hverjum tíma sé unnt að gera grein fyrir akstri bifreiðarinnar í þágu ökukennslu. Tollstjóri getur án fyrirvara óskað eftir gögnum þar um. Sé bifreið notuð til annars er tollstjóra heimilt að innheimta fullt vörugjald skv. 3. gr. laganna með 50% álagi. Við mat á því hvort bifreið hafi einungis verið notuð til ökukennslu skal miðað við að unnt sé að gera grein fyrir a.m.k. 80% af akstri hennar í þágu ökukennslu með framvísun þar til gerðrar akstursbókar eða öðrum hætti sem tollstjóri metur fullnægjandi. Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um þær bifreiðar sem njóta undanþágu samkvæmt þessum tölulið.

Brot á þeim skilyrðum sem sett eru í þessum tölulið varðar því að hinn brotlegi, hvort sem er einstaklingur eða lögaðili, missir rétt til lækkunar í þrjú ár frá síðasta broti.

7. Vörugjald af bifreiðum sem notaðar eru til ökukennslu og leigubifreiðaaksturs skal lagt á samkvæmt eftirfarandi töflu miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentímetrum:

Flokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0–2.000	10
II	Yfir 2.000	13

Skilyrði fyrir því að bifreið sem nýtt er til ökukennslu og leigubifreiðaaksturs beri vörugjald samkvæmt þessum tölulið eru að kaupandi hennar hafi atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða og hafi hlotið löggildingu sem ökukennari og hafi þessi störf samanlagt að aðalatvinnu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2001.

1425. Lög [675. mál]

um Seðlabanka Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 18. maí.)

Samhljóða þskj. 1383.

1426. Lög [685. mál]

um breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. maí.)

Samhljóða þskj. 1297.

1427. Lög [686. mál]

um breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. maí.)

Samhljóða þskj. 1298.

1428. Lög [626. mál]

um sölu kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða í Fljótsdalshreppi.

(Afgreidd frá Alþingi 18. maí.)

Samhljóða þskj. 1001.

1429. Frumvarp til laga [523. mál]

um breytingu á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 18. maí.)

1. gr.

Á eftir orðunum „þar með talið vaxtaáhættu“ í 8. mgr. 62. gr. laganna kemur: og verðtryggingaráhættu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1430. Frumvarp til laga [566. mál]

um vexti og verðtryggingu.

(Eftir 2. umr., 18. maí.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi gilda um vexti af peningakröfum á sviði fjármunaréttar og á öðrum sviðum réttarins, eftir því sem við getur átt, svo og um annað endurgjald sem áskilið er eða tekið fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar.

Lög þessi gilda einnig um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

2. gr.

Ákvæði II. og IV. kafla laga þessara gilda því aðeins að ekki leiði annað af samningum, venju eða lögum. Einnig verður vikið frá öðrum ákvæðum laganna að því marki sem þar er kveðið á um. Þó er ávallt heimilt að víkja frá ákvæðum laganna til hagsbóta fyrir skuldara.

II. KAFLI
Almennir vextir.

3. gr.

Almenna vexti skal því aðeins greiða af peningakröfu að það leiði af samningi, venju eða lögum. Vexti skal greiða frá og með stofndegi peningakröfu og fram að gjalddaga.

4. gr.

Þegar greiða ber vexti skv. 3. gr., en hundraðshluti þeirra eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin, skulu vextir vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. Í þeim tilvikum sem um verðtryggða kröfu er að ræða skulu vextir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabankinn ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum verðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr.

III. KAFLI
Dráttarvextir.

5. gr.

Hafi gjalddagi verið fyrir fram ákveðinn er kröfuhafa heimilt að krefja skuldara um dráttarvexti sem reiknast af ógreiddri peningakröfu frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.

Dráttarvextir skulu ætíð reiknast sem dagvextir nema á annan veg sé sérstaklega mælt í lögum.

Nú er ekki samið um gjalddaga kröfu og er þá heimilt að reikna dráttarvexti frá og með þeim degi þegar liðinn er mánuður frá því að kröfuhafi sannanlega krafði skuldara með réttu um greiðslu. Sé greiðslukrafan sett fram á mánaðardegi sem ekki er til í næsta mánuði skal skuldari greiða dráttarvexti frá og með síðasta degi þess mánaðar.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. er ætíð heimilt að reikna dráttarvexti frá og með þeim degi er dómsmál er höfðað um kröfu, sbr. þó 9. gr.

6. gr.

Dráttarvextir skulu vera samtala gildandi vaxta algengustu skammtímalána Seðlabanka Íslands til lánastofnana (grunnur dráttarvaxta) auk ellefu hundraðshluta álags (vanefndaálag), nema um annað sé samið skv. 2. mgr. þessarar greinar. Seðlabankanum er þó heimilt að ákveða annað vanefndaálag að lágmarki sjö hundraðshlutar og að hámarki fimmtán hundraðshlutar. Seðlabankinn skal birta dráttarvexti samkvæmt þessari málsgrein eigi skemur en viku fyrir gildistökudaga dráttarvaxta sem eru 1. janúar og 1. júlí ár hvert.

Heimilt er að semja um fastan hundraðshluta vanefndaálags ofan á grunn dráttarvaxta skv. 1. mgr., að undanskildum neytendalánum. Einnig er heimilt að semja um fastan hundraðshluta dráttarvaxta, að undanskildum neytendalánum.

7. gr.

Ef atvik sem varða kröfuhafa og skuldara verður ekki um kennt valda því að greiðsla fer ekki fram skal ekki reikna dráttarvexti þann tíma sem greiðsludráttur verður af þessum sökum. Sama á við ef greiðsla fer ekki fram vegna þess að skuldari neytir vanefndaúrræða gagnvart kröfuhafa eða heldur af öðrum lögmætum ástæðum eftir greiðslu eða hluta hennar.

IV. KAFLI
Vextir af skaðabótakröfum.

8. gr.

Kröfur um skaðabætur skulu bera vexti frá og með þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað. Þeir skulu á hverjum tíma vera jafnháir tveimur þriðju hlutum vaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. málsl. 4. gr.

Sé fjárhæð skaðabótakröfu miðuð við verðlag síðar en hið bótaskylda atvik varð ber krafan þó vexti skv. 1. mgr. frá þeim tíma.

9. gr.

Skaðabótakröfur skulu bera dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. að liðnum mánuði frá þeim degi er kröfuhafi sannanlega lagði fram þær upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta. Dómstólar geta þó, ef sérstaklega stendur á, ákveðið annan upphafstíma dráttarvaxta.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði um vexti.

10. gr.

Lánastofnunum ber að tilkynna Seðlabanka Íslands um öll vaxtakjör og breytingar á þeim í því formi og með þeim fyrirvara sem Seðlabankinn krefst.

Seðlabankinn skal fyrir lok hvers mánaðar birta í Lögbirtingablaði vexti af óverðtryggðum og verðtryggðum útlánum skv. 4. gr. og vexti af skaðabótakröfum skv. 8. gr. og skal hver tilkynning lögð til grundvallar í samræmi við lög þessi næsta mánuðinn eða uns næsta tilkynning birtist. Jafnframt skal Seðlabankinn birta í Lögbirtingablaði dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr., þ.e. grunn dráttarvaxta og vanefndaálag. Seðlabankinn skal um hver áramót birta í B-deild Stjórnartíðinda töflu er sýnir vexti samkvæmt þessari málsgrein á hverjum tíma á næstliðnu ári.

Auk vaxta skv. 2. mgr. getur Seðlabankinn birt í Lögbirtingablaði aðra vexti lánastofnana.

11. gr.

Sé mál höfðað til heimtu peningakröfu og krafist vaxta með tilvísun til 4. eða 8. gr. eða dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. má dæma slíka vexti, enda þótt hundraðshluti þeirra sé ekki tilgreindur í stefnu. Sé mál höfðað til heimtu peningakröfu og dráttarvaxta krafist skv. 2. mgr. 6. gr. skal þó tiltaka hundraðshluta vanefndaálags í stefnu eða hundraðshluta dráttarvaxta sé samið um fasta dráttarvexti.

12. gr.

Sé vaxtatímabil lengra en tólf mánuðir án þess að vextirnir séu greiddir skulu þeir lagðir við höfuðstól og nýir vextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð. Ekki skal bæta vöxtum við höfuðstól oftar en á tólf mánaða fresti, nema um sé að ræða innlánsreikninga lánastofnana.

Við útreikning vaxta skulu taldir 30 dagar í hverjum mánuði og 360 dagar í ári, nema um annað sé samið eða venja standi til annars.

VI. KAFLI
Verðtrygging sparifjár og lánsfjár.

13. gr.

Ákvæði þessa kafla gilda um skuldbindingar sem varða sparifé og lánsfé í íslenskum krónum þar sem skuldari lofar að greiða peninga og þar sem umsamið eða áskilið er að greiðslurnar skuli verðtryggðar. Með verðtryggingu er í þessum kafla átt við breytingu í hlutfalli við innlenda verðvísitölu. Um heimildir til verðtryggingar fer skv. 14. gr. nema lög kveði á um annað.

Afleiðusamningar falla ekki undir ákvæði þessa kafla.

14. gr.

Heimilt er að verðtryggja sparifé og lánsfé skv. 13. gr. sé grundvöllur verðtryggingarinnar vísitala neysluverðs sem Hagstofa Íslands reiknar samkvæmt lögum sem um vísitöluna gilda og birtir mánaðarlega í Lögbirtingablaði. Vísitala sem reiknuð er og birt í tilteknum mánuði gildir um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár næsta mánuð á eftir.

Í lánssamningi er þó heimilt að miða við hlutabréfavísitölu, innlenda eða erlenda, eða safn slíkra vísitalna sem ekki mæla breytingar á almennu verðlagi.

15. gr.

Seðlabankinn getur að fengnu samþykki viðskiptaráðherra ákveðið lágmarkstíma verðtryggðra innstæðna og lána. Bankinn getur jafnframt að fengnu samþykki ráðherra ákveðið að vextir verðtryggðra innstæðna og lána skuli vera óbreytanlegir á lánstímanum.

Seðlabankinn setur nánari reglur um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

16. gr.

Þegar skuldbindingum með ákvæðum um verðtryggingu er þinglýst skal þess gætt að verðtryggingarinnar sé getið í þinglýsingabókum og skulu þær koma fram á vottorðum þinglýsingarstjóra um efni þinglýsingabóka.

VII. KAFLI
Viðurlög og málsmeðferð.
17. gr.

Brot á VI. kafla laga þessara varða sektum nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt öðrum lögum.

18. gr.

Ef samningur um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar eða dráttarvexti telst ógildur og hafi endurgjald verið greitt ber kröfuhafa að endurgreiða skuldara þá fjárhæð sem hann hefur þannig ranglega af honum haft. Við ákvörðun endurgreiðslu skal miða við vexti skv. 4. gr., eftir því sem við getur átt.

VIII. KAFLI
Gildistaka.
19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2001. Jafnframt falla úr gildi vaxtalög, nr. 25/1987, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.
I.

Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, meðalútlánsvexti viðskiptabanka og sparisjóða eða meðalútlánsvexti sem Seðlabanki Íslands birtir, eða vísað er með öðrum almennum hætti til vaxta á markaði, og skulu þá vextir af þessum peningakröfum, eftir gildistöku laganna, vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 2,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.

Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við hæstu lögleyfðu vexti á hverjum tíma, hæstu vexti á markaðnum eða vísað er með öðrum almennum hætti til hæstu vaxta á markaði og skulu þá vextir af þessum peningakröfum eftir gildistöku laganna vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 4,5% þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.

II.

Nú segir í peningakröfu í íslenskum krónum, þar með talinni skaðabótakröfu, niðurstöðu dómsmáls eða öðrum gerningi, gerðri fyrir gildistöku laga þessara, að við vanskil reiknist hæstu lögleyfðu dráttarvextir eins og þeir eru á hverjum tíma, dráttarvextir samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands eða dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum, eða vísað er með öðrum hætti til dráttarvaxta sem Seðlabankinn ákvað skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, og skulu þá dráttarvextir eftir gildistöku laganna reiknaðir skv. 1. mgr. 6. gr. laga þessara.

III.

Nú segir í lánssamningi í erlendum gjaldmiðli, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að við vanskil reiknist hæstu lögleyfðu dráttarvextir eins og þeir eru á hverjum tíma, dráttar-

vextir samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands eða dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum, eða vísað er með öðrum hætti til dráttarvaxta sem Seðlabankinn ákvað skv. 11. gr. laga nr. 25/1987, og skulu þá dráttarvextir þessir vera ákvarðaðir með sama hætti næstu fimm árin eftir gildistöku laga þessara, en að þeim tíma loknum skulu þeir vera jafnháir þeim dráttarvöxtum í hlutaðeigandi gjaldmiðli sem síðast voru auglýstir af Seðlabankanum í Lögbirtingablaði fimm árum eftir gildistöku laganna.

IV.

Nú segir í lánssamningi, innlánsskilríki eða öðrum gerningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að fjárhæðir breytist með reikningsgengi SDR eða EUR (SDR- eða EUR-gengisvísitölu) sem Seðlabanki Íslands reiknar út og birtir og skal þá í hverjum mánuði miðað við opinbert viðmiðunargengi EUR eða SDR (kaupgengi) skv. 15. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, á 21. degi undanfarandi mánaðar. Nú er gengi ekki skráð á 21. degi mánaðar og skal þá lagt til grundvallar það kaupgengi er skráð var næst á undan þeim degi. Óheimilt er að taka við innlánum á reikninga sem stofnaðir hafa verið með fyrrgreindum kjörum fyrir gildistöku laga þessara.

V.

Vísitala neysluverðs, sbr. 14. gr. laga þessara, með grunninn 100 í maí 1988, skal í hverjum mánuði margfölduð með stuðlinum 19,745. Útkoman, án aukastafa, skal gilda sem vísitala fyrir næsta mánuð á eftir, í fyrsta sinn fyrir apríl 1995 gagnvart fjárskuldbindingum sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995 og eru með ákvæðum um lánskjaravísitölu þá sem Seðlabankinn reiknaði og birti mánaðarlega samkvæmt heimild í 39. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., sbr. reglugerð nr. 18/1989. Hagstofa Íslands skal birta mánaðarlega í Lögbirtingablaði vísitölu skv. 2. málsl. þessarar málsgreinar.

Verði gerð breyting á grunni vísitölu neysluverðs skal Hagstofan birta í Lögbirtingablaði margfeldisstuðul fyrir þannig breytta vísitölu í stað stuðulsins sem getið er í 1. mgr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda einnig um lánskjaravísitölu í lögum og hvers kyns stjórnvaldsfyrirmælum öðrum og samningum sem í gildi eru 1. apríl 1995.

VI.

Eigi skemur en viku fyrir gildistökudag laga þessara skal Seðlabankinn birta dráttarvexti skv. 6. gr.

1431. Frumvarp til laga [670. mál]

um opinber innkaup.

(Eftir 2. umr., 18. maí.)

1. ÞÁTTUR
Almenn ákvæði.
I. KAFLI
Tilgangur og orðskýringar.
1. gr.
Tilgangur laganna.

Tilgangur laga þessara er að tryggja jafnræði bjóðenda við opinber innkaup og stuðla að virkri samkeppni og hagkvæmni í opinberum rekstri.

2. gr.
Orðskýringar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

Almennt útboð: Útboð þar sem ótilteknum fjölda er með auglýsingu gefinn kostur á að gera tilboð.

Bjóðandi: Einstaklingur eða lögaðili sem býður fram þá vöru, verk eða þjónustu sem aflað er samkvæmt lögum þessum.

Evrópskur staðall: Staðall sem samþykktur er af Staðlastofnun Evrópu (CEN) eða Rafstaðlastofnun Evrópu (CENELEC) sem evrópskur staðall (EN) eða samræmingarskjal (HD) samkvæmt sameiginlegum reglum þessara stofnana eða af Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) sem evrópskur fjarskiptastaðall (ETS).

Evrópskt tæknisamþykki: Jákvæður dómur um nothæfi vöru með hliðsjón af grunnkröfum til byggingarframkvæmda sem byggist á eðliseiginleikum vöru og skilgreindri notkun og notkunarsviði hennar. Evrópskt tæknisamþykki skal gefið út af stofnun sem ríki Evrópska efnahagssvæðisins samþykkja í þessu skyni.

Forval: Aðferð við val á þátttakendum í lokuðu útboði eða samningskaupum.

Frávikstilboð: Tilboð sem leysir þarfir kaupandans á annan hátt en gert er ráð fyrir í tæknilegri lýsingu útboðsgagna og uppfyllir jafnframt lágmarkskröfur þeirra.

Kaupandi: Ríki, sveitarfélög, stofnanir þeirra og samtök og aðrir opinberir aðilar skv. 2. mgr. 3. gr.

Lokað útboð: Útboð þar sem tilteknum aðilum er einum gefinn kostur á að gera tilboð.

Rammasamningur: Samningar við einn eða fleiri bjóðendur þar sem magn og umfang samnings er að meira eða minna leyti ótilgreint, en kaupendur, einn eða fleiri, skuldbinda sig til að kaupa af þeim þá vöru, þjónustu eða verk sem samningurinn kveður á um, m.a. hvað varðar gæði, tækni, þjónustu, afhendingartíma og verð á samningstímanum.

Sameiginleg tækniforskrift: Tækniforskrift sem samin er samkvæmt sameiginlegum reglum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins í því skyni að tryggja einsleita beitingu í öllum ríkjunum og birt hefur verið í EES-viðbæti Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins.

Samningskaup: Þegar kaupandi ræðir við seljendur samkvæmt fyrir fram ákveðnu ferli, sem þeim hefur áður verið kynnt, og semur við einn eða fleiri þeirra.

Sérleyfissamningur um verk: Verksamningur þar sem greiðsla fyrir verk felst að hluta eða í heild í rétti til að nýta sér afrakstur verksins.

Staðall: Forskrift sem samþykkt er af viðurkenndri staðlastofnun og beita má endurtekið og að staðaldri án þess að skylt sé að fara eftir henni. Staðall er opinbert skjal og ætlaður til frjálsra afnota.

Tækniforskrift: Allar tæknilegar kröfur sem gerðar eru í útboði og skilgreina einkenni verks, efnis, vöru eða aðfanga og gefa hlutlæga lýsingu á verki, efni, vöru eða aðföngum á þann hátt að þau komi að þeim notum sem kaupandi ætlast til. Þessar kröfur geta varðað gæðastig, notkunareiginleika, öryggi og stærð, þar á meðal kröfur um ábyrgðir fyrir gæðum, merkingar, prófanir og pökkun. Tækniforskrift getur einnig varðað reglur um hönnun, ákvörðun kostnaðar, skilmála um prófun, skoðun og samþykki verka og aðferða eða tækni við byggingar ásamt öllum öðrum tæknilegum skilyrðum sem kaupandi getur áskilið samkvæmt almennum eða sérstökum reglum um fullbúin verk og um efni og hluta sem til þeirra teljast.

Útboð: Þegar kaupandi leitar skriflegra, bindandi tilboða í vöru, þjónustu eða verk frá fleiri en einum aðila á grundvelli sömu upplýsinga og innan sama frests.

II. KAFLI
Gildissvið.

3. gr.
Til hverra lögin taka.

Lög þessi taka til ríkis, sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra opinberra aðila, sbr. 2. mgr. Lögin taka einnig til samtaka sem þessir aðilar, einn eða fleiri, kunna að hafa með sér.

Aðili telst opinber ef hann getur borið réttindi og skyldur að lögum og sérstaklega hefur verið stofnað til hans í því skyni að þjóna almannahagsmunum, enda reki hann ekki starfsemi sem jafnað verður til starfsemi einkaaðila, svo sem á sviði viðskipta eða iðnaðar. Auk þess skal eitthvert eftirfarandi atriða eiga við um hann:

a. Starfsemi hans er að mestu leyti rekin á kostnað ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila. Miðað skal við að aðili sé að mestu leyti rekinn á kostnað ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila, ef opinber fjármögnun nemur meira en 50% af rekstrarkostnaði. Tekjur aðila á grundvelli gagnkvæms viðskiptasamnings við opinberan aðila teljast ekki opinber fjármögnun.
b. Hann lýtur yfirstjórn ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila.
c. Hann lýtur sérstakri stjórn sem ríki eða sveitarfélög, stofnanir þeirra eða aðrir opinberir aðilar skipa að meiri hluta.

4. gr.
Til hvaða samninga lögin taka.

Lög þessi taka til samninga sem kaupendur skv. 3. gr. gera við bjóðendur um innkaup á vörum, þjónustu og verkum.

Til vörusamninga teljast samningar um kaup, leigu eða fjármögnunarleigu á vörum, með eða án kaupréttar. Samningur um vörukaup getur falið í sér flutning, afhendingu og uppsetningu vöru.

Til þjónustusamninga teljast samningar sem ekki eru samningar um vöru- eða verkkaup.

Til verksamninga teljast samningar um framkvæmd eða framkvæmd og hönnun á þeim verkum sem greinir í II. viðauka laga þessara eða verkum þar sem stefnt er að byggingu mannvirkis eða gerð búnaðar með verkfræðilegum aðferðum í því skyni að mæta einhverjum fjárhagslegum eða tæknilegum þörfum. Einnig aðrir samningar um verk sem unnin eru samkvæmt tilteknum kröfum kaupanda. Sérleyfissamningar um verk teljast verksamningar.

Eftirfarandi samningar teljast ekki til vöru-, þjónustu- eða verksamninga:

a. Samningar um kaup eða leigu á landi, byggingum, sem þegar eru til, eða öðrum fasteignum eða réttindum yfir þeim að undanskildum samningum um fjármálaþjónustu sem gerðir eru fyrir, eftir eða samhliða samningi um kaup eða leigu á fasteign.
b. Samningar um kaup, þróun og framleiðslu á dagskrárefni fyrir útvarp og sjónvarp eða samningar um útsendingartíma.
c. Samningar um talsíma, telex, þráðlausa síma, boðkerfi og gervihnattaþjónustu.
d. Samningar um gerðardóma og sáttameðferðir.
e. Samningar um fjármálaþjónustu í tengslum við útgáfu, sölu, kaup eða aðilaskipti að verðbréfum eða öðrum sambærilegum gögnum og þjónustu seðlabanka.
f. Vinnusamningar.
g. Samningar um rannsókn og þróun á þjónustu, að frátöldum samningum þar sem kaupendur skv. 3. gr. bera allan kostnað af þjónustunni og hafa einkarétt á að njóta góðs af árangrinum í starfsemi sinni.

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. getur ráðherra ákveðið að ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki hagi innkaupum sínum samkvæmt lögum þessum einnig við gerð þeirra samninga sem þar greinir.

Ef opinber samningur nær bæði til kaupa á vöru og þjónustu telst hann samningur um þjónustu ef sá þáttur samningsins, sem lýtur að þjónustu, nemur hærri fjárhæð en vöruþátturinn.

5. gr.

Kostnaðarþátttaka opinberra aðila.

Fara ber að ákvæðum laga þessara þegar þeir aðilar, sem eru kaupendur skv. 3. gr., greiða meira en 50% af kostnaði við kaup á þjónustu eða verki á vegum annars aðila. Þetta á þó aðeins við um þá verksamninga sem tengjast byggingarframkvæmdum fyrir sjúkrahús, íþrótta- og tómstundaiðkun, skóla og háskóla og opinbera stjórnsýslu auk þeirra verka sem greinir í flokki 50, hópi 502 í skrá Evrópubandalagsins um atvinnugreinaflokkun (NACE), sbr. II. viðauka laga þessara.

6. gr.

Samningar stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti.

Ákvæði XIII. og XIV. kafla laga þessara gilda um innkaup þeirra aðila sem falla undir tilskipun nr. 93/38/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti, eins og hún hefur verið tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Að öðru leyti taka lögin ekki til innkaupa þessara aðila.

Ráðherra getur með reglugerð mælt nánar fyrir um innkaup þeirra aðila, sem greinir í 1. mgr., til samræmis við skuldbindingar íslenska ríkisins á sviði opinberra innkaupa samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða öðrum milliríkjasamningum.

7. gr.

Samningar undanskildir lögunum.

Lög þessi taka ekki til:

a. Þjónustusamninga sem gerðir eru við aðila, sem sjálfir teljast kaupendur skv. 3. gr., á grundvelli einkaréttar sem þeir njóta samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

b. Vöru-, þjónustu- eða verksamninga sem lýstir eru leynilegir eða ef sérstökum öryggisráðstöfunum verður að beita við framkvæmd þeirra í samræmi við gildandi lög og stjórnvaldsfyrirmæli eða ef grundvallarhagsmunir ríkisins krefjast þess.
c. Samninga sem lúta öðrum reglum um opinber innkaup og gerðir eru á grundvelli milliríkjasamnings íslenska ríkisins við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins um kaup á þjónustu til sameiginlegra framkvæmda eða hagnýtingar verkefna, enda sé slíkur samningur tilkynntur Eftirlitsstofnun EFTA (ESA).
d. Samninga á grundvelli milliríkjasamnings um setu herliðs.
e. Samninga samkvæmt sérstökum reglum alþjóðlegra stofnana.

8. gr.

Þeir sem njóta réttar samkvæmt lögunum.

Réttar samkvæmt lögum þessum njóta einstaklingar og lögaðilar með staðfestu í einhverju ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Sama gildir um aðra einstaklinga og lögaðila sem eiga að njóta slíkra réttinda á grundvelli milliríkjasamninga sem íslenska ríkið er aðili að.

Í reglugerð er heimilt að setja nánari fyrirmæli um opinber innkaup samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup og öðrum samningum um opinber innkaup sem íslenska ríkið kann að gerast aðili að.

2. ÞÁTTUR
Opinber innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins.

III. KAFLI
Gildissvið þessa þáttar.

9. gr.

Innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins.

Ákvæði þessa þáttar taka til opinberra innkaupa undir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins skv. 56. gr.

10. gr.

Aðilar undanskildir ákvæðum þessa þáttar.

Ákvæði þessa þáttar taka ekki til innkaupa sveitarfélaga, stofnana þeirra, annarra opinberra aðila á þeirra vegum, sbr. 2. mgr. 3. gr., eða samtaka sem þessir aðilar kunna að hafa með sér.

IV. KAFLI
Fyrirkomulag opinberra innkaupa.

11. gr.

Jafnræði bjóðenda.

Við opinber innkaup skal kaupandi gæta jafnræðis bjóðenda.

Heimilt er samkvæmt lögum þessum að áskilja í útboðsgögnum að vara sé afhent, þjónusta veitt eða verk unnið á tilteknum stað, enda byggist slíkur áskilnaður á lögmætum kvöðum.

12. gr.

Útboðsskylda.

Öll innkaup á vörum yfir 5.000.000 kr. og kaup á þjónustu og verkum yfir 10.000.000 kr. skal bjóða út. Sérleyfissamninga um verk er þó ekki skylt að bjóða út. Sama á við um innkaup á þeirri þjónustu sem talin er upp í I. viðauka B.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki einungis gera sérleyfissamninga og samninga um kaup á þeirri þjónustu sem talin er upp í I. viðauka B í samræmi við reglur sem ráðherra setur með reglugerð.

Fjárhæðir skv. 1. mgr. skulu breytast annað hvert ár í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs, í fyrsta sinn 1. janúar 2002. Heimilt skal að færa fjárhæðir þessar upp þannig að þær standi á heilu þúsundi. Ráðherra skal með hæfilegum fyrirvara auglýsa opinberlega þær breytingar sem verða á viðmiðunarfjárhæðum samkvæmt þessari grein.

13. gr.

Innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum.

Við innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum 1. mgr. 12. gr. skal kaupandi ávallt gæta hagkvæmni og gera samanburð meðal sem flestra seljenda.

14. gr.

Áætlun fjárhæða samninga.

Við mat á ætlaðri fjárhæð samnings skal telja með allan kostnað innkaupa að frátöldum virðisaukaskatti miðað við þann tíma þegar auglýsing um þau ætti að birtast. Sé fyrirhugað að kaupa vöru, þjónustu eða verk í áföngum skal miða við samanlagt heildarverð allra áfanga.

Þegar valfrjáls ákvæði eru fyrirhuguð í samningi skal miða við hæsta mögulega kostnað við samning.

Óheimilt er að skipta innkaupum eða nota sérstakar aðferðir við útreikning á kostnaði í því skyni að komast hjá útboði.

15. gr.

Áætlun fjárhæða vörusamninga.

Við mat á ætlaðri fjárhæð vörusamninga skal telja kostnað vegna flutnings vöru með í vöruverði. Ef vara er keypt „frí á skipsfjöl“ (fob) í erlendri höfn skal þó ekki telja flutning með í vöruverði.

Þegar um er að ræða samninga um fjármögnunarleigu, leigu eða kaupleigu á vörum skal áætla fjárhæð með eftirfarandi hætti:

a. Þegar samningur er tímabundinn skal miða við heildarsamningsfjárhæð ef samningstíminn er 12 mánuðir eða skemmri, en heildarfjárhæð auk virðis varanna við lok samningstímans ef samningur er til lengri tíma en 12 mánaða.
b. Þegar samningur er ótímabundinn eða óvíst er hver samningstíminn verður skal miða við heildargreiðslur samkvæmt samningnum í 48 mánuði.

Þegar um er að ræða reglulega samninga eða samninga sem endurnýja á innan tiltekins tíma skal áætla fjárhæð með öðrum hvorum hætti:

a. Með hliðsjón af heildarfjárhæð áþekkra samninga á undangengnu fjárhagsári eða síðustu 12 mánuðum að teknu tilliti til breytinga á magni og verði fyrir næstkomandi 12 mánuði.
b. Með hliðsjón af áætluðum kostnaði fyrir næstu 12 mánuði, eða lengra tímabil ef því er að skipta, frá fyrstu afhendingu.

Ef gera á tvo eða fleiri sjálfstæða samninga á sama tíma um sömu vöru, sem ætlað er að mæta sömu þörfum, skal miða við samanlagða fjárhæð allra samninganna.

16. gr.

Áætlun fjárhæða þjónustusamninga.

Þegar um er að ræða tryggingarþjónustu skal miða við fjárhæð þeirra iðgjalda sem greidd eru.

Þegar um er að ræða banka- og fjármálaþjónustu skal miða við fjárhæð gjalda, umboðslauna og vaxta auk annarrar þóknunar.

Þegar um er að ræða samninga um hönnun skal miðað við fjárhæð gjalda eða launa sem greidd eru.

Þegar um er að ræða samninga þar sem heildarfjárhæð er ótilgreind skal áætla fjárhæð með eftirfarandi hætti:

a. Þegar samningur er gerður til 48 mánaða eða skemmri tíma skal miða við áætlaða samningsfjárhæð allan gildistíma samningsins.
b. Þegar samningur er ótímabundinn eða óvíst er hver samningstíminn verður skal miða við heildargreiðslur samkvæmt samningnum í 48 mánuði.

Þegar um er að ræða reglulega samninga eða samninga sem endurnýja á innan tiltekins tíma skal áætla fjárhæð með eftirfarandi hætti:

a. Annaðhvort með hliðsjón af heildarfjárhæð áþekkra samninga á undangengnu fjárhagsári eða síðustu 12 mánuðum að teknu tilliti til breytinga á magni og verði fyrir næstkomandi 12 mánuði.
b. Eða með hliðsjón af áætluðum kostnaði fyrir næstu 12 mánuði, eða lengra tímabil ef því er að skipta, frá því þjónustan er fyrst innt af hendi.

17. gr.

Áætlun fjárhæða verksamninga.

Við útreikning fjárhæða verksamninga skal einnig taka tillit til verðmætis aðfanga sem kaupandi lætur bjóðanda í té við verkið.

Þar sem verki er skipt í nokkra áfanga og hver þeirra lýtur sérstökum samningi skal miða við samanlagt verðmæti allra samninganna. Þegar heildarfjárhæð slíkra samninga er yfir viðmiðunarfjárhæðum er heimilt að gera einstaka samninga án útboðs fyrir allt að 20% af samanlagðri heildarfjárhæð verksamninganna.

18. gr.

Meginreglan um almennt eða lokað útboð.

Í öllum öðrum tilvikum en greinir í 19. og 20. gr. skal útboð vera almennt eða lokað. Forval skal ávallt viðhaft á undan lokuðu útboði.

Við framkvæmd forvals skal fara að reglum um almennt útboð eftir því sem við á.

19. gr.

Samningskaup að undangenginni birtingu útboðsauglýsingar.

Ef ekkert lögmætt tilboð berst í almennu eða lokuðu útboði, öll tilboð eru óaðgengileg eða öllum boðum er vísað frá á grundvelli ákvæða VI. kafla er heimilt að viðhafa samningskaup að undangenginni birtingu auglýsingar, enda sé upphaflegum skilmálum útboðsins ekki breytt í verulegum atriðum. Þó þarf ekki að auglýsa útboð að nýju ef öllum bjóðendum, sem uppfylltu skilyrði VI. kafla um hæfi og lögðu fram gild tilboð, er boðið að taka þátt í útboði.

Innkaup á þjónustu eftir samningskaup að undangenginni birtingu útboðsauglýsingar eru heimil þegar ómögulegt er að áætla heildarkostnað fyrir fram vegna eðlis þjónustunnar eða áhættu sem henni fylgir. Sama á við þegar þjónustan sem leitað er eftir, einkum þjónusta á sviði hugverka eða rannsókna og þróunar, er þess eðlis að ekki er unnt að skilgreina forsendur samnings fyrir fram í almennu eða lokuðu útboði.

Innkaup á verki eftir samningskaup að undangenginni birtingu útboðsauglýsingar eru heimil þegar um er að ræða verk sem eingöngu eru unnin vegna rannsókna, tilrauna eða þróunar og ekki í ágóðaskyni eða til þess að mæta kostnaði vegna rannsókna og þróunarverkefna. Sama á við þegar ómögulegt er að áætla heildarkostnað fyrir fram vegna eðlis verksins eða áhættu sem því fylgir.

20. gr.

Samningskaup án undangenginnar birtingar útboðsauglýsingar.

Opinber innkaup eftir samningskaup án undanfarandi birtingar útboðsauglýsingar eru heimil í eftirfarandi tilvikum:

a. Þegar engin tilboð eða engin gild tilboð berast í almennu eða lokuðu útboði á vöru, verki eða þjónustu, enda sé í endanlegum samningi ekki vikið í verulegum atriðum frá upphaflegum skilmálum útboðsgagna.
b. Þegar um er að ræða samninga um vörur sem eingöngu eru framleiddar vegna rannsókna, tilrauna, athugana eða þróunar. Þetta nær þó ekki til fjöldaframleiðslu sem ætlað er að skila hagnaði eða endurheimta rannsóknar- og þróunarkostnað.
c. Þegar aðeins einn bjóðandi vöru, þjónustu eða verks kemur til greina af tæknilegum eða listrænum ástæðum eða sökum þess að um lögverndaðan einkarétt er að ræða.
d. Þegar ekki er unnt að standa við fresti í almennu útboði, lokuðu útboði eða samningskaupum skv. 19. gr. á vöru, þjónustu eða verki vegna ófyrirsjáanlegra atburða sem kaupanda verður ekki um kennt.
e. Þegar um er að ræða viðbótarvörur sem annaðhvort er ætlað að koma að hluta til í stað venjulegra birgða eða búnaðar eða eru aukning á venjulegum birgðum eða búnaði og val á nýjum bjóðanda mundi skuldbinda kaupanda til að kaupa efni sem hefðu aðra tæknilega eiginleika og samræmdust illa eldri tæknibúnaði eða leiddu til óeðlilega mikilla tæknilegra erfiðleika við rekstur og viðhald. Slíkir samningar svo og endurnýjaðir samningar skulu að jafnaði ekki gilda lengur en þrjú ár.
f. Þegar um er að ræða viðbótarverk sem ekki var gert ráð fyrir í áður umsömdu verki og nauðsynlegt er, vegna áður ófyrirsjáanlegra aðstæðna, að sami bjóðandi sjái um, enda sé ekki unnt að skilja verkið frá áður umsömdu verki af tæknilegum og fjárhagslegum ástæðum án stórfelldra vandkvæða fyrir kaupanda. Sama á við ef viðbótarverk er óhjákvæmilegt til að ljúka áður umsömdu verki. Samanlagt verðmæti samninga um viðbótarverk skal ekki nema hærri fjárhæð en helmingi af upphaflegri samningsfjárhæð.
g. Þegar um er að ræða sams konar verk eða þjónustu og áður hefur verið samið um við bjóðanda á grundvelli almenns eða lokaðs útboðs. Þetta á þó aðeins við að í útboðsgögnum hafi verið tiltekið að þessari reglu kynni að verða beitt og ekki eru liðin þrjú ár frá því fyrsti samningurinn var gerður.
h. Þegar um er að ræða viðbót á þjónustu sem vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna hefur orðið nauðsynleg vegna áður keyptrar þjónustu, enda sé ekki unnt að skilja þjónustuna frá áður umsaminni þjónustu af tæknilegum eða fjárhagslegum ástæðum án stórfelldra vandkvæða eða ef viðbótarþjónustan er óhjákvæmileg til að ljúka verkefni.
i. Þegar samningur um þjónustu er gerður eftir samkeppni um hönnun þar sem skylt er að

semja við þann þátttakanda sem sigrar eða fleiri þeirra. Í síðarnefnda tilvikinu er skylt að bjóða öllum, sem sigra í hönnunarsamkeppni, að taka þátt í viðræðum.

21. gr.

Samningskaup vegna hönnunarsamkeppni.

Þegar nota skal samningskaup vegna hönnunarsamkeppni skv. i-lið 20. gr. skal öllum gefinn kostur á þátttöku eða skýr skilyrði sett fyrir þátttöku, sem mismuna ekki þátttakendum, ef þátttaka er takmörkuð. Í síðarnefnda tilvikinu skal fjöldi þátttakenda vera nægilegur til að tryggja raunverulega samkeppni.

Í dómnefnd mega aðeins sitja menn sem eru óháðir þátttakendum og skulu þeir vera sjálfstæðir og óháðir í störfum sínum. Sé í samkeppninni farið fram á tiltekna starfsmenntun eða að þátttakendur uppfylli tiltekin hæfisskilyrði skal að minnsta kosti þriðjungur dómnefndarmanna fullnægja þessum eða sambærilegum skilyrðum.

Óheimilt er að takmarka rétt til þátttöku í hönnunarsamkeppni við einstaklinga eða lögaðila í íslenskri lögsögu eða hluta hennar.

22. gr.

Rammasamningar.

Rammasamninga skal gera að undangengnu almennu eða lokuðu útboði.

Ef vara, þjónusta eða verk er keypt inn samkvæmt rammasamningi skal litið svo á að skyldu til útboðs hafi verið fullnægt, enda þótt innkaup séu yfir viðmiðunarfjárhæðum skv. 1. mgr. 12. gr.

Í rammasamningi er heimilt að ákveða að kaupendur séu ekki skuldbundnir til að skipta eingöngu við aðila rammasamnings við þau innkaup sem samningur tekur til. Tilgreina skal slík frávik í útboðsgögnum.

V. KAFLI
Útboðsgögn.

23. gr.

Almennir skilmálar.

Útboðsgögn skulu innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar til að bjóðanda sé unnt að gera tilboð. Eftirfarandi atriði skulu koma fram í útboðsgögnum eftir því sem við á:

a. Lýsing á útboðinu þar sem kveðið er á um magn og annað sem máli skiptir.
b. Nafn kaupanda og allar upplýsingar um samskipti við umsjónaraðila útboðsins.
c. Framsetning tilboða.
d. Upptalning á útboðsgögnum.
e. Tilboðstími og hvar og hvenær tilboð verða opnuð.
f. Afhendingar- eða framkvæmdatími.
g. Gildistími tilboða.
h. Greiðslur, verðbætur og tryggingar, ef þeim er að skipta.
i. Gögn til sönnunar á fjárhagslegri og tæknilegri getu, sem bjóðandi skal leggja fram eða kann að verða krafinn um, sbr. 30. og 31. gr.
j. Meðhöndlun fyrirspurna frá væntanlegum bjóðendum.
k. Afhendingarskilmálar.
l. Á hvaða tungumáli eða tungumálum skila skal tilboðum.
m. Forsendur fyrir vali tilboða.
n. Hvort leyfilegt sé að bjóða í aðeins hluta af fyrirhuguðum innkaupum.

o. Hvort frávikstilboð séu óheimil og hver séu skilyrði fyrir gerð þeirra.
p. Frestur kaupanda til að taka tilboði.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um gerð og frágang útboðsgagna.

24. gr.

Tæknilegar útskýringar.

Í útboðsgögnum skal vöru, þjónustu eða verki lýst eins nákvæmlega og kostur er með tækniforskriftum. Ef frávikstilboð eru heimil skal tilgreina hvaða lágmarkskröfum slík tilboð þurfi að fullnægja.

Tækniforskriftir skulu að jafnaði vera í samræmi við evrópska staðla eða íslenska staðla, sem settir eru samkvæmt þeim, evrópskt tæknisamþykki eða sameiginlegar tækniforskriftir.

Heimilt er að víkja frá áskilnaði 2. mgr. í eftirfarandi tilvikum:

a. Þegar staðlar, evrópskt tæknisamþykki eða sameiginlegar tækniforskriftir fela ekki í sér ákvæði um hvernig skuli ganga úr skugga um hvort það sem óskað er kaupa á er í samræmi við þau viðmið sem þar koma fram eða tæknilegar aðferðir skortir til þess að það verði gert.
b. Þegar notkun staðla, evrópsks tæknisamþykkis eða sameiginlegra tækniforskrifta mundi neyða kaupanda til að afla sér efnis eða áhalda sem samræmdust ekki tækjabúnaði þeim sem þegar er í notkun eða hefði í för með sér ótilhlýðilegan kostnað eða tæknilega örðugleika.
c. Þegar það sem óskað er kaupa á felur í sér algera nýjung og notkun gildandi staðla, evrópsks tæknisamþykkis eða sameiginlegra tækniforskrifta á ekki við.
d. Þegar framkvæmd áskilnaðar 2. mgr. brýtur í bága við framkvæmd tilskipunar ráðherraráðsins nr. 86/361/EBE frá 24. júlí 1986 um fyrsta áfanga gagnkvæmrar viðurkenningar á samþykki fyrir gerð notendabúnaðar til fjarskipta eða ákvörðun ráðherraráðsins nr. 87/95/EBE frá 22. desember 1986 um stöðlun á sviði upplýsingatækni og fjarskipta eða annarra reglna Evrópska efnahagssvæðisins um tiltekin þjónustu- eða vörusvið.

Séu evrópskir staðlar, tæknisamþykki eða sameiginlegar tækniforskriftir ekki fyrir hendi skulu tækniforskriftir skilgreindar með hliðsjón af íslenskum tækniforskriftum, enda samræmist þær reglum Evrópska efnahagssvæðisins um tæknilega samræmingu. Heimilt er að vísa til íslenskra tækniforskrifta þegar um er að ræða hönnun, útreikninga og útfærslu verka og efnisnotkun. Einnig er heimilt að skírskota til íslenskra staðla sem samþykktir hafa verið til að framfylgja alþjóðlegum stöðlum. Ef það er ekki unnt skal vísað til staðla og tæknisamþykkis annarra landa, en ef það er ekki unnt til enn annarra staðla.

Ekki má vísa til vörumerkja, einkaleyfa, gerða eða sérstaks uppruna eða framleiðslu án þess að efni samningsins réttlæti slíka tilvísun. Ef engin leið er til þess að lýsa efni samnings með tækniforskriftum, sem eru nógu nákvæmar eða skilmerkilegar fyrir kaupanda og bjóðendur, er þó heimilt að vísa til slíkra atriða, enda fylgi slíkri tilvitnun orðalagið „eða jafngildur“ eða sambærilegt orðalag.

25. gr.

Tilboðsblað.

Tilboðsblað skal vera hluti útboðsgagna og skal það vera þannig úr garði gert að tilboð séu sett fram á sama hátt og þannig samanburðarhæf.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um gerð og frágang tilboðsblaða.

26. gr.

Forsendur fyrir vali tilboðs.

Í útboðsgögnum skal tilgreina forsendur fyrir vali tilboðs með eins nákvæmum hætti og framast er unnt. Í forsendum má ekki vísa til annarra atriða en staðreynd verða á grundvelli gagna sem bjóðendur leggja fram eða með öðrum hlutlægum hætti.

Ef kaupandi hyggst meta hagkvæmni tilboðs á grundvelli fleiri forsendna en verðs skal tiltekið hverjar þessar forsendur eru og þeim raðað eftir mikilvægi nema slíkt sé útilokað.

Heimilt er að taka tillit til umhverfissjónarmiða við mat á hagkvæmni tilboðs.

27. gr.

Frávikstilboð.

Ef kaupandi hyggst meta tilboð á grundvelli fjárhagslegrar hagkvæmni er heimilt að gera frávikstilboð, enda fullnægi slíkt boð lágmarkskröfum útboðsgagna til eiginleika þess sem óskað er kaupa á. Ef frávikstilboð eru óheimil skal það tekið fram í útboðsgögnum.

VI. KAFLI
Hæfi bjóðenda.

28. gr.

Heimild til að vísa bjóðanda frá.

Á hvaða stigi útboðs sem er skal vísa bjóðanda frá ef eitthvert af eftirtöldum atriðum á við um hann:

a. Bú bjóðanda er undir gjaldþrotaskiptum, hann hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
b. Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta á búi bjóðanda, hann hefur leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
c. Bjóðandi hefur með dómi verið fundinn sekur um refsivert brot í starfi.
d. Fyrir liggur að bjóðandi hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi.
e. Bjóðandi er í vanskilum með opinber gjöld, lífeyrissjóðsiðgjöld, eða sambærileg lögákveðin gjöld.
f. Bjóðandi hefur gefið rangar upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu sína, sbr. 30. og 31. gr.

Heimilt er að krefjast þess að bjóðandi sýni fram á að ekkert þeirra atriða, sem greinir í a–f-lið 1. mgr., eigi við um hann á hvaða stigi útboðs sem er. Ef bjóðandi er krafinn um sönnun um þessi atriði skal viðeigandi opinbert vottorð, þar sem fram kemur að hann uppfylli öll skilyrðin, metið sem fullnægjandi sönnun.

29. gr.

Skráning bjóðanda.

Þess má krefjast að bjóðandi sýni fram á að hann sé skráður í fyrirtækjaskrá, eða sambærilega skrá, samkvæmt þeim reglum sem gilda í því landi þar sem hann hefur staðfestu.

30. gr.

Fjárhagsstaða bjóðanda.

Fjárhagsstaða bjóðanda skal vera það trygg að hann geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda.

Að jafnaði getur bjóðandi fært sönnur á fjárhagslega getu sína með því að leggja fram viðeigandi upplýsingar frá bönkum, endurskoðaða reikninga fyrri ára, upplýsingar um veltu síðustu ára eða hlutdeild viðkomandi vöru, þjónustu eða verks í þeirri veltu.

Í útboðsgögnum skal koma fram hvaða gögn skv. 2. mgr. krafist er að bjóðandi leggi fram eða kunni á síðari stigum að verða beðinn um að leggja fram. Ekki skal krefjast frekari gagna en nauðsynlegt er með hliðsjón af eðli og umfangi fyrirhugaðra innkaupa.

Þegar bjóðandi er ófær um að leggja fram þau gögn, sem greinir í 2. mgr., af ástæðum sem honum verður ekki um kennt skal gefa honum kost á að sýna fram á fjárhagslega getu sína með framvísun annarra gagna.

31. gr.

Tæknileg geta.

Tæknileg geta bjóðanda skal vera það trygg að hann geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda.

Bjóðandi getur fært sönnur á tæknilega getu sína með eftirfarandi gögnum:

a. Með vottorðum um efndir helstu samninga síðastliðin þrjú ár þegar um er að ræða útboð á vöru og þjónustu, en fimm ár þegar um er að ræða útboð á verkum. Í vottorðum skulu koma fram upphæðir samninga, dagsetningar og yfirlýsing um að samningur hafi verið efndur með fullnægjandi hætti.
b. Með lýsingu á fjölda starfsmanna, tæknibúnaði, aðferðum til að tryggja gæði og aðstöðu til athugana og rannsókna.
c. Með upplýsingum um menntun og hæfni yfirmanna og annarra sem koma munu að framkvæmd samnings, hvort sem þeir eru starfsmenn bjóðanda eða ekki.
d. Þegar um er að ræða vöru: með sýnishornum, lýsingum eða ljósmyndum þannig að unnt sé að staðreyna að vara sé fullnægjandi.
e. Þegar um er að ræða vöru: með vottorði frá opinberri gæðaeftirlitsstofnun eða viðurkenndum aðila um að vara, sem á að vera í samræmi við tækniforskriftir eða staðla, sé það í raun.
f. Þegar um er að ræða vöru eða þjónustu sem er margbrotin eða sem aflað er í sérstökum tilgangi: með opinberu vottorði um framleiðslu, rannsóknaraðstöðu og gæðaeftirlit bjóðanda.

Í útboðsgögnum skal koma fram hvaða gögn skv. 2. mgr. krafist er að bjóðandi leggi fram eða kunni á síðari stigum að verða beðinn um að leggja fram. Ekki skal krefja um frekari gögn en nauðsynlegt er með hliðsjón af eðli og umfangi þess sem óskað er kaupa á.

Taka skal tillit til lögmætra hagsmuna bjóðenda af vernd tækni- og viðskiptaleyndarmála.

32. gr.

Framlagning gagna.

Kaupanda er heimilt að gefa bjóðanda færi á því að auka við framkomin gögn skv. 28.–31. gr. eða skýra þau á hvaða stigi útboðs sem er.

VII. KAFLI
Framkvæmd útboða.

33. gr.

Auglýsing útboða.

Skylt er að auglýsa almennt útboð með áberandi hætti þannig að allir mögulegir bjóðendur viðkomandi vöru, þjónustu eða verks eigi kost á að taka þátt í útboði. Í auglýsingu skulu

koma fram nægilega miklar upplýsingar til að bjóðendur viðkomandi vöru, þjónustu eða verks geti tekið afstöðu til þess hvort þeir hyggjast taka þátt í útboði eða forvali.

Samtímis því, eða eftir að auglýst er, getur kaupandi hvatt tiltekna aðila til þátttöku í forvali eða útboði. Ekki má þó veita slíkum aðilum aðrar upplýsingar en fram koma í tilkynningu um útboð.

34. gr.

Lokuð útboð og samningskaup.

Við lokað útboð og samningskaup skal velja þá með forvali sem gefinn er kostur á að leggja fram tilboð.

Þegar um lokað útboð er að ræða, eða samningskaup skv. 19. gr., skal auglýsa forval með áberandi hætti með það fyrir augum að allir þeir sem boðið geta fram viðkomandi vöru, þjónustu eða verk eigi kost á að taka þátt í forvali.

Þegar um lokað útboð er að ræða er heimilt að takmarka fjölda þeirra sem valdir eru til að taka þátt í útboði. Aðilarnir skulu að jafnaði ekki vera færri en fimm og ekki fleiri en tuttugu. Fjöldi valinna aðila skal í öllum tilvikum nægja til að tryggja raunhæfa samkeppni í útboði. Taka skal fram í útboðsgögnum ef takmarka á þann fjölda sem velja á í forvali.

Þegar um er að ræða samningskaup skv. 19. gr. skal fjöldi þeirra sem velja á í forvali til að taka þátt í útboði ekki vera færri en þrír, svo fremi fjöldi þátttakenda sé nægur.

Við lokað útboð og samningskaup skal gefa þeim sem valdir hafa verið til að taka þátt í útboði í forvali kost á að gera tilboð með tilkynningu sem þeim er send samtímis. Með tilkynningu skulu fylgja útboðsgögn og fylgiskjöl ef því er að skipta.

35. gr.

Frestur til að skila tilboðum.

Tilboðstími skal vera nægjanlega langur til að bjóðendur geti undirbúið tilboð.

36. gr.

Frestur í almennu útboði.

Frestur til að leggja fram tilboð í almennu útboði skal vera minnst 15 almanaksdagar. Frestur reiknast frá deginum eftir að útboð er auglýst að meðtöldum opnunardegi. Allir almanaksdagar eru taldir með.

37. gr.

Frestur í lokuðu útboði og samningskaupum.

Frestur til að skila þátttökubeiðnum í forvali vegna lokaðs útboðs eða samningskaupum skv. 19. gr. skal vera minnst 15 almanaksdagar. Frestur reiknast frá deginum eftir að útboð er auglýst að meðtöldum opnunardegi.

Þeim sem valdir hafa verið í forvali skal gefa minnst tíu almanaksdaga frest til að leggja fram tilboð. Frestur reiknast frá þeim degi þegar útboðsgögn eru send út. Að öðru leyti gilda sömu reglur um ákvörðun frests og við almenn útboð.

38. gr.

Hraðútboð.

Ef nauðsynlegt er að hraða útboði af ástæðum sem kaupanda verður ekki um kennt er heimilt að víkja frá þeim frestum sem greinir í 36., 37. og 41. gr. Frestur til að skila tilboðum skal þó aldrei vera skemmri en sjö almanaksdagar frá birtingu auglýsingar.

39. gr.

Afhending gagna.

Útboðsgögn skulu vera tilbúin til afhendingar innan þriggja daga frá birtingu auglýsingar.

40. gr.

Vettvangsskoðun.

Ef ekki er unnt að gera tilboð án þess að bjóðendur skoði vettvang, eða ef boðið er upp á vettvangsskoðun, skal lengja tilboðsfrest sem nemur eðlilegum tíma til vettvangsskoðunar, ef þess er óskað af bjóðendum.

41. gr.

Fyrirspurnir og athugasemdir á tilboðstíma.

Ef óskað er eftir ítarlegri gögnum eða nánari skilgreiningu á útboðsgögnum skal skrifleg beiðni vera komin til umsjónarmanns útboðs eigi síðar en sjö almanaksdögum áður en tilboðsfrestur rennur út.

Telji kaupandi tilefni til að senda ný gögn eða svara fyrirspurn skv. 1. mgr. skal senda gögnin eða fyrirspurnina ásamt svörum við henni til allra sem hafa óskað eftir og fengið send útboðsgögn. Ný gögn eða skýringar skulu vera komin til bjóðenda eigi síðar en fjórum almanaksdögum áður en tilboðsfrestur rennur út.

Allar athugasemdir við útboð og framkvæmd þeirra skulu vera skriflegar.

42. gr.

Tilboð afturkölluð.

Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt áður en tilboð eru opnuð, enda sé það gert skriflega eða með öðrum jafntryggum hætti.

43. gr.

Opnun tilboða frestað.

Þurfi að fresta opnun tilboða skal það gert með að minnsta kosti fjögurra almanaksdaga fyrirvara. Séu færri en fjórir dagar fram að opnun er óheimilt að boða frestun heldur skal haldinn opnunarfundur og skráð hverjir skila inn tilboði, án þess að opna tilboðin. Þeim sem skiluðu tilboði er einum boðin áframhaldandi þátttaka.

44. gr.

Afhending tilboða.

Tilboðum skal skilað í lokuðu umslagi og þarf nafn og aðsetur bjóðanda að koma fram á umslaginu ásamt heiti útboðs og númeri ef því er að skipta.

Séu tilboð send með pósti eða í símbréfi er bjóðandi ábyrgur fyrir því að þau komist í réttar hendur fyrir opnun tilboða.

Leyfilegt er að skila eingöngu inn heildartilboðsupphæð ef einingarverð og önnur tilskilin gögn fylgja í lokuðu umslagi eða eru sannanlega komin í póst degi áður en tilboð eru opnuð. Bjóðandi getur síðan óskað eftir því að einingarverð verði ekki tekin til skoðunar nema tilboð hans komi til álita.

45. gr.

Gerð frávikstilboða.

Sé frávikstilboð gert skal geta þess sérstaklega á tilboðsblaði að um slíkt tilboð sé að ræða. Með frávikstilboði skal fylgja skýr og greinargóð lýsing á því í hvaða atriðum vikið sé frá tæknilegri lýsingu útboðsgagna.

46. gr.

Tilboð fleiri aðila.

Fleiri aðilum er heimilt að standa að tilboði sameiginlega, enda teljast þeir þá bera ábyrgð einn fyrir alla og allir fyrir einn á efndum samnings.

Þegar um sameiginlegt tilboð fleiri aðila er að ræða skal leggja fram þau gögn sem um ræðir í VI. kafla og skulu þau miðast við alla bjóðendur.

Kaupanda er heimilt að áskilja í útboðsgögnum að einn bjóðenda komi fram fyrir hönd hinna við framkvæmd samnings og standi kaupanda öll skil.

47. gr.

Opnun tilboða.

Bjóðendum skal vera heimilt að vera við opnun tilboða og eiga rétt á að eftirfarandi upplýsingar séu lesnar upp eftir því sem þær koma fram í tilboðum:

a. Nafn bjóðanda.
b. Heildartilboðsupphæð.
c. Greiðsluskilmálar.
d. Afhendingarskilmálar.
e. Eðli frávikstilboða.

Tilboð sem berast of seint skulu send bjóðendum óopnuð ásamt skýringu á ástæðum þess að þau eru endursend.

48. gr.

Form tilboða og annarra gagna.

Tilboð skulu vera skrifleg og skal afhenda þau kaupanda eða umsjónarmanni hans eða senda honum þau í pósti.

Heimilt er kaupanda að ákveða að tilboð megi leggja fram með öðrum hætti en skriflegum ef tryggt er að óviðkomandi verði ekki kunnugt um efni tilboðsins og unnt er að staðreyna móttöku og móttökutíma þess.

Kaupanda er heimilt að taka við og svara fyrirspurnum bjóðenda skv. 41. gr. með öðrum hætti en skriflegum, til dæmis með símbréfi, rafpósti, símskeyti eða öðrum jafntryggum hætti.

VIII. KAFLI
Val tilboðs.

49. gr.

Þau tilboð sem koma til greina.

Við val á bjóðanda skal eingöngu litið til gildra tilboða.

50. gr.

Mat á hagstæðasta boði.

Við val á bjóðanda skal gengið út frá hagkvæmasta boði. Hagkvæmasta tilboð er það boð sem er lægst að fjárhæð eða það boð sem fullnægir þörfum kaupanda best samkvæmt þeim forsendum sem settar hafa verið fram í útboðsgögnum, sbr. 26. gr.

Óheimilt er að meta tilboð á grundvelli annarra forsendna en fram koma í útboðsgögnum, sbr. 26. gr.

Heimilt er að velja fleiri en eitt tilboð sé kaupum skipt í fleiri sjálfstæða hluta í útboðsgögnum.

51. gr.

Óeðlilega lág tilboð.

Þegar tilboð virðist óeðlilega lágt miðað við raunvirði þess sem kaupa á skal kaupandi óska eftir nánari upplýsingum frá bjóðanda um þau atriði sem máli skipta og sannreyna þau áður en boði er hafnað. Ef kaupandi hafnar bjóðanda á fyrrgreindum forsendum skal hann tilkynna honum um þau atriði sem hann getur ekki fallist á.

Þegar í útboðsgögnum er kveðið á um að lægsta tilboði skuli tekið ber kaupanda að rökstyðja þá ákvörðun að hafna tilboðum sem álitin eru óeðlilega lág.

Upplýsingar sem kaupandi fær samkvæmt þessari grein skal fara með sem trúnaðarmál.

52. gr.

Höfnun tilboðs.

Kaupandi telst hafa hafnað tilboði ef hann er búinn að semja við annan aðila, gildistími tilboðs er liðinn án þess að óskað hafi verið eftir framlengingu tilboðs eða öllum tilboðum hefur verið hafnað formlega.

Eftir að kaupandi hefur hafnað tilboði getur bjóðandi óskað eftir að hann endursendi sér tilboðið og öll gögn sem því fylgdu.

Kaupanda er óheimilt að nýta hugmyndir eða tilboð bjóðanda á nokkurn hátt eftir að því hefur verið hafnað.

53. gr.

Rökstuðningur höfnunar tilboðs og annarra ákvarðana.

Kaupandi skal tilkynna bjóðendum um niðurstöðu útboðs eða forvals eins fljótt og kostur er. Ef ákveðið hefur verið að hafna öllum boðum eða láta nýtt útboð fara fram skal rökstuðningur fylgja slíkri ákvörðun. Tilkynning skal vera skrifleg sé þess óskað.

Skylt er að skýra frá ástæðum þess að tilboði tiltekins bjóðanda var hafnað ef hann krefst þess. Rökstuðningur skal liggja fyrir eigi síðar en 15 dögum eftir að beiðni um það barst kaupanda eða umsjónarmanni útboðs. Í rökstuðningi skal þó ekki upplýsa um atriði sem gætu torveldað löggæslu eða ganga að öðru leyti gegn almannahagsmunum eða mundu skaða lögmæta viðskiptahagsmuni einstakra fyrirtækja eða samkeppni milli þeirra.

54. gr.

Samþykki tilboðs.

Tilboð skal samþykkja skriflega innan gildistíma þess og er þá kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs bjóðanda. Þó skal gera sérstakan samning um kaup á vöru, þjónustu eða verki á grundvelli útboðsins þegar við á eða annar aðila óskar þess.

Þegar kominn er á samningur skv. 1. mgr. skal það tilkynnt öllum bjóðendum án tafar.

55. gr.
Gerviverktaka.

Verktaka og undirverktaka er óheimilt að gera samning um undirverktöku við einstaka starfsmenn eða starfshópa í þeim tilvikum þar sem um ráðningarsamband er að ræða og það á við samkvæmt venju og eðli máls.

3. ÞÁTTUR
Opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu.

IX. KAFLI
Gildissvið þessa þáttar.

56. gr.

Ákvæði þessa þáttar gilda um opinber innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum sem ráðherra birtir í reglugerð í samræmi við tilskipun ráðherraráðsins nr. 92/50/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um kaup á þjónustu, tilskipun ráðherraráðsins nr. 93/36/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um vörukaup og tilskipun ráðherraráðsins nr. 93/37/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, eins og þessum tilskipunum kann síðar að hafa verið breytt og þær teknar upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Einnig skal í reglugerð birta aðrar viðmiðunarfjárhæðir sem máli skipta fyrir framkvæmd opinberra innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu, svo sem viðmiðunarfjárhæðir heildarinnkaupa.

Í reglugerð skv. 1. mgr. er heimilt að setja nánari reglur um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu til samræmis við ákvæði þeirra tilskipana sem þar greinir.

X. KAFLI
Framkvæmd innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu.

57. gr.
Almennar reglur.

Við opinber innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum 56. gr. skal fara að reglum 2. þáttar ef ekki leiðir annað af ákvæðum þessa kafla.

Við ákvörðun tímabila, dagsetninga og fresta skal gæta ákvæða reglugerðar ráðherraráðsins nr. 1182/71/EBE/KBE frá 3. júní 1971 sem setur reglur um hvernig reikna ber tímabil, dagsetningar og fresti.

58. gr.
Samningar um hönnun og byggingu húsnæðis á vegum hins opinbera.

Þegar um er að ræða hönnun og byggingu félagslegs húsnæðis, þar sem umfang, tími og eðli verksins gerir það nauðsynlegt að skipulagning sé frá upphafi byggð á nánu samstarfi innan verkefnahóps, sem í eiga sæti fulltrúar hins opinbera, sérfræðingar og verktakar, er heimilt að velja bjóðanda samkvæmt reglum sem hafa það að markmiði að sá sem best fellur inn í verkefnahópinn verði fyrir valinu. Að öðru leyti fer um slíkt útboð samkvæmt reglum um lokuð útboð.

59. gr.
Tilkynning um heildarinnkaup.

Eins snemma á fjárhagsárinu og unnt er skulu kaupendur birta áætluð heildarinnkaup á vörum, þjónustu eða verkum, sem greinir í I. viðauka A, fyrir næstu tólf mánuði ef heildar-

fjárhæð kaupanna nær viðmiðunarfjárhæðum vegna heildarinnkaupa sem birtar eru í reglugerð ráðherra skv. 1. mgr. 56. gr.

60. gr.

Tilkynning um einstök innkaup.

Kaupandi, sem hyggst bjóða út opinber innkaup yfir þeim viðmiðunarfjárhæðum sem ráðherra birtir í reglugerð skv. 56. gr., skal tilkynna þá fyrirætlun sína. Sama á við þegar um hönnunarsamkeppni er að ræða og gerð sérleyfissamninga um verk. Fyrirhuguð innkaup á þjónustu, sem greinir í I. viðauka B, þarf þó ekki að tilkynna.

61. gr.

Tilkynning um samning.

Þegar gerður hefur verið samningur í framhaldi af útboði á Evrópska efnahagssvæðinu skal tilkynna um niðurstöðu útboðsins. Sama gildir um niðurstöðu hönnunarsamkeppni.

Heimilt er að víkja frá 1. mgr. ef birting tilkynningar gæti torveldað löggæslu, verið á annan hátt andstæð almannahagsmunum, skaðað lögmæta viðskiptahagsmuni einstakra fyrirtækja, opinberra eða einkarekinna, eða hindrað samkeppni.

Þegar um er að ræða þjónustu, sem tilgreind er í I. viðauka B, skal kaupandi ákveða í tilkynningu um samning hvort hana eigi að birta skv. 62. gr.

62. gr.

Birting tilkynninga.

Senda skal tilkynningar með tryggum hætti til útgáfustjórnar Evrópubandalagsins, eins skjótt og unnt er, til birtingar í Stjórnartíðindum bandalagsins og gagnabönkum. Tilkynning skal að jafnaði ekki vera lengri en 650 orð.

Tilkynning, sem um getur í 59. gr., skal send eins snemma á fjárhagsárinu og unnt er.

Tilkynning, sem um getur í 61. gr., skal send í síðasta lagi 48 dögum eftir að samningur hefur verið gerður eða frá lokum hönnunarsamkeppni.

Óheimilt er að birta aðrar tilkynningar um útboð áður en samsvarandi tilkynning hefur verið send útgáfustjórn Evrópubandalagsins. Sömuleiðis skulu í öðrum tilkynningum ekki koma fram ítarlegri upplýsingar en þar greinir.

63. gr.

Form og efni tilkynninga.

Ráðherra getur í reglugerð mælt fyrir um form og efni tilkynninga skv. 59.–62. gr.

64. gr.

Frestir í almennum útboðum.

Við almenn útboð skal frestur til að leggja fram tilboð ekki vera skemmri en 52 dagar frá sendingardegi tilkynningar að telja.

Nú hefur kaupandi tilkynnt heildarinnkaup skv. 59. gr. með fullnægjandi hætti eigi síðar en 52 dögum fyrir sendingu tilkynningar um einstök innkaup og ekki fyrr en 12 mánuðum fyrir sama dag og er þá heimilt að stytta frest til að skila tilboðum ef tilkynning um heildarinnkaup hafði að geyma sambærilegar upplýsingar um innkaupin og fram skulu koma í tilkynningu um einstök innkaup. Fresturinn skal jafnan eigi vera skemmri en 36 dagar og aldrei skemmri en 22 dagar.

Skylt er að senda útboðsgögn innan sex daga frá því að beiðni berst, enda hafi beiðni borist með hæfilegum fyrirvara.

Viðbótarupplýsingum skv. 41. gr. skal komið til bjóðenda eigi síðar en sex dögum áður en frestur til að skila tilboðum rennur út, enda hafi upplýsinganna verið óskað með hæfilegum fyrirvara. Þegar um er að ræða þjónustu er þessi frestur þó fjórir dagar.

Ef útboðsgögn eða viðbótarupplýsingar eru svo umfangsmikil að ekki er unnt að afhenda þau innan þeirra fresta sem greinir í 2. og 3. mgr. eða ef vettvangsganga er nauðsynleg skulu frestir lengjast í samræmi við þær tafir sem af þessu hljótast.

Frestur til að sækja um aðild að sérleyfissamningi um verk skal ekki vera skemmri en 52 dagar frá sendingardegi auglýsingar.

65. gr.

Frestir í lokuðum útboðum og samningskaupum.

Við lokuð útboð og samningskaup skal frestur til að skila tilkynningum um þátttöku ekki vera skemmri en 37 dagar frá sendingardegi tilkynningar að telja.

Frestur til að skila tilboði í lokuðu útboði skal ekki vera styttri en 40 dagar.

Nú hefur kaupandi tilkynnt heildarinnkaup skv. 59. gr. með fullnægjandi hætti eigi síðar en 52 dögum fyrir sendingu tilkynningar um einstök innkaup og ekki fyrr en 12 mánuðum fyrir sama dag og er þá almennt heimilt að stytta frest til að skila tilboðum ef tilkynning um heildarinnkaup hafði að geyma sambærilegar upplýsingar um innkaupin og fram skulu koma í tilkynningu um einstök innkaup. Fresturinn skal eigi vera skemmri en 26 dagar.

Ef útboðsgögn eða viðbótarupplýsingar eru svo umfangsmikil að ekki er unnt að afhenda þau innan þeirra fresta sem greinir í 1. og 2. mgr. eða ef vettvangsganga er nauðsynleg skulu frestir lengjast í samræmi við þær tafir sem af þessu hljótast.

Reynist frestur til að skila tilboði of skammur við gerð aðkallandi samninga má stytta frest bjóðanda til að tilkynna um þátttöku og skila tilboði. Frestur til að tilkynna um þátttöku skal þó eigi vera skemmri en 15 dagar frá sendingardegi tilkynningar og frestur til að skila tilboði eigi skemmri en 10 dagar frá sendingu tilkynningar.

66. gr.

Heimild til að auglýsa útboð undir viðmiðunarfjárhæðum.

Kaupanda er heimilt að birta í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins auglýsingar um opinber innkaup sem eru undir viðmiðunarfjárhæðum 56. gr.

XI. KAFLI
Skýrslur, Eftirlitsstofnun EFTA o.fl.

67. gr.

Skýrslur um opinber innkaup.

Kaupanda er skylt að senda fjármálaráðuneytinu skýrslu um þá samninga sem hann hefur gert. Fjármálaráðuneytið sendir Eftirlitsstofnun EFTA skýrslurnar ef þess er óskað.

Kaupandi skal eigi síðar en 1. febrúar ár hvert senda fjármálaráðuneytinu yfirlit yfir þá dóma sem kveðnir hafa verið upp vegna brota hans á ákvæðum laga þessara og varða innkaup sem skylt er að bjóða út á Evrópska efnahagssvæðinu.

Heimilt er í reglugerð að kveða nánar á um hvaða upplýsingar skuli koma fram í skýrslum samkvæmt þessari grein.

68. gr.

Rannsókn Eftirlitsstofnunar EFTA.

Telji Eftirlitsstofnun EFTA að um augljóst brot á reglum Evrópska efnahagssvæðisins um opinber innkaup sé að ræða getur hún hafið rannsókn á ætluðu broti. Innan 14 daga frá tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA um ástæður fyrir því áliti að augljóst brot hafi átt sér stað skal kaupandi senda fjármálaráðuneytinu staðfestingu á því að bætt hafi verið úr brotinu, greinargerð um ástæður þess að engar úrbætur hafi verið gerðar eða tilkynningu um að útboð og gerð samnings hafi verið stöðvuð um stundarsakir.

Fjármálaráðherra getur stöðvað um stundarsakir útboð eða gerð samnings í tilefni af tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt þessari grein.

4. ÞÁTTUR

Stjórnsýsla, meðferð kærumála, o.fl.

XII. KAFLI

Yfirstjórn opinberra innkaupa og starfsemi innkaupastofnunar.

69. gr.

Yfirstjórn opinberra innkaupa.

Opinber innkaup heyra undir fjármálaráðherra sem fer með framkvæmd laga þessara.

70. gr.

Ríkiskaup.

Á vegum ríkisins skal rekin innkaupastofnun, Ríkiskaup. Stofnunin annast innkaup fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki, rannsakar sameiginlegar þarfir á vörum og þjónustu og beitir sér fyrir samræmdum innkaupum til þarfa ríkisins. Einnig skal stofnunin láta í té aðstoð og leiðbeiningar um útboð og innkaup eftir því sem þörf krefur. Komi upp ágreiningur um ákvörðun við val á tilboðum milli Ríkiskaupa sem umsjónaraðila útboðs og kaupanda er heimilt að vísa ágreiningnum til fjármálaráðuneytisins.

Stofnunin ráðstafar eignum ríkisins sem ekki er lengur þörf fyrir samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

Ríkiskaup gera rammasamninga fyrir hönd ríkisins og annast útboð á vegum ríkisstofnana vegna innkaupa yfir viðmiðunarmörkum skv. 12. gr. laganna. Fjármálaráðherra getur þó heimilað einstökum ríkisstofnunum að annast eigin innkaup yfir viðmiðunarmörkum.

71. gr.

Markmið í rekstri Ríkiskaupa.

Ríkiskaup skulu leitast við að tryggja hagkvæmni við innkaup ríkisins. Markmiði þessu skal náð með því að:

a. þróa hágæða þjónustustofnun á sviði opinberra innkaupa með starfsfólki sem býr yfir þekkingu og reynslu á sviði innkaupa fyrir ríkisstofnanir,
b. þróa verklag við útboð og innkaup sem tryggir jafnræði bjóðenda og virka samkeppni,
c. auka framleiðni og einföldun í opinberum innkaupum með nútímalegu innkaupakerfi, útboðum og samræmdum innkaupum,
d. auðvelda viðskiptatengsl milli birgja og ríkisstofnana,
e. miðla þekkingu og reynslu til ríkisstofnana til að fullnægja sem best viðskiptalegum þörfum ríkisins.

72. gr.

Yfirstjórn Ríkiskaupa.

Fjármálaráðherra skipar stjórn Ríkiskaupa til þriggja ára í senn og skal hún skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Hlutverk stjórnar er að móta stefnu um helstu áherslur, verkefni og starfshætti stofnunarinnar í samráði við forstjóra.

73. gr.

Forstjóri Ríkiskaupa.

Fjármálaráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnar. Forstjóri annast daglegan rekstur Ríkiskaupa og ber ábyrgð á fjárreiðum stofnunarinnar og reikningshaldi. Forstjóri gerir tillögur um fjárhagsáætlun stofnunarinnar og leggur áætlunina fyrir stjórn til meðferðar. Forstjóri ræður starfslið í samráði við stjórn stofnunarinnar.

74. gr.

Gjaldskrá Ríkiskaupa.

Ríkiskaup selur ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum þjónustu sína á kostnaðarverði að viðbættri þóknun samkvæmt gjaldskrá sem fjármálaráðherra setur samkvæmt tillögum stjórnar stofnunarinnar. Gjaldskráin skal miðast við að tekjur standi undir rekstri stofnunarinnar.

XIII. KAFLI
Kærunefnd útboðsmála.

75. gr.

Hlutverk og skipan kærunefndar útboðsmála.

Í kærunefnd útboðsmála eiga sæti þrír menn sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Formaður nefndarinnar og varamaður hans skulu fullnægja skilyrðum laga til að gegna embætti héraðsdómara. Aðrir nefndarmenn skulu hafa alhliða reynslu og þekkingu á viðskiptum. Nefndarmenn skulu vera óháðir hagsmunum ríkis eða annarra opinberra aðila. Við skipan nefndarinnar skal ráðherra hafa samráð við aðra opinbera aðila sem og helstu samtök sem hafa hagsmuna að gæta við framkvæmd laganna.

Hlutverk kærunefndar útboðsmála er að leysa með skjótum og óhlutdrægum hætti úr kærum einstaklinga og lögaðila vegna ætlaðra brota á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim.

Nefndin er sjálfstæð í störfum sínum. Úrskurðum hennar og ákvörðunum samkvæmt lögum þessum verður ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Að beiðni fjármálaráðuneytis eða tiltekins kaupanda er kærunefnd útboðsmála heimilt að gefa ráðgefandi álit á tilteknum innkaupum þótt engin kæra hafi borist.

76. gr.

Sérfræðileg ráðgjöf.

Nefndinni er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila ef hún telur þörf á. Skulu þeir aðilar starfa með kærunefndinni eftir nánari ákvörðun formanns eða varaformanns sem ákveður þeim þóknun fyrir starfann.

77. gr.

Málskotsréttur.

Heimild til að skjóta málum til nefndarinnar hafa þeir einstaklingar og lögaðilar sem njóta réttinda samkvæmt lögum þessum og hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn máls.

Heimilt er kæranda að framselja kæruheimild sína til félags eða samtaka sem gæta hagsmuna hans.

78. gr.

Kærufrestur.

Kæra skal borin skriflega undir kærunefnd útboðsmála innan fjögurra vikna frá því kærandi vissi eða mátti vita um ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum.

Í kæru skulu koma fram upplýsingar um kæranda, þann aðila sem kæra beinist að og ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem er kærð. Í kæru skulu koma fram kröfur kæranda ásamt stuttri lýsingu málsatvika og málsástæðna og rökstuðningur. Kröfugerð kæranda skal lúta að úrræðum nefndarinnar skv. 79. og 80. gr.

Ef kæra fullnægir ekki skilyrðum 2. mgr. skal kærunefndin beina því til kæranda að bæta úr annmörkum innan hæfilegs frests. Verði kærandi ekki við því skal kærunefndin vísa kærunni frá.

Kærunefnd er jafnan heimilt að beina því til kæranda að leggja fram frekari gögn eða upplýsingar máli til skýringar ef hún telur málið ekki nægilega upplýst og setja honum ákveðinn frest í því skyni.

79. gr.

Meðferð kæru og gagnaöflun.

Nú er kæra tæk til efnismeðferðar skv. 78. gr. og gefur nefndin þá þeim sem kæra beinist gegn kost á að tjá sig um efni kærunnar. Kæranda skal jafnan gefinn stuttur frestur til að tjá sig um athugasemdir hins kærða. Málflutningur skal vera skriflegur, en heimilt er nefndinni að gefa aðilum kost á að færa fram athugasemdir munnlega ef mál er óvenjulega flókið eða umfangsmikið.

Nefndin getur krafist þess að málsaðilar leggi fram öll þau gögn og aðrar upplýsingar sem málið varðar. Sinni kærandi ekki slíkri kröfu er heimilt að vísa kæru hans frá þegar í stað. Sinni sá sem kæra beinist að ekki slíkri kröfu má meta tómlæti hans honum í óhag við úrlausn málsins.

Afl atkvæða nefndarmanna ræður niðurstöðu máls. Minnihlutaatkvæði skal fylgja nefndaráliti ef því er að skipta. Formaður eða varaformaður stýrir störfum nefndarinnar. Þegar nefndarmenn eru eigi sammála um niðurstöðu ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef nefndin þríklofnar í afstöðu sinni eða niðurstaða getur eigi ráðist af atkvæðamagni ræður atkvæði formanns.

Kærunefnd skal kveða upp úrskurð um kæru eins fljótt og auðið er og eigi síðar en einum mánuði eftir að henni hafa borist gögn sem um ræðir í 78. og 79. gr.

Um meðferð mála fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

80. gr.

Stöðvun samningsgerðar um stundarsakir.

Nú telur nefndin að verulegar líkur séu á því að brotið hafi verið gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim við tiltekin innkaup og getur hún þá, eftir kröfu kæranda, stöðvað útboð eða gerð samnings þar til endanlega hefur verið skorið úr kæru.

Þeim sem kæra beinist gegn skal að jafnaði gefinn skammur frestur til að tjá sig um hugsanlega stöðvun útboðs eða stöðvun samningsgerðar um stundarsakir. Víkja má frá þessu ef um er að ræða skýrt og augljóst brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Aðili máls getur krafist þess að nefndin rökstyðji ákvörðun samkvæmt þessari grein skriflega hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt.

81. gr.

Úrræði kærunefndar útboðsmála.

Nefndin getur með úrskurði fellt úr gildi eða breytt ákvörðun kaupanda vegna opinberra innkaupa, sbr. þó 83. gr. Nefndin getur lagt fyrir kaupanda að bjóða út tiltekin innkaup, auglýsa útboð á nýjan leik eða breyta útboðsauglýsingu, útboðslýsingu eða öðrum þáttum útboðsgagna.

Nefndin getur látið uppi álit sitt á skaðabótaskyldu kaupanda gagnvart kæranda, en tjáir sig ekki um fjárhæð skaðabóta.

Nefndin getur ákveðið að sá sem kæra beinist gegn greiði kæranda kostnað við að hafa kæruna uppi. Ef kæra er bersýnilega tilefnislaus eða höfð uppi í þeim tilgangi að tefja fyrir framgangi opinberra innkaupa getur nefndin úrskurðað kæranda til að greiða málskostnað sem rennur í ríkissjóð.

Ef ekki er farið að úrskurði nefndarinnar skv. 1. mgr. er henni heimilt að ákveða að leggja dagsektir á þann sem úrskurður beinist að. Sektir geta numið allt að 500.000 kr. fyrir hvern dag sem líður án þess að farið sé að úrskurði nefndarinnar. Ef úrskurði er skotið til dómstóla byrja dagsektir ekki að falla á fyrr en dómur er endanlegur.

Dagsektir skv. 4. mgr. renna í ríkissjóð. Gera má aðför, án undangengins dóms, til fullnustu dagsekta og úrskurðar um málskostnað skv. 3. mgr.

82. gr.

Starfsreglur fyrir kærunefnd útboðsmála.

Kærunefnd útboðsmála getur sett nánari reglur, sem ráðherra staðfestir, um framlagningu gagna, málsmeðferð fyrir nefndinni og birtingu úrskurða.

XIV. KAFLI

Gildi samninga og skaðabætur.

83. gr.

Ógilding samninga.

Eftir að samningur hefur verið gerður verður hann ekki felldur úr gildi eða honum breytt þótt ákvörðun kaupanda um framkvæmd útboðs eða gerð samnings hafi verið ólögmæt.

Nú gerir kaupandi samning þótt útboð eða samningsgerð hafi verið stöðvuð skv. 80. gr. og er þá allt að einu heimilt að ógilda samninginn og beita þeim úrræðum sem greinir í 81. gr.

Um gildi samninga, sem stofnað er til samkvæmt lögum þessum, fer að öðru leyti eftir almennum reglum.

84. gr.

Skaðabótaskylda.

Kaupandi er skaðabótaskyldur vegna þess tjóns sem brot á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim hefur í för með sér fyrir bjóðanda. Bjóðandi þarf einungis að sanna að hann hafi átt raunhæfa möguleika á að verða valinn af kaupanda og möguleikar hans hafi skerst við brotið. Bótafjárhæð skal miðast við kostnað við að undirbúa tilboð og taka þátt í útboði.

Um skaðabætur vegna brota á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim fer að öðru leyti eftir almennum reglum.

XV. KAFLI

Gildistaka, brottfall laga o.fl.

85. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

86. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

87. gr.

Við gildistöku laga þessara falla brott lög nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 302/1996, um innkaup ríkisins.

I. Viðauki A.

Þjónusta skv. 8. gr. tilskipunar 92/50/EBE.

	Þjónusta í flokki A	
Nr	Viðfangsefni	CPC-flokkunarnúmer
1	Viðhalds- og viðgerðarþjónusta	6612, 6122, 633, 886
2	Flutningaþjónusta á landi(1), þ.m.t. með brynvörðum bifreiðum, og hraðsendingarþjónusta, að undanskildum póstflutningum	712 (þó ekki 71235) 7512, 87304
3	Farþega- og vöruflutningaþjónusta í lofti, að undanskildum póstflutningum	73 (þó ekki 7321)
4	Póstflutningar á landi(1) og í lofti	71235, 7321
5	Fjarskiptaþjónusta(2)	752
6	Fjármagnsþjónusta; tryggingar; banka- og fjárfestingarþjónusta(3)	Úr 81812, 814
7	Tölvuþjónusta og skyld þjónusta	84
8	Þjónusta við rannsóknir og þróun(4)	85
9	Reikningshald, endurskoðun og bókfærsluþjónusta	862
10	Markaðsrannsóknir og þjónusta við skoðanakannanir	864
11	Ráðgjöf við stjórnun(5) og skyld þjónusta	865, 866
12	Arkitektaþjónusta; verkfræðiþjónusta og samræmd verkfræðiþjónusta; skipulagsþjónusta og þjónusta skrúðgarðyrkjumeistara; vísindaleg og tæknileg ráðgjöf sem tengist þessum greinum; tækniprófunar- og greiningarþjónusta	867
13	Auglýsingaþjónusta	871
14	Hreingerningar- og húsvarðarþjónusta	874, 82201 til 82206
15	Útgáfu- og prentunarþjónusta gegn gjaldi eða samkvæmt samningi	88442
16	Þjónusta við fráveitur og sorpeyðingu; hreinlætisþjónusta	94

(1) Að undanskildum járnbrautarflutningum sem heyra undir flokk 18.

(2) Að undanskildum talsíma- og fjarritaþjónustu, þráðlausum talsíma, boðkerfis- og gervihnattaþjónustu.

(3) Að undanskildum samningum um fjármagnsþjónustu í sambandi við útgáfu, sölu, kaup eða yfirfærslu verðbréfa og annarra fjármálaskjala, og seðlabankaþjónustu.

(4) Að undanskildum samningum um rannsóknir nema þar sem opinberir aðilar bera allan kostnað við þjónustuna sem um ræðir og hafa einkarétt til að njóta góðs af árangrinum af starfsemi sinni.

(5) Að undanskilinni þjónustu vegna gerðardóms og sáttameðferðar.

I. Viðauki B.

Þjónusta skv. 9. gr. tilskipunar 92/50/EBE.

	ÞJÓNUSTA Í FLOKKI B	
NR	VIÐFANGSEFNI	CPC-FLOKKUNARNÚMER
17	HÓTEL- OG VEITINGAÞJÓNUSTA	64
18	JÁRNBRAUTARFLUTNINGAR	711
19	FLUTNINGAR Á SJÓ EÐA VATNALEIÐUM	72
20	AUKA- EÐA VIÐBÓTARFLUTNINGAÞJÓNUSTA	74
21	LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA	861
22	RÁÐNINGARÞJÓNUSTA	872
23	ÖRYGGIS- OG EFTIRLITSÞJÓNUSTA, AÐ UNDANSKILDUM FLUTNINGUM MEÐ BRYNVÖRÐUM BIFREIÐUM	873 (ÞÓ EKKI 87304)
24	KENNSLA OG STARFSMENNTUNARÞJÓNUSTA	92
25	HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSMÁLAÞJÓNUSTA	93
26	TÓMSTUNDA-, MENNINGAR- OG ÍÞRÓTTAÞJÓNUSTA	96
27	ÖNNUR ÞJÓNUSTA	

II. Viðauki.

Skrá yfir atvinnustarfsemi samkvæmt almennri atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE), sbr. II. viðauka tilskipunar nr. 93/37/EBE.

SKRÁ YFIR ATVINNUSTARFSEMI SAMKVÆMT ALMENNRI ATVINNUGREINAFLOKKUN EVRÓPUBANDALAGSINS (NACE)

Flokkar	Hópar	Undirhópar og atriði	Lýsing
50			BYGGINGAR OG MANNVIRKJAGERÐ
	500		**Almenn byggingarvinna og mannvirkjagerð (ósérhæfð) og niðurrif**
		500.1	Almenn byggingarvinna og mannvirkjagerð (ósérhæfð)
		500.2	Niðurrif
	501		**Byggingar íbúða, skrifstofuhúsnæðis, sjúkrahúsa og annars húsnæðis til íbúðar eða annarra nota**
		501.1	Almenn byggingarverktakavinna
		501.2	Þaklagnir
		501.3	Smíði skorsteina, brennsluofna og miðstöðva
		501.4	Vatns- og rakaeinangrun
		501.5	Lagfæring og viðhald útveggja (málning, hreinsun o.s.frv.)
		501.6	Vinna við að reisa og taka niður vinnupalla
		501.7	Önnur sérhæfð vinna við byggingar (þar með talin trésmíði)
	502		**Mannvirkjagerð: vegagerð, brúarsmíði, járnbrautarlagning o.s.frv.**
		502.1	Almenn mannvirkjagerð
		502.2	Jarðvegsvinna
		502.3	Smíði brúa, ganga og stokka; borun
		502.4	Vatnsvirkjun (ár, skurðir, hafnir, stíflur, flóðgáttir og -garðar)
		502.5	Vegagerð (þar með talin sérhæfð lagning flugvalla og flugbrauta)
		502.6	Sérhæfð byggingarvinna við vatnsmannvirki (þ.e. við áveitur, framræslu, vatnsveitu, hreinsun og losun fráveituvatns o.s.frv.)
		502.7	Sérhæfð starfsemi á öðrun sviðum mannvirkjagerðar
	503		**Lagnavinna og einangrun**
		503.1	Almenn lagnavinna
		503.2	Gas- og vatnslagnir og uppsetning hreinlætistækja
		503.3	Uppsetning hitunar- og loftræstibúnaðar (miðstöðvarhitunar, loftkælingar, loftræstingar)
		503.4	Hljóð- og hitaeinangrun, einangrun gegn titringi
		503.5	Raflagnir
		503.6	Uppsetning loftneta og eldingavara, símalagnir o.s.frv.
	504		**Frágangur bygginga**
		504.1	Almenn frágangsvinna við byggingar
		504.2	Múrverk
		504.3	Innrétting, einkum samsetning á byggingarstað og/eða uppsetning (þar með talin lagning parketgólfa)
		504.4	Málningarvinna, glerjun, veggfóðrun
		504.5	Flísalagning og önnur gólf- og veggklæðing
		504.6	Önnur frágangsvinna við byggingar (arinhleðsla o.s.frv.)

1432. Frumvarp til laga [688. mál]

um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001.

(Eftir 2. umr., 18. maí.)

1. gr.

Við 31. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem verða 2. og 3. mgr. og orðast svo:

Fasteignamat ríkisins getur að eigin frumkvæði endurmetið einstakar eignir í því skyni að tryggja samræmt mat hliðstæðra eigna.

Berist beiðni um endurmat fasteignar frá öðrum en eiganda og Fasteignamat ríkisins telur ástæðu til breytinga skal eiganda tilkynnt um þá breytingu sem fyrirhugað er að gera á fasteignamati. Vilji eigandi ekki una þeirri breytingu skal veita honum a.m.k. fjögurra vikna frest til að tilkynna það með sannanlegum hætti til Fasteignamats ríkisins. Að öðrum kosti tekur breytt fasteignamat gildi að liðnum fresti.

2. gr.

2. málsl. 32. gr. laganna orðast svo: Málsmeðferð samkvæmt þessari grein og endurmat einstakra eigna skal fara eftir 31. gr. laganna.

3. gr.

3. mgr. 35. gr. laganna orðast svo:

Skráðu matsverði fasteigna skal breytt í Landskrá fasteigna í samræmi við framangreinda stuðla og skal það verð talið fasteignamatsverð frá og með 31. desember til jafnlengdar næsta ár nema sérstakt endurmat komi til.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1433. Skýrsla [745. mál]

félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Inngangur.

Íslenskur réttur hvílir á þeirri meginreglu að allir skuli jafnir fyrir lögum, óháð kynferði. Jöfn staða kynjanna hefur verið stjórnarskrárbundin frá árinu 1995, auk þess sem sérstök jafnréttislög hafa verið í gildi á Íslandi frá árinu 1976. Jafnréttislög eru mikilvægt tæki til að styrkja jafnréttisstarf og standa vörð um jafnrétti í samfélaginu, en það er löngu viðurkennt að í starfi að jafnrétti er í raun verið að breyta viðhorfum fólks til hefðbundinna kynhlutverka og kynbundinna ímynda. Jafnréttisstarf kallar því á sífellda samfélagsrýni, rannsóknir og sértækar aðgerðir til að brjóta nýjum hugmyndum braut. Mikilvægt er að sem flestir komi að þessu verki en þar hljóta þó stjórnvöld að gegna einna mikilvægasta hlutverkinu. Fram-

kvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum er einmitt framlag stjórnvalda til þessa verks. Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er kveðið á um að félagsmálaráðherra skuli leggja fyrir þingið tillögu að framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára. Nú er unnið eftir framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir tímabilið frá upphafi árs 1998 til loka árs 2001. Í skýrslunni er gerð grein fyrir því hvernig staða verkefna áætlunarinnar var um síðustu áramót.

Áður en gerð er grein fyrir stöðu þeirrar framkvæmdaáætlunar sem nú er unnið eftir er þó farið yfir verkefni fyrri framkvæmdaáætlunar sem ekki hefur áður verið gerð grein fyrir í skýrslu til þingsins, þar sem þeim var ólokið þegar síðast var fjallað um stöðu framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum í skýrslu félagsmálaráðherra til Alþingis.

Framkvæmdaáætlun 1993–97.

Félagsmálaráðherra fól Jafnréttisráði að hafa umsjón með að markmiðum framkvæmdaáætlunar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna 1993–1997 yrði náð á gildistíma hennar.

Í skýrslu Páls Péturssonar félagsmálaráðherra til Alþingis um stöðu og þróun jafnréttismála sem lögð var fyrir Alþingi í maí 1996 var gerð grein fyrir árangri af framkvæmdaáætluninni miðað við að gildistími hennar var hálfnaður.[1] Á árinu 1997 vann Skrifstofa jafnréttismála greinargerð fyrir félagsmálaráðherra þar sem lagt er mat á árangur framkvæmdaáætlunarinnar fyrir seinni hluta tímabilsins, þ.e. 1996 og 1997. Félagsmálaráðherra lagði fyrir Alþingi skýrslu þar að lútandi. Vísast til hennar um þau verkefni sem unnin voru á þeim tíma. Einstaka stærri verkefnum var ekki lokið á þessum tíma, þeim var því eðlilega ekki gerð skil í matsskýrslunni. Því þykir ástæða til að gera stuttlega grein fyrir þeim hér.

Verkefni A-7 Starfsmat — starfslýsingar.

Kerfisbundið mat á störfum ríkisstarfsmanna fari fram í því skyni að framfylgja 4. gr. jafnréttislaga sem kveður á um að greiða skuli konum og körlum jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Taka skal tillit til reynslu og þekkingar sem starfsmenn hafa öðlast, t.d. við ólaunuð umönnunar-, uppeldis- og heimilisstörf. Öllum atvinnurekendum ber skylda til að framfylgja ákvæði 4. gr. jafnréttislaganna. Lagt er fyrir stjórnvöld að þau framfylgi ákvæðinu.

Félagsmálaráðherra skipaði á fyrri hluta árs 1995 starfshóp um starfsmat sem samkvæmt skipunarbréfi er ætlað að safna upplýsingum og vinna að tillögum um starfsmat sem tækis til að draga úr launamun karla og kvenna. Í febrúar sama ár hafði komið út skýrsla Félagsvísindastofnunar og Jafnréttisráðs um laun og launamyndun.[2] Formaður starfshópsins var Siv Friðleifsdóttir alþingismaður en auk hennar áttu þar sæti fulltrúar Alþýðusambands Íslands, fjármálaráðuneytisins, Reykjavíkurborgar, Vinnumálasambandsins, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Á árinu 1996 réðst starfshópurinn í sérstakt tilraunaverkefni um framkvæmd á svonefndu HAC-starfsmatskerfi sem er sænskt að uppruna. Verkefnið var unnið í félagsmálaráðuneyt-

[1] Skýrsla Páls Péturssonar félagsmálaráðherra til Alþingis um stöðu og þróun jafnréttismála. Lögð fyrir Alþingi í maí 1996.

[2] *Launamyndun og kynbundinn launamunur. Þættir sem hafa áhrif á laun og starfsframa.* Skrifstofa jafnréttismála, 1995

inu. Verkefnisstjóri var Margrét Erlendsdóttir en auk þess lögðu Skrifstofa jafnréttismála og Reykjavíkurborg verkefninu til starfsmenn að hluta.

Tilraunaverkefni þetta um starfsmat var unnið í samstarfi við Ríkisspítala, Hitaveitu Reykjavíkur og Félagsmálastofnun Reykjavíkur. Verkefninu lauk með gerð skýrslu um framkvæmd verkefnisins, niðurstöður og ályktanir og er skýrslan til dreifingar hjá félagsmálaráðuneytinu og Jafnréttisstofu.[3]

Verkefni B-2.2. Jafnréttisráðgjafi.

Ráðinn verði jafnréttisráðgjafi á tímabilinu til reynslu. Hlutverk jafnréttisráðgjafa verði að vinna að leiðréttingu á stöðu kvenna í fyrirtækjum og stofnunum. Enn fremur vinni hann í samvinnu við atvinnuráðgjafa að fjölgun atvinnutækifæra fyrir konur. Jafnframt sinni jafnréttisráðgjafi, eftir því sem þörf krefur, jafnréttisstarfi á sviði menntamála og fjölskyldu-, félags- og heilbrigðismála í samvinnu við jafnréttisnefndir og starfsfólk viðkomandi ráðuneyta og stofnana.

Þar sem um var að ræða tímabundið verkefni til reynslu og meginviðfangsefnið var að fjölga atvinnutækifærum kvenna þótti rétt að leita til Byggðastofnunar með ósk um frekari afmörkun verkefnisins. Í ljósi atvinnuástands meðal kvenna á Norðurlandi vestra lagði Byggðastofnun til að verkinu yrði hrundið af stað þar. Um var að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára sem hófst árið 1998. Verkefninu eru gerð frekari skil í skýrslunni þar sem fjallað er um framkvæmdaáætlunina 1998–2001.

Verkefni B-2.3.2. Könnun á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum.

Gerð verði könnun á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum á Íslandi og umfangi hennar. Á grundvelli könnunarinnar og þeirrar þekkingar sem liggur fyrir hjá öðrum þjóðum verði unnið markvisst að því að auka umræðuna um og vinna gegn kynferðislegri áreitni á vinnustöðum. Sett verði ákvæði varðandi kynferðislega áreitni í viðeigandi löggjöf.

Félagsmálaráðherra fól Skrifstofu jafnréttismála og Vinnueftirliti ríkisins framkvæmd verkefnisins. Könnunin fór fram árið 1996 og í árslok 1998 var gefin út skýrsla sem m.a. innihélt niðurstöður hennar.[4] Í skýrslunni er einnig gerð grein fyrir lagalegri stöðu og meðferð þessara mála hér á landi og í nágrannalöndum okkar. Jafnframt er farið yfir ákvæði um kynferðislega áreitni sem samþykkt hafa verið hjá Evrópubandalaginu og af Alþjóðavinnumálastofnuninni. Í skýrslunni er jafnframt fjallað um hagnýt ráð til handa atvinnurekendum, starfsmönnum og þolendum kynferðislegrar áreitni.

Niðurstöður könnunarinnar sýndu, í stórum dráttum, að kynferðisleg áreitni var til staðar á íslenskum vinnumarkaði, að þolendur hennar voru að miklum meiri hluta konur og að kynferðisleg áreitni hefur áhrif á andlega og líkamlega heilsu þolenda.

Í nýjum lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er kynferðisleg áreitni skilgreind og kveðið á um ábyrgð vinnuveitenda eða skólastjórnenda til að gera fyrirbyggjandi ráðstafanir og hvernig standa skuli að meðferð máls verði yfirmaður kærður vegna meintrar kynferðislegrar áreitni. Með þessu ákvæði er m.a. brugðist við tilmælum í skýrslunni og ákvæði í verkefninu eins og það var afmarkað í framkvæmdaáætluninni.

[3] *Starfsmat gegn kynbundnum launamun.* Félagsmálaráðuneyti, 1999:3.
[4] *Kynferðisleg áreitni á vinnustöðum.* Vinnueftirlit ríkisins og Skrifstofa jafnréttismála, 1998.

Framkvæmdaáætlun 1998–2001.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum fyrir tímabilið frá upphafi árs 1998 til loka árs 2001 var lögð fyrir Alþingi sem tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Tillagan var samþykkt á Alþingi 28. maí 1998. Áætlunin var samin og samþykkt samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Til undirbúnings þessari framkvæmdaáætlunargerð og til almennrar kynningar á framkvæmdaáætlunum um aðgerðir í jafnréttismálum boðaði félagsmálaráðherra til funda í öllum kjördæmum landsins. Á fundunum reifaði ráðherra hugmyndir sínar um verkefni í jafnréttismálum og hlustað eftir hugmyndum landsmanna að nýjum verkefnum. Undirbúningur fundanna var í höndum félagsmálaráðuneytis og heimamanna á hverjum stað, en sá háttur var á hafður að heimamenn lögðu til fundarstjóra og tvo frummælendur. Lögð var áhersla á að sjónarmið beggja kynja kæmu fram í umræðunni og var því af hálfu ráðuneytisins lagt til að annar frummælenda yrði karl. Fundirnir voru vel sóttir. Formaður og framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs tóku þátt í fundunum og nýttu þeir m.a. hugmyndir sem þar voru reifaðar í tillögu sem Jafnréttisráð gerði að nýrri framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Við gerð þeirrar tillögu var einnig leitað eftir hugmyndum frá einstaka ráðuneytum og litið til samþykkta sem íslensk stjórnvöld hafa gert á vettvangi Norðurlandanna, í evrópsku samstarfi og hjá Sameinuðu þjóðunum. Sérstaklega var litið til Peking-áætlunarinnar, sem er framkvæmdaáætlun sem samþykkt var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna í Peking haustið 1995. Félagsmálaráðuneytið kynnti öllum ráðuneytum tillögu Jafnréttisráðs og bauð þeim að gera breytingar á áætluninni enda þótti mikilvægt að áætlunin væri í góðu samræmi við vilja ráðuneytanna um virkni og verkefni. Tillaga að þingsályktun um framkvæmdaáætlun var rædd á nokkrum ríkisstjórnarfundum og tóku ráðherrar ríkisstjórnarinnar virkan þátt í mótun hennar á lokastigi. Á þetta var lögð áhersla enda var um að ræða framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Félagsmálaráðherra lagði fram tillögu að þingsályktun að nýrri framkvæmdaáætlun fyrir Alþingi í byrjun árs 1998. Félagsmálanefnd lagði til nokkrar breytingar á áætluninni sem Alþingi samþykkti. Meðal annars var hert á ákvæðum um að hlutur kvenna í opinberum nefndum yrði aukinn, auk þess sem verkefni á vegum fjármálaráðuneytisins voru skilgreind frekar.

Á samráðsfundi fulltrúa félagsmálaráðuneytisins og Jafnréttisráðs sumarið 1998 var framkvæmdaáætlunin yfirfarin og verkefnum forgangsraðað. Félagsmálaráðherra skipaði síðan sérstakan stýrihóp sem var falið það verkefni að fylgja eftir framkvæmd áætlunarinnar. Í honum eiga sæti þingmennirnir Arnbjörg Sveinsdóttir og Magnús Stefánsson, Elín R. Líndal, formaður Jafnréttisráðs, og Sigríður Lillý Baldursdóttir, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, formaður stýrihópsins. Með breyttri skipan jafnréttismála með nýrri löggjöf þar um hefur Valgerður H. Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, og Guðrún A. Þorsteinsdóttir, lögfræðingur í félagsmálaráðuneyti, komið til starfa í stýrihópnum.

Framkvæmdaáætlunin skiptist í þrjá meginkafla:

1. *Inngang* þar sem markmið ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum eru kynnt.
2. *Verkefni ríkisstjórnarinnar* þar sem sameiginleg verkefni ríkisstjórnarinnar eru skilgreind.
3. *Verkefni einstakra ráðuneyta* þar er gerð grein fyrir séraðgerðum og/eða verkefnum sem einstaka ráðuneyti munu vinna að á gildistíma áætlunarinnar.

Í upphafi markmiðskafla framkvæmdaáætlunarinnar segir:

„Leiðarljós framkvæmdaáætlunarinnar er að sjónarmið jafnréttis verði fléttað inn í alla þætti stefnumótunar, ákvarðana og aðgerða á vegum ríkisins.“ Þetta sjónarmið er ítrekað í

lokaorðum kaflans en þar segir: „Ríkisstjórnin mun vinna að því að jafnréttissjónarmið verði samþætt allri opinberri stefnumótun og ákvarðanatöku. Samþætting krefst þess að jafnrétti kynjanna sé meðvitað haft í huga við alla áætlanagerð. Allir sem koma að stefnumótun og ákvarðanatöku þurfa því að hafa þekkingu á jafnréttismálum."

Með þessari samþykkt hafa íslensk stjórnvöld ákveðið að starfa að jafnrétti kynjanna í anda samþættingar en það sjónarmið hefur á undanförnum árum verið að ryðja sér til rúms við stefnumótun og í starfi að jafnrétti kynjanna.

Þegar litið er til þess hve vel hefur gengið að vinna þau verkefni sem skilgreind eru í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum verður ekki annað séð en stjórnvöld hafi fylgt ákvörðun sinni um samþættingu vel eftir því að þar eru öll ráðuneytin með verkefni á sínu sviði. Eru þá ótalin þau verkefni sem einstaka ráðuneyti eða ríkisstjórnin öll hefur staðið fyrir á tímabilinu en eru ekki tíunduð í framkvæmdaáætluninni. Í því sambandi er rétt að nefna hér ráðstefnuna „Konur og lýðræði" við árþúsundamót sem vakti mikla athygli og virkjaði marga til starfa að jafnréttismálum, innan stjórnsýslunnar jafnt sem utan hennar. Er það vel því það hlýtur að vera hið endanlega markmið stjórnvalda að jafnrétti sé samþætt öllum sviðum samfélagsins.

Í inngangsorðum framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum er einnig getið samstarfs karla og kvenna að jafnréttismálum. Í nýjum jafnréttislögum er sérstök áhersla lögð á aukna virkni karla í jafnréttisstarfi og með nýjum lögum um fæðingar- og foreldraorlof er einnig stigið mikilvægt skref í þá átt að gera körlum mögulegt að taka ábyrgan þátt í umönnun og uppeldi barna sinna. Bundnar eru vonir við að það virki þá enn frekar til starfa á vettvangi jafnréttismálanna. Í framkvæmdaáætluninni eru einnig skilgreind verkefni sem sérstaklega lúta að þátttöku karla í jafnréttisstarfi og hefur þeim miðað ágætlega.

Hér á eftir er farið yfir stöðu allra verkefna sem ákveðið var að vinna samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Til að einfalda samlestur áætlunarinnar og úttektarinnar eru verkefnin hér númeruð á sama hátt og þar.

Verkefni ríkisstjórnarinnar.

Í öðrum kafla framkvæmdaáætlunarinnar er kveðið á um sameiginleg verkefni ríkisstjórnarinnar. Það eru verkefni sem falla ekki undir verksvið eins ráðuneytis eða eru nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að vinna markvisst samkvæmt aðferðum samþættingarinnar í ráðuneytunum. Verkefnin eru eftirfarandi:

1. *Öll tölfræði kyngreind.*

   Ráðuneytum og ríkisstofnunum verður sent umburðarbréf þar sem kynnt verður sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að í öllum tölfræðilegum samantektum og skýrslum verði upplýsingar greindar eftir kyni. Hagstofa Íslands mun vinna með stofnunum ríkisins að framkvæmd þessa verkefnis. Skrifstofa jafnréttismála mun kanna framgang þess þegar liðin eru tvö ár frá gildistöku áætlunarinnar.

Samkvæmt framkvæmdaáætluninni skyldi öllum ráðuneytum og ríkisstofnunum sent umburðarbréf þar sem kynnt yrði sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að í öllum tölfræðilegum samantektum og skýrslum yrðu upplýsingar greindar eftir kyni. Forsætisráðuneytið fór þess á leit við Hagstofu Íslands með bréfi dags. 24. október 2000 að hún annaðist verkefni þetta í umboði forsætisráðuneytis, þ.e. að rita öllum viðkomandi ráðuneytum og ríkisstofnunum bréf „þar sem beðið yrði um að leitast verði við að uppfylla það markmið sem fram kemur í tilvitnuðum tölulið framkvæmdaáætlunarinnar". Forsætisráðuneytið samþykkti drög Hagstofunnar að slíku bréfi dags. 26. október 2000 og hefur bréfið verið sent út til ráðuneyta og

stofnana sem Hagstofan telur að varði um efni þess. Greining tölfræðiupplýsinga eftir kyni er lögfest í f-lið 1. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Samkvæmt sömu lögum hefur Jafnréttisstofa eftirlit með framkvæmd laganna, í samræmi við það mun stofan fylgja framkvæmd Hagstofunnar eftir á verkefninu.

2. *Kannað verður hvort opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynja.*
   Ríkisstjórnin mun skipa nefnd sem verður falið að kanna hvort og með hvaða hætti opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynjanna. Nefndin mun í upphafi verks leggja fyrir ríkisstjórn starfsramma og gera þar tillögur að þeim málaflokkum sem sérstaklega verða skoðaðir. Nefndin mun taka til starfa eigi síðar en 1. maí 1998 og verður starf hennar metið og endurskoðað ef þörf þykir að ári liðnu.

Samkvæmt framkvæmdaáætluninni skyldi skipa nefnd til að kanna hvort og með hvaða hætti opinber stefnumótun tæki mið af jafnrétti kynjanna. Í nefnd þessari, sem skipuð var í byrjun nóvember 2000, eiga sæti auk formanns fulltrúar tilnefndir af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands, Þjóðhagsstofnun, Hagstofu Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Nefndinni er ætlað að skila forsætisráðuneytinu skýrslu fyrir árslok 2001.

3. *Jafnrétti hjá ríkisstofnunum.*
   Í árangursstjórnunarsamningum milli ráðuneyta og stofnana verði sérstaklega vikið að 6. gr. laga um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna sem m.a. tekur til jafnréttismála. Þá verði í erindisbréfum forstöðumanna stofnana sérstaklega minnt á að stuðlað skuli að jafnrétti kynjanna í starfsemi stofnunarinnar.

Samkvæmt framkvæmdaáætluninni skal í árangursstjórnunarsamningum vísað til ákvæða laga um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna er lúta að jafnrétti kynjanna. Einnig verði í erindisbréfum forstöðumanna stofnana sérstaklega minnt á að stuðla að jafnrétti kynjanna. Gerð árangursstjórnunarsamninga og frágangur erindisbréfa er á ábyrgð einstakra ráðuneyta. Lausleg athugun fjármálaráðuneytis bendir til þess að afar misjafnt sé hvernig þessum ásetningi, sem fram kemur í framkvæmdaáætluninni, hefur verið framfylgt. Almennar tilvísanir í lög eru fátíðar í árangursstjórnunarsamningum og er það með ráði gert að forðast slíkar tilvísanir, þar sem leitast hefur verið við að hafa þessa samninga stutta og sértæka fyrir viðkomandi stofnun. Í erindisbréfum forstöðumanna stofnana er á hinn bóginn almennt vísað til starfsmannalaga og í erindisbréfum margra ráðuneyta er sérstaklega minnt á þá skyldu forstöðumanna að virða jafnrétti kynjanna.

4. *Konur og efnahagsmál – konur og efnahagsleg völd.*
   Skipuð verður nefnd sem mun leggja fyrir ríkisstjórn tillögu að rannsóknarverkefni um efnahagsleg völd kvenna og karla og hvar þau liggja í íslensku samfélagi.

Í framkvæmdaáætluninni segir að skipuð verði nefnd til að leggja fyrir ríkisstjórn tillögu að rannsóknarverkefni um efnahagsleg völd kvenna og karla og hvar þau liggja í íslensku samfélagi. Nefnd þessi var skipuð af forsætisráðherra með bréfi dags. 16. október 2000. Í henni eiga sæti þrír sérfræðingar og er þeim ætlað, í fyrsta lagi, að skilgreina verkefnið og gera tillögur um afmörkuð rannsóknarverkefni, og, í öðru lagi, að hafa yfirumsjón með þessum rannsóknarverkefnum og að draga niðurstöður þeirra saman í skilagrein, þar sem fjallað verði um viðfangsefni nefndarinnar með almennari hætti.

Verkefni einstakra ráðuneyta.

Í þriðja kafla áætlunarinnar er gerð grein fyrir verkefnum einstakra ráðuneyta. Þar er ýmist um að ræða sértæk verkefni sem beinast sérstaklega að stöðu kvenna og aðgerðum til að bæta þar úr eða verkefni sem horfa til stöðu karla. Önnur verkefni taka til beggja kynja og einnig er lögð áhersla á stöðu fjölskyldunnar og möguleika fjölskyldufólks til að samþætta atvinnulíf og fjölskyldulíf. Dæmi um verkefni af þessum toga eru: átak til að fjölga konum í lögreglu og meðal fangavarða, könnun á vægi hlutastarfa og starfa sem unnin eru án fastráðningar og utan hefðbundinna vinnustaða hjá konum annars vegar og körlum hins vegar, rannsókn á viðhorfum og væntingum karla og kvenna til atvinnulífs og samspil þess við fjölskylduna, sérstaða sjómanna og fjölskylduaðstæður þeirra verði kannaðar og breytingar á ákvæðum fæðingarorlofs sem tryggi báðum foreldrum rétt til orlofs. Þá er öllum ráðuneytum gert að kanna stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig skuli rétta hlut kynjanna. Einnig er öllum ráðuneytum gert að vinna að auknum hlut kvenna í opinberum nefndum og ráðum.

1. Forsætisráðuneytið.

1.1. Endurskoðun á kjördæmaskipan og kosningareglum.

Nefnd forsætisráðherra um endurskoðun kjördæmaskipunar og kosningalaga mun í skýrslu sinni leggja fram sérstaka úttekt á áhrifum mismunandi kosningakerfa, þar á meðal á möguleika kvenna og karla til að hljóta kosningu til Alþingis og sveitarstjórna. Í þessu skyni mun nefndin afla upplýsinga erlendis frá um rannsóknir og skýrslur á þessu sviði en gerist þess þörf verður unnin sérstök athugun fyrir ráðuneytið.

Einstök verkefni forsætisráðuneytisins eru m.a. endurskoðun á kjördæmaskipan og kosningareglum. Samkvæmt þessum lið framkvæmdaáætlunarinnar skyldi nefnd forsætisráðherra um endurskoðun kjördæmaskipunar og kosningalaga leggja fram sérstaka úttekt á áhrifum mismunandi kosningakerfa, þar á meðal á möguleika kvenna og karla til að hljóta kosningu til Alþingis og sveitarstjórna. Nefnd forsætisráðherra um endurskoðun kjördæmaskipunar og tilhögun kosninga til Alþingis var falið að láta fara fram sérstaka úttekt á áhrifum mismunandi kosningakerfa á möguleika kvenna og karla til að hljóta kosningu til Alþingis og sveitarstjórna. Í þessu skyni fór nefndin þess á leit við Stefán Má Stefánsson prófessor að úttekt þessi yrði felld inn í rannsóknarverkefni um jafnræði sem þá var unnið að á vegum Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands undir hans stjórn og var Ragnheiði Elfu Þorsteinsdóttur falið að sinna þessu verkefni. Álit á vegum stofnunarinnar, dagsett í október 1998, var birt sem fylgiskjal nr. 7 með skýrslu nefndarinnar undir yfirskriftinni: Jafn réttur karla og kvenna til að kjósa og vera kjörin til þjóðþinga og héraðsstjórna. Í skýrslu nefndarinnar, sem lögð var fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99 (þskj. 141 — 141. mál), var 11. kafli helgaður hlut kvenna í stjórnmálum. Þar kemur fram að niðurstöður rannsókna hafi sýnt fram á talsverða fylgni milli fjölda kvenna á þingi og ákveðinna þátta kosningaskipulags, einkum hlutfallskosninga og stórra kjördæma. Í því ljósi telji nefndin að tillögur hennar um stækkun kjördæma skapi ekki síðri skilyrði fyrir stjórnmálaþátttöku kvenna. Breytingar á stjórnarskrá og lögum um kosningar til Alþingis, sem byggðust í öllum meginatriðum á tillögum þessarar nefndar, gengu síðan eftir í stjórnarskipunarlögum, nr. 77/1999, og lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000. Leggur nefndin áherslu á að önnur nefnd, sem skipuð hafi verið samkvæmt ályktun frá 122. löggjafarþingi, um aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum, hafi haft hliðsjón af niðurstöðum rannsókna fræðimanna á þessu sviði.

1.2. Þróun upplýsingasamfélagsins.

Ríkisstjórnin hefur þegar samþykkt stefnumótun um málefni upplýsingasamfélagsins og skipað verkefnisstjórn með fulltrúum fimm ráðuneyta. Forsætisráðuneytið mun fela verkefnisstjórninni að kanna hvernig aðrar þjóðir og alþjóðasamtök fylgjast með og reyna að hafa áhrif á þróun upplýsingasamfélagsins með tilliti til mismunandi stöðu kvenna og karla. Jafnframt verði staða þessara mála hér á landi könnuð. Gagnasöfnun verði lokið fyrir árið 2000 og á grundvelli hennar verða teknar ákvarðanir um hugsanlegar aðgerðir.

Forsætisráðuneytið fól verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið, sem starfar á vegum ríkisstjórnar og forsætisráðuneytis, að kanna hvernig aðrar þjóðir og alþjóðasamtök fylgjast með og reyna að hafa áhrif á þróun upplýsingasamfélagsins með tilliti til mismunandi stöðu karla og kvenna. Jafnframt skyldi staða þessara mála hér á landi könnuð. Verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið átti frumkvæði að og skipulagði fjölsótta ráðstefnu um konur og upplýsingatækni 14. apríl árið 2000. Yfirmarkmið ráðstefnunnar var að stuðla að fjölgun kvenna í störfum í upplýsingaiðnaði og aukinni þátttöku kvenna í mótun upplýsingasamfélagsins. Efnt var til víðtæks samráðs um þetta verkefni þar sem þátttakendur voru: Jafnréttisráð, Skýrslutæknifélag Íslands, Rannsóknastofa í kvennafræðum, Félag tölvunarfræðinga, Jafnréttisnefnd HÍ, menntamálaráðuneyti og Verkfræðingafélag Íslands auk verkefnisstjórnar um upplýsingasamfélagið. Samráðshópurinn tók saman tölulegar upplýsingar um stöðu kvenna í upplýsingasamfélaginu á Íslandi. Einnig var tekið saman efni frá fjölda kvenna sem stunda störf tengd upplýsingatækni þar sem þær segja frá námi sínu og starfi. Tveir erlendir sérfræðingar héldu erindi á ráðstefnunni. Allt þetta efni ásamt fyrirlestrum sem fluttir voru á ráðstefnunni má finna á vef sem sérstaklega var settur upp í tengslum við þessa ráðstefnu. Vefslóðin er www.simnet.is/konur.

1.3. Staða kvenna á landsbyggðinni.

Ráðuneytið mun kanna sérstaklega hvaða áhrif atvinnu- og þjóðfélagsbreytingar á undanförnum árum hafi haft á stöðu kvenna á landsbyggðinni og þar með á möguleika þeirra til náms og atvinnu. Könnuninni ljúki fyrir árslok 1998. Á grundvelli niðurstaðna verði lagðar fram tillögur til úrbóta sem miði að því að styrkja sérstaklega stöðu kvenna á landsbyggðinni.

Einstaka verkefni áætlunarinnar eru samvinnuverkefni einstakra ráðuneyta. Sem dæmi skal nefna verkefni iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis sem beinist að stöðu kvenna á landsbyggðinni með áherslu á atvinnuuppbyggingu. Forsætisráðuneytið fól Þjóðhagsstofnun að annast framangreint verkefni. Skýrsla um efnið var gefin út af félagsmálaráðuneyti og er hana að finna í heild sinni á vefsíðum Stjórnarráðsins (sjá félagsmálaráðuneyti, útgefið efni, jafnréttismál). Í skýrslunni eru ekki gerðar beinar tillögur, sem hrinda mætti í framkvæmd sem slíkum, en ljóst er að skýrslan er innlegg í umræðu um jafnréttis- og byggðamál og verður hún tekin til nánari skoðunar af hlutaðeigandi ráðuneytum og stofnunum. Ætlunin er að á grundvelli niðurstaðna verði lagðar fram tillögur til úrbóta, er miði að því að styrkja stöðu kvenna á landsbyggðinni.

1.4. Átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum og kalla til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er.

Hlutur kvenna í nefndum og ráðum á vegum forsætisráðuneytisins hefur vaxið á undanförnum árum. Yfir þriðjungur þeirra sem sitja í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins eru konur, og þær gegna formennsku í ríflega þriðjungi þessara nefnda og ráða.

1.5. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

Ekki hefur verið skipuð sérstök jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

2. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

2.1. Hvatning til kvenna sem og karla að sækja um störf.

Ráðuneytið hefur sett sér að fylgja þeirri stefnu að orða starfsauglýsingar þannig að fram komi hvatning um að konur jafnt sem karlar sæki um viðkomandi störf.

Ráðuneytið hefur fylgt þeirri stefnu með fáum undantekningum að orða starfsauglýsingar þannig að fram komi hvatning um að konur jafnt sem karlar sæki um viðkomandi störf.

2.2. Hlutur kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Stefnt verður að því að auka enn hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins og óskað eftir að tilnefningum verði hagað svo að því markmiði verði náð.

Ráðuneytið hefur unnið að því að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins og óskað eftir að tilnefningum verði hagað svo að því markmiði verði náð. Á tímabilinu hefur fjöldi kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins aukist úr 19,3% í 26,3%.

2.3. Fjölgun kvenna í lögreglu og meðal fangavarða.

Markvisst verður stefnt að því að ráða fleiri konur í störf lögreglumanna og fangavarða. Í því skyni verða konur hvattar til að sækja um störf sem auglýst eru.

2.4. Staða kvenna innan lögreglunnar.

Lögreglan er fjölmennust þeirra starfsstétta sem heyra undir ráðuneyti dómsmála. Með nýrri skipan á vali nemenda í lögregluskólanum hefur konum þegar fjölgað í hópi nemenda og mun það að öllum líkindum verða til þess að auka hlut kvenna í lögreglunni þegar fram í sækir. Jafnframt því að stuðla að fjölgun kvenna innan lögreglunnar mun dómsmálaráðuneytið huga sérstaklega að stöðu þeirra kvenna sem starfa í lögreglunni.

Ráðuneytið hefur unnið að því að fjölga konum í störfum lögreglumanna og fangavarða. Á árinu 1996 var hlutfall kvenna í lögreglustörfum 4,3% en hefur síðan aukist jafnt og þétt og er nú 8,02%. Til þess að skoða þróunina betur má líta á tölur um útskriftarnema í Lögregluskóla ríkisins. Á árinu 1997 var hlutfall kvenna sem útskrifuðust úr Lögregluskólanum 7,14% en á sl. vori var þetta hlutfall 16,13%. Af þeim hópi sem útskrifaðist í desember árið 2000 var hlutfall kvenna 19,35%. Á árinu 1996 var hlutfall kvenna í störfum fangavarða 7,7% en er nú 15,6%. Starfa nú 15 konur við fangavörslu. Ráðuneytið hefur hugað sérstaklega að stöðu þeirra kvenna sem starfa innan lögreglunnar. Á árinu 1996 voru konur 1,49% af þeim sem eru í helstu yfirmannastöðum innan lögreglunnar en voru á sl. sumri 2,36%. Þótt hér sé ekki um margar stöður að ræða skal þess getið að á árinu 1996 var engin kona í störfum yfirlögregluþjóns, aðstoðaryfirlögregluþjóns eða aðalvarðstjóra en ein kona var í stöðu lögreglufulltrúa. Nú er ein kona aðstoðaryfirlögregluþjónn, ein kona aðalvarðstjóri og tvær konur lögreglufulltrúar. Rétt er að taka fram að þrátt fyrir hvatningu til kvenna um að sækja um lausar stöður yfirmanna er fátítt að þær sæki um. Þannig voru á árinu 2000 auglýstar lausar til umsóknar 34 yfirmannastöður í lögreglunni. Um þær sóttu fimm konur og 106 karlar. Af þeim sem hlutu stöðurnar voru fjórar konur og einn karlmaður.

2.5. Meðferð heimilisofbeldismála.

Nefnd, sem dómsmálaráðherra skipaði til að kanna orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis, svo og annars ofbeldis gegn konum og börnum, skilaði skýrslu um niðurstöður sínar. Í ljósi niðurstaðna nefndarinnar skipaði dómsmálaráðherra þrjár nefndir til að huga að meðferð þessara mála. Einni nefndinni var ætlað að huga að nauðsynlegum breytingum á löggjöf til að sporna við heimilisofbeldi, huga að því með hvaða hætti unnt sé að efla starf félagasamtaka sem sinna forvarnamálum og hjálparúrræðum á þessu sviði og gera tillögur um forvarnaaðgerðir og hjálparúrræði fyrir brotaþola og gerendur. Hinum nefndunum tveimur var falið að huga að meðferð þeirra mála sem hér um ræðir, annars vegar á rannsóknarstigi en hins vegar í dómskerfinu, og leggja fyrir dómsmálaráðherra tillögur um nauðsynlegar úrbætur í því efni, þar á meðal um breytingar á refsi- og réttarfarslöggjöf, ef því er að skipta.

2.6. Staða þolenda afbrota.

Nefnd, sem dómsmálaráðherra skipaði til að athuga hvort taka ætti upp það fyrirkomulag að ríkissjóður ábyrgðist greiðslur dæmdra bóta vegna kynferðisbrota eða annarra grófra ofbeldisbrota, samdi frumvarp sem varð að lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Nefndinni var einnig falið að athuga hvort setja ætti í lög reglur um nálgunarbann og hvort þolendur gætu átt betri aðgang að rannsóknarferlinu. Meðal þeirra úrræða sem nefndin hefur fjallað um er réttur brotaþola til lögmannsaðstoðar þeim að kostnaðarlausu. Nefndin vinnur nú að tillögum um breytingar á refsi- og réttarfarslöggjöf er miða að bættri stöðu brotaþola að þessu leyti.

Það nefndarstarf sem unnið hefur verið um meðferð heimilisofbeldismála leiddi meðal annars af sér breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum, þar sem mælt er fyrir um nálgunarbann. Samkvæmt því er unnt að banna manni með dómsúrskurði að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðru móti í samband við annan mann, ef rökstudd ástæða er til að ætla að hann mundi fremja afbrot eða raska friði þess manns sem á í hlut. Brot á nálgunarbanni varðar eins árs fangelsi og tveggja ára fangelsi ef brot er ítrekað eða stórfellt. Með lögum nr. 36/1999 voru ýmsar breytingar gerðar á ákvæðum laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, í því skyni að bæta stöðu þolenda kynferðisbrota. Eftir breytingarnar eiga brotaþolar í kynferðisbrotamálum rétt á því að þeim verði á kostnað ríkissjóðs skipaður löglærður talsmaður, réttargæslumaður, er gæti hagsmuna þeirra í sambandi við rannsókn og málsmeðferð sakamálsins og veiti brotaþola aðra aðstoð sem eðlileg er í sambandi við málið.

Lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, hefur verið breytt þannig að víkja má frá ákvæðum laganna um tímafresti til að koma fram kröfu um bætur þegar veigamikil rök mæla með því.

2.7. Staða kvenna innan þjóðkirkjunnar.

Dóms- og kirkjumálaráðherra mun beina þeim tilmælum til biskupsstofu að sérstaklega verði hugað að stöðu kvenna innan þjóðkirkjunnar. Stefnt verði að því að aukin verði þátttaka kvenna í ráðum og nefndum á vegum þjóðkirkjunnar og að jafnað verði hlutfall karla og kvenna í trúnaðarstörfum innan hennar. Í því skyni verði tekið mið af niðurstöðum nefndar sem biskup hefur skipað til að skoða jafnréttismál í þjóðkirkjunni. Nefndinni er í fyrsta lagi ætlað að gera sér grein fyrir stöðu mála hvað varðar jafnrétti kynja í kirkjunni, í öðru lagi að kynna sér stöðu þessara eða svipaðra mála meðal nágrannakirkna á Norðurlöndum og í Alkirkjuráðinu og Lúterska heimssambandinu og kynna stefnu þessara fjölþjóðasamtaka

sem íslenska kirkjan tilheyrir og í þriðja lagi að gera tillögur um úrbætur sjái nefndin möguleika á því að koma slíku fram.

Á kirkjuþingi árið 1998 var samþykkt jafnréttisáætlun kirkjunnar sem tók gildi 1. janúar árið 1999. Í samræmi við ákvæði jafnréttisáætlunar var sett á stofn jafnréttisnefnd sem tók til starfa um leið og jafnréttisáætlun tók gildi.

Jafnréttisáætlun kirkjunnar leggur megináherslu á eftirfarandi málefni:

1. Að rétta hlut kvenna innan kirkjunnar.
2. Að jafna aðild kynjanna að nefndum og ráðum og yfirstjórn kirkjunnar.
3. Að stuðla að jöfnun launa og aðstöðu kvenna og karla innan kirkjunnar.
4. Að vinna að fræðslu um jafnrétti.
5. Að vinna að endurskoðun málfars í kirkjulegri boðun og starfi.

Konum hefur fjölgað í prestastétt á undanförnum árum. Konur eru nú um 20% í hópi starfandi presta, en konur eru tiltölulega fæstar í hópi sóknarpresta. T.d. er aðeins ein kona starfandi sóknarprestur á öllu höfuðborgarsvæðinu og hefur svo verið síðan 1986. Konum hefur einnig fjölgað í hópi prófasta, en þær eru nú 3 af 16 eða um 20%. Kona var í fyrsta skipti skipaður prófastur árið 1998, en áður hafði ein kona leyst prófast af. Enn hefur kona ekki hlotið biskupsvígslu hér á landi.

Á kirkjuþingi fækkaði konum úr þremur í eina þegar kosningar fóru fram sumarið 1998. Nú situr engin kona úr hópi leikmanna á kirkjuþingi, en ein úr hópi presta. Konur hafa því tæp 5% fulltrúa á kirkjuþingi. Kona er nú í fyrsta skiptið í kirkjuráði, en meðlimir kirkjuráðs eru alls fimm. Er hér um að ræða æðstu stöðu sem kona hefur gegnt innan íslensku kirkjunnar fram að þessu.

Í guðfræðideild eru nú um 70% nemenda konur. Það þýðir þó ekki að konur séu 70% í hópi útskrifaðra nemenda. Kona gegnir nú í fyrsta skipti fastri kennarastöðu við guðfræðideildina, en kona var ráðin lektor við guðfræðideild 1. janúar 2000.

Ekki liggja fyrir tölur um samsetningu sóknarnefnda. Tölur um kynjahlutfall sóknarnefndarformanna liggja hins vegar fyrir og kemur þar fram að konur eru um 35% af formönnum sóknarnefnda. Sú tala segir þó ekki alla sögu, þar sem um er að ræða mjög misjafna dreifingu þeirra um landið. Konur eru fæstar í hópi sóknarnefndarformanna á höfuðborgarsvæðinu. Í öllum nefndum og stjórnum sem starfa á vegum kirkjunnar gætir enn talsverðs kynjamismunar. Hreinum karla- og kvennanefndum hefur þó fækkað, en hreinar karlanefndir eru nú alls níu en aðeins ein kvennanefnd. Þá eru formenn nefnda í mun fleiri tilfellum karlar en konur.

2.8. Forsjár- og umgengnismál.

Dómsmálaráðherra skipaði á árinu 1997 nefnd til að kanna stöðu forsjár- og umgengnismála. Nefndinni var m.a. falið að kanna reynslu þá er fengist hefur af sameiginlegri forsjá hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum, hvaða úrræði eru líkleg til að draga úr fjölda brota vegna umgengnisréttar og -skyldu, hvaða upplýsingar og fræðsla standa foreldrum til boða í tengslum við skilnaðar-, forsjár- og umgengnismál, hvernig auka megi þá fræðslu ef þess er talin þörf og hverjar eru raunverulega samvistir barna við það foreldri sem þau búa ekki hjá.

Forsjárnefnd skilaði dómsmálaráðherra áfangaskýrslu í júní 1999 og lagði fram eftirfarandi tillögu til úrbóta:

1. Ráðgjöf vegna skilnaðar eða slita á óvígðri sambúð.

   Nefndin lagði til að strax á árinu 1999 yrði ráðist í tilraunaverkefni við a.m.k. eitt sýslumannsembætti um þverfaglega ráðgjöf fyrir foreldra. Tilraunin yrði framkvæmd í 12 mánuði og árangur metinn að tilraunatíma loknum.

Á árinu 2000 var síðan hleypt af stokkunum tilraunaverkefni hjá embætti sýslumannsins í Reykjavík sem laut að sáttaumleitunum í umgengnis- og forsjármálum, bæði í skilnaðarmálum og málum sem ekki tengjast þeim. Árangurinn reyndist mjög góður og hefur nú verið lagt fram á Alþingi frumvarp til breytinga á barnalögum, þar sem gert er ráð fyrir að slíka sáttaþjónustu verði hægt að fá hjá öllum sýslumannsembættum.

2. Sameiginleg forsjá foreldra verði meginregla.
3. Lagabreytingar til að bæta réttarstöðu forsjárlauss foreldris.

2.9. Jafnrétti — mannréttindi.

Á vegum dómsmálaráðuneytis verði skipulögð námskeið fyrir opinbera embættismenn um mannréttindamál, m.a. um mannréttindi kvenna sérstaklega.

Ráðuneytið hefur lagt áherslu á fræðslu um mannréttindi og hafa starfsmenn þess haldið fræðsluerindi og staðið fyrir námskeiðum fyrir ýmsa starfshópa svo sem ákærendur, lögreglumenn og fleiri. Í lögregluskólanum eru mannréttindi meðal námsgreina.

2.10. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

Ráðuneytið hefur unnið að endurskoðun á jafnréttisstefnu þess og er í smíðum sérstök jafnréttisyfirlýsing sem ráðherra mun gefa út, en þar er m.a. tekið á kynferðislegri áreitni. Ráðuneytið hefur einnig útnefnt sérstakan jafnréttisfulltrúa úr hópi starfsmanna og er ætlunin að starfsmenn ráðuneytis og undirstofnana þess geti leitað til hans með kvartanir og kærumál.

Önnur verkefni:

Ráðuneytið hefur einnig unnið að verkefni tengdu vændi á Íslandi. Ríkisstjórnin samþykkti sérstaka fjárveitingu til að framkvæmd yrði rannsókn á vændi á Íslandi. Sumarið 2000 fól dómsmálaráðuneytið sérfræðingum að gera úttekt á umfangi vændis hér á landi. Var rannsóknin einkum byggð á viðtölum, einkum við ungar stúlkur sem ánetjast hafa fíkniefnaneyslu svo og við nektardansmeyjar og aðra sem tengjast starfsemi nektardansstaða. Áfangaskýrsla liggur nú fyrir og hafa niðurstöður hennar verið kynntar.

Jafnframt hefur verið lögð fram af dómsmálaráðherra skýrsla um samanburð á lagaumhverfi á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum varðandi löggjöf og eftirlit með klámi, vændi o.fl. en skýrsla þessi er svar við beiðni nokkurra þingmanna.

Dómsmálaráðherra hefur á erlendum og innlendum vettvangi lagt áherslu á baráttuna gegn svokallaðri „hvítri þrælasölu“, en slík verslun með fólk er víðtæk um heim allan og viðfangsefni skipulagðra glæpahringja. Á dómsmálaráðherrafundum norrænna og baltneskra ráðherra hefur þetta efni verið á dagskrá og er unnið að því að samstilla aðgerðir lögregluyfirvalda á þessu sviði.

3. Félagsmálaráðuneytið.

3.1. Jafnréttisumsögn.

Félagsmálaráðherra mun á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar sjá til þess að komið verði á reglubundnu mati á stjórnarfrumvörpum með tilliti til jafnréttis kynjanna. Jafnréttisumsögn verði gerð og látin fylgja stjórnarfrumvörpum við framlagningu þeirra á Alþingi.

Myndaður hefur verið samstarfshópur tengiliða þriggja ráðuneyta, félagsmálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og fjármálaráðuneytis sem falið hefur verið að gera tillögur

að gerð jafnréttisumsókna um frumvörp ráðherra þessara ráðuneyta. Stefnt er að því að á haustþingi 2001 verði hafist handa við matsgerðir á frumvörpum frá þessum ráðuneytum.

3.2. Fræðsla um jafnréttismál.

Skipulögð verða námskeið fyrir yfirmenn ráðuneyta og ríkisstofnana og aðra stjórnendur um markmið og leiðir í jafnréttisstarfinu, þeirra hlutverk ásamt kynningu á framkvæmdaáætluninni. Námskeiðin verði haldin á fyrri hluta ársins 1998. Námskeiðin verði haldin með svipuðum hætti og nýafstaðin námskeið um stjórnsýslu- og upplýsingalög.

Nokkur undanfarin ár lagði Jafnréttisráð/Skrifstofa jafnréttismála áherslu á að auka fræðslu um jafnréttismál og þá sérstaklega til yfirmanna bæði í opinberum stofnunum og á almenna vinnumarkaðnum. Markviss fræðsla um jafnrétti og hvernig ólík staða kynjanna getur haft ófyrirséð áhrif er mikilvæg forsenda samþættingar. Þegar hefur verið haldið námskeið fyrir stjórnendur í félagsmálaráðuneytinu og undirstofnunum þess. Þá hefur Skrifstofa jafnréttismála í samvinnu við jafnréttisnefnd Háskóla Íslands skipulagt námskeið fyrir embættismenn Háskólans, bæði á sviði kennslu- og fræðimennsku sem og á rekstrarsviði. Inntak námskeiðsins var hugtakið samþætting og nýjar leiðir í jafnréttismálum þar sem m.a. var lögð áhersla á fræðslu til þeirra sem hafa áhrif á stefnumótun og ákvarðanatöku.

Frekari fræðsla samkvæmt þessum lið framkvæmdaáætlunarinnar er í undirbúningi hjá Jafnréttisstofu.

3.3. Aukin virkni kvenna í stjórnmálum.

Skipuð verður nefnd sem falið verður að kanna hvernig megi auka virkni kvenna og þátttöku þeirra í almennu stjórnmálastarfi.

Á grundvelli þessarar greinar framkvæmdaáætlunarinnar var 2. júní 1998 samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga um aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum. Tillagan var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd með fulltrúum stjórnmálaflokka, skrifstofu jafnréttismála og Kvenréttindafélags Íslands til að skipuleggja þverpólitískar aðgerðir til að bæta hlut kvenna í stjórnmálum. Nefndin starfi a.m.k. í fimm ár, taki til starfa hið fyrsta og hafi heimild til að ráða sér verkefnisstjóra, sem starfi á skrifstofu jafnréttismála. Nefndin annist fræðslu, auglýsingaherferðir og útgáfu og hafi allt að 5 millj. kr. til ráðstöfunar í þessu skyni árið 1998 og síðan fjárveitingar samkvæmt fjárlögum."

Flutningsmenn tillögunnar voru sex konur og sex karlar. Fyrsti flutningsmaður var Siv Friðleifsdóttir.

Páll Pétursson félagsmálaráðherra skipaði nefnd um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum í september 1998 eftir tilnefningu frá þingflokkum allra stjórnmálaflokka, frá Jafnréttisráði og frá Kvenréttindafélagi Íslands. Eftirtaldar voru skipaðir í nefndina: Siv Friðleifsdóttir Framsóknarflokki, formaður, Arnbjörg Sveinsdóttir Sjálfstæðisflokki, Bryndís Hlöðversdóttir Alþýðubandalagi, Hólmfríður Sveinsdóttir Alþýðuflokki, Kristín Halldórsdóttir Samtökum um kvennalista, Elsa. S. Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Skrifstofu jafnréttismála, og Ragnhildur Guðmundsdóttir Kvenréttindafélagi Íslands. Eftir kosningar til Alþingis 1999 var Hildur Helga Gísladóttir skipuð sem formaður í stað Sivjar Friðleifsdóttur. Bryndís Hlöðversdóttir hætti setu í nefndinni og Hólmfríður Sveinsdóttir tók sæti Samfylkingarinnar og Kristín Halldórsdóttir tók sæti Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs. Þá gekk Margrét Sverrisdóttir til liðs við nefndina, sem fulltrúi Frjálslynda flokksins, og Valgerður H. Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, tók sæti Elsu Þorkelsdóttur. Verkefnisstjóri nefndarinnar er Una María Óskarsdóttir og tók hún til starfa í október 1998. Skrifstofa nefndarinnar

var fyrst í húsnæði Skrifstofu jafnréttismála en nefndin flutti aðsetur sitt í nóvember 2000 í Hafnarhúsið við Tryggvagötu.

Nefnd um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum hefur staðið fyrir margvíslegum verkefnum sem hafa vakið mikla athygli og hafa að öllum líkindum haft afgerandi áhrif í þá veru að fjölga konum á þingi og auka virkni kvenna almennt í stjórnmálum. Hlutur kvenna á Alþingi var 25% eftir kosningar árið 1995 og fyrstu skref nefndarinnar voru að vinna að auknum hlut kvenna á Alþingi í kosningum 1999. Markmiðið var m.a. að fá umfjöllun og ná athygli ráðamanna stjórnmálaafla og almennings um uppröðun á framboðslista. Ráðist var í sérstæða auglýsingaherferð í dagblöðum og sjónvarpi sem hafði það aðalmarkmið að fræða fólk og vekja það til umhugsunar um að auka þyrfti hlut kvenna í stjórnmálum. Haldnir voru samráðsfundir með kvennahreyfingum stjórnmálaflokkanna, skipulagðir opnir fundir í öllum kjördæmum og haldnir fundir með ritstjórnum fjölmiðla. Við kosningarnar vorið 1999 varð hlutur kvenna á Alþingi 35%.

Nefndin hefur beitt sér fyrir auknum tengslum milli kvenna í stjórnmálum og fræðslu til kvenna sem eru virkar í stjórnmálastarfi. Yfir 2000 stjórnmálakonum var boðið að tengjast náms- og samskiptaneti nefndarinnar. Nefndinni hefur verið boðin þátttaka á ýmsum fundum og ráðstefnum, þar á meðal ráðstefnunni Konur og lýðræði og hefur hún staðið fyrir fjölmörgum námskeiðum, bæði bóklegum og verklegum í samstarfi við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Þá var gerð athugun á hlut stjórnmálakvenna og stjórnmálakarla í fjölmiðlum í upphafi árs 2000.

Í samstarfi við Íslandsdeild Norðurlandaráðs, norrænu ráðherranefndina og Norðurlandaráð var efnt til málþings um hverju þátttaka kvenna í stjórnmálum hefði breytt. Málþingið fór fram á Norðurlandsráðsþingi í nóvember 2000. Anette Borchorst, einn höfunda bókarinnar Likestilte demokratier? Kjønn og politikk i Norden, sem norræna ráðherranefndin gaf út, flutti framsögu um efni bókarinnar. Þátttakendur í pallborðsumræðum voru þingmenn frá Norðurlöndunum og tveir höfundar fyrrnefndrar bókar, þær Auður Styrkársdóttir og Anette Borchorst.

Á haustmánuðum 2000 hóf nefndin námskeiðs- og fundaherferð með fjölmiðlafólki út um land. Í nóvember var haldið á Akureyri námskeið fyrir stjórnmálakonur í samvinnu við Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, hið fyrsta í röð slíkra sem haldin verða hringinn í kringum landið. Samhliða var haldinn opinn fundur með fjölmiðlafólki þar sem rætt var um þátttöku kvenna í stjórnmálum og mikilvægi þess að fjölmiðlar fjalli á sem jafnastan hátt um kynin í fjölmiðlum. Í undirbúningi er útgáfa rits um samskipti kvenna og fjölmiðla, eins konar handbók fyrir konur og fjölmiðla eftir dr. Sigrúnu Stefánsdóttur fjölmiðlafræðing. Ritið verður kynnt á sérstökum fundum með ritstjórnum fjölmiðlanna.

3.4. Tilraunaverkefni um starfsmat.

Félagsmálaráðuneytið hefur í samvinnu við starfshóp um starfsmat unnið að tilraunaverkefni um starfsmat. Tilgangurinn er að nota kynhlutlaust starfsmatskerfi til að raða störfum innbyrðis á hverjum vinnustað með það að markmiði að skoða hvort mat á störfum mismuni eftir kynferði. Niðurstaðna úr tilraunaverkefninu er að vænta vorið 1998. Félagsmálaráðuneytið mun standa að kynningu á niðurstöðum verkefnisins og kynna sérstaklega þá starfsmatsaðferð sem þar hefur verið þróuð, m.a. með útgáfu kynningarbæklings.

Verkefninu var hrint úr vör seinni hluta árs 1996. Ráðinn var starfsmaður í fullt starf til að vinna að matinu auk þess sem Skrifstofa jafnréttismála og Reykjavíkurborg lögðu til starfsmenn. Það var ákveðið að reyna starfsmat sænska HAC-kerfisins á nokkrum stofnunum ríkis og Reykjavíkurborgar. Sænskur sérfræðingur, Anita Harriman, veitti starfshópnum og

verkefnisstjóra sérfræðiaðstoð. Af hálfu ríkisins urðu fyrir valinu Ríkisspítalar og af hálfu Reykjavíkurborgar, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og Hitaveita Reykjavíkur. Þessir vinnustaðir urðu fyrir valinu þar sem þar eru dæmigerð kvenna- og karlastörf áberandi. Hér er einungis um opinberar stofnanir að ræða þar sem verkefnið náði ekki til almenna vinnumarkaðarins og er ekki vitað til þess að sambærilegt verkefni hafi verið unnið þar. Framkvæmd tilraunaverkefnisins tók mun lengri tíma en gert var ráð fyrir enda afar viðamikið. Því lauk seinni hluta árs 1999 með útgáfu félagsmálaráðuneytisins á skýrslu verkefnisstjóra, *Starfsmat gegn kynbundnum launamun.*[5]

Í skýrslunni er gerð grein fyrir framkvæmd verkefnisins, lærdómum sem má draga af því, helstu niðurstöðum og ályktunum. Þá eru þar leiðbeiningar um framkvæmd starfsmats og helstu kröfur sem starfsmatskerfi þurfa að uppfylla.

3.5. Fræðsla fyrir trúnaðarmenn.

Gefin verður út handbók fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum og henni fylgt eftir með fræðslu. Í handbókinni verða í aðgengilegu formi allar upplýsingar er varða þætti sem geta haft áhrif á mismunandi stöðu kvenna og karla á vinnustaðnum. Sérstök áhersla verður lögð á að upplýsa og fræða um þau atriði eða þær aðstæður sem geta haft áhrif á laun og launamyndun og hvaða leiðir starfsmönnum, trúnaðarmönnum og stéttarfélögum eru færar til að hafa áhrif þar á.

Verkefnið hefur ekki verið unnið eins og því er hér lýst en Skrifstofa jafnréttismála tók þátt í samstarfsverkefni jafnréttisnefndar Bandalag Háskólamanna og jafnréttisráðgjafans í Reykjavík um útgáfu ritsins *Launajafnrétti í framkvæmd í dreifstýrðu launakerfi.*[6] Tildrög samstarfsins voru áhyggjur margra félagsmanna um að dreifstýrt launakerfi háskólamanna mundi leiða til vaxandi launamisréttis meðal háskólamanna. Hjá Jafnréttisstofu er nú unnið að handbók fyrir trúnaðarmenn og er stefnt að því að handbókin verði á heimasíðu stofunnar.

3.6. Konur í hlutastörfum.

Á gildistíma áætlunarinnar verður unnin könnun á vægi hlutastarfa og starfa sem unnin eru án fastráðningar eða eru unnin utan hefðbundinna vinnustaða hjá konum annars vegar og hins vegar hjá körlum. Upplýsingarnar verða flokkaðar eftir atvinnugreinum og starfsgreinum. Athugað verður hvort framkvæmd könnunarinnar geti verið samvinnuverkefni Vinnumálastofnunar og Hagstofu Íslands.

Verkefnið hefur ekki verið unnið en Vinnumálastofnun mun á árinu verða falið að standa að gerð þessarar könnunar.

3.7. Skipting fjár úr sjóðum vegna atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni.

Félagsmálaráðuneytið, í samvinnu við forsætisráðuneyti (Byggðastofnun), fjármálaráðuneyti og viðskipta- og iðnaðarráðuneyti, mun kanna hvernig styrkir til einstaklinga úr opinberum sjóðum sem eru eyrnamerktir atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni hafa skipst á milli kvenna og karla.

---

[5] *Starfsmat gegn kynbundnum launamun. Tilraunaverkefni um starfsmat. Skýrsla um framkvæmd þess, niðurstöður og ályktanir.* Félagsmálaráðuneytið, maí 1999:3.

[6] *Launajafnrétti í framkvæmd í dreifstýrðu launakerfi.* Jafnréttisnefnd BHM, jafnréttisráðgjafinn í Reykjavík og Skrifstofa jafnréttismála, 1998.

Verkefnið hefur ekki verið unnið, en á árinu verður Byggðastofnun falið að inna það af hendi.

3.8. Lánatryggingasjóður kvenna.

Sjóðurinn er verkefni sem unnið er að og er samvinnuverkefni félagsmálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Markmið sjóðsins og áherslur hans ásamt því hvernig hann hefur nýst konum verði könnuð reglulega.

Sjóðurinn og starfsemi vegna hans hefur verið rekinn sem samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Sjóðsstjórnin hefur nýverið skilað lokaskýrslu um framkvæmd verkefnisins og þar kemur fram að árangur af því hefur verið afar góður. Til skoðunar er hvort og með hvaða hætti halda skuli áfram rekstri sjóðsins.

3.9. Konur og atvinnuleysi.

Á árunum 1998 og 1999 verður unnin skýrsla, byggð á þeim upplýsingum sem til eru eða sem niðurstaða könnunar ef upplýsingar skortir, um aðstæður „atvinnulausra kvenna". Í kjölfar þessa verða lagðar fram tillögur að aðgerðum eða átaki til að bæta aðstæður þeirra og möguleika til að fá vinnu. Verkefnislýsing verður unnin í samvinnu við Vinnumálastofnun.

Á árinu 1998 ritaði félagsmálaráðherra forsvarsmönnum Verslunarmannafélags Reykjavíkur og Starfsmannafélagsins Sóknar bréf þar sem farið var fram á að unnið yrði að úttekt á orsökum atvinnuleysis og að tillögugerð að úrræðum vegna atvinnuleysis meðal kvenna í viðkomandi félögum. Vinnumálastofnun var ætlað að vera tengiliður í þeirri vinnu. Vinnuhópur frá þessum aðilum auk fulltrúa svæðisráðs Vinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins skilaði skýrslu í apríl 1999.

Niðurstöður vinnuhópsins voru þær að í stórum dráttum mætti skipta hópi atvinnulausra kvenna í tvennt: a) konur á barneignaaldri sem hafa fleiri en tvö börn á framfæri, menntunarlitlar og hafa verið frá vinnumarkaði lengur en sex mánuði, b) konur komnar yfir miðjan aldur sem væru búnar að vera frá vinnumarkaði lengur en í sex mánuði. Vandamálið var greint út frá efnahagslegum, félagslegum og sálfræðilegum þáttum. Hópurinn gerði tillögur um úrræði og hefur nokkrum þeirra þegar verið hrint í framkvæmd. Skýrsluna er hægt að nálgast á heimasíðu Vinnumálastofnunar, www.vinnumalastofnun.is.

3.10. Konur og atvinnuleit.

Samkvæmt nýsamþykktum lögum um vinnumiðlun er áhersla lögð á virka vinnumiðlun, m.a. með ákvæðum um vinnuleitaráætlanir. Vinnumálastofnun verður falið að þróa aðferðir sem sérstaklega henta atvinnulausum konum við að fá vinnu. Kanna skal hvort ástæða sé til að koma á fót sérstökum stuðningsúrræðum fyrir konur sem hafa fengið vinnu eftir langvarandi atvinnuleysi.

Í mars 1999 var haldin í Reykjavík norræn jafnréttisráðstefna undir nafninu „Ligestilling i de Nordiske Arbejdsformidlingers service". Norræna ráðherranefndin veitti styrk til verkefnisins en ráðstefnan var haldin á vegum Vinnumálastofnunar. Þátttakendur voru samtals um 70, frá öllum Norðurlöndunum og voru þeir flestir starfsmenn vinnumálastofnana og vinnumiðlana landanna.

Tilgangurinn með ráðstefnunni var að ræða hvernig fella mætti jafnrétti í ráðgjöf og vinnumiðlun inn í þjónustu vinnumiðlunarstofnananna. Ekkert Norðurlandanna hafði vitneskju eða reynslu af rannsóknum á þessu sviði og því var þetta algjörlega óplægður akur. Fagfólkið var meðvitað um að gjá virtist vera á milli vinnumiðlara annars vegar og ráðgjafa

hins vegar hvað varðar viðhorf og atferli í þeirra starfi. Heimur atvinnumiðlaranna virtist frekar tengjast karllægum normum en ráðgjafanna kvenlægum.

Hlutverk þátttakenda ráðstefnunnar var m.a. að greina á hvaða hátt kynjaviðhorfið kemur inn í ráðgjöf, atvinnutilboð, úrræðalausnir o.fl. og hvernig gera mætti kynið sem hlutlausast bæði í ráðgjöf og atvinnumiðlun. Einnig hvernig koma mætti á samskiptum við atvinnulífið í þeim tilgangi að brjóta upp kynskiptan vinnumarkað og hvernig vekja mætti athygli atvinnulífsins á kostum kynblandaðra vinnustaða. Þá fengust þátttakendur einnig við þá spurningu hvort ná mætti fram markmiðunum með samþættingu (mainstreaming) eða öðrum aðferðum. Niðurstöður ráðstefnunnar hafa verið nýttar í starfsemi Vinnumálastofnunar.

Skýrsluna „Ligestilling i arbejdsformidlingen" sem unnin var í framhaldi þessarar ráðstefnu af hálfu norrænu ráðherranefndarinnar er í skýrsluröð TemaNord 1999:568.

3.11. Ný stétt vinnukvenna (aðfluttar konur).

Félagsmálaráðuneytið mun í samvinnu við Starfsmannafélagið Sókn kanna aðstöðu, réttindi og skyldur aðfluttra kvenna sem koma hingað til lands til að vinna inni á einkaheimilum. Niðurstöður könnunarinnar verða nýttar til að gera tillögur til úrbóta þar sem er talin þörf.

Verkefnið eins og því er lýst í framkvæmdaáætlun hefur ekki verið unnið en nefnd sem kannar aðstæður útlendinga á Íslandi er að störfum í félagsmálaráðuneytinu. Þar verða m.a. væntanlega skoðaðar aðstæður kvenna sem koma til landsins til að vinna inni á einkaheimilum. Þá eru lög um atvinnuleyfi útlendinga til endurskoðunar og við þá endurskoðun eru réttindi þessa hóps til sérstakrar skoðunar. Enn fremur er fyrirhuguð frekari samvinna við Eflingu vegna erlends vinnukrafts á Íslandi og þar verður m.a. fjallað um stöðu þessara kvenna.

3.12. Tengsl atvinnulífs og fjölskyldulífs.

Unnin verður rannsókn á viðhorfum og væntingum karla og kvenna til atvinnulífsins og samspils þess við fjölskyldulífið. Sérstaklega verður hugað að möguleikum og takmörkunum hvors kyns til að sameina þessa þætti. Sérstakur hluti rannsóknarinnar mun beinast að atvinnurekendum og viðhorfum þeirra, þar með talið hvort mismikið tillit sé tekið til þarfa karla og kvenna til að sinna fjölskyldum sínum.

Þessi rannsókn hefur ekki verið gerð. Í kjölfar nýrra laga um fæðingar- og foreldraorlof mun aftur á móti verða gerð úttekt á framkvæmd laganna m.a. með tilliti til áhrifa þeirra á samspil atvinnu- og fjölskyldulífs. Félagsmálaráðuneytið mun á árinu leggja frekari drög að því hvernig standa megi að ofangreindri rannsókn.

3.13. Starfsmenntun í atvinnulífinu.

Félagsmálaráðuneyti mun beita sér fyrir því að þeim aðilum er fara með starfsmenntunarmál í hefðbundnum umönnunarstörfum kvenna verði gert kleift að kanna sérstaklega hvaða áhrif breyttar og strangari kröfur til menntunar og til framhaldsmenntunar geta haft á möguleika kvenna á starfstengdri menntun á þessum sviðum.

Vegna mikilla breytinga á möguleikum til fjarnáms hafa opnast leiðir fyrir konur sem sinna hefðbundnum umönnunarstörfum til frekari starfsmenntunar. Þá hefur á undanförnum árum verið veitt umtalsverðum upphæðum til starfsmenntunar á vegum starfsmenntasjóðs og hafa þar konur notið til jafns við karla. Úthlutanir úr sjóðnum eru tíundaðar á meðfylgjandi töflu.

Ár	Umsækjendur	Verkefni	Alls sótt um, kr.	Styrkþegar	Úthlutað, kr.	Verkefni
1995	32	90	96.060.482	21	43.501.000	46
1996	49	130	141.033.822	29	47.495.614	67
1997	55	138	162.178.261	31	45.652.821	69
1998	59	170	201.759.158	40	63.000.387	106
1999	77	245	276.757.462	53	55.750.000	101
2000*	69	160	234.288.500	37	39.288.500	60

*Í tölum fyrir árið 2000 eru innifalin þróunar- og rannsóknarverkefni.

Þá hefur félagsmálaráðuneytið ásamt menntamálaráðuneyti komið á sértæku, starfstengdu íslenskunámskeiði fyrir erlenda starfsmenn í öldrunarþjónustu í samvinnu við öldrunarstofnanir. Haustið 2000 var veitt úr starfsmenntasjóði tæplega 2 millj. kr. styrkur til Námsflokka Reykjavíkur til að sjá um verkefnið sem fékk heitið „Starfsnámskeið fyrir erlent starfsfólk í öldrunarþjónustu". Á móti gaf menntamálaráðuneytið vilyrði fyrir að reiða fram hliðstæða upphæð þannig að alls var styrkurinn tæpar 4 millj. kr.

Fyrsta námskeiðið fór af stað sem tilraunaverkefni á Landspítala, Landakoti í október 2000 og stóð það í sjö vikur. Alls tóku 28 starfsmenn í öldrunarþjónustu þátt í námskeiðinu. Ráðgert er af hálfu ráðuneytisins að nýta reynsluna af þessu verkefni til frekara námskeiðahalds fyrir starfsmenn í umönnunarstörfum.

3.14. Konur sem flóttamenn.

Kannað verður hvort við mat á skilgreiningum á rétti flóttamanna til að sækja um dvalarleyfi hér á landi sé nægjanlega tryggt að ofsóknir og ofbeldi, sem konur sæta vegna kynferðis síns og beitt er markvisst til að neyða fólk af tilteknu þjóðerni, menningu eða trúarbrögðum til að flýja heimili sín, sé metið sem fullgild forsenda leyfisveitingar.

Einungis einn einstaklingur, karlmaður, hefur fengið hæli sem flóttamaður á Íslandi ef undan eru skilin þau sem hingað koma í hópi svokallaðra kvótaflóttamanna. Útlendingaeftirlitið metur skilyrði þess að veitt sé hæli á grundvelli flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1951. Upplýst hefur verið að ekki hafi reynt á hvort þær aðstæður sem lýst er í verkefninu yrðu gildar forsendur þess að flóttamannahæli yrði veitt samkvæmt gildandi löggjöf. Fyrir Alþingi liggur til meðferðar frumvarp til laga um útlendinga þar sem rýmkuð eru skilyrði dvalarleyfis m.t.t. mannúðarsjónarmiða og þar er einnig að finna rýmkandi ákvæði um vernd flóttamanna af mannúðarástæðum. Líklegt má þykja að ofsóknir og ofbeldi sem konur sæta vegna kynferðis síns eins og þeim er lýst í þessu verkefni yrðu nægjanleg skilyrði til veitingu hælis flóttamanns.

3.15. Aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni.

Félagsmálaráðuneytið mun beita sér fyrir því að unnin verði áætlun eða lagt fram frumvarp til laga sem hafi það að markmiði að útrýma kynferðislegri áreitni á vinnustöðum og í skólum.

Í lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, er ákvæði um kynferðislega áreitni þar sem áreitnin er skilgreind og ákveðnar skyldur lagðar á herðar atvinnurekendum og skólastjórnendum til að fyrirbyggja að kynferðisleg áreitni viðgangist á vinnustaðnum eða í skólanum og taka á henni ef grunur leikur á um að hún hafi átt sér stað.

3.16. Jafnréttisráðgjafi.

Þegar tilraunaverkefninu um starf jafnréttisráðgjafa lýkur verður unnið mat á árangri verkefnisins og í framhaldi af því lagðar fram tillögur um framhald.

Ákvörðun var tekin um að standa að tilraunaverkefni til þriggja ára og að ráði Byggðastofnunar vegna atvinnuástandsins á Norðurlandi vestra var ákveðið að ráða þangað jafnréttisráðgjafa. Gerður var samstarfssamningur við Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra um að ráðgjafinn yrði starfsmaður félagsins. Þá var skipaður ráðgjafahópur með fulltrúum frá félagsmálaráðuneyti, Iðnþróunarfélaginu, Skrifstofu jafnréttismála og Jafnréttisráðs ráðgjafanum til ráðuneytis og til að tryggja góð tengsl þessara aðila.

Jafnréttisráðgjafinn hefur á tilraunatímabilinu staðið fyrir ýmsum verkefnum í samræmi við markmið verkefnisins, ýmist einn eða í samvinnu við aðra. Að hans frumkvæði var í samvinnu við Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri unnin könnun á stöðu kvenna í dreifbýli á Norðurlandi vestra. Niðurstöður hennar voru kynntar á síðastliðnu ári, með ítarlegri skýrslu,[7] sem og með ráðstefnunni: *Hvað um konur í dreifbýli? — aðstæður og atvinna,* sem haldin var í Varmahlíð í Skagafirði í nóvember 1999.

Þar kemur m.a. fram að eignarhald kvenna á búrekstrinum er takmarkað, þær eru einungis skráðar fyrir 25% búanna í heildina og þar af eru bæði hjónin skráð fyrir rekstrinum í 60% tilvika.



Einnig kom fram að konur taka sérlega lítinn þátt í stefnumótun innan landbúnaðarins, en einungis 3% þeirra sinna trúnaðarstörfum eða sitja í stjórnum eða nefndum. Er það sáralítil breyting frá árinu 1989, en þá var könnun gerð á þátttökunni á landsvísu.[8]

[7] *Staða kvenna í dreifbýli á Norðurlandi vestra.* Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, desember 1998 (hægt er að nálgast skýrsluna hjá Iðnþróunarfélagi Norðurlands vestra).

[8] *Konur í landbúnaði,* greinargerð á vegum landbúnaðarráðuneytisins, 1989.



Af könnuninni mátti lesa að fjórar konur af hverjum fimm voru með öllu óvirkar í starfi að stefnumótun innan landbúnaðarins, þær komu ekki einu sinni á fundi. Bændasamtökunum hefur verið bent á þetta og þess er að vænta að þau taki ábendinguna til skoðunar svo að þau megi nýta mannauð sinn sem best.

Þá hefur jafnréttisráðgjafinn í samvinnu við Farskóla Norðurlands vestra og Svæðisvinnumiðlun Norðurlands vestra, í samráði við Menntasmiðju kvenna á Akureyri, staðið fyrir tilraunaverkefni um rekstur menntasmiðju í Skagafirði, fyrst á Löngumýri vorið 1999, en vorið 2000 var hún á Sauðárkróki. Hér er um að ræða námskeið fyrir konur án atvinnu. Í samvinnu við m.a. Iðntæknistofnun var haldið námskeiðið *Á traustum grunni — frá hugmynd til framkvæmda* fyrir konur með viðskiptahugmyndir eða starfandi fyrirtæki, alls staðar af Norðurlandi vestra. Vorið 2000 stóð ráðgjafi fyrir átaksverkefninu *Gæðahandverk í Húnaþingi, handverk sem arðbær atvinnugrein,* en það byggðist upp á fræðslu, vöruþróun og markaðssetningu handverks og miðaði að því að auka atvinnutækifæri kvenna í dreifbýli. Þá hefur jafnréttisráðgjafinn unnið með fulltrúum landbúnaðarráðuneytisins, sveitarstjórnum, atvinnuráðgjöfum og ýmsum öðrum heimamönnum að framgangi markmiða verkefnisins. Nánari upplýsingar um tilraunaverkefnið má m.a. finna á heimasíðu Iðnþróunarfélags Norðurlands vestra www.inv.is og í áfangaskýrslu þróunarsviðs Byggðastofnunar: Mat á starfi jafnréttisráðgjafa Norðurlands vestra.[9]

Tilraunaverkefnið á Norðurlandi vestra hefur nú verið framlengt og eru uppi hugmyndir um að skoða möguleikann á að fjölga jafnréttisráðgjöfum á næstu árum þannig að innan þriggja ára hafi verið slíkur ráðgjafi í sérhverjum landsfjórðungi.

3.17. Könnun á meðferðarúrræðum fyrir fíkniefnaneytendur.

Skrifstofu jafnréttismála verður falið að kanna hvort meðferðarúrræði fyrir fíkniefnaneytendur, sem eru kostuð af opinberu fé, henti jafnt konum sem körlum.

Félagsmálaráðuneytið fól Skrifstofu jafnréttismála að gera ofangreinda könnun, sem er lokið og hefur ráðuneytið fengið skýrslu með niðurstöðum og tillögum. Meginniðurstöður könnunarinnar voru að margt bendi til þess að mál séu hérlendis í þokkalegri farvegi en víða erlendis. Íslenskar konur virðist t.d. sækja sér meðferð í svipuðu hlutfalli og áfengisneysla

[9] *Þróunarsvið Byggðastofnunar.* Ingunn Bjarnadóttir, nóvember 2000.

þeirra sé. Þær virðist hafa mun meiri stuðning fjölskyldna sinna en konur erlendis þegar þær fara í meðferð. Í flestum úrræðum var tekið tillit til kynferðis viðkomandi og þannig gætt kynjasjónarmiða. Félagsmálaráðuneytið hefur sent áfengis- og vímuvarnaráði úttektina og þær tillögur sem þar koma fram til meðferðar.

3.18. Könnun á skilyrðum fjölskyldna.

Félagsmálaráðuneytið mun standa fyrir könnun á áhrifum aðgerða opinberra aðila til styrktar fjölskyldunni. Sérstaklega verði skoðað hvort og þá hvernig skilyrði fjölskyldunnar í samfélaginu hafi batnað vegna slíkra aðgerða.

Félagsmálaráðuneyti mun á árinu leggja drög að því hvernig að könnuninni verði staðið.

3.19. Meðferð fyrir karla sem beita konur ofbeldi.

Félagsmálaráðuneytið mun í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið og karlanefnd jafnréttisráðs beita sér fyrir því að boðið verði upp á meðferð fyrir karla sem beita konur ofbeldi.

Eitt af meginverkefnum karlanefndar Jafnréttisráðs hefur verið að taka á ofbeldi karla. Nefndin hefur staðið fyrir fræðslu um málið og m.a. gefið út kennslubækling fyrir framhaldsskólana.[10] Vinna við verkefnið sem hér um ræðir hófst á árinu 1998. Var um að ræða tveggja ára tilraun þar sem körlum sem vilja losna úr viðjum ofbeldisbeitingar var boðin aðstoð sálfræðinga, fyrst í einkaviðtölum og síðan í hópmeðferð. Daglegur rekstur verkefnisins var í höndum Rauða kross Íslands sem lagði einnig til fé ásamt ráðuneytum félagsmála og heilbrigðis- og tryggingamála. Þriggja manna matsnefnd fylgdist með verkefninu og liggur nú fyrir matsgerð nefndarinnar. Í stuttu máli er það mat nefndarinnar að tilraunin hafi gengið vel og leggur hún til að tilraunin verði framlengd í þrjú ár með nokkrum breytingum. Tillagan er nú til skoðunar hjá þeim sem að verkinu komu.

3.20. Nefndir og ráð.

Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum félagsmálaráðuneytisins mun áfram verða tekið mið af jafnréttissjónarmiðum og kallað til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er.

Á vegum ráðuneytisins hefur verið haldið uppteknum hætti og minnt á ákvæði jafnréttislaga þegar óskað er eftir tilnefningum. Þá er ætíð litið til þess að jafna hlut kynjanna í nefndum og ráðum þegar um tilnefningar af hálfu ráðuneytisins er að ræða.

3.21. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

Skrifstofu jafnréttismála var á árinu 1999 falið að fræða stjórnendur ráðuneytisins og forstöðumenn stofnana sem undir það heyra um jafnréttismál og jafnréttisáætlanir. Í starfsmannastefnu ráðuneytisins er tekið á jafnréttismálum. Þá er í árangursstjórnunarsamningum ráðuneytisins við undirstofnanir þess kveðið á um að gerðar verði sérstakar jafnréttisáætlanir.

Önnur verkefni:

Á undanförnum árum hefur félagsmálaráðuneytið, eðli máls samkvæmt, staðið að ýmsum verkefnum í jafnréttismálum sem ekki eru tíunduð í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar.

---

[10] *Ofbeldi.* Skrifstofa jafnréttismála og höfundar, Garðar Gíslason, Hjördís Þorgeirsdóttir og Ingólfur V. Gíslason.

Málaflokkurinn er í örri þróun og gætir sífellt aukinnar virkni í jafnréttismálum víða í þjóðfélaginu og hefur ráðuneytið því einnig verið kallað til ýmissa verkefna á sviði jafnréttismála. Rétt er að geta hér sérstaklega nýrra jafnréttislaga sem tóku gildi í júní 2000 og laga um fæðingar- og foreldraorlof sem tóku gildi í janúar 2001.

4. Fjármálaráðuneytið.

4.1. Feðraorlof.

Hinn 1. janúar 1998 tóku gildi reglur fjármálaráðherra um sjálfstætt fæðingarorlof feðra í þjónustu ríkisins. Í reglunum er feðrum í þjónustu ríkisins tryggður réttur til launa í tvær vikur vegna fæðingar barns. Í byrjun árs 1999 verður reynslan af þessari nýbreytni skoðuð með viðtölum og spurningum til þeirra sem þessa orlofs nutu.

Ófullnægjandi upplýsingar liggja fyrir um fjöldi starfsmanna í feðraorlofi fyrir árið 1998. Árið 1999 eru 79 karlar skráðir með greiðslur í fæðingarorlofi og 403 konur. Á árinu 2000 fengu 75 karlar og 412 konur greiðslur í fæðingarorlofi. Þá eru ekki taldar með konur innan ASÍ sem fá greiðslur í fæðingarorlofi greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins. Ef dregið er saman á kennitölur bæði árin er fjöldinn 139 karlar og 622 konur. Þess ber að geta að ekki liggja fyrir upplýsingar um ríkisstarfsmenn á sjúkrahúsum utan Reykjavíkur og frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi í Fossvogi. Starfsmönnum ráðuneytisins sem nýttu sér réttindi um feðraorlof ber saman um að reynsla af þessu orlofi hafi verið góð og höfðu nokkrir feður á orði að með þessu væri verið að stíga skref í þá átt að gera vinnustaðinn fjölskylduvænni.

4.2. Úttekt á áhrifum nýs launakerfis á launamun karla og kvenna.

Með meiri hluta kjarasamninga, sem fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs gerði við stéttarfélög innan BSRB og BHM og gilda eiga til ársins 2000, fylgdi yfirlýsing þar sem áréttuð er stefna ríkisins að jafna þann launamun karla og kvenna sem ekki er hægt að útskýra nema á grundvelli kyns og bent á að með nýju launakerfi gefist tækifæri til þess. Til þess að meta áhrif nýs launakerfis á launamun karla og kvenna skuldbatt fjármálaráðuneytið sig til þess að gera sérstaka úttekt á þeim áhrifum á samningstímabilinu. Stefnt er að gerð slíkrar úttektar á árinu 1999.

Samkvæmt samkomulagi fjármálaráðherra og samtaka opinberra starfsmanna er starfandi kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna. Eðlilegast er að sú nefnd leggi á ráðin hvernig kynbundnum upplýsingum um laun og launaþróun verður best aflað og úr þeim unnið og fól fjármálaráðherra nefndinni þetta verkefni árið 1998. Sama ár hóf kjararannsóknarnefnd að birta launaupplýsingar eftir kyni í fréttabréfi sínu sem gefið er út tvisvar á ári. Þar er að finna upplýsingar um dagvinnulaun, yfirvinnulaun og heildarlaun karla annars vegar og kvenna hins vegar eftir stéttarfélögum. Sjá skýrslu um starfsmat gegn kynbundnum launamun undir félagsmálaráðuneytinu, lið 3.4.

4.3. Reglur um starfslýsingar.

Í bæklingi fjármálaráðherra um jafnréttismál frá febrúar 1996 er hvatning til vinnuveitenda um að „starfslýsingar séu skilmerkilegar og frammistöðumat sé lagt til grundvallar starfsframa". Einnig segir í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að setja skuli starfsmanni erindisbréf ef hann óskar þess. Með tilliti til þess og nýrra kjarasamninga mun fjármálaráðuneytið minna á þetta ákvæði þar sem því verður við komið.

Hvatningu til vinnuveitenda um starfslýsingar og frammistöðumat hefur verið fylgt eftir í aðlögunarsamningum stofnana og fulltrúa stéttarfélaga í kjölfar breytts launakerfis. Þá hafa erindisbréf verið sett öllum forstöðumönnum stofnana fjármálaráðuneytisins og þeim starfsmönnum sem óskað hafa eftir því. Vorið 1998 tók fjármálaráðuneytið í notkun gagnagrunn með helstu upplýsingum um starfsmenn ráðuneytisins. Í þessum grunni er að finna stuttar starfslýsingar starfsmanna og einnig hafa skrifstofur og deildir skilgreint verkefni starfsmanna sinna. Hins vegar eru fyrirhugaðar reglur um starfslýsingar ríkisstarfsmanna enn á byrjunarstigi.

4.4. Fræðsla til yfirmanna stofnana ráðuneytisins.

Fjármálaráðuneytið mun skipuleggja fræðslu um jafnréttismál fyrir yfirmenn stofnana þess í anda þeirra hugmynda sem komu fram í jafnréttisriti ráðuneytisins frá febrúar 1996 og í samræmi við niðurstöðu jafnréttiskönnunar sem gerð var í janúar 1998 á vegum starfshóps fjármálaráðuneytisins um jafnréttismál.

Jafnréttismál voru meðal dagskrárefnis á tveggja daga löngum fundi í mars 1998 með forstöðumönnum stofnana fjármálaráðuneytisins. Á fundinum fór Ólafur Stephensen, þáverandi blaðamaður og formaður karlanefndar Jafnréttisráðs, yfir niðurstöður könnunar nefndar sem fjármálaráðherra skipaði til að móta tillögur um hvernig vinna skuli að jafnrétti kynjanna og velti upp spurningum um hvort áhersla á jafnréttismál sé til óþurftar í rekstri stofnana eða hvort hún sé tæki til að ná betri árangri. Á fundinum kom skýrt fram nauðsyn þess að ráðuneytið og forstöðumenn stofnana þess hafi framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar að leiðarljósi við stjórnun.

Þá var á árunum 1998 og 1999 unnin viðamikil rannsókn á vegum ráðuneytisins um starfsumhverfi ríkisstarfsmanna við aldahvörf og voru niðurstöður þeirrar rannsóknar birtar í samnefndri skýrslu ráðuneytisins í september 1999. Þar er að finna stórt safn upplýsinga um starfsmannatengd mál og kynjaskiptingu ýmiss konar. Þessar upplýsingar ættu að geta nýst yfirmönnum stofnana mjög vel í jafnréttismálum á vinnustað.

Auk þess ber að nefna fréttabréf forstöðumanna sem gefið er út u.þ.b. þrisvar sinnum á ári. Fréttabréfið er hugsað sem vettvangur upplýsinga til forstöðumanna um ýmis stjórnunarleg mál og þar á meðal jafnréttismál.

4.5. Hlutur kvenna í starfi ráðuneytisins aukinn.

Fjöldi kvenna í nefndum á vegum fjármálaráðuneytisins hefur aukist á undanförnum árum í samræmi við stefnu ráðherra þar að lútandi. Áfram verður unnið að fjölgun kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins. Þá verður lögð áhersla á að gæta í hvívetna jafnræðis karla og kvenna í starfsmannahaldi ráðuneytisins og hugað sérstaklega að kynjaskiptingu við val á yfirmönnum.

Reynt hefur verið eftir bestu getu að gæta jafnræðis karla og kvenna í starfsmannahaldi ráðuneytisins og á það einnig við um kynjaskiptingu við val á yfirmönnum. Á síðustu tveimur árum hafa sex nýir yfirmenn verið ráðnir. Tvisvar sinnum hefur verið skipaður ráðuneytisstjóri á umræddu tímabili, aðstoðarmaður ráðherra sem ráðinn er af ráðherra og þrír skrifstofustjórar. Engin kona var meðal umsækjenda um ráðuneytisstjórastöðu, af þessum þremur skrifstofustjórastöðum sem lausar voru til umsóknar sóttu konur aðeins um eina þeirra og var kona þar ráðin. Að auki var kona ráðin sem aðstoðarmaður ráðherra. Af sex nýjum yfirmönnum eru því tvær konur. Hvað öðrum starfsmannaráðningum ráðuneytisins líður þá hefur nokkuð jafnt hlutfall karla og kvenna verið í ráðningum sérfræðinga undanfarin ár.

Þótt fjöldi kvenna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ráðuneytisins hafi aukist nokkuð á undanförnum árum má enn gera betur. Eins og eftirfarandi tölur sýna glögglega vantar talsvert upp á að kvenkyns starfsmenn ráðuneytisins gegni nefndarstörfum í sama mæli og þeir sem karlkyns eru. Hlutfall kynja í nefndum á vegum fjármálaráðuneytisins er um 79% karlmenn og 21% konur og hefur fjöldi karla þannig aukist frá árinu 1998, en þá hafði hlutfall kvenna í nefndum aukist frá árinu 1995. Hins vegar er ekki um að ræða launamun milli karla og kvenna í nefndum þar sem þóknananefnd metur fjölda þóknanaeininga óháð menntun, reynslu eða kyni.

4.6. Endurskoðun á eyðublöðum.

Fjármálaráðuneytið mun sjá til þess að öll eyðublöð frá stofnunum sem heyra undir fjármálaráðuneytið og þar sem einstaklingar þurfa að gefa upplýsingar um tekjur og eignir verði endurskoðuð og metin út frá jafnréttissjónarmiðum.

Embætti ríkisskattstjóra hefur umsjón með eyðublöðum þar sem einstaklingar gefa tekjur og eignir upp til skatts. Embættið hefur staðið fyrir endurskoðun á þessum eyðublöðum. Niðurstaða þessa var m.a. að breyting var gerð á persónuframtalinu á árinu 1998. Í þessari breytingu fólst að í stað orðanna „eiginmaður" og „eiginkona", var notað „kennitala framteljanda" og „kennitala maka". Var þetta gert í kjölfar þess að merkingum í þjóðskrá var breytt um áramótin 1998, en kennitala eiginmanns var áður notuð til að tengja saman fjölskyldur. Nú er það kennitala þess sem eldri er sem ræður fjölskyldumerkingu. Álagningarkerfum ríkisskattstjóra var breytt í samræmi við þessar breytingar í þjóðskrá og er í kerfunum nú talað um raðnúmer 1 (þess eldri) og raðnúmer 2 (þess yngri). Ekki er vitað til að þörf sé á breytingum á öðrum eyðublöðum stofnana sem eru á ábyrgð fjármálaráðuneytisins.

4.7. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

Í upphafi árs 1998 var birt könnun sem nefnd fjármálaráðherra um jafnréttismál gerði meðal starfsmanna og forstöðumanna stofnana ráðuneytisins. Markmið könnunarinnar var að fá upplýsingar um stöðu jafnréttismála í fjármálaráðuneytinu og stofnunum þess og um viðhorf starfsfólksins til ýmissa atriða sem tengjast jafnrétti karla og kvenna. Að mati formanns nefndarinnar kom fram í niðurstöðum könnunarinnar að margt er í ágætu horfi hjá fjármálaráðuneytinu og stofnunum þess hvað varðar jafnréttismál, til dæmis virðast flestir vinnustaðirnir sýna sveigjanleika og skilning á aðstæðum barnafólks og almenn ánægja virðist vera með fæðingarorlof karla. Hins vegar voru að mati nefndarinnar nokkur atriði sem þyrfti að skoða betur og má þar nefna að konur eru almennt vantrúaðri á möguleika sína til að hljóta stöðuhækkun og að þær telja mun síður en karlar að hlunnindum sé úthlutað til starfsmanna óháð kyni. Nauðsynlegt er að ráða bót á þessu.

Í tengslum við lög nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, var stefnt að því að flétta sjónarmið jafnréttis inn í alla þætti stefnumótunar, ákvarðana og aðgerða á vegum ríkisins. Liður í þessari áætlun var að koma á samstarfi milli jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna og var skipaður fulltrúi ráðuneytisins sumarið 2000.

Önnur verkefni:

Auk þessa hefur ráðuneytið tilnefnt fulltrúa í tilraunaverkefni sem snýst um að gefin sé umsögn um lagafrumvörp með hliðsjón af því hvaða áhrif lög hafa á jafnrétti kynjanna. Þetta er samstarfsverkefni þriggja ráðuneyta. Sjá verkefnalið 3.1 hjá félagsmálaráðuneytinu.

5. Hagstofa Íslands.

5.1. Öll tölfræði kyngreind.

Samkvæmt verkefni II.1 verður ráðuneytum og ríkisstofnunum sent umburðarbréf þar sem kynnt verður sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að í öllum tölfræðilegum samantektum og skýrslum skuli upplýsingar greindar eftir kyni. Hagstofa Íslands mun vinna með stofnunum ríkisins að framkvæmd þessa verkefnis en skrifstofa jafnréttismála kanna framgang þess þegar liðin eru tvö ár frá gildistöku áætlunarinnar.

Í október 2000 fól forsætisráðuneytið Hagstofu Íslands að vekja athygli ráðuneyta og ríkisstofnana á þessu ákvæði framkvæmdaáætlunarinnar ásamt ákvæðum laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, þar sem kveðið er á um sama efni. Sjá lið eitt undir verkefnum ríkisstjórnarinnar.

Í 1. gr. segir að markmið laganna sé að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Þessum markmiðum skal m.a. ná með því að greina tölfræðiupplýsingar eftir kyni, eins og segir í f-lið 1. gr. Þá segir í 21. gr. sömu laga að í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga og í viðtals- og skoðanakönnunum skuli greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því.

Í nóvember 2000 sendi Hagstofa Íslands út um 300 bréf til ráðuneyta og ríkisstofnana þar sem ofangreind ákvæði framkvæmdaáætlunarinnar frá 1998 og hinna nýsettu laga um jafna stöðu og rétt kynjanna voru kynnt og boðið liðsinni við verkefnið.

Hagstofan hefur lengi haft það að leiðarljósi við gagnasöfnun, úrvinnslu og birtingu upplýsinga að unnt sé að greina niðurstöður fyrir bæði kynin hvort í sínu lagi. Staða þessara mála er allgóð þar sem heita má að í öllum þeim tilvikum þar sem unnt hefur verið að safna upplýsingum um hvort kynið um sig, séu þess háttar upplýsingar tiltækar. Þannig má t.d. nefna að allar mannfjöldaupplýsingar Hagstofunnar eru til fyrir bæði kynin. Sama máli gegnir um flestar vinnumarkaðsupplýsingar hennar, upplýsingar um skólamál og kosningar. Mikill hluti þeirra upplýsinga, sem varða einstaklinga og Hagstofan fær frá öðrum, svo sem af sviði almannatrygginga, heilbrigðismála og félagsmála, eru tiltækar fyrir bæði kynin. Á hinn bóginn er söfnun upplýsinga eftir kynjum enn ófullnægjandi á nokkrum sviðum en unnið er að úrbótum, m.a. vegna ábendinga Hagstofunnar. Við þetta má bæta að þar sem unnið er að nýrri eða endurbættri hagskýrslugerð, sem varðar einstaklinga, er ævinlega gert ráð fyrir söfnun og úrvinnslu gagna eftir kynjum þar sem það á við. Dæmi um þetta eru nýjar launakannanir kjararannsóknarnefnda og Hagstofunnar og ný skýrslugerð hennar á grundvelli staðgreiðslugagna. Í grundvallaratriðum má segja að þegar um er að ræða gögn úr stjórnvaldsskrám, svo sem þjóðskrá, skattskrám, skrám almannatrygginga, sé skipting milli kynja bæði gerleg og tiltæk. Skiptingu verður oft ekki komið við, það á t.d. við um talningar á notendum þjónustu, ýmist vegna þess að skipting milli kynja krefst meira álags en unnt er að leggja á þá sem upplýsingarnar veita, eða talningar byggjast á seldum aðgöngumiðum, notendaleyfum eða álíka gögnum. Dæmi um hið fyrrnefnda er gagnasöfnun Hagstofunnar frá seljendum gistiþjónustu um gistinætur og gestafjölda eftir þjóðerni gesta; í þessu tilviki er ekki talið fært að óska eftir talningu eftir kyni, hvorki hér á landi né í öðrum löndum. Dæmi um hið síðarnefnda eru tölur um þátttöku í menningaratburðum eða aðsókn að kvikmyndahúsum sem byggjast á upplýsingum um fjölda seldra aðgöngumiða. Upplýsingar um þátttöku eftir kynjum verður í slíkum tilvikum að afla á annan hátt, t.d. með úrtaksathugunum.

5.2. Eignarréttur á fasteignum.

Hagstofa Íslands mun vinna úttekt á hverjir eiga eða eru skráðir fyrir fasteignum hér á landi.

Það hefur tíðkast um langt skeið að eignir hjóna væru skráðar á karlmanninn eingöngu. Talsverð breyting hefur orðið á þessu á allra síðustu árum hvað snertir íbúðarhúsnæði í þá átt að algengara er að bæði hjónin séu skráðir eigendur. Hagstofan og Fasteignamat ríkisins stefna að því að gera tilraunaúttekt á eigandaskráningu íbúðarhúsnæðis sem næði til eigendaskráningar sl. 5–10 ár. Þess er hins vegar ekki að vænta að raunverulegur grundvöllur verði fyrir athugun sem þessa fyrr en unnt hefur verið að koma verkefninu Landskrá fasteigna það langt áleiðis að þinglýstar fasteignir hafi verið tölvuskráðar og þinglýsingaskrár orðnar hluti af landskránni.

5.3. Vinnutími — hluti af reglubundinni upplýsingasöfnun er varðar laun.

Hagstofa Íslands og fjármálaráðuneytið munu endurskipuleggja alla gagnasöfnun á þeirra vegum sem varðar vinnuframlag og laun fólks þannig að raunverulegur vinnutími komi þar skýrt fram. Þessu verki verður lokið innan tveggja ára. Ríkisstjórnin mun jafnframt beita sér fyrir því við aðila vinnumarkaðarins að sambærileg endurskipulagning fari fram hjá þeim.

Hagstofa Íslands hefur gert vinnumarkaðskannanir tvisvar á ári allt frá árinu 1991. Með könnunum þessum hefur verið safnað mjög víðamiklum gögnum um atvinnu, atvinnuþátttöku, atvinnuleysi, störf og vinnutíma eftir kyni, búsetu, menntun o.fl. Þessar kannanir eru mjög stórar í sniðum og raunar með allra stærstu úrtaksathugunum sem gerðar eru hér á landi. Úrtakið er 4.400 manns, svarhlutfall hefur verið mjög hátt, um 90% og notagildið mjög mikið, ekki síst þar sem niðurstöður eru að fullu sambærilegar við hliðstæðar kannanir í EES-ríkjum.

Unnið er að tveimur verkefnum til að auka og bæta upplýsingar um vinnumarkaðinn hér á landi, ekki síst um vinnutíma og launabreytingar. Annars vegar er um að ræða úrvinnslu á gögnum um staðgreiðsluskil en hins vegar breytingar á launakönnunum.

Í ársbyrjun 1998 hófu skattyfirvöld að beiðni Hagstofu Íslands að krefja fyrirtæki um meiri upplýsingar við staðgreiðsluskil. M.a. er nú óskað eftir upplýsingum um atvinnugrein hvers launamanns, starfsflokk og starfshlutfall auk upplýsinga um greidd laun á tímabilinu. Unnið er að skipulagningu og undirbúningi yfirferðar og úrvinnslu þessara gagna og er áformað að fyrstu niðurstöður verði birtar í lok þessa árs. Þessi gögn munu veita mun meiri vitneskju en hingað til um ársverk, laun og vinnumagn eftir atvinnugreinum.

Undanfarin missiri hefur verið unnið að umfangsmiklu samstarfsverkefni kjararannsóknarnefndar, kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna og Hagstofunnar um gagngerar breytingar á launakönnunum og launaskýrslum. Á almenna vinnumarkaðinum byggist þetta verkefni á því að fyrirtæki, sem lenda í úrtaki launakönnunar, fallist á að beita samræmdum skilgreiningum og láta rafrænt í té upplýsingar úr launabókhaldi, aðallega um laun, vinnutíma og launatengd gjöld. Ríki og sveitarfélög munu láta í té sambærilegar upplýsingar og á svipaðan hátt úr launabókhaldi sínu. Kjararannsóknarnefnd birti árið 1999 fyrstu niðurstöður kannana sem byggðust á nýja gagnasafninu og Hagstofan mun á næstu missirum nýta þess gögn í vaxandi mæli til hagskýrslugerðar.

5.4. Tölfræðihandbók um stöðu kvenna og karla.

Hagstofa Íslands mun áfram gefa reglulega út tölfræðihandbók þar sem fram kemur yfirlit yfir stöðu kvenna og karla. Útgáfan sem er í handhægu og aðgengilegu formi hentar vel al-

menningi. Upplýsingarnar verða bæði á íslensku og ensku og stefnt að útgáfu þriðja hvert ár.

Árin 1994 og 1997 gaf Hagstofa Íslands út ritið „Konur og karlar“ sem er tölfræðihandbók í handhægu og aðgengilegu formi þar sem fram kemur yfirlit yfir stöðu kynjanna. Unnið er að útgáfu nýrrar tölfræðihandbókar.

5.5. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

Lengi hafa konur verið í talsverðum meiri hluta starfsmanna á Hagstofunni. Er svo enn þegar á heildina er litið. Í lok árs 2000 störfuðu þar alls 85 manns, 30 karlar (35%) og 55 konur (65%). Í þeim störfum þar sem ekki er krafist háskólamenntunar eru karlar í miklum minni hluta. Öðru máli gegnir um störf sem krefjast háskólamenntunar en um helmingur starfsmanna Hagstofu eru háskólamenntaðir, 27 karlar (64%) og 15 konur (36%). Reynsla undanfarinna ára er sú að vel gangi að ráða bæði karla og konur í störf sérfræðinga en fáir karlar sæki um almenn skrifstofustörf á Hagstofu.

6. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

6.1. Reglur um rannsóknir á lyfjum.

Tryggt skuli að farið sé eftir þeim reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um rannsóknir á lyfjum (GCP) þannig að fullt tillit sé tekið til áhrifa þeirra á konur og karla.

Sömu reglur gilda á Íslandi og á Evrópska efnahagssvæðinu um rannsóknir á lyfjum sem ganga m.a. út frá því að fullt tillit sé tekið til áhrifa þeirra á konur og karla.

6.2. Nefnd um framtíðarstefnu í heilbrigðismálum.

Heilbrigðisráðherra beini því til nefndar um framtíðarstefnu í heilbrigðismálum að í skýrslu hennar komi fram tillögur um framtíðarstefnumótun í heilbrigðismálum sem taki mið af ólíkum þörfum og mismunandi aðstæðum kynjanna.

Í ársbyrjun 1998 kom út á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins viðamikil skýrsla er nefnist *Heilsufar kvenna*. Skýrslan er afrakstur ráðstefnu með sama heiti sem nefnd skipuð af heilbrigðisráðherra boðaði til. Þar komu fram upplýsingar sem eru mikilvægar fyrir stefnumótun á því sviði. Nefndinni er ætlað að vinna að framtíðarstefnu í heilbrigðismálum og var skýrslan um Heilsufar kvenna fyrsti áfangi þeirrar vinnu. Nefndin hefur skilað skýrslu og tillögum til ráðherra.[11] Í heilbrigðisáætlun til ársins 2010 um langtímamarkmið í heilbrigðismálum, sem kom út í nóvember 2000, er áhersla lögð á að draga úr þeim mun sem er á heilbrigðisástandi einstakra þjóðfélagshópa. Á bls. 34 í áætluninni, undir „Markmið 2 — jafnræði til heilbrigðis“, er bent á að mikilvægt sé að vinna gegn félagslegum, fjárhagslegum og menningarlegum hindrunum til mennta, þar sem menntunarstig þjóða hefur mikil áhrif á heilsufar íbúa. Þetta atriði snertir sérstaklega aðstæður kvenna og ýmissa þjóðfélagshópa sem standa höllum fæti í lífsbaráttunni. Jafn aðgangur að menntun og félagslegt öryggi eru taldar helstu forsendur þess að unnt sé að tryggja gott heilbrigðisástand.

---

[11] *Heilsufar kvenna. Álit og tillögur nefndar um heilsufar kvenna.* Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, apríl 2000.

6.3. Fæðingarorlof.

Heilbrigðisráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um fæðingarorlof þar sem báðum foreldrum verður tryggður réttur til fæðingarorlofs. Unnið verði að því að jafna þann mun sem er á rétti vinnandi fólks eftir því hvar það starfar.

Tveir fulltrúar heilbrigðismálaráðuneytisins sátu í nefnd sem skipuð var af félagsmálaráðherra sem samdi frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000. Lögin gera foreldrum fært að semja við vinnuveitendur um tilhögun fæðingarorlofs, þannig að sveigjanleiki er aukinn. Einnig eru greiðslur í fæðingarorlofi hlutfall af launum foreldris. Réttur feðra til töku fæðingarorlofs er aukinn verulega og fá þeir einnig hlutfall af launum. Í undirbúningi er kynningar- og ráðgjafarátak til að fylgja lögunum eftir, auk rannsóknar á því hvernig þau nýtast fyrir bæði feður og mæður.

6.4. Meðferð fyrir karla sem beita konur ofbeldi.

Heilbrigðisráðuneytið lítur á ofbeldi gegn konum sem heilbrigðisvandamál og mun í samvinnu við félagsmálaráðuneytið beita sér fyrir því að boðið verði upp á slíka meðferð hér á landi.

Unnið er að samvinnuverkefni með félagsmálaráðuneytinu þar sem körlum sem beita konur ofbeldi á heimili er boðin sálfræðimeðferð. Verkefnið er rekið undir heitinu Karlar til ábyrgðar og er daglegur rekstur þess í höndum Rauða krossins. Heilbrigðisráðuneytið hefur styrkt verkefnið fjárhagslega frá árinu 1997. Úttekt hefur verið gerð á verkefninu og innan tíðar verður tekin ákvörðun um næstu skref.

Heilbrigðismálaráðuneytið styrkti einnig rannsókn sem gerð var á ofbeldi á starfsfólki í heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu árin 1997–98 á vegum Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga o.fl.

6.5. Feðrafræðsla fyrir verðandi feður.

Unnið verður að því að koma á sérstakri feðrafræðslu sem hluta af þeim undirbúningi sem verðandi foreldrum er boðið upp á. Jafnframt verður gert átak til að tryggja að starfsfólk heilbrigðisstofnana sé meðvitað um mikilvægi þess að feður séu virkir þátttakendur við meðgöngu, fæðingu og umönnun barna sinna.

Haustið 2000 var opnuð ný deild á kvennadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss sem ber nafnið Hreiðrið. Þar er sérstakt herbergi fyrir hverja fæðingu þar sem góð aðstaða er fyrir báða foreldra. Fræðsla og undirbúningur á meðgöngu hefur miðað að því að feður geti tekið þátt í fæðingunni sem fram fer í þessu herbergi svo fremi sem fæðingin gengur eðlilega fyrir sig. Um er að ræða nýjan valkost fyrir konur sem koma til að fæða.

6.6. Endurskoðun á staðaltölum almannatrygginga.

Staðaltölur almannatrygginga eru sundurgreindar eftir kynjum þar sem það er tæknilega framkvæmanlegt. Unnið verði að því að sundurgreining nái til allra upplýsinga.

Mikilvæg forsenda jafnréttis innan heilbrigðiskerfisins er að ákvarðanir, forgangsröðun og framkvæmd séu byggðar á þekkingu á heilsu kvenna jafnt sem karla. Mörg verkefna ráðuneytisins taka mið af þessari staðreynd og er átak þess efnis að allar upplýsingar í staðaltölum almannatrygginga verði greindar eftir kyni dæmi þar um. Samkvæmt lögum nr. 96/2000 skal greina allar tölfræðiupplýsingar eftir kyni.

6.7. Úttekt á reglum sem varða mat á vistunarþörf.

Þær reglur sem stuðst er við þegar verið er að meta vistunarþörf ellilífeyrisþega eða öryrkja verða kannaðar með tilliti til þess hvort þær koma mismunandi út hjá konum og körlum.

Reglur um vistunarmat hafa ekki breyst frá árinu 1990. Um er að ræða mat á vistunarþörf ellilífeyrisþega, en það sem snýr að öryrkjum er á vegum félagsmálaráðuneytisins. Ekki hefur verið talin þörf á að endurskoða þessar reglur þar sem þær miðast ekki við kynjaskiptingu heldur þörf fyrir þjónustu.

6.8. Útreikningar örorkumatsbóta með tilliti til jafnréttis kvenna og karla.

Kannað verði hvort hefðbundið mat á störfum kvenna og karla sé lagt til grundvallar við útreikninga á bótum vegna örorku.

Örorka er metin óháð kynferði en ákvarðast af sjúkdómi eða fötlun einstaklings. Ekki er gerður greinarmunur á því hvort um karl eða konu er að ræða við útreikning örorkubóta vegna bótaskylds slyss.

6.9. Sérstök herferð í forvörnum gegn fíkniefna- og tóbaksneyslu.

Í herferðum sem varða tóbaksvarnir verður unnið eftir þeim sjónarmiðum að forsendur reykinga hjá konum og stúlkum annars vegar og körlum og piltum hins vegar eru mismunandi. Gerð verði tilraun í þá veru að beina áróðri og fræðslu sérstaklega til ungra stúlkna.

Áfengis- og vímuvarnaráð tók til starfa í ársbyrjun 1999. Tölfræðiupplýsingar þeirra rannsókna sem unnar hafa verið á vegum ráðsins eru kyngreindar. Í niðurstöðum rannsóknanna hefur m.a. komið í ljós að í efstu bekkjum grunnskóla virðast stúlkur vera að draga á drengi í áfengisneyslu. Slíkar niðurstöður geta gefið tilefni til sérstakra kynbundinna aðgerða í framtíðinni.

6.10. Áhættuhegðun karla.

Karlar og drengir eru miklum mun fleiri en konur meðal þeirra sem slasast, svipta sig lífi og misnota vímuefni. Ljóst er að hér er um heilbrigðisvandamál að ræða og mikilvægt er að leita orsaka þess. Því mun ráðuneytið kanna sérstaklega þátt karlmennskuímyndar í þeirri hegðun karla sem orsakar slys, sjálfsvíg og eitranir.

Ljóst er að fleiri karlar en konur fremja sjálfsvíg á Íslandi. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur lagt áherslu á mikilvægi fyrirbyggjandi aðgerða og fræðslu í þessu sambandi. Benda má á að í heilbrigðisáætlun til ársins 2010 kemur fram sú stefna stjórnvalda að dregið verði úr tíðni sjálfsvíga um 25% á tímabilinu. Landlæknisembættið hefur einnig unnið töluvert starf á þessu sviði og má nefna nokkur verkefni á vegum embættisins í þessu sambandi:

1. Geðrækt, samvinnuverkefni Geðhjálpar, landlæknisembættisins og geðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss. Hér er um víðtækt verkefni að ræða sem snýr m.a. að uppbyggingu á geðheilsu og forvörnum.
2. Starfandi er starfshópur á vegum landlæknisembættisins sem í sitja tveir geðlæknar og einn sálfræðingur og er hópnum falið að leggja fram tillögur til forvarna gegn sjálfsvígum. Haldið var málþing um efnið og boðið til þess fulltrúum fjölmargra aðila sem tengjast viðfangsefninu. Í framhaldi af málþinginu hafa um 40 aðilar tekið þátt í hópvinnu til að leggja fram tillögur í málinu.
3. Rannsókn sem Vilhelm Norðfjörð hefur gert á hárri tíðni sjálfsvíga á Austfjörðum á ákveðnu tímabili mun birtast innan tíðar en hún er unnin að beiðni landlæknisembættis-

ins. Niðurstöðum er ætlað að auka skilning á viðfangsefninu til að unnt sé að leggja fram tillögur að fyrirbyggjandi aðgerðum á landsvísu.
4. Viðræður eru hafnar um rannsókn í samvinnu við bandaríska vísindamenn þar sem tekin verða viðtöl við aðstandendur þeirra sem framið hafa sjálfsvíg og áhættuþættir sjálfsvíga verða kannaðir.
5. Á heimasíðu landlæknisembættisins hefur verið ítarleg umfjöllun í umsjá geðlæknis um þunglyndi.
6. Landlæknisembættið helgaði janúar á síðastliðnu ári umræðu um þunglyndi og ýtti það undir mikla umræðu um sjúkdóminn í samfélaginu sem m.a. leiddi til stofnunar sjálfshjálparhóps á vegum Geðhjálpar.
7. Landlæknir skrifaði nýlega bréf til allra héraðslækna á landinu þar sem óskað var eftir upplýsingum varðandi skráningu og viðbrögð við sjálfsvígum og sjálfsvígstilraunum.

Innan heilbrigðisþjónustunnar hefur farið fram umræða um hvort skrá eigi sérstakan gagnagrunn um sjálfsvíg og sjálfsvígstilraunir. Sjálfsvíg og sjálfsvígstilraunir eru tvær ólíkar sjúkdómsgreiningar og sjúkdómurinn eða sjúkdómsmyndin sem birtist einnig. Við skoðun á þessu máli þarf að taka mið af fjölmörgum þáttum, m.a. ýmsum siðferðilegum sjónarmiðum. Landlæknisembættið hefur skoðað þetta mál en engin ákvörðun hefur verið tekin.

Á Landspítala – háskólasjúkrahúsi er slysa- og atvikaskráning kyngreind.

6.11. Átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum og kalla til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er.

Í stjórnum á vegum ráðuneytisins sem kosnar eru af Alþingi, nefndum, stjórnum eða ráðum sem skipuð eru af ráðherra samkvæmt lögum og reglugerðum og nefndum og vinnuhópum sem skipaðir eru til að sinna ákveðnum verkefnum eru 37% konur. Í framangreindum stjórnum, nefndum og ráðum eru 65 formenn, þar af eru 18 konur. Í stjórnum sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðva, stjórnum heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa og sjálfseignarstofnunum eru 49% konur. Af 37 formönnum þessara stjórna eru 13 konur.

6.12. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

Ekki er starfandi jafnréttisnefnd í ráðuneytinu en jafnréttisfulltrúi hefur verið skipaður. Í ráðuneytinu eru sjö skrifstofustjórar, þar af fjórar konur. Ráðuneytisstjóri er karlmaður en staðgengill ráðuneytisstjóra er kona.

Ný starfsmannastefna Tryggingastofnunar var samþykkt í október 1999, þar sem áhersla er lögð á að stofnunin virði lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, þannig að allir njóti hæfileika sinna og hafi jöfn tækifæri og sömu möguleika til áhrifa.

Jafnréttisnefnd hóf störf hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur (SHR) í janúar 1997, stofnunin tilheyrir nú Landspítala – háskólasjúkrahúsi (LSH). Nefndin lagði fram tillögu til að jafna stöðu kynja innan SHR í mars 1998. Jafnréttisáætlun var samþykkt í stjórn SHR í maí 1998, áætlunin hefur sætt endurskoðun og skilaði nefndin tillögum til framkvæmdastjórnar LSH í október 2000.

7. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.

7.1. Stuðningur við atvinnurekstur kvenna.

Í janúar 1997 skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra nefnd til að kanna hvort þörf væri á sérstökum stuðningi við atvinnurekstur kvenna. Nefndin hefur m.a. látið gera könnun á meðal kvenna í rekstri fyrirtækja hérlendis, svo og viðhorfum þeirra til sértækra stuðningsaðgerða við atvinnurekstur kvenna. Þá er í vinnslu yfirlit yfir helstu stuðningsaðgerðir sem í boði eru hérlendis og erlendis. Mun nefndin skila niðurstöðum og tillögum í byrjun næsta árs.

Síðla árs 1998 lauk fyrrgreind nefnd störfum og birtust niðurstöður hennar og tillögur í skýrslunni *Atvinnurekstur kvenna*. Í skýrslunni er yfirgripsmikill fróðleikur og upplýsingar um stöðu kvenna í atvinnurekstri, fyrirtækjaumhverfi þeirra og sérstakar stuðningsaðgerðir þeim til handa sem gripið hefur verið til hér á landi.

Ein helsta *niðurstaða* nefndarinnar var að árangursríkar stuðningsaðgerðir við atvinnurekstur kvenna á forsendum hagsmuna efnahagslífsins sem efla atvinnurekstur og styrkja stöðu kvenna þjóna jafnframt jafnréttis- og fjölskylduhagsmunum, efla atvinnuþróun og geta hamlað byggðaröskun.

Helstu *tillögur* nefndarinnar voru annars vegar að komið yrði á fót miðstöð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki þar sem hlut kvenna væri sérstakur gaumur gefinn og hins vegar að til kæmi stuðningur stjórnvalda við félag eða „tengslanet" kvenatvinnurekenda, sem hefði það að meginmarkmiði að efla samvinnu og samstöðu þeirra.

Í mars 1999 tók *Impra, þjónustumiðstöð frumkvöðla og fyrirtækja* til starfa innan Iðntæknistofnunar og er þar um að ræða þjónustu fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og frumkvöðla. Þar er lögð sérstök áhersla á að veita konum ráðgjöf sem eru að vinna að ákveðinni viðskiptahugmynd og hyggjast fara út í eigin rekstur.

Í ljósi niðurstaðna og tillagna nefndarinnar um að komið yrði á fót tengslaneti fyrir konur í atvinnurekstri skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra starfshóp í byrjun janúar 1999 sem hafa skyldi forgöngu um stofnun félags fyrir konur í atvinnurekstri. *Félag kvenna í atvinnurekstri (FKA)* var stofnað í apríl 1999 og sér starfsmaður hjá Impru um útgáfu fréttabréfa, uppfærslu félagatals, innheimtu félagsgjalda og aðstoð við rekstur félagsins. Markmið og tilgangur félagsins er að stuðla að samstarfi kvenna í atvinnurekstri innbyrðis og mynda markhóp gagnvart bönkum og lánastofnunum.

7.2. Könnun á stöðu kvenna í iðnaði.

Samdráttur hefur orðið í einstökum atvinnugreinum iðnaðar undanfarin ár, en á sama tíma hafa aðrar eflst til muna. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti mun kanna hvort þessar breytingar hafi nýst konum sem skyldi eða hvort samdrátturinn hafi frekar átt sér stað í atvinnugreinum þar sem konur eru í meiri hluta. Ef niðurstaða könnunarinnar er veik staða kvenna mun ráðuneytið fara yfir þá þætti og gera grein fyrir þeim.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti er að vinna að könnun á stöðu kvenna í iðnaði en kyngreindar upplýsingar á sviði iðnaðar eru mikilvæg forsenda þess að hægt sé að byggja á staðreyndum við ákvarðanatöku um stuðningsaðgerðir og á það einnig við um mælingar á árangri þeirra.

7.3. Hlutur kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti mun sérstaklega taka mið af jafnréttissjónarmiðum við tilnefningu í nefndir og ráð með það að markmiði að auka þar hlut kvenna.

Ráðuneytið tekur sérstaklega mið af jafnréttissjónarmiðum við tilnefningu í nefndir og ráð með það að markmiði að auka þar hlut kvenna.

7.4. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og upplýsingasamfélagið.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra var falið af ríkisstjórninni 6. október 1995 að skipa nefnd til að vinna að stefnumótun fyrir ríkisstjórnina um íslenska upplýsingasamfélagið næsta áratug. Nefndin skilaði áliti sínu og níu starfshópar er með henni unnu ári síðar. Eitt af meginmarkmiðunum er að nýta möguleika upplýsingatækninnar til að vinna gegn óæskilegum félagslegum áhrifum, svo sem auknu misrétti, og sjá til þess að jafnrétti sé tryggt. Í þessu felst m.a. sá ásetningur að efla fjarmenntun og atvinnuþátttöku fólks með fjarvinnslu sem mun auka jafnrétti kynjanna óháð búsetu.

Eins og fram kemur var eitt af meginmarkmiðum framangreindrar nefndar að nýta möguleika upplýsingatækninnar til að vinna gegn misrétti og tryggja jafnrétti, óháð kyni, aldri og búsetu. Í þessu felst m.a. að auka fjarmenntun og atvinnuþátttöku fólks með fjarvinnslu og hefur ráðuneytið beitt sér fyrir því. Þá er mjög mikilvægt að bæði kynin komi að mótun og uppbyggingu upplýsingatækniiðnaðar en konur eru einungis um 20% þátttakenda í dag. Ráðuneytið ásamt fleirum tekur þátt í átaksverkefni Háskóla Íslands og Jafnréttisstofu, *„Konur til forystu og jafnara námsval kynjanna"*. Með þátttöku sinni vill ráðuneytið hvetja fleiri stúlkur til náms í greinum upplýsingatækninnar.

7.5. Fjölgun kvenna í stjórnun og rekstri fyrirtækja.

Með því að auka veg kvenna í stjórnun og rekstri fyrirtækja stefnir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið að því að auka sjálfstæði kvenna og um leið jafnrétti kynjanna. Einnig munu kraftar kvenna til eflingar atvinnulífinu nýtast betur.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hefur beitt sér fyrir rannsóknum á þætti kvenna í stjórnun og rekstri fyrirtækja. Með tilkomu lektors í kynjafræðum og prófessors í frumkvöðla- og nýsköpunarfræðum við Háskóla Íslands opnast möguleikar á samstarfi um rannsóknir, svo sem um þátt kvenna í stjórnun fyrirtækja. Einnig verða meistaranámsnemendur hvattir til að velja verkefni á þessu sviði.

7.6. Stuðningur Nýsköpunarsjóðs við atvinnuuppbyggingu kvenna.

Hinn 1. janúar 1998 tók Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins til starfa. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs. Mun sjóðurinn gegna hlutverki sínu með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar, einkum með hlutafjárþátttöku en einnig með því að veita lán og ábyrgðir í þessu skyni. Einnig mun sjóðurinn styðja við þróunar- og kynningarverkefni. Þátttaka kvenna í sköpun nýrra atvinnutækifæra á sviði lítilla og meðalstórra fyrirtækja er sívaxandi sem er einnig reyndin í Bandaríkjunum, en á vegum SBA (Small Business Administration) hafa verkefni sem auka atvinnuþátttöku kvenna gefist vel. Nýsköpunarsjóði er m.a. ætlað að vera smáum og meðalstórum fyrirtækjum öflugur bakhjarl. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti telur sérstaklega mikilvægt að auka veg kvenna í atvinnurekstri og telur að sjóðurinn muni með almennri starfsemi sinni styðja atvinnusköpun kvenna og öflun nýrra atvinnutækifæra.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, ásamt Íslandsbanka, Morgunblaðinu og Deloitte & Touche, ýtti úr vör sérstöku átaki til stuðnings atvinnurekstri kvenna og var það verkefnið „Auður í krafti kvenna". Háskólinn í Reykjavík annast framkvæmd verkefnisins og er markmiðið að það skili mælanlegum árangri sem felst í fjölgun og vexti fyrirtækja í eigu kvenna. Hlutverk verkefnisins er að nýta enn betur þann auð sem í konum býr með því að auka þátt-

töku þeirra í atvinnusköpun og stuðla þannig að auknum hagvexti á Íslandi. Boðið er upp á ýmis námskeið fyrir konur varðandi rekstur og stjórnun fyrirtækja.

7.7. Átak til atvinnusköpunar.

Í mars 1996 gerðu iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Iðnlánasjóður og Iðnþróunarsjóður með sér samstarfssamning um „Átak til atvinnusköpunar". Markmið átaksins er m.a. stuðningur við lítil og meðalstór fyrirtæki, svo og einstaklinga á sviði atvinnu- og nýsköpunar. Þann tíma sem stjórn átaksins hefur starfað hafa margvísleg verkefni verið studd sem hafa ekki síður nýst konum en körlum. Má þar nefna átak til eflingar textíliðnaði, stuðning við framleiðslu sjávar- og jurtasmyrsla og markaðssetningu íslenskrar fatahönnunar erlendis en í þessum iðngreinum hafa konur verið í fararbroddi.

Allt frá því að „Átak til atvinnusköpunar" var sett á laggirnar í mars 1996 hefur markmið þess verið að styðja bæði lítil og meðalstór fyrirtæki (LMF) og einstaklinga til atvinnu- og nýsköpunar. Alla tíð hefur verið lögð á það áhersla af stjórn átaksins að styðja verkefni frá konum jafnt sem körlum. Eftir að Iðnlánasjóður og Iðnþróunarsjóður hættu starfsemi tók iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti alfarið við rekstri átaksins. Er það stefna ráðuneytisins að sameina stuðningsaðgerðir þess við atvinnulífið undir yfirstjórn „Átaks til atvinnusköpunar". Þær forsendur sem gengið er út frá við veitingu styrkja úr verkefninu eru einkum tvenns konar: Í fyrsta lagi eru veittir styrkir til verkefna sem eru á forstigi nýsköpunar og falla ekki undir aðra aðila sem veita sambærilega fyrirgreiðslu. Hin forsendan sem gengið er út frá við veitingu styrkja er að um sé að ræða sérstök skilgreind átaksverkefni ráðuneytisins sem ætlað er að hafa víðtæk áhrif en eru ekki bundin við afmarkað verk, einstakling eða fyrirtæki. Þá hefur „Átak til atvinnusköpunar" sérstaklega aðstoðað fyrirtæki sem eru að stíga sín fyrstu skref í alþjóðlegu samstarfi með því að styrkja þau til að sækja svokölluð fyrirtækjastefnumót sem haldin eru reglulega víðs vegar um Evrópu. Af þeim fyrirtækjum (aðilum) sem fengu styrk úr átakinu á árinu 2000 voru konur í forsvari í 46% tilvika.

7.8. Þátttaka iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis í samvinnuverkefnum.

a. *Atvinnuuppbygging á landsbyggðinni. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti mun ásamt félagsmálaráðuneyti, forsætisráðuneyti (Byggðastofnun) og fjármálaráðuneyti kanna hvernig styrkir úr opinberum sjóðum sem nýtast eiga atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni hafa skipst á milli kvenna og karla.*
b. *Lánatryggingasjóður kvenna. Lánatryggingasjóður kvenna er samvinnuverkefni iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Tilgangur með stofnun sjóðsins er að styðja konur til þátttöku og nýsköpunar í atvinnulífi með því að veita ábyrgðir á lánum sem veitt eru umsækjendum um lánatryggingu úr Lánatryggingasjóði kvenna.*

Sjá kafla 3 um félagsmálaráðuneytið.

7.9. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

Ráðuneytið hefur samþykkt jafnréttisáætlun. Af undirstofnunum ráðuneytisins er Iðntæknistofnun eina stofnunin sem hefur gert jafnréttisáætlun. Ráðuneytið mun beita sér fyrir því eftir sem áður að stofnanir sem undir það heyra geri einnig slíkar jafnréttisáætlanir.

8. Landbúnaðarráðuneyti.

8.1. Félagsleg og efnahagsleg réttindi kvenna í bændastétt.

Könnuð verða ýmis ákvæði um eignaraðild í landbúnaði og búrekstri og réttindi og skyldur henni samfara. Gerðar verði tillögur til úrbóta þar sem þess gerist þörf með það að markmiði að jafna hlut kvenna og karla. Þessu verkefni verði lokið fyrir árið 2000.

Árið 1999 kom út á vegum landbúnaðarráðuneytisins skýrslan *Markmið og framkvæmdaáætlun landbúnaðarráðuneytisins í jafnréttismálum*. Þar er gerð grein fyrir því hvernig ráðuneytið ætlar að standa að framkvæmd einstakra verkefna áætlunarinnar. Eitt af verkefnum í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar er könnun á eignarhaldi í landbúnaði og búrekstri og réttindum og skyldum því samfara. Undirbúningur þessa verkefnis er hafinn. Óskað var eftir heimild til fjárveitingar á fjárlögum til að ráða starfsmann í fullt starf en engin fjárveiting fékkst. Því var litið svo á að vilji ríkisstjórnarinnar stæði ekki til þess að hrinda þessum verkefnum í framkvæmd. Þessi verkefni eru mjög umfangsmikil og ekki hægt að vinna þau í hjáverkum. Því er nauðsynlegt að sérstakur starfsmaður vinni að þeim sérstaklega. Það sama á við um lið 8.3 hér á eftir. Það skal þó tekið fram að jafnrétti er ávallt haft að leiðarljósi í þeirri vinnu sem fram fer á vegum ráðuneytisins.

8.2. Fræðsla fyrir konur og karla í bændastétt.

Unnið verður upplýsinga- og fræðsluefni um réttindi og skyldur kvenna og karla í bændastétt. Þar verður gerð grein fyrir félagskerfi landbúnaðarins, starfi hagsmunasamtaka bænda og félagslegum réttindum sem varða konur og karla í bændastétt, ásamt upplýsingum um jafnrétti kvenna og karla almennt.

8.3. Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni.

Landbúnaðarráðuneytið mun beita sér fyrir því að fullt tillit verði tekið til stöðu kvenna sem búa í dreifbýli og kvenna í bændastétt í öllum þeim sértæku verkefnum sem unnin verða samkvæmt þessari framkvæmdaáætlun og varða stöðu kvenna á vinnumarkaðinum og möguleika þeirra til eigin atvinnurekstrar og endurmenntunar.

8.4. Fjölgun kvenna í stjórnum og ráðum sem varða landbúnaðarmál.

Sérstakt átak verður gert til að fjölga konum í stjórnum, nefndum og ráðum þar sem stefnumótun varðandi framtíð landbúnaðarins á sér stað og ákvarðanir eru teknar. Þetta átak tekur til bæði opinberra nefnda og ráða á vegum ríkisvaldsins og félags- og hagsmunasamtaka bændastéttarinnar.

Staða kvenna í nefndum og ráðum á vegum landbúnaðarráðuneytisins hefur aukist frá 10% upp í 12,5% sem verður að teljast þó nokkur aukning með tilliti til þess að langflestar þær nefndir sem miðað var við í síðustu könnun eru enn starfandi. Í ráðuneytinu starfa 18 starfsmenn og þar af eru tíu konur.

8.5. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

Garðyrkjuskólinn hefur unnið við gerð jafnréttisáætlunar og gerð hafa verið drög að viljayfirlýsingu um framkvæmd jafnréttisstefnu. Í framhaldi af viljayfirlýsingunni var framkvæmt mat á stöðu jafnréttismála við stofnunina og matið kynnt starfsmönnum. Síðan var lokið við jafnréttisstefnu skólans og er full sátt um stefnuna.

Veiðimálastofnun gefur þær upplýsingar að konur hafa ekki sótt í fiskifræðina í sama mæli og karlar, eiginlega í mjög litlum mæli. Þó er þar komin til starfa kona sem líffræðingur að mennt. Það er sú fyrsta um nokkurt skeið. Hún var valin úr hópi umsækjenda en hún var eina konan í þeim hópi. Á þessu ári tekur þar til starfa kona, sérmenntuð í vatnavistfræði smádýra, sem er fyrsta sérmenntaða konan í alllangan tíma en stofnunin hafði um tíma sérmenntaðar konur í erfðafræðirannsóknum. Reynt er að laga hlutfall kynjanna en byrja þarf þá á að laða konur að faginu með náminu.

Fræðsla til starfsmanna er stöðug. Gert er ráð fyrir að sérstök kynning fari fram á lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

9. Menntamálaráðuneyti.

9.1. Námskrárgerð.

Í nýjum aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla verður sérstaklega tekið mið af lögum um grunnskóla og stefnu menntamálaráðuneytis í jafnréttismálum en þar er kveðið á um að nemendum sé ekki mismunað eftir kyni, búsetu, stétt, uppruna, trú eða fötlun. Þetta þýðir að allir skuli fá sem jöfnust tækifæri til menntunar. Þetta þýðir ekki endilega sömu úrræði fyrir alla, heldur sambærileg og jafngild tækifæri.

Ný aðalnámskrá grunnskóla tók gildi í júní 1999 og skal að fullu vera komin til framkvæmdar að þremur árum liðnum frá gildistöku. Ný aðalnámskrá framhaldsskóla tók einnig gildi 1. júní 1999 og skal að fullu vera komin til framkvæmdar að fimm árum liðnum frá gildistöku.

Í stefnuriti ráðuneytisins „Enn betri skóli" frá 1998 sem lagt er til grundvallar við endurskoðun aðalnámskráa endurspeglast meginjafnréttisstefna ráðuneytisins. Þar kemur meðal annars eftirfarandi fram: Jafnrétti til náms er fólgið í því að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi og gefa þeim tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Við gerð námskráa fyrir grunn- og framhaldsskóla voru tillögur nefndar sem ráðherra skipaði til þess að fjalla um jafnréttismál og gera tillögur um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar og stefnumörkum varðandi jafnréttisfræðslu í skólum í tengslum við endurskoðun aðalnámskráa einnig hafðar til hliðsjónar.

Fræðsla um jafnrétti kynjanna er samofin markmiðum í nýjum aðalnámskrám bæði grunn- og framhaldsskóla, almennum hlutum þeirra og í hverri og einni námskrá fyrir sig. Í nýrri aðalnámskrá beggja skólastiga er sérstök námskrá í lífsleikni, sem er ný námsgrein. Í námskrá í lífsleikni er að finna jafnréttismiðuð markmið í áfangamarkmiðum og þrepamarkmiðum fyrir einstaka aldurshópa. Við úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskólakennara 1999 og 2000 var sérstök áhersla lögð á endurmenntunarnámskeið í tengslum við nýjar áherslur í aðalnámskrá þar á meðal námskrá í lífsleikni. Einnig lagði Þróunarsjóður grunnskóla við úthlutun styrkja árin 2000 og 2001 sérstaka áherslu á að styrkja verkefni í lífsleikni og þróun lífsleikniáætlana í skólum.

Í aðalnámskrá framhaldsskóla er vísað til þess að skólum beri að gæta jafnréttis nemenda til náms og að verkefni skuli höfða jafnt til pilta og stúlkna. Alveg sérstök áhersla er lögð á jafnréttismarkmið í áfangalýsingum félagsfræði, uppeldisfræði og sálfræði, auk lífsleikninnar.

9.2. Vinna að jafnrétti og gegn hefðbundinni verkaskiptingu.

Menntamálaráðuneytið mun áfram leggja áherslu á að skólar vinni ötullega að því að tryggja jafnan rétt drengja og stúlkna, fræða nemendur um stöðu kynjanna og vinna gegn því að nemendur festist í farvegi hefðbundinnar verkaskiptingar kynjanna. Mikilvægt er að

menntakerfið ýti ekki undir launamun kynjanna, til dæmis með því að hvetja konur sérstaklega til að stunda ákveðið nám en karla til að stunda annars konar nám.

Ráðuneytið gaf út stefnuritið „Menntun — menning — forsenda framtíðar", í ritinu er m.a. yfirlýsing um að skólar skuli vinna ötullega að því að tryggja jafnan rétt drengja og stúlkna, vinna gegn því að nemendur festist um og of í farvegi hefðbundinnar verkaskiptingar og styrkja sjálfsmat nemenda. Við gerð aðalnámskráa grunn- og framhaldsskóla var farið eftir þessari skýru stefnu varðandi stöðu kynja í skólum, svo og í nefndum á vegum ráðuneytisins og við styrkveitingar ráðuneytisins til ýmiss konar rannsókna á þessu sviði.

Ráðuneytið gaf út bæklinginn „Ábyrgð — frelsi — jafnrétti — val". Nemendur og foreldrar geta kynnt sér þá kosti sem blasa við nemendum að loknu grunnskólanámi. Í ritinu er aukið valfrelsi undirstrikað og sú ábyrgð sem því fylgir og í nýrri skólastefnu ættu allir að geta fundið nám við sitt hæfi.

Menntamálaráðuneytið var meðal samráðsaðila vegna ráðstefnu um konur og upplýsingatækni sem haldin var 14. apríl 2000 á vegum verkefnisstjórnar um upplýsingasamfélagið sem heyrir undir forsætisráðuneytið.

Verkefnið *Konur til forystu og jafnara námsval kynjanna* er sameiginlegt jafnréttisverkefni jafnréttisnefndar Háskóla Íslands og Jafnréttisráðs með stuðningi m.a. fjögurra ráðuneyta, þar á meðal menntamálaráðuneytisins. Samningsaðilar munu sameiginlega í tvö ár á árunum 2000–2002 gera átak til að auka hlut kvenna í forustustörfum á íslenskum vinnumarkaði og til að jafna kynjaskiptingu í náms- og starfsvali karla og kvenna. Meginverkefnið er í stórum dráttum tvíþætt:

1. Að gert verði hvatningarátak meðal stúlkna í síðasta bekk grunnskóla og í framhaldsskólum til að velja raungreinabrautir sinna skóla.
2. Átak meðal kvenna í háskólum til að efla þær til aukinnar þátttöku í stjórnun, rekstri fyrirtækja og störfum í æðstu stöðum stjórnsýslunnar.

9.3. Jafnréttiskennsla í skólum verði efld.

Jafnréttisfræðsla í skólum verði efld og lögð verði sérstök áhersla á styrkleika beggja kynja, skyldur beggja og réttindi. Sérstök áhersla verði lögð á fjölskyldufræðslu og náms- og starfsfræðslu bæði í grunn- og framhaldsskólum. Nauðsynleg forsenda jafnréttiskennslu er að jafnréttisfræðsla standi kennurum og skólastjórnendum til boða.

Ráðuneytið átti aðild að norrænu samstarfsverkefni, Nord-lilia, um jafna stöðu kynja í starfsháttum og inntaki kennaramenntunar á árunum 1993–97. Verkefnið var á vegum norrænu ráðherranefndarinnar og byggðist á þróunarverkefnum í hverju landi. Í tengslum við verkefnið voru gefin út tvö rit, nokkur fréttabréf og fjöldi skýrsla um þróunarverkefnin.

Sjá 9.13, „Jafnrétti til menntunar".

Í námskrá í lífsleikni fyrir grunnskóla er að finna jafnréttismiðuð markmið í áfangamarkmiðum og þrepamarkmiðum fyrir einstaka aldurshópa. Í námskrá framhaldsskóla í lífsleikni eru einnig sett fram jafnréttismiðuð markmið.

9.4. Rannsóknir á stöðu kynjanna í skólakerfinu verði efldar.

Menntamálaráðuneytið mun láta fara fram rannsókn á stöðu kynjanna í skólakerfinu þar sem sérstaklega verður hugað að líðan hvors kyns fyrir sig í skólum. Á grundvelli slíkra athugana verði kannað hvort tímabundin aðgreining kynjanna í námi í ákveðnum greinum eða þáttum tryggi betri námsárangur og líðan bæði stúlkna og drengja.

Menntamálaráðherra skipaði nefnd sem hafði það hlutverk að gera tillögur um hvaða uppeldis- og kennsluaaðferðum skyldi beitt í grunnskólum til að mæta betur mismunandi þörfum drengja og stúlkna.

Niðurstöður rannsóknar varðandi „Ungt fólk '97" á vegum Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála hafa verið kynntar. Rannsóknin gefur vísbendingar um umtalsverðan kynjamun í grunnskólum bæði hvað varðar árangur og líðan.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála annaðist rannsókn á umfangi og eðli eineltis í íslenskum grunnskólum. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa mikilvægar vísbendingar um samskipti og líðan stúlkna og pilta í grunnskólum.

Ráðuneytið á aðild að rannsókn sem gerð er til að kanna hagi og líðan ungs fólks í framhaldsskólum, þar sem meðal annars er kannaður munur á líðan og árangri pilta og stúlkna í framhaldsskólum.

Sett var á laggirnar nefnd um sértæka lesröskun og lesskimun í grunnskóla en þar er einnig hugað að kynjamun. Skýrsla þeirrar nefndar lá fyrir 1998.

Menntamálaráðuneytið hefur styrkt rannsókn um nám og viðhorf ungs fólks í framhaldsskóla. Rannsóknin nær til eins árgangs og gefur miklar upplýsingar um menntun ungs fólks að grunnskóla loknum. Í rannsókninni eru m.a. könnuð tengsl sálfræðiþátta og námsárangurs við náms- og starfsval einstaklinga og hvort munur er á tengslum þessara þátta við náms- og starfsval karla og kvenna.

9.5. Íþróttauppeldi stúlkna verði eflt.

Brottfall stúlkna úr íþróttum er mikið. Í ljósi þess mun menntamálaráðuneytið stuðla að því að íþróttauppeldi stúlkna verði sinnt í skólakerfinu ekki síður en drengja.

Stefnt er að því að efla íþróttauppeldi stúlkna. Í námskrá í íþróttum eru markmið sett fram með það í huga að þau nái til allra nemenda og höfði jafnt til áhugasviðs og þroska allra nemenda og að verkefnin höfði til beggja kynja. Í samræmi við þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 1996, var skipuð nefnd til að fjalla um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna. Nefndin hefur skilað ítarlegri greinargerð og tillögum um leiðir til þess að auka þátt kvenna í íþróttum.

9.6. Tölvur og upplýsingatækni.

Menntamálaráðuneytið mun leggja aukna áhersla á að bæði kyn menntist um tölvur og upplýsingatækni. Sú fræðsla þarf að hefjast strax á yngri stigum grunnskólans til að draga úr þeim kynjamun sem þegar er orðinn umtalsverður í efri bekkjum grunnskóla.

Upplýsinga- og tæknimennt er ný námsgrein í nýrri aðalnámskrá, en þar er á það bent að verkefnin höfði jafnt til drengja og stúlkna.

9.7. Stærðfræði og raungreinar.

Menntamálaráðuneytið mun leita leiða til að auka áhuga stúlkna á þessum sviðum þegar í yngri bekkjum grunnskóla. Kannað verður hvort stúlkur þurfi sérkennslu á þessum sviðum.

Í skilgreindum markmiðum námskrár í stærðfræði fyrir grunnskóla er ekki sérstaklega fjallað um þetta efni. Miðað er við að öll markmið námskrárinnar nái til allra nemenda og verkefni höfði til beggja kynja. Vísað er til jafnréttismarkmiða sem fram koma í almennum hluta aðalnámskrár.

Í námskrá í náttúrufræði fyrir grunnskóla er sérstaklega á það bent að athugað skuli að nemendur festist ekki um of í farvegi hefðbundinnar verkaskiptingar og að einstaklingar af báðum kynjum fái sambærileg og jafngild tækifæri.

9.8. Styrkir til jafnréttisfræðslu.

Við úthlutun styrkja úr Þróunarsjóði grunnskóla á skólaárinu 1998–99 mun menntamálaráðuneytið leggja sérstaka áherslu á þróunarverkefni sem tengjast jafnréttisfræðslu og aðgerðum til að bæta stöðu drengja og stúlkna í skólunum.

Veittir hafa verið styrkir úr Þróunarsjóði grunnskóla til ýmiss konar þróunarverkefna er sérstaklega varða jafnréttisfræðslu. Þess má geta að við úthlutun árin 2000 og 2001 lagði Þróunarsjóður grunnskóla sérstaka áherslu á að styrkja verkefni í lífsleikni og þróun lífsleikniáætlana í skólum.

9.9. Nefndir og ráð.

Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum menntamálaráðuneytisins mun sérstaklega verða tekið mið af jafnréttissjónarmiðum og kallað til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er.

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytisins er leitast við að gæta jafnræðis milli kynja. Þegar aðilar utan ráðuneytisins eru beðnir um tilnefningar í nefndir á vegum þess er ávallt vísað í 20. gr. jafnréttislaga. Í mars árið 2000 var skipting fulltrúa í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum menntamálaráðuneytisins þannig að karlar voru 68% fulltrúa og konur 32%.

9.10. Kvennasögusafnið.

Framlag til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns verður hækkað um 2,1 millj. kr. árið 1998 vegna reksturs Kvennasögusafns.

Framlag til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns var í fjárlögum 1998 hækkað vegna reksturs Kvennasögusafns í samræmi við áætlunina.

9.11. Konur og fjölmiðlar — ímyndir kvenna og karla.

Menntamálaráðuneytið mun beita sér fyrir athugun á aðgengi kvenna að fjölmiðlum og þá um leið þátttöku þeirra í ákvörðunum varðandi þróun þessara miðla. Einnig verði kannað hvaða kven- og karlímyndir íslenskir fjölmiðlar birta og hvernig megi vinna markvisst að því að umfjöllun fjölmiðla um líf og starf kvenna sýni þær í öllum sínum fjölbreytileika. Á grundvelli slíkra athugana verði unnið að stefnumótun á þessu sviði.

Samstarfsverkefni Skrifstofu jafnréttismála (nú Jafnréttisstofu) og menntamálaráðuneytisins um skipan nefndar um konur og fjölmiðla — ímyndir kvenna og karla er verkefni sem gerð verður grein fyrir í kafla um starfsemi Skrifstofu jafnréttismála. Nefndin hefur skilað skýrslu þar sem bent er á leiðir til að auka hlut kvenna í fjölmiðlum. Meðal þess sem nefndin bendir á er að auka þurfi fræðslu í skólum, t.d. með því að nota evrópskt fræðsluefni við kennslu í hagnýtri fjölmiðlun í Háskóla Íslands og í fjölmiðlafræði í framhaldsskólum. Einnig bendir nefndin á að koma þurfi upplýsingum um stöðu kvenna í fjölmiðlum inn í jafnréttisfræðslu í grunnskólum, t.d. í lífsleikni.

9.12. Fræðsla um greiningu á afleiðingum ofbeldis.

Menntamálaráðuneytið mun beita sér fyrir því að í grunnnámi og við endurmenntun kennara, starfsfólks heilbrigðis- og félagsþjónustu, presta, lögreglu og annarra sem líklegir eru til þess að umgangast þolendur ofbeldis verði tryggð fræðsla um hvernig bregðast skuli við og aðstoða þá sem fyrir ofbeldinu hafa orðið.

Í desember 1999 stóð menntamálaráðuneytið ásamt samtökum kennara og skólastjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, umboðsmanni barna og Landssamtökunum Heimili og

skóli fyrir málþingi um skólareglur og aga. Í framhaldi af málþinginu var kennaramenntunarstofnunum sent bréf þar sem bent var á mikilvægi þess að fjalla um þessi málefni í menntun kennara. Gefin var út endurskoðuð reglugerð um skólareglur í grunnskólum í apríl 2000. Hverjum skóla ber að setja sér skólareglur þar sem kveðið skal á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar og hollar lífsvenjur. Í reglugerðinni er m.a. ákvæði um að leita skuli til sérfræðiþjónustu skóla ef ekki tekst að leysa mál er varða hegðun nemenda innan skóla.

Einnig hefur verið stofnuð samstarfsnefnd sömu aðila til að móta stefnu hvað varðar verklag og viðbrögð skóla gagnvart einelti.

9.13. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

Í maí 1997 skipaði menntamálaráðherra jafnréttisnefnd. Nefndin skilaði tillögum sínum varðandi framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum og tillögum um stefnumörkun í jafnréttisfræðslu í skólum í tengslum við endurskoðun aðalnámskráa fyrir grunn- og framhaldsskóla í nóvember 1998. Í framhaldi af störfum nefndarinnar var með útgáfu bæklingsins „Jafnrétti til menntunar" ætlunin að vekja kennara og annað skólafólk til umhugsunar um lögbundið jafnrétti kynjanna til menntunar og í bæklingnum er bent á leiðir til að stuðla að jafnrétti í skólastarfi.

Innan ráðuneytisins hefur jafnan verið leitast við að gæta jafnrar stöðu kynjanna. Ráðuneytið leitast við að vinna í samræmi við þau jafnréttissjónarmið að störf innan ráðuneytisins séu ekki kynbundin og að starfsmenn af báðum kynjum komi jafnt til greina við verkefnaval. Innan menntamálaráðuneytisins eru konur í meiri hluta starfsfólks eða 63%, ráðuneytisstjóri er kona og sömuleiðis aðstoðarmaður ráðherra. Konur eru 67% skrifstofustjóra en jöfn skipting er milli kynja meðal deildarstjóra og deildarsérfræðinga. Meðal stjórnarráðsfulltrúa innan ráðuneytisins eru konur í miklum meiri hluta eða 94%. Óskað hefur verið upplýsinga hjá stofnunum ráðuneytisins varðandi jafnréttisáætlanir innan þeirra. Fyrir liggur jafnréttisáætlun menntamálaráðuneytisins og skipaður hefur verið jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins.

Önnur verkefni:

Ráðuneytið hefur skipað fulltrúa í norrænan vinnuhóp sem heyrir undir norrænu ráðherranefndina vegna rannsóknarverkefnis sem nefnist „Kön och väld".

Vorið 2000 var skipaður vinnuhópur á vegum menntamálaráðuneytisins vegna verkefnis á vegum ESB, „Konur og vísindi". Markmið hópsins er að finna leiðir til að auka þátt kvenna í vísindum og samræma aðgerðir í þeim efnum. Fulltrúar í vinnuhópnum koma frá Hagstofu Íslands, Konum og lýðræði, Rannsóknarráði Íslands og félagsvísindadeild auk menntamálaráðuneytisins. Hópurinn hefur skilað skýrslu þar sem teknar eru saman ýmsar upplýsingar varðandi konur og rannsóknir á Íslandi.

Menntamálaráðuneytið gætir þess að birta tölfræðilegar upplýsingar greindar eftir kyni þegar það á við.

10. Samgönguráðuneyti.

10.1. Konur sem atvinnurekendur í ferðaþjónustu.

Framlag kvenna til ferðaþjónustu verður metið í ljósi þess að ferðaþjónustan skiptir sífellt meira máli fyrir bæði atvinnustig í landinu og tekjur almennt. Markmið þessarar úttektar verður að kanna hvernig konur og karlar koma að þessari vaxandi atvinnugrein og að þá

verði hægt að meta hvort og þá hvernig breytingar eða sérstakar stuðningsaðgerðir gagnist konum sem körlum.

Konur í nefndum um ferðaþjónustu eru gjarna í meiri hluta og formenn nefnda. Einnig eru nú konur í úthlutunarnefndum umsjónarnefnda leigubifreiða en það hefur ekki tíðkast hingað til. Í öðrum nefndum og ráðum ráðuneytisins er varla konu að finna, þó er kona formaður siglingaráðs.

10.2. Átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum og kalla til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er.

10.3. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

Fyrsta verk jafnréttisfulltrúa ráðuneytisins var að skrifa undirstofnunum og óska eftir tilnefningu fulltrúa þeirra og eru svör farin að berast. Ráðuneytið vonar að takast megi að koma á starfshópi sem skilað getur raunhæfum tillögum.

11. Sjávarútvegsráðuneyti.

11.1. Konur í fiskvinnslu.

Skipuð verður nefnd til að safna upplýsingum um stöðu fiskvinnslunnar að því er varðar atvinnumöguleika kvenna og áhrif nýrrar tækni á atvinnugreinina og þá atvinnumöguleika. Nefndinni verður falið að afla upplýsinga um menntun þeirra kvenna sem þar starfa, félagslega stöðu þeirra o.fl. þannig að hægt sé að meta möguleika þeirra til starfsþjálfunar og endurmenntunar.

Nefnd hefur verið skipuð til að safna upplýsingum um stöðu fiskvinnslunnar að því er varðar atvinnumöguleika kvenna og áhrif nýrrar tækni á atvinnugreinina.

11.2. Konur og atvinnurekstur í sjávarútvegi.

Kannað verður hvort og þá á hvaða sviðum sjávarútvegs konur hafa haslað sér völl sem sjálfstæðir atvinnurekendur. Aðgengi kvenna að fyrirgreiðslu í formi styrkja eða lána verði sérstaklega kannað. Leiði könnunin í ljós sérstök söknarfæri fyrir konur í þessum atvinnurekstri verða þau styrkt sérstaklega. Á sama hátt verður gripið til sértækra aðgerða ef könnunin leiðir í ljós mismunun sem skýra má með kynferði.

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar stendur fyrir víðtæku fræðslustarfi fyrir starfsfólk fiskvinnslunnar. Um er að ræða grunnnámskeið sem miðla almennri þekkingu um fiskvinnslustarfið. Konur eru stór hluti starfsmanna fiskvinnslunnar og er ljóst að skipulögð starfsmenntun af þessu tagi gefur þeim aukna möguleika á að taka að sér ábyrgðarmeiri og betur launuð störf innan greinarinnar.

11.3. Sérstaða sjómanna og fjölskylduaðstæður.

Könnuð verða áhrif langvarandi fjarvista og einangrunar á fjölskyldulíf sjómanna.

Ráðuneytið veitti fé til undirbúnings könnunar á áhrifum langvarandi fjarvista og einangrunar á fjölskyldulíf sjómanna en hún fólst aðallega í því að kanna hvaða efni og rannsóknir sem komið gætu að gagni væru þegar til og í gerð rannsóknaáætlunar.

11.4. Átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum og kalla til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er.

Ráðuneytið hefur gert átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins. Þannig hefur verið óskað eftir tilnefningum af báðum kynjum þegar skipa skal í nefndir og starfshópa á vegum ráðuneytisins. Fulltrúar ráðuneytisins í nefndum og starfshópum innan lands eru jöfnum höndum karlar og konur, eftir menntun og verkefnasviði hverju sinni, og þess er gætt að tilnefna bæði karla og konur í nefndir og ráð í alþjóðlegu samstarfi.

11.5. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

Skipaður hefur verið jafnréttisfulltrúi úr hópi starfsmanna sem hefur farið yfir stöðu jafnréttismála innan ráðuneytisins og fundað með forstöðumönnum stofnana þess. Stofnanir ráðuneytanna hafa einnig skipað jafnréttisfulltrúa eða -nefndir úr hópi sinna starfsmanna og unnið er að gerð jafnréttisáætlunar í ráðuneytinu.

Önnur verkefni:

Auk þess hefur m.a. verið unnið að jafnréttismálum í sjávarútvegsráðuneytinu á ýmsa vegu. Sjávarútvegur hefur verið kynntur fyrir yngri grunnskólanemendum með ýmsum hætti m.a. með útgáfu náms- og kennslugagna um sjávarútveg og sýnishornum af veiðarfærum og verkfærum í svonefndri gullakistu sjávarútvegsráðuneytisins. Auk þess hefur ráðuneytið til margra ára staðið straum af rekstri skólaskips og undanfarin tvö ár hefur hafrannsóknaskipið Dröfn verið rekið 60 daga á ári sem skólaskip. Börnum í 9. og 10. bekk grunnskóla hefur boðist að fara í kynnisferð með skipinu sem útbúið hefur verið sérstaklega fyrir slíkar ferðir. Eftirspurn eftir ferðum með skipinu hefur verið meiri en hægt hefur verið að anna og nær fjögur þúsund nemendur úr 50 skólum og 200 kennarar hafa farið í ferðir með skipinu á þessum tveimur árum. Hefur skipið tvisvar á tímabilinu farið í hringferð um landið til að sinna óskum skóla á landsbyggðinni. Hér er tvímælalaust um að ræða jafnréttismál þar sem tilgangurinn með gullakistunni og skólaskipinu er að gefa jákvæða mynd af öllum þáttum atvinnugreinarinnar og örva ungmenni, stúlkur jafnt sem drengi, til að mennta sig til þátttöku í störfum tengdum sjávarútvegi.

12. Umhverfisráðuneyti.

12.1. Jafnréttisnefnd umhverfisráðuneytisins og stofnana þess.

Umhverfisráðuneytið mun skipa nefnd um jafnréttismál með fulltrúum stofnana ráðuneytisins fyrir árslok 1997. Hlutverk nefndarinnar verður að sjá til þess að gerðar verði starfsmannaáætlanir fyrir stofnanir ráðuneytisins sem miða að því að jafna stöðu kvenna og karla, að halda uppi umræðum og fræðslu um jafnréttismál, að safna upplýsingum um stöðu jafnréttismála í stofnunum, að koma á framfæri hugmyndum sem stuðla að auknu jafnrétti.

Jafnréttisnefnd umhverfisráðuneytisins var skipuð í apríl 1999. Nefndin fylgist með málum er varða jafnréttis- og fjölskyldumál og hefur þegar verið samin jafnréttisáætlun fyrir umhverfisráðuneytið sem staðfest var af ráðherra í nóvember 1999. Markmiðið með áætluninni er að allt starfsfólk ráðuneytisins eigi jafna möguleika á að nýta krafta sína og þroska hæfileika sína í störfum sínum fyrir ráðuneytið. Einnig er kveðið á um að yfirstjórn ráðuneytisins skuli vinna markvisst að því að jafna stöðu kynja innan ráðuneytisins og tryggja að möguleikar kvenna og karla til starfa og starfsframa, sí- og endurmenntunar séu jafnir. Ráðuneytið

hvetur og til þess að unnið verði gegn viðhorfum sem leiða til aðstöðumunar kvenna og karla í þjóðfélaginu og að jafnréttisstarf verði eðlilegur hluti af daglegu starfi ráðuneytisins og áhersla lögð á þátttöku beggja kynja í umræðu og aðgerðum. Jafnréttisstefnan var kynnt fyrir forstöðumönnum stofnana ráðuneytisins á forstöðumannafundi í nóvember 1999 og voru þeir um leið hvattir til þess að setja stofnunum sínum stefnu í jafnréttismálum. Umhverfisráðherra staðfesti nýlega svohljóðandi fjölskyldustefnu sem jafnréttisnefndin vann í samráði við yfirstjórn ráðuneytisins:

„Fjölskyldustefna umhverfisráðuneytisins byggir á þingsályktun um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar frá 1997 en þar segir m.a. „Það er almennt markmið stjórnvalda við framkvæmd fjölskyldustefnu að skapa skilyrði til þess að ná jafnvægi milli fjölskyldulífs og atvinnu. Að leggja áherslu á jafna ábyrgð beggja foreldra í heimilishaldi og við umönnun og uppeldi barna sinna."

Markmið fjölskyldustefnu umhverfisráðuneytisins er að fá hæfa einstaklinga til þess að njóta sín í mannúðlegu og hvetjandi starfsumhverfi þar sem tekið er tillit til þess að fólk þarf að sinna skyldum við fjölskyldu sína og rækta hana í gegnum starfsævina. Hér er ekki eingöngu átt við skyldur foreldra við börn sín heldur einnig tekið tillit til þeirra sem þurfa e.t.v. að aðstoða foreldra sína eða aðra nákomna því hugtakið fjölskylda er hér að sjálfsögðu túlkað eins vítt og mannlífið gefur tilefni til.

Framkvæmd stefnu þessarar skal metin og hún endurskoðuð á að minnsta kosti tveggja ára fresti.

1. Fastlaunakerfi: Launakjör starfsmanna byggjast á fastlaunakerfi.
2. Sveigjanlegur vinnutími: Ráðuneytið býður upp á sveigjanlegan vinnutíma. Reynt er að koma til móts við starfsmenn sem vinna við afgreiðslu og skyld störf með öðrum hætti. Starfsmenn eru hvattir til þess að skila vinnuframlagi sínu að mestu leyti á opnunartíma ráðuneytisins (8.30–16.00) en jafnframt er þeim gefinn kostur á að mæta á öðrum tímum þegar þörf krefur.
3. Fundatímar: Fundastjórar eru hvattir til þess að haga fundatímum þannig að þeir raski sem minnst degi starfsmanna sem þurfa t.d. að sinna ungum börnum sínum fyrir og eftir vinnutíma.
4. Samkomur utan vinnutíma: Þegar ráðuneytið stendur fyrir samkomum utan vinnutíma er meginreglan sú að mökum er boðið að vera með. Þegar við á er allri fjölskyldunni boðið að taka þátt."

12.2. Fjölgun kvenna í stjórnum, nefndum og ráðum sem varða umhverfismál.

Sérstakt átak verður gert til að fjölga konum í stjórnum, nefndum og ráðum þar sem stefnumótun varðandi framtíð umhverfismála á sér stað og ákvarðanir eru teknar.

Hlutfall kvenna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ráðuneytisins á tímabilinu 1996–2000 hefur hækkað um tæp 10%, úr 16% í ársbyrjun 1996 upp í 25,2%. Lögð er rík áhersla á að fjölga konum í nefndum og stjórnum á vegum ráðuneytisins enda verður aðkoma kvenna að ákvörðunum um umhverfismál best tryggð með virkri þátttöku þeirra.

13. Utanríkisráðuneyti.

13.1. Aðgerðaáætlun.

Á fyrstu tveimur árum framkvæmdaáætlunarinnar mun starfa samráðsnefnd sem í eiga sæti fulltrúar utanríkisráðuneytis og félagsmálaráðuneytis. Verkefni nefndarinnar verður að vinna tillögur til ráðherra um sérstaka vinnu- og aðgerðaáætlun um samþættingu jafnréttis kvenna og karla í alþjóðastarfi. Í áætluninni mun koma fram hvernig utanríkisráðherra fyrir

hönd íslenskra stjórnvalda geti, betur en nú er, unnið að framgangi réttindamála kvenna og barna samkvæmt alþjóðasamþykktum sem Ísland er aðili að.

Hjá utanríkisráðuneytinu var á árinu 1998 mótuð fjölskyldustefna og styðst hún í meginatriðum við þingsályktunartillögu sem samþykkt var á Alþingi 1997 og tekur mið af þörfum fjölskyldunnar við skipulag vinnu. Í fjölskyldustefnunni er sjónum einkum beint að úrbótum varðandi ýmsa þætti í starfsemi utanríkisþjónustunnar sem geta haft áhrif á fjölskyldur starfsmanna, svo sem flutning milli starfsstöðva. Utanríkisþjónustan hefur markað sér opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar í því skyni að styrkja hana og vernda án tillits til gerðar hennar og búsetu. Þá hefur utanríkisráðuneytið unnið markvisst að því að fjölga konum í störfum hjá ráðuneytinu og hefur það m.a. verið upplýst að á árunum 1998–1999 voru konur helmingur þeirra háskólamenntuðu fulltrúa sem ráðnir voru til starfa. Stefnt er að gerð skriflegra vinnureglna, sem kveði á um sem jafnastan hlut kvenna og karla í stöðum hjá alþjóðlegum stofnunum, verði lokið fyrir árslok 2000.

13.2. Konur og karlar í störfum hjá alþjóðastofnunum.

Settar verða vinnureglur sem kveði á um sem jafnastan hlut kvenna og karla í stöðum hjá alþjóðlegum stofnunum. Þetta ákvæði á ekki einungis við um ráðningu Íslendinga heldur einnig alla þá sem Íslendingar kjósa að styðja í stöður á vegum alþjóðasamtaka.

Ráðuneytið hefur lagt aukna áherslu á framgang réttindamála kvenna og barna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Í þessu sambandi má benda á framlag íslenskra stjórnvalda til uppbyggingar í Kosovo þar sem Ísland í samvinnu við UNIFEM styrkir sérstaklega átak til að tryggja konum aðkomu að völdum og áhrifum við stjórn landsins. Frá því í janúar 1999 hefur ráðuneytið sent sex starfsmenn til Kosovo til starfa með Sameinuðu þjóðunum, ÖSE og KFOR. Af þessum sex eru tvær konur. Utanríkisráðuneytið kostaði konu til starfa hjá UNIFEM í Kosovo frá 8. mars 2000. Hún vinnur þar að málefnum kvenna.

Frá því í ársbyrjun 1998 hefur ráðuneytið verið með 19 starfsmenn hjá SFOR í Bosníu, þar af hafa 13 verið konur. Á sama tíma hafa starfað 12 lögreglumenn með alþjóðalögregluliði Sameinuðu þjóðanna í Bosníu. Það hafa allt verið karlmenn. Ástæðurnar eru meðal annars lágt hlutfall kvenna í íslensku lögreglunni, ásamt fjölskylduástæðum og kröfu Sameinuðu þjóðanna um átta ára starfsreynslu. Í þessu sambandi má geta þess að Sameinuðu þjóðirnar hafa farið þess sérstaklega á leit við aðildarríkin að þau ráði konur í alþjóðalögreglulið Sameinuðu þjóðanna í Bosníu og Kosovo. Vegna þessa hélt ráðuneytið fund haustið 1999 með Félagi íslenskra lögreglukvenna í samvinnu við embætti ríkislögreglustjóra. Í framhaldi af fundinum var Sameinuðu þjóðunum skrifað bréf og getið helstu niðurstaðna. Þegar auglýst var eftir lögreglumönnum til starfa á Balkanskaga, var sérstaklega skorað á hæfar konur að sækja um, þar sem stjórnvöldum er í mun að verða við beiðni Sameinuðu þjóðanna Þess skal getið að ekki verður um að ræða að íslenskar lögreglukonur verði sendar til Kosovo í bráð vegna krafna um vopnaburð.

Í samræmi við langtímaáætlun Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) í jafnréttismálum var á sl. sumri ráðinn til starfa íslenskur ráðgjafi í jafnréttis- og fræðslumálum til kvenna- og félagsmálaráðuneytisins í Maputo í Mósambík. Einnig hefur verið ráðinn til starfa ráðgjafi í þessum sama málaflokki á skrifstofu stofnunarinnar í Lilongwe í Malawi og hóf hann störf í janúar sl. Hlutverk íslensku ráðgjafanna er að starfa í samvinnu við heimamenn að framkvæmd verkefna á sviði jafnréttis- og fræðslumála samkvæmt samningi stofnunarinnar við stjórnvöld í hverju landi um að veita fjárhagslega og tæknilega aðstoð til þessa málaflokks. ÞSSÍ hóf starfsemi í Úganda um áramót 2000–2001 en ákveðið hefur verið að þar starfi frá byrjun sérfræðingur í jafnréttismálum og vinni með því ráðuneyti sem um þau mál fjalla.

Þróunarstofnanir hafa í vaxandi mæli sett inn jafnréttisþátt sem sérstakan lið í undirbúningi allra verkefna og hafa mótað stefnu á þessu sviði sem taka verður mið af í öllum verkefnum.

13.3. Mannréttindabrot gegn konum og stúlkum.

Utanríkisráðherra mun beita sér fyrir því að alþjóðastofnanir eins og Sameinuðu þjóðirnar og Evrópuráðið taki sérstaklega til athugunar — þegar verið er að kanna hvort um brot á mannréttindum er að ræða — brot sem beinast sérstaklega gegn konum.

Um mannréttindabrot gegn konum og stúlkum skal þess getið að Ísland hefur unnið að málum er varða jafnrétti kynjanna og mannréttindabrot gagnvart konum og stúlkum, sérstaklega á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Ísland hefur skrifað undir Rómarsamþykkt um alþjóðlega sakamáladómstólinn þar sem kveðið er á um að litið verði á ýmsa kynferðislega glæpi gegn konum, eins og nauðganir og kynlífsþrælkun, sem glæpi gegn mannkyninu eða stríðsglæpi. Ísland skrifaði einnig undir valfrjálsa bókun við alþjóðasamninginn um afnám allrar mismununar gegn konum í árslok 1999 en bókunin hafði áður verið samþykkt með ályktun allsherjarþingsins tveimur mánuðum fyrr. Verið er að vinna að fullgildingu beggja þessara samninga.

13.4. Átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum og kalla til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er.

13.5. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

13.6. Jafnréttisnámskeið.

Ráðuneytið mun standa fyrir jafnréttisnámskeiðum fyrir starfsmenn sem fara til starfa í þróunarlöndum eða vinna að slíkum verkefnum.

1434. Frumvarp til fjáraukalaga [746. mál]

fyrir árið 2001.

Flm.: Jón Bjarnason, Árni Steinar Jóhannsson, Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

Við 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2001 bætist:

8.23 Að verja allt að 1 milljarði króna til að greiða úr fjárhagsvanda sveitarfélaganna vegna félagslega íbúðakerfisins. Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um úthlutunina.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ljóst er að sveitarfélög víða um land eiga í miklum fjárhagserfiðleikum, ekki hvað síst vegna skuldbindinga í félagslega húsnæðiskerfinu. Nú er fjárhagsvandi nokkurra sveitarfélaga á Vestfjörðum orðinn svo mikill að þau eiga í verulegum örðugleikum með að standa við skuldbindingar sínar og jafnframt veita íbúunum lögboðna þjónustu. Þetta ástand er ekki síst að kenna skuldum þeirra við félagslega íbúðakerfið. Auk þess hafa þau orðið fyrir miklum tekjumissi vegna brottflutnings íbúanna.

Til þess að koma til móts við vanda þessara sveitarfélaga hefur verið lagt fram frumvarp til laga um að breyta Orkubúi Vestfjarða í hlutafélag. Ætlunin er að láta einstök sveitarfélög selja hlut sinn í Orkubúinu til þess að greiða niður skuld sína við félagslega íbúðakerfið.

Flutningsmenn þessa frumvarps eru ósammála því að Vestfirðingum verði gert að selja orkubú sitt eða önnur sveitarfélög þvinguð til að selja eignir sínar. Flutningsmenn telja hins vegar brýnt að leysa með almennum hætti vanda þeirra sveitarfélaga, m.a. á Vestfjörðum, sem nú eiga í fjárhagsörðugleikum vegna skuldbindinga sem þeim var gert að taka á sig í tengslum við félagslega íbúðakerfið.

1435. Frumvarp til laga [671. mál]

um skipan opinberra framkvæmda.

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Opinber framkvæmd merkir í lögum þessum gerð, viðhald eða breytingu mannvirkis sem kostuð er af ríkissjóði að nokkru eða öllu leyti, enda nemi áætlaður kostnaður ríkissjóðs a.m.k. 5 millj. kr. Heimilt er fjármálaráðuneytinu að breyta áðurnefndri fjárhæð til samræmis við verðbreytingar. Ákvæði laganna taka einnig til kaupa og leigu á eignum, eftir því sem við getur átt.

Um útboð opinberra framkvæmda fer samkvæmt lögum um opinber innkaup.

2. gr.

Meðferð máls varðandi opinbera framkvæmd frá upphafi, uns henni er lokið, fer eftir ákveðinni boðleið er skiptist í fjóra áfanga svo sem hér segir: Frumathugun, sbr. 3.–5. gr., áætlunargerð, sbr. 6.–10. gr., verklega framkvæmd, sbr. 11.–15. gr., og skilamat, sbr. 16. gr.

II. KAFLI
Frumathugun.

3. gr.

Frumathugun er könnun og samanburður þeirra kosta er til greina koma við lausn þeirra þarfa sem framkvæmdinni er ætlað að fullnægja.

Í greinargerð um frumathugun skulu vera áætlanir um kosti. Þessar áætlanir skulu vera tvíþættar, annars vegar áætlun um stofnkostnað, þ.m.t. kostnað við áætlunargerð, og hins vegar áætlun um árlegan rekstrarkostnað, þ.m.t. lánsfjárkostnað og tekjur, ef við á. Í greinar-

gerðinni skal skýrt frá þeim rökum er liggja að vali kosts þess sem tekinn er, þar á meðal hagkvæmnireikningum sem notaðir eru í samanburði. Greinargerð um frumathugun skulu auk þess fylgja tillögur um staðsetningu og stærð, svo og frumuppdrættir að fyrirhugaðri framkvæmd, eftir því sem við á.

4. gr.

Frumathugun fer fram á vegum hlutaðeigandi ráðuneytis, ríkisstofnunar, sveitarfélags eða annarra væntanlegra eignaraðila. Hafi annar aðili en ráðuneyti látið gera frumathugun skal greinargerð skv. 3. gr. send viðkomandi ráðuneyti.

Viðkomandi ráðuneyti gerir tillögur til fjármálaráðuneytisins um fjárveitingar til einstakra framkvæmda á grundvelli frumathugana og jafnframt um röð framkvæmda til ákvörðunar við gerð fjárlagafrumvarps. Tillögur um röð innan sama framkvæmdaflokks skulu lagðar fyrir fjárlaganefnd Alþingis áður en hún ákvarðar tillögur sínar um skiptingu framkvæmdafjár við afgreiðslu fjárlagafrumvarps.

Ef ráðuneyti telur ekki fært að gera tillögu til fjármálaráðuneytisins um fjárveitingu til framkvæmdar samkvæmt frumathugun, sem því hefur borist, skal sú ákvörðun tilkynnt aðilum svo fljótt sem verða má og gerð grein fyrir ástæðum.

5. gr.

Nú hefur verið ákveðið að veita fé til opinberrar framkvæmdar í fjárlögum, án þess að frumathugun hafi verið gerð, og skal þá frumathugun eigi að síður fara fram samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr. laga þessara.

III. KAFLI
Áætlunargerð.

6. gr.

Áætlunargerð um opinbera framkvæmd fer fram á vegum hlutaðeigandi ráðuneytis, ríkisstofnunar, sveitarfélags eða annarra væntanlegra eignaraðila í samráði við Framkvæmdasýslu ríkisins.

Þegar opinberri framkvæmd, sem ríkið og annar aðili standa að, er ráðstafað til áætlunargerðar skal gera samning milli væntanlegra eignaraðila og þeirra aðila er taka að sér áætlunargerð. Þátttaka ríkissjóðs í kostnaði vegna áætlunargerðar er háð skriflegu samþykki fjármálaráðuneytisins á þeim samningi.

7. gr.

Áætlunargerð um opinberar framkvæmdir skal vera í tvennu lagi:

1. Fullnaðaruppdrættir og tæknileg verklýsing á þeirri framkvæmd sem fyrirhuguð er, skrá um efnisþörf, nákvæm kostnaðaráætlun um verkið, lýsing á ábyrgðarsviði og verkaskiptingu þeirra aðila sem standa að framkvæmd, tímaáætlun um framkvæmd þess og greiðslu- og fjáröflunaráætlun fyrir framkvæmdatímabilið. Fjármálaráðherra skal skilgreina kröfur um gerð og framsetningu kostnaðaráætlana og kynna þær fyrir ríki og ríkisaðilum.
2. Rekstraráætlun sem nær til minnst fimm ára eftir að framkvæmd er lokið.

8. gr.

Að lokinni áætlunargerð skv. 7. gr. skal hlutaðeigandi ráðuneyti senda fjármálaráðuneyti áætlunina til athugunar.

Áætluninni skulu fylgja skilríki um það að fullnægjandi lóðarréttindi og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru vegna væntanlegrar framkvæmdar, verði fyrir hendi þegar á þarf að halda.

9. gr.

Nú er áætlun um opinbera framkvæmd í fullu samræmi við ákvæði 7. og 8. gr. og byggð á raunhæfum forsendum að áliti fjármálaráðuneytis, og skal þá áætlunin í heild eða skýrt afmarkaður hluti hennar, er nær nýtanlegum áfanga, koma til athugunar við gerð fjárlagafrumvarps fyrir næsta ár.

Ef fjármálaráðuneytið tekur ekki slíka áætlun í fjárlagafrumvarp skal það tilkynnt hlutaðeigandi ráðuneyti svo fljótt sem verða má og jafnframt gerð grein fyrir ástæðum.

10. gr.

Í frumvarpi til fjárlaga skal tilfæra þá fjárhæð sem ætluð er á fjárlagaárinu til viðkomandi framkvæmdar, og í greinargerð skal tilfæra þær fjárskuldbindingar sem falla á seinni fjárlagaár í samræmi við áætlunina. Þegar um er að ræða fjárveitingar til einstakra framkvæmdaflokka skulu atriði þau, sem um getur í 1. málsl., koma fram í tillögum og sérstakri greinargerð fjárlaga Alþingis. Í fjárlagafrumvörpum næstu ára skal á sama hátt tilgreina fjárhæðir sem samkvæmt endurskoðaðri áætlun nægja til þess að ljúka framkvæmd á tilsettum tíma.

IV. KAFLI
Verkleg framkvæmd.

11. gr.

Verkleg framkvæmd merkir í lögum þessum gerð verksamninga, verkið sjálft, eftirlit með því og úttekt. Verk merkir bæði vinnu og efni.

Útboðslýsingar, verklýsingar og verksamningar skulu vera í samræmi við áætlun skv. 9. gr.

12. gr.

Verklega framkvæmd, sem greiða skal eingöngu af ríkisfé, er óheimilt að hefja fyrr en fyrir liggur:

1. Heimild í fjárlögum.
2. Ákvörðun hlutaðeigandi ráðuneytis um að nota þá heimild.
3. Staðfesting fjármálaráðuneytisins á því að fjármagn verði handbært í samræmi við greiðsluáætlun skv. 7. gr.

Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og annars aðila er eigi heimilt að hefja opinbera framkvæmd fyrr en fé hefur verið veitt til hennar í fjárlögum og undirritaður hefur verið samningur viðkomandi ráðuneytis og aðilans með áritun fjármálaráðuneytisins er tryggi að fjármagn verði handbært á framkvæmdatímanum í samræmi við greiðsluáætlun skv. 7. gr.

Eigi sveitarfélag hlut að máli og sé í greiðsluáætlun gert ráð fyrir framlögum úr sveitarsjóði nægir um það atriði skrifleg yfirlýsing sveitarstjórnar um að á framkvæmdatímanum verði fjárhæðir teknar á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins í samræmi við greiðsluáætlun skv. 7. gr.

13. gr.

Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags annast sveitarfélag útboð, undirbúning samningsgerðar við verktaka og reikningshald og greiðslur vegna verksins nema öðruvísi um semjist eða fjármálaráðherra ákveði annað.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir getur áskilið að sveitarfélag, er sér um útboð vegna framkvæmdar, skuli fá samþykki Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir útboðslýsingu áður en útboð fer fram.

Þegar framlög til sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélags eru miðuð við ákveðið einingarverð, sbr. XII. kafla laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, annast sveitarfélag útboð og verklega framkvæmd nema öðruvísi um semjist.

14. gr.

Samningur við verktaka skal undirritaður af hlutaðeigandi ráðuneyti. Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags eða annars eignaraðila skal samningur undirritaður af báðum eða öllum aðilum nema öðruvísi um semjist, sbr. þó 3. mgr. 13. gr.

15. gr.

Nú raskast kostnaðar- eða tímaáætlun verks vegna verðlagsbreytinga eða af tæknilegum orsökum, og skal þá hlutaðeigandi ráðuneyti svo fljótt sem auðið er gera tillögur til fjármálaráðuneytisins um breytta greiðsluáætlun. Samþykki fjármálaráðuneytið hina breyttu greiðsluáætlun skal miða við hana í frumvarpi til fjárlaga næsta árs. Sé um að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og annars aðila komi einnig til samþykki þess aðila á breyttri greiðsluáætlun.

V. KAFLI
Skilamat.

16. gr.

Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.

Framkvæmdasýsla ríkisins setur nánari reglur um fyrirkomulag skilamats og sér um að greinargerðir um skilamat séu lagðar fyrir fjárlaganefnd Alþingis, samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir og eignaraðila.

VI. KAFLI
Yfirstjórn opinberra framkvæmda.

17. gr.

Opinberar framkvæmdir heyra undir fjármálaráðherra sem fer með framkvæmd laga þessara.

Fjármálaráðuneytið fer með fjármálalega yfirstjórn opinberra framkvæmda, þ.e. frumathugunar, sbr. 3.–5. gr., og áætlunargerðar, sbr. 6.–10. gr. Framkvæmdasýsla ríkisins fer með yfirstjórn verklegrar framkvæmdar, sbr. 11.–15. gr., og gerð skilamats, sbr. 16. gr.

Sveitarfélög eða aðrir eignaraðilar fara með stjórn þeirra þátta, sem ræddir eru í 4., 6. og 13. gr., eftir því sem þar segir nánar.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þessi verkefni.

18. gr.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir er fjármálaráðuneytinu til ráðuneytis um fjármálalega framkvæmd laga þessara, sbr. I.–IV. kafla. Í nefndinni eiga sæti þrír menn: formaður fjárlaganefndar Alþingis eða sérstaklega tilnefndur fulltrúi nefndarinnar, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins og ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, sem er formaður nefndarinnar. Hlutaðeigandi ráðuneyti hafa rétt til að eiga fulltrúa á fundum þar sem fjallað er um mál sem eru innan verksviðs þeirra. Þegar nefndin fjallar um sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélags á fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga rétt á að sitja fundi hennar nema sveitarfélag óski sjálft að tilnefna fulltrúa til fundarsetu.

Nefndin hefur það hlutverk að leiða saman sjónarmið eignaraðila opinberrar framkvæmdar á undirbúnings- og framkvæmdastigi og rannsaka frumathugun og áætlunargerð sem er undanfari verklegrar framkvæmdar. Nefndin fylgist að öðru leyti með framkvæmd hinnar fjármálalegu hliðar opinberrar framkvæmdar.

Ef nefndin telur að óþarfa dráttur sé á afgreiðslu máls, sem sameignaraðili sendir hlutaðeigandi ráðuneyti, skal hún hlutast til um að úr sé bætt.

Ráðherra setur nefndinni nánari starfsreglur.

VII. KAFLI
Starfsemi Framkvæmdasýslu ríkisins.

19. gr.

Á vegum ríkisins skal rekin stofnun, Framkvæmdasýsla ríkisins, sem fer með stjórn verklegra framkvæmda af hálfu ríkisins nema annað sé sérstaklega tilgreint í lögum þessum. Stofnunin veitir ráðuneytum og ríkisstofnunum ráðgjöf um byggingartæknileg málefni og undirbúning framkvæmda. Framkvæmdasýsla ríkisins heyrir undir fjármálaráðuneytið.

20. gr.

Framkvæmdasýsla ríkisins skal beita sér fyrir að hagkvæmni sé gætt í skipan opinberra framkvæmda. Til að sinna þessu hlutverki skal hún:

a. veita ráðgjöf og vinna að samræmingu við undirbúning og áætlunargerð við opinberar verkframkvæmdir,
b. undirbúa og annast framkvæmd útboða og samninga við verktaka,
c. sjá um reikningshald og greiðslur vegna verka nema öðruvísi um semjist eða fjármálaráðherra ákveði annað,
d. hafa frumkvæði að útgáfu viðmiðana um stærð rýma og gæði opinberra mannvirkja,
e. byggja upp og viðhalda skrá yfir fasteignir ríkisins sem gagnast ráðuneytum og ríkisstofnunum við stjórn fasteignaumsýslu,
f. stuðla að þróun verktakamarkaðar og aukinni samkeppni,
g. stuðla að skilvirkni og faglegum vinnubrögðum í tengslum við verklegar framkvæmdir.

Framkvæmdasýsla ríkisins getur falið einkaaðilum að annast einstök verkefni sem stofnuninni eru falin samkvæmt ákvæðum greinarinnar.

21. gr.

Fjármálaráðherra skipar forstjóra Framkvæmdasýslu ríkisins til fimm ára í senn og er hann ábyrgur fyrir rekstri stofnunarinnar. Forstjóri mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti stofnunarinnar ásamt því að ráða starfslið hennar.

22. gr.

Framkvæmdasýsla ríkisins selur ráðuneytum og ríkisstofnunum þjónustu sína samkvæmt gjaldskrá sem fjármálaráðherra staðfestir. Gjaldskráin skal miðast við að tekjur stofnunarinnar standi undir rekstri hennar.

23. gr.

Fjármálaráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

24. gr.

Lög þessi taka þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda.

1436. Frumvarp til laga [687. mál]

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

1. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Fyrir afsagnargerðir, stefnubirtingar og aðrar slíkar gerðir er lögbókandi framkvæmir skal greiða 1.200 kr. Sama gjald skal greiða fyrir staðfestingar er starfsmenn utanríkisþjónustunnar framkvæma.

2. gr.

Á eftir 15. tölul. 10. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi:

16. Leyfi til tannsmiða.

3. gr.

Við 11. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

50. Útflutningsleyfi	1.200 kr.

4. gr.

Við 12. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

17. Leyfi til skoteldasýningar	5.000 kr.
18. Brennuleyfi	5.000 kr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Við 1. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi:
   d. Útgáfa vegabréfa til öryrkja fer skv. 2. tölul.
b. Á eftir 2. tölul. koma þrettán nýir töluliðir, svohljóðandi:
   3. Fyrir útgáfu diplómatískra vegabréfa og þjónustuvegabréfa:

a. Fyrir 18–66 ára	4.600 kr.
b. Skyndiútgáfa fyrir 18–66 ára	9.200 kr.

c. Fyrir aðra	1.700 kr.
d. Skyndiútgáfa fyrir aðra	3.400 kr.
4. Aðgangsheimild að varnarsvæðum Keflavíkurflugvallar:	
a. Fyrir fastráðna starfsmenn	2.000 kr.
b. Fyrir tímabundið skírteini	1.000 kr.
5. Vegabréfsáritun til gegnumferðar um flughöfn	800 kr.
6. Vegabréfsáritun til gegnumferðar um ríki (ein, tvær eða fleiri komur)	800 kr.
7. Vegabréfsáritun til skamms tíma (hámark til 30 daga)	1.800 kr.
8. Almenn vegabréfsáritun (hámark til 90 daga)	2.400 kr.
og að auki fyrir hverja komu frá og með annarri komu	400 kr.
9. Vegabréfsáritun fyrir fleiri en eina komu sem gildir í eitt ár	4.000 kr.
10. Vegabréfsáritun fyrir fleiri en eina komu sem gildir að hámarki í fimm ár	4.000 kr.
og að auki fyrir hvert viðbótarár	2.400 kr.
11. Vegabréfsáritun til langs tíma	2.400 kr.
12. Vegabréfsáritun með takmarkað gildissvið	2.400 kr.
13. Vegabréfsáritanir skv. 5. og 6. tölul. fyrir hópa (5–50 einstaklingar)	800 kr.
og að auki fyrir hvern einstakling	80 kr.
14. Vegabréfsáritanir skv. 7. tölul. fyrir hópa (30 dagar), ein eða tvær komur (5–50 einstaklingar)	2.400 kr.
og að auki fyrir hvern einstakling	80 kr.
15. Vegabréfsáritanir skv. 7. tölul. fyrir hópa (30 dagar), meira en tvær komur (5–50 einstaklingar)	2.400 kr.
og að auki fyrir hvern einstakling	240 kr.

c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Verði vegabréfsáritun gefin út við landamæri skal innheimta tvöfalda fjárhæð þess flokks vegabréfsáritunar sem um er að ræða.

6. gr.

Á eftir VIII. kafla laganna kemur nýr kafli, IX. kafli, **Gjöld vegna sérstakrar þjónustu starfsmanna utanríkisþjónustunnar**, með einni grein, svohljóðandi, og breytist töluröð kafla og greina sem því nemur:

Greiða skal gjöld fyrir sérstaka þjónustu er starfsmenn utanríkisþjónustunnar veita svo sem hér segir:

1. Fyrir aðstoð við útvegun vottorða og yfirlýsinga frá opinberum stjórnvöldum eða öðrum á Íslandi eða erlendis	3.000 kr.
2. Fyrir þýðingar sendiskrifstofa, hver síða	3.500 kr.
3. Fyrir milligöngu um birtingu stefnu í einkamálum og greiðsluáskoranir fyrir aðila erlendis	5.000 kr.
4. Fyrir tilnefningu vegna móttöku stefna, dóma og tilkynninga fyrir hönd innlendra fyrirtækja og stofnana	10.000 kr.
5. Fyrir millifærslu fjármuna til og frá útlöndum:	
a. Fyrir millifærslu allt að 50.000 kr.	3.000 kr.
b. Fyrir millifærslu á bilinu 50.000 kr. til 200.000 kr.	7.500 kr.
c. Fyrir millifærslu yfir 200.000 kr. skal greiða 3,75% af millifærðri fjárhæð en þó ekki hærra en 37.500 kr.	

7. gr.

Við 19. gr. laganna, sem verður 20. gr., bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Gjöld samkvæmt lögum þessum sem innt eru af hendi erlendis ber að greiða í mynt hlutaðeigandi ríkis í samræmi við skráð gengi hverju sinni. Gjöld sem mælt er fyrir um í 5.–10. tölul. og 12.–15. tölul. 14. gr. skulu taka mið af gengi evrunnar. Við útreikning gjalda þessara er heimilt að námunda upphæðina.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1437. Frumvarp til laga [731. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 6. gr. A laganna:

a. Í stað orðsins „tolli“ í 2. málsl. kemur: verð- og/eða magntolli.
b. Við bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Ákvörðun landbúnaðarráðherra um lækkun tolls í samræmi við framangreinda hundraðshluta verð- og/eða magntolls skal ráðast af því hvort nægilegt framboð af viðkomandi vörum á hæfilegu verði er til staðar á innanlandsmarkaði. Hundraðshlutar tolls hverrar vöru skulu vera hærri eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu er meira en lækka að sama marki eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu minnkar. Landbúnaðarráðherra skal við ákvörðun um hundraðshluta tolls leitast við að jafnræði ríki milli innlendrar og innfluttrar framleiðslu í samkeppnislegu tilliti.

2. gr.

Viðauki IVB við lögin ásamt fyrirsögn orðast svo:

Viðauki IVB

Vörulýsing	**Vöruliðir í tollskrá**	**Heildartollkvótar í tonnum**
Lifandi eða afskorin blóm og plöntur	0601 0602 0603 0604	500
Nýjar eða kældar garð- og gróðurhúsavörur		
Kartöflur	0701 0710	4000
Tómatar	0702	500
Laukur	0703	1500

Kál	0704	1100
Salat	0705	1000
Gulrætur, næpur, rófur og aðrar rætur	0706	500
Gúrkur	0707	200
Ertur og belgaldin	0708	100
Aðrar matjurtir	0709	800

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1438. Breytingartillaga [480. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Verði í nýjum orkulögum heimilað að skilið sé á milli eignarforms virkjana og framleiðslu raforku annars vegar og eignar á dreifikerfi, viðhaldi og þjónustu við lagnir og dreifistöðvar hins vegar, skal þegar ný orkulög taka gildi stofna sérstakt hlutafélag um dreifingar- og þjónustuþáttinn innan Orkubús Vestfjarða hf. Það fyrirtæki verði stofnað á næsta ári, þó ekki fyrr en 1. apríl 2002. Að loknum eignaskiptum út úr Orkubúi Vestfjarða hf. verði ríkinu selt hið nýja fyrirtæki að hluta eða öllu leyti eftir því sem samkomulag verður um milli sveitarfélaga á Vestfjörðum og ríkisins. Verðmat Orkubús Vestfjarða hf. verði miðað við kauptilboð ríkisins upp á 4,6 milljarða króna og ríkið kaupi nýtt fyrirtæki dreifingar og þjónustu af sveitarfélögunum miðað við það verðmat.

Orkubú Vestfjarða hf. verði rekið í óbreyttu eignarformi, þ.e. ríkið eigi 40% og sveitarfélögin á Vestfjörðum 60% fram til 1. júlí 2003. Sveitarfélögin geta fram til 1. júlí 2003 selt hvort öðru eignarhluti í Orkubúinu eða skipt á eignarhlutum í Orkubúi Vestfjarða hf. og í nýju dreifingar- og þjónustufyrirtæki á Vestfjörðum.

1439. Lög [523. mál]

um breytingu á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1429.

1440. Lög [566. mál]

um vexti og verðtryggingu.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1430.

1441. Lög [648. mál]

um breyting á lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sbr. lög nr. 46/1996.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1026.

1442. Lög [670. mál]

um opinber innkaup.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1431.

1443. Lög [688. mál]

um breytingu á lögum um skráningu um mat fasteigna, nr. 6/2001.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1432.

1444. Fyrirspurn [747. mál]

til utanríkisráðherra um ár sjálfboðaliðans 2001.

Frá Láru Margréti Ragnarsdóttur.

Hvernig hefur af Íslands hálfu verið hagað þátttöku í ári sjálfboðaliðans sem ákveðið var af Sameinuðu þjóðunum að væri árið 2001?

1445. Tillaga til þingsályktunar [748. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 19. maí 2001 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka.

1446. Breytingartillaga [748. mál]

við till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 19. maí 2001 eða síðar, ef nauðsyn krefur, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 2. júlí 2001 til sérstaks fundar um byggðamál, aukaþings um byggðamál.

1447. Svar [702. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um framhaldsskólanám fyrir þroskahefta.

1. *Munu öll þroskaheft ungmenni sem sækja um skólavist í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu þar sem boðið er upp á sérstakar námsbrautir fyrir þroskahefta næsta skólaár fá skólavist í þeim skólum sem þau velja sér?*

Sérnámsbrautir á framhaldsskólastigi hafa verið í örri þróun undanfarin ár. Nú eru starfræktar sérnámsbrautir í 19 skólum á landinu, þar af átta á höfuðborgarsvæðinu. Ákveðin sérhæfing hefur orðið í skólunum á höfuðborgarsvæðinu, þeir hafa sérhæft sig í ákveðinni fötl-

un, t.d. tekur Menntaskólinn við Hamrahlíð inn heyrnarskerta nemendur og Menntaskólinn í Kópavogi nemendur með einhverfu. Aðrir skólar á höfuðborgarsvæðinu reka starfsbrautir 1, 2 eða 3; þær skiptast í flokka eftir færni nemenda, sbr. Námskrá fyrir sérdeildir, starfsbrautir, 2000.

Öll þroskaheft ungmenni sem koma úr grunnskóla og sækja um skólavist í framhaldsskóla nú í vor munu fá inni í framhaldsskóla. En ekki er víst að þau fái skólavist í þeim skóla sem þau velja sér. Ástæða þess er bæði sérhæfing skólanna og sú staðreynd að hver skóli getur einungis tekið við ákveðnum fjölda nemenda þar sem sérdeildir krefjast ákveðinnar aðstöðu og sérhæfs starfsfólks.

Þetta gildir um alla unglinga sem hefja nám í framhaldsskóla; skólavistin er þeim tryggð en ekki er tryggt að þau fái inni í þeim skóla sem þau velja sér.

2. *Munu þau þroskaheftu ungmenni sem nú stunda nám á þriðja skólaári í framhaldsskóla fá tækifæri til að hefja nám á fjórða námsári næsta skólaár?*

Námskrá fyrir sérdeildir framhaldsskóla segir til um skipan tveggja ára náms og kennslu í sérdeildum framhaldsskóla. Þar er gert ráð fyrir að eftir tveggja ára nám verði þróað þriðja námsárið og síðar hið fjórða og verði þau tengd starfsþjálfun og starfskynningu. Nemendur munu þá eiga þess kost að heimsækja vinnustaði og kynnast vinnuumhverfi auk námsins í skólanum. Sumir þeirra fara í starfsþjálfun í fyrirtæki og fá leiðbeiningu og stuðning á vinnustað. Ætlunin er að sú verklega þjálfun og kunnátta sem nemendur afla sér á þennan hátt auki vinnufærni þeirra til framtíðar og sjálfstæði í lífi og starfi. Augljóst er að þetta nýja nám krefst mikillar þróunarvinnu í skólunum og samstarfs við forsvarsmenn nemenda, svæðisskrifstofur fatlaðra og vinnustaði.

Þriðja námsárið hófst haustið 2000 og er í þróun í skólunum. Þá var ekki ákveðið að fjórða árið tæki við strax að loknu því þriðja því að ljóst var að þróun námsins tæki nokkurn tíma. Mikill áhugi og dugnaður hafa einkennt starfið í vetur og könnun sem ráðuneytið gerði í framhaldsskólum með sérdeildir í vor leiddi í ljós að skólarnir eru fúsir til að þróa fjórða námsárið strax í haust ef ráðuneytið ákveður að svo skuli verða. Þá hefur komið í ljós við athugun að líklega mun langflestum nýjum umsækjendum um nám í sérdeildum standa til boða skólavist í haust, jafnvel þótt fjórða árinu verði komið á fót strax. Ljóst er að umtalsvert fjármagn þarf til mönnunar, búnaðar og rýmkunar húsnæðis. Lauslega áætlað gæti það numið 20–22 millj. kr.

Í ljósi þessara þátta hefur verið tekin ákvörðun um að fjórða námsárið verður í boði í haust þótt útfærslan hafi ekki í öllum atriðum verið ákveðin.

1448. Þingsályktun [239. mál]

um gerð neyslustaðals.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að gera könnun á notkun neysluviðmiðana í nágrannalöndum Íslendinga við ákvarðanir er lúta að fjárhæðum bóta og styrkja í velferðarkerfinu, við mat á greiðslugetu við innheimtu vangoldinna opinberra gjalda og meðlagsgreiðslna og við ákvarðanatöku við lánveitingar úr opinberum sjóðum, svo sem lánasjóðum náms-

manna og íbúðalánasjóðum. Enn fremur verði lagt mat á hvort ástæða sé til að samræma slíkar neysluviðmiðanir hér á landi, notkun þeirra eða aðferðir við gerð þeirra.

Stefnt skal að því að niðurstöður verði lagðar fyrir Alþingi á næsta þingi.

1449. Þingsályktun [319. mál]

um sjóvarnaáætlun 2001–2004.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Alþingi ályktar, skv. 4. gr. laga um sjóvarnir, nr. 28/1997, að árin 2001–2004 skuli framkvæmdum við sjóvarnir hagað samkvæmt eftirfarandi sjóvarnaáætlun.

Tafla 1. Áætlaðar fjárveitingar ríkissjóðs, í millj. kr.

Kjördæmi	2001			2002			2003			2004			Fjárveitingar alls
Sveitarfélag	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	2001–2004
VESTURLAND													
Akraneskaupstaður	0,0	0,0	0,0	6,5	0,0	6,5	2,3	0,0	2,3	0,0	0,0	0,0	8,8
Innri-Akraneshreppur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,9	0,0	0,9	0,0	0,0	0,0	0,9
Snæfellsbær	0,0	1,0	1,0	1,6	0,0	1,6	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	2,6
Eyrarsveit	5,1	0,0	5,1	0,0	0,0	0,0	2,4	0,0	2,4	1,2	0,0	1,2	8,7
	5,1	**1,0**	**6,1**	**8,1**	**0,0**	**8,1**	**5,6**	**0,0**	**5,6**	**1,2**	**0,0**	**1,2**	**21,0**
VESTFIRÐIR													
Reykhólahreppur	0,0	0,0	0,0	2,5	0,0	2,5	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	2,5
Vesturbyggð	6,0	0,0	6,0	0,0	0,0	0,0	6,9	0,0	6,9	6,2	0,0	6,2	19,1
Ísafjarðarbær	23,0	0,0	23,0	6,7	0,0	6,7	0,0	0,0	0,0	4,4	0,0	4,4	34,1
Súðavíkurhreppur	0,0	0,0	0,0	3,2	0,0	3,2	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	3,2
Árneshreppur	0,9	0,0	0,9	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,9	0,0	0,9	1,8
Kaldrananeshreppur	0,0	0,0	0,0	1,6	0,0	1,6	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,6
Broddaneshreppur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,3	0,0	1,3	1,3
	29,9	**0,0**	**29,9**	**14,0**	**0,0**	**14,0**	**6,9**	**0,0**	**6,9**	**12,8**	**0,0**	**12,8**	**63,6**
NORÐURLAND VESTRA													
Húnaþing vestra	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,8	0,0	1,8	1,8
Blönduósbær	8,7	0,1	8,8	0,0	0,0	0,0	4,4	0,0	4,4	10,1	0,0	10,1	23,3
Höfðahreppur	0,0	0,0	0,0	4,1	0,0	4,1	1,9	0,0	1,9	0,0	0,0	0,0	6,0
Skagahreppur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	3,5	0,0	3,5	0,0	0,0	0,0	3,5
	8,7	**0,1**	**8,8**	**4,1**	**0,0**	**4,1**	**9,8**	**0,0**	**9,8**	**11,9**	**0,0**	**11,9**	**34,6**
NORÐURLAND EYSTRA													
Dalvíkurbyggð	4,4	0,0	4,4	0,0	0,0	0,0	10,7	0,0	10,7	0,0	0,0	0,0	15,1
Dalvíkurbyggð/Árskógssandur	0,0	0,7	0,7	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,7
Hríseyjarhreppur	0,0	0,1	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,1
Arnarneshreppur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,9	0,0	0,9	0,9
Grýtubakkahreppur	5,7	0,0	5,7	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	5,7
Húsavíkurkaupstaður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	4,4	0,0	4,4	0,0	0,0	0,0	4,4
Öxarfjarðarhreppur	0,0	0,0	0,0	1,9	0,0	1,9	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,9
	10,1	**0,8**	**10,9**	**1,9**	**0,0**	**1,9**	**15,1**	**0,0**	**15,1**	**0,9**	**0,0**	**0,9**	**28,8**

Kjördæmi	2001			2002			2003			2004			Fjárveitingar alls
Sveitarfélag	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	Nýframkvæmdir	Uppgjör	Fjárveitingar alls	2001–2004
AUSTURLAND													
Vopnafjarðarhreppur	0,0	0,0	0,0	4,8	0,0	4,8	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	4,8
Fjarðabyggð	1,5	(1,5)	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
	1,5	**(1,5)**	**0,0**	**4,8**	**0,0**	**4,8**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**4,8**
SUÐURLAND													
Vestmannaeyjabær	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,8	0,0	1,8	1,3	0,0	1,3	3,1
Árborg, sveitarfélag	0,0	0,0	0,0	17,7	0,0	17,7	9,4	0,0	9,4	7,4	0,0	7,4	34,5
Ölfus, sveitarfélag	10,2	0,0	10,2	7,9	0,0	7,9	3,2	0,0	3,2	0,0	0,0	0,0	21,3
	10,2	**0,0**	**10,2**	**25,6**	**0,0**	**25,6**	**14,4**	**0,0**	**14,4**	**8,7**	**0,0**	**8,7**	**58,9**
REYKJANES													
Grindavíkurkaupstaður	0,0	0,0	0,0	7,0	0,0	7,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	7,0
Sandgerðisbær	0,6	0,0	0,6	0,0	0,0	0,0	4,7	0,0	4,7	3,7	0,0	3,7	9,0
Gerðahreppur	5,0	0,0	5,0	0,0	0,0	0,0	2,7	0,0	2,7	5,1	0,0	5,1	12,8
Reykjanesbær	0,0	0,1	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	4,7	0,0	4,7	4,8
Vatnsleysustrandarhreppur	5,0	0,0	5,0	0,0	0,0	0,0	3,6	0,0	3,6	3,3	0,0	3,3	11,9
Hafnarfjörður	0,5	(0,5)	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Bessastaðahreppur	0,0	0,0	0,0	8,1	0,0	8,1	3,2	0,0	3,2	10,2	0,0	10,2	21,5
Seltjarnarneskaupstaður	0,0	0,0	0,0	5,0	0,0	5,0	10,0	0,0	10,0	6,1	0,0	6,1	21,1
	11,1	**(0,4)**	**10,7**	**20,1**	**0,0**	**20,1**	**24,2**	**0,0**	**24,2**	**33,1**	**0,0**	**33,1**	**88,1**
ÓSKIPT	0,0		0,0	2,2		2,2	1,1		1,1	3,7		3,7	7,0
Samtals allt landið	**76,6**	**0,0**	**76,6**	**80,8**	**0,0**	**80,8**	**77,1**	**0,0**	**77,1**	**72,3**	**0,0**	**72,3**	**306,8**

Tafla 2. Sundurliðun framkvæmda í einstökum sveitarfélögum. Heildarframkvæmdakostnaður.

Skýringar: Áætlanatölur byggjast á útreikningum Siglingastofnunar á heildarkostnaði. Í aftasta dálki er þátttökuhlutfall ríkissjóðs. Verðlag miðast við meðalbyggingarvísitölu árið 2000 (3,3% hækkun frá meðalvísitölu 1999, úr 236 í 244 stig).

VESTURLAND

Sveitarfélag Verkefni	Flokkur	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	Hlutur ríkissjóðs
Akraneskaupstaður						
Veggurinn yst á Breið, SA-hluti (200 m - 1.200 m³)	C			2,6		7/8
Breiðin, Kárabæjarlóð - Bræðrapartur (130 m - 1.350 m³)	B - C		3,6			7/8
Breiðin meðfram fyllingu við ÞÞÞ (100 m - 1.750 m³)	B - C		3,8			7/8
Innri-Akraneshreppur						
Ytri-Hólmur 2, frágangur móts við bæjarhúsin (500 m³)	C			1,0		7/8
Snæfellsbær						
Ólafsvík við Ytra-Klif, félagsheimilið (40 m - 680 m³)	B - C		1,8			7/8
Eyrarsveit						
Grundarfjörður, við Nesið (250+ m - 2.000 m³)	B - C	4,5				7/8
Grundarfjörður, við Sæból 16 (50 m - 600 m³)	B - C	1,4				7/8
Grundarfjörður, við Grundargötu (100 m - 600 m³)	C				1,4	7/8
Skallabúðir (120 m - 1.200 m³)	C			2,7		7/8
		5,9	**9,2**	**6,3**	**1,4**	

VESTFIRÐIR

Sveitarfélag Verkefni	Flokkur	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	Hlutur ríkissjóðs
Reykhólahreppur						
Flatey, við gamla frystihúsið og austan við bryggjuna (50 m - 700 m³)	B - C		2,9			7/8
Vesturbyggð						
Patreksfjörður, kverkin ofan við Oddann (110 m - 2.400 m³)	B - C	6,9				7/8
Patreksfjörður, við vélsmiðjuna á Eyrinni (100 m - 1.500 m³)	C			4,3		7/8
Patreksfjörður, að Björgum (80 m - 1.200 m³)	C			3,5		7/8
Bíldudalur, við íbúðarhúsið Svalborg (60 m - 1.200 m³)	C				3,5	7/8
Bíldudalur, austan og vestan við Svalborg (100 m - 1.200 m³)	C				3,5	7/8
Ísafjarðarbær						
Flateyri, Brimnesvegur, hækkun krónu og styrking, framhaldsverk (um 2.500 m³)	B	7,7				7/8
Flateyri, Brimnesvegur norðan Tjarnargötu, styrking (um 2.500 m³)	B - C		7,7			7/8
Flateyri, Ytri Bót (80 m - 1.600 m³)	C				5,0	7/8
Ísafjörður, við Sundstræti (260 m - 6.000 m³)	B - C	13,6				7/8
Hnífsdalur, við rækjuverksm. (260 m - 2.200 m³)	B - C	5,0				7/8
Súðavíkurhreppur						
Norðan Súðavíkurhafnar við Nesveg (90 m - 1.600 m³)	B - C		3,6			7/8
Árneshreppur						
Djúpavík, við bensínstöð (400 m³)	C	1,0				7/8
Við Gjögur, við lóðir 3 og 4 austan við Gjögurbryggju (400 m³)	C				1,0	7/8
Kaldrananeshreppur						
Drangsnes, við Framtíðina (40 m - 400 m³)	B - C		0,8			7/8
Drangsnes, við Grundargötu (80–100 m - 500 m³)	C		1,0			7/8
Broddaneshreppur						
Óspakseyri, norðurbakkinn við sláturhúsið (500 m³)	C				1,5	7/8
		34,2	**16,0**	**7,8**	**14,5**	

NORÐURLAND VESTRA

Sveitarfélag Verkefni	Flokkur	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	Hlutur ríkissjóðs
Húnaþing vestra						
Reykir við Hrútafjörð, við íþróttahúsið, styrking (200 m³)	C				0,8	7/8
Reykir við Hrútafjörð, við byggðasafnið (80 m - 300 m³)	C				1,2	7/8
Blönduósbær						
Upp með Blöndu að sunnan (350 m - 2.100 m³)	C				6,5	7/8
Norðan Blöndu (320 m - 6.500 m³)	B - C	9,9		5,0	5,0	7/8
Höfðahreppur						
Við Árblik vestan hafnar (60 m - 900 m³)	B - C		2,5			7/8
Sunnan við Hólanes, styrking (200 m - 800 m³)	C			2,2		7/8
Suður fyrir iðnaðarhús Vallarbraut, framhald sjóvarnar (50 m - 800 m³)	B - C		2,2			7/8
Skagahreppur						
Víkur (100 m - 1000 m³)	C			2,1		7/8
Kálfshamarsvík, fremst á eiðið (70 m - 900 m³)	C			1,9		7/8
		9,9	**4,7**	**11,2**	**13,5**	

NORÐURLAND EYSTRA

Sveitarfélag Verkefni	Flokkur	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	Hlutur ríkissjóðs
Dalvíkurbyggð						
Dalvík, við Árhól, hækka grjótvörn (50 m - 400 m³)	B - C			1,1		7/8
Dalvík, Bliki - hafnargarður (90 m - 1.500 m³)	B - C	3,6				7/8
Dalvík, sunnan Dalvíkurhafnar (150 m - 900 m³ og endurröðun)	C			2,7		7/8
Dalvík, sunnan við Dalvíkurhöfn (þar fyrir sunnan, 300 m - 3.000 m³)	C			7,1		7/8
Árskógssandur við Brimnes (40 m - 650 m³)	C			1,3		7/8
Hauganes, norðan hafnar (60 m - 600 m³)	B - C	1,4				7/8
Arnarneshreppur						
Hjalteyri, norðan vitans og meðfram Hjalteyrartjörn (100 m - 400 m³)	C				1,0	7/8
Grýtubakkahreppur						
Sunnan gömlu bryggjunnar með Höfðavegi (200 m - 2.500 m³)	B - C	6,5				7/8
Húsavíkurkaupstaður						
Húsavíkurbakkar syðst, suður að Haukamýrarlæk (150 m - 2.100 m³)	C			5,0		7/8
Öxarfjarðarhreppur						
Kópasker við Geflu, utan hafnar (70 m - 700 m³)	B - C		2,2			7/8
		11,5	**2,2**	**17,2**	**1,0**	

AUSTURLAND

Sveitarfélag Verkefni	Flokkur	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	Hlutur ríkissjóðs
Vopnafjarðarhreppur						
Innan Kaupfélagsbryggju (140 m - 2.400 m³)	C		5,5			7/8
Fjarðabyggð						
Eskifjörður, við Mjóeyri (40 m - 500 m³)		1,7				7/8
		1,7	**5,5**	**0,0**	**0,0**	

SUÐURLAND

Sveitarfélag Verkefni	Flokkur	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	Hlutur ríkissjóðs
Vestmannaeyjabær						
Sjóvörn við Eiðið, endurröðun og styrking (80 m - 800 m³)				2,0	1,5	7/8
Árborg, sveitarfélag						
Stokkseyri, við Ísólfsskála (250 m - 2.500 m³)	C			5,2		7/8
Stokkseyri, Kaðlastaðir - Hraunsá (850 m - 12.750 m³ og 200 m - 5.000 m³)	B - C		20,2	5,5		7/8
Eyrarbakki, Hraunsá - Hraunsnef (400 m - 4.800 m³)	C				8,4	7/8
Ölfus, sveitarfélag						
Þorlákshöfn, Fiskeldi Eyjafjarðar hf., Hafnarbergi (150 m - 1.900 m³)	B - C	3,1				7/8
Þorlákshöfn, Hafnarberg - Stekkjarbót (870 m - 13.900 m³)	B - C	8,6	8,6			7/8
Strandarkirkja, styrking (vélavinna og röðun)	B - C		0,5			7/8
Herdísarvík, leið c, sjóvörn ofan við tjarnarbakkann (1.200 m³)	C			3,7		7/8
		11,7	**29,3**	**16,4**	**9,9**	

REYKJANES

Sveitarfélag Verkefni	Flokkur	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	Hlutur ríkissjóðs
Grindavíkurkaupstaður						
Hraun (50 m - 800 m³)	C		1,3			7/8
Stofnfiskur hf. Húsatóftum (80 m - 1.000 m³)	C		1,7			7/8
Húsatóftavöllur (200 m - 1.800 m³)	C		3,0			7/8
Litlabót (200 m - 1.200 m³)	C		2,0			7/8
Sandgerðisbær						
Flankastaðir (250 m - 2.000 m³)	C			3,3		7/8
Þóroddsstaðir (150 m - 1.200 m³)	C			2,0		7/8
Garðskagi - Lambarif, viðgerð suðurhluta kaflans (680 m - 2.700 m³)	C				4,2	7/8
Garðskagi - Lambarif, næst bæjarmörkum (120 m - 480 m³)	B - C	0,7				7/8
Gerðahreppur						
Garðskagi - Lambarif, frá Garðskaga að bæjarmörkum (400 m - 1.620 m³)	B - C	2,5				7/8
Byggða- og sjóminjasafn - Helgarétt (150 m - 1.200 m³)	C				1,9	7/8
Helgarétt - Neðra Hof, styrking á hluta (200 m - 500 m³)	C				0,8	7/8
Neðra Hof - Lambastaðir (120 m - 2.000 m³)	C				3,1	7/8
Hólmsvöllur í Leiru, lokauppgjör vegna fyrri ára		3,2				7/8
Hólmsvöllur í Leiru (170 m - 2.000 m³)	C			3,1		7/8
Reykjanesbær						
Keflavík, við Bakkastíg (200 m - 3.500 m³)	C				5,4	7/8
Vatnsleysustrandarhreppur						
Minni Vogar, í átt að Grænuborg (150 m - 2.500 m³)	C			4,1		7/8
Brunnastaðahverfi, Halakot (15 m - 150 m³ og 300 m styrking - 1.350 m³, alls 1.500 m³)	C				2,5	7/8
Brunnastaðahverfi, Skjaldarkot (200 m - 3.000 m³ + 500 m³ styrking = 3.500 m³)	C	5,7				7/8
Auðnar (80 m - 800 m³)	C				1,3	7/8
Hafnarfjörður						
Hvaleyri, undirbúningur/mat á umhverfisáhrifum		0,6				7/8
Bessastaðahreppur						
Kasttangi - Grund (300 m - 4.800 m³)	C				9,9	7/8
Kasthúsatjörn, styrking (250 m - 4.500 m³)	B - C		9,3			7/8
Sunnan við sjómerki, Akrakot (100 m - 1.000 m³ og endurröðun)	C			3,6		7/8
Við Hlið (70 m - 500 m³ og 100 m - 300 m³, alls 800 m³)	C				1,7	7/8
Seltjarnarneskaupstaður						
Kotagrandi, styrking við Bakkatjörn (160 m - 2.400 m³)	B - C		5,7			7/8
Kotagrandi, styrking við Bakkatjörn og sunnan við hana (270 m - 4.000 m³)	C			9,5		7/8
Við Sandvík, austast að Steinavör (100 m - 600 m³)	C				1,4	7/8
Frá Melshúsabryggju austur fyrir Lambastaðavör (150 m + styrking 70 m - 1.800 m³)	B - C				4,3	7/8
Lambastaðagrandi - botn víkurinnar (80 m - 800 m³ - fyrirh. skolpdælustöð)	B - C			1,9		7/8
Lambastaðagrandi - bæjarmörk, hækkun á krónu (140 m - 400 m³)	C				1,2	7/8
		12,7	**23,0**	**27,5**	**37,7**	
VESTURLAND TIL REYKJANESS		**87,6**	**89,9**	**86,4**	**78,0**	
HEILDARKOSTNAÐUR ALLT LANDIÐ		**341,9**				
Þar af hlutur ríkissjóðs		299,8				
Hlutur sveitarfélaga		42,1				

1450. Þingsályktun [327. mál]

um hafnaáætlun 2001–2004.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Alþingi ályktar skv. 24. gr. hafnalaga, nr. 23/1994, að árin 2001–2004 skuli framkvæmdum í hafnamálum hagað samkvæmt eftirfarandi hafnaáætlun.

I. Áætlaðar fjárveitingar ríkissjóðs.

a) Til hafnarframkvæmda samkvæmt hafnalögum.

Upphæðir í millj. kr. Tölur í svigum tákna að til er ónotuð fjárveiting.

Kjördæmi	2001			2002			2003			2004			
Höfn	Til nýframkvæmda	Til uppgjörs	Fjárveitingar alls	Til nýframkvæmda	Til uppgjörs	Fjárveitingar alls	Til nýframkvæmda	Til uppgjörs	Fjárveitingar alls	Til nýframkvæmda	Til uppgjörs	Fjárveitingar alls	**Samtals 2001–2004**
Vesturland													
Akranes	0,0		0,0	52,8	0,0	52,8	59,4	0,0	59,4	67,0	0,0	67,0	179,2
Borgarnes	0,0		0,0	0,0	0,0	0,0	2,4	(0,1)	2,3	0,0	0,0	0,0	2,3
Snæfellsbær	31,9	6,5	38,4	60,7	0,0	60,7	43,3	0,0	43,3	37,1	0,0	37,1	179,5
Grundarfjörður	83,1		83,1	21,0	0,0	21,0	9,8	0,0	9,8	0,0	0,0	0,0	113,9
Stykkishólmur	1,4	7,4	8,8	13,2	0,0	13,2	8,3	0,0	8,3	46,2	0,0	46,2	76,5
Búðardalur	0,0		0,0	0,0	0,0	0,0	1,5	0,0	1,5	0,0	0,0	0,0	1,5
	116,4	**13,9**	**130,3**	**147,7**	**0,0**	**147,7**	**124,7**	**(0,1)**	**124,6**	**150,3**	**0,0**	**150,3**	**552,9**
Vestfirðir													
Reykhólahöfn	0,0		0,0	2,7	(0,1)	2,6	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	2,6
Vesturbyggð	2,0	(0,4)	1,6	16,3	0,0	16,3	0,0	0,0	0,0	11,0	0,0	11,0	28,9
Tálknafjörður	3,8	(2,3)	1,5	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,5
Bolungarvík	20,7	(5,9)	14,8	8,2	0,0	8,2	12,0	0,0	12,0	6,0	0,0	6,0	41,0
Ísafjarðarbær	33,4	(24,8)	8,6	33,8	0,0	33,8	49,8	0,0	49,8	59,6	0,0	59,6	151,8
Súðavík	4,2	(0,6)	3,6	9,7	0,0	9,7	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	13,3
Drangsnes	4,2	0,3	4,5	1,0	0,0	1,0	2,5	0,0	2,5	0,0	0,0	0,0	8,0
Hólmavík	5,7	(5,7)	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	6,0	0,0	6,0	6,0
	74,0	**(39,4)**	**34,6**	**71,7**	**(0,1)**	**71,6**	**64,3**	**0,0**	**64,3**	**82,6**	**0,0**	**82,6**	**253,1**
Norðurland vestra													
Hvammstangi	13,1	(13,1)	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Skagaströnd	1,5	0,7	2,2	7,7	0,0	7,7	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	9,9
Skagafjörður	41,5	(2,3)	39,2	43,4	0,0	43,4	0,2	0,0	0,2	18,2	0,0	18,2	101,0
Siglufjörður	54,1	(4,6)	49,5	9,4	0,0	9,4	18,9	0,0	18,9	40,2	0,0	40,2	118,0
	110,2	**(19,3)**	**90,9**	**60,5**	**0,0**	**60,5**	**19,1**	**0,0**	**19,1**	**58,4**	**0,0**	**58,4**	**228,9**
Norðurland eystra													
Hafnasamlag Eyjafjarðar	0,0	18,4	18,4	47,5	0,0	47,5	36,8	0,0	36,8	18,3	0,0	18,3	121,0
Hafnasamlag Norðurlands	65,9	(4,8)	61,1	25,1	0,0	25,1	34,7	0,0	34,7	40,8	0,0	40,8	161,7
Grímsey	0,0		0,0	7,0	(1,5)	5,5	0,6	0,0	0,6	10,8	0,0	10,8	16,9
Húsavík	192,8	32,4	225,2	0,0	155,6	155,6	88,8	0,0	88,8	12,0	33,4	45,4	515,0
Kópasker	3,7	(1,3)	2,4	4,6	0,0	4,6	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	7,0
Raufarhöfn	9,1	(4,5)	4,6	8,7	0,0	8,7	229,5	0,0	229,5	0,0	0,0	0,0	242,8
Þórshöfn	56,3	(1,0)	55,3	63,9	0,0	63,9	24,6	0,0	24,6	97,6	0,0	97,6	241,4
	327,8	**39,2**	**367,0**	**156,8**	**154,1**	**310,9**	**415,0**	**0,0**	**415,0**	**179,5**	**33,4**	**212,9**	**1.305,8**
Austurland													
Bakkafjörður	0,0		0,0	10,9	0,0	10,9	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	10,9
Vopnafjörður	14,6	0,3	14,9	104,9	0,0	104,9	73,4	0,0	73,4	11,4	0,0	11,4	204,6
Borgarfjörður eystri	5,6		5,6	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	5,6
Hafnasamlag A-Héraðs og Fella	0,0		0,0	0,0	0,0	0,0	21,1	0,0	21,1	0,0	0,0	0,0	21,1
Seyðisfjörður	39,7	(1,8)	37,9	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	37,9

Kjördæmi	2001			2002			2003			2004			
Höfn	Til ný-fram-kvæmda	Til upp-gjörs	Fjárveit-ingar alls	Til ný-fram-kvæmda	Til upp-gjörs	Fjárveit-ingar alls	Til ný-fram-kvæmda	Til upp-gjörs	Fjárveit-ingar alls	Til ný-fram-kvæmda	Til upp-gjörs	Fjárveit-ingar alls	**Samtals 2001–2004**
Fjarðabyggð	78,1	11,8	89,9	148,7	0,0	148,7	348,8	0,0	348,8	94,6	0,0	94,6	682,0
Fáskrúðsfjörður	19,2	0,7	19,9	0,0	0,0	0,0	22,1	0,0	22,1	9,5	0,0	9,5	51,5
Breiðdalsvík	5,0	(5,0)	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Djúpivogur	83,2	(36,4)	46,8	28,3	0,0	28,3	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	75,1
Hornafjörður	40,8	1,1	41,9	7,8	0,0	7,8	96,4	0,0	96,4	137,1	0,0	137,1	283,2
	286,2	**(29,3)**	**256,9**	**300,6**	**0,0**	**300,6**	**561,8**	**0,0**	**561,8**	**252,6**	**0,0**	**252,6**	**1.371,9**
Suðurland													
Vestmannaeyjar	91,5	35,0	126,5	162,4	0,0	162,4	175,0	15,1	190,1	182,1	11,7	193,8	672,8
Þorlákshöfn	17,9	1,5	19,4	6,3	34,0	40,3	39,5	12,0	51,5	21,5	3,6	25,1	136,3
	109,4	**36,5**	**145,9**	**168,7**	**34,0**	**202,7**	**214,5**	**27,1**	**241,6**	**203,6**	**15,3**	**218,9**	**809,1**
Reykjanes													
Grindavík	50,5	157,5	208,0	101,4	10,0	111,4	0,0	93,1	93,1	91,4	61,8	153,2	565,7
Sandgerði	64,0	24,3	88,3	45,6	0,0	45,6	29,6	0,0	29,6	0,0	85,3	85,3	248,8
Hafnasamlag Suðurnesja	0,0	9,4	9,4	17,3	0,0	17,3	0,0	0,0	0,0	57,8	0,0	57,8	84,5
Hafnarfjörður	0,0	9,0	9,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	9,0
	114,5	**200,2**	**314,7**	**164,3**	**10,0**	**174,3**	**29,6**	**93,1**	**122,7**	**149,2**	**147,1**	**296,3**	**908,0**
Óskipt til slysavarna o.fl.	8,7	(7,5)	1,2	8,2	0,0	8,2	10,5	0,0	10,5	22,0		22,0	41,9
Rannsóknir o.fl.	10,0		10,0	15,0		15,0	15,0		15,0	15,0		15,0	55,0
Samtals	**1.157,2**	**194,3**	**1.351,5**	**1.093,5**	**198,0**	**1.291,5**	**1.454,5**	**120,1**	**1.574,6**	**1.113,2**	**195,8**	**1.309,0**	**5.526,6**

b) Önnur hafnarmannvirki.

	2001	2002	2003	2004
Lendingarbætur	2,8	3,0	3,0	3,0
Ferjubryggjur	5,7	6,0	6,0	6,0
Samtals	**8,5**	**9,0**	**9,0**	**9,0**

II. Sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum.

Skýringar við töflu: Frumáætlun Siglingastofnunar um heildarkostnað við framkvæmdir. Í aftasta dálki þátttökuhlutfall ríkissjóðs.

Verðlag miðast við áætlað meðaltal ársins 2001 (byggingarvísitala 254 stig). Upphæðir í millj. kr.

Höfn Verkefni	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**	**Hlutur ríkis-sjóðs**
VESTURLAND					
Akranes					
Dýpkun við aðalhafnargarð í 8–9 m (~3.000 m² spr.) og viðhaldsdýpkun		52,0			75%
Stálþil aðalhafnargarði, 1.–3. áfangi, 160 m, dýpi 8–9 m, lagnir og þekja (3.200 m²)		23,0	80,0	57,0	60%
Klæðning á austurhlið Ferjubryggju, 60 m þybbuklæðning úr asobe og uppsetning á þybbum				5,7	60%
Endurröðun og styrking á grjótvörn aðalhafnargarði (150 m, ~8.000 m³)				24,0	75%
Endurnýjun skipalyftu. Hliðarfærslusleði, nemabúnaður og raflagnir			19,0	19,0	60%
Borgarnes					
Bryggjurif, grjót og kjarnafylling (~3.200 m³) við gömlu bryggjuna og frágangur við þá nýju				4,0	60%

Höfn Verkefni	2001	2002	2003	2004	Hlutur ríkis-sjóðs
Snæfellsbær					
Arnarstapi:					
Lenging grjótgarðs (30–35 m, ~14.000 m³) og dýpka (spr. svæði ~2.000 m²)	38,0	38,0			75%
(Viðhaldsdýpkun/ ljós í bryggjustiga, sjá Ólafsvík)					75%
Rifshöfn:					
Staurakista, endurbygging og lenging um 10 m, stálþil (35 m, dýpi 4 m)		24,0			60%
Ljúka endurbyggingu trébryggju (5×18 m, dýpi 3,5 m) og rif á eldri bryggju		24,0			60%
Lenging stálþils, 80 m, dýpi 6 m lagnir og þekja (1.600 m²)			50,8	23,0	60%
(Viðhaldsdýpkun/ljós í bryggjustiga, sjá Ólafsvík)					60%
Ólafsvík:					
Lenging á flotbryggjum, 20 m og 10 m og slitlag á tengibraut (klæðning ~300 m²)	5,7				60%
Ljós í bryggjustiga Ólafsvík, Rifi og Arnarstapa (40 stigar alls)		4,3			60%
Endurbygging á fenderklæðningu trébryggju			20,0		60%
Styrking og endurbygging grjótvarnar Suðurgarðs				19,0	75%
Dýpkun, viðhalda dýpi í innsiglingum og höfnum Ólafsvík, Rifi og Arnarstapa (~25.000 m³)		1,0	1,0	12,0	75%
Grundarfjörður					
Lenging Stórubryggju, stálþil (100 m, dýpi 8 m), lagnir, lýsing og þekja	88,0	35,0			60%
Lenging Stórubryggju, grjótvörn norðan á (~18.000 m³)	40,4				75%
Smábátaaðstaða, dýpkun (~3.000 m³)			3,4		75%
Smábátaaðstaða, uppsátur (5×30 m), flotbryggja (10 m), fylling, frág. fláa, lýsing, vatns- og raflögn			10,0		60%
Öryggismál, stigar á flotbryggju, laga og setja ljós í stiga Stórubryggju og Suðurgarði			2,0		60%
Stykkishólmur					
Skipavík, ljósamasturs- og vatnshús	2,4				60%
Stálþil næst brúarbás Súgandisey, 20 m, dýpi 6 m, lagnir og þekja (300 m²)		16,0	5,0		60%
Dýpkun í höfn við þil Súgandisey og víðar (gröbbun ~5.000 m³)			7,0		75%
Dráttarbraut Skipavík, styrkja braut, nýr sleði, 16 hliðarf.vagnar, rif á görðum og st. plan (3.000 m²)		6,0		77,0	60%
Dalabyggð					
Gamla bryggjan Búðardal, endurbyggja kanttré, þybbur, stiga og þekju (70 m²)			2,5		60%
	174,5	**223,3**	**204,7**	**236,7**	
VESTFIRÐIR					
Reykhólar					
Dýpkun, grabbað upp meðfram bryggju (~1.500 m³)		3,6			75%
Vesturbyggð					
Patreksfjörður:					
Innsigling lagfærð, dýpkun (grafið ~11.000 m³) og grjótvörn á enda Oddans		21,7			75%
Endurbygging þekju (1.000 m³)				8,3	60%
Endurbygging stálþils, undirbúningsframkvæmd (um 280 m þil byggt 1948)				10,0	60%
Bíldudalur:					
Flotbryggja, lenging (20 m)	3,4				60%
Tálknafjörður					
Þekja við stálþil, lagnir og lýsing (steypt 300 m², klæðning 900 m²)	6,3				60%

Höfn Verkefni	2001	2002	2003	2004	Hlutur ríkis-sjóðs
Ísafjarðarbær					
Þingeyri:					
Rífa gömlu trébryggjuna við ytri hafnargarð og ganga frá kanti		4,8			60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5×30 m)	3,4				60%
Flateyri:					
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5×30 m)	3,4				60%
Endurbygging hafnarkants, frágangur, lagnir og þekja (1.400 m²)	16,1				60%
Suðureyri:					
Stækkun smábátahafnar		14,0			60%
Dýpkun innsiglingarrennu í 5 m (10.000 m³, dæling)				6,4	75%
Ísafjörður:					
Tengibraut Ásgeirsbakki – Sundahöfn (uppgjör)	20,0				60%
Sundahöfn, lagnir, lýsing og þekja (1.400 m²) við stálþilsbakka	12,8	6,1	3,4		60%
Endurbyggja flotbryggju Sundahöfn (70 m)		11,5			60%
Viðgerðarbryggja skipasmíðastöðvar, staurabr. úr stáli og harðviði (38 m)		19,8			60%
Bátahöfn við Olíumúla, lokið endurbyggingu			28,0		60%
Dýpkun við Olíumúla og viðgerðarbryggju (grafnir 23.000 m³)			41,3		75%
Ferjubryggja Sundahöfn, lenging, staurabryggja úr harðviði (17 m)				11,4	60%
Ásgeirsbakki, endurbygging, 1. áfangi, stálþil með kantbita (85 m, dýpi 8 m)				50,0	60%
Dráttarbraut, endurbygging á braut, vagni og spili m.v. 400 þungatonna skip				30,0	60%
Bolungarvík					
Grundargarður, breikkun og grjótvörn á ~300 m kafla (24.000 m³)	27,6				75%
Brjóturinn, niðurrif skjólveggs og þekja að 20 m línu (~600 m²)		13,6			60%
Tengibraut Lækjarbryggja – Grundargarður			20,0		60%
Brjóturinn, endurbygging stálþils efst við Brjótinn – undirbúningsframkvæmd				10,0	60%
Súðavík					
Viðlegubryggja við Suðurgarð lengd (15 m léttbyggð timburbryggja – dýpi 3 m)		7,0			60%
Suðurgarður, þvergarður og styrking á núverandi garði (~7.000 m³)	5,6	7,3			75%
Drangsnes					
Drangsnesbryggja, hækkun efri hluta bryggju, steypt þekja (400 m²) og veggur (18 m)	7,0				60%
Kokkálsvík, slitlag við bryggjur (klæðning 1.000 m²)		1,7			60%
Kokkálsvík, flotbryggja (20 m)			4,1		60%
Hólmavík					
Bæta aðstöðu smábáta, flotbryggja	9,5				60%
Stálþilsbryggja endurbyggð, undirbúningsframkvæmdir				10,0	60%
	115,1	**111,1**	**96,8**	**136,1**	
NORÐURLAND VESTRA					
Hvammstangi					
Dýpkun hafnar í 5–6 m og innsiglingin í 7 m, sprengt að hluta (5.000 m³)	17,5				75%
Skagaströnd					
Upplýsingakerfi fyrir sjófarendur	2,0				75%
Dýpkun í höfn og innsiglingu (10.000 m³ dæling/gröftur)		10,3			75%

Höfn Verkefni	2001	2002	2003	2004	Hlutur ríkis-sjóðs
Skagafjörður					
Sauðárkrókur:					
Stálþil Norðurgarði, endurbygging og lenging, 130 m, dýpi 8,5 m, lagnir og þekja (2.600 m²)	62,8	52,0			60%
Dýpkun, snúningssvæði og innsigling í 8 m, við þil í 8,5 m (30.000 m³)		16,2			75%
Sandfangari, lenging um 30 m				14,0	75%
Tengibraut Hafnargarður – Sandeyri (800 m² – var á áætlun '99 en frestað)				5,5	60%
Hofsós:					
Lenging þvergarðs um 5 m (~1000 m³)	4,8				75%
Norðurgarður, styrking á grjótvörn				5,9	75%
Haganesvík:					
Viðhaldsdýpkun	0,3		0,3		75%
Siglufjörður					
Óskarsbryggja, 75 m þil, dýpi 10 m, steypt þekja 1.500 m²	65,4	15,7			60%
Dýpkun í 9 m við Óskarsbryggju og á siglingaleið (30.000 m³ dæling)	16,2				75%
Togarabryggja, endurnýjun þekju (malbik)	4,5				60%
Smábátahöfn, viðlegubryggja við vesturkant (40 m)			11,8		60%
Styrking á grjótvörn norðan við Brjót			5,7		60%
Roaldsbryggja við Síldarminjasafn (göngubryggja 75×3,0 m)			14,0		60%
Bæjarbryggja, endurbygging, 1. áfangi, stálþil (100 m, dýpi 8 m)				67,0	60%
	173,5	**94,2**	**31,8**	**92,4**	
NORÐURLAND EYSTRA					
Hafnasamlag Eyjafjarðar					
Ólafsfjörður:					
Loðnulöndunarkantur, endurnýja staura (84 m, ~1/3 hluti)		24,9			60%
Togarabryggja, rífa trébryggju, 40 m stálþil, dýpi 7 m, lagnir og þekja (800 m³)		30,9	12,7		60%
Viðhaldsdýpkun í innsiglingu og höfn (dæling, 12.000 m³)				6,5	75%
Innsigling í Vesturhöfn, frágangur garðsenda				20,0	60%
Dalvík:					
Endurröðun og styrking grjótvarnar Suðurgarði, öldudempandi flái við verbúð (alls ~8.000 m³)		18,0			75%
Timburbryggja Suðurgarði, endurbygging (65 m)			38,6		60%
Árskógssandur/Hauganes:					
Upptökubraut Árskógssandi (5×20 m)				2,3	60%
Hauganes, grjótvörn á hafnarsvæði við gömlu bryggjuna (~500 m³)		1,0			60%
Hrísey:					
Aðstaða fyrir ferju, lenging stálþils/dýpkun (óvisst)			10,0		60%
Hafnasamlag Norðurlands					
Hjalteyri:					
Viðhaldsdýpkun	0,3		1,1		75%
Akureyri:					
Fiskihöfn, dýpkun, 2. áfangi (91.000 m³)	41,2				75%
Fiskihöfn, Vesturbakki, stálþil, 2. áfangi (70 m, dýpi 9 m, þekja 1.400 m²)	51,4	19,7			60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5×20 m)	2,3				60%
Sverrisbryggja rifin, bryggja fyrir fóðurskip (20 m)	4,4	22,1			60%
Dýpkun, Krossanes, 2. áfangi (40.000 m³) og uppgjör, dýpkun fyrir olíuskip (framkv. 2000, 13 m.kr.)			34,6		75%
Stálþil við Krossanes, 2. áfangi (80 m, dýpi 9 m), rekið niður þil og steyptur kantur			5,0	63,0	60%
Stálþil við Strýtu, undirbúningsframkvæmdir			8,1		60%
Ísbryggja ÚA endurbyggð, undirbúningsframkvæmdir				5,0	60%

Höfn Verkefni	2001	2002	2003	2004	Hlutur ríkis-sjóðs
Grímsey					
Endurbygging fremsta hluta hafnargarðs, þekja (~300 m²) og skvettmúr		11,6			60%
Úttekt og endurbygging á kervegg við fremri hluta aðalhafnargarðs (25 m)			1,0	8,4	60%
Lokið styrkingu grjótvarnar á hafnargarði, grjót úr landi (500 m³)				7,7	75%
Húsavík					
Brimvarnargarður við Böku (300.000 m³ – grjót á lager 30.000 m³)	509,0				75%
Stálþilsbryggja, endurbygging/nýbygging			148,0	20,0	60%
Kópasker					
Endurbyggja steypta þekju á bryggju (330 m²)	3,0				60%
Viðlegubryggja smábáta (15 m flotbryggja)	3,2				60%
Dýpkun hafnar (10.000 m³ dæling)		6,1			75%
Raufarhöfn					
Löndunarbryggja við bræðslu, lagnir, lýsing og steypt þekja (1.000 m²)	15,2				60%
Dýpkun innsiglingarrennu í 8,5–10 m (22.300 m² klapparsprenging)		7,5	306,0		75%
Frágangur vegna niðurrifs á bryggjum, grjóthleðsla við Hótel Norðurljós (120 m)		5,1			60%
Þórshöfn					
Dýpkuð innsigling í 8,5 m, höfn í 8–9 m snúningssvæði og að stálþili (~80.000 m³ gröftur, spr. að hluta)	75,0			124,0	75%
Stálþil 135 m, dýpi 9 m, lagnir og þekja (2.700 m²)		106,5	36,5		60%
Ytri leiðarljós			3,6		75%
Grjótfláí við tengibraut (á áætlun 2000 en frestað)				7,7	60%
	705,0	**253,4**	**605,2**	**264,6**	
AUSTURLAND					
Bakkafjörður					
Lenging Löndunarbryggju, harðviðarbryggja (20 m, dýpi 3 m)		11,2			60%
Lenging Sjafnarbryggju, léttbyggð furubryggja (20 m, dýpi 2,5 m)		7,0			60%
Vopnafjörður					
Löndunarbryggja, stálþil, lagnir og þekja (1.600 m²)	24,3				60%
Dýpkun siglingaleiðar innan hólma (89.000 m³, sprengt að hluta)		139,9	97,8	15,2	75%
Borgarfjörður eystri					
Dýpkun sunnan gömlu bryggju og í bátakví (~3.600 m³)	7,4				75%
Hafnasamlag Austur-Héraðs og Fella					
Dýpkun og skjólgarður vegna ferju Lagarfljóti			15,6		75%
Bryggja fyrir Lagarfljótsferju, trébryggja 35 m, dýpi 2,5 m			15,6		60%
Seyðisfjörður					
Dýpkun rennu við Fjarðarhöfn í 8 m dýpi og dýpkun við dráttarbraut (~90.000 m³)	50,0				75%
Bryggja við Fjarðarhöfn, frágangur	3,6				60%
Fjarðabyggð					
Neskaupstaður:					
Lenging Togarabryggju, stálþil (70 m, dýpi 9 m, þekja 1.400 m²)	49,7	19,6			60%
Dýpkun vegna færslu flotbryggju (15.000 m³) og stækkun hafnar (100.000 m³)	8,4	57,9			75%

Höfn Verkefni	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**	**Hlutur ríkis-sjóðs**
Skjólgarður norðan hafnar (~200 m, dælt undir garð og efni tekið úr núverandi garði að hluta)	56,0	44,0			75%
Stálþil við bræðslu lengt um 52 m, í 100 m, dýpi 9 m, 1. áfangi, þil með kanti				43,7	60%
Eskifjörður:					
Hafskipakantur, efniskostnaður vegna lengingar stálþils úr 80 í 130 m (uppgjör)			18,6		60%
Hraun í Reyðarfirði – höfn fyrir stóriðju:					
Stálþilsbakki 260 m, dýpi 14,3 m, lagnir og steypt þekja (7.800 m²)		47,0	502,0	114,0	60%
Dýpkun við stálþil í 14,3 m (dæling, 118.000 m³) og siglingarmerki		43,0	48,5		75%
Fáskrúðsfjörður					
Stækkun Loðnulöndunarbryggju (harðviðarbryggja 40 m, dýpi 7 m)	32,0				60%
Endurbygging Bæjarbryggju, 1. áfangi (50 m, dýpi 7 m), lagnir, lýsing og þekja (1.000 m²)			36,9	15,8	60%
Breiðdalsvík					
Gengið frá lögnum og lokið við þekju (1.080 m²) – á áætlun '99 en frestað	8,4				60%
Djúpivogur					
Dýpkun Gleðivík (3.500 m² í 9 m, gröftur, að hluta sprengt)	36,5				75%
Löndunarkantur 75 m, dýpi 9 m, grjótvarin fylling (49.000 m³), lagnir og þekja (1.425 m²)	93,0	47,1			60%
Hornafjörður					
Faxeyrarhöfn, umhverfismat og undirbúningur	10,0				75%
Viðhaldsdýpkun (25.000 m³ hvert ár – er 15.000 í núgildandi áætlun)	10,4	10,4	10,4	10,4	75%
Leiðigarðar norðan og sunnan hafnarmynnis og leiðigarður út frá Mikley (~8.000 m³)	18,0				75%
Smábátaaðstaða vestan Óslandsbryggju	20,0				60%
Faxeyrarhöfn, skjólgarður (~15.000 m³) og dýpkun (~400.000 m³)			24,0	108,0	75%
Grynnslin, dýpkun, undirbúningsframkvæmd			30,0	35,0	75%
Stálþilsbryggja, 100 m, dýpi 8 m, lagnir og þekja (2.000 m²)			80,1	30,3	60%
Raflögn í Hvanneyjarvita				5,0	75%
	427,7	**427,1**	**879,5**	**377,4**	
SUÐURLAND					
Vestmannaeyjar					
Nausthamarsbryggja, lokið endurbyggingu (þil 360 m, dýpi 5–9 m, þekja 4.640 m² steypt)	67,2	47,3			60%
Dýpkun við bryggjur í 8 m, Nausthamar, Friðarhafnarkantur (dæling/gröftur ~35.000 m³)	22,2				75%
Friðarhöfn, Ísk./suðurk., endurbætt þil 140 m, dýpi 9 m, lagnir, þekja (steypt 1.500/malb. 1.200 m²)	57,5	64,3			60%
Smábátahöfn, flotbryggjur 30 m og 2×40 m, lýsing og lagnir við bryggjur		22,2			60%
Friðarhöfn, norður-/austurk., endurbætt þil 150 m, dýpi 8 m, lagnir, þekja (steypt 3.400 m²)		46,9	75,1		60%
Dýpkun hafnar, Pyttur í 8 m, snúningssv. 210 m í 7,5 m (grafið/dælt 78.000 m³, að hluta spr.)			50,0	50,0	75%
Friðarhöfn, vesturk., endurbætt þil 195 m, dýpi 8 m, lagnir, þekja (steypt ~2.200 m²)			64,0	86,0	60%
Dýpkun í innsiglingu, viðhaldsdýpkun (gröftur 35.000 m³)				52,0	75%
Þurrkví, framkvæmd dreifist jafnt á árin 2002–2005		90,0	90,0	90,0	60%

Höfn Verkefni	2001	2002	2003	2004	Hlutur ríkis-sjóðs
Þorlákshöfn					
Dýpkun innan hafnar (~50.000 m³ sprengt og grafið að hluta)	90,0				75%
Tunna á garðsenda Suðurvarargarði, úrbætur samkvæmt tillögum frá maí '97		8,4			75%
Loðnulöndunarbryggja, stálþil 70 m, dýpi 9 m			65,9	22,3	60%
Dýpkun í innsiglingu og höfn, viðhaldsdýpkun (~20.000 m³ dæling)				10,8	75%
	236,9	**279,1**	**345,0**	**311,1**	
REYKJANES					
Grindavík					
Skjólgarður vestan innsiglingar (80.000 m³)	101,9				75%
Skjólgarður austan innsiglingar (100.000 m³)		135,2			75%
Rif á þverbryggju við Svíragarð, og flotbryggja (uppgjör)				21,0	60%
Dýpkun hafnar við Svíragarð (6.200 m² í 7–8 m) og dýpkun á svæðum A–E (uppgjör 25 millj. kr.)				105,0	75%
Sandgerði					
Dýpkun á svæði A við Norðurgarð í 8 m og B við Suðurbryggju í 5 m (14.500 m² spr.)	165,3				75%
Suðurgarður, styrking og endurröðun á grjótvörn (ca. 300 m – 9.000 m³)	20,0				75%
Norðurgarður, lenging, stálþil 50 m, dýpi 8 m, lagnir og þekja (1.000 m²)	17,1	41,3			60%
Suðurbryggja, norðurhlið, stálþil 65 m, dýpi 6 m, lagnir og þekja (1.600 m²)		34,7	34,6		60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5×30 m)			3,2		60%
Löndunarbryggja við fiskmarkað, harðviðarbryggja (15 m, dýpi 5 m)			11,5		60%
Hafnasamlag Suðurnesja					
Reykjanesbær:					
Öldudempari Helguvík, sprengt berg við suðurhluta hafnar		16,1			75%
Festipollar við vestur- og austurenda viðlegu í Helguvík (2 stk. 100 t pollar)		2,4			60%
Grjótgarður Njarðvík styrktur og lengdur, 60 m		5,0		77,0	75%
	304,3	**234,7**	**49,3**	**203,0**	
ALLT LANDIÐ					
Óskipt til slysavarna o.fl. (styrkhæfni ýmist 60% eða 75%, meðaltal áætlað 67%)	13,0	12,3	15,7	32,8	67%
	2.150,0	**1.635,2**	**2.228,0**	**1.654,1**	
Samtals árin 2001–2004:				**7.667,4**	
Þar af hlutur ríkisins:				5.113,3	
Hlutur hafnarsjóða:				2.554,1	

1451. Frumvarp til laga [616. mál]

um erfðaefnisskrá lögreglu.

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

1. gr.

Ríkislögreglustjóri skal halda rafræna skrá með upplýsingum um erfðaefni einstaklinga og nefnist hún erfðaefnisskrá lögreglu. Tilgangur skrárinnar er að lögregla geti nýtt hana við rannsókn sakamála og til að bera kennsl á ákveðna menn.

Ríkislögreglustjóri annast skráningu í erfðaefnisskrána og ber ábyrgð á skránni. Hann skal gæta þess að uppfyllt séu ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra um öryggismat, öryggisráðstafanir og innra eftirlit.

2. gr.

Erfðaefnisskrá skiptist í:

a. *kennslaskrá,* með upplýsingum um erfðagerð einstaklinga sem um getur í 4. gr., og
b. *sporaskrá,* með upplýsingum um erfðaefni sem fundist hafa á brotavettvangi, eða á mönnum eða munum sem ætlað er að tengist broti, án þess að vitað sé frá hverjum þau stafa.

3. gr.

Í erfðaefnisskrá skal eingöngu færa upplýsingar um nafn, kennitölu, heimilisfang og erfðagerð einstaklings ásamt vísun til dóms eða málsnúmers óupplýsts sakamáls.

Þegar erfðaefnisupplýsingar hafa verið unnar úr fyrirliggjandi lífsýni skal eyða sýninu.

4. gr.

Í kennslaskrá má skrá upplýsingar um erfðagerð þeirra sem:

a. hlotið hafa refsidóm fyrir brot á ákvæðum X. kafla, XI. kafla, 108. gr., 164.–166. gr., 170.–171. gr., 194.–196. gr., 1. og 2. mgr. 200. gr., 201.–202. gr., 211. gr., 2. mgr. 218. gr., 1. mgr. 220. gr. og 252. gr. almennra hegningarlaga. Sama gildir um dóm fyrir tilraun og hlutdeild í þeim brotum;
b. sýknaðir hafa verið af ákæru um brot gegn þeim lagaákvæðum sem getið er í a-lið, þar með talin tilraunar- og hlutdeildarbrot, vegna skorts á sakhæfi, eða dæmdir hafa verið til að sæta öryggisráðstöfunum skv. VII. kafla almennra hegningarlaga fyrir sömu brot;
c. tilgreindir eru í a- og b-lið og afplána refsidóm uppkveðinn fyrir gildistöku laga þessara, sæta öryggisráðstöfunum eða hefur verið veitt reynslulausn og reynslutími er ekki liðinn.

Ekki má færa í kennslaskrá upplýsingar um önnur tilvik en greinir í 1. mgr. nema brýnar ástæður beri til og það hafi sérstaka þýðingu fyrir notagildi skrárinnar.

5. gr.

Hafi lífsýni ekki verið tekið úr einstaklingi áður en fullnaðardómur gengur er heimilt að gera það innan sex mánaða frá uppkvaðningu dóms.

Töku blóðsýnis annast læknir, hjúkrunarfræðingur eða meinatæknir. Dómfellda er skylt að hlíta þeirri meðferð sem talin er nauðsynleg vegna töku lífsýnis.

6. gr.

Þegar upplýsingar um einstakling hafa verið skráðar á grundvelli 4. gr. ber ríkislögreglustjóra að tilkynna honum skriflega um skráninguna og tilgang hennar.

7. gr.

Upplýsingar sem skráðar hafa verið í kennslaskrá skal afmá:

a. eigi síðar en tveimur árum eftir andlát hins skráða,
b. eigi síðar en sex mánuðum eftir að hinn skráði hefur verið sýknaður eftir endurupptöku máls,
c. þegar ljóst er að þær eru rangar eða hafa verið skráðar án tilskilinnar heimildar.

Upplýsingar sem skráðar hafa verið í sporaskrá skal afmá:
a. þegar kennsl hafa verið borin á þann sem upplýsingarnar stafa frá,
b. við fyrningu brots sem um er að ræða.

8. gr.

Eftirtöldum yfirvöldum má veita aðgang að upplýsingum úr skránni:
a. lögreglustjórum, ríkissaksóknara, dómsmálaráðuneytinu,
b. erlendum dómstólum og erlendum dómsmálayfirvöldum þegar upplýsingar á að nota við rannsókn eða meðferð sakamáls, enda verði það talið samrýmanlegt íslensku réttarskipulagi,
c. rannsóknarstofu sem annast greiningu erfðaefnis samkvæmt þjónustusamningi við dómsmálaráðuneytið, að því marki sem nauðsynlegt er vegna rannsóknar eða meðferðar sakamáls.

Öðrum en þeim sem getur í 1. mgr. er ekki heimilt að veita aðgang að skránni, sbr. þó 2. mgr. 9. gr.

9. gr.

Persónuvernd skal hafa eftirlit með því að skráning og meðferð skráðra upplýsinga sé í samræmi við lög þessi og reglur sem gilda um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Persónuvernd skal einnig hafa eftirlit með því að öryggi skrárinnar sé tryggt þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að henni eða geti haft áhrif á skráningu í hana.

Persónuvernd hefur aðgang að skráðum upplýsingum og öðrum nauðsynlegum gögnum til að sinna eftirliti með erfðaefnisskrá.

Nú gerir Persónuvernd athugasemdir við starfrækslu skrárinnar og skal hún þá koma þeim og tillögum um úrbætur á framfæri við ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðuneytið. Að öðru leyti fer um heimildir Persónuverndar samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

10. gr.

Dómsmálaráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laganna, þar á meðal um færslur í skrána, aðgang að henni og eftirlit.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1452. Frumvarp til laga [627. mál]

um breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000.

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Lögin gilda um vinnslu persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu hér á landi, enda fari vinnsla persónuupplýsinganna fram á Evrópska efnahagssvæðinu eða í landi eða á stöðum sem Persónuvernd auglýsir í Stjórnartíðindum.

Lögin gilda einnig um vinnslu persónuupplýsinga þótt ábyrgðaraðili hafi staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi.

Lögin gilda einnig um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust lögaðila, sbr. 45. gr. laganna, enda þótt ábyrgðaraðili hafi ekki staðfestu hér á landi, ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi.

Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda ekki ef umræddur tækjabúnaður er einungis notaður til að flytja persónuupplýsingar um Ísland.

Þegar svo hagar til sem greinir í 2. og 3. mgr. skal ábyrgðaraðili tilnefna fulltrúa sinn sem hefur staðfestu hér á landi og gilda þá ákvæði laganna varðandi ábyrgðaraðila um þann fulltrúa eftir því sem við á.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga uppfylli ávallt ákvæði 1. mgr.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Meginreglur um gæði gagna og vinnslu.*

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: hinn skráði hafi ótvírætt samþykkt vinnsluna eða veitt samþykki skv. 7. tölul. 2. gr.

b. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Persónuvernd getur heimilað vinnslu persónuupplýsinga í öðrum tilvikum en greinir í 1. og 2. mgr. ef sýnt þykir að brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga, þar með taldir hagsmunir hins skráða, krefjist þess. Skal þá ótvírætt að þörfin fyrir vinnsluna vegi þyngra en tillitið til þess að hún fari ekki fram. Getur Persónuvernd bundið slík leyfi þeim skilyrðum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hins skráða.

c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Almennar reglur um heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga.*

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er óheimil nema einhver af eftirfarandi þáttum eigi við“ í 1. mgr. kemur: Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er óheimil nema uppfyllt sé eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. og enn fremur eitthvert af eftirfarandi skilyrðum.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Sérstök skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.*

5. gr.

11. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Áhættumat, öryggi og gæði persónuupplýsinga.

Ábyrgðaraðili skal gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysni og gegn óleyfilegum aðgangi.

Beita skal ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að áhættumat og öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga séu í samræmi við lög, reglur og fyrirmæli Persónuverndar um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga, þ.m.t. þá staðla sem hún ákveður að skuli fylgt.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að áhættumat sé endurskoðað reglulega og öryggisráðstafanir endurbættar að því marki sem þörf krefur til að uppfylla ákvæði þessarar greinar.

Ábyrgðaraðili skal skrá með hvaða hætti hann mótar öryggisstefnu, gerir áhættumat og ákveður öryggisráðstafanir. Skal Persónuvernd hafa aðgang að upplýsingum um framangreind atriði hvenær sem hún óskar.

6. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Ábyrgðaraðili skal viðhafa innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi lög og reglur og þær öryggisráðstafanir sem ákveðnar hafa verið.

Innra eftirlit skal viðhaft með reglubundnum hætti. Tíðni eftirlitsins og umfang þess skal ákveðið með hliðsjón af áhættunni sem er samfara vinnslunni, eðli þeirra gagna sem unnið er með, þeirri tækni sem notuð er til að tryggja öryggi upplýsinganna og kostnaði af framkvæmd eftirlitsins. Það skal þó eigi fara fram sjaldnar en árlega.

Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að gerð sé skýrsla um hverja aðgerð sem er liður í innra eftirliti. Í slíkri skýrslu skal lýsa niðurstöðu hvers þáttar eftirlitsins. Skýrslur um innra eftirlit skal varðveita tryggilega. Persónuvernd hefur rétt til að aðgangs að þeim hvenær sem er.

Persónuvernd getur sett frekari fyrirmæli um framkvæmd innra eftirlits og veitt undanþágu frá því að slíkt innra eftirlit skuli viðhaft eða takmarkað til hvaða þátta í vinnslunni það skuli taka.

7. gr.

13. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Trúnaðarskylda vinnsluaðila við meðferð persónuupplýsinga.

Ábyrgðaraðila er heimilt að semja við tiltekinn aðila um að annast, í heild eða að hluta, þá vinnslu persónuupplýsinga sem hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum laga þessara. Slíkt er þó háð því skilyrði að ábyrgðaraðili hafi áður sannreynt að umræddur vinnsluaðili geti framkvæmt viðeigandi öryggisráðstafanir og viðhaft innra eftirlit skv. 12. gr. laga þessara.

Samningur skv. 1. mgr. skal vera skriflegur og a.m.k. í tveimur eintökum. Þar skal m.a. koma fram að vinnsluaðila sé einungis heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila og að ákvæði laga þessara um skyldur ábyrgðaraðila gildi einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili annast. Ábyrgðaraðili og vinnsluaðili skulu hvor varðveita sitt eintak af samningnum.

Hverjum þeim er starfar í umboði ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila, að vinnsluaðila sjálfum meðtöldum, og hefur aðgang að persónuupplýsingum, er aðeins heimilt að vinna með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila nema lög mæli fyrir á annan veg.

Hafi vinnsluaðili staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en ábyrgðaraðili, sbr. 1. mgr. 6. gr., skal jafnframt mælt svo fyrir í samningi að lög og reglur þess ríkis þar sem vinnsluaðili hefur staðfestu gildi um öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga. Getur Persónuvernd t.d. í auglýsingu í Stjórnartíðindum áskilið að slíkur samningur innihaldi stöðl-

uð ákvæði sem séu í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins. Sama á við þegar ábyrgðaraðili hefur staðfestu í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en vinnsluaðili ekki fari vinnslan fram í landi eða á stöðum sem upp eru taldir í auglýsingu sem Persónuvernd gefur út.

8. gr.

28. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Um andmælarétt hins skráða og um bannskrá Hagstofunnar.

Hinum skráða er heimilt að andmæla vinnslu upplýsinga um sjálfan sig ef hann hefur til þess lögmætar og knýjandi ástæður vegna sérstakra aðstæðna sinna nema kveðið sé á um annað í öðrum lögum. Eigi andmælin rétt á sér er ábyrgðaraðila óheimil frekari vinnsla umræddra upplýsinga.

Hagstofa Íslands skal halda skrá yfir þá sem andmæla því að nöfn þeirra séu notuð í markaðssetningarstarfsemi, en Hagstofa Íslands setur nánari reglur um gerð og notkun slíkra skráa og hvaða upplýsingar skuli koma þar fram í samráði við Persónuvernd. Ábyrgðaraðilar sem starfa í beinni markaðssókn og þeir sem nota skrá með nöfnum, heimilisföngum, netföngum, símanúmerum og þess háttar eða miðla þeim til þriðja aðila í tengslum við slíka starfsemi skulu, áður en slík skrá er notuð í slíkum tilgangi, bera hana saman við skrá Hagstofunnar til að koma í veg fyrir að markpóstur verði sendur eða hringt verði til einstaklinga sem hafa andmælt slíku. Persónuvernd getur heimilað undanþágu frá þessari skyldu í sérstökum tilvikum.

Öll notkun bannskrár skv. 2. mgr. er óheimil í öðrum tilgangi en þar er lýst.

Skylt er að nafn ábyrgðaraðila komi fram á áberandi stað á útsendum markpósti og hvert þeir sem andmæla því að fá slíkan markpóst og marksímtöl geti snúið sér. Viðtakandi markpósts á rétt á að fá vitneskju um hvaðan þær upplýsingar koma sem liggja úthringingu eða útsendingu til grundvallar. Þetta gildir ekki um markaðssetningu ábyrgðaraðila á eigin vöru og þjónustu sem notar eigin viðskiptamannaskrár, enda beri útsent efni með sér hvaðan það kemur.

Ábyrgðaraðila er heimilt að afhenda félaga-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota í tengslum við markaðssetningarstarfsemi. Þetta á þó aðeins við ef:

1. ekki telst vera um afhendingu viðkvæmra persónuupplýsinga að ræða,
2. hinum skráðu hefur, áður en afhending fer fram, verið gefinn kostur á að andmæla því, hverjum fyrir sitt leyti, að upplýsingar um viðkomandi birtist á hinni afhentu skrá,
3. slíkt fer ekki gegn reglum eða samþykktum viðkomandi félags,
4. ábyrgðaraðili kannar hvort einhver hinna skráðu hefur komið andmælum á framfæri við Hagstofuna, sbr. 2. mgr., og eyðir upplýsingum um viðkomandi áður en hann lætur skrána af hendi.

Ákvæði 5. mgr. gildir ekki ef afhending félaga-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota við dreifingu markpósts byggist á samþykki hins skráða, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr.

Ákvæði 1.–5. mgr. gilda, eftir því sem við á, einnig um markaðs-, neyslu- og skoðanakannanir. Persónuvernd er heimilt að undanþiggja vísindarannsóknir og hliðstæðar rannsóknir slíkum takmörkunum, enda þyki ljóst að slíkt geti skert til muna áreiðanleika niðurstöðu rannsóknarinnar.

9. gr.

Við 2. mgr. 29. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama á við um lönd eða staði sem Persónuvernd auglýsir í Stjórnartíðindum að virtum ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
   7. ef miðlun er nauðsynleg eða fyrirskipuð samkvæmt lögum vegna þess að brýnir almannahagsmunir krefjast þess eða til að unnt sé að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur, eða
   8. um sé að ræða upplýsingar sem almennur aðgangur er að.
b. Í stað lokamálsliðar 2. mgr. koma fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Persónuvernd getur heimilað miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa þótt þau hafi ekki verið talin veita friðhelgi borgaranna nægilega einkalífsvernd. Slíkt er háð því að ábyrgðaraðili hafi, að mati stofnunarinnar, veitt nægilegar tryggingar fyrir slíku. Getur stofnunin t.d. áskilið að ábyrgðaraðili hafi gert við viðtökuaðila skriflegan samning sem hafi að geyma tiltekin stöðluð samningsákvæði í samræmi við ákvörðun sem Persónuvernd hefur auglýst í Stjórnartíðindum, að teknu tilliti til ákvarðana framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga þessara. Að öðru leyti getur Persónuvernd sett nánari fyrirmæli um flutning persónuupplýsinga úr landi.

11. gr.

Við fyrri málslið 2. mgr. 37. gr. laganna bætist: á Íslandi, hvort sem íslensk lög eða lög annars ríkis gilda um vinnsluna.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1453. Frumvarp til laga [348. mál]

um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið, markmið og tilgangur.

Lög þessi taka til áhafna allra íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa sem skráð eru hér á landi samkvæmt lögum um skráningu skipa.

Markmið þessara laga er að tryggja öryggi áhafna, farþega og íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa og efla varnir gegn mengun sjávar. Þessu markmiði skal náð með því að gera tilteknar kröfur um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn þeirra sem starfa um borð og tryggja með því faglega hæfni áhafna miðað við stærð skips, verkefni og farsvið.

Tilgangur laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim er að laga íslenskan rétt að þjóðréttarlegum skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW) frá 1978 með síðari breytingum og

EES-samningnum, sbr. tilskipun ráðsins nr. 94/58/EB frá 22. nóvember 1994, um lágmarksþjálfun sjómanna, sbr. tilskipun ráðsins nr. 98/35/EB frá 25. maí 1998.

2. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Alþjóðasamþykktin* er alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW) frá 1978 með síðari breytingum.
2. *Skip* er hvert það skip sem skráð er samkvæmt lögum um skráningu skipa og lög þessi taka til.
3. *Farþegaskip* er hvert það skip, skrásett sem farþegaskip, sem getur flutt fleiri en 12 farþega til og frá landinu, milli hafna innan lands og utan.
4. *Flutningaskip* er hvert það skip, skrásett sem flutningaskip, er siglir með varning til og frá landinu, milli hafna innan lands og utan.
5. *Áritun* er viðurkenning skírteina erlendra ríkisborgara til starfa á íslenskum skipum samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.
6. *Skipstjóri* er sá sem fer með æðsta vald á skipi.
7. *Yfirstýrimaður* er skipstjórnarmaður sem gengur næst skipstjóra og tekur við skipstjórn í forföllum hans.
8. *Yfirvélstjóri* er æðsti vélstjóri um borð og ber ábyrgð á vélum sem knýja skipið, rekstri og viðhaldi vél- og rafbúnaðar þess.
9. *1. vélstjóri* er sá vélstjóri sem gengur næst yfirvélstjóra og ber ábyrgð á vélum sem knýja skipið, rekstri og viðhaldi vél- og rafbúnaðar þess í forföllum yfirvélstjóra. 1. vélstjóri er sá sami og telst annar vélstjóri samkvæmt alþjóðasamþykktinni og skal uppfylla sömu kröfur og þar eru gerðar.
10. *Fjarskiptamaður* er lögmætur handhafi skírteinis sem er gefið út eða viðurkennt af Siglingastofnun Íslands samkvæmt ákvæðum alþjóðaradíóreglugerðarinnar.
11. *Skírteini* er staðfesting á réttindum samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Í skírteininu skal tilgreina á hvaða ábyrgðarsviði handhafi þess má vinna, á skipi hvaða gerðar og stærðar og með hvaða vélarafli og vélbúnaði.
12. *Siglingatími* er viðurkenndur starfstími um borð í skipi sem er í förum og krafist er vegna útgáfu skírteinis samkvæmt lögum þessum.
13. *Sjómannaskóli* er menntastofnun sem er viðurkennd af menntamálaráðherra eða samgönguráðherra og uppfyllir skilyrði alþjóðasamþykktarinnar um nám og kennslu.
14. *Innanlandssigling* er sigling innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.
15. *Öryggismönnun* er ákvörðun Siglingastofnunar Íslands um lágmarksfjölda í áhöfn farþega- og flutningaskipa skv. 12. gr.
16. *Brúttótonn* er mælieining fyrir heildarstærð skips eins og hún er ákvörðuð samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktar um skipamælingar frá 23. júní 1969.
17. *Ábyrgðarsvið* tekur til menntunar og þjálfunar, skiptingar starfa og ábyrgðar um borð í flutninga- eða farþegaskipi og skiptist í stjórnunarsvið, rekstrarsvið og stoðsvið:
    a. Á *stjórnunarsviði* mega þeir starfa sem öðlast hafa skírteini samkvæmt lögum þessum og reglum alþjóðasamþykktarinnar sem skipstjóri, yfirvélstjóri, yfirstýrimaður og 1. vélstjóri.
    b. Á *rekstrarsviði* mega þeir starfa sem öðlast hafa skírteini samkvæmt lögum þessum og reglum alþjóðasamþykktarinnar sem stýrimenn og vélstjórar undir stjórn yfirmanna á stjórnunarsviði.

c. Á *stoðsviði* mega þeir starfa sem öðlast hafa skírteini samkvæmt lögum þessum og reglum alþjóðasamþykktarinnar og starfa hvorki á stjórnunar- né rekstrarsviði.

18. *Vélarafl* er mesta samfellda heildarhámark ásafls allra aðalvéla skipsins í kílóvöttum (kW) eins og það er skráð í skráningarskírteini skipsins eða öðrum opinberum skjölum.
19. *Útgerðarmaður* er sá sem mannar skipið, ræður ferðum þess, ber kostnaðinn af þeim og nýtur arðsins af þeim.

3. gr.

Menntun og þjálfun.

Sjómannaskólar annast menntun og þjálfun áhafna íslenskra skipa. Um inntökuskilyrði sjómannaskóla, námskrá, nám, námstilhögun, námsmat og námsstig til öflunar tiltekinna skírteina samkvæmt lögum þessum fer eftir lögum um framhaldsskóla og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Nám og kennsla í sjómannaskólum skal vera samkvæmt viðurkenndu gæðastjórnunarkerfi.

Starfsgreinaráð um sjávarútvegsgreinar og siglingar, sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla, gerir tillögu til menntamálaráðherra, að fenginni umsögn Siglingastofnunar Íslands, um námskrár sjómannaskóla.

Um Slysavarnaskóla sjómanna gilda lög nr. 33/1991 og staðfestir samgönguráðherra námskrá skólans.

Menntamálaráðuneytið hefur eftirlit með að námskrár sjómannaskóla uppfylli kröfur alþjóðasamninga og Siglingastofnun Íslands hefur eftirlit með að nám við sjómannaskóla uppfylli kröfur alþjóðasamninga.

4. gr.

Skírteini.

Sýslumenn úti á landi og tollstjórinn í Reykjavík gefa út íslensk atvinnuskírteini samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Áður en atvinnuskírteini er gefið út skal leita staðfestingar Siglingastofnunar Íslands um réttindi umsækjanda um atvinnuskírteini. Siglingastofnun Íslands gefur út alþjóðleg skírteini og áritanir samkvæmt lögum þessum. Skírteini skulu rituð á þar til gerð eyðublöð eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið ákveður og skulu þau vera bæði á íslensku og ensku. Útgáfa alþjóðlegra skírteina og áritana skal vera samkvæmt viðurkenndu gæðastjórnunarkerfi.

Íslenskur ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn á rétt á því að fá útgefið viðeigandi skírteini sér til handa skv. 11. gr. laganna og starfa samkvæmt því um borð í skipum. Þennan rétt hafa einnig ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 2. mgr. 6. gr. laganna.

Umsækjandi skírteinis skal hafa að baki siglingatíma skv. 11. gr. laganna. Ráðherra getur með reglugerð vikið frá kröfum 11. gr. og gert vægari kröfur um siglingatíma. Umsækjanda er skylt að færa sönnur á siglingatíma sem hann telur sig hafa að baki. Unnt er að færa sönnur á þann siglingatíma með staðfestingu lögskráningarstjóra eða rétt útfylltri sjóferðabók. Umsækjandi skírteinis sem kveðst hafa að baki siglingatíma á skipi sem ekki er skráð á Íslandi skal færa sönnur á þann siglingatíma á fullnægjandi hátt að mati Siglingastofnunar Íslands. Ef vafi leikur á um réttmæti þeirrar sönnunar skal Siglingastofnun Íslands í því tilviki skera úr um siglingatíma.

Umsækjandi um skírteini skipstjórnarmanns eða vélstjórnarmanns skal vera svo heill heilsu að hann geti rækt störf sín af öryggi. Skal umsækjandi leggja fram vottorð læknis um

að hann uppfylli skilyrði um sjón, heyrn og aðrar heilbrigðiskröfur sem ráðherra mælir nánar fyrir um í reglugerð til samræmis við skuldbindingar íslenska ríkisins í þeim samningum sem um er getið í 3. mgr. 1. gr. laganna.

Skipstjóri á íslensku skipi skal ávallt vera íslenskur ríkisborgari. Þó geta ríkisborgarar annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu starfað sem skipstjórar á íslenskum skipum hafi þeir staðist sérstakt próf um kunnáttu og færni í íslensku og þekkingu á íslenskum lögum og reglum er varða þau störf sem þeir fá réttindi til að gegna.

Yfirmenn á stjórnunarsviði, þ.e. skipstjóri, yfirstýrimaður, yfirvélstjóri og 1. vélstjóri, skulu hafa þekkingu á íslenskum lögum og reglum sem varða störf þeirra og tryggt skal að þeir geti tjáð sig á íslensku eða ensku um ábyrgðarsvið sitt.

Frumrit skírteinis sem krafist er skal ávallt vera um borð í því skipi sem skírteinishafi er skráður eða ráðinn á.

Siglingastofnun Íslands heldur skrá yfir útgefin skírteini.

5. gr.

Gildistími og endurnýjun skírteina.

Skírteini sem gefin eru út samkvæmt lögum þessum skulu gilda í fimm ár frá útgáfudegi. Endurnýjun skal veitt til fimm ára í senn. Við endurnýjun skírteina skal umsækjandi sem hefur skírteini og starfar á sjó eða ætlar að hverfa aftur til starfa á sjó eftir nokkurn tíma í landi:

1. fullnægja sömu heilbrigðiskröfum og áður þurfti til að öðlast skírteini og
2. hafa að baki siglingatíma í stöðu sem skírteini veitir honum rétt til að minnsta kosti í eitt ár á síðustu fimm árum eða
3. með því að hafa verið í starfi sem samsvarar viðkomandi skírteini og telst að minnsta kosti sambærilegt við siglingatíma sem krafist er skv. 2. tölul. eða með því að:
   a. standast viðurkennt próf eða
   b. ljúka á fullnægjandi hátt viðurkenndu námskeiði eða
   c. hafa siglingatíma sem yfirmaður í a.m.k. þrjá mánuði í næstu lægri stöðu sem hann á tilkall til samkvæmt skírteini sínu.

Endurmenntunarnámskeið samkvæmt þessari grein skulu samþykkt af Siglingastofnun Íslands og skal á þeim m.a. farið yfir nýlegar breytingar á alþjóðareglum um öryggi mannslífa á sjó og varnir gegn mengun sjávar.

6. gr.

Viðurkenning erlendra skírteina.

Siglingastofnun Íslands viðurkennir erlend skírteini í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Skírteini gefin út af ríki sem er ekki aðili að alþjóðasamþykktinni eða af ríki sem er aðili að alþjóðasamþykktinni en hefur ekki fullnægt kröfum hennar skulu ekki viðurkennd. Siglingastofnun Íslands er heimilt að veita í allt að þrjá mánuði lögmætum handhöfum erlendra skírteina leyfi til að gegna tilteknu starfi á tilteknu skipi, þar sem krafist er skírteinis, ef lögð eru fram fullgild vottorð eða skírteini á meðan eða þar til Siglingastofnun Íslands hefur sannreynt viðkomandi gögn og viðurkennt erlenda skírteinið, enda geti viðkomandi skilið fyrirmæli yfirmanna skipsins og stjórnað verkum í þeirra umboði.

Um umsóknir frá ríkisborgurum Evrópska efnahagssvæðisins um viðurkenningu á réttindum til starfa á skipum sem lög þessi taka til skal fara eftir ákvæðum tilskipunar ráðsins

92/51/EBE, sbr. lög um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, nr. 83/1993, með síðari breytingum.

Um umsóknir frá ríkisborgurum utan Evrópska efnahagssvæðisins um viðurkenningu á réttindum til starfa á skipum sem lög þessi taka til skal fara eftir ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur í samræmi við skyldur íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum, sbr. tilskipun ráðsins nr. 94/58/EB, um lágmarksþjálfun sjómanna, með síðari breytingum.

Siglingastofnun Íslands heldur skrá yfir viðurkennd erlend skírteini.

7. gr.

Vaktstaða.

Skipstjóri skal tryggja að fyrirkomulag vakta sé á þann veg að ávallt sé staðin örugg vakt um borð, hvort sem skipið er á siglingu, í höfn, á legu eða við akkeri. Undir yfirumsjón skipstjóra eru stýrimenn ábyrgir fyrir öruggri siglingu skipsins á sinni vakt og ber þeim sérstaklega að varast árekstur og strand.

Yfirvélstjóri er ábyrgur fyrir öruggri vakt í vélarrúmi og skal tryggja að vélstjóri sé tiltækur til að gegna vakt í ómönnuðu vélarrúmi og standa þar vaktir ef þörf krefur.

Þeir sem gegna starfi fjarskiptamanns eru á sinni vakt ábyrgir fyrir samfelldri hlustun á viðeigandi tíðnum.

Samgönguráðherra setur reglugerð um vaktir og hvíldartíma þeirra sem standa vaktir. Vaktir skulu þannig skipulagðar að þeir sem standa vakt séu ávallt vel hvíldir svo að ekki dragi úr árvekni þeirra. Sérstaklega skal þessa gætt við fyrstu vakt og í upphafi sjóferðar.

8. gr.

Undanþágur.

Í undantekningartilfellum og þegar menn með tilskilin skírteini vantar til starfa getur Siglingastofnun Íslands, telji hún að öryggi mannslífa, eigna eða umhverfis verði ekki stefnt í hættu, veitt tilteknum manni undanþágu til að gegna stöðu á tilteknu skipi í tiltekinn tíma hafi hann ekki tilskilin réttindi. Undanþágu í umrædda stöðu má þó ekki veita lengur en til sex mánaða, enda sé viðkomandi að mati Siglingastofnunar Íslands hæfur til að annast starfið á öruggan hátt.

Undanþáguna má aðeins veita þeim sem hefur skírteini til að gegna næstu lægri stöðu. Ef ekki er krafist skírteinis í næstu stöðu fyrir neðan má veita þeim undanþágu sem að mati Siglingastofnunar Íslands hefur til þess þekkingu og reynslu. Undanþágu má ekki veita til að gegna stöðu skipstjóra eða yfirvélstjóra á farþegaskipum og flutningaskipum nema í neyðartilvikum og þá aðeins í eins skamman tíma og unnt er.

9. gr.

Eldri skírteini.

Sá sem er lögmætur handhafi skírteinis samkvæmt lögum sem falla úr gildi við gildistöku þessara laga skal halda réttindum sínum óskertum, enda fullnægi hann öðrum kröfum laga þessara. Heimilt er að gefa út ný skírteini samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim í stað eldri skírteina, enda séu réttindi þeirra skírteinishafa í engu skert.

Sá sem er lögmætur handhafi skírteinis til að vera skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi sem er 30 rúmlestir eða minna skal öðlast rétt til að vera skipstjóri eða stýrimaður á skipi 65 brúttótonn eða minna í innanlandssiglingum.

Til að öðlast skírteini til starfa á farþegaskipum samkvæmt lögum þessum skal viðkomandi gangast undir sérstakt námskeið um farþegaflutninga með skipum og stjórnun mann-

fjölda á neyðarstundu sem sjómannaskóli skipuleggur í samráði við Siglingastofnun Íslands.

Nú hefur skipstjórnarmaður skírteini til skipstjórnarstarfa samkvæmt brúttórúmlesta-viðmiðun á skipi sem vegna breytinga á mælingum skipa mælist stærra en eldra skírteini hans veitti réttindi til eða aðrar hliðstæðar ástæður eru fyrir hendi og er þá heimilt að veita honum skírteini til starfa á sama skipi eða skipi sem eins háttar um að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna.

10. gr.

Ábyrgð útgerðarmanns og skipstjóra.

Útgerðarmaður og skipstjóri viðkomandi skips bera ábyrgð á því að ákvæðum þessara laga sé framfylgt við útgerð skips. Þeim ber að sjá til þess að eftirfarandi sé gætt:

1. að allir þeir sem ráðnir eru um borð í skip séu lögmætir handhafar skírteina fyrir þá stöðu sem þeir gegna og að frumrit skírteina skipverja sé varðveitt um borð,
2. að uppfærð og aðgengileg skrá sé haldin yfir alla skipverja og stöður þeirra um borð,
3. að öllum nýráðnum skipverjum sé áður en þeir hefja skyldustörf kunnugt um skyldur sínar, að þeir séu kunnugir starfsaðferðum um borð, tækjum, búnaði, verklagsreglum og neyðaráætlunum sem og sérstökum skilyrðum í tengslum við venjubundin skyldustörf og hlutverk á neyðarstundu,
4. að skipverjar geti með góðu móti unnið saman á neyðarstundu og þegar mengunarhætta steðjar að,
5. að skipverjar geti tjáð sig sín á milli um grundvallaröryggismál og skilji upplýsingar um öryggisþætti, þar með talin tákn, merki og hljóðviðvörunarmerki og
6. að tryggja að allir nýráðnir skipverjar fái nauðsynlegar upplýsingar á tungumáli sem þeir skilja.

II. KAFLI
Skírteini.

11. gr.

Skírteini áhafnar.

Sá einn sem er lögmætur handhafi skírteinis hefur rétt til starfa um borð í farþegaskipum og flutningaskipum.

Eftirfarandi skírteini til skipstjórnar skulu gefin út að uppfylltum skilyrðum um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn:

Stjórnunarsvið	**Takmarkanir**	**Aldur**	**Siglinga-tími**
Yfirstýrimaður/stýrimaður	<500 brúttótonn í strandsiglingum	20	A.
Skipstjóri	<500 brúttótonn í strandsiglingum	20	B.
Yfirstýrimaður	<3.000 brúttótonn	20	C.
Skipstjóri	<3.000 brúttótonn	20	C.
Yfirstýrimaður	engar	20	B.
Skipstjóri	engar	20	C.
Rekstrarsvið			
Stýrimaður	engar	18	D.
Stoðsvið			
Aðstoðarmaður í brú	engar	16	E.

Siglingatími:

A. 54 mánaða siglingatími sem háseti á skipi. Umsækjandi skal uppfylla kröfur til að öðlast skírteini fjarskiptamanns.
B. 18 mánaða siglingatími sem stýrimaður á skipi.
C. 54 mánaða siglingatími sem stýrimaður á skipum sem eru 500 brúttótonn eða stærri eða 36 mánuðir í sömu stöðu ef umsækjandi hefur gegnt stöðu yfirstýrimanns í 18 mánuði af þeim siglingatíma.
D. 18 mánaða siglinga- og námstími, enda hafi umsækjandi fengið fræðslu um borð og sá tími verið skráður í þjálfunarbók, eða að öðrum kosti 54 mánaða siglingatími sem háseti á skipi. Umsækjandi skal uppfylla kröfur til að öðlast skírteini fjarskiptamanns.
E. Að lágmarki 9 mánaða siglinga- og námstími, þar á meðal siglingatími sem má ekki vera skemmri en 4 mánuðir. Af siglingatíma skal aðstoðarmaður í brú hafa gengið vaktir í brú a.m.k. í 4 mánuði undir beinu eftirliti skipstjóra eða vakthafandi stýrimanns og skal þar leiðbeint í öllu sem varðar vaktir og varðstöðu á siglingavakt. Áður en viðkomandi byrjar þjálfun sem aðstoðarmaður í brú skal hann leggja fram læknisvottorð um að hann hafi staðist kröfur sem gerðar eru um sjón og heyrn.

Eftirfarandi skírteini til vélstjórnar skulu gefin út að uppfylltum skilyrðum um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn:

Stjórnunarsvið	**Takmarkanir**	**Aldur**	**Siglingatími**
Vélstjóri	≤375 kW	18	A.
Vélstjóri	<750 kW	18	B.
1. vélstjóri	<3.000 kW	20	C.
Yfirvélstjóri	<3.000 kW	20	D.
1. vélstjóri	engar	20	C.
Yfirvélstjóri	engar	20	D.
Rekstrarsvið			
Vélstjóri	engar	18	E.
Stoðsvið			
Aðstoðarmaður í vél	engar	16	F.

Siglingatími:

A. 9 mánaða siglingatími sem aðstoðarmaður í vél.
B. 14 mánaða siglingatími sem vélstjóri á skipi ≤ 375 kW.
C. 18 mánaða siglingatími sem vélstjóri á skipum með aðalvél stærri en 750 kW.
D. 36 mánaða siglingatími sem vélstjóri á skipum með aðalvél stærri en 750 kW, þar af 18 mánaða siglingatími eftir að hafa öðlast réttindi til að starfa sem 1. vélstjóri.
E. 9 mánaða siglinga- og námstími og hafa lokið viðurkenndri fagmenntun sem er ekki skemmri en 45 mánuðir, þar með talin fræðsla um borð sem skráð er í þjálfunarbók.
F. Að lágmarki 9 mánaða siglinga- og námstími, þar á meðal siglingatími sem má ekki vera skemmri en 4 mánuðir. Af siglingatíma skal aðstoðarmaður í vél hafa gengið vaktir í vél a.m.k. í 4 mánuði undir beinu eftirliti yfirvélstjóra eða vakthafandi vélstjóra og skal þar leiðbeint í öllu sem varðar vaktir í vél. Áður en viðkomandi byrjar þjálfun sem aðstoðarmaður í vél skal hann leggja fram læknisvottorð um að hann hafi staðist þær kröfur sem gerðar eru um sjón og heyrn.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að veita undanþágur frá framangreindum kröfum þegar um er að ræða farþegaskip sem sigla á tilteknu farsviði og á tilteknu tímabili, enda sé ekki farið í bága við skuldbindingar sem á íslenska ríkinu hvíla samkvæmt alþjóðasamþykktinni.

12. gr.
Öryggismönnun.

Manna skal sérhvert íslenskt farþegaskip og flutningaskip á öruggan hátt svo að unnt sé að sinna öllum þáttum sem tryggja öryggi áhafnar, farþega og skips. Farþegaskip og flutningaskip skal manna þannig að unnt sé að fylgja öllum lögum og reglum um verndun umhverfis, einkum er varðar mengunarvarnir sjávar og lífríkis.

Við ákvörðun um fjölda skipverja á farþegaskipum og flutningaskipum skal Siglingastofnun Íslands taka fullt tillit til alþjóðasamþykktarinnar og krafna hennar um siglingatíma, aldur, heilbrigði, menntun og þjálfun, hæfni og próf. Við mönnun farþegaskipa og flutningaskipa skal tekið sérstakt tillit til skipulags vakta um borð og nauðsynlegs hvíldartíma skipverja í samræmi við alþjóðasamþykktina.

Siglingastofnun Íslands ákveður mönnun farþegaskipa og flutningaskipa og gefur út öryggismönnunarskírteini fyrir þau þar sem kveðið er á um lágmarksfjölda í áhöfn, samsetningu áhafnar og skírteini fyrir einstakar stöður.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

13. gr.
Úrskurðarnefnd siglingamála.

Ákvarðanir Siglingastofnunar Íslands samkvæmt lögum þessum má kæra til úrskurðarnefndar siglingamála.

Í úrskurðarnefnd siglingamála sitja þrír menn skipaðir af samgönguráðherra og jafnmargir til vara. Formaður og varamaður skulu fullnægja almennum skilyrðum um hæfi héraðsdómara. Aðrir nefndarmenn og varamenn þeirra skulu hafa þekkingu á skipstjórn og vélstjórn. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Skrifleg kæra skal berast innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Úrskurður nefndarinnar skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja vikna frá því að kæra berst og er hann endanlegur á stjórnsýslustigi. Um starfshætti Siglingastofnunar Íslands og nefndarinnar um meðferð einstakra erinda og kærumála, svo sem um kærurétt, upplýsingaskyldur til hagsmunaaðila, málskotsgjald og málsmeðferð að öðru leyti, skal kveðið nánar á í reglugerð sem ráðherra setur.

14. gr.
Gjöld.

Greiða skal fyrir útgáfu skírteina, viðurkenningu erlendra skírteina, veitingu undanþágna og útgáfu öryggismönnunarskírteina samkvæmt lögum þessum og skulu þau gjöld standa undir kostnaði Siglingastofnunar Íslands vegna afgreiðslu þeirra. Gjöld skulu ákveðin í gjaldskrá stofnunarinnar.

15. gr.
Refsiákvæði o.fl.

Brot gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Beita skal ákvæðum almennra hegningarlaga um tilraun og hlutdeild.

Svipta skal skírteinishafa rétti til starfa þess sem skírteinið veitir ef hann gerist sekur um vítavert brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, eða ef telja verður með

hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem skírteinishafa varhugavert að hann neyti réttinda samkvæmt skírteininu.

Svipting starfsréttinda skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en þrjá mánuði og ævilangt ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

Leiði brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim til skipsstrands, árekstur skipa eða annarra sjóslysa skal viðkomandi sæta refsingu og eftir atvikum réttindasviptingu til skipstjórnar eða vélstjórnar, skv. 238. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

16. gr.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að afturkalla skírteini ef lögmætur handhafi þess fullnægir ekki lengur skilyrðum laganna til að öðlast slíkt skírteini eða vera skírteinishafi.

Nú telur Siglingastofnun Íslands að skilyrði, sbr. 2. mgr. 15. gr., séu fyrir hendi til sviptingar starfsréttinda og er stofnuninni þá heimilt að svipta viðkomandi aðila starfsréttindum til bráðabirgða. Skal slík svipting vera tímabundin eða ákvörðuð til þess tíma þegar endanleg ákvörðun dómstóls um sviptinguna liggur fyrir. Bráðabirgðasvipting samkvæmt ákvæði þessu skal dragast frá endanlegum sviptingartíma samkvæmt dómi.

Bera má ákvörðun Siglingastofnunar Íslands undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála og skal stofnunin leiðbeina viðkomandi um þann rétt.

17. gr.

Reglugerð.

Samgönguráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um menntun og þjálfun áhafna íslenskra skipa samkvæmt lögum þessum, bæði um borð í skipi og í landi, öryggisfræðslu, próf, skírteini og skilyrði þeirra, heilbrigðiskröfur, viðurkenningu erlendra skírteina, ábyrgð útgerðarmanna, vaktstöður og mönnun skipa. Ákvæði reglugerðarinnar skulu vera í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt þeim samningum sem um er getið í 3. mgr. 1. gr. laganna.

Samgönguráðherra skal, í samráði við menntamálaráðherra, setja reglur um eftirlit með menntun og þjálfun áhafna íslenskra skipa.

18. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2001.

Við gildistöku þessara laga falla úr gildi lög um áhafnir íslenskra kaupskipa, nr. 59/1995, með síðari breytingum. Jafnframt falla brott ákvæði 3. mgr. 21. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, og 3. mgr. 8. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Allir þeir sem starfa á farþegaskipum skulu eigi síðar en 1. júní 2002 sækja námskeið um farþegaflutninga með skipum og stjórnun mannfjölda á neyðarstundu sem sjómannaskóli skipuleggur í samráði við Siglingastofnun Íslands.

Undanþágusjóður, sem starfar skv. 3. mgr. 21. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, og 3. mgr. 8. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með

síðari breytingum, skal lagður niður. Andvirði sjóðsins skal notað til að standa straum af kostnaði við langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda árið 2001.

1454. Svar [724. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um frestun á vegaframkvæmdum.

1. *Liggur fyrir tillaga um hvaða framkvæmdum verður frestað í kjölfar lækkunar á framlögum til vegamála á fjárlögum 2001?*

Ekki liggur fyrir endanleg tillaga um frestun framkvæmda samkvæmt vegáætlun til samræmis við fjárlög 2001.

2. *Hvernig skiptist sá niðurskurður:*
   a. *milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar,*
   b. *milli einstakra verkefna?*

a. Samkvæmt þeim drögum að tillögu sem nú liggur fyrir skiptist frestun þannig milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar að frestað er framkvæmdum fyrir 330 millj. kr. á höfuðborgarsvæðinu en fyrir 470 millj. kr. á landsbyggðinni.

b. Samkvæmt sömu drögum og nefnd eru í a-lið mundi frestun framkvæmda á landsbyggðinni skiptast á verk sem hér segir:

	Millj. kr.
Hringvegur um Þjórsá	200
Orku- og iðjuvegir á Austurlandi:	
Fljótsdalur	200
Reyðarfjörður	70
	470

Eins og áður sagði er gert ráð fyrir að frestað verði framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu fyrir 330 millj. kr., en á þessu stigi liggja ekki fyrir tillögur um skiptingu þeirrar upphæðar á verkefni.

3. *Hvernig er niðurskurðurinn rökstuddur fyrir hvert verkefni fyrir sig?*

Spurningin fjallar um það hvernig frestun einstakra verkefna er ákveðin eftir að heildarfjárhæð frestunar hefur verið staðfest. Það eru einkum tvö atriði sem vega þungt. Hið fyrra er að undirbúningur verka tekur æ lengri tíma og er ekki alltaf lokið nægilega snemma til að unnt sé að nýta fjárveitingar í samræmi við vegáætlun. Við þetta verður oft ekki ráðið. Seinna atriðið er að verkefni eru alloft með fjárveitingar í tvö ár og jafnvel fleiri. Er þá stundum unnt að fresta verkbyrjun og draga þar með úr fjárnotkun á fyrra eða fyrsta árinu án þess að það komi að ráði niður á verklokum.

Um byggingu nýrrar brúar á Þjórsá á hringvegi og vega um hana gilda báðar fyrrgreindar ástæður. Við lokajarðfræðirannsóknir á brúarstæðinu reyndust aðstæður svo óhagstæðar að leita varð annarra leiða og olli það umtalsverðum töfum á undirbúningi. Fjárveitingar til verksins gerðu ráð fyrir að því lyki 2002 og frágangi þess 2003. Þrátt fyrir frestun er mögu-

legt að verkinu ljúki innan tilsetts tíma. Orku- og iðjuvegir á Austurlandi hafa fjárveitingu árin 2000–2003, bæði ár meðtalin. Þar er undirbúningur nokkuð á eftir fjárveitingum. Þá er einnig miðað við að Landsvirkjun leggi fram á þessu ári nokkurt fjármagn til vega- og brúargerðar í Fljótsdal. Hægt verður því að ljúka þessum verkum á réttum tíma þrátt fyrir frestun nú.

1455. Breytingartillögur [348. mál]

við frv. til l. um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

Frá Árna Johnsen.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „mega þeir starfa“ í a-, b-, og c-lið 17. tölul. komi: starfa þeir.
2. Við 18. gr. Á eftir orðunum „með síðari breytingum, og“ í 2. mgr. komi: a-liður 1. mgr. 2. gr., 1. tölul. 3. gr. og.
3. Við ákvæði til bráðabirgða. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Á fiskiskipi með 75 kW vél til og með 375 kW vél skal vera vélgæslumaður, sem má vera hinn sami og skipstjóri á skipum að 30 brúttótonnum, enda sé hann eini réttindamaðurinn í áhöfn og útivera skipsins skemmri en 24 klst., nema á tímabilinu frá 1. apríl til 30. september þegar útivera má vera allt að 36 klst. Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sem Siglingastofnun Íslands setur, er ekki er skylt að vélgæslumaður sé í áhöfn skips undir 20 brúttótonnum ef gerður hefur verið þjónustusamningur við þjónustuaðila um viðhald vélbúnaðar skipsins og sá samningur er staðfestur af Siglingastofnun Íslands. Sá sem lokið hefur námskeiði í vélgæslu sem haldið er á vegum vélskóla samkvæmt reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur hefur rétt til að vera vélgæslumaður á skipi að 30 brúttótonnum með 375 kW vél og minni.

1456. Breytingartillaga [589. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 93/1997, um Suðurlandsskóga.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

Við 1. gr. Í stað orðanna „Gullbringusýslu, Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Vestur-Skaftafellssýslu og Austur-Skaftafellssýslu“ komi: Suðurkjördæmi eins og svæðið er skilgreint í lögum nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.

1457. Frumvarp til laga [634. mál]

um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um fólksflutninga á landi í atvinnuskyni með bifreiðum sem skráðar eru fyrir níu farþega eða fleiri, sbr. þó 8. og 10. gr., og vöruflutninga og efnisflutninga á landi í atvinnuskyni með ökutækjum, hvort sem um eitt ökutæki eða samtengd ökutæki er að ræða. Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum þessara laga fyrir tiltekna vöruflutninga og fyrir ákveðnar tegundir ökutækja eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

2. gr.
Yfirstjórn.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga og almenningssamgangna samkvæmt lögum þessum. Vegagerðin fer með framkvæmd laga þessara og stjórnvaldsreglna settra samkvæmt þeim.

II. KAFLI
Orðskýringar.

3. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

a. *Almennt rekstrarleyfi:* Leyfi skv. 4. gr. sem allir sem stunda fólksflutninga, vöruflutninga og/eða efnisflutninga gegn endurgjaldi þurfa að hafa.
b. *Sérleyfi:* Leyfi sem veitt er til reglubundinna fólksflutninga og er aðgangur annarra takmarkaður á sérleyfisleið.
c. *Einkaleyfi:* Sérleyfi sveitarfélags til reglubundinna fólksflutninga innan lögsagnarumdæmis þess.
d. *Reglubundnir fólksflutningar:* Fastar ferðir á ákveðinni leið samkvæmt fyrir fram birtri áætlun þar sem farþegar eru teknir upp og settir af á leiðinni. Þjónustan er öllum opin, þ.e. almenningssamgöngur.
e. *Sérstakir reglubundnir fólksflutningar:* Reglubundnir flutningar á ákveðnum hópi farþega og aðrir farþegar eru útilokaðir.
f. *Óreglubundnir fólksflutningar:* Aðrir fólksflutningar en þeir sem tilgreindir eru í d- og e-lið. Með óreglubundnum flutningum er að jafnaði átt við flutning á hópi fólks sem orðið hefur til fyrir frumkvæði viðskiptavinar eða leyfishafans sjálfs. Slíkar ferðir geta verið farnar með reglulegu millibili án þess að teljast reglubundnir flutningar.
g. *Fólksflutningar í atvinnuskyni:* Flutningur fólks gegn endurgjaldi þar sem farþeginn er ekki tengdur rekstri fyrirtækisins sem sér um flutninginn.
h. *Fólksflutningar í eigin þágu:* Flutningur fólks þar sem ekki er innheimt gjald fyrir. Sem dæmi má nefna flutning starfsfólks til og frá vinnustað eða á milli vinnustaða ef fólksflutningabifreiðin er í eigu vinnuveitanda og ökumaður er starfsmaður hans. Flutningur

sjúklinga og vistmanna heilbrigðisstofnana, enda sé bifreiðin í eigu stofnunarinnar og ökumaður starfsmaður hennar.

i. *Vöruflutningar og efnisflutningar í atvinnuskyni:* Flutningur á vöru eða efni gegn endurgjaldi sem ekki fellur undir j-lið um flutning í eigin þágu. Með efnisflutningi er átt við flutning á jarðefnum, svo sem möl eða sandi.

j. *Vöruflutningar og efnisflutningar í eigin þágu:* Flutningur vöru/efnis sem er í eigu skráðs eiganda eða umráðamanns bifreiðar sem flutt er með eða flutningur á vörum/efni sem hann hefur á leigu eða að láni, hefur í útleigu eða til láns eða hefur í vörslum sínum í því skyni að kaupa, selja, framleiða, umbreyta eða til viðgerðar eða í öðrum sambærilegum tilgangi. Ef um fyrirtæki er að ræða telst flutningur því aðeins í eigin þágu að flutningurinn sé lítill hluti af starfsemi viðkomandi fyrirtækis og ökumaður sé starfsmaður þess.

III. KAFLI
Leyfisveitingar.

4. gr.
Almennt rekstrarleyfi.

Almennt rekstrarleyfi Vegagerðarinnar þarf til að stunda fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum þessum. Leyfið skal gilda í fimm ár og vera óframseljanlegt. Vegagerðinni er heimilt, á grundvelli reglugerðar sem ráðherra setur, að gera mismunandi kröfur til útgáfu mismunandi leyfa eftir því sem eðli starfseminnar gefur tilefni til.

Ekkert leyfi þarf til flutnings í eigin þágu.

Samgönguráðherra getur með reglugerð sett nánari skilyrði um veitingu leyfa.

5. gr.
Skilyrði leyfis.

Þeir einir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum geta öðlast rekstrarleyfi skv. 4. gr. laga þessara:

1. Hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.
2. Fullnægja skilyrðum um starfshæfni eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.
3. Hafa ekki verið dæmdir til refsivistar eða framið alvarleg eða ítrekuð brot á lögum og reglugerðum sem um starfsgreinina gilda. Hafi brot verið smávægilegt eða langt er um liðið frá því að brot var framið getur umsækjandi þó öðlast leyfi samkvæmt lögunum.

Skilyrðum skv. 1. mgr. verður leyfishafi einnig að fullnægja á leyfistímanum.

6. gr.
Sérleyfi.

Hlutverk reglubundinna fólksflutninga er að sjá almenningi fyrir samgöngum með fólksflutningabifreiðum. Vegagerðin hefur umsjón með skipulagi almenningssamgangna með bifreiðum.

Vegagerðin getur takmarkað fjölda aðila í reglubundnum fólksflutningum á einstökum leiðum með því að veita sérleyfi á þeim leiðum. Öðrum en sérleyfishafa er óheimilt að stunda reglubundna fólksflutninga á sérleyfisleið. Við veitingu sérleyfis skal gerður sérstakur þjónustusamningur þar sem þau skilyrði koma fram sem Vegagerðin setur, svo sem um ferðatíðni, ferðaleiðir, viðkomustaði, leyfilegar bifreiðar, umhverfisstuðla, gildistíma, uppsögn og greiðslu. Nánari útfærsla á þjónustusamningi skal tilgreind í reglugerð. Takist ekki slíkur

samningur á milli aðila skal Vegagerðin efna til útboðs, eftir atvikum í samstarfi við aðra aðila sem stunda fólksflutninga, svo sem skólaakstur. Vegagerðin getur, séu fyrir því veigamikil rök, efnt til útboðs án undangenginnar tilraunar til þjónustusamnings fyrir 1. ágúst 2005.

Óheimilt er að framselja sérleyfi nema með samþykki Vegagerðarinnar.

Sérleyfishafa er, með samþykki Vegagerðarinnar, heimilt að nota bifreiðar sem skráðar eru fyrir færri en níu farþega við akstur á sérleyfisleið.

Vegagerðin getur sagt upp samningnum á leyfistímanum vegna skipulagsbreytinga innan ákveðinna svæða sem viðkomandi sveitarfélög standa sameiginlega að. Slíkur uppsagnarfrestur skal ekki vera skemmri en tvö ár. Segi sérleyfishafi upp samningnum eða brjóti gegn ákvæðum 14. gr. á leyfistímanum skal Vegagerðin efna til útboðs.

7. gr.

Einkaleyfi.

Vegagerðin getur veitt sveitarfélögum eða byggðasamlögum einkaleyfi til að skipuleggja og sjá um almenningssamgöngur með bifreiðum innan sveitarfélags. Einkaleyfishafi getur falið öðrum tímabundið að annast reglubundna fólksflutninga samkvæmt einkaleyfi.

Öðrum en einkaleyfishafa er óheimilt nema með samþykki hans að flytja um einkaleyfissvæðið aðra farþega en þá sem teknir eru upp utan þess og þá sem teknir eru upp innan svæðisins til flutnings út fyrir það. Vegagerðinni er heimilt að binda einkaleyfi þeim skilyrðum er þurfa þykir. Vegagerðin getur sagt upp einkaleyfi vegna skipulagsbreytinga á almenningssamgöngum.

Þeir aðilar sem stunda reglubundna flutninga samkvæmt einkaleyfi skulu í einu og öllu uppfylla skilyrði þessara laga, þar á meðal að hafa almennt rekstrarleyfi skv. 4. gr. og fullnægja gæða- og tæknikröfum Vegagerðarinnar.

8. gr.

Sérstakir reglubundnir fólksflutningar.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. og 7. gr. er öðrum en sérleyfishafa heimilt að stunda sérstaka reglubundna fólksflutninga, enda hafi viðkomandi almennt rekstrarleyfi skv. 4. gr. Til sérstakra reglubundinna fólksflutninga teljast flutningar starfsfólks til og frá vinnustað á kostnað vinnuveitanda enda falli þeir ekki undir h-lið 3. gr. og akstur skólanemenda. Flutningsaðili þarf að uppfylla skilyrði laganna og þær gæða- og tæknikröfur sem Vegagerðin setur.

9. gr.

Almenn ákvæði um leyfishafa.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má veita einstaklingum, hlutafélögum, einkahlutafélögum eða sameignarfélögum, enda uppfylli leyfishafinn skilyrði 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. Ef leyfishafinn er einstaklingur skal hann jafnframt uppfylla 2. og 3. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Ef leyfishafinn er félag skal starfa hjá því forsvarsmaður sem ber ábyrgð á rekstrinum. Hann skal uppfylla skilyrði 2. og 3. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Heimilt er að kæra ákvarðanir Vegagerðarinnar samkvæmt lögum þessum til samgönguráðuneytis.

10. gr.

Akstur sérútbúinna bifreiða.

Vegagerðin skal veita leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða, t.d. til fjallaferða, enda þótt slíkar bifreiðar rúmi færri farþega en níu. Skilyrði slíks leyfis er að það sé notað í tengslum við þjónustu við ferðamenn og að umsækjandi hafi almennt rekstrarleyfi skv. 4. gr.

11. gr.

Fólks-, vöru- og efnisflutningar innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Þeir sem hafa almennt leyfi skv. 4. gr. geta sótt um leyfi til Vegagerðarinnar til að stunda fólks-, vöru- og efnisflutninga á milli ríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða innan lands í þeim ríkjum. Vegagerðin veitir slík leyfi á grundvelli reglna sem um slík leyfi gilda. Sama gildir um leyfi sem veitt eru á grundvelli samninga við lönd utan Evrópska efnahagssvæðisins.

IV. KAFLI
Rekstrarleyfi og gjöld.

12. gr.

Gæða- og tæknikröfur.

Bifreið, sem notuð er til fólksflutninga samkvæmt lögum þessum, skal uppfylla gæða- og tæknikröfur Vegagerðarinnar og hana má eingöngu nota til slíkra flutninga meðan leyfið gildir, sbr. þó 10. gr. Þó er heimilt að flytja frakt í þar til gerðu rými, enda uppfylli bifreiðin að öðru leyti skilyrði fólksflutningabifreiðar.

Vegagerðinni er heimilt að takmarka notkun strætisvagna utan þéttbýlis.

Vegagerðinni er heimilt að gera sérkröfur til bifreiða sem notaðar eru til flutnings skólabarna.

Framangreindar kröfur Vegagerðarinnar skulu staðfestar af ráðherra.

13. gr.

Eftirlit og leyfisgjöld.

Greiða skal fyrir útgáfu leyfa.

Fyrir rekstrarleyfi skv. 4., 6., 7. og 10. gr. skal greiða sem hér segir:

1. Fyrir almennt rekstrarleyfi til að stunda fólks-, vöru- og efnisflutninga skal greiða 3.000 kr. árlegt gjald. Enn fremur skal árlega greiða 1.000 kr. vegna hverrar bifreiðar og skal það gjald greitt þegar bifreið er færð til árlegrar skoðunar.
2. Fyrir sérútbúnar bifreiðar skv. 10. gr., sem uppfylla þurfa gæða- og tæknikröfur skv. 12. gr., skal greiða 4.000 kr. árlegt gjald fyrir rekstrarleyfi. Enn fremur skal árlega greiða 1.000 kr. vegna hverrar bifreiðar og skal það gjald greitt þegar bifreið er færð til árlegrar skoðunar.
3. Fyrir sérleyfi og einkaleyfi skal greiða 20.000 kr. árlegt gjald.
4. Fyrir önnur rekstrarleyfi skal greiða 10.000 kr. árlegt gjald.

Halda skal tekjum og gjöldum vegna framangreindra leyfa aðskildum í bókhaldi.

Framangreind gjöld skulu renna til Vegagerðarinnar og standa undir eftirliti og leyfisveitingum samkvæmt lögum þessum. Vegagerðinni er heimilt að fela þriðja aðila þetta eftirlit.

14. gr.

Rekstrarstöðvun.

Verði aðili uppvís að því að stunda leyfisskylda starfsemi samkvæmt lögum þessum án þess að hafa til þess tilskilin leyfi er Vegagerðinni heimilt að fela lögreglu að stöðva starfsemina og viðkomandi ökutæki þegar í stað þar til leyfi hefur verið fengið.

15. gr.

Refsingar. Svipting leyfis.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum er settar kunna að verða samkvæmt þeim varða sektum og/eða leyfissviptingu nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum og skal fara með slík mál að hætti opinberra mála. Sektir allt að 100.000 kr. fyrir brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim skulu ákveðnar í reglugerð sem dómsmálaráðherra setur að fengnum tillögum ríkissaksóknara. Þar skal tilgreint til hvaða tegunda brota hún taki og hvaða sekt skuli koma fyrir hverja tegund brots. Heimilt er að víkja frá ákvæðum reglugerðarinnar ef veigamikil rök mæla með því.

Við alvarleg eða ítrekuð brot er Vegagerðinni heimilt að svipta viðkomandi leyfum er honum hafa verið veitt samkvæmt lögum þessum. Slík svipting tekur gildi þegar í stað og gildir þar til úrlausn hefur fengist í málinu skv. 1. mgr.

Sama gildir um skilyrði leyfis eins og þau eru tilgreind í leyfisbréfi.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

16. gr.

Reglugerð.

Samgönguráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir um skipulag á fólksflutningum, vöruflutningum og efnisflutningum vegna skuldbindinga er leiðir af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

17. gr.

Gildistaka.

Lög þessi taka gildi 1. september 2001. Jafnframt falla brott lög um vöruflutninga á landi, nr. 47/1994, með síðari breytingum, lög um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, nr. 13/1999, og lög um samsetta flutninga o.fl. vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, nr. 33/1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

Leyfi til fólksflutninga með hópferðabifreiðum, sem gefin hafa verið út samkvæmt eldri lögum, halda gildi sínu samkvæmt lögum þessum þar til gildistími þeirra er útrunninn eða leyfið fellur niður skv. 15. gr. laganna.

Handhafar sérleyfa samkvæmt eldri lögum skulu að jafnaði sitja fyrir um endurúthlutun sérleyfa á viðkomandi sérleyfisleið fram til ársins 2005. Endurúthlutuð leyfi skulu ekki gilda lengur en til 1. ágúst 2005 og skal þá efnt til útboðs á öllum sérleyfum.

Þeir sem stunda vöruflutninga með ökutækjum skv. 1. gr. gegn gjaldi við gildistöku laga þessara skulu uppfylla skilyrði laganna og afla sér leyfis Vegagerðarinnar samkvæmt lögum þessum eigi síðar en 31. desember 2001.

1458. Þingsályktun [483. mál]

um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Samhljóða þskj. 769.

1459. Þingsályktun [619. mál]

um staðfestingu breytinga á samningi um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT).

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Samhljóða þskj. 992.

1460. Þingsályktun [655. mál]

um fullgildingu V. viðauka við samning um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, um verndun og varðveislu vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni hafsvæðisins.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1033.

1461. Þingsályktun [7. mál]

um endurskoðun viðskiptabanns á Írak.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Alþingi ályktar að styðja frumkvæði Norðmanna á vettvangi öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um að framkvæmd viðskiptabanns á Írak verði tekin til endurskoðunar með það fyrir augum að aðgerðir Sameinuðu þjóðanna beinist enn frekar að því að hindra að harðstjórn Saddams Husseins komi sér upp gereyðingarvopnum og ógni öryggi á svæðinu.

Alþingi fagnar stuðningi ríkisstjórnar Íslands við frumkvæði Norðmanna og hvetur hana til að stuðla að áframhaldandi framgangi málsins á alþjóðavettvangi.

1462. Frumvarp til laga [672. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

1. gr.

a. Á eftir 47. gr. laganna kemur ný grein, 47. gr. a, svohljóðandi:
Ökumanni vélknúins ökutækis er við akstur óheimilt að nota farsíma án handfrjáls búnaðar.
Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um notkun annars fjarskiptabúnaðar og svipaðs búnaðar við akstur.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: **Notkun farsíma og annars fjarskiptabúnaðar.**

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2001. Eigi skal refsa fyrir brot gegn 1. gr. fyrr en ár er liðið frá gildistöku laganna.

1463. Frumvarp til laga [623. mál]

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998.

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

1. gr.

Orðin „samkvæmt lögum þessum“ í lok 1. mgr. 41. gr. laganna falla brott.

2. gr.

42. gr. laganna orðast svo:

Valdsvið.

Málsaðili getur skotið ákvörðun Íbúðalánasjóðs, húsnæðisnefndar eða þeirrar nefndar á vegum sveitarfélags sem falið hefur verið verkefni húsnæðisnefndar til kærunefndar húsnæðismála. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

Málskot til nefndarinnar frestar ekki framkvæmd kærðrar ákvörðunar nema nefndin ákveði annað.

Úrskurði kærunefndar húsnæðismála verður ekki skotið til félagsmálaráðherra.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um störf og starfshætti kærunefndar og skrifstofuhald.

3. gr.

Við 47. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er verða 2. og 3. mgr. og orðast svo:

Stjórn Íbúðalánasjóðs er einnig heimilt að afskrifa útistandandi veðkröfur sjóðsins í sérstökum tilvikum, svo sem þegar íbúð sem stóð að veði fyrir viðkomandi kröfu hefur eyðilagst af óviðráðanlegum orsökum og eigandi hennar hefur ekki fengið bætur eða bætur hafa ekki

dugað til uppgreiðslu á áhvílandi kröfum. Skilyrði fyrir afskriftum samkvæmt þessari málsgrein eru að fasteignareigandi hafi tekið venjubundnar fasteignatryggingar.

Stjórn Íbúðalánasjóðs skal afla samþykkis varasjóðs viðbótarlána til að afskrifa útistandandi veðkröfur viðbótarlána.

4. gr.

48. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að veita skuldbreytingarlán til allt að 15 ára í því skyni að leysa úr tímabundnum greiðsluerfiðleikum hjá lánþegum vegna almennra lána, viðbótarlána og lána sem sjóðurinn hefur yfirtekið, sbr. 53. gr. Skilyrði er að greiðsluvandi stafi af óvæntum tímabundnum erfiðleikum vegna veikinda, slysa, minni atvinnu eða atvinnuleysis eða af öðrum ófyrirséðum atvikum.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt, með sömu skilyrðum og um getur í 1. mgr., að fresta greiðslum hjá einstökum lánþegum vegna almennra lána, viðbótarlána og lána sem sjóðurinn hefur yfirtekið, sbr. 53. gr., í allt að þrjú ár og leggja þær greiðslur við höfuðstól skuldarinnar, enda þyki slík aðstoð líkleg til að koma í veg fyrir greiðsluvanda. Upphaflegur lánstími lengist sem nemur frestunartíma.

Skuldbreytingarlán skv. 1. mgr. og frestun á greiðslum skv. 2. mgr. geta farið saman.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að lengja upphaflegan lánstíma lána sjóðsins hjá hverjum lántaka um allt að 15 ár með sömu skilyrðum og nefnd eru í 1. mgr. Hámarkslánstími hvers láns má ekki vera lengri en 55 ár.

Stjórn varasjóðs viðbótarlána skal samþykkja aðstoð Íbúðalánasjóðs skv. 1.–4. mgr. vegna lána sjóðsins sem eru með veði í íbúð sem viðbótarlán hvílir á.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að fresta greiðslum hjá lántakendum lána til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði og lánþegum eldri lána sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið, sbr. 53. gr., vegna tímabundinna greiðsluerfiðleika. Skilyrði er að greiðsluvandi sé tilkominn vegna ófyrirséðra atvika eða endurskipulagningar á fjárhag félaga eða félagasamtaka, enda þyki slík aðstoð líkleg til að koma í veg fyrir greiðsluvanda.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis að fengnum tillögum stjórnar Íbúðalánasjóðs.

5. gr.

2. tölul. 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis III í lögunum orðast svo: Sveitarstjórn getur ákveðið að leigja íbúðina út. Áður skal sveitarstjórn greiða upp áhvílandi lán sem veitt hafa verið af Byggingarsjóði verkamanna og/eða Byggingarsjóði ríkisins eða leita eftir samþykki Íbúðalánasjóðs á yfirtöku lána úr Byggingarsjóði verkamanna og/eða Byggingarsjóði ríkisins. Sveitarstjórn sem greitt hefur upp áhvílandi lán sem veitt hafa verið af Byggingarsjóði verkamanna og/eða Byggingarsjóði ríkisins skal eiga rétt á nýju láni úr Íbúðalánasjóði skv. VIII. kafla laga þessara. Þá skal sveitarstjórn sem yfirtekur lán úr Byggingarsjóði verkamanna og/eða Byggingarsjóði ríkisins eiga rétt á nýju láni úr Íbúðalánasjóði skv. VIII. kafla laga þessara sem má nema mismun á áhvílandi lánum og allt að 90% af innlausnarverði íbúðar. Heildarlánveiting Íbúðalánasjóðs getur þó aldrei orðið hærri en 90% af innlausnarverði íbúðar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1464. Frumvarp til laga [226. mál]

um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa.

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að varðveita menningarsögu íslensku þjóðarinnar, standa vörð um menningarsögulegar minjar hennar og tryggja skil á menningarverðmætum til annarra landa.

2. gr.

Eigi má flytja úr landi muni og gripi sem hér eru taldir, sbr. þó 3. gr., nema formlegt leyfi skv. 3. mgr. komi til:

1. Forngripi, eldri en 100 ára, hvort sem eru í eigu opinberra stofnana, fyrirtækja, félagasamtaka eða einstaklinga.
2. Hluta úr listrænum, sögulegum eða trúarlegum minjum er losaðir hafa verið frá þeim og eldri eru en 100 ára.
3. a. Málverk og handgerðar myndir, aðrar en þær sem getið er um í b-lið 3. tölul. og 4. tölul., úr hvaða efni sem er ef þær eru eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
   b. Vatnslitamyndir, gvassmyndir og pastelmyndir gerðar í höndum að öllu leyti á hvaða efni sem er ef þær eru eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
4. Mósaíkverk úr hvaða efni sem er og að öllu leyti handunnin, sem ekki falla undir 1. eða 2. tölul., og teikningar úr hvaða efni sem er séu myndverkin að öllu leyti handunnin, eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
5. Frumeintök af stungum, þrykki, silkiprenti og steinprenti, ásamt tilheyrandi plötum og frumgerð veggspjalda, séu verkin eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
6. Frumeintök höggmynda eða myndastyttna og eftirmyndir þeirra sem eru gerðar með sömu aðferð og frumeintökin séu verkin eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra, enda falli þau ekki undir 1. tölul.
7. Ljósmyndir og kvikmyndir og filmur eða glerplötur af þeim, enda séu þær eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda myndanna.
8. Bækur, prentaðar fyrir 1500 (vögguprent), svo og handrit, þar með talin landabréf og raddskrár, stakar eða sem safn, sem eldri eru en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
9. Aðrar bækur, eldri en 100 ára, stakar eða sem safn.
10. Prentuð landabréf, eldri en 200 ára.
11. Skjalasöfn hvers konar og hluta þeirra, úr hvaða efni sem er, eldri en 50 ára.
12. Dýrafræðileg, grasafræðileg, bergfræðileg eða líffræðileg söfn og safneintök og sömuleiðis söfn sem gildi hafa fyrir sagnfræði, steingervingafræði, þjóðflokkafræði eða myntfræði.
13. Samgöngutæki, eldri en 75 ára.
14. Aðrar menningarminjar, eldri en 50 ára.

Leiki vafi á um aldur minja sem taldar eru upp í 1.–11. og 13.–14. tölul. 1. mgr. sker safnaráð úr, en Náttúrufræðistofnun Íslands ef 12. tölul. á við.

Safnaráð samkvæmt safnalögum veitir formlegt leyfi til útflutnings muna eða gripa sem taldir eru upp í 1.–14. tölul. 1. mgr., þó þannig að Náttúrufræðistofnun Íslands veitir slíkt leyfi ef um er að ræða útflutning náttúrugripa skv. 4. mgr. 15. gr. laga nr. 60/1992. Ef um er

að ræða muni eða gripi sem taldir eru upp í 8.–11. tölul. 1. mgr. skal safnaráð hafa samráð við Þjóðskjalasafn Íslands og Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi eftir því sem við á.

3. gr.

Ákvæði 2. gr. taka til menningarminja er falla undir 1., 2., 8. og 11. tölul. þeirrar greinar án tillits til verðgildis þeirra.

Ákvæði 2. gr. taka til menningarminja er falla undir 4., 5., 7. og 10. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 1.100.000 kr. eða meira.

Ákvæði 2. gr. taka til menningarminja er falla undir 6., 9., 12., 13. og 14. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 3.800.000 kr. eða meira.

Ákvæði 2. gr. taka til menningarminja er falla undir a-lið 3. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 11.500.000 kr. eða meira og b-lið 3. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 2.300.000 kr. eða meira.

Við verðgildismat skal miðað við ætlað markaðsverð hlutaðeigandi menningarminja hér á landi á þeim degi er umsókn um útflutningsleyfi berst safnaráði.

4. gr.

Safnaráði er heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis, að koma í veg fyrir útflutning menningarminja, jafnt þeirra sem taldar eru í 2. gr. sem annarra, án tillits til aldurs þeirra og verðgildis, ef minjarnar teljast til þjóðardýrgripa eða þær hafa að öðru leyti sérstakt gildi fyrir íslenska þjóðmenningu. Getur þá safnaráð stöðvað útflutning þeirra um stundarsakir meðan leitað er umsagna sérfróðra manna og þar til formleg afstaða ráðuneytisins er fengin. Fallist ráðuneytið eigi á beiðni um útflutningsleyfi er sú niðurstaða bindandi fyrir alla aðila og hið sama gildir um samþykki ráðuneytisins við útflutningi.

5. gr.

Óheimilt er að flytja til Íslands menningarminjar ef flutningurinn brýtur gegn:

a. reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um skil á menningarminjum sem fluttar hafa verið ólöglega frá ríki á svæðinu eða
b. löggjöf þess ríkis sem menningarminjar eru fluttar frá.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til þess ef menningarminjar eru fluttar löglega til landsins en er ekki skilað á umsömdum tíma.

Menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins skal skilað í samræmi við reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um skil á menningarminjum sem fluttar hafa verið ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis. Finnist menningarminjar hér á landi sem safnaráð telur að rökstuddur grunur leiki á að fluttar hafi verið til landsins með ólögmætum hætti skal ráðið með sannanlegum hætti tilkynna hlutaðeigandi ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins um fundinn. Telji valdbær stjórnvöld einhvers ríkjanna að minjarnar hafi verið fluttar frá yfirráðasvæði þess með ólögmætum hætti skal krafa þeirra um skil hafa borist safnaráði innan tveggja mánaða frá því að ráðið tilkynnti um fundinn. Berist krafa um skil ekki innan þess frests falla skyldur safnaráðs til varðveislu minjanna niður.

Ákvæði 5. og 6. mgr. þessarar greinar og ákvæði 6. gr., svo og ákvæði 7. gr. að því er varðar skil menningarverðmæta til annarra ríkja, gilda einvörðungu um kröfur um skil frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í aðildarríkjum samnings um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993. Íslensk stjórnvöld skulu þó jafnframt leitast við eftir föngum að aðstoða við réttmæt skil menningarminja til ríkja er ekki eiga aðild að nefndum samningi hafi minjarnar ver-

ið fluttar þaðan í andstöðu við þarlend lög. Skil á menningarminjum samkvæmt ákvæði þessu hafa farið fram þegar menningarminjar hafa verið afhentar stjórnvöldum þess ríkis sem leggur fram beiðni um skil.

Íslenskum stjórnvöldum er skylt að sjá til þess að menningarminjum, sem fluttar hafa verið til Íslands með ólögmætum hætti, án tillits til núverandi eignaraðildar eða vörslu á þeim, verði skilað til réttra eigenda eða umsjármanna þeirra erlendis, enda sé skilyrðum 3. gr. um verðmæti þeirra fullnægt. Umsókn þar að lútandi skal borin upp formlega af valdbæru stjórnvaldi í hlutaðeigandi ríki og skal henni beint til safnaráðs sem gerir síðan viðeigandi ráðstafanir, eftir atvikum í samvinnu við hlutaðeigandi stjórnvöld hér á landi, sbr. nánar 6. gr.

Við verðgildismat menningarminja skv. 5. mgr., sbr. og 3. gr., skal miða við þann dag er íslenskum stjórnvöldum berst krafa um skil á minjum frá valdbærum stjórnvöldum í öðru ríki. Við ákvörðun verðgildis skal haft mið af ætluðu markaðsverði hér á landi.

6. gr.

Séu menningarminjar sem fjallað er um í 5. og 6. mgr. 5. gr. í eigu eða vörslu manna hérlendis er eigi vilja láta þær af hendi þegar safnaráð krefst þess, sbr. 5. og 7. gr., geta hlutaðeigandi stjórnvöld í öðru ríki, sem bera fram lögformlega kröfu um skil menningarminja, krafist þess fyrir dómi hér á landi, hvort heldur sem er í einkamáli eða opinberu dómsmáli, að eigendum eða vörslumönnum minjanna verði gert að láta þær af hendi og að mælt verði fyrir um að þeim skuli skilað með lögmæltum hætti til þess ríkis er skila krefst. Sé um einkamál að ræða skal það höfðað gegn eiganda minjanna, hvernig sem hann er að minjunum kominn, og jafnframt gegn vörslumanni þeirra sé hann annar en eigandinn. Dómur um skil menningarverðmæta er grundvöllur innsetningargerðar, ef á reynir, en dómi má síðan jafnframt framfylgja með aðstoð sýslumanna, lögreglu og annarra þar til bærra yfirvalda, eftir því sem þörf krefur, fyrir atbeina safnaráðs.

Í kröfu um skil menningarminja, sem hér um ræðir og borin er upp fyrir íslenskum stjórnvöldum og dómstóli, ef á reynir, skal minjunum m.a. lýst svo nákvæmlega sem frekast er kostur, svo og menningarlegu gildi þeirra og verðmæti. Þá skal fylgja kröfu skýr yfirlýsing frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í því ríki er skila krefst um að munirnir hafi verið fluttir úr því ríki með ólögmætum hætti.

Krafa um skil menningarminja skv. 1. mgr. þessarar greinar verður eigi höfð uppi fyrir dómi eftir að eitt ár er liðið frá því að hlutaðeigandi stjórnvöld í því ríki er skila krefst fengu vitneskju um hvar menningarminjarnar eru niðurkomnar og hver sé núverandi eigandi eða vörslumaður þeirra hér á landi. Kröfu um skil verður heldur ekki komið að fyrir dómi þegar liðin eru meira en 30 ár frá því að minjarnar voru fluttar ólöglega frá því ríki er skila krefst. Sé um að ræða minjar sem eru hluti af opinberum söfnum í því ríki er skila krefst eða þær heyra til kirkjulegra minja þar er lúta sérstökum verndarráðstöfunum samkvæmt lögum þess ríkis skal þó kröfufresturinn miðast við 75 ár, nema íslenska ríkið hafi skuldbundið sig til þess, gagnvart hlutaðeigandi ríki, að virða lengri frest.

Það ríki, er krafist hefur skila á menningarverðmætum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal bera kostnað af þeim skilum, þar með talið kostnað af málsmeðferð.

Þeir er komist hafa yfir menningarminjar sem þessi grein tekur til án þess að flutningur minjanna til Íslands hafi verið þeim saknæmur eða þeir hafi að öðru leyti öðlast þær með ólögmætum hætti geta krafist hæfilegra bóta frá því ríki er skila krefst vegna þess að þeim er gert að skila minjunum. Verður kröfu um bætur af þessum sökum m.a. komið að í dómsmáli sem höfðað er til skila minjanna eða þar sem krafa um skil er borin upp með öðrum hætti, en jafnframt getur grandlaus eigandi minja, sem skilakrafa beinist að, samið við hlut-

aðeigandi stjórnvöld í því ríki, er skila krefst, um bætur af þessum sökum. Hefur safnaráð milligöngu um þá samningsgerð eftir því sem þörf gerist. Hafi bótakrafa, sem hér um ræðir, verið viðurkennd með dómi eða liggi fyrir formlegur samningur um bætur, þar á meðal dómsátt, getur safnaráð gert það að skilyrði fyrir afhendingu minjanna til hlutaðeigandi erlendra stjórnvalda að bætur verði greiddar.

7. gr.

Safnaráð annast framkvæmd ákvæða þessara laga fyrir hönd íslenska ríkisins. Það veitir formleg leyfi til útflutnings menningarminja skv. 2. gr. og jafnframt skv. 4. gr. að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis. Um framkvæmd leyfisveitinga, m.a. um form leyfisskjala, skal farið að nánari reglum er menntamálaráðherra setur. Safnaráð leggur mat á verðgildi menningarminja skv. 3. gr., sbr. og 5. gr., og annast um framkvæmd skila á menningarminjum til annarra ríkja skv. 5. gr.

Ágreiningi um leyfisveitingar eða synjanir útflutnings á þessu sviði má skjóta til menntamálaráðuneytis, sbr. nánar ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Verður þá ekki af útflutningi fyrr en ráðuneytið hefur heimilað hann og lagt fyrir safnaráð að gefa út leyfisbréf þar að lútandi. Til menntamálaráðuneytis má og skjóta ágreiningi um önnur atriði er lúta að framkvæmd ákvæða laga þessara.

Við mat á gildi menningarverðmæta, er hér um ræðir, svo og um meiri háttar álitaefni, skal safnaráð hafa samráð við forstöðumenn þeirra stofnana hér á landi er einkum varðveita þess konar muni sem mál snýst um hverju sinni. Ef þörf gerist skal og leitað álits sérfróðra manna er eigi starfa við stofnanir þær er hér um ræðir.

Safnaráð tekur við kröfum um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í öðrum ríkjum og sömuleiðis ber ráðið fram kröfur til hlutaðeigandi stjórnvalda erlendis um skil menningarminja frá þeim ríkjum hafi þær verið fluttar frá Íslandi með ólögmætum hætti, sbr. 2., 3. og 4. gr., og veitir þeim viðtöku fyrir hönd réttra eigenda eða vörslumanna hérlendis.

Safnaráð skal hafa náið samstarf og samráð við þau stjórnvöld í öðrum ríkjum er fjalla þar um leyfi til útflutnings menningarminja og um skil þeirra, svo og við fjölþjóðlegar stofnanir er láta sig þau mál varða. Þá skal safnaráð leitast við að upplýsa um vörslustaði menningarminja sem fluttar hafa verið til landsins með óheimilum hætti. Skulu lögregluyfirvöld aðstoða við þá leit ef þörf gerist.

Tollayfirvöld skulu tafarlaust tilkynna safnaráði um menningarminjar sem reynt hefur verið að flytja ólöglega til landsins og hið sama gildir um ólögmætan útflutning.

Safnaráði til ráðuneytis um allt það er snertir framkvæmd ákvæða þessara laga starfar þriggja manna nefnd kunnáttumanna er menntamálaráðherra skipar til þriggja ára í senn. Skal ráðherra skipa formann nefndarinnar sérstaklega en nefndin skiptir að öðru leyti með sér störfum. Þrír varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Við val aðalmanna og varamanna, annarra en formanns og varaformanns, skal þess gætt að einn þeirra hafi sérkunnáttu á sviði listfræði, annar á sviði menningarsögu eða fornminjafræði, þriðji á sviði bókfræði og hinn fjórði á sviði skjalfræði. Varði mál, sem undir nefndina er borið, sérsvið varamanns skal hann fjalla um það mál jafnhliða aðalmönnum. Menntamálaráðherra ákveður þóknun nefndarinnar.

8. gr.

Hvað varðar kröfur um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í aðildarríkjum að samningi um Evrópska efnahagssvæðið gilda ákvæði laga þessara um skil á minjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá þeim ríkjum hingað til lands 1. janúar 1995 og síðar. Hið

sama tímamark gildir um kröfur íslenskra stjórnvalda um skil menningarminja frá öðrum aðildarríkjum að nefndum samningi.

9. gr.

Hver sá sem fyrir fjártjóni verður vegna framkvæmda á ákvæðum laga þessara á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

10. gr.

Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum sem út eru gefin vegna framkvæmda á lögum þessum.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum 2.–5. gr. laga þessara varða sektum til ríkissjóðs nema þyngri refsing liggi við broti skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

12. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi ákvæði VI. kafla þjóðminjalaga, nr. 88/1989, sbr. lög nr. 60/1996.

1465. Þingsályktun [332. mál]

um textun íslensks sjónvarpsefnis.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að stuðla að því að íslenskt sjónvarpsefni verði textað eftir því sem við verður komið til hagsbóta fyrir heyrnardauft fólk sem við núverandi aðstæður á erfitt með að fylgjast með íslensku efni í sjónvarpi.

1466. Frumvarp til laga [484. mál]

um breytingu á lögum nr. 27/1981, um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga.

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Rétt til að kalla sig viðskiptafræðinga, hagfræðinga eða nota heiti sem felur í sér orðin viðskiptafræðingur eða hagfræðingur hafa þeir menn hér á landi sem fengið hafa til þess leyfi viðskiptaráðherra. Þeir sem lokið hafa BS- eða cand. oecon.-prófi úr viðskiptadeild eða BS-prófi úr hagfræðideild viðurkennds íslensks háskóla eða meistaranámi úr framangreindum deildum, sbr. lög nr. 136/1997, um háskóla, þurfa ekki slíkt leyfi ráðherra.

2. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Áður en leyfi er veitt skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar skal leita álits þriggja manna nefndar sem ráðherra skipar á eftirfarandi hátt: Einn nefndarmaður samkvæmt tilnefningu Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga og tveir samkvæmt tilnefningu ráðherra og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umboð nefndar sem menntamálaráðherra hefur skipað skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 27/1981, frá 1. október 2000 til 1. október 2001, fellur niður við gildistöku laga þessara. Frá sama tíma skal viðskiptaráðherra skipa í nefnd skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 27/1981.

1467. Frumvarp til laga [345. mál]

um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996.

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Markmið laga þessara er að draga úr heilsutjóni og dauðsföllum af völdum tóbaks með því að minnka tóbaksneyslu og vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksreyks.

Virða skal rétt hvers manns til að þurfa ekki að anda að sér lofti sem er mengað tóbaksreyk af völdum annarra.

Þeir sem bera ábyrgð á barni skulu stuðla að því að það njóti réttar skv. 2. mgr., einnig þar sem reykingar eru ekki bannaðar skv. III. kafla þessara laga.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Með tóbaki er í lögum þessum átt við tóbaksjurtir (nicotiana) og allan varning unninn að öllu eða einhverju leyti úr þeim til neyslu, svo sem sígarettur, vindla, reyktóbak, neftóbak og munntóbak.

Með reykfærum er í lögum þessum átt við áhöld og búnað tengdan tóbaksreykingum, svo sem sígarettupappír, reykjarpípur og tæki til að vefja sígarettur, svo og annan slíkan varning.

Með munntóbaki er í lögum þessum átt við allar vörur, unnar að öllu eða einhverju leyti úr tóbaki til töku í munn, að undanskildum þeim sem eru ætlaðar til reykinga.

Með skrotóbaki er í lögum þessum átt við munntóbak í bitum eða ræmum, einkum ætlað til að tyggja.

Með neftóbaki er í lögum þessum átt við duft eða mylsnu, gerða að öllu eða einhverju leyti úr tóbaki til töku í nef.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda ekki um tóbak sem notað er sem lyf samkvæmt lyfjalögum eða sem eiturefni samkvæmt lögum um eiturefni og hættuleg efni.

4. gr.

3. tölul. 2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Að efna og hvetja til átaks í tóbaksvörnum og leitast við að samræma tóbaksvarnir í landinu.

5. gr.

Á eftir 3. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein og orðast svo:

Sá sem framleiðir, flytur inn eða selur tóbak má ekki án samþykkis heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gefa með orðum eða táknum sínar eigin upplýsingar á umbúðum vörunnar um heilsufarsleg áhrif af neyslu hennar.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „þar á meðal“ í 1. tölul. 3. mgr. kemur: vörukynningar.
b. 3. tölul. 3. mgr. orðast svo: hvers konar umfjöllun í fjölmiðlum um einstakar vörutegundir til annars en að vara sérstaklega við skaðsemi þeirra.
c. Við bætast þrjár nýjar málsgreinar sem orðast þannig:

Óheimilt er að setja á markað hér á landi tóbak undir vörumerkjum sem eru þekkt sem eða notuð sem merki fyrir aðra vöru eða þjónustu.

Hvers kyns framlög til viðburða eða starfsemi sem miða að því eða hafa þau beinu eða óbeinu áhrif að kynna tóbak eru bönnuð.

Tóbaki og vörumerkjum tóbaks skal komið þannig fyrir á útsölustöðum að það sé ekki sýnilegt viðskiptavinum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „neftóbak og munntóbak“ í 5. mgr. kemur: neftóbak og allt munntóbak.

b. Við bætast fjórar nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Þeir einir sem orðnir eru 18 ára mega selja tóbak. Heilbrigðisnefnd á viðkomandi eftirlitssvæði getur veitt tímabundna undanþágu frá þessu ákvæði um aldurstakmark. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur í reglugerð að fenginni umsögn Vinnueftirlits ríkisins nánari ákvæði um undanþágur um aldurstakmark.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákveður í reglugerð, að höfðu samráði við tóbaksvarnanefnd og í samræmi við gildandi tilskipanir Evrópusambandsins, hver skuli vera hæstu leyfileg mörk skaðlegra efna í tóbaki og tóbaksreyk og hvernig háttað skuli mælingum og eftirliti með því að þessi mörk séu virt.

Til þess að selja tóbak í smásölu þarf sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar á viðkomandi eftirlitssvæði. Skal leyfi veitt til fjögurra ára í senn og verður einungis veitt einstaklingum eða lögaðilum sem fullnægja almennum skilyrðum laga um verslunaratvinnu. Heimilt er sveitarfélögum að innheimta gjald fyrir leyfi og eftirlit með starfsemi leyfishafa að fenginni umsögn heilbrigðisnefnda. Um gjaldtöku fer skv. 3. mgr. 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt í samráði við umhverfisráðherra að setja í reglugerð nánari ákvæði um leyfisveitingu samkvæmt grein þessari.

Þeim sem selur tóbak í heildsölu er óheimilt að selja eða afhenda tóbak öðrum en þeim sem hafa leyfi til að selja tóbak í smásölu samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Tóbaksreykingar eru óheimilar í þjónusturými stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka, svo sem á veitinga- og skemmtistöðum og þar sem menningar- og félagsstarfsemi fer fram, þar með talið íþrótta- og tómstundastarf.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má leyfa reykingar á veitinga- og skemmtistöðum á afmörkuðum svæðum, en tryggja skal fullnægjandi loftræstingu, sbr. 4. mgr. Meiri hluti veitingarýmis skal þó ávallt vera reyklaus og tryggja skal að aðgangur að því liggi ekki um reykingasvæði.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má leyfa reykingar í tilteknum gistiherbergjum á hótelum og gistiheimilum. Í gistiskálum má hvorki leyfa reykingar í herbergjum né svefnskálum.

Þar sem reykingar eru leyfðar samkvæmt grein þessari skal séð fyrir loftræstingu sem fullnægir kröfum heilbrigðiseftirlits og þess gætt að reykingarnar mengi ekki andrúmsloftið þar sem þær eru ekki leyfðar.

Stjórnendur veitingastaða skulu leitast við að vernda starfsfólk gegn tóbaksreyk.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um reykingar á veitinga- og gististöðum í samráði við samgönguráðherra og umhverfisráðherra, þar á meðal um flokkun þessara staða með tilliti til reykinga og loftræstingar.

Tóbaksreykingar eru bannaðar í öllu húsrými í sameign fjöleignarhúsa.

Ráðherra skal í samráði við menntamálaráðherra og Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setja reglur um takmarkanir á tóbaksneyslu utan húss á íþróttasvæðum.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „grunnskólum“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: vinnuskólum sveitarfélaga.

b. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður sem orðast svo: Í fangelsum. Leyfa má þó reykingar í fangaklefum. Skylt er að gefa þeim sem ekki reykja kost á reyklausum fangaklefum.

c. Við bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:
Öll önnur tóbaksneysla er jafnframt bönnuð í grunnskólum, vinnuskólum sveitarfélaga, leikskólum, hvers konar dagvistum barna og húsakynnum sem eru fyrst og fremst ætluð til félags-, íþrótta- og tómstundastarfa ungmenna. Sama gildir um allar samkomur sem einkum eru ætlaðar ungmennum.

10. gr.

Í stað orðanna „1. mgr. 17. gr.“ í 11. gr. laganna kemur: 1. mgr. 18. gr.

11. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Með þeirri undantekningu sem leiða kann af 2. og 3. mgr. 9. gr., sbr. þó 5. mgr. sömu greinar, skal hver maður eiga rétt á reyklausu andrúmslofti innan dyra á vinnustað sínum og vinnuveitandi sjá til þess að hann njóti þess réttar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal setja reglur í samráði við félagsmálaráðherra og samgönguráðherra um takmarkanir á reykingum á vinnustöðum, þar á meðal í skipum, í samræmi við 1. mgr. og með tilliti til 1. gr. laga þessara.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „farþegarými almenningsfarartækja“ í 1. mgr. kemur: almenningsfarartækjum.
b. Á eftir orðunum „milli landa“ í 2. mgr. kemur: án viðkomu á Íslandi.
c. 3. mgr. fellur brott.

13. gr.

Inngangsmálsliður 1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Menntamálaráðuneytið skal í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og tóbaksvarnanefnd sjá til þess að fram fari reglubundin fræðsla í því skyni að draga úr tóbaksneyslu.

14. gr.

1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Skylt er að verja a.m.k. 0,9% af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarna.

15. gr.

Í stað 2. mgr. 17. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar og orðast svo:

Nú er brotið gegn ákvæðum II. kafla og ekki farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar og getur nefndin þá beitt sömu úrræðum og talin eru upp í 27. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Brjóti leyfishafi skv. 8. gr. gegn ákvæðum þeirrar greinar getur heilbrigðisnefnd á viðkomandi eftirlitssvæði að undangenginni áminningu svipt hann leyfinu. Við ítrekað brot ber heilbrigðisnefnd að svipta hann leyfinu og eins ef brot er stórfellt.

Rísi ágreiningur um ákvarðanir heilbrigðisnefndar er heimilt að vísa málinu til úrskurðarnefndar sem starfar skv. 31. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

16. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Brot gegn ákvæðum 6. og 7. gr. eða reglum sem settar eru á grundvelli þessara laga og tengjast þeim greinum varða sektum en fangelsi allt að tveimur árum séu sakir miklar eða brot ítrekað.

Brot gegn ákvæðum 8. gr. eða reglum sem settar eru á grundvelli þessara laga og tengjast þeirri grein varða auk leyfissviptingar skv. 17. gr. sektum.

Um tilraun til brots eða hlutdeild gilda ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 2001.

Ákvæði 9. mgr. 8. gr. laganna um leyfisveitingar á tóbaki í smásölu og eftirlit með henni skal endurskoða innan fimm ára frá því að lög þessi öðlast gildi, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, sbr. breytingu á þeim lögum, nr. 101/1996, og gefa þau út svo breytt með samfelldri hefðbundinni greinatölu.

1468. Frumvarp til laga [732. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð.

(Eftir 2. umr., 20. maí.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „tekjutryggingar“ í 1. mgr. kemur: tekjutryggingarauka.
b. Við 2. málsl. 2. mgr. bætist: og tekjur öryrkja af atvinnu metnar að 60 hundraðshlutum við útreikning á tekjutryggingu.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Heimilt er þó að miða lífeyri beggja hjóna, sem bæði fá lífeyri, við búsetutíma þess sem á lengri réttindatíma.
b. 3. mgr. fellur brott.

3. gr.

Á eftir 7. mgr. 17. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar er orðast svo:

Ef einhleypingur hefur eingöngu tekjur frá lífeyristryggingum skal hann til viðbótar við heimilisuppbót samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eiga rétt á fullum tekjutryggingarauka sem er 14.062 kr. á mánuði. Hafi lífeyrisþegi aðrar tekjur, eins og þær eru skilgreindar í 10. gr., sbr. 11. mgr., skerða þær tekjutryggingaraukann um 67%.

Lífeyrisþegi í sambýli við einstakling 18 ára eða eldri á rétt á tekjutryggingarauka, 10.548 kr. Tekjur lífeyrisþega eins og þær eru skilgreindar í 10. gr., sbr. 11. mgr., skerða tekjutryggingaraukann um 67% og skal við útreikning tekjutryggingarauka hjá hjónum leggja til grundvallar helming sameiginlegra tekna.

Með sambýli í 9. mgr. er átt við hjúskap, óvígða sambúð og staðfesta samvist, eða þegar lífeyrisþegi nýtur fjárhagslegs hagræðis af sambýli við aðra óskylda aðila, skyldmenni eða venslafólk, eða hefur sameiginlega aðstöðu varðandi fæði eða húsnæði.

II. KAFLI

Breyting á lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, með síðari breytingum.

4. gr.

Orðin „sérstök heimilisuppbót“ í 1. mgr. 1. gr. laganna falla brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 2. mgr. fellur brott.
b. Orðin „og sérstök heimilisuppbót“ í fyrirsögn greinarinnar falla brott.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2001.

1469. Þingsályktun [276. mál]

um heilbrigðisáætlun til ársins 2010.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Alþingi ályktar að stefna í heilbrigðismálum á Íslandi fram til ársins 2010, sem hefur það að markmiði að bæta heilsufar þjóðarinnar, skuli byggjast á eftirfarandi stefnumiðum:

I. FORGANGSVERKEFNI

1. **Áfengis-, vímuefna- og tóbaksvarnir.**

1.a Áfengisneysla verði ekki meiri en 5,0 lítrar á ári af hreinu alkóhóli á hvern íbúa 15 ára og eldri og nánast engin hjá þeim sem yngri eru.
1.b Dregið verði úr áfengis- og vímuefnaneyslu fólks undir lögaldri um 25%.
1.c Hlutfall fólks á aldrinum 18–69 ára sem reykir verði undir 15%.
1.d Hlutfall barna og unglinga 12–17 ára sem reykja verði undir 5%.

2. **Börn og ungmenni.**

2.a Unnið verði að því að jafna mun á heilsufari barna sem tengist þjóðfélagsstöðu foreldra um 25%.
2.b Geðheilbrigðisþjónustan nái árlega til 2% barna og unglinga á aldrinum 0–18 ára óháð búsetu.
2.c Dregið verði úr slysum og slysadauða barna um 25%.

2.d Tíðni tannskemmda (DMF) 12 ára barna lækki í 1,0.

3. **Eldri borgarar.**
3.a Bið eftir vistun á hjúkrunarheimili fyrir fólk sem er í mjög brýnni þörf verði ekki lengri en 90 dagar.
3.b Yfir 75% fólks 80 ára og eldra sé við svo góða heilsu að það geti með viðeigandi stuðningi búið heima.
3.c Dregið verði úr tíðni mjaðma- og hryggbrota um 25%.
3.d Yfir 50% fólks 65 ára og eldra hafi a.m.k. 20 tennur í biti.

4. **Geðheilbrigði.**
4.a Dregið verði úr tíðni sjálfsvíga um 25%.
4.b Dregið verði úr tíðni geðraskana um 10%.

5. **Hjarta- og heilavernd.**
5.a Dregið verði úr dánartíðni vegna hjarta- og æðasjúkdóma hjá fólki á aldrinum 25–74 ára:
- Hjá körlum um 20%.
- Hjá konum um 10%.

5.b Dregið verði úr tíðni heilablóðfalla um 30%.

6. **Krabbameinsvarnir.**
Dánartíðni vegna krabbameina hjá fólki yngra 75 ára lækki um 10%.

7. **Slysavarnir.**
7.a Slysum fækki um 25%.
7.b Dauðaslysum fækki um 25%.

II. MEGINÞÆTTIR HEILBRIGÐISÁÆTLUNAR

A. Samábyrgð og jafnræði.

Markmið 1 – Samábyrgð um heilbrigði.

Evrópumarkmið:

Árið 2020 verði munurinn á heilbrigðisástandi ríkja á starfssvæði Evrópuskrifstofu WHO þriðjungi minni en hann er.

Íslensk markmið til 2010:

1. Ísland verði ávallt meðal þeirra fimm þjóða sem búa við bestu heilbrigðisþjónustu í heiminum, samkvæmt gæðakvörðum Sameinuðu þjóðanna.
2. Upphæð sem samsvarar 1% af heilbrigðisútgjöldum verði varið til aðstoðar öðrum löndum við uppbyggingu og þróun heilbrigðisþjónustu.
3. Stuðlað verði að því að velta heilbrigðistækniiðnaðarins samsvari ⅓ af útgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála.

Markmið 2 – Jafnræði til heilbrigðis.

Evrópumarkmið:

Árið 2020 verði sá munur sem er á heilbrigðisástandi einstakra þjóðfélagshópa a.m.k. fjórðungi minni en hann er nú innan allra aðildarríkjanna. Beitt verði sértækum aðgerðum til þess að bæta heilsufar þeirra hópa sem verst eru settir.

Íslensk markmið til 2010:

1. Dregið verði úr mun á lífslíkum einstakra þjóðfélagshópa um a.m.k. 25%.
2. Dregið verði úr mun á aðgengi þjóðfélagshópa og íbúa mismunandi byggðarlaga að heilbrigðisþjónustu.
3. Tryggt verði að þeir sem vegna æsku, fötlunar eða öldrunar eiga erfitt með að gæta réttar síns njóti jafnræðis á við aðra.

B. Bætt heilsufar.

Markmið 3 – Heilbrigt líf frá upphafi.

Evrópumarkmið:

Árið 2020 verði heilsufar nýfæddra barna, ungbarna og barna á leikskólaaldri betra en nú og börnum tryggð heilbrigð uppvaxtarskilyrði frá upphafi.

Íslensk markmið til 2010:

1. Ungbarnadauði verði undir þremur dauðsföllum á hverja 1.000 fædda.
2. Dregið verði úr slysum og slysadauða barna um 25%.
3. Fylgt verði leiðbeiningum landlæknis varðandi reglubundið mat á andlegum, líkamlegum og félagslegum þroska barna á aldrinum 0–6 ára.

Markmið 4 – Heilsufar ungs fólks.

Evrópumarkmið:

Árið 2020 verði ungt fólk á Evrópusvæðinu heilbrigðara og færara um að rækja hlutverk sitt í þjóðfélaginu.

Íslensk markmið til 2010:

1. Dregið verði úr áfengis- og vímuefnaneyslu ungs fólks um 25%.
2. Dregið verði úr reykingum ungs fólks um 50%.
3. Dregið verði úr slysum og dauðaslysum ungs fólks um 25%.
4. Ótímabærum þungunum meðal stúlkna 19 ára og yngri fækki um 50%.

Markmið 5 – Heilbrigð öldrun.

Evrópumarkmið:

Árið 2020 á fólk 65 ára og eldra að hafa tækifæri til þess að njóta góðrar heilsu að fullu og gegna virku félagslegu hlutverki í þjóðfélaginu.

Íslensk markmið til 2010:

1. Yfir 70% íbúa 80 ára og eldri verði við það góða heilsu að þeir geti með viðeigandi stuðningi búið heima og tekið virkan þátt í daglegu lífi.
2. A.m.k. 85% aldraðra verði árlega bólusettir gegn inflúensu og á tíu ára fresti gegn lungnabólgubakteríu.
3. Reglubundnar heilbrigðisskoðanir og athuganir á mati íbúa 65 ára og eldri á eigin heilsu.
4. Bið eftir vistun á hjúkrunarheimili fyrir fólk sem er í mjög brýnni þörf verði ekki meiri en 90 dagar.

C. Forvarnir og heilsuvernd.

Markmið 6 – Bætt geðheilbrigði.

Evrópumarkmið:

Árið 2020 verði andleg og félagsleg vellíðan fólks meiri, þjónusta víðtækari og aðgengilegri fólki með geðræn vandamál.

Íslensk markmið til 2010:

1. Dregið verði úr tíðni geðraskana um 10%.
2. Dregið verði úr tíðni sjálfsvíga um 25%.
3. Geðheilbrigðisþjónusta nái árlega til 2% barna og unglinga á aldrinum 0–18 ára óháð búsetu.
4. Bætt verði aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu og meðferðarúrræðum fjölgað.

Markmið 7 – Dregið verði úr smitsjúkdómum.

Evrópumarkmið:

Árið 2020 verði búið að draga verulega úr skaðvænlegum afleiðingum smitsjúkdóma og með skipulegum aðgerðum búið að útrýma, einangra eða hamla gegn sóttnæmum sjúkdómum sem þýðingu hafa fyrir heilbrigðisástandið.

Íslensk markmið til 2010:

1. Viðhaldið verði öflugum forvörnum gegn smitsjúkdómum með ónæmisaðgerðum.
2. Rauðum hundum og hettusótt verði útrýmt.
3. Dregið verði úr nýgengi klamýdíu um 50%.
4. Bætt verði og aukin kögun á smitsjúkdómum með skipulegri skráningu, markvissum viðbrögðum og samvinnu við erlenda aðila.
5. Dregið verði úr ónæmi sýkla gegn sýklalyfjum.
6. Eflt verði upplýsingastarf og fræðsla fyrir almenning og fagfólk um farsóttir og sóttvarnir.

Markmið 8 – Dregið verði úr langvinnum sjúkdómum.

Evrópumarkmið:

Árið 2020 verði búið að draga eins og mögulegt er úr dánartíðni, örorku og ótímabærum dauðsföllum af völdum langvinnra sjúkdóma á Evrópusvæðinu.

Íslensk markmið til 2010:

1. Dregið verði úr dánartíðni vegna hjarta- og æðasjúkdóma hjá aldurshópnum 25–74 ára: um 20% hjá körlum og 10% hjá konum.
2. Dregið verði úr dánartíðni vegna krabbameina hjá fólki yngra en 75 ára um 10%.
3. Dregið verði áfram skipulega úr veikindum, örorku og dánartíðni vegna öndunarfærasjúkdóma, stoðkerfisvandamála, gigtarsjúkdóma og annarra langvinnra sjúkdóma um þriðjung.

Markmið 9 – Dregið verði úr ofbeldi og slysum.

Evrópumarkmið:

Árið 2020 verði búið að draga verulega og varanlega úr meiðslum, örorku og dauða sem orsakast af slysum og ofbeldi á Evrópusvæðinu.

Íslensk markmið til 2010:

1. Dánartíðni og örorka vegna umferðarslysa lækki um a.m.k. 25%.
2. Dánartíðni og örorka vegna slysa á vinnustað, heimilum og í skóla lækki um 25%.
3. Dregið verði úr tíðni og dauðsföllum vegna heimilisofbeldis, kynferðisofbeldis og annars ofbeldis um 25%.

D. Þverfaglegar aðgerðir.

Markmið 10 – Heilsusamlegt og öruggt umhverfi.

Evrópumarkmið:

Árið 2020 lifi fólk á Evrópusvæðinu í öruggara umhverfi, standi ekki varnarlaust gagnvart eiturefnum sem eru hættuleg heilsunni og fylgt verði alþjóðlega viðurkenndum öryggisstöðlum.

Íslensk markmið til 2010:

1. Framlög til heilbrigðisrannsókna verði tvöfölduð.
2. Gerð verði landsáætlun í umhverfis- og heilbrigðismálum (NEHAP).
3. Skipulegt mat verði reglulega gert á áhrifum umhverfisþátta og vinnuaðstæðna á heilsufar fólks.

Markmið 11 – Heilbrigðari lífshættir.

Evrópumarkmið:

Árið 2015 hafi fólk í öllum þjóðfélagsstéttum tamið sér heilbrigðari lífshætti.

Íslensk markmið til 2010:

1. Stuðlað verði að því að fólk neyti sem fjölbreyttastrar fæðu þar sem hlutfall fitu fyrir fullorðna sé 25–35% orkunnar, sbr. markmið Manneldisráðs.
2. Stuðlað verði að því að neysla grænmetis og ávaxta aukist verulega og verði í samræmi við markmið Manneldisráðs, a.m.k. fimm skammtar á dag.
3. Allur þorri fólks sé líkamlega virkur í frítíma sínum, iðki viðeigandi líkamsþjálfun sem samsvarar 30 mínútna langri göngu a.m.k. fimm sinnum í viku.
4. Öll börn á skólaskyldualdri fái a.m.k. sem samsvarar einni kennslustund á viku í heilbrigðisfræðslu á hverju námsári.

Markmið 12 – Dregið verði úr skaðlegum áhrifum áfengis, ávanalyfja og tóbaks.

Evrópumarkmið:

Árið 2015 verði búið að draga verulega úr skaðvænlegum áhrifum af neyslu vanabindandi efna eins og tóbaks, áfengis og ávanalyfja í öllum aðildarríkjunum.

Íslensk markmið til 2010:

1. Hlutfall fólks á aldrinum 18–69 ára sem reykir verði undir 15% og hlutfall barna og unglinga 14–17 ára sem reykja verði undir 5%.
2. Áfengisneysla verði ekki meiri en 5,0 lítrar af hreinu alkóhóli á ári á hvern íbúa 15 ára og eldri og nánast engin hjá þeim sem yngri eru.
3. Neysla ólöglegra ávanalyfja verði minnkuð a.m.k. um 25% og dánartíðni vegna þeirra lækki um a.m.k. 50%.

Markmið 13 – Heilsuvænt umhverfi.

Evrópumarkmið:

Árið 2015 hafi fólk í aðildarríkjunum fleiri tækifæri til að lifa í heilsuvænu efnislegu og félagslegu umhverfi, hvort sem um er að ræða vinnustað, skóla, heimili eða nágrenni.

Íslensk markmið til 2010:

1. A.m.k. 95% skólabarna fái skipulega fræðslu og þjálfun í heilsueflingu.
2. A.m.k. 50% borga, bæjarfélaga og annarra sveitarfélaga hafi sett sér markmið á sviði heilsueflingar.
3. A.m.k. 20% stórra og meðalstórra fyrirtækja hafi skuldbundið sig til þess að vinna að heilsueflingu starfsfólks.

Markmið 14 – Þverfagleg ábyrgð á heilsufari.

Evrópumarkmið:

Árið 2020 eiga allir þjóðfélagsgeirar að hafa gert sér grein fyrir ábyrgð sinni í heilsufarslegum efnum og viðurkennt hana.

Íslensk markmið til 2010:

1. Sérstaklega verði kveðið á um í lögum, og því fylgt eftir, að allir samfélagsgeirar beri ábyrgð í heilsufarslegum efnum.
2. Skipulegt umhverfismat fari ávallt fram á hugsanlegum áhrifum allra stærri iðnþróunarverkefna, framkvæmda og samfélagsaðgerða á heilsufar fólks.
3. Aðgerðir á sviði menntunar, upplýsingamála og rannsókna beinist í ríkara mæli að því að gera einstaklinga og þjóðfélagsþegnana í heild betur meðvitaða um samábyrgð sína í heilbrigðismálum.

E. Árangursrík heilbrigðisþjónusta.

Markmið 15 – Samhæfður heilbrigðisgeiri.

Evrópumarkmið:

Árið 2010 eigi fólk á Evrópusvæðinu að hafa betri aðgang að fjölskyldu- og samfélagsmótaðri heilsugæslu með sveigjanlega og virka sjúkrahúsaþjónustu að bakhjarli.

Íslensk markmið til 2010:

1. Starfsemi heilbrigðiskerfisins byggist meira á teymisvinnu og samfellu í þjónustu.
2. Heilbrigðisþjónusta utan sem innan stofnana fylgi samhæfðum starfsreglum.

Markmið 16 – Aukin gæði og árangur.

Evrópumarkmið:

Árið 2010 eiga aðildarríkin að vera búin að tryggja að stjórnun heilbrigðisgeirans beinist að því að ná árangri, hvort sem um er að ræða aðgerðir sem ná til fjöldans eða einstaklingsbundna klíníska meðferð.

Íslensk markmið til 2010:

1. Allar heilbrigðisstofnanir þrói með sér árangursmælikvarða og meti starf sitt á þeim grunni og/eða með hliðsjón af viðurkenndum gagnagrunnum.
2. Allar heilbrigðisstofnanir komi sér upp formlegu gæðaþróunarstarfi og fylgi eigin áætlunum í gæðamálum.
3. Yfir 90% sjúklinga séu ánægðir með þá heilbrigðisþjónustu sem þeir fá.

Markmið 17 – Fjármögnun heilbrigðisþjónustu.

Evrópumarkmið:

Árið 2010 hafi öll aðildarríkin tryggt fjármögnun og skiptingu fjárveitinga til heilbrigðiskerfisins á grundvelli jafns aðgangs, hagkvæmni, samábyrgðar og bestu mögulegra gæða.

Íslensk markmið til 2010:

1. Þjónustusamningar verði gerðir við allar heilbrigðisstofnanir landsins til þriggja ára í senn.
2. Þróun framlaga til heilbrigðisþjónustu verði ekki undir árlegum meðalvexti þjóðartekna.

Markmið 18 – Mannafli í þágu heilbrigðis.

Evrópumarkmið:

Árið 2010 skulu öll aðildarríkin hafa tryggt að allar heilbrigðisfagstéttir og fagstéttir í öðrum geirum samfélagsins hafi tileinkað sér viðeigandi þekkingu, viðhorf og hæfni á sviði heilsuverndar og heilsueflingar.

Íslensk markmið til 2010:

1. Árlega verði spáð fyrir um mannaflaþörf heilbrigðisþjónustunnar til næstu fimm til tíu ára.
2. Aðgangur að námi heilbrigðisstétta taki þegar mið af mannaflaþörf heilbrigðisþjónustunnar.
3. Námskrár heilbrigðisstétta taki mið af heilsuþörfum þjóðarinnar og framkvæmd heilbrigðisáætlunar.

F. Rannsóknir, samstarf og verkáætlanir.

Markmið 19 – Rannsóknir og þekking í þágu heilbrigðis.

Evrópumarkmið:

Árið 2005 skulu öll aðildarríkin stunda heilbrigðisrannsóknir og hafa komið sér upp upplýsinga- og samskiptakerfum sem styðja betur öflun, virka nýtingu og útbreiðslu þekkingar til þess að geta framfylgt stefnu WHO um heilsu fyrir alla.

Íslensk markmið til 2010:

1. Framlög til rannsókna og þróunarstarfsemi verði a.m.k. 2% af heildarútgjöldum til heilbrigðismála.
2. Árlega verði 3–5% af fjárframlögum til heilbrigðisstofnana varið til kaupa og endurnýjunar á tölvum, lækningatækjum og öðrum tækjabúnaði.

Markmið 20 – Efling samstarfs í þágu heilbrigðis.

Evrópumarkmið:

Árið 2005 verði búið að fá einstaklinga, hópa og skipulögð samtök til samstarfs við framkvæmd stefnumörkunar WHO um heilbrigði fyrir alla, innan opinbera geirans, einkageirans og almennt í þjóðfélaginu.

Íslensk markmið til 2010:

1. Unnið verði að víðtækri samfélagsþátttöku um framkvæmd stefnumörkunar WHO og íslensku heilbrigðisáætlunarinnar.
2. Skipulega verði kannað á hvern hátt hver samfélagsgeiri eða atvinnugrein getur lagt sitt af mörkum til þess að bæta heilsufar þjóðarinnar.

Markmið 21 – Stefnumál og aðgerðir í þágu heilsu fyrir alla.

Evrópumarkmið:

Árið 2010 skulu öll aðildarríkin vera virk í framkvæmd stefnumörkunarinnar um heilbrigði fyrir alla á landsvísu og svæðisbundið eða á staðbundnum vettvangi. Þetta starf verður að grundvallast á viðeigandi stofnananeti, stjórnkerfi og skapandi forustu.

Íslensk markmið:

1. Skipulags- og stjórnkerfi heilbrigðismála verði endurskoðað með hliðsjón af stefnumörkun WHO og framkvæmd heilbrigðisáætlunarinnar.
2. Skilgreind verði frekari skammtíma- og langtímamarkmið, mælikvarðar og forgangsmál í heilbrigðismálum ásamt aðgerðum og leiðum til þess að ná settum markmiðum, sbr. skýrslu um forgangsröðun.

3. Ákvarðanir verði teknar um verkaskiptingu ríkis, landshluta og sveitarfélaga í heilbrigðismálum.

1470. Frumvarp til laga [602. mál]

um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 20. maí.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætast eftirfarandi skilgreiningar:

Grænt bókhald er efnisbókhald þar sem fram koma upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í viðkomandi starfsemi, aðallega í formi tölulegra upplýsinga.

Skýrsla um grænt bókhald merkir niðurstöður græns bókhalds fyrir hvert bókhaldstímabil þess.

2. gr.

Við 5. gr. laganna bætist nýr töluliður, 17. tölul., svohljóðandi: færslu græns bókhalds, form og framsetningu skýrslna um grænt bókhald, upplýsingar sem þar skulu koma fram, skilafresti á skýrslum um grænt bókhald, aðila sem heimilt er að skila grænu bókhaldi án þess að þeim sé það skylt og endurskoðun þess og birtingu.

3. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, svohljóðandi:

Færa skal grænt bókhald fyrir atvinnustarfsemi sem háð er starfsleyfi skv. 5. gr. og nánar greinir í fylgiskjali II með lögum þessum.

Í grænu bókhaldi skulu koma fram upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í viðkomandi starfsemi, þ.m.t. tölulegar upplýsingar um meginnotkun hráefnis, orku og vatns til starfseminnar, sem og helstu tegundir og magn mengandi efna sem losuð eru í loft, láð eða lög, koma fram í framleiðsluvöru eða falla til sem úrgangur. Ekki er þó skylt að setja í skýrslu um grænt bókhald upplýsingar sem starfsleyfishafi telur vera framleiðsluleyndarmál, enda séu slík atriði tilgreind og ekki gerðar athugasemdir við það af hálfu útgefanda starfsleyfis.

Starfsleyfishafi ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem fram koma í skýrslu um grænt bókhald. Skýrsla um grænt bókhald skal endurskoðuð á sambærilegan hátt og fjárhagsbókhald fyrirtækja.

Senda skal útgefanda starfsleyfis árlega skýrslu um grænt bókhald. Útgefandi starfsleyfis skal kanna hvort skýrsla um grænt bókhald fullnægi þeim formkröfum sem gerðar eru til skýrslna um grænt bókhald. Sé heilbrigðisnefnd útgefandi starfsleyfis skal hún því næst senda skýrsluna áfram til Hollustuverndar ríkisins.

Hollustuvernd ríkisins annast birtingu skýrslna um grænt bókhald og gerð leiðbeininga um grænt bókhald. Birting skýrslu um grænt bókhald felur ekki í sér viðurkenningu Hollustuverndar ríkisins á þeim upplýsingum sem þar koma fram.

4. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, 7. gr. a, svohljóðandi:

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins, veitt undanþágu frá skyldu um færslu græns bókhalds skv. 6. gr. a.

5. gr.

Á eftir 3. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Starfi að minnsta kosti fimm heilbrigðisfulltrúar á viðkomandi eftirlitssvæði í fullu starfi er heimilt að víkja frá því skilyrði að framkvæmdastjóri hafi réttindi sem heilbrigðisfulltrúi, enda sé hann í fullu starfi sem framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits og hafi, auk háskólaprófs, staðgóða þekkingu á heilbrigðiseftirliti.

6. gr.

4. málsl. 2. mgr. 20. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

2. málsl. 2. mgr. 28. gr. laganna orðast svo: Í þeim tilvikum þar sem Hollustuvernd ríkisins fer með eftirlit fer um valdsvið og þvingunarúrræði stofnunarinnar í samræmi við þennan kafla laganna.

8. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Fyrsta bókhaldsár græns bókhalds skal vera árið 2003.

Ráðherra getur með reglugerð heimilað Hollustuvernd ríkisins að semja við starfsleyfishafa sem skuldbinda sig til að taka upp viðurkennd umhverfisstjórnunarkerfi um frest til að taka upp grænt bókhald. Fyrsta bókhaldsár skal þó eigi verða síðar en árið 2006.

9. gr.

Við lögin bætist nýtt fylgiskjal, svohljóðandi:

Starfsemi sem færa skal grænt bókhald.

1. Orkuiðnaður.

1.1. Brennslustöðvar með meiri nafnhitaafköst en 50 MW.
1.2. Jarðolíu- og gashreinsunarstöðvar.
1.3. Koksverksmiðjur.
1.4. Iðjuver þar sem kolagösun og þétting fer fram.

2. Framleiðsla og vinnsla málma.

2.1. Álframleiðsla.
2.2. Kísiljárnframleiðsla.
2.3. Kísilmálmframleiðsla.
2.4. Kísil- og kísilgúrframleiðsla.
2.5. Járn- og stálframleiðsla.
2.6. Sinkframleiðsla.
2.7. Framleiðsla á magnesíum og efnasamböndum sem innihalda magnesíum.

3. Jarðefnaiðnaður.

3.1. Sements- og kalkframleiðsla.

3.2. Stöðvar þar sem vinnsla asbests og framleiðsla vara sem innihalda asbest fer fram.

3.3. Glerullarframleiðsla. Stöðvar þar sem framleiðsla glers, einnig glertrefja, fer fram og sem geta brætt meira en 20 tonn á dag.

3.4. Steinullarframleiðsla. Stöðvar þar sem bræðsla jarðefna, einnig steinullartrefja, fer fram og sem geta brætt meira en 20 tonn á dag.

3.5. Stöðvar þar sem framleiðsla leirvara fer fram með brennslu, einkum þakflísa, múrsteina, eldfastra múrsteina, flísa, leirmuna eða postulíns, sem geta framleitt meira en 75 tonn á dag og/eða rúmtak ofns er meira en 4 m^3 og setþéttleiki hans er meiri en 300 kg/m^3.

4. Efnaiðnaður.

Með framleiðslu í starfsemi sem fellur undir þennan þátt er átt við mikla framleiðslu með efnafræðilegri vinnslu efna eða flokka efna sem er getið í liðum 4.1–4.6.

4.1. Efnaverksmiðjur sem framleiða lífræn grunnefni, svo sem:

a) einföld vetniskolefni,
b) vetniskolefni með súrefni, svo sem alkóhól, aldehýð, ketón, karboxýlsýrur, estera, asetöt, etera, peroxíð, epoxýresín,
c) brennisteinsvetniskolefni,
d) köfnunarefnisvetniskolefni, svo sem amín, amíð, nítursambönd, nítrósambönd eða nítratsambönd, nítríl, sýanöt, ísósýanöt,
e) vetniskolefni með fosfór,
f) halógenvetniskolefni,
g) lífræn málmsambönd,
h) plastefni,
i) gervigúmmí,
j) litarefni og dreifuliti,
k) yfirborðsvirk efni.

4.2. Efnaverksmiðjur sem framleiða ólífræn grunnefni, svo sem:

a) gös, svo sem ammóníak, klór eða vetnisklóríð, flúor eða vetnisflúoríð, koloxíð, brennisteinssambönd, köfnunarefnisoxíð, vetni, brennisteinsdíoxíð, karbónýlklóríð,
b) sýrur, svo sem krómsýru, flúorsýru, fosfórsýru, saltpéturssýru, saltsýru, brennisteinssýru, óleum, brennisteinstvísýrling,
c) basa, svo sem ammóníumhýdroxíð, kalíumhýdroxíð, natríumhýdroxíð,
d) sölt, svo sem ammóníumklóríð, kalíumklórat, kalíumkarbónat, natríumkarbónat, perbórat, silfurnítrat,
e) málmleysingja, málmoxíð eða önnur ólífræn sambönd, svo sem kalsíumkarbíð, kísil, kísilkarbíð.

4.3. Áburðarframleiðsla. Efnaverksmiðjur sem framleiða áburð sem inniheldur fosfór, köfnunarefni eða kalíum (einnig áburðarblöndur).

4.4. Efnaverksmiðjur sem framleiða grunnvörur fyrir plöntuheilbrigði og sæfiefni.

4.5. Stöðvar þar sem notaðar eru efnafræðilegar og líffræðilegar aðferðir við framleiðslu grunnlyfjavara.

4.6. Efnaverksmiðjur sem framleiða sprengiefni.

4.7. Kítín- og kítosanframleiðsla.

4.8. Lím- og málningarvöruframleiðsla.

5. Úrgangsstarfsemi.

5.1. Stöðvar fyrir meðhöndlun, förgun eða endurnýtingu spilliefna.
5.2. Stöðvar fyrir sorpbrennslu sem geta afkastað meira en 3 tonnum á klukkustund.
5.3. Stöðvar fyrir förgun úrgangs annars en spilliefna sem geta afkastað meira en 50 tonnum á dag.
5.4. Urðunarstaðir sem taka við meira en 10 tonnum á dag eða geta afkastað meira í heild en 25.000 tonnum af óvirkum úrgangi.

6. Önnur starfsemi.

6.1. Pappírs- og trjákvoðuframleiðsla. Iðjuver sem framleiða:
a) deig úr viði eða önnur trefjaefni,
b) pappír og pappa og geta framleitt meira en 20 tonn á dag.
6.2. Stöðvar þar sem fram fer formeðferð eða litun trefja eða textílefna og vinnslugeta er meiri en 10 tonn á dag.
6.3. Sútunarverksmiðjur. Stöðvar þar sem fram fer sútun á húðum og skinnum og vinnslugeta er meiri en 12 tonn af fullunninni vöru á dag.
6.4. Matvælavinnsla:
a) Sláturhús sem geta framleitt meira en 50 tonn af skrokkum á dag.
b) Meðferð og vinnsla fyrir matvælaframleiðslu úr:
– hráefnum af dýrum, öðrum en mjólk, þar sem hægt er að framleiða meira en 75 tonn af fullunninni vöru á dag,
– hráefnum af jurtum þar sem hægt er að framleiða að meðaltali meira en 300 tonn af fullunninni vöru á dag.
c) Meðferð og vinnsla mjólkur, tekið er á móti meira en 200 tonnum af mjólk á dag miðað við meðaltal á ársgrundvelli.
6.5. Stöðvar þar sem förgun eða endurvinnsla skrokka og úrgangs af dýrum fer fram og afkastageta er meiri en 10 tonn á dag.
6.6. Stöðvar þar sem þauleldi alifugla eða svína fer fram með fleiri en:
a) 40.000 stæði fyrir alifugla,
b) 2.000 stæði fyrir alisvín yfir 30 kg eða
c) 750 stæði fyrir gyltur.
6.7. Stöðvar þar sem fram fer yfirborðsmeðferð efna, hluta eða afurða með lífrænum leysiefnum, einkum pressun, prentun, húðun, fituhreinsun, vatnsþétting, meðhöndlun eða þakning með límvatni, málun, hreinsun eða gegndreyping og meira en 150 kg eru notuð á klukkustund eða meira en 200 tonn á ári.
6.8. Stöðvar þar sem fram fer framleiðsla kolefna eða rafgrafíts með brennslu eða umbreytingu í grafít.
6.9. Fiskimjölsverksmiðjur með meiri framleiðsluafköst en 400 tonn á sólarhring.
6.10. Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera þar sem ársframleiðsla er meiri en 200 tonn og fráveita til sjávar eða ársframleiðsla er meiri en 20 tonn og fráveita í ferskvatn.
6.11. Olíumalar- og malbikunarstöðvar með fasta staðsetningu.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1471. Þingsályktun [243. mál]

um könnun á áhrifum fiskmarkaða.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 268.

1472. Frumvarp til safnalaga. [224. mál]

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

I. KAFLI

Yfirstjórn og skipulag.

1. gr.

Í lögum þessum er kveðið á um skipulag lista- og minjasafna í þeim tilgangi að varðveita og kynna menningarsögu íslensku þjóðarinnar og náttúrusögu Íslands.

2. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn málefna minja- og listasafna. Til minjasafna teljast menningarminjasöfn og náttúruminjasöfn.

Menntamálaráðherra skipar safnaráð til fjögurra ára í senn. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn fulltrúa auk varamanns og Félag íslenskra safnmanna einn fulltrúa auk varamanns. Auk þeirra eiga sæti í ráðinu forstöðumenn höfuðsafna og skulu þeir tilnefna varamenn í sinn stað. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi ráðsmanna.

3. gr.

Safnaráð er samráðsvettvangur starfsemi lista- og minjasafna. Safnaráð hefur eftirlit með söfnum í eigu ríkisins og söfnum sem hljóta ríkisstyrki. Safnaráð úthlutar úr safnasjóði, sbr. 10. gr.

II. KAFLI

Safnastarfsemi.

4. gr.

Safn er samkvæmt lögum þessum stofnun, opin almenningi, sem hefur það hlutverk að safna heimildum um manninn, sögu hans, umhverfi og náttúru landsins, standa vörð um þær, rannsaka, miðla upplýsingum og hafa þær til sýnis svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar.

5. gr.

Höfuðsöfn eru í eigu íslenska ríkisins og eru miðstöð safnastarfsemi hvert á sínu verksviði. Höfuðsöfn skal stofna með lögum þar sem nánar er kveðið á um starfsemi þeirra. Höfuðsöfn eru öðrum söfnum til ráðgjafar og stuðla þau að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu hvert á sínu sviði.

Höfuðsöfn kalla eftir safnastefnu þeirra safna sem starfa á þeirra sviði. Á fjögurra ára fresti skulu höfuðsöfn semja sameiginlega stefnuyfirlýsingu fyrir það safnasvið sem þau veita forstöðu og skal stefnuyfirlýsing ásamt verkáætlun kynnt safnaráði.

Þjóðminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu. Þjóðminjasafn Íslands annast söfnun, skrásetningu, varðveislu og rannsóknir á minjum um menningarsögu þjóðarinnar og kynningu þeirra, innan lands og utan.

Listasafn Íslands er höfuðsafn á sviði myndlistar. Listasafn Íslands annast heimildasöfnun, kynningu og rannsóknir á íslenskri myndlist.

Náttúruminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Náttúruminjasafn Íslands annast kynningu og sýningar á náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda.

6. gr.

Höfuðsöfn mega ekki taka við gjöfum sem kvaðir fylgja, en þó getur menntamálaráðherra veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstök rök mæla með því. Gjafir og fjárframlög til safna eru frádráttarbær til skatts, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með áorðnum breytingum.

7. gr.

Heimilt er að lána gripi eða verk úr söfnum til sýningar, en þó eigi til útlanda nema með samþykki menntamálaráðherra að fenginni umsögn forstöðumanns viðkomandi höfuðsafns og safnaráðs ef um er að ræða gripi sem falla undir ákvæði laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa. Höfuðsöfnum er heimilt að lána um lengri eða skemmri tíma einstaka gripi eða verk til annarra safna eða opinberra stofnana, en tryggilega skal gengið frá varðveislu þeirra og þeir tryggðir eftir því sem forstöðumaður ákveður. Sama regla gildir um söfn sem hljóta styrki á grundvelli laga þessara. Nánari reglur um útlán muna og verka skal setja í reglugerð.

8. gr.

Ekki má nota myndir af gripum eða verkum höfuðsafna sem vörumerki eða í auglýsingaskyni og ekki heldur gera af þeim myndir eða eftirlíkingar nema með leyfi viðkomandi forstöðumanns enda sé gætt réttar rétthafa samkvæmt höfundalögum. Sama regla gildir um söfn sem hljóta styrki á grundvelli laga þessara.

9. gr.

Hvert höfuðsafn hefur sjálfstæða fjárveitingu í fjárlögum. Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingar á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar hvers höfuðsafns til fimm ára.

III. KAFLI
Safnasjóður o.fl.

10. gr.

Hlutverk safnasjóðs er að styrkja starfsemi safna sem heyra undir lög þessi. Safnaráð úthlutar úr sjóðnum styrkjum til safna samkvæmt sérstökum úthlutunarreglum sem ráðið setur og menntamálaráðherra staðfestir.

Tekjur sjóðsins eru:

a. framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum,
b. önnur framlög.

Öll söfn sem undir lög þessi falla geta sótt um verkefnastyrki til safnasjóðs. Til þess að geta sótt um rekstrarstyrki þarf safn að uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Safnið skal hafa sjálfstæðan fjárhag og vera stjórnað af forstöðumanni í a.m.k. hálfu starfi.
2. Safnið skal starfa eftir stofnskrá sem hlotið hefur staðfestingu safnaráðs og skal starfa eftir stefnu sem endurskoðuð er á fjögurra ára fresti.
3. Safnið skal rekið óaðfinnanlega að mati safnaráðs og fjárhagsgrundvöllur þess skal vera tryggður.
4. Safnið skal vera opið almenningi daglega á auglýstum tíma a.m.k. þrjá mánuði á ári.
5. Safnið skal bjóða upp á safnfræðslu eftir því sem við verður komið.
6. Safnið skal skrá safngripi eftir viðurkenndu skráningarkerfi.
7. Safnið skal fylgja viðurkenndum alþjóðlegum siðareglum safna.

Höfuðsöfn og önnur söfn, sem rekin eru af ríkinu, geta ekki notið styrkja úr safnasjóði.

11. gr.

Nú vilja stjórnendur safns sem uppfyllir skilyrði laga þessara um rekstrarstyrk, sbr. 10. gr., afla sér húsnæðis fyrir safnið, hvort heldur með kaupum eða nýsmíði, og eiga þeir þá kost á að fá styrk til þess úr ríkissjóði, allt að einum þriðja hluta kostnaðar, eftir því sem fé kann að vera veitt til þess í fjárlögum enda samþykki safnaráð húsnæðið og stofnkostnað. Framlag ríkissjóðs skal innt af hendi samkvæmt sérstökum samningi og greiðsluáætlun sem stjórnendur safns gera við menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti áður en framkvæmdir hefjast.

12. gr.

Nú telur safnaráð að safni sem hlýtur ríkisstyrk sé hætta búin sökum vanhirðu eða af öðrum orsökum og ekki hefur fengist úr bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir og getur þá menntamálaráðherra svipt safnið ríkisstyrk.

IV. KAFLI
Almenn ákvæði.

13. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið eru numin úr gildi ákvæði II. kafla þjóðminjalaga, nr. 88/1989, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Söfn sem nú starfa samkvæmt sérstökum lögum skulu laga starfsemi sína að lögum þessum innan tveggja ára frá gildistökudegi þeirra. Á þeim tíma skal lokið við að endurskoða löggjöf um starfsemi þeirra.

Ákvæði 5. mgr. 5. gr. sem kveður á um að Náttúruminjasafn Íslands hafi stöðu höfuðsafns kemur ekki til framkvæmda fyrr en sett hafa verið sérlög um Náttúruminjasafn Íslands í samræmi við lög þessi. Náttúruminjasöfn eiga eftir sem áður rétt á styrkjum úr safnasjóði á grundvelli 10. gr. með sama hætti og önnur minjasöfn.

II.

Þar til Náttúruminjasafn Íslands hefur verið sett á stofn, sbr. 5. mgr. 5. gr., skal forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands eiga sæti í safnaráði og tilnefna varamann í sinn stað. Eftir þann tíma tekur forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands sæti í safnaráði samkvæmt lögum þessum.

1473. Frumvarp til þjóðminjalaga. [223. mál]

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

I. KAFLI
Yfirstjórn og skipulag.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Lögin eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarsögulegra minja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarsögulegum minjum landsins og greiða fyrir rannsóknum á þeim.

Til menningarsögulegra minja teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornleifar og gömul mannvirki, kirkjugripir og minningarmörk, forngripir, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Til slíkra minja geta einnig talist staðir sem tengjast menningarsögu.

Þjóðminjar teljast þær minjar er varða menningarsögu Íslendinga sem ákveðið hefur verið að varðveita í Þjóðminjasafni Íslands, í byggðasöfnum eða með friðlýsingu.

Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar fornleifar og hins vegar forngripir.

2. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þjóðminjavörslu í landinu. Þjóðminjasafn Íslands, Fornleifavernd ríkisins og fornleifanefnd annast framkvæmd þjóðminjavörslunnar svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Þjóðminjavörður og forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins starfa saman að mörkun stefnu og gerð langtímaáætlunar um þjóðminjavörsluna í heild.

II. KAFLI
Þjóðminjasafn Íslands og byggðasöfn.

3. gr.

Þjóðminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslunnar. Það annast söfnun, skrásetningu, varðveislu og rannsóknir á minjum um menningarsögu þjóðarinnar og kynningar þeirra, innan lands og utan. Þjóðminjasafn Íslands er byggðasöfnum og öðrum minjasöfnum til ráðgjafar og stuðlar að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu á sviði þjóðminjavörslunnar.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Þjóðminjasafns Íslands, þjóðminjavörð, til fimm ára í senn. Skipaður skal maður með sérfræðimenntun og staðgóða þekkingu á starfsemi safnsins og stjórnunarreynslu.

4. gr.

Til byggðasafna teljast samkvæmt lögum þessum önnur söfn en Þjóðminjasafn Íslands sem sett hafa verið á stofn í þeim tilgangi sem segir í 5. gr., hlotið hafa viðurkenningu þjóðminjavarðar og uppfylla skilyrði um rekstrarstyrki safna samkvæmt safnalögum.

5. gr.

Hlutverk Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar, svo sem forngripi, kirkjugripi, listmuni, nytjahluti, svo og myndir, hljóðritanir og skráðar heimildir um þjóðhætti og kynna þær almenningi, innan lands og utan. Til slíkra minja geta einnig talist hús sem hafa sérstakt gildi að mati þjóðminjavarðar.

Hverju byggðasafni ber að leggja áherslu á söfnun og sýningu muna sem telja má einkennandi eða hafa sögulegt gildi fyrir hlutaðeigandi byggðarlag eða landsfjórðung.

Þjóðminjasafn Íslands skal stuðla að rannsóknum á minjum um menningarsögu Íslendinga og útgáfu fræðilegra rita um þær.

Í Þjóðminjasafni Íslands skulu varðveittir aflagðir kirkjugripir og þeir gripir sem Fornleifavernd ríkisins og forráðamenn kirkna eru sammála um að eigi sé ástæða til að hafa í kirkju lengur. Þó getur þjóðminjavörður í samráði við Fornleifavernd ríkisins falið viðkomandi byggðasafni varðveislu gripanna.

III. KAFLI
Fornleifavernd ríkisins.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Fornleifaverndar ríkisins til fimm ára í senn. Þá eina má ráða í embættið sem hafa sérfræðimenntun í fornleifafræði eða minjafræði og hafa reynslu af stjórnunarstörfum.

Fornleifavernd ríkisins fjallar um og veitir leyfi til allra staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsókna. Fornleifavernd ríkisins er söfnum og öðrum hlutaðeigandi aðilum til ráðgjafar um varðveislu og kynningu menningarsögulegra minja er heyra undir starfssvið hennar. Fornleifavernd ríkisins hefur eftirlit með öllum fornleifarannsóknum og er hlutaðeigandi aðilum til ráðgjafar um skráningu, rannsóknir og varðveislu fornleifa.

7. gr.

Heimilt er að skjóta ákvörðunum Fornleifaverndar ríkisins er varða rétt eða skyldu manna, svo sem ákvörðunum er varða leyfisveitingar og rannsóknir, sbr. 10. gr., stöðvun framkvæmda, sbr. 13. og 14. gr., og leyfisveitingar, sbr. 15. gr., til úrskurðar fornleifanefndar.

Menntamálaráðherra skipar fornleifanefnd til fjögurra ára í senn. Félög fornleifafræðinga tilnefna tvo fulltrúa og þrír fulltrúar skulu skipaðir án tilnefningar. Skal a.m.k. einn þeirra vera með próf í fornleifafræði og annar með embættispróf í lögfræði. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

Fornleifanefnd fjallar eingöngu um mál sem skotið er til hennar á grundvelli 1. mgr.

Menntamálaráðherra skal í reglugerð setja nánari reglur um starfsemi nefndarinnar.

IV. KAFLI
Minjasvæði, fornleifar og forngripir.

8. gr.

Landinu er skipt í minjasvæði eftir ákvæðum í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum Fornleifaverndar ríkisins. Í Reykjavík fer borgarminjavörður með minjavörslu. Forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins ræður aðra minjaverði er hafa umsjón með minjasvæðum samkvæmt nánari ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins. Þeir eru starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins.

Minjaverðir skulu vera menntaðir fornleifafræðingar eða hafa menntun í menningarsögu. Fornleifavernd ríkisins er heimilt að fela forstöðumanni byggðasafns að gegna hlutverki minjavarðar á viðkomandi minjasvæði samkvæmt sérstökum starfssamningi.

Fornleifavernd ríkisins er heimilt að stofna minjaráð á hverju minjasvæði. Minjaráð skulu skipuð forstöðumönnum allra viðurkenndra byggðasafna á svæðinu ásamt minjaverði. Hlutverk þess er að fjalla um fornminjar og varðveislu þeirra í samráði við Fornleifavernd ríkisins.

9. gr.

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.

10. gr.

Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

Fornleifavernd ríkisins hefur rétt til að láta rannsaka fornleifar með greftri eða á annan hátt og gera það sem þarf til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en gera skal landeiganda eða ábúanda viðvart um það áður.

11. gr.

Fornleifavernd ríkisins lætur, eftir föngum, skrá allar þekktar fornleifar og gefur út skrá um friðlýstar fornleifar og skal hún endurskoðuð á þriggja ára fresti. Fornleifavernd ríkisins lætur skrár þessar í té Þjóðminjasafni Íslands.

Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Fornleifavernd ríkisins ákveður hvaða fornleifar skulu friðlýstar. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar. Friðlýsa má samfelld svæði, minjasvæði, þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn og ytri mörk hans tilgreind svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt. Fornleifavernd ríkisins skal sjá til þess að friðlýstar fornleifar eða minjasvæði séu merkt með sérstökum merkjum. Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðlýsinguna. Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort. Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðlýsingar áfram.

Fornleifavernd ríkisins getur afturkallað friðlýsingu og skal afturköllunin auglýst með sama hætti og friðlýsingin.

12. gr.

Hver sá sem verður var við að fornleifar liggi undir skemmdum skal gera Fornleifavernd ríkisins viðvart. Ef fyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal viðkomandi sveitarfélag eða framkvæmdaraðili gera Fornleifavernd ríkisins viðvart með hæfilegum fyrirvara. Fornleifavernd ríkisins ákveður að höfðu samráði við Náttúruvernd ríkisins hvort rannsóknar er þörf, hvort friðlýsa beri viðkomandi stað eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum.

13. gr.

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

14. gr.

Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggað geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð, veitulagnir og skógrækt, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.

Kostnaður Fornleifaverndar ríkisins vegna athugunar á fornleifafundi sem gerð er í því augnamiði að staðfesta eðli og umfang fundarins skal greiddur af stofnuninni.

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað vegna þeirra rannsókna á fornleifum sem Fornleifavernd ríkisins úrskurðar að séu nauðsynlegar vegna athafna hans.

Fornleifavernd ríkisins er heimilt að leiðbeina framkvæmdaraðilum um kostnaðaráætlun, útboð og framkvæmd rannsóknarverkefna.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um efni þessarar greinar.

15. gr.

Fornleifavernd ríkisins annast eftirlit með rannsóknum á fornleifum í landinu.

Með fornleifarannsókn er átt við hvers kyns jarðrask, sem fram fer í vísindalegum tilgangi og með það að markmiði að rannsaka jarðfastar fornleifar, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á rannsóknarsvæðinu.

Þegar Fornleifavernd ríkisins veitir leyfi til stað- og tímabundinna fornleifarannsókna, sbr. 2. mgr. 6. gr., skal þess gætt að stjórnandi þeirra hafi tilskilda menntun í fornleifafræði. Skal leyfi vera skriflegt hverju sinni og sá sem slíkt leyfi fær hlíta þeim reglum sem Fornleifavernd ríkisins setur þar að lútandi, svo sem um skil á rannsóknarskýrslum og birtingu þeirra og um skil á gripum sem finnast við rannsóknina, sbr. 18. gr.

Fornleifavernd ríkisins skal taka afstöðu til fram kominna umsókna um rannsóknarleyfi svo fljótt sem við verður komið.

Fornleifavernd ríkisins skal leitast við að bjóða út þær fornleifarannsóknir sem hún telur nauðsynlegar á hverjum tíma.

16. gr.

Óheimil er notkun málmleitartækja eða annars tækjabúnaðar við leit að forngripum í jörðu nema með sérstöku leyfi þjóðminjavarðar.

17. gr.

Skylt er að viðhalda á kostnað ríkissjóðs friðlýstum fornleifum.

18. gr.

Forngripir eru lausar fornminjar, einstakir hlutir, 100 ára og eldri. Þegar forngripir finnast sem liggja eða legið hafa í jörðu skal finnandi tilkynna Fornleifavernd ríkisins fundinn svo fljótt sem við verður komið.

Finnandi skal ekki hagga við fundinum nema nauðsynlegt sé að taka hann eða hluta hans þegar til umhirðu með því að ella væri hætta á að munir spilltust eða færu forgörðum. Ákvæði 1. mgr. taka til allra muna sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og einnig til leifa af líkömum manna og dýra sem finnast í fornum haugum, dysjum eða leiðum. Allir munir, sem grein þessi fjallar um, sem og 15. gr., eru eign ríkisins. Skulu þeir varðveittir í Þjóðminjasafni Íslands eða í hlutaðeigandi byggða- eða minjasafni. Ef upp kemur ágreiningur um hvar varðveita skuli forngripi sker þjóðminjavörður úr.

19. gr.

Finnandi forngrips á rétt á greiðslu að mati Fornleifaverndar ríkisins vegna útgjalda sem hann hefur haft vegna fundarins. Nú finnst forngripur úr gulli eða silfri, þar á meðal gullpeningar eða silfurpeningar, og skal þá Fornleifavernd ríkisins meta málmverð hlutarins og

leggja ofan á tíu af hundraði. Skal annar helmingur fjárhæðarinnar greiddur finnanda en hinn landeiganda. Útgjöld samkvæmt grein þessari skulu greidd úr ríkissjóði að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

V. KAFLI
Kirkjugripir og minningarmörk.

20. gr.

Forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins ákveður í samráði við þjóðminjavörð friðlýsingu og varðveislu kirkjugripa sem varðveittir eru í kirkjum landsins og hann telur friðunarverða vegna sögulegs eða listræns gildis þeirra. Gripir hverrar kirkju sem friðlýstir eru skulu skráðir sérstaklega.

Munir, sem á friðlýsingarskrá eru teknir skv. 1. mgr., eru friðhelgir. Óheimilt er að raska þeim eða spilla. Ekki má heldur farga þeim né flytja þá burtu nema með leyfi forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins. Forráðamönnum kirkna ber að vernda skráða kirkjugripi.

21. gr.

Forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins friðlýsir þá legsteina eða önnur minningarmörk í kirkjugörðum sem hann telur rétt að vernda vegna sögulegs eða listræns gildis þeirra.

Halda skal nákvæmar skrár yfir minningarmörk og skulu minningarmörk í hverjum kirkjugarði skráð sérstaklega. Minningarmörk sem tekin eru á friðlýsingarskrá eru friðhelg. Óheimilt er að raska þeim eða spilla. Kirkjugarðsstjórnir annast vernd skráðra minningarmarka svo sem segir í lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993.

22. gr.

Fornleifavernd ríkisins heldur skrár skv. 20. og 21. gr. og lætur þær í té sóknarprestum, prófföstum og sóknarnefndum sem hlut eiga að máli.

23. gr.

Sé kirkja lögð niður skulu gripir hennar renna til Þjóðminjasafns Íslands eða til annarra kirkna að höfðu samráði milli forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins, þjóðminjavarðar og biskups eða prófasts. Gildir þetta jafnt um bændakirkjur sem safnaðarkirkjur. Þjóðminjasafn Íslands skal eiga forkaupsrétt að kirkjugripum í einkaeign ef seldir verða.

VI. KAFLI
Fornleifasjóður.

24. gr.

Fornleifasjóður hefur það hlutverk að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornleifum og forngripum. Menntamálaráðherra skipar fornleifasjóði þriggja manna stjórn sem úthlutar úr sjóðnum styrkjum til rannsóknar- og varðveisluverkefna og ber stjórnin ábyrgð á umsýslu sjóðsins. Menntamálaráðherra setur sjóðnum sérstakar úthlutunarreglur. Stjórn fornleifasjóðs skal þannig skipuð: Einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera fornleifafræðingur. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna.

Tekjur sjóðsins eru:

1. framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum,
2. önnur framlög.

VII. KAFLI
Almenn ákvæði.

25. gr.

Hver sá sem fyrir fjártjóni verður vegna framkvæmda á ákvæðum IV. kafla laga þessara á rétt á skaðabótum úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

26. gr.

Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum sem út eru gefin vegna framkvæmda á lögum þessum.

27. gr.

Brot gegn ákvæðum 10.–15. gr., 18. gr., 20. gr. og 21. gr. varða sektum til ríkissjóðs nema þyngri refsing liggi við broti skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

28. gr.

Fornleifavernd ríkisins skal a.m.k. árlega birta skrár þær sem stofnuninni ber að færa samkvæmt lögum þessum.

29. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra. Í reglugerðinni skal m.a. kveða nánar á um samstarf Fornleifaverndar ríkisins, Þjóðminjasafns Íslands og húsafriðunarnefndar.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma að fullu til framkvæmda innan þriggja mánaða frá gildistöku þeirra. Með lögum þessum falla úr gildi ákvæði I., II., III., IV. og VII. kafla laga nr. 88/1989, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umboð þjóðminjaráðs og fornleifanefndar samkvæmt lögum nr. 88/1989, með síðari breytingum, fellur niður við gildistöku laganna. Ný fornleifanefnd skal skipuð innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna.

Leyfi til fornleifarannsókna sem veitt hafa verið fyrir gildistöku laga þessara halda gildi sínu.

Starfandi þjóðminjavörður gegnir embætti sínu í allt að þrjá mánuði frá gildistöku laga þessara eða þar til skipað hefur verið í embætti þjóðminjavarðar, sbr. 3. gr., og forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins, sbr. 6. gr., og skal embætti hans lagt niður frá og með þeim tíma.

Þeir starfsmenn sem eru fastráðnir hjá Þjóðminjasafni Íslands við gildistöku laga þessara skulu halda öllum starfsréttindum sínum óbreyttum, þar með töldum réttindum sem byggjast á starfs- og þjónustualdri annaðhvort hjá Fornleifavernd ríkisins eða hjá Þjóðminjasafni Íslands samkvæmt nánara samkomulagi við forstöðumenn stofnananna. Breyting á starfsstöð starfsmannanna sem lög þessi hafa í för með sér felur því ekki í sér niðurlagningu starfa þeirra í skilningi starfsmannalaga, nr. 70/1996, og gilda þau ákvæði því ekki um þá.

1474. Breytingartillögur [223. mál]

við frv. til þjóðminjalaga.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Við 5. gr.
   a. Á eftir orðinu „rannsaka“ í 1. mgr. komi: fornleifar og aðrar.
   b. Síðari málsliður 1. mgr. orðist svo: Til slíkra minja geta einnig talist hús sem hafa sérstakt gildi og hafa verið tekin á skrá húsasafns Þjóðminjasafns Íslands.
   c. Fyrri málsliður 4. mgr. orðist svo: Í Þjóðminjasafni Íslands skulu varðveittir aflagðir kirkjugripir og þeir gripir sem þjóðminjavörður, Fornleifavernd ríkisins og forráðamenn kirkna eru sammála um að eigi sé ástæða til að hafa í kirkju lengur.
2. Við 8. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Minjaverðir skulu sinna málefnum húsaverndar í samvinnu við Húsafriðun ríkisins.
3. Við 9. gr. Í stað orðsins „búsetulandslag“ í a-lið 1. mgr. komi: menningarlandslag.
4. Við 11. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Leita skal umsagnar Fornleifaverndar ríkisins við úrskurði um mat á umhverfisáhrifum.
   b. Í stað 2. mgr. komi tvær málsgreinar, svohljóðandi:
      Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess sem hér segir:
      a. *Svæðisskipulag:* Skrá er gerð yfir heimildir um fornleifar á svæðinu og þau minjasvæði tilgreind sérstaklega sem kanna þarf frekar út frá heimildum.
      b. *Aðalskipulag*: Gerð er yfirlitsskráning á fornleifum með vettvangskönnun og minjar staðsettar með GPS-tæki. Ef þess er óskað er gerð ítarlegri fornleifaskráning á svæðinu í heild eða afmörkuðum hlutum þess ef kostur er. Minjar verði staðsettar á stafrænum kortagrunni ásamt lágmarksupplýsingum um tegund, landareign, minjagildi og þess háttar.
      c. *Deiliskipulag:* Gerð er ítarleg fornleifaskráning og skýrsla gefin út að skráningu lokinni þar sem uppmæling, teikning og nánari lýsing fylgir hverri rúst.

      Skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.
5. Við 15. gr. 5. mgr. falli brott.
6. Við 20. gr. Í stað orðanna „Forstöðumaður Fornleifaverndar ákveður í samráði við Þjóðminjavörð“ í 1. mgr. komi: Þjóðminjavörður ákveður.
7. Við 22. gr. Greinin orðist svo:
   Þjóðminjavörður heldur skrá skv. 20. gr. og Fornleifavernd ríkisins skv. 21. gr. og skulu þær látnar í té sóknarprestum, próföstum og sóknarnefndum sem hlut eiga að máli.

1475. Frumvarp til laga [225. mál]

um húsafriðun.

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

I. KAFLI
Yfirstjórn og skipulag.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að varðveita íslenska byggingararfleifð sem hefur menningarsögulegt gildi.

Lögin kveða á um friðun húsa og annarra mannvirkja og skipulag húsafriðunar.

2. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn húsafriðunar í landinu.

Menntamálaráðherra skipar húsafriðunarnefnd til fjögurra ára í senn. Arkitektafélag Íslands tilnefnir einn fulltrúa, Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn og þrír fulltrúar skulu skipaðir án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

3. gr.

Húsafriðunarnefnd stuðlar að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar og metur hvaða hús er rétt að friða hverju sinni og gerir um það tillögur til menntamálaráðherra. Nefndin hefur samráð við embætti þjóðminjavarðar og minjavörð þess landsvæðis sem hús tilheyrir þegar fjallað er um friðun húss. Húsafriðunarnefnd fer með yfirstjórn og veitir styrki úr húsafriðunarsjóði. Jafnframt er húsafriðunarnefnd umsagnaraðili fyrir ráðherra í málum er snerta húsafriðun.

Þjóðminjavörður eða fulltrúi hans hefur seturétt á fundum húsafriðunarnefndar.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann húsafriðunarnefndar til fimm ára í senn. Kveða skal á um störf hans að öðru leyti í reglugerð.

II. KAFLI
Friðun húsa og annarra mannvirkja.

4. gr.

Friða má mannvirki, hús eða húshluta, sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Friðun getur náð til nánasta umhverfis friðaðs mannvirkis. Friða má samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðunar um hvert einstakt þeirra. Tilgangur friðunarinnar er að tryggja sem besta varðveislu friðaða mannvirkisins.

5. gr.

Menntamálaráðherra ákveður friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar. Ráðherra getur að tillögu húsafriðunarnefndar ákveðið að afnema friðun sem byggist á aldursákvæðum 6. gr.

Friðun sem ákveðin var í tíð eldri laga heldur gildi sínu.

6. gr.

Öll hús, sem reist eru fyrir 1850, eru friðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918.

Eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, er skylt að leita álits hjá húsafriðunarnefnd með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.

Húsafriðunarnefnd skal innan fjögurra vikna tilkynna viðkomandi aðilum, að fenginni umsögn minjavarðar, hvort hún telur ástæðu til friðunar.

Byggingarfulltrúum ber að fylgjast með því að eigendur húsa, sem fjallað er um í þessari grein, leiti eftir áliti húsafriðunarnefndar og minjavarða áður en leyfi er veitt til framkvæmda.

7. gr.

Ákvörðun um friðun skal tilkynna húseiganda, öðrum þeim sem eiga þinglesin réttindi yfir eigninni, hlutaðeigandi lögreglustjóra, bæjar- eða sveitarstjórn og byggingarnefnd. Greina skal í tilkynningu til hvers friðunin nær.

Þinglýsa skal friðun sem kvöð á fasteign sem í hlut á og auglýsa friðunina í Stjórnartíðindum. Þinglýsingarstjóri skal tilkynna húsafriðunarnefnd ef þinglesin eru eigendaskipti að friðaðri húseign.

Heimilt er að fella niður fasteignagjöld af friðuðum húsum.

8. gr.

Telji húsafriðunarnefnd hættu á að hús, sem hefur menningarsögulegt eða listrænt gildi en hefur þó ekki verið friðað, verði rifið eða gildi þess rýrt á nokkurn hátt getur hún ákveðið skyndifriðun viðkomandi húss.

Skyndifriðun tekur gildi þegar húsafriðunarnefnd hefur tilkynnt með tryggilegum hætti öllum hlutaðeigandi aðilum, sbr. 7. gr., ákvörðun sína og gildir hún í tvær vikur. Skyndifriðun þarf ekki að þinglýsa.

Meðan á skyndifriðun stendur gilda að öðru leyti allar reglur um friðun.

Menntamálaráðherra ákveður að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar hvort friða skuli viðkomandi hús áður en skyndifriðun lýkur.

9. gr.

Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðaðri húseign án leyfis húsafriðunarnefndar.

Við endurbætur og viðhald friðaðra fasteigna skal leitað álits og samþykkis húsafriðunarnefndar. Leyfi nefndarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðuð hús.

Vilji eigandi friðaðrar eignar ráðast í framkvæmd, sem leyfi þarf til skv. 1. mgr., skal hann í umsókn sinni til húsafriðunarnefndar lýsa nákvæmlega fyrirhuguðum framkvæmdum og láta uppdrátt fylgja. Nefndin skal svo fljótt sem við verður komið, og í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst, gera eiganda grein fyrir afstöðu sinni. Setji nefndin það skilyrði fyrir samþykki sínu að verk sé framkvæmt á tiltekinn annan hátt en tilgreindur er í umsókn er eiganda skylt að hlíta því. Skal eigandi fá greiddan aukakostnað sem leiðir af fyrirmælum nefndarinnar.

10. gr.

Ef breytingar hafa verið gerðar á friðuðu húsi án leyfis húsafriðunarnefndar getur nefndin lagt fyrir eiganda að færa húsið í fyrra horf innan hæfilegs frests. Nú sinnir eigandi ekki fyrirmælum nefndarinnar og getur hún þá að fengnu samþykki menntamálaráðherra látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

11. gr.

Ef vanrækt er viðhald friðaðs húss getur húsafriðunarnefnd lagt fyrir eiganda að gera umbætur innan hæfilegs frests. Nú líður frestur án þess að úr sé bætt og getur þá húsafriðunarnefnd að fengnu samþykki menntamálaráðherra látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

12. gr.

Nú verður friðuð eign fyrir spjöllum af eldi eða öðrum ástæðum og skal eigandi eða sá er afnot hefur af eigninni þá gera húsafriðunarnefnd viðvart um það þegar í stað. Lætur nefndin þá fara fram skoðunargerð og mat á spjöllum. Ef ráðist verður í endurbyggingu gilda ákvæði 9. gr.

13. gr.

Nú vill eigandi friðaðs húss rífa húsið eða flytja það af stað sínum og skal hann þá sækja um leyfi til þess til húsafriðunarnefndar. Nefndin skal svo fljótt sem við verður komið, og í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst, senda menntamálaráðherra umsóknina með tillögum sínum um hvort fella skuli niður friðun og aflýsa friðunarkvöðinni eða skilgreina að nýju til hvaða þátta friðun hússins nær.

14. gr.

Ef byggingarnefnd verður vör við að friðuð eign hefur orðið fyrir spjöllum eða að henni er ekki vel við haldið skal hún gera húsafriðunarnefnd viðvart.

15. gr.

Húsafriðunarnefnd hefur rétt til að framkvæma eiganda að kostnaðarlausu hvers konar eftirlit með friðaðri eign og skoðanir sem gera þarf vegna ákvæða þessa kafla.

III. KAFLI
Um húsafriðunarsjóð.

16. gr.

Starfrækja skal húsafriðunarsjóð til að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðaðra húsa. Tekjur sjóðsins eru:

a. framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum,
b. framlag sveitarfélaga,
c. frjáls framlög.

Framlag sveitarfélaga skal miðað við að það nemi 150 kr. á hvern íbúa hlutaðeigandi sveitarfélags.

Framlög sveitarfélaga greiðast úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

17. gr.

Hlutverk húsafriðunarsjóðs er að veita styrki til viðhalds og endurbóta á friðuðum húsum og mannvirkjum. Heimilt er að veita styrki til viðhalds annarra húsa en friðaðra sem að dómi húsafriðunarnefndar hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Sjóðnum ber að stuðla að byggingarsögulegum rannsóknum og útgáfu rita um þær.

18. gr.

Húsafriðunarnefnd stjórnar húsafriðunarsjóði og ákveður styrki úr honum samkvæmt sérstökum úthlutunarreglum sem menntamálaráðherra staðfestir. Skal þar m.a. kveðið á um skyldur þeirra sem fjárframlög fá úr sjóðnum. Slík framlög eru undanþegin tekjuskatti.

Húsafriðunarnefnd ber ábyrgð á fjárreiðum húsafriðunarsjóðs.

IV. KAFLI
Almenn ákvæði.

19. gr.

Hver sá sem verður fyrir fjártjóni vegna framkvæmda húsafriðunarnefndar, sbr. II. kafla, á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

20. gr.

Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum sem út eru gefin vegna framkvæmda á lögum þessum.

21. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. mgr. 6. gr., 9. gr., 12. gr. og 14. gr. varða sektum til ríkissjóðs nema þyngri refsing liggi við broti skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

22. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi ákvæði V. kafla þjóðminjalaga, nr. 88/1989, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfandi húsafriðunarnefnd við gildistöku laga þessara skal sitja áfram eftir gildistöku þeirra þar til ný húsafriðunarnefnd hefur verið skipuð í samræmi við ákvæði þessara laga, þó ekki lengur en til 31. desember 2000. Hlutverk hennar skal þá einvörðungu vera að hafa eftirlit með framvindu þegar styrktra verkefna, að framvinda þeirra og framkvæmd séu í samræmi við umsóknir og forsendur styrkveitinga.

Við gildistöku laga þessara skal þegar hafinn undirbúningur að skipan húsafriðunarnefndar í samræmi við ákvæði þeirra og skipunartími nefndarinnar hefjast eigi síðar en 1. janúar 2001.

Þeir starfsmenn sem eru fastráðnir hjá Þjóðminjasafni Íslands og starfa á vegum húsafriðunarnefndar við gildistöku laga þessara skulu halda öllum starfsréttindum sínum óbreyttum, þar með töldum réttindum sem byggjast á starfs- og þjónustualdri. Breyting á stöðu starfsmanns sem lög þessi hafa í för með sér felur því ekki í sér að staða sé lögð niður í skilningi starfsmannalaga, nr. 70/1996.

1476. Breytingartillögur [225. mál]

við frv. til l. um húsafriðun.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Í stað orðsins „húsafriðunarnefnd“ hvarvetna í frumvarpinu komi í viðeigandi föllum: Húsafriðun ríkisins.
2. Í stað orðanna „tvær vikur“ í 2. mgr. 8. gr. komi: fjórar vikur.

1477. Lög [671. mál]

um skipan opinberra framkvæmda.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1435.

1478. Lög [687. mál]

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1436.

1479. Lög [731. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1437.

1480. Lög [772. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1170.

1481. Lög [480. mál]

um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 766.

1482. Lög [707. mál]

um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1420.

1483. Lög [708. mál]

um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 107/1999.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1130.

1484. Lög [348. mál]

um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1453 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Alþjóðasamþykktin* er alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW) frá 1978 með síðari breytingum.
2. *Skip* er hvert það skip sem skráð er samkvæmt lögum um skráningu skipa og lög þessi taka til.
3. *Farþegaskip* er hvert það skip, skrásett sem farþegaskip, sem getur flutt fleiri en 12 farþega til og frá landinu, milli hafna innan lands og utan.
4. *Flutningaskip* er hvert það skip, skrásett sem flutningaskip, er siglir með varning til og frá landinu, milli hafna innan lands og utan.
5. *Áritun* er viðurkenning skírteina erlendra ríkisborgara til starfa á íslenskum skipum samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.
6. *Skipstjóri* er sá sem fer með æðsta vald á skipi.
7. *Yfirstýrimaður* er skipstjórnarmaður sem gengur næst skipstjóra og tekur við skipstjórn í forföllum hans.
8. *Yfirvélstjóri* er æðsti vélstjóri um borð og ber ábyrgð á vélum sem knýja skipið, rekstri og viðhaldi vél- og rafbúnaðar þess.
9. *1. vélstjóri* er sá vélstjóri sem gengur næst yfirvélstjóra og ber ábyrgð á vélum sem knýja skipið, rekstri og viðhaldi vél- og rafbúnaðar þess í forföllum yfirvélstjóra. 1. vélstjóri er sá sami og telst annar vélstjóri samkvæmt alþjóðasamþykktinni og skal uppfylla sömu kröfur og þar eru gerðar.
10. *Fjarskiptamaður* er lögmætur handhafi skírteinis sem er gefið út eða viðurkennt af Siglingastofnun Íslands samkvæmt ákvæðum alþjóðaradíóreglugerðarinnar.
11. *Skírteini* er staðfesting á réttindum samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Í skírteininu skal tilgreina á hvaða ábyrgðarsviði handhafi þess má vinna, á skipi hvaða gerðar og stærðar og með hvaða vélarafli og vélbúnaði.
12. *Siglingatími* er viðurkenndur starfstími um borð í skipi sem er í förum og krafist er vegna útgáfu skírteinis samkvæmt lögum þessum.
13. *Sjómannaskóli* er menntastofnun sem er viðurkennd af menntamálaráðherra eða samgönguráðherra og uppfyllir skilyrði alþjóðasamþykktarinnar um nám og kennslu.
14. *Innanlandssigling* er sigling innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.
15. *Öryggismönnun* er ákvörðun Siglingastofnunar Íslands um lágmarksfjölda í áhöfn farþega- og flutningaskipa skv. 12. gr.
16. *Brúttótonn* er mælieining fyrir heildarstærð skips eins og hún er ákvörðuð samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktar um skipamælingar frá 23. júní 1969.
17. *Ábyrgðarsvið* tekur til menntunar og þjálfunar, skiptingar starfa og ábyrgðar um borð í flutninga- eða farþegaskipi og skiptist í stjórnunarsvið, rekstrarsvið og stoðsvið:
    a. Á *stjórnunarsviði* starfa þeir sem öðlast hafa skírteini samkvæmt lögum þessum og

reglum alþjóðasamþykktarinnar sem skipstjóri, yfirvélstjóri, yfirstýrimaður og 1. vélstjóri.

b. Á *rekstrarsviði* starfa þeir sem öðlast hafa skírteini samkvæmt lögum þessum og reglum alþjóðasamþykktarinnar sem stýrimenn og vélstjórar undir stjórn yfirmanna á stjórnunarsviði.

c. Á *stoðsviði* starfa þeir sem öðlast hafa skírteini samkvæmt lögum þessum og reglum alþjóðasamþykktarinnar og starfa hvorki á stjórnunar- né rekstrarsviði.

18. *Vélarafl* er mesta samfellda heildarhámark ásafls allra aðalvéla skipsins í kílóvöttum (kW) eins og það er skráð í skráningarskírteini skipsins eða öðrum opinberum skjölum.
19. *Útgerðarmaður* er sá sem mannar skipið, ræður ferðum þess, ber kostnaðinn af þeim og nýtur arðsins af þeim.

18. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2001.

Við gildistöku þessara laga falla úr gildi lög um áhafnir íslenskra kaupskipa, nr. 59/1995, með síðari breytingum. Jafnframt falla brott ákvæði 3. mgr. 21. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, og a-liður 1. mgr. 2. gr., 1. tölul. 3. gr. og 3. mgr. 8. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Allir þeir sem starfa á farþegaskipum skulu eigi síðar en 1. júní 2002 sækja námskeið um farþegaflutninga með skipum og stjórnun mannfjölda á neyðarstundu sem sjómannaskóli skipuleggur í samráði við Siglingastofnun Íslands.

Undanþágusjóður, sem starfar skv. 3. mgr. 21. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, og 3. mgr. 8. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum, skal lagður niður. Andvirði sjóðsins skal notað til að standa straum af kostnaði við langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda árið 2001.

Á fiskiskipi með 75 kW vél til og með 375 kW vél skal vera vélgæslumaður, sem má vera hinn sami og skipstjóri á skipum að 30 brúttótonnum, enda sé hann eini réttindamaðurinn í áhöfn og útivera skipsins skemmri en 24 klst., nema á tímabilinu frá 1. apríl til 30. september þegar útivera má vera allt að 36 klst. Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sem Siglingastofnun Íslands setur, er ekki er skylt að vélgæslumaður sé í áhöfn skips undir 20 brúttótonnum ef gerður hefur verið þjónustusamningur við þjónustuaðila um viðhald vélbúnaðar skipsins og sá samningur er staðfestur af Siglingastofnun Íslands. Sá sem lokið hefur námskeiði í vélgæslu sem haldið er á vegum vélskóla samkvæmt reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur hefur rétt til að vera vélgæslumaður á skipi að 30 brúttótonnum með 375 kW vél og minni.

1485. Lög [634. mál]

um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1457.

1486. Lög [616. mál]

um erfðaefnisskrá lögreglu.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1451.

1487. Lög [627. mál]

um breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1452.

1488. Lög [672. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1462.

1489. Lög [623. mál]

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1463.

1490. Þjóðminjalög. [223. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1473.

1491. Safnalög. [224. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1472.

1492. Lög [225. mál]

um húsafriðun.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1475.

1493. Lög [226. mál]

um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1464.

1494. Lög [484. mál]

um breytingu á lögum nr. 27/1981, um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1466.

1495. Lög [345. mál]

um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1467.

1496. Lög [732. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1468.

1497. Frumvarp til laga [389. mál]

um breyting á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 20. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Við bætast eftirfarandi orðskýringar í réttri stafrófsröð:

Erfðablöndun: Æxlun fiska milli stofna. Afkvæmi þeirra verða þá blönduð að erfðum. Til dæmis æxlun fisks sem sloppið hefur úr eldi með náttúrulegum, villtum laxi.

Heilsárseldi: Hefðbundið laxeldi í sjókvíum frá 50 gramma göngustærð upp í markaðsstærð.

Kynbætur: Markvisst val með tilliti til ákveðinna arfgengra eiginleika. Slíkir eiginleikar geta verið mikill vaxtarhraði eða síðkynþroski. Til undaneldis eru valdir fiskar sem sýna ákjósanlega eiginleika umfram aðra fiska í stofninum. Slíku vali er viðhaldið og það aukið með vali í hverri kynslóð.

Skiptieldi: Eldi á laxi í strandeldi upp í 500–1.000 grömm og framhaldseldi í sjókvíum upp í markaðsstærð.

Villtur fiskstofn: Hópur fiska sömu tegundar sem hrygnir á sama stað og á sama tíma en hrygnir ekki í neinum mæli með öðrum slíkum hópum.

Örmerkingar: Merkingar á laxi með örsmáum málmflísum í trjónuna.

b. Orðskýringin „Villtur laxastofn“ orðast svo:

Villtur laxastofn: Hópur laxa sem hrygnir á sama stað og á sama tíma en hrygnir ekki í neinum mæli með öðrum slíkum hópum.

2. gr.

3. mgr. 15. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

62. gr. laganna orðast svo:

1. Til fiskeldis og hafbeitar þarf rekstrarleyfi veiðimálastjóra að fenginni umsögn dýralæknis fisksjúkdóma, fisksjúkdómanefndar og veiðimálanefndar. Veiðimálastjóri skal einnig leita umsagnar Veiðimálastofnunar um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar gefi tilefni til hættu á erfðablöndun og/eða neikvæðum vistfræðilegum áhrifum.

2. Umsókn um rekstrarleyfi til fiskeldis eða hafbeitar skal vera skrifleg og skulu þar koma fram upplýsingar um m.a. eignaraðild að fiskeldis- eða hafbeitarstöð, fagþekkingu umsækjanda, stærð stöðvar, framleiðslumagn, eldistegundir, eldisaðferðir, matsskyldu framkvæmdar samkvæmt lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, o.fl. Umsókn skulu fylgja skilríki um afnot lands, vatns og sjávar, áætlun um fjármögnun mannvirkja og annars búnaðar, rekstraráætlun, leyfi til mannvirkjagerðar, leyfi til starfsemi samkvæmt ákvæðum annarra laga sem varða slíkan atvinnurekstur svo og önnur gögn sem veiðimálastjóri óskar eftir að lögð verði fram.

3. Við meðferð umsóknar um rekstrarleyfi til fiskeldis eða hafbeitar skal veiðimálastjóri leggja mat á sjúkdómstengda og vistfræðilega þætti sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar. Veiti fyrirliggjandi gögn ekki nægilegar upplýsingar til að leggja mat á þá getur veiðimálastjóri lagt fyrir umsækjanda að láta í té frekari upplýsingar áður en rekstrarleyfi er veitt, þar á meðal að framkvæma á eigin kostnað rannsóknir á hvort fyrirhuguð starfsemi fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar feli í sér aukna hættu á fisksjúkdómum og/eða óæskilegri blöndun fiskstofna, svo sem merkingar á fiski, samantekt á veðurfars- og haffræðilegum upplýsingum, samantekt á öðrum hagsmunum í veiðimálum og fiskeldi á svæðinu, mat á stöðu fiskstofna í helstu ám á svæðinu og mat á fari laxfiska í nágrenni fyrirhugaðrar eldisstöðvar.

4. Ef umsókn og önnur gögn eru fullnægjandi að mati veiðimálastjóra gefur hann út rekstrarleyfi til fimm ára. Í rekstrarleyfi skulu vera ákvæði um stærð fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar, hvort um sé að ræða seiðaeldi, hafbeit, strandeldi, skiptieldi eða heilsárseldi, leyfilegar tegundir í eldi, leyfilegt framleiðslumagn, hámark sleppinga á seiðum í hafbeit og skyldu fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar til að annast vöktun og rannsóknir á nánasta umhverfi sínu. Jafnframt skulu í rekstrarleyfi vera ákvæði um varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Veiðimálastjóri getur ákveðið að gefa út rekstrarleyfi til skemmri tíma og/eða takmarka stærð eða framleiðslumagn fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar og hámark sleppinga á seiðum í hafbeit. Einnig getur veiðimálastjóri bundið rekstrarleyfi tilteknum skilyrðum, m.a. um að leyfishafi framkvæmi á eigin kostnað rannsóknir á hvort starfsemi fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar hafi í för með sér aukna hættu á fisksjúkdómum, sníkjudýrum og/eða óæskilegri blöndun fiskstofna, svo sem merkingar á fiski, samantekt á veðurfars- og haffræðilegum upplýsingum, samantekt á öðrum hagsmunum í veiðimálum og fiskeldi á svæðinu, mat á stöðu fiskstofna í helstu ám á svæðinu, mat á fari laxfiska í nágrenni fyrirhugaðrar eldisstöðvar, mat á fari eldisfiska með kerfisbundnum merkingum og sleppingum á eldisfiski, vöktun á nærliggjandi ám og vöktun á kynþroska og heilbrigði fiska í eldi. Óheimilt er að gefa út rekstrarleyfi fyrr en ákvörðun um matsskyldu eða úrskurður um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir, sbr. lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, eftir því sem við á.

Ákvörðun um rekstrarleyfi skal vera í samræmi við úrskurð um mat á umhverfisáhrifum. Enn fremur er óheimilt að gefa út rekstrarleyfi fyrr en starfsleyfi liggur fyrir samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

5. Rekstrarleyfi tekur fyrst gildi þegar dýralæknir fisksjúkdóma og veiðimálastjóri hafa gert úttekt á fiskeldis- eða hafbeitarstöð.

6. Ef breytingar verða á eldistegundum og/eða framleiðslumagni getur veiðimálastjóri fellt rekstrarleyfi úr gildi.

7. Framsal, leiga og veðsetning á rekstrarleyfi til fiskeldis- eða hafbeitar er óheimil.

8. Fiskeldis- og hafbeitarstöðvum er óheimilt að hefja starfsemi eða flytja eldisfisk eða seiði í fiskeldis- eða hafbeitarstöð fyrr en rekstrarleyfi er fengið.

9. Veiðimálastjóri getur afturkallað rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laganna eða stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra, skilyrðum leyfis er ekki fullnægt, leyfishafi verður ófær um að reka fiskeldisstöð eða ef eldisfiskur sleppur ítrekað frá fiskeldisstöð. Brjóti leyfishafi gegn ákvæðum laga þessara eða hlíti ekki þeim skilyrðum sem sett eru í rekstrarleyfi skal veiðimálastjóri veita honum skriflega viðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri viðvörun skal afturkalla rekstrarleyfi. Sé um ásetning eða stórkostlegt gáleysi að ræða getur veiðimálastjóri afturkallað rekstrarleyfi án undanfarandi viðvörunar eða frests til úrbóta.

4. gr.

72. gr. laganna orðast svo:

1. Fiskeldisstöð sem missir út eldisfisk er heimil, þrátt fyrir friðun á villtum fiski á svæðinu, veiði innan 200 metra frá stöðinni, enda sé það utan netlaga og veiðimálastjóra hafi verið tilkynnt um það. Heimild þessi takmarkast við þrjá sólarhringa frá því að fiskur slapp út ef þetta gerist á göngutíma laxfiska og skal framkvæmd í samráði við fulltrúa veiðimálastjóra.

2. Ef fiskeldisstöð hefur ekki byrjað veiði skv. 1. mgr. innan 12 klukkustunda eftir að hún missir út eldisfisk getur veiðimálastjóri gefið út almenna heimild til veiði á svæðinu með sömu skilyrðum og fram koma í 1. mgr.

3. Leyfishafa rekstrarleyfis er skylt að tilkynna embætti veiðimálastjóra ef fiskeldisstöð missir út eldisfisk.

5. gr.

Á eftir 73. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar og breytist greinatala samkvæmt því. Hinar nýju greinar orðast svo:

a. (74. gr.)

Ef fiskeldis- eða hafbeitarstöð hefur ekki hafið starfsemi að því marki sem gert var ráð fyrir í rekstraráætlun innan 12 mánaða frá útgáfu rekstrarleyfis er veiðimálastjóra heimilt að fella rekstrarleyfi úr gildi. Ef rekstraráætlun er ekki fylgt eftir þann tíma er veiðimálastjóra einnig heimilt að fella rekstrarleyfi úr gildi.

b. (75. gr.)

1. Kynbættan eldislax er eingöngu heimilt að nýta til fiskeldis og óheimilt er að sleppa honum í fiskrækt eða hafbeit. Veiðimálastjóri getur veitt rannsóknaraðila undanþágu til sleppitilrauna í smáum stíl að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar.

2. Flutningur eldistegunda sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi milli fiskeldis- og hafbeitarstöðva, svo og flutningur og sleppingar lifandi fisks og frjóvgaðra hrogna milli ótengdra vatnasvæða, er óheimill.

3. Veiðimálastjóri getur veitt undanþágu til flutnings á eldistegundum sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi milli fiskeldis- og hafbeitarstöðva svo og til flutnings á lifandi fiski og frjóvguðum hrognum milli ótengdra vatnasvæða að fenginni umsögn dýralæknis fisksjúkdóma og fisksjúkdómanefndar. Veiðimálastjóri skal leita umsagnar Veiðimálastofnunar um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar eða vatnasvæði gefa tilefni til aukinnar hættu á erfðablöndun og/eða neikvæðum vistfræðilegum áhrifum.

c. (76. gr.)
Innflutningur á notuðum eldisbúnaði er óheimill.

d. (77. gr.)
Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa kafla með reglugerðum og öðrum stjórnvaldsreglum, m.a. um útgáfu rekstrarleyfa, örmerkingar á hluta af eða öllum laxaseiðum í kvíaeldi, fóðurnotkun, endurnýjun eldisbúnaðar, úttekt á fiskeldis- og hafbeitarstöðvum, eftirlit með starfsemi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, flutning eldistegunda milli fiskeldis- og hafbeitarstöðva, flutning fisks og frjóvgaðra hrogna milli ótengdra vatnasvæða o.fl. Landbúnaðarráðherra getur einnig að fenginni umsögn dýralæknis fisksjúkdóma, veiðimálanefndar, veiðimálastjóra og Veiðimálastofnunar takmarkað eða bannað fiskeldi, hafbeit eða ákveðnar eldisaðferðir í einstaka fjörðum, flóum eða landsvæðum sem teljast sérlega viðkvæm gagnvart slíkri starfsemi. Til grundvallar ákvörðun ráðherra skal taka mið af því að markmið ákvæðisins er að vernda og hlífa villtum laxfiskastofnum við erfðablöndun, fisksjúkdómum og neikvæðum vistfræðiáhrifum. Skal þá m.a. litið til staðsetningar eldisstöðva, stærðar þeirra, fjarlægðar þeirra frá veiðiám og veiðiverðmæti innan svæðisins, þ.e. fjarðar eða flóa. Jafnframt skal litið til þess hvort svæði til fiskeldis séu staðsett í farleiðum lax og silungs og hvort straumar geti leitt sleppifisk í ár. Jafnframt skal landbúnaðarráðherra ákvarða svæðaskiptingu fiskeldis samkvæmt lögum þessum meðfram strönd landsins utan netlaga og heildarframleiðslu á hverju svæði.

6. gr.

85. gr. laganna, er verður 89. gr., orðast svo:

1. Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn allra fiskeldis- og veiðimála samkvæmt lögum þessum.

2. Til aðstoðar landbúnaðarráðherra um stjórn fiskeldis- og veiðimála eru fiskeldisnefnd, veiðimálanefnd og veiðimálastjóri.

7. gr.

Á eftir 88. gr. laganna kemur ný grein er verður 93. gr. og breytist greinatala samkvæmt því. Greinin verður svohljóðandi:

1. Í fiskeldisnefnd eiga sæti fjórir menn. Landbúnaðarráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar og einn samkvæmt tilnefningu Veiðimálastofnunar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Varamenn skal skipa með sama hætti og aðalmenn.

2. Fiskeldisnefnd skal vera til ráðgjafar og stefnumótunar um fiskeldi bæði á landi og í sjó og fara með þau mál sem henni eru falin samkvæmt lögum.

8. gr.

1. mgr. 89. gr. laganna, sem verður 94. gr., orðast svo:

1. Í veiðimálanefnd eiga sæti sex menn. Ráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar, tvo samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangaveiðifélaga og tvo samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga. Ráðherra skipar formann nefndarinnar og skal atkvæði hans ráða úrslitum ef atkvæði falla jöfn. Nú tilnefnir einhver framangreindra aðila eigi mann í veiðimálanefnd og skipar þá ráðherra í nefndina í hans stað. Varamenn skal skipa með sama hætti.

9. gr.

Á eftir 91. gr. laganna kemur ný grein sem verður 97. gr. og breytist greinatala samkvæmt því:

1. Veiðimálastjóri skal hafa eftirlit með fiskeldis- og hafbeitarstöðvum samkvæmt lögum þessum. Eftirlitið skal ná til rekstrarlegra og fiskeldislegra þátta í starfsemi stöðvanna og að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin. Skulu fiskeldis- og hafbeitarstöðvar færa dagbók varðandi starfsemina samkvæmt reglugerð sem landbúnaðarráðherra setur. Eftirlitsaðilum skal ætíð vera heimill aðgangur að eldisstöð og dagbók hennar. Forsvarsmönnum fiskeldis- og hafbeitarstöðva er skylt að veita veiðimálastjóra og eftirlitsaðilum hans allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og skoðunar.

2. Veiðimálastjóra er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, að annast framkvæmd eftirlitsins samkvæmt sérstökum samningi. Eftirlitið skal framkvæmt á vegum veiðimálastjóra og eftir þeim reglum sem hann setur.

3. Veiðimálastjóri skal fylgjast með starfi faggiltra eftirlitsaðila og sannreyna að þeir ræki skyldur sínar á fullnægjandi hátt, enda skulu þeir veita veiðimálastjóra upplýsingar um starfsemi og ástand fiskeldis- og hafbeitarstöðva á þann hátt sem hann ákveður. Veiðimálastjóri og faggiltir eftirlitsaðilar skulu bundnir þagnarskyldu um upplýsingar sem þeir fá við framkvæmd eftirlits.

4. Verði misbrestur á að faggiltir eftirlitsaðilar ræki skyldur sínar samkvæmt samningi, vanræki þeir upplýsingaskyldu sína eða gefi rangar upplýsingar getur veiðimálastjóri sagt upp samningi við þá um framkvæmd eftirlits.

5. Fyrir eftirlit veiðimálastjóra eða faggiltra eftirlitsaðila skulu fiskeldis- og hafbeitarstöðvar greiða árlegt eftirlitsgjald sem miðast við raunkostnað við eftirlitið samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra staðfestir.

6. Eftirlitsgjald skal innheimt með einni greiðslu á ári eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Veiðimálastjóri skal annast innheimtu eftirlitsgjaldsins. Ef eftirlitsgjald er ekki greitt á eindaga reiknast hæstu lögleyfðir dráttarvextir af fjárhæð þess frá gjalddaga til greiðsludags. Eftirlitsgjald má innheimta með fjárnámi.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilvísunum í lögunum:

a. Í stað „95. og 97. gr.“ í 3. mgr. 3. gr. kemur: 101. og 103. gr.
b. Í stað „94. og 96. gr.“ í 5. mgr. 14. gr. kemur: 101. og 103. gr.
c. Í stað „94. gr.“ í 6. mgr. 14. gr. kemur: 101. gr.
d. Í stað „94. og 96. gr.“ í 7. mgr. 14. gr. kemur: 101. og 103. gr.
e. Í stað „94. gr.“ í 4. mgr. 16. gr. kemur: 101. gr.

f. Í stað „94. gr.“ í 17. gr. kemur: 101. gr.
g. Í stað „94. gr.“ í 20. gr. kemur: 101. gr.
h. Í stað „94. gr.“ í 5. mgr. 30. gr. kemur: 101. gr.
i. Í stað „95. gr.“ hvarvetna í 2. mgr. 50. gr. kemur: 101. gr.
j. Í stað „94. gr.“ í 2. mgr. 59. gr. kemur: 101. gr.
k. Í stað „75. og 76. gr.“ í 1. mgr. 77. gr., sem verður 81. gr., kemur: 79. og 80. gr.
l. Í stað „83. gr.“ í 1. mgr. 84. gr., sem verður 88. gr., kemur: 87. gr.
m. Í stað „93. gr.“ í 94. gr., sem verður 100. gr., kemur: 99. gr.
n. Í stað „95. gr.“ í 96. gr., sem verður 102. gr., kemur: 101. gr.
o. Í stað „98. gr.“ í 99. gr., sem verður 105. gr., kemur: 104. gr.
p. Í stað „100. gr.“ í 101. gr., sem verður 107. gr., kemur: 106. gr.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði laga þessara skulu gilda um veitingu allra rekstrarleyfa sem verða gefin út eftir gildistöku laganna.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Fiskeldis- og hafbeitarstöðvar sem eru í rekstri við gildistöku laga þessara skulu endurnýja rekstrarleyfi sín innan árs frá gildistöku þeirra.

II.

Fiskeldis- og hafbeitarstöðvar sem starfað hafa á grundvelli starfsleyfis samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, skulu sækja um rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum innan árs frá gildistöku.

1498. Lög [589. mál]

um breytingu á lögum nr. 93/1997, um Suðurlandsskóga.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 932.

1499. Lög [709. mál]

um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1136.

1500. Lög [602. mál]

um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1470.

1501. Lög [682. mál]

um breytingu á lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55 10. júní 1998, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1061.

1502. Lög [726. mál]

um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1184.

1503. Lög [736. mál]

um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1275.

1504. Lög [738. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1311.

1505. Lög [742. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1389.

1506. Þingsályktun [744. mál]

um áhrif lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1402.

1507. Þingsályktun [748. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1445.

1508. Lög [389. mál]

um breyting á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1497.